# ÞINGSETNINGARFUNDUR

miðvikudaginn 1. okt.

***Þingsetning.***

Árið 1997, miðvikudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og sjöunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurður Jónsson í Odda steig í stólinn og lagði út af Mark. 12:28–34.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
2. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
3. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.
4. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
5. Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
13. Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
14. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
15. Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
16. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
17. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
18. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
21. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
22. Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
23. Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
24. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
25. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
26. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
27. Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
28. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
29. Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
30. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
32. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
35. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
36. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
37. Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
39. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
40. Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
41. Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
48. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
49. Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
51. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
52. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
53. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
56. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
57. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
58. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
59. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
60. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

***Forseti Íslands setur þingið.***

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

[14:02]

**Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):**

Gefið hefur verið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 12. september 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Þingið sem nú hefur störf er næstsíðasta þing þessarar aldar. Við aðra þingsetningu héðan í frá verða aðeins þrír mánuðir til upphafs aldamótaársins. Um heim allan er hugur manna við þau vegamót sem í vændum eru. Ætlunarverk eru sett á vogarskálar og leitast er við að velja markmið sem best þjóna framtíðarheill.

Það er eðli okkar að horfa á merkisdögum, áramótum og afmælum, í senn aftur í tímann og til hins ókomna, og spyrja okkur sjálf sígildrar spurningar úr Íslandsljóði listaskáldsins: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?"

Þessi spurning hefur verið kynslóðunum töm. En þegar bæði aldamót og nýtt árþúsund eru í augsýn verður þörfin til að leita svara enn brýnni.

Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga minjar og menningu frá þeim tíma þegar mannkynið var síðast í slíkum

sporum. Við búum líklega ein örfárra þjóða að þeirri sérstöðu að geta heilsað nýju árþúsundi með hátíðahöldum sem reist eru á atburðum, arfi sagna og trúar, frá þeim tíma þegar nýtt árþúsund gekk síðast í garð.

Árið 2000 munum við minnast kristnitökunnar á Þingvöllum og landafunda Íslendinga í Vesturheimi, viðburða sem voru í senn einstakir á þjóðveldistíma Íslendinga og merkir áfangar í veraldarsögunni. Okkur er vandi á höndum að gera þessi tvíþættu hátíðahöld þannig úr garði að þau endurspegli í senn virðingu fyrir upprunaskeiði þjóðarinnar og sjálfsmynd okkar á nýrri tíð.

Alþingi hefur ætíð verið frumkvöðull þegar þjóðin hefur minnst sögulegra tímamóta. Þjóðhátíðin 1874, þúsund ára afmæli Alþingis á Þingvöllum, lýðveldisstofnunin, ellefu hundruð ára hátíð Íslandsbyggðar og fimmtíu ára afmæli lýðveldisins eru atburðir sem helgaðir voru með sérstökum hátíðafundum og mikilsverðum ákvörðunum Alþingis.

Kristnitakan á Alþingi árið 1000 lagði grunn að trúarlífi og menningu sem mótað hafa íslenska þjóð meira en flest annað. Hér við anddyri þingsalarins hefur um árabil verið skjöldur úr góðmálmi sem geymir frásögn Flateyjarbókar af landafundum Leifs Eiríkssonar, gjöf frá frændfólki okkar í Vesturálfu. Það er við hæfi og í anda þeirrar hefðar sem Alþingi hefur skapað að þingheimur leiði að því hugann þegar á þessu þingi hvað best muni nú þjóna sögu okkar og sóma.

Frændfólk okkar í Bandaríkjunum og Kanada hefur ríka löngun til að eiga hlutdeild í slíkum viðburðum og stjórnvöld vestan hafs eru reiðubúin til viðræðna um sameiginleg verkefni. Þar kemur margt til greina. Nefndar hafa verið hugmyndir um að gera sagnaarf Íslendinga að efnivið í hugbúnaði sem skólar og menntastofnanir víða um veröld geti hagnýtt sér með aðstoð tölvuheims og alnets. Í fornum sögum íslenskum er lýst leitinni að hinu nýja, djarfri sókn um ókunnar slóðir. Landnám Íslands og landafundir lengra í vestur voru afrakstur menningar sem setti könnuðinn í hásæti. Töfraheimur tækninnar færir mannkyn nú ört inn á ókunnar slóðir og á slíkum tímum er þörf fyrir kjölfestu. Fyrirtæki og stofnanir sem starfa við sjónarrönd sýndarveruleikans og hafa veröldina að verksviði hafa séð í arfleifð okkar Íslendinga kjörvið til að smíða úr skilningsfley þar sem öllum er boðið far. Hugmyndaheimur þjóðveldis og könnuða, viljinn til nýs landnáms eins og hann birtist í bókmenntaarfi Íslendinga gæti orðið nýjum kynslóðum leiðarvísir.

Í þessum verkum og öðrum eigum við öfluga liðssveit í frændgarði okkar vestan hafs og austan. Fjöldi fólks af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku nemur nú rúmum 150 þúsundum og auk þess eru á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu nokkrir tugir þúsunda sem rekja ættir sínar og uppruna til Íslands.

Allur þessi fjöldi, samtals í kringum 200 þúsund, á hlut í menningu okkar og sögu, varðveitir ljóð og lög, muni og menjar, frásagnir og siðvenjur sem eru sömu ættar og hin menningarlega kjölfesta í þjóðlífi okkar sem hér búum. Ég hef á stundum notað heitið íslenska samfélagið um allt það fólk sem spinnur þræði sinnar sjálfsvitundar úr íslenskri menningu og arfleifð. Við eigum einstaka auðlegð í fjölmennum frændgarði sem með okkur vill vera þótt heimili hans og ríkisfang sé merkt öðrum löndum.

Fyrr á tíð voru vissulega nokkur sárindi vegna landflótta og brottflutnings og oft urðu heitar deilur innan þings og utan um þá atburðarás. au sár hafa nú gróið. Verkefni okkar er að klæða sameiginlega arfleifð allra sem vilja rekja ættir sínar til Íslands í búning sem hæfir áherslum og skilningi á nýrri öld. Heimsóknir á ættarslóðir, þróun safna og menningarsetra, útgáfa bóka og hugbúnaðar, sameiginlegt átak við landgræðslu og gróðurvernd, samvinna skóla og fræðsla sem gefur ungu fólki nýjan skilning eru dæmi um viðfangsefni sem vekja áhuga frændfólks okkar beggja vegna hafsins.

Í umróti breytinga sem með æ meiri hraða gefa heimsmyndinni sífellt nýja ásýnd er fátt mikilvægara en að eiga sér rætur sem liggja djúpt í jarðvegi frjórrar og skapandi menningar. Á undanförnum árum og áratugum hafa stjórnvöld orðið að verja mestri orku í glímunni við knýjandi vandamál verðbólgu og óstöðugleika í efnahagsmálum og atvinnulífi. En nú hefur á tæpum áratug tekist að skapa slíka festu á þeim vettvangi að tími og kraftar gefast til að sinna málefnum sem oft er vikið til hliðar í daglegu amstri en ráða þó mestu um örlög lands og þjóðar þegar horft er til lengri tíma. Í aðdraganda aldamóta og á árdögum nýs árþúsunds gefast þingi og þjóð kærkomin tækifæri til að meta þau gildi sem eflt geta ræktun lands og lýðs á nýrri tíð.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa á undanförnum missirum fært okkur vitneskju um hvar við stöndum í menntun nýrra kynslóða og við varðveislu landgæða og gróðurs. Þau tíðindi voru önnur en við var búist og hafa vissulega breytt dráttum í viðtekinni sjálfsmynd okkar Íslendinga. Nú þurfum við öll að hafa kjark og dug til að horfast í augu við staðreyndir og sameinast um úrbætur.

Menntun þjóðarinnar og gæði landsins eru örlagaþættir í þróun íslensks sjálfstæðis á nýrri öld. Við gerðum vel að helga upphaf hennar umbótum og endurreisn á þessu sviði.

Að lokum vil ég hér, þar sem alþjóð er áheyrandi, færa þakkir fyrir hlýhug og stuðning sem fjölskylda mín hefur fundið að undanförnu. Megi öllum sem glíma við sjúkdóma og erfiðleika veitast sú gæfa að njóta góðvildar og hjálpsemi.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt þingsköpum ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn. Ég bið aldursforseta, hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, að ganga til forsetastóls.

## *Ávarp aldursforseta.*

[14:13]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Ég þakka forseta Íslands fyrir vinsamleg orð í garð Alþingis og okkar alþingismanna. Jafnframt sendi ég frú Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur hlýjar kveðjur á þessum degi fyrir hönd alþingismanna, en hún getur ekki verið viðstödd þessa athöfn.

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf þessa þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

### *Minning Guðmundar J. Guðmundssonar.*

[14:14]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Guðmundur J. Guðmundsson, fyrrverandi formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og alþingismaður, varð bráðkvaddur erlendis 12. júní síðastliðinn, sjötugur að aldri.

Guðmundur J. Guðmundsson var fæddur í Reykjavík 22. janúar 1927. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur Halldór Guðmundsson sjómaður þar og Solveig Jóhannsdóttir húsmóðir. Að loknum barnaskóla stundaði hann nám í gagnfræðaskóla, Ingimarsskólanum, árin 1941–44. Næsta áratuginn stundaði hann aðallega verkamannavinnu, en varð árið 1953 starfsmaður Dagsbrúnar og tók einnig sæti í stjórn félagsins. Varaformaður Dagsbrúnar var hann 1961–82 og formaður 1982–96. Í stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík var hann 1954–59, varaformaður 1956–59. Formaður Verkamannasambands Íslands var hann 1975–91 og átti sæti í miðstjórn Alþýðusambands Íslands 1980–88. Hann var fulltrúi Alþýðusambandsins hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf 1986–91.

Guðmundur J. Guðmundsson var formaður Æskulýðsfylkingarinnar 1950–52, í miðstjórn Sósíalistaflokksins 1954–67 og í miðstjórn Alþýðubandalagsins flest árin 1956–87. Hann var borgarfulltrúi í Reykjavík 1958–62. Í alþingiskosningunum í desember 1979 var hann kjörinn þingmaður Reykvíkinga og sat á Alþingi til 1987. Áður hafði hann tekið þrisvar sinnum sæti varaþingmanns á þinginu 1978–79, sat á 9 þingum alls.

Guðmundur J. Guðmundsson átti lengi sæti í hafnarstjórn Reykjavíkur, var í stjórn framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Reykjavík 1965–77 og í stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík 1974–82. Hann var í síldarútvegsnefnd 1991–94.

Guðmundur J. Guðmundsson hóf ungur verkamannsstörf og hafði í æsku kynnst lífsbaráttu alþýðu á krepputímum. Rúmlega hálfþrítugur var hann ráðinn til starfa fyrir samtök verkamanna í Reykjavík og á skrifstofu Dagsbrúnar og úti meðal verkamanna vann hann fram að sjötugu. Öll þessi ár var tíðum straumur fólks til hans að leita liðsinnis í margs konar vanda enda var hann jafnan boðinn og búinn til hjálpar. Hjálpsemi hans kom einnig fram í stjórnarstörfum í Samtökum áhugamanna um áfengisvandamál frá stofnun þeirra 1977 og stjórn samtakanna Verndar árin 1983–88. Hann hafði gott samband við Dagsbrúnarmenn á vinnustöðum og reyndist hygginn og harðsnúinn forustumaður í baráttu launafólks fyrir bættum kjörum. Við samningaborð átti hann jafnan stóran hlut að lausn vinnudeilna og átti mikinn þátt í samningum um atvinnuleysistryggingar, sjúkrasjóði, byggingu hagstæðra íbúða fyrir efnalitla og lífeyrissjóði verkalýðsfélaga. Undir lok starfsferils síns átti hann drjúgan þátt í þeirri þjóðarsátt sem tókst um lækkun verðbólgu og stöðugra verðlag.

Verkamannafélagið Dagsbrún hefur lengst af þessa öld verið áhrifamikið á sviði þjóðmála. Formenn þess hafa átt sæti á Alþingi rúma þrjá áratugi, síðastur þeirra Guðmundur J. Guðmundsson. Hér var hann skeleggur málflytjandi í þágu hugsjóna sinna. Hann hafði sérstæðan ræðustíl, var víðlesinn og kunnur að frásagnarlist. Eftir hann liggja tvær endurminningabækur, Jakinn í blíðu og stríðu og Baráttusaga Guðmundar J. Guðmundssonar, skráðar af Ómari Valdimarssyni. Við andlát hans hverfur af sjónarsviðinu einn áhrifamesti verkalýðsforingi seinustu áratuga.

Ég bið þingheim að minnast Guðmundar J. Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Varamenn taka þingsæti.*

[14:20]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Borist hafa bréf um forföll alþingismanna. Hið fyrsta er svohljóðandi:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstu mánuðum vegna barnsburðar óska ég eftir því að 1. varaþingmaður Alþb. og óháðra í Reykv., Guðrún Helgadóttir rithöfundur, taki sæti á Alþingi í minn stað.

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv."

Guðrún Helgadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá er hér bréf frá formanni þingflokks Framsfl., svohljóðandi:

„Þar sem Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., er erlendis í opinberum erindum og getur ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Austurl., Kristjana Bergsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans og forföllum 1. varaþingmanns flokksins í kjördæminu.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir."

Enn fremur er hér bréf 1. varaþingmanns Framsfl. í Austurl., Jónasar Hallgrímssonar, svohljóðandi:

„Þar sem ég verð staddur erlendis á næstunni óska ég eftir að 2. varaþingmaður Framsfl. í Austurl., Kristjana Bergsdóttir, taki sæti Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. kjördæmisins, í minn stað."

Kristjana Bergsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa á ný.

### *Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.*

[14:22]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Ég óska eftir tilnefningu.

Forseta hefur borist tilnefning um 1. þm. Reykn., Ólaf G. Einarsson. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ólafur G. Einarsson er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri er það ætlun forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu. Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um minni tölvunnar. Þeir sem kjósa Ólaf G. Einarsson ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt,

sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni.

Þessi tilhögun er sú sama og viðhöfð var sl. haust eins og hv. alþingismenn þekkja en hún var á ný borin undir formenn þingflokka og voru ekki gerðar athugasemdir við að hafa þennan háttinn á. Hefst þá atkvæðagreiðslan.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ólafur G. Einarsson,** 1. þm. Reykn., hlaut 60 atkvæði, einn þingmaður greiddi ekki atkvæði.

[14:24]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Samkvæmt þessu er Ólafur G. Einarsson, hv. 1. þm. Reykn., rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

[14:25]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Ragnari Arnalds, árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. alþingismönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta Alþingis. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við alla alþingismenn á því þingi sem nú fer í hönd eins og á síðasta þingi.

Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt er stödd hér á landi í boði Alþingis þingmannasendinefnd frá Litháen undir forustu Landsbergis, forseta þingsins. Sendinefndin er nú stödd á þingpöllum og vil ég fyrir hönd Alþingis bjóða Landsbergis þingforseta og fylgdarlið hans velkomið hér við þingsetningu. Ég vænti þess að för sendinefndarinnar til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli landa okkar.

Forseti vill biðja hv. alþingismenn að votta sendinefndinni frá þingi Litháens og lithárísku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Ég hef frá því ég tók fyrst við embætti forseta Alþingis lagt á það áherslu að það væri meðal mikilvægustu verkefna forustu þingsins að koma húsnæðismálum þess í viðunandi horf. Vandinn er ekki síst fólginn í því að Alþingi starfar nú í átta húsum og stafar af því margvíslegt óhagræði og kostnaður fyrir þingið. Á vegum forsætisnefndar hefur því um skeið verið unnið að athugun á því hvernig nýta megi Alþingisreitinn til nýbygginga fyrir þingið.

Nú liggja fyrir tillögur að framtíðarskipulagi húsnæðismálanna og er ráðgert að öll starfsemi þingsins verði innan Alþingisreitsins sem markast af Kirkjustræti, Vonarstræti, Templarasundi og Tjarnargötu. Í tillögunum er gert ráð fyrir nýbyggingum og endurbótum á eldra húsnæði innan reitsins. Áætluð stærð nýbygginga fyrir skrifstofur, fundaaðstöðu og ýmsa þjónustu er um 3.500 m en á móti kemur að Alþingi mun segja upp leiguhúsnæði og selja húsnæði utan Alþingisreitsins sem er um 2.500 m . Húsnæðisaukning yrði þannig um 1.000 m og felst sú stækkun einkum í þjónustubyggingu sem reist yrði vestan við Alþingishúsið og tengd því. Sú bygging mun hýsa ýmsa almenna þjónustustarfsemi og leiða til þess að úr Alþingishúsinu megi færa ýmsa starfsemi sem ekki hentar að hafa í húsinu, en umferð um húsið er nú miklu meiri en það þolir til langframa. Við þessa breytingu verður um leið rýmra um þá starfsemi og þjónustu sem brýnast er að hafa hér í Alþingishúsinu.

Skipulagstillögur þessar hafa þegar verið kynntar forsætisnefnd og formönnum þingflokka sem og skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar. Þá hef ég lagt áherslu á að eiga góða samvinnu um málið við fulltrúa Torfusamtakanna, húsafriðunarnefndar og embætti borgarminjavarðar. Í tillögunum er gert ráð fyrir að verkefnið megi framkvæma í hóflegum áföngum og er reyndar þegar lokið fyrsta áfanganum, endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10 ásamt tengibyggingu þeirra húsa. Mjög mikilvægt er að næsti áfangi í húsnæðismálum þingsins verði sú þjónustubygging sem ég vék að áðan. Þessi áform þarf að ræða á Alþingi og hér þarf að ákveða hvenær ráðist verður í framkvæmdir.

Að venju hefur forsætisnefnd samþykkt starfsáætlun fyrir það þing sem nú er að hefjast og verður henni útbýtt til þingmanna í dag. Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum í starfsáætluninni. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þinghléi síðustu vikuna í október líkt og á síðasta þingi til að gera þingmönnum hægara að skipuleggja fundi í kjördæmum sínum. Er smám saman að festast í sessi sú venja að gera slíkt hlé síðustu vikuna í október. Í öðru lagi verður meiri tími til nefndastarfa en á síðasta þingi með því að þingfundir falla niður tiltekna daga og verða þeir dagar einvörðungu notaðir til nefndastarfa. Góð reynsla fékkst af því á síðasta þingi að hafa nefndaviku bæði á haust- og vorþingi og verður nú haldið enn frekar áfram á þeirri braut. Þá er gert ráð fyrir að reglulegu nefndastarfi ljúki 30. apríl, en þingfrestun verði laugardaginn 8. maí. Þingfrestun að vori er áformuð í fyrra lagi á þessu þingi vegna sveitarstjórnarkosninga sem halda á 23. maí. Á síðasta þingi tókst okkur að standa við starfsáætlunina og ljúka þingstörfum á tilsettum tíma og vænti ég þess að svo megi einnig verða á þessu þingi.

Fyrr á þessu ári fólu þingflokksformenn tveimur úr sínum hópi að vinna með mér fyrstu drög að tillögum um endurskoðun þingskapa. Við endurskoðunina hefur breytingum á þingsköpum verið skipt í þrennt. Í fyrsta lagi eru breytingar á atriðum sem ágreiningur hefur verið um milli þingflokka og varða aðallega ræðutíma. Í öðru lagi hefur verið rætt um breytingar á ýmsum ákvæðum sem heppilegra þykir að fylgi nýju kjörtímabili og má þar nefna breytingar á nefndakerfi þingsins. Í þriðja lagi eru svo breytingar sem lúta að formsatriðum, skipulagi þingsins, stjórn þess og afgreiðsluháttum, en um þær eru vissulega líka skiptar skoðanir. Um þessi síðastnefndu atriði liggja nú fyrir tillögur í frumvarpsformi sem eru til athugunar meðal formanna þingflokka og vænti ég þess að hægt verði að leggja fram frumvarp um breytingar á þeim þætti þingskapa fljótlega á þessu þingi. Að öðru leyti verður endurskoðunarstarfinu haldið áfram og stefnt að frekari breytingum sem gætu tekið gildi við upphaf nýs kjörtímabils. Ég heiti því á samstarf þingmanna um þetta efni í þeirri von að okkur takist að ljúka heildarendurskoðun á starfsháttum Alþingis fyrir lok þessa kjörtímabils.

Í ávarpi mínu við þingsetningu í fyrra gat ég um þá stórstígu þróun sem orðið hefur í upplýsingamiðlun af hálfu Alþingis með tilkomu gagnabanka um Alþingi og störf þess. Þessi gagnabanki nýtist ekki aðeins alþingismönnum heldur er aðgengilegur almenningi á vef Alþingis á tölvunetinu eða alnetinu eins og það er stundum kallað. Stöðugt er unnið að því að efla og bæta gagnabanka þingsins og það er mér því sérstakt ánægjuefni að geta skýrt frá því að með nýlegu samkomulagi Alþingis og dómsmálaráðherra verður almenningi frá og með deginum í dag tryggður frjáls aðgangur að lagasafninu á vef Alþingis án þess að greiða sérstakt gjald fyrir

þá notkun.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir þessu embætti. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla alþingismenn.

Fundi frestað kl. 14:34.

---

## ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

fimmtudaginn 2. okt.,
kl. 2 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. Heilbr.- og tryggingnefnd, 9 manna,
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. Menntamálanefnd, 9 manna,
   i. Samgöngunefnd, 9 manna,
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

**Fjarvistarleyfi:**

Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Landsbjörg, landssambandi björgunarsveita.
Erindi frá Bandalagi kvenna í Reykjavík.
Erindi frá hinu íslenska náttúrufræðifélagi.
Erindi frá Evrópuþinginu.

### *Tilkynning um fjarvistarskráningu þingmanna.*

[14:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að samkvæmt samþykkt forsætisnefndar mun héðan í frá verða hætt upplestri í byrjun þingfundar á nöfnum þeirra þingmanna sem hafa fjarvistarleyfi eða hafa boðað forföll vegna veikinda. Fjarvistarskráin mun liggja frammi á skrifstofunni og annars staðar þar sem dagskrá þingfundar er kynnt. Skráin verður enn fremur prentuð í Alþingistíðindum svo sem venja hefur verið til þessa.

Forseti vill jafnframt við þetta tækifæri brýna fyrir þingmönnum að tilkynna skrifstofunni um fjarvistir. Það er mikilvægt við skipulagningu þingstarfanna að hafa nákvæmar upplýsingar um fjarvistir þingmanna og ráðherra.

[14:03]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgangur að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, 25. mál, skýrsla forsrh., þskj. 25.
Almannatryggingar, 15. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 15.
Fjárlög 1998, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Störf eftirlitsnefndar með framkvæmd mannanafnalaga, 22. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 22.
Þjóðhagsáætlun 1998, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

### *Tilkynning um formennsku í þingflokki.*

[14:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur tilkynning um að Kristín Ástgeirsdóttir hafi verið kjörin formaður þingflokks Samtaka um kvennalista.

### *Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.*

[14:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar svo sem verið hefur á þessu kjörtímabili. Afbrigði frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu þarf því að viðhafa. Er óskað atkvæðagreiðslu? (**Gripið fram í:** Já.)

[14:04]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þingflokkur Kvennalistans er þeirrar skoðunar að eðlilegast og lýðræðislegast sé að allir þingflokkar komi að stjórn þingsins. Því styðjum við ekki að varaforsetum sé fækkað og óskum eftir atkvæðagreiðslu um afbrigðin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Afbrigði samþ. með 46:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ.

**nei:** GGuðbj, KÁ, KH, ÖS.

4 þm. (ÁRJ, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, DO, GuðjG, HjálmJ, JBH, MF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Lýsti forseti yfir því að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Guðmunur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[14:05]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundastörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

### *Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.*

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

**1. Allsherjarnefnd:**
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

**2. Efnahags- og viðskiptanefnd:**
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

**3. Félagsmálanefnd:**
Einar K. Guðfinnsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Kristján Pálsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

**4. Fjárlaganefnd:**
Sturla Böðvarsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni Johnsen (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

**5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:**
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

**6. Iðnaðarnefnd:**
Guðjón Guðmundsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Svavar Gestsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Árni R. Árnason (A).

**7. Landbúnaðarnefnd:**
Egill Jónsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A).

**8. Menntamálanefnd:**
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Árni Johnsen (A).

**9. Samgöngunefnd:**
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Egill Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Árni Johnsen (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

**10. Sjávarútvegsnefnd:**
Árni R. Árnason (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),

Hjálmar Árnason (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A).

**11. Umhverfisnefnd:**
Tómas Ingi Olrich (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

**12. Utanríkismálanefnd:**
*Aðalmenn:*
Geir H. Haarde (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A).

*Varamenn:*
Árni M. Mathiesen (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

[14:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að eins og venja er mun forseti láta undirbúa töflu með fundatíma fastanefnda og er það ætlun forseta að henni verði dreift í hólf þingmanna á morgun. Reglulegir nefndafundir hefjast svo í næstu viku með formanns- og varaformannskjöri í nefndunum. Það er ósk forseta að allar nefndir ljúki kjöri embættismanna í næstu viku.

***Sætaskipun.***

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
2. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir.
3. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
4. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
5. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
6. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
7. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
8. sæti hlaut Árni R. Árnason.
9. sæti hlaut Stefán Guðmundsson.
10. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
11. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
12. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir.
13. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
14. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
15. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
16. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
17. sæti hlaut Ragnar Arnalds.
18. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
19. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
20. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
21. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
22. sæti hlaut Árni M. Mathiesen.
23. sæti hlaut Árni Johnsen.
24. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
25. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
26. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
27. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
28. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
29. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
30. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
31. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
32. sæti hlaut Jón Baldvin Hannibalsson.
33. sæti hlaut Ágúst Einarsson.
34. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
35. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
36. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
37. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
38. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson.
39. sæti hlaut Kristján Pálsson.
40. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
41. sæti hlaut Geir H. Haarde.
42. sæti hlaut Svavar Gestsson.
43. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
44. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
45. sæti hlaut Guðný Guðbjörnsdóttir.
46. sæti hlaut Gunnlaugur M. Sigmundsson.
47. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
48. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
49. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
50. sæti hlaut Egill Jónsson.
51. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
52. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
53. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fundi slitið kl. 14:28.

# 2. FUNDUR

fimmtudaginn 2. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

**Dagskrá:**

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

## *Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).*

[20:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Í fyrstu umferð hefur forsrh. til umráða 25 mínútur en fulltrúar annarra þingflokka en Sjálfstfl. átta mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver þingflokkur sex mínútur til umráða og í þeirri þriðju hefur forsrh. þrjár mínútur og talsmenn annarra flokka þrjár mínútur hver.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Sjálfstfl., jafnaðarmenn, Alþb. og óháðir, Framsfl. og Samtök um kvennalista. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrstu umferð, Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv., í annarri og forsrh. Davíð Oddsson á ný í þriðju umferð. Ræðumenn jafnaðarmanna verða í fyrstu umferð Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn., í annarri og Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., á ný í þriðju umferð. Ræðumenn Alþb. og óháðra verða í fyrstu umferð Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., í annarri Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og í þriðju umferð Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv. Fyrir Framsfl. tala Guðmundur Bjarnason landbrh. í 1. umferð, í annarri Finnur Ingólfsson iðn.- og viðskrh. og í þriðju umferð Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e. Fyrir Samtök um kvennalista tala í fyrstu umferð Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í annarri umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í þriðju umferð.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:33]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar hafa löngum verið uppnæmari fyrir því sem að utan kemur, en úr eigin ranni. Fjölmiðlar vitna gjarnan í svonefnda Íslandsvini og slá dómum þeirra upp sem afgerandi áliti á því sem hér tíðkast. Á svipaðri minnimáttarkennd örlar hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem teljast til smáríkja á heimsvísu, þótt fjölmennari séu en við. Er þetta heldur hvimleiður háttur og lítið betri en heimóttarleg sjálfsvissa um að allt í þessu landi taki öllu fram sem annars staðar þekkist. Meðalhófið er geðfelldast í þessum efnum sem stundum endranær. Hitt er annað mál að hreinskilinn og heiðarlegur samanburður á okkar hag og annarra er einvörðungu til gagns. Þó þarf við slíkan samanburð að huga að ýmsu. Fyrst þarf að gæta þess að fyllast ekki oflæti þótt í einstökum atriðum sé samanburður okkur mjög í hag og ekki síður að verða ekki þrungin vanmetakennd þótt á okkur kunni að halla. Í annan stað getum við aldrei litið fram hjá því að flest verður okkur dýrara hér í fámenninu, en þar sem hagræði stærðarinnar nýtur sín. Það er með öðrum orðum „dýrt að vera Íslendingur" eins og ritsnillingurinn orðaði það fyrir fjörutíu árum. En á móti kemur að það er okkur flestum einnig afar dýrmætt að vera Íslendingur og vegur að fullu upp kostnaðaraukann.

Enginn vafi er á því að öldin sem senn kveður verður í okkar sögu þekkt sem árin þegar Ísland reis úr öskustónni. Í upphafi aldarinnar var það eitt fátækasta ríki norðurálfu en er nú án vafa í hópi þeirra sem best hefur séð málum sínum borgið. Sameiginlega ættu íslenskir stjórnmálaflokkar að hugga sig við þessa staðreynd því hér á landi tíðkast að gefa sér að stjórnmálamenn séu lakari, vanhæfari og óábyrgari en annars staðar gerist. Ég hef þannig stundum heyrt þá röksemd frá þeim sem umhugað er um að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu að þar með losnaði atvinnulífið undan áhrifum og valdi íslenskra stjórnmálamanna. Evrópskur samanburður bendir þó ekki til að þar farist mönnum stjórnsýslan betur úr hendi en hér. Þvert á móti sýna þeir kvarðar sem Evrópusambandið sjálft hefur sett að betur hefur gengið hér á síðustu árum en í flestum ríkjum sambandsins. Það er reyndar ekki umdeilanlegt að meira að segja enn víðtækari samanburður en við Evrópusambandið eitt er okkur afar hagstæður um þessar mundir.

Þannig segir OECD okkur að Ísland vermi eitt af fimm efstu sætum þess, þegar landsframleiðslan er metin. Alþjóðabankinn segir okkur að við séum í hópi sjö auðugustu þjóða heims samkvæmt sérstökum skilgreiningum hans. Ísland, eitt örfárra ríkja, uppfyllir erfiðislaust öll skilyrðin sem kennd eru við Maastricht. Alþjóðleg fyrirtæki sem fást við mat á lánshæfi segja okkur að Ísland njóti sívaxandi trausts á erlendum mörkuðum og stjórnarandstaðan segir okkur að hér sé allt á afturfótunum. Ég býst við að ykkur, góðir áheyrendur, þyki það athyglisvert sjónarmið.

Herra forseti. Ísland er land samsteypustjórna. Við þær aðstæður ræður mestu um hvort vel takist til um stjórn landsmála að samstarf sé gott og trúnaður ríki á milli manna innan ríkisstjórnar og þingmenn stjórnarliðsins séu bærilega sáttir við hvernig mál gangi fram. Þessar forsendur hafa verið fyrir hendi í núverandi stjórnarsamstarfi og hefur það gert gæfumuninn. Auðvitað er togstreita á milli flokkanna um einstök mál, eins og sjálfsagt er. En slíkar glímur eru jafnan háðar undir formerkjum þess að ná niðurstöðu sem báðir flokkar geti unað við, en forðast er að setja samstarfsflokki óbilgjörn eða óaðgengileg skilyrði. Það er ekki síst vegna þessara vinnubragða að þeim áformum sem sett eru fram í stjórnarsáttmála vindur vel fram. Tekist hefur að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Skattar hafa verið lækkaðir, peningastofnunum hefur verið breytt í hlutafélög, vinnulöggjöf hefur verið endurskoðuð, rekstrarskilyrði útflutningsgreina hafa verið tryggð, fjárfesting erlendra aðila hefur verið aukin og stöðugleiki hefur verið í efnahagslífinu, svo aðeins nokkur lykilatriði séu nefnd. Þá er rétt að minna á að þrátt fyrir aðhald í ríkisfjármálum hafa framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækkað umtalsvert undanfarin tvö ár. Þannig hafa stjórnvöld varið hluta af auknum þjóðartekjum til velferðarmála um leið og þau hafa undirstrikað mikilvægi þess að draga úr vaxtabyrði og skuldsetningu ríkisins. Þessi jákvæða þróun heldur áfram á næsta ári.

En þó margt hafi áunnist er dagsverkinu hvergi lokið. Kosta verður kapps um að varðveita það sem áunnist hefur og byggja á því.

Í þjóðhagsspá sem ég hef lagt fyrir hv. alþingismenn kemur fram að hagvöxtur verði um 4,6% á þessu ári eða

töluvert meiri en áður hafði verið talið. Á móti kemur að sennilega verði hann nokkru minni á næsta ári en áður var spáð. Við getum búist við því að hin mikla fjárfesting í atvinnulífinu sem verið hefur að undanförnu fari að skila sér að verulegu leyti á næsta ári og að fullu á árunum þar á eftir. Útflutningstekjur okkar munu því fara vaxandi. Þótt hinn gamli vágestur, verðbólgan, hafi ekki farið mikinn á þessu ári, má lítið út af bera og því þarf að hafa vakandi auga á verðbólgunni. Fái hún of lausan taum er það tilræði við stöðu og hag flestra launþega í landinu. Kaupmáttur á þessu ári mun aukast mun meir en byggt var á í almennum kjarasamningum. Tilraunir einstakra hópa nú í lok kjarasamningsferils til að knýja fram miklu meira í sinn hlut en aðrir samningsaðilar hafa fengið er mikið áhyggjuefni. Það kom fyrir hér á árum fyrr að einstakir hópar sprengdu sig út úr kjarnanum og afleiðingin varð sú að kaupmáttur allra hrapaði fáum missirum síðar. Slíka hringekju má ekki setja í gang. Það yrði öllum til óþurftar.

Herra forseti. Alþingi lögfesti síðastliðið vor umtalsverða lækkun tekjuskatts einstaklinga. Tekjuskattur þeirra var lækkaður um 4 prósentustig á tveggja ára tímabili. Fyrsti áfanginn, 1,1 prósentustigs lækkun, kom strax til framkvæmda á þessu ári. Um næstu áramót lækkar skatthlutfallið um 1,9 stig í viðbót og loks um 1 stig í ársbyrjun 1999. Auk þess var lögfest að skattleysismörk skyldu hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Á næsta ári verður einnig breyting á barnabótakerfinu þar sem skerðingarhlutföll verða lækkuð með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum barnabóta.

Með þessum ákvörðunum eru stigin veigamikil skref í átt til þess að lækka jaðarskatta hér á landi. Þetta kemur í kjölfar fyrri ákvörðunar um að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþega skattlagningu, sem kom til framkvæmda á árunum 1995 og 1996, en sú ákvörðun jafngilti 1,5–1,7 prósentustiga lækkun tekjuskatts. Fyrsta skref til þess að draga úr jaðaráhrifum barnabótakerfisins var hins vegar stigið þegar á árinu 1996 þegar skerðingarprósentur voru lækkaðar.

Til viðbótar þessum ákvörðunum ákvað ríkisstjórnin síðastliðið vor að gera breytingar á bótum almannatrygginga sem draga verulega úr jaðaráhrifum í almannatryggingakerfinu, meðal annars varðandi uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar og fyrirkomulags á afnotagjaldi Ríkisútvarpsins. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið umtalsverða hækkun á bótum almannatrygginga sem nemur um 13% frá ársbyrjun 1997 til ársbyrjunar 1998. Með þessari ákvörðun er lífeyrisþegum tryggð einhver mesta kaupmáttaraukning tryggingabóta sem orðið hefur á síðustu áratugum

Það er einnig ástæða til að vekja athygli á því að stjórnvöld hafa nýverið ákveðið að draga úr jaðaráhrifum í námslánakerfinu með lagabreytingu sem lækkar endurgreiðsluhlutfall lána úr 7% í 4,75%. Af þessu sést að stjórnvöld hafa ekki setið auðum höndum hvað varðar lækkun jaðarskatta eins og ýmsir hafa gefið í skyn.

Um þessar mundir er leitast við að ná víðtæku samkomulagi um að treysta starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins og um leið að auka og efla möguleika fólksins í landinu til að treysta framtíðarhag sinn og sinna. Mikilvægt er að allir leggi sig fram í þeirri vinnu. Það eru stórkostlegir hagsmunir í húfi því málið snertir stöðu hvers manns í landinu næstu áratugina.

Herra forseti. Hvert sem litið er í alþjóðlegri umræðu sést glöggt að umhverfismál hafa komist æ ofar á dagskrá. Það væri fráleitt af okkur að standa utan við slíka umræðu þótt aðstæður hér séu ólíkar mörgu af því sem helst knýr umræðuna annars staðar. Þess utan er það okkur í hag að þessi þáttur fái aukið vægi. Það styrkir ferðaþjónustu og útflutning og á þátt í því að gera orkufrekan iðnað hér á landi aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta. Við þurfum hins vegar að gæta þess afar vel að taka jafnan ríkt tillit til umhverfissjónarmiða við slíkar ákvarðanir. Vel varðveitt umhverfi getur orðið okkar dýrmætasta fjárfesting þegar fram líða stundir.

Fjárfesting í orkufrekum iðnaði á Íslandi hefur aukist jafnt og örugglega á síðustu missirum. Það hafa ekki allir gert sér grein fyrir þeim vexti. Umræðan um Atlantal-verkefnið stóð í mörg ár og samningaviðræðurnar voru langar og strangar. Sú verksmiðja átti að nýta 3.000 gwst. á ári.

Með stækkun Ísals um 80 þúsund tonn, með þriðja ofni járnblendiverksmiðjunnar og Norðurálsverkefni stefnir aukin orkunotkun þegar í 2.600 gwst. Ekki er óvarlegt að ætla að á næstu fáeinum árum muni eðlileg stækkunarþörf þessara fyrirtækja leiða til nýtingar á um 3.000 gwst. á ári til viðbótar. Nýtingin nálgaðist þá 5.600 gwst., sem jafngildir 380 þúsund tonna álframleiðslu eða nálægt tvöföldun á Atlantalverkefninu og svipuðu magni og menn eru nú að skoða í samvinnu við Norsk Hydro. Ýmsar frekari fjárfestingar eru einnig í athugun, svo sem kunnugt er. Möguleikar okkar eru því miklir á þessu sviði sem svo mörgum öðrum um þessar mundir. Á hitt er þó að líta að tæknin ein setur okkur ekki skorður eins og löngum var áður talið. Önnur mikilvæg sjónarmið eru uppi sem ekki má horfa fram hjá. Stóraukin erlend fjárfesting er því aðeins fullkomið fagnaðarefni, ef tekst að gæta eðlilegra umhverfissjónarmiða við framkvæmd hennar.

Ríkisstjórnin mun sem fyrr leggja sitt af mörkum við að koma til framkvæmda víðtækri áætlun í umhverfismálum sem samþykkt var fyrr á þessu ári og ber heitið Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Er þess vænst að um þá framkvæmd takist góð samvinna við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðar og frjáls félagasamtök.

Ríkisstjórnin mun taka fullan þátt í samningaviðræðum um loftslagsbreytingar sem nú standa yfir og áætlað er að ljúka í Kyoto í Japan í desember nk. Það er mikið í húfi fyrir Íslendinga að niðurstaða náist um aðgerðir til þess að stöðva aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Íslensk stjórnvöld hafa í samningaviðræðunum lagt áherslu á að miðað væri við að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í stað kola og olíu og að aðgerðir einstakra ríkja yrðu samræmdar í þágu heildarinnar.

Herra forseti. Á undanförnum missirum hefur starfsvettvangur nemenda í skólum landsins tekið miklum breytingum. Minni miðstýring og aukið sjálfstæði skóla fela í sér að ákvarðanir um menntun nemenda eru teknar nær þeim sjálfum. Unnið er að því að íslenska skólakerfið veiti nemendum menntun og þjónustu sem stenst samanburð við hið besta sem þekkist. Áhersla er lögð á að upplýsingatæknin sé nýtt til hins ýtrasta á öllum skólastigum. Jafnframt eiga nemendur að njóta sérkenna íslenska skólakerfisins sem felst m.a. í jafnri aðstöðu til náms og fjölbreytilegu námi.

Flutningur grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga markaði tímamót og um hann náðist gott samkomulag allra aðila. Grunnskólanemendur fá nú fleiri kennslustundir í viku en áður og næstu fjögur árin verður kennslustundum fjölgað enn frekar. Ríkissjóður sendi grunnskólann til sveitarfélaganna með auknum fjárframlögum til að tryggja að þetta gengi eftir.

Ný framhaldsskólalög tóku gildi 1. ágúst 1996 og hefur verið unnið markvisst að því að hrinda þeim í framkvæmd. Markmiðið er að skólarnir verði sjálfstæðar stofnanir sem geri áætlanir um eigin starfsemi. Unnið er að því að gera samning um árangursstjórnun milli menntamálaráðuneytisins og framhaldsskóla. Jafnframt hefur verið leitast við að koma til móts við ýmsar sérþarfir nemenda. Nemendum sem ekki hafa fullnægjandi undirbúning úr grunnskóla býðst nú fornám í fleiri skólum en áður.

Unnið er að gerð nýrra námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Endurskoðun á aðalnámskrám er með viðamestu og mikilvægustu umbótaverkefnum í menntamálum á síðustu árum. Í öllum þessum efnum eru menn að taka ákvarðanir sem varða munu miklu um framtíð hins íslenska menntakerfis.

Herra forseti. Á síðustu dögum hafa farið fram umræður um stöðu sjávarútvegsins á þessu ári og horfur á hinu næsta. Í heild er staðan bærileg en þó er æði misskipt. Á hitt er að líta að sú staða undirstrikar þá breytingu sem orðið hefur í sjávarútvegi, sem nú er ekki jafneinsleit atvinnugrein og áður var. Eggin eru nú í fleiri körfum en forðum. Sú þróun er jákvæð og dregur úr hættu á þeim stórfelldu sveiflum sem urðu í sjávarútvegi og reglulega skóku íslenskt samfélag.

Meginmarkmið sjávarútvegsstefnunar eru skýr:

Við viljum tryggja varanlegan hámarksafrakstur sjávarútvegsins í þágu þjóðarinnar með ábyrgri nýtingu allra auðlinda hafsins.

Við viljum tryggja að við allar ákvarðanir sé jafnan gengið út frá bestu líffræðilegu og hagfræðilegu forsendum sem fyrir hendi eru.

Við viljum að þeim sem starfa í sjávarútvegi sé með skýrum og almennum leikreglum skapað hagstætt starfsumhverfi er tryggi sterka samkeppnisstöðu á alþjóðavettvangi.

Mikil samstaða hefur skapast um þá stefnu að byggja ákvarðanir um heildarafla á ráðgjöf vísindamanna. Árið 1995 samþykkti ríkisstjórnin formlega reglu um hvaða hlutfall skuli árlega veitt af veiðistofni þorsks þannig að nokkuð tryggt sé að stofninn haldi áfram að vaxa. Er reglan niðurstaða umfangsmikillar vinnu líffræðinga og hagfræðinga sem stóð í um tvö ár. Markmiðið er að árleg þorskveiði verði á komandi árum um eða yfir 300 þúsund lestir. Þær friðunaraðgerðir sem gripið var til hafa þegar borið verulegan árangur og niðurstöður seiðatalningar 1997 gefa vonir um að þau markmið náist sem sett hafa verið um uppbyggingu stofnsins.

Sjávarútvegurinn hefur á síðustu árum þróast á grundvelli markaðslögmála og rekstrarárangur greinarinnar í heild hefur batnað þrátt fyrir þann mikla niðurskurð sem nauðsynlegur var. Ekki er vafi á að sú jákvæða kaupmáttarþróun sem Íslendingar hafa notið á síðustu missirum hefði ekki átt sér stað án framleiðniaukningar í sjávarútvegi.

Bætt afkoma við nýtingu auðlinda sjávar hefur því haft jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja í flestum greinum íslensks atvinnulífs, sérstaklega þeim sem eiga bein viðskipti við hefðbundin sjávarútvegsfyrirtæki. Er athyglisvert hve mörg íslensk iðnfyrirtæki sem framleiða vörur fyrir sjávarútveg eru að ná góðum árangri, bæði heima og erlendis.

Ekki er ágreiningur um að framseljanlegar aflaheimildir hafa aukið afrakstur í sjávarútvegi. Engu að síður hlýtur að koma til álita að setja reglur sem setji skorður við því að of miklar aflaheimildir færist á hendur fárra fyrirtækja, hvort sem um er að ræða hlut í heildarafla eða einstaka stofna. Samfara því að sjávarútvegsfyrirtæki hafa orðið færri, stærri og hagkvæmari undanfarin ár, hefur hluthöfum þessara fyrirtækja sem betur fer fjölgað hratt.

Mörg þúsund Íslendingar taka nú þátt í útgerð með beinni eignaraðild og tugir þúsunda fólks með óbeinum hætti gegnum lífeyris- og verðbréfasjóði. Að því leyti er nýtingarrétturinn að færast á sífellt fleiri hendur. Hin aukna eignadreifing innan fyrirtækjanna er afar mikilvæg, en það breytir ekki því að rétt er að skoða vel hvort ekki verði að takmarka of mikla samþjöppun kvóta til einstakra fyrirtækja. Slík mál verða til umræðu á næstunni.

Herra forseti. Atlantshafsbandalagið steig í sumar fyrsta skref í einu mikilvægasta máli Evrópu eftir kalda stríðið, en það er stækkun bandalagsins austur á bóginn. Á leiðtogafundi þess í Madrid í júlí var ákveðið að bjóða fyrst í stað þremur Mið- og Austur-Evrópuríkjum aðild. Þau eru Pólland, Tékkland og Ungverjaland.

Við Íslendingar studdum eindregið frá upphafi stækkun Atlantshafsbandalagsins, en við lögðum jafnframt þunga áherslu á að bandalagið yrði áfram opið nýjum aðildarríkjum. Af okkar hálfu var lagt til að því til áréttingar fengju öll ríkin sem sótt hefðu um aðild kost á henni, en framgangur hverrar umsóknar yrði látinn ráðast í aðildarviðræðum. Með þessari tillögu var einkum verið að halda fram hagsmunum Eystrasaltsríkjanna.

Það varð snemma ljóst að Eystrasaltsríkin yrðu ekki með í fyrsta áfanga stækkunar Atlantshafsbandalagsins. Urðum við auðvitað að taka tillit til þess, enda verður það ekki Ísland sem tekur á sig þyngstu byrðarnar af stækkun bandalagsins.

Við lögðum höfuðáherslu á að fyrsta lota stækkunar Atlantshafsbandalagsins gengi vel þannig að fyrr gæti komið að næsta áfanga og að skýrt væri að Atlantshafsbandalagið stæði öllum ríkjum álfunnar opið. Jafnframt kæmi fram að bandalagið og ríki þess létu sig miklu skipta hvernig Eystrasaltsríkjunum og öðrum umsækjendum reiddi af á meðan.

Á Madrid-fundinum sameinuðust Íslendingar, Danir og Norðmenn, Bandaríkjamönnum og Bretum um að tryggja greiðan framgang fyrsta áfanga stækkunarinnar með því að takmarka hann við þrjú ríki. Annað hefði leitt til vandræða og tafið eða stöðvað frekari stækkun. Með samstöðu fyrrgreindra ríkja náðist einnig að tryggja að Eystrasaltsríkin væru nefnd sérstaklega sem umsækjendur um aðild að bandalaginu.

Þetta var því góð niðurstaða og vonum framar, frá sjónarhóli Íslands, og leiðtogar Eystrasaltsríkjanna lýstu yfir mikilli ánægju með hana. Skömmu síðar kom í ljós að Eistland verður með í fyrsta áfanga stækkunar Evrópusambandsins í austurátt. Kostir aðildar að Evrópusambandinu fyrir ríkin í Mið- og Austur-Evrópu eru miklir. Þótt þeir lúti að öðru en aðild að Atlantshafsbandalaginu má ljóst vera að öryggi, lýðræði og stöðugleiki þessara ríkja eru um margt háð því skjóli sem aðild að Evrópusambandinu getur veitt þeim. Því til viðbótar er auðvitað aðgangur að hinum mikilvæga innri markaði sambandsins.

Sagan sýnir að ætla má að allt að tíu ár líði þar til full aðild fyrstu Mið- og Austur-Evrópuríkjanna að Evrópusambandinu verður að veruleika. Að auki þarf Evrópusambandið að þessu sinni að leysa ýmis erfið innri mál, en takmarkaður árangur varð á ríkjaráðstefnu þess í sumar. Sakir þess hve afrakstur ráðstefnunnar var almennt rýr varð samstaða í Evrópusambandinu um að bæta þar úr með því að fella

Schengen-samninginn um opin landamæri á innri markaðnum inn í regluverk sambandsins. Þar með skapaðist óvissa um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen.

Þegar útlit var fyrir að ríkjaráðstefnan mundi setja Schengen undir Evrópusambandið, komu íslensk stjórnvöld á framfæri við sambandið fyrirvörum um afstöðu okkar í málinu. Bent var á að þátttaka Íslands í Schengen réðist af því forgangsatriði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu, sem gerir Íslendingum kleift að ferðast um Norðurlönd án vegabréfaskyldu. Vakin var athygli á að samstarfssamningur um þátttöku okkar í Schengen væri þegar fyrir hendi og það mundi valda miklum erfiðleikum fyrir Ísland ef forsendur hans breyttust. Það kynni að leiða til vanda sem lyti að stjórnarskrá Íslands og útilokaði þar með þátttöku okkar í Schengen.

Evrópusambandið lýsti því svo yfir, eins og kemur fram í lokaskjali ríkjaráðstefnunnar, að séð yrði til þess að hagsmunir Íslands og Noregs yrðu ekki fyrir borð bornir. Á þann yfirlýsta vilja mun reyna í viðræðum sem gert er ráð fyrir að hefjist eftir nokkrar vikur. Niðurstaða þeirra þarf að tryggja að þátttaka Íslands í ákvarðanatöku og dómsmálum varðandi Schengen samræmist íslenskum lögum. Hitt er annað, að ekki er útilokað að breytt staða í norskum stjórnmálum kann að hafa áhrif á framgang alls þessa máls, sem og væntanleg þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku.

Herra forseti. Fram undan eru annasamir dagar hér á Alþingi. Við alþingismenn eigum ekki endilega að telja okkur helst til tekna að fjöldi nýrra laga sé settur eða lengi talað. Það er ekki keppikefli að þenja út lagasafnið eða gera líf fólksins í landinu flóknara en nauðsyn ber. Lagabætur eru mikilvægari en lagasetning og markviss skoðanaskipti taka löngum ræðum langt fram. Til þess að undirstrika þetta síðasta lýk ég máli mínu og þakka þeim sem hlýddu.

[20:57]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Í ræðu forseta Íslands við setningu Alþingis í gær vakti forseti athygli á því að á sl. áratug hafi okkur Íslendingum tekist að finna lausn á ýmsum vandamálum sem voru viðfangsefni íslenskra stjórnvalda um áratugi. Við unnum bug á verðbólgunni, gerðum krónuna að traustum gjaldmiðli, stöðugleiki í efnahagsmálum kom í stað óvissu og ókyrrðar. Okkur tókst þetta með samstilltu átaki margra, fórnum margra á erfiðum tímum.

Alþingismenn minntust í gær eins þeirra sem drjúgan hlut átti að því máli, Guðmundar J. Guðmundssonar verkalýðsleiðtoga. Hann var málsvari láglaunamannanna sem lögðu sitt lóð á vogarskálina. Hans fólk færði fórnir til þess að ná þeim árangri sem hæstv. forsrh. státar sig nú af. En hver er hlutur fólksins hans Guðmundar J. í góðærinu? Hvernig skipta stjórnendur einnar af sjö ríkustu þjóðum heims, að sögn forsrh., uppskerunni sem fékkst með samstilltu átaki fjöldans?

Bilið fer nú breikkandi á Íslandi milli ríkra og fátækra. Fátæku fólki fjölgar mitt í góðærinu. Hvers vegna? Vegna þess að hagsmunir hinna fáu mega sín meira hjá landstjórninni en hagur fjöldans.

Mitt í öllu góðærinu býr almenningur við kerfi tekjuskatts og tekjutengds bótakerfis sem veldur því að barnafólk með meðaltekjur heldur ekki eftir nema 40 aurum af hverri krónu sem það aflar með aukinni vinnu og eldra fólk og öryrkjar með óverulegar atvinnutekjur búa við enn skertari hlut. Á sama tíma lækka stjórnvöld skatta á eignatekjum og arðgreiðslum til hinna efnuðu. Þannig er almannahag fórnað fyrir sérhagsmuni fárra.

Í heilbrigðismálum er allt í uppnámi. Stórir hópar sérfræðinga segja sig úr lögum við tryggingakerfi landsmanna, með því yfirlýsta markmiði að innleiða hér á landi bandaríska kerfið með einkarekin sjúkrahús og aðgerðastofur fyrir hina ríku. Sérhagsmunirnir skulu ríkja, almannahagur víkja.

Fyrir 30 árum lagði ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. í samvinnu við samtök vinnumarkaðarins grunn að samtryggingakerfi í lífeyrismálum sem í tímans rás er orðið ein öflugasta undirstaða velferðar á Íslandi og litið er á sem fyrirmynd hjá öðrum þjóðum. Nú vendir Sjálfstfl. því kvæði í kross og ætlar með tilstyrk Framsfl. að ryðja um koll undirstöðu lífeyrissjóðakerfisins, samtryggingunni, til þess að færa peningavíxlurum ráðstöfunarréttinn yfir lífeyrissparnaði fjöldans. Sérhagsmunir hinna fáu eru ríkisstjórnarflokkunum meira virði en samtrygging fjöldans.

Stjórnvöld þessarar ríku þjóðar festa með ári hverju í sessi séreign fárra á auðlind fjöldans, fiskimiðunum, þar sem óveiddur fiskurinn í sjónum er bitbein í hjúskaparmálum þeirra sem úthlutað hefur verið ókeypis afnotarétti af sameign okkar allra. Hagsmunir hinna fáu skulu efldir á kostnað fjöldans.

Á borði stjórnarflokkanna liggja svo lagafrumvörp um að ganga enn lengra. Afhenda á stjórnsýslu á öllu hálendi Íslands í hendur fulltrúa 4% landsmanna þannig að þorri þjóðarinnar, 96% Íslendinga, fær ekki aðkomu að málinu. Annað frv. gerir ráð fyrir því að stór hluti virkjunarréttar fallvatna landsins, djúphita í jörðu og náma í iðrum jarðar verði einkaeign fárra landeigenda. Ekki bara fiskimiðum heldur líka öðrum auðlindum landsins á að skipta meðal hinna fáu á kostnað fjöldans. Var það til slíkra verka sem fólkið hans Guðmundar J. Guðmundssonar færði fórnir á erfiðleikaárum í okkar þjóðarbúskap? Vilja menn nýta ávexti uppsveiflunnar svona?

Í næstum því tvo mannsaldra höfum við Íslendingar búið við óbreytt helmingaskiptakerfi auðs og valda þeirra tveggja stjórnmálaflokka sem skipst hafa á um að hafa forustuna við ríkisstjórnarborðið milli þess sem þeir hafa setið þar saman. Þeir eru hvor um sig málsvarar þröngra sérhagsmuna sem þeir meta meira en almannaheill. Ítrekaðar tilraunir til að breyta þessu pólitíska umhverfi á Íslandi hafa ekki borið árangur. Hvers vegna ekki? Vegna þess að þeir sem hafa viljað verja hag fjöldans hafa ekki staðið saman. Þess vegna hafa þeir ekki geta rofið pólitíska víglínu þessa sérhagsmunagæslukerfis.

Hlutverk okkar, skylda okkar jafnaðarmanna hvar í flokki sem við stöndum, er að skapa nýja tíma með nýrri öld. Aðeins með því að standa sameiginlega að framboði vorið 1999 getum við breytt hinu pólitíska umhverfi, rofið vítahring sérhagsmunagæslunnar og tryggt sjónarmiðum okkar þann styrk sem þau verðskulda. Og hver yrði tilgangur slíks framboðs? Að gæta almannahags í stað sérhagsmuna. Að tryggja að auðlindir þjóðarinnar, fiskurinn í sjónum, orkan í fallvötnunum og jarðhita, hálendi landsins, varðveitist í eigu okkar allra og að fjöldinn njóti afraksturs auðlindanna með því að taka sanngjarnt gjald fyrir afnotaréttinn.

Auðlinda- og mengunarskatta á að nýta til að lækka tekjuskatta þannig að launþegar njóti í stórauknum mæli launatekna sinna sjálfir. Óréttlátt, óskilvirkt og vinnuletjandi skattkerfi er okkur fjötur um fót. Við viljum stokka upp

tekjuöflunarkerfi ríkisins með áherslum á skattstofna eins og afgjöld fyrir nýtingu auðlinda og umhverfisskatta sem ekki hafa neikvæð áhrif á vinnuvilja og sparnað eins og núverandi skattkerfi gerir.

Okkar markmið er að styrkja en ekki eyðileggja samtryggingakerfið í lífeyrismálum. Okkar markmið er að byggja upp skilvirkt heilbrigðiskerfi en ekki rífa það niður að bandarískri fyrirmynd. Okkar markmið er að einkavæðing fyrirtækja og stofnana í ríkiseigu verði í þágu almennings en ekki fárra fjármagnseigenda. Okkar markmið er að standa vörð um hagsmuni neytenda en ekki stórfyrirtækja í aukinni samkeppni. Okkar markmið er framsækið og framsýnt skóla-, menntunar- og menningarstarf í stað þeirrar neikvæðni og upplausnar sem nú ríkir. Þessum markmiðum fáum við ekki komið fram nema við stöndum saman.

Hér í þinginu, á vettvangi sveitarstjórna, hvarvetna í þjóðfélaginu, ber okkur að nota hvern dag, hverja stund, hvert tækifæri til að færa okkur nær því markmiði að okkur auðnist að skapa nýtt umhverfi í stjórnmálum þessarar þjóðar með nýrri öld. Nú gefst okkur, herra forseti, tækifæri til að ljúka því verki, með samstilltu átaki hér á þingi, með samstarfi í framboðum til sveitarstjórna á komandi vori, með samstöðu í komandi alþingiskosningum. Það verk þurfum við að vinna. Hagsmunir almennings krefjast þess að það verði gert. — Góðar stundir.

[21:06]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur.

„Ég sit á herðum manns, þjarma að honum og læt hann bera mig og samt fullvissa ég sjálfan mig og aðra um að ég finni mjög til með honum og vilji með öllum tiltækum ráðum létta honum byrðina, nema með því að fara af baki hans."

Þessi orð Leos Tolstoj komu upp í huga minn þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. forsrh. og heyrði hverjum hann þakkar árangurinn í efnahagsmálum, þar sem verkafólk fær ekki að njóta sannmælis frekar en aðrir.

Það er rétt að á síðustu tíu árum hafa orðið verulega jákvæðar breytingar á efnahagslífi þjóðarinnar, aðallega vegna hagstæðra ytri skilyrða sem hafa fært okkur aukinn hagvöxt með öflugra atvinnulífi og vaxandi tekjum ríkissjóðs. Það er því rangt að þakka ríkisstjórninni einni fyrir árangur í efnahagsmálum eins og gert var hér áðan.

Grunnurinn að betri efnahag þjóðarinnar var lagður í tíð ríkisstjórnar sem sat á árunum 1988–1991 með samkomulagi við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda. Hafi einhver ástæðu til að berja sér á brjóst og þakka sér árangurinn er það verkafólkið í landinu. Það var launafólkið í landinu sem tók á sig byrðarnar til að rétta við efnahagslíf þjóðarinnar.

En í stað þess að þakka launafólki fórnirnar hefur verkalýðshreyfingin orðið fyrir síendurteknum árásum stjórnvalda á undanförnum árum og nú fyrirhugar ríkisstjórnin árás á lífeyriskerfið sem verkalýðshreyfingin hefur byggt upp í góðu samstarfi við samtök atvinnurekenda, lífeyriskerfi sem til að mynda sérfræðingar Alþjóðabankans hafa sagt að sé eitt það besta í heiminum og lýst því sem sérstakri fyrirmynd. Þetta kerfi samtryggingar og samhjálpar vilja ríkisstjórnin og peningaöflin eyðileggja. Barátta verkalýðshreyfingarinnar í dag fer í að verja undirstöðu velferðarkerfisins sem hún hefur tekið virkan þátt í að skapa á undanförnum áratugum. Barátta hreyfingarinnar snýst um að verja áunnin réttindi og kjör launafólks. En hún er líka barátta fyrir mannréttindum. Baráttumál verkalýðshreyfingarinnar eru um margt þau sömu og Alþb. og annarra félagshyggjuafla eins og komið hefur í ljós í störfum okkar hér á Alþingi þar sem stjórnarandstaðan hefur lagt hreyfingunni lið eftir mætti og staðið gegn tilraunum ríkisstjórnarinnar til að brjóta niður samtakamátt launafólks.

Ríkisstjórnin eignar sér árangur verkalýðshreyfingarinnar í kjaramálum, launahækkanir og vaxandi kaupmátt. Ríkisstjórnin eignar sér þann árangur sem aldraðir og öryrkjar hafa náð með samtakamætti sínum þó að enn sé langt í land að þessir hópar búi við viðunandi kjör. Góðærið hefur ekki skilað sér til þessara láglaunahópa. Það hefur heldur ekki skilað sér til ungs fjölskyldufólks sem vinnur mikið, er með húsnæðisskuldir og námslánaskuldir en býr við mjög háa jaðarskatta þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið og voru kynntar hér áðan. Góðærið, vaxandi hagvöxtur, efnahagsbatinn, hefur heldur ekki skilað sér til um 5.000 einstaklinga sem eru án atvinnu og búa við skertan rétt eftir aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Batinn hefur ekki skilað sér til þeirra fjölmörgu bænda sem búa við hreina fátækt og batinn hefur ekki gert vart við sig hjá þeim þúsundum manna sem þurfa að leita á náðir félagsmálastofnana vegna fátæktar. Þessu fólki var lofað að það mundi njóta þess þegar betur færi að ára, en það loforð hefur verið svikið. Batnandi efnahagur hefur skilað sér til annarra en þessara hópa. Auðurinn, arðurinn af góðærinu, safnast á fárra manna hendur. Misskiptingin í þjóðfélaginu hefur stóraukist.

Góðir hlustendur. Helmingaskiptaklúbbur ríkisstjórnarinnar hefur boðað aukið sjálfstæði og ákvörðunarrétt ríkisstofnana í orði, minni ríkisafskipti og minni miðstýringu. En hvað gerir hann á borði? Öllu er stýrt frá háborði helmingaskiptaklúbbsins. Vinum klúbbsins eru færð verkefni frá ríkinu í nafni samkeppni, en allt sem heitir samhjálp og samábyrgð er eitur í beinum klúbbfélaga. Harðar kröfur eru settar fram um sparnað og hagræðingu í heilbrigðiskerfinu án þess að skilgreina hlutverk og þjónustustig einstakra stofnana. Óvissan í heilbrigðiskerfinu bitnar þó verst á þeim sem síst skyldi, sjúklingunum sjálfum.

Heilsugæslan, sérstaklega á landsbyggðinni, er í algerlega óviðunandi stöðu. Sjúkrahúsin búa enn við óþolandi óvissu hvað varðar starfsemi þeirra í framtíðinni og vaðið er fram með tillögur sem virðast unnar án samráðs við starfsfólk, samanber nýlega samþykkt frá starfsmannaráði Ríkisspítala. Kjaramál ýmissa fagstétta eru í uppnámi og enn og aftur er þjónusta við sjúklinga skert. Nú síðast heyrðum við af skertri þjónustu við geðsjúka. Ráðleysi yfirvalda er látið heita sparnaður og ráðdeild. Við höfum úr takmörkuðum fjármunum að spila, segir hæstv. heilbrrh. og málið er í hreint endalausri skoðun í ráðuneytinu. Góðærið hefur samt skilað sér í ríkiskassann. Umsvif í ríkisrekstri hafa að sama skapi aukist án þess að nokkur forgangsröðun verkefna hafi átt sér stað. Það hefur bitnað á heilbrigðiskerfinu.

Hlutverk ríkisins er ekki skilgreint. Hvaða verkefni eiga að hafa forgang? Hvaða verkefni á að greiða fyrir úr sameiginlegum sjóðum landsmanna í breyttu þjóðfélagi?

Í ræðu sinni lagði hæstv. forsrh. áherslu á mikilvægi menntunar og afrek ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég tek heils hugar undir það að eitt mikilvægasta verkefni okkar er að bæta og jafna aðstöðu fólks til menntunar og að það er nauðsynlegt að auka sjálfstæði menntastofnana. En orð eru eitt og athafnir annað þegar þessi ríkisstjórn á í hlut.

Í nýsamþykktum lögum um framhaldsskóla var fagmennskunni ýtt út fyrir pólitíkina með breyttri skipan skólanefnda. Faglegri stefnumörkun var skipt út fyrir pólitíska í frv. um háskóla sem verður lagt fyrir öðru sinni í haust. Þar ætlar hæstv. menntmrh. sér að skipa rektora og fulltrúa í háskólaráð. Ef þetta frv. verður óbreytt að lögum er harkalega vegið að sjálfstæði háskólanna.

Hæstv. forsrh. lagði líka áherslu á að upplýsingatæknin sé nýtt til hins ýtrasta á öllum skólastigum. Það má taka undir þessi sjónarmið. En veit hann að í Háskóla Íslands, æðstu menntastofnun þjóðarinnar, er ein tölva á hverja 42 nemendur?

Við höfum getað státað af tiltölulega jafnri aðstöðu til náms. En með aukinni áherslu stjórnarflokkanna á gjaldtöku í skólum landsins er vegið mjög harkalega að jafnréttinu. Hvergi í yfirlitsræðunni var minnst á nauðsyn þess að auka símenntun, endurmenntun eða fjarkennslu, sem við í Alþb. teljum vera mjög mikilvæga þætti í menntakerfinu. Möguleikar verkafólks og atvinnulausra til að ná sér í menntun hafa þvert á móti verið stórlega skertir í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Forsrh. talaði um skattalækkanir. Hverjir nutu þeirra helst? Hefur raunveruleg heildarskattbyrði minnkað? Svarið er nei. Óbeinir skattar hafa til að mynda hækkað svo nemur milljörðum, fyrst og fremst í formi þjónustugjalda, gjalda sem bitna harðast á þeim sem minnst hafa til ráðstöfunar, þeim sem minnst fengu við skattalækkun ríkisstjórnarinnar.

Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að það væri dýrt að búa á Íslandi. Það er rétt. En það fer svolítið eftir því hver í hlut á. Það er dýrt fyrir marga að sækja háskólanám, en helmingaskiptaklúbbnum finnst það ekki nógu dýrt því að heyrst hefur af áformum um að hækka skólagjöld í allt að 100 þús. kr. Það er dýrt að vera ungur með börn á Íslandi og reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið og búa við allt of háa jaðarskatta.

Þrátt fyrir þetta allt saman virðist framtíðarsýn forsrh. vera björt. En hann talar þá fyrir hönd þeirra sem hafa notið góðærisins. Ég tel það harla ólíklegt að einstæð móðir sem fær skerðingu á barnabótum við 48 þús. kr. mánaðarlaun skilji köll forsrh. úr turninum sem hrópar eins og Tóbías úr sínum turni í Kardemommubænum forðum að nýr dagur sé hafinn og allt sé í sómanum í Kardimommubæ. Alþb. hefur aðra framtíðarsýn. Okkar framtíðarsýn byggir á frelsi og mannréttindum. En það hefur sjaldan verið eins mikilvægt og nú að allt félagshyggjufólk safni liði og sameinist gegn stefnu núverandi stjórnarflokka, komi í veg fyrir þá umbyltingu þjóðfélagsins sem stjórnarflokkarnir stefna að. — Góðar stundir.

[21:15]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Við upphaf núverandi stjórnarsamstarfs reyndi stjórnarandstaðan að veikja tiltrú þjóðarinnar á ríkisstjórninni og störfum hennar með því að tala um að þetta yrði stjórn íhaldsemi, stöðnunar og afturhalds. Enn hlýðum við á þennan söng forustumanna stjórnarandstöðunnar en reynslan hefur sýnt og sannað allt annað.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsenda framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis.“ Samkvæmt þessum boðskap hefur ríkisstjórnin unnið og árangurinn er að sýna sig. Verðbólga er í lágmarki, kjarasamningar gerðir við þorra launþega til þriggja ára, hagvöxtur meiri en verið hefur um árabil, jafnvægi að nást í ríkisfjármálum sem leiða mun til lægri vaxta og lækkunar erlendra skulda. Öflug uppbygging atvinnulífs hefur fjölgað störfum um sjö þúsund frá 1995 og útlit fyrir tvö þúsund ný störf á ári næstu tvö til þrjú árin og dregið hefur úr atvinnuleysi. Róttækar breytingar eru að eiga sér stað í banka- og sjóðakerfi landsmanna. Unnið er við stórvirkjanir og ný iðnfyrirtæki rísa. Er þetta merki um íhaldssemi, stöðnun eða afturhald? Hér getur hver svarað fyrir sig en verkin tala og það er mikilvægast.

Þrátt fyrir allt niðurskurðartal hafa fjárveitingar til ýmissa samfélagslegra verkefna verið auknar og fjölmörg ný viðfangsefni litið dagsins ljós svo sem á sviði menntamála, félagsmála og heilbrigðismála. Samþykkt hafa verið ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna og þeim fylgt eftir með auknum fjárframlögum.

Vissulega er staðan í kjarasamningum kennara áhyggjuefni og við verðum að treysta því að á allra næstu dögum náist þar ásættanleg niðurstaða. Festa og sátt þarf að ríkja í skólastarfinu svo það geti þróast eðlilega.

Á sviði tölvu- og fjarskipta er þróunin hraðari en hönd á festir og þar þarf menntakerfið að fylgja með því möguleikarnir virðast nánast óþrjótandi.

Þrátt fyrir allar þessar breytingar, framkvæmdir og ný viðfangsefni sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir er vissulega margt ógert og eitt og annað sem betur mætti fara. Ég hef t.d. áhyggjur af stöðugum búferlaflutningum til suðvesturhornsins og minnkandi áhuga fólks á búsetu og fjárfestingum úti á landsbyggðinni. En hvað geta stjórnvöld gert til að hafa áhrif á þá þróun? Atvinnuástand á landsbyggðinni er víða mjög gott og sums staðar svo að manna þarf fyrirtækin með erlendu vinnuafli. Tekjumöguleikarnir eru því yfirleitt góðir. Skóla- og heilbrigðisþjónusta er sem betur fer víðast svo að varla verður mikið betur gert. Á því sviði þurfa stjórnvöld þó að gæta sín. Krafan um nauðsynlegt aðhald og eðlilega hagræðingu er sjálfsögð í öllum opinberum rekstri hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. En samfélagslegi þátturinn er oftast miklu viðkvæmari á hinum smærri stöðum og hvert stöðugildi sem setið er af langskólagengnu fólki í framhaldsskólanum, heilsugæslustöðinni eða sjúkrahúsinu getur skipt sköpum um búsetuþróun í litlu byggðarlagi. Þetta verður ríkisvaldið einnig að hafa í huga þegar metið er æskilegt eða nauðsynlegt þjónustustig opinberra stofnana og staðsetning þeirra. Okkur hefur tekist að byggja upp öflugt velferðarþjóðfélag. Það velferðarþjóðfélag ætlum við að varðveita.

Hæstv. forseti. Svo sem fram kom í ræðu forsrh. mun ríkisstjórnin leggja mikla áherslu á umhverfismál í störfum sínum. Fyrr á þessu ári samþykkti ríkisstjórnin framkvæmdaáætlun til aldamóta um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Vonast ég til að um framkvæmdina geti tekist eins góð samvinna við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök og tókst með þessum aðilum við stefnumótunina sjálfa. Í áætluninni er gert ráð fyrir að iðnrh. í samráði við umhvrh. láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum auk ferðaþjónustunnar. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þeirra mörgu verkefna sem í gangi eru og áframhaldandi umræðu um orkunýtingu og stóriðjuuppbyggingu og nauðsyn þess að tekið verði

fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða í því sambandi. Þessi stefnumótunarvinna má því ekki dragast.

Ríkisstjórnin hefur tekið fullan þátt í því samningsferli sem nú stendur yfir um loftslagsbreytingar og gróðurhúsaáhrif og áætlað er að ljúka í Kyoto í Japan í desember. Æ fleiri sérfræðingar telja að loftslagsbreytingar af mannavöldum sé eitt alvarlegasta umhverfisvandamál sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og krafan um raunhæfar aðgerðir til að draga úr þessum breytingum fer vaxandi. Þótt útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi sé vart mælanlegt í alþjóðlegu samhengi, eða um 0,01% heildarútstreymis frá jörðinni, ber okkur að taka fullan þátt í umræðum og aðgerðum á þessu sviði. Ég mun á næstu dögum leggja fyrir Alþingi skýrslu um loftslagsbreytingarnar og gera þá frekari grein fyrir stöðu þeirra mála.

Nýlega samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína um umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Ég treysti því að starfsmenn ráðuneyta og stofnana fylgi þessum leiðbeiningum og æskilegt er að önnur starfsemi í þjóðfélaginu fylgi þessu fordæmi. Vaxandi áhugi og umræða er nú meðal almennings í landinu um alla þætti umhverfismála en jafnljóst er að nauðsynlegum aðgerðum og umbótum verður ekki komið á nema með víðtækri þátttöku allra. Þar duga skammt boð eða bönn stjórnvalda ein og sér.

Almennt er talið að staðan í landbúnaðinum sé nokkru betri nú en hún hefur verið undangengin ár. Jafnvægi er í birgðum sauðfjárafurða og batnandi horfur í útflutningi. Ýmsum aukabúgreinum hefur vaxið fiskur um hrygg svo sem loðdýrarækt. Lífræn og vistvæn framleiðsla virðist einnig eiga framtíð fyrir sér ef marka má undirtektir neytenda. Rannsóknir og kynbætur á korni eru nú að skila árangri og víða um land hefur um nokkurra ára skeið tekist að rækta korn til fóðuröflunar fyrir búfénað.

Verið er að endurskoða búvörusamning um mjólkurframleiðslu. Undirbúningur að gerð samningsins hefur farið fram í svokallaðri sjömannanefnd sem er skipuð fulltrúum bænda, ríkis og aðilum vinnumarkaðarins. Samningagerðinni þarf að ljúka á þessu hausti svo nægur tími verði til umræðna á Alþingi og bændur viti með góðum fyrirvara hvernig rekstrarumhverfið verður í framtíðinni.

Stefnt er að því setja ný lög um búnaðarmál þar sem stuðningur við jarðrækt, búfjárrækt, leiðbeiningaþjónustu og nýsköpun í landbúnaði verður einfaldaður og færður í nútímalegra horf. Með nýju frumvarpi til búnaðarlaga er gert ráð fyrir því að samið verði um framlög til þeirra mála með svipuðum hætti og samið hefur verið um stuðning við sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu.

Á síðustu ráðstefnu þjóðarleiðtoga hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, var fjallað um matvælabirgðir í heiminum og möguleika á að brauðfæða þjóðir heims. Niðurstaða þessarar miklu ráðstefnu var í stuttu máli sú að ef miðað er við núverandi matvælaframleiðslu og tölur um mannfjölgun þá sjá menn enga leið til lausnar á þessum vanda að 20–30 árum liðnum. Okkur ber því nánast skylda til að stunda á Íslandi landbúnað sem nýtir á skynsamlegan hátt þau náttúrulegu gæði sem hér eru fyrir hendi. Íslenskir bændur framleiða hollar, góðar og ómengaðar landbúnaðarvörur. Með nýrri og aukinni þekkingu og tækni er landbúnaður stundaður í sátt við náttúruna. Þau fáu undantekningartilvik sem þar eru á eru aðeins til þess að takast á við og leysa. Þetta veit ég að bændastéttinni er fullkomlega ljóst og er reiðubúin til samvinnu við stjórnvöld um úrbætur.

*Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur.* Það er kostnaðarsamt að reka íslenskt þjóðfélag. Það er dýrt að búa fá í stóru landi en íslenska þjóðin hefur með dugnaði sínum sýnt og sannað að þetta er hægt. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar munu áfram gera það sem í þeirra valdi stendur til að treysta atvinnulífið, efla menntunina og tryggja velferðarkerfið svo *við getum með bjartsýni og reisn gengið mót nýrri öld.* — Ég þakka áheyrnina.

[21:23]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Forsrh. brá ekki þeim vana sínum að sniðganga konur og kvennabaráttu í stefnuræðu sinni. Að *hans mati virðist engin ástæða til* að hafa áhyggjur af ójafnri stöðu kvenna og karla — og eiginlega þvert á móti. Það er honum og flokki hans til vansa að flokkssystir hans skuli hafa lagt sig fram um að koma í veg fyrir stofnun jafnréttisnefndar á vegum Evrópuráðsins á dögunum.

Það er vægast sagt sérkennileg áhersla og eykur ekki á vonir manna um að Sjálfstfl. taki sig á í þessum efnum áður en 21. öldin gengur í garð. Andvaralausir skynja þeir ekki vaxandi þunga þessarar baráttu víða um heim. Meira að segja framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst því yfir að hún vilji gefa jafnréttismálunum forgang, sérstakan forgang.

Fyrr á þessu ári átti ég þess kost að sitja ráðstefnu þingmanna frá 78 þjóðlöndum þar sem karlar og konur í jöfnum hlutföllum ræddu það eitt í heila fjóra daga hvernig mætti efla og tryggja þátttöku kvenna í stjórnmálum. Ekki hvort eða hvers vegna heldur hvernig. Meginniðurstaðan var sú að ekkert nútímalýðræðisríki gæti sætt sig við neitt minna en jafnræði kvenna og karla í stjórnmálum, þar sem mismunandi reynsla kynjanna nýttist til jafns. Lýðræðið sjálft væri í húfi. Það þarf að koma á kynjaðri hugsun og tengja baráttuna fyrir jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna við alla aðra þætti stjórnmálanna eins og Kvennalistinn hefur ávallt lagt áherslu á. Þetta mættu menn hafa í huga við undirbúning komandi sveitarstjórnarkosninga.

Það var bjartsýnistónn í stefnuræðu forsrh. enda árar nú betur til lands og sjávar en verið hefur um langt skeið. Sterkar vísbendingar eru um framhald þess góðæris og gleðilegasti vottur þess er fólginn í niðurstöðum seiðatalningar á þessu ári, sem gefa til kynna styrkari grunn undir hinni einu sönnu stóriðju okkar Íslendinga, fiskveiðum og fiskvinnslu. Nú ríður á að ganga vel um þá auðlind sem í sjónum býr, skjóta fastari stoðum undir nýtingu hennar á visthæfum forsendum og með heildarhagsmuni umfram sérhagsmuni í huga. Nú væri lag að endurskipuleggja stjórnun á nýtingu þessarar auðlindar á grundvelli hugmynda Kvennalistans um skiptingu fiskimiðanna í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið og aukna áherslu á byggðasjónarmið og visthæfa umgengni um fiskislóðir.

Það er uppsveifla í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Aukinna umsvifa verður mest vart á höfuðborgarsvæðinu en víða um landið má einnig sjá merki þess að bjartari sýn á framtíðina hefur tekið við af svartsýni liðinna ára. Úti um land eru það fyrst og fremst bætt skilyrði í sjónum sem auka mönnum bjartsýni og þor en einnig t.d. sívaxandi fjölbreytni í ferðaþjónustu. Jafnvel loðdýrarækt og fiskeldi gefa góða raun um þessar mundir og lífræn ræktun á mikla framtíð fyrir sér, eins og landbrh. kom að hér áðan.

En það eru fleiri greinar í vexti sem þekktust tæpast fyrir fáeinum árum og ber þar hæst hugbúnaðargerð og hvers konar starfsemi sem tengist henni. Þar eru mikil tíðindi að gerast og miklir framtíðarmöguleikar þótt forsrh. hafi ekki séð ástæðu til að víkja orðum að því efni. Hann nefndi heldur ekki gríðarlega aukin umsvif í samgöngum og m.a. fyrirheit Flugleiða um sköpun starfa fyrir 300–400 manns á næstu fjórum árum. Margur hefði séð ástæðu til að fagna slíkri atvinnusköpun sem jafnast á við eitt stykki álver af stærri gerðinni.

Þessi umsvif, sem nýlega bárust fréttir af, gefa okkur kjörið tækifæri til endurskoðunar á þeirri starfsemi sem nú er á Keflavíkurflugvelli. Nú er lag til þess að veita bandaríska setuliðinu langþráða lausn frá störfum hér á landi, störfum sem margsinnis hefur verið sagt allt frá upphafi varnarsamningsins að væru óþörf á friðartímum. Það er löngu vitað mál að Bandaríkjamenn hafa engan áhuga á að sitja þarna lengur en íslenskir ráðamenn hafa lotið svo lágt að þrábiðja þá að halda þessari óþörfu starfsemi áfram með hreina og klára gróðahagsmuni að leiðarljósi. Nú eiga Íslendingar að sjá sóma sinn í að hætta þessu relli og verða fyrri til að þakka fyrir sig. Það yrði þeim létt núna í ljósi aukinnar atvinnu á svæðinu.

En hvernig hefur góðærið skilað sér til almenns launafólks, til lífeyris- og bótaþega? Þar er því miður ekki hið sama að segja um hann Jón og séra Jón. Forsrh. gumaði af lækkun tekjuskatts, breytingum á barnabótakerfinu og á bótum almannatrygginga. Áheyrendur hljóta að velta því fyrir sér hvort honum sé alvara með slíkan málflutning eftir að tvær ríkisstjórnir undir hans forustu hafa saumað æ ofan í æ að lífeyris- og bótaþegum, klipið jafnt og þétt af kostnaðarþátttöku ríkisins í læknisþjónustu og lyfjakaupum og kórónað allt saman með því að svipta lífeyris- og bótaþega réttinum til að fylgja almennum launabreytingum. Stjórnunarstíllinn hefur verið sá í hverju málinu á fætur öðru að gera ástandið fyrst óbærilegt og laga það svo pínulítið til að geta barið sér á brjóst og sagt: Nú erum við aldeilis góðir! En staðreyndirnar tala sínu máli. Peningahyggjan ræður ofar mannúðlegum viðhorfum og ástandinu í heilbrigðiskerfinu er best lýst með orðum gamalreynds læknis, sem blöskrar svo að hann óskar sér 40 ár aftur í tímann þegar manneskjan var í fyrirrúmi og hvarflaði ekki að nokkrum manni að ýta veiku fólki út af sjúkrahúsi vegna peningaleysis. Ríkisstjórnin verður að snúa af þeirri óheillabraut.

Forsrh. minntist í ræðu sinni á umhverfismál sem er út af fyrir sig gleðilegt, og umhvrh. bætti blómum í þann garð í máli sínu áðan, en gleðin sú reyndist galli blandin því ástæðan sem forsrh. gaf fyrir því að okkur væri hagstætt að efla vægi umhverfismála var sú að „það ætti þátt í því að gera orkufrekan iðnað hér á landi aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta". Á eftir þessari gullvægu setningu fylgdi svo fagnaðarríkt upptalning framleiddra tonna og nýttra gígavattstunda í bráð og lengd, efalaust allt saman beint upp úr gullakistu iðnrh. og allt á hefðbundnum álnótum. Þar er nú ekki frumleikinn í fyrirrúmi.

Hvers vegna í ósköpunum dettur mönnunum ekkert annað í hug til nýtingar raforkunnar en ál og járnblendi eða önnur mengandi framleiðsla úr innfluttum hráefnum? Hvers vegna ekki t.d. framleiðsla vetnis, sem er af mörgum talið líklegt framtíðareldsneyti, eins og Kvennalistinn benti á og talaði fyrst fyrir á Alþingi fyrir átta árum. Um það fluttum við ítrekað þingmál og studdum það bæði hagkvæmnis- og umhverfisrökum.

Hvers vegna ekki að nýta rafmagn í stórum stíl til að knýja þjónustubíla af ýmsu tagi eins og vísir er að hjá Rafveitu Akureyrar? Þetta er farið að gera í vaxandi mæli víða erlendis í því skyni að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem er eitt alvarlegasta umhverfisvandamál í heiminum, vandamál sem við höfum skuldbundið okkur til að vinna gegn af öllum mætti. Fleira mætti nefna því við höfum nóg annað við raforkuna að gera en að nýta hana til mengandi stóriðju.

Og enn má nefna að til eru fleiri aðferðir við orkuvinnslu en að bylta farvegum fljóta og fossa og breyta dýrmætum landsvæðum í uppistöðulón. Þar getum við t.d. litið til Dana, sem nýjar fréttir herma að ætli nú að reisa vindmyllur svo hundruðum skiptir, og ætli þeir séu nú ekki fyrst og síðast að hugsa um umhverfið í því sambandi. Ekki skortir okkur vindinn hér á Fróni en því miður skortir ráðamenn framsýni og hugmyndaflug. Hér eru menn með blinkur fyrir báðum augum og sjá þann eina kost vænstan að bjóða landið erlendum fjárfestum undir mengandi stóriðju sem iðnríkin eru að reyna að losa sig við til þriðja heimsins. Ég segi nú bara við hæstv. umhvrh. sem talaði næstur á undan mér: Góða ferð til Kyoto til að semja við þjóðir heims um aðgerðir til að stöðva aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stefnuræða forsrh. sætir engum tíðindum. En við þekkjum nægilega vel stefnu hans og verk ríkisstjórnar hans til að vita að verkefni stjórnarandstöðunnar verða ærin á þessu þingi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:32]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það hefur verið ró yfir stjórnmálunum í landinu undanfarna mánuði, jafnvel missiri. Undan því er ekki hægt að kvarta. Pólitískur stöðugleiki er í senn tvífari hins efnahagslega stöðugleika sem landsmenn hafa notið á undanförnum árum en jafnframt til marks um traust stjórnarfar. Hann er því eftirsóknarverður jafnt hér á landi sem alls staðar annars staðar.

Raunverulegum pólitískum ágreiningsmálum hefur líka fækkað á Íslandi í seinni tíð. Það er líka jákvætt. Hinn kreddukenndi fjandskapur margra vinstri manna við markaðsbúskap og frjálsa atvinnustarfsemi er t.d. mjög á undanhaldi og sömuleiðis fordómar sömu aðila gagnvart Atlantshafsbandalaginu og friðarstarfi þess á umliðnum árum. Með endalokum kalda stríðsins og gjaldþroti hinna ýmsu forma sósíalismans um allan heim hafa hugmyndafræðilegar forsendur viðhorfa sem þessara hrunið. Þau eiga sér nú fáa ef nokkra talsmenn hér á Alþingi. Engir vilja lengur kalla sig sósíalista á Íslandi, jafnaðarmenn vilja þeir allir heita.

Allir hljóta að fagna þeim stöðugleika sem skapast hefur hérlendis í efnahagslífi og pólitík. Eftir erfiðleikatímabil í upphafi áratugarins hefur atvinna aukist á ný og kaupmáttur vaxið. Hagur almennings batnar hægt en örugglega. Æ fleiri gera sér ljóst að sígandi lukka er best í þeim efnum og það er ekki hyggilegt að reyna að fara fram úr sjálfum sér í því efni. Að eyða um efni fram kemur öllum í koll fyrr eða síðar, bæði einstaklingum og þjóðarbúi.

Það er víðar en hér sem þróunin hefur verið jákvæð. Bylgja frelsis og lýðræðis hefur farið um allan heiminn, ekki aðeins um Mið- og Austur-Evrópu heldur einnig í fjarlægum löndum. Hefðbundin aðgreining milli innanlandsmálefna og utanríkismála er víðast hvar að mást út með stóraukn-um samskiptum þjóða og þeirri byltingu sem orðið hefur í

upplýsingamálum, fjarskiptum og samgöngum. Sífellt fleiri vandamál eru þannig vaxin að þau verður að leysa með samstarfi milli þjóða. Nægir í því sambandi að nefna umhverfismálin, sem þjóðir heims gefa sívaxandi gaum, en einnig sjávarútvegs- og fiskveiðimál og fjölmargt fleira sem varðar okkur Íslendinga beint. Sjálfstæðum ríkjum í heiminum hefur fjölgað mikið á þessum áratug en veröldin sem við lifum og störfum í hefur minnkað vegna þessara breytinga. Við það verða Íslendingar einnig varir með margvíslegum hætti eins og sjá má af ánægjulegri útrás fjölmargra íslenskra fyrirtækja sem að undanförnu hafa haslað sér völl víða um heim með útflutning eða fjárfestingar.

Herra forseti. Í umræðum um stefnuræðu forsrh. eiga menn að horfa fram á veginn. Þá er mikilvægt að gefa annars vegar gaum að stefnumálum til skamms tíma og hins vegar til langs tíma sem og samhenginu þar á milli. Því miður hefur það lengst af verið svo í stjórnmálum á Íslandi að menn hafa verið svo uppteknir af lausn skammtímavandamála og alls kyns amstri líðandi stundar að þeir hafa ekki hugsað langt fram í tímann. Skýr framtíðarsýn er hins vegar forsenda þess að menn villist ekki af leið og hún er að sjálfsögðu ómissandi þeim sem vilja stjórna landinu af viti.

Á þessum áratug, í tíð ríkisstjórna Davíðs Oddssonar, hefur orðið sú gerbreyting á íslensku þjóðfélagi að nú geta allir sem vilja með góðu móti gert skynsamlegar áætlanir fram í tímann um sín eigin fjármál. Það er vegna þess að nú byrgir verðbólgan ekki lengur sýn. Aðstæður fyrirtækja til að fjárfesta og byggja upp atvinnurekstur til framtíðar hafa gerbreyst til hins betra. Einstaklingar og heimili hafa betri yfirsýn yfir fjárhagsskuldbindingar sínar og hvað hægt er að ganga langt í neyslu með tilliti til tekna og fyrri sparnaðar. Síðast en ekki síst þarf stjórnkerfið ekki lengur að eyða allri sinni orku í að kljást við aðsteðjandi efnahagsvanda heldur geta stjórnmálamennirnir nú tekist á við verkefni framtíðarinnar. Hér er á ferðinni slík grundvallarbreyting frá því sem var fyrir fáeinum árum að erfitt er fyrir utanaðkomandi að skilja.

Jafnframt hefur orðið sú breyting eins og ég gat um að umheimurinn stendur Íslandi mun nær en áður, sérstaklega unga fólkinu. Það stendur ekki endilega frammi fyrir því hvort það eigi að búa og starfa í þéttbýli eða dreifbýli heldur alveg eins hvort það eigi að hasla sér völl á Íslandi frekar en erlendis. Augljóslega er lykilatriðið í þessari samkeppni um unga fólkið að tryggja hér sambærileg og helst betri lífskjör og starfsskilyrði en annars staðar er völ á. Þess vegna þarf þjóðarbúskapur okkar að vera samkeppnisfær og í sátt við náttúru og umhverfi og þannig að hann búi vel að eldri borgurum, sjúkum og þeim sem minna mega sín. Forsenda alls þessa er gott og öflugt menntakerfi þar sem áhersla er lögð á að einstaklingarnir nái sem mestum þroska. En að sjálfsögðu einnig nútímalegt atvinnulíf sem hagnýtir sér til fulls tæknibyltingu upplýsingasamfélagsins og hina fjölbreyttu möguleika sem alþjóðavæðingin býður upp á. Og svo auðvitað skattalegt umhverfi sem ekki er letjandi heldur hvetur fyrirtæki og einstaklinga til dáða.

Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því að gera íslenska samfélagið þannig úr garði, gera þjóðarskútuna hæfari til þátttöku í samkeppni þjóðanna. EES-samningurinn var t.d. mikilvægur liður í því og engum dettur í hug í dag í alvöru að hætta við hann eða hverfa frá þrátt fyrir öll stóryrðin á Alþingi fyrir 4–5 árum.

Í stefnuræðu forsrh. voru rakin mörg fleiri atriði sem öll miða að þessari sömu framtíðarsýn og sem ýmist er búið að koma í höfn eða er verið að vinna að.

Ég hvet ykkur, góðir áheyrendur, til þess að bera saman stefnuræðu forsrh. og málflutning foringja stjórnarandstöðunnar. Þar fór lítið fyrir framtíðarsýn. Það er vissulega gott, góðir áheyrendur, að vera Íslendingur en við getum öll gert betur. En það er líka hægt að glopra niður góðum tækifærum. Í því efni, eins og í mörgu öðru, veldur hver á heldur. Það skiptir máli hverjir stjórna Íslandi. — Góðar stundir.

[21:39]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var býsna skrýtin ræða. Hv. þm. gumar af góðri stöðu efnahagsmála. Veit þingmaðurinn ekki að Íslendingar vinna 50 klukkutíma á viku á sama tíma og í Evrópu er unnið 35 tíma í viku? Hér vinnur fólk tvo daga aukalega í hverri viku, 15 klukkustundir, til að hafa í sig og á. Þetta er kerfi Sjálfstfl. og á þessu byggjast lífskjörin.

Þingmaðurinn sagði að ágreiningsmálum hefði fækkað. Þvílík fjarstæða. Hann nefndi ekki einu orði skiptingu ránsfengsins í bönkum og sjóðum sem nú stendur yfir. Þar hefur ríkisstjórnin raðað vinum sínum í stjórnir og stöður og þar skiptir mestu máli að flokksliturinn sé í lagi. Þeir tryggja uppgjafastjórnmálamönnum sínum góðar stöður.

Herra forseti. Þetta er spillt kerfi. Er hv. þm. e.t.v. að verða ráðherra í ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar vegna þess að einhver sjálfstæðisráðherrann, t.d. hæstv. fjmrh., er, búinn að útvega sér feita stöðu í kerfinu? Ég er viss um, herra forseti, að þjóðinni þætti gaman að fá svar við spurningunni.

Hv. þm. Geir H. Haarde staðfesti í ræðu sinni stöðnunina í hugmyndafræði Sjálfstfl. Eldri borgarar, skattpínt millitekjufólk og sjúklingar geta staðfest þetta. Ég veit hver svör þingmannsins, ráðherrans væntanlega, verða. Þau munu byggjast á lognmollu, leiðindum og hótfyndni. Þessi hv. þm., einn af sterkustu foringjum Sjálfstfl., er að verja ríkisstjórn, ríkisstjórn sem er ekki til framfara fyrir fólkið í landinu. Það leiddi stefnuræðan í ljós og það leiddi málflutningur hv. þm. í ljós.

[21:41]

**Geir H. Haarde** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vera má að ræða mín hafi verið skrýtin. En skrýtnara var þetta svokallaða andsvar sem snerti að mjög litlu leyti það sem ég fjallaði um í ræðu minni. Mest var seinheppni þingmannsins þegar hann fór að tala um nýjar stöður fyrir uppgjafastjórnmálamenn. Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það en leyfi mér að líta í áttina að sessunaut hv. þm. Úr hvaða flokki skyldi hann koma, sá fyrrv. formaður Alþfl.? Nei, menn geta misstigið sig og verið misjafnlega heppnir með það sem þeir taka sér í munn og þarna var því miður um að ræða hótfyndni sem snerist í höndunum á hv. þm.

Hv. þm. nefnir vinnutíma á Íslandi. Hann er langur, það vitum við öll. Hann hefur alltaf verið langur. Það er ekkert nýtt í seinni tíð eða í tíð þessarar ríkisstjórnar eða heldur þingmaðurinn því fram að það sé verk ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að fólk vinni langan vinnudag á Íslandi? Við erum hins vegar að reyna að gera þjóðfélagið þannig að fólk geti stytt vinnutímann, að fólk geti notið samvista við fjölskyldu sína og notið tómstunda í ríkari mæli en verið hefur. Það gerum við með því að byggja upp efnahagslífið, tryggja afkomu fyrirtækjanna og tryggja eins og ég sagði

í ræðu minni að þjóðarbúskapur okkar sé samkeppnisfær vegna þess að það er partur af þeim lífskjörum sem við viljum búa fólki að það geti verið samvistum við fjölskyldu sína og það geti notið tómstunda sinna.

Um „ránsfenginn" í bönkunum er best að hafa sem fæst orð. Hv. þm. þekkir það jafn vel og allir aðrir hér inni með hvaða hætti jafnaðarmenn eða alþýðuflokksmenn hafa á undanförnum árum komið að stjórn bankastofnana á Íslandi. Ég bendi bara á að lögin um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög voru samþykkt á síðasta þingi, m.a. með atkvæðum jafnaðarmanna og að mig minnir mótatkvæðalaust. Meira að segja held ég að Alþb. hafi staðið að þeirri lagabreytingu eins og málinu var lokið á Alþingi. (**ÖJ:** Það er rangt.) Þetta er því miður rangtúlkun og ekki rétt með farið hjá hv. þm. Bankamálin eru í góðum farvegi undir traustri stjórn ríkisstjórnarinnar. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem hér kallar fram í, geti fengið að tala þegar aðrir þingmenn á mælendaskrá hafa lokið máli sínu en það má vera að hann hafi greitt atkvæði gegn þessu frv. eins og reyndar svo mörgum öðrum framfaramálum í þinginu. En málið fór fram með sárafáum mótatkvæðum og með atkvæðum jafnaðarmanna og þetta er gott mál og hið besta mál eins og ég veit að andmælandi minn er mér sammála um.

[21:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við jafnaðarmenn leggjum megináherslu á hin mjúku gildi og málefni fjölskyldunnar. Það gerir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki. Tvenns konar lífsviðhorf takast á. Annars vegar hin kalda markaðshyggja sem þröngvar fólki til að líta á samfélagið út frá þröngum hagsmunum fyrirtækjanna, helst stóru fyrirtækjanna. Hins vegar er jafnaðarstefna sem tekur fyrst og fremst mið af venjulegu fólki, fjölskyldunni í landinu. Jafnaðarmenn líta á arðsemi fyrirtækja sem leið að bættu samfélagi.

Fyrirtækin í landinu græða á tá og fingri enda var rekstrarumhverfi þeirra bætt á liðnum árum. Það var nauðsynlegt til að efla atvinnulífið og stemma stigu við sívaxandi atvinnuleysi. Við stóðum að þessum breytingum á sínum tíma í trausti þess að fjölskyldurnar í landinu fengju að uppskera þegar bati næðist.

Nú er löngu tímabært að bæta rekstrarumhverfi fjölskyldunnar. Fólkið er orðið óþreyjufullt að sjá góðærið í sínum eigin kjörum. Ísland er allt eitt láglaunasvæði þar sem báðir foreldrar vinna langan vinnudag sem gengur út yfir samverustundir þeirra og barnanna. Helsta áhyggjuefni barna er langur vinnutími foreldra. Það sýna kannanir. Þrátt fyrir öfluga stöðu fyrirtækjanna hefur ekki enn tekist að hækka kaupið svo mannsæmandi sé. Það var harðsótt fyrir starfsfólk á almennum markaði að sækja kjarabætur til fyrirtækjanna og nú veitist hæstv. forsrh. að launafólki. En hverjum er hann að senda tóninn? Leikskólakennurunum sem loks hafa náð samningum? Grunnskólakennurunum? Eða kannski þroskaþjálfum? Þetta eru allt láglaunastéttir — þetta eru líka kvennastéttir. Það eru öðrum fremur konur sem starfa í hlutverkum fræðara og uppalenda. Það eru fyrst og fremst konur sem eru í umönnunarstörfum í þjóðfélaginu. Ég spyr: Er þetta fólk með óbilgjarnar kröfur?

Virðulegi forseti. Það voru margir sem lögðu mikið á sig við að ná þjóðinni út úr efnahagslægðinni. Ég nefni fyrst þjóðarsáttina. Í henni fólst samkomulag við fólkið í landinu um að vinna sig út úr verðbólgu m.a. með frystingu launa.

Í öðru lagi var miklu aðhaldi beitt í ríkisútgjöldum við mjög erfiðar aðstæður í stjórnartíð Alþfl. og Sjálfstfl. Ég tek það fram að þrátt fyrir mikinn samdrátt stóðum við vörð um þýðingarmikla málaflokka og nefni sem dæmi málefni fatlaðra og húsnæðismál.

Í þriðja lagi gerðust Íslendingar aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og það var Alþfl. að þakka. Núna eru allir sammála um að EES-samningurinn hefur skapað nýja möguleika fyrir atvinnulífið og aðalvaxtarbroddurinn í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni er einkum ný vinnsluform í fiskiðnaði. Loks kom verulega bætt árferði með aukningu í þorski, rækju, loðnu og síld. Um sama leyti varð uppsveifla í helstu viðskiptalöndum okkar. Svari nú hver fyrir sig hvort efnahagsbatinn sé fyrst og fremst ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að þakka. Staðreyndin er sú að það er varla hægt að klúðra stjórn landsins við svo góð skilyrði.

Virðulegi forseti. Ég fann engin fyrirheit um að skila gróðanum til barnafólks í ræðu forsætisráðherra. Nágrannar okkar á Norðurlöndum verja til barna og fjölskyldna þeirra 72–87 þús. kr. á íbúa meðan Íslendingar verja aðeins liðlega 42 þús. kr. á íbúa til barnafjölskyldna. Þó er barnafjöldi mestur hjá okkur á Norðurlöndunum. Á þessu sést að við erum hálfdrættingar miðað við önnur Norðurlönd í þessum málaflokki.

Fjölskyldan er grundvallareining samfélagsins sem búa þarf umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna en þó sérstaklega barna.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur enga fjölskyldustefnu. Fjölskyldustefna fjallar um að eldra fólki og börnum sé sýnd virðing. Ríkisstjórnin niðurlægir þessa hópa. Fjölskyldustefna tekur á biðlistum. Fjölskyldustefna er líka um menntamál og þar höfum við dregist aftur úr. Þessi ríkisstjórn er óvinveitt fjölskyldunni og því þurfa hugmyndir jafnaðarmanna að ná fram að ganga með sameiginlegu framboði í næstu kosningum.

Virðulegi forseti. Það eru mikilvæg verkefni fram undan. Í lok þeirrar aldar sem verður þekkt sem árin er Ísland reis úr öskustónni viljum við sjá öðruvísi þjóðfélag. Við viljum ekki þjóðfélag þar sem stórum hluta þjóðarinnar er skipað á þriðja farrými. Við viljum þjóðfélag sem er tilbúið til að mæta nýju samfélagsformi grundvallað á hugviti og þekkingu einstaklinganna. Við viljum sjá heimilin í landinu blómstra og að góðærið skili sér í heimilisbudduna.

Þjóðin þarf á framsæknu stjórnmálaafli að halda sem skilar efnahagsbatanum til þeirra sem sköpuðu hann — fólksins í landinu. Sterku stjórnmálaafli til mótvægis við staðnaða ríkisstjórn sem skortir samúð með þeim sem minna mega sín. Jafnaðarmenn vilja leggja allt í sölurnar til að ná fram þeirri samvinnu sem kallað er eftir.

Jafnaðarmenn vilja ná samstöðu um sterkt stjórnmálaafl þar sem konur og kvenfrelsi er í fyrirrúmi, stjórnmálaafl sem tryggir jafnrétti og sömu laun fyrir sömu vinnu þar sem konur og karlar standa jafnfætis í baráttunni fyrir betra þjóðfélagi. — Góðar stundir.

[21:51]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þýskur málsháttur er á þessa leið: Segðu já við lífið þá mun lífið segja já við þig. Enn ber á bölmóði og neikvæðri umræðu stjórnarandstöðunnar hér í kvöld. Þetta er ekki í takt við það góðæri sem gengið er í garð hér á landi. Ég vil minna á þær staðreyndir að kaupmáttur launafólks mun aukast um 25% til aldamóta. Eru það ekki kjarabætur, hv.

þm. Rannveig Guðmundsdóttir? Hjól atvinnulífsins snúast á ný. Við blasir erlend fjárfesting, virkjanir og ný orkuver. 12 þúsund störfin sem Framsfl. lofaði í kosningabaráttunni verða 13 þúsund. Samið hefur verið um miklar skattalækkanir til launafólks og sérstaklega til fjölskyldufólksins. Í pólitík eiga menn að segja satt og vera bjartsýnir. — „Að ljúga að öðrum er ljótur vani en ljúga að sjálfum sér hvers manns bani."

Hv. þm. sem hér var áðan kemur úr þeim flokki sem í átta ár fór með félmrn. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur verið hreinsað til í rúmum alþýðuflokksráðherranna sem þar sátu og aðhöfðust lítið. Stofnuð hefur verið Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og hefur verið náð víðtækri samstöðu margra stofnana um það málefni. Þangað hafa leitað þúsund einstaklingar og fengið góða ráðgjöf og margir hverjir hafa náð tökum á sínum málum. Þannig að þessi ríkisstjórn er í eðli sínu félagslynd og með batnandi þjóðarhag er hún að ná þeirri stöðu í þjóðfélaginu að við getum nú um leið og við mætum nýrri öld skapað nýjar aðstæður fyrir fjölskyldu- og barnafólkið. Þess vegna getum við Íslendingar horft djarfir og bjartsýnir til nýrrar aldar. Við gerum okkur grein fyrir því að þrátt fyrir það er mikilvægt að búa við nöldur stjórnarandstöðunnar.

[21:54]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki fara með málshátt en þetta var ræða. Það er alveg merkilegt að þingmaðurinn skuli yfirleitt nefna tólf þúsund störfin sem var kosningaprógramm Framsfl. miðað við að flokkurinn hefur ekkert gert nema að benda á hagvöxt sem hann á sáralítið í. Þingmaðurinn bendir á að hreinsað hafi verið til í félmrn. Já, við þekkjum það. Við vitum hvernig veist hefur verið að ýmsum málum og nægir að nefna Atvinnuleysistryggingasjóðinn og vinnulöggjöfina. En af því að þingmaðurinn nefndi sérstaklega Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og af því að þingmaðurinn og hans félagar veittust að fyrrverandi ríkisstjórn og Alþfl. eins og hann gerði í stjórnarandstöðu fyrir skuldaaukningu heimilanna, þá verð ég að minna á að í vor var skuldaaukningin frá því að þessi ríkisstjórn tók við orðin 60 milljarðar kr., u.þ.b. 100 millj. kr. á dag í skuldaaukningu.

Virðulegi forseti. Til þess að kaupmáttur skili sér til allra, til þess að þjóðin uppskeri eins og henni ber þá verðum við að mennta, mennta og mennta. Við jafnaðarmenn gerum okkur grein fyrir að samfélagsformið er að breytast, ekki bara á Íslandi heldur úti í hinum stóra heimi. Menn eru að hverfa frá samfélagi sem byggir afkomu sína nær eingöngu á náttúruauðlindum, frumframleiðslu eða stóriðnaði yfir í þekkingarsamfélag. Með aukinni tækni á sviði tölvunnar og alþjóðlegri samvinnu hafa landamæri breyst og spennandi möguleikar fyrir ungt fólk opnast. Jafnaðarmenn leggja áherslu á að til að mæta þessu nýja samfélagi þurfi að efla menntun og starfsþjálfun og ég minni á hvernig ríkisstjórnin hegðaði sér með starfsmenntasjóðinn og henti honum inn í Atvinnuleysistryggingasjóð með þeim afleiðingum sem það hefur. Efla menntun og starfsþjálfun til að gera sem flesta þegnana hæfa til að geta orðið virkir í Íslandi morgundagsins.

Virðulegi forseti. Ég er bjartsýn á að jafnaðarmönnum á Íslandi takist að sameinast í næstu kosningum um að gera þessa sýn að veruleika.

[21:56]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hygg að það sé ekki ofsagt, ekki oflof, að segja að ræða hæstv. forsrh. áðan hafi verið athyglisverð. Þetta var og er að vísu ekki átakamikil ræða. Það eru ekki boðaðar í henni miklar stefnubreytingar, ekki nein stórtíðindi. Það var meira að segja ekki mikið talað um framtíðina í ræðunni og er það þó mjög í tísku í ræðum stórmenna um þessar mundir að minna okkur hin, sem ekki höfum tekið eftir því, á það að aldamótin nálgist. Nei, þetta var tiltölulega upphafin sjálfumglöð góðærisræða. Það var sem sagt allt í fínu lagi. Hæstv. forsrh. var eins og leikskólabarn sem komist hefur í sólskinsmálninguna og dregið ótæpilega með penslinum förin á pappírinn. Það er af sem áður var þegar hæstv. forsrh. talaði eingöngu um fortíðarvandann. Hélt hér linnulausar ræður á fyrri hluta síðasta kjörtímabils um fortíðarvandann og sá allt svart.

Hæstv. forsrh. spáði því líka að stjórnarandstaðan mundi verða hjáróma og það yrði allt ómögulegt eða á afturfótunum eins og ég held að það sé orðað í ræðunni. Þjóðin mundi nú ekki látast blekkjast af því. Það er að vísu góðæri, það er alveg rétt, og ég verð að hryggja hæstv. forsrh. með því að taka undir með honum að vissu leyti í því efni en ekki andmæla honum. En hvers konar góðæri er það og hverjir njóta þess? Hvernig stendur á því að mitt í góðæri forsætisráðherrans skuli fjórða hver einstæð móðir í Reykjavík, sem einu sinni var kölluð borg Davíðs — nú borg Ingibjargar — þurfa að leita til Félagsmálastofnunar og fá aðstoð? Hvernig stendur á því að þúsund fjölskyldur skuli vera á biðlistum eftir íbúð hjá borginni? Hefur hæstv. forsrh. haft tíðindi af góðærinu á heimilum hinna atvinnulausu? Það eru þó þrátt fyrir allt fimm þúsund Íslendingar atvinnulausir, ekki síst konur, í kjördæmi forsætisráðherrans. Er góðærið einnig þar, hæstv. forsrh.? Hvernig stendur á því að það skuli vera landflótti? Að læknar, hjúkrunarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, vélstjórar og fiskvinnslufólk skuli flýja land í stórum stíl í góðærinu? Hvernig stendur á þessu, hæstv. forsrh.? Engar útskýringar eru á því í ræðunni. Góðærið, að svo miklu leyti sem það er góðæri, er ytra efnahagslegt góðæri. Af utanaðkomandi ástæðum að miklu leyti. Vissulega einnig af innri ástæðum eins og góðum aflabrögðum, góðum gangi í veiðum uppsjávarfiska og góðum markaðsaðstæðum. Jafnvel svo fjarlægir atburðir eins og kúariða í Bretlandi og „el niño" hitasveiflurnar í Kyrrahafinu geta lagst með okkur. En það hefur ekkert með ríkisstjórnina að gera. Það er ekki henni að þakka. Þeir hafa ekki hugmynd um það, held ég, sem eru að glíma við kúariðuna í Bretlandi eða standa frammi fyrir hitasveiflunum á Kyrrahafinu, að þeir sitja í ríkisstjórn uppi á Íslandi Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson og að þeim komi ágætlega saman.

Hæstv. forsrh. leggur mikla áherslu á það í ræðu sinni að hér sitji samsteypustjórn og það sé einstaklega gott samkomulag í samsteypustjórninni. Og hvað er hæstv. forsrh. í raun og veru að segja á mannamáli með þessu? Að helmingaskiptin gangi vel. Og það er líka rétt. Þau hafa að langmestu leyti gengið snurðulaust hjá ríkisstjórninni. Þeim hefur gengið nokkuð vel að skipta þessum stólum og bitlingum bróðurlega á milli sín sem þarna eiga í hlut. En er það eitthvað til að hælast af? Farsinn sem þjóðin mátti horfa upp á t.d. í bankamálinu þegar bankarnir voru flokksvinavæddir og það átti aldeilis að nývæða þar. Það átti að ráða einn bankastjóra. Það sagði viðskrh., það sagði meiri hlutinn í

efh.- og viðskn., en hvað gerðist svo? Í krafti gömlu helmingaskiptanna eða kannski þriðjungaskiptanna var allt gamla flokksgránasettið ráðið aftur. Svo eru menn að tala um að eitthvað hafi breyst. Það hefur ekki mikið breyst og einn og einn bankastjórastóll og einn og einn sendiherrastóll fer til kratanna svona til að halda þessu í gamalkunnugum ballans.

Það er helst að það komi pínulitlar krumpur í stjórnarsamstarfið og Framsókn gömlu þegar einelti Sjálfstfl. gegn Ríkisútvarpinu gengur alveg úr hófi fram, að þá fari um Framsókn. Og þegar menntmrh. Björn Bjarnason beitir sér sem aldrei fyrr í þeim efnum. En það má líka laga með því að taka fleira inn í samningana. Hitt er svo annað mál að þetta langvinna einelti Sjálfstfl. gagnvart Ríkisútvarpinu er grafalvarlegt mál því þar er mikilvæg menningarstofnun, eða ætti að vera mikilvæg menningarstofnun í þjóðfélaginu, og líka vegna þess að samþjöppun í fjölmiðlaheiminum gerir hlutverk Ríkisútvarpsins enn mikilvægara.

Svona mætti halda áfram og spyrja betur út í þetta góðæri eða þetta óskaplega jákvæða samstarf á stjórnarheimilinu. Hvar er góðærið í skólamálunum? Er það góðærið sem er að leysa kennaradeiluna? Hvar er góðærið í heilbrigðismálunum þar sem allt er í upplausn? Heill málaflokkur í algjörri upplausn. Staðreyndin er sú að eini staðurinn sem ég tel að sé virkilegt góðæri ríkjandi á miðað við fréttir er í utanrrn. Þar er sko ekki kotungsbragurinn á. Þar eru stofnuð ný sendiráð og farið í stórkostleg ferðalög með fullar flugvélar í fjarlægar heimsálfur, ég held að það sé engin eftir nema Suðurheimskautslandið. Þar er virkilega góðæri. En á íslenskum alþýðuheimilum gengur mönnum illa að finna það, sérstaklega þar sem einstæðar mæður ná ekki endum saman, atvinnulausir ná ekki endum saman, gamalt fólk með lélegan lífeyri nær ekki endum saman. Þar er ekkert góðæri vegna þess að þetta góðæri er aðeins góðæri sumra eins og öll góðæri frjálshyggjunnar og hægri stefnunnar, nýkapítalismans. Það sem þarf að gera á Íslandi er að breyta algjörlega um stjórnarstefnu, innleiða róttæka vinstri stefnu sem hafnar þessum nýkapítalisma, sem leiðréttir þessa óréttlátu tekjuskiptingu. Það er verkefnið sem fram undan er.

[22:03]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að flestir hafi beðið með nokkurri óþreyju eftir þessari umræðu hér í kvöld, einfaldlega vegna þess að stjórnarandstaðan hefur haft það á orði upp á síðkastið að hún hafi staðið sig fremur illa á síðustu tveimur árum og ég held að flestir geti verið sammála um það, og nú sé runninn upp sá vetur þar sem menn ætli að taka sig virkilega á og flytja meitlaðar ræður, ræður sem eftir verður tekið, og velgja nú þessari ríkisstjórn rækilega undir uggum.

Ég, eins og fleiri, hef nú verið að hlusta eftir þessari nýbreytni í ræðuhöldum í kvöld en ég verð að játa það að hún lætur á sér standa og ræða hv. þm. var því miður ósköp svipuð og maður hefur hlýtt á að undanförnu. Þetta var svona gamaldags heimsósómasöngur sem hv. þm. hefur kyrjað yfir okkur undanfarin ár og engin nýbreytni í því.

Eitt verð ég að játa, virðulegi forseti, að var þó ákaflega frumlegt. Það var hin nýja hagfræðikenning hv. þm. um það að lífskjörin hér á Íslandi hefðu batnað vegna kúariðu í Bretlandi. Og af því að hv. þm. situr nú í efh.- og viðskn. þá held ég að það væri mjög fróðlegt að hann beitti sér fyrir því að þessi nýja kenning hans um efnahagsbatann á Íslandi yrði tekin til alveg sérstakrar athugunar.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé mjög sérkennilegt þegar hv. þm. litast um í okkar þjóðfélagi og hann tekur ekki eftir því að kaupmáttur hefur verið vaxandi undanfarin ár. Hann verður ekki var við að skattarnir hafa verið lækkaðir og fyrirheit eru um að þessi skattalækkun verði á næstu árum. Hann tekur ekki eftir því að það er afgangur hjá ríkissjóði og það stefnir í afgang hjá ríkissjóði á næsta ári miðað við framlagt fjárlagafrv. Hann tekur ekki eftir því að hér er lítil verðbólga. Hann veitir því ekki eftirtekt að skuldir hins opinbera fara lækkandi og hann tekur ekki eftir því, þrátt fyrir tal hans hér áðan um atvinnuleysi, að atvinnuleysi hefur sem betur fer minnkað og að störfum sem í boði eru er að fjölga.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan og hv. þm. hafa gengið undir eins konar próf þar sem maður hefur fylgst með hvort þeim hefur tekist að standa við heitstrengingarnar á undanförnum dögum. Ég verð að játa það, virðulegi forseti, að falleinkunninn er því miður 0,0.

[22:05]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst til að skýra þetta með kúariðuna í Bretlandi og hvernig hún hefur áhrif á lífskjör eða efnahagsmál uppi á Íslandi, þá er það einfaldlega þannig að hún og t.d. atburðirnir í Kyrrahafinu hafa átt sinn þátt í því að valda einhverju hæsta heimsmarkaðsverði á mjöli og lýsi sem sögur fara af. Hv. þm. þyrfti að vita þetta af því að hann er úr sjávarútvegskjördæmi, en hér með er því komið á framfæri til þingmanns Vestfjarða að svona er þetta. Og það leggst með okkur og það er það sem ég sagði. En ég sagði líka að það kæmi þeim ekkert við, Halldóri Ásgrímssyni og Davíð Oddssyni, og þeir ættu ekki að vera að þakka sér fyrir atburði sem eru víðs fjarri þeim og eru af allt öðrum enda náttúrufræðinnar heldur en þeim sem lýtur að þeirra samkomulagi.

Varðandi það að kaupmáttur fari nú vaxandi, þá segi ég auðvitað: Skárra væri það nú. En vaxandi frá hverju? Frá einhverri lengstu og dýpstu niðursveiflu sem hann hefur tekið á síðari hluta aldarinnar. Man hv. þm. ekki eftir því? Og það er hagvöxtur vegna góðra ytri skilyrða og skárra væri það nú þó að kaupmátturinn færi eitthvað upp. Þegar talað er um góða stöðu ríkisfjármála og að nú sé hægt að lækka skatta, þá skulum við ekki gleyma sköttunum sem hafa verið lagðir á, þjónustugjöldunum, komugjöldunum, skólagjöldunum, þannig að við skulum tala um þá pólitík sem að baki við liggur. Staðreyndin er sú að það eru þúsundir heimila í landinu sem hafa ekki fundið hjá sjálfum sér þetta góðæri. Það má hins vegar ekki segja. Þá erum við í stjórnarandstöðunni leiðinlegir nöldurseggir ef við rispum glansmyndina sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að búa til. Og hæstv. forsrh. hefur greinilega sett sér það markmið að halda fólki í þeirri trú alveg fram að kosningum 1999 að hér sé bullandi góðæri hvað sem tautar og raular. Það er vissulega margt jákvætt í ytri efnahagslegum aðstæðum, en ég verð því miður að segja að mitt mat á þeim forsendum sem byggt er á t.d. í þjóðhagsspá og fleiri slíkum er annað en þeirra sem hafa ákveðið að nota eingöngu sólskinsmálninguna fram að næstu kosningum.

[22:08]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)**:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Við Íslendingar erum í fremstu röð á mörgum sviðum. Það staðfestir nýútkomin skýrsla Sameinuðu þjóðanna þar sem 175 ríkustu þjóðum

veraldar er raðað eftir því hvaða lífsgæðum þær koma til þegna sinna. Við Íslendingar lendum þarna í 5. sæti. Þær þjóðir sem á undan okkur eru eru Kanada, Frakkland, Noregur og Bandaríkin.

En við Íslendingar eru metnaðarfullir og við viljum komast ofar á þessum lista og það getum við og það eigum við að hafa að markmiði að gera. Við setjum okkur það sem markmið að vera hér með hæstu laun, að vera hér með lægstu skatta, að vera hér með traustasta velferðarkerfi og vera hér með besta menntakerfi í heimi. En til þess að við náum þessum markmiðum þurfum við að skapa fólki og fyrirtækjum í landinu sambærileg samkeppnisskilyrði og fólkið og fyrirtækin í löndunum í kringum okkur býr við. Það er það sem þessi ríkisstjórn hefur verið að gera. Og á ótrúlega skömmum tíma, í góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins en oftast í fullri andstöðu við stjórnarandstöðuna á Alþingi, hefur þessari ríkisstjórn tekist að tryggja hér efnahagslegan stöðugleika, bæta samkeppnisskilyrði atvinnulífsins, hætta skuldasöfnun komandi kynslóða og treysta stoðir velferðarkerfisins.

Ég vil fá að nefna nokkur dæmi þessum fullyrðingum mínum til stuðnings. Þó að það hafi algjörlega farið fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni, þá er hér efnahagsleg uppsveifla. Verðbólga er lág, hagvöxtur með því hæsta sem gerist í Evrópu. Af hverju er hann með því hæsta? Erlend fjárfesting hefur tífaldast. Atvinnuleysi þegar þessi ríkisstjórn tók við var 5%, í dag er atvinnuleysið komið niður fyrir 4% og fer lækkandi. 12 þúsund störfin sem framsóknarmenn töluðu um að þyrftu að verða til á kjörtímabilinu verða ekki 12 þúsund, þau verða miklu nær því að verða 13 þúsund eða milli 13 og 14 þúsund.

Annað dæmi: Á árunum 1991–1994 var atvinnulífið hér rekið með miklu tapi. Það gat ekki greitt hærri laun þá, enda féll kaupmáttur á þessum tíma um 10%. Nú er öldin önnur. Það gengur vel í atvinnulífinu. Það hefur tekist kjarasátt milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins um verulegar launahækkanir og um umtalsverðar skattalækkanir. Þessar sameiginlegu aðgerðir þessara aðila munu skila íslensku launafólki 25% kaupmáttaraukningu á ráðstöfunartekjum. Og hvaða leið er betri en þessi til þess að ná að greiða niður skuldir heimilanna?

Þriðja dæmið: Þegar ríkisstjórnin tók við var ríkissjóður rekinn með 15 milljarða kr. halla. Núna hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til fjárlaga sem gerir ráð fyrir því að ríkissjóður sé rekinn með tekjuafgangi. Skuldasöfnuninni er hætt. Skuldirnar fara lækkandi. En á sama tíma treystir ríkisstjórnin sér til þess að lækka skatta um 4% á árinu 1997 til ársins 2000, úr tæpum 42% í tæp 38%. Þetta þýðir fyrir fimm manna fjölskyldu með þrjú börn sem hefur 225 þús. kr. í ráðstöfunartekjur að ráðstöfunartekjur heimilisins munu aukast um 11.700 kr. á mánuði eða 140 þús. kr. á ári. Hvar er betri kjarabót? Hvaða leið er betri til þess að ná að greiða niður skuldir heimilisins?

Formaður Alþfl. gat þess í upphafsræðu sinni að nú væri ófremdarástand í heilbrigðiskerfinu. Sé ófremdarástand í heilbrigðiskerfinu núna, þá hefur ríkt þar stríðsástand þegar sá ágæti hv. þm. yfirgaf sitt ráðuneyti árið 1995. Núv. heilbrrh. tók við hátt á annan milljarð kr. í skuldahala hjá þeim stofnunum sem þar voru í rekstri. Niðurskurðurinn var að sliga sjúkrastofnanirnar og þjónustugjöldin lögðu klafa á sjúklingana. Þessu hefur hv. þm. öllu gleymt. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið ákveðið að auka að raunvirði bein útgjöld til heilbrigðismála um 4,5 milljarða frá árinu 1995 til ársins 1998, bein aukning um 4,5 milljarða.

Bætur almannatryggingana til lífeyrisþega munu hækka um 13% árið 1997. Það er meiri kaupmáttaraukning til þessa hóps en hefur sést hér í áratugi.

Herra forseti. Þær hafa að mestu hljóðnað, raddirnar sem töluðu um þessa ríkisstjórn sem ríkisstjórn stöðnunar og afturhalds, enda hefur hún með verkum sínum sannað að þetta er ríkisstjórn athafna og framfara. Ég vil ég nefna nokkur dæmi.

Í áratug töluðu fyrri ríkisstjórnir um að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna. Það var ekkert gert, það var bara talað. Þessi ríkisstjórn er búin að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna, jafna samkeppnisaðstæður á markaði og draga úr rekstrarkostnaði sem leiðir til þess að vextir munu lækka, samkeppni mun aukast og fólkið mun fá betri þjónustu.

Annað dæmi: Í 15 ár töluðu fyrri ríkisstjórnir um að það þyrfti að stokka upp sjóðakerfi atvinnulífsins og skapa nýsköpunarsjóð fyrir atvinnulífið. Það var ekkert gert nema að tala. Þessi ríkisstjórn hefur gert þetta allt. Það er búið að sameina fjárfestingarlánasjóði atvinnulífsins flesta. Það er búið að draga úr rekstrarkostnaðinum. Það er búið að skapa fyrirtækjunum í landinu aðgang að lánsfé á sambærilegum kjörum og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur hafa. Það er búið að útbúa nýsköpunar- og áhættulánasjóð fyrir atvinnulífið í landinu.

Í tvo áratugi töluðu ríkisstjórnir um að það þyrfti að auka stórlega erlenda fjárfestingu í orkufrekum iðnaði. Lengst komust þessi áform þegar þau urðu til í villtustu draumum einstakra ráðherra Alþfl. Ekki komust þau neitt lengra. Þessi ríkisstjórn er búin að gera þrjá samninga um stóriðju á Íslandi á þeim tíma sem hún hefur starfað. Þrír þeirra samninga af þeim 15 samningum sem eru í Evrópu hafa lent hér á Íslandi. Með þessu munu útflutningstekjur þjóðarinnar aukast um 16 milljarða kr., fjárfesting um 50 milljarða og það munu verða til 2.350 störf á framkvæmdatímanum. Við getum með þessu líka náð að lækka orkuverð í landinu. Nei, þessi stjórnarandstaða á að tala minna en láta verkin tala.

[22:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar sem kenna má við stóriðju og hráefnisvinnslu og hæstv. iðnrh. boðar stíft, skapar aðallega störf fyrir ófaglærða karla. Flestar iðnaðarþjóðir heims vilja losa sig við skítuga stóriðju en hér er henni boðið heim þrátt fyrir umhverfisspjöll og mengun. Boðið er upp á ódýra orku og ódýrt vinnuafl að hætti þróunarlanda. Á meðan eykst atvinnuleysi kvenna og unga menntafólkið okkar sér framtíðina fyrir sér í útlöndum. Hvers konar atvinnutækifæri er þessi ríkisstjórn að skapa unga fólkinu sem nú er að útskrifast úr háskólum landsins?

Þá vil ég spyrja hvað framsóknarmenn eiga við með að ekki verði ráðist í frekari stóriðju fyrr en eftir fundinn í Kyoto um loftslagsbreytingar. Er ætlunin að fá það alþjóðlega samþykkt að Ísland megi blása út umframmagni af gróðurhúsalofttegundum ef nágrannalöndin draga úr útblæstri, þ.e. að miðað verði við stærri svæði en einstök lönd? Ef svo er, sættir Framsfl. sig við að Ísland taki í enn meira mæli að sér mengunarhlutverkið þrátt fyrir þá gífurlegu þjóðarhagsmuni sem felast í því að varðveita hreina ímynd lands og sjávar?

Að lokum vegna tilvísana hæstv. iðnrh. og reyndar hæstv. forsrh. í samanburð við önnur lönd, þá vil ég spyrja hvort ráðherrar og þingflokkur Framsfl. hafa áttað sig á því hvar við stöndum nú í samanburði við önnur OECD-lönd hvað snertir framlög til menntamála.

[22:18]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort einu störfin sem menn mundu horfa á væru störf í stóriðjunni sem væru fyrst og fremst láglaunastörf. Þetta er algerlega rangt, enda hefur það margoft komið hér fram að þeir sem starfa í stóriðjufyrirtækjunum á Íslandi eru með 40–45% hærri laun en iðnaðarmennirnir sem starfa úti á almenna vinnumarkaðnum. Reynsla annarra landa á þessu sviði er líka sú að alþjóðleg fyrirtæki, þar sem þau setja sig niður, greiða heldur hærri laun en heimamarkaðurinn.

Hins vegar er í iðnrn. verið að huga að mörgum öðrum verkum og nýjum atvinnutækifærum heldur en bara stóriðjunni. Ég vil nefna dæmi. Í góðri samvinnu við tónlistarmenn höfum við verið að undirbúa aðgerðir til þess að auka útflutning á íslenskri tónlist. Í góðu samstarfi við kvikmyndagerðarmenn erum við líka með í undirbúningi aðgerðir til þess að skapa atvinnutækifæri og sölu erlendis á íslenskum kvikmyndum. Við erum með aðgerðir í undirbúningi til þess að takast á við þau vandamál sem voru á sínum tíma í textíliðnaðinum, nákvæmlega kvennastörfin, þar sem prjónastofurnar lögðust af víða um land. Nú erum við með aðgerðir beinlínis í því að byggja þá iðngrein aftur upp.

Við settum af stað verkefni sem við kölluðum „Átak til atvinnusköpunar" þar sem við höfum verið beinlínis að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki, m.a. með þeirri aðstoð sem kom af arðinum sem við fengum frá Landsvirkjun af eignarhlut okkar þar. Þetta eru allt saman fjármunir sem við höfum notað til þess að standa við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Sérstök nefnd er í gangi á vegum iðnrn. til þess að kanna hvernig við getum náð að skapa sem flest kvennastörf. Ég vænti þess að sú nefnd muni skila af sér innan tíðar.

Það er enginn ágreiningur, hvorki innan Framsfl. né innan ríkisstjórnarinnar, um þau vandamál sem menn horfa á að séu hérna að skapast út af útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Það mun hins vegar koma í ljós hver niðurstaðan verður af því samningaferli sem núna er í gangi. Ég er þeirrar skoðunar um þetta samkomulag, sem menn eru að binda vonir við að verði undirritað í Kyoto, að þjóðir heims hafi ekki rætt nógu mikið sín á milli um hver heildarniðurstaðan eigi að vera og þess vegna verði ekki gengið frá neinum samningum þar.

[22:21]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra dró hér upp hroðalega mynd af framgöngu fyrrv. heilbrrh. og öllum þeim óskaplegu gjöldum og niðurskurði sem hann hefði beitt sér fyrir. Þetta var nú ekki mikill stuðningur við núv. heilbrrh. því ég veit ekki til þess að í neinu tilviki hafi einu einasta gjaldi sem komið var á af fyrrv. heilbrrh. verið aflétt. Þetta var því í raun og veru bein árás á núv. hæstv. heilbrrh. og má þó hæstv. heilbrrh. ekki við því.

Það er að vísu rétt að fyrrv. heilbrigðisráðherrar bera líka heilmikla ábyrgð þó mesta ábyrgð beri nú sennilega hæstv. yfirheilbrigðismálaráðherra, hæstv. niðurskurðarþumalskrúfumálaráðherra, Friðrik Sophusson, í þessum málaflokki.

Ég kalla í öðru lagi hæstv. viðskrh. kjarkmikinn að hæla sér af breytingunni á bönkunum eftir niðurstöðuna sem varð með bankastjóraráðninguna. Og ég nota tækifærið, herra forseti, og óska viðskrh. til hamingju með formann bankaráðs Landsbankans.

En í þriðja og síðasta lagi var það auðvitað mestur skaðinn, herra forseti, að umræðan skyldi ekki vera skipulögð þannig að þeir gætu verið báðir í ræðustólnum í einu, hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. Þá hefði annar getað talað um allar verksmiðjurnar, fabrikkurnar og virkjanirnar og uppistöðulónin sem hann ætlar að byggja hérna og hinn hefði getað talað um umhverfismálin. Annar hefði getað talað í þessa átt og hinn hefði getað talað í hina áttina um hinar alþjóðlegu skuldbindingar okkar sem valda því að við þurfum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og draga verulega mikið úr þeim ef sú niðurstaða verður í Kyoto sem allir hugsandi menn vona að verði, þ.e. að það verði gerður þjóðréttarlega bindandi samningur um að draga úr þessari mengun, þessari stórhættulegu röskun lofthjúpsins sem er að hita upp jörðina með skelfilegum afleiðingum. Svo kemur hæstv. ráðherra hér og vonast til þess að það verði engin niðurstaða. Það er þá pólitík. En út frá hagsmunum ríkisstjórnarinnar og þeirrar skelfilegu niðurlægingar sem þessi mál eru í hér, þar sem menn láta eins og þeiri viti ekki af hinum alþjóðlegu skuldbindingum, og tala, annar í suður og hinn í norður, þá er það skiljanlegt að menn vonist til þess að engin niðurstaða verði.

Þetta er hörmuleg niðurlæging, herra forseti, sem við stöndum hér frammi fyrir, auðvitað mest fyrir umhvrh. og ég legg til að næst verði þeim leyft að fara samtímis í ræðustólinn, hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh.

[22:23]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði kúariðuna að umtalsefni í fyrri ræðu sinni. Ég held að það sé ekki nokkur vafi, eftir að hafa hlýtt bæði á ræðu hv. þm. og nú þetta andsvar, að hv. þm. hefur að einhverju leyti orðið fyrir þeim hræðilega sjúkdómi sem kúariðan veldur. Ég hélt reyndar að það væri svo að þeir sem fá þennan hroðalega sjúkdóm þyldu bjartsýni, en hv. þm. þolir alls ekki að talað sé um bjartsýnina. Það er bara bölmóðurinn og svartsýnin sem hv. þm. vill tala um.

Hv. þm. gerði mikið úr því hvernig ástandið væri í heilbrigðis- og tryggingamálunum. Ég vil ítreka við hv. þm. að það eru 4,5 milljarðar kr. sem menn munu setja í heilbrigðis- og tryggingamálin á föstu verði frá 1995–1998. Og það er ekki rétt hjá hv. þm. að ég hafi fagnað því hér áðan ef ekki tækjust samningar í Kyoto. Ég sagði að ég væri hræddur um að þjóðir heims væru ekki búnar að koma sér saman um hin lagabindandi ákvæði til þess að samningar gætu tekist.

Varðandi bankamálin, þá veit ég ekki hvort hv. þm. hefur fylgst með því sem þar gerðist frekar en öðru, að mér finnst, sem hefur verið að gerast í íslensku samfélagi á undanförnum vikum. Það var ráðinn einn aðalbankastjóri að ríkisviðskiptabönkunum, þ.e. þegar þeir verða gerðir að hlutafélögum frá og með áramótum. Það voru settar skýrar reglur og vel afmarkað verksvið yfirstjórnar bankanna með erindisbréfi sem bankastjórarnir fá og aðalbankastjórinn. (**SJS:** Eru þeir ...?) Það er líka gert ráð fyrir því að það séu settar skýrar reglur um starfskjör yfirstjórnar bankanna og að ákveðin verði

heildarlaun í ráðningarsamningi hennar. Ég hef ekki betur heyrt en hv. Alþingi hafi gengið eftir því að slíkt væri gert.

[22:26]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Á undanförnum árum hafa Íslendingar gengið í gegnum miklar þjóðfélagsbreytingar án þess að stjórnmálamenn eða aðrir hafi almennt gefið þeim nægilegan gaum, hvað þá að reynt hafi verið að greina orsakir og afleiðingar og móta stefnu í framhaldi af því. Fiskveiðistjórnunarkerfið og samdráttur í veiðum hafa gjörbreytt vinnutíma og tekjuöflun fólks í fiskiðnaði. Kvótinn hefur verið að færast á æ færri hendur. Fyrirtækjum í sjávarútvegi fækkar og þau stækka sem skapar óvissu um framtíð litlu þorpanna. Fólk hefur alla þessa öld flutt úr sveitum til bæja og síðan í auknum mæli á suðvesturhornið. Þeir sem eftir verða horfa á stöðuga fækkun fólks og starfa. Höfuðborgin er að taka á sig æ meiri stórborgarmynd með kostum hennar og göllum en hún breytir ekki síst fjölskyldulífi og aðstæðum barna.

Margt það sem aldrei var minnst á hér áður fyrr hefur verið dregið fram í dagsljósið, svo sem heimilisofbeldi og misnotkun á börnum. Allt breytir þetta sjálfsmynd okkar og hugmyndum um lífið í landinu og stöðu Íslands í heimi þjóðanna. Því er spáð að andstæður framtíðarinnar verði á milli þeirra sem ráða yfir þekkingu og hafa vinnu og hinna sem skortir menntun og verða án atvinnu verði ekki eitthvað að gert. Því öflugra menntakerfi, því vel megandi þjóð.

Ég hef áhyggjur af framtíð Íslendinga í þessum breytta heimi, ekki síst vegna þeirrar neikvæðu afstöðu sem hér ríkir til menntunar og lýsir sér best í slæmum kjörum menntamanna.

Herra forseti. Í sumar hitti ég kunningjakonu mína á förnum vegi en hún er búsett í Bandaríkjunum. Hún ásamt manni sínum er í hópi þeirra fjölmörgu Íslendinga sem treysta sér ekki til að búa við þá miklu vinnu og lágu laun sem boðið er upp á hér á landi. Hún sagði mér að fyrir nokkrum árum hefðu tíu fjölskyldur ungra íslenskra námsmanna verið við framhaldsnám í háskólabænum hennar, aðallega í raunvísindum. Aðeins ein fjölskylda af þessum tíu hefur snúið aftur til Íslands og þar ráða kjörin mestu um.

Herra forseti. Það er skuggahlið á þeirri glansmynd sem hæstv. forsrh. lýsti hér í kvöld. Það neitar því enginn að efnahagur þjóðarinnar hefur batnað til muna á undanförnum árum og að kaupmáttur hefur aukist að meðaltali. En meðaltalið segir svo lítið. Fólk ber kjör sín saman við það sem gerist í öðrum löndum. Við erum orðinn hluti af alþjóðlegum vinnumarkaði og munurinn sem við sjáum er mikill. Hann liggur einkum í þeirri miklu vinnu sem Íslendingar verða að leggja á sig til að ná sambærilegum tekjum á við aðrar þjóðir, takist það yfir höfuð.

Konum hefur fjölgað mjög á vinnumarkaði og margar þeirra hafa aflað sér dýrmætrar menntunar. Þær eru ekki eins tilbúnar og karlar til að taka á sig endalausa yfirvinnu og aukavaktir, t.d. á sjúkrahúsunum. Þær vilja hafa tíma til að sinna fjölskyldu sinni og það gildir sem betur fer líka um æ fleiri karla. Ég hygg að við séum að sjá árangur margra ára umræðu og jafnréttisbaráttu í hugarfarsbyltingu karla sem vilja hafa tíma til að sinna börnum sínum, enda á allra vitorði hvaða afleiðingar vanræksla á börnum hefur fyrir einstaklingana, fjölskyldurnar og þjóðfélagið. Því verður að koma vinnutíma og launakerfi Íslendinga í svipað horf og tíðkast á meginlandi Evrópu. En þar er langt í land. Ég hygg að aðgerðir ungra lækna sem ætla að vinna í samræmi við vinnutímatilskipun ESB tengist ekki aðeins kröfum þeirra um hærri grunnlaun heldur líka mannsæmandi vinnutíma og breyttu hugarfari.

Ég fullyrði, herra forseti, að verði ekki grundvallarbreyting hér á allra næstu árum hvað varðar launakjör og vinnutíma, þá snýr varla nokkur einasta íslensk fjölskylda til baka úr námi og aðrar leita sér að vinnu í öðrum löndum þar sem aðbúnaður fjölskyldna er allur annar en hér. Og hvert er þá orðið okkar starf í 600 sumur? Eins og staðan er nú er íslenskt atvinnulíf ekki samkeppnishæft um vel menntað vinnuafl og það er mikið áhyggjuefni.

Það er kallað á betri menntun og betri skóla en hvað eru íslensk stjórnvöld eiginlega að hugsa? Einn af prófessorum Háskóla Íslands sagði mér fyrir skömmu að það væru nánast allir yngri kennarar í hans deild að leita sér að annarri vinnu. Tölvudeild háskólans er illa stödd vegna skorts á kennurum. Meðan markaðurinn hrópar á tölvufræðinga og allir dásama upplýsingasamfélagið var ekki hægt að útvega 5 millj. kr. til að koma á framhaldsnámi í tölvunarfræði. Þegar sú niðurstaða lá fyrir tók prófessorinn sem byggt hefur upp námið pokann sinn og fór.

Nýlegar tölur sýna að íslensk hugbúnaðarfyrirtæki hafa margfaldað veltu sína og útflutning að undanförnu. Það er verið að kippa undan þeim og öðrum fyrirtækjum fótunum með því að halda skólakerfinu í svelti. Hér þarf gjörbreytta stefnu sem setur menntun þjóðarinnar í öndvegi, m.a. með því að stórbæta kjör kennara á öllum skólastigum. Hér er hvorki meira né minna í húfi en framtíð íslensku þjóðarinnar og samkeppnishæfni hennar sem ríkisstjórnin þykist jú bera fyrir brjósti. Atvinnusköpun þjóðarinnar á að byggjast á menntun en ekki einhverri örvæntingarfullri leit að láglaunastörfum.

Hæstv. forseti. Á meðan hagur margra hefur batnað verulega sitja aðrir óbættir hjá garði. Góðæið skilar sér ærið misjafnlega til fólksins í landinu. Gamla fólkið er óánægt með sinn hlut og hér er til orðið langtímaatvinnuleysi og fullvinnandi fólk sem þarf aðstoð til að ná endum saman. Við eigum mikið verk að vinna við að bæta velferðarkerfið þannig að það þjóni þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Við eigum mikið verk að vinna við að jafna kjörin, ekki síst til að gera Ísland eftirsóknarvert land að lifa í þannig að við missum ekki unga fólkið úr landinu. Við eigum mikið verk að vinna við að bæta stöðu kvenna og fjölskyldnanna í landinu. Við skulum gleðjast yfir því sem vel er gert en gleymum ekki þeim sem höllum standa fæti. Við megum ekki einblína á meðaltöl og búa til glansmyndir. Það er hlutverk stjórnmálamanna að gæta almannahags og takast á við vanda samfélagsins. Okkar bíður að marka stefnu til framtíðar í anda jafnréttis, jöfnuðar og jafnvægis manns og náttúru. Það mun ekki hvíla pólitísk ró yfir þeirri vinnu ef ný sjónarmið fá að komast að og þeirra er svo sannarlega þörf. — Góðar stundir.

[22:32]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir skelegga og góða ræðu. Það var ekki sami bölmóðurinn í þessari ræðu og hjá mörgum hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Þingmaðurinn kom víða við. Meginefni ræðunnar voru örar breytingar í þjóðfélaginu sem eru auðvitað staðreynd. Þingmaðurinn ræddi

m.a. um neikvæða afstöðu Íslendinga til menntunar. Hér er ekki um rétta fullyrðingu að ræða. Íslendingar kappkosta að koma börnum sínum til mennta. Það hefur orðið mikil bylting í menntakerfi þjóðarinnar á síðustu 20 árum á framhalds- og sérskólasviðinu og einnig í æðri menntun. Sífellt fleiri skólar útskrifa vel menntað háskólafólk og hafa hæft og vel menntað starfsfólk í þjónustu sinni. Það er því staðreynd að Íslendingar hafa áhuga á menntun. Misrétti er nokkurt í menntamálum þessarar þjóðar. Það veldur m.a. þeirri byggðaröskun sem hv. þm. vék að í ræðu sinni. Það er kostnaðarsamt fyrir dreifbýlisfólk að koma börnum sínum til mennta. Það misrétti þurfum við að brúa hvar í flokki sem við stöndum. En við verðum einnig að huga alvarlega að því hvernig menntun nýtist einstaklingum og þjóðinni í heild.

Herra forseti. Við verðum auðvitað að gera það sem í okkar valdi stendur til að bæta kjör, ekki einungis menntafólks, heldur alls fólks í landinu. Jafnvægi og stöðugleiki í efnahagslífinu eru lyklar að bættum kjörum Íslendinga.

Herra forseti. Í stórum dráttum er ég sammála hv. þm., ekki einungis í kvöld heldur oft áður. Kvennalistinn hefur unnið gott starf í íslenskum stjórnmálum. Kvennalistinn stendur á krossgötum. Íhugið, hv. kvennalistamenn, það eru meiri líkur á því að þið getið unnið málefnum Kvennalistans brautargengi með því að sameina Kvennalistann flokki okkar, Framsfl. Við höfum þegar samþykkt metnaðarfulla jafnréttisstefnu. Þetta er spurning um hvort þið viljið hafa áhrif eða hvort þið viljið vera áfram áhrifalausir, gáfaðir, vel hugsandi hugmyndafræðingar á Alþingi.

[22:35]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka gott tilboð. (**ÍGP:** Mín var ánægjan.) Eins og við kvennalistakonur gerum ávallt þá skoðum við allar tillögur og tökum málefnalega afstöðu. Ég vil jafnframt óska þingmanninum og félögum hans í Framsfl. til hamingju með þá jafnréttisáætlun sem þeir hafa samþykkt. Það sýnir auðvitað að þar er ákveðinn vilji innan dyra til þess að taka á jafnrétti kynjanna. En það þarf auðvitað miklu meira til. Við kvennalistakonur höfum átt fulltrúa hér á Alþingi í 15 ár og eins og þingmaðurinn nefndi réttilega höfum við haft þar margvísleg áhrif. Við teljum okkur m.a. til tekna hve konum hefur fjölgað hér á þingi og að nokkur hreyfing hefur komist á umræðu um stöðu kvenna innan stjórnmálaflokkanna. En það er auðvitað rétt að við stöndum á ákveðnum krossgötum og erum að skoða framtíð okkar eins og við höfum svo sem ávallt gert.

Þingmaðurinn var ekki sammála því sem var megininntak ræðu minnar, sem er hin neikvæða afstaða til menntunar, og ég rökstuddi fyrst og fremst með því að vísa til kjara menntafólks hér á landi og þar er nánast sama hvaða stétt maður nefnir. Það er ekki þar með sagt að þessar stéttir hafi lægri laun en ýmsar aðrar hér innan lands en það er þessi samanburður við önnur lönd sem er að verða okkur svo hættulegur og það er þessi mikla óánægja hvort sem við lítum til heilbrigðiskerfisins eða menntakerfisins og reyndar víða annars staðar. Þessi óánægja grefur undan vinnusiðferði og vinnugleði og leiðir til þess að fólk er alltaf að leita annað.

Ég ítreka að mér finnst vera neikvæð afstaða hér til menntunar og þar vil ég m.a. vísa til þeirra umræðna sem átt hafa sér stað í kringum deilu grunnskólakennara þar sem mér finnst vanþekking og fordómar gagnvart störfum kennara hafa verið himinhrópandi. Því held ég að við verðum að taka höndum saman til þess að breyta hugarfarinu og til þess að efla menntakerfi okkar ef við ætlum einfaldlega að standa okkur, ef við ætlum að standa okkur í samkeppni þjóðanna, ef við ætlum að viðhalda hér góðum lífskjörum og bæta þau hjá þeim sem verst standa að vígi.

[22:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir umræðuna vék sér að mér fjölmiðlungur og sagði að nú væri sagt í fjölmiðlum að stjórnarandstaðan teldi að þingið sem nú væri að hefjast ætti að verða hasarþing og spurði mig hvaða vopnum stjórnarandstaðan mundi aðallega beita. Því gat ég ekki svarað. Ég var að fara hér til þess að hlýða á umræður og reyna kannski að meta í framhaldinu hvers konar vopnaburður það verður.

Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hóf ræðu sína og fordæmdi tekjutengingu í bótakerfi öryrkja og aldraða þá býst ég við að fleiri áhreyrendum hafi farið eins og mér að halda að þeir hafi verið um stund stilltir á vitlausa stöð, því öðruvísi mér áður brá í samstarfi við þennan ágæta þingmann sem stóð sig ágætlega sem heilbrrh. Þá vaðist nú ekki fyrir honum tekjutengingin varðandi öryrkja og aldraða. Svo það hafa a.m.k. orðið veruleg spóluskipti einhvers staðar í líkama þessa hv. þm. síðan ég þekkti hann í þingstörfum.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir telur að ríkisstjórnin ætli sér að eyðileggja lífeyriskerfið vegna þess að það er verið að reyna að setja skaplega ramma og reglur um þátt í tilveru fólksins í landinu sem hefur ekki verið búinn skaplegum löggjafarrammareglum og tryggja stöðu lífeyriskerfisins og auka svigrúm þess um leið. Svo kom hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hann segir okkur að kaupmátturinn ráðist af kúariðunni.

Þetta voru þær ræður sem ég fór að velta fyrir mér hvort ég gæti dæmt af hvaða vopn yrði notað af stjórnarandstöðunni á þessu þingi. Og ef það á að ráða af vopnaburðinum er það sennilega ástralska vopnið búmerang sem verður aðallega notað af hálfu stjórnarandstöðunnar í vetur.

Það er líka reynt að halda því fram að þá staðreynd að ríkissjóður sé rekinn hallalaus eigi að rekja til afreka ríkisstjórnar fyrir allt að átta árum. Því er líka haldið fram að það að skuldir ríkisins fari minnkandi og vaxtakostnaður minnkandi eigi að rekja til afreka ríkisstjórnar fyrir allt að átta árum. Þetta er ekki málatilbúnaður sem fólkið tekur mikið mark á, hygg ég. Menn taka mark á því að kaupmáttur fer vaxandi af öryggi. Ekki bara þetta árið heldur næsta árið. Fólkið tekur mark á því að atvinnuþátttakan í landinu er núna miklu meiri en hún hefur verið nokkru sinni í sögunni. Það er það sem skiptir máli fyrir fólkið í landinu. Gjaldmiðillinn er traustur, kjarasamningar eru tryggðir, vextir fara lækkandi og skatta eru menn að lækka og stöðugleiki er í landinu. Og hvað þýða orð eins og stöðugleiki sem er í landinu? Það þýðir það að fólk og fyrirtæki geta gert áætlanir fram í tímann, geta reynt að sjá hag sínum borgið fram í tímann. Og við sjáum dæmi þess. Við sjáum það hér í nýjustu Hagtölum mánaðarins. Þar kemur fram að útflutningstekjur hugbúnaðarfyrirtækja, nýgræðingsins í atvinnulífinu, árið 1990 eru 25 millj. kr. en 1.200 millj. kr. nú. Þetta er vegna þess að skilyrðin sem þessum fyrirtækjum eru búin eru hagstæð. Þau þurfa ekki að velkjast í vafa verðbólgu og óöryggis í stjórnmálum eins og þau þurftu áður. Það hefur engin ríkisstjórn, hygg ég, setið að völdum í 2 $^{1}/_{2}$ ár í landinu fyrr án þess að setja bráðabirgðalög eða án þess að hafa rætt það að setja bráðabirgðalög. Það er enn eitt dæmið um það hvers virði stöðugleikinn er fyrir almenning í landinu.

[22:42]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það vafðist ekki fyrir mér tekjutengingin, sagði hæstv. forsrh., í síðustu ríkisstjórn. Það var nú einmitt það sem gerðist. Því eins og hann veit mætavel sjálfur þá margfór ég þess á leit í þeirri ríkisstjórn að fá samvinnu við fjmrh. um að endurskoða tekjutenginguna í tryggingakerfinu. Og ég leitaði til hæstv. forsrh. um aðstoð í því efni að fá það fram og ég fékk hana en ekki fyrr en örfáum mánuðum áður en ríkisstjórnin lét af völdum svo það hefði komið í annarra hlut að framkvæma málið.

Hæstv. forsrh. er gamansamur maður. Hann segir hér á einum stað í texta sínum sem hann flutti áðan: „Við alþingismenn eigum ekki endilega að telja okkur helst til tekna að fjöldi nýrra laga sé settur. Það er ekki keppikefli að þenja út lagasafnið." Síðan sendir hann okkur alþingismönnum fylgirit með þessari ræðu sinni þar sem hann telur upp lagafrumvörpin sem ríkisstjórnin ætlar að setja á komandi þingi — þau eru 150 talsins. Það samsvarar því að Alþingi setji ný lög á hverjum einasta starfsdegi. Þannig rekur sig nú eitt á annars horn í málflutningi þessa gamansama ráðherra.

Það var sagt hér áðan af hv. þm. Guðna Ágústssyni að hann sótti til Þýskalands eftir máltæki sem hann þurfti að nota: „Ef þú segir já við lífið þá segir lífið já við þig." Hv. þm. þarf ekkert að sækja út fyrir landsteinana. Hér á Íslandi segir Megas: „Smælaðu framan í heiminn og þá mun heimurinn smæla framan í þig".

Í mjög merkilegu viðtali við Dag – Tímann taldi hv. þm. það helstan löst á forustumönnum Framsfl. að þeir væru svo leiðinlegir, þeir kynnu ekki að brosa. Hv. þm. þarf þá að kenna þeim að smæla svolítið framan í heiminn áður en heimurinn fer að smæla framan í þá.

Síðan ræddi hæstv. viðskrh. um góða afkomu ríkissjóðs. Ríkissjóður ætlar að selja eignir upp á 6,5 milljarða kr. til að fá fram jákvæðan rekstrarafgang upp á 500 milljónir. Mér finnst það nú ekki merkilegur búskapur satt að segja, hæstv. forseti. Þetta er svona svipað og menn fjármagni hjá sér efri hæðina með því selja kjallarann og það er nú ekki mjög skynsamleg aðferð í ríkisrekstri, hæstv. viðskrh.

Framtíðarsýn — talar formaður þingflokks Sjálfstfl. um. Það er enga framtíðarsýn að finna í ræðu hæstv. forsrh. Framtíðin er þar sett í biðstöðu. Hún er ekki á dagskrá fremur en t.d. Evrópusambandið. Það er ekki eitt aukatekið orð um framtíðina í stefnuræðu hæstv. forsrh. Hann minnist ekki einu sinni á að hún sé á leiðinni.

Hvað er framtíðarsýn? Framtíðarsýn er það að sjá fyrir sér breytingu á því pólitíska landslagi sem tvær kynslóðir Íslendinga hafa búið við, að vinna bug á því helmingaskiptakerfi auðs og valda sem einkennt hefur stjórnmálin hjá þessari þjóð í yfir 70 ár. Það er framtíðarsýn. Að þeirri framtíðarsýn vinna nú jafnaðarmenn í sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Það er okkar verk, virðulegi forseti, að láta þá framtíðarsýn rætast.

[22:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er fróðlegt að velta umræðunni fyrir sér eins og hún hefur verið í kvöld vegna þess að hún staðfestir mismunandi grundvallarsjónarmið í mjög þýðingarmiklum atriðum. Hæstv. forsrh. hælir sér af því að hér ríki stöðugleiki á öllum sviðum. Við teljum að hér ríki ekki stöðugleiki á öllum sviðum sem hægt sé að hæla sér af. Við teljum að ganga eigi út frá hagsmunum fólksins en ekki út frá hagsmunum fjármagnsins. Við fögnum ekki þeim stöðugleika sem ríkir á heimilum atvinnulausra í landinu sem eru 5 þúsund talsins. Við fögnum ekki þeim stöðugleika sem ríkir á heilsugæslustöðvunum á Austurlandi þar sem ekki hefur verið hægt að fá lækni um margra mánaða skeið. Við fögnum ekki þeim stöðugleika sem birtist í niðurskurðinum til Háskóla Íslands og er nú orðinn svo mikill frá því að Sjálfstfl. tók við menntmrn. að háskólinn hefur verið skorinn niður um sem samsvarar einum kennaraháskóla. Við fögnum ekki þeim stöðugleika sem birtist í fleiri fátækum einstaklingum sem þurfa að leita til félagsmálastofnana en nokkru sinni fyrr. En þeir fagna þeim stöðugleika. Þeir fagna stöðugleika fjármagnsins, þeir sem sitja við háborð helmingaskiptaklúbbsins og deila og drottna, deila út bitlingum, einn fyrir mig og annan fyrir þig, eitt í dag og annað á morgun. Stjórnarflokkarnir eru hamingjusamir og ánægðir í sinni stöðu. Formaður Sjálfstfl. þakkar Framsfl. sérstaklega fyrir að hafa ekki gert eina einustu kröfu sem Sjálfstfl. hefur ekki getað fallist á á þessu kjörtímabili. Til hamingju með það, framsóknarmenn.

Umræðan staðfestir að stjórnarherrarnir og leiðtogar ríkisstjórnarinnar sjá ekki það sem er að gerast. Umræðan staðfestir að þeir átta sig ekki á þeirri pólitík sem á sér stað í landinu. Formaður þingflokks Sjálfstfl. er þó lokaðastur af þeim öllum því hann lýsti því yfir í kvöld að búið væri að leggja niður pólitíkina. Formaður hans sér ekki atvinnulausa, hann sér ekki ástandið í heilbrigðismálum, hann sér ekki ástandið í menntamálum og formaður þingflokks Sjálfstfl. heldur að búið sé að leggja niður pólitíkina. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, og góðir tilheyrendur að ekki er von á því að menn nálgist hlutina skikkanlega þegar þeir eru settir svona upp.

Ég fullyrði, herra forseti, að í vetur á þessu þingi munu þeir báðir og fleiri komast að því að það er til pólitík í landinu. Þó að markaðsfjölmiðlarnir hafi brugðist í sumar þýðir það ekki að þeir sem hér sitja muni draga af sér við að gera þessum mönnum grein fyrir því og þjóðinni allri að það er til róttæk pólitík á Íslandi. Héðan verður hún flutt í vetur.

[22:49]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ísland er að styrkja stöðu sína á marga vegu, bæði inn á við og út á við. Þetta blasir við nánast hvert sem litið er og mætti nefna mörg dæmi því til staðfestingar en ég hirði ekki um að endurtaka það sem hefur komið fram í umræðunni hjá mörgum stjórnarsinnum. Það er ekki síst mikilvægt að gjöfulasti nytjafiskurinn, þorskurinn, er í vexti.

Sjávarútvegurinn er nú sem fyrr styrkasta stoð atvinnulífsins og velferðar í landinu. Kvótakerfið hefur ráðið mestu um að við höfum náð stjórn á veiðum og að fiskveiðarnar eru reknar með hagnaði. Í sjálfu sér er stórmerkilegt að það skuli vera hægt að tala um sjálfbærar veiðar. Þetta segi ég vegna þess að ljóst er að Íslendingar eru almennt lítið fyrir að gera langtímaáætlanir en í þessu mikla hagsmunamáli höfum við unnið af skynsemi með langtímahagsmuni í huga.

Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur verið gagnrýnt í kvöld eins og endranær og enginn heldur því fram að þar hafi verið fundið upp fyrirkomulag til allrar framtíðar.

Hér hefur ýmislegt verið nefnt og komið fram í umræðunni og margt af því er ekki svaravert. En við einu ætla ég þó að bregðast. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði lítið úr því mikilvæga verkefni utanríkisþjónustunnar

að styrkja utanríkisviðskiptin og markaðssókn íslenskra fyrirtækja erlendis. Almennt er viðurkennt mikilvægi þessarar stefnubreytingar í utanríkisþjónustunni. Fulltrúar atvinnulífsins hafa lýst ánægju með þetta framtak, en það er eins og endranær, Alþb. hefur ekki mikinn skilning á atvinnumálum.

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu verða áfram næg verkefni að takast á við í þjóðfélagi okkar. Sérstaklega nefni ég vaxandi þjóðfélagsvandamál síðari áratuga 20. aldarinnar sem er ofbeldi og neysla fíkniefna. Okkur ber að sameinast um það markmið að þetta vandamál fylgi okkur ekki inn í 21. öldina. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:52]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú hefur þjóðin heyrt boðskap kvöldsins. Stjórnarflokkarnir lofsyngja góðærið en við stjórnarandstæðingar bendum á að ábatinn fer ekki jafnt til allra. Fjármunum almennings er sóað í einkavinavæðingu á meðan þjóðþrifamál eru vanrækt. Ég vil nota tíma minn til að tæpa á þremur meginatriðum íslenskra stjórnmála.

Núverandi ríkisstjórn stefnir að því að gera auðlindir þjóðarinnar að einkaeign fárra. Tímabært er að þjóðin rísi upp og mótmæli því að sameign þjóðarinnar, aflaheimildir að andvirði 200 milljarðar, er afhent fáum útvöldum endurgjaldslaust. Þjóðin hefur aldrei fengið að kjósa um það kerfi og hlýtur að krefjast þess í næstu kosningum.

Launakerfið í landinu sem hefur einkennst af lágum grunnlaunum, mikilli yfirvinnu og sporslum er handónýtt eins og vel sést nú af kjaraviðræðum kennara og lækna. Í nýrri úttekt OECD á Íslandi er stjórnvöldum ráðlagt að leggja mun meira fé í menntakerfið og laun kennara. Samanburðurinn við útlönd er hreint hneyksli. Ef við erum borin saman við lönd með sambærilega landsframleiðslu á mann erum við með langlægst framlög á mann til allra skólastiga og árlega vantar billjónir til að ná meðaltali samanburðarlandanna. Því vil ég skora á ríki og sveitarfélög að sameinast um átak í þessum efnum þannig að kennarar á öllum skólastigum geti haldið áfram störfum sínum með faglegan metnað í fyrirrúmi. Forseti þjóðarinnar skynjar alvöru þessa máls og það er kominn tími til að þeir sem stýra fjármálum almennings geri það líka.

Síðast en ekki síst er það kvenfrelsisbaráttan og framtíð hennar. Konur eru margbreytilegir einstaklingar en þær eiga það sameiginlegt að búa í kynjuðu þjóðfélagi. Það birtist m.a. í formi kynbundins valda- og launamismunar. En karlar búa einnig við kynbundið misrétti sem birtist t.d. í mismunandi rétti til fæðingarorlofs. Til að tryggja jafna möguleika kynjanna til frelsis þarf að skoða öll lög og stjórnarathafnir með kynferðisgleruaugum eins og við kvennalistakonur höfum margoft bent á. Þetta er nú viðurkennd stefna Evrópusambandsins og kallast samþætting eða main-streaming. Til að slík stefna komist í framkvæmd þarf pólitíska vilja, fjármagn og eftirfylgni, t.d. í formi stofnunar sem er sambærileg við Samkeppnisstofnun. Þetta skortir allt hjá núverandi ríkisstjórn og því eru jafnréttislögin haldlítil sýndarmennska.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég bind miklar vonir við að sú gerjun sem er nú í íslenskum stjórnmálum leiði til þess að til verði kröftugt stjórnmálaafl — með eða án Framsfl.! — sem setur konur, samábyrgð og menntun þjóðarinnar í fyrirrúm þannig að jafnrétti til frelsis verði ekki aðeins í orði heldur einnig á borði. Kostnaðinum má mæta með því að þjóðin sjálf njóti afrakstursins af auðlindum sínum í stað einkavina núverandi ríkisstjórnar. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:56]

**Útbýting þingskjala:**

Aðstöðumunur kynslóða, 24. mál, beiðni SvanJ o.fl. um skýrslu, þskj. 24.

Félagsleg aðstoð, 23. mál, frv. ÁRJ og MF, þskj. 23.

Framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga, 34. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 34.

Framkvæmd GATT-samningsins, 28. mál, fsp. LB, þskj. 28.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, 14. mál, þáltill. SvG, þskj. 14.

Kosningar til Alþingis, 13. mál, frv. SvG, þskj. 13.

Kreditkortafyrirtæki, 33. mál, fsp. JóhS, þskj. 33.

Meðferð einkamála, 21. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 21.

Mengun frá fiskmjölsverksmiðjum, 19. mál, beiðni HG o.fl. um skýrslu, þskj. 19.

Raðsmíðaskip, 20. mál, beiðni EKG o.fl. um skýrslu, þskj. 20.

Risnu-, bifreiða- og ferðakostnaður Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka, 32. mál, fsp. JóhS, þskj. 32.

Viðskiptahættir í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum, 10. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj.10.

Öryggismiðstöð barna, 37. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 37.

Fundi slitið kl. 22:57.

---

## 3. FUNDUR

mánudaginn 6. okt.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Viðskiptahættir í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum, beiðni um skýrslu, 10. mál, þskj. 10. *Hvort leyfð skuli.*

2. Mengun frá fiskmjölsverksmiðjum, beiðni um skýrslu, 19. mál, þskj. 19. *Hvort leyfð skuli.*

3. Raðsmíðaskip, beiðni um skýrslu, 20. mál, þskj. 20. *Hvort leyfð skuli.*

4. Aðstöðumunur kynslóða, beiðni um skýrslu, 24. mál, þskj. 24. *Hvort leyfð skuli.*

5. Kosningar til Alþingis, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.

6. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.

7. Meðferð einkamála, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.

8. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.

9. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Landssambandi lífeyrissjóða.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**
Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum óska ég eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir, taki sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl."

Drífa Hjartardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:03]

**Útbýting þingskjala:**
Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, 4. mál, þáltill. SJS og SJóh, þskj. 4.

Almannatryggingar, 43. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 43.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, 35. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 35.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 39. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 39.

Bann við kynferðislegri áreitni, 40. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 40.

Bætt siðferði í opinberum rekstri, 11. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 11.

Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, 16. mál, þáltill. HjálmJ o.fl., þskj. 16.

Fjarkennsla, 9. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 9.

Fjárframlög til íþróttastarfsemi, 48. mál, fsp. KH, þskj. 48.

Framhaldsskólar, 42. mál, frv. SJóh og SvG, þskj. 42.

Framlag til þróunarsamvinnu, 7. mál, þáltill. SJS og MF, þskj. 7.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 8. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 8.

Greinargerð jaðarskattanefndar, 52. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 52.

Innheimta endurinnritunargjalds, 29. mál, fsp. SvanJ, þskj. 29.

Íslenskukennsla erlendis, 44. mál, fsp. ÖS, þskj. 44.

Kjarnaskólar, 30. mál, fsp. SvanJ, þskj. 30.

Landafundir Íslendinga, 12. mál, þáltill. SvG, þskj. 12.

Lögmenn, 57. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 57.

Sala ríkiseigna, 31. mál, fsp. SvG, þskj. 31.

Skaðabótalög, 58. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 58.

Tekjuskattur og eignarskattur, 18. mál, frv. PHB og VE, þskj. 18.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 3.

Tekjuskattur og eignarskattur, 36. mál, frv. PHB, þskj. 36.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 27. mál, þáltill. PHB og ÁRÁ, þskj. 27.

Veiðileyfagjald, 5. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 5.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, 41. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 41.

Öryggismál í skólum, 46. mál, fsp. ÖS, þskj. 46.

### *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

[15:07]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**
Borist hafa eftirfarandi tilkynningar:

1. Frá umhvn. að Ólafur Örn Haraldsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Gísli S. Einarsson varaformaður.

2. Frá allshn. að Sólveig Pétursdóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður.

3. Frá heilbr.- og trn. að Össur Skarphéðinsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

4. Frá iðnn. að Stefán Guðmundsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Staðan í heilbrigðisþjónustunni.

[15:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**
Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða störf þingsins vegna þess alvarlega ástands sem komið er upp í heilbrigðisþjónustunni þegar stór hópur sérfræðilækna hefur sagt upp samningum við Tryggingastofnun ríkisins. Almenningur sem hefur greitt sjúkratryggingu með sköttum sínum stendur nú frammi fyrir því að tryggingaskilmálum er breytt án nokkurs fyrirvara. Margir sjúklingar eru mjög tekjulágir, öryrkjar og aldraðir. Þeir hafa margir hverjir nú ekki efni á því að sækja þjónustu þessara lækna eða fara í aðgerðir til þeirra enda er ekki við því að búast að fólk með 50–60 þús. kr. mánaðartekjur sé aflögufært. Þetta er mjög alvarleg staða, herra forseti, og ég tel að þetta mál þurfi að komast á dagskrá. Við þurfum að fá það fram hvað hæstv. heilbrrh. hyggst gera og hvernig mun verða brugðist við ástandinu. Mun það fólk sem greiðir nú fullt gjald fyrir þjónustu þessara lækna eiga rétt á endurgreiðslu? Mikilvægt er að upplýsingar fáist um það. Ég vona að samningsgerð sé komin í gang og þannig verður að ganga frá henni ef samningar nást við læknana að fólkið fái endurgreiddan þann hluta sem ella væri læknisins.

Maður veltir því fyrir sér þegar sá hálaunahópur á í hlut, sem er að berjast fyrir kjörum sínum, hvort það samræmist siðareglum lækna að kjarabarátta þeirra bitni á þeim sem minnst mega sín, þ.e. þeim sem hafa lægstar tekjur. Við verðum að fá skýr svör við þessu, herra forseti. Framkvæmdarvaldið verður að koma skikk á þessi mál. Almenningur er búinn að borga fyrir þessa þjónustu með sköttum sínum og á heimtingu á því að staðið verði við þá lagasetningu sem sett hefur verið á Alþingi.

[15:09]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að hv. 8. þm. Reykv. hefur þegar óskað eftir utandagskrárumræðu um ástandið í heilbrigðiskerfinu en ekki hefur verið tekið ákvörðun um hvenær sú umræða fer fram.

[15:09]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það er skoðun þingflokks Alþb. og óháðra að ástandið í heilbrigðiskerfinu sé svo alvarlegt að það þurfi sérstaka og mjög rækilega umræðu um þau mál núna eftir sumarið. Þessi mál blasa alls staðar við og ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta fyrir. En ég bendi einnig á vandamálin annars staðar í heilbrigðiskerfinu, í skipulagi sjúkrahúsanna, á geðdeildunum og barna- og unglingageðdeildunum, í heilsugæslunni, og úti um allt land og í allri heilbrigðisþjónustunni eins og hún leggur sig. Það er því alveg augljóst að það verður að fara mjög rækilega í þessi mál og knýja fram umræðu. Af þeim ástæðum höfum við óskað eftir því að fram fari sérstök utandagskrárumræða.

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er boðaður viðbótarniðurskurður í heilbrigðismálum, mjög sérkennilegur og athyglisverður viðbótarniðurskurður upp á 700 millj. kr., sem á greinilega að bitna aðallega á þeim sem þurfa að nota lyf og tannlæknaþjónustu eins og dæmið er sett upp í fjárlagafrv. eða greinargerð þess. Hér er með öðrum orðum um það að ræða að það verður að fara í þessi mál í heild. Þau eru að mínu mati núna við upphaf þingsins einhver stærsti málaflokkurinn fyrir okkur til þess að fjalla um.

[15:11]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Heilbrigðis- og tryggingamál eru og verða stærsti málaflokkurinn á hinu háa Alþingi enda taka þau yfir um 40% fjárlaga og eðlilegt er að mikil umræða verði um heilbrigðis- og tryggingamál þegar fjárlög verða á dagskrá og það verður strax á morgun.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kvaddi sér hljóðs áðan vegna þess að sérfræðingar hafa sagt upp samningum við Tryggingastofnun ríkisins en þannig er að samningar eru lausir um þessar mundir og verið er að semja við þessa aðila. Það mun án efa taka nokkurn tíma. Þetta er mjög erfitt og flókið mál en allir sérfræðingar, sem hafa sagt upp, eru með lausa samninga almennt og verið er að horfa á þessi mál í heild sinni.

Þeir erfiðleikar sem eru varðandi samninga við lækna eru fyrst og fremst þeir að sérfræðingar hafa mjög mismunandi laun eftir því hvar þeir vinna. Við erum að tala um sérfræðinga sem hafa tiltölulega lág laun og sérfræðinga sem hafa mjög há laun og þetta viljum við jafna. En það er ávallt þannig eins og hv. þm. kom inn á áðan að slíkar kjaradeilur bitna á þeim sem síst skyldi og svo er í þessu tilviki.

[15:13]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það verður að vera algerlega skýrt hver réttarstaða sjúklinganna er í þessum efnum. Hæstv. ráðherra drap ekki á það einu einasta orði. Er það ekki alveg klárt mál að allir íslenskir þegnar eru hér eftir sem hingað til sjúkratryggðir? Með öðrum orðum, munu þeir fá endurgreidd þau gjöld sem þeir þurfa að reiða af hendi meðan samningslaust er við sérfræðinga? Þetta er lykilatriði í málinu og við þessu verður hið háa Alþingi að fá skýr svör. Það er ekki á borð berandi, virðulegi forseti, að tala um það sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut að það geti tekið langan tíma að ná samkomulagi við sérfræðinga og meðan séu íslenskir sjúklingar þúsundum saman eða tugþúsundum saman í algerri óvissu um stöðu sína. Við hljótum að kalla eftir skýrum svörum hér og nú hvað varðar réttarstöðu þessa fólks. Það varðar mig mestu og um það snýst málið.

[15:14]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra við fullkomlega réttmætri athugasemd hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur eru fáheyrð. Þetta snýst um það að sérfræðingar hafa sagt upp samningum og réttarstöðu sjúklinga er stefnt í tvísýnu og spurningin, sem hefur verið varpað fram, er þessi: Fá sjúklingarnir endurgreiðslu þegar þeir koma til Tryggingastofnunar? Ráðherrann ber ábyrgð á málaflokknum. Alþingi kemur að þessu máli með lagasetningu og hefur sett þann ramma sem ber að fara eftir. Að vísa til fjárlagaumræðu eða segja eins og ráðherrann sagði hér áðan: Það á að líta á málin í heild sinni. Hvers konar svör eru þetta gagnvart fólkinu í landinu sem býr við það núna að geta ekki leitað til lækna, geta ekki leitað réttar síns vegna þess að það hefur ekki efni á því? Hvers konar heilbrigðisþjónusta er þetta sem ráðherrann og ríkisstjórnin boða?

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að stefna ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega framkoma heilbrrh. og Framsfl. hefur verið með eindæmum í þessum málaflokki. Vitaskuld verða heilbrigðismálin rædd ítarlega undir öðrum dagskrárliðum aftur og aftur vegna þess að fullt tilefni er til þess en að koma og svara á þann hátt eins og ráðherrann gerði áðan er satt best að segja fyrir neðan allar hellur.

[15:15]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég verð að taka undir með þeim sem síðast hafa talað að ég er undrandi á svörum hæstv. heilbrrh. Það eina sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er að reyna að gera í þessari umræðu er að fá fram svör frá hæstv. ráðherra um hver staða þeirra sjúklinga er sem þurfa óhjákvæmilega að leita til sérfræðinga. Hvert er svar hæstv. ráðherra? Hún talar í klisjum. Hún upplýsir þingheim um að það sé nú þannig að þetta sé flókinn málaflokkur sem taki til sín 40% af öllum útgjöldum ríkisins. Hvaða þingmaður hér inni veit ekki um það? Og hæstv. ráðherra talar um að vandinn felist í því að sumir sérfræðingar hafi lág laun og aðrir há laun.

Herra forseti. Við erum að tala um fólk sem hefur í sumum tilvikum engin laun. Fólk sem veigrar sér við að leita sérfræðings vegna þess að það hefur ekki peninga og veit ekki hvort það muni fá endurgreitt þegar samningar takast. Ég ítreka þá spurningu, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra muni sjá til þess að það fólk sem nauðbeygt verður að leita sérfræðings fái endurgreitt þegar samningar hafa tekist. Ég óttast afstöðu ráðherrans, herra forseti. Hún hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum og sagt að það séu samningar í gangi. En við höfum líka heyrt í forsvarsmönnum sérfræðinga, sem segja það hreint út, að þeir verði ekki varir við samningana. Ég spyr því, herra forseti, við hverja er hæstv. heilbrrh. að semja? Við ráðuneytisstjórann eða e.t.v. við sjálfan sig? Því miður er það rétt, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði, að

það sem einkennir heilbrrn. og tök ríkisstjórnarinnar á því er fum og ráðleysi.

Varaþingmaður Sjálfstfl., Katrín Fjeldsted, formaður heilsugæslulækna, hefur sagt að heilsugæslan sé að hrynja og sé í rúst úti um landsbyggðina. Ungir læknar hafa sagt upp og forsvarsmenn spítalanna halda því fullum fetum fram að neyðarástand skapist þegar uppsagnirnar taka gildi. Hvað er hæstv. ráðherra að gera? Við sjáum jafnvel að hún sendir fyrirskipanir út og suður innan síns geira. Hún flytur heilar deildir á milli spítala án þess að tala við forsvarsmenn deildanna, eins og við gátum lesið um í greinargerð yfirlæknis lungnadeildarinnar á Vífilsstöðum í gær. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég segi það að ríkisstjórnin verður að hysja upp um sig buxurnar í heilbrigðismálunum vegna þess að hún er þar með allt niður um sig. Það er (Forseti hringir.) ekkert nema fum og ráðleysi sem er þar við stjórnvölinn.

[15:18]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem hér ekki upp til þess að tala um heilbrigðismál. Ég er sannfærð um að það var ekki hugsun okkar þingmanna þegar við ákváðum að breyta þingsköpum í þá átt að opna fyrir möguleika í upphafi fundar að taka fyrir störf þingsins, að það væri hugsað þannig að þá ætti að taka fyrir einstaka málaflokka og spyrja ráðherra spurninga. Við höfum í þinginu annað form til þess að spyrja ráðherra spurninga. Það er bæði hægt að gera með skriflegum fyrirspurnum og hægt er að gera það tvisvar í mánuði með óundirbúnum fyrirspurnum fyrir utan það að hægt er að taka upp mál utan dagskrár, eins og hv. frummælandi, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hefur óskað eftir. Hún hefur beðið um að taka heilbrigðismálin til umræðu utan dagskrár og ég efast ekki um að forseti vilji verða við því. Ég kem því hér upp til þess að koma því á framfæri við hæstv. forseta að ég tel að við séum að misnota þingskaparlögin ef við ætlum að nýta þau á þennan hátt (**GÁS:** Eftirlitsskylda ...). Hæstv. heilbrrh. hefur svarað spurningum og það er hennar mál hvort hún gerir það eða ekki. Hún er ekki skyldug til þess undir þessum dagskrárlið ef dagskrárlið skyldi kalla. Ég er ekki að færast undan því að ræða heilbrigðismál á hv. Alþingi, svo sannarlega ekki. Það munum við gera í vetur og höfum ágætis rök í þeim málum. Þegar á morgun mun hefjast umræða um fjárlög og ég efast ekki um að inn í þá umræðu komi heilbrigðismálin í ýmsum myndum. Ég kem því hér upp, hæstv. forseti, til að beina þeim orðum til forseta hvort honum finnist þetta eðlileg umræða undir þessum formerkjum.

[15:20]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það þarf ekki að brýna forseta í þessu samhengi. Forseti gerði athugasemd þegar hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir óskaði eftir að fá að tala um störf þingsins og um þetta mál. Forseti gerði líka grein fyrir því að þegar hefur komið fram ósk frá hv. 8. þm. Reykv. um að taka þetta mál upp utan dagskrár og það verður gert, en forseti getur ekki neitað þingmönnum um að gera athugasemd um störf þingsins í upphafi fundar og þarf svo sem ekki að vita um hvað á að tala, þó hann hafi vitað það í þessu tilviki.

[15:21]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hægt fara mörgum orðum um stöðuna í heilbrigðiskerfinu en ég ætla að láta það vera og reyna að halda mig við þann þátt sem heyrir til starfa þingsins. Það er þessi eftirlitsþáttur um framkvæmd laga, þ.e. hvort réttur sjúklingsins er tryggður með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir. Ég tók nú spurningu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur í þá veru að það væri eingöngu verið að beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort séð væri til þess að lögum sem Alþingi hefur sett væri framfylgt. Hæstv. ráðherra fór hins vegar aðeins yfir það að samningagerð við sérfræðinga væri erfið og flókin og taka þyrfti langan tíma til að ganga frá þeim samningum og það efa ég ekki. Ég tek undir að þetta hlýtur að vera mjög erfitt og flókið verkefni sem verður að gefa þann tíma sem til þarf. Það sem Alþingi varðar fyrst og fremst um er það — og við þurfum að láta okkur skipta og þess vegna er þetta tekið upp hér — hvort staðið er við þann rétt sem sjúklingar eiga til sjúkratrygginga á meðan á þessari samningagerð stendur.

Virðulegi forseti. Ég held að það væri að gefnu tilefni ástæða til þess að skilgreina betur og skýra nákvæmlega hvernig þessi tími er notaður eða má nota.

[15:22]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja um þær umræður, sem hér hafa farið fram, að mér finnst þetta nýr liður í þinghaldinu sem ekki er einu sinni leyfður, hæstv. forseti. Það hefur verið samið um það og er í þingsköpum að í óundirbúnum fyrirspurnum er hægt að spyrja hæstvirta ráðherra. Það liggur fyrir að stjórnarandstaðan hefur beðið um utandagskrárumræðu um heilbrigðismálin í heild sinni. Samt leyfir hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sér að ganga hér upp í rauninni með óundirbúna utandagskrárumræðu. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur uppi stóryrði í upphafi þessa fundar sem ekki eru þinginu sæmandi. Ég velti því fyrir mér hvort hér fari fram umræða um störf heilbrigðisráðherra. Þessi liður heitir athugasemdir um störf þingsins. Það hefur ekkert komið inn í þessa umræðu um störf þingsins þannig að þetta er ekki heiðarleg umræða af hálfu stjórnarandstöðunnar (**SvG:** Það er greinilegt að framsóknarmenn...) og hv. þm. Svavar Gestsson verður að sitja rólegur. Það verður nú að þola ýmislegt af öðrum, ekki eru svo lítil stóryrðin sem frá honum falla í hita leiksins (**SvG:** Meiddirðu þig?) þannig að ég bið hann bara að sitja rólegan meðan ég tala. Þess vegna segi ég, hæstv. forseti, að ég held að við verðum í sanngirni að ræða málin og gera það undir réttum liðum. Framsfl. skorast ekki undan því að ræða heilbrigðismál og ég geri mér grein fyrir því að þau stóru vandamál sem blasa við í samningum við sérfræðinga verða ekki leyst úr pontu Alþingis. Það verður að gerast annars staðar. En við skulum hafa umræðuna heiðarlega og mönnum liggur ekki svo mikið á að þeir geti ekki beðið hinnar stóru utandagskrárumræðu sem á að fara fram, sjálfsagt í þessari viku, um málaflokkinn. Mér finnst þetta ekki heiðarleg framkoma gagnvart hæstv. heilbrrh. og ekki standist þingsköp að taka hann svona upp.

[15:25]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Eitt af hlutverkum þingsins er eftirlitshlutverk. Við höfum verið að ræða um störf þingsins. Þingið hefur sett lög um almannatryggingar. Samkvæmt þeim lögum ber ríkið hluta af kostnaði við ákveðna þjónustu. Nú stendur almenningur frammi fyrir því að þurfa að borga úr eigin vasa allan kostnaðinn. Hlutur tryggingganna er ekki greiddur. Það sem ég kallaði eftir var hver staða þessara sjúklinga væri — fólks sem ekki getur hætt við aðgerð sem það á bókaða á

morgun eða hinn daginn, fólks sem vegna heilsufars getur ekki frestað því að fara í aðgerðir eða fá þjónustu hjá þessum læknum þangað til búið er að ná samningum. Hver er staða þessa fólks? Þetta er fólk sem vegna þessa ástands er að borga þúsundir króna fyrir þessa þjónustu. Það er mjög eðlilegt að kallað sé eftir því að fá upplýsingar um hver staða þessa fólks er. Hér höfum við ákveðið eftirlitshlutverk með lagasetningunni og auðvitað eigum við að nota lið eins og þennan — umræður um störf þingsins — til að kalla eftir svörum, herra forseti, um mál sem þessi.

Ég óska eftir því hér með, herra forseti, að réttarstaða fólks í þessu máli verði skýrð. Verður fólk látið sitja uppi með þennan kostnað eða verður séð til þess við samningagerðina við sérfræðingana að þessi hópur sem neyðist til þess að nota þá þjónustu í dag fái læknishlutann endurgreiddan þegar búið er að ná samningum ef þeir nást?

[15:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Þetta er nú orðin snögg umræða um heilbrigðismál og ég vona að menn ræði málefnalega um þennan málaflokk síðar. Umræðan hefur verið dálítið í upphlaupsstíl en það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að erfiðleikar skapast þegar sérfræðingar segja upp samningum við Tryggingastofnun. Við förum eftir þeim lögum sem gilda í landinu. Lögin eru einfaldlega þannig að þeir læknar sem sagt hafa upp samningum við Tryggingastofnun eru ekki lengur í vinnu fyrir Tryggingastofnun. Þannig er málum háttað. Samningar eru tvíþættir: annars vegar við samninganefnd Tryggingastofnunar og hins vegar við samninganefnd ríkisins. Ég hef ítrekað það við samninganefnd Tryggingastofnunar að hraða þessum samningum eins og mögulegt er. En það er alveg rétt, og ég sagði það hér áðan líka, að kjaradeilur almennt bitna á þeim sem síst skyldi. Það eina sem við getum gert á meðan á þessu ástandi stendur er að þeir sjúklingar, sem ekki geta greitt þeim læknum sem ekki eru á samningi við Tryggingastofnun, fái þjónustu innan stofnana. Það er það sem við getum gert á meðan á þessu ástandi stendur.

### *Viðskiptahættir í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum.*

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Beiðni leyfð til viðskrh. með 34 shlj. atkv.

### *Mengun frá fiskmjölsverksmiðjum.*

Beiðni HG o.fl. um skýrslu, 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Beiðni leyfð til umhvrh. með 36 shlj. atkv.

### *Raðsmíðaskip.*

Beiðni EKG o.fl. um skýrslu, 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Beiðni leyfð til fjmrh. með 37 shlj. atkv.

### *Aðstöðumunur kynslóða.*

Beiðni SvanJ o.fl. um skýrslu, 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Beiðni leyfð til forsrh. með 37 shlj. atkv.

### *Kosningar til Alþingis, 1. umr.*

Frv. SvG, 13. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 13.

[15:31]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Hér er endurflutt lítið þingmál sem er breyting á lögum um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Áður en kjósandi gerir grein fyrir sér getur hann óskað eftir því við kjörstjórn að umboðsmenn lista fái ekki að vita nafn hans og ber henni að verða við þeirri ósk.“

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og reyndar líka á næstsíðasta þingi. Þá fylgdi því svofelld greinargerð, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu alþingismenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Samkvæmt kosningalögum er umboðsmönnum þeirra lista sem í kjöri eru heimilt að fylgjast með framkvæmd kosninga, m.a. með því að sitja í kjörfundarstofu. Með þessu fá flokkarnir upplýsingar um hverjir þeirra sem á kjörskrá eru hafa neytt kosningarréttar síns. Þær eru síðan nýttar til þess að hafa samband við hugsanlega kjósendur listans sem ekki hafa kosið en listinn telur æskilegt að kjósi, svokölluð kosningasmölun.“ — Þetta er sem sagt fyrsta tilraun hér í þingskjali til að skilgreina kosningasmölun. Ég vek athygli á því. Það mætti kannski ræða það alveg sérstaklega hvort þetta er rétt. — „Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylda að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki. Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning“ nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frumvarp flutt. Er til þess ætlast að kjörstjórn tryggi kjósendum þann rétt sem hér er gert ráð fyrir og að hún beiti til þess þeim aðferðum sem æskilegar teljast.“

Þetta var úr greinargerðinni sem fylgdi frv. á síðasta þingi. Það hlaut þá ekki afgreiðslu en um það mál urðu nokkrar umræður. Spruttu þær af því að allshn., sem hafði málið til meðferðar, afgreiddi aðra breytingu á kosningalögunum, 116. mál síðasta þings sem var flutt af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Lagði hv. allshn. til að sú breyting yrði samþykkt samhljóða. Var það einnig gert þannig að ég hygg að sú breyting sem hv. þm. lagði til hafi verið afgreidd sem lög á síðasta þingi. Hins vegar var gagnrýnt við umræðu

um það mál að þessi tillaga hefði ekki fengið meðferð. Hv. formaður allshn. sagði þá í umræðum að ekki hefði verið samkomulag um að málið yrði tekið út úr nefndinni og sagði nefndarformaðurinn jafnframt að skiptar skoðanir hefðu verið um málið í hv. allshn.

Í útskýringum hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sem sæti áttu í allshn., kom fram að þar hefðu mál stjórnarandstöðunnar fengið lakari meðferð en í öðrum nefndum þingsins. Á þetta er minnst í greinargerðinni með þessu frv. og ég vona, herra forseti, með hliðsjón af því að hér er um augljóst sanngirnismál að ræða og með hliðsjón af því að málið er lagt fram og mælt fyrir því á fyrsta reglulegum fundadegi þingsins, að það verði að lögum í vetur. Þetta er lítið mál og í raun og veru held ég að allir séu sammála um það.

Þannig er að stjórnmálaflokkarnir höfðu hér áður eftirlit með því í kjörklefum, ég hygg flestir eða allir, hverjir kusu og hverjir ekki. Það hafði minn flokkur lengst af t.d. hér í Reykjavík, til skamms tíma í raun og veru. Það hygg ég að hann hafi t.d. í Neskaupstað svo ég nefni dæmi. Sjálfstfl. hefur einn flokka verið með eftirlit í hverri einustu kjördeild í Reykjavík. Ég veit ekki hvernig þetta er annars staðar í landinu en ég hugsa að Sjálfstfl. hafi þetta mjög víða. Ég ímynda mér, án þess ég viti það, að Alþfl. í Hafnarfirði hafi t.d. hugmynd um hvernig menn skila sér á kjörstað þar. Þetta er því til í einu og einu byggðarlagi og ekkert verið að amast við því. Hins vegar er verið að flytja hér tillögu um að kjósandi sem óskar eftir því þurfi ekki að gefa fulltrúum flokkanna upp nafnið sitt. Það er ekkert annað sem verið er að fara fram á.

Ég vænti þess að þessi litla tillaga fái góðar undirtektir og legg til að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:36]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt innlegg. Ég vil heils hugar taka undir þessa litlu tillögu, þessa réttarbót gagnvart almenningi í landinu, í þessu tilfelli kjósendum. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt, kjósi kjósendur það þegar þeir koma á kjörstað að gefa ekki upp nafn sitt til svonefndra kosningasmala, að réttur þeirra verði virtur. Við þekkjum það í gegnum tíðina af fjölmörgum dæmum að í auknum mæli hefur fólk lagst gegn því að þessir njósnarar stjórnmálaflokkanna geti með ákveðnum yfirgangi krafist þess að fá uppgefið nafn viðkomandi kjósanda. Það hafa orðið uppákomur í einstökum kjördeildum vegna þess arna. Raunar hafa þekkst dæmi þess að á meðan kjósandi hafi verið að kjósa hafi verið haldið leynd yfir nafni hans en um leið og hann hafi verið horfinn á braut út um dyrnar hafi kjörstjórnin gefið það upp. Það er auðvitað enginn bragur á þessu. Ég tek undir með málshefjanda að þetta er lítið mál en út af fyrir sig stórt og Alþingi á að kippa þessu í liðinn eins fljótt og kostur er og klára þetta á yfirstandandi þingi þannig að við getum tekið upp nýja og betri hætti sveitarstjórnarkosningum sem í hönd fara í maí nk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, fyrri umr.*

Þáltill. SvG, 14. mál. — Þskj. 14.

[15:38]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég endurflyt hér litla tillögu sem ég flutti á síðasta þingi og fékk þá dálitla umræðu en ekki mikla um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Tillagan er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi."

Þessi tillaga er samin í ágætri samvinnu við þá sem starfa á þessu sviði. Ég mælti nokkuð rækilega fyrir henni á síðasta þingi. Henni var þá vísað til menntmn. og þar fékk hún einhverja meðferð en ekki endanlega afgreiðslu. Í greinargerðinni segir svo:

„Málefni heyrnarlausra hafa oft komið til meðferðar á Alþingi." — Það má með sanni segja vegna þess að þessi mál hafa mjög oft verið flutt hér í alls konar tillögum og frv. um langt árabil. Löngu áður en lögin um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra voru sett á sínum tíma voru þessi mál hér til meðferðar. Ég hygg að ég megi segja að fólk úr flestum eða öllum stjórnmálaflokkum hafi með einum eða öðrum hætti komið við sögu við að fjalla um málefni heyrnarlausra og réttindi þeirra. — „Fullyrða má að þar sé samstaða um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Það leiðir reyndar hugann að því að ekki er einfalt að setja slíkt í lög og hætta er á að lögin verði dauður bókstafur ef þeim er ekki fylgt eftir. Reyndar er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og þess gerist reyndar ekki þörf þar sem hún er móðurmálið í raun og enginn dregur það í efa. Vaknar sú spurning hvort engu að síður væri rétt að setja lög um móðurmálið eða ákvæði um það í stjórnarskrá. Má hugsa sér í því sambandi almenn lög og breytingar á einstökum lögum, t.d. breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem tekið yrði fram að töluð skuli íslenska á Alþingi og að skjöl skuli vera á íslensku."

Reyndar er það svo að þess eru dæmi að menn hafi flutt mál sitt hér, þótt aðeins hafi verið tilvitnanir, úr þessum virðulega ræðustól á erlendum málum án þess að forseti hafi stöðvað þann málflutning.

„Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er. Hins vegar ráða fjármunir og fjárlög úrslitum. Auðvitað er unnt að taka ákvörðun um að táknmálið sé raunverulegt móðurmál heyrnarlausra með því að veita fjármuni til þess. Tryggja þarf að til sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hafi tækifæri til að læra táknmálið og að foreldrar heyrnarlausra barna læri það, að heyrnarlaus börn í Vesturhlíðarskóla fái móðurmálskennslu í táknmáli og að allir kennarar kunni táknmál og geti verið málfyrirmyndir. Það þarf að tryggja að börnin fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Til þess að allt þetta megi gerast þarf að þróa rannsóknir á íslenska táknmálinu. Tryggja þarf að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús

o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Loks þarf að sjá til þess að skýrt sé hver á að borga hvað svo að réttindi heyrnarlausra merjist ekki sundur á milli ríkis og sveitarfélaga eins og oft hefur gerst.

Mikilvægar ákvarðanir hafa reyndar þegar verið teknar. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur táknmálið verið kennt heyrandi nemendum en auk þess hafa heyrnarlausir nemendur lært um táknmálið sem móðurmál sitt, þ.e. um málfræðilega uppbyggingu málsins, sögu þess og þróun.

Þátttaka í táknmáli fyrir heyrandi sem valgrein hefur verið góð, þar hafa verið 20 nemendur eða svo á ári [í Háskóla Íslands]. Kennslan í táknmáli fyrir heyrnarlausa á að vera fyrir alla heyrnarlausa nemendur á framhaldsskólastigi, einnig þá sem sækja aðra skóla. Þeir eiga að geta stundað námið í MH og fengið það metið. Í Háskóla Íslands er kennd táknmálsfræði sem fullgild aðalgrein til BA-prófs og eins vetrar viðbótarnám í táknmálstúlkun sem telst hagnýtt nám fyrir utan BA-stig. Háskólakennslan er samkvæmt tímabundnum samningi sem rann út sumarið 1997. Nú hefur náðst samkomulag um þriðja árið, kennt verður 1997–98, en framhald er enn óljóst.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt."

Við þetta er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Það er kannski rétt að vekja athygli á að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skera niður framlög til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra um 3,4 millj. kr., að þau fari að mig minnir í 15,2 millj. Ég átta mig ekki alveg á hvaða rök eru fyrir því að þetta er skorið niður og tel að ekki sé á neinn hátt óviðeigandi að draga það mál inn í þessa umræðu af því að ég tók ekki betur eftir en hæstv. menntmrh. hefði kvatt sér hljóðs og hann kann vafalaust að svara því, þótt fjárlagaumræðan fari fram á morgun, hverju það sætir að framlög til samskiptamiðstöðvarinnar eru skorin niður um 3,4 millj. kr. Ég vil nú leyfa mér að skjóta því hér inn í þessa umræðu.

Ég vænti þess að öðru leyti að tillagan fái góðar undirtektir og legg til að henni verði vísað til hv. menntmn. og síðari umræðu.

[15:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. vék að síðast í máli sínu, fjárveitingum til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra, þá er í fjárlagafrv. byggt á tillögum Samskiptamiðstöðvarinnar. Um efni þeirrar þáltill., sem liggur fyrir, er það að segja að mál þetta hefur oft verið rætt á Alþingi eins og fram kom. Á síðasta þingi svaraði ég fyrirspurnum um það og gerði ítarlega grein fyrir því hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Síðan hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela nefnd undir formennsku hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur að fjalla sérstaklega um viðurkenningu á táknmáli sem móðurmáli. Sú nefnd fjallar um þau mál er varða afskipti stjórnvalda af málefnum fatlaðra og verkaskiptingu milli ráðuneyta í því sambandi.

Það er mikið álitamál hvort rétt sé að vísa tillögu sem þessari til menntmrh. sérstaklega. Hér er um að ræða ákvörðun um að viðurkenna táknmál sem móðurmál sem er miklu víðtækara en svo að hún falli einvörðungu undir verksvið menntmrn. Þess vegna ákvað ríkisstjórnin þetta og hefur Félagi heyrnarlausra verið tilkynnt um þá ákvörðun fyrir nokkrum mánuðum og fyrir liggur að unnið er skipulega að málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar og með þeim hætti sem þarf þegar fjallað er um verkaskiptingu á milli einstakra ráðuneyta því að það er alls ekki einsýnt eins og ég sagði að ákvörðun um að táknmál sé móðurmál sé á verksviði menntmrn. Menntmrn. kemur hins vegar að því er varðar framkvæmd grunnskólalaga og framhaldsskólalaga og einnig að því er varðar táknmálskennslu á háskólastigi sem yfirvald í menntamálum. Ég get fullvissað hv. þm. um að það hefur verið unnið skipulega að því að hrinda framhaldsskólalöggjöfinni í framkvæmd með hliðsjón af þeim kröfum sem þar eru gerðar og lúta að réttindum heyrnarlausra. Einnig er tekið mið af þörfum þeirra við námskrárgerð fyrir grunn- og framhaldsskólastigið sem nú er unnið að á vegum ráðuneytisins.

Þá ákvað ríkisstjórnin í sumar sérstaka aukafjárveitingu, 2 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu, til þess að stuðla að almennri túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa og bætti það úr brýnni þörf. Þannig hefur á ýmsum sviðum verið tekið skipulega á málefnum heyrnarlausra á undanförnum mánuðum og verður gert áfram.

Eins og ég segi varðandi fjárveitingar til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra var byggt á tillögum hennar. Á síðasta ári voru óvenjumikil umsvif hjá Samskiptamiðstöðinni þar sem hún flutti í nýtt húsnæði og var koma sér fyrir þar þannig að um meiri kostnað var að ræða á síðasta ári vegna þeirra hluta en búast má við að verði á næsta ári. Á þessu ári og síðasta hausti var unnið að því að koma Samskiptamiðstöðinni fyrir í nýju húsnæði. Þeim framkvæmdum er lokið og á þeim forsendum eru þessar fjárlagatillögur gerðar.

[15:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæta ræðu hans. Í henni kom fram ýmislegt sem er vert að staldra við. Mér finnst til að mynda merkilegt að fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að búið sé að leggja drög að því að skerða fjármagn til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra um 3,5 millj. Eigi að síður segir hæstv. ráðherra að í sumar hafi stöðinni verið þannig komið að ríkisstjórnin hafi nauðbeygð þurft að hlaupa þar undir bagga með því að veita 2 millj. sem sérstaka fjárveitingu til stöðvarinnar og mér finnst einhvern veginn að þetta rími ekki saman en það er aukaatriði í málinu.

Ég vildi koma hér, herra forseti, til þess að óska þinginu til hamingju. Það er nefnilega ekki oft sem það gerist að menn ræði málefnalega einhver mál og komist að niðurstöðu. Við höfum rætt þetta mál á undanförnum þingum. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur flutt málið áður og nú hefur það gerst, herra forseti, að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hefur náð eyrum ríkisstjórnarinnar vegna þess að eftir að hann lagði fram frumvarp sitt hefur hæstv. ráðherra farið í það að setja nefnd á laggirnar undir forustu hins mikilvirka hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur til þess að hrinda máli hv. þm. Svavars Gestssonar í framkvæmd. Í sjálfu sér er aukaatriði hver átti upphafið að þessu, ég skal ekkert um það segja, en mér finnst þetta vera gott dæmi um það hvernig stjórn og stjórnarandstaða eiga að geta unnið saman og óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa tekið svona málefnalega á þessu.

[15:49]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þær fjárveitingar, þær 2 millj. sem var minnst á og ég minntist á í ræðu minni, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja á þessu ári til almennrar túlkaþjónustu þá er um að ræða túlkaþjónustu sem fellur ekki

undir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra því að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sinnir aðeins skólakerfinu. Hins vegar er spurningin um það hvernig er staðið að því að auðvelda túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa utan skólakerfisins. Það var til þeirra hluta sem ákveðið var að verja sérstaklega í ár 2 millj. kr. þar sem ekki var að finna slíka almenna fjárveitingu á fjárlagaliðum félmrn. því þarna er um verkaskiptingu að ræða. Það er eitt af því sem um er að ræða í þessu starfi öllu saman að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra er rannsóknastofnun og þjónustustofnun við skólakerfið en síðan þarf að veita heyrnarlausum þjónustu utan skólakerfisins og þar hefur verið um almennar fjárveitingar að ræða. Það er slík almenn fjárveiting sem var veitt af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að koma til móts við óskir heyrnarlausra um þessa almennu túlkaþjónustu utan skólakerfisins.

[15:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég styð heils hugar tillögu til þál. um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra. Hægt er að segja það í einni setningu: Táknmálið er aðgengi heyrnarlausra að þjóðfélaginu.

Miklar vonir voru bundnar við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra á sínum tíma og þegar hún var sett á laggirnar var það stórt framfaraskref í þágu heyrnarlausra. Ég verð að segja að þegar ráðherrann er spurður að því hvernig standi á því að framlög til Samskiptamiðstöðvar séu lækkuð um svo háa upphæð og svarið er eingöngu það að fjárveitingin sé samkvæmt tillögum Samskiptamiðstöðvar þá sakna ég þess að ráðherrann láti koma fram í hverju það er fólgið, hvað það er sem á að sleppa í þjónustu Samskiptamiðstöðvar eða draga saman sem gerir það að verkum að hægt er að lækka fjárveitingu svo mikið. Vísað hefur verið á nefndina sem er að skoða þessi mál ásamt öðrum undir forustu Sigríðar Önnu Þórðardóttur en ég er fulltrúi stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Á þinginu í fyrra var samþykkt tillaga frá þeirri sem hér stendur um að skoða hvaða félagsleg verkefni á sviði heilbrrn. ættu fremur að vera vistuð hjá félmrn. þar sem það var ítrekað að gerast að það átti að fella algjörlega niður fjárveitingar til ákveðinna stofnana á þeim grunni að þær væru ekki heilbrigðisverkefni. Alþingi bar gæfu til að samþykkja tillöguna og þegar nefndin var sett á laggirnar samkvæmt ákvörðun Alþingis var jafnframt ákveðið af forsrh. samkvæmt tillögu menntmrh. að sama nefnd skyldi skoða það hvaða önnur verkefni sem sköruðust yrðu hugsanlega vistuð í öðru ráðuneyti. Þetta er stórt verkefni sem bíður nefndarinnar og það sem lýtur að heyrnarlausum er eingöngu afmarkaður þáttur, mjög stór þó um sé að ræða e.t.v. litlar upphæðir.

Veturinn 1994–1995 var tryggð fjárveiting til túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa sem höfðu ekki haft aðgang að neinni ákveðinni fjárveitingu til þess að kosta túlkaþjónustu t.d. þegar verið er leita til opinberra stofnana eins og getið er um í þessari þáltill. Það gerðist svo þegar núv. félmrh. kom til starfa í félmrn. að hann veitti fjármagn næsta ár á eftir og sleppti því svo í fyrra þar til mál voru orðin svo erfið og eftir því kallað á Alþingi aftur og aftur hvernig stæði á því að engin fjárveiting væri veitt til þessa mikilvæga þáttar að þá loks var aftur endurtekin 2 millj. kr. fjáveiting til túlkaþjónustu. Það breytir því ekki að veturinn 1994–1995 var sett á laggirnar nefnd til að skoða framtíðarskipan þessara mála og sú nefnd skilaði niðurstöðu fyrir tveimur árum. Ekkert er gert með niðurstöðu nefndarinnar en hins vegar er málinu enn á ný vísað inn í þá nefnd sem hér hefur verið getið um og er undir forustu Sigríðar Önnu Þórðardóttur og það er það sem er alvarlegt.

Flutningsmaður tillögunnar bendir á í greinargerð sinni að mál þetta snúist ekki eingöngu um lagasetningu og ekki eingöngu um það hvort sérstök lög gilda um íslenska táknmálið. Fjármunir og fjárlög þurfi að vera til staðar og nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara til þess að þetta mál geti orðið virkt í þágu heyrnarlausra. Síðasta vor útskrifuðust nokkrir táknmálstúlkar úr Háskóla Íslands og Félagi heyrnarlausra fannst afar brýnt að fyrir lægi að hægt væri að ráða þetta fólk til starfa, tryggja að þetta fólk hyrfi ekki til annarra starfa af því það væru engir fjármunir til staðar til þess að greiða fyrir þá táknmálstúlkun sem er svo brýn. Þess vegna er grundvallaratriði að Alþingi álykti um það að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra eins og lagt er til. Á grundvelli þess er hægt að pressa á það af hálfu Alþingis að til þess að slíkt lagaákvæði verði virkt verði lagt fram fé til túlkaþjónustu. Það er óviðunandi að tilviljunarkennt sé hvort félmrn. af einhverjum óskilgreindum lið — ráðstöfunarlið ráðherra eða úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eða hvað það er hverju sinni, veiti einhverja upphæð sem sýnir sig að hefur verið um 2 millj. kr. þrisvar á undanförnum fjórum árum og að aldrei sé hægt að vita hvort fjármunir muni koma næsta ár, að ekki sé hægt að gera áætlanir í þágu þessa mikilvæga málaflokks með þeirri vitneskju að fjármunir séu til staðar. Ég er sannfærð um að niðurstaða þess nefndarstarfs sem ég á þátt í undir stjórn Sigríðar Önnur Þórðardóttur verður sú að bæði verði tryggt fjármagn og líka að mikilvægt verði að tryggja stöðu heyrnarlausra með lagasetningu. En á meðan ekki er komin niðurstaða í slíkt nefndarstarf og meðan það gerist aftur og aftur að málefnum þessa fólks er vísað í nýja og nýja nefnd til þess að komast hjá því að skipa málum til framtíðar er óöryggi í málaflokknum og þá er Alþingi ekki að sinna skyldu sinni að huga að málum allra, ekki síst þeirra sem minnst mega sín og þeirra sem þurfa svo á okkur að halda að við tryggjum vernd þeirra og rétt. Það hefur okkur ekki tekist. Mál þeirra eru algjörlega sett undir vilja framkvæmdarvaldsins, undir góðfúslegan vilja ráðherra sem setur e.t.v. peninga í túlkaþjónustu og á meðan við höfum ekki skipað þessum málum nægilega er þeim illa komið.

Ég tek einnig fram að eins og það var mikið framfaraskref að Samskiptamiðstöðin var sett á laggirnar þá varð e.t.v. sú nýsetta Samskiptamiðstöð til þess að málefni heyrnarlausra og réttur þeirra til túlkaþjónustu náði ekki inn í lög fatlaðra á sínum tíma fyrir fimm árum. Það þarf að tryggja þessi mál áður en málaflokkur fatlaðra er fluttur til sveitarfélaganna vegna þeirrar hættu að ríkisstjórn haldi að sér höndum með fjárveitingar í málaflokkum sem fyrirhugað er að flytja til sveitarfélaganna og svo gerist það að takmarkað fjármagn verður til þess að sveitarfélögin treysta sér ekki í þróun í málaflokknum.

[15:59]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar umræður eru komnar út á almennt svið varðandi stöðu heyrnarlausra í þjóðfélaginu og raunar út fyrir það sem hv. þm. flytur tillögu um og er til umræðu. Að því er varðar ítrekaðar fsp. um fjárveitingar til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra legg ég áherslu á að á þessu ári hefur Samskiptamiðstöðinni verið komið fyrir í nýju og mjög góðu húsnæði í Sjómannaskólahúsinu

í Reykjavík og hefur verið unnið að því að skapa henni þar viðunandi starfsumhverfi.

Í greinargerð með fjárlögum, og ég hélt að ég þyrfti ekki að lesa úr henni fyrir hv. þm. — hún liggur frammi, segir um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra: „Framlag lækkar um 3,4 millj. kr. að raungildi og verður 15,2 milljónir. Framlag til túlkaþjónustu hækkar um 1,1 millj. kr. að raungildi en framlag til náms táknmálstúlka lækkar um 4,5 millj. kr. þar sem dregur úr náminu." Þetta er skýringin sem liggur fyrir frá Samskiptamiðstöðinni og ráðuneytið hefur farið að tillögunum enda er Samskiptamiðstöðin betur til þess fallin en ráðuneytið að meta hvernig að þessum málum er staðið.

[16:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að umræðan sé komin út fyrir það sem þessi tillaga kveður á um. Það er hárrétt hjá flm. tillögunnar að hún snýst líka um fjármuni. Það þarf að tryggja að það sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, það þarf að tryggja að nemendur fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og það þarf að tryggja að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Við erum búin að setja rétt til táknmálstúlkunar í sum lög, m.a. varðandi skólann. Það vantar annars staðar. Grunnurinn er sá sem ég hef áður nefnt að Alþingi ályktí um að viðurkenna íslenska táknmálið en til þess að það verði virt þurfa þeir hlutir sem ég hef nefnt í ræðu minni að vera í lagi og ekki tilviljunarkenndir. Ég fagna því ef það er rétt niðurstaða að óhætt sé að lækka framlög Samskiptamiðstöðvar til menntunar táknmálstúlka af þeim sökum að þegar sé búið að veita til þeirra sem eru í námi og að ekki þurfi fleiri, vegna þess að það hlýtur að segja okkur að miðað við allar þarfir séu nægilega margir táknmálstúlkar þegar komnir til starfa. Ég fagna því ef það er niðurstaða þó að ég óttist að það þyrfti að mennta miklu, miklu fleiri til að svara því kalli sem kemur þegar þetta fólk fer að verða meðvitað um rétt sinn og farið verður að praktísera það sem algjörlega hefur vantað, sem er táknmálstúlkun í öllum þeim opinberu stofnunum sem nefndar hafa verið.

[16:02]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar mikilvægt málefni sem þarfnast úrlausnar. Heyrnarlausir og heyrnarskertir hafa lengi barist fyrir rétti sínum til táknmálsþjónustu og einnig að táknmálið yrði viðurkennt sem móðurmál þeirra. Hingað til hefur þessi barátta þeirra ekki skilað þeim árangri sem þeir í raun og veru geta sætt sig við.

Ég vil hins vegar taka undir það sem hefur komið fram í máli annarra á undan mér að þessi mál eru nú í ákveðnum farvegi því að sl. vor var skipaður starfshópur forsrn. til þess að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Eitt af þeim verkefnum sem hefur sérstaklega verið vísað til þessa starfshóps er einmitt að fjalla málefni heyrnarlausra og gera tillögur um frambúðarlausn.

Það er rétt að geta þess líka að sl. vor, þ.e. 30. apríl, barst ríkisstjórninni áskorun frá Félagi heyrnarlausra þar sem skorað var á ríkisstjórn Íslands að tryggja rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu í lögum hið snarasta og viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmálið.

Aðalatriðið í þessu máli er að sjálfsögðu að tryggja eðlilega þjónustu við heyrnarlausa í framtíðinni og ég held að við getum öll verið sammála um nauðsyn þess að svo verði.

[16:05]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágætar undirtektir við þessa tillögu og vona að hún verði samþykkt. Þetta er einfalt mál og ekki margt fleira um það að segja. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það athyglisvert að setja niður nefnd með þessum hætti, endilega undir forustu þingmanns stjórnarflokks. Ég veit ekki til þess að íslenska táknmálið hafi mikið meira með ríkisstjórnina að gera en stjórnarandstöðuna og ég held að forusta þessa máls hefði alveg eins getað verið þar. Þetta er í raun og veru dæmigerður smásálarskapur ríkisstjórnarinnar og meirihlutavaldsins sem alltaf er beitt hérna. Það er alveg sama hvað það eru lítil mál. Það er alltaf passað að meiri hlutinn hafi sitt, Framsókn hér og íhaldið þar. Ég segi alveg eins og er að ég treysti ágætlega hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur í þessu máli þrátt fyrir að hún sé í Sjálfstfl. og vona að það verði ekki til þess að skaða málið, ég veit reyndar að hún mun leggja sig fram um að gera þetta vel. En mér finnst þetta dæmigert og seilst alveg ótrúlega langt, jafnvel að þetta litla mál þurfi að vera þannig að þingmaður frá Sjálfstfl. leiði það endilega. En úr því að ráðherrann vill það, þá er það þannig. Við sitjum uppi með hann þangað til hann verður settur af, hvenær sem það nú verður, og það verður bara að búa við það. Ég vona hins vegar að vel verði á málinu tekið og það komi hér inn í vetur og þessi niðurstaða nefndarinnar. Ég vil biðja hv. þm. úr því að hún hefur beðið um orðið, í andsvari trúi ég, að greina frá því hvenær ætlunin er að þessi nefnd skili áliti sem hefur þá áhrif á meðferð þingsins á þessari tillögu. Ég vil ekki fleira um það segja að sinni.

Hæstv. ráðherra nefndi að þetta væri ekki endilega verksvið menntmrh. og það er út af fyrir sig alveg rétt. Ég deili þeim sjónarmiðum að þetta er víðtækara. Það mætti auðvitað hugsa sér að það væri forsrn. sem færi með þetta, en ég sé að hæstv. ráðherra menntamála hefur skipað þessa nefnd sem hefur kannski pínulítið víðtækara svið en það sem heyrir undir menntmrn. Alla vega held ég að það sé alveg nauðsynlegt að hagsmunir heyrnarlausra verði engan veginn bitbein kerfisins í þessu máli. Ég fer fram á að það verði séð til þess. Mér er alveg sama í hvaða ráðuneyti þetta er, bara að málefninu sem slíku verði séð sæmilega farborða.

Það var hins vegar deilt um það á sinni tíð hvort þetta mál ætti að vera í menntmrn. eða félmrn. Félmrn. vildi ekki þetta mál. Þess vegna var það tekið upp í menntmrn. Það er nú orðið langt síðan og ég ætla ekki að rifja upp þá sögu sem ég vona að sé öllum gleymd nema kannski mér. En það var nú þannig og þess vegna var drifið í að setja þessi lög um Samskiptamiðstöðina undir menntmrn., sem aftur þýddi að Samskiptamiðstöðin var í raun og veru takmörkuð við menntamála- og rannsóknaþáttinn, sem aftur hefur orðið til þess að t.d. félmrn. var með eitthvert múður í sambandi við greiðslu fyrir túlka á þessu ári. Það var alveg óskaplega undarlega að því staðið af hálfu hæstv. félmrh. að mér fannst.

Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir rausnarlegt hól í minn garð sem ég átti svo sem ekkert skilið, en ég þakka honum samt fyrir það vegna þess að það er svo sjaldgæft að maður heyri slíkt úr þessum stól. Ég vil bara segja um málið að mjög margir þingmenn hafa komið að því úr öllum flokkum og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarlausir hafa notið þess, þannig að það er mikilvægt

að halda þeirri breiðu samstöðu um málið sem hefur tekist að þróa á undanförnum árum.

Varðandi málið að öðru leyti ætla ég ekki að bæta neinu við. Ég segi það að mér finnst ekki að málið ætti að fara í félmrn. Mér finnst ekki að þessi málaflokkur eigi að fara þangað. Sérstaklega með hliðsjón af því að nú er verið að tala um að flytja fatlaða og þann málaflokk yfir til sveitarfélaganna, þá mundi ég ekki vilja að þessi málaflokkur lenti á einhverjum flækingi á milli sveitarfélaganna. Við megum fyrir alla muni ekki lenda í því því að það hefur tekist að þróa þessa hluti nokkuð vel og loksins er íslenska táknmálið orðið þannig, gegnum rannsóknir og þróunarstarfsemi, að það er að gæðum, málfræðilegum gæðum og uppbyggingu, sambærilegt við það sem gerist t.d. með danska táknmálið fyrir heyrnarlausa, sænska o.s.frv. Ef menn hafa gaman af því að slá upp í tölvunni hjá sér, eins og hæstv. menntmrh. gerir örugglega mjög oft og ég geri a.m.k. mjög oft, hann skrifar meira en ég á kerfið en ég les kannski þeim mun meira stundum, þá sjá menn að þar birtist afar fróðlegur listi yfir táknmál mismunandi þjóða. Það er alveg bersýnilegt að allar menningarþjóðir leggja áherslu á að heyrnarlausir eigi skilyrðislausan rétt á að tjá sig með sínu táknmáli sem er þróað á þeirra forsendum í þeirra landi.

Ég þakka svo að öðru leyti ágætar undirtektir, herra forseti, við málið.

[16:11]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki sæmandi að ljúka þessum umræðum með þeim hnjóðsyrðum sem hv. síðasti ræðumaður lét falla í garð okkar sem höfum staðið að því að koma þessu þó í þann farveg sem það er og síst af öllu í garð hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur sem tók að sér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að leiða þennan starfshóp.

Ég skipaði engan starfshóp um málið. Ég beitti mér hins vegar fyrir því að starfshópur sem fjallar um verkaskiptingu í þágu fatlaðra ... (Gripið fram í.) Forsrh., þetta er málefni forsrn. og það kom fram hér að þetta væri nefnd sem starfar á vegum forsrn. til þess að fjalla um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins á málefnum fatlaðra. Þannig er, að eins og hv. þm. Sigríður Anna gat um þá barst áskorun hinn 30. apríl 1997 frá Félagi heyrnarlausra sem lýkur á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Félag heyrnarlausra skorar hér með á ríkisstjórn Íslands að tryggja rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufdumbra í *túlkaþjónustu* í lögum hið snarasta og viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál okkar."

Og í bréfi 24. júní til hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur felur forsrn. þeim starfshópi sem starfar á þess vegum erindið með eftirfarandi orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin að beina því til starfshóps þess er þér leiðið um verkaskiptingu ráðuneytis í þágu fatlaðra og fleira að fjalla um og taka upp í skýrslu sína tillögur um frambúðarlausn málsins." Þannig að málið liggur alveg skýrt fyrir. Það er unnið að þessu skipulega á vegum forsrn. vegna þess að hér er málefni sem varðar fleiri en eitt ráðuneyti. Ég tel að málið sé í góðum höndum undir formennsku hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur.

[16:13]

**Sigríður A. Þórðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur greinilega ekki hlustað nógu vel áðan því að ég nefndi það sérstaklega að þessi starfshópur væri á vegum forsrn. og hann hefur miklu víðtækara hlutverk heldur en eingöngu að fjalla um málefni heyrnarlausra því að um verkaskiptingu ráðuneytanna í þágu fatlaðra er að ræða.

Einnig kom þetta fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér áðan. Hins vegar var málefnum heyrnarlausra vísað alveg sérstaklega til okkar, þessa starfshóps, eftir að áskorunin kom frá Félagi heyrnarlausra. Ég mun hins vegar leiða hjá mér að bregðast við þessum umræðum um formennsku í starfshópnum. En við munum leggja okkur öll fram að ná góðri frambúðarlausn eða góðum tillögum um frambúðarlausn í þessum málum.

[16:14]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að ég heyri að hér er um að ræða starfshóp sem fjallar almennt um málefni fatlaðra. Það er hvorki um að ræða starfshóp sem fjallar sérstaklega um táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra, né heldur um réttindi heyrnarlausra sérstaklega. Það er ekki um það að ræða. Þá er þetta heldur lakara en ég bjóst við, herra forseti, ég segi það alveg eins og er og ég hefði kallað á ítarlegri umræðu. Og ég harma að hæstv. menntmrh. skyldi ekki skýra þessi mál betur í ræðu sinni áðan. Það er því bersýnilegt að þörf er á að Alþingi samþykki þá tillögu sem hér er til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:15]

**Útbýting þingskjala:**

Áhrif lýsingar við Reykjanesbraut á slysatíðni, 47. mál, fsp. ÁE, þskj. 47.

Sveitarstjórnarlög, 26. mál, frv. HG, þskj. 26.

## *Meðferð einkamála, 1. umr.*

Frv. EKG o.fl., 21. mál (gjafsókn). — Þskj. 21.

[16:15]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Árni M. Mathiesen og Kristján Pálsson. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Fyrri málsliður 1. mgr. 127. gr. laganna orðast svo: Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur af máli, þar með talinn þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær."

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en var ekki rætt, og er það því lagt fram að nýju.

Eins og vakin er athygli á í greinargerð er reglur um gjafsókn meðal annars að finna í XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Hugtakið gjafsókn tekur bæði til gjafsóknar og gjafvarnar og er notað sem samheiti fyrir aðstoð sem aðili getur leitað til að sækja hagsmuni sína eða verja þá í dómsmáli. Ákvæði laganna eru túlkuð með þeim hætti að gjafsókn skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, að því

leyti sem sú skuldbinding sé ekki takmörkuð í gjafsóknarbréfi eða af öðrum fyrirmælum í 127. gr. Í greinargerð með lögunum, eða frumvarpinu réttara sagt, er sérstaklega tekið fram að gjafsókn geti aldrei náð til þess að ríkið beri að auki þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli.

Hér er verið að taka af tvímæli í þessu máli og leggja til að ríkinu beri líka skyldur til þess að ábyrgjast það að gjafsóknarhafi þurfi að greiða gagnaðila sínum málskostnað af máli. Með þessu frv. er verið að leggja til að þessum reglum um gjafsókn, sem ég rakti áðan, verði breytt og sá málskostnaður sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli verði ríkið skuldbundið til að bera ábyrgð á ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær.

Ég hef í huga ákveðin dæmi sem ég ætla aðeins að rekja hér á eftir. En fyrst vil ég aðeins vekja athygli á því að í XX. kafla um gjafsókn eru settar niður mjög strangar reglur um það hvenær gjafsóknin er veitt. Í fyrsta lagi verður hún að fara fyrir tiltekna nefnd, gjafsóknarnefnd, sem verður að veita umsögn um málið, og gjafsóknin fæst því aðeins að þessi gjafsóknarnefnd hafi gefið vilyrði fyrir því.

Í öðru lagi verður málstaður umsækjenda, eins og segir í lögunum, að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og skilyrðin sem sett eru eru í fyrsta lagi, með leyfi virðulegs forseta, að

„a. að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, en við mat á efnahag hans má eftir því sem á við einnig tekið tillit til eigna og tekna maka hans eða sambýlismanns eða eigna og tekna foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda."

Af þessu má sjá að þær reglur eða þau skilyrði sem eru sett fyrir því að einstaklingur geti fengið gjafsókn eru býsna ströng og þó að hér sé verið að leggja til nokkra breytingu á meðferð þessa hluta einkamálalagakaflans, þá er fráleitt að ímynda sér að það muni þýða mikla opnun eða mikla fjárhagslega hættu, ef við getum orðað það svo, fyrir ríkissjóð eða hættu á því að hér verði um að ræða stöðu sem ríkissjóður verði mjög krafinn gjalda af því að reglurnar um gjafsóknina eru svo strangar.

Við skulum taka hér fullkomlega tilbúið dæmi sem kannski getur skýrt þá hugsun sem er á bak við þetta frv. Setjum sem svo að einstaklingur A telji sig þurfa að leita réttar síns gagnvart einstaklingi B. Hann leitar á náðir dómsmrn. sem sendir mál hans til gjafsóknarnefndar. Niðurstaðan er sú að viðkomandi einstaklingur A fær leyfi til þess að höfða mál og fær gjafsókn frá dómsmrn. Ef við segjum sem svo að niðurstaðan í málaferlunum sé sú að einstaklingur B sé sýknaður af ákæru eða af kröfum einstaklings A og niðurstaðan er sú, sem er mjög oft, að einstaklingur A er ekki gjaldfær, getur ekki greitt þó að hann sé dæmdur til þess að greiða til að mynda málskostnað þess stefnda, þá situr einstaklingur B í þessu tilviki uppi með ærinn kostnað, lögfræðikostnað af máli sem dómsmrn. ber á vissan hátt ábyrgð á að var höfðað. Þess vegna er eiginlega sú hugsun á bak við þetta litla frv. að ríkið, sem í þessu tilviki hefur gefið heimild til þess að höfða gjafsóknarmál, en það er út af fyrir sig náttúrlega sjálfsagður hlutur að það úrræði sé til staðar, beri fulla ábyrgð á því máli. Vitaskuld er það þannig að þeim sem dæmdur er ber í fyrsta fallinu að greiða þann dóm sem felldur er yfir honum. En ef svo fer, eins og hér er gert ráð fyrir, að gjafsóknarhafinn er ógjaldfær, þá er auðvitað eðlilegast að sá sem ber ábyrgðina á því að málið var höfðað geti komið þar inn í og ábyrgist þessa greiðslu gagnvart þeim sem er fullkomlega saklaus í málinu og má segja að sé eins konar þolandi.

Það er þetta, virðulegi forseti, sem frv. felur í sér. Ég tel að þetta sé einfaldlega réttlætismál og varði líka réttaröryggi og sé þess vegna alveg sjálfsagður hlutur að sá sem gefur réttinn axli líka sínar skyldur, ábyrgðina að fullu.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til viðeigandi nefndar og 2. umr.

[16:23]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs aðallega til þess að taka undir þá hugmyndafræði sem hvílir að baki því frv. sem hér er lagt fram sem felur í sér ákveðna útvíkkun á gjafsóknarhugtakinu, þ.e. að ríkið ábyrgist greiðslur þess aðila sem verður fyrir því að gjafsókn er leyfð í máli, þ.e. að dómsmrn. í þessu tilviki sem er ákveðin frumforsenda þess að mál sé höfðað, ríkið beri þá líka ábyrgð á því ef sá aðili sem mál er höfðað gegn vinnur málið því að eitt af frumskilyrðum þess að gjafsókn er veitt er það að efnahagur þess sem sækir mál sé það veikur að ekki sé hægt að reikna með því að hann geti sótt málið óstuddur. Því er hér vissulega ákveðin réttlætishugmynd að baki þessu máli sem vert er að taka undir.

Það er þó tvennt sem vekur mig til umhugsunar í þessu. Það er annars vegar hvort útvíkkun á hugtakinu með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um muni leiða til þess að ríkið muni þá verða tregara til þess að veita gjafsókn því að það er hugsanlegt að ríkið muni þá verða fyrir meiri búsifjum ef málið tapast. Hin hugleiðing mín á þessu máli er síðan skilgreining á hugtakinu ógjaldfær, þ.e. hversu langt þarf sá að ganga sem vinnur mál og þarf að sækja það mál á hendur þeim sem gjafsókn fékk. Þarf að ganga alla leið til þess að gera hann gjaldþrota áður en til þess kemur að hann geti mætt upp í ráðuneyti og sagt sem svo: „Maðurinn er ógjaldfær." Hvaða hugsun hvílir hér að baki? Það getur náttúrlega verið verulegur kostnaður í því að fá einstakling gerðan gjaldþrota því að m.a. þarf að leggja fram að mig minnir 150 eða 200 þús. kr. til þess að gera mann gjaldþrota og ég fæ ekki alveg séð af þessu frv. hvaða hugleiðingar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er með að baki þeirri skilgreiningu því það getur verið verulegur kostnaður til viðbótar. Ég vildi því velta því upp við þingmanninn hvað hann eiginlega hugsaði sér í þessum efnum.

Að öðru leyti vil ég taka undir þetta mál. Ég held að þetta sé þarft mál og vert að skoða það frekar.

[16:26]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem málið fékk í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Hv. þm. vakti máls á tveimur atriðum sem vissulega eru þess virði að við hugleiðum. Í fyrsta lagi spurði hv. þm.: Er líklegt að dómsmrn. verði tregara til þess að veita gjafsókn eftir að þetta yrði að lögum en ella? Ég held að ekki sé ástæða til þess að óttast það svo mjög. Við þekkjum það, eins og ég rakti hér áðan, að reglurnar sem gilda um gjafsóknina í dag eru mjög þröngar. Menn þurfa að fara í gegnum þröngt nálarauga áður en menn fá heimild til gjafsóknar. Ég held þess vegna að þegar dómsmrh. í þessu tilviki fyrir hönd ríkisins gefur slíkar

heimildir, þá geri hann það yfirleitt í trausti þess að hann hafi unnið mál, hann hafi mál sem hann telji að varði miklu og sé þess vegna ástæða til þess að höfða. Ég held að þetta út af fyrir sig mundi ekki breyta mjög miklu um það. Það eru ekki mörg gjafsóknarmál höfðuð á hverju ári. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um það í dómsmrn. hversu mörg þau væru, en fékk ekki tæmandi upplýsingar um það og teldi t.d. gott að hv. þingnefnd sem málið fengi til umfjöllunar mundi kanna það til þess að átta sig á umfanginu. Ég held því að sú litla opnun sem þetta frv. felur í sér eigi ekki að hafa neina meiri háttar röskun í för með sér. Eins og hv. þm. nefndi hér áðan er þetta fyrst og fremst tilraun til þess að reyna að skapa aukið réttaröryggi og þetta er réttlætismál.

Í öðru lagi spurði hv. þm., og það var líka mjög gild spurning, hvað væri átt við með hugtakinu ógjaldfær. Ég vil segja það sem mína skoðun og túlkun á þessu frv. að ég tel að til að mynda árangurslaust fjárnám ætti að nægja til þess að leiða í ljós hvort viðkomandi aðili er gjaldfær eða ógjaldfær. Ég er alveg sammála því t.d. að það að ganga svo langt að krefjast gjaldþrotaskipta yfir einstaklingi af svona tilefni væri alveg fráleitt. Ég hef sjálfur talað fyrir því, m.a. hér í þinginu og annars staðar, að ég tel að ríkið gangi allt of langt í því að knýja einstaklinga í gjaldþrot af sáralitlu tilefni og ég vakti athygli á því með því að leiða það fram í svari við fyrirspurn, sem ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. á síðasta þingi að ég hygg, að kostnaður ríkisins af því að knýja einstaklinga í gjaldþrot nemi mörgum milljónatugum án þess að nokkuð fengist upp í viðkomandi kröfu. Þetta tel ég að sé mjög óskynsamlegt og ekki nokkur einstaklingur sem þyrfti að bera sjálfur ábyrgð á sínum fjármunum mundi láta sér detta það í hug að knýja menn í gjaldþrot undir slíkum kringumstæðum. Það er bara ríkið eitt og sér nú orðið í landinu sem hegðar sér þannig að það knýr menn í gjaldþrot, borgar 150 þúsund kall og tapar þessum 150 þúsund kalli. Þetta er bara fóður fyrir lögfræðinga og ekkert annað sem slík málsmeðferð hefur í för með sér. Því tel ég að það sé fráleitt að ganga svo langt að láta reyna á með gjaldþrotabeiðnum og tel að árangurslaust fjárnám væri nægjanlegt til þess að leiða slíkt í ljós.

En fleiri athugasemdir hafa ekki komið fram um þetta sem ég tel ástæðu til þess að fara yfir og ég þakka hv. þm. fyrir jákvæðar viðtökur við frv.

[16:30]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hv. þm. við þeim fyrirspurnum sem ég lagði fram, en hugleiðingum mínum um hvort þetta leiddi hugsanlega til fækkunar er ekki hægt að biðja hv. þm. um að svara vegna þess að þróunin mun leiða það í ljós.

Hitt vildi ég aðeins nefna, þ.e. hvenær menn teljist ógjaldfærir og vildi svona varpa þeirri hugmynd inn í þá umræðu að frv. yrði breytt í þá veru, þ.e. þegar fyrir lægi árangurslaust fjárnám þannig að menn þyrftu ekki að velkjast í neinum vafa um hvað hér væri átt við.

Að öðru leyti vil ég enn og aftur taka undir þetta mál og legg til að þingnefnd skoði þetta mjög vel því ég held að þetta sé vissulega réttlætismál þegar menn sem vinna mál í tilvikum þar sem gjafsókn hefur veitt þurfa hugsanlega að sitja uppi með málskostnað. Ég held að þetta sé mikið réttlætismál og hvet þingnefnd endilega til þess að skoða það með jákvæðu hugarfari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Félagsleg aðstoð, 1. umr.*

Frv. ÁRJ og MF, 23. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 23.

[16:31]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 23, 23. máli, sem fjallar um umönnunargreiðslur eða umönnunarlaun. Þetta er frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða hver sá sem heldur heimili með og annast ellieða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis á rétt á greiðslum fyrir umönnunarstörf á heimili þeirra. Upphæð þessara greiðslna skal ákveða með reglugerð sem ráðherra setur. Við ákvörðun um upphæð greiðslna skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar og tekna vegna vinnu utan heimilis. Ráðherra skal setja reglugerð um mat á umönnunarþörf lífeyrisþega."

Þetta er mál í svipaða veru og ég hef flutt nokkrum sinnum áður og einnig hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Þetta er mikið jafnréttis- og réttlætismál. Eins og málum er háttað í dag getur aðeins maki elli- eða örorkulífeyrisþega fengið umönnunargreiðslur, svokallaðar umönnunar- eða makabætur, leggi hann niður störf vegna umönnunar á heimili þeirra. Það er sem sagt aðeins maki hans sem getur fengið greitt fyrir þau störf. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. 4. gr. gildandi laga. Þegar börnin eru síðan orðin 16 ára fá þau sjálf örorkubætur séu þau metin til örorku. En þó að umönnunin haldi áfram af hálfu foreldranna er ekki um neinar slíkar greiðslur að ræða til foreldra.

Við erum hér sem sagt að leggja til þá breytingu að það verði ekki einungis maki sem hafi þennan rétt heldur að hver sá sem heldur heimili með og annast lífeyrisþegann eigi rétt á greiðslum fyrir umönnun. Við teljum þó rétt að setja þau skilyrði að viðkomandi geti ekki eða takmarkað vegna umönnunarstarfa sinna stundað vinnu utan heimilis, þ.e. að hann leggi þá niður störf eða geti ekki sinnt öðrum störfum nema að hluta. Það er eðlilegt að ráðherra ákveði síðan með reglugerð hver upphæð þessara greiðslna verður og þá ber að taka tillit til annarra tekna er launþeginn hefur af vinnu utan heimilis. Jafnframt skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar lífeyrisþegans sem í hlut á. Þá er ráðherra falið að setja reglugerð um mat á umönnunarþörf, þ.e. hver metur og hvað skal metið, en nauðsynlegt er að koma á samræmdu mati á hjúkrunarþörf vistmanna á öldrunarstofnunum.

Eins og menn þekkja í dag, þá er tekið nokkurt tillit til þess við greiðslu makabóta hvort makinn stundar vinnu utan heimilis eða ekki með umönnunarstörfunum og greiðast hálfar makabætur til þeirra sem stunda einhver störf utan heimilis en fullar ef makinn sinnir umönnunarstörfunum eingöngu. Við teljum sem sagt að þetta eigi að gilda um alla þá sem sinna þessum störfum.

Eins og við þekkjum í dag, er það einn stærsti vandi stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu að skortur er á ódýrari vistunarúrræðum. Það er svokallaður fráflæðivandi, sem er ákaflega ljótt og leiðinlegt orð, sem er notaður um þetta, þ.e.

þegar umönnunarsjúklingar teppa sjúkrarúm vegna þess að það vantar önnur úrræði. Þetta er ákaflega dýrt fyrir heilbrigðiskerfið eins og hæstv. heilbrrh. þekkir. Þess vegna tel ég að það yrði mikill sparnaður og hagræðing fyrir heilbrigðiskerfið og rekstur sjúkrahúsanna ef úrræði eins og þetta sem við leggjum til í þessu frv. verða til staðar, þ.e. að fleiri en makar geti fengið greitt fyrir slíka vinnu.

Það er ekki aðeins að ódýr vistunarúrræði teppi dýr sjúkrarúm á sjúkrahúsunum. Það eru ekki næg hjúkrunarheimili. Það vantar hjúkrunarrúm. Ég ætla að nefna Sjúkrahús Reykjavíkur sem dæmi. Fram komu upplýsingar í sumar um það hvernig ástandið þar væri vegna þessa vanda sem við er að stríða, að það voru 2.000 fleiri legudagar en nauðsynlegt var á sjúkrahúsinu vegna þess að ekki var hægt að senda fólk til umönnunar annað. 2.000 legudagar í dýrustu sjúkrarúmum í fjóra og hálfan mánuð, þ.e. sumarið í sumar, eru náttúrlega geysilega mikil útgjöld fyrir hið opinbera. Og gróflega reiknað, ef maður miðar bara við það sem þeir, sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt almannatryggingunum, eru rukkaðir fyrir vegna sjúkrahúsvistar, þá mundi þetta kosta um 80 millj. Ég held að yfirstjórnin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hafi reiknað þetta út miðað við launakostnað og þar hafi þeir komist að svipaðri niðurstöðu þannig að það er hægt að sjá að þetta eru geysileg útgjöld fyrir spítalana.

Það var athugað núna 19. september sl. hvernig þessi mál stæðu og þá biðu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur 82 sjúklingar eftir öðru úrræði og þar af voru 58 sem biðu eftir úrræði fyrir utan Sjúkrahús Reykjavíkur, en 24 af þeim hefðu átt að liggja á öðrum deildum. Ég efast því ekki um að ef þau úrræði hefðu verið fyrir hendi hjá einhverjum af þessum sjúklingum að þeir hefðu getað farið heim á heimili sín og fengið umönnun þar, þá hefði verið hægt að leysa a.m.k. hluta af þessum vanda.

Það hefur einnig komið fram samkvæmt upplýsingum frá Ríkisspítölunum að svipað ástand ríkir þar. Það er gífurleg þörf fyrir umönnun á heimilum hér á landi og ég vil nefna dæmi frá Reykjavík. Ef við skoðum tölur yfir ástandið í Reykjavík, þá bíða nú um 400 einstaklingar á biðlistum eftir stofnanavist, bara hér í Reykjavík. Þetta er fólk sem er umönnunarþurfi og er heima hjá sér og af þessum 400 eru 254 í mjög brýnni þörf eftir vistun. Ég leyfi mér að efast um að allir þessir 254, hvað þá allir af þessum 400 eigi maka til að annast þá heima.

Mig langar aðeins vegna þessarar umræðu að vitna í sérfræðing, Michael Creedon frá Bandaríkjunum, sem talaði á ráðstefnu um lífeyrismál aldraðra sem var hér haldin í lok september og var á vegum öldrunarráðs og Landssambands aldraðra. Þar kom þessi sérfræðingur sem hefur stundað rannsóknir í öldrunarmálum í Bandaríkjunum og einnig starfað við svipuð mál á Nýja-Sjálandi, Pakistan og Írlandi og séð um lagasetningu um öldrunarmál í Japan og víðar. Hann var einmitt að ræða þetta með umönnunarmálin á heimilunum. Hann benti á að eftir því sem heilbrigðisþjónustan batnar, þá hefur það í för með sér að líf fólks verður lengra og það þarfnast meiri umönnunar og þarfnast hennar lengur og því megum við búast við því að útgjöld heilbrigðiskerfisins muni aukast vegna þessa á komandi árum. Þess vegna eigum við auðvitað að koma á ódýrari úrræðum eins og lagt er til í þessu frv. Það er hinn svokallaði stuðningur við velferðarkerfi fólksins sjálfs, þar sem fólkið sjálft og fjölskyldan tekur að sér að sinna sínum nánustu og við eigum að gera fólki það kleift. Það hefur sýnt sig í könnunum að sjúklingar, aldraðir og öryrkjar kjósa að fá að dvelja heima með sínum nánustu eins lengi og unnt er og það eigum við að gera fólki kleift.

Það á líka að taka tillit til þess hverjar eru óskir aldraðra sjálfra. Við eigum að spyrja fólkið: Hvernig þjónustu viljið þið? Það er tilhneiging hjá stjórnvöldum að taka ákvarðanir fyrir fólk, þykjast vita betur hvað aldraðir og sjúkir þurfa og vilja í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Það þarf ekki aldraða til.) Það þarf ekki einu sinni aldraða til, það er rétt. Það er lögð rík áhersla á það í allri umræðu um öldrunarmál, um þessi málefni um umönnunarþurfi fólk, að tekið sé tillit til þess hvað fólkið vill. Og í þessu tilviki, ef menn fá þjónustuna heima á heimilunum, þá er það ódýrasti kosturinn. Við getum bara borið það saman við hvað það kostar að liggja í dýru sjúkrarúmi kannski dögum saman, hvað þá mánuðum. Það kom einnig fram í þessari umræðu að það er mikilvægt að þjónusta í velferðarkerfinu á að raska sem minnst lífi þeirra sem þarfnast umönnunar og það er einmitt í takt við það sem við leggjum til í frv. Við verðum að styðja fjölskylduna til að rækja það hlutverk að annast sína nánustu þegar heilsuleysi ber dyra.

Við fjölluðum þó nokkuð um lög um réttindi sjúklinga á síðasta ári og víða í öðrum löndum eru menn líka farnir að tala um réttindi þeirra sem annast sjúka. Það hefur verið umræða um það hjá Evrópusambandinu að setja reglur um réttindi þeirra sem sinna umönnunarstörfum. Það sem við erum að leggja til hérna er að auka réttindi þeirra sem sinna í raun umönnunarstörfum í dag.

Við nefnum í greinargerðinni að nauðsynlegt sé að setja reglur um mat á umönnunarþörf og í greinargerðinni er vitnað til verkefnisins Daglegs lífs á hjúkrunarheimili sem unnið var árið 1994. Það var rannsóknaverkefni sem var unnið í samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, öldrunarlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og nokkurra hjúkrunarheimila. Í framhaldi af því verkefni var sett reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. Á sama hátt mætti koma á samræmdu mati á heilsufari og aðbúnaði lífeyrisþega í heimahúsi sem gæti gefið raunsanna mynd af þörf á hjúkrun og annarri aðhlynningu. Við matið mætti hafa vistunarmat það sem nú er byggt á í öldrunarþjónustunni sem viðmið að einhverju leyti.

Eins og kom fram í máli mínu er ljóst að mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta þá ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar, þá er ekki hægt að senda sjúklinga út af heilbrigðisstofnun vegna þess að úrræði eru ekki fyrir hendi, þá er mikilvægt að huga að þessari leið og gera aðstandendum kleift að sinna þessum störfum. Að miða aðeins við greiðslu til maka til þeirra sem eru um önnunarþurfi er óréttlátt og ósanngjarnt. Við vitum að til er fólk sem annast uppkomin börn sín, fólk sem annast foreldra, tengdafólk og aðra ættingja og það á ekki rétt á neinum greiðslum fyrir þau störf samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Og það samræmist alls ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þá sem það annast.

Það hefur líka komið fram, samanber þessa ráðstefnu öldrunarráðs og Landssambands aldraðra sem ég vitnaði í, að nútímaáherslur í heilbrigðisþjónustu eru þær að lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er ef þeir óska þess og að þeir fái þjónustu þar. Það eru líka rökin fyrir því að það sé ekki bara makinn sem fái greitt fyrir þetta.

Því hefur líka oft verið lýst yfir á undanförnum árum af hálfu íslenskra stjórnvalda að stefnt skuli að því að aldraðir og öryrkjar geti dvalist sem lengst í heimahúsi, það sé hagkvæmasta og besta og manneskjulegasta leiðin varðandi aðbúnað þessa þjóðfélagshóps. Margir lífeyrisþegar sem þarfnast mikillar umönnunar dveljast í heimahúsum en þeir eru þó miklu fleiri sem veldu þann kost að dveljast heima ef þess væri nokkur kostur. Munur á lífskjörum einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu er mjög mikill. Sumir hafa efni á því að vera heima, þeir sem hafa rúmar ráðstöfunartekjur og mikinn tíma fyrir fjölskylduna, á meðan stór hópur þarf að vinna langan vinnudag en býr engu að síður við þröngan fjárhag. Og vegna bágra kjara er margri fjölskyldunni ókleift að annast lífeyrisþega á heimili. Ef frv. verður samþykkt þýðir það að aðstandendur lífeyrisþega eiga rétt á launum fyrir umönnunarstörf á heimili en ekki eingöngu maki lífeyrisþega eins og nú, heldur börn, tengdabörn og allir þeir aðrir sem halda heimili með honum og veita honum hjúkrun og aðra umönnun sem viðkomandi þarfnast. Og það er löngu tímabært að þessi störf á heimilum verði metin að verðleikum.

Vegna þess að við gerum hér að umtalsefni reglugerð sem setja þurfi um þessar greiðslur, þá verður að mínu mati að koma inn í slíka reglugerð að umönnunarstörf lífeyrisþega verði einnig metin þegar aldraður eða öryrki sinnir sínum nánasta sem einnig er lífeyrisþegi. Svo er ekki nú. Ég get nefnt sem dæmi hjón þar sem eiginmaðurinn fær áfall. Hann er lífeyrisþegi og er algerlega umönnunarþurfi á heimilinu. Eiginkonan er nokkrum árum yngri, ekki orðin lífeyrisþegi en fer í mjög erfið umönnunarstörf við að sinna sínum manni. Hún á rétt á makabótum í dag, fær þær greiddar og þessi störf eru metin við hana á meðan hún sinnir þeim. Um leið og hún nær 67 ára aldri er hætt að meta þessi störf við hana. Hún fær reyndar sinn ellilífeyri sem hún er náttúrlega búin að öðlast rétt á samkvæmt greiðslum í formi skatta og e.t.v. í lífeyrissjóði en hún fær ekki af hinu opinbera metin þessi störf sem hún var að vinna þangað til hún varð 67 ára og til þessa verður auðvitað að taka tillit. Reyndar er litið til þess í tryggingakerfinu með hækkaðri uppbót en það er ekki nóg. Hún er orðin mjög tekjutengd. Það verður að meta þessi störf til greiðslna því að það er verið að sinna þarna mikilvægum störfum fyrir velferðarkerfið.

Ég tel einnig að í reglum eða reglugerð sem sett yrði um slíkar umönnunargreiðslur, verði að tryggja greiðslur fyrir umönnun einstaklings sem nýtur endurhæfingarlífeyris. Endurhæfingarlífeyrir, eins og e.t.v. einhverjir þekkja hér, er tímabundinn lífeyrir á meðan fólk er að ná sér eftir alvarleg veikindi eða slys og það hefur oft komið upp að aðstandendur hafa þurft að hætta tímabundið atvinnu sinni til að sinna sínum nánustu eftir slík tilvik, þ.e. eftir slys og sjúkdóma og það verður auðvitað að meta þau störf einnig því að fólk verður af launum og jafnvel missir vinnuna, þeir sem fara í það að sinna sínum nánustu á heimilum. Ég tel því mjög mikilvægt að þessar greiðslur verði metnar einnig til þeirra lífeyrisþega sem eru á endurhæfingarlífeyri, sérstaklega núna í seinni tíð eftir að farið var að setja þjónustugjöld á þá sem eru í endurhæfingu, þá sem þurfa á sjúkraþjálfun að halda, iðjuþjálfun og talþjálfun eftir áföll eins og er nú eftir 1. september þegar farið er að íþyngja þessum hópi með greiðslu hluta kostnaðar sem ekki var áður. Og þá er oft þröngt í búi hjá fólki, ekki bara aukin þjónustugjöld heldur engin greiðsla fyrir umönnunarstörf nema maki sé að sinna þeim. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt.

Áður en ég lýk máli mínu þakka ég hæstv. heilbrrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu og mig langar til að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún sé nokkuð með á döfinni að taka upp umönnunargreiðslur sem þessar til fleiri en maka. Ég veit að þetta hefur verið á stefnuskrá hennar flokks í mörg ár en ekkert hefur bólað á því að hún, í þeirri stöðu sem hún er þar sem hún gæti komið þessum réttarbótum á í kerfinu, hafi gert nokkuð í því og ég vildi gjarnan fá svar við þessu hjá hæstv. ráðherra. Mun hún setja á slík umönnunarlaun eða styðja frv. sem þetta til þess að koma á réttlæti og bæta úr því ástandi sem nú ríkir í heilbrigðisþjónustunni þar sem ekki er um ódýrari úrræði að ræða fyrir umönnunarsjúklinga og þeir taka dýr rúm eins og kvartað er yfir á sjúkrahúsunum? Ég efast ekki um að hæstv. ráðherra sjái hversu mikill sparnaður, hagræðing og réttlæti felst í þessu máli og þess vegna bið ég hana um að segja okkur hér hvort það standi til. Ég veit að þetta er og hefur verið lengi á stefnuskrá Framsfl. og ég trúi því ekki að það sé samstarfsflokkurinn sem komi í veg fyrir að mál sem þetta verði að lögum.

Herra forseti. Ég vil í lok máls míns leggja til að þegar þetta frv. verður fullrætt í dag, þá verði því vísað til hv. heilbr.- og trn.

[16:53]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er lagt fram var einnig lagt fram á síðasta þingi en síðan hafa umönnunarbætur breyst verulega. Sér í lagi hafa umönnunarbætur breyst varðandi langveik börn. Þær hafa hækkað. Það umhverfi sem fólk býr við í dag er betra en það var þegar þetta frv. var lagt fram í fyrstu. En það á að sjálfsögðu eingöngu við um þau langveiku börn sem fá hækkun umönnunarbóta.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir fór nokkrum orðum um sjúka aldraða og taldi upp þá miklu þörf sem er fyrir hjúkrunarheimili. Það er hárrétt hjá hv. þm. að mikil þörf er fyrir hjúkrunarrými. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um tölur í þeim efnum. Þær tölur sem liggja fyrir hjá okkur eru að um 200 einstaklingar bíða eftir vistun. Við höfum komið til móts við þá þörf á ýmsan hátt. Með opnun Skógabæjar verður rými fyrir um 80 einstaklinga þegar allt er komið í gagnið, 34 einstaklingar eru þegar komnir þar inn. Á næsta ári opnum við heimilið að fullu. Einnig mun Landakot opna á næstu dögum öldrunarsjúkrahús sem er það fyrsta sinnar tegundar á landinu. Það standa til breytingar á Vífilsstaðaspítala þar sem hjúkrunarrúmum verður fjölgað. Breytingar verða einnig í Víðinesi en þar verður hjúkrunarrúmum fjölgað. Þetta kemur til móts við þá miklu þörf sem er í þjóðfélaginu fyrir langlegu.

Hvað varðar það frv. sem liggur fyrir um auknar bætur til þeirra sem annast sína nánustu í heimahúsum, þá höfum við verið að fikra okkur áfram með hækkun umönnunarbóta eins og kom fram í máli mínu áðan. Það skref sem stigið var með breytingu á lögum í fyrravor hefur gefið góða raun og við fikrum okkur áfram á sömu braut.

[16:56]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði í efnislegri niðurstöðu í máli sínu að hún mundi fikra sig áfram. Það var nákvæmlega það sem ég óttaðist, herra forseti. Ég veit ekki í hvaða átt hún ætlar að fikra sig í þessum efnum vegna þess að það sem vantaði í svar hæstv. ráðherra voru efnislegar und-

irtektir við málið sjálft. Ég hlýddi á allt mál hæstv. ráðherra og ég gat ekki fest hendur á því hvað henni finnst um málið. Ég veit að hún er í eðli sínu, eins og flestir framsóknarmenn, góð kona, góð manneskja. Ég er sannfærður um að hún vill gera allt sem hún getur gert til að létta undir með þeim sem bera of þungar byrðar. Ekki síst þess vegna, herra forseti, hefði verið fróðlegt að fá fram hjá hæstv. ráðherra þó ekki væri nema sýn hennar til langs tíma um það hversu brýnt þetta mál er eða hvort hún telur það skipta einhverju máli.

Mér fannst hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir flytja mjög ítarleg rök fyrir því að þetta mál er að líkindum ekki aðeins líklegt til að spara talsvert heldur líka líklegt til að auka og efla hamingju og velferð þeirra sem eru orðnir aldraðir eða eiga við einhvers konar örkuml að stríða í þeim mæli að þeir geti ekki séð um sig sjálfir. Ég spyr mig, herra forseti, ef ég væri það gamall orðinn eða ef ég ætti við einhvers konar örkuml að stríða sem gerði það að verkum að ég gæti ekki séð um mig sjálfur, hvar vildi ég helst verja því sem ég ætti ólifað? Heima hjá mér þar sem ég hefði búið langa ævi eða á einhvers konar hjúkrunarheimili eða spítala? Það er engin spurning um að ég sjálfur mundi að sjálfsögðu vilja vera innan um mína persónulegu muni í því umhverfi þar sem minningar mínar hefðu leikið um dag hvern, miklu frekar en búa á hjúkrunarheimili sem vissulega væri vel í stakk búið til að sjá vel um mig. En það er bara allt önnur veröld og það er það sem þetta gengur út á.

Hæstv. ráðherra hefur oftar en einu sinni lýst því sem sinni skoðun, og ég held ríkisstjórnin öll, að það sé mjög gott til frambúðar að reyna að hjálpa fólki til að vera eins lengi heima hjá sér og hægt er. Ég veit ekki um neitt frv. í gangi í dag, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar né stjórnarandstöðunnar, sem beinlínis leggur fram hugmynd um það hvernig hægt er að taka á málum einhvers fjölda fólks sem á um sárt að binda og hjálpa því fólki til að dvelja heima hjá sér.

Mér finnst líka að það skipti máli, herra forseti, þegar menn annaðhvort játa eða synja tillögu af þessu tagi eða einfaldlega þegar menn reyna að nálgast hana málefnalega til að meta gildi hennar, að fyrir liggi einhvers konar skoðun á málinu. Ég velti því t.d. fyrir mér þegar hæstv. ráðherra segir að það sé því miður svo að um 200 manns bíði núna eftir vistunarrými á einhverjum hjúkrunarheimilum, þá þætti mér betra að vita hversu margir af þeim kynnu e.t.v. að vilja dvelja heima og geti dvalið heima ef tillaga af þessu tagi væri orðin að lögum. Ég held að til að hægt sé að komast að raun um hversu góð þessi hugmynd er sem hér er varpað fram í tillöguformi þurfi menn t.d. að vita staðreyndir eins og þessar. Menn þyrftu líka að vita hversu margir af þeim sem eru á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum gætu verið heima hjá sér ef þeir gætu notið stuðnings einhvers venslamanns sem fengi til þess einhvers konar umönnunargreiðslu af því tagi sem hér er reifað.

Hvers vegna velti ég þessu fram, herra forseti? Vegna þess að mér er annt um ekki bara velferð þessa fólks og hamingju heldur líka um það fjármagn sem ég sem skattgreiðandi reiði af höndum í ríkissjóð. Hvernig er því best varið? Hver er ódýrasti kosturinn fyrir fólk sem er í þessari stöðu? Ég mundi ætla að það væri langódýrast fyrir alla viðkomandi að hægt væri að hjálpa þeim til þess að vera heima hjá sér og það liggur fyrir að þeir vilja það. Það er ábyggilega það langódýrasta og ég velti því fyrir mér hvort ekki gæti falist ákveðinn sparnaður í þeirri tillögu sem hér er verið að ræða um. Mér finnst vanta þennan þátt í rök ráðherrans. Vissulega talaði hún ekki gegn málinu. Hún talaði ekki með því heldur. Hún talaði út og suður þegar hún festi sig við málið sjálft.

Ég held líka að þessi tillaga sé til þess fallin að eyða ákveðnum ójöfnuði sem menn sæta eftir hjúskaparstöðu. Lögin í dag eru fortakslaust þannig að það er einungis makinn sem á kost á umönnunargreiðslu. En, herra forseti, hvað með þá sem eiga engan maka? Hvað með þá sem hafa aldrei átt maka? Hvað með þá? Af hverju eru þeir settir fyrir borð í þessu máli? Ég held að þegar þessi lög voru upphaflega sett hafi þetta verið einhvers konar vankönnun á aðstæðum þessa hóps. Mér finnst í dag þegar menn eru að tala um það t.d. að reyna að efla fjölskylduna, reyna að mismuna mönnum ekki eftir sambúðarformi eða hvort þeir eru í sambúð, þá sé þetta úr öllum takti við það sem er að gerast og ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst henni ekki eins og lögin standa í dag að þarna sé um að ræða ójöfnuð gagnvart þeim sem ekki eiga neinn maka? Ég spyr hana líka hvort hún hafi látið gera könnun á því hversu margir eða hvort einhverjir af þeim sem eru á hjúkrunarheimilum mundu vilja og geta verið heima hjá sér ef þeir ættu kost á því að einhver venslamaður þeirra fengi greiðslu til þess að annast þá. Ég held að þetta skipti miklu máli og ég spyr hæstv. ráðherra líka: Af þeim hópi sem nú bíður eftir vistunarrými, hefur það verið kannað hve stór hluti hans gæti verið heima hjá sér lengur ef frv. af þessu tagi yrði að veruleika?

[17:03]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég bendi á að þau atriði sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi er mjög mikilvægt að athuga og kanna. Og ég kalla aftur eftir því að fá svör hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem ég varpaði fram í máli mínu fyrr.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að það hefur verið bætt úr umönnunargreiðslum vegna langsjúkra barna. Það gerðum við í vor og tókum fyrir í heilbr.- og trn. og það er auðvitað af hinu góða. En það kom líka fram í máli mínu í upphafi að það eru greiddar umönnunarbætur fyrir umönnun barna til 16 ára aldurs. Mörg þessara barna eru umönnunarþurfi mun lengur og mörg þessara barna eru börn alla ævina, ef svo má að orði komast, og þurfa alltaf sína umönnun, en hún er ekki metin eftir 16 ára aldur þannig að auðvitað þarf að taka á þessum málum víðar en bara að hækka umönnunarbætur barna sem var auðvitað af hinu góða. En það sem þetta frv. snýst um er umönnun þeirra sem eru orðnir 16 ára og eldri og þær reglur gilda um nú að það sé aðeins maki sem fái laun fyrir þau umönnunarstörf.

Vegna orða ráðherrans um þörfina á vistun hér í Reykjavík, án þess að ég ætli að vera með orðhengilshátt, þá hef ég hér upplýsingar, alveg nýjustu upplýsingar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, og það er 391 sem bíður eftir stofnanavist í Reykjavík. Og auðvitað er full ástæða til þess að kanna það hvort eitthvað af þessu fólki geti verið heima og vilji vera heima ef lögum yrði breytt í þá veru sem lagt er til í þessu frv.

Á síðasta ári lagði ríkisstjórnin fram frv. um fjölskyldustefnu. Auðvitað er það liður í því að hlúa að fjölskyldunni, að gera fjölskyldunni kleift að vera sem lengst saman, að styðja við bakið hvert á öðru ef það er mögulegt og ef vilji er fyrir hendi. Auðvitað á lagabreyting eins og sú sem hér er lögð til að vera hluti af fjölskyldustefnu í landi eins og okkar þar sem við búum við það sem á að heita gott velferðarkerfi. Þess vegna er þetta ákvæði í lögum um félagslega aðstoð

sem nú er í gildi úrelt, það er gamaldags og það er ekki í takt við tímann. Við eigum að breyta þessu.

Ég vil einnig minna á það að í þau skipti sem þetta mál hefur verið lagt fyrir hér á þingi áður hefur það verið sent til umsagnar. Og það er undantekningarlaust að allir þeir sem hafa sent inn umsagnir um málið telja að þetta frv. séu mjög mikilvægar og nauðsynlegar réttarbætur fyrir sjúka, og það sé mjög mikilvægt að það verði að lögum. Þess vegna kalla ég eftir því aftur til hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að Framsfl. sem fer nú með heilbrrn. er ekki búinn að koma þessum réttarbótum á? Ég veit að heilbrrh. Guðmundur Bjarnason í sinni tíð hafði uppi áform um slíkar breytingar en kom þeim ekki í verk og ég kalla bara eftir því. Hvernig stendur á því að það er ekki búið að því núna þegar þessi flokkur er búinn að fara með ráðuneytið í rúm tvö ár ef það hefur í raun verið vilji fyrir því að breyta þessu? Ef menn eru að tala hér um fjölskyldustefnu þá verða þeir að vera tilbúnir að ganga til enda og breyta lögum til þess að bæta ástandið, sérstaklega hjá þeim fjölskyldum sem eiga um sárt að binda, þar sem veikindi og fötlun herjar á þannig að ég kalla eftir því aftur: Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera? Það er búið að breyta umönnunarbótum barna til hins betra og það er gleðiefni, en auðvitað þarf að hugsa þetta lengra og það þarf að taka á málunum eins og gert er í frv. Ég bið hæstv. ráðherra um að svara þessum spurningum. Varla er það samstarfsflokkurinn sem stoppar. Ef svo er, þá er bara gott að það komi fram í þessari umræðu, ef það er Sjálfstfl. sem ekki vill koma á þessari réttarbót.

[17:08]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hafa umönnunarbætur breyst á kjörtímabilinu og þar sýndi heilbr.- og trn. ágæt vinnubrögð og vann hratt með okkur það frv. sem kom frá þeirri sem hér stendur og það eru breytingar til bóta.

Varðandi það mál sem hér liggur fyrir, þá er þetta mjög stórt mál. Hér hefur hv. formaður heilbr.- og trn. spurt að því hvort það hafi verið metið, hvort þeir sem núna bíða eftir hjúkrunarvist inni á sjúkrahúsum til að mynda mundu velja þann kostinn að vera frekar heima ef umönnunarbætur væru hærri. Þetta höfum við skoðað, að vísu ekki vísindalega, en við höfum skoðað þetta nokkuð gróft. Og það kemur í ljós að þeir sjúklingar sem bíða eftir vistun eru fyrst og fremst að bíða eftir hjúkrunarheimilisvistun, sem sé fullu öryggi. Þetta er fólk sem þarf á það mikilli hjúkrun að halda að venjuleg heimaþjónusta dugar ekki.

En það sem við höfum líka verið að gera að undanförnu er að auka heimahjúkrun mjög verulega og margir einstaklingar í dag fá sólarhringsheimahjúkrun sem ekki var en það breytir mjög miklu um að fólk geti verið sem lengst heima.

Þessi spurning, að meta gildi ódýrasta kostsins og líka óska sjúklingsins hverju sinni, það er oft mjög mismunandi mat eftir því hver þjóðfélagsstaða einstaklingsins er. Þá kem ég að þeirri spurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson varpaði fram, hvort við værum ekki að mismuna þeim sem eru giftir. Það liggur í hlutarins eðli að einstaklingur sem býr aleinn heima, á ekki nána ættingja, er einstæðingur, hann óskar fyrr eftir að fara á dvalarheimili heldur en hinir sem eiga nána ættingja. En lífeyriskerfið er þannig uppbyggt og styrkjakerfið að þeir sem búa einir hafa hærri bætur heldur en hinir sem búa með maka sínum.

[17:11]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að lífeyriskerfið er þannig að þeir sem búa einir fá hærri bætur, en það er ekki mikið sem þar munar á milli. En við erum að ræða hér um þá sem eiga ættingja sem búa með þeim og fólk sem er umönnunarþurfi og þessir ættingjar eru tilbúnir að sinna. Við erum að tala um að því fólki verði greitt fyrir þau störf þannig að það geti látið af annarri vinnu og sinnt sínum nánustu til að styðja við fjölskylduna.

Hæstv. ráðherra talar um að þeir sem sækja um stofnanavist eða hjúkrunarrými í dag séu að leita að fullu öryggi. Er það ekki fullt öryggi ef við tryggjum að þeir sem annast sína nánustu á heimili fái greitt fyrir það, að þá sé þetta fullt öryggi að þeir verði áfram heima hjá sér? Ég veit ekki betur en þeir sem lenda inni á hjúkrunarheimilum margir hverjir lendi þar í öryggisleysi af því að þeir eru í ókunnu umhverfi og það hefur komið fram í könnunum að fólki líður best að geta verið sem lengst heima.

Vissulega eru margir sem fá sólarhringsheimahjúkrun. En það er ekki það sama og að vera með umönnun sinna nánustu sem búa með manni. Það er ekki það sama. Vissulega er þörf fyrir heimahjúkrun og það þarf auðvitað heimahjúkrun oft líka til stuðnings við þá sem sinna umönnun á heimilunum, þ.e. ættingjana. Það þarf heimahjúkrun og það þarf heimaþjónustu til viðbótar. En það er full ástæða til að skoða þennan möguleika, að koma til móts við þá sem vilja vera heima. Það er ódýrt fyrir samfélagið og það er mannúðlegt og það er sanngjarnt og það er réttlætismál. Það á ekki að miða aðeins við það að þeir sem eiga maka geti fengið slíka þjónustu.

[17:14]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að reyna að ræða þetta mál málefnalega við hæstv. heilbrrh. og ég vænti þess að það sé ekki viljandi sem hún hefur verið að draga þetta mál svona talsvert langt út í móa með því að taka hér dæmi sem ekki voru nefnd af okkur sem tókum þátt í þessari umræðu fyrr í dag. Hún nefnir það að eðli málsins samkvæmt hafi einstaklingur sem er orðinn aldraður eða örkumla engan náinn venslamann til þess að sjá um sig og þess vegna séu það einmitt slíkir menn sem vilji komast sem fyrst inn á einhverjar stofnanir. Hæstv. ráðherra fer fullkomlega með rétt mál í þessum efnum. En það sem við erum að tala um með þessu frv. er einfaldlega að hjálpa þeim sem hafa venslamenn. Við vitum um dæmi þess að tengdabörn jafnvel, börn eru reiðubúin til þess, jafnvel um eitthvert árabil, að gefa upp launuð störf til þess að annast einhvern sem þeim þykir mjög vænt um og sem þau hafa tengst í gegnum allt sitt líf, annast hann á heimili viðkomandi. Það er göfug hugsun, það felur í sér ákveðna fórnfýsi af hálfu þeirra, en er þá ekki sanngjarnt að ríkið komi með einhverjum hætti til móts við þetta fólk? Það er kannski ekki einu sinni sjálfgefið að ríkið geri það. En ef við ætlum að nota þann mælikvarða sem hæstv. heilbrrh. hefur í vaxandi mæli beitt á þau mál sem hún er að véla um, þ.e. krónur og aura, þá hlýtur niðurstaðan líka að vera sú að þetta geti sparað þegar til langs tíma er litið. Og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Telur hún ekki að þetta auki svolítið á lífshamingju þeirra sem eiga um sárt að binda og kannski ekki mikið eftir, að geta fengið að vera heima hjá sér með venslafólki sínu? Telur hún ekki líka að þetta geti sparað,

þegar til langs tíma er litið og allt er tínt til, fjármagn fyrir hið opinbera? Ég held að það sé engin spurning um það.

Ég sagði áðan, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hefði reynt að teyma þetta mál út í móa. Ég gæti fært ýmis rök fyrir því en það er kannski ekki rétt að tefja þessa umræðu lengur. En mér þætti samt vænt um að hæstv. ráðherra kæmi og svaraði þessu.

[17:17]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi svarað málefnalega nú þegar og hafi ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið. Þetta mál fer til hv. heilbr.- og trn. og verður metið þar. Ég býst við því að nefndin vinni málið af mikilli samviskusemi enda er formaðurinn ötull í starfi en ég vil ekki taka það til mín að allt sé metið í krónum og aurum sem ég legg fram. Það er langt frá því að það sé rétt. En það er nauðsynlegt að þegar um svona stórmál er að ræða sé nákvæmt kostnaðarmat við frv. Þær kröfur eru gerðar almennt þegar unnið er að fjárlögum þannig að þetta mál fer til hv. heilbr.- og trn. og verður að öllum líkindum fullunnið þar því að töluvert vantar upp á að málið sé fullunnið.

[17:18]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er loksins kominn botn í málið. Hér kemur yfirlýsing frá hæstv. ráðherra um að málið fari inn til heilbr.- og trn. og verði fullunnið þar vegna þess að það vanti eitthvað upp á það. Það getur vel verið að eitthvað skorti á varðandi gerð þessa frv. en ég tel að hún leggi það veganesti með þessu máli inn í nefndina að það eigi að fullvinna það og þar með eigi að leggja málið fram til samþykktar í vor eða fyrr. Ég fagna því vegna þess að ég held að þegar upp er staðið muni hæstv. ráðherra komast að því, ef hún beitir ekki kvarðanum sem felst í því að telja krónur og aura, að þetta eykur lífshamingju fólks og það er til nokkurs að vinna í stjórnmálum að geta lagt það lóð á vogarskál að það bæti velferð fólks. Sannanlega gerir þetta mál það. Ég segi fyrir mig að ekki skal standa á formanni hv. heilbr.- og trn. að vinna þetta mál.

Hæstv. ráðherra hefur áður leitað til nefndarinnar og nefndin hefur fúslega dregið hann og ráðuneytið að landi þegar kemur að umönnunarbótum. Hæstv. ráðherra nefndi áðan að hún hefði nú þegar beitt sér fyrir því að umönnunarbætur breyttust og það er rétt að það var gert varðandi langsjúk börn og þar var það heilbr.- og trn. sem kom til bjargar einum degi fyrir þinglok og keyrði málið í gegn og það var bara sjálfsagt mál og gott. En það var sjálfsagt líka að tína það hér til að það mál kostaði ráðuneytið ekki eina einustu krónu. Það var forsenda málsins eins og það var lagt upp hér að það ætti ekki að kosta neitt og þannig var málið afgreitt. Ég stóð í deilum sem stjórnarandstæðingur en formaður heilbr.- og trn. í heila nótt við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem var ekki algerlega sammála málinu.

En gott og vel, herra forseti. Það hefur tekið dálítinn tíma að draga afstöðu upp úr hæstv. ráðherra og oft þarf nánast að beita töngum til þess. En nú hefur, tel ég, hæstv. ráðherra lýst því yfir þó í myrku máli sé að henni finnist málið gott. Það hlýtur að vera því að þetta er nánast framhald af stefnu Framsfl. og ekki skal standa á mér að reyna að hrinda þeim parti af stefnu Framsfl. í framkvæmd.

[17:20]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. formaður heilbr.- og trn. kallar það að draga að landi að vinna með ráðuneytinu má hann orða það nákvæmlega eins og honum sýnist. Það er algert aukaatriði í málinu. Ég held að við séum að róa á sömu braut. Við erum að bæta ... (**ÖS:** Sömu mið.) Ja, það er ekkert endilega mið því að hv. þm. hefur kannski ekki leyfi til að róa á mið. (**ÖS:** Og gerir það.) En það er eins og annað aukaatriði í málinu. Aðalatriðið er að ég tel málið að mörgu leyti mjög hrátt. Það er ekkert kostnaðarmat á þingmálinu og það er eftir að fara nákvæmlega í gegnum hvað frv. þýðir og það er að sjálfsögðu vinna sem fer fram í heilbr.- og trn. Hv. formaður mun eflaust kalla það þegar hann er búinn að vinna það mál að hann sé að draga að landi hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur ef hann heldur áfram uppteknum hætti.

[17:22]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Frv. er allrar athygli vert. Umræðan sem hefur farið fram er um margt merkileg en ég held samt sem áður að menn hafi farið villir vegar þegar umræðan snýst um það að menn fái fullt félagslegt öryggi ef peningar koma til. Margt annað liggur þarna að baki.

Ég er alveg sammála hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, að full ástæða er til þess að fara ofan í þann biðlista sem liggur fyrir í ráðuneytinu um vistun aldraðra á hjúkrunarheimilum og skoða hvernig væri hugsanlega hægt að létta róðurinn fyrir þá öldruðu ef frv. næði fram að ganga og einhverjir ættingjar eða maki væri tilbúinn til þess að taka að sér störf heima til þess að sinna þeim sem glíma við sjúkleika eða örorku vegna öldrunar.

Oft er talað um að heimahjúkrun sé ódýrari kostur fyrir aldraða en hjúkrunarheimili. Um 1984 var sérstök könnun gerð á vegum Reykjavíkurborgar um kostnaðarmismun annars vegar á því að þjóna þeim sem sjúkir eru og aldraðir í heimahúsi eða að vista þá á hjúkrunarheimili. Sú niðurstaða leiddi í ljós að það var dýrari kostur að hafa þann aldraða heima og kosta til þeirri hjúkrun sem þeir einstaklinar þurftu er ástandið var kannað hjá.

En allt um það, vissulega er full ástæða til þess að skoða frumvarp það sem hér liggur fyrir og mér finnst ekki óeðlilegt þó að ráðuneytið leiti leiða til þess. Hins vegar eins og hefur komið fram áður í umræðunni er það alvarlegt mál sem við stöndum frammi fyrir að það skuli vera slíkur fjöldi aldraða sem er í brýnni þörf eftir því vistunarmati sem fram hefur farið og er í mikilli þörf að komast á hjúkrunarheimili eða á vistheimili. Ekki er einungis mjög mikil og brýn þörf fyrir hjúkrunarheimili. Alls kyns félagslegar aðstæður liggja að baki þörfinni fyrir því að komast á vistheimili.

Þetta mál mun vissulega koma til hv. heilbr.- og trn. og þar verður það skoðað. Ég á sæti í þeirri nefnd og mun auðvitað óska eftir því, sem ég reikna með að hv. formaður heilbr.- og trn. Össur Skarphéðinsson muni einnig gera, að leitað verði til þeirra aðila að hafa með vistunarmat að gera til þess að fá upplýsingar um það hvað frv. gæti þýtt og hversu mikil nauðsyn er á að hraða þeirri vinnu sem snýr að hinum peningalega þætti málsins. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að fullt öryggi hinna öldruðu fer ekki saman við að gengið verði frá frv. til laga um greiðslur til þeirra

er vilja annast þá öldruðu í heimahúsum. Þó að leiðir liggi nokkuð saman eru þetta samt tvö algerlega óskyld mál. Þeir sem sinna öldrunarþjónustu verða oft varir við það er hausta og skyggja tekur að miklu meiri þörf vaknar hjá hinum öldruðu á að komast á hjúkrunarheimili eða öldrunarheimili sem stafar einfaldlega af því að skammdegið og þeir litlu möguleikar til þess að vera úti við og hreyfa sig verða þess valdandi að fólk finnst sér mjög áfátt í öryggi og leitar þá eðlilega til þess þar sem það finnur öryggi.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan mun málinu væntanlega verða vísað til heilbr.- og trn. þar sem ég ásamt öllum öðrum nefndarmönnum, hvort sem það eru sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn, mun vissulega skoða málið og fjalla um það en ég endurtek að það skiptir miklu máli hvað kæmi út úr könnuninni sem bæði ég og hv. 15. þm. Reykv. erum sammála um að lögð verði nokkur vinna í.

[17:28]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég fagna því að tekið er vel undir að farið verði út í könnun til að skoða hver vilji aldraðra og þeirra er þurfa umönnun, hver áhugi er á slíku úrræði sem lagt er til hér. Hæstv. ráðherra talar um að þetta sé ófullburða frv. þar sem kostnaðarmat vanti. Kostnaðarmat, hæstv. ráðherra, hlýtur náttúrlega að liggja fyrir í ráðuneytinu því að fyrirrennari hennar í starfi, flokksbróðir hennar, Guðmundur Bjarnason, lagði fram frv. í líka veru. Hann hlýtur að hafa haft það nokkuð fullburða og það hlýtur að vera til einhver vinna sem hefur verið unnin áður en hann lagði sitt mál fram.

*Ef ekki, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er hún tilbúin til* þess að fara út í könnun á því hvað þetta muni kosta, hvað það muni spara í heilbrigðisþjónustunni að fara út í að opna þennan kost fyrir þá sem þurfa umönnun í heimahúsi? Mun hún beita sér fyrir því að það verði farið út í þá vinnu? Sá hv. þm. sem talaði á undan mér talaði um komið hefði fram í könnun að það væri dýrara fyrir sjúkling sem þarf umönnun að vera heima en á hjúkrunarheimili. Ég var að bera saman við sjúkrahúsvistina vegna þess að mörg rúm á sjúkrahúsunum eru teppt vegna þess að það eru ekki úrræði fyrir hendi til þess að fólk geti farið út af sjúkrahúsunum í aðra vist eins og á hjúkrunarheimili eða á heimili þar sem umönnun er fyrir hendi.

Hv. þm. talaði einnig um það að í skammdeginu ykist eftirspurnin eftir stofnanavist. Ég get vel ímyndað mér það og sérstaklega eins og komið er núna þar sem fólki er ekki gefinn kostur á því að hafa umönnun heima nema ef það á maka. Auðvitað er það einmanalegt og dapurlegt að sitja einn heima í skammdeginu og kannski skiljanlegt að fólk vilji þá komast inn á hjúkrunarheimili. Auðvitað eru allir mögulegir fletir á því máli og einstaklingsbundnar aðstæður. Hann nefndi einnig að frv. veitti ekki fullt öryggi. Auðvitað veitir þetta ekki öldruðum fullt öryggi en það væri mjög til bóta ef þessu væri komið á. Að sjálfsögðu eru margir aðrir þættir sem þyrfti að koma til til þess að aldraðir og þeir sem þurfa umönnunar fengju fullt öryggi. Það er heldur ekki endilega inni á hjúkrunarheimilunum þannig að þetta er margslungið mál.

En ég fagna því að menn skuli hafa farið út í umræðuna og að heilbr.- og trn. ætlar að að skoða frv. nánar. Sambærilegt frv. hefur legið í heilbr.- og trn. nokkrum sinnum og verið sent þar til umsagnar eins og ég hef minnst á og því gleðilegt að nú á að taka nánar á málinu og kanna fleiri þætti þess þannig að slík löggjöf gæti orðið að veruleika.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 17:32.

---

# 4. FUNDUR

þriðjudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosningar til Alþingis, frv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð einkamála, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Álbræðsla á Keilisnesi, 64. mál, fsp. HG, þskj. 64.
Álbræðsla Norsk-Hydro, 65. mál, fsp. HG, þskj. 65.
Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, 53. mál, þáltill. HG, þskj. 53.
Fjáraukalög 1997, 55. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 55.
Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, 63. mál, fsp. HG, þskj. 63.
Kjör stjórnenda Pósts og síma, 49. mál, fsp. ÖJ, þskj. 49.
Lífsiðfræðiráð, 54. mál, þáltill. HG, þskj. 54.
Olíuhreinsunarstöð, 62. mál, fsp. HG, þskj. 62.
Sala raforku um sæstreng, 66. mál, fsp. HG, þskj. 66.
Schengen-málið, 67. mál, fsp. HG, þskj. 67.
Umboðsmaður barna, 59. mál, frv. KB o.fl., þskj. 59.
Vegtenging Vopnafjarðar við hringveginn, 61. mál, fsp. HG, þskj. 61.
Þingvallaurriðinn, 17. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 17.

***Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.***

[13:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar:

*Frá efh.- og viðskn. að Vilhjálmur Egilsson hafi verið* kjörinn formaður nefndarinnar og Ágúst Einarsson varaformaður.

Frá menntmn. að Sigríður Anna Þórðardóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Hjálmar Árnason varaformaður.

Frá sjútvn. að Steingrímur J. Sigfússon hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Árni R. Árnason varaformaður.

Frá félmn. að Kristín Ástgeirsdóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Tenging bóta almannatrygginga við laun.

[13:34]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú að við erum að fara ræða fjárlagafrv. Á bls. 432 í fjárlagafrv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Kynnt er lagabreyting sem er væntanleg um að „ákvæði um hækkun bóta sem sett voru til bráðbirgða með lögum nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verði gerð varanleg". Hér er ríkisstjórnin að boða að bætur úr almannatryggingakerfinu muni í framtíðinni ekki vera tengdar launum. Þetta setti ríkisstjórnin á með bráðabirgðaákvæði sem hefði runnið út um næstu áramót. Nú boðar hún að þetta skuli gert varanlegt. Eldri borgarar eiga að fá að koma á hnjánum til ríkisstjórnarinnar í hvert skipti að afloknum kjarasamningum eða við önnur tækifæri þegar ástæða er til að hækka bætur úr almannatryggingakerfinu.

Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að spyrja um þetta boðaða frv., hvort það verði lagt fram strax í tengslum við fjárlagaumræðuna, vekja jafnframt athygli á því að við þingmenn, Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn., höfum lagt fram frv. sem er á þskj. 15 þar sem kveðið er á um að bætur úr almannatryggingakerfinu skuli taka mið af breytingum sem verða á launum, sem sagt að setja þetta eldra form í gildi aftur. Ég vil af tilefni þess spyrja forseta hvort hann muni greiða fyrir því að þetta frv. komi hér fljótt til afgreiðslu þannig að eldri borgarar, sem sáu ástæðu til að fjölmenna á Austurvöll og mótmæla ríkisstjórninni og stefnu hennar gagnvart öldruðu fólki, þar á meðal því ákvæði sem ég er að gera að umtalsefni, geti séð afstöðu ríkisstjórnarflokkanna í atkvæðagreiðslu eins og fljótt og hægt er. Því það er afdráttarlaust að stefna ríkisstjórnarflokkanna kom fram í þessu ákvæði í frv. sem hingað til hefur ekki verið vakin athygli á.

[13:37]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Á bls. 432 í fjárlagafrv. er yfirlit yfir þær lagabreytingar sem þarf að gera til þess að fjárlagafrv. standist og geti staðist á næsta ári. Slíkar breytingar er venja að gera á hverju hausti. Það sem kannski einkennir núna þessar breytingar er hversu fáar þær eru. Þetta eru breytingar á nokkrum lögum sem eru talin upp á bls. 432 og þar á meðal þarf að breyta almannatryggingalöggjöfinni. Það er fyrst og fremst eitt sem rekur okkur til þess og það er að samkvæmt núgildandi lögum er ekki heimilt að hækka bætur almannatrygginga nema um 3% án þess að sérstök lög komi til. Það verður að flytja lagafrv. vegna þess að bætur almannatrygginga, þar á meðal bætur til eldra fólks, hafa hækkað talsvert umfram þessi 3%. Brýna nauðsyn ber til þess að flytja þetta lagafrv. því að ríkisstjórnin ætlar að tryggja að fullorðið fólk og þeir aðrir sem njóta bóta almannatrygginga fái bótahækkanir umfram þær launahækkanir sem hafa orðið í landinu. Um það snýst þetta lagafrv. en auk þess mun að sjálfsögðu, þó að ég þekki frv. ekki í einstökum atriðum, verða tekið á nauðsynlegum breytingum sem þarf að gera til þess að hægt sé að vinna á eðlilegum grundvelli í þessum málum. Ég vil taka fram að hér er fyrst og fremst átt við það að færa í löglegan búning það sem ríkisstjórnin gerði, og var kannski á tæpu vaði í sumar, þegar bætur voru hækkaðar nokkuð umfram launahækkanir. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, virðulegi forseti. En vegna þess að hér er ekki ætlunin að fram fari efnisumræða um þetta mál, það getur beðið þar til í sjálfri umræðunni á eftir, þá vil ég upplýsa þingheim að ríkisstjórnin er að útbúa þau frv. sem hér eru tiltekin og þau munu væntanlega koma fram á hinu háa Alþingi innan tíðar.

[13:39]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vonar að þessar skýringar hæstv. fjmrh. dugi. Varðandi það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði um frv. sem hann er 1. flm. að, þá mun forseti í samráði við hann sem 1. flm. reyna að koma því máli sem fyrst á dagskrá.

[13:40]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er að sönnu rétt að það mun gefast tækifæri til þess að ræða þetta mál sérstaklega bæði hér síðar í dag og einnig er frv. það kemur til umræðu sem minnst hefur verið á. En ástæðan fyrir spurningu hv. þm. Ágústs Einarssonar er auðvitað það sem stendur á bls. 432 um að sú breyting sem kveðið var á um í lögunum nr. 144/1995 verði gerð varanleg. Það stendur hér og því er ekki að undra að spurt sé á þessum degi, þegar samtök aldraðra gera svo rækilega vart við sig sem raun bar vitni hér utan dyra. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi það að kjör aldraðra fylgi almennum launakjörum í landinu? Það hlýtur að vera réttmæt krafa, ekki síst eftir allar þær skerðingar og tekjutengingar sem aldrað fólk hefur orðið fyrir bæði í tíð núverandi ríkisstjórnar og fyrrverandi, að knúið sé á um hver stefnan sé og hvort meiningin sé að binda áfram í lögum að kjör aldraðra hækki eftir ákveðinni prósentutölu meðan aðrir fá umframhækkanir og svo sé kannski verið að reyna að lappa upp á þetta einhvern veginn og einhvern veginn. Hér þarf auðvitað miklu meiri stefnumörkun að eiga sér stað og því ástæða til þess að spyrja hvað þessi klausa þýðir.

[13:41]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hér hafa verið veitt og ekki hvað síst það sem hæstv. forseti sagði, að hann mundi greiða fyrir því að frv. okkar kæmi fljótt á dagskrá. Hins vegar eru svör ráðherra ótvíræð. Hann ætlar að standa við það, það er ekki hægt að skilja hann öðruvísi, að þessi tenging verði afnumin. Hann ætlar hins vegar að hafa svigrúm, telji hann að 3%-svigrúmið sé ekki nægjanlegt. Það á sem sagt að vera sami leikurinn gagnvart bótum úr almannatryggingakerfinu og var hér sl. vor. Og það vita allir hvernig verið hefur með bætur úr almannatryggingakerfinu á undanförnum árum og var lýst ágætlega hér í ræðu Benedikts Davíðssonar áðan.

Þetta hefur venjulega tekið lögbundið mið af launabreytingum, oft á tíðum er samið um þetta í kjarasamningum. Í vor hækkuðu laun nokkuð vel, lægstu laun, og þá voru bætur almannatrygginganna hækkaðar minna heldur en tilefni var til. Það var ekki fyrr en Kjaradómur var búinn að ákveða mun hærri launabreytingar til æðstu embættismanna og eldri borgarar voru búnir að fara með mikla skýringaherferð í þjóðfélaginu, að ríkisstjórnin sá að sér og bætti aðeins við. Eldri borgarar eru gjörsamlega háðir geðþóttaákvörðunum þessarar ríkisstjórnar og svo á að vera áfram. Ég bendi á að við höfum lagt fram þessa tillögu áður. Við gerðum það í tengslum við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Þá felldu í nafnakalli allir þingmenn stjórnarinnar þessa tillögu okkur. Mig minnir að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hafi setið hjá en allir hinir, ráðherrar og óbreyttir þingmenn sem tala núna um hag aldraðra, felldu þá tillögu sem hér er verið að gera að umtalsefni. Ríkisstjórnin ætlar greinilega að halda sínu striki áfram. Það verður efnisumræða um þetta mál og annað sem tengist öldruðum í tengslum við fjárlagaumræðuna sem við erum nú að hefja.

### *Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.*

Frv. SvG, 13. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SvG, 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Meðferð einkamála, frh. 1. umr.*

Frv. EKG o.fl., 21. mál (gjafsókn). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Fjárlög 1998, 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:46]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er um það milli þingflokka að fyrstu ræðumenn, þ.e. talsmenn þingflokkanna, hafi allt að tvöfaldan ræðutíma í fyrri ræðu sinni. Að öðru leyti gilda ákvæði þingskapa um ræðutíma og ræðufjölda og forseti væntir þess að hæstv. fjmrh. stytti líka ræðu sína.

[13:46]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 og er það sjöunda fjárlagafrv., sem ég mæli fyrir á hinu háa Alþingi. Í ræðu minni mun ég fjalla um helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum eins og þau birtast í þessu fjárlagafrumvarpi. Enn fremur geri ég sérstaka grein fyrir þeim breytingum sem verða á framsetningu frv. í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor.

Ekki leikur vafi á, að ríkisstjórninni hefur í öllum meginatriðum tekist að ná efnahagsmarkmiðum sínum. Stöðugleiki ríkir í efnahagslífinu og hagvöxtur hér á landi er meiri en í þeim löndum, sem við helst berum okkur saman við. Kjarasamningar hafa verið gerðir til þriggja ára án þess að markmiðum um stöðugt verðlag hafi verið fórnað. Á næstu árum gefst því tækifæri til að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja enn frekar. Þá er ljóst að jafnvægi hefur náðst í ríkisfjármálum eins og þetta frv. ber með sér, en það er forsenda þess að draga megi úr skuldum ríkissjóðs, lækka vexti og koma í veg fyrir aukna skattbyrði almennings í framtíðinni.

Fjárlagafrv. endurspeglar helstu áherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Annað árið í röð er gert ráð fyrir afgangi á fjárlögum, eftir samfelldan halla frá miðjum síðasta áratug. Þetta er til marks um þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en fyrsta skrefið í átt til jafnvægis var stigið með fjárlögum ársins 1996. Mikilvægt er að stefna að frekari afgangi á ríkissjóði á næstu árum til þess að lækka skuldir ríkisins og draga úr þeim vaxtakostnaði sem hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til. Traustari staða ríkisfjármála hefur einnig gert kleift að lækka skatta heimilanna og auka útgjöld til velferðar- og menntamála.

Áður en lengra er haldið vil ég undirstrika fjögur atriði, sem ég tel mikilvæg í þessu fjárlagafrv. fyrir árið 1998:

Í fyrsta lagi byggir frv. á nýjum fjárreiðulögum, en það þýðir gjörbreytta framsetningu.

Í öðru lagi er frv. skilað með afgangi, hvort sem litið er á gamla grunninn (greiðslugrunninn) eða nýju aðferðina (rekstrargrunninn).

Í þriðja lagi lækka útgjöld og skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Í fjórða lagi minnkar lánsfjárþörfin um 8 milljarða milli áranna 1997 og 1998 ef áform frv. ganga eftir. Þannig verður hægt að grynnka á skuldum um 5 milljarða og vinna gegn viðskiptahalla og þenslu.

Með þeim breytingum sem gerðar verða á framsetningu fjárlaganna verður mun auðveldara að bera saman tölur í fjárlögum og ríkisreikningi en áður. Slíkur samanburður hefur þeim mun meira vægi þegar tekið er tillit til þess að

ríkisreikningur er nú lagður fram í upphafi þings á haustin samkvæmt lögum, en til skamms tíma tíðkaðist að leggja reikninga fram á Alþingi mörgum árum síðar.

Ég vík nú að helstu niðurstöðum frv. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldi áfram að batna á árinu 1998. Miðað við hefðbundnar uppgjörsaðferðir, á greiðslugrunni, svarar niðurstaða frv. til 3,2 milljarða kr. tekjuafgangs, en samkvæmt nýju framsetningunni, á rekstrargrunni, er gert ráð fyrir rúmlega hálfum milljarði kr. í afgang. Til samanburðar má nefna að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1996 var 8,7 milljarða kr. halli á ríkissjóði, miðað við rekstrargrunn. Þótt þessar tölur séu ekki að öllu leyti sambærilegar vegna breyttrar framsetningar gefa þær samt vísbendingu um þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum að undanförnu.

Bætt afkoma kemur enn skýrar í ljós þegar horft er á breytingar á lánsfjárþörf ríkissjóðs milli ára, en þessi mælikvarði gefur um margt gleggri mynd af áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið. Árið 1997 er áætlað að ríkissjóður taki 3,1 milljarð kr. að láni til að mæta skuldbindingum sínum. Samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1998 verður hins vegar grynnkað á skuldum um tæplega 5 milljarða kr. Þannig er breytingin á lánsfjárþörfinni um 8 milljarðar á milli ára. Mikilvæg skýring á þessum umskiptum er sú að nú er áformað að selja hlutabréf ríkisins í mun meira mæli en áður, en það skilar sér með beinum hætti í minni lánsfjárþörf. Bætt afkoma ríkissjóðs hefur einnig sömu áhrif. Hvort tveggja hefur mikilvæg áhrif á efnahagslífið.

Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu á árinu 1998 skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að heildartekjur á árinu 1998 verði um 137,6 milljarðar kr. eða tæplega 7 milljörðum hærri en á árinu 1997, miðað við eldri uppgjörsaðferð. Hærri tekjur má einkum rekja til aukinna veltuskatta, tekjuskatts fyrirtækja og tekna af sölu eigna. Á móti vegur lögákveðin lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 1,9% um næstu áramót og áhrif lækkunar um 1,1% á árinu 1997 sem koma fram að hluta á greiðslugrunni ársins 1998. Samkvæmt nýja uppgjörinu er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði 163,5 milljarðar kr. á rekstrargrunni, en sjóðshreyfingar um 156 milljarðar kr.

Að teknu tilliti til þessara breytinga lækka skatttekjur ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu umtalsvert, eða um 0,6% frá fyrra ári. Þessi lækkun svarar til rúmlega 3 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna árið 1998. Meðal annars er stefnt að sölu á eignahlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. Jafnframt er fyrirhugað að nýta heimild til sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Að svo stöddu er ekki ljóst hve miklum tekjum eignasalan getur skilað, en miðað er við að 1,9 milljarðar kr. komi fram á tekjuhlið. Þá ber að hafa í huga að þar er einungis færður söluhagnaður bréfanna, þ.e. söluverðmæti umfram skráð nafnverð bréfanna. Sala hlutabréfanna skilar hins vegar mun hærri heildarfjárhæðum í ríkissjóð, en þær koma fram sem fjármagnshreyfingar og skila sér í minni lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar með lækkun skulda.

Virðulegi forseti. Vegna ranghugmynda þeirra sem ekki hafa kynnt sér frv. en hafa engu að síður lýst áliti sínu á því, vil ég sérstaklega undirstrika það að 1,9 milljarðar kr. koma á tekjuhlið hvort sem litið er á gamla eða nýja grunninn. Með öðrum orðum verður afkoman 1.900 millj. kr. lakari, bæði á gamla og nýja grunninum ef engin sala á sér stað. Samkvæmt frv. er reiknað með að eignir sem eru bókfærðar í ríkisreikningi að upphæð 4,3 milljarðar verði seldar á 6,2 milljarða og meginþorri söluandvirðisins notaður til að grynnka á skuldum ríkisins.

Heildarútgjöld á árinu 1998 eru nú áætluð 163 milljarðar kr. á rekstrargrunni og hækka vegna breyttrar framsetningar um 28 milljarða kr. frá eldri greiðslugrunni, mest vegna þess að barnabætur, vaxtabætur og fleiri liðir sem áður voru dregnir frá tekjum, færast nú til gjalda. Heildargreiðslur á árinu nema hins vegar 152,6 milljörðum kr. Skýringin á þessum mun á greiðslum og útgjöldum er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi eru áfallnir vextir tæplega 4 milljörðum hærri en greiddir. Í öðru lagi er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi tæplega 4 milljörðum og í þriðja lagi nema áunnar lífeyrisskuldbindingar um 2 milljörðum kr. umfram það sem ríkissjóður greiðir til opinberra lífeyrissjóða en sú upphæð fer vaxandi með ári hverju.

Að frátöldum áhrifum breyttrar framsetningar og kjarasamninga lækka útgjöldin um 5 milljarða kr. að raungildi frá endurskoðaðri áætlun ársins 1997. Lækkunin skýrist alfarið af umtalsverðri lækkun vaxtagreiðslna milli ára, en að öðru leyti eru útgjöldin nokkurn veginn óbreytt að raungildi. Rekstrargjöld stofnana ríkisins, að frádregnum þjónustutekjum, aukast lítillega á meðan rekstrartilfærslur haldast óbreyttar. Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar hins vegar nokkuð en það er æskilegt þegar fjárfesting er mjög mikil í atvinnurekstri.

Af einstökum málaflokkum get ég nefnt að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála aukast nokkuð að raungildi. Hjúkrunarrýmum fjölgar umtalsvert og aðstaða til heilsugæslu batnar verulega. Framlag til málefna fatlaðra hækkar einnig verulega. Sambýlum fjölgar og aðhlynning við einhverfa og geðfatlaða er efld. Áfram er haldið að koma í framkvæmd ákvæðum nýrra laga um framhaldsskóla og unnið er að gerð þjónustusamninga við skóla á framhalds- og háskólastigi. Allt þetta kallar á aukna áherslu á markmiðssetningu og forgangsröðun verkefna. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að treysta stoðir velferðar- og menntamála nú þegar betur horfir í þjóðarbúskapnum.

Um mitt þetta ár tók ríkið yfir rekstur vinnumiðlana sem fram til þess hafði verið á verksviði sveitarfélaga. Jafnframt var sú starfsemi Vinnumálastofnunar sem lýtur að aðstoð við einstaklinga í atvinnuleit treyst. Líkt og bætur atvinnuleysistrygginga verður stór hluti þessarar starfsemi fjármagnaður með hlutdeild í tryggingagjaldi. Það er jafnt hagur atvinnurekenda og launþega að starfsemi vinnumiðlunar verði til þess að fækka þeim sem eru á atvinnuleysisskrá. Því skiptir miklu að efla áhrif fulltrúa atvinnulífsins á starfsemi stofnunarinnar.

Þrátt fyrir að fjárfesting ríkisins dragist saman í heild, eins og eðlilegt er miðað við ríkjandi efnahagsaðstæður, skal vakin athygli á að útgjöld til Vegagerðarinnar halda áfram að aukast á næsta ári og nema alls ríflega 7,5 milljörðum kr. Að auki verður 1,5 milljörðum kr. varið til framkvæmda við frágang Hvalfjarðarganga. Óhætt er því að fullyrða að aldrei hefur jafnmiklu fjármagni verið varið til vegamála á Íslandi og fyrirhugað er að gera á næsta ári, enda eru greiðar samgöngur forsenda atvinnuuppbyggingar og eðlilegrar byggðaþróunar í landinu.

Gangi áform fjárlagafrv. eftir munu skuldir ríkissjóðs lækka, bæði að raungildi og í hlutfalli við landsframleiðslu. Heildarskuldir ríkissjóðs lækka þriðja árið í röð, en þær

námu 49% af landsframleiðslu í árslok 1996, og fara í tæplega 46% samkvæmt áætlun í árslok 1997 og verða 42,5% í árslok 1998 samkvæmt frv.

Eins og ég gat um fyrr voru á síðasta þingi sett ný lög um fjárreiður ríkisins sem leystu eldri lög um gerð ríkisreiknings og fjárlaga af hólmi. Með þeim var sett heildstæð löggjöf um gerð ríkisreiknings og fjárlaga, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkisins. Breytingarnar koma til framkvæmda vegna fjárlagaársins 1998 og er fjárlagafrv. því sett fram á nýjum grunni. *Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingunum sem* ný framsetning hefur í för með sér en vísa að öðru leyti til skýringa í frv. sjálfu.

Hingað til hafa fjárlög verið sett fram á greiðslugrunni. Ríkisreikningur hefur aftur á móti sýnt skuldbindingar sem til hefur verið stofnað á fjárlagaárinu ásamt greiðsluhreyfingum. Framsetning fjárlaga á greiðslugrunni hefur vissa kosti en einnig nokkrar takmarkanir. Þessi aðferð hentar vel til eftirlits með greiðslum til ríkisaðila og til að sýna skammtímaáhrif ríkisfjármála á efnahagslífið. Stærsti annmarkinn við greiðslugrunninn er sá að tekjur ríkissjóðs eru ekki allar innheimtar um leið og þær eru kræfar og gjöldin eru ekki öll staðgreidd.

Með framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni koma árleg heildarumsvif ríkissjóðs skýrt fram og mat á langtímaáhrifum þeirra verður auðveldara. Fjölmargar ákvarðanir um ríkisfjármál hafa áhrif á ríkissjóð umfram það sem tekur til fjárlagaársins. Þetta á ekki síst við um skuldbindingar ríkisins vegna lífeyrisréttinda starfsmanna þess, vaxtaútgjalda sem safnast upp þó svo greiðsla fari ekki fram fyrr en síðar og skuldbindingar sem felast í samningum. Til þess að nýta kosti hvorrar uppgjörsaðferðar um sig verða fjárlög og ríkisreikningur framvegis sett fram á rekstrargrunni. Einnig verður sýnt sjóðstreymi ársins en það kemst næst því að lýsa framsetningu fjárlaga eins og hún hefur verið til þessa.

Ég vil nefna aðra veigamikla breytingu sem lýtur að meðferð heimildarákvæða. Til þessa hefur láns- og útgjaldaheimilda ýmist verið leitað í fjárlögum, lánsfjárlögum eða sérlögum. Framvegis verða allar þessar heimildir ákveðnar í fjárlögum og allar helstu stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum því teknar samtímis, hvort sem þær snerta lögbundin framlög, rekstur stofnana, fjárfestingu ríkisins, lánsfjármál eða ríkisábyrgðir. Þessi breyting hefur óhjákvæmilega einnig áhrif á störf Alþingis. Hingað til hefur afgreiðsla fjárlaga fallið undir verksvið fjárln., en afgreiðsla lánsfjárlaga undir verksvið efh.- og viðskn. Nú heyrir hvort tveggja undir fjárln. Ég ætla ekki hér að fjalla frekar um breytingar á starfsviðum og verkefnum þingnefnda, en mér er kunnugt um að forsn. hefur rætt það mál.

Enn fremur verða verulegar breytingar á ríkisreikningi en honum verður framvegis skipt í nokkra hluta. Í A-hluta eru sýndar fjárreiður ríkisstofnana og heildaryfirlit um fjármál ríkissjóðs. Í B-hluta er yfirlit um fjárreiður fyrirtækja ríkisins og í C-hluta er samsvarandi yfirlit um fjárreiður lánastofnana í ríkiseign. Í D- og E-hluta eru fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga með meirihlutaeignaraðild ríkisins skýrðar en til þessa hefur ekki verið gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Í fjárlögum verða hins vegar einungis sýndar fjárreiður A-, B- og C-hluta ríkisins, enda eru yfirlit D- og E-hluta ríkisreiknings eingöngu til upplýsingar.

Miklar breytingar verða á flokkun og framsetningu ríkissjóðstekna. Breytingarnar leiða til þess að tekjuhliðin hækkar um rúmlega 18 milljarða kr. miðað við sjóðshreyfingar, en 26 milljarða miðað við rekstrargrunn. Þær eru í megindráttum þrenns konar.

Í fyrsta lagi verða ýmsar greiðslur, sem áður voru færðar til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga nú gjaldfærðar. Þar vega þyngst barna- og vaxtabætur, tæplega 8,5 milljarðar kr., og sóknar- og kirkjugarðsgjöld, um 1,7 milljarðar.

Önnur stór breyting er að ýmsir tekjustofnar, sem áður voru færðir sem sértekjur einstakra stofnana og dregnir frá útgjöldum, færast yfir á tekjuhlið fjárlaga. Þessir liðir nema *samanlagt rúmlega 8 milljörðum* kr.

Loks má nefna að afskrifaðar skattskuldir, sem áður voru dregnar frá tekjum, verða nú gjaldfærðar, en þær eru áætlaðar um 4 milljarðar kr.

Með nýrri framsetningu fjárlagafrv. verða verulegar breytingar á gjaldahlið frv. Samanburður við fyrri ár getur því orðið nokkuð flókinn. Allar fjárhæðir eru settar fram á rekstrargrunni og eiga að ná til allra fjárskuldbindinga sem ríkissjóður áformar að stofna til á fjárlagaárinu. Í því sambandi má nefna áfallnar lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld sem ekki koma til greiðslu á næsta ári. Jafnframt eru birtar með svipuðum hætti og áður áætlaðar greiðslu- eða sjóðshreyfingar á árinu. Vegna endurskilgreininga á ríkistekjum færast nú ýmsar sértekjur stofnana, sem til þessa hafa komið til frádráttar á gjaldahlið sem ríkissjóðstekjur.

Virðulegi forseti. Ég mun nú gera grein fyrir lánsfjáröflun ríkissjóðs. Á næsta ári verður mikil breyting á umsvifum ríkissjóðs á lánsfjármörkuðum. Ríkissjóður mun í fyrsta skipti í mörg ár taka minna að láni en hann endurgreiðir af eldri lánum, eða sem nemur allt að 5 milljörðum kr. Þá er áætlað að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemi alls 12,5 milljörðum kr. á árinu 1998. Áætlun fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir að heildarlánsfjárþörfin sé 21,9 milljarðar kr. Hrein lánsfjárþörf ríkisins dregst því saman um 8,1 milljarð kr. milli ára. Þessi niðurstaða skiptir miklu máli fyrir fjármagnsmarkaðinn og má gera ráð fyrir að hún sé líkleg til að hafa áhrif á vexti.

Það sem hefur einkennt lánsfjármarkaðinn á þessu ári er mikið framboð lánsfjár. Þar við bætist aukið innstreymi *gjaldeyris á árinu vegna fjárfestingar í stóriðju ásamt erlend*um lántökum útflutnings- og þjónustufyrirtækja. Þá hefur vaxtamunur á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum án efa ýtt undir erlenda lántöku. Aukið peningamagn í umferð hefur m.a. leitt til mikillar eftirspurnar eftir ríkisvíxlum og öðrum verðbréfum ríkissjóðs. Innlend lánsfjáröflun á árinu hefur því gengið vel og vextir á flestum ríkisverðbréfum hafa lækkað, einkum á lengri skuldbindingum. Með peningamálaaðgerðum hefur Seðlabankinn aftur á móti beitt sér fyrir því að vextir á ríkisvíxlum og öðrum skammtímakröfum hafa ekki lækkað meira en orðið er og er það gert til að draga úr eftirspurn og þenslu. Ríkissjóður hefur stutt við aðgerðir Seðlabankans með því að endurgreiða erlend lán. Þannig er nú gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári verði að fullu mætt með innlendum lántökum og erlend lán greidd niður um 7,6 milljarða kr.

Ýmsar breytingar hafa orðið á innlenda fjármagnsmarkaðnum sem að hluta til má rekja til bættrar efnahagsstjórnunar og betri afkomu ríkissjóðs, en ekki má heldur gleyma að fjmrn. hefur lagt sig fram í að bæta markaðinn. Í þessu sambandi má nefna bætta skuldstýringu ríkissjóðs. Innköllun tiltekinna spariskírteinaflokka á þessu og síðasta ári var liður í því. Markmiðið er að fækka útistandandi flokkum ríkisverðbréfa og stækka þá, en með því má bæta vaxtamyndun á eftirmarkaði og styrkja markaðsstöðu spariskírteina. Í kjöl-

farið hafa vextir spariskírteina lækkað. Þá ákvað ég í ágúst sl. að gerð skyldi tilraun með uppkaup á ríkisverðbréfum sem eiga innan við ár í gjalddaga. Markmiðið með tilrauninni er að jafna álag sem stundum verður á fjármagnsmarkaðinn þegar kemur að gjalddögum stórra ríkisverðbréfaflokka. Ákveðið var að endurkaupa bréf fyrir samtals 800 millj. kr. á þessu ári.

Önnur mál sem hafa áhrif til frekari framvindu á fjármagnsmarkaði er að á vegum fjmrn. er verið að endurskoða núverandi fyrirkomulag á sölu ríkisverðbréfa. Gert er ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir í lok þessa árs. Á vegum félmrn. hefur verið unnið að því að viðskiptabankar tengist betur húsbréfakerfinu, m.a. að þeir annist og beri ábyrgð á greiðslumati vegna útgáfu húsbréfa. Þá skal þess getið að hinn 1. maí s.l. var Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa lögð niður. Við það hætti Lánasýsla ríkisins öllum eftirmarkaðsviðskiptum með ríkisverðbréf og beinni þátttöku í útboðum ríkisins.

Á næstu dögum mun ég leggja fram frv. um ríkisábyrgðir þar sem sett eru mjög ströng skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða.

Skerðingarákvæði eru nú í fjárlagafrv. og er þau að finna í séryfirliti nr. 3. Þar er listi yfir markaðar tekjur og lögbundin framlög. Heildartekjur og lögbundin framlög verða á næsta ári 37,5 milljarðar kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði verði 35,9 milljarðar kr. sem þýðir að 1,6 milljarðar sitja eftir í ríkissjóði samkvæmt skerðingarákvæðum í 6. gr. frv. Slík „þrátt-fyrir"-ákvæði var áður að finna í lánsfjárlögum eða sérstökum bandormi. Ekki er ástæða til að fjölyrða um þessi ákvæði enda er þeim lýst ítaralega í frv.

Virðulegi forseti. Ég mun nú víkja að nokkrum mikilvægum atriðum sem öðrum fremur hafa einkennt stefnuna í ríkisfjármálum að undanförnu. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá miðju ári 1995 var boðuð endurskoðun á ýmsum veigamiklum þáttum skattkerfisins með það að markmiði að lækka tekjuskatt einstaklinga og draga úr jaðaráhrifum ýmissa bótagreiðslna. Í kjölfar þessarar yfirlýsingar skipaði ég sérstaka nefnd, jaðarskattanefndina svokölluðu, til að undirbúa þetta mál. Í nefndinni sátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar, auk embættismanna. Nefndin ræddi ýmsar leiðir til að draga úr jaðaráhrifum skatta- og bótakerfisins sem koma fram í greinargerð nefndarinnar, en hún hefur nú lokið störfum. Greinargerðin hefur verið lögð fram sem skýrsla á hinu háa Alþingi.

Í beinum tengslum við undirbúningsstarf nefndarinnar og gerð kjarasamninga lögfesti Alþingi sl. vor umtalsverða lækkun tekjuskatts einstaklinga. Samkvæmt því lækkar tekjuskattur einstaklinga um 4 prósentustig á tæplega tveggja ára tímabili. Fyrsti áfangi, 1,1 prósentustiga lækkun, kom strax til framkvæmda á þessu ári. Um næstu áramót lækkar skatthlutfallið um 1,9 stig í viðbót og loks um 1 stig í ársbyrjun 1999. Í frv. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi 500 millj. kr. af mörkum til skattalækkunarinnar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sl. vor. Auk lækkunar á skatthlutfallinu var lögfest að skattleysismörk skyldu hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Loks kemur til framkvæmda á næsta ári breyting á barnabótakerfinu þar sem skerðingarhlutföll verða lækkuð með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum barnabóta. Með þessum ákvörðunum hafa verið stigin veigamikil skref í átt til þess að lækka jaðarskatta hér á landi. Þetta kemur í kjölfar fyrri ákvörðunar um að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþega skattlagningu, sem kom til framkvæmda á árunum 1995 og 1996, en sú ákvörðun jafngilti 1,5–1,7 prósentustiga lækkun tekjuskatts. Fyrsta skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum barnabótakerfisins var hins vegar stigið þegar á árinu 1996.

Til viðbótar þessum ákvörðunum ákvað ríkisstjórnin síðastliðið vor breytingar á bótum almannatrygginga sem draga verulega úr jaðaráhrifum almannatryggingakerfisins, meðal annars varðandi uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar og niðurfellingu á afnotagjaldi Ríkisútvarpsins. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið umtalsverða hækkun á bótum almannatrygginga, sem nemur um 13% frá ársbyrjun 1997 til ársbyrjunar 1998. Með þessari ákvörðun er lífeyrisþegum tryggð veruleg kaupmáttaraukning tryggingabóta, eða sem nemur 10–11% á þessu tímabili og kemur það best þeim sem lakast eru settir.

Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að stjórnvöld hafa nýverið ákveðið að draga úr jaðaráhrifum í námslánakerfinu með lagabreytingu sem lækkar endurgreiðsluhlutfall lána úr 7% sem áformað var í lögunum í 4,75%.

Af þessu sést, virðulegi forseti, að stjórnvöld hafa ekki setið auðum höndum hvað varðar lækkun jaðarskatta eins og ýmsir hafa gefið í skyn. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin ákveðið og Alþingi lögfest breytingar á sköttum og félagslegri aðstoð í bótakerfinu sem fela í sér stór skref í átt til þess að lækka jaðarskatta heimilanna og draga úr neikvæðum áhrifum tekjutengingar. Þessar aðgerðir hafa þegar leitt til umtalsverðrar kaupmáttaraukningar heimilanna og enn frekari aukningar er að vænta á næstu árum þeirra vegna.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að breyttum rekstrarháttum hjá ríkinu, meðal annars með sölu ríkisfyrirtækja, auknum útboðum verkefna, sameiningu ríkisstofnana, sérstökum þjónustusamningum milli stofnana og ráðuneyta og aukinni ábyrgð stjórnenda. Meginreglan á að vera sú að ríkið annist aðeins þau verkefni sem ekki er hægt að fela öðrum. Enn fremur er mikilvægt að jafna aðstöðumun þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og gera arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja.

Einn liður í þessum breytingum snýr að sjálfri fjárlagagerðinni, en undanfarin ár hefur verið unnið að því að styrkja hana. Mikilvægt er að halda áfram svokallaðri rammafjárlagagerð en skoða jafnframt hvort ástæða sé til að breyta fjárlagaferlinu, tímasetningum o.fl. Í þessu samhengi er fróðlegt að horfa til þeirra breytinga sem Svíar hafa gert á fjárlagagerðinni en hún var rækilega tekin í gegn fyrir skömmu. Markmið breytinganna þar var í senn að ýta undir langtímahugsun, auka heildaryfirsýn við ákvarðanir og efla aðhald og eftirlit með útgjöldum. Grunnur fjárlagagerðarinnar eru heildarrammar til þriggja ára í senn og rammar fyrir einstaka málaflokka fyrir fjárlagaárið. Jafnframt eru allar helstu ákvarðanir stjórnvalda teknar mun fyrr en áður. Þessar breytingar gefa ríkisstjórninni betri möguleika á að framfylgja stefnu sinni í ríkisfjármálum. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að hér á landi tíðkast að Alþingi samþykki framkvæmdáætlanir, t.d. í samgöngumálum, til nokkurra ára án þess að fyrir liggi útgjaldastefna, sem m.a. byggir á efnahagsástandi á hverjum tíma. Þetta birtist t.d. í því að oft þarf að skera niður framkvæmdaáætlanir og er þá oft talað um niðurskurð jafnvel þótt framlag til viðkomandi málaflokka hafi aldrei verið meira. Ég tel þessar breytingar í Svíþjóð allrar athygli verðar og vel þess virði að skoða þær nánar og sjá hvort við getum ekki lært eitthvað í þessum efnum.

Í kjarasamningum við ríkisstarfsmenn á þessu ári hefur verið lagður grunnur að nýju launakerfi. Hugsunin að baki því er að draga úr miðstýringu launaákvarðana og færa vald og ábyrgð á starfsmannamálum til forstöðumanna stofnana og fyrirtækja ríkisins. Jafnframt gefur nýtt launakerfi aukna möguleika á að starfsmenn fái laun í samræmi við hæfni og ábyrgð. Enn fremur er stefnt að því að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum, fækka starfsaldursþrepum og minnka vægi sjálfvirkra launatilfærslna. Hið nýja launakerfi er í takt við þær breytingar í ríkisrekstri sem ég hef beitt mér fyrir á undanförnum árum sem hafa meðal annars miðað að því að auka valddreifingu.

Þá vil ég, virðulegi forseti, geta þess að í kjarasamningum ríkisins á undanförnum árum hafa laun svokallaðra kvennastétta hækkað umfram laun annarra. Auk lögbundinna jafnréttisáætlana hefur verið unnið að því að styrkja stöðu kvenna í störfum hjá ríkinu, m.a. með því að upplýsa stjórnendur um hvernig megi breyta viðhorfum sem hafa haldið við launamun kynjanna. Ríkisstjórnin hefur einnig samþykkt að feður í röðum ríkisstarfsmanna geti sótt um sérstakt tveggja vikna fæðingarorlof en með því er enn frekar ýtt undir viðhorfsbreytingar um hlutverk kynjanna. Þannig hefur ríkisstjórnin aukið áherslu á jafnréttismálum.

Stöðugleiki í efnahagslífinu hefur skapað skilyrði til að horfa lengra fram á veginn og undirbúa fyrirsjáanlegar breytingar á högum þjóðarinnar, einkum vegna breyttrar aldurssamsetningar. Ríkisstjórnin hefur að undanförnu unnið að endurskoðun lífeyrismála til að treysta grundvöllinn enn frekar og auka fjölbreytni langtímasparnaðar. Þannig er lagður grunnur að því að tekjur fólks á starfsævinni dugi til framfærslu til æviloka. Hlutverk almannatrygginga í framtíðinni á fyrst og fremst að vera að aðstoða þá sem verst eru settir, t.d. vegna skertrar starfsorku og eiga ekki kost á öðrum tekjum.

Í upphafi þessa áratugar gengu Íslendingar eins og margar aðrar þjóðir í gegnum efnahagserfiðleika og tímabil stöðnunar. Við þessum aðstæðum var m.a. brugðist með því að treysta stoðir atvinnulífsins og freista þess að verja lífskjör almennings. Viðurkennt var að öflugt atvinnulíf, fjölgun starfa og aukin verðmætasköpun væri forsenda velferðarkerfis hverrar þjóðar. Hluta af auknum þjóðartekjum bæri að verja til velferðarmála en jafnframt væri mikilvægt að draga úr vaxtabyrði ríkisins og greiða niður skuldir. Því hefur verið haldið fram að aðgerðir til að treysta stöðu ríkissjóðs hafi leitt til aukins samdráttar í efnahagslífinu og aukið tekjumun í þjóðfélaginu. Þetta er sem betur fer ekki rétt eins og nýleg norræn skýrsla staðfestir. Til viðbótar má benda á að hvergi í heiminum er jafnari tekjudreifing en einmitt á Íslandi.

Íslenska þjóðin er tiltölulega ung í samanburði við aðrar þjóðir. Þetta skýrir m.a. hvers vegna okkur hefur tekist að byggja upp og viðhalda velferðarkerfi sem er meðal þeirra bestu í heimi. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar mun væntanlega leiða til þess að einungis þrír Íslendingar á vinnufærum aldri verða á bak við hvern aldraðan árið 2030 en í dag eru 5–6 manns á vinnufærum aldri á bak við hvern 65 ára og eldri en miðað er við þann aldur í þessum útreikningum.

Til að undirbúa okkur undir þessar breytingar þarf að efla langtímasparnað í efnahagslífinu og samræma lífeyrissjóða- og lífeyrisbótakerfi hins opinbera. Auðvelda verður þeirri kynslóð sem er nú á vinnumarkaði að spara og leggja til hliðar, m.a. í lífeyrissjóði, til þess að hún geti sjálf staðið undir stærri hluta velferðarútgjalda framtíðarinnar. Vaxandi hlutverk lífeyrissjóðanna fyrir sífellt fleiri lífeyrisþega er nauðsynleg forsenda þess að framlög almannatryggingakerfisins gagnist fyrst og fremst þeim sem verst eru settir. Fyrst og síðast skiptir þó máli að greiða niður skuldir ríkisins til að lækka vaxtagreiðslur og koma í veg fyrir aukna skattbyrði í framtíðinni.

Stefnt er að því að setja ný lög um starfsemi lífeyrissjóða á þessu þingi í samræmi við þá málamiðlun sem kom fram í meirihlutaáliti efh.- og viðskn. í vor. Nefnd, sem vinnur að málinu, mun væntanlega skila niðurstöðum síðar í mánuðinum. Í kjölfar nýrra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem tóku gildi í upphafi þessa árs, munu lífeyrismál opinberra starfsmanna smám saman komast í viðunandi horf. Nokkrir almennir lífeyrissjóðir hafa einnig verið að auka réttindi félagsmanna sinna vegna góðrar afkomu að undanförnu. Öflugir lífeyrissjóðir stuðla að langtímasparnaði og opna möguleika á breyttum áherslum í almannatryggingakerfinu. Lífeyristryggingar hins opinbera eiga fyrst og fremst að vera eins konar öryggisnet fyrir þá sem búa við skerta starfsorku eða hafa af einhverjum ástæðum misst fótanna og fá ekki úrlausn annars staðar.

Öll viljum við að á Íslandi verði áfram velferðarþjóðfélag. Til þess að svo geti orðið þarf að myndast sátt milli kynslóða um að þróa velferðarkerfið hægt og rólega og án byltingarkenndra breytinga. Á næstu áratugum þarf að ná því marki að tekjur á starfsævinni dugi að mestu fyrir lífeyri til æviloka. Með því að læra af reynslu annarra þjóða og bregðast rétt við tryggjum við varanlega velferð hér á landi.

Á undanförnum árum hefur ýmsum veigamiklum þáttum skattkerfisins verið breytt. Svipað hefur verið upp á teningnum hjá öðrum þjóðum. Þróunin, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi, getur kallað á enn frekari breytingar á sviði skattamála. Því er full ástæða til þess að skoða hver staða skattkerfisins er í samanburði við það sem er í helstu viðskiptalöndum okkar. Af þessu tilefni hef ég sett á laggirnar vinnuhóp til að meta stöðu íslenska skattkerfisins og reifa hugmyndir um hugsanlegar breytingar m.a. með tilliti til þróunar skattkerfa í öðrum löndum. Þær hugmyndir verða kynntar, m.a. aðilum vinnumarkaðarins, á síðari stigum áður en endanleg stefna verður mörkuð á Alþingi.

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni sé ég ástæðu til að fjalla sérstaklega um meðferð lífeyrisskuldbindinga í uppgjöri ríkissjóðs. Í því sambandi er rétt að minna hv. alþingismenn á að á undanförnum árum hefur verið gerð skýr grein fyrir meðferð þeirra í skýringum með ríkisreikningi. Í ríkisreikningi fyrir árið 1996 er fjallað um reikningsskilaaðferðir en þar segir m.a. — og ég bið nú suma hv. þm. sem hafa farið rangt með og virðast ekki kunna skil á bókhaldi eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að hlusta á en þar segir m.a. og það er orðrétt, með leyfi forseta af því að ég hygg að þetta hafi farið fram hjá hv. þm. og nokkrum öðrum:

„Áhrif almennra verðbreytinga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu efnahagsliða vegna gengismunar og verðbóta færðar á höfuðstólsreikning um endurmat, sbr. ákvæði 35 gr. laganna. Verðtryggð og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi gjaldmiðla 31. desember 1996 og vísitölur janúarmánaðar 1997."

Þetta er lesið orðrétt úr ríkisreikningnum. Þar segir einnig orðrétt:

„Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og launabreytingar um endurmatsreikning."

Hjá ríkissjóði færast vextir því beint á rekstrarreikning og allar matsbreytingar eigna og skulda á endurmatsreikning. Í þessu samhengi skal minnt á að hjá ríkissjóði er aðeins hluti eigna (þ.e. peningalegar eignir en ekki samgöngumannvirki eða fasteignir) færðar í efnahagsreikningi en skuldir eru að fullu taldar. Hjá fyrirtækjum úti í bæ eru vextir og allar matsbreytingar eigna og skulda færðar um rekstrarreikning en með verðbreytingafærslu eru áhrif verðlagsbreytinga tekin út aftur og færð á endurmatsreikning. Þetta veit ég að þeir sem einhvern tíma hafa komið nálægt bókhaldi fyrirtækis skilja og eiga að vita.

Markmiðið með reikningsskilum beggja aðila er því hið sama, þ.e. að sýna raunbreytingar fjármunatekna og gjalda í gegnum rekstrarreikninginn. Reikningsskilaaðferðir gefa svipaðar niðurstöður, þessi og sú sem notuð er hjá fyrirtækjum. Það er því að sjálfsögðu rangt sem haldið hefur verið fram, m.a. af minni hlutanum í fjárln., að gjöld ríkissjóðs séu vantalin í fjárlagafrv. um 7 milljarða króna. Þvert á móti er þessi regla í fullu samræmi við reikningsskilavenjur og ég er í rauninni undrandi á því að stjórnarandstaðan skuli halda öðru fram. Hefði hún kynnt sér málið í skjölum á Alþingi og umræðum sem hafa farið fram og niðurstöður umræðunnar á Alþingi þá hefði hún ekki fallið í þá gryfju sem hún féll í gær og sýndi alþjóð á blaðamannafundi.

Virðulegi forseti. Ég hygg að allir hljóti að geta orðið sammála um að mikill árangur hefur náðst í efnahagsmálum hér á landi að undanförnu. Hagvöxtur er með því mesta sem þekkist. Atvinnuleysi er minna en í nágrannalöndunum og skortur er á vinnuafli í nokkrum greinum. Verðbólga er einnig með minnsta móti. Þessi árangur hefur skilað sér í ört batnandi lífskjörum heimilanna eins og sést best á því að kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn munu aukast um meira en 20% frá árinu 1995 til ársins 2000. Þessi árangur er mikilsverður, ekki aðeins á íslenskan mælikvarða heldur einnig í samanburði við aðrar þjóðir.

Þá má einnig nefna að Ísland hefur eitt fárra Evrópuríkja að undanförnu uppfyllt öll almenn skilyrði Maastrichtsáttmálans hvort sem litið er til afkomu og skuldastöðu ríkisins eða verðbólgu og vaxta en Maastricht-sáttmálinn hefur verið notaður á undanförnum árum sem eins konar mælikvarði fyrir þær þjóðir sem keppast við að sýna góða hagstjórn heima fyrir. Þetta hefur einnig orðið til þess að bandarísku matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor hafa hækkað lánshæfismat íslenska ríkisins að undanförnu með tilvísun til þess árangurs sem traust og ábyrg hagstjórn hér á landi undanfarin ár hefur skilað. Þá hefur efnahagsstefnan stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins eins og fram kemur í alþjóðlegum samanburði og er Ísland nú mun framar í röðinni en fyrir 5–10 árum.

Þótt árangurinn í efnahagsmálum sé mikill er ástæða til að hafa hugfast að hann kom ekki til af sjálfu sér. Íslensk hagsaga geymir því miður mörg dæmi um lausatök í efnahagsmálum, einkum þegar vel árar. Til að varðveita árangurinn og tryggja varanlega velferð þarf framtíðarsýn og langtímahugsun því að aðgerðir okkar eða aðgerðarleysi hefur afgerandi þýðingu fyrir velferð komandi kynslóða. Forsenda þess er traust staða í ríkisfjármálum sem miðar að því að greiða niður skuldir á næstu árum. Þannig er best stuðlað að ráðdeild og fyrirhyggju en það er markmið þessa frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að svo mæltu að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[14:28]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Við fyrstu yfirferð yfir frv. til fjárlaga eru menn að vonum býsna uppteknir af þeim nýja búningi sem það er nú íklætt í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins. Við höfum eðlilega verið full eftirvæntingar að sjá útkomuna eftir allan aðdragandann og undirbúning þeirra laga. Ég get sagt með góðri samvisku að mér finnst að mörgu leyti að hér hafi tekist vel til. Þessi breytta uppsetning á að gefa betri heildarsýn yfir öll fjármál ríkisins. Við eigum að fá yfirsýn yfir öll tekjutilefni og allar skuldbindingar en ekki bara inn- og útstreymi þegar það á sér stað og við fáum miklu skýrari mynd af lánsfjárþörf og þeim lagabreytingum sem eru taldar nauðsynlegar vegna afgreiðslu fjárlaganna.

Umfangið virðist allt miklu meira enda koma nú inn í fjárlögin allmargir liðir sem við höfum svo sem vitað af, flestum a.m.k., en hafa ýmist verið færðir til lækkunar á tekjuliðum eða þá færðir á liði í B-hluta fjárlaga eða jafnvel ekki færðir og þarna getur verið um miklar breytingar að ræða. Allt á þetta að geta gefið skýrari heildarmynd þegar við höfum áttað okkur til fulls á smáatriðunum. Það tekur vissulega tíma sinn. Efalaust eiga ýmis umdeilanleg atriði eftir að skjóta upp kollinum þegar farið verður betur ofan í saumana á þessum nýja búningi. Við sem skipum minni hluta fjárl. höfum þegar bent á tvö slík atriði, tvær færslur sem eru undanskildar á gjaldahlið og þetta eru liðir upp á heila 7 milljarða en inn á þetta kom hæstv. fjmrh. áðan og taldi okkur hafa sýnt mikið skilningsleysi við skoðun málsins.

Hér er annars vegar um að ræða 255 millj. kr. vegna hafnarframkvæmda sem eru unnar nú í ár en ætlunin að greiða síðar samkvæmt hafnaáætlun. Þessi upphæð er að vísu færð undir liðnum Viðskiptahreyfingar en í raun ekki tekin til færslu í fjárlögum vegna þess að lögin um fjárreiður segja að færa skuli allar skuldbindingar þegar stofnað er til þeirra og verður þá ekki annað séð en þessi fjárhæð verði í rauninni aldrei færð inn í fjárlög þar sem þegar hafði verið stofnað til þessara skuldbindinga áður en lögin um fjárreiður ríkisins koma til framkvæmda.

Í öðru lagi kemur fram á bls. 389 í greinargerð frv. að 6,7 milljarðar kr. vegna launa- og verðbreytinga á eldri skuldbindingum vegna áunninna lífeyrisréttinda verða færðir til skuldar á endurmatsreikningi en koma ekki beint fram í fjárlögum og munu aldrei koma fram í fjárlögum. Sem sagt, 7 milljarðar kr. á þessum tveimur liðum sem koma ekki fram í fjárlagaliðunum og verða aldrei færðir sem upphæðir á fjárlögum þrátt fyrir allar yfirlýsingar um að allar skuldbindingar eigi að koma þar fram. Ég gagnrýni ekki í sjálfu sér þennan færslumáta. Ég tel hann í raun í samræmi við lög og reglur eins og hæstv. ráðherra fjallaði áðan um, lög og reglur hvernig með slíkt skuli fara. Þarna er svo sannarlega um skuldbindingar að ræða sem að sjálfsögðu skipta máli fyrir allt heila dæmið og hefði verið rétt að benda skýrar á en gert er. Það er ekki gert og jafnvel er hægt að segja að þetta sé falið í greinargerðinni og það vekur ákveðna tortryggni. Hver veit nema eitthvað fleira af þessu tagi eigi eftir að koma í ljós við nánari yfirferð því að það er auðvitað enginn leikur er að fara í gegnum þetta stóra dæmi. Það er miklu stærra og

umfangsmeira en svo að maður átti sig á öllum þáttum þess á örfáum dögum.

Verst er hversu erfitt er að bera alla þætti þess saman við fjárlög ársins í ár og fyrri fjárlög og við hljótum að minna á eindregnar óskir fjölmargra þingmanna um samanburðarhæfni — mér þætti nú vænt um ef hæstv. fjmrh. mætti vera að því að hlusta á mál mitt — eindregnar óskir fjölda þingmanna komu fram um samanburðarhæfni, þ.e. að gildandi fjárlög yrðu sett fram til viðmiðunar á skýran hátt. Það hefur ekki verið gert og það auðveldar sannarlega ekki yfirferð yfir fjárlagafrv. En við hljótum að bera saman allar forsendur og allar tölur fjárlagafrv. við gildandi fjárlög og velta fyrir okkur forsendum, hvort þær standist og hvernig sú stefna sem frv. byggir á er í raun.

Við afgreiðslu núverandi fjárlaga bentum við, sem skipum minni hluta fjárln., ítrekað á að bæði tekju- og gjaldahlið þeirra laga væru stórlega vanáætlaðar, forsendur væru rangar að hluta til og kröfur óraunhæfar. Mat okkar var, svo að ég rifji það aðeins upp, að varlega áætlað munaði 1–2 milljörðum á tekjuhliðinni og öðru eins á gjaldahlið fjárlaganna. Nú hefur komið í ljós að við vorum í rauninni afar varkár í fullyrðingum okkar því að tekjuaukinn er ekki 1,5–2 milljarðar, eins og við bjuggumst við, heldur virðist hann ætla að verða 4,7 milljarðar og munar nú um minna. Gjöldin aukast hins vegar um 6 milljarða en þó er réttara eða sambærilegra að tala um rúma 2 milljarða vegna þess að um 4 milljarðar eru vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina og hvað sem segja má um þá ákvörðun, sem ég tel raunar hafa verið rétta, var óhugsandi að sjá hana fyrir varðandi afgreiðslu fjárlaga. Viðvaranir okkar og fullyrðingar standast því fyllilega því að bæði tekjuhliðin og gjaldahliðin voru stórlega vanáætlaðar við afgreiðslu fjárlaga ársins í ár.

Aukningu útgjalda í ár má fyrst og fremst rekja til óraunhæfra fjárveitinga til heilbrigðismála, til sjúkratrygginga og til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ástæðan er eins og við vöruðum eindregið við að enn eina ferðina hafa áætlanir ekki staðist eða kröfur um sparnað og niðurskurð og ætli ástæðan sé ekki einfaldlega sú að sparnaðarleiðin er orðin ansi erfið og matarholurnar eru hreinlega engar eftir. En menn halda áfram að klappa steininn og hyggjast enn skera niður og það veldur svo sannarlega áhyggjum.

Við eigum eftir býsna mikla yfirferð og upplýsingaleit áður en fullyrða má um niðurstöðu dæmisins á næsta ári. Kannski er rétt að koma hér að því að hluti teknanna er fenginn með sölu eigna sem eiga að skila tæplega 2 milljarða kr. hagnaði en salan er í heild sinni talin skila 6,3 milljörðum. Ég gagnrýni út af fyrir sig ekki hvernig þetta er fært en það eru 6,3 milljarðar sem menn búast við að fá inn. Ég hlýt að minna á að þetta eru tekjur sem fást aðeins einu sinni og það er mjög brýnt að þær tekjur verði notaðar til þess að lækka skuldir en ekki til neins annars. Slíkra tekna er aðeins aflað einu sinni.

Raunar ætti að vera mun auðveldara en oft áður að spá um þróun mála. Færri óvissuþættir eru í heildarmyndinni. Búið er að semja við marga hópa launafólks, ekki alla en marga, og samningar eru yfirleitt til lengri tíma þannig að menn vita nokkurn veginn um launaþróunina. Sama má segja um atvinnumálin. Núna eru ekki margir óvissuþættir þótt t.d. sé aldrei hægt að vera viss um hvernig veiðist. Þar eru þó horfur góðar í sumum greinum. Seiðatalning á þessu ári gefur góðar vonir og þorskurinn er enn að styrkjast en það er spurning hvort menn eru ekki of bjartsýnir á annað, t.d. rækjuna. Á flestum sviðum atvinnulífsins eru allgóðar horfur. Það má alveg tala um uppsveiflu. Jafnvel loðdýrarækt og fiskeldi gefa góða raun um þessar mundir eftir ótrúlega erfiðleika fyrri ára og má kannski að mestu rekja til þess þjóðareinkennis eða þjóðarlösts okkar Íslendinga að demba okkur fyrirvaralítið út í hlutina, undirbyggja ekki nógu vel, byggja ekki nægilega á rannsóknum og traustum undirbúningi, markaðsleit og vel grunduðum fjárfestingum fyrir utan það að ef eitthvað nýtt rekur á fjörur ætla helst allir að græða á því. Nýlegar upplýsingar um stórauknar tekjur af ferðaþjónustu á þessu ári sýna okkur enn einu sinni mikilvægi þeirrar greinar sem menn reiknuðu tæpast með fyrir hálfum öðrum áratug og litu nánast á sem tómstundagaman fárra manna. Sú grein á enn eftir að bæta um betur, trúi ég, og færa okkur enn meiri tekjur og svona mætti áfram telja. Það er meiri bjartsýni, meira þor og dugur í atvinnulífinu og með sanni er hægt að tala um góðæri.

Vissulega eru nokkrar blikur á lofti sem gætu haft áhrif á þessa mynd. Menn hafa vissar áhyggjur af auknum viðskiptahalla en sá halli stafar fyrst og fremst af þeim miklu fjárfestingum sem eru í gangi og víst er að aukinn kaupmáttur skilar sér í aukinni neyslu sem aftur þýðir auknar tekjur í ríkiskassann. En það er þetta með kaupmáttinn. Mikið er talað um aukinn kaupmátt og ráðamenn stæra sig mjög af því og segja að aukinn kaupmáttur almennings sýni það og sanni að góðærið skili sér til fólksins.

En er það nú svo? Jú, aukinn kaupmáttur skilar sér til sumra en ekki allra. Hann skilar sér til hinna betur settu, til vel stæðra manna á miðjum aldri í góðri stöðu, heilbrigðra og að öllu leyti með góðar aðstæður. Sú stefna sem fylgt hefur verið á undanförnum árum hefur í rauninni gerbreytt þjóðfélaginu og skilur æ meira á milli hinna vel megandi og þeirra sem minna hafa. Þetta hefur verið að gerast undanfarinn áratug með vaxandi þunga og er í rauninni skelfileg þróun sem hófst að mínu mati af krafti fyrir einum áratug þegar tekinn var upp skattur á matvæli. Ráðandi öfl eru að breyta samfélagi okkar úr samfélagi velferðar og samhjálpar í samfélag einstaklingshyggju og peningahyggju og það er hörmuleg og hættuleg þróun. Aukinn kaupmáttur kann að vera staðreynd sem menn rökstyðja með útreikningum á blaði en þeir finna ekki fyrir auknum kaupmætti sem eru á meðallaunum og lægstu launum, hafa börn á framfæri, þurfa mikið að nýta sér þjónustu í heilbrigðiskerfinu, þurfa að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna, kostnað sem hefur farið sívaxandi og svona mætti áfram telja. Þjónustugjöld, síaukinn kostnaður almennings vegna heilbrigðisþjónustu, skólagjöld og annar kostnaður er ekki tekinn inn í útreikning kaupmáttar og því megum við ekki gleyma. Það er holur hljómur í því þegar verið er að tíunda hækkun lífeyris og bóta sem hefur verið klipið af jafnt og þétt árum saman. Skárra væri það ef þetta hækkaði ekki einhverja ögn í þessu svokallaða góðæri en til þess þurfti reyndar mikla baráttu.

Grunnlífeyrir aldraðra er nú t.d. aðeins helmingur þess sem hann ætti að vera ef hann væri sambærilegur við það sem var fyrir 20 árum og á sama tíma hefur kostnaður þessa hóps verið að aukast. Annað dæmi er auðvitað persónufrádrátturinn sem var áhersluatriði allra flokka fyrir kosningarnar fyrir sex árum, 1991, þegar öllum fannst það brýnast að hækka skattleysismörkin vegna þess að upphæð persónufrádráttar var kippt úr sambandi við þróun vísitölu þegar staðgreiðslu skatta var komið á. Þessi áhersluatriði gleymdust snarlega eftir kosningarnar og heyrast varla lengur. Þannig hefur þró-

unin verið undanfarin ár. Stefnan hefur gengið út á að efla svokallaða kostnaðarvitund almennings, kafa æ lengra ofan í vasa fólks eftir þátttöku í samfélagslegum verkefnum.

Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman upplýsingar um hlut almennings í útgjöldum undanfarin ár, t.d. til heilbrigðismála. Þar kemur fram m.a. að fyrir 10 árum voru heildarútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 6,89% af vergri landsframleiðslu en almenningur greiddi þá beint sem svaraði 1% af vergri landsframleiðslu. Á síðasta ári var hlutur hins opinbera nær hinn sami mælt á þennan mælikvarða eða 6,83% en hlutur almennings hafði hækkað um þriðjung og var 1,32% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt útreikningum stofnunarinnar greiddu heimilin í landinu nálega 6,4 milljarða fyrir lyf- og læknisþjónustu í fyrra. Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu hér um bil 40 milljörðum króna og hlutur almennings samkvæmt því rúmlega 16%. Þessar tölur tala sínu máli og þetta er vond stefna og þetta er hættuleg stefna því hún grefur undan samstöðu og samhjálp og hún særir réttlætisvitund fólks og hún stenst ekki til lengdar. Hún breikkar bilið milli ákveðinna hópa og leiðir til ófarnaðar, jafnvel byltingar. Nú má ekki skilja það svo að ég sé að boða blóðuga byltingu í íslensku samfélagi en stefna sem miðar að því að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari verður að lokum til þess að menn rísa upp. Menn sætta sig ekki við þetta. Við viljum ekki þjóðfélag þar sem hinir ríkari geta keypt sig upp eftir biðlistum sjúkrahúsa eða keypt börnum sínum aðgang að menntun. Við viljum ekki stéttskipt þjóðfélag heldur þjóðfélag réttlætis, samkenndar og samhjálpar.

Það er kannski ekki hægt að segja að nein stökk séu tekin á þessari þróunarbraut í því frv. til fjárlaga sem við hér ræðum, ekki stökk en þróunin á greinilega að vera áfram á sömu leið. Þegar búið er að leggja saman og draga frá og taka tillit til breyttrar framsetningar kemur í ljós að í heild er gert ráð fyrir að útgjöld á greiðslugrunni eins og hefur hingað til verið haft til viðmiðunar, standi í stað milli á ára og það mun auðvitað sýna sig að sú niðurstaða gengur ekki upp öðruvísi en að draga enn úr þjónustu ríkisins við almenning eða ganga enn þá nær fólki með þátttöku í kostnaði. Og það er fyllsta ástæða til þess að ætla að tekjuhliðin sé vanáætluð, þ.e. að tekjur muni skila sér á greiðslugrunni mun betur en hér er reiknað með, e.t.v. ekki jafn stórkostlega og nú í ár, en tekjuhliðin er vanáætluð samt. Það ættu menn að viðurkenna og taka á ýmsum augljósum útgjaldavanda um leið. Það er hægt að gera það án þess að fórna markmiðinu um tekjuafgang, það er ég sannfærð um.

Ég vil nefna örfá atriði sem mér finnst nauðsynlegt að benda á. Við verðum að taka okkur ærlegt tak í menntamálum. Við erum að dragast aftur úr í samfélagi þjóðanna. Við höfum fengið alvarlegar viðvaranir í því efni og það er okkur hættulegt upp á framtíðina að taka ekki mark á þeim viðvörunum. Nú duga ekki orðin tóm. Við verðum að láta verkin tala. Efling menntunar, vísinda og rannsókna á að vera forgangsmál. Hér væri líka hægt að fara mörgum orðum um að það verði að taka á kjörum og aðbúnaði kennara. Það er þjóðfélaginu til skammar og furðulegt í raun að nokkrir skuli fást til að sinna þeim mikilvægu störfum miðað við alla þá lítilsvirðingu sem þeir hafa þurft að þola.

Ástandið í heilbrigðismálum er óviðunandi með öllu. Það er búið að þrengja allt of mikið að þeirri þjónustu til mikils skaða fyrir þjóðfélagið í heild. Það má nefna að aðalvandi stóru sjúkrahúsanna er að það vantar fráflæði, ef svo má orða það. Það vantar fleiri hjúkrunarrými fyrir aldraða. Það vantar sjúkrahótel fyrir þá sem þurfa ekki mikla umönnun, en þó umönnun og eftirlit og er ekki skynsamlegt að senda heim. Sparnaður við heilbrigðisþjónustu kemur yfirleitt alltaf fram á öðrum póstum. Sparnaður á sjúkrahúsum skilar sér í auknum lyfjakostnaði. Fólk kemur veikara en áður í aðgerð. Það er sent fyrr heim sem aftur eykur á vanda og kostnað heimilanna. Þetta ástand er gjörsamlega óviðunandi. Því er reyndar haldið fram að verið sé að auka framlög til heilbrigðismála í þessu frv. Það er ekki rétt. Þetta er að vísu einhver aukning miðað við fjárlög, en þetta er niðurskurður miðað við raunkostnað, það er það. Hér er verið að viðurkenna brot af vandanum sem hefur verið viðvarandi vegna þess að heilbrigðisstofnanir og Tryggingastofnun hafa ekki getað haldið sig innan ramma fjárveitinga þrátt fyrir sífelldar kröfur um aðhald. Og enn er verið að reifa nýjar hugmyndir og gamlar í þessu efni sem augljóslega ganga ekki eftir nema með því að draga úr þjónustu.

Ég vil líka nefna löggæslu sem forgangsmál og átak gegn fíkniefnaneyslu og vaxandi ofbeldi í þjóðfélaginu. Við eigum ekki að sætta okkur við ástandið í þessum efnum og verðum að gera eitthvað meira heldur en að tala um þann vanda. Þess sér ekki stað í þessu frv. að menn hafi áttað sig á því að það þurfi eitthvað til að koma af hálfu ríkisins.

Umhverfismálin eru mér líka hugleikin og e.t.v. fjalla ég um þau síðar í þessari umræðu.

Eins og fyrr segir þá erum við nú með stærri pakka en áður ef svo má segja og allt hjálpar það nú til að gefa skýrari heildarmynd. Við erum t.d. með skerðingarákvæði nú inni í frv. og þar kennir ýmissa grasa að venju þótt slíkum ákvæðum hafi raunar fækkað á undanförnum árum. Þetta var áður oft langur listi og heldur ófagur. Það má rifja upp t.d. lögbundinn tekjustofn til ferðamála sem var hér til umræðu á hverju einasta hausti. Nú hefur það ákvæði verið fellt niður úr lögunum. Það voru þessi 10% af sölu Fríhafnarinnar í Keflavík sem voru ætluð til ferðamála en var aldrei skilað nema að hluta. Þetta lagaákvæði var fellt niður, ef ég man rétt, fyrir tveimur árum og það var á vissan hátt hreinlegra en að setja þessi skerðingarákvæði í tengslum við hverja einustu fjárlagaafgreiðslu. En það er ljóst að ferðamálageirinn var hlunnfarinn um hátt í 1 milljarð kr. á þessum árum sem lögin giltu. Svo slæmt sem það auðvitað er þá var ég nú hálffegin þegar þetta lagaákvæði var fellt út vegna þess að það er sóðaskapur að hafa lög sem menn vilja svo ekki standa við. Það er þá hreinlegra að viðurkenna að menn ætli ekki að standa við það og fella það hreinlega í burtu.

Enn eru hér nokkrir liðir eða lagaákvæði sem ríkisstjórnin leggur til að ekki verði staðið við og versta dæmið að mínum dómi er ákvæðið um Framkvæmdasjóð fatlaðra. En lagt er til að tekjur hans af erfðafjárskatti verði skornar niður um 235 millj. kr. og að auki fari drjúgur hluti þeirra tekna sem framkvæmdasjóður fær til reksturs en ekki framkvæmda eins og tilgangur sjóðsins er. Nóg er nú þörfin og mætti hafa langt mál um það sem kannski gefst færi á síðar.

Ég vil líka benda á að sérstakur eignarskattur til að standa straum af kostnaði við endurbyggingar á húsakosti menningarstofnana er talinn munu skila 515 millj. kr. á næsta ári og þar af er ætlun ríkisstjórnarinnar að taka 200 milljónir inn í ríkissjóð en 315 fari til þess að uppfylla þetta lagaákvæði. Þetta tel ég mjög slæmt vegna þess að ástand bygginga í þessum flokki bygginga í eigu ríkisins er alls ekki gott og það er slæmt og væntanlega dýrara að draga eðlilegt og

nauðsynlegt viðhald. Annars geta menn skoðað þessa grein frv. og skýringar á bls. 428.

Stærsta skerðingin er að venju á mörkuðum tekjum til vegagerðar. Nú ætla menn að taka rúmlega milljarð af þeim tekjustofni inn í ríkissjóð og nú erum við ekki bara að tala um skerðingu lagaákvæða heldur er ljóst að það verður að taka upp bæði vegáætlun og flugmálaáætlun vegna þessara skerðingaráaforma.

Það er sérstök ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvernig launum er haldið niðri í ákveðnum greinum samfélagsins sem þýðir einfaldlega að við megum búast við síauknum atgervisflótta úr ákveðnum atvinnustéttum sérmenntaðs fólks og við missum sífellt fleiri til annarra landa af þessum sökum. Og það er verulegt og vaxandi áhyggjuefni og þjóðfélaginu til óbætanlegs tjóns ef þróunin heldur áfram á þessari braut.

Það er minnt í grg. með frv. á að samningar gera ráð fyrir nýju launakerfi þar sem sjálfvirkum launahækkunum eins og vegna aldurs er haldið í lágmarki en á móti komi aukið svigrúm fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að umbuna starfsmönnum eftir frammistöðu í starfi, ábyrgð og/eða breyttu vinnufyrirkomulagi. Það er engin útfærsla þessarar stefnu fyrir hendi og mikil tregða yfirleitt við að vinna úr þessum hugmyndum. Þetta má ekkert kosta. Það sjáum við á bls. 393 þar sem stendur, og ég vitna orðrétt, með leyfi forseta:

„Miðað er við að heildarlaunakostnaður stofnana hækki ekki vegna útfærslu nýs launakerfis. Því munu engar launabætur koma til vegna þessa."

Menn geta velt fyrir sér hvernig í ósköpum eigi að vinna úr þessum hugmyndum. Það virðist vera svo að menn ætli að fara að lækka laun sumra til þess að geta hækkað hjá öðrum og auðvitað er þarna einstaklingshyggjan á fullu. Það er um að gera að vera ekki að púkka upp á eldra fólk jafnvel þó það hafi nú sýnt tryggð og trúmennsku í starfi, þar sem það er sérstaklega tekið fram að það eigi að halda sjálfvirkum launahækkunum eins og vegna aldurs í lágmarki. Lækka bara eldra fólk í launum og umbuna ungum og sprækum starfsmönnum í staðinn. Það er helst að hægt sé að lesa þetta út úr þessum skýringum. Reyndar er þessi launastefna engin nýjung í sjálfu sér. Menn hafa farið ýmsar leiðir í þessu efni. Það eru mýmörg dæmi um að menn hafi verið prýddir einhverjum titlum til þess að hækka þá í launum, jafnvel gerðir að deildarstjórum án nokkurra undirmanna. Og það verður fróðlegt að fylgjast með þessari útfærslu. En ég hvet menn til að íhuga vandlega hvert stefnir í þessum efnum og hversu lengi menn teljast munu afbera þá lítilsvirðingu í launum sem ýmsum hópum er boðið upp á. Við sjáum afleiðingar þessa í vaxandi mæli eins og ég orðaði hér áðan og þetta á ekkert skylt við sparnað í ríkisrekstri því þetta er í rauninni atlaga við framtíðina.

Hæstv. fjmrh. fjallaði nokkuð um launamálin áðan og hann hélt því m.a. fram að aukin áhersla væri á jafnréttishugmyndir í ríkisbúskapnum og nefndi þar til sögunnar einhverjar áherslur í launamálunum. Það væri nú gaman að fá það betur skýrt, en ef hann á við meiri hækkanir í prósentum talið til svokallaðra kvennastétta sem hefur vissulega verið niðurstaðan út úr sumum þessara samninga sem gerðir hafa verið, þá er það rétt að það hafa komið til meiri hækkanir í prósentum til slíkra stétta en til ýmissa annarra hópa. En það fékkst nú ekki aldeilis baráttulaust. Og þar var ekki um hækkanir frá háum launum að ræða, það er nú kannski heila málið. Ég held að fáir hópar hafi orðið að berjast jafnmikið fyrir bættum kjörum og er þó ekki af miklu að státa. Það er í rauninni mjög athyglisvert hversu hörð barátta hefur átt sér stað einmitt hjá ýmsum kvennastéttum sem styður auðvitað það sem við höfum oft verið að halda fram hvað framlag kvenna er til miklu færri fiska metið heldur en karla, því miður. Ég efast um að nærstaddir mundu sætta sig við 60–103 þús. kr. mánaðartekjur eftir margra ára framhaldsnám eins og margar dæmigerðar kvennastéttir, t.d. í umönnunarstörfum, þurfa að sætta sig við og hafa enga möguleika á að drýgja tekjur sínar.

Hæstv. fjmrh. minntist á fæðingarorlof karla sem lið í auknu jafnrétti. Sú aðgerð er vissulega af hinu góða og ég óska honum til hamingju með að hafa loksins undið sér í þá aðgerð. En mikið var það nú heppilegt fyrir hann að þetta kostar ríkissjóð ekki neitt. Það er kannski þess vegna sem hann loksins dreif í þessu.

Herra forseti. Í heildina verður að segja að framsetning frv. til fjárlaga er til bóta og stendur að flestu leyti undir væntingum. En við megum ekki vera svo upptekin af þessu nýja formi að innihaldið gleymist. Stefna frv. skiptir auðvitað mestu. Það skiptir meginmáli hvernig teknanna er aflað og hvernig þeim er varið í þágu landsmanna. Það er mergurinn málsins. Gagnrýni mín er því ekkert minni eða mýkri en áður, þ.e. á innihaldi frv. Við höfum þurft að berjast mjög hart gegn metnaðarleysi í menntakerfinu og sífelldum atlögum að heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Sú barátta þarf augljóslega að halda áfram af engu minni krafti en áður. Menn mega ekki láta sem þeir séu einir í heiminum þarna uppi í fjmrn. Það er því miður engu líkara en að þeir heyri ekki umræðuna í þjóðfélaginu, heyri ekki röksemdir aldraðra, sem telja sig með réttu hlunnfarna eftir allt sem þeir hafa lagt af mörkum til að skapa réttlátara þjóðfélag velferðar og samhjálpar. Það er engu líkara en að þeir heyri ekki og skilji áhyggjur fólks yfir þrengingum í versnandi heilbrigðiskerfi, skilji ekki ömurlegar aðstæður sérstakra sjúklingahópa — og þá vil ég sérstaklega nefna geðsjúka og aðstandendur þeirra. Það er eins og þeir hafi ekki nægan skilning eða vilja til að ráðast gegn stöðnun í menntakerfinu, treysti sér ekki til að takast á við vaxandi vandamál vegna aukinnar neyslu fíkniefna og sífellt grófara ofbeldis. Málið er þó það, því miður, að menn heyra en vilja ekki.

[15:04]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Þessi fjárlagaumræða er að sumu leyti óvenjuleg. Hún fer fram við þau skilyrði að menn hafa breytt framsetningu fjárlagafrv. í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Það er mitt mat að þessi breyting hafi verið til verulegra bóta hvað varðar framsetningu fjárlagafrv. Það er gleggra en áður var og sýnir betur tekjur og gjöld. Þeir sem það lesa fá betri yfirsýn yfir þessa hluti í frv. en áður var. Það verður að segjast eins og er að það bar nokkuð á því að ýmsir liðir, t.d. sértekjur, komu ekki skýrt fram, voru dregnar frá útgjöldum stofnana og sáust óglöggt í fjárlagafrv. sem og að dregnar voru frá sumum skatttekjum útgjaldaliðir og talan þannig færð nettó inn í fjárlagafrv. Hvort tveggja var mjög óeðlilegt fyrirkomulag og framkvæmd sem á engan hátt gat samrýmst eðlilegum háttum í þessu efni. Ég vil einnig segja það um fjárlagafrv. að því hefur þar að auki verið breytt til samræmis við ábendingar frá þingmönnum. Þá á ég við einstaka kafla í skýringum frv. sem hafa tekið breytingum í takt við þær ábendingar sem þingmenn höfðu um þá kafla.

Það er mitt mat að mönnum í fjmrn. hafi tekist vel til að gera breytingar á frv. að þessu leyti.

Þá er einnig ástæða til að nefna hér, vegna þess að það bar á góma hjá hæstv. fjmrh., að það hafa orðið miklar breytingar í skilum á ríkisreikningi á seinni árum og það er orðið mjög til fyrirmyndar hversu fljótt ríkisreikningur liggur fyrir nú. Það auðveldar alþingismönnum mjög sína vinnu, einkum þeim sem hafa þann starfa að sitja í fjárln. og kynna sér þessi gögn. Það er orðið nær því en áður var að vera stýritæki og gefa okkur nauðsynlegar upplýsingar áður en við göngum frá fjárlögum.

Þá er engin ástæða til annars en að benda á að í íslenskum þjóðarbúskap er um þessar mundir ýmislegt sem okkur gengur í haginn og ætti því að nýtast ríkisstjórninni til góðra verka og ná fram góðum áformum. Það er augljóst mál að hagvöxtur er nokkuð öflugur og hefur á undanförnum árum skilað ríkissjóði verulega auknum tekjum, og þar að auki tekjum umfram það sem hafði verið áætlað í fjárlögum síðustu tveggja ára. Allt hefur þetta hjálpað ríkisstjórninni til að ná niður hallanum á ríkissjóði og hefur í raun ráðið úrslitum um að menn hafa nokkurn veginn skilað af sér þessum reikningum á núlli að tekjurnar hafa reynst svona miklu meiri en áætlað hafði verið.

Þá er verðbólga tiltölulega lág um þessar mundir og líklegt að hún verði a.m.k. nálægt því sem við eigum að venjast undanfarið þó að því sé ekki að neita að hún er heldur á uppleið og menn þurfa að hafa aðgát í efnahagslífinu ef ekki á að fara illa. Einnig hefur verið umtalsverð kaupmáttaraukning í kjölfar kjarasamninga á undanförnum árum sem hefur drifið áfram þennan hagvöxt ásamt umtalsverðum framkvæmdum í stóriðju- og virkjunarmálum. Sjávarútvegurinn hefur staðið sig mjög vel á undanförnum árum. Þrátt fyrir að ýmsu leyti erfitt umhverfi og mikinn niðurskurð í þorskaflaheimildum hafa útflutningstekjur sjávarútvegsins aukist nokkuð stöðugt og afkoma greinarinnar verið þannig að hún hefur skilað gríðarlegum tekjum í íslenska þjóðarbúið bæði beint og óbeint. Það má segja að það sé sá mesti auðlindaskattur sem nokkur þjóð getur fengið að búa við atvinnugrein sem nýtir auðlindina svo vel sem raun ber vitni.

Þá hefur lánsfjáreftirspurn hins opinbera dregist mjög saman og hefur hjálpað til með að liðka til á fjármagnsmarkaði ásamt því að lánsfé hefur farið mjög vaxandi í kjölfar upphleðslu á lífeyrissjóðasparnaði. Allt eru þetta jákvæð atriði sem auðvelda ríkisstjórn á hverjum tíma að hrinda fram stefnu sinni. Þá kemur líka betur í ljós en áður hver raunveruleg stefna ríkisstjórnarinnar er, hvernig hún ætlar að dreifa þessum ávinningi til þjóðarinnar. Þá geta menn ekki lengur skotið sér á bak við að það sé kreppa í íslensku efnahagslífi og rökstutt samdrátt með því. Þannig má segja að það reyni meira á pólitíska stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma við þau skilyrði sem við búum við núna.

Þrátt fyrir öll þessi jákvæðu teikn sem eru á lofti, og ég tel enga ástæðu til annars en að draga fram og taka undir ánægju manna með það sem vel gengur, þá eru ýmsar blikur á lofti sem rétt er að vita af og vara sig á því að skjótt skipast veður í lofti eins og kunnugt er. Það getur gerst í íslensku efnahagslífi eins og í veðrinu. Þannig eru ýmsir hlutir sem ekki ganga sem skyldi og ef framhald verður á á því sviði um nokkra hríð þá geta skapast veruleg vandamál af þeim sökum. Ég vil nefna nokkur atriði í þessu skyni.

Í fyrsta lagi hefur umtalsverður halli verið í viðskiptum við útlönd á þessu ári, því síðasta og spáð er að verði áfram á næstu árum. Hann er að hluta til skýrður með innflutningi á fjárfestingarvöru vegna stóriðjuframkvæmda. Ég tel svo sem ekki ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af viðskiptahalla sem kominn er til af þeim sökum því að við trúum að þau fyrirtæki sem taka til starfa á grundvelli þess innflutnings muni skila tekjum sem standi undir þeim skuldum. En eftir sem áður er meiri hluti viðskiptahallans kominn til af öðrum ástæðum en þessum. Hann hefur heldur farið vaxandi fremur en hitt og því er spáð að svo verði áfram þannig að erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild munu fara nokkuð vaxandi þrátt fyrir samdrátt í fjárfestingum. Því er spáð að erlendar skuldir þjóðarbúsins muni vaxa á þessu ári um 3,5% og 4,5% á næsta ári ef ég man þær tölur rétt.

Þá eru vextir á íslenskum fjármagnsmarkaði enn mjög háir og hærri en gerist og gengur erlendis. Þeir eru um 2,5%–3% hærri en gerist erlendis og það eru feikilega miklar fjárhæðir sem þar er um að ræða þegar þessi vaxtamunur á í hlut. Það bitnar ekki bara á ríkissjóði sem skuldara heldur líka á almenningi að því leyti sem hann á í viðskiptum við lánastofnanir á þessum háu vöxtum. Það er fyllsta ástæða til þess að hafa allan varann á í þessu efni. Þetta hefur m.a. leitt til sérkennilegra hluta eins og þeirra að menn hafa séð sér hag í því að taka lán erlendis á vöxtum sem eru 2,5%–3% lægri en gerist hérlendis, flytja það fé inn í landið og nota það til að kaupa pappíra á íslenskum markaði og eiga þá vaxtamuninn til góða. Það eru nokkrir milljarðar kr. sem menn hafa aukið skuldir íslenska þjóðarbúsins með þessum hætti til þess að ná sér í þennan vaxtamun sem er vegna þess hversu háir vextirnir eru hér innan lands. Auðvitað er það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að verulegu leyti hvernig á þessum málum er haldið og að vextir skuli vera svo háir þrátt fyrir ýmislegt sem gengur ríkisstjórninni í haginn.

Það annar hlutur sem rétt er að hafa í huga sem leiðir af þessu ójafnvægi. Það er hvernig gengið hefur verið skráð á þessu ári. Það hefur verið freistast til þess að halda niðri verðbólgu innan lands með því að hækka gengið. Þegar mest var á þessu ári hafði það hækkað um 2,5% og þó það hafi lækkað lítillega eða um liðlega 1% þar af þá hefur þessi hækkun á meðalgengi í för með sér verulegan fjármagnsflutning frá útflutningsatvinnuvegunum til þeirra sem skulda erlendis og þeirra sem kaupa innfluttar vörur. Það má segja að það sé verið að auka kaupmátt með því að halda genginu svona háu. En afleiðingin af því er sú að útflutningsatvinnuvegirnir, t.d. sjávarútvegurinn, verða af umtalsverðum tekjum vegna þessa. Það á kannski ekki hvað síst við um frystiiðnaðinn sem eins og allir vita er rekinn með verulegu tapi og ekki bætir þessi efnahagsstefna úr.

Það má áætla að tekjutap sjávarútvegsins á þessu ári vegna gengisstefnunnar nemi milli 2–3 milljörðum króna og sennilega nær þremur milljörðum en tveimur. Ráðgert er í stefnu ríkisstjórnarinnar að halda áfram að hækka gengið á næstu árum sem þýðir að gert er ráð fyrir því að hafa af útflutningsatvinnuvegunum fé með þessum hætti. Hvað sjávarútveginn varðar má gera ráð fyrir að hann muni verða af tekjum á næsta ári um svipaða fjárhæð og á þessu ári. Og það munar um minna en 4–6 milljarða kr. á tveimur árum.

Það hefði nú einhver vakið athygli á því að þetta gæti verið nokkuð myndarlegur auðlindaskattur og ekki er að efa að þeir sem eru að berjast í bökkum í hraðfrystiiðnaðinum eru væntanlega ekki mjög sammála ríkisstjórninni um efnahagsstefnu af þessu tagi.

Þá vekur það athygli að þrátt fyrir góðærið mikla sem lýst er yfir í fyrstu setningunni í þjóðhagsáætlun forsrh. að hafi ríkt hér stanslaust síðan 1994, þá hafa skuldir hins opinbera lækkað sáralítið ef nokkuð. Það er varla að það sé um það talandi hversu miklu lægri þær eru taldar verða í lok næsta árs en þær hafa verið á þessu tímabili. Hvernig má það vera þegar ríkissjóður og hið opinbera fá eins miklar tekjur í góðærinu og raun ber vitni, að mönnum tekst ekki að nota neitt af þeim tekjum til að lækka skuldir sínar?

Með því að skoða þau gögn sem fylgja fjárlagafrv. kemur í ljós að tekjur ríkissjóðs hafa aukist verulega frá því sem var á árinu 1993, síðasta ári áður en góðærið mikla reið í garð sem lýst er yfir í þjóðhagsáætlun að hafi byrjað á árinu 1994. Ef reiknað er út hversu miklar tekjur ríkissjóður hefur haft á þessum árum, 1994, 1995, 1996, 1997 og 1998, umfram það sem hann hafði árið 1993 — þetta getum við kallað tekjur ríkissjóðs af góðærinu — þá kemur í ljós að auknar tekjur ríkissjóðs á þessum tímabili eru 71 milljarður kr. 71 milljarður kr. sem ríkissjóður hefur samtals haft í tekjur umfram það sem hann hafði á árinu 1993. Og hvað skyldu heildarskuldir hins opinbera hafa lækkað eða breyst á þessu tímabili? Það kemur í ljós ef við skoðum þær tölur miðað við verðlag ársins 1998, en þær tekjur sem ég var að vísa til byggjast á því að tekjur ríkissjóðs eru reiknaðar allar á verðlagi ársins 1997, að skuldir ríkissjóðs í lok ársins 1998, næsta árs, verða 28 milljörðum hærri en þær voru í lok ársins 1993 þegar góðærið var að bresta á og gildir einu hvort við tölum um heildarskuldir eða hreinar skuldir. Þær eru 28 milljörðum kr. hærri. Og ef við drögum þetta tvennt saman, þá fáum við það út að á tíma góðærisins hafa skuldir hins opinbera hækkað um 28 milljarða, tekjur ríkissjóðs eins verið 71 milljarði meiri en þær voru á árinu 1993. Þrátt fyrir 71 milljarð í nýjar tekjur hækka skuldir um 28 milljarða. Er þetta mjög traust fjármálastjórn? Er það mjög traust og ábyrg fjármálastjórn að á þessu góðæristímabili, samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar sem hefur náð öllum sínum meginmarkmiðum í efnahagsmálum, hafi skuldir hækkað um 28 milljarða? Það er nokkuð vel af sér vikið að komast hjá því að lækka skuldir á þessu fimm ára góðæristímabili. Samfellt fimm ára góðæristímabil þýðir hærri skuldir.

Hvað skyldi nú ríkissjóður þurfa árlega að leggja til hliðar til þess að standa undir vaxtaskuldbindingum hvers árs? Það er hvorki meira né minna en 16.200 millj. kr. sem gert er ráð fyrir á næsta ári að vextir og fjármagnskostnaður ríkissjóðs verði af þessum skuldum. Þetta er mikil fjárhæð. Þetta er ein allra stærsta einstaka fjárhæð í fjárlögunum og hár fjármagnskostnaður er ekki nema vegna þess að menn skulda mikið. Það er bara ein ástæða fyrir því og hún er sú að menn skulda mikið. 16.200 millj. er fjárhæð sem er hægt að gera mikið fyrir. Og ímyndum okkur að ríkisstjórninni hefði tekist á þessu fimm ára góðæristímabili að lækka skuldirnar, segjum um fjórðung, þá hefði mátt vænta þess að vaxtakostnaður ríkissjóðs væri miklu minni á næsta ári, einhvers staðar á bilinu fjórðungi til helmingi minni. Það er mikil fjárhæð. Það má bora mikið af jarðgöngum fyrir þá fjárhæð eina og sér.

Allt þetta góðæristímabil hefur ríkissjóður verið rekinn með halla. Menn hafa eytt meira en þeir öfluðu. Menn hafa ráðstafað skatttekjum seinni ára til að standa undir eyðslu þessa viðkomandi árs. Það er megineinkennið á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar síðustu ár að hún hefur eytt umfram efni.

Hæstv. fjmrh. gat þess að svo vel stæðum við að við mundum standa vel í samanburði við Evrópuþjóðirnar þegar við mætum efnahag ríkisins, skuldir og annað sem máli skiptir. Við skulum skoða þetta aðeins. Ef við lítum á áætlanir fyrir árið 1998, þá er gert ráð fyrir því að hallinn á rekstri hins opinbera verði um 0,6% af landsframleiðslu. Hjá Evrópusambandinu er áætlað að það verði 2,6% halli, 2% meiri en hjá okkur. Og það er gott að við stöndum okkur betur að þessu leytinu til. En þá skulum við líka hafa í huga það sem er misjafnt og er okkur í vil. Þess vegna eigum við að gera betur. Og það er eitt atriði sem er mjög stórt í þessu sambandi sem menn þurfa ævinlega að hafa í huga og muna eftir þegar menn bera saman þessa stöðu Íslands við lönd eins og í Evrópusambandinu. Það er að hér á landi er enginn her og við höfum engin útgjöld af þeim sökum. Þvert á móti, við höfum bara tekjur vegna þessa. Það munar nú miklu því að þessu er öfugt farið hjá öðrum þjóðum. Þar hafa menn mikil útgjöld en litlar tekjur.

Lítum aðeins á hver útgjöld annarra ríkja til hernaðarmála eru sem hlutfall af landsframleiðslu, þá er ég með tölur frá nokkrum Evrópulöndum, Danmörku, Noregi, Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Bretlandi og Spáni. Þær tölur eru frá 1,5% upp í 3,3% af vergri landsframleiðslu ár hvert, u.þ.b. 2–3% af vergri landsframleiðslu eru útgjöld þeirra ríkja vegna hernaðarmála. Útgjöld okkar eru engin en tekjur eru 10 milljarðar, tekjur þjóðarbúsins eru um 10 milljarðar sem eru um 1,5% af landsframleiðslu og ríkið hefur sínar tekjur af þeim umsvifum. Ég hef ekki mat á því en ef við giskum á að það sé um þriðjungurinn, þá er það um 0,5%. Samanlagt eru það svona 2,5–3,5% sem við þyrftum að vera betur staddir en Evrópusambandið til þess að standa að jöfnu að öðru leyti. Það er því kannski ekki ástæða til þess að kætast mjög mikið þó að við stöndum þó þetta betur hvað varðar hallann á rekstri hins opinbera.

Þá vil ég líka nefna aðra hluti sem er ástæða til að hafa í huga þegar við metum ástandið í framtíðinni í efnahagsmálum. Það er að blikur eru á lofti varðandi sjávarútveginn. Fjárfesting í sjávarútvegi er mjög fallandi um þessar mundir og það er ekki góðs viti í þeirri mikilvægu atvinnugrein. Það er ekki gert ráð fyrir að útflutningstekjur sjávarútvegsins aukist á næsta ári frá því sem nú er og má hafa efasemdir um að allt gangi eftir sem spáð er um afla og tekjur í sjávarútveginum þó að vissulega voni ég að svo verði og jafnvel að betur gangi en ætlað er. En við getum ekki gengið út frá því sem vísu.

Þá er athyglisvert að þrátt fyrir þann mikla hagvöxt sem hefur verið og efnahagssveiflu sem skilar mörgum nýjum störfum — það kemur fram í gögnum ríkisstjórnarinnar að þau eru áætluð að verða um 5.000 á tveggja ára tímabili, þessu og næsta — þá fækkar atvinnulausum aðeins um 0,7%. Og á næsta ári er gert ráð fyrir að aðeins fækki sem svarar 400 ársverkum á atvinnuleysisskrá. Mjög lítið af þessum nýju störfum verður til þess að draga úr atvinnuleysi. Og þó að það sé mjög gott að atvinnuleysi minnki og við fögnum því, þá er það samt áhyggjuefni að ekki skuli ganga betur en raun ber vitni þegar svona mikill fjöldi af nýjum störfum verður til eins og fram kemur í þeim gögnum sem fyrir okkur hafa verið lögð. Og menn hljóta að spyrja sig: Hvernig má það vera að atvinnuleysi er þrátt fyrir allt svona mikið? Af hverju minnkar það ekki meira þegar svona vel gengur? Hvað er að? Og mér finnst gagnrýnivert af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún leiðir ekki hugann að þessu atriði. Það er ekki vikið einu

orði að þessu atriði og reynt að draga fram skýringar á því og jafnvel að ríkisstjórnin setji fram stefnu í þessum efnum. En það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að ríkisstjórn sem er búin að ná öllum sínum markmiðum hafi einhverja stefnu hér eftir.

Ég vek einnig athygli á einu atriði sem á að vera mönnum viðvörunarefni um að ekki sé allt sem skyldi og þó að vel gangi í efnahagsmálum og miklar tekjur komi inn þá er greinilegt að ekki njóta allir þess sem skyldi, skulum við segja. Í gögnum frá félagsmálastofnunum sveitarfélaga kemur fram vaxandi þungi í framfærsluaðstoð sveitarfélaganna. Hjá Reykjavíkurborg einni fjölgaði þeim um nærri 10% sem þurftu að fá fjárhagsaðstoð á síðasta ári frá því sem var árið á undan. Liðlega 3.500 einstaklingar í Reykjavík þurftu að fá fjárhagsaðstoð á síðasta ári. Þær upplýsingar sem ég hef um þróunina síðan þá benda ekki til þess að úr þessu hafi dregið. Menn hljóta að þurfa að leita skýringa á því og hafa svör við því, þeir sem sitja við stjórnvölinn á hverjum tíma, hvað þeir ætla að gera til úrbóta á þessu sviði. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera fyrir það fólk sem sér ekki góðærið?

Þá vil ég, herra forseti, víkja aðeins að þeim kafla úr ræðu fjmrh. sem fjallaði um skattalækkanir. Víst er að skattalækkanir hafa orðið nokkrar og umtalsverðar og ekki bara á síðasta ári heldur á starfstíma ráðherrans. Ef maður metur þessar breytingar má segja að við getum dregið fram ákveðna pólitíska stefnu í þeim. Mjög skýr pólitísk stefna kemur fram í skattbreytingastefnu ríkisstjórnarinnar. Hún er svona: Þeir sem hafa miklar tekjur eiga að fá mikla skattalækkun. Þeir sem hafa minni tekjur eiga að fá minni skattalækkun. Þetta er mjög skýr stefna. Auðvelt er að rifja upp breytingarnar á undanförnum árum sem hafa í öllum meginatriðum gengið í þessa átt.

Hver man ekki eftir því afreki ríkisstjórnarinnar að lækka sérstaklega skatta á háar eignir og háar tekjur? Skattalækkunin síðasta vor er umdeilanleg svo ekki sé meira sagt. Það er aðgerð sem dreifir út 2 milljörðum kr. eftir efnahag á öfugan veginn þannig að þeir sem hafa miklar tekjur fá mest. Hún gengur upp eftir öllum tekjustiganum og engin tilraun er gerð til þess að dreifa skattalækkuninni misjafnt til þess að draga úr efnahagslegu misrétti sem er fyrir í þjóðfélaginu. Þetta er mjög skýr stefna og kemur mér ekki á óvart að Sjálfstfl. hafi þessa stefnu. Það sem kemur kannski á óvart er að hann skuli geta fengið aðra flokka til að fallast á stefnu af þessu tagi. Það er greinilegt að slíkt er ekki mjög hollt fyrir þá flokka. Það var ekki mjög hollt fyrir Alþfl. í síðustu ríkisstjórn að framfylgja stefnu Sjálfstfl. Það kom í ljós þegar upp var staðið að það er ekki heldur mjög hollt fyrir Framsfl. að framfylgja stefnu Sjálfstfl. í skattamálum. Skoðanakannanir þessa dagana sýna að það er ekkert mjög hollt og ekki ástæða til annars en ætla að kjósendur Framsfl. munu sýna það þegar upp er staðið að þeir ætlast til annars af sínum flokki en að fylgja og flytja skattastefnu Sjálfstfl. Þetta er því miður staðan þegar flokkarnir eru margir og dreifa sér um of þá hafa menn um það að velja að sitja á forsendum stóra flokksins í stað þess að snúa bökum saman og skapa sjálfir sínar sameiginlegu forsendur sem eru andstæða hinna hægri forsendnanna.

Ég vil aðeins rifja upp afstöðu stjórnarandstöðunnar til þeirrar skattalækkunar sem ég hef nefnt sérstaklega, skattalækkunarinnar nú í vor. Í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn., sem gefið var út þegar málið var afgreitt úr nefndinni 9. maí, sameinaðist öll stjórnarandstaðan um afstöðu til málsins. Mig langar til að rifja upp fáein átriði úr því nefndaráliti því að það dregur mjög skýrt fram áherslur sem flokkarnir hafa sameiginlega og standa öndverðar gegn þeim áherslum sem endurspeglast í lagabreytingunum. Í nefndarálitinu segir svo, með leyfi forseta:

„Gagnrýnisvert er að skattalækkunin er látin ná upp allan tekjustigann. Þeir sem bera mest úr býtum við þessar breytingar eru því barnlaust hátekjufólk. Það þýðir að hátekjumaðurinn ber mest úr býtum við breytingarnar. Tillögur Alþýðusambandsins voru að taka upp fleiri skattþrep og láta ekki hækkunina ná til hæstu tekna. Flestar nágrannaþjóðir okkar eru með fleiri en eitt skattþrep í tekjuskatti, en við Íslendingar erum einungis með eitt þrep sem meginreglu í okkar tekjuskattskerfi".

Þá er rétt að minna á að samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á barnabótum þar sem hæstv. ráðherra segir ævinlega að hafi verið að draga úr jaðarsköttum. Það eru mikil öfugmæli sem hæstv. fjmrh. kveður í þessu barnabótamáli. Staðreyndin var sú að það var verið að lækka barnabætur. Það var ekki verið að hækka barnabætur á lágtekjufólki og það hefur verið aðgerð á undanförnum árum varðandi barnabætur að draga úr heildarfjármagninu í þann bótaflokk fremur en að bæta við.

Minni hluti efh.- og viðskn. víkur einnig að þessu máli og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa þann kafla sem fjallar um breytingarnar á barnabótakerfinu:

„Minni hlutinn gagnrýnir hins vegar harðlega fyrirkomulag barnabóta í frumvarpinu. Engu er varið til þess að auka barnabætur, en það er brýnt. Í stað þess er alfarið tekin upp tekjutenging barnabóta sem þýðir að barnabætur lækka hjá fjölmörgum einstaklingum. Það er skoðun minni hlutans að hækka hefði þurft barnabætur og draga úr tekjutengingunni. Barnafólk hefur komið illa út úr skattabreytingum undanfarinna ára. Það er mikilvægt að sýna þeim meiri skilning við skattabreytingar. Minni hlutinn telur að til álita hefði komið að draga verulega úr eða jafnvel afnema tekjutengingu barnabóta þannig að barnabætur hefðu hækkað í áföngum á nokkrum árum. Slíkt hefði kostað um 5 milljarða kr. en verið skynsamlegt til lengri tíma." Lýkur þá tilvitnun í þetta ágæta nefndarálit.

Þetta þykir mér rétt að rifja upp þannig að þingheimi sé kunnugt hver afstaða stjórnarandstöðunnar í heild var til þessa máls varðandi tekjuskattsbreytingar og breytingar á barnabótum í vor sem hæstv. fjmrh. kallar alltaf lækkun jaðarskatta en það er eftir því sem ég best veit enginn skattur til á Íslandi sem heitir jaðarskattur þannig að ekki er hægt að lækka þann skatt sem ekki er til.

Herra forseti. Ég vil víkja að lokum að fáeinum atriðum. Ég tel að í fjárlagafrv. eigi að endurspeglast ákveðin og skýr stefna ríkisstjórnar á hverjum tíma og horfa 2–3 ár fram í tímann. Í þessu fjárlagafrv. er ekki að sjá mjög glöggt hver stefna ríkisstjórnarinnar er. Þar er ekkert annað að finna en yfirlýsingar um að hún hafi náð öllum sínum efnahagslegu markmiðum. Ég velti fram nokkrum atriðum sem ég tel að menn ættu að líta til þegar menn ákveða efnahagsstefnu til komandi ára.

Ég tel að í fyrsta lagi þurfi menn að stefna að valddreifingu í ríkiskerfinu. Ríki er ákaflega stórt, ógagnstætt og þunglamalegt og hefur tilhneigingu til að þenjast út og það er mjög heppileg aðferð að brjóta upp einingarnar og dreifa valdinu. Ég er á þeirri skoðun að það eigi að stefna að því að draga úr hlut ríkissjóðs í hinu opinbera og auka

hlut sveitarfélaga sem því nemur. Ég tel að ríkið eigi ekki að vera með meira en 50% af umsvifum hins opinbera en í dag lætur nærri að það sé með um 80%. Ég teldi að það væri mjög áhugavert og hefði margt gott í för með sér ef menn stefndu að valddreifingu í þessa átt.

Ég tel að það eigi m.a. að huga að sparnaði, ekki bara á sjúkrahúsum og öðrum slíkum ágætum stofnunum heldur líka á stjórnarheimilinu. Það er náttúrlega mikil ofrausn í dvergþjóðfélagi upp á 260 þúsund manns að halda uppi 10 ráðherrum. Það er ekkert lítið að halda uppi 10 manna ráðherrasveit í pínulitlu þjóðfélagi og 14 ráðuneytum ef ég man rétt og kannski 15. Ég held þó að þau séu 14. Auðvitað eigum við að hafa miklu færri ráðuneyti og miklu færri ráðherra. Þetta er aðgerð sem mun örugglega leiða af sér sparnað í ríkiskerfinu en hún mun líka leiða það af sér að hún mun styrkja Alþingi því að það sem gerir Alþingi fyrst og fremst veikt er hin öfluga ráðherrasveit sem ræður ríkjum umfram aðra þingmenn.

Hins vegar tek ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra að stefna eigi að að því að fjárlög nái til 2–3 ára. Ég tel það mjög áhugaverðar hugmyndir og minni á að Alþb. hefur ályktað um það í gegnum árin að taka upp tveggja ára fjárlög.

Ég vil svo að lokum segja vegna athugasemda ráðherrans um meðferð lífeyrisskuldbindinga, 6,7 milljarða að hér er um að ræða ný útgjöld sem stofnast til vegna verðlagsbreytinga og launabreytinga. Þau útgjöld eiga að sjálfsögðu að fara eins og önnur útgjöld yfir rekstrarreikning. Annað væri óeðlilegt. En ég sé, virðulegi forseti, að tíma mínum er lokið þannig að ég hef svör mín ekki ítarlegri við athugasemdum hæstv. ráðherra enda held ég að þess þurfi ekki.

[15:44]

**Útbýting þingskjala:**

Jarðhitaréttindi, 56. mál, frv. HG o.fl., þskj. 56.

Orka fallvatna, 50. mál, frv. HG o.fl., þskj. 50.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, 60. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 60.

Öryggismál sundstaða, 45. mál, fsp. ÖS, þskj. 45.

[15:46]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem er komið til 1. umr. markar tímamót a.m.k. að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er uppsetning þess og upplýsingagjöf um ríkisfjármálin með öðrum hætti en áður. Þetta er í framhaldi af lagasetningu um fjárreiður ríkisins sem gengið var frá á Alþingi á síðasta vori og kváðu á um mörg nýmæli varðandi uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Frv. gefur heillegri mynd af ríkisrekstrinum. Með því hafa þeir sem þurfa að samþykkja löggjöfina um umsvif ríkisins, stjórnmálamennirnir, betri yfirsýn yfir málið, einnig þeir sem eiga að veita aðhald, fjölmiðlamenn og almenningur í landinu. Hin nýja framsetning sýnir afkomu ríkissjóðs á rekstrargrunni sem liggur nær uppgjörsmáta fyrirtækja í landinu og frekar en gamla greiðslugrunnsaðferðin samanburðarhæf við einkareksturinn þó seint geti verið um algera hliðstæðu að ræða vegna þeirrar sérstöðu sem ríkið hefur á mörgum sviðum.

Það er sannfæring mín eftir að hafa unnið að ríkisfjármálum um skeið að þessi nýja framsetning á eftir að hafa heillavænleg áhrif. Ríkisfjármálin eiga að vera opinber og gegnsæ. Allar breytingar sem horfa í þá átt eru til mikilla bóta og munu leiða til betri meðferðar fjármuna þegar fram í sækir. Það á að liggja fyrir skýrt og ljóst hvaða fjármunir eru innheimtir af almenningi í landinu og hvernig þeim fjármunum er varið.

Við höfum tekið risastökk fram á við í þessum efnum. Það voru tímamót árið 1987 þegar Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi. Það hafði og hefur gríðarmikil áhrif og hefur hjálpað Alþingi í eftirlitshlutverki sínu þó enn megi bæta um betur í þinglegri meðferð þeirra skýrslna sem frá stofnuninni koma. Framsetning fjárlaga nú er ekki síður tímamót. Auðvitað verður að fara yfir það sem betur má fara í ljósi reynslunnar. Hér er ekki endapunkti náð en það breytir engu um mikilvægi þessara breytinga.

Í öðru lagi markar þetta fjárlagafrv. tímamót vegna þess að nú er gert ráð fyrir að greiða niður skuldir ríkissjóðs í stærri stíl en áður hefur verið á næsta ári. Afkoman er í jafnvægi annað árið í röð ef áætlanir standast. Þetta er afar mikilvægt í ljósi þess að allar götur síðan 1983 hefur verið hallarekstur á ríkissjóði og hann hefur leitt til mikillar skuldasöfnunar sem gerir það að verkum að útgjöld vegna vaxta af þessum skuldum eru með stærstu útgjaldaþáttum ríkisins. Það er ljóst að ef slík þróun héldi áfram fram á næstu öld, næsta áratug eða svo, er lánstrausti og fjárhagslegu sjálfstæði íslenska þjóðfélagsins hætt.

Það árar vel á sviði efnahagsmála í íslensku samfélagi um þessar mundir. Hagvöxtur er áætlaður um 3,5% á næsta ári sem er hærra en í löndum Efnahagsbandalagsins og í iðnríkjunum sem nemur allt að 1%. Atvinnuleysi hefur farið minnkandi og er áætlað 3,6% á næsta ári. Ný störf hafa orðið til og eftirspurn hefur myndast á vinnumarkaði. Hins vegar hefur einkaneysla farið vaxandi og það eykur viðskiptahallann ásamt miklum vöruinnflutningi til fjárfestinga. Í ár er búist við að viðskiptahallinn verði 19 milljarðar kr. og svipaður á næsta ári. Hættumerkin eru í því fólgin að þenslan geti þrýst verðbólgustiginu upp en verðbólga hefur verið í lágmarki þrátt fyrir almenna kjarasamninga til langs tíma til þorra launafólks og kostnaðarhækkanir í atvinnulífinu af þeim sökum. Við þessar aðstæður er rétt að stefna að því að haga rekstri ríkissjóðs með þeim hætti að hann sé í jafnvægi og svigrúm sé skapað til að greiða niður skuldir. Hinn stóri hlutur einkaneyslu í hagvextinumn færir ríkissjóði verulegar tekjur. Sama er að segja um auknar fjárfestingar í landinu.

Það árar mjög vel í ýmsum greinum sjávarútvegs um þessar mundir, svo sem í síldveiðum og loðnuveiðum, og það er einn þátturinn í þeim tekjuauka sem ríkissjóður hefur orðið aðnjótandi. Sagan segir okkur hins vegar að afli í þessum tegundum er háður sveiflu. Það hefur verið svo alla þessa öld. Nú ríkir gott tímabil og þar við bætist að markaðsástandið er þannig að verð á afurðum er í hámarki. Það er ekki við því að búast að svona uppsveifla ríki til langframa en mikil nauðsyn er að gera sér glögga grein fyrir því þegar málefni sjávarútvegsins og ríkisfjármálin eru rædd og kem ég að því nánar síðar. Ef við getum ekki við þessar aðstæður snúið til réttrar áttar í ríkisfjármálum og greitt niður skuldir er borin von að það takist þegar verr árar en nú.

Áformin um að greiða niður skuldir byggjast á því að selja nokkrar verðmætar eignir ríkissjóðs og verja andvirðinu á þennan hátt. Hér er eins og fram hefur komið um að ræða hlut ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum, í Járnblendifélaginu og í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins svo að stærstu eignirnar séu nefndar. Breyttar aðstæður réttlæta þessa sölu. Einkamarkaðurinn er fær um að annast verktakastarfsemi og samningar hafa verið gerðir við Norðmenn um rekstur á

Grundartanga sem gerir það að verkum að þátttaka ríkisins í þeirri starfsemi er ekki nauðsynleg. Sala í Fjárfestingarbankanum er hluti af breytingunni sem átt hefur sér stað í bankakerfinu.

Það er hins vegar algert skilyrði að andvirði þessara eigna nýtist til að lækka skuldir ríkissjóðs en sé ekki notað í aukin útgjöld. Rekstri ríkissjóðs má líkja við heimilisbókhaldið og að því leyti að getan til útgjalda ræðst af tekjunum sem inn koma. En það þykir ekki gott ráðslag að ganga á eignir til þess að lifa. Hins vegar getur það haft heillavænleg áhrif á efnahaginn að létta á skuldum með eignasölu og skapa meiri ráðstöfunartekjur. Svo er með ríkissjóð.

Ég skildi hv. 5. þm. Vesturl. þannig í sjónvarpsviðtali í gær að til greina kæmi að borga skuldir hægar niður til að standa undir auknum útgjöldum. Ég trúi því ekki að hv. þm. hafi verið að leggja það til fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að sala eigna yrði notuð til að standa undir útgjaldaaukningu þegar salan er í svo ríkum mæli sem áætlað er á næsta ári.

Í hinni nýju uppsetningu fjárlagafrv. eru ítarlegri upplýsingar og sundurliðanir á tekjuhliðinni en áður. Þar kemur fram að hlutur skatta á tekjur og hagnað eru 37,9 milljarðar kr. á rekstrargrunni en skattar á viðskipti með vörur og þjónustu eru 80,7 milljarðar. Þar er virðisaukaskatturinn hæstur, 53,5 milljarðar eða tæplega einn þriðji hluti af heildartekjum ríkissjóðs og vörugjöld um 20 milljarðar. Sá hluti tekna ríkissjóðs sem umdeildastur er og hefur verið rætt mest um það sem af er umræðunni eru gjöld fyrir þjónustu í velferðarkerfinu. Bróðurparturinn af þeim er reyndar færður sem sértekjur í frv. Í þeirri gjaldtöku get ég tekið undir að það þarf að gæta hófs enda eru ný þjónustugjöld ekki upp tekin með þessu frv. Hitt er svo annað mál að tekjuöflun ríkissjóðs eru takmörk sett í öllum þáttum. Hækkun skatta á vörur og þjónustu kemur beint inn í verðlagið og ekki verður deilt um það að skatthlutfall á einstaklinga í landinu er í hámarki. Hins vegar eru þær kenningar uppi að ríkið gæti aukið tekjur sínar með veiðileyfagjaldi sem lagt yrði á sjávarútveginn og auðlindagjaldi á aðrar auðlindir þó ekki hafi sést útfærslur á því. Því er jafnvel haldið fram að með slíkri skattlagningu sé hægt að lækka tekjuskatt landsmanna eða jafnvel fella hann alveg niður.

Ég ætla ekki á þessum vettvangi að taka upp langar umræður um veiðileyfagjald. En ég minni á það sem ég vék að fyrr í máli mínu að einstöku greinar sjávarútvegsins eru í uppsveiflu sem eiga vart sinn líka í sumum greinum. Aðrar greinar svo sem landvinnsla á bolfiski eru reknar með tapi og það verulegu tapi. Sjávarútvegurinn hefur lagað stöðu sína mjög á undanförnum árum og ekki er langt síðan umræðan snerist um það hvort hann gæti mögulega borgað skuldir sínar. Það er nauðsyn fyrir atvinnugreinarnar nú þegar betur árar að byggja sig upp, m.a. til að þola betur samdrátt þegar að honum kemur. Ég vil vara við því að halda því fram að sjávarútvegurinn geti verið sú peningaveita í ríkissjóð sem sumir stjórnmálamenn og aðrir áhrifamenn í þjóðfélaginu vilja vera láta. Haldi afkoma sjávarútvegsins enn áfram að batna greiðir hann að sjálfsögðu skatta og skyldur í ríkissjóð eins og aðrar atvinnugreinar.

Það er fullljóst að tekjuöflunarmöguleikum í ríkissjóð eru takmarkanir settar og það er raunsætt að spila úr þeim tekjum sem ríkissjóður hefur nú, ekki síst þegar þær eru á uppleið og jafnvel í hámarki. Vinnu stjórnmálamanna og vinnu okkar fjárlaganefndarmanna við fjárlagafrv. verður að miða við þessar staðreyndir. Það ber að varast að líta svo á að möguleikar séu fyrir ríkissjóð að auka tekjur sínar án efnda.

Það er mjög athyglisvert að heyra umræðuna nú um getu sveitarfélaganna til að borga kennurum hærri laun. Allir virðast viðurkenna í umræðunni að þeirri getu séu takmörk sett. Þetta er fyrir það að sveitarfélögin eru nær öllum almenningi í landinu en ríkisvaldið er fjarlægara. Hins vegar gildir það sama um bæði stig stjórnsýslunnar. Auknar tekjur eru sóttar í vasa fólksins í landinu með beinum eða óbeinum hætti og bæði forsvarsmenn ríkis og sveitarfélaga eru nauðbeygðir til að sýna aðhald í útgjöldum og reyna að forgangsraða eftir bestu getu. Aðrar leiðir eru ekki færar.

Þeim sem fjalla um fjármál ríkissjóðs er mikill vandi á höndum þegar að því kemur að deila niður útgjöldum og forgangsraða í þeim efnum. Oftar en ekki heyrist því haldið fram að forgangsröð sé ábótavant og m.a. hefur stjórnarandstaðan á Alþingi haldið því fram að áherslurnar séu skakkar, stjórnarliðar séu varðmenn hinna ríku og betur settu en stjórnarandstaðan umboðsmenn hinna sem verr settir eru og eru undir í þjóðfélaginu. Því er haldið fram að breytt forgangsröð í ríkisútgjöldum muni leysa þennan vanda. Því er haldið fram að útgjöld til velferðarmála séu of lítil. Því er til að svara að afkoma ríkissjóðs er þáttur í því efnahagslega umhverfi sem allir landsmenn búa við. Það er öllum í hag, bæði hinum verr settu og hinum betur settu að verðbólgan haldist lág í þjóðfélaginu. Svo er nú. Á því byggist að kjarasamningar, sem hafa verið gerðir til langs tíma við þorra launþega, leiði til aukins kaupmáttar. Það eru svik við launþega að stýra málum þannig að verðbólgan fari upp úr öllu valdi á næstu missirum. Það er einnig þeim sem eiga við erfiðleika að etja í fjármálum í hag að vextir lækki í landinu. Ríkisfjármálin eru þáttur í því. Það skapar einnig grunn til aukinna átaka í velferðarmálum að lækka þær upphæðir sem ríkisvaldið þarf að greiða í vexti á ári hverju. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að vaxtagreiðslur ríkissjóðs lækki umtalsvert á næsta ári. Bætt afkoma veldur þar nokkru um, bætt afkoma síðustu tveggja ára og einnig innkallanir á bréfum og skuldbindingum með óhagkvæmum kjörum. Bætt afkoma og aukið lánstraust ríkissjóðs hafa gert þessar innkallanir mögulegar og ljóst er að þær einar munu lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs um liðlega tvo milljarða á næstu árum. Þessi bati styrkir stöðu ríkissjóðs verulega og hann verður þeim tvímælalaust í hag sem þurfa mest á þjónustu hans að halda.

Hv. 12. þm. Reykn. gat um það í ræðu sinni að hér hefði hallast mjög á ógæfuhliðina fyrir tíu árum og með kaupmátt tekna og í fleiri greinum. Mér er mjög í fersku minni ástandið fyrir tíu árum. Þá gekk þjóðfélagið inn í mestu uppsveiflu síðustu áratuga. Þá var hagvöxturinn yfir 8%. Þá var haldið þannig á málum að á árinu 1988, þegar komið var fram á mitt ár, var verðbólgan orðin 26,5%. Þið getið ímyndað ykkur núna hvort það væri ekki hinum lægstlaunuðu í hag ef verðbólga hér í landinu væri 26,5%. (**Gripið fram í:** Hver var þá í ríkisstjórn?) Ég og mínir flokksmenn báru hluta af þeirri ábyrgð og það er þess vegna sem ég vil ekki endurtaka slíkt. Og það var þess vegna sem gengið var í það af verkalýðshreyfingunni, af Vinnuveitendasambandinu og af ríkisstjórninni að gera þjóðarsátt ... (**Gripið fram í:** Og bændum.) — já og af bændum — sem hefur lagt grunninn að jafnvægi síðustu ára í efnahagsmálum. Nú erum við að njóta að mörgu leyti ávaxtanna af því.

Það er ástæða til að undirstrika það sérstaklega að þau almennu áhrif sem jafnvægi í fjármálum ríkisins hefur koma

engum betur til góða en þeim sem lakast eru settir. Þetta frv. gerir sem fyrr ráð fyrir auknum útgjöldum til velferðarmála og það er mín skoðun og míns flokks að bætta afkomu eigi að nota til að styrkja undirstöðu velferðarkerfisins. Hins vegar verður það ekki gert nema jafnframt sé aðhald í útgjöldum og leitast við að nýting fjármuna verði sem best.

Stjórnarandstaðan heldur því gjarnan fram að breytt forgangsröð sé lausn á vandanum í ríkisfjármálum. Ég vil taka undir það að ætíð er þörf á því að fara yfir forgangsröð útgjalda. En ég vara hins vegar við of mikilli bjartsýni um að breytt forgangsröð valdi byltingum í þessu efni. Vissulega væri þörf á því að Alþingi tæki sérstaka umræðu um forgangsröðina, t.d. að vorlagi, líkt og gert er í sumum þingum nágrannalandanna. Svo er t.d. gert í sænska þinginu en fjárln. hefur kynnt sér fjárlagagerð þar sérstaklega á liðnu ári. Ég er ekki þeirrar skoðunar að allt sé óumbreytanlegt í forgangsröðinni en hitt er staðreynd að þrýstingur á aukin útgjöld birtist í öllum málaflokkum. Við könnumst við umræðuna um velferðarútgjöldin, í tryggingamálum, heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra og nægir að minna á fjölmennan útifund í hádeginu hér við þinghúsið þar sem aldraðir kröfðust betri kjara. Mikil umræða er um aukningu fjármagns til menntamála og þykir það forsenda þess að við séum samkeppnisfærir í framtíðnni í breyttum heimi. Við könnumst einnig mætavel við umræðuna um aukningu útgjalda til samgangna, átaks í umhverfismálum og margs fleira. Sannleikurinn er sá að þorri þingmanna vill í raun hafa alla þessa málaflokka í forgangi, enda eru þeir það. Mikill þrýstingur er einnig um útgjaldaaukningu í ýmsum þáttum dóms- og kirkjumála, t.d. um aukna löggæslu í landinu.

Á bls. 274 í fjárlagafrv. er einkar gott yfirlit um hvernig málaflokkar gjalda í A-hluta fjárlaganna skiptast á rekstrargrunni, þ.e. með nýju uppgjörsaðferðinni. Það kemur í ljós að þeir málaflokkar sem ég nefndi, að viðbættum vaxtakostnaði, taka til sín liðlega 120 milljarða af 162 milljarða kr. útgjöldum á rekstrargrunni. Útgjöld til atvinnuveganna eru innifalin í þeim 40 milljörðum sem út af standa en æðsta stjórnsýsla ríkisins að utanríkisþjónustunni meðtalinni tekur til sín 7 milljarða kr. En það er nú fyrst og fremst hún sem horft er á þegar rætt er um forgangsröðina. Ég get tekið undir það að fara þarf vel með fjármuni í æðstu stjórnsýslunni og get tekið undir hvert orð sem sagt er um það. Sparnaður í málaflokki sem kostar 7 milljarða af 160 milljarða kr. útgjöldum veldur ekki byltingu en hins vegar er jafnsjálfsagt að sýna aðhald í útgjöldum í æðstu stjórn ríkisins.

Ég mun ekki gera einstaka liði fjárlagafrv. að umræðuefni nú við 1. umr. málsins. Fjárln. á eftir að vinna sitt verk við frv. og við 2. umr. gefst tækifæri til að fjalla nákvæmar um einstök atriði. Ég vil hins vegar víkja örfáum orðum að heilbrigðismálum vegna þeirrar miklu umræðu sem verið hefur um þann málaflokk. Því er haldið fram að skortur á stefnumótun standi þessum málaflokki fyrir þrifum. Svo er ekki. Sú stefna sem núv. heilbrrh. hefur mótað hefur legið fyrir. Svo að nokkur atriði séu nefnd þá er hún í því fólgin að hagræða í rekstri sjúkrahúsa með samvinnu og sameiningu yfirstjórnar þar sem því verður við komið og skilgreina hlutverk þeirra sem best þannig að þau geti þjónað því og haldið uppi þeirri þjónustu sem krafist er af þeim. Hún er einnig sú að hefja byggingu barnaspítala og ýta því máli áfram. Hún er sú að halda áfram uppbyggingu heilsugæslunnar hér á höfuðborgarsvæðinu, ljúka þeirri uppbyggingu á landsvísu þá og vinna svo að málum að heilsugæslan sé grunneining heilbrigðisþjónustunnar. Það hefur einnig verið mótuð sú stefna að styrkja forvarnir.

Ég hef drepið hér á nokkrum þáttum en þessi stefna hefur verið undirbyggð með mikilli vinnu og mikil gögn liggja fyrir um hvernig mögulegt væri að framkvæma hana. Hins vegar er það einfaldlega þannig að skiptar skoðanir eru um þessa stefnu, m.a. innan heilbrigðisgeirans, milli einstakra starfsstétta sem vinna í heilbrigðisgeiranum og sú barátta hefur verið sýnileg svo vægt sé til orða tekið. Það er oft tekið svo til orða í fjölmiðlaumræðu um heilbrigðismál að umræða um breytingar veki óöryggi almennings í landinu og sjúklinga sem þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda. Þetta er alveg rétt, umræðan mætti gjarnan vera á lægri nótum oft á tíðum. Hins vegar verður ekki allt óbreytt í heilbrigðisþjónustu landsmanna með breyttum þjóðfélagsháttum. Það þarf að fara yfir skipulagið í þessum geira samfélagsþjónustunnar eins og annarra, bæði opinberra aðila og einkaaðila. Hins vegar er hér um afar viðkvæma starfsemi að ræða og því þarf að varast að fórna því sem áunnist hefur. Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er góð og glæsilegur árangur hefur náðst á mörgum sviðum. Það hefur aldrei verið stefna stjórnvalda nú eða fyrr að brjóta þessa þjónustu niður eða hörfa. Hins vegar þarf að endurskoða skipulagið miðað við breyttar aðstæður til þess að geta tekið við nýjungum og halda þeim góða árangri sem náðst hefur miðað við þá fjárhagsgetu sem ríkissjóður hefur og þann fjárhagsramma sem settur er.

Herra forseti. Eins og ég sagði fyrr ætla ég ekki að þessu sinni að fjalla um einstök fjárframlög sem frv. gerir ráð fyrir. Fjárln. mun fá frv. til meðferðar og samkvæmt venju er nefndin þegar byrjuð að taka viðtöl sem tengjast fjárlagavinnunni. Vera kann að hin nýja uppsetning verði til þess að breyta þurfi vinnu fjárln. að einhverju leyti. Nú eru lánsfjárlög hluti fjárlagafrv. og hlýtur það eitt að leiða til breytinga á starfi nefndarinnar. Frv. til lánsfjárlaga er nú að finna í 5. gr. og hin svokölluðu skerðingarákvæði í 6. gr. frv. Þetta er þáttur í skýrari uppsetningu og mun auðveldara er að fá heildaryfirlit yfir fjármál ríkissjóðs og ábyrgðir með því að hafa fjárlögin í höndunum.

Það sem af er hafa félagar mínir í stjórnarandstöðunni í fjárln. haldið hér ágætar ræður um fjárlögin og hv. 5. þm. Vestf. ræddi um ábyrga fjármálastjórn og nauðsyn þess að reka ríkissjóð í jafnvægi og nauðsyn þess að forðast skuldasöfnun og deildi á hæstv. fjmrh. fyrir skuldasöfnun síðustu ára. Þetta var nokkuð góður kafli í ræðu hans en mér finnst hann ekki alltaf ríma við málflutning flokks hans sem hefur gert kröfur um aukin útgjöld á flestum sviðum. Ég hygg að hv. 5. þm. Vestf. hafi verið að ýja að því í ræðu sinni að skattheimtan væri ekki nógu mikil. En það hefur komið fram í mínu máli að ég tel, þó að litið sé á tekjuöflun ríkissjóðs, að það sé ekki akur sem hægt sé að plægja endalaust til að afla meiri tekna. Skattheimtan er mikil hér á landi þó að hún sé ekki eins mikil og víða í nágrannalöndunum. En þó held ég að bærileg samstaða sé um að auka hana ekki verulega. En það þarf að vera samhengi í þessari umræðu um tekju- og gjaldahliðina.

Ég vil að lokum drepa á málaflokk sem hefur verið mjög í umræðunni að undanförnu og reyndar um langt árabil en það eru byggðamál og tilflutningur fólks hingað til höfuðborgarsvæðisins. Ég nefni þetta í þessari umræðu vegna þess að hér er um vanda að ræða sem kemur í mörgum tilfellum beint inn í ríkisfjármálin í framtíðinni. Byggðaröskunin leiðir til þess að það þarf að hefja á ný uppbyggingu í ýmsum greinum

á höfuðborgarsvæðinu vegna fólksfjölgunar og vegna fólksflutninga utan af landi þar sem sambærilegri uppbyggingu var e.t.v. lokið. Það er brýn þörf á því að halda vöku sinni í þessum efnum og reyna að sporna við þessari þróun. Það verður ekki gert eingöngu með fjárlögum, ég geri mér fulla grein fyrir því. En eigi að síður er nauðsynlegt að kanna sérstaklega þá þætti þeirra sem tengdir eru byggðaþróun í landinu. Ég endurtek að það er fullljóst að herkostnaðurinn vegna fólksflutninganna getur haft áhrif á afkomu ríkissjóðs á næstu árum og þar með lífskjörin í landinu.

Herra forseti. Íslenska þjóðin hefur nú gullið tækifæri til þess að sækja fram til betri lífskjara og betra þjóðfélags á nýrri öld. Jafnvægi í efnahagsmálum, þar á meðal ríkisfjármálum, skapar betri samkeppnisaðstöðu og örvar fólk á öllum sviðum þjóðlífsins til dáða. Slíkt hefur þegar gerst og slíks sjást þegar merki í auknum umsvifum, auknum útflutningi og aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Sú þróun mun halda áfram ef þess er gætt að halda áfram á braut jafnvægis og stöðugleika.

[16:15]

**Útbýting þingskjala:**

Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, 38. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 38.

Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, 51. mál, þáltill. HG, þskj. 51.

[16:16]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þess að síðasti hv. ræðumaður vitnaði til þess að ég sagði í útvarpsviðtali í gær að þær aðstæður gætu verið til staðar að réttlætanlegt sé að hægja á greiðslu skulda ríkisins. Við hvers konar eða hvaða aðstæður? Ég skal útskýra það fyrir hv. formanni fjárln. Ef Jón Jónsson þarf að bíða í eitt ár eftir aðgerð og lyfjakostnaður á þeim sama tíma kostar helmingi meira en aðgerðin fyrir utan vinnutap og tryggingabætur þá stenst það sem ég sagði. Þetta getur einnig gilt í öðrum afmörkuðum tilvikum.

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. er auðvitað rétt að ýmislegt hefur lagast á undanförnum árum í meðferð ríkisfjármála, þó það nú væri. Það væri líka með endemum með allri þeirri tækni sem menn hafa yfir að ráða ef ekki væri meiri skilvirkni í meðferð ríkisfjármála í dag en fyrir fimm eða tíu árum. Menn verða að standa að rekstri ríkissjóðs eins og um rekstur fyrirtækis væri að ræða en það ber að viðurkenna að rekstur ríkissjóðs er nokkuð flókinn vegna margvíslegra samfélagsþátta sem ríkissjóður kemur að. Ég fyrir mitt leyti get sagt að skynsamlegt er að ná samningum við sveitarfélögin í landinu um yfirtöku ýmissa verkefna frá ríkinu. Að því vil ég standa. Samningar verða samt að vera þannig að nauðsynlegir fjármunir fylgi með verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögin verða líka að hafa stjórnsýslustig til að annast verkefni sem færast til þeirra. Því var og er ekki enn að heilsa hvað varðar flutning grunnskólanna til sveitarfélaganna vegna mannfæðar í sumum sveitarfélögum.

Í tengslum við þessa umfjöllun tel ég rétt að segja að ástæða er til að breyta lögum um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögunum. Ef til vill verður margt örðugt í þeim málum í dreifðum byggðum landsins en eðlilegt er að miða við sveitarfélagastærð sem nemur 800–1.000 íbúa fjölda. Ég leggst heldur ekki gegn samningum um færslu verkefna frá ríki til einkaaðila þar sem það á við. En ýmsar grunneiningar velferðarkerfisins verður ríkissjóður og ríkisstjórn á hverjum tíma að annast. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að það er mikil breyting til bóta að fá ríkisreikning nú þegar til umfjöllunar.

Herra forseti. Vegna breyttrar framsetningar fjárlaga er ástæða til að setja fram skoðanir í nokkrum atriðum sem varða framsetningu og útsetningu fjárlaga í kjölfar nýsettra laga um fjárreiður ríkisins. Sú breyting er orðin á að fjárlög eru sett fram á rekstrargrunni en ekki greiðslugrunni og gefur sú aðferð raunhæfari mynd af meðferð fjármuna ríkissjóðs. Með vísan til fjárlaga fyrir árið 1997 hefðu þau verið að minnsta kosti 10 millj. kr. hærri ef þau hefðu verið sett fram á sama máta og nú. Það er svo sem ekki þannig að menn hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri staðreynd en við útfærslu er framsetning á rekstrargrunni eðlilegri og skiljanlegri fyrir flesta. Þetta þýðir að þær fjárskuldbindingar sem stofnað er til eru færðar strax í stað þess að við fyrri uppsetningu fjárlaga voru þær færðar þegar þær komu til greiðslu. Samt sem áður má vera ljóst að ekki er neitt áþreifanlegt tæki eða tækni til þess að haldið sé nægjanlega við þau markmið sem fram eru sett. Eftir að fjárlög hafa verið samþykkt og afgreidd á Alþingi er það undir viðkomandi ráðuneytum komið hvort þau haga rekstri sínum í samræmi við þá áætlun sem samþykkt hefur verið. Skoðun mínn varðandi þetta kom rækilega fram í umræðum um lögin um fjárreiður ríkisins. Þá setti ég fram efasemdir um framkvæmd fjárlaga, ég endurtek, um framkvæmd fjárlaga, og stend við þær efasemdir sem lúta að aðhaldsleysi eftir að fjárlög eru samþykkt. Auðvitað er óhæfa eins og verið hefur árum saman að framúrakstur nemur milljörðum, hæstv. fjmrh., umfram samþykkt fjárlög.

Herra forseti. Ég vísa til greinar Þórs Sigfússonar um eflingu kaupendahugsunar við stjórn ríkisfjármála og ég er alveg sammála þeim aðila um hlutverk Alþingis. Alþingi verður að hafa eins góðar upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er almenningi og frekast er kostur. Þjóðin er nefnilega að kjósa fulltrúa sína á Alþingi og veitir umboð til að taka ákvarðanir fyrir sína hönd. Til þess að þær ákvarðanir endurspegli vilja kjósenda verða góðar upplýsingar að vera til staðar. Það er eins með hlutverk Alþingis að krefja ríkisstjórnina um reikningskil gerða sinna og því er mikilvægt að skýrar reglur séu um þau reikningskil og þær endurspegli sem best raunverulega stöðu ríkissjóðs til lengri og skemmri tíma. Ég vitna enn til þessarar greinar, með leyfi forseta, þar sem segir að Alþingi samþykki útgjaldaramma á vorþingi. Það skiptir miklu máli að fjárlagarammar séu lagðir fyrir á vorþingi en ekki á haustþingi eins og nú er verið að gera. Það er sænska leiðin sem ég er að fjalla um og mæli mjög með því að menn flýti þeirri vinnu og ákvörðunartöku um að færast nær þeirri leið því þar er um skilvirkni og aðhald að ræða sem á að vera hægt að fylgja eftir.

Ég tek einnig undir þau orð sem hafa fallið um að Alþingi horfi til lengri tíma í senn með gerð áætlana til fleiri ára. Samþykkt áætlana á flestum útgjalda- og tekjusviðum er afar þýðingarmikil ef menn ætla að auka stöðugleika. Með því að leggja meiri áherslu á langtímaáætlanir í ríkisrekstri getur verið að það skapist meiri umræða á Alþingi og í ríkisstjórn um langtímaskuldbindingar þjóðarinnar og langtímahorfur. Það mun auka umræður um hvort við erum að velta vanda yfir á komandi kynslóðir og draga úr líkum þess að verið sé að ýta á undan sér vandanum þar til í óefni er komið. Þetta eru atriði sem ég tel að hafi komið skýrt fram og sé að

mörgu leyti sameiginlegur vilji allrar fjárln. eftir heimsókn fjárln. til Svíþjóðar þar sem menn voru að kynna sér sænsku leiðina svonefndu sem hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan. Ég tek að mörgu leyti undir það sem þar hefur komið fram.

Mér virðist ljóst að fjárlög eru sett fram vegna ársins 1998 með afgangi upp á hálfan milljarð. Það er vegna markmiðsins um að skila hallalausum fjárlögum á pappírnum. Kannski ekki vegna þess að það sé staðreyndin, heldur vegna markmiðsins um að skila hallalausum fjárlögum á pappírnum. Þetta er framkvæmt á þann hátt eins og farið hefur verið rækilega yfir að ríkissjóður ákveður að selja bókfærðar eignir að verðmæti 4,3 milljarðar kr. á 6,2 milljarða, fá þannig 1.900 millj. kr. í hagnað af bókfærðri eign og þar með rekstrarafgang upp á hálfan milljarð. Ef ekki hefði verið farið í þessa sölu til að reyna að ná þessum hagnaði hefði samkvæmt einfaldri reiknireglu verið um að ræða 1,4 milljarða halla. Ég er ekki að deila um hvort réttlætanlegt sé að selja þessa eign ríkisins, það má vel vera. Ég ætla ekki að deila um það. En til þess að ná fram hallalausum fjárlögum í þessu tilviki þarf að gera þetta, plús að menn taka til sín af mörkuðum tekjustofnum einn milljarð og 64 millj. kr., t.d. af mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs. Þetta má nefna um leið. Ef menn leggja þetta saman er hallinn orðinn enn meiri.

Herra forseti. Ég tel rétt að benda á að frá síðasta fjárlagafrv. fyrir árið 1997 er ljóst að tekjur ríkissjóðs eru langtum meiri en gert var ráð fyrir sem nemur einhvers staðar á bilinu 4–6 milljarðar. En hvað gerist á sama tíma? Eyðslan og fjármunanotkunin er langt umfram það sem áætlað var og það er einmitt það sem ég var að segja. Það vantar aðhald. Það er ekki nægjanleg stýring, herra forseti. Þess vegna vil ég enn herða á aðhaldi í meðferð ríkisfjármuna. Ég vil segja að aðhaldstæknin er máttlaus til framfylgdar fjárreiðum ríkisins.

Mér finnst ekki gott að hagur ríkissjóðs stafi að verulegu leyti af skuldaaukningu heimilanna. Það er nöturleg staðreynd sem sýnir svo ekki verður um villst að helmingaskiptastjórn íhalds og Framsóknar hefur ekki vald á meðferð góðærisins og anar áfram í stefnuvillu og gleymir að byggja upp til framtíðar. Við ríkjandi aðstæður ætti að vera unnt að lækka skuldbindingar komandi kynslóða að verulegu marki. En svo er að sjá að þó segja megi að í góðærinu standi skuld ríkissjóðs nærri í stað hafa heildarskuldir Íslendinga aldrei verið meiri. Þær nema nú 282 milljörðum kr. Hvað er það sem blasir við í góðærinu, herra forseti?

Ég má til með að nefna einstaka liði úr fjárlagafrv., herra forseti. Áformaður er niðurskurður þeirra verkefna sem snerta landsbyggðina sérstaklega. Ég nefni niðurskurð vegáætlunar og markaðar tekjur Vegasjóðs sem ég nefndi áðan sem renna nú í enn ríkari mæli til ríkissjóðs en áður sem nemur 220 millj. kr. Ég spyr: Er þetta rétt stefna?

Herra forseti. Ég get ekki látið vera að nefna eitt atriði þó það sé kannski ekki mjög stórt í frv. Þjóðargjöfin sem samþykkt var á afmælinu 1994 til átaks um vistræna og lífræna framleiðslu er skorin niður um helming. Þetta var afmælisgjöf og ég ætla að rekja nokkuð á eftir úr þeim umræðum sem fóru fram á þeim tíma, árið 1995, í kjölfar þessa afmælis. Þannig ætlar ríkisstjórnin sem drottnar að slökkva þau ljós og þær væntingar sem bændur á Íslandi, sérstaklega sauðfjárbændur, hafa borið von í brjósti um að loksins sé komið að því að góðærið sé á ferð í formi aukinna framleiðslumöguleika á seljanlegum afurðum. En hvað gerist þá, herra forseti? Tillaga hæstv. forseta er tekin og rifin í tætlur ásamt þeirri tillögu sem hæstv. forseti flutti með þingflokksformönnum allra flokka á Alþingi þá um að þetta sérstaka átak skyldi fá til fimm ára 25 millj. kr. á ári.

Með leyfi forseta vitna ég í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde, formanns þingflokks Sjálfstfl. Þar segir: „En tilefni málsins er hins vegar það að þetta var eitt af þeim verkefnum sem valin voru sem mál til að styrkja í tengslum við þjóðargjöfina 17. júní sl. Þá var að vísu ekki samkomulag um að hafa þetta mál, framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, inni í þeim pakka ef svo mætti segja. En til samræmis við það sem ákveðið var um Lýðveldissjóð og þau verkefni sem hann fæst við var ákveðið að festa þarna ákveðna tölu sem færi til verkefna sem tengdust fyrst og fremst landbúnaði og má segja að séu til samræmis við framlög sem ákveðin voru í Lýðveldissjóð til verkefna tengdum sjávarútvegi og hafrannsóknum."

Síðan segir hv. þm. Geir H. Haarde: „Ég tel að landbn. þurfi að fjalla nokkuð ítarlega um þetta mál. M.a. eru áhöld um hvort hægt sé að gera ráð fyrir því að Framleiðnisjóður leggi fram framlög" — á móti, því að gert var ráð fyrir að þessi upphæð næmi 250 milljónum á fimm árum. Ríkisstjórn íhalds og Framsóknar sker niður helstu væntingar bænda um helming. Væntingar um að geta aukið framleiðslu. Það vill svo til að fyrir hv. Alþingi hafa verið lagðar skýrslur og niðurstöður um störf þessa átaksverkefnis þar sem rakið er lið fyrir lið hvernig þessum fjárumunum hefur verið varið og árangurinn, herra forseti, er miklu meiri en menn órar fyrir. Og ég get sýnt það, herra forseti, að í dag er verið að selja íslenskt lambakjöt í Danmörku í 370 verslunum á 1.200 kr. kílóið. Þetta átak ætlar ríkisstjórn íhalds og Framsóknar að taka og slátra og skera niður við trog. Ég treysti því að hægt sé að ná því fram að þá fáu aura sem þarna er verið sælast eftir sé hægt að nýta eins og ætlað var á þessum fimm árum. Það eru aðeins tvö ár eftir og þetta verkefni stendur á þeim tímamótum að það má ekki stöðva það. Og ég treysti því að fjárln. hjálpi mér í þessu máli og það náist sá árangur sem þarf til að verkefnið haldi áfram.

Það er ástæða til þess og ég fagna því, herra forseti, að hæstv. landbrh. er hér í salnum, því það mál sem ég er að fara yfir snýr beinlínis að þeim niðurskurði sem landbrn. ákvað, að tillögu hæstv. fjmrh. geri ég ráð fyrir. Og ég segi: Það skiptir mjög miklu máli, hæstv. landbrh., að ekki verði slökkt þau ljós sem voru tendruð og að engu gerðar þær væntingar sem hafa verið settar fram um að bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, gætu litið til bjartari tíma. Ég skora á hæstv. landbrh. að beita sér af öllu afli við hæstv. fjmrh. að ná því fjármagni sem til þarf svo þetta verkefni geti haldið áfram í því horfi sem það er því núna eru lykiltímamót varðandi þetta verk.

Ég vil, hæstv. forseti, minna á að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði út í þetta verkefni sem ég er að ræða um. Við því komu ítarleg svör og þau liggja einnig sem gögn fyrir hv. Alþingi og ég hvet menn til að athuga nú rækilega hvernig þessum fjármunum hefur verið varið.

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að minnast á heilbrigðismál sem sérstök ókyrrð ríkir um nú um mundir og hefur verið síðasta ár. Virðist ekki ætla að linna í þeim efnum. Við blasir að fjárvöntun í heilbrigðiskerfinu vegna yfirstandandi fjárlagaárs er vel á annan milljarð króna, rétt eins og minni hluti fjárln. gerði grein fyrir þegar fjárlög voru keyrð í gegn á síðasta ári. Svo tiltekið sé nákvæmlega hvernig þeim málum er varið má nefna að vegna sjúkrahúsanna í Reykjavík er fjárvöntun — aðeins vegna viðhalds 1,2–1,4

milljarðar. Það lítur út fyrir samkvæmt fyrrgreindri áætlun að það verði 360 millj. kr. halli bara vegna ársins 1998. Þar við bætist að rekstrarhalli vegna áranna 1995 og 1996 er 156 millj. kr. Síðan er sá hali sem menn eru að drattast með á milli mánaða sem nemur 178 millj. kr. Alls er þetta, til viðbótar við þá tölu sem ég nefndi áðan, 694 milljónir, sem menn viðurkenna sem fjárvöntun. Og þar kemur, hv. formaður fjárln., það dæmi sem ég var að rekja áðan. Þess vegna bíða sjúklingar í hópum eftir aðgerðum sem eru jafnvel ódýrari heldur en þau lyf sem þeir fá á tímanum. Það er þetta sem gerir að réttlætanlegt er að hægja á greiðslu skulda, vegna þess að það getur skilað sér, og setja þá peninga einmitt í þetta kerfi sem ég er að ræða um.

Heildartalan sem ég hef verið tína hér saman nemur alls 2,6 milljörðum kr. og sá vandi er meiri en svo að menn geti á sama tíma verið að hreykja sér yfir rekstrarafgangi upp á 500 millj. kr.

Einn þáttur er enn sem er rétt að nefna og tala aðeins um, og ég fagna því að hæstv. heilbrrh. er mætt í salinn, en það er fyrirhugaður niðurskurður um 160 millj. kr. vegna svonefndra landsbyggðarsjúkrahúsa. Sem betur fer er hann nú fyrir bí. Eftir standa áætlanir upp á 40 millj. kr. sem enginn veit hvar á að taka því staða sjúkrahúsanna og heilsugæslunnar á landsbyggðinni er sú að aðeins örfá standast áætlun en flest eru með halla og ef ég hef réttar upplýsingar þá nemur sá halli samtals um 80 millj. kr. Og þar eiga niðurskurðarmeistarar íhalds og Framsóknar að finna 40 milljónir eða finna 40 milljóna sóun. Það er ótrúlegt að það á að finna 40 milljóna sóun þar sem um er að ræða 80 millj. kr. halla. Þessi áform geta menn séð með því rétt að líta yfir þetta fallega plagg, frv. til fjárlaga.

Herra forseti. Alþingi Íslands sem æðsta stjórnvald þessa lands ætti að grípa inn í það ófremdarástand sem ríkir í heilbrigðisgeiranum þar sem eru a.m.k. fimm eða sex sparnaðarnefndir í gangi og óánægja og óvissa skelfir orðið starfsfólk og alla sem á þjónustunni þurfa að halda þegar borið er niður í þeim ranni. Það er ástæða til að Alþingi taki sér tak og við vinnum öll saman að því að losa okkur út úr þessum ógnargreipum aðhalds og sparnaðar í heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að nefna frekari skerðingar en ég nefndi hér áðan, skerðingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðara sem á að hafa tekjur vegna framkvæmda eins og nafnið bendir til. Hann á nú eins og áður að kosta félagslega hæfingu og endurhæfingu og standa undir kostnaði vegna stjórnunarnefndar fatlaðra. Af erfðafjárskatti sem á að renna til málefna fatlaðra er ákveðið að taka 235 milljónir — hvert? — í ríkissjóð, en að 185 milljónir gangi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar er enn ein upphæðin til þess að laga stöðu ríkissjóðs.

Ég nefndi áðan að af mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs ætlar ríkið einnig að taka einn milljarð og 64 millj. kr. í ríkissjóð til þess að laga stöðuna, til að geta skilað hálfum milljarði í plús á pappírunum. Það á að taka 210 millj. kr. meira til ríkisins frá mörkuðum tekjustofnum heldur en í fyrra til þess að ná fram þessum tekjuafgangi. Það er eðlilegt þegar tekjurnar eru miklu meiri. Það er alveg eðlilegt að eitthvað meiri fjármunum sé varið til vegagerðar enda eru tekjurnar langtum meiri, enda er meira tekið af þessum tekjum í ríkissjóð eins og hér er getið um. Ég tel mjög ólíklegt að landsbyggðin fagni þessum skerðingaraðgerðum helmingaskiptastjórnar íhalds og Framsóknar en það getur vel verið að það verði kveðið niður með einhverri vísnagerð.

Þrátt fyrir þennan lestur minn þá er það nú svo að ástæða er til þess að fagna ákveðnum áföngum sem náðst hafa. Ég fagna því að búið er að rjúfa haftið sem var í Hvalfjarðargöngunum, það var gert sl. föstudag. Það voru fleiri sem fögnuðu því og kannski rétt til þess að létta aðeins umræðuna að rifja upp eina litla vísu sem ágætur skólastjóri, Ingi Steinar Gunnlaugsson, setti saman í tilefni af þessu. Hún er svona:

Fyrir virtan vísnakjaft
er vandi að yrkja bögur.
En þegar rífur Halldór haft
hljóðin eru fögur.

Ég fagna því að sjálfsögðu að þessum áfanga er náð og það má auðvitað fagna þeim áfanga sem hefur náðst með miklum vegaumbótum í Reykjavík. En þetta er í fyrsta skipti sem við náum þeim árangri að leggja veg undir hafsbotn, og það getur vel verið að það þurfi fara á fleiri stöðum með slíka vegagerð.

En það er ekki þannig að fjárlagafrv. íhalds og Framsóknar boði neinn nýjan sannleik eins og ég hef komið hér að áður. Það er sett fram á þann hátt að rauntalan fer úr 137 milljörðum í 163 milljarða. Það má auðvitað benda á að einhvern veginn eru ekki færðar framkvæmdir vegna hafnarframkvæmda upp á 255 milljónir sem eru settar inn á einhvern umsýslureikning sem menn kalla viðskiptareikning hreyfinga. Þetta er auðvitað atriði sem má deila um eins og menn hafa verið að deila hér um lífeyrissjóðsskuldbindingar upp á 6,7 milljarða. Það fer auðvitað eftir þeim forsendum sem menn gefa sér hvaða niðurstöðutölur menn fást síðan við.

Herra forseti. Hvað er það sem virðist svo vanta? Af hverju eigum við að hafa áhyggjur? Það er engin leið að henda reiður á með lestri þessa fjárlagafrv. að menn séu að skoða það á okkar ágæta Íslandi þar sem góðæri formanns íhaldsins, hæstv. forsrh., ríkir. Það er ekki verið að skoða þær leiðir sem ég vil nefna nú. Það vekur áhyggjur að í þeirri öldu glæpa sem virðist vera í þjóðfélaginu er ekki að finna neinar aðgerðir gegn þeim við skoðun þessa frv. Það er ömurlegt og ég vona að úr því verði bætt.

Það vekur auðvitað áhyggjur að á sama tíma og menn eru að tala um að fjárstreymi til heilbrigðiskerfisins verði aukið um 3% er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni til sjúkrahúsa sem eru að dragnast með stóra skuldahala og vantar fjármagn til viðhalds. Ef þetta er talið saman eins og ég nefndi áðan þá má tala um fjárvöntun upp á 2,5 til 3 milljarða og þar af er halli sem nemur um 1,2 milljörðum.

Það vekur áhyggjur að ekki eru áformaðar stefnubreytingar varðandi menntunarmál þjóðarinnar þó að fyrir liggi að verulega þarf að taka á í þeim málum.

Það vekur áhyggjur að engar aðgerðir eru boðaðar varðandi fiskveiðistjórnina. Auðlindin er í sívaxandi mæli að færast á hendur færri sem telja sig vera eigendur þrátt fyrir ákvæðið um sameign þjóðarinnar. Það er engin tilraun gerð til þess að útfæra gjaldtöku vegna aðgangs að auðlindinni, t.d. í formi þess að afgjald standi undir stoðdeildum sjávarútvegs svo sem Hafró, Landhelgisgæslu og eftirlitsþáttum svo nokkuð sé nefnt. Það er ljóst að smátt og smátt er sameignin að festast í höndum tiltölulega fárra og ríkisstjórn íhalds og Framsóknar vill ekki ræða breytingar eða rök fyrir þeim. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein í Morgunblaðinu eftir Þórólf Matthíasson, laugardaginn 4. október, þar sem fjallað er um „lítilræðisrökin“:

„Veiðigjald fellur undir þann flokk opinberrar gjaldtöku sem nefndir hafa verið grunnrentuskattar. Grunnrentuskattar þykja heppilegri en margir aðrir skattar vegna þess að þeir hafa ekki óheppileg áhrif á nýtingu framleiðsluþátta í hagkerfinu. Um þetta er ekki deilt meðal hagfræðinga."

Margir veiðigjaldssinnar eru sannfærðir um að það sé hægt að koma fram með hagkvæma tillögu um skattkerfisbreytingar, úr t.d. 41% og allt niður í 28% skattkerfi. Og það væri auðvitað þess virði að skoða málið. Það væri þess virði að fá hæstv. ríkisstjórn til þess að ræða um tekjumöguleikana, breyta tekjuöflunarkerfi ríkisins en það er eins og að tala við vegg, það er eins og að fara út á Stórhöfða og gala upp í vindinn að ræða við þessa aðila um þau mál. Þeir skynja ekki vilja þjóðarinnar, þeir skynja ekki að fyrir veiðileyfagjaldi eru sterk rök og vilja ekki einu sinni ræða við þá aðila sem geta útskýrt betur en sá sem hér stendur í stól. Ég velti því fyrir mér eins og kemur fram í þessari grein sem ég vitnaði til hvort það sé almenn skoðun á meðal ungra sjálfstæðismanna að lækkun jaðarskatta úr 41% í 28% sé lítilræði.

Herra forseti. Ég vil að lokum nefna þau mál sem aldraðir hafa vakið athygli á nú í dag. Það er að þeir krefjast tengingar bóta við laun í landinu í stað almennrar verðlagsþróunar sem getur verið með nokkuð öðrum hætti en launaþróunin. Þess vegna var á fyrsta degi þingsins lagt fram frv. af hálfu stjórnarandstöðu, þess efnis að laun aldraðra og bótaþega verði þegar tengd við laun.

Ég vil að lokum vísa til greinar eftir Pál vin minn Gíslason, fyrrum sjúkrahúslækni á Akranesi, í Morgunblaðinu sl. laugardag þar sem hann segir í fyrirsögn, „Hvað á að gera við jaðarskatta aldraðra?" Það liggur ljóst fyrir í þessu frv. að þar ætla menn að fylgja eftir með lagasetningu því áformi að tengja ekki bætur við laun. Ég vil hafa yfir tillögu Páls sem lýtur að hækkun skattleysismarka í 80 þús. kr. sem hefur ekki fengið nokkurn stuðning hjá stjórnvöldum og er talin vera of dýr fyrir ríkissjóð. Það getur verið að þetta mál þurfi að skoða, hvort hægt sé að framkvæma þetta á tiltölulega einfaldan máta. Það má líka velta fyrir sér að fjölga skattþrepum. Ég er nokkurn veginn viss um að það væri sanngjörn lausn og hún er ekki eins flókin og hún lítur út fyrir að vera. Á þessu þurfa menn að taka og ég vona að menn skilji aldraða í þeirri baráttu sem þeir standa í í dag. Erindi þeirra var ekki að tilefnislausu og ég vona að það náist árangur af heimsókn þeirra hér á Austurvöll. Ég vona að hæstv. fjmrh. skoði erindi þeirra og veiti lausn þar sem þörfin er mest. Ég er sannfærður um það sjálfur að það eina sem er sanngjarnt er að allar bætur verði þær sömu til allra aðila, allra ellilífeyrisþega, síðan sé það eina sem sé réttlætanlegt að innheimta skatt af umframtekjunum en ekki að fara út í þær skerðingar sem nú eru í dag. Ég held að þetta sé það sem menn þurfi að gá að sér með.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja, þessi örfáu atriði sem ég drap á í ræðu minni, en ég minni enn á þann hóp sem hér var í heimsókn í dag og ég minni á að það er þörf hjá okkur að veita miklu meira aðhald í framkvæmd fjárlaga heldur en gert hefur verið.

[16:50]

**Útbýting þingskjals:**

Þingsköp Alþingis, 69. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 69.

[16:50]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Með stöðugt flóknara þjóðfélagi verður mikilvægt að á Alþingi eigi sér stað vandaðar umræður og rækileg yfirferð á frumvarpi til fjárlaga. Í samræmi við stjórnskipun okkar leggur fjmrh. fyrir Alþingi frv. til fjárlaga, sem okkur alþingismönnum er gert að fjalla um, gera breytingar á eftir atvikum og afgreiða sem lög frá Alþingi eftir þrjár umræður og vinnu í fjárln. og fagnefndum. Það frumvarp sem hér er til umræðu er sjöunda fjárlagafrv. sem ég tek þátt í að ræða og fara yfir í fjárln. Alþingis.

Sú umfjöllun sem nú er að hefjast er við mjög breyttar aðstæður frá því sem verið hefur. Bæði form og efni hefur breyst. Og það mjög til hins betra. Hin umfangsmikla nýskipan í ríkisrekstrinum hefur nú einnig náð til formsins, þ.e. uppsetningar á fjárlögum og ríkisreikningi. Allar þær breytingar miða að því marki að gera fjárreiður ríkisins aðgengilegri og skýrari auk þess að verða meðfærilegra stjórntæki til eftirlits í ríkisrekstrinum og við áætlanagerð.

Ræða mín hér við þessa umræðu mun að sjálfsögðu mótast af þeirri skyldu okkar þingmanna að fjalla um efni frv., vega það og meta eftir yfirferð með stofnunum og öðrum þeim sem að skoðun þess koma og leita að niðurstöðu, því auðvitað er það svo að skiptar skoðanir kunna að vera um fjölmörg atriði, enda þótt meginstefnan hafi verið mörkuð af stjórnarflokkunum og henni verður að sjálfsögðu haldið.

Eins og fram hefur komið er frv. byggt á nýrri löggjöf um fjárreiður ríkisins sem var samþykkt hér á hinu háa Alþingi sl. vor eftir mikla vinnu við frv. af hálfu hæstv. fjmrh. og hans fólks í ráðuneyti og einnig þeirrar sérnefndar sem fór með málið hér á Alþingi og stóð fyrir töluverðum breytingum á frv. Allsherjarsátt náðist um frumvarpið í nefndinni og leiddi til þess að Alþingi samþykkti það í vor.

Þrátt fyrir það að formið eigi ekki að ráða miklu um framvindu hinna efnislegu þátta í ríkisrekstrinum þá leyfi ég mér að fullyrða að löggjöfin um fjárreiður ríkisins muni hafa afgerandi áhrif á framvindu ríkisfjármála í framtíðinni. Og ríkisfjármálin geta haft afgerandi áhrif á þróun efnahagsmála í landinu. Það hefur komið rækilega í ljós þegar hagsaga okkar Íslendinga er skoðuð, ekki síst hin síðari ár þegar mikill árangur hefur orðið af traustri meðferð ríkisfjármála og ábyrgri umfjöllun hér á hinu háa Alþingi.

Ekki vil ég eyða tíma til þess að rökstyðja þessa fullyrðingu við þessar umræður með öðrum hætti en að vísa til þess að með afgreiðslu fjárlaga á rekstrargrunni skapast mikilvægt aðhald sem herðir mjög á því að ráðuneytin sjái til þess að stofnanir haldi sér innan fjárlaga og það verði til umfjöllunar í fjárln. og á Alþingi ef auka þarf fjárveitingar til einhverra þátta í ríkisrekstrinum. Ekki til þess að stöðva mikilvæg og eðlileg útgjaldatilefni heldur til þess að nauðsynleg umfjöllun eigi sér stað og leggja megi mat á hlutina í réttu ljósi.

Með afgreiðslu fjárlaga og aukafjárlaga á rekstrargrunni, þar sem fram eiga að koma öll útgjöld og allar tekjur sem tilheyra árinu, taka menn ákvarðanir og meta hina raunverulegu stöðu ríkisins. Hver afgangur eða halli á að vera og hver lánsfjárþörf ríkisins er hverju sinni og um leið eftirspurnin eftir lánsfjármagni sem síðan hefur áhrif á vaxtastigið og verðbólguna í landinu.

En þessar breytingar taka tíma og sumir hæstv. ráðherrar virðast ekki enn hafa áttað sig á því hversu mikilvægar þær eru. Dæmi um það er ákvörðun um útgjöld vegna opnunar

sendiráðs í Helsinki sem birtist mér sem talsmanni míns flokks í fjárlaganefnd í boðskorti um samkvæmi í sendiráðinu í tilefni opnunar þess. Slík vinnubrögð eru auðvitað ekki þolandi.

Í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins segir um ófyrirséðar greiðslur í A- og B-hluta, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjmrh. að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Telja verður afar hæpið að stofnun sendiráðs geti flokkast undir „ófyrirséð atvik er þoli ekki bið" eða eigi sér stað með þeim hætti sem hér um ræðir. Telja verður eðlilegra að um slíka ákvörðum sé rætt á Alþingi áður og heimilda leitað með staðfestingu og á grundvelli áætlunar um kostnað og hagræði sem því kann að fylgja að hafa sendiráð í Helsinki.

Hvað þá ákvörðun snertir að opna sendiráð og stofna til þeirra útgjalda þá tel ég að það orki mjög tvímælis. Að mínu mati hefði verið eðlilegra að ræða hvort ekki væri nær að fækka sendiráðum á Norðurlöndum en opna þess í stað sendiráð í fjarlægari heimshlutum, þar sem ríkari viðskiptahagsmunir eru sem ekki verður sinnt héðan frá Íslandi.

Með sama hætti liggur fyrir að ef samgrh. heimilar framkvæmdir við hafnargerð, sem telst vera styrkhæf samkvæmt hafnalögum en er ekki á hafnaáætlun eða á fjárlögum, er stofnað til kostnaðar sem gjaldfæra verður sem skuldbindingu ríkissjóðs á framkvæmdaári og eykur þar með útgjöldin það árið og verður auðvitað að fjalla um svo sem hverjar aðrar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Samfara breytingum á fjárlagafrv. verða breytingar á störfum fjárln. Nefndin fær nú til meðferðar allar greinar fjárlagafrv. en gera verður ráð fyrir að fagnefndir komi með öðrum hætti að vinnu við fjárlagagerðina en verið hefur. Með því að færa bæði skerðingarákvæði samkvæmt 6. grein og lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir inn í fjárlögin verður fjallað um og tekist á við ríkisfjármálin í heild sinni á einum stað í fjárln. þrátt fyrir það að fagnefndum verði falið að fjalla um einstaka þætti. Með þessari aðferð er girt fyrir það sem gæti hafa gerst, að með lánsfjárlögum sem væru afgreidd óháð fjárlögum væri stofnað til útgjalda á grundvelli heimilda í lánsfjárlögum sem ekki væri gert ráð fyrir í fjárlögum.

Þá er ljóst að með breyttri framsetningu frv. verður enn meiri vinna hjá fjárln. að fara yfir frv. með fulltrúum stofnana sem munu vilja tryggja að starfsemin njóti eðlilegra framlaga. Má sem dæmi nefna að nú er framhaldsskólum gert að greiða húsaleigu sem síðar á að standa undir kostnaði við viðhald viðkomandi bygginga. Er þar um að ræða mikið framfaraspor en verður vafalaust tilefni athugunar og rækilegra umræðna.

Sem fyrr er meginmarkmið efnahagsstefnu sem frv. er byggt á að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir viðvarandi hagvexti og batnandi lífskjörum. Og allar mælingar á efnahagslífinu bera þeirri stefnu merki sem fylgt hefur verið undir forsæti Davíðs Oddssonar. Stefnan hefur ekki síst falist í því að hafa traust tök á ríkisfjármálum, leggja áherslu á aukna ábyrgð atvinnulífsins á eigin málum, að lækka skatta og draga úr jaðaráhrifum þeirra sem m.a. koma til móts við ellilífeyrisþega sem hér hafa gert vart við sig í dag. En einnig að stefna að einkavæðingu lánastofnana, sölu ríkisfyrirtækja og setja fram skýrar kröfur um ábyrgan rekstur stofnana sem njóta framlaga af fjárlögum.

Áhrifin af þessari stefnu eru vaxandi kaupmáttur, eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun, og um leið það sem skiptir miklu máli, að atvinnuleysi er minnkandi samhliða aukinni atvinnuþátttöku, sem ber þess merki að störfum í þjóðfélaginu er að fjölga. En slíkt gerist ekki á einni nóttu.

Áhrif mikilvægustu efnahagsumbóta koma að sjálfsögðu ekki fram strax enda er sígandi lukka best í þeim efnum sem öðrum. En styrk staða ríkisfjármála hefur hins vegar mikil áhrif og skapar þá umgjörð sem þarf til þess að atvinnulífið megi dafna um land allt.

En vissulega eru alvarleg hættumerki á lofti sem þarf að ræða í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Þau birtast í stöðugri byggðaröskun. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fækkar íbúum í öllum kjördæmum utan Reykjavíkur fyrstu sex mánuði ársins en fjölgar á höfuðborgarsvæðinu. Hér er um að ræða stórhættulega þróun fyrir okkar litla land sem greina þarf og bregðast við með hverjum þeim ráðum sem duga. En samfara flutningi fólks til höfuðborgarinnar vex vandinn þar og ekki dregur úr atvinnuleysi og félagslegum vandamálum í borginni. Þeim mun alvarlegri er þessi þróun að R-lista meiri hlutinn í borgarstjórn hefst ekki að og virðist ekki átta sig á þróuninni, sem m.a. birtist í stöðugu atvinnuleysi kvenna í höfuðborginni þegar dregur úr því á landsvísu.

En hvað er til ráða, svo snúa megi þróun við og nýta megi auðlindir okkar við og á landinu öllu?

Mikilvægast er auðvitað að skapa atvinnuvegunum skilyrði til þess að eflast svo atvinnuöryggi sé tryggt. Það sem hefur í gegnum tíðina einkum hrakið fólk af landsbyggðinni er annars vegar sveiflukennt atvinnuástand og einhæft og síðan takmörkuð þjónusta, sérstaklega hvað varðar menntun, og auk þess óöryggi vegna samgangna og heilbrigðisþjónustu. En á þessu hefur orðið mikil breyting en jafnframt hafa kröfurnar aukist og það skýrir væntanlega mestan hluta þeirrar þróunar sem hefur verið og er að verða.

Þegar fjallað er um fjárlög fyrir árið 1998 og framtíðaráform um starfsemi á vegum ríkisins sem getur haft áhrif á þróun búsetu, vil ég nefna nokkra þætti sem verður að skoða við meðferð frv. en fjölmörg önnur atriði þarf að líta yfir.

Svæðisbundnar byggðaáætlanir eru mikilvægt stjórntæki í nútímaáætlanagerð. Höfuðvandi landsbyggðarinnar, og um leið landsins alls, er að vel menntað ungt fólk snýr ekki aftur til heimabyggðar að loknu námi. Það skortir „gróðurreiti" í atvinnulífinu á landsbyggðinni þar sem unga, vel menntaða fólkið getur hafið störf.

Leggja þarf áherslu á svæðisbundna áætlanagerð sem beiti bestu aðferðum við að aðstoða starfandi atvinnufyrirtæki við að fjölga vel launuðum störfum fyrir menntað fólk. Eitt mikilvægasta verkefni á þessu sviði er að hafa áhrif á að fiskvinnslan færist að nýju á land úr frystiskipunum úti á sjó. Í dag er beitt óþolandi mismunun milli landvinnslu og sjóvinnslu, m.a. með skattkerfinu sem gerir sjóvinnsluna hagkvæmari. Á því hlýtur að verða breyting og fyrstu skrefin mætti stíga í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár sem lið í því að vinna gegn röskun í sjávarbyggðunum.

Veita þarf atvinnuþróunarfélögum stuðning svo þau geti veitt verkefnum forustu, en auðvitað munu aðilar atvinnulífsins verða að vera leiðandi afl í því verkefni að snúa óæskilegri þróun við. Fyrirsjánlegur og vaxandi arður Landsvirkjunar af orkusölu gæti orðið grunnur og forsenda þessa ábatasama

stuðnings sem af hálfu ríkisins kæmi til greina, eins og gert var að nokkru á þessu ári. Hagsmunir Landsvirkjunar vegna sölu á forgangsraforku eru þvílíkir á landsbyggðinni að eðlilegt er að þeir tengist saman. Í ljósi þeirrar þróunar sem við blasir í byggðum er ekki fært að lækka framlög til byggðamála svo sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Byggðastofnun verður að hafa svigrúm til þess að takast á við sitt erfiða en mikilvæga hlutverk sem í reglugerð um stofnunina er skýrt skilgreint. Núverandi stjórn Byggðastofnunar hefur breytt um kúrs og leggur nú aukna áherslu á atvinnuráðgjafarhlutverkið í landshlutunum í samstarfi við heimamenn og er ekki að efa að það er hin rétta leið. Þá verður að gera ráð fyrir því að hinn nýi Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins beiti afli sínu til þess m.a. að efla þær greinar á landsbyggðinni sem mesta möguleika hafa. Þar vil ég aftur og enn nefna fiskvinnslu í landi sem verður að aðstoða við þróast og verða hátækniiðnaður eins og kröfur eru gerðar til í dag.

Þegar unglingar komast á framhaldsskólaaldurinn losnar oft um fjölskyldur ef senda þarf unglinga til skóla í öðrum héruðum. Því er það mjög mikilvægt að tryggja möguleika framhaldsskólanna á landsbyggðinni til þess að veita sem fjölbreyttasta menntun. Tryggja verður framhaldsskólunum möguleika til þess að halda úti framhaldsdeildum er tengjast grunnskólunum, þar sem því verður við komið, með öflugum stuðningi höfuðstöðva hvers skóla. Auk þess þarf að endurmeta reglur um námsstyrki til framhaldsskólanemenda, svokallaða dreifbýlisstyrki.

En gera verður fleira og að mínu mati þarf að líta til húsnæðismálanna. Ég tel að það verði að gera breytingar á húsaleigubótakerfinu þannig að öll sveitarfélög veiti húsaleigubætur eða hafi möguleika á að veita þær. Við núverandi kerfi er staðan þannig að litlu sveitarfélögin treysta sér ekki til þess að greiða húsaleigubætur. Það leiðir til þess að námsmenn, sem þurfa að taka á leigu húsnæði vegna vetrardvalar við nám, færa lögheimili sitt og slíta þannig fyrstu ræturnar frá heimabyggð sinni. Og borgin lendir í því að greiða húsaleigubætur sem auðvitað er ósanngjarnt við þær aðstæður.

Framþróun vega-, hafna- og flugmála skiptir miklu um þróun byggðar í landinu, ekki einungis fyrir hinar dreifðu byggðir, heldur ekki síður fyrir suður hluta landsins. Við mat á framlögum til þessara þátta er nauðsynlegt að greina vel áhrifin sem verða til lengri tíma og þann ávinning fyrir atvinnulífið sem felst í bættum samgöngum og lækkandi kostnaði við flutninga. Með samgönguáætlunum eru sett markmið sem verður að endurmeta í ljósi fjárlaga hverju sinni. En fjárlögin getur einnig þurft með sama hætti að endurmeta í ljósi þeirra mikilvægu markmiða sem samgönguáætlanir fela í sér vegna þróunar sem fyrirsjáanleg er.

Dæmi um slíkar aðstæður eru áhrif sem allt bendir til að verði af því að flýta framkvæmdum og opnun Hvalfjarðarganga. Til þess að fullnýta göngin sem samgöngubót gæti þurft að hraða framkvæmdum á jaðarsvæðum á Vesturlandi, svo sem í Borgarfjarðardölum og á Snæfellsnesi. Samgn. þingsins hlýtur að taka þetta mál til skoðunar áður en fjárlög verða afgreidd.

Umrótið í heilbrigðismálum að undanförnu hefur valdið mikilli óvissu og vanda. Tilraunir til þess að auka hagræðingu í heilbrigðiskerfinu virðast ekki ætla að ganga hljóðalaust.

Framlög til sjúkrastofnana í heild sinni hækka verulega á milli ára og kynnt áform um sparnað á stóru sjúkrahúsunum eru bundin verulega hækkuðum framlögum á þessu ári. Og viðbrögðin við samningi ríkis og borgar um breytt skipulag sjúkrahúsanna veldur að því er virðist miklum og erfiðum deilum sem auðvitað þarf að vinna að lausn á.

Nokkra þætti vil ég nefna hér sem ég tel að þurfi að fara rækilega yfir í meðförum fjárlaganefndar.

Gert er ráð fyrir 300 millj. kr. hækkun til hjúkrunarheimila miðað við sama verðlag en þau eru langflest hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi hækkun leiðir til fjölgunar hjúkrunarrúma og hlýtur að létta mjög á þeim sjúkrastofnunum sem hafa þurft að sinna þeirri þörf sem vissulega er fyrir hendi. Ég tel jafnframt eðlilegt að endurmeta framlög til daggjaldastofnana og bera saman þjónustu og daggjöld svo tryggt sé að samræmis verði gætt milli stofnana. Fram hefur komið að mikill mismunur er á daggjöldum einstakra stofnana.

Sjúkrahúsum á landsbyggðinni er gert að sæta lækkuðum framlögum. Þess er að vænta að ráðuneytið geri fjárln. grein fyrir forsendum þeirra áforma. Ég hef opinberlega lýst skoðunum mínum hvað þessi sparnaðaráform varðar, þar á meðal hjá St. Fransiskusspítalanum, og hefur afstaða mín hvað þau varðar ekkert breyst. Þar er um að ræða eina einkaspítalann á Íslandi sem er rekinn af mikilli fyrirhyggju og faglegri ábyrgð af St. Fransiskusarreglunni, sem leggur alla áherslu á að sinna þjónustu við íbúana. Að mati þeirra sem til þekkja og hafa greint tölulegar staðreyndir liggur fyrir að spítalinn er rekinn af mikilli hagkvæmni og faglegum metnaði. Spítalinn hefur sérhæft sig á sviði sem mikil þörf er á. Árangur þeirrar meðferðar sem veitt er hefur sannað sig með þeim hætti að löng bið er eftir læknismeðferð. Engum er betur ljóst er mér að gera verður kröfu um hagræðingu og endurskipulagningu í sjúkrahúsarekstrinum í landinu. En ég geri þá kröfu til ráðuneyta að gengið sé til samninga við þennan eina einkaspítala landsins sem hefur þjónað í sextíu ár en hann ekki meðhöndlaður sem einn angi af ríkisrekstrinum sem skikka má til að vild og vilja ráðuneyta fyrirvaralaust.

Á vegum heilbrrn. hefur verið unnið að skýrslu um endurskipulagningu stóru sjúkrahúsanna á Suðvesturlandi. Þar er um að ræða hina svokölluðu VSÓ-skýrslu. Skýrslan er að mínu mati mikilvægt innlegg í þá vandasömu vinnu að ná aukinni hagkvæmni. Ég vil á þessu stigi ekkert segja um niðurstöður skýrslunnar og tillögur um samruna og samhæfingu. Þar verða um að fjalla þeir sem best til þekkja. Hins vegar vekur það óneitanlega athygli að með samruna og sameiningu starfsemi stóru sjúkrahúsanna megi auka afkastagetu eða fækka starfsmönnum svo nemi 520 stöðugildum. Með öðrum orðum, tvíverknaður veldur því að 520 stöðugildi nýtast ekki í rauninni.

Þessi skýrsla hlýtur að verða til þess að allir sem málið varðar taki höndum saman til þess að nýta betur þá mikilvægu þjónustu sem sjúkrahúsin veita. Þar verða menn að ganga til verks fordómalaust, svo mikið er í húfi. Þess er að vænta að sjúkrahúsin geri fjárln. grein fyrir afstöðu sinni til VSÓ-skýrslunnar þannig að meta megi stöðuna og möguleika til þess að nýta fjármuni betur en gert er eða bregðast við á viðeigandi hátt.

Í tíð hv. fjmrh. hefur verið unnið að úrbótum og skipulagsbreytingum í ríkiskerfinu. Ég hef áður gert það að umræðuefni að gera þurfi grundvallarbreytingar í ríkisrekstrinum. Þær fela í sér þá hugsun að koma að sem víðast kaupanda/seljanda hugsuninni og gera samninga um tiltekna þjónustu sem veitt verði fyrir ákveðna umsamda þóknun. Vikið verði frá því þar sem fært er að ráða og skipa rík-

isstarfsmenn en þess í stað nýtt einkaframtakið er sinni þjónustu í nafni ríkins með þjónustusamningum.

Ég vil í nokkrum orðum fara yfir helstu kennitölur frv.

Í 1. gr. frv. er gerð grein fyrir tekjujöfnuði sem nú er jákvæður á rekstrargrunni um 520 millj. kr. Þau áform að afgreiða fjárlög með afgangi eru mjög mikilvæg og ekki síst að það takist strax á þessu fjárlagaári, 1998, þegar svo skammt er liðið frá því að við vorum í kreppu og miklum vanda með afkomu ríkissjóðs.

Í 2. gr. frv. kemur fram þessi árangur þar sem áætlað er að sjóðsstreymi sýni nærri 5 milljarða kr. afgang til þess að lækka skuldir ríkissjóðs. Þau áform eru skýr skilaboð inn á lánamarkaðinn. Ríkissjóður mun draga úr umsvifum sínum þar með þeim afleiðingum að vextir hljóta að geta farið lækkandi á lánsfjármarkaði. Þau áhrif geta skilað sér inn á hvert einasta heimili í landinu og bætt hag húsbyggjenda og kaupenda sem hafa þunga greiðslubyrði.

Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta eru sýndar í 3. gr. frv. Rekstur þeirra skiptir miklu máli fyrir ríkissjóð vegna þeirra tekna sem sum þeirra veita í ríkissjóð í formi arðs en hann nemur 3,7 milljörðum kr. Stærstu fjárhæðirnar koma frá Happdrætti Háskólans, Fríhöfninni, ÁTVR og Rarik samkvæmt sérstökum samningi við Rarik en samkvæmt frv. er Rarik gert að greiða arð að upphæð 152 millj. kr. en á móti kemur hins vegar hlutdeild í kostnaði við dreifikerfi í sveitum.

Ég vil gera að umtalsefni vegna þessa liðar stöðu Rafmagnsveitna ríkisins. Rarik gegnir því viðamikla hlutverki að dreifa raforku um stærstan hluta af mesta dreifbýli landsins þar sem fiskvinnslan og landbúnaðarframleiðalan fer fram auk nokkurs iðnaðar. Staða fyrirtækisins hefur verið rekstrarlega mjög veik og það hefur orðið að selja raforku til almennra notenda á hærra verði en gerist víðast annars staðar í landinu. Á vegum fyrirtækisins hefur verið unnið að hagræðingu og endurskipulagningu sem hefur skilað sér í betri afkomu þrátt fyrir erfitt rekstrarsvæði. Staða Rariks gagnvart Landsvirkjun er þannig að Rarik greiðir 42% af tekjum Landsvirkjunar af sölu til almenningsrafveitna en íbúar á Rarikssvæðunum sem kaupa þessa orku eru einungis 17% landsmanna. Þannig hafa þeir íbúar átt hlutfallslega mestan þátt í þeirri eignamyndun sem orðið hefur hjá Landsvirkjun. Í því ljósi og vegna þess að rekstur Rariks er að því er virðist orðinn mjög hagkvæmur borið saman við aðrar veitur þegar borinn er saman kostnaður á selda orkueiningu væri eðlilegt að endurskoða samninga við fyrirtækið um hinar svokölluðu félagslegu framkvæmdir dreifikerfisins, auk þess að leita leiða til þess að auka arðsemi fyrirtækisins m.a. með virkjunum og skapa þannig skilyrði til lækkunar orkuverðs og aukinna arðgreiðslna til ríkisins eins og eðlilegt verður að teljast. Ég tel eðlilegt að fjárlaganefnd vísi því til hv. iðnn. um leið og hún fjallar um sinn þátt frv. að kanna með hvaða hætti megi styrkja stöðu Rariks á markaði svo bætt staða komi notendum ekki síst til góða en ríkissjóði einnig. Þannig kann vel að vera að það verði að gerast með því að taka upp samninga við Landsvirkjum um orkukaup sem byggjast á því að greitt er verð fyrir orku er nemur 45% yfir langtímajaðarkostnaði sem er mikið álag.

Í 5. gr. frv. er gerð grein fyrir lántökum, endurlánum og ríkisábyrgðum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður taki 12,5 milljarða að láni en greiði niður lán er nemur 17,5 milljörðum. Um það vil ég segja að Alþingi hlýtur að leggja ríka áherslu á það að lánastýring sé vönduð og allra leiða leitað til þess að ná hagkvæmustu kjörum á lánamarkaði og hækkað lánshæfismat ríkisins á alþjóðlegum lánamarkaði nýtt þar sem því verður við komið. Árangur á því sviði er mikilvægasta vísbending um trausta efnahagsstjórn á Íslandi ásamt með auknum kaupmætti.

Í 7. gr. eru heimildarákvæði, þar sem fjmrh. er veitt heimild til ýmissa ráðstafana innan marka 160 millj. kr. samkvæmt frv.

Í fjárlögum þessa árs kom inn heimildarákvæði þar sem veitt var heimild til þess að ráðstafa 80 milljónum eftir tillögu iðnrh. til atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu, einkum á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af orku- og stóriðjuuppbyggingu. Þessi upphæð var tengd arðgreiðslum ríkisins frá Landsvirkjun. Ekki er samkvæmt frv. gert ráð fyrir þessari fjárhæð í heimildum fjmrh. Ég tel að við afgreiðslu fjárln. þurfi að taka málið upp en jafnframt að leggja línur um með hvaða hætti úthluta skuli svo nýtist sem best þeim svæðum sem höllum fæti standa.

Virðulegi forseti. Viðfangsefni okkar á Alþingi er að bæta búsetuskilyrði okkar í landinu að því marki sem það verður gert með löggjöf.

Það er von mín að afgreiðsla fjárlaga ársins 1998 marki öflugt framhald þeirra umbóta sem við sjálfstæðismenn höfum staðið fyrir í góðu samstarfi innan stjórnarflokkana á síðasta kjörtímabili og ekki síður það sem af er kjörtímabilinu eftir skeið stöðnunar og veikleika við stjórn landsins. Við Íslendingar þurfum á öflugri byggð að halda við aldamót. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli hvernig á fjármálum ríkisins er haldið.

[17:20]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það varð að samkomulagi að andsvör yrðu ekki veitt við ræðum fyrstu talsmanna flokkanna. Sú spurning sem mig langar til að bera fram hefði kannski frekar átt að beinast að hv. formanni fjárln. en ég veit að varaformaðurinn er vel inni í málum. Sú spurning sem hefur vaknað hjá mér varðar vinnubrögð fjárln. Menn hafa í mörgum ræðum komið inn á þær miklu breytingar sem verið er að gera á frv. til fjárlaga, m.a. það að nú eru lánsfjárlögin komin inn í frv. og þó að fjárln. hafi að sjálfsögðu kynnt sér þá hlið mála hingað til hvílir mun meiri ábyrgð á henni. Því langar mig að spyrja hv. varaformann fjáln. hvort hann sjái fyrir sér breytt vinnubrögð í fjárln. og þá einkum í þá veru að menn stígi alvarlegt skref í þá átt að fela fagnefndum aukin áhrif og aukin völd hvað varðar hina einstöku málaflokka þannig að við drögum úr tvíverknaði, að við drögum úr því að bæði fagnefndir og fjárln. séu að ræða við sömu aðilana, þó ég viti að í mörgum tilvikum óska viðkomandi eftir viðtali við fjárln., þeir eru líka kallaðir fyrir fagnefnd. Tilgangurinn með breytingum á þingsköpunum 1991 var að reyna að auka vald fagnefndanna en eins og oft hefur verið rætt þá finnst mér að það hafi ekki verið gengið nógu langt og að fjárln. sé býsna fastheldin á valdsvið sitt. Því vil ég spyrja: Er vilji til að breyta þessu? Jafnframt skora ég á fjárln. að nota tækifærið og breyta þessum vinnubrögðum, fela fagnefndunum aukin áhrif og aukin völd.

[17:22]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu. Afstaða mín byggir á því sem gert var ráð fyrir að gerðist við breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Með þeirri löggjöf er alveg skýrt að fjárlagafrv., sem felur í sér

lánsfjárlagagerðina og skerðingarákvæði, er allt á verksviði fjárln. Hins vegar tel ég, og get að því leyti tekið undir það sem hv. þm. sagði, að auðvitað verði að gera breytingar vegna þess að verkefni fjárln. muni aukast svo mikið. Um þetta hefur að sjálfsögðu verið rætt en það er á færi hæstv. forseta Alþingis að hafa forgöngu um niðurstöður en að sjálfsögðu verður það að gerast í góðu samkomulagi allra aðila. Ég get upplýst að við hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, höfum að sjálfsögðu rætt þetta við nefndarmenn og fyrst og fremst forseta Alþingis sem mun hafa forgöngu um þær breytingar sem munu fylgja í kjölfarið.

[17:24]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ánægð með að menn skuli hafa rætt þetta atriði. Nú er að hefjast sjöunda árið þar sem þessi nýju þingsköp gilda eða breytingarnar frá 1991 og ég tel að komin sé allveruleg reynsla á þá aðferð sem hefur verið viðhöfð. Að mínum dómi hefur hún skilað þeim árangri að þingmenn yfir höfuð eru miklu betur að sér um fjárlög ríkisins og það sem að þeirra verksviði snýr en áður var. Því er ég þeirrar skoðunar að það eigi að stíga skrefi lengra og það eigi að auka vald nefndanna. Það er heimild í þingsköpum til þess að fela nefndum að skoða málaflokka sína og spurningin er sú hvað nefndirnar ganga langt og hvað fjárln. tekur mikið mark á þeirri vinnu. Gagnvart þeim sem eru að leita til fjárveitingavaldsins finnst mér það vera skref sem þarf að stíga að reyna að koma í veg fyrir þennan mikla tvíverknað og jafnframt að því fleiri sem koma að málunum og því meira sem vægi fagnefndanna (Forseti hringir.) er því meira er auðvitað hægt að létta af fjárln. sem ég tel fulla þörf á í ljósi þessara breytinga.

[17:26]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til þess að koma í veg fyrir að nokkur misskilningur myndist vil ég leggja á það mikla áherslu að það gengur auðvitað ekki að dreifa öllum verkum fjárln. eins og gulli um sali þingsins. Auðvitað verður einn aðili aðallega að vinna að meðferð fjárlagafrv. þannig að einhver stjórn sé höfð á þessu en fari ekki allt út um víðan völl og það er auðvitað mjög mikilvægt. Ég vil ekki að öðru leyti segja meira um þetta. Þetta þarf að móta, forseti Alþingis hefur forgöngu um það mál.

[17:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt við ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar sem mætti gera athugasemdir við. Ég ætla að einskorða mig við eitt örlítið atriði. Hv. þm. reifaði í nokkuð ítarlegu máli hversu vel spítalinn í Stykkishólmi hefði staðið sig á undanförnum árum. Þar væru meira að segja komnir biðlistar eftir aðgerðum. Það er í sjálfu sér ekki nýtt fyrir okkur að heyra það að biðlistar séu innan heilbrigðiskerfisins en auðvitað er nýtt að þingmenn stjórnarliðsins geri það að sérstöku umræðuefni úr ræðustól þingsins. En hann tók svo til orða, herra forseti, að það væri forkastanlegt — efnislega sagði hann að það væri forkastanlegt — að horfa upp á þau vinnubrögð sem heilbrrn. hefði haft í frammi gagnvart þessum spítala. Hann sagði að ekki væri hægt að skikka til að vild og vilja heilbrrn. í stað þess að ganga til samninga við spítalann um rekstur sinn. Nú er það svo að þessi hv. þm. talaði í fyrra þegar menn voru í umræðum um niðurskurð til landsbyggðarsjúkrahúsanna og það var ómögulegt að skilja mál hans öðruvísi en svo að hann legðist gegn niðurskurði.

Nú er það þannig að sá sparnaður upp á 160 milljónir, sem átti að ná fram hjá dreifbýlissjúkrahúsunum, er að því er kemur fram í frv. til fjárlaga helmingaður niður í 80 milljónir. Það er ljóst að þessi spítali lendir í niðurskurði og ýmsir fleiri spítalar. Mig langar að fá afstöðu hv. þm. til þess hvort hann sé sáttur við að heilbrrn., svo ég noti hans orðalag, skikkar til að vild sinni og vilja fjölmarga spítala úti á landi — skikkar þá til þess að skera niður þó það liggi fyrir að í sumum tilvikum er það afskaplega erfitt. Ætlar hv. þm. að standa við það sem hann sagði í fyrra þegar hann lagðist gegn þessu í umræðum eða ætlar hann að greiða atkvæði með því? Mér finnst merkilegt að hlusta á hv. þm. koma og tala frekar illúðlega gagnvart hæstv. heilbrrh. varðandi þennan tiltekna spítala í Stykkishólmi þegar fyrir liggur að hann er oddamaður annars stjórnarflokksins í fjárln. og hlýtur auðvitað að hafa haft eitthvað um þetta að segja.

[17:29]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að hv. formaður heilbr.- og trn. fjalli um þetta mál. Fyrst vil ég ræða biðlistana sem hann nefndi. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér, sem út af fyrir sig er kannski svolítið sérstætt að taka til umræðu við 1. umr. fjárlaga, er að það hefur verið látið að því liggja að faglega væri ekki staðið eðlilega að málum á þessum tiltekna spítala og þar skorti verkefni. Ég vildi þess vegna undirstrika mjög rækilega hver afstaða mín til þess máls væri. Að hinu leytinu hef ég aldrei lýst því yfir að ég væri á móti hagræðingu og sparnaði á spítölum úti á landi. Ég hef sagt að ef hægt væri að ná þannig fram sparnaði eðlilega og með sanngirni og án þess að raska skipulagi heilbrigðisþjónustunnar úti á landi þá er ég tilbúinn til að standa að því.

Ég hef beðið eftir því að fá um það tillögur sem sannfæri mig. Ég hef ekki séð þær tillögur sem fylgja fjárlfrv. hvað þetta varðar og ég sagði í ræðu minni að ég vildi skoða þær tillögur. Ég hafna engu fyrir fram. Það er afstaða mín, hv. þm. Ég hafna engu fyrir fram. Ef hægt er að ná sparnaðinum þá er ég tilbúinn til þess.

[17:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þversögn í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Hann sagði: „Ég hafna engu fyrir fram.“ Hann sagðist eiga eftir að sjá þessa útfærslu. En hann er ekki búinn að sjá útfærsluna fyrir sjúkrahúsið í Stykkishólmi en samt hafnar hann því. Hvers vegna? Getur ástæðan verið sú að það er sjúkrahús sem er í hans eigin kjördæmi, nálægt þeim stað þar sem hann hefur alið sinn aldur? Getur það verið? Ég veit það ekki. Það væri rétt að hv. þm. svaraði því. Spurningin er þessi: Ætlar hann að samþykkja þennan niðurskurð? Er hann reiðubúinn að segja að þetta beri keim af handahófskenndum vinnubrögðum? Af hverju kasta ég þessu fram, herra forseti? Vegna þess að í fyrra voru sumir félagar hans í ríkisstjórninni uppi með málflutning þar sem þeir héldu því beinlínis fram að hægt væri án þess að raska um of þjónustu þessara spítala á landsbyggðinni að skera niður um 160 millj. kr. Nú allt í einu telja þeir að það sé aðeins hægt að skera niður um 80 millj. kr. Það er afskaplega heppileg tala að minnka niðurskurðinn um helming. Auðvitað vitum við það, stjórnarandstæðingar, að ríkisstjórnin er að gefast upp í málinu vegna þess að rök hennar voru ekki held. Ég ég spyr hv. þm. hvort hann sé ekki á móti niðurskurðinum sem er í þeim spítala sem við ræddum um? Mun hann þá

ekki líka taka á sig rögg og lýsa því yfir að hann fordæmi þessi handahófslegu vinnubrögð vegna þess að hann sjálfur, varaformaður fjárln., sagði að engar áætlanir lægju til grundvallar þessari tölu. Er ekki varaformaður fjárln. að fella ansi harðan áfellisdóm yfir hæstv. heilbrrh.?

[17:32]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði mér ansi oft orð í munn. Ég hef hvergi haft uppi þau stóru orð um handahófskennd vinnubrögð o.s.frv. En ég hef lagt á það áherslu og undir það vil ég strika sérstaklega, að þannig sé gengið fram í þessu máli, ekki síst gagnvart þeirri stofnun sem ég hef nefnt hér, sem hefur starfað í 60 ár undir mjög sérstökum kringumstæðum, á þann veg að byggt verði á samningum. Vegna þess að það er allt annað en þegar við erum að fjalla um ríkisstofnanir. Ég vænti því þess að hv. þm. hafi góðan skilning á þessu atriði og að hann meti það með allt öðrum hætti þegar við þurfum að umgangast fyrirtæki sem eru algerlega undir umráðasvæði ríkisvaldsins eða hvort um er að ræða sjálfseignarstofnanir þar sem aðilar hafa sjálfir lagt mikla fjármuni til.

[17:34]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á það sem hv. þm. sagði í upphafsorðum sínum þegar hann gagnrýndi annan oddvita ríkisstjórnarinnar fyrir að hafa opnað sendiráð í Helsingfors án þess að leita eftir samþykki þingsins og gert það með þeim hætti að hv. þm., sem er varaformaður fjárln., vissi ekki um hvað til stóð fyrr en hann fékk boðskort um að mæta í veisluna. Þetta er ein harðasta gagnrýni á formann Framsfl. sem komið hefur frá Sjálfstfl. eða þingmönnum hans. En það er ekki að ástæðulausu vegna þess að í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 kemur fram að þar gerir utanrrn. ráð fyrir því, þetta litla ráðuneyti, að fá í fjáraukalögum 182 millj. kr. í aukafjárveitingar. Þar eru hlutir eins og almennur rekstur upp á 40 millj. kr. þannig að ákvörðunin um nýtt sendiráð í Helsingfors sem áætlað er að kosti rúmlega 7 millj. kr. er hjóm hjá þeim ákvörðunum um aukafjárveitingar sem hæstv. ráðherra, formaður Framsfl., hefur tekið í þessu litla ráðuneyti. Stórir hlutar þess eins og fram kemur hér, virðulegi forseti, um þátttöku í sýningu í Lissabon á vegum íslenska ríkisins fyrir 60 millj. kr., er tekin án fjárheimilda. Alþingi skuldbundið til að greiða í þetta eina verkefni 60 millj. kr. án fjárheimilda. En það vill svo til að hv. þm. Sturla Böðvarsson kastar steini úr glerhúsi. Hvenær skyldi það hafa verið gert að einn ráðherra taki ákvörðun um 80 millj. kr. aukafjárveitingu í húsnæði fyrir sjálfan sig? Það gerir hæstv. forsrh. því hann gerir ráð fyrir því að á fjáraukalögum yfirstandandi árs komi 60 millj. kr. í aukafjárveitingu til að gera upp skrifstofu hans eftir að hafa veitt sjálfum sér með sama hætti 25 millj. kr. fjárveitingu í fyrra. Það hallast ekki á með þessum tveimur ágætu ráðherrum.

[17:37]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aldrei þessu vant þá get ég bara sagt við þennan hv. þm. að gagnvart mér var þetta allt satt og rétt sem þingmaðurinn sagði og ég hef satt að segja engu við það að bæta öðru en því að þakka honum fyrir að taka svo ágætlega undir ræðu mína.

[17:37]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu mjög ánægður með þessa yfirlýsingu varaformanns fjárln. Hann er mér sammála um að svona ákvarðanir séu ekki æskilegar eða eðlilegar. Ég vek athygli á því að þarna eru oddvitar stjórnarflokkanna að taka ákvarðanir um aukafjárveitingar upp á tugi milljóna kr. í gæluverkefni annars vegar og í bætta húsnæðisaðstöðu fyrir eigin skrifstofu hins vegar.

[17:38]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Fjárlagafrv. er lagt fram með nýjum hætti eins og fram hefur komið. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að mér finnst frv. sjálft vera vel úr garði gert. Farið er eftir þeim lögum sem við samþykktum í vor um fjárreiður ríkisins sem var vönduð lagasmíð og afgreidd samhljóða á hinu háa Alþingi. Fjármál ríkisins koma því betur í ljós í frv. heldur en oft áður. Einnig eru fleiri þættir sem voru lagðir fram í sérstökum frv. áður felldir inn í frv.

Þótt umgjörðin sé við hæfi, þ.e. farið eftir lögum, er ekki hægt að segja að innihaldið sé það. Hæstv. fjmrh. hefur lagt mikið upp úr þeim hálfa milljarði í hagnaði sem fjárlagafrv. er lagt upp með. Í umræðunni hefur komið fram að ýmislegt af því hefur lítið með rekstur ríkisins að gera eins og sala eigna, tekjuaukning þar upp á 1,9 milljarða, þ.e. gengið út frá því að ríkissjóður selji eignir upp á 6,2 milljarða á næsta ári. Ekkert liggur fyrir um það hvernig verður staðið að þeirri sölu og ég mun víkja að því síðar. Ef þessir hlutir eru teknir frá kemur reksturinn ekki eins vel út. Síðan er matsatriði hvernig fara eigi með lífeyrisskuldbindingar. Þær hafa hækkað um 10,5 milljarða, 3,8 milljarðar eru gjaldfærðir, 6,7 milljarðar yfir endurmatsreikning. Þetta hefur verið gert að nokkru umtalsefni. Hægt er að hafa mismunandi skoðanir á því hvernig menn færa, hvort menn færa yfir rekstur eða færa yfir endurmatsreikning. Aðalmálið er að menn hafi samræmi í færslum milli ára og ég fæ ekki annað séð en að það hafi verið gert. Samt sem áður er rétt að vekja athygli á því að nokkuð stór upphæð fer yfir endurmatsreikning og kemur þá ekki fram í rekstri.

Almennt má segja að gagnrýni varðandi fjárlfrv. tengist umhverfi þess og forsendum. Hagvöxtur hefur verið á þessu ári og verður á næsta ári aðeins meiri en í nágrannalöndunum. Fyrir nokkrum árum var hagvöxtur minni hér en í nágrannalöndunum þannig að staðan er aðeins rýmri núna miðað við þau. Hins vegar þarf að hafa mjög skýrt í huga að uppspretta hagvaxtarins hjá okkur hefur verið einkaneyslan sem fyrst og fremst hefur komið fram með skuldaaukningu heimilanna. Alvarlegasti hluturinn í efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar, sem búin er að vera við völd í rúmlega tvö ár, er hvað bæst hefur við skuldir heimilanna á þeim tíma. Það er sagt að það sé góðæri og stjórnin keppist við að telja fólki trú um að góðæri sé mikið en almenningi gengur illa að finna góðærið í heimilisbúskap sínum. Við urðum vitni að því fyrr í dag þegar aldraðir borgarar komu og kröfðu ráðherra svara um góðærið títtnefnda. Ekki er fjarri lagi að áætla að meðalskuldir heimila gætu verið í kringum 6 millj. kr. Með einföldum útreikningi væri hægt að finna út að vaxtabyrði hjá meðalfjölskyldu, fjögurra manna fjölskyldu, væri ef til vill í kringum 50 þús. kr. á mánuði. Þetta er býsna há tala. Margir greiða meira og margir minna. Margir eru skuldlausir en margir hafa mun þyngri greiðslubyrði af lánum sínum.

Alvarlegasta staðan í sambandi við fjárlagafrv. er hvernig heimilin koma út með efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar.

*Fjmrh. og forsrh. ræða oft, og Sjálfstfl. sérstaklega,* áhyggjur af samneyslunni, þ.e. þá hluti sem fara í gegnum opinbera aðila af verðmætasköpuninni innan lands eins og það sé allt út úr korti. Það er rangt. Samneyslan, þ.e. það sem tekið er í gegnum opinbera aðila, er alls ekki meiri hérlendis en annars staðar og minni en víðast hvar, t.d. ef borið er saman við Norðurlöndin eða Bretland. Umsvif opinberra aðila eru einnig mun minni hérlendis en erlendis. Þannig eru skatttekjur hér lágar miðað við önnur lönd sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, rúmlega 30%, en meðaltal í Evrópusambandinu er rétt yfir 40% og meðaltal OECD-ríkja er rétt neðan við 40%. Ég tek fram að þessi samanburður byggist ekki á fjárlagafrv. heldur á gögnum frá OECD sem eru samanburðarhæf og umsvif, ef við tökum að 10% í landsframleiðslu, eru 56 milljarðar. Ég er ekki að segja að hið opinbera eigi allt í einu að fara að auka umsvif sín og skatttekjur um 56 milljarða á næsta ári en ég bendi á að það er blekking þegar fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa haldið því fram að opinber umsvif væru að sliga allt hagkerfið. Það er rangt ef borið er saman við önnur lönd. En ýmislegt annað er athyglisvert þegar borin er saman hagstjórn okkar og hagkerfi við ríki OECD. Tekjuskattar fyrirtækja eru hér langtum minni en hjá öllum ríkjum OECD. Ég fann ekkert ríki OECD sem er með lægra hlutfall. Þetta er um það bil 4% af fjárlögum sem eru tiltölulega lítil að umsvifum. Þetta er fyrir neðan allar hellur en þetta er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Þetta er velferðarkerfi fyrirtækjanna sem ríkisstjórnin hefur séð um að tryggja frá því hún tók við völdum.

Ef tekjuskattur fyrirtækja ætti að skila svipuðu og meðaltal í Evrópusambandinu og í OECD ættu fyrirtækin að greiða meira en 20 milljarða í tekjuskatt í staðinn fyrir þessa 7 milljarða sem eru í fjárlagafrv. Nú eiga menn náttúrlega að segja sem svo: „Betur væri að hagnaður væri til staðar og þá kemur þetta allt saman inn." En þetta dregur athyglina að því að í fyrirtækjarekstri hérlendis er mjög mörgu ábótavant. Það er ekki bara að fyrirtækin greiði lítinn tekjuskatt og að þau búi við vænt skattaumhverfi af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur er framleiðni íslenskra fyrirtækja meðal þeirra lægstu sem þekkist í Evrópu. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að launin eru lág hér á landi. Annað er athyglisvert, þ.e. að tryggingagjald sem er í fjárlagafrv. um 15 milljarðar er miklu lægra en gengur og gerist í Evrópu. Samsetning fjárlaga hjá ríkjum í Evrópu byggist miklu meira á tryggingagjaldi sem er greitt af fyrirtækjum. Hérna er vaskurinn hærra hlutfall. Allt ber að sama brunni ef menn skoða samsetningu fjárlagafrv. *Það eru fyrst og fremst einstaklingarnir og heimilin sem eru* látin greiða fyrir fjárlög þessarar ríkisstjórnar.

Lægsta skatthlutfallið á tekjur einstaklinga, þegar menn byrja að greiða skatta á annað borð, er hæst hérlendis. Þetta skattkerfi er komið út í tómar ógöngur. Þrátt fyrir að fjmrh. segi að skattar lækki, þ.e. alveg rétt, prósenturnar lækka aðeins, tekjuskattur einstaklinga hækkar um 3 milljarða milli áranna 1997 og 1998 sem er 20% hækkun. Það er tekjuskattshækkunin. Það eru að vísu aukin umsvif í þjóðfélaginu en það eru sífellt fleiri að greiða. Nú eru það reyndar ekki margir framteljendur sem greiða tekjuskatt og það er eitt vandamálið í viðbót. Nefna má að dráttarvextir, í frv., eiga að skila 3 milljörðum. Þarna er verið að skattleggja vanskil fólks. Það er tekjustofn upp á 3 milljarða. Viðskiptahallinn, og það er eitt það alvarlegasta í stefnu þessara ríkisstjórnar, verður tæplega 20 milljarðar á þessu ári. Hann verður aftur 20 milljarðar á næsta ári. Þetta er 40 milljarða viðskiptahalli. Við flytjum inn og eyðum 40 milljarða meiri gjaldeyri en við öflum á tveimur árum. Þetta er versta staða um áraraðir. Ég komst ekki nógu langt aftur til að finna jafnslaka útkomu á viðskiptum við útlönd og þessi ríkisstjórn er að leggja hér fram. Þetta þýðir vitaskuld að erlendar skuldir hækka sem þessu nemur þó svo að hlutfallið af landsframleiðslu geri það ekki en það er vegna hækkandi raungengis og það er nú kannski ein ástæðan fyrir því að ýmiss konar atvinnurekstur hér á erfitt uppdráttar.

Skuldir hins opinbera eru 51% af landsframleiðslu. Fyrir tíu árum voru þær 37%. Skuldir hins opinbera hafa tvöfaldast sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á tíu árum. Erlendar skuldir eru jafnmiklar núna og þær voru fyrir tíu árum. Það er ástæða til að draga þetta fram vegna þess að fjmrh. og forsrh. og framsóknarmennirnir eru alltaf að segja að hér séu blóm í haga og hér hafi orðið umsnúningur á efnahagsstjórninni. Það er rangt, það er ekki svo. Okkur hefur ekki miðað neitt sérstaklega vel áleiðis undanfarin tíu ár. Það eina sem er kannski markvert í efnahagsstjórninni á sl. tíu árum er sú efnahagsstefna sem kennd er við þjóðarsáttarsamningana, þ.e. við höfum náð að halda sambærilegri verðbólgu og er í nágrannalöndunum. En það er það eina.

Erlendar skuldir verða tæpir 270 milljarðar á næsta ári og það er nýtt met. Fjmrh. er ekki bara búinn að setja met í setu á ráðherrastóli, hann er búinn að setja met líka í skuldastöðu, í erlendum skuldum. Við greiðum 16 milljarða í vexti til útlanda og það er enn eitt metið þótt hlutfallið af landsframleiðslu hafi aðeins minnkað. 16 milljarðar er býsna mikið, ég held að það sé meira en við eyðum í menntamálin.

Fjárfestingin nú í þessu mikla fjárfestingaræði ef það má orða það svo er um það bil 20% af landsframleiðslu sem er meðaltal í OECD. Það sýnir eiginlega best í hvílíkum vandkvæðum íslenskt efnahagslíf hefur verið að fjárfestingar sem eiga að standa undir lífskjörum framtíðarinnar og hagvexti hafa verið svo lágar. Það eina sem hefur breyst í þessu er að það hafa verið þessar miklu fjárfestingar í orkufrekum iðnaði á þessu ári og verða á næsta ári. En hvert framhaldið verður veit enginn, en það er rangt gefið í þessu hagkerfi. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður lægri á næsta ári en hann var fyrir tíu árum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er minni. Fólk hefur minni kaupmátt á næsta ári með þessum góðærisfjárlögum hæstv. fjmrh. en það hafði fyrir tíu árum.

Nýjustu tölur um samkeppnisstöðu Íslendinga segja okkur að við erum í 19. sæti af 26 OECD-ríkjum. Það eru nokkur lönd í Suður-Evrópu sem eru fyrir neðan okkur í samkeppnisstöðu. Nýsköpun og þróun þarf ekki að nefna, við erum svo langt á eftir á þeim vettvangi.

Við ræddum fyrr í dag eitt það ömurlegasta í þessu fjárlagafrv., þ.e. hvernig ríkisstjórnin kemur fram við fólk sem minna má sín. Það á að afnema tengingu við launaþróun gagnvart öldruðum. Við sjáum hvað gert er í heilbrigðiskerfinu, það eru engar nýjar fjárveitingar til spítalanna. Ekki verða þeir betur í stakk búnir til að taka á biðlistum. Þessi ríkisstjórn vill halda áfram að horfa upp á fólk þjást mánuðum saman og veita ekki úrlausn, nokkuð sem engin þjóð gerir nú orðið. Engin þjóð hefur það á stefnu sinni nema sú íslenska að taka ekki á þessari mestu hneisu innan heilbrigðiskerfisins. Þeim er svo sem alveg sama um það.

Þeir ætla að selja hér fyrir 6,2 milljarða. Hvað ætla þeir að selja? 49% í bankanum sínum nýja, Fjárfestingarbankanum. Þeir ætla að selja Íslenska aðalverktaka. Hvernig ætla þeir að selja? Hvernig ætla þeir að standa að þessu? Ekki er eitt einasta orð um það í fjárlagafrv., ekki eitt einasta. Ætli það sé ekki einhver einkavinavæðing á ferðinni eina ferðina enn hjá þessari ríkisstjórn. Það kæmi manni ekki á óvart þó að einhverjum yrði hyglað þegar kemur að þessari margrómuðu sölu hæstv. fjmrh.

Við erum að eyða minni fjármunum til menntamála. Þau eru ívið lægri útgjöldin til menntamála á næsta ári en fyrir tíu árum á sambærilegu verðlagi. Okkur miðar ekkert áfram í menntamálum þrátt fyrir að þjóðinni hafi fjölgað, enda höfum við fengið hvern áfellisdóminn á fætur öðrum á alþjóðlegum vettvangi. Það var TIMSS-skýrslan. Það var skýrsla sem við jafnaðarmenn báðum um í sambandi við háskólakerfið sem sýndi þessa ömurlegu stöðu í menntamálum og sjálfstæðismenn bera ábyrgð á því. Þeir hafa farið með þetta ráðuneyti í 12 ár af sl. 14 árum. Ég hef áður sagt að eina úrbótin í menntamálum er að koma þessum mönnum út úr ráðuneytinu. Það er engin aukin fjárveiting til Kennaraháskólans. Það þarf auðvitað að bæta menntun kennara við þær auknu kröfur sem umhverfið gerir til menntunar. Þeir gera ekkert í þeim efnum. Ef við ætlum að verja jafnmiklu fé og aðrar þjóðir gera til menntamála þá ættum við, herra forseti, að verja 10 milljörðum meira í menntamálin á næsta ári en við gerum. Það eru einungis Grikkir og Tyrkir sem verja minna fé til menntamála í Evrópu en við. Ég veit ekki hvort menntakerfi þeirra er eitthvað lakara en okkar. Framlög til rannsókna og þróunarstarfsemi eru mjög lág og það þarf ekki að ræða það, þau eru langt undir meðaltali nágrannaþjóðanna og nokkuð undir meðaltali OECD.

Í þessu fjárlagafrv. erum við enn og aftur með landbúnaðarkerfi sem er styrkt meira en hjá nær öllum þjóðum í heiminum. Það eru einungis Japanir og Norðmenn sem eru með stuðningskerfi sem er kostnaðarmeira en okkar. Þetta er sorglegt en við erum með meira stuðningskerfi en Evrópusambandið. Af hverju er þetta kerfi rangt? Það er rangt vegna þess að matvæli eru hér 30% dýrari en í Evrópu, en bændur eru fátækasta stétt landsins. Þetta kerfi er rangt. Ég er að draga þetta fram til að segja: Hérna þarf að verða stefnubreyting, þessir tveir helmingaskiptaflokkar eru ekki færir um það.

Það er nokkuð sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að. Hvernig ætlar hann að standa að þessari sölu? 6,2 milljarðar. Hvernig verður það gert? Eru skólagjöld í Háskóla Íslands hækkuð? Það er gert ráð fyrir sértekjum upp á 500 millj. kr. Þau eru núna held ég 22 þús. kr. Það er rétt að fá þetta upplýst. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um hvað hann meinar í ræðu sinni með setningunni um lífeyrissjóðsmál: „.... að setja ný lög um starfsemi lífeyrissjóða á þessu þingi í samræmi við þá málamiðlun sem kom fram í meirihlutaáliti efh.- og viðskn.“ Það var engin málamiðlun, það var ósátt, ekki bara við okkur stjórnarandstæðinga, það var ósátt um það mál við aðila vinnukarkaðarins. Ég vil spyrja: Ber að skilja þessa setningu þannig að ríkisstjórnin ætli að þvinga fram það frv. sem við kvöddum hér í ósætti í vor? Það væri gott að vita það.

Við þurfum að gera endurbætur á ýmsu sem tengist skattamálum. Auðlindagjald, veiðileyfagjald, á að koma í staðinn fyrir aðra skatta eins og umhverfisskattar sem eiga að skipta meira máli hjá okkur. Við eigum að stokka upp þetta tekjuskattskerfi. Þegar þriðjungur framteljenda greiðir tekjuskatt þá er þetta skattkerfi sem við búum við orðið óbærilegt hjá venjulegu launafólki. Ég vil vekja athygli á því að sveitarfélögin fá orðið meira en helming af skattlagningu við tekjuskatt, þau fá 32 milljarða í ár á meðan ríkið fær 27 milljarða eða nettó 16. Mér finnst koma vel til álita að velta því fyrir sér að tekjur einstaklinga verði skattstofn sveitarfélaga en ekki ríkisins. Það verður einhvern veginn að komast út úr þessu kerfi þar sem jaðartengingin er að drepa alla framtakssemi og launabaráttu venjulegs fólks.

Við erum með ýmsa þætti í fjárlagafrv. sem kalla á kerfisbreytingar. Við erum með fákeppni og spillt fjármálakerfi. Það er ekki tekið á því. Við erum með of lítinn útflutning sem aflvél í hagvexti. Það er ekkert tekið á því. Við erum með miðstýringu og kannski að mörgu leyti staðnað fyrirkomulag á vinnumarkaði. Það er ekkert tekið á því, ekki heldur stærsti vinnuveitandi landsins. Það er ýmislegt í þessu sem þyrfti að kalla til nýrra hugmynda.

En mér finnst vera verst, herra forseti, í þessu fjárlagafrv. að það er ekki sniðið að þörfum fólksins. Það er ekki sniðið að þörfum eldri borgara. Það er ekki sniðið að þörfum unga fólksins sem vill sækja sér menntun til að geta orðið samkeppnishæft á næstu öld. Það er ekki sniðið að þörfum sjúklinga eða þeirra sem minna mega sín í þessu þjóðfélagi. Það gengur eins og rauður þráður, herra forseti, í gegnum þetta frv. að það er gengið á hlut þessa fólks. En síðan er þeim hlíft sem betur mega sín eins og við sjáum á skattlagningu fyrirtækjanna og sjáum á tekjustofni í fjárlagafrv. upp á 1 milljarð sem er fjármagnstekjuskatturinn. Hann er það eina sem fjármagnseigendur hafa að leggja í næsta fjárlagafrv., þ.e. skatt upp á tæpan milljarð. Þetta sýnir, herra forseti, forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar betur en margt annað.

[17:58]

**Útbýting þingskjals:**

Framgangur verkefna á sviði stóriðju, 68. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 68.

[17:59]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi fá að nefna í framhaldi af ræðu hv. þm. Í fyrsta lagi spyr hann: Hvernig verður staðið að sölu þeirra fyrirtækja sem nefnd eru í fjárlagafrv.? Það verður auðvitað gert með svipuðum hætti og hefur verið á undanförnum árum. Það er starfandi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem fer eftir ákveðnum reglum og hugmyndin er auðvitað sú að sala þessara fyrirtækja, þ.e. að hlutafé í þessum fyrirtækjum fari fram með svipuðu sniði og verið hefur. Það er auðveldara um vik vegna þess að hér er um að ræða hlutafélög. Það er verið að selja hlutafé ríkisins og þess vegna auðvelt að finna markaðsverð á slíkum bréfum.

Í öðru lagi er spurt um málamiðlun í sambandi við lífeyrissjóðafrv. Það er áætlað að nefndin ljúki störfum um miðjan mánuðinn. Ég hef enn þá vonir um að það náist samkomulag þar, en verði svo ekki þá verður auðvitað haldið áfram þar sem frá var horfið. Þar er um að ræða málamiðlun á milli tveggja sjónarmiða sem uppi voru og ég veit að hv. þm. man þau afar vel og þeim er lýst í meirihlutanefndarálitinu sem var skilað til þingsins í vor.

Það er ekki gert ráð fyrir skólagjaldahækkun í háskólanum þó að ugglaust væri skynsamlegt að gera það og auka á þjónustugjöld víðar. Ég minni hv. þm., sem les talsvert, á að ég tel, að í síðustu skýrslu OECD um Ísland er sérstaklega

tekið fram varðandi menntakerfið og skólamálin að það væri æskilegt fyrir íslenska skólakerfið að meiri fjármunir kæmu frá atvinnulífi og einstaklingum heldur en er í dag. Þar á meðal er verið að tala um skólagjöld. Svipuð viðhorf voru uppi í Bretlandi.

Ég vil taka það fram, af því að nú tala menn mikið um að jafnaðarmenn um heim allan eigi að sameinast, að Tony Blair í Bretlandi hefur verið mjög harður á því að halda skólagjöldunum og hefur bent á nauðsyn þess og mikilvægi að hafa slíka mælikvarða í gangi. Það þarf því ekki að fara lengra en til Bretlands til þess að fá þann krata sem er vinsælastur í dag í Evrópu til þess að standa með skólagjöldum á háskólastigi og ég vænti þess að kratar allra landa standi saman.

[18:01]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. endaði á því að vitna í Tony Blair og hans stefnu hér áðan. Ég get fullyrt að það sem við munum sækja til Tonys Blair verður fyrst og fremst það að vinna sigur yfir ríkisstjórninni í næstu kosningum. Að bera saman skólakerfið í Bretlandi og skólakerfið hér í sambandi við að leggja á skólagjöld en þar er allt öðruvísi kerfi og byggist á dýrum einkaskólum. Þar er veikt almennt skólakerfi og ætla að nota það hér í umræðu sem rökstuðning fyrir því að leggja á hærri skólagjöld, 100 þús. kr. eins og var nú verið að tala um nokkuð fyrr í sumar. Það er fyrir neðan virðingu hæstv. fjmrh. að vera með slíkan málflutning. Menn geta tekist á um skólagjöld og fjármögnun í háskólakerfinu á málefnalegri forsendum.

Hæstv. ráðherra nefndi sölu fyrirtækja og sagði að staðið yrði að þeim með svipuðum hætti og áður. Það er gott að fá að vita það. Menn muna kannski eftir hvernig staðið var að SR-sölunni á sínum tíma þegar sá aðili sem bauð hæst fékk ekki tækifæri til að standa við það boð. Menn muna kannski eftir hvernig staðið var að sölunni á Áburðarverksmiðjunni þegar svo virtist sem engin skilyrði væru sett við söluna en þegar mönnum virtist ekki líka við þann sem bauð hærra í hana, þá var hætt við söluna. Það hefur aldrei verið hægt, því miður, að treysta þessari ríkisstjórn til að standa almennilega að sölu ríkisyrirtækja, ekki nema í fáum tilvikum. Sala á nokkrum þeirra hefur heppnast. Ég er í sjálfu sér fylgjandi því oft og tíðum að ríkisfyrirtæki á samkeppnismarkaði séu seld. En það er grundvallaratriði að þannig sé staðið að því að ekki skapist vantrú og tortryggni við þá framkvæmd. Það hefur allt of oft gerst hjá þessari ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. að það hafi verið full ástæða til að tortryggja þá framvæmd sem hann hefur staðið að, því miður, því ég tel að þetta séu að mörgu leyti hlutir sem menn eiga að skoða með opnum huga.

Hæstv. fjmrh. sagði að lokum varðandi spurningu mína um lífeyrissjóðsfrv. að ef ekki næðist sátt í nefndinni — ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til að halda að það verði og ef það næst sátt, þá verður frv. lagt fram og þarf ekkert að ræða það neitt sérstaklega, en það stefnir allt í að það verði ekki sátt í nefndinni (Forseti hringir.) — en þá segir hann að lagt verði fram málamiðlunarfrv. frá meiri hluta efh.- og viðskn. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að það var ekkert málamiðlunarfrv. Það var algjörlega í ósætti við aðila vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðuna en fyrst og fremst við aðila vinnumarkaðarins. Það getur ekki verið málamiðlun en það er athyglisvert að heyra að ráðherrann virðist ætla að knýja fram þá lausn hér.

[18:04]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst ætla ég að skýra það að það, sem hv. þm. veit, að uppi voru andstæð sjónarmið í lífeyrissjóðamálunum og það frv. sem lagt var fram í lokin eftir að hv. nefnd hafði fjallað um frv. var auðvitað málamiðlun á milli tveggja sjónarmiða.

Í öðru lagi vil ég benda á að í þeim löndum þar sem skólagjöld eru lögð á er það gert alveg burt séð frá því hvort um er að ræða einkaskóla eða opinbera skóla. Þetta veit hv. þm.

Varðandi sölu fyrirtækja, þá heyri ég að hv. þm. er sammála því að það eigi að selja fyrirtækin og ég er sammála honum um að það eigi að standa þannig að því eins og eðlilegt getur talist. Það er ekki ágreiningur um það okkar á milli.

Ég gat ekki komið því að áðan í andsvari mínu en hefði getað gert það síðar að hv. þm. sagði að viðskiptahalli á yfirstandandi ári væri svo mikill að hann þekkti ekki annað eins. Árið 1991 var viðskiptahallinn miklu meiri. Þá var hann 4,6% af landsframleiðslu en er núna 3,4% af landsframleiðslu, miklu meiri viðskiptahalli. Og því til viðbótar þarf að taka fram að helmingurinn af viðskiptahallanum núna stafar af fjárfestingarinnflutningi fyrir atvinnufyrirtæki og orkufyrirtæki. Það er það sem gerir gæfumuninn að sá viðskiptahalli sem núna á sér stað er í stórum mæli tilkominn vegna þess að það er verið að byggja upp atvinnulífið.

Loks get ég ekki annað en brosað að því þegar hv. þm. segir að þeir ætli ekkert annað að læra af Tony Blair, kratarnir, annað en að sigra í næstu kosningum. Og hver segir þetta? Það er fulltrúi Þjóðvaka, afls fólksins í landinu. Hvaða fylgi hefur Þjóðvaki í dag, hreyfing fólksins? Fylgið er horfið þannig að það þarf eitthvað meira til að koma heldur en orð hv. þm. ef hann ætlar að sigra með þessa hreyfingu fólksins í næstu kosningum.

[18:06]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um viðskiptahallann. Það sem ég sagði í ræðu minni var að það er 20 milljarða halli í ár, 20 milljarða halli á næsta ári og að ég minntist þess ekki að hafa séð slíkan samfelldan halla tvö ár í röð. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, að það hafa komið ár þegar meiri halli hefur verið en það hefur ekki gerst svo að ég sjái í fljótu bragði að það hafi verið tvö ár í röð. Þetta skiptir kannski ekki höfuðmáli en alla vega ætti það að vera skýrt að hér er verið að tala um 40 milljarða halla á tveimur árum hjá ríkisstjórn sem mærir góðærið. (**Fjmrh.:** Fimm, sex ár í röð ...)

Varðandi það sem hann nefndi hér um Þjóðvaka eða hvað við ætluðum að læra af Tony Blair, þá ætti hæstv. ráðherra að vita það ósköp vel að Þjóðvaki hefur gert um það samþykkt sem hann mun leggja fyrir sinn landsfund að hann muni ekki bjóða fram sérstaklega í næstu kosningum heldur vera aðili að því sameiginlega framboði sem nú er verið að vinna að á þessum væng stjórnmálanna. Og þegar ég tala um það að við mundum geta sigrað eins og Tony Blair sigraði í Bretlandi, þá er það byggt á þeirri sannfæringu minni að sameinað framboð okkar í stjórnarandstöðunni við næstu alþingiskosningar muni leiða til slíks sigurs. Það liggur hins vegar ekki fyrir af hálfu allra stjórnarandstöðuflokkanna hvort af þessu verður. Þjóðvaki hefur gert upp sinn hug. Alþfl. hefur gert það að langmestu leyti, gerði það á flokksþingi síðast. Ýmsir innan Alþb. styðja þessa hugmyndafræði. Þetta verður rætt nánar

á fundum þar í nóvember. Sömuleiðis hjá Kvennalista. Ég er sannfærður um það að þetta verður að veruleika og við náum að sigra hæstv. fjmrh. í næstu kosningum. En hann á að vita það að Þjóðvaki sem slíkur var nauðsynlegur í þessum ferli og ég er sannfærður um að ef þetta tekst, og ég tel yfirgnæfandi líkur á að það verði, þá hefði ekki gerst ef Þjóðvaki hefði ekki boðið fram með þeim hætti sem hann gerði síðast. Það er mín skoðun, það er mitt mat á pólitískri stöðu og ég held að hæstv. ráðherrar ættu ekki að hlæja að því sem mun gerast í næstu kosningum.

[18:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er rétt að byrja á því að upplýsa að ég ætla ekki að blanda mér í deilur tveggja síðustu ræðumanna um það hvor eigi meiri eða minni hlutabréf í Tony Blair. Ég læt mér það í sjálfu sér í léttu rúmi liggja hvor reynir að eigna sér meira eða minna í honum, Friðrik Sophusson eða Ágúst Einarsson, hæstv. ráðherra og hv. þm. (**Fjmrh.:** En ætlarðu ekki að tala um sameininguna?) Það er margt ágætt í prógramminu hjá Blair og þeim í Verkamannaflokknum breska en það er líka ýmislegt annað þar á ferðinni sem ég er ekki hrifinn af. Ég taldi það t.d. ekki vera mikinn sigur fyrir jafnaðarstefnuna sem upp úr pokanum kom þegar Tony Blair fór að undirbúa sitt flokksþing að troða á þúsund punda skólagjöldum í Bretlandi, en slík mun staða hans vera um þessar mundir að hann fékk það nokkurn veginn möglunarlaust í gegnum breska Verkamannaflokkinn og hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar. Ég er jafnmikill andstæðingur skólagjalda nú eins og ég hef áður verið og barðist m.a. gegn þeim þegar fyrri ríkisstjórn lagði þau á.

Herra forseti. Það er mikið talað um góðæri. Góðærið hófst 1994 og þá varð veruleg efnisleg breyting til hins betra á Íslandi vegna þess að þá gekk í garð raunverulegt framleiðsluverðmætasköpunargóðæri, þ.e. verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar, sem fyrst og fremst var þarna á ferðinni, jukust verulega að raungildi og það var þá, eins og jafnan áður, sjávarútvegurinn sem lyfti okkur af stað upp úr öldudalnum. Það voru miklar úthafsveiðar og mikið framleiðsluverðmæti úr ýmsum greinum sjávarútvegs sem fyrst og fremst komu hjólunum af stað á nýjan leik.

Hins vegar hefur orðið þróun í þessu ferli, þó að mælst hafi hagvöxtur öll árin síðan og geri enn, sem er að ýmsu leyti áhyggjuefni vegna þess að í ferlinu á árunum 1995–1997 hefur þetta framleiðsluverðmætasköpunargóðæri sem þannig hófst að miklu leyti þróast yfir í eyðslugóðæri. Það er aukin einkaneysla og það er erlend skuldasöfnun og það er viðskiptahalli sem núna knýja aflvél efnahagslífsins áfram að verulegu leyti og það er því miður ekki nema að hluta til rétt sem hæstv. fjmrh. sagði að viðskiptahallann megi rekja að mestu leyti til fjárfestinga. Það á að nokkru leyti við en á móti hafa líka komið sölur á verðmætum hlutum út úr landinu eins og flugvélum þannig að þegar það er gert upp, þá er það ekki nema að hluta til sem auknar fjárfestingar eru þarna á ferðinni. Það er því miður á nýjan leik eyðsla um efni fram sem að verulegu leyti knýr áfram mótorinn, góðærið og af því hefur hæstv. fjmrh. tekjur og við aðstæður af þeim toga er auðvelt að reka ríkissjóð með góðum árangri eins og kunnugt er.

Ef við lítum síðan á framhaldið þá er líka ástæða til að hafa þar áhyggjur af vissum þáttum. Einkaneysla og fjárfestingar standa undir hagvextinum nú og að einhverju leyti á næsta ári. Í hagvaxtarspám Þjóðhagsstofnunar er síðan gert ráð fyrir að við taki framleiðsla úr þeirri auknu stóriðju sem nú er verið að efna til. Og í kjölfar þess frá og með árinu 2000 eða 2001, hvað á þá að drífa fram hagvöxtinn, herra forseti? Jú, aukinn þorskur, meiri verðmæti úr sjávarútveginum á nýjan leik. Og ég segi: Guð láti gott á vita, en það er ekki í hendi frekar en að þessar forsendur séu að öllu leyti jafntraustar og ýmsir vilja vera láta um þessar mundir. Ég óttast að menn séu hér að leggja upp í að gera svipuð mistök, viljandi eða óviljandi og gerð voru á árunum 1986 og 1987 þegar ríkisstjórn talaði mikið um góðæri og allt væri í himnalagi og það var kosið í því andrúmslofti að við værum stödd í miklu góðæri. En hvernig var ástandið hálfu ári eða ári síðar? Jú, það var þannig að það var allt komið í kaldakol. Þá snerist góðærið á innan við einu ári upp í einhverja verstu kreppu sem við höfum gengið í gegnum á síðari áratugum. Og af hverju? Af því að menn vanmátu aðstæðurnar herfilega, keyrðu áfram í tómri vitleysu á árunum 1986 og 1987. Við skulum reyna að forðast að gera aftur sambærileg mistök. Það er ekki ástæða til þess að hafa í sjálfu sér áhyggjur af því með sama hætti akkúrat nú, en ég verð að segja, herra forseti, að það fer nokkur hrollur um mig þegar þessi sjálfbirgingslegi yfirlætistónn kemur fram hjá mönnum eins og hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um að nú sé bara allt teppalagt og í góðu lagi langt inn á næstu öld. Það er því miður ekki endilega sjálfgefið, herra forseti. Þar getur margt komið til.

Það eru líka ýmis önnur hættumerki fyrir utan þessi, ytri efnahagslegar aðstæður og skilyrði sem ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af. Inn í þetta koma hlutir eins og óheyrilega langur vinnutími á Íslandi. Inn í þetta koma hlutir eins og lægsta tímakaup í norðanverðri Evrópu sem við sitjum föst í og miðar sáralítið að komast út úr, vinnuþrælkunarláglaunagildrunni sem íslenskt efnahagslíf er fast í. Og samt erum við að keyra þetta á viðskiptahalla sem verður á bilinu 35–40 milljarðar á þessu ári og hinu næsta.

Ég held líka að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum tækjum sem hæstv. ríkisstjórn er að beita í efnahagsstjórn sinni um þessar mundir. Ég held t.d. að það sé vitlaust að lækka skatta á hátekjufólki eða af hagnaði fyrirtækja um þessar mundir. Af hverju? Af því að við þurfum á þessum tekjum að halda til að gera úrbætur í velferðarkerfinu og við ættum þá frekar að nota þær til að greiða hraðar niður skuldir en ella við þær aðstæður sem nú eru. Því að ef við getum það ekki í góðærinu svo að neinu nemur, hvenær ætlum við þá að gera það? Hér hefur komið rækilega fram í málflutningi manna á undan mér að árangurinn á því sviði er miklu minni en hæstv. fjmrh. er að reyna að gefa í skyn.

Ef litið er á atvinnuvegina þá er líka áhyggjuefni þar, eða hefur enginn af því áhyggjur nema þá ræðumaður, að frystingin í landinu er rekin með 13% tapi um þessar mundir? Vita menn ekki að stórkostleg hætta er á því að leifarnar af landvinnslu, liggur mér við að segja, leggist af á næstu mánuðum og missirum ef ekki tekst með einhverjum hætti að ráða bót á þeim gríðarlega tekjuskiptingarvanda sem er innan sjávarútvegsins? Meðaltalið í kringum núllið er alveg skólabókardæmi um mann sem stendur með annan fótinn í fötu fullri af sjóðandi vatni og hinn fótinn í fötu með ísvatni og hefur það að meðaltali gott en ástandið er ekki þannig í raun. Það er mjög góð afkoma í einstökum afmörkuðum greinum sjávarútvegsins en að sama skapi er grundvöllurinn t.d. fyrir útgerð hefðbundinna ísfiskveiðiskipa og hefðbundinnar frystingar í landi gersamlega horfinn.

Ég var á Austfjörðum um daginn og heimsótti þar fyrirtæki, eitt af þeim sem enn eru að reyna að gera út tiltölulega hefðbundið munstur, einn ísfisktogara sem landar vikulega inn í frystihús. Þar er búið að færa saman veiðiheimildir af tveimur skipum og reyna að hagræða eins og kostur er og allt gert að mínu mati nokkurn veginn eins vel og hægt er að gera ráð fyrir að hægt sé að gera í því munstri, þ.e. hefðbundnu frystihúsi sem heldur uppi vinnu í einu sjávarplássi og með rekstri ísfiskveiðiskips, og tapið er fleiri tugir milljarða — fleiri tugir milljóna. Ég sá að fjmrh. tók fyrir hjartað. Hann vaknar aðeins til lífsins enn þá þegar hann heyrir svona háar tölur en milljónirnar eru hættar að hreyfa við honum. Það þarf milljarða til þess að hæstv. fjmrh. kippist við. En ég spyr: Hvað hafa menn hugsað sér gagnvart þessu? Ætla menn bara að láta sem ekkert sé? Það mætti líka spyrja hvaðan þetta fyrirtæki ætti að taka fjármuni til þess að borga auðlindaskatt.

Nei, herra forseti. Það er því miður ekki þannig að innstæður séu að öllu leyti fyrir þessu sjálfbirgingslega tali, sérstaklega ekki þegar menn framreikna bjartsýnar forsendur langt inn í framtíðinni. Vonandi verður árferðið áfram gott og vonandi tekst okkur að glíma vel við þá hluti sem blasa við og þarf að taka á en ekkert er sjálfgefið í þeim efnum og reynslan sýnir að dramb er falli næst, líka í þessum efnum. Ef menn verða of öruggir með sig er hættan mest á því að menn fari að gera mistök. Þetta ætla ég, herra forseti, að láta duga um almennar forsendur og snúa mér að því að ræða nokkra þætti sérstaklega og ég fagna því að hér eru viðstaddir nokkrir hæstv. ráðherrar sem ég hef m.a. óskað eftir því að yrðu við umræðuna og ætti svo sem ekki að þurfa, svo sjálfsagður hlutur sem það er að fagráðherrar séu viðstaddir en ég tek eftir því að á bekkinn vantar hæstv. samgrh. sem ég hafði óskað eftir því að yrði einnig viðstaddur. Til að greiða fyrir þingstörfunum kem ég því hér á framfæri.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að samkvæmt töflunni er hæstv. samgrh. í húsinu.)

Já, og það eru greiðar samgöngur innan hússins, herra forseti, þannig að það hlýtur þá að takast að koma honum inn í þingsalinn á næstunni.

Fyrst, herra forseti, vík ég að menntamálum og spyr hæstv. menntmrh. út í stöðu framhaldsskóla í frv. Í fyrsta lagi vekur undrun sú ákvörðun að skera verulega niður framlög til stofnkostnaðar í framhaldsskólunum. Einhver hefði haldið að nú væri þörf á hinu gagnstæða, þ.e. reyna að nota góðærið og allt talið um gildi menntunar og þá ekki síst verkmenntunar til að byggja upp í framhaldsskólunum í staðinn fyrir að skera það niður. Mikil þörf er á fjárfestingum í framhaldsskólunum, tækjakaupum, húsbyggingum og öðru slíku og niðurstaðan vekur mikla undrun.

Í öðru lagi, herra forseti, muna menn hvernig farið var með framhaldsskólana á þessu fjárlagaári í frv. hæstv. fjmrh. og þeim hlutanum sem snýr að hæstv. menntmrh. á síðasta ári þegar að framhaldsskólunum kom. Þá var ráðist alveg sérstaklega á nokkra af minnstu framhaldsskólunum í landinu og notað það sem ég kalla þumalskrúfuaðferðina. Mikill og óréttlátur niðurskurður var settur á menn og síðan búinn til einhver dúsupottur sem menn gátu fengið að hluta til úr til baka ef þeir væru þægir og gerðu það sem ráðherrann ætlaðist til. Það var þessi ógeðfellda aðferð að koma fyrst með groddalegan niðurskurð og koma svo með smápeninga til baka ef menn verða góðir og mögla ekki of mikið. Og ég spyr, herra forseti: Hvar standa þessi mál? Hvað á að lesa út úr skrýtna textanum á bls. 329, 330 og 331 um framhaldsskólana sem satt best að segja gerði mér ekki mikið gagn þó að ég færi í gegnum hann. Það er einhver latína eða hebreska um nýjar aðferðir til að finna út fjárveitingar til skólanna og án þess að það sé mjög skýrt hvað kemur í hlut hvers og eins eða hvernig þetta komi út. Í ljósi reynslunnar, herra forseti, óttast ég um hag minni skólanna á landsbyggðinni, framhaldsnámsins á landsbyggðinni og stöðu verkmenntunar. Því miður hefur reynst ástæða til að hafa áhyggjur af þeim þáttum og gaman væri að hæstv. menntmrh. kæmi og gerði aðeins grein fyrir sínum hlut í þessum efnum.

Síðan, herra forseti, langar mig aðeins að víkja að fjmrh. og útkomu hans í fjárlagafrv. því að sjaldan er rætt við hæstv. fjmrh. eins og einn af fagráðherrunum en það er hæstv. fjmrh. auðvitað á vissan hátt því að hann á hér líka ráðuneyti undir í frv. Það er nokkuð sérstakt sem snýr að hæstv. fjmrh. í þessum efnum. Hæstv. fjmrh. verður fyrir miklum hremmingum og áfalli. Í liðnum 995, Skýrsluvélakostnaður, verður hæstv. fjmrh. fyrir stórkostlegu áfalli. Þar rjúka upp hjá honum útgjöldin. En hann hefur haft góð sambönd í fjárlagagerðinni og fengið bætt við fjárveitingum sem þessum aukna kostnaði nemur. Hvað halda menn að komi svona heiftarlega aftan að hæstv. fjmrh. og einkavæðingarmálaráðherra? Jú, það er einkavæðingin. Hún reynist svona dýr að skýrsluvélakostnaður ríkisins rýkur upp úr öllu valdi við það að einkavæða. Af hverju? Jú, af því að menn seldu Skýrsluvélar ríkisins sem þeir áttu á móti borginni, gerðu það að háeffi og hvað gerist? Þeir rjúka til og hækka taxtann. Þannig virðist vera staðið að þessum breytingum af hálfu eigandans sem verður síðan að kaupa þjónustuna af hinu einkavædda barni sínu að þeir eru ofurseldir taxtahækkunum hins einkavædda fyrirtækis og geta ekkert annað en bara hækkað útgjöldin í fjárlögunum eins og hinu nýja apparati þóknast. Það er skýrt á bls. 393 að þarna verði mikill kostnaður, fjárlagaliðurinn hækkar um 60 millj. kr. milli ára m.a. vegna 15–20% hækkunar á töxtum Skýrr. Þetta er stafað S-k-ý-r-r-h-f. Skýrr hf. hækkar taxta sína ganske pent um 15–20% í kjölfar einkavæðingar og fjmrh. borgar. Þetta er svo hagræðingin og einkavæðingin og þessi góði fíni rekstur sem ævinlega tekur við og tekur öllu fram sem áður var í eigu ríkisins.

Þetta er heldur spaugileg ef ekki snautleg niðurstaða, herra forseti, sem hæstv. fjmrh. stendur þarna frammi fyrir og verður gaman að heyra útskýringarnar þegar fyrrum frammámaður í stuttbuxnadeild fhaldsins, hæstv. núv. fjmrh. Friðrik Sophusson útskýrir þessa hagræðingu einkavæðingarinnar fyrir okkur í skýrsluvélahaldinu. (**Gripið fram í:** Var þetta ekki báknið burt?) Þetta var báknið burt, jú, jú, jú, jú. En ég spyr að lokum í alvöru: Er það virkilega svo að þessar einkavæddu stofnanir hafi bara veiðileyfi á ríkið, þær fái bara í heimanmund veiðileyfi á ríkið og geti hækkað gjaldskrár sínar eins og þeim sýnist eða gengið þannig frá þessu? Það er þá meiri snilldin. Það ætti að ausa meiri peningum í einkavæðingarnefndina og láta hana halda fleiri fínar ráðstefnur, taka Perluna oftar á leigu. Það mundi þá sennilega spara enn þá meira.

Herra forseti. Um heilbrigðismálin væri margt hægt að segja. Ég vil sérstaklega óska eftir því að hæstv. heilbrrh. fari yfir stöðu sjúkrastofnana á landsbyggðinni. Ég óska eftir ítarlegri upplýsingum en fram hafa komið um hvar niðurskurðurinn er á vegi staddur. Hvernig koma þessar stofnanir út sem áttu að taka á sig keðjuniðurskurð ár eftir ár? Ég sé t.d. mér til mikilla vonbrigða að Fjórðungssjúkrahúsið á

Akureyri, sem talið hefur verið til fyrirmyndar um rekstur, fær minni hækkanir en þær stóru sjúkrastofnanir sem á undanförnum árum hafa keyrt langt fram úr. Er verið að refsa Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sérstaklega fyrir það að það hefur a.m.k. allt fram á þetta ár sýnt sérstaka ráðdeildarsemi í rekstri? Nú hefur að vísu niðurskurðurinn hér og biðlistarnir leitt til þess að álag hefur flust yfir á Fjórðungssjúkrahúsið sem hefur valdið þar meiri útgjöldum og þá vekur náttúrlega enn þá meiri furðu að stofnunin skuli fá meiri hækkanir en aðrir. Það sýnist mér koma út úr töflu á bls. 388. Fleira af þessu tagi mætti taka undir þessum heilbrigðismálalið en í ljósi þess að sá málaflokkur mun koma til ítarlegrar umfjöllunar á næstu dögum í þinginu vegna utandagskrárumræðu sem við þingmenn Alþb. og óháðra höfðum beðið um geymi ég það tímans vegna þangað til að fara ítarlegar yfir það.

Ég lýsi sérstökum vonbrigðum, herra forseti, með fjárlagaliðinn 390, þ.e. Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Auðvitað er ömurlegt að sjá í öllu góðærinu sem menn belgja sig út yfir að tækifærið skuli notað og framlög Íslendinga til þróunaraðstoðar lækkuð hlutfallslega. Það er augljóst mál. Ef lagðir eru saman liðirnir Þróunarsamvinnustofnun, þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og alþjóðastofnanir og í ljósi vaxandi þjóðartekna á landsframleiðslu erum við hlutfallslega á niðurleið hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu og það er snautleg niðurstaða hjá þessari — hvað sagði forsrh., fjórðu ríkustu eða sjöttu ríkustu þjóð í heimi? Var það ekki? (Gripið fram í.) já, hún var alla vega mjög rík þegar forsrh. var að guma af góðærinu í stefnuumræðu um daginn. En hún er ekki svona rík þegar kemur að því að setja niður framlög okkar til fátækustu þjóða heimsins undir liðnum þróunarsamvinnu. Ég lýsi vonbrigðum og skömm minni á þessum lið, herra forseti. Það hefur lengi verið mér hneykslunarefni og gert það að verkum að maður hefur átt erfitt með sig sem Íslendingur að standa frammi fyrir þessari snautlegu frammistöðu okkur á þessu sviði.

Og þá, herra forseti, að samgöngumálunum úr því að svo vel ber í veiði ef svo má að orði komast að hæstv. samgrh. er kominn í salinn. Það er aldeilis góðærið hjá hæstv. samgrh. Herra forseti. Þeir sem bera samgöngumálin fyrir brjósti voru mjög spennir að sjá hvað kæmi í hlut hæstv. samgrh. af góðærinu og að þessi brýni málaflokkur mundi aldeilis njóta þess að tekjur ríkissjóðs færu vaxandi og ekki síst að tekjur Vegasjóðs, markaðar tekjur Vegagerðarinnar fara mjög vaxandi. En hver er niðurstaðan? Niðurskurður. Niðurskurður og aukinn þjófnaður á tekjum Vegasjóðs í ríkissjóð. Það er niðurstaðan. Hæstv. samgrh. lagði fram hálfa vegáætlun í fyrra, braut blað í sögunni og lagði fram hálfa vegáætlun, tvö ár í staðinn fyrir fjögur. Og hún var niðurskurðarvegáætlun. Árið 1998 var þar niðurskorið. En það var ekki nóg því að nú stendur í greinargerð fjárlagafrv. að enn verði að taka upp vegáætlun. Af hverju? Af því að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir minni fjárveitingum í góðærinu en hin niðurskorna vegáætlun gerði síðasta vetur. Þar munar 166 millj. kr. sem er beinn niðurskurður á framkvæmdum frá því sem vegáætlunin hálfa gerði ráð fyrir en það sem verra er, ríkissjóður ætlar að hirða allan tekjuaukann sem hinir mörkuðu tekjustofnar gefa. Þar fara 250 millj. meira í Vegasjóð en gerði á þessu ári eða 1064 millj. í staðinn fyrir 806 og átti þó talan að lækka á næsta ári. (**Samgrh.:** Það er nú gott að vera aflögufær.) Hún átti að lækka, hæstv. samgrh. — er hæstv. samgrh. svona ríkur? Er það meinið? Að hann var svona bólginn af peningum að hann kom þeim ekki fyrir í vegunum og labbaði til vinar síns Friðriks Sophussonar og sagði: Hérna, Frikki, þú mátt fá meira. Var það svona sem þetta gerðist, herra forseti? Það eru athyglisverðar upplýsingar. Hæstv. samgrh. hafði ekki áhuga á meiri peningum í vegina, hann taldi sig svo ríkan.

Niðurstaðan er þarna náttúrlega alveg hörmuleg. Í raun og veru vantar 580 millj. upp á að Vegasjóður fái til framkvæmda það sem vegáætlunin í fyrra gerði ráð fyrir og sem tekjuaukinn vegna meiri bensínsölu og aukins þungaskatts hefði átt að gefa honum. Það er niðurstaðan. Hæstv. samgrh. hefur látið skera sig niður um næstum 600 millj. í viðbót í góðærinu. Það er nú meiri frammistaðan. (**ÖJ:** Það er afgangurinn af ríkissjóði.) Það er rúmlega afgangurinn af ríkissjóði samkvæmt nýju aðferðinni.

Svipaða sögu, herra forseti. mætti segja um flugmálin ef tíminn leyfði en það gerir hann víst ekki þannig að ég verð að láta þetta nægja að sinni.

[18:29]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram vegna ræðu hv. þm. þar sem hann sagði Frikki í ræðunni að þó sé vinskapur með mönnum, (**Fjmrh. :** Það skildist hvað við var átt.) þá hefur það nú ekki verið tíðkað í þingræðum að beita slíkum gælunöfnum þannig að ég bið menn að gæta að þingsköpum í þessu efni.

[18:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði spurninga varðandi stofnkostnað til framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að 477 millj. kr. fari til framkvæmda við framhaldsskólana vegna stofnkostnaðar á næsta ári sem er 54 millj. kr. lækkun frá þessu ári sem að mestu má rekja til þess að lokið er við verkefni. Rétt er að geta þess að byggðir hafa verið skólar upp á tæplega 18.000 m og teknir í notkun á höfuðborgarsvæðinu á síðustu missirum. Það eru slík verkefni sem menn eru að binda enda á og þess vegna minnkar fjárveitingin í samræmi við það.

Hvað varðar þennan lið á fjárlögunum þá er rétt að geta þess að honum hefur verið skipt í tvennt frá því sem var áður því stofnaður hefur verið nýr liður sem heitir Fasteignir framhaldsskóla þar sem tekið er á viðhaldsmálum framhaldsskólanna. Undir þann lið falla nú 210 millj. kr. sem er 36 millj. kr. hækkun frá því í ár. Samtals er því um að ræða aðeins meiri fjárveitingu til þessara beggja liða þegar upp er staðið, þ.e. viðhaldsliðarins og stofnkostnaðarliðarins, en er í fjárlögum yfirstandandi árs. Ég tel því að hv. þm. hafi yfirsést þessi breyting á færslu í fjárlögum og yfirsést að nýr fjárlagaliður hafi verið stofnaður sem tekur á viðhaldsmálunum. Áður var þetta einn liður þ.e. Stofnkostnaður og viðhald.

Varðandi það sem hv. þm. sagðist ekki skilja og kemur fram á síðum fjárlagafrv. og greinargerð þess að ef hann hefur lesið það með sömu athygli og hann las liðinn um stofnkostnaðinn, þá er ekki furða þó hann átti sig ekki á því hvað hér er um að ræða. Það er unnið að því að semja við framhaldsskólana á þeim forsendum sem þarna er lýst og menn frá menntmrn. eru einmitt núna á ferðalagi um landið til þess að ganga frá slíkum samningum og það mun allt liggja fyrir. Þingmenn munu geta séð hvernig á málum er tekið og á hvaða forsendum það er gert. Þessum forsendum er lýst mjög nákvæmlega í frv. og vænti ég þess, ef menn lesa frv. og greinargerðina, að þeir skynji inn á hvaða braut verið er að fara. Um reiknilíkanið sem notað er hefur náðst

gott samkomulag á milli ráðuneytisins, skólamanna og þeirra sem að skólastarfinu koma.

[18:33]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að staðfesta það að þarna er um niðurskurð að ræða til framkvæmda og stofnkostnaðar í framhaldsskólunum. Það er auðvitað athyglisverð niðurstaða þó að hægt sé að koma með skýringar af því tagi að lokið hafi verið einhverjum áföngum. Þá spyr maður auðvitað á móti: Eru ekki margir aðrir sem bíða og þarf að ráðast í? Er það verkefnaleysi í framhaldsskólum landsins sem veldur því að hæstv. menntmrh. sættir sig við minni fjárveitingar til síns málaflokks á þessu sviði í miðju góðærinu? Ég vil frekar kalla það metnaðarleysi en að trúa hinu að um verkefnaleysi sé að ræða og skortur sé á brýnum verkefnum í framhaldsskólum landsins. Það vitum við auðvitað öll að svo er ekki.

Ég læt mér hins vegar mjög í léttu rúmi liggja þó hæstv. menntmrh. bregði mér um skilningsleysi. Það má hvaða sæmilega læs og þokkalega gefinn einstaklingur sem er að reyna að lesa þessar síður, 329–331, komast að öllum sannleika um hver hagur hvers einstaks framhaldsskóla verður við þær aðstæður þar sem m.a. er vísað í ógerða samninga, þar sem m.a. er vísað í það að finna eigi út einhverjar formúlur sem valda því að fjárveitingar til skóla ráðast ekki af nemendafjölda á kennsluárinu. Nei, þær ráðast af því hve margir þreyta próf. Með öðrum orðum, ef óvenjumargir heltast úr lestinni, þá á væntanlega að refsa þeim skólum í því formi að þeir fái aðeins fjárveitingar sem nemur þeim fjölda sem tekur próf en ekki þeim fjölda sem reynt var að kenna viðkomandi vetur. Það liggur í hlutarins eðli að útkoma skólanna getur orðið mjög mismunandi við þessar aðstæður. Ég tel að hér séu pólitísk grundvallaratriði á ferð sem þörf sé fyrir að ræða og ég mótmæli því að þetta sé útskýrt þannig á síðum greinargerðar fjárlagafrv., jafnvel þó hæstv. menntmrh. kunni að hafa samið það sjálfur, að það sé auðvelt að átta sig á því hvað þarna er að gerast.

Þarna eru t.d. mjög vandasöm mál sem lúta að sérstökum aðstæðum minni skóla, sem lúta að dýrari kennslu í verknámi og öðru slíku. Það er fjarri öllu lagi að frá því sé gengið þannig hér að glöggt sé hvað eigi að gerast. Ég endurtek að þarna er m.a. vísað í ógerða samninga og það hlýtur að vera veruleg óvissa um það hvernig þeir hlutir útleiðast.

[18:35]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í frv. hvaða framkvæmdir það eru sem ætlunin er að ráðast í fyrir framhaldsskólana. Sérstök tafla er birt á bls. 332 um það í hvaða stofnkostnaðarframkvæmdir á að ráðast í framhaldsskólunum. Þar sjá menn hvaða framkvæmdir það eru sem á að fjármagna á næsta ári. Einnig kemur fram í fjáraukalagafrv. sem liggur fyrir að til Menntaskólans í Reykjavík verður varið samkvæmt því frv. 60 millj. kr. til að búa betur að þeim skóla hvað húsnæði varðar. Framkvæmdir á framhaldsskólastiginu eru því miklar og ég sé ekki ástæðu til þess að menn haldi áfram framkvæmdum aðeins framkvæmdanna vegna. Að sjálfsögðu þarf að skilgreina þarfir og það þurfa að vera raunhæf verkefni sem menn takast á við. Ég nefndi áðan að á höfuðborgarsvæðinu hafa bæst við 18.000 m á undanförnum missirum í framhaldsskólum. Ég hef á undanförnum 12 mánuðum tekið þátt í að taka í notkun húsnæði í fimm framhaldsskólum, á Akureyri, á Neskaupstað og þremur á höfuðborgarsvæðinu og auk þess hefur verið bætt við húsnæði skólans í Vestmannaeyjum. Síðan er í frv. listi yfir þær framkvæmdir sem eru á döfinni þannig að menn sjá af þessu að fráleitt er að halda því fram að ekki sé unnið að stofnframkvæmdum að því er framhaldsskólana varðar.

Um reiknilíkanið og þær grundvallarreglur sem mótaðar eru í því, þá er það rétt að horfið er frá þeirri reglu að miða við innritaða nemendur og tekið upp að miða við virka nemendur. Þetta er stefnubreyting og hún er skýrð í frv. Hún byggist á faglegum sjónarmiðum og um hana er samkomulag á milli þeirra aðila sem að því máli hafa unnið.

Um fjárveitingar til einstakra skóla verða menn að líta í frumvarpsgreinarnar sjálfar því þar kemur fram hvaða fjárveitingar eru ætlaðar til hvers skóla fyrir sig, en ekki í greinargerðinni.

[18:37]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú litlu nær varðandi framkvæmdirnar þó að hæstv. ráðherra vísi í töflu þar sem fram kemur hvaða einstaka framkvæmdir eru á dagskrá. Við vorum að ræða um heildarfjárveitingar í þennan málaflokk og það liggur fyrir að um niðurskurð er að ræða. Það var þá helst að rök kæmu fram fyrir þeim niðurskurði í orðum hæstv. menntmrh. að hann hefði verið svo duglegur við að vígja nýja skóla og hefði verið svo víða við það undanfarið ár að hann væri kannski orðinn þreyttur og treysti sér ekki í öll þau ferðalög á næstunni. Þess vegna hafi hann fallist á minni fjárveitingar. Ég veit ekki hvort skilja átti þennan útúrdúr hans um allar vígslurnar þannig.

Hins vegar hvað varðar rekstrarlíkanið þá á að sjálfsögðu eftir að koma betur í ljós hvað hér er eiginlega á ferðinni. Ég veit ekki hvað skólamenn almennt segja um það. Þeir eru sjálfsagt ekki langt komnir í því að skoða þessa nýbreytni. En þetta verkar nokkuð sérkennilega á mig satt best að segja, herra forseti. Þarna á að halda eftir umtalsverðum fjármunum, allt að 4% stendur hér, sem menntmrh. ætlar að halda eftir hjá sér af lögbundnum fjárveitingum samkvæmt fjárlagafrv. til hvers skóla. Síðan á að þrúkka eitthvað um það við skólana í einhvers konar uppgjöri í lokin hvað þeir fá af þessum 4% eða ekki eftir því hvert brottfall nemenda hefur verið o.s.frv. Mér sýnist að hér sé farið út á nokkuð umdeilanlega braut svo að ekki sé meira sagt. Því verður ekki að horfa til þess hvaða kostnað skólarnir leggja í við að kenna þeim nemendafjölda sem er við nám yfir veturinn en ekki bara því hverjir taka próf? Þetta er kannski einhver ný akkorðshugsun sem á að innleiða í skólakerfið, að setja pressu á að reynt verði að drífa alla í próf hvort sem þeir eru undir það búnir eða ekki til að fá út á þá krónur. Væntanlega hefur það áhrif í þá veru í skólunum. Ég lýsi öllum fyrirvara með að ganga inn á þessar formúlur og er litlu nær hvað varðar þá stöðu sem t.d. minni skólar og verknámsskólar hafa búið við og urðu óþægilega fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum á síðasta ári eins og kunnugt er.

[18:40]

**Útbýting þingskjals:**

Fæðingarorlof feðra, 75. mál, fsp. SvanJ, þskj. 75.

[18:40]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er eitthvert hið athyglisverðasta sem lagt hefur verið fram á hv. Alþingi. Það er ekki bara fyrir hinn góða árangur í ríkisfjármálum og efnahagsmálum sem þar kemur fram sem frv. er athyglisvert heldur ekki síður vegna þeirrar breyttu framsetningar sem er á frv. En það sem er sennilega mikilvægast er að góður árangur og breytt framsetning skuli fara saman.

Helsta breytingin er auðvitað sú, eins og fram hefur komið, að fjárlögin eru gerð upp á rekstrargrunni. Það skiptir ekki höfuðmáli í því tilfelli hvort uppreiknaðar lífeyrisskuldbindingar ríkisins eru með inni í því eða ekki því að rekstrargrunninum er ætlað að gera upp það sem gerst hefur á rekstrarárinu en uppreikningur á hinum uppsöfnuðu lífeyrisskuldbindingum á auðvitað rót sína að rekja til fyrri ára. En því sem fellur til á árinu er skilmerkilega til skila haldið í uppgjörinu.

Það ánægjulegasta við þessa niðurstöðu frv. er að á rekstrargrunni skuli fjárlögin verða gerð upp með afgangi upp á hálfan milljarð. Það gefur vonir um að þetta verði það markmið sem menn setji sér í framtíðinni, þ.e. að reka ríkissjóð með afgangi á rekstrargrunni og það muni í framtíðinni veita okkur meira aðhald í ríkisrekstrinum en við höfum hingað til átt að venjast, að traustara uppgjör með afgangi verði fyrirmyndin sem núv. hæstv. fjmrh. skapar fyrir framtíðina í ríkisfjármálunum.

Annað atriði sem er jákvætt og kemur fram í hinni breyttu framsetningu og er gleggra en áður hefur verið er lánsfjárþörf ríkissjóðs. Það er auðvitað sú tala sem mest áhrif hefur á peningamarkaðinn í landinu og þróun efnahagsmála er tengjast fjármagnsmarkaðnum á næstu missirum. En þar er hvorki um meira né minna að ræða en 8 milljarða viðsnúning á milli ára og 5 milljarðar verða notaðir til þess að greiða skuldir ríkissjóðs. Þetta mun skipta gríðarlega miklu máli fyrir alla þróun á fjármagnsmarkaði, bæði á sviði vaxta og á hlutabréfamarkaði og mun væntanlega koma bæði fyrirtækjum og einstaklingum til góða strax á næsta ári, ef ekki fyrr.

Þó að margt sé jákvætt við þessar breytingar, sem hér hafa komið fram er betrumbótum á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings enn ekki lokið og verður sennilega aldrei lokið. En það sem ég tel að þyrfti að koma til í framhaldi af þessum breytingum er að farið yrði að reikna fasteignakostnað hinna ýmsu stofnana ríkisins inn í rekstur þeirra, bæði til þess að gefa gleggri upplýsingar um hver staða þeirra raunverulega er samanborið við aðrar stofnanir og fyrirtæki úti í þjóðfélaginu, en ekki síst til þess að veita þeim sem reka stofnanirnar aðhald og hafa eitthvað um það að segja hversu mikið húsnæði þær þurfi fyrir sína starfsemi því engum þarf að blandast hugur um að húsnæðiskostnaður þessara stofnana, þótt hann sé ekki talinn í fjárlögunum, er gríðarlega mikill.

Í fyrri hluta fjárlagafrv. er líka tæpt í fyrsta skipti á mjög mikilvægum þætti en það eru kynslóðareikningar og vissulega verður að segja að sú niðurstaða sem kemur út úr þeim reikningum ber ekki vitni um að menn hafi farið nógu varlega í ríkisfjármálum á liðnum árum og hafi hugsað nægjanlega mikið um ungu kynslóðina sem á að greiða skuldirnar í framtíðinni. Þar kemur fram að vegna hinnar miklu vaxtabyrðar ríkisins þarf kynslóðin sem fædd er 1995 að greiða 700 þús. kr. meira til ríkisins en gert er ráð fyrir að hún muni fá frá ríkinu. Og ef haldið verður áfram með ríkisfjármálin eins og verið hefur á undanförnum árum og áratugum jafnvel, þá mun þessi upphæð hækka í tæpar 2 millj.

Þetta segir okkur að við þurfum að fara miklum mun varlegar með fjármuni ríkisins en við höfum gert hingað til því að það kemur að skuldadögunum og ef við greiðum ekki skuldirnar, þá gera afkomendur okkar það. Hvernig okkur gengur að greiða þessar skuldir í framtíðinni fer auðvitað eftir því hvaða framtíðarhorfur munu skapa framtíð okkar. Í frv. kemur fram að gert er ráð fyrir svipaðri afkomu á næstu árum hvað varðar ríkissjóð á rekstrargrunni en að viðskiptahalli muni fara minnkandi, erlendar skuldir muni minnka og skuldir ríkisins muni í heild minnka. En þetta er ekki sjálfgefið og það krefst frekara aðhalds í rekstri ríkisins.

En við vitum líka að við þurfum að leggja meiri áherslu á menntamálin heldur en við höfum gert hingað til og við vitum það líka að kostnaður heilsugæslunnar mun aukast á næstu árum. Ég held því að það sé aðeins á einum lið í fjárlögunum sem við getum fundið verulegt svigrúm til þess að mæta auknum útgjöldum á þessu sviði í framtíðinni en það er á liðnum Vextir. Því tel ég að við verðum að halda áfram með frekari einkavæðingu. Við verðum að auka einkavæðinguna og við þurfum að auka sölu ríkiseigna og lækka með því skuldir ríkisins því að á þann eina hátt getum við minnkað vaxtagreiðslurnar. Og eins og ég sagði áðan þá er það eini staðurinn í fjárlagafrv. þar sem um eitthvert verulegt svigrúm er að ræða. Og það blandast engum hugur um að það er verulegt svigrúm fyrir ríkissjóð til þess að selja og losa um eignir og það á ekki síst við í þeim stofnunum og fyrirtækjum sem ríkið á á fjármagnsmarkaðnum. Það fer að verða óeðlilegra og óeðlilegra með hverjum deginum hversu stóran hlut ríkið á í okkar peningamarkaði, sérstaklega þegar við berum það saman við þau lönd sem við höfum helst viðskipti við og teljum okkur þurfa að vera samanburðarhæf við. Þess vegna tel ég að þetta sé það sem skiptir mestu máli í stjórn ríkisfjármála á næstu árum, þ.e. frekara aðhald og frekari einkavæðing og sala eigna. Þannig getum við bætt úr þar sem við viljum bæta úr en jafnframt lækkað skuldabyrði ungu kynslóðarinnar þannig að þær upplýsingar um kynslóðareikninga sem við komum til með að sjá í framtíðinni, í framtíðarfjárlagafrumvörpum, verði jákvæðari en þær upplýsingar sem eru í fyrirliggjandi frv.

[18:50]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á atriði sem fjallað var um í þessu fjárlagafrv. og var reyndar minnt aðeins á í greinargerð síðasta frv., þ.e. svonefnda kynslóðareikninga. Um það mál var reyndar samþykkt tillaga á Alþingi í fyrravor, að ýta á eftir ríkisstjórninni um að slíkir kynslóðareikningar skyldu unnir, flutt af mér og hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég vil bara benda hv. þm. á að það er hægt að bregðast við niðurstöðum kynslóðareikninga sem kunna að sýna halla sem lendir á komandi kynslóðum, þ.e. að þeirra skattgreiðslur verði meiri eða þær fái minna út úr samneyslunni heldur en sú sem nú lifir. Það er hægt að bregðast við þessu á ýmsan hátt annan en að halda bara áfram að einkavæða og selja eignir ríkisins upp í væntanlegan halla. Það er alltaf hægt að afsetja eignir ef það er málið. En þær eru ekki endalausar og hvað ætla menn þá að gera?

Ég benti á þá leið að afla meiri tekna til þess að núverandi kynslóð taki ekki velmegunina að láni hjá börnunum og

barnabörnunum. Það er ekki það sem ríkisstjórnin er að gera um þessar mundir. Hún er að lækka skatta, líka á hátekjufólki sem veldur því að skattbyrði komandi kynslóða verður þá meiri. Það er líka hægt að reyna að auka sparnað og eitt af því sem ætti auðvitað að reyna að gera við aðstæður eins og þær sem nú eru er að auka sparnað. Mikilvægasta form sparnaðar í þjóðfélaginu eru lífeyrissjóðir og sparnaður í lífeyrissjóðum. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeim efnum? Jú, hún ætlar að grafa undan uppsöfnunarkerfi lífeyrissjóðanna þannig að ríkisstjórnin er í raun og veru á kolrangri braut í veigamiklum atriðum hvað varðar það að bregðast skynsamlega við líklegri útkomu kynslóðareikninga. Þær vísbendingar sem nú liggja fyrir, að vísu bara fyrir einn árgang og hafa aðeins verið reiknaðir í eitt skipti, benda til þess, þó að þær séu að vísu miklu hagstæðari hér en víða erlendis, að það verði einhver halli sem valdi meiri skattbyrði komandi kynslóða og þá er skynsamlegt að bregðast við með þeim hætti sem ég hef verið að rekja en ekki þessum úrelta gamaldags frjálshyggjuhugsunarhætti, að það sé bara hægt að selja endalaust eignir ríkisins og leysa allan vanda þannig. Hvað ætlar íhaldið að gera þegar eignirnar verða búnar?

[18:53]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þurfti sennilega ekki mikla spámenn til að sjá fyrir um efnisinnihald ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að hann mundi leggja til frekari skatta. Vegna þess að komandi kynslóðir eiga að greiða meiri skatta, þá er svarið að láta núverandi kynslóð greiða enn þá meiri skatta. En staðreyndin er hins vegar sú að skattbyrðin er orðin of mikil, hún er orðin það mikil að hún er farin að draga úr verðmætasköpuninni og þess vegna þurfum við frekar en hitt að skapa þannig aðstæður í ríkisfjármálunum að við getum ýtt undir frekari verðmætasköpun með því að lækka skatta í framtíðinni og þannig munum við með auknum hagvexti hjálpa til við að greiða skuldir framtíðarinnar.

Ég er hins vegar sammála honum um að við þurfum að auka sparnað. En ég held að því miður sé það frv., sem fram kom á sl. þingi og hefur verið til umræðu í fjölmiðlum að undanförnu, ekki til þess fallið sérstaklega að auka sparnað því að það frv. er í heljargreipum lífeyrissjóðanna sem verkalýðsfélögin og atvinnurekendur reka og stjórna, hinna svokölluðu þvingunarsjóða þar sem fólk er neytt til þess að greiða fjármuni inn í gjaldþrota sjóði, fjármuni sem það mun aldrei sjá aftur. Því miður er þetta enn þá staðreynd. Leiðin til þess að auka sparnaðinn er að auka frjálsræðið í lífeyrissjóðsmálunum, leyfa fólki að velja um sjóði og velja um sparnaðarform. Önnur leið til þess að auka sparnaðinn er að auka fjölbreytni þeirra verðbréfa sem eru á markaðnum og standa fólki til boða, t.d. með því að halda áfram einkavæðingunni þannig að fólki gefist kostur á því, frekar en að eiga hlut í ríkisbanka í gegnum aðild sína að ríkissjóði, að það geti átt beina eignaraðild að bönkunum með því að eiga hlutabréf í Landsbankanum hf. eða Búnaðarbankanum hf. eða Fjárfestingarbankanum hf.

[18:55]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var fyrst og fremst að gagnrýna það og gerði það reyndar í ræðu minni fyrr í dag, að við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálunum og með vísan til líklegrar útkomu úr kynslóðareikningum og í miðju góðærinu værum við að lækka skatta á hátekjufólki. Það var og er mikil þörf fyrir réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar og það hef ég talað ekki minna um en aðrir hér á þingi, t.d. að taka á jaðarskattavandanum. En það er svo allt annar hlutur hvort menn fara út í almenna prósentulækkun, t.d. í tekjuskatti sem nýtist hátekjufólkinu best og hvort menn fíra niður skattgreiðslum af hagnaði fyrirtækja, niður fyrir það sem víða gerist erlendis. Lægri skattar nú heldur en þarf til þess að standa undir samneyslunni og borga af skuldum ríkisins valda hærri sköttum í framtíðinni. Svo einfalt er það mál. Og ef við rekum samfélagið áfram þannig, þá erum við að taka hluta af lífsgæðunum að láni hjá framtíðinni. Þetta er líka einfalt og það er það sem ég hef verið að tala um. Þetta verður núverandi kynslóð að horfast í augu við ef hún ætlar að standast siðferðislegar kröfur sem við eigum að gera til sjálfra okkar. Og það þýðir ekkert að fara út í útúrsnúninga um lækkun eða hækkun skatta eins og hér var gert.

Ég er síðan algerlega ósammála hv. þm. um að vænlegasta leiðin til að auka sparnað í lífeyrissjóðakerfinu sé að rústa samtryggingarsjóðunum með uppsöfnun, sjóðsmyndun. Það er akkúrat þveröfugt. Allar niðurstöður Alþjóðabankans, OECD og annarra sem hafa lagt í vinnu við að skoða þessi kerfi benda til hins gagnstæða. Þær segja: Ódýrasta leiðin er samtrygging í uppsöfnunarkerfi vegna þess að þá þarf ekki að borga vegna erfða og þá myndast stærri og breiðari hópur sem á bak við stendur, áhættudreifingin verður meiri og útkoman verður sú besta sem hægt er að ná þannig að það væri skaðræði einmitt vegna þeirra vísbendinga sem nú eru að koma fram á Vesturlöndum í gegnum kynslóðareikningana, ef ríkisstjórninni tækist að rústa lífeyrissjóðakerfinu hér.

[18:57]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekki um heilindi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann talar um það að lækka jaðarskattana. En það sem gerir jaðarskattana svona háa er hið háa skatthlutfall og þess vegna er besta leiðin til þess að lækka jaðarskattana að lækka skatthlutfallið.

Og skattar á fyrirtæki. Það er einmitt vegna þess að nú í fyrsta skipti eru skattar á fyrirtæki hér á landi á svipuðu stigi og í nágrannalöndunum sem við erum að fá erlenda fjárfestingu hér á landi eftir margra ára bið. Og að ég sé að tala um það að rústa samtryggingarkerfinu í lífeyrissjóðunum, það er algjörlega alrangt. Ég hef hvergi talað fyrir því. Það sem ég hef sagt er að fólk eigi að geta valið um það í hvaða sjóði það greiðir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði áðan til Alþjóðabankans og það er einmitt Alþjóðabankinn sem segir um sjóðamyndunina í samtryggingarkerfinu að þar þurfi að vera um valmöguleika að ræða á milli sjóða. Að þeir sem að greiða þurfi að fá að velja um sjóði. Annars verði kerfið óskilvirkt. Ef um einkokun á sparnaði einstaklinganna er að ræða, þá virkar kerfið ekki eins og það á að gera. Það vantar samkeppni og það drabbast niður og arðurinn verður ekki eins mikill og hann ella hefði verið og það mun koma niður á fólkinu í ellinni og ég hélt að hann bæri hag þess fyrir brjósti eins og við öll hin gerum.

[18:59]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér hafa staðið umræður lengi dags og flestir ræðumenn hafa vikið að því í máli sínu hve framsetning frv. til fjárlaga er breytt að þessu sinni. Ég vil eins og aðrir lýsa yfir ánægju minni með þessa miklu breytingu. Það er ljóst að eins og frv. lítur út núna, þá gefur það miklu

skýrari mynd af ríkisfjármálunum þó að það taki vissulega ákveðinn tíma að átta sig á hugtökum og breytingu sem hér er verið að gera. En ég tel þetta vera mjög til bóta og einnig það að bætt hefur verið mjög verulega við skýringar í frv.

En það er innihaldið sem skiptir mestu máli og get ég ekki látið hjá líða að víkja fyrst að stöðu ríkisfjármála þessa árs vegna þess að ég hygg að það sem hefur verið að gerast á þessu ári muni endurtaka sig á því næsta. Það er tvennt sem þar vekur mesta athygli og er svo sem saga undanfarinna ára. Það er annars vegar það hve tekjur ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlunum. Út af fyrir sig er það gott að menn fari varlega í að áætla auknar tekjur. En það sem vekur þó enn meiri athygli er það hve útgjöldin hafa farið langt fram úr öllum áætlunum. Það beinir sjónum að því hvernig hefur verið vanáætlað til ákveðinna mála og málaflokka ár eftir ár. Auðvitað kemur ýmislegt óvænt upp og það var alveg ljóst í mínum huga þegar við ræddum fjárlögin í fyrra að t.d. sú hækkun sem spáð var á launum var fjarri öllu lagi. Menn miða við einhverjar lágar prósentur þrátt fyrir að ár eftir ár hafi verið farið fram úr slíkum áætlunum í öllum kjarasamningum.

Það sem mér finnst þó kannski að þurfi að gera mestar athugasemdir við eru vanáætlanir í heilbrigðiskerfinu. Ég hef rakið í umræðum hvernig þau mál hafa gengið fyrir sig ár eftir ár þar sem alltaf á að spara og spara, sérstaklega í lyfjakostnaði og á stóru sjúkrahúsunum. Og svo koma menn alltaf í aukafjárlögum og sækja þar um hundruð milljóna til viðbótar og ár eftir ár eru gerðir samningar milli ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur og ástandsins á stóru sjúkrahúsunum hér í borginni. Og ég spyr mig auðvitað: Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða?

Það var lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar þar sem hún fór yfir sparnaðartilraunirnar í heilbrigðiskerfinu og það varð niðurstaða Ríkisendurskoðunar að þær tilraunir hefðu litlu skilað, nánast engu skilað. Samt sem áður halda menn þessum leik áfram ár eftir ár og enn á að gera það á næstu árum. Það á enn að spara hundruð milljóna í útgjöldum til lyfja. Bæði Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölunum er gert að spara tugi ef ekki hundruð milljóna þrátt fyrir það að menn hafi horft upp á það ár eftir ár að þetta hefur ekki tekist. Og það er vegna þess, hæstv. forseti, að í þessum málaflokkum er síaukin þörf fyrir fjármagn. Öldruðum fjölgar eins og er reyndar tekið fram í frv. Reyndar finnst mér oft eins og þeir hjá ráðuneytunum séu eiginlega alveg steinhissa á þessari fjölgun þó að þeir ættu að geta spáð um hana langt fram í tímann. Þeir eru alltaf jafnhissa yfir þessari útgjaldaaukningu í tryggingamálum; sjúkratryggingum og lífeyri þó að allar þær upplýsingar sem við höfum um okkar samfélag sýni að stöðugt fjölgar í þessum hópum, þörfin er sífellt meiri og þar af leiðandi er þörf fyrir aukna hjúkrun, eftir því sem fleiri ná háum aldri og þurfa á aðstoð að halda. Þessum leik eða bókhaldskúnstum er haldið áfram ár eftir ár og ég ætla að fullyrða það, hæstv. forseti, að sá sparnaður sem á að nást fram í heilbrigðismálum á næsta ári mun ekki nást, ekki frekar en í fyrra, hittiðfyrra eða árið þar áður. Hér held ég að menn eigi að horfast í augu við veruleikann. Það er sérstaklega horft á þennan málaflokk, heilbrigðismálin og þá staðreynd hve stóran hlut hann tekur af útgjöldum ríkisins. Við hljótum að verða að leita annarra leiða en þeirra sem hafa mistekist ár eftir ár. Þar vil ég alveg sérstaklega nefna það sem ég hef svo sem oft nefnt áður, en góð vísa er svo sem aldrei of oft kveðin, að í forvörnum getum við tekið okkur alveg stórkostlega mikið á og náð niður kostnaði þannig, sumum fljótt, annað tekur lengri tíma. Ég vil reyndar fagna því að hæstv. núv. heilbrrh. hefur sýnt forvörnum aukinn skilning og meiri skilning en sá ráðherra sem sat á undan henni og lagði niður forvarnadeildina í heilbrrn. Hann taldi nú ekki mikla þörf fyrir forvarnir, sá ráðherra. En ég tel að þar sé hægt að taka verulega á og ná miklu meiri árangri í sparnaði heldur en með þessum niðurskurðaraðferðum sem hér hefur verið beitt og hafa ákaflega litlu skilað. Ég gæti tekið dæmi upp úr frv. til fjárlaga um það hvar verið er að ræða þennan sparnað en ég ætla að koma sérstaklega í lokin að stóru sjúkrahúsunum.

Að mínum dómi verður ekki fram hjá því horft þegar menn eru að reyna að leita orsaka og afleiðinga að staða ríkissjóðs hefur batnað stórlega. Eins og ég nefndi áðan hafa tekjur farið langt fram úr áætlun á sama tíma og útgjöldin hafa farið enn þá lengra fram úr áætlunum þannig að auðvitað hefur ríkissjóður verið rekinn með halla á undanförnum árum en nú eru menn að snúa því dæmi við. Hér er bullandi góðæri hvað sem það stendur lengi og við þurfum að hafa allan vara á því að þrátt fyrir allt eru ýmsir þættir í okkar efnahagskerfi býsna óstöðugir og það þarf ekki annað en veiðar bregðist á ákveðnum fiskstofnum þá setur það strax strik í reikninginn. Menn geta rétt ímyndað sér hvað munar t.d. um þann samdrátt sem orðið hefur í Smuguveiðunum. En hvað sem því líður þá hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar þegar jafn vel árar og nú hvernig eigi að verja auknum tekjum ríkissjóðs. Það er auðvitað spurningin. Hvað er verið að gera hér? Hvernig er verið að verja tekjunum? Að mínum dómi eiga ýmis mál að hafa forgang umfram önnur. Þar vil ég fyrst og fremst nefna menntamál. Ég vil fyrst og fremst nefna menntamál þar sem ég tel að við þurfum verulega að taka okkur tak. Og því miður fæ ég ekki séð að það sé gert í fjárlagafrv. næsta árs. Framlag ríkisins til menntamála á næsta ári er 7,9% af ríkisútgjöldum. Þetta hlutfall hefur að sjálfsögðu lækkað vegna þess að grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna. Þetta heita reyndar framlög til fræðslumála og það er hægt að skoða þessa skiptingu milli málaflokka í töflu sem er birt í fjárlagafrv. og er reyndar eitt af því góða og nýja sem er að finna í þessu frv. þar sem þetta er greint niður. Þetta er á bls. 274 í frv. og í framhaldi af því og hér er liður 04. Fræðslumál, sem nema samtals rúmum 13 milljörðum kr. og samkvæmt mínum útreikningum er þetta 7,9% af ríkisútgjöldunum á næsta ári og það er ekki há prósenta.

Það er reyndar hægt að skoða aðra liði sem tengjast mennta- og menningarmálum og vísindum og rannsóknum. Hér er liður sem heitir 01.3 Opinberar frumrannsóknir, 325,7 millj. kr. af útgjöldum ríkisins. Þetta er afar lágt hlutfall og sýnir hver forgangsröðin er hjá þessari ríkisstjórn.

Við höfum fengið niðurstöður úr könnunum sem sýna að því miður er íslenskt skólakerfi að dragast aftur úr því sem gerist hjá ýmsum öðrum þjóðum. Fram hjá því verður ekki horft. Ég er búin að fara rækilega í gegnum kaflann um menntmrn. og ég sé að þar er verið að bæta við hér og þar. Það er nú ekki eins og það sé ekki verið að gera neitt, þar eru á ferð ýmsar framkvæmdir og ýmsar breytingar og það á að gera rekstrarsamninga við skólana og er allt gott og blessað um það að segja. En ég spyr: Hvað um innihaldið? Hvað um innihald menntunar því að það er þar sem við þurfum virkilega að taka okkur tak? Þó að umhverfi skóla skipti að

sjálfsögðu miklu máli, þá er það þó starfið sem skiptir mestu og það tengist þessu stóra og erfiða máli, kjörum kennara.

Það er búið að semja við framhaldsskólakennara og ég hygg að samningum sé lokið við háskólakennara og eins og við vitum þá stendur yfir kjaradeila við grunnskólakennara sem nú hafa boðað verkfall sem vonandi tekst að afstýra. Nógu eru nú verkföll erfið fyrir kennara en þau eru ekki síður erfið fyrir nemendur og svona stórt verkfall kennara mun hafa mikil áhrif á allt þjóðfélagið. Þetta hangir saman, laun og kjör kennara og ástandið í menntamálum og inntak menntunarinnar. Ég held að það verði ekki fram hjá því horft að við verðum að taka okkur ærlegt tak og setja menntamálin í algjöran forgang og þar skal ég veita menntmrh. allan minn stuðning eigi hann erfitt uppdráttar innan ríkisstjórnarinnar. Ég held því miður að það sé ekki nægilegur skilningur á því ástandi sem hér ríkir í menntakerfinu og þar kem ég auðvitað að háskólastiginu líka.

Á undanförnum árum hefur Háskóli Íslands, bæði kennarar og nemendur hans, sem er langsamlega stærsta menntastofnunin, mátt sæta miklum niðurskurði meðan nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt. Nemendur og starfsmenn háskólans hafa virkilega reynt að beita sér fyrir auknum fjárveitingum en samkvæmt því sem ég les út úr frv. aukast rekstrarframlög til háskólans um 60 millj. kr. að raungildi, segir hér á bls. 323. Ef ég man rétt þá taldi háskólinn sig þurfa a.m.k. 300 millj. til viðbótar við það sem hann áður hafði til þess að komast á svipað stig og háskólar t.d. á Norðurlöndunum. Nú er ég ekki að segja að hægt sé að bæta úr þessum mikla vanda á einum degi. Það þarf að gera það í áföngum vegna þess að það tekur tímann sinn að undirbúa og skipuleggja, en þetta verður að gerast. Og, hæstv. forseti, sá vandi sem við stöndum frammi fyrir bæði í menntamálum og heilbrigðismálum er fortíðarvandi. Hann er fortíðarvandi ríkisstjórna Davíðs Oddssonar sem skapaðist með niðurskurði, tekjutengingum, háum jaðarsköttum og ýmsu fleiru sem báðar hans ríkisstjórnir hafa gripið til. Þær hafa skapað hér margra ára vanda sem hefur verið að hlaðast upp í skólakerfinu og velferðarkerfinu. Það er kominn upp nýr fortíðarvandi. Það er óskaplega brýnt, hæstv. forseti, að fólk opni augun og skilji hvað er að gerast. Ég gerði þessi mál að megininntaki ræðu minnar í umræðunum um stefnuræðu forseta og ekki að ástæðulausu.

20:31

Ég kem sjálf úr þessu umhverfi skóla- og háskólamanna og hitti nánast daglega fjöldamarga sem vinna við þessi mál og það er mér mikið áhyggjuefni hvað allt vinnusiðferði hefur farið versnandi, áhugi á því sem fólk er að gera, trú á því sem fólk er að gera, vegna þess að það er svo niðurbrjótandi að búa við endalausan barning, endalaus vonbrigði ár eftir ár. Og þar vil ég ekki síst minna á það sem formaður stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur nefnt, Kristín Ólafsdóttir, sem hefur staðið í því með öðrum í yfirstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur að stunda þar það sem hún kallar krísustjórnun. Ár eftir ár er þessum stóra spítala stjórnað með krísustjórnun þar sem sífellt er verið að taka nýjar ákvarðanir og taka við nýjum skipunum um enn meiri niðurskurð. Svona er hvorki hægt að reka heilbrigðiskerfi né velferðarkerfi í heild, hvað þá menntakerfið. Því eru það mín meginskilaboð í þessari umræðu, þó að menn geri lítið úr því þegar við í stjórnarandstöðunni segjum að það þurfi að breyta forgangsröð, að það verður að breyta forgangsröðinni. Það verður að setja meiri peninga í menntamálin og heilbrigðismálin til þess að við getum staðist allt það sem framtíðin mun krefjast af okkur og til þess að við einfaldlega missum ekki allt okkar menntaða og góða fólk úr landi eða það hætti að skila sér heim. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Hv. þm. Jón Kristjánsson gagnrýndi umræður stjórnarandstöðunnar um heilbrigðismálin og vildi meina að þar væri ákveðin stefna uppi. Ég á ákaflega erfitt með að sjá þá stefnu, þ.e. að hér sé einhver heildstæð stefna í heilbrigðismálum. Það hefur ekki náðst niðurstaða um það hvernig verkaskiptingu eigi að vera háttað, hvorki á milli stóru sjúkrahúsanna né milli landsbyggðasjúkrahúsanna annars vegar og sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Er t.d. rétt að athuga hvort það beri að byggja eitt stórt sjúkrahús hér á höfuðborgarsvæðinu í stað Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna eins og m.a. Helgi Sigurðsson læknir hefur skrifað um í Morgunblaðinu út frá þeirri forsendu að sjúkrahús einfaldlega úreldist og það sé miklu betri lausn að byggja hreinlega nýtt? Kröfur tímans séu orðnar slíkar.

Ég fæ ekki betur séð en að heilsugæslumálin séu enn þá í hnút. Það hefur ekki verið fundin lausn á þeirri deilu sem heilsugæslulæknar áttu í við ríkisvaldið. Vissulega er verið að uppfylla hluta af þeim samningum, m.a. með því að nú á loksins að sinna þeirri þörf sem er hér í Reykjavík fyrir heilsugæslustöðvar. En verkaskiptingin milli sérfræðinga og heilsugæslulækna — það mál er óleyst. Við sjáum þessa dagana að gífurleg óánægja er meðal lækna. Ungir læknar eru að undirbúa aðgerðir, sérfræðingar segja upp samningum sínum við Tryggingastofnun og þetta allt saman endurspeglar kerfi í upplausn þannig að af nógu er að taka og vandinn er mikill. Ég hef einmitt komist að þeirri niðurstöðu í gegnum mitt starf í nefndinni sem vinnur að forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu og eins og vænta mátti hefur það starf teygst allnokkuð að það sem fyrst og fremst vanti sé skýr stefna. — Tíma mínum er að ljúka, hæstv. forseti. Ég á enn mikið eftir ósagt. En ég vil endilega fá að koma að einni spurningu til hæstv. fjmrh. hæstv. forseti og hún varðar það að nefnt er hér í frv. að hann ætli að skipa skattanefnd til þess að endurskoða skattkerfið og mig langar að fræðast um það hjá honum hvernig hann hugsar sér þá nefnd. Fær stjórnarandstaðan að koma að þessu mikla og mikilvæga verki og hugsanlega aðrir, eða hvernig hugsar hann sér skipan þessarar nefndar?

[19:20]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég veita þær upplýsingar að hugmyndin er að skipuð verði nefnd sem í verða tveir þingmenn stjórnarflokkanna og síðan embættismenn ráðuneytisins sem vinna með nefndinni eða verða í henni ásamt fulltrúum sem koma úr skattkerfinu. Hlutverk þessarar nefndar eða þessa vinnuhóps, því að enn hefur ekki verið nákvæmlega tekið utan um það hvort þetta er vinnuhópur, starfshópur eða nefnd, verður fyrst og fremst að fara yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á íslenska skattkerfinu annars vegar og að kanna rækilega hvaða þróun hefur átt sér stað erlendis. Það er hægt að gera bæði með því að skoða beinlínis löggjöf annarra landa og einnig upplýsingar sem eru til, m.a. hjá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hugmyndin er sú að þessi nefnd stilli upp kostum. Þegar það liggur fyrir og búið er að safna upplýsingum — þetta er nánast söfnun upplýsinga í framhaldi af því sem jaðarskattanefndin gerði — þá verða fyrirliggjandi upplýsingar kynntar fyrir m.a. aðilum vinnumarkaðarins og öðrum þeim sem við teljum að þurfi að koma að málinu og það verði gert

áður en nokkur stefnumótun á sér stað. Þessi nefnd á því fyrst og fremst að safna upplýsingum en markmiðið hlýtur að vera það sama og margoft hefur verið bent á og það er að nýta skattkerfið til fulls til þess að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Það getur gerst með skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga því að við erum í bullandi samkeppni við aðrar þjóðir um að halda lífskjörum uppi í þessu landi og til þess að svo sé hægt þarf einnig að taka tillit til skattkerfisins. Þetta verður það sem nefndin mun gera og tekur einhvern tíma en í framhaldi af því á sér stað stefnumótun í málinu.

[19:22]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé öllum ljóst sem hafa kynnt sér og þekkja til skattkerfisins á Íslandi að það krefst mikillar og brýnnar endurskoðunar. Ég vil ráðleggja hæstv. fjmrh. að hleypa fleirum að þessu starfi. Þó að aðeins sé um upplýsingasöfnun að ræða getur skipt máli hvar upplýsinga er leitað og hvernig og að menn einfaldlega komi með fleiri spurningar í slíku starfi. Mér finnst þetta vera svo brýnt og mikilvægt verkefni sem þarna á að fara að vinna að að mér finnst það hreinlega sjálfsagt að stjórnarandstaðan fái að koma að þessu verki. Ég veit ekki betur en að t.d. í efh.- og viðskn. hafi menn unnið afar vel saman að skattamálum þó að oft hafi verið ágreiningur um einstök atriði. Það er mikil vinna sem þarf að eiga sér stað í þessu og ég vil einfaldlega skora á hæstv. fjmrh. að sýna þá viðsýni að hleypa stjórnarandstöðunni að þessu verki því að skattkerfið er auðvitað eitthvað sem sæmileg sátt þarf að ríkja um. Það þarf að vera réttlátt. Það þarf að vera skilvirkt. Og það snýr bæði að fyrirtækjunum og einstaklingunum og því meiri og betri sátt sem er um slíkar breytingar og þróun skattkerfisins, því betra fyrir samfélagið og framtíð íslenskrar þjóðar og samkeppnishæfni hennar sem ráðherrann ber svo mjög fyrir brjósti.

[19:24]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Það er margt jákvætt í þessu frv. til fjárlaga sem hér hefur verið lagt fram og sérstaklega eru ánægjulegar þær breytingar sem eru á framsetningu frv. og þeim gögnum sem frv. fylgja. Það er líka mjög jákvætt að stefnt er að því að reka ríkissjóð með tekjuafgangi þó að enn vanti töluvert á að tekist hafi að vinda ofan af þeirri skefjalausu útþenslu sem átt hefur sér stað hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum á undangengnum árum og áratugum.

Ég ætla í máli mínu að fjalla einkum um þrjá þætti í sambandi við fjárlagafrv. það sem hér er til afgreiðslu. Í fyrsta lagi ætla ég að fjalla um það í hve litlum mæli góðærið hefur verið nýtt til þess sem ég kalla að vinda ofan af þessari skefjalausu þenslu sem er á yfirbyggingunni í þjóðfélaginu. Í öðru lagi ætla ég að fara nokkrum orðum um heimildarákvæði í 7. gr. fjárlagafrv. og í þriðja lagi síðan að velta upp hugmyndum um nýskipan á tekjuhlið ríkissjóðs.

Yfirbyggingin, herra forseti, í þessu þjóðfélagi er of mikil og ríkisvaldið virðist gera lítið til þess að draga úr þeirri yfirbyggingu. Nýlega gaf Hagstofan út plagg sem heitir Hagskinna og þar má finna fróðlegar töflur um mannaflanotkun hjá ríki og hjá atvinnulífinu. Ef við kíkjum aðeins á þessar tölur sem þar eru birtar og berum saman árin 1980–1990, þá kemur fram að heildarvinnuaflsnotkunin hefur aukist um 18,2% í heildina en hið opinbera hefur á sama tíma tekið til sín 37% aukningu í vinnuaflsþörf. Ef skoðað er síðan tímabilið frá 1963–1990, kemur enn þá sorglegri mynd fram því að þar kemur í ljós að hlutfallsleg skipting vinnuaflsnotkunar er þannig að fyrirtækin hafa lækkað úr tæpum 90% í 77%, en hjá hinu opinbera hefur vinnuaflsnotkun aukist úr 9,5% í 18,2 og þetta, herra forseti, er of mikil aukning hjá lítilli þjóð sem á fullt í fangi með að standa undir þeirri yfirbyggingu sem nauðsynleg er í þjóðfélaginu. Þetta er einfaldlega of mikið.

Ef við síðan skoðum breytingar á samneyslu og einkaneyslu frá árinu 1980 í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram með þessu fjárlagafrv., þá má sjá á fróðlegu línuriti sem fylgir með þessu frv. að frá árinu 1980–1998 hefur samneyslan í þjóðfélaginu aukist um 100% á sama tíma og einkaneyslan hefur aukist um 55% og fjárfestingin í þjóðfélaginu aðeins um 20%.

Ég hef að vísu hlustað, herra forseti, í dag á fjölmarga hv. þm. tala um hvernig vegið sé með þessu frv. að hinum og þessum velferðarmálum. Nú er það ekki svo að þessi eiginlegu velferðarmál séu vandamálið. Vandamálið er sú fita sem alls staðar hvílir utan á þessari yfirbyggingu okkar.

Samneyslan á Íslandi er 21% af landsframleiðslu sem er langt yfir OECD-meðaltalinu þar sem samneyslan er 16% og aukning samneyslunnar eins og henni er spáð núna er langt umfram þá aukningu sem spáð er í helstu viðskiptalöndum okkar. Þjóðhagsforsendur frv. sem við erum að fjalla um gera ráð fyrir því að samneyslan aukist langt umfram einkaneysluna á næsta ári. Magnbreyting samneyslu milli áranna 1997 og 1998 er áætluð 5% en samsvarandi spá fyrir aukningu einkaneyslu er einungis 3%. Og ég furða mig á því hvernig menn ætla að fara að því, ef svo heldur áfram sem horfir, að fjármagna þessa gífurlegu aukningu á mannaflaþörf hjá hinu opinbera og þeirri samneyslu sem hið opinbera er komið út í.

Ef við skoðum þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár þá eru þar birtar fróðlegar upplýsingar um verðvísitölu, bæði einkaneyslu, samneyslu og landsframleiðslunnar. Frá árinu 1990 til ársins 1996 jókst verg landsframleiðsla um 22% á sama tíma og samneyslan jókst um 29%. En það versta er kannski að þetta er verðvísitala sem sýnir okkur að hið opinbera hefur verið mjög lítið á varðbergi fyrir því hvað sú þjónusta kostaði sem það var að kaupa fyrir peninga skattgreiðenda. Það er e.t.v. það erfiðasta í þessu ef menn eru sofandi fyrir því að þeir eru að fara með peninga sem aðrir hafa lagt mikið á sig við að afla og skilað til ríkissjóðs.

Spurningin er hvernig eigi að ná þessu niður. Útgöld fjárlagafrv. skiptast í stórum dráttum í fjóra stóra liði, rekstrargjöld eru um 36% af heildargjöldum ríkissjóðs, tilfærslur eru um 40%, vextir um 13% og síðan stofnkostnaður og viðhald um 11%.

Af rekstrargjöldum upp á 36% af heildarniðurstöðu fjárlaga eru laun 80%. Laun hjá hinu opinbera eru þannig 29% af niðurstöðutölu fjárlaga. Einfaldasta leiðin að mínu mati til þess að ná sparnaði hjá ríkissjóði og auka framleiðni hjá hinu opinbera er sú að flytja störf frá ríkisstofnunum til atvinnulífsins.

Fyrir tveimur árum áttu þingmenn úr öllum flokkum þess kost að fara til Noregs og Danmerkur og kynna sér þá breytingu sem þar hafði orðið á póst- og símafyrirtækjum í báðum þessum löndum. Í Noregi var okkur sagt að eftir að símafyrirtækinu þar var breytt í hlutafélag var hægt samfara því að auka þjónustuna að fækka störfum um 33%. Í Danmörku var hægt samfara aukinni þjónustu að fækka störfum um 35%.

Þetta er harður dómur yfir norskum og dönskum opinberum starfsmönnum og ég vona að þetta eigi ekki við á Íslandi. En ég efa ekki að í heildina mætti án þess að þjónustustigið minnkaði færa um 15% af störfum úr opinbera geiranum yfir í einkareksturinn.

Við vitum öll að við komumst ekki hjá því að taka á og laga launakerfi ýmissa opinberra hópa. Við vitum að læknar, sérstaklega ungir læknar, eru ekki of sælir af sínum launum og heilsugæslan í heild er ekki hátt launuð. Það kann vel að vera að til þess að hægt sé að gera það sem nauðsynlegt er til þess að halda fólki með alþjóðlega menntun sem getur raunar farið hvert sem er til vinnu, þurfi að ná enn þá meiri samdrætti í opinberum störfum svo að hægt sé að ná fram þeim sparnaði sem megi nota til þess að lyfta þeim hópum í launum sem eru verst settir hjá hinu opinbera.

Í fjárlagafrv. er að finna töflur um fjölda ársverka hjá hinu opinbera. Árið 1996 er sagt að ársverkin hafi verið 16.106 störf samkvæmt samræmdum reiknistuðli sem fjmrn., ríkisbókhald og Ríkisendurskoðun hafi komið sér saman um. Fróðlegt væri að fá að vita hve mörg nöfn eru á launaskrá en ekki bara sem samræmdur staðall ríkisbókhalds, fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Í frv. kemur einnig fram stöðug aukning á starfsmannafjölda hjá hinu opinbera. Breytingin milli 1995 og 1996 var 2,6% og fá ráðuneyti, fáir hæstv. ráðherrar hafa nýtt sér þá tækni sem fylgir tölvuvinnslu til þess að fækka í ráðuneytum sínum. Ég held að ég muni það rétt að einungis í sjútvrn. hafi orðið fækkun. Það er ekki nógu gott ef ekki er hægt að nýta þá tækni sem þjóðfélagið býr yfir til þess að færa störf frá hinu opinbera yfir í framleiðslugeira þjóðfélagsins.

Ég minnist fyrir um tveimur árum úrskurðar Kjaradóms um laun nokkurra ríkisforstjóra þar sem talin var ástæða til þess að hækka launin vegna þess að þeir nytu einungis fjögurra ára starfsöryggis. Ég þekkti einn þeirra ágætu manna sem þar voru tilnefndir og vissi hvaðan hann kom áður því að ég hafði haft með starf hans þar að gera. Í fyrra starfinu sem hann kom úr áður en hann fór til ríkisins hafði maðurinn ekki meira starfsöryggi en svo að það hefði verið hægt að segja honum upp með klukkutíma fyrirvara og biðja hann að taka pokann sinn. En af því að hann var kominn til þess opinbera og aðeins með fjögurra ára starfsöryggi þurfti að hækka launin hans umfram það sem hinn almenni vinnumarkaður var að greiða. Þetta er ekki nógu gott.

Alþjóðabankinn í Washington, sem hefur verið nefndur í umræðunum áður, er með það vandamál að hlaðist hefur utan á hann starfsfólk eins og víða hjá hinu opinbera. Þeir tóku sig til nýverið og gerðu samninga við sérfræðinga sína og réðu þá sem verktaka. Þeir fá fjögurra ára rammasamning en mál þeirra eru skoðuð á þriggja mánaða fresti eftir frammistöðu og ég er sannfærður um það að framleiðni í ráðuneytunum mundi aukast með þessu kerfi.

Herra forseti. Yfir í heimildagreinar í frv. til fjárlaga. Í 7. gr. kemur margt fram í heimildum sem fróðlegt væri að fá nánari skýringu á. Í 1.3 er m.a. heimilað að fella niður eða endurgreiða toll og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar eru við framkvæmdir við stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég sé ekki hvernig á að vera hægt að vera með tvö kerfi í gangi í landinu, annars vegar vinnuvélar sem vinna við flugstöðina og hins vegar vinnuvélar sem byggja hús eða grafa skurði fyrir almenning í landinu, þ.e. að það þurfi að greiða gjöld af þeim vélum en ekki þeim sem byggja flugstöðina.

Í 1.4 er beðið um heimild til þess að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld sem lögð eru á Listahátíð. Hver telur sig þess umkominn að meta að sú list sem fram fer á vegum Listahátíðar í Reykjavík sé meiri list eða betri list sem kalli á minni skattgreiðslu en önnur sú liststarfsemi sem fram fer í landinu?

Í 1.6 er beðið um heimild til að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar vegna fjármögnunar jarðganga. Þetta er hrein mismunun miðað við aðra sem þurfa að taka lán til þess að fjármagna framkvæmdir.

Í 7.4, sem er liður undir fyrirsögninni kaup og leiga fasteigna — og ég lýsi ánægju minni með þetta atriði — er heimild til þess að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán. Í máli menntmrh. áðan kom fram að á yfirstandandi ári er varið um 60 millj. kr. til þess að endurbæta húsnæði í eigu þessa merka skóla og þá er væntanlega horft til þess húsnæðis sem ágætur einstaklingur í Reykjavík, Davíð S. Jónsson, gaf skólanum í tilefni af 150 ára afmæli skólans. Ég held að ríkisvaldið hafi ekki séð sér fært að láta neitt af mörkum renna þá í tilefni af afmælinu en þessi einstaklingur gaf hins vegar stóra húseign sem þarf að koma í notkun.

Í 8.11 er beðið um heimild til þess að ríkið geti tekið þátt í að stofna hlutafélag um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi. Ég hélt að við værum á leið út úr því að ríkið sé að fara í nýjan atvinnurekstur en eitthvað hefur skolast til hér.

Í 8.14 er heimild um að ráðstafa aukinni sektarinnheimtu lögreglustjórans í Reykjavík til rekstrar embættisins og ég sé fyrir mér að með þessum hætti er lögreglumönnum sigað á almenning. Fyrir minnstu yfirsjónir verður sektað svo að hægt verði að greiða kostnaðinn við að reka embættið. Þetta er ekki til eftirbreytni.

Herra forseti. Tíminn líður og enn á eftir að fjalla um tekjuhlið fjárlaganna. Íslenska tekjuskattskerfið er þannig úr garði gert að það er það kerfi í heiminum þar sem langmest er um endurgreiðslur út úr kerfinu aftur. Mér er sagt í fjmrn. að það sé ekkert annað kerfi í heiminum þar sem eins mikið rennur út úr álagningunni aftur eins og í því íslenska.

Fjöldi framteljenda á árinu 1995 var um 200 þúsund. Af þeim fengu 40 þúsund endurgreitt út úr skattkerfinu. 90 þúsund af þessum 200 þúsundum voru skattlausir en fjöldi þeirra sem greiddu skatt var 70 þúsund. Í skýrslu fjmrh. um skilabréf jaðarskattanefndar er að finna fróðlegar upplýsingar um hvernig þetta skiptist hjá framteljendum og þar má sjá að rúmlega fjórðungur hjóna á aldrinum 31–40 ára, eða 26,6%, greiðir hvorki tekjuskatt né útsvar og 23% hjóna á aldrinum 41–50 ára greiða heldur ekki tekjuskatt eða útsvar, þetta er sá hópur í þjóðfélaginu sem ætti að halda uppi samneyslunni, en greiðir ekki neinn tekjuskatt eða eignarskatt. Það kerfi sem er þannig að fjórðungur þeirra sem eru á besta aldri og með mesta starfsorkuna kemst hjá því að greiða nokkuð eða taka þátt í samneyslunni er algalið.

Á yfirstandandi ári er það svo að af brúttóálagningu upp á 118 milljarða þegar búið er að draga frá allan frádrátt, þar með talið persónuafslátt, standa aðeins eftir 16,3 milljarðar sem ganga til ríkissjóðs eða 5,8% af þeim tæplega 42% sem við lögðum upp með. Því er það sem ég tel að mun vitlegra væri að við endurskoðuðum skattkerfið með það í huga að fleiri taki þátt í að greiða til samfélagsins. Við lækkum prósentuna niður í 5,8% eins og er nettóniðurstaðan fyrir yfirstandandi ár, höfum einn flatan tekjuskatt. Ef mönnum líður betur með það má þess vegna hafa 100% hærri skatta

á hátekjufólk og fara með skattinn í 12%. Ég held að með slíku kerfi mundum við hætta að greiða niður laun eins og nú er. Við greiðum niður laun fyrir útgerðina í landinu, við greiðum niður laun hjá barnafólki, húsbyggjendum og sennilega á skattkerfi okkar drjúgan þátt í því hvað krónutala launa er oft sorglega lág hjá mörgum stéttum. Ég held að skattkerfið eigi kannski stærstan þátt í því.

Við stöndum frammi fyrir breytingu á aldursskiptingu þjóðarinnar á komandi áratugum. Ef við ætlum að viðhalda góðu heilbrigðiskerfi, sem ég veit að við viljum öll, þá er spurningin hvort við þurfum ekki að huga að því hvernig við ætlum að fjármagna það. Ég held að við ættum að skoða það að fara í einhvers konar uppsöfnunarkerfi í heilbrigðiskerfinu þannig að þeir sem eru á besta aldri í dag en verða notendur eftir 30 ár séu að einhverju leyti að leggja fyrir til þess tíma þegar kemur að því að þeir sem stórir hópar ellilífeyrisþega þurfa að nota heilbrigðiskerfið. Ég held að við getum ekki endalaust ætlast til þess að sá kynslóðasáttmáli gildi, sem verið hefur reyndar í gildi um árhundruð, að þeir yngri sjái fyrir þeim eldri. Þegar við sem erum nú á besta aldri verðum komin á eftirlaunaaldurinn verða færri og færri sem vinna fyrir samfélaginu eins og þetta lítur út hjá okkur í dag. Við sjáum það fyrir. Ég held að það væri til bóta ef við hefðum borið auðnu til þess í dag að þeir sem eru á besta aldri leggi fyrir hjá samfélaginu til þess að mæta þeim kostnaði sem verður samfara því að annast um okkur þegar að því kemur að við getum ekki sjálf unnið fyrir okkur eða séð okkur farborða.

[19:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að verða settur á mælendaskrá síðar í kvöld við umræðuna. Ég vil þó gera örstutta athugasemd við málflutning hv. síðasta ræðumanns þar sem hann óskapast yfir samneyslunni í íslensku þjóðfélagi og hafði mörg orð um þá sem vinna í velferðarþjónustunni og í samneyslunni almennt, en hann fer einnig með rangt mál. Hann ber á borð tölur og upplýsingar sem eru ekki réttar.

Staðreyndin er sú að hlutur samneyslunnar í okkar þjóðarframleiðslu er mun minni hér en tíðkast í t.d. grannríkjum okkar. Mannaflinn sem starfar við samneysluna er mun minni en gerist í okkar viðmiðunarríkjum, mun minni en alls staðar á Norðurlöndum. Að þessu mun ég víkja í máli mínu þegar ég tek þátt í umræðunni síðar í kvöld.

Annað sem hv. þm. gerði var að skírskota til ferðar sem var farin fyrir nokkru til Norðurlandanna, Noregs og Danmerkur, þar sem þingmönnum gafst tækifæri til að ræða við starfsmenn póst- og símamálastofnana þar. Þingmaðurinn sagði að þar hefði tekist vegna einkavæðingarinnar að fækka starfsmönnum um 30–40% og ef ég skildi hann rétt, þá er hann að vonast til þess að hið sama muni gerast hér. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni á ýmsum stöðum á landsbyggðinni þar sem menn óttast að farið verði að loka pósthúsum t.d. í hagræðingarskyni. Mér finnst þessi málflutningur í rauninni vera svo stórfurðulegur að ég mun reifa þessi rök eða þessa rökleysu hv. þm. í máli mínu síðar í kvöld en ég sá mig knúinn til að koma hér upp og gera örstutta athugasemd.

[19:47]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði verið í salnum í upphafi máls míns þá hefði hann tekið eftir að ég tók sérstaklega fram að það væri yfirbyggingin í þjóðfélaginu sem væri að sliga það, ekki það sem varið væri til velferðarmála í þjóðfélaginu. Ég tók einnig sérstaklega fram að laga þyrfti kjör heilbrigðisstétta. En ég veit, herra forseti, að þingmaðurinn var ekki í salnum í upphafi máls míns þannig að ég vildi koma þessu að.

Um að hlutur samneyslunnar sé meiri í nágrannaríkjunum, þá er það rétt. Hún er meiri á Norðurlöndunum en hins vegar er hún í OECD-ríkjunum í heild um 16% en 21% á Íslandi og þó hægt sé að segja að hún sé hærri í Danmörku og Svíþjóð þá tel ég að það eigi ekki að vera þau lönd sem við eigum helst að sækja til til að meta hvort við erum á réttri leið eða ekki.

[19:48]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara núna út í talnafræði, ég mun gera það síðar í umræðunni. Hv. þm. til upplýsingar þá fylgdist ég með hverju einasta orði sem fór af vörum hans við þessa umræðu þannig að ég þekki málflutning hans mætavel. En ég mun víkja að þessum málum í ræðu minni síðar í kvöld.

[19:49]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. Ögmundur Jónasson heyrði upphaf máls míns. Við erum vafalaust sammála um að bæta þurfi hag margra opinberra stétta, ekki síst í heilbrigðisgeiranum. Það sem mér sýnist eða heyrist að beri á milli hjá mér og hv. þm. Ögmundi Jónassyni er að ég vil ekki auka þá byrði sem lögð er á skattgreiðendur til að geta mætt því sem nauðsynlega þarf að gera fyrir launakerfi opinberra starfsmanna. Ég vil mæta því með hagræðingu í þjóðfélaginu. Ég vil mæta því með því að minnka yfirbygginguna í þjóðfélaginu og með því að taka launakerfið til endurskoðunar, hið opinbera launakerfi, þannig að fólk fái greitt í samræmi við það vinnuframlag sem það leggur fram. Ég hef unnið í báðum þessum kerfum. Ég veit að það er æðimikill munur að vinna hjá hinu opinbera eða úti í atvinnulífinu og það væru mjög margir sem vinna í atvinnulífinu sem gjarnan vildu komast í það skjól að vinna hjá hinu opinbera. En þrátt fyrir þessi orð vil ég taka fram að bæta þarf kjör ákveðinna hópa. Í mínum huga þarf fyrst og fremst að bæta kjör fólks í heilbrigðisstéttum. Það þarf að bæta kjör lækna alveg sérstaklega vegna þess að þeir eru hópur sem getur farið vítt og breitt um heiminn og við þurfum að leggja okkur eftir því að halda hér bestu læknum og mjög góðu fólki í heilbrigðisþjónustunni.

[19:51]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi til 1. umr. fjárlagafrv. 1998. Frv. er afskaplega vel klætt í nýjum búningi og eru höfundar þess greinilega drjúgir með árangurinn, enda hefur vissulega vel tekist til með margt í þjóðarbúskapnum að undanförnu. Ytri aðstæður hafa verið hagstæðar og hagvöxtur verið mikill. Aflabrögð hafa farið batnandi og von er á enn betri tíð í þeim efnum ef marka má spár. Það hefur með öðrum orðum verið góðæri í landinu og þá hlýtur maður að staldra við og spyrja sig spurninga um hvernig hafi nú til tekist við að koma lífskjörum þjóðarinnar í betra horf, koma góðærinu til almennings.

Þá leita auðvitað fyrst á hugann þeir sem höllum fæti hafa staðið á undanförnum árum, þeir sem hafa verið á stöðugu undanhaldi með sín kjör, þ.e. aldraðir og öryrkjar, þeir sem voru látnir gjalda þess þegar illa gekk og standa undir

aflabrestinum og óáraninni. Síðast var svo komið þegar ekki dugði lengur að hækka lyfjakostnað þeirra og sjúklingaskatta sem e.t.v. bitnaði harðast á þessum hópum sem þurftu mjög mikið á slíkri þjónustu að halda, að lífeyrir þeirra var aftengdur frá hækkunum á lægstu launum í þjóðfélaginu í sparnaðarskyni. Þó vel ári í þjóðfélaginu er ekki gert ráð fyrir að þessari launatengingu verði komið á aftur samkvæmt fyrirliggjandi frv. Þessir hópar, sem hafa verið seinþreyttir til vandræða, hafa í dag haldið fjölmennan útifund við Alþingishúsið til að mótmæla þeirri meðferð sem þeir fá nú í góðærinu. Ég skora á ríkisstjórnina að taka mark á mótmælum þessa fólks. Málflutningur þeirra er sanngjarn og á rökum reistur.

Það er ákaflega erfitt að átta sig til fulls á fjárlagafrv. í þeim nýja búningi sem það er nú lagt fram í, en sjálfsagt lærist það þegar farið verður að vinna með frv. í nefnd. Það eru reiknaðar inn í rekstrargrunninn alls konar sértekjur stofnana, sem ekki hafa verið þar áður, svo að samanburður við fyrri fjárlög er mjög erfiður því mikið vantar á að fullnægjandi skýringar séu alltaf með að mínum dómi. Ég mun í þessari ræðu tala einkum um þann hluta fjárlaganna sem snertir þær nefndir sem ég starfa í innan þingsins en það eru landbn. og menntmn. Ég ætla þá að byrja á landbúnaðinum.

Breytt framsetning leiðir til þess að heildargjöld landbrn. verða rúmum milljarði hærri en áður og veldur þar að ýmsir sjóðir eru þar gjaldfærðir sem áður voru öðruvísi færðir. Vekur athygli að í áætlun fyrir ráðuneytið sjálft, þ.e. raunáætlun, er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. lækkun á framlögum til landgræðslu- og skógræktarmála en 2 millj. kr. eru færðar á samning við Stofnfisk um laxakynbætur. Sem sagt, úr einum vasanum yfir í annan. Maður hefði nú kannski haldið að umsvif á vegum ráðuneytisins vegna skógræktar og landgræðslu kynnu að aukast en ekki að minnka eftir að frumvörp um stóraukin umsvif á sviði skógræktar voru samþykkt á hinu háa Alþingi á sl. vori.

Því ber að fagna að framlög til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins hækka nokkuð þó að þar verði þó að hafa í huga hið breytta framsetningarform sem er afar villandi í þessu tilviki þar sem nú eru styrkir og þjónustutekjur færðar sem rekstrargjöld.

Á síðasta ári var samþykkt sakleysislegt frv. um embætti veiðistjóra sem gerði embættið að sérstakri stofnun aðskilið frá Veiðimálastofnun. Þar var talið að þessi breyting mundi ekki leiða til neins aukakostnaðar, en hér virðist koma á daginn að hún kostar a.m.k. 5 millj., 4 millj. til Veiðimálastofnunar í viðbótarframlag vegna skipulagsbreytinga og 1 millj. til viðbótar til embættis veiðistjóra. Allt kostar þetta.

Framlag til átaks í landgræðslu og skógrækt eykst um 25 millj. kr. milli ára og er það vel en dugar tiltölulega skammt til að klæða landið og þó Hagkaup planti út og kannski Fjarðarkaup líka, þá hlýtur krafan að standa á ríkið að stöðva uppblásturinn í landinu sem er einhver mesta plága sem við búum við.

Framlög vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða eru samkvæmt lögum en rétt er að minna á að samningur um mjólkurframleiðslu rennur út 1998 í ágústlok, ef ég man rétt, og þarf hið skjótasta að hefja viðræður um nýjan samning. Það eru engar aðgerðir í þessu fjárlagafrv. vegna allra þeirra sauðfjárbænda í landinu sem þreyja nú þorrann og góuna undir fátæktarmörkum. Það hefur nú ekki verið vinsælt meðal sjálfstæðismanna að rétta þeim hendi sem minna mega sín en mér finnst að framsóknarmönnum ætti kannski að renna blóðið til skyldunnar þegar fram hafa komið upplýsingar um að meðaltekjur sauðfjárbænda í landinu voru 600–700 þús. á sl. ári. Það veldur mér áhyggjum en því miður er engin bjargræði að sjá í fjárlagafrv. fyrir þennan hóp. Það er þó tekið á einu af vandamálunum sem landbúnaðurinn hefur verið að reka á undan sér í mörg ár, því að 89 millj. kr. sem nýttust ekki til að kaupa fullvirðisrétt 1997 á að verja til greiðslu jarðræktarframlaga ef samkomulag tekst við Bændasamtökin og er það vel.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins fær 175 millj. kr. samkvæmt búvörusamningi en sjóðurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að stuðla að nýjungum í landbúnaði. Það hefur oft verið sneitt að Framleiðnisjóði í umræðunni meðal manna á Íslandi en þarna er þó möguleikinn til að hlúa að vaxtarbroddinum í landbúnaði í dag. Það hefur glatt mig á ferðum mínum um landbúnaðarhéruð undanfarna mánuði að sjá hversu margt framfarasinnað fólk er að verki í landbúnaðinum og hve margt er að gerast er til framfara horfir í þessari atvinnugrein sem hefur óneitanlega komið nokkuð illa út úr umræðunni á undanförnum árum. Bændur þurfa að vera duglegri við að auglýsa allt það sem er fádæma vel gert í landbúnaði á Íslandi í dag. Til að slá botninn í þann hluta ræðu minnar sem fjallar um landbúnaðarmál, þá vil ég harma þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í skerðingarákvæðum þessa fjárlagafrv. að skera framlög til markaðssetningar vistvænna og lífrænna afurða niður um helming. 25 millj. voru svo sannarlega engin ofrausn til þessara verkefna og nú þegar ýmis teikn voru á lofti um að markaðir væru að opnast, t.d. fyrir sauðfjárafurðir, er hart að sjá þetta framlag skorið niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þá kem ég að þeim hluta ræðunnar sem fjallar um málefni menntmrn. Breytt framsetning frv. gerir samanburð milli ára líka erfiðan og leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins samkvæmt frv. eru tæpum 2,3 milljörðum hærri en þau væru samkvæmt þeirri uppsetningu fjárlaga sem hingað til hefur verið viðhöfð. En það kemur fram að raunframlag úr ríkissjóði til háskóla og rannsókna er áætlað 3.357 milljarðar og hækkar að raungildi um 95 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda og aukins húsnæðiskostnaðar sem þar af leiðir en á móti kemur 32 millj. kr. lækkun vegna tilfærslu framlags vegna bókakaupa og 4 millj. kr. lækkun tímabundins framlags til Raunvísindastofnunar.

Það má búast við töluverðri fjölgun nemenda í háskólanámi á næstu árum og því hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir í fjárveitingum til háskóla að fjölgunin verði mikil og ég undrast að ekki séu lagðar hér línurnar til myndarlegrar uppbyggingar háskólanna í stað þeirrar miklu aðhaldssemi sem hér gætir. Ég hef ekki nóga trú á þeim reiknilíkönum sem ætlað er að stjórna í framtíðinni fjárstreymi til háskólanna en ég veit að ýmsir skólamenn binda miklar vonir við þau. Slíkar tölvur reikna auðvitað á þeim grunni sem þær eru mataðar á og meðan þau viðhorf ríkja til menntunar sem núverandi hæstv. ríkisstjórn virðist hafa haft að leiðarljósi við samningu menntamálakafla frv. er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur. Þar er allt vægast sagt á lágum nótum og metnaðarleysið áberandi og það sem fyrst og fremst er áætlað að gerist í málefnum háskólanna er samþykkt nýju háskólafrumvarpanna sem munu fyrst og fremst auka miðstýringu í háskólum, gefa möguleika á aukinni gjaldtekju af nemendum sem var nú ef til vill ekki það sem við þurftum mest á að halda.

Nú á tímum er okkar helsta von í breyttum heimi aukin menntun þjóðarinnar og þar með er algjörlega nauðsynlegt að í landinu verði tryggt aukið jafnrétti til náms, en jafnrétti á mjög undir högg að sækja þegar gjaldtaka er leyfð í menntakerfinu. Það er nefnilega ekki svo, herra forseti, eins og ályktað var á fundi Heimdallar, þess merka ungmennafélags Sjálfstfl., að menntun kæmi fyrst og fremst þeim einstaklingum sem fá hana til góða. Menntun er þjóðhagslega hagkvæm. Um það er ekki lengur deilt og auðvitað er hún einstaklingum líka til gagns og gleði og það er auðvitað bónusauki fyrir ríkið að þegnarnir séu hamingjusamt fólk. En menntun á ekki að vera þeim fjárhagslega ofviða sem á annað borð hafa hæfileika og vilja öðlast hana. Með öðrum orðum á þjóðin auðvitað að fjárfesta í menntun nú í góðærinu.

Það má segja nánast það sama um framhaldsskólann og háskólann. Þar er gert ráð fyrir 48 millj. kr. hækkun vegna nemendafjölgunar og mun það síst ofætlað. Svo villir nokkuð fyrir að hækkun er á rekstrarlið vegna þess að nú er framhaldsskólum ætlað að greiða húsaleigu til ríkisins, allt að 170 millj. kr. Einmitt í framhaldsskólum hafa verið tekin í notkun reiknilíkön til að áætla útgjöld $^3/_4$ hluta framhaldsskóla vegna kennslu dagskólanemenda sem taka próf og verður nú spennandi að sjá hvernig til tekst en gert er ráð fyrir að á þessum grunni verði gerðir samningar við skóla til næstu þriggja ára.

Ég vil aðeins víkja að því hver áhrif það kann að hafa á fullorðinsfræðsluna í landinu að miða framlög til skóla við þá sem taka próf. Fjöldi manna hefur sótt fræðslu í öldungadeildirnar í byggðarlögunum, greitt tilskilin gjöld og sótt sér fræðslu sér til gagns og ánægju án þess að treysta sér í próf enda ekki endilega litið á nám sitt sem lið í lokaprófi frá skólanum. Þessu fólki er nú gert erfiðara fyrir og yfirleitt er ekki um það að ræða að boðið sé upp á annars konar fullorðinsfræðslu í þeirra heimabyggð enda voru framlög til slíks skorin af í síðustu fjárlögum, þ.e. 1997. Það er enn einn bletturinn á íslensku menntakerfi hve illa er staðið að fullorðinsfræðslu í landinu og hér er veist að því litla sem þó er fyrir hendi.

Vonandi verða þau þróunarverkefni sem ráðuneytið er að styrkja núna þessa dagana og okkur bárust fréttir um með tölvupósti í dag um þróun fullorðinsfræðslumiðstöðva í nokkrum fjölbrautaskólum, til að breyta hugsunarhættinum og vonandi verður sú aðferð að reikna aðeins þá sem taka próf þegar forsendur eru gefnar reiknilíkaninu ekki til að sporna við þessari þróun. Það er ótrúlega margt fólk á öllum aldri sem vill bæta við þekkingu sína og það á að geta verið samstaða um það viðhorf hjá ráðamönnum íslensku þjóðarinnar, að bókvitið verði í askana látið.

Það má geta þess að framlög til byggingar framhaldsskóla lækka á árinu um 54 millj. kr. og hefur þó ekki verið höfð þar ofrausn á á undanförnum árum. Það vekur sérstaka athygli að þegar litið er á listann yfir skóla sem fá framlög til byggingarframkvæmda að þar er að engu getið þess skóla sem býr við verstan húsnæðiskost allra framhaldsskóla á Íslandi sem nú eru starfandi og ég hef heimsótt, en það er framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Í þeim skóla sitja nemendur nánast hver ofan á öðrum. Mér er kunnugt um að skólayfirvöld og bæjarstjórn á Hornafirði hafa leitað liðsinnis fjárln. vegna þessa máls og mig undrar því að skólans er hér að engu getið. Það hefði nú í öllu falli mátt setja þarna tiltölulega lága upphæð til undirbúnings skólabyggingar.

Síðast en ekki síst harma ég að það virðast vera áform ríkisvaldsins að halda Námsgagnastofnun áfram á horriminni eins og hefur verið lenska á undanförnum árum. Þetta er einhver mesta þjóðþrifastofnun sem rekin er hér í landinu og hefur á liðnum áratugum séð landsmönnum fyrir ótrúlega ódýrum kennslubókum, en að því er mér finnst aldrei notið þeirrar virðingar ríkisvaldsins, hvað þá heldur umbunar á fjárlögum, sem hún á skilið. Mér finnst mál til að þeir sem virtust hafa mestar áhyggjur vegna útkomu okkar í TIMSS-rannsókninni ættu að beita sér fyrir myndarlegri fjárveitingu til Námsgagnastofnunar svo hún geti enn betur sinnt hlutverki sínu. Námsgagnastofnun fær aðeins brot af því fjármagni sem varið er til kennslubókagerðar hjá þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Ég verð að segja það sem niðurstöðu mína við fyrstu yfirferð þessara fjárlaga þar sem víða er naumt skammtað til mikilla þjóðþrifamála, t.d. vegamála og menntamála, og áfram er gert ráð fyrir að góðærið komi ekki til þeirra sem að eiga að drekka úr hóffarinu, að ef til vill hefði ríkisstjórnin átt að fara öðruvísi að við skattalagabreytingar á síðasta þingi, bíða t.d. með það að lækka skatta á hæstu laun og fjármagnsgróða svo ekki þyrfti að skera við nögl sjálfsagða þjónustu í landinu nú meðan fregnir berast af því að fjármagnseigendur séu að nota sér gengismun og vaxtamun til að taka lán erlendis og fjárfesta í verðbréfum á Íslandi. Á tímum góðæris á ekki að rjúka til og lækka skatta á hátekjufólki meðan við getum ekki kostað nám unga fólksins í landinu á viðunandi hátt.

[20:08]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fullorðinsfræðslu þá er það svo að verið er að endurskipuleggja hana. Samkvæmt framhaldsskólalögunum ber þeim sem stunda fullorðinsfræðslu að standa sjálfir undir kostnaði við námið og ráðuneytið fer að sjálfsögðu að lögum varðandi þetta. Við erum hins vegar að leggja á ráðin um það hvernig best verði að þessu staðið. Eins og kom fram í máli hv. þm. hefur verið úthlutað úr þróunarsjóði framhaldsskóla til fullorðinsfræðslu í ýmsum skólum. Og varðandi Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum, þá hefur verið ákveðið að stofna þar símenntunarfélag og ráðuneytið kemur að því og ég tel að það félag og sá félagsskapur sem þar er verið að stofna með þátttöku ráðuneytisins og fjárframlögum frá ráðuneytinu geti verið fyrirmynd fyrir aðra skóla um það hvernig eigi að standa að því að skipuleggja og standa að þátttöku framhaldsskólanna í fullorðinsfræðslu.

Ég vil einnig geta þess að á vegum ráðuneytisins er starfandi nefnd um símenntun og endurmenntun og ég bind miklar vonir við þær tillögur sem koma frá þeirri nefnd og þar verði mörkuð ný stefna í símenntun og endurmenntun í landinu sem er mjög brýnt að litið sé til með nýjum áherslum og frá nýjum sjónarhóli.

Varðandi skólann í Austur-Skaftafellssýslu þá eru viðræður í gangi milli ráðuneytisins, hafa verið viðræður og munu núna fara af stað að nýju, um framtíðaraðsetur þess skóla og hvernig honum verði best búin framtíðaraðstaða. En það er enginn samningur um það og þess vegna er ekki unnt að taka málið inn í fjárlagafrv. fyrr en frá því hefur verið gengið með samkomulagi um það hvernig að því skuli staðið.

Námsgagnastofnun fær auknar fjárveitingar á næsta ári, um 5 millj. kr., til þess að sinna námsefnisgerð í raungreinum. Að sjálfsögðu má segja að það sé ekki nóg og menn geti alltaf þurft á meiru að halda en ég tel að þar sér viðleitni af

okkar hálfu til þess að auka getu Námsgagnastofnunar til að sinna sínum störfum.

[20:10]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og það gleður mig sannarlega að á vegum ráðuneytisins skuli vera starfandi nefnd um símenntun og fullorðinsfræðslu. Ég vona bara að sú nefnd komist ekki að þeirri sömu niðurstöðu og hæstv. menntmrh. virðist hafa komist að, að fullorðinsfræðsla eigi alfarið að vera á kostnað þeirra sem hana stunda. Ég verð að segja að ég er á móti því að svo sé um hnútana búið. Það er margt fólk á Íslandi á fullorðinsaldri sem átti þess ekki kost vegna búsetu eða aðstæðna á ungum aldri að stunda nám og þráir það heitt að gera það núna þó það sé jafnvel orðið fullorðið og ég tel að þjóðfélagið eigi að setja metnað sinn í að þessu fólki sé gert kleift að stunda þessa menntun.

Ég er mjög ánægð með fullorðinsfræðsluframtakið sem verið er að gera á Suðurnesjum um þessar mundir en vona að það eigi ekki eftir að verða þeim sem vilja notfæra sér það fjárhagslega ofviða.

Það er mjög gott að mál þeirra Hornfirðinga skuli vera tekið föstum tökum núna í ráðuneytinu. Það gleður mig sannarlega.

Að síðustu vil ég svo bara segja að 5 milljónir í raungreinar er afskaplega lítið. Þar er skorturinn tilfinnanlegur og lengi hefur verið trassað að setja það fjármagn í námsefnisgerð í raungreinum sem þörf hefur verið á.

[20:12]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þannig er að þeir sem kynna sér framleiðslu á námsefni í raungreinum og stærðfræði á Íslandi átta sig fljótlega á því að það er ekki fjárskortur sem hefur staðið því fyrir þrifum að menn hafi endurskoðað námsefnið. Það eru ýmsir aðrir þættir sem koma þar til álita og er nauðsynlegt fyrir hv. þm. að kynna sér málið betur og kynna sér þær umræður sem farið hafa fram meðal höfunda námsefnisins og sérfræðinga sem að því hafa komið og hvers vegna ekki hefur verið hrundið í framkvæmd útgáfu eða staðið að útgáfu þessa námsefnis. Það eru ýmsir aðrir þættir en skortur á fjármunum sem þar ráða þótt menn kjósi oft að skjóta sér á bak við fjárskort þegar þeir ræða þetta. En ef menn skoða það niður í kjölinn þá munu þeir komast að því að það er ekki einvörðungu fjárskortur sem þar ræður. Við setjum í þetta 5 milljónir núna. Ég vona að það beri árangur og unnt verði að koma út námsefni sem samstaða næst um. En á vegum ráðuneytisins er unnið að námskrárgerð, m.a. í stærðfræði og raungreinum, og þar næst vonandi nauðsynleg samstaða um hvers eðlis þetta efni á að vera. En það hefur verið ágreiningur meðal margra skólamanna um þessa námsefnisgerð og ég held að sá ágreiningur hafi tafið fyrir útgáfunni frekar en fjárskortur. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar þeir ræða þessi mál og láti ekki alltaf eins og það séu aðeins peningarnir sem þarna ráði mestu um. Það eru ýmsir aðrir þættir sem geta komi til álita.

Varðandi fjármögnun á námi á framhaldsskólastigi þá er það svo að menn greiða innritunargjald til að stunda nám í framhaldsskólum, menn greiða hluta af kennslukostnaði í öldungadeildum en fullorðinsfræðslan, lögum samkvæmt, á að standa undir sér sjálf.

[20:14]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið verður stöðugt dularfyllra. Hvaða þættir eru það varðandi námsefnisgerð sem voru svo umdeildir að þeir stóðu útgáfu námsefnis fyrir þrifum, aðrir en peningaskortur? Hæstv. menntmrh. talar hér eins og véfrétt. Ég veit ekki hvað hann er að meina. Ég hef hins vegar reynt það sjálf í þau ár sem ég hef verið grunnskólakennari að það hefur verið mikill skortur á námsefni og þær skýringar sem okkur kennurum hafa verið gefnar eru þær að það hafi ekki verið peningar til útgáfu nægilegs námsefnis. En kannski eru þetta bara allt saman rangar upplýsingar sem hafa verið gefnar og e.t.v. eru þessar 5 milljónir sem hér er gert ráð fyrir í þetta óþarfar ef að allt þetta efni hefur kannski þegar verið skrifað og liggur bara fyrir og einhverjar óljósar deilur valda því að það hefur ekki verið gefið út.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 20:16.

---

# 5. FUNDUR

miðvikudaginn 8. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Bjarnason, landbrh.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Samtökum aldraðra og Landssambandi eldri borgara.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnusjóður kvenna, 72. mál, þáltill. DH og ArnbS, þskj. 72.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 6. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 6.

Náttúruvernd, 73. mál, frv. HG o.fl., þskj. 73.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 70. mál, frv. JóhS og ÖS, þskj. 70.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, 74. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 74.

### *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

[13:32]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Tilkynning hefur borist um að á fundi samgn. í dag hafi Einar K. Guðfinnsson verið kosinn formaður nefndarinnar og Magnús Stefánsson varaformaður. Enn fremur að á fundi landbn. í hafi Guðni Ágústsson verið kjörinn formaður nefndarinnar og Egill Jónsson varaformaður.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Síðar í dag fer fram umræða utan dagskrár um útboð og verksamning um veitingasölu í Leifsstöð. Síðar á fundinum verður tilkynnt hvenær umræðan hefst. Málshefjandi verður Guðmundur Árni Stefánsson og utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa og verður hálftíma umræða.

### *Fjárlög 1998, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:35]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki af hverju hæstv. fjmrh. er að hrósa sér af fjárlögunum. Mér finnst harla lítið nýtt í þeim og eina sem er kannski nýtt er breytt útlit og uppsetning á fjárlögunum sem á að gera það gegnsærra. Ég get samt ekki séð að það sé miklu gegnsærra vegna þess að eftir stendur að margt er óljóst í frv., sérstaklega það sem snýr að niðurskurðartillögum. Mér finnst innihaldið boða litlar breytingar og nýja sýn í ríkisfjármálum sem tryggir betur hag heimilanna og fjölskyldnanna í landinu. Mér finnst miklir veikleikar í fjárlögunum sem einkennast af skammsýni, sérstaklega í framlögum til menntamála og einnig annarra velferðarmála.

Hæstv. fjmrh. státar af afgangi á fjárlögum. Hann gerði það líka í fyrra. Niðurstaðan á síðasta ári virðist vera útgjaldaaukning umfram fjárlög fyrir fjárlagaárið 1997 6,9 milljarðar og tekjuaukning 4,7 milljarðar og stefnir í 1,3 milljarða halla en ekki afgang. Stjórnarandstaðan hefur sýnt fram á að 6–7 milljarða útgjöld vantar inn á fjárlögin auk þess sem 2,6 milljarða vantar til sjúkrahúsanna. Við skulum því, herra forseti, spyrja að leikslokum varðandi þann tekjuafgang sem sýndur er á fjárlögunum.

Talað er um að erlendar skuldir lækki en ekki hef ég heyrt einn einasta stjórnarliða tala um skuldir heimilanna. Hafa þær lækkað í tíð ríkisstjórnarinnar? Nei, þær hafa aukist frá því að ríkisstjórnin tók við og fram í júní á þessu ári um 55 milljarða á verðlagi nú í október og ekki er fjarri lagi að ætla að aukning á skuldum heimilanna nemi nálægt 100 milljónum á dag. Það er nokkuð sérkennilegt að í efnahagskreppunni 1991 voru þær um 53% af landsframleiðslu en í árslok 1996 í góðærinu eru þær um 72% af landsframleiðslu. Hvað segir Framsfl. um skuldaaukningu heimilanna? Formaður fjárveitinganefndar kom í ræðustól í gær og nefndi ekki eitt einasta orð um skuldaaukningu heimilanna. Hvar er skuldbreyting aldarinnar sem Framsfl. boðaði? Hvar er greiðsluaðlögunin? Allt átti að lagast varðandi skuldir heimilanna þegar þeir kæmust í ríkisstjórn. Nú er ekki eitt einasta orð sagt um skuldir heimilanna. Það orð er ekki til í orðabók framsóknarmanna og þeir virðast hreinlega hafa gleymt að skuldir heimilanna séu yfirleitt til. Þeir létu íhaldið stoppa að þeir kæmust fram með sitt stærsta kosningamál sem var greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili í landinu.

Nei, herra forseti, helmingaskiptastjórn framsóknaríhaldsins ver fyrst og fremst sérhagsmuni fárra gegn almannahagsmunum. Þeir verja fjármagnseigendur sem eiga eingöngu að skila 1 milljarði á næsta ári í fjármagnstekjuskatt. Þeir verja velferðarkerfi fyrirtækjanna og fjármagnseigenda sem búa við skattaparadís eins og fram kom í gær. Ekki vefst fyrir fjmrh. að skattleggja skuldir heimilanna, ríkissjóður tekur til sín 3 milljarða í stimpilgjöld og annað eins í dráttarvexti auk ýmissa dómsmálagjalda og gjaldtöku af fjárnámi eða uppboði heimilanna í landinu. Við erum að ræða um vel á sjöunda milljarð samtals. Hve stórt hlutfall af þessum 6–7 milljörðum er skattlagning á skuldug heimili í landinu sem aukið hafa skuldirnar um 55 milljarða kr. í tveggja ára valdasetu ríkisstjórnarinnar — og það í góðæri? Hversu mikinn hlut eiga heimilin í landinu af þeim 6–7 milljörðum sem verið er að skattleggja vanskil og skuldir heimilanna í landinu? Hvar er opinber fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar sem undirbúin var í tíð Rannveigar Guðmundsdóttur í félmrn. og samþykkt var á síðasta Alþingi? Hvar sér þess stað í fjárlögum að fólk sé í fyrirrúmi eða að Alþingi hafi nýlega samþykkt opinbera fjölskyldustefnu?

Ég spyr, herra forseti, getur hæstv. félmrh. svarað því hvort fjölskylduráðið, sem setja átti á laggirnar samkvæmt tillögum um opinbera fjölskyldustefnu, hafi farið yfir þessa tillögu, þessi fjárlög, með hliðsjón af stöðu fjölskyldunnar? Á fjölskylduráðið t.d. að fara yfir áform um stjórnvaldsaðgerðir og hafa heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta? Kannski hefur hæstv. félmrh. ekkert legið á að skipa fjölskylduráðið. Kannski er ekki búið að skipa það enn þá. Af því það sést best á þessum fjárlögum að helmingaskiptastjórn íhalds og Framsóknar meinar ekkert með opinberri fjölskyldustefnu. Opinber fjölskyldustefna verður bara pappírsplagg þangað til jafnaðarmenn komast til valda.

Ef við skoðum menntamálin ríkir þar vissulega skammsýni. Við erum neðst í framlögum OECD-þjóða, á bekk með Grikkjum og Tyrkjum. Ætlum við að halda unga fólkinu á Íslandi eða ekki? Ætlum við að gefa því tækifæri hér eða verður unga fólkið knúið til að flýja land vegna skammsýni íhaldsins sem lengst af hefur farið með menntamálin? Hvað með langtímaatvinnuleysi hjá ungu fólki og fólki sem komið er yfir miðjan aldur, ekki síst hjá konum sem virðast ekki lengur vera gjaldgengar á vinnumarkaði? Á að gefa þessu fólki annað tækifæri til endurmenntunar eða nauðsynlegrar starfsþjálfunar? Hvernig stöndum við að því er varðar framlög til starfsmenntunar í þessu góðæri? Við stöndum auðvitað í stað. Ekki er ein einasta króna í aukningu til starfsmenntunar. Þetta er sama fjárhæð og var þegar við gengum í gegnum efnahagsþrengingarnar. Þá voru þetta um 50 millj. kr. og ríkisstjórnin sér enga ástæðu til þess auka framlög til starfsmenntunar nú þegar hún talar um góðæri í öðru hverju orði.

Landlæknir segir okkur að 15% þjóðarinnar séu styrkþegar. Hvar á þessi hópur skjól í fjölskyldustefnunni hjá ríkisstjórninni? Aukning á örorkulífeyrisþegum á tíu ára

tímabili er um nærri helming. Hver er skýringin á aukningunni? Það væri fróðlegt að hæstv. heilbrrh. svaraði því hver væri skýring á verulegri aukningu örorkulífeyrisþega. Við fáum síendurteknar fréttir um aukningu á fjárhagsaðstoð. Endurspegla þær opinbera fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar? Eða ákall frá Rauða krossi og hjálparstofnunum eins og fyrir síðustu jól? Og það í góðærinu, herra forseti. Við erum að tala um góðæri. Við erum ekki í efnahagsþrengingum eins og hefur verið á umliðnum árum. Við erum með 5.000 manns á atvinnuleysisskrá og það í góðærinu, herra forseti. Opinber fjölskyldustefna segir ekki svo lítið um málefni barna. Þar kemur fram að umönnun og uppeldi barna sé í dag mikilvægasta verkefni fjölskyldunnar. Og hvað gerir nú ríkisstjórnin í góðærinu í málefnum barna? Framlögin standa í stað. Engin hækkun á framlögum til málefna barna. Er það af því að við erum svo rausnarleg varðandi framlög til málefna barna að við þurfum ekkert að auka þau framlög. Ef við berum okkur saman við Norðurlöndin kemur fram að þrátt fyrir að börn séu hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eru útgjöld til barna og fjölskyldna þeirra langlægst hér á landi eða helmingi lægri en annars staðar á Norðurlöndunum. Það er því varla ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin setur ekki eina krónu í aukningu á framlögum til málefna barna enda þótt fjölskyldustefnan sem var samþykkt á síðasta þingi taki á því að tryggja eigi hag barnanna. Þetta sýnir okkur að opinber fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar er bara pappírsplagg.

Við hækkuðum sjálfræðisaldurinn í 18 ár á síðasta þingi. Þá kemur nýr hópur inn frá 16–18 ára. Barnaverndarstofa sendi allshn. erindi á síðasta þingi og sagði að þetta þýddi að fjölga þyrfti meðferðarheimilum um þrjú til fjögur. Hvar eru þau í fjárlögunum, herra forseti? Ég hef ekki fundið þau í fjárlögunum. Hvergi er aukning til málefna barna — óbreytt að raungildi segja fjárlögin í góðærinu. Hæstv. félmrh. verður að skýra fyrir okkur hvað á að gera varðandi þessi meðferðarheimili sem kallað er eftir fyrir börnin. Af hverju eru ekki aukin framlög í góðærinu til málefna barna? Árið 1993, þegar við vorum enn í efnahagskreppunni og jafnaðarmenn fóru með félmrn., voru málefni barna flutt frá menntmrn. til félmrn. Og hvað skeði þá? Framlögin til málefna barna voru tvöfölduð í efnahagsþrengingunum. En nú í góðærinu — ekki ein króna hjá þessari ríkisstjórn.

Nei, Framsfl. hefur rækilega afhjúpað sig sem flokkur sérhagsmuna gegn almannahagsmunum, gegn fólkinu. Og slagorð þeirra um að fólkið sé í fyrirrúmi er orðið að argasta öfugmæli eins og við best sáum í gær þegar 5.000 aldraðir — í góðærinu, herra forseti — komu fyrir framan Alþingishúsið til að mótmæla aðgerðum framsóknaríhaldsins í garð lífeyrisþega, en í fjárlögum er nú boðað að festa í sessi að aftengja lífeyrisgreiðslur launaþróun í landinu en að kjör þeirra verði háð geðþóttaákvörðunum ráðherra. Fjmrh. hafði í gær skýringu á reiðum höndum af hverju á að festa þetta í sessi. Hann lýsti því yfir að ákvæðið væri sett til að hægt væri að hækka lífeyri aldraðra til samræmis við lægstu laun í landinu. Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Lægstu laun verða 70 þús. kr. um næstu áramót, mun ráðherrann beita sér fyrir því að lífeyrir aldraðra hækki í 70 þús. kr. um næstu áramót? Eða hvað á lífeyririnn að hækka mikið um næstu áramót þegar lágmarkslaunin fara í 70 þús. kr.?

Ég spyr líka hæstv. fjmrh. að gefnu tilefni því það var rætt um fæðingarorlof feðra í gær. Hæstv. fjmrh. hefur boðað að fæðingarorlof feðra hjá hinu opinbera verði tvær vikur — við fögnum því öll hér í þingsalnum. En ég spyr: Hvar í fjárlögunum hjá opinberum stofnunum er gert ráð fyrir fjármagni til þess að feður geti tekið fæðingarorlof? Hæstv. ráðherra verður að skýra fyrir okkur hvort opinberar stofnanir muni standa frammi fyrir því á næsta ári að eiga ekki fyrir fæðingarorlofi feðra þegar feður, opinberir starfsmenn, leita eftir því.

Þá komum við að opinberri fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum fatlaðra. Þar er nú ekki af miklu að státa þótt reynt sé að sýna fram á að þar sé um einhverja aukningu að ræða vegna þess að enn og aftur er gengin sama gatan, eins og í fjárlögum á yfirstandandi ári, það er verið að taka peninga af erfðafjárskatti sem á að renna óskiptur í Framkvæmdasjóð fatlaðra og skera niður um 235 milljónir. Í fyrra voru það 255 milljónir. Hæstv. félmrh. segir að það sé verið að auka um 20 milljónir í Framkvæmdasjóðinn. Þetta er ekki einu sinni aukning frá árinu í ár vegna þess að á árinu í ár átti Framkvæmdasjóður fatlaðra inneign hjá Tryggingastofnun ríkisins upp á 65 millj. kr. Þannig að heildarráðstöfun er 230 milljónir á þessu ári en verður 185 milljónir á næsta fjárlagaári. Það er því verið að draga saman framkvæmdafé hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna þess að nú verður þetta klippt og skorið. Sjóðurinn fær ekki tekjurnar af erfðafjárskatti heldur er meiri hlutinn af þeim tekinn í ríkissjóð. Og ég vil minna enn og aftur á hvaða forgang við jafnaðarmenn höfðum varðandi þennan málaflokk þegar við vorum í ráðuneytinu vegna þess að þá var raunaukning á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 52%.

Nú er hæstv. ráðherra í alls konar sýndarleik með tölur og þykist vera að sýna okkur þingmönnum fram á að hér sé um aukningu að ræða frá síðasta ári þar sem hann var alveg settur í botn. En það er ekki einu sinni aukning, það er skerðing frá yfirstandandi ári af því að sjóðurinn átti inni þessa inneign af erfðafjárskatti hjá Tryggingastofnun ríkisins sem hann mun ekki eiga á næsta ári af því erfðafjárskatturinn rennur ekki nema að hluta til í sjóðinn. Og er hægt að skera niður framkvæmdafé af því það eru engir biðlistar? Vissulega eru biðlistar. Það eru um 250 fatlaðir einstaklingar á biðlista í Reykjavík og Reykjanesi eftir búsetuúrræðum. Og á biðlistum eftir sambýlum í Reykjavík eru 120 manns. Á biðlista geðfatlaðra í Reykjavík eru 50 manns. Hvaða úrræði fær þessi hópur hjá hæstv. ráðherra á næsta ári? Ég sé ekki að þau séu neitt til að státa sig af, herra forseti. Og hvað eru nú framlögin til málefna fatlaðra mikil í heild sinni? Rúmir 2,7 milljarðar. Það er sama og fer í beingreiðslur til kúabænda. Það er heldur meira sem fer til kúabænda en til fatlaðra. Og eru þó bændur ekki of sælir af sínu þó að matarverð sé hér með því hæsta sem við þekkjum. Bændur eru líka, margir hverjir, mjög fátækir hér á Íslandi.

Og húsnæðismálin? Því var lýst yfir og fram kom hjá Ríkisendurskoðun að ef ríkisstjórnin setti ekki meiri framlög í Byggingarsjóð verkamanna þá stefndi hann beint í gjaldþrot. Framlögin voru 300 milljónir og fara í 275 og það er veruleg lækkun á framlögunum frá því sem þau voru. Meira að segja í efnahagsþrengingunum voru þau frá 600–800 og upp í 1.000 milljónir. Á þessu ári eru þau 300 milljónir og eiga að fara niður í 275. Og fækkun á íbúðum verður úr 180 í 170. Er það af því að það eru svo fáir sem sækja um félagslegar íbúðir að það sé ástæða til þess að skerða framlögin og fækka félagslegum íbúðum? Það er alveg ljóst og hæstv. ráðherra hlýtur að viðurkenna það hér í ræðustól að sjóðurinn stefnir beint í gjaldþrot miðað við þetta ríkisframlag. Nei,

það eru komnar núna 500 umsóknir sem bíða þar sem óskað er úthlutunar á félagslegum íbúðum á næsta ári. Það eru 270 sveitarfélög og 230 félagasamtök. Félagasamtökin fengu litlu sem engu úthlutað í fyrra. Verður það sama núna að Öryrkjabandalagið fær engri félagslega íbúð úthlutað? Það eru þó 230 umsóknir sem liggja inni frá félagasamtökum og 270 frá sveitarfélögum. Og flestar þessar umsóknir eða nærri 400 af 500 eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Svo virðist sem þessir aðilar eigi ekki að fá mikla úrlausn sinna mála. Ég spyr ráðherra líka: Eiga húsaleigubætur að vera óbreyttar á næsta ári? Hæstv. ráðherra lofaði okkur þó því á síðasta þingi að frá og með næstu áramótum mundu allir, hvar sem þeir byggju á landinu, fá húsaleigubætur. Nú sýnist mér af lestri fjárlagafrv. að það eigi að fresta því enn að breyta húsaleigubótalögunum. Og við þurfum að ræða hér, herra forseti, í langri og ítarlegri utandagskrárumræðu, skýrslu ráðherrans hvernig hann ætlar að breyta félagslega íbúðakerfinu. Ég skal bara vitna í einn aðila, húsnæðisskrifstofuna á Akureyri, sem segir að tilgangur þessara breytinga sé að leggja niður félagslega íbúðakerfið. Þetta þurfum við að ræða og ég hef ekki tíma til þess að ræða það hér frekar.

Varðandi heilbrrn. þá hefur líka verið boðuð utandagskrárumræða út af því, þó að það væri ástæða til þess að hafa mörg orð hér um uppnámið sem er í heilbrigðiskerfinu, uppsagnir lækna og sjúklinga sem eru skildir eftir í óvissu um greiðsluþátttöku hins opinbera. Og við erum enn að tala um 7.000 manns á biðlista í góðærinu. Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. að gera? Er það svo að á meðan við förum hér í gegnum fjárlögin og fjárlagaumræðuna með heilbrigðismálin öll í uppnámi að heilbrrh. ætli bara að sitja á sínum stól og láta sér nægja að koma upp í örstutt andsvör eða ætlar ráðherrann að gera grein fyrir viðhorfum sínum og sýn á þann kafla sem við erum að fjalla hér um, heilbrigðismálin? Ég held að hv. þingmenn eigi kröfu til þess að hæstv. ráðherra komi hér upp og geri þinginu grein fyrir því ófremdarástandi sem er í heilbrigðismálum. Á að stytta biðtímann? Á að setja reglur um hámarksbiðtíma eins og er í öðrum löndum, 3–6 mánuðir? Eða hvað ætlar ráðherrann að gera? Ég spyr hæstv. heilbrrh. líka: Á að taka upp nýja gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu? Það er óljóst í fjárlögunum. Og hæstv. ráðherra verður að svara því hvernig á að spara 410 milljónir í sjúkratryggingunum. Er einhver gjaldtaka inni í því? Og sparnaður í tannlækningum upp á 70 millj. kr. — á að auka hlut fólks í tannlæknakostnaði sem hefur margfaldast á undanförnum árum? Hæstv. ráðherra verður að svara hér við 1. umr. ýmsum óljósum þáttum sem fram koma í fjárlagafrv. en getur ekki leyft sér það að koma aðeins upp í örstuttum andsvörum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra varðandi skattamálin. Það var starfandi nefnd á hans vegum að skoða jaðarskattana og hún skilaði sinni skýrslu. Framhaldið hjá ráðherranum er að skipa aðra nefnd til þess að fara í einhvern samanburð að því er varðar skattamálin. Hefur ráðherrann hugsað sér eitthvað raunhæft í því á þessu ári? Munum við sjá það nú fyrir jólin, fyrir fjárlagagerðina eða á þessu þingi, að ríkisstjórnin muni gera einhverjar tillögur um breytingar á skattkerfinu? Hvernig verður þessi nefnd skipuð sem ráðherrann boðar? Má vænta þess að aðilar vinnumarkaðarins komi að þeirri vinnu eða hvernig verður vinnunni háttað varðandi þá þætti?

Herra forseti. Ég held að það sé ekkert nýtt á ferðinni í þessum fjárlögum. Þau endurspegla hvar forgangur ríkisstjórnarinnar liggur og það er alveg augljóst hvar hann liggur, að vernda sérhagsmuni gegn almannahagsmunum. Það er boðskapur þessarar ríkisstjórnar. Hún meinar ekkert með opinberri fjölskyldustefnu sem stjórnarandstaðan lagði mikið kapp á að yrði afgreidd á þessu þingi. Ef hún meinar eitthvað með opinberri fjölskyldustefnu þá hljóta fjárlög að endurspegla (Forseti hringir.) stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. En það er alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar að hafa opinberra fjölskyldustefnu þannig að hún sé bara sem pappírsplagg og til skrauts en ekki til að framkvæma og það er ekki til þess að bæta hag fjölskyldunnar (Forseti hringir.) sem þingmenn stóðu þó í meiningu um að að væri stefnt.

[13:56]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar erfitt að taka þátt í umræðunni hér þegar ljóst er að hv. þingmenn eru ekki viðstaddir og hlýða ekki á vissan hluta umræðnanna. Ég vil byrja á því að segja að sumt af því sem hv. þm. ræddi og spurði um var hér til umræðu í gær og var til svara í gær. Það varðar í fyrsta lagi skattanefndina sem var ítarlega farið yfir og ætla ég ekki að endurtaka það. Í öðru lagi vil ég benda á, þó að það hafi ekki komið fram í gær, að varðandi fæðingarorlof feðra er ljóst að feður í starfi hjá hinu opinbera hafa engan rétt. Þeir munu nú fá réttinn og það er ætlast til þess að stofnanirnar borgi kostnaðinn af því með þeim fjármunum sem þær hafa enda er ekki um stórkostlegar fjárhæðir að ræða í þessu sambandi og þess vegna er engin sérstök fjárveiting til stofnananna, enda vitum við ekki nákvæmlega hverjir það munu verða og hvar þeir starfa sem munu eignast börn á næsta ári. Eins og hv. þm. veit er meðgöngutími níu mánuðir og þess vegna útilokað að koma því þannig fyrir.

Þá vil ég víkja að því sem hv. þm. sagði um hallann á yfirstandandi ári. Hv. þingmanni er mjög vel ljóst að á yfirstandandi ári er verið að greiða vexti sem ekki var gert ráð fyrir af skuldabréfum sem ekki áttu að greiðast á þessu ári en talið var heppilegt til þess að lækka vextina að kalla skuldabréfin inn. Það eru 4 milljarðar kr. og það skýrir hvers vegna halli verður á fjárlögum samkvæmt fyrirliggjandi áætlun, ellegar hefði afgangur orðið upp á tæpar 1.300 milljónir samkvæmt áætlun nú, en í fjárlögunum var afgangurinn 100 milljónir.

Varðandi það að 7 milljarða vanti í fjárlögin þá var því svarað mjög duglega hér í gær og enginn hefur enn gert athugasemd við það svar. Og ég spyr hv. þingmann: Hvað er það í svari mínu, sem flutt var hér í ræðu minni í gær, sem hv. þingmaður vill gera athugasemdir við varðandi 7 milljarðana? Eða er hv. þingmaður eingöngu að éta þetta upp eftir minni hlutanum í fjárln. án þess að hafa nokkurn skapaðan hlut kynnt sér málið? Ég vil fá svör við því hér í þessu andsvari.

[13:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi fæðingarorlofið. Það er náttúrlega mjög billegt að setja fram að það eigi að opna hér fyrir fæðingarorlof feðra, að þeir fái tveggja vikna fæðingarorlof og síðan er ekki gert ráð fyrir því hjá stofnununum. Stofnanirnar eiga að taka þetta af þeim fjármunum sem þær hafa. En ef stofnanirnar standa nú frammi fyrir því að eiga ekki fyrir þessu, hvernig verður því þá mætt? Það er alveg ljóst að þetta kostar töluverða fjármuni. Mér kæmi ekki á óvart þó að þetta kostaði einhverja tugi milljóna króna á ári ef, sem ég er sannfærð um, að feður hjá hinu opinbera munu

nýta sér þetta. Ég er alveg sannfærð um það. Og það er mjög billegt að sleppa frá því með því að segja bara: „Stofnanirnar eiga að sjá um það", án þess að gert sé ráð fyrir þessu á fjárlögum. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir einhverjum pósti hjá fjmrn. sem hægt væri að sækja í af opinberum stofnunum ef þær þyrftu á fjármagni að halda til þess að feður gætu farið í fæðingarorlof. Mér finnst því ráðherrann reyna að sleppa mjög billega frá þessu vegna þess að það er ljóst að þetta kostar fé og það er greinilega ástæðan fyrir því að ekki hefur verið farið út í þetta fyrr. Ef þetta kostar ekki neitt og stofnanirnar hefðu bara getað tekið þetta á sig án þess að það íþyngi neitt verulega rekstrinum, þá hljótum við að hafa farið miklu fyrr út í það að tryggja fæðingarorlof feðra.

Varðandi 7 milljarða gatið þá hef ég tilhneigingu til þess að trúa miklu betur því sem stjórnarandstaðan hefur sett fram í því efni, sérstaklega þegar ég skoða fjárlögin hjá hæstv. ráðherra sem mér sýnist vera ýmis talnaleikur með, m.a. í sambandi við þessar lífeyrisskuldbindingar. Mér fannst stjórnarandstæðingar í fjárln. setja fram sitt mál mjög skýrt og greinilega og ég er alveg sannfærð um það að hér á þessum degi munu þeir gera það áfram. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að stjórnarandstaðan fari með rangt mál í því efni. Mér finnst koma mjög skýrt fram í þessu frv. til fjáraukalaga að ef skoðuð er innlausn á þessum vöxtum, þá erum við að tala um halla á fjárlögum og það er ekki hægt að setja þetta út fyrir einhvern sviga eins og ráðherrann vill gera.

[14:01]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ekki verið að taka neitt út fyrir sviga. Það er verið að benda á að verið er að greiða umtalsverða fjárhæð sem sparar ríkinu heilmikið þegar fram í sækir og það er gert á yfirstandandi ári án þess að tekið hafi verið tillit til þess að fjárlög voru samþykkt og þá á auðvitað að skýra það að fullu út en ekki slá fram staðhæfingum eins og hv. þm. gerði og ég þakka henni fyrir að viðurkenna það núna og draga þannig í land.

Í öðru lagi vil ég koma að feðraorlofinu. Það er auðvitað gert ráð fyrir því í fjárhag stofnananna að það geti komið til ýmissa hluta sem kosta peninga. Veikindi geta komið upp og alls kyns atvik sem eru óvænt útgjöld og stofnanir geta yfirleitt snúið sér þannig í þeim málum að þær undirbúa það og skipuleggja sína vinnu. Við höfum farið mjög vandlega í gegnum þetta, þ.e. hvaða stofnanir þetta geta helst verið, vegna þess að í sumum stofnunum eru fleiri karlmenn en kvenmenn og öfugt í öðrum stofnunum þannig að þetta hefur verið reiknað út og við þekkjum þetta vegna þess að við borgum í dag fæðingarorlof fyrir konur hjá ríkinu og það meira en gerist á almenna vinnumarkaðnum þannig að í gegnum þetta hefur verið farið og það er talið viðráðanlegt fyrir stofnanirnar. En ég skal fallast á það að ef verði einhver smitandi faraldur hjá einni stofnun þannig að stór hópur karla þurfi að taka frí í einu, þá verði að taka á því sérstaka máli, en það sjáum við ekki fyrr en við höfum einhverja reynslu af þessu.

Loksins vil ég segja að það er náttúrlega ófært að koma hingað upp og segjast hafa trú á því að einhver hafi rétt fyrir sér frekar en fjmrh. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að í gær var málefnalega farið í gegnum þetta mál, lesið upp úr samþykktum Alþingis, lesið upp úr lögum um það hvernig bókfærslan á að vera og sýnt fram á að það er farið með bókfærsluna á nýja grunninum nákvæmlega eins og lög gera ráð fyrir til þess að sýna hann eins nálægt því og gert er hjá fyrirtækjunum. Þá kemur einn hv. þm. upp og segir: „Ég trúi þessu bara ekki. Ég trúi miklu frekar minni hlutanum." Ja, mikil er trú hv. þm.

[14:04]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er alltaf mjög viðkvæmur þegar kemur að þessum tölum um afgang eða halla vegna þess að það er svo oft sem við stöndum frammi fyrir því að þetta hefur ekki staðist. Hvað segja okkur þessi fjáraukalög sem við eigum að fara að ræða hér? Hvað segja þau okkur? Þar er talað um verulega útgjaldaaukningu umfram það sem við gerðum ráð fyrir á fjárlögum og tekjuaukningu líka sem er verulega minni þannig að ráðherrann verður bara að beygja sig fyrir staðreyndum í þessum efnum og una því þó að stjórnarandstaðan hafi ekki trú á þeim afgangi sem hann er að sýna í sínu fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** ... Fáum við ekkert svar við því?)

[14:05]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það hefur komið fram hérna að hæstv. fjmrh. er býsna kokhraustur og hann telur að ríkisstjórnin hafi unnið afskaplega gott verk. Hún er býsna stolt af þessu frv. sem hér liggur fyrir til fjárlaga og ég segi, herra forseti: Það er við því að búast. Annaðhvort væri nú að ríkisstjórn tækist að notfæra sér það mikla góðæri sem ríkir núna bæði innan lands og eins erlendis. Við hljótum að sjá að hvert sem litið er, í viðskiptalöndum okkar og eins hérna heima, eru að skapast aðstæður fyrir góðæri sem er líklega meira en það sem við höfum séð á undanförnum árum.

Ég verð að segja það, herra forseti, að það er allt í lagi fyrir hæstv. fjmrh. að koma hingað og berja sér á brjóst. En það er helst til mikið sagt þegar hann nánast talar þannig að það sé eins og þær náttúrulegu sveiflur séu honum sjálfum að þakka sem til að mynda hafa valdið því að það er uppsveifla núna í nánast öllum nytjategundum Íslendinga hvort heldur litið er til þorsks, loðnu, rækju, eða síldar. Og það er meira að segja svo, herra forseti, að náttúran sjálf hefur verið svo góð við þessa ríkisstjórn að hún hefur hjálpað upp á sakirnar þegar kemur að slökum árangri hæstv. ríkisstjórnar og einkum og sér í lagi hæstv. utanrrh. í málum eins og t.d. því að skipta hinum vaxandi norsk-íslenska síldarstofni. Þar tókst ríkisstjórninni illa upp en sem betur fer sá náttúran til þess að það reyndist vera miklu meira af þessum stofni í sjónum heldur en menn áttu von á. Og það eru meira að segja sveiflur í náttúrunni í fjarlægum löndum sem hjálpa Íslendingum og þar með ríkisstjórn og auðvitað þjóðinni allri vegna þess að þessar náttúrusveiflur hafa kollvarpað veiðum á tegundum sem eru í beinni samkeppni við íslenska uppsjávarfiska og þar af leiðandi leitt til verðhækkana á þeim afurðum sem koma héðan frá Íslandi. Ég segi nú bara, herra forseti: Það væri slök ríkisstjórn sem ekki næði árangri við þessar aðstæður.

Mér kemur ekki til hugar að halda því fram að núverandi ríkisstjórn búi eingöngu að illa vinnandi ráðherrum þó auðvitað sé misjafn sauður í því fé eins og við er að búast. Ég tel, herra forseti, að ríkisstjórnin hafi gert margt gott, hún sé á ágætri leið í ríkisfjármálunum og þó að ég geti fundið að ýmsu því sem er að finna í þessu frv., eins og ég mun koma að hér á eftir, þá get ég alveg sagt að ég tel að hæstv. fjmrh. hafi staðið sig nokkuð vel í mörgum málum.

Ég held að vegna þessa góðæris sé alveg ljóst að á næstu árum mun skapast meiri auður en dæmi eru til um frá lýðveldisstofnun og það sem mun verða tekist á um á næstu árum milli andstæðra stjórnmálafylkinga er einmitt hvernig á að skipta þessum auð. Auðvitað verð ég að segja það sem jafnaðarmaður sem hefur gamlar taugar til Framsfl. að mér þykir dapurlegt að svo virðist sem Sjálfstfl. ráði algjörlega ferðinni. Í þeim málaflokki sem að mér snýr, heilbrigðismálunum, þykist ég sjá stefnuvísi inn í framtíðina sem mér líkar ekki. Það er einfaldlega þannig að þó að Framsfl. eigi að nafninu til að ráða ferðinni í heilbrigðismálunum þá er það þannig að flokkurinn nánast sem heild hefur gefist upp fyrir Sjálfstfl. Hann hefur ekki lengur tök á málaflokknum sem rekur á reiðanum að mínu viti og hann bregst ekki við þegar mér finnst Sjálfstfl. á meðvitaðan hátt hafa uppi skemmdarverk á ýmsum grunnþáttum heilbrigðiskerfisins og þá á ég fyrst og fremst við þá samhjálp sem hefur verið nánast þjóðarsátt um áratugum saman. Og hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að í heilbrigðismálunum er sú stefna að koma fram sem við sjáum í fjölmiðlum þessa dagana að þeir eiga að fá bestu þjónustuna sem geta borgað fyrir hana. Þar er með öðrum orðum einkavæðing í heilbrigðismálunum. Ég held að sú stefnubreyting sem við sjáum í fjárlagafrv. þýði að Sjálfstfl., sem er búinn að ná fram sinni einkavæðingarstefnu varðandi ríkisfyrirtæki og ýmsu öðru, ætlar sér núna að reyna að takast á við heilbrigðismálin. Og því miður verð ég að segja að ég óttast það að Framsfl. muni líka láta undan síga þar eins og svo víða annars staðar.

Ég og minn flokkur og mín skoðanasystkini erum þeirrar skoðunar flestöll að einkavæðing sé ágæt. Ég er þeirrar skoðunar, og það hefur komið fram ítrekað í þessum ræðustól, að það sé í lagi að einkavæða ríkisfyrirtæki eins og banka og ýmislegt annað. En ég dreg línuna við heilbrigðiskerfið og jafnaðarmenn munu aldrei fallast á einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Það vita hins vegar allir að stór hluti Sjálfstfl. a.m.k. hefur það að leiðarljósi að reyna að knýja fram einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni. Það er mín skoðun að Sjálfstfl. sé meðvitað að nota fjmrn. til þess að grafa undan opinberum rekstri í heilbrigðiskerfinu til þess að ryðja brautina fyrir einkavæðingu. Það birtist t.d. í því að stóru sjúkrahúsin eru svo hart keyrð að þau geta ekki greitt starfsfólki sínu þau laun sem þarf til þess að halda þeim í starfi. Eina leiðin er að leyfa þeim að starfa samhliða á einkastofum úti í bæ og þar er auðvitað fyrsti vísirinn að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins kominn fram. Ég held að ef menn mundu líta yfir sviðið og skoða þetta þá kæmi fram að enginn geiri heilbrigðiskerfisins hefur þanist jafnhratt út hlutfallslega á undanförnum árum og einmitt einkastofur af þessu tagi. Þarna er sem sagt kominn vísir að einkavæðingu þar sem þeir fá bestu þjónustuna og fljótustu sem geta veifað buddunni. Þetta er því miður það framtíðarland sem ég óttast að Sjálfstfl. eða hluti hans sé að reyna að stefna að. Framsfl. horfir ráðþrota á þetta gerast og hann verður að sæta þeirri dapurlegu niðurlægingu að vera notaður sem múrbrjótur til þess að brjóta fyrstu skörðin í það félagslega heilbrigðiskerfi sem við höfum öll verið tiltölulega sátt við.

Deilan við sérfræðingana er enn eitt skarðið í þennan múr. Því lengur sem ríkisstjórnin lætur það mál dankast, því lengra feta menn sig að einkavæðingunni þar sem fjármagnið ræður för. Við sjáum í blöðunum í dag að verið er að reifa hugmyndir um einkaspítala, hugmyndir sem spretta beinlínis upp úr þessari þróun. Ég tel, herra forseti, að þessi þróun sé að birtast núna í fyrsta skipti á tiltölulega nakinn hátt í fjárlagafrv. Ég minnist þess ekki að það hafi komið fram í svipuðum dúr áður. Það sem mér finnst nefnilega vera sögulegast við þetta fjárlagafrv. er að þar er í fyrsta skipti ýjað að því að einkavæðingin bíði handan við hornið og þetta kemur fram bæði í kaflanum um Ríkisspítalana og eins Sjúkrahús Reykjavíkur. Í kaflanum um Ríkisspítalana er til að mynda fjallað um enn frekari sparnaðaráform og þar er einfaldlega sagt berum orðum að þeim eigi að ná fram m.a. með útboðum á rekstrarvörum sem í sjálfu sér er ekkert hægt að kvarta undan. En það er jafnframt talað um að það eigi að bjóða út aðra rekstrarþætti. Og ég spyr: Hvaða aðrir rekstrarþættir eru þetta? Það er eðlilegt að ég spyrji vegna þess að það kemur ekki fram í frv. Á kannski að fara að bjóða út aðgerðir á sjúklingum til einkastofa, til einkalækna og hvað þýðir þetta? Þýðir þetta kannski að þeir séu að ná sínu fram, þingmenn Sjálfstfl. sem lýstu því yfir í fyrra í þinginu og í fjölmiðlum líka að besta ráðið til þess að eyða biðlistunum væri að leyfa mönnum að kaupa sér forgang, væri að leyfa þeim sem væru ríkir að kaupa sér aðgerðir á undan hinum. Á kannski að fara að bjóða út biðlistana?

Þessi einkavæðingarstefna kemur fram enn naktari þegar komið er að kaflanum um Sjúkrahús Reykjavíkur. Þar segir fjmrh. einfaldlega og væntanlega með góðu samþykki hæstv. heilbrrh. að það eigi ekki aðeins að bjóða út rekstrarvörur heldur líka þjónustu. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Þarna stendur, með leyfi herra forseta:

„Til að ná áformum um rekstrarsparnað er gert ráð fyrir auknum útboðum á rekstrarvörum og þjónustu ...“

Ég hef aldrei séð þetta fyrr í fjárlagafrv. og ástæðan er einföld. Þetta er í fyrsta skipti sem ríkisstjórn á Íslandi boðar upphaf einkavæðingar á þennan hátt. Og hvernig stendur á því að Sjálfstfl. leyfir sér þetta? Vegna þess auðvitað að hann er búinn að þjarma að garminum honum Katli. Hann er búinn að hafa Framsfl. undir í þessu máli.

Maður spyr auðvitað, herra forseti: Er þetta hlutdeildin sem gamla fólkið á að fá í góðærinu? Á maður að óska þjóðinni til hamingju með þessa ríkisstjórn? Á maður að óska henni til hamingju með að nú glittir í fyrsta vísinn að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu? Það er kannski einn flokkur manna eða hópur sem er eðlilegt að óska til hamingju og það er Hannes Hólmsteinn og þeir frjálshyggjupostular sem að sjálfsögðu hafa boðað óhefta einkavæðingu og markaðsvæðingu hvar sem er. En ég segi það, herra forseti: Við heilbrigðiskerfið drögum við jafnaðarmenn línuna.

Glansmyndin sem er dregin upp í þessu plaggi á víða við rök að styðjast. Ástandið er gott. Á mörgum sviðum er það mjög gott. Ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að þegar kemur að kaflanum um heilbrigðismálin þá breytist glansmyndin í pótemkintjöld. Ef maður skoðar grannt heilbrigðiskaflann kemur fram að fyrst koma brestir í glansmyndina og að lokum hrynur hún öll. Ég fullyrði, herra forseti, að myndin sem er dregin upp til að mynda af stóru spítölunum er röng, hún er úr öllum takti við raunveruleikann og ég fullyrði, herra forseti, að fjárlagafrv. er hrein fölsun þegar kemur að stöðu stóru sjúkrahúsanna. Og ég ætla að leyfa mér herra forseti, að nota þennan tíma sem ég á eftir til þess að taka dæmi af þeim spítala sem mér stendur næst, sem er nátengdastur því kjördæmi sem ég er fyrir, þ.e. Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Þegar maður les þann kafla, finnst manni ástandið vera harla gott og að búið sé að ná góðum árangri vegna þess að

það er ekki hægt að sjá þegar maður les kaflann að nokkur vandamál séu uppi þegar kemur t.d. að því ágæta sjúkrahúsi. Þar er dregin upp glansmynd sem á við engin rök að styðjast. Þar kemur hvergi fram að fjármagnið sem spítalinn fær dugar hvergi nærri til að halda úti rekstrinum og ekki er minnst einu orði á þá staðreynd að spítalinn er í bókstaflegum skilningi að grotna niður og það er ekkert gert til þess að hægt sé að standa undir eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi.

Við skulum aðeins líta á þær tölur sem mér hefur með ærnu erfiði tekist að brjóta fram úr þessu flókna fjárlagafrv. Það kemur t.d. fram um þennan spítala að frv. gerir ráð fyrir 5.168 millj. til rekstrar. Ef tillögur spítalans sjálfs vegna ársins 1998, sem eru byggðar á grundvelli allra þeirra þjösnalegu sparnaðarákvarðana sem hæstv. heilbrrh. er búinn að taka, eru framreiknaðar á verðlag frv. kemur í ljós að rekstrarkostnaður samkvæmt þeim er 5.537 millj. kr. Þarna er með öðrum orðum strax komin fjárvöntun upp á 400 millj. kr. Við skulum ekki heldur gleyma því að á þessu ári þurfti 203 millj. í viðbótarfjárveitingu og dugði þó hvergi nærri, bara til þess að spítalinn gæti haldið áfram að starfa. Ef þessa upphæð þurfti á síðasta ári, hverjum dettur í hug að hana þurfi ekki líka á næsta ári miðað við hvernig þegar er búið að naga spítalann inn að beini? Það er ekki gert neitt ráð fyrir þessari upphæð í frv. og þar með er þegar orðið ljóst bara út af þessu sem er óskylt fyrra atriðinu að endarnir ná ekki saman. Það má líka geta þess, herra forseti, að samkvæmt mati endurskoðanda sjúkrahússins fyrr á þessu ári er líka ljóst að óbætt fjárvöntun vegna ársins 1996 og fyrri ára er liðlega 180 millj. kr. Nú veit ég það að hæstv. ráðherrar munu kannski koma á eftir og vísa til enn frekari aðhaldsaðgerða sem hafa verið staðfestar í samkomulagi ráðuneytanna tveggja og Reykjavíkurborgar. Það er að sjálfsögðu fráleitt. Í fyrsta lagi liggur ekkert fyrir um það hvernig þeim sparnaði á að ná fram og það er alveg ljóst að hlutur Sjúkrahúss Reykjavíkur mun hvergi nærri duga upp í þetta gat. En þar fyrir utan hefur stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur gert sterka fyrirvara um að það sé ekki hægt að ná frekari sparnaði án þess að skerða lífsnauðsynlega þjónustu. Og hver er það svo, herra forseti, sem á að borga þennan mismun?

Ég staldra við eina setningu í fjárlagafrv. Í kaflanum á bls. 379 þar sem verið er að vísa til samkomulagsins við Reykjavíkurborg segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með umræddu samkomulagi er litið svo á að það sé alfarið á ábyrgð eigenda og stjórnenda sjúkrahúsanna að tryggja að þau verði rekin innan marka áætlana."

Ég ætla ekki að spyrja hæstv. fjmrh., ég ætla að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað þýðir þessi setning? Þessi setning sem forsvarsmenn Reykjavíkurborgar börðust við að koma út úr samkomulaginu og tókst það, m.a. fyrir atbeina hæstv. heilbrrh.? Hvers vegna er þessi setning komin inn í fjárlagafrv., væntanlega þá með samþykki hæstv. heilbrrh.? Þýðir þetta að spítalinn verður settur yfir á ábyrgð Reykjavíkurborgar? Ég spyr fyrir hönd minna kjósenda.

Það er líka nauðsynlegt þegar við dveljum við þennan spítala að geta þess að hæstv. heilbrrh. hefur sjálf fengið menn til þess að leggja mat á það hvernig hann stendur sig. Hún lét gera skýrslu á vegum verkfræðistofunnar VSÓ, fína skýrslu með fullt af hugmyndum sem er sjálfsagt að taka til mjög jákvæðrar umfjöllunar. Þar er gerður samanburður á sex erlendum sjúkrahúsum og tveimur innlendum, annað er Sjúkrahús Reykjavíkur. Og hvað kemur í ljós? Þegar langlegudeildirnar eru teknar frá, er ekkert sjúkrahúsanna með jafnfáa legudaga á hvern sjúkling. Með öðrum orðum: Sjúkrahús Reykjavíkur er með mesta framleiðni af innlendu sjúkrahúsunum og þeim sex viðmiðunarspítölum sem eru teknir. Hérna er spítali sem hefur staðið sig vel, sem er búinn að hagræða, sem er búinn að sýna aðhald, með starfsfólk sem er undir óbærilegu álagi og það er enn komið og sagt: „Það á að spara meira." Ég spyr, herra forseti: Er þetta glansmyndin? Þetta er nefnilega glansmyndin. Þegar kemur að heilbrigðiskaflanum, þá er þetta glansmyndin. Hún er pótemkintjöld. Hún hefur enga innstæðu. Það er auðvitað hægt að standa hér og hrósa sér og segja: „Staðan er góð." En vandanum er öllum sópað undir teppið, herra forseti.

Á þeim árum þegar staðan var verulega slæm, þegar þorskstofninn hrundi, þegar árferðið var slæmt, var eðlilegt að menn reyndu að spara t.d. á hlutum eins og viðhaldi. En núna ríkir góðæri. Nú berja menn sér á brjóst og segja: „Það ríkir góðæri." Er þá ekki kominn tími til þess að gera við sjúkrahús sem í bókstaflegum skilningi er að molna.

Herra forseti. Samkvæmt úttektum sem hafa verið gerðar á viðhaldsþörfum Sjúkrahúss Reykjavíkur vantar ekki 200 millj. og ekki 400 og ekki 800 heldur vantar einn milljarð kr. til þess að standa undir eðlilegu meiri háttar viðhaldi. Nú vill svo til, herra forseti, að það eru farin að hrynja múrbrot úr spítalanum í Fossvogi. Gjörgæsludeildin sem er þegar allt of lítil heldur ekki vatni og vindum. Það er beðið um 400 millj. Það er vísað til þess að samkvæmt úttektum verkfræðistofa rýrna þessi verðmæti, a.m.k. hluti þeirra, t.d. eykst kostnaður vegna utanhússviðgerða á hverju ári um 3–5% ef ekkert er að gert og þeir biðja um 400 millj. í miðju góðærinu. Og hvað fá þeir? 46.

Herra forseti. Bara þarna, þ.e. þessar tæplega 400 millj. sem vantar upp á að reksturinn nái saman að dómi sjúkrahússtjórnendanna þegar búið er að taka tillit til allra aðhaldsgerða fyrri ára, að viðbættu því sem vantar upp á sökum fjárvöntunar fyrri ára og að samanlögðum þessum 400 millj. sem vantar vegna viðhalds, þá reiknast mér til, hæstv. heilbrrh., að við séum komin fast að milljarði. Og ég ætla að leyfa mér þann munað að sleppa því að tala um vöntun á tækjum. Spítalinn hefur á undanförnum árum notað um það bil 1% af sínu rekstrarfjármagni til þess að kaupa ný tæki. Í öllum venjulegum spítölum, m.a. þeim sem bornir voru saman við spítalana í umræddri skýrslu sem ég gat um áðan, eru það 3–5%. Þar væru aðrar 400 millj. En við skulum leyfa okkur þann munað að sleppa því. Staðan er nefnilega þannig, herra forseti, að í þessu fjárlagafrv. sem gefur þá mynd að allt sé í góðu lagi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, er ekki meira innihald en svo að þegar maður les það og þegar maður brýtur það til mergjar, þá kemur í ljós að það vantar a.m.k. vel á annan milljarð til þess að sjúkrahúsið geti staðið undir sæmilega eðlilegum rekstri á næsta ári. Þetta, herra forseti, er glansmyndin. Er það nema von að menn leyfi sér þann munað að draga í efa þegar menn sjá þetta að allt hitt sé jafngott og þessi hæstv. ríkisstjórn vill vera láta.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé þegar menn fá hrákasmíð eins og þessa að heilbr.- og trn. þingsins ásamt starfsfólki viðkomandi sjúkrahúss og sérfræðingum heilbrrn. setjist niður og reyni að vega og meta hver staðan er og hvað sé rétt. Hvað er rétt í þessu plaggi, herra forseti? Miðað við þetta eina dæmi sem stendur mér næst, herra forseti, þá verð ég að segja að það er ógnvekjandi að hlusta á hæstv. ráðherra halda því fram að allt sé í góðu lagi. Það er ekki allt í góðu lagi, herra forseti.

Ég verð líka að segja að það er mál til komið að heilbrrn. fari að móta einhverja stefnu í þessum málum. Það er ekki hægt að láta þá stöðu koma upp á hverju einasta ári að stjórnendur sjúkrahúsanna, eins og Sjúkrahúss Reykjavíkur, séu í blóðspreng, ekki bara við það að reyna að láta enda ná saman, heldur til þess að reyna að finna rými fyrir sjúklingana sem liggja, jafnvel sjúklingar sem eru á gjörgæsludeild, inni á salernum og á göngum. Er þetta fyrirmyndarþjóðfélagið sem við viljum stefna að? Er þetta þjóðfélag sem ber sér á brjóst og segir: „Það ríkir góðæri?" Það ríkir ekki góðæri fyrir það fólk sem þarf að þola þetta, herra forseti.

Í dag er það þannig að stefnuleysið í heilbrrn. er að verða kerfinu stórkostlegur fjötur um fót. Við vitum ekki hvert stefnir og í dag liggja á skrifborði ráðherrans tvær tillögur um þróun sjúkrahúsmála sem hvor rekur sig á hinnar horn. Það liggur fyrir skýrsla VSÓ þar sem talað er um að það eigi að setja stóru spítalana undir eina sameiginlega stjórn og nokkra spítala í nágrannabyggðarlögunum líka. En á sama tíma er ráðherrann ekki búinn að kasta burt tillögum um að skipta heilbrigðisgeiranum í sérstök heilsukjördæmi þar sem verður sérstök stjórn í hverju kjördæmi og yfir þeim spítölum sem þarna eru. Það gengur náttúrlega ekki, herra forseti. Hérna er um tvær misvísandi tillögur að ræða. Það er einfaldlega kominn tími til að hæstv. ráðherra hætti að setja endalausar nefndir í málið og láta gera álit og úttektir því það er eitt sem alltaf vantar og það eru ákvarðanirnar.

[14:26]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fór nú vítt og breitt um heilbrigðismálin. Ég mun svara honum betur á eftir í ræðu en má til með að koma með andsvar.

Hann talaði um einkavæðinguna í upphafi og sagðist vera alfarið á móti einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu. En það vill nú þannig til að það hefur ávallt verið ákveðin einkavæðing í heilbrigðisþjónustu. Við erum að einkavæða ákveðna þjónustu við aldraða. Við erum með einkavæðingu í tengslum við læknastofur. Og sú mesta einkavæðing sem hefur orðið í heilbrigðisþjónustu var í tíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þegar ferliverkin voru sett á. Ég verð að spyrja hv. þm.: Var hann á móti því? Var hann líka á móti því að sérstök röntgenmyndastofa yrði opnuð úti í bæ? Það gerðist líka í tíð hv. þm. þegar hann sat í ráðherrastól. Var hv. þm. Össur Skarphéðinsson á móti því?

Hann talaði um að réttur einstaklinga til að njóta læknisþjónustu væri ekki jafn. Það er númer eitt og það erum við að verja. Ég ætla bara aðeins að rifja það upp að árið 1992 hækkuðu gjöld einstaklinga til læknisþjónustu um 40%. Og hverjir voru þá við völd? (**KHG:** Hvað hefur þú lækkað það mikið?) Við höfum ekki hækkað þessi gjöld meira en svo að hækkunin er innan við 5%. (**ÁRJ:** Og nú er góðæri.) Já. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir segir: „Og nú er góðæri." Enda er ekki gert ráð fyrir hækkunum í þessu frv. og því held ég að menn verði að halda til haga þegar rætt er um heilbrigðismálin og verði að muna svolítið sína fortíð. Hv. þm. kom inn á að erfiðleikar væru í rekstri, t.d. í Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ég geri mér fulla grein fyrir því að reksturinn þar er ekki auðveldur. En fyrir mjög skömmu voru settar 500 millj. til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu til að létta reksturinn. Og hv. þm. spurði að því hvað væri meint með því að ábyrgðin væri þeirra sem rækju sjúkrahúsið. Þegar við lögðum þessar 482 millj. til sjúkrahúsanna í Reykjavík lagði Reykjavíkurborg á móti 2 millj.

[14:29]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einn maður sem er í því hlutverki að vera eins konar snagi fyrir hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur og á hann hengir hún hatt sinn jafnan. Það er Sighvatur Björgvinsson. Það er alveg sama hvað menn ræða í stefnu heilbrrn. Alltaf er bent á Sighvat Björgvinsson.

Við lögðum á þjónustugjöld á sínum tíma og ég er þeirrar skoðunar og hef sagt það áður í þessum ræðustól, að ég tel að sú ríkisstjórn hafi gengið of langt á þeirri braut. Hæstv. núv. heilbrrh. hélt 343 ræður um heilbrigðismál á síðasta kjörtímabili. Flestar þeirra fjölluðu um þjónustugjöldin. Framsfl. lagði af stað í kosningabaráttu með það á vörum hvers einasta þingmanns að það ætti að lækka þjónustugjöldin. Einstakir þingmenn gengu svo langt að segja: „Það á að afnema þau." Er ekki kominn tími til þess, herra forseti, að þessi hæstv. heilbrrh. standi við orð sín í staðinn fyrir að koma hérna og segja: „Við höfum bara hækkað um 5%"? Hæstv. ráðherra ætlaði að lækka þjónustugjöldin og einstakir þingmenn Framsfl. vildu afnema þau öll. Niðurstaðan er þessi: Þau hafa hækkað og þá þýðir auðvitað ekkert að vísa til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég bið hæstv. ráðherra að lesa t.d. það sem hefur komið fram hjá þingflokki jafnaðarmanna og hjá formanni Alþfl. um þessi mál. Menn hafa sagt hreinskilnislega, af því að menn eiga að gera það ef þeim finnst svo: „Við gengum of langt." Hvað höfum við okkur til málsbóta? Við höfum okkur það til málsbóta að það ríkti dýpsta og lengsta kreppa sem hefur komið um langt skeið. Núna koma hæstv. ráðherrar og segja: „Það er góðæri." Er þá ekki kominn tími til þess að Framsfl. minnist hinna gömlu orða og noti góðærið þá m.a. til þess að framfylgja þessari stefnu sinni?

Í annan stað, herra forseti. Ég spurði ítarlegra spurninga um Sjúkrahús Reykjavíkur. Hvers vegna? Vegna þess að ég kaus að taka það sem dæmi um glansmyndina. Ég kaus að leggja það undir smásjá mína eins og mér var frekast unnt í krafti þeirra upplýsinga sem hægt er að lesa úr þessu frv. og eru mjög misvísandi. Og ég þykist hafa fært sterk rök að því að það er engin innstæða fyrir glansmyndinni. Ég spyr: Hvað þá með afganginn af frv.? Ég spurði hæstv. ráðherra margra spurninga og vænti þess a.m.k. að hún svari þeim þá í ræðu sinni síðar í dag.

[14:31]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. þm. líka að því hvort hann hefði verið á móti ferliverkunum á sínum tíma og ég spurði hv. þm. að því hvort hann hefði verið á móti þeirri einkavæðingu sem varð í röntgengreiningu þegar hann sjálfur var ráðherra. En síðan skal ég ekki nefna einu orði meira hvað varðar hv. þm. Sighvat Björgvinsson ef það er einhver ofnæmisvaldur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

En hvernig nýtum við góðærið? Við skulum skoða það. Hvað ætlum við að gera á næsta ári? Við ætlum að fjölga hjúkrunarrýmum. Við ætlum að leggja 300 millj. kr. í það og það mun létta á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Við ætlum að opna líknardeild og ætlum 30 millj. kr. til þess. Það mun líka létta á stóru sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu. Við erum að hefja byggingu barnaspítala og það mun létta mjög

á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og verða meira rými fyrir aðra starfsemi. Þetta eru örfá dæmi.

Ný hjartarannsóknadeild verður opnuð innan tíðar og af því að hv. þm. kom áðan inn á biðlista þá væri það hollt fyrir hv. þm. að líta á það hvað biðlistar hafa minnkað í bæklunaraðgerðum. Við stóðum frammi fyrir því fyrir ári að bið eftir hryggaðgerð var næstum tvö ár. Við erum búin að koma þessum biðlistum niður með því að fjölga stórlega aðgerðum. Gerðar hafa verið 178 aðgerðir bara það sem af er þessu ári. Fyrir tveim árum voru gerðar 30–40 slíkar aðgerðir. Og það sama er að segja um liðskiptaaðgerðir. Við höfum tekið kúfinn af þeim aðgerðum og sama má segja um hjartaaðgerðir. Þegar nýja hjartarannsóknadeildin opnar léttir það mjög á þannig að í góðærinu höfum við víða náð árangri og ég vona að stjórnarandstaðan loki ekki augunum fyrir því því að það gera starfsmenn sjúkrahúsanna ekki.

[14:34]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra spurði mig eftir því hvort tiltekinn þingmaður gerði það að verkum að ég fengi hálfgerð ofnæmisáhrif. Það er ekki svo. Ég verð að viðurkenna að ég fæ grænar bólur þegar ég stend í þessum ræðustól og ég þykist hafa fært sannfærandi rök fyrir því að tiltekið dæmi hefur með einu höggi a.m.k. sýnt að glansmyndin er röng sem dregin er upp af heilbrigðismálunum í kaflanum sem um það fjallar í fjárlagafrv. Hvað gerir hæstv. ráðherra? Hún svarar öllu öðru en því. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, henni er alls ekki alls varnað og hún taldi upp að vísu obbann af því sem hún er að gera. Það má líka bæta því að hún er að stækka æðarannsóknastofu og mætti spyrja hana: Hvaðan er fjármagnið tekið til þess? Að stórum hluta með því að spara annars staðar í spítalanum. En auðvitað er þetta virðingarvert og annaðhvort væri nú þegar allt þetta góðæri blasir við. Staðreyndin er hins vegar þessi: Góðærið kemur ekki fram í heilbrigðisgeiranum. Staðreyndin er sú að glansmyndin sem er dregin upp, a.m.k. í því tiltekna sjúkrahúsi sem ég hef notað sem dæmi sökum þess hversu ræða mín varð að vera stutt, sýnir bara að glansmyndin er ekki fyrir hendi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hún að nota seinni ræðu sína til þess að svara þeim spurningum sem ég lagði fram varðandi Sjúkrahús Reykjavíkur. Ef hún getur hrakið það skal ég glaður fallast á það að fjárlagafrv. er glansmynd. En þær tölur sem ég hef lagt fram og eru allar dregnar héðan og þaðan úr fjárlagafrv. sýna allt annað. Þær sýna að ályktunin sem hæstv. ráðherrar draga af frv. er röng. Hún sýnir það líka að Framsfl. nær ekki fram stefnumiðum sínum í ríkisstjórninni.

Prinsippspurningin, sem kemur upp í fjárlagafrv., varðar einkavæðingu. Ég sagði áðan að þetta væri í fyrsta skipti sem ég myndi eftir að bókstaflega væri talað um útboð á þjónustu. Ég spurði hvers konar þjónustu vegna þess að það kemur ekki fram í frv. Ég tók dæmi. Hæstv. ráðherra hefur ekki treyst sér til þess að hafna þeim dæmum sem ég tók, en í spurnarformi að sjálfsögðu, vegna þess að ég veit það ekki. Þetta kemur ekki fram í frv. Það er gallað að því leyti. En ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hvað á að ganga langt í einkavæðingarárattu Sjálfstfl. og ætlar hún stöðugt að hopa fyrir Sjálfstfl. í málinu?

[14:37]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég sé að fjmrh. er í hliðarherbergi þannig að hann mun væntanlega verða hér til þess að eiga orðastað við mig eða a.m.k. hlýða á mál mitt. Eins og fram hefur komið hjá býsna mörgum ræðumönnum, sem rætt hafa frv. til fjárlaga, er um veigamiklar breytingar að ræða í allri uppsetningu frá því sem áður hefur verið og frv. að mörgu leyti enn viðameira en áður. Hins vegar hefur einn óbreyttur þingmaður ekki ýkjalangan tíma til þess að ræða um innihald þess og það hafa landsmenn ekki heldur og þess vegna hefur fjmrh. gefið út það sem hann kallar vasafjárlög og á þeim stendur að í þeim séu upplýsingar í hnotskurn. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ég hef tæpast tíma til þess að gera miklu meira en ræða um það sem hér er tæpt á í hnotskurn.

Það sem kom mér kannski fyrst og fremst af stað í þá umræðu er opna í vasafjárlögunum ráðherrans með yfirskriftinni Landsbyggðin og gróska í efnahagslífinu. Þar kemur fram að til þess að styrkja búsetu í landinu — ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. sé í salnum, herra forseti, — að til þess að styrkja búsetu á landsbyggðinni þurfi að forðast sértækar aðgerðir. Þetta þótti mér mjög merkilegt vegna þess að ég man ekki betur en það hafi verið ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem setti 300 millj. í Vestfjarðaaðstoðina frægu. Var það þá sértæk aðstoð til þess að veikja byggðina á Vestfjörðum? Hefur ekki ríkisstjórn Davíðs Oddssonar haldið Byggðastofnun gangandi, stofnun sem er ein allsherjar sértæk aðgerð? Var það ekki þessi ríkisstjórn sem fól Byggðastofnun að úthluta sérstaklega 500 þorskígildistonnum? Er það ekki sértæk aðgerð? Og hvað með Nýsköpunarsjóðinn góða? Einn milljarður, eyrnamerktur til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni, er það ekki sértæk aðgerð? Um hvað eru menn að tala? Hvaða bull er þetta eiginlega? Samkvæmt frv. til fjáraukalaga, sem liggur á borðum þingmanna, eiga 60 millj. kr. að renna til Menntaskólans í Reykjavík til viðhalds. Það er sértæk aðgerð eða heitir það ekki sértæk aðgerð nema það sé úti á landi? Eru engar aðgerðir í Reykjavík sértækar? Er það bara landsbyggðin og er það þess vegna sem ekki má fara í þær? Þetta er afskaplega merkileg uppsetning, herra forseti, vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki bara haldið áfram þeim sértæku aðgerðum sem hafa verið gangandi heldur hefur hún verið að bæta við. Hún hefur verið að bæta við en hún hefur sloppið við ákveðinn hluta sértækra aðgerða og þar nýtur hún verka annarra. Hún hefur nefnilega sloppið við þær sértæku aðgerðir sem fyrri ríkisstjórnir þurftu að fara í með reglulegu millibili vegna verðbólgu. Það hefur ríkisstjórnin sloppið við. En það er ekki hennar ávinningur, það er annars ávinningur.

Hæstv. fjmrh. leggst samt svo lágt að monta sig af nokkrum sértækum aðgerðum hinum megin í opnunni sem heitir Landsbyggðin og gróska í efnahagslífinu þar sem segir að það þurfi að forðast sértækar aðgerðir. Ég hlýt að spyrja: Ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir, a.m.k. í textanum, við þekkjum verkin, af hverju er þá verið að tiltaka sérstaka hluti í þessari ákveðnu opnu? Þar er nefnt eitthvað sem er kallað Efling framhaldsskólanna um land allt og ég hlýt að spyrja: Birtist sú efling sem niðurskurður til litlu framhaldsskólanna? Við munum eftir umræðunni um Laugar, Húsavík og Kirkjubæjarklaustur á síðasta ári. Umræðan um niðurskurðinn skaðaði vissulega. Það var sannarlega sértæk aðgerð sem veikti landsbyggðina.

Á opnunni er líka talað um uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Af hverju er uppbygging hans tiltekin sérstaklega á þessari síðu sem sérstök viðleitni til að jafna aðstöðu til náms og þar með munstruð upp sem sértæk aðgerð? Það er merkilegt, herra forseti, ef ekki má fara í sértækar aðgerðir því að þær þarf að forðast ef menn ætla að styrkja byggð í landinu samkvæmt síðunni sem er aðeins þarna á móti. En ég spyr aftur: Hvers vegna Háskólinn á Akureyri? Hefur sú uppbygging verið eitthvað sérstök umfram það sem telja má eðlilegt og svæðið eða skólinn hafa getað staðið undir? Af hverju þarf að nefna það þarna? Háskólinn á Akureyri fær 13 millj. kr. raunhækkun rekstrar í ár og þar af 6 millj. vegna stækkunar bókasafns og þess háttar og 7 millj. vegna aukins námsframboðs og fjölgunar nemenda en ætli nemendum fjölgi ekki um 20% á milli ára. 13 millj. eru náttúrlega alveg stórkostlegt til að mæta því. Einnig er talið upp í opnunni góðu sérstakt verkefni til að nýta upplýsingatækni til að styrkja búsetu í landinu. Ég vek aftur athygli á því að þetta er í opnunni þar sem varað er við sértækum aðgerðum því þær séu ekki til að styrkja byggð í landinu. Ég man eftir ritinu Í krafti upplýsinga, en hvað svo? Hvar er þetta sérstaka verkefni til að nýta upplýsingatækni að finna og hvað er svona sérstakt við það að það er ekki sértækt þó að það sé sérstakt verkefni til að styrkja búsetu? Stærsta sértæka aðgerðin, herra forseti, í opnunni sem má ekki fara fram samkvæmt þessari nýju formúlu er e.t.v. þess vegna nefnd á sama stað en það er að fjárfesta í samgöngum. Það er einmitt nefnt líka þarna undir hinum sértæku aðgerðum sem þarf að forðast vegna byggðarinnar í landinu en þar er gert ráð fyrir eins og menn vita niðurskurði frá mörkuðum tekjustofnum um rúmlega milljarð króna, meira en í fyrra, en gjöld af umferðinni, sem er tekjustofn Vegagerðarinnar í landinu, eru nú áætlaðir rúmir 8 milljarðar kr.

Herra forseti. Þetta er býsna mikill árangur í sértækum aðgerðum. En það er ótrúlegt að fjmrh. skuli láta annað eins bull og þetta frá sér fara í bæklingi sem þeir kalla vasafjárlög. Hér stendur ekki steinn yfir steini. Hins vegar væri fróðlegt að heyra útskýringar hæstv. fjmrh. á því sem hér stendur að til að styrkja búsetu á landsbyggðinni þurfi að forðast sértækar aðgerðir. Það væri fróðlegt að heyra það og þá ekki síður hvers vegna þeir tilteknu hlutir, sem eru síðan taldir upp í opnunni, eru þar taldir upp fyrir utan aðrar sértækar aðgerðir sem ríkisstjórnin er í, hefur verið í og virðist ætla að verða í.

Þessi ríkisstjórn er auðvitað líka með sértæka skatta vegna sérstakra aðgerða. Að sjálfsögðu, þó það nú væri. Eitt af því sem við hljótum að velta fyrir okkur þegar við skoðum fjárlagafrv. og veltum fyrir okkur árangrinum í ríkisfjármálum eru skattarnir. Miðað við frv. aukast skatttekjur ríkissjóðs frá í ár um 7 milljarða á sambærilegum grunni en afgangurinn er bara hálfur milljarður. Ekki er þetta sett svona upp í vasafjárlögunum, herra forseti, hreint ekki. Ekki er heldur gumað af því að rekstrargjöld stofnana ríkisins séu að hækka um 1% að frádregnum þjónustutekjunum. Rekstrartilfærslurnar eru óbreyttar. Það er öll róttæknin, það eru allar breytingarnar og að viðhaldskostnaður lækkar um tæp 4% að raungildi. Nei, um þetta fjalla vasafjárlög fjmrh. ekki.

Á bls. 21 í frv. sjálfu segir að erlendar skuldir ríkissjóðs muni ekki lækka sem hlutfall af landsframleiðslu heldur standa í stað á þessu ári og því næsta með auknum viðskiptahalla. Þetta er ekki í vasafjárlögunum þó að landsframleiðslan sé þar notuð sem viðmið við flesta hluti einfaldlega vegna þess að hún hefur vaxið ár frá ári og færir okkur að sögn forsrh. upp í eitt af sætunum sem ríkustu þjóðir í heimi verma.

Við veltum auðvitað fyrir okkur hvar er hinn stóri árangur í ríkisfjármálunum. Herra forseti. Við vitum af blíðunni í hinum ytri skilyrðum en af því að ég hef vísað í vasafjárlögin þar sem smjörið drýpur af hverju strái nema auðvitað á opnunni þar sem taldar eru upp sérstakar ráðstafanir sem landsbyggðinni gæti stafað ógn af er fróðlegt að skoða málið betur. Hver á hlutur menntamála að verða í góðærinu? Ein fyrirsögnin í vasafjárlögunum er: Meira til heilbrigðismála og menntunar.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði áðan ágætlega grein fyrir því góðæri sem ríkir í heilbrigðismálunum og önnur fyrirsögn segir: Minna til atvinnumála. Fyrst um atvinnumálin, herra forseti. Í fjárlagafrv. segir orðrétt:

„Framlög til landbúnaðar lækka í samræmi við búvörusamning en á móti kemur sérstakt framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins umfram ákvæði samningsins."

Þarna lýsir sér líklega viljinn til að lækka framlög til atvinnumála. Enda kemur í ljós þegar borið er saman að framlög til landbúnaðar eru hærri en framlög til menningar eða 7,7 milljarðar á móti 4 milljörðum. Ég vona að mér fyrirgefist þó ég taki kirkjuna út úr menningarkaflanum. Hún gæti allt eins átt heima annars staðar. Í séryfirliti málaflokka gjalda kemur einnig fram að bein útgjöld vegna sjávarútvegs séu um það bil 2,5 milljarðar þannig að ef við bætum sjómannaafslættinum við erum við að tala um a.m.k. 4 milljarða til sjávarútvegsins. Er þetta það sem verið er að hrósa sér af í vasafjárlögunum? Hver er árangurinn þarna?

Þá ætla ég að víkja að útgjöldum til menntamála en þar hefur ekki orðið raunhækkun í 10 ár. Árið 1988 var 20,5 milljarðar til menntamála. Í ár eru þeir 15 en það er vegna þess að 5,5 milljarðar hefur verið fluttur yfir til sveitarfélaganna vegna grunnskólans á þessu tímabili. Á sama tíma og talan hefur staðið í stað hafa heildartekjur ríkisins vaxið um 23,5 milljarða. Þarna erum við að bera saman sambærilegar tölur sem segja okkur allt um það hver tök Sjálfstfl. hafa verið á þessum málaflokki. Í frv. kemur fram að rekstrargjöld ráðuneytisins hækki samkvæmt frv. um rúmlega 300 millj. kr. frá fjárlögunum 1997 en ég bendi á vegna samanburðar að í frv. til fjáraukalaga, sem liggur á borðum þingmanna, er farið fram á tæplega 150 millj. til viðbótar fyrir þetta ár eða um það bil helminginn af þeirri aukningu sem talað er um að verði á næsta ári miðað við frv. í fyrra. Því miður væri því nær að tala um stöðnun en aukningu.

Við skulum líta aðeins nánar á það sem kemur fram. Í frv. til fjárlaga kemur fram að til háskóla sé aukningin tæplega 80 millj. kr. vegna fjölgunar háskólanema og aukins húsnæðis. Það er ekki há tala inn í svelt kerfi. Breytingar eru hins vegar og hafa verið geysilega miklar á fjölda þeirra sem stunda háskólanám. Fyrir 10 árum fóru 24% þeirra sem útskrifuðust úr framhaldsskólum í háskólanám. Núna eru þeir um 36%. Reiknað er með að 7.300 nemar hefji í ár háskólanám en árið 2000 verða þeir orðnir 9.000. Við þessu þarf að bregðast með öðru en stöðnun og niðurskurði, herra forseti.

Líka er fróðlegt að skoða breytingarnar á framlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna þegar verið er að skoða framlög til menntamála. Ef við skoðum Lánasjóð ísl. námsmanna á föstu verðlagi og horfum líka til ársins 1988 hefur það gerst á þessu tímabili að framlagið í ár verður einungis um það bil 60% af því sem það var þá þannig að framlag til

beinnar námsaðstoðar hefur minnkað sem því nemur, þ.e. um rúman milljarð. Það kemur fram að frá því í fyrra stendur til að hækka framlag til LÍN vegna breyttra laga um rúmlega 100 millj. kr. Þrátt fyrir þá hækkun vilja fulltrúar menntmrh. í stjórn sjóðsins þrengja að námsmönnum frá því er var. Það hefur komið fram að stjórn lánasjóðsins, þ.e. meiri hluti hennar þar sem menntmrh. ræður, hefur ákveðið að nemendur í þeim greinum þar sem eru fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands fái aðeins eitt tækifæri á námslánum en ekki tvö eins og verið hefur. Hér er ekki um það að ræða, herra forseti, að nemendur uppfylli ekki námskröfur heldur er um fjöldatakmarkanir að ræða og um verulega þrengingu að ræða auk þess sem þessi ákvörðun stjórnarinnar er tilkynnt eftir að skólar eru komnir af stað. Þetta var um háskóla. En lítum aðeins á framhaldsskóla vegna þess að þar erum við að starfa eftir nýjum lögum sem kalla sannarlega á meira framlag.

Einungis er talað um 78 millj. kr. aukningu inn í framhaldsskólana vegna fjölgunar framhaldsskólanema, aukins húsrýmis og nýrra laga. Er nemendunum þó að fjölga um hátt á annað þúsund milli ára og kostnaðarauki vegna kjarasamninga kennara er ekki metinn sérstaklega.

Nú er margt er nýtt í kaflanum um framhaldsskóla inni í fjárlagafrv. en þarna eru þó atriði sem segja manni að það þurfi að skoða betur undir teppið. Við hljótum t.d. að velta því fyrir okkur hverjum framhaldsskólarnir eru að greiða 170 millj. kr. leigu fyrir húsnæði. Við sjáum reyndar á öðrum stað að hinn nýi sjóður, fasteignir framhaldsskóla, á að fjármagnast af þessari leigu sem framhaldsskólarnir greiða sjálfir, 170 millj. Auk þess eiga að renna í hann 30 millj. sem er leiga vegna heimavistarhúsnæðis og litlar 10 millj. koma úr ríkissjóði. Þetta er hinn nýi viðhaldssjóður framhaldsskólanna, tekinn af framlögum til framhaldsskólanna.

Herra forseti. Í fjáraukalagafrv. kemur einnig fram að nokkrir framhaldsskólanna glíma við mikinn uppsafnaðan rekstrarhalla og þar kemur m.a. fram að 130 millj., sem voru orðnar umframgreiðslur þessara skóla um síðustu áramót, verði teknar af fjárlögum ársins í ár. Ég verð nú að viðurkenna að ég skil ekki alveg svona hundakúnstir en að minnsta kosti er ljóst á þessu að óbreytt framlög duga ekki fyrir óbreytta stefnu, hvað þá fyrir þær viðbætur sem eiga að verða vegna nýrra framhaldsskólalaga og í öðru lagi að niðurskurðurinn í ár þótti greinilega ekki nægur.

Herra forseti. Rétt í lokin. Formaður fjárln. er reyndar vikinn úr salnum aftur en ég vona að hann heyri samt til mín. Hann baðst vægðar í gær í ræðu sinni fyrir útgerðina í landinu vegna krafna um að þjóðin öll njóti réttlátsarðs af sameign sinni, auðlindinni í hafinu. Útgerðinni biður hann vægðar á meðan markaðir tekjustofnar til menningar- og velferðarmála eru skertir og stöðnun er í framlögum til menntamála. Menntamála þar sem flestir eru sammála um að við verðum að taka til hendi ef við eigum að halda í í samkeppni um fólk og lífskjör í framtíðinni. Framkvæmdasjóður fatlaðra er skertur um 235 millj. til að setja í ríkissjóð. Skerðingarákvæði eru enn gagnvart endurbótum menningarbygginga eða þjóðarbókhlöðuskattinum, þar koma 200 millj. í ríkissjóð. Þetta er næstum afgangurinn góði sem gumað er af í vasafjárlögunum, virðulegi forseti.

Hvað segir frv. um framlög til atvinnumála umfram það sem ég gat um áðan varðandi landbúnað og sjávarútveg? Það er ýmislegt athyglisvert. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar um atvinnumál, um stuðning við fyrirtæki. Í kaflanum um eftirgjöf gjalda kemur fram að fyrirhugað er að tollar og vörugjöld af innflutningi Landssíma Íslands hf., sem er fyrirtæki svo langt úti í bæ að við þingmenn megum ekki fá meiri upplýsingar um innri mál en þær sem birtast í reikningunum, fyrirtæki sem ekki er til í efnisyfirliti frv. til fjárlaga, enda hf., á samkeppnismarkaði. Er eðlilegt að hið opinbera, að ríkissjóður, að við gefum eftir gjöld og tolla til fyrirtækis sem búið er að marka með þessum hætti og er orðið hf. til að vera á samkeppnismarkaði? Hvað með hin? Hvað með jafnræði? Er þetta ekki tóm vitleysa? Ég held að við verðum að fá svar við þessu. En fleira segir okkur, herra forseti, að þetta frv. er enn þá frv. sem styður velferðarkerfi fyrirtækjanna fram yfir velferðarkerfi fólksins.

[14:57]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara vegna síðustu fyrirspurna sem komu fram hjá hv. þm. Ég kann ekki að svara betur en svo að ég býst við því að hugmyndin sé sú að gefa fjmrh. heimild í fjárlögunum til þess að fella niður þessi gjöld af því að þau eru af því sem við getum kallað grunngerð í símakerfinu hér á landi. Ég tek undir með hv. þm. að vegna samkomulags við aðrar Evrópuþjóðir, þá getum við ekki gert mun á Pósti og síma hf. og öðrum félögum sem starfa í sama geira en ég hygg að eðlilegt sé í framhaldi af því sem áður hefur verið gert að veita eftirgjöf af gjöldum ef um er að ræða gjöld til þeirrar grunngerðar sem tilheyra símalögnum um land allt. En að sjálfsögðu verður þess gætt þegar og ef heimildina á að nota að þar sé jafnræðis gætt gagnvart öðrum fyrirtækjum.

Ég vil einnig láta það koma fram vegna þess að Póst og síma, sem verður sjálfsagt tvö fyrirtæki innan tíðar, ber á góma að fyrirtækið mun að sjálfsögðu greiða skatta á næsta ári og ég á von á því að skattgreiðslur fyrirtækisins verði talsverðar. Og þótt arðgreiðslur fyrirtækisins lækki eitthvað muni það verða bætt upp með aukinni skattgreiðslu fyrirtækisins. Þetta vildi ég að kæmi fram til þess að ljóst sé að fyrirtækið mun skila til ríkisins verulegum fjármunum strax á næsta ári.

[14:59]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Þetta hlýtur að upplýsast betur og þá væntanlega þegar hæstv. samgrh. verður viðstaddur og getur útskýrt fyrir okkur hvað þarna um ræðir.

En ég spurði um fleira, herra forseti. Ég spurði líka um vasafjárlög ráðherrans, ekki síst út í opnuna um landsbyggðina og gróskuna í efnahagslífinu, þar sem verið er að vara við sértæku aðgerðunum. Síðan eru taldar upp nokkrar aðgerðir sem mér þætti fróðlegt að vita af hverju eru þá taldar upp á þessari varúðaropnu í vasafjárlögum ráðherrans. Það er nefnilega svo að maður fær það vonda bragð í munninn þegar maður les þetta að menn séu svona eins og að reyna að afsaka ákveðna hluti með þessari opnu og nánast að segja: Allar sértækar aðgerðir eru fyrir landsbyggðina. Þær eru vondar. Það sem við gerum í Reykjavík er ekki sértækt. Það er í lagi, það er gott. En samt er tínt til eitthvað þarna á opnuna. Mér finnst þetta vond uppsetning, herra forseti, og þess vegna er ég að vekja athygli á henni. Ég vil gjarnan fá að heyra hvaða skoðun hæstv. fjmrh. hefur á þessari uppsetningu og hvort þetta var að hans ósk sem málum var stillt svona upp.

[15:01]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekkert sérstaklega hugsað mér að ræða nákvæmlega hvað stendur í svokölluðum vasafjárlögum. En það er allt í lagi og ég þakka hv. þm. fyrir að vekja svona duglega athygli á þessari vasabrotsútgáfu sem verður send út víða og ég held að komi að ágætu gagni því það er að finna margar ágætar upplýsingar í þessu litla riti sem er handhægt fyrir fólk að hafa með sér og stinga í vasann t.d. á fundum sem haldnir eru úti á landsbyggðinni þegar fjárlög ríkisins og efnahagsmál eru til umræðu.

Það er almennt viðurkennt og hefur smám saman verið að ljúkast upp fyrir mönnum að svokallaðar sértækar aðgerðir eru oft til þess fallnar að draga úr eðlilegri þróun atvinnulífs á viðkomandi stöðum. Þetta þekkjum við ekki einungis hér á landi. Þetta er þekkt víða um heim. Það er sérstaklega um þetta fjallað á vegum alþjóðastofnana. Evrópusambandið hefur látið þessi mál til sín taka þótt að í ýmsu hafi kannski Evrópusambandið einnig beitt mjög sértækum aðgerðum, ekki síst í byggðamálum. Með því sem þarna stendur er verið að koma til skila ákveðnum viðhorfum sem ég held að menn skilji almennt á þann veg að það sé betur fallið til að efla eðlilega byggðaþróun í landinu að beita svokölluðum almennum aðgerðum, síður sértækum, vegna þess að það er ætíð hætta á því að svokallaðar sértækar aðgerðir hverfi eins og dögg fyrir sólu þegar minnst varir. Það sé þess vegna æskilegra að byggðarlög og fólk í landinu búist við því þegar til framtíðar er horft að það búi við almennar reglur en ekki sértækar. Ég get ekki fallist á að fjárveitingar til Menntaskólans í Reykjavík sem eru vegna brunahættu annars vegar og vegna þess að verið er að taka í notkun ákveðið hús þar, teljist sértæk aðgerð í þeim skilningi. Þetta er fjárframlag til einnar framkvæmdar sem er vel skýrð. Það er allt annað sem ég tel að felist í hugtakinu sértæk aðgerð.

Ég skal líka fallast á það með hv. þm. að sjálfsagt komumst við aldrei hjá því að grípa til einhverra sértækra aðgerða. Það sem verið er að segja er að almennt talað eigum við að beita almennum aðgerðum, það sé hollara fyrir okkur, það sé það sem til framtíðar horft gefur okkur meira í aðra hönd, en forðast hins vegar sértæku aðgerðirnar. Þetta er svona almenn yfirlýsing sem ég held að hafi gildi, ekki einungis hér á landi heldur alls staðar annars staðar.

[15:04]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það að auðvitað eigum við að beita almennum aðgerðum fyrst og fremst. Hins vegar hefur þessi ríkisstjórn verið býsna liðug við að beita sértækum aðgerðum. Þess vegna er þessi texti svo merkilegur. Hann er svo merkilegur þarna því það er beinlínis varað við sértækum aðgerðum vegna þess að þær grafi undan byggð í landinu. Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Svona málflutningur gengur ekki upp.

Já, ég er viss um að þessi vasafjárlög munu koma að góðu gagni á ýmsum fundum enda er þar saman komið fyrir utan bullið og þvaðrið á þessari landsbyggðaropnu, samansafn af, ég vil ekki kalla það beinlínis lygi, en stundum er talað um hálfsannleik sem er einatt verri. Þar eru gefnar upplýsingar um það sem hentar. Þar birtist góðærið. Þannig að ég er alveg handviss um að þetta plagg kemur að góðu gagni þar sem menn virkilega vilja kynna góðærið, vilja einungis sýna hina svart/hvítu hlið en gleyma því að lífið er í öllum litunum, allt litrófið, ekki bara svart/hvítt. (**Fjmrh.:** Hv. þingmenn jafnaðarmanna hafa talað hér um góðærið.)

[15:06]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. í gær er þetta í sjöunda sinn sem hann mælir fyrir frv. til fjárlaga. Það fer ekki á milli mála að á því hálfa sjöunda ári sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur stýrt fjmrn. hefur náðst mikill árangur í stjórn ríkisfjármálanna. Ég vil taka undir það lof sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bar á hæstv. fjmrh. í ræðu sinni áðan.

Það er hollt að rifja það aðeins upp hvernig ástandið var þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. tók við völdum árið 1991 eftir áralanga stjórn vinstri flokkanna. Góðæri undanfarinna ára hafði verið illa nýtt og þjóðin hlaðið upp skuldum jafnt utan lands sem innan. Sjálfvirk þensla var í ríkisútgjöldum og allt stefndi í strand. Góðærið var á enda, þorskstofninn á hraðri niðurleið, miklir erfiðleikar í landbúnaði og iðnaði og niðursveifla á mörkuðum stóriðjufyrirtækja þannig að rekstur þeirra var á heljarþröm. Atvinnulífinu hafði að hluta til verið haldið gangandi með fyrirgreiðslu úr sjóðum sem voru á hvínandi kúpunni og ríkissjóður varð að taka á sig milljarða króna vegna bágrar stöðu þessara sjóða. Stórkostlegur halli var á rekstri ríkissjóðs ár eftir ár og fráfarandi stjórn hafði í raun gefist upp við að stjórna fjármálum ríkisins. Þetta var nú búið sem ný ríkisstjórn tók við árið 1991 og vandamálin sem nýr fjmrh. þurfti að glíma við voru gríðarleg. Þessu til viðbótar gekk svo kröpp efnahagslægð yfir Evrópu sem olli okkur Íslendingum miklum erfiðleikum. Erfiðleikar fyrirtækja í höfuðatvinnuvegum okkar leiddu til þess að atvinnuleysi fór hratt vaxandi og forusta ASÍ spáði því að það gæti orðið allt að 20%. Ríkisstjórnin gerði það að einu höfuðviðfangsefni sínu að skapa atvinnuvegunum rekstrarskilyrði svo þeir gætu þraukað þá erfiðleika sem við var að etja og væru í stakk búnir til nýrrar sóknar og aukinnar atvinnusköpunar. Ráðist var í verulegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins í harðri andstöðu við stjórnarandstöðuna sem taldi að allt væri hægt að gera fyrir alla og lagði fram ótal tillögur þar að lútandi. Smátt og smátt fóru aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar að skila árangri. Halli ríkissjóðs fór lækkandi, atvinnulífið rétti úr kútnum og segja má að flest hafi verið á réttri leið síðan.

Herra forseti. Mér finnst rétt að rifja þetta upp við þessa umræðu um fjárlagafrv. til að menn átti sig á því hve gífurleg umbreyting hefur orðið og árangur náðst á þessum rúmlega sex árum sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur haldið um stjórnartaumana í fjmrn. Árangur breyttrar efnahagsstefnu kemur æ betur í ljós. Sú mikla áhersla sem lögð hefur verið á að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum, verðbólgu í lágmarki og stöðugu gengi, hefur leitt til þess að atvinnulífið hefur rétt úr kútnum og störfum fjölgar jafnt og þétt. Talið er að þeim muni fjölga um 5 þús. á þessu ári og næsta. Hagvöxtur er meiri en í flestum helstu viðskiptalöndum okkar og þessi trausta efnahagsstjórn á stærstan þátt í auknum áhuga erlendra fyrirtækja á fjárfestingum á Íslandi sem m.a. hefur þegar komið fram í stækkun álvers Ísals, nýju álveri á Grundartanga og væntanlegri stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.

Þá hefur tekist að snúa rekstri ríkissjóðs úr milljarða halla ár eftir ár í heilan áratug í afgang á fjárlögum. Þetta er auðvitað árangur sem ástæða er til að gleðjast yfir jafnframt því sem það hlýtur að vera markmiðið að stefna að enn frek-

ari afgangi á ríkissjóði á næstu árum. Með því mun okkur takast að lækka skuldir ríkisins og lækka vaxtakostnað sem allir er sammála um að er allt of hár. Varðandi þennan þátt, vextina, er auðvitað ástæða til að fagna því að lánshæfismat íslenska ríkisins hefur hækkað jafnt og þétt að undanförnu sem leiðir til þess að bætt lánskjör fást fyrir íslenska ríkið á alþjóðlegum mörkuðum. Sú staðreynd að þau erlendu fyrirtæki sem meta lánshæfi einstakra ríkja setja Ísland í hóp með traustustu ríkjum heims er mikil viðurkenning á góðri hagstjórn. Það er ánægjulegt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að heildarskuldir ríkissjóðs munu samkvæmt þessu fjárlagafrv. lækka þriðja árið í röð og í fyrsta sinn verður tekið minna að láni en greitt verður af erlendum lánum, svo nemur 5 milljörðum kr.

Mér finnst sérstök ástæða til að fagna því að bætt staða ríkissjóðs hefur gert mögulegt að lækka skatta landsmanna en samþykkt hefur verið að tekjuskattur einstaklinga lækki um 4% í áföngum fram til ársins 2000 og fyrsti áfangi þessarar lækkunar kom til framkvæmda sl. vor. Einnig munu skattleysismörk hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Þetta er umfangsmesta skattalækkun sem gerð hefur verið í háa herrans tíð og leiðir að sjálfsögðu til aukins kaupmáttar en nú er talið að hann muni aukast um 20% á árabilinu 1995–2000 sem er sérstakt ánægjuefni því almenningur tók vissulega á sig talsverðar byrðar á meðan þjóðin var að vinna sig út úr mestu erfiðleikunum.

Okkar fámenna þjóð gerir kröfu til að standa jafnfætis milljónaþjóðunum á sem flestum sviðum og að ríkið veiti landsmönnum sem besta og mesta þjónustu. Það er í raun með ólíkindum að þessi 270 þúsund manna þjóð skuli geta staðið undir þeim fjölbreytta rekstri og þjónustu og því umfangsmikla velferðarkerfi sem landsmönnum býðst. Til að standa undir þessum margháttaða rekstri er áætlað að ríkissjóður hafi 148 milljarða í skatttekjur samkvæmt rekstrargrunni á næsta ári. Mér sýnist við fyrsta yfirlestur á fjárlagafrv. að örfáir málaflokkar taki til sín af þeiri upphæð 110 milljarða. Þar er um að ræða heilbrigðis- og tryggingamál, húsnæðis- og félagsmál, fræðslu-, menningar- og kirkjumál, vegagerð og svo barnabætur, vaxtabætur, afskrifaðar skattskuldir og lífeyrisskuldbindingar. Þá eru eftir aðeins 38 milljarðar til allra þeirra fjölmörgu annarra verkefna sem ríkið verður að sinna. Þessar stærðir sýna okkur að það er langt því frá auðvelt fyrir þessa litlu þjóð að halda uppi þeirri fjölbreyttu og fjölþættu þjónustu sem veitt er landsmönnum og sem flestum finnst víst að mætti vera miklu meiri en hún er.

Horfur í ríkisfjármálum næstu árin eru heldur góðar. Í fjárlagafrv. segir á bls. 37, með leyfi forseta:

„Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur fram yfir aldamót verður hagvöxtur tæplega 3,5% að meðaltali á ári á tímabilinu 1998–2001. Þetta er heldur minna en verið hefur hér á landi að undanförnu en nokkru meiri vöxtur en almennt er spáð í nágrannaríkjunum. Gert er ráð fyrir að störfum haldi áfram að fjölga og kaupmáttur heimilanna vaxi. Útflutningur er talinn aukast um tæplega 5% á ári að meðaltali, en innflutningur er talinn aukast minna, eða um 4% á ári. Samkvæmt þessari spá minnkar viðskiptahalli jafnt og þétt næstu ár og er kominn í 1% af landsframleiðslu í lok tímabilsins. Erlendar skuldir þjóðarbúsins munu einnig lækka og verða um 41% af landsframleiðslu árið 2001, samanborið við 47% í lok síðasta árs. Verðbólga er talin verða heldur meiri en að undanförnu, eða nálægt 3% að jafnaði á ári."

Í ræðu sinni í gær benti hv. þm. Sturla Böðvarsson á þá miklu hættu sem stafaði af þeirri byggðaröskun sem nú á sér stað í landinu. Ég vil taka undir hvert orð sem hv. þm. sagði og tel að byggðaröskunin, flóttinn af landsbyggðinni, sé eitt stærsta vandamál okkar Íslendinga nú. Þetta er alls ekki auðvelt við að eiga og svo virðist sem fólk flytji af landsbyggðinni til Reykjavíkur þó það hafi ágæta afkomu. Við höfum ótal dæmi um að menn taka sig upp og segja upp ágætum og öruggum störfum út á landi og flytja til Reykjavíkur þó þeir hafi jafnvel ekkert fast í hendi með vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Byggðastofnun er með í gangi mjög ítarlega könnun á þessu vandamáli, ástæðum þessara miklu fólksflutninga. Starfsmenn Byggðastofnunar og Stefán Ólafsson lektor eru að vinna þessa könnun sem er nú á lokastigi. Stjórn Byggðastofnunar hefur heimsótt sveitarfélög víða um land og rætt við forustumenn sveitarfélaga og atvinnulífs um þetta vandamál og satt að segja hafa það verið mjög fróðlegar heimsóknir og skýringar manna misjafnar eftir stöðum á því hverjar þeir telja ástæður flutninganna. En það er óneitanlega mjög undarlegt að koma á staði eins og Neskaupstað, Eskifjörð, Þórshöfn, Siglufjörð og fleiri sem ég gæti talið upp þar sem menn hafa verið að fjárfesta í atvinnulífinu að undanförnu fyrir hundruð milljóna og jafnvel milljarða. Fjárfesta í því að bæta atvinnulífið og efla. Það er yfirdrifin vinna á þessum stöðum en fólk flytur samt. Fólkinu fækkar og það verður að mæta því með því að flytja inn vinnuafl til að halda atvinnulífinu gangandi.

Svo virðist sem það séu þrjú til fjögur mál sem standa upp úr hjá fólki þegar það tekur ákvörðun um hvort því finnst vænlegt að búa á landsbyggðinni eða ekki. Það er heilsugæslan, skólamálin og kannski umfram allt samgöngumálin. Fólk leggur gríðarlega mikið upp úr samgöngunum og sættir sig illa við að búa við handónýta vegi ár eftir ár og vera meira og minna samgöngulaust mánuðum saman yfir vetrartímann. Þess vegna tel ég að aukin framlög til vegamála á næstu árum séu mál málanna varðandi bætt ástand á landsbyggðinni. Hæstv. fjmrh. benti á það í ræðu sinni í gær að það væri nokkur aukning til þessa málaflokks núna milli ára. Í fjárlagafrv. er þetta um 7,5 milljarðar. Ég tel að það megi ekki vera einni krónu minna og að á næstu árum verði að gera átak í bættum samgöngum á landsbyggðinni. Það er víða sem stór og smá verkefni bíða sem verður að ráðast í ef við ætlum að koma í veg fyrir stóraukinn flótta fólks af landsbyggðinni.

Fjórða málið sem upp úr virðist standa hjá fólki er að því finnst atvinnulífið of einhæft. Í þeirri könnun sem Byggðastofnun er að láta gera var í sumar kannað viðhorf 1.200 manna á landsbyggðinni til ákveðinna málaflokka, hvernig þeim fyndist þeir hafa þróast á sl. fimm árum. Almennt var fólk nokkuð ánægt með flesta þjónustuliði en óánægjan var fyrst og fremst með þróun atvinnutækifæra, þ.e. einhæfni atvinnulífsins. Byggðastofnun hefur breytt nokkuð áherslum sínum varðandi atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og ég bind vonir við að sú breyting muni leiða af sér meiri fjölbreytni í atvinnulífinu úti á landi. Í stað þess að vera að drita smáupphæðum í einstök sveitarfélög til atvinnuþróunar og atvinnuuppbyggingar hefur verið tekin upp sú stefna að semja við hvern landshluta, þ.e. landshlutasamtökin, um framlag sem um munar, það er um 9 millj. á hvert kjördæmi, gegn svipuðu framlagi heimamanna, til að menn geti komið upp sterkri atvinnuráðgjöf í kjördæmunum. Ég bind miklar vonir við þessar breyttu áherslur og er ekki í vafa um að þetta

á eftir að skila góðum árangri. Þar sem þetta fór fyrst af stað, líklega í hittiðfyrra á Austurlandi og Suðurlandi, hefur þetta tekist afskaplega vel. Nú hefur verið samið við hina landshlutana og þetta á vonandi eftir að skila sér vel. Ég ítreka að ég tel að þeir miklu búferlaflutningar og sú byggðaröskun sem nú á sér stað séu eitt höfuðvandamál okkar Íslendinga í dag.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir verulegum tekjum af sölu eigna. Það er auðvitað allt gott um það að segja að selja eignir og nota andvirðið til góðra mála. En það má ekki bara selja til að selja, það verður að gerast af skynsemi. Meðal þess sem gert er ráð fyrir að selja er 25% af hlutafé ríkisins í Sementsverksmiðjunni. Þetta var reyndar samþykkt við fjárlagagerðina í fyrra líka. Ég var þá andvígur þessari samþykkt og taldi mig færa rök fyrir því að þessi sala gæfi ríkinu ekkert og kannski minna en það. Ég tel að það hafi nú komið fram. Hér er ég með endurskoðað virðismat á fyrirtækinu sem unnið er af ráðgjafarfyrirtækinu Fjárvangi fyrir einkavæðingarnefnd. Samkvæmt því er virðismat fyrirtækisins nú 788 millj. mínus lífeyrisskuldbindingar. Fyrirtækið Talnakönnun hefur reiknað út lífeyrisskuldbindingarnar og þær eru 326 millj. kr. Þá standa eftir 462 millj. kr. sem nettó verðmæti Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. 25% af þessum 462 millj. eru 115,5 millj. kr., sem er þá væntanlega það sem ríkissjóður fær út úr þessari sölu að frádregnum einhverjum milljónum vegna kostnaðar við söluna. Hvað þýðir þetta svo fyrir fyrirtækið og áframhaldandi rekstur þess? Jú, það verður væntanlega að greiða tilvonandi hluthöfum arð, enginn hefur áhuga á að eignast hlutafé í fyrirtækinu upp á annað. Þá er fyrirtækinu gert að gefa út skuldabréf til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisskuldbindinganna og vextir af þeim bréfum verða um 18 millj. kr. á ári, auk þess sem greiða verður um 5 millj. í stimpilgjöld af þessum bréfum. Öllu þessu verður fyrirtækið væntanlega að mæta með verðhækkun á sementi enda er gert ráð fyrir því í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins.

Sementsverksmiðjan hefur hagrætt gríðarlega í rekstri sínum á undanförnum árum. Meðal annars hefur starfsmönnum verið fækkað úr 190 í 90, þannig að þessum kostnaðarauka verður væntanlega ekki mætt með frekari hagræðingu. Verðhækkun sýnist mér því óumflýjanleg ef af þessari sölu verður. Á hverjum bitnar svo verðhækkun á sementi? Hún bitnar auðvitað á þeim sem eru að byggja og framkvæma. Hverjir skyldu vera stærstu kaupendur sements í dag? Ætli það sé ekki ríkið og fyrirtæki þess sem beint og óbeint er stærsti aðilinn á þessum framkvæmdamarkaði. Því held ég að þessi sala, ef af verður, muni virka eins og búmerang og koma beint í hausinn á ríkissjóði aftur. Ég tel því með sama hætti og ég taldi við fjárlagagerðina í fyrra að þessi sala sé ekki rökrétt og vil spyrja hæstv. fjmrh. af því að það er ekki sundurliðað í fjárlagafrv.: Hvernig á sala ríkiseigna að skila sér og hversu mikið af þeirri upphæð sem þar er gert ráð fyrir er tilkomið vegna sölu hlutafjár í Sementsverksmiðjunni hf.?

[15:21]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns vil ég taka fram að það er ekki hægt að sortéra söluhagnaðinn niður á einstök fyrirtæki sem hugmyndin er að selja, þ.e. hlutafé úr einstökum fyrirtækjum. Við höfum undir hlutafé sem er skráð í eignum ríkisins upp á 4,3 milljarða. Það eru hugmyndir um það af okkar hálfu að fyrir þetta hlutafé megi fást 6,2 milljarðar og að söluhagnaðurinn verði þess vegna 1.900 millj. kr. Ljóst er að sum fyrirtæki munu fást á betra markaðsverði en önnur. Ég get ekki sortérað þetta niður á þau fyrirtæki sem um er að ræða. Ég vil þó geta þess að Sementsverksmiðjan er eitt þessara fyrirtækja eins og fram kom hjá hv. þingmanni, ég þekki nú reyndar skoðanir hans á því máli. Önnur eru Áburðarverksmiðjan, Aðalverktakar og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og auðvitað er um fleiri eignir að ræða sem eiga að ná þessum 1.900 millj. kr. Það er ekki hægt að gefa þetta upp enda verður markaðurinn að ráða því hvað fæst fyrir þessar eignir yfirleitt.

Ég vil svo að síðustu nota tækifærið til að þakka hv. þingmanni, þó að það eigi kannski ekki við í andsvari, fyrir hans góðu orð í minn garð.

[15:23]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg á mörkunum að ég trúi því að sá vandvirki og ágæti fjmrh. sem hér stendur geti ekki svarað því hvað hann ætlar að fá út úr þessari sölu. Hann var því miður í símanum áðan þegar ég var að rekja þetta dæmi, hvernig þessi sala gæfi ríkinu nákvæmlega ekki neitt. Ég mun sýna honum það í rólegheitum hér á eftir. En menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því þegar þeir tóku ákvörðun um að selja einstök fyrirtæki eða hlutabréf hvað þau ættu að gefa ríkissjóði. Hafi menn ekki gert það þá er þetta nú eiginlega frekar spurning um trúarbrögð heldur en skynsemi.

[15:24]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, vissulega gerðu menn sér grein fyrir því en það er spurning um hvort rétt sé að upplýsa það. Ég get þó sagt til viðbótar því sem ég hef áður sagt hér að við gerum ekki endilega ráð fyrir að hagnast á allri sölunni. Það kann svo að fara að miðað við uppsett verð í eignum ríkisins verði sölutap af sumri sölunni. Hvað varðar þetta fyrirtæki þá hygg ég að í bókum ríkisins sé það fé sem fært er í fjárlög ríkisins sem eign talið vera einn milljarður. Síðan koma auðvitað til skuldbindingar sem settar verða á fyrirtækið vegna lífeyrisskulda o.s.frv., þannig að svo kann að fara að ekki verði söluhagnaður af þessu tiltekna fyrirtæki.

Þá vík ég að svokölluðum trúarbrögðum. Það er nú einu sinni svo að við þau skilyrði sem við búum nú við í efnahagslífinu, þar sem um er að ræða viðskiptahalla og þenslu og neyslu umfram það sem kaupmáttur heimilanna segir til um, við slík skilyrði er mjög mikilvægt að efla sparnað. Eitt af því sem ríkisstjórnir um heim allan grípa til við slík efnahagsskilyrði er einmitt að selja eigur ríkisins og binda þannig fé sem annars yrði notað til einhvers konar einkaneyslu. Þetta er alþekkt fyrirbæri og með þessum hætti í raun og veru unnið gegn þenslu sem er til staðar í viðkomandi þjóðfélögum. Frá hagrænu sjónarmiði kann þannig að vera heppilegt að selja Sementsverksmiðjuna eins og sumar aðrar eignir ríkisins. Ég veit að hæstv. iðnrh. hefur átt viðtöl við forráðamenn Akranesbæjar og þeirra á milli hafa komið fram hugmyndir um það hvernig og að hvaða leyti Akurnesingar geta komið að kaupum á fyrirtækinu.

[15:26]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar 1.000 millj. sem hæstv. fjmrh. nefndi eru jú skráð hlutafé í fyrirtækinu. Það er tala sem búin var til þegar fyrirtækið var gert að hlutafélagi og lágu engin vísindi bak við þá tölu. Ég nefndi í máli mínu áðan að nú

hefur verðmæti fyrirtækisins verið metið og það er 788 millj. mínus 324 millj. sem eru lífeyrisskuldbindingar, eða með öðrum orðum 462 millj. kr. nettó. 25% af því eru 115 millj., af því fer eitthvað í kostnað, og þá er nú orðið ansi lítið eftir þegar tillit er tekið til þess að þetta mun væntanlega leiða til verðhækkunar á sementi.

Ég ætla svo ekki að fara út í frekari útlistanir um trúarbrögð eða ekki trúarbrögð. Mér fannst satt að segja þessi útskýring míns ágæta hæstv. fjmrh. dálítið langsótt.

[15:27]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram að utandagskrárumræða sem hefur verið boðuð um útboð og verksamning um veitingasölu í Leifsstöð fer fram kl. 4.

[15:28]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða í kjölfar fróðlegra orðaskipta þeirra flokksbræðra, hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar og hæstv. fjmrh., að fara nokkrum orðum um efnisatriði þeirra orðaskipta. Þau sögðu okkur nefnilega ýmislegt. Þau færðu okkur heim sanninn um það, og raunar staðfesti hæstv. ráðherra það, að í fjölmörgum tilvikum væri sala ríkisfyrirtækja fyrst og síðast trúarbrögð. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson gerði mjög glögglega grein fyrir því út frá talnalegum forsendum, og hæstv. ráðherra bar ekki brigður á það, að fyrirhuguð sala á Sementsverksmiðju ríkisins skilaði ríkissjóði nákvæmlega ekki nokkrum sköpuðum hlut. Raunar gæti mínustalan orðið einhver þegar litið væri til þess, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði, að hún mundi leiða til stórhækkaðs sementsverðs. Þetta er býsna fróðlegt. Betur væri að fleiri aðdáendur einkavinavæðingarinnar hefðu verið hér í salnum, þingmenn á borð við Árna M. Mathiesen, og hlustað á flokksbróður sinn Guðjón Guðmundsson fara yfir það með skýrum rökum hvað þetta er nú allt brothætt, hvað þessi trúarbrögð frjálshyggjunnar eru brothætt og gagnsæ þegar allt kemur til alls — að selja bara til að selja. Mikið lifandis skelfing er mikil ástæða til þess að hv. þm. Guðjón Guðmundsson komi hér oftar upp og geri glögga grein fyrir því á hvaða leið hæstv. ríkisstjórn er þegar kemur að þessum trúarbrögðum. Því það er auðvitað ekki bara Sementsverksmiðja ríkisins, sem á raunar heimilisfestu í heimabæ hans Akranesi, sem áhöld eru um hvort skynsamlegt sé að fara með út á markað undir þeim formerkjum sem ríkisstjórnin hefur gert. Þetta er mikilvægt atriði.

Ef við víkjum að þeim málum sem eru til umræðu, fjármálafrv. hæstv. fjmrh. og raunar ríkisstjórnarinnar allrar, verður ekki undan því vikist, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um eðli umræðunnar og hvernig hún hefur gengið fram. Venju samkvæmt hefur hæstv. fjmrh. verið þaulsetinn eins og sjálfsagt er og tekið þátt í umræðu eftir því sem efni hafa staðið til. Hitt er auðvitað athyglisvert að fagráðherrar ríkisstjórnarinnar, forustumenn hennar, formenn stjórnarflokkanna, ráðherrar útgjaldafrekra ráðuneyta á borð við heilbrigðismál, félagsmál og samgöngumál hafa lítið sem ekkert látið sig varða umræðuna. Ég geri satt að segja ekki allt of mikið með það að þeir sitji undir ræðum okkar stjórnarandstæðinga en ég kalla eftir því að fram komi stefnumörkun og sýn af hálfu fagráðherranna — ég bið hæstv. heilbrrh. til að mynda, af því að hún er í salnum, að leggja við hlustir — að við fáum allítarlega ræðu um það hvernig hún sér kafla fjárlagafrv. ganga fram hvað varðar þjónustu við almenning á heilbrigðissviðinu. Ég er ekki að biðja um tveggja mínútna andsvar, ég er að biðja um hugsaða ræðu þannig að þingheimur geti glöggvað sig á því hvað hún ætli sér að gera á komandi fjárlagaári.

Að því er ég veit best hafa verið haldnar 17 til 18 ræður og enn þá eru eftir fimm eða sex hv. þm. á mælendaskrá. Síðast þegar ég vissi var ekki einn einasti ráðherra ríkisstjórnarinnar að hæstv. fjmrh. undanskildum sem hafði séð ástæðu til að skrá sig á mælendaskrána og ætla þeir sem sé að skila fullkomlega auðu í umræðunni. Sérstaklega er það eftirtektarvert í ljósi þess að um nokkurra ára skeið hafa menn unnið frv. samkvæmt svokölluðum rammafjárlögum sem þýðir að einstök fagráðuneyti eiga að bera stóraukna ábyrgð á útgjaldaramma sínum og fá tiltölulega mikið sjálfdæmi um að fylla inn í hann með þeim verkefnum sem þessir ráðherrar telja æskileg og nauðsynleg. Auðvitað er algerlega fráleitt að hið háa Alþingi skuli ekki verja nema tveimur eða þremur dögum til umræðunnar eins mikilvæg og gagnleg og hún á að vera án þess að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar leggi eitt einasta orð í þetta púkk annað en að standa til svara í einhverjum snöggum skeytastíl í andsvörum. Ég kalla eindregið eftir því og vísa til að mynda, af því það ber svo vel í veiði að hæstv. heilbrrh. er hér, að hún standi við þau orð sín sem hún lét falla, að vísu við annað tilefni, í umræðu um störf þingsins fyrir nokkrum dögum, þar sem hún kallaði einmitt eftir því, sagði að það væri tilhlökkunarefni að fá hér ítarlega og góða umræðu um heilbrigðismálin. En ætlar ráðherrann að vera stikkfrí í henni? Ætlar hún ekki að vera með? Á þingheimur ekkert að vita um það hver eru sjónarmið hennar og stefnumið á komandi fjárlagaári eða er hæstv. fjmrh. einráður um þetta? Eru rammafjárlögin bara plat og vitleysa? Ræður hann þessu öllu saman þegar allt kemur til alls eins og menn hafa raunar haldið fram í einstaka ráðuneytum? — Nú kemur fagnandi hæstv. samgrh., (**Samgrh.:** Ræðan var svo góð að ég vildi nálgast ræðumanninn) og væri ástæða til að hann færi að líta yfir fjárlagafrv. og færi að segja okkur hvaða sýn hann hefði til að mynda á sinn málaflokk, samgöngumálin, sem eru í rjúkandi rúst eftir býsna góða frammistöðu ráðherrans til nokkurra ára. En hann er algjörlega þrotinn öllum kröftum og hættur og lætur hæstv. fjmrh. um að svara fyrir að átakið gamalkunna í samgöngumálum er liðin tíð. Það hætti bara þegar fráfarandi ríkisstjórn fór frá völdum og Framsókn tók við. Með öðrum orðum, eigum við ekkert að heyra frá hæstv. samgrh. Halldóri Blöndal um sýn hans í samgöngumálum þjóðarinnar? (**Fjmrh.:** Hann sprengir bara.) Já, hann sprengir bara segir hæstv. fjmrh. og má kannski lesa úr þeim orðum hans að hann sprengi umræðuna í loft upp og verði til þess að setja hana í annan farveg en hæstv. fjmrh. þóknast. Það er auðvitað hættan, mann grunar það. Annaðhvort er hæstv. ráðherrum ekki treystandi eða trúandi til þess að fara í almenna umræðu um fjárlög íslenska ríkisins um málaflokka sína eða þá að hæstv. fjmrh. hefur sagt þeim að, fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti: „hold kæft" vegna þess að þeir gætu sprengt hana í loft upp og farið óvarlega með staðreyndir. Það er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hafa nokkur orð um þetta. Þetta er svo sláandi og þögnin er hrópandi.

Nokkur orð um form frv. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í það, aðrir ræðumenn hafa gert það, það er auðvitað til bóta. Ég ætla ekki að draga neitt úr því. Það að fara af þessum greiðslugrunni á rekstrargrunninn er auðvitað satt og rétt. — Undrar mig nú ekki, virðulegi forseti, að þeir hópist

í kringum hæstv. fjmrh. og leiti upplýsinga um fjárlagafrv. Það kann að vera að þeir ætli að verða við óskum mínum um að þeir segi okkur sýn sína og stefnumörkun í málaflokkum ráðuneytanna.

Ég vil hins vegar nefna það við hæstv. fjmrh. að þegar menn eru að reyna ná fram heildarmynd af umsvifum ríkisins, skuldbindingum þess innan fjárlagaársins, þeim breytingum sem rekstrargrunnurinn kallar á, að allar áfallnar skuldbindingar, hvort sem þær verða greiddar eða ekki, verði sýnilegar og einnig hitt sem menn hafa verið að feta sig áfram með um kynslóðareikninga framtíðarinnar, hvort menn eigi ekki að ganga lengra fram í þessu sambandi. Getum við ekki vænst þess að fá raunverulegan efnahagsreikning ríkisins til að mynda í rekstrarreikningi og hvort það hefði ekki verið eðlilegt út af fyrir sig til upplýsinga, að menn stilltu upp slíkum efnahagsreikningi? Það er venja í öllum venjulegum fyrirtækjum. Það er venja hjá öllum sveitarfélögum. Það væru ekki bara áfallnar skuldbindingar innan viðkomandi fjárlagaárs sem væru þar með sýnilegar heldur líka aðrar áfallnar skuldbindingar lengra inn í framtíðina og er ég auðvitað að nefna þá samkomulag sem gert hefur verið við sveitarfélög um að fjármagna inn í lengri framtíð hafnarmannvirki, heilbrigðismannvirki eða hvaðeina, samningar jafnvel um verktaka, um lán til lengri tíma þannig að við fengjum alla myndina upp á borðið — og líka tekna megin sem er auðvitað ekki veigaminna. Að menn reyndu að gera sér glögga grein fyrir því hvaða verðmætum ríkið byggi yfir, þá á ég auðvitað við um landið. Ég á við hálendið, ég á við að menn reyndu að slá einhverjum tölum á það hvað heita vatnið í iðrum jarðar gæti þýtt fyrir okkur á næstu árum og áratugum. Ég nefni lendur og lóðir ríkisins. Með öðrum orðum er ég ekki að tala um neina hefðbundna eignaskrá. Hún er til, það veit ég vel. Ég er að reyna að átta mig á því hvort menn geti ekki nálgast framtíðarsýn kynslóðanna jafnt plúsmegin og mínusmegin. Ég þori tæpast að nefna fiskinn í sjónum en geri það þó samt. Þannig að menn fetuðu sig áfram á þessari braut sem ég held að sé hárrétt og reyndu að fá gleggri heildarmynd af því hvað við blasir og ekki eingöngu það sem á við á því fjárlagaári sem við erum að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ætla að stikla á örfáum atriðum í þessu fjárlagafrv., efnisatriðum sem verður ekki undan vikist að drepa á. Það verður í stikkorðastíl sökum tímans. Ég minnist þess á dögunum að hæstv. forsrh. hafði þau orð uppi í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar að það væri dýrt að vera Íslendingur og það er hárrétt. Það er býsna dýrt fyrir fámenna þjóð að halda uppi þeirri stjórnsýslu og því velferðarkerfi sem við erum að reyna. Það kostar peninga og hagkvæmni stærðarinnar nýtist ekki eins og gerist hjá milljónaþjóðum og milljónatugaþjóðum. En það er líka dýrt að vera fátækur. Það eru líka orð að sönnu. Ég hygg að almenningur í landinu átti sig kannski betur á því nú en oft áður hversu dýrt það er að geta ekki verið þátttakandi í góðærisklúbbnum.

Það hringdi í mig maður á dögunum, launamaður, þriggja barna faðir, 26 ára gamall. Hann vinnur á bifreiðaverkstæði í Reykjavík, þetta er karlmannavinnustaður, þeir eru þar sex. Hann spurði einfaldlega: „Hvar kemst maður í þennan góðærisklúbb? Hvernig fer maður að því að ganga í hann?" Saga hans var ákaflega einföld. Hún er auðvitað í líkingu við það sem gerist og gengur, ég mundi skjóta á 30–40 þúsundum heimila í landinu. „Við strákarnir vorum að bera okkur saman og það gerist bara þannig, þó að í mörgum tilfellum sé konan útivinnandi, að launin duga ekki fyrir gluggaumslögunum. Það er alltaf eitthvað sem út af stendur. Við höfum verið að brúa þetta bil með lántökum, skammtímalántöku eða lánum til lengri tíma og það hallar einfaldlega alltaf á verri veg. Við höfum verið að reyna að vinna yfirvinnu líka" sagði þessi maður, „það bara dugir ekki til, þá er það tekið í skatta. Hvað á ég að gera? Hvernig kemst maður í þennan góðærisklúbb?" sagði hann. Ég verð að játa það, virðulegi forseti, að mér var orða vant. Ég hafði engar patentlausnir. Ég benti á ýmis atriði sem auðvitað mætti bæta og gera betur og hér hefur verið drepið á af hálfu minna flokkssystkina í mörgum atriðum. Auðvitað þarf að stokka upp skattkerfið, það gefur auga leið. Skattkerfið í dag er ákaflega neikvætt fyrir „meðaljóninn" og þjónar alls ekki undir hinn almenna launamann, það gefur auga leið. Í tíð ríkisstjórnarinnar hafa menn frekar verið að feta sig í þá átt að gera skattkerfið betur úr garði fyrir þann sem á umframfjármuni og vill leggja þá í fyrirtæki. Allar tilraunir til að mynda um að ná í þá sem hafa fjármuni handa á milli eru af vanmætti gerðar. Fjármagnstekjulögin sem voru samþykkt skila engu. Það sér hver maður og ekki nánda nærri því í líkingu við það sem uppleggið var í upphafi.

Ég kalla eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. gefi mér einhver svör handa þessum manni og segi mér hvar launamenn í landinu, þriggja barna feður sem eru 26 ára gamlir með laun sem eru eins og hjá þessu fyrirtæki á bilinu 80–110 þús. kr., komast í góðærisklúbbinn. Hvar á að banka upp á? Hver úthlutar þar skírteinum?

Það er búið að drepa á það hér, virðulegi forseti, sem setur þessa heildarmynd glöggt upp, að á sama tíma og hæstv. fjmrh. er að bisa við, í bullandi góðæri þar sem peningarnir renna inn í stríðum straumum, að halda fjárlögunum á komandi ári hallalausum. Honum tókst það ekki í ár, það er fyrirséð samkvæmt fjáraukalögum og ég efast stórlega um að honum takist það á næsta ári. En á sama tíma veit hann ekki af því eða virðist ekki vilja vita af því, að fjölskyldur í landinu reka heimili sín með halla upp á 25–29 milljarða kr. á hverju einasta ári. Þá er það býsna létt í vasa fyrir hinn almenna launamann þó að fjárhirðir ríkisvaldsins nái að sleppa á núllinu. Það er ákaflega létt í vasa, virðulegi forseti.

Tíminn rennur hratt frá. Ég verð því að sleppa málum á borð við samskipti sveitarfélaga og ríkisins, heilbrigðismál, barnaspítalamál, samgöngumálin og fleira. En ég get ekki látið hjá líða en að nýta þær örfáu mínútur sem ég á eftir til þess að ræða örlítið stöðu þingsins. Ég gerði það í upphafsorðum mínum með vísan til þess að ráðherrarnir væru stikkfrí í umræðunni. En málið er grafalvarlegra en það því að í fjárlagafrv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar allrar eru brotin lög, skýlaust og ákveðið. Í fjárreiðufrv. sem samþykkt var í vor var það algerlega frágengið og niðurnjörvað og skilningur alls þingheims að Alþingi Íslendinga hefði fyrsta og síðasta orðið um það sem lyti að fjárreiðum innan húss og hvað varðar rekstur þingsins. Ég vísa til þess, virðulegi forseti, að í grg. í nál. frá sérnefnd segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um gerð og meðferð fjárlagatillagna Alþingis. Enginn vafi leikur á þeirri sérstöðu sem Alþingi hefur í stjórnkerfinu. Byggist hún á löggjafarvaldinu, þingræðisreglunni, fjárstjórnarvaldinu, eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu o.fl. atriðum. Í stjórnarskránni og almennum lögum er að finna fyrirmæli um innri starfsemi þingsins."

Síðan segir, og það er niðurstaða í þessum kafla um fjárreiður þingsins:

„Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis, eða meiri hluta þess, og því er ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem hlutaðeigandi ríkisstjórn hefur boðað. Til að taka af allan vafa um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun. Þá er í tillögum nefndarinnar loks lagt til að ákvæðið nái einnig eftir því sem við getur átt til frumvarps til fjáraukalaga."

Í ræðu formanns þessarar nefndar, Sturlu Böðvarssonar, núv. varaformanns fjárln., er enn þá hnykkt á þessu og sagt berum orðum að ekki komi til greina að framkvæmdarvaldið, hæstv. fjmrh., fari að krukka í þær tillögur sem frá hinu háa Alþingi koma. En hvað hefur gerst? Hvað birtist hér? Ég, sem sit í forsn. þingsins, kannast satt að segja ekkert við það sem hér er að finna og lýtur að fjárframlögum til hins háa Alþingis, kannast hreinlega ekkert við það og fæ satt að segja engan botn í hvaða stefnumörkun hér er að baki. Ég ætla svo sem ekki að spyrja hæstv. ráðherra um það. En ég gagnrýni þetta mjög harðlega og raunar er nú sárt til þess að vita að hv. þm. Sturla Böðvarsson, formaður þessarar sérnefndar, varaformaður fjárln., einn af forustumönnum Sjálfstfl. skuli ekki vera hér við þessa umræðu, geti ekki komið inn í hana í andsvörum. Ég sakna þess líka að í annars ágætri ræðu hans í gær skyldi hann ekki koma inn á þessa þætti. Niðurlægingin sem hæstv. fjmrh. sýnir hinu háa Alþingi í þessum efnum er skelfileg, hún er fyrir neðan allar hellur. Og ég geng svo langt að segja, virðulegi forseti, að hér hefur hæstv. fjmrh. og raunar ríkisstjórnin öll sem er ábyrg fyrir þessu frv. til fjárlaga gengið á svig við lög, brotið nýsett lög um fjárreiður ríkisins og þær forsendur sem þar lágu að baki.

Það er auðvitað enginn bragur á því og hið háa Alþingi á ekki að sitja undir því. Ég undrast það að ágætir hv. þingmenn stjórnarliðsins skuli hafa látið þetta yfir sig ganga og tekið þessu með þegjandi þögninni í þingflokkum stjórnarflokkanna þar sem þessi mál hafa vafalaust verið rædd og reifuð, ég gef mér það. (Forseti hringir.) Mér þykir það aumt hlutskipti af þeirra hálfu að láta framkvæmdarvaldið valta yfir sig með þeim hætti sem birtist í þessu fjárlagafrv. og lýtur að sjálfstæði Alþingis og raunar þingræði í landinu.

[15:48]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þingmanns þá er það misskilningur af hans hálfu að halda því fram að hér séu brotin lög. Það er farið með fjárreiður Alþingis samkvæmt lögum og það er að sjálfsögðu einungis fjmrh. sem gagnvart stjórnarskrá íslenska lýðveldisins ber ábyrgð á framlagningu frv. Það skiptir engu máli hvaða ræður hv. þingmenn flytja, hvort sem þeir eru framsögumenn í málum eða flytjendur greinargerða, slíkar greinargerðir og slíkar framsöguræður breyta ekki lögum. Fjárreiðufrv. var flutt af fjmrh. Hann og fulltrúar hans sömdu við nefndina sem fékk málið til meðferðar um endanlegan texta og það er alveg ljóst að það getur enginn tekið frá fjmrh. ábyrgðina á flutningi frv.

Það liggur svo hins vegar alveg ljóst fyrir að hér eftir sem hingað til, svo að ég noti nú þekkt hugtak sem ég hef notað dálítið á undanförnum dögum, þá ræðir auðvitað Alþingi niðurstöðuna. Alþingi getur breytt frv. og það er að sjálfsögðu farið að tillögum Alþingis í öllum megindráttum þó að það sé ekki að öllu leyti, enda hefur Alþingi sem löggjafarstofnun síðasta orðið í þessum málum. Það er ekki skylda og getur aldrei orðið skylda nema beinlínis sé kveðið á um það í lögum að fjmrh. taki upp tillögur forsætisnefndarinnar og geri þær að sínum því að forsætisnefndin ber enga ábyrgð á því sem er í frv. heldur einungis fjmrh. Og það liggur svo auðvitað í augum uppi að það getur engin framsöguræða eða greinargerð breytt gildandi lögum eða stjórnarskrá.

[15:50]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér deilir auðvitað enginn um að það er lögum samkvæmt hæstv. fjmrh. sem fer með fjárlagafrv. hvers árs. Um það er ekki verið að deila. Það er hins vegar deilt um nefndarálit sérnefndar, anda þeirrar umræðu sem átti sér stað í þinginu og laut að því að ríkisstjórnin sem slík hefði ekki afskipti af fjármálum Alþingis með vísun til þingræðisreglna, *sem þýðir á mæltu máli, kroppaði ekki í og* breytti að eigin geðþótta þeim tillögum sem héðan kæmu. Og ef hæstv. fjmrh. er andvígur þeirri túlkun, þá er hann með öðrum orðum að ómerkja mann á borð við Sturlu Böðvarsson. Hann er að ómerkja hér nefndarálitið, þann skilning og þá lagatúlkun sem þar er að finna af hálfu sérnefndarmanna, Sturlu Böðvarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Jóns Kristjánssonar, Vilhjálms Egilssonar, Sighvats Björgvinssonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar, Árna M. Mathiesens, Ágústs Einarssonar, Ísólfs Gylfa Pálmasonar, Kristínar Ástgeirsdóttur og Péturs H. Blöndals. Er þetta fólk allt að fara með fleipur, hæstv. ráðherra? Er það bara bull og þvættingur sem þetta fólk heldur fram í nefndaráliti, um lög sem örfáum dögum síðar voru samþykkt? Nei, auðvitað ekki. Og það sem meira er, efnislega er ekki hægt að fá nokkurn botn í þessi afskipti, þetta kropp fjmrh. af fjárveitingum til Alþingis. Það er einmitt fróðlegt og ég ætla að gefa honum það hér á eftir, virðulegi forseti, að bera saman annars vegar hvernig útgjaldaþróunin hefur verið á hinu háa Alþingi og hins vegar hver þróunin hefur verið á hans heimavígstöðvum, þ.e. í einstökum ráðuneytum. Þar kemur augljóslega fram að hér í þessari stofnun hefur verið gætt ýtrasta sparnaðar. En það má kannski deila um það hvort svo hafi verið á þeim vígstöðvum sem hæstv. ráðherra ber sannarlega ábyrgð á og enginn deilir um, í hinu háa ráðuneyti.

[15:52]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa starfað hér á Alþingi lengur en hv. þingmaður, og ég er einn þeirra sem hef starfað hér um 20 ára skeið, vita að starfsemi Alþingis hefur gjörbreyst á undanförnum áratugum og starfið hefur orðið mun dýrara en áður. Það liggur í hlutarins eðli.

Við höfum á undanförnum árum verið að byggja upp húseignir hér í kring og þingið hefur sjálft ákveðið þær fjárveitingar. Það er þingið sem löggjafarstofnun sem hefur gert það, enda hefur þingið síðasta orðið í þessum málum.

Ég staðhæfi að fjármunir sem hafa farið til Alþingis og stofnana Alþingis eins og Ríkisendurskoðunar og umboðs-

manns Alþingis hafa verið ærnir og síst hefur Alþingi sjálft ákveðið að það væru minni fjármunir sem væri varið til þessarar stofnunar heldur en annarra stofnana ríkisins. Ég ætla bara að segja það hér og nú, og það stendur, að það er fyllilega farið að lögum í þessu fjárlagafrv. Hvergi í lögum um fjárreiður ríkisins er fjmrh. skyldaður til þess að taka upp í fjárlagafrv. tillögur frá einni stofnun frekar en annarri og gildir það sama um forsetaembættið, Hæstarétt og Alþingi Íslendinga sem forsætisnefndin stýrir. Það breytir hins vegar ekki því, og það er aðalatriði málsins, að það er tvennt sem menn þurfa að hafa í huga: Það er ráðherra sem fer með ábyrgð á því hvað er í frumvörpum og það er Alþingi sem hefur síðasta orðið sem fjárveitingavald um hvert fjármunirnir fara. Þetta eru þau atriði sem skipta öllu máli og vona ég að menn geti orðið sammála um það.

Ég vil aðeins bæta því við að síðustu að það er auðvitað sjálfsagt og hlýtur að koma að því að menn ræði breytingar á þessum háttum og þá kannski í þá átt sem hefur verið að gerast í nálægum löndum, þ.e. að takmarka breytingarétt alþingismanna. Þegar slíkt gerist, eins og hefur gerst í nágrannalöndunum, er auðvitað eðlilegt að menn verji hugmyndir sem koma frá þingunum og stjórnum þeirra til þess að tryggja að framkvæmdarvaldið gangi ekki á rétt þingsins.

[15:55]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að líta á vörn fjmrh. öðruvísi en þannig að um hreina og klára stríðsyfirlýsingu sé að ræða í garð þingsins. Hann svarar réttmætri gagnrýni minni um að gengið sé á rétt þingsins samkvæmt nýsettum lögum á þann veg að frekar væri ástæða til þess að takmarka rétt þingmanna til þess að gera breytingar á frv. til fjárlaga. Þvílík ósvífni. Og ég spyr enn og aftur, virðulegi forseti: Ætlar þingheimur að sitja undir þessum aðdróttunum hæstv. ráðherra, þessum skoðunum hans? Er hæstv. ráðherra að tala hér fyrir munn stjórnarliðsins í heild? Ég spyr. Ég hlýt að kalla eftir því hér í umræðum. Hv. þm. Jón Kristjánsson, hefur þú gengist undir það að á þig verði sett bönd og að starfsemi fjárln. verði með þeim hætti að þú þurfir fyrst að spyrja hæstv. fjmrh. hverju þú megir breyta eða hvað þú megir gera? (**Gripið fram í:** Það á að ávarpa forseta.)

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. ætlar að nota hina gamalkunnu taktík að hann hafi verið hér svo lengi að hann geti nú sagt þessum stráklingum sem eru nýkomnir frá því hvernig þetta hafi alltaf verið. En ástæðan er kannski einmitt sú, virðulegi forseti, að hann sé búinn að vera hér allt of lengi og verði ekki var við það hvað hér er á ferðum. Það hefur greinilega algjörlega farið fram hjá honum að því er virðist eða hann neitað að taka eftir því hvað gerðist sl. vor í langri umræðu um fjárreiður ríkisins. Og auðvitað er það þannig að þetta svar hæstv. ráðherra staðfestir það sem ég fullyrti áðan. Hann tekur ekkert mark á þessu fólki, þessum hv. þingmönnum, hvorki stjórnarliðum né stjórnarandstæðingum, sem lýstu í sérnefnd viðhorfum sínum hvernig fara bæri með fjárreiður Alþingis. Hann tekur bara ekkert mark á því. Þá veistu það, hv. þm. Jón Kristjánsson. (**Gripið fram í:** Það á að ávarpa forseta.) Það er algjör óþarfi að þú sért að sýsla með þessi mál. Þeir sjá bara um þetta uppi í fjmrn.

[15:57]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna þess að það henti hv. þingmann að segja við annan hv. þingmann úti í sal „þú“, þá vill forseti vitna í 54. gr. þingskapa og ítreka hana rækilega en þar segir: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.“ (**Fjmrh.:** Kenna þessum ungu þingmönnum.)

Umræðu frestað.

***Umræður utan dagskrár.***

Útboð og verksamningur um veitingasölu í Leifsstöð.

[16:00]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. hafa stundum gengið undir heitinu helmingaskiptastjórnir. Sú nafngift er engin tilviljun heldur helgast af því að einatt eru ríkisstjórnir af þessum toga merkisberar sérhagsmuna gegn almannahagsmunum. Þær gæta þess jafnan að Sjálfstfl. fái tækifæri til að skammta úr hnefa til flokksgæðinga og stórfyrirtækja sem þeim eru handgengin og Framsfl. hafði SÍS áluga og fyrirtæki þar á bæ undir sínum verndarvæng. Og hafi einhver látið sér til hugar koma að með breyttum tímum hafi eitthvað breyst í þessum efnum, í þessum helmingaskiptum milli stjórnarflokkanna, þá er það af og frá. Kolkrabbinn og smokkfiskurinn lifa góðu lífi þegar núverandi stjórnarherrar sitja í Stjórnarráðinu.

Einkavinavæðingin er þekkt hugtak og fjölmörg dæmi tiltæk þar sem sérvinum framsóknaríhaldsins eru seld ríkisfyrirtæki á slikk. Ekki er öll sagan sögð í þeim efnum. Menn bíða spenntir sölunnar á hlutafé ríkisins í bönkunum í því sambandi og það verður einnig fylgst með Aðalverktakasölunni og síðan vafalaust Pósti og síma þegar þar að kemur. Þá mun ríkisstjórnin vafalaust enn á ný sýna sitt rétta andlit í sérhagsmunagæslunni.

En nýjasta dæmið í þessum efnum er aðeins nokkurra daga gamalt eða frá 30. september og nú eru notaðar nýjar aðferðir til að koma „réttum aðilum“ að kjötkötlunum. Nú dugir ekkert minna en að fjarstýra sérstökum sérfræðingum ríkisvaldsins í útboðsgerð og útboðsskilgreiningu, nefnilega Ríkiskaupum. Ég er hér að ræða þá óútskýrðu gjörð að ganga fram hjá gildum tilboðum í húsnæði undir veitingarekstur í Leifsstöð. Þar var hafnað hæstu tilboðum frá traustum og áreiðanlegum aðilum og þau einfaldlega dæmd ógild en þess í stað tekið þriðja hæsta tilboði frá Flugleiðum.

Atlanta flugeldhús, dótturfyrirtæki Atlanta flugfélagsins, sem átti næsthæsta tilboð var dæmt óhæft vegna reynsluleysis í veitingarekstri. Fyrir þá sem ekki vita það er Atlanta fyrirtækið með 16 flugvélar í rekstri, 700 starfsmenn á launaskrá og veltu á síðasta ári upp á tæpa 6 milljarða kr. Þetta fyrirtæki, sem er með þeim öflugustu á íslenskum atvinnumarkaði, var dæmt ógilt og ekki hæft til að selja gestum og gangandi léttar veitingar á Keflavíkurflugvelli vegna þess að það hefði ekki reynslu af slíku enda þótt í tilboði frá fyrirtækinu væri nákvæmlega gerð grein fyrir áformum fyrirtækisins og einnig tilgreindir reyndir veitingamenn sem hefðu ábyrgð á þeim rekstri. Nei, 700 manna fyrirtæki reyndist ekki nægilega trúverðugt að mati ráðgjafa utanrrh. sem

lét sína menn síðan staðfesta. Þvílík firra. Og hæstbjóðandi, Erlan hf. og aðstandendur þess fyrirtækis, sem voru raunar með helmingi hagstæðara tilboð en Flugleiðir, hefur langa reynslu af veitingarekstri og sér t.d. samkeppnisaðila Flugleiða, Íslandsflugi, fyrir veitingum sem og Ferðaskrifstofu Íslands. Nei, þeir voru dæmdir úr leik vegna þess að þeirra tilboðsupphæð var á hvern fermetra hins leigða húsnæðis en heildartalan ekki sett á blað. Það var með öðrum orðum ráðgjafanum í Ríkiskaupum ofverk að margfalda fermetraverðið með hinum leigðu fermetrum. Raunar er nú þannig búið um hnúta í sýnishorni að leigusamningi sem fylgir útboðsgögnum að þar er umsamin leiga tilgreind í fermetraverði þannig að að dæma tilboð úr leik á þessum forsendum er fullkomlega fráleitt, virðulegi forseti.

Að vísu er það þannig, virðulegi forseti, að bjóðendur hafa engar skýringar fengið þrátt fyrir ítrekaðar spurningar í þá veru. Hvorki Ríkiskaup, flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli né ráðuneytið hafa virt þessa aðila svars. Þeir og aðrir hafa fengið útskýringar, ef útskýringar skal kalla, úr fjölmiðlum. Og trúnaðarmaður utanrrh. leyfir sér að tala opinberlega um smáa letrið í útboðsskilmálum sem gerði það að verkum að tilboði Flugleiða var tekið.

Ég hef áður átt orðastað við hæstv. utanrrh. um málefni Flugstöðvarinnar þar sem hann lagði þunga áherslu á að fara útboðsleiðina í Flugstöðinni. Þannig yrði unnt að stórauka tekjur í Leifsstöð. Útboðsleiðin var farin, ég hafði mínar efasemdir um hana. Þess undarlegra er að hæstv. ráðherra fúlsi nú við fjármunum sem eru á bilinu 45–80 millj. kr. á samningstímanum í fimm ár vegna þess að einhverjir undarlegir hagsmunir réðu þarna för.

Sú spurning hlýtur líka að vakna í þessu samhengi hvort samband sé á milli þessa svokallaða útboðs og þeirrar aðgerðar utanrrh. frá því í sumar að framlengja sjálfkrafa fimm ára þjónustusamningi við Flugleiðir um flugfarþega og flugrekstraraðila í Leifsstöðinni. Ákvæði þess samnings voru þau að væri honum ekki sagt upp, þá framlengdist hann sjálfkrafa. Utanrrh. bar því við að gleymst hefði að segja upp samningnum á réttum tíma og honum því framlengt fram yfir aldamót. Er eitthvert samband þarna á milli? Er það raunin á og óopinber stefna hins háa ráðuneytis að Flugleiðir hafi forgang umfram aðra þegar kemur að málefnum Keflavíkurflugvallar? Ég hef ekkert út á þetta ágæta fyrirtæki að setja, Flugleiðir. Hér er hins vegar um það að ræða hvort menn standi jafnir fyrir lögum, hvort þeir aðilar sem geta og vilja sinna þjónustu suður á velli hafi til þess yfirleitt tækifæri eða hvort þeim sé úthýst af einhverjum óútskýrðum sérhagsmunum sem ríkisstjórnin hefur í forgrunni.

[16:06]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Þegar þetta útboð var undirbúið þótti rétt að fela það Ríkiskaupum. Það þótti ekki rétt að utanrrn. væri með þetta í sínum höndum heldur væri rétt að fela þessari stofnun málið sem hefði bæði þekkingu og reynslu í þessum málum. Eftir að skipaður hafði verið átta manna vinnuhópur, fjórir frá Ríkiskaupum og þrír frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og sérstakur ráðgjafi Ríkiskaupa við útboðsgerð vegna veitingarekstrar í flugstöð, Íslandskostur hf., þá er það niðurstaða þessarar stofnunar að öll önnur tilboð en tilboð Flugleiða væru ekki lögleg og það var ákveðið að taka tilboði Flugleiða. Átti utanrrn. að fara að breyta því?

Ég hef síðan spurt starfsmenn Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli af hvaða tilboði sé mestur fjárhagslegur ávinningur og þeir hafa tjáð mér að þeir telji að mestur fjárhagslegur ávinningur fyrir flugstöðina sé í tilboði Flugleiða hf. Nú heyri ég að hv. þm. hefur komist að annarri niðurstöðu sem ég skil ekki alveg. En það er margt sem kemur inn í tilboð Flugleiða, t.d. breytingar í flugstöðinni fyrir tugi milljóna, 3% af veltu til endurnýjunar tækja sem er viðbótarleigugjald, nýtt kassakerfi og lagfæringar og breytingar á mötuneyti. Þá greiða Flugleiðir veltutengt leigugjald, 10% af öllum viðskiptum milli deilda í félaginu, svo sem sölu á veitingum til flugvirkja félagsins, sölu inn á Saga Class stofuna o.s.frv. Þetta er mat þessara aðila og ég hef í sjálfu sér ekkert annað um það að segja. Ég tel að hér hafi verið staðið faglega að verki og utanrrn. vildi standa þannig að málum að hlutlaus aðili kæmi hér að og þar hafa menn ekki verið með neina sérhagsmuni í kollinum eins og hv. þm. virtist telja, heldur fyrst og fremst hagsmuni flugstöðvarinnar.

Að því er varðar uppsögn á þjónustusamningi við Flugleiðir, þá var honum sagt upp 18. nóvember í fyrra og miðað við að uppsögnin tæki gildi um næstu áramót. Flugleiðir hafa mótmælt uppsögninni, það er rétt, en það eru viðræður í gangi milli Flugleiða og utanrrn. og ég tel enga ástæðu til þess að ætla annað en þar fáist farsæl niðurstaða sem allir aðilar geti unað bærilega við.

Þrátt fyrir hrakspár liggur það ljóst fyrir að þetta útboð mun þýða allmiklu meiri tekjur en við reiknuðum með þegar farið var út í útboðið og hv. þm. til upplýsingar var gert ráð fyrir því að vegna þessa útboðs fjölgaði störfum í Flugstöðinni um 50–60 manns, en nú er talið að það muni verða um 70–80 manns. Og þrátt fyrir allar hrakspár hefur ekki einum einasta manni verið sagt upp hjá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli vegna þessa útboðs þannig að ég sé ekki betur en hér hafi verið staðið eðlilega að verki. Ef menn telja sig hlunnfarna í þessu sambandi þá verða þeir að leita réttar síns. Það er engin önnur leið í því. Við getum ekki búið til nýjar leikreglur skyndilega. Við verðum að fylgja þeim leikreglum sem gert var ráð fyrir í útboðinu og ég vænti þess að þessar útskýringar séu fullnægjandi við þeim spurningum sem hér voru bornar fram.

[16:10]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Þegar við ræddum málefni flugstöðvarinnar utan dagskrár fyrr á árinu kom fram að nefnd sem utanrrh. hafði skipað hafði gert mjög misvel þokkaðar tillögur til að auka tekjur af rekstri flugstöðvarinnar. Þessar tekjur voru þó alls á síðasta ári 1.700 millj. kr. en tillögurnar voru gerðar til að hægt væri að greiða skuldir af byggingu flugstöðvarinnar. Skuldirnar voru nú allt í einu farnar að varna þeim svefni sem hingað til höfðu áhyggjulausir ráðstafað tekjum Fríhafnarinnar til annarra verkefna en niðurgreiðslna þeirra. Tillögurnar gerðu ráð fyrir stórauknum tekjum af Fríhöfninni, m.a. vegna aukinnar einkavæðingar og sérstök áhersla var lögð á útboð og samkeppni til að ná sem allra hagstæðustum samningum um alla hluti. Það vakti þess vegna mikla athygli þegar þessi fyrstu útboð voru opnuð að af tveimur gildum tilboðum í veitingareksturinn var því tekið sem var óhagstæðara fyrir ríkið, eða tilboði Flugleiða, en tilboð Atlanta hefði aflað ríkinu 35 millj. kr. aukinna tekna á þeim árum árum sem samið var um. Einhvern hefði nú munað um minna þegar þarf að borga niður skuldir og ég verð að segja að þrátt fyrir

að hafa fylgst mjög vel með fréttum af þessu máli og kynnt mér það nokkuð vel hef ég ekki séð nein gild rök fyrir þessari afgreiðslu. Þetta virðist hafa verið geðþóttaákvörðun og af einhverjum ástæðum sem ekki hafa verið skýrðar, alls ekki tekið tillit til þess hvort tilboðið var hagstæðara fyrir ríkið.

[16:12]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Ég get ekki sagt annað en ég á mjög bágt með að skilja afgreiðslu tilboða samkeppnisaðila Flugleiða í þessu máli, sérstaklega þegar maður lítur til þess að jafnvel er um það að ræða að tilboðsgjafar hafi fengið villandi upplýsingar í tilboðsgögnum um það hvernig standa ætti að tilboðinu. Mér finnst einnig einkennilegt að einum tilboðsgjafanum skuli vera legið það á hálsi vegna þess að þar er um að ræða nýtt fyrirtæki sem ekki er með starfsemi og því skuli vera hafnað á þeim grundvelli.

Mér finnst líka undarlegt hversu fá tilboð bárust í þennan rekstur og það hvarflar að mér að það standi að einhverju leyti í sambandi við þessa afgreiðslu sem tilboðin hafa fengið og jafnvel í þá yfirgnæfandi samkeppnisstöðu sem Flugleiðir hafa á þessum stað og á þessum markaði öllum. Og með hliðsjón af því hversu illa Flugleiðir standa sig í því að afgreiða farþega annarra flugfélaga um farangur þegar þeir fara um flugvöllinn, þá velti ég því fyrir mér hvort ekki sé rétt þegar útboð eiga sér stað á þjónustu á þessum vettvangi að svo stórir flugrekstraraðilar séu útilokaðir frá þátttöku í útboðinu.

[16:14]

**Ólafur Örn Haraldsson:**

Virðulegi forseti. Utanrrh. hefur gert glögga grein fyrir því hvernig staðið var að tilboði og útboði í veitingarekstur og annað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og tel ég að af orðum hans megi draga þá ályktun að við getum borið fullt traust til vinnu Ríkiskaupa og óháðra aðila sem stofnunin fékk til liðs við sig í þessu máli.

Málshefjandi hins vegar gat ekki um aðalatriði þess sem hefur verið að gerast í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og geri ég þó ekki lítið úr því að hann vill ræða þessi mál hér í dag. En hvað hefur verið að gerast í Flugstöð Leifs Eiríkssonar? Þar hefur eftirfarandi gerst og það hefur gerst á þeim tíma frá því að hér fór fram utandagskrárumræða um þau efni: Ríkiseinokun hefur verið aflétt. Ríkisverslun er þó haldið áfram með öruggum rekstri Fríhafnarinnar þó að vöruval hafi þar verið dregið saman. Fjölmargir einkaaðilar í verslun og þjónustu hafa komið inn í flugstöðina og er þar því gjörbreytt andrúmsloft, gjörbreytt rekstraraðstaða og gjörbreytt samkeppnisstaða.

En það hefur fleira gerst. Sá sem hér stendur er formaður þeirrar nefndar sem gerði tillögur um breyttan rekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í tillögunum sem nefndin gaf frá sér var gert ráð fyrir að tekjuaukning vegna tilboða og útboða í verslunarrými mundi skila 110 millj. Ég get að sjálfsögðu ekki upplýst hér tölur en get þó upplýst það að mun meiri tekjur verða af þeirri starfsemi sem þarna er komin inn og ætla ég þó ekki að fara að vitna í þau orð sem hér voru höfð sem hrakspár um þetta efni.

Þá vil ég einnig geta þess sem utanrrh. sagði hér frá að störfin sem fylgja þessari nýju verslun eru ekki 50–60 eins og við gerðum ráð fyrir í okkar áætlunum heldur 70–80 og við erum ekki að tala um eitthvað sem einhvern tíma verður. Við erum að tala um störf sem þarf að fylla um næstu áramót. Störfum hefur þar að auki fjölgað í Fríhöfninni og fram undan eru þeir tímar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem við spáðum að mundu marka tímamót og það mun sannast þrátt fyrir hrakspár þeirra sem annað hafa viljað.

[16:17]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að taka málið upp því að mér sýnist á öllu eins og það er lagt fram að full ástæða sé til þess. Hæstv. utanrrh. hefur komið fram og reynt að skýra út hvers vegna þetta einfalda mál, sem í því felst að fasteignasali eða fasteignaeigandi, leigusali í þessu tilviki, ríkissjóður, skuli taka tilboði þess aðila sem býður lægra í veitingasöluna. Þetta er mjög einfalt því að annar aðilinn bauð 18 millj. sem fastagreiðslu á ári og hinn 11 millj. og það eru nokkurn veginn 7 millj. þarna á milli ef mér reiknast rétt. Þær skýringar sem hæstv. utanrrh. gaf á þessu einfalda máli voru harla litlar og reyndar þannig að maður var engu nær af hverju lægra tilboðinu var tekið. Því er ekki óeðlilegt að menn taki undir þau viðhorf sem hafa verið sett fram um að hefðbundnu helmingaskipti Sjálfstfl. og Framsfl. hafi ráðið ríkjum þegar ákvörðun um veitingasöluna var tekin því að á ferðinni er ekkert smáfyrirtæki sem á næsthæsta tilboðið sem er Atlanta sem er eitt af stærri fyrirtækjum í landinu. Að bera því við að eins konar reynsluleysi valdi því að ekki sé hægt að taka tilboði þess er náttúrlega hjóm eitt og hreinn og klár barnaskapur. Að fyrirtæki með 16 flugvélar, 700 starfsmenn og 6 milljarða ársveltu hafi ekki reynslu til þess að selja samlokur. Að það geti ekki afgreitt franskar kartöflur. Hvers konar röksemdafærsla er þetta?

Því miður, virðulegi forseti, er annar angi af þessu máli líka. Hann er sá að enginn hefur gefið þeim fyrirtækjum sem áttu hærra tilboð en Flugleiðir í þessu tilviki almennilega skýringu á því hvers vegna þeirra tilboði var ekki tekið. Það er dæmt ógilt. Ég veit ekki hvers konar stjórnsýsluhættir þetta eru, virðulegi forseti, en ég vænti þess að í síðari ræðu sinni muni utanrrh. skýra málið betur og það miklu betur því að ekki fékk nokkur maður botn í þær skýringar sem hann setti fram áðan.

[16:20]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Þeir samningar sem eru til umræðu og varða Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafa verið í umfjöllun í fjölmiðlum í nokkuð langan tíma og menn þekkja þessa málavöxtu nokkuð vel. Ég hef lýst því sem skoðun minni að Flugleiðir eru eitt af bestu fyrirtækjum þjóðarinnar og hefur ekki og á ekki að þurfa á neinni ölmusu að halda til þess að geta stundað atvinnustarfsemi sína eðlilega. Þess vegna þurfa þeir ekki smáaleturslestur á tilboðum né einokunarsamninga sem í gildi hafa verið. Hjá Flugleiðum starfar sérlega hæft fólk til að standa í samkeppni, hvort sem er á Íslandi eða úti í heimi. Þess vegna fagna ég því sem hæstv. utanrrh. upplýsti áðan að sagt hefði verið upp einokunarsamningi sem Flugleiðir hafa haft á Keflavíkurflugvelli til afgreiðslu á borgaralegu flugi. Það var reyndar ekki gert fyrr en 18. nóvember að sögn hæstv. ráðherra en samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir því að það eigi að vera í október þannig að það er væntanlega ástæðan fyrir því að Flugleiðir hafa kært uppsögnina.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort verið hafi og sé til athugunar í ráðuneytinu umsókn frá Suðurflugi, sem er lítið fyrirtæki á Keflavíkurvelli, sem hefur verið að reyna að fá

leyfi til að afgreiða það flug sem kemst ekki upp að landgöngu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þetta eru ferjuflugvélar og litlar flugvélar sem hafa í rauninni verið út undan í allri afgreiðslu á svæðinu og hafa þess vegna verið í Reykjavík sem hefur lagt mikla áherslu á það að geta afgreitt slíkt flug. Keflavíkurflugvöllur hefur ekki haft þá aðstöðu vegna þess að enginn afgreiðsluaðili er til þess að þjóna þessu. Þessir aðilar hafa sótt sérstaklega um þetta en hafa ekki fengið svör og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort til greina komi að þessir aðilar fái heimildir jafnt sem aðrir til þess að afgreiða flug. Ég er ekki að gera ráð fyrir því að þarna séu óteljandi aðilar að afgreiða flugvélar heldur eins og gerist yfirleitt í öllum stærri flugvöllum í heiminum að það séu í það minnsta tveir aðilar sem geta afgreitt borgaralegt flug á alþjóðaflugvöllum.

[16:22]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að spyrja í upphafi af hverju verið er að fara út í þetta útboð yfirleitt. Það eru tvær ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi er verið að reyna að ná niður halla flugstöðvarinnar en enginn ráðherra hefur tekið á því hingað til þannig að það er mjög gott að hæstv. utanrrh. skuli núna loksins vera að taka á þessum halla.

Það er líka verið að reyna að nýta húsnæði flugstöðvarinnar til framtíðar. Mjög stórir hlutir eru að gerast í flugstöðinni núna og eru fram undan. Atlanta er að bæta við sig flugvél, Íslandsflug mun bæta við sig vél og Flugleiðir munu tvöfalda flota sinn úr 8 flugvélum í 16. Það sem er fram undan er alveg stórfenglegt.

Það er alveg ljóst að á næstu árum munum við þurfa miklu fleiri flugvélaplön. Núna eru sex ranar. Við þurfum miklu fleiri eftir eitt til tvö ár. Flugstöðin var byggð fyrir eina millj. farþega. Hún er löngu sprungin. Þar fara í gegn núna 1,2 millj. Núna fara 2–3 þúsund manns í gegnum flugstöðina á dag og að sjálfsögðu þarf mjög góðan veitingarekstur til þess að standa undir þessu og hér er ekki um að ræða sölu á frönskum kartöflum og samlokum eins og kom fram hjá einum þingmanni. Það er alveg fráleitt að tala svona úr þessum ræðustól.

Hér hefur líka verið sagt að það hafi verið gengið fram hjá gildum tilboðum. Það er ekki rétt. Nokkur tilboð bárust í veitingareksturinn og þrjú þeirra voru með tæknilega galla. Tilboð aðilanna var ekki í samræmi við útboðsgögn og allir hér inni vita að þegar menn gera útboð er mjög strangt með farið. Það var líka haldinn kynningarfundur. Það er ekki búið að villa um fyrir neinum. Það var haldinn kynningarfundur fyrir þá sem vildu gera tilboð og ekki var verið að villa um fyrir neinum þannig að eðlilega hefur verið staðið að málum að mínu mati.

Það er heldur ekki rétt að stórt flugfélag eins og Atlanta hafi verið dæmt. Það var ekki Atlanta sem var að gera tilboð. Það var Atlanta flugeldhús og menn í útboðsrekstri vita að það er verið að dæma þá sem koma með tilboðin og það er allt annað mál. Ég tel því að hér hafi verið staðið rétt að málum. Ef aðilar eru ósammála því er nærtækast að kæra málið til kærunefndar útboðsmála sem tilheyrir fjmrn. Þeir hafa fengið til sín nokkur mál og tekið á þeim reyndar einungis einu sinni. Hafa þeir mælt með því að viðkomandi aðili sem kærði þangað fengi bætur fyrir það útboð sem valið var. En ég held að mjög stórt mál sé á ferðinni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það hefur verið staðið ágætlega að þessum útboðsmálum. Því miður bárust ekki fleiri tilboð en það er ekkert sem hægt er að gera við. Ríkiskaup hefur reynt að gera þetta eftir bestu getu og ef menn eru ósáttir við það verða menn að kæra.

[16:26]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Á 120. þingi flutti ég till. til þál. um verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Nokkuð hrærði sú þáltill. upp í hugum manna varðandi reksturinn og var það vel. Vonandi að þetta sé fyrsta skref í átt til þess að þar megi reka betri og frjálsari verslun en raun ber vitni nú.

Það er aðeins ein örstutt athugasemd sem ég vildi koma með og beina fyrirspurn minni til hæstv. utanrrh. Í reglugerð nr. 94/1957 er afgerandi í 1. gr. svohljóðandi setning sem segir svo, með leyfi forseta:

„Flugráð fer með stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli undir yfirstjórn utanrrh."

Varðandi þetta mál kannast ég ekki við það að flugráð hafi fengið nokkurn hlut um þetta mál að vita, hvað þá heldur að til þess hafi verið leitað með umsagnir eða samstarf varðandi málið. Ég tel að staða flugráðs sé óyggjandi varðandi hvers konar flugrekstur á Keflavíkurflugvelli sem þar á að koma að með meiri og öðrum hætti en raun ber vitni. En fyrst og síðast, þetta er skref í rétta átt og vonandi að frekar verði nú tekinn upp frjáls verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar til þess að efla þar verslun og viðskipti þá væntanlega til frekari hagsbóta fyrir rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

[16:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Mér sýnist að í þessu máli sé einkavinavæðingin og kolkrabbinn á fullri ferð í skjóli Framsóknar og íhaldsins. Maður veltir því fyrir sér: Er verið að afhenda hér kolkrabbanum veitingareksturinn í Leifsstöð eins ódýrt eins og hægt er og hvar eru kostir samkeppni og kostir útboðs sem íhaldið í orði hverju talar fyrir til þess að hámarka arðinn?

Við vorum áðan að ræða fjárlögin. Þar kemur fram að mikil óvissa ríkir um fjármálin í Leifsstöð. Þar kemur fram að fjármagnskostnaður vegna Leifsstöðvar umfram fjármagnstekjur séu 264 millj. kr. og hækki um rúmar 80 millj. kr. frá fjárlögum 1997. Þetta er sama fjárhæð og málshefjandi nefndi áðan að ríkissjóður yrði af með því að taka tilboðinu. Maður hefði nú haldið í skjóli þessara rekstrarerfiðleika sem Flugstöðin á í að tekið hefði verið tilboði sem gæti grynnkað eitthvað á skuldunum. Nei, nei. Það er auðvitað kolkrabbinn sem er þarna í fyrirrúmi og það er alveg ljóst að samþjöppun valds á flutningsmarkaði er farin að ógna alvarlega samkeppni. Eins og haldið er á málum, að taka ekki þessu tilboði sem fært hefði meiri tekjur í ríkissjóð er auðvitað alveg óskiljanlegur hlutur og full ástæða er fyrir því að við jafnaðarmenn höfum flutt beiðni um skýrslu til viðskrh. um það að samkeppnishættir í banka- og flutningastarfsemi verði skoðaðir. Mér finnst að hæstv. utanrrh. verði að skýra málið miklu betur en hann hefur gert í ljósi stöðunnar í rekstrinum á flugstöðinni og ekkert komið fram sem réttlætir það að þessu tilboði hafi verið tekið. Þess vegna þakka ég hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu.

[16:30]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Enn eru tveir hv. alþingismenn á mælendaskrá áður en frummælandi fær orðið og verð ég að biðja þá tímans vegna

að stytta mál sitt og láta sér nægja stuttar athugasemdir, eina mínútu.

[16:30]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það er enginn halli á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hefur aldrei verið. Þetta er bullandi gróðafyrirtæki. Eigandinn, ríkið, hefur ákveðið að taka peninga út úr fyrirtækinu og nota til annarra verkefna, þ.e. til þess að byggja upp flugvelli allt í kringum landið.

[16:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þau er ákaflega sérkennileg þessi misvísandi skilaboð sem við fáum frá stjórnarþingmönnum. Annars vegar koma skilaboð frá framsóknarmönnum um að verið sé að fara í útboð til að ná niður halla á flugstöðinni og hins vegar koma skilaboð um að það sé enginn halli. Ef það er halli, þá hefði maður nú a.m.k. haldið að það ætti að taka hæsta tilboði. Og ef hæsta tilboði er ekki tekið, þá þurfa náttúrlega að vera gild rök fyrir því. Rök eins og hafa komið frá öðrum framsóknarmönnum hér um að litið hafi út fyrir að tekjur af sölu í flugstöðinni yrðu mun hærri en menn gerðu ráð fyrir og að það sé einhver ástæða fyrir því að ekki sé tekið hæsta tilboði í veitingareksturinn, eru náttúrlega bara út í hött. Það vantar miklu skýrari svör frá hæstv. utanrrh. við því hvað svona vitleysisgangur eigi að þýða. Auðvitað dettur manni helst í hug að hér sé kolkrabbinn kominn með angana og búinn að krækja sér þarna í bita án þess að ég ætli að fara að setja út á þjónustu þeirra fyrirtækja sem hér eru að bítast um reksturinn.

[16:32]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Mér finnst þetta vera dálítið varasöm umræða því að það leikur grunur á að hér hafi verið beitt óvönduðum vinnubrögðum við útboð. Það er mjög alvarlegt og trúnaðarbrestur hefur orðið í samskiptum manna út af þessu máli.

Mér finnst svör hæstv. ráðherra ekki vera sannfærandi um það að vísa mönnum bara dómstólaleiðina ef þeir telja á sér brotið. Mér finnst þetta vera verra mál en það þegar skoðað er að þeir aðilar sem bjóða í eru dæmdir úr leik á óljósum forsendum. Svo virðist vera að hér sé tekið tilboði sem hugnast mönnum betur. Við þekkjum dæmi úr einkavinavæðingu þessarar ríkisstjórnar, þ.e. SR-salan á sínum tíma þegar menn fengu ekki tækifæri til að standa við hæsta tilboð. Mér finnst vera mjög mikilvægt að það sé tiltrú í útboðsviðskiptum. Það má ekki verða brestur á því og ef það er rétt eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Árna Mathiesen að legið hafi fyrir villandi upplýsingar í útboðsgögnum, ef rangt er staðið að útboði, þá ber að endurtaka það.

Mér finnst, herra forseti, að utanrmn. eigi að skoða þetta mál. Flugstöð Leifs Eiríkssonar heyrir undir utanrmn. og hún á að fara yfir þetta mál, kalla aðila fyrir og sjá til þess að það ríki trúnaðartraust aftur í sambandi við þá brýnu uppstokkun sem fer að verða á málefnum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

[16:34]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að skjóta sér á bak við ráðgjafa. Hann er sá sem ábyrgðina ber sökum þess að verksali og verkkaupi raunar líka er Flugmálastjórn sem heyrir undir hann. Ég er búinn að lesa spjaldanna á milli útboðsgögnin sem eru upp á 32 blaðsíður. Það er ekkert í þeim sem hefur sannfært mig um réttmæti þess að þau tvö tilboð sem hæst voru voru dæmd ógild og auðvitað er það á ábyrgð ráðherrans að fara í gegnum þær málefnalegu forsendur sem að baki liggja og því árétta ég mína spurningu: Er það hans skoðun og hans mat eftir að hann lét sína undirmenn skrifa undir þennan verksamning að dótturfyrirtæki Atlanta, þessa stórfyrirtækis, hafi ekki haft nægilega reynslu til að takast á hendur þetta verkefni? Er það hans skoðun? Er hann sammála ráðgjafanum um það? Það er lykilatriði í málinu. Þess vegna er ég að kalla á hans svör í þessari umræðu. Það þýðir ekkert að afgreiða málið hér út um gluggann með því að segja: „Þessir aðilar geta bara sótt sinn rétt hjá kærunefnd eða dómstólum eða hvaðeina." Hér er um pólitískt mál að ræða, pólitískt kjörinna aðila, framkvæmdarvald í þessu tilfelli, sem við erum dómstóll um. Þess vegna erum við að ræða málið hér.

Um þjónustusamninga að öðru leyti, þá upplýsti ráðherra það hér að þó að óljóst sé hvort þeim hafi verið sagt upp á réttum tíma eður ei, að viðræða væri í gangi. Ég spyr: Geta aðrir en Flugleiðir samkvæmt því, komið að þeim viðræðum og lýst sínum áhuga og óskum í þeim efnum eða er eingöngu um það að ræða að Flugleiðir taki þátt í þeim viðræðum um framtíðarskipan þjónustumála á flugvöllum í heild og breidd inn í lengri framtíð?

Hér hafa menn rætt um útboðsleiðina. Ég hef haft mínar efasemdir um að þær breytingar sem átt hafa sér stað í Leifsstöð skili þeim fjármunum sem til er ætlast. Reynslan mun skera úr um það. Hún er ekki komin á daginn, það er langur vegur frá. Ég vona hið besta en er viðbúinn hinu versta. Ríkiseinokun getur verið slæm en guð hjálpi okkur þegar einkafyrirtækjaeinokunin ríður í garð eins og mér virðist ætla að verða í Leifsstöð í stórum stíl. Það er það versta sem við getum kallað yfir okkur og það er einmitt það sem er að gerast, virðulegi forseti.

[16:36]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég er sammála hv. 11. þm. Reykv. sem sagði að það þyrfti að ríkja traust í útboðsviðskiptum og þess vegna er mér ekki alveg ljóst til hvers hv. þingmenn ætlast af utanrrh. í þessu sambandi. Það er farið út í að bjóða þessi viðfangsefni út og Ríkiskaup fengin til þess sem stendur í þessu á hverjum einasta degi og hefur mikla reynslu af slíkum málum. Það kemur niðurstaða út úr útboðinu þar sem það er álit þessara aðila sem hafa svona mikla reynslu að aðeins eitt tilboðið sé gilt. Síðan er það álit starfsmanna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli að þetta tilboð skili mestum fjárhagslegum ávinningi fyrir Flugstöðina. Ætlast þingmenn til þess að utanrrh. í þessu tilviki rifti þessum málum öllum og ákveði, þrátt fyrir þetta, að taka einhverju öðru tilboði? (**GÁS:** Setja sig inn í málið þó.) Setja sig inn í málið? Á ráðherra sem sagt að fara yfir þetta? Það hef ég gert. Ég hef spurt menn út úr í þessu sambandi og ég treysti þessum aðilum. Á svo ráðherra að koma og taka bara einhverja allt aðra ákvörðun? Eru það ekki handahófskennd vinnubrögð? Er það þannig sem hv. þm. vann í ráðherratíð sinni? Ég trúi því ekki. Ég trúi því ekki að hv. þm. hafi unnið þannig.

Hér hefur verið farið að leikreglum og það er ekki hægt að breyta þeim leikreglum eftir á eftir geðþótta ráðherra. Ég tel mig hafa unnið að þessu máli í samræmi við þær skyldur sem ég hef sem ráðherra og hafi ekki leyfi til þess að vinna það öðruvísi. Ef ég hefði gert það, er náttúrlega alveg

ljóst að sá sem fékk þetta verkefni, þ.e. Flugleiðir, hefði farið í skaðabótamál við utanrrh. og hann hefði þá þurft að vera viðbúinn því að taka afleiðingunum og ríkið að borga skaðabætur í samræmi við það þannig að mér finnst þetta vera alveg fráleitur málflutningur hjá mörgum hv. þm.

[Fundarhlé. — 16:39]

[18:03]

**Útbýting þingskjala:**

Áburðarverksmiðjan hf., 79. mál, fsp. SvG, þskj. 79.

Starfskjör hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum, 80. mál, fsp. JóhS, þskj. 80.

Tekjuskattur og eignarskattur, 77. mál, frv. KHG, þskj. 77.

Túnfiskveiðar, 78. mál, fsp. KPál, þskj. 78.

Vegasamband við þéttbýlisstaði, 81. mál, fsp. MS, þskj. 81.

## *Fjárlög 1998, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[18:04]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætla að víkja í þessari umræðu um fjárlagafrv. að fáeinum atriðum og fyrst atriði sem snertir heilbrrn. Það lýtur að því að í frv. er gert ráð fyrir því að framlög til heilbrigðismála breytist eins og rakið er í greinargerð frv. og ég ætla ekki að endurtaka hér. Jafnframt því er í frv. gert ráð fyrir því að framlög til heilbrigðismála verði skorin niður um 700 millj. kr. og það er ekki mjög rækilega skýrt í greinargerð frv. hvernig eigi að ná þeim niðurskurði. Fyrst eru tölurnar framreiknaðar eins og yfirleitt er gert og síðan eru þær skornar niður allar um 700 millj.

Í frv. eru að vísu í greinargerðinni nefnd tvö atriði sem eigi að skera niður. Það fyrra lýtur að niðurskurði á lyfjakostnaði og hann hækki ekki eins mikið og yrði að óbreyttu, heldur skorinn niður frá uppreiknaðri tölu, ef ég man rétt um 300 millj. Síðan er gert ráð fyrir því að lækka framlög og spara í tannlækningum. Það er sérstaklega nefnt. Ég held að við stöndum núna frammi fyrir þannig tíðindum í sambandi við tannlæknaþjónustuna að það sé algerlega ólíðandi ef það á að halda áfram að skera niður framlög til tannlæknaþjónustu, en svo virðist vera eftir þessum texta greinargerðarinnar. Ég held reyndar að málið liggi þannig að það eigi frekar að gefa í fjármuni í sambandi við tannlæknaþjónustuna, sérstaklega við börn, vegna þess að það hefur þegar komið í ljós að tannheilsa barna hefur versnað frá því sem var vegna þeirra breytinga sem gerðar voru fyrir þrem, fjórum eða fimm árum í þessum málaflokki. Þess vegna hvet ég til þess að þetta verði endurskoðað og menn hætti við að skera niður *þessi framlög til tannlæknaþjónustunnar* og ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig þessar tölur eru fundnar. Ég vildi auðvitað gjarnan hafa hér hæstv. heilbrrh. Er hún kannski í húsinu?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. heilbrrh. er ekki í húsinu.)

Nei, þá skulum við bara notast við hæstv. fjmrh., fyrirgefðu orðbragðið forseti. Ég er alveg viss um að hann leggur sig fram um að leysa þetta mál eins og hann lifandi getur. En áður en lengra er haldið hefði ég hins vegar viljað spyrja hæstv. forseta að því hvort hæstv. félmrh. er í húsinu. Ég hefði viljað fá að tala aðeins við hann. Ég hef grun um að hann sé hérna.

(**Forseti** (StB)**:** Hæstv. félmrh. er í húsinu og mun forseti gera ráðstafanir til að þess að hann verði hér.)

Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi kalla hann hér til fundar þannig að það verði eitthvað hægt að tala við hann um dagskrármálið.

Aðeins varðandi annað mál. Ég hef nefnt þetta með heilbrigðismálin og spurt: Hvað á að skera niður, hvernig og með hvaða rökum? Annað mál sem ég vil nefna eru löggæslumálin. Það hefur náttúrlega verið svo í pólitíkinni á undanförnum árum og áratugum að menn hafa ekki litið þannig á að löggæslan væri hluti af þessu almenna velferðarkerfi sem oftast er rætt um. Nú er það orðið þannig að löggæslan í landinu, ekki síst hér á þéttbýlissvæðinu, er að verða óhjákvæmilegur hluti af velferðarkerfinu, öryggiskerfi almennings, því að staðreyndin er sú að fólk getur varla frjálst um götur gengið hér í þéttbýlinu vegna þess hvernig ástandið er í þeim efnum og ætla ég ekki að rekja það neitt nánar.

Staðreyndin er sú að stjórnmálaflokkarnir hafa aldrei, og er þá enginn undanskilinn, mótað heildstæða stefnu í því sem kalla má löggæslumál og í þeim efnum er náttúrlega sök Sjálfstfl. mest vegna þess að hann hefur farið lengur með löggæslumál en nokkur annar stjórnmálaflokkur. En það hefur engin heildstæð opinber stofnumótun átt sér stað í sambandi við löggæslumál og staðreyndin er sú að þar hefur verið tekið býsna tilviljanakennt á hlutunum. Það er mjög alvarlegt og er núna að koma okkur í koll. Ég tel að ástandið sé þannig núna hjá okkur í þéttbýlinu, a.m.k. í mínu kjördæmi og víðar, að á þessum málum þarf að taka. Það þarf að móta stefnu í löggæslumálum til að tryggja að fólk geti gengið sæmilega öruggt um götur í þessu byggðarlagi. Reyndar hefur oft verið rætt um það hvort rétt sé að hafa löggæslukostnaðinn, lögregluna, hjá ríkinu. Mér finnst að það eigi að ræða það mál, hvort það er endilega eitthvað sem segir það að lögreglan eigi að vera hjá ríkinu um aldur og ævi. Hún var hjá sveitarfélögunum, ég hygg til 1972–1973, og var flutt af vinstri stjórninni sem þá var, ef ég man rétt, yfir til ríkisins. Út af fyrir sig voru alveg full rök fyrir því að breyta þessu þá. Það eru full rök fyrir því að hluti af lögreglunni a.m.k. sé hjá ríkinu en hluti af lögreglunni er með alveg dæmigerða nærþjónustu við almenning. Þess vegna finnst mér koma til greina að þessi þáttur þjóðfélagskerfisins, mér liggur við að segja velferðarkerfisins, eigi að vera hjá sveitarfélögunum og það eigi að velta því mjög alvarlega fyrir sér.

Ég vek í þessu sambandi athygli á ítrekuðum samþykktum í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem fulltrúar allra flokka sem þar eiga sæti hafa staðið að tillögum um áskorun á ríkisstjórnina um samstarf að því er varðar löggæslumál, sérstaklega t.d. í Breiðholti og Grafarvogi svo að ég nefni dæmi. Því miður hefur ekki verið hægt að verða við þessu af því að menn ganga eftir svo stífum reglum. Það eru stundum svo þykkir veggirnir í kerfinu að það má aldrei skoða það að færa einhvern hluta til af því að þá rekst það á þetta heilaga sem er hrein verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem er eitthvað það ótrúlegasta sem fundið hefur verið upp af öllu. Það er svona klisja sem menn ganga fyrir að það verði að vera svo hrein verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga

að það megi helst aldrei hittast nokkur skapaður hlutur á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er alveg kolvitlaust því að auðvitað eiga ríkið og sveitarfélögin að vinna saman eins og allir aðrir í þessu landi.

Þetta nefni ég hér, herra forseti, og vil ítreka að það er mín skoðun að það þurfi að móta nýja stefnu í löggæslumálum og fara yfir þá hluti að hve miklu leyti löggæslan á jafnvel að vera á vegum sveitarfélaganna eða undir húsbóndavaldi þeirra þannig að tryggt sé að fólk geti um frjálst höfuð strokið, a.m.k., og það verði öruggara og betra fyrir fólk að hreyfa sig hér um götur heldur en það er núna.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir rausnarskapinn. Ég er búinn að hafa hérna 20 mínútur alveg síðan ég byrjaði. Það var reyndar hæstv. forseti Sturla Böðvarsson sem var svona almennilegur við mig. En ég þakka hvaða forseta sem er fyrir það að vera svona rausnarlegur við mig á tímagjöf, enda veitir mér ekkert af því. Það er svo margt sem þarf að ræða hér.

(**Forseti** (RA): Ég skal nú reyna að færa þetta til betri vegar en hv. þm. er búinn að tala í 12 mínútur.)

Það nefnilega grunaði mig að gæti verið. Ég beygi mig undir þann dóm en held til haga þessu sem ég er hér að nefna, annars vegar með löggæsluna og hins vegar var ég að spyrja áðan um þessar 700 millj. sem á að spara í heilbrrn. eftir að tölurnar hafa verið uppreiknaðar og varaði við því að skorið yrði niður til tannlækninganna sérstaklega eins og mér sýnist vera gert ráð fyrir. Ég nefni þetta af því að hæstv. heilbrrh. heiðrar okkur með nærveru sinni á þessum fundi.

Þá ætlaði ég að leyfa mér, herra forseti, að víkja aðeins máli mínu til hæstv. félmrh. en 4. september sl. skrifuðu formaður og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga undir yfirlýsingu sem var lögð fram á fundi formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með fjmrh. og félmrh. 4. september 1997. Hérna er komið inn á mörg atriði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ég hygg að hafi ekki verið rækilega rædd í þessari umræðu. Ég ætla t.d. að minna á þessar frægu 500 millj. sem ríkisstjórnin allt í einu ákvað að sveitarfélögin ættu að leggja í púkkið í sambandi við lausn kjarasamninga en eru ekki frágengið mál. Í yfirlýsingu Sambands ísl. sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Harðlega er mótmælt hugmyndum um að tekjustofnar sveitarfélaga verði framvegis varanlega skertir um 500 millj. kr. í tengslum við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skattalækkun við frágang kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í mars sl.“

Hér er um að ræða mjög ákveðin mótmæli við þessum 500 millj. kr. sem átti að taka af útsvarinu og ég spyr: Hvar stendur þetta mál? Ég sé að textinn í fjárlagafrv. er ekki skýr í þessu efni.

Í öðru lagi segir í yfirlýsingu Sambands ísl. sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Í samræmi við yfirlýsingu félmrh. og fjmrh. og formanns og framkvæmdastjóra sambandsins frá 13. desember 1996 verður að bæta sveitarfélögunum að fullu fjárhagsleg áhrif vegna skattlagningar fjármagnstekna, breytinga á tryggingagjaldi og ákvæða tekjuskattslaga um frádrátt vegna hlutafjárkaupa. Ganga þarf frá nauðsynlegum lagabreytingum þar að lútandi fyrir lok þessa árs. Samkvæmt útreikningum sambandsins nemur samanlagður útgjaldaauki og tekjutap sveitarfélaganna vegna þessara lagabreytinga 215 millj. kr. á árunum 1996, 1997 og 1998.

3. Ítrekuð er krafa um að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði bætt aukin útgjöld vegna aukinna vanskila meðlagsgreiðenda við Innheimtustofnun sveitarfélaga sem leiddu af einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkun meðlaga frá byrjun árs 1993. Í samræmi við skýrslu Löggiltra endurskoðenda hf. eru aukin útgjöld jöfnunarsjóðsins, sem eingöngu má rekja til hækkunar meðlaganna, 462 millj. kr. vegna áranna 1994, 1995 og 1996. Hefur þá verið tekið tillit til sérstakrar 250 millj. kr. greiðslu ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins á árinu 1993. Á sömu forsendum þarf auk þess að bæta jöfnunarsjóðnum aukin útgjöld vegna vanskila meðlaga á árinu 1997.

4. Í kjölfar hækkunar útsvars vegna niðurfellingar aðstöðugjalds og yfirtöku launagreiðslna til kennara er innheimtuþóknunin, sem sveitarfélögin greiða ríkinu vegna innheimtu staðgreiðslu, um 57 millj. kr. hærri á þessu ári en fyrir breytingarnar. Afar óeðlilegt er að ríkissjóður hagnist með þeim hætti á verkaskipta- og tekjustofnalagabreytinu á kostnað sveitarfélaganna. Ítrekuð er krafa um að þóknun sveitarfélaganna vegna staðgreiðslu innheimtunnar verði lækkuð til samræmis við það sem var fyrir ofangreindar breytingar.

5. Umsýsla sveitarfélaganna vegna staðgreiðslutöku skatta af fjárhagsaðstoð er það umfangsmikil að þau sveitarfélög sem mesta fjárhagsaðstoð greiða þurfa bæði að leggja í aukinn kostnað vegna starfsmannahalds og hækka bæturnar til að fjárhagsaðstoðin komi viðkomandi einstaklingi að gagni. Óþægindi þeirra skjólstæðinga félagsmálastofnana sem koma til með að greiða skatta af fjárhagsaðstoð eftir á eru léttvæg miðað við það umstang og þá auknu vinnu sem lögð er á sveitarfélögin með staðgreiðslutökunni. Ríkissjóður verður ekki af neinum tekjum þótt skattar af fjárhagsaðstoð séu eftirágreiddir en það sparar sveitarfélögunum veruleg útgjöld. Lýst er mikilli óánægju með að félagsmálaráðneytið hafi enn ekki orðið við óskum sambandsins um að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna væri undanþegin staðgreiðslu og ítrekaðar eru óskir um að teknar verði upp viðræður til að fjalla nánar um þetta vandmeðfarna mál.“

Undir þetta rita eins og ég sagði áðan Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri. Bréfið er dagsett 4. september 1997.

Hér er með öðrum orðum um það að ræða, herra forseti, að forusta sveitarfélaganna í landinu er að fara fram á í fyrsta lagi að 500 milljónirnar verði aldrei af þeim teknar. Og ég spyr: Verður það gert? Hvað verður gert í þeim efnum? Í öðru lagi eru sveitarfélögin að segja: Við höfum orðið fyrir útgjaldaauka vegna breytinga á tryggingagjaldi og fleira upp á 215 millj. kr. Í þriðja lagi segja sveitarfélögin: Við höfum orðið fyrir skakkaföllum vegna breytinga á meðlögum upp á 462 millj. kr. Og þessi meðlagabaggi lendir reyndar eingöngu á litlu sveitarfélögunum í landinu vegna þess að hann er allur tekinn af jöfnunarframlaginu og snertir þess vegna ekki Reykjavík. Og í fjórða lagi er hér verið að segja: Við viljum að kostnaður verði lækkaður um 57 millj. kr. vegna innheimtu í staðgreiðslu og síðan er beðið um breytingar á staðgreiðslu á félagslegum bótum.

Með öðrum orðum, herra forseti, hér er um að ræða bil á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar upp á u.þ.b. 1.000 millj. kr. Og það er algjört lágmark, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki án þess að ríkisstjórnin geri nákvæmlega grein fyrir því hvernig hún

hugsar sér að koma til móts við sveitarfélögin í þessu efni.

[18:20]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get sannfært og fullvissað hv. þingmann um að það hafa farið fram viðræður á milli félmrn. og fjmrn. annars vegar og Sambands íslenska sveitarfélaga hins vegar eins og á undanförnum árum. Það plagg sem hv. þingmaður er að vitna til er plagg sem forustumenn sveitarfélaganna lögðu fram á fundi í september þar sem einmitt var rætt um þessi mál. Það er ekki fyrsti fundurinn sem haldinn hefur verið því fundir voru einnig haldnir á sl. vori í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og sveitarfélögin hafa lýst því yfir að þau séu tilbúin til að ræða þetta enda vilja þau þá hafa öll málin undir.

Ég get ekki farið yfir þessi mál í einstökum atriðum í stuttu andsvari. Ég vil þó nefna sérstaklega að meðlögin höfum við ekki viðurkennt, þ.e. þær meðlagsgreiðslur sem þeir telja að eigi að ganga til þeirra, vegna þess að við teljum að við höfum þegar afgreitt það mál og að þeir eigi ekki neina kröfu á ríkissjóð. Varðandi staðgreiðslu af félagslegri aðstoð þá nær það náttúrlega ekki nokkurri átt. Það eru lög á Íslandi sem krefjast þess að staðgreiðsla sé greidd af öllum tekjum. Og það sem er nú kannski skrýtnast í þessu tilviki er að sveitarfélögin fá skattinn en ekki ríkið því að sveitarfélögin fá útsvar af öllum tekjum frá grunni og áfram en ríkið fær ekkert fyrr en sveitarfélögin hafa fengið sitt, þannig að af fyrstu 80 þús. kr. eða svo fær ríkið ekki neitt. Ríkið er því eingöngu að innheimta tekjur sem síðan er skilað til sveitarfélaganna. Þetta horfði öðruvísi við ef sveitarfélögin væru tilbúin til þess að hafna útsvari af þeim tekjum fólksins sem felast í félagslegu aðstoðinni. En það sem skiptir öllu máli er að viðræður milli aðila eru í þeim farvegi sem þær hafa verið á undanförnum árum um þetta leyti árs.

[18:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú ekkert svar. Veruleikinn er sá að Samband íslenskra sveitarfélaga er þeirrar skoðunar að á milli ríkisins og sveitarfélaganna beri 1.200 millj. kr. Það er auðvitað alveg augljóst mál að hér er um mjög alvarlegan ágreining að ræða að því er varðar a.m.k. hluta af þessari upphæð, t.d. þann hálfa milljarð sem ríkisstjórnin ákvað að taka af sveitarfélögunum í tengslum við kjarasamningana fyrr á þessu ári. Enda segir hér í yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga að með því að taka þessa 500 milljónir af væri „freklega gengið á sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna. Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa á síðustu árum leitt til verulegs kostnaðarauka og tekjutaps fyrir sveitarfélögin", segir í þessari sömu yfirlýsingu. Þannig að hér er kvartað sáran yfir samskiptunum við ríkisvaldið á undanförnum árum og því er augljóst að þessi mál eru í verulegu uppnámi og illa á þeim haldið af hæstv. ríkisstjórn. Og það þýðir ekkert að koma hér og segja: Þessi mál verða rædd á fundum áfram. Veruleikinn er sá að fjárlagafrv. er ófullburða að því er þetta varðar, 1.234 millj. kr. ber á milli. Meðan þeim spurningum er ekki svarað er fjárlagafrv. að því er þetta varðar mjög ófullkomið og ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé mér sammála um það og staðfesti það í umræðunni hér á eftir.

[18:24]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka að það er ekkert öðruvísi nú en á undanförnum árum er varðar samskipti sveitarfélaganna. Við munum að sjálfsögðu halda áfram góðum samskiptum við þau.

Hv. þingmaður er með plagg sem er lagt fram af sveitarfélögunum. Við eigum líka samsvarandi plögg frá ríkinu og ég get nefnt það t.d. að ríkið hefur tekið yfir vinnumiðlanir. Það sparar sveitarfélögunum um 100 milljónir. Rætt er um að ríkið taki yfir stofnkostnað og viðhald sjúkrastofnana, 100 milljónir. Tryggingagjald lækkar á næstu árum hjá sveitarfélögunum um 215 milljónir, niðurfelling hlutabréfafrádráttar á næstu árum upp á 230 milljónir og svona má áfram telja. Þannig að þetta eru auðvitað viðræður sem fara fram þar sem menn setja fram hugmyndir sínar. Það plagg sem hv. þingmaður er með er slíkt plagg og það hefur verið lagt fram á slíkum fundi.

Má ég svo að lokum til viðbótar segja, vegna umkvörtunar sveitarfélaganna sem vilja ekki fara að lögum varðandi staðgreiðslu skatta, að ríkið greip til þess ráðs að taka félagslegu aðstoðina sem sveitarfélögin veita út úr skerðingunum varðandi almannatryggingabæturnar. Með öðrum orðum, allar tekjur koma með einhverjum hætti til skerðingar þegar fólk fær tryggingabætur frá almannatryggingunum en félagslega aðstoðin gerir það ekki. Hins vegar fer með félagslegu aðstoðina eins og húsaleigubætur og allar aðrar bætur nema bætur skattkerfisins að þær eru að sjálfsögðu skattskyldar. Og þegar fólk hefur lágar tekjur eins og því miður sumir hafa, jafnvel tekjur undir skattleysismörkum, þá fer hver ein og einasta króna og allt upp í 80 þúsund til sveitarfélaganna, einfaldlega vegna þess að sveitarfélögin fá útsvar af öllum tekjum en ríkið einungis tekjuskatt af tekjum yfir 60 þúsundum. Það þýðir að sveitarfélögin fá helmingi meira nettó í sinn hlut úr staðgreiðslunni heldur en ríkið. Þetta verða menn að sjálfsögðu að hafa í huga.

[18:26]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að óska hæstv. fjmrh. einu sinni til hamingju með að hafa verið svona lengi í fjmrn. En það eru satt að segja alveg ótrúleg örlög að heyra jafnvaskan mann fara í kerfi þegar kemur að málum eins og þeim sem hér er um að ræða, vegna þess að hann neitar að horfast í augu við þann veruleika að samskiptin við sveitarfélögin í landinu eru í algjöru uppnámi. Hann neitar að horfast í augu við þann veruleika að hérna skakkar 1.200 millj. kr. Og síðan fer hann að telja upp atriði þar sem ríkið hafi komið sérstaklega til móts við sveitarfélögin — eins og hvað? Eins og það að flytja vinnumiðlanirnar. Báðu sveitarfélögin um það? Nei, sveitarfélögin voru á móti því. Það var í raun og veru ákvörðun félmrh. að flytja vinnumiðlanirnar frá sveitarfélögunum til ríkisins í andstöðu við flestöll sveitarfélögin í landinu, m.a. borgarstjórn Reykjavíkur. Þannig að ég held að staðan sé í raun og veru sú þegar maður horfir á samskipti núverandi hæstv. fjmrh. við sveitarfélögin að þau séu búin að vera í uppnámi allan tímann. Hann byrjaði með lögguskattinum og er núna með hlutina afvelta eins og ég hef hér rakið, herra forseti.

[18:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í fjárlagafrv. er raunaukning til heilbrigðis- og tryggingamála sem kemur fram í ýmsum liðum, í hækkun almannatryggingabóta, til aldraðra, til heilsugæslunnar og ýmsum nýjungum í sjúkrahúsmálum.

Varðandi þá fyrirspurn sem hv. þingmaður lagði fram um hvernig við ætlum að ná fram sparnaði í lyfjum þá kemur fram í fjárlagafrv. að á þessu ári eru áætlaðir 3,6 milljarðar til lyfjamála og á næsta ári 3,9 milljarðar. Sem sagt 7% hækkun milli ára. Ef ekkert verður að gert hækkar þessi flokkur um 11%. En til að sporna við meiri hækkun verður farið í útboð á lyfjum sem við byrjuðum á með mjög góðum árangri á þessu ári. Við höldum því áfram og förum í svokallaðan samhliða innflutning sem er líka nýjung og við getum náð verulegum sparnaði þar. Þetta er það tvennt sem gefur okkur mest. Þarna ætlum við sem sé að ná þessum 300 milljónum til að sporna við meiri hækkun en 7% á milli ára. Síðan vinnum við að endurskoðun í ráðuneytinu sem ekki er langt komin en við erum að fylgjast með breytingum sem hafa orðið í Svíþjóð varðandi útgjöld til lyfjamála. Í grófum dráttum er breytingin hjá Svíum þannig að þeir sem þurfa mikið að nota lyf borga tiltölulega lítið en þeir sem þurfa sjaldan að nota lyf, eða t.d. einu sinni á ári, borga tiltölulega meira. Eins og ég segi er þetta stutt á veg komið en við fylgjumst með framkvæmdinni í Svíþjóð.

Og þá tannlækningarnar. Við höfum tölvuvætt Tryggingastofnun mjög vel varðandi tannlæknadeildina. Af vísustu mönnum þar er talið að með þeirri tækni megi auka eftirlit og draga úr tvíverknaði og það er það sem við ætlum fyrst og fremst að gera.

[18:30]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að bregaðst við fyrirspurnum mínum. Í fyrsta lagi hefur niðurskurðurinn á lyfjakostnaðinum aldrei tekist svona. Í greinargerðum fjárlagafrv. hefur alltaf verið sagt að það ætti að ná niður lyfjakostnaði með þessum hætti og aldrei hefur tekist að standa við markmið greinargerðar fjárlagafrv. á undanförnum árum. Ég held að aðferðirnar sem hæstv. ráðherra rakti í þeim efnum muni ekki heldur ganga en ég tel það virðingarvert að hún beiti sér fyrir því að reyna að halda kostnaðinum niðri.

Veruleikinn er hins vegar sá að á sama tíma og menn hafa reynt að hafa hömlur á kostnaði ríkissjóðs hefur kostnaður einstaklinganna margfaldast. Í síðustu ríkisstjórn gagnrýndu framsóknarmenn mjög mikið og páv. hæstv. heilbrrh. beitti sér fyrir því að kostnaðarhlutdeild í lyfjum var breytt þannig að hún var svipuð og hún var í Evrópusambandslöndunum, ef ég man rétt þá viðmiðun sem heilbrrn. hafði þá. Nú hefur heilbrrh. Framsfl. aftur á móti unnið það afrek, eða þeir framsóknarmenn, að sjúklingarnir borga hærra hlutfall af lyfjakostnaði en nokkurs staðar annars staðar í löndum sem búa við svipaðar aðstæður. Þetta er mikið umhugsunarefni.

Í öðru lagi vara ég einnig við þessu með tannlæknakostnaðinn. Mér sýnist að það sé algert skot út í loftið og bendi á að niðurstöður sýna þegar að tannheilsa barna og unglinga hefur versnað eftir að menn breyttu kerfinu eins og gert var fyrir fáeinum árum. Ég held að fólk sé á villigötum í þessu máli.

Að öðru leyti tel ég að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað nema hluta af þeim 700 millj. sem ég spurði um áðan. Það eru tannlækningar og það eru lyf, hvað á að skera niður fyrir þær 100, 200 eða 300 millj. sem eru eftir af þeim 700 sem teknar eru eftir að upphæðin hefur verið uppreiknuð?

[18:32]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um lyfin. Hv. þm. sagði að aldrei hefði náðst árangur með þeim aðferðum sem ég boðaði áðan en svo vill til að í ár höfum við náð verulegum sparnaði einmitt með útboðum og þau markmið sem við settum okkur á þessu ári hafa nánast náðst. Við höfðum samt háleit markmið og lyfjakostnaður hjá sjúklingum hefur lækkað. Hann hefur lækkað á þessu ári.

Hv. þm. hafði ekki trú á því að þær tillögur sem liggja fyrir um að lækka tannlæknakostnað mundu nást. Reynslan mun sýna hvort við náum þeim markmiðum. Varðandi annan sparnað kemur glöggt fram í frv. að sjúkrahúsum úti á landi er ætlað að spara um 50 millj. kr. með aukinni samhæfingu og með þeim 500 millj. sem lagðar voru til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu í síðasta mánuði koma vissar hagræðingarkröfur á móti sem eru líka útreiknaðar í frv. Þegar á heildina er litið leggjum við meira til þessa málaflokks en við höfum gert áður og frv. sýnir, eins og hv. þm. hefur örugglega lesið, margar nýjungar og merkar sem menn hljóta að gleðjast yfir.

[18:34]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hagvöxturinn skilar í þjóðarbúið líklega 15–17 milljörðum kr. og mér finnst satt að segja ekki mikil tíðindi þó að eitthvað ýrist af því inn í heilbrigðiskerfið eins og staðan er jafnvel þó að það séu dálitlar upphæðir. Mér finnst það ekki mikil tíðindi. Ég held að veruleikinn sé sá að verið er að framreikna stærðirnar í heilbrrn. Mér sýnist það standa þannig. Menn eru að reyna að taka á ýmsum hlutum þar vafalaust sums staðar myndarlega en í það heila tekið er það þannig að ákvarðanir um fjárframlög og m.a. sparnað eins og hæstv. ráðherra hefur viðurkennt eru handahófskenndar. Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, þær eru handahófskenndar. Ég er algerlega viss um að ef einhver nennir því að bera saman niðurstöður ríkisreiknings 1997 og fjárlög ársins 1997 að því er lyfin varðar mun ríkisreikningurinn hafa vinninginn vegna þess að þau áform sem sett voru fram í greinargerð fjárlagafrv. í fyrra standast ekki. Varðandi tannlækningarnar var ég ekki að gagnrýna neitt annað en ég tel varasamt að halda áfram að skera niður til tannlækninganna. Ég held að menn ættu frekar að skoða þá hluti betur jafnvel þó að það gæti kostað aukna fjármuni vegna þess að ég held að versnandi tannheilsa barna og unglinga muni koma niður á heilbrigðiskerfinu í auknum útgjöldum á komandi árum og þó sérstaklega kannski áratugum.

[18:35]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ætli nokkurt þingmál, sem lagt er fyrir Alþingi Íslendinga, byggi eins mikið á trúverðugleika og frv. til fjárlaga? Frv. til fjárlaga byggir nefnilega fyrst og fremst á trúverðugleika þess ráðherra sem frv. leggur fram og þeirrar ríkisstjórnar sem hann starfar í. Þess vegna er með eindæmum að umræður á Alþingi skuli standa í 2–3 daga

um fjárlagafrv. en í 2–3 klukkutíma um ríkisreikning fyrir viðkomandi fjárlagaár þar sem kemur einmitt í ljós að hve miklu leyti trúverðugleiki fjmrh. og viðkomandi ríkisstjórnar er raunhæfur þannig að með orðalagi hæstv. fjmrh. hingað til sem hér eftir byggist fjárlagafrv. hans fyrst og fremst á trúverðugleika hans sem fjmrh.

Svo vill til að á borðum okkar þingmanna liggur vitni um trúverðugleika hæstv. fjmrh., það er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997. Þar kemur fram að mitt í allri uppsveiflunni, öllu því góðæri sem hæstv. ríkisstjórn talar um, gerir hún ráð fyrir því að skila fjárlögum fyrir árið 1997 með rúmlega eins milljarðs kr. halla. Í góðærinu hafa tekjurnar aukist um 4,7 milljarða kr. Það ætti að hafa skilað ríkisstjórninni nokkuð áleiðis til að geta staðið við áform sín en hún hefur aukið útgjöldin um 6,9 milljarða króna þannig að trúverðugleikinn er ekki meiri en svo að í mestri uppsveiflu Íslandssögunnar síðustu 15 ár sem orðið hefur á árinu í ár skilar hæstv. ríkisstjórn halla í rekstri ríkisins.

Verulegur hluti þessara auknu gjalda eru ekki óhjákvæmileg útgjöld heldur ákvarðanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið. Þær ákvarðanir eru þess eðlis að þær sýna ekki að hæstv. ríkisstjórn beri mikla virðingu fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru að undirlagi hennar á Alþingi um gerð fjárlaga. Utanrrn., þetta litla ráðuneyti, fer fram á aukafjárheimildir upp á 182 millj. kr. og það er ekki svo að utanrrn. fari á fjörurnar með beiðnina vegna einhverra verka sem utanrrn. hyggst láta vinna heldur er beðið um að fjárheimildirnar séu samþykktar til að inna greiðslur af hendi sem hafa að verulegu leyti verið þegar greiddar eða a.m.k. verið skuldbundið að greiða. Látum það vera þó svo að hæstv. utanrrn. haldi þannig á málum. Vissulega væri ástæða til þess að ræða um mikla útþenslu þess ráðuneytis. Það virðist ekki vera að menn ætli þar að láta góðærið fara fram hjá sér. En annað vekur athygli mína og vil ég nú hafa að því nokkurn formála.

Eins og hv. alþingismenn vita var það ágæta hús Höfði endurbyggt á árum hæstv. forsrh. sem borgarstjóra í Reykjavík úr hreysi í slot. Sagt er að um þá ákvörðun hafi borgarstjórn aldrei formlega fjallað, þ.e. hún tók aldrei ákvörðunina um fjármögnun á þeirri miklu endurbyggingu heldur segir sagan að allur kostnaðurinn hafi verið færður undir liðinn Húsverðir o.fl. Þannig hafi Höfði verið endurbyggður undir hattinum Húsverðir o.fl.

Nú er fyrrv. borgarstjóri sestur í sæti hæstv. forsrh. og endurbyggir Stjórnarráðshúsið nákvæmlega eins. Að vísu verður það ekki fært undir liðinn Húsverðir o.fl. eða Bílstjórar o.fl. heldur á öll endurbyggingin sér stað á fjáraukalögum. Með öðrum orðum tekur hæstv. forsrh. ákvörðun um að endurbyggja húsið fyrir 85 millj. kr. án þess að leita fjárheimilda fyrir þeirri endurbyggingu fyrr en eftir á þannig að hæstv. forsrh. er að reisa sér annan minnisvarða í stjórnsýslunni sem er ekki minna virði en Höfði þó að ekki sé fært undir Húsverðir o.fl. Þetta sýnir, virðulegi forseti, að sumir hæstv. ráðherrar umgangast fjárlögin ekki af þeirri virðingu sem þeim ber og ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. telji þetta vera góða latínu og ég trúi því ekki heldur að aðrir ráðherrar eins og hæstv. heilbrrh., sem á í miklum niðurskurðarerfiðleikum, telji að þessir stjórnunarhættir séu til fyrirmyndar, þ.e. að menn ákveði endurbyggingu á eigin skrifstofuhúsnæði upp á yfir 80 millj. kr. með ákvörðunum í fjáraukalögum. Ég trúi ekki, virðulegi forseti, að aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni telji þessa ákvörðun til fyrirmyndar.

Í aðfaraorðum frv. til fjárlaga fjallar hæstv. fjmrh., eða svo verður á það að líta, m.a. nokkuð um skattamál. Þar segir hann m.a. að í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins hafi tekjuskattskerfið verið tekið til endurskoðunar til þess að draga úr jaðaráhrifum. Í textanum í framhaldinu lætur hæstv. fjmrh. í það skína að þessi vinna hafi skilað eða muni skila árangri sem muni sjá dagsins ljós áður en langt um líður.

Nú er öllum kunnugt að þessi jaðarskattanefnd hefur verið lögð niður og því leikur mér forvitni á að vita í tilefni af þessari umfjöllun hér hvort hæstv. fjmrh. muni þá hafa samráð við þá aðila sem skipuðu fulltrúa í jaðarskattanefndina, þ.e. verkalýðshreyfinguna, eða stjórnarandstöðuna um endurskoðun á jaðarskattamálum sem verið er að tala um. Ég spyr sérstaklega vegna þess að allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að draga úr jaðarskattsáhrifum tekjuskatts og ættu því að geta verið samverkamenn hæstv. fjmrh. í skoðun á því máli þó að ekki sé þar með sagt að þeir verði fyrir fram sammála þeirri niðurstöðu sem hann kemst að persónulega en líklegt er að þeir kæmu þá með tillögur sínar sem ég held að hæstv. fjmrh. hefði gott af því að skoða.

Í aðfaraorðum frv. er fjallað nokkuð um skattkerfið í heild og í því sambandi vil ég gjarnan geta þess að ég held að tímabært sé að gerð verði athugun hér á Íslandi hver sé heildarskattbyrði hinna ýmsu tekjuhópa. Þá er ég ekki að tala um skattbyrði í tekjuskatti því að upplýsingar um það liggja fyrir heldur heildarskattbyrði hinna ýmsu tekjuhópa, þ.e. hvað varðar virðisaukaskatt, vörugjald, fjármagnstekjuskatt og aðra þá skatta sem eru lagðir á þegna þessa lands því að ég held að mjög forvitnilegt væri að fá að sjá hvort það sé raunverulega svo að hátekjuhóparnir beri sinn réttmæta hlut af heildarskattbyrðinni eða hvort samanburðurinn sem gerður er á tekjuskattskerfinu einu saman gefur villandi niðurstöðu um heildarskattbyrði hinna einstöku tekjuhópa sem þarf að liggja fyrir.

Herra forseti. Ég mun beita mér fyrir því á þessu þingi að flytja þingmál þar sem gert er ráð fyrir því að slík úttekt á heildarskattbyrði einstakra tekjuhópa fari fram. Slík úttekt fór fram fyrir að mig minnir 20 árum síðan við frekar frumstæðar aðstæður. Ég held að hún hafi aldrei verið gerð opinber en var nýtt í fjmrn. á þeim tíma. Við höfum á þessum 20 árum fengið miklu betri upplýsingar sem gera okkur fært að gera þá athugun gleggri og sannari heldur en þessi 20 ára gamla athugun var og ég tel að það sé meira en tímabært að skoða hvernig heildarskattbyrðin í landinu skiptist annars vegar á þá sem bera há laun úr býtum og hins vegar láglaunafólkið.

Í tilefni af orðum hæstv. fjmrh. í aðfaraorðum frv. til fjárlaga þar sem hann lýsir því yfir að hann hafi ákveðið að skipa nefnd til að meta stöðu íslenska skattkerfisins og reifa hugmyndir um hugsanlegar breytingar, þá vil ég taka það fram að ég tel að þetta sé svo sannarlega tímabært og eitt af því sem beri að skoða í því sambandi sé að venda okkar kvæði í kross í skattamálum, leggja minni áherslu á skatta eins og tekjuskatt sem a.m.k. eins og hann er úr garði gerður í dag virkar vinnuletjandi, en fara í staðinn inn á ný skattform svo sem mengunarskatta, umhverfisskatta og auðlindagjöld sem ekki hafa neikvæð áhrif á vinnuvilja og sparnaðarvilja landsmanna eins og núverandi skattkerfi tvímælalaust gerir. Þetta er mjög stórt viðfangsefni í skattamálum sem verður að takast á við og ég tel að rétt sé að taka ákvörðun um það nú í vetur að gera hvort tveggja, skoða hver raunveruleg

skattdreifing er milli hinna einstöku tekjuhópa þegar litið er á heildaráhrif skattkerfisins og hins vegar að hefja nú þegar athugun á því að draga úr þeim sköttum sem hafa neikvæð áhrif á framleiðsluþætti, þ.e. vinnuvilja og sparnað, en taka upp nýtt skattkerfi í staðinn sem ekki raskar vinnuvilja eða sparnaðarvilja landsmanna.

Það er ýmislegt athyglisvert að sjá í frv. til fjárlaga, m.a. það að hæstv. fjmrh. hefur orð á því að það sé mjög auðvelt að glutra þeim árangri niður sem náðst hefur m.a. í ríkisfjármálum að nokkru leyti sakir fórna fjölmargra Íslendinga á erfiðleikaárum. Hann segir á bls. 9 í frv. að traust staða í ríkisfjármálum sem miði að því að greiða niður skuldir á næstu árum sé forsenda þess að áfram ríki góðæri í íslensku efnahagslífi. En hann kemst að undarlegri niðurstöðu ef flett er nokkrum blaðsíðum aftar því að þá segir svo í aðfaraorðum hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því verður afkoman í járnum næstu ár, miðað við nýja uppgjörið og rekstrargrunn," o.s.frv.

Þannig að þó að hann leggi á bls. 9 mjög mikla áherslu á að traust staða í ríkisfjármálum, sem miði að því að greiða niður skuldir á næstu árum, sé forsenda þess að áfram ríki góðæri í íslensku efnahagslífi, er spásögn hans engu að síður um næstu ár, þessi miklu góðærisár, að afkoma ríkissjóðs verði á þeim árum í járnum og vildi ég þá minna á ummæli sem hæstv. ráðherra viðhafði á erfiðleikaárunum þegar við sátum saman í ríkisstjórn. Þá sagði hann m.a. að það væri ekki hægt að gagnrýna að reka ríkissjóð með halla á árum atvinnuerfiðleika og kreppu, en það væri algjör forsenda fyrir því að sú stefna gengi upp að þegar birti til í efnahagslífinu, þá drægi ríkissjóður saman seglin, drægi úr ríkisumsvifum og skilaði verulegum rekstrarafgangi. En það er hæstv. fjmrh. ekki að gera núna í miðju góðærinu. Hann er að reka ríkissjóð með miklum halla og hann gerir ráð fyrir því bókstaflega að svo miklu leyti sem hann fær við þá þróun ráðið að það megi teljast gott ef í áframhaldandi góðæri á næstu árum megi reka ríkissjóð í járnum. Hann segir þetta sjálfur þannig að hann treystir sér auðsjáanlega ekki til þess að standa við þau stóru orð sem hann viðhafði fyrir nokkrum árum síðan um hvert ætti að vera hlutverk fjmrh. á Íslandi í góðærinu.

Virðulegi forseti. Sá tími sem ég hef til að ræða þessi mál er nú að líða, en þó er eitt atriði sem mig langaði til þess að benda á til viðbótar við það sem fram er komið hér og vildi gjarnan að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess að formaður fjárln. yrði viðstaddur því að ég hef ákveðna spurningu sem ég vil beina til hans úr ræðustól og vænti ég þess að klukkan verði þá stöðvuð á meðan ég bíð eða er ekki svo, virðulegi forseti?

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að fá hv. formann fjárln., Jón Kristjánsson, í salinn og klukkan gengur ekki eins og hv. þm. getur séð.)

Þá er hv. formaður fjárln. í salinn genginn og ég vil þakka honum fyrir það því að ég hef eina spurningu sem ég vildi beina til hans og vænti þess að hann geti e.t.v. svarað því í andsvari hér á eftir því að hún er ekki flókin.

Alþingi setti á liðnum þingvetri ný lög um fjárreiður ríkisins sem gera ráð fyrir því að það skuli vera meginregla að ráðherrar og ríkisstjórn, þ.e. framkvæmdarvaldið, fái samþykki Alþingis fyrir þeim greiðslum úr ríkissjóði sem eiga að verða á fjárlagaárinu að svo miklu leyti sem unnt er að leita slíkra heimilda fyrir fram. Þetta þýðir að afnema á þá tilhneigingu margra ríkisstjórna í gegnum árin að búa til aukafjárlög í kringum greiðsluheimildir. Samt sem áður heldur hæstv. fjmrh. áfram uppteknum hætti um þau efni eins og kemur fram á bls. 74 og 75 í fjárlagafrv. en þar er fjallað um kaup og leigu fasteigna. Þar er m.a. heimild til hans um að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán. Hvað er nágrenni Arnarhvols? Nær það kannski til þeirra sem kölluð hafa verið nágrannasveitarfélög Reykjavíkur líka? Hvaða húsnæði á að kaupa þar og hversu mikið og hvar á að taka lán og hversu mikið?

Það er einnig gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán. Ætli þyrfti ekki að kaupa svona fjögur hús ef fullnægja ætti húsnæðisþörfinni fyrir nokkur hundruð millj. kr. Og er rétt að veita slíkar opnar heimildir til framkvæmdarvaldsins í fjárlagafrv. eftir að nýju lögin hafa verið samþykkt?

Þá er einnig ákvæði í liðnum Kaup og leiga fasteigna, að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán. Með öðrum orðum: Getur hæstv. forsrh. þá haldið áfram í skjóli þessarar heimildar, við uppbyggingu á skrifstofu fyrir sjálfan sig með því að kaupa eða leigja húsnæði einhvers staðar í bænum eftir geðþótta án þess að fá um það frekari heimildir frá Alþingi en þarna er gert ráð fyrir? Ég ætla ekki að lesa upp allar þessar heimildargreinar sem eru hvorki meira né minna en 22 og flestar með þessu orðalagi. Ég ætla að taka fram, virðulegi forseti, að þetta eru gamlir kunningjar, mikið af þessu. (**Fjmrh.:** Eldgamlir.) Margir eldgamlir, það er alveg rétt. En með breytingunum sem gerðar voru á fjárreiðum ríkisins með lögunum í fyrra var stefnt að því að svona greinar sæjust ekki framar í fjárlagafrv., en nú ganga þær hér allar aftur. Því er það spurning mín til hv. formanns fjárln. sem var með mér í sérnefnd þeirri sem samdi nýjar reglur um hvernig menn skyldu haga sér varðandi fjárreiður ríkisins, hvort ekki megi treysta því að þó að hæstv. fjmrh. hafi glapist til að setja þessar greinar inn í frv. sem frá honum kemur til Alþingis og hafi því ekki tekið mark á þeim niðurstöðum sem Alþingi komst að í fyrra að þessu leyti, að hv. formaður fjárln. sjái til þess að þessar greinar hverfi út úr fjárlagafrv. í meðferð fjárln. og Alþingis?

[18:56]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín þeirri spurningu hvort ég mundi sjá til þess að þessar 6. gr. heimildir færu út úr frv. sem hann tiltók og jafnvel einhverjar fleiri heldur en hann las upp. Það er alveg rétt að á síðasta þingi voru sett lög um fjárreiður ríkissjóðs. Þetta er fyrsta fjárlagafrv. sem er lagt fram eftir þessum nýju lögum. Ég get sagt það hér að ég mun beita mér fyrir því að farið verði mjög vandlega yfir 6. gr. heimildirnar, þær verði bornar saman við hina nýju löggjöf og hvort þær standast og ég vil ekki segja meira um það á þessu stigi. Ég mun beita mér fyrir vandlegri skoðun á þessu. 6. gr. heimildirnar hafa dregist mjög saman eða þeir fjármunir sem fylgja þeim á síðari árum og ég má segja að hæstv. fjmrh. hefur verið nokkuð íhaldssamur við að beita þeim heimildum. Ég tel að það sé almennt góð regla að þrengja að þessum heimildum.

[18:58]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni en ég spurði hann m.a. hvort honum fyndust þessar tilteknu

greinar sem ég las upp í samræmi við nýsamþykkt lög sem við stóðum báðir tveir að. Og ég óska eftir því að hann svari þeirri spurningu vegna þess, herra forseti, að ég vek athygli á því að þetta er annað dæmið um það að hæstv. fjmrh. fer í tillögugerð sinni til Alþingis ekki eftir þeim lögum sem Alþingi samþykkti um það efni í fyrra.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi annað dæmi fyrr í umræðunni í dag, þ.e. hvernig hæstv. fjmrh. fer með tillögur forsætisnefndar Alþingis um fjárveitingar til starfa Alþingis. Þetta er annað dæmi um það að hæstv. fjmrh. tekur í tillögugerð sinni ekki tillit til þeirra laga sem samþykkt eru frá Alþingi þannig að við verðum þá að treysta á að fjárln. sjái um að framfylgja þeirri lagaskyldu sem á hæstv. fjmrh. á að hvíla.

Ég ítreka enn spurningu mína: Telur hv. formaður fjárln. að þær tilvitnuðu greinar sem ég las upp standist ákvæði þeirra laga um fjárreiður ríkisins sem sett voru í fyrra?

[19:00]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun í stuttu andsvari ekki fara í lagatúlkanir á frv. eða ákvæðum þess í 6. gr. Ég mun beita mér fyrir því að vandlega verði farið yfir þessar greinar og mun auðvitað beita mér fyrir því að þær séu í samræmi við þau lög sem við samþykktum hér á síðasta sumri. En ég ætla ekki að fara í túlkanir á því í stuttu andsvari í þessari umræðu.

[19:01]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Þetta kallar maður nú, herra forseti, að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Alla vega viðurkennir hv. formaður fjárln. að full ástæða sé til þess að skoða þetta þannig að einhver er sú ástæða. En ég las ekki upp nema þrjár greinar og það er nú ekki erfitt verk fyrir jafnglöggan og þingreyndan mann og formaður fjárln. er að svara þessari einföldu spurningu: Telur hann að þessar þrjár tilvitnuðu greinar sem ég las upp samræmist lögum um fjárreiður ríkisins sem við samþykktum í fyrra? Ég trúi því ekki, herra forseti, að formaður fjárln. hafi ekki getu eða yfirsýn til að svara þeirri spurningu. Nú vill svo til að hæstv. forseti er sami einstaklingur og hv. varaformaður fjárln. og situr nú í forsetastól, ég get því ekki beint spurningum til hans öðruvísi en sem forseta, en ef hann sæti í sæti sínu hér á þinginu, þá mundi ég að fengnum undanfærslum hv. formanns fjárln. spyrja hv. varaformann sömu spurningar. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að varaformaður fjárln. gæti svarað þeirri einföldu spurningu bæði skýrt, stutt og skilmerkilega. Ég held að hann mundi einfaldlega segja já.

[19:02]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þingmanns um mál sem ekki er hér á dagskránni, þ.e. fjáraukalögin, vil ég segja að það er rétt hjá honum að í fjáraukalagafrv. er gert ráð fyrir að veita nokkra fjármuni til gamalla húsa vegna yfirstandandi árs. Stærsta framlagið, til að nefna það hér, eru yfir 90 millj. kr. til sendiherrabústaðar í Washington sem ekki var hægt að bíða með vegna þess m.a. að þangað er að fara nýr maður. Og hver er hann? Hann er fyrrv. formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson. Að segja það hér að Stjórnarráðshúsið sé sérstök skrifstofubygging fyrir Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., þá hallar a.m.k. varla á því að það eru 95 millj. sem fara í sérstakt hús, íbúðarhús, fyrir fyrrv. formann Alþfl. En það minntist núv. formaður auðvitað ekki á.

Hv. þingmaður talaði um afkomuna á yfirstandandi ári. Sannleikurinn er sá að afkoman er mun betri á yfirstandandi ári heldur en við áttum von á eða 2,5 milljörðum kr. betri. En við tókum sérstaka ákvörðun um að innkalla spariskírteini til þess að spara okkur vexti sem áttu að greiðast miklu síðar, upp á 4 milljarða, og þess vegna verður niðurstaðan 1.200–1.300 millj. ef þetta lagafrv. nær fram að ganga.

Varðandi skattana vil ég segja að ég er tvívegis búinn að svara þessari fyrirspurn, m.a. frá alþýðuflokksmönnum, þannig ég ætla ekki að endurtaka svar mitt en hv. þm. hefur ekki hirt um að hlusta á umræðurnar í dag. Ég vil einungis segja að það verða birtir kynslóðareikningar og það er búið að gera grein fyrir jaðarskattanefndarniðurstöðunni og hún liggur fyrir.

Og loks þetta: Þegar við sátum saman í ríkisstjórn, ég og hv. þm., núverandi formaður Alþfl., þá var meðalhallinn á rekstrargrunni á ríkissjóði yfir 15 milljarðar á ári. Því er spáð að hann fari niður í 8 milljarða og á næsta ári er verið að tala um að skila afgangi. Ef þetta er ekki árangur sem hv. þingmaður getur verið sammála mér um að sé nokkur, þá er ég illa svikinn, enda er hann fyrrv. fjmrh. og veit nokkuð í þessum efnum.

[19:05]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í skýringum þegar leitað er eftir fjáraukaheimildum vegna fjáraukalagafrv. 1997 er þess ekki getið hverjir eigi að búa í þeim húsum sem verið er að biðja um aukafjárveitingar til, enda er það ekki það sem ég er að gagnrýna. Ég er ekki að gagnrýna að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson eigi að búa um einhverja stund í Stjórnarráðinu. Ég er að gagnrýna að menn taki ákvarðanir eins og þessar í fjáraukalögum án þess að Alþingi fái tækifæri til þess um að fjalla. Það skiptir engu máli hver byggingin er eða hver þar á að búa. Gagnrýnisefni mitt er að menn skuli taka ákvarðanir upp á svona háa fjármuni án þess að Alþingi geti um það fjallað. Og það nær auðvitað ekki nokkurri átt að endurbyggja Stjórnarráðshúsið þar sem skrifstofur forsrh. eru á fjáraukalögum. Það nær ekki nokkurri átt, það er slæm stjórnsýsla. (**Gripið fram í:** En sendiherrabústaðurinn?)

Hæstv. fjmrh. hafði nokkur orð um afkomu ríkissjóðs. Það er alveg rétt að tekjuöflun ríkisins varð miklu meiri á yfirstandandi ári heldur en menn þorðu að vona. En hæstv. ríkisstjórn hefur aukið útgjöld ríkisins um tæplega 7 milljarða kr. á sama tíma þannig að hún tók ákvörðun um að auka útgjöld ríkissjóðs miklu meira en sem svarar aukningu innheimtra tekna vegna góðærisins.

Það er rétt að við sátum saman, ég og hæstv. ráðherra, á erfiðleikaárum í ríkisstjórn. En þá var það hans skoðun að þegar betur færi að ganga ættu menn að skila afgangi í ríkisrekstrinum og greiða niður erlendar skuldir, en nú segir sami ráðherra að á næstu árum verði ekki fyrirsjáanlegt annað heldur en að ríkissjóður verði rekinn í járnum.

[19:07]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að áður en fjáraukalagafrv. var lagt fram, þá var efni þess að sjálfsögðu kynnt formanni og varaformanni nefndarinnar. Ég vil einnig benda á vegna sérstaks áhuga formannsins, hv. þingmanns, á Stjórnarráðshúsinu, að Alþingi hefur nú þegar tekið ákvörð-

un um að veita fjármuni til þess verks. Það hefur Alþingi nú þegar gert. Þegar síðan í ljós kom að verkið var miklu dýrara en áður hafði verið gert ráð fyrir, þá varð ekki til baka snúið. Það er ekki hægt að halda húsinu eins og það er. Og það er nú þannig með gömul hús, 200 ára gömul hús og þar yfir, og það veit hv. þm., að ýmislegt getur komið í ljós sem menn sáu ekki fyrir þegar veggir eru rifnir og gólf tekin upp. Þetta veit auðvitað hv. þm. og þarf ekki að vera að skýra þetta út fyrir honum.

Og þegar hv. þm. segir síðan að það hafi verið tekin ákvörðun um útgjöld upp á þetta marga milljarða, ég segi fyrir mig, ég er undrandi á hv. þingmanni að orða þetta svona vegna þess að 4 milljarðar eru vextir. Þau útgjöld hlutu alltaf að koma til greiðslu. Það er engin ákvörðun mín eða einhvers annars í stjórnarliðinu um að við ætlum ekki að greiða vexti. Auðvitað eru þetta útgjöld sem fyrir löngu er búið að ákveða, um leið og lánin eru tekin. Ákvörðunin er einungis sú að borga vextina fyrr en ella. Ef við hefðum verið á rekstrargrunni hefði ekkert komið fram um þetta í fjárlögunum, ekki nema það að við hefðum sparað á síðari stigum. En á greiðslugrunninum, sem er nokkurs konar sjóðsstreymi, er þetta flýting á greiðslum. Ákvörðunin er ekki í neinu öðru fólgin en því að flýta því að greiða skuldir, útgjöld sem menn höfðu þegar stofnað til. Og það er dálítill munur á því og einhverjum ákvörðunum sem hv. þm. er að gefa í skyn að hafi verið teknar. Ég vonast til þess að hv. þm. staðfesti að það sé skynsamlegt að innkalla þessi spariskírteini og ég vil biðja hann þegar hann kemur í stólinn að staðfesta það. Þá er hann maður að meiri.

[19:10]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að engin ákvörðun hefði verið tekin en samt hefði ákvörðun verið tekin um að greiða niður lán og greiða vexti fyrr heldur en ella. Það er nákvæmlega það sem gert er. Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skila ríkissjóði með yfir milljarðs halla. Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sumt í þeirri ákvörðun kann að vera skynsamlegt. Ég neita því ekki. Og út af fyrir sig var það skynsamlegt að innkalla þessi skuldabréf og fá hagstæðari lánskjör. Ég skal fúslega viðurkenna það. En niðurstaðan er engu að síður sú að það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar mitt í góðærinu að skila ríkissjóði með eins milljarðs kr. halla og það er framtíðarsýn hæstv. fjmrh. að á næstu árum megi menn þakka fyrir að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Sami maður og sagði á erfiðleikaárunum að það væri skylda hvers fjmrh. á Íslandi í góðæri að skila ríkissjóði með hagnaði og greiða þannig niður erlendar skuldir. En hann stendur ekki við það, hæstv. ráðherra. Hann stendur ekki við það. Hann er ekki nú í góðærinu að draga saman umsvif ríkissjóðs heldur langt í frá. Hann ætlar m.a. að afla sér fjármuna til að verja í rekstur sem fást af hagnaði af eignasölu þannig að hann er eins og maðurinn sem er að byggja sér hús og tekur þá ákvörðun að fjármagna rekstur heimilisins með því að selja frá sér kjallarann. Það er ekki skynsamleg stefna í ríkisfjármálum að fjármagna rekstrarumsvif ríkisins með því að selja eignirnar, að fjármagna kreditkortið með því að selja frá sér kjallarann. En það er hæstv. ráðherra að gera.

[19:12]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Út af þessum síðustu orðaskiptum heyrði ég ekki betur en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþfl., talaði um að fjárlagafrv. byggði á trúverðugleika. Þetta er vel sagt.

Nú höfum við líklega komið að fjárlagagerð í þessari stofnun síðan 1974. Þó hefur hv. þm. ekki verið viðlátinn einu sinni, en ég hygg að ótrúverðugasta frv. sem við höfum staðið að hafi einmitt verið í tíð Jóns Baldvins, hv. þm. sem þá var fjmrh. og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var formaður fjárln. ef ég man rétt. En nóg um það.

Vegna orða sem hér hafa fallið hjá hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, vil ég taka fram að síðan ég kom í félmrn. tel ég að góð sambúð hafi verið milli ríkis og sveitarfélaga. Það hefur verið gagnkvæmur trúnaður og ekki nein vandræði í samskiptum. Þetta veit ég að bæði formaður og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga eru tilbúnir að staðfesta hvenær sem er. Við höfum komist að niðurstöðu árlega um fjármálaleg samskipti sveitarfélaga og ríkis sem báðir hafa getað sæmilega við unað. Það er að vísu e.t.v. eitt lík í skápnum frá fyrri tíð, það er ágreiningur milli fjmrn. og sveitarfélaganna varðandi meðlagsgreiðslur. Ég átti ekki þátt í því að hækka meðlagsgreiðslur á sínum tíma, en vanskil hlóðust upp og það mál hefur ekki verið leyst.

En það er hins vegar alveg spurning hvort meðlagsgreiðslurnar eigi heima þar sem þær eru vistaðar, þ.e. að vera að hengja þær á Jöfnunarsjóð. Mér finnst það mikil spurning og líka yfirleitt hvort við erum ekki þarna með arf frá gamalli tíð að láta sveitarfélögin blanda sér í þetta mál. Mér hefur dottið í hug að þetta kynni að vera arfur frá sveitarframfæri. Það er svona hálfpartinn hreppsómagastíll yfir þessu að vera að hafa þetta þarna.

Það er ekki búið að ná niðurstöðu varðandi fjármálaleg samskipti á þessu hausti. Ég vænti þess að það verði búið að því áður en fjárlög verða endanlega afgreidd og kvíði því ekki að það takist ekki. Það er verkefnaflutningur milli ríkis og sveitarfélaga og við erum að koma okkur saman um kostnað og vega þetta saman. Vinnumiðlanirnar fara til ríkisins og e.t.v. stofnkostnaður framhaldsskóla að einhverju leyti a.m.k. Fötluð börn á leikskólum færast til sveitarfélaga og væntanlega húsaleigubætur. Það er að vísu ekki búið að ganga frá því máli enn, en ég geri ráð fyrir því að niðurstaða náist um þetta atriði.

Hvað varðar 500 milljónirnar sem hv. þm. minntist á þá var það hugmynd ríkisstjórnarinnar þegar skattalækkunarprógrammið var sett upp til að greiða fyrir kjarasamningum í fyrravor að sveitarfélögin tækju nokkurn þátt í því. Það er ekkert ósanngjarnt að þau geri það vegna þess að með verulegri hækkun á lægstu launum breikkar skattstofninn og það er óeðlilegt að sveitarfélögin séu í sjálfu sér að græða á því að skattar séu lækkaðir í landinu, að tekjuskattur sé lækkaður. Það finnst mér óeðlilegt og mér finnst alveg talandi um það við sveitarfélögin að taka þátt í þessu skattalækkunarprógrammi.

Við áttum fund, ég og nokkrir aðrir ráðherrar — hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og mig minnir hæstv. utanrrh. — áttum fund með forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem þeir féllust á að ræða þessi mál. og það er forsrh. sem hefur forustu um að ræða þessar tilteknu 500 millj. við sveitarfélögin. Ég kvíði því ekki að við komumst ekki að niðurstöðu sem við getum verið sæmilega ánægð með, bæði sveitarfélögin og við frá hendi ríkisins, áður en þessum fjárlögum verður lokað.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði mig nokkurra spurninga í ræðu sinni. Mér heyrðist á hv. 13. þm. Reykv. að það færi allt of

lítið í alla málaflokka félmrn. (**JóhS:** Ég taldi þá nú ekki alla upp.) eða þá málaflokka sem þingmaðurinn minntist á. Út af fyrir sig væri sjálfsagt hægt að brúka meiri peninga í alla þessa málaflokka. Ég get fallist á það. En við höfum þá stefnu í þessari ríkisstjórn að reyna að halda jafnvægi í ríkisfjármálum og það er mér a.m.k. mikið kappsmál í mínu ráðuneyti. Við viljum ekki hækka skatta. Við erum þvert á móti að lækka skattana og þar af leiðir að ekki er hægt að gera allt fyrir alla. Það þarf að sýna aðhaldssemi og það hef ég gert og mun gera meðan ég er í þessu ráðuneyti.

Nú veit hv. 13. þm. Reykv., vegna þess að hún hefur stýrt ráðuneyti, hvernig unnið er að fjárlagagerð eftir að menn fóru að setja upp þessi rammafjárlög. Ríkisstjórnin kemur sér saman um ramma fyrir hvert ráðuneyti og síðan er það innanhúsmál í ráðuneytinu eða hjá ráðherra að raða inn í rammann.

Þegar ég stóð frammi fyrir því að raða inn í þann ramma sem við vorum sammála um að væri hjá félmrn. og mér fannst eðlilegur — það var aukning í ráðuneytinu, meiri en sem nam launabreytingum — þá valdi ég þann kostinn að nota það svigrúm sem til var í málefni fatlaðra. Til málaflokksins, málefna fatlaðra, var á fjárlögum ársins í ár 2.320,8 millj. en í frv. núna eru 2.700 millj. tæpar, þ.e. 2.699,9 millj. Þetta er aukning upp á 379,1 millj. Þar af eru kjarasamningarnir 217,4 og raunaukningin er 161,7 til málaflokksins, þ.e. raunaukning til málefna fatlaðra er 7%. Ég taldi þeirri aukningu sem svigrúm rammans gaf mér best varið í þennan málaflokk og að þar væri þörfin mest.

Það er áformað að koma upp á næsta ári nýjum sambýlum, vonandi fjórum og við þurfum að auka dagvist og innan þessa ramma ætti það að vera kleift.

Ég get alveg deilt áhyggjum hv. þm. um skuldir heimilanna. Þær eru of háar og þær vaxa of hratt. En af hverju vaxa skuldirnar? Það er vegna þess að mikið af þessum vexti eru vextir á gamlar skuldir, t.d. skuldir sem fólk hefur lent í vanskilum með. Eitt það versta sem gert hefur verið við skulduga menn í landinu var það þegar þeir voru narraðir til að taka húsbréf upp á 4 milljarða sem þeir gátu síðan selt fyrir 3 milljarða og tóku 1 milljarð í afföll. Nú er þetta fólk, ótrúlega margt af því, í mjög miklum vandræðum. Mér er t.d. kunnugt um bæjarfélag austur á landi þar sem þeir voru fjórir sem gerðu þetta, að taka þessi húsbréfalán til greiðsluerfiðleika og það er ekki nema einn þeirra sem enn þá heldur sínu húsi.

Varðandi málefni barna og ungmenna þá er það rétt að það er engin aukning til þessa málaflokks í fjárlagafrv. Það er að störfum nefnd á vegum dómsmrn. með aðild skrifstofustjóra úr félmrn. sem er að skoða áhrif hækkunar á sjálfræðisaldri. Það varð að samkomulagi við fjmrn. að bíða niðurstöðu þeirrar nefndar áður en gerðar verða tillögur um aukningu til málaflokksins. Það er reyndar þegar búið að ákveða að taka á leigu hús sem verður byggt norður í Skagafirði til þess að vista þar mjög erfiða unglinga, þ.e. sem héraðsnefnd Skagfirðinga kemur til með að byggja og við tökum á leigu. Enn fremur er verið að opna svokallað barnahús hér í Reykjavík sem á að sinna börnum sem hafa orðið fyrir hremmingum og við höfum líka farið í auknum mæli inn á þá braut að koma upp heimilum án þess að byggja yfir þau og fá fólk sem verktaka til að annast eða taka að sér unglinga sem hafa átt í erfiðleikum og það hefur gengið prýðilega. Ég nefni Árbót í Þingeyjarsýslu, Torfastaði í Árnessýslu, Geldingalæk o.s.frv.

Í húsnæðismálum stendur fyrir dyrum mikil endurskipulagning á félagslega kerfinu og Húsnæðisstofnun. Ég vænti þess að innan fárra daga geti ég lagt hér fram frumvörp á Alþingi þar að lútandi og þá gefst tækifæri til að ræða það. En sem sagt varðandi húsaleigubæturnar er líka vinna í gangi við endurskoðun laganna um húsaleigubætur. Ég vonast eftir að það takist að afgreiða frv. þar um fyrir áramótin. Það hefur náðst langdrægt samkomulag um þau ágreiningsatriði sem hafa staðið í mönnum og í versta falli yrðum við að búa næsta ár við það að hafa húsaleigubætur í óbreyttu formi og til þess er svigrúm innan fjárlaganna. En ég tel hins vegar að hitt væri miklu heppilegra að sveitarfélögin tækju alfarið við húsaleigubótunum og gætu hagað þeim eins og þau vilja.

Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar og læt þá máli mínu lokið.

[19:28]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Mér fannst hann viðurkenna það að hér væri um alvarleg vandamál að ræða sem væru óuppgerð á milli ríkis og sveitarfélaga og væri ekki hægt að láta sem ekkert væri eins og mér fannst að hæstv. fjmrh. reyndi að gera þar sem hann vísaði á bug þessari meðlagadeilu sem er upp á 400–500 millj. kr., vísaði á bug ýmsum öðrum þáttum í þessari yfirlýsingu Sambands ísl. sveitarfélaga og gerði lítið úr þessum ágreiningi um 500 millj.

Ég hins vegar áttaði mig ekki á því hvað hæstv. félmrh. var að segja í sambandi við þessar 500 millj. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að knýja sveitarfélögin til þess að lækka útsvör á næsta ári sem þessu nemur — hvernig hugsar ríkisstjórnin sér þetta dæmi? — vegna þess að sveitarfélögin hafa sagt: „Nei". Eða er það ekki skilningur hæstv. félmrh.? Eru menn þá ekki að berja höfðinu við steininn með því að vera að halda þessu til haga í viðræðum á milli ríkisins og sveitarfélaganna eins og mér finnst að ráðherrarnir ætli að gera? Ég hlýt að spyrja hæstv. félmrh. um þetta um leið og ég endurtek þakkir mínar fyrir það hvernig hann svaraði málinu að öðru leyti.

Ég vil svo segja að lokum að mér gest miklu betur að þeirri uppsetningu mála sem hann er með í þessum efnum heldur en hæstv. fjmrh. vegna þess að hæstv. félmrh. leggur áherslu á að reynt verði að semja sig í gegnum málið og það er auðvitað þannig sem það á að vera. En ákvörðunin um 500 millj. var tekin einhliða og sveitarfélögunum stillt þar upp við vegg og verður það vonandi í síðasta sinn sem menn reyna eitthvað slíkt.

[19:30]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að engin alvarleg vandamál séu á milli ríkis og sveitarfélaga eins og stendur. Hvað varðar þessar 500 millj. þá héldum við fund áður en skattalækkunarprógrammið var tilkynnt, eins og ég sagði frá áðan, og forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga féllust á að ræða um þessi mál. Nú er það ekki ég sem stend í þeim viðræðum heldur er það verkefni sem forsrh. tók að sér þannig að ég veit ekki hvað þeim samtölum líður. Við erum ekkert að knýja sveitarfélögin. Við erum að taka þetta inn í dæmið og ég vil endurtaka það að mér finnst óeðlilegt að sveitarfélögin græði á því að skattar séu lækkaðir og sveitarfélögunum var það mikilvægt að friður komst á á vinnumarkaði þannig að ég trúi ekki öðru en að einhver viðunandi niðurstaða náist í þessu efni.

Þá er það bréf sem hv. þm. las og var sent félmrh., dagsett 4. september minnir mig. Við erum reyndar búnir að tala nokkrum sinnum saman síðan þetta bréf var sent. Ég lít á þetta bréf sem opnun í viðræðum frá hendi Sambands ísl. sveitarfélaga. Í fjmrn. búa þeir til aðra lista þar sem þeir setja fram tölur um hvar hafi hallað á ríkið og hvar sveitarfélögin eigi að koma til móts við það. Það er bara eðlilegur gangur í skikkanlegum viðræðum að menn viðri sínar kröfur sitt á hvað og nái niðurstöðu, jafni út og nái niðurstöðu. Ég hef engar áhyggjur af því að það takist ekki hér á þessum vetri eins og hefur tekist á undanförnum tveimur vetrum.

[19:32]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Núv. hæstv. fjmrh. hóf sinn feril á því að leggja lögguskatt á sveitarfélögin (**Félmrh.**: Það var fyrir mína tíð.) Og því var mótmælt mjög harðlega af stjórnarandstöðunni í þinginu á þeim tíma. Síðan hefur ekki gróið um heilt á milli ríkisins og sveitarfélaganna nema að því er varðar það að menn hafa reynt að laga til fyrir sér og stundum náð árangri og stundum ekki.

Til viðbótar við lögguskattinn og þá óhæfu sem fólst í honum var tekin ákvörðun um þessa gríðarlega hækkun meðlaga sem lenti líka á sveitarfélögunum og er einnig óuppgert dæmi eins og hæstv. félmrh. viðurkenndi áðan, en til viðbótar koma svo þessar 500 millj. Og þar fannst mér að hæstv. félmrh. væri að leggja inn á lögguskattsaðferðina gagnvart sveitarfélögunum. Það væri verið að stilla þeim upp við vegg. Og þó að hæstv. félmrh. finnist að sveitarfélögin eigi ekki að græða á skattalækkunum sem ég get út af fyrir sig alveg tekið undir, þá er það ekki hans að ákveða það. Það er sveitarfélaganna að ákveða það samkvæmt lögum landsins og reyndar stjórnarskrá þannig að ríkið á ekki að stilla sveitarfélögunum upp við vegg í þessum efnum og þess vegna finnst mér mikilvægt að ég tel að hæstv. ráðherra hafi viðurkennt að það á að semja um hlutina. Samningar þýða að menn setjast niður við borð og komast að niðurstöðu en kýla ekki hvern annan með einhverjum minnislistum ofan úr fjmrn. eða hvaðan sem þeir kunna annars að vera.

[19:33]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það standa ekki til neinar kýlingar. Auðvitað verður samið um þessa hluti og það er engum stillt upp við vegg, hvorki ríki né sveitarfélögum. Þessi samtöl fara fram í góðu og ég hef enga trú á öðru og ég er þess fullviss að við náum niðurstöðu. Það eru mikil fjármálaleg samskipti milli ríkisins og sveitarfélaganna og við höfum bara samið um það áfram. Ég hef ekki komið nálægt neinum lögguskatti og ætla ekki að gera. Jöfnunarsjóður stendur með sínar tekjur eins og hann á að gera og það hafa ekki orðið nein slík uppþot í minni tíð.

[19:34]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin. Mér fannst þau um margt skynsamleg. Ráðherrann reyndi ekkert að verja það sem ég hélt hér fram, og sem er auðvitað satt og rétt, að það er verið að taka peninga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og setja inn í ríkissjóð, um 500 millj. á tveimur árum af tekjum erfðafjárskatts. Ráðherrann reyndi heldur ekkert að verja það, sem mér fannst líka skynsamlegt af honum, að það er verið að fækka félagslegum íbúðum og minnka framlögin í Byggingarsjóð verkamanna og hætta er á því að sjóðurinn fari á hausinn eins og Ríkisendurskoðun hefur sagt. Mér fannst það skynsamlegt af ráðherranum.

Um húsnæðismálin eða húsbréfin eða hvernig hann reyndi að verja það að skuldir heimilanna hafa aukist um 100 millj. á dag í tíð þessarar ríkisstjórnar, þá fannst mér nú ráðherrann gera sig hálfhlægilegan. Hann grípur alltaf til þess vopns sem hann telur sig hafa, að afföll í húsbréfakerfinu voru í örfáa mánuði á árunum 1990–1991 um 25%. Á því var skýring sem ráðherrann veit, þ.e. að Framsfl. vildi ekki leggja af 86-kerfið og þess vegna voru tvö kerfi í gangi sem ollu þenslu á markaðnum. En ráðherrann — og ég ætla að minna á það af þessu gefna tilefni en hefði annars ekki talið ástæðu til að minna á það — faldi skýrslu fyrir Alþingi á síðasta vetri þar sem fram kom hjá Húsnæðisstofnun að afföllin í 86-kerfinu sem Framsfl. vildi viðhalda voru um 40% og það er auðvitað af þessu gefna tilefni sem ég mun á næstu dögum leggja fram frv. um ráðherraábyrgð en samkvæmt því verða ráðherrar sem fara með villandi upplýsingar fyrir Alþingi eða leyna það upplýsingum brotlegir við lög.

Varðandi málefni barna viðurkenndi ráðherrann, sem er satt og rétt, að það er engin aukning í málefnum barna þrátt fyrir góðærið. En ég spyr: Þarf dómsmrn. að tefja það þó að það sé að skoða sjálfræðisaldurinn? Það liggur fyrir að það þarf þrjú til fjögur meðferðarheimili vegna hækkunar á sjálfræðisaldrinum. Það snýr að hæstv. ráðherra þannig að hann gæti þess vegna hrundið því af stað.

[19:37]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki neina vonda samvisku út af málefnum fatlaðra. Það er 7% raunaukning í málaflokkinn í þessum fjárlögum og það tel ég vera bara nokkuð gott og ég hef ekki neina samvisku út af því efni.

Varðandi málefni barna og hækkun sjálfræðisaldurs þá vil ég fá niðurstöðu úr þessari nefnd, hverju við þurfum að breyta, hverju við þurfum að bæta við áður en farið er að gera fjárlagatillögur um einhverjar stórar upphæðir. Það er ákveðið að við tökum á leigu húsnæði sem hentar til að taka mjög erfiða unglinga og um það liggur samningur á borðinu.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna og þann vanda sem hann er kominn í, þá er það vandi sem við erum að vinna að því að leysa og ég tel að við munum lifa við það þó að það verði ekki byggðar nema þessar 170 félagslegu íbúðir á næsta ári.

[19:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að það er veruleg skerðing í Framkvæmdasjóð fatlaðra, enda hefur ráðherrann ekki mótmælt því enda þótt það sé einhver aukning frá þessu ári sem var nú ekki mikil varðandi reksturinn og það er að verulegu leyti í tengslum við launabreytingar og rekstur allt árið á sambýlum sem þegar hafa tekið til starfa.

Ráðherrann hefur engar áhyggjur af því þó að það eigi bara að úthluta 170 íbúðum. Ég minni á að Öryrkjabandalagið og félagssamtök fatlaðra fengu ekkert úthlutað á þessu ári og ég spyr: Á það að endurtaka sig á næsta ári þegar enn á að fækka úthlutunum á því ári og umsóknir sem þegar liggja fyrir frá þeim eru um 200 og um 200 frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu? Ráðherrann hlýtur að hafa áhyggjur af því ef sjóðurinn er að stefna í gjaldþrot út af því að það hefur verulega dregið úr framlögum.

Á meðan ég fór með málefni sjóðsins var einmitt reiknað út hvað þyrfti til þess að þessi sjóður mundi verða í lagi og stefndi ekki í gjaldþrot. (**Félmrh.:** Og var staðið við það?) Ég stóð við það meðan ég var í ráðuneytinu. Þetta voru um 800–1.000 millj. sem voru lagðar í þann sjóð. Núna í góðærinu er þetta komið niður í hvað, 275 millj. á næsta ári.

Varðandi málefni barna, þá er náttúrlega fleira þar undir þeim málaflokki sem þarf að leggja fjármuni í heldur en bara það sem snertir sjálfræðisaldurinn. Það er alveg ljóst að manni finnst það mjög klént af þessari ríkisstjórn að þegar við búum við góðæri, skuli ekki verða lagðir meiri peningar *til málefna barna heldur en raun ber vitni. Ég kom að því* í minni framsögu áðan að framlög hér á landi eru helmingi minni til málefna barna og fjölskyldna þeirra en gerist í löndunum í kringum okkur.

Ég vil að lokum spyrja ráðherrann um fjölskylduráðið sem átti að skipa samkvæmt tillögu um opinbera fjölskyldustefnu sem var samþykkt hér. Fór fjölskylduráðið yfir fjárlagatillögur ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum og hver var niðurstaða ráðsins?

[19:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er fjölskylduráðið ekki komið á laggirnar. Það hefur tafist og ég get út af fyrir sig beðist velvirðingar á því, því það er að sumu leyti mér að kenna að vera ekki búinn að stofna það og þar af leiðandi hefur það ekki farið yfir þessar fjárlagatillögur.

Eins og ég hef áður sagt tel ég að það sem máli skiptir í málefnum fatlaðra sé að það er 7% raunaukning til málaflokksins. Það er svigrúm fyrir fjórum nýjum sambýlum á næsta ári og ég vænti þess að þau komist upp.

Hvað varðar skiptingu lánsloforða í félagslega kerfinu þá hef ég ekkert með það að gera. Ég get ekki svarað því hvort Öryrkjabandalagið fær úthlutað eður ei. Það er Húsnæðisstofnun eða stjórn Húsnæðisstofnunar sem gengur frá því.

Ég vil bara undirstrika það áður en ég fer úr ræðustólnum að ég tel að hvað félmrn. varðar, þá sé þetta skynsamleg, hófsöm niðurstaða og þjóðhagslega ágætlega verjandi.

[19:42]

**Útbýting þingskjala:**

Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, 71. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 71.

Tekjuskattur og eignarskattur, 76. mál, frv. StB o.fl., þskj. 76.

[19:43]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur á meðan ég flyt mál mitt.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti gerir ráðstafanir í þeim efnum.)

Ég ætla að hefja mál mitt engu að síður. Þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir fjárlagafrv. í gær talaði hann um stöðugleikann og hagvöxtinn og hvernig ríkisstjórnin ætlaði að skila tekjuafgangi á fjárlögum í góðærinu. Það er ánægjulegt að ástandið skuli vera svona gott og auðvitað fagna allir því á meðan vel gengur hverju sem það er að þakka. Því miður njóta ekki allir ávaxta þessa góða efnahagsástands. Það eru því miður allt of margir sem heyra aðeins af góðærinu en finna ekki fyrir því sjálfir. Ég gladdist því þegar ég heyrði hæstv. fjmrh. síðar í máli sínu tala um að til stæði að auka þjónustu við geðfatlaða og einhverfa. Ég hefði gjarnan viljað fá svör hæstv. fjmrh. við því hvenær stendur til að bæta þjónustu við þessa hópa, reyndar þyrftu fleiri en fjmrh. að geta svarað því þar sem þessi spurning snýr bæði að hæstv. félmrh., hæstv. heilbrrh. og hæstv. menntmrh. því að geðfatlaðir og einhverfir eru vissulega ekki í góðærisklúbbi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eða hafa a.m.k. ekki verið það hingað til.

Hjá barna- og unglingageðdeildinni var nánast lokað á alla þjónustu við einhverfa í mars í fyrra. Reyndar komu peningar seinna inn á Greiningarstöð ríkisins en þeir hafa ekki farið í þjónustu við þá einstaklinga sem hafa greinst einhverfir heldur til að byggja upp þekkingu í málaflokknum.

*Ef litið er til menntunar þessa hóps fatlaðra eiga þeir* samkvæmt lögum rétt á menntun til 18 ára aldurs en engin úrræði hafa verið fyrir hendi fyrir þau eftir 16 ára aldur. Það er allt í ólestri og foreldrar eru nánast angistarfullir yfir ástandinu. Ég veit um dæmi þess að einhverfir unglinar hafa leitað eftir skólavist í Borgarholtsskóla og einnig í Iðnskólanum og þeir hafa ekki fengið aðgang þar. Auðvitað eiga þessi börn og þessir unglingar rétt á þjónustu samkvæmt lögum og eiga að fá hana.

Þetta hefur leitt af sér að þessi börn ganga iðjulaus um borgina sem er afleitt fyrir börn með þessa fötlun. Ég veit einnig dæmi þess að foreldrar hafa þurft að hætta störfum á vinnumarkaði til þess að sinna börnum sínum sem svona er komið fyrir.

Eins og kom fram í umræðunni á mánudagskvöldið eru engin áform um að þeir foreldrar barna yfir 16 ára, sem eru *með þessa fötlun og þurfa stöðuga umönnun á heimilum* og hafa engin úrræði í kerfinu, fái umönnunarbætur eða umönnunarlaun. Þess vegna kalla ég eftir því hvað stendur til að gera? Hvenær verður þjónusta við geðfatlaða og einhverfa aukin?

Við heyrum nánast af því á hverjum degi, sérstaklega í sumar, hvernig ástandið er hjá geðfötluðum og er það vissulega áhyggjuefni. Þess vegna fagna ég því ef á að taka á þeim málaflokki og kalla eftir því hvaða áform eru uppi í þeim efnum.

Hæstv. fjmrh. talaði einnig um það og gumaði af því að hafa lækkað jaðarskatta á lífeyrisþega og nefndi þar til uppbótina á lífeyri og tengingu hennar við afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Því miður virðist hæstv. fjmrh. ekki hafa fylgst alveg með eftir því sem kom fram í máli hans því að í tíð ríkisstjórnarinnar var tekjutenging aukin í almannatryggingunum og þar með jaðarskattarnir þegar uppbótin, sem var ekki tekjutengd, var tekjutengd í tíð ríkisstjórnarinnar. Síðan þegar átti að minnka jaðarskattana með því að breyta fyrirkomulaginu með Ríkisútvarpið var það gert svo óhönduglega að lífeyrisþegum er mismunað eftir því hvenær þeir fá lífeyri og hvort þeir eru í sambúð eða búa einir þannig að þetta er ekki alveg eins og það hljómaði úr munni hæstv. ráðherra.

Vegna umræðna undir þessum lið um fjárlögin hefur komið fram afstaða hæstv. fjmrh. til þess hvort lífeyrisgreiðslur eigi að tengjast lágmarkslaunum og hann hefur lýst því yfir að ekki hefði verið hægt að hækka greiðslur til þeirra eins og hann hefur gert. Ég spyr hæstv. ráðherra, hann hefur ekki svarað því enn þá í umræðunni: Hyggst hann sjá til þess að lægstu bætur muni fylgja lágmarkslaunum um áramót þegar lágmarkslaunin verða 70 þús. kr.? Munu lífeyrisþegar njóta góðs af því og verður séð til þess að tekjur þeirra verði ekki undir 70 þús. kr.?

Fyrr í umræðunni kom fram, og það kom náttúrlega berlega í ljós í upphafi umræðunnar, hverjir telja sig einnig

hafa orðið afskipta og ekki hafa fengið aðgang að góðærisklúbbi ríkisstjórnarinnar. Yfir 5.000 aldraðir komu og mótmæltu þeim skerðingum sem þeir hafa orðið fyrir í tíð ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. fjmrh. gumaði af tekjuafgangi í ræðu sinni en ég leyfi mér að setja ákveðið spurningarmerki við hvort það muni verða tekjuafgangur þegar upp verður staðið því að hann fæst vegna þess að verið er að selja eignir ríkisins. Ég held því fram að jafnvel aldraðir og sjúkir lífeyrisþegar séu að greiða þennan tekjuafgang. Það er verið að sækja til þeirra, það hefur verið skerðing á kjörum þeirra og aukin þjónustugjöld til þeirra í tíð ríkisstjórnarinnar.

Fyrr í ræðunni talaði hæstv. heilbrrh. um að þjónustugjöldin hefðu aukist mest í tíð síðustu ríkisstjórnar og það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. heilbrrh. En það er ekki afsökun fyrir því að skerðingarnar hafa aukist í tíð núv. ríkisstjórnar. Maður hefði haldið að þegar stjórnmálamenn, sem hafa gagnrýnt skerðingar á síðasta kjörtímabili og lofuðu öllu fögru í síðustu kosningabaráttu og komast nú í valdaaðstöðu og góðæri ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, grípi til og reyni að rétta af þær skerðingar og minnka þau þjónustugjöld sem lögð voru á fyrr. Nei, það er ekki gert. Þjónustugjöldin eru aukin, skerðingarnar eru auknar og ég tel fulla ástæðu til að rifja aðeins upp hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera í kjaramálum lífeyrisþega.

Þó svo hæstv. fjmrh. hafi talað um að jaðarskattar hafi minnkað eru nú því miður hátt í 100% jaðarskattar enn þá á lífeyrisþegum. Það hefur verið slíkur hringlandaháttur sem snýr að kjörum lífeyrisþega að þeir hafa yfirleitt ekki vitað hvaða tekjur þeir hefðu frá mánuði til mánaðar og þetta hefur valdið öldruðum og lífeyrisþegum og öryrkjum mikilli vanlíðan og óöryggi.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hefur tekjutenging lífeyris verið aukin. Grunnlífeyrir ellilífeyrisþega var m.a. tekjutengdur þannig að 30% skerðing gagnvart tekjum kom í staðinn fyrir 25% sem hafði verið áður. Þeim hlunnindum var einnig breytt sem aldraðir höfðu gagnvart þjónustugjöldum í heilbrigðiskerfinu. Nú þurfa aldraðir að greiða fullt gjald fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu og sérfræðiþjónustu og rannsóknir til sjötugs í staðinn fyrir 67 ára nema í undanteknigartilvikum og við það breytast hámarksgreiðslurnar einnig úr 3.000 kr. í 12.000 kr. á almanaksárinu þangað til þeir fá afsláttarkort. Þarna er ekki verið að minnka þjónustugjöldin á þessa hópa. Nei, þau eru aukin.

Fyrr í umræðunni um var talað um að hið opinbera hygðist skera niður lyfjakostnaðinn. Hlutur lífeyrisþega í lyfjakostnaði hefur aukist. Reglum hefur verið breytt þannig að lyfjakostnaður hefur aukist hjá bæði öldruðum og öryrkjum og reglur um endurgreiðslur fyrir þá sem eru með mikinn lyfjakostnað eru einnig orðnar þannig að margur hver á ekki kost á því að fá endurgreiðslu þó þeir beri mjög mikinn lyfjakostnað vegna þess að reglurnar hafa verið þrengdar. Í blöðunum í dag eða í gær kom fram að lyfjakostnaður heimilanna hefur aldrei verið meiri. Það er á sjöunda milljarð sem heimilin bera af lyfjakostnaði í landinu og þetta er í góðærinu. Greinilegt er að þeir sem þurfa á lyfjum að halda eru ekki í góðærisklúbbi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Ég minntist áðan á að sérstaka uppbótin var tekjutengd í tíð ríkisstjórnarinnar og við það misstu um 2.000 lífeyrisþegar, sem eru umönnunarþurfi eða bera mikinn kostnað vegna heilsufars, þessa uppbót og þau hlunnindi sem fylgdu henni.

Ég ætla líka að tína það til að hlunnindi hreyfihamlaðra, styrkir til bifreiðakaupa, voru skert um nánast helming þrátt fyrir mikla þörf fyrir þá. Ég spyr hæstv. heilbrrh. sem hefur margoft lýst því yfir, sérstaklega í tíð síðustu ríkisstjórnar, að hún bæri hag þessa fólks mjög fyrir brjósti, hvort hún muni snúa vörn í sókn og snúa þessu við þannig að þetta fólk fái þau réttindi í velferðarkerfinu sem það hafði fyrir áður en hún tók við stjórninni í heilbrigðiskerfinu. Ég tel mjög mikilvægt þegar vel árar að þau réttindi sem þessir hópar hafa misst og sú kjaraskerðing sem orðið hefur í þrengingum skili sér til baka þegar vel árar.

Einnig var talað um að til stæði að skera niður í tannlækningum og hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir að það væri gert með því að búið væri að auka tölvuvæðingu og það ætti að draga úr tvíverknaði. Ég minni á að dregið hefur verið úr réttindum til þátttöku í tannlækningum í tíð ríkisstjórnarinnar. Á síðasta ári var skertur rétturinn til þeirra sem eru með gervitennur og ég spyr: Er það einasta skerðingin í tannlækningum að það eigi að draga úr tvíverknaði? Reglurnar voru orðnar þannig að það borgaði sig frekar fyrir marga að láta frekar draga úr sér allar tennur en láta gera við þær. Þannig voru reglurnar orðnar í Tryggingastofnun sem sneri að lífeyrisþegum og þátttöku í tannlækningum.

Nei, aldraðir eru greinilega ekki í góðærisklúbbnum og það var alveg réttmætt þegar þeir vöktu athygli á kjörum sínum. Samkvæmt niðurstöðum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands eru lífeyrisþegar 20% þeirra sem eru undir fátæktarmörkum og samkvæmt upplýsingum frá líknarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið jafnmikil ásókn í fjárhagsstyrki innan lands eins og í tíð núv. ríkisstjórnar. Fólk hefur ekki aðeins þurft að leita til félagsmálastofnana heldur líka til líknarfélaga. Er þetta velferðarsamfélagið sem við búum við í góðærinu? Er það þannig sem við viljum hafa þetta? Ég segi nei og ég trúi því ekki að þetta sé fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar. Það er hægt að tala fallega um fjölskyldustefnu í þessum ræðustóli og svo eru framkvæmdirnar svona. Ég sætti mig ekki við þessa forgangsröðun.

Í umræðunum hefur einnig komið fram og kemur fram í fjárlagafrv. að ekki á að auka löggæslu. Við vitum öll hvernig ástandið er í miðborginni um helgar. Fólk er ekki einu sinni öruggt um líf sitt og löggæslan er í lágmarki. Það er auðvitað hluti af velferðarþjónustunni að sinna löggæslustörfum þannig að menn geti gengið um borgina án þess að óttast um líf sitt.

Mig langar líka til að fagna því að hagnaðurinn eða góðærið skuli vera notað til þess að fjölga hjúkrunarrýmum því að þar hefur víða verið pottur brotinn og hefur verið orsök þess að útgjöld í heilbrigðiskerfinu hafa aukist, sérstaklega í rekstri spítalanna, vegna þess að það hafa ekki verið úrræði fyrir hendi. Þetta höfum við reyndar rætt hér. Ég minni á að það eru um 400 manns sem bíða eftir vistun bara í Reykjavík og þar af eru yfir 250 manns í mjög brýnni þörf eftir vistun.

Af því biðlistarnir komu hér aðeins til tals þá hef ég líka viljað fá upplýsingar um þá hjá hæstv. heilbrrh. Hvað hyggst hún gera í sambandi við biðlistana? Það er búið að koma fram að gert hefur verið átak í bæklunaraðgerðunum, það er af hinu góða. En að sjálfsögðu er vandinn stór. Verður komið á hámarksbið eins og er í nágrannalöndunum þannig að fólk þurfi ekki í óvissu, og jafnvel með mikil útgjöld af lyfjakostnaði og öðrum kostnaði, að bíða mánuðum saman eftir aðgerðum? Auðvitað er það dýrt bæði fyrir einstaklingana og samfélagið.

Ég ætla ekki að tala um ástandið í fjármálum sjúkrahúsanna, ég sé að lítið er eftir af ræðutíma mínum, en komið hefur fram að það vantar 2,6 milljarða til sjúkrahúsanna til að endar nái saman. Bent hefur verið á hvernig ástandið er á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem ekki hafa verið settir peningar í viðhaldskostnað og byggingin er bæði lek og farin að molna. Ef menn bíða með það mikið lengur verða útgjöldin auðvitað enn meiri.

Ég mótmæli því eins og lífeyrisþegarnir gerðu hér í gær að þeir verði áfram látnir bera mestu byrðarnar. Og ég kalla eftir því að eitthvað verði gert til þess að rétta kjör þeirra, eins og þeir hafa reyndar kallað eftir sjálfir, og krefst þess að þegar góðæri ríkir í samfélaginu njóti þess ekki aðeins fáir heldur komist þjóðin öll í þennan góðærisklúbb ríkisstjórnarinnar. En því miður er ég ansi hrædd um að það þurfi breytt viðhorf og aðra stjórn á landsmálunum ef sanngjart á að verða hvernig hagnaðurinn eða ágóðinn af þessu ágæta efnahagsástandi á að skila sér til allra en ekki aðeins fárra eins og nú er.

[20:03]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var vegna þess að hv. þm. beindi til mín spurningu um hvað gerast mundi um áramótin. Eins og kom reyndar fram í framsöguræðu minni eru hækkanir til lífeyrisbótaþega frá upphafi þessa árs og til upphafs næsta árs það miklar að gert er ráð fyrir 10–11%, líklega nær 11%, kaupmáttaraukningu þessara bóta. Það þýðir að í upphafi næsta árs er gert ráð fyrir að ellilífeyrisþegar og aðrir bótaþegar fái svipaða hækkun og launþegar fá samkvæmt almennum kjarasamningum þó að það sé ekki skylda samkvæmt lögunum.

Ég vil bæta því við vegna þess að hv. þm. sem er að því er ég best veit enn þá upplýsingafulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins, í leyfi, og þekkir þessi mál betur en við og hefur sérstakan áhuga á þeim, þá vil ég að fram komi líka að þær tekjur sem menn geta haft án þess að til skerðingar komi hækka um 5% eða þar um bil samkvæmt frv., eða um meira en sem nemur t.d. hækkun á skattleysismörkum, helmingi meira eða svo sem aftur bætir kjör þessa fólks sem lifir mestan part á bótum.

Það er annars svo, virðulegi forseti, að hlusta hér á fulltrúa jafnaðarmanna, því maður má ekki lengur tala um Þjóðvaka og Alþfl. í þingsal, það er athyglivert að hlusta á formann Alþfl. fara með himinskautum og skammast síðan yfir því að ekki skuli vera stórkostlegur afgangur á fjárlögum íslenska ríkisins og skamma fjmrh. fyrir að hækka útgjöld á þessu ári. En hækkunin er fyrst og fremst fólgin í bótum til almannatryggingakerfisins og til vaxta, þetta eru stærstu liðirnir. Og að hlusta síðan á fótgönguliðið koma hér og heimta sífellt meiri útgjöld. Mér finnst að hv. þm. ætti t.d. að fræða okkur um hvort hún (Forseti hringir.) vill hafa skerðingar og hvernig hún vill beita þeim skerðingum sem þarf að beita í almannatryggingakerfinu.

[20:05]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beindi spurningu til hæstv. fjmrh. um hvort miðað yrði við 70 þús. kr. hjá lífeyrisþegum eins og lágmarkslaunin þegar þau verða 70 þús. kr. um áramótin. Ég heyrði vel ræðu hæstv. ráðherra þegar hann talaði um kaupmáttaraukninguna. Hér er sífellt talað um prósentur en því miður segja prósentur lítið í þessum efnum því margur hver lífeyrisþeginn er með mjög lágar tekjur og prósentuhækkanir á þær eru náttúrlega ekki sambærilegar við sömu prósentuhækkun á há laun.

Vegna orða hæstv. ráðherra um að nú hafi menn heimild til þess að hafa meiri tekjur án þess að bæturnar skerðist þá hefur það nú verið viðtekin venja að tekjumörkin hafa hækkað þegar bætur hafa hækkað og það er bara eðlilegt ástand að það gerist, að sjálfsögðu. (**Gripið fram í:** Spurning um hve miklar.) Það er alveg rétt og það getur vel verið að þarna komi ákveðinn hluti góðærisins til lífeyrisþega, ég ætla bara að vona það. Mér finnst það fullkomlega eðlilegt að þetta skili sér til þeirra á einhvern hátt. Önnur eins hefur skerðingin verið til þeirra og þjónustugjöldin og allt það sem hefur verið lagt á þennan hóp. Og það er ekki að furða að þeir hafi risið upp og mótmælt því. Það er með endemum hvernig gengið hefur verið að þessum hópi sérstaklega. Ég kalla því enn eftir svari við þessari spurningu: Munu lágmarkslífeyrisbætur fylgja lágmarkskaupi um næstu áramót?

[20:08]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svaraði þessu hér áðan. Ég sagði að það stæði til að bætur hækkuðu um um það bil það sama og gerist í almennum launahækkunum og í því felst svarið. Ég vil einnig segja hv. þingmanni að á sínum tíma voru ákveðnir taxtar í samningi Dagsbrúnar við Vinnuveitendasambandið varðveittir sérstaklega til þess að hægt væri að nota þá sem viðmiðun í almannatryggingakerfinu. Það var ekki fyrr en að þessi tengsl voru rofin sem hægt var að semja við verkafólk í landinu um hærri laun og það var gert í síðustu kjarasamningum. Ef þessi tenging hefði verið áfram þá hefðu þessir taxtar verið varðveittir. Það verður að koma mjög skýrt og skilmerkilega til skila að núverandi ríkisstjórn hefur hækkað bætur meira en áður tíðkaðist vegna þess að bæturnar hækka meira en almennu launahækkuninni nemur. Og þegar menn eru að tala um lægstu laun þá verða þeir að hafa það í huga að það voru örfáir einstaklingar, örstuttan tíma ævinnar, á svokölluðum lægstu launum og þess vegna er erfitt um allan samanburð.

En það sem vekur athygli hér og nú er að hv. þm., sem gefur sig út fyrir að þekkja þetta kerfi best allra þingmanna, talar um það sýknt og heilagt að búið sé að skerða og skerða. Það er einföld spurning: Vill hv. þm. hafa skerðingar þannig að almannatryggingabætur verði skertar til fólks með lífeyristekjur, fólks með atvinnutekjur, fólks með fjármagnstekjur, og þá hve mikið? Eða er það eitt sem þessi hv. þm. hefur til málanna að leggja að sífellt skuli koma meiri og meiri bætur? En það er greinilega rauði þráðurinn í öllum ræðum hv. þingmanns að það megi ekki skerða, það verði að hækka bætur og hækka bætur. Hv. þm. hefur hins vegar lítið sagt frá því hvernig hún vildi hafa þetta kerfi og hvað það mundi kosta ef hún réði.

[20:10]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gefst ekki tími til þess að fara út í það hvernig ég teldi að almannatryggingakerfið ætti að virka. Aftur á móti ætti ég að eiga þess kost vegna þess að ég sit í nefnd sem ætti að vera að endurskoða almannatryggingalögin. En því miður er frammistaða þessarar ríkisstjórnar ekki meiri en svo að nefndin hefur ekki verið kölluð saman í næstum því ár. (**Gripið fram í:** Hvað eru margir í nefndinni?) Ég vil nefna það að að sjálfsögðu er eðlilegt að það séu ákveðin mörk á því hverjir fái út úr almannatryggingakerfinu og það

séu ákveðin skerðingarákvæði. En það er lágmark, hæstv. fjmrh., að lægstu greiðslur úr velferðarkerfinu séu a.m.k. nægar til framfærslu en þær eru það því miður ekki. Það er fjöldi fólks sem nær ekki endum saman og er að safna skuldum bara til þess að hafa ofan í sig og á. Og því miður er það svo að til manns kemur fólk, lífeyrisþegar, sem segist vera svangt.

[20:11]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir mjög góðan málflutning, fyrir að taka upp málstað lífeyrisþega og öryrkja, ekki veitir af gagnvart þeirri ríkisstjórn sem nú hefur setið og hefur notað hvert einasta tækifæri sem gefist hefur til að reyna að skerða kjör þessara hópa. Það er hins vegar fyrir tilverknað stjórnarandstöðunnar, fyrir tilverknað verkalýðshreyfingarinnar, að hún hefur ekki komist alla þá leið sem hún hefur viljað fara í því efni.

Í þessari umræðu um fjárlögin hér á Alþingi í dag hefur heldur betur fallið á þá glansmynd sem hæstv. fjmrh. dró upp í upphafi. Fram hafa komið mjög athyglisverðar upplýsingar frá hendi stjórnarandstöðunnar, sitt hvað sem við bíðum eftir að fá nánari skýringar á frá hæstv. ráðherrum. Það er mjög alvarlegt þegar hæstv. formaður heilbr.- og trn. heldur því fram að þrátt fyrir fögur orð í fjárlagafrv. þá vanti á annan milljarð króna til þess að Sjúkrahús Reykjavíkur geti sinnt þeirri lágmarksþjónustu sem því sjúkrahúsi er ætlað að sinna. Þetta er mjög alvarlegt í ljósi þess hver þróunin hefur verið á undangengnum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi dregist saman um 2,03% á síðustu tíu árum, úr tæpum 13 milljörðum, 12.949 milljónum, árið 1988 í 12.686 milljónir árið 1997. Þetta gerist á sama tíma og fjöldi íbúa á þessu svæði vex um 14,5%, úr 156.887 í 179.628. Þetta eru athyglisverðar tölur sem er vert að gaumgæfa. En þetta voru upplýsingar og þetta var málflutningur og rökstuðningur af hálfu formanns heilbr.- og trn., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, fyrr í dag sem nauðsynlegt er að ráðherrarnir báðir, hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. fari nánar í saumana á.

Það er sitthvað annað sem hefur verið tínt hér til í fjárlagaumræðunni um skerðingar af ýmsum toga, stórar og smáar. Þá sjaldan sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa látið svo lítið að taka þátt í þessari umræðu hafa menn hins vegar keppst við að hrósa hver öðrum í hástert. Hér í þingsal í dag var haft á orði að það væri engu líkara en menn væru staddir í stórafmæli hæstv. fjmrh., svo mikið var hrósið á tímabili. (Gripið fram í.) Það var fyrr í dag. Við sem vorum við umræðuna í dag heyrðum stjórnarliða mæra foringja sinn í fjármálalegum efnum (Gripið fram í.) og sumir stjórnarandstæðingar fóru reyndar lofsamlegum orðum um hæstv. fjmrh. og fjármálastjórn hans og vil ég þar nefna hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem er góðviljaður maður og fór lofsamlegum orðum um fjárlögin. Ég get hins vegar ekki hrósað þessum fjárlögum og ég get ekki hrósað fjármálastjórn hæstv. ráðherra Friðiks Sophussonar. Að sönnu er það svo að fjárlögin eru hallalaus. En eins og bent hefur verið á er ástæðnanna að leita utan ríkisstjórnarinnar. Það er góðæri í landinu, góðæri sem hefur veitt mikla fjármuni inn í samneysluna og svo er á hitt að líta að ríkið hefur ákveðið að selja eignir sínar. Nú kann það að vera í góðu lagi að selja sumar eignir. Hins vegar er full ástæða fyrir þingmenn og fyrir landslýð að vantreysta þessari ríkisstjórn þegar hún heldur upp að búðarborðinu. Og þar hræða dæmin. Við munum öll eftir hneykslinu með SR-mjöl þar sem að stórefnamönnum þessa lands voru færðir miklir fjármunir úr almannasjóðum og það er hægt að tína smærri dæmi, smá en stór þegar þau eru komin á hinn siðferðilega kvarða. Ég minni t.d. á í því efni að þegar framleiðsludeild ÁTVR var seld á sínum tíma fyrir um 17 millj. kr. þá var það minna verð en fjárhagslegur ávinningur ÁTVR af þessari framleiðslu á einu ári. Gjafir eru yður gefnar. Því er full ástæða fyrir menn að fylgjast rækilega með þegar hæstv. fjmrh. heldur upp að búðarborðinu og ætlar að selja eignir þjóðarinnar.

Það eru hins vegar ekki aðeins stjórnarandstæðingar sem eru óánægðir með ríkisstjórnina, fjármálastjórnina og áherslur ríkisstjórnarinnar í landsmálum. Þannig hefur t.d. komið mjög hörð gagnrýni frá framsóknarmönnum, ungum framsóknarmönnum, á áherslu ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Formaður Sambands ungra framsóknarmanna, Árni Gunnarsson, sem jafnframt er aðstoðarmaður hæstv. félmrh., ef ég fer rétt með, sagði í viðtali við ríkissjónvarpið fyrir fáeinum dögum eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum áhyggjur af því að ekki sé tryggt jafnrétti til náms án tillits til efnahags og búsetu. Þetta er alveg grundvallaratriði, að hver og einn fái tækifæri til þess að nýta sér hæfileika sína."

Og síðan hefur fréttamaður ríkissjónvarpsins eftir Árna að ríkisstjórnin hafi lofað aðgerðum til þess að jafna námskostnað en þar hafi ekki farið saman orð og efndir.

Það sem ég vil gera að umtalsefni í fáeinum orðum er pólitíkin í fjárlagafrv. Ég mun reyndar víkja að því aftur síðar. Í rauninni má segja að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson standi sig vel fyrir sinn málstað. Honum er að takast að undirbúa stórfellda markaðs- og einkavæðingu á öllum sviðum velferðarþjónustunnar. Honum er að takast að gera þetta. Ég hef t.d. ekki trú á því að hæstv. heilbrrh. hafi pólitískan áhuga á því að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Ég tel svo ekki vera. Ég tel hins vegar að með aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé verið að svelta velferðarþjónustuna og þar með heilbrigðisþjónustuna og þröngva henni til einkavæðingar. Og það er hér sem kemur að hlut hæstv. fjmrh. og fjármálastjórninni. Mér finnst það vera umhugsunarefni sem segir í fjárlagafrv. um Sjúkrahús Reykjavíkur svo dæmi sé tekið og vildi ég nú gjarnan hafa fjárlagafrv. hér við höndina. Þar segir t.d. á bls. 379, og er þar verið að tala um niðurskurð til Sjúkrahúss Reykjavíkur, orðrétt, með leyfi forseta:

„Með umræddu samkomulagi er litið svo á að það sé alfarið á ábyrgð eigenda og stjórnenda sjúkrahúsanna að tryggja að þau verði rekin innan marka áætlana."

Gott og vel. Það sem fjárveitingavaldið er að gera er að fyrra sig allri pólitískri ábyrgð gagnvart sjúklingum. Niðurskurðurinn, hagræðingin sem menn vilja síðan kalla hann, verður á ábyrgð hinnar einstöku markaðseiningar. Þetta er hugmyndafræðin sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson er að innleiða alls staðar á öllum sviðum samfélagsþjónustunnar. Og honum tekst þetta mjög vel. Honum tekst þetta afar vel. Hæstv. fjmrh. veit nákvæmlega hvert hann heldur. Ég er ekki alveg viss um að allir framsóknarmenn geri sér grein fyrir hvert þessi leið liggur og til hvers hún leiðir. Sumir gera það þó og hér talaði í gær einn ákafasti einkavæðingarsinninn, sem vill reyndar ganga lengra í þeim efnum, í röðum stjórnarliðsins. Það var hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Hann vitnaði í Hagskinnu og sagði eitthvað á þá leið að væru borin saman árin 1980–1990 þá kæmi fram að heildarvinnuafls-

notkun hefði aukist um 18,2% í heildina en hið opinbera hafi á sama tíma tekið til sín 37% aukingu í vinnuaflsþörf. „Ef skoðað er síðan tímabilið frá 1963–1990," sagði hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, „kemur enn þá sorglegri mynd fram því að þar kemur í ljós að hlutfallsleg skipting vinnuaflsnotkunar er þannig að fyrirtækin hafa lækkað úr tæpum 90% í 77%, en hjá hinu opinbera hefur vinnuaflsnotkun aukist úr 9,5% í 18,2% ..." Þetta var að mati hv. þm. of mikil aukning hjá lítilli þjóð sem ætti fullt í fangi með að standa undir þeirri yfirbyggingu sem nauðsynleg er í þjóðfélaginu. Á þessa leið mæltist hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni. Það er greinilegt að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson þekkir ekki mikið til íslenskrar hagsögu. Hver skyldi vera skýringin á þessu sem hann kallar „sorglegt ferli"? Eða vita menn ekki að hagvöxtur eftirstríðsáranna verður að verulegu leyti skýrður með aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Ef hann hefði lesið Hagskinnu betur þá hefði hann komist að raun um það að atvinnuþátttaka kvenna jókst úr 34% 1960 í 74% 1990. Og ekki nóg með það, atvinnuþátttaka giftra kenna jókst úr 19% í 78%. Þetta er fyrst og fremst skýringin á breyttri samsetningu vinnuaflsins á Íslandi. Það sem hefur gerst er að störf sem áður voru unnin inni á heimilum hafa færst út í hinar ýmsu stofnanir velferðarsamfélagsins. Þingmaðurinn hélt reyndar áfram og fjallaði meira um hlut samneyslunnar á Íslandi sem hann sagði vera 21% af landsframleiðslu, langt umfram OECD meðaltalið þar sem samneyslan væri 16% að meðaltali þar og aukning samneyslunnar eins og henni er spáð núna væri langt umfram það sem væri spáð víða annars staðar. Staðreyndin er sú að það er rétt að samneyslan er að meðaltali tæp 16% hjá OECD, reyndar 15,7%. Við erum samkvæmt nýjustu gögnum með 20,7%, svipað og Noregur, talsvert undir Svíþjóð sem er með 25,8% og Danmörk 25,1% og síðan eru fyrir ofan okkur Finnland og Bretland. En ríkin sem draga meðaltal OECD niður eru ríki á borð við Grikkland og Japan sem er með 9,7% samneyslu eða hlutfall samneyslunnar er 9,7% af vergri landsframleiðslu. Og hver skyldi skýringin vera á því? Skýringin á því er talin vera sú að atvinnuþátttaka kvenna í Japan er allt önnur og miklu minni en gerist hér. Þetta eru hlutir sem menn verða að sjálfsögðu að skoða og setja inn í sitt rétta samhengi ef þeir ætla að fá eitthvert vit í þessar umræður.

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson sagði reyndar enn fremur að hann væri ekki að gagnrýna framlag til eiginlegra velferðarmála, til eiginlegrar velferðarþjónustu. Það væri ekki vandamálið. Vandamálið væri, sagði hann: „sú fita sem alls staðar hvílir utan á þessari yfirbyggingu okkar." Hvað er hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson að tala um hér? Ég get tekið undir með honum að sitthvað sem gerist hjá hinu opinbera er mér ekki að skapi og þar er að finna bruðl af ýmsu tagi, sums staðar í launamálum, hjá þeim sem hafa lifað í skjóli Kjaradóms t.d. Til dæmis fjármunir sem hafa runnið til allra einkavæðingarnefndanna sem hæstv. fjmrh. hefur sett á laggirnar og hafa tekið til sín milljónir króna. Það er alveg rétt, það er bruðl á ýmsum sviðum. En stóru fjármunirnir, það sem verulega skiptir máli, er hins vegar það fjármagn sem rennur til menntamála og þá ekki síður til heilbrigðismála sem er drjúgur hluti af fjárlögum íslenska ríkisins. Hins vegar er það rétt að þegar farið er að skoða pólitíkina í fjárlagafrv., þá er það einmitt á þeim sviðum sem maður mundi nú helst tengja fitu, þar sem útgjaldaauking verður, t.d. til utanríkisþjónustunnar Þar er framlagið aukið að raungildi um 227 millj. kr.

Það hefur verið gagnrýnt í umræðu á þingi, hvað svo sem mönnum sýnist um einstakar ráðstafanir á borð við að setja niður sendiráð hér eða sendiráð þar, að þessir hlutir skuli ekkert vera ræddir í þinginu áður en ákvarðanir eru teknar. Þetta hefur verið gagnrýnt af hálfu stjórnarandstöðunnar í fjárln., að ýmislegt sem er að koma ... (**KHG:** Varaformanns fjárln. líka.) Og af hálfu varaformanns fjárln. líka. Hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur gagnrýnt ríkisstjórnina harðlega fyrir þessi vinnubrögð. Ég veit ekki hvort hann á eftir að gagnrýna það líka þegar hæstv. utanrrh. mun halda utan, sennilega með marga flugvélafarma af háembættismönnum og öðrum slíkum, í mikla reisu til Asíu á komandi vikum eða mánuðum. Ég skal taka undir þá gagnrýni að þegar farið er að skoða áherslur ríkisstjórnarinnar og hvar gæluverkefni hennar eru að þá eru vinnubrögðin mjög gagnrýniverð. Kannski er athyglisverðast af öllu hvernig hún tekur sjálf saman í hnotskurn þankagang sinn og pólitík þegar hún birtir hér, sennilega til að auka kostnaðarvitund okkar þegnanna og skattborgaranna, hvað það kostar samfélagið að styðja við bakið á fötluðum einstaklingi. Hér segir að rekstrarkostnaður á hvern íbúa á ári fyrir fatlaðan einstakling og svo er tilgreind upphæð — rekstrarkostnaður. Þetta er fullkomið hneyksli. En við erum ekki einvörðungu að ræða um krónur og aura. Hér erum við að ræða um pólitík og hér erum við að ræða um siðferði í pólitík og þar fær ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, falleinkunn.

[20:32]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Þar sem við erum í sókn í heilbrigðismálum skulum fara fyrst yfir heilsugæsluna. Stefnumótun var samþykkt í heilsugæslunni síðasta sumar og í 21 lið var samþykkt að stefna að bættum gæðum heilsugæslunnar. Við höfum náð lengra en nokkur þorði að vona á þeim tíma þegar við skrifuðum undir þetta samkomulag.

Ég ætla aðeins að fara yfir árangurinn í Reykjavík og Reykjanessvæðinu en í umræðunni í fyrra við fjárlög var einmitt talað sérstaklega um það hversu aðgengi að heilsugæslu væri erfitt á þessu svæði. Um áramót munum við opna nýja heilsugæslustöð í Mosfellsbæ. Við erum búin að bjóða út nýja heilsugæslustöð í Fossvogi. Í Garðabæ flytjum við í nýja heilsugæslustöð í þessum mánuði. Í Hafnarfirði er búið að bæta húsnæði heilsugæslunnar og væntanlega vígjum við það í kringum áramót. Í Keflavík er verið að byggja upp heilsugæslu og í Kópavogi er verið að byggja yfir heilsugæsluna og þar munum við byrja að nýta húsnæði um mitt næsta ár.

Þetta eru nokkur stór atriði sem ég held að vert sé að minnast á í umræðunni. Auðvitað viðurkenni ég að það hefur hamlað þróun í heilsugæslunni að við höfum verið að bíða eftir úrskurði kjaranefndar um laun heilsugæslulækna en við höfum náð markmiðum bæði í gæðastýringu og ýmsum breytingum innan heilsugæslunnar sem mikil sátt er um. Ef við tökum sjúkrahúsin skulum við fyrst taka sjúkrahúsin úti á landi. Á Akureyri er mikil uppbygging og við munum opna barnadeild um áramótin 1998–1999 á Akureyri. Á Akranesi hefur öldrunarþjónusta innan sjúkrahússins verið bætt. Á Blönduósi verður vígð ný deild fyrir aldraða eftir hálfan mánuð. Þetta er í hnotskurn það sem er að gerast um þessar mundir úti á landi. Ef við tökum sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu hefjum við uppbyggingu barnaspítala á næsta ári. Við erum að opna nýja líknardeild, við erum að opna lýtalækningadeild sem hefur verið lokuð um langt

skeið. Búið er að byggja upp gjörgæsludeild á Landspítala og skurðstofur og við erum að byrja að byggja upp skurðstofurnar og gjörgæsluna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Innan tíðar opnum við nýja hjartarannsóknadeild á Landspítala.

Ég ætla að fara yfir það sem er að gerast í öldrunarmálum á Reykjavíkursvæðinu. Það er rétt sem hefur komið fram oftar en einu sinni hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að hjúkrunarrými vantar á Reykjavíkursvæðinu. Verulegir fjármunir eru lagðir í fjárlagafrv. til uppbyggingar. Ég nefni Skógabæ, Vífilsstaði, Víðines og uppbygginguna á Landakoti. Þetta eru bara nokkur dæmi sem mér finnst rétt að minnast á við umræðuna.

Tökum forvarnirnar. Búið er að leggja margfalt meira fjármagn til forvarna á síðustu tveimur árum en menn hafa séð undanfarin ár og á morgun verður kynnt sérstakt fræðsluverkefni í tóbaksvörnum sem við tökum upp og Norðmenn hafa tekið upp með mjög góðum árangri. Við leggjum þrefalt meira fé til tóbaksvarna en við gerðum árið á undan. Sama má nefna í áfengis- og vímuefnavörnum. Er þetta ekki einhver árangur? Er þetta engin sókn? Ætla menn sífellt að tala sig niður í það að við séum á síðasta snúningi með alla hluti?

Ég ætla aðeins að koma inn á nokkrar spurningar sem hafa verið lagðar fram. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði: Hvað ætlar ráðherra að gera varðandi biðlista? Hvað hefur verið að gerast varðandi biðlistana? Við skulum aðeins rifja það upp. Keflavík, Akranes, Selfoss, Akureyri, St. Jósefsspítali hafa allir tekið á með sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu varðandi biðlistana og þar hefur náðst verulegur árangur. Ég rifjaði áðan upp það sem við ræddum sérstaklega fyrir hálfu ári — biðlistana eftir bæklunaraðgerðum. Þar höfum við náð geysilegum árangri. Með nýju hjartarannsóknaraðstöðunni verðum við í jafnvægi ef svo má segja varðandi hjartaaðgerðir. (**ÁRJ:** Hversu margir eru á biðlista núna?) Það eru miklu færri á biðlistum nú en voru fyrir hálfu ári. Við munum aldrei hreinsa biðlistana alveg. En ég nefni sem dæmi að við biðum eftir því að geta gert verulegt átak í hryggaðgerðum sem er afar sársaukafullur sjúkdómur og mikilvægt að sjúklingar þurfi ekki að bíða lengi eftir slíkri aðgerð. Við erum komin með biðlistana í ásættanlegt horf. Er þetta ekki neinn árangur? Má ekkert um þetta ræða?

Hv. síðasti ræðumaður, Ögmundur Jónasson, kom inn á það að allt væri í bullandi einkavæðingu í heilbrigðismálum. Er það rétt? Er einhvern aukin einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni? Og væri það rétt væri það þá slæmt? Það sem er aðalatriði er að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni, (**ÖS:** Og geti borgað fyrir það.) það er númer eitt. Alveg hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni — og geti borgað fyrir það. Þá er ég ekki að tala um úr eigin vasa heldur að almannatryggingakerfið sjái um sína jafnt. Það er aðalatriðið. (Gripið fram í.) Ég er ekki að hverfa frá því (**Gripið fram í:** Víst.) og hv. þm. má ekki missa móðinn eða þolinmæðina þó svo að sérfræðingar hafi farið í tímabundnar kjaradeilur. Það er málefni sem við hljótum að leysa. Það höfum við séð áður (**Gripið fram í:** Hvenær á að byrja á því?) og hv. þm. Svavar Gestsson sem talaði áðan þekkir kjaradeilur við sérfræðinga. Ég býst við því að hann hafi lent í þeirri lengstu kjaradeilu sem heilbrrh. hefur átt í við sérfræðinga árið 1988. Málið er því ekkert nýtt og þetta er eins og sagan endalausa að það mun endurtaka sig. Við þekkjum kjaradeilurnar í menntamálunum og þetta er málefni sem þarf að leysa.

Virðulegu þingmenn. Ég held að það sé hollt þegar menn leggjast í það að sjá ekkert nema svart að minna aðeins á það sem er að gerast í kringum okkur og loka ekki augunum fyrir því.

[20:41]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gæti vel talað í stundarfjórðung um þetta málefni. Ég ætla aðeins að leiðrétta hæstv. ráðherra. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég teldi að hæstv. ráðherra hefði engan sérsakan áhuga á því að einkavæða heilbrigðisþjónustuna en ríkisstjórnin fylgir hins vegar stefnu sem leiðir til þeirrar niðurstöðu, bæði með markvissri sveltistefnu gagnvart velferðarþjónustunni en einnig með beinum aðgerðum og í fjárlagafrv. er eins og ég skírskotaði til í ræðu minni talað um aukin útboð. Það er talað um aukin útboð innan velferðarþjónustunnar. En ég ætla að endurskoða ummæli mín um að hæstv. ráðherra hafi ekki áhuga á einkavæðingu í ljósi þess sem síðast var sagt af hennar hálfu. Hún sagði: (Forseti hringir.) Er það svo slæmt að við markaðsvæðum velferðarþjónustuna og heilbrigðisþjónustuna? Það er alls ekki svo slæmt. Á þessa leið mæltist hæstv. heilbrrh. þannig að ég ætla að endurskoða fyrri ummæli mín um pólitíska afstöðu hennar, því miður verð ég að gera það.

[20:43]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum aðeins rifja upp hvernig þetta er í dag. Það má segja að öldrunarþjónustan sé einkavædd að stórum hluta til. Tökum Hrafnistu í Hafnarfirði og Hrafnistu í Reykjavík til að mynda. Er það slæmt? Það tel ég ekki vera. Það eru ýmsar einkareknar læknastofur á Reykjavíkursvæðinu. Er það eitthvað slæmt? Ég hef ekki orðið vör að það sé neitt slæmt, ég endurtek það, svo framarlega sem allir hafi jafnan aðgang og almannatryggingarnar sjái um sitt fólk. Varðandi markaðsvæðinguna finnst mér t.d. ekkert slæmt að hugsa til þess að rannsóknaþátturinn sé á vegum einkaaðila svo framarlega sem þeir sinna því jafn vel eða betur en ríkið. Það er ekkert trúaratriði fyrir mig að ríkið reki endilega allt. Það sem við erum að gera varðandi þjónustusamninga við einstakar sjúkrastofnanir, (Forseti hringir.) það má kannski kalla það einkavæðingu en það er líka verið að auka ábyrgð þeirra sem sjá um reksturinn. Aðalatriðið er að almannatryggingarnar sjái um sitt fólk.

[20:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög mikið áhyggjuefni hve blindir menn eru á það sem er að gerast. Menn eru sífellt að tala um blandað kerfi sem við búum við, annars vegar ríkisrekstur og síðan stofnanir sem eru reknar af margvíslegum samtökum. Þá erum við fyrst að tala um stofnanir sem settar voru á fót af hugsjónafólki sem rak þessa starfsemi af hugsjón, alla vega lengi framan af. Þessar stofnanir búa að því enn þá. Það sem við erum hins vegar að ræða um núna í pólitíkinni í dag eru aðrir hlutir. Það er verið að tala um hvort það eigi að fara eftir öðru leiðarljósi við stjórn heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. markaðshugsuninni, hagnaðarvoninni. Þetta eru menn að takast á um. Ef hæstv. heilbrrh. gerir sér ekki grein fyrir þeirri umræðu, þeirri pólitísku umræðu sem fram fer ekki bara hér á landi heldur í öllum ríkjum OECD, og hæstv. fjmrh. fylgir mjög stíft eftir, þá finnst mér það mikið áhyggjuefni.

[20:46]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. talar um að við sjáum ekkert nema svart. Það er ekki rétt. Hún tínir til allt það sem hún hefur getað gert jákvætt. Það er mjög gott. Auðvitað eiga ráðherrar að gera eitthvað gott á góðæristímum. Ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra nái einhverjum jákvæðum hlutum fram eins og þessu með biðlistana. En hvað er hæstv. ráðherra að gera um leið? (Gripið fram í.) Hann eykur þjónustugjöldin t.d. á þá sem eru að fara í hjartaaðgerðirnar, á þá sem þurfa að fara í endurhæfingu eftir aðgerðir eins og hún er að nefna. Frá 1. september eru þjónustugjöld aukin á alla þá sem þurfa að fara í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun, allt þetta fólk sem er heilsulaust og á undir högg að sækja. Það er verið að sækja peninga í vasa þessa fólks. Þetta er fólk sem er ekki aflögufært.

Fyrst hæstv. ráðherra nefnir stefnuna í 21 lið til að efla heilsugæsluna vil ég spyrja um fyrsta liðinn: Hvað líður hinu valfrjálsa stýrikerfi tilvísana sem er fyrsti liðurinn af þessum 21 punkti í sambandi við heilsugæsluna?

[20:48]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. minntist í ræðu sinni á valfrjálst stýrikerfi. Það er hárrétt að það er fyrsti punkturinn í 21 lið um stefnumörkun í heilsugæslunni. En það væri hollt að lesa allan liðinn vegna þess að valfrjálst stýrikerfi er bundið því að læknasamtökin séu tilbúin að vinna með heilbrrn. að málinu. Nú skal ég segja hv. þm. hvers vegna við erum ekki komin lengra. Það er vegna þess að heimilislæknar felldu það í eigin félagi, hjá læknasamtökunum, að ganga í þetta verk. Það stendur ekki á heilbrrn., það stendur á fulltrúa læknafélagsins. Ég tel að þessar tillögur um valfrjálst stýrikerfi séu mjög skynsamlegar. (**Gripið fram í:** Eru þetta bara tillögur? Var ekki tekin ákvörðun?) Jú, það var tekin ákvörðun um að vinna að valfrjálsu stýrikerfi með læknasamtökunum. Stundum hefur verið talað um að við í heilbrrn. vinnum ekki nóg með heilbrigðisstéttunum. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Er tíma mínum lokið og ég er ekki hálfnuð að svara hv. þm.? En aðalatriðið er þetta að við förum ekki í slag bæði við heimilislækna og sérfræðinga í senn. (Forseti hringir.) Slær nú forseti fast í bjöllu sína.

(**Forseti** (GÁ): Tíminn er mjög takmarkaður í umræðunni. Ég verð bæði að biðja hæstv. ráðherra og hv. þm. að fara að þingsköpum.)

[20:49]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Greinilegt er að hæstv. ráðherra lætur lækna taka völdin af sér þegar hún tekur ákvarðanir eins og varðandi fyrsta liðinn. En það var ekki komið að því að hæstv. ráðherra svaraði þessu með aukin þjónustugjöld og álögur á þá sem eru í endurhæfingu. (**Gripið fram í:** Hún vissi ekki af því, vissi ekki af því.) Kannski hefur það komið henni í opna skjöldu að farið væri að rukka fólk sem er eftir sig eftir áföll eins og að missa málið eftir hjartaáföll eða heilablóðfall. Þar komu þjónustugjöldin af fullum þunga 1. september í góðærinu.

[20:50]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hélt að hv. þm. vissi að það er verið að auka talþjálfun og það er verið að auka iðjuþjálfun (Gripið fram í.) og það er verið að auka ... (Gripið fram í.) Nei, ríkið er að auka kostnað sinn varðandi talþjálfun og iðjuþjálfun. (**Gripið fram í:** Nei.)

(**Forseti** (GÁ): Forseti biður þingmenn að hafa hljóð í salnum. Þetta er stuttur tími sem ráðherrar og þingmenn hafa til svara. Það verður að vera friður.)

Varðandi sjúkraþjálfun veit ég að hv. þm. veit að það var ekki réttlátt kerfi. Margir borguðu 40% á meðan aðrir borguðu ekki neitt. Nú fá fleiri endurgreitt en var áður. En það er hárrétt að þeir sem fengu kannski 100 skipti án þess að borga eina krónu þeir borga hluta núna. En ég held að menn séu almennt sammála um að við séum að tala um miklu réttlátara kerfi. (**ÁRJ:** Því miður hefur misskiptingin aukist.)

(**Forseti** (GÁ): Það er nú svo á hinu háa Alþingi að ræðustóllinn er það form sem við notum hér til að tala saman í.)

[20:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek spurningar mínar til hæstv. ráðherra sem hún hefur ekki svarað. Er áformuð aukin eða ný gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu á næsta ári? Er hæstv. ráðherra sammála stjórnarandstöðunni um að 2,6 milljarða vanti í heilbrigðiskerfið? Hún hefur ekki mótmælt því. Hvernig á að spara 410 millj. kr. í sjúkratryggingum eins og boðað er?

Í málaskrá ríkisstjórnarinnar boðar heilbrrh. að flytja frv. um fæðingarorlof feðra á almennum markaði. Er fyrirhugað fjármagn í það á næsta ári á fjárlögum? Ég óska eftir skýrum svörum frá ráðherra við þessum spurningum. Það er ekki við það búandi, herra forseti, að hæstv. ráðherra komist upp með að svara ekki þeim spurningum sem beint er til hennar. Ég óska eftir því að hún taki þátt í umræðunum aftur hér á eftir ef hún hefur ekki tíma í þessari umræðu til að svara spurningunum.

[20:52]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru ekki boðaðar nýjar gjaldtökur í þjónustugjöldum. (Gripið fram í.) Nú vil ég biðja forseta að sjá svo um að ég fái að svara. Ég hef ekki mjög langan tíma til þess. Hv. þm. spyr líka að því hvort 2,6 milljarða vanti inn í heilbrigðiskerfið. Ég get svarað því þannig að það væri mjög vel hægt að nýta 2,6 milljarða í heilbrigðisþjónustuna.

Hv. þm. spurði hvernig ætti að ná 410 millj. kr. lækkun á lyfjakostnaði. Ég fór áðan yfir það og það hefði verið ágætt ef hv. þm. hefði hlustað á það. Hann getur þá lesið það í þingtíðindum. En með auknum útboðum á lyfjum og með svokölluðum samhliða innflutningi getum við náð verulegum árangri varðandi lækkun lyfjakostnaðar. Við höfum þegar náð þeim árangri á þessu ári. En samt er áætluð 7% hækkun í lyfjakostnaði.

Varðandi fæðingarorlof feðra verður jafnt að ganga yfir alla feður. Það sem gengur til ríkisstarfsmanna mun líka ganga yfir á almenna markaðnum.

[20:54]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er gert ráð fyrir fjármagni til að tryggja rétt feðra til fæðingarorlofs á almennum markaði á næsta ári? Er það tryggt í fjárlögum? Ég spyr um það. Já eða nei.

Ráðherra getur nýtt 2,6 milljarða ef hún fengi það inn í heilbrigðiskerfið. Auðvitað getur ráðherrann nýtt það. Það

var ekki verið að spyrja um það. Það var verið að spyrja hvort ráðherrann væri sammála því að 2,6 milljarða vantaði til að reka sjúkrahúsin á næsta ári án þess að draga úr þjónustu. Það er spurt nákvæmlega um það. Hæstv. ráðherra segir: engin ný gjaldtaka en á að auka þá gjaldtöku sem fyrir er? Ég spyr t.d. um í tannlækningum. Þar er boðaður 70 millj. kr. sparnaður. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. ráðherra svari skýrt því sem um er spurt en sé ekki með útúrsnúning.

[20:54]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er svo langt frá því að ég sé með útúrsnúninga. Það hefði verið gott ef hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefði verið við umræðuna í dag því þá hefði hún fengið svör við öllum þeim spurningum sem hún er að spyrja um. (Gripið fram í.) Það er ekki er hægt að endurtaka sig í sífellu. Af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr sérstaklega um tannlækningar þá fór ég yfir það fyrr í kvöld. Með aukinni tölvuvæðingu í Tryggingastofnun ríkisins er hægt að auka eftirlitið. Það er mat þeirra sem þar vinna að með auknu eftirliti getum við lækkað kostnaðinn. Ég trúi ekki að hv. þm. sé á móti því.

Varðandi spurninguna um 2,6 milljarðana væri hægt að spyrja svona í öllum málaflokkum. Það væri hægt að spyrja: Þarf 2,6 milljarða í menntamálin? Auðvitað væri hægt að svara því játandi alls staðar vegna þess að það væru not fyrir þessa peninga. En ég tel að með þeim hækkunum sem boðaðar eru í fjárlagafrv. séum við að stíga stórt skref fram á við.

[20:56]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Framkoma hæstv. ráðherra stappar nærri hneyksli. Þegar formaður heilbr.- og trn. flutti ræðu fyrr í dag varpaði hann til hennar mörgum ítarlegum spurningum. Hæstv. ráðherra reyndi að svara nokkrum í andsvörum en sagði síðan þegar hún var innt eftir þeim spurningum sem helstar voru að hún mundi svara þeim síðar í ræðu í dag. Hún hefur haldið eina ræðu sem stóð í tólf mínútur. Hún nýtti ekki tíma sinn og vék ekki einu orði að ræðu formanns heilbr.- og trn. Annaðhvort þekkir hæstv. ráðherra ekki málaflokkinn og getur þess vegna ekki tekið þátt í efnislegri umræðu um hann eins og mig er farið að gruna eða hún treystir sér ekki til þess. Ég ætla aðeins að ítreka eina spurningu. Ég færði rök fyrir því fyrr í dag í ítarlegu máli, herra forseti, að það vantaði a.m.k. 980 millj. en að öllum líkindum hátt á annan milljarð til að endar næðu saman í rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ég notaði þetta sem dæmi um að glansmyndin, sem dregin er upp í heilbrigðiskaflanum, stæðist ekki. Nú spyr ég aftur hæstv. heilbrrh.: Getur hún hrakið þetta? Er þetta rétt eða rangt? Telur hún kannski að ekkert vanti upp á rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur?

[20:57]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að gera hv. formanni heilbr.- og trn. til geðs. (**ÖS:** Ekki útúrsnúninga.) Þó ég leggi mig alla fram segir hv. formaður heilbr.- og trn. enga útúrsnúninga. Ég hef ekki snúið út úr einu einasta orði, hvorki frá hv. þm. sem talaði síðast eða öðrum. Ég er í samviskusemi að svara þeim spurningum sem hafa verið lagðar fyrir mig. Það er ekki hægt að una því að í hvert skipti sem er bent á einhvern jákvæðan hlut í heilbrigðisþjónustunni verði stjórnarandstaðan alveg topp ... ég ætla ekki að segja meir.

Hv. þm. spurði einnar spurningar um Sjúkrahús Reykjavíkur og ég svaraði því í dag. Ég svaraði þeirri spurningu í dag. Við lögðum 500 millj. kr. fyrir fáeinum dögum til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu. Borgarstjórinn í Reykjavík skrifaði undir samkomulag um hvernig við mundum ná skipulagsbreytingum. Fjárlög þessa árs eru alveg í takt við það.

[20:58]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er hægt að una því að hæstv. ráðherra skjóti sér ítrekað undan því að svara málefnalegum spurningum sem eru lagðar fyrir hana. Ég veit ekki hvort hún skilur ekki það sem menn segja. Ég er ekki að tala um rekstur sjúkrahússins á þessu ári. Ég er að tala um fjárlög fyrir næsta ár. Ég er að tala um þær áætlanir sem koma fram í frv. fyrir næsta ár. Ég hef fært rök fyrir því byggð á þeim upplýsingum sem koma í fjárlagafrv., byggð á öðrum upplýsingum sem koma frá heilbrigðisgeiranum þar sem sýnt er fram á það svart á hvítu að það skortir stórar upphæðir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún að ekkert vanti inn í rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur miðað við þau fjárlög sem hún hefur lagt fyrir?

Hæstv. forseti. Ef svar hennar er já að það vanti ekkert, þá fullyrði ég að heilbrrh. hefur ekki tök á málaflokki sínum, hann veit ekki um grundvallaratriði sem skipta máli í honum.

[21:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á hverju einasta ári síðustu tíu ár hefur rekstur stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu verið endurskoðaður um mitt ár og undanfarin tvö ár hefur þriggja manna nefnd verið starfandi til að halda utan um rekstur þessara sjúkrahúsa, einn frá borgarstjórn, einn frá fjmrn. og einn frá heilbrrn. Og þessi þriggja manna stjórn sem hefur unnið með stjórn sjúkrahúsanna hefur fylgst frá mánuði til mánaðar með rekstrinum og það er þess vegna sem við höfum haft tækifæri til að auka fjármagnið, vegna þess að menn hafa verið með fingurinn á púlsinum.

Mér finnst formaður hv. heilbr.- og trn. kannski fara nokkuð offari (**ÖS:** Lesa þetta plagg.) og ég vænti þess að það verði meiri ró yfir honum þegar við förum að vinna saman að framfaramálum á næsta ári.

[21:01]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill vekja athygli á því, vegna þess að menn voru hissa á því hversu mikið hann skipti ræðutíma, að í þingsköpum segir að andsvör megi ekki standa í senn lengur en í 15 mínútur. Þessi andsvarahrina hófst kl. 20.41 og nú er klukkan rúmlega níu þannig að forseti hefur farið fram úr þeim tíma sem leyfilegur er. En þetta er nú bara til upplýsingar.

[21:02]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Það er liðið á 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1998 og það hefur komið fram nokkuð almenn ánægja hv. þm. með nýja uppsetningu á frv. Hitt hafa ekki allir tekið fram að ríkisfjármálin sjálf eru líka að batna. Vinnubrögð við meðferð ríkisfjármála taka stöðugum framförum og það hefur raunveruleg áhrif á efnahag fólks í landinu. Minni lánsfjárþörf ríkisins leiðir til lægri vaxta. Þetta hefur

t.d. komið í ljós undanfarið við lækkandi ávöxtunarkröfu ríkisverðbréfa og húsbréfa sem er vissulega bein kjarabót til mikils hluta landsmanna. Erlend matsfyrirtæki í fjármálum og efnahagsstjórn gefa Íslandi sífellt hærri einkunn fyrir traustan efnahag, fyrir styrka fjármálastjórn, sem aftur leiðir beint til betri kjara á erlendum lánum. Þannig spilar það saman að góður árangur ríkisstjórninnar leiðir beint og óbeint til betri lífskjara í landinu. Við erum með meiri hagvöxt en flestar aðrar þjóðir, lækkandi vexti og skatta, hækkandi tekjur.

Herra forseti. Samkvæmt nýja reikningsforminu á fjárlagafrv. er um hálfs milljarðs tekjuafgangur á ríkissjóði og við hljótum í vinnu þingsins á þessu hausti að kappkosta að halda ríkissjóði réttu megin við strikið og skila tekjuafgangi þegar öllu er til skila haldið og frv. verður að lögum. Frv. sjálft felur hins vegar ekki í sér ýkjamiklar breytingar í tekjum eða gjöldum, hvorki til hækkunar né lækkunar.

Framlög eru aukin að raungildi til þriggja málaflokka, heilbrigðsmála, menntamála og málefna fatlaðra. Þetta er forgangsröðunin og það er vel og þar má segja að séu áherslur ríkisstjórnarflokkanna um þessar mundir. Vissulega vildu menn fara hraðar í að bæta þjónustu á sem flestum sviðum og meðan einhver líður nauð í þjóðfélaginu þá má ekki unna sér hvíldar í viðleitni til að bæta. Fram hefur komið í máli hæstv. fjmrh. við þessa 1. umr. um fjárlögin að bætur til aldraðra fara hækkandi og munu hækka í takti við hækkanir til annarra.

Herra forseti. Að öðru leyti vil ég víkja að byggða- og búsetumálum. Ég tók sérstaklega eftir því í ræðum hv. þm., formanns og varaformanns fjárln., að þeir véku að byggðamálum og búsetuþróun í landinu sem stundum er kölluð búseturöskun. Með fjárlögum er að nokkru leyti hægt að stýra þessu. Aðgerðir í ríkisfjármálum mega ekki ýta undir byggðaröskun. Búsetuskilyrði í landinu öllu þarf að bæta eftir því sem kostur er með löggjöf. Uppbygging nýrra hverfa á höfuðborgarsvæðinu vegna flutnings fólks af landsbyggðinni er kostnaðarsöm. Hyggja þarf að því að í sumum tilvikum er flutningur fólks hingað á suðvesturhorn landsins nánast nauðugur kostur. Kostnaður af þessum sökum er verulegur og uppbygging þjónustunnar af hálfu ríkis og sveitarfélaga sem þessu fylgir er svo mikil að það getur haft bein áhrif á kjör allra landsmanna til hins verra. Hins vegar er með tiltölulega litlum kostnaði hægt að efla vaxtar- og þjónustusvæðin á landsbyggðinni. Vandi byggðanna er oft sá að unga fólkið sem fer þaðan burt vegna menntunar kemur ekki til baka vegna þess að það fær ekki störf heima fyrir þar sem menntunin nýtist þeim eða þjóðinni, því miður.

Byggðastofnun getur sinnt veigamiklu hlutverki í skilgreiningu á vanda og í því að auka og efla atvinnuþróunina og því ber í fjárlögum næsta árs að efla Byggðastofnun til þessara góðu verka. Þegar hriktir í byggðunum hljóta menn að huga alvarlega að því hvað sé til ráða. Á þessu þarf að leita lausna eftir því sem það er á færi löggjafans.

Herra forseti. Fjárlög hvers árs eru afar mikilvæg þjóðinni. Bak við hverja tölu í þeim eru verðmæti og mestu verðmætin að sjálfsögðu fólgin í fólkinu sjálfu. Þar eru óskir, þar eru vonir og þarfir. Því er ekki hægt að líta svo á að fjárlagavinnan sé þurr eða daufleg, öðru nær. Um leið þurfum við að auka umræðuna eins og vissulega hefur borið á í þessari umræðu, umræðuna um tilgang og áherslur í þjóðfélaginu. Það hefur vissulega verið fróðlegt að fylgjast með þeirri umræðu sem nú er senn að enda því að um áherslurnar og tilganginn snýst þetta allt saman, starf okkar að mæla rétt og skipta réttlátlega, að stýra fram til meiri hagsældar öllum landsmönnum til handa.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist á pólitík og siðferði í pólitík. Um þetta snerist málið. Hv. þm. gaf ríkisstjórninni falleinkunn þegar kom að siðferði í pólitík. En þegar kemur að siðferði í stjórnarháttum þá tel ég að ríkisstjórnin sem nú situr fái hærri einkunn en flestar ríkisstjórnir sem setið hafa frá stofnun lýðveldis.

[21:08]

***Jón Kristjánsson:***

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að marki en ég vil koma að örfáum atriðum, m.a. þeim sem beint hefur verið til mín beint og óbeint í þessari umræðu. Þó að fjáraukalög séu ekki á dagskrá, hefur verið rætt um samskipti þings og ríkisstjórnar varðandi aukafjárveitingar og uppsetningu fjáraukalaga.

Við samþykktum á síðasta vori löggjöf um fjárreiður ríkisins og ég vil vegna þeirra umræðna sem hafa farið hér fram um aukafjárveitingar rifja upp hvernig sú löggjöf gerir ráð fyrir að sé tekið á þeim málum. Það er tekið á því í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Þetta er alveg skýr lagagrein og við fjárlaganefndarmenn, bæði formaður og varaformaður, höfum rætt það við fjmrn. hvernig þessi formlegu samskipti eru og við þurfum að þróa framkvæmd þessara laga og koma þeim í gildi í okkar samskiptum. Hér er einnig kveðið á um hvernig skuli fara með kjarasamninga ef þeir eru gerðir og ekki er heimild fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum. Það er kveðið á um það í 34. gr. að það skuli leita heimildar Alþingis til slíkra útgjalda með frv. til fjáraukalaga, en launagreiðslum skuli þó hagað í samræmi við hina nýju kjarasamninga þegar þeir eru gerðir. Þetta eru skýr ákvæði sem vissulega þarf að fylgja eftir.

Hér hefur einnig verið rætt um samskipti þings og ríkisstjórnar. Það var hv. 9. þm. Reykn. sem kom inn á þau mál. Tekið er á þeim málum í þessum lögum. Þar er gert ráð fyrir því að fjárlagatillögur Alþingis séu afhentar forsrn. og um það segir svo í nefndaráliti sérnefndar sem fjallaði um lagafrv. um fjárreiður ríkissjóðs, með leyfi forseta:

„Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis, eða meiri hluta þess, og því er ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem hlutaðeigandi ríkisstjórn hefur boðað. Til að taka af allan vafa um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun."

Það með öðrum orðum gert ráð fyrir því að forsætisnefnd taki við af efnahagsstefnunni á hverjum tíma, en að öðru leyti annist forsætisráðuneytið að koma tillögum forsætisnefndar á framfæri.

Ég vildi rifja þetta upp vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. En þetta var rætt ítarlega í þeirri sérnefnd sem fjallaði um lögin um fjárreiður ríkisins og þetta varð niðurstaðan af þeirri umræðu. (**Gripið fram í:** Það er fram hjá fjmrh.) Við verðum að sjálfsögðu að fylgja því eftir að lög um fjárreiður ríkisins taki gildi í raun og móta okkar starfshætti hjá framkvæmdarvaldi og Alþingi í samræmi við þá stefnumörkun sem var rædd hér mjög ítarlega og samþykkt í vor.

Hér hafa verið langar og ítarlegar umræður um fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Ég ætla í sjálfu sér ekki að lengja þær mikið, heldur víkja að örfáum atriðum í viðbót við mína fyrri ræðu í málinu. Það hafa komið fram fjölmargar ábendingar og áhersluatriði í þessari umræðu. Hlutverk fjárln. er að meta þær forsendur sem liggja til grundvallar þeim tölum sem settar eru fram í fjárlagafrv. og þeim markmiðum sem sett eru fram. Það mun að sjálfsögðu verða gert. Hér hefur verið lögð mikil áhersla á ný útgjöld og það er ljóst að ef tekið yrði tillit til þess alls, þá yrðu fjárlög ekki hallalaus. Vandinn er að forgangsraða og vandinn er að gæta hagsmuna þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu. Ég held að um það sé nokkuð víðtæk pólitísk samstaða þó að menn greini að sjálfsögðu á um leiðir og menn greini á um hve langt á að ganga og hve langt er hægt að ganga miðað við þau markmið sem sett eru.

Ég endurtek það sem ég sagði í minni fyrri ræðu að það að ná almennum árangri í efnahagsmálum er auðvitað þeim verr settu í þjóðfélaginu í hag eins og hinum, það er vissulega svo.

Hv. 17. þm. Reykv. vék örlítið að því og það hefur reyndar komið fram víðar að utanríkisþjónustan hafi þanist æðimikið út á síðasta ári og nú um þessar mundir séu áform um að þenja hana enn þá meira út. Það var minnst á stórar sendinefndir til Asíu og víðar. Það er kannski örlítill misskilningur í þessu fólginn. Utanríkisþjónustan hefur verið að breyta stefnumörkun sinni, tengjast meira viðskiptum og markaðssókn á erlendum markaði og í þeim sendinefndum sem hafa farið með utanrrh. í heimsóknir til hinna fjarlægari heimshluta eru yfirleitt kaupsýslumenn en ekki embættismenn á vegum utanrrn. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og er talið skila miklum árangri fyrir íslenskan útflutning og íslenskan þjóð. Það hafa stórir kostnaðarliðir fallið á utanrrn., t.d. vegna flutnings sendiráðs til Berlínar sem kostar stórfé á næsta ári, yfir 100 millj. kr. og það er verkefni sem við tökum þátt í samkvæmt samningum vegna þessara breytinga. Einnig er jákvætt í þessum hækkunum að Þróunarmál og Alþjóðleg hjálparstarfsemi hækkar umfram almennar hækkanir í frv. eða um 41 millj. kr. og er hluti af þessum 200 millj. Ég vildi geta þessa af því að þetta hefur ekki komið fram í umræðunni en það hefur verið rætt um hækkanir í utanríkisþjónustunni.

Ég endurtek það að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að það verði farið sem best yfir þetta mál og vil aðeins að lokum geta þess að í fyrramálið hefur verið boðaður fundur formanna fastanefnda þar sem rætt verður um vinnubrögð í sambandi við frv. Hugmyndir eru uppi um að fela fagnefndum aukin verkefni varðandi skiptingu fjármuna í frv. en það verður rætt fyrir tilstilli forustu þingsins á morgun.

[21:19]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir það sem hann sagði hér síðast varðandi vinnubrögðin við fjárlagafrv. En ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari var eiginlega aðallega sú að hann ítrekaði það sjónarmið sem Alþingi hafði samþykkt samhljóða í fyrra, að það ætti ekki að efna til aukafjárveitinga úr ríkissjóði nema brýna nauðsyn beri til. Ég skildi hann þannig að hann hefði verið í máli sínu að taka undir þá gagnrýni sem fram kom í gær hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, að hann væri að taka undir þau sjónarmið að því er varðar opnun sendiráðsskrifstofu í Finnlandi og líka í tengslum við þátttöku í tiltekinni sýningu og einnig vegna endurbóta á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Og mér finnst það mjög mikilvægt að formaður fjárln. Alþingis taki undir þessi sjónarmið því að hann er úrslitaaðili í því að framkvæma lögin um fjárreiður ríkisins. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að undirstrika það alveg skýrt að ég skil hann svo að hann hafi verið að taka undir orð varaformanns fjárln. hér í gær.

Hitt atriðið sem mér fannst mjög mikilvægt að hann nefndi var um fjárreiður Alþingis og hvernig með þær er farið. Það er bersýnilega verið í fjárlagafrv. eins og það er núna, að brjóta gegn anda fjárreiðulaganna ef ekki beinlínis ákvæði þeirra. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá það upplýst hjá hv. formanni fjárln. hvernig hann getur hugsað sér að best verði að þessu staðið þannig að fjmrn. sé ljóst hvaða lög eru í gildi í landinu um fjárreiður Alþingis því að það er greinilegt að fjmrn. er eins og staðan er núna að efna til ófriðar við Alþingi í þessum málum og það verður að binda endi á þá þróun áður en hún stefnir í verulegt óefni í samskiptum þingsins og framkvæmdarvaldsins.

[21:22]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Ég lýsti skoðunum mínum og lýsti þeim lagaákvæðum sem við vorum að samþykkja. Ég vil beita mér fyrir því að við framkvæmum fjárlagagerð og fjárlagatillögur í anda þessara laga. Við munum fara yfir þessi mál í vinnu fjárln. Það er nauðsynlegt að um þetta ríki góður skilningur hjá Alþingi og ríkisstjórn. Ég vil beita mér fyrir því að svo megi verða.

Ég vil leiðrétta það sem ég sagði áðan. Ég mistalaði mig um fundartímann með formanni fastanefnda. Hann verður á föstudaginn en ekki í fyrramálið. Ég ruglaðist á dögum. En ég endurtek að þá er ætlunin að ræða um breytt fyrirkomulag í skiptingu safnliða í frv. við formenn nefnda að tilhlutan forsætisnefndar og þær breytingar sem þessi nýja uppsetning frv. hefur í för með sér.

[21:24]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhætt að segja frá því hér að þegar fjárreiðulögin voru sett í fyrra, þá höfðu verið um þau mjög mikil átök, m.a. innan stjórnarflokkanna, gríðarleg átök við ráðherrana sem gerðu sumir hverjir allt sem þeir gátu til að stoppa málið í fyrra. En þeir stoppuðu það í hittiðfyrra, fjárreiðulagafrv. þó að það væri fullunnið í þinginu. Hér var því auðvitað um að ræða grundvallarátök um prinsippmál sem snerta stöðu Alþingis og skiptir gríðarlegu máli að formaður fjárln. ekki einasta sjái til þess að þessir hlutir séu framkvæmdir í anda laganna heldur að

þeir séu framkvæmdir samkvæmt lögunum og hann kenni ráðherrunum, flokksbræðrum sínum og öðrum, að fara eftir þessum lögum eins og þau eru skrifuð og sett af Alþingi með samhljóða atkvæðum. Og það er gríðarlega mikilvægt að þingið taki í vetur á þessu slugsi við framkvæmd fjárreiðulaganna sem birtist bæði í fjárlagatillögum Alþingis og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi í dag og sérstaklega að því er varðar stofnun sendiráðsskrifstofu í Finnlandi sem engin nauðsyn bar til að setja á stofn og fleiri þætti sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson t.d. rakti í andsvari í gær. Það þarf að stoppa svona vinnubrögð núna. Annars eru lögin einskis virði.

[21:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í ræðu sinni að næðu menn almennum markmiðum í efnahagsstjórninni og okkur gengi vel sem samfélagi, þá gagnaðist það ekki síður hinum efnaminni en hinum efnameiri, ef ég skildi hann rétt. Þetta er ekki sjálfgefið. Þetta er allt undir hagstjórninni komið og þeim áherslum sem stjórnvöld hafa uppi. Eða hver skyldi vera skýringin á því að á sama tíma og ríkið er að auka útgjöld til utanrrn. um fjórðung úr milljarði að raungildi, þá fyllist Austurvöllur af ellilífeyrisþegum og öryrkjum? Ég er ekki viss um að þeir séu á sama máli og hv. þm. Jón Kristjánsson og reyndar leyfi ég mér að efast um gildi allra þessara sendiferða til fjarlægra landa. Ég leyfi mér að efast stórlega um gildi þeirra.

[21:26]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi að koma að því í minni fyrri ræðu að miðað við núverandi skuldastöðu ríkisins og miðað við núverandi vaxtagreiðslur ríkissjóðs, sé það skynsamleg efnahagsstjórnun að greiða niður skuldir og ná niður þessum vaxtakostnaði til þess að losa um fjármagn m.a. Og ég lýsti þeirri skoðun minni að það fjármagn ætti að nota til þess að renna styrkari stoðum undir velferðarkerfið í framtíðinni. Önnur verkefni eins og utanríkismál, samgöngumál og umhverfismál víkja ekki frá okkur. Það er fjárþörf í þessum málum. Hún víkur ekki frá okkur. En hins vegar þurfum við að létta á okkar skuldum og það er náttúrlega alveg ljóst að við verðum að berjast fyrir því að rýmri fjárhag ríkissjóðs á næstu árum verði beint í það að styrkja og renna stoðum undir velferðarkerfið í landinu.

Og hin verkefnin, þó að hv. 17. þm. Reykv. efist um einhverjar sendiferðir, ég ætla ekki að fara að deila við hann um það, þá víkja þau ekki frá okkur í framtíðinni né önnur sem liggja kannski utan velferðarkerfisins. Þarna er fjárþörf, hún fer ekki en það er grundvallaratriði finnst mér að nota bætta stöðu ríkissjóðs til þess að koma hinum verr settu til aðstoðar.

[21:29]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Það mál vel vera, hæstv. forseti, að fjárþörf til Asíuferða víki ekki frá okkur. En sú staðreynd víkur heldur ekki frá okkur að samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið hefur um fimmtungur þeirra fjölskyldna sem býr við ráðstöfunartekjur undir 230 þús. kr. á mánuði ekki efni á því að nýta sér tannlæknaþjónustu. Þetta hefur komið fram í athugun sem var gerð á vegum landlæknisembættisins.

En á meðal annarra orða, hæstv. forseti, hefur þessi fluga einhvern sérstakan áhuga á núverandi ræðumanni? (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hún hafði engan áhuga á formanni fjárln.) Já, hún hefur sérstakan áhuga á þessum ræðumanni.

Inntakið í mínum málflutningi voru pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið fram að á sama tíma og hún eykur útgjöld til utanrrn. um fjórðung úr milljarði að raungildi, þá er hún ekki tilbúin að hlaupa undir bagga með þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki hafa efni á því að nýta sér heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

[21:30]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það eru aukin framlög til utanríkisþjónustunnar að raungildi, yfir 200 milljónir. En hins vegar er það nú ekki svo að ekki hafi verið aukin framlög til tryggingamála og þeirra málaflokka sem flokkast undir velferðarmál. Þau framlög hafa einnig aukist. Mér er alveg fullljóst að auðvitað mætti betur gera. Hitt er svo annað mál að hafa verið gerðir kjarasamningar á vinnumarkaði til langs tíma, tryggingabætur hafa verið hækkaðar í kjölfar þeirra kjarasamninga og gerðar hafa verið breytingar í skattamálum þó að þær séu vafalaust umdeildar. Allt kostar þetta mikla fjármuni en allt þetta hefur þó gerst án þess að verðbólga fari upp á ný í þjóðfélaginu. Allt hlýtur þetta að koma þeim verr settu til góða en ég ætla ekki að deila um það við hv. 17. þm. Reykv. að auðvitað þyrfti að ná meiri árangri. Ég ber þá von í brjósti að við getum stýrt ríkisfjármálum á þann veg á næstu árum að við höfum meira svigrúm til þess að leggja til þessara málaflokka. Ég lýsi því sem minni skoðun og hef gert það í andsvörum áður að ég tel að aukið svigrúm eigi að nýta til þess að skjóta stoðum undir velferðarkerfið.

[21:33]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þessari umræðu um frv. til fjárlaga. Fyrst af öllu vil ég nú fagna því að margra ára barátta fyrir betri framsetningu á frv. til fjárlaga hefur borið árangur, nú er meiri samræming í og þar með auðveldara að lesa saman ríkisreikning og fjárlög. Ber að fagna því og þakka hv. formanni fjárln. fyrir ágæta þátttöku í því baráttumáli í gegnum árin.

Hins vegar er ýmislegt sem vekur athygli manns í umræðu um fjárlög og það er það sem ég ætla að gera að umræðuefni hér þann stutta tíma sem ég hef, enda umræðu að ljúka. Þessi umræða hefur verið jafnópersónuleg og oft áður. Menn tala um góðæri, jafnvægi í efnahagslífinu, hallalaus fjárlög og allt þetta sem eru gamlir kunningjar. Þetta segir hins vegar þeim sem á hlýða afskaplega lítið. Það vakti athygli mína þann mánuð sem ég dvaldi í Danmörku í sumar að menn voru þar að vinna að fjárlögum, allir flokkar, og upplýstu fólk jafnóðum um hvaða hugmyndir væru uppi. Þetta ræddu menn í fjölmiðlum og oftast var fenginn einhver sem í hlut átti til að koma með athugasemdir um hvernig fólki litist á þessar hugmyndir. Og það sem vakti athygli mína var þetta: Menn tala ekki um landbúnaðinn, um sjávarútveginn, um iðnaðinn, menn tala um fiskimennina, bændurna, fólkið í landinu. Menn hafa ekki þessa fjarlægð frá hinu raunverulega lífi þar í landi eins og menn hafa hér. Þar eru allir stjórnmálaflokkar á sama báti með það að menn tala fyrst og fremst um hvernig danska fjölskyldan hefur það, hvernig henni líður. Þar er það yfirskriftin að það eigi stjórnmálamenn að sjá um þar í landi. Hér er eins og hinu háa Alþingi komi það ekki mjög mikið við. Menn standa hér og berja hausnum við steininn með

fullyrðingum um, hvað oft sem þeim er sagt hið gagnstæða, að hér sé allt í blóma. Það er ekki rétt. Þetta vita allir. Við erum með sundurskorið heilbrigðiskerfi, við erum með menntakerfi í uppnámi, við erum með laun í landinu sem fólk getur ekki lifað af. Þetta þrennt er alveg nóg til að það er rétt fullyrðing að hér sé ekkert góðæri.

Menn tala líka allt öðruvísi hér um framlög til heilbrigðis- og menntamála — og bið ég nú þá tvo hæstv. ráðherra sem hér eru að hlusta. Gott heilbrigðiskerfi og gott menntakerfi eru ekki útgjöld, það er fjárfesting og sú eina fjárfesting sem skiptir einhverju máli í samfélaginu. Ég las nýlega gagnmerka grein eftir bandaríska hagfræðing sem var einmitt að ráðast á klisjur eins og þær að það sé 20% atvinnuleysi í Bandaríkjunum. Hann segir: Þetta er ekki rétt, við erum með 20% af ónýtu fólki sem hversu mikil atvinna sem væri í boði gæti ekki stundað hana. Það getur ekki unnið af því þetta er ónýtt fólk, það er veikt, það er fátækt, það er illa menntað. Við getum ekki notað slíkt fólk til neins. Og guð hjálpi mér ef við hefðum 20% af slíku fólki hér í okkar litla landi. Því það er nefnilega þannig að framlög til mennta- og heilbrigðismála eru fjárfesting en ekki útgjöld. Við viljum ekki að fólk sé bilað á heilsu og illa menntað. Það er nú einu sinni þannig að manneskjan getur ósköp lítið þegar hún hefur misst heilsuna og eiginlega ekki neitt. Og þá þýðir lítið að veifa stöðu manna í þjóðfélaginu hver sem hún kann að vera og á hvers konar gólfum þeir kunna að hafa ferðast, það verður lítið úr mannskepnunni þegar hún hefur bilaða heilsu. Og slæmt heilbrigðiskerfi er hættulegt heilsu manna og það hefur sannað sig.

Það liggur við að mér þyki fyrir því að þurfa að beina máli mínu til hæstv. heilbrrh. því ég er dálítið þreytt á því hvernig farið er með ráðherra af kvenkyni hér á hinu háa Alþingi, man ég nú eftir árásunum á hæstv. þáv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, og mér sýnist að svipað sé í gangi með núv. hæstv. heilbrrh., það er nefnilega talað öðruvísi við þær, ef enginn hefur tekið eftir því, heldur en við karlmennina. En ég get ekki hlíft hæstv. ráðherra alveg vegna þess að ég vil segja henni: Heilbrigðiskerfið er ekki að batna undir hennar stjórn, því miður, það er að versna til mikilla muna og við erum með stærri og stærri hóp, hæstv. forseti, sem býr við hreina fátækt. Við erum að sjá fólk sem hefur ekki efni á að mennta börnin sín. Það hefur ekki einu sinni efni á að leyfa börnunum sínum að stunda heilbrigða tómstundaiðju. Það hefur ekki efni á því að fara með barnið sitt á slysavarðstofuna ef það er ekki alveg öruggt að eitthvað þurfi að gera. Það kostar nefnilega 2.500 kr. þó að ekkert sé gert. Og við viljum ekki svona samfélag. Það er nú þetta sem ég held að fólk hafi verið að reyna að segja, en betra væri að hætta að tala um efnahagslífið, góðærið og jafnvægið og reyna þess í stað að persónugera þessa umræðu þannig að fólkinu í landinu fyndist því koma þetta eitthvað við. Það er bara ekki lífsins leið fyrir fólkið, fólkið sem er að hlusta á okkur hér, að skilja um hvað er verið að tala.

Það er auðvitað góðæri fyrir suma í landinu, það fer ekki á milli mála. Það er góður hópur af fólki sem hallar sér á koddann sinn á kvöldin og er 100 milljón krónum ríkara þegar það vaknar á morgnana. Þetta fólk er til, ég hef engar áhyggjur af þessu fólki. Og ég nenni eiginlega ekki heldur að vera alltaf að rexa í því. Mér finnst það ranglátt og hefur fundist það allan tímann síðan þau lög voru sett að fólk fái ekki óskertan grunnellilífeyri. Hann eiga allir að fá, ríkir sem fátækir, vegna þess að þetta er réttur sem fólk hefur verið að vinna sér inn á langri ævi. Þeir eru ekki svo margir þessir voðalegu ríku sem fá hann kannski án þess að þurfa að nota hann, mér er eiginlega nokkuð sama, þetta er hreinlega sjálfsagður réttur sem allir eiga að njóta. Aðrar bætur til elli- og örorkulífeyrisþega eru auðvitað háðar öðrum tekjum, við því er ekkert að segja, en þessi grunnlífeyrir er fyrsti grundvallarrétturinn sem ég held að ég megi fullyrða að sjálfur gamli Bismarck hafi komið á á sínum tíma vegna þess að hann skildi ýmislegt betur varðandi almannaheill heldur en ýmsir síðari tíma stjórnmálamenn.

Annað langar mig að benda hæstv. ráðherrum á og það er að mikið fé mætti spara með því að einfalda löggjöfina. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherrum er kunnugt um hvílíkar fúlgur er búið að greiða í Tryggingastofnun ríkisins í tölvukeyrslu á einni reglugerð í dag og annarri á morgun og reyndar með kaupum á nýrri móðurtölvu sem ég held að hafi nú ekki almennilega komist í gagnið svo henni megi treysta fyrr en þá kannski alveg nýlega, en í þetta er búið að moka peningum. Það er stundum ódýrara að hafa löggjöfina einfaldari. Það getur vel verið að einhver fái þá kannski aðeins meira en hæstv. ráðherra langar til að hann fái, en sparnaðurinn er enginn vegna þess að hann fer allur í þetta maus og mas með óljósa löggjöf sem verður að leiðrétta eftir skamma stund og útgáfu reglugerða sem enginn botnar í, ekki einu sinni þeir sem gáfu hana út. Ég held að við sem lifum í landi sem er á stærð við venjulegan smábæ í næstu nágrannalöndum, eða smáborg er a.m.k. óhætt að segja, þurfum ekki að hafa okkar kerfi svona óskaplega flókið. Ég held því að það mætti spara peninga víða ef tekið væri til og þess vegna held ég að öll umræða um smáatriði eins og eitt og eitt sendiráðshús hér og þar sé ekki stór peningur endanlega þegar verið er að tala um útgjöld ríkisins í heild, þó að það væri fróðlegt að vita hvers konar viðgerð fer fram á húsi sendiherra vors í Washington sem getur kostað 95 milljónir. Gaman væri að sjá þá áætlun en það er önnur saga.

Að lokum þetta: Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur öll að gera okkur grein fyrir til hvers í raun og veru við erum að setja fjárlög, fyrir hvern við erum að því. Það er stundum eins og ríkisstjórnin sé að þessu fyrir sjálfa sig. Og firringin frá hinum almenna manni í tali þeirra er svo yfirþyrmandi að það er eins og þeir séu gjörsamlega búnir að gleyma hvernig allur þorri manna lifir.

Og að síðustu aðeins þetta: Hvað ætla menn að gera við kennaradeiluna sem er yfirvofandi? Það hefur varla verið minnst á hana, ef nokkur hefur minnst á hana hér í þessum umræðum á hinu háa Alþingi um fjárlög ríkisins. Vissulega er grunnskólinn kominn yfir til sveitarfélaganna en málið er varla óviðkomandi ríkisstjórninni. Ég bara spyr: Er það vilji hæstv. ríkisstjórnar að kennarastéttin búi við það að hafa laun sem hreinlega er útilokað að lifa á? Þessa hluti verðum við að laga. Það er ekki hægt að búa við þetta, þetta endar með skelfingu. Ég er hrædd að það gæti endað með því sem vinir okkar í Bandaríkjunum eru að upplifa, að fimmtungur þjóðarinnar verði skilgreindur sem ónýtt fólk. Við ætlum ekki að búa til samfélag þar sem er ónýtt fólk, það þarf enginn að verða ónothæfur í þessu landi hvernig sem hann er á sig kominn við fæðingu. Við höfum nú lengi haft þá hugsjón, hélt ég, að koma öllum til nokkurs þroska eins og frægur maður sagði, og eigum við ekki að reyna að halda því áfram og hætta að standa hér og sletta klisjum yfir þjóðina sem eru öllu eða velflestu fólki fullkomlega óviðkomandi.

[21:45]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að einu atriði í ræðu sinni sem ég vil segja örfá orð um vegna þess að það er dæmigert tilfelli um ófyrirséð útgjöld og það er sendiráðsbústaðurinn í Washington. Við athugun fyrr á árinu kom í ljós að húsið er ónýtt og tveir kostir voru fyrir hendi, annaðhvort að selja það og tapa á því stórfé eða gera við það. Það er ónýtt vegna þess að burðarveggir höfðu verið rifnir úr því áður en Íslendingar keyptu það á sínum tíma þannig að upp kom mjög erfitt fjárhagslegt dæmi sem varð að bregðast við og þess vegna er þetta til komið. Þarna er um gífurlega fjármuni að ræða en þetta er einmitt dæmi um ófyrirséð útgjöld sem upp koma og komu upp eftir að fjárlög voru samþykkt fyrir þetta ár. (**Gripið fram í:** Það þolir bið.) Ég er ekki viss um að það hafi þolað bið. Ég býst við að það hafi þurft að bregðast við þessu strax.

Samningar um grunnskólann voru á sínum tíma gerðir í góðu samkomulagi við sveitarfélögin. Með grunnskólanum voru lagðir allmiklir peningar frá ríkinu og ég vona satt að segja að sveitarfélögin leiði þetta mál til lykta með samningum við sitt fólk. Ég ítreka að samningarnir um yfirfærsluna voru gerðir eftir mikla vinnu í góðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.

[21:48]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að upplýsa frekar um hinn horfna burðarvegg í húsinu í Washingston þar sem vinur okkar og félagi ætlar að búsetja sig. Það mun hafa verið ekkja Chiang Kai-sheks og vinkonur hennar sem ákváðu að taka vegginn í burtu. Eitthvað hafa þær verið slappar í burðarþolsfræðinni því húsið tók að síga þegar veggurinn var farinn, bara svo þjóðin viti þetta.

En það skýrir ekki fyrir mér þó það þyrfti að byggja húsið allt upp að nýju hvernig það getur kostað 95 millj. Það er sjálfsagt bara skortur minn á þekkingu á húsbyggingum en fyrr má nú vera skýlið yfir Jón Baldvin Hannibalsson og hans góðu konu að þetta skuli þurfa að kosta svona mikið. Öðru þarf ég ekki að svara sem hv. formaður fjárln. talaði um hér.

[21:49]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefði það mikla starfsreynslu í fjárln. að hún þyrfti ekki að hrökkva við þó að talað væri um 90 millj. í húsasviðgerðir. Í Reykjavík hafa verið gerð upp myndarleg hús á vegum ríkisins sem hafa kostað um 70 millj. ef ég man rétt. Ég veit ekki hvað það er framreiknað núna. Það hús er ráðherrabústaðurinn vestur í Tjarnargötu þannig að það er einfaldlega svo að ef á að gera við þessi hús svo að það hrynji ekki ofan í höfuðið á þeim sem þar eiga að vera inni, hvort sem það eru væntanlegir sendiherrar eða aðrir, þá getur þetta farið upp í þessar upphæðir. Ég vildi aðeins upplýsa þetta.

[21:50]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langaði til að nefna þegar líða tekur á kvöld og gera má ráð fyrir að styttast fari í umræðunni.

Ég byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þátttöku þeirra í umræðunni og jafnframt að segja frá því þótt ekki hafi allir viðstaddir vitað af því að hef ég annað slagið í dag og reyndar í gær reynt að svara nokkrum fyrirspurnum sem hefur verið beint til mín og get þess vegna stytt mál mitt. Það eru þó nokkur atriði sem ég tel mér skylt að nefna nú þegar líður að lokum umræðunnar.

Í fyrsta lagi gat hv. þm. Kristín Halldórsdóttir um það í umræðunni í gær að það skyti nokkuð skökku við í hafnaáætlun að þar er skuld upp á á þriðja hundrað millj. sem hefur ekki komið fram á greiðslugrunni fjárlaga og kæmi ekki heldur fram á rekstrargrunninum vegna þess að það væru útgjöld sem hefði verið stofnað til fyrr og væri ekki greidd fyrr en síðar. Þetta er hárrétt. Þeta er nákvæmlega það sem gerist þegar við erum að færa okkur á milli aðferða í þessum málum en ég vil taka fram að að sjálfsögðu hefur verið gert ráð fyrir þessu í ríkisreikningi nú þegar. Þessir fjármunir eru komnir þar fram og greiðslur munu koma fram í sjóðsstreymi þegar greiddar verða þannig að ekki er nokkur hætta á því að ekki verði hægt fyrir fjárln. í framtíðinni að fylgjast með þessu. Til viðbótar eins og hv. þm. reyndar nefndi sjálfur er þessa getið á viðskiptahreyfingum í sjálfu fjárlagafrv. sem ætti að verða enn þá skýrara en var á gamla grunninum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi um nokkur mál og margt af því sem hann sagði fannst mér vera afar áhugavert og eiga fullt erindi við 1. umr., almenn atriði. Hann spurði sig og aðra þeirrar spurningar hvernig á því stæði að við næðum ekki atvinnuleysisskráningunni meira niður miðað við atvinnuástandið eins og það er í landinu og eins og hv. þm. veit vantar vinnuafl hér á landi í vissum greinum. Þar á meðal veit ég að í kjördæmi hans er mikill skortur á vinnuafli og þar hefur hópur útlendinga fengið störf þrátt fyrir að atvinnuleysi sé skráð hér á landi talsvert meira en var t.d. fyrir 10 árum. Auðvitað þarf að athuga þetta og ég tek undir það. En ég ætla ekki heldur að gerast dómari um það hvers vegna þetta er svona en ég get bent á, eins og hefur reyndar komið fram í umræðunni, að atvinnuþátttaka hefur stóraukist. Ef við hættum að tala um atvinnuleysi en tölum um atvinnuþátttöku eins og gert er t.d. í Danmörku býst ég við að atvinnuþátttaka í dag sé meiri en hún var fyrir 10 árum. Af hverju? Það er vegna þess að fleiri konur hafa komið út á vinnumarkaðinn og eru starfandi í dag en þá en aftur á móti tíðkast núna það sem ekki tíðkaðist þá að þeir sem voru t.d. í hlutastörfum, annaðhvort að degi eða þá í hluta af ári, láta nú skrá sig en gerðu það ekki áður. Þetta er ein skýringin.

Önnur skýring, ekki bara hér á landi heldur er líka skýring sem er gefin í Evrópu, er sú að þegar fyrirtækin neyddust til þess að hagræða í harðnandi samkeppni gerðist það að ýmsir sem voru í störfum hjá fyrirtækjunum en voru kannski ekki fullkomlega bestu starfskraftarnir af ýmsum ástæðum var sagt upp og ekki ráðnir aftur. Þetta fólk hefur farið á atvinnuleysisskrá. Ef það hefur átt kost á því hefur það farið á skrá hjá almannatryggingum vegna örorkubóta eða leitað sér félagslegrar aðstoðar hjá sveitarfélögunum. Þetta er alþjóðlegt vandamál og þótt minna beri á því hér á landi en annars staðar skulum við viðurkenna að þetta er einn þátturinn í þeirri breytingu sem hefur orðið á þjóðfélagsgerð okkar en þetta mál er mjög til umræðu erlendis þegar menn ræða um það hvað hægt sé að koma atvinnuleysinu langt niður. Ég ætla að benda hv. þingmönnum á ágætis lesefni um þetta mál sem er í síðustu Fjármálatíðindum þar sem fjallað er fræðilega einmitt um þetta vandamál.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi einnig um ríkisvaldið, um hið opinbera, um ríkið sem þunglamalegt fyrir-

bæri og sagði að það þyrfti að draga úr hlut ríkissjóðs og ég segi: Mæli hann manna heilastur. Það er líka einkennilegt hér á landi hve lítið fer fyrir umræðunni um ríkið og breytt hlutverk ríkisins. Það er alls staðar annars staðar og það vita allir þeir sem fylgjast með umræðunni sem er að eiga sér stað, og menn ræða það hvort það sé náttúrulögmál að umfang og umsvif ríkisins hljóti að vaxa ár frá ári þrátt fyrir alla einkavæðingu, þrátt fyrir alla tæknibyltinguna, þrátt fyrir allar markaðslausnirnar. Þetta er alvarlegt mál og ég tel nauðsynlegt að menn ræði í fullri alvöru hvernig hægt er að breyta þessu því að ég er sannfærður um að betra sé fyrir alla aðila — alla aðila, ég undirstrika það, að dregið sé úr ríkisafskiptunum og ríkið geri þá hluti betur sem ríkið á að vera að gera á hverjum degi. Þetta finnst mér skipta miklu máli og án þess að ég fjalli um það í löngu máli þá tel ég að þetta sé mál sem þurfi að ræða á hinu háa Alþingi því að það kemur okkur öllum svo sannarlega við. Ég get lýst skoðun minni. Ég held að ríkisvaldið eigi að vera lítið og gott í því sem það skiptir sér af.

Það er athyglisvert í umræðunni að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem ég hef leyft mér að telja höfund að þeirri frétt sem kom í blöðum að það vantaði 7 milljarða í bókhaldið hjá fjmrh., hafi fengið skýringu á því. Hún er einföld. Hún var samþykkt á Alþingi og það liggja öll spil á borðinu. Hann veit sem bókhaldsfróður maður að ekki er hægt að færa upp efnahagsreikning ríkisins eins og hjá fyrirtækjunum einfaldlega vegna þess að skuldirnar eru miklu meiri en eignirnar og eignirnar eru aðeins færðar að litlu leyti upp í efnahagsreikninginn því að við færum ekki upp ýmsar eignir sem eru sannanlega mikilvægari og hafa þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild.

Hv. þm. Gísli Einarsson, sem er nýkominn úr göngum í Víðidalnum, hafði mikinn áhuga og áhyggjur af landbúnaðarmálum og sagði að þjóðargjöfin hefði verið skorin niður. Þetta er misskilningur. Þeir fjármunir sem eru sparaðir upp á 12,5 millj. eru ekki hluti þjóðargjafarinnar. Þetta eru peningar sem voru settir á ákveðið verkefni með sérstökum lögum sem sett voru á Alþingi og það var hugmyndin að Framleiðnisjóður legði á móti ákveðna fjármuni og ég vil taka sérstaklega fram að landbúnaðurinn fær meiri fjármuni í þessu lagafrv. en efni stóðu kannski til einfaldlega vegna þess að samkvæmt samningum við bændur þurfti ríkið ekki að leggja Framleiðnisjóði til fjármuni en við ákváðum að setja í fjárlagafrv. 170 millj. og auðvitað geta þessir fjármunir nýst til að hjálpa þeim bændum sem framleiða vistvæna vöru.

Ég ætla ekki vegna fjarveru Steingríms J. Sigfússonar að nefna það sem hann spurði um. Mér gefst tækifæri til þess síðar. Ég vil örlítið nefna það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi þótt hann sé ekki heldur hér í þingsölum, en hann spurði: Fáum við ekki efnahagsreikninginn færðan upp í fjárlagafrv. í framtíðinni? Ég tel að það geti vel farið svo og tel að við eigum að stefna að því þegar við ljúkum þessu verki að breyta yfir á nýjan grunn, að þá sé hægt að bera aldeilis alveg saman fjárlögin og ríkisreikninginn en ég minni enn á að vegir, brýr, heilbrigðismannvirki og ýmsar eignir eru ekki færðar upp í efnahagsreikningnum vegna þess að það er ekki á þeim markaðsverð. En hins vegar er auðvelt að búa til eignir sem hafa tekjuvirði eins og vegir og það hafa nágrannar okkar gert bæði Bretar og Norðmenn svo ég nefni dæmi, allt í einu hafa þessi mannvirki fengið markaðsverð, þ.e. tekjuvirði vegna þess að menn hafa sett tolla og látið fólk borga fyrir að aka um vegina og nota þá. Það getur kannski breytt í einni hendingu eignum ríkisins. Ef það ætti síðan allt að fara um rekstrarreikninginn, þá gæti orðið stórkostlegur afgangur bara af þeim ástæðum á einu ári. Það væri auðvitað fullkomlega óeðlilegt, heldur mundi slíkt færast um endurmatsreikning. Ég veit að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem er vel að sér í bókhaldi, skilur að þótt við séum að líkja eftir því sem gerist á almenna markaðnum þá getum við ekki gert það nákvæmlega eins.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði hvort ekki ætti að færa t.d. auðlindirnar upp í efnahagsreikningi. Þá komum við að því sem er kannski erfiðast í þessu öllu saman og það er að hægt er að gera mun á ríkiseign annars vegar og þjóðareign hins vegar. Það er munur á íslenskum rétti og norskum úr grárri forneskju. Í Noregi gilti reglan: Það sem einstaklingurinn á ekki á kóngurinn. Á Íslandi gilti þessi regla aldrei. Það sem einstaklingurinn átti ekki eignaðist kóngurinn aldrei. Heldur voru það almenningar og þjóðareign sem menn gátu nýtt með tilteknum hætti. Þetta er munurinn á því hvernig réttarþróunin var í eignarréttinum á Íslandi og í Noregi. Það er ekkert víst að það sé hægt að færa, þótt mikill vilji væri til þess, svokallaðar þjóðareignir, þjóðlendur, eins og sumir kalla þetta, eða þá fiskimiðin upp í efnahagsreikningi ríkisins. Það eru engin lög sem standa til þess. Þetta er hins vegar svona heimspekileg umræða sem ég ætla ekki að eyða miklum tíma í til viðbótar.

Þegar rætt er um fullorðna fólkið, eldri borgara, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gerði, þá vil ég bæta því við þau orðaskipti sem fóru milli okkar að það sem er mikilvægast fyrir þá sem eru orðnir fullorðnir, mikilvægast fyrir þá sem hafa skilað sínum vinnudegi, mikilvægast fyrir þessa eldri borgara sem segja núna að þeir þurfi að fá eitthvað í sinn hlut af góðærinu, að ríkið komi skikk á ríkisfjármálin, að við greiðum skuldirnar niður, aukum langtímasparnaðinn og samræmum lífeyrissjóðakerfið og lífeyristryggingakerfið. Að þessu er verið að vinna. Við eigum ekki að gera það með byltingu en við eigum að stefna að því að á 20–30 árum getum við komið upp kerfi þar sem fólk á vinnualdri getur lagt til hliðar fjármuni sem duga alla ævina. Það er þetta sem skiptir máli.

Loks af því að mér skilst að mér séu skammtaðar tíu mínútur, ég hélt að ég hefði meiri tíma en verð því að fara hraðar yfir sögu, þá vil ég ítreka þakkir mínar. Það sem ég held að skipti mestu máli við framlagningu þessa frv. og í 1. umr. er að benda á þær breytingar sem verið er að gera og hvar við raunverulega stöndum. Við erum að breyta framsetningu fjárlaganna. Það tekur einhvern tíma. Í framtíðinni mun verða litið á afkomuna eins og við höfum gert hingað til. Nú er það gert í nákvæmara ljósi en áður. Horft mun verða á umfangið, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti réttilega á. Hvert er umfangið? Er það að minnka eða stækka miðað við landsframleiðslu? Og það mun verða horft á lánsfjárþörfina vegna þess að það er sú stærð sem menn mæla þegar þeir líta á áhrif ríkisfjármálanna á fjármálamarkaðinn og á efnahag þjóðarinnar. Þetta eru þær þrjár stærðir sem menn munu líta á í framtíðinni. Við erum að fikra okkur yfir í nýtt kerfi. Sem betur fer hefur því verið tekið afar vel af hv. þingmönnum.

Í öðru lagi hefur það verið að gerast að við erum að hverfa frá því að reka ríkið á rekstrargrunni með 15 milljarða halla eins og var að meðaltali á undanförnum árum yfir í að skila fjárlagafrv. með afgangi. Það er auðvitað stórkostlegur

munur. Þetta gerum við án þess að það sé með nokkrum hætti hægt að segja að ráðist sé að velferðarkerfinu. Þvert á móti er þetta gert til að styrkja stoðir velferðarkerfisins, velferðarþjóðfélagsins sem við Íslendingar erum allir sammála um, hvar í flokki sem við stöndum, að þurfi að styrkja og sé eitt af séreinkennum íslenska þjóðfélagsins eins og þeirra norrænu.

Í þriðja lagi bendi ég á að bæði útgjöld og skattar lækka í þessu fjárlagafrv. sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Í fjórða lagi er lánsfjárþörfin að dragast saman svo mikið að það munar 8 milljörðum á milli áranna 1998 og 1997 og hægt er að greiða niður skuldir íslenska ríkisins um 5 milljarða. Þá spyr ég eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði: Kemur þetta fólki við? Já, þetta kemur fólkinu í landinu svo sannarlega við. Þetta kemur sjúklingunum við, sjómönnunum við, þetta kemur gömlu fólki við, þetta kemur öllum við. Vegna hvers? Vegna þess að það kemur fólki við að skuldirnar lækka því þær lækka ekki af sjálfu sér. Það gerist ekki nema að á þessum málum sé tekið. Það kemur þessu fólki við vegna þess að við borgum á milli 14 og 16 milljarða á ári í vexti. Ef við skulduðum ekki gætum við notað þá fjármuni til annars. Þess vegna kemur það sem við erum að tala um í þessari umræðu öllum Íslendingum við.

Ég verð að benda á það að síðustu, því að tíma mínum er lokið, að munurinn á umræðunni hér og í Noregi, Danmörk og Svíþjóð er fyrst og fremst sá (Forseti hringir.) að þeir búa við minnihlutastjórnir, þar þarf ríkisstjórn á hverjum tíma að semja við stjórnarandstöðuna. Sem betur fer búum við hér, og erum öfundaðir af öðrum Norðurlandabúum, við gott og traust stjórnarfar tveggja flokka sem hafa sýnt það í samstarfinu að þeir eru þess megnugir að bæta efnahag þjóðarinnar öllum borgurum hennar til hagsbóta.

[22:07]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir það sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að fremur lítið fer fyrir pólitískri umræðu um grundvallaratriði eins og hvert hlutverk ríkisins eigi að vera og hvernig menn vilja hafa ríkisvaldið. Ég vakti athygli á því að ég teldi þörf á breytingum í þeim efnum. Ég tek undir þær ábendingar ráðherrans að þörf er á umræðu um það í þjóðfélaginu.

Almenningar eru það sem engin á, er gömul skilgreining á almenning. Mér finnst það miklu betri skilgreining heldur en að tala um sameign þjóðarinnar sem er hugtak sem er fremur óljóst og hefur verið notað til að rökstyðja aðra hluti en því er í raun og veru ætlað. Ég vil halda gamla hugtakinu til haga og tel það að mörgu leyti skýrara og betra til að lýsa ákveðnum sjónarmiðum en hitt hugtakið um sameign þjóðarinnar.

Ég vil að lokum, herra forseti, fjalla aðeins um þær lífeyrissjóðsskuldbindingar sem falla til en eru ekki færðar um rekstrarreikning ríkissjóðs. Það er óumdeilt að þær falla til. Þarna er um að ræða ný útgjöld sem ekki hefur áður verið gert ráð fyrir. Það kemur skýrt fram í fjárlagafrv. sjálfu þar sem segir: „Hækkun lífeyrisskuldbindinga er áætluð 10,5 milljarðar kr. á næsta ári", svo ég lesi þetta orðrétt upp. Síðan er ákveðið að færa aðeins hluta af þessari útgjaldahækkun yfir rekstrarreikning en ekki allan. (Forseti hringir.) Það er það sem ég geri athugasemdir við og gæti rökstutt í ítarlegra máli ef þörf er á og borið saman við t.d. færslur vaxtagjalda að þessi færsla sem gerð er í fjárlagafrv. er ekki eðlileg að mínu mati.

[22:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. skuli ekki samþykkja það sem hefur verið samþykkt um færslu á þessum hlutum. Þetta er í raun og veru ekki flókið. Þetta snýst um það hvað á að færast í gegnum rekstrarreikning á hverju ári. Niðurstaðan varð sú að það sem ætti að færast um rekstrarreikning hvers árs væru gjöld vegna þess árs, raunvöxturinn. En þegar um væri að ræða uppfærslur vegna verðbóta eða launa, eins og t.d. er á heildarstokknum, þá ætti það að færast um endurmatsreikning og þaðan síðan beint yfir á efnahagsreikninginn. Af hverju er farið svona að? Vegna þess að við getum ekki notað sömu reglu og er notuð hjá fyrirtækjunum, en hún er sú að þar er fært, ef við tökum skuld sem ber vexti og verðbætur, þá færast vextirnir og verðbæturnar til gjalda, síðan eru verðbæturnar færðar í gegnum reksturinn. Þannig að í raun og veru stendur nettó eftir í rekstrarreikningi fyrirtækjanna einungis raunvöxturinn en ekki uppfærsla. Af hverju er þetta hægt í fyrirtækjum en ekki hjá ríkinu? Það er vegna þess að það er tiltölulega gott jafnvægi hjá fyrirtækjum milli eigna og skulda af því að allar eignir fyrirtækjanna eru taldar upp í efnahagsreikningnum og skuldirnar jafnframt. Hjá ríkinu er það ekki hægt vegna þess að stærsti hlutur eignanna er ekki færður upp í efnahagsreikningi og skuldirnar eru þess vegna miklu hærri heldur en eignirnar. Þess vegna er sú leið farin til að líkja sem mest eftir því sem gerist á almenna markaðnum. Þetta varð niðurstaða allra sérfræðinganna hvort sem þeir voru frá Ríkisendurskoðun eða annars staðar frá þegar það var farið í þetta á sínum tíma.

Af því að mér finnst svo gaman að tala við Kristin H. Gunnarsson, (Forseti hringir.) hv. þm. sem sat á fremsta bekk hjá mér í gamla daga og fékk mjög góðar einkunnir í reikningi þegar ég kenndi honum hann, þá veit ég að hann skilur það sem hér er sagt þó að hann kannski af pólitískum ástæðum vilji ekki viðurkenna það.

[22:12]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að fara aðeins yfir þetta reikningsdæmi fáeinum orðum. (**Gripið fram í:** Kenna kennaranum.) Það sem gert er og kemur skýrt fram í fjárlagafrv. ef menn meta hversu mikil hækkunin verður á lífeyrissjóðsskuldbindingum ríkissjóðs á næsta ári og reikna hana út þá verða það 10.500 millj. kr. Svo koma menn og segja, ja, við skulum bara færa sem rekstrarkostnað þann hluta af þessum 10.500 millj. kr. sem eru vegna nýrra áfallinna réttinda á árinu 1998 en ekki vegna þess að réttindi sem voru til í upphafi árs 1998 verða verðmeiri vegna atburða ársins 1998, svo sem verðhækkana og launahækkana. Ég spyr: Hvers vegna á að gera greinarmun á þessu þegar öll hækkunin verður til vegna breytinga sem eiga rætur að rekja á árinu 1998 á verðlagi og launum? Auðvitað á allt saman að færast sem útgjöld. Hvað gera menn með vextina í nýju reglunni í þessu frv.? Menn færa alla vexti til gjalda 16.200 millj. kr. Ekki bara þá vexti sem falla til vegna lána sem tekin verða á næsta ári. Nei, líka hina vextina sem falla til á næsta ári vegna lána sem eru eldri. Það er allt fært sem rekstrarkostnaður. Hvers vegna á þá ekki að gera eins með lífeyrisskuldbindingar? Það er ekki til nema eitt svar við því. Þetta á að færa eins. Hæstv. ráðherra er að blanda saman óskyldum hlutum eins og verðbólguuppfærslu á eignum og öðru slíku. (Forseti hringir.) Ég vil bara segja um það, virðulegur forseti, að það eru engar eignir á bak við

lífeyrissjóðsskuldbindingar sem hægt er að færa upp. Það eru bara skuldir. Þetta er ávísun á skattgreiðslur framtíðarinnar og þær getum við ekki fært sem eign.

[22:14]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í ríkisreikningi fyrir árið 1996 var fjallað um reikningsskilaaðferðir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áhrif almennra verðbreytinga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu efnahagsliða vegna gengismunar og verðbóta færðar á höfuðstólsreikningum endurmats samanber ákvæði 35. gr. laganna. Verðtryggð og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi" o.s.frv.

Svo segir einnig: „Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og launabreytingar um endurmatsreikning." Af hverju launabreytingar? Það er vegna þess að gamli hluti sjóðsins, B-deildin sem hann heitir núna, færist upp um launabreytingar vegna þess að þar er um að ræða svokallaða eftirmannsreglu. Það liggur í hlutarins eðli að það er ekki vegna ársins. Þetta er uppfærsla sem færist upp nákvæmlega eins og um verðbætur væri að ræða. Það er ekkert öðruvísi. Hins vegar til þess að koma til móts við hv. þm. sem ég held að hljóti nú að vera hægt, þá get ég huggað hann með því að við getum þó gert þær breytingar, og þar stóð hv. þm. með okkur, á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna að nýir starfsmenn og sumir eldri starfsmenn eru núna í A-deild og þar eru greiddir inn þeir peningar á ári hverju sem duga fyrir lífeyrisskuldbindingunum þannig að smám saman á næstu árum hættir þetta vandamál að vera til. Það verður kannski til nokkur ár eftir að ég hætti hér á þinginu en ég er sannfærður um að ef hv. þm. situr nógu lengi, þá getur farið svo að það verði komið fullt jafnvægi á þessa hluti þegar upp er staðið einfaldlega vegna þess að þetta vandamál er sem betur fer að hverfa því að við höfum tekið upp uppsöfnunarsjóð í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og það er kannski stærsta framfarasporið í þessum efnum sem tekið hefur verið og þá er ekki lengur hægt að rífast um það hvernig á að færa þetta í bókhaldinu.

[22:16]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á þremur atriðum sem fram komu í mjög harðri frjálshyggjuræðu hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar áðan.

Í fyrsta lagi vék hann að atvinnuleysi og sagði að við skyldum ræða sem minnst um atvinnuleysi, við ættum að tala um atvinnuþátttöku, hún hefði aukist. „Ræðum atvinnuþátttökuna, sleppum atvinnuleysinu." Á þessa leið mæltist hæstv. fjmrh. Eigum við þá ekki að láta hið sama gilda um ríkidæmið? Eigum við ekki hætta að tala um fátæktina og tala bara um ríkidæmi? Ríkidæmið hefur aukist í íslensku samfélagi en hið sama á við um fátæktina og hún er alvarlegt þjóðfélagsmein sem ber að uppræta og útrýma. Það sama gildir um atvinnuleysið og þessi mál eigum við að sjálfsögðu að ræða. Það er ekki sæmandi að tala á þann hátt sem hér var gert.

Í öðru lagi heyrðum við gömlu klisjuna frá hæstv. fjmrh. um að ríkisrekstur væri af hinu illa, samneysla væri af hinu illa. „Ég fullyrði", sagði hæstv. ráðherra, „að ríkið og ríkisrekstur á að vera sem allra minnstur." Hvað er hæstv. ráðherra að tala um? Þau ríkisfyrirtæki sem hann hefur beitt sér fyrir að yrðu seld voru fyrirtæki sem gáfu samfélaginu hagnað, voru ekki byrðar á samfélaginu. Ráðherrann verður að tala miklu, miklu skýrar um hvað hann á hér við. Er hann að tala um samfélagsþjónustuna, menntakerfið, heilbrigðiskerfið eða aðra þætti velferðarþjónustunnar sem hann telur vera af hinu illa og við eigum að losa okkur við eða hvað er hæstv. ráðherra að tala um?

Í þriðja lagi voru það kaldar kveðjur sem lífeyrisþegum og öryrkjum voru sendar héðan úr ræðustól fyrir stundu. Fólkið sem safnaðist saman á Austurvelli fyrir fáeinum dögum til að krefjast kjarabóta, fékk kaldar kveðjur frá hæstv. fjmrh. Á hvern veg voru þær? „Bíðið. Bíðið þar til við höfum náð skuldum ríkissjóðs niður." Þetta voru skilaboðin til fólks sem margt hvert býr við mjög þröngan kost og vill láta bæta sín kjör núna en ekki eftir einhverja áratugi þegar Friðrik Sophussyni, hæstv. ráðherra þóknast.

[22:19]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það misskilningur af hálfu hv. þm. að ég hafi sagt að það ætti að ræða sem minnst um atvinnuleysið. Ég benti einungis á að annars staðar eins og t.d. í Danmörku ræða menn um atvinnuþátttöku í stað atvinnuleysis til að draga fram þá staðreynd að þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist, þá hefur atvinnuþátttakan aukist verulega mikið og er meiri nú en þegar atvinnuleysi, mælt sem skráð atvinnuleysi, var miklu minna en í dag. Þetta er það sem skiptir máli vegna þess að þetta sýnir breytta þjóðfélagsgerð. Við erum að tala um atvinnuleysisskráningu. Og ég benti hv. þm. á ágæta grein sem ég bið hann um að lesa sem fjallar um það sem á enskri tungu heitir Natural line sem ég þori nú ekki að þýða á íslensku, um að líklega sé svo komið að erfitt sé að færa atvinnuleysið niður úr ákveðnu stigi í vissum þjóðfélögum af ýmsum ástæðum. Ég ætla ekki að fara að orðlengja það hér. En að ég hafi ekki viljað ræða um atvinnuleysið, það er mesti misskilningur. Ég var bara að benda á að það er ekki hægt að bera saman atvinnuleysisskráninguna núna og fyrir tíu árum síðan.

Í öðru lagi ræddi ég um ríkisreksturinn. Og hvað sagði ég? Ég sagðist vera sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að það ætti sem mest að daga úr ríkisumsvifunum. Svo kemur annar úr hans flokki og mótmælir þessu sem hörðu frjálshyggjukjaftæði. Hvor þeirra er fulltrúi Alþb. og hvor fulltrúi óháðra og þurfa ekki fulltrúar þessara tveggja afla að koma sér saman um málflutninginn í þessum efnum? Ég skil nú ekki út af fyrir sig þessa oftrú á ríkisvaldinu.

Svo segir hann: „Kaldar kveðjur til gamla fólksins." Eru það kaldar kveðjur til fullorðinna þegar það liggur fyrir nú svart á hvítu, liggur fyrir alls staðar, að kaupmáttaraukning bóta sem vissulega eru ekki háar, ég skal viðurkenna það, en kaupmáttaraukning þeirra, það sem fæst fyrir bæturnar hefur hækkað og hækkar um 10–11% frá 1. janúar á þessu ári og þar til í byrjun næsta árs. Þetta eru staðreyndir sem liggja á borðinu.

[22:21]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög upplýsandi sem hér kom frá hæstv. fjmrh. Hann talar um breytta þjóðfélagsgerð. Í breyttri þjóðfélagsgerð sem væntanlega býr þá við kerfislægt atvinnuleysi, þá eigum við að tala um atvinnuþátttöku. Við eigum að taka því sem náttúrulögmáli að hér ríki atvinnuleysi. Frá stríðslokum, frá lokum seinna stríðs, hefur

fram á þennan áratug með sárafáum undantekningum verið full atvinna á Íslandi. Það hefur ekki verið atvinnuleysi. Núna hins vegar eru um 5.000 einstaklingar á Íslandi, vinnufærir einstaklingar, án atvinnu og nú er hæstv. fjmrh. farinn að tala um breytta þjóðfélagsgerð. Við eigum að taka því að við búum við viðvarandi kerfislægt atvinnuleysi og við skulum þess í stað tala um atvinnuþátttöku og við skulum víkja hinu til hliðar.

Varðandi samneysluna og samfélagsþjónustuna almennt, þá er það misskilningur að ég hafi einhverja ofurtrú á ríkisvaldi. Það er alrangt. Ég hef talað um mikilvægi samfélagslegrar þjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélag þjóðfélagsþegnanna allra.

Varðandi þriðja atriðið velti ég því stundum fyrir mér hvort og að hvaða marki hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn eru í tengslum við umhverfi sitt, við fólkið í landinu. Gera menn sér grein fyrir því að lyfjakostnaður heimilanna er á sjöunda milljarð kr. og hefur farið mjög vaxandi? Gerir hæstv. ráðherra fjármála sér grein fyrir því að fjölmargt fólk úr röðum eldri borgara, öryrkjar og lífeyrisþegar, hefur ekki efni á lyfjum sínum? Það hafa komið fram fjölmörg dæmi þess að fólk er að fá lánað hjá apótekum til að eiga fyrir lyfjum. Eða taka menn ekki alvarlegar niðurstöður kannana sem sýna að fimmtungur þjóðarinnar sem hefur undir 230 þús. kr. ráðstöfunartekjur á mánuði hefur ekki efni á því að sækja tannlæknaþjónustu og að gamalt fólk margt, eftir að dregið var úr stuðningi við lífeyrisþega vegna tannverndar, hefur ekki efni á því að festa kaup á gervitönnum. Ég meina, eru menn ekki í tengslum við það sem er að gerast í landinu? „Nei", segir hæstv. fjmrh. „Þið skuluð bíða næstu árin og áratugina þar til við höfum náð skuldunum niður."

[22:24]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við höfum verið að ræða um atvinnuleysi og atvinnuþátttöku og breytta þjóðfélagsgerð er að nú er farið að viðurkenna það í þjóðfélaginu að fólk geti skráð sig á atvinnuleysisskrá með allt öðrum hætti heldur en áður var. Ég er ekki að leggja dóm á hvort það sé verra eða betra. Ég er að benda á að ein af ástæðunum fyrir því er að atvinnuþátttakan í dag er miklu meiri en hún var. Atvinnuleysi kvenna mælist meira heldur en atvinnuleysi karla vegna þess m.a. að hér áður fyrr skráðu konur sig ekki á atvinnuleysiskrá ef þær höfðu ekki vinnu því að það þótti ekki sjálfsagt fyrir tíu árum síðan eða 20 árum að konur ynnu allt árið utan heimilisins. Þetta hefur breyst og þetta skýrir að hluta til hvernig á því stendur að atvinnuleysiskráningin svona. (**ÖJ:** Vegna þess að samsetning ...) Ef ég fæ nú frið fyrir hv. þm., virðulegi forseti, þá er ég að gera mér vonir um það, og fleiri, að með því að beita vinnumiðlununum meira en gert hefur verið með virkari hætti til þess að endurmennta fólk þá takist okkur að ná enn meiri árangri. Og þeir sem kannski eiga um sárast að binda auk þessara kvenna sem við höfum verið að ræða hér um og ekki skal gert lítið úr, eru fullorðnir karlmenn, karlmenn yfir fimmtugt sem hafa misst vinnuna en vilja ekki taka þau störf sem í boði eru, m.a. vegna þess að þau eru talin vera kvennastörf, það er eitt af því sem kemur í ljós, eða hafa ekki menntun og vilja ekki endurmennta sig af einhverjum ástæðum. Þetta eru vandamál sem hafa komið upp hér á landi, í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og menn eru að reyna að fást við þessi vandamál. Og það eina sem ég hef sagt hér er að það eru til skýringar á þessu og það var beðið um skýringar á þessu og ég hef reynt að koma með þær sem ég þekki, en auðvitað verðum við að vinna saman að því að leysa vandamálið með þeim leiðum og úrræðum sem við þekkjum best.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:27.

---

## 6. FUNDUR

fimmtudaginn 9. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðileyfagjald, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
3. Fjarkennsla, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
4. Bætt siðferði í opinberum rekstri, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
5. Landafundir Íslendinga, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
6. Almannatryggingar, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
7. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
9. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr.
10. Sveitarstjórnarlög, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
11. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[10:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár fara fram utandagskrárumræður, fyrst um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Að þeirri umræðu lokinni, um kl. 11.00, fer fram önnur utandagskrárumræða um hlutafjárvæðingu ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða. Hefst nú hin fyrri utandagskrárumræða, um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Málshefjandi er hv.

8. þm. Reykv. Svavar Gestsson. Hæstv. menntmrh. verður til svara.

***Umræður utan dagskrár.***

Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

[10:31]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Lánasjóður ísl. námsmanna hefur verið pólitískt átakamál á Íslandi um árabil. Þau átök hafa snúist um fjármögnun sjóðsins og fleiri slíka þætti, um stjórnsýslu sjóðsins og almenna framkvæmd lánasjóðslaganna. Í þeirri umræðu hefur því miður oft gleymst að í raun er Lánasjóður ísl. námsmanna ein þýðingarmesta menntastofnun þjóðarinnar og þar af leiðandi ávísun á góð lífskjör í framtíðinni fyrir þjóðina ef vel er staðið að þessari stofnun. Mér finnst að Alþingi skuldi lánasjóðnum umræðu um almenna stöðu sjóðsins og almenna þýðingu hans fyrir menntakerfið í landinu.

Ég er ósammála þeim sem hafa beitt sér fyrir því að skerða Lánasjóð ísl. námsmanna og ég tel að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna, þrátt fyrir breytingarnar í fyrra, séu gölluð. Ég tel að þeim þurfi að breyta en það mál er ekki á dagskrá heldur hitt að lánasjóðurinn hefur oft á tíðum, eins og núna nýlega samkvæmt staðfestingu umboðsmanns Alþingis, goldið fyrir ótrúlega lélega stjórnsýslu. Það hefur bitnað á námsmönnum og fjölskyldum þeirra og það hefur líka bitnað á starfsmönnum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hafa oft orðið að sætta sig við að vinna eftir ákaflega óljósum og óskýrum reglum.

Eitt dæmið um þetta kom upp á liðnu ári þar sem nemanda var neitað um lán þó að hún hafi staðist kröfur um námsárangur viðkomandi deildar. Til að neita henni um lán voru notuð önnur rök en námsárangursrökin, þ.e. að hún næði ekki upp fyrir svokallaðar fjöldatakmarkanir. Þetta, að rugla saman tvenns konar rökum, var aðalgagnrýnisefni umboðsmanns Alþingis sem felldi úrskurð 6. ágúst sl. þar sem segir:

„Samkvæmt niðurstöðu minni hér að framan strandar framhald náms í báðum tilvikum einungis á reglum um fjöldatakmarkanir. Það er niðurstaða stjórnar lánasjóðsins, samkvæmt framansögðu, að í fyrra tilvikinu eigi námsmaður rétt á fullu námsláni, en í síðara tilvikinu eigi námsmaður engan slíkan rétt. Það er aftur á móti skoðun mín," segir umboðsmaður „að þessi tilvik séu sambærileg, þar sem í báðum framangreindum tilvikum strandi framhald náms einungis á reglum um fjöldatakmarkanir. Af þeim sökum eru ekki lagaskilyrði til þess að ákvarða rétt nemenda til námslána í framangreindum tilvikum frá ólíkum lagasjónarmiðum. Sá afgerandi munur sem lánasjóðurinn hefur gert á stöðu námsmanna í þessum tilvikum samrýmist að mínum dómi ekki jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Tel ég samkvæmt því að um rétt [námsmannsins] til námsláns hafi átt að fara eftir 3. mgr. greinar 2.2.2 í úthlutunarreglum lánasjóðsins fyrir árið 1995–1996."

Með öðrum orðum, algerlega afgerandi úrskurður frá umboðsmanni Alþingis um að ekki hafi verið rétt að hlutum staðið og þeir nemendur sem getur verið um að ræða fyrir utan þann einstakling sem hér er á ferðinni, eru nemendur í læknisfræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun, með öðrum orðum nemendur í heilbrigðisgreinum. Munurinn á þeim og öðrum er sá að þeir búa við fjöldatakmarkanir. Þeir hafa getað treyst því að fá lán tvisvar.

Nú neitar lánasjóðurinn þeim um lán tvisvar sinnum og fyrsta gagnrýnisefni mitt og aðalgagnrýnisefni er það að samkvæmt niðurstöðu stjórnar lánasjóðsins á þessi ákvörðun hans að vera afturvirk. Hún á að snerta það fólk sem er þegar byrjað nám á grundvelli annars kerfis og þess vegna er aðaltilefni umræðunnar það af minni hálfu að skora á hæstv. menntmrh. að tryggja að bréf um breytingar á lánaforsendum fari ekki út að þessu sinni og hefja þess í stað viðræður við námsmanahreyfinguna um meðferð lána til þessara nemenda þannig að hlýtt verði áliti umboðsmanns Alþingis. Í þeim efnum tel ég líka, herra forseti, að eigi að fjalla um stöðu ýmissa annarra stúdenta eins og t.d. stúdenta í lagadeild Háskóla Íslands, sem búa við mjög sérstakar aðstæður, þó að þeirra aðstaða sé ekki sambærileg við þá sem búa við þetta svokallaða clausus-kerfi.

Sem sagt, ég er hér mættur, herra forseti, til að beina því til hæstv. menntmrh. að hann beiti sér fyrir því að þær afturvirku reglur taki ekki gildi á þessu hausti.

[10:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að gefa mér færi á að fara nokkrum orðum um þetta mál hér á Alþingi, en vegna álits umboðsmanns Alþingis taldi stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna sér skylt að fara yfir reglur sínar um úthlutun á lánum til háskólastúdenta í deildum þar sem fjöldatakmarkanir gilda. Kom þá í ljós að svo lengi sem menn muna hafi sjóðurinn talið rétt að lána nemendum sem búa við fjöldatakmarkanir tvisvar til að reyna að komast áfram eftir fyrsta missiri ef þeir fullnægja kröfum viðkomandi deildar. Var það niðurstaða meiri hluta stjórnar sjóðsins að frá þessari starfsreglu, sem hvergi er skráð í úthlutunarreglum, bæri að hverfa með vísan til jafnræðisreglna. Það var meginniðurstaða hjá stjórn lánasjóðsins að henni bæri að sjá til þess að allir námsmenn sætu við sama borð að því er þetta varðar, m.a. með vísan til þess að hvergi er í úthlutunarreglum sjóðsins getið um þá reglu að menn geti fengið tvisvar sinnum lán ef menn eru í deildum þar sem um fjöldatakmarkanir er að ræða.

Ég hef í sjálfu sér ekkert við þessa ákvörðun stjórnar sjóðsins að athuga ef það er rétt mat og lögfræðilega rétt niðurstaða að túlka beri álit umboðsmanns Alþingis á þennan hátt. Námsmenn telja hins vegar ekki um brot á jafnræðisreglunni að ræða þar sem staðan vegna fjöldatakmarkana sé skýr og ótvíræð í reglum um Háskóla Íslands. Þar sem hv. þm. vék sérstaklega að lagadeildinni er hann að fara út fyrir þau mörk sem námsmenn telja eðlilegt að miða við og er þá kannski að fara frekar inn á þær brautir sem stjórn lánasjóðsins taldi sér skylt að fara og þess vegna taldi stjórnin sér skylt að draga í land varðandi þessa reglu því að hún var að velta því fyrir sér hvort jafnræðisreglan næði þá til annarra nemenda en þeirra þar sem greinilega er um fjöldatakmarkanir að ræða. Námsmenn hafa ekki óskað eftir því að þetta verði skýrt með þeim hætti heldur miða við þá nemendur þar sem fjöldatakmarkanir gilda.

Ég ræddi við fulltrúa námsmanna um þetta mál í gær á ágætum fundi sem ég átti með þremur fulltrúum frá stúdentaráði. Ég hef einnig rætt málið við formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég er þeirrar skoðunar að skoða þurfi alla þætti málsins betur. Það er að koma í ljós á grundvelli

stjórnsýslulaga og annarra reglna sem gilda að nauðsynlegt er að fara ofan í margar starfsaðferðir sem gilt hafa í okkar stjórnkerfi og gera þær skýrari. Hér er dæmi um eina slíka reglu sem menn hafa ekki áttað sig á að væri í gildi og var ákveðin í stjórn lánasjóðsins fyrir mörgum árum eða áratugum án þess að skráð hafi verið um hana í úthlutunarreglur. Ég tel sjálfur að taka eigi af skarið í þessum málum í úthlutunarreglum um sjóðinn og þetta eigi að vera gegnsæ regla sem allir vita um og starfa eftir m.a. með hliðsjón af því að ákvæði hafa verið sett í lög um málskotsnefnd sem ber að taka afstöðu til mála á grundvelli reglna sem liggja fyrir skýrar og ótvíræðar og getur ekki starfað nema svo sé. Þess vegna hef ég mælst til þess að lánasjóðurinn aðhafist ekki í þessu máli, sendi ekki frá sér nein bréf eða erindi um málið á meðan það er til skoðunar og athugunar, og lögfræðilegt mat verði lagt á það hvernig eigi að bregðast við þessu áliti umboðsmanns sem er vísbending um að taka þurfi á þessu hjá stjórn lánasjóðsins eins og hún gerði. Það er sú athugun sem ég mun beita mér fyrir og tel líklegt að menn komist að sameiginlegri niðurstöðu að lokum sem allir geta við unað.

Þetta vildi ég láta koma fram í þessum umræðum og þakka fyrir tækifærið til þess að gera það. Þetta mál er til efnislegrar athugunar á vegum menntmrn. í samvinnu við námsmenn og stjórn lánasjóðsins og stjórnin mun ekki senda frá sér nein erindi um málið á meðan ég er með það í athugun og könnun fer fram á því hvar menn standa lagalega. Hvað kallar álit umboðsmanns á að gert sé frekar en að stjórn lánasjóðsins fjalli um málið? Er ekki nauðsynlegt að taka á þessu áliti og ábendingum í því í úthlutunarreglunum þannig að þetta liggi skýrt fyrir?

[10:41]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég skal viðurkenna að mér létti nokkuð við að heyra ræðu hæstv. menntmrh. Það er alla vega verið að skoða þetta mál betur. Öllum hlýtur að vera ljóst að mörgum námsmanninum brá í brún þegar þeir fengu þessar fréttir um breyttar reglur hjá lánasjóðnum því nú er liðinn um það bil einn og hálfur mánuður, jafnvel meira, frá því að nám hófst í ýmsum deildum háskólans. Þar hafa auðvitað margir hafið nám í annað og jafnvel þriðja sinn í þeirri trú að þeir fengju lán fyrir sínu námi.

Það gilda mjög sérstakar reglur í ákveðnum deildum háskólans og verður mér ekki síst hugsað til læknadeildar þar sem fjöldatakmarkanir hafa verið í gildi mjög lengi. Mér er sagt að nú sé ástandið þannig að þeir sem komast áfram upp á annað ár séu nánast eingöngu þeir sem hafa þreytt próf tvisvar. Það sé orðið býsna sjaldgæft að námsmenn komist inn í þessa röð á fyrsta ári. Það eru því fjöldamargir sem eru núna að reyna að komast inn og eru á öðru ári og eru þeir auðvitað í mikilli óvissu um sína framtíð. Því vil ég skora á hæstv. menntmrh. að reyna að hraða þessari lagalegu athugun sem allra mest þannig að námsmenn fái þá alla vega að vita hver þeirra staða er. Auðvitað getur það ekki verið réttlætanlegt eftir að skólinn er hafinn, eftir að þessi tími er liðinn af námsárinu að námsmenn standi allt í einu frammi fyrir því að það nám, sem þeir hófu í góðri trú, sé ekki lengur lánshæft. Hver sem hin lagalega niðurstaða verður er þessi afturvirkni algerlega óréttlætanleg.

[10:44]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Þessi ákvörðun stjórnar lánasjóðsins kom nokkuð á óvart því að hingað til hefur verið sátt um sérstöðu clausus-nema við Háskóla Íslands. Það er hins vegar alveg ljóst að þetta gerist í kjölfar álits umboðsmanns. Álit umboðsmanns leiðir það af sér að stjórninn treystir sér ekki lengur til að halda óbreyttum ívilnandi reglum fyrir nemendur í námi þar sem eru fjöldatakmarkanir vegna þess að það beri að gæta jafnræðis gagnvart stúdentum í öðru námi.

Hins vegar er hin almenna regla sjóðsins sú að ekki er lánað nema einu sinni til sama náms. Mér finnst þetta sýna mjög vel hvað öll þessi mál eru viðkvæm og flókin og ég fagna því að ráðherra vill að þau verði skoðuð mjög rækilega. Ég vænti þess að gengið verði í það og fengin niðurstaða í málið mjög fljótlega.

En það er annað sem ég vildi benda á í þessu sambandi og það er hvernig framkvæmd fjöldatakmarkana í Háskóla Íslands er í rauninni komin út í ógöngur. Stærsti hluti stúdenta nær ekki í gegn nema í annarri eða þriðju tilraun og námið á fyrsta ári tekur þar af leiðandi að jafnaði um eitt og hálft ár fyrir námsmenn sem eru að skila góðum námsárangri. Það er þess vegna mikið umhugsunarefni hvort þetta kerfi sé heppilegt fyrir einstaklingana og þá líka hvort það sé heppilegt fyrir viðkomandi greinar. Þess vegna er alveg ljóst að nauðsynlegt er að þessi mál verði öll tekin til endurskoðunar í framtíðinni við háskólann. Það má líka benda á að samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum geta leitt til þess að unnt verði að gera nauðsynlegar breytingar sem gera þessa framkvæmd manneskjulegri en hún er í dag.

[10:46]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda, Svavari Gestssyni, fyrir að taka þetta mál upp. Ég held að það hafi verið alveg nauðsynlegt að þessi úrskurður stjórnar lánasjóðsins eða niðurstaða væri rædd hér á Alþingi. Í vor þegar lögunum um stjórn lánasjóðsins var breytt var það nokkuð gagnrýnt hversu lögin eru opin, hversu mikið valdaframsal fer fram í lögunum og að það eru ekki bara lög sem gilda um lánasjóðinn það er líka reglugerð, það eru úthlutunarreglur og auk þess vinnureglur stjórnar. Og á það var bent að regluverk lánasjóðsins stæðist varla þá grundvallarreglu réttarríkisins að reglur skuli vera stöðugar, skýrar og aðgengilegar. Það er nú komið í ljós einungis nokkrum vikum eftir að sú breyting á lögunum um lánasjóðinn sem gerð var í vor tók gildi. Námsmenn höfðu bent á þetta, stjórnarandstaðan benti á þetta og lagði á það áherslu að lögin þyrftu að vera skýrari og að menn þyrftu að vita nákvæmlega að hverju þeir gengju. Eigi að síður gerist það nú nokkrum vikum eftir að lögin taka gildi að meiri hluti stjórnar lánasjóðsins ákveður að nemendum í greinum þar sem fjöldatakmarkanir eru viðhafðar fái aðeins eitt tækifæri á námslánum. Þetta þýðir, herra forseti, að það er ekki farið eftir því hvort viðkomandi hefur sýnt fullnægjandi námsárangur, annað er látið ráða. Stjórnarliðar vísa í það að umboðsmaður Alþingis hafi úrskurðað í tilteknu máli og þess vegna hafi stjórnin þurft að taka þessa ákvörðun. En það er ekki svo vegna þess að í úrskurði umboðsmanns Alþingis er ekki sett út á ívilnandi framkvæmd gagnvart clausus-nemum. (Forseti hringir.) Það er ekki þannig. Þess vegna er málið enn alvarlegra. Þess vegna virðist manni að hér sé um pólitíska ákvörðun að ræða og það er enn alvarlegra, herra forseti.

[10:48]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Fjöldatakmarkanir í deildir háskóla fela í sér m.a. að námsmaður sem kann að skila prýðilegum námsárangri getur setið eftir með sárt ennið vegna þess að tiltekinn fjöldi félaga hans stóð sig betur. Námsmaðurinn hefur í raun staðist allar námskröfur en kemst samt ekki áfram á þeirri námsbraut sem hann hefur valið sér. Þetta umdeilda ákvæði felur í sér takmörkun á námi í tilteknum deildum og tek ég undir orð formanns menntmn., hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, um að ástæða sé til þess að ræða það atriði sérstaklega. En hvað sem því líður má segja að nemandi sem staðist hefur eðlilega námsframvindu en fær samt ekki að halda áfram námi sínu eigi um tvennt að velja, þ.e. að hætta námi sínu ellegar reyna aftur. Hvort tveggja er dýrt gaman fyrir þjóðfélagið og ekki síst fyrir einstaklinginn sjálfan. Rétt er að árétta það að nemanda kann að hafa verið hafnað um áframhaldandi nám á námsbraut þó hann kunni faglega það sem til var ætlast. Mikilvægt er að hafa þetta í huga.

Nú er það svo að fjölmargir stúdentar hafa bitið á jaxlinn og endurtekið nám sitt á fyrsta ári með aðstoð lánasjóðsins og lokið þar námi frá háskóla. Fjölmargir slíkir einstaklingar starfa nú í samfélaginu sem nýtir þegnar og skila með menntun sinni til baka þeirri fjárfestingu sem lögð var í menntunina. Þar gegndi lánasjóðurinn lykilhlutverki. Þess vegna skýtur það skökku við að meiri hluti stjórnar lánasjóðsins skuli nú snúa af þessari braut og þrengja enn nálaraugu clausus-ákvæða. Ég kannast ekki við að stefnumörkun þess efnis hafi komið frá Alþingi. Ég kannast ekki við skynsemisrök sem mæla með gjörningnum hvað svo sem líður lagalegum rökum. Þess vegna fagna ég yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um að stöðva í bili gjörninginn og láta könnun fara fram (Forseti hringir.) og ég trúi því að það muni enda á skynsamlegan hátt.

[10:51]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að í tengslum við þessa umræðu séu aðrir þættir í sambandi við Lánasjóð íslenskra námsmanna ræddir eða vakin athygli á þeim. Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar kemur fram að framlög til lánasjóðsins eru einungis 60% af því sem þau voru fyrir tíu árum, það er öll framförin. Það hefur líka komið fram í skýrslu sem við báðum um á Alþingi að hérlendis eru mun lægri framlög til háskólastigsins en annars staðar. Það hefur líka komið fram í umræðu hér að við erum með ein lægstu framlög til menntamála í Evrópu. Þetta lýsir stöðnun og metnaðarleysi, sérstaklega Sjálfstfl. Þar hefur ekki örlað á, hvorki í þessari umræðu né nokkurn tímann í sambandi við menntamál, nokkurri stefnubreytingu og róttækri hugsun til framfara. Það hefur komið í ljós í sambandi við lánasjóðinn að við búum við mjög sérstakt kerfi. Það byggir á lánum með niðurgreiddum vöxtum sem er nær einsdæmi í Evrópu. Flestar þjóðir hafa farið leið námslauna blandaða við lánakerfið. Hvar örlar á hugmyndum í átt að þessu sem væri e.t.v. að mörgu leyti skynsamlegra kerfi en það sem við búum við nú og mundi e.t.v. tryggja jafnrétti betur til náms en núverandi kerfi? Engin umræða um þetta er af hálfu hæstv. menntmrh. Stöðnunin, óbreytt fyrirkomulag og vörn fyrir óbreytt kerfi er það sem einkennir þá tæknilegu umræðu sem við erum hér að ljúka.

[10:53]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að hafa tekið þetta mál upp utan dagskrár. Það fór sem ég hafði sagt fyrir í umræðum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á síðasta þingi að ríkisstjórnin mundi halda áfram að höggva í þennan knérunn og rýra þar með raunverulegt jafnrétti til náms á Íslandi en það virðist vera eitur í hennar beinum. Við alþýðubandalagsmenn munum ekki láta deigann síga í baráttunni fyrir meira réttlæti í málefnum lánasjóðsins og munum bráðlega leggja fram lagabreytingartillögur sem munu gera kerfið réttlátara. Það er ótrúlegt hvað hæstv. ríkisstjórn virðist blæða í augum að halda uppi þessu námslánakerfi og þær tillögur sem frá Sjálfstfl. hafa komið í gegnum tíðina um lánasjóðinn eru nær alltaf til skerðingar á réttindum þeirra sem hans eiga að njóta og lengi tekst þeim að koma manni í opna skjöldu. Það verður að segja eins og er að þessi síðasta atlaga að þeim eiga í höggi við fjöldatakmarkanir en hafa staðist öll sín próf er alveg dæmalaus. En því ber þó að fagna að ráðherra virðist nú hafa séð að sér og ætlar að taka málið til sérstakrar athugunar og er það vel. Það er erfið upplifun fyrir góða námsmenn að hafa lagt sig alla fram mánuðum saman og ná prófi, en einhverjir aðrir hafa skorað enn betur. Það er e.t.v. spurning hvort á að halda uppi svo ströngum fjöldatakmörkunum og raun ber vitni í fagi eins og læknisfræði þar sem það liggur fyrir að það sárvantar fólk til þess að gegna störfum í læknishéruðum víða um land. En það er annað mál.

Ég hef lengi undrast hugkvæmni ráðamanna í að finna upp niðurlægjandi skerðingarákvæði og minni hér á fallskatta, alveg ótrúlega hugdettu sem var gerð að landslögum á síðasta þingi og er í mínum augum smánarblettur á þjóðinni þar til þeir hafa verið afnumdir.

[10:55]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og ég vil líka þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf um það að ákvörðun stjórnar lánasjóðsins taki ekki gildi. Það er mjög mikilvægt. Og það er mikilvægt að í framhaldi af þessum umræðum, m.a. þessari umræðu hér, verði farið í að endurskoða þessi mál öll, m.a. samspil fjöldatakmarkana og þeirrar kröfu sem gerð er um námsárangur og reglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Það er líka mjög mikilvægt að velta því fyrir sér í framhaldi af þessari umræðu hvort það er ekki nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að íhuga hvort ekki þarf að endurskipuleggja stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Meiri hluti stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna er búinn að standa í stöðugu stríði við námsmenn í mjög langan tíma. Aftur og aftur hafa þeir orðið að stefna þessum meiri hluta fyrir dómstóla í landinu eða klaga þá í umboðsmann Alþingis. Ég held að það sé kominn tími til þess, í fullri vinsemd sagt, að hæstv. menntmrh. og fjmrh. sem á fulltrúa í stjórninni líka eins og kunnugt er velti því fyrir sér hvort samskiptin á persónulegum grundvelli hafi ekki verið það erfið að kominn sé tími til að hvíla þau samskipti og skipta þarna um fólk. Mér sýnist að niðurstaðan í þessu máli sýni að það sé fyllilega tímabært. En ég endurtek þakkir mínar til hæstv. menntmrh. fyrir það að ég tel að hann hafi tekið undir aðalósk mína sem var sú að bréf um afturvirkni þessarar kerfisbreytingar fari ekki út og að veturinn í vetur verði þá notaður til að ræða málið ítarlega

og komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig með þessi mál verður farið.

[10:57]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það sem ég gerði í umræðunni var að skýra frá ákvörðunum sem ég hafði tekið eftir umræður við námsmenn og formann stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna í gær og þakka fyrir að fá tækifæri til þess á Alþingi sem mér finnst réttur vettvangur til þess að skýra frá slíkum ákvörðunum. Ég tek ekki undir það með hv. þm. að það beri að vanmeta störf stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða meirihlutamanna sem sitja þar í stjórninni. Þvert á móti hefur það tekist núna tvö ár í röð að komast að samkomulagi í stjórn lánasjóðsins um úthlutunarreglur og þær starfsreglur sem gilda um sjóðinn. Það er mjög eðlilegt þegar mál af þessu tagi koma upp að þá geti komið upp ósamkomulag um túlkun á reglum en þá ber að taka á því og skoða það eins og ætlunin er að gera og leggja á það pólitískt og lögfræðilegt mat hvernig að úrlausn málsins skuli staðið.

Herra forseti. Vandinn við umræður af þessu tagi utan dagskrár er að þingmenn koma alltaf og flytja gömlu stílana sína og eru ræðurnar bara eins og út í hött miðað við umræðuefnið. Hv. þm. Ágúst Einarsson flytur alltaf sömu ræðuna og er nú enginn staðnaðri í menntamálum heldur en hann miðað við að hann getur aldrei flutt annað en sömu gömlu ræðuna og sömu tugguna um að ekkert sé að gerast þrátt fyrir miklar framfarir í menntamálum. Og sömu sögu er að segja um aðra þingmenn. Þeir koma upp með ritaða stíla og lesa þá án tillits til þess hvað fram kemur í umræðunum og hvað það er sem ráðherra er að lýsa yfir og segja og frá hvaða ákvörðunum er verið að skýra. Þetta finnst mér rýra mjög gildi umræðna utan dagskrár og sýna að þær eru frekar notaðar í einhverjum áróðurstilgangi heldur en að reyna þá að fá fram niðurstöður ráðherra og viðhorf þeirra til úrlausnarefnanna. Það fer illa á því að nota þennan vettvang til að flytja einhverjar almennar upphrópanir og vera með skítkast helst í garð ráðherra þegar þeir eru að svara hér og sinna þingskyldum sínum og svara fyrirspurnum.

***Um fundarstjórn.***

Svör ráðherra í utandagskrárumræðu.

[10:59]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Tilefni þessarar athugsemdar minnar eru lokaorð hæstv. menntmrh. Hann notaði þau til persónulegra árása á þingmenn, sérstaklega hv. þm. Ágúst Einarsson og fleiri. Það er mjög ósmekklegt að ljúka umræðu með þessum hætti. Það bendir til þess að það gæti verið skynsamlegt að breyta reglum um utandagskrárumræður þannig að ráðherra ljúki þeim ekki endilega heldur málshefjandi. En mér fannst þessi ræða hæstv. menntmrh. dæmi um ósmekklega lokaræðu ráðherra og ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að það hvetur mig til þess að segja að það eigi að íhuga það hvort ekki verði að breyta þessu fyrirkomulagi, að ráðherrar hafi endilega síðasta orðið þegar menn misnota þann trúnað eins og hæstv. menntmrh. gerði hér áðan.

[11:00]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti skal íhuga það en það var á mörkunum að ræða hv. þm. væri um fundarstjórn forseta.

***Umræður utan dagskrár.***

Hlutafjárvæðing ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða.

[11:01]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég var einn þeirra sem trúðu því að breyting á rekstrarformi Landsbanka, Búnaðarbanka og sjóða hefði í för með sér raunverulegar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Ég var sá einfeldningur að trúa því að með formbreytingunni væri stigið fyrsta skrefið í þá átt að breyta ríkjandi fyrirkomulagi í íslensku viðskiptalífi sem kennt hefur verið við helmingaskipti núverandi stjórnarflokka. Ég trúði því að breytingin væri forsenda þess að gera íslenska bankastarfsemi samkeppnishæfari við það sem best gerist erlendis. Ég trúði því að nauðsynleg hagræðing í bankakerfinu næðist ekki fram nema ríkisbönkunum yrði breytt í hlutafélög. Ég taldi að slæm útkoma íslenskra banka og sparisjóða í skýrslu OECD frá því í fyrra um samanburð á rekstri þeirra hér og í aðildarríkjunum væri hvati fyrir hæstv. viðskrh. að framkvæmda breytingar því ég veit að bankastarfsemi hefur verið með arðsömustu atvinnugreinum í heiminum þó annað hafi verið upp á teningnum hér. Mín niðurstaða var því sú að sagan hefði kveðið upp þungan dóm um ríkisrekstur bankakerfisins og pólitísk afskipti af því. Staðreyndirnar tala sínu máli, staðreyndir sem lýsa sér í því að íslenskar fjármálastofnanir og sjóðir hafa undanfarin átta ár þurft að afskrifa gríðarlega háar fjárhæðir, fjárhæðir sem gefa — ég hef reiknað það út — um það bil 250 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Af þessum sökum taldi ég breytingar nauðsynlegar.

Væntingar mínar um breytingar voru ekki úr lausu lofti gripnar því að hæstv. viðskrh. fór mikinn í ræðustól þegar hann lýsti framtíðarsýn sinni og sagði að á ferðinni væru umfangsmestu breytingar sem gerðar hefðu verið á íslenskum fjármagnsmarkaði frá upphafi. Það mátti greina óþol umbótamannsins í rödd hins unga viðskrh. þegar boðskapurinn var fluttur. Já, svo sannarlega var boðuð bylting.

Það var því ekki að ástæðulausu að spenna lá í loftinu þegar tjöldin voru dregin frá sviðinu á Hótel Sögu og breytingar kynntar. En eins og væntingarnar voru miklar voru vonbrigðin ekki minni þegar breytingarnar voru kynntar. Óbreytt ástand. Öll stóru orðin um nauðsyn hlutafélagavæðingar, sem forsendur þess að gera skipulag og yfirstjórn bankanna skýrara og skilvirkara, reyndust innihaldslaus, hjóm eitt.

Reyndar virtist mér sem niðurstaðan hefði ekki orðið sú ef marka má nýkynnt lögfræðiálit hæstv. forsrh. að einstaka þingmenn, sem hingað til hafa haft sérstakan áhuga á launakjörum og fríðindum yfirmanna bankanna, verði að láta af þeirri iðju. Það er því ekki að ástæðulausu að orð hæstv. ráðherra á hinu háa Alþingi hafi minnt um margt á sölumennsku, góða dátann Svejk, en eins og kunnugt er stundaði góði dátinn Svejk um tíma sölu á hundum. Aðallega sérhæfði hann sig í sölu á rottuhundum. Í samtali við Katz herprest lýsti Svejk söluaðferðum sínum eitthvað á þessa lund:

„Eins og yður er kunnugt, þá eru rottuhundar forljótar skepnur. Því er ákaflega mikilvægt að sýna viðskiptavinum hundinn aldrei, ljúga upp á skepnuna kostum sem hún býr alls ekki yfir, hirða svo peningana áður en kúnninn sér dýrið, neita öllum tilbúningi og flýja svo inn á næstu krá."

Við hljótum að spyrja hvers vegna ekki skuli a.m.k. hafa verið farið að vilja meiri hluta efh.- og viðskn. um að ráðinn yrði einungis einn bankastjóri í hvorn banka eftir formbreytinguna. Samkvæmt áliti meiri hlutans var það dómur reynslunnar og í samræmi við nútímastjórnunarhætti að best fari á því að einn framkvæmdastjóri stjórni rekstri hvers fyrirtækis og beri einn ábyrgð gagnvart stjórn og eigendum. Þannig taldi meiri hlutinn að skilvirkni og hagkvæmni yrði best tryggð. Hvers vegna virti hæstv. ráðherra vilja meiri hluta efh.- og viðskn. á Alþingi að vettugi? Kannski felst svarið í þeirri staðreynd að það er ómögulegt að skipta einni stöðu í tvennt. Helmingaskiptareglan gengur ekki upp í því fyrirkomulagi. Hver veit.

Eins hljótum við að spyrja hvaða ástæður liggja að baki því að stærsti banki þjóðarinnar, Landsbankinn, skuli kaupa helming í stærsta tryggingafélagi landsins og í kjölfarið skuli stjórnarformaður bankaráðs Landsbankans til margra ára setjast í stól varaformanns sama ráðs en jafnframt taka að sér stjórnarformennsku í umræddu tryggingafélagi. Þetta á sér stað á sama tíma og bankaeftirlitið úrskurðar að Landsbankinn eigi 6% í Vátryggingafélagi Íslands. Þessi 6% duga samt sem áður til þess að Landsbankinn fær stjórnarmenn auk stjórnarformanns í VÍS. Þessi sami einstaklingur er jafnframt framkvæmdastjóri stærsta stjórnmálaflokks landsins. Er þetta eðlilegt fyrirkomulag? En á sama tíma tekur starfsmaður VÍS við stjórnarformennsku í Landsbankanum þrátt fyrir að VÍS eigi 0% í Landsbankanum. Þessi 0% vega því ansi þungt.

Hvernig getur hæstv. viðskrh. útskýrt þessar hrókeringar með öðrum hætti en að um hefðbundin hrossakaup innan helmingaskiptakerfisins hafi verið að ræða? Ef hann getur útskýrt þessa leikfimi öðruvísi hljóta Nóbelsverðlaunin í rökfræði að vera skammt undan.

Mér finnst nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. svari því hér hvort og hvernig hann ætli að selja hlutafé í bönkunum. (Forseti hringir.) Hvort von sé á því að hlutafé í bönkunum verði selt og ef ekki og hvort nýtt hlutafé í bönkunum verði bráðlega boðið út. Ella voru boðaðar breytingar sýndarmennska, nýjar umbúðir utan um óbreytt ástand.

[11:06]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Í umræðunni verður að greina annars vegar á milli þeirra breytinga sem verið er að gera með sameiningu fjárfestingarlánasjóðanna, þ.e. Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs, sem sameinaðir eru í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og út úr því verði til nýsköpunarsjóður fyrir atvinnulífið og svo hins vegar þeirrar formbreytingar sem á sér stað á ríkisviðskiptabönkunum. Þarna er mikill munur á. Með sameiningu sjóðanna er verið að stíga það skref að slá þremur starfandi sjóðum saman í eitt hlutafélag og reyndar Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins líka. Þegar það skipulag var tekið til endurskoðunar var það haft að leiðarljósi að ákveðnar hefðir og venjur hefðu viðgengist innan þessara fyrirtækja. Með þeirri breytingu sem þar var gerð voru þessar hefðir og venjur þurrkaðar í burtu og ráðnir nýir yfirmenn.

Hins vegar, þegar við horfum á þá breytingu sem við erum að gera á Landsbankanum og Búnaðarbankanum, eru það starfandi stofnanir sem taka til starfa um næstu áramót. Þær byggja á löngum hefðum og hafa rekið starfsemi sína á traustu viðskiptasambandi milli viðskiptamanna sinna og þeirra stjórnenda sem þar eru, milli starfsmannanna annars vegar og svo stjórnendanna hins vegar og á milli erlendra lánardrottna og þeirra stjórnenda sem þarna hafa verið. Þessi fyrirtæki taka til starfa á grunni þeirra fyrirtækja sem núna eru starfandi. Landsbanki Íslands hf. tekur til starfa á grunni Landsbankans og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur til starfa á grunni Búnaðarbankans. Því var mjög mikilvægt að hægt væri að halda því trúnaðarsambandi sem er milli stjórnenda annars vegar og viðskiptamanna hins vegar áfram vegna þess að breyting á því sambandi, mikil breyting á yfirstjórnendum bankans, gæti leitt til þess að bankinn mundi tapa traustinu á einhvern hátt. Það var það sem var haft sem meginútgangspunktur þegar þessar breytingar voru skipulagðar. Fyrir utan það að með formbreytingum á ríkisviðskiptabönkunum er verið að taka ríkisábyrgðina af bönkunum sem núna eru starfandi og það mun auðvitað hafa miklar breytingar í för með sér.

Þegar breytingarnar voru kynntar og ný stjórn fyrir þessi fyrirtæki var valin lagði ég höfuðáherslu á sex meginatriði sem ég taldi að ættu að fylgja í kjölfar þessara breytinga. Í fyrsta lagi að hafa að leiðarljósi að byggja á þeim grunni sem þessi fyrirtæki taka til starfa á, þ.e. á grunni gömlu bankanna. Í öðru lagi er stefnt að skráningu hlutafélaganna á Verðbréfaþingi Íslands, lagaheimild til útboðs og sölu á nýju hlutafélagi verði nýtt að hluta í þessu skyni. Með þessu verði aðhald og agi í rekstri bankans tryggður, m.a. með þeim reglum sem Verðbréfaþingið setur. Jafnframt mun útboð og sala á takmörkuðu hlutafé á grundvelli fyrirliggjandi heimilda leiða til þess að þá ákvarðast markaðsvirði bréfanna á Verðbréfaþinginu.

Í þriðja lagi verður ráðinn einn aðalbankastjóri að hvorum banka fyrir sig. Það er nákvæmlega í samræmi við þann vilja sem kom skýrt fram frá efh.- og viðskn. Alþingis. Það verður ráðinn einn aðalbankastjóri ásamt tveimur framkvæmdastjórum. Menn töluðu mikið um það í umræðunni að fyrirkomulagið hjá Íslandsbanka væri svo óskaplega gott, einn bankastjóri og síðan margir framkvæmdastjórar. Þetta er nákvæmlega sama fyrirkomulag, það er einn aðalbankastjóri en tveir bankastjórar sem hafa sömu hlutverkum og skyldum að gegna og framkvæmdastjórarnir í Íslandsbanka nema þessir bankastjórar eru bara tveir á meðan framkvæmdastjórarnir eru fjórir.

Gagnvart lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði bera allir þessir menn sameiginlega ábyrgð en þeir bera mismunandi ábyrgð gagnvart eiganda sínum og mismunandi ábyrgð gagnvart stjórnendum fyrirtækisins og í erindisbréfi er hægt að setja mismunandi ábyrgð á þessa menn. Það fyrirkomulag er alþekkt úr bankakerfinu á Íslandi.

Í fjórða lagi til þess að einfalda stjórnkerfi bankans og skýra og afmarka vel verksvið yfirstjórnar höfum við sett þetta upp með þeim hætti að aðstoðarbankastjórar sem þarna voru starfandi fá ákveðin verkefni til að vinna að innan bankanna.

Í fimmta lagi er bankaráðum um hlutafélagabankana ætlað að setja skýrar reglur um starfskjör yfirstjórnar og ákveða heildarlaun í ráðningarsamningi. Í því felst m.a. að bankastjórar þiggja ekki laun fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum fyrirtækja og stofnana sem eru starfandi á vegum viðkomandi banka. Um þetta verða skýrar reglur.

Í sjötta lagi lögðu starfsmenn þessara fyrirtækja áherslu á það (Forseti hringir.) að þeir fengju áheyrnaraðild að stjórnum fyrirtækjanna. Nefndin, sem vann að undirbúningi málsins, treysti sér ekki til að taka afstöðu til þess. Ég hef

hins vegar beint því til stjórnar nýrra hlutafélaga að starfsmönnum fyrirtækjanna verði boðin seta á stjórnarfundum með áheyrnarrétt.

[11:12]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Á merkilegu málþingi um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, sem ég sótti í gær, var vikið að einkavæðingu bankanna og þá hló þingheimur. Troðfullur salur af fólki hreinlega skellti upp úr og það segir kannski meira en mörg orð um það hvernig þykir hafa til tekist um þetta áhugaefni margra til fjölda ára.

Meginforsendan, rökin sem alltaf hafa verið færð fyrir nauðsyn þess að einkavæða bankana, einkavæða fjármálaþjónustuna í landinu, eru þau að með því yrði losað um tök stjórnmálamanna og stjórnmálaflokkanna á fjármálamarkaði og atvinnulífi landsmanna. Menn hafa það hver eftir öðrum að einkabankar hljóti að vera betur reknir en ríkisbankar og séu miklu betur í stakk búnir til þess að starfa á faglegum forsendum og þannig ætti það auðvitað að vera og margir trúa þessu. En fengin reynsla hérlendis hefur a.m.k. ekki enn náð að sanna það. Nú er reyndar eftir að sjá hvernig til tekst með hlutafjársölu þegar þar að kemur en framkvæmdin við skipan bankaráða og bankastjórna þeirra ríkisbanka, sem hafa nú verið gerðir að hlutafélögum, hefur verið með þeim hætti að vakið hefur hneyksli og aðhlátur að ekki sé minnst á vonbrigðin. Menn áttu von á breytingum í ljósi alls þess sem sagt hefur verið og rökrætt um þessi efni og skýringar og réttlæting hæstv. viðskrh. eru satt að segja hálfaumkunarverðar. En í fullkomnu blygðunarleysi skipta stjórnarflokkarnir sætum ráðsmanna og bankastjóra á milli sín og bjóða svo fulltrúum jafnaðarmanna til sætis með sér og hafa vafalaust vonast til að með því væru þeir keyptir til þagnar. Hv. þm. sem hóf umræðuna hefur ekki látið þagga niður í sér og það er vel.

[11:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það hefur nú komið fram sem ég og aðrir héldum fram á síðasta þingi. Það var auðvitað ekkert aðalatriðið hjá ríkisstjórninni að breyta bönkunum í hlutafélög til að gera bankakerfið hagkvæmara og skilvirkara þannig að það yrði rekið meira út frá viðskiptalegum sjónarmiðum án pólitískra afskipta. Aðaltilgangurinn var auðvitað að auðvelda helmingaskipti stjórnarflokkanna sem vikum saman hafa verið í pólitískum hrossakaupum með bankakerfið og fjárfestingarlánasjóðina. Þarna fær einkavinavæðing stjórnarflokkanna notið sín og sjálfsagt er þetta bara forsmekkurinn, herra forseti, að einkavinavæðingunni sem að fullu mun sýna sig þegar hafin verður sala á bönkunum.

Hæstv. viðskrh. hefur dregið í land frá síðasta þingi þegar hann upplýsti að engin breyting yrði við hlutafélagavæðinguna á aðgengi þingmanna að upplýsingum um starfsemi bankanna, m.a. starfskjörum bankastjóranna og stjórnenda bankanna. Nú vísar hæstv. ráðherra bara á ársreikninga bankanna varðandi þetta efni.

Herra forseti. Það er óþolandi að búa við það að verið sé að setja hömlur á eftirlitsskyldu Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Við því þarf þingið að bregðast með lagasetningu, ef nauðsyn krefur, sem veitir þinginu ótakmarkaðan aðgang hvenær sem er, ekki bara í ársreikningum, að stofnunum sem breytt hefur verið í hlutafélög a.m.k. þegar þær eru í eigu ríkisins. Komi í ljós að hefta eigi aðgang að upplýsingum um starfsemi bankanna munum við jafnaðarmenn íhuga að flytja lagabreytingu sem opnar að fullu aðgang þingsins að bönkunum þannig að þingið geti sinnt eftirlitsskyldu sinni ef í ljós kemur að hæstv. ráðherra ætlar að ganga á bak orða sinna sem hann sagði á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég spyr: Hefur hæstv. ráðherra skipt um skoðun frá því sem hann sagði í þessum ræðustól (Forseti hringir.) að þingið hefði óheftan aðgang að upplýsingum um bankana eftir að þeim hefði verið breytt í hlutafélög?

[11:16]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Atburðir síðustu vikna koma ekkert á óvart vegna þess að við sögðum þetta fyrir í vor. Áhrif sjálfstæðis- og framsóknarmanna yrðu tryggð við útfærslu á hlutafjárvæðingunni. Og það hefur gerst. Það þarf ekki annað en að fara yfir nöfn þeirra sem núna sitja í bankaráðum beggja bankanna, í Fjárfestingarbankanum og Nýsköpunarsjóðnum. Mennirnir sem hafa verið ráðnir núna sem bankastjórar eru allt forustumenn í Sjálfstfl. og í Framsfl. auk þess að vera áhrifamenn í hagsmunakerfi atvinnulífsins. Þetta eru valdamenn þessara tveggja flokka. (**Gripið fram í:** Björgvin Vilmundarson líka?) Hæstv. viðskrh. svaraði engu spurningu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar hvort honum fyndist eðlilegt að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sitji sem formaður VÍS og varaformaður Landsbankans. Þetta mundi hvergi þekkjast þó svo ég geti staðfest hér úr ræðustól að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. er ágætismaður, það er ekki málið sem er til umræðu. Hvar mundi þetta þekkjast? Hvergi nema hér. Ráðherra talar um að ráðinn hafi verið einn aðalbankastjóri. Þetta er þvæla. Það verður ekki gert vegna þess að þetta er bara orðaleikur. Tillaga okkar stjórnarandstæðinga var felld í vor um að hafa einn skipstjóra á skútunni nákvæmlega eins og meiri hluti efh.- og viðskn. reyndar vildi. Þeir náðu nú ekki einu sinni saman í meiri hluta í nefndinni fyrir Fjárfestingarbankanum eins og menn muna. Stjórnarliðar stóðu nú ekki betur að baki hæstv. ráðherra en það.

Ég get upplýst það að efh.- og viðskn. er með til sérstakrar skoðunar kaup Landsbankans á VÍS. Ýmsum spurningum er ósvarað um það efni og þau mál þarf að skýra betur. Þetta er mjög einkennileg atburðarás (Forseti hringir.) og niðurstaðan er sú að meiri og vaxandi ríkisumsvif eru á fjármálamarkaðnum hér á landi en nokkurs staðar í Evrópu.

[11:18]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það er nú ekki að sjá að það hafi komið bankastjórum þessara tveggja banka neitt á óvart að þeir mundu verða áfram í sínum störfum, því þegar starfsmönnum barst bréf um að þeim væri sagt upp störfum þá víluðu þessir sömu bankastjórar, sem einnig virtust jafnvel eiga að vera á förum, ekkert fyrir sér að bjóða starfsfólkinu starf að nýju undir nýju kerfi. Þannig að þeir hafa sjálfsagt ekki reiknað með öðru en að þeir sætu sem fastast. En því er ég hingað komin að mig langar að spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga varðandi kjör starfsmanna. Hér féll dómur þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru einkavæddar í þá veru að starfsmenn ættu rétt á biðlaunum þar sem þeir væru nú farnir að vinna við allt önnur skilyrði og í allt öðru fyrirtæki. Þetta virðist ekki eiga að gerast gagnvart starfsfólki Búnaðarbanka og Landsbanka. Það sem verra er, starfsmenn hafa verið látnir undirrita afsal á þessum rétti sínum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta séu stjórnarhættir sem

hæfi í lýðræðisþjóðfélagi, að pína fólk af ótta við að það missi annars vinnuna til þess að afsala sér lögbundnum rétti. Ég vil einnig leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra úr því þessi mál eru til umræðu hvað líði öryggi starfsmanna varðandi lífeyrisréttindi. Ég er nefnilega ekki viss um að þau mál séu frágengin enn þá. Þessar tvær spurningar vildi ég leyfa mér að leggja fyrir hæstv. ráðherra. En bankastjórarnir vissu án efa að þeir yrðu látnir sitja sem fastast.

[11:20]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu. Ég vil þakka fyrir hana því ég held að mikilvægt sé að hæstv. bankamálaráðherra fái tækifæri til að koma ýmsu á framfæri.

Það voru eiginlega orð fulltrúa Kvennalistans sem gerðu það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs þegar hún talaði um, eftir því sem ég skildi hana, að þetta væri ekki nægilega mikil einkavæðing og gerði grín að málinu. Ég vissi ekki til þess að kvennalistakonur væru einhverjir sérstakir talsmenn einkavæðingar og það er rétt að þetta er engin sérstök einkavæðing sem hér á sér stað. (Gripið fram í.) Við erum að taka ákveðið skref og ákaflega mikilvægt skref. Það er búið að tala um það í áraraðir, ef ekki áratugi, að gera þurfi breytingar á rekstrarformi ríkisbankanna og taka á málefnum atvinnugreinasjóðanna. Þetta hefur ekki tekist. Það hefur ekki náðst um það pólitísk samstaða í þjóðfélaginu að gera þessar breytingar. Það tókst núna og við sem stóðum að þessum breytingum lítum á þetta sem mjög mikilvægt skref, mikilvægt skref í átt til betri vinnubragða í fjármálaheiminum. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það á eftir að taka fleiri skref og það verður eflaust gert. En þetta skref er mikilvægt. Við ætlum ekki að selja hlutafé strax. Það þarf aðra ákvörðun til þess að það verði gert en hins vegar er heimilað að auka hlutafé með nýjum útboðum. Ég er mjög stolt yfir þessari ákvörðun og yfir þessari framkvæmd og ítreka það að í þessum málum eins og svo mörgum öðrum á eflaust eftir að taka fleiri skref.

[11:23]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mönnum verður tíðrætt um helmingaskipti Framsóknar og Sjálfstfl. Ég væri fyrir mitt leyti ekkert sáttari þótt einhverjir frjálshyggjumenn úr öðrum flokkum fengju aðgang að þessum kjötkötlum. Ástæðan fyrir því að ég lagðist gegn einkavæðingu fjármálakerfisins er sú að með því móti er þrengt að lýðræðinu. Fulltrúum almannavaldsins er úthýst og allar ákvarðanir eru færðar á bak við tjöld og niður í skúffur. Allt er sett í vald svokallaðra fagmanna, sem er einsleitur hópur frjálshyggjumanna, sem á það fyrst og fremst sammerkt að vera ófær um að hugsa af samfélagslegri ábyrgð en lætur stýrast af gróðahyggjunni einni.

[11:24]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. formaður þingflokks framsóknarmanna orðaði það svo að hér hefði verið tekið mikilvægt skref. Mér varð eiginlega hugsað til þessara orða af því að í raun og veru hefur ekkert breyst, nákvæmlega ekkert breyst. Það er komið hf. fyrir aftan nöfnin á þessum bönkum að undanskildu því að nokkrir þingmenn, sem hafa í gegnum tíðina reynt að myndast við að hafa eftirlit með sjálftökuliðinu í bönkunum, geta það ekki lengur. Það er eina skrefið. Ef þetta er mikilvægt skref, hv. formaður þingflokks framsóknarmanna, þá vænti ég þess að þessi þingflokkur taki ekki fleiri mikilvæg skref. Ég bið bara til guðs að ekki verði fleiri skref í þessa átt, því þetta er skref aftur á bak, því miður. Ég hafði miklar væntingar til þessara formbreytinga, hér væru á ferðinni breytingar sem vert væri að styðja og mundu leiða til ákveðinna framfara á þessum fjármagnsmarkaði því þetta eru nú ekki gæfulegar tölur sem við höfum fyrir framan okkur, afskriftir banka og lánasjóða á síðustu átta árum 62 milljarðar, bara sisvona. Ef þessi niðurstaða kallar ekki á drastískar breytingar, þá veit ég ekki hvað það er. En síðan kemur formaður þingflokks Framsóknarflokksins og talar um mikilvægt skref — að nokkrir þingmenn geti ekki lengur fengið upplýsingar um kaup og kjör og fríðindi sjálftökuliðsins. Mikið var nú innlegg formanns þingflokks framsóknarmanna í þessa umræðu.

Ég spurði hæstv. iðn.- og viðskrh. að því áðan hvort honum þætti eðlilegt að framkvæmdastjóri stærsta stjórnmálaflokksins sæti einnig sem stjórnarformaður stærsta tryggingafélagsins og sæti einnig sem varaformaður stærsta bankans í landinu. Það er kannski til of mikils mælst að ætlast til þess að hann svari slíkum spurningum. Þetta er vitaskuld bara liður í þessu helmingaskiptakerfi og ég sagði í ræðu minni áðan að líklega fengi hann Nóbelsverðlaun í rökfræði ef hann gæti skýrt þetta út á annan hátt. (Forseti hringir.) Honum hefur ekki tekist það og því er nokkuð ljóst að þessi Nóbelsverðlaun eru sennilega lengra undan en ég hélt.

[11:26]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Eftir að hafa hlustað á hv. þm. stjórnarandstöðunnar lýsa yfir þeim óskaplegu vonbrigðum sem þeir hafi orðið fyrir með þessa formbreytingu sem er að eiga sér stað, þá stendur bara eitt upp úr. Og hvað er það? Það er það að reka þyrfti bankastjórana. Það hefur ekkert annað komið fram hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar við umræðuna en að reka átti bankastjórana. Með öðrum orðum, þessir hv. þm. vildu skapa ótta hjá starfsmönnunum við hugsanlega nýja stjórnendur sem væri ekki ljóst hverjir yrðu, hugsanlega setja viðskiptasambönd viðkomandi banka í upplausn gagnvart lánardrottnum erlendis og um leið hugsanlega líka að setja þá viðskiptamenn, sem þessir bankar eru með beint trúnaðarsamband við, oft á tíðum, líka á annan endann. Eina sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa kvartað yfir er að bankastjórarnir skyldu ekki allir hafa verið reknir með tölu. En þeir hafa þó ekki haft fyrir því að lýsa yfir ánægju sinni með það að allir forstjórar sjóðanna skyldu verða reknir. Nei, og þetta tal um helmingaskiptin — ég held að þau hafi nú opinberað sig hjá hv. þm. þegar menn eru að tala um skiptin milli Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu kerfi. Hvar hafa hv. þm. Alþfl. fram til þessa staðsett Björgvin Vilmundarson, sem ég hef frétt að hafi verið boðið að verða aðalbankastjóri Landsbankans? Er hann annaðhvort framsóknarmaður eða sjálfstæðismaður? Hvar hafa hv. þm. Alþfl. staðsett þennan ágæta núverandi bankastjóra í pólitíkinni?

Það sem við höfðum að leiðarljósi þegar við völdum nýja stjórn fyrir þessi fyrirtæki var að þessir menn hefðu þekkingu, þeir hefðu reynslu af rekstri og stjórnun fyrirtækja og þeir hefðu reynslu af að stýra fyrirtækjum á fjármagnsmarkaði. Og skoðið þið, farið þið yfir hvaða menn það eru sem þarna hafa valist til stjórnar. (Forseti hringir.) Þessir menn uppfylla allir þessi skilyrði fyrir utan það, að ég lýsti því yfir á Alþingi á sínum tíma að ég vildi eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Alþingi kaus hins

vegar ekki þessa fulltrúa. (Forseti hringir.) Eitt orð, með leyfi forseta, ég talaði bæði við formenn Alþb. og Alþfl. og ráðfærði mig við þá þegar ég var að leita að nýjum fulltrúum. (Forseti hringir.) Niðurstaðan var sú hjá formanni Alþfl. að skynsamlegast væri (Forseti hringir.) að gera sem alminnstar breytingar og því valdi hann sér sama fulltrúa aftur í stjórn þessa fyrirtækis.

### *Um fundarstjórn.*

Svör ráðherra í utandagskrárumræðu.

[11:30]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Nú erum við að upplifa það í annað skipti í morgun í utandagskrárumræðu að ráðherra misnotar rétt sinn að tala síðastur. Hæstv. ráðherra sagði hluti sem ég veit ekki betur til en séu ósannir þegar hann segir um tilnefningu í bankaráð ríkisviðskiptabankanna að hann hafi ráðfært sig við formenn flokkanna og ekki efa ég að það hafi verið samtöl. Hann vitnaði til formanns Alþfl., sem ég veit ekki hvort er hér í húsinu, en segir að hann hafi talið að það ættu að verða sem allra minnstar breytingar og ég held að ráðherrann hafi lokið máli sínu með að segja: „... og valdi sama fulltrúa áfram í bankaráð." Ég held að það hafi verið orðalagið. Hins vegar liggur ljóst fyrir að ráðherra tilnefnir menn í bankaráðin. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef lýsti formaður Alþfl. því yfir við ráðherra að hann vildi ekki nefna nein nöfn í sambandi við tilnefningarnar. Mér finnst mjög vont að ásakanir skuli koma fram á fjarstaddan þingmann og það er það, herra forseti, sem ég geri athugasemd við og kvaddi mér þess vegna hljóðs um fundarstjórn forseta. Hv. þm. sem er fjarstaddur og aðrir sem koma að því, þá væntanlega líka formaður Alþb., hafa rétt á því að hið sanna í málinu komi í ljós.

[11:31]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Þessi fáu orð mín um fundarstjórn forseta snúa örlítið að því hvernig þingsköpin eru uppbyggð. Það er mjög erfitt fyrir ráðherra að vera í þeirri stöðu að hann hefur fimm mínútur í upphafi máls til þess að svara spurningum fyrirspyrjanda. Síðan koma sex, sjö þingmenn og spyrja allir spurninga. Ef ráðherra svarar ekki þeim spurningum, sem koma fram frá hv. þm., hver eru þá lokaorð hv. þm.? Jú, ráðherra hefur engu svarað. En ef ráðherra svarar því sem fram kemur í umræðunni þá koma menn og ræða um stjórn fundarins og kvarta yfir því að ráðherra skuli hafa svarað spurningunum. Meðalvegur í þessu er mjög vandrataður.

En af því að ég stend í þessum ræðustóli ítreka ég að ég hafði samráð við formann Alþb. og formann Alþfl. um val á fulltrúum sem ég sem viðskrh. valdi í stjórn þessara fyrirtækja og þau orð standa sem ég hafði áðan eftir formanni Alþfl.

[11:33]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það verður að játast að í raun hef ég ekkert við fundarstjórn forseta að athuga en vil taka undir síðustu orð hæstv. ráðherra að sá tími sem honum er gefinn er auðvitað allt of þröngur. Ég fer hins vegar fram á, hæstv. forseti, að hæstv. viðskrh. gefi þinginu upplýsingar á einhvern hátt, hvort sem það gæti heitið skýrsla eða smábréf, um þau atriði sem ég spurði áðan um varðandi einkavæðingu bankanna, hvernig réttindi starfsmanna eru tryggð. Varðandi rétt til biðlauna eða öllu heldur hvort það sé stjórnsýslulega rétt að láta fólk afsala sér slíkum rétti og síðan hvernig lífeyrisréttindi þessa fólks eru tryggð. Mér hefur komið á óvart hve lítil umræða hefur orðið um þetta og ég vísa enn og aftur, hæstv. forseti, á hæstaréttardóm sem féll varðandi starfsfólk Síldarverksmiðja ríkisins. Ég get ekki séð hver er munurinn á aðstöðu þessara stétta.

### *Fjárlög 1998, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

### *Veiðileyfagjald, fyrri umr.*

Þáltill. ÁE o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[11:36]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Í gærkvöldi var haldinn athyglisverður fundur í Reykjavík. Þar komu saman með mjög stuttum fyrirvara eitthvað um 250 manns og stofnuðu Samtök um þjóðareign. Í ávarpi fyrir fundinn segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Íslandsmið hafa verið sameign þjóðarinnar frá öndverðu. Á þessari öld háðu Íslendingar harða baráttu fyrir því að aðrar þjóðir viðurkenndu eignarrétt Íslendinga á miðunum. Nýting fiskimiða landsins hefur lagt drjúgan skerf að framförum og velsæld þjóðarinnar á 20. öld. Með lögum um stjórn fiskveiða og framsali ríkisvaldsins á sameign þjóðarinnar til einstakra manna og félaga, án þess að gjald komi fyrir, er brotið gegn eignarrétti þjóðarinnar — horfið frá leikreglum lýðræðis og jafnréttis.

Fiskimiðin eru í raun að hverfa úr eign íslensks almennings til kvótaeigenda þrátt fyrir þau ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta samrýmist ekki hagsmunum og réttlætiskennd þjóðarinnar né hefð í nýtingu fiskimiðanna."

Síðar í ávarpinu skorar fólk í þessum samtökum á alla að taka höndum saman til að tryggja að þjóðin öll njóti réttláts arðs af sameign sinni, Íslandsmiðum. Þetta verða samtök sjálfstæðra Íslendinga sem una óréttlætinu ekki lengur.

Herra forseti. Mikil reiði í þjóðfélaginu í sambandi við sjávarútvegsmál. Það brýst út í þessum fundi og það sem þar er á ferðinni er tvíþætt. Sumir eru reiðir yfir því að veiðiheimildum sé úthlutað ókeypis. Aðrir beina reiði sinni gagnvart stjórnkerfinu sjálfu.

Við í þingflokki jafnaðarmanna flytjum till. til þál. á þskj. 5 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum

við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Nefndin skili áliti fyrir lok apríl 1998."

Ákvörðun um veiðileyfagjald er pólitísk ákvörðun. Menn skipast í flokka gagnvart málinu eftir pólitískri afstöðu þó að ekki sé um flokkspólitíska afstöðu að ræða nema að nokkru leyti. Við leggjum til að taki Alþingi ákvörðun um að leggja á veiðileyfagjald, þ.e. gjaldtöku við úthlutun veiðiheimilda, þá fylgi Alþingi því eftir með því að kjósa sjálft nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Ekki er farin sú leið að fela ráðherra framkvæmdarvaldsins slíka nefndarskipun.

Við leggjum sömuleiðis til að veiðileyfagjaldið renni í ríkissjóð en sé notað til að lækka aðra skatta og þá beinum við sérstaklega athyglinni að tekjuskatti einstaklinga. Álagning veiðileyfagjalds er því ekki álagning á fólkið í landinu, þetta er gjaldtaka sem mun renna aftur til fólksins. Veiðileyfagjald eða auðlindagjald eða auðlindaleiga eða auðlindaskattur eða veiðigjald, allt eru þetta samheiti. Víða erlendis þekkist að greitt er fyrir nýtingu þjóðareignar og fullt samræmi er í því. Við viljum leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir eins og vatnsorku eða jarðvarma. Alveg eins ef ríkisvaldið úthlutar verðmætum eins og sjónvarpsrásum.

Við lýsum þeim vilja í tillögu okkar og höfum gert það í umræðu að sett verði lög um auðlindanýtingu og gjaldtöku í því sambandi og má þar benda á frumvörp sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti á síðasta þingi. Tillagan um veiðileyfagjald er því hluti af stefnumótun um uppstokkun í skattkerfinu þar sem auðlindagjald og umhverfisskattar skipta mun meira máli en nú er. Þess vegna teljum við að sú nefnd sem kosin verður ætti að skoða málið í víðara samhengi. Ég bendi á að umræða um auðlindagjald í víðu sambandi hefur verið með vaxandi þunga í þjóðlífinu og má þar nefna ummæli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, formanns Alþb., sem eru nákvæmlega í sömu átt og segir í þáltill. okkar. Ég fagna því og lýsi því yfir að við jafnaðarmenn viljum skoða veiðileyfagjaldið sem lið í því að leggja á almennt gjald á auðlindir landsins.

Það verður að hafa skýrt í huga að umræðan um veiðileyfagjald er í reynd óháð stjórnkerfinu. Hægt er að leggja á veiðileyfagjald þó að stjórnkerfið væri sóknarmarkskerfi. Þessu er oft blandað saman í umræðu og það er ekki heppilegt. Við jafnaðarmenn höfum lagt fram ýmsar tillögur um úrbætur á stjórnkerfinu. Má þar nefna þætti eins og allur fiskur fari um fiskmarkað, að sett verði sérstök löggjöf til að minnka brottkast, sett verði lög til að minnka framsal á veiðiheimildum innan ársins og að rýmkaðar verði fjárfestingar í fiskiðnaði svo að fátt eitt sé nefnt.

Veiðileyfagjaldsumræðan byggist hins vegar fyrst og fremst á því að það er algerlega óásættanlegt að ríkisvaldið úthluti verðmætum á þann hátt sem gert er. Ríkið skammtar þegnunum gæði og þau verða að fémæti ef þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaði. Það er ríkisvaldið hefur skapað þessa stöðu með því að úthluta takmörkuðum verðmætum. Það er óásættanlegt, herra forseti, að menn skuli fá með veiðiheimildunum afnotarétti úthlutað án þess að greiða nokkuð fyrir hann.

Fiskveiðiarður þarf vitaskuld að myndast í sjávarútvegi. Fiskveiðiarður er mismunur á tekjum og gjöldum og hann er líklega um það bil 3–5 milljarðar um þessar mundir en getur farið hratt vaxandi á næstu árum eftir því sem fiskstofnar byggjast upp og meiri hagkvæmni ríkir í sókninni. Vísindamenn telja að fiskveiðiarðurinn geti numið 15–30 milljörðum þegar kjörstöðu verði náð. Við leggjum til í tillögu okkar, og það er nýmæli, að veiðileyfagjaldið verði um það bil 2 milljarðar. Við teljum að sú álagning sé nokkuð sanngjörn í byrjun miðað við að fiskveiðiarðurinn er í kringum 5 milljarða.

Það hefur ekki verið tillaga okkar að draga út úr sjávarútveginum allan fiskveiðiarðinn með veiðileyfagjaldi heldur einungis hluta hans. Það er hægt að benda á t.d. Norðmenn sem lögðu á alveg samsvarandi gjald á sína olíu og greiddu með slíkri auðlindagjaldshugmyndafræði allar sínar erlendu skuldir. Veiðileyfagjaldið hefur ekki einungis réttlætisrök sér til stuðnings heldur ýmiss konar hagkvæmnisrök, þ.e. að styrkja stöðu annarra atvinnugreina, til að styrkja stöðu annarra útflutningsgreina og samkeppnisiðnaðar. Þannig er hægt að halda stöðu raungengisins eins og það er núna og koma í veg fyrir gengishækkun. Þetta vandamál hefur blasað oft á tíðum við okkur og það þarf að hafa skýrt í huga að álagning veiðileyfagjalds hefur ekki í för með sér gengislækkun. Hins vegar getur veiðileyfagjald komið í veg fyrir að það þrengi að öðrum atvinnugreinum og veiðileyfagjald mun einnig staðfesta þjóðareign á fiskimiðum einfaldlega vegna þess að þegar menn greiða leigu fyrir þennan afnotarétt, þá eiga þeir hann ekki. Nú er það orðið þannig að kvótinn er orðinn bitbein í hjónaskilnaðarmálum og sjá menn hve hér er komið illa fyrir okkur.

Það þarf einnig að hafa í huga að það eru þeir sem fyrstir fá úthlutað veiðiheimildum sem njóta þeirra. Þetta mun koma fram í hærra verði á veiðiheimildum, hærra gengi hlutabréfa og vaxandi óréttlæti í þjóðfélaginu. Það er hægt að taka á hluta af þessum málum og ég vil sérstaklega gera að umtalsefni og vísa til frv. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt á hinu háa Alþingi og tekur á nokkrum af þeim málum sem tengjast eignarréttinum.

Erlendis þekkist víða að lagt sé á veiðileyfagjald til að bera uppi kostnað sem þjóðfélagið verður fyrir vegna sjávarútvegs. Það eru ýmiss konar útgjöld vegna sjávarútvegs, bæði við eftirlit, rannsóknir og ýmislegt fleira. Nýsjálendingar eru komnir einna lengst á þessu sviði þannig að þessi hugmyndafræði er síður en svo einsdæmi í heiminum.

Stundum er sagt að hér sé verið að leggja skatt á landsbyggðina. Það er fráleitt því að þetta er lagt á félögin og það eru þau sem greiða þetta. Þau eru náttúrlega staðsett víða um landið. Eigendur geta verið á allt öðrum stað og má nefna sem dæmi að Útgerðarfélag Akureyringa er í meirihlutaeigu Reykvíkinga og reykvískra fyrirtækja. Þetta hefur engin áhrif á fiskvinnsluna vegna þess að fiskvinnslan greiðir fyrir fisk það sem hún getur eftir heimsmarkaðsverði en álagning veiðileyfagjalds kemur þar ekki að.

Við bendum á þrjár leiðir til að leggja á veiðileyfagjald. Einfaldasta leiðin er sú að útfæra þróunarsjóðsgjaldið þannig að lagt sé á árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Þetta er einfaldast í framkvæmd og hægt að útfæra nær samstundis.

Í öðru lagi bendum við á þá leið að ríkisvaldið mundi selja veiðiheimildir á opinberu uppboði, bjóða t.d. upp viðbótarkvóta. Þetta mundi auðvelda aðkomu nýrra manna í greininni.

Í þriðja lagi væri hægt að dreifa veiðiheimildum til allra landsmanna þannig að það skapaðist markaður fyrir þær. Þetta er aðferð sem víða hefur verið farin í sambandi við almannavæðingu ríkiseigna.

Það alvarlegasta í þessu er að það er þegar greitt veiðileyfagjald. Allir nýir aðilar sem vilja halda til veiða hér á landi greiða veiðileyfagjald. Þeir greiða hins vegar ekki veiðileyfagjald til eigenda fiskimiðanna, fólksins í landinu, heldur til þeirra aðila sem fengu þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á sínum tíma. Við leggjum til veiðileyfagjald þannig að hluti af fiskveiðiarðinum renni beint til þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna. Það er umtalsverður fiskveiðiarður í kerfinu eins og sést best á þeim miklu viðskiptum sem eru með kvóta. Þessi fiskveiðiarður mun aukast sem mun koma fram í hærra verði í kvótaviðskiptum milli þessara aðila. Þetta er orðið þannig að búið er að skipta þjóðinni í tvær stéttir, í þá sem fá ókeypis úthlutun á kvóta og geta verslað með hann að vild og hina sem neyddir eru til að kaupa af þeim þennan kvóta til að halda til veiða. Almenningi í landinu blöskrar það óréttlæti sem blasir við í núverandi kerfi þegar einstakir útgerðarmenn geta hagnast um margar milljónir eða tugi milljóna á sölu eða leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð fyrir þann rétt.

Herra forseti. Aðgangur að sameiginlegri auðlind á ekki að vera ókeypis. Það er gjörsamlega óásættanlegt að þetta kerfi verði látið halda áfram eins og stefna þessara ríkisstjórnarflokka er. Það er óásættanlegt að ríkið skammti mönnum rétt til að selja og hagnast á annarra manna eign.

[11:51]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á umræddum fundi í gærkvöldi kom fram það sjónarmið að skattur á kvóta þýddi í reynd viðurkenningu á kvótaeigninni. Rökin eru eftirfarandi: Tekjuskatt greiðir sá sem hefur tekjurnar. Virðisaukaskatt greiðir sá sem fær virðisaukann. Eignarskatt greiðir sá sem á eignina og auðlindaskatt greiðir sá sem á auðlindina. Ég spyr því hv. þm.: Fellst hann á þessi rök? Fellst hann á það að skattur á kvóta þýði í reynd viðurkenningu á kvótaeigninni?

[11:52]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst ekki á þessi rök vegna þess að þau eru röng. Ef lagt er á veiðileyfagjald og menn segja: „Það tryggir kvótakerfið", þá er það rangt vegna þess að veiðileyfagjald tryggir einmitt að ekki er um eign að ræða, því að þú greiðir ekki leigu af því sem þú átt. Ég er líka að segja að veiðileyfagjaldið er hægt að leggja á án tillits til hvort þetta kvótakerfi er í gangi eða ekki. Það er hægt að leggja á veiðileyfagjald og afnema kvótakerfið, aflamarkskerfið sem við búum við, og þess vegna taka upp sóknarmarkskerfi eða blandað sóknarmarkskerfi eða aflamarkskerfi. Að leggja á veiðileyfagjald hefur ekkert með það að gera tryggja núverandi kvótakerfi í sessi. Það er ekkert samhengi þar á milli vegna þess að veiðileyfagjaldið er gjald fyrir afnotarétt af fiskimiðunum. Síðan kemur stýrikerfið sem útfærir þennan afnotarétt. Við búum við ákveðið kerfi sem er gagnrýnt af mjög mörgum og menn geta afnumið það hvenær sem þeir vilja og þurfa ekkert að breyta hugmyndafræðinni eða álagningu veiðileyfagalds. Þess vegna eru það röng rök sem heyrðust á þessum fundi og hafa heyrst áður að veiðileyfagjaldið út af fyrir sig tryggi núverandi fiskveiðistjórnun. Það gerir það ekki. Það tryggir fyrst og fremst þjóðareignina og að mínu mati opnar möguleika á því að menn gætu þá einbeitt sér að því að fara í umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið. Það er ýmislegt þar sem þyrfti að breyta og ég nefndi hér nokkur þingmál okkar jafnaðarmanna í því sambandi.

[11:53]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðileyfagjald er ákaflega loðið hugtak og ég hef ekki enn þá fengið botn í hvað það í rauninni þýðir. Er það skattur? Ef það er skattur, þá eru þessi rök sem ég nefndi rétt. Ef það er leiga, þá eiga þau ekki við. En leigu borga menn til eigandans, ekki til ríkisins. Ég geri mjög skarpan mun á þjóðinni og ríkinu. Ég geri mjög skarpan mun á fólkinu í landinu og ríkissjóði. Það sem rennur í ríkissjóð er skattur og ef þetta er skattur, þá er búið að viðurkenna kvótaeignina. En hins vegar ef við erum að tala um leigu sem rynni til allrar þjóðarinnar sem ég hef margoft bent á að eigi að gera, það eigi að dreifa kvótanum á alla þjóðina, þá horfir málið allt öðruvísi við. Þá er þetta ekki skattur, þá er þetta ekki viðurkenning á eign, heldur borga menn leigu til eigandans sem er fólkið í landinu.

[11:54]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðileyfagjald er gjaldtaka í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Þetta er skilgreint í okkar tillögum. Við erum að tala um álagningu veiðileyfagjalds og að það renni til fólksins í landinu. Það renni til fólksins í landinu með þeim eina hætti sem hægt er, þ.e. að það renni í gegnum ríkissjóð og síðan mun ríkissjóður lækka aðra skatta til baka. Er veiðileyfagjald skattur? Veiðileyfagjald er ekki skattur í skilningi hagfræðinnar ef það er látið renna til þess að standa skil á kostnaði vegna sjávarútvegs. Þetta eru alþjóðlegar skilgreiningar. Þetta er dálítið flókin umræða en sleppum henni.

Aðalmálið er að veiðileyfagjaldið er lagt á og það er notað til þess að lækka skatta almennings, en það ber hv. þm. fyrir brjósti. Við nefnum sérstaklega tekjuskatt einstaklinga. Við höfum nefnt aðra hluti, að menn geti ráðstafað veiðileyfagjaldinu til annarra mála, lækkun erlendra skulda, sérstakra byggðaaðgerða ef menn kjósa svo, en það er alveg augljóst ... (**PHB:** Hverjir borga skatt ...) Þú ert ekki að borga neinn viðbótarskatt ef þú greiðir segjum 2 milljarða í veiðileyfagjald, þ.e. handhafar kvótans greiða 2 milljarða í veiðileyfagjald og tekjuskattur einstaklinga lækkar á móti um 2 milljarða. Þá er þetta orðin stórfelld kjarabót fyrir fólkið í landinu sem hv. þm. ber fyrir brjósti og ég vona að hann hafi þá náð útfærslu okkar í þessum efnum.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir nú enn á ákvæði 54. gr. þingskapa um að ræðumaður skuli jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en ekki ávarpa nokkurn einstakan þingmann.)

[11:56]

**Útbýting þingskjals:**

Tekjuskattur og eignarskattur, 85. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 85.

[11:56]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þessi till. til þál. sem liggur fyrir um veiðileyfagjald er nú ekki að sjá dagsins ljós í fyrsta sinni þótt hún sé ekki með sama orðalagi og á síðasta þingi eða þinginu þar á undan. Við jafnaðarmenn höfum flutt þessa tillögu tvisvar áður og munum halda áfram að flytja hana þangað til að sú grundvallarákvörðun hefur verið tekin að lagt verði gjald á úthlutun veiðiheimilda í okkar sameiginlegu auðlind. Það er verið að tala um að tekin verði grundvallarákvörðun um

það hvort fámennur hópur á að fá ókeypis aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Gæðin, þ.e. hin sameiginlega auðlind, eru takmörkuð og við hljótum að spyrja hvernig almannavaldið eigi þá að deila henni út.

Hingað til hefur almannavaldið deilt henni þannig út að hún hefur verið gefin ákveðnum hópi, afhent án endurgjalds. Það er ekki ásættanlegt. Það gengur ekki og þess vegna þurfa menn að taka afstöðu til þess hvort menn vilja leigja eða selja. Nú er það svo að það er hæpið að þjóðin selji sinn frumburðarrétt. Það er þess vegna sem við tölum um veiðileyfagjald og leggjum til að tekið verði upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi og útskýrum hér að með veiðileyfagjaldi sé átt við gjalddtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Menn velta því mikið fyrir sér hvers konar gjald sé um að ræða. Hv. þm. Pétur Blöndal kom upp áðan og vildi vita hvort um væri að ræða skatt. Ég vil benda hv. þm. á ágæta grein sem dr. Benjamín Eiríksson skrifaði í Morgunblaðið nú í haust þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að um einokunargjald hlyti að vera að ræða einfaldlega vegna þess að með því að almannavaldið loki auðlindinni af fyrir tiltölulega fámennan hóp og skapi þar með einokun, þá hljóti að vera eðlilegt að af því sé greitt einokunargjald. Skilgreiningarnar eru því margar og við getum verið hér í dag upptekin af skilgreiningum á því um hvers konar gjald sé að ræða. Er það skattur? Er það einokunargjald? Er það leigugjald? Um hvað er verið að tala? Kjarni málsins er hins vegar sá að það er réttlætismál að þeir sem fá aðgang að takmarkaðri auðlind greiði fyrir þann aðgang.

Það kom fram í máli frsm., hv. þm. Ágústs Einarssonar, að þingflokkur jafnaðarmanna hefur komið með ýmsar brtt. við fiskveiðistjórnunarlögin. Með þessari till. erum við ekki að taka afstöðu til þeirra. Við erum fyrst og fremst að undirstrika að það sé réttlæti að greitt sé fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind og þess vegna beri að leggja á veiðileyfagjald. Við skilyrðum ekki afstöðu okkar því fiskveiðistjórnarkerfi sem er í landinu hverju sinni. Réttlætisrökin eiga nefnilega við svo lengi sem um er að ræða stjórn fiskveiða og samkeppni um fénýtingu sameiginlegrar auðlindar. Og miðað við þá veiðitækni sem við búum yfir og miðað við þekkingu á líffræði sjávarins er ekki hægt að sjá fyrir að stjórn eða takmörkun á veiðum á Íslandsmiðum verði aflétt. Við sjáum það ekki fyrir. Þess vegna sjáum við það einungis fyrir að takmörkunum verði beitt við sóknina og á meðan þeim verður beitt verður um það að ræða að tiltekinn hópur fær og annar ekki. Um það snýst þetta mál. Þess vegna er mér óskiljanlegt að menn séu að skilyrða afstöðu sína breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu. Hvað ef fiskveiðistjórninni verður ekkert breytt næsta áratuginn, næstu tvo áratugi? Gilda réttlætisrökin ekki? Eru þeir sem skilyrða stuðning sinn við veiðileyfagjald breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu sáttari við núverandi ástand? Eru menn þá sáttari við núverandi ástand án veiðileyfagjalds? Þetta er fráleit niðurstaða, herra forseti, vegna þess að hvað svo sem mönnum kann að finnast um kvótakerfið, réttlæti þess og ranglæti, þá er kvótakerfi með veiðileyfagjaldi bæði heppilegra og réttlátara fyrirkomulag en kvótakerfi án veiðileyfagjalds. Það er réttlátara vegna þess að þá er greitt fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind þannig að eigandinn er virtur. Og það er líka heppilegra vegna þess að ef við setjum á veiðileyfagjald þá erum við að staðfesta eignarhald þjóðarinnar og gera auðveldara að breyta þessum lögum ef sá vilji verður framkallaður hér á Alþingi með næstu kosningum.

Það hlýtur líka að ráða einhverju um afstöðu manna eða a.m.k. að hafa áhrif á hana, þó að menn horfi auðvitað fyrst og fremst á réttlætisrökin, hvort almenn lífskjör í landinu verði betri við þessa gjaldtöku. Við höfum bent á að þetta gjald væri hægt að nýta til þess að greiða fyrir þann kostnað sem beint eða óbeint er á ríkissjóði vegna sjávarútvegs. Í ræðu minni í gær um fjárlagafrv. benti ég á að miðað við þær upplýsingar sem þar liggja fyrir mundi sá kostnaður vera rúmir 4 milljarðar. Þeir milljarðar væru sannarlega betur komnir, við skulum segja í menntakerfinu, í heilbrigðiskerfinu eða annars staðar þar sem samfélagsþjónustan á að eiga sér stað.

Niðurstaða mín er því sú að gjaldtaka leiði til betri lífskjara og það er sú sýn sem ég vil gjarnan hafa á þetta mál auk réttlætisrakanna. Það hefur líka verið bent á að andvirði þess gjalds sem tekið væri fyrir aðgang að auðlindinni yrði nýtt til þess að lækka tekjuskatt. Það mundi einnig bæta lífskjörin í landinu. En með óbreyttu ástandi er verið að vernda þrönga sérhagsmuni. Og þessi þröngu sérhagsmunir (Forseti hringir.) geta reynst almannahag mjög þungir í skauti vegna þess, herra forseti, að fræðin leiða ekki til þeirrar niðurstöðu að auður fárra hljóti að leiða til almennrar velsældar.

[12:05]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er stundum sagt um þá stofnun sem hér er að störfum að hún sé ekki í miklum tengslum við fólkið í landinu. Í þessu máli á sú gagnrýni rétt á sér. Hér erum við að ræða eitt mest umtalaða mál meðal almennings í landinu, veiðileyfagjald og tengsl þess við mismunandi stjórnkerfi fiskveiða. Um ekkert eitt einstakt mál hefur jafnmikið verið skrifað í blöð eða er jafnmikið rætt og út af engu máli sem þessu sýður gremjan í brjóstum fólksins í landinu jafnmikið, sem sér dæmi um óréttlæti þess kerfis sem við búum við. Það er alveg sama hvar borið er niður eða við hvern er rætt, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á ýmsum framkvæmdaatriðum málsins, þá sýður gremjan og óánægjan í öllum Íslendingum út af því óréttlæti sem núgildandi kerfi og framkvæmd þess býður fólki upp á.

Margir segja að hér sé um að ræða stærsta pólitíska mál þjóðarinnar. En þegar þetta stærsta pólitíska mál þjóðarinnar er rætt á Alþingi þá er það gert að öllum forustumönnum stjórnarflokkanna fjarverandi. Það eru Sjálfstfl. og Framsfl. sem bera ábyrgð á þessu kerfi. Sumir, að vísu fáir, en þó nokkrir þingmenn þessara flokka, gera sér grein fyrir því í hvaða ógöngur er komið. En það er umhugsunar- og athyglisvert að í hvert einasta skipti sem reynt er að ræða þetta stærsta pólitíska mál þjóðarinnar hér á Alþingi þá eru allir ráðherrastólar tómir, þeir sem bera ábyrgð á stefnumörkuninni víðs fjarri og enginn af forustumönnum Sjálfstfl. eða Framsfl. er svo mikið sem viðstaddur umræðuna, hvað þá heldur að þeir taki þátt í henni.

Menn hafa rætt um veiðileyfagjald frá ýmsum sjónarmiðum. Þeir sem lengst hafa gengið í þeirri umræðu ræða um að veiðileyfagjald geti orðið stjórntæki við stýringu fiskveiða. Út af fyrir sig kann það að vera rétt og rök ýmissa þeirra sem eru fylgjandi veiðileyfigjaldi í þeirri mynd eru að mínu viti nokkuð sannfærandi. Við þingmenn jafnaðarmanna höfum hins vegar aldrei rætt um veiðileyfagjald í því samhengi að við teljum að það eigi að taka við og verða almennt stjórntæki í fiskveiðum. Eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði

þá er slík útfærsla ekki í okkar huga. Veiðileyfagjald getur hins vegar, sem leigugjald fyrir afnotarétt fárra af auðlind fjöldans, gengið með öllum stjórnkerfum fiskveiða. Það er hægt að innheimta veiðileyfagjald í núgildandi kvótakerfi, það er hægt að innheimta veiðileyfagjald í skrapdagakerfi eða slíku stýrikerfi og það er hægt að innheimta veiðileyfagjald í frjálsum fiskveiðum. Þannig að í umræðunni mega menn ekki rugla saman annars vegar því stjórnkerfi sem Alþingi kann að velja til að stýra fiskveiðum í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar og afrakstursgetu auðlindarinnar og hins vegar veiðileyfagjaldi sem getur gengið með hinum ýmsu stjórntegundum sem menn hafa um að velja.

Það er mjög undarlegt að menn skuli enn, eftir alla þessa umræðu, vera að velkjast í vafa um hvað veiðileyfagjald er. Veiðileyfagjald er leigugjald fyrir afnotarétt fárra af auðlind fjöldans. Það er kveðið á um það í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Alþingi ráðstafar þeirri sameign, tekur ákvörðun um hvernig hún skuli nýtt, þar á meðal hefur Alþingi rétt til þess að taka ákvarðanir um það undir hvaða skilmála þeir skuli ganga sem með lögum frá Alþingi fá rétt til þess að nýta þessa auðlind sem almenningur á en hefur ekki nýtingarréttinn að. Þannig að það liggur alveg ljóst fyrir í fyrsta lagi hver skilgreining á veiðileyfagjaldi er og í öðru lagi að Alþingi hefur fulla heimild til þess að leggja á veiðileyfagjald í samræmi við það vald sem Alþingi hefur tekið sér um þessa sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, hvernig henni skuli ráðstafað til einstakra aðila sem njóta þar forgangsréttar um nýtingu umfram aðra. Og veiðileyfagjald er ekkert annað en það að þeir aðilar sem með ákvörðunum Alþingis fá heimild til þess að nýta auðlind fjöldans greiði fyrir það tiltekið gjald. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal skilur þetta mætavel og þarf ekkert að vera að velkjast í vafa um skilgreiningu hugtaka í þessu sambandi.

Stundum er sagt að það sé ekki hægt að taka afstöðu til málsins vegna þess að einstök framkvæmdaatriði þess liggi ekki fyrir. Það er rangt. Spurningin sem fólk þarf að taka afstöðu til er mjög einföld. Er það sanngjarnt eða er það ekki sanngjarnt að þegar tiltölulega fáir einstaklingar fá rétt til að nýta sér auðlindir í eigu þjóðarinnar, þá greiði þessir fáu einstaklingar þjóðinni afgjald fyrir þann rétt sem þeir hljóta með ákvörðunum hins háa Alþingis? Þetta er spurningin sem menn þurfa að svara. Er það rétt eða er það rangt að menn greiði veiðileyfagjald fyrir afnotarétt? Svarið við þessari spurningu er mjög einfalt, já eða nei. Ef menn svara þessari spurningu játandi, þá kemur að sjálfsögðu að framkvæmdaatriðinu, hvernig menn eiga að innheimta þetta gjald. Til þess eru ótal leiðir og það má vel vera að þeir sem eru fylgjandi veiðileyfagjaldi séu ekki sammála um framkvæmdina. En það á bara sama við um svo fjölmargt annað sem Alþingi Íslendinga og þjóðin er fyrir löngu búin að svara játandi.

Eftirfarandi spurning var lögð fyrir á sínum tíma: Er réttlátt að menn greiði til sameiginlegra þarfa eftir efnum og ástæðum? Þeirri spurningu var svarað játandi og engum manni dettur í hug í dag að það svar hafi verið rangt. Hins vegar er eilíft deiluefni bæði meðal þjóðarinnar og hér í sölum Alþingis hvernig menn eigi að framkvæma þá niðurstöðu að menn greiði til sameiginlegra þarfa eftir efnum og ástæðum. Menn eru ekki sammála um t.d. hvað tekjuskattsprósentan eigi að vera há. Menn eru ekki sammála um hvað skattleysismörkin eigi að vera há. Menn eru ekki sammála um ýmsar undanþágur í því kerfi til að innheimta gjöld og skatta. En mönnum dettur ekki í hug að það eigi ekki að innheimta gjöld og skatta til sameiginlegra þarfa af þeirri einu ástæðu að menn séu ekki sammála um framkvæmdina. Þá yrði nú skrýtið upplit á þessu samfélagi ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt (Forseti hringir.) að framkvæma slíka sanngirniskröfu að menn greiði eftir efnum og ástæðum til sameiginlegra þarfa, vegna þess að menn væru ekki sammála um framkvæmdina. Það er nákvæmlega sama lykilspurningin sem menn þurfa að svara í þessu máli. Er það sanngjarnt eða er það ósanngjarnt að nýtendur auðlindarinnar sem við eigum sameiginlega greiði okkur fyrir nýtinguna eða ekki? Um framkvæmdina geta menn síðan tekist á og deilt en það getur ekki verið, virðulegi forseti, að það vefjist fyrir mönnum svarið við hinni einföldu réttlætisspurningu.

[12:14]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég er einn af flm. þessarar till. til þál. um veiðileyfagjald en frumkvöðull hennar og sá sem hefur flutt skörulegastan málflutning fyrir henni er vitaskuld hv. þm. Ágúst Einarsson. Ég þakka honum sérstaklega fyrir þá ágætu röksemdafærslu sem hann hefur hér flutt fyrir sanngirni þess að taka upp veiðileyfagjald.

Nú er það svo að ekkert sem hefur á síðari árum skipt þjóðinni jafnharðvítuglega, eða a.m.k. á síðustu missirum, í flokka eins og einmitt afstaðan til veiðigjalds. Umræðan um það er að magnast mjög og það er líklegt að á næstu árum verði þetta eitthvert illvígasta deiluefnið sem mun verða á dagskrá þjóðarinnar. Ástæðan er einföld. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að það eru örfáir menn sem geta hagnast mjög stórkostlega á nýtingarréttinum á auðlindunum en lögin segja hins vegar að öll þjóðin eigi þessi mið og eigi þar af leiðandi að njóta afgjaldsins. Við höfum þegar séð deiluna og ólguna og gremjuna yfir þessu blossa mjög afgerandi upp eins og t.d. á Vestfjörðum. Ég tel að það megi fullyrða að undirrót verkfalls sem var á Vestfjörðum og það hversu lengi það verkfall hélst var einmitt sú að fólkið á staðnum sem stóð í verkfallinu horfði upp á örfáa sægreifa taka út hundruð milljóna með því að selja kvóta sem þeir höfðu fengið afhentan ókeypis.

Ég held því fram, herra forseti, að hér sé um að ræða einhverja mestu eignatilfærslu sem við höfum séð í Íslandssögunni. Örfáum mönnum hefur bókstaflega verið afhentur nytjarétturinn á auðlindinni. Við höfum séð nýlegt dæmi um það í úttekt í tímariti þar sem var verið að ræða um þá sem ættu mestan auð á Íslandi og það kom í ljós að nokkrir ungir menn sem höfðu verið svo heppnir að þeir höfðu fengið stóran hluta af auðlindinni afhentan án afgjalds eru í hópi ríkustu manna þjóðarinnar. Þarna voru ungir menn á mínum aldri sem voru taldir eiga eignir í aflahlutdeild sem svaraði til 2,7 milljarða kr. Ég sé engum ofsjónum yfir þessu og það er alveg ljóst, herra forseti, að hérna er um að ræða afskaplega duglega unga menn, afburðamenn. En ég spyr: Eru þeir svo duglegir að það sé hægt að réttlæta það að þeim sé með þessum hætti afhentur kvóti sem þjóðin á sem er fast að því þriggja milljarða kr. virði? Að sjálfsögðu ekki, herra forseti.

Því miður hefur ákveðin óvissa ríkt um það hverjir það raunverulega eru sem eiga kvótann. Við jafnaðarmenn höfum haldið því fram í krafti 1. gr. laganna um fiskveiðistjórnun að það sé þjóðin öll sem eigi kvótann og hún eigi þess vegna að njóta afgjaldsins. Það hefur verið ákveðin óvissa um þetta

mál, herra forseti, en eigi að síður finnst mér sem stöðugt sé verið að dýpka þann farveg sem að lokum flytur nytjaréttinn á auðlindinni yfir í form einkaeignarréttar örfárra manna. Og það er ýmislegt sem hefur gerst á síðustu árum sem skýtur stoðum undir það, herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að rifja upp nokkur atriði.

Fyrir nokkrum árum komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að það eigi að greiða erfðafjárskatt af kvóta eða aflaheimildum við búskipti. Ég held því fram að það sé hreinn orðhengilsháttur að halda því fram að kvótaeign sem nær út yfir gröf og dauða teljist ekki eignarréttur. Ég minni líka á að fyrir úrskurði sýslumannsembættisins í Reykjavík er komin hefð á að verðmæti aflaheimilda leggist á verðmæti skipa þegar um er að ræða veðsetningu skips eða verið er að þinglýsa eigninni. Ég minni líka á hæstaréttardóm, herra forseti, í máli Hrannar á Ísafirði árið 1993 sem staðfesti að keypt aflahlutdeild sé skattskyld eign sem er fyrnanleg á fimm árum. Síðasta dæmið er síðan það að kvóti er orðinn hluti af fjárskiptum hjóna þegar þau ákveða að slíta hjúskap.

Niðurstaða mín er því sú að þó að það hafi ríkt óvissa um eignarréttarlega stöðu kvóta, þá er þróunin sú að smám saman er verið að festa í sessi þá hugmynd að örfáir útgerðarmenn eigi fiskstofnana.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal kom upp í andsvari við hv. þm. Ágúst Einarsson og reyndi að færa rök fyrir því að ef tekinn væri upp auðlindaskattur þá hlyti það að fela í sér að þeir sem greiddu skatt af auðlindinni væru að greiða skatt af eign og niðurstaða hans var því sú að samkvæmt röksemdafærslu hv. þm. Ágústs Einarssonar væri í rauninni með þessu verið að viðurkenna að kvótinn væri orðinn eign útgerðarmannanna. Og þá langar mig til þess að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal hvort hann telji þá ekki samkvæmt nákvæmlega sömu röksemdafærslu að hæstaréttardómurinn í máli Hrannar á Ísafirði sem fjmrn. vann feli í rauninni í sér að kvótinn sé samkvæmt þessum dómi orðinn að eign. Ég get ekki séð annað en hv. þm. hljóti að komast að þeirri niðurstöðu og þar með að það sé a.m.k. einn þingmaður Sjálfstfl. sem er búinn með eigin röksemdafærslu að komast að því að kerfið eins og búið er að búa um það feli í sér að það sé búið að flytja kvótann sem einkaeign yfir í hendur sægreifanna.

Herra forseti. Það eru ýmsar leiðir til þess að úthluta verðmætum eins og aflaheimildum. Þar er um að ræða takmarkaða auðlind og allar slíkar auðlindir sæta því að það verður að ganga varlega um þær. En menn standa líka frammi fyrir þeim vanda, hvernig eigi að úthluta aðganginum að auðlindinni. Að mínu viti eru bara tvær leiðir til þess. Það er annars vegar skömmtunarkerfið. Við hljótum að hafna því vegna þess að miðað við þær markaðsaðstæður sem menn hafa verið að reyna að koma á á Íslandi eins og víðar, þá gengur það einfaldlega ekki upp. Það býður líka alltaf upp á misnotkun og það býður upp á það að óeðlileg hagsmunatengsl kunni að ráða niðurstöðu að einhverju leyti.

Hin leiðin er sú, herra forseti, að selja aðganginn og í því tel ég að felist réttlátasta leiðin til þess að úthluta aðgangi að auðlindinni, en þessi leið tryggir jafnframt að eigandinn fær hámarksafrakstur í sínar hendur. Þess vegna held ég að sú almenna meginregla eigi að gilda og sé farsælust þegar takmarkaðar auðlindir eru annars vegar, að bjóða út nýtingarréttinn. Ég geri mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að það er mjög erfitt að feta inn á þá braut varðandi aflaheimildir. Það geta komið upp hvers konar vandamál því samfara og ég ímynda mér líka að það muni skapa harðvítugar pólitískar deilur. Þess vegna vil ég varpa því fram, herra forseti, hvort það sé ekki hægt að fara þá leið að selja á þennan hátt, með því hreinlega að bjóða út veiðileyfi á þann kvóta sem verður úthlutað á næstu árum umfram núverandi magn sem má veiða. Við stöndum frammi fyrir því að það er gott árferði í sjónum. Við vitum það líka að þorskárgangar eru í vexti og það er alveg ljóst að á næstu árum mun heildarafli aukast verulega. Það þýðir að talsvert miklum viðbótarkvóta verður úthlutað og ég held að það væri farsæl málamiðlun að menn færu þá leið að selja þennan umframkvóta. Það felur líka í sér þau rök að með því mundu þeir, sem ekki eiga núna möguleika á því að komast í útgerð, finna þarna farveg og þá ræðst það einungis af dugnaði þeirra og getu til þess að keppa við þá sem fyrir eru í greininni, hvort þeir komist af. Ég held að í þessu felist réttlæti.

[12:23]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Sú till. til þál. sem um er að ræða tekur á mjög stórum vanda sem er mikið til umræðu í þjóðfélaginu. Í umræðunni er því miður oft mikið um misskilning og mistúlkanir og menn skipa hlutunum ekki rökfræðilega í einingar. Við erum að blanda saman umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfi og eignarhald á þeim arði sem myndast vegna stjórnunarkerfisins.

Fiskveiðistjórnunarkerfið getur bæði verið aflamarkskerfi þar sem menn mega veiða viss mörg kíló eða sóknarmarkskerfi þar sem menn geta veitt ákveðinn fjölda daga. Í báðum kerfunum er verið að takmarka aðgang að auðlindinni. Það er mjög nauðsynlegt því annars hyrfi hún. Það að takmarka aðganginn þýðir að einn fær að veiða og annar ekki og sá sem ekki fær að veiða er tilbúinn til að greiða fyrir að fá að veiða í báðum kerfunum og þannig myndast verðmætin.

Bæði kerfin hafa galla. Aflamarkskerfið hefur í för með sér brottkast sem er mjög skaðlegt og sóknarmarkskerfið hefði í för með sér mjög mikla sókn á stuttum tíma sem yrði aftur til þess að allt of mikill afli bærist að landi, sóknin yrði hættuleg o.s.frv. Við höfum valið aflamarkskerfið og ég held að aflamarkskerfið sé í sjálfu sér gott og það hafi sannað gildi sitt.

Það sem menn eru að vandræðast með er eignarhaldið á þeim verðmætum sem myndast við það að sóknin er takmörkuð. Í því sambandi tala menn um framsal og sumir vilja banna framsal. En framsalið er akkúrat nauðsynlegt til þess að ná fram hagræðingu í kerfinu. Maður nokkur á t.d. tvö skip og getur veitt þann afla sem hann má veiða í aflamarkskerfinu með einu skipi. Ef hann má ekki veiða afla með einu skipi þá kemur ekki fram sú hagræðing sem annars er til staðar þannig að framsal er nauðsynleg forsenda hagræðingar í kerfinu. Það sem aftur á móti myndast við framsalið er að einhver getur framselt sinn hlut gegn gjaldi og spurningin mikla er: Hvert rennur það gjald? Hvar er eignarhaldið? Og það er eignarhaldið sem við erum að tala um en ekki neitt annað.

Í þessari tillögu eru lagðar fram, nokkuð loðið, þrjár hugmyndir um hvað mætti gera. Menn tala um að setja á veiðileyfagjald, þ.e. skatt eða leigu eða hvað má kalla það, ákveðna krónutölu, á kíló þorskígildis. Þetta hefði þann ókost að ef illa gengur í sjávarútvegi þá verður ríkið að lækka þetta gjald en það getur það yfirleitt ekki. Ríkið á yfirleitt í mjög miklum vandræðum með að lækka skatta vegna þess

að það er búið að ráðstafa þeim, það er búið að ráða opinbera starfsmenn, það er búið að setja sig í skuldbindingar.

Hins vegar er talað um að hafa eins konar uppboð á þessu og svo hafa menn talað um það að dreifa þessu meðal þjóðarinnar og það er sú hugmynd sem ég gæti fallist á og hef margoft bent á að væri leiðin í þessu til þess að koma eignarhaldinu á hreint. Að því leyti get ég fallist á þau rök sem í frv. koma fram, þ.e. þá leið að dreifa þessu til þjóðarinnar og ég geri, eins og ég gat um áðan í umræðunni, skarpan mun á fólkinu í landinu, einstaklingnum, þ.e. Jóni Jónssyni verkamanni og svo ríkissjóði sem skattheimtuaðila sem er nokkuð langt frá honum Jóni Jónssyni. Og ég vil sjá þessa auðlind eða afgjaldið af henni renna til einstaklinga í landinu, til fólksins í landinu en ekki til ríkisins.

Hins vegar þarf það að gerast á nokkuð löngum tíma vegna þess að sumir eru nýbúnir að kaupa kvóta á 800 kr. kg og það yrði mjög ósanngjarnt og óréttlátt ef sá kvóti yrði tekinn af þeim með einu pennastriki þannig að þetta þarf að gerast á löngum tíma. Ég hef stungið upp á því að þetta gerist á t.d. 20 árum þannig að þeir útgerðarmenn sem núna eru með kvótann í höndunum og mega veiða hann hafi góðan tíma, nokkuð mörg ár, til þess að afskrifa þessa eign sína eða eign þjóðarinnar og þannig rynni eignin til þjóðarinnar á 20 árum.

Þróun undanfarinna ára og það sem veldur þeirri ólgu í þjóðfélaginu sem hefur komið fram er að ýmsu leyti vegna þess að verið er að festa kerfið í sessi. Ef við búum við þetta kerfi í svo sem fimm eða tíu ár í viðbót þá verður ekki aftur snúið þannig að það er orðið brýnt að taka á þessu máli með eignarréttinn, eignarhaldið á þeim auðlindum sem myndast, fyrr en seinna. Við sjáum alls konar dæmi, við sjáum hæstaréttardóma um skiptingu. Við sjáum kröfur um skiptingu við búskipti. Við sjáum afskriftarkröfur. Við sjáum eignfærslu í reikningum fyrirtækja og alls konar vandamál skattalegs eðlis sem öll lúta að því — veðsetningarkröfur líka — að festa kerfið í sessi. Það er nefnilega rétt sem ég sagði áðan og það hefur ekki verið hrakið, að sá sem borgar skattinn af auðlindinni, ef lagður yrði á skattur — og hann er þegar kominn á í formi þróunarsjóðsgjaldsins — hlýtur að eiga hana. Annars þarf hann ekki að borga skattinn. Ef þetta er leiga, þá verður leigan að renna til eigandans sem í mínum huga er fólkið í landinu og það gæti ég fallist á.

[12:29]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði á að segja að menn væru að blanda saman í umræðunni veiðileyfagjaldi og fiskveiðistjórnarkerfinu. Það hefur enginn gert nema hann. Það hefur komið alveg skýrt fram í mínum málflutningi og annarra að þetta er tvíþætt umræða. Hann ræddi nokkuð um fiskveiðistjórnarkerfi, kosti og galla á aflamarks- og sóknarmarkskerfi og það er svo sem allt gott og blessað og hægt að fara í langa umræðu um það.

Hér snýst ákvörðun um þessa grundvallarspurningu: Finnst mönnum að það eigi að úthluta verðmætum af hálfu almannavaldsins ókeypis til sérstaks hóps í landinu eða eiga menn að greiða fyrir þessa úthlutun? Um það snýst spurningin. Og það er athyglisvert að virða það fyrir sér að nú er síldarkvóti, það er frétt um það í Morgunblaðinu, talinn vera 80–100 millj., hefur tífaldast á 10 árum. Þessu er úthlutað ókeypis. Þetta eru verðmæti sem hafa myndast vegna aðgerða stjórnvalda, friðunaraðgerða og annarra slíkra. Finnst mönnum sanngjarnt að menn fái þessu úthlutað ókeypis ár eftir ár?

Hér liggur fyrir að það er Sjálfstfl. sem er á móti veiðileyfagjaldi, harðastur andstæðingur gegn veiðileyfagjaldi og reyndar Framsfl. líka. Ég veit ekki um afstöðu hv. þingmanns. Hann talar um að leggja gjald á og þá renni það til eigandans. Ég er búinn að segja að það er í tillögu okkar. Veiðileyfagjald er lagt á og tekjuskattur einstaklinga lækkaður, það er þannig sem við tölum um það. Við tölum um útfærslu, hann talar um loðnar hugmyndir. Þær eru ekkert loðnar. Þingmaðurinn er það skýr að hann á að skilja það. Það er bent á þrjár leiðir. Þær hafa allar kosti og galla. Tillagan sjálf er hins vegar mjög einföld. Hún er um hina pólitísku ákvörðun að taka upp veiðileyfagjald og að Alþingi kjósi nefnd sem útbúi löggjöf um það. Ég er þess fullviss að ef hv. þm. vill leggja málinu lið mundi hann vera einn af þeim aðilum sem kæmu inn í þá nefnd til að útfæra t.d. eina af þessum þremur leiðum. Hann hefur sjálfur tekið undir þriðju leiðina sem ég dró sérstaklega fram sem mjög athyglisverða nálgun í þessari umræðu. En það er kominn tími til fyrir hv. þm. að kveða einfaldlega upp úr um það, styður hann þetta mál eða ekki?

[12:31]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég sagði að í umræðunni væri blandað saman hugtökum eins og fiskveiðistjórnarkerfi, eignarhaldi, framsali o.s.frv., þá átti ég að sjálfsögðu við umræðuna í þjóðfélaginu. Á fundinum í gærkvöldi kom mjög skýrt fram að menn hafa ekki skipt þessu nægilega mikið niður rökfræðilega. Umræðan á sér nefnilega stað víðar heldur en hér á Alþingi og hún er mjög mikil úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Þar þarf að eiga sér stað rökfræðileg skipting á því um hvað menn eru að tala. Ég held að flestir séu að tala um eignarhaldið, ekki um fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt.

Varðandi það hvort ég styðji þessa þáltill., þá gæti ég stutt hana ef hún væri nákvæmari, ef ég væri ekki um leið að styðja að lagður yrði á skattur. Eins og ég gat um áðan, þá er ég á móti því að þessi skattur renni í ríkissjóð vegna þess að það mundi stórauka hlut ríkissjóðs í atvinnulífinu og þó að menn lofi að lækka skatta á móti, þá hefur annað eins brugðist hjá hv. þingmönnum. Og ég hreinlega treysti ekki hv. þingmönnum. til að fara með enn þá meira af fé almennings og sé þá peninga miklu betur geymda hjá almenningi í landinu heldur en hjá mínum ágætu samþingmönnum á hv. Alþingi. **(SighB:** Ég tala nú ekki um fjmrh. þinn.)

[12:33]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að umræðan í þjóðfélaginu er oft og tíðum bæði um veiðileyfagjaldið eða gjaldtökuna og fiskveiðistjórnarkerfið. Ég hef lagt áherslu á að reyna að gera skil þar á milli og ég fagna því að þingmaðurinn tekur undir það.

Þingmaðurinn segist styðja málið ef gjaldið rynni beint til eigandans en yrði ekki notað til að lækka skatta. Hann treysti þingmönnum illa. Það á náttúrlega ekki að gera það. Það eru þingmenn sem setja lög í landinu, þeir hafa fjárveitingavaldið. Þessi tillaga er beinlínis sett upp þannig að Alþingi kjósi nefnd sem undirbúi þessa löggjöf þegar hin pólitíska ákvörðun hefur verið tekin. Ég hef lýst hér vilja flutningsmannanna við útfærslu sem vel má vera að einhver ætli að segja um: Það á að leggja á veiðileyfagjald til að

bera uppi kostnað ríkissjóðs við sjávarútveg sem er um það bil 3 milljarðar. Við leggjum það hins vegar ekki til. Við leggjum til að þessir peningar verði notaðir til að lækka skatta almennings. Ég nefni hér fyrst 2 milljarða sem gætu kannski orðið 15 milljarðar eða eitthvað þess háttar þegar fram líða stundir. Þessi hagnaður er mjög að aukast.

Ég er búinn að lýsa vilja okkar í þingflokki jafnaðarmanna á þessari útfærslu. Ef þingmaðurinn vill koma í þá vinnu að gera það, þá er það jákvætt en ég bendi hins vegar á að hann er einn á báti í sínum þingflokki og í sínum flokki að vera jákvæður gagnvart þessari hugmyndafræði. Þannig að þó svo að ég meti hv. þingmann mjög mikils þá er vægi hans innan Sjálfstfl. í þessu máli nær ekkert. Hér ræður vilji forsrh. og ráðherranna sem ekki eru viðstaddir. Þeir kjósa að sýna fólkinu í landinu þá lítilsvirðingu að taka ekki þátt í þessum umræðum. Það er þeirra mál. Fólkið kann alveg að lesa út úr fjarveru manna hér, þingmenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því. En ég fagna hins vegar þessari umræðu hv. þingmanns.

[12:35]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er einmitt athyglisvert hversu fáir þingmenn Sjálfstfl. treysta sér til þess að taka þátt í þessari umræðu. Nú vita menn þó vel að innan Sjálfstfl. eru mjög skiptar skoðanir á þessu máli en það er jafnþekkt staðreynd að innan þess flokks er vaxandi fylgi við veiðigjald og á sínum tíma var hægt að sýna fram á það með skoðanakönnunum að meira en helmingur stuðningsmanna flokksins telur að það eigi að feta þessa slóð.

Í fyrri ræðu minni, herra forseti, tókst mér ekki sökum tímaskorts að ræða þau grundvallaratriði sem mér finnst að þurfi að koma til þegar menn eru að velta fyrir sér hvernig eigi að skipta út aðganginum að takmörkuðum auðlindum. En allar uppsprettur verðmæta, sem við auðvitað köllum auðlindir, sæta þeirri meginreglu að þær eru takmarkaðar. Þegar um er að ræða endurnýjanlegar auðlindir eins og t.d. fiskstofna, þá kennir reynslan okkur að það líður yfirleitt mjög skammur tími frá því að nýting þeirra hefst fyrir alvöru þangað til afrakstursgeta auðlindarinnar er fullnýtt. Og þá standa menn frammi fyrir þeirri bláköldu staðreynd eins og Íslendingar hafa gert undanfarinn áratug að eina leiðin til að varðveita auðlindina er að takmarka aðgang að henni með einhverjum hætti. Þetta gildir auðvitað um aðrar auðlindir líka. En takmörkun á nýtingu auðlinda þýðir hins vegar að réttinum til þess að nýta þær verður vart úthlutað nema til fárra, í flestum tilvikum til miklu færri en þeirra sem gjarnan vilja fá að nýta þær. Sá hópur sem vill fá er yfirleitt miklu stærri en hópur þeirra fáu sem hlotnast hnossið.

Þegar um er að ræða mjög þýðingarmiklar auðlindir sem varða afkomu mjög margra og eru óumdeilanlega í eigu þjóðarinnar, þá skiptir auðvitað öllu máli að aðferðin sem er notuð til að deila út þessum eftirsóttu réttindum fullnægi óskum almennings um réttlæti og sanngirni, en hvetji um leið til skynsamlegrar nýtingar á auðlindinni. Að öðrum kosti held ég að ranglát úthlutun leiði til illvígra deilna eins og við sjáum að eru í uppsiglingu og þeim getur aldrei lyktað nema með mjög hörðum átökum milli þeirra fáu sem njóta réttarins og hinna mörgu sem telja sig eiga réttinn án þess að fá notið afgjaldsins fyrir hann.

Það má auðvitað deila um hvað eru viðteknar skoðanir um réttlæti og sanngirni. Ég get vel fallist á að það kann að vera regindjúp á milli þess sem við jafnaðarmenn köllum réttlæti og þess sem Sjálfstfl. hefur kallað sanngirni. En ég held að grunnstefið hljóti að vera að sá sem fær rétt til þess að nýta einhverja auðlind greiði í staðinn afgjald sem rennur til eigandans. Við höfum fordæmin hvarvetna úr lífinu í kringum okkur.

Bændur sem eiga straumvatn mynda félag um veiðiréttinn og þeir sem bjóða best í veiðiréttinn fá að nýta hann samkvæmt sérstökum samningi við félagið. Ég spyr: Skiptir þá einhverju hvort eigandinn er einstaklingur, hópur einstaklinga eða sá stóri hópur sem myndar saman heila þjóð? Mér finnst það ekki skipta neinu máli. Hin siðferðilega niðurstaða hlýtur að vera sú að skyldan til afgjalds fyrir réttinn til að nýta auðlind sé jafnrík alveg án tillits til þess hver eigandinn er. Það liggur fyrir í þessu dæmi hver eigandinn er. Þetta þing hefur sett það fast niður í lög. Þá þurfum við að svara tveimur lykilspurningum: Hvaða aðferð á að nota til að úthluta slíkum rétti til að nýta auðlind sem er í almannaeigu og hvernig eigum við að verðleggja hann rétt?

Ég kom að því í niðurlagi ræðu minnar áðan að ég held að samkeppni sé að öllum jafnaði sá máti sem er heppilegastur til að úthluta takmörkuðum réttindum eins og t.d. nýtingarrétti auðlindar á borð við fiskimiðin í kringum landið. En ég held hins vegar að henni verði tæpast við komið nema auðvitað með því að afhenda nýtingarréttinn hæstbjóðanda hverju sinni. Það var þetta sem ég var að reyna að segja hérna áðan. Það er erfitt að benda á aðrar leiðir sem virðast með jafneinföldum hætti líklegar til að tryggja bæði réttlætið og líka hagkvæmustu nýtingu auðlindarinnar. Þessi leið felur því ekki aðeins í sér aðferð til þess að úthluta nýtingarréttinum heldur svarar hún líka spurningunni um verðlagninguna.

Ég held sem sagt að kostir þessarar aðferðar séu margir og að opin samkeppni fullnægi best þeim réttlætisforsendum sem ég hef hér verið að reifa, að í hópi þeirra sem sækjast eftir nýtingarréttinum njóti enginn forskots umfram aðra. Þar sem allir hafa sama rétt til þess að bjóða í nýtinguna vegna þess að þá færi það eftir hugviti, eftir útsjónarsemi hvers og eins, hversu mikils afraksturs hann gæti vænst af nýtingunni, sem réði því aftur hversu hátt hann treysti sér til þess að bjóða í þennan rétt. Og þar með held ég líka að þessi leið glæði frumkvæði þeirra sem standa í þessum rekstri eða vilja komast í hann en tryggi um leið að hámarksafgjald fellur í skaut eigendunum. Í þessu tilviki er það þjóðin.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þetta er mál sem menn hafa ekki treyst sér mjög til þess að ræða. Menn hafa ekki treyst sér til þess að taka þetta mál upp vegna þess að það er mjög auðvelt að skrumskæla það sem ég er að segja hérna sem öfgakennda frjálshyggju. Og það er auðvelt að færa rök fyrir því að þetta mundi kippa stoðum undan byggðarlögum og jafnvel fyrirtækjum í landinu og setja afkomu fyrirtækja í óvissu eins og hv. þingmaður var að segja hérna áðan. Ég get ekki annað en sagt: Ég er að vissu marki sammála þeim rökum. Við verðum að taka tillit til þessa. Þess vegna held ég að það sem sé besta og heppilegasta málamiðlunin í stöðunni í bili sé einmitt að umframkvóti næstu ára verði með þessum hætti boðinn út. Þá er ekki verið að taka neinn afla frá neinum. Það er verið að opna farveg fyrir nýja einstaklinga inn í útgerðina en samhliða er eigandinn að fá afgjald. Og þetta afgjald tel ég að eigi að nýta með því að setja inn í tekjuskattskerfið til þess að lækka tekjuskatt. En takið eftir, herra forseti, ég legg áherslu á að ég segi: inn í tekjuskattskerfið. (Gripið fram í.) Hv. þm.

Pétur Blöndal kastar hér fram hugmynd sem ég er meira en hrifinn af, að hlutdeildinni verði dreift til þjóðarinnar með því að hver og einn fái í rauninni bréf í auðlindinni. Ég skildi mál hv. þm. þannig. Það er aðferð sem ég tel fyllilega koma til álita og hún verðskuldar a.m.k. mjög djúpa umræðu. En ég vek líka eftirtekt á því að sú aðferð sem við jafnaðarmenn erum hér að reifa og sú útfærsla sem ég hef sett hérna fram kemur líka gríðarlega fjölmennum hópi eigendanna mjög til góða. Í dag sé ég ekki neina leið sem væri jafnfljótvirk til að koma afgjaldinu strax til hagsbóta fyrir þá sem eiga þessa lind.

[12:43]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega lofsvert að það skuli vera til einn þingmaður í hinu fjölmenna liði stjórnarþingmanna sem treystir sér til þess að ræða á Alþingi Íslendinga það stærsta pólitíska mál sem þjóðin er að ræða. Fólkið í landinu er að ræða málið sín á milli um þessar mundir, en það er bara einn stjórnarþingmaður sem treystir sér til þess. Hvers vegna? Vegna þess að hroki stjórnarliðsins er slíkur að ráðamenn stjórnarflokkanna hafa ákveðið að þetta mál skuli ekki vera á dagskrá, það er tabú. Þó að þjóðin sé að ræða málið, þá banna þeir sjálfum sér og flokkum sínum að taka þátt í umræðunni. Svipað og um Evrópusambandið. Það ræða allar þjóðir Evrópusambandið og mismunandi áherslur í samskiptum við það nema við Íslendingar. Af hverju ekki? Af því að hrokafullur forsrh. hefur sagt að málið sé ekki á dagskrá. Það skiptir hann engu máli þó að þjóðin ræði veiðileyfagjald og stjórnkerfi fiskveiða. Hann hefur ákveðið að það mál skuli ekki rætt. Þess vegna situr bara einn stjórnarþingmaður hér í þingsal.

En við þennan ágæta stjórnarþingmann vil ég segja að ég þakka honum fyrir að taka þátt í umræðum og hann gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir því að þetta mál verður ekki tabú nema fram að næstu kosningum vegna þess að um þetta mál mun þjóðin kjósa í næstu kosningum. Hæstv. forsrh. getur ekki bannað það. Við lifum enn í lýðfrjálsu landi.

Þegar menn tala um að einstaklingar séu að selja hlutafé sitt eða jafnvel veiðitæki eða fyrirtæki sín og að einstaklingur sé kannski að fá fyrir það 30–40 milljónir, hvað er hann þá að selja? Er hann að selja ávöxtinn af ævistarfi sínu? Er ávöxturinn af ævistarfi hans verðlagður svona hátt? Nei, hann er ekki að selja það. Hvað er hann þá að selja? Hann er selja verðmæti sem Alþingi Íslendinga gaf honum. Hann er að selja verðmæti sem voru ekki til fyrir 10 árum. Hann er ekki bara að selja bátinn sinn, fiskverkunarhúsið sitt, veiðarfærin sín. Nei, hann er að selja verðmæti sem voru ekki til fyrir 10 árum og Alþingi gaf honum fyrir ekkert. Þau verðmæti heita afnotaréttur af sameiginlegri auðlind. Hver er meginskylda Alþingis í þessu tilviki? Hún er að sjálfsögðu sú að sjá svo um að sú kynslóð sem tekur við af kynslóð okkar fái í arf frá kynslóð okkar sömu auðlindir og við fengum í arf frá feðrum okkar og forfeðrum. Við getum ekki látið sannast upp á okkur, hv. alþm., að þegar kynslóð okkar gengur út úr húsinu sé hún búin að ráðstafa sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar þannig að þjóðin eigi enga slíka sameiginlega eign eftir og komandi kynslóðir geti ekki tekið þær ákvarðanir sem núverandi kynslóð hefur tekið um ráðstöfun á þeim eignarrétti með lögum frá Alþingi.

Þetta gerum við ekki með þeim hætti sem hv. þm. Pétur H. Blöndal stakk upp á, að afhenda hverjum núlifandi Íslendingi einhver tiltekin hlutabréf í sameiginlegri auðlind og heimila honum síðan að selja þá eign „sína" til einhverra tiltekinna fyrirtækja.

Það er rangt að ekki hafi verið lagðar fram ýmsar hugmyndir um hvernig megi útfæra veiðileyfagjald. Það hefur verið rætt um að taka fast gjald fyrir hvert landað tonn. Það hefur verið rætt um að bjóða heimildirnar út á almennu uppboði, ýmist allar veiðiheimildir sem eru til ráðstöfunar hverju sinni eða viðbót veiðiheimilda hverju sinni o.s.frv. Það skortir því ekki á að menn hafi sýnt fram á ýmis framkvæmdaatriði, þ.e. hvernig megi framkvæma þann vilja að eðlilegt sé að fáir notendur greiði afnotagjald fyrir auðlind í eigu fjöldans. Hvernig stendur á því að menn hafa ekki valið einhverja tiltekna leið í þessu sambandi og lagt málin upp og sagt: svona vil ég hafa það, nákvæmlega svona? Við höfum hvert um sig skoðun á því hvernig eðlilegast væri að koma veiðigjaldi og auðlindagjaldi fyrir. Svarið er mjög einfalt. Það er ekkert vit í því að taka um það endanlega afstöðu, alveg laust við skoðanir manna, hvaða framkvæmd sé eðlilegust og best fyrr en það hefur verið gert sem Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri, segir í grein sinni í Morgunblaðinu í dag, þ.e. að sérfræðistofnanir þjóðarinnar verði látnar meta líkleg áhrif þeirrar leiðar sem valin er. Og það er, með leyfi virðulegs forseta, höfuðsynd stjórnvalda að hafa ekki á öllum þessum tíma kallað til liðs þær sérfræðistofnanir þjóðarinnar eins og Þjóðhagsstofnun, Háskóla Íslands og fleiri aðila til þess að meta hinar ýmsu útfærslur veiðileyfagjalds og gera grein fyrir því hvaða áhrif séu líklegust af hinum mismunandi útfærslum, t.d. á afkomu sjávarútvegs, veiði og vinnslu, á stöðu byggðar í landinu, á afkomu ríkissjóðs, á stöðu sveitarfélaga o.s.frv. Þetta er það stórt og mikið mál sem við erum að ræða um, þ.e. hvernig eigi að framkvæma það réttlætissjónarmið að menn greiði gjald fyrir afnot fárra af auðlind fjöldans að það er skylda ríkisstjórnar og Alþingis að kalla til liðs við þá athugun þær stofnanir sem eru einar færar um að gefa okkur eitthvert álit á því fyrir fram hver séu líklegust áhrif að þeirri framkvæmd sem valin er. Það gerðum við ekki þegar tekið var upp núverandi stjórnkerfi fiskveiða. Þá ákvörðun tók Alþingi án þess að biðja um úttekt á því hvaða áhrif væru líklegust af því kerfi sem tekið var upp, því stjórnkerfi sem tekið var upp, á afkomu sjávarútvegs, á stöðu byggðarlaga og á „eignarhaldi á auðlindinni".

Veiðileyfagjaldið er það stórt mál að við eigum eins og Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri á Grundartanga, leggur til í Morgunblaðsgrein í dag að kalla til þær sérfræðistofnanir sem við höfum yfir að ráða til þess að vega og meta hinar mismunandi útfærslur og gefa alþingismönnum eitthvað til kynna um líkleg áhrif.

Ég lýsi sérstakri ánægju minni með að nýkjörinn rektor Háskóla Íslands lýsti því yfir í ræðu sinni þegar hann tók við störfum að hann teldi að háskólinn hefði brugðist þeirri skyldu sinni að veita fræðilega leiðsögn í málum eins og veiðileyfagjaldsmálum og lagði áherslu á að þeir starfsmenn háskólans sem eru með sérfræðiþekkingu, er þessi mál varðar, skiptu sér meira af umræðunni til þess að lyfta henni upp á hærra plan en hún hefur verið á (Forseti hringir.) og gefa þjóðinni og þjóðkjörnum fulltrúum hennar meiri upplýsingar og betri vitneskju til að byggja skynsamlegar ákvarðanir á.

Það er sérstaklega ánægjulegt, virðulegi forseti, að þessi yfirlýsing skyldi koma frá nýkjörnum rektor háskólans því

að þetta sárvantar inn í íslenska þjóðfélagsumræðu.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:32]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég ætla að þetta sé í þriðja skipti sem þingflokkur jafnaðarmanna, held ég að hann heiti núna, flytur þáltill. um veiðileyfagjald. Haustin 1995 og 1996 fluttu þeir einnig þáltill. um sama efni. Í bæði skiptin hafði ég ástæðu til að taka til máls um þáltill.

Sú greinargerð sem fylgdi haustin 1995 og 1996 var dálítið öðruvísi en sú greinargerð sem nú fylgir því að þá var tekið fram að mjög margar útfærslur á veiðileyfagjaldi væru hugsanlegar og mjög margar hugsanlegar skatttegundir voru taldar upp. Í bæði skiptin, þ.e. í umræðunum haustið 1995 og 1996, tók ég fram í þessum ræðustól að ég gæti tekið undir að sérstakur tekjuskattur á sjávarútvegsfyrirtæki væri vel hugsanlegur undir þeim kringumstæðum að fiskveiðiarðurinn væri orðinn mjög mikill.

Nú bregður við í þáltill. að ég sé ekkert um þennan sérstaka tekjuskatt eins og þeir tóku fram áður. Þess vegna vil ég taka fram að ég er enn þá sama sinnis og ég var haustin 1995 og 1996. Hins vegar er rétt sem kemur fram í greinargerðinni að ýmis sjónarmið eru í þessum hlutum og er því rétt að fara yfir málið. Eins og flutningsmaður gat um áðan í framsöguræðu sinni er mikill kurr og hiti í þjóðfélaginu vegna stjórnunar fiskveiða.

Hann gat sérstaklega um að í gær hefðu verið stofnuð mikil samtök sem hefðu að markmiði að berjast fyrir — ég vissi ekki alveg hverju vegna þess að ég hef reynt að lesa í morgun hvert væri markmið þessara samtaka og ég kemst helst að því að það ágæta fólk sem í þeim er viti ekki hvers biðja ber. Samt er greinilega mikill kurr í mönnum, menn eru þeirrar skoðunar að mjög ranglega sé farið með og ástæða til þess að endurskoða allt saman og ég skal taka undir það. Hins vegar er mjög slæmt að menn viti ekki hvers biðja ber.

Eins og kemur fram í greinargerðinni er það rétt að sjónarmið manna hafa mjög skipst um það hvort beri að stjórna fiskveiðum með sóknarmarksaðferðum eða aflamarksaðferðum. Ég hef oft rætt þetta bæði í þessum ræðustól svo og við 1. flm. þáltill., hv. þm. Ágúst Einarsson. Það er rétt að ég hef haldið því fram og held því fram enn og ég hef mikla sannfæringu fyrir því að að minnsta kosti varðandi veiðar á botnfiski sé mjög brýnt til að ná árangri í fiskveiðistjórn að við stjórnum sókninni. Ég skal koma nánar að því aftur. Ég er sannfærður um að þrátt fyrir mikla viðleitni allt frá 1984 hefur Íslendingum ekki tekist að ná neinum umtalsverðum árangri í stjórn fiskveiða með þeim aflamarksaðferðum sem notaðar eru í botnfiskveiðunum. Hins vegar, herra forseti, getur verið rétt og ég skal fúslega viðurkenna það og gögn hafa verið lögð fram um það að við höfum mjög sennilega aukið fiskveiðiarðinn í veiðum uppsjávarfiska með úthlutun aflamarkskerfisins í síld og þá fyrst og fremst í loðnu.

Ástæðan fyrir því að okkur hefur tekist þetta er að mínu mati sú að kenningarnar ganga miklu betur upp í reyndinni við stjórn fiskveiða við uppsjávarfiskana því aðalgallinn á aflamarkskerfinu er hin gríðarlega sóun sem á sér stað í veiðunum. Það er ofboðslegu hent af fiski við Íslandsmið, ekki þýðir að þræta fyrir það. Það er ofboðslegu hent af fiski. Það hefur skelfileg áhrif þó ég tali ekki um hvernig það ruglar fiskifræðingana í ríminu. Það gefur þeim alranga mynd af því sem verið er að veiða þannig að allur framreikningur þeirra á stofnstærðinni verður rangur og rangar tölulegar upplýsingar leiða okkur alla í vitleysu. Miklu er hent af fiski og í kerfinu er mjög mikið svindlað. Aðalsvindlið er löglegt, það er samkvæmt lögum. Það byggist á því að vinnsluskipum er úthlutað aflamarki. Aflamarkið er síðan bakreiknað þegar afurðum skipsins er landað samkvæmt stuðlum. Stuðlarnir gerbreyta rekstraraðstöðu aflamarksskipanna í samkeppni við fiskvinnslu í landi og er að leggja hana af. Þetta skekkir samkeppnismyndina og veldur óskaplegum vandræðum og kostnaði í þjóðfélaginu í heild. Það er niðurstaða mín og meining, herra forseti, að það sé alrangt sem haldið er fram að við höfum náð einhverjum sérstökum árangri í fiskveiðistjórnun. Það er af og frá. Við erum með tiltölulega lítinn fiskveiðiarð í bolfiskveiðum í dag rétt eins og við vorum með áður. Það hefur mjög lítið breyst. Ef við lítum á stöðu efnahagsmála, viðskiptaójafnvægi við útlönd, rekstrarafkomu greinanna, er mikil firra að við þurfum að hafa áhyggjur af því að arðsemin í sjávarútvegi sé að eyðileggja vaxtargrundvöllinn fyrir öðrum útflutningsgreinum eins og má lesa á bls. 2 sem hugsanleg vandræði. Þetta er alrangt og langt frá því að vera rétt.

Sjávarútvegurinn stendur heldur illa í dag að undanskildum uppsjávarfiskveiðum og mjölvinnslunni. Það kemur til af því að við höfum verið með raungengishækkanir í gangi allt þetta ár og við höfum verið með miklar kostnaðarhækkanir, meiri launahækkanir hér en í samkeppnislöndum okkar þannig að sjávarútvegurinn eins og hann stendur á Íslandi hefur ekkert til að hrósa sér af, ekki neitt.

(**Forseti** (StB): Tíminn er búinn eða þær 8 mínútur sem hv. þm. hefur. Tvisvar sinnum reyndar.)

Ég biðst afsökunar. Ég hélt að ég mætti tala í 40 mínútur. Ég var rétt að byrja ræðuna, var varla byrjaður. (**Gripið fram í:** Þú mátt koma aftur. Þú mátt taka minn tíma.) Nei, ég skal fara héðan og byrja svo aftur, fara eftir reglunum. Ég hafði ekki hugmynd um þetta. Ég bið um orðið aftur.

[13:40]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski eins gott að hv. þm. fái á sig andsvör svo að hann komist oftar upp í ræðustól fyrst misskilningur var með ræðutímann.

Herra forseti. Ræðumaðurinn nefndi sérstaklega að hann saknaði útfærslunnar um sérstakan tekjuskatt á sjávarútvegsfyrirtæki sem er ein af þeim leiðum sem við höfum lagt til. Það er rétt. Það er ekki að finna lengur í tillögunni. Við erum með þrjár útfærslur sem okkur finnst helst koma til greina, þ.e. gjald á hvert úthlutað þorskígildi, uppbót á veiðiheimildum, sérstaklega viðbótaraflaheimildir og dreifa því svo til allra. Hin tillagan gæti vitaskuld komið til álita í þeirri nefndarvinnu sem fer fram ef tillagan verður samþykkt.

Hv. þm. sagðist ekki vera alveg viss um hvað þau samtök vildu sem stofnuð voru í gærkvöldi. Þau vilja mjög einfaldan hlut. Þetta eru samtök um þjóðareign. Það kemur mjög skýrt fram í ávarpi sem þeir fundarboðendur stóðu að og þeir sem völdust síðan til forustu, þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með lögunum um stjórn fiskveiða og framsali ríkisvaldsins á sameign þjóðarinnar til einstakra manna og félaga án þess að gjald komi fyrir er brotið gegn eignarrétti þjóðarinnar — horfið frá leikreglum lýðræðis og jafnréttis."

Ég held að alveg sé augljóst fyrir hverju þessi hópur er að berjast. Hann berst fyrir því að lögin um stjórn fiskveiða, þ.e. að þetta sé sameign íslensku þjóðarinnar, fái að ná fram að

ganga í reynd. Að okkar mati er hægt að gera það með veiðileyfagjaldi. Að öðru leyti fjallaði þingmaðurinn einkum um stýrikerfið sem er óháð tillögunni en samt bendi ég honum á í fullri vinsemd að raungengishækkanir, sem hann er ósáttur við á þessu ári, verða meiri á næstu missirum. Ef veiðileyfagjald verður ekki tekið upp munu raungengishækkanir halda áfram og það mun kreppa bæði að sjávarútvegi og öðrum samkeppnis- og útflutningsgreinum.

[13:43]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sá fundarboð hópsins og ég hef líka lesið viðtöl við nýkjörna forustumenn þar sem þeir segjast ekki berjast fyrir veiðileyfagjaldi og telji það ekki heppilegt. Þess vegna setti ég spurningarmerki við hvað það væri sem samtökin vildu. En látum það vera. Það er allt gott og blessað með það að menn vilji breytingar því að mjög mikil þörf er á að ræða fiskveiðistjórnunina. Mér finnst ekkert óeðlilegt þó að óþol sé í þjóðfélaginu vegna fiskveiðistjórnunarinnar og það er mjög nauðsynlegt að tala um það opinskátt.

Ég gerði fyrst og fremst grein fyrir því í því sem átti að vera inngangur að ræðu að það væri sjálft stýrikerfið sem skipti máli vegna þess að ef við næðum engum fiskveiðiarði þyrftu menn um engan arð að rífast. Það væri stórkostlega mikið atriði að við hefðum stýrikerfi þannig að við hámörkuðum fiskveiðiarðinn. Ég er viss um að svo er ekki við Ísland þrátt fyrir að menn fullyrði að við séum með heimsins besta fiskveiðistjórnunarkerfi. Ég fullyrði að menn séu bara að leggja saman plúsana, neita að taka tillit til mínusanna, þ.e. sóunarinnar, og fái þannig fram þessar tölur. Þess vegna vildi ég byrja á því að gera grein fyrir afstöðu minni til hinna ýmsu stýrikerfa sem getið er um í 3. kafla greinargerðar þáltill.

Vonandi kemst ég að í seinni ræðu minni að taka afstöðu til sjálfrar tillögunnar, veiðileyfagjaldsins.

[13:45]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tillögu okkar jafnaðarmanna er tekið sérstaklega fram að aðalatriðið við fiskveiðar sé að fiskveiðistjórnunarkerfi sé hagkvæmt og fiskveiðiarðinum ekki sóað *með röngu skipulagi. Vitaskuld þarf eitthvað að vera til* skiptanna ef við erum að tala um að draga út úr greininni tilteknar upphæðir, jafnvel milljarða, með veiðileyfagjaldi og á það leggjum við meginherslu. Við bendum hins vegar á að veiðileyfunum er úthlutað ókeypis af almannavaldinu. Það er það sem er óréttlátt og óásættanlegt. Ég get hins vegar alveg tekið undir og staðfest orð hv. þm. að stýrikerfi *í uppsjávarfiskveiðunum, sem er miklu eldra en stýrikerfið* við botnfiskveiðar, hefur reynst býsna vel. Um það deila menn ekki nú orðið. Þetta liggur m.a. í því að útfærsla þess kerfis hefur verið lengur við lýði. En þarna erum við komin út í umræðu um stýrikerfið sjálft. Aðalatriðið í okkar huga er hin pólitíska ákvörðun um veiðileyfagjald eða ekki veiðileyfagjald vegna þess að hægt er að leggja á veiðileyfagjald og leggja niður kvótakerfið og taka þess vegna upp sóknarstýringu eins og hv. þm. hefur margoft lagt til. Það geta menn gert ef þeir kjósa svo. Það er óháð ákvörðuninni um að menn greiði fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

[13:46]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að vekja alveg sérstaka athygli á þeim ákvæðum þingskapalaganna sem fjalla um umræður um þáltill. Og forseti skammtaði réttilega ræðutímann átta mínútur eins og kveðið er á um í þingskaparlögunum. En það er auðvitað alveg fráleitt fyrirkomulag að takmarka ræðutíma við átta mínútur en heimila svo andsvör við þá ræðu sem geta staðið tvisvar sinnum lengur eða í 15 mínútur. Það er auðvitað ekki mjög skynsamlegt ræðukerfi að ræða geti staðið svo skamman tíma að ekki megi tala lengur en átta mínútur en andsvörin geti verið hartnær tvisvar sinnum lengri.

Ég er ekki að gera athugasemd við fundarstjórn forseta en ég kveð mér hljóðs til þess að vekja athygli á þessu og vil fara fram á það við forseta að hann beiti sér fyrir því að gerð verði breyting á þessu og þá á þann veg að ræðutími í þáltill., umræðum um þær, verði 15 mínútur þannig að heimilt verði að flytja a.m.k. jafnlangar ræður og andsvörin sem hægt er að veita við þá ræðu. Satt að segja er átta mínútna ræðutími allt of skammur tími til þess að unnt sé að ræða um viðamiklar þáltill. til hlítar þó ég taki auðvitað undir það að ræðutími þurfi að vera skammtaður.

[13:48]

**Forseti (Sturla Böðvarsson)**:

Forseti hefur heyrt þessar ábendingar en vekur athygli á því að reglur þessar voru settar og samþykktar að fenginni langri reynslu. Þessu verður ekki breytt. Reglurnar eru skýrar. Frsm. fyrir þáltill. hefur tvisvar sinnum 15 mínútur til umráða (**KHG:** Það er hægt að breyta lögunum.) og síðan eru átta mínútur tvisvar sinnum fyrir aðra ræðumenn. En forseti hefur heyrt athugasemdirnar.

[13:49]

**Jón Baldvin Hannibalsson**:

Herra forseti. — „Uppi eru deilur með þjóðinni í stórmáli, miklu hagsmunamáli. Ástandið er þannig að árlega eru tugir milljarða króna af sameign þjóðarinnar gefnir tiltölulega litlum hópi manna.

Þessi sameign, þetta verðmæti, er þannig til komið, að löggjafarsamkoman hefir skapað einokunaraðstöðu fyrir takmarkaðan veiðiflota. Veiðiskip með kvóta fær því meiri afla en það myndi, væru veiðarnar ekki takmarkaðar heldur öllum frjálsar. Auk þess er næsta víst að fiskverð hækkar við þetta. Það myndast einokunargróði. Hann rennur fyrst og fremst til þeirra fáu manna sem fá að nota ókeypis hinn takmarkaða veiðirétt innan fiskveiðilögsögunnar. Þessi gróði er sköpunarverk Alþingis, alþingismannanna. Svona ástand er auðvitað óþolandi til langframa."

Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur í greinum í Morgunblaðinu fjallað um málið. „Hinn 9. þessa mánaðar birtir hann 3. greinina, þar sem hann dregur saman röksemdir sínar í stuttu máli. Kjarni málsins er þarna ljós. Þar með gín rökvilla hans við lesandanum.

„Það sem Karl Marx skildi ekki, var að myndun einstaklingsbundinna eigna- eða nýtingarréttinda á náttúrugæðum er besta leiðin til þess að tryggja skynsamlega nýtingu slíkra gæða."

Já, og hvað svo? Jú, segir Hannes, þess vegna verða þeir sem fara með þessar eignir að fá þær gefins í upphafi.

Tökum tvo bændur sem dæmi. Annar erfir jörðina, sem hann býr á, fær hana gefins, hinn kaupir hana á fasteignamarkaðnum. Hvað tálmar því, að báðir fái búið við sömu skilyrði: notið náttúrugæða jarða sinna sem einkaeignar? Þetta þýðir einfaldlega það, að það er eins hægt að búa við einkaeignarréttarskipulagið þótt náttúrugæðin séu keypt. Tal Hannesar um „skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna" er því

máli óskylt, hvort kvótarnir séu gefnir eða seldir. Svona röksemdir heita á ensku „red herring", rauð síld.

Hvað er einokunargróði? Einokunargróði er verðmæti sem skapað er með sérstakri aðstöðu, valdi af einhverju tagi, valdboði, einokun eða fákeppni. Verðmætið verður til án tilkostnaðar, án þjónustu, án framleiðslukostnaðar. Hafirðu þessa aðstöðu, þetta vald, geturðu skapað svona verðmæti. Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins er einfalt dæmi, takmörkun fiskveiðanna með valdboði, annað. Formælendur gjafastefnunnar draga alltaf athyglina frá því grundvallaratriði, að verðmæti kvótans er einokunargróði, skapaður af ríkisvaldinu.

Útgerðarmaðurinn getur greitt allan útgerðarkostnaðinn af andvirði aflans og keypt kvótann að auki fyrir afganginn, sem myndazt hefir við það, að aðgengið að miðunum er takmarkað — sem þýðir að meiri afli fæst með minni tilkostnaði. Hlutur kvótans í aflaverðmætinu er augljóslega hreinn einokunargróði, skapaður af ríkisvaldinu.

Kvótarnir ganga kaupum og sölum — þessir umframpeningar — fyrir tugi milljarða. Hvað hugsar þjóðin? Ríkisvaldið vantar peninga til hluta sem „við öll" viljum: Í heilbrigðisþjónustuna, skólakerfið og velferðina, svo eitthvað sé nefnt. Hvað leyfa alþingismennirnir sér að aðhafast — og aðhafast ekki — í alþjóðaraugsýn? Hver er skýringin? Bera eigendur kvótanna fé í stjórnmálaflokkana?"

Virðulegi forseti. Þessi orð sem ég hef flutt hér eru ekki mín þótt ég geri þau að mínum. Þetta er blaðagrein sem birtist þann 15. ágúst eftir lærðasta hagfræðing íslensku þjóðarinnar, dr. Benjamín Eiríksson, og er svar við greinaflokki sem birtist í Morgunblaðinu eftir þann mann sem gerst hefur sérstakur hugmyndafræðilegur talsmaður þessa einokunargróða í skjóli ríkisvalds.

Virðulegi forseti. Árið 1948, fyrir hálfri öld, voru leiðtogar íslenska lýðveldisins komnir í þrot. Þeir sátu þá uppi með ónýtt efnahagskerfi sem hafði þau höfuðeinkenni að ríkisvaldið skammtaði þjóðinni öll gæði. Innflutningi var skipt milli pólitískra hagsmunaaðila, útflutningsleyfum var skipt milli pólitískra hagsmunaaðila, himinhár tollar voru lagðir á innflutning til þess að bæta upp falskt gengi og útgerðinni var haldið uppi með margvíslegum styrkjum. Þetta kerfi komst í þrot og þá var það seinasta úrræði landsfeðranna að kveðja heim frá Bandaríkjunum mann sem heitir dr. Benjamín Eiríksson. Hann var fyrstur manna á Íslandi til þess að leggja fram tillögur um heildstæða breytingu á íslensku hagkerfi í átt til markaðsbúskapar og samkeppni frá pólitísku skömmtunarkerfi og einokunarkerfi. Því miður fór það svo, virðulegi forseti, þá að leiðtogar Sjálfstfl. og Framsfl. á þeim tíma, með þeim takmarkaða skilningi sem þeir voru gæddir á þjóðfélagsmálum og hagstjórn, klúðruðu þessari merku tilraun til þess að breyta íslensku þjóðfélagi frá hálfsovésku skömmtunarkerfi yfir til nútímastjórnarhátta. Það þýddi það að efnahagsframförum á Íslandi var seinkað um heilan áratug.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri að sinni, virðulegi forseti, enda ræðutími takmarkaður. En ég segi: Ég vorkenni þeim mönnum á Alþingi Íslendinga sem skapað hafa þennan einokunargróða og úthlutað honum í skjóli pólitísks valds fyrir þann dóm sögunnar sem þeir munu fá fyrir það athæfi. Ég bendi á að enn er tækifæri fyrir alþingismenn að reka af sér slyðruorðið og taka um það pólitíska ákvörðun að taka alvarlega skyldur sínar gagnvart almannahagsmunum og þjóðarhagsmunum og að hætta að láta nota sig sem pólitísk handbendi til þess að skila slíkum einokunargróða í hendurnar á örfámennri valdstjórnarklíku. Ég get hins vegar undir lokin sagt sem svo að þeir skiptast kannski í tvennt. Annars vegar eru þeir sem ganga erinda annarra, ganga erinda sérhagsmuna eða telja sig hafa hagsmuna að gæta. Þeir vita kannski hvað þeir eru að gera. Hins vegar eru þeir sem sitja á Alþingi Íslendinga og hafa ekki nennt að leggja það á sig að hugsa til hlítar til niðurstöðu um þetta stærsta mál þjóðarinnar og um þá má kannski segja eins og Kristur sagði forðum: „Fyrirgefið þeim því þeir vita ekki hvað þeir gera."

[13:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru uppi miklar efasemdir margra manna 1984 þegar þetta fiskveiðikerfi var fyrst innleitt hér á Alþingi. Það voru margir sem töldu og hafa bent á að það mundi leiða til ófarnaðar. Það væri óréttlátt. Það væri rangt, það væri röng stjórnun.

Ef ég man rétt, herra forseti, þá var hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ráðherra frá því 1987–1995. (**Gripið fram í:** Allt of stutt.) Það var nú ekki hægt að lengja í árinu, herra þingmaður, það voru 365 dagar í hverju ári þannig að það var ekki hægt að breyta því neitt. Hann var ráðherra allan tímann. Hvernig má það vera að þessi ágæti hv. þm. komi hér og biðji guð að hjálpa öðrum þingmönnum. Ja, ég tek það ekki til mín. Þó að ég viti að hann hugsi fallega til mín þá held ég að það sé fallega gert af þeim sem hafa staðið að ríkisstjórnum allan þennan tíma, verið ráðherrar þeirra ríkisstjórna sem hafa útfært þetta kerfi, að biðja guð að hjálpa öðrum. En þeir mættu líka biðja guð að hjálpa kannski einhverjum sér nær.

[13:58]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er algengt, kannski of algengt á pólitískum málþingum og í pólitísku argaþrasi að menn beiti málflutningi af þessu tagi. Menn segja: Ef ég er slæmur, þá ert þú engu betri. Hv. þm. bendir á þá staðreynd að ég hafi átt sæti í ríkisstjórnum, samsteypustjórnum, í átta ár. Og spurningin er þá þessi: Hvers vegna kom maðurinn þá ekki á veiðileyfagjaldi fyrir úthlutun kvóta í staðinn fyrir gjafakvótakerfi á þessum tíma? Og svarið við því er mjög einfalt. Við höfum beitt okkur fyrir þessu máli á Alþingi Íslendinga nú í u.þ.b. áratug. Við höfum tekið þetta upp við ríkisstjórnarborð, í stjórnarmyndunarviðræðum, í samstarfi við aðra flokka og við höfum lagt fram tillögur um að þoka málinu áleiðis eftir því sem best við höfum getað. Við höfum ekki haft stuðning frá öðrum stjórnmálaflokkum og við höfum til skamms tíma kannski ekki haft stuðning frá meiri hluta þjóðarinnar þótt það hafi nú breyst.

Það sem þokaðist í áttina var að með lögum sem sett voru í tíð seinustu ríkisstjórnar var tekinn upp svokallaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins og þróunarsjóðsgjald sem þá var viðurkennt að væri vísir að veiðileyfagjaldi, að vísu mjór vísir en engu að síður vísir að því sem koma skal.

Ef viðleitni hv. þm. var einfaldlega sú að sýna að ég væri hér að flytja hræsnistal, þ.e. eitthvað sem ég ekki meinti, þá vísa ég til þess að við höfum barist fyrir þessu máli, við höfum reynt að snúa þjóðinni til fylgis við þetta mál, við höfum reynt að hafa áhrif á aðra stjórnmálaflokka um þetta mál, við höfum flutt tillögur í ríkisstjórnum um málið, við höfum reynt að þoka því áleiðis og þannig höfum við yfirleitt orðið að fara að í stórum málum. Má ég taka dæmi?

Jafnaðarmenn á Íslandi (Forseti hringir.) fluttu fyrst á Alþingi Íslendinga tillögu um almannatryggingar árið 1929. Þeir reyndu að koma þeim í gegnum Alþingi o.s.frv. Þeim tókst það ekki fyrr en sjö árum síðar. Þetta tekur sinn tíma, virðulegi forseti.

[14:00]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandræði okkar eru þau að það eru uppi efasemdir og vissa, fullkomin vissa um að það stjórnkerfi sem er við lýði gagnvart bolfiskveiðunum er rangt, er slæmt og skaðar efnahagslífið. Það er því fullkomin vitleysa að menn séu eitthvað bættir með því að bæta við skatti á rangt kerfi, bæta skatti ofan á. Það er að fara úr öskunni í eldinn. Það er þess vegna sem ég skil ekki þegar hv. þm. kemur hér og lýkur ræðu sinni með því að biðja guð að hjálpa þeim sem eru á móti veiðileyfagjaldi. Ég fæ engan botn í það. Þess vegna kom ég með þessa fyrirspurn.

[14:01]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lauk ræðu sinni með því að segja: „Ég fæ engan botn í það.“ Og það er rétt, málflutningur hans í þessu máli er því miður botnlaus. En ég sagði áðan að ég gerði ráð fyrir því að alþingismenn skiptust í þessu máli a.m.k. í tvo hópa. Annars vegar eru þeir sem verja gjafakvótakerfið vitandi vits vegna þess að þeir eru beinlínis að draga taum tiltekinna hagsmunaaðila. Síðan eru hinir sem ekki hafa nennt að hugsa sig til niðurstöðu í málinu og vita þess vegna raunverulega ekki hvað þeir eru að gera. Um þá sagði ég og vitnaði í helga bók: Guð fyrirgefi þeim því þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Og það er jú ekki nema kristilegt hugarfar.

Hv. þm. er í ræðu sinni og þessum andmælum að segja: Fiskveiðistjórnarkerfið er vitlaust. Já, já, það getur vel verið að það sé vitlaust og það hefur auðvitað mjög alvarlega galla. En það er alveg sama hvaða fiskveiðistjórnarkerfi við notum, hvort við notum aflamarkskerfið, hvort við notum sóknarmarkskerfi, hvort við notum skrapdagakerfi eða hvaða annan bastarð af málamiðlunum milli þessara kerfa. Það breytir ekki því sem er kjarni málsins í þeirri tillögu sem við hér erum að fjalla um. Hún er um það að Alþingi láti ekki líðast lengur að einokunargróða, sem Alþingi hefur lögbundið að skuli vera með ókeypis aðgangi að takmarkaðri auðlind, verði úthlutað forréttindahópum í þjóðfélaginu, heldur verði tryggt að farið verði að lögum og réttlæti, bæði um að virða sameign þjóðarinnar, virða eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni og að tryggja að eigandinn fái réttmætan arð í sinn hlut. Hann verði ekki hlunnfarinn eilíflega eins og gerist í núverandi kerfi.

[14:04]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. 9. þm. Reykv. hefur átt við mig eða aðra þingmenn þegar hann leyfði sér af alkunnu og þjóðkunnu lítillæti sínu að tala um að þeir sem væru ekki sammála honum væru það vegna þess að þeir væru svo latir að þeir hefðu ekki nennt að hugsa sig í gegnum málið. Það kann auðvitað vel að vera að tyftunaraðferðir af þessu tagi hafi borið góðan árangur þegar hv. þm. stýrði skóla hér fyrr á öldinni, en þetta er ekki málflutningur sem leiðir menn til niðurstöðu. Og ég vísa svona tali á bug fyrir hönd allra þingmanna, hver svo sem hann er sem hann kann að hafa átt við.

Veruleikinn er sá að á Alþingi hafa verið flutt tvö frumvörp sem breyta einhverju í þessu máli. Það eru frumvörp hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar varðandi skattmeðferð þessara mála sem dreift var hér í gær eða fyrradag og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og fleiri um að taka framsalið og leigubraskið úr kerfinu og bannað það. Það eru í raun og veru þau mál sem einhverju geta breytt. Till. til þál. tekur ekki á þessu máli, hún gerir það ekki. Og ef menn vilja taka á þessu máli í raun, þá eiga þeir að flytja frv. til laga um útfærslu á þessu máli í smáatriðum. Þangað til menn hafa gert það eiga þeir ekki að bera öðrum þingmönnum á brýn að þeir nenni ekki að hugsa því að það er ekki svo.

[14:05]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Allur tillöguflutningur á Alþingi um sjávarútvegsmál sem miðar að því að breyta óbreyttu ástandi er vissulega fagnaðarefni og ég tek greiðlega undir það með hv. þm. að þær tillögur sem hann vísaði til eru ágætar svo langt sem þær ná. Hann hefði gjarnan mátt taka fram að þetta eru ekki einu tillögurnar sem fram eru komnar sem skipta máli og verðskulda athygli, umræðu og afgreiðslu. Ég minni á að þingflokkur jafnaðarmanna hefur flutt tillögur, sennilega sex eða sjö talsins, um flesta þætti þessara mála, bæði til þess að sníða af verstu agnúana eins og brottkastið, þ.e. spurningin um umgengni við auðlindina, og fjöldamörg önnur mál sem ég hirði ekki hér upp að telja sem snúast um að sníða af agnúa á núverandi kerfi.

Sú tillaga sem hér er um að ræða er hins vegar langsamlega stærsta málið vegna þess að það er einfaldlega svo að við í stjórnarandstöðu erum ekki líkleg til þess að vinna meiri hluta á Alþingi Íslendinga um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Og ég vek athygli á því t.d. að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er í vonlitlum minni hluta í sínum þingflokki um sín sjónarmið og talar hér að því leyti eins og við, sem rödd hrópandans í eyðimörkinni. En þetta er auðvitað langsamlega stærsta málið vegna þess að þetta varðar grundvallaratriði og ég segi einfaldlega: Hvaða fiskveiðistjórnarkerfi sem við kynnum að verða ásátt um að taka upp er ekki til neinna bóta frá óbreyttu ástandi ef ekki er sá skilningur fyrir hendi að takmarkaður aðgangur að auðlindinni sem Alþingi ákveður skapar einokunargróða og ef menn ekki hafa skilning á því (Forseti hringir.) að þennan einokunargróða má ekki í skjóli pólitísks valds úthluta fámennum hópi forréttindamanna vegna þess að það getur lýðræði á Íslandi aldrei liðið til langframa.

[14:08]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þennan einokunargróða á að taka með skattlagningu eins og annan einokunargróða. Til þess eru lög í landinu að þessi einokunargróði eins og annar einokunargróði verði skattlagður. Þetta mál snýst um þrennt en ekki eitt eins og hv. þm. talar um eins og trúaður maður hér í þessum stól og er nú farinn að biðja til guðs af öllum mönnum í þessari virðulegu stofnun. Þetta snýst um þrennt:

Í fyrsta lagi snýst það um fiskveiðistjórn. Í öðru landi um umhverfismál. Í þriðja lagi um skatta. Og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að jafnvel þó að þessi tillaga yrði samþykkt, þá mundi hún engu breyta um fiskveiðistjórnina, eins og hver sagði? Jón Arason, vinur minn, skipstjóri í Þorlákshöfn, formaður samtakanna sem voru stofnuð í gærkvöld. Hann benti á þetta í útvarpsviðtali í morgun og var

fjarska vel og skýrt að orði komist. Þannig að það er alveg nauðsynlegt í þessu máli að menn tali skýrt og nenni að hugsa sig í gegnum hlutina, líka meðan þeir eru að tala hér í þessum ræðustól.

Staðreyndin er sú að tillagan felur ekki í sér kerfisbreytingu heldur skatt á vont kerfi. Það kann út af fyrir sig að vera aðferð að taka þannig á hlutum að það eigi sérstaklega að skattleggja vitleysurnar. En tillagan sem slík er ekki tillaga um kerfisbreytingu heldur tillaga um skatt eins og hún lítur út og Alþingi leggur ekki á skatta með þáltill. eins og hv. þm. ætti að vita af því að hann var fjmrh. um hríð.

[14:09]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði: Einokunargróða á að skattleggja. Það er nú það. Og hvernig hefur gengið að skattleggja einokunargróðann? Er hv. þm. ekki kunnugt um það? Sannleikurinn er sá að þau stóru fyrirtæki, hlutafélög á verðbréfamarkaði Íslands sem smám saman eru að öðlast de facto eignarhald á auðlindinni í skjóli pólitísks valds, borga enga skatta, engin gjöld til sveitarfélaga fyrir alla þá þjónustu sem þau veita og því sem næst enga skatta til ríkisins (**SvG:** Þá verður samþykkja málið hans Friðriks. Þá er málið leyst.) Og sannleikurinn er sá að miðað við óbreytt ástand og afskriftarétt á gjafakvótunum, þá munu þessi fyrirtæki enga skatta borga. Þá segir hv. þm.: Þá verður að breyta skattalögum. Sannleikurinn er sá að það er ekki tæknilega gerlegt að breyta skattalögum til þess að taka þennan einokunargróða með árangursríkum hætti til þess að fullnægja réttlætinu. Og þá er að því komið að ég skil ekki, hvernig á því stendur um þennan ágæta hv. þm. að hann skuli ekki koma auga á, einmitt í þessari skattaumræðu, að hún snýst um það nú að taka upp í auknum mæli auðlindagjald fyrir þjónustuna, fyrir aðganginn að auðlindinni, þegar það er ríkið sem takmarkar aðganginn að henni. Það eigum við að gera varðandi takmarkaðan aðgang að sjávarútvegsauðlindinni og það eigum við að gera að því er varðar takmarkaðan aðgang að takmörkuðum auðlindum okkar, orkuauðlindinni. Og hvað eigum við að gera á móti? Við eigum þar á móti að draga úr skattlagningu (Forseti hringir.) á vinnuframlag vegna þess að við sitjum uppi með þá staðreynd að við erum með ónýtt tekjuskattskerfi sem hvílir sem þung byrði á tiltölulega fámennum hópi (Forseti hringir.) lág- og miðlungstekjufólks með þunga framfærslubyrði. Við eigum að taka auðlindagjald og orkuskatta og einmitt umhverfisverndaroríenteraða skatta eins og ég er alveg (Forseti hringir.) sannfærður um að hv. þm. er sammála mér um, til þess að draga úr skattbyrðinni á almenning og það er eina leiðin til þess að koma í veg fyrir sívaxandi ójöfnuð í þessu nýkapítalíska þjóðfélagi.

[14:12]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárveitingar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 86. mál, fsp. GE, þskj. 86.

Hestabúgarður í Litháen, 87. mál, fsp. GE, þskj. 87.

Hrossaútflutningur og kynning á íslenska hestinum erlendis, 88. mál, fsp. GE, þskj. 88.

Lán og styrkir Byggðastofnunar, 90. mál, fsp. GE, þskj. 90.

Markaðssetning íslenskra landbúnaðarvara erlendis, 89. mál, fsp. GE, þskj. 89.

Rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, 92. mál, beiðni LB o.fl. um skýrslu, þskj. 92.

Réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi, 91. mál, fsp. KHG, þskj. 91.

Sveitarstjórnarlög, 84. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 84.

Umboðsmaður jafnréttismála, 82. mál, frv. HG o.fl., þskj. 82.

[14:14]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Í seinni ræðu minni skal ég reyna að koma að umræðuefninu, veiðileyfagjaldi, og byrja á því að benda á að á bls. 5 í greinargerðinni er getið um þrjár aðferðir sem flutningsmenn mæla sérstaklega með. Ég skal fara fljótt yfir sögu. Ég mundi hafna þeim öllum algerlega því eins og þetta var kallað réttilega áðan eru þetta tillögur um nýja skatta á vont kerfi. Það er ekkert annað. Fyrsta tillagan er bara íþyngjandi fyrir þennan atvinnurekstur. Önnur tillagan er hrópandi órétt lát þegar á að fara að skattleggja þá sem eru búnir að þjást mest, þá sem hafa ekki fengið að veiða þorsk á annan áratug ef hann skyldi koma aftur sem ég er ekki viss um. Þriðja tillagan, sem er um að taka veiðileyfin af skipunum, er náttúrlega hið herfilegasta mál því að þá mundi ökónómían hreinlega hrynja. Ég ætla hins vegar að benda á að öll umræðan hlýtur að snúast um hvort við náum árangri í fiskveiðastjórn eða ekki. Ef við náum ekki árangri í fiskveiðistjórn er um engan fiskveiðiarð að ræða þannig að rifrildi um hvað eigi að gera við arðinn sem er ekki til er þarflaust.

Ég mótmæli einnig því sem stendur á bls. 4 af því að þar er minnst á eitt fyrirtæki, ekki að ástæðulausu. Ég mótmæli því sem segir þar í greinargerðinni. Það er þjóðin sem borgaði þennan skatt ef lagt væri gjald á Útgerðarfélag Akureyrar sem er getið um. Útgerðarfélag Akureyrar fékk nefnilega úthlutað veiðileyfi þegar kerfið byrjaði í líkingu við það sem þeir höfðu verið að veiða áður. Það kerfi sem þeir vinna í, þ.e. fiskveiðistjórnunarkerfið, hefur ekki skilað þjóðfélaginu nokkrum viðbótararði. Skattur á fyrirtæki getur aldrei verið greiddur af neinum öðrum en sjómönnum sem vinna hjá Útgerðarfélagi Akureyrar og fiskverkafólki sem vinnur hjá sama fyrirtæki. Það er hrein blekking ef menn halda að einhver annar muni greiða þetta.

Það er ríki sem heitir Svíþjóð. Þar hafa kratar stjórnað lungann úr þessari öld, í 70 ár held ég. Ef það lægi fyrir að það væri svo einfalt að leggja bara skattana á fyrirtækin, leggja bara skattana á auðlindir Svíþjóðar eða orkulindir Svíþjóðar, taka þetta bara af fólkinu, þá er hægt að losa fólkið við þetta. Hvernig stendur á því að þeir mætu menn sem hafa ráðið þar ríkjum í 70–80 ár hafa ekki gert þetta? Þeir hafa ekki gert þetta af því að þetta er náttúrlega fullkomin della. Það er fólkið í landinu sem borgar alltaf skattana, það getur aldrei orðið öðruvísi.

Ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar að spurningin væri um það að hafa kerfi sem næði árangri ef fiskveiðiarðurinn gæti vaxið og ég hélt því fram að það kynni að vera að að hluta til hefði núverandi stjórnunarkerfi náð árangri, þ.e. vaxandi fiskveiðiarður væri í uppsjávarfiskum. Það kynni að vera. Ef menn vilja í alvöru fjalla um kenningar hagfræðinga um að reyna að ná nýjum peningum til ríkisins án þess að skaða aðrar greinar, sem menn deila um og kannski ekki allir jafnsannfærðir um að séu réttar, væri nær að reyna að skoða hvaða möguleika við eigum á því að gera tilraunir í þá átt og gá hvort þetta gengur upp og við getum gert það.

Það er ein hugsanleg leið að Alþingi og ríkisstjórn getur gert tilraun til að gá hvort þessar kenningar ganga upp. Kannski væri eðlilegt að við gerðum það. Það þarf ekkert að skiptast í stjórnmálaflokka út af því. Það væri athyglisvert ef kerfið gengi upp en ég efast um það. Það er þegar við stöndum núna frammi fyrir nýrri fisktegund sem hefur ekki haft neitt gildi hér áður og flotinn er alveg óháður, þ.e. norsk-íslensku síldinni. Ef menn vilja geta þeir prófað hvort kenningar hagfræðinga ganga upp. Þarna getum við séð hvort kerfið er að skila árangri umfram það sem annars væri, þ.e. nýjum viðbótarfiskveiðiarði, um það snýst allt, án þess værum við ekki að tala um þetta. Ef það væri hægt skulum við kannski prófa þetta, gá hvort þetta skilaði okkur arði, gá hvort ríkið fengi þar nýja peninga sem gætu farið til þess að borga eins og réttilega er sagt í greinargerðinni ýmsan kostnað við sjávarútveginn. Við skulum byrja á því og sjá svo til. Það væri miklu nær að gera það en vera að þessu karpi sem ég hef grun um að töluverð sýndarmennska sé á bak við.

Núna er eðlilegt þegar við Íslendingar erum nýbyrjaðir að setja fyrirtæki á markað og þegar hlutabréfaviðskipti eru tiltölulega ný að ýmsar sveiflur sem þar verða, t.d. með sjávarútvegsfyrirtæki, valdi óróa og efasemdum hjá almenningi. Það ærir og særir heiðvirt launafólk þegar upp koma dæmi, sem finna má víða, um ýmsa lukkuriddara sem eru ríkir í dag þó að þeir hafi verið fátækir í gær.

Ég vil þó meina það að þetta sé mjög ofsögum sagt. Vegna þess að ég veit að t.d. í sjávarútveginum hefur hækkun hlutabréfa verið mun minni en jafnvel í iðnaði þannig að það er ofsögum sagt af þessu. En eigi að síður veldur þetta miklum óróa í samfélaginu. Við skulum sannarlega taka mark á því og engin ástæða til annars vegna þess að við eigum allra hagsmuna að gæta varðandi það að sem mest ró og sem mestur friður sé um það sem við erum að gera á Íslandi.

Sjávarútvegurinn stendur illa. Hann hefur verið grundvallaratvinnugrein alla öldina. Hann hefur dregið þjóðfélagið inn í nútímann frá því að miðöldum lauk á Íslandi um síðustu aldamót. Hann stendur undir einhverjum bestu lífskjörum sem þekkjast í heiminum. Það er mjög mikið alvörumál þegar menn ræða um að kollsteypa grundvelli hans. Það er mikið alvörumál þegar menn ræða um á hvern veg eigi að skattleggja hann. Það verður að gerast að yfirveguðu ráði. Við megum ekki fara í neinar þær aðgerðir sem skaðað gætu þennan grundvallaratvinnuveg. Það er meiningin sem menn verða að hafa í huga hvenær sem um þetta er talað. Landsbyggðin í heild byggir algerlega á þessum atvinnuvegi. Ef sjávarútvegurinn og þorpin væru ekki í kringum landið væri tilvera byggðanna ekki öll til. Menn verða að gæta sín í umræðunni um að ekki sé bara verið að leggja einhverja milljarða á sjávarútveginn. Þetta er meira en það. Það er verið að tala um að ógna tilveru tugþúsunda Íslendinga og búsetu þeirra. Það það verður að gera þá kröfu að menn megi ekki tala nema mjög yfirvegað. Þetta eru tillögur um að skoða stórkostlega nýja skatta á þennan atvinnuveg sem stendur sannarlega illa.

[14:22]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði: Nú verða menn að tala yfirvegað og vandlega. Hér er mál á ferðinni sem ógnar tilveru tuga þúsunda Íslendinga, nú skulum við tala yfirvegað. Ég ætla að tala mjög yfirvegað um það tilboð hans að gera tilraun, tilraun með síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem er happafengur og ekki er hægt að byggja á veiðireynslu nema áratugi aftur í tímann. Ég ætla nefnilega að taka þessari tillögu hans og þakka stuðning hans við tillögu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem hann flutti á seinasta þingi og við munum sjá til að verði endurflutt snarlega. Við munum að sjálfsögðu bjóða hv. þm. að gerast meðflutningsmaður. Þar er allt í einu ný veiði og ríkisvaldið tekur að sér að skammta veiðina, veita sumum veiðiheimildir en auðvitað þar með að sjálfsögðu banna öðrum og af því að hv. þm. vitnar svo oft í hagfræðina, að sjálfsögðu búa þar með til einokunargróða vegna þess að ef veiðin hefði verið frjáls hefðum við hreinlega sólundað arðinum í of mikla sókn. Þessa tilraun skulum við gera og hún mun ekki ógna tilveru tugþúsunda Íslendinga og hún mun leiða í ljós að svo gáleysislegt tal um praktíska hluti er óþarfi.

[14:24]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því ef menn eru farnir að vera einhuga um að fiskveiðiarður skiptir máli. Án hans eru öll rifrildi óþörf. Ef við hefðum ekki fiskveiðar þyrftum við ekki að standa hér. Ef við getum aukið hann og kannski er okkur að takast það með veiðum á uppsjávarfiskinum og þess vegna er það sem ég legg þetta til að við skulum gera þá tilraun. Ég tók líka fram að ég væri ekki viss. En mér finnst miklu raunhæfara að gera það en vera að karpa um þetta.

Ég er hins vegar handviss um það að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi í bolfiskveiðum hefur ekki fært okkur nokkurn arð og það er fullkomið ábyrgðarleysi við slíka stöðu að flytja tillögu um það að íþyngja þeirri atvinnugrein sem stendur mestmegnis undir útflutningstekjum okkar, stendur undir tilveru byggðanna hringinn í kringum landið með stórkostlegum sköttum.

[14:25]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði: Ég er ekki viss, ég er ekki viss. Menn hafa haft það fyrir satt að það væri bara tvennt sem væri alveg víst. Það væri skatturinn og dauðinn. Ég slæ því föstu að dauðinn sé algerlega óumflýjanlegur, hann sé vís, en þetta með skattinn, það er ekki víst. Það er nefnilega kjarni málsins í umræðunum um einokunargróðann, því það er hann. Það er grundvallarhugtak í öllum umræðum um þetta að því miður er það svo að hann er fengur sem er afhentur í pólitísku skömmtunarkerfi hjá okkur núna. Ég hélt að hv. þm. væri svarinn andstæðingur slíks kerfis og skildi að einokunargróða ber að meðhöndla aldeilis sérstaklega. Einfaldasta og hagkvæmasta aðferðin við hann er gjald fyrir einokunaraðstöðu gagnvart auðlind.

[14:26]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fara menn að verða gamansamir. Það er ekkert víst að það sé einokunargróði. Ef við værum t.d. með sóknarmark og úthlutuðum fiskidögum eins og Færeyingar við bolfiskveiðarnar kæmi það þeim dugmestu best og þannig fengi þjóðin óbeint hámark af arðinum. Það lægi alveg fyrir. Þannig mundum við hámarka arðinn af þorskveiðunum við Ísland því að það mundi flytjast til þeirra manna sem gætu náð fiskinum á sem ódýrastan hátt, reru frá þeim verstöðvum sem lægju best til róðra. Engin ástæða er til þess að fullyrða að þetta þurfi endilega að vera einhver einokunargróði. Það er alls ekki.

Hins vegar erum við það heppnir að við höfum jafnframt því að vera með þetta kvótakerfi allan tímann haldið í það að

stjórna flotanum líka og ekki gefið eftir með það þannig að við höfum verið að minnka flotann. Þannig stendur á núna að við erum með tiltölulega lítinn flota sem getur stundað og tekið þátt í veiðum á uppsjávarfiski. Hann er það rúmur að það hentar honum vel að reyna við þessar síldveiðar. Þess vegna getum við gert tilraun með hann.

[14:28]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki mjög sterkur málflutningur hjá hv. þm. að tala eins og við viljum sjávarútveginum illt þegar við leggjum til álagningu veiðileyfagjalds. Það er ekki svo. Okkur finnst óréttlátt að veiðiheimildum sé úthlutað ókeypis. Það getur vel verið að hv. þm. finnist það bara vera allt í góðu lagi þó að hér sé úthlutað tugum milljarða verðmæta í verðmætum en það verður hann að eiga við sjálfan sig og sína samvisku. Ég ætla ekki að deila við hann um réttlætið. En ég vil benda honum á að fiskveiðiarðurinn sem er til staðar, líka í botnfiskveiðunum, það sýna viðskiptin með veiðiheimildir, t.d. með botnfisk, er vitaskuld miklu meira í uppsjávarveiðunum, ég veit það ósköp vel. Arðurinn er til staðar. Ef veiðileyfagjald er ekki lagt á mun uppsveiflan í sjávarútvegi við vaxandi fiskveiðar leiða til þenslu í þjóðfélaginu sem knýr upp raungengið og dregur hagnaðinn út úr sjávarútveginum á gamalkunnan hátt í formi ódýrs innflutnings og slæmrar stöðu fyrir annan samkeppnis- og útflutningsiðnað. Það munu allir standa eftir verr en áður, sjávarútvegsfyrirtækin veik, útflutningur og annar samkeppnisiðnaður veikur og atvinnulífið veikt. Þó svo að sjávarútvegurinn standi undir lífskjörum okkar hefur framlag hans staðið í stað í 20 ár. Útflutningsframleiðsla hér sem hlutfall af landsframleiðslu hefur líka staðið í stað í 20 ár. Það er hættumerki í hagkerfi okkar nema okkur takist að nýta styrkleika sjávarútvegsins til að byggja upp aðrar greinar sem er ekki hvað síst mikilvægt fyrir landsbyggðina. Það á hv. þm. að skynja veiðileyfagjaldið sem aðferð bæði til að styrkja landsbyggðina og annað atvinnulíf í landinu. Það eru ekki bara réttlætisrökin sem eru fyrir þessu máli heldur einföld hagkvæmnisrök, sem langflestir hagfræðingar, sem fjallað hafa um hin hagrænu rök í málinu, taka undir.

[14:30]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég neyðist nú til þess að rifja það upp að kvótakerfi við þorksveiðar, við skulum halda okkur við bolfiskinn, var tekið hér upp á Alþingi vegna þess að menn töldu að það væru neyðarástæður, bolfiskurinn væri í útrýmingarhættu og það yrði að skera veiðarnar stórkostlega niður. Þess vegna tókum við upp þetta kerfi. Því miður hefur okkur ekki tekist allan þenna tíma að byggja upp þorskstofninn. Við höfum verið í hreinustu vandræðum með þetta kerfi. Stofninn hefur ekki vaxið. Við erum nú að veiða 200 þús. tonn á ári, 370 þús. tonn var meðalaflinn 70 árin þar á undan, áður en þetta kerfi var tekið upp. Fyrir þessar sakir hefur landsbyggðin, þorpin sem byggja afkomu sína á bolfiskveiðunum, þurft að líða óskaplega. Þeim er við það að blæða út mörgum hverjum. Ef það gerist, herra forseti, að okkur tekst að rétta úr kútnum, ef okkur tekst að ná auknum arði úr bolfiskveiðunum, úr þorskveiðunum, þá munu þessi þorp rétta við. Þá munu hús kannski fá eitthvert verðgildi í þorpunum, þá munu menn kannski sjá sér fært að lifa þar. Þann dag sem sjávarútvegsþorpin vítt um landið eru ekki í lífshættu vegna afkomu sjávarútvegsins — þann dag er allt í lagi að hafa áhyggjur af því að arðurinn í fiskveiðunum sé að sprengja upp efnahagslífið. Það er svo af og frá að arðurinn í bolfiskveiðunum sé að sprengja upp þetta kerfi, sprengja upp jafnvægið í efnahagsmálunum, standi fyrir því að raungengi sé að fara upp. Það er af og frá. Við höfum allar tölur um það. Bolfiskveiðarnar og vinnslan eru rekin með bullandi tapi. Við höfum allt aðrar aðferðir til þess að slá á þenslu ef hún er einhver. Við höfum allt aðrar aðferðir til þess að forða að raungengið (Forseti hringir.) fari upp heldur en að leggja skatt á þessi fyrirtæki.

[14:32]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gremst það nokkuð þegar hv. þm. talar æ ofan í æ um íslenskan sjávarútveg eins og hann sé einhver aumingjaatvinnugrein. Hann er það ekki. Íslenskur sjávarútvegur er sterk atvinnugrein og til allrar hamingju eru flest fyrirtæki þar rekin af dugnaði og með hagnaði. En það er sama aumingjatalið hér aftur og aftur af hálfu andstæðinga þessarar hugmyndafræði. Alltaf að vilja vera á hnjánum frammi fyrir stjórnvöldum hverju sinni, biðjandi um ölmusur eins og menn gerðu á árum áður í sjávarútvegi og annars staðar. Mér gremst þessi röksemdafærsla og umræða af hálfu hv. þingmanns vegna þess að íslenskur sjávarútvegur á þetta ekki skilið.

Það er hins vegar fráleitt þegar hann ætlar að spila gömlu plötuna með fiskverkafólkið og sjómennina á landsbyggðinni. Hefur það fengið arðinn af sölu veiðiheimilda? Hafa útgerðarmenn sem fengu ókeypis úthlutað kvóta komið hlaupandi með arðinn af þeirri sölu til landverkafólksins eða sjómannanna? Vitaskuld hafa þeir ekki gert það. (Forseti hringir.) Ég skil vel að hv. þingmaður og þingflokkur Sjálfstfl. vilji verja þetta kerfi og neita veiðileyfagjaldinu vegna þess að þeir vilja viðhalda ókeypis úthlutuðum veiðiheimildum. Ég skil það ósköp vel. Þeir eru að berjast fyrir hagsmunum sínum. Sjálfstfl. og Framsfl. eru að berjast fyrir hagsmunum sínum í þessum efnum. Þeir vilja hafa áfram ókeypis úthlutanir veiðiheimilda. (Forseti hringir.) En þjóðin í landinu er búin að fá nóg af þessu kerfi.

[14:34]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Ég get ekki að því gert þótt mönnum gremjist. Gæti það verið, herra forseti, að skýrslur Þjóðhagsstofnunar séu rangar? (**Gripið fram í:** Það gæti verið.) Það er hugsanlegt. Þá er að láta sér gremjast ef þeir eru að gefa út vitlausar skýrslur. Ef þeir eru að gefa rangar upplýsingar, þá skulum við láta það fara í taugarnar á okkur, ekki það sem ég segi frá. Það sem ég hef talað um er nákvæmlega það sama og Þjóðhagsstofnun hefur nýlega lýst, bara nákvæmlega þetta. Þetta er ekkert aumingjatal. Ég þekki alveg mínus frá plús. Það kemur þar fram að það er bullandi mínus. Svo geta menn látið sér gremjast það. Það skiptir mig ekki máli.

Veiðiheimildum var úthlutað í upphafi til manna sem voru að veiða og höfðu frjálsan aðgang að þeim. Ef menn gátu gert það einhvern veginn öðruvísi og ætluðu að taka veiðiheimildina af skipunum þá gerðu þeir það og komu þá með þau ráð. En þeir sem gera út geta ekki gert út án þess að fá að veiða. Þannig voru þeir áður og vandamálin eru þessi og það er ekki til þess að láta sér gremjast neitt. Þeir fengu verðgildi á markaði, höfðu engin verðgildi áður. Þetta eru (Forseti hringir.) vandamálin sem við höfum vegna þess að við erum með þetta stjórnkerfi. Ef við féllum frá kvótakerf-

inu þá væri auðvitað allt farið. Þá væru engin vandræði af þessu. Enginn þyrfti að láta sér gremjast.

[14:35]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það verði seint sagt um hv. 3. þm. Vestf. að hann tali ekki hreint út héðan úr þessum ræðustól. En ég get líka tekið undir það sem hann sagði hér áðan að óvarleg umræða um sjávarútveg er hættuleg. Hún skapar óöryggi í greininni og slík umræða er greininni til óþurftar. Þess vegna kom mér á óvart að hv. þm., í allri þessari umræðu sem hann er að reyna að hafa á settlegum nótum og gæta þess að lenda ekki öfganna á milli, skyldi fullyrða að það fiskveiðistjórnarkerfi sem sjávarútvegurinn byggir á sé handónýtt. Því þurfi að kasta fyrir róða. Ef það er ekki óvarleg umræða að kasta því kerfi sem sjávarútvegurinn byggir á fyrir róða þá veit ég ekki hvað er óvarleg umræða. En því miður er það nú svo um þessa umræðu sem flesta aðra að hér fá öfgarnar yfirleitt að ráða, menn tala hér sitt hvorum megin, á sitt hvorri línunni án þess að nálgast efnið skynsamlega. Þess vegna fer ég þess á leit við hv. þingmann, sem er nú vanur að tala skýrt og skorinort úr þessum ræðustól, að hann í fyrsta lagi upplýsi hvað hann eigi við þegar hann kallar að fiskveiðistjórnarkerfið sé ónýtt, þ.e. hvort ástæða sé til þess að henda því og það sé ekki óvarleg umræða, og hitt, hvaða kerfi hann vilji taka upp í staðinn.

[14:37]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Nú þarf ég að fara að halda allar gömlu ræðurnar mínar aftur. Ég hélt því fram, og vonandi hafa menn tekið eftir því, herra forseti, að ég gerði greinarmun, ég sagði að það gæti mjög vel verið að við hefðum náð árangri við fiskveiðistjórn á uppsjávarfiskum en ég fullyrti líka að við hefðum ekki náð árangri við veiðistjórn á bolfiski. Ég gerði greinarmun á þessu. Ég hef haldið því fram áður og farið oft í gegnum það að það er fyrst og fremst sóunin í bolfiskveiðunum sem gerir þetta kerfi vonlaust. Ég hef líka haldið því fram að það kerfi sem við eigum að nota í staðinn sé einmitt að útdeila sóknareiningum alveg eins og Færeyingarnir gera. Þeir útdeila fiskidögum. Og ég veit að með því að gera þetta á þann veg, alls ekki að taka veiðiheimildina af skipunum, heldur láta þau hafa sóknarrétt í staðinn fyrir aflaheimildirnar, þá hverfur brottkastið eins og dögg fyrir sólu. Við það er sóunin farin. Við það þarf ekki að umreikna fiskinn í frystitogurunum. Nei, þá landa þeir bara því sem þeir geta landað og hafa fiskað. Það þarf enga töfraformúlu til þess. Til þess nýta þeir hvern dag sem þeir hafa eins vel og þeir geta. Þetta er það sem ég hef mælt fyrir. Vonandi fæ ég tækifæri til að mæla fyrir því áfram á Alþingi. Vonandi tekst að ná um það samstöðu, breiðri samstöðu, að flytja einmitt tillögur í þessa veru, til þess að byrja með fyrir smábátana a.m.k. sem við eru í miklum vandræðum með þannig að þeir komi nú allir undir einn hatt og fái að njóta sín, þannig að fiskimaðurinn, þannig að einyrkinn í sjávarútvegi fái að njóta sín, fái að njóta atorku sinnar, fái að njóta dugnaðar síns og að hin ýmsu sjávarþorp og hinir ýmsu landshlutar fái að njóta landgæða sinna en í því er fyrst og fremst fólgin vonin um að við getum hámarkað arðinn af sjávarútvegi.

[14:39]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er enn komin til umræðu tillaga þingflokks jafnaðarmanna um veiðileyfagjald. Ég fagna því að hún er komin fram aftur og vil byrja á því að láta í ljós vonbrigði með að það skuli fyrst og fremst vera stjórnarandstæðingar sem hérna tala með einni ágætis undantekningu þó, nefnilega hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. (**Gripið fram í:** Tveimur.) Tveimur? Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði einnig í morgun, ég biðst afsökunar á því, það fór fram hjá mér.

Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum að í þjóðfélaginu ríkir mikil ósátt um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Það er vissulega von mín að okkur takist að leysa þau vandamál sem nú eru uppi og að stjórnarandstöðunni a.m.k. takist að ná saman um einhvers konar almennt auðlindagjald eða hvað svo sem það verður á endanum kallað. En frá því að þessi tillaga var rædd á síðasta þingi hefur ýmislegt athyglisvert gerst að mínu mati. Vil ég þar fyrst nefna nýstofnuð þverpólitísk samtök, þjóðarsamtök, sem voru stofnuð núna í síðustu viku, og ég hef fengið tækifæri til að fylgjast með alveg frá byrjun þó að ég hafi ekki getað setið stofnfundinn. Þarna tel ég að sé kominn mjög mikilvægur vísir að markvissri umræðu. Það eru mjög margir óánægðir með kerfið, og ég skal ekkert spá því hvort þarna næst niðurstaða um einhvern einn farveg fyrir málið en ég held að þarna sé mjög merkilegt fyrirbæri á ferðinni sem ætti vonandi að hafa áhrif á umræðuna hér á Alþingi.

Hitt atriðið sem ég vil nefna sérstaklega er að bandaríska þingið hefur skipað nefnd til þess að gera úttekt á bandaríska kvótakerfinu við stjórn fiskveiða. Það eru einkum og sér í lagi vinnubrögðin, hvernig bandaríska þingið vinnur, sem ég vil vekja athygli á, nefnilega þeirri aðferð að þingið biður rannsóknarráð Bandaríkjanna að skipa nefnd. Þarna sést vel að vinnubrögðin eru þau að reynt er að fá sem víðsýnustu aðila alls staðar að úr heiminum til þess að fjalla um málið í staðinn fyrir þau vinnubrögð sem hér tíðkast, að vera alltaf að ræða um þessi mál þar sem hagsmunaaðilar ráða langmestu. Ég tel að Alþingi ætti að skoða þetta fordæmi og vil reyndar benda tillögumönnum á að það væri ekki óeðlilegt að í stað þess að Alþingi skipaði þessa nefnd væri fenginn aðili eins og t.d. Rannsóknarráð Íslands til að koma að skipan slíkrar nefndar.

Ég vil einnig taka undir það sjónarmið sem hér kom fram áðan hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að gróðinn, fiskveiðiarðurinn, er sköpunarverk stjórnmálamanna. Það er svo sem allt ágætt um það að segja ef stjórnmálamenn búa til mikinn arð, ýmsar tölur eru nefndar. Þá á ég við að þessi gróði skapast fyrst og fremst við það að fiskimiðunum er lokað, þ.e. auðlindin er takmörkuð og við það rýkur verðið á kvótanum auðvitað upp. Stundum er talað um að munurinn á virði veiðiheimildanna geti verið allt frá 30 milljörðum upp í 200. Annars vegar er kerfi sem er í jafnvægi og hins vegar kerfi þar sem um takmarkaða auðlind er að ræða.

Þetta var ákveðið af Alþingi 1983 og ég hef einmitt út af öðru þingmáli verið að kynna mér þá umræðu. Það var í raun og veru með ólíkindum hvernig þessi umræða var hér á Alþingi því það var eiginlega heimild til ráðherra til þess að gera eitthvað til reynslu í ákveðinn tíma. Það er alveg augljóst mál held ég að þeir alþingismenn sem stóðu að þessari ákvörðun 1983 hafa ekki gert sér grein fyrir hvert sú ákvörðun leiddi.

Það er alveg ljóst að árið 1983 þegar kerfið var samþykkt, þá var það gert til þess að vernda auðlindina og að koma í veg fyrir að fiskiskipastóllinn stækkaði. Við vitum að öll þau markmið hafa ekki náðst. Sá mikli arður sem hefur skap-

ast hefur ekki skapast vegna þess að þetta sé svo ofsalega arðbært kerfi heldur vegna þess að það er búið að loka auðlindinni fyrir öðrum og þá myndast bara lögmál framboðs og eftirspurnar. Þarna er núna orðin svo mikil óánægja vegna þess að fiskveiðiarðurinn situr í höndum örfárra aðila sem fá þessari auðlind úthlutað frítt á grundvelli veiðireynslu nokkurra ára og síðan selja þeir þetta sín á milli og njóta góðs af. Eins og við vitum benda ýmsir dómar til þess að þarna sé virkilega komin þörf á að líta á þetta mál í heild sinni, dómar bæði í sambandi við veð, við arf, við skilnaðarmál o.s.frv. þannig að það er alveg ljóst að þessi mál verður að skoða. Þó að við kvennalistakonur höfum ekki verið talsmenn þeirrar fiskveiðistjórnunar sem hérna ríkir núna eða þessa kerfis þá hefur landsfundur okkar, eins og fram kom í okkar máli á síðasta þingi, samþykkt að styðja hugmyndina um veiðileyfagjald sem eiginlega minnstu ásættanlegu aðgerð til þess að hægt sé að una við það kerfi sem nú ríkir. Þess vegna styðjum við kennalistakonur þessa tillögu, ekki síst vegna þess að hún ætti þá að verða til þess að málið yrði skoðað. Þetta er bara tillaga um að setja niður nefnd sem skoði þessi mál út frá sem flestum sjónarmiðum.

Herra forseti. Tíminn er mjög stuttur hér nú, en ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að ræða málflutning útgerðarmanna sem hefur verið alveg með ólíkindum í þessu máli og ég verð að koma að því í minni seinni ræðu og ýmsu fleiru sem ég vil koma hér að. En það er náttúrlega alveg ljóst að á átta mínútum er ekki hægt að segja mjög mikið um þessi mál.

[14:48]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. um það hver stefna Kvennalistans er í sjávarútvegsmálum. Styður Kvennalistinn núverandi aflamarkskerfi og þar með talið framsalið í því? Ef ekki, hvaða kerfi vill Kvennalistinn að verði notað við stjórn fiskveiða?

[14:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði svipaðrar spurningar þegar þessi mál voru til umræðu hér í fyrra. Ég hef ekki tíma á tveimur mínútum til þess að gera ítarlega grein fyrir stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum sem er útlistuð í okkar stefnuskrá mjög skýrt.

Við erum í stjórnarandstöðu, Kvennalistinn er ekki stór stjórnmálaflokkur, og við þessar aðstæður hefur landsfundur okkar samþykkt að veiðileyfagjald væri ásættanleg leið til þess að búa við það kerfi sem nú er. En okkar hugmyndir eru að öðru leyti aðrar, þ.e. við viljum gera greinarmun á grunnsjávarmiðum og djúpsjávarmiðum og við höfum m.a. verið talsmenn byggðakvóta til að fyrirbyggja að heilu byggðarlögin geti lagst af eins og gerist í núverandi kerfi.

[14:49]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Svar fékkst ekki við því hvort Kvennalistinn vildi notast við aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða. Ég ítreka því þá spurningu og spyr jafnframt hvort Kvennalistinn hyggist nota það kerfi við stjórn fiskveiða þegar búið er að skipta miðunum upp í grunnslóðarmið og djúpsjávarmið. Annars verð ég að draga svar hennar þannig saman að það sé í raun stefna Kvennalistans að styðja óbreytt aflamarkskerfi með þeirri viðbót að leggja á veiðileyfagjald. Það orðaði ræðumaður sem ásættanlega niðurstöðu sem Kvennalistinn styddi og ég skildi ræðu hennar þannig að það væri það sem Kvennalistinn væri að berjast fyrir, ekki einhverju öðru sem ekki kom fram í ræðunni.

[14:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú orðnar svolitlar hártoganir hjá hv. þm. en það er einkum og sér í lagi á grunnslóðinni þar sem við kvennalistakonur höfum verið talsmenn þess að sóknarmarki verði beitt og þar verði sem frjálsastar veiðar smábáta. En á djúpslóðinni höfum við ekki tekið afstöðu gegn aflamarkskerfi og þar held ég að það verði fyrst og fremst að ráða að kerfið verði sem hagkvæmast en um leið að auðlindin er í eigu þjóðarinnar og hún verður að nýtast sem slík.

[14:51]

**Útbýting þingskjals:**

Landgræðsla, 83. mál, frv. HG o.fl., þskj. 83.

[14:52]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er slæmt við þessa umræðu að þeir menn hverfa úr salnum sem áður eru búnir að gefa tilefni til þess að beðið er um orðið, en þannig fór fyrir mér þegar hv. þm. Svavar Gestsson talaði áðan. Ég treysti því þó að hann sé að hlýða á mitt mál á sinni skrifstofu þó að hann sé ekki hér eða þá að hans flokksmaður sem hér er viðstaddur komi til hans skilaboðum.

(**Forseti** (GÁ): Þingmaðurinn er í húsinu upplýsir forseti.) Þingmaðurinn er í húsinu já. Kannski hann mæti í salinn. (**StG:** Hann er að hlusta.) Þingmaðurinn er í húsinu og er að hlusta er hér upplýst af formanni iðnn. og við skulum bara treysta því að svo sé.

Hv. þm. kom hér í ræðustól og benti okkur á að þessi tillaga sem hér er til umræðu snerist ekki um það að sníða agnúa af kvótakerfinu. Fyrir honum virtist það vera algjör uppgötvun að tillagan snerist ekki um það. Fyrir okkur var það hins vegar alveg ljóst allan tímann. Hún snýst ekkert um það. Þessi tillaga snýst nefnilega ekkert um kvótakerfið. Þessi tillaga snýst um veiðileyfagjald og það er allt annað mál. Þessi tillaga snýst ekki um stjórnkerfi fiskveiða. Hún snýst hvorki um að breyta því né heldur að sníða af því agnúa og þær ágætu tillögur sem hann nefndi hér áðan frá alþýðubandalagsmönnum og okkar tillögur jafnaðarmanna um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða eiga alveg jafnt við þó þessi tillaga verði samþykkt. Hún breytir engu um það þó það væri komið á veiðileyfagjald. Hún breytir engu um það vegna þess, eins og hér hefur verið rætt um fyrr í dag, að þau réttlætisrök sem hér eru stærst eiga við svo lengi sem við þurfum að stjórna okkar fiskveiðum, svo lengi sem auðlindin er lokuð fyrir öðrum en fámennum hópi. Svo lengi sem við þurfum að skammta aðganginn einhvern veginn þá eiga þau réttlætisrök við sem heimta að veiðileyfagjald sé lagt á. Málið er ekki öllu flóknara.

Hins vegar er rétt að ræða nákvæmlega það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir kom ágætlega inn á áðan. Hún sagði okkur að það hefði verið niðurstaða Kvennalistans að kvótakerfi með veiðileyfagjaldi væri þó skárra en kvótakerfi án veiðileyfagjalds. Það er nefnilega alveg laukrétt. Ég hef margsagt það og ég get sagt það einu sinni enn að ég skil ekki þá menn sem skilyrða stuðning sinn við veiðileyfagjald, fiskveiðistjórnunarkerfi. Ég skil það ekki. Vegna þess að óréttlátt fiskveiðistjórnunarkerfi, eins og mörgum finnst kvótakerfið vera, verður ekkert betra þó að ekki sé veiðileyfagjald. Það

er réttlátara ef gjaldið er með einfaldlega vegna þess að þá fær eigandinn þó eitthvað fyrir sinn snúð. Og líka hitt að við staðfestum þannig eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni sem veitir nú ekki af miðað við það sem hér hefur verið rakið svo prýðilega, m.a. af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þ.e. hvernig sú vissa margra hér styrkist á því, og það er auðvitað það sem stefnt er að, að auðlind sú sem á að vera auðlind þjóðarinnar sé smám saman að verða eign þeirra sem fengu úthlutað nýtingarréttinum.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talar um að veiðileyfagjaldið yrði bara skattur ofan á rangt kerfi. Það getur vel verið að það sé hans viðhorf að þetta sé skattur ofan á rangt kerfi. En eins og ég sagði áðan þá er það þó réttlátara þannig. Og af því að hann ræddi svolítið um skattinn og hverjir greiddu hann og hans niðurstaða varð auðvitað sú að á endanum greiðir fólkið í landinu skattinn, þá snýst þetta auðvitað um tekjuskiptingu. Auðvitað snýst þetta um tekjuskiptingu. Þetta snýst um skiptingu þess arðs sem verður til og spurningin er þessi: Finnst okkur réttlætanlegt að þeir sem fengu úthlutað veiðiheimildum og eigendur fyrirtækjanna njóti arðsins einir eða á fólkið í landinu að fá sína hlutdeild í honum líka?

Það var líka rætt um það áðan að við þyrftum að hámarka arðinn, að við þyrftum þó að búa til eða búa við þess háttar kerfi að einhver arður yrði til og mér heyrðist hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vera nokkuð viss um að það væri einmitt sóknarmarkið sem væri líklegast til þess. Það má vel vera að í vel útfærðu sóknarmarki gerist það, það má vel vera. Við þekkjum það ekki, við höfum kannski ekki skoðað það nægilega vel. Við höfum hins vegar samanburð í smábátakerfinu, annars vegar á þeim smábátum sem eru á sóknarmarki og hinum sem eru á aflamarki og þar er alveg augljóst hvort er arðsamara. Það er miklu meiri arðsemi hjá þeim sem eru í aflamarkinu. Þeir nýta mun betur sína möguleika. Það er þannig. Þetta hefur komið fram og þetta er hægt að skoða nánar ef menn vilja. En það getur vel verið að það sé vegna þess að aðstæður þarna eru svo einstakar, en þannig er þetta.

Nei, herra forseti. Við erum að tala um að það muni myndast verulegur arður af nýtingu fiskstofnanna. Við erum að tala um það ef stjórnun veiðanna er skynsamleg. Auðvitað eigum við að hafa hér skynsamlega stjórnun. Og við vitum að þessi arður er orðinn umtalsverður hvað svo sem menn vilja nú vorkenna sjávarútveginum og gera hann að ómaga enn á ný. Það er umtalsverður arður. Nú þegar sjáum við þennan arð. Hann birtist í þeirri sölu sem þegar á sér stað og kaupum á veiðiheimildum. Og hann fer vaxandi. Það sjáum við bæði á verðinu og eins á verði hlutabréfa í tilteknum sjávarútvegsfyrirtækjum, ekki síst þar sem þáttur útgerðar er sterkur.

Svo í lokin, herra forseti. Mér finnst það alveg skelfilegt þegar menn koma hér upp og reyna að gera sjávarútveginn aftur að þeirri grátkonuatvinnugrein sem hann eitt sinn var. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að sjávarútvegurinn stendur undir sjávarbyggðunum úti um landið. Þess vegna byggðust þær. Þannig hefur það verið. Þannig mun það verða áfram. Þær byggðir sem liggja vel við miðum og halda vel á sínum málum munu standa ef þeim tekst að halda fólkinu sínu. Það er hins vegar ekki víst. Og spurningin sem ræður því er ekki hvort við erum með sóknarmark eða aflamark og veiðileyfagjald mun ekki ráða því heldur. Þar eru allt aðrir hlutir að verki og það er beinlínis ómerkilegt að hengja það allt á stjórnkerfi fiskveiða, hvort fólk flytur frá sjávarbyggðunum eða ekki. Það er einfaldlega miklu flóknara mál en hægt sé að gera það.

Það er rétt að sjávarútvegurinn stendur undir stórum hluta af okkar útflutningstekjum en hann stendur ekki undir öllu og við skulum horfa á það þegar við erum að tala um sjávarútveginn að við erum annars vegar að tala um auðlind, við erum að tala um fiskimið sem eru einhver þau auðugustu í heimi, og hins vegar erum við að tala um þekkingu og það er blandan af þessu tvennu sem skiptir máli. Nú í dag eftir að sjávarútvegurinn hefur rétt úr kútnum, og það hefur hann gert og er orðinn alvöruatvinnugrein, er mun algengara að fólk með menntun og metnað sæki um vinnu innan sjávarútvegsins og vilji vera þar. Meðan við tölum og ef við tölum sjávarútveginn niður, þá eru meiri líkur til þess að þetta fólk hverfi aftur frá og þá verður þessi blanda af auðlind og þekkingu ekki sú sem hún á að vera.

[15:01]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá Þjóðhagsstofnun liggja fyrir mjög ítarlegar og mjög vel sundurliðaðar upplýsingar um stöðu íslensks sjávarútvegs. Engin ástæða er til þess að efast um þær. Þar kemur mjög skýrt fram að afkoman er mjög mismunandi. Gríðarlega mikil arðsemi og mikil framleiðni er núna í mjölvinnslu og afurðum uppsjávarfiska. Einnig eru miklir erfiðleikar alls staðar á bolfiskmörkuðunum, það eru miklir erfiðleikar í útgerð á bolfiski, það eru miklir erfiðleikar í vinnslu bæði í hraðfrystiiðnaðinum og saltinu. Það er fullkomlega út í hött, herra forseti, þótt skýrt sé frá því réttilega að þessi atvinnugrein, bolfiskveiðar og vinnsla, standi illa að segja að það sé sama og að tala einhverja atvinnugrein niður eins og einhver grátkona. Ef menn þora ekki að horfast í augu við það sem er að gerast og segja frá því hvort það sé gott eða vont til hvers eru menn þá að tala? Það er staðreynd að þorskveiðarnar hafa verið dregnar mjög saman. Þeir landshlutar, sem lifðu fyrst og fremst á þorski, þegar við veiddum eins og ég gat um áðan 370 þús. tonn af þorski að meðaltali í 70 ár, hafa mátt þola miklar búsifjar. Það hefur komið mjög niður á þeim byggðum. Það er ekkert verið að gráta eða væla yfir því. Það er verið að segja frá staðreyndum. Það er innlegg í málið. Það er atvinnugrein eins og bolfiskveiðar og vinnsla sem sannanlega er með taprekstri samkvæmt öllum upplýsingum, er með miklum taprekstri og í miklum erfiðleikum. Það er fullkomin ósvífni í garð allra þeirra sem lifa á þeim atvinnuvegi, það er fullkomin ósvífni (Forseti hringir.) í garð allra þeirra sem lifa í þeim byggðarlögum sem eiga afkomu sína undir honum að segja: Nýr skattur — það er bara betra.

[15:03]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er afkoman misjöfn. Auðvitað er hún misjöfn enda kom ekki fram í máli mínu, herra forseti, að afkoman væri ekki misjöfn. En mér finnst alltaf jafnmerkilegt þegar rætt er um veiðileyfagjald á Alþingi að menn tala um hvað bolfiskvinnslan eigi bágt. Þetta eru fastir liðir. Hv. þm. sem svo tala virðast ekki enn hafa áttað sig á því að bolfiskvinnslan í landinu fær ekki veiðileyfi og borgar þar af leiðandi ekki veiðileyfagjald en hún er alltaf notuð. Við erum að tala um útgerðina í landinu og við erum eðlilega líka að horfa á það á hvaða verði veiðiheimildirnar ganga kaupum og sölum. Það segir allt sem segja þarf í þessu máli. Það segir okkur bæði hversu mikill arður er til staðar og hvað menn eru tilbúnir til að borga. Það segir okkur líka nokkuð

um það hverjar væntingar manna eru gagnvart framtíðarhagnaði í greininni. Einfaldlega vegna þess að ef menn sæu ekki framtíðarhagnað þá væru menn ekki að fjárfesta í kvóta fyrir þær upphæðir sem þeir gera eða eru menn að halda því fram að útgerðarmenn geti ekki haft vit fyrir sér sjálfir með þetta? Verðið ræðst nefnilega á frjálsum markaði. Þannig er það í dag. Það er alveg rétt að ýmsir staðir hafa orðið illa úti vegna þess að þorskurinn hefur ekki verið jafnmikill á undanförnum árum eins og hann var áður fyrr. En sveiflur hafa alltaf verið í sjávarútvegi, alltaf, ævinlega, og staðir og fólk og fyrirtæki hafa allan tímann þurft að aðlaga sig. Það hefur sjávarútvegurinn þurft að gera frá öndverðu. Hann er enn að því og hefur staðið sig aðdáunarlega.

[15:05]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skildi ekki alveg þetta svar við andsvari. Ég skildi þó þáltill. þannig að verið væri að flytja tillögu um veiðileyfagjald og ég hef alltaf skilið veiðileyfagjald þannig að það væri gjald sem kæmi til og væri hugsað ef um arð væri að ræða í viðkomandi grein. Þannig væri stjórnun fiskveiðanna hugsuð í hagfræðinni að hún væri til þess að búa til umframfiskveiðiarð og hann ætti síðan að skattleggja. Þannig hef ég skilið þetta og þannig skildi ég þáltill. En ég fer nú að efast um, herra forseti, að sumir flutningsmenn hafi skilið þetta svona miðað við síðustu ræðu sem ég hlustaði á. Hvernig í veröldinni ætla menn að finna það út að í atvinnugrein þar sem stjórnunin hefur ekki náð neinni aukinni arðsemi geti veiðileyfagjald komið henni til góða? Ég bara biðst afsökunar, herra forseti, þetta er mér óskiljanlegt.

[15:07]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætlast ekki til þess að ég útskýri þetta fyrir honum eina ferðina enn í stuttu andsvari. Ég verð að biðja hann um að lesa tillöguna aftur og ég verð að biðja hann að lesa ræður okkar þingmanna jafnaðarmanna þegar þær verða útgefnar einfaldlega vegna þess að sú umræða sem hann hefur verið viðstaddur í dag virðist ekki nægja. En með veiðileyfagjaldi er eins og stendur í tillögutextanum, svo ég geri nú stutta tilraun, átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda. Það er átt við að menn greiði fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þetta er ekki svo flókið. Og einnig hitt, sem mér fannst nú vera hreinn útúrsnúningur, áðan talaði ég um að verðið á veiðiheimildum — verðið sem menn eru tilbúnir til að borga fyrir veiðiheimildir, sýni okkur m.a. þann arð sem þegar er orðinn í veiðunum. Það sýnir okkur líka þá hagnaðarvon sem menn sjá í því að fjárfesta í veiðiheimildum. Þetta eru ekki útúrsnúningar, hv. þm., þetta eru ekki útúrsnúningar, herra forseti, þetta er bara málið eins og það liggur fyrir og sá rökstuðningur sem er settur fram til þess m.a. að undirbyggja að þegar í dag væri hægt að leggja á veiðileyfagjald, ekki mjög hátt, en það væri hægt að byrja. Það er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum að því verði hrundið í framkvæmd hið fyrsta.

[15:08]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Umræðan um veiðileyfagjald er komin á fulla ferð aftur og í raun var mjög heppilegt að umræðan skyldi koma í kjölfarið á þeim mikla fundi sem var í gærkvöldi á vegum samtaka sem vilja verja þjóðareignina eins og sagt er og tryggja að hún verði áfram í höndum þjóðarinnar, hvernig sem á reyndar að skilja það.

Á þinginu á síðasta vetri stóð ég að því að reyna að tryggja að þjóðareignin, eins og ég hef hugsað hana, væri þannig skipuð í lögum að stjórnunarkerfið yrði þannig þjált í höndum löggjafans og framkvæmdarvaldsins að stýringar á kerfinu gætu breyst án þess að til verulegra átaka þyrfti að koma hér á þinginu eða við hagsmunaaðila. Það sem ég meina með þessu er að á síðasta þingi var til umræðu sérstakt mál sem var veðsetning aflaheimilda og var lögfest á síðasta þingi að heimila veðsetningar á aflaheimildum eða aflahlutdeild. Með þeirri lagasetningu hef ég talið að í raun sé illgerlegt að breyta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi nema á mjög löngum tíma.

Lítum á tillögur þeirra veiðileyfagjaldsmanna sem telja sig vera sérstaka fulltrúa þess hóps sem ég vitnaði í hér áðan og fundaði í gærkvöldi og vill fyrst og fremst vernda eignarréttinn. En hér er verið að tala um veiðileyfagjald, og flutningsmaður þáltill., hv. þm. Ágúst Einarsson, var einn af þeim, ef ég man rétt, sem undirrituðu sérstakt skjal í þessu efni og var fundarboðandi. Í fyrstu tillögu veiðileyfagjaldsmanna er lögð til sú aðferð að innheimta gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn sem þeir telja vera einföldustu leiðina í þessari framkvæmd. Þetta er gert í dag. Ef þetta er sú aðferð sem veiðileyfagjaldsmenn telja besta og einfaldasta þá get ég ekki séð annað en að þáltill. sé óþörf vegna þess að þessi aðferð er þegar notuð og þetta er þá kannski spurning um að hækka gjaldið frekar en að koma með einhverja þáltill. um það sem þegar er til.

Ég hef í rauninni samþykkt þá hugmyndafræði að sjávarútvegurinn sem slíkur ætti að standa undir rekstri af eftirliti, menntun og rannsóknum sem lúta að atvinnugreininni, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Sjómannaskólanum og einhverju slíku. Auðvitað eru það verulegar álögur en þegar í dag eru greiddar nokkur hundruð milljónir í bæði þróunarsjóðsgjald og til Fiskistofu. Samt þyrfti að greiða verulega hærra ef við ætluðum að standa undir þessu öllu saman. En mér finnst ekki óeðlilegt að slíkt veiðileyfagjald yrði greitt af sjávarútveginum og þá er ég ekki að velta því fyrir mér hvort arður greinarinnar sé svo mikill að hann geti staðið undir veiðileyfagjaldi heldur sé það nokkurs konar gjald fyrir að fá auðlindina til ráðstöfunar.

Ég lít því svo á að með tillögunni sé verið að samþykkja það sem bestu leiðina sem ríkisstjórnin hefur verið að útfæra og færir sig sífellt meira upp á skaftið með, meiri gjaldtöku með þessari einu aðferð. Þess vegna staðhæfi ég að fyrsta hugmynd flutningsmanna er þegar til og þess vegna er þáltill. óþörf.

Ef við lítum á aðra tillöguna þá „gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði". Ég velti fyrir mér hvernig það á að gerast. Ef þetta er selt á opinberu uppboði þýðir það í rauninni að við erum að leggja niður aflamarkskerfið. Aflamarkskerfið er bundið svo rækilega í lögum í dag að maður breytir því ekki eins og ég var að tala um áðan nema á að minnsta kosti 15–20 ára tímabili. Við þekkjum dæmi í dag þar sem verið er að selja útgerðarfélög eins og útgerðarfélag sem Íslenskir aðalverktakar áttu og er núna í höndum Landsbankans. Landsbankinn hefur auglýst þetta fyrirtæki sitt til sölu. Það er gert ráð fyrir því að fyrirtækið með skipum og aflaheimildum kosti um 1 milljarð. „Járnið" í þessum pakka, þessum milljarðspakka, er álitið kosta um 200 milljónir. Eftir standa þá 800 milljónir.

Eftir því sem ég best veit mun Landsbankinn vera tilbúinn til þess að lána þennan milljarð í svona 15–20 ár þeim sem kaupir og þeim sem þeir treysta til þess að geta staðið undir þessu, en það yrði að sjálfsögðu tekið veð í öllum milljarðinum. Lánið yrði með veði í milljarðinum. Milljarðurinn er þá sem sagt „járn" upp á 200 millj. og svo kvóti upp á 800 millj. þar fyrir utan. Ef við mundum leggja niður aflahlutdeildarkerfið, segja að nú bjóðum við út og hæstbjóðandi fær aflann og hann ráðstafar honum að vild, þá er veðið náttúrlega fallið. Og hver ætlar að bera skaðann af því? (**Gripið fram í:** Bankinn.) Ríkið. Ríkið mun bera ábyrgð á því vegna þess að það var ríkið sem heimilaði þetta. Alþingi heimilaði þetta og Alþingi og ríkissjóður bera ábyrgð á því. Það er engin spurning. Þetta kom mjög glögglega fram í umræðunum fyrir ári síðan og ég held að menn hljóti að átta sig á því að Landsbankinn sem á 800 millj. kr. veð í kvóta sem er heimilað samkvæmt lögum, tapar því ekki sisvona. (**KHG:** Er þingmanninum ekki ljóst að það er bannað að veðsetja kvóta?) Ég ætla að benda hv. þm. á að lesa lögin og átta sig á því hvernig þau muni virka. Og ég held að hv. þm. ætti einnig að kynna sér það hvernig þessi mál eru hugsuð í kerfinu.

Ég ætla ekki að fara frekar út í það hvað þriðja hugmyndin gengur út á en ég get ekki séð að hún gangi nokkurn tíma upp af sömu ástæðum.

[15:17]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór nokkrum orðum um leiðirnar sem við leggjum til. Hann nefndi fyrstu leiðina sem eins kom skýrt fram hjá mér að er sú einfaldasta eins og stendur í tillögunni og er framhald á þróunarsjóðsgjaldsleiðinni því að það er vísir að veiðileyfagjaldi með þróunarsjóðsgjaldinu. Þróunarsjóður er hins vegar annar hlutur þó að hægt sé að útfæra hann á þennan hátt. Hann hefur ákveðin verkefni, úreldingu aðallega og fjármögnun hafrannsóknaskips að hluta nú nýverið. Þetta gjald mun síðar falla niður. Þessi leið hefur þann kost að vera sú einfaldasta. Tillagan er ekkert óþarfi eða neitt þess háttar vegna þess að það er bent á kerfi sem þegar er til staðar. Ef menn færu þessa leið mundu þeir hækka þróunarsjóðsgjaldið verulega.

Ef valin er uppboðsaðferðin sem nefnd er þarna, ef allur kvóti yrði boðinn upp þá er búið að leggja niður aflamarkskerfið. Þá er búið að leggja niður kvótakerfið. Það er alveg hárrétt. Menn gætu farið þá leið ef menn kysu svo. Menn gætu líka boðið upp hluta af aflanum ef menn vildu það. Menn þurfa hins vegar að athuga að ef ríkið býður upp allar veiðiheimildirnar á frjálsum og opnum markaði þá tekur ríkisvaldið um leið allan fiskveiðiarðinn út úr greininni því að menn munu bjóða í veiðiheimildirnar eins mikið og væntanlegur hagnaður verður ef þetta yrði gert árlega. Menn verða að hugsa það alveg til enda og það er þess vegna m.a. sem við leggjum ekki til eina leið heldur höfum þetta form, þ.e. að við bendum á þessar þrjár leiðir sem eru einfaldastar, skýrastar og hafa kosti í för með sér, ekki hvað síst uppboðsleiðina af því að hún heimilar nýjum mönnum aðkomu að greininni sem er lokuð núna. Það hefur kosti. Það er hins vegar hægt að velta fyrir sér ... (**Gripið fram í:** Hvernig varð Samherji til?) Samherji varð til áður en greinin lokaðist vegna þess að þeir fengu kvóta úthlutað, keyptu sér viðbótarkvóta og hafa síðan bætt við sínar veiðiheimildir.

Við höfum bent á þá leið að bjóða upp norsk-íslenska síldarstofninn. Það er tiltölulega einföld aðferð. Það er þess vegna, herra forseti, sem við í þessari útfærslu viljum gjarnan að fleiri menn komi að útfærslunni eins og við leggjum til.

[15:19]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði svo sem ekki mikið um það hvort þetta kerfi væri í raun komið og tillagan því óþörf. Ég lít svo á að tillagan sé óþörf og veiðileyfagjald hafi í raun verið lagt á í dag og þess vegna sé það hálfgerð sýndarmennska að vera með þessa tillögu. Hingað til hafa hugmyndir þeirra veiðileyfisgjaldsmanna beinst að uppboðsleiðinni og maður veltir því fyrir sér þegar uppboðsleiðin er útfærð að allur afli landsmanna fer á markað og einhver hópur manna kemur og vill bjóða í. Hvaða hópur verður það sem býður í aflaheimildirnar þegar þær koma á uppboðsmarkaðinn? Það eru náttúrlega þeir sem hafa hagsmuni. Það eru þeir sem eiga peninga og þeir sem geta boðið best fá væntanlega allar aflaheimildirnar í sínar hendur. Og hverjir verða það, ef maður hugsar sér það. Hverjir munu það verða? Hverjir eru að bítast t.d. um útgerðarfyrirtæki landsmanna og hafa verið að gera það á undanförnum árum? Það eru náttúrlega sölusamtökin, sölusamtök SH og ÍS og hvað þau heita. Þau eru öll að reyna að tryggja sig inni í stærstu útgerðarfélögum landsins til þess að hafa möguleika á því að selja afurðir á sínum stöðum. Bankar gætu hugsanlega keypt, lífeyrissjóðir eða einhverjir allt aðrir og hvar væri þetta þá? Þetta væri þá væntanlega í þeirra eigu eða þeirra umsjá og þeir mundu síðan úthluta því til einhverra skipa sem væru þeim þóknanleg til að veiða þann afla sem þeir hefðu fengið úthlutað. Ég er ekki alveg búinn að sjá að þetta gangi upp þegar við ætlum að fara að skipuleggja síðan byggðastefnu, við ætlum að skipuleggja vinnu þar sem búið er að byggja upp stór og dýr hús til þess að vinna svona afurðir. Ég held að menn sjái fyrir sér alveg gríðarlegan glundroða ef við þyrftum að fara út í svona uppboðsleið.

Og hugmyndin um að dreifa þessu á alla landsmenn. Auðvitað er voðalega gott að hafa það á tilfinningunni að maður eigi von á einhverjum peningum í pósti þar sem kvótanum er bara dreift til landsmanna. En það hlýtur að skapa algjöran glundroða.

[15:22]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það fólkið í landinu sem á þessa auðlind. Með veiðileyfagjaldi er verið að tryggja að hluti af arðinum við nýtingu auðlindarinnar renni beint til fólksins.

Ég fagna því þegar þingmaðurinn segist vilja leggja það á sjávarútveginn að hann eigi að standa undir kostnaði við sjálfan sig en ekki ríkið. Það eru einir 3 milljarðar. Við höfum að vísu ekki lagt til 3 milljarða. Við höfum lagt til 2 milljarða. Veiðileyfagjaldshugmyndafræðin nær hins vegar lengra. Þegar fiskveiðiarðurinn mun aukast í sjávarútvegi og það bendir allt til að svo muni verða, þá verði tekinn áfram hluti af þessum arði út úr greininni. Það verða tveir milljarðar í fyrstu. Síðan verða það þrír, fjórir, fimm eða sex. Þeir geta orðið býsna margir en samt verið góður hagnaður eftir í greininni. Þetta hef ég bent á í minni framsöguræðu. Þetta eru nákvæmlega sams konar aðferð og Norðmenn notuðu við sína auðlindagjaldtöku við olíu. Þessi hugmyndafræði byggir á því að það sé arður í greininni og stýrikerfi verði til staðar sem myndar þennan arð og við sjáum núna að það er arðsemi í greininni. Þess vegna ganga veiðiheimildir kaupum

og sölum á tiltölulega háu verði og þess vegna eru hlutabréf tiltölulega hátt skráð. Það er alveg rétt hjá þingmanninum að það að bjóða allt upp mun kosta ýmiss konar röskun. Ég er alveg sammála þingmanninum um að það þarf að hugsa mjög vandlega í hvaða formi það verður útfært og kannski á það að gerast í áföngum.

Aðalatriðið í þessari umræðu er að viðurkenna hvort menn eru sammála því pólitískt að ókeypis úthlutun verðmæta eins og stunduð er núna geti ekki átt sér stað og eigi ekki að eiga sér stað. Það er síðan hægur vandi að útfæra álagningarleiðina með þessum einum, tveimur eða þremur aðferðum eða fyrstu tveimur, segjum svo, og gera það skynsamlega þannig að ekki verði kollsteypa í efnahagskerfinu. Þetta er fyrst og fremst pólitísk spurning.

[15:24]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg þá ályktun eftir þessi orðaskipti okkar hv. þm. Ágústs Einarssonar að við séum í rauninni nokkuð sammála um að sú auðlindastýring sem viðhöfð er í dag, þ.e. að leggja á svokallað þróunarsjóðsgjald og gjald á aflaheimildir eða þorskígildistonn, sé í raun það sem fullnægi þeirri kröfu að greinin borgi fyrir þennan aðgang, að það sé aðferðin. Það er í rauninni taktíkin sem við höfum viðhaft og það er sú taktík sem við eigum að þróa betur. (**Gripið fram í:** Fyrsta skrefið.) Fyrsta skrefið hefur þegar verið stigið. (**Gripið fram í:** Ekki fet.) Mér finnst menn gleyma því í þessari umræðu. Það er alltaf verið að tala um þetta eins og það hafi aldrei verið lagt neitt á sjávarútveginn á síðustu árum, ekki einn einasti skattur, að hann hafi verið skattlaus alla tíð. Auðvitað er það hrikalegur misskilningur og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði áðan að útgerðin borgaði helst aldrei nokkurn skapaðann hlut til sveitarfélaga eða einna né neinna. Auðvitað er þetta kolrangt. Útgerðin byrjar náttúrlega á því að borga aflagjald til hafnanna sem hefur verið 0,75 eða 0,8 og upp í 1% af aflaverðmæti. Hún borgar til sveitarfélaga og ríkis alls konar gjöld af launum og öðru slíku. Útgerðin og fiskvinnslan hafa greitt verulega mikla skatta. En því miður verður að segjast að sumar greinar innan sjávarútvegsins hafa staðið illa og það virðist ekki ætla að verða mikil bót á því, a.m.k. sér maður ekki að botnfiskvinnslan ætti að standa undir miklum auknum gjöldum á næstu árum.

[15:26]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú mikilvægt í heitri umræðu sem þessari að menn fari með rétt mál í ræðum sínum og alveg sérstaklega mikilvægt að menn fari ekki vísvitandi með rangt mál. Því miður gerði hv. þm. Kristján Pálsson sig sekan um það síðarnefnda áðan þegar hann ítrekað hélt því fram í sinni ræðu að á síðasta þingi hefðu verið samþykkt sérstök lög sem heimiluðu veðsetningu aflahlutdeildar. Það sagði hann ekki bara einu sinni og ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum. Ég vil því leiðrétta þetta og bera þetta til baka, benda þingmanninum á að lesa þau lög sem voru samþykkt, þar sem það stendur í þeim skýrum stöfum að það sé bannað veðsetja aflahlutdeild. Og það er í fyrsta skipti síðan tekin var upp stjórn fiskveiða með núverandi kerfi árið 1984 sem fer í lög bann við því að veðsetja aflahlutdeild, fyrsta skipti. Það tók 12 ár að fá menn til að samþykkja það að banna að veðsetja aflahlutdeildina og það er sem betur fer búið að gera það núna.

Mér er hins vegar ljóst að hv. þm. Kristján Pálsson var á móti því að setja bannið og greiddi atkvæði á móti því en hann verður að eiga það við sig.

[15:28]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst sorglegt að heyra í skynsömum mönnum eins og Kristni Gunnarssyni vera að ásaka menn um vísvitandi lygar eða að fara rangt með. Ég ætla að biðja hv. þm. um að lesa þessa grein til enda og skilja hana. Að vísu er það rétt að það stendur í henni að bannað sé að veðsetja aflaheimildir en það stendur ekki að það sé ekki leyfilegt að veðsetja aflaheimildir með skipi og um það stóð stríðið, þ.e. að það er leyfilegt að veðsetja aflaheimildir með fjárverðmæti og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að hrista hausinn yfir því. Þú ættir bara að koma hingað með lögin og lesa þau. Ég kann ekki við að það sé verið að halda því fram í ræðustól á Alþingi að þingmenn fari með rangt mál, ekki einu sinni heldur þrisvar.

Ég get alveg sagt það sama um hv. þm. að hann hafi vísvitandi verið að reyna að fara hér með rangt mál eða bera upp á mig einhverjar lygar, sem er fjarri öllu lagi. Á bak við minn rökstuðning fyrir þessu máli hafði ég álit hæstaréttarlögmanna, lagaprófessors og fleiri aðila sem höfðu kafað ofan í þetta mál. Ég held að hv. þm. ætti einnig að kynna sér t.d. sölu á útgerðarfyrirtækjum sem eru að seljast á háu verði þar sem „járnið" í pakkanum er ekki nema brot af heildinni. Veðsetningin á öllu heila galleríinu gengur síðan yfir og það er náttúrlega kvótinn sjálfur sem skiptir þar öllu máli en „járnið" í pakkanum skiptir sáralitlu eða engu máli. Og að segja svo um leið að veðsetning á aflaheimildum hafi verið bönnuð. Það er svo ótrúlega barnalegt að halda þessu fram að ég trúi því varla að hv. þm. Kristinn Gunnarsson sé enn við þetta heygarðshornið. (**Gripið fram í:** Heyr!)

[15:30]

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Forseti vill vegna þess að það henti hv. þm. að segja „þú" enn og aftur, lesa 54. gr. þingskapa þar sem segir m.a.:

„Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni."

[15:30]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson staðfesti í andsvari sínu að ég fór rétt með í þessum efnum. Hann viðurkenndi að hann hefði farið rangt með. Hann viðurkenndi að í íslenskum lögum stæði að bannað væri að veðsetja aflahlutdeild. Fleiri orð þarf ekki að hafa um málið. Það er þannig. Síðasta vor var gerð sú breyting að taka fyrir möguleika manna til að veðsetja aflahlutdeild.

Hins vegar er ljóst að hv. þm. Kristján Pálsson var á móti því að þrengja stöðu útgerðarmanna svo að þeir gætu ekki veðsett aflahlutdeild. Hann vildi leyfa þeim að hafa það svigrúm að veðsetja að vild aflahlutdeild í sjávarútvegi en hann varð undir í því máli og hann verður að una því og fara með rétt mál. Bannað er að veðsetja aflahlutdeild í dag, bæði með skipi eða án skips, það er einfaldlega bannað.

[15:31]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og að halda því fram að vatnið renni upp í móti að halda áfram orðræðu við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Hann virðist ekki geta skilið það sem ég sagði. Ég sagði að samkvæmt þessum lögum hefði verið heimilt að veðsetja aflaheimildir með skipi. Það er þannig. En að sjálfsögðu er bannað að veðsetja aflaheimildir einar og sér. Það hefur heldur aldrei verið leyfilegt, það hefur aldrei verið gert því að aflahlutdeild, kvóti, hefur alla tíð þurft að fylgja skipi. Enginn hefur getað fengið úthlutað afla öðruvísi en að eiga útgerð. Þess vegna var þessi möguleiki aldrei til staðar.

Ég skil samt ágætlega að hv. þm. vilja hanga á þessu eina ákvæði, hæstv. forseti, því að hann er í slæmum málum með afgreiðslu sína frá síðasta þingi að hafa samþykkt að veðsetja aflaheimildir eins og raun ber vitni. Allir fjármálamenn, sem talað er við í dag, eru sammála um að þessi eina aðgerð hafi gert þeim kleift að koma öllum veðsetningarmálum sínum í lag gagnvart útgerðinni. Ég ráðlegg hv. þm., herra forseti, að lesa aftur lögin og fara yfir þau með lögmönnum og hæstaréttarlögmönnum ásamt lagaprófessorum sem kynntu sér þetta.

[15:34]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn eru mjög áminntir um sannsögli og deila um það hvað Alþingi hafi gert, hvort það hafi heimilað veðsetningu veiðiheimilda eða kannski komið í veg fyrir þær. Ég verð að segja það, áminntur um sannsögli, að það er alveg nákvæmlega rétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að Alþingi hefur ekki komið í veg fyrir veðsetningu veiðiheimilda. Þær eru veðsettar og það var fyrst og fremst aðgerð í þágu bankakerfisins en það er óumdeilanlegt að veiðiheimildir eru veðsettar.

Þá kem ég hér, virðulegi forseti, áminntur um sannsögli, til þess að ræða um skatta sjávarútvegsfyrirtækja. Ég geri mun á sköttum og þjónustugjöldum og það er alveg rétt að sjávarútvegsfyrirtæki greiða einhver þjónustugjöld til hafna. Þá rifjast upp fyrir mér hversu mjög sveitarstjórnarmenn, sem eru svo hamingjusamir að hafa ekki sjávarútveg í byggðarlögum sínum, guma af því hvað þeir telja það mikinn kost í Garðabænum og á Seltjarnarnesinu að þurfa ekki að bera þann kross. Ég tók eftir því að hv. þm. sagði: Ég er eiginlega sammála ykkur flm. tillögunnar um að lágmarkskrafa væri að sjávarútvegurinn greiddi þjónustugjöld fyrir útlagðan kostnað almennings í landinu í þágu sjávarútvegsins. Sú upphæð er a.m.k. 3 milljarðar og í rauninni er það svo ef teknar eru með í reikninginn niðurgreiðslur á launum í sjávarútvegi að upphæðin er mun hærri þannig að hv. þm. er þá raunverulega að leggja til þjónustugjald af sjávarútvegi fyrir hærri upphæð en við flutningsmenn tillögunnar leggjum til sem fyrsta skref.

Annað. Borgar sjávarútvegurinn skatta? Ég sagði því sem næst enga. Ég minni á, sjávarútvegurinn er burðarás í atvinnulífi Íslendinga. Hann er 20–25% af samanlagðri þjóðarframleiðslu Íslendinga. Hann leggur til 75% af vöruútflutningi Íslendinga. Hvað borga öflugustu hlutafélögin í sjávarútvegi í skatta á Íslandi, hv. þm.? Það er nánast eins og ég sagði ekki neitt vegna þess að það eru málamyndaskattar þannig að rökin fyrir því að fyrirtækin skili arðinum til almennings í gegnum skattkerfið eru því miður ekki rétt.

[15:36]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað má deila um hvað eru þjónustugjöld og hvað eru skattar og ég get alveg fallist á það með hv. þm. Þetta hafa aftur á móti verið talin gjöld til hafna eins og aflagjöld og gjöld sem snerta skip.

Varðandi þjónustugjald fyrir afnot af auðlindinni þá sagði ég og hef reyndar margsagt það í þinginu að mér finnist eðlilegt að útvegurinn greiði eitthvert gjald til þess að standa undir þeirri þjónustu sem er í kringum hann samfara eftirliti í menntun og rannsóknum. Ég var ekki að segja að ég vildi láta greinina greiða eitthvað miklu hærra en gert er í dag en mér finnst allt í lagi að skoða framhald á því að þau gjöld hækki smám saman. Auðvitað þarf að fara eitthvað eftir getu greinarinnar og ég hygg að flestallir sem fjalla um þetta hér kæri sig ekki um nein gjöld sem kollsigla þessari grein.

Ef við lítum á skattana þekki ég aftur á móti persónulega nokkur fyrirtæki í sjávarútvegi sem hafa greitt mikla skatta í áraraðir og áratugi þó ég upplýsi ekki nákvæmlega þær tölur en sem betur fer eru til mörg slík fyrirtæki í sjávarútvegi, fyrirtæki sem hafa greitt tekjuskatta ef við erum bara að tala um þá.

[15:38]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Dropinn holar steininn, málið þokast hægt og hljótt. Á sínum tíma var miklum erfiðleikum bundið að fá samstarfsaðila okkar í fyrri ríkisstjórn, sjálfstæðismenn, til þess að fallast á þróunarsjóðsgjaldið. Það tókst eftir harðvítugar deilur og það var hænufet í áttina.

Í þessum umræðum hefur það gerst að hv. þm. Kristján Pálsson segir: Ég er sammála flutningsmönnum tillögunnar um að ég tel eðlilegt að sjávarútvegurinn greiði fyrir aðgang að auðlindinni, einkaaðganginn, a.m.k. sem svarar útlögðum kostnaði þjóðfélagsins og það er umtalsverð upphæð þannig að þetta er allt í áttina.

Hinn talsmaður Sjálfstfl., að vísu úr minnihlutahópi þingflokks Sjálfstfl., sóknarmarksmaðurinn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir: Ég er tilbúinn að taka undir með ykkur um að gera nú tilraun með veiðileyfagjald, þ.e. að því er varðar norsk-íslenska síldarstofninn. Það eru sérstök rök fyrir þessu. Við skulum gera þá tilraun.

Bara í þessum umræðum sem hafa nú staðið í nokkra klukkutíma hefur málið þokast nokkuð í rétta átt.

*Síðan vil ég, virðulegi forseti, nota tækifærið til þess* að vekja athygli á því til viðbótar því sem áður hefur komið fram í sambandi við skatta, að í umræðum um fjárlög kom á daginn, það var hv. þm. Ágúst Einarsson sem benti á það, að í OECD-samanburði um skattbyrði fyrirtækja, að fyrirtæki á Íslandi nú skila til ríkissjóðs tekjum sem eru um helmingur af því sem er meðaltalið af framlagi fyrirtækja í fyrirtækjasköttum í löndunum í kringum okkur. Raunverulega er svo komið að á kreppuárunum léttum við mjög sköttum af fyrirtækjum til þess að verja atvinnustigið. Nú er hins vegar góðæri og nú njóta fyrirtækin þess svo verulega, og ég er ekki bara að tala um sjávarútveginn, að þau eru hálfdrættingar á við fyrirtæki í löndunum í kringum okkur að meðaltali. Þetta er líka innlegg í umræðuna vegna þess að aldrei hefur staðið til af okkar hálfu að skattar séu eitthvað óumbreytanlegt, hvort heldur er hallæri eða góðæri. Þetta eru viðbótarrök í málinu, virðulegi forseti.

[15:40]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Dropinn holar steininn, segir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Ég ætla svo sem ekki að fara í neina sérstaka umræðu um hverjir það voru sem komu þróunarsjóðsgjaldinu á eða komu á gjaldi fyrir eftirlitið. Það voru tvær síðustu ríkisstjórnir sem gerðu það. Hvort það voru tillögur sjálfstæðismanna eða alþýðuflokksmanna get ég látið liggja á milli hluta. Ég ítreka að þessar tillögur hafa verið í gangi í mörg ár og í tillögunni er ekkert nýtt um það sérstaka mál sem ég er að lýsa stuðningi við. Það er sú stefna sem ríkisstjórnin hefur framfylgt á undanförnum árum. Þess vegna sagði ég í umræðunni í upphafi að ef þetta væri sú tillaga sem flutningsmönnum litist best á og væri sennilega farsælasta leiðin þá er hún þegar í framkvæmd. Tillöguflutningur hv. þm. er þess vegna óþarfur.

Þá er eftir spurningin: Hvað á að hafa gjaldið hátt? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað og ég er ekki tilbúinn til þess að segja að sjávarútvegurinn geti borgað miklu meira í dag en auðvitað er það mjög mismunandi eftir greinum og uppsjávargreinarnar standa verulega vel í dag sem betur fer.

[15:42]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Umræðurnar áðan um veð eða ekki veð á aflaheimildum sýna glöggt á hvaða stigi umræðan er í þinginu. Hvað á þjóðin að halda sem hlustar á umræðurnar ef þingmenn skilja ekki einum skilningi þá löggjöf sem þeir setja, hvernig eiga þeir sem sitja heima og hafa ekki þau gögn sem við höfum þó við höndina að geta áttað sig á um hvað málið snýst? Satt best að segja er mjög sorglegt að það þurfi að koma til úrskurðir dómstóla við hvert einasta atriði til þess að fá á hreint hvað löggjafinn er að gera í málinu. En það er ekki ætlun mín að ræða meira um veðsetningu á aflaheimildum og ég ætla einnig að sleppa því að ræða um aðferðir útgerðarmanna til þess að reyna að fæla fólk frá hugmyndinni um veiðileyfagjald. Ég vil því enn og aftur nefna skýrslu sjútvrn. frá því í vor og ráðstefnu sem var haldin um hana norður á Akureyri en það er alveg ljóst og skyldi engan undra að útgerðarmenn reyna allt til þess að halda forréttindum sínum. Öll umræðan undanfarin ár hefur gengið út á það hvernig þeir geta haldið forréttindum sínum undir því yfirskyni að verið sé að vernda auðlindir.

Mig langar aðeins að snúa upp öðrum fleti á málinu. Ég er einmitt nýkomin af ráðstefnu þar sem fjallað var um hvernig auðlindir eru metnar og hvernig er hægt að meta náttúruauðlindir og ýmislegt í þeim dúr. Ég nefni eina auðlind, vatn á Kanaríeyjum. Það er takmörkuð auðlind, og umræðan um hana er núna að fara í nákvæmlega sama farveg og umræðan um sjávarútveginn hér, þ.e. hún er að komast í hendur örfárra aðila sem stórgræða á málinu. En þetta er auðlind sem allir þurfa að nota og þetta er eyja sem á ekki aðra kosti en þá að flytja inn vatn. Ég vil í þessu sambandi ítreka að við Íslendingar horfum út fyrir naflann á okkur, og hleypum fleiri aðilum inn í umræðuna en þeim sem beinustu hagsmuni hafa þannig að víðsýni ráði þeim breytingum sem hér verða gerðar.

Þess vegna er ég ekki sammála hv. þm. Svavari Gestssyni sem sagði hér áðan að það væri ljóður á þessu máli að það er þingsályktunartillaga en ekki lagafrv. vegna þess að ég tel að það þurfi að skoða málið mjög gaumgæfilega í nefnd áður en til lagafrv. kemur. Ég hef haft tilhneigingu til þess að vilja ekki líta á þetta mál sem einangrað frá fiskveiðistjórninni þó að vissulega sé hægt að gera það. Ég vil þess vegna spyrja þingflokk jafnaðarmanna eða flutningsmann tillögunnar hvort það sé réttur skilningur að þingflokkur jafnaðarmanna sé ánægður með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi ef veiðileyfagjald verður sett á. Ekki fannst mér heldur koma alveg skýrt fram í þeim umræðum sem ég hef heyrt hvort þingflokkur jafnaðarmanna sé sammála um einhverja eina útfærsluleið á veiðileyfagjaldinu sem kemur fram á þskj. 5.

Ég vil ítreka að ég er alveg sammála þingflokki jafnaðarmanna að einfaldasta leiðin til þess að gera einhvers konar réttlætisleiðréttingu á kerfinu er að koma á veiðileyfagjaldi. En jafnframt finnst mér ófullnægjandi að vita ekki framhaldið, hvað svo? Hvað á t.d. að gera við fiskveiðiþorpin sem missa allar veiðiheimildir sínar ef allur aflakvóti verður boðinn upp? Þess vegna er mjög ófullnægjandi að ræða þetta bara sem eina tillögu og einangraða. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða þetta kerfi í heild sinni. Þetta er ekki bara spurning um veiðileyfagjald/ekki veiðileyfagjald. Það þurfi að gera á skrifborðinu fyrst eða á sem víðtækastan hátt þannig að það sé ekki verið að breyta kerfinu og gera tilraunir með fólk og heil byggðarlög þannig að allir líði fyrir einhver hugsanleg mistök.

En það sem mér finnst mjög athyglisvert í þessari umræðu er að hún er allt of mikið bara á milli stjórnarandstöðuflokkanna, því miður. Ég hefði gjarnan viljað sjá mun fleiri fulltrúa frá Sjálfstfl. og einhverja frá Framsfl. tala hér. En það sem kemur mér ávallt mjög mikið á óvart er afstaða alþýðubandalagsmanna til þessa máls. Ég skil alls ekki hvers vegna þingflokkur Alþb. getur sætt sig við að helsta auðlind þjóðarinnar sé látin ókeypis í hendur örfárra aðila, útgerðaraðila. Ég hef hlustað á röksemdafærslu formanns sjútvn., m.a. á áður nefndri ráðstefnu sjútvrh. og hlustað á hans rök, að þetta sé auðvitað mjög flókið mál, en ég get alls ekki séð hvers vegna þingflokkur alþýðubandalagsmanna telur það ekki skref í réttlætisátt að fleiri heldur en nokkrir útgerðarmenn fái að njóta afrakstursins af auðlindinni. Því miður leyfa þingsköp ekki að ég beini hér fyrirspurn til alþýðubandalagsmanna svo að hugsanlega fara þeir í andsvar við mig og þá getum við rætt þetta nánar.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, ítreka það sem ég sagði áðan í fyrri ræðu minni að um þessi mál hafa verið stofnuð almenningssamtök sem ég bind miklar vonir við að verði til að umræðan hér á Alþingi breytist, ekki síst í stjórnarflokkunum. Að þingmenn fari að hlusta betur á hvað fólkið í landinu vill gera í þessum málum. Og ég er sammála ágætri grein í Morgunblaðinu í dag þar sem segir einmitt að fiskveiðistjórnin sé brýnasta óleysta pólitíska viðfangsefnið sem blasir við stjórnmálum á Íslandi um þessar mundir. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé vandamálið. Ég veit að þingflokki jafnaðarmanna finnst óeðlilegt að blanda umræðunni um veiðileyfagjald við fiskveiðistjórnina, og ég sé alveg möguleikana að ræða það aðskilið, en það er samt sem áður óæskilegt að mörgu leyti nema þá sé búið að sjá algjörlega fyrir hvað gerist næst.

[15:50]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirspurn var beint til okkar alþýðubandalagsmanna og ég ætla að reyna eftir föngum að svara henni fyrir mitt leyti, aðrir verða að svara fyrir sig í þeim efnum. En ég hef með tillöguflutningi hér á þingi, bæði á síðasta

þingi og nú í haust, lagt fram frumvörp sem snerta stjórn fiskveiða. Þau lýsa því að ég er þeirrar skoðunar að það sé fjarri því að um sé að ræða fullkomið kerfi sem við búum við. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar að þar séu miklir vankantar á.

Ég hef í þessum frumvörpum leitast við að finna í hverju vandinn er fólginn og koma fram með tillögur til úrbóta á þeim sviðum.

Síðan langar mig til þess að varpa fyrirspurn til þingmannsins sem undrast það af hverju við alþýðubandalagsmenn sættum okkur við að aflaheimildirnar færðust á færri hendur eða á hendur örfárra eins og þingmaðurinn orðaði það. (**Gripið fram í:** Ókeypis.) Það er nú ekki rétt að það sé ókeypis. Það er búið að draga það fram í þrjú ár. Ég kalla það mikil firn ef menn eru ekki búnir að læra það enn þá að það er ekkert ókeypis í úthlutun veiðiheimilda hér á Íslandi. En ég spyr þingmanninn: Verða það sjálfkrafa fleiri hendur sem ráða veiðiheimildunum við það eitt að leggja á veiðileyfagjald? Það hef ég ekki séð. Ég hef ekki séð að það breyti ráðstöfunum núverandi veiðiheimilda að leggja bara á veiðileyfagjald. (**Gripið fram í:** Þeim hefur fækkað.) Þeir verða jafnfáir eða jafnmargir og þeir eru í dag við þá breytingu. En ég spyr þingmanninn þá á móti: Hvað telur þingmaðurinn að veiðiheimildirnar eigi að skiptast mikið? Ef þeir sem hafa veiðiheimildir í dag eru of fáir, sem eru 2.000 eða eitthvað slíkt, hvað telur þingmaðurinn þá að þeir þurfi að vera margir til að það sé ásættanleg dreifing?

[15:53]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Talan er ekki heilög í mínum huga heldur það hvernig fiskveiðiarðurinn skiptist. Því miður er ég smám saman að komast að þeirri niðurstöðu að það sé jafnvel betra fyrir íslensku þjóðina sem á auðlindina að jafnvel útlendingum sé leigð þessi auðlind frá ári til árs heldur en að nokkrir útgerðarmenn, nokkur stór fyrirtæki, séu með auðlindina og sitji á Spáni og njóti arðsins, börnin erfi auðlindina og konurnar fái hana þegar þau skilja o.s.frv. Ég held að þjóðin sé betur sett ef hún fær afraksturinn og þá skiptir ekki máli nákvæmlega hver hefur afnotaréttinn heldur þarf að sjá fyrir hverjar afleiðingarnar verða þannig að það fólk sem þá hugsanlega missir atvinnu sína fái annað lífsviðurværi og að við höfum leiðir til þess að fjármagna menntakerfið og velferðarkerfið, það sé tryggt að það sé þjóðin sem fær að njóta afrakstursins. Fjöldi þeirra sem hefur afnotarétt á fiskveiðiheimildum er í raun og veru aukaatriði, en það er ekki aukaatriði ef það eru nokkrir aðilar sem sitja einir að arðinum. Það er það sem er grundvallarvandamálið núna.

[15:54]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru mjög merkilegar yfirlýsingar sem hér komu fram. (**Gripið fram í:** Söguleg stund.) Söguleg stund. Fyrst er sagt: Veiðiheimildirnar eru á höndum of fárra. Þá er spurt: Hvað þarf að dreifa þeim mikið? Þá segir ræðumaður: Það er ekkert aðalatriði að þeim sé dreift á fleiri hendur. Það þurfa bara að vera einhverjir útlendingar. Þá er þetta kannski allt í lagi ef við leyfum útlendingum að eiga hlut í þessum. (**Gripið fram í:** Einum.) Jafnvel einum, jafnvel einum. Þá er allt í lagi með þetta fólk úti á landi. Það getur bara fengið sér eitthvað annað að gera. Hvers konar málflutningur er þetta, herra forseti?

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir verður að svara heiðarlega þeim spurningum sem fyrir hana eru lagðar, að öðrum kosti að draga til baka forsendur sínar fyrir gagnrýni eða stuðning við veiðileyfagjald. Vill hún kannski taka upp vitlausu tillöguna frá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni sem segir í þáltill. að ein af þremur tillögum sem honum finnist koma til greina að ráðstafa sameign þjóðarinnar sé að gera hana að séreign hvers einstaks manns með því að dreifa til hvers og eins einstaklings eignarhlutdeild? Svo eiga menn að versla af miklum móð. 260 þúsund Íslendingar eiga að hefja verslun með fiskveiðiheimildir að ráði hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það heitir sameign þjóðarinnar eða hvað, hv. þm.?

[15:56]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er algjör útúrsnúningur hjá þingmanninum. Ég sagði einmitt að það þarf að vera ljóst hvað fólkið sem nú vinnur við sjávarútveg á að vinna við áður en svona ákvarðanir eru teknar. Ég sé fyrir mér Vestfirði sem paradís t.d. í ferðaþjónustu. Mjög margir Íslendingar vilja alls ekki vinna í fiski og ég hugsa að mjög margir Vestfirðingar yrðu fegnir ef það byðust þarna önnur atvinnutækifæri. Ef hér streymdu inn peningar sem greiðsla fyrir kvótann til þess að byggja upp atvinnustarfsemi út um allt land, þá er ég viss um að Vestfirðingar yrðu manna fegnastir yfir fjölbreyttara atvinnulífi. Þess vegna er það algjör útúrsnúningur að ég sé að segja að mér sé sama um fólkið í landinu. Það er algjör útúrsnúningur. Ég sagði að við yrðum að sjá fyrir hvað gerist næst og þess vegna er ég hugsanlega sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að ég tel erfitt að ræða þetta mál, veiðileyfagjald, algjörlega einangrað.

[15:57]

**Flm. (Ágúst Einarsson)**:

Herra forseti. Við jafnaðarmenn höfum dregið mjög skýrt fram hér í umræðunni að þingheimur standi frammi fyrir pólitískri ákvörðun. Vilja menn úthluta veiðiheimildum ókeypis eins og verið hefur eða vilja menn taka gjald fyrir þær? Það má segja að ýmsir hér inni hafi svarað þessari spurningu. Ýmsir hafa ekki gert það. Aðrir hafa komið svari sínu á framfæri með því að taka ekki þátt í umræðunni.

Það er mjög athyglisvert að enginn ráðherra í ríkisstjórninni sér ástæðu til að ræða þetta mál, koma með sína skoðun á því. Það hefur enginn frá Framsfl., hvorki ráðherra né þingmaður, talað í þessari umræðu. Það eru líka skilaboð, herra forseti.

Það er vitað að ríkisstjórnarflokkarnir eru andvígir þessari hugmyndafræði. Þeir vilja að veiðiheimildum sé úthlutað ókeypis eins og verið hefur. Það var reynt að taka þetta mál til umræðu á landsfundi Sjálfstfl. fyrir rúmu ári síðan og það var barið niður af þvílíkri hörku af hæstv. forsrh. að nær enginn í Sjálfstfl. þorði í þá umræðu. Ég held að það hafi verið mjög óhugguleg niðurstaða, ekki það að Sjálfstfl. hafi ekki fullt leyfi til að vera á móti veiðileyfagjaldi, guð minn almáttugur, heldur hvernig umræðan var barin niður af forustusveit Sjálfstfl.

Enn og aftur upplifum við það hér í þingsölum. Forustumenn Sjálfstfl. koma ekki til umræðu, ekki ráðherrarnir. Hér hafa einungis tveir talað af hálfu sjálfstæðismanna (**EOK:** Þrír. Ekki gleyma mér.) Þrír. Nei, ég var með Pétur Blöndal og Einar Odd. Kristján Pálsson, fyrirgefið, hann er ekki í salnum, ég biðst afsökunar. Þannig að það má kannski ekki mikið kvarta yfir því. Sjálfstfl. hefur þó verið í umræðunni

og verið málefnalega til staðar. Stutt sumt og gagnrýnt annað og fært fram rök.

Umræðan hefur að langmestu leyti verið málefnaleg. Þeim mun einkennilegra er að framsóknarmenn hafa ekkert tekið þátt í umræðunni. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur fylgst grannt með umræðunni, hefur þekkingu á málunum og hefur oft tekið þátt í umræðu um þetta og önnur mál. Hvorki hann né aðrir framsóknarmenn hafa séð ástæðu til að tjá sig. Það er svolítið einkennilegt vegna þess að hæstv. utanrrh. gaf nokkuð í skyn fyrir nokkuð löngu. En greinilegt er að ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki að breyta um stefnu. Hins vegar koma þeir ekki í andstöðu við þessa hugmyndafræði eins og þeir gerðu í fyrra. Þeir eru nefnilega ekki skyni skroppnir, hvorki sjálfstæðismenn né framsóknarmenn. Þeir skynja þann þunga og þá undiröldu sem er í þjóðfélaginu gagnvart þessu fyrirkomulagi. Það sást vel á fundinum í gærkvöldi þegar meira eða minna óskipulegur fundur sprengir utan af sér allt húsnæði. Það var reitt fólk sem þarna kom saman af margvíslegum ástæðum, sumir reiðir út í að veiðiheimildir séu afhentar ókeypis, sumir reiðir út í kvótakerfið sem slíkt, sumir halda þessu aðgreindu, sumir blanda þessu saman. Það er alveg eins og gengur og gerist í sjávarútvegsumræðunni.

Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn eru smeykir við umræðuna. Alþýðubandalagsmenn eru greinilega líka eitthvað smeykir í umræðunni því að þeir hafa ekki tekið þátt í henni nema að litlu leyti í andsvörum sem hafa ekki öll verið mjög málefnaleg.

Ég gat um það í upphafi og það er í þáltill. okkar að við lítum á veiðileyfagjald sem lið í uppstokkun í skattkerfi þar sem auðlindagjald og umhverfisskattar koma miklu meira inn í skattkerfi okkar en verið hefur. Þetta er nákvæmlega sams konar orðalag og formaður Alþb. hefur viðhaft og ég gat um í framsöguræðu minni. Ég ætla ekki að gera Alþb. upp neinar skoðanir í málinu einfaldlega vegna þess að formaður flokksins hefur lýst ákveðnum nýjum viðhorfum í nálgun á þessari umræðu og einnig sagt að málin verði til frekari umræðu í þessum og næsta mánuði á fundum sem þar verða. Það er hins vegar vitað um andstöðu, og ekki hvað síst formanns sjútvn. sem er ekki viðstaddur í dag, en með skoðunum hans á málinu er gengið fram fyrir skjöldu fyrir að berjast fyrir hagsmunum útgerðarmanna sterkar en velflestir menn í þeirri stétt hafa gert. Það er vert umhugsunar en við skulum sjá hvað verður vegna þess að það má vera að við jafnaðarmenn höfum ekki verið nógu víðsýnir í umræðunni. Ég er nefnilega sammála því að við hefðum kannski fyrr átt að draga fram, þó við höfum nú reyndar gert það, að þetta sé liður í auðlindagjaldi og það eigi að leggja á auðlindagjald á aðrar auðlindir. Veiðileyfigjald er hins vegar prófsteinn á þetta mál því að þar er ranglætið sýnilegt. Þegar úthlutað er ókeypis tugum milljarða af almannafé sem menn geta verslað og farið með út úr greininni og þess vegna farið til Spánar. Það eru meira að segja mörg dæmi til um það.

Þetta kerfi er að búa til aðalsstétt hér á landi og það er búið að búa hana til. Það verður erfitt að snúa til baka úr þessu kerfi og því er svo nauðsynlegt að það sé gert sem allra allra fyrst.

Veiðileyfagjaldið staðfestir þjóðareignina einfaldlega vegna þess að það sem menn greiða leigu af það eiga menn ekki. Fiskimiðin eru eign allrar þjóðarinnar svo og afnotarétturinn því einhver þarf að veiða. Afnotarétturinn og einhver verður að nýta það og einhver verður að hagnast á því hvort sem það eru útgerðarmenn, fisvinnslufólk eða sjómenn. Auðvitað verða menn að bera úr býtum við að starfa í greininni. Enginn er að tala um að það sé ekki gert. Við sjáum hins vegar að auður er að safnast á hendur tiltölulega fárra manna, ekki auður vegna framsýni þeirra eða vinnu eða einhvers sem er að gerast í þeirra valdi heldur vegna þess að ríkisvaldið ákvað að hafa þetta kerfi við stjórn fiskveiða og úthlutar þessum verðmætum árlega. Það er það sem er að gerast í landinu, það er að verða misskipting á geysilegum verðmætum og eignum. Sá sem talar fyrir því að þetta kerfi eigi að vera óbreytt og sér einhverja sanngirni í því að úthlutað sé milljarðaverðmætum á þennan hátt til fámenns hóps landsmanna á mjög erfitt með að finna samleið með okkur jafnaðarmönnum. En þetta er í sjálfu sér stærra mál en svo vegna þess að það fer í gegnum alla flokkana. En andstaðan við það er byggð á pólitísku valdi í Framsfl. og Sjálfstfl. Þar er hagsmunagæslan út í gegn. Það er engin tilviljun að forustumenn í íslenskum sjávarútvegi, í öllum fyrirtækjum, í langflestum fyrirtækjum og samtökum, eru jafnframt mjög áberandi einstaklingar í flokksstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. Það er engin tilviljun að langflestir af forustumönnunum í þessari atvinnugrein eru í þessum tveimur flokkum. Flokksforusta þeirra er að gæta hagsmuna þeirra með því að viðhalda kerfi ókeypis úthlutana enn um hríð. Ég segi enn um hríð vegna þess að kosið verður um þetta mál með einum eða öðrum hætti í næstu kosningum. Ég er viss um það að á landsfundum þessara tveggja stóru flokka komast þeir ekki upp með næst að banna umræðuna eins og þeir gerðu síðast.

Veiðileyfagjaldið opnar fyrir breytingar á kvótakerfinu ef menn vilja það. Eini þingflokkurinn kannski sem hefur lýst afdráttarlausum stuðningi við málið er Kvennalistinn og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði: Eruð þið ánægðir með fiskveiðistjórnunarkerfið? Það hefur margoft komið fram, við erum ekki að fjalla um fiskveiðistjórnunarkerfið í þessu frv. Við jafnaðarmenn höfum hins vegar margar skoðanir í sambandi við fiskveiðistjórnunarkerfið. Pólitísk afstaða okkar hefur komið fram í tillöguflutningi. Við höfum verið duglegastir allra þingmanna og þingflokka að flytja tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Við höfum lagt fram tillögu um að allur fiskur verði seldur á innlendum fiskmörkuðum — grundvallarbreyting í verðmyndunarkerfi okkar. Við höfum lagt fram tillögur um að minnka brottkast á afla. Við höfum lagt fram tillögur um að takmarka framsal og reyndar þarf að ganga lengra í þá átt. Við höfum lagt fram tillögu um að heimila útlendingum að fjárfesta í íslenskum fiskiðnaði. Allt eru þetta þættir sem snúa að stjórnkerfinu sjálfu. Við erum hins vegar að segja að verði veiðileyfagjaldið samþykkt auðveldar það framkomu tillagna og samstöðu um breytingar á kerfinu því að kerfið er að mörgu leyti meingallað og kannski sérstaklega framsalsmöguleikarnir innan ársins. Sumir eru algerlega á móti kerfinu, sumir vilja kannski sóknarstýringu eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, það er með misjöfnum hætti. Það sem við segjum hins vegar er: Ef veiðleyfagjald er tekið upp þá á það jafnvel við í sóknarmarkskerfi, aflamarkskerfi, blönduðu kerfi eða hvernig sem menn vilja útfæra það vegna þess að þetta er þessi pólitíska spurning: Vilja menn að almannavaldið úthluti verðmætum á þann hátt sem hér er gert?

Við verðum að átta okkur á því að fiskveiðiarðurinn, sem er nú nokkrir milljarðar og mun fara hækkandi, er til vegna þess að almannavaldið skapaði hann, úthlutaði útgerðarmönnum veiðiheimildum og lokaði greininni. Þannig var fiskveiðiarðurinn til og veiðileyfi ganga núna kaupum og

sölum vegna þess að nýr útgerðarmaður getur ekki komist inn í þessa grein nema greiða fullt verð. Hvað er fullt verð? Það er framtíðarhagnaður. Metinn framtíðarhagnað verður hann að greiða fyrir þorskígildistonnið. Þetta er staðan. Við erum komin með tvær stéttir innan atvinnugreinarinnar, innan útgerðarmannahópsins. Það eru þeir sem fá úthlutað ókeypis á hverju ári, byggt á hinni gömlu reglu — þurfa ekkert að greiða fyrir það, og svo hinir sem vilja hasla sér völl eða breyta sínu mynstri og verða að kaupa það fullu verði. Þeir eru að greiða veiðileyfagjald, þeir eru meira að segja að greiða hærra veiðileyfagjald en við erum að leggja til.

Það er þetta sem er ekki hægt að þola í kerfinu. Þetta er ranglæti. Þetta kerfi er himinhrópandi ranglæti. Það verður aldrei sátt um það að almannavaldið, og við erum hluti þess, við erum kjörin af þjóðinni til að setja réttlátar leikreglur, það verður aldrei sátt um það, herra forseti, að kerfið verði látið standa eins og er núna. Ef ekki er hægt að koma vitinu fyrir þingheim öðruvísi heldur en að ryðja þingmönnum út af þingi í kosningum þá verður það gert. Þá verður það gert í næstu kosningum. Sú undiralda sem núna er í þjóðfélaginu út af þessu máli mun sjá til þess. Það getur verið að pólitískur vilji skapist til breytinga á þinginu. Ég efast um að það verði. Spádómur minn er sá, herra forseti, að þetta mál verði áfram eins og verið hefur — stærsta pólitíska málið í umræðunni næstu árin. Þingmenn stjórnarliða og ráðherrar og forustumenn Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sýnt þjóðinni fyrirlitningu með því að vera ekki á Alþingi og takast á við okkur um þetta mál, flytja röksemdir sínar og koma fram með hagsmunagæslu sínu þannig að þjóðin sjái skýrt hver það er sem vill viðhalda þessu rangláta kerfi.

[16:12]

**Útbýting þingskjals:**

Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, 93. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 93.

[16:12]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að sjálfstæðismenn væru smeykir við umræðuna. Þetta er mjög sérkennilegt þegar hann sjálfur talaði um það að a.m.k. þrír þingmenn Sjálfstfl. hefðu tekið þátt í umræðunni. Ég veit ekki betur en að þingmenn Sjálfstfl. hafi í hvert einasta skipti sem þáltill. hefur komið fram í einhverri mynd tekið þátt í umræðunni og látið í okkur heyra, reyndar á opinberum vettvangi að öðru leyti um málið.

Ég verð hins vegar að játa að ég er ekki smeykur við umræðuna en ég er að verða svolítið ruglaður á henni vegna þess að þær tillögur sem þingmenn jafnaðarmanna og áður Þjóðvaka hafa verið að leggja fram eru að verða býsna ólíkar innbyrðis. Í fyrsta skipti sem málið var rætt vakti ég athygli á því að það skyti skökku við að ræða málið ekki öðruvísi en svo að taka líka með inn í reikninginn hugsanlegt auðlindagjald á aðra hluti eins og til að mynda orkuna í landinu. Þá var því reyndar harðlega mótmælt af tilteknum talsmönnum Alþfl. sem sögðu að verið væri að rugla saman ólíkum hlutum. Ég veitti því hins vegar eftirtekt að á síðasta þingi var þetta tekið inn í till. til þál. um það að nefndin sem ætti að vinna að því að taka upp veiðileyfagjald (Forseti hringir.) í sjávarútvegi ætti líka að kanna leiðir til að leggja á auðlindaskatt á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar. Þessu er hins vegar sleppt úr hér og það sem meira er greinargerðin dregur úr og gefur til kynna að nú séu menn að hrökkva undan því þar segir:

„Að mati flutningsmanna kemur til álita að nefndinni sem undirbúa á löggjöf um veiðileyfagjald verði einnig falið að kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar."

[16:14]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó svo hv. þm. sé virtur og hafi sterka stöðu í Sjálfstfl. var ég hér fyrst og fremst að tala um forustumenn flokksins í ríkisstjórn, ráðherrana og þingflokksformanninn, það eru talsmennirnir að öðru jöfnu. Hér er enginn ráðherra, ég veit að sjútvrh. er í Namibíu og er löglega afsakaður. Okkur tókst ekki á síðasta þingi að fá hæstv. forsrh. sem hafði skoðanir á málinu til að ræða um þessi mál. Ég segi að það sé lítilsvirðing fyrir okkur þingmenn að sé ekki skipst á skoðunum við okkur af hálfu forustu Sjálfstfl., þeirra manna sem bönnuðu umræðuna á landsfundi ykkar.

Það hefur skýrt komið fram að við lítum á þetta sem hluta af víðtækari skattlagningu eða álagningu auðlindagjalds. Vitaskuld hefur tillagan breyst smátt og smátt. Okkur fannst að það væri ekki skynsamlegt að fela nefndinni, sem fyrst og fremst skoðaði auðlindagjaldið, alla umsjón með víðtækri álagningu annarra auðlinda. Það yrði þá e.t.v. að koma önnur nefnd að því máli þannig að sá málflutningur hefur ekki nema síður sé veikst. Veiðileyfagjaldið er hluti af víðtækri álagningu auðlinda.

[16:16]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki lét ég sannfærast af þeirri röksemdafærslu að ekki væri skynsamlegt að fara í að skoða aðra þætti þessa máls vegna þess að mjög afdráttarlaust var kveðið á um þetta í þeirri þáltill. sem lögð var fram á síðasta þingi. Þar var sagt bókstaflega að nefndin, sem ætti að hafa yfirumsjón með því að setja á auðlindagjald í sjávarútvegi, ætti líka að kanna leiðir til þess, ekki bara velta því fyrir sér heldur kanna leiðir hvernig ætti að fara að því að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar eins og þarna segir, svo sem vatnsorku.

Síðan fer maður að lesa greinargerðina, sem liggur fyrir með till. til þál. á þessu þingi, og þá er farið að draga mjög úr. Þá kemur fyrst til álita, það má svona fara að velta því fyrir sér og kanna hvernig manni líst á þetta þannig að mér finnst alveg augljóst mál að skilaboð hv. þm. jafnaðarmanna, sem felast í greinargerðinni, séu þau að nú hafi þeir skipt um skoðun, þeir séu ekki jafnstaðráðnir í því að þarna eigi við hið sama. Mér er þess vegna alveg ómögulegt annað en skilja þetta sem skýr skilaboð um að þeir hafi skipt um skoðun í málinnu.

[16:17]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gleymir því að í fyrri tillögu var lögð til alveg sérstök samsetning á þeirri nefnd sem átti að vinna að því máli og var þá skipuð sérstaklega fulltrúum úr sjávarútvegi. Þess vegna töldum við ekki heppilegt að útfæra það nákvæmar núna vegna þess að miklu fleiri aðilar yrði að koma að því verki en þeir sem tengjast sjávarútvegi. Í tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn lýsa yfir þeim vilja sínum að unnið verði að löggjöf um auðlindanýtingu og gjaldtöku í því sambandi." Það er talað hér um að það komi til álita að nefndinni sem undirbúa á löggjöf um veiðileyfagjald verði einnig falið að

kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar. Síðan segjum við: „Það er fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis eins og vatnsorku og jarðvarma.“ Síðan er talað um takmörkuð verðmæti eins og sjónvarpsrásir.

Það er alveg ótvírætt að í þessu efni höfum við ekki breytt neitt um skoðun eða áherslu. Við höfum alltaf sagt nákvæmlega þetta og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði fram frv. á síðasta þingi um hálendisnýtinguna þar sem þetta kom skýrt fram. Þarna höfðum við ekki breytt neitt um. Það er misskilningur af hálfu hv. þm.

[16:18]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á síðasta landsfundi í Sjálfstfl. kom til atkvæðagreiðslu tillaga um að fara sóknarleið, taka sóknarmark upp í staðinn fyrir aflamark. Um það var deilt. Sú tillaga féll. Það er betra að menn viti um hvað þessar deilur voru í Sjálfstfl. áður en þeir fara að segja frá því.

Það liggur alveg fyrir og hefur alltaf legið fyrir, bæði frá minni hendi og margra annarra, ég hef verið sannfærður um það og hef talið mig hafa fyrir því mörg rök, að fiskveiðistjórnunarkerfið í bolfiskinum, þ.e. úthlutun aflamarksins, er fullkomlega vitlaust. Það kemur í veg fyrir að við náum að nýta sjávarútveginn og hafa af honum arð. Þess vegna höfum við barist gegn því af því að það heldur niðri arðseminni af sjávarútveginum.

Ég hef grun um það, herra forseti, að flutningsmenn tillögunnar vilji halda þessu kerfi áfram. Þeir vilja bara láta borga smáskatt og þá sé þetta ágætt. Þess vegna er það munurinn á mér, herra forseti, og hv. þm. Ágústi Einarssyni, sem flytur þetta mál, að hann er fylgjandi aflamarki í stjórn bolfiskveiðanna. Hann er fylgjandi. Ég hef alla tíð verið á móti því og tel alveg víst að þessi vitlausa stjórnun sé það sem tefur okkur við að ná árangri í efnahagsmálum.

[16:19]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að hv. þm. kemur eina ferðina enn og segist vera á móti aflamarkskerfinu. Það vita nú orðið flestir, meira að segja þingmenn. Ég veit það alla vega. Þessi tillaga snýst ekki um það. Hún snýst um veiðileyfagjald í sjávarútvegi, hún snýst ekki um fiskveiðistjórnunarkerfið. Hins vegar get ég bent hv. þm. á að það er til arður í fiskveiðistjórnunarkerfinun alveg eins og sést á viðskiptum með veiðiheimildir. Þetta veit hann ósköp vel. Ég nefndi áðan að það séu margvíslegir hlutir sem menn geta skoðað í fiskveiðistjórnunarkerfinu og ég nefndi þingmál okkar jafnaðarmanna og ég hef sjálfur átt hlut að þeim mörgum.

Ég legg enn og aftur áherslu á það að ef þingmaðurinn væri nú reiðubúinn til þess að fylgja þessari hugmyndafræði um veiðileyfagjald, hætta ókeypis úthlutun og taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi væri fyrst búið að opna möguleikann fyrir því að reyna að fá vitrænni umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið, stýrikerfið en blanda þessu ekki enn og aftur saman eins og hv. þm. gerir í sífellu.

[16:21]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að þetta kerfi hefur alls engum árangri skilað, og enginn virðisauki hefur orðið í bolfiskveiðunum allan þann tíma sem menn hafa verið að reyna að brölta með þetta, allan þann tíma sem menn hafa verið að reyna að halda kerfinu saman, er aldeilis voðalegt að leggja núna til að við skulum koma með auðlindaskatt ofan á bolfiskveiðarnar þar sem við höfum ekki náð neinum árangri.

Hagfræðin í stjórnun fiskveiðanna, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson veit ósköp vel, er fólgin í því að við með stjórnun fiskveiðanna ætlum að ná umframarði, viðbótararði og það er spurningin um ef einhver viðbótararður næst getum við kannski skattlagt hann, kannski, kannski ekki. Það getur verið spurning um það hvort þetta er skynsamlegt eða ekki. Við skulum segja að það sé skynsamlegt en við getum ekki skattlagt arð nema búa til kerfi sem býr til arð. Sú villa liggur í þessum flutningi.

[16:22]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur grátkonusjónarmiðin. Það er nú þannig samt, herra forseti, að ýmsir aðilar í sjávarútvegi græða á veiðum og vinnslu bolfisks. Það er nú þannig jafnvel þó að sumir tapi á þeim.

En það sem sjálfstæðismaðurinn lýsir hér er fyrst og fremst árás á hans eigin ráðherra því að hver fer með þennan málaflokk annar en sjálfstæðismaðurinn, hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson. Það er hann sem er tryggasti varðhundur þessa kerfis fyrir utan e.t.v. formann Framsfl. Það eru þeir sem hafa komið þessu kerfi á og ætla að verja það fram í rauðan dauðann. Þeir eru ekkert að tala um það að ætla að taka upp einhverja sóknarstýringu hv. 3. þm. Vestf. Hann hefur ekki meiri hluta fyrir því í flokki sínum þótt sjónarmiðin og skoðanirnar gætu alveg verið jafnréttar fyrir því. Það er enginn mælikvarði á það. En að segja enn og aftur að ekki sé til fiskveiðiarður í íslenskum sjávarútvegi í bolfiski er rangt. (**EOK:** Þjóðhagsstofnun, mínus 6%.)

[16:24]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er svo sannarlega tilbúinn til að tjá mig um þessi mál,hv. þm. Ágúst Einarsson, ég hef setið hér og hlustað grannt þrátt fyrir það að í umræðunni hefur akkúrat ekkert nýtt komið fram og hún hefur sáralitlu skilað.

Á síðasta þingi fluttu sömu aðilar og hér hafa talað mest í dag tillögu um að leggja 17 milljarða kr. auðlindaskatt á sjávarútveginn. Sem svar við spurningu hv. þm. Ágústs Einarssonar er ég andvígur auðlindaskatti í sjávarútvegi. Ég tel hins vegar að sjávarútvegurinn eigi eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu að greiða eðlilega skatta af starfsemi sinni en til þess þarf greinin þá að fá þann grundvöll að hún geti hagnast.

[16:25]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði það við hv. þm. Stefán Guðmundsson að hann skuli koma hér upp í lok umræðunnar í andsvari og tjá sig aðeins um þetta mál. Hann segir ekkert nýtt hafa komið fram. Það er mat hans og ekkert við því að segja. Hann nefndi hins vegar að kannski það eina sem við höfum lagt fram á síðasta ári hefði verið að leggja fram tillögur um 17 milljarða kr. skatta á sjávarútveginn. Ég tel rétt að skýra það. Við höfum lagt til að lagt sé á veiðileyfagjald. Við höfum tekið fram í umræðunni núna að við teljum rétt að það verði um það bil 2 milljarðar í upphafi og tekur þá mið af þeim fiskveiðiarði sem nú er til staðar, er einhvers staðar á bilinu 3–5 milljarðar. Við bendum á að fiskveiðiarður gæti að mati vísindamanna orðið 15–30 milljarðar og við höfum sagt sem svo: Ef það næðist í kjörstöðu að taka helminginn af þeim hámarksarði út úr greininni væri hægt að leggja niður þann hluta tekjuskatts sem rennur til ríkisins sem var

17 milljarðar á því tímabili. Þannig er talan 17 milljarðar fengin miðað við þá kjörstöðu að fiskstofnar eru komnir í æskilegasta ástand. Sókn hefur minnkað og arðsemi meiri en nú er. Hún er reyndar í sumum greinum sjávarútvegsins búin að ná kjörstöðu, t.d. í uppsjávarveiðunum eins og hér hefur komið fram. Enn þá er langt frá því í sambandi við botnfiskveiðarnar, m.a. vegna ástands þorskstofnsins en það er ekki fráleitt, herra forseti, að hægt sé að gera þetta með þessum hætti. Þessar tölur eru nefnilega ekki út í loftið. Það tekur tíma en þetta byggist á því að við erum hér með mjög verðmæta auðlind í höndunum sem við erum að byggja hægt og rólega upp. Við verðum hins vegar að sýna skilning og skynsemi að nýta á hagkvæman hátt. Þá er hægt að draga út úr greininni þessa fjárhæð og hún verður sterkari eftir en áður.

[16:27]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eins og ég vissi að hv. þm. Ágúst Einarsson viðurkennir það sem rétt er. Ég hef þá reynslu af þeim ágæta þingmanni að hugmyndir alþýðuflokksmanna voru á síðasta þingi að leggja 17 milljarða auðlindaskatt á sjávarútveginn. (**ÁE:** Það er rangt.)

Hins vegar vil ég leiðrétta eitt að eitt nýtt hefur komið fram í umræðunni. Það eru ummæli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þar sem hann fjallar um fiskveiðistjórnunarkerfið almennt. Það kemur mér á óvart og er alveg furðulegur málflutningur hjá þeim manni sem ætti annars að vita miklu betur. Að halda því fram að það kerfi sé ónýtt sem hefur skilað okkur því að atvinnugreinin skuli hafa lifað það af að falla úr aflamarki og aflaheimildum upp á 370 þús. tonn niður í 120 þús. tonn er afrek og sýnir okkur að það kerfi sem við lifum við er gott kerfi. (Gripið fram í.) Annars hefði atvinnugreinin ekki komist af hvað sem hv. 1. þm. Vestf. segir vegna þess að það er annað sem hann segir hér en fyrir vestan.

[16:28]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég í nokkrum vanda því að andsvarið beindist ekki gegn mér heldur gegn þeim tveimur ágætu þingmönnum Sjálfstfl. á Vestfjörðum. Þó svo ég gæti alveg tekið til varnar fyrir þá og þeir ættu það nú skilið, er dálítið erfitt að setja mig í þá stöðu. Það hefði verið betur ef hv. þm. hefði komið fram með umræðuna og þær ábendingar fyrr í umræðunni. (**StG:** Henni er ekki lokið.) Henni er ekki lokið, það er alveg rétt, en ég ætla ekki að blanda mér í það. En ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég reyndi að útskýra nákvæmlega hvernig talan 17 milljarðar varð til og hverju við stefndum að og þetta gæti orðið í fyllingu tímans. Síðan kemur hv. þm. bara aftur upp og endurtekur það sama. Alþýðuflokksmenn lögðu til 17 milljarða kr. skattlagningu á sjávarútveginn í fyrra. Hann hlustaði greinilega ekkert á það sem ég var að segja og ég hef ekki tíma til að fara yfir það aftur en ég vil biðja hann samt um að reyna að virða það þegar ég er að lýsa réttri atburðarás að endurtaka þá ekki hina villandi framsetningu sem hann gerði.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill að gefnu tilefni minna á 56. gr. þingskapanna. Þar segir: „Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari.")

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–11. mál.

Fundi slitið kl. 16:31.

# 7. FUNDUR

mánudaginn 13. okt.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Veiðileyfagjald, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, beiðni um skýrslu, 92. mál, þskj. 92. *Hvort leyfð skuli.*
4. Fjarkennsla, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
5. Bætt siðferði í opinberum rekstri, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
6. Landafundir Íslendinga, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
7. Almannatryggingar, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
8. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
10. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr.
11. Sveitarstjórnarlög, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
12. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.
13. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

## *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

[15:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur tilkynning frá utanrmn. þess efnis að Geir H. Haarde hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Össur Skarphéðinsson varaformaður.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Fyrirhuguð ferð utanríkisráðherra til Indónesíu og annarra Asíulanda.*

[15:02]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini máli mínu til utanrrh. Svo vill til að ég fékk í pósti fyrir skömmu bréf þar sem boðaður er undirbúningur að opinberri heimsókn hæstv. utanrrh. til Asíu á árinu 1998. Hér er á ferðinni bréf sem Útflutningsráð Íslands virðist senda og virðist standa að þessum undirbúningi fyrir hönd utanrrh. að einhverju leyti. Þar er greint frá því að fyrirhuguð sé opinber heimsókn með stórri viðskiptasendinefnd íslenskra fyrirtækja undir forustu hæstv. utanrrh. á næsta ári til Asíulanda. Til greina komi að ferðin verði til tveggja Asíulanda. Síðan eru þeir sem við bréfinu taka beðnir að láta í ljós álit sitt á því hver af nokkrum Asíulöndum sé áhugaverðast eða æskilegast að heimsækja. Í raun er þetta lagt upp sem nokkurs konar krossapróf eða vinsældakönnun meðal sjálfsagt fjölmargra forsvarsmanna fyrirtækja og stjórnmálamanna um þetta efni.

Það vakti athygli mína og undrun, svo ekki sé sagt furðu, að í hópi þeirra landa í Suðaustur-Asíu, sem hæstv. utanrrh. virðist vera að láta Útflutningsráð undirbúa heimsókn til er Indónesía. Er það ríki sem einna svakalegast hefur gengið fram í mannréttindabrotum og fjöldamorðum á saklausu fólki á undanförnum árum. Hv. þingmenn vita til hvers ég er að vísa, þ.e. þjóðarmorðsins á Austur-Tímor, sem heimsbyggðin hefur sem betur fer aðeins verið að vakna til vitundar um samanber afhendingu friðarverðlauna Nóbels á sl. ári og fleira í þeim dúr.

Spurningar mínar til hæstv. utanrrh. eru því þessar: Er það gert með vitund og vilja hæstv. utanrrh. að hafa Indónesíu á lista yfir þau lönd sem hæstv. ráðherra kunni að heimsækja eða fara fyrir sendinefnd til á næsta ári? Telur hæstv. utanrrh. það koma til greina að íslenskur ráðherra heimsæki Indónesíu sem formaður sendinefndar? Er hæstv. utanrrh. tilbúinn til að lýsa yfir að þetta verði ekki gert?

[15:04]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Að lokinni heimsókn til Argentínu og Chile var það rætt milli utanrrn. og fulltrúa Útflutningsráðs hvort við skyldum stefna að því að einhver sambærileg ferð yrði farin á næsta ári. Það var ákveðið að kannað yrði hvort aðstæður væru til þess og hvort áhugi væri til þess hjá atvinnulífinu. Það hefur komið til tals að utanrrh. fari til Indónesíu. Það er ekkert öðruvísi en fulltrúar margra annarra ríkja gera, þar á meðal fulltrúar allra Norðurlandanna. Það hefur að mínu mati ekki þurft að standa í vegi fyrir því að fulltrúar þessara ríkja fari til Indónesíu, jafnvel þótt ekki ríki mikil ánægja með ástand þar á ýmsum sviðum.

Það er líka nauðsynlegt, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ræða þessi alvarlegu mál við fulltrúa þessara ríkja og kynna sér ástand þar af ýmsum ástæðum. Þannig að ég hlýt að svara þeirri spurningu játandi, það kemur til greina að utanrrh. fari til Indónesíu.

[15:06]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að játa að svör hæstv. utanrrh. eru mér mikil vonbrigði. Ég var satt best að segja að vona að hér væri hreint aðgæsluleysi á ferð og mönnum hefði yfirsést í hita leiksins að það væri að sjálfsögðu ekki við hæfi á nokkurn hátt að íslenskur ráðherra, og síst af öllum hæstv. utanrrh., fari fyrir fjölmennri og stórri sendinefnd í einhverja góðviljaheimsókn til að reyna að kría út aukin viðskipti við Indónesíu. Ég mótmæli því algjörlega. Ég harma að hæstv. utanrrh. skuli staðfesta að það sé sem sagt með vitund og vilja eða stuðningi utanrrn. og utanrrh. að Útflutningsráð hefur Indónesíu á listanum yfir þau lönd sem verið er að undirbúa að heimsækja. Það þarf ekki að fjölyrða um ástand mannréttindamála eins og það hefur verið þar. Ég verð að segja alveg eins og er að það leggst lítið fyrir menn þegar

þeir eru að þenja sig um ástand mannréttindamála hér og þar í heiminum en þegar kemur að buddunni þá skal sú þjóð, (Forseti hringir.) það ríki sem stundað hefur grófustu þjóðarmorð, fjöldamorð, á síðari áratugum verðlaunað sérstaklega með auknum viðskiptum. Þetta er mikil sneypa, herra forseti.

[15:07]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni um að það eigi að koma í veg fyrir samskipti við ríki sem við erum ekki sáttir við ástandið í. Ég minni á að við vorum ekki sáttir við ástandið í fyrrum Sovétríkjunum en það kom ekki í veg fyrir gagnkvæmar heimsóknir milli ríkjanna á sínum tíma, jafnvel þótt við vissum um mikil mannréttindabrot þar. Það er almenn skoðun að rétt sé að ræða þessi mál við fulltrúa þessara ríkja, leggja að þeim og reyna að fá þá til að breyta hlutum, en það sé ekki mannréttindum til góðs að neita samskiptum við þjóðir.

[15:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér verður auðvitað að gera greinarmun á því annars vegar að eiga skoðanaskipti við menn, að mótmæla ástandi og nota tækifæri sem gefast hvort sem þau gefast með heimsóknum eða á alþjóðavettvangi þar sem oft er hægt að fá færi á að bera slíkt fram við fulltrúa ríkja og hinu að fara í opinbera stórheimsókn af þessu tagi með hálfa eða heila flugvélafarmana af mönnum til að koma á viðskiptum og tengslum, góðviljaheimsóknir. Hér er um ólíka hluti að ræða. Það verður líka að hafa í huga að Indónesía skipar hér umtalsverða sérstöðu. Það eru ekki, sem betur fer í síðari áratuga sögunni dæmi um jafnhroðalega hluti og þar hafa gerst. Heimsbyggðin hefur verið að vakna til vitundar um þetta nú síðastliðin ár. Það er í fjölmörgum ríkjum verið að breyta um afstöðu til þess að eiga svona samskipti við Indónesíu. Ætlar Ísland þá, þegar búið er að veita andstæðingum þjóðarmorðanna á Austur-Tímor friðarverðlaun Nóbels, undir forustu Framsfl. og hæstv. utanrrh., að fara að sleikja upp þetta ríki?

[15:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég verð nú að biðja hv. þingmann að gæta aðeins að sér í orðavali. Það stendur ekki til að sleikja upp einn né neinn. Það er ósæmilegt af hv. þingmanni að nota það orðbragð hér í þinginu. Það hefur engin endanleg ákvörðun verið tekin um hvort farið verður til Indónesíu. Hér er aðeins um könnun að ræða vegna þess að okkur finnst skynsamlegt að gera það með þessum hætti. En á fundum sem utanríkisráðherrar Norðurlandanna eiga reglulega sín í milli hefur verið lögð á það sameiginleg áhersla að þoka mannréttindamálum í hinum ýmsu ríkjum til réttari brautar, m.a. með viðræðum við þær þjóðir og heimsóknum til þeirra og nota þá tækifærið og þrýsta á þær og segja skoðanir sínar umbúðalaust. Og ef farið verður í ferð til Indónesíu þá verður það að sjálfsögðu gert. Þannig að ég bið hv. þingmann líka að líta til þeirra (Forseti hringir.) venja sem tíðkast í þessum efnum hjá hinum Norðurlöndunum sem við höfum haft mjög mikið og náið samstarf við.

*Íþróttahús við MH.*

[15:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hinn 22. sept. 1996, á 30 ára afmæli Menntaskólans við Hamrahlíð, hafði hæstv. menntmrh. uppi góð orð um úrbætur í íþróttamálum Menntaskólans við Hamrahlíð. Ég hef farið í gegnum frv. til fjárlaga fyrir næsta ár og það er afar erfitt að átta sig á hvort þar er að finna nokkrar úrbætur eða hvort von sé á úrbótum í þessu máli. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað líður áformum um byggingu íþróttahúss við Menntaskólann við Hamrahlíð?

[15:12]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að verja 15 millj. kr. til framkvæmda við Menntaskólann við Hamrahlíð. Það fé á að renna til að undirbúa framkvæmdir vegna íþróttahússins. Það liggja ekki enn fyrir ljósar hugmyndir um hvernig best verði staðið að því að reisa þetta hús, þá vinnu þarf að vinna. Kannski eru ekki allir á einu máli um hvar húsið á að rísa og hvernig að því verður staðið en úr því verður að skera. En það eru fjármunir í fjárlagafrv. sem ætlaðir eru til þessara framkvæmda.

[15:12]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Ég sá að sjálfsögðu þessa upphæð, 15 millj. kr., en það var engin skýring á henni í frv. Ég fagna því að undirbúningur er þá hafinn og vil hvetja hæstv. menntmrh. til að hraða málinu sem allra mest. Þrjátíu ár eru nógu löng bið eftir íþróttahúsi þó að ekki líði nokkur ár til viðbótar.

*Lögheimilisbreytingar sjómanna.*

[15:13]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Nú síðla sumars kom upp og var til umfjöllunar í fjölmiðlum sú staða sem oft hefur komið upp þegar skip eru seld milli byggðarlaga og skipta þannig um lögheimili. Áhöfnin, eða hluti hennar, heldur áfram störfum á skipinu og upp kemur sú krafa útgerðar eða viðkomandi sveitarstjórnar að þeir sem áfram starfa á skipinu skipti einnig um lögheimili.

Nú eru margir sjómenn jafnframt fjölskyldumenn og krafan um lögheimilisbreytingu þeirra verður þá jafnframt krafa um lögheimilisbreytingu eiginkonu og barna. Ef fjölskyldan skiptir þannig um lögheimili en flytur ekki til viðkomandi staðar, þ.e. lögheimilisstaðar skipsins, þá getur hún lent í margvíslegum erfiðleikum þar sem útsvar og önnur gjöld eru þá ekki lengur greidd í þeim bæ þar sem þau búa heldur hinum þar sem lögheimilið er. Verður þá flóknara með alla þjónustu við fjölskylduna. Ef fjölskyldan hins vegar lætur undan þrýstingi og flytur verður mikil röskun á högum hennar eins og menn geta séð fyrir sér.

Í ljósi þeirra erfiðleika sem þessi skipan getur haft í för með sér vil ég gjarnan heyra álit hæstv. félmrh. og þá jafnframt hvort hæstv. ráðherra er tilbúinn til að beita sér fyrir breytingu á lögheimilislögunum í þá veru að hjón geti við ákveðnar kringumstæður fengið undanþágu og haft lögheimili á sitt hvorum staðnum.

Ég veit að ég þarf ekki að lýsa hér nákvæmlega hvað sú röskun sem verður á högum fjölskyldu sem þarf að flytja

undir þessum kringumstæðum getur haft í för með sér. Því óska ég svara af hálfu hæstv. félmrh., sem jafnframt er ráðherra málefna fjölskyldunnar.

[15:15]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Á síðasta þingi samþykktum við lög um vinnumarkaðsaðgerðir og breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og landið var gert að einu vinnusvæði þannig að viðhorfið er nokkuð breytt frá því sem verið hefur. Mér finnst þetta vera ósanngjörn krafa sem komið hefur fram frá sumum sveitarfélögum, að krefjast þess að sjómenn flytji heimilisfang sitt. Það er út af fyrir sig kannski skiljanlegt frá sjónarmiði sveitarstjórnarmanna en það er ekki fjölskylduvænleg stefna. Ég tel eðlilegt að í vissum tilfellum geti hjón átt lögheimili sitt á hvorum stað. Og ég er tilbúinn að reyna að stuðla að því.

[15:16]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin. Það kemur fram í máli hans ríkur skilningur eins og við var að búast á þessu máli og eins og þingheimur heyrði þá er hann tilbúinn til þess að skoða lögin með tilliti til þess að hjón geti haft skipt lögheimili. Þetta er kannski einmitt það sem ég hafði vonast til að heyra og væntanlega munum við þá sjá frumvarp þess efnis fyrr en síðar á borðum alþingismanna.

[15:16]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Nú er það svo að lögheimilislögin heyra ekki undir félmrh. heldur undir hæstv. dómsmrh. þannig að hann yrði að hafa forustu um lagabreytingu. En ég tel að málið snerti fjölskylduna eða fjölskyldupólitíkina í landinu og þar af leiðandi gæti verið aðkoma að málinu frá hendi félmrh. En það er dómsmrh. að hafa forgöngu um breytingu á lögum í hans málaflokki. Þessi málaflokkur heyrir formlega undir dómsmrh. eftir því sem ég veit best.

[15:17]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Mér þykir það leitt ef það er misskilningur minn að lögheimilislögin heyri undir félmrh. en þannig var það áreiðanlega. En ég vil þó endurtaka þakkir mínar fyrir þann vilja hæstv. félmrh. sem hér hefur komið fram til breytinga á þessu og má kannski segja að það er sama hvaðan gott kemur. Ég held að það sé nauðsynlegt að á þessu verði breyting til þess að sá vandi sem ítrekað hefur skapast vegna breytinga á heimilisfangi skipa, þurfi ekki að endurtaka sig og fjölskyldur eigi þarna ákveðið svigrúm.

*Skýrsla OECD um framlög til menntamála og yfirvofandi kennaraverkfall.*

[15:18]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þann 17. ágúst vitnaði hæstv. menntmrh. í Morgunblaðsgrein í nýlega skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál vegna skólagjalda á háskólastigi en nefnir ekki þær hrikalegu niðurstöður sem þar er að finna varðandi framlög Íslendinga til menntamála almennt og ábendingar um lág kennaralaun. Í nefndri skýrslu kemur fram að ef miðað er við lönd með sambærilega landsframleiðslu á mann þá vanti 27% upp á að framlög til grunnskólastigsins séu sambærileg og annarra OECD-landa, 40% vanti upp á framlög til framhaldsskólans og 42% til háskólastigsins. Þetta hafði sparað íslenska ríkinu tíu billjónir 1993 eða 2,4% af landsframleiðslu. Þá er sérstaklega talað um hve laun kennara á Íslandi séu lág og það er skýrt eða réttlætt með því að kennarar geti sinnt öðru starfi með, a.m.k. á sumrin.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. tveggja spurninga: Hefur ráðherrann kynnt sér nefndar niðurstöður OECD-skýrslunnar og hyggst hann bregðast við með öðrum hætti en lesa má í fjárlögunum um framlög til menntamála? Í öðru lagi: Hyggst hæstv. menntmrh. taka eitthvert frumkvæði vegna yfirvofandi verkfalls kennara? Kemur til greina að mati hæstv. ráðherra að ríkið leggi meira fé til launa grunnskólakennara en gert er ráð fyrir í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga?

[15:20]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég hef kynnt mér rækilega skýrslu OECD og einnig þær tölur sem þar birtast og velt því fyrir mér eins og ýmsir aðrir sem hafa kynnt sér tölurnar hvort um sambærilegar tölur sé að ræða milli Íslands og annarra landa. Það er það fyrsta sem menn þurfa að gaumgæfa og velta fyrir sér. Það kemur einnig í ljós þegar þessar tölur eru skoðaðar að styttri vinnutími kennara hér á landi vegur verulega upp á móti þeim mun sem er á milli framlaga hér og annars staðar þegar þetta er kannað ofan í kjölinn. Þetta hefur verið rannsakað á mínum vegum og þessar tölur liggja fyrir og ég get gert þingheimi betur grein fyrir því máli ef óskað er, en ekki er tími til þess undir þessum dagskrárlið. En það er sjálfsagt að menn fari betur ofan í þessar tölur, kynni sér þær og átti sig á því hvaða úrræði eru best til þess að jafna þann mun sem þarna kemur fram ef nánari rannsókn sýnir að það sé annað heldur en þá að lengja skólaárið eða breyta skipan skólamála hér og færa það í svipað horf og gildir í öðrum löndum.

Að því er varðar frumkvæði af hálfu menntmrh. vegna verkfalls kennara, ef til þess kæmi sem við skulum nú vona að verði ekki heldur takist að semja á milli sveitarfélaganna og grunnskólakennara á næstu dögum, þá er um það að segja að hvergi var á það minnst í viðræðum um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna að ríkisvaldinu bæri að hafa afskipti af kjaramálum kennara eða koma að launasamningum þeirra við sveitarfélögin. Þvert á móti lá það skýrt fyrir að hér væri alfarið um verkefni sveitarfélaganna og kennara að ræða, þess vegna væri með öllu óeðlilegt að ríkið færi að skipta sér af málinu núna á þessu stigi miðað við forsöguna og aðdraganda þess að grunnskólinn var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaga.

[15:22]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem að sjálfsögðu valda mér miklum vonbrigðum. Það er í sjálfu sér nokkuð fróðlegt að ráðherrann vill efast um þær tölur sem koma fram í nefndri skýrslu. Vissulega er það rétt að ekki er mikill tími til þess að ræða þessar tölur hér, en ég vona svo sannarlega að ráðherra sannfærist um að við leggjum alls ekki nægjanlegt fé til menntamála. Á sama tíma og sátt er að nást um það, bæði í þessu þjóðfélagi sem öðrum, að menntamál séu lykill að framtíð bæði einstaklinga og samfélags og lykill að samkeppnishæfni þeirra þá virðist þessi ríkisstjórn ætla að draga lappirnar í þessu máli.

Varðandi kennara þá má það vel vera, hæstv. forseti, að ekki hafi í samkomulaginu verið gert ráð fyrir því að ríkisvaldið komi meira að þessum málum, en það er alveg ljóst að þarna er um uppsafnaðan vanda að ræða og miðað við þær alþjóðlegu niðurstöður sem liggja fyrir er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að af þessu verkfalli verði.

[15:23]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Varðandi fjárveitingar til menntamála þá er nægilegt fyrir menn að kynna sér fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þá sjá þeir að það rennur aukið fé til menntamála samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar. Og að því er grunnskólann varðar þá er alveg ljóst að grunnskólinn fór frá ríkinu til sveitarfélaganna með auknum fjármunum af ríkisins hálfu og einnig voru gerðar ráðstafanir til þess að sveitarfélögin gætu aflað sér tekna til þess að standa straum af kostnaði grunnskóla. Það er alfarið rangt að leggja mál þannig upp að ríkið hafi skilið við þetta á einhvern þann hátt sem sveitarfélögunum og kennurum var ekki kunnugt um. Þvert á móti var mjög gott samkomulag á milli sveitafélaganna, kennara og ríkisvaldsins um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Og eins og ég hef sagt áður þá var aldrei vikið að því einu orði að ríkisvaldinu bæri að skipta sér af kjaramálum kennara eftir að þeir flyttust frá ríkinu til sveitarfélaga.

[15:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef lesið þetta samkomulag og það kemur fram í því að ef forsendur breytast þá megi taka það upp. Ég tel að nú sé svo alvarlegt ástand í uppsiglingu í þjóðfélaginu og að þessar upplýsingar frá OECD séu það alvarlegar að forsendur séu til þess að taka á þessum málum alveg sérstaklega.

*Reykjavíkurflugvöllur.*

[15:25]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Í till. til þál. um flugmálaáætlun vegna áranna 1998–2001 kemur fram að áætlað fjármagn til Reykjavíkurflugvallar á árinu 1998 er 29 milljónir, þ.e. fyrir flugbrautir og hlöð.

Í skýrslu sem Flugmálastjórn lét vinna um ástand flugbrauta, akbrauta og flughlaða sem kom út í mars 1995 eru þær niðurstöður að ástand flugbrautanna sé alls óviðunandi. Þegar það ástand er borið saman við þá staðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur um skilyrði og/eða mælist til að notaðir séu fyrir flugvelli þá kemur í ljós að Reykjavíkurflugvöllur er á mörkum þess að nothæfur sé. Því beini ég þeirri spurningu minni til hæstv. samgrh. hvað hann hyggist nú gera við það fjármagn, þessar 29 milljónir sem ætlaðar eru hér til flugbrauta og hlaða Reykjavíkurflugvallar í ljósi þess að sú upphæð dugar ákaflega skammt. Það er mjög mikil nauðsyn á að aðalflugvöllur landsins sé þannig úr garði gerður að ekki stöðvist flug héðan frá Reykjavík og út á hina dreifðu byggð. Því spyr ég hæstv. samgrh.: Hvað er fram undan varðandi öryggismál á Reykjavíkurflugvelli og framkvæmdir þar?

[15:27]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég hef stefnt að því að hægt verði að bjóða Reykjavíkurflugvöll út á næsta ári og síðan geti framkvæmdir orðið á árunum 1999 og 2000 og hægt að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll á þeim árum.

[15:27]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Það var von og vísa hæstv. samgrh. að vera með stutt svar var það ekki vegna þess að um það hefur verið rætt nú alveg síðan þessi skýrsla var gefin út að ráðist yrði í framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli eða þær undirbúnar á árinu 1998. Því tel ég, herra forseti, að það sé algjörlega óviðunandi fyrir flug á Íslandi að ekki skuli vera ráðist í framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll fyrr en fyrirhugað er. Ég vil því beina einni spurningu til hæstv. samgrh.: Mun hann beita sér fyrir því á þessu þingi að sértæk heimild verði veitt af hálfu Alþingis til framkvæmdalána svo hægt verði að hefja framkvæmdir á árinu 1998?

[15:28]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég taldi að hv. þm. væri það ljóst að það eru alls ekki forsendur fyrir því að hægt sé að bjóða Reykjavíkurflugvöll út á þessu ári. (**ÖS:** Kjördæmapot.) Ég hef á hinn bógin stefnt að því að hægt verði að bjóða Reykjavíkurflugvöll út á næsta ári og framkvæmdir geti orðið á árinu 1999–2000. Ég hygg að það sé mjög skynsamleg áætlun. Hún styðst m.a. við það að talið hefur verið að mikil þensla sé hér í verklegum framkvæmdum. Þetta er eðlileg verktilhögun. Það þarf að vanda vel undirbúning útboðs og nauðsynlegt að bjóða verkið út innan Evrópusambandsins. Og ég hygg að það sé eðlilegur verkhraði sem ég er hér að tala um, þ.e. að verkið verði unnið á árunum 1999 og 2000.

[15:29]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. samgrh. um að þetta sé eðlilegur verkmáti. Ég tel að það sé eðlilegur verkmáti að hefjast þegar handa um undirbúning útboðs og gagna þannig að hægt verði að hefja verkframkvæmdir á árinu 1998, síðla árs. Ég fékk ekki svar frá hæstv. samgrh. við þeirri spurningu minni hvort hann mundi beita sér fyrir því að Alþingi veitti sértæka heimild til þess að taka framkvæmdalán svo hægt væri að hefja framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll á næsta ári. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er mjög brýnt vegna öryggis flugsamgangna hér við höfuðborgina og hina dreifðu byggð.

[15:30]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það stendur nú svo á að flugmálaáætlun fyrir næstu fjögur ár hefur ekki verið afgreidd í báðum stjórnarflokkunum svo það er svolítið erfitt fyrir mig að ræða málið í augnablikinu, en ég geri mér vonir um að hægt verði að leggja tillögu að flugmálaáætlun fyrir í þessari viku eða hinni næstu og er þá rétt að hafa efnislega umræðu um málið.

*Endurskoðun vegáætlunar.*

[15:31]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini máli mínu til samgrh. eins og síðasti ræðumaður en að þessu sinni um vegamál. Þannig háttar til að hæstv. samgrh. komst á spjöld sögunnar hér á síðasta ári þegar hann lagði fram hálfa vegáætlun, og bar við ýmiss konar óvissu í þjóðmálum, gott ef ekki pólitískri

óvissu, a.m.k. vegapólitískri óvissu, og kvaðst ekki geta séð lengra fram í tímann en tvö ár þótt venjan hafi verið að leggja fram áætlanir til fjögurra ára.

En nú ber svo illa við að jafnvel þessi hálfa vegáætlun hæstv. samgrh. er úrelt orðin á einu ári því að í forsendum fjárlagafrv. er tekið fram að óhjákvæmilegt reynist að taka upp seinni helminginn af hálfu áætluninni. Og hvers vegna, herra forseti? Vegna þess að þar er boðaður aukinn niðurskurður á framkvæmdafé til vegamála.

Hæstv. samgrh. gaf hins vegar þá yfirlýsingu þegar hann var að fylgja úr hlaði sinni hálfu vegáætlun eða í umræðu um hana að hann mundi gera það að algjöru forgangsmáli að leggja fram nýja, endurskoðaða og heildstæða vegáætlun í upphafi þessa þings og að hann stefndi að afgreiðslu hennar fyrir jól, fyrir Þorláksmessu. Nú bólar ekkert á vegáætluninni að öðru leyti en því að niðurskurðurinn er kynntur í fjárlagafrv. og þykja auðvitað ekki góð tíðindi.

Ég vil því spyrja hæstv. samgrh.: Hvað líður efndum á því loforði að leggja vegáætlunina fram strax í byrjun þings og að afgreiða hana fyrir jól? Nú þegar er að verða hálfur mánuður liðinn af þinghaldinu og skammt er í kjördæmaviku þegar þing verður ekki að störfum. Því er ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekki langan tíma til að koma áætluninni inn í þingið og af stað eigi hún að fá einhverja umfjöllun hér fyrir mánaðamót.

[15:33]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Tillaga um vegáætlun er til athugunar í ríkisstjórninni og ég stefni að því að ný vegáætlun verði samþykkt á þessu ári.

[15:33]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er nú stundum svolítið erfitt að ná þessum örsvörum frá hæstv. samgrh. Þetta minnir mig á diktafóninn minn þegar hann festist á vitlausum hraða eins og stundum gerist og ég þarf að stilla hann af til þess að tíðnin bjagist ekki á því sem sagt er.

Hæstv. samgrh. var að ég held að segja að þetta væri til skoðunar í ríkisstjórn og hann byggist við að þetta yrði afgreitt fyrir áramót. Það er svo sem gott og blessað en ég hefði gjarnan viljað fá einhver fyllri svör, eins og hvenær áætlunin birtist hér á borðum þingmanna og auðvitað síðan hvað í henni muni felast og hvaða forsendur verði fyrir því að afgreiða hana með einhverjum sómasamlegum hætti fyrir jól. En mér er ljóst að hæstv. samgrh. er mjög upptekinn af því þessa dagana að þróa þennan stíl sinn, þessi örsvör, þannig að ég skal ekki þýfga hann um miklar málalengingar að sinni í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Það mættu fleiri gera.)

### *Veiðileyfagjald, frh. fyrri umr.*

Þáltill. ÁE o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Rannsókn á störfum fikniefnadeildar lögreglunnar.*

Beiðni um skýrslu LB o.fl., 92. mál. — Þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Beiðni leyfð til dómsmrh. með 36 shlj. atkv.

### *Fjarkennsla, fyrri umr.*

Þáltill. SvanJ o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

[15:36]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjarkennslu til að jafna aðstöðu til náms. Meðflutningsmenn mínir eru aðrir þingmenn þingflokks jafnaðarmanna. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um hvernig nýta megi fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi til að jafna aðstöðu til náms.

Nefndin taki mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af fjarkennslu hérlendis og þeirri þekkingu sem fyrir liggur í öðrum löndum á fjarnámi og móti tillögur sínar m.a. á þeim grundvelli.

Nefndin verði skipuð fagfólki á sviði menntamála með reynslu af fjarkennslu.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir skólaárið 1998–1999."

Í ágætu riti sem menntmrn. gaf út og heitir Í krafti upplýsinga segir í upphafi kaflans Menntamál, með leyfi forseta:

„Menntastofnanir hafa það veigamikla hlutverk að búa nemendur undir líf og starf í þjóðfélagi framtíðar. Stórstígar framfarir á sviði upplýsinga og fjarskiptatækni hafa víðtæk áhrif á störf og daglegt líf fólks. Samfélagið sem bíður þeirra nemenda sem nú stíga sín fyrstu skref í menntakerfinu verður í veigamiklum þáttum frábrugðið því sem við nú þekkjum. Þess vegna er mikilvægt að staldra við, skoða hvernig hin nýja tækni getur nýst sem verkfæri til að bæta nám og kennslu og hvaða þekkingu og færni nemendur þurfa að hafa á þessu sviði að námi loknu. Með því að móta og framfylgja upplýsingastefnu á sviði menntamála er því ekki aðeins verið að bregðast við orðnum hlut heldur stuðla að mótun þess framtíðarsamfélags sem við kjósum að búa í. Hvarvetna sem upplýsingasamfélagið og þær breytingar sem nú eru að verða á samfélögum eru til umræðu eru menn á einu máli um að menntun sé sá grundvöllur sem öll þróun byggir á. Án víðtæks stuðnings og uppbyggingar í menntakerfinu stendur upplýsingasamfélagið á brauðfótum."

Það er rétt sem þarna er sagt að menntun og þekking eru þau vopn sem líklegust eru til að koma að haldi í lífsbaráttu næstu ára og á nýrri öld. Flestir foreldrar vilja nesta börn sín vel út í lífið, vilja að þau eigi möguleika á góðri atvinnu og góðum lífskjörum. Það ræður því eðlilega miklu um búsetuval fólks að börnin hafi möguleika á að njóta góðrar kennslu og menntunar á grunn- og framhaldsskólastigi. Þar sem ekki eru möguleikar til framhaldsskólanáms og elstu bekkir grunnskóla eru e.t.v. ekki starfræktir reglulega vegna mannfæðar, er ekki óalgengt að fjölskyldur hugsi sér til búferlaflutninga þegar að börnin komast á unglingsár. Bæði

er það til að halda fjölskyldunni lengur saman og vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir því að senda unglinginn að heiman eða halda tvö heimili. Fjarkennsla byggir á því að valda sem minnstri röskun á högum í persónulegu umhverfi eða allt eins að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur í bæði eiginlegri og óeiginlegri merkingu þess. Skipulag menntamála er því afar mikilvægt byggðamál.

Þá kalla breytingar í atvinnulífinu á endurmenntun og símenntun ýmiss konar sem fólk og fyrirtæki vilja og þurfa að eiga aðgang að. Það var, herra forseti, á vorönn árið 1994 að fjarkennsla var hafin við Verkmenntaskólann á Akureyri. 15 nemendur hófu þá nám í ensku og kennarar unnu kauplaust að þessari tilraun sem tókst svo vel að nú stunda vel á þriðja hundrað nemendur nám í fjarnámsdeild skólans. Yfir 75 áfangar eru kenndir í yfir 30 greinum. Kennarar við deildina eru nú yfir 40 og margir þeirra að aðalstarfi kennarar við aðra skóla en Verkmenntaskólann. Nemendum innan lands hefur ekki bara fjölgað heldur hefur líka fjölgað erlendis og eru nemendur nú í þremur heimsálfum. Úttekt sem gerð var á kennslunni fyrir menntmrn. eftir haustönn 1996 leiddi í ljós að gæðin voru í lagi, en sífellt aukin aðsókn er þó besti mælikvarðinn. Nemendur um allt land og miðin ásamt þeim sem búsettir eru erlendis kunna vel að meta þessa skólagerð.

Sama má segja um aðra kennslu sem boðið hefur verið upp á með tölvusamskiptum. Kennaraháskólinn hefur t.d. boðið upp á fjarnám um árabil, bæði við endurmenntun og í kennaranámi. Fósturskóli Íslands hefur haft svipaðan hátt á. Báðir skólar gera þó ráð fyrir því að nemendur séu við nám í skólanum sjálfum að hluta.

En grunnskólinn hefur einnig átt hér hlut að máli. Nemandi á Bakkafirði las 10. bekk og tók samræmd próf vorið 1996 við Gagnfræðaskólann á Akureyri, skóla sem nú heitir Brekkuskóli. Sá skóli hefur haldið áfram að þróa fjarkennslu og fjarkennir nú um tug nemenda erlendis. Það eru nemendur sem áður stunduðu nám við skólann en hafa farið til lengri eða skemmri dvalar erlendis með foreldrum sínum og geta með fjarnámi viðhaldi þekkingu sinni, t.d. í íslensku eða öðrum þeim greinum sem eftir atvikum er talið rétt að lesnar séu undir umsjón íslensks kennara.

En hvert viljum við stefna með fjarkennsluna? Það er mikill áhugi á því meðal landsbyggðarfólks, ekki síst á þeim stöðum þar sem ekki er boðið upp á framhaldsnám, að fjarkennsla verði nýtt með skipulegum hætti til að nemendur geti verið lengur í foreldrahúsum og að skipulag skólamála valdi ekki röskun á högum fjölskyldunnar.

Eins og ég sagði áðan er dýrt að þurfa að senda unglinga að heiman í framhaldsskóla og foreldrar vilja líka gjarnan geta haft lengur hönd í bagga með uppeldi barna sinna. Það væri því líka brýn nauðsyn að skoða hvernig fjarkennsla getur bætt við þar sem ekki er talið unnt að starfrækja efstu bekki grunnskóla, annaðhvort sakir nemendafæðar eða skorts á sérhæfðum kennurum. Þannig væri t.d. hægt að auka fagmennsku í efstu bekkjum grunnskólans og jafna þannig aðstöðu nemenda hvað það varðar.

Þá þyrfti einnig að kanna skipulega möguleika á fjarkennslu við þá framhaldsskóla eða einstök námssvið í dreifbýlinu þar sem ekki er kostur á sérmenntuðum kennurum í einstaka greinum. Þannig mætti styrkja námið og auka fjölbreytni í námsframboði. Fjarkennsla Verkmenntaskólans á Akureyri hefur þegar þjónað ýmsum skólum í þessu efni. Nemendur hafa getað tekið einstaka áfanga í fjarnámi, áfanga sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið kenndir við viðkomandi skóla.

En fjarnám getur líka verið góður kostur fyrir þá sem hafa verið við framhaldsnám en aldrei lokið námi eða útskrifast og einnig þá sem ekki áttu þess kost á sinni tíð að fara í framhaldsskóla. Margir af nemendum í fjarkennslu Verkmenntaskólans koma af svæðum þar sem fjölbreytt námstækifæri eru, t.d. í kvöldskólum, en kjósa frekar þessa leið. Fjarnám virðist vera aðgengileg leið fyrir marga sem ekki geta nýtt sér reglubundið nám, svo sem vegna fjölskylduábyrgðar, vinnutíma eða annars. Nám þessarar gerðar getur skapað slíku fólki nýtt tækifæri.

Þá hefur verið á það bent vegna áhuga á háskólastarfsemi eða menntasetrum á Austurlandi og Vestfjörðum að vel má hugsa sér að slík menntasetur tengist þeim háskólum sem fyrir eru, bæði á Akureyri og í Reykjavík, og einnig háskólum erlendis eftir því á hvað menn vilja leggja áherslu en kostirnir eru nánast ótæmandi. Sjómenn hafa einnig nýtt sér möguleika fjarnámsins. Ein skipshöfn hefur komið sér upp móttökubúnaði um borð og notið þannig fjarkennslu. Slíkur búnaður hlýtur að verða framtíðarbúnaður um borð í þeim skipum sem hafa langa útivist. Aðrir hafa tekið efnið með sér um borð á diskettum.

Styrkveitingar nú í haust úr Þróunarsjóði framhaldsskóla sýnast mér að fari að stærstum hluta til uppbyggingar og þróunar fullorðinsfræðslumiðstöðva eða til verkefna þar sem fjarkennsla mun eiga stóran hlut að máli enda eru möguleikar til að nýta fjarkennslu við endur- og símenntun og fullorðinsfræðslu nær ótæmandi. En þeir nýtast ekki sem skyldi ef ekki er tekið skipulega á þeim, stefna mörkuð og samstarfsaðilar fundnir, möguleikar og framboð kynnt. Eða eins og segir í því ágæta riti sem ég vitnaði í áðan, Í krafti upplýsinga, með leyfi forseta:

„Marka þarf opinbera stefnu um notkun upplýsingatækni í símenntun. Stefnuna þarf að móta í náinni samvinnu við þá sem starfa á þessu sviði."

Það sama á við um þjónustu við þann fjölda barna sem býr erlendis um lengri eða skemmri tíma vegna náms eða starfa foreldra. Það væri vissulega gagnlegt ef sú nefnd sem samkvæmt þessari tillögu ætti að setja á laggirnar skoðaði þá möguleika einnig.

Það má segja, herra forseti, að í tvennu tilliti sé fjarnám skóli landsbyggðarinnar. Tölvusamskipti skóla á Íslandi þróuðust og urðu fyrst að veruleika í dreifbýlinu fyrir frumkvæði Péturs Þorsteinssonar, þá skólastjóra grunnskólans á Kópaskeri. Úr varð Íslenska menntanetið. Fjarkennslan hefur einnig þróast ört hjá skólum úti á landi og í þjónustu við fólk á landsbyggðinni. Það er ekki tilviljun heldur undirstrikar það hve mikilvæg sú tækni er fyrir dreifbýlið sem gerir tölvusamskipti möguleg. Með markvissri notkun þeirrar tækni má jafna og bæta möguleika fólksins í landinu, bæði til menntunar og menningar. Ljóst er að tækninni fleygir fram og sífellt fleiri búa við þá aðstöðu að geta nýtt sér fjarkennslu.

Í samanburði á skólastarfi innan OECD-ríkjanna koma Íslendingar illa út og hefur það verið rætt sérstaklega hér fyrr í dag. Það er sama hvað borið er saman, fjármagn til málaflokksins, lengd skóladags eða skólaárs, laun kennara og að víða eru skólar tvísetnir. Við þurfum að setja miklu meiri peninga í okkar skólakerfi á næstu árum, bæði hefðbundið nám, í háskólastarf og rannsóknir, í endur- og símenntun og í þróun og nýtingu fjarkennslu og upplýsingatækni. Þetta verðum við að gera til að nýta mannauðinn til hagvaxtar

og aukinnar velmegunar í okkar samfélagi. Við, svo fámenn þjóð í stóru landi, þurfum og verðum að gera ýmislegt öðruvísi en þær þjóðir sem fjölmennari eru og búa við meira þéttbýli. Þess vegna er sú tækni sem gerir tölvusamskipti möguleg miklu mikilvægari fyrir okkur en marga aðra þegar horft er til upplýsinga- og menntunarmöguleika. Þess vegna er framtíðarþróun þessara mála hér á landi svo mikilvæg. Í riti menntmrn., Í krafti upplýsinga, er sett fram það markmið og hér kemur tilvitnun, herra forseti:

„Kostir fjarkennslu verði nýttir markvisst til að jafna aðstöðu til náms jafnt innan lands sem erlendis frá". Þar segir enn fremur: „Kostir upplýsingatækni verði að fullu nýttir til að efla hvers konar símenntun."

Ég nefndi áðan, herra forseti, Þróunarsjóð framhaldsskólanna og þær áherslur sem þar eru lagðar. Ég hef í ræðu minni rakið ýmis dæmi um það sem verið er að gera á þessu sviði. En orð eru til alls fyrst og þá reynslu sem þegar er komin af fjarkennslu þarf að taka saman og fella í tillögur að aðgerðum svo þeir möguleikar sem fyrir hendi eru verði nýttir skipulega. Ég verð þess vör hjá fólki víða um land sem ég hef talað við um skólamál að menn hafa mjög mikinn áhuga fyrir þessum möguleikum en vita ekki nákvæmlega hvernig þeir eiga að snúa sér eða hvert og þess vegna held ég að það sé mjög nauðsynlegt að vegurinn sé sýndur, að yfirvöld vísi þennan veg á einhvern hátt þannig að við getum nýtt þá miklu möguleika sem hér eru. Ég tel að nú þegar höfum við það víðtæka reynslu og að við getum einnig litið til reynslu nágrannaþjóðanna, að okkur sé í rauninni fátt að vanbúnaði að fara að horfa á þessi mál sem gildan alvöruþátt í okkar menntamálum.

[15:49]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu í sjálfu sér því hún gefur tilefni til að ræða um fjarkennslu á hinu háa Alþingi sem er verðugt viðfangsefni miðað við mikilvægi hennar og hversu mörgum hún getur þjónað ef rétt er á málum haldið.

Eins og fram kom í máli hv. þm. hefur menntmrn. mótað skýra stefnu í þessu máli og þeirri stefnu er markvisst framfylgt. Menntmn. beitti sér einnig fyrir því þegar Ísmennt eða Íslenska menntanetið var komið á krossgötur, ef það má orða það svo, að það fyrirtæki var keypt og starfar nú undir handarjaðri Kennaraháskóla Íslands og veitir þjónustu í skólakerfinu. Menntmrn. hefur einnig beitt sér fyrir því, eins og kom fram í máli hv. þm., að styrkir eru veittir til framhaldsskóla til að tæknivæðast og búa sig undir að geta nýtt tæknina til þess að veita fjarkennslu. Menntmrn. hefur sérstaklega staðið að stuðningi við Verkmenntaskólann á Akureyri sem miðstöðvar fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Menntmrn. studdi einnig það tilraunaverkefni sem unnið var frá skólanum á Akureyri við nemandann á Bakkafirði í 10. bekk. Það er í fyrsta sinn sem gerð er tilraun til að veita fjarnám á grunnskólastigi. Menntmrn. studdi það og stóð að því að það var unnt undir forsögn skólastjórans á Vopnafirði. Við höfum því komið að þessu máli með margvíslegum móti og því er alls ekki lokið af hálfu menntmrn. að vinna að því að útbreiða fjarkennsluna og stuðla að því að hún nýtist sem best. Þannig er starfandi nefnd á vegum ráðuneytisins um símenntun og fullorðinsfræðslu sem mun væntanlega skila áliti á þessum vetri. Þar verður tekið á þeim málum sem varða símenntun og fullorðinsfræðslu og nýtingu tölvutækninnar í þessum tilgangi.

Einnig höfum við stuðlað að því að það verði unnið námsefni fyrir fjarkennslunámið. Eitt af því brýnasta sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir núna er að taka ákvörðun um námsefni til nýtingar á hinu nýja tæknisviði. Þannig er að þegar litið er á tækjakostinn og þann búnað sem skólarnir búa við og hvernig háttað er samskiptum hér á landi á veraldarvefnum og internetinu, þá komast fáar þjóðir með tærnar þar sem við höfum hælana. Einu þjóðirnar sem standa okkur framar að þessu leyti eru ef til vill Finnar og Bandaríkjamenn, en þó ekki þegar kemur að skólamálunum. Líklega er engin þjóð í heimi sem stendur okkur framar þegar kemur að því að líta á tengingu íslenskra skóla og samtengingu þeirra og aðgang að internetinu og tölvubúnaði. Það er því mjög brýnt fyrir okkur að velta fyrir okkur öllum leiðum til að þessi búnaður nýtist sem best til fjarnáms og til náms í skólunum sjálfum. Þar held ég að við þurfum að marka okkur skýrari stefnu og leggja betur á ráðin um það hvernig við getum framleitt námsefni til notkunar í þessum mikla tölvubúnaði sem við höfum. Einnig þurfum við að sjá til þess að tölvubúnaðurinn úreldist ekki og að ávallt sé reynt að nýta sér tæknina sem best.

Nýlega var opnað nýtt skólahús Fjölbrautarskólans í Garðabæ. Þar er fullkomnasta tölvuver í framhaldsskóla hér á landi. Þar með tel ég eitt fullkomnasta tölvuver sem unnt er að finna í framhaldsskóla í öllum heiminum.

Það er því með engu móti unnt að segja að ekki hafi verið staðið vel að þessum málum af hálfu mennmrn. Ég fagna því að þingmenn taka eftir þessu og vilja slást í hópinn með ráðuneytinu með því sem felst í þessum tillöguflutningi. Hins vegar tel ég að það sé ekki endilega þörf á því að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um málið. Aðalatriðið er að vinna áfram samkvæmt þeirri stefnu sem ráðuneytið hefur mótað og í þeim anda sem ríkir innan íslenska skólakerfisins.

Eins og kom fram í máli hv. þm. þá höfum við Íslendingar, sem betur fer segi ég, staðið að uppbyggingu þessara mála að verulegu leyti fyrir frumkvæði í skólakerfinu sjálfu án þess að opinberar nefndir eða opinber yfirvöld hafi komið þar með forsögn og sagt: „Svona á það að vera." Þvert á móti hefur þróunin frekar verið á þann veg að opinberir aðilar hafa komið og styrkt það grasrótarstarf sem hafist hefur í skólunum sjálfum og þar með hefur okkur miðað hraðar áfram heldur en ýmsum öðrum þjóðum sem setja á laggirnar stórar nefndir til að fjalla um vandann, skilgreina vandann, og koma síðan með tillögur. Hér hefur frumkvæðið, t.d. í fjarkennslunni, komið að meginhluta til frá tveimur mönnum í Verkmenntaskólanum á Akureyri sem ráðuneytið hefur síðan tekið og stutt til frekari dáða, ef ég má orða það svo, og veitt þann stuðning sem talinn er hæfilegur hverju sinni til þess að þeir geti þróað sína starfsemi.

Eins og hv. þm. gat um, hefur hún blómgast og skilað verulegum árangri og nú eru menn að vinna að því hér, einstaklingar líka án þess að ríkið hafi um það forgöngu, að þróa samskiptakerfi í fjarnámi sem á að gera mönnum betur kleift en nú er að nýta sér þessa tækni, t.d. á hafi úti og að vera í beinu sambandi við Verkmenntaskólann eða hvern þann sem þetta nám býður. Það hefur einnig tekist samkomulag á milli Verkmenntaskólans og Háskólans á Akureyri um nýtingu þessarar tækni í þágu fjarnáms. Ég held að þar sé einnig rétt að verki staðið þar sem tveir skólar á ólíkum skólastigum taka höndum saman og skapa eitthvað nýtt.

Þetta hefur allt gerst án þess að opinberar nefndir sitji að störfum og átti sig á því hvað sé best og hvernig best er að halda á hlutunum. Það sem við þurfum nú að gera miklu

frekar er úttekt á stöðunni. Ráðuneytið hefur haft í undirbúningi að efna til málþings eða ráðstefnu þar sem allir þessir aðilar komi saman, geri úttekt á stöðunni og leggi sjálfir á ráðin um hvert eigi að stefna næst. Sérstaklega held ég að það sé brýnt að velta því fyrir sér hvernig við stöndum að því að framleiða kennsluefni. Eigum við að íslenska allt efni? Eigum við að nota erlent efni? Hvaða leiðir eigum við að fara á þeirri braut? Það er mjög mikilvægt umhugsunarefni að velta fyrir okkur hvort við getum nokkurn tímann á þessu sviði keppt við hið fullkomnasta erlenda efni sem í boði er og hvernig við eigum að taka á þeim málum til nýtingar á þessari tækni.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel tímabært að þetta mál sé rætt á hinu háa Alþingi þó ég sé ekki endilega þeirrar skoðunar að það brýnasta sem við okkur blasi í þessu sé að skipa nefnd til að fjalla um málið.

[15:57]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þörf fyrir stefnumótun. Það kom fram í máli hæstv. ráðherrans að hann telur að í ákveðnum þáttum þurfi skýrari stefnu og hann talar sjálfur um úttekt. Ég er því nú ekki viss um að við séum að tala jafnmikið í austur og vestur eins og mér fannst koma fram í hans máli.

Ég held að við séum sammála um að það hafi verið mjög farsælt hvernig einstöku skólar og hæfileikamenn og áhugamenn innan þeirra hafa hingað til leitt þetta starf. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að það er orðin allnokkur reynsla sem þarf að taka saman. Hana þarf að taka saman til að móta tiltekna stefnu. Ég held að það sé nauðsynlegt og met það svo vegna samtala minna við bæði skólamenn og sveitarstjórnarmenn úti um landið sem finnst þeir örlítið vera að fálma í myrkri. Menn hafa snúið sér til Verkmenntaskólans á Akureyri þegar þeir hafa haft uppi óskir um þjónustu í þessa veru. Það er spurning hvort ekki sé ástæða til að skoða hvort grunnskólar eða fullorðinsfræðslumiðstöðvar og aðrir sem hafa áhuga eigi þá að snúa sér þangað og hvort það á þá að gera meira úr því starfi sem þar er en að kalla það tilraunaverkefni eins og enn er eða hvernig menn vilja standa að framhaldinu. Menn eru að leita eftir því hvert þeir eigi að snúa sér. Ég held að það verði mjög athyglisvert að sjá hvað kemur út úr þessari úttekt sem ráðherrann nefnir. Ég vil benda á að ég er í rauninni líka að biðja um úttekt samkvæmt tillögunni sem hér liggur fyrir. Vissulega er það rétt hjá ráðherranum að það er gott að við getum rætt þessi mál á hv. Alþingi og það er löngu tímabært.

[15:59]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hverjir koma að þessu, ef vandinn er sá hvort menn eiga að snúa sér til Verkmenntaskólans á Akureyri eða einhvers annars til að leita sér upplýsinga og fá fótfestu í áhuga sínum til þess að stunda fjarnám eða leggja á ráðin um fjarkennslu, þá vil ég vekja athygli á því að Íslenska menntanetið og Kennaraháskóli Íslands hafa alveg sérstöku hlutverki að gegna í þessu efni miðað við þær ákvarðanir sem menntmrn. hefur tekið. Með því að fela Kennaraháskóla Íslands rekstur Íslenska menntanetsins var mönnum einnig vísað á þann skóla og þá stofnun til að leita sér ráða.

Ég held því að þegar kemur að því að framkvæma þessa stefnu hafi verið staðið þannig að málum að menn eiga ekki að vera í neinum vafa um það hvar ábyrgðin varðandi einstaka þætti liggur. Ég held að stefnan í sjálfu sér liggi skýr fyrir og það þurfi engin að fara í grafgötur um það hver stefna menntmrn. er. Hún kemur fram í bókinni Í krafti upplýsinga. Hún kemur einnig fram í þeim áherslum sem ráðuneytið leggur þegar það auglýsir styrki bæði fyrir þróunarsjóð grunnskólans og þróunarsjóð framhaldsskólans. Í báðum tilvikum hefur ráðuneytið beint umsækjendum inn á þær brautir að þeir séu að þróa eitthvað á þessu sviði, að nýta þessa nýju tækni í þágu skólastarfs. Þannig að við höfum markvisst unnið að því að ýta undir í skólunum að þessi þróun eigi sér stað og það er mikil gerjun í skólunum að þessu leyti. Ég held í sjálfu sér að opinber nefnd breyti ekki neinu um það efni. Hún væri kannski frekar til þess fallin að menn stoppuðu og segðu: „Nú, eigum við að bíða eftir einhverju nefndaráliti til þess halda áfram fremur en að halda áfram á þessari braut og halda áfram þeirri mjög öru þróun sem er í skólakerfinu að þessu leyti?“

[16:01]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að hér sé einhver misskilningur á ferðinni, einfaldlega vegna þess að mér finnst óþarfi af ráðherranum að vera í varnarstöðu gagnvart því sem ég er að leggja til og tala um því ég þykist hafa farið slíkum viðurkenningarorðum um það starf sem hefur verið unnið í menntmrn. að hann þurfi nú ekki að kvarta undan því. Það sem ég er fyrst og fremst að tala um er að menn fari frá orðum til athafna. Það er búið að marka stefnu að ýmsu leyti, það er alveg rétt, en hæstv. ráðherra veit það alveg jafn vel og ég að það eitt út af fyrir sig nægir ekki þótt gott sé. Það þarf líka að vísa veginn hvernig menn halda síðan áfram. Ég hef enga trú á því að það mundi stoppa þá áhugamenn af sem þegar eru starfandi innan skólakerfisins þó svo að ráðherrann setti fólk til starfa til þess að lesa úr þeirri reynslu sem þegar er orðin til og búa til vegvísa til framtíðar að. Ég held einfaldlega að það stoppi þá ekkert af. Hins vegar eru býsna margir skólar í landinu og skólamenn sem ekki eru farnir af stað en eru að leita og eru að spyrja. Og þessum aðilum tel ég að við þurfum að svara.

[16:02]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur um þetta ágæta mál. Það er samhljómur í málflutningi okkar um að það er nauðsynlegt að halda áfram á sömu braut og mörkuð hefur verið. Spurningin er hins vegar sú: Hvernig virkjum við sem flesta til þátttöku í þessu starfi? Ég held að við gerum það með því m.a. að framleiða gott námsefni til notkunar með þessari nýju tækni, það sé það brýnasta sem við okkur blasi núna á þessu sviði að taka ákvarðanir um hvernig við stöndum að því að skapa efni til þess að nota með tækninni. Það er búið að tæknivæða skólana. Misjafnt er eftir skólum hvernig tæknin er nýtt, það fer eftir áhuga kennara og skólameistara og annarra slíkra sem ráða miklu um það á hvað áherslur eru lagðar í skólastarfinu. En að því er stjórnvöld varðar og þá sem hafa áhuga á að ýta þessu máli áfram og nýta þessa krafta betur, þá þurfum við að mínu mati að huga sérstaklega að námsefninu núna, hverju við ætlum að miðla með upplýsingatækninni og hvernig við ætlum að nýta það sem best í námi, bæði í skólunum sjálfum og einnig í fjarnámi. Það er þetta sem ég held að sé stærsta verkefnið núna. Þeir sem hafa áhuga á að fara út á þessar brautir hljóta að vita hvert þeir eiga að snúa sér. Aðalatriðið núna er innihaldið og hvernig

við nýtum tæknina sem best í þágu þeirra sem stunda nám í skólunum sjálfum og einnig í fjarnámi.

[16:04]

**Drífa Hjartardóttir:**

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um fjarkennslu til að jafna stöðu til náms og einnig að skipuð verði nefnd sem geri tillögur um hvernig nýta megi fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Þegar tillagan kemur til hv. menntmn. vil ég beina því til nefndarinnar hvort ekki sé ástæða til að í nefndinni verði fulltrúi þeirra sem eru að vinna að fullorðinsfræðslu en eru ekki inni í skólakerfinu. Ég tek undir með hæstv. menntmrh. að það þarf að gera úttekt á stöðunni eins og hún er í dag.

Fjarnám er ein mesta jöfnun til náms fyrir þá sem ekki eiga heimangengt svo og þeirra sem eru sjúkir og fatlaðir og sem eiga með nýrri tækni að geta stundað nám sitt á spítölum, stofnunum eða heima hjá sér. Þeir eru margir sem búa á landsbyggðinni sem ekki hafa getað lokið framhaldsnámi en þrá ekkert heitar en að geta farið í nám. Þá er fjarnám oft eina úrræðið vegna fjarlægðar frá menntastofnunum. Símenntun er nauðsynleg til að geta brugðist við nýjum og breyttum aðstæðum í síbreytilegu samfélagi. Að nýta sér fjarnám er mikil hagræðing og gott nám skilar einstaklingnum hæfari út í atvinnulífið. Ég tek undir með flutningsmönnum tillögunnar að breytingar í atvinnulífinu kalla á endurmenntun og símenntun og möguleikarnir á að nýta sér fjarkennslu við endur- og símenntun eru nær ótæmandi.

En til að geta nýtt sér þá möguleika sem skyldi verða þeir að hafa aðgang að margmiðlunartölvum. Þá þarf verð á netsambandi að vera hóflegt og vera það sama á öllu landinu. Stuðla þarf að öflugri og markvissri netkennslu í skólakerfinu og framleiða gott námsefni.

Þróun á sviði margmiðlunar er mikil og alþjóðlegar kannanir hafa sýnt að Íslendingar eru í efsta eða næstefsta sæti yfir þær þjóðir sem helst hafa hagnýtt sér alnetið. Samkvæmt nýrri könnun Hagvangs hafa um 35% Íslendinga aðgang að netinu á einn eða annan hátt, ýmist heima, í vinnunni eða í skólanum. Alnetið þekkir engin landamæri og með tilkomu fjarnáms er hægt að mennta og fræða á áhrifaríkari, afkastameiri og margfalt ódýrari hátt en áður. Aðgengi upplýsinga nú er óháð tíma, stað eða efnum og með greiðum aðgangi að upplýsingum er unnt að nýta dýrmæta reynslu annarra sem getur sparað gífurlega vinnu og fjármuni.

Í umræðum og starfi að byggðarmálum undanfarin ár hefur megináherslan gjarnan verið lögð á efnislega þáttinn, á atvinnumál og samgöngumál og annað sem hægt er að mæla. Ekki geri ég lítið úr því en oft vill það gleymast að ekki er nóg að bjóða upp á næga atvinnu ef ekki er til staðar góður skóli og blómlegt menningar- og félagsstarf.

Björn Bjarnason, hæstv. menntmrh., hefur lagt mikla áherslu á að upplýsingatækni sé nýtt öllum til heilla og að þessum málum er verið að vinna í menntmrn. Má þar t.d. benda á tillögur menntmrn. í ritinu Í krafti upplýsinga, um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996–1999. Þar kemur fram metnaðarfull stefnumótun menntmrh. og í stefnu menntmrn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Nýta verður upplýsingatækni til að bæta menntun þjóðarinnar og þar með samkeppnishæfi hennar. Í stefnumótun á öllum sviðum menntakerfisins, frá leikskóla til háskóla, verður að gæta þess að kostir upplýsingatækni séu nýttir. Efling þekkingar og reynslu við upplýsingaöflun, sjálfsnám og framtakssemi eru lykilatriði til að gera nemendur færa um að nýta sér til fullnustu tækifæri upplýsingatækni. Kenna verður notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum."

Í fjarkennslu og símenntun er margt að gerast. Fjöldi nemenda nýtir sér fjarkennslu, má þar nefna að sjómenn á hafi úti og einstaklingar um allt land eru að nema nú við Verkmenntaskólann á Akureyri. Leiðbeinendur eru í fjarnámi til að afla sér kennsluréttinda við Kennaraháskóla Íslands og íslenskir nemendur eru við nám við erlenda háskóla.

Í könnunum hefur komið fram að Ísland er í hópi tölvuvæddustu landa og fáar þjóðir ferðast meira um víðáttur alnetsins en Íslendingar. Í nýlegri könnun Gallup fyrir tímaritið Tölvuheima kemur fram að mikill munur er á notkun alnetsins eftir því hvar fólk býr á landinu. 30,7% íbúa Reykjavíkur og nágrennis nota netið en aðeins 15,9% þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Munurinn verður enn meiri ef aðeins er miðað við þá sem tengja sig inn á netið vikulega eða oftar. Það gera 20,4% fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 8,4% íbúa annars staðar á landinu.

Í sömu könnun kemur fram að notkun eykst eftir því sem fólk hefur meiri tekjur og eftir því sem það er betur menntað. Spyrja má hvort notkunin sé meiri á höfðurborgarsvæðinu vegna þess að þar sé meira af vel menntuðu fólki með háar tekjur en úti á landi. Þá mætti spyrja á móti hvort slíku fólki myndi ekki fjölga á landsbyggðinni ef íbúum hennar tækist að nýta sér kosti alnetsins til þess að afla sér menntunar og viðskipta.

Það verður að hafa í huga að til þess að geta nýtt sér kosti þessarar tækni þarf tiltekna grunnþekkingu. Til þess að geta aflað sér þeirrar þekkingar þarf aðgang að tölvu og módemi og að vera með internettengingu. Ekki eiga allir slík tæki en hins vegar er þau að finna í flestum grunnskólum og framhaldsskólum í landinu. Nú þegar sveitarfélögin hafa tekið yfir rekstur grunnskólanna ættu þau að geta nýtt þessa aðstöðu til þess að gefa íbúum færi á að æfa sig í notkun tölva. Einnig gætu sveitarstjórnir verið í góðri aðstöðu til þess að semja við framhaldsskóla á svæðinu til þess að geta boðið íbúum þessa kennslu. Kennara ætti í flestum tilfellum að vera hægt að finna í næsta nágrenni svo ekki ætti að þurfa að leggja í mikinn ferðakostnað vegna þessa. Þá mætti einnig hugsa sér að koma upp tölvuverum í tengslum við skóla og almenningsbókasöfn í sveitarfélögunum og væri þar kjörið samstarfsverkefni fyrir sveitarfélögin í landinu.

Fjölbreytt og traust atvinnulíf og skilningur á gildi menntunar er forsenda þess að það unga fólk sem aflar sér menntunar snúi aftur til heimabyggðar. Þá er ekki síður mikilvægt að íbúum gefist kostur á fullorðinsfræðslu, þeir geti bætt við sig menntun og fróðleik þótt þeir séu komnir af heföbundnum skólaaldri.

Menntun og þekking er undirstaða framfara og er í raun lykill að framtíðarbúsetu á landsbyggðinni, það hvernig fólk tekst á við breyttar aðstæður og færir sér breytingarnar í nyt og kemur auga á nýja möguleika.

[16:12]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um fjarkennslu til að jafna aðstöðu til náms. Að mestu leyti byggir grg. á lýsingu á því merka þróunarstarfi sem fram hefur farið við Verkmenntaskólann á Akureyri í fjarkennslu. Ég leyfi mér sem gamall skólamaður að fullyrða að fátt hvað snertir breytingar á kennsluháttum hefur verið jafnmikið til framfara og það þróunarstarf sem farið hefur fram við Verkmenntaskólann

á Akureyri á þessu sviði í tengslum við fjarkennslu. Fjarkennslan byggir á því, eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að einstaklingur situr við tölvu og hefur aðgang að upplýsingum óháð tíma og rúmi. Þetta býður með öðrum orðum upp á einstaklingsmiðaða kennslu. En eins og kunnugt er má segja að í grundvallaratriðum hafi skipulag og sé allt skipulag skóla á öllum skólastigum má segja miðað við að tiltekinn hópur nemenda mæti á tilteknum tíma og fylgi leiðbeiningum kennara síns. Fjarkennsla felur í sér grundvallarbreytingu hvað þetta varðar. Ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og bendi á að í fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri munu vera nemendur búsettir í Namibíu, annar nemandi búsettur í Mexíkó, sá þriðji í Jökuldal og þannig má áfram telja. En það er einmitt eðli fjarkennslunnar að vera óbundin landamærum, tíma og rúmi.

Ég fagna þessari þáltill. og vek um leið athygli á því að fyrir skömmu samþykkti Samband ungra framsóknarmanna ályktun á sömu nótum og hér um ræðir. Ég vil taka mjög undir það sem hér hefur verið nefnt, bæði í ræðum hv. framsögumanns og hæstv. menntmrh., um nauðsyn þess að gera úttekt á stöðu þessara mála. En ég vil gera sérstaklega að umtalsefni fjóra þætti sem ég tel mikilvægt að skoða sérstaklega og vil líta á sem forsendur fyrir því að fjarkennsla geti orðið raunveruleg og almenn hér á landi og að við getum nýtt okkur þau sóknarfæri sem hin nýja tækni felur í sér.

Ég vil þá í fyrsta lagi nefna aðgengi að tölvum eins og reyndar hefur verið minnst á af fyrri hv. ræðumönnum. Fjarkennsla felur í sér möguleika til jafnréttis en til þess að jafnrétti til náms geti átt sér stað hvað þetta snertir þurfa nemendur að hafa aðgang að tölvum. Ég tel rétt að vekja athygli á því að fjarnámið felur í sér að nemendur eigi að geta stundað nám án þess að þurfa að koma í tiltekið húsnæði, svo sem skólahúsnæði á fyrir fram ákveðnum tíma. Frelsi einstaklingsins til þess að geta sinnt námi á þeim tíma sem honum hentar er e.t.v. lykilatriði í þessu. Þess vegna er mjög mikilvægt að nefnd sú sem um getur í þáltill. taki sérstaklega til skoðunar hvernig megi tryggja aðgengi allra nemenda að tölvum. Í því sambandi minni ég á þáltill. sem var borin fram á síðasta þingi, 1. flm. hennar var hv. þm. Pétur H. Blöndal, þar sem gert var ráð fyrir aðgerðum til þess að auka og tryggja aðgengi nemenda að tölvum. Það er lykilatriði.

Í öðru lagi tel ég mikilvægt að kennarar komi með opnum huga til þessa starfs og ég vísa þá til þess sem ég sagði áður að fjarkennsla felur í sér grundvallarbreytingu á eðli og starfi kennarans. Þess vegna er afskaplega mikilvægt við þróun fjarkennslunnar að þar komi kennarar með opnum huga til námsins og kennarar ásamt hugbúnaðarfólki verði leiddir saman til að þróa þessa nýju leið kennsluhátta.

Í þriðja lagi vil ég svo nefna tölvusamskiptin. Svo sem bent hefur verið á felst í því töluverður kostnaður að eiga samskipti á veraldarvefnum. Það er kostnaður fyrir heimili og það er kostnaður fyrir fyrirtæki. Ég tel fyllilega koma til greina að ríkisvaldið greiði beinlínis niður kostnað við tölvusamskipti enda munu þau að mestu leyti vera í höndum ríkisfyrirtækisins Pósts og síma hf.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um upplýsingahraðbrautina og nú draga menn ekki í efa að réttlætanlegt sé að ríkið leggi fjármuni til þess að leggja vegi um sveitir og bæi landsins og leyfi síðan þegnum landsins að keppa á þeim vegum. Með sama hætti tel ég eðlilegt að líta á tölvusamskipti sem samgönguæð 21. aldarinnar og á þeim forsendum er eðlilegt að a.m.k. verði tekið til athugunar hvort ríkið greiði ekki niður slíkan kostnað og fái hann margfaldan til baka. Þannig verður tölvuhugbúnaðurinn og tölvusamskiptin öll aukin hvernig sem á er litið. Rétt er að minna á í þessu samhengi að íslensk tölvuhugbúnaðarfyrirtæki, en þar er líklega hvar mestur vöxtur í íslensku atvinnulífi, eiga í harðri samkeppni við sambærileg fyrirtæki erlendis. Ég tel að þetta þurfi að athuga vegna þess að óhjákvæmilega er um að ræða kostnað vegna tölvusamskipta sem fylgir sérkennslu.

Í fjórða lagi sem forsendu vil ég svo leyfa mér að nefna menntun kennara. Það hlýtur að koma til skoðunar hjá nefnd þeirri sem um ræðir, verði af skipan hennar, að fjalla um hver staðan er varðandi menntun kennara í tölvufræðum. Við höfum heyrt bæði úr þessum ræðustól sem og fjölmiðlum hvernig búið er að kennurum, m.a. í tölvunarfræðum við Háskóla Íslands. Það gengur einfaldlega illa að ráða kennara og mun vera afskaplega illa búið að þeim. Það segir sig sjálft að þróun á sviði tölvusamskipta og tölvubúnaðar mun verða afskaplega hæg ef ekki er vel búið að kennurum á þessu sviði. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem eðlilegt væri að nefnd sú sem hér er til umræðu tæki til skoðunar verði af skipan hennar.

Ég hef nefnt fjögur atriði sem ég tel vera algera forsendu fyrir því að fjarkennsla með möguleikum fjarskiptatækninnar verði raunhæf og vil nefna að lokum örfá atriði sem ég tel vera kosti tengda fjarkennslu. Í fyrsta lagi mun líklega fátt auka jafnrétti jafnmikið til náms og öflug fjarkennsla. Þar á ég við að nemendur óháðir tíma og rúmi geti sótt eftir sínum eigin aðstæðum, eftir sínum eigin áhugamálum nám hvenær sem þeim hentar.

Ég nefni í öðru lagi breytta kennsluhætti, í þriðja lagi endurmenntun eins og hefur verið rakið fyrr í dag. Ég nefni möguleika skóla á því að sækja kennara út fyrir landsteinana þar sem tæknin felur í sér að kennarar þurfi ekki að hafa fasta búsetu í nánd við viðkomandi skóla. Ég nefni að ekki krefst mikils húsnæðis heldur væri einungis um að ræða fjárfestingu í hugviti og mannauði en ekki steinsteypu. Ég mun því styðja þessa tillögu og vona að hún renni ljúflega í gegnum þingið.

[16:20]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt var athyglisvert í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Hann ræddi nauðsyn þess að greiða niður þá þjónustu sem nemendur í fjarnámi þyrftu að kaupa af símafyrirtækjum. Ég er ekki viss um að það sé rétt aðferð að fara þá leið. Ég held líka að sá kostnaður sem felist í þessu sé sáralítill og ekki líkt eins mikill og hv. þm. gat um.

Í dag fá þeir nemendur sem eru í fjarnámi sent í tölvupósti sín gögn á tilteknum tíma og tilteknum degi. Þeir geta unnið það á tölvu sinni og síðan senda þeir verkefni sín aftur til baka þannig að ég held að í þessu sé sáralítill kostnaður.

Ég held líka að mikil samkeppni sé á þessum markaði sem muni þegar til framtíðar horfir leiða til þess að verð muni lækka og auðvitað eru fleiri en fyrirtækið sem hv. þm. nefndi, Póstur og sími hf. sem er nú reyndar ekki til lengur, sem stunda sölu á þessari þjónustu. En ég vildi gjarnan fá fram hjá hv. þm. hvernig hann sér fyrir sér að niðurgreiðsla af þessu tagi fari fram og hvort hann hyggist vegna þess að hann hefur aðstöðu til að beita sér í krafti þátttöku sinnar í ríkisstjórnarliðinu reyna að hrinda hugmyndum sínum um niðurgreiðslur í framkvæmd, annaðhvort með tillöguflutningi eða þá í hv. menntmn.

[16:22]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki tölur á reiðum höndum um kostnað en ég hef hins vegar átt viðtöl við fjölmarga nemendur, ungt fólk og reyndar fólk á öllum aldri sem notar veraldarvefinn töluvert og þetta fólk kvartar undan kostnaði. Á sama hátt hef ég heyrt fjölmarga þeirra sem vinna við hugbúnaðargerð kvarta undan, að því er þeim finnst, óheyrilega miklum kostnaði sem skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja þeirra gagnvart erlendum samkeppnisaðilum.

Ég leyfi mér ekki að fullyrða en ég tel að vel komi til greina að þessum kostnaði verði haldið niðri meðan Póstur og sími er eini aðilinn sem annast þessi samskipti, standist það samkeppnislög. Ég færði þau rök fyrir því að það megi líkja þessu við hraðbraut 21. aldar, alveg með sama hætti og ríkið leggur fé í að leggja hraðbrautir um landið. Þetta er atriði sem ég treysti mér ekki á þessari stundu til þess að segja hvort standist en mér finnst eðlilegt að nefndin, verði af henni, muni skoða þessa leið vegna þess að þetta er eitt lykilatriðið, það er kostnaðurinn við samskipti á veraldarvefnum, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

[16:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn eru í skipulögðu fjarnámi held ég að þeir þurfi ekki að vafra mjög mikið um vefinn. Þeir hafa aðgang að tilteknum gagnagrunni og þeir fá verkefni sem þeim er svarað með að skila þeim til baka. Auðvitað kostar það talsvert ef menn eyða löngum stundum í að skoða veraldarvefinn. Menn gætu auðvitað verið að því sólarhringum saman og sumir gera það. Væntanlega fylgir því gríðarlegur kostnaður.

Ég er líka sammála hv. þm. um að kostnaðurinn við þetta í dag er of hár og þau fyrirtæki sem bjóða þessa þjónustu munu áreiðanlega lækka sig þegar samkeppnin harðnar og hún mun harðna. Ég tel að það sem hv. þm. er að reifa sé rangt. Ég er á móti því að þetta sé niðurgreitt og ég spyr hv. þm.: Telur hann þá ekki að það ætti allt eins að niðurgreiða tölvurnar sem nemendur í fjarnámi þurfa að kaupa fyrir kannski hátt á annað hundrað þúsund kr. og kannski enn meira ef allt er með talið til þess að geta stundað sitt nám sómasamlega? Ætli það sé ekki langstærsti kostnaðurinn sem menn þurfa að standa straum af þegar í fjarnám kemur? Er einhver munur á því að greiða niður tölvu eða greiða niður internetþjónustuna? Ég er reyndar á móti hvoru tveggja en mig langar að fá viðhorf hv. þm. til þess.

[16:25]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég fjalla um kostnaðinn frekar en ég hef gert hér enda hefur svo sem engin rannsókn farið fram eins og ég greindi frá áðan. Ég ítreka það sem ég nefndi að ég tel eðlilegt að nefndin, sú sem hér er til umræðu verði hún skipuð, skoði þá leið varðandi niðurgreiðslur, skoði hvort það standist samkeppnislög á meðan Póstur og sími einn annast þessi samskipti vegna þess að hann er í eigu ríkisins.

Hvað varðar tölvukaupin sjálf er það hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að líklega er stærsti beini útlagði kostnaðurinn. Það er að koma sér upp tölvum og tölvubúnaði og mér finnst koma fyllilega til greina að styrkur ríkisins sé með þeim hætti að fella niður aðflutningsgjöld og stuðla að því að tölvur verði ódýrari, fella niður virðisaukaskatt og annað því um líkt, þau opinberu gjöld sem leggjast hugsanlega á tölvur til þess að lækka kostnaðinn. En eins og ég nefndi áðan tel ég að þó að ríkissjóður kunni að verða af einhverjum tekjum, þá fái ríkið tekjurnar til baka þó að síðar verði því að fyrirtæki og einstaklingar eflist á þessu sviði en það sem þó e.t.v. skiptir mestu máli er að menntastig þjóðarinnar ætti að hækka.

[16:27]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fjarkennslu sem ber vitni um lofsverðan áhuga á þessu sviði. Það má segja sem svo að upplýsinga-, tölvu-, viðskipta- og samskiptatæknin sem stendur nú til boða hafi gerbreytt aðstöðu samfélaga eins og þess íslenska til þess að bjarga sér í heiminum. Það á bæði við um kennslumálin og uppeldismálin en það á ekkert síður við um atvinnumálin.

Hér er því velt fyrir sér hvort ekki sé rétt að skipa nefnd og er lagt til að nefndin geri tillögur um það hvernig nýta megi fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi til þess að jafna aðstöðu til náms. Nú vill svo vel til að einmitt á því sviði sem er til umfjöllunar hefur verið unnið mjög mikið starf, bæði á vegum ríkisstjórnarinnar í heild en einnig á vegum menntmrn. og á vegum fjmrn. og heilbrrn. Það hefur verið mörkuð stefna í þessum málum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hefur verið birt og hún hefur verið kynnt þingmönnum þannig að þeir fara ekki í grafgötur um það hver er stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins. Þessi stefna liggur ljós fyrir og framkvæmd stefnunnar er þegar hafin. Eins og hefur komið fram í umræðunum hefur verið gefin út stefnumörkun menntmrn. í þessum málaflokki að því er það varðar.

Einnig er búið að setja af stað tilraunaverkefni um fjarkennslu, bæði á háskólastigi, á framhaldsskólastigi og á grunnskólastigi. Í kjölfar þessara verkefna og þessarar stefnumörkunar sem er mjög langt komin, þá liggur að sjálfsögðu fyrir mögulega mikil reynsla um það hvernig er hægt að nýta fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi og þess vegna er mjög brýnt að þessu tilraunastarfi verði haldið áfram og því komið í fast form og síðan dregnar niðurstöður af því hvernig til hefur tekist. Því má segja að þessi umræða sem er gagnleg fyrir þingið fjalli um svið sem hefur verið sinnt hér á landi af óvenjumikilli alvöru og festu. Við stöndum að þessu leyti langtum framar velflestum Evrópuþjóðum og það á rætur sínar í ýmsum íslenskum staðreyndum. Fyrir það fyrsta eins og ég hef vikið að, þá er búið að vinna af hálfu stjórnvalda í þessu máli mjög mikið starf. Mjög margir komu að því starfi þannig að við höfum þegar mótað stefnuna af hálfu stjórnvalda.

Fyrirtækin hafa verið afar viljug til þess að nýta sér þessa tækni og Íslendingar hafa sem þjóð verið mjög viljugir til að fjárfesta í tölvutækni. Við stöndum meðal fremstu þjóða í tölvueign og tölvunýtingu og það hefur vakið mikla athygli erlendis hversu langt við höfum náð á þessu sviði. Ég nefni sem dæmi að jafnvel þótt nágrannaþjóðir okkar standi mjög framarlega í þessum efnum, og þar tel ég Finna sérstaklega en það má einnig nefna Svía og Norðmenn, þá hefur íslenska menntakerfið og fjarkennslan hér á landi engu að síður vakið mikla athygli í Norðurlandaráði og reikna ég með að út úr því muni koma tillögur ráðsins um að menn snúi sér til Íslendinga í þessum málum meira en verið hefur hingað til.

Það ber einnig að geta þess að ýmsar Evrópuþjóðir eru nú að setja sér áfanga í þessum efnum sem þær vænta að verði náð á næstu öld, áfanga sem við höfum þegar náð nú í

sambandi við útbreiðslu á þessari tækni. Það sem er kannski mikilvægast að fram komi er að ákveðin svið skipta meginmáli í sambandi við fjarkennsluna og möguleika á nýtingu þessarar nýju tækni. Það eru kannski fyrst og fremst tvö svið sem skipta meginmáli. Þau hafa verið nefnd í þessari umræðu. Ég ætla að endurtaka það.

Í fyrsta lagi skiptir öllu máli að almennt tölvulæsi ríki í samfélaginu, það skiptir öllu máli. Tæknin þarf að vera fyrir hendi, en síðan þurfa menn að vera reiðubúnir til þess og hafa þekkingu til þess að nýta sér tölvurnar. Það er ljóst að hluti af hverju samfélagi er haldinn vissum fordómum gegn tölvum og hefur verið notað yfir þetta hugtakið tölvufælni sem er talið að hrjái vissan hluta af samfélaginu. Það þarf að yfirvinna þessa erfiðleika, það þarf að jafna samkeppnisaðstöðu að því er varðar þessa tækni og þá er náttúrlega verið að tala um það hvernig menntakerfið muni bregðast við. Bæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í því starfi sem unnið hefur verið innan menntmrn. er tekið sérstaklega á þessum þætti og skólarnir hafa sýnt að þeir hafa mjög mikinn áhuga á þessu sviði. Þeir hafa gengið eins langt til móts við þessa nýju tækni og fjárveitingar til þeirra hafa leyft og náð miklum árangri.

Annað atriði sem skiptir miklu máli er flutningsgeta kerfanna. Þriðja atriðið sem skiptir meginmáli er það sem hefur verið rætt hér að nokkru, þ.e. verðlagningin. Út um allan heim er verið að breyta ríkisfyrirtækjum í einkafyrirtæki og við þær breytingar er meginreglan sú að flutningakerfið sem ríkisvaldið hefur að sjálfsögðu fjárfest í verður jafnan eign þessara fyrirtækja, en jafnframt tryggja samkeppnisreglur að aðrir komi að þessu á jafnréttisgrundvelli. Það er rétt sem hér hefur komið fram að auðvitað munu þessar reglur tryggja, og alþjóðleg samkeppni mun einkum og sér í lagi tryggja, að menn muni ekki geta farið neinar sérstakar leiðir í verðlagningu. Engu að síður er það svo að allmörg þjóðfélög sem eru nú að móta stefnuna í þessum efnum hafa beinlínis á stefnuskrá sinni að greiða einhvern veginn fyrir verðlækkun á þessu sviði, kannski ekki með beinum niðurgreiðslum en greiða með ýmsum hætti fyrir lágri verðlagningu á þessu sviði vegna þess að menn hafa fyrir sér reynsluna í Bandaríkjunum þar sem afar lágt verð á þessum viðskiptum hefur ýtt undir langmesta notkun sem nokkurs staðar er í heiminum á tölvutækni. Það er því mjög mikilvægt að það komi fram hér og nú að verðlagningin á þessari þjónustu er atriði sem við þurfum að vaka yfir. Við þurfum að fylgjast með því mjög vel að verðlagningin sé hófleg. Við höfum ýmsar leiðir til þess að fylgjast með því og hvetja til þess að hún sé hófleg. Ég held því að sú umræða sem hér hefur verið sé gagnleg. Málið er komið af stað. Nú þegar liggur fyrir mikil þekking á þessu sviði og við eigum að geta með því að leyfa þessu að fara í ákveðinn, góðan og stöðugan farveg og gera úttekt á þessu með vissu millibili, dregið af því þann lærdóm sem nauðsynlegur er.

[16:35]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það fer ekkert á milli mála að málið sem hér er til umræðu er eitt af því þýðingarmesta varðandi uppbyggingu menntamála í landinu. Þessi mál hafa auðvitað verið rædd áður á Alþingi og ég vil minna á að hæstv. menntmrh. svaraði fyrirspurn frá mér um þessi efni hinn 21. febrúar 1996, þar sem sérstaklega var leitað eftir því hvaða skólar á háskólastigi byðu upp á fjarkennslu af einhverju tagi. Ástæðan fyrir því að ég vakti máls á þessu þá var sú að fjölmargir íbúar á landsbyggðinni höfðu haft samband við mig og kvartað undan því að mjög erfitt væri að nýta sér fjarkennslu á háskólastigi vegna þess að skólar á háskólastigi almennt byðu ekki upp á slíka menntun.

Það kom mér hálfvegis á óvart þegar ég fór að skoða þetta á árinu 1996 hversu háskólastigið hafði tekið seint og illa við sér. Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. þá að það væri fyrst og fremst og raunar eingöngu Kennaraháskólinn sem á þeim tíma hefði tekið við sér og farið að bjóða fjarnám. Engu að síður, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og reyndar fleiri, þá hefur þróunin síðan verið mjög hröð. Skólakerfið hefur verið að taka við sér með undraverðum hraða og ég held þess vegna, virðulegi forseti, að við séum á margan hátt til fyrirmyndar hér á landi á þessu sviði eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi áðan.

Það er engin spurning um að mjög mikil þörf er á fjarnámi af hvaða tagi sem er. Það er vegna þess að hlutir eru að breytast mjög fljótt og hratt í okkar þjóðfélagi. Krafan um endurmenntun verður sífellt meiri og fólk sem býr við þær aðstæður að geta ekki sótt sér nám með beinum og hefðbundnum hætti eins og við þekkjum, sækist þess vegna mjög eftir því að reyna að nýta sér þessar fjarskiptaleiðir nútímans sem alnetið og fjarnámið eru.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að ég geti ekki tekið undir það með flutningsmönnum þessarar þáltill. að aðferðin í þessum efnum sé að setja niður nefnd sem gerir tillögur um hvernig nýta megi fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi vegna þess einfaldlega að eins og fram hefur komið, þá eru þessi mál í mjög mikilli deiglu og það er verið að vinna að þeim. Ég óttast að nefndarskipun af þessu taginu væri kannski ekki mikið meira en endurtekning á þeirri vinnu sem fram fór á síðasta ári af hálfu menntmrn. og birtist í gagnmerku riti, Í krafti upplýsinga, sem voru tillögur menntmrn. um menntun, menningu og upplýsingatækni. Og ef við skoðum sérstaklega það sem þar er sagt á sviði kennslumála, þá sýnist mér að í veigamiklum atriðum sé tekið á þeim efnisþáttum sem þessi tillaga felur í sér þannig að mér finnst einhvern veginn, virðulegi forseti, að hér sé verið að leggja til einhvers konar endurtekningu eða kannski endurmat á þeim tillögum sem tiltölulega nýlega eru komnar fram. Ég efast þess vegna um að þetta sé aðferðin við það að vinna því máli brautargengi sem hv. tillöguflytjendur eru vissulega að gera með frumkvæði sínu og áhuga.

Ég held hins vegar almennt, ef við ræðum um þessi fjarkennslumál og möguleikana á því að stunda fjarkennslu með þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem við höfum til staðar, að þá séu þeir möguleikar mjög miklir og þetta sé hlutur sem við þurfum áfram að reyna að sinna og af auknum krafti.

Ég nefndi sérstaklega áður endurmenntunina. Við sjáum þann gríðarlega áhuga sem er á þessu sviði vítt og breitt um landið. Við sjáum þetta gerast til að mynda í þeirri sprengingu sem nánast er orðin í aðsókn fólks að endurmenntunardeild Háskóla Íslands. Sjálfur sit ég núna námskeið þar sem 500 manns eru að kynna sér efni Njálu, sem mér finnst segja heilmikla sögu um íslensku þjóðarsálina. Hins vegar er það augljóst mál að á fjölmörgum öðrum sviðum þarf líka að nýta sér gildi fjarnámsins og það erum við að gera, til að mynda með þeirri tölvukennslu sem víða fer fram út um landið.

Hitt er líka mjög þýðingarmikið og það er að vitaskuld er hægt að nýta sér kosti fjarnámsins og nútímafjarskipta

við annars konar menntun og kennslu í landinu. Þetta á ekki síst við í hinum minni skólum, bæði á framhaldsskóla- og grunnskólastiginu. Nú þekkjum við það að sums staðar í hinum minni sveitarfélögum hefur ekki verið unnt að bjóða upp á til að mynda kennslu fyrir 10. bekk vegna fámennis og þarna held ég að sé kannski kjörinn samstarfsvettvangur fyrir hina fámennari skóla, að efna sameiginlega til kennslu á þessum sviðum. Mér dettur líka í hug að víða út um landið er mjög erfitt, eins og allir þekkja, að ráða raungreinakennara til starfa, sérstaklega m.a. vegna þess að litlu skólarnir geta í rauninni boðið upp á frekar fáa tíma á raungreinasviðinu. Ég hef rætt þessi mál við skólastjóra og kennara úti um landið sem hafa m.a. bendt á að þarna gætu falist möguleikar fyrir fjarnámið, þ.e. að litlir skólar tækju sig saman og væru sameiginlega með raungreinakennslu til að mynda í 10. bekk sem gæti þess vegna verið skýrt frá einum hinna litlu skóla sem sinnti, mætti segja, raungreinanáminu eða byði fram námsefnið í raungreinanáminu í marga skóla í senn. Þetta held ég að sé mjög athyglisverð hugmynd sem líka væri hægt að þróa þannig að kennarar, án þess að starfa innan vébanda hins formlega skólastarfs, tækju sig saman og útbyggju slíkt námsefni, að sjálfsögðu á grundvelli samþykktrar námskrár og opnuðu þannig möguleika á því að börn og unglingar gætu sótt nám heiman frá sér án þess að þurfa að yfirgefa heimahagana en nýttu sér kosti fjarnámsins.

Nákvæmlega það sama á við um framhaldsskólann. Nú þekkjum við að veikleiki litlu framhaldsskólanna margra eins og Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði og Framhaldsskólans á Laugum svo ég taki bara tvö dæmi af hreinni hendingu, hefur oft verið sá að þeir hafa ekki getað boðið upp á nægilega fjölbreytilegt námsefni og við þekkjum það að krakkar eru að sækja eins og eðlilegt er, eins og við gerum öll, eftir fjölbreytni og mjög miklir möguleikar eru á því að auka hana með fjarnáminu.

Þetta enn fremur, virðulegi forseti, þarf auðvitað að tengja þeirri uppbyggingu bókasafnskerfisins í landinu sem ég held að hafi verið lagður grunnurinn að með samþykkt laga um almenningsbókasöfn á liðnu ári þar sem innsiglaður var sá ásetningur hæstv. menntmrh. að gera bókasöfnin í landinu að einhvers konar setrum eða miðstöðvum fræðsluefnis af þessu taginu þar sem sérstaklega væri hægt að nýta sér kosti fjarkennslu og fjarnáms og gera þau að miðstöðvum þar sem fólk gæti sótt sér þekkingu, ekki bara í gegnum bækurnar heldur líka á þennan nútímalega hátt.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að hér sé um að ræða hluti sem sífellt eru að opna okkur nýjar leiðir. Ég held að almenn stefnumótunarvinna mundi ekki koma að mjög miklu gagni fyrir þetta mál en auðvitað er það sjálfsagður hlutur að menn endurmeti þessa þætti á hverjum tíma eftir því sem tilefni gefst til.

[16:43]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins vegna ágætrar ræðu hv. þm. sem talaði á undan mér koma því á framfæri að upphaf þessarar tillögu er að finna í samtölum flutningsmanna við skólamenn og við sveitarstjórnarmenn sem einmitt ekki voru búnir að koma auga á ýmsar af þeim ágætu hugmyndum og tillögum sem hv. þm. gefur okkur sem sitjum í salnum kost á að hlýða á. Ég held nefnilega að það sé þannig, herra forseti, að við þurfum vettvang þar sem allar þessar ágætu hugmyndir og reynsla geta komið saman til þess að menn almennt átti sig á hvernig þeir geta þróað málið áfram eða komið inn í það hafi þeir ekki komið að því fyrr.

[16:44]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir mikilvægi þessarar þáltill. um fjarkennslu til að jafna aðstöðu til náms og vona að hún hljóti framgang hér á Alþingi.

Fjarkennsla hefur nú verið til umræðu í ein 15 ár án þess að þeir draumar sem hún hefur vakið hafi ræst hér á landi að mínu mati. Er ég því alveg innilega sammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, um að það hefur í raun og veru minna gerst á þessu sviði heldur en við sem vorum bjartsýn fyrir 10–15 árum töldum að mundi gerast.

Í kjölfar opna háskólans í Bretlandi komu upp margar hugmyndir hér á landi, m.a. innan Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Það var í kringum árið 1984 sem við í Kvennalistanum fundum fyrir auknum þrýstingi frá konum úti um allt land um að flytja þingmál af þessum toga til þess að gera m.a. konum sem búa úti á landsbyggðinni kleift að stunda háskólanám eða framhaldsskólanám. Árið 1985 fluttu kvennalistakonur tvö frumvörp sem snerta þessi mál. Það var Guðrún J. Halldórsdóttir sem flutti frv. til laga árið 1985–1986 um fjarnám ríkisins og síðan einnig á sama þingi frv. til laga um fullorðinsfræðslu. Þetta dreg ég fram hér til þess að benda á að síðan eru 12 ár og þær sterku vonarraddir sem heyrðust árið 1985 eru miklu, miklu veikari í dag. Þetta sýnir að ég tel að það séu viss vonbrigði með hvernig til hefur tekist í þessum efnum hér á landi. Þrátt fyrir það góða starf sem hefur verið unnið, bæði innan háskólans, Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri og innan menntmrn. á vissan hátt, þá er þetta að mínu mati enn þá í ákveðnum tilraunafarvegi og hefur ekki borið nógu góðan ávöxt. Núna með tilkomu alnetstengingar flestra skóla í landinu held ég að nýir möguleikar séu að opnast sem þegar er farið að nýta en alls ekki nógu skipulega til þess að jafna aðstöðu til náms. Það finnst mér einmitt mjög gott við þessa tillögu að þetta er tengt saman. Þá á ég við að gera fólki sem býr þar sem ekki eru skólar kleift að stunda t.d. framhaldsskólanám eða háskólanám hér á landi eða möguleika að stunda háskólanám erlendis ef það er ekki í boði hér.

Að þessu sögðu vil ég jafnframt minna á að nám af þessu tagi krefst mjög mikils aga og það er mín reynsla af kennslu við Háskóla Íslands að það er alls ekki nóg að hafa góðar tölvugræjur. Það þarf að hafa mannafla til þess að fylgja eftir, til þess að hitta fólk reglulega og það þarf síðast en ekki síst góð námsgögn eins og menntmrh. kom réttilega inn á fyrr í umræðunni. Það þarf einnig að vera alveg skýrt að nám af þessu tagi verður ekki stundað ofan á tvöfalda vinnu eins og mér fannst sumir vildu binda vonir við, að núna ætti að vera hægt að stunda nám ofan á jafnvel tvöfalda vinnu af því að tölvugræjurnar eru komnar og einhver kúrs er í boði með fjarnámi. Þessi bjartsýni er núna fyrir bí. Fólk er búið að átta sig á því að þetta er mikil vinna þrátt fyrir góðar græjur.

Ég vil fagna góðum undirtektum hæstv. menntmrh. hér áðan. Það er alveg ljóst að hann áttar sig á mikilvægi námsefnis fyrir nám af þessu tagi og það er einmitt þar sem hnífurinn stendur í kúnni að mínu mati varðandi nám, segjum á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi, þar sem það þarf íslenskt námsefni og töluvert fjárframlag til þess að búa það til. Sem sagt, tölvurnar og tölvubúnaðurinn er fyrsta skrefið en námsefnið er stóra og dýra málið og það hefur

ekki verið nægilega mikið unnið á því sviði. Að mínu mati hefur tekist vel til í þessu skipulagsleysi. Einstakir skólar hafa tekið sig til, t.d. Verkmenntaskólinn á Akureyri eins og kemur fram í ágætri greinargerð með þessari tillögu, en það er alveg ljóst að námsefnisgerðina verður að styrkja ef þetta á að verða hluti af skipulögðu námi.

Ég vil benda á að samskipti á milli framhaldsskóla hér á landi og við t.d. skóla erlendis hafa verið lífleg vegna tölvutækninnar og einnig má nefna gott verkefni sem nú er í gangi í Menntaskólanum á Laugarvatni við að tengja þann skóla við umhverfið. Þetta er hagnýting á tölvutækninni sem er allt annað en að hagnýta tölvutæknina í skipulögðu fjarnámi til þess að auka jafnrétti til náms. Það finnst mér alveg hafa vantað hér og þess vegna er þessi tillaga mjög tímabær og ég vona að það náist samstaða um framgang hennar. Ég tel sem sagt að 15 ára tilraunir á þessu sviði hafi sýnt árangur en mjög tímabært sé orðið að formfesta þetta nám mun betur fyrir öll skólastig.

Herra forseti. Ég er að segja að ég tel að það sé mikill munur á því að hagnýta tölvutækni á Íslandi og að hagnýta hana skipulega til fjarnáms til að jafna aðstöðu til náms. Menntmrn. virðist hafa nokkuð skýra stefnu í fyrra atriðinu en ég tel að hið síðara sé enn á tilraunastigi og við séum ekki komið mikið lengra en fyrir 10 árum síðan. Þær vonir sem við höfðum þá hafa ekki ræst og því sé mikilvægt að móta skýra stefnu og fylgja henni eftir þá er nauðsynlegt að setja fjármagn til þess sem hingað til hefur skort.

Í nýlegri (Forseti hringir.) skýrslu OECD um Ísland eru látnar í ljós áhyggjur af því hve brottfall er hátt í framhaldsskólum og þar eru nefndar þær leiðir að t.d. mætti opna lánasjóðinn fyrir fleiri framhaldsskólanemum. Ég tel að önnur leið sé að formfesta nám af þessu tagi því að það kostar ríkið mjög mikið að hafa svona hátt brottfall nemenda og það mundi borga sig að mati OECD að kosta töluverðu til.

[16:53]

**Útbýting þingskjala:**

Íslenskt sendiráð í Japan, 94. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 94.

Ráðherraábyrgð, 96. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 96.

Ríkisábyrgðir, 99. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 99.

Ríkisreikningur 1996, 97. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 97.

Tilraunaveiðar á ref og mink, 95. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 95.

Virðisaukaskattur, 98. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 98.

[16:54]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér hefur farið fram góð umræða um þarft mál og tekur mið af þeim geysilegu breytingum sem hafa átt sér stað í ég vil segja öllum heiminum í samskiptum fólks með tilkomu internetsins. Tekin hafa verið til umræðu mörg atriði sem þetta varða en þó vantar enn þrjú sem ég vildi gjarnan koma inn á.

Í fyrsta lagi er sú hagræðing sem felst í því að hanna námskeið eða útbúa námskeið í fjarkennslu þar sem tugir þúsunda nemenda geta sótt námskeiðið. Það er ekkert því til fyrirstöðu að jafnvel 100 þúsund nemendur geti sótt námskeið sem er á alnetinu. Þetta er náttúrlega alveg gífurleg hagræðing frá því sem við enn búum við og hefur í sjálfu sér mjög lítið breyst í aldanna rás, að einn kennari kenni einum bekk, 20–30 nemendum. Fyrirlestur hans er ætlaður eingöngu þessum 20–30 nemendum, og ef hann vandar sig mjög mikið fá þeir frábæra kennslu en aðrir ekki. Með fjarkennslunni á internetinu geta tugir þúsunda sótt þetta námskeið og það ætti að hvetja góða og metnaðargjarna kennara til þess að búa til frábæra fyrirlestra, frábær kennslugögn og leggja í það mikla vinnu.

Annað atriði sem vantar í þessa umræðu er gerð kennsluefnis. Nú hefur orðið mjög mikil þróun í gerð kennsluefnis og mikið af kennsluefni tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið í gerð tölvuleikja fyrir börn og unglinga og er þannig að kennslan verður að leik. Nú er loksins komin í gildi vísan „Það er leikur að læra" vegna þess að í forritinu sjálfu er hvatning til nemandans að læra og hún er slík að ég hef upplifað það hjá átta ára barni að það þarf að setja kvóta á kennsluna, þ.e. hve mikið má sitja við tölvuna á dag, vegna þess að forritið er svo skemmtilegt að barnið gæti verið allan daginn í tölvunni. Á það bæði við um forrit til að kenna ensku sem og forrit sem er alveg frábært og kennir félagsfræði og felst í því að hanna borg. Litli maðurinn er sem sagt borgarstjóri og leggur skolplagnir, raflagnir, vegi, byggir skóla, leikhús og annað slíkt, allt sem er nauðsynlegt í einni borg og leggur á skatta.

Þetta kennsluefni, sem er forrit, er mjög ódýrt í framleiðslu. Það kostar 100 kr. að búa til geisladisk, tæplega þó, og er miklu ódýrara heldur en ef efnið er prentað í bók. Svo má dreifa þessu ókeypis á internetinu þannig að kostnaðurinn við kennsluna verður ekki nema brot af því sem er í dag, bæði það að nemendur í tugþúsundatali geta sótt sama fyrirlesturinn og svo eru námsgögnin svona miklu ódýrari.

Þriðja atriðið sem mér virðist hafa vantað inn í þessa umræðu er vandamálið varðandi þóknun og hvatningu til kennara að búa til góða og frábæra fyrirlestra. Það vantar inn í núverandi kerfi, og það yrði kannski verkefni þeirrar nefndar sem sett yrði á laggirnar. Hvernig frábærum kennurum er umbunað fyrir að leggja það á sig að búa til góðan fyrirlestur eða vera með góða kennslu. En það verður náttúrlega mjög brýnt að koma því á þannig að nemandinn borgi t.d. fyrir þátttöku í námskeiðinu á einhvern hátt. Það er kannski það verkefni sem þarf að leysa þannig að frábærir kennarar, sem við eigum mjög mikið af, leggi sig í líma og séu hvattir til þess að búa til góð námskeið.

Í þessu sambandi vil ég minna á þáltill. sem ég flutti á síðasta þingi um að allir nemendur í íslenska skólakerfinu verði komnir með aðgang að tölvu innan þriggja ára, það yrði sett sem markmið. Ég hyggst flytja hana aftur en hún var ekki útrædd á síðasta þingi.

Að lokum vil ég þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir flutning þessarar tillögu sem ég tel vera mjög þarfa.

[16:59]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég vil koma í lok þessarar umræðu til þess að fagna því hversu ágæt hún hefur verið og hversu margt gagnlegt hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa rætt mikilvægi þess að við þróum fjarkennslu og nýtum til þess að jafna aðstöðu til náms. Það er nefnilega laukrétt sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi áðan að sitt er hvað að ýta undir tiltekna þróun sem getur þá verið handahófskennd og að ganga skipulega til þess að jafna aðstöðu fólks til náms. Það gerist ekki án þess að menn taki þar ákveðna afstöðu eða móti tiltekna stefnu og þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að menn skoði þá reynslu sem þegar er orðin,

leggi inn ýmsar þær ágætu hugmyndir sem fyrir liggja um það hvernig er hægt að gera þetta og móti síðan markvissa stefnu um það hvernig við ætlum að nota þessa tækni og þá þekkingu og reynslu sem við höfum þegar til þess að jafna aðstöðu til náms. Það þarf að athuga ýmsa þætti sérstaklega, herra forseti.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni þá er hið merkilega starf innan Verkmenntaskólans á Akureyri enn þá undir hattinum tilraunastarf. En við hljótum að spyrja: Hvað á síðan að taka við og hvert á að stefna? Ég veit að menn eru að velta þessu fyrir sér mjög víða, bæði í þeim ágæta skóla og í menntmrn. en það þarf að horfa til þess hvert á að stefna með hliðsjón af því hvað menn vilja. Það þarf líka að velta því fyrir sér hvernig menn vilja halda áfram skipulegum tilraunum og hvernig framhald þessarar þróunar sem orðin er á að verða. Á hún bara að verða tilviljanakennd? Á hún bara að fara eftir því hvort einhver skóli eða jafnvel einstaklingur innan skóla sýnir áhuga eða vilja menn hafa markmið, eins og það sem hér er sett fram, í forgrunni?

Menn hafa vikið hér að tæknimálum og búnaði sem vissulega er stórt mál sem þarf líka að skoða og svo hafa menn getið um kennaramenntun og hlutverk kennarans, hið breytta hlutverk kennarans. Ég er ekki viss um að allir sjái fyrir sér hversu gjörbreytt hlutverk kennarans verður við þær aðstæður sem fjarkennsla og nýir möguleikar munu færa þessari stétt. Hv. þm. Pétur Blöndal vék lítillega að þessu áðan og gerði það af þeim áhuga og þeirri þekkingu sem hann hefur sýnt hér m.a. með flutningi þeirrar tillögu sem hann vitnaði í. En hlutverk kennarans verður vissulega gjörbreytt og allt annað en nú er. Hv. þm. vék að því áðan að það gæti verið í því fólgin nokkur hagkvæmni að hægt væri að nýta sama fyrirlestur eða sama námskeið fyrir býsna stóran hóp, en hlutverk kennarans í fjarkennslunni er líka að taka við og veita ábendingar og veita einstaklingsaðstoð og einstaklingskennslu, bara á allt annann hátt en verið hefur og í rauninni með mun virkari hætti. Þannig erum við að tala um gjörbreytingu á þessu hlutverki og ég held eins og ég sagði áðan að menn séu ekki búnir að sjá fyrir allar þær breytingar sem geta orðið á hlutverki kennarans og verða, þó svo að hitt muni alltaf verða á sínum stað líka, þ.e. þau persónulegu samskipti sem eru hluti af menntun allra.

Námsefnisgerðin hefur hér verið nefnd og mér er sagt að þar sé einn akkilesarhællinn í dag, að hann sé ekki bara það sem hæstv. menntmrh. gat um áðan, þýðing á efni fyrir tölvur eða möguleikar af þeim toga heldur ekki síður hitt að kennarar fái leiðbeiningu um það hvernig hefðbundið námsefni er gert tölvutækt til þess að hægt sé að ná árangri í kennslunni. Þarna hafa sumir náð prýðilegum árangri en aðrir eru enn að fikra sig áfram og það er vöntun á leiðsögn hvað þetta varðar. Sama má segja um kennaramenntunina. Hún þarf að taka frekara mið af þessum breytingum.

Það er athyglisvert að enda þótt framhaldsskólanámið sem þegar er komið af stað í fjarnámi sé fyrst og fremst bóknám eða tengt bóknámi og þá til stúdentsprófs þá eru menn líka farnir að þreifa sig inn á það að styðja við starfstengda námið. Þróunarstarf í þá veru er til og þarf að styrkja vegna þess að það er mikið rétt sem hér hefur margoft verið ítrekað í umræðunni, þ.e. mikilvægi þess að endurmenntun, fullorðinsfræðsla, símenntun og starfstengt nám geti líka notið góðs af þessari nýju tækni. Þá er um það ógetið sem menn hafa bent á að það þarf ekki bara að skoða námsefnið heldur þarf líka að skoða námskröfur sem gerðar eru og að þær séu samræmdar þeim námskröfum sem gerðar eru í hefðbundnu námi, ekki þannig að þær séu eins heldur samræmdar þannig að niðurstöður þeirra séu jafnmarktækar.

Í nýsamþykktum framhaldsskólalögum er getið um fullorðinsfræðslumiðstöðvar sem framhaldsskólarnir geta sett á laggirnar og þessar fullorðinsfræðslumiðstöðvar eru einmitt vettvangur þar sem möguleiki væri að nýta með sérstaklega áhrifaríkum hætti ýmislegt af því sem menn hafa verið að benda á sem möguleika hér í dag, möguleika til menntunar, til ýmiss konar upplýsingar og stuðnings við hefðbundið nám.

Í tengslum skólana, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla þurfum við að hafa fjarkennslumiðstöðvar. Það kom fram áðan í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar þar sem hann rifjaði upp fyrirspurn sína til menntmrh. um fjarkennslu á háskólastigi að það kom honum á óvart hversu lítið slík kennsla var farin af stað hérlendis nema þá í Kennaraháskóla Íslands og ég vil bæta við einnig í Fósturskólanum. Þarna er reyndar verið að vinna markvisst. Háskólinn á Akureyri er búinn að gera samstarfssamning við Verkmenntaskólann á Akureyri og ætlar sér að hasla sér völl á þessu sviði en það þarf að vera ákveðin miðstöð svipað og Verkmenntaskólinn er orðinn fyrir framhaldsskólastigið, miðstöð sem sér um þessa kennslu, tengir saman nemendur og kennara hvar svo sem nemandinn kann að vera staddur og hvar svo sem kennarinn kann að vera staddur. Hvort sem þessir aðilar eru erlendis eða hérlendis eru kostirnir fyrst og fremst þeir að hægt er að nýta krafta kennara hvar sem hann er staddur á landinu eða jafnvel í heiminum nánast til þess að kenna efni sem nemendur eru að nýta sér út um allt land og jafnvel út um allan heim eins og við höfum þegar dæmi um.

Herra forseti. Ég vil þakka þann ágæta áhuga sem hér hefur komið fram hjá m.a. hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem nefndi ýmis gagnleg atriði sem vert er að hv. menntmn. skoði í umfjöllun sinni um tillöguna.

Ég vil að lokum undirstrika það sem ég hóf þessa seinni ræðu mína á sem er í takt við það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði áðan. Það er gott svo langt sem það nær að ýta undir þessa þróun með þeim hætti sem gert hefur verið. Hins vegar þarf ákveðna formfestu fyrir öll þessi þrjú skólastig, grunn-, framhalds-, og háskóla, ef menn vilja nýta skipulega þá þekkingu og tækni sem fyrir hendi er til að jafna aðstöðu til náms. Það gerist ekki af sjálfu sér og eins og ég hef getið um fyrr þá er hvati þess að þessi tillaga er flutt hér fyrst og fremst spurningar, óskir og væntingar skólamanna, sveitarstjórnarmanna og annarra um allt land sem hafa þrátt fyrir þær góðu hugmyndir sem reifaðar hafa verið hér í dag og menn virðast álíta að liggi á hvers manns borði og þrátt fyrir hið ágæta starf sem unnið hefur verið í menntmrn., ekki fengið þau svör, leiðsögn eða markmið sem verið er að leita eftir úti um landið, í sveitarfélögunum þar sem menn vilja gjarnan fagna nýrri tækni og möguleikum með því að nýta hana til þess að styrkja byggðina, til þess jafna möguleikana, til þess að jafna möguleika þeirra sem þar búa til náms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bætt siðferði í opinberum rekstri, fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[17:11]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um bætt siðferði í opinberum rekstri sem ég flyt ásamt hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Gísla S. Einarssyni. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig bæta megi siðferði í opinberri stjórnsýslu.

Kannaðar verði þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, einkum varðandi embættisveitingar í æðstu stöður stjórnkerfisins og ráðstöfun opinberra fjármuna. Nefndinni verði falið að leggja mat á hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi embættisveitinga eða setja hæfnisreglur um ráðningar. Verkefni nefndarinnar verði einnig að kanna hvernig koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra í stjórnsýslunni og viðskiptalífi og draga úr stjórnmálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu.

Nefndin geri tillögur um úrbætur varðandi framangreind atriði og undirbúi löggjöf í þessum efnum sé það talið nauðsynlegt.

Nefndin verði skipuð einum aðila tilnefndum af forsætisráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum tilnefndum af Hæstarétti Íslands og einum tilnefndum af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.“

Þannig hljóðar þessi tillaga, herra forseti, og ég vil bæta því við um þessa nefndaskipun að ég tel rétt að nefndin skoðaði, þegar hún fjallar um þetta mál, hvort eðlilegt væri að löggjafarvaldið kæmi að nefndarstarfinu á einn eða annan hátt og mætti hugsa sér Ríkisendurskoðun í því sambandi sem starfar í umboði Alþingi.

Tillagan felur í sér, herra forseti, að fara yfir þær reglur, skráðar og óskráðar, sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu. Það er einkum bent á þrjá meginþætti sem á að skoða, þ.e. embættisveitingar í æðstu stöður, ráðstöfun opinberra fjármuna og stjórnamálaleg afskipti í sjóða- og í bankakerfinu. Ég held, herra forseti, að það megi finna þess nokkur dæmi í gegnum tíðina að trúnaðarbrestur hafi orðið með þjóðinni og opinberum stjórnvöldum vegna ýmissa embættisfærslna sem misboðið hafa siðferðisvitund þjóðarinnar og því er nauðsynlegt að huga að því hvernig bæta megi siðferði í opinberri stjórnsýslu.

Við þekkjum það, herra forseti, að ýmsar fagstéttir hafa sett sér siðareglur og að því er einnig verið að huga í viðskiptalífinu og er skemmst að minnast ráðstefnu sem fjallaði um siðareglur í viðskiptalífinu. Því er ekki óeðlilegt að einnig sé hugað að því hvort rétt sé að skoða hvort slíkar reglur eigi að setja í opinberum rekstri.

Á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands á árinu 1995 var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Siðferði og stjórnmál og þó að í þessari þáltill. sé fyrst og fremst verið að fjalla um bætt siðferði í opinberum rekstri þá finnst mér að ýmislegt sem þar kom fram eigi erindi í þessa umræðu. Páll Skúlason, núverandi háskólarektor, dró niðurstöðu þeirrar ráðstefnu saman með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Margvíslegan lærdóm má draga af þessum erindum bæði hverju fyrir sig og eins með því að tengja þau saman innbyrðis með ýmsum hætti og þá einnig með því að líta á þau sem eina heild. Sé síðasti kosturinn tekinn blasir við hve ótrúlega samhljóða þau eru í boðskap sínum. Öll benda þau á sömu ágalla og hættur á því sviði eða réttara sagt ósiði sem ríkt hafa í stjórnmálum og einkennast af sérhagsmunagæslu, misbeitingu valds og skorti á siðgæðisvitund og skýrum reglum, bæði skráðum og óskráðum. Öll boða erindin okkur nýja tíma hvert með sínum hætti.“

Herra forseti. Tillaga sú sem hér er flutt fjallar um að kannaðar verði skráðar og óskráðar reglur sem ríkja um embættisfærslur í opinberum rekstri og ráðstöfun opinberra fjármuna og hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi embættisveitinga í æðstu stöður stjórnkerfisins og einnig hvernig koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra í stjórnsýslu og viðskiptalífi og draga úr stjórnmálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu.

Hún er ekki um það að þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta verði fortakslaust falið að undirbúa siðareglur eða löggjöf varðandi bætt siðferði í opinberum rekstri heldur fyrst og fremst að kanna hvort það sé nauðsynlegt. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu þá er henni falið að gera tillögur um úrbætur. Hér er ekki verið að leggja til neinar sérstakar siðareglur fyrir stjórnmálamenn en það er mín skoðun að slíkar reglur eigi stjórnmálaflokkarnir sjálfir að setja fyrir kjörna fulltrúa sína og er það lagt til í öðru frv. sem fjallar um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka.

Með þessari tillögu er ekki verið að setja fram þá skoðun að siðferði í opinberum rekstri eða stjórnmálum sé eitthvað verra eða lakara nú en á árum áður. Hitt held ég þó að sé ljóst að fólk í landinu gerir nú meiri kröfur um opnari umræðu og opnari stjórnsýsluhætti og meiri nálægð og aðhald fjölmiðla, gerir meiri siðferðiskröfur til stjórnmálamanna og embættismanna en áður fyrr. Fólk gerir kröfur um opið og gagnsætt stjórnsýslukerfi þar sem sýnd er full ábyrgð og réttlátar leikreglur eru um meðferð opinberra fjármuna og að völdum sé beitt í þágu heildarhagsmuna. Þegar minna er til skiptanna gerir fólk líka kröfur til þess að betur og réttlátar sé farið með það sem til skiptanna er og svíður ef það sér bruðl, eyðslu og sóun og forréttindi hjá þeim sem með valdið fara. Fólk gerir kröfur um ráðdeild í ríkisrekstri og meðferð opinberra fjármuna og að kjör og fríðindi æðstu embættismanna og stjórnsýsluhafa séu sýnileg og þeim sé í hóf stillt í samræmi við brýnustu þörf sem tengist embættisrekstri þeirra.

Þó siðgæðisvitund þjóða heims sé mismunandi þá má segja að hún eigi sér ákveðna samsvörun í lýðræðisríkjum og kannski það sameiginlegt að fela í sér að spilling sé misnotkun á valdi og almannafé í þágu einkahagsmuna. Hvað er það þá sem fellur undir spillingu eða sem kallar á bætt siðferði? Um það eru sjálfsagt deildar meiningar. Er fyrirgreiðslupólitík spilling, t.d. þar sem þröngum sérhagsmunum er hyglað á kostnað heildarinnar, fyrirgreiðsla við einstaklinga á kostnað þeirra sem eru í biðröð eftir þjónustu eða gæðum? Margir telja það eðlilega þjónustu við kjósendur sem til þeirra leita. Aðrir telja slíkt óeðlilega fyrirgreiðslupólitík og að slíkt sé siðspillt. Um fyrirgreiðslupólitík segir Gunnar Helgi Kristinsson í bók sinni, Embætti og stjórnmálamenn, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Löng hefð fyrirgreiðslustjórnmála á Íslandi hefur tamið stjórnmálamönnum, almenningi og embættismönnum að hugsa um opinbera stefnumótun og stjórnsýslu á Íslandi sem skiptanlegan feng: gæði sem hægt sé að úthluta á grundvelli pólitískrar greiðasemi og atkvæðahagsmuna fremur en sameiginleg gæði sem allir ættu að njóta góðs af á jafnréttisgrundvelli.“

Ég býst við því að sú hugsun sem þarna kemur fram endurspegli um margt þá mynd sem margir í þjóðfélaginu hafa af fyrirgreiðslupólitíkinni. Hvað með laun og fríðindi stjórnar- og embættismanna? Eru leikreglurnar þær að topparnir geti skammtað sér fríðindi, utanlandsferðir og dagpeninga úr almannasjóðum? Sjálfsagt eru um það skiptar skoðanir en ég tel að betur sé hægt að búa að þeim málum og setja opnari og sýnilegri reglur og samræmdar reglur í stjórnsýslunni til þess að ekki sé trúnaðarbrestur milli fólksins, embættis- og stjórnmálamanna í því efni. Opinberar embættisveitingar í æðstu stöður stjórnkerfisins eru líka sífellt bitbein og deilur um.

Samtrygging stjórnmálaflokka er annað dæmi, en þeir hafa í gegnum tíðina komið sér upp samtryggingakerfi, ekki síst við úthlutun í æðstu stöður stjórnkerfisins. Hjá flestum ef ekki öllum stjórnmálaflokkum sem hafa verið við völd má finna slík dæmi um samtryggingu. Um þessi mál og fleiri hefur verið útbreidd skoðun að óskráð siðalög hafi verið brotin og menn telja þessa samtryggingu löglega en siðlausa og að flokkarnir skipti með sér aðgangi að gæðum og völdum eftir eigin reglum.

Ýmsir hafa haldið því fram að skráðar reglur mundu skapa meiri festu í stjórnsýslunni og er ég sannfærð um að svo sé og það muni efla trúnað milli opinberra valdhafa og almennings.

Í erindi Gunnars Helga Kristinssonar á þeirri ráðstefnu sem ég nefndi, Siðferði og stjórnmál frá 1995 kom fram að vandi þess að leggja siðferðilegan mælikvarða á það sem gerist í opinberu lífi er sá að útfæra tiltölulega fáar mjög almennar hugmyndir þannig að þær hjálpi til við að leysa álitamál í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu. Jafnframt kom fram það álit Gunnars að ekki sé æskilegt að setja samfélaginu of ósveigjanleg markmið í siðferðilegum efnum. Oft verða strangar siðakröfur fyrst og fremst verkfæri til að berja á öðrum á opinberum vettvangi. Þá er líka hætt við að valdamenn túlki þær eftir hentugleikum meðan almúgafólk fær að halda þær út í ystu æsar. Þetta sýnir vissulega, herra forseti, að málið er vandasamt og á því margar hliðar. En engu að síður er umræðan nauðsynleg og að á málið sé lagt mat eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Í erindi Gunnars Helga kom einnig fram að þar sem löggjöf um siðferði hjá stjórnvöldum sé til megi annars finna skýrar reglur um gjafir, fjárhagslega hagsmunaárekstra, óhlutdrægni, misnotkun embættis, aukatekjur og hliðarvinnu og fleira í þeim dúr. Það hljóta allir að geta tekið undir það að mikilvægt er að stjórnsýslan sé opin, þar sé unnið fyrir opnum tjöldum og að fjölmiðlar og almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum eins og um alla notkun almannafjár. Gunnar heldur því fram að skýrar reglur séu mikilvægar. Um það sagði hann orðrétt á ráðstefnunni, með leyfi forseta:

„Stjórnmál eru í eðli sínu svið þar sem skoðanaágreiningur ríkir og jafnvel ólíkt gildismat. Við slíkar aðstæður geta skýrar umferðareglur, að vissu leyti eins og í alþjóðakerfinu, hindrað slys þó viðhorfin séu ólík. Skýrar formlegar reglur eru í rauninni í þágu bæði þeirra sem vilja þekkja rétt sinn í viðskiptum við hið opinbera, og ekki síður þeirra stjórnmálamanna eða embættismanna sem eru að kljást við það að halda sig inni á hinum þrönga vegi dyggðarinnar.

Þriðja atriðið er síðan það að við reynum að gera okkur grein fyrir hvers konar kröfur við gerum — sem borgarar og kjósendur — til stjórnmálamanna í siðferðilegum efnum. Í rauninni eigum við sennilega meira sameiginlegt í siðferðilegum efnum en svo að við þurfum að treysta eingöngu á hinn formlega bókstaf laganna. Í rauninni held ég að það sé almennt ekki heppilegt að blanda þessum tvennu saman. Sumt athæfi er — eins og Vilmundur Gylfason orðaði það — löglegt en siðlaust. En til þess að geta haldið þessum greinarmun þurfum við meiri og markvissari umræðu um það hvað við eigum við þegar við tölum um pólitískt siðferði eða spillingu. Hver eru eðlileg hlunnindi þeirra sem gegna opinberu starfi umfram launagreiðslur? Hvaða reglur eiga að gilda um gjafir til embættismanna, stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka? Hvað viljum við leggja mikið upp úr því að hindra hagsmunaárekstra, það er að einstaklingar séu í þeirri aðstöðu að þeir séu ef til vill að gæta ólíkra hagsmuna á sama tíma? Og hvenær hættir fyrirgreiðslupólitík að vera barátta lítilmagnans við skilningssljó yfirvöld og snýst upp í hrein forréttindi og atkvæðakaup?“

Gunnar Helgi segir að umræðan um þessa hluti sé að sumu leyti ný á Íslandi og að hann sé ekki viss um að menn séu alveg búnir að fóta sig í henni enn þá. Hann segir að svipuð umræða eigi sér stað í mörgum öðrum löndum og bendir t.d. á Írland í því sambandi en fyrir nokkrum árum hafi verið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar á Írlandi sérstakur kafli um stjórnkerfisumbætur og þar er lýst fyrirætlun stjórnmálaflokkanna um að setja löggjöf um siðferði hjá stjórnvöldum og gert ráð fyrir að sérstök skrá skuli haldin yfir hagsmunatengsl þingmanna til að hindra að þeir hafi afskipti af málum þar sem um hagsmunaárekstur gæti verið að ræða. Sams konar registur átti að búa til yfir hærra setta embættismenn og yfirmenn ríkisfyrirtækja og eins var skylt að skrá gjafir til þeirra er gegna opinberum ábyrgðarstöðum samkvæmt lögunum. Fleira kom fram í þessum stjórnmálasáttmála sem átti að stuðla að bættu siðferði í stjórnmálum og opinberum rekstri.

Ég held, herra forseti, að það sé mjög brýnt þegar rætt er um hvernig bæta megi siðferði í opinberum rekstri að Alþingi hafi greiðan aðgang að framkvæmdarvaldinu og efli allt eftirlitshlutverk með því. Við eigum að búa vel að öllum eftirlitsstofnunum eins og Ríkisendurskoðun, umboðsmanni Alþingis og Samkeppnisstofnun svo dæmi séu nefnd. Við eigum einnig að efla rannsóknarvald þingsins, en fyrir þinginu liggur tillaga um rannsóknarnefnd þingsins sem starfi fyrir opnum tjöldum.

Vilhjálmur Árnason, forstöðumaður Siðfræðistofnunar, telur að eftirlitsstofnanir og eftirlit hafi verið veikt hér á landi og virkað illa og telur hann brýnt að skrá siðareglur sem gildi um embættisfærslu í málum þar sem mestar líkur séu á því að valdsmenn þjóni sérhagsmunum sínum fremur en almannaheill. Um það sagði Vilhjálmur, og vil ég vitna í það í lokin, herra forseti:

„Þetta á sérstaklega við um embættisveitingar og um meðferð almannafjár, sem og reglur sem ætlað væri að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra vegna starfa stjórnmálamanna á öðrum sviðum samfélagsins. Slíkar reglur geta verið þörf áminning og leiðsögn jafnt fyrir kjörna og skipaða ráðamenn, auk þess sem þær gætu verið mikilvæg vörn fyrir spillingu og veitt aðhald umfram það sem lög og almennar siðareglur gera.“

Enn fremur sagði Vilhjálmur, með leyfi forseta:

„Ég tel ákjósanlegt að stjórnmálahreyfingar setji sér siðareglur til að veita fulltrúum sínum innra aðhald.

En þótt skráðar siðareglur geti átt þátt í því að bæta stjórnsiði, þá eru hvorki þær né önnur aðhaldsúrræði, sem

við kunnum að finna, trygging fyrir góðu siðferði. Því það gildir jafnt í stjórnmálum sem á öðrum sviðum mannlífsins að góð verk eru borin upp af traustu og réttsýnu fólki. Skráðar siðareglur munu aldrei spanna nema lítinn en mikilvægan hluta af starfssviði stjórnmálamanna og í flestum efnum munu dómgreind þeirra og mannkostir ráða mestu um hvernig til tekst."

Ég taldi, herra forseti, að tilvitnanir í þessi erindi sem voru haldin á ráðstefnu um bætt siðferði í stjórnmálum fyrir um tveimur árum síðan ættu erindi inn í þessa umræðu.

Ég vil ítreka, herra forseti, að hér er ekki verið að leggja til að sett verði sérstök löggjöf um bætt siðferði í opinberum rekstri, heldur fyrst og fremst að þessi mál verði könnuð til hlítar og að hið opinbera eigi að gera það eins og viðskiptalífið er að skoða bætt siðferði í sínum ranni og ýmsar fagstéttir hafa einnig sett sér ákveðnar siðareglur. Nefndin sem á að fara yfir þetta mál á fyrst og fremst að kanna þær skráðu og óskráðu reglur sem um þetta gilda og leggja síðan mat á það hvort úrbóta sé þörf varðandi þessi atriði sem ég hef nefnt og þá, ef hún telur svo, að undirbúin verði löggjöf í þessum efnum sé það talið nauðsynlegt.

Það má vera, herra forseti, að einungis sé nauðsynlegt að setja almennar reglur um ákveðna þætti innan stjórnsýslunnar þar sem mikið ósamræmi er og ég gæti bent á dæmi um, eins og ferðakostnað, risnu og fleiri þætti, t.d. fyrirkomulag á embættisveitingum í æðstu stöðu, að það mætti setja almennar leikreglur um það. En væntanlega fáum við um það niðurstöðu ef þessi tillaga verður samþykkt, þ.e. að hverju nefndin kemst í þessu efni.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[17:26]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þessi þáltill. sem hér var mælt fyrir er mál sem ég er meðflm. að. Ég tel að 1. flm., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hafi gert vel grein fyrir því hvað felst í þessari tillögu. En mig langar til að minnast á það hér að það er að verða æ algengara og þykir æ sjálfsagðara að settar verði reglur um opinbera stjórnsýslu. Ég vil minna á að nýlega voru til umræðu í Bandaríkjunum reglur um hvað forsetanum leyfðist í sínu embætti, m.a. var til umræðu hvort hann mætti nota síma Hvíta hússins til fjáröflunar í sinni kosningabaráttu. Einnig minni ég á að forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, hefur nýlega kynnt siðferðisreglur sem hafa verið settar fyrir ráðherra. Þetta þykir sjálfsagt í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er þessari tillögu alls ekki beint gegn neinum ákveðnum, stjórnvöldum eða öðrum, heldur aðeins til að benda á að þetta þykir sjálfsagt.

Vegna þess að ég er nýbúin að fara yfir þessar reglur Breta fyrir ráðherra þá langar mig aðeins að fara yfir hvað þeir telja sjálfsagt að setja í reglur. Þeir telja sjálfsagt mál að setja opinberar reglur til þess að byggja upp gagnkvæmt traust milli þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar. Það verður að sjálfsögðu að ríkja trúnaður þar á milli og menn verða að vinna heiðarlega fyrir þá sem veittu þeim það traust að kjósa þá til þeirrar ábyrgðar sem þeir eru kosnir til. Það þykir auðvitað sjálfsagt mál. Reglur eins og þær sem settar voru í Bretlandi telur forsætisráðherrann að geti verið bæði ráðherrunum til stuðnings í störfum sínum og einnig við ákvarðanir og framkvæmdir.

Það er líka talið mikilvægt að almenningur viti hvaða ábyrgð ráðherrar bera og hver skylda þeirra er. Og ábyrgð þeirra og skylda verður einnig að vera ljós gagnvart bæði þingi og þjóð.

Eins og kemur fram í greinargerð með þessari þáltill. hafa margar stéttir sett sér ákveðnar siðareglur. Má þar nefna lækna, blaðamenn, lögfræðinga og ýmsa fleiri. Ráðherrar ættu heldur ekkert að vera yfir það hafnir. Í reglunum sem settar voru í Bretlandi er lýst ábyrgð ráðherra á stefnumörkun og öllum gerðum í ráðuneytunum. Bent er á mikilvægi þess að ráðherra veiti réttar og sannar upplýsingar í þinginu eða til þingsins. Og ef eitthvað reynist ekki rétt sem þeir hafa sett þar fram þá verða þeir að leiðrétta það eins fljótt og hægt er. Þeir ráðherrar sem verða berir að því að fara með rangt mál í þinginu verða að segja af sér strax.

Líka er tekið til þess að ráðherrar skulu vera upplýsandi við þing og almenning og að ekki megi neita að veita upplýsingar nema þær séu ekki í þágu hagsmuna þjóðarinnar eða ríkisins og þá skuli farið eftir ákveðnum reglum. Ráðherrar í Bretlandi skulu einnig tryggja að ekki rekist á opinberar skyldur þeirra og einkahagsmunir, þ.e. persónulegir hagsmunir þeirra. Þeir skulu forðast að þiggja gjafir eða boð sem geta sett þá í erfiða stöðu þannig að þeir teldu sig jafnvel háða gefanda eða bjóðanda og samkvæmt þeim reglum sem þar hafa verið settar verða ráðherrar sem jafnframt eru þingmenn að halda aðskildu hlutverki sínu sem ráðherra og hlutverki sem þingmaður í ákveðnu kjördæmi. Kannski mætti segja að sú regla þyrfti stundum að vera ofar í hugum ráðamanna hér. Einnig eru ákveðnar reglur um það að ráðherrar megi ekki nota aðstöðu sína í þágu stjórnvalda, þ.e. stjórnmálaflokks eða stjórnmálasamtaka sinna og svona mætti áfram telja.

Ég tel eðlilegt að sú nefnd sem færi í þá mikilvægu vinnu sem lögð er til í þessari þáltill. ætti að skoða þær reglur sem settar hafa verið í nágrannalöndum okkar, eins og t.d. þessar reglur í Bretlandi og aðrar reglur í löndum sem við berum okkur saman við, og bera þær síðan saman. Ég vona svo sannarlega að þessi þáltill. verði samþykkt hér í þinginu, hún muni fara í gegnum nefnd og koma aftur til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Landafundir Íslendinga, fyrri umr.*

Þáltill. SvG, 12. mál. — Þskj. 12.

[17:33]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Á þskj. 12 flyt ég till. til þál. um að minnast landafunda Íslendinga. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning að því að minnast landafunda Íslendinga árið 2000. Þess verði einnig minnst sérstaklega með viðeigandi hætti í Brattahlíð í Grænlandi og í Haukadal í Dalasýslu að Íslendingar námu land í Grænlandi með Eiríki rauða í fararbroddi.

Forsætisráðuneytið hafi forustu um þessi verkefni."

Í greinargerðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Með tillögunni er gert ráð fyrir

a. að þess verði minnst sérstaklega að Íslendingur fann Vínland hið góða fyrir bráðum þúsund árum,

b. að það verði stutt með ráðum og dáð í samvinnu við grænlensku landstjórnina að ljúka framkvæmdum við Eiríksbæ og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi árið 2000,

c. að stutt verði frumkvæði heimamanna í Dalasýslu til að minnast Eiríks rauða og til þess að koma upp Vínlandssafni í Búðardal.

Við setningu Alþingis í haust minnti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, á nauðsyn þess að þingið sýndi landafundunum áhuga og nefndi hve tilvalið væri að þeirra yrði minnst árið 2000. Þegar forsetinn heimsótti Dalasýslu og Vesturheim sl. sumar varð mikil umræða um það hér á landi hvernig minnast mætti landafunda Íslendinga og frumkvöðlanna fyrir þúsund árum. Um skeið hafði reyndar verið í undirbúningi að minnast þessa sérstaklega í Dalasýslu og Grænlandi.

Er forseti Íslands hafði hitt forseta Bandaríkjanna í sumar skýrði hann frá áhuga hans á því að tengja landafundi Íslendinga við ártalið 2000 þegar mikið verður um dýrðir í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Síðar lýsti Bandaríkjaforseti því yfir að Ísland yrði með í för þegar tekið yrði á móti nýju árþúsundi í Bandaríkjunum.

Aðalefni þessarar tillögu er að Alþingi Íslendinga lýsi vilja sínum til þess að forsætisráðuneytið [og þar með Alþingi] styðji þetta frumkvæði forseta Íslands myndarlega og að undirbúningur verði hafinn nú þegar.

Einnig er lagt til að landafundanna verði minnst með því að styðja það frumkvæði Dalamanna að minnast Eiríks rauða og þess að Leifur heppni fæddist að Eiríksstöðum í Haukadal vestra. Hafa Dalamenn þegar undir forustu Friðjóns Þórðarsonar, fyrrverandi ráðherra, hafið undirbúning að endurreisn Eiríksbæjar í Haukadal jafnframt því að koma upp Vínlandssafni í Búðardal. Ávarp Friðjóns Þórðarsonar, er hann tók á móti forsetahjónunum sl. sumar að Eiríksstöðum, er birt sem fylgiskjal með tillögu þessari. Lagt er til að Alþingi lýsi stuðningi við frumkvæði heimamanna í Dölum og að forsætisráðuneytið annist það mál af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Fyrir mörgum árum var hafist handa við að undirbúa að reistur yrði á ný bær Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi, svo og Þjóðhildarkirkjan. Hafði Vestnorræna þingmannasambandið fyrir nokkrum árum samþykkt að beita sér í þá veru og hefur Árni Johnsen haft mikið frumkvæði að því að þar yrði aðhafst eitthvað [í tilefni af þessum tíðindum] og er niðurstaðan sú að reist verði mannvirki í Brattahlíð, Eiríksbær og Þjóðhildarkirkja, og að þeim verkum verði lokið árið 2000. Má því segja að það ár geti orðið margheilagt á Íslandi og því verðugt verkefni og skynsamlegt að gera árið 2000 að sérstöku minningarári landafundanna og þess að Íslendingar hafa farið víða og hafa viljað fara víða um aldir.

Öll þau verk sem hér þarf að vinna verður að vinna í góðu samstarfi við alla aðila, heimamenn í Dölum, grænlensku landstjórnina og yfirvöld í Vesturheimi."

Þetta var úr greinargerð tillögunnar en auk þess er birt sem fylgiskjal ávarp Friðjóns Þórðarsonar sem hann flutti að Eiríksstöðum í Haukadal 20. júní 1997.

Eins og menn sjá af þessari tillögu er reynt að taka utan um þrjá mjög stóra viðburði í sögu Íslands. Kannski má segja að það kunni að orka tvímælis að gera það eins og hér er gert. En rökin eru þau að til þess að þessara viðburða verði minnst með þeim hætti sem verðugt er þarf einhver aðili að hafa heildaryfirsýn. Það var mín skoðun þegar ég hugleiddi þetta mál, þó svo ég áskilji mér auðvitað allan rétt til að skipta um skoðun í þeim efnum, að best væri að forsrn. færi með málið og skapaði forsendur fyrir þessari heildaryfirsýn. Í þeim efnum er auðvitað alveg ljóst að í rauninni gerir þessi tillaga ekki ráð fyrir neinu öðru en því að það sé tekið undir frumkvæði sem aðrir hafa þegar sýnt. Þar er náttúrlega átt við frumkvæði það sem hafið er varðandi undirbúning bygginga í Brattahlíð á Grænlandi. Það er alveg greinilegt að það er verkefni sem verður farið í. Eftir að Jonathan Motzfeldt varð á ný formaður grænlensku landstjórnarinnar hafa vaxið verulega líkur á að því verkefni verði lokið árið 2000. Þegar hafa íslenskir fornleifafræðingar, arkitektar og fleiri lagt gjörva hönd á plóg að undirbúa það verkefni. Þar er gert ráð fyrir því að þrjú hús rísi í Brattahlíð sem Eiríksbærinn og síðan Þjóðhildarkirkjan sem er lítið hús. Það má segja að verið sé að reisa slíkar kirkjur ótrúlega víða um þessar mundir og reyndar er sagt í gömlum sögum að höfðingjar þurfi að reisa margar kirkjur þar sem rúmist eins margir menn og mest má vera til þess að þeir standi betur að vígi þegar þeir koma til himna. Ég hygg þó að það sé ekki ástæðan fyrir því að hv. þm. Árni Johnsen hefur beitt sér fyrir byggingu þjóðveldiskirkna víða, víðar en aðrir menn sem ég hygg að sögur fari af, þ.e. fyrir utan Brattahlíð eru það Vestmannaeyjar.

En með því sem sagt að Jonathan Motzfeldt er kominn til sögu á Grænlandi hafa þessar líkur vaxið og það verður örugglega farið fram á að Íslendingar og Alþingi Íslendinga komi við sögu við fjármögnun þessa verkefnis á árunum 1998, 1999 og 2000. Hér er ekki um að ræða gríðarlega háar upphæðir að því er þessi verk varðar. Ég bendi í því sambandi á að kostnaður við uppbyggingu þjóðveldiskirkjunnar, sem var reist í Þjóðminjasafninu fyrr í vetur og ég vona að hv. þingmenn hafi séð, var 3–4 millj. kr. Þar er því í sjálfu sér ekki um mjög flókna smíð að ræða.

Síðan kemur að því í þessari tillögu að sérstaklega verður minnst þeirrar staðreyndar að upphafið að þessum landafundum öllum, bæði á Grænlandi og Vínlandi, á sér að nokkru leyti rætur í Dalasýslu þegar Eiríkur rauði Þorvaldsson var gerður útlægur frá Íslandi. Hann bjó síðan um sig í Klakkeyjum eða við Dímonaklakka og fór þaðan með nokkurn flota og lenti á Grænlandi þegar hann leitaði Gunnbjarnarskers. Það er alveg greinilegt að það er mikill áhugi í Dalasýslu á að minnast þessara tíðinda með viðeigandi hætti og hugmyndin um Vínlandssafn í Búðardal er þannig til komin.

Ég get sagt fyrir mitt leyti að ef ég hefði verið að velta þessum hlutum fyrir mér áður, þá hefði ég kannski frekar staldrað við tvo aðra staði í Dalasýslu en þennan, þ.e. Sælingsdalslaug sem er í raun og veru hjartað í Laxdælu eða jafnvel mynni Haukadals, þaðan sem þeir Eiríkur rauði og félagar hans lögðu upp í útlegðina forðum. En Dalamenn hafa staldrað við að hafa þetta Vínlandssafn í Búðardal og ég held að það sé mál sem eigi að skoða og þeim hugmyndum eigi að taka vel.

Það þriðja sem er svo nefnt í þessari tillögu er að þess verði minnst sérstaklega, bæði hér og í Bandaríkjunum, að Íslendingur fann fyrstur og kom fyrstur að strönd Norður-Ameríku héðan úr þessari álfu. Það er í raun og veru gríðarlega stórt verkefni og af þeim undirtektum sem ummæli forseta Íslands um þessi mál vöktu er alveg greinilegt að á þeim er geysilegur áhugi, ekki aðeins hér heldur líka í Bandaríkjunum. Ég held að við eigum að taka myndarlega á móti þeim áhuga með því að fara strax í málið eins og forsetinn hvatti til í þingsetningarræðu sinni 1. október sl.

Í tengslum við landafundi Íslendinga er margs að minnast og ég ætla loks að nefna fjórða þáttinn sem hefði út af fyrir sig mátt nefna hér á þessum blöðum. Það er sú staðreynd að í Grænlendingasögu segir frá því að Bjarni Herjólfsson frá Drepstokki í Flóa á að hafa komist að ströndum Norður-Ameríku áður en menn af íslenskum uppruna stigu þar á land. Því telja vinir mínir á Eyrarbakka að þeir séu í raun og veru landnemar í Norður-Ameríku fremur en nokkrir aðrir. Nú er þetta flókið mál fyrir menn sem eiga bæði taugar til Eyrarbakka og Dalasýslu þannig að ég treysti mér ekki til að taka af allan vafa í þessum efnum. En ég bendi á að hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur gert sérstaka samþykkt um að reisa Bjarna Herjólfssyni minnisvarða á Eyrarbakka í tilefni af þessu og reyndar er þegar komin stytta á Eyrarbakka til þess að minnast þessara tíðinda.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að þetta mál er víðtækt og satt að segja er ég í talsverðum vanda með að gera það upp við mig til hvaða nefndar það á að fara. Ég hefði eiginlega talið að það væri að mörgu leyti eðlilegt að þetta mál færi til menntmn. (**ÖS:** Það fær bestu meðferð í heilbr.- og trn.) og með hliðsjón af formennsku í nefndum hefði mér komið til hugar t.d. heilbr.- og trn. En í alvöru talað, þá hefur mér verið bent á að kannski ætti svona tillaga að fara til samgn. Ég hef velt því fyrir mér hvort hún ætti að fara til fjárln. sem væri í rauninni afbrigðilegt vegna þess að fjárln. fjallar um fjárútlát eftir að efnisafstaða hefur verið mótuð á öðrum vettvangi. En ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að ef það á að fara myndarlega í þau verkefni sem ég er hér að gera tillögu um þá kostar það einhverja fjármuni. Þá er ég ekki að tala um verkefnið í Brattahlíð, það er ódýrt í raun og veru. En ég er sannfærður um að uppbygging Vínlandssafns í Búðardal getur kallað á þó nokkra fjármuni ef menn lenda í því að byggja þar nýtt hús í því skyni sem er reyndar ekki endilega nauðsynlegt og þátttaka í að minnast Vínlandsfundanna bæði hér og í Bandaríkjunum mun kosta þó nokkuð mikla fjármuni. Ég bendi á að í fjáraukalagafrv. sem ég hygg að komi til umræðu á morgun er verið að tala um tugi millj. kr. til þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum sýningum af ýmsu tagi. Ég tel satt að segja að það að minnast Vínlandsfundanna sé síst minna mál en þar er á ferðinni, ef ekki miklu stærra, vegna þess að það hafi varanleg áhrif.

Þess vegna segi ég það, herra forseti, að á þessu stigi málsins geri ég enga tillögu um til hvaða nefndar málið fer. Ég ætla aðeins að velta því fyrir mér og hlýða á mál manna í þeim efnum en legg til að málið fari alla vega til síðari umræðu og mun svo sammælast við forseta um nefndartillögu þegar umræðunni er lokið.

[17:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tel að það þingmál sem hv. þm. Svavar Gestsson flytur hér sé með merkari þingmálum sem hafa verið flutt á þessu þingi og ég lýsi því yfir að ég styð það af miklu kappi. Það er fyrir löngu kominn tími til þess að menn geri eitthvað til að lyfta siglingaafrekum hinna fyrstu Íslendinga á þann stall sem þeim raunverulega ber því að skólakerfinu og okkur hefur löngum yfirsést að Íslendingar eru fyrsta hafsiglingaþjóð veraldar, a.m.k. sem við þekkjum. Áður höfðu menn fyrst og fremst siglt með ströndum fram, en það er ekki fyrr en menn fara að sigla til Íslands sem hafsiglingarnar hefjast. Um þetta hefur reyndar verið ritað langt mál og snjallt í bókum sem hið háa Alþingi kostaði útgáfu á og voru skrifaðar af Jóni Dúasyni.

Það voru auðvitað dæmi um það að menn höfðu farið langt í norður og farið á milli álfa þegar þeir hröktust undan veðri og líklegt er t.d. að hin merka sögn um eyjuna Thule sem Pýþeas frá Massilíu fann, hafi orðið til þannig. Það er auðvitað alveg klárt að papar náðu mjög langt í norður, en að líkindum einnig vegna þess að þá hrakti í fyrstu norður. Það var ekki fyrr en þeir Naddoður og Garðar Svavarsson og síðar Flóki Vilgerðarson sigldu til Íslands sem þessar eiginlegu hafsiglingar tóku að hefjast og það er mjög fróðlegt að lesa það t.d. í Landnámu hversu vel Flóki Vilgerðarson undirbjó sína för. Hann hafði með sér leiðarstein. Hann hafði með sér hrafnana sem þá voru meðal merkustu siglingatækja og hann hafði líka með sér suðureyskan mann. Hann sigldi fyrst frá Smjörsundi þar sem hann átti bú sitt, þar sem eru mörk Rogalands og Hörðalands, til Suðureyja með þessum ágæta suðureyska manni sem þekkti þá leið. Það reyndar kostaði hann talsvert því hann hafði þrjár dætur sínar með sér og ein þeirra drukknaði í því vatni í Skotlandi sem enn ber hennar nafn. Hún hét Geirríður. Hann fór síðan þaðan til Færeyja þar sem hann gifti eina dóttur sína manni og þau urðu forfeður Þrándar í Götu, frægasta Færeyings fyrr og síðar. Og þaðan fór hann til Íslands og hann fór tvær ferðir til Íslands.

Upp úr þessu hefjast þessar miklu siglingar. Það sem fylgdi í kjölfarið má auðvitað kalla þjóðflutninga. Þessar ferðir til Íslands byggðu upp mestu reynslu í hafsiglingum sem þá var að finna í heiminum að því er ég tel.

Þegar menn tóku síðan að sigla til Grænlands, þá var það eins og hv. þm. nefndi. Eiríkur rauði var útlægur ger en menn höfðu þá líka áður séð það sem þeir töldu vera Gunnbjarnarsker. Það voru auðvitað ekkert annað en efstu toppar Grænlands sem menn höfðu séð og kölluðu Gunnbjarnarsker, enda eru ekki, ef ég man rétt, nema tæpir 290 kílómetrar á milli þessara tveggja landa þar sem styst er og hægt að sjá frá Vestfjörðum í stilltu veðri.

Hv. þm. gat þess að hann ætti erfitt með að velja á milli hvort það hefði verið Bjarni Herjólfsson frá Drepstokki í Flóa fremur en einhver annar sem mætti kalla fundarmann að Vínlandi eða Norður-Ameríku. En ég tel að hv. þm. ætti að fara sér hægt þegar hann er að reyna að lyfta Bjarna Herjólfssyni á þennan stall vegna þess að ferð Bjarna var honum hvorki til frægðar né vegsemdar. Allar götur síðan hefur honum verið legið á hálsi fyrir þá staðreynd að hann hrakti þarna suður undir Norður-Ameríku og sá hið skógi vaxna land, en hann vildi ekki fara í land og skoða það þó hásetar hans hafi viljað það og síðan hafa menn í 1.000 ár verið að skammast yfir þessu. Og ég held að það sé Eyrbekkingum síst til framdráttar að ætla að fara að eigna sér fund Norður-Ameríku með þessum hætti.

En það var í kjölfarið sem menn byrjuðu þessar miklu siglingar og það er fróðlegt að lesa sagnirnar af því hvernig þetta var vegna þess að menn höfðu alveg nákvæmar siglingaleiðir. Þeir tóku mið af Snæfellsnesi, sigldu síðan beint að Grænlandi og fóru suður fyrir. Síðan sigldu þeir upp með vesturströnd Grænlands og þegar þeir fóru yfir til Norður-Ameríku þá fóru þeir alla leið norður að Diskóeyju. Þar náðu þeir nefnilega straumi yfir og niður eftir. Það er alveg klárt að þarna fóru menn margoft bæði til þess að sækja við þar sem þeir kölluðu Markland og dró nafn af þessum mikla skógi og er sennilega Nýfundnaland í dag og eins til Hellulands þar sem þeir lýsa mjög grjótkenndu landslagi sem bersýnilega er það sem heitir Baffinseyja nú. Síðan fóru þeir náttúrlega nokkrir þarna suður eftir, þar sem þeir kölluðu Vínland og

það var þar sem Tyrkir, Þjóðverjinn í liði Leifs Eiríkssonar, týndist. Hann var reyndar fóstri hans og þeir unnust mjög. Sagan segir frá því þegar Tyrkir týndist og Leifur skammaði félaga sína fyrir að hafa ekki leitað að honum og fór sjálfur að leita að honum og fann hann koma til baka með hendurnar fullar af vínþrúgum og kallaði síðan landið Vínland.

Það er líka merkilegt að sjá að í þessum sögum er hvergi minnst á hafís. Það er einu sinni talað um Ísa-Steingrím. Það er vegna þess að þá var svo auðvelt að sigla þarna. Það var svo gott veður. Það var enginn rekís. Það er ekki fyrr en kemur fram á 13. öldina og upplýsingar úr Grænlandsjökli sýna einmitt að hitafar hefur þá versnað mjög, að menn þurfa að breyta þessum siglingaleiðum og þeir gerðu það einmitt út af rekísnum. En það er merkilegt líka að hugsa til þess að þarna skapaðist samfélag íslenskra manna sem lifði sennilega í fast að 400–500 ár, líklegast 5–6 þúsund manns þegar mest lét. Þetta var óhemjulega duglegt fólk. Úr báðum þessum byggðum sem þarna urðu til Eystri- og Vestribyggð, héldu menn í vetursetu langt norður undir þar sem núna heitir Thule. Þar voru menn í fyrsta lagi að afla rostungstanna og svarðreipa úr rostungsskinnum sem þeir seldu fyrir mikinn pening. Þeir voru líka að afla skinnvarnings, sérstaklega hvítabjarnarfelda. En það var annað sem þeir gerðu líka. Þeir veiddu hvítabirni. Þarna hafa menn fundið leifar af húnagildrum og eru reyndar sögur um það í jarteiknabók Þorláks helga. Þessa húna tóku þeir og tömdu og sigldu með þá til Evrópu og seldu. Sá sem gat komið tömdum hvítabirni yfir til Evrópu varð auðugur maður það sem eftir lifði hans ævi. Það eru sagnir um það t.d. að í Tower of London var hvítabjörn í keðju á miðöldum og veiddi fisk í ánni Thames. Það var eins konar „túrista-attraction". Og alla leið niður í barbaríinu hjá soldáninum í Alsír eru sagnir, góðar heimildir, um lifandi hvítabirni. Hvaðan komu þeir? Þeir komu auðvitað allir frá þessum grænlensku Íslendingum. Það leikur enginn vafi á því.

Margar minjar er enn að sjá í Grænlandi. Þeir hlóðu vörður eins og landar þeirra hér á Íslandi og í einni slíkri fundu menn rúnafjöl þar sem á voru rist nöfn þriggja manna og þar sagði: Hér komum við á þessum tiltekna degi í aprílmánuði. Og þetta var snemma 14. aldarinnar.

Það er líka gott dæmi um það hvað þeir notuðu rúnirnar lengi að einu sinni fannst fjöl sem á var rist rúnum: „Dasaður var ek, þá ek dró þik." Það er ekki lengra síðan en í sumar að menn grófu þarna upp fjöl sem bar nafn merkasta og frægasta Íslendings sem nokkurn tíma hefur verið uppi því að á henni stóð með rúnaletri: Björk.

Ég tel, herra forseti, að það sé verulega gott framtak hjá Dalamanninum hv. þm. Svavari Gestssyni að reyna að minnast þessara merkustu afreka Íslendinga frá upphafi okkar sögu á þennan hátt. Ég held að nýtt árþúsund eigum við að nota til þess að lyfta þessu á ákveðinn stall. Það er skammarlegt að þegar maður les söguna eins og hún er kennd í grunnskólum og framhaldsskólum, þá er nánast ekkert um þetta fjallað og það er eitt af því sem þarf líka að taka til endurskoðunar. Ég held, herra forseti, að minningu Leifs Eiríkssonar verði vel haldið á lofti með því að Íslendingar taki þátt í því að byggja upp bæ föður hans, Eiríks Þorvaldssonar og með því að koma upp Vínlandssafni í Dalasýslu þaðan sem hann kom. En það er ekki síður tekið veglega á minningu Leifs með því að hvetja með þessum hætti til uppbyggingar fyrstu kirkju Íslendinga í Grænlandi sem ber einmitt nafn móður Leifs, Þjóðhildarkirkja.

[17:55]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að flytja þessa tillögu. Ég ætla nú ekki að hafa í frammi þá verðugu fyrirlestra sem þeir þingmenn höfðu uppi sem hér hafa talað, enda báðir fyrrv. ritstjórar Þjóðviljans og hafa vafalaust skrifað um þessi málefni á sinni tíð.

Tillagan gengur út á að styðja við hugmyndir og tillögur sem þegar hafa komið upp um að minnast þess að landafundir voru ástundaðir hér fyrir þúsund árum og minnast þess að uppi eru áform um að byggja Eiríksbæ og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi eins og fram kemur í tillögunni. Auk þess að standa við bakið á Dalamönnum sem hyggja á uppbyggingu á Eiríksstöðum í Haukadal. Allt eru þetta ágætar tillögur og ég get stutt þær að sjálfsögðu því að þarna eru uppi hin merkustu áform.

Ég geri hins vegar ráð fyrir því að það sé ekki ástæða til þess að hvetja hæstv. forsrh. til þess að taka upp eða styðja við bakið á tillögu sem forseti Íslands hefur sett fram því að ég geri ráð fyrir því að forsetinn hafi farið yfir þær með hæstv. forsrh. þannig að það er nánast sjálfgefið að þingið taki því vel.

Hvað varðar framkvæmdir í Brattahlíð á Grænlandi, þá má sömuleiðis gera ráð fyrir því að Vestnorræna þingmannasambandið hafi í hyggju að styðja við bakið á framkvæmdum þar en vafalaust þarf að undirstrika það af hálfu Alþingis Íslendinga að hér séu menn tilbúnir til þess að veita stuðning.

Hvað varðar framkvæmdir og fyrirhugaðar aðgerðir í Dalasýslu, þá er eins og fram kom hjá flm., verið að undirbúa þar aðgerðir, bæði með því að koma upp sérstöku Vínlandssafni og því sem ekki er nú síðra, að standa fyrir fornleifarannsóknum á Eiríksstöðum og byggja þar upp aðstöðu þannig að viðunandi sé til þess að taka á móti ferðamönnum. Það frumkvæði Dalamanna er mjög mikilvægt og virðingarvert á alla lund og að sjálfsögðu er rík ástæða til þess að standa með þeim við þær aðgerðir.

Nú þegar hefur verið unnið nokkuð að fornleifarannsóknum og Þjóðminjasafnið hefur komið þar að og stuðningur er veittur úr ýmsum áttum við þær rannsóknir sem ég tel að séu mikilvæg forsenda þess sem síðar þarf að vinna að, þ.e. að koma upp þarna aðstöðu til þess að geta sýnt leifar sem þarna eru og eru e.t.v. fólgnar í jörðu enn sem komið er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti. Ég styð þá tillögu sem hér liggur fyrir, en spurningin er auðvitað hvernig Alþingi kemur að þessu. Mér finnst sjálfgefið að hv. menntmrn. fái þetta til meðferðar því þetta er á því sviði sem hv. menntmn. fjallar um og ég teldi það í góðum höndum þeirra sem í þeirri nefnd eru. Ég lýsti stuðningi að öðru leyti við þær hugmyndir sem fram koma í tillögunni, en auðvitað þarf að ræða hana og skoða með það í huga hvort e.t.v. megi einhvern veginn öðruvísi en nákvæmlega hér er tilgreint standa að þeim stuðningi sem lagður er til.

[18:00]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Hér er hreyft mjög merkilegu máli og athyglisverðu og ég vil nota tækifærið og þakka hv. flm. fyrir það. Jafnframt vil ég lýsa stuðningi mínum við þetta mál því ég tel það mjög merkilegt eins og ég segi og varða mjög okkar sögu. Ekki síst í tilefni af komandi aldamótum er tilvalið að ráðast í að halda betur á lofti en verið hefur sögu

Leifs Eiríkssonar og að sjálfsögðu tengist því saga okkar sæfara fyrr á öldum sem hv. þingmenn hafa farið yfir hér.

Ég vil einnig nota tækifærið og fagna því frumkvæði sem heimamenn í Dölum hafa sýnt í þessum málum. Það hefur verið rakið af þeim sem hér hafa talað og er þar bæði um að ræða fornleifarannsóknirnar og áformin um að setja á stofn safn til þess að halda þessari sögu á lofti og gefa fólki kost á að kynna sér hana enn betur. Þannig að þáttur Dalamanna í þessu máli er athyglisverður og ber að fagna honum. En að öðru leyti varðandi það svæði í Dölum sem um er að ræða þá er það auðvitað mjög mikilvægt mál fyrir heimamenn að halda á lofti menningarsögu svæðisins og þeim minjum sem henni tengjast og þetta mun að sjálfsögðu styrkja ferðaþjónustu og annað sem Dalamenn eru að byggja upp og mikilvægt í því sambandi.

Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að halda langa ræðu. Ég vil einungis fagna þessari tillögu sem hér er komin fram og tel hana mjög athyglisverða og ég tek undir það sem kemur fram í greinargerð og í tillögunni sjálfri að ég tel eðlilegt að allt verkefnið sem tilgreint er sé á hendi eins aðila. Mér finnst eðlilegt að það sé á hendi forsrn. þannig að ég tek undir það í tillögunni.

En það er er ekki síður fróðlegt að hlusta á þessa umræðu. Hér kom hv. þm. Össur Skarphéðinsson með lærða ræðu um þessi mál og það er mjög athyglisvert að hlýða á slíkan fyrirlestur og við sem erum ekki eins vel inni í sögunni fáum þá tækifæri til að fræðast um sögu sæfaranna. Ég vil að endingu ítreka að ég vona að þessi tillaga fái góðan framgang og ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar að ég tel að það sé eðlilegt að málið fari til meðferðar hjá hv. menntmn.

[18:03]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tek eftir því að það er bersýnilega ýmislegt sem þeir þingmenn Vestlendinga sem hér eru staddir vita ekki um afrek forfeðra sinna. Og það er eitt í viðbót sem ég vildi gjarnan reifa hérna. Ég tel að það ætti að nota þessi tímamót sem eru núna við næstu aldamót m.a. til þess að rannsaka betur sögu landafundanna. Ég á við það að við höfum deilt öldum saman um það hver fann Ameríku fyrstur. Var það t.d. Kólumbus eða voru það þessir fyrstu Íslendingar? Ég vek athygli á því að í gömlum annál eftir Gísla Oddsson, sem var sterkasti biskup Íslandssögunnar og dó fyrir kór Þingvallakirkju árið 1638, talar hann beinlínis um Ameríku, notar það nafn. Menn hafa ekki tekið eftir þessu. Ég held því fram, herra forseti, að vitneskjan sem lifði á Íslandi um þessa landafundi hafi verið grundvöllurinn að ferðalagi Kólumbusar og fyrir því færi ég eftirfarandi rök: Það var alveg klárt að þekkingin á þessum landafundum lifði á Íslandi allar götur frá því að þeir fóru fyrst til Grænlands og yfir til Vínlands. Það eru sögur um það og góðar heimildir í annálum um að skip hafi hrakið hingað frá Grænlandi, geirnegld úr trjáviði sem þeir Grænlendingarnir fengu á Marklandi. Það eru líka sagnir um siglingar lengi vel frá Íslandi til Grænlands, reglulegar siglingar, og má vera að eitthvað af þeim rostungstönnum og hvítabjarnarfeldum sem Grænlendingarnir notuðu sem verslunarvöru í vöruskiptum við Evrópu hafi komið í gegnum Ísland.

Þegar norska kirkjan hafði áhyggjur af því að menn væru að stökkva frá trúnni á Grænlandi þá sendi hún mann til Grænlands. Það var Ívar Bárðarson og hann kom í Eystribyggð árið 1262. Þar var engan mann lengur að finna en sauðfé á stöðli og geitur og búfénaður í þeim mæli að þeir fönguðu þessi dýr og slátruðu þeim og sigldu síðan í Vestribyggð með skip sitt fullt af kjöti. Það eru sögur um það þegar Ögmund Pálsson, sem mig minnir að hafi verið einn af síðustu biskupum kaþólskunnar, hrakti suður undir Vestribyggð í Grænlandi, þá sá hann þar fólk og sauðfénað. En þá fékk hann mjög góðan byr og hann tók Vestfirði hálfum sólarhring síðar þannig að hann tók ekki land en sá fólkið þarna.

Einn ef mestu sjóreyfurum okkar, Diðrik Píning hirðstjóri, sigldi yfir til Grænlands og ég held að það hafi verið hann sem greindi frá því að þar fundu þeir mann í evrópskum klæðum og með járnhníf sem var að vísu mjög eyddur af því þá skorti járn.

Fornleifarannsóknir hafa líka sýnt fram á að lík sem menn hafa verið að finna í gröfum eru í klæðnaði sem samrýmist samtímatísku í Evrópu á 14. öld. Með öðrum orðum, það er alveg ljóst að þarna hafa verið siglingar á milli.

Konungurinn í Portúgal hafði mikinn áhuga á því að finna ný lönd og þeir urðu miklir landkönnuðir, Portúgalar. Þeir sendu mann til Bristol þaðan sem menn voru að gera út til Íslands. Fiskimennirnir frá Bristol höfðu oft vetursetu hérna á Snæfellsnesi og þeir heyrðu að öllum líkindum þessar sögur. Alla vega kom hingað einhvern tímann á 15. öld portúgalskur hefðarmaður sem hafði hérna nokkra viðdvöl og þjóðsögur eru um og hefur stundum verið ruglað saman við Kólumbus, en það var ekki hann. Þetta var Corte Real sem síðar varð mikill landkönnuður og hann fór að öllum líkindum með Diðrik Píning yfir til Grænlands. Hvort hann fór lengra er ekki hægt að segja. En þegar hann fór aftur til baka og greindi frá þessu við portúgölsku hirðina þá hafa menn mjög nákvæmar frásagnir af því vegna þess að á þeim fundi voru líka sendiherrar evrópskra ríkja sem sögðu frá því hvað þessi maður var að segja frá. En við portúgölsku hirðina á þeim tíma, eða í Lissabon sem þá var 2.000 manna þorp, var líka maður að nafni Kristófer Kólumbus sem einhverra hluta vegna þurfti að flýja Lissabon að næturlagi og skildi eftir fjölskyldu sína. Hvers vegna? Getum er leitt að því að það hafi verið vegna þess að þeir komust á snoðir um að hann ætlaði einfaldlega að stela þessari hugmynd.

Í ævisögu Kristófers Kólumbusar sem sonur hans skrifaði er greint frá því að hann hafi siglt langt norður í haf í febrúar og þar hafi verið auður sjór en gríðarlega háar öldur og hann hafi síðan siglt frá landinu sem hann kom til 100 vikur sjávar til vesturs og séð þar nýtt land. Hann tók ekki land þar en fór til baka. Ég held að þetta skjóti stoðum undir þá kenningu að Kristófer Kólumbus hafði pata af þessu landi í gegnum þá þekkingu sem hann aflaði sér í Bristol. Hann hafði heyrt þessar sagnir við portúgölsku hirðina og þess vegna vissi hann af landinu þarna. Þótt hann sigldi síðan allt aðra leið þá held ég því fram, herra forseti, að sú staðreynd að Kristófer Kólumbus vissi að þarna var land, byggðist alfarið á þeirri vitneskju sem lifði frá þessum fyrstu landafundum Íslendinga. Ég sé að hv. þm. Árni M. Mathiesen brosir, en þetta er heilög sannfæring mín og ég er alveg sannfærður um að það væri hægt, ef menn færu í frekari rannsóknir, að kanna þetta frekar.

Í páfagarði liggja enn ónumin lönd í formi skjalasafna sem menn hafa ekki lesið og ég er viss um að menn eiga eftir með skipulagðri leit að færa sönnur á að Kristófer Kólumbus hafði alla möguleika til þess að vita af þessari þekkingu. Ég segi þess vegna, herra forseti: Það á að nota þessi miklu

tímamót við næstu aldamót til þess að lyfta þessu upp, að það væri ekki bara staðreynd að það voru Íslendingar sem fundu Norður-Ameríku á undan Kólumbusi heldur er það líka staðreynd að þegar Kristófer Kólumbus fór aftur og fann Ameríku þá gerði hann það á grundvelli þeirrar vitneskju sem varð til með þessum hafsiglingum Íslendinga yfir til Grænlands og síðan yfir til Norður-Ameríku.

[18:10]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu sem hefur farið fram og þessari tillögu sem er til umræðu. Þetta eru einhverjar skemmtilegustu og mest fræðandi umræður sem ég hef hlustað á hér lengi. Burt séð frá því hver það var sem fann Norður-Ameríku fyrst, tel ég rétt að við höldum í heiðri minningu forfeðra okkar sem þangað fóru og notum þessi tímamót til að minna á tilvist þeirra og þeirra afrek. Ég held reyndar að það vanti einn kaflann í þessa siglingasögu og það er kannski kafli sem átti sér stað áður en okkar forfeður sigldu vestur yfir hafið. En það er þáttur írsku trúboðanna sem mjög líklegt er að hafi siglt yfir til Norður-Ameríku á undan okkar forfeðrum og sennilegast eru einu sagnirnar sem treystandi er á í íslenskum sögnum þær sem segja okkur frá Hvítramannalandi og ferðum íslensks kappa, Breiðvíkingakappans, sem var í Hvítramannalandi með írskum trúboðum um tíma og sagði frá því í Dyflinni þar sem hann dvaldist líka.

En ég er ekki kominn í stólinn til þess að fara djúpt ofan í fræðin heldur til þess að leggja til að þar sem menn virðast almennt vera sammála um að forsrn. eigi að fara með þetta mál, og ég er á því máli einnig, þá tel ég rétt að málið fari fyrir allshn. og að í meðförum nefndarinnar og forsrn. fái heimamenn í Dölum og á Grænlandi þann stuðning sem þarf til þess að fagna þessum tímamótum á réttan og viðeigandi hátt.

[18:12]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir alveg ótrúlega skemmtilega ræður sem hann hefur flutt í þessu máli og vil láta um leið í ljós að ég sakna þess að við skulum ekki hafa komið inn ákvæði í þingsköp sem við höfum velt fyrir okkur hér, þingflokksformenn, um að hægt sé að haga ræðutíma eftir aðstæðum og að þegar mikilvæg mál koma upp og sérstaklega fróðleg að þá sé hægt að lengja ræður eins og nauðsynlegt er að mati forseta. Hv. þm. hefði mín vegna mátt halda mikið lengur áfram því þetta var fjarska fróðlegt sem hann hafði að segja okkur og ég þakka honum fyrir það. Og ég þakka honum líka fyrir stuðninginn og ég heyri að það er ekkert út í loftið að velta því fyrir sér að heilbr.- og trn. fái þetta mál til meðferðar því það er alveg bersýnilegt að þar eru á fleti fyrir þeir sem kunna eitthvað fyrir sér í þessum fræðum. Og í öðrum þingum sem við miðum okkur nú stundum við þá er það nú reyndar þannig að málum er vísað til nefnda eftir því sem líklegt er að menn hafi áhuga á þeim. Svo er t.d. í breska þinginu mikið frekar en að menn séu þar með þetta njörvaða fastnefndakerfi eins og við erum með hér.

En í alvöru talað um nefndina þá finnst mér að við þurfum bara að velta þessu fyrir okkur. Mér finnast ábendingar hv. þm. Árna Mathiesens líka athyglisverðar, þ.e. að þetta fari til allshn. Vandinn er hins vegar sá að það er mikið málakraðak í allshn., hef ég grun um. Hún er afskaplega hlaðin og hefur margt að sýsla þannig að ég hygg að hinar kæmu ekki síður til greina, þ.e. menntmn. og samgn. og mun ég ráðgast við forseta Alþingis um það.

Það er hins vegar nauðsynlegt að kynna þessa umræðu strax uppvaxandi kynslóð úr Dalasýslu, sem greinilega er hafið hér í hliðarsölum, og fara sem víðast með það um landið, vona ég.

Ég vil líka koma lauslega inn á það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson nefndi varðandi fornleifauppgröftinn. Það er mjög mikilvægt að honum verði haldið áfram duglega. Það er reyndar mikið verk ónunnið í uppgreftri á Grænlandi, þ.e. á Brattahlíðarsvæðinu. Það hefur verið unnið mjög vel í Vesturbyggð Grænlands eins og ég veit að hv. þm. þekkir. Verulegum fornminjum hefur verið bjargað undan eyðileggingu á undanförnum árum og kostað til þess gríðarlegum fjármunum, en ég hygg að á Grænlandi eigi enn þá eftir að verja verulegum fjármunum til þess að grafa í Brattahlíð og á Brattahlíðarsvæðinu og þess vegna hefur verið mjög erfitt og vandasamt að finna stað fyrir Eiríksbæinn og Þjóðhildarkirkjuna sem reist yrðu í Brattahlíð. Það verður að sjálfsögðu ekki á áætluðum rústum þeirra heldur annars staðar í Brattahlíð sem ótrúlega fáir Íslendingar hafa heimsótt þó að það sé ekki nema kortersferð þaðan með báti frá Narsarsuaq eins og menn þekkja.

Ég vil líka í þessu sambandi halda því til haga með Eyrarbakka og Bjarna Herjólfsson þó að hann hafi brostið til þess vit liggur mér við að segja eða kannski öllu heldur kjark að fara í land eins og segir frá í Grænlendingasögu. Hann kom þrisvar að landi og var ævinlega spurður: Eigum við að fara hér í land? Nei, sagði hann, og skipverjar urðu reiðir og þreyttir á honum og sögðu: Okkur vantar vistir og þá sagði hann: „Að öngu eruð þér því óbirgir.“ Og niðurstaðan varð svo sú að þeir fóru hvergi í land og endaði með því að þeir fóru ekki í land fyrr en þeir töldu víst að þeir væru komnir til Grænlands. Ég held nú að menn eigi þrátt fyrir þetta að velta því fyrir sér að taka undir hugmyndir Eyrbekkinga um að minnast með einhverjum hætti Bjarna Herjólfssonar frá Drepstokki í Flóa.

Það er líka merkilegt í þessu sambandi og í sambandi við Grænland sérstaklega sem ég vil nefna að það er auðvitað sjálfsagt að kalla fleiri aðila til fjármögnunar á þessu verkefni í Brattahlíð heldur en í ríkissjóð Íslands og grænlensku landstjórnina. Ég bendi á það sem hefur þegar vakið mikla athygli og menn hafa tekið eftir í Bandaríkjunum að í rauninni er Þjóðhildarkirkja fyrsta kirkjan sem reist er í Ameríku, í heimsálfunni Ameríku. Á þessu hefur verið vakin athygli og ég hef frétt af því að stjórnvöld í Bandaríkjunum geti hugsað sér að minnast þessa sérstaklega með því að taka þátt í kostnaði við þær framkvæmdir sem eru fyrirsjáanlegar í Brattahlíð.

Varðandi hins vegar uppgröft í Haukadal vestur, þá hygg ég að það hafi verið unnið í því núna að undanförnu. Það eru reyndar komin 100 ár síðan var byrjað að grafa þar. Einhvers staðar sá ég að Þorsteinn Erlingsson hefði verið þar með sínu föruneyti rétt fyrir síðustu aldamót og það hefði í rauninni verið fyrsti uppgröfturinn á Eiríksstöðum, rétt fyrir ofan Stóra-Vatnshorn í Haukadal. Síðan hefur honum verið haldið áfram og ef ég man þetta rétt þá hygg ég að það sé væntanleg núna alveg á næstu vikum greinargerð frá fornleifafræðingum Þjóðminjasafnsins um síðasta uppgröftinn sem var í gangi þarna sl. sumar, ég hygg undir forustu Guðmundar Ólafssonar. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt áður en hafnar verða framkvæmdir á þessum svæðum að

tryggilega verði gengið frá því að fornleifar spillist ekki að neinu leyti og að menn hafi í þaula skoðað viðkomandi svæði.

Varðandi það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um áðan að minnast siglingaafreka Íslendinga, þá held ég að sú saga sé hvergi nærri nógu ljós okkur, ég held að hún sé bara engan veginn ljós. Ég held að það sé sjálfstætt málefni fyrir utan þetta þó að það sé kannski partur af þessu máli. Ég held að menn eigi að velta því mjög fyrir sér að skrá þessa sögu því að það skiptir miklu máli fyrir þjóðina í dag að það sé skýrt fyrir henni hvernig hún lagði margt til þróunarinnar í gegnum aldirnar. Það styrkir þjóðina bæði út á við og sjálfsmynd hennar inn á við. Ég tel því að hér sé á ferðinni stórmál fyrir okkur.

Herra forseti. Ég endurtek það að ég treysti mér ekki á þessu stigi málsins til að gera tillögu um nefnd en mun bera mig saman við forseta áður en að því kemur að ákvörðun verður tekin um hana. Ég endurtek þakkir mínar til allra þeirra sem tóku þátt í þessari skemmtilegu umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Öryggismiðstöð barna, fyrri umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 37. mál. — Þskj. 37.

[18:20]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt sem hafa fylgst með fregnum, þá er tíðni slysa á börnum er afar há á landi. Í einstökum slysaflokkum eins og t.d. drukknunarslysum held ég að tíðnin sé með því allra hæsta sem gerist á gjörvöllum Vesturlöndum.

Þegar samanburður er gerður á barnaslysum hér og t.d. í þeim löndum sem næst okkur standa, Norðurlöndunum, kemur í ljós að hér á landi er áætlað að eitt af hverjum fjórum börnum lendi í slysi. Í Noregi er tíðnin helmingi minni þar sem eitt af hverjum sex og í Svíþjóð aðeins eitt af hverjum átta lendir í slysi. Þessar tölur sýna að það er nauðsynlegt að gera stórátak í slysavörnum hér á landi. Sennilega hefur enginn einn einstaklingur gert eins mikið á þessu sviði og slysavarnafulltrúi Slysavarnafélags Íslands, Herdís L. Storgaard hjúkrunarfræðingur sem fyrir þau störf sín vann einmitt til norrænu heilsuverndarverðlaunanna árið 1995. Hún hefur verið óþreytandi í að benda á margt sem aflaga fer og því miður virðist sem hún hafi oft á tíðum einungis talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda.

Ég bendi t.d. á það, herra forseti, að í tíð fyrri ríkisstjórnar var hrundið af stað nefnd í umhvrn. sem átti að gera tillögur um það hvernig hægt væri að breyta reglugerð um byggingar- og skipulagsmál með það fyrir augum að reyna að bæta og efla öryggi á þeim svæðum þar sem börn eru. Þessi nefnd hefur fyrir löngu skilað áliti sínu. Tillögurnar liggja fyrir en það er enn ekki búið að hrinda einni einustu þeirra í framkvæmd. Þetta þykir mér ámælisvert og ég hef spurst fyrir um það áður hér í þinginu hverju þetta sætir.

Það er annað sem mér finnst líka merkilegt varðandi þessi mál. Það er sú staðreynd að í dag liggja ekki fyrir neinar skýrar tölur um hversu há slysatíðnin er. Ef menn ætla að reyna að grafast fyrir um það hvernig slys verða, hvar þau verða og hversu alvarleg þau eru, þá verður að styðjast við úttekt sem var gerð á grundvelli gagna frá slysadeild Borgarspítalans og miðast við árin 1974–1991. Við höfum ekkert nýrra heldur en þetta. En á þessum tíma komu að jafnaði 6.200 slösuð börn á slysadeildina á hverju einasta ári. Til marks um það hvað börn voru hátt hlutfall þeirra sem deildin aðstoðaði má geta þess að árið 1991 voru reykvísk börn yngri en 14 ára þrír tíundu af öllum Reykvíkingum sem sóttu aðstoð til deildarinnar. Á hverju ári á þessum úttektartíma lagði deildin að meðaltali 158 börn inn á spítala.

Forvarnirnar virðast skipta mjög miklu máli. Eftir að forvarnaátaki var fyrst hrundið af stað upp úr 1980, sem var beint sérstaklega að foreldrum ungra barna, tók þessum slysum góðu heilli að fækka. Það hefur sýnt sig að þegar menn hafa farið í herferðir og átök sem miða að því að draga úr einhverjum tilteknum slysum, þá hefur það alltaf borið einhvern árangur.

Það er margt athyglisvert ef maður reynir að velta fyrir sér hvers konar slys hendir börn á Íslandi og hver þróunin er í þeim efnum. Það er t.d. sérstaklega merkilegt að slys sem verða hjá 10–14 ára börnum eru miklu tíðari hér en annars staðar samkvæmt þeim tölum sem liggja fyrir og þau slys aukast stöðugt. Á meðan slysatíðni í öðrum aldursflokkum lækkaði talsvert á úttektartímanum, 1974–1991, þá jukust þessi slys og í ljós kom að þau voru um það bil 100% tíðari hér á Íslandi en í Noregi.

Góðu heilli sökum forvarna og áróðurs hefur heimaslysum fækkað. En það sem er e.t.v. athyglisvert er tvennt, að svo virðist sem slys í skólum séu að aukast. Það er tilfinning þeirra sem koma að þessum málum að þeim fjölgi og í dag er það þannig að ég held að það séu engar reglur sem gilda um það hvernig t.d. kennarar eiga að vera búnir undir það ef slys verða, en því miður er það staðreynd að slys sem hefur hent börn á skólavæðum hafa orðið alvarlegri fyrir þá sök að menn hafa ekki haft þjálfun eða þekkingu á því hvernig átti að bregðast við. Það er auðvitað sorglegt. Það er dæmi um eitthvað sem hægt er að bæta úr. Þetta er sennilega mál sem þarf að taka sérstaklega á.

Það er líka athyglisvert að íþróttaslysum virðist stöðugt vera að fjölga og þau eru e.t.v. ásamt skólaslysum orsökin fyrir því að slysatíðni barna á aldrinum 10–14 ára virðist vera furðulega há hér á landi.

Við leggjum til, herra forseti, til þess að reyna að sporna við þessari þróun að búin verði til sérstök öryggismiðstöð barna. Hugmyndin er sótt að utan. Sá sem hefur fært hana hingað til lands er Herdís Storgaard hjúkrunarfræðingur. Hún hefur rætt um þetta á fundum, hún hefur skrifað um þetta greinar og hún hefur upplýst menn um eðli þessara öryggismiðstöðva í fjölmörgum viðtölum.

Fyrstu miðstöðvarnar af þessu tagi urðu til upp úr 1980 í Ástralíu. Reynslan af þeim varð svo góð að víða annars staðar hafa menn tekið upp svipaða starfsemi og víða á Norðurlöndunum er t.d. í bígerð að setja upp öryggismiðstöðvar þó að tíðni barnaslysa þar sé snöggt um lægri en hérna.

Nú má auðvitað velta því fyrir sér hvort ekki sé um gríðarlegan kostnað að ræða að setja upp slíka öryggismiðstöð. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í málum eins og þessu eigi menn ekki að horfa í kostnað. En ég get þó glatt þá þingmenn sem bera fjárhag skattborgaranna fyrir brjósti að það er mjög líklegt að kostnaður við svona sé afsakplega lítill. Erlendis hefur víða verið farin sú leið að þessar öryggismiðstöðvar

hafa verið settar upp í tengslum við barnaspítala. Spítalarnir hafa þá lagt til húsnæði. Ýmiss konar félagasamtök og líknarsamtök hafa á móti lagt til hvers konar tæki og tól sem þarf til þess að nota í þessum öryggismiðstöðvum. Ég tel að það væri afskaplega heppilegt ef hægt væri að fara þessa leið. Kostnaðurinn við rekstur mundi þá nema sem svaraði launum einhverra starfsmanna, eins til þriggja. Yfirleitt er starfsmannafjöldinn ekki meiri. Það hefur sýnt sig að þessar miðstöðvar hafa átt auðvelt með að afla styrkja til rekstursins og sömuleiðis hafa þær víða líka farið út á þá braut að selja ýmiss konar þjónustu. Sums staðar hafa þær t.d. selt vöruvottun til fyrirtækja. Þær hafa selt samtökum, fyrirtækjum eða stjórnvöldum tiltekna gagnagrunna eða upplýsingar og líka hefur færst í vöxt að menn hafa sóst eftir því að fá fræðslu frá þessum öryggismiðstöðvum ef stjórnendur stöðvanna svara með því að setja upp námskeið sem hafa þá verið sniðin fyrir tiltekna viðskiptavinahópa.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er sjálfsaflafé slíkra stöðva sem eru komnar í fullan rekstur oft í kringum 65% af þeim kostnaði sem hlýst af rekstrinum. Það er líka þannig að oft og tíðum eru þessar stöðvar að verulegu leyti byggðar upp af sjálfboðaliðum sem taka að sér ýmiss konar verk sem ekki eru beinlínis sérhæfð. Jafnan eru það þó læknar og einkum og sér í lagi hjúkrunarfræðingar sem bera hitann og þungann af því að halda þeim gangandi.

Á miðstöðvum eins og þessum er reynt að draga saman þá þekkingu sem er fyrir hendi á slysavörnum sem tengjast börnum. Þar er líka reynt að draga saman á einn stað allan þann öryggisbúnað sem foreldrar þurfa að nota til þess að vernda börnin sín. Þeir geta t.d. komið og mátað á einum stað allar gerðir bílstóla sem er hægt að finna á markaðnum. Þeir eiga líka kost á umsögn miðstöðvarinnar um viðkomandi vöru og til hagræðis liggur líka frammi listi yfir fyrirtækin sem selja búnaðinn. Benda má á það, herra forseti, að það er ekki lengra síðan en nokkrir mánuðir að hér var verið að selja tiltekið öryggistæki sem varðaði börn sem slysavarnafulltrúi Slysavarnafélagsins var ekki ánægð með og taldi ekki nægilega góð.

Margvísleg fræðsla um varnir gegn slysum í umferðinni fer fram á þessum miðstöðvum. Þar er yfirleitt hægt að finna ýmsar gerðir hjólahjálma og ýmsar gerðir hjóla og reynt að draga fram allar þær hættur sem fylgja hjólreiðum. Þar er líka hægt að finna allar upplýsingar um íþróttaslys. Það er mjög mikilvægt fyrir foreldra sem eru að senda börn sín út í hinn stóra heim, leyfa þeim að taka þátt í íþróttaæfingum eins og allir foreldrar auðvitað vilja, að það sé hægt að leiðbeina þeim hvernig þeir geti búið börn sín undir þátttöku í íþróttum með það fyrir augum að draga úr mögulegum íþróttaslysum.

Í þessum miðstöðvum er líka jafnan reynt að byggja upp víðtækan gagnagrunn þar sem er hægt að fletta upp reglum og stöðlum sem tengjast umhverfi barna og jafnvel einstökum vörutegundum. Ég fullyrði að nú er t.d. mjög erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um það hvers konar reglur eru í gildi og ég er þá fyrst og fremst að hugsa um þær tilskipanir sem hafa komið utan frá Evrópu og sem menn virðast tiltölulega seinir að kynna hér á landi og hrinda í framkvæmd.

Þetta, herra forseti, er svona í grófum dráttum það hlutverk sem þessar miðstöðvar eiga að sinna. Ég er sannfærður um að þær munu skipta mjög miklu máli og reynslan sýnir að þær vinna gott verk og foreldrar eru afar þakklátir fyrir þá þjónustu sem er að fá á þessum stöðvum.

Það er að lokum eitt sem ég vildi nefna sérstaklega. Við sem flytjum þessa tillögu leggjum til að eitt af verkum miðstöðvarinnar verði að hafa með höndum samræmda tölvuskráningu á barnaslysum sem eigi jafmframt að vera vistuð á vettvegnai miðstöðvarinnar. Það mætti vel færa rök fyrir því að einhvers staðar annars staðar ættu einhverjar aðrar stofnanir að sinna skráningu af þessu tagi. En ég gat um mjög snemma í mínu máli að mjög erfitt er að fá góðar og ítarlegar upplýsingar um þróun slysa á börnum. Af hverju? Vegna þess að enginn hefur það á sinni hendi að skrá þau.

Slysavarnir byggjast ekki síst á því að geta greint eðli slysa, tíðni þeirra og hvernig þau eru að þróast. Einungis upplýsingar af slíku tagi gera það að verkum að menn vita hvar skóinn kreppir, hvar þarf að breyta einhverju. Það er ekki gert varðandi þessa tegund slysa. Hins vegar hefur hið háa Alþingi sett lög um rannsóknarnefndir t.d. flugslysa og sjóslysa, að líkindum vegna þess að slík slys eru í eðli sínu oft mjög mannskæð, en líka vegna þess að með slíkum rannsóknum er hægt að grafast fyrir um orsakir þeirra og þar á meðal að draga úr líkunum á því að þau hendi aftur í framtíðinni.

Það mætti alveg hugsa sér, herra forseti, að líka yrði sett upp sérstök rannsóknarnefnd barnaslysa eins og er að finna í ýmsum löndum. Við flutningsmenn þessarar tillögu veltum því fyrir okkur að leggja fram slíka tillögu, en við teljum að það sé ekki rétt að gera það, a.m.k. ekki á þessu stigi málsins. En við erum eigi að síður þeirrar skoðunar að samræmd skráning barnaslysa sé mjög mikilvægt tæki til þess að hægt sé að draga ályktanir af þeim slysum sem verða um hvers konar aðferðir dugi best til þess að fækka þeim. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, að öryggismiðstöð barna fái jafnframt það hlutverk að safna og vinna úr upplýsingum um barnaslys. Við teljum að sú vinna yrði mikill styrkur stjórnendum öryggismiðstöðvarinnar þegar að því kemur að sinna því ráðgjafarhlutverki gagnvart stjórnvöldum sem við leggjum til að miðstöðinni verði einnig fært.

Herra forseti. Þessi tillaga er þess eðlis að ef hún verður samþykkt, þá getur hún skilað miklum árangri tiltölulega fljótt. Hún er líka þess eðlis að hún kostar ekki mjög mikið og hún er þess eðlis að einmitt núna er tíminn til þess að þingmenn velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að bregðast við þeirri uggvænlegu þróun sem við höfum séð í fjölmiðlum á tíðni barnaslysa með því að samþykkja þessa tillögu. Ég er sannfærður um að þegar hið háa Alþingi rannsakar þetta mál, mun það komast að raun um að þörf er á stofnun af þessu tagi.

[18:35]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er varla miklu að bæta við þá ágætu framsögu sem 1. flm. þessarar tillögu hafði hér á undan, en ég vil leggja áherslu á að öryggismiðstöð barna sem lagt er til að verði sett á laggirnar er geysilega mikil slysa- og forvarnamiðstöð fyrir börn og ekki aðeins fyrir börn, heldur bæði fyrir börn og foreldra þeirra.

Það koma ákaflega merkilegar upplýsingar fram um slys á börnum í greinargerð með frv. og ég vil taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann talar um merkilegt starf Herdísar Storgaard hjúkrunarfræðings sem hefur unnið mikið stórvirki í slysamálum barna og vakið athygli á hverju málinu á fætur öðru sem betur mætti fara.

Eins og kom fram í máli hv. 1. flm. þáltill., er ekki mikið um skráningu á barnaslysum eða vinnslu á upplýsingum af því tagi. En miðað við þær upplýsingar sem í greinargerð-

inni eru, þá virðist mér, miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur frá árinu 1996, að þessi mál fari versnandi því að á síðasta ári komu tæplega níu þúsund börn undir 14 ára aldri á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þetta eru svokallaðar nýkomur þannig að það er aukning í barnaslysum. En eins og kom fram í máli 1. flm. er áætlað samkvæmt tölum sem lágu fyrir frá því tímabili sem var til umfjöllunar hér á undan, þ.e. til 1991, að eitt af hverjum fjórum börnum á Íslandi lenti í slysi á meðan það er eitt af hverjum sex í Noregi og aðeins eitt af hverjum átta í Svíþjóð.

Ég held að það sé fyrir löngu orðið tímabært að verulega verði tekið á í þessum málum. Ein manneskja eins og Herdís Storgaard má sín nokkurs en þó er nauðsynlegt að á þessum málum verði tekið af festu. Eins og hér hefur komið fram eru komnar öryggismiðstöðvar sem þessar víða í heiminum. Fyrsta öryggismiðstöðin var í Ástralíu og síðan hafa þær verið settir á laggirnar m.a. á Norðurlöndum.

Hlutverki þessarar öryggismiðstöðvar hefur verið lýst vel hér á undan og ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem kom fram í þeirri ræðu, en ég vil leggja áherslu á að það hlutverk sem nefnt er í niðurlagi greinargerðarinnar er geysilega mikilvægt, þ.e. um samræmda skráningu barnaslysa. Það er eitt stærsta málið núna að halda saman uplýsingum um barnaslysin. Þær liggja ekki fyrir og þó að maður reyndi að afla upplýsinga fyrir þessa umræðu, þá lágu aðeins fyrir komutölur á slysadeildina en engar aðrar unnar upplýsingar.

Ég ætla að vona að þegar þessi þáltill. verður búin að fara í gegnum umræðu í heilbr.- og trn. komi hún aftur hingað til umræðu í þinginu því að ég tel að þessi mál, í þeim farvegi sem hér er lagt til, muni bæði bæta velferð fjölskyldunnar og barna hér á Íslandi í komandi framtíð.

[18:40]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu tillögu sem hér er flutt og hef ekkert nema gott um hana að segja. Það er hins vegar spurning hversu víðtæk svona tillaga á að vera og ég ætla að bæta hér við einu efnisatriði sem mér finnst mikilvægt að sé tekið með í för þegar þetta mál er kannað, en það er ábyrgð einstaklinganna, ábyrgð foreldranna, ábyrgð skólanna, ábyrgð sveitarfélaganna, ábyrgð hinna fullorðnu þegar um það er að ræða að börn lenda í slysum eða einhverjum óhöppum. Ég hygg að t.d. væri skynsamlegt að leggja í það vinnu að skilgreina tryggingaábyrgð í þessu efni. Ég er t.d. að hugsa um óhöpp eða slys sem börn verða fyrir í skólum eða við skóla og þá er ég að tala um leikskóla líka. Ég hygg að þessi mál mættu vera skýrari en þau eru núna og ég er ekki alveg viss um að þau séu samræmd. Sérstaklega eftir að sveitarfélögin yfirtóku reksturinn á þessu öllu saman, þá grunar mig að þetta sé misjafnt og að foreldrar og aðstandendur barnanna eigi kannski erfitt með að átta sig á því hver ber ábyrgðina. Er það kennarinn? Að hve miklu leyti? Að hve miklu leyti skólastjórinn? Að hve miklu leyti sveitarfélagið? Yfir höfuð hver? Um leið og ég segi að mér líkar vel við þessa tillögu og finnst hún skynsamleg og jákvæð, þá vil ég benda á þetta atriði.

Hitt er svo spurning, hvort ekki ætti að láta rannsaka það sérstaklega hvernig stendur á þessu ógnvekjandi ástandi fyrir börn á Íslandi miðað við önnur lönd. Þetta er eitthvað alveg ótrúlegt og þetta er okkur að kenna. Þetta er ekki þannig að þetta séu einhverjar ástæður sem koma utan úr geimnum og við ráðum ekkert við. Þetta er okkur að kenna. Maður sér það auðvitað mjög oft þegar um er að ræða t.d. smábörn í umferð og á götum og við götur t.d. í litlum byggðarlögum hér í þessu landi þar sem fólk á mjög erfitt með að átta sig á því hvað er stórumferð og hvað er leikvöllur í plássum þar sem ég þekki til víðs vegar um landið. Ég held að þetta séu einhverjir hlutir, heldur frumstæðir, sem við kynnumst oft í umferðarmenningu Íslendinga sem þarna bitna á börnunum.

Erindi mitt var að lýsa stuðningi við þessa tillögu um leið og ég nefni þetta atriði með ábyrgðina, að hún sé skýrari þannig að foreldrar og aðstandendur barna viti hvert þeir eiga að snúa sér ef eitthvað kemur fyrir barnið, hvort sem það er smátt eða stórt, í skólum eða við skóla.

[18:43]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni og studdu tillöguna. Ég tek sérstaklega undir báðar ábendingarnar sem komu fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég held að það sé þarft að nefndin sem fær þetta til umfjöllunar, sem verður væntanlega heilbr.- og trn., taki þetta til gaumgæfilegrar athugunar.

Hv. þm. ræddi sérstaklega tryggingamál. Hver er það sem ber ábyrgðina þegar slys hendir barn í skóla, í leikskóla eða einhvers staðar annars staðar? Um þetta hafa þegar risið talsverðar deilur og það er alveg ljóst að réttarstaða barna og foreldranna er mjög óviss.

Ég bendi líka á það, af því að mér varð tíðrætt um íþróttaslys sem er sú tegund slysa sem virðist í hvað örustum vexti meðal barna, að í nýlegri skýrslu umboðsmanns barna er sérstaklega bent á að það þurfi að hreinsa andrúmsloftið varðandi einmitt þá tegund slysa. Hver er það sem ber ábyrgð á því þegar barn sem er í keppni eða við æfingar sem er undirbúningur að einhvers konar keppni, verður fyrir slysi? Hver á að greiða slysatryggingarnar eða hver á að bera skaðann? Um þetta þarf að fjalla á vettvangi hins háa Alþingis og þetta er einmitt eitt af þeim málum sem þingflokkur jafnaðarmanna er með í undirbúningi einmitt vegna þess að við teljum að það þurfi að koma skýrar fram hver ber ábyrgðina. Þetta er vaxandi áhyggjuefni foreldra sem eru að senda börn sín á æfingar og í keppni, þ.e. hver á borga ef það verður slys.

Að öðru leyti, herra forseti, legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu og þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. PHB og VE, 18. mál (eignarskattur). — Þskj. 18.

[18:45]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Frv. er á þskj. 18. Það var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Með frv. þessu er lögð til veigamikil breyting á eignarskattskerfinu. Um er að ræða stórlækkun á eignarskatti hjá

þeim fáu sem yfirleitt greiða eignarskatt vegna þess að það er ekki nema einn þriðji af öllum eignum landsins sem falla undir eignarskatt.

Hér er um að ræða sömu stefnu og tekin var upp í sambandi við fjármagnstekjuskatt, að skattar verði altækir og mismuni ekki mismunandi formum og stýri ekki einstaklingum og fyrirtækjum til ákveðinnar hegðunar.

Sem dæmi um þá stýringu sem um er að ræða skulum við taka mann sem á sjálfur eign sem hann býr í og leigir síðan út aðra eign. Hann á sem einstaklingur hugsanlega eign upp á 12 eða 13 millj. Þar með fellur allt leiguhúsnæðið í efsta þrep eignarskatts, þ.e. 1,45%. Ef þetta er 7 millj. kr. eign þá borgar maðurinn af þessari eign sinni 8.500 kr. á mánuði. Þegar tekið er tillit til fjármagnstekjuskatts af leigunni upp á 3–4 þús. kr. á mánuði þá er skattlagning á þessa eign um 12 þús. kr. á mánuði, sem þessi maður þarf að fá hærri leigu heldur en t.d. aðilar sem ekki borga eignarskatt en leigja út í stórum stíl. Þetta skekkir leigumarkaðinn og hefur nánast rústað honum. Fólk sem ekki á rétt á félagslegu leiguhúsnæði af ýmsum toga er því mjög illa statt á leigumarkaðnum í dag. Hér er um að ræða vonlausa samkeppni einkaaðila við opinbera og hálfopinbera aðila, Öryrkjabandalagið og stúdentagarða, sem leiðir til þess að hinn almenni leigumarkaður er ákaflega lélegur og það er mjög erfitt fyrir fólk að leita sér að íbúð á almennum markaði.

Þá felst í eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna óæskileg stýring á fjármagni til hins opinbera frá atvinnulífinu sem ekki nýtur eignarskattsfrelsis. Hlutabréfaeign þarf að gefa 1,45% hærri ávöxtun en bankainnstæða eða spariskírteini til að vera jafngild þegar eignin lendir í eignarskatti. Afleiðingin er sú að íslensk fyrirtæki hafa ekki fengið hlutafé í sama mæli og ella. Hér er verið að stýra fjármagni frá atvinnulífinu til ríkis og banka.

Það hlýtur að vera markmiðið að skattkerfið sé hlutlaust og stýri ekki atvinnulífinu eins og núverandi skattkerfi gerir. Það er ein undantekning á þessu í frv. og það er varðandi erlenda sendiráðsmenn þar sem ákvæði alþjóðasamninga sem við Íslendingar höfum undirritað tryggja starfsmönnum erlendra ríkja og alþjóðastofnana skattfrelsi frá flestum sköttum. Þessi ákvæði vekja upp spurningar um launakjör starfsfólks þessara stofnana sem iðulega vinnur við hlið innlends starfsfólks þar sem annar aðilinn nýtur skattfrelsis en hinn ekki. Það vekur upp spurningar um hvort hugsanlega sé verið að búa til forréttindahópa sem minna illilega á forréttindi fyrrum sovéskra ráðamanna og eru í andstöðu við lýðræðishugmyndir vestrænna þjóða þar sem stór hópur vinnandi fólks hjá alþjóðastofnunum borgar ekki skatta.

Varðandi skattfrelsi spariskírteina og ríkisvíxla þá eru þau með þeim ósköpum að nánast má segja að þeir einir borgi eignarskatt sem nenna því. Það er nefnilega þannig að með því að kaupa spariskírteini og taka til þess lán með veði í sömu spariskírteinum þá lækkar eignarskattsstofninn um skuldina sem tekin var vegna þess að spariskírteinin teljast ekki sem eign. Þannig geta menn nánast búið til eignarskattsstofn eins og þeir kæra sig um. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum. Þessu gati verður að loka hið fyrsta. Það er gert með þessu frv.

Herra forseti. Eignarskattar hér á landi eru með því hæsta sem gerist í OECD-löndunum og er aðeins Noregur með hærri eignarskatta. Í flestum OECD-löndunum eru fyrirtæki undanþegin eignarskatti. Það er sennilega gert til þess að auka vilja manna til að hafa fé bundið í fyrirtækjum. En þetta kemur niður á íslenskum fyrirtækjum sem eru í samkeppni við erlend fyrirtæki þar sem þau íslensku þurfa að borga eignarskatta en þau erlendu ekki. Í þessu frv. er ekki lagt til að þetta verði leiðrétt en þetta þarf að hafa í huga vegna þess að þetta frv. gengur jú út á að hafa skattinn altækan og þá er það vilji flm. að hann verði líka á fyrirtæki. Allar eignir yrðu sem sagt skattlagðar eins.

Háir eignarskattar hér á landi hafa valdið verðfalli á eignum. Maður sem þarf að borga eignarskatt af eign sem ekki gefur nægilegan arð verður að lækka verðið á henni ef hann ætlar að selja hana vegna þess að eignarskatturinn gerir það að verkum að eignin er ekki samkeppnisfær. Þessi verðlækkun sem er afleiðing af háum eignarsköttum hefur valdið eigendum, veðhöfum og sveitarfélögum miklu tjóni. Lækkun eignarskatta kann að stöðva þessa verðlækkun.

Herra forseti. Að meðaltali á hver vinnandi Íslendingur 2 millj. kr. í lífeyrissjóði. Það eru réttindi sem hann á hjá lífeyrissjóðnum sem hægt er að meta til fjár. Ekki verður séð af hverju þessi hluti eigna manna á að vera eignarskattsfrjáls á meðan aðrar eignir mannsins, bílar, fasteignir, hlutabréf og svo framvegis eiga að vera eignarskattsskyldar. Því er hér lagt til að eignir í lífeyrissjóði verði skattskyldar og sömuleiðis eignir sjúkrasjóða og annarra sjálfseignarfélaga. Verður ekki séð að þeir aðilar geti ekki borgað eignarskatt, sem reyndar er búið að lækka umtalsvert, eins og gamalt fólk sem á stórar eignir og verður að borga eignarskatt en hefur litlar tekjur. Nýverið hefur komið fram gagnrýni formanns Landssambands verslunarmanna á þetta frv. vegna þess að í því er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir borgi eignarskatt sem þeir hafa ekki gert hingað til. Ég reikna með að margur félagsmaður þessa landssambands, þ.e. verslunarmenn, borgi núna mjög háa eignarskatta, þ.e. 1,45%. Þeir vildu gjarnan sjá að þeir borguðu ekki nema 0,35% eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta eru eðlileg viðbrögð þeirra sem hafa notið skattfrelsis og eiga að missa það.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og aðrir lífeyrissjóðir svo sem eins og Lífeyrissjóður alþingismanna hafa þá sérstöðu að launagreiðandinn, ríkið, ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, þ.e. iðgjaldahluti ríkisins er breytilegur eftir því hvernig gengur með ávöxtun fjár. Þessi skattur mun ekki lenda á þeim sjóðum. Hins vegar hlýtur þetta iðgjald eða þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa umfram aðra að vera metin til launa. Laun opinberra starfsmanna hljóta að vera lægri sem því nemur að lífeyrisréttindi þeirra eru betri. Þannig greiðir fólkið í reynd þennan skatt sjálft nákvæmlega eins og sjóðsfélagar annarra lífeyrissjóða.

Líknarfélög eru mjög umsvifamikil í eign á íbúðarhúsnæði. Þau eru stærstu íbúðareigendur á landinu og eru í samkeppni við einkaaðila um útleigu á húsnæði eins og ég gat um áðan. Fjöldi fólks með bágar aðstæður greiðir eignarskatta. Á það sérstaklega við um eldra fólk sem hefur mjög lágar tekjur en býr í eigin húsnæði sem oft er nokkuð stórt. Einnig fólk sem verður að leigja á almennum markaði og kemst ekki inn í félagslega leigukerfið. Það fólk verður að borga þessa skatta eins og ég gat um áðan, 12 þús. kr. á mánuði, vegna þess að leigan verður hreinlega hærri. Hér er því um að ræða réttlætismál gagnvart þeim sem þurfa að leigja hjá öðrum en þessum félagslegu samtökum.

Herra forseti. Varðandi skattlagningu ríkisfyrirtækja hafa menn bent á að það sé mótsögn í því að ríkið sé að skattleggja sjálft sig. Það virðist vera mótsagnakennt. En þegar maður hefur í huga að ríkisfyrirtæki eiga í samkeppni við einkafyr-

irtæki þá er mjög mikilvægt að allir skattar á ríkisfyrirtæki komi fram eins og hjá einkafyrirtækjum. Einkafyrirtæki sem veitir öryggisþjónustu verður t.d að greiða eignarskatt af þeim eignum sem það notar á meðan hin opinbera löggæsla greiðir enga skatta. Ef menn ætla að bera saman kostnaðinn við opinbera löggæslu í samkeppni við einkaaðila þá þarf að sjálfsögðu að sýna alla þá skatta sem lagðir eru á einkaaðilann hjá hinu opinbera. Þess vegna er ekki út í hött að leggja eignarskatta á opinber fyrirtæki, sérstaklega þau sem er í samkeppni. Þar má nefna mörg dæmi þar sem ríkið er í samkeppni við einkaaðila.

Flestar greinar frv. eru tæknilegs eðlis í samræmi við þau markmið sem ég hef nefnt. Þó er rétt að benda á 3. gr. þar sem sett er fram merkilegt ákvæði sem menn ættu að skoða, en þar stendur:

„Nú rís ágreiningur um mat á eignum skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. og skal þá eiganda heimilt að krefjast þess að ríkissjóður kaupi viðkomandi eign á 85% matvirðis ríkissjóðs gegn staðgreiðslu."

Það er nefnilega þannig að annar aðilinn í dæminu, þ.e. ríkissjóður, metur eignina sem hann svo leggur skatt á. Það hafa komið upp dæmi um að eignin sé metin mjög óraunhæft og eigandinn verði að borga mjög háa skatta af eigninni, eignarskatta, fasteignagjöld og annað, og er hann algjörlega varnarlaus gagnvart þessu mati ríkissjóðs. Hér er lagt til að í slíkri stöðu sé borgurunum veitt sú undankomuleið að krefjast þess að ríkið kaupi eignina á 85% af matsverði. Það er að mínu mati mjög sanngjarnt og getur enginn maður haft á móti því.

Herra forseti. Ég legg þetta frv. fram og mælist til þess að því verði eftir þessa umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.*

Frv. ÁRJ og MF, 23. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 23.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 8., 11. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

---

## 8. FUNDUR

þriðjudaginn 14. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjarkennsla, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Bætt siðferði í opinberum rekstri, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Landafundir Íslendinga, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Félagsleg aðstoð, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

8. Almannatryggingar, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.

9. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.

10. Sveitarstjórnarlög, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.

11. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.

13. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.

14. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

15. Umboðsmaður barna, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.

16. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:31]

**Útbýting þingskjals:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 100. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 100.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Óundirbúin fyrirspurn um flugmálaáætlun.

[13:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess sem gerðist í umræðu um fyrirspurnir til ráðherra, þ.e. óundirbúnar fyrirspurnir í gær, þar sem stjórnarþingmaður hóf umræðu við ráðherra á grundvelli upplýsinga úr flugmálaáætlun sem liggur fyrir stjórnarþingflokkunum. Það eru upplýsingar sem stjórnarandstaðan hefur ekki séð. Ég vil reyndar, herra forseti, þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að vekja athygli á því hvernig ráðherra hans hyggst standa að málefnum Reykjavíkurflugvallar, þ.e. að fresta löngu tímabærum endurbótum. En mig langar til að spyrja hæstv. forseta: Eru þetta eðlileg vinnubrögð að hefja umræðu um þingmál sem er til kynningar í ríkisstjórnarþingflokkunum? Ég er ekki mjög þingreynd en ég veit að hæstv. forseti er með þingreyndari mönnum og gæti þá kannski upplýst

okkur um það hvaða reglur gilda um málsmeðferð eins og þessa sem hér er til umræðu. Eru mál sem eru til umræðu í þingflokkum stjórnarliða ekki trúnaðarmál? Og er eðlilegt að hefja umræðu um þessi mál í þinginu áður en allir þingmenn hafa séð viðkomandi þingmál?

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna þessarar fyrirspurnar frá hv. þm. vill forseti segja að í fyrsta lagi getur hann ekki vitað um hvað þingmenn ræða í óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra. Í öðru lagi getur forseti upplýst að í sjálfu sér eru engar skrifaðar reglur til sem leggja hömlur á hvað þingmenn geta óskað upplýsinga um eða hvað þeir upplýsa sjálfir. Forseti ætlar ekki að leggja dóm á það hvort í umræddu tilviki hafi eitthvað verið sagt sem ekki mátti segja eða var ekki við hæfi að segja. Forseti getur ekki svarað þessu öðruvísi.

[13:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er afskaplega neyðarlegt að það skuli gerast að þingmaður stjórnarliðs taki til máls undir ákveðnum dagskrárlið á þinginu og fari að ræða mál sem er til skoðunar hjá stjórnarflokkunum, mál sem hefur hvorki komið inn í þingsalinn né fyrir augu þeirra sem um eiga að fjalla í samgn. þegar þar að kemur. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að forseti getur ekki vitað hvað hver og einn þingmaður ætlar að ræða, sérstaklega í óundirbúnum fyrirspurnum. En þarna hljótum við þingmenn að setja mörkin um hvað telst eðlilegt að þingmaður taki upp og þegar það hefur gerst að þessi óheppilegi atburður átti sér stað þá finnst mér mjög mikilvægt að forseti láti sér ekki nægja að svara fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur með því að ekkert sé við þessu að gera. Ég held að það sé mjög mikilvægt að forsetinn taki það upp í sínum þingflokki að brýna fyrir þingmönnum að gæta sín á því að fara nú ekki að ræða mál í þessum ræðustól meðan þingflokkarnir eru að koma sér saman um hvort málin skuli fá að fara inn í þing eður ei og biðja þingflokksformann samstarfsflokksins um að það sama verði gert.

Ég lít ekki á þetta sem stórmál í sjálfu sér en ég skil mjög vel að nefndarmaður í samgn. sem hlustar á þessi orðaskipti telji að þetta sé óeðlilegt.

[13:36]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Þessi umræða kemur mér mjög á óvart. Hefur stjórnarþingmaður ekki sama rétt til þess að taka hér til máls og þingmenn stjórnarandstöðunnar? (**ÖS:** Síðan hvenær?) Ja, síðan hvenær ekki, hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Ég veit ekki betur en að Reykjavíkurflugvöllur sé til og er og verður og umræðan um hann hlýtur að vera heimil hvaða þingmanni sem er og ég tala nú ekki um þegar það snýst um öryggismál Reykjavíkurflugvallar. Og það hvort ég hafi hafið umræður og þjófstartað gagnvart hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Það kann vel að vera að þeim svíði það, það getur vel verið. (**Gripið fram í:** Biddu afsökunar.) En málið er samt sem áður svo að Reykjavíkurflugvöllur er til umræðu hvort sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um einhverja ákveðna fjárveitingu til hans eða ekki. Í meginmáli mínu ræddi ég um öryggisþátt Reykjavíkurflugvallar. Það var mál málanna og mér kemur mjög á óvart að stjórnarandstöðuþingmenn skuli gera þetta að máli hér. (**Gripið fram í:** Hvernig á að gera ...?)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég bið þingmenn um að hefja ekki efnislegar umræður um Reykjavíkurflugvöll. Hann er ekki til umræðu hér.)

[13:37]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Á þessu máli eru tvær hliðar. Annars vegar sú sem hv. málshefjandi nefndi, að upp komi nokkuð sérkennileg staða sem við erum sett í. Hins vegar er það sú hlið sem snýr að okkur þingmönnum, þ.e. að það hlýtur að vera okkur sérstakt fagnaðarefni að stjórnarþingmenn fari almennt að spyrja ráðherrana um trúnaðarmál úr stjórnarflokkunum. Við hljótum að þakka fyrir það alveg sérstaklega þegar stjórnarþingmenn fara að leka trúnaðarupplýsingum hér í þessum stól þannig að ég skora á forseta að stöðva það ekki heldur ýta frekar undir að það haldi áfram að stjórnarþingmenn hlaupi hér upp með trúnaðarmál svo sem mest þeir mega þó ég geti tekið undir það með málshefjanda að staðan er nokkuð sérkennileg.

[13:38]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort það sé eðlilegt að ræða hér þingskjöl áður en þau koma fram. Það var ekki gert í gær. Þingmaðurinn sem bar fram óundirbúna fyrirspurn hafði að sjálfsögðu fullt leyfi til þess að spyrja um hvaðeina sem hann langaði til, þar á meðal um Reykjavíkurflugvöll. En hann var ekki að ræða þingskjalið eða flugmálaáætlun sem er til meðferðar í stjórnarflokkunum eins og hún mun birtast hér þegar þar að kemur. Á þessu verður að sjálfsögðu að gera mun.

Það er ágætt að þingmenn Þjóðvaka fyrrv., þingmenn jafnaðarmanna núverandi, minni okkur á að halda þingsköpin. Við vorum minnt á það í síðustu viku að það er hægur vandi að fara svolítið í kringum þau undir liðnum athugasemdir um störf þingsins. Tvívegis í síðustu viku notuðu þingmenn jafnaðarmanna, fyrrv. Þjóðvaka, tækifærið til þess að taka upp efnisumræðu um mikilvæg og viðkvæm mál undir liðnum athugasemdir um störf þingsins.

Það er að vísu ekki svo núna vegna þess að þetta er eðlileg fyrirspurn undir þessum lið, en málið liggur svona. Þingmaðurinn Guðmundur Hallvarðsson og aðrir þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu geta spurt hér um hvaðeina sem varðar starfsemi viðkomandi ráðherra undir liðnum óundirbúnar fyrirspurnir, en það hefði verið óeðlilegt ef hann hefði farið að ræða þingskjalið um flugmálaáætlun sem ekki er komið fram, en það gerði hann að sjálfsögðu ekki.

[13:40]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það var nú ekki meiningin að fara út í efnislega umræðu um Reykjavíkurflugvöll enda fagnaði ég því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson skyldi koma fram með þessa fyrirspurn. Aftur á móti má gera ráð fyrir að hann hafi lagt fyrirspurnina fram vegna þess að hann hafði ákveðið þingskjal undir höndum sem var til umfjöllunar í þingflokkunum. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess. En vegna þess að hér inni eru mér þingreyndari menn þá óskaði ég eftir upplýsingum um það hvort einhverjar ákveðnar reglur giltu í tilvikum sem þessum.

Ég ætla ekki að fara að gera stórmál út úr þessu, en þetta vakti furðu mína vegna þess að ég vissi að þetta mál var til umræðu í stjórnarflokkunum, en að sjálfsögðu geta menn spurt um hvaðeina þegar óundirbúnir fyrirspurnir til ráðherra

eru annars vegar. En af því að þetta mál kom til umræðu sem enn er til umfjöllunar í stjórnarflokkunum, herra forseti, og er ekki komið fyrir sjónir allra þingmanna og upplýsingarnar sem hæstv. ráðherra gaf eru á grundvelli þessa þingskjals, þá fannst mér ástæða til að fá svör við þessu frá hæstv. forseta.

[13:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp öðru sinni vegna orða hins ágæta formanns þingflokks sjálfstæðismanna, Geirs H. Haardes, um þingmenn jafnaðarmanna. Að sjálfsögðu munu þingmenn jafnaðarmanna taka til máls um störf þingsins hvenær sem þurfa þykir eins og þeir munu að öðru leyti taka öflugan þátt í störfum þingsins. Ef það hefur gerst, virðulegi forseti, að þingmaður úr þingflokki jafnaðarmanna hefur komið upp um störf þingsins og það er mat forseta að hann sé í efnisumræðu en haldi sig ekki við það sem þingsköp segja til um, þá óska ég eftir því hverju sinni að forseti láti það í ljós og stöðvi þá efnisumræðu. Mér finnst frekar óviðfelldið að viku eftir að þingmenn í mínum þingflokki hafa kvatt sér hljóðs um störf þingsins þá sé það gert að umræðuefni með þeim hætti sem hér var gert og ofan í við þá sett.

(**Forseti** (ÓE): Þegar slíkt hefur gerst þá hefur forseti fundið að því og mun gera svo í framtíðinni ef tilefni gefst til.)

### *Fjarkennsla, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SvanJ o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Bætt siðferði í opinberum rekstri, frh. fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Landafundir Íslendinga, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SvG, 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Öryggismiðstöð barna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 37. mál. — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Frv. PHB og VE, 18. mál (eignarskattur). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.*

Frv. ÁRJ og MF, 23. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Fjáraukalög 1997, 1. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 55.

[13:47]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 en það er að finna á 55. þskj. og er jafntframt 55. mál þessa þings. Lagagreinar frv. eru settar fram með nokkuð breyttu sniði miðað við fyrri ár. Tilefni þeirra breytinga er að í frv. til fjárlaga næsta árs, sem lagt var fram fyrir skömmu, hefur framsetning lagagreina verið færð í nýjan búning í samræmi við ákvæði nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Þar sem afgreiðsla frumvarpanna fer fram samhliða í þinginu og tillögur fyrir yfirstandandi ár og næsta ár þarf iðulega að skoða í samhengi við hverja aðra þykir æskilegt að framsetning lagagreina og talnaefnis sé með sem líkustu sniði í frumvörpunum.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, strax í upphafi að það er mjög mikilvægt fyrir hv. Alþingi að skoða fjáraukalögin og fjárlögin eins og þau eru nú sett fram í heild því að það er til gagns og áreiðanlega framlag í þá þróun sem þarf að vera í þessum málum að áramótin sem slík trufli ekki starfsemi hins opinbera og að bókhaldslegar reglur geri það að verkum að fólk í opinberum rekstri hagi sér öðruvísi heldur en eðlilegt er á hverjum tíma. Sem betur fer hefur þetta verið að lagast á undanförnum árum eftir að heimildir eru færðar á milli ára og skuldbindingar færast á milli ára eins og hv. þingmenn kannast við.

Í þeirri lagagrein þessa frv. þar sem tillögur um breytingar á fjárveitingum eru sundurliðaðar, þ.e. nú í 2. gr. en áður

í 3. gr., er efnisleg breyting einungis sú að felld er niður skipting fjárhæða eftir greiðslutegundunum laun, önnur laun, eignakaup, tilfærslur og sértekjur, en það var hins vegar sundurliðað í síðasta sinn í fjárlögum yfirstandandi árs. Eftir sem áður eru fjárheimildir tilgreindar eftir skiptingu á fjárlagaliði og einstök viðfangsefni þeirra. Þá skal tekið fram að fjárhæðir í þessu frv. eru miðaðar við uppgjör samkvæmt greiðlsugrunni í samræmi við gildandi fjárlög. Það er afar mikilvægt að hv. þingmenn átti sig á því að við erum hér að tala um fjáraukalög sem eru samanburðarhæf við fjárlög sem sett voru fram á greiðslugrunni í lok sl. árs og giltu frá upphafi árs til loka árs.

Fjárlög ársins 1997 voru afgreidd með afgangi eftir samfelldan hallarekstur frá árinu 1985. Fjmrn. hefur nú endurskoðað þessar áætlanir um afkomu ríkissjóðs á árinu og að óbreyttu er talið að áform um að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á þessu ári gangi eftir svo að afgangurinn í árslok verði talsvert meiri en reiknað var með í fjárlögum, eða 2,7 milljarðar kr. í stað 0,1 milljarðs kr.

Í þessu mati ber þó að hafa í huga að þar eru undanskilin áhrif af sérstakri innlausn á spariskírteinum og endurfjármögnun þeirra. Vextir og verðbætur af innleystu skírteinunum, alls að upphæð 4 milljörðum kr., færast hins vegar til gjalda á greiðslugrunni yfirstandandi árs. Hér er um það að ræða, og það er auðvitað í síðasta sinn sem það mun sjást með þessum hreyfingum því greiðslugrunnurinn er að hverfa, að ákvörðun sem ekki lá fyrir þegar fjárlagafrv. var afgreitt var tekin í febrúar um að fækka útistandandi spariskírteinaflokkum úr 46 í 10 til þess að freista þess að lækka vexti og gera bréfin auðseljanlegri á markaði.

Bent skal á að í áætlunum um útgjöld ársins 1997 er gert ráð fyrir að þau hækki um 6,1 milljarð kr. frá fjárlögum að meðtaldri innlausn spariskírteinanna. Í frv. er hins vegar leitað eftir nýjum útgjaldaheimildum fyrir 300 millj. kr. lægri fjárhæð þegar yfirfærðar heimildir á síðasta ári eru frátaldar. Þessi mismunur skýrist af því að í útgjaldaáætluninni er reiknað með að verja þurfi 300 millj. kr. síðar á árinu til endurnýjunar á sendiherrabústöðum í London, París og Berlín í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga yfirstandandi árs. Sú fjárhæð er hins vegar háð talsverðri óvissu. Ekki er því leitað eftir aukinni heimild vegna þessa í frv. heldur er fyrirhugað að það verði gert við umfjöllun þingsins þegar allar forsendur liggja betur fyrir. Þannig er misræmi á milli textans og útreikningsins sem skýrist af þessum ástæðum.

Nýjar fjárheimildir sem sótt er um í frv. vegna framangreindra útgjaldatilefna nema alls rúmlega 1,8 milljörðum kr. Nettóhækkun framlaga í frv. vegna stöðu fjárlagaliða gagnvart eldri heimildum í árslok 1996 verður 1,1 milljarður kr. Þar við bætist fjárheimild á vaxtagjaldalið, 4 milljarðar kr. vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina sem ég hef áður gert grein fyrir. Að samanlögðu nema nýjar heimildir til ársins 1997 og yfirfærð staða frá árinu 1996 því um 6,9 milljörðum kr. í frv.

Áætlað er að nettóstaða heimilda sem færast til næsta árs verði um 1,1 milljarður kr. og er sú fjárhæð því dregin frá gjöldum í 1. gr. frv. til þess að hún birtist ekki sem hækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs. Byggist það auðvitað á því að það er samsvarandi upphæð sem færist síðan á milli áranna 1997–1998.

Umsvifin í íslensku efnahagslífi það sem af er árinu 1997 hafa verið talsvert meiri en búist er við þegar fjárlög voru afgreidd. Mest munar um aukinn kaupmátt heimilanna í kjölfar kjarasamninga og lækkun á tekjuskatti einstaklinga. Einnig er afkoma fyrirtækja umtalsvert betri en búist hafði verið við. Á tekjuhlið ríkissjóðs koma þessi áhrif fram í auknum tekju- og launasköttum sem og veltusköttum, einkum af innflutningi.

Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 4,7 miljörðum hærri á árinu 1997 en í áætlun fjárlaga, eða 130,9 milljarðar kr.

Gert er ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga skili ríkissjóði um 600 millj. kr. tekjuauka á árinu 1997 umfram áætlun fjárlaga. Á móti vegur að innheimta á eftirstöðvum fyrri ára verður talsvert lægri en í fjárlagaáætluninni.

Búist er við svipaðri hækkun á innheimtum tekjuskatti fyrirtækja árið 1997 og stefnir í um 750 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga.

Meiri tekjubreytingar en reiknað var með í forsendum fjárlaga er meginskýring þess að tryggingagjöld hækka um ríflega 500 millj. kr. frá áætlun fjárlaga.

Gert er ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti hækki um tæplega 600 millj. kr. frá fjárlagaáætlun og þegar litið er til innflutnings- og vörugjalda er gert ráð fyrir að þau geti skilað ríkissjóði rúmlega 900 millj. kr. meiri tekjum en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Viðbótartekjurnar skýrast fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða.

Síðan má fara fljótt yfir sögu. Flest annað er auðskýranlegt eða í samræmi við tekjuáætlun fjárlaganna. En þegar kemur að vaxtatekjum ríkissjóðs er áætlað að þær verði um 300 millj. kr. undir áætlun fjárlaga, sem stafar af meiri uppgreiðslum á endurlánum ríkissjóðs en gert var ráð fyrir. Aftur á móti munu arðgreiðslur til ríkissjóðs hækka um 750 millj. kr. vegna sérstakrar arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum sem tengdust breytingu og rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði um helmingi meiri en í fjárlögum og munar þar mestu um fyrirhugaða sölu á hlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu en gert er ráð fyrir að hlutafé ríkisins í því verði selt síðar í þessum mánuði eða í þeim næsta.

Áætlun um útgjöld ríkissjóðs hefur á yfirstandandi ári verið endurskoðuð í ljósi þeirra upplýsinga vegna undirbúnings fjárlagafrv. fyrir árið 1998. Sú endurskoðun bendir til þess að útgjöldin verði um 128,2 milljarðar kr. á árinu, eða um 2,1 milljarði kr. hærri en samkvæmt fjárlögum. Frávikið á gjaldahlið jafngildir 1,7% af heildarútgjöldum samkvæmt fjárlögum. Að teknu tilliti til áhrifa áðurnefndrar innköllunar á spariskírteinum verða útgjöldin hins vegar 132,2 milljarðar kr., eða 6,1 milljarði kr. umfram fjárlög. Það þarf að hafa í huga allan tímann og er sýnt og gert mjög rækilega grein fyrir því bæði í töflum og í athugasemdum með frv. að þessum 4 milljörðum er haldið frá öðrum útjöldum, enda tilheyra þau í raun komandi árum, en munu ekki koma fram þá vegna þess að þá er ekki lengur um greiðslugrunn að ræða. Þannig að í raun erum við, svo að maður geri smáútúrdúr, að taka útgjöld sem síðan munu ekki sjást sem útgjöld á næstu árum alveg eins og bent var á í fjárlagaumræðunni, að þar var um að ræða skuldbindingar sem ekki sáust síðan á greiðslugrunni heldur í sjóðstreymi á síðari árum. Þetta er hin hliðin á þeim peningi.

Til skýringar er rétt að benda á að greiðsluheimildirnar sem sótt er um í frv. eru um 1,1 milljarði kr. hærri en útgjaldaáætlunin vegna ráðstöfunar á afgangsheimildum og umframgjöldum frá liðnu ári. Ég hef áður aðeins skýrt þetta.

Rekstrarkostnaðurinn er nú talinn verða 860 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Munar þar mestu um 320 millj. kr. vegna hallareksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Gert hefur verið samkomulag milli fjmrn., heilbrrn. og Reykjavíkurborgar í því skyni að ná fram hagræðingu í starfseminni með aukinni verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna og leysa þannig þann rekstrarvanda sem sjúkrahúsin hafa átt við að etja að undanförnu. Þá má nefna að útgjöld félmrn. aukast um 80 millj. kr. vegna verkefna Vinnumálastofnunar sem tekur til starfa samkvæmt nýlegum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld utanríkisþjónustunnar vaxi um 75 millj. kr. vegna aukinna verkefna og nýrra sendiráða. Þá stafa 50 millj. kr. viðbótarútgjöld af uppsöfnuðum rekstrarvanda nokkurra framhaldsskóla.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um sjúkrahúsin, en áður hefur komið fram og verið rætt við fjárlagaumræðuna að fyrirliggjandi samkomulag þessara þriggja aðila á að treysta það að sjúkrahússtjórnirnar, bæði þær sem starfa á vegum Reykjavíkurborgar og á vegum ríkisins, geti fylgt eftir þeim áætlunum sem finna má bæði í þessu fjáraukalagafrv. og einnig í fjárlagafrv. næsta árs. Aðalatriðið er að aukafjárveitingarnar á yfirstandandi ári voru forsendan fyrir því að sjúkrahússtjórnirnar og borgarstjórinn í Reykjavík treysti sér til þess að skrifa undir viðkomandi samkomulag og taka þá á útgjöldum sjúkrahúsanna á lengri tíma en upphaflega hafði verið áætlað.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar um 970 millj. kr. hærri en í fjárlögum. Annars vegar stefnir í 430 millj. kr. halla á sjúkratryggingum og hins vegar er gert ráð fyrir því að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lífeyrisbætur hækki um 810 millj. kr. í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Á móti þeirri hækkun vegur að í frv. er gert ráð fyrir að fella niður 420 millj. kr. fjárveitingu á liðnum Launa- og verðlagsmál sem áætluð var til þess að mæta hugsanlegum hækkunum á tryggingabótum á árinu.

Vextir eru taldir verða 500 millj. kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum og það er fyrst og fremst vegna hagstæðari vaxtakjara sem ríkissjóði hefur boðist á lánamarkaði. Á hinn bóginn bókfærast 4 milljarðar kr. sem vaxtagreiðslur á greiðslugrunni þessa árs vegna sérstakra innköllunar á spariskírteinum. Það er vissulega hægt að gleðjast yfir því að langtímavextir sem ríkið þarf að borga hafa farið lækkandi að undanförnu og auðvitað fyrst og fremst vegna þess að okkur hefur tekist að ná betra jafnvægi í ríkisfjármálunum þannig að eftirspurnin er minni. En jafnframt ber að geta þess að í nýjum samningum sem gerðir hafa verið við erlenda lánardrottna kemur fram að vextir hafa farið umtalsvert lækkandi vegna þess að lánshæfisfyrirtækin, þau bandarísk fyrirtæki sem leggja mat á lánshæfi einstakra ríkja bæði Moody´s og Standard & Poor´s, hafa gefið Íslandi hærri einkunn, reyndar tvívegis að undanförnu, sem þýðir að vextir hafa lækkað og auðveldara er að ná í lánsfé. Það er nú ekki dyggð eða eftirsóknarvert í sjálfu sér en kemur samt fram í lægri útgjöldum til vaxta og þá er hægt að nota þá fjármuni til annarra hluta, annaðhvort að greiða niður skuldir eða til þeirra verkefna sem fjárveitingavaldið velur.

Viðhald og stofnkostnaður stefnir í að verða tæplega 800 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að verja 215 millj. kr. til vegaframkvæmda til viðbótar við framlög gildandi fjárlaga en það samsvarar áætlaðri hækkun á mörkuðum tekjum vegáætlunar.

Það er ástæða til að nefna í þessu sambandi að sú breyting hefur orðið á að í stað þess að ákveða það í lögum, fjárlögum, hve miklir fjármunir fara til vegagerðar þá er nú ákveðið hver skerðingin verður sem rennur til ríkissjóðs. Þetta þýðir að þegar vöxtur verður í innheimtunni t.d. vegna þess að innheimtan skilar sér betur eins og gerst hefur á undanförnum árum þegar hún hefur færst yfir til Vegagerðarinnar annars vegar og viðurlagareglur eru hertari hins vegar, þá hefur meira heimst inn af þungaskattinum og eins vegna aukins bifreiðainnflutnings og meiri notkunar þá hefur bensíngjaldið skilað sér betur. Af þessum ástæðum þá fær Vegasjóður, ef ég má nota það hugtak, meira til sín, þ.e. það rennur meira til vegagerðar en gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er nýlunda. Áður var tekið fram hvað ætti að renna til veganna og ríkissjóður hirti þá afganginn og naut þess ef innheimtan var meiri. Þessi tilslökun gerir það að verkum m.a. að sífellt rennur meira fjármagn til vegagerðar hér á landi eins og á yfirstandandi ári og þó einkum á næsta ári og ber að taka fullt tillit til þess og þá vorum við að sjálfsögðu að miða við breytingar frá ári til árs en ekki einhverjar áætlanir sem menn hafa verið að gera um það að stórhækka útgjöld til vegagerðar á umliðnum árum og þeim næstu. (**KHG:** Má gera ráð fyrir að tekjurnar minnki á næsta ári?) Ég hefði átt að bæta því við, en fæ ástæðu til þess nú, að til viðbótar því sem finna má í fjárlögum þá renna að sjálfsögðu fjármunir til vegagerðar frá einkafyrirtækjum sem eru að grafa göng undir Hvalfjörð og sá vegarspotti, sem er nú nokkuð dýr, mun lenda í eigu ríkisins þegar fram í sækir og bæti ég þessu við vegna frammíkalls hv. þm.

Á bls. 29 er tafla sem ég hef orðið var við á undanförnum árum að menn hafa átt í dálitlum erfiðleikum með að skilja og ég held að það sé ástæða til þess enn einu sinni að fara með nokkurn texta um það hvernig skilja skuli þá töflu sem er sett fram til þess að skýra breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1996.

Það er rétt að fara nokkrum orðum um þessa töflu. Í fyrsta talnadálki töflunnar sem ber yfirskriftina Rekstur, óhafið, er sýnd niðurstöðutalan 823 millj. kr. Þetta þýðir að í frv. er lagt til að framlög til rekstrar samkvæmt gildandi fjárlögum verði aukin um þá fjárhæð, eða 823 milljónir, vegna afgangsheimilda á liðnu ári. Það þýðir að það eru heimildir sem ekki voru notaðar á árinu 1996. Í niðurstöðutölu annars talnadálksins í töflunni, þ.e. þess sem ber yfirskriftina Rekstur, umframgjöld, má sjá að gert er ráð fyrir að rekstrarframlög verði skert á móti um 944 millj. kr. vegna umframgjalda. Þetta er skerðing. Að samanlögðu er því gert ráð fyrir nokkurri lækkun á rekstrarfjárveitingum þessa árs. Í þriðja talnadálki töflunnar kemur fram að lagt er til að afgangsheimildir tilfærsluliða að fjárhæð 478 millj. kr. komi til viðbótar við fjárlög yfirstandandi árs. Og loks má sjá í fjórða og síðasta talnadálkinum að gert er ráð fyrir 715 millj. kr. fjárheimild til viðhalds og stofnkostnaðar vegna óhafinna fjárveitinga síðasta árs. Ef niðurstöðutölurnar eru lagðar saman má sjá að gert er ráð fyrir að 1.074 millj. kr. komi með þessum hætti til viðbótar fjárveitingum í fjárlögum þessa árs. Eins og ég gat um áður er sú fjárhæð innifalin í þeim 6,9 milljörðum kr. sem sótt er um í heild í 1. gr. frv. Hins vegar er rétt að minna á í þessu sambandi að ekki er reiknað með að sú fjárheimild sem sótt er um vegna liðins árs valdi auknum útgjöldum á þessu ári og það er vegna þess að búist er við að ámóta afgangsheimildir og umframgjöld standi eftir í lok ársins 1997 svipað og hefur gerst á undanförnum árum. Þetta

kemur fram í 1. gr. frv. með því móti að þar eru áætlaðar yfirfærslur til næsta árs, alls um 1,1 milljarður kr. og þær eru dregnar frá þannig að þessar heimildir birtast ekki sem hækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Í fjárlögum ársins 1997 var gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiddi niður skuldir um 1,8 milljarða kr. og að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði neikvæð um sem því næmi. Eins og nú horfir er hins vegar gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf verði 4,8 milljarðar kr. umfram það sem ráð var gert fyrir í fjárlögum eða alls um 3,1 milljarður kr. Aukningin skýrist að verulegu leyti af því að 4 milljarðar kr. af vöxtum og verðbótum bókfærast í greiðslugrunn þessa árs í kjölfar ákvörðunar um að endurskipuleggja útgáfu ríkisverðbréfa. Þá er reiknað með að lánveitingar aukist um 3,4 milljarða kr. frá fjárlögum. Meginhlutinn eða 2,6 milljarðar kr. eru vegna samnings sem fjmrn. gerði við Húsnæðisstofnun ríkisins um að ríkissjóður afli Byggingarsjóði ríkisins lánsfjár á árinu 1997. Betri rekstrarafkoma ríkissjóðs en miðað var við í fjárlögum dregur hins vegar úr lánsfjárþörfinni sem nemur 2,6 milljörðum kr. Þannig er áætlað að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði 0,9 milljarðar kr. umfram forsendur fjárlaga þegar áhrifin af sérstakri innlausn spariskírteina eru frátalin.

Afborganir af eldri lánum voru áætlaðar 14,2 milljarðar í fjárlögum en nú stefnir í að þær verði 4,6 milljörðum kr. hærri. Aukningin stafar nær öll af endurgreiðslum á höfuðstóli í tengslum við endurskipulagningu á útgáfu ríkisverðbréfa.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs eykst sem því nemur og verður þannig 9,4 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga eða alls 21,9 milljarðar kr.

Virðulegi forseti. Ég hef farið almennt yfir frv., þá stefnu sem fram kemur í því og vil að lokum leggja til að málið verði sent til 2. umr. og hv. fjárln.

[14:10]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur nú lokið við að gera grein fyrir fjáraukalagafrv. þessa árs og ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það frv. en aðalumræðan um það mun væntanlega fara fram að lokinni athugun málsins í fjárln. síðar á þessu hausti.

Það sem ég vil einkum víkja að eru tekjuforsendur þessara fjárlaga sem hér er verið að sækja um að gera breytingar á. Það sem stingur í stúf er hversu ótraustar forsendur fjmrn. og ríkisstjórnarinnar hafa reynst vera við fjárlagagerðina. Þetta er annað árið í röð sem grundvallarforsendur fjárlaganna reynast verulega rangar svo nemur háum fjárhæðum varðandi tekjuhlið ríkissjóðs. Það er hv. þingmönnum eflaust enn í fersku minni að árið á undan þessu fjárlagaári, 1996, reyndust forsendur þeirra laga einnig mjög rangar miðað við það sem reynd varð á. Fjárfesting hafði verið áætluð rétt um 7% en reyndist vera um 24% og einkaneysla hafði verið áætluð um 4% en reyndist vera 7% þegar upp var staðið. Niðurstaðan varð líka sú að tekjur ríkissjóðs á árinu 1996 urðu tæpum 13 milljörðum meiri en árið þar á undan, 1995. Það er ekkert lítil aukning tekna, herra forseti, eða um 11%. Það er um 11% aukning tekna á einu ári. Og það er gríðarleg aukning, ef menn velta þessu fyrir sér, sem stafar fyrst og fremst af röngum forsendum um framvindu efnahagsmála. Í ljósi þess hversu illa tókst til við þetta atriði við gerð fjárlaganna 1996 hefði mátt ætla að á næsta ári þar á eftir, fyrir árið 1997, mundi fjmrn. vanda sig betur við það að leggja forsendur fyrir fjárlagafrv. sem yrðu meir í takt við raunveruleikann en var árið áður. En ef við skoðum hver reyndin hefur verið eins og hún blasir við núna, þá blasir við okkur sú mynd að aftur hefur fjmrh. mistekist að koma með sæmilega trúverðugar efnahagsforsendur fyrir fjárlagafrv. sínu.

Ég vil nefna nokkrar tölur sem er að finna í fjáraukalagafrv. og fjárlögum fyrir næsta ár, 1998, þessu til staðfestingar. Það var gert ráð fyrir því að á síðasta ári mundi einkaneysla aukast um 3,5%, reyndin varð 5%. Það er ekki bara 1,5 prósentustig mælt á sama hlutfalli, heldur þýðir þetta um 30% meiri aukningu en fjmrh. gerði ráð fyrir. Landsframleiðslan hafði verið áætluð aukast um 2,5% en reyndin varð miklu meira, nærri 100% meiri aukning eða 4,5%.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hafði verið áætlaður aukast um 1,5% en aukning varð þrisvar sinnum meiri, eða 4,7%. Fjárfesting hafði verið áætluð aukast um 5,5% á milli ára en jókst um 18,6%, eða liðlega þrisvar sinnum meira en fjárlög ársins 1997 gerðu ráð fyrir. Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn skuli mistakast svona herfilega tvö ár í röð að leggja fjárlagafrv. sitt fram á efnahagslegum grunni sem síðan reynist verða réttur. Hvernig má það vera að menn spá svona vitlaust tvö ár í röð? Og það eru ekki smáskekkjur hvort árið um sig.

Ég verð að segja, herra forseti, að það leitar auðvitað á hugann að menn hafi kannski verið vísvitandi að spá vitlaust. Ég ætla ekkert að fullyrða um það því að það væri nokkuð mikið sagt. En ég vil þó segja að sú hugsun leitar á mann að vísvitandi hafi menn dregið úr því hvaða góðæri var í vændum hjá ríkissjóði og í krafti þess getað haldið fram gömlu tuggunni sinni, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert bæði þessi ár, um að nú beri að skera niður ýmsa þarfa útgjaldaliði eins og barnabætur sem hafa alveg sérstaklega orðið fyrir barðinu á ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar. Hvaða brýna nauðsyn bar til að skerða þann lið, barnabætur, sem eru öflugasta tekjujöfnunartæki sem ríkissjóður hefur yfir að ráða, þau ár sem þetta mikla góðæri flæddi yfir ríkissjóð. Það flæddu inn í ríkissjóð milljarðarnir umfram áætlun. Og þrátt fyrir þetta peningaflóð var skorið niður. Þeir sem höfðu knappt skyldu fá knappara. Það er efnahagsstefnan. Það er sú efnahagsstefna sem blasir við okkur þegar við förum yfir þetta fjáraukalagafrv. Niðurskurðurinn á þessu sviði var algerlega tilefnislaus.

Þetta vildi ég, herra forseti, draga alveg sérstaklega fram til þess að menn mættu hafa í huga þegar farið verður að vinna frekar að fjárlögum fyrir næsta ár hér í þinginu, að fjárln. vandi sig alveg sérstaklega við að fá upplýsingar frá öðrum en hæstv. fjmrh. um hverjar efnahagshorfurnar verða fyrir næsta ár. Það er alveg sérstök ástæða til þess að fara fram á að hv. fjárln. afli upplýsinga frá öðrum aðila en fjmrn. um hver sé líklegust framvinda efnahagsmála á næsta ári.

Ég minni á að minni hluti fjárln. óskaði eftir því við fjmrn. fyrir 3. umr. fjárlaga 1997, sem hér er upplýst að í reyndust verulega vanáætlaðar tekjur svo nemur milljörðum kr., að fá upplýsingar um endurskoðaða tekjuáætlun á grundvelli þeirra stóriðjuframkvæmda sem ljóst var að voru þá að fara af stað. Hvaða svör fengum við frá hæstv. fjmrh.? Við fengum nei, við reiknum þetta ekki út. Það var látið gott heita. Menn hefðu nú betur látið reikna þetta út, séð fyrir hver niðurstaðan hefði orðið. Og ég minni á að í nefndaráliti minni hluta fjárln. var reynt að leggja mat á þann tekjuauka sem fyrirsjáanlegt var að ríkissjóður mundi fá vegna aukinna umsvifa umfram það sem spáð var og spá okkar hefur reynst furðunákvæm svo ekki sé meira sagt í ljósi þess að við höfum

ekki öflug tæki til þess að meta þetta. Fleira ætla ég ekki að segja, herra forseti, um tekjuhlið fjárlaga 1997 í ljósi þess fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að fáeinum útgjaldaliðum og leggja áherslu á eitt atriði sem er grundvallaratriði í samskiptum ríkisstjórnar og þings, atriði sem tekist var á um við gerð nýrra laga um fjárreiður ríkisins á sl. vori. Það er að það er Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið en ekki ríkisstjórn. Það er grundvallaratriði sem menn höfðu í huga á sl. vori og vildu beina málum í þann farveg að ríkisstjórnin beygði sig undir þá staðreynd. Því miður koma í ljós í þessu fjáraukalagafrv. allmörg dæmi þess að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um útgjöld upp á milljónatugi í einstökum tilvikum án þess að hafa nokkra heimild fyrir þeim ákvörðunum, hrint ákvörðunum sínum í framkvæmd og eytt peningunum áður en komið er til þings. Þetta er náttúrlega, herra forseti, mikill dónaskapur og vanvirðing við Alþingi og það þarf að halda áfram því starfi sem þingmenn unnu að á sl. vori, að temja ríkisstjórnina í þessum efnum. Það er engin lagaheimild fyrir því að eyða 60 millj. kr. í endurbyggingu á Stjórnarráðshúsinu umfram það sem fjárlög leyfðu. Það er engin lagaheimild fyrir því að verja tugum milljóna til að undirbúa heimssýningu í Lissabon. Og það er engin lagaheimild fyrir því að verja stórum fjárhæðum til tveggja sendiráða, annars vegar í Helsinki og hins vegar í Washington. Það er alveg kristaltært í þessum tilfellum öllum að ríkisstjórnin hefur engan lagagrundvöll að standa á en hún gerði þetta samt í trausti þess að stjórnarþingmennirnir mundu láta þetta yfir sig ganga. Ég minni á að við 1. umr. fjárlaga kom fram hjá varaformanni fjárln. að hann var ekki sáttur við þetta og sendi ríkisstjórninni tóninn. Ég tel að stjórnarandstaðan eigi að standa á bak við þá þingmenn í stjórnarliðinu sem vilja fara að lögum og halda aftur af ríkisstjórninni. Og af því að hæstv. fjmrh. var að monta sig af því að það færu svo miklir peningar til vegamála vil ég rifja upp eitt mál af þessum toga sem lýtur að vegamálum.

Ég man ekki betur en hæstv. ríkisstjórn hafi ákveðið á einum fundi að setja 200 millj. kr. í vegaframkvæmdir á Skeiðarársandi, 200 millj. kr. sem ekki er heimild fyrir í fjárlögum. Það munaði ekki mikið um að slá út 200 millj. kr. í þetta. En svo er endalaust verið að jagast á þessum litlu sjúkrastofnunum úti á landi, reyta af þeim milljónir eftir milljónir. Það stendur ekki á ráðherrunum að nudda upp 60 millj. kr. af því að ríkissjóður sé svo fátækur, því þurfi að taka 60 millj. kr. af þessum litlu sjúkrastofnunum hringinn í kringum landið. En svo er hann allt í einu svo ríkur einn daginn að hann hendir 200 millj. í vegaframkvæmdir á Skeiðarársandi. Hvernig á nú að skilja svona háttalag, herra forseti? Það er ekkert lag á þessu fyrirkomulagi og kominn tími til þess að ríkisstjórninni verði gert það ljóst að Alþingi sættir sig ekki við vinnubrögð af þessu tagi öllu lengur.

[14:25]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf að koma fram að lokinni ræðu hv. þm. Kristins Gunnarssonar að þegar hann er að tala um forsendur, þá hlýtur hann að vera að tala um forsendur þær sem reiknaðar eru hjá Þjóðhagsstofnun því að fjmrn. byggir fyrst og fremst og nær eingöngu á efnahags- og þjóðhagsforsendum Þjóðhagsstofnunar. Þetta verður hv. þm. að hafa í huga. Og ef hann vill beina skeytum sínum að einhverjum varðandi efnahagsforsendurnar, þá verður hann að snúa sér til Þjóðhagsstofnunar og fá upplýsingar hjá þeim hvernig þeir reikna út sínar þjóðhagsforsendur og hvernig þeir byggja upp sína þjóðhagsspá.

Sannleikurinn er nefnilega sá þegar litið er til fjárlaganna sem slíkra og afkomu þeirra að við höfum látið fara fram könnun á því á undanförnum árum hvernig afkoma ríkisins hefur þróast miðað við afkomuna á fjárlögunum, borið saman niðurstöðu fjárlaganna annars vegar og niðurstöðu útkomunnar í lok ársins hins vegar. Sannleikurinn er sá að þessar áætlanir hafa alltaf verið að batna. Það er sífellt minni munur á því sem kemur fram í fjárlögunum sjálfum þegar þau eru samþykkt í lok desember og útkomunni þegar upp er staðið.

Hér áður fyrr munaði stundum 10–15 milljörðum. Á undanförnum árum er munurinn miklu, miklu minni nema þegar það gerist sem auðvitað gerist einstöku sinnum og gerðist á þessu ári og því síðasta að 14 milljarðar eru teknir fram hjá fjárlagagrunninum. Þá hefur það verið skýrt nákvæmlega í hvert skipti. Þetta þarf að koma fram hér þegar verið er að gefa það í skyn að menn hafi viljandi gefið sér rangar forsendur. Ég vísa því til föðurhúsanna og tel að mjög faglega hafi verið að öllum hlutum staðið. Það er auðvitað ekki hægt í upphafi ársins að gefa sér eitthvað sem menn sjá ekki fyrir eins og t.d. það hvernig niðurstaðan verður í komandi kjarasamningum sem hafa auðvitað úrslitaáhrif í þessu.

[14:28]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir 3. umr. fjárlagafrv. sem fram fór laust fyrir jólin á sl. vetri kom Þjóðhagsstofnun á fund fjárln. og lagði fram mat sitt. Það var þannig að Þjóðhagsstofnun áætlaði, að teknu tilliti til þeirra framkvæmda sem fyrirsjáanlegt var að mundu fara í gang en ríkisstjórnin vildi ekki hafa inni í forsendum síns fjárlagafrv., að landsframleiðsla mundi aukast um 4,3% á þessu ári í stað þeirra 2,5% sem fjárlögin gera ráð fyrir. Reyndin verður aðeins meiri, aukningin verður 4,5%.

Þá gerði Þjóðhagsstofnun líka ráð fyrir að þjóðarútgjöld mundu aukast um 7,1% í stað þeirra 3,5% sem fjárlögin hvíla á. Reyndin er mjög nálægt þessu eða 6,7% í stað þeirra 7,1 sem Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir. Minni hlutinn í fjárln. hafði því upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um mat á framvindu efnahagsmála á þessu ári og það hefur reynst vera nokkuð traust mat.

Ég vil svo taka undir það hjá hæstv. fjmrh. að áætlanir hafa verið að batna og áætlanagerð hefur farið mikið fram. Sérstaklega get ég tekið undir það að fjmrn. hefur yfir að ráða mörgum afar hæfum starfsmönnum í þessum efnum sem eru fullfærir um að gera góðar áætlanir sem vel er hægt að byggja fjárlög á. Þess vegna er það enn meira undrunarefni í ljósi þess hversu miklu skeikar frá áætlunum sem ríkisstjórnin leggur upp með og raunveruleikanum.

[14:30]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari var fyrst og fremst til að mótmæla þeirri staðhæfingu sem kom fram af hálfu hv. þm. Það var kannski ekki orðað alveg beint út, en hann gaf í skyn að það gæti verið að menn væru vísvitandi með rangar áætlanir og ég vísa því til föðurhúsanna. Ég benti á það sem hv. þm. hefur nú tekið undir að áætlanir hafa verið að batna. Þær eru unnar faglega. En það er rétt sem hv. þm. segir að stundum er ekki hægt að

taka hluti sem ekki er búið að ákveða inn í áætlanir. Tökum sem dæmi Grundartangaálverksmiðjuna. Á meðan ekki lá fyrir ákvörðun var talið eðlilegra að skilja afleiðinguna eftir, taka ekki tillit til þess í áætluninni. Vegna hvers? Vegna þess að menn höfðu brennt sig á því áður þegar að menn tóku Atlantsálsverksmiðjuna á Keilisnesi inn í áætlunina í miklu bjartsýniskasti hérna fyrir nokkrum árum síðan af því að mönnum þóttu samningar ganga svo vel vegna Atlantsáls. Þess vegna sögðu menn að óvarlegt væri að taka það inn og það gerðum við ekki.

Eins var um kjarasamninga. Það var ekkert vitað um það í upphafi ársins hvernig þeir mundu enda. Auðvitað eru þetta áætlanir. En það eina sem mér gengur til er að benda á að þær eru heiðarlega unnar. Það er ekki neins staðar um vísvitandi blekkingar að ræða. Það er byggt á þjóðhagsforsendum sem koma frá Þjóðhagsstofnun. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir það að í fjmrn. er unnið mjög faglega að þessum málum enda er þar hæft fólk. Það er löngu liðin tíð að menn séu að reyna að blekkja með einhverjum tölum enda á það ekkert að eiga sér stað. Þannig er ekki lengur unnið hafi einhvern tímann verið þannig unnið af hálfu fjmrn.

[14:32]

**Útbýting þingskjala:**

Biðlauna- og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna, 106. mál, fsp. GHelg, þskj. 106.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, 103. mál, fsp. JóhS, þskj. 103.

Réttur tannsmiða og sjóntækjafræðinga, 105. mál, fsp. MF, þskj. 105.

Tekjuhópar undir skattleysismörkum, 102. mál, fsp. JóhS, þskj. 102.

Þingsköp Alþingis, 101. mál, frv. KH o.fl., þskj. 101.

[14:33]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Það frv. til fjáraukalaga sem liggur fyrir er fyrra frv. af þessu tagi sem lagt er fram í Alþingi þar sem sótt er eftir viðbótarheimildum. Seinna frv. er uppgjörsfjáraukalög fyrir árið. Þessu frv. verður vísað til fjárln. þar sem fjallað verður nánar um forsendurnar að baki þeim beiðnum sem hér liggja. Ég ætla ekki í þessari umræðu að fjölyrða um einstakar beiðnir sem hér eru inni. Það gefst tækifæri til þess við 2. umr. fjárlaga að fjalla nánar um þær.

En eins og komið hefur fram við þessa umræðu er sótt um viðbótarheimildir í frv. um 6,9 milljarða kr. Það er allmikil upphæð en auðvitað verður eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. að taka það með í reikninginn að 4 milljarðar af þeirri upphæð eru tilkomnir vegna innköllunar innlausnar spariskírteina og útgjalda þeirra vegna. Þetta kemur til góða strax á næsta ári og það sparar ríkissjóði veruleg útgjöld í vöxtum næstu árin sem mun nema á þriðja milljarð kr. Þetta er afar mikilvægt og er eitt af því sem rennir stoðum undir afkomu ríkissjóðs og verður til þess að vonir vakna um að ríkisfjármálin verði í jafnvægi á næstu árum. En til þess að svo verði þarf að hafa hemil á útgjöldum jafnvel þó að tekjurnar séu fram yfir áætlun.

Ég geri fyrst að umræðuefni þær umræður sem hafa verið um tekjuhliðina. Það er rétt að fjmrn. og Þjóðhagsstofnun gera okkur í fjárln. grein fyrir tekjuhliðinni og það er rétt sem betur fer, vil ég segja, að tekjurnar hafa verið varlega áætlaðar. Hv. 5. þm. Vestf. orðaði það svo að peningarnir flæddu inn í ríkissjóð umfram áætlanir. Sem betur fer hafa verið tekjur umfram áætlun og það stafar m.a. af því að uppsveifla er í efnahagslífinu. Það er vissulega mikil einkaneysla. (**Gripið fram í:** Góð ríkisstjórn.) Það er þó ánægjulegt að sjá það í þessu fjárlagafrv. að afkoma fyrirtækja er á þann veg að tekjuskattar þeirra hafa vaxið verulega. Þetta er umfram áætlun. Þetta bendir til þess að afkoman fari mjög batnandi og að efnahagslífið sé í sterkari uppsveiflu heldur en við áttum von á.

En það er því miður ekki svo að peningarnir flæði aðeins inn í ríkissjóð því að þessi tekjuauki hefur — ég vil ekki segja að hann hafi flætt út — verið notaður í aukin útgjöld. Hluti af þessum tekjuauka er til að laga til á skuldahliðinni með innlausninni. En það eru ýmsar beiðnir um fjárveitingar fram yfir áætlun sem ég vil að vísu undirstrika að stór hluti er tilkominn sérstaklega í tryggingageiranum, eins og gerð er grein fyrir í frv., vegna kjarasamninga sem hafa verið gerðir. Fyrir því er gerð glögg grein í frv., í kafla sem fjallar um heilbrrn. og fjallað er um lífeyristryggingar og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð þar sem sótt er um viðbótarfjárveitingar vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Sem betur fer hefur þessi tekjuauki leitt til þess að innstæða er fyrir þessum auknu útgjöldum.

Ég mun víkja í lok máls míns örlítið að vinnubrögðum við fjárlagagerðina. Nokkrir útgjaldaþættir hafa sérstaklega verið til umræðu bæði þegar rætt var um fjárlögin við 1. umr. og eins nú. Nokkur útgjöld sem hafa fallið til í umsvifum sendiráða hafa verið hér til umræðu og reyndar er meiri hluti þeirra útgjalda sem kom upp snögglega og flokkast undir ófyrirséð útgjöld, eins og sendiherrabústaðurinn í Washington sem hefur verið margrætt um hér, að kalla á 100 millj. kr. endurbætur nú þegar ef húsið á ekki að hrynja yfir nágrannana eins og við í fjárln. höfum verið upplýstir um. Það er einu sinni svo að við komumst ekki hjá því að stunda okkar utanríkisþjónustu. Gildi hennar hefur ætíð verið mikið fyrir litla þjóð og fer vaxandi. Þetta er vissulega dýr starfsemi, sérstaklega sá húsnæðiskostur sem utanríkisþjónustan þarfnast í stórborgum heimsins. Hér er nokkuð af beiðnum einmitt til að lagfæra aðstöðu sendiráða og það munu koma inn beiðnir á næstu fjárlögum, m.a. til uppbyggingar á sendiráðinu í Berlín, en við höfum tekið upp samstarf við aðrar Norðurlandaþjóðir um að byggja upp nýja aðstöðu í tengslum við flutning höfuðborgar Þýskalands frá Bonn til Berlínar og flutning stjórnsýslunnar þangað. Ég nefni þetta hér vegna þess að okkur hættir oft til að líta á útgjöld bæði í alþjóðasamskiptum og utanríkisþjónustunni sem hálfgerðan óþarfa og lúxus. En það er óhjákvæmilegt að útgjöldin vaxi þarna þó vissulega verði að halda vel utan um þau eins og í öðrum þáttum.

Að vanda hefur einnig verið rætt um útgjöldin í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Ekki þarf að tíunda það í hv. Alþingi að þetta er viðkvæmur þáttur í starfsemi ríkisins. Miklu máli skiptir að þarna sé haldið vel á málum. Enn einu sinni hefur verið gert samkomulag um hagræðingu í sjúkrahúsunum í Reykjavík milli fjmrn., heilbrrn. og Reykjavíkurborgar um tilteknar aðgerðir sem byggjast m.a. á tillögum sem hafa verið ræddar og samþykktar í stjórnum þessara stofnana á einhverju stigi og ætlunin er að vinna á þeim nótum næstu mánuðina. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkir samningar hafa verið gerðir. Þessi umræða hefur verið í gangi alla þá tíð sem ég hef verið í fjárln., í stjórn og í stjórnarandstöðu. Ég man eftir miklum átökum í fjárln.

árið 1992 um sjúkrahúsin í Reykjavík, þ.e. hvort það ætti að sameina þau eða ekki, hvort hér ættu að vera tvö sjúkrahús eða eitt. En þetta er niðurstaðan nú. Þetta er stefnumörkun. Þetta er samkomulag milli rekstraraðila Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem er Reykjavíkurborg og tveggja ráðuneyta sem fjalla um þessi mál. Ég hygg að það verði að vinna að því hörðum höndum að framkvæma þetta samkomulag og þær aukafjárveitingar sem hér eru tilgreindar. Þær miða að þeirri framkvæmd.

Þau vinnubrögð sem ríkisstjórn og Alþingi eiga að hafa, einkum við gerð fjáraukalaga og við beiðnir um viðbótarheimildir, hafa verið rædd allmikið bæði við fjárlagaumræðuna og eins kom hv. 5. þm. Vestf. inn á þau. Það er rétt að tekið var á þessu í lögum um fjárreiður ríkisins sem voru samþykkt á Alþingi síðasta vor. Í 33. gr. segir um þessi mál:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Í fyrsta lagi er reiknað með að leitað sé heimilda í fjáraukalögum og að fjárln. sé gerð grein fyrir slíkum greiðslum þegar ákvörðun hefur verið tekin. Ég hef óskað eftir því við fjmrn. að í þessu efni verði notaðar samskiptareglur milli fjárln. og fjmrn. um hvernig slíkt samráð eigi að vera, hvort það sé munnlegt, hvort það sé með formlegum fundum eða skriflegt. Það þarf að ganga endanlega frá því hvernig háttur verður hafður á því. Það er nauðsynlegt að fjárln. og ráðuneytið gangi frá þeim málum til að koma í veg fyrir að misskilningur verði í þessu efni og hv. alþm. og ráðherrar lendi í þrætum ár eftir ár um framkvæmd laganna.

Ég tek þetta fram vegna þeirrar umræðu sem verið hefur. Gangurinn í málunum hefur verið sá að viðkomandi ráðherra, sem biður um aukafjárveitingu, hefur rætt það innan ríkisstjórnarinnar, fengið samþykki fjmrn. fyrir því að flytja tillögu um slíka aukafjárveitingu í frv. til fjáraukalaga. Síðan hefur það frv. verið flutt að hausti. Ætlunin er að draga þingið nær þessum ákvörðunum en áður var. Það er bráðnauðsynlegt að ganga endanlega frá því máli í samræmi við lögin sem við vorum að samþykkja.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fjölyrða um einstakar fjáraukalagabeiðnir eða fara í einhver samanburðarfræði. Mig undrar reyndar að ágætur félagi minn í fjárln., hv. 5. þm. Vestf., skuli draga vegagerð á Skeiðarársandi inn í umræðuna í samanburðarfræðum við sjúkrahúsin á landsbyggðinni. Mér finnst það dálítið út í hött svo ekki sé meira sagt. Ef segja má að einhverjar fjárveitingar séu ófyrirséðar eru það fjárveitingar vegna náttúruhamfara. Ég held að vini mínum, hv. 5. þm. Vestf., hafi hlaupið heldur mikið kapp í kinn að fara að bera þetta saman. Sjúkrahúsin á landsbyggðinni hafa einnig verið mikið í umræðunni og eftir því sem ég hef fregnað er unnið að því í heilbrrn. að því að fara yfir stöðu þeirra á þessu ári og vafalaust mun hún koma til umræðu í meðförum fjárln. í framhaldinu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef tækifæri til að ræða nánar um frv. þegar það kemur til 2. umr. sem vonandi verður fyrr en verið hefur. Því miður hefur dregist alllangt fram eftir árinu að samþykkja fjáraukalagafrv. og það hefur verið til meðferðar rétt á undan afgreiðslu fjárlaga. En æskilegt væri að ljúka þessu starfi fyrr.

[14:52]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins bregðast við áliti hv. þm. Jóns Kristjánssonar á afstöðu minni til aukafjárveitinga vegna framkvæmda við Skeiðarársand. Ég minni á að vegáætlun fyrir árið 1997 var afgreidd í maí á þessu ári. Það var eftir að hamfarirnar áttu sér stað á sandinum. Búið var að leggja mat á vegagerð, hvað hún kynni að kosta, og gera ráð fyrir því inni í vegáætlun bæði 1997 og 1998. Ákvörðunin sem ríkisstjórnin tók í sumar var um meiri útgjöld. Ég get ekki fallist á að það séu einhver ófyrirséð atvik. Menn höfðu öll gögn fyrir sér sem þeir þurftu þegar málið var afgreitt í vor. En ég nefni vegna þess að þegar menn hafa það fyrir sér að meiri peninga þurfi í þessa framkvæmd er bara tekin ákvörðun um það og sett út 200 millj. eins og ekkert sé. Á sama tíma eru menn að skafa að innan fjárveitingar til þessara litlu spítala, setja nefnd í málið og koma óróa í fólk um allt land til að ná inn 60 millj. Það er ekki góður svipur á þessu, herra forseti, að menn skuli leggja svona mikið á sig til að ná í lítið fé en leikandi létt setja út þrefalt hærri fjárhæð og ríflega það á ríkisstjórnarfundi.

[14:54]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Örlítill misskilningur er fólginn í því að allar upplýsingar hafi legið fyrir um vegagerðina á Skeiðarársandi þegar vegáætlun var gerð. Það er alveg ljóst að rannsóknir áttu eftir að fara fram á því hvernig Gígjukvísl yrði brúuð á ný og brúarstæði yrði valið þar og hvers konar mannvirki yrði byggt. Þær forsendur breyttust. Því er þessi ákvörðun tilkomin. En ég ætla ekki að ræða um hana að öðru leyti. Hún kemur til umræðu og athugunar hér.

Ég átta mig ekki á hvers vegna sjúkrahúsin úti á landi eru dregin sérstaklega til samanburðar og það er ljóst að um þær ráðstafanir var fjallað við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997. Þar voru þau mál afgreidd og vinnunefnd sett í að skoða framkvæmdina nánar. Sú framkvæmd kemur því ekki beinlínis fjáraukalögum við. Auðvitað má deila um það en ég ætla ekki að fara að deila um það við hv. þm. og allra síst í andsvari. Við fjárlagagerðina voru ráðstafanir vegna sjúkrahúsanna úti á landsbyggðinni ræddar og koma ekki inn á fjáraukalögin sérstaklega fyrr en þá ef tillögur koma frá heilbrrn. um útdeilingu á 30 millj. kr. sparnaði sem ætlunin var að skipta á þessu ári.

[14:56]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er miklu við að bæta um vegagerðina á Skeiðarársandi en í mínum huga er alveg ljóst að ríkisstjórnina skortir allar lagaheimildir til að taka ákvörðun um 200 millj. kr. útgjöld í sumar til þeirra verkefna.

Hvað varðar sjúkrahúsin sem hv. þm. undrast að ég skuli nefna sem samanburð vil ég nefna atriði til viðbótar því sem fram hefur komið um fyrirhugaðan sparnað á litlu landsbyggðarsjúkrahúsunum sem velta lágum fjárhæðum svo ekki sé meira sagt. Alþingi gekk frá fjárlögum fyrir árið 1997 á þann veg að ekki var skorin niður ein einasta króna upp í áætlaðar 60 millj. kr. niðurskurð. Alþingi útdeildi inn á hvert sjúkrahús á landsbyggðinni þeirri fjárhæð sem því bar. Hins vegar er áform ríkisstjórnarinnar að láta ekki spítalana fá fjárveitingarnar sem Alþingi hefur ákvarðað með því að draga frá hverju og einu tiltekna fjárhæð þannig að samtals verði það sem af er dregið 60 millj. kr. Það styðst ekki við ákvörðun Alþingis. Ákvörðun Alþingis er sú að skera ekki

niður á þessum spítölum. En ríkisstjórnin ætlar að gera það samt. Ég veit ekki annað en að hún hafi gert það að svo miklu leyti sem liðið er á árið. Þess vegna finnst mér ekki úr vegi að bera þetta saman, að ríkisstjórnin sker niður það sem Alþingi hefur ákveðið að skuli ekki skera niður. Hún eyðir peningum án þess að spyrja Alþingi í hinu tilvikinu.

[14:59]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að leiðrétta það sem hv. þm. sagði að Alþingi hefði ákveðið að ekki yrði skorið niður. Alþingi ákvað að deila ekki sparnaðinum út á landsbyggðarsjúkrahúsin en skerða hagræðingarlið ráðuneytisins að sama skapi og síðan ætti að greiða aftur inn á þennan lið eftir því sem sparnaðurinn næðist.

Það er rétt, og þar erum við hv. 5. þm. Vestf. sammála, að auðvitað hlýtur þetta mál að koma til kasta fjárln. og hún hlýtur að kalla eftir tillögum ráðuneytisins við framhaldsvinnslu málsins, það er rétt. En meiri hluti Alþingis ákvað þessa hagræðingu á sínum tíma við gerð fjárlaga. Þess vegna skil ég ekki þessi samanburðarfræði um Skeiðarársand eða hvort hv. þm. er þeirrar skoðunar að eitthvað eigi að draga úr framkvæmdum þar til að jafna sparnað á sjúkrahúsunum. Ég á ekki von á að hann sé þeirrar skoðunar heldur séu þetta einhver óvænt samanburðarfræði sem við hljótum að jafna í framhaldsumræðunni. En ég skil hann a.m.k. ekki eins og er.

[15:01]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég verð nú að játa að mig grípur alltaf nokkurt ergelsi og leiði í hvert sinn sem við tökum til við að fjalla um frv. til fjáraukalaga. Þessi leiði stafar vitaskuld af því að þrátt fyrir margítrekuð andmæli við því hvernig ráðherrar nota eða jafnvel misnota vald sitt í sambandi við meðferð fjármuna, þá láta þeir sér ekki segjast. Fjáraukalög eiga vitaskuld rétt á sér og eru nauðsynleg en eins og hér hefur einmitt verið tíundað og rætt eiga þau í raun aðeins að vera til að staðfesta óhjákvæmilegar fjárveitingar umfram það sem Alþingi hefur staðfest í fjárlögum ársins. Það er óhjákvæmilegt að eitthvað komi upp á eins og náttúruhamfarir eða annað sem þarf að bregðast við áður en næst að bera það undir Alþingi og slík dæmi eru auðvitað alltaf þó nokkur. En því miður hefur ríkisstjórnin ævinlega teygt þann ramma á alla enda og kanta þannig að á hverju einasta ári hefur hún tekið ákvarðanir í skjóli meirihlutavaldsins um hina og þessa hluti, um framkvæmdir, rekstur og framlög sem geta ekki talist falla undir þessa skilgreiningu. Ráðherrar hafa, án eðlilegs samráðs við Alþingi, tekið ákvarðanir um ný verkefni sem hafa bundið hendur þingsins til framtíðar án þess að það hafi í rauninni haft nokkuð um það að segja. Um það höfum við enn einu sinni dæmi í því frv. sem hér liggur fyrir.

Þetta frv. sýnir það og sannar að allt er nú komið á daginn sem haldið var fram í nefndaráliti minni hluta fjárln. við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Það er allt komið á daginn og meira til. Í frhnál. minni hlutans sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við þau umsvif og væntingar sem hafa verið í efnahagslífinu að undanförnu, svo og með hliðsjón af því vanmati sem iðulega hefur verið í þjóðhagsforsendum fjárlaga, samanber yfirstandandi ár, telur minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs þróist ekki með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og endurskoðaðri tekjuspá. Eins og fram kom við 2. umr. taldi minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu væru vantaldar um 1,5–2,0 milljarða kr. Þrátt fyrir að endurskoðuð tekjuáætlun hafi hækkað tekjurnar um 600 millj. kr. telur minni hlutinn að enn vanti um 1,0–1,2 milljarða kr. á tekjuhlið frumvarpsins. Eru það fyrst og fremst veltuskattarnir, m.a. innflutnings- og vörugjöld, og virðisaukaskattur sem telja verður að skili meiri tekjum en hér kemur fram miðað við þær þjóðhagsforsendur sem frumvarpið byggist á."

Fyrir þessu færðum við rök í áliti okkar sem er á þskj. 464 á síðasta þingi og geta menn rifjað það upp að vild sér til fróðleiks og skemmtunar svo ég fari nú ekki að eyða tímanum í lestur gamalla þingskjala. En það er rétt að minna á þetta rétt einu sinni. Við vildum reynar sýna mikla ábyrgð og varfærni og höfðum tekjuspá okkar í lægri kantinum, enda er nú komið á daginn að tekjuaukinn er ekki 1–2 milljarðar heldur bendir allt til þess að hann verði 4,7 milljarðar samkvæmt þessu frv. Og vegna þess að hér var nokkuð rætt um hugsanlegar ástæður þessa munar á tekjuáætlun frv. og þess sem við vildum leggja til grundvallar í okkar áætlun, og hæstv. fjmrh. brást nokkuð við því, þá verð ég nú að taka undir með hv. 5. þm. Vestf. að það er mjög athyglisvert hversu lélegir spámenn menn hafa reynst við áætlun um tekjur og útgjöld við afgreiðslu fjárlaga. Að mínu mati hlýtur ástæðan eiginlega að hafa eitthvað með vilja að gera. Ég hygg að ráðuneytismenn vilji jafnvel ekki að þeir sem þurfa að sækja um fjárveitingar til ríkisins telji sig hafa eitthvað verulegt þangað að sækja og ég get ekki neitað því að það hlýtur að læðast að manni að þarna sé um vísvitandi lágmarksspá að ræða. Út af fyrir sig er ekki fráleitt að fara varlega í slíkar spár því að það er heldur verra ef tekjuáætlun reynist vera ofáætluð, en fyrr má nú vera. Og ég held að það saki ekki að hafa almenna skynsemi með í ráðum, það séu ekki bara hagfræðistærðir eða einhverjir tæknilegir útreikningar sem þurfi að liggja til grundvallar. En það er sem sagt ljóst að markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög næst ekki á þessu ári. Hallinn verður væntanlega um 1,4 milljarðar þegar upp er staðið og eins og margsinnis hefur verið minnt á og tíundað, þá skipta þar mestu máli áhrif vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina sem ákveðin var á árinu, en sú gjörð hefur í för með sér lægri vaxtagjöld í framtíðinni og verður því að teljast skynsamleg til lengri tíma litið. En það breytir ekki þeirri staðreynd að markmiðið um hallalaus fjárlög náðist ekki.

Við sögðum líka í nefndaráliti okkar og í ræðum við afgreiðslu fjárlaga að fyrirhugaður sparnaður í heilbrigðiskerfinu mundi ekki ganga eftir, hvorki í tryggingakerfinu hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík né þeim minni úti á landi. Hugmyndir allar um þennan sparnað voru í raun ómótaðar og óútfærðar svo sem við þekkjum frá fyrri tíð og auðvitað er komið í ljós að þessar áætlanir fengust ekki staðist. Tölurnar sem sýndar eru undir kaflanum heilbr.- og trmrn. koma því síður en svo á óvart. Ég geri ekki athugasemdir við þær á þessu stigi en við eigum eftir að fá nánari skýringar hjá ráðuneytinu í fjárln. þegar þar að kemur.

Ég hlýt aðeins að segja það enn einu sinni að ríkisstjórnin er hér á rangri braut hvað varðar þróunina í heilbrigðiskerfinu. Aðhald og sparnaður eru auðvitað dyggðir í ríkisrekstrinum, en langtímakyrking af því tagi sem hér hefur verið stunduð er bæði heimskuleg og skaðleg og við erum ekki

búin að bíta úr nálinni með afleiðingar af þeirri stefnu sem hefur verið fylgt.

Hv. 2. þm. Austurl., formaður fjárln., hefur bent á hækkanir vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um bætur í tengslum við samningana ef ég skildi hann rétt. En við skulum heldur ekki gleyma því að talsverðar fjárhæðir eru fluttar frá fjmrn. yfir á þann lið þannig að sá liður hjá fjmrn. lækkar allmikið til mótvægis.

Það eru auðvitað ýmis atriði sem ástæða væri til að gera athugasemdir við og skýrast alls ekki til fulls í athugasemdum við einstaka liði, en ég sé ekki beint ástæðu til að fara í einhvern sparðatíning núna. Við eigum eftir að fá ýmsar skýringar í nefndinni og sumt af því sem verið er að biðja um fjárveitingar til er þegar búið og gert. Annað má e.t.v. bíða og um það getum við fjallað nánar í nefndinni. Til að nefna dæmi, þá hlýtur maður að spyrja sig hvort óumflýjanlegt sé að veita framlag til endurnýjunar þjónustubifreiðar fyrir embætti forseta Íslands, hvort það megi ekki bíða eftir fjárlögum næsta árs, hvort aukafjárveiting til þess að undirbúa hátíðahöld fyrir 1000 ára afmæli kristnitöku árið 2000 sé alveg nauðsynleg í aukafjárlögum, hvort hún megi ekki bíða næsta árs, þ.e. bíða eftir fjárlögum sem við erum að fjalla um núna og verða afgreidd fyrir næstu jól. Sama má segja um ýmis önnur verkefni sem hér eru nefnd og manni finnst að þyrfti kannski ekki endilega að ákveða núna á hausti heldur megi það alveg bíða eftir fjárlagaafgreiðslunni.

Fleiri fjárveitingar hafa verið nefndar eins og í sambandi við viðgerðir og endurnýjun á Stjórnarráðshúsinu þó að auðvitað verði að viðurkennast að það eru alkunn sannindi þegar farið er að endurnýja gömul hús að alltaf kemur eitthvað upp sem er ófyrirséð og væntanlega erfitt að stoppa í miðju kafi til þess að bíða eftir fjárlögum næsta árs svo að það má vel færa fyrir því rök að það sé óskynsamlegt.

Sumt er auðvitað dálítið skondið í þessu frv. þó að það skipti ekki sköpum um ríkisfjármálin, t.d. eins og kostnaður við flugminjasafnið á Hnjóti við Patreksfjörð sem hefur verið tekinn af fjárveitingu til framkvæmda á flugvöllum sem er mjög sérkennilegt efni, enda er verið að biðja um að flytja það undir annan lið. Eins mætti ræða hverju myndarlegt framlag ríkisvaldsins til útsendingar sjónvarpsþáttarins Good Morning America hefur skilað en í ljós kemur að það hefur ekki dugað til vegna breytingar á gengi og er því verið að biðja um aukaframlag á næsta ári. En þetta eru smáatriði sem er kannski ástæða samt til þess að fjalla um því að margt smátt gerir eitt stórt.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að fjalla nokkuð um einn kafla þessa frv. sem er utanrrn. Ég gerði það reyndar einnig á síðasta ári. Útþensla þessa ráðuneytis og útgjaldaaukning er með ólíkindum og ekki í takt við þær kröfur sem gerðar eru til annarra pósta í ríkisrekstrinum og það er í þeim kafla sem er að finna gleggstu dæmin um það hvernig framkvæmdarvaldið hunsar gjörsamlega löggjafarvaldið. Þar er bara ganske pent farið fram á aukningu gjalda um 182 millj. kr., bæði til framkvæmda og reksturs. Það er kannski ofsagt að það sé beðið ganske pent vegna þess að það stendur einfaldlega „ríkisstjórnin ákvað" þetta og hitt og nú er sem sagt komið að okkur að taka upp veskið.

Leitað er eftir 7,5 millj. kr. aukafjárveitingu til reksturs nýrrar sendiráðsskrifstofu í Helsinki sem eins og stendur hér, „ríkisstjórnin ákvað að opnuð yrði á þessu ári". Þetta er skuldbinding til framtíðar. Þarna er ekki verið að biðja um 7,5 millj. kr. einu sinni heldur er þetta til reksturs þessarar sendiráðsskrifstofu í hluta af þessu ári, að ég held hálft þetta ár, þannig að fjárveitingin verður að vera tvöföld á næsta ári o.s.frv. Sama er að segja um fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu. Þar er farið fram á 14,7 millj. kr. viðbótarframlag á þessum lið og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin ákvað snemma á þessu ári að hefja starfrækslu á fastanefnd hjá Evrópuráðinu í Strassborg og leita eftir fjárheimild til þess að mæta rekstrarkostnaði hennar í frv. til fjáraukalaga þessa árs". En hún spurði ekki þingið. Og þetta er líka framlag eða fjárveiting sem kallar á framlag til frambúðar.

Undir liðnum 320 Sendiráð, almennt, er sótt um 101 millj. kr. til viðbótar á þessum lið og það er fyrst og fremst til endurbyggingar á sendiherrabústaðnum í Washington og þar stendur enn einn ganginn: „Ríkisstjórnin ákvað fyrr á þessu ári að ráðist yrði í endurbyggingu og viðhald hússins".

Látum nú vera þó að teknar séu ákvarðanir um tímabundin útgjöld sem vel má vera að séu óhjákvæmileg. Ég hef ekki forsendur til að meta það í þessu tilviki þótt auðvitað hefði átt að vera hægur vandinn að kynna málið fyrir þingmönnum og leita heimildar. En það er verra og raunar fullkomlega óviðunandi þegar ráðherrar taka sér það vald að efna til rekstrarkostnaðar inn í framtíðina án þess að um það sé fjallað á eðlilegan hátt og ég hlýt af þessu tilefni að fagna þeirri gagnrýni sem hv. 2. þm. Vesturl. og varaformaður fjárln. hefur sett fram um þetta efni og tel það styrkja verulega þá gagnrýni sem a.m.k. sú sem hér stendur hefur sett fram áður um þessi efni.

Svo er rétt að vekja athygli á því sem hæstv. ráðherra reyndar gerði í ræðu sinni áðan. Það er á bls. 23 í athugasemdum með frv. þar sem frá því er skýrt að enn eigi eftir að leita eftir auknum heimildum fyrir allt að 300 millj. kr. til útgjalda vegna endurnýjunar á sendiherrabústöðum í London, París og Berlín. Við eigum því enn eftir að fá beiðni um frekari fjárveitingar til þessara þátta og skyldi nú engan undra þótt mörgum ofbjóði sú útþensla og aukning útgjalda sem hefur orðið hjá þessu ráðuneyti og er greinilega ekkert lát þar á. Þar hljótum við að líta til þess hvað við viljum láta hafa forgang í rekstri ríkisins. Ég efast ekkert um það sem var sagt hér áðan að það sé margt nauðsynlegt og gott sem fram fer í utanríkisþjónustunni, en það getum við líka sagt um svo marga aðra liði sem við erum að fjalla um í fjárlagadæminu og ríkisrekstrinum og þar set ég a.m.k. ýmsa þætti ofar á forgangslistann heldur en þessa útgjaldaþenslu hjá utanrrn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta núna. Það á eftir að koma til umfjöllunar og nánari skýringa í fjárln.

[15:21]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég mun ekki fara mörgum orðum um frv. almennt eða stöðu ríkissjóðs á þessu ári og horfur. Það hafa talsmenn minni hlutans gert ágætlega nú þegar í umræðunni. Það er ljóst að hæstv. fjmrh. ber sig nokkuð vel og hælist um af árangri sem hann kallar svo í fjármálum ríkisins. Vissulega eru tekjur að aukast og ríkissjóður nýtur góðs af aukinni veltu í þjóðfélaginu. Útgjöldin aukast að vísu líka þannig að bilið helst svona nokkuð svipað og það hefur verið. En það alvarlegasta við þennan tekjuauka hæstv. fjmrh. sem ég veit að hæstv. fjmrh. kann mjög vel frá því fyrr í þingsögunni er auðvitað það að hæstv. fjmrh. er fyrst og fremst að græða á viðskiptahallanum. Hæstv. fjmrh. er fyrst og fremst að græða

á veltuaukningu í þjóðfélaginu sem ekki eru innstæður fyrir nema að hluta til. Ég hygg að hæstv. fjmrh. gæti grafið upp gamlar ræður frá árunum upp úr 1980 og flutt þær nánast óbreyttar sem gagnrýni á sjálfan sig nú, ræður sem hæstv. fjmrh., þá óbreyttur þingmaður og stjórnarandstæðingur, hélt til að sanna eða öllu heldur afsanna að páv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, væri merkilegur fjmrh. eða væri að reka ríkissjóð með einhverjum sérstökum glæsibrag. Vissulega voru þá aðstæður að sumu leyti hliðstæðar. Þá var tekjuauki sem að hluta til stafaði af eyðslu umfram efni, þ.e. viðskiptahalla. Þetta er nú skuggahliðin á annars hinni glæstu framhlið, leiktjöldunum sem hæstv. ríkisstjórn með góðærið sitt hefur verið að draga upp. Það er sem sagt ekki fullklárað hús sem hefur verið byggt heldur framhlið og leikmynd sem ekki má fara með myndavélarnar aftur fyrir, þá kemur bert timbrið í ljós og útlitið ekki lengur eins glæsilegt.

Það sem ég ætlaði að ræða hér sérstaklega í sambandi við þetta fjáraukalagafrv., herra forseti, er útkoma nokkurra heilbrigðisstofnana í því. Auðvitað væri gaman að fara yfir ýmislegt eins og fasteignir forsrn. og það hvernig allt í einu vantar 60 millj. kr. í budduna hjá hæstv. forsrh. vegna einhverra framkvæmda sem hann stendur í á árinu. Er ekki hægt að láta staðar numið þegar peningarnir eru búnir eða þarf að sullast áfram í eyðslu langt umfram það sem fjárlagaheimildir leyfa? Eða sendiráðið frægа í Helsinki o.s.frv. En ég læt öðrum það eftir og sný mér fyrst og fremst að því sem ég hef sérstaklega skoðað og hef athugasemdir við að gera, þ.e. útkomu sjúkrastofnana í þessu frv., spítalanna, og þó einkum þess þeirra sem alls ekki er í frv. og engar fjárveitingar fær, þ.e. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Það er svo, herra forseti, að hér á bls. 40 í greinargerð er fjallað um stóru spítalana, þ.e. Ríkisspítalana annars vegar og Sjúkrahús Reykjavíkur hins vegar, og þar er komið inn á þann samning sem ku hafa verið gerður milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og þessara sjúkrastofnana um einhverja verkauppstokkun, verkaskiptingar og hagræðingu. Og allt er nú gott um það að segja fyrir utan að þann samning bar að með nokkuð sérstökum hætti og m.a. þeim að forsvarsmenn og stjórnendur margra af þessum stofnunum höfðu aldrei heyrt á hann minnst þegar þeir heyrðu af honum í fjölmiðlum. Daginn eftir að sagt var frá undirritun samningsins með lúðrablæstri og söng kom t.d. forstöðumaður Vífilsstaðaspítala í fjölmiðla og hafði þá aldrei af málinu heyrt og átti þó ekki síst að breyta stöðu hans stofnunar í samningnum. Þetta eru auðvitað ekki trúverðug vinnubrögð frekar en vinnubrögðin að heilbrigðismálunum almennt hafa verið undanfarið þegar menn einhvers staðar eru kokkandi með peninga úti í bæ og tala ekkert við starfsfólk eða stjórnendur. Árangurinn hefur ævinlega orðið sá sami, að sá sparnaður sem að er stefnt næst ekki enda er enginn grunnur lagður að honum með samkomulagi við starfsfólk og stjórnendur og raunverulegri endurskipulagningu verkefnanna þannig að hagræðing náist. Þetta er ævinlega ákveðið fyrir fram, annaðhvort í niðurskurðarhrinum eða einhverri svona montsamningagerð og svo á eftir að útfæra verkefnið. Hver er niðurstaðan af hinum sérstaka sparnaði sjúkrastofnana á landsbyggðinni? Nú eru menn á bullandi flótta með það mál af því að það var engin undirbygging. Fyrst var ákveðin einhver tala, svo var farið að reyna að koma þessu út og niðurstaðan er sú að menn fá þetta allt meira og minna í andlitið aftur.

Nú bregður svo við, og því ber að fagna, að í fjáraukalagafrv. eru lagðar til aukafjárveitingar sem nokkurn veginn duga til að brúa fyrirsjáanlegan halla á stóru sjúkrastofnununum í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þannig er að samkvæmt rekstraráætlun Sjúkrahúss Reykjavíkur er reiknað með að útgjöld þar á þessu ári verði 187 millj. kr. umfram áætlun. Það er það langt liðið á árið að við skulum ætla að þetta sé þokkalega góð áætlun og lögð er til 166 millj. kr. aukafjárveiting sem nokkurn veginn dekkar þessa þörf. Og ég fagna því því að auðvitað þýðir ekkert annað en að horfast í augu við veruleikann og þarna er umfang starfseminnar meira heldur en fjárveitingar nægja til. Á Ríkisspítölunum er þetta þannig að þar eru horfur á halla upp á um 270 millj. en gerð er tillaga um 154 millj. kr. aukafjárveitingu. Auk þess eiga Ríkisspítalar að fá af viðbótarliðum, þ.e. af rekstrarhagræðingarlið heilbrrn. og af liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi og þegar þetta leggst saman fá Ríkisspítalarnir nokkurn veginn samkvæmt þessu aukafjárveitingar sem nema fyrirsjáanlegum halla á þessu ári. Og það er gott. Ég segi: Svo sannarlega er ekki vanþörf á að bæta úr ástandinu sem þar er. Það er ljóst að umfang starfseminnar á báðum þessum stofnunum, ekki síst Ríkisspítölum, hefur aukist mikið og það þýðir ekki annað en horfast þar í augu við veruleikann.

En hvernig stendur þá á því, herra forseti, að þriðja stærsta stofnunin í landinu sem er um flest sambærileg við þessi tvö stóru sjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sem á í umtalsverðum erfiðleikum af alveg sama toga og þessar sjúkrastofnanir, fær ekki neitt, ekki eina einustu krónu, hvorki aukafjárveitingu né að því er séð verður fjárveitingar af einhverjum sérstökum ráðstöfunarliðum úr ráðuneytinu? Staðan þar er sú að í fyrsta skipti um langt árabil tókst Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri ekki þrátt fyrir mikla og annálaða ráðdeildarsemi í rekstri að ná endum saman á síðasta ári. Hallinn varð að vísu ekki stórvægilegur en þó líklega einar 14 millj. kr. ef ég man rétt.

Á þessu ári hins vegar er ljóst að það stefnir í umtalsverðan halla, 70 millj. eða meira þannig að uppsafnaður rekstrarhalli Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verður sjálfsagt af stærðargráðunni 80–100 millj. kr. á þessum tveimur árum. Og hvers vegna er þessi halli? Er hann vegna þess að menn hafi sýnt ábyrgðarleysi við stjórnun stofnunarinnar? Er hann vegna einhverrar óráðsíu? Svarið er nei.

Það liggja fyrir borðleggjandi gögn um að þessi rekstrarhalli er vegna þess að umfang starfseminnar hefur aukist umtalsvert og svo mikið nú á tveimur síðustu árum að það er ekki hægt að reka stofnunina með þeim fjárveitingum sem hún fær. Aðgerðum hefur fjölgað. Nýjar stöður sérfræðinga á nýjum sviðum sem fjárlagaheimildir hafa verið veittar fyrir á undanförnum árum þýða að nú eru framkvæmdar fleiri aðgerðir þar en áður var hægt. Og það hefur dregið verulega úr því að aðgerðir séu sendar suður. Og það er gott. Norðlendingafjórðungur og allt upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem 40–50 þúsund manns búa getur nú innan svæðisins leyst úr fleiri verkefnum en áður og það var nákvæmlega það sem að var stefnt. Aðgerðum fjölgar og aðgerðir á nýjum sviðum eru teknar upp í kjölfar þess að sérfræðingar á fleiri sviðum eru nú komnir til starfa.

Það er jafnvel svo að biðlistarnir á sjúkrastofnunum hér í Reykjavík hafa að hluta til flust norður og fengið úrlausn þar af því að menn hafa haft möguleika á því að bæta á sig verkefnum á vissum sviðum sérlækninga.

Ég endurtek að að flestra dómi, og ég hygg að hér séu menn sem geta staðfest það t.d. úr fjárln., hefur Fjórðungs-

sjúkrahúsið á Akureyri fengið sérstaklega háa einkunn fyrir ráðdeild og aðhald í rekstri á undanförnum árum. Menn hafa þar um langt árabil lagt hart að sér til að reka stofnunina innan fjárlagaheimilda. Og eru þetta þá verðlaunin? Menn spyrja sig eðlilega að því nú fyrir norðan. Er okkur refsað fyrir að hafa reynt að fara að fjárlögum undanfarin ár þegar við sjáum aðrar stofnanir sem keyra fram úr ár eftir ár, fá það bætt á silfurfati á meðan við fáum ekki neitt? Eða er svínað þannig á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vegna þess að það er á landsbyggðinni, að ekkert er hér, hvorki í fjárlagafrv. né af rekstrarhagræðingarlið ráðherra eða undan liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi?

Það ætti ekki að þurfa að kynna hv. alþm. og ekki hæstv. fjmrh. — það er að vísu skaði að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera hér en ég hygg að hæstv. ráðherra hafi lögmæt forföll — hvaða stöðu Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á að hafa. Það er nefnilega, samkvæmt endurtekið samþykktum áætlunum, varasjúkrahús landsins, þ.e. það er varasjúkrahús fyrir þetta svæði hér þar sem stóru sjúkrahúsin í Reykjavík eru bæði á sama áhættusvæðinu ef svo mætti að orði komast. Almannavarnir ríkisins og aðrir slíkir aðilar gera ráð fyrir þessu hlutverki Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Það er eina stóra deildaskipta sjúkrahúsið með sérfræðiþjónustu utan suðvesturhornsins og það er fjórðungssjúkrahús og sjúkrahús fyrir allt sitt upptökusvæði þar sem eins og áður sagði 40–50 þúsund manns búa. Það er háskólasjúkrahús því þar fer fram kennsla að hluta til í heilbrigðisfræðum innan Háskólans á Akureyri og þar eru menn á kandídatsári í læknisfræði og fleira. Herra forseti. Í öllum aðalatriðum er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri því sambærilegt við stóru deildaskiptu sjúkrastofnanirnar hér í Reykjavík, plús það að vera þessi meginþjónustumiðstöð í heilbrigðismálum á landsbyggðinni.

Ég lýsi þar af leiðandi eftir rökum fyrir því að meðhöndla það eins og hér er gert. Og ég tek það alveg sérstaklega fram að ég er ekki að leggjast gegn því, nema síður sé, að sjúkrastofnanirnar í Reykjavík fái sína úrlausn. En mér líkar ekki sú mismunun sem þarna er á ferðinni því ég get ekki séð annað en að þetta sé hrein mismunun og algjörlega fráleitt að meðhöndla sambærilega aðila á þennan hátt hvað aukafjárveitingar eða fjárveitingar snertir. Auk þess er það þannig að í fjárlagafrv., herra forseti, ef ég man rétt, er gert ráð fyrir minni hækkunum á næsta ári til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en t.d. Ríkisspítalanna, minni hækkun í prósentum, eða 7,7% á móti líklega um 9% til Ríkisspítalanna og svipaðri hækkun, þ.e. sjö-komma-eitthvað-% til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þessi rekstrarhalli er þó að nálgast 5% af heildarrekstrarkostnaði sjúkrahússins sem ég nefndi áðan.

Ég óska eftir skýringum á þessu, herra forseti, og ég skora á hv. fjárln. að fara rækilega ofan í saumana á þessu máli. Ef hv. nefnd ætlar að vera vandanum vaxin og störfum sínum þá á hún að leiðrétta hluti af þessu tagi. Mér er alveg nákvæmlega sama hver sökudólgurinn er, hvort það er fjmrh. eða heilbrrh. eða hvar þetta hefur stíflast í kerfinu. Það er engin hemja að mismuna stofnunum innan sama málaflokks eins og hér er lagt upp með í þessu fjáraukalagafrv.

Ég vona einnig, herra forseti, að áður en afgreiðslu þessa frv. lýkur, og eftir atvikum fjárlagafrv. sömuleiðis, þá verði búið að fara betur yfir þennan svokallaða rekstrarhagræðingarlið, þ.e. þessi furðulegu áform frá því í fyrra um þvingaðan fyrirframsparnað sjúkrastofnana á landsbyggðinni sérstaklega. Og hefði nú einhver talið að frekar væri ástæða til að fara í gagnstæða átt og reyna að styrkja undirstöður þessarar mikilvægu starfsemi á landsbyggðinni þar sem hún á víða í vök að verjast. Það er eins og menn séu ekki með fullri meðvitund eða óráði þegar að því kemur að horfa á aðstæðurnar eins og þær í raun og veru eru. Hvernig gengur t.d. að manna læknishéruðin á Austurlandi um þessar mundir? Er ástæða til þess að þjarma sérstaklega að heilbrigðisstarfsemi í landshlutum af því tagi þar sem meira og minna heilir landshlutar eiga nú undir högg að sækja með sína starfsemi? Er það í samræmi við aðstæður almennt í efnahagsmálum og þjóðmálum að láta niðurskurðinn sérstaklega lenda á landsbyggðinni þegar menn raða niður á færibandi stórframkvæmdunum á suðvesturhorni landsins þannig að margir hafa af því áhyggjur að hér sé að verða þensla og allt þar fram eftir götunum? Er það þá skynsamleg efnahagsstjórnun, ef farið er yfir í þá hlið málsins, að beita sérstökum niðurskurðaraðgerðum og þvingunaraðgerðum á landsbyggðinni á sama tíma? Það er það sem er að gerast og hv. stjórnarþingmenn verða að horfast í augu við það sem þeir samþykktu hér á síðasta ári. (**LB:** Er þetta ekki nýja byggðastefnan?) Þetta er hin nýja byggðastefna trúlega. Annars vegar hamast hæstv. iðnrh. og gjaldkeri Framsfl., ef ég man rétt eða ritari, við að fá útlendinga með stórar fabrikkur hingað á Reykjanesskagann sem sumir eru farnir að kalla Kólaskaga út af öllum fabrikkunum og væntanlegri mengun, Kólaskaga Íslands. Hins vegar eru svo framsóknarmennirnir og þar á meðal formaður fjárln. og þingmaður Austurl. að láta nota sig í skítverk af því tagi sem þeir hafa tekið þátt í að undanförnu varðandi heilbrigðismál og ýmsa mikilvæga opinbera þjónustu á landsbyggðinni. Það leggst heldur lítið fyrir kappana. Það verð ég að segja.

Almennt, herra forseti, eru þessar endalausu þumalskrúfuaðferðir sem hæstv. fjmrh. hefur innleitt, ógeðfelldar. Þessi aðferð að láta menn aldrei fá nema svona 90 eða 95% af því sem þeir þurfa til að reka sína starfsemi og veita lögbundna þjónustu. Það er ekki eins og menn hafi í öllum tilvikum sjálfdæmi um það hvert verkefnið er. Þetta er í meira og minna mæli lögbundin þjónusta, í fræðslumálum, í heilbrigðismálum. Menn vísa ekki sjúklingum á dyr sem betur fer heldur reyna að leysa úr vanda þeirra. Og mönnum ber skylda til að taka nemendur inn í skólana, er það ekki? En hvað gerir ríkisstjórnin í anda þumalskrúfuaðferðanna? Hún tekur frá einhvern hluta af fjárveitingunum og setur það í pott og svo eiga menn að koma skríðandi á hnjánum í auðmýkt og rella eitthvað út úr pottinum. Og hver hefur þá samningsstöðu? Hvað er hæstv. menntmrh. að reyna að gera núna í skólunum? Jú, hann ætlar að halda 4% af rekstrarfjárveitingu til skólanna eftir þannig að forsvarsmenn og stjórnendur þeirra þurfa að koma skríðandi fyrir menntmrn. og biðja um sinn hlut út úr þessu.

Þær aðferðir sem menn hafa verið að innleiða hér eru ógeðfelldar og óréttlátar gagnvart stjórnendum stofnana og forsvarsmönnum opinbers rekstrar og alveg sérstaklega í velferðarmálum sem í hlut eiga. Og ég mótmæli þessu, herra forseti. Það er löngu kominn tími til að menn horfist í augu við að þetta verkefni er af öðrum toga. Það á að reyna að taka faglegar ákvarðanir, rökstuddar og ígrundaðar, en ekki vinna svona að málunum.

Ég vonast til þess, herra forseti, að einhver svör eða skýringar komi á þessum mismun sem hef gert að umtalsefni og í öllu falli er alveg víst að ég ætla að gera mitt til þess að málið

fái ekki afgreiðslu í þessu formi og mun fylgjast grannt með því hvaða meðferð það fær hjá hv. fjárln.

[15:40]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. rifjaði upp að í upphafi 9. áratugarins var hv. þm., varaforseti vor, Ragnar Arnalds, fjmrh. Og hann sagði frá því að líkast til hefði ég þá flutt ræður og bent á að með því að skattleggja viðskiptahallann þá fengju menn meira í ríkissjóð en ella. Þetta er alveg hárrétt. Þetta vil ég endurtaka nú og hef endurtekið mjög oft að undanförnu. Þannig að þessi ábending hv. þm. kemur ekkert á óvart. Hún er stuðningur við þann málflutning sem ég hef haft uppi. Og af hverju er það? Það er vegna þess að ég er einmitt núna sífellt að benda á hve hættulegt er að gefa eftir útgjaldamegin vegna svokallaðs góðæris þegar það er ljóst að við búum við þennan mikla viðskiptahalla. Það liggur í hlutarins eðli. Það sem hv. þm. var að segja eru því rök í málflutningi mínum núna alveg eins og þá. Hitt er svo annað má að það verður að benda á að hallinn á viðskiptum við útlönd þessa stundina er að hálfu leyti vegna þess að við erum að flytja inn fjárfestingarvörur fyrir atvinnulífið og byggja upp hagvöxt framtíðarinnar. Sá er kannski mesti munurinn nú og þá. Og ég veit að hv. þm. tekur væntanlega undir það með mér að slíkur viðskiptahalli þarf ekki að vera af hinu vonda heldur getur þvert á móti verið grundvöllur betri hagvaxtar og betri lífskjara í framtíðinni.

Varðandi samning borgarstjórans, fjmrh. og heilbrrh. vil ég einungis segja að mikil vinna var lögð í þetta samkomulag. Það liggur fyrir greinargerð og ákveðið var að leggja fjármagn til þessara mála á yfirstandandi ári af því að allir voru sammála um að þannig væri líklegra að árangur í sparnaði næðist á næsta ári.

[15:43]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það fyrra sem hæstv. ráðherra kom inn á, þ.e. samanburð við árin upp úr 1980 og fjármálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds, 1. varaforseta, þá gætum við hæstv. fjmrh. nú geymt okkur það til betri tíma og tekið á því lotu einhverja skemmtilega kvöldstund þegar efnahagsmál verða á dagskrá. En ég minni hæstv. ráðherra á það, þó ég sé ekki að kvarta í sjálfu sér undan því að hann tali fyrir ráðdeildarsemi og aðhaldssamri stefnu, að hann er að afsala sér tekjum í stórum stíl einmitt á þessum árum. Ég hef gagnrýnt það. Ég hef verið svo, ég veit ekki hvort ég má segja kjarkmikill að þora að vara við skattalækkunum, a.m.k. á hátekjufólk og gróða, af því ég tel það vitlaust og af því ég tel að við höfum þörf fyrir þá peninga í m.a. brýnar útbætur í velferðarmálum og af því að ég held að það sé einmitt mikilvægt að takmarka frekar eyðslu og fé í umferð og t.d. hvetja frekar til sparnaðar heldur en að beita þeim tækjum sem ríkisstjórnin gerir.

Um samninginn er allt gott að segja. Ég vakti hins vegar athygli á því að eitthvað hefði sérkennilega verið að honum unnið úr því margir forsvarsmenn og stjórnendur stofnana sem áttu að verða fyrir breytingum á grundvelli samningsins höfðu ekki hugmynd um hann. Ég veit ekki hvar þessi mikla vinna hefur farið fram. Hún hefur ekki farið fram í því að tala við starfsfólkið og stjórnendur. Því þar sem ég hef kannað þá vita menn meira og minna ekkert um það hvað þeirra bíður á grundvelli þessa samnings. En það er í sjálfu sér gott að hann er notaður sem tilefni til þess að bæta upp fyrirsjáanlegan rekstrarhalla á stóru stofnununum. Og ég spyr þá á móti: Ef Akureyrarbær biður nú ríkið um samning út af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og leggur fram 500 þús. kr., fær það þá rekstrarhallann að fullu greiddan eða hvað? Nú er að vísu staða FSA kannski ekki alveg sambærileg í þessu tilliti við stöðu Sjúkrahúss Reykjavíkur. En Reykjavíkurborg leggur fram heilar 2 milljónir kr. og út á það fær Sjúkrahús Reykjavíkur að fullu bættan áætlaðan rekstrahalla á þessu ári. Geta aðrir fengið sams konar meðferð?

[15:45]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum nánast sammála um viðskiptahallann, ég og hv. þm., en við erum hins vegar ósammála um eitt sem er mjög mikilvægt og það er að hv. þm. leggur áherslu á skattahækkanir meðan ég geri það ekki. Það er grundvallarmunurinn á pólitískri stefnu okkar og kemur kannski engum á óvart.

Í öðru lagi vil ég segja að talað var við fjöldamarga stjórnendur, talað var við stjórnarnefnd Ríkisspítalanna sem fer með stjórn Ríkisspítalanna, og borgarstjórinn tekur þátt í samkomulaginu vegna þess að hann er sífellt í beinum viðtölum við stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur. Að þessu samkomulagi kom Hjörleifur Kvaran, sem er fulltrúi Reykjavíkurborgar þar, Magnús Pétursson og Kristján Erlendsson sem er fyrrverandi læknir á Landspítalanum og þekkir þar mjög vel til. Það var því talað við alla þessa aðila og farið í gegnum málin með þeim hætti að slíkt hefur ekki verið gert áður. Auðvitað eru ýmis sjónarmið uppi á sjúkrahúsunum, við þekkjum það frá fyrri tíð, við höfum báðir setið í stjórnarnefndum Ríkisspítalanna og menn hafa mismunandi sjónarmið þar á því hvernig eigi að haga málum í framtíðinni.

Varðandi FSA vil ég segja þetta: Stækkun FSA byggðist á því að við ætluðum að styrkja hin svokölluðu hátæknisjúkrahús á Reykjavíkursvæðinu annars vegar og á Akureryri hins vegar en einnig var tekið fram að það væri ekki hægt nema sjúkrahússtarfsemi hinna sjúkrahúsanna breyttist. Það er það sem skiptir öllu máli og það er það sem þarf að vinna að í framtíðinni og út á það gengur umræðan. Ég segi við hv. þm. að ég er alveg tilbúinn til þess að standa að samkomulagi við FSA. Það er enginn vandi að gera það en ég get ekki tekið undir að stjórnendur og starfsmenn á sjúkrahúsi Akureyrar eða annars staðar í opinberum stofnunum taki sér fjárveitingavaldið. Um það snýst málið, fólk er að taka sér fjárveitingavaldið. Það á að vera hjá Alþingi eins og hv. þm. eru sífellt að segja hér, m.a. í þessari umræðu.

[15:47]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð hæstv. fjmrh. eru sérstaklega ómerkileg. Ef þeim er beint að stjórnendum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru þau alveg sérstaklega óviðeigandi og ómerkileg því að annars vegar er hæstv. fjmrh. að útskýra hvers vegna hann hafi staðið að samningi við sjúkrastofnanirnar í Reykjavík sem hafi tryggt þeim að fullu aukafjárveitingar vegna rekstrarhallans. Tóku menn sér þá ekkert fjárveitingavald þar? Er það bara úti á landsbyggðinni? Er það bara á Akureyri sem menn taka sér fjárveitingavald ef þeir lenda fram úr? (**Fjmrh.:** Líka annars staðar.) Já, en munurinn er sá að á grundvelli einhvers samnings fá sumir hallann að fullu bættan vegna fjárveitingavaldsins sem þeir tóku sér en annars staðar ekki samkvæmt þessu frv. hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Með því að lofa sparnaði á næsta ári.) Það voru náttúrlega engin svör sem komu hér frá hæstv. fjmrh., aldeilis engin svör. Það er nákvæmlega það sem hefur gerst að starfsemi

Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur verið styrkt í samræmi við þá stefnumótun að þar skuli efla sérhæfða og stóra sjúkrastofnun, varasjúkrahús, og sjúkrastofnun fyrir norðan- og austanvert landið. Það hefur verið gert með pólitískum ákvörðunum um ráðningu fleiri sérfræðinga og útvíkkun starfseminnar. En menn hafa ekki fengið fjárveitingar til þess að mæta þeim auknu verkefnum.

Nú liggur fyrir að aðgerðum hefur fjölgað, innlögnum að norðan hefur fækkað á Landspítalanum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur svo miklu munar vegna þess að málin eru nú leyst oftar en áður var fyrir norðan. Það er ekki bara í gegnum starfsemi FSA heldur líka vegna þess að sérfræðingar á fleiri sviðum eru nú starfandi á svæðinu eftir ráðningu þeirra norður. Það er þess vegna er bein afleiðing af þegar teknum ákvörðunum fjárveitingavaldsins og löggjafans sem þarna sér stað en þá eiga menn ekki að fá fjárveitingar í samræmi við það. Þá heitir það að menn hafi tekið sér fjárveitingavald í munni hæstv. fjmrh. Mér finnst þetta einstaklega óviðeigandi orðalag hjá hæstv. fjmrh. og held að það hljóti að vera af einhverri vangá sem hann stillir hlutunum upp með þessum hætti. Ég trúi ekki að hæstv. fjmrh. ætli að gera þennan greinarmun á stofnunum sem var í raun og veru óhjákvæmilegt að ráða af orðum hans áðan.

[15:50]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki mitt að svara fyrir þær tillögur sem eru ekki frv. Hlutverk okkar í fjárln. er að fara yfir frv. og kanna hvað þar vantar upp á og kanna þær forsendur sem eru fyrir þeim tillögum sem eru þar inni.

En varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri var það svo alveg fram á þetta ár að við höfðum þær upplýsingar að reksturinn þar væri í jafnvægi og þar væri ekki við vanda að etja. Hins vegar hefur svo komið í ljós að þar er við vanda að glíma á þessu ári. Ég efast ekki um að sá vandi sé til skoðunar í heilbrrn. og í fjmrn. og við fáum hann upp á borðið hjá okkur í fjárln. og munum fara yfir þessi mál. Ég get sagt að við munum að sjálfsögðu gera það. Ég get engu svarað á þessu stigi hvernig því lyktar en við vitum af vandanum sem þarna er og við munum að sjálfsögðu fara yfir hann.

Varðandi sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni að öðru leyti finnst mér skipta mestu máli að skilgreina sem best þá þjónustu sem á að veita úti á landsbyggðinni og tryggja hana. Heilsugæslumál á Austurlandi koma ekki beint inn á sjúkrahúsamálin. Það er svolítið annar handleggur af því hv. 4. þm. Norðurl. e. blandaði því inn í sjúkrahúsaumræðuna.

[15:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. og formanni fjárln. fyrir svörin og ég skil það svo að hv. þm. hafi verið að lofa því að fjárln. muni fara rækilega yfir málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og reyndar sjúkrastofnana á landsbyggðinni almennt sem ég hef gert að umtalsefni. Ég treysti því að yfirferðin verði vönduð og menn taki þar sjálfstæðar ákvarðanir og fái að njóta sannmælis og reyni að rökstyðja þær og byggja á faglegum grunni. Það er nákvæmlega það sem þarf að gera í þessum efnum. Ég er sammála hv. þm. að það mikilvæga í þessu er auðvitað að reyna að nálgast þessi viðfangsefni frá réttum sjónarhóli, þ.e. að skilgreina þá þjónustu sem á að veita og eftir atvikum ákveða á faglegum grunni verkaskiptingu stofnana og ákvarða svo nauðsynlegar fjárveitingar til að ná fram þeim markmiðum sem þar með hafa verið sett en ekki öfugt. Það var það sem hv. stjórnarliðar létu hafa sig út í í fyrra, að byrja fyrst á því að ákveða niðurskurðinn og svo átti að velta því fyrir sér hvaða breytingar þarf svo að gera og hvernig er hugsanlega hægt að ná þessu fram. Svo reynist það auðvitað ekki hægt þannig að hugmyndir um 150 millj. kr. sparnað eða 120 fara ofan í 60 og svo koma fjáraukalög þar sem þessar 60 milljónir eru orðnar að 30 milljónum. Ætli það verði ekki orðið þannig um áramótin að þetta verði komið niður í núll. Ja, línuleg þróun í málinu stefnir á núll svona upp úr áramótum. Árangurinn er enginn vegna þess að þetta eru ekki vinnubrögð til þess að ná hlutunum fram. Það vantar hina faglegu nálgun og faglegu undirbyggingu.

Varðandi heilsugæslumál á Austurlandi þá var ég þar að vísa til að það hafa m.a. verið skert starfskjör fólks í heilbrigðisstéttum. Menn hafa verið að reyta að hluta til baka þætti sem voru komnir inn til þess að hægt væri að manna stöður í heilbrigðismálum eins og staðaruppbætur. Og hringlandaháttur og vandræðagangur í launamálum héraðslækna hefur leitt til þess að Austurland er nánast læknislaust fyrir utan þá staði þar sem eru sjúkrahús.

[15:55]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hluti af vandanum í heilsugæslunni á Austurlandi er sá að kjaramál heilsugæslulækna eru ekki leidd til lykta eftir niðurstöðu þeirra í kjarasamningum eftir verkfall í fyrra. Það er nauðsynlegt að kjaranefnd flýti starfi sínu sem hefur tekið allt of langan tíma. Ég legg sérstaklega áherslu á að í þau mál þarf að nást niðurstaða án tafar. Hins vegar er ljóst að sú niðurstaða ein dugir ekki til að tryggja þessi mál til frambúðar. Það þarf að huga að starfsumhverfi heilsugæslulækna. Ég hygg t.d. að nú orðið sé mjög erfitt að manna einyrkjastörf og einmenningshéruð í heilsugæslunni. Ég hygg að þar þurfi að leita leiða til breytinga. Þetta er starf sem ég veit að ráðuneytið hefur sett vinnu í og er verið að vinna að og m.a. hefur héraðslæknirinn á Austurlandi unnið fyrir ráðuneytið í tillögugerð í þessu sambandi og sú vinna er í gangi. Af því að heilsugæslan á að vera grunnþjónustan úti á landsbyggðinni og hefur verið það og menn eru vanir því er afar slæmt að hún sé ekki tryggð.

[15:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkar bíður að ræða stöðuna í heilbrigðismálum ítarlega í umræðum utan dagskrár einhverja næstu daga, ræða það upplausnarástand sem ríkir í þeim málaflokki á allt of mörgum sviðum. Þar er eiginlega ekki eitt heldur nánast allt meira og minna upp í loft. Það nást ekki samningar um nokkurn skapaðan hlut. Stöður er ómannaðar og heil svæði eru án nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu. Ekki er einu sinni hægt að ná samningum um rekstur Náttúrulækningahælisins í Hveragerði, hvað þá annað. En það ræðum við betur síðar.

Varðandi kjaramálin tek ég undir með hv. þm. að það er neðan við allar hellur að kjaranefndin skuli dratthalast við það enn þá að safna gögnum, að eigin sögn, mörgum mánuðum eftir að hún fékk þetta verkefni úr því að sú leið var valin að láta það í hennar hendur að úrskurða um laun héraðslækna. Það er engin frammistaða, það verður að segja það alveg eins og er. Þessi dráttur er hluti af óánægjunni sem leiðir til þess að menn segja upp og fara.

Í öðru lagi hafa ýmis önnur starfskjör verið rýrð. Það er staðreynd. Um það vitna menn þegar við þá er rætt um þá óánægju sem þarna kraumar undir. Ég minni á að þegar staðaruppbótin í einmenningshéruðunum var tekin upp í tíð vinstri stjórnarinnar á árinu 1989 eða 1990 mönnuðust í kjölfarið svo til öll læknishéruð á Norðausturlandi og Vestfjörðum og ég held bara um allt land vegna þess að þá veittu menn það fjármagn til starfseminnar sem var nauðsynlegt þannig að hún væri fyrir hendi. Það var aukinn skilningur á þörfinni fyrir afleysingar og vaktir og annað því um líkt sem fylgir aðstæðum af því tagi.

Spurningin er sú að lokum: Er pólitískur vilji til að veita þessa þjónustu eða ekki? Ef menn segja svo: Við viljum veita heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni verða menn að kosta því til sem þarf til að fá fólk þar til starfa. Svo einfaldur er sá hlutur og það þýðir ekkert að skjóta sér bak við einhvern kattarþvott í þeim efnum. Fyrst á að taka pólitíska grundvallarákvörðun. Eiga menn að njóta jafnréttis í þessum efnum eða vera skör lægra settir á grundvelli búsetu sinnar? Ef svarið er já verða menn að leggja næga fjármuni til þess að svo sé hægt.

[16:00]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 og vil ég bæta nokkru við þá umræðu. Hins vegar liggur fyrir að fjárln. á eftir að fá frv. til skoðunar þannig að e.t.v. gefst betri tími eftir þá yfirferð til þess að ræða efni þess.

Fyrst, virðulegur forseti, vil ég segja að það er mjög mikilvægt að fram fari góð umræða í þinginu um fjáraukalagafrv. vegna þess að fjáraukalagafrv. er nokkur skoðun á þeirri vinnu sem fór fram á sinni tíð þegar fjárlög voru sett. Hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar verða að gera ráð fyrir því að þau frv. sem hér eru lögð fyrir, hvort sem þar er um að ræða fjárlagafrv. eða fjáraukalagafrv., geti tekið breytingum. Til þess erum við í þinginu að við eigum að fara yfir þau frv. sem koma, hvort sem þau eru lögð fram af einstökum þingmönnum eða hæstv. ríkisstjórn, og greina það sem þar er lagt til vandlega og fjalla um það og afgreiða eftir ræki lega umfjöllun.

Það ánægjulega við frv. sem hér er lagt fram er að það sýnir afrakstur þeirrar vinnu sem hefur farið fram á vegum ríkisstjórnarinnar og sýnir afrekstur þeirrar stefnu sem hefur verið fylgt í ríkisfjármálum og kemur fram í bættum þjóðarhag. Frv. sýnir auknar tekjur vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu, meiri umsvifa og batnandi hags atvinnulífsins og einstaklinga sem kemur þá fram í hærri tekjum ríkissjóðs. Að vísu er það hárrétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að viðskiptahallinn hefur valdið áhyggjum og veldur auðvitað áhyggjum, en fyrst og fremst veldur hann áhyggjum ef hann er vegna fjárfestingar eða eyðslu sem ekki skilar í framtíðinni hagnaði og afrakstri. En það vill þannig til að viðskiptahallinn er m.a. til kominn vegna þess að umsvifin í atvinnulífinu eru að aukast og inn í landið streyma tæki og tól sem eiga í framtíðinni eftir að styrkja stöðu okkar.

Á hinn bóginn sýnir frv. að auknar tekjur skapa okkur möguleika til að lækka skuldirnar og innkalla, eins og kemur fram í frv., ríkisskuldabréf til hagsbóta fyrir ríkissjóð, en sú aðgerð skiptir mjög miklu máli vegna þess að hún lækkar vaxtagreiðslurnar og er þess vegna mjög mikilvægt innlegg í stjórn ríkisfjármálanna. Þetta vil ég nefna sérstaklega vegna þess að slíka aðgerð höfum við ekki séð áður. Við höfum ekki verið að fjalla um það áður í þinginu að sú afkoma sé hjá ríkissjóði að fjmrh. geti efnt til aðgerða sem leiða til lækkunnar á vöxtum. Þetta vil ég undirstrika sérstaklega.

Viðfangsefni fjáraukalaganna er annars vegar að bregðast við eðlilegum og sjálfsögðum breytingum í ríkisrekstrinum sem má segja að jafnan sé nauðsynlegt að taka afstöðu til, þ.e. að útgjöld stofnana og aðila í ríkisrekstrinum aukast á ýmsan hátt þannig að við þurfum í fjáraukalögum að taka afstöðu til þess. Í langflestum tilvikum er um minni háttar frávik frá fjárlögum að ræða þannig að það er nánast afgreiðsluspursmál af hálfu þingsins að taka þá hluti til meðferðar. Á hinn bóginn erum við að fjalla um ný verkefni og það er að sjálfsögðu annars eðlis.

Þegar við lítum á ríkisfjármálin í heild sinni, metum stöðuna núna og horfum til þess sem hefur verið áður og sérstaklega þegar við erum að fjalla um fjáraukalög, þá hefur orðið geysilega mikil breyting og það veit ég að ýmsir hv. þm. sjá sem hafa nokkra reynslu á Alþingi. Áður var það þannig, og það þekki ég úr mínu fyrra starfi sem bæjarstjóri, að aukafjárveitingar og aukafjárlög lifðu sjálfstæðu lífi. Það þótti sjálfsagt að reyna að gera út á aukafjárveitingar þegar fór að líða á árið og m.a. þess vegna fór sem fór, m.a. þess vegna varð sá vandi sem við höfum síðan verið að glíma við í ríkisfjármálum, að það skorti festu og aðhald og aga í ríkisfjármálum. Og það er auðvitað grundvallaratriði hjá okkur að við eigum að undirstrika að það ríki nokkur agi í meðferð ríkisfjármuna.

Við 1. umr. fjárlaga sem fór fram fyrir nokkru gerði ég að umtalsefni þær breytingar sem hafa orðið með lögum um fjárreiður ríkisins. Ég lagði mjög mikla áherslu á að sú löggjöf ætti og hlyti að breyta í einhverju vinnubrögðum okkar. Ég nefndi tvö dæmi sem ég vildi nota til þess að undirstrika þessar breytingar. Annars vegar nefndi ég það dæmi sem varðaði ákvarðanir um að flýta framkvæmdum, í því tilviki í hafnargerð, sem þá höfðu ekki verið teknar neinar ákvarðanir um, en ég vildi nefna sem dæmi um aðgerð sem við stæðum öðruvísi frammi fyrir núna með breyttum lögum. Hins vegar nefndi ég dæmi um að tekin hefði verið ákvörðun um að stofna sendiráð í Helsinki. Viðbrögð við þessum ábendingum mínum hafa orðið nokkur og verð ég að segja alveg eins og er að það hefur valdið mér nokkurri undrun hversu hörð þau viðbrögð urðu af hálfu viðkomandi hæstv. ráðherra, í því tilviki hæstv. utanrrh. Ég hins vegar lít á það mjög alvarlegum augum ef þingmenn í umræðum um fjárlög og fjáraukalög hafa ekki fullt frelsi til þess að gera athugasemdir og benda á það sem okkur finnst að eigi að vera öðruvísi. Í því tilviki var ég í mestu vinsemd að vekja athygli á nýrri löggjöf sem ríkisstjórnin stóð fyrir að væri sett og vakti athygli á því að við þyrftum að vanda okkur hér og standa þannig að málum að eðlilegt samráð um niðurstöður yrðu viðhafðar.

Í þessari umræðu vakti hv. 4. þm. Vestf. athygli á því að ekki væri ástæða til þess að nefna sendiráðsmálið og það væri verið að kasta grjóti úr glerhúsi og nefndi viðgerðina á Stjórnarráðshúsinu. Og af því tilefni tek ég þetta mál upp hér. Þar er um grundvallarmun að ræða, algeran grundvallarmun og það er alveg nauðsynlegt að þingmenn átti sig á því. Annars vegar er um það að ræða að taka upp nýtt mál og svo hins vegar að bregðast við aðstæðum sem ekki voru fyrirséðar eins og viðgerðinni á Stjórnarráðshúsinu. Við höfðum fjallað um það hér í þessu þingi að gera við gamla Stjórnarráðshúsið. Það var auðvitað til fullkomins vansa hvernig það var og

svo hefur auðvitað verið með mörg hús í eigu ríkisins þó samt sem áður hafi verið ráðin stór bót á því. Viðhald hefur verið að aukast. En viðgerðin á Stjórnarráðshúsinu hefur orðið allt önnur en fyrst var gert ráð fyrir, þ.e. húsið var miklu verr farið og það eru slíkar aðstæður sem við þurfum að meta og verðum að geta lagt sjálfstætt mat á. En þetta eru gjörsamlega ósambærilegir hlutir. Þetta vildi ég nefna.

Í þessari umræðu hefur verið minnst á rekstrarvanda sjúkrastofnana og það hefur verið nefndur samningur sem hefur verið gerður vegna rekstrarvanda og rekstrarhalla á stóru sjúkrahúsunum. Það ber að fagna því samkomulagi. Þar er gerð til raun til að koma stóru sjúkrahúsunum út úr þeirri krísu sem þau hafa verið í og það ber að fagna því að Reykjavíkurborg skyldi taka þátt í þessum samningum og þeirri niðurstöðu sem hefur orðið. En engu að síður vakti það nokkra athygli þegar fulltrúar Reykjavíkurborgar komu fyrir fjárln., að þá voru kynnt þau sjónarmið að e.t.v. lægi nú fyrir þegar að það vantaði nokkuð á umfram það sem samkomulagið gerði ráð fyrir. En þessi samningur er eitt af því sem hv. fjárln. þarf að taka til skoðunar og mun að sjálfsögðu taka til skoðunar. En á hitt er að líta að við erum í heilmiklum vanda. Það líður hratt á árið. 14. október er í dag og það þarf að hafa snör handtök til þess að afgreiða eða komast að niðurstöðu í þessum málum þannig að stjórnendur þessara stofnana viti að hverju þeir ganga.

Þá kem ég að því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar hefur verið gerð grein fyrir því að nokkur vandi sé uppi. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austf., formanni fjárln., að í gegnum tíðina hefur staða Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri ekki verið vandamál. Það virðist hafa tekist mjög vel til með rekstur þeirrar stofnunar og menn hafa getað séð vel fyrir hvernig þyrfti að reka einstakar deildir þar þannig að innan ramma fjárlaga væri. En ég held að það sé óhjákvæmilegt að skoða málefni þeirrar stofnunar. Hins vegar held ég að nauðsynlegt sé að menn líti á rekstur þessara stofnana til lengri tíma en eins árs því að það gæti vel brugðið svo við að á næsta ári væri hægt að standa þannig að málum í einstökum stofnunum, og þar á meðal FSA, að afgangur yrði. Ég held því að það þurfi náttúrlega að líta á þetta mál í því ljósi og það vildi ég nefna hér.

Virðulegur forseti. Af mörgu er að taka en ég læt hér staðar numið og tel að við fáum gott tækifæri til þess, ekki síst við sem erum í fjárln., að fara betur yfir þau atriði sem eru í fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu.

[16:14]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir það sem ég vil túlka sem heldur velviljuð orð í garð Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem ég hef gert að umtalsefni. Ég dreg ekki í efa að til hv. fjárln. hafi ekki borist fyrr en nýlega upplýsingar um þann vanda sem þar er við að glíma en mér er fullkunnugt um að allar upplýsingar um stöðu mála lágu fyrir hjá heilbrrn. og væntanlega einnig fjmrn. Ég treysti að sjálfsögðu hv. fjárln. til þess að fara rækilegan ofan í saumana á þeim gögnum sem liggja fyrir eða send verða til nefndarinnar.

Sveiflur í rekstri stofnana innan ára koma að sjálfsögðu fyrir og er eðlilegt að menn vilji líta yfir lengri tímabil þegar metinn er vandi sem upp kemur af þessu tagi. Hins vegar fullyrði ég að staðan hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er af öðrum toga en þeim sem flokka má undir óvæntar sveiflur. Staðreyndin er sú og ég hef séð óhrekjandi gögn um það að umfang starfseminnar hefur einfaldlega aukist verulega á síðustu 2–3 árum. Það er afleiðing af pólitískum ákvörðunum sem hafa m.a. verið teknar á Alþingi um að ráða fleiri sérfræðinga til starfa og auka umfang starfseminnar en rekstrarfjárveitingar hafa ekki fylgt á eftir. Það er ekki nóg að áætla bara fyrir launanum einum. Ef ráðinn er nýr sérfræðingur, þó að það sé gott og gilt, er áætlað fyrir launum hans í fyrstu umferð en þá kalla þau auknu umsvif sem tilkoma hans inn á heilbrigðisstofnunina valda á útgjöld á fleiri sviðum, meiri efnisnotkun, það eru fleiri aðgerðir, það er meiri stoðþjónusta af ýmsum toga. Nákvæmlega þetta hefur gerst, starfsemin hefur aukist og útgjöldin þar af leiðandi í kjölfarið á mörgum þáttum rekstrar stofnunarinnar. Ég vona sannarlega að hv. fjárln. verði réttu megin í þessu máli og leggi því lið að sanngjörn lausn finnist.

[16:16]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það hjá hv. þm. að auknum umsvifum fylgir aukinn kostnaður. Hins vegar var ekki gerð grein fyrir því þegar við samþykktum sérstaka fjárveitingu til nýrrar stöðu hjá sjúkrahúsinu að þeirri ákvörðun fylgdu einhverjar 70 millj. Vel kann að vera að það hafi í raun legið undir en eins og hv. þm. þekkja var við afgreiðslu síðustu fjárlaga veitt heimild til þess að ráða í nýja stöðu við sjúkrahúsið. Þetta þarf að skoða allt saman og verður vafalaust kynnt fyrir hv. fjárln. þegar hún fjallar um málefni þessara stofnana og í fyrramálið koma fulltrúar heilbr.- og trmrn. fyrir fjárln. til þess að skýra þátt þess ráðuneytis í fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. Þá verður þetta e.t.v. upplýst en ég hafði í það minnsta ekki gert mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að ákvörðun okkar á síðasta ári fylgdi svo mikill viðbótarkostnaður.

[16:18]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki svo að einhverjum tilteknum stöðuveitingum eða mannaráðningum frá síðasta ári eða þessu ári hafi fylgt allur þessi vandi. Hann er á miklu breiðari grunni en það. Hann er að langstærstum hluta til afleiðing af almennt auknum umsvifum í starfsemi stofnunarinnar. Það rekur sig til nokkurra þátta sem ég fór yfir og þar á meðal breiðara verksviðs fjórðungssjúkrahússins sem hefur verið að koma til á síðustu árum vegna ráðningar fleiri sérfræðinga á fleiri sviðum, vegna fjölgunar aðgerða og vegna þess að meira af vandamálum er nú leyst í heimabyggð en áður var. Að síðustu vegna þess sem einkum hefur komið til á þessu ári og að einhverju leyti hinu síðasta að óleyst þörf annars staðar á landinu hefur að hluta til fengið úrlausn þar vegna þess að sérfræðingar í bæklunarlækningum og á fleiri sviðum hafa getað bætt við sig frá öðrum landshlutum og hafa leyst þannig úr brýnni þörf. Þannig hefur sú uppbygging, menntun, þekking og aðstaða sem fyrir hendi er á Akureyri nýst landsmönnum öllum að hluta til. En einkum og sér í lagi hefur vantað að gera ráð fyrir þeim auknu útgjöldum sem leiða af ýmiss konar tengdri starfsemi og fylgja óhjákvæmilega auknum umsvifum af þessu tagi. Sami vandi hefur vissulega verið á ferðinni að einhverju leyti á stóru sjúkrastofnununum í Reykjavík. Það er alveg ljóst að við erum að einhverju leyti að glíma við tilhneigingu sem er sambærileg hjá öllum stærri sérhæfðu stofnununum og út af fyrir sig að nokkru leyti í heilbrigðiskerfinu öllu vegna þess að tækninni fleygir fram, lyf eru að þróast og það kostar meira að veita þá fullkomnu og auknu þjónustu

sem okkur er að takast að gera. Þetta er ekki bara íslenskur heldur alþjóðlegur vandi sem menn horfast í augu við og verður að mæta með einhverjum hætti og taka á ekki síður á Akureyri, úti á landsbyggðinni en í Reykjavík þó að það sé líka nauðsynlegt þar.

[16:20]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. kom inn á að það kunni að vera að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sé að taka verkefni sem annars hefði farið annað og þar af leiðandi sé um afleiðingar af pólitískum ákvörunum okkar að ræða. Ég held að þetta sé atriði sem við þurfum fara mjög vandlega yfir. Ég hef verið talsmaður þess að ekki þurfi allir hlutir að gerast á höfuðborgarsvæðinu þó að við séum alþingismenn við Austurvöll. Það er fullt af hæfu fólki út um allt land og aðstaða til þess að sinna margs konar þjónustu og þar á meðal sjúkrahúsaþjónustu.

Við þurfum hins vegar að vita hvert við ætlum að stefna og hvernig við ætlum að gera þessa hluti. Það getur vel verið skynsamlegt að nýta enn frekar aðstöðuna á Sjúkrahúsinu á Akureyri þannig að hægt sé að færa álagið af stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík m.a. þangað. Ég hef sannarlega verið talsmaður þess að svo yrði og ég tel að í rauninni sé eftir nokkur umræða, m.a. í þinginu um það hvernig eigi að standa að því að færa verkefnin til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þar er verið að byggja við sjúkrahúsið og það þarf að átta sig á því hvernig því verður lokið og hvernig rekstrarfjármunir verði tryggðir. Hins vegar stöndum við frammi fyrir því að við höfum ekki nema ákveðnar tekjur ríkissjóðs til þess að skipta milli allra þessara fjölmörgu þátta í ríkiskerfinu og þess vegna þurfum við að gæta þess að leggja ekki af stað, hæstv. forseti, með útgjöld án þess að átta okkur á því að þau geta verið til langs tíma, m.a. útgjöld vegna sendiráða sem er hins vegar allt annað mál.

[16:23]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram að vissulega búum við við ákveðna breytingu við afgreiðslu fjáraukalaga, fjárlaga, framsetningu fjárlaga og afgreiðslu á ríkisreikningi. Þó ég hafi ekki verið hér í ýkjamörg ár, a.m.k. færri en margir hverjir, þá er það mikil breyting frá fyrstu árunum þegar ríkisreikningarnir voru lagðir fram í bunkum og afgreidd mörg ár í einu og vonlaust fyrir þingmenn að átta sig á því eða bera saman hvort þarna væri um raunhæfar tölur að ræða miðað við samþykkt fjárlagaheimilda hvers árs þannig að ég fagna þeirri breytingu sem hefur átt sér stað.

Hins vegar er það þannig með frv. til fjáraukalaga á hverju einasta ári að gamlir kunningjar einkenna það. Við erum aftur og aftur að taka á sömu þáttunum, sömu málaflokkunum, sömu stofnununum og enn og aftur með sama rökstuðningi. Það er mjög mikið vandamál. Vissulega koma upp tilvik þar sem um ófyrirséðan kostnað er að ræða og fjáraukalögin eru ætluð til þess að mæta honum. En mér finnst allt of algengt að þrátt fyrir að við höfum samþykkt lög sem fela í sér ákveðinn kostnað og kostnaðarauka er því ekki mætt í fjárlögum sem koma á eftir samþykkt slíkra frumvarpa heldur er frekar hugað að fjáraukalögum hvers árs. Þetta er auðvitað mjög rangt. Það vantar t.d. enn í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár ýmsa kostnaðarþætti sem búið er að samþykkja og fyrirsjáanlegt er að við þurfum að standa straum af og þá nægir að nefna hér mál eins og samþykkta fjölskyldustefnu og lög er varða réttindi sjúklinga, yfirlýsta stefnu í ofbeldis- og fíkniefnamálum og fleiri sem hægt er að taka þar á.

Það kemur líka á óvart að þrátt fyrir auknar kröfur — og ekki bara kröfur heldur hefur öll sérfræðiaðstoð innan ráðuneyta verið aukin til þess að taka á stöðugri frammúrkeyrslu ef það má orða það svo. Ár eftir ár höfum við sett inn fjárveitingar til hagræðingar og til þess að taka einmitt á þessum þáttum erum við enn og aftur að fást við gamlan kunningja. Búið er að fara mjög vel yfir heilbrigðiskerfið og ég sé kunningja ekki bara síðustu tveggja, þriggja ára heldur síðustu 10 ára því að við erum að taka á sömu vandamálunum og voru 1987 þegar ég kom inn á þing. Ég held að það sé rangt sem hv. varaformaður fjárln. sagði að það væri nú búið að taka sjúkrahúsin í Reykjavík út úr þeirri krísu sem þau hafa verið í. Mér sýnist að það sé alls ekki. Þaðan af síður með heislugæsluna sem hefur verið haldið mjög strangt utan um undanfarin ár. Hún fær um 90 millj. kr. aukningu á fjárlögum næsta ár eða í frv. og þar er ekki tekið á þeim auknu verkefnum sem hefur stöðugt verið bætt á heilsugæsluna. Þrátt fyrir alla bæklingana sem við höfum í höndum um gæðastjórnun, verkefnavísa, samningsstjórnun o.fl. er árangurinn mjög takmarkaður. Ég hef áhyggjur af því að þrátt fyrir samþykkt á lögum um fjárreiður ríkisins, sem Alþingi tók sér þó nokkuð góðan tíma til þess að fjalla um áður en þau voru endanlega afgreidd hér, erum við aftur og aftur með sömu þættina. Mig langar til þess að rekja þetta aðeins út frá því fjáraukalagafrv. sem við erum með núna. Ég hafði hugsað mér að fara yfir heilbrigðiskerfið og það er fyrst og fremst vegna þess að það er önnur þeirra nefnda sem ég sit í. Ég á líka sæti í utanrmn. og það eru ótrúlegir þættir í utanríkisþjónustunni sem koma ævinlega á óvart, jafnvel þó þeir séu árvissir eða framkvæmdir annað hvert ár.

Núna er t.d. undir liðnum Sendiráð, almennt sótt um 101 millj. í viðbótarheimild. Rökstuðningurinn er: Annars vegar er lagt til að 95 millj. kr. verði varið til endurbyggingar á sendiherrabústaðnum í Washington. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á þessu ári að ráðist yrði í endurbyggingu og viðhald hússins þar sem athugun leiddi í ljós verulegan galla á burðarþoli hússins. Hins vegar er farið fram á 6 millj. kr. aukafjárveitingu til kaupa á húsbúnaði og tækjum í skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Helsinki og fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg sem ríkisstjórnin ákvað að komið yrði á fót fyrr á þessu ári.

Áður hafði verið rætt um fastanefndina í Strassborg þannig að sú ákvörðun lá fyrir en ég tek undir það sem fram hefur komið hjá fleiri hv. þm., m.a. varaformanni fjárln., að ákvörðunin um stofnun sendiráðs í Helsinki kom held ég flestum á óvart. Mér þykir það nokkuð skrýtið þar sem fyrr á þessu ári skipaði hæstv. utanrrh. nefnd, sem er starfandi í utanrrn. og hefur verið starfandi, þar sem átti m.a. að taka ákvörðun um stefnu eða ákvörðun um það hvert við stefndum í þessum efnum, hvar væri æskilegt að setja á fót ný sendiráð og hvort þegar tekin er ákvörðun um stofnun nýs sendiráðs þýðir það þá hreina kostnaðaraukningu eða mætti draga úr annars staðar og breyta starfseminni. Eins og kemur fram í gagnrýni, sem hv. þm. Sturla Böðvarsson var með við afgreiðslu eða umræðu um fjárlögin, þá segir hann, með leyfi forseta, þar sem hann vitnar í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu sam-

ráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga." „Telja verður afar hæpið" segir hv. varaformaður fjárln., „að stofnun sendiráðs geti flokkast undir ófyrirséð atvik sem þoli ekki bið."

Ég tek undir þetta sjónarmið hjá hv. þm. og ekki síður með tilliti til þess að sú nefnd sem ég á sæti í meðal annarra er að störfum í ráðuneytinu og þessi ákvörðun kom nefndarmönnum jafnmikið á óvart og öllum öðrum. Það hafði ekki verið rætt þar.

Ef við byrjum á fjáraukalögum fyrir árið 1995. Þar segir um utanrrn. undir liðnum Sendiráð, almennt, með leyfi forseta:

„Farið er fram á aukna fjárheimild að fjárhæð 69,3 millj. kr. Í fyrsta lagi er áætlað að uppsöfnuð umframgjöld fastanefnda og sendiráða nemi nú um 50 millj. kr., en þau skýrast að mestu af því að sparnaðaráform í fjárlögum undanfarinna ára hafa ekki gengið eftir. Þar af eru 43 millj. kr. vegna greiðslustöðu síðasta árs, 14,1 millj. kr. bætast við í ár vegna breyttra aðstæðna hjá fastanefnd í Genf og búrferlaflutningum hjá sendiráðum í Washington og London, en á móti vegur 7,8 millj. kr. lækkun vegna hagstæðrar gengisþróunar á árinu. Í annan stað hefur ríkisskattstjóri úrskurðað að greiða beri tryggingagjald af staðaruppbótum starfsmanna sendiráða erlendis, en þær nema um 10 millj. kr. á ári, eða samtals 20 millj. kr. fyrir árin 1994 og 1995."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Með viðbótarframlaginu yrði allur halli þessara stofnana jafnaður og þar með gert ráð fyrir að starfsumfang þeirra á komandi árum haldist í hendur við þær fjárveitingar sem markaðar verða í fjárlögum."

Þá kemur árið 1996 og þar segir um utanrrn. undir liðnum Sendiráð, almennt, með leyfi forseta:

„Lagt er til að veitt verði 14,5 millj. kr. viðbótarframlag vegna umframgjalda í rekstri sendiráða og fastanefnda. Utanrrn. gerði í upphafi ársins áætlun um að jafnvægi yrði milli útgjalda og fjárveitinga á árinu, enda var veitt 69,3 millj. kr. framlag í fjáraukalögum 1995 til að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla. Síðan hefur komið fram kostnaður sem þær áætlanir gerðu ekki ráð fyrir, einkum hjá sendiráði Íslands í Brussel, París og" — enn einu sinni — „Washington. Útgjaldaaukningin stafar að mestu af hækkunarákvæðum í húsaleigusamningum, breyttri samsetningu starfsmanna og fjölgunar starfsmanna frá öðrum fagráðuneytum. Gerð hefur verið sambærileg hækkun á framlögum til þessarar starfsemi í frv. til fjárlaga ársins 1997."

Og það er sama árið og við erum að ræða núna með fjáraukalögum og gerir þar enn og aftur ráð fyrir verulegri hækkun.

Það er annað sem stingur sérstaklega í augu í þessu. Það er nú reyndar margt sem varðar utanrrn. en tíminn er takmarkaður og hægt að ræða þetta betur síðar. Í liðnum utanrrn., aðalskrifstofa, árið 1995, er t.d. farið fram á að kostnaður ráðuneytisins verði bættur,... vegna heræfingarinnar Norður-Víkingur sem fór fram fyrr á árinu 2,3 millj. kr., en ekki var gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum." Þetta er árið 1995. Hvað kemur svo árið 1997?

„Sótt er um 11 millj. kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði við varnaræfingarnar Samvörður, 7 millj. kr., og Norður-Víkingur, 4 millj. kr., en ekki var gert ráð fyrir honum í fjárlögum þessa árs."

Hvernig í ósköpunum stendur á því að það gerist hjá einu ráðuneyti að það gerir sér ekki grein fyrir því að hér skuli fara fram heræfingar af þessu tagi? Er það bara ákvörðun sem dettur niður á borð hæstv. utanrrh. bara rétt um það bil sem æfingin á að eiga sér stað? Það er alveg með ólíkindum hvernig þessir kunningjar dúkka hér upp aftur og aftur.

Tökum annað dæmi. Árið 1996 er farið fram á í frv. til fjáraukalaga sem síðan var samþykkt undir liðnum Ýmis verkefni.

„Sótt er um aukna heimild að fjárhæð 12 millj. kr. til að mæta áætluðum útgjöldum vegna forræðismáls Sophiu Hansen í Tyrklandi á þessu ári."

Þessi tillaga var samþykkt. Hún var samþykkt. Hér er ég með ríkisreikning fyrir árið 1996 þar sem þessi 12 millj. kr. fjárveiting var samþykkt og ég get því miður ekki, virðulegi forseti, fundið í ríkisreikningi fyrir árið 1996 í hvað þessar 12 millj. kr. hafa farið. Þar stendur um þessi Ýmis verkefni og almennan rekstur: „Til einstaklinga, samtaka og heimila, 2,9 millj. kr., reikningur 1996, fjárheimildir 1996 1,7 millj. kr." Má vera að þetta sé fært undir ýmsa aðra liði. En það er kannski full ástæða til að þetta ágæta ráðuneyti, utanrrn., geri þá fulla grein fyrir því, í hvað þessir peningar fór og hvernig þeir voru nýttir þegar það kemur núna á daginn í fjáraukalagafrv. fyrir árið 1997 að: „Óskað er eftir 5,2 millj. kr. aukafjárveitingu vegna útgjalda sem hljótast af aðstoð ráðuneytis við forræðismál í Tyrklandi." Þarna erum við komin með 17,2 millj. verði þetta samþykkt sem ég vona að það verði. Þetta mál er ekkert sem dettur inn á borðið. Þetta er sjö ára gamalt. Það er ekki alveg ófyrirséð. Menn vissu um áramótin að þeir þyrftu að mæta þessum kostnaði. Menn vissu það við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 vegna þess að farið hafði verið fram á þessa aukafjárveitingu. En það er alveg lágmark þegar beðið er um viðbótarheimild, að gerð sé á skýran hátt grein fyrir því í hvað 12 millj. kr. fóru sem búið var að samþykkja sem aukaframlög áður. Svona vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Ég var búin að fara á svipaðan hátt yfir það ráðuneyti eða þá starfsemi sem, eins og ég segi, þekki einna best miðað við fjárlög hvers árs, þ.e. starfsemi heilbrrn. En það eru auðvitað fleiri þættir sem hægt er að fara yfir á nákvæmlega sama hátt og nægir þar t.d. að nefna Hollustuvernd ríkisins hjá umhvrn. sem er gamall kunningi, held ég, allra þeirra sem hafa setið í fjárln. undanfarin ár. Þessi stofnun fékk á síðasta ári verulega hækkun á fjárlögum þess árs og tekið var fram að rétt eina ferðina væri þar verið að mæta uppsöfnuðum halla og nýjum verkefnum Hollustuverndar ríkisins. Það er ekki nema von að menn hafi ekki áttað sig á nýjum verkefnum sem auðvitað voru alveg ófyrirséð. Þau voru samþykkt með EES-samningnum sem var samþykktur 1992. Það er ekki nema von að menn hafi ekki áttað sig á því enn hvaða verkefni fylgdu honum. Það er nú ekki nema von að það liggi ekki ljóst fyrir enn. En þrátt fyrir rökstuðninginn sem er í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár, fyrir árið þar áður og fjáraukalögin, þá er þetta enn komið hér, með leyfi forseta:

„Óskað er eftir 11,4 millj. kr. viðbótarframlagi til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sem Hollustuvernd ríkisins hefur átt við að etja undanfarin ár, en verkefni stofnunarinnar hafa farið vaxandi, m.a. vegna ýmissa tilskipana Evrópu-

sambandsins. Að frátöldum þessum halla er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan fjárheimilda á þessu ári.“

Það er, virðulegi forseti, fróðlegt að skoða og bera saman það sem farið er yfir í grg. frv. til fjárlaga. Það er mjög þakkarvert að greinargerðir fjárlagafrv. hvers árs eru orðnar ítarlegri og farið betur þar yfir ýmsar stofnanir en áður var gert. En í grg. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 — og þessi tillaga var samþykkt — segir, með leyfi forseta:

„Framlag til Hollustuverndar ríkisins hækkar um 22,4 millj. og verður 130,7 millj. kr.“

Síðan er þess getið að farið hafi verið alveg sérstaklega yfir þennan rekstur. En það sem kemur mér hvað enn meira á óvart er hluti af þessari fjárhæð sem kemur á hækkun fyrir þetta ár, 1997. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokum er í samkomulaginu lögð til 15 millj. kr. hækkun í frv. en af þeirri fjárhæð eru 8 millj. kr. bundnar við árið 1997 og skal koma til skoðunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1998.“

Síðan kemur auðvitað á árinu 1998 eðlileg hækkun. Ofan á þessa heimild er síðan verið að biðja um þessa aukafjárveitingu. Verkefni þessarar stofnunar sem og margra annarra stofnana ríkisins eru þekkt og við erum hér að samþykkja lög og reglur sem fela þessum stofnunum mjög mikilvæg verkefni. Ég efast ekkert um það eitt augnablik að Hollustuvernd ríkisins hefur mjög mikilvægum verkefnum að sinna. En það náttúrlega getur ekki gengið svona ár eftir ár að þingheimi sé þá ekki gert ljóst við afgreiðslu fjárlaga hvers árs hver raunverulegur kostnaður þessara verkefna er. Það getur einfaldlega ekki gengið upp.

Virðulegi forseti. Tími minn er búinn en ég vil aðeins ítreka varðandi þessi tvö ráðuneyti, þessar stofnanir og þá kannski fyrst og fremst það sem snýr að utanrrn., að í því sem ég hef rakið frá 1995 — ég hefði, virðulegi forseti, getað tekið fjáraukalög miklu lengra aftur í tímann — er alls staðar og alltaf sama sagan. Á þessu verður að taka.

[16:42]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. upplýsir hér að hún sé í nefnd sem eigi að fjalla um forgangsröð í erlendum sendiráðum og það er mjög undarlegt ef hv. þm. er í slíkri nefnd og hefur ekki heyrt um þann forgang sem sendiráðið í Helsinki hefur haft um árabil. Það eru 15 ár síðan Finnar opnuðu sendiráð hér og hafa kallað á gagnkvæmni allan þennan tíma. Ég ætla ekki að blanda mér í þær sendiráðsumræður um Helsinki meira en þetta, en hins vegar þykir mér undarlegt ef það liggur ekki fyrir hver forgangur hefur verið í þessu máli.

En annað er sem var alvarlegri aðdróttun í máli hv. þm. Ég heyrði ekki betur en að í ræðu sinn hefði hv. þm. dróttað að því að utanrrn. hefði notað hinn mikla harmleik í Tyrklandi til að hala fé inn í ráðuneytið. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir og ég skora á hv. þm. að skýra það út hér hvers vegna hún dregur þetta mál inn í þessa umræðu.

[16:44]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta hafði þeirri nefnd sem er að fjalla um forgangsröðun verkefna, m.a. staðsetningu sendiráða, ekki verið gerð grein fyrir því að þessi ákvörðun hefði þá þegar verið tekin. Við héldum að við værum að fjalla um alla þessa hluti sem einn heilan pakka, en það var ekki svo. Við fréttum af þessu eins og aðrir þegar ákvörðun var tekin. Hún var ekkert rædd áður í nefndinni.

Það er alrangt hjá hv. þm. að ég hafi talið að ráðuneytið notaði þann harmleik sem á sér stað í Tyrklandi, forræðismál Sophiu Hansen, að ég hafi sagt að ráðuneytið hafi notað það til þess að hala inn fé, það er rangt. Ég sagði aðeins: Núna er verið að biðja um aukafjárveitingu. 12 millj. kr. aukafjárveiting var samþykkt hér á síðasta ári og ég get ekki fundið þess stað í reikningunum í hvað 12 millj. kr. fóru og það er eðlilegt að okkur sé gerð grein fyrir því. Ég veit að þetta mál allt saman er mjög dýrt og ég veit að Sophia Hansen hefur borið af því stærsta kostnaðinn sjálf. En það er fullkomlega eðlilegt þegar beðið er um aukafjárveitingu á ný að þá sé gerð grein fyrir því í hvað kostnaðurinn fór. Það fólst engin aðdróttun í þeim orðum mínum, engin.

[16:45]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir gott að heyra að engin aðdróttun hafi falist í orðum hv. þm. og náttúrlega er alveg ljóst að mikil samstaða er í þjóðfélaginu um að að hjálpa til. Þetta mál hefur kostað mikla fjármuni og ég skil ekki hvers vegna verið er að draga það inn í umræðuna um fjáraukalög. Vissulega er hægt að kalla eftir því hvaða ráðstöfun hefur verið á fjármununum en ég skil ekki hvaða erindi það á inn í þá umræðu þegar verið er að deila almennt á utanrrn. fyrir útþenslu að blanda þessu máli þá inn í sem öll þjóðin er sammála um að taka á og reyna að aðstoða í þeim hörmulegu málum sem þarna er um að ræða.

[16:47]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru ómerkilegar aðdróttanir. Að draga þetta mál inn í umræðuna er einfaldlega gert vegna þess að í frv. til fjáraukalaga fyrir þetta ár er óskað eftir 5,2 millj. kr. aukafjárveitingu vegna málsins. Það er bara þannig, hafi hv. þm. ekki kynnt sér það, og áður hefur farið fram umræða og meðal þingmanna er einhugur enda var það þannig við afgreiðsluna á 12 millj. kr. aukafjárveitingunni á síðasta ári. Það var einhugur. En það segir sig samt sjálft að það er eðlilegt að það sé hugsað til þess hver þessi kostnaður er þegar við sjáum það ekki beint í ríkisreikningi. Ég veit að utanrrn. hefur veitt Sophiu Hansen mjög mikinn styrk, ég veit það og ég veit að sérstaklega einn sendiherra, Ólafur Egilsson, hefur staðið sig með afbrigðum vel í þessu máli. Það hefur enginn dregið í efa. En að fara með aðdróttanir eins og hv. þm. gerir er engum til sóma.

[16:48]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Virðulegur forseti. Það var kominn tími til að snúa blaðinu við í rekstri ríkissjóðs. Mörg undanfarin ár hefur hann því miður verið rekinn með halla og því er gleðilegt að afkoma hans er nú betri en ráð var fyrir gert í fjárlögum fyrir árið 1997 sem nemur 2,7 milljörðum. Það er líka gleðilegt að þess vegna skuli vera hægt að innkalla spariskírteini þó að það kosti 4 milljarða nú til þess að létta á vaxtagreiðslum og fjármagnskostnaði í framtíðinni.

Þó svo að það bókhald sem við notum núna sýni ekki hallalaus fjárlög er þessi aðgerð betri en að sýna hallalaus fjárlög þegar við getum gert þetta sem nýtist okkur svo vel í framtíðinni. Eins og fram hefur komið í umræðunni hafa áætlanir í fjárlagagerðinni verið að batna en það var t.d. gert ráð fyrir 3,5% launahækkunum á árinu en þær fóru 500 millj. kr. fram úr því. Við þessu er ekki hægt að sjá og þess vegna

er nauðsynlegt að leggja fram fjáraukalög til þess að leiðrétta slíkt.

Ég get tekið undir að margt af því sem kemur fram í fjáraukalagafrv. ætti að vera fyrirséð. Má kannski segja að sum ráðuneyti skeri sig frekar úr þar en önnur. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem menn hafa verið að reyna að bæta og þarf að gera enn betur í því. Sumar af þeim breytingum sem koma fram í fjáraukalagafrv. eru nánast tæknilegar og má þar nefna nokkur atriði eins og spilliefnasjóð sem kemur inn bæði tekju- og gjaldamegin þar sem gert er ráð fyrir 50 millj. kr. tekjum en 53 millj. kr. útgjöldum þannig að kostnaðarauki af því eru 3 millj. kr.

Önnur atriði eru eins og löggildingarstofan þar sem svipuð rök eiga við. Markaðar tekjur til vegagerðar hafa aukist um 215 millj. kr. og það var reyndar búið að gera ráð fyrir 150 millj. af því við gerð vegáætlunar á vorþingi en til viðbótar koma núna 65 millj.

Orð hv. 5. þm. Vestf. um vegaframkvæmdir á Skeiðarársandi komu mér nokkuð á óvart. Við búum í landi elds og ísa og verðum að geta brugðist við óvæntum náttúruhamförum. Það er bara einu sinni svo að þetta er það sem yfir okkur dynur. Þegar farið var að hanna brúna yfir Gígjukvísl í sumar kom í ljós að skynsamlegt væri að hafa hana heldur öflugra mannvirki en gert hafði verið ráð fyrir í vor. Auðvitað er skynsamlegt að bregðast við því og bæta við inn í þennan pakka til þess að hægt sé að byggja það mannvirki sem við getum ímyndað okkur að komi til með að duga þegar slíkar hamfarir bresta á aftur.

Ég er hins vegar sammála hv. 5. þm. Vestf. um að það er heldur hvimleitt að það skuli þurfa að nota þessar aðferðir við að reyta 60 millj. kr. af landsbyggðarsjúkrahúsunum. Ég held að það hefði mátt nota aðrar aðferðir, undirbyggja þá aðgerð betur sem þarna var gerð. Það segir sig sjálft að þessar aðferðir valda miklu óöryggi og óróleika hjá starfsfólki og sjúklingum sem er alger óþarfi ef öðruvísi er unnið að málunum.

Ég tel einnig rétt að vekja athygli á því að það á eftir að skipta sparnaðinum niður á sjúkrahúsin. Það er ekki gert í frv. þannig að ætlast er til að það komi inn í vinnu fjárln. og mun hún væntanlega fá tillögur þar um inn á sitt borð. Hins vegar er ljóst að þó að þessar aðferðir hafi verið notaðar við sparnaðartillögur hafa stjórnendur landsbyggðarsjúkrahúsanna brugðist vel við með því að fara í mikla vinnu við endurskipulagningu sem er í sjálfu sér gott. Þeir hafa farið í gegnum sinn rekstur, sem skilar sér væntanlega í einhverjum sparnaði. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að skilgreina þá þjónustu sem á að fara fram á þessum sjúkrahúsum og reyna að veita fé til hennar samkvæmt því og tryggja hana. Það segir sig sjálft að í tímans rás breytast aðstæður og samgöngur batna og ekki byggjum við upp hátæknisjúkrahús alls staðar. Við verðum að líta á þau sem sterkar og miklar stofnanir en einhverja þjónustu verðum við að veita út um land sem er nauðsynlegt að skilgreina mjög vandlega.

Ef sú aðferð eða aðgerð sem er kölluð fram varðandi sparnað á landsbyggðarsjúkrahúsunum verður að veruleika er algerlega nauðsynlegt að taka á þeim uppsafnaða halla sem er á sjúkrahúsunum. Í ljós hefur komið og upplýsingar komu um það til fjárln. að á þeim mörgum hverjum er uppsafnaður halli til margra ára. Við því verður bregðast ef á að nota þessar aðferðir við það að skera niður þá verður að ljúka fyrri rekstrarárum þannig að til þeirra komi fé til þess að klára þennan halla.

Fjárln. mun væntanlega taka þessi mál til umfjöllunar ásamt öðrum erindum sem eiga eftir að koma í ljós fram að afgreiðslu frv. í þinginu. Ráðuneytin hafa nú þegar komið með erindi til fjárln. og kynnt þau sem nauðsynlegt er að taka á. Þar eru mörg úrlausnarefni sem við verðum að leysa sem hafa ekki ratað inn í fjáraukalagafrv. en fjárln. mun væntanlega vinna úr þeim þegar að því kemur.

[16:58]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka fyrir hana og ég tel hana hafa verið mikilvæga og ég held að í framtíðinni hljóti það að gerast að umræðan um fjáraukalögin og fjárlög muni fara saman og menn munu líta á þetta í heild sinni.

Ég ætla ekki hér og nú að ræða mikið af því sem hefur komið fram í ræðum einstakra þingmanna. Ég hef nokkrum sinnum komið upp til andsvara til þess að leggja áherslu á einhver sérstök sjónarmið en tek undir að nefndin hlýtur að skoða þau mál sem eru til skoðunar í störfum sínum.

Ég vil þó vegna ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur nota þetta tækifæri til þess að segja nokkur orð um eðli fjáraukalaganna. Ég tek fram að mér er kunnugt um að hv. þm. er ekki við, þurfti að hverfa af fundinum til annarra starfa. Ég mun ekki ráðast að hv. þm. nema síður sé heldur kannski fremur taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm.

Ég held að þegar við lítum á fjáraukalögin sé hægt að benda á, og ég er ekki með neitt ráðuneyti í huga þegar ég segi þetta, að í mörgum tilvikum virðast ráðuneytin eiga bágt með að skynja þá alvöru sem býr í rammafjárlögunum. Með rammafjárlögum er verið að færa vald frá fjmrn. til einstakra ráðuneyta annarra. Það er verið að færa það vald að ráðherra í hverjum málaflokki getur innan fjárlagarammans komið með tillögur um það til ríkisstjórnarinnar, eða til þingsins ef um er að ræða lagabreytingar, að ráðstöfun fjárheimildanna verði með þeim hætti sem hann kýs að leggja áherslu á. Þetta er ákaflega mikilvægt því að þetta gerir kerfið sveigjanlegra og gerir viðkomandi ráðherra ábyrgari. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. og ég tek mjög skilmerkilega fram að ég er ekki að tala um neitt einstakt ráðuneyti sem hún gerði, hún tók það sem dæmi, að ef menn ætla að nota þessar leikreglur sem rammafjárlögin byggja á þá geta menn ekki búið sér til ný fjárlög í fjáraukalögunum. Ég vil leggja á það áherslu, það er ekkert leyndarmál og svo sem ekkert nýtt, það vita allir sem hafa hlustað á mín viðhorf, að ég tel að ráðuneytin eigi að vanda sig meira í fjárlagagerðinni og koma í veg fyrir að það þurfi að grípa til aukafjárveitinga á fjárlagaárinu oft vegna þess að undirbúningurinn hefur ekki verið nógu góður. Þetta hefur batnað en er ekki orðið nægilega gott. Ég tel enga ástæðu til þess að koma upp í ræðustólinn og lýsa því yfir að þetta sé allt orðið harla gott og það geti ekki verið betra. Það er fráleitt.

Það er einnig ljóst að við þurfum á grundvelli fjárreiðulaganna að athuga sérstaklega hvernig samskipti fjmrn. annars vegar og fjárln. hins vegar eiga að vera í framtíðinni og hver kemur fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þegar nauðsynlegt er að gera breytingar á fjárheimildum og þá væntanlega með aukafjárveitingar í huga því vissulega geta komið upp mál sem eru þess eðlis að ekki verður hjá því komist að afla heimilda og greiða. Þetta er ekki sagt af minni hálfu til að ráðast á eitt ráðuneyti öðru fremur, heldur sem almenn áminning til okkar allra sem störfum í ráðuneytunum um stundarsakir

með stöðuumboð frá Alþingi á grundvelli þingræðisreglunnar. Við getum vandað okkur meira og eigum að gera það. Ég kemst þó ekki hjá því að segja að við höfum reynt á undanförnum árum að vinna að ýmsum vandamálum sem upp hafa komið, á þessum svokölluðu gömlu kunningjum sem skjóta alltaf upp kollinum frá einu ári til annars. Það er vissulega svo, af því að hv. þm. nefndi Hollustuvernd ríkisins, að upp kemur spurning sem stjórnvöld verða að svara: Ætlum við að láta stofnun eins og Hollustuverndina vaxa alltaf í því skjóli að sífellt berast að okkur tilskipanir frá Evrópubandalaginu. Ég er ekkert viss um að það sé alveg sjálfsagt. Ég tel t.d. að ríkisstjórnin og Alþingi verði að svara því hvort eðlilegt sé að skattgreiðendur standi undir þessum kostnaði eða hvort neytendur eigi að gera það. Það eru ekki alltaf sömu mennirnir. Það er ekki alltaf sama fólkið. Ef t.d. er verið að efla Hollustuvernd ríkisins vegna þess að sú stofnun þarf að hafa eftirlit með innflutningi á einhverjum tilteknum vöruflokki, er ekki eðlilegra að kostnaðurinn framkallist í vöruverðinu fremur en í hærri skattgreiðslum sem allir bera þó það sé ekki svo að allir kaupi viðkomandi vöru? Þetta eru spurningar sem stjórnvöld þurfa að svara.

Ég vil nefna að nú starfar nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar undir forustu forsrn. sem er einmitt að fara yfir þennan eftirlitsiðnað eins og hann hefur stundum verið kallaður. Það er mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld eins og stjórnir í öðrum ríkjum átti sig á því að oft er verið að safna upp óþarfa kostnaði hjá slíkum stofnunum vegna þess að það er mikil tilhneiging til þess að gera alltaf allt eins og gert er annars staðar jafnvel þar sem það er dýrast að reka slíka hluti.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að teygja lopann mikið um þetta mál sem hér er til umræðu. Ég vil taka undir margt af því sem hefur verið sagt. Sérstaklega er ég ánægður með að heyra þau viðhorf hv. þingmanna að þeir telja eins og ég að það eigi að forðast sem mest að setja fjárheimildir á fjáraukalög og að menn þurfi þeim mun betur að vanda sig við sjálfa fjárlagagerðina. Undir þetta vil ég taka. En ég vil jafnframt segja að aldrei verða fjárlögin svo góð að ekki þurfi að laga þau eitthvað þegar líður fram á fjárlagaárið enda gera sér allir grein fyrir því að fjárlög íslenska ríkisins, eins og fjárlög annarra ríkja, byggja á áætlunum um það til hvers við ætlum að nota fjármuni ríkisins á næsta ári en ekki á nákvæmum vísindum, þó við viljum að sjálfsögðu hafa niðurstöður og halda niðurstöður hv. Alþingis í heiðri í þessari löggjöf eins og annarri.

[17:06]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. fjmrh. geri nánar grein fyrir þeim yfirlýsingum sem hann gaf hér undir lok umræðunnar um eftirlitsiðnaðinn sem hann kallar svo. Hann vísar þá væntanlega til Vinnueftirlitsins, til Hollustuverndar og til margvíslegs öryggiseftirlits sem er á vegum hins opinbera. Hvað stendur fyrir dyrum? Hvað hefur þeirri nefnd verið sett fyrir sem hann vísar til að starfi á vegum forsrn. um endurskoðun á þessari starfsemi allri? Á að halda áfram á þeirri braut sem ríkisstjórnin hefur þegar markað, þ.e. að einkavæða þessa þætti, að gera þessa starfsemi alla dýrari en hún hefur verið? Í lok síðasta árs var tekið mjög afdrifaríkt skref varðandi Rafmagnseftirlitið sem var einkavætt og hefur sannarlega orðið dýrara fyrir vikið. Ég held að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. geri nánari grein fyrir því hvað hann á við.

[17:07]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf skemmtilegt þegar hv. þm. birtist í salnum og heyrir eitthvað sem hann telur að sé andstyggilegt og að hann þurfi að koma hér til andsvara.

Það vill svo til ég var í ræðu minni — en það hefur áreiðanlega farið fram hjá hv. þm. — að taka undir sjónarmið formanns Alþb. En ég skil núna eftir ræðu hv. þm. hvers vegna þingflokkurinn heitir þingflokkur Alþb. og óháðra. Það virðist liggja í því að sumir eru óháðari formanni Alþb. en aðrir.

Það sem málið snýst um er að ár eftir ár hefur það gerst að útgjöld Hollustuverndar ríkisins hafa vaxið og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði athugasemdir við það. Það eina sem ég var að segja hér, að minnsta kosti var það aðalatriði málsins, var að það væri spurning hver ætti að borga þennan kostnað. Mín niðurstaða var sú að það gæti í sumum tilvikum verið heppilegra að kostnaðurinn væri greiddur af neytendum fremur en skattgreiðendum. Í vissum tilvikum þyrftu menn jafnvel að kanna hvort ástæða væri til að eltast við allt það sem að utan kemur, jafnvel þótt í mörgum tilvikum sé það gott. Ég sagði að nefnd væri að starfa að þessum málum. Þetta er auðvitað áhyggjuefni víða um lönd því að vissulega, og það er kannski aðalatriði málsins fyrst hv. þm. vekur athygli á því, þarf að átta sig á því að stofnanir eins og þessi eru til þess að hjálpa okkur til að taka ákvarðanir um það hvers við neytum en ekki til að ala önn fyrir ríkisstarfsmönnum.

[17:09]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla þessum makalausa málflutningi og makalausu útúrsnúningum af hálfu hæstv. fjmrh. Ég er að reyna að efna hér til málefnalegra skoðanaskipta. Ég er búinn að fylgjast með allri þessari umræðu og hef tekið þátt í umræðu um þessi efni og fjárlögin almennt og um fjármálastjórn Friðriks Sophussonar, hæstv. fjmrh., og jafnan reynt að setja mig inn í þau mál og færa rök fyrir mínu máli og ég vísa á bug útúrsnúningum af þessu tagi. En ég minni menn á að þegar þessir málaflokkar hafa verið til umræðu, mjög umdeildar ákvarðanir sem teknar hafa verið, eins og t.d. um einkavæðingu Rafmagnseftirlits ríkisins þá hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar jafnan verið reynt að drepa umræðunni á dreif. Ég minni á lokaumræðuna um einkavæðingu Rafmagnseftirlits ríkisins sem fram fór hér í þingsölum í lok síðasta árs. Hvenær skyldi hún hafa hafist? Hvenær sólarhrings skyldi hún hafa hafist? Klukkan hálffjögur um nótt. Undir morgun. Þá voru þessi mál rædd og þá voru teknar afdrifaríkar ákvarðanir sem síðan hafa sannarlega leitt til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð og minna öryggis og lakara fyrir samborgarana. Mér er hins vegar fullkunnugt um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að fylgja þeirri pólitísku stefnu að láta notandann jafnan greiða fyrir þjónustuna og markaðsvæða alla framkvæmdina. Þetta eru menn að reyna að gera í heilsugæslunni og velferðarþjónustunni með margvíslegum gjöldum þar. Síðan á líka að innleiða þetta í eftirlitsstarfsemi sem þeir kalla nú eftirlitsiðnaðinn. En ef það er einhver starfsemi sem ætti að vera óháð viðskiptahagsmunum þá er það einmitt þessi.

[17:12]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig svara hv. þm. fullkomlega málefnalega. (**ÖJ:** Nei, þetta voru útúrsnúningar.) Og ef ég

má hafa orðið smástund — ég heyri að hv. þm. er órólegur — þá var ég að gera það að gefnu tilefni vegna þess að formaður flokks hans hafði gert hér málefnalegar athugasemdir sem ég var að taka undir og ég gaf málefnaleg svör að öllu öðru leyti en því að ég leyfði mér svona í gamni að benda á að hv. þm. væri í óháða hluta síns flokks. Það var auðvitað sagt í gamni. Ég sé ekki betur en hv. þm. sé ekkert óháður í sínum flokki. Hann er fullkomlega háður honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÁE o.fl., 15. mál (launaviðmiðun lífeyrisgreiðslna o.fl.). — Þskj. 15.

[17:13]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 15 flyt ég ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur frv. til laga um að ákvæði til bráðabirgða 6 í lögunum um almannatryggingar, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, falli brott og að lög þessi öðlast þegar gildi.

Hér er fjallað um að tengja greiðslur úr almannatryggingakerfinu aftur við launabreytingar. Þetta var afnumið af hálfu núv. ríkisstjórnar með bráðabirgðaákvæði árið 1995 og þá var ákveðið að hækkanir þessara greiðslna kæmu fram á fjárlögum hverju sinni. Þær greiðslur sem um ræðir eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, tekjutrygging, barnalífeyrir, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Þetta eru allar bætur almannatryggingakerfisins.

Þá var sagt, herra forseti, að kerfisbreytingin ætti ekki að leiða til þess að skerða ætti bætur eða skapa óöryggi hjá eldri borgurum. Annað hefur komið í ljós. Stjórnarandstæðingar börðust gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og lögðu fram tillögur sem voru felldar á hinu háa Alþingi en það er eiginlega fyrst eftir að eldri borgarar sjálfir tóku málin í sínar hendur með ötulli baráttu að málið fékk þá umræðu í þjóðfélaginu sem það á skilið. Þegar kjarasamningar voru gerðir í vor kom fram að bætur eða greiðslur úr almannatryggingakerfinu tóku ekki mið af þeim breytingum. Þá voru þær hækkaðar lítillega og það var ekki fyrr en Kjaradómur ákvað æðstu embættismönnum hærri laun að ríkisstjórnin lét undan fyrst og fremst vegna baráttu Félags eldri borgara, Aðgerðahóps aldraðra og annarra félaga í Landssambandi aldraðra.

Eldri borgarar eru 27 þúsund hérlendis, þ.e. yfir 67 ára aldri, og það þarf að hafa skýrt í huga að staða þeirra er misjöfn. Sumir hafa það ágætt á efri árum, aðrir hafa það mjög slæmt og margir eldri borgarar eru sárafátækir og eru algerlega háðir þeim greiðslum sem berast úr almannatryggingakerfinu. Allir eldri borgarar, þessir 27 þúsund einstaklingar, eiga tvennt sameiginlegt. Þeir hafa byggt upp þjóðfélagið framar annarri kynslóð hérlendis með starfi sínu undanfarna áratugi. Þetta fólk hefur skilað góðu búi í hendur mér eða annarra þingmanna sem eru kynslóð á eftir en annað er því sameiginlegt. Þetta fólk hefur verið niðurlægt af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það er sett í þá stöðu að þurfa að koma sem bónbjargafólk þegar hækka á bætur úr almannatryggingakerfinu og það er óþolandi staða gagnvart þeirri kynslóð sem hefur lagt svo mikið til uppbyggingar þjóðfélagsins.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að afnema alla sjálfvirka tengingu og hækka síðan eftir því sem henni passar, aðallega eftir þrýstingi af hálfu aðila úr þessu umhverfi sem ég nefndi áðan. Ef það væri stefna ríkisstjórnarinnar að vilja gera gott við þetta fólk væri hægt að samþykkja þetta frv. okkar stjórnarandstæðinga og bæta við heimildum til sérstakrar hækkunar greiðslna úr almannatryggingakerfinu ef mönnum sýndist svo. En það er ekki það sem ríkisstjórnin ætlar að gera.

Með þessu er skapað óöryggi hjá fólki sem á það ekki skilið og þess vegna leggjum við til að gamla tengingin við launaviðmiðanir verði sett aftur í lög. Með fyrirkomulagi ríkisstjórnarinnar eru eldri borgarar settir undir geðþóttaákvarðanir stjórnvalda hvers tíma. Það á ekki að gera það gagnvart þessum hóp, einfaldlega vegna þess að forsagan hefur sýnt okkur annað. Oft og tíðum hefur verið gengið frá kjarasamningum og þá hafa bætur úr almannatryggingakerfinu oftar en ekki verið látnar taka mið af hækkun lægstu taxta. Þetta þekkja allir þegar kjarasamningum er lokið með þríhliða viðræðum verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og ríkisvalds. Fjölmörg dæmi eru fyrir slíku.

Í fjárlagafrv. sem við ræddum um daginn er boðuð breyting á þessu máli. Nú ætlar ríkisstjórnin að gera stefnu sína varanlega því að á sínum tíma setti hún þessa löggjöf, afnámin, til bráðabirgða og bráðabirgðaákvæðið á að renna út um næstu áramót. Það er þetta bráðabirgðaákvæði sem við gerum tillögu um að fella niður. Í fjárlagafrv. er búið að boða frv. um að þetta skuli vera varanlegt. Í umræðu á hinu háa Alþingi staðfesti fjmrh. vilja ríkisstjórnarinnar. Óöryggið á að ríkja áfram gagnvart þessum hóp.

Efh.- og viðskn. hélt athyglisverðan fund um daginn, heilsdagssemínar um samspil greiðslna úr almannatryggingakerfi, skattkerfis og lífeyrissjóðakerfis og fékk til sín fjölmarga fyrirlesara. Þetta var ráðstefna sem við héldum í einn dag. Mér þykir sérstök ástæða til að geta um nokkur atriði sem komu fram, m.a. erindi sem Páll Gíslason, formaður Félags eldri borgara, flutti á þessum lokaða fundi efh.- og viðskn. Þar kom m.a. fram og það er staðreynd að verið er að endurskoða almannatryggingakerfið með sérstakri nefnd sem hefur ekki komið saman í níu mánuði. Það er allur hraðinn gagnvart þessu fólki, nefndin hefur ekki fundað í níu mánuði.

Það hefur líka komið fram hjá Aðgerðahópi aldraðra að ellilífeyririnn hefur lækkað um helming á 10 árum, farið úr 30 þús. kr. niður í 14 þús. og hann hefur einnig lækkað ef tekið er tillit til tekjutryggingar og heimilisuppbóta þannig að greiðslur úr almannatryggingakerfinu eru lægri núna en þær voru fyrir nokkrum árum. Okkur hefur ekki miðað fram á við gagnvart eldri borgurum, okkur hefur miðað aftur á bak á síðustu árum.

Nú þarf að hafa í huga að eldri borgarar eru ekki að fá neina ölmusu úr þessu kerfi samhjálpar. Þeir hafa greitt í þetta margfaldar þær fjárhæðir og lagt margfalt meira til samfélagsins en það sem þeir fá greitt á síðari hluta ævi sinnar. Tekjutengingin í kerfinu er einnig orðin þannig að það er komin króna á móti krónu og sýnt hefur verið fram á í mjög einföldu dæmi af hálfu félaga úr Aðgerðahópi aldraðra og Félags eldri borgara að ef ellilífeyrisþegi fengi 10 þúsund króna hækkun úr lífeyrissjóði sínum einhverra hluta vegna mundi rýrast bæði tekjutrygging og heimilisuppbót og hann stæði verr eftir en áður. Hann mundi beinlínis tapa á að fá 10 þús. kr. aukalega úr lífeyrissjóðskerfinu.

Á þessu sést vel að við erum komnir í ógöngur gagnvart

þessu kerfi. Það er ekki bara það sem tengist greiðslunum úr almannatryggingakerfinu heldur einnig sem tengist heilbrigðisþjónustunni þó að ekki sé rætt um það í tengslum við þetta frv. Þá vitum við að þar hefur ríkisstjórnin einnig verið óspör á að skera niður eðlilega þjónustu fyrir borgara landsins og þá ekki hvað síst þjónustu eldri borgara sem hafa ekki í önnur hús að venda. Nýjasta dæmið og kannski það sorglegasta er að fylgjast með því hvernig veikt fólk er orðið að leiksoppi í kjaradeilu sérfræðinga og Tryggingastofnunar. Það er átakanlegt að horfa upp á hve lítil samkennd og samhjálp einkennir þjóðfélagið og þá einkum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það eru 23 þúsund manns sem fá um 11 milljarða greitt í ellilífeyri. Það eru 8 þús. manns með 4 milljarða árlega í örorkugreiðslu.

Eldri borgarar hafa gert mjög réttmæta kröfu. Þeir hafa sagt: Við tókum þátt í niðursveiflunni. Við höfum verið með öðrum þegnum samfélagsins þegar kom að því að herða mittisólarnar. Nú ganga hæstvirtir ráðherrar glaðir og reifir um gólf og guma af góðærinu og þá segja eldri borgarar með réttu: Við skulum líka. Við eigum okkar rétt. Við vorum með ykkur á þrengingartímanum og við viljum fá að vera með af fullri reisn þegar betur árar. Þegar maður talar um fulla reisn er maður ekki að tala um þær hækkanir sem ég veit vel að hafa orðið á greiðslum ellibóta almannatryggingakerfisins á síðustu missirum heldur fyrst og fremst það óöryggi og þá mannfyrirlitningu sem hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar við það hvernig hún afnam þessa verndartengingu eldri borgara.

Ekki má heldur gleyma því sem ég nefndi að oft voru bæturnar hækkaðar svipað og lægstu launin. Lægstu launin hækkuðu við síðustu samninga til allrar hamingju um 23% þó svo minna hefði orðið eftir þegar skerðingar hefðu komið þar fram, skattgreiðslur og annað slíkt. Það sat ekki nema 11% eftir. En hækkanir til eldri borgara sem höfðu skerst á undanförnum árum eru svo langt frá því að ná máli gagnvart þessum þáttum.

Enn eitt dæmi sem er athyglisvert er þegar eldri borgari reynir að auka tekjur sínar. Segjum svo að eldri borgari fari og vinni í fjóra mánuði, nái sér í 340 þús., þá heldur hann aðeins eftir um 37%. Jaðarskattur í þessu tilfelli er 63%. Við erum að draga allan mátt og vilja fólks að reyna að afla sér viðbótartekna sem sumir þurfa á að halda. Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins upplýsti á ráðstefnunni að skerðingarkerfið sem við búum við knýr meira að segja á að örorka einstaklinga getur aukist í kerfinu því að einstaklingurinn sem færi e.t.v. út á vinnumarkaðinn í létt starf tapar fjárhagslega það miklu á því að það er verra fyrir hann að reyna að fá sér létta vinnu í því umhverfi sem mundi e.t.v. styrkja heilsu hans mun betur. Hér er refsað fyrir slíka viðleitni og þá er orðið eitthvað rangt í þessu uppleggi, herra forseti.

Við höfum séð líka að þannig er búið að eldri borgurum að þeir eiga eða ættu og mundu hagnast á því að skilja. Kerfið okkar er komið út í þær ógöngur að hægt er að sýna fram á að skilnaður borgi sig fjárhagslega fyrir eldri borgara og reyndar fyrir aðra líka. Við erum komin í ógöngur þegar við erum farin að knýja á upplausn fjölskyldutengsla út frá fjárhagslegum ástæðum og ég ítreka það, herra forseti, því að það er rétt að hafa í huga að það á ekki að setja alla eldri borgara í sama hóp. Sumir hafa það fjárhagslega ágætt og það er vel, aðrir eru sárafátækir og ég held að það sé jafnvel hvergi í stéttum hérlendis meiri munur hjá einstaklingum og fjölskyldum og einmitt hjá eldri borgurum. Ég veit að hv. þm. þekkja vel dæmin sem blasa við mjög mörgum.

Það er athyglisvert, herra forseti, að skoða þá þróun sem hefur m.a. átt sér stað erlendis og velta því fyrir sér vegna þess að ríkisstjórnin heldur því fram að greiðslur komi annars staðar frá en úr almannatryggingakerfinu og það er laukrétt. Um 11 milljarðar af ellilífeyrinum koma úr almannatryggingakerfinu, þ.e. frá Tryggingastofnuninni, og 6,6 milljarðar úr lífeyrissjóðunum. Sú greiðsla mun væntanlega hækka á næstu árum og það er mjög mikilvægt að velta fyrir sér samspili greiðslna úr lífeyrissjóðunum og úr almannatryggingakerfinu. Því að það sem við erum náttúrlega fyrst og fremst að hugsa um er að búa fólki áhyggjulaust ævikvöld og að það þurfi ekki að óttast um hag sinn og þurfi ekki að lifa það sparlega að ekki nái nokkurri átt.

Hins vegar er þjóðfélagið að breytast. Ellilífeyrisþegar eða þeir sem eru yfir 67 ára aldri eru 27 þúsund talsins og þeir sem eru yfir 50 ára aldri eru um 65 þúsund talsins. Það er býsna stór hópur. Þessi hópur mun stækka mjög á næstu árum. Við Íslendingar erum með mjög óvanalega aldurssamsetningu en við þurfum að horfast í augu við það núna í Evrópu að á hvern eftirlaunaþega eru fjórir einstaklingar sem vinna en árið 2040 er talið að fyrir hverja fjóra einstaklinga sem eru vinnandi, sem sagt undir ellilífeyrisaldri, komi tveir eftirlaunaþegar. Þetta segir okkur að þjóðfélagið er að breytast mjög mikið og við þurfum að taka á því á þann hátt að við ráðum við það bæði fjárhagslega en sýnum þessu fólki fulla virðingu.

Athyglisvert er að velta því fyrir sér að í Evrópu koma u.þ.b. 88% af eftirlaunaútgjöldum úr almannatryggingakerfinu en hér eru það 63%. Það er sem sagt minna sem kemur úr almannatryggingakerfinu til eldri borgara hér en í Evrópu. Nú mun þetta hlutfall líklega breytast í Evrópu, þ.e. lífeyrissjóðirnir munu taka yfir stærri hluta og þá munu almannatryggingarnar væntanlega minnka en aðalatriðið er samt að góðar greiðslur séu tryggðar til fólks á efri æviskeiðum. Sömuleiðis hafa tölur sýnt okkur að staða lífeyrissjóðanna hérlendis er nokkuð sterk og mun betri en menn áttu von á fyrir nokkrum árum. Það er fagnaðarefni vegna þess að hlutverk þeirra eykst á næstu árum.

En það breytir því ekki, herra forseti, að það er mjög brýnt að mati okkar stjórnarandstæðinga að samþykkja frv. vegna þess að það leiðir til réttlátara þjóðfélags. Við teljum réttlætismál að greiðslur úr almannatryggingakerfinu breytist í samræmi við breytingar á launum. Við kusum að hafa frv. þannig úr garði gert að það sé fært í sama horf og áður var. Vitaskuld er hægt að hugsa sér aðra tengingu sem tryggir þetta öryggi sem er brýnt að sé til staðar. Það er sömuleiðis skoðun okkar að eldri borgarar þurfi að koma miklu meira að tillögugerð en verið hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Eldri borgarar óskuðu eftir því að koma að vinnu í jaðarskattanefnd. Því var hafnað af hálfu hæstv. fjmrh. minnir mig frekar en forsrh., annar hvor þeirra taldi að þeir gætu ekki lagt þar mikið til. Ég hef nefnt önnur mál eldri borgara sem tengjast stefnu ríkisstjórnarinnar. Ekkert samráð hefur verið haft við þennan hóp.

Við sáum um daginn, herra forseti, að eldri borgarar eru orðnir reiðir. Það er tvennt til í því, þeir eru óánægðir með stöðu sína og afkomu en þeir eru einnig óánægðir með þá lítilsvirðingu sem þeim er sýnd, það óöryggi sem þeim er sýnt. Þeir eru nógu góðir til að taka þátt í niðursveiflunni og skerðingunni en þegar betur árar er þeim ekki sýnd sú

virðing að leyfa þeim að taka fullan þátt í þeirri uppsveiflu sem nú á sér stað. Þeir eiga að vera bónbjargafólk. Eldri borgarar í þessu landi hafa gert meira fyrir þjóðfélagið en svo að ástæða sé til að þeir þoli slíka framkomu.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þegar umræðunni er lokið og búið að vísa málinu til nefnar að við fáum það út úr nefnd aftur þannig að stjórnarliðarnir reyni ekki að beita þeirri gömlu aðferð sinni að svæfa málið. Ég vona, herra forseti, að við fáum að greiða atkvæði um frv. þannig að hugur stjórnarþingmannanna komi skýrt í ljós þegar kemur að þessu sjálfsagða réttindamáli sem við höfum talað fyrir.

[17:36]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki verið lengi á þessum fundi og mun þess vegna segja nokkur orð í andsvari þótt ég hefði fremur kosið að taka til máls síðar á fundinum. Það er ekkert á móti því að flytja ræðu á borð við þá sem hér var flutt, það er ekkert á móti því að flytja frv. á borð við það sem hér hefur komið fram og ég vil segja frá því að að sjálfsögðu kemur fram tillaga frá ríkisstjórninni. En að koma í ræðustól og tala um lítilsvirðingu og mannfyrirlitningu einstakra ráðherra í málinu er fyrir neðan virðingu hv. þm. Hann getur vel haldið á máli sínu með rökum, ég veit að hann er maður til þess, hann þarf ekki að grípa til orða eins og þessara jafnvel þótt einhverjir séu á pöllunum til að hlusta á hann. Það gleður fólk í andartakinu en það gerir ekkert gagn til lengri tíma.

Í raun og veru hefur það gerst að undanförnu að hækkun bóta til tryggingabótaþega hefur verið með slíkum hætti að kaupmáttaraukningin er meiri en almennt gerðist í kjarasamningum. Við rekum ábyrga stefnu, við horfum lengra fram í tímann. Nú þegar verðbólgan er horfin getum við áttað okkur á því hvað mun gerast á næstu áratugum. Við ætlum ekki að gera sömu skissurnar og gerðar voru í Evrópu þar sem ríkisstjórnir eru að segja af sér og ríkissjóðirnir að fara á hausinn vegna þess að þeir brugðust því vandamáli sem var fyrirsjáanlegt að aldurssamsetningin var að breytast. Það sem skiptir okkur mestu máli er að fjárlög verði hallalaus til að við þurfum ekki að borga 16 milljarða í vexti. Slíkir peningar verða ekki notaðir til þess að borga bætur. Við þurfum að auka sparnaðinn. Það höfum við gert með skattalögum og skattalagabreytingu og við þurfum að sameina lífeyrisbóta- og lífeyrissjóðakerfið. Um þetta ættum við að standa saman sem hér erum að störfum en ekki að standa hér upp og halda að við séum að gleðja fullorðið fólk með því að kalla hverjir aðra nöfnum eins og þeim að við séum að fyrirlíta fólk, að þetta sé mannfyrirlitlegt.

Ég óska eftir því að slík orð verði tekin til baka, hv. þm., því þetta er ekki málstaðnum til framdráttar.

[17:38]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er von að hæstv. ráðherra sárni málflutningurinn einfaldlega vegna þess að hann hefur ekki góðan málstað að verja. (**Gripið fram í:** Og ekki góða samvisku.) Ég veit ekki um samvisku hæstv. ráðherra, ég ætla ekki að úttala mig um hana. Hins vegar ætla ég að segja hæstv. ráðherra að ég er vanur því í ræðustól að segja það sem mér finnst. Mér finnst stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart eldra fólki sýna lítilsvirðingu og niðurlægja þetta fólk. Ég er ekki vanur því, herra forseti, og það ætti hæstv. fjmrh. að vita, að taka tillit til þess hvort fólk er á pöllum eða ekki þegar ég tala um þingmál. Ég er ekki vanur að gera það. Það sem er meginatriði í málflutningi mínum og ég nefndi sérstaklega er að vitaskuld hefðu orðið hækkanir á bótum almannatrygginga undanfarin missiri. Þær hafa verið togaðar út með töngum af bæði hálfu eldri borgara og okkur í stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni. Sama óöryggið er enn til staðar og þetta eru minni hækkanir og minna gert en efni standa til. Það er meginatriði í málflutningi mínum og með þeirri framkomu að taka þetta öryggistæki úr sambandi, því það er það sem verið er að gera, þá er hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að sýna þessu fólki lítilsvirðingu.

[17:39]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir og hv. þm. viðurkenndi það í ræðu sinni að hækkun tryggingabótanna hefur verið umfram almennar kauphækkanir og langt umfram verðlagshækkanir. Það hefur gerst með þeim hætti að á rúmu einu ári hækkar kaupmáttur þessara bóta sem vissulega eru ekki háar, þetta eru ekki háar bætur, en kaupmátturinn hækkar um nær 11%. Þetta er niðurstaðan.

Ég þakka hv. þm. fyrir að viðurkenna þetta. En síðan segist hann ætla að nota orð sín eins og honum sýnist. Með öðrum orðum þegar í lögum er viðmiðun sem bæturnar sækja til, viðmiðunin er efnahagsforendurnar, er laun og er verðlag, og ljóst er að ríkisstjórnin hefur staðið þannig að málum að kaupmátturinn hefur aukist meira en menn máttu kannski búast við þá er ósæmilegt af hálfu þingmannsins að tala um mannfyrirlitningu og lítilsvirðingu. Hann getur komið enn einu sinni upp og sagt að hann sé vanur að nota þessi hugtök en í ræðu eins og áðan gera þau hugtök ekkert annað en að skaða málstað þeirra sem hann þykist vera að berjast fyrir þessa stundina og gengislækka hugtökin sem hann notaði í ræðunni. Ég óska eftir því og höfða til drengskaps þingmannsins að hann stilli orðum sínum í hóf því þegar hann kannski þarf að nota orð eins og þessi sem hann notaði áðan þá verða þau marklaus úr munni hans.

[17:41]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér að verið sé að halda fram að málflutningur minn sé að skaða þá einstaklinga eða þann hóp sem ég er hér að tala um. Þetta er fráleitt. Ég hef þvert á móti dregið mjög skynsamlega fram hvernig breytingarnar hafa orðið. Ég nefndi að lægstu launin hefðu hækkað um 23% við síðustu samninga. Ég vitnaði til þess sem hæstv. fjmrh. á að þekkja mætavel að oft og tíðum voru bætur úr almannatryggingakerfinu látnar taka einmitt viðmiðun af hækkun lægstu launa. Eins og skerðingar hafa verið undanfarin ár og áhrif tekjutengingarinnar hefði verið mjög brýnt að fara einmitt þá leið í þessari uppsveiflu sem við erum að ræða núna. Það er málefnalegur málflutningur, herra forseti, og það eru tölurnar sem styðja þetta mál sem ég er að tala fyrir. Í stað þess ætlar hæstv. fjmrh. að halda þeirri sömu stefnu sem hann hefur verið með að skammta úr hnefa því sem honum passar hverju sinni gagnvart þessum hóp. Það finnst mér enn og aftur vera fyrir neðan virðingu hæstv. ráðherra, fyrst menn eru nú komnir í mannjöfnuð hver sé virðing hvers. Það finnst mér vera fyrir neðan virðingu hæstv. ráðherra og honum væri nær að draga stefnu sína til baka.

[17:43]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem hingað að sjálfsögðu til að lýsa stuðningi við frumvarpið. Ég vil hins vegar leiðrétta það hjá hv. 1. flm., hv. þm. Ágústi Einarssyni, að ekki þurfti hóp af öldruðu fólki sem safnaðist saman fyrir utan þinghúsið til þess að vekja athygli á málinu. Það var á árunum 1971–1974, þegar Magnús Kjartansson var heilbrrh., sem kjör aldraðra voru sett í þann farveg sem þau fengu að vera í um áratuga skeið og þar á meðal að hækkanir á almennum launum á hinum almenna vinnumarkaði yrðu sjálfkrafa til þess að bætur almannatrygginganna hækkuðu. Það er svo hins vegar verk ríkisstjórnarinnar sem nú situr að afnema launatenginguna.

Því miður verður að segjast eins og er að þó að Alþfl. eigi að ýmsu leyti góða fortíð þegar kemur að almannatryggingum hefur nútíminn og hin síðustu ár ekki verið jafngóð. Sannleikurinn er sá að þeir hv. þm. Þjóðvaka sem nú sitja í þingflokki með Alþfl. ættu kannski að minnast þess að niðurskurður á kjörum aldraðra borgara hér í landi hófst fyrir alvöru þegar Alþfl. stýrði þessum málum í síðustu ríkisstjórn. Menn skulu því muna hvað þeir hafa gert og horfast í augu við það. En það breytir ekki því að þetta frv. er allra góðra gjalda vert.

Ég vil aðeins vitna í það sem ég reyndi að segja við umræðu um fjárlög. Það er svo auðvelt að segja eins og hæstv. ráðherra sagði áðan: Kaupmáttur tryggingabóta er svona og svona mikill, eitthvert meðaltal, einhver tala sem er fundin einhvern veginn. Eftir stendur að aldrað fólk í landinu hefur mjög margt skammarlega lág laun því að þetta eru engar bætur, þetta eru laun fyrir langan og vel unninn vinnudag.

Ég er með Stjórnartíðindi í höndunum sem voru lögð á borðið til okkar fyrir nokkrum dögum, nánar tiltekið í fyrradag. Þar kemur reglugerð frá hæstv. heilbrrh. og harma ég mjög að hún skuli ekki vera hér í sal. Það er breyting á tekjumarki varðandi grunnlífeyri og einungis á grunnlífeyri. Ég leyfi mér að halda því fram að svona reglugerð sé sett til að blekkja fólk.

Hvað er nýtt í reglugerðinni? Það þarf töluverða kunnáttu til að sjá það í þessum flókna málaflokki. Jú, það er vissulega smávegis hækkun, auðvitað langt frá þeirri prósentu sem aðrir launþegar í landinu eru að fá. En það sem ég býst við að eigi að vekja athygli sem nýlunda er það sem skerðir ekki grunnlífeyri lengur — og þá er ég að tala um grunnlífeyri sem allir fengu til skamms tíma hvort sem þeir voru ríkir eða fátækir og var talinn sjálfsagður réttur hvers einasta Íslendings sem náði 67 ára aldri er skerðir aðstoð félagsmálastofnana. Hún skerðir ekki grunnlífeyrinn ef tekjur einstaklingsins eru samtals með þeirri aðstoð, 87.546 kr. á mánuði.

Í fyrsta lagi fær sú manneskja sem er með 87 þús. kr. á mánuði enga aðstoð félagsmálastofnana. Þetta er bara hreint bull. Hún er með of hátt tekjumark. Það er ekki hærra tekjumarkið á því heimili þannig að þetta þýðir auðvitað ekki neitt. Það er bull að bjóða upp á reglugerð sem þessa því að þegar kemur að tekjutryggingunni og uppbótum af öllu tagi þá skerðir aðstoð félagsmálastofnana þær bætur og það eru þær sem skipta öllu máli. Það er alveg yfirgengilegt að bjóða hv. þm. annað eins og þetta. Þetta er auðvitað gert í skjóli þess að þingmenn, og ég lái þeim það ekki, þekki þetta ekki mjög vel eða þá það sem verra er, að starfsmenn hæstv. ráðuneytis þekki það ekki heldur og það er miklu verra mál.

Sannleikurinn er sá að 87 þús. kr. þykja ekki há mánaðarlaun og það segir dálítið um þá afstöðu sem menn hafa til fólks sem hefur náð ellilífeyrisaldri að menn setja sjálfkrafa annan mælikvarða á það fólk. Það fólk býr í íbúðum. Það þarf að borga af þeim. Það getur vel verið að það sé kannski orðið skuldminna en ýmsir aðrir. Það er þó mjög misjafnt. Sumir eiga hreinlega enga íbúð og borga háa húsaleigu. Þetta er auðvitað enginn peningur til að lifa neinu lífi. (**GÁ:** Sumir eiga peninga.) Vissulega, sem betur fer eiga sumir peninga eftir langt og starfsamt líf en þau kjör eru afar misjöfn. Það getur vel verið að stórbændur á Suðurlandi geti hafa náð töluverðum efnum. Það er áreiðanlega svo, af því að það var hv. 2. þm. Suðurl. sem gerði athugasemd um að sumir hefðu það gott. Málið er að það eiga allir að hafa það gott. Það eiga ekki sumir að hafa það gott. Það er þessi lítilsvirðing sem er alveg rétt hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Hún er kannski ekki sögð upphátt en hún er undirliggjandi allan tímann þegar kemur að málefnum aldraðra. Það fólk á að þurfa miklu minna en við hin.

Í landi eins og okkar þar sem veðrátta er erfið er fólk mikið heima hjá sér. Það getur ekki verið eins mikið úti við eins og fólk í nágrannalöndunum okkar, það hefur ekki mikla möguleika að leyfa sér mikinn munað. Ég held satt að segja að eftirlaunafólki geti leiðst á Íslandi. Það getur ekki gert sér mikinn dagamun. Það kostar töluverða peninga fyrir eldri hjón að bregða sér í leikhús, í bíó eða á veitingahús. Ekkert segir að það eigi ekki að gera það alveg eins og við hin. Hvers vegna ekki?

Það er kannski vegna þess að ég er alin upp með gömlu fólki að það hefur farið í taugarnar á mér allt mitt líf að margir, án þess að hafa hugmynd um það, setja allt í einu þörfina fyrir ríkt og auðugt mannlíf niður þegar kemur að fólki sem komið er á eftirlaun. Þá á fólk bara að setjast niður og bíða eftir að deyja. Þannig eigum við ekki að gera samfélagið okkar.

Í samræmi við þetta var gripið til þessa fólks, og ég leyfi mér að segja það, þegar byggingariðnaðurinn var í einhverri ládeyðu og var rokið til og byggðar einhverjar glerhallir upp á 12 og 14 hæðir til að sturta ellilífeyrisþegum inn í. Þá átti það að lækna einmanaleikann. Af hverju mátti fólk ekki búa heima hjá sér? Hefði ekki verið nær að líta á þetta fólk sem hluta af fjölskyldu? Hefði ekki verið hugsanlegt eins og ég hef margsinnis talað um að gera fólki auðveldara að byggja hús þar sem íbúð væri fyrir hina eldri í sama húsi og fjölskyldur þeirra bjuggu í? Fólk hættir ekkert að hafa áhuga á börnunum sínum og síðar barnabörnunum sínum þó það verði 67 ára og þaðan af eldra. Satt að segja hefur flestallt sem gert hefur verið í málefnum aldraðra á undanförnum árum verið eintóm vitleysa.

Fullorðna fólkinu leiðist alveg jafnmikið í háhýsunum. Það situr hver inni í sinni íbúð og horfir á sjónvarpið. Það leysir ekki á nokkurn hátt skort á samveru eða afþreyingu eins og allt fólk þarf á að halda. Það er bara þannig, ágætu þingmenn og virðulegi forseti. Við lifum í kapítalísku þjóðfélagi þar sem börn og fullorðið fólk eru óarðbærir einstaklingar. Þetta er fólk sem vinnur ekki fyrir kaupi. Þess vegna er það afgreitt sem einhvers konar annars flokks fólk. Ég tek undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni og það þýðir ekkert að móðgast, þetta er svona.

Því miður hefur það svo verið að gerast á síðustu árum og ekki síst í tíð þessarar ríkisstjórnar, en því miður líka í tíð þeirrar sem þar var á undan, að menn hafa verið að skerða

kjör þessa fólks. Lyfjakostnaður hefur hækkað, fólk þarf að greiða fyrir heimsóknir til lækna, það var jafnvel ráðist á það hversu oft og með hve margra ára millibili eftirlaunafólk gæti skipt um gervitennur. Alls staðar var verið að skera niður. Þetta fólk á þetta ekki skilið. Það erum við sem búum í því þjóðfélagi sem þetta fólk bjó til og það er full ástæða til þess að æsa sig svolítið eins og við erum að gera hér í sameiningu, hv. þm. Ágúst Einarsson og ég. Við eigum nefnilega að verða reið. Það er einhvern veginn þannig að það er eins og fólk sem er komið á einhvern aldur stilli sig betur og verði ekki svo gjarnan reitt en það er ástæða fyrir þetta fólk að vera reitt. Á sama tíma og við erum að afgreiða fjáraukalög upp á rúmlega 6 milljarða í alls konar vitleysu, allt frá heræfingum suður á Miðnesheiði í útþenslu á allt of dýrum sendiráðum með allri virðingu fyrir þeirri starfsemi og verkfræðiskýrslur um þegar gerðar skýrslur um tónlistarhús og guð má vita hvað, erum við að vandræðast yfir því að sjá svo til að það fólk sem byggði þetta samfélag hafi mannsæmandi viðurværi. Þvílíkt og annað eins! Langar ekki hv. þm. til að lifa eins og þúsundir lífeyrisþega hafa það, svona frá 60–80 þús. kr. á mánuði. (**ÁRJ:** Það yrði meira fjörið.) Það yrði nú meira fjörið og jafnvel minna, það er hárrétt, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Það yrði nú meira fjörið, þætti okkur ekki gaman?

Nei, hæstv. forseti. Þessi umræða verður að fara fram og hún verður að fara fram á langtum breiðari grundvelli en hér eru tök á og ég býst við að ég sé að ljúka ræðutíma mínum. Þessu verður að linna. Sannleikurinn er sá að það er hreint svínarí að lífeyristekjur úr eigin sjóðum eftirlaunamannanna skuli skerða grunnlífeyri. Þetta er hreint fáránlegt. Það er auðvitað jafnsjálfsagt að ef menn hafa umtalsverðar lífeyrissjóðstekjur er ástæðulaust að greiða tekjutryggingu. Það stóð aldrei til að hún væri nema trygging. Þess vegna heitir hún tekjutrygging. En að ráðast að sjálfum lífeyrinum nær ekki nokkurri átt og hefur aldrei gert. Þetta erum við búin að segja alloft og við eigum eftir að segja það oftar.

Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir að flytja þetta frv. en ég vil mælast til þess að hæstv. fjmrh. sé ekki að dengja yfir okkur einhverjum tölum um hversu kaupmáttur þessa fólks hefur aukist. Það getur vel verið að hann hafi aukist en hann er alla vega lítill. Sannleikurinn er sá að það líf sem margt af þessu fólki lifir er ekki líf sem nokkurri manneskju er sæmandi. Ekki nóg með það, þurfi þetta fólk síðan á hjúkrun að halda er þetta eina fólkið á Íslandi sem verður að borga þá hjúkrun. Það verður bara allt hirt og menn fá náðarsamlegast nokkur þúsund til þess að kaupa sér sokka eða hvað sem kann að vera þannig að meðferðin á þessu fólki er fyrir neðan allar hellur. Ég vil mælast til þess að hv. þingmenn taki sig saman í andlitinu og geri bragarbót á.

[17:56]

**Útbýting þingskjala:**

Einkahlutafélög, 148. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 148.

Hlutafélög, 147. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 147.

Jafnréttisráðstefna í Lettlandi, 107. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 107.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 149. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 149.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 113. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 113.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 118. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 118.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 121. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 121.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 124. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 124.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 127. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 127.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 132. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 132.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 135. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 135.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 138. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 138.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 145. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 145.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 111. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 111.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 114. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 114.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 116. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 116.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 119. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 119.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 122. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 122.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 125. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 125.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 128. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 128.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 130. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 130.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 133. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 133.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 136. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 136.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 139. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 139.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 141. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 141.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 143. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 143.

Rekstrarhagræðing, 112. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 112.

Rekstrarhagræðing, 115. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 115.

Rekstrarhagræðing, 117. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 117.

Rekstrarhagræðing, 120. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 120.

Rekstrarhagræðing, 123. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 123.

Rekstrarhagræðing, 126. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 126.

Rekstrarhagræðing, 129. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 129.

Rekstrarhagræðing, 131. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 131.

Rekstrarhagræðing, 134. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 134.

Rekstrarhagræðing, 137. mál, fsp. KHG o.fl., þskj. 137.

Rekstrarhagræðing, 140. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 140.

Rekstrarhagræðing, 142. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 142.

Rekstrarhagræðing, 144. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 144.

Verslunaratvinna, 151. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 151.

Þjónustukaup, 150. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 150.

[17:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni. Það eru aldraðir og sjúkir sem hafa verið að greiða þann tekjuafgang sem ríkisstjórnin hyggst skila með fjárlagafrv. og aldraðir og sjúkir hafa verið að greiða fjárlagahallann hjá þessari ríkisstjórn.

Það sem verið er að gera með frv. sem hv. þm. Ágúst Einarsson er 1. flm. að er að verið er að reyna að snúa til baka að litlu leyti í öllum þeim atlögum sem ríkisstjórnin hefur gert að öldruðum. Það er verið að leggja til þann sjálfsagða hlut að greiðslur til lífeyrisþega úr almannatryggingunum fylgi launaþróun í landinu eins og hún hefur gert þangað

til ríkisstjórnin tók við eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist á.

Auðvitað er ekki boðlegt að aldraðir skuli þurfa að búa við það óöryggi og þá vanlíðan sem því fylgir að vita aldrei hver kjör þeirra eru frá mánuði til mánaðar en þannig hefur það verið í tíð ríkisstjórnarinnar. Það er rétt sem kom fram áðan að skerðingar á lífeyrisþega voru miklar hjá síðustu ríkisstjórn. En það hefur ekki skánað í tíð þessarar ríkisstjórnar þó svo hér ríki mun betra efnahagsástand. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert til þess að skila til þessa fólks aftur því sem af því var tekið í tíð síðustu ríkisstjórnar. Nei, hún hefur aukið álögurnar. Kannski væri full ástæða til þess fyrst við erum að ræða þessi mál að minna aðeins á hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera og það sem snýr að þessum hópi.

Þessi hópur býr við meiri jaðarskatta en nokkur annar hópur í samfélaginu. Jaðarskattanefnd var sett á laggirnar til að reyna að taka á jaðarsköttunum í samfélaginu. Þar fengu aldraðir ekki að koma að og það eina sem kom út úr því var að tekin voru hlunnindi af ákveðnum hópi lífeyrisþega eins og þau að fá afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi niðurfelld og fastagjaldið af símanum sem kemur til framkvæmda nú í vetur. Það var gert svo óhönduglega að mismunun var aukin milli lífeyrisþega. Það var verið að mismuna fólki eftir því hvort það var í sambúð eða bjó eitt. Þannig tókst það nú til. Þjónustugjöldin í heilbrigðiskerfinu hafa aukist á þennan hátt. Komið var á tvísköttun á hluta lífeyrisþega á *kjörtímabilinu sem snýr að lífeyrisgreiðslunum. Greiðslur til* aldraðra og öryrkja voru skertar gagnvart fjármagnstekjum áður en fjármagnstekjuskatti var komið á hjá öðrum.

Tekjutenging lífeyris var aukin á aldraða. Grunnlífeyririnn var skertur um 30% í stað 25% gagnvart öðrum tekjum í tíð ríkisstjórnarinnar. Nú þurfa aldraðir að greiða fullt gjald fyrir læknisþjónustu, heilsugæslu, sérfræðiþjónustu og rannsóknir til 70 ára í staðinn fyrir 67 ára nema í undantekningartilvikum. Hámarksgreiðsla þeirra hækkaði úr 3.000 kr. í 12.000 kr. áður en þeir fá afsláttarkort. Þetta var gert í tíð ríkisstjórnarinnar. Lágmarksverð fyrir lyf var hækkað. Endurgreiðslur vegna mikils kostnaðar voru bæði þrengdar og gerðar flóknari. Eiginlega má segja að með þeim reglum sé alls ekki tekið þátt í lyfjakostnaði margra lífeyrisþega af velferðarkerfinu lengur. Það er mjög alvarlegt, sérstaklega hjá þeim sem þurfa mikið af dýrum lyfjum og eru aðeins með almannatryggingagreiðslurnar eða mjög lítið úr lífeyrissjóði. Þetta fólk býr við mjög þröngan kost. Til mín hefur komið fólk sem hefur sagt mér að það hafi þurft að fá lánað í apótekinu fyrir lyfjunum og jafnvel orðið að hætta að taka lyfin og þá hefur það lagst í rúmið vegna þess að það hefur ekki getað verið án lyfjanna. Það er fjári hart í velferðarsamfélagi og það í góðæri.

Ástæða væri að nefna ýmislegt fleira sem ríkisstjórnin hefur gert á hluta þessa hóps. Uppbótin vegna lyfja og umönnunar var tekjutengd. Þegar það var gert í upphafi kjörtímabilsins misstu yfir 2.000 lífeyrisþegar uppbótina eða fengu hana skerta og við það töpuðu þeir ákveðnum hlunnindum sem var veruleg kjaraskerðing fyrir þessa hópa. Ég minnists á annað sem hefur gerst í tíð ríkisstjórnarinnar ef menn skyldu vera búnir að gleyma því. Gerð var alvarleg atlaga að hreyfihömluðum, styrkjum til bifreiðakaupa var fækkað úr 600 í 335 á ári þrátt fyrir að alltaf hafi mun fleiri sótt um styrkina en fengu á hverju einasta ári.

Enn var haldið áfram eftir þessar fyrstu skerðingar. Í vetur voru lágmarksgreiðslur fyrir þau lyf sem Tryggingastofnun greiðir að hluta hækkaðar. Sama gilti fyrir aldraða, þeir þurftu einnig að greiða hærri lágmarksgjöld fyrir hlutfallsgreiðslulyf sem ég nefndi hér. Vissulega er verið að spara í útgjöldum ríkisins á lyfjakostnaði og það er sjálfsagt þörf á því en á að taka það þarna? Er sanngjarnt að taka það hjá þessu fólki sem vissulega er búið að borga sinn hlut í velferðarkerfinu með sköttum sínum alla ævina en þarf núna á velferðarkerfinu að halda?

Það er rétt sem kom fram áðan að það hefur verið skorið niður í tannlækningum. Það er meira að segja verið að lengja frestinn á því að fólk geti fengið sér gervitennur sem á því þarf að halda. Víða er reynt að seilast í peninginn hjá þessu fólki. Einnig má nefna það sem kom reyndar fram í máli manna hér á undan að það var verið að tala um að *lífeyrisþegar gætu ekki leyft sér mikið. Það er alveg rétt.* Það eru mjög margir lífeyrisþegar sem leyfa sér ekki neitt. Þeir sem eru með almannatryggingabæturnar nánast einar til framfærslu leyfa sér ekki neitt. Þetta fólk getur ekki einu sinni núna frá 1. sept. leyft sér að fara í sjúkraþjálfun þótt það þurfi á henni að halda vegna þess að nú þarf það að fara að borga fyrir sjúkraþjálfunina líka. Ekki bara sjúkraþjálfunina því ef það þarf að vera í iðjuþjálfun þarf það líka að greiða fyrir hana. Einnig þarf fólk sem hefur orðið svo óheppið að missa heilsuna og tapa máli, sem gerist ef fólk fær ýmsa hjartasjúkdóma, að borga fyrir talþjálfun. Þetta fólk hefur ekki efni á að veita sér þessa heilbrigðisþjónustu.

Já, *víða er seilst í vasa þessa fólks.* Það er rétt sem kom fram áðan að aldraðir og lífeyrisþegar geta lent í miklum erfiðleikum ef þeir missa heilsuna tímabundið. Ef þeir fara inn á sjúkrahús í fjóra mánuði á tveimur árum eru lífeyrisgreiðslurnar teknar af þeim og þeir fá vasapeninga, 11.000 kr. á mánuði. Þetta fólk á íbúðir eins og kom fram hjá einum hv. þm. Framsfl. hér í salnum. Það þarf auðvitað að borga af þeim, það þarf að borga rafmagn, hita, fasteignagjöld o.s.frv. þótt menn liggi á sjúkrahúsi. Það eru mjög erfiðir tímar hjá þeim sem missa heilsuna og þurfa að fara inn á sjúkrahús.

Mig langar til að minnast á annað í þessu sambandi vegna þessarar miklu tekjutengingar sem er á lífeyrinum. Það er alveg rétt að kerfið er mjög vinnuletjandi. Fólk fer ekki út á vinnumarkaðinn þótt því bjóðist það, þó svo það sé viðurkennt í þeim löndum sem við berum okkur saman við að menn telja æskilegt að fólk haldi áfram atvinnuþátttöku eins lengi og það getur. Ég minni á erindi sem haldið var á ráðstefnu um lífeyrismál sem aldraðir og öldrunarráð hélt á dögunum. Þar lagði erlendur fyrirlesari mikla áherslu á að mikilvægt væri að aldraðir gætu haft sveigjanlegan vinnutíma og gætu haldið áfram að vinna á meðan þeir vildu og hefðu þrek til. Það er nánast ógjörningur fyrir þá sem þurfa að treysta á almannatryggingakerfið. Eins og fram hefur komið koma þeir verr út úr því í sumum tilvikum ef þeir fara út á vinnumarkaðinn. Það er niðurlægjandi og óþolandi fyrir lífeyrisþega að þurfa að vera háðir geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnar á hverjum tíma. Það er nákvæmlega það sem menn eru eftir að skilaboðin komu með fjárlagafrv. að aftenging greiðslna almannatrygginga við launaþróun í landinu eigi að vera varanleg. Þá eru þessir hópar algjörlega háðir duttlungum þeirrar ríkisstjórnar sem er við völd. Það á alls ekki að eiga sér stað. Auðvitað eiga lífeyrisþegar að koma að þegar ákvarðað er um laun þeirra og greiðslur alveg eins og fólk kemur að kjarasamningum.

Ég vona að það frv. sem er til umræðu hljóti ekki sömu örlög og sambærilegt frv. sem lagt var fram í vor en þá reyndu

fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. að sporna við þeirri gjörð að aftengja almannatryggingagreiðslurnar og lögðu fram sambærilegt frv. og það var fellt af meiri hluta ríkisstjórnarinnar í þinginu, stjórnarþingmönnum. Ég minni á að eitt af helstu baráttumálum aldraðra er að fá viðurkenningu á því að greiðslurnar úr almannatryggingakerfinu fylgi launum.

Það getur vel verið að það sé rétt að þetta ætti kannski að fylgja einhverri annarri þróun í efnahagsmálum, ég treysti mér ekki til að dæma um það, en full ástæða er til að skoða það eins og hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi í framsögu sinni með þessu frv., menn geta skoðað það. En vissulega er full ástæða til þess að snúa vörn í sókn. Það er ekki boðlegt að láta lífeyrisþegana endalaust greiða fjárlagahallann. Ég minni á vegna þess að við erum að ræða þessi mál að í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskólans gerði síðasta vetur kom fram að lífeyrisþegar eru 20% þeirra sem lifa undir fátæktarmörkum. Það er því full ástæða til að huga að því hvernig þessum málum er komið. Vegna umræðu um þá nefnd sem er starfandi og er að fjalla um breytingar á almannatryggingunum verður að segjast eins og er að ekki er nokkur áhugi hjá ríkisstjórninni að breyta nokkrum sköpuðum hlut nema í skerðingarátt þegar almannatryggingarnar eru annars vegar. Eins og kom fram fyrr í umræðunni hefur nefndin ekki verið kölluð saman í rúma níu mánuði. Ég held að það sé lýsandi dæmi um það hver áhugi er á því að gera einhverjar breytingar til bóta. Samt getur hæstv. fjmrh., þegar hann er hér í fjárlagaumræðunni, verið að kalla eftir tillögum einstakra þingmanna um hvernig beri að haga uppbyggingu almannatryggingakerfisins. Það er bara eins og hver önnur hræsni þegar menn hafa ekki nokkurn áhuga á því í ríkisstjórninni með stóra og mikla nefnd í gangi til að vinna að þessum málum sem er aldrei kölluð saman. Ég hefði talið ástæðu til að menn færu nú að huga að því að gera eitthvað í þessum málum. Mig langar til að fagna því hvað samtök aldraðra, eldri borgara, og sérstaklega Aðgerðahópurinn hefur verið vaskur í framgöngu sinni í baráttumálum fyrir aldraða og vissulega náð eyrum mun fleiri en áður var. Ég trúi ekki öðru en að menn bindist samtökum um að snúa vörn í sókn fyrir hönd þessara hópa og leiðrétti þá kjaraskerðingu sem þeir hafa þurft að þola og leyfi einhverjum hluta af þessu margumtalaða góðæri að koma í hlut þeirra.

[18:13]

**Útbýting þingskjals:**

Nýbygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, 110. mál, þáltill. HG, þskj. 110.

[18:13]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja örfá orð við umræðuna. Það hvarflar ekki að mér, herra forseti, að á bak við flutning frv. búi annað en góður vilji flm. Ég efast ekkert um það. Hins vegar tek ég undir með hæstv. fjmrh. að það er að verða siður í málum að væna menn um hina verstu hluti. Ég kann illa við þann málflutning. (**Gripið fram í:** Það hefur enginn vænt þig um neitt.) Í pólitík eiga menn ekki að hafa það að leik sínum að búa til óvini. Ég harma það einnig að það skuli líka gerast í baráttuhópi aldraðra að þeir búi sér til óvini. Jafnvel við sem höfum í gegnum tíðina staðið með öldruðum, sem ég hygg reyndar að flestir þingmenn geri, þurfum að búa við það að vera auglýstir í blöðum sem óvinir þeirra. Þetta harma ég við umræðuna og vona að þetta breytist.

Sannleikurinn er nú sá að við þurfum á mörgum sviðum að ná sáttum í þjóðfélaginu á milli hópanna. Það er líka sorglegt að hlusta á jafnaðarmenn, sem voru í Alþfl. á mestu skerðingartímum hvað elli- og örorkulífeyrisþega varðar eins og hv. þm. Ágúst Einarsson, tala eins og hann gerði. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir rifjaði áðan upp að hún minntist þess að einhverjir aðrir hefðu skert. Ég ætla ekki að verja það en ég man eftir fundi 23. jan. 1992 þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þá heilbrrh., varð fimmtugur. Sýnt var frá þessu í sjónvarpinu núna á dögunum, það varð eitthvert kossaflens í salnum, þá var rætt um skerðingu Alþfl. gagnvart öldruðum og ellilífeyrisþegum. Ég harma að menn láti eins og flokkur þeirra hafi aldrei komið að þessum málum.

Hér hefur hæstv. fjmrh. rakið að sem betur fer hafa núv. ríkisstjórnarflokkar hækkað til bótaþega meira en launahækkunin varð á almennum vinnumarkaði. Er það í mínum huga fagnaðarefni. Lög mega ekki hefta að það sé hægt.

Ríkisstjórnarflokkar sem fara með málefnin í landinu hafa barist fyrir batnandi ástandi í þjóðfélaginu og náð árangri í þeim efnum, hallalausum fjárlögum, og mikilli fjárfestingu og uppgangi á mörgum sviðum. Þetta gefur svigrúm til þess að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Það er auðvitað það (**Gripið fram í:** Það sem verður að gera.) sem verður að gera og er verið að gera, hv. þm. Ég er sannfærður um að stjórnarflokkarnir munu fara vel yfir þá tíu liði sem aldraðir afhentu á Austurvelli. Ég get tekið undir að ýmislegt þarf að laga. Aldraðir búa við jaðarskatta. Alveg eins og á vinnumarkaðnum er erfitt fyrir einstaklinginn að komast af í þjóðfélaginu. Ég get tekið undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni að kjör aldraðra eins og annarra í þjóðfélaginu eru misjöfn. Þeir eru ekki einslitur hópur. Ég er sannfærður um að við eigum að hafa það verkefni að skilgreina samhjálpina með þeim hætti að hún komi til þeirra sem þurfa á henni að halda. Sem betur fer eru margir efnamenn í hópi aldraðra. Ég hygg að sé grannt skoðað hverjir eiga peningana í landinu þá sé það stór hluti þeirra sem eru yfir 60 ára og eldri. En menn mega heldur ekki alhæfa í því eins og ég hef sagt áður, í hópi þeirra eru margir fátækir sem þurfa á hjálp að halda. (Gripið fram í.) Þeir eru sjálfsagt, hv. þm., víða um land. Ég segi fyrir mig þegar ég minnist á málefni aldraðra, þó mér hafi jafnvel verið stillt upp í óvinahóp þeirra, að fyrstu þingmál mín á þingi sneru að sveigjanlegum starfslokum sem ég hef barist fyrir, að menn gætu jafnvel hætt fyrr og endað síðar að vinna, dregið saman og unnið jafnvel fram yfir sjötugt. Þannig var sú hugsun. Þannig mundi ég vilja sjá þjóðfélagið. Eins voru það lífeyrissjóðamál sem ég tók upp.

Nú er sem betur fer enginn vafi að lífeyrissjóðirnir hafa bætt stöðu sína á síðustu árum og standa öðruvísi en áður var. Þar eru í dag meiri peningar en í öllu bankakerfinu. Ég býst því við að sú stund sé að nálgast að þeir sem komast á ellilífeyri og fá úr lífeyrissjóðum muni í framtíðinni fá þar hærri bætur. En ég geri mér grein fyrir því að það er kynslóð sem má segja að sé orðin fullorðin sem fær tiltölulega lítið úr lífeyrissjóðum og þarna verður að hugsa vel um af hálfu stjórnvalda.

Ég ætla ekki að segja mikið um þetta frv. Ég trúi því að ríkisstjórnin muni fylgja þeirri stefnu eftir sem hún hefur markað, að farið verði yfir þá liði sem aldraðir hafa sett fram í kröfugerð sinni sem er kannski ekki kröfugerð heldur ábendingar. Ég mun vinna að því í mínum flokki að rækilega verði farið yfir þær tillögur og tekið tillit til þeirra sjónarmiða.

Í lokin vara ég við því að menn tali um aldraða eins og þeir

eigi allir að fá bætur, við verðum að skilgreina samhjálpina, að hún komi til þeirra sem á henni þurfa að halda. Ég vona að frv. fái þinglega meðferð í nefndum þingsins. Ég trúi því að það þurfi ekki að ná fram að ganga því að góður vilji ríkisstjórnarflokkanna gengur lengra en frv.

[18:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er hlýtt til hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég hef oft fundið til með honum eftir að hann tók þátt í því að styðja núv. ríkisstjórn. En ég hef í rauninni aldrei vorkennt honum eins og undir þessari umræðu. Ég veit að hv. þm. gengur ekki nema gott til og ég veit að hann er einn af þeim þingmönnum í stjórnarliðinu og kannski sérstaklega í Framsfl. sem bera hag eldri borgara hér á landi hvað mest fyrir brjósti. Honum líður illa vegna þess að hann sér fyrir sér feril ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. benti á að Alþfl. hefði tekið þátt í því að skerða kjör aldraðra borgara. Það er alveg rétt að í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar um var að ræða einhverja dýpstu og lengstu efnahagskreppu þurftu menn að grípa til margvíslegra aðgerða. Ég er ekkert stoltur af því. Ég gæti jafnvel litið til baka og sagt að menn hefðu gengið of langt.

Svo vill til að hv. þm. er í þeim flokki sem sendir hverjum einasta manni í Reykjavík yfir 67 ára að aldri bréf fyrir síðustu kosningar þar sem aðgerðir Alþfl. voru einmitt fordæmdar og þar var því lýst yfir að nú yrði horfið af þeirri braut. Hvað hefur gerst? Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur talið upp lið fyrir lið sem Framsfl., með þeim ráðuneytum sem hann hefur í dag, hefur hefur alls ekki skrúfað til baka heldur hefur hann skrúfað þessar skrúfur fastar. Það er þess vegna sem hv. þm. líður illa.

Hann vill að gamla fólkið í landinu fái hlutdeild í góðærinu, ég trúi því alveg. Hvernig stendur þá á því að hann treystir sér ekki til að endurvekja aftur þessa lögfestu tengingu á milli launaþróunar í landinu og greiðslna úr almannakerfinu? Ekkert hefur reynst eldri borgurum landsins jafnmikil vörn fyrir kaupmátt og nákvæmlega það. Ef hv. þm. hefur þennan góða vilja þá spyr ég hann hvers vegna hann getur ekki komið upp og lýst því yfir sem ég veit að býr honum í brjósti, að hann styðji þetta mál?

[18:25]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ræddi um dýpstu kreppu. Það er auðvitað rétt hjá honum að á síðasta kjörtímabili var djúp kreppa. Nú er enginn vafi að þjóðfélagið er að rísa til sóknar. Því er spáð að kaupmáttur launa muni vaxa um 25% fram til aldamóta. Ég er sannfærður um og trúi því að aldraðir muni fá sama hlut ef ekki betri. Það hefur sýnt sig, einnig nú, að þó þessi lög hafi verið aftengd þá gerðist það nú — menn geta kallað með töngum eða hverju sem er, baráttu aldraðra, hv. þm. Ágúst Einarsson, vildi eigna stjórnarandstöðunni það — að aldraðir hafa fengið meiri kjarabætur en gerðist í kjarasamningunum. Ég vona að sá góði vilji sem býr í flokki mínum leiði til þess að við getum á næstu árum bætt kjör aldraðra og ekki síst tekið á því vandamáli sem býr bæði meðal aldraðra og annarra þjóðfélagsþegna að fátæktin á Íslandi hverfi.

[18:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist vona að sá góði vilji sem býr í Framsfl. gagnvart bótum fyrir eldri borgara landsins muni skila einhverju. En herra forseti, við erum nú stödd á miðju kjörtímabili og við sjáum að þrátt fyrir góðan vilja Framsfl. í ýmsum málum hefur hann ekki roð við Sjálfstfl. í glímunni einmitt fyrir málum af þessu tagi. Við sjáum það aftur og aftur að Framsfl. verður einfaldlega undir. Einmitt þess vegna leggjum við áherslu á að frv. verði að lögum. Ástæðan kom fram í máli hv. þm. Hann gat þess að því væri spáð að fram til aldamóta yrði kaupmáttaraukning sem næmi um 25%. Hann sagði: Ég vænti þess að eldri borgarar fái að minnsta kosti þá hækkun og ef til vill meiri. En staðreyndirnar tala sínu máli og sporin hræða. Ég held að það sé alveg ljóst að eins og þessu kjörtímabili hefur undið fram séu litlar líkur á að tekið verði sérstaklega á málum eldri borgara í landinnu. Þess vegna held ég að sanngjarnast væri og farsælast fyrir hv. þm. Guðna Ágústsson að reyna að telja flokk sinn inn á það að samþykkja þetta. Við vitum að kaupmáttaraukning verður vegna þess að náttúrulegar sveiflur í lífríkinu og ágæt tök á ríkisfjármálunum munu valda því að það verður kaupmáttaraukning. Við verðum einhvern veginn að tryggja að hún fari til gamla fólksins líka. Hvernig getum við tryggt hlutdeild eldri borgara í góðærinu? Þarna er góð leið til að gulltryggja það. En við sjáum viljann. Hv. þm. gat þess að það hefði tekist að draga með töngum kjarabætur fyrir eldri borgara út úr ríkisstjórninni. Það þurfti lýðhreyfingu. Það þurfti útbreidd mótmæli eldri borgara, harðvítuga andstöðu í þinginu og ólgu innan verkalýðshreyfingarinnar, þá var loksins hægt að ná þessu. Núna óttumst við hins vegar að hið sama gerist aftur. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Í stað þess að láta þetta tímabundna skerðingarákvæði deyja út með lögunum, sem festu það í gildi, liggur það fyrir og því er lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að gera eigi skerðingarákvæðið varanlegt. Sýnir það ekki hug ríkisstjórnarinnar til þessa fólks? Ef Framsfl. ætlar að láta það ganga yfir sig enn einu sinni sýnir það líka hug Framsfl. til þessa mikilvæga hóps í þjóðfélaginu.

[18:29]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef löngum séð að þeir menn sem hafa farið í gegnum marga flokka búa yfir þeirri reynslu og þeirri lífssýn að þeir viðurkenna það sem vel er gert. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu náð ágætum tökum á ríkisfjármálunum. (**ÖS:** Þó það nú væri.) Þetta heyrist ekki úr munni margra stjórnarandstæðinga. Hann sagði enn fremur: Þess vegna verður kaupmáttaraukning á næstu árum. Hvort tveggja er rétt hjá hv. þm. Þess vegna segi ég að ég treysti því að í báðum stjórnarflokkunum sé sá meiri hluti fyrir hendi sem muni jafnvel sjá til þess að þeir fátækustu meðal aldraðra, sem eiga virkilega erfitt, muni ná lengra en sem nemur þeirri kaupmáttaraukningu sem blasir við. (**ÖS:** Mikil er trú þín, kona.) Þetta eru lokaorð mín við hv. þm. um leið og ég þakka honum málefnalega ræðu.

[18:30]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hirði ekki um hvernig þeim ágætu þingmönnum sem hér hafa talað líður eða hversu góðan vilja þeir hafa. Eitt er víst að hv. 2. þm. Suðurl. og ég skiljum ekki hvort annað. Hann talaði um þá sem þyrftu á hjálp að halda. Ég er ekki að biðja um neina hjálp handa eftirlaunamönnum á Íslandi. Þeir eiga ekki að þurfa neina hjálp, þeir eiga að fá mannsæmandi laun. Þeir hafa unnið fyrir því allt sitt líf. Hvers konar raunveruleika lifa menn í á hinu háa Alþingi að gera heilmikið úr því að fjöldi eftirlaunamanna hafi það mjög gott, eigi mikla peninga? Auðvitað er einhver hópur

sem á einhverja peninga og ég ætla rétt að vona það. En hefur hv. þm. gleymt því að u.þ.b. helmingur af þeim 27 þúsund Íslendingum sem eru yfir 67 ára aldri eru konur? Ég vil spyrja hv. þm.: Heldur hann að margar þeirra kvenna eigi mikla peninga? Ég hygg að flestar þeirra eigi hreint enga peninga. Margar þeirra búa við mjög lítinn lífeyrissjóðsrétt og hagur þessara kvenna er ekki góður, svo mikið er víst. Auðvitað gildir þetta um fjölda karlmanna líka. Nægir nú að nefna sjómannastéttina sem býr við ömurlegan lífeyrissjóðsrétt eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson veit. Ég held að við eigum að horfast í augu við að aldraðir á Íslandi búa við þröngan kost og það er skömm að því. Og að þingmaðurinn skuli segja „þeir sem fátækastir eru". Ég vil ekki hafa fullorðið fólk á Íslandi sem er fátækt. Það er bara ekki siðlegt. Þetta fólk á ekki að vera fátækt. Það á að hafa vel til hnífs og skeiðar á meðan við njótum góðs af því sem þetta fólk gerði fyrir samfélagið. Ég vildi leggja áherslu á að enginn er að biðja um ölmusu.

[18:33]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað má snúa út úr öllum ræðum og rangfæra þær í ræðustól eins og hv. þm. leyfir sér að gera í umræðunni. Þegar ég tala um skerðingar og „hjálp að halda" skipti ég auðvitað fólki í tvennt. Ég vil ekki að þeir sem hafa það virkilega gott, eiga mikla peninga og hafa mikil eftirlaun úr lífeyrissjóðum og annars staðar frá, fái ýmislegt frá samhjálpinni. Samhjálpina þarf að skilgreina með þeim hætti að hún fari til þeirra sem þurfa á henni að halda en ekki hinna. Vill hv. þm. svara því hvort hún vill láta það ganga yfir línuna? Vill hún engar skerðingar? Á að láta þann sem hefur 400–500 þús. í eftirlaun fá peninga til þess að láta laga í sér tennurnar o.s.frv.? Á ríkið að borga það? Þurfa ekki að vera skerðingar í þessu dæmi? Þetta er útúrsnúningur sem ég hélt að henti þennan virðulega þingmann ekki.

Ég er sammála hv. þm. að auðvitað vil ég hvergi sjá fátækt. Ég er af fátæku fólki kominn og ég hef séð fólk berjast fyrir lífi sínu þannig að ekki þarf að tala með þessum hroka við mig. Ég þekki alþýðuna á Íslandi og kjör hennar. En hv. þm. skal skilgreina hvert hún vill fara. Mér heyrist að hún vilji nota peninga ríkissjóðs með þeim hætti að þeir gangi á línuna. Það er enginn vafi í mínum huga að sem betur fer eru margir efnaðir meðal aldraðra, hafa farið vel með og búið í haginn. Við skulum huga að öldruðum en við skulum heldur ekki gleyma því að við eigum unga kynslóð sem skuldar mikið og af henni hef ég miklar áhyggjur, kannski enn þá meiri áhyggjur af hinni ungu skuldugu kynslóð sem á börnin og er að ala þau upp en hinum öldruðu, ég skal vel játa það. Því þeir hafa staðið flestir þannig, sem betur fer, að þeir komast þokkalega af en ég hef skilgreint það vel í ræðu minni að þar er misskipt auðæfunum og ber að horfa til þeirra, að skerða ekki hjá þeim sem fátækastir eru.

[18:36]

**Flm. (Ágúst Einarsson)**:

Herra forseti. Ég nefndi áðan að í landinu væru um 27 þúsund eldri borgarar. Af þessum 27 þúsund eldri borgurum eru 20 þúsund með einhverja tekjutryggingu. Þetta segir okkur býsna mikið um stöðu eldri borgara og hve varasamt getur verið að tala um meðaltöl í þessu sambandi. Eins og hefur komið fram er staða þeirra mjög slæm og þeir eru margir sem hafa allt sitt frá almannatryggingakerfinu. Og framlagið hefur verið rýrt á undanförnum árum. Við þurfum að hafa í huga að við erum að tala um fólk sem hefur ekki átt kost á að vera mikið í lífeyrissjóðum og hefur ekki byggt upp miklar lífeyrissjóðseignir. Margt af þessu fólki er kvenfólk sem var ekki í lífeyrissjóðsumhverfi þegar það var að vinna. Þetta fólk hefur ekki úr miklu að spila núna.

Við sjáum að ríkisstjórnin sá ástæðu til að leggja sérstakan fjármagnstekjuskatt á þetta fólk, jaðarskattarnir eru það háir, jaðarskattar atvinnutekna lífeyrisþega eru u.þ.b. 80%. Ef þeim dettur í hug að vilja fara út á vinnumarkaðinn, tökum einstakling sem hefði 50 þús. kr. í tekjur á mánuði, í hlutastarfi, mundi örorkumat lækka úr 75 í 65% og þá tapar þessi einstaklingur á því að fara út á vinnumarkaðinn. Annað dæmi er um sambúð eða hjónaband þar sem árstekjur maka væru 1 milljón og lífeyrisþegi tekjulaus þá væri í sambúð eða hjónabandi um að ræða 113 þús. kr. á mánuði með örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjur. Ef fólkið skilur þá væri upphæðin 144 þús. kr. eða 30 þús. kr. hærri greiðsla til þeirra.

Herra forseti. Svona dæmi segja okkur að það er orðið meira en tímabært að taka þær ábendingar sem hafa komið fram hjá eldri borgurum alvarlega. Ekki segja eins og hv. þm. Guðni Ágústsson sagði áðan að hann treysti ríkisstjórninni raunverulega til að framfylgja því sem sagt er í þessu frv. og meiru til. Eldri borgarar, stjórnarandstaðan, hafa ekki nokkra einustu ástæðu til að treysta ríkisstjórninni til að rétta hag eldri borgara. Mér finnst það slæmt og ég veit að fjölmargir í stjórnarliðinu bera hag eldri borgara fyrir brjósti. Margir í stjórnarliðinu skammast sín fyrir þá stöðu sem er komin upp hjá ríkisstjórninni því hún á ekki að þurfa að vera. Það er ástæðulaust, herra forseti, að ganga með þessum hætti á rétt þessa fólks. Engin ástæða er til þess. Ríkisstjórnin hefur brotið á þeim sem síst skyldi, bæði fjárhagslega en einnig með framkomu sinni, og sárnar mönnum kannski mest framkoman, það er lítilsvirðingin sem er sýnd í öllu málinu. Megintekjur aldraðra eru úr almannatryggingakerfinu, menn geta alveg skoðað tölur um það, sumir hafa tekjur annars staðar frá aðrir úr lífeyrissjóðum en megintekjurnar og eftir því sem fólk verður eldra þeim mun meiri hluti kemur úr almannatryggingum. Þetta er staðreynd í málinu.

Við höfum, herra forseti, ekki borið gæfu til þess að sannfæra stjórnarliða um skynsemi málsins sem við leggjum fram. Þvert á móti höfum við fengið í umræðunni frá hæstv. fjmrh. að nú skal þessi aftenging gerð varanleg og eldri borgarar eiga að vera háðir geðþóttaákvörðunum stjórnvalda hverju sinni. Það er alveg sama hvernig menn snúa því, þegar búið er að taka þessa tengingu af þá er það ákvörðun hverju sinni alveg eins og við höfum séð að það hefur þurft að toga þessar bætur núna undanfarin missiri út úr hæstv. ríkisstjórn með valdi. Það var ekki með öðru en valdi og fyrst og fremst vegna framgöngu eldri borgara og e.t.v. höfum við í stjórnarandstöðunni átt einhvern hlut að máli, þó held ég minna en eldri borgarar sjálfir.

Herra forseti. Reiði hefur gripið um sig í þjóðfélaginu. Við eigum að gæta okkur á því að skapa ekki þær aðstæður í þjóðfélagi sem við viljum hafa samhjálp í að fólk telji sig hafa ástæðu til að vera reitt og það með réttu. Það er að mínu mati gjörsamlega óviðunandi að við séum að reita fullorðið fólk til reiði. Ég hef einhvern tímann sagt að virðing þjóðfélags endurspeglast e.t.v. best í því hvernig það kemur fram við eldri þegna sína. Mér hefur stundum fundist að ríkisstjórnin setji þann verðmiða á þetta þjóðfélag að það sé í reynd ekki mikils virði.

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni munum halda áfram að berjast fyrir þessu máli, berjast fyrir þeirri stefnu sem við höfum verið að lýsa í ræðustól og berjast fyrir því að eldri borgurum sé sýnd virðing.

[18:43]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur margt verið sagt sem er fullrar athygli vert og ég tek undir að vissulega þurfum við að skoða mál aldraðra frekar en gert hefur verið og við stjórnarþingmenn þurfum að leita leiða til sátta hvað varðar þennan hóp.

Eitt var það þó sem kom fram í ræðu hv. þm. fyrr í kvöld þegar hann sneri orðatiltækinu „búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld" upp á ríkisstjórnina. Málið er hins vegar það, og fleiri hafa fallið í þessa villu, að fyrir nokkrum árum kom happdrætti DAS, happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, fram með þetta slagorð þar sem mönnum var bent á að þeir sem styddu þetta framtak um byggingu dvalarheimilis aldraðra mundu um leið og þeir keyptu miða í happdrætti dvalarheimilins styðja þá starfsemi og þann félagsskap sem að þessu máli stóð með þeim hætti að um leið og menn kæmu á dvalarheimili aldraðra væri þeim búið áhyggjulaust ævikvöld. Þannig var lagt upp með þetta á sínum tíma sem svo margir eins og síðasti ræðumaður hafa snúið upp á ríkisstjórnina. En það voru sjómannasamtökin sem notuðu þetta slagorð til þess að fá Íslendinga til að taka þátt í að standa við bakið á þessu ágæta og merka framtaki fyrirrennara minna. Ég held að þessum málum væri kannski öðruvísi háttað í dag hvað áhrærir heimili fyrir aldraða, bæði hjúkrunarheimili og vistheimili ef þessi samtök hefðu ekki staðið fyrir þessu framtaki.

[18:45]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni og þakka fyrir umhyggju hv. þm. gagnvart fullorðnu fólki því ég veit að hún er einlæg. Hann hefur sýnt hana bæði í ræðu og riti og ekki hvað síst í störfum sínum. Hann nefndi sérstaklega Dvalarheimili aldraðra sjómanna og þá stefnu sem hefur verið rekin bæði af honum og forverum hans. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á að við erum hér að tala um ríkisstjórnarstefnu flokks hans. Þótt svo að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sé fullur samkenndar gagnvart eldri borgurum og telji að það þurfi að gera betur þá er það ekki stefna Sjálfstfl. í reynd. Hún birtist í fjárlagafrv. Hún birtist hjá fjmrh. Þessi stefna mannúðar sem einkenndi Sjálfstfl. kannski á árum áður, ekki bara gagnvart öldruðum heldur öðrum, er horfin. Ég veit að hv. þm. veit að stefna Sjálfstfl. birtist í ríkisstjórnarstefnunni, í fjárlagaafgreiðslunni. Hinn harði heimur markaðshyggjunnar á sviði velferðarmála sem blasir við okkur hvert fótmál er stefna Sjálfstfl., en ekki hin fallegu einlægu orð hv. þm. sem hann flutti hér áðan heldur stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem hann styður með atkvæði sínu þegar á reynir. Þess vegna finnst mér stundum miður að góðir þingmenn, sem ég veit að eru einlægir og tala fyrir málefnum sem a.m.k. mér eru kær, skuli ekki hafa meira vægi og meiri þunga í sínum eigin flokki. Ég tel það miður alveg burt séð frá pólitískum línum sem eru á milli okkar.

[18:47]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér áðan var rifjað upp af hv. þm. samstarf Sjálfstfl. og Alþfl. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar frá 1991. Það má kannski segja að þá varð mikil endurnýjun í þingflokki sjálfstæðismanna. Mig minnir að það hafi verið upp undir helmingur þingmanna flestra flokka sem þá settust á þing í fyrsta sinn. Páv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, hafði forgöngu um það hvernig á málum skyldi haldið í Tryggingastofnun ríkisins. Ég viðurkenni það alveg að ég var nýgræðingur þá nýsestur á þing. Ég fór kannski villur vegar í því að hugsa sem svo að þarna væri maður sem hefði nú nokkuð mikið vit fyrir okkur hafandi setið á þingi í fjölmörg ár. Sú tekjutenging sem þá var hleypt af stokkunum, ef svo mætti segja, er enn við lýði og kemur þá úr þeim herbúðum sem síðasti ræðumaður nú hefur hreiðrað um sig í. Það væri gaman að því þegar frá líður í vetur að heyra í fyrrv. heilbrrh. hvað honum hafi gengið til með þeirri tekjutengingu sem hann kom þá á.

Mér þykir vænt um að þau orð sem hv. þm. viðhafði áðan um ágæti mitt. Það er annar kapítuli. Hitt er annað mál að Sjálfstfl. hefur ekki lagt af stefnu mannúðar og mildi. Hún er enn ríkjandi. Eins og kom fram hér hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni þá munu ríkisstjórnarflokkarnir fara yfir þetta mál og þeir þingmenn sem fylgja þessari ríkisstjórn munu skoða þau mál sem snúa sérstaklega að málefnum aldraðra.

[18:49]

**Flm. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki efast ég neitt um þann vilja hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar eða hv. þm. Guðna Ágústssonar að ætla að skoða mál af velvild og yfirvegun. Þeir munu vafalítið gera það. Ég bendi hins vegar á að búið er að taka ákarðanirnar fyrir þá. Þeir geta skoðað allt eins og þeir vilja en það er búið að leggja fram fjárlagafrv. Það er búið að boða stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar þetta atriði sem við erum að ræða. Þessi aftenging skal gerð varanleg. Foringjarnir hafa talað, ekki fótgönguliðarnir, þó þeir séu nú mætir. Foringjarnir hafa talað, hæstv. forsrh. í sinni stefnuræðu og hæstv. fjmrh. í sinni fjárlagaræðu. Þeir hafa kveðið upp úr um þetta og einhverjir framsóknarmenn hafa líka fylgt með í þeirri umræðu. Þannig að stefna mannúðar og mildi er nú horfin, herra forseti, hvað þessi mál áhrærir.

Hv. þm. gat um verk fyrrum heilbrrh., Sighvats Björgvinssonar. Hann verður náttúrlega að svara fyrir þau sjálfur og er maður til þess. Ég minni hins vegar á að þar voru menn í erfiðum málum sem tengdust niðursveiflu í efnahagslífinu. Það má vel vera að tekið hafi verið of harkalega á ýmsum þáttum en ég bendi þó á það hvernig sú ríkisstjórn komst út úr þeim efnahagsþrengingum sem hefur nú reyndar skapað grundvöllinn fyrir þeirri hagsveiflu sem nú er. Menn skulu ekki vanmeta það. Hins vegar er það stefna okkar að hverfa frá þessari tekjutengingu. Hún er komin út í þvælu og öfgar og var það kannski fyrr á tímum. Menn eru alltaf meiri við það að sjá að sér gagnvart þessum þáttum og tala um þá með skynsemi. Mér finnst skemmtilegra að horfa fram á við í pólitíkinni en aftur á bak. Þetta er eitt af því sem við verðum að laga í þessu kerfi eins og margsinnis hefur verið rakið í umræðunni. Með þessari miklu tekjutengingu er verið að refsa fólki sem vill vinna eða fær einhverjar aukagreiðslur og sýna því ósanngirni. Þetta skulum við laga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umboðsmaður barna, 1. umr.*

Frv. KB o.fl., 59. mál (ársskýrsla). — Þskj. 59. [18:52]

**Flm. (Kristjana Bergsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert og taka til umræðu á Alþingi.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Flm. ásamt mér eru Jón Kristjánsson og Hjálmar Árnason.

Frumvarp þetta flytjum við þar sem okkur þykir skorta mjög vettvang til umræðna um störf umboðsmanns barna og teljum að lögbundin umræða á Alþingi Íslendinga um árlega skýrslu umboðsmanns barna veiti embættinu aukið vægi og skapi réttindamálum barna og ungmenna fastan sess í störfum þingsins.

Sú skýrsla sem umboðsmaður barna hefur lagt fram fyrir árið 1996 er önnur skýrsla frá því þetta embætti var stofnað. Í lögum um umboðsmann barna segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín.

Umboðsmaður barna tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu."

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna, er upphafið á 4. gr. Það má til sanns vegar færa við lestur skýrslunnar að þetta embætti auðveldar og einfaldar mjög aðgang barna og foreldra þeirra eða forráðamanna að aðstoð þegar þau hafa komið að lokuðum dyrum annars staðar í kerfinu. Þannig er, og ekki eingöngu hvað varðar börn, að stofnanir í þjóðfélaginu eru sífellt að dæma í eigin málum um eigin gerðir. Við það að stofna embætti umboðsmanns barna opnaðist leið fyrir þá smæstu í þjóðfélaginu til þess að geta einfaldlega tekið upp símtól, hringt þangað sem hlustað var á það sem þeir höfðu fram að færa.

Það er venja í okkar þjóðfélagi og gömul hefð að við hlustum ekki nóg á börnin. En andinn í skýrslu umboðsmanns barna er einmitt sá aftur og aftur og í öllu sem umboðsmaður barna lætur frá sér fara hvar sem er, að það sem við þurfum að breyta í dag er fyrst og fremst þetta viðhorf til barna: Við þurfum að fara að hlusta á þau og taka mark á þeim, samanber t.d. málþing sem umboðsmaður barna hélt á Akureyri um síðustu helgi. Í 4. gr. laga um umboðsmann barna segir einnig, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum."

Þannig að þó svo að börn hringi til umboðsmanns barna með einföld mál þá geta þau eftir sem áður staðið í sömu sporum vegna þess að umboðsmaður barna leysir ekki úr málum einstaklinga. Ég segi þetta ekki til þess að gagnrýna þessi lög eða hvernig ákveðið var að haga störfum umboðsmanns barna, heldur til að benda á það hversu mikilvægt er að fylgjast með því í gegnum störf umboðsmannsins hvaða ábendingar og umkvartanir koma til hans, hvað af því hann dregur saman til þess að vinna frekar að málum og skoða og hvað af því er honum tilefni til þess að banka upp á hjá hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu sem hafa með mál barna og ungmenna að gera.

Það var ákveðið að lög um umboðsmann barna skyldu vera undir forsrn. Það finnst mér alveg rétt. Öll önnur ráðuneyti hafa með lög um börn og ungmenni að gera. Þetta var það ráðuneyti sem helst má segja að standi sjálfstætt og geti verið sá utanaðkomandi aðili sem fylgist með.

Í 8. gr. laga um umboðsmann barna segir, með leyfi foreta:

„Forsætisráðuneytið skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður barna skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds."

Þetta er mjög mikilvægt. Þetta skapar umboðsmanni barna þá aðstöðu sem hann þarf til að geta verið málsvari barna í þjóðfélaginu og ýtt áfram nýjum hugmyndum sem hvarvetna er að finna í alþjóðasamþykktum um vernd barna, þ.e. börnum ber meiri réttur í samfélaginu, meiri réttur til að hafa áhrif á líf sitt og líðan.

Í 8. gr. segir einnig, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns barna í reglugerð að fengnum tillögum umboðsmanns."

Sjálfstæð staða embættis umboðsmanns barna er mikilvæg hvað varðar það að hafa samvinnu við aðrar stofnanir. Eitt af því sem ég tel að allir í samfélaginu þurfi að fylgjast með og ekki síst þingmenn, t.d. með umræðum um skýrslu árlega, er að allar stofnanir sem hafa með börn að gera virði það að ætlast sé til þess að þær hafi gott samstarf við embætti umboðsmanns barna.

Í þessari skýrslu sem er önnur skýrslan frá því að embættið var stofnað kemur fram að það hefur orðið 60% aukning erinda og þá sérstaklega tiltekin símaerindi sem eru flest. Þau eru mjög fjölbreytt og að mínu mati er þetta embætti kjörið til þess að hafa fingur á púlsi og eitthvað slíkt, eins og oft er talað um að nauðsyn sé á.

Árlega höfum við fengið að heyra frá umboðsmanni barna í þessum skýrslum, þessari og þeirri fyrstu, það sem brennur á í dag, nákvæmlega núna. Og ef við lítum á erindin þá eru þau flokkuð hér á bls. 27. Það eru skólamál, skilnaður og sambúðaslit, barnavernd, fjölmiðlar, réttarkerfi, réttindi barna almennt, starfshættir félagsmálayfirvalda, tryggingamál, fjármál, lífeyrismál, starfshættir Tryggingastofnunar ríkisins, öryggismál barna, sifjamál, nafnamál, erfðamál, vinnumarkaðurinn. Við sjáum að þetta spannar allt samfélagið.

Það er mjög mikilvægt að við minnumst þess alltaf þegar við fjöllum um börn að þau eru ekki þrýstihópur. Við getum ekki talað til þeirra sem þrýstihóps og við þurfum að muna skyldur okkar gagnvart þeim vegna þess að þau sameinast ekki og halda mótmælafundi, samþykkja ályktanir eða eru í mótmælaaðgerðum yfirleitt. Þess vegna verðum við að vera sérstaklega vel á verði.

Umboðsmaður barna, eins og ég fór aðeins yfir áðan, hefur fengið mál til umfjöllunar af ýmsum toga. Skólamál eru þar efst á blaði. Það er ekkert skrýtið vegna þess að skóli er vinnustaður barna og þau eru þar innan dyra ár a.m.k. tíu ár ævi sinnar í skyldunámi og fram að þeim aldri sem við erum að fjalla um hér.

Umboðsmaður barna hefur ákveðið, vegna ábendinga, að taka sérstaklega til umfjöllunar ýmislegt er varðar vinnubrögð innan skólanna og það tel ég einmitt, og er sammála umboðsmanni, að sé mjög brýnt því innan skólanna tíðkast víða sá hugsunarháttur að börn sé ekki neytendur menntunar, heldur séu frekar skjólstæðingar.

Ég vil sérstaklega nefna hér einelti sem er skömm á íslensku skólakerfi. Samkvæmt rannsóknum í nágrannaríkjunum má gera ráð fyrir að um 10% skólabarna séu þátttakendur, gerendur eða þolendur í eineltismálum. Við vitum það vegna þess að þessi umræða hefur fyrst núna allra síðustu ár verið að koma upp á yfirborðið, þ.e. fólk hefur komið fram í fjölmiðlum, fullorðið fólk, og lýst líðan sinni sem börn og áhrifum þessa á þroska og vöxt til fullorðinsára. Það er mitt mat að umræða um einelti sé sama marki brennd og umræða um kynferðislega misnotkun á börnum, þ.e. þetta er haft í þagnargildi. Okkur reynist erfitt að ræða þetta. En það skiptir mestu máli að umræðan er hafin. Við megum ekki láta þetta viðgangast án þess að vera tilbúin til þess að gera miklar umbætur á þessum málum innan skólakerfisins. Skólaganga barna er nokkurs konar rússnesk rúlletta því að nýjustu rannsóknir um einelti sýna að hver sem er getur lent í þessu. Gamla kenningin um rauðhærða strákinn, freknóttu stelpuna og gleraugnagláminn er úrelt. Þróun rannsókna í þessum málum, í geðsjúkdómafræðinni og öðrum fræðigreinum sem koma við líðan barna í skóla, er mjög hröð. Þær rannsóknir hafa ekki skilað sér inn í íslenskt skólakerfi. Þar eru gömlu viðhorfin enn við lýði og þar af leiðandi aðgerðir sem ekki virka.

Það að barn verður fyrir einelti eða einelti líðst í skóla og ekki er tekið á því þannig að bót sé að, skilar sér til barnanna og allra sem upp á horfa að verið sé að viðurkenna ofbeldi. Og nýjar rannsóknir á dæmdum ofbeldismönnum í Noregi sýna einmitt að þeir eiga sér forsögu innan skólakerfisins sem aðilar í eineltismálum. Nú vil ég taka það fram að það líða allir fyrir þetta, ekki bara þolandinn heldur einnig gerandi og þessi stóri meiri hluti sem horfir upp á. Það líða allir fyrir eineltið.

Ég hef orðið vör við vaxandi hræðslu á meðal foreldra á landsbyggðinni sem búa í smærri bæjarfélögum við það hvað framtíðin ber í skauti sér eftir yfirtöku sveitarfélaganna á skólakerfinu. Það getur verið að í huga einhverra séu þessir hlutir alveg skýrir, en í huga margra sem vinna í sveitarstjórnarmálum er það ekki alveg skýrt til hvers er hægt að snúa sér ef mál fara í hnút heima í bæjarfélaginu. Ber menntmrn. ábyrgð á því ef skóli í litlu bæjarfélagi úti á landi tekur ekki viðunandi á vanlíðan barns?

Börnin eru skyldug til að ganga í skóla, það eru lög þar um. Hér í Reykjavík er auðvelt fyrir börn að flytja sig um set, fara í annan skóla ef ekki næst viðunandi lausn á þeirra málum innan síns skóla. Þau geta fært sig á milli bekkja jafnvel sem stundum er lausn. Það hefur ekki leyst þeirra vanda en þau geta flúið svona allan sinn skólatíma. Þau eru mörg þessi börn og það væri gaman að heyra hvort þau eru skráð einhvers staðar. Barn í litlu bæjarfélagi getur ekki flúið, hvorki í annan bekk — þá er ég að sjálfsögðu að tala um bæjarfélag sem er það fámennt að það er aðeins einn bekkur í árgangi — né heldur í annan skóla vegna samgangna. Því miður finnast mörg mál af þessum toga víða í íslensku samfélagi. En í menntmrn. bíða úrskurðar mál af ýmsum toga er varða vanlíðan barna. Ég veit um mál sem hefur beðið að mínu mati allt of lengi.

Regluleg umræða um skýrslu umboðsmanns barna er mjög nauðsynlegur vettvangur til þess að minna á öll þessi atriði þannig að þingmenn fái tækifæri til að tjá sig í umræðu sem er föst í dagskrá þingsins árlega.

Ég nefndi það að fólk er almennt ekki klárt á því hvert hægt sé að leita núna ef upp koma samskiptaörðugleikar innan skólans. Í litlu bæjarfélagi getur staðan verið sú að skólastjórinn situr í bæjarstjórn.

Það kemur fram í skýrslu umboðsmanns barna að við verðum að huga mjög vel að öllum verkefnaflutningi til sveitarfélaganna sem varðar börn og ungmenni. Sveitarfélögin eru að taka við mjög mörgum verkefnum sem þau hafa ekki haft áður en eiga nú að bera algjöra ábyrgð á. Einnig þarf að skýra mjög hver verkaskiptingin verður. Þegar við ræðum núna um flutning skólanna þá erum við eingöngu að ræða um kjör kennara. Það kemur sjaldan fram hversu mikilvægt er að börn í skólum landsins fái vel þjálfað starfsfólk sem fær tækifæri til þess að sinna starfi sínu vel.

Ég vil aðeins nefna hugsanlegt mál barns sem fær ekki lausn í sínum skóla vegna eineltis eða ofbeldis. Það barn getur hringt til umboðsmanns barna og hann tekur það niður. Hann getur ekki leyst mál einstaklinga. Ef barnið á duglega foreldra og ef foreldri er ekki niðurbrotið eftir samskipti sín við skólann, er hægt að skrifa bréf til menntmrn. Foreldri þarf bara að þekkja örlítið til laga og reglna um upplýsingaskyldu, þ.e. hvernig á að fá þær á réttan hátt þannig svörin séu skilvirk en ekki aðeins svarbréf sem vísar eitthvert annað. Barnið getur líka leitað til barnaverndarnefndar í bænum. Hvað gerist þá? Þá kemur í ljós að barnaverndarnefndir hafa ekki yfir skólunum að ráða. Í lögum er ákvæði um vernd barna og unglinga og allir sem starfa með börn skulu hlíta þeim hvar sem er í þjóðfélaginu. En í raun og veru eru lög um börn og ungmenni gölluð að því leytinu til að þau ná, þegar talað er um stofnanir, eingöngu yfir stofnanir félmrn.

Við getum tekið dæmi. Segjum sem svo að barn komi grátandi í skólann með áverka sem það segist hafa fengið heima. Barnið segir jafnvel að það þori ekki heim til sín þegar skólinn er búinn á daginn. Þá er mjög auðvelt fyrir vökult fólk innan skólans að taka á þessu máli og það er alveg nóg að snúa sér þá til barnaverndarnefndar. Hún hefur umboð til þess að fara heim til barnsins og athuga út af hverju barnið þorir ekki heim til sín.

Ef við snúum þessu við. Barn kemur grátandi með áverka úr skólanum. Ef barn segist ekki þora í skólann, þá er sama leið ekki fær fyrir foreldri sem vill hlusta á barnið sitt.

Í skýrslunni fjallar umboðsmaður um barnavernd á bls. 73 og telur að endurskoða þurfi stöðugt lög um vernd barna og ungmenna. Umboðsmaður félmrn. hefur starfrækt nefnd um skeið en að því er mér skilst er sú nefnd ekki að störfum núna. Ég mundi vilja sjá stöðugt starf eiga sér stað innan ráðuneytisins við að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna.

Í skýrslunni kemur einnig fram að starfshættir barnaverndarnefnda þurfi að vera betri. Með leyfi forseta vil ég lesa hér nokkrar línur í skýrslunni:

„Það sem einkennir meðferð barnaverndarnefnda á málum þessara tilteknu barna er einkum hversu lítið virðist hlustað á óskir þeirra og skoðanir."

Umboðsmaður er að tala um börn sem kvarta undan starfsháttum barnaverndarnefnda.

„Til undantekninga virðist heyra að barni sé skipaður talsmaður. Óskilvirkni og seinagangur í að afgreiða barna-

verndarmál leiðir síðan til þess að barnið sem nefndinni ber að hugsa fyrst og síðast um líður sáran fyrir."

Hér er á ferðinni mál sem við Íslendingar höfum rætt árum saman, þ.e. að bæta störf barnaverndarnefnda og svo sannarlega eru í skýrslu umboðsmanns barna margar ábendingar um að þörf er á að við skoðum bæði lög og starfshætti þeirra sem að lögum skulu vinna.

Ég hef ákveðið að tala ekki lengi. Það er komið seint fram á kvöld. Ég hafði vonast til þess að fleiri gætu talað í þessu máli. Ég get þó ekki lokið máli mínu án þess að nefna það sem við getum kallað alvarlegasta glæpinn í samfélaginu, þ.e. kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Í skýrslu sinni bendir umboðsmaður barna á mörg atriði um það sem ábótavant er, bæði í rannsókn þessara mála og allri meðferð þeirra og líka hvað snertir lagasetningar og segir, með leyfi forseta:

„Af þessu tilefni hef ég því ákveðið að láta gera samanburð á þessum ákvæðum íslenskra og norrænna hegningarlaga og réttarfarslaga sem varða kynferðisbrot gegn börnum, meðferð slíkra mála og og framkvæmd hér á landi. Skýrslu um þetta efni mun ég senda frá mér á næsta ári."

Svo segir umboðsmaður barna á bls. 83.

Sú skýrsla er komin út og ég vil þakka sérstaklega hana.

Konur sem kenndar eru við Stígamót hafa nú um árarað-ir barist fyrir því að vitneskja sem þær búa yfir sé notuð í málsmeðferð þegar um er að ræða kynferðisglæpi gegn börnum. Þeir hlutir hafa gengið allt of hægt fyrir sig, þ.e. að bæta starfsaðferðir og bæta lög. Mér þótti það miður þegar þessi skýrsla kom út og ég áttaði mig ekki á því að þetta var skýrslan sem ég hafði beðið eftir og séð í skýrslu umboðsmanns barna, þ.e. skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, vegna þess að í fjölmiðlum var lítið talað um þessa skýrslu og þær góðu ábendingar sem þar koma fram, heldur var umræðan öll um kynlíf unglinga og við hvaða aldurstakmörk unglingar ættu að miða kynlíf sitt. Þetta gripu fjölmiðlamenn út úr greinargerð frá umboðsmanni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tillaga mín er að ákvæði almennra hegningarlaga verði látin ná til barna yngri en 16 ára."

Hún leggur til að hækka aldursmörkin úr 14 ára í 16 ára. Hvernig gátu fjölmiðlamenn farið að valsa um bæinn með hljóðnema og talað við krakka niðri á götuhornum um það hvenær þeir vildu byrja kynlíf þegar innihald skýrslunnar er það að vernda börn gegn kynferðisglæpum?

Ég vil ljúka máli mínu með því að benda þingmönnum á að lesa þessa skýrslu, Heggur sá er hlífa skyldi, og kynna sér það sem umboðsmaður barna hefur komist að niðurstöðu um eftir að hafa borið saman starfsaðferðir og lög hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Ég vil ekki lengja mál mitt með því að fara í gegn um það. Ég veit veit að þingmenn, og hef séð það þessar tvær vikur sem ég hef verið hér, eru mjög ötulir og duglegir að kynna sér mál og hef þar af leiðandi ekki áhyggjur af því að þeir fái ekki þessa vitneskju óðruvísi en að ég sé að segja frá henni hér.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég þakka fyrir það tækifæri að hafa fengið að flytja mál mitt áður en ég fer af þingi og minna á að börn eru allt að því þriðjungur Íslendinga, þriðjungur þjóðarinnar. Og lokaorðin í greinargerðinni fjalla um það að börn eru ekki þrýstihópur og hafa ekki þroska til að setja sér heilsteypt markmið sem þjóna hagsmunum þeirra og þörfum til að fylgja þeim eftir. Þess vegna er þörf á því að yfirvöld séu mjög vakandi gagnvart hagsmunum þessa yngsta aldurshóps.

[19:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér tillögu um að embætti umboðsmanns barna verði þyngt verulega. Ég tel að því verði verulega lyft ef það verður gert að lögum að skýrsla embættisins verði á hverju ár lögð fyrir hið háa Alþingi og rædd þar. Þá er spurningin þessi: Verðskuldar þetta embætti það? Er það í þágu þess málstaðar sem það þjónar að það verði gert? Ég tel að svo sé. Ég er algerlega sammála þessari tilögu. Ég hef lesið þessa skýrslu sem er önnur skýrslan sem kemur frá embætti umboðsmanns barna og ég verð að segja að mér finnst verulegur fengur að þeim fróðleik sem þar er ða finna. Ég hef reyndar, með því að fylgjast örlítið með starfi þeirrar ágætu konu sem gegnir embættinu, tekið eftir því að í hverju málinu á fætur öðru hefur embættinu tekist að bæta rétt barna og ungmenna. Ég hef líka orðið þeirra gæfu aðnjótandi að fá aðstoð Þórhildar Líndal, umboðsmanns barna, í störfum þeirrar nefndar sem ég gegni forstöðu, en hún kom einmitt á fund nefndarinnar þegar við fjölluðum um réttindi sjúklinga og kom með margar mjög mikilvægar ábendingar sem allar, held ég, voru teknar til greina um þá kafla þess frv. sem laut einmitt að réttindum barna.

Ég segi eins og hv. þm. að í skýrslunni er drepið á fjölmörg mál sem sýna að miklu víðar er brotinn pottur þegar réttur barna og ungmenna er annars vegar heldur en ég hélt áður. Ég vissi t.d. ekki fyrr en ég las þessa skýrslu að það tíðkaðist að foreldrar og venslamenn barna og ungmenna gerðu börn að ábyrgðarmönnum skulda sinna gagnvart lánastofnunum og það hafði leitt til þess í nokkrum tilvikum að gert var fjárnám í eigum barna sem ekki eru orðin sjálfráða. Þetta er auðvitað þvílík ósvinna að það er með ólíkindum. Þetta vissi ég ekki. En umboðsmaður barna hefur tekið á þessu máli á mjög röggsaman hátt sem hefur leitt til þess að bankarnir hafa séð að sér og þetta er ekki gert lengur.

Eins varð umboðsmaður barna þess valdandi að sérstök samstarfsnefnd á vegum Sambands ísl. viðskiptabanka og Sambands sparisjóðanna hefur núna nýlega lokið gerð reglna um það hvernig eigi að fara með fármuni sem eru inni á reikningum barna. Dæmi voru um að venslamenn tóku þessa fjármuni út einfaldlega vegna þess að þeir gátu það. Sömuleiðis var vísað til embættisins ábendingum varðandi notkun debetkrota sem börn og ungmenni fengu útgefin af bönkunum og ég tel að það hafi fyrst og fremst verið fyrir atbeina embættisins að bættar voru þær reglur sem um þetta giltu og komið var í veg fyrir að hægt væri að gefa út slík kort með þeim hætti sem þá var gert.

Ég hjó líka eftir því við lestur skýrslunnar að umboðsmaðurinn hafði farið grannt yfir margvísleg lög sem tengjast á einhvern hátt réttindum barna og ungmenna og komst að þeirri niðurstöðu að í mjög mörgum tilvikum væri nauðsynlegt að breyta ákvæðum þessara laga til þess að þau samrýmdust ákvæðum barnasáttmála sem við höfðum staðfest. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt og ég get þess reyndar, herra forseti, að þingflokkur jafnaðarmanna hyggst á þessu þingi endurflytja þáltill. um að ríkisstjórnin fari í það að kanna hvernig þurfi að breyta lögum og hrinda því verki síðan í framkvæmd.

Ég hef sjálfur á þessu þingi nú þegar mælt fyrir þáltill. um öryggismiðstöð barna og þó að umboðsmaður barna hafi ekki tekið sérstaklega á því, þá hegg ég eftir því í skýrslunni

að víða hefur hún komið með mjög gagnlegar ábendingar sem varða einmitt þróun slysa hjá börnum. Ég nefni til að mynda sérstaklega þá válegu þróun íþróttaslysa sem gætir hér á landi. Hún hefur vakið máls á því gagnvart íþróttahreyfingunni hvernig rétt sé að taka á slysatryggingum barna. En eins og hefur margsinnis komið fram þá verður það því miður æ tíðara að börn bíði varanlegan skaða af þátttöku sinni í íþróttum, kappleikjum, og þá er spurningin hver á bæta þeim hann. Íþróttahreyfingin hefur tekið ábendingum hennar sem hún hefur sent þeim bréflega, mjög vel og nú er í gangi samstarfshópur sem á að skila tillögum um þetta.

Það er í rauninni ekki nema eitt sem ég get fundið að við embætti umboðsmanns barna og það er að ég tel að embættið hafi ekki sinnt því nægilega vel að koma tilvist sinni á framfæri við börn. Börnin geta hringt til embættisins og gera það. Þau geta líka haft samband við það bréflega til þess að koma á framfæri ýmiss konar umkvörtunum, stundum varðandi mjög alvarlega hluti eins og hv. þm. gat um.

Þegar maður les skýrsluna, þá er eitt sláandi, þar sem brotið er niður eftir landshlutum hvar börnin eru staðsett á landinu sem hafa samband, að í þeim tveimur landshlutum sem umboðsmaður barna fór í heimsókn til og fór í skóla til þess að kynna starfsemi embættisins, koma langflest umkvörtunarefnin. Þaðan eru flest börnin sem hafa samband við embættið. Þetta er Norðurland vestra og Austurland þar sem mig minnir að embættið hafi haft málþing með þátttöku barna á Egilsstöðum. Í þessum þingsölum hættir okkur oft til þess að líta á börn sem afgangsstærð, kannski vegna þess að við höfum í ríkum mæli litið á æskuna sem eins konar aðdraganda að því skeiði lífsins sem við erum stödd á, skeiði hins fullorðna. En umboðsmaður barna hefur einmitt í ræðu og riti bent á það að til þess að sýna börnum sem sjálfstæðum einstaklingum nægilega virðingu, þá verðum við að líta á æskuna sem sjálfstætt lífsskeið. Þetta var framandi hugsun fyrir mér en þegar ég velti vöngum yfir þessu, þá hef ég orðið þessu æ meira sammála. Ég held líka að ýmiss konar fylgigögn, ítarefni sem er að finna í skýrslunni, ýmsar ræður sem umboðsmaðurinn hefur flutt og hafa sumar að geyma ýmsar heimspekilegar hugleiðingar um stöðu barnsins í okkar samfélagi, séu afskaplega þarfur lestur fyrir okkur þingmenn.

Ég segi fyrir sjálfan mig að augu mín opnuðust varðandi fjölmargt sem betur mætti fara í tengslum við börn, umgengni okkar við börn og þann rétt sem Alþingi hefur búið börnunum.

Ég sagði í upphafi máls míns að frv. fæli í sér spurninguna: Er réttmætt að lyfta embætti umboðsmannsins á þann stall sem óneitanlega er gert með því að gera það að lagalegri skyldu að við ræðum skýrslu embvættisins á hverju ári? Ég tel eftir að hafa lesið þessa einu skýrslu að það sé engin spurning að það beri að gera. Ég held að þetta sé eitt af mestu framfarasporum sem stigið hefur verið a.m.k. varðandi þennan hóp þegnanna á síðustu árum. Ég held að embættið hafi mjög oft átt frumkvæðið að umræðu sem hefur opnað augu okkar sem stundum eru í allt of litlum tengslum við lífið utan þessara veggja. Ég held að það sama gildi reyndar um fjölmarga aðra, foreldra og fullorðna einstaklinga í þjóðfélaginu, að starfsemi embættisins hefur vakið athygli og hefur einmitt beint sjónum þeirra sem fara með forsjá barna að ýmsu því sem aflaga fer. Ég held að það væri öllum þingmönnum þarft að eiga kost á því að taka þátt í umræðu um þetta. Ég vil líka segja, herra forseti, að ég tel að þeirri ágætu konu sem ég þekki að öðru leyti ekki neitt sem gegnir þessu embætti hafi tekist mjög vel að gera embættið sjálfstætt. Hún hefur tekið á málefnum þess og umbjóðenda sinna, barnanna í þessu þjóðfélagi, af þrótti og festu án þess að fara með lúðrablæstri og ég held einmitt að þessi hógværi málflutningur sem hefur einkennt embættið hafi náð eyrum mjög margra.

Þess vegna segi ég það fyrir mína hönd og míns þingflokks að við munum styðja það að frv. verði gert að lögum á þessu þingi.

[19:31]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Sem höfundur þess frv. sem síðar varð að lögum um embætti umboðsmanns barna vil ég standa hér á fætur einungis til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. Ég tek undir það með hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, að ég held að það sé ekki nema til góðs ef það verður til að lyfta embættinu að það verði lögbundið að skýrslan skuli rædd hér á hverju þingi.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að málefnum barna hefur ekki verið sinnt sem skyldi í okkar samfélagi og það gleður mig að heyra að margra ára barátta sem það kostaði að fá þetta embætti samþykkt og fá frv. lögfest hefur orðið til þess að menn eygja framför eftir að þetta embætti varð til.

Ég held að við höfum verið afar lánsöm að fá frú Þórhildi Líndal sem umboðsmann barna. Hún hefur mótað embættið ákaflega skynsamlega og ég held að hún vinni sitt starf eins og best má verða.

Ég ætla ekki að ræða efni skýrslunnar né almennt hlutverk umboðsmannsins, tel ekki ástæðu til þess nú. Ég vil einungis þakka hv. þm. Kristjönu Bergsdóttur og flokksbræðrum hennar fyrir að sýna þessa umhyggju fyrir lögunum um embætti umboðsmanns barna og tel að þessi litla breyting sem er efnislega mjög stór geti einungis orðið til góðs. Þar sem ég á sæti í hv. allshn. sem ég vænti þess að þingmaðurinn vilji að fái frv. til meðferðar, þar var frv. til meðferðar þegar það varð að lögum, þá vil ég heita henni að ég mun að sjálfsögðu styðja eindregið að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

[19:33]

**Útbýting þingskjals:**

Förgun mómoldar og húsdýraáburðar, 104. mál, fsp. HjÁ, þskj. 104.

[19:33]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur gert ítarlega grein fyrir málinu og ég ætla ekki að bæta þar neinu við. Ég skrifa upp á þetta mál, er einn af flm., en 1. flm. hefur haft forustu um að hrinda þessu frv. hér fram. Ég vil aðeins lýsa því í nokkrum orðum að ég tel þetta mál afar mikilvægt. Það var, eins og síðasti ræðumaður tók réttilega fram, nokkur aðdragandi að því að þetta embætti væri stofnað. Það voru umræður um það á hv. Alþingi í nokkur ár og það er gott til þess að vita að farsællega hefur tekist til og þetta embætti umboðsmanns barna er nú óðum að festa sig í sessi. Við flm. þessa frv. teljum að lögbinding á umræðu um skýrslu umboðsmanns á Alþingi festi þetta embætti enn frekar í sessi og það verði til þess að málefni barna verði fastur liður á hv. Alþingi. Það hefur sýnt sig að fyrir þetta embætti er mikil þörf. Það er nú einu sinni þannig að vandamál dagsins varðandi börn eru mikil og vaxandi. Það má vel vera að

vandamál gærdagsins hafi einnig verið mikil þó að þau hafi ekki komið upp á yfirborðið. En það er því miður svo að grimmd og einangrun einstaklinga, jafnt barna sem fullorðinna sem lenda með einhverjum hætti utanveltu í lífinu, fer vaxandi. Það má endalaust tala um ástæður þessa. Ég ætla ekki að lengja mál mitt að þessu sinni með því að nefna þær. Það er oft talað um ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum sem ástæðu. Ég held að eitthvað geti verið til í því en þó ætla ég ekki að fullyrða að það sé eina ástæðan fyrir þessari þróun sem er mjög óskyggileg. Ég er sannfærður um að hinn mikli fjöldi af sundruðum fjölskyldum í landinu er einnig ástæða fyrir vandamálum sem upp koma.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vildi einungis með nokkrum orðum fylgja þessu máli úr hlaði með hv. 1. flm. sem flutti um það ítarlega og góða ræðu hér á undan.

[19:37]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Ég vil einnig með nokkrum orðum þakka hv. 1. flm., Kristjönu Bergsdóttur, fyrir framtakið og vinnuna að þessu máli og ég vona sannarlega að það nái fram að ganga að skýrsla umboðsmanns barna verði tekin til umræðu á Alþingi á hverju ári. Skýrslan er ágæt en fjölmiðlaumræðan í kjölfar birtingar skýrslunnar var ankannaleg og hún var líka afkáraleg, nánast að segja ábyrgðarlaus. Mér fannst fjölmiðlarnir algerlega bregðast skyldu sinni í umfjöllun um skýrslu umboðsmanns barna núna eftir að hún kom fram.

„Börn eru ekki þrýstihópur", segir í greinargerð hv. þm. Kristjönu Bergsdóttur. Það er öldungis rétt. Nú eru engir á þingpöllunum. Nú eru fáir eftir í salnum. Dagskrármálið sem var hér næst á undan um málefni og kjör aldraðra vakti upp ræður þar sem ætla hefði mátt að eingöngu gamalt fólk ætti erfitt í þessu þjóðfélagi. Vissulega eru þeir til meðal aldraðra en svo er í öllum aldursflokkum og í flestum þjóðfélagshópum. Sumir aldraðir búa við erfið kjör. Sama gildir um ungar fjölskyldur, fráskilið fólk með börn á framfæri og einstæðingar. Allt þetta fólk ber okkur skylda til að muna og vinna fyrir. Og ekki megum við á löggjafarsamkomunni unna okkur hvíldar meðan einhverjir eiga erfitt í þjóðfélaginu og á okkar valdi er að leysa úr. Það er á okkar valdi oft og einatt þótt stundum taki það tíma. Það má hins vegar ekki vaxa okkur í augum. Ég minni á það um leið að hver einstaklingur ber sína ábyrgð og getur lagt til mála.

Vanlíðan barna í skóla eða utan er stundum átakanleg og kemur öllum við. Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum kom til mín faðir barns á fyrstu árum þess í skóla og sagði mér það af biturri reynslu að hann teldi að mesti sadisminn sem ætti sér stað og væri til í þjóðfélaginu, ætti sér stað í frímínútum á skólalóðum. Mér þóttu þetta þung orð en sjálfur þekkti ég dæmi um slíkt og hef ekki getað vikið þessu allsendis frá mér. En hvar svo sem ofbeldi á sér stað gagnvart börnum ber að stöðva það með þeim faglegu ráðum sem við best þekkjum. Þessi mál eru oft flókin og ekki auðleyst þannig að til frambúðar sé.

Það má líka minna á að afskiptaleysi, vanrækslu og sinnuleysi, jafnvel hinna nánustu og kannski ekki síst gagnvart börnum, er alvarlegt og sárt til þess að vita og ég óttast að slíkt sinnuleysi um blessuð börnin fari vaxandi í einhverjum tilvikum.

Ég þakka hv. 1. flm. þessa máls fyrir framtakið að vekja athygli á réttindum barna og aðstæðum og vona að það nái fram að ganga, að skýrsla umboðsmanns barna fái umfjöllun hér á Alþingi á hverju ári.

[19:42]

**Flm. (Kristjana Bergsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp í lok þessarar umræðu til þess að þakka þeim sem hér hafa talað og lýst yfir stuðningi við þetta frv. Í skýrslu umboðsmanns barna eru mjög mörg atriði sem við þingmenn getum hugað að í vetur. Ég tel það mjög mikilvægt sem kom fram hjá ræðumönnum að mikil nauðsyn er á því að börn öðlist sína talsmenn hér innan veggja Alþingis. Og vegna þess sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan um þingpalla, þá gæti sá dagur runnið upp, ef skýrslan verður í upphafi þings ár hvert til umræðu, að á verði þingpöllum fólk, börn eða aðrir, sem kemur og fylgist með umræðum um málefni barna og unglinga. Ég vona að svo megi verða.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–14. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 19:45.

---

## 9. FUNDUR

miðvikudaginn 15. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Minnst látins fyrrverandi skrifstofustjóra Alþingis.
*Til fjármálaráðherra:*
2. Fæðingarorlof feðra, fsp. SvanJ, 75. mál, þskj. 75.
*Til sjávarútvegsráðherra:*
3. Túnfiskveiðar, fsp. KPál, 78. mál, þskj. 78.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

**Fjarvistarleyfi:**

Davíð Oddsson forsrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

### *Minnst Friðjóns Sigurðssonar.*

[13:30]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Friðjón Sigurðsson, fyrrverandi skrifstofustjóri Alþingis, andaðist í gær, þriðjudaginn 14. október. Hann var áttatíu og þriggja ára.

Friðjón Sigurðsson var fæddur í Vestmannaeyjum 16. mars 1914. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður Ingimundarson, útgerðarmaður og skipstjóri þar, og Hólmfríður Jónsdóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum

í Reykjavík 1934 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands vorið 1941. Haustið 1941 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í forföllum sýslumanns og gegndi hann því starfi til hausts 1943. Eftir það var hann nokkra mánuði starfsmaður í Skömmtunarskrifstofu ríkisins. 1. mars 1944 varð hann fulltrúi í skrifstofu Alþingis og 1. júlí 1956 varð hann skrifstofustjóri Alþingis. Því starfi gegndi hann til hausts 1984. Jafnframt starfi skrifstofustjóra var hann ritari hjá Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins frá 1956 og ritari hjá Íslandsdeild Norðurlandaráðs frá 1957.

Friðjón Sigurðsson starfaði í skrifstofu Alþingis rúma fjóra áratugi. Allan þann tíma rækti hann störf sín af alúð og festu, afkastamikill og ósérhlífinn. Alþingismönnum og ekki síst forsetum Alþingis var hann jafnan traustur og hollur ráðgjafi.

Ég bið viðstadda að minnast Friðjóns Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Þuríður Backman hefur tekið sæti áður á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa að nýju.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Einkaleyfi, 153. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 153.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 146. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 146.

Kynslóðareikningar, 154. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 154.

Stjórnarskipunarlög, 152. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 152.

### *Fæðingarorlof feðra.*

Fsp. SvanJ, 75. mál. — Þskj. 75.

[13:34]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til fjmrh. um fæðingarorlof feðra. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að feður í starfi hjá ríkinu ættu sjálfstæðan rétt til launa í tveggja vikna fæðingarorlofi var kynnt í lok síðasta mánaðar. Spurning mín lýtur að því hvort hér sé um að ræða rétt allra feðra sem eru í starfi hjá ríkinu án tillits til þess í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Þegar ný lög voru sett fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, rökstuddi hæstv. fjmrh. nýja löggjöf með því að segja, og nú vitna ég beint til ræðu ráðherrans, með leyfi forseta:

„að með þeim tillögum um breytingar sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að allir starfsmenn ríkisins sitji við sama borð hvað réttindi og skyldur áhrærir. Nú er það svo að starfsmaður ríkisins sem er t.d. iðnaðarmaður og félagsmaður í ASÍ nýtur ekki sömu réttinda og starfsmaður sem er í BSRB. Þetta fólk vinnur hlið við hlið í þjónustu fyrir landsmenn ... Hér er því um mikilvæga réttarbót að ræða fyrir þá einstaklinga í starfi hjá ríkinu sem ekki hafa fallið undir gömlu lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna."

Þetta sagði ráðherrann þá og svo mörg voru þau orð. Og því skyldi maður ætla að nú gilti einn siður fyrir alla starfsmenn ríkisins. En nei. Miðað við reynslu t.d. starfsmannafélagsins Sóknar sem með nýju lögunum var fellt undir sömu skyldur og aðrir starfsmenn ríkisins þá hafa konurnar í því félagi ekki fengið sama rétt í fæðingarorlofi og þær konur sem eru í gömlu ríkisstarfsmannafélögunum. Og tilraunir þeirra til að ná slíkum réttindum í kjarasamningum voru ekki virtar þannig að nú er mál Sóknar til umsagnar hjá umboðsmanni Alþingis því þetta ástand samræmist vissulega illa jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar eins og fjmrh. benti réttilega á þegar hann mælti fyrir nýju lögunum. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að fram komi hvort önnur viðhorf gilda í tilfelli karlanna en kvennanna, að þeir fái þennan nýja rétt án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra.

Það er einnig áhugavert, herra forseti, að þessi regla sem fjmrn. gefur út um rétt feðra styðst ekki beint við lög. Hér er ekki um reglugerð að ræða heldur einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Væntanlega er það þó í samræmi við 12. gr. laganna um réttindi og skyldur þar sem segir, með leyfi forseta:

„Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í ... fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun."

Flokkast fæðingarorlofsréttur feðranna e.t.v. undir orðin „og eftir atvikum ákveðið" og má þá reikna með því að konurnar fái einnig rétt samkvæmt því orðalagi í lögunum þar sem ekki hefur gengið að semja um þessa hluti við kjarasamningaborðið?

[13:37]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ákvörðunin um að veita feðrum í þjónustu ríkisins rétt til launa í fæðingarorlofi var tekin af ríkisstjórninni á grundvelli eins af meginmarkmiðum hennar sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu hennar frá 23. apríl 1995 og er „að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis og stuðla að jafnari möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína". Þar sem fjmrh. fer með starfsmanna- og launamál hjá ríkinu birti hann reglur um sjálfstæðan rétt feðra til launa í fæðingarorlofi. Rétturinn til sjálfstæðs fæðingarorlofs karla var fyrst og fremst veittur, ég legg áherslu á það, til að auka mætti jafnrétti karla og kvenna og var ákvörðun um hann ekki tekin, ég undirstrika, ekki tekin í tengslum við gerð kjarasamninga eða að undangengnum viðræðum við stéttarfélögin.

Hv. fyrirspyrjandi vék máli sínu nokkuð að reglum um greiðslur í barnsburðarleyfi kvenna í þjónustu ríkisins. Þær reglur eru mismunandi eftir stéttarfélagsaðild þeirra mæðra sem í hlut eiga. Annars vegar gilda greiðslureglur reglugerðar sem sett var á grundvelli laga nr. 38/1954 og gilda því

aðeins um konur sem eru í störfum sem féllu undir þau lög, með öðrum orðum konur sem eru félagsmenn aðildarfélaga BSRB og BHM. Þær konur njóta dagvinnulauna auk meðaltals yfirvinnu og vaktaálags í barnsburðarleyfi. Aðrar konur sem starfa hjá ríkinu, þ.e. konur sem taka laun samkvæmt kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ njóta ekki launa í fæðingarorlofi heldur fá greiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins eins og konur á hinum almenna vinnumarkaði. Í 12. gr. laga nr. 70/96, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem leystu lög nr. 38/1954 af hólmi, er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga rétt til launa í fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða samið með sama hætti og laun, þ.e. í kjarasamningum eða með ákvörðun kjaranefndar og Kjaradóms. Og það er fyrst og fremst sem verið er að vísa til slíkra ákvarðana. Í ákvæði til bráðbirgða í sömu lögum er mælt fyrir um að reglugerð um barnsburðarleyfi haldi gildi sínu uns breytingar verði gerðar með kjarasamningi eða ákvörðun kjaranefndar eða Kjaradóms, sbr. 12. gr. laganna. Til þess að hægt sé að breyta þeirri aðgreiningu sem gerð er á rétti kvenna til launa í barnsburðarleyfi og byggð er á stéttarfélagsaðild þeirrar konu sem í hlut á, verður að nást samkomulag við stéttarfélögin um breytingarnar en það hefur hins vegar ekki gerst í þeim samningum sem gerðir hafa verið á þessu ári. Þar sem lokið hefur verið við að semja við meiri hluta þeirra stéttarfélaga sem ríkið gerir kjarasamninga við er ekki útlit fyrir að breyting verði á rétti kvenna í barnsburðarleyfi fyrr en að samningstímabilinu loknu árið 2000. Ekki er heimild fyrir fjmrh. að setja reglugerð á grundvelli starfsmannalaganna sem breytir efni þeirrar reglugerðar sem nú gildir þar sem það er lögbundið eins og ég lýsti hér áðan að núgildandi reglugerð gildir þar til um annað verður samið við stéttarfélögin. Þetta þýðir með öðrum orðum að svar við fyrirspurn hv. þm. er: *Já*, feðraorlofið gildir fyrir alla starfsmenn ríkisins samkvæmt þeirri skilgreiningu sem kemur fram í ákvörðuninni.

Það er von okkar að þetta geti orðið fyrirmynd á almenna vinnumarkaðinum og það er til umræðu. En ég minni á að sá er munurinn á almenna vinnumarkaðinum annars vegar og hjá ríkinu hins vegar er að á almenna vinnumarkaðinum deila karlar og konur fæðingarorlofinu. Það er heimild til þess, en slík heimild er ekki til hjá ríkinu. Þar er um að ræða barnsburðarleyfi kvenna samkvæmt reglugerð og kjarasamningum en ekki neinn rétt föður enn sem komið er. Það verður að taka tillit til þessa og reyndar er svipað upp á teningnum hjá Reykjavíkurborg, en nýlega lýsti borgarstjóri því yfir að ákveðinn hópur karla hefði fengið þar sjálfstæðan rétt sem er ekki yfirfæranlegur, til þess að taka feðraorlof.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar verði til þess að breyta viðhorfum sem ríkja í málefnum karla og kvenna og verði til þess að jafna réttinn með þeim óbeina hætti sem gerist þegar karlar hafa tækifæri til þess að vera meira heima hjá ungum börnum sínum. Ég vonast til þess að það leiði af sér breytingar sem verða á heimilunum og ættu síðan að verða breytingar sem eiga sér stað á vinnustöðunum þannig að við getum búið hér við jafnrétti í reynd.

[13:43]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tryggja sjálfstæðan tveggja vikna fæðingarorlofsrétt feðra. Þetta er mjög í anda frv. sem flutt var á síðasta þingi af þeim er hér stendur og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Við lítum á þetta sem mjög mikilvægt fyrsta skref til að tryggja sjálfstæðan rétt feðra á þessu sviði.

Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda, hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, um nauðsyn þess að tryggt verði að allir búi við sambærilegan rétt að því tilskyldu að réttindin verði færð upp á við, að sjálfsögðu, vegna þess að ríkisstjórnin hefur í sínum gjörðum jafnan reynt að samræma niður á við. En ég vil vekja athygli á einu atriði sérstaklega í tengslum við þetta og það er fjármögnunin vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur sagt að þetta eigi ekki að kosta krónu. Hér eru að koma í ljós veikleikar á þeirri nýskipan í launakerfi hins opinbera sem hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir og ég vil vekja athygli á þessu atriði sérstaklega.

[13:44]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. sagðist vonast til að tveggja vikna sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs á opinberum markaði yrði fyrirmynd á almenna markaðnum. Ég stóð í þeirri trú, herra forseti, að hér ætti að lögfesta rétt feðra á almennum vinnumarkaði til sjálfstæðs fæðingarorlofs og ég spyr: Er það ekki hugmyndin? Hefur *ekki verið samþykkt í ríkisstjórninni að það eigi að leggja* fyrir Alþingi lagafrv. sem tryggir sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs á almenna markaðnum? Er ekki að því stefnt að það taki þá gildi á sama tíma og hjá feðrum sem vinna hjá hinu opinbera, um næstu áramót? Ég held að það sé gott að fá mjög skýr svör við því og ef svo er, hvernig verður þá staðið að fjármögnun á fæðingarorlofi á almenna markaðnum?

[13:45]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég tel alveg ljóst að það beri einungis að líta á þann áfanga sem náðst hefur varðandi sjálfstætt orlof feðra hjá opinberum starfsmönnum sem skref í þá átt að allir njóti þess réttar, að sjálfsögðu. Það skorti kannski á að hæstv. fjmrh. fylgdi því betur eftir.

Að sjálfsögðu þarf að stefna að því að fæðingarorlof feðra sé almennur réttur og það er alveg nauðsynlegt að þessi réttur sé sjálfstæður og óyfirfæranlegur. Það er auðvitað sérstaklega mikilvægt vegna stöðunnar á almenna vinnumarkaðnum þar sem fæðingarorlofsrétturinn getur verið skiptur. Þetta þarf að vera sjálfstæður og óyfirfæranlegur réttur sem fellur niður ef hann er ekki nýttur af feðrum. Og þetta á að sjálfsögðu einnig að vera viðbót við fæðingarorlof fjölskyldunnar þannig að auðvitað kostar þetta peninga. Annars er í raun og veru til lítils barist. Eða finnst mönnum virkilega að fæðingarorlofið eins og það stendur sé það ríflegt að hægt sé að hugsa sér að krukka í það til þess að sjá fyrir hálfs mánaðar fæðingarorlofi feðra? Og að sjálfsögðu þarf að lögbinda þennan ramma ef þetta kemst ekki á fyrir alla með samningum.

[13:47]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ákvarða sjálfstæðan rétt karla til fæðingarorlofs. Þetta er afskaplega mikilvægur áfangi í jafnréttismálum og mjög mikilvægur áfangi í að viðhorfsbreyting verði í þjóðfélaginu gagnvart jafnréttismálum.

Það var mjög þarft að fyrirspyrjandi kom með þessa fyrirspurn þannig að það skýrðist í svari hæstv. fjmrh. að hér er átt við að allir karlar í starfi hjá ríkinu eigi þennan sjálfstæða rétt.

[13:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurn hennar og fagna svari fjmrh. að þessi tveggja vikna réttur feðra til fæðingarorlofs eigi að ná til allra feðra sem starfa hjá ríkinu.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægur áfangi í jafnréttisbaráttunni en það er enn þá mjög langt í land miðað við það sem tíðkast t.d. á Norðurlöndum þar sem feður geta fengið í þrjá mánuði í fæðingarorlof. Að því hljótum við að stefna. Við kvennalistakonur ásamt fleirum erum um það bil að dreifa hér frv. þar sem gert er ráð fyrir mun víðtækari rétti, sjálfstæðum rétti feðra til fæðingarorlofs umfram þessar tvær vikur sem eru auðvitað bara fyrsta skrefið.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég vil fagna svari hæstv. fjmrh. en þar kom fram að hér er um rétt allra feðra að ræða sem eru í starfi hjá ríkinu. Eins og þingheimi er kunnugt áttu þeir feður sem voru í starfi hjá ríkinu einungis rétt á fæðingarorlofi með greiðslum frá almannatryggingum samkvæmt lögunum um fæðingarorlof, rétt eins og konurnar í Sókn sem núna eru að sækjast eftir því, herra forseti, að fá sömu réttindi og hinar konurnar sem eru líka starfsmenn ríkisins.

Ég held að það hljóti að vera öllum ljóst að hér stangast dálítið á. Þetta samræmist illa jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar, þ.e. að feðurnir sem höfðu þessi réttindi í raun samkvæmt lögunum um fæðingarorlof skuli með ákvörðun ríkisstjórnarinnar fá allt önnur og rýmri réttindi, sambærileg þeim sem konurnar sem eru í gömlu ríkisstarfsmannafélögunum hafa hvað varðar laun, meðan ekki var vilji til að semja um sambærileg réttindi við þær konur sem eru í ASÍ-félögunum en eru samt sem áður líka starfsmenn ríkisins með sömu skyldur og konurnar í ríkisstarfsmannafélögunum. Hér skýtur auðvitað skökku við, herra forseti, og ég vænti þess að fyrst hægt var að taka slíka ákvörðun sem ekki studdist við lög hvað varðaði karlana, þá geti hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin einnig ákvarðað þetta fyrir konurnar sem eru sannarlega líka starfsmenn ríkisins með sömu skyldur en því miður ekki sömu réttindi.

[13:51]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og öllum þeim sem hafa tekið til máls því að ég held að allir séu sammála um að hér sé mjög mikilvægt mál á ferðinni. Og ég vil þakka þær undirtektir sem hafa komið fram við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem hefur verið lýst.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði um kostnaðinn. Ég hef reyndar svarað þeirri fyrirspurn fyrr, gerði það í umræðu um fjárlagafrv. Við gerum ráð fyrir því í rekstrarkostnaði stofnana ríkisins að til slíks geti komið. Verði hins vegar eins og ég sagði þá um einhvern farald að ræða hjá einstakri stofnun, þá verður auðvitað gripið til aðgerða til þess að bæta stofnuninni það upp. En það er ætlunin að menn tilkynni þetta með nokkrum fyrirvara.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur skal tekið fram að í ríkisstjórninni er nú til athugunar frv. um að veita feðrum sjálfstætt fæðingarorlof. Og hv. þm. spurði um kostnaðinn. Gróft reiknað má telja að kostnaðurinn sé í kringum 100 millj. og ef sá kostnaður á að greiðast í gegnum Tryggingastofnun ríkisins sem er sjálfsagt það sem liggur beinast við, þá er auðvitað eðlilegast að hann sé greiddur af tryggingagjaldinu og mundi þýða um 0,05% hækkun á því.

Ég vek hins vegar athygli á að það er munur á stöðu karla hjá ríkinu og karla á almennum vinnumarkaði af ástæðum sem ég hef þegar nefnt hér og nú. Og af því að minnst var á Sókn get ég sagt að ég hef þegar rætt við formann Sóknar og hún hefur lýst yfir ánægju sinni með það sem hér hefur komið fram um að þessi sjálfstæði réttur karla í starfi hjá ríkinu sé fyrir alla karlkyns ríkisstarfsmenn.

## *Túnfiskveiðar.*

Fsp. KPál, 78. mál. — Þskj. 78.

[13:53]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um túnfiskveiðar en fyrir tæpum tveimur árum, eða 1. nóvember 1995, lagði ég fram fyrirspurn um sama efni. Í kjölfarið var leitað eftir samstarfi við Japani um tilraunaveiðar á túnfiski innan íslensku lögsögunnar og hefur það samstarf verið veiðitímabilið 1996 og á þessu ári. Lítið hefur spurst frá ráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun um árangur þessa samstarfs okkar við Japani, en í fjölmiðlum heyrist að túnfiskaflinn hafi verið mjög góður í sumar, allt upp í 2,5 tonn af túnfiski á dag og að meðaltali um eitt tonn á dag.

Sá túnfiskur sem við veiðum hér í Norðurhöfum og við Íslandsstrendur er kallaður bluefin á ensku eða blálöggi á íslensku en það er langverðmætasti túnfiskurinn sem veiddur er í heiminum. Þessi þrjú japönsku skip hafa verið að veiðum í íslenskri landhelgi frá í júlí og fram í byrjun þessa mánaðar í ár og hafa fengið aflaverðmæti á bilinu 500–1.000 millj. kr. eftir því hvort miðað er við frosinn eða ferskan túnfisk á markað. Til glöggvunar er verðmæti eins kílós af frosnum túnfiski um 2.300 kr. á japönskum markaði en verð á ferskum túnfiski um 3.500–5.000 kr. á sama markaði fyrir hvert kíló. Ekkert liggur fyrir um hve mikið hefði mátt veiða af túnfiski innan lögsögunnar en miðað við þessar upplýsingar gæti sá afli skipt hundruðum tonna og milljörðum kr. í útflutningsverðmæti.

Það hefur valdið vissum vonbrigðum að íslenskir útgerðarmenn færu ekki af stað í þessar veiðar en ein ástæðan hefur verið sú að ekki hefur fengist leyfi fyrir sérhæfð erlend leiguskip til túnfiskveiða innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Aðeins eitt íslenskt skip hefur hafið túnfiskveiðar en það er Byr VE. Þeir hættu veiðum í gær og fengu engan afla. Ástæða þess er einfaldlega sú að þeir voru of seinir af stað, fóru ekki fyrr en í þessum mánuði þegar þarf að byrja í júlí. Að mati útgerðarmanns Byrs VE þarf hann að fjárfesta í frysti og tromlu í skip sitt fyrir um 10–12 millj. kr. svo hann geti tekið þátt í veiðinni á næsta ári. Að hans mati er ekkert vandamál fyrir skip eins og hans, sem er um 170 tonn að stærð, að leggja jafnlanga línu og Japanar, um 75 mílna langa. Geymslan er aftur á móti vandamál ef frysta á aflann um borð, en sérstakan útbúnað þarf svo að frysta megi túnfiskinn niður í 60° frost á skömmum tíma en úr því má bæta.

Ég tel að ráðuneytið þurfi að fara að gefa út upplýsingar til útgerðarmanna um hvers megi vænta í þessum efnum, eins og hvort Hafrannsóknastofnun muni á næsta ári hefja einhverja túnfiskleit, hvort veiðarnar verði frjálsar innan og utan landhelginnar á næsta ári og einnig um fjárhagsaðstoð.

Það er ljóst, herra forseti, að miðað við þær fréttir sem eru af túnfiskveiðinni í sumar er hér um mikla tekjumöguleika að ræða sem geta skapað þjóðarbúinu tekjur sem skipta milljörðum kr. Ég hef því lagt eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

1. Er heimild í lögum til þess að stunda túnfiskveiðar í atvinnuskyni innan íslensku fiskveiðilögsögunnar með íslenskum skipum eða erlendum leiguskipum á leigusamningi hjá íslenskum fyrirtækjum? Ef ekki, stendur þá til að breyta lögunum?

2. Eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins til að auðvelda íslenskum útgerðarmönnum að stunda túnfiskveiðar innan eða utan íslensku fiskveiðilögsögunnar?

3. Er verið að undirbúa inngöngu Íslands í Alþjóðatúnfiskráðið?

4. Hver er árangur af tilraunaveiði á túnfiski í samstarfi Íslendinga og Japana á þessu og síðasta ári?

[13:57]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni er það að segja að íslenskum skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands er heimilt að stunda þar túnfiskveiðar. Erlendum skipum er það hins vegar ekki heimilt því að samkvæmt lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er erlendum skipum óheimilt að stunda þar veiðar nema að gerðum milliríkjasamningum þar um. Einu undanþágurnar frá því banni er að finna í 15. gr. laga nr. 81/1976, en þar segir að ráðherra sé heimilt að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar að veita erlendum aðilum heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar, enda fari slíkar tilraunir og rannsóknir ætíð fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunar.

Það er ekki fyrirhugað að opna fyrir veiðiheimildir erlendra skipa innan landhelginnar, hvorki í þessum veiðum né öðrum, þannig að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að fylgja fram óbreyttri stefnu í því efni.

Varðandi aðra spurninguna er það að segja að þær tilraunir sem fram hafa farið til túnfiskveiða í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og japanska aðila eru vitanlega gerðar til þess að athuga veiðimöguleika á túnfiski hér við land og gætu auðveldað íslenskum útgerðum ákvörðun um hvort þær reyni frekar við túnfiskveiðar. Það stendur hins vegar ekki til að breyta reglum hér að lútandi og stendur ekki til að ríkisvaldið beini sérstökum styrkjum til útgerða í þessu efni.

Varðandi þriðju spurninguna er það að segja að fulltrúi Íslands hefur sótt aðalfundi Alþjóðatúnfiskráðsins síðustu tvö ár sem áheyrnarfulltrúi. Ekki liggur fyrir ákvörðun um hvort gengið verði í ráðið. Það þarf að meta frekar hvort veiðihagsmunum okkar sé betur borgið utan ráðsins eða með inngöngu í það. Ýmis lagaleg atriði þarf að skoða frekar áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Varðandi fjórðu spurninguna er það að segja að á árinu 1996 voru túnfiskveiðar mest reyndar af tveimur japönskum skipum á tveimur svæðum í lögsögunni. Á öðru þeirra fékkst enginn túnfiskur en á hinu, þar sem lögnin var lögð yfir landhelgislínuna, var meðalveiðin 2,3 fiskar í lögn. Á þessu ári hafa tvö skip lokið fyrstu veiðiferð en þriðja skipið mun koma úr sinni fyrstu veiðiferð innan skamms. Tvö fyrrnefndu skipin eru farin til veiða öðru sinni. Veiðar hafa einkum verið stundaðar á fjórum svæðum og liggja tvö þeirra innan lögsögunnar, það þriðja liggur að litlum hluta utan lögsögunnar, en það fjórða af hálfu utan hennar. Veiðin í þessum tveimur veiðiferðum skiptist þannig að annað skipið fékk 37,6 tonn, eða að meðaltali 11,1 fisk í lögn, en hitt fékk 50 tonn, að meðaltali 11,9 fiska í lögn. Ef borið er saman sambærilegt svæði bæði árin, þ.e. beggja vegna landhelgislínu, þá sést að meðalveiði á þessu ári hefur verið 12,3 fiskar í lögn á móti 2,3 fiskum á síðasta ári.

[14:00]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Það er einkum fjórða spurningin frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem vekur mig til umhugsunar vegna þess að Landhelgisgæslan hefur jú verið að reyna að fylgjast með því sem þarna gerist. En sannleikurinn er sá að ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því að þegar lögð er lína sú sem þeir nota til túnfiskveiða þá er heildarlengd hennar 72 sjómílur. Eftir útlagningu línunnar er fjarlægðin á milli enda hennar yfir 60 sjómílur. Þeir segja hjá Landhelgisgæslunni að mjög erfitt sé að fylgjast með þessum veiðum, einkum þeirra sem eru utan við línu. Nú munu nokkrir tugir skipa vera komnir á svæðið rétt við landhelgislínu okkar Íslendinga til að freista gæfunnar. Veiðin fer þannig fram að línan er lögð út með 12 sjómílna hraða og þegar hún er dregin inn aftur sigla skipin á 6 mílna hraða þannig að það er mjög erfitt að fylgjast með þeim. Þau geta veitt í flestöllum veðrum og hafa auk þess sérstök radíósenditæki á línunni með ákveðnu millibili þannig að þó að línan slitni (Forseti hringir.) þá er auðvelt að finna hana. Auk þess hafa þau fjarstýribúnað og geta slökkt á öllum radíósendingum línunnar og kveikt á eftir vild og því er mjög erfitt að fylgjast með þessum veiðum.

[14:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Svo virðist sem göngur túnfisks hingað norður eftir séu tiltölulega nýjar af nálinni. Ýmsir fræðimenn telja að það stafi af meiri hlýindum í hafinu sem geri það að verkum að þessi tegund sæki norður. Hæstv. ráðherra segir að það þurfi að meta með tilliti til hagsmuna Íslendinga hvort við göngum í Alþjóðatúnfiskráðið eða ekki. Til að það sé hægt að meta þurfa hins vegar að liggja fyrir einhverjar upplýsingar um ástand þessara stofna og göngur hingað norður eftir. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Fyrirhugar hann að fela Hafrannsóknastofnun að efna til einhvers konar rannsókna á göngum túnfisks með það fyrir augum að meta hversu mikið magn gengur hingað norður eftir og hvort líklegt sé að það ástand vari næstu árin? Ég held að nauðsynlegt sé að efna til einhvers konar rannsókna á tegundinni til þess að við getum metið hagsmuni okkar til frambúðar.

[14:02]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Komum japanskra túnfiskveiðiskipa í Reykjavíkurhöfn virðist fjölga ár frá ári og sennilega hafa þau aldrei verið fleiri en nú að undanförnu. Það bendir auðvitað til þess að Japanar séu að ná góðum árangri við þessar veiðar í hafinu í kringum Ísland. Við þurfum að fylgjast mjög grannt með möguleikum okkar á þessu sviði. Túnfiskurinn er mjög verðmæt afurð og við þurfum að fylgjast mjög vel með. Þess vegna eru þessar spurningar hv. þm. Kristjáns Pálssonar mjög tímabærar.

Þarna er um að ræða mjög sérstakan veiðiskap. Menn leggja kannski allt að 100 sjómílna langa línu. Menn verða að vera með sérútbúin skip með 50–60° lausfrysti. Það þarf mjög sérhæfð skip til veiðanna sem eru gjörólík okkar

fiskiskipum og þess vegna er meira mál en að segja það að fara út í þessar veiðar. Ég veit þó að útgerðarmenn stærstu línuveiðiskipanna fylgjast mjög grannt með möguleikunum og hvað er í pípunum. Ég veit að ef þeir telja grundvöll fyrir því að fara út í þessa útgerð þá munu þeir að sjálfsögðu gera það. En það verður auðvitað þeirra ákvörðun en ekki stjórnvalda. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi haldið hárrétt á þessu máli með því að fara út í samstarf við Japanana og hafa eftirlitsmenn um borð. Það verður fróðlegt að sjá skýrslur eftirlitsmannanna um þessar veiðar.

[14:04]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég verð nú að lýsa dálitlum vonbrigðum mínum með að ekki skuli neitt vera fyrirhugað af hálfu ráðuneytisins til að upplýsa útgerðarmenn og sjómenn um hvernig staðan í þessum málum er. Það er náttúrlega ljóst að sú túnfiskganga sem hefur komið í sumar er ekki árviss viðburður þannig að menn geta ekki gert ráð fyrir að túnfiskurinn sé nærri landi hvert ár svo hægt sé að sækja hann á einhver vís mið. Eigi að síður vitum við að Japanar eru búnir að stunda túnfiskveiðar hér suður af landinu í áraraðir. Þeir senda skip sín fleiri þúsund mílur frá Japan til að ná í túnfisk hér á norðurslóðum. Fyrir okkur að fara nokkur hundruð mílur suður fyrir land til að ná í þessa fisktegund hlýtur að vera mjög auðvelt verk miðað við þá vegalengd sem Japanar þurfa að leggja að baki. Ég held að við vanmetum dálítið þá möguleika sem eru í túnfiskveiðunum. Við leggjum ekki nógu mikla rækt við þetta og tökum ekki mark á því, finnst mér, hvað er að gerast þarna.

Árangurinn sem hefur komið í ljós af túnfiskveiðunum í sumar bendir eindregið til þess að við eigum að vera mjög ákveðnir í að efla þessar veiðar á næsta ári með rannsóknum, með aðstoð Hafrannsóknastofnunar og einnig með því að hvetja alla þá sem að þessu koma, útgerðarmenn sem aðra, til að kynna sér málið ítarlega. Ég hvet hv. ráðherra til að senda allar upplýsingar sem til eru um þetta mál til útgerðarmanna og hvet þá um leið til að kynna sér málið betur.

[14:06]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það gætir einhvers misskilnings í máli hv. fyrirspyrjanda. Ráðuneytið hefur komið á framfæri öllum upplýsingum sem fyrir liggja um túnfiskveiðarnar og hvatt útgerðarmenn til að kanna þessa möguleika. Það er alveg vafalaust svo að þarna eru miklir möguleikar fyrir hendi. Við vitum auðvitað ekki enn hversu miklir eða hvort þeir eru tímabundnir. Út af fyrir sig er því eðlilegt að útgerðarmenn sýni ákveðna varkárni í miklum fjárfestingum.

Það var ákveðið að gera þessa rannsóknasamninga við japönsku aðilana til þess að fá upplýsingar. Það var auðveldasta og hagkvæmasta leiðin. Við töldum mjög mikilvægt að þessar rannsóknir færu fram. Þær hafa ótvírætt sýnt fram á að eins og sakir standa finnst túnfiskur hér og við getum talið okkur til strandveiðiþjóða í þessum efnum. Það koma hins vegar upp ýmis lögfræðileg vandamál varðandi inngönguna í Túnfiskveiðiráð Atlantshafsins. Þar hafa verið teknar ákvarðanir um að skipta upp veiðiheimildunum og við getum ekki undirgengist þær ákvarðanir sem fyrir liggja í ráðinu. Ef við eigum að ganga þar inn þá þarf að vera ljóst að réttur okkar sé viðurkenndur í þeim efnum. Það eru nokkrar fleiri þjóðir við Atlantshafið sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og eru núna að skoða afstöðu sína gagnvart túnfiskveiðiráðinu. Við munum kappkosta að reyna að hafa samstarf og samvinnu við þessar þjóðir til að verja réttindi okkar innan þeirrar svæðastofnunar sem ber ábyrgð á stjórn túnfiskveiðanna í Atlantshafinu.

Fundi slitið kl. 14:08.

---

# 10. FUNDUR

miðvikudaginn 15. okt.,
að loknum 9. fundi.

**Dagskrá:**

1. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 55. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umboðsmaður barna, frv., 59. mál, þskj. 59. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
5. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
6. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
7. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
8. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.
9. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Fyrri umr.

## *Fjáraukalög 1997, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

## *Almannatryggingar, frh. 1. umr.*

Frv. ÁE o.fl., 15. mál (launaviðmiðun lífeyrisgreiðslna o.fl.). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.*

Frv. KB o.fl., 59. mál (ársskýrsla). — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 3. mál (tekjutenging bótaliða). — Þskj. 3.

[14:13]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Flm. ásamt mér eru þingmenn þingflokks Alþb. og óháðra.

Þetta frv. lýtur að því sviði skattalaga sem í daglegu tali nefnast jaðarskattar eða jaðaráhrif í skattkerfinu. Frv. gerir ráð fyrir að álagningu tekjuskatts á árinu 1998 verði hagað með sérstökum hætti til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjutengingar bótaliða í skattkerfinu. Frumvarpsgreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

a. Við álagningu tekjuskatts árið 1998 skal, til að draga úr jaðaráhrifum tekjutengingar bótaliða í skattkerfinu, haga útreikningi tekjutengdra bótaliða þannig: Samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða skal vera að hámarki 50%. Skal skerðing vaxtabóta eða húsaleigubóta reiknuð fyrst en síðan skerðing barnabóta að áðurnefndum mörkum."

Um þennan fyrri lið tillögunnar er það að segja að þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru á skattkerfinu á sl. ári þá haldast í raun og veru hlutfallsleg jaðaráhrif umfram hina almennu skattprósentu, sem nú er tæpt 41%, í grófum dráttum þau sömu og áður var. Þó ber að vísu að taka fram að nokkuð vægari tekjutenging barnabóta eða skerðingar vegna annars og þriðja barns hefur þarna áhrif en á móti var tekið það skref að tekjutengja barnabætur að fullu, þ.e. fella niður hinn ótekjutengda grunnlífeyri barnafjölskyldnanna, þannig að það vegast nokkuð á hvað áhrifin eða jaðaráhrifin snertir. Þessi niðurstaða var vægast sagt umdeilanleg og kom á óvart í miðri umræðunni um óhófleg jaðaráhrif í skattkerfinu en hún þýðir á mannamáli, herra forseti, að í reynd er engin skattalegur munur gerður á barnafjölskyldum og barnlausum fjölskyldum ofan við tiltekin tekjumörk. Allt skattalegt hagræði sem barnafjölskyldum var og hefur lengi verið ætlað að breyttu breytanda umfram aðrar fjölskyldur er þar með horfið ofan við viss skerðingarmörk. Þetta er að mínu mati, herra forseti, mjög umdeilanleg niðurstaða. Þótt lengi megi deila um að hve miklu leyti sé rétt að stýra stuðningi í skattkerfinu við sérstaka hópa, þá held ég að eitthvert skattalegt hagræði til barnafjölskyldna umfram aðrar sé sanngjörn regla. Á það má minna að víða í skattkerfum erlendis er litið svo á að slíkt hagræði tilheyri börnunum en ekki hinum fullorðnu, sé réttur þeirra, jafnvel stjórnarskrárvarinn. Ég minni í því sambandi á úrskurð stjórnlagadómstóls Þýskalands.

Ég tek það skýrt fram, herra forseti, að ég er ekki andstæðingur tekjutengingar sem slíkrar í skattkerfinu og ég er hér ekki með málflutning fyrir því að engin tekjutenging af því tagi sem lengi hefur verið tíðkuð í einhverjum mæli hjá okkur geti ekki átt rétt á sér, öðru nær. Staðreyndin er auðvitað sú að hófsamleg tekjutenging getur verið aðferð til þess að beina takmörkuðum fjármunum þangað sem þeirra er mest þörf. En hér er eins og svo oft áður nauðsynlegt að lenda ekki í ógöngum. Óhófleg tekjutenging og tekjutenging margra þátta í skattkerfinu eða utan þess sem verður virk samtímis eða samsíða og hvað hleðst ofan á annað getur leitt menn út í hinar mestu ógöngur eins og reynslan úr íslenska skattkerfinu frá undanförnum árum sýnir.

Við höfum því valið, þingmenn Alþb., með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru í skattamálum og tengdust að einhverju leyti gerð síðustu kjarasamninga og þeim breytingum sem boðaðar eru, að breyta nokkuð efni frv. þannig að samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða verði nú að hámarki 50% en í eldri útgáfu frv. sem hér er endurflutt var það 55%. Með þessu er í rauninni fyrst og fremst verið að láta þakið á jaðarskattana eða jaðaráhrifin í skattkerfinu fylgja hlutfallslega þeim breytingum sem verið er að gera á almennu skattprósentunni og vægari tekjutengingu barnabótanna. Aðferðin sem hér er lögð til er tiltölulega einföld og á að vera vel framkvæmanleg án þess að valda erfiðleikum í því staðgreiðslukerfi skatta sem við búum við. Hún er hins vegar hugsuð til bráðabirgða til eins árs í fyrstu og til að setja mörk á jaðaráhrifin meðan unnið verði að ítarlegri endurskoðun skattkerfisins. B-liður tillögunnar felur í sér að að því máli verði unnið með tilteknum hætti. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„b. Alþingi skal kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, auk formanns sem fjármálaráðherra skipar, til að gera í samráði við samtök launafólks ítarlega úttekt á áhrifum tekjutengingar í skattkerfinu og samspili slíkrar tekjutengingar við aðra þætti, svo sem almannatryggingakerfið, lífeyrisréttindi, tekjutengdar afborganir námslána o.fl.

Nefndin skal skila tillögum um breytingar á skattalögum sem fela það í sér að komist verði hjá óhóflegum jaðaráhrifum vegna tekjutengingar bótaliða, í skattkerfinu og utan þess.

Fjármálaráðherra skal leggja tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi haustið 1998."

Síðan er í 2. gr. gert ráð fyrir því að lög þessi öðlist þegar gildi.

Þegar frv. þetta var fyrst flutt á síðasta þingi var á það bent af hæstv. fjmrh. og fleirum að fram færi einmitt á vegum fjmrh. starf sem lyti að sambærilegum hlutum og var þar verið að vísa til jaðarskattanefndarinnar svonefndu sem sett var á fót og var skipuð fulltrúum ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Nú ber hins vegar svo við, herra forseti, að starfi þessarar jaðarskattanefndar er lokið og hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir Alþingi greinargerð eða skýrslu um störf nefndarinnar ásamt með skilabréfi og inngangi sem hæstv. fjmrh. ritar sjálfur. Til að gera langt mál stutt þá liggur sú niðurstaða fyrir að jaðarskattanefndin komst ekki að neinni sameiginlegri niðurstöðu og jaðarskattanefndin lagði ekki til neinar sérstakar aðgerðir eða ráðstafanir í skattamálum eða til að taka á jaðarskattavandanum. Um það varð ósköp einfaldlega engin samstaða eða engin niðurstaða. Jaðarskattanefndin fór út af fyrir sig yfir málið og það er gagnleg yfirferð að lesa greinargerð hennar. Þær hugmyndir sem nefndin reifar og koma fram í niðurstöðum eða skilabréfi til fjmrh. eru góðra gjalda verðar, menn geta verið þeim

sammála eða ósammála eftir atvikum en meginniðurstaðan er sú að menn eru í raun og veru engu nær. Hæstv. fjmrh. vísar fyrst og fremst til þeirra breytinga sem þegar hafa verið ákveðnar eða eru fram undan. Að öðru leyti er málinu slegið á frest. Engin uppstokkun eða ný stefnumótun hvað varðar fyrirkomulag þessara hluta innan skattkerfisins hjá okkur er þar af leiðandi í vændum nema ef vera skyldi að nefnd sú sem hæstv. fjmrh. boðar í inngangi að skýrslu sinni til Alþingis eigi í bland við annað að skila slíku verkefni, en í inngangsorðum hæstv. fjmrh. segir, með leyfi forseta:

„Þótt starfi jaðarskattanefndar sé lokið munu stjórnvöld áfram skoða skattkerfið með tilliti til hugsanlegra breytinga *í framtíðinni.*" — *Ekki er þar kveðið nánar á um hver sú* framtíð sé, hvenær hún komi. — „Því hef ég ákveðið að fela nýrri nefnd að skoða þróunina í skattamálum hér á landi og erlendis og safna saman upplýsingum sem lagt geta grunn að stefnumörkun og þar með æskilegum breytingum á skattkerfinu." Hér er að vísu ágætlega geðþekkilega um hlutina fjallað en það er skrifað inn í framtíðina og við hv. alþm. erum í raun og veru litlu nær um það hvenær eða á hvaða formi breytingar og uppstokkun í skattamálum geta átt sér stað. Og svo vel ber í veiði að hæstv. fjmrh. er hér til að hlusta á upphaf umræðunnar og ég vona að hann geti gefið okkur einhver skýrari svör um hvar þetta starf er á vegi statt og hvað af hans hálfu sé hugsað í því sambandi, einnig hvað tímasetningar varðar.

Herra forseti. Ég held þess vegna að það sé full ástæða til að Alþingi sjálft setji þetta starf í farveg af því tagi sem b-liður frv. gerir ráð fyrir. Ég tel líka að starf af þessu tagi eigi að vinnast í sem allra víðtækustu samstarfi aðila, þar með talið þverpólitísku samstarfi. Mér finnst að sjálfsögðu ámælisvert og beinlínis vanhugsað að hafa ekki fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna með í starfi af þessu tagi Því stjórnarandstaðan í dag er gjarnan stjórnin á morgun og öfugt og nú líður á kjörtímabil þannig að það kynni að vera hyggilegt að reyna að laða frekar fram sem breiðasta pólitíska samstöðu um breytingar í skattkerfinu heldur en að knýja þetta áfram ofan í einhverjum skotgröfum. Hér er um að ræða vandasama hluti og flókna, um það geta menn væntanlega orðið sammála. Það er meira en að segja það, viðurkenni ég fúslega og fyrstur manna, að komast út úr því flókna samspili skerðinga, tekjutengingar og víxlverkandi áhrifa sem skattkerfið með sínum tekjutengdu skerðingum eða bótaliðum, sem almannatryggingakerfið, sem lífeyrissjóðirnir, sem sveitarfélögin með sinni framfærslu og öðrum slíkum þáttum og sem tekjutengdar afborganir námslána og þar fram eftir götunum til samans hafa.

Efh.- og viðskn. hefur að undanförnu gert nokkuð af því að reyna að átta sig á þessu samspili og fara yfir það. Hvort sem menn hafa nú lært af því meira eða minna þá er eitt alla vega ljóst öllum þeim sem þátt tóku í því verkefni og þeim seminörum, að málið er býsna flókið. En ekki tjáir að nota það sem afsökun eða skálkaskjól fyrir því að gera ekki neitt. Það eru hlutir sem þarfnast lagfæringa í íslenska skattkerfinu, dreifing skattbyrðinnar er ekki eins og hún þyrfti að vera og tekjutengingargildran, jaðarskattaáhrifin, er þarna enn á ferðinni, a.m.k. hlutfallslega þegar horft er til hinnar almennu skattprósentu annars vegar og þess hversu miklu minna menn á ákveðnu tekjubili geta borið úr býtum þó að þeir reyni að bæta stöðu sína með viðbótartekjuöflun.

Herra forseti. Það er í mínum huga afar brýnt að þessi mál verði áfram á dagskrá og til umfjöllunar. Þó að hin almenna lækkun skattprósentunnar, sem mér dettur í hug að hæstv. fjmrh. muni fyrst og fremst vísa til í umræðum um þessi mál, geti verið góðra gjalda verð, a.m.k. fyrir þann hlutann sem er með meðaltekjur og lægri og lenti í einhverjum tekjuskattsgreiðslum áður, þá hefur hún sem aðferð þann ókost m.a. að hún er dýr og hún gagnast ekki síst hátekjufólkinu og einkum og sér í lagi auðvitað því. Ég var þess vegna og er mikill efasemdarmaður um að það væri skynsamleg ráðstöfun að öllu leyti sem þar var farin. Ég hefði gjarnan viljað sjá breytingar meira í ætt við þær sem reifaðar voru af ýmsum í þessum efnum, þar á meðal ýmsum sérfræðingum verkalýðshreyfingarinnar — að skoða frekar álagningu tekjuskatts í fleiri þrepum og að halda raunverulegum hátekjuskatti inni en á móti hefði mátt hugsa sér að einhver frádráttur eða skattalegt hagræði fyrir barnafjölskyldur hefði komið.

Herra forseti. Ég tel með öðrum orðum að við séum engan veginn skilin við þetta mál. Og þó að þau áform nái fram að ganga sem nú hafa verið boðuð varðandi álagningu skatta hér á landi fram undir aldamótin og hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér, þá breytir það ekki hinu að eftir sem áður er fyrir hendi hinn hlutfallslegi munur milli þeirra sem annars vegar sleppa með almennu skattprósentuna eina og sér og hinna sem verða fyrir miklu meiri jaðaráhrifum í skattkerfinu vegna tekjutengdrar skerðingar barnabóta, vaxtabóta, húsaleigubóta, endurgreiðslu námslána og fleiri þátta. Og hann er enn óhóflegur að mínu mati og við þörfnumst þar af leiðandi breytinga á þessu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, ég get vísað að öðru leyti til þeirrar framsögu sem ég flutti fyrir málinu í fyrra og var allítarleg. Þar var m.a. farið yfir dæmi um það hvernig einstakar fjölskyldur gætu farið út úr kerfinu eins og það er. Það dæmi er í raun og veru í gildi í öllum aðalatriðum, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á álagningu skatta og tekjuskerðingarskalanum hvað barnabætur snertir. Að öðru leyti má t.d. taka það dæmi sem er rakið í fskj. með frv. og sýnt á súluriti og segir allt sem segja þarf um þau óhóflegu jaðaráhrif sem fyrirfundust og fyrirfinnast að langmestu leyti enn innan skattkerfisins. Það verður ekki kallað neitt annað en óhófleg jaðaráhrif, *gildra eða ófæra, sem menn lentu í af því að þeir gættu sín* ekki þegar tekjutengingar voru innleiddar og síðan auknar, einkum og sér í lagi á síðasta kjörtímabili — hvers konar jafnaðarstefna sem það nú átti að vera — og leiddi okkur á skömmum tíma í óhóflegar hæðir í þessum efnum.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn. enda vel komið þar.

[14:29]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi, þ.e. frv. sem hefur tekið nokkrum breytingum þó frá því að það var lagt fram á síðasta þingi. Frá þeim tíma hefur auðvitað allmargt gerst í þessum málum og sérstaklega það að jaðarskattanefndin hefur lokið störfum. Og þótt það sé rétt sem hv. þm. sagði að hún hafi ekki komið með sameiginlegar niðurstöður, þá hefur skattalöggjöfinni verið breytt m.a. vegna umræðna sem fram fóru í nefndinni. Þannig hafa hlutföll verið lækkuð og þótt sú lækkun hafi ekki enn tekið gildi að fullu, þá er hún talsverð og kemur til viðbótar því sem áður hafði verið ákveðið en það var tvennt: Annars vegar það að launþegar gætu dregið 4% framlag í lífeyrissjóði frá tekjum, sem jafngildir 1,7% um það bil í lækkun skatthlutfalls, og

sömuleiðis var á árinu 1996 gerð breyting á barnabótaaukanum sem gerði það að verkum að jaðarskattar barnmargra fjölskyldna lækkuðu.

Það sem kannski skiptir þó mestu er að nú liggja fyrir í mjög ljósu yfirliti, í skilabréfi formanns nefndarinnar, ýmsar upplýsingar sem koma að verulegu gagni við áframhaldandi vinnu að þessum málum. Og get lofað hv. þingmönnum því að vinna að þessum málum tekur aldrei enda. Skattamál eru eilífðarmál og hljóta eðli máls samkvæmt að vera það í nútímaþjóðfélagi og hafa reyndar verið frá örófi alda.

Hv. frsm. sagði að nauðsynlegt væri að setja saman nýjan hóp og ræddi að auki nokkuð um þann hóp sem ég hef ákveðið að setja í skattamálin. Það gefur mér tilefni til þess að benda á að sá hópur sem mun starfa á vegum fjmrn. er, eins og kom reyndar fram hjá hv. þm., fyrst og fremst settur á laggirnar til þess að skoða þær breytingar sem hafa orðið á íslenska skattkerfinu með hliðsjón af þeim hreyfingum sem eiga sér stað úti í heimi. Til að grípa til nærtæks dæmis vil ég benda á að starfandi er á vegum Evrópusambandsins svokallaður Monti-hópur, ekki monthópur heldur Monti-hópur, sem heitir í höfuðið á fulltrúa Ítalíu sem stjórnað hefur hópnum, en þar eru uppi ýmsar hugmyndir um samræmingar á skattkerfum Evrópulandanna, ekki síst í framhaldi af því að tekið verður upp sameiginlegt myntkerfi sem stendur til að gera og hv. þingmönnum er kunnugt um.

Áreiðanlega er ekki hollt fyrir okkur né heldur aðra að sífellt eigi sér stað byltingarkenndar breytingar á skattalögunum, en það þýðir hins vegar ekki það að ekki þurfi annað veifið að gera róttækar breytingar. Og sú hefur orðið raunin hér á landi á undanförnum áratugum að annað slagið hafa verið gerðar ansi róttækar breytingar á skattalögum. Þeim hópi sem ég var að minnast á og í eiga sæti fulltrúar stjórnarflokkanna ásamt embættismönnum er ætlað að leggja grunn að breytingum, ekki beinlínis að leggja til breytingar heldur að vinna þá undirbúningsvinnu sem þarf til þess að hægt sé að ræða málið við ýmsa aðila. Þá á ég við fólk úr öðrum flokkum en stjórnarflokkunum, fólk úr verkalýðshreyfingu, fólk frá vinnuveitendum og öðrum þeim sem láta sig þessi mál varða. Þannig að hugmyndin er ekki að hópurinn komi með beinharðar tillögur til ríkisstjórnarinnar sem ríkisstjórnin ætlar síðan að fylgja eftir.

Það liggur líka í hlutarins eðli að búast má við að ýmsar smærri breytingar verði gerðar á núverandi skattkerfi. Eins og raunin er þá líður ekki það þing sem ekki gerir einhverjar smærri eða stærri breytingar á skattkerfinu.

Ég vil hins vegar segja að það er ekkert óeðlilegt við það að tillaga á borð við þessa sem hér er til umræðu sé flutt og mér finnst afar eðlilegt að stjórnaraðstöðuþingmenn og í þessu tilviki þingflokkur Alþb. og óháðra skuli leggja fram tillögu þessa efnis til þess að vekja athygli á málinu. Það er einu sinni einkenni á íslenska skattkerfinu eins og svo rækilega kemur fram í greinargerð jaðarskattanefndarinnar að íslenska skattkerfið skilar nettó í ríkissjóð afskaplega lágri upphæð þegar búið er að taka tillit til bótanna. Í öðru lagi eru jaðaráhrifin mikil, hlutföllin eru há. Þetta er einkenni á íslenska tekjuskattskerfinu sé það borið saman við skattkerfi annarra þjóða.

Við höfum notað þetta skattkerfi til þess að jafna kjör á milli manna og ýmsir hafa rætt um það, ekki bara íslenskir sérfræðingar og alþingismenn eins og t.d. hv. þm. Pétur Blöndal, heldur er talsvert um það rætt úti í hinum stóra heimi og meira að segja gengið svo langt að segja að skattkerfi eins og þetta hafi tilhneigingu til þess að viðhalda óþægilega miklum launamun í landinu. Með öðrum orðum, fyrirtækin geti haldið áfram að halda úti starfsemi með launafólki sem hefur lág laun af því að það er bætt upp í tekjuskattskerfinu. Við lentum í svipaðri gildru gagnvart bótum almannatryggingakerfisins. Þegar bæturnar voru bundnar við ákveðinn taxta Dagsbrúnar, þá leiddi það auðvitað til þess að ekki var nokkur leið að losna við þennan taxta Dagsbrúnar út úr kjarasamningum. Þannig getur skattkerfið haft áhrif á aðra breytni í þjóðfélaginu og reyndar er því oft stillt þannig upp að til þess sé ætlast.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að það er ekki einhlítt þó að við hælum okkur af því og þar á meðal ég, hef gert það í ræðu og riti, að á Íslandi sé að finna slíkt þjóðfélag að hvergi í heiminum sé hægt að finna jafnari tekjudreifingu fjölskyldna en hér á landi, hvergi í heiminum sé það hægt. Það er liðlega þrefaldur munur á þeim 20% heimila sem lægstar hafa tekjur og hinum 20% sem eru tekjuhæstar. En mér sýnist að í Svíþjóð sé munurinn fimmfaldur og er oftast vitnað til þess lands þegar menn tala um jafnrétti. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki hvað hv. þm. kallaði en hér er ég ekki að lýsa mínum skoðunum. Ég er einungis að benda á að umræður af þessu tagi eiga sér stað og menn verða að vita að skattkerfi eins og hið íslenska sem leggur mikið upp úr því að stýra fjármunum frá þeim sem hafa hærri launin til hinna sem hafa lægstu launin getur í eðli sínu haft slæm áhrif þó að það sé ekki heldur einhlítt. Við höfum nefnilega beitt tekjutengingum og skerðingum til þess að koma fjármunum til þeirra sem hafa lægri tekjurnar og koma í veg fyrir að hinir fái bætur og tekjur.

Mér finnst eðlilegt að sú nefnd sem hv. þm. nefndi, hv. efh.- og viðskn., fái þetta mál og kanni og afli upplýsinga sem reyndar liggja flestar fyrir, kanni kostnaðinn af þessum tillögum og þá má ákveða á síðari stigum málsins hvort ástæða sé til að halda starfinu áfram eins og ég heyrði að hv. þm. lagði mikla áherslu á.

Ég vil svo segja það, virðulegi forseti, að mér finnst ekki boðlegt — hv. þm. gerði það að vísu ekki — þegar menn rekur í vörðurnar vegna spurninga um kostnað af því t.d. að leggja af tekjutengingar barnabóta eða barnabótaaukans, að sífellt sé þá vitnað til veiðigjaldsins og sagt að veiðigjaldið eigi að standa undir þessum kostnaði. Það gengur ekki upp, enda gerði hv. þm. það ekki, vegna þess að það er ekki samstaða um veiðigjaldið og það er ekki hægt að segja að það eigi að greiða með því. Ég heyrði að hv. þm. gerði það alls ekki, ég vil taka það fram. Það var mjög áberandi. Hins vegar hafa aðrir flokksmenn hv. þm. gert það. Það getur vel verið að hv. flm. vilji kannski segja einhver orð um það.

Síðan minni ég á að það eru tekjutengingar víðar en í skattkerfinu og í námslánakerfinu. Það eru talsvert miklar tekjutengingar í húsnæðiskerfinu sem þarf einnig að líta á og ég minni á að við leystum ekki úr jaðaráhrifum í vaxtabótakerfinu sem þó stóð til að gera. Og sannast sagna, svo það sé bara viðurkennt eins og það liggur fyrir, þá höfum við lent í dálitlum vandræðum þar. Mér finnst persónulega að þegar horft er til lengri tíma þá ættu menn kannski frekar að spyrja sig hvort ekki ætti að verðlauna þá sem leggja til hliðar af því að þeir ætli að eignast húsnæði eða vegna þess að þeir ætli að gera sparnaðinn að lífeyri síðar á lífsleiðinni heldur en að verðlauna þá sem skulda og greiða þeim fjármuni úr ríkissjóði sem þetta vissulega er til þess að standa undir

t.d. vaxtagreiðslum, jafnvel dráttarvaxtagreiðslum. Þetta eru spurningar sem við þurfum að svara.

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni þá gat ég verið hérna við upphaf umræðunnar. Það var ekki meiningin af minni hálfu að hefja hér allsherjarumræðu um tekjuskattsmálin heldur kannski þvert á móti að viðurkenna að það sé eðlilegt að frv. á borð við þetta komi fram. Ég er ekki að lýsa yfir stuðningi við frumvarpsgreinarnar en ég skil hins vegar fullkomlega að menn taki þetta mál upp á Alþingi því að þetta er mál sem menn þurfa að ræða og komast til botns í hvort sem það verður í vetur eða einhvern tíma á næstu árum svo talað sé um einhverja framtíð í þeim efnum.

[14:40]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og viðbrögð. Ég er ánægður með að hæstv. ráðherra er með opinn hug gagnvart því að áfram verði unnið að þessum málum og þau skoðuð m.a. af hv. efh.- og viðskn. Það þarf ekki að vera í neinni mótsögn við það nefndarstarf sem hæstv. ráðherra hefur sett af stað á sínum vegum.

Ég neita því að vísu ekki að ég hefði gjarnan kosið að sú nefnd hefði verið með breiðari skipan, í henni hefðu einnig verið fulltrúar verkalýðshreyfingar eða aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnarandstöðuflokka. Ég teldi það farsælla þegar um er að ræða viðamikið framtíðarstefnumótunarstarf í skattamálum af þessu tagi sem enginn veit hver kemur til með að framkvæma á komandi árum og kjörtímabilum. Það er eins og ég sagði áður meira en að segja það að stokka upp skattkerfið sem slíkt og fara í gegnum allar tekjutengingar og víxlverkunarfrumskóginn. Og ætli mönnum veitti nokkuð af því að hafa í því sæmilegan mannskap og liðsauka hvaðanæva að.

Ég minni líka á að í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar er sérstaklega kveðið á um samstarfið við aðila vinnumarkaðarins. Því er lofað. Því er lofað að endurskoða skattkerfið hvað varðar markmiðið að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta og einfalda skattkerfið í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Og nú þegar jaðarskattanefndin hefur verið kistulögð og skrifaðar um hana minningargreinar í blöðum, þá spyr maður sig auðvitað hvernig á þá að haga áfram þessu samstarfi við verkalýðshreyfinguna úr því að ekki eru fulltrúar frá henni í hinni nýju nefnd.

Það er síðan rétt að í ræðu minni nefndi ég ekki veiðileyfagjald sem allsherjarlausn í skattamálum. Ég hef aldrei skilið hvernig ætti að vera hægt að gera með því einhverja ávísun á slíka fyrirsögn, allt fyrir alla í skattamálum eins og sumir virðast vilja gera, þ.e. lækka tekjuskattinn, bæta kjör barnafólks, bæta kjör aldraðra, leggja vegi úti um land og hvað það nú er. Auðvitað er slíkt ábyrgðarlaust tal um skattamál. Ég tók það einmitt skýrt fram í mínu máli að hér væri um vandasamt verkefni að ræða. Breytingar hreyfa til mikla fjármuni í millifærslukerfinu og þess vegna þurfa menn að ræða þessi mál af ábyrgð.

[14:42]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði um það sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Og ég get bætt því við að þar segir jafnframt að þessu starfi skuli lokið fyrir árslok 1996 þannig að því átti að vera lokið fyrir löngu, en því miður dróst það úr hömlu. Við skulum hins vegar gæta að því að það var gripið til ákveðinna aðgerða og það er um verulega skattalækkun að ræða. Ég vil í því sambandi nefna að tekjuskattshlutfall sem slíkt er nú komið niður í það sem það var í lok síðasta áratugar. Hins vegar hefur útsvarið hækkað mjög duglega af ýmsum ástæðum sem óþarfi er að nefna, þar á meðal vegna þess að við færðum verkaskiptinguna til, vegna þess að við lögðum niður aðstöðugjaldið og gerðum ýmislegt fleira, en þetta veldur því líka að þegar menn ræða um jaðarskattsáhrif tekjuskattskerfisins þurfa þeir að taka með í reikninginn hvort gera eigi miklu duglegri og róttækari breytingar þar sem þetta yrði kannski fyrst og fremst skattur sveitarfélaganna en ríkið notaði síðan skattkerfið til þess að færa fé á milli með einhverjum hætti. Þetta þurfa menn að athuga því að nettótekjur sveitarfélaganna eru í raun og veru helmingi meiri heldur en ríkisins út úr þessu kerfi nú.

Ég skal ítreka að það er hugmynd okkar þegar fyrir liggur sá grunnur sem nefndin er að vinna að þá verði auðvitað rætt við aðra aðila áður en lengra er haldið. Ég á ekki von á því, svo að það verði ekki hægt að herma það upp á mig síðar á kjörtímabilinu, að við munum efna til mjög róttækra breytinga á tekjuskattskerfinu það sem eftir lifir þessa kjörtímabils.

[14:44]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. aftur fyrir svörin. Þau voru út af fyrir sig skýr og það er ljóst að þær skattbreytingar sem boðaðar hafa verið eru af hálfu hæstv. fjmrh. hugsaðar sem varanlegar í þeim skilningi að ekki sé að vænta frekari stórtíðinda út kjörtímabilið, þ.e. þessi ríkisstjórn situr út kjörtímabilið.

Það er auðvitað alveg rétt að nokkrar breytingar hafa orðið á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem koma inn í þetta mál. Sveitarfélögin fá til sín vaxandi hlut og ríkið ber minna úr býtum í útsvars- og tekjuskattskerfinu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að menn hafi farið offari í því að missa út tekjur þegar aðstöðugjaldinu var létt af fyrirtækjunum á einu bretti og það fært yfir í tekjuskattinn eða útsvarið. Og þegar til viðbótar bættist lækkuð tekjuskattsprósenta á hagnaði fyrirtækja, þá fuku þar út á einu bretti einir 5–6 milljarðar kr. á núvirði sem hefði komið sér ágætlega að hafa eitthvað af í ýmis brýn verkefni nú, svo sem nauðsynlegar úrbætur í velferðarmálum og greiða þá eftir atvikum eitthvað hraðar niður erlendar skuldir í góðærinu heldur en því miður er gert. Og það er náttúrlega fullkomin ástæða til að fara yfir þau samskipti. Ég er hins vegar andvígur því að ríkið sleppi hendinni af tekjuskattinum sem tekjuöflunartæki. Ég held að tekjuskattur eigi að vera áfram af hluti af tækjum ríkisins til tekjuöflunar en þó ekki síður tekjujöfnunar í samfélaginu. Það er að vísu rétt að íslenska skattkerfið er með sínum tekjutengingum býsna tekjujafnandi en á þeirri tekjujöfnun eru miklir annmarkar, m.a. vegna jaðaráhrifa á einstaka hópa, barnafólk, elli- og örorkulífeyrisþega og fleiri aðila.

En ég þakka sem sagt undirtektir hæstv. fjmrh. og þakka honum fyrir að taka sér tíma til þess að vera viðstaddur við upphaf umræðunnar.

[14:46]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í tilefni ummæla hæstv. fjmrh. um starfið í jaðarskattanefnd langar mig til að sitthvað komi hér fram, en fyrst víkja að þeim ummælum hans að hér sé á ferðinni gamall kunningi, jaðarskattaumræðan.

Lengi hefur verið talað um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að framkvæma þyrfti skattbreytingar til þess að draga úr jaðaráhrifum í skattkerfinu. Reyndar var þetta rauður þráður í kosningaloforðum ríkisstjórnarinnar, og ekki aðeins ríkisstjórnarinnar heldur flestra stjórnmálaflokka. Menn bjuggust við því að fljótlega eftir að ríkisstjórnin var mynduð mundi hún taka til hendinni á þessu sviði.

Strax í upphafi fyrsta þingsins sagði hæstv. forsrh. að það yrði ekki gert heldur yrði sett á fót nefnd til þess að fara yfir þessi mál og að henni ættu að koma fulltrúar frá vinnumarkaði, frá verkalýðshreyfingu og frá samtökum atvinnurekenda. Nú leið og beið, en þessi nefnd tók síðan til starfa og annað veifið komu hæstv. fjmrh. og aðrir fulltrúar ríkisstjórnarinnar fram á sjónarsviðið og sögðu að nú væri alveg að koma að því að nefndin skilaði áliti. Mér er kunnugt um að þetta kom nefndarmönnum alltaf jafnmikið á óvart vegna þess að nefndin var fjarri því að hafa tillögur á takteinum, að vera búin að vinna sína vinnu. Þá fór marga að renna í grun að hér væri pólitískt sjónarspil á ferðinni. Það kom síðan í ljós í sumar að sú var raunin. Þessi nefnd var jarðsungin og skrifaðar um hana minningargreinar eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon komst að orði og í þeim greinaskrifum komu fram ástæðurnar fyrir því að nefndarmenn gátu ekki náð saman. Ástæðan er sú að ráðandi öfl í ríkisstjórninni sem í þessari nefnd náðu saman við fulltrúa atvinnurekendasamtakanna höfðu og hafa mjög ólíkar hugmyndir um hlutverk skatta og skattkerfisins.

Annars vegar er uppi það sjónarmið hjá verkalýðshreyfingunni að skattkerfið sé tvennt í senn. Það sé tekjuöflunarkerfi fyrir styrka velferðarþjónustu sem eigi að vera til þess fallin að jafna kjör þegnanna, veita öllum jafnan aðgang að stofnunum velferðarsamfélags, en einnig að vera tekjujafnandi í sjálfu sér, að skattarnir séu tekjujafnandi í sjálfu sér. Þetta er sjónarmið verkalýðshreyfinga og margra stjórnmálamanna á félagshyggjuvæng stjórnmálanna.

Hjá ráðandi öflum í ríkisstjórnarflokkunum og hjá samtökum atvinnurekenda er annað uppi á teningnum. Þar er fyrst og fremst litið á skattlagningu sem tekjuöflun fyrir ríkisreksturinn sem síðan á að halda í lágmarki. Þarna eru tvö gagnstæð sjónarmið á ferðinni. Í augum þeirra sem fyrst og fremst líta á skattlagningu sem tekjuöflunartæki en gera minna úr tekjujöfnunarþættinum er það auðvelt verk að draga úr jaðaráhrifum innan skattkerfisins. Það er mjög auðvelt verk einfaldlega með því að afnema millifærslukerfið eins og einhver aðstoðarmanna hæstv. fjmrh. komst að orði í blaðaviðtali eða blaðagrein fyrir nokkrum mánuðum síðan eða með því að draga úr eða afnema tekjutenginguna inni í millifærslunni. Þetta er sem sagt hægur vandinn fyrir þá sem gefa lítið fyrir tekjujöfnunarþátt skattkerfisins.

Við sem leggjum hins vegar mikið upp úr tekjujöfnun erum á því máli að ef draga eigi verulega úr jaðaráhrifum, t.d. í barnabótakerfinu, þá þurfi aukið fjármagn að koma inn í kerfið. Þarna er sem sagt á ferðinni grundvallarágreiningur, enda kemur fram í athugasemdum sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í jaðarskattanefnd ríkisstjórnarinnar skrifuðu formanni nefndarinnar 24. júlí að tillögur nefndarinnar séu að hluta til í beinni andstöðu við fulltrúa ASÍ og BSRB í nefndinni. Og vegna þess að hæstv. fjmrh. vitnaði hér áðan í skattbreytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir sl. vor, þá er rétt að taka fram að í bréfi til formanns jaðarskattanefndar frá forseta Alþýðusambandsins og hagfræðingi BSRB, Grétari Þorsteinssyni og Rannveigu Sigurðardóttur, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nýsamþykktar breytingar á tekjuskatti og barnabótum eru í samræmi við skoðun fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna og VSÍ og að hluta til í beinni andstöðu við afstöðu fulltrúa ASÍ og BSRB."

Þær skattkerfisbreytingar sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir eru í beinni andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Það er mjög mikil ástæða til að leggja á þetta áherslu vegna þess að ríkisstjórnin hefur jafnan reynt að gera verkalýðshreyfinguna ábyrga fyrir þeim skattkerfisbreytingum sem hún hefur ráðist í, en þær breytingar hafa verið að verulegu leyti í beinni andstöðu við þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram.

Hæstv. fjmrh. sagði að kjaramunur væri minni hér á landi en þekktist víðast hvar annars staðar. Ef svo er, þá finnst mér það vera fagnaðarefni og nokkuð sem við eigum að reyna að stuðla að og reyna að stefna enn lengra í þá átt til kjarajöfnunar í stað þess að fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið, að reyna að auka kjarabilið í landinu. Reyndar hef ég nokkrar efasemdir um að þessi staðhæfing ráðherrans sé rétt. Ég held t.d. að það séu fá lönd í okkar heimshluta þar sem skattsvik eru eins almenn og hér. Menn ætla að sá hluti skattkerfisins eða efnahagskerfisins sem er svartur skipti tugum milljarða kr. og lagðar hafa verið fram skýrslur þar sem fram hafa komið ágiskanir í þá veru að skiluðu þessir peningar sér inn, þá væri samneyslan 10–15 milljörðum kr. ríkari en hún er nú.

Þetta eru sjónarmið sem ég taldi nauðsynlegt að kæmu fram við þessa umræðu. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í framsöguræðu sinni að það er mjög mikilvægt að um þær grundvallarbreytingar á skattkerfinu sem ráðist verður í er nauðsynlegt að leita eftir sem breiðastri sátt og að sem flestir komi að því borði, ekki einvörðungu fulltrúar stjórnarflokkanna heldur einnig fulltrúar stjórnarandstöðuflokka. Og ég legg mjög mikla áherslu á að ríkisstjórnin endurskoði afstöðu sína gagnvart verkalýðshreyfingunni að þessu leyti og að fulltrúar hennar komi að þessari vinnu. Ef það gerist ekki, þá óttast ég að þau sjónarmið verði ofan á sem ég var að lýsa og eru ráðandi hjá þeim öflum innan ríkisstjórnarflokkanna sem stýra ferðinni og innan Vinnuveitendasambandsins og við það mun aldrei skapast sátt.

[14:58]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum hér mjög þarft mál sem mikið brennur á fólki, en það eru hinir svokölluðu jaðarskattar sem rætt hefur verið mikið um og sumir segja að séu ekki skattar og eru að sjálfsögðu ekki skattar, en það er í rauninni það sem fólk missir við að hafa meiri tekjur. Maður sem fær 1.000 kr. meiri tekjur sér kannski ekki nema 300 af þeim 1.000 kr. vegna þess að alls konar bætur lækka um leið og tekjurnar hækka.

Undanfarið hafa skattar verið lækkaðir og það er vel. Að mínu mati vorum við komin hættulega hátt í skattlagningu og ég er ánægður með þessa þróun. Hins vegar hefur hún kannski ekki verið nógu rökrétt. Kakan hefur stækkað og þar af leiðandi hefur þetta verið hægt án þess að halli ríkissjóðs minnki.

Það kýli sem þessu frv. er ætlað að taka á er fólgið í óskaplega flóknum tekjutengingum. Hér hafa verið nefndar barnabætur, vaxtabætur og námslán, bæði taka og greiðsla þeirra. Þegar maðurinn tekur lánið fær hann minna lán ef

hann hefur tekjur og svo þegar hann greiðir af láninu þá greiðir hann minna ef hann hefur lágar tekjur.

Svo er það félagslega húsnæðiskerfið þar sem sennilega eru hæstir jaðarskattar í kerfinu. En það er ekki hægt að reikna þá út vegna þess að bæturnar þar eru í formi vaxtaniðurgreiðslu nákæmlega eins og í námslánunum. Aðalbæturnar í námslánunum eru í formi vaxtaniðurgreiðslu. Maður sem hefur 1.000 kr. of mikið í tekjur þegar hann er námsmaður fær þar af leiðandi minna námslán og hann nýtur ekki þeirrar vaxtaniðurgreiðslu sem er ómæld yfir allan tímann. Vaxtaniðurgreiðslan er sennilega yfir helmingurinn af láninu sem hann fær þannig að það mætti gefa honum helminginn af láninu ef hann borgaði venjulega markaðsvexti á það sem eftir er. Þannig eru bæturnar duldar. Þessar bætur, þessi vaxtaniðurgreiðsla, er hvergi skattlögð, ekki skattlögð sem slík. Nákvæmlega það sama á við um námslánin. Þar er verið að greiða niður. Og í félagslega húsnæðiskerfinu, þar fær maður heila íbúð ef hann hefur tekjur undir 215 þús. kr. Ef hjón með tvö börn fá heila íbúð í félagslega kerfinu á lágum niðurgreiddum vöxtum, eru það milljónir sem þau fá þar í bætur sem hvergi eru skattlagðar og hvergi koma fram. En ef þau eru rétt fyrir ofan þessi mörk þá fá þau enga íbúð. Þarna eru því sennilega hæstu jaðarskattarnir í kerfinu og það hefur ekki komið fram.

Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á þá er þetta eiginlega spurning um mismunandi heimspeki. Þess vegna geta menn í rauninni ekki sagt að eitt eða annað sé rangt eða rétt vegna þess að menn hafa bara hreinlega mismunandi skoðanir á þessu. Eins og hann kom inn á þá lítur hann þannig á og hans mátar á vinstri vængnum, að skattar eigi að hafa hlutverk bæði tekjuöflunarkerfis fyrir ríkissjóð en líka í stórum mæli tekjujöfnunarkerfis. Algjör andstæða þess væru þá nefskattar þar sem allir borguðu sama skatt eins og var hér í gildi einu sinni til almannatrygginga og þá með þeirri hugsun að allir njóti jafnmikils úr almannatryggingakerfinu þannig að eðlilegt sé að allir borgi jafnmikið inn í krónutölu. Það er náttúrlega ákaflega ófélagslegur skattur því hann tekur ekki tillit til tekna manna. Það eru sem sagt alls konar hugmyndir og heimspeki í gangi og okkar kerfi sem ég vil kalla ofursköttunarkerfi, þegar jaðarskattarnir, þ.e. það sem menn bera ekki úr býtum við það að fá 1.000 kr. í tekjur, geta orðið 70%. Menn sjá ekki 70% af því sem þeir afla, og hlutfallið er jafnvel hærra. Það hafa verið nefndar hjá einstökum lífeyrisþegum miklu hærri tölur, 90% — 70–90% af tekjunum sem þeir afla til viðbótar.

Í þessu felst, herra forseti, ákveðin fátæktargildra. Þeir menn sem lenda í þeirri stöðu að sjá ekki nema kannski 10–30% af þeim tekjum sem þeir afla til viðbótar, geta aldrei komist úr þeirri stöðu. Það er alveg sama hvað þeir leggja á sig, mennta sig, sýna meiri dugnað eða vinna meira. Þeir komast ekkert út úr þessari stöðu. Það er mjög hættulegt. Þetta er svokölluð fátæktargildra þar sem ákveðinn hópur manna lendir í því að geta ekki bætt stöðu sína.

Það er margt annað skrýtið í þessu kerfi. T.d. eru barnabæturnar alveg með ólíkindum. Ef hugsunin á bak við barnabæturnar er sú að þær eigi að bæta kostnað við uppeldi barna þá ættu þær að sjálfsögðu að vera mestar fyrir fyrsta barn vegna það er dýrast að ala upp fyrsta barnið. Næsta barn gengur í fötunum af því fyrsta, erfir skíðin þess og svo framvegis. Og það er hlutfallslega ódýrara að elda fyrir fjóra heldur en þrjá. Þannig að það er heilmikill sparnaður í því að ala upp tvö börn á móti því að ala upp eitt. Barnabæturnar ættu því að lækka eftir því sem börnin yrðu fleiri en því er aldeilis öfugt farið vegna þess að barnabætur eru í raun ekkert hugsaðar til framfærslu barnanna heldur til að minnka ómegðarkostnaðinn. Þannig koma þær mjög furðulega út. Eftir að barnabæturnar voru tekjutengdar þá kemur upp sú furðulega staða að þær eru í rauninni skattlagning á foreldra barnanna. Þeir sem eiga mörg börn eru skattlagðir aukalega miðað við annað fólk í sama tekjuflokki sem engin börn á. Barnabæturnar eru því orðnar alveg stórfurðulegar.

Vaxtabæturnar eru alveg með ólíkindum. Þær hvetja menn til skulda. Maður fær ekki vaxtabætur nema hann skuldi. Afleiðingin er sú að skuldsetning heimilanna vex og vex og vex og margir stjórnmálamenn eru meira að segja hissa á því að skuldsetningin vaxi. Þetta er innbyggt í skattkerfið. Það er ekkert annað.

En það sem verst er við núverandi kerfi eru skattsvikin og menn býsnast yfir þeim. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að þau væru tugir milljarða. Það er hárrétt. En þeir skattar fengjust aldrei greiddir. Því ef þeir væru greiddir mundi fullt af atvinnustarfsemi fara á hausinn sem lifir á því að hún borgar ekki skatta. Ég er ekki hrifinn af því, aldeilis ekki, en þannig er það. Það sem gerist þegar skattar verða of háir er það að annaðhvort deyr skattstofninn út, þ.e. það sem er skattlagt, viðkomandi rekstur, á sér ekki viðreisnar von, skattstofninn fellur niður, verður bara ekki til. Eða að hann fer undir yfirborðið. Það eru stunduð skattsvik og menn lenda í því nánast stundum að vera neyddir til að svíkja undan skatti.

Þriðja atriðið sem gerist er að skattstofninn bregður sér til útlanda. Núna þessa dagana er fjöldi manns að fara til Glasgow til að versla. Til hvers? Til að ná í skattstofninn. Virðisaukaskatturinn er orðinn svo hár að menn bregða sér til Glasgow því þar er hann nefnilega endurgreiddur ef þeir koma til baka. Það borgar sig að fara í heila flugferð til útlanda til að ná skattstofninn. Hann er búinn að bregða sér af landi, víkja sér undan. Þannig að margt furðulegt gerist þegar skattar verða háir. Atvinnurekstur deyr, skattarnir víkja sér undan, sem eru náttúrlega eins konar skattsvik, og það verða hrein og klár skattsvik. Og það er dýrast. Niðurbrot siðferðis þjóðarinnar er mjög dýrt. Ég hef bent á að það sé eiginlega dýrasti herkostnaðurinn við það að jafna tekjur.

En svo verður skatturinn líka skattur á dugnað. Það fólk sem sýnir af sér sérstakan dugnað, ég nefni fólk sem fer upp á hálendið og vinnur þar í myrkri langan tíma í snjókomu og frosti, borgar sérstaklega háa skatta af því að það er með háar tekjur. Sjómenn sem eru norður í höfum í hríð, lokaðir inni í einhverjum járnkössum í fleiri vikur, þeir borga líka mikla skatta. Þetta er skattur á dugnað og frumkvæði. Og ef það er eitthvað sem þessi þjóð þarf þá er það dugnaður og frumkvæði, það á ekki að skattleggja það niður.

Menn dreymir um það, sérstaklega þeir sem eru vinstri sinnaðir, aðhyllast þá heimspeki að hlutverk skatta sé að jafna tekjur, að hægt sé að jafna tekjur. Það er eflaust hægt en í mjög litlum mæli vegna þess að það er til eitthvað sem heitir náttúrulegur launamunur. Menn sem vinna mikið, segjum á næturnar, þeir vilja að sjálfsögðu fá greitt fyrir það. Fólk sem vinnur óhreinleg störf eða fjarri heimilum sínum eins og sjómenn vill að sjálfsögðu fá greitt fyrir það. Fólk sem hefur menntað sig heilmikið vill fá greitt fyrir það, annars væri það ekki að því. Þeir sem sýna dugnað og snilld og vinna tvöfalt meira en maðurinn eða konan nágranni þeirra, vilja fá greitt fyrir það, að sjálfsögðu. Þannig að það er til

náttúrulegur launamunur. Reyni menn að minnka þann mun þá bara vex hann áfram. Þá vex launamunur fyrir skatta og það er einmitt það sem hefur gerst. Þegar menn reyna að minnka launamuninn þá bara vex hann fyrir skatta, því að launin eftir skatta eru það sem skiptir máli. Það sem skiptir launþegann máli eru launin eftir skatta. Hann hefur engan áhuga á þeim peningum sem fara til skattstjórans. Tilraunir til að minnka launamun eru því fyrir fram að miklu leyti dæmdar til að mistakast.

Þá er það spurningin hvort allur sá kostnaður sem ég gat um áðan sé þess virði, þ.e. fátækragildan, skattsvikin, hvatinn til að mynda skuldir og skattlagning á dugnað, það að refsa fólki fyrir dugnað. Borgar sig yfirleitt að reyna að jafna tekjurnar eins og við Íslendingar erum að gera og margar þjóðir í kringum okkur? Ég tel ekki. Ég held að það sé ekki þess virði að leggja svona mikla áherslu á að jafna launamuninn vegna þess að það er svo dýrt fyrir þjóðfélagið. Það er miklu skynsamlegra að hafa skattkerfið mildara og gera ekki eins miklar tilraunir til að jafna tekjurnar því launamunurinn verður alltaf mjög svipaður.

En það er annað sem gerist líka og á eftir að verða mikið mál í framtíðinni, þ.e. að fyrirtæki og fólk er orðið kvikt milli landa. Það er komin samkeppni milli landa um fólk og fyrirtæki. Við skulum gefa okkur eitthvert fyrirtæki sem er í hátekjuiðnaði, hugbúnaðarfyrirtæki eða fjármálafyrirtæki sem borgar mjög há laun. Það getur valið um að vera í einu landi þar sem háu launin eru skattlögð temmilega og í öðru landi þar sem háu launin eru skattlögð mjög mikið. Það þarf að borga hærri laun í því landi sem háu launin eru skattlögð mikið til þess að laða til sín fólk. Þess vegna fer það heldur þangað sem háu tekjurnar eru skattlagðar temmilega. Það þýðir að mjög mikil skattlagning á háar tekjur fælir burt hátekjuiðnað, hátekjufyrirtækin. Á nákvæmlega sama hátt laðar hún að sér lágtekjuiðnaðinn, prjónaskap og ferðamannaþjónustu. Ferðamannaþjónusta er þess eðlis að hún mun væntanlega alltaf vera lágtekjugrein vegna þess að það er aldrei borgað mikið fyrir að búa um rúm. (**Gripið fram í:** ... hafa fleiri skattþrep.) Það er nefnilega spurningin hvort ekki ætti að breyta skattkerfinu þannig að það hætti að vera eins mikil tekjujöfnun.

Þetta kerfi okkar er alveg með ólíkindum flókið. Ég hef verið spurður: „Getur þú ekki reiknað út hvað jaðarskattarnir yrðu miklir á fólk sem fær íbúð í félagslega kerfinu?" Ég hreinlega get það ekki. „Getur þú ekki reiknað út hvað jaðarskattarnir yrðu miklir þegar maður tekur námslán." Ég get það ekki. Maður þarf að gefa sér svo mikið af forsendum um væntanlegar tekjur mannsins og stöðu hans í framtíðinni að það er nánast útilokað að reikna út hvað jaðarskattarnir eru miklir. En ég geri ráð fyrir því að ef námsmaður þénar, segjum 10 þús. kr. meira og fær þar af leiðandi skert lán, þá séu skattarnir miklu, miklu meiri en 10 þús. kr. vegna þess að hann fær lægra lán og þar af leiðandi lægri niðurgreiðslu á lánið og þetta virkar alla ævina hjá honum. Þetta er mjög flókið mál. Kerfið er mjög flókið.

Það sem hér er lagt til er ekki aldeilis til að einfalda kerfið. Ef það á að fara að reikna út að jaðarskattarnir fari aldrei yfir 50% þá þarf stærðfræðisnillinga hjá skattstofunum til að reikna það út eða mjög góð tölvuforrit. Það eina sem gerir það að verkum að þetta er framkvæmanlegt er að kúnninn, þ.e. skattgreiðandinn, er yfirleitt í engri aðstöðu til að vefengja útreikninginn þannig að hann verður bara að teka það trúanlegt sem að honum er rétt. Þetta verður svo flókið.

Nei, herra forseti, ég hygg að menn ættu að hugleiða, með hliðsjón af þessum kostnaði við skattkerfið sem ég hef nefnt, niðurbrot siðferðis, leti og frumkvæðisleysi sem skattkerfið býr til, hvort ekki sé ástæða til að taka upp einfalt skattkerfi, 17% á allar tekjur, 17% staðgreiðslu. Fimm prósent færu til ríkisins, því meira fær ríkið ekki í dag. Ríkið fær ekki nema 5% af öllum tekjum. Það er minna en tryggingagjaldið sem er sett á sömu tekjur fyrirtækjamegin. Og 12% færu til sveitarfélaganna. Þetta yrði einfalt kerfi og hefði þann kost fyrir þá sem aðhyllast tekjujöfnun að einstaklingur sem hefur tvöfalt hærri tekjur borgar tvöfalt hærri skatt til velferðarkerfisins sem við öll viljum viðhalda þó hann njóti ekki nema einfaldra bóta úr því, því allir fá sömu þjónustuna í velferðarkerfinu. Þannig að sá sem er með tvöfalt hærri tekjur en einhver annar mundi þá borga tvöfalt meira til velferðarkerfisins og er það bara ekki nóg? Er ekki nóg að hafa skattkerfið þannig og komast hjá öllum þessum gífurlega kostnaði sem felst í núverandi skattkerfi? Þá lít ég kannski mest á kostnaðinn við niðurbrot siðferðis.

[15:14]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé röng staðhæfing hjá hv. þm. Pétri Blöndal að ef okkur tækist að draga úr skattsvikum, þá mundi sá hluti atvinnurekstrarins í landinu sem þar ætti hlut að máli fara á hausinn, fyrirtæki mundu verða að hætta starfsemi vegna þess að þetta væri þeim of dýrt. Staðreyndin er sú að skattlagning á atvinnurekstur er lægri hér á landi en gerist víðast hvar í okkar viðmiðunarríkjum og skattsvik eru ekki að mínum dómi háð afkomu fyrirtækja heldur tengjast þau miklu fremur starfsemi þar sem unnt er að koma við skattsvikum og að sjálfsögðu tengjast þau líka heiðarleika og siðferði þeirra sem stýra málum innan fyrirtækja þannig að ég held að þetta sé röng niðurstaða sem þingmaðurinn kemst að.

Í öðru lagi held ég að það sé líka rangt að fólk taki lán, t.d. til húsnæðiskaupa, til þess að fá vaxtabætur. Fólk tekur lán til húsnæðiskaupa til þess að fá þak yfir höfuðið og samfélagið kemur til móts við fólk að þessu leyti vegna þess að það er hagkvæmt fyrir samfélagið að gera það.

Ég get tekið undir sitthvað sem hv. þm. sagði um barnabætur. Ég er því fylgjandi að draga þar mjög verulega úr tekjutengingu, mjög verulega, þess vegna afnema hana, vegna þess að ég lít á barnabætur sem tekjujafnandi á milli kynslóða. Við höfum hins vegar verið andvíg því sem hefur komið frá ríkisstjórninni og Vinnuveitendasambandinu að það eigi að draga úr barnabótum. Til þess að draga úr tekjutengingunni þarf einfaldlega meira fjármagn þar að koma inn.

[15:16]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að fyrirtæki fari á hausinn eða séu ekki til, þá vil ég benda á ferðamannaþjónustu. Þar hefur verið kvartað mjög mikið undan háu vöruverði, háu verði á matvörum t.d. vegna þess hve virðisaukaskattur er hár á Íslandi þannig að þeirra kröfur eru aðallega fólgnar í því að lækka virðisaukaskattinn til að búa sér til athafnarými til að fá hingað erlenda ferðamenn. Þeir koma bara hreinlega ekki. Sá atvinnurekstur er bara hreinlega ekki til vegna þess hvað virðisaukaskatturinn er hár þannig að þetta er eitt dæmi.

Svo er ég alveg sannfærður um að ef það tækist að innheimta þessa 11 milljarða sem talið er að séu skattsviknir — ég er mjög mikið á móti skattsvikum, ég vil taka það

fram — þá er ég alveg sannfærður um það, burt séð frá því hvaða skoðun hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur, að einungis lítill hluti, sennilega helmingur, mundi innheimtast. Hitt mundi ekki innheimtast, það yrðu bara gjaldþrot. Það er því tómt mál að tala um að ætla sér að innheimta þennan skattundandrátt að fullu. Ég vil hafa skattkerfið þannig að skattsvik verði ekki stunduð, að skattarnir séu svo eðlilegir og léttir að þeir leiði menn og fyrirtæki ekki til skattsvika.

Varðandi vaxtabæturnar þá hef ég allt of oft upplifað að menn segja að skatturinn greiði af láninu. Þeir taka lán. Vextirnir skipta nánast engu máli á vissu tekjubili og eignabili vegna þess að skatturinn greiðir þá alla að fullu og þar af leiðandi geta menn keypt sér ríflegri íbúð en þeir hugsanlega mundu gera eða ætluðu að gera ef ekki kæmu til vaxtabætur. Ég er miklu hlynntari því að menn fái bara hreinlega greidda ákveðna upphæð í hverjum mánuði og ekki alltaf endalaust þessar niðurgreiðslur og bætur sem er mjög erfitt að henda reiður á.

[15:18]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var nú feginn því sannast sagna að heyra hv. þm. Pétur Blöndal lýsa því yfir að hann væri ekki hlynntur skattsvikum því að ég var næstum farinn að draga aðrar ályktanir af hans máli hér áðan. Þar var engu líkara en hann teldi að forsenda þess að atvinnurekstur gæti þrifist í landinu væru sú að menn svikju undan skatti. En hv. þm. skýrði sitt mál á þann veg að hann vildi draga úr skattsvikum með því að nánast afleggja skatta. En ég minni á að skattar hér á atvinnurekstur eru lægri en tíðkast víðast hvar í okkar viðmiðunarríkjum og við megum ekki gleyma því heldur að til þess að geta rekið öflugt velferðarkerfi, öfluga velferðarþjónustu — forsenda þess að við höfum hér öflugt og kraftmikið þjóðfélag og getum rekið dafnandi efnahagslíf er að við höfum styrka velferðarþjónustu — þá þurfum við að sjálfsögðu að afla skattpeninga til að standa straum af kostnaðinum.

Að lokum vil ég gera athugasemd við þá yfirlýsingu hv. þm. Péturs Blöndals að þjóðfélagið hafi ekki efni á því að draga úr tekjumun, hvort sem er innan launakerfis eða með skattkerfisbreytingum. Ég er algerlega á öndverðum meiði þarna. Efnahagslegt misrétti og kjaramisrétti er ávísun á félagslegt misrétti og við það get ég ekki sætt mig og þess vegna hef ég skipað mér þar í sveit í stjórnmálum í verkalýðshreyfingu til að berjast gegn þessu. En hv. þm. Pétur H. Blöndal er heiðarlegur maður. Hann sagði áðan að hér sé komið að grundvallaratriðum, ólíkri heimspeki, ólíkum stjórnmálastefnum sem menn aðhyllast, þar sé ekkert rétt eða rangt, þar séu einvörðungu ólíkar skoðanir og undir það get ég tekið. Það er grundvallarmunur á stefnu hægri frjálshyggjunnar og stefnu félagshyggjunnar og þeirri stefnu vil ég fylgja og mun fylgja.

[15:21]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög hlynntur því að við höfum öflugt og gott velferðarkerfi og skilvirkt velferðarkerfi. Menn mega alls ekki skilja það þannig að ég vilji ekki hafa velferðarkerfi og ég vil líta á skatta sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð, tekjuöflun til þess að geta haldið velferðarkerfinu gangandi. En ég er aftur á móti ekki hlynntur jafnmikilli tekjujöfnun og skattkerfið byggir á í dag sem í rauninni flær rolluna en rýir hana ekki. Skattarnir núna valda svo miklu tjóni í þjóðfélaginu að þeir setja velferðarkerfið í hættu því velferðarkerfið þarf heilbrigt atvinnulíf og sérstaklega gott siðferði.

Varðandi það að minnka tekjumuninn þá er þetta náttúrlega bara spurningin um hverju menn trúa. Ég trúi því að ekki sé hægt að minnka tekjumuninn nema að mjög litlu leyti vegna þeirra raka sem ég nefndi áðan, þ.e. að það er ákveðinn náttúrulegur launamunur. Það þarf að borga fólki fyrir að leggja eitthvað á sig. Annars mundu allir fara upp í sófa og leggja sig. Ef allir hefðu nákvæmlega sömu tekjurnar hvort sem þeir ynnu eða ekki og hvort sem þeir væru úti á víðavangi, á sjónum eða annað slíkt, ef allir hefðu nákvæmlega sömu tekjurnar, þá mundi, held ég, helmingurinn af þjóðinni leggjast upp í rúm. (**SJS:** Er maðurinn í eðli sínu latur?)

[15:22]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég hygg að fá mál hafi tekið jafnmikinn tíma og fengið jafnmikla umræðu úr þessum virðulega ræðustól eins og skattamál enda snerta þau hagsmuni allra landsmanna og kjör þeirra og verða eilíft deiluefni. Ég ætla ekki að lengja umræðuna og efnislega ekki að fara út í umræðuna, en tilefni þess að ég kveð mér hljóðs eru ummæli og minningarorð sem fallið hafa um svokallaða jaðarskattanefnd.

Ég hygg að landsmenn allir séu sammála um að hið svokallaða jaðarskattakerfi sé um margt mjög gallað. Það kom fram í pólitískum yfirlýsingum að ég held allra stjórnmálaflokka fyrir síðustu kosningar, það kemur fram í stefnumótun ríkisstjórnarinnar, í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna og það er af þeim sökum sem svokölluð jaðarskattanefnd var skipuð.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í máli hv. þingmanna um galla jaðarskattakerfisins, um að þeir séu óréttlátir, að jaðarskattaáhrif þeirra gæti m.a. í því að þeir ýti undir skattsvik, þeir ýti undir ójöfnuð og séu þjóðhagslega óhagkvæmir. Og það sem e.t.v. er alvarlegast er að þeir ýti undir lækkað siðferði þjóðarinnar. Þess vegna er tilefnið ærið að breyta jaðarsköttum, taka á hinum svonefndu áhrifum jaðarskatta.

Tilefni þess að ég vildi segja örfá orð í þessari umræðu eru ummæli um að jaðarskattanefnd hafi lokið störfum. Það má ljóst vera og hefur komið afskaplega skýrt fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að þetta er flókið mál, eitt rekur sig á annars horn og í sjálfu sér er erfitt að ná samstöðu um það sem allir geta sætt sig við. Hver hefur sína skoðun á því og snýst ekki einungis um tvö ólík pólitísk sjónarhorn.

Hins vegar er rétt að minna á að svokallaðri jaðarskattanefnd var einnig ætlað að fjalla um skattsvik sem tengjast auðvitað jaðarsköttum en eru líka mikið rædd úti í þjóðfélaginu og inni á Alþingi, enda skattsvik talin mikil og sýnt hefur verið fram á að þau eru mikil og í þeim felst óréttlæti, ójöfnuður og þar fram eftir götunum. Það kom mjög skýrt fram í starfi jaðarskattanefndar — sá sem hér stendur var einhverra hluta vegna skipaður í þá nefnd — að sjónarmið eru ólík og grun hef ég um að ekki sé einhugur endilega meðal atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar, stjórnmálaflokka og þannig má áfram telja. En ég vil líta svo á að jaðarskattanefnd, blessuð sé minning hennar, hafi í rauninni rétt verið búin að velta við steinum, skoða ástandið og kortleggja landið en hafi ekki verið gefinn tími til þess að móta þær tillögur, það verkefni sem henni var ætlað að gera. Því veldur örugglega margt og m.a. hafði það áhrif á störf nefndarinnar að kjarasamningar á milli einkum ASÍ og VSÍ komu inn á starfstíma nefndarinnar og hluti af málefnum nefndarinnar fór inn á

borð ríkisstjórnar og samtaka vinnumarkaðarins. Það varð örugglega til þess að tefja störf nefndarinnar um hríð. En hins vegar og það er tilefni þess að ég vildi kveðja mér hljóðs, var það ákvörðun formanns nefndarinnar að nefndin hefði lokið störfum. Það hefur komið fram hér m.a. hjá hæstv. fjmrh. En ég lít svo á að nefndin hafi ekki lokið störfum sínum. Tillögur voru ekki komnar, enda eru þær ekki í skýrslunni sem formaður nefndarinnar birti til hæstv. ríkisstjórnar. Þar af leiðandi má segja að nefndin sé enn svífandi í lausu lofti þó hún hafi hlotið hér blessunar- og kveðjuorð nokkurra hv. þm. og í blaðagreinum.

Ég taldi ástæðu til þess að þetta kæmi fram þar sem ég var einn nefndarmanna. Nefndin var ekki blásin af formlega. Hins vegar trúi ég því að sú nefnd sem hæstv. fjmrh. hefur boðað að verði skipuð geti nýtt þær upplýsingar sem dregnar voru fram í jaðarskattanefnd og ætti það starf þess vegna að geta gengið hraðar fyrir sig. Málið er jafnbrýnt, jaðarskattar eru umdeildir, skattsvik eru umdeild og á þessu þarf að taka og ég trúi að það muni verða gert.

[15:28]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er pínulítið ruglaður eftir þessa yfirlýsingu hv. þm. sem ég í upphafi taldi vera mikilvæga pólitíska yfirlýsingu af hálfu fulltrúa Framsfl. í jaðarskattanefnd þegar hann sagði að hann liti svo á að nefndin hefði ekki lokið störfum. Þetta þykir mér vera mikilvæg pólitísk yfirlýsing af hálfu fulltrúa Framsfl. í nefndinni og við þyrftum að fá um það upplýsingar í þingsal hvort hér er um að ræða ágreining á milli stjórnarflokkanna um þetta efni.

Hins vegar bætti hv. þm. því við að sú nefnd sem nú hefði verið skipuð af hálfu ríkisstjórnarinnar mundi án efa nýta sér þá vinnu sem fyrri nefnd hefði verið búin að vinna. Mér finnst að þingmaðurinn þurfi að skýra þetta betur. Hann lítur svo á að nefndin hafi ekki lokið störfum, en síðan segir hann í næstu setningu að ný nefnd hafi tekið við sem komi til með að notfæra sér þau gögn sem fyrri nefnd hafi smíðað.

Hér hefur farið fram umræða og komið fram mjög hörð gagnrýni á þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að reka fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar frá þessu máli, að vísa henni á dyr út úr þessari nefnd. Og ég er hér með bréf sem forseti Alþýðusambands Íslands og fulltrúi BSRB í þessari nefnd hafa skrifað þar sem þeir lýsa andstöðu við þessi vinnubrögð, við niðurstöðu nefndarinnar og gagnrýna vinnubrögð nefndarinnar og ríkisstjórnarinnar í þessu máli þannig að við eigum það inni hér í þessum sal að fá nánari skýringar frá hv. þm. hvað hér er eiginlega á ferðinni.

[15:30]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni engu við það að bæta sem ég hef sagt nú þegar. Ég lýsti þeirri skoðun minni að jaðarskattanefnd hefði í raun ekki lokið störfum, formaður ákvað að skila lýsingu á vinnu nefndarinnar. En ég sagði áðan að ég teldi að nefndin hefði ekki lokið störfum sínum þar sem ekki hefði fyllilega reynt á það hvort hægt væri að birta sameiginlegar tillögur frá nefndinni. Að öðru leyti spyr hv. þm. ekki réttan aðila. Ég lýsti því og vitnaði til þess sem hæstv. fjmrh. hefði lýst að önnur nefnd hefði verið skipuð. Þegar ein nefnd hefur lagt mikla vinnu í að kortleggja landið dreg ég þá eðlilegu ályktun að sú vinna nýtist í annarri nefnd. Að öðru leyti er ég ekki rétti aðilinn til þess að upplýsa um það. Þetta er bara eðlileg ályktun sem ég hygg að hv. þm. hljóti að sjá að er augljós.

[15:32]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar. Hér hefur komið fram að á ferðinni er alvarlegur ágreiningur á milli ríkisstjórnarflokkanna um störf jaðarskattanefndar. Þingmaðurinn sættir sig ekki við að nefndin hafi verið látin ljúka störfum og ég mun taka þeirri áskorun hans eða við úr stjórnarandstöðunni og beina spurningum um þetta efni til réttra aðila. En það var gott að fá þessar upplýsingar fram.

[15:32]

**Guðrún Helgadóttir:**

Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. 16. þm. Reykv. og get tekið undir margt sem hann sagði. Svo vill til að ég hef um árabil dregið mjög í efa réttmæti þess að skattkerfið væri notað til tekjujöfnunar. Hvað hefur gerst í samfélagi okkar með því? Þetta hefur verið trúarsetning verkalýðshreyfingarinnar um árabil. Ef við tökum opinbera starfsmenn, sem eru kannski gegnsæjasti launþegahópurinn í samfélaginu, þá hefur ekkert annað gerst en að laun hafa smám saman lækkað. Við höfðum um töluvert langan tíma allsæmilega launaða millistétt, ef leyfilegt er að nota orðið stétt í landi okkar, sæmilega launaða embættismannastétt sem gat lifað þokkalega af launum sínum. Þetta fyrirfinnst ekki lengur. Smám saman virtist tekjujöfnunin fara út í að færa alla niður í staðinn fyrir að færa þá lægst launuðu upp á við. Menn hafa ærst um, og ég hef margsinnis gert við það athugasemd, og telja að það versta sem getur komið fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu sé ef einhver laun í landinu hækka. Mér þykir þetta algjör öfugsnúningur og hefur alltaf fundist, því hærri laun sem einhverjir fá því hærri viðmiðun fá hinir lægst launuðu. Það er svo komið að stéttir eins og kennarar, hjúkrunarfólk, jafnvel læknar á föstum launum eru ekki matvinnungar. Ég geri ráð fyrir að háskólakennarar geti sagt svipaða sögu. Þetta nær engri átt. Ég held að hér hafi verið lagt upp á alröngum forsendum frá fyrstu byrjun. Ég held líka eins og ég kom reyndar aðeins inn á við umræðu um fjárlög fyrir nokkrum dögum að það sem hrjáir samfélagið sé óljós lagasetning, ég vil segja endalaus bótasaumur á fyrirliggjandi löggjöf þar sem aldrei er séð fyrir hvernig ein lagabreyting hefur áhrif á aðra. Úr þessu verður slíkur frumskógur að jafnvel þeir sem eiga að framkvæma lögin botna ekkert í hvernig á að gera þetta. Við þekkjum þetta allvel sem höfum komið nálægt Tryggingastofnun ríkisins þar sem fjárfúlgur fara hvað eftir annað í að velta hlutum til í tölvum stofnunarinnar svoleiðis að eitthvert vit komi út úr hinum nýju reglugerðum og jafnvel lagasetningum hér og þar.

Ég held þess vegna, og skil vel í hvaða vandræðum jaðarskattanefndnin fræga er, að ekki sé hægt að laga þessi mál nema að stokka algjörlega upp að nýju. Enginn græðir á þessari stöðugu launalækkun því að aldrei hefur farið fram launajöfnun upp á við, hún hefur allan tímann verið á leiðinni niður. Það getur ekki verið rétt. Ástandið í launamálum í landinu er að verða þjóðfélagsvandamál og þetta getur ekki gengið. Ég held að það sé svo djúpstæður ágreiningur milli manna um þessa hluti að stjórnmálamenn úr öllum flokkum verði að setjast niður og hætta að jagast um það sem liðið er, það verður að byrja að nýju. Ég er ekki að segja að ég sé endilega sammála hugmyndum hv. 16. þm. Reykv., Péturs H. Blöndals, um 17% eða 5% eða þeim tillögum sem hann var að kasta fram en ég held að hann hafi lög að mæla að

sú leið sem við höfum farið sé röng. Hún er röng og hún er óréttlát og hefur ekkert gert annað en að lækka launin í landinu. Þetta vildi ég sagt hafa og ég skal ekki lengja umræðuna að því leyti en ég get satt að segja skilið vandræði jaðarskattanefndar. Ég held að sú nefnd leysi málið ekki né heldur neinn á þeim forsendum sem hingað til hafa verið gefnar.

[15:38]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða um skattamál. Hún er ekki mikilvæg í þeim skilningi að við séum í þann veginn að ganga frá lögum um breytta skattlagningu á Íslandi. Hér fer fram umræða á milli þingmanna sem eiga að leggja grunninn að skattkerfisbreytingum á komandi missirum og árum. Menn hafa verið að ræða um ólík pólitísk viðhorf, ólíka heimspeki eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal komst að orði, en menn hafa líka verið að ræða um beinharðar staðreyndir. Sumir hverjir hafa verið að vara við því að Ísland gengi lengra í átt til skattlagningar en gert hefur verið. Staðreyndin er sú að þegar að samsetning skattkerfisins er skoðuð sem hlutfall af landsframleiðslu kemur í ljós að skattkerfið hér á landi er að mörgu leyti frábrugðið því sem tíðkast í svokölluðum viðmiðunarríkjum. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að skattarnir eru miklum mun lægri hér en hjá þessum ríkjum. Hlutur tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, er þannig miklu lægri hér á landi en í þessum löndum. Launa- og tryggingagjöld eru líka léttvægari en gerist annars staðar. Skattar á vöru og þjónustu eru hins vegar svipaðir og í Evrópuríkjum OECD en hærri en á Norðurlöndum. Ef þetta er þýtt yfir á tungumál tölfræðinnar eru hlutföllin þessi hvað viðvíkur tekjuskatti einstaklinga: Ísland 9,5, Norðurlönd 15,7, meðaltal Evrópuríkja OECD 12,2%. Ef litið er á tekjuskatt fyrirtækja er hann 1 hér á móti 2,5 á Norðurlöndum og 3,4 hjá Evrópuríkjum OECD. Launa- og tryggingagjöld eru 2,5 hér á landi, 8,6 á Norðurlöndum, meðaltalstalan er 14 í Evrópuhluta OECD. Ef litið er á skatta á vöru og þjónustu er hlutfallið hér á landi 15,1, ívið hærra en á Norðurlöndunum þar sem hlutfallstalan er 13 en við erum þó undir meðaltali ef litið er á Evrópuhluta OECD þar sem talan er 15,7. Ef litið er á skatttekjur hins opinbera samtals liggja Íslendingar í 30,9%, og við erum að tala um hlutfall af vergri landsframleiðslu, á móti 40,8 hjá Norðurlöndunum og í Evrópuhluta OECD er hlutfallið 47,8.

Þegar við ræðum um þessa hluti finnst mér gagnlegt að hyggja að því hvernig aðrir hafa það. Staðreyndin er sú að við búum við götóttara velferðarkerfi en mörg viðmiðunarríki okkar gera, mun götóttara kerfi og götóttari þjónustu en t.d. Norðurlöndin veita enda segir það sig sjálft að við öflum minni fjármuna í skatttekjum. Hins vegar kemur í ljós af hálfu sérfræðinga OECD að Íslendingar fá meira út úr þjónustunni en gerist hjá öðrum þjóðum þegar nýting fjármunanna er skoðuð, t.d. í heilbrigðiskerfinu, og það hafa mér jafnan þótt vera gleðileg tíðindi og reyndar umhugsunarvert fyrir þá sem hafa viljað umbylta og einkavæða íslensku velferðarþjónustuna. Ég hélt sannast sagna að það væri liðin tíð að reyna að stilla upp sem andstæðum einkarekstri og opinberum rekstri. Þetta eru engar andstæður, þetta á að vinna saman. Þjóðfélag sem býr við gott uppeldis- og menntakerfi er að búa í haginn fyrir efnahagsuppgang og efnahagsþróun komandi ára og áratuga. Það segir sig líka sjálft að fyrir þann sem ræður einstakling í vinnu er heppilegra fyrirkomulag og auðveldar honum alla hluti ef fólk á kost á því að leita samfélagslegra lausna hvort sem er í uppeldi á barnaheimilum eða leikskólum, í skólum, í heilbrigðiskerfinu, en í þjóðfélagi þar sem menn eru neyddir til þess að leita jafnan eftir rándýrum einkalausnum. Þetta er bara staðreynd.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram um skatta og nauðsyn á skattbreytingum þótti mér nauðsynlegt að koma þessum staðreyndum betur á flot í umræðunni.

[15:45]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég þakka ágæta umræðu sem hefur orðið af tilefni flutnings frv. okkar þingmanna Alþb. og óháðra um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. því sviði þess máls sem snýr að svonefndum jaðarsköttum eða jaðaráhrifum í skattkerfinu.

Í fyrsta lagi örlítið um hugtök. Ég held að heppilegt sé að reyna að útrýma orðinu „jaðarskattar" og tala þess í stað jafnan um jaðaráhrif af einstökum ákvörðunum, aðgerðum eða fyrirkomulagi innan skattkerfisins. Því er ekki að neita að maður verður dálítið var við þann misskilning að um beina greidda skatta sé að ræða, þ.e. að til séu í skattkerfinu einhverjir sérstakir skattar sem heiti jaðarskattar. Það minnir mig á þau mistök sem Gísli heitinn á Uppsölum gerði þegar hann hafði heyrt í útvarpinu um svonefndan gámafisk og hann náði síðan í fréttamann og spurði hann: „Hvaða tegund er þessi gámafiskur?" Það er eins með jaðarskattana, þeir eru ekki eiginlegir skattar, ekki tiltekin tegund skatta. Hér er verið að tala um þau jaðaráhrif sem verða í skattkerfinu þegar skerðing bóta jafngildir því að menn fá ekki tekjur sem þeir ella hefðu fengið vegna aukinnar tekjuöflunar eða vegna vinnu sinnar.

Það er hárrétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kom inn á að jaðaráhrifin voru og eru enn óhófleg. Dæmi eru um 65–70% jaðaráhrif innan skattkerfisins og síðan möguleg jaðaráhrif þar fyrir utan. Í raun er það svo að jafneðlileg og tekjutenging á einhverjum einum rökstuddum þætti innan skattkerfisins getur verið þá getur verið jafnóeðlilegt að tekjutengja næsta þátt til viðbótar. Það sem gerist er að þá verður vegna sömu teknanna sem aflað er, t.d. á launabilinu 120–200 þús. kr. á mánuði, virk tvenns konar tekjutenging. Í reynd er það tvísköttun. Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að rökstyðja að samsíða tekjutenging eða samsíða tekjutengd skerðing bótaliða á sama tekjubilinu, t.d. fyrst skerðing vaxtabóta á einu tilteknu tekjubili og síðan skerðing barnabóta á sama tekjubili fyrir sömu tekjur, sé tvísköttun. Þegar menn leggja dæmið niður fyrir sér í einu hólfi skattkerfisins og segja sem svo: við ætlum að stýra barnabótunum svona, eru menn eingöngu að hugsa um þær. Menn eru þá væntanlega eingöngu að hugsa um að þegar fólk er komið upp í tilteknar tekjur sé þörfin að minnka fyrir stuðning af því tagi sem barnabætur eða vaxtabætur eru. Menn eru ekki að hugsa um að samtímis verði virk önnur skerðing og jafnvel sú þriðja þegar kemur að tekjutengdri endurgreiðslu námslána eða einhverju því um líku. Það sem þá gerist er að þetta verður lagskipt. Það leggst hvað ofan á annað eða verður virkt samsíða og ógöngurnar hefjast eins og við þekkjum þær.

Umræðan sem hófst milli hv. þm. Péturs H. Blöndals og Ögmundar Jónassonar var mjög áhugaverð og komst um tíma á nokkuð heimspekilegt eða hugmyndafræðilegt flug. Mér líkar það vel og vil gjarnan að við þingmenn rífum okkur einstöku sinnum upp úr hversdagsleikanum og ræðum málin út frá grundvallaratriðum. Mér hafa alltaf fundist kenningar hv. þm. Péturs H. Blöndals um hinn náttúrulega launamun

mjög merkilegar. En ég er þeim að verulegu leyti ósammála. Það er allt annar hlutur. Hv. þm. hefur hins vegar þessa skoðun og rökstyður hana. Það kann vel að vera að eitthvað sé til í hugmyndum hans, ég er ekki þess umkominn eða bær að afgreiða þær sem einhverja vitleysu og út í loftið. Ég er það ekki. En ég hef byggt sannfæringu mína í þessum efnum á því að rétt væri að reyna að sporna gegn óhóflegum tekjumun og aðstöðumun í samfélaginu. Við getum sagt að leiðrétta skekkjur markaðarins eða miskunnarleysi markaðarins sem birtist okkur þá að einhverju leyti í þessum náttúrulega launamun með aðgerðum innan skattkerfisins og þá bæði með aðgerðunum í gegnum tekjuöflunartækin og líka ráðstöfun teknanna. Ég held að virkt skattkerfi verði að vinna á báðum hliðum málsins. Það er t.d. ekki hægt að afla teknanna flatt með nefsköttum eða öðrum slíkum aðferðum og ætla síðan að ná réttlætinu í gegnum útdeilingu fjármunanna eingöngu. Heldur verði þetta að vera hvort tveggja. Við dreifum byrðunum með einhverjum sanngjörnum hætti og reynum að leita að breiðu bökunum til að bera þær að breyttu breytanda en við ráðstöfum svo jafnframt tekjunum á grundvelli einhverra félagslegra markmiða um jöfnun aðstöðu og lífskjara.

Ég er eindreginn stuðningsmaður hins norræna módels í velferðarkerfinu. Ég vil að velferðarkerfið sé heildstætt, taki mið af samfélaginu í grófum dráttum eins og við viljum að það sé en sé ekki bara björgunarnet fyrir þá sem þegar eru orðnir nauðþurfta. Ég tel sem sagt að suður-evrópska kerfið eða ameríska kerfið eða hvað sem við köllum það, sem oft er talað um sem eitt af þremur eða fjórum meginmódelum í velferðarmálum, sé miklum mun frumstæðara. Þegar menn líta eingöngu á velferðarlega eða félagslega ábyrgð samfélagsins sem einhvers konar björgunarþjónustu, neyðaraðstoð, og inn í það koma jafnvel stofnanir eins og kirkjan sem á að gefa mönnum súpu á torgum ef þeir hafa ekki að eta. Það er frumstætt. Norræna velferðarhugsunin hefur það umfram að hún reynir að skilgreina kerfið á heildstæðum forsendum, að það taki til alls venjulegs fólks og að allir eigi að vera sjálfbjarga. Það þýðir að við þurfum að hafa kjark til að beita bæði tekjujafnandi tekjuöflunartækjum en líka tekjujafnandi ráðstöfunum á útgjaldahliðinni.

Síðan þakka ég hv. 7. þm. Reykn., Hjálmari Árnasyni, sérstaklega fyrir þær athyglisverðu upplýsingar sem hann flutti inn í umræðuna. Ummælin sem hv. þm. viðhafði um það hvernig endalok jaðarskattanefndar ríkisstjórnarinnar bar að voru mjög athyglisverð. Það leyndi sér ekki og ætla ég þó ekki að fara að túlka orð þingmannsins, þau voru skýr og hver getur lesið þau fyrir sig, hv. þm. var ekki sáttur við það með hvernig jaðarskattanefndin hafði verið lögð niður. Hv. 7. þm. Reykn. lýsti því mjög skýrt að jaðarskattanefndin hefði í raun og veru verið í miðjum klíðum þegar hún var slegin af af formanninum. Það eru mjög athyglisverðar upplýsingar inn í þetta samhengi og ég hygg nýjar upplýsingar sem hafa ekki komið fram áður. (**Gripið fram í:** Hver var formaður?) Formaður mun hafa verið ráðuneytisstjóri forsrn., skipaður af hæstv. forsrh., ef ég man rétt. Gagnmerkur embættismaður. En með öðrum orðum, hv. þm. Hjálmar Árnason var greinilega þeirrar skoðunar að andlát jaðarskattanefndarinnar hefði verið mjög ótímabært og minningargreinarnar ótímabærar. Í raun mátti skilja hann svo að hann teldi að nefndin hefði verið kviksett og ekki hefði verið við hæfi að láta jarðarförina fara fram. Þar hefði skort hinar efnislegu forsendur. Það gerir málið enn merkilegra vegna þess að þá er upplýst að ekki aðeins er verkalýðshreyfingin mjög ósátt við að henni skyldi hafa verið hent út úr starfinu áður en það skilaði nokkurri niðurstöðu, þ.e. nokkrum tillögum eða nokkurri samhljóða niðurstöðu, heldur virðast fulltrúar hins stjórnarflokksins hafa verið það einnig. (**SvG:** Hafði Framsókn skoðun á málinu?) Það er nefnilega það sem virðist vera að koma á daginn að Framsókn hafi aldrei þessu vant haft skoðun á málinu og verið óánægð með að starfinu var slitið með þessum hætti. Þeim mun undarlegara verður málið og þeim mun sérkennilegra er það hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að efna loforð stjórnarsáttmálans um breytingar á skattkerfinu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins þegar búið er að henda þeim út og þegar búið er að slá af jaðarskattanefndina og skipa hana upp á nýtt einhverjum mönnum, ekki sömu fulltrúum stjórnarflokkanna og sátu í hinni fyrri nefnd. Það er greinilegt að hv. þm. Hjálmar Árnason er að minnsta kosti ekki í hinni nýju nefnd ef búið er að skipa hana því af því hafði hann engar spurnir og vísaði á aðra um svör við því.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom að því, sem var hárrétt athugasemd, að auðvitað er vandi okkar í skattkerfinu að verða að nokkru leyti sambærilegur við vanda okkar í almannatryggingakerfinu. Hver er vandi okkar í almannatryggingakerfinu? Hann er sá að engin heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni hefur tekist í meira en 20 ár. Menn hafa gert ítrekaðar atrennur að því, ég held á öllum kjörtímabilum hafi allar ríkisstjórnir sett sér einhver markmið um að nú skuli endurskoða almannatryggingalögin en allar tilraunirnar hafa mistekist. Í raun erum við að sigla hraðbyri inn í sambærilega stöðu með tekjuskattkerfið. Það er, þetta er í raun að verða stagbætt flík sem menn eru að sauma bót ofan á bót á. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Langhraðast held ég að skattkerfinu að þessu leyti hafi hrakað á síðasta kjörtímabili. Ég held, herra forseti, að í raun hafi verið unnin umtalsverð skemmdarverk á skattkerfinu á síðasta kjörtímabili. Þegar staðgreiðslan var tekin upp árið 1988, hvað sem menn svo segja um þá breytingu, voru skatthlutföllin til muna skaplegri en þau eru nú. Þá voru tekjutengingarnar hverfandi í kerfinu frá því sem síðar varð. Það var fyrst og fremst hinn gífurlegi flutningur yfir í tekjutengdar skerðingar á síðasta kjörtímabili sem eyðilagði skattkerfið. Það var þannig. Þetta gerði jaðarskattavítahringinn jafnsvakalegan og hann er. Þetta gerðist með því að barnabótaaukinn, sem í byrjun síðasta kjörtímabilsins var minni hluti alls stuðnings við barnafólk, var stóraukinn þangað til hinn ótekjutengdi hluti var orðinn hverfandi og svo var smiðshöggið rekið á þetta verk með því að tekjutengja barnabæturnar að fullu á síðasta ári. Þá var það fullkomnað. Á sama tíma voru gerðar breytingar í vaxtamálum á vaxtakjörum og vaxtabótakerfinu. Þvert ofan í gefin loforð um að ekki yrði skert var það samt gert á síðasta kjörtímabili, og það jók enn á þessi jaðaráhrif. Í raun og veru gætum við sagt að við þyrftum kannski ekki að gera miklar ráðstafanir aðrar en þær að hverfa að einhverju leyti aftur til þeirra hlutfalla sem voru áður en skemmdarverkin voru unnin á skattkerfinu á síðasta kjörtímabili.

Herra forseti. Ég er þó þeirrar skoðunar að við þurfum að fara í miklu víðtækari og almennari uppstokkun á skattkerfinu. Að þeirri vinnu eiga að sjálfsögðu að koma, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti réttilega á, aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingin, því að auðvitað eiga engir meira undir því en umbjóðendur hennar hvernig

til tekst. Þess vegna er eftir atvikum rétt að hafa samráð við fleiri aðila eins og samtök aldraðra og aðra slíka sem eiga mikið undir. Ég þakka svo aftur þessa umræðu, herra forseti.

[15:59]

**Útbýting þingskjals:**

Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, 109. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 109.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

## 11. FUNDUR

fimmtudaginn 16. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 99. — 1. umr.
3. Virðisaukaskattur, stjfrv., 98. mál, þskj. 98. — 1. umr.
4. Ríkisreikningur 1996, stjfrv., 97. mál, þskj. 97. — 1. umr.
5. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1996.
6. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Fyrri umr.
7. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
8. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
9. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
10. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

***Umræður utan dagskrár.***

Stefnan í heilbrigðismálum.

[10:31]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um stefnuna í heilbrigðismálum. Umræðan fer fram að ósk stjórnarandstöðunnar. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir verður til andsvara.

Samkomulag er milli þingflokkanna um fyrirkomulag umræðunnar sem verður þannig: Í fyrstu umferð hafa málshefjandi og talsmenn þingflokka átta mínútur en ráðherra tólf mínútur. Í annarri umferð hefur einn ræðumaður frá hverjum þingflokki fimm mínútur hver og við lok umræðunnar hafa málshefjandi og ráðherra fimm mínútur hvor. Andsvör verða leyfð á ræðumenn í fyrstu umferð aðra en málshefjanda og ráðherra og á ræðumenn í annarri umferð. Aðeins einn þingmaður fær að veita andsvar hverju sinni, einu sinni í eina mínútu, og ræðumaður svarar og hefur eina mínútu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að umræðan standi í rösklega eina og hálfa klukkustund, þ.e. til kl. rúmlega tólf.

[10:32]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það má hefja þessa umræðu með þeirri samþykkt sem gerð var á aðalfundi Læknafélags Íslands í september sl. Samþykktin er ágæt lýsing á ástandinu í heilbrigðiskerfinu en í henni segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands lýsir þungum áhyggjum af upplausn í heilbrigðiskerfinu. Niðurskurður undir yfirskyni hagræðingar og sparnaðar hefur leitt til verri þjónustu við sjúklinga á mörgum sviðum. Ef fram heldur sem horfir blasir við skerðing á tryggingarétti og aukin mismunum sjúklinga.

Áður en stjórnvöld gera fleiri tilraunir til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu er skorað á þau að kanna ítarlega hver áhrif þær aðgerðir, sem þegar hefur verið gripið til, hafa haft á þjónustu við sjúklinga. Stefnuleysi heilbrigðisyfirvalda og seinagangur við ákvarðanatöku skapar öryggisleysi hjá sjúklingum og starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar, sem ekki verður við unað."

Þetta er lýsing Læknafélagsins á því ástandi og stefnuleysi sem ríkir í heilbrigðiskerfinu. Hún er ekki fögur en því miður allt of sönn. Og þær eru fleiri samþykktir og ályktanir þessa aðalfundar. T.d. átaldi fundurinn harðlega framgöngu og framferði ríkisins í kjaraviðræðum við lausráðna sjúkrahúslækna og aðrar stéttir innan heilbrigðiskerfisins hafa sent frá sér ályktanir í svipuðum dúr.

Fyrir ári síðan stóðu heilsugæslulæknar í kjarabaráttu sem enn sér ekki fyrir endann á. Lofað var umbótum í kjaramálum og í uppbyggingu á rekstri heilsugæslunnar. En efndirnar eru heldur litlar. Heilsugæslan sem gegnir lögum samkvæmt afar mikilvægu hlutverki í heilbrigðiskerfinu hefur búið við fjársvelti í mörg ár. Á þó nokkrum stöðum hefur gengið illa, erfiðlega eða alls ekki að manna stöður lækna og á mörgum stöðum hefur nú þegar dregið verulega úr þeirri þjónustu sem heilsugæslan hefur veitt. Það er ekki lengur hægt að tala um að allir íbúar landsins búi við jafnan aðgang að þjónustu heilsugæslunnar og óhóflegt vinnuálag er á starfsfólki margra heilsugæslustöðva. Þó er alltaf verið að bæta verkefnum á heilsugæsluna og herða kröfurnar sem gerðar eru til starfsfólksins.

Uppsafnaður rekstrarvandi heilsugæslunnar er heldur ekki leystur. Sem dæmi get ég nefnt að nú stendur fyrir dyrum flutningur heilsugæslunnar sem staðsett er að Reykjalundi. Sú heilsugæslustöð hefur búið við hreint fjársvelti á undanförnum árum, ekki fengið fjárveitingar í neinu samræmi við þann mikla fjölda sem heilsugæslan þar hefur þjónað. Í dag er þar um að ræða uppsafnaðan rekstrarhalla upp á um 10 millj. kr. og ekkert liggur fyrir um það hvernig þessum vanda verður mætt.

Ógerlegt er fyrir þessa heilsugæslustöð að leiðrétta rekstrarstöðuna með þeim fjárveitingum sem henni eru ætlaðar í frv. til fjárlaga án þess að draga verulega úr þjónustu við sjúklinga. Endurhæfingarsjúkrahúsið að Reykjalundi er með um 34 millj. í uppsöfnuðum rekstrarhalla og þessi halli er ekkert nýtt vandamál. Sjúkrastofnunin hefur verið rekin innan ramma fjárlaga sl. tvö ár. Hallinn er því gamalt vandamál sem ekki er leyst frekar en mörg önnur vandamál í heilbrigðiskerfinu. Þetta er vandi sem stöðugt vefur upp á sig. Og nú er útlit fyrir það að sú hækkun sem þessi sjúkrastofnun fékk fyrir næsta ár dugi ekki einu sinni fyrir þeim launahækkunum sem samið var um.

Þá er vitað um verulegan hallarekstur innan sjúkrastofnana eins og sjúkrahússins á Akureyri. Þar stefnir í tugmilljóna kr. halla og aðrar heilbrigðisstofnanir eru í svipaðri aðstöðu og engin svör fást frá ráðuneytinu. Eitt vinsælasta svarið þó sl. tvö og hálft ár er: „Málið er í athugun í ráðuneytinu." Þetta er ólíðandi ástand.

Enn og aftur eru kjaramál heilbrigðisstétta í uppnámi, hjá læknum eins og alþjóð veit, og kjarasamningar þroskaþjálfa hafa nú verið í athugun í tæpt ár. Ekkert hefur verið gert nema að lögð voru fram smánarleg tilboð mörgum mánuðum eftir að kjarasamningar voru lausir.

Þroskaþjálfar hafa nú samþykkt að boða til verkfalls. Ef af því verður, hvernig hugsar hæstv. ráðherra sér að taka á málum þeirra fjölmörgu einstaklinga sem ekki geta án þessarar þjónustu verið, t.d. fatlaðra barna sem þurfa nauðsynlega á þjónustu þeirra að halda? Hver er réttur þeirra til þjónustu heilbrigðiskerfisins? Eiga þeir bara að bíða úrlausna og borga háar upphæðir sem fáir hafa ráð á eins og þeir sjúklingar hafa orðið varir við sem verða að nýta sér þjónustu sérfræðilækna sem sagt hafa upp samningum sínum við Tryggingastofnun? Það er lítilsvirðing sem endurspeglast í aðgerðarleysi stjórnvalda þegar samningar heilla stétta eru lausir og lítið sem ekkert gert til að ná samningum. Það er lítilsvirðing gagnvart þroskaþjálfum og öðrum stéttum í sömu aðstöðu. En fyrst og fremst er það virðingar- og skeytingarleysi gagnvart þeim sjúklingum sem þurfa á þjónustunni að halda. Þeir búa við óþolandi óvissu og óöryggi.

Aðrir sjúklingahópar búa við óöryggi vegna annarra aðgerða stjórnvalda. Það á t.d. við geðsjúka. Nýlega var gert samkomulag milli fjmrh., heilbrrh. og borgarstjóra um verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjúkrahúsa í Reykjavík, samkomulag sem Pétur Hauksson læknir, formaður Geðhjálpar, kallar í grein sem hann skrifar í Morgunblaðið 1. október sl. samkomulag um afturför og fullyrðir að samningurinn hafi í för með sér mun lakari þjónustu fyrir geðsjúka en verið hefur. Í sama streng tekur stjórn Geðverndarfélags Íslands í ályktun sinni frá 30. september þar sem skorað er á heilbrrh. að endurskoða þetta samkomulag. En þrátt fyrir að allir sem best þekkja til í geðheilbrigðisþjónustunni gagnrýni það samkomulag sem heilbrrh. gerði fullyrðir hæstv. ráðherra í viðtölum við fjölmiðla að samkomulagið bæti þjónustu við geðsjúka.

Við höfum áður á Alþingi rætt um vanda barna og unglinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Athuganir sýna að Ísland er langt á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur saman við hvað varðar þjónustu við þessi börn og ungmenni. Allt of fá börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda hafa möguleika á að fá hana. Það er óásættanlegt og í engu samræmi við heilbrigðislöggjöfina og ég tel að það samrýmist ekki heldur þeim markmiðum sem heilbrigðislöggjöfin setur, að stór hópur sjúklinga telji sig ekki hafa lengur efni á að leita til læknis eða leysa út lyf.

Á ráðstefnu sem haldin var á vegum BSRB kynnti Ólafur Ólafsson landlæknir niðurstöðu könnunar sem landlæknisembættið lét gera. Þar kom fram að um 20% fullorðinna í barnafjölskyldum sem hafa minna en 130 þús. kr. ráðstöfunartekjur á mánuði hafi frestað eða hætt við læknismeðferð vegna kostnaðar sem henni fylgir og tæplega 20% frestað eða hætt við að taka út lyf. Ástæðan fyrir þessu er að hlutur sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði er allt of hár fyrir þá sem hafa litlar ráðstöfunartekjur. Heildarupphæð komugjalda á heilsugæslu nemur nú um 330 millj. kr. og stöðugt er leitað nýrra leiða til að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í læknisþjónustu og lyfjakostnaði. Sjúklingurinn og aðstandendur hans eru að verða algjört aukaatriði í augum heilbrigðisyfirvalda.

Í sumum tilvikum verður sjúklingurinn að greiða að fullu fyrir þá þjónustu sem tryggingakerfið ætti að taka þátt í, t.d. þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa. Þetta hefur komið illa niður á börnum með langvarandi erfiða sjúkdóma, andlega eða líkamlega, og aðstandendum þessara barna.

Stórir hópar sjúklinga búa við óöryggi og óvissu meðan líf þeirra og heilsa ásamt framtíð heilbrigðiskerfisins er í stöðugri skoðun hjá ráðuneytinu. Umönnun sjúklinga er í vaxandi mæli ýtt yfir á aðstandendur og sveitarfélög. Starfsfólk innan heilbrigðiskerfisins býr einnig við óöryggi og óþolandi vinnuaðstæður.

Ráðherra hlýtur að verða að svara hvert stefnir. Það er ekki hægt að búa við þær aðstæður að enginn viti hvað morgundagurinn ber í skauti sér þegar um er að ræða stefnuna í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

[10:41]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kveður sér hljóðs utan dagskrár og ræðir um stefnu í heilbrigðismálum. Hún kom víða við í ræðu sinni og það er nauðsynlegt að fara yfir málaflokkinn í heild sinni til þess að fá yfirlit yfir það sem raunverulega er að gerast.

Stjórnarandstaðan grípur gjarnan til þeirra fullyrðinga að enginn stefna ríki í heilbrigðismálum. Er þetta rétt, virðulegu þingmenn? Ég skal enn og aftur fara yfir stefnuna í heilbrigðismálum.

Í fyrrasumar var mótuð stefna í málefnum heilsugæslunnar í 21 lið. Á liðnu ári hefur meiri árangur náðst en björtustu vonir stóðu til. Nánast það eina sem út af stendur er hið svokallaða valfrjálsa stýrikerfi. Framkvæmd þess snertir ekki bara heilsugæslulækna, hún snertir flesta lækna. Framkvæmd þess var og er bundin því að samkomulag náist við Læknafélag Íslands um þá útfærslu.

Virðulegi forseti. Hvað varðar aðra þætti í stefnunni í heilsugæslunni sjást þeir nú þegar víða í betra aðgengi að heilsugæslunni. Uppbyggingin er fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðinu en þar töldu heilsugæslulæknar að mestra úrbóta væri þörf. Í Mosfellsbæ er verið að opna nýja heilsugæslustöð um áramót en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir ræddi sérstaklega um heilsugæslustöðina í Mosfellsbæ. Ef litið er til fjárlaga næsta árs þá sést að fjármagn til að reka heilsugæslustöðina í Mosfellsbæ er aukið. Og hún ræddi um Reykjalund í sömu andrá. Ég ætla líka að taka Reykjalund fyrir vegna þess að við hækkuðum daggjöldin á Reykjalundi fyrir tveim árum síðan verulega. Í Fossvogi er búið að bjóða út nýja heilsugæslustöð. Í Kópavogi verður lokið

við heilsugæslustöð um mitt næsta ár. Hafnfirðingar eru að fá viðbótarhúsnæði við sína heilsugæslustöð. Í Keflavík er verið að bjóða út nýja stöð um þessar mundir og í Garðabæ verður flutt í nýtt húsnæði fyrir áramót. Þá verður flutt í nýtt húsnæði í Laugarási í Biskupstungum, Eskifirði og Hrísey.

Nú liggur fyrir að um mitt næsta ár munu a.m.k. átta nýjar stöður heilsugæslulækna hafa bæst við frá því að samkomulagið var gert. Einhvers virði hlýtur þetta að vera, hv. þm. Þrátt fyrir þetta stöndum við frammi fyrir þeim vanda í heilsugæslunni að þeirri kjaradeilu sem leiddi til uppsagna heilsugæslulækna á síðasta ári er í reynd ekki lokið því að dregist hefur að kjaranefnd úrskurði um laun þeirra.

Ég held að það sé almennur skilningur á því að kjaranefnd er mikill vandi á höndum og það er reynt að flýta þessu verki eins og framast er unnt. En hér er um að ræða mikla kerfisbreytingu sem því miður hefur tekið lengri tíma að leysa en ég og heilsugæslulæknar höfðum vonað. Þó hefur gengið bærilega að manna flestar stöður, en nú eru 3–4 stöður ósetnar á landsbyggðinni þrátt fyrir þessa stöðu kjaramála. Þó það sé ekki mikill fjöldi skiptir hver ósetin staða íbúa viðkomandi byggðarlags afar miklu máli.

Þó ástandið sé bærilegt, gerum við okkur grein fyrir því að við verðum að gera það fýsilegt fyrir unga lækna að koma heim til Íslands eftir nám. Að því er unnið. Til þess þarf að hækka laun lækna og það þarf að minnka vaktabyrðina. Að því er einnig unnið. Og í heilbrrn. höfum við haft fulltrúa úr heilsugæslunni, héraðslækninn á Reykjanesi og héraðslækninn á Austurlandi, til að aðstoða okkur við að móta tillögur til framtíðar.

Í sjúkrahúsmálum er einnig unnið markvisst að auknu samstarfi og skýrari verkaskiptingu í raun. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur náðst verulegur árangur á því sviði. Heilbrrh., fjmrh. og borgarstjórinn í Reykjavík ákváðu að láta fara fram sérstaka úttekt á þeim kostum sem við stöndum frammi fyrir í framtíðarrekstri þessara stofnana. Nú liggur fyrir úttekt frá ráðgjafarfyrirtæki þar sem leiddar eru að því líkur að veruleg hagkvæmni geti leitt af því að stefna að einu fullkomnu háskólasjúkrahúsi á Íslandi. Þar yrðu sameinaðir ákveðnir þættir sérhæfðustu þjónustu og ýmis önnur starfsemi skilin frá og hugsanlega falin sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum. Skýrsla þessi er nú til umsagnar og athugana hjá stofnunum og þegar það liggur fyrir verður tekin ákvörðun um framhaldið. (**ÖS:** Á næsta kjörtímabili?)

Í haust var gerður samningur sem færði sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu tæplega 500 millj. kr. Jafnframt voru ákveðnar aðgerðir til að skerpa verkaskiptingu og auka samvinnu stofnana sem mun leiða til sparnaðar á næsta ári. Við höfum góða reynslu af því að hafa þriggja manna stjórn með stjórnendum sjúkrahúsanna, þ.e. frá borginni, frá fjmrn. og heilbrrn. sem vaka yfir málefnum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Tillögur þeirra hafa skilað verulegri hagkvæmni og starf þeirra hefur borið góðan ávöxt. Vegna þess sem hv. þm. sagði hér áðan um þjónustuna, vil ég nefna að með þessum 500 millj. er tryggt að gæði þjónustunnar, sérstaklega varðandi endurhæfingu, geðþjónustu og öldrun, verða styrkt.

Þær tillögur sem uppi eru núna um breytingar koma frá stjórnendum sjúkrahúsanna og eru ekki til að minnka þjónustu. Þrátt fyrir endalaust tal um samdrátt og niðurskurð er það nú samt svo að við erum ávallt að endurbæta og auka heilbrigðisþjónustuna. Við skulum líta á nokkur dæmi svo sem nýja gjörgæsludeild og skurðstofu á Landspítala. Unnið er að sams konar endurbótum á Sjúrakhúsi Reykjavíkur. Stefnt er að endurbyggingu á skurðstofu og gjörgæsludeild þar. Ný göngudeild krabbameinslækninga tók til starfa í fyrra. Á næstu dögum verður vígð ný æðarannsóknarstofa á Landspítala. Ný líknardeild verður opnuð á næsta ári. Lýtalækningadeild var opnuð í vor. Aukið fjármagn hefur verið lagt til barna- og unglingageðdeildarinnar auk þess sem félmrn. hefur lagt aukna fjárveitingu til Greiningarstöðvar ríkisins og mun það bæta úr brýnni þörf fyrir þá sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. En stærsta og mikilvægasta málefnið fram undan er bygging nýs barnaspítala og mun hann gerbreyta aðstöðu langveikra barna á Íslandi.

Á landsbyggðinni er unnið víða að sameiningu heilsugæslu og sjúkrahúsa undir formerkjum heilsugæslunnar. Með því er flókið skipulag einfaldað og gert skilvirkara. Samhliða þessu er unnið að tillögum um styrkingu sérfræðiþjónustu með því að efla tengsl minni sjúkrahúsa við sérfræðiþjónustu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri. Stór skref hafa verið stigin á sviði fjarlækninga og sjúkrahúsin úti á landi hafa fengið aukna þjónustu sérfræðinga og stærri sjúkrahúsin hafa tekið myndarlega á biðlistavandanum. Má þar nefna sjúkrahús eins og á Akureyri, Akranesi, Selfossi, Keflavík og St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði svo eitthvað sé nefnt.

Já, það hefur verulega fækkað á biðlistum. Ef við lítum á bæklunaraðgerðir, þá var bið eftir t.d. hryggspengingaaðgerðum um tvö ár fyrir stuttu síðan. Þessi bið er komin niður í sex mánuði sem læknar telja ekki óeðlilega langan tíma því að mikinn undirbúning þarf undir svo stóra aðgerð. Í öðrum bæklunaraðgerðum hefur náðst verulegur árangur einnig.

Varðandi hjartaaðgerðir, þá voru 300 manns á biðlista eftir hjartaaðgerðum fyrir rúmum tveim árum síðan. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá prófessornum í skurðlækningum á Landspítalanum er bið eftir hjartaaðgerð í þægilegu jafnvægi eins og hann orðar það sjálfur eða 24 sjúklingar. Hið sama má segja um augnlækningar. En meðan á flutningi augnlækningadeildar frá Landakoti yfir á Landspítala stóð mynduðust biðlistar sem sem betur fer styttast óðum.

Vík ég þá að stefnunni í forvörnum. Ég hef beitt mér fyrir nýjum áherslum á nánast öllum sviðum forvarna. Ég nefni t.d. reykingavarnir, en fjármagn til tóbaksvarna hefur fjórfaldast og svigrúm til fræðslu er allt annað og betra en áður var.

Varðandi áfengis- og vímuefnavarnir hefur auknu fjármagni verið beint til þess málaflokks og aukin samhæfing á milli þeirra aðila sem vinna að áfengis- og vímuefnavörnum er skilvirkari nú en áður var.

Átak í krabbameinsvörnum hefur staðið yfir að undanförnu og þar er um að ræða samstarfsverkefni Krabbameinsfélagsins og ráðuneytisins. Höfuðmarkmið verkefnisins er að minna á mikilvægi þess að mæta til skoðunar og eftirlits.

Vík ég þá að stefnunni í öldrunarmálum. Ég hef lagt áherslu á að aldraðir geti dvalist í heimahúsum eins lengi og heilsa leyfir. Með breyttum áherslum í öldrunarlækningum og endurhæfingu hefur dagvistarrýmum fjölgað og heimahjúkrun verið aukin. Fyrsta öldrunarsjúkrahúsið á Íslandi verður formlega tekið í notkun nú í dag á Landakoti. Með tilkomu þess verður þjónusta við aldraða betri og skilvirkari en áður. Samhliða þessu er hafin þjónusta við aldraða í hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Mjódd sem nýlega var opnað. Þar hafa 48 sjúklingar lagst inn en 79 rúm verða alls þar. Í Víðinesi er verið að fjölga hjúkrunarýmum, eins á Vífilsstöðum og Ás í Hveragerði er í uppbyggingu. Víða

úti á landi er líka verið að fjölga rýmum í öldrunarþjónustu og bæta. Ég minni á Hvammstanga, Blönduós og Akranes. Nýlega var nýtt hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði tekið í notkun. Hjúkrunarrýmum hefur í heild fjölgað um 86 rúm og ákveðið hefur verið að fjölga enn til viðbótar á næsta ári. Í málaflokkinn er bætt 300 millj kr. í fjárlagafrv. fyrir árið 1998, þar af 100 millj. kr. til hjúkrunarheimila vegna bættrar nýtingar. Þá er unnið að endurskoðun laga um málefni aldraðra.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka, virðulegi forseti, og ég skal ljúka hér máli mínu, en það eru kjaramálin sem brenna á mönnum. Kjaramálin eru í vinnslu á þrennum vettvangi, hjá samninganefnd ríkisins, Tryggingastofnun og kjaranefnd. Allir samningar lækna eru lausir. Það kallar á hraða og örugga vinnu.

Og nú bara í blárestina vil ég segja um þroskaþjálfana, en þeir eru 20 sem vinna hjá heilbrigðisþjónustunni, að ef ekki semst við þá, sem enn standa vonir til, þá munum við sjá til þess að skjólstæðingar þeirra fái þjónustu. Það sem brennur á okkur í dag eru kjaramálin og þau þarf að leysa.

[10:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er merkileg lífsreynsla að hlusta á hæstv. ráðherra tala eins og ekkert sé að í heilbrigðismálunum og ástandið hafi aldrei verið betra.

Ég ætla ekki að koma hér og halda því fram að hún hafi ekki látið margt gott af sér leiða. Ég dreg heldur ekki í efa hennar góða vilja. Ég verð hins vegar að taka undir með hv. formanni Alþb., Margréti Frímannsdóttur, að það sem skortir á í heilbrigðismálunum eru hinar stærri línur, þ.e. sýn til lengri tíma. Hæstv. ráðherra haslar okkur völl þessarar umræðu. Það var hún sem tók hér upp umræðuna um heilsugæsluna. Menn muna að í lok verkfalls heilsugæslulækna í fyrra var hluti af lausn deilunnar stefna sem hæstv. heilbrrh. lagði fram. Ég minnist þess að hún sagði í viðtali við tímarit Landssambands heilsugæslunnar að nú væri góð tíð fram undan vegna þess að hún væri búin að búa til alveg sérdeilis góða stefnu.

Fyrir skömmu gaf hæstv. ráðherra út þetta fréttabréf sem er afskaplega fallegt bréf og þar er m.a. að finna fimm fallegar myndir, á átta síðum, af hæstv. ráðherra og þar segir hæstv. ráðherra í grein sem hún nefnir: Í hálfleik, með leyfi forseta:

„Einn mikilvægasti áfanginn sem náðst hefur á kjörtímabilinu er stefnumótun í málefnum heilsugæslunnar til framtíðar."

En hvernig skyldi nú þessi ágæta stefna hafa verið framkvæmd? Bestu dómarar í hálfleik eru væntanlega leikmennirnir sem eiga að leika eftir leikskipulagi liðstjórans í ráðuneytinu, þ.e. heilsugæslulæknarnir. Og það vill svo til, herra forseti, að þeir eru búnir að kveða upp sinn dóm. Fyrir liðugum mánuði sögðu þeir í ályktun sem samþykkt var 6. september:

„Enn ríkir ringulreið í heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Til ófremdarástands horfir nú víða í dreifbýlinu þar sem aðgerðarleysi ráðuneytisins og neikvæð afstaða starfsmanna þess gagnvart heimilislæknum hefur átt þátt í að riðla því styrka ástandi sem þar hefur ríkt. Ef ekkert af því sem ráðuneytið vildi sumarið 1996 fer að líta dagsins ljós ber að óttast um framtíð íslenskrar heilsugæslu."

Þetta er sem sagt dómur leikmannanna sem spila eftir leikskipulagi liðstjórans. Þetta er ástandið í framkvæmd stefnunnar sem hæstv. ráðherra lýsti svo glæsilega áðan. Og síðar segir í þessari ályktun að heilsugæslulæknarnir óttist að hver mánuður sem líður án aðgerða af hálfu stjórnvalda valdi þeim vísi að heilsugæslu sem til er í landinu óbætanlegu tjóni.

Herra forseti. Þetta er dómur þeirra sem gerst þekkja til. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra telji í hálfleik að staðan sé 14:2, en hún er þá að spila á einhverjum allt öðrum velli en við hin. Og það er auðvitað óhjákvæmilegt í framhaldi af þessari harðorðu ályktun og gagnrýni heilsugæslulækna að spyrja: Er stefnan sem samþykkt var í fyrra enn þá stefna ráðuneytisins eða á að fara þá leið, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði um hér áðan, að setja málið í enn eina nefndina?

Því miður eru þessi viðhorf uppi víðar. Í málefnum almannatryggingakerfisins eru t.d. tökin svipuð. Kerfið er búið að plástra eins og sjúkling sem hefur gengið í gegnum glerhurð. Frá því árið 1971 er búið að breyta því 100 sinnum. Það er orðið svo flókið að það skilur það ekki nokkur maður nema ef vera skyldi hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Auðvitað er ekki hægt að kenna hæstv. ráðherra í þessari ríkisstjórn um það en það var þessi ríkisstjórn sem lofaði að endurskoða lögin. Og hvernig gerði hún það? Hún setti auðvitað málið í nefnd enn einn ganginn. Er hæstv. ríkisstjórn kunnugt um að þessi nefnd hefur ekki komið saman í níu mánuði? Ég leyfi mér því að spyrja, líka í fullri vinsemd, herra forseti: Hefur ríkisstjórnin hætt við að uppfylla loforð sitt um að endurskoða lögin um almannatryggingakerfið?

Annað stórmál sem er í uppnámi er einmitt staða og framtíðarskipulag stóru sjúkrahúsanna sem hæstv. ráðherra talaði hér um eins og allt væri í fínu lagi þar. Það liggur t.d. fyrir að samkvæmt frv. til fjárlaga næsta árs vantar Sjúkrahúsi Reykjavíkur hátt í 400 millj. kr. til þess að reksturinn gangi upp. Þá eru ótaldar þær 180 millj. sem eru óuppgerður slóði fyrri ára. Ég ætla ekki að hrella hæstv. ráðherra með því að minnast á þær 800 millj. sem vantar í viðhald og endurnýjun og enn síður ætla ég að nefna byggingarnar sem lofað var sem forsendu fyrir sameiningu Landakots og Borgarspítala á sínum tíma. En veit hæstv. ráðherra að afleiðingarnar af þessu fjársvelti eru m.a. þær að hennar eigin stofnun, Lyfjaeftirlitið, treystir sér ekki til þess að veita apóteki spítalans, þar sem m.a. eru blönduð mikilvæg krabbameinslyf, nema tímabundið starfsleyfi? Og veit ráðherrann að Vinnueftirlitið hefur sömuleiðis gert athugasemdir við tiltekna þætti í B-álmu? Og ef hæstv. ráðherra veit þetta, hvað ætlar hún að gera í málinu?

Ríkisstjórnin hefur sjálf sagt að besta leiðin til þess að hagræða í sjúkrahúsunum sé að auka samstarf og helst sameina stóru sjúkrahúsin og um það get ég verið henni býsna sammála. En því miður birtist ekki síður átakanlegt stefnuleysi í því máli.

Hæstv. ráðherra hefur nefnilega tvær tillögur í gangi í málinu. Hún hefur marglýst því yfir að hún telji rétt að gjörbreyta stjórnkerfi heilbrigðismála þannig að í hverju kjördæmi verði ein sérstök heilbrigðisstjórn sem fari með yfirstjórn allra heilsugæslustöðva og allra sjúkrahúsa í viðkomandi kjördæmi. En hún hefur líka og nú síðast í ræðu sinni áðan lýst mikilli ánægju með skýrslu VSÓ þar sem lagt er til að stóru sjúkrahúsin verði ásamt spítölum nágrannabyggðarlaganna sett undir eina stjórn. En meira að

segja þessi ríkisstjórn, herra forseti, getur ekki bæði sameinað sjúkrahús í þremur mismunandi kjördæmum og sett þau um leið undir þrjár mismunandi kjördæmastjórnir. Og ég spyr: Hvora leiðina á að fara? Það veit auðvitað ekki nokkur maður í dag og allra síst ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar. Ég leyfi mér því að spyrja: Treystir hæstv. ráðherra sér til þess að koma og lýsa yfir við þessa umræðu að hún sé fallin frá áformum sínum um kjördæmastjórnir heilbrigðismála? Og ég spyr líka: Hyggst hún beita sér fyrir því að tillögum VSÓ verði hrint í framkvæmd eða, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði hér áðan, á kannski líka að setja það í enn eina nefndina? Mér heyrðist það nefnilega vera niðurstaðan í máli hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Getuleysi þessarar ríkisstjórnar til þess að leysa vandamál sem koma upp er að birtast okkur nú í dag með enn alvarlegri hætti. Gera menn sér grein fyrir því að allir heilsugæslulæknar landsins eru með lausa samninga? Allir sérfræðingar landsins eru með lausa samninga? Og allir ungir læknar eru líka með lausa samninga vegna þess að ríkisstjórn Íslands er eina ríkisstjórnin á öllu hinu Evrópska efnahagssvæði sem hefur ekki treyst sér til þess að semja við unga lækna um að aðlaga vinnutíma þeirra að vinnutímatilskipun ESB. Hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir að allir læknar á landinu eru með lausa samninga. Er þetta líklegt til þess að efla festu í kerfi sem má nú ekki við meiri ólgu? Og hvað þýðir þetta í reynd? Ég held því fram, herra forseti, að með þessu stefnuleysi sínu sé ríkisstjórnin óafvitandi að búa til atgervisflótta í læknastéttinni. Ef við skoðum aldurssamsetningu íslenskra lækna þá kemur í ljós að obbi þeirra er á aldrinum 40–55 ára. Það er skammt í að eðlileg kynslóðaskipti fari að hefjast. Þá mun okkur hins vegar einfaldlega skorta lækna vegna þess að þeir verða farnir annað. Ég held því fram, herra forseti, að stefnuleysi í málefnum heilbrigðiskerfisins sé að ýta læknum framtíðarinnar út úr landinu og afleiðingin verði sú að innan 7–10 ára skapist hér alvarlegur skortur á læknum og í sumum greinum fyrr.

Herra forseti. Ég held að það sé kominn tími til að stjórnvöld heilbrigðismála horfist í augu við þá staðreynd að skýrslur lækna ekki sjúklinga og nefndir prenta ekki peninga. Aðgerðarleysið leysir engin vandamál heldur býr þau til og það er vandi heilbrigðiskerfisins í dag.

[11:03]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er aukningin til heilbrigðismála 3,3% sem er mesta aukning til allra málaflokka. Þetta er mesta aukning sem hefur orðið til heilbrigðismála núna um áratug.

Ísland stendur fremst í flokki OECD-ríkjanna í heilbrigðismálum. Niðurstaðan er sú að íslenska þjóðin er líka talin einhver heilbrigðasta þjóð í heimi. Vilji menn hins vegar auka framlög til heilbrigðismála enn þá meira, meira en við erum að gera núna, þá verða menn líka að segja: Ætlum við að koma með enn þá meiri skatta en við erum með, ætlum við að hækka þá? Eða viljum við heldur leggja áherslu á að fara betur með þessa peninga, reyna að stýra þessu öðruvísi, reyna að ná meiri stjórnun á þessu? Því verðum við að svara og standa við. Það er ekki nóg að segja: Nú ætlum við að hækka þetta, hækka launin, auka kostnaðinn o.s.frv. Við verðum að sýna fram á að þessir peningar séu nægir nema menn vilji fara hina leiðina — að hækka skattana.

Ég trúi því ekki, herra forseti, að það sé vilji manna. Þess vegna verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir í þessari gagnrýni.

[11:04]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að ég er hjartanlega sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir og menn verða að segja hvaðan á að taka peningana.

Ég færði rök fyrir því í ræðu minni hér áðan að til að mynda Sjúkrahús Reykjavíkur skorti fast að milljarði til þess að geta haldið úti eðlilegu viðhaldi og eðlilegum rekstri. Ég er alveg klár á því að það er ekki hægt að fara fram á það við stjórnendur þess spítala að þeir hagræði meira en orðið er. Þeim hefur þegar tekist það í þeim mæli að framleiðni þar er meiri heldur en í öllum þeim sjúkrahúsum sem verkfræðistofan VSÓ notaði í samanburði við þennan spítala.

En ég sagði líka annað. Ég tók undir með ríkisstjórninni að besta leiðin til þess að hagræða til að mynda í rekstri stóru spítalanna væri að fara í aukna samvinnu og jafnvel sameiningu þeirra. En ég segi það líka alveg hiklaust að á meðan ríkisstjórnin lætur það mál velkjast, setur það í hverja nefndina á fætur annarri — nýja nefnd, nýja úttekt — þá ber okkur siðferðilega skylda að sjá til þess að t.d. þessi stóru sjúkrahús fái næga peninga til þess að geta rekið sig. (Forseti hringir.) En þegar við erum búin að vinna að því að sameina og e.t.v. búa til einn stóran spítala úr þeim hér í Reykjavík þá getum við farið í þessa hagræðingu, hv. þm. En það sem ég er að segja er þetta: Það skortir þessa stefnu yfirvalda og hv. stjórnarliðum ætti að vera farið að lærast það, (Forseti hringir.) þegar heilbrigðismál eru annars vegar, að hugsa svolítið áður en þeir koma og tala.

[11:06]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)**:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé afar eðlilegt að hér á hinu háa Alþingi sé árlega rætt um heilbrigðismálin, um stefnu og stöðu í þeim málaflokki. Vandamálin hér eru þau sömu og annars staðar á Vesturlöndum — sívaxandi kostnaður hefur kallað á róttækar breytingar. Og það er ástæða til þess að líta á það að meðal OECD-þjóðanna hafa langflestar þeirra látið fara fram verulega úttekt og endurmat á heilbrigðismálum sínum. Menn ræða gjarnan um forvarnir annars vegar og hátæknilækningar hins vegar. Þetta er ekki val, þetta er ekki annaðhvort eða heldur bæði og. Ég minni á að núv. hæstv. heilbrrh. hefur lagt mikið kapp á að bæta forvarnir hér á landi og ég held að enginn geti tekið það nokkurn tímann af ráðherranum.

Við búum við nýja tækni, ný lyf á hverjum degi. Þetta kostar gífurlega fjármuni og vekja á móti siðferðilegar spurningar um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Við skulum hafa í huga nokkrar staðreyndir. Í fyrsta lagi, þrátt fyrir allt tal stjórnarandstöðu á hverjum tíma, þá er það svo að framlög ríkisins til heilbrigðismála hafa hækkað. Það sést t.d. frá árinu 1990, og það er alveg sama á hvaða vísitölu það er mælt, þetta má lesa í gögnum Ríkisendurskoðunar og sem hafa verið gefin út og hv. alþm. hafa undir höndum. Heildarútgjöld til heilbrigðismála eru há og eru sérstaklega há þegar tekið er tillit til þess að aldurssamsetning þjóðarinnar er önnur hér en annars staðar. Til viðbótar má benda á að hlutfall opinberra útgjalda af heildarútgjöldum til heilbrigðismála er líka mjög hátt hér á landi, þannig að kostnaður heimilanna er tiltölulega lítill þegar miðað er við það sem

við sjáum víða annars staðar. Og það er athygli vert hér að okkur hefur gengið heldur hægar en nágrannaþjóðunum að fækka legurýmum á sjúkrahúsum og að beina starfseminni frekar að þeim háöldruðu.

Það sem er hins vegar nýtt í þessu máli núna og við þurfum að líta á í dag er að á undanförnum tveimur árum, og þá ekki síst á síðasta ári, hefur verið vandlega farið ofan í heilbrigðismálin af hinum hæfustu mönnum og niðurstaða hefur fengist t.d. varðandi starfsemi sjúkrahúsanna í Reykjavík sem eru dýrustu sjúkrahúsin. Þar hefur verið gerður samningur á milli heilbrrn., borgarstjórans í Reykjavík sem rekur Sjúkrahús Reykjavíkur og fjmrn. Samningurinn byggir á því að sjúkrahúsin fá, eins og Sjúkrahús Reykjavíkur, alla þá fjármuni sem sjúkrahúsið bað um samkvæmt eigin rekstraráætlunum á yfirstandandi ári en í staðinn mun sjúkrahúsið vinna að hagræðingu á næsta ári, þeirri hagræðingu sem gert var ráð fyrir að sjúkrahúsið ynni að á yfirstandandi ári og síðasta ári. Þetta eru nú staðreyndir í þessu máli.

Gífurleg breyting hefur orðið á heilbrigðisþjónustunni og hún hefur verið að batna frá ári til árs. Það eru nýtískuskurðaðgerðir, svæfingartækni er önnur, kögunaraðgerðir hafa komið í staðinn fyrir opnar aðgerðir og betri lyf. Fjöldi sjálfstætt starfandi sérfræðinga tvöfaldaðist á Íslandi á árunum 1980–1995 og aðgerðum hefur fjölgað utan sjúkrahúsa. Talið er að 50% skurðaðgerða fari fram á læknastofum úti í bæ þó að þær séu yfirleitt minni háttar, minni en þær sem eru framkvæmdar á spítölunum.

Auðvitað er stefnumörkun í þessum málaflokki sífelld. Við leysum það ekki í einu vetfangi, þetta er ekkert átaksverkefni. Við þurfum að hafa þar ýmislegt í huga. Við þurfum að ræða um rekstrarfyrirkomulag, eigum við að hafa samkeppni, samvinnu, sameiningu? Við þurfum að breyta almennum sjúkradeildum í meira mæli í hjúkrunarrými, við þurfum að leita nýrra úrræða og ódýrari fyrir gamla fólkið eða fyrir háaldraða. Við þurfum að endurskipuleggja fjárfestingar sem við eigum í þessum geira.

Hér hefur verið rætt talsvert um kjarasamninga og það er rétt að nokkrum þeirra er enn ekki lokið. Ég vil benda á varðandi læknana sérstaklega að kjarasamningar þeirra eru afskaplega flóknir og það þarf að taka tillit til þess í meira mæli en gert hefur verið að læknar starfi eingöngu á sjúkrahúsum. Það er flókið og erfitt, ekki síst þegar í samninganefnd lækna eru fulltrúar mjög mismunandi viðhorfa. Og varðandi samninginn við heilsugæslulækna og héraðslækna vil ég taka fram að á sínum tíma benti ég á að það kynni að vera skammgóður vermir því að þegar kjaranefndin kemst að niðurstöðu er ekki víst að hún muni hækka laun þessara lækna eins og þeir sjálfir búast við.

Síðan er spurning sem við þurfum að velta fyrir okkur: Á að vekja upp gömlu sjúkrasamlagshugmyndina eins og sumar þjóðir hafa gert, mynda hlutverk kaupenda og seljenda? Á að samræma gjöld innan og utan sjúkrahúsa? Er eðlilegt að beina sjúklingum á dýrari brautir? Á að leyfa fólki að greiða fyrir þjónustuna í stærri stíl í stað þess að kaupa hana í öðrum löndum? Og hvernig á að vekja kostnaðarvitund þeirra sem veita og hinna sem njóta þessarar þjónustu? Þetta eru spurningar sem við verðum að svara.

Þetta er erfiður málaflokkur. Það vitum við öll. Við gætum sjálfsagt sett öll útgjöldum íslenska ríkisins til heilbrigðismála. Það er þess vegna erfitt að forgangsraða í þessum málaflokki. En að undanförnu hefur verið lögð mikil vinna í að kanna rækilega hver staða mála er hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og sjúkrahúsunum úti á landi og ég tel að sú vinna hafi skilað okkur upplýsingum sem hægt er að byggja á. Það er samt þannig að sífellt má deila um hvert peningarnir eiga að fara. Og það er áberandi í þessum málaflokki, kannski eðli málsins samkvæmt, að viðhorf þeirra sem vinna störfin, vinna við að þjóna sjúklingum, þeim sem koma inn í heilbrigðiskerfið, eru mjög sterk í þessu kerfi. Við höfum heyrt hundrað raddir um að allt sér hér að fara til fjandans. Við skulum taka mark á þessu, lesa þetta, það er sjálfsagt. En við skulum vara okkur á því að halda að það eina sé satt sem kemur fram í þessum plöggum eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson virtist álíta. Ég minnist þess t.d. þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lýsti því fyrir okkur fyrir síðustu kosningar hvernig staðið væri að því að brjóta niður tillögur stjórnvalda í þessum málaflokki með því að velja sparnaðaraðgerðir, og þá var hún að tala um sparnaðaraðgerðir í ráðherratíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, með því að velja nýjar sparnaðaraðgerðir sem kæmu sér verst fyrir fólk til þess að brjóta niður samstöðu alþingismanna. Ég minnist þess þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lýsti þessu í kosningasjónvarpi fyrir síðustu kosningar. Þannig að það þarf ekki allt að vera satt og rétt sem kemur frá einstökum stéttum í þessu kerfi þó að ég vilji undirstrika það að starfsfólk í heilbrigðiskerfinu hér á landi er frábærlega gott starfsfólk og það hefur skilað sínu verki ákaflega vel.

Það er niðurstaða allra sem ræða þennan málaflokk, innlendra sem útlendra, að á Íslandi sé heilbrigðiskerfið gott. Það hefur farið batnandi á undanförnum árum, þjónustan er að aukast eins og hæstv. heilbrrh. benti á en við skulum viðurkenna að breytingar eru nauðsynlegar. Þær eru nauðsynlegar af því að við verðum að nýta fjármagnið sem við höfum á milli handanna sem allra best til þess að þjóna sjúklingunum eins vel og kostur er á í okkar velferðarþjóðfélagi.

[11:14]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Niðurskurðarfárið og upplausnarástandið í heilbrigðismálunum hefur hér verið gert að umtalsefni. Þegar Sjálfstfl. á í hlut, fulltrúi hans talaði hér síðast, þá vaknar stundum sú spurning að hve miklu leyti sé um lúmska og markvissa stefnu að ræða, sveltistefnu Sjálfstfl. í heilbrigðismálum. Opinber þjónusta er látin drabbast niður, svelt, og verkefnin færð yfir í einkageirann eða einkarekstur. Þetta mætti kalla einkavæðingu aftan frá eða einkavæðingu gegnum bakdyrnar.

Hæstv. fjmrh. er kjarkmaður og hann ætti auðvitað að hafa manndóm í sér til að koma og svara því hver hin raunverulega stefna Sjálfstfl. er. Hver er hinn raunverulegi tilgangur Sjálfstfl.? Hæstv. ráðherra hefur í raun og veru verið yfirheilbrigðisráðherra í rúm sex ár og vaðið um kerfið með niðurskurðarhníffinn í annarri hendinni og tékkheftið í hinni. Það væri miklu meiri manndómsbragur að því að hæstv. ráðherra kæmi út úr skápnum og segði okkur hversu mikið Sjálfstfl. ætlar að einkavæða heilbrigðiskerfið. Á að skapa hér ameríska ástand?

[11:16]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég tel ákaflega eðlilegt að kanna sem flestar leiðir í þessum efnum. Við eigum fyrst og fremst að hafa að leiðarljósi hvernig við getum nýtt fjármagnið sem best fyrir þá sjúklinga sem eiga að fá þjónustuna sem við ætlum að veita.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að aukningin í ríkisútgjöldunum hefur verið mest til þessa málaflokks og það er eðlilegt. Það er því ekki hægt að segja að hér hafi verið skorið niður. Við höfum reynt að hamla gegn útgjaldaaukningunni. Og ég held að allir séu sammála um að það þurfi að gerast. Þegar rætt er um einkavæðingu þá er hún engin trúarbrögð í þessum efnum. En ég bendi á að það er t.d. mjög eðlilegt að gera rannsóknastofnanir spítalanna að sjálfstæðri einingu fremur en að hafa þær ekki inni á spítölunum. Ég hygg að flestir séu sammála um það enda verður að því unnið. Og það er m.a. vegna þess að þar ríkir samkeppni milli aðila sem eru starfandi úti í bæ. Nú á dögum er jafnvel hægt að sækja þessa þjónustu út fyrir landsteinana.

Loks sagði hv. þm. að ég væri yfirheilbrrh., ekki bara nú heldur líka í fyrri ríkisstjórn. Það verður gaman að heyra alþýðuflokksráðherrana fyrrv., Guðmund Árna Stefánsson hv. þm. og Sighvat Björgvinsson hv. þm., koma hér upp og taka undir með hv. þm. (Forseti hringir.) Það verður kór sem ég hlakka til að hlusta á.

[11:17]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherrar heilbrigðismála og fjármála hefðu átt að vera á fundi þeim sem BSRB hélt um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, fyrst og fremst til að heyra þar í Sigurði Björnssyni lækni og sérfræðingi. Það var afar áhrifaríkt og nánast upplifun að heyra hve hljóðið var óskaplega þungt í þessum okkar ágæta sérfræðingi sem hefur gengið í gegnum sameiningu Landakots og Borgarspítalans í þá stofnun sem nú heitir Sjúkrahús Reykjavíkur. Hann hefur jafnframt verið að fást við þann mikla niðurskurð og þær þrengingar sem einkennt hafa stóru sjúkrahúsin undanfarin ár. Það er ekki síst þessi þungi, þessi reiði, vonbrigðin og óánægjan í heilbrigðisstéttunum sem ég held að sé eitt stærsta málið sem við þurfum að glíma við í heilbrigðismálum. Þetta á sér auðvitað fyrst og fremst þrenns konar orsakir. Það eru kjaramálin eins og hæstv. heilbrrh. nefndi. Það er mjög mikil óánægja með kjörin meðal heilbrigðisstéttanna, ekki síst meðal lækna. Það er hinn mikli og langi vinnutími sem þeir búa við. Síðan það sem þeir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hafa kallað hina löngu og stöðugu kreppustjórnun sem sjúkrahúsin hafa búið við. Það fer meira og minna af tíma stjórnenda, ágætra lækna og hjúkrunarfræðinga í að glíma við einhverjar niðurskurðartillögur. Þetta er orðið sjö ára stríð. Sjö ára styrjöld sem geisað hefur inni á stóru sjúkrahúsunum. Þetta hefur afleiðingar, hæstv. forseti, sem eru að koma meira og betur í ljós einmitt þessa dagana. Það bárust fregnir af því í gær að 11 ungir læknar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hefðu sagt upp störfum sínum. Ungir læknar hafa boðað að þeir ætli að fylgja eftir vinnutímatilskipun Evrópusambandsins, sérfræðingar hafa sagt upp samningum sínum við Tryggingastofnun og það sem er kannski ekki síst alvarlegt er að það gengur afar illa að fá lækna heim aftur til landsins, þá sem halda utan til náms. Þetta er afar alvarlegt mál, hæstv. forseti. Við hljótum auðvitað að spyrja hver framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins verður ef svo heldur fram sem horfir.

Ég tek undir með hæstv. heilbrrh. að það þarf að bæta kjör heilbrigðisstéttanna, ekki síst lækna. Ég vil nefna það hér að byrjunarlaun aðstoðarlækna eru nú 85.227 kr. eftir sex ára háskólanám. Eftir tveggja ára starf ná þeir ekki einu sinni 100.000 kr. Við vitum auðvitað að það er unnin gríðarleg yfirvinna á sjúkrahúsunum, miklu meiri en góðu hófi gegnir og jaðrar auðvitað oft við öryggismörk hvað fólk vakir þar sólarhringum saman. Þarna er því mjög mikil uppsöfnuð óánægja en hún tengist líka því stefnuleysi sem hér hefur ríkt í heilbrigðismálum. Ég held að ekki sé annað hægt, hæstv. forseti, en að kalla þetta stefnuleysi.

Það kerfi sem við búum við núna var mótað upp úr 1970. Síðan hafa menn þar eins og í tryggingakerfinu sífellt verið að plástra og bæta utan á án þess að horfa á heildina. Frá því um 1970 hafa orðið gífurlegar breytingar bæði í læknavísindum og allri tækni og ekki síður þeir miklu búferlaflutningar sem hér hafa átt sér stað. Því spyr ég hvort ekki sé kominn tími til að horfa á kerfið allt í heild, spyrja okkur grundvallarspurninga um skipulag. Hvar á að veita hvaða þjónustu? Hvernig á verkaskipting að vera? Reyna að komast að niðurstöðu í stað þess að halda áfram að plástra og bæta utan á eins og gert hefur verið. Auðvitað eru menn að svara ákveðinni þörf. Við vitum auðvitað að það er mikil þörf fyrir bætta þjónustu t.d. við börn. Það hefur verið mjög illa búið að Barnaspítala Hringsins á Landspítalanum. En maður spyr sig auðvitað: Er meira vit í því sem Helgi Sigurðsson krabbameinslæknir hefur bent á í grein sem birtist 30. júlí í Morgunblaðinu þar sem hann er að vekja athygli á því að ef einhver meining sé með sameiningu sjúkrahúsanna hér í Reykjavík — sem ég set nú reyndar stórt spurningarmerki við — þarf þá ekki hreinlega að byggja nýtt sjúkrahús? Nýtt sjúkrahús sem hæfir þeim þörfum og þeirri stefnu sem nú er uppi í heilbrigðismálum og býður upp á ýmsa þá kosti sem eru miklu ódýrari en það sem við búum nú við. Þar er um að ræða göngudeildir og ódýrari legupláss á sjúkrahótelum o.s.frv. Maður spyr sig hver stefnan sé. Hver er stefnan í heilsugæslumálum? Er stefnan að fækka og sameina þannig að það verði t.d. hægt að manna heilsugæslustöðvarnar? Er stefnan sú að koma á skýrari verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna úti á landsbyggðinni og hér í Reykjavík? Viðurkenna að ekki er hægt að veita alla þjónustu alls staðar? Enda er það svo sem ekki gert og verður ekki gert vegna þess að það er ekki hægt. En menn eru auðvitað að halda fast í það sem þeir hafa.

Við verðum að horfast í augu við þessar staðreyndir, hæstv. forseti. Ég hlýt að spyrja: Hver er stefna hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar varðandi stóru sjúkrahúsin í Reykjavík? Það hefur verið ömurlegt að horfa upp á þessi vinnubrögð ár eftir ár, ár eftir ár. Fjárlög fyrir næsta ár eru enn eitt dæmið þar sem sjúkrahúsunum er gert að hagræða og spara enn eitt árið þó að allir viti að það er ekki hægt. Svo koma menn með fjáraukalög á hverju einasta ári og fara fram á hundruð milljóna til viðbótar, gera samning við Reykjavíkurborg, vegna þess að það er alltaf verið að setja upp einhver bókhaldsdæmi sem allir vita að ganga ekki upp. Það er auðvitað rétt sem hæstv. fjmrh. sagði, það hefur verið komið í veg fyrir aukningu útgjaldaþenslu eins og það er kallað vegna þess að það hefur verið þrengt mjög mikið að þessum stóru stofnunum og það hefur auðvitað komið niður á þjónustunni. Við skulum heldur ekki gleyma öllum gjöldunum sem bætt hefur verið ofan á fólk.

Hæstv. forseti. Ég vil gera að lokaorðum mínum það sem Árni Björnsson hefur verið að benda á, að það er eins og menn séu búnir að gleyma því um hvað heilbrigðisþjónustan á að snúast, þ.e. þjónustu við fólkið, að lækna og líkna. Í stað þess gengur öll umræða um heilbrigðismál hér á landi út á sparnað og hagræðingu. Við hljótum að spyrja okkur: Hvernig við getum best læknað og líknað? Hvernig getum við best þjónað fólkinu í landinu á skynsamlegan hátt þannig

að samfélagið í nútíð og framtíð geti staðið undir góðri þjónustu?

[11:25]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess síðasta sem hv. þm. sagði að við værum hætt að lækna og líkna og værum sífellt að tala um peninga — auðvitað er verið að lækna og líkna en við höfum snúið umræðunni við. Sífellt tölum við um niðurskurð þegar við erum í raun að bæta fjármunum við. Bara á þessu kjörtímabili hefur 4,6 milljörðum að raungildi verið bætt við útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála þannig að við erum sífellt að snúa þessari umræðu við. Hv. þm. sagði að það væri miklvægt að bæta þjónustu við börn — það erum við að gera með stórhækkuðum umönnunarbótum til langsjúkra barna og með byggingu sjúkrahúss fyrir langveik börn. Hv. þm. spurði: Hvar er stefnan? Það er skýr stefna í sjúkrahúsmálum. Það er skýr stefna í heilsugæslumálum og það er skýr stefna í forvarnamálum. En auðvitað hljótum við alla tíð að þurfa að endurskoða alla þessa hluti sem eru í svo hraðri þróun eins og menn þekkja.

[11:27]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er bara algjörlega ósammála hæstv. heilbrrh. að hér sé einhver skýr stefna. Hún þarf þá að skýra hana miklu betur úr þessum stól. Ég var að lýsa því að ég sé ekki betur en ef hægt er að kalla það stefnu þá felist hún í því að plástra hér og þar. Það er heildin sem þarf að skoða. Við þurfum að velta rækilega fyrir okkur hvort sú þjónusta og það skipulag sem við bjóðum upp á sé í samræmi við það þjóðfélag sem við búum í.

Ég hef ekki skoðað nákvæmlega þær tölur um aukningu sem hæstv. ráðherra nefndi en vil rifja það upp að á síðasta kjörtímabili þegar við hæstv. heilbrrh. vorum saman í stjórnarandstöðu þá var hér mikill niðurskurður. En það sem hefur verið að gerast er sífellt meiri þörf fyrir þjónustu. Þess vegna þarf auðvitað að bæta skipulagið og skilgreina hvar á að veita þjónustuna.

[11:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. segir að menn séu að snúa öllum hlutum við. Ástandið sé í rauninni ágætt og fari mjög ört batnandi. Verður mér nú skiljanlegt hvers vegna formaður Geðhjálpar segir í blaðagrein að ráðamenn þessarar þjóðar kveði öfugmælavísur.

Það er margt sem kallar á þessa utandagskrárumræðu um heilbrigðismál. Kjaramál lækna eru í uppnámi og óvissu. Kjaramál þroskaþjálfa eru í uppnámi og óvissu og það má furðu sæta ef fjmrn. ætlar að knýja þá stétt sem býr við slök kjör til að grípa til verkfallsvopnsins. Það er mjög alvarlegt mál ef hæstv. fjmrh. ætlar að gera það.

Þessi utandagskrárumræða um heilbrigðismál fjallar ekki einvörðungu um aðsteðjandi vanda, vandamál líðandi stundar. Við erum að tala um stefnuna í heilbrigðismálum. Það sem að mínum dómi kallar ekki einvörðungu á árlega umræðu um heilbrigðismál, sem góðra gjalda verð eins og hæstv. fjmrh. komst að orði, heldur á umræðu um þessi mál á hverjum degi allt frá morgni og fram á kvöld, er sú staðreynd sem sl. vor var staðfest á eftirminnilegan hátt af landlækni þessa lands, að í velferðarþjónustunni, á spítölunum og á heilsugæslustöðvunum, erum við farin að mismuna eftir efnahag. Það er farið að mismuna eftir efnahag. Fátækt fólk á Íslandi, efnaminnsti hluti þjóðarinnar hefur ekki lengur efni á því að leita til læknis. Í skýrslu sem landlæknir birtir kemur fram að yfir helmingur þeirra sem búa við ráðstöfunartekjur undir 130 þús. kr. á mánuði hefur ekki efni á að leita til tannlæknis. Fimmtungur þeirra fjölskyldna sem búa við ráðstöfunartekjur undir 230 þús. kr. hefur ekki efni á að leita til tannlæknis. Þetta eru hæstu tölurnar, tannlæknaþjónustan. En svipaðar tölur, ívið lægri, er að finna um aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar, lyfjakostnað. Fólk hefur ekki efni á að fá sér meðul.

Þetta kallar á að við ræðum málin stöðugt þar til þau hafa verið færð til betri vegar. En er verið að færa þau til betri vegar eins og hv. heilbrrh. segir? Nei. Það er stefnt í gagnstæða átt. Niðurskurði er haldið áfram. Ég nefndi tannlækningar, þar er niðurskurður upp á 70 millj. kr. Þegar verið er að staðhæfa að sífellt sé verið að ausa peningum inn í heilbrigðisþjónustuna er það staðreynd að á undangengnum áratug hefur verið skorið niður til stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu um 2% að raungildi á sama tíma og fólksfjöldinn hefur aukist um 15%. Stöðugur niðurskurður.

Það er grátlegt til þess að vita að þær tillögur sem fram hafa komið frá starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar um fyrirbyggjandi aðgerðir sem munu sannanlega leiða til sparnaðar þegar til lengri tíma er litið eru hunsaðar. Vegna þess að það eru þær sem eru að sjálfsögðu, liggur mér við að segja, fyrst settar undir niðurskurðarhnífinn þegar ríkisstjórnin beitir niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni.

Ég hef stuttan tíma til ráðstöfunar og verð nánast að tala í símskeytastíl. Núna er mikið talað um sameiningu sjúkrahúsa og skipulagsbreytingar sem mér finnst margar hverjar góðra gjalda verðar. En það er ekki nóg að skipuleggja stofnanir saman, það þarf að byggja upp innra starf í þessum stofnunum í stað þess að brjóta það niður. Þar erum við komin að kjaramálum þess fólks sem þar starfar. Á að svelta þetta fólk út á einkamarkaðinn? Við vitum að fulltrúar tryggingafélaganna, sem líta á heilbrigðisþjónustuna sem væntanlegan markað og arðvænlegan markað, voma núna nánast eins og hrægammar yfir honum.

Ég kalla eftir pólitískum svörum. Við krefjumst pólitískra svara frá hendi ráðherra. Hvert stefnir með heilbrigðisþjónustuna? Á að markaðsvæða og einkavæða hana líkt og gert hefur verið í Bandaríkjunum þar sem er dýrasta og óhagkvæmasta heilbrigðisþjónusta í heiminum eða á að stuðla að hagkvæmum rekstri samfélagsins? Ef menn ætla að gera það þarf að lýsa því yfir að menn ætli að gera það og framkvæma í samræmi við það.

[11:34]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi kemur skýrt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna í Reykjavík hækkaði um 4,4% á föstu verðlagi frá 1990–1995 þannig að kostnaður og útgjöld hafa hækkað.

Í öðru lagi hafa lyf lækkað sem betur fer, m.a. vegna þess að það er meiri samkeppni á lyfjamarkaðnum. (Gripið fram í.) Svo langar mig til að spyrja hv. þm. sem er ókyrr hér í sæti sínu tveggja spurninga: Í fyrsta lagi. Finnst honum eðlilegt að það sé mismunað eftir því hvort menn láta gera aðgerðir á sér innan sjúkrahúsa eða utan sjúkrahúss? Skiptir þá ekki efnahagur máli? Þannig er það í dag. Á að leiðrétta það? Þar sem hann tekur undir það með öðrum að kjarasamningar séu í uppnámi, m.a. vegna þess að ekki hafi verið samið við lækna, vil ég spyrja hv. þm. hve miklu meira vill hann láta

borga læknum umfram þá sem eru t.d. sem eru í BSRB? Ég er ekki að tala um krónur heldur í hlutfalli. Um það snýst þessi deila. Hve miklu meira eiga læknar að fá en þeir sem starfa í röðum BSRB? Það væri gott að fá svar við þessum spurningum.

[11:35]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lyfjakostnaður fyrir einstaklinga í landinu, fyrir sjúklinga, hefur aukist. Hann hefur aukist stórlega og sýnt er fram á það í athugunum sem gerðar hafa verið að fólk er farið að neita sér um lyf. Það er óhugnanlegt þegar ráðamenn þjóðarinnar eru komnir svo úr tengslum við þjóð sína að þrátt fyrir að þessar staðreyndir liggi á borðiu þá lesa þeir upp úr statistik nánast eins og róbótar. Þetta er óhugnanlegt. Síðan á að stilla mér upp við vegg og spyrja hvert ég vilji að hlutfallið verði. Ég vil stuðla að sem mestum kjarajöfnuði. Eða heldur hæstv. fjmrh. að það sé ósk mín að láglaunafólki inni á sjúkrahúsum þessa lands sé haldið á þeim kjörum sem það býr við? Það er vegna kröfu fjmrn. Það er vegna þrjósku þeirra sem þar stýra ferðinni að ekki hefur tekist að færa kjörin til betri vegar.

[11:37]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Miðað við þær umræður sem verið hafa um heilbrigðiskerfið mætti halda að það væri í kalda koli. Það er langt frá að svo sé. Við Íslendingar höfum góða heilbrigðisþjónustu með góðu starfsfólki sem hefur náð miklum árangri. Við verjum til hennar miklum fjármunum. Hinu er ekki að neita að útgjaldaþörfin er mikil til þess að vera samkeppnisfærir í launum til heilbrigðisstétta sem við þurfum að vera og taka inn nýjungar í heilbrigðisstarfseminni.

Hæstv. heilbrrh. rakti áðan að fjölmargar nýjungar hafa verið teknar upp á síðustu árum og er óþarft fyrir mig að endurtaka það. Hins vegar eru vandamál uppi, því er ekki að leyna. Auðvitað er alvarlegasta vandamálið núna þessa stundina kjaramál lækna og þroskaþjálfa, bæði í heilsugæslunni og kjaramál sérfræðinga. Allt þarf að gera til að útkljá þau mál og á vettvangi heilbrrn. og fjmrh. er unnið að því. Því er heldur ekki að neita að aukin fjárþörf sjúkrahúsa er vandamál í heilbrigðisþjónustu. Biðlistar eru einnig vandamál þó þeir hafi styst í ýmsum greinum.

Því hefur verið haldið fram að stefnumótun vanti í heilbrigðismálum og það sé orsökin fyrir óþoli í umræðu um þessi mál og ugg og óróa sjúklinga og starfsfólks í heilbrigðiskerfinu. Það er alrangt að slíka stefnumörkun skorti. Ég rifja upp nokkur atriði í þeirri stefnumörkun sem núv. heilbrrh. hefur verið í forustu fyrir. Nefndar hafa verið auknar forvarnir. Það hefur verið mörkuð stefna um uppbyggingu heilsugæslu sem grunneiningar í heilbrigðismálum og verið er að framkvæma þá stefnu með uppbyggingu í heilsugæslunni í Reykjavík. Sú stefna hefur verið mörkuð að stjórnskipulag heilbrigðisstofnana skuli einfaldað og samstarf aukið þar sem hagkvæmt þykir til að mæta aukinni útgjaldaþörf. Sú stefna hefur verið mörkuð að skilgreina hlutverk þessara stofnana vel. Það hefur verið mörkuð sú stefna að ný þjónustugjöld skuli ekki vera tekin upp í heilbrigðiskerfinu og það hefur verið minnst á byggingu barnaspítala.

Eitt er að marka stefnuna og annað að framkvæma og framkvæmd kallar á breytingar. Breytingar vekja oft andstöðu og umræðu. Því er ekki að neita að umræða um breytingar, samstarf og samruna, til að mynda sjúkrahúsa í Reykjavík hafa staðið allar götur síðan árið 1992. Hinar minnstu hræringar í því efni hafa verið ræddar í fjölmiðlum og utan dagskrár á þingi og með umræðunni er reynt að koma þeirri tilfinningu inn að það séu áform stjórnvalda að minnka þjónustu og brjóta niður kerfið með niðurskurði. Því fer víðs fjarri. Skipulagsbreytingar eiga að miða að betri nýtingu fjármuna og betra vinnuumhverfi sem felst í því að hlutverk hverrar stofnunar sé skilgreint sem allra best og verkaskipting milli þeirra sé skýr. Þetta á bæði við í Reykjavík og þetta á við um allt land. Það er afar mikilvægt fyrir sjúklingana sem eiga að vera í forgangi og það á að miða út frá þeim og síðan starfsfólki stofnananna. Grunnurinn er fyrir hendi til að byggja á.

Óútkljáðar kjaradeilur við lækna eru mjög alvarlegar. Gallinn er sá að hluta af þeim erfiðleikum má rekja til deilna innan læknastéttarinnar. Það er nauðsynlegt að yfirvöld heilbrigðismála fái stuðning við að leysa þessar deilur og kjaranefnd skili sínu verki. Deilur við sérfræðinga mega ekki með neinu móti verða til þess að sjúklingar missi tryggingavernd sína hjá Tryggingastofnun. Það ber að koma í veg fyrir.

Ýmsir tala á þann veg að átök um heilbrigðiskerfið sé ný bóla. Svo er auðvitað alls ekki. Erfiðleikar og skiptar skoðanir um leiðir verða ætíð í hinum stóra og viðkvæma málaflokki. Stefnan liggur fyrir og það er samstaða í stjórnarliðinu um að framkvæma hana.

[11:42]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt hlutverk að vera heilbrrh. en hæstv. ráðherra bað sjálf um að fá þetta hlutverk. Ég hef engu að síður samúð með hæstv. ráðherra því að hæstv. ráðherra hrekst alls staðar undan. Hæstv. ráðherra stendur hvergi í neitt ístað. Hæstv. ráðherra á meira að segja erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér.

Ég hef miklar áhyggjur, virðulegi forseti, af þeirri aðför sem nú er gerð að sjúkratryggingum og sjúkratryggðum í landinu. Stór hluti sjúklinga er nú í raun ótryggður. Heilbrrn. lætur flatreka frammi fyrir þeirri staðreynd. Hæstv. ráðherra er orðinn eins og ljónatemjarinn sem lenti í maganum á ljóninu. Hæstv. ráðherra heldur að af því að hann er samferða ljóninu ráði hann ferðinni en það er mesti misskilningur. Ljónatemjari sem lendir í maganum á ljóninu ræður ekki ferðinni þó hann sé því samferða.

[11:43]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta andsvar var alveg dæmigert fyrir þá sem eru að leggja lóð sitt á vogarskálarnar til að leysa þau miklu og erfiðu vandamál sem uppi eru. Þá þykir langvænlegast til árangurs að ráðast á þann ráðherra sem er í forsvari fyrir málaflokkinn. Ég hélt að reynsla hv. fyrrv. heilbrrh. væri sú að það væri ekki líklegast til árangurs að heilbrrh. sæti undir árásum í hv. Alþingi fyrir að framkvæma stefnuna í hinum erfiða málaflokki.

Ég man þá tíð og það má vel vera að við þingmenn höfum tekið þátt í því þegar hann var heilbrrh. að ráðast á hann fyrir ýmislegt. En það er ekki vænlegt til árangurs. Ég held að þetta sé dæmigerð ræða um hvernig ræður hv. stjórnarandstæðinga eiga ekki að vera. Þetta var ómálefnalegt.

[11:45]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við erum að ræða hér stefnuna í heilbrigðismálum. Þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda,

almenningi, virðist ríkja stefnuleysi í þessum málaflokki en hæstv. heilbrrh. talar um að hér sé skýr stefna á ferðinni. En ég spyr: Er það góð stefna ef hún er skýr? Er t.d. þumalskrúfureglan sem notuð er á sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu góð stefna?

Því miður hafa stjórnendur sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu varla getað sinnt því að sinna sjúkum vegna þess að þeim hefur verið falið að snúa sér að því hvernig hægt sé að skera niður og spara endalaust. Nú síðast var sett á laggirnar enn ein nefndin, það var þriggja manna nefnd fjmrh., heilbrrh. og borgarstjóra, í mikla vinnu við það að skera niður eða athugun á því hvernig væri hægt að spara í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Eftir margra mánaða vinnu, átta eða níu mánaða vinnu, komust menn að því að hægt væri að spara 205 millj. Þegar fjmrh. kemur síðan og kynnir fjárlagafrv. þá virðist í fljótu bragði vanta 800 millj. kr. til að standa að óbreyttum rekstri. Það hefði nú kannski verið eðlilegt að þarna vantaði 205 millj. kr. En það voru 800 millj. kr. Þetta er eftir alla vinnuna á vegum nefndarinnar sem ráðuneytin settu í að skera niður. Settir voru stórir fyrirvarar af stjórnum beggja spítalanna um að þessi sparnaðaráform væru raunhæf sem áttu að leiða til 200 millj. kr. Það virðast vera orðin hefðbundin vinnubrögð stjórnvalda að lögð séu fram og samþykkt fjárlög sem vitað er að í vantar háar fjárhæðir til þess hægt sé að reka sjúkrahúsin. Síðan þarf að fara í samninga við ríkið um það hvernig á að ná fram þessum peningum og menn verða að fara í enn meiri sparnað á móti. Þetta er orðinn algjör skrípaleikur og má eiginlega kalla nokkurs konar þumalskrúfuvinnubrögð. Því miður eru fjármögnunargjöld eða dráttarvextir orðinn stór liður á rekstri sjúkrahúsanna sem ekki var áður.

Eitt af því sem lofað var við síðustu samningagerð af þessu tagi var að sjúkrahúsin fengju forgang að hjúkrunarheimilum til að losa um dýr sjúkrarúm. Ekki var staðið við það og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið, þá virðast legudagar á fjórum mánuðum vera um 2.000 vegna þess að ekki er hægt að losa dýr sjúkrarúm. Þetta er stefna hæstv. ríkisstjórnar í rekstri sjúkrahúsanna. Það hefur verið skorið niður allt of hratt og legurúmum fækkað allt of skart og engin úrræði eru til þess að bæta úr.

Ekkert fé hefur fengist í viðhald á sjúkrahúsunum og eins og komið hefur fram í sambandi við Sjúkrahús Reykjavíkur, þá er húsið allt að molna niður. Það heldur hvorki vatni né vindi og tæki hafa ekki fengist endurnýjuð og eru orðin úr sér gengin. Við stöndum frammi fyrir miklum atgervisflótta í heilbrigðisstéttum og samningar lækna eru lausir.

Þetta ástand á sjúkrahúsunum hefur gert það að verkum að bráðadeildir geta ekki annað álaginu og veikt fólk er sent allt of snemma heim og endurinnlagnir hafa aldrei verið fleiri en núna. Þeim hefur fjölgað sífellt.

Ef við höldum okkur aðeins við velferðarkerfið áfram, þá stöndum við frammi fyrir því að stór hópur sérfræðinga er ekki á samningi við Tryggingastofnun. Það gerir það að verkum að margir hafa ekki efni á að sækja sér læknisþjónustu. Þeir þurfa að greiða fullt verð fyrir læknisþjónustuna og hæstv. heilbrrh. lagði það til hér í þingsal að ef þeir gætu ekki greitt fyrir þetta á einkastofum, þá þyrfti bara að leggja þá inn eins og það sé nú auðvelt mál eins og ástandið er á sjúkrahúsunum.

Ég hef ekki tíma til þess að fara inn á vanda geðsjúkra, enda geri ég ekki ráð fyrir að ég fái nokkur svör hér því það kom fram í fjárlagaumræðunni þegar við vorum að ræða heilbrigðismálin að lítið var um svör þegar spurt var, því miður. Þó gafst mun betri tími þá til að svara heldur en hér í mjög knöppum ræðutíma í utandagskrárumræðu.

En ég vil minnast á það sem því miður var að skella á núna í byrjun september og það eru aukin þjónustugjöld á þá sem eru sjúkir og þurfa á endurhæfingu að halda, þ.e. þjónustugjöld fyrir sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun þar sem fólk sem vissulega þarf á aðstoð að halda til þess að geta komist út á vinnumarkaðinn aftur þarf að fara að greiða fyrir sína þjónustu. En því miður, herra forseti, það er ekkert um svör. Það er lítið um stefnu. Ef stefnan er einhver, þá er hún ekki góð og því miður lítur út fyrir aðgerðaleysi í þessum málaflokki. Það er alveg óruggt mál að sjúklingar eru ekki í fyrirrúmi hjá þessari ríkisstjórn.

[11:51]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað mætti ýmislegt betur fara í stórum málaflokki eins og heilbrigðis- og tryggingamálin eru. En það er dálítið einkennilegt að það megi aldrei nokkurn tíma benda á þá jákvæðu hluti sem eru að gerast, þær byltingarkenndu breytingar sem víðast hvar eru að verða einmitt í sjúkrahúsmálum með bættri þjónustu. Það er eins og það fari mest í taugarnar á stjórnarandstöðunni af öllu. Hv. þm. sagði: „Er þetta góð stefna?" Er það ekki góð stefna að byggja upp skurðstofurnar, byggja upp gjörgæsluna? Er það ekki góð stefna? Er ekki góð stefna að byggja barnaspítala? Er hv. þm. á móti því? Er ekki góð stefna að auka fjármagn til heilbrigðismála um 4,6 milljarða á þremur árum að raunvirði? Er það ekki góð stefna?

Ég tek eftir því sem hv. þingmenn tala ekki um núna. Þeir tala ekki um biðlistana vegna þess að við höfum náð verulegum árangri með biðlistana. Ég held að það væri hollt fyrir þjóðina alla að minnast á það sem jákvætt er líka um leið og gagnrýnt er.

[11:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði svo sannarlega minnst á biðlistana ef það hefði gefist tími til þess, en það er ekki hægt að minnast á allt í heilbrigðiskerfinu á fimm mínútum. En því miður virðist víða vera ansi langur biðlistinn eftir aðgerðum í heilbrigðiskerfinu. (**Heilbrrh.:** Hafa þeir ekkert styst?) Það getur vel verið að þeir hafi styst á einhverjum sviðum en ekki á öllum. Ég hafði samband við landlækni og hann sagði að ástandið í biðlistunum hefði lítið lagast. En það er ekki hægt að segja að nein heildarstefna sé á ferðinni. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi ákveðna stefnu í ákveðnum málaflokkum innan heilbrigðiskerfisins og það er af hinu góða. En því miður vantar heildarstefnuna og ég kalla það ekki góða stefnu að svelta stóru sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu eins og gert hefur verið og nota þessa þumalskrúfuaðferð sem stjórnvöld hafa beitt þessi sjúkrahús. Ég kalla það ekki góða stefnu.

Auðvitað hlýtur hæstv. ráðherra og sú ríkisstjórn sem nú situr að hafa komið einhverju til leiðar. En því miður er ástandið eins og lýst hefur verið í ræðum okkar. Það ríkir ófremdarástand í heilbrigðiskerfinu. Það eru engir samningar við lækna. Fólk þarf að borga fullt fyrir aðgerðir. Það er verið að mismuna fólk eftir efnahag o.s.frv. Það væri hægt að halda langa ræðu um það, hæstv. ráðherra.

[11:54]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Sjálfstfl. stóð frammi fyrir því vorið 1991 að tryggja yrði gífurlegt aðhald á öllum sviðum ríkisfjármála, velferðarmála sem öðrum málaflokkum. Það var erfitt fyrir okkur mörg að leggja upp í slíka ferð, ekki síst í heilbrigðismálum þar sem við blasti sú staðreynd og gerir reyndar enn, að þörf og kröfur til aukinnar og bættrar þjónustu í þessum efnum mundi aukast stórlega vegna fjölda aldraðra og aukinnar þjónustu og bættrar tækni í heilbrigðisþjónustu sem í flestum tilvikum gefur möguleika á að bæta líðan fólks, auka afköst en þá einnig að auka kostnað eins og komið hefur fram hér í dag.

Í þessari þröngu efnahagsstöðu var ekki um annað að ræða en auka enn aðhald og hagræðingu og huga að nýjum valkostum. Í samvinnu við heilbrigðisstéttir hefur tekist að reka heilbrigðisþjónustuna á undanförnum árum með auknum afköstum og gæðastaðli sem hefur verið einn hinn besti í heimi eins og skýrsla OECD vitnar um. Væntanlega erum við einnig að uppskera nú eins og til var sáð með efnahagsaðgerðum sem leyfa okkur aukin framlög til þessa málaflokks.

Ég er ekki komin hér til þess að ræða það sem við okkur blasir í frv. til fjárlaga í dag heldur fyrst og fremst að ræða stefnuna í heild og stefnuna sem við gætum séð í framtíðinni með tilliti til þess sem gerst hefur á undanförnum árum og vil þá benda á að heilbrigðisþjónustan eða öllu heldur framkvæmd eða skipan hennar hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Slíkt á þó ekki einungis við um okkur Íslendinga heldur höfum við fylgt þróun sem á sér stað alls staðar um hinn vestræna heim. Sjúkrahús hafa breytt um áherslur eða hlutverk og eru nú fyrst og fremst aðgerða- og bráðameðferðarstofnanir með stuttan meðallegutíma. Eftirmeðferð og hjúkrunarþjónusta hafa færst á endurhæfingarstofnanir, til hjúkrunarstofnana eða í heimahús og svo mætti lengi telja.

Þrátt fyrir aukin afköst og gæði erum við ekki sátt við það sem gert er. Það er líka eðlilegt hjá þjóð sem gerir kröfu til sjálfrar sín að huga stöðugt að breyttri skipan við örar breytingar. Heilbrigðislöggjöfin sem við styðjumst við nú er í grundvallaratriðum byggð á 30 ára gömlum lögum sem voru barn síns tíma en hafa fram að þessu mótað stefnu okkar. Þessi lög endurspegluðu byggðamynstur þess tíma, vanda við að fá faglegt fólk til starfa og væntingar um að byggð færi jafnvel vaxandi í dreifbýli ef velferðarþjónusta væri fyrir hendi. En lögin lögðu einnig áherslu á frumheilsugæsluna og halda þar enn fullu gildi. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar og með bættri tækni, breyttri samsetningu þjóðarinnar og auknum samgöngum og kröfum er nú kallað á breytingu sem mótast af samfélagi nútímans og þeirri framtíðarþróun sem fram undan er.

Þeim kröfum hefur einnig verið svarað með aðgerðum síðustu ára. Þar má nefna breytingar á rekstrarháttum bráðasjúkrahúsa, ekki síst í Reykjavík, heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa sem nú sinnir ýmsum þáttum sem unnin voru innan sjúkrahúsanna og ekki síst þjónustu við aldraða sem tekið hefur stakkaskiptum með meginþungann á Reykjavíkursvæðinu. Breytingar í heilbrigðisþjónustu undanfarinna ára eða áratuga hafa þó ekki fylgt samtíðarþróun. Þær hafa verið gerðar miðað við fyrirkomulag og stefnu fyrri tíma sem bundið hefur þá sem starfa við þjónustuna á klafa úreltrar stefnu og löggjafar sem gengur út frá miðstýringu og samþykki ráðuneytisins á hverjum tíma í stað þess að bregðast skjótt við aðstæðum hverju sinni.

Við umræður og endurskoðun á gildandi löggjöf hefur því miður ekki tekist betur en svo að gerðar hafa verið sífelldar endurbætur í stað þess að fylgja þeirri þróun sem orðið hefur annars staðar í þjóðfélaginu með sveigjanleika, viðbragðsflýti og auknu valfrelsi. Með aðhaldi og aðgerðum síðustu ára hafa nýjar áherslur verið knúnar fram. Ég tel að sú stefna sem við höfum tekið sé í takt við tímann þótt margt sé óunnið.

Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina í heild og finna henni þann farveg að hún þjóni sem rammi utan um heilbrigðisþjónustuna en stýri ekki rekstri þjónustunnar nánast í smáatriðum eins og oft vill verið hafa að undanförnu.

Það þarf að endurskoða hlutverk og rekstur heilsugæslunnar þannig að hún geti sem best þjónað þörfum almennings. Núna eru gerðar sífellt meiri kröfur til þessarar þjónustu og hún þarf að fá tækifæri til þess að sinna auknu og breyttu hlutverki. En heilsugæsla nútímans þarfnast ekki miðstýringar. Hún þarfnast ekki endilega ríkisstarfsmanna eða njörvaðra samninga. Hún þarf frelsi til að sinna þeim skyldum við almenning sem krafist er og mæta kröfum til gæða sem gerðar eru á hverjum tíma. Nútímaþjónusta verður að fá tækifæri til að gera þær breytingar sem þörf er á með frelsi í rekstrarformi og heilbrigðri samkeppni hvar sem henni verður við komið.

Nýskipan heilbrigðisþjónustunnar hefur verið mjög í deiglunni. Þar hefur verið deilt um gildi sameiningar stóru sjúkrahúsanna í Reykavík með tilliti til kostnaðar, faglegrar þróunar og valfrelsis. Einnig hefur verið rætt um rekstrarform sjúkrahúsanna, fjárhagslegt sjálfstæði einstakra deilda, rekstur og rekstraraðila. Nýlega kom fram enn ein skýrslan um það efni. Allar slíkar athuganir eru af hinu góða og fagna ég faglegri umræðu um það mál. En ég vara við því að flana að ákvörðun um þær tillögur sem þar birtast. Nauðsynlegt er að melta hugmyndirnar og vinna með þeim sem þeim tengjast.

Við höfum nú nýlega sameinað tvö af stærstu sjúkrahúsum landsins og enn er ekki séð fyrir endann á faglegum umbótum og þróun, hvað þá heldur sparnaði sem af hefur hlotist. Hitt er þó vitað að við sameiningu tveggja stofnana með mismunandi svokallaða eiginstofnanamenningu má ávallt búast við mismunandi sjónarmiðum og vinnubrögðum sem þurfa að slípast saman líkt og gerist í annarri náinni sameiningu og gerist ekki í einni hendingu.

Ég ætla að ljúka máli mínu en vil þó benda sérstaklega á þær umræður sem hafa verið um sjúkrahúsmálin á undanförnum árum því að ég tel að þar hafi ekki skipt máli hver vermt hefur ráðherrastólana hverju sinni heldur afl þeirra sem vilja sameiningu stofnana og finna rök sem helga meðalið. Í þeim efnum tel ég að við þurfum að íhuga okkar mál og ræða þær hugmyndir sem fram hafa komið að undanförnu mjög gaumgæfilega.

[12:01]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur varð mjög tíðrætt um gildi markaðsvæðingar og frelsis í stjórn heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Kemur það ekki á óvart því að þessi atriði eru satt að segja trúaratriði hjá Sjálfstfl. En markaðsvæðingin hefur margar hliðar. Nú blasir við að uppsagnir ungra lækna eru yfirvofandi stórt vandamál. Víða

um land eru læknislaus héruð, það eru sjúklingar á biðlistum og þeim hefur því miður ekki fækkað eins mikið og hér var gefið í skyn af hæstv. heilbrrh. Mikil bið er eftir að komast á endurhæfingarsjúkrahús og stundum margra mánaða bið. Ég verð þó að segja að mér hefur fundist örla á heildstæðum lausnum frá hæstv. heilbrrh. en það er samt staðreynd að Sjálfstfl. situr á peningakistunni og jafnóðum virðist vera brugðið fæti fyrir það sem þó er ætlað að gera.

[12:02]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka svar hv. 8. þm. Reykn. Ég nefndi hvergi markaðslögmál heilbrigðismálanna. Ég held að þó væri ágætt að minnast á það vegna þess að markaðurinn er ekkert af hinu verra. Hins vegar minntist ég sérstaklega á sveigjanleika, viðbragðsflýti og aukið valfrelsi og samkeppni sem er ekki síður það sem við erum að leita að innan heilbrigðisþjónustunnar og með samkeppni meina ég metnað. Ég hef ekki hingað til skilið að Íslendingar teldu metnað vera annað en af hinu góða.

[12:04]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að tala sem þingmaður sem horfir á þessi mál meira utan frá þar sem ég hef ekki setið í heilbrn. og ekki haft þennan málaflokk í mínum höndum í þingflokki Kvennalistans.

Þó að ég hafi ekki mjög langa þingreynslu er ljóst að mikil upphlaup hafa verið í kringum þennan málaflokk, heilbrigðis- og tryggingamál. Það er árlegur viðburður, bæði við gerð fjárlaga og einnig í utandagskrárumræðum eins og þeirri sem nú á sér stað. Ætlunin virðist ávallt vera að ná fram miklum sparnaði og síðan kemur í ljós á miðju næsta ári að sparnaðurinn sem fyrirhugaður var við gerð fjárlaga hefur ekki náðst og aukafjárveitingar eru samþykktar.

Málaflokkurinn er mjög fjárfrekur. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 62 milljörðum, þar af 59 milljarða gjöldum, hitt eru þjónustugjöld. Mikið hefur verið lagt á sig í stjórnsýslunni og hjá yfirvöldum við að reyna að draga úr kostnaði, m.a. með því að forgangsraða þjónustu en óánægjan hleðst upp og er það ekki í fyrsta skipti sem allt virðist á suðumarki, ekki síst vegna þess að kjarasamningar allra lækna eru lausir.

Vissulega læðist að manni sá grunur, herra forseti, að verið sé að skapa aðstæður eins og gert hefur verið í öðrum geirum, t.d. gagnvart Ríkisútvarpinu þegar einkavæðing var síðar leyfð og núna í menntakerfinu. Maður veltir því fyrir sér hvort verið sé að skapa aðstæður til þess að umbylta ástandinu í okkar annars ágæta heilbrigðiskerfi. En heilbrigðis- og tryggingamál eru málaflokkur sem mikill pólitískur vilji er fyrir að sé innan ríkisvaldsins. Hann sé á ábyrgð almannavaldsins. Ég held að ekki sé um það deilt. Það er heldur ekki deilt um það að íslenska heilbrigðiskerfið sé í heild gott þó vissulega megi gera betur á mörgum sviðum. Langalvarlegasti vandinn nú er að mínu mati eru kjaradeildur lækna og þroskaþjálfa annars vegar og fjárhagserfiðleikar sjúkrahúsanna hins vegar. Þetta tvennt hefur leitt til þess að sjúklingar virðast vera orðnir aukaatriði.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki þurfi að hugsa þetta kerfi allt upp á nýtt. Það gengur ekki endalaust að plástra kerfi sem er löngu sprungið. Grunnurinn að kjaradeilum lækna virðist ekki síst vera innbyrðis mismunun milli lækna, þ.e. þeirra sem hafa möguleika á tekjum á einkastofnunum eða á öðrum stöðum, t.d. í háskólanum, og hinna sem hafa það ekki. Gífurlegur aðstöðumunur er milli sérfræðinga eftir sérfræðigreinum. Það vinnuálag sem er á ungum læknum er mannskemmandi að mínu mati, a.m.k. fyrir þá sjálfa. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um hvaða áhrif þetta vinnuálag hefur á störf þeirra.

Kjaramál lækna verður að leysa. Í því sambandi held ég að það væri gott að snúa spurningunni vegna launamunar við eins og konur eru nú að gera á Norðurlöndum til að takast á við launamun kynjanna. Þar spyrja þær: Höfum við efni á því að hafa þessa launahæstu karla í vinnu hjá okkur? Er ekki betra að ráða konur í toppstöður? Þær hafa miklu lægri laun. Eins mætti kannski spyrja hvort við höfum efni á að greiða nokkrum læknum það há laun að það skapi svo mikla óánægju hjá öðrum læknum að þeir geta ekki unnið störf sín. Hvernig væri að jafna betur kjör lækna? Hækka þau hjá ungu læknunum þannig að launakjör fyrir eðlilegan vinnutíma verði viðunandi svo að þeir geti sinnt fjölskyldum sínum sem aðrir.

Virðulegi forseti. Tími minn er því miður mjög knappur. Ég tel að hér sé um mjög alvarleg mál að ræða og það þurfi að taka þau alveg nýjum tökum.

[12:09]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalega ræðu og hef í sjálfu sér ekki svo margt út á hana að setja nema það sem hún sagði að það virtist vera að sjúklingarnir væru orðnir aukaatriði. Mér finnst við ekki geta haldið því fram. Við megum ekki halda því fram vegna þess að það er ekki þannig. Það er hvorki svo meðal heilbrigðisstétta sem vinna við að þjóna sjúklingum og það er heldur ekki þannig á meðal stjórnmálamanna að þeir líti á sjúklinga sem aukaatriði. Mér þótti sárt að sjá það haft eftir virtum lækni að hann teldi að sjúklingar væru orðnir aukaatriði en niðurskurður væri aðalatriði. Þannig er það ekki. Við vitum að þetta er viðkvæmur málaflokkur og alltaf er hægt að finna eitthvað að. Það er alltaf hægt að nota meira fjármagn. En við sem vinnum á hv. Alþingi hljótum að hafa þá víðsýni að horfa bæði á það sem vel er gert og eins að benda á hluti sem betur mættu fara og það hefur verið gert í umræðunni. En í heildina séð finnst mér hún hafa verið málefnaleg.

[12:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að vissulega vonum við að sjúklingarnir séu ekki aukaatriði. En umræðan um kjaramál nokkurra stétta, bæði lækna, presta og kennara hefur snúist þannig að fólk fer að velta fyrir sér hvort börnin séu orðin aukaatriði, hvort sjúklingarnir séu orðnir aukaatriði og hvort sóknarbörn presta séu aukaatriði. Þetta er vegna eðlis þessara stétta. Við vonum svo sannarlega að sjúklingar, nemendur og sóknarbörn séu ekki aukaatriði. Því miður fer umræðan í þann farveg og það er mjög erfitt að koma í veg fyrir það. Þess vegna vona ég að við berum gæfu til að leysa þessi mál og læknar komist út úr þeim farvegi sem kjaramál þeirra eru í.

[12:12]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur einkennst af því að bæði hæstv. ráðherra sem og þeir stjórnarliðar sem hafa talað hafa ekki svarað í neinu þeim spurningum sem við höfum sett hér fram, ekki í neinu. Stjórnarliðum og hæstv. ráðherrum verður tíðrætt um að stjórnarandstaðan fullyrði að engin stefna ríki í heilbrigðismálum, það er

bara stjórnarandstaðan. Stjórnarliðar og stjórnvöld væru í fjári góðum málum. Ef þetta væri bara stjórnarandstaðan. Skipta þær samþykktir sem hér hafa verið lesnar frá fagfólki ekki nokkru máli? Það var farið yfir samþykktir frá heilsugæslulæknum, Læknafélagi Íslands, því fólki sem vinnur dagsdaglega við þessi störf og inni í þessu kerfi. Ég trúi niðurstöðum þessa fólks betur en þeim fullyrðingum sem hafa verið settar hér fram um að allt sé í himnalagi. Vissulega megi bæta einhverju smávegis við en að flestu leyti sé þetta bara á réttri leið og í góðu lagi. Það að allir læknar eru með lausa kjarasamninga, það að sjúklingar liggja í hrönnum á göngum, það að læknar hafa gert athugasemdir við það hvernig með sjúklingana er farið og talað um það fyrst og fremst út frá öryggisástæðum er ekki nefnt.

Hæstv. ráðherra sagði að stjórnarandstaðan þyrfti að fara yfir það jákvæða sem gert væri, t.d. hvað hún væri að byggja mikið upp. Það væri verið að byggja nýjar heilsugæslustöðvar vítt og breitt um landið, það væri verið að byggja upp barnaspítala, það væri verið að byggja upp skurðstofu og það væri verið að byggja upp öldrunarþjónustu. Þetta er alveg rétt. Það er mjög gott að þessar byggingar rísi. En það segir okkur líka að það verður að sjá til þess að í þessum byggingum verði eðlileg starfsemi. Hæstv. ráðherra sagði: Við höfum víst mótað stefnu í málefnum heilsugæslunnar. Þar hefur átt sér stað mikil uppbygging og mig minnir að hæstv. heilbrrh. hafi sagt að stefnan væri sett fram í 21 lið.

Hvernig stendur þá því ef svo er að það er eins mikil óánægja enn þá í þessu kerfi heilu ári eftir að þessi átök áttu sér stað milli heilsugæslulækna og ráðuneytis? Hvernig stendur á þeirri samþykkt sem gerð var í september frá heilsugæslulæknum? Hefur ráðherra brugðist því hlutverki að kynna stefnuna fyrir heilsugæslulæknum? Ætli það sé þess vegna sem t.d. heilsugæslulæknar á Selfossi búa enn við óhóflegt vinnuálag? Ætli það sé þess vegna sem búið er að loka heilsugæslustöð tvo daga af þremur sem var opið á Eyrarbakka og Stokkseyri vegna þess að það sé komið svo gott skipulag á málin? Ætli það sé þess vegna sem stöðugt dregur úr þeirri þjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslunnar á landsbyggðinni? Er þetta sú markvissa stefna sem hæstv. ráðherra setti fram?

Hæstv. ráðherra nefndi líka að fjárlög hefðu verið aukin til heilsugæslunnar í Mosfellsbæ sem áður var á Reykjalundi. Það er rétt en sú aukning þýðir ekki að hægt sé að gera upp uppsafnaðan halla. Hæstv. ráðherra sagði: Við löguðum daggjöldin hjá endurhæfingarstofnuninni á Reykjalundi fyrir tveimur árum. Það er alveg hárrétt enda sagði ég: 35 millj. kr. halli varð til fyrir þann tíma. Þetta er gamalt vandamál og þrátt fyrir hækkun daggjalda hefur hæstv. ráðherra ekki tekið á þessu vandamáli frekar en öllum öðrum sem upp hafa safnast á þessum tíma. Það er gjörsamlega útilokað að bjóða okkur upp á það í umræðum hér og nú eftir að hafa verið tvö og hálft ár í þessu starfi að málin eiga enn að vera í athugun. Þau eru vissulega vandasöm og verður að vanda þetta mjög vel af hálfu ráðherra en það er kominn tími til að við sjáum einhvern árangur.

Hæstv. ráðherra sagði: Allir kjarasamningar lækna eru í uppnámi, við verðum að vinna fljótt og af öryggi í þeim málum. Hver trúir þessari fullyrðingu eftir að kjaramál allra heilbrigðisstétta hafa verið meira og minna í uppnámi í tvö og hálft ár? Lái hver sem vill stjórnarandstöðunni og heilbrigðisstéttunum og sjúklingum að sameinast um að gagnrýna þá stefnu sem hér er eða stefnuleysi.

[12:17]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Umræðan hefur að mestu leyti verið mjög uppbyggileg. Hún er kannski síst uppbyggileg frá fyrrv. heilbrrh. sem talaði aðeins um dýragarða. En það er annað mál. Að öðru leyti tel ég að hún hafi verið til góðs. Ég held að ýmislegt hafi komið fram sem er mikilvægt að upplýsist.

Hér hefur verið mikið rætt um einkavæðingu og hræðsluna við einkavæðingu. Ég ætla að minna á að það er einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni sem við erum ekkert hrædd við. Hvað varðandi Grund eða Hrafnistu? Læknastofur, rannsóknastofur? Þetta er þjónusta sem hefur verið við lýði í mörg ár og við viljum hafa áfram. En ég skal taka undir það bæði með stjórnarliðum og stjórnarandstöðu sem töluðu um að kjaradeilan mætti ekki ýta okkur út í einhvert það fen sem við ætlum ekki út í. Almannatryggingakerfið verður að halda utan um sína og það má ekki bresta.

Hv. frummælandi kom fram með aðra þætti um heilsugæsluna í blárestina. Hún taldi merkilegt að óánægjan væri jafnmikil og raun ber vitni innan heilsugæslunnar miðað við þá stefnu sem er alveg skýr. Auðvitað er óánægjan vegna kjaramálanna. Það vitum við öll. Við vitum öll að kjaranefnd hefur ekki úrskurðað í málefnum heilsugæslunnar. (**MF:** Og fjársvelti.) Þá kemur hv. þm. að fjársvelti. Við höfum bætt þar verulega úr. Ef litið er til aukafjárlaga sér hv. þm. að þar er verulega bætt úr vegna samninga. Sérstaklega var talað um heilsugæslustöðina á Selfossi og mikið álag þar. Ég veit af því vinnuálagi og hv. þm. veit líka hvers vegna það er. Það er vegna þess að heilsugæslulæknir er veikur og hefur ekki verið við störf lengi. En þar fyrir utan er verið að bæta úr því. Það er verið að auglýsa eftir nýjum lækni eftir því sem ég best veit.

Einnig hefur verið mikið rætt um ýmsar ályktanir frá fagfólki. Þær eru oft á tíðum mjög sterkar. Ég er nú meira og minna á fundum hjá fagstéttunum og ég veit auðvitað nákvæmlega hvar skórinn kreppir. En hvort ég eða aðrir sem hér sitja í þingsal geta leyst úr öllum þeim vanda sem menn standa frammi fyrir.

Ég ætla að minna á eitt. Hér hefur verið rætt um að hæstv. fjmrh. sé yfir heilbrrh. og að hann sé búinn að vera það til margra ára, 6–8 ára. Ég held nú bara að hæstv. fjmrh. sé eitthvað að linast. Ef við lítum til fyrrv. heilbrrh. og síðasta kjörtímabils þá lækkuðu framlög til heilbrigðismála að raungildi um 610 millj. en hafa hækkað að raungildi um 4,6 milljarða. Með þjónustugjöldin vil ég líka aðeins koma inn á að þar hefur eitthvað linast líka því þau hækkuðu um 44% í tíð fyrrv. ríkisstjórnar en innan við 5% síðan þessi ríkisstjórn tók við.

Það sem við stöndum frammi fyrir nú eins og fram hefur komið eru kjaradeilur lækna og þau mál verða strembin og erfið en þau verða leyst. Við erum í bullandi samkeppni við útlönd um okkar bestu heilbrigðisstarfsmenn og við verðum að horfast í augu við það. Bæði ég sem hér stend og sá sem þar situr.

## *Ríkisábyrgðir, 1. umr.*

Stjfrv., 99. mál (heildarlög). — Þskj. 99.

[12:22]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem er að finna á þskj. 99 og er 99. mál Alþingis.

Þessu frv. til laga er ætlað að koma í stað laga sem eru nú nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir með síðari breytingum.

Í yfirlýsingu hv. ríkisstjórnar um vaxtamál frá 29. okt. 1993, þ.e. fyrri ríkisstjórnar, fyrstu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, kemur fram að ríkisábyrgðir verði teknar til endurskoðunar. Í því skyni skipaði fjmrh. nefnd sem m.a. var ætlað að skoða meðferð ríkisábyrgða, þ.e. hvernig til þeirra er stofnað og hvaða skilyrði aðilar þurfa að uppfylla og gjaldtökur fyrir ríkisábyrgðir. Frv. er í aðalatriðum í samræmi við tillögur nefndarinnar. Skýrsla nefndarinnar ásamt samantektum verður á næstunni gefin út af fjmrn. og þá gefst hv. nefnd, sem fær málið fær meðferðar, að sjálfsögðu tækifæri til að skoða rækilega öll skjöl sem nefndin kallaði saman og rökstuðning í einstökum atriðum. Skuldbindingum og ábyrgðum ríkisins og raunar annarra opinberra aðila þarf að gefa meiri gaum en hingað til hefur verið gert. Opinberir aðilar hafa orðið fyrir umtalsverðum skakkaföllum á liðnum árum vegna ábyrgða sem þeir hafa tekið á sig. Ábyrgðir á lánum einkaaðila hafa fallið á ríki og sveitarfélög, bein lán til atvinnufyrirtækja hefur reynst nauðsynlegt að afskrifa og eignir ríkisins í atvinnufyrirtækjum og fjármálastofnunum hafa rýrnað vegna tapa þessara aðila. Draga þarf úr ríkisábyrgðum, einkum þar sem aðild ríkisins skekkir samkeppnisstöðu einkaaðila.

Reglur um veitingu ríkisábyrgða þurfa að vera skýrar. Ég vil skjóta því inn í ræðu mína að væntanlegt er frv. frá félmrh. þar sem gerðar eru nokkrar breytingar á lögum um sveitarstjórnir og það frv. byggir á vinnu þar sem sveitarstjórnarmenn hafa m.a. komið að. Þar er einnig um sömu stefnu að ræða, þ.e. að draga úr því að sveitarstjórnir séu að veita einstökum aðilum í sveitarfélaginu ábyrgðir. Það er oft erfitt sérstaklega fyrir pólitískt kjörna aðila að fara gegn slíkum óskum þegar þær koma en oft og kannski oftast grípa lánastofnanir til þeirra úrræða að krefjast opinberra ábyrgða þegar áhættan er úr hófi mikil.

Á undanförnum árum hafa ýmsir þættir ríkisábyrgða breyst verulega. Stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir sem hafa áhrif á stöðu og framtíð ríkisábyrgða. Tekin hefur verið ákvörðun um breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög og sameiningu stærstu fjárfestingarsjóða í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Einnig hafa aðstæður breyst hin síðari ár með þroska innlenda lánamarkaðarins. Hann ræður nú við miklu stærri verkefni en áður og hefur þannig dregið úr þörf fyrir ríkisábyrgðir. Það er í ljósi þessara breytinga sem frv. þetta er lagt fram.

Í frv. er tekið á þeim þáttum sem snúa að veitingu beinna ríkisábyrgða og endurlána. Ýmsar breytingar eru gerðar frá gildandi lögum. Megintillögur að breytingum eru í átta liðum. Ég leyfi mér að vekja athygli á þeim.

Í fyrsta lagi er lagt til að áður en heimild til ábyrgðar er veitt af Alþingi skuli liggja fyrir mat á áhættu og afskriftaþörf vegna ábyrgðarinnar. Á þetta hefur skort.

Í öðru lagi að myndaður verði afskriftareikningur hjá Ríkisábyrgðasjóði til að mæta útlánatöpum. Kveðið er á um að ábyrgð verði ekki veitt nema afskriftareikningur sé nægjanlegur til að mæta metinni afskriftaþörf.

Í þriðja lagi er lagt til að árlegt áhættugjald verði mismunandi eftir áhættu eða 0,25–4% á ári.

Í fjórða lagi er lagt til að innheimt verði afgreiðslugjald við veitingu ábyrgðar vegna útlagðs kostnaðar.

Í fimmta lagi verði sú breyting gerð að allar skuldbindingar sem njóta ríkisábyrgðar skuli mynda gjaldstofn við álagningu ábyrgðargjalds óháð því hvort þær eru innlendar eða erlendar. Ábyrgðargjaldið verði hlutfallslegt 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól skuldbindinga sem ríkissjóður ber ábyrgð á með svipuðum hætti og verið hefur. Til þessa hefur ábyrgðargjald einungis verið innheimt af erlendum skuldbindingum en framvegis einnig af innlendum skuldbindingum. Undanþegnar eru þó skuldbindingar vegna innstæðna í innlánsstofnunum, húsbréf, útgefin af húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, enda eru þær skuldbindingar tryggðar með sérstökum hætti svo og útflutningsábyrgðir sem njóta ríkisábyrgðar. Um það gilda að sjálfsögðu sérstök lög.

Í sjötta lagi skal við gildistöku laganna gera sérstaka athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs. Ef í ljós kemur að fjárhagsstaða sjóðsins er óviðunandi gæti ríkissjóður þurft að leggja sjóðnum til nægilegt framlag til að mæta áætluðum skuldbindingum.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að fyrirkomulagi endurlána verði breytt þannig að horfið verði frá því að ríkissjóður láni til annarra en aðila í B- og C-hluta, þ.e. ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign.

Í áttunda lagi verður sú breyting gerð að þrengja þátt ábyrgða sem hlutfall af þeirri fjárfestingu sem hún er veitt til. Samkvæmt gildandi reglum er heimilt að ábyrgjast allt að 80% heildarkostnaðar þess verkefnis sem í hlut á gegn viðurkenndum veðum. Með frv. er lagt til að þessu verði nú hagað þannig að bæði þurfa að uppfylla kröfu um eiginfjárhlutfall í fjármögnun, þ.e. að minnsta kosti 20%, og að setja hámarkshlutfall ábyrgðar af lánsfjárhæð að hámarki 75% og gerð verði sú krafa hverju sinni að lántaki hætti sjálfur hluta með framlagi eigin fjár og að aðrir lánveitendur taki hluta áhættunnar með því að leggja til hluta lánsfjár.

Öll þau atriði sem ég hef talið upp eru til þess að koma betri skikk á ríkisábyrgðir og reyndar endurlánin og eru í takt við tímann ef svo má að orði komast, ekki síst vegna þess að lánastofnanir nú á dögum hafa yfir að ráða mjög mikilli þekkingu sem kemur þeim að notum þegar ákveða skal lánskjör til mismunandi aðila. Það er alþekkt, bæði hér á landi og erlendis, að aðilar greiða mismunandi háa vexti eftir þeirri áhættu sem viðkomandi lánastofnun tekur enda eru lánastofnanirnar að fara með fjármuni annarra aðila sem hafa lagt inn og treyst hafa viðkomandi lánastofnun fyrir fjármunum sínum. Það er að stórum hluta og stækkandi hluta fólk sem er að geyma verðmæti til elliáranna.

Eins og ég hef áður sagt hefur ríkið haft verulegan kostnað vegna ríkisábyrgðar. Markmið frv. er auk annars að draga úr kostnaðinum. Settar eru skýrari reglur en áður um veitingu og meðferð ábyrgða og mun hverju sinni liggja fyrir mat á líkum þess að á ábyrgð reyni og þar með kostnað ríkisins. Í þessum málum hefur verið til vandræða að það er tiltölulega auðvelt fyrir eina ríkisstjórn, einn ráðherra að veita ábyrgðina. Alþingi samþykkir alveg eins og sveitarstjórnir slíkar ábyrgðir en svo reynir ekki á ábyrgðina fyrr en mörgum árum, jafnvel kjörtímabilum síðar. Þá situr allt annað fólk í

þessum stöðum og öllum hefur gleymst hverjir stóðu fyrir þessu og hvort málið hafi verið skoðað nægilega vel. Með þessu frv. er verið að gera tilraun til að tryggja vandaðri vinnubrögð en áður og þetta er eins og ég hef áður sagt í takt við þá stefnu sem reynt er að fylgja, ekki bara hér á landi heldur alls staðar í ríkisfjármálunum, að reglurnar séu ákveðnari og byggist á hlutlægari skilyrðum en áður tíðkast.

Það er spurning, virðulegi forseti, hvert senda á frv. Heimildir til ríkisábyrgða og lánsfjár er nú að finna í fjárlagafrv. en hins vegar er spurning hvort þessi formsatriði eigi frekar heima hjá efh.- og viðskn. Mér vannst ekki tími til þess að bera mig saman við hæstv. forseta en að svo stöddu geri ég tillögu um að málið verði sent efh.- og viðskn. en óska eftir því við hæstv. forseta að hann kanni málið og ræði við þá sem gerst kunna að þekkja til. Mun ég að sjálfsögðu hlíta niðurstöðu hæstv. forseta þegar fyrir liggur hvert eðlilegast er að senda frv. En að öðru leyti óska ég eftir því að borin verði upp sú tillaga að frv. fari til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Virðisaukaskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 98.

[12:33]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, en þetta frv. er 98. mál og er að finna á þskj. 98.

Í frv. er lögð til breyting á ákvæðum virðisaukaskattslaganna um skattskyldu vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila en með lögunum nr. 55/1997, sem öðluðust gildi 1. júlí í ár, voru lögfestar nýjar og strangari reglur um slíka sölu og voru gerðar ýmsar breytingar er lutu að afdráttarlausari ákvæðum skattskyldu. Breytingin fólst í því að í stað heimilda til að selja þjónustu til erlendra án skatts var kveðið á um endurgreiðslur í lögunum en það fyrirkomulag fylgir meginstefnu virðisaukaskattslaganna sem eru mjög lítið undanþæg.

Það fyrirkomulag, sem ákveðið var í þessum nýsettu lögum, hefur nokkuð verið gagnrýnt af hálfu hagsmunaaðila, þ.e. þeirra sem selja að jafnaði þjónustu til erlendra aðila. Helstu umkvartanir lúta að því að það krefjist meiri fyrirhafnar af hálfu hins erlenda aðila að þurfa að greiða virðisaukaskatt af keyptri þjónustu og sækja síðan um endurgreiðslu en fá þjónustuna afhenta án virðisaukaskatts. Með frv. er lagt til að fyrirkomulag skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila, sem hafa ekki starfsstöð hér á landi, verði fært til fyrra horfs í meginatriðum og um leið til samræmis við þær reglur sem gilda annars staðar í Evrópu en víðast hafa þessar reglur verið færðar í það horf sem hér er lagt til.

Verði frv. að lögum er heimilt að halda utan skattskyldrar veltu sölu á ákveðnum þjónustugreinum til aðila búsettra erlendis. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um verkfræðinga og lögfræðinga sem þjóna erlendum aðilum sem sækja um einkaleyfi hér á landi. Til þess að koma í veg fyrir pappírsrask, því að það er tiltölulega auðvelt að fylgjast með þessu, er þetta lagt til og þegar haft er í huga að undanþágur í þessu sambandi tíðkast annars staðar var talið eðlilegt að flytja frv.

Þá er lagt til í frv. að reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna verði breytt þannig að endurgreiðsluheimildin miðist við aðila sem búsettir eru erlendis en ekki eingöngu erlenda ferðamenn eins og er samkvæmt núgildandi ákvæðum. Tilgangur breytingarinnar er að gera Íslendingum búsettum erlendis kleift að kaupa vörur á Íslandi án virðisaukaskatts og taka með sér úr landi á sama hátt og erlendir ferðamenn.

Hér er líka verið að samræma lög lögum annarra landa og má geta þess að t.d. í Danmörku, þar sem ég hygg að margir hv. þingmenn þekkja til, er reglan sú að Danir sem eru búsettir erlendis geta nýtt sér virðisaukaskattsfrádráttinn.

Þess ber að geta þegar fjallað er um þessi mál að þau eiga eftir að breytast heilmikið á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hygg að á næstu árum verði stefnt að því eftir tvö ár, kannski líður lengri tími, en þá má gera ráð fyrir því að slíkar reglur falli niður á milli landanna innan Efnahagsbandalagsins og að skattareglur verði meira samræmdar en er í dag.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara í einstakar greinar frv. Það er í sjálfu sér einfalt og ég veit að hv. efh.- og viðskn. þekkir þessi atriði og mun að sjálfsögðu skoða þau betur í nefnd. Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér áhrif á ríkissjóð vegna þess að í raun gátu þeir aðilar sem um ræðir fengið frádrátt og þeir sem bætast við í hópinn, þ.e. Íslendingar, sem búsettir eru erlendis og koma í heimsókn til landsins, mundu sjálfsagt að jafnaði ekki kaupa þessar vörur hér ef þeir þyrftu að borga virðisaukaskattinn að fullu. Við gerum því ekki ráð fyrir að ríkissjóður tapi tekjum af þessu frv. enda hefði sjálfsagt verið erfiðara að fá flutningsmann til þess að flytja frv. ef það hefði orðið raunin.

[12:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég fagna framkomu frv., einkum þeim lið sem lýtur að breytingu á virðisaukaskattsuppgjöri aðila sem selja þjónustu úr landi. Í ljós hefur komið að það endurgreiðslukerfi, sem sett var á með lagabreytingum og tók gildi í sumar, hefur skapað óþarfaóhagræði og óþarfaumstang fyrir þá aðila sem selja þjónustu af þessu tagi. Í því sambandi felst einnig ákvæði um fjárbinding sem kann að verka íþyngjandi eða samkeppnishindrandi og mismuna íslenskum aðilum.

Efh.- og viðskn. hafði alls ekki í huga að leggja stein í götu viðskipta af þessu tagi þegar lagabreytingarnar voru gerðar og ég er sannfærður um að þar er vilji til að skoða það að hverfa til fyrra horfs í þessum efnum og hafa þessi viðskipti á þjálla formi. Ég hygg að undanþága eða niðurfelling sé á flestan hátt og örugglega miklu einfaldari í framkvæmd. Þyki mönnum á skorta um eftirlit í þeim efnum má væntanlega finna aðrar aðferðir til að bæta það en fara út í að krefja um skattinn og endurgreiða hann síðan með tilheyrandi umstangi og pappírsveseni.

Það sem hefur komið á óvart, a.m.k. þeim sem hér stendur, er hversu gífurlega umfang starfsemi af þessu tagi og útflutningur á þessari tegund þjónustu hefur stóraukist. Fyrir fáeinum árum hefði væntanlega ekki verið mikið tiltökumál að viðhafa það fyrirkomulag sem lögfest var, þ.e. að endurgreiða einfaldlega skattinn í þeim fáu tilvikum sem um slík viðskipti var að ræða en því er ekki að heilsa í dag því að umfang viðskipta af þessu tagi hefur vaxið ótrúlega hratt.

Varðandi seinni liðinn um að gera þá breytingu á reglum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna að hún taki einnig til Íslendinga búsettra erlendis get ég

út af fyrir sig verið sammála því einnig að það sé ekki óeðlileg breyting ef um varanlega búsetu Íslendinga er að ræða erlendis í þeim skilningi að þeir séu orðnir skattskyldir íbúar í öðrum löndum. Þá má segja að eðlilegt sé að þeir séu í skattalegu tilliti meðhöndlaðir hér eins og um erlenda ríkisborgara væri að ræða. Ég þekki ekki nákvæmlega til fyrirkomulagsins í Danmörku en eina spurning mín væri sú hvernig framkvæmdinni yrði háttað varðandi það að nú er framvísan vegabréfs og farseðils úr landi yfirleitt eina skilyrðið sem sett er fyrir endurgreiðslu. Ég hygg að það hljóti að vera óhjákvæmilegt að menn framvísi einhverjum skilríkjum, lögheimilisvottorði eða staðfestingu á varanlegri búsetu erlendis og fyrir því verður þá að sjálfsögðu að sjá í framkvæmdinni.

Hæstv. ráðherra nefndi stórmerkilegan hlut sem enn á að mestu eftir að taka til umræðu og það er sú staðreynd að innan Evrópusambandsins er ætlunin að leggja niður tollfrjálsa sölu og endurgreiðslur á sköttum af þessu tagi á næstu einu, tveimur árum ef ég man rétt. Ég hygg að fyrir aldamót sé ætlunin að þetta verði horfið og þá verða Ísland og Noregur í raun ein eftir innan hins Evrópska efnahagssvæðis sem eru ekki aðilar að tollabandalagi Evrópusambandsins og geta þá eftir sem áður væntanlega ástundað endurgreiðslu af þessu tagi, verið með skattfrjálsa verslun eða fríhafnarverslun o.s.frv., að vísu að viðbættum Álandseyjum sem fengu sérstaka undanþágu einkum vegna tollfrjálsrar verslunar um borð í ferjum sínum og farþegaskipum.

Sú staða er býsna merkileg sem er þar með að koma upp og ég hygg að ástæða sé til þess fyrir Ísland að taka til skoðunar hvernig verði best staðið að málum þegar þetta nýja fyrirkomulag gengur í garð í Vestur-Evrópu og ekki síður hvernig við Íslendingar getum nýtt okkur þá möguleika sem þetta kann að skapa að verða nánast einir þjóða í Vestur-Evrópu sem geta áfram boðið ferðamönnum upp á þessu viðskipti. Í því sambandi er maður náttúrlega að hugsa um ferðaþjónustu og aðra möguleika sem því kunna að tengjast. Ég beini því til hæstv. fjmrh. í leiðinni að að þessum tímamótum verði hugað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ríkisreikningur 1996, 1. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97.

[12:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996 en þessi reikningur var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta þingsins í júlí 1997. Ég vil af þeirri ástæðu fyrst nefna það sem ég held að sé mjög mikilvægt í þessu sambandi og það er að okkur sem hafa látið sig þessi mál varða, það er ekki einungis fjmrn. heldur Ríkisendurskoðun, ríkisbókhald, áður og fyrr yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, og allir þeir aðilar sem koma að þessu verki, hefur tekist á umliðnum árum að leggja fram ríkisreikning miklu fyrr en áður tíðkaðist.

Um það leyti sem ég kom í fjmrn. hygg ég að uppsafnaður fjöldi ríkisreikninga hafi verið átta eða níu ríkisreikningar eða allt frá byrjun síðasta áratugar sem þurfti að renna í gegnum þingið eins og kallað var. En með þeim hætti sem nú tíðkast og vonandi verður til frambúðar þá er hægt jafnvel á vorþingi að leggja fram ríkisreikning og hafa hann til samanburðar þegar fjárlög verða lögð fram að hausti. Þeim mun frekar getur þetta orðið stjórntæki fyrir ríkissjóð þegar fjárlög íslenska ríkisins verða samkvæmt fjárreiðulögunum sett fram á svokölluðum rekstrargrunni og auðvelt er að gera samanburð á reikningi og fjárlögum.

Á árinu 1996 nam tekjuhalli ríkissjóðs 8,7 milljörðum kr. eða 6,8% af tekjum ársins. Árið á undan nam hallinn 15,2 milljörðum kr. eða 13,2% af tekjum þess árs. Tekjuafkoman batnaði því töluvert á milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 12 milljörðum kr. á árinu 1996 sem jafngildir 2,5% af landsframleiðslu ársins samanborið við 18,5 milljarða kr. árið 1995 eða um 4,1% af landsframleiðslu þessa árs. Lánsfjárþörfin lækkaði því um 6,5 milljarða kr. milli ára.

Tekjur ríkissjóðs námu alls 128,3 milljörðum kr. á árinu 1996 eða um 26,4% af landsframleiðslu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 14,1 milljarð kr. eða um 12,3%. Tekjur af virðisaukaskatti hækkuðu um 4,8 millj. kr., af tekjuskatti og eignarskatti um 4,4 millj. kr., af tryggingagjaldi um 2 milljarða kr., skattar af vöru og þjónustu um 1,7 milljarða kr. og af öðrum sköttum hálfan milljarð kr. Arðgreiðslur og aðrar tekjur hækkuðu um 0,7 milljarða kr.

Tekjurnar skiptust þannig á árinu 1996 að beinir skattar námu 23,4% en óbeinir skattar voru tæplega 70% og fjármunatekjur síðan 6,2% og aðrar tekjur 0,6%. Af beinum sköttum er tekjuskattur veigamestur eða fimmtungur af heildartekjum ríkissjóðs en virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36% af heildartekjum en innflutnings- og vörugjöld námu 15,3% og tryggingagjöld 10,6%.

Virðulegi forseti. Full ástæða er til að benda á að samsetning skatttekna hér á landi er talsvert önnur en í nágranna- og viðskiptalöndunum. Nettótekjur af tekjusköttum eru litlar en tekjur af viðskiptum og þjónustu eru miklar. Þetta einkennir skattkerfi okkar ásamt nokkrum öðrum hlutum sem hafa verið til umræðu á undanförnum dögum. Ef við lítum á gjöldin þá námu þau 137 millj. kr. sem er 28,2% af landsframleiðslu ársins, gjöld ríkissjóðs hækkuðu um 7,6 milljarða eða um 5,9% á milli ára. Af einstökum hækkunum á milli ára má nefna yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma, þ.e. um 1,7 milljarðar kr., framlög til tryggingamála um 1,4 milljarðar kr., á Vestmanneyjaferjunni Herjólfi um 1,4 milljarðar kr., framlög til grunnskóla um 1,1 milljarð kr. og til framhaldsskóla um 0,8 milljarða kr. Á móti lækkaði fjármagnskostnaðurinn um 800 millj. Framlög til viðhalds og fjárfestingar hjá Vegagerðinni um 600 millj. kr. og Atvinnuleysistryggingasjóðs um 200 millj. kr. Loks hækkuðu sértekjur stofnana um 1,3 milljarða á milli ára en í því felst lækkun á heildargjöldum ríkissjóðs.

Sé hins vegar litið til greiðsluafkomunnar á árinu 1996 var tekjuhalli ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi lægri en árið áður. Hann lækkar úr 12 milljörðum kr. í greiðsluuppgjöri. Virðulegi forseti, ef ég má endurtaka þetta svo að þetta sé alveg skýrt, þá lækkar tekjuhalli ríkissjóðs úr 12 milljörðum kr. í greiðsluuppgjöri í 8,7 milljarða kr. í reikningi eða um 3,3 milljarða kr. Til að gera aðeins grein fyrir því hver munurinn er, því að hér er um tvenns konar uppgjörsaðferðir að ræða, þá eru helstu frávikin á milli greiðsluuppgjörs og lokauppgjörs ársins 1996 að lífeyrisskuldbindingar ársins umfram greiðslu til lífeyrissjóða eru 2,7 milljarðar kr., yfirtaka ríkissjóðs á hluta af lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma að

fjárhæð um 1,7 milljarðar kr. og kaup ríkissjóðs á Herjólfi með yfirtöku á áhvílandi lánum skipsins um 1,4 milljarðar kr. Eins og fram kom í umræðum um fjárlagafrv. eru sumar upphæðir, sérstaklega er snerta verðlagsuppfærslur eða launauppfærslur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, færðar um endurmatsreikning og síðan yfir á efnahagsreikning ríkissjóðs.

Það sem hins vegar skiptir miklu máli er að vaxtagreiðslur ársins urðu verulega meiri en vaxtagjöldin eða sem nemur 8,5 milljörðum kr. Með öðrum orðum eru vaxtagreiðslurnar á greiðslugrunni miklu meiri heldur en vaxtagjöldin sem sýnd eru í lokauppgjöri. Munurinn skýrist í aðalatriðum á því að á árinu 1996 var ákveðið að greiða upp þrjá flokka spariskírteina frá árunum 1984–1986 fyrir gjalddaga þeirra en skírteinin báru 8–9% raunvexti og áttu að endurgreiðast í síðasta lagi árið 2000 en heimilt var að segja þeim upp fyrir lok gjalddaga þannig að þau bæru ekki vexti eða verðbætur eftir það.

Á þessi spariskírteini hafa safnast upp verulegar fjárhæðir í áföllnum vöxtum í gegnum árin en þeir hafa verð gjaldfærðir jafnóðum í ríkisreikningi árið eftir en komu í einu lagi til greiðslu við innlausn skírteinanna í greiðsluuppgjörinu fyrir árið 1996. Heildarandvirði innlausnarinnar nam 17,3 milljörðum kr. á árinu 1996. Þar af voru vextir 10,1 milljarður kr. og afborganir 7,2 milljarðar kr.

Tafla á bls. 6 í frv. sýnir vaxtagjöld og vaxtagreiðslur ríkissjóðs og ég er sannfærður um að allir hv. þingmenn sem eru viðstaddir átta sig á upptalningunni enda mjög vel kunnugir bókfærslu og framsetningu þessara reikningsgrunna í fjárreiðum ríkisins.

Virðulegi forseti. Skuldir ríkissjóðs í árslok 1996 námu 239 milljörðum kr. eins og skuldir ríkissjóðs eru settar upp en að teknu tilliti til lánveitinga voru þær 168 milljarðar kr. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu skuldir ríkissjóðs 49,2% í árslok 1996 samanborið við 51,5% árið 1995. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 34,6% af landsframleiðslu í árslok 1996 en voru 34,4% árið á undan. Þess ber að sjálfsögðu að geta, sem öllum er kunnugt, að landsframleiðslan hefur heldur vaxið á milli ára þó að það nægi engan veginn til skýringa á því sem hér hefur verið sagt.

Ég hef tæpt á helstu stærðum í fjárhag ríkissjóðs á árinu 1996 en í ríkisreikningi er að finna ítarlegar sundurliðanir og skýringar á einstökum liðum ríkisfjármálanna. Fjölmargir hafa haft samband við ráðuneytið og lýst því yfir að sú breyting sem gerð var á framsetningu ríkisreikningsins á síðasta ári, þ.e. árinu 1995, hafi verið til bóta þar sem annars vegar er um að ræða yfirlitshefti um fjárreiður ríkisins og hins vegar talnabálkur í stærra hefti en það er svipað snið og er nú viðhaft um framlagningu fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að lokinni umræðunni að gera þá tillögu að málinu verði vísað til hv. fjárln. og til 2. umr.

[12:55]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa ræðu og frv. og ég tek undir margt af því sem hann sagði um tæknilegan búning málsins sem vekur mig til umhugsunar um að ríkisreikningurinn er í rauninni mikilvægasta stýritækið við stjórn ríkisfjármála. Þess vegna ætti það að vera þannig að mínu mati að þegar fram fara umræður um ríkisreikninginn hér í salnum væri setinn helst hver bekkur vegna þess að ef menn fara yfir ríkisreikninginn og bera hann saman við þau fjárlagafrumvörp sem menn eru að fjalla um á hverjum tíma sjá menn þær breytingar sem eiga sér stað í meðferð ríkisfjármála á hverjum tíma og þær breytingar sem eiga sér stað t.d. í fagráðuneytunum.

Það er umhugsunarvert fyrir okkur sem höfum verið um skeið að átta okkur á því að þegar ríkisreikningarnir eru orðnir svona nálægt nútímanum þá virðast þeir ekki hafa miklu meiri vigt í hinni daglegu pólitísku umræðu en þeir höfðu þegar þeir voru 10 og 20 ára gamlir. Ég held að þetta stafi að einhverju leyti af því að Alþingi hefur ekki náð að fjalla jafnskipulega um þessi mál og við erum vafalaust öll sammála um að sé nauðsynlegt. Þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs, herra forseti, að á borðum okkar í dag er svo líka skýrsla bresku ríkisendurskoðunarinnar um vinnubrögð Ríkisendurskoðunar okkar þar sem Ríkisendurskoðun okkar, sem kemur reyndar við sögu síðar á fundinum, fær ákaflega góða einkunn frá bresku ríkisendurskoðuninni. Meðferð ríkisreikninga er hælt svo að segja í hástert að öðru leyti en því að gagnrýnt er í þessu skjali að ríkisreikningarnir hafa ekki neitt öruggt ferli sem tryggir að tekið sé tillit til ábendinga um annmarka og tillögur að leiðréttingum eða eins og segir í skýrslunni á bls. 17, tölul. 24:

„Þrátt fyrir að ríkisreikningur ásamt afriti af skýrslu ríkisendurskoðanda sé formlega lagður fram til samþykktar á Alþingi" sem er að vísu ekki alveg rétt, en látum það nú vera, það er bara ríkisreikningurinn sjálfur, „þá er ekki til staðar neitt formlegt ferli sem tryggir að tekið sé tillit til ábendinga um annmarka og tillögur að leiðréttingum. Án formlegs þrýstings frá Alþingi á ráðuneytin er erfitt fyrir stofnunina að fylgja eftir tillögum til þess að tryggja að endurbætur sem fram komu við endurskoðunina komist í framkvæmd."

Ég ætla ekki að lesa meira upp úr skjalinu enda kemur það til meðferðar hér eða umræðu síðar á þessum fundi eins og ég sagði. En ég dreg þetta fram hér vegna þess að ég tel að einn aðalgallinn á vinnubrögðum Alþingis í dag sé sá að ekkert ferli er til sem tryggir að það sé farið sérstaklega með ríkisreikninga og fjallað um þá með þeim hætti sem á að gera í nútímastjórnsýslu og nútímaþingum og gert er t.d. í grannlöndum okkar. Þegar við ákváðum að leggja niður yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, sem ég hygg að ég hafi átt dálítið frumkvæði að vegna þess að ég taldi að það væri út í hött að hafa ákvæði í stjórnarskránni um að kjósa á hverju ári yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, þá held ég að hitt sé engu að síður alveg ljóst að við verðum sem allra fyrst að tryggja að eitthvert eftirlitsferli komi í þinginu í staðinn fyrir þetta ferli sem taki á ríkisreikningunum, taki á einstökum ábendingum Ríkisendurskoðunar og komi því rækilega á framfæri við viðkomandi ráðuneyti og fylgi þannig málunum eftir.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, í umræðunni um frv. til laga um staðfestingu á ríkisreikningi.

[12:59]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir þessa ræðu hans. Ég er algerlega sammála því sem kom fram hjá hv. þm. og hef reyndar eins og hann látið það koma fram oftsinnis áður. Hv. þm. þekkir ríkisreikning betur en flestir aðrir þar sem hann var einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings síðustu árin sem það embætti var til. Það er hárrétt hjá honum að það var auðvitað úrelt fyrirkomulag sem þar var stundað og hafði verið gert áratugum saman ef ekki árhundruðum. En það var ófært og er ófært að skilja

mál þ.e. endurskoðun ýmsa eftir í því horfi sem hv. Alþingi gerir í dag. Það er ekki heldur gott, og ég bið nú hæstv. forseta velvirðingar á því þegar ég nefni fjárln., að fjárln. sé að endurskoða eða fara yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun er endurskoðun almennings, þingsins, og það er eðlilegt að hún fari fram. Hún á m.a. að fara fram á því ferli sem á sér stað þegar fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. koma frá framkvæmdarvaldinu inn til þingsins, verða fyrir breytingum sem eru venjulegast að frumkvæði fjárln. frekar en einstakra þingmanna, og sjálfsagt má gera ráð fyrir því í framtíðinni að réttur einstakra þingmanna takmarkist frekar en kannski fari um fjárln. í meira mæli en hingað til hefur verið. Þá þarf Ríkisendurskoðun auðvitað að hafa svigrúm til þess að rannsaka allt ferlið og önnur nefnd en fjárln. að taka málið fyrir fyrir hönd þingsins og skila þá áliti ef þörf krefur. Þetta á sérstaklega við um þau mál sem hv. þm. nefndi en jafnframt er óþolandi hve mikil óvissa það er hverjir geta kallað eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar á hverjum tíma og síðan hvaða stöðu slík skýrsla hefur þegar hún hefur verið lögð fram því oft vekur skýrslan fleiri spurningar en hún svarar. Þess vegna tek ég heils hugar undir það sem hv. þm. sagði að það þarf að vera aðili, helst þingkjörin nefnd, ein af fastanefndum þingsins, sem tekur viðkomandi skýrslu og gefur álit til Alþingis ef hún telur að þess þurfi. Það álit getur þá verið með ábendinum, beinum till. til þál. eða jafnvel brtt. að lögum, eftir atvikum, þannig að farið sé með þessi mál eins og gerist í nágrannalöndunum, t.d. í Noregi þar sem svona „kontrollkomité" starfar. Ég þakka hv. þm. fyrir að leggja þetta fram í þessari umræðu og hygg að ekki sé mikill munur á skoðunum þingmanna sem láta sig þessi mikilvægu mál varða sem því miður eru ekki margir hér í dag eins og sést á auðum bekkjunum. En málið er engu að síður eitt mikilvægasta málið sem þingið á að fjalla um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:03]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 108. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 108.

Breytingar á kjörum lífeyrisþega almannatrygginga, 157. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 157.

Breytingar á réttindum lífeyrisþega í sjúkratryggingum, 158. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 158.

Bæjanöfn, 164. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 164.

Framkvæmd EES-reglugerðar um félagslegt öryggi, 161. mál, fsp. GHall, þskj. 161.

Háskólar, 165. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 165.

Hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga, 162. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 162.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 167. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 167.

Mistök við læknisverk, 159. mál, fsp. MF, þskj. 159.

Stimpilgjald, 163. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 163.

Stjórn fiskveiða, 155. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 155.

Störf útflutnings- og markaðsnefndar, 160. mál, fsp. GE, þskj. 160.

Söfnunarkassar, 156. mál, frv. GHelg og ÖJ, þskj. 156.

Örnefnastofnun Íslands, 166. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 166.

[Fundarhlé. — 13:04]

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 3. mál (tekjutenging bótaliða). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Ríkisábyrgðir, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 99. mál (heildarlög). — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 98.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Ríkisreikningur 1996, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

### *Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1996.*

[13:44]

**Ólafur G. Einarsson:**

Herra forseti. Fyrir hönd forsn. Alþingis mæli ég fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1996. Lögum samkvæmt ber stofnuninni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan var gefin út og birt í aprílmánuði sl. Með sama hætti og á liðnum árum mun ég hér á eftir gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni auk þess sem ég mun víkja að nokkrum öðrum atriðum er tengjast starfsemi stofnunarinnar og stöðu.

Svo sem ráða má af skýrslunni var starfsemi Ríkisendurskoðunar á síðasta ári með hefðbundnu sniði. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt fór stofnunin yfir og endurskoðaði reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila, gekk úr skugga um að fjárráðstafanir og fjárskuldbindingar þeirra styddust við

tilskildar heimildir auk þess sem hún lauk við nokkur verkefni á sviði stjórnsýsluendurskoðunar en í slíkri endurskoðun felst að kanna hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri einstakra stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.

Starfsmenn í föstum stöðugildum hjá Ríkisendurskoðun voru alls 42 á árinu 1996 samborið við 43 á árinu 1995. Hjá stofnuninni störfuðu einnig 6 starfsmenn sem voru tímaeða verkefnaráðnir. Útgjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum námu alls 161,2 millj kr. á síðasta ári samanborið við 157,1 millj. kr. á árinu 1995. Sé tekið tillit til verðbreytinga á milli áranna lækkuðu útgjöldin að raungildi um 3,9%. Skýringarinnar er einkum að leita í minni launakostnaði á síðasta ári vegna færri stöðugilda.

Almennt má segja að útgjöld stofnunarinnar hafi verið mjög svipuð frá einu ári til annars á liðnum árum og ætíð hafa þau verið vel innan fjárheimilda. Af einstökum liðum námu launaútgjöld 121,5 millj. kr., en það svarar til 71% af heildarútgjöldum stofnunarinnar á árinu 1996. Annar stærsti útgjaldaliðurinn er aðkeypt þjónusta, en hún nam um 30 millj. kr. á árinu 1996, eða sem svarar til tæplega 17% af heildargjöldum. Hér er fyrst og fremst um að ræða aðkeypta þjónustu af löggiltum endurskoðendum sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar við endurskoðun ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins. Á árinu 1996 voru í gildi samningar við 28 endurskoðunarstofur um endurskoðun á 96 ríkisaðilum. Verkefnum þessum sinna skrifstofurnar í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Kostnaðurinn er borinn af Ríkisendurskoðun ef um A-hluta stofnun er að ræða en annars af viðkomandi ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki.

Stofnunin heldur mjög nákvæmt verkbókhald. Samkvæmt því skiluðu starfsmenn hennar alls 60.700 vinnustundum við endurskoðun og tengd verkefni. Þessu til viðbótar keypti stofnunin næstum 6.600 tíma af sjálfstætt starfandi löggiltum endurskoðendum. Heildarvinnustundafjöldi var því um 67.300 á síðasta ári samanborið við ríflega 65.800 á árinu 1995. Til fróðleiks skal þess getið að kostnaður við hverja unna vinnustund samkvæmt verkbókhaldi stofnunarinnar nam rúmum 2.400 kr. á síðasta ári samanborið við tæpar 2.550 kr. á árinu 1995. Á hinn bóginn greiddi stofnunin fyrir aðkeypta sérfræðiþjónusta á sviði endurskoðunar 3.600 kr. á síðasta ári og rétt rúmar 3.500 kr. á árinu 1995.

Stofnunin gerir verkefnaáætlun fyrir hvert ár. Þar er lagður grunnur að sérstökum endurskoðunarverkefnum og helstu áhersluþættir markaðir. Grunnur þessara áætlana er áðurnefnt verkbókhald. Á síðasta ári var gert ráð fyrir að verja liðlega 37.200 vinnustundum til fjárhagsendurskoðunar og 7.700 vinnustundum til verkefna á sviði stjórnsýsluendurskoðunar. Í meginatriðum stóðust þessar áætlanir. Á sviði fjárhagsendurskoðunar var lögð áhersla á að ljúka ársreikningum stofnana og fyrirtækja, sem áritaðir eru af Ríkisendurskoðun, eigi síðar en í maímánuði 1996. Þá var stefnt að því að ljúka endurskoðun á nánar tilteknum þáttum í uppgjöri á ríkisreikningi fyrir árið 1995 áður en reikningurinn væri gefinn út. Loks var lögð rík áhersla á að ljúka endurskoðunarskýrslu fyrir árið 1995 fyrir lok október. Þessi markmið náðust í stórum dráttum en þó tókst ekki að ljúka endurskoðunarskýrslu um ríkisreikning 1995 í október eins og áformað var heldur lauk henni í desember.

Eins og ráða má af því hvernig vinnustundir skiptast á milli sviða starfar meiri hluti starfsmanna stofnunarinnar að fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum. Til þess að menn geti betur gert sér grein fyrir umfangi þessa hlutverks stofnunarinnar má nefna að fjárhagslegt umfang A- og B-hluta ríkissjóðs var á síðasta ári nálægt 200 milljörðum króna. Þessu til viðbótar hefur stofnunin með höndum endurskoðun á reikningum ríkisbanka og hlutafélagabanka í meirihlutaeign ríkisins, auk ýmissa sjóða í meirihlutaeign ríkisins.

Á árinu 1996 sendi stofnunin frá sér alls 154 skýrslur og greinargerðir. Af þeim voru 139 unnar á fjárhagsendurskoðunarsviðum stofnunarinnar, 9 skýrslur voru unnar á stjórnsýslusviði, auk þess sem lögfræðisvið hennar vann alls 6 greinargerðir um ýmis úrlausnar- og álitamál lögfræðilegs eðlis. Skýrslur um fjárhagsendurskoðun eru að jafnaði ekki gerðar opinberar og það sama er að segja um skýrslur lögfræðisviðsins. Í árlegri skýrslu stofnunarinnar um ríkisreikning, sem lögð er fram hér á Alþingi og er opinbert gagn, er þó venjulega gerð grein fyrir meginefni framangreindra skýrslna og greinargerða. Skýrslur stjórnsýslusviðs stofnunarinnar eru á hinn bóginn öllum aðgengilegar. Þær eru eðli málsins samkvæmt langtum færri en skýrslur um fjárhagsendurskoðun en á móti kemur að þær eru mun umfangsmeiri. Helstu skýrslurnar frá stjórnsýslusviðinu voru um utanríkisráðuneytið, Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggðastofnun, sumarlokanir sjúkrahúsanna og fjárhagsstöðu þeirra. Í starfsskýrslunni er gerð grein fyrir því helsta úr skýrslum þessum.

Á liðnum árum hefur starfsumhverfi Ríkisendurskoðunar breyst umtalsvert. Ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutfélög, þau seld, þjónustusamningar hafa rutt sér til rúms o.s.frv. Síauknar kröfur eru gerðar um upplýsingar um rekstur og árangur af starfsemi einstakra ríkisstofnana og um mat á störfum þeirra. Sama er að segja um upplýsingar varðandi einstaka málaflokka, svo sem á sviði ríkisfjármála, samgöngumála, heilbrigðismála og umhverfismála.

Fyrir stofnun á borð við Ríkisendurskoðun, sem sinnir ekki aðeins hefðbundinni endurskoðun, heldur og ráðgjöf í formi álits- og greinargerða og eftirliti, er mjög brýnt að fylgjast með og aðlaga sig að þróun og breyttum tímum. Þetta á bæði við um ytri starfsskilyrði, svo sem lagarammann sem dreginn er um starfsemina, og hið innra skipulag og verklag.

Með síðarnefndu atriðin í huga hefur rík áhersla verið lögð á það á liðnum árum að endurnýja og endurbæta endurskoðunarhandbækur stofnunarinnar. Á árinu 1994 voru gefin út tvö fyrstu bindin af handbók stofnunarinnar. Efni þeirra hefur verið kynnt ítarlega fyrir starfsmönnum stofnunarinnar sem og löggiltum endurskoðendum sem starfa í umboði hennar. Auk þessa hefur handbókum verið dreift til fjölmargra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að endurskoðun eða bókhaldstengdum málefnum hjá ríkinu. Þriðja og síðasta bindi handbókarinnar var tekið formlega í notkun á liðnu ári. Efni handbókanna og framsetning verður endurmetið og því breytt ef þurfa þykir þegar áreiðanlegri reynsla af notkun þeirra liggur fyrir. Tilgangurinn með handbókunum er auðvitað sá að tryggja skilvirk og samræmd vinnubrögð við endurskoðun. Þær eru útbúnar þannig að bregðast má við breytingum án þess að til heildstæðrar endurútgáfu þurfi að koma.

Annar liður í aðlögun stofnunarinnar að breyttum aðstæðum fólst í breytingum á innra skipulagi hennar. Í megindráttum miða þær að því að auka verkaskiptingu og sérfræðiþekkingu á ákveðnum málaflokkum innan stofnunarinnar. Í því sambandi var m.a. sett á fót sérstakt endurskoðunarsvið sem algerlega mun hafa með höndum endurskoðun á ríkisfyrir-

tækjum, sjóðum og hlutafélögum í eigu ríkisins, en innan þessa sviðs starfa löggiltir endurskoðendur með svipuðum hætti og sjálfstætt starfandi endurskoðendur. Þá var umhverfisendurskoðun gerð að sérstöku sviði og upplýsingaöflun og annar almennur undirbúningur hafinn að væntanlegum verkefnum í þeim málaflokki. Loks má nefna að settir voru á fót verkefnahópar sem fara munu með sameiginleg málefni á borð við endurmenntun starfsmanna, tölvumál o.þ.h.

Í vor voru sett ný lög um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt þeim hefur stofnunin mun skýrari og víðtækari heimildir á sviði fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðunar, auk þess sem ýmsum vafa um heimildir hennar í þessum efnum hefur verið eytt. Í þessu sambandi má nefna að framvegis hefur hún skýrar skyldur í sambandi við samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir. Þá eru heimildir hennar til þess að sinna umhverfisendurskoðun skýrar, en í slíkri endurskoðun felst einkum að kanna hvernig stjórnvöld fylgja fram áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála. Eins og ég greindi frá hér að framan hefur stofnunin þegar hafið undirbúning fyrir verkefni á þessu sviði, t.d. með því að afla upplýsinga um starfsemi af þessu tagi hjá systurstofnunum bæði austan hafs og vestan. Ekki er neinum blöðum um það að fletta að lögin frá því í vor munu skjóta styrkari stoðum undir starfsemi stofnunarinnar og auðvelda henni að rækja hlutverk sitt sem ein helsta eftirlitsstofnun Alþingis.

Eins og áður hefur verið vikið að er stofnuninni að lögum heimilt að fela löggiltum endurskoðendum að annast einstök verkefni sem henni er falið að sinna. Um árabil hefur stofnunin samið við sjálfstætt starfandi löggilta endurskoðendur um að sinna tilteknum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Samningar þessir eru ekki til ákveðins tíma en þeir eru uppsegjanlegir af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Einkum hefur hér verið um að ræða endurskoðun reikninga stofnana og sjóða í B-hluta ríkisreiknings og sjálfseignarstofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs. Í kjölfar aðildar Íslands að EES og breytinga á löggjöf um kaup ríkisins á vöru og þjónustu þarf að huga að því hvort og hvernig þessar reglur snerta umræddа samninga. Samkvæmt 12. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins skal bjóða út alla aðkeypta þjónustu sem fer fram úr 3 millj. kr. Samkvæmt reglum EES sem tóku gildi hér á landi á árinu 1994 er þjónusta á borð við reikningshald, endurskoðun og bókfærslu útboðsskyld á samningssvæðinu fari endurgjaldið fram úr 15,9 millj. kr.

Ljóst er að sum af þeim verkefnum sem stofnuninni ber að sinna á sviði fjárhagsendurskoðunar og sem hún hefur í hyggju að fela öðrum að annast eru svo stór og umfangsmikil að þau ber að bjóða út samkvæmt áðurgreindum lagaákvæðum. Má hér einkum nefna verkefni á borð við endurskoðun banka og sjóða í eigu ríkisins. Af hálfu Ríkisendurskoðunar er þegar hafin undirbúningur að útboðum á þessum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Þar sem hér er um fyrstu sporin á þessari braut í starfi stofnunarinnar að ræða þarf að vinna tiltekna frumvinnu í tengslum við afmörkun og lýsingu verkefna, kostnað, val útboðsaðferða og fleira í þeim dúr. Að þessu málum verður unnið á næstu vikum.

Í ræðu minni í fyrra um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1995 vék ég m.a. að því að ríkisendurskoðandi hefði farið þess á leit við starfsbróður sinni í Bretlandi, sir John Bourn, að stofnun hans tæki starfsemi Ríkisendurskoðunar út. Breska ríkisendurskoðunin féllst á þessa málaleitan og réðst hún í verkefnið sl. vor. Skýrsla um þessa úttekt liggur nú fyrir og hefur henni verið dreift á Alþingi nú í dag. Skemmst er frá því að segja að Ríkisendurskoðun fær á margan hátt mjög jákvæða dóma í umræddri athugun. Eins og gengur er auðvitað eitt og annað sem bent er á að færa megi til betri vegar í verklagi stofnunarinnar en almenn niðurstaða bresku ríkisendurskoðunarinnar er hins vegar sú að Ríkisendurskoðun búi yfir góðri faglegri þekkingu á sínu sviði og ræki hlutverk sitt með ágætum. Í þessu sambandi bið ég menn að hafa í huga að breska ríkisendurskoðunin er ein virtasta stofnun heims á sínu sviði og einn helsti brautryðjandi ýmissa nýjunga á sviði opinberrar endurskoðunar. Ég vil jafnframt vekja athygli þingheims á þeim ábendingum sem er að finna í skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar og lúta að því hvernig haga mætti meðhöndlun og afgreiðslu skýrslna Ríkisendurskoðunar til Alþingis. Um það hefur verið rætt hér áður.

Að lokum vil ég fyrir hönd forsn. flytja ríkisendurskoðanda og starfsfólki Ríkisendurskoðunar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[14:00]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er nú komin hér til umræðu á Alþingi. Það er einkum tvennt sem hefur valdið tímamótum í starfi hennar, ný löggjöf sem var samþykkt á Alþingi sl. vor og úttekt bresku ríkisendurskoðunarinnar á starfsháttum hennar.

Ég vil ekki láta hjá líða að taka til máls í þessari umræðu þó að ég ætli ekki að vera langorður. Þýðing Ríkisendurskoðunar fyrir starf fjárln. er afar mikil. Fjárln. hefur æðimikil samskipti við þessa stofnun en kveðið er á í lögum um hana að hún skuli aðstoða þingnefndir og fjárln. hefur eðli máls samkvæmt notfært sér þá aðstoð í talsverðum mæli. Ég vil ekki láta hjá líða við þetta tækifæri að þakka fyrir þau samskipti sem hafa verið með ágætum.

Það er nú svo að hlutverk Ríkisendurskoðunar er að koma sem óháður aðili úr annarri átt og fara yfir þær tillögur og það efni sem kemur frá framkvæmdarvaldinu. Ég held að það hafi sýnt sig að þetta bætir stjórnsýsluna og verður til þess að viðhorfin verða önnur þó að auðvitað megi ætíð betur gera og verið sé að þróa þessa starfsemi og m.a. með nýrri löggjöf í ljósi reynslunnar.

Eins og kom fram í máli hæstv. forseta áðan, þegar hann mælti fyrir skýrslunni, þá minntist hann á að hér lægi fyrir skýrsla frá bresku ríkisendurskoðuninni um starfsemi hinnar íslensku. Ég held að þetta sé gagnlegur grunnur til þess að starfa eftir í framhaldinu og að ýmsar þær ábendingar sem koma fram séu góðar og þær þarfnist umræðu, bæði innan stofnunarinnar og eins hér á hv. Alþingi. Hér er t.d. ábending um það í skýrslunni að Ríkisendurskoðun ætti að sinna meira verkáætlunum og hönnun verkefna. Markmiðið ætti að vera að tryggja að sérhvert verkefni varðandi stjórnsýsluendurskoðun sé vel hnitmiðað með rökstuddum væntingum um niðurstöður, aðferðafræðin við að ná í þau gögn sem þörf er á sé skýr og til staðar sé verkáætlun til að hjálpa til við að vinna endurskoðunina innan fjárhagsramma og á réttum tíma. Þetta er gagnleg ábending til Ríkisendurskoðunar um vinnubrögð og um þann mikilvæga þátt hennar sem varðar stjórnsýsluendurskoðun, því að þennan þátt hefur auðvitað verið að þróa á síðustu árum og þarf að þróa hann áfram til að stjórnsýsluendurskoðunin verði virk og áhrif hennar verði til góðs.

En það sem ég ætlaði aðallega að víkja að með nokkrum orðum í lokin eru þær ábendingar Ríkisendurskoðunar sem varða samskipti hennar við Alþingi. Eins og ég sagði í upphafi höfum við í fjárln. haft mikil samskipti við Ríkisendurskoðun. Við höfum sent þeim fjáraukalagafrv. til umsagnar og fengið frá þeim skriflegar umsagnir um það sem hafa hjálpað okkur í starfinu og við höfum notið margvíslegrar aðstoðar við vinnslu fjárlagafrv. Við höfum kallað þá til viðræðu til að gera grein fyrir fjölmörgum skýrslum sem varða fjárhagsmálefni. Hins vegar hefur oft komið fram hér í umræðum eins og kom fram hjá hæstv. forseta áðan að niðurstaðan af þeim viðræðum, t.d. við fjárln., birtist ekki á þingskjali og er ekki til umræðu sem niðurstaða Alþingis. Það mætti auðvitað hugsa sér að t.d. við í fjárln. tækjum okkur á og gæfum út álit á skýrslum. Ég hef oft hugleitt þessi mál en hins vegar höfum við veigrað okkur við að gera þetta meðan ekki eru skýrar reglur um meðferð þeirra álita í þingsköpum og þá skýrar reglur um hvað er hvers. Það hefur verið rætt hér í hv. Alþingi að setja sérstaka nefnd á fót sem taki skýrslur Ríkisendurskoðunar formlega fyrir, skili um þær áliti sem yrði þá tekið til umræðu hér í Alþingi og sé þá niðurstaða þingsins um hvað beri að gera í framhaldi af þeim upplýsingum sem koma fram. Ég held að það sé nauðsynlegt og ég styð þá vinnu forsn. sem hnígur að þessu og vildi ekki láta hjá líða, um leið og ég lýsi ánægju minni með þau samskipti sem hafa verið við Ríkisendurskoðun, að minna á þetta.

Ég vil endurtaka að ég þakka fyrir hönd fjárlaganefndarmanna — ég veit að ég tala fyrir hönd þeirra, bæði stjórnar- og stjórnarandstöðu — að samskiptin við Ríkisendurskoðun hafa verið góð og gagnleg. Þó að alltaf megi bæta þau og gera þau markvissari þá er ég sannfærður um að sú breyting á sínum tíma að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi hefur orðið til góðs og breytt viðhorfum í stjórnsýslunni þó að ætíð verði að gera betur.

[14:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka forseta þingsins fyrir að flytja okkur skýrslu Ríkisendurskoðunar hún sýnir okkur enn einu sinni hve mikla þýðingu og mikið gagn við höfum af Ríkisendurskoðun og starfi hennar og hvernig hún styrkir allt eftirlitshlutverk Alþingis. Ég vil þó líkt og síðasti ræðumaður koma inn á það að ég tel að bæði þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar svo og þær stjórnsýsluendurskoðanir sem fram fara á vegum Ríkisendurskoðunar þurfi meiri umfjöllunar við af hálfu þingsins í nefndum. Ég er ekki svo sannfærð um að það þurfi að setja á fót enn eina nýja nefnd til að fjalla almennt um þessa skýrslur heldur ætti það að vera verkefni viðkomandi nefndar að fjalla um stjórnsýsluendurskoðun eftir eðli og efni þess sem um er verið að fjalla hverju sinni. Þá vantar líka að mínu viti að löggjafarvaldið og þingmenn fylgi betur eftir þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum Ríkisendurskoðunar. Þetta eru oft mikilvægar og gagnlegar ábendingar þar sem stundum kemur fram gagnrýni á ýmsa þætti í störfum framkvæmdarvaldsins og mér finnst það ætti að vera meira hlutverk þingsins, þingmanna og þingnefnda að fylgja því betur eftir að ábendingar Ríkisendurskoðunar komist til framkvæmda.

Ég nefni aðeins eitt dæmi hér af því að á það er bent í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem við höfum hér til umfjöllunar. Þar er verið að vitna í þær stjórnsýsluendurskoðanir sem fram fóru á árinu 1996 og þar var m.a. skýrsla um fjárhagsstöðu byggingasjóðanna. Hér telur Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að nefna hina alvarlegu stöðu sem blasir við Byggingarsjóði verkamanna og segir að útreikningar bendi til þess að í hann hafi vantað um 4–5 milljarða kr. á sl. ári. Ég hefði talið fulla ástæðu fyrir t.d. hv. félmn. að fara rækilega ofan í þá skýrslu og skoða þá alvarlegu athugasemd sem þarna kemur fram varðandi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna, sem á sér veigamikla skýringu í því að á undanförnum tveimur til þremur árum hafa verið skorin verulega niður ríkisframlög til byggingarsjóðsins, yrði þá fylgt eftir af hálfu félmn. Þetta er ein ábending en það eru fleiri sem mætti nefna sem mér finnst að eigi að vera hlutverk þingnefnda og þingmanna að fylgja eftir.

Eins og ég sagði áðan eru þær eftirlitsstofnanir sem Alþingi hefur mjög mikilvægar, en þær eru náttúrlega fyrst og fremst Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis. Þingmenn verða að geta treyst meira og meira á vinnu sem þar fer fram. Núna er æ meira gerð krafa um opnara stjórnsýslukerfi og að það sé gagnsætt. Því er mikilvægt að stjórnsýslan sé opin, þar sé unnið fyrir opnum tjöldum og að þingmenn, fjölmiðlar og almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um alla þætti stjórnsýslunnar. Mér finnst, virðulegi forseti, skjóta nokkuð skökku við þegar við erum að styrkja starf eftirlitsstofnana, opna stjórnsýsluna meira með stjórnsýslulögum, upplýsingalögum o.fl., að við erum að hverfa aftur í fortíðina varðandi það sem við sjáum þessa dagana og vikurnar þar sem verið er að loka stjórnsýslukerfinu með ákveðnum hætti. Þar á ég við hlutafélagavæðinguna og einkavæðinguna. Það var á fyrstu dögum þingsins að lögð var fram skýrsla af hálfu forsrh., sem ég ætla nú ekki að gera sérstaklega að umræðuefni en vonandi fáum við tækifæri til þess síðar, um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins. Þar kemur raunverulega fram, sem er mjög alvarlegt og forsn. og forseti þingsins hljóta að taka til alvarlegrar skoðunar, að það er verið að loka að miklu leyti fyrir aðgang þingmanna að upplýsingum um hlutafélög, og það hlutafélög sem eru kannski 100% í eigu ríkisins eins og ríkisbankarnir. Þar með er auðvitað verið að hefta það að alþingismenn og Alþingi geti haft eðlilega eftirlitsskyldu með hlutafélögum.

Ég tel ástæðu til að víkja að þessu hér, herra forseti, vegna þess að Ríkisendurskoðun fjallar í sérstökum kafla um áhrif upplýsingalaga á starfsemi Ríkisendurskoðunar og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Tekið skal fram að upplýsingalögin taka ekki til einkaaðila heldur aðeins stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga. Undir hugtakið einkaaðilar í þessu sambandi falla m.a. félög einkaréttarlegs eðlis eins og hlutafélög, sameignarfélög og ýmis almenn félög.“ Síðan kemur fram orðrétt, með leyfi forseta: „Sé rekstrarformi opinberrar stofnunar t.d. breytt í hlutafélagsform fellur hlutafélagið sem slíkt utan við gildissvið laganna eftir breytinguna.“ Ég er ekki viss um að þingmenn hafi gert sér grein fyrir því, þegar þeir voru að samþykkja upplýsingalögin, að með þeim ákvæðum sem þar koma fram næðu þau ekki til hlutafélaga sem væru í eigu ríkisins. Það er fjallað um hér í upplýsingalögunum, sem Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að gera að sérstöku umræðuefni í skýrslu sinni, takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna. Þar er ekki vikið einu orði að þessu varðandi hlutafélögin.

Þegar allshn. fjallaði um upplýsingalögin á sínum tíma kom aldrei fram að með hlutafélagavæðingunni væri verið að loka fyrir allt upplýsingaflæði til þingsins, til almennings

og fjölmiðla sem eftir því leita, þó að hlutaféð væri að fullu í eigu ríkisins. Ég sé ekki annað eins og Ríkisendurskoðun lýsir þessu máli hér en að það sé verið að loka á slíkar upplýsingar.

Ég vil spyrja forseta hvort hann telji ekki ástæðu til þess að forsætisnefnd ræði sérstaklega þá stöðu sem upp er komin nú varðandi hlutafélagavæðinguna og hvort ekki sé ástæða til þess að skoða með hvaða hætti er hægt við að bregðast. Það er margendurtekið í þessari skýrslu forsrh. að ráðherra er óheimilt og hann þarf ekki að gefa Alþingi upplýsingar um ákveðin atriði sem þar eru nefnd. Ef það er rétt, herra forseti, þá vil ég spyrja forseta þingsins hvort hann telji ekki ástæðu til þess að það verði opnað fyrir þetta með einhverjum hætti. Þarf að breyta lögum til þess að Alþingi hafi þarna eðlilegan aðgang? Eða, ég spyr um það því við erum hér að ræða Ríkisendurskoðun, ef þingið stæði frammi fyrir því að vera að beina til hæstv. viðskrh. eða samgrh. svo ég nefni sem dæmi ákveðnum óskum um upplýsingar varðandi starfsemi bankanna, varðandi starfsemi Pósts og síma og því yrði neitað af hálfu ráðherranna, geta þingmenn þá óskað eftir því að Ríkisendurskoðun afli viðkomandi upplýsinga? Að þingið fái þá þær upplýsingar sem ráðherrarnir neita að gefa gegnum Ríkisendurskoðun? Það er nefnilega alveg útilokað að með hlutafélagavæðingunni sé verið að loka alls staðar fyrir að þingmenn geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. En við munum fjalla um þennan þáttinn væntanlega síðar af því að ég geri ráð fyrir því að hún verði tekin, þessi skýrsla, til sérstakrar umræðu.

Ég vil líka segja, herra forseti, að ég tel að þó að lögin um Ríkisendurskoðun sem var breytt á síðasta þingi hafi verið til verulegra bóta og þar hafi vissulega verið að styrkja alla starfsemi Ríkisendurskoðunar, þá hefði ég viljað sjá t.d. í 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun að þingmenn hefðu beinni aðgang að Ríkisendurskoðun heldur en eingöngu gegnum forsætisnefnd. Ég tel að það væri mjög mikilvægt ef svo væri. En alla vega spyr ég að gefnu tilefni um þetta ákveðna atriði.

Ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þessa skýrslu. Ég vil þó ítreka að ég tel mjög mikilvægt að t.d. allshn. fjalli um hana og að það sé gert að föstum lið í starfi þingsins að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun og það sé þá gert af hálfu fagnefnda eins og efni standa til hverju sinni. Og ég spyr hæstv. forseta sem fylgir þessari skýrslu úr hlaði hvort við megum sjá t.d. núna þegar verið er að endurskoða þingsköpin, sem mér skilst að sé verið að gera, hvort þar verði komið einhverri meiri festu á það að þessar skýrslur verði ræddar og þeim fylgt eftir.

Hæstv. forseti nefndi í umfjöllun sinni um skýrsluna aðkeypta þjónustu hjá Ríkisendurskoðun sem virðist vera töluvert umfangsmikil. Ég er alls ekki að gagnrýna það. Það hefur verið samið við 28 endurskoðunarskrifstofur og eins og fram kom í máli hæstv. forseta er alveg ljóst að það þarf að borga miklu meira á tímann fyrir aðkeypta þjónustu heldur en gjaldið er raunverulega á tímaeiningu hjá Ríkisendurskoðun. Ég fagna því að það eigi að fara að taka upp þá nýbreytni sem ég held að sé til bóta að bjóða þessi verkefni út.

Að öðru leyti ítreka ég óskir mínar um svör frá hæstv. forseta um þá skýrslu sem hér er til umræðu.

[14:20]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Húsnæðisstofnun ríkisins, þá vil ég upplýsa hv. þm. um það að á sínum tíma fór félmn. rækilega yfir þessa skýrslu. Hún fékk á sinn fund fulltrúa Ríkisendurskoðunar og fulltrúa viðkomandi stofnunar, enda voru gerðar athugasemdir af hálfu Húsnæðisstofnunar við ýmislegt sem fram kom. Þar fórum við auðvitað alveg sérstaklega í stöðu Byggingarsjóðs verkamanna sem við höfum einnig gert þegar við höfum verið að fara yfir fjárlögin og ég tek heils hugar undir áhyggjur hv. þm. af þeirri stöðu. Nú er fram undan vinna við fjárlög næsta árs og þá munum við að sjálfsögðu skoða þennan lið enn einu sinni. Væntanlega mun nefndin eða í það minnsta stjórnarandstaðan ítreka áhyggjur sínar af þessu málefni.

Í þessu samhengi vil ég bara nefna það að ég tel mjög mikilvægt að fagnefndir þingsins fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar og kynni sér efni þeirra, ekki síst til þess að sjá hvaða athugasemdir er verið að gera og hverju þarf að fylgja eftir. Það er kannski ekki síst það sem snýr að okkur þingmönnum og kemur fram í þessari skýrslu að hér er auðvitað eitt og annað sem við sem eftirlitsaðili með framkvæmdarvaldinu eigum nú að fara ofan í og kanna hvort farið hefur verið eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar. Og þar vil ég auðvitað bæði nefna það sem fram kemur um Húsnæðisstofnun og sjúkrahúsin o.fl. Nú er komið að okkar þætti, hæstv. forseti.

[14:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem koma fram hjá formanni félmn. og efast ekki um að nefndin hafi farið yfir þessa skýrslu. En það sem ég átti við er að mér finnst þurfa að fylgja því betur eftir. Mér hefði t.d. í þessu tilviki fundist að félmn. hefði átt að skila aftur skýrslu um yfirferð sína á þessu máli til þingsins og mér finnst að það hefði líka átt að vera hlutverk nefndarinnar og fleiri nefnda sem fjalla um skýrslu og stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar að fylgja því þá eftir.

Við nefndum hér ákveðið dæmi varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Mér hefði fundist að það væri þá hlutverk félmn. í þessu tilviki að beina því til annaðhvort fjárln. eða viðkomandi ráðuneytis að fara ofan í og fylgja eftir þeim ábendingum sem koma fram varðandi stöðu sjóðsins svo við tökum það sérstaklega. Það voru auðvitað ýmsar aðrar ábendingar sem þarna komu fram varðandi stjórnsýsluendurskoðunina hjá Húsnæðisstofnun en mér finnst vanta að nefndirnar, ekki bara félmn., ég er að tala um nefndir þingsins almennt, fylgi ábendingum fast eftir. Ef þær telja ábendingar Ríkisendurskoðunar réttmætar, þá fylgi þær þeim ábendingum fast eftir til viðkomandi ráðuneytis og viðkomandi stofnana og Alþingi fái þá skýrslu um niðurstöðu nefndarinnar eftir að hún hefur fjallað um viðkomandi skýrslu Ríkisendurskoðunar.

[14:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar verið var að endurskoða lögin um Ríkisendurskoðun sl. vetur, þá var þetta nokkuð mikið rætt, einmitt hvernig ætti að fara með skýrslur Ríkisendurskoðunar og hvernig nefndir þingsins og hvaða nefndir þingsins ættu að koma þar að málum. Í rauninni er þarna eitt af því sem við þurfum að þróa svolítið betur í vinnubrögðum okkar.

Í fyrsta lagi þarf náttúrlega sjá til þess að farið sé yfir þessar skýrslur af viðkomandi fagnefndum. Ég hygg að fjárln. skoði flestar þessar skýrslur en fagnefndirnar þurfa að gera það líka þegar það eru málefni á þeirra sviði. Jafnframt þarf auðvitað að fylgja málunum eftir og mér vitanlega hefur það ekki verið gert að öðru leyti en því að í þessu tilviki varðandi húsnæðisnefnd höfum við sett athugasemdir til fjárln. og þá fyrst og fremst í umsögninni um fjárlagafrv. Og það verður náttúrlega að segjast eins og er að það hefur fyrst og fremst verið stjórnarandstaðan sem hefur verið að vekja athygli á hinni erfiðu stöðu Byggingarsjóðs verkamanna sem því miður virðist ekki vera tekið á í því frv. sem nú liggur fyrir um fjárlög næsta árs.

[14:25]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka virðulegum ríkisendurskoðanda og starfsliði hans fyrir þá skýrslu sem hér er til meðferðar og ég vil nú benda hv. þingmönnum á að hér er um að ræða starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1996, en ekki skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga. Það mál kemur á annan hátt fyrir þingið og þess vegna ætla ég auðvitað ekki að ræða efnislega þau ágrip sem eru hér eins og lítið sýnishorn af athugasemdum Ríkisendurskoðunar í hinum ýmsu málaflokkum.

Ég ætla að leyfa mér að fagna því að farið hefur fram endurskoðun á vegum bresku ríkisendurskoðunarinnar á störfum Ríkisendurskoðunar okkar. Ég hlýt hins vegar að gagnrýna það, hæstv. forseti, að sama dag og þessi starfsskýrsla er til umræðu er lögð á borðið til okkar skýrsla hinnar bresku endurskoðunar, National Audit Office of the United Kingdom. Ég hefði gjarnan viljað lesa hana alla í gegn en hlaut auðvitað að hlaupa yfir það sem er á íslensku, því að ég er einfaldlega fljótari að fara í gegnum það, þegar ég hafði hálftíma til að lesa það til þess að gera mér grein fyrir hver niðurstaðan væri.

Í stuttu máli ber að fagna þeirri niðurstöðu. Það er ljóst að ánægja er með störf Ríkisendurskoðunar í þeirra herbúðum og það er ekki lítið hrós fyrir hina íslensku Ríkisendurskoðun. Það kemur mér raunar ekki á óvart þar sem ég hef haft tækifæri til að fylgjast allvel með störfum hennar í nokkur ár.

Ég vil hins vegar leyfa mér, hæstv. forseti, að nota þennan tíma til þess að minna á það sem stendur hér á bls. 13 í skýrslunni sem eru niðurstöður frá hinni bresku endurskoðun, en það er kafli sem heitir Sértækar niðurstöður. Þar er kannski fyrst til að taka, og ég tel ástæðu til að þessar athugasemdir komi fram í þingtíðindum, að í grein sem hér er merkt 7 er bent á að „í einu mikilvægu atriði sé munur á uppbyggingu reikningsskila ríkissjóðs í Bretlandi og á Íslandi þó að segja megi að þau séu að þróast í svipaða átt, sérstaklega hvað varðar breytingar í átt að rekstrargrunni í Bretlandi".

Það sem vakti athygli mína er frekar þá seinni hlutinn: „Á Íslandi eru reikningsskil stofnana í A-hluta sett saman í einn ársreikning en í Bretlandi er gerður ársreikningur fyrir sérhvert ráðuneyti. Þessi munur endurspeglast m.a. í nokkrum mun á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun ríkissjóðs og hjá NAO" eða National Audit Office. Ég tel að hérna sé minnst á mikilvægt atriði vegna þess að ég tel að það sé miklu eðlilegra að hvert ráðuneyti fyrir sig sjái um sinn eigin ársreikning og sé ábyrgt fyrir honum. Ég held að það mundi t.d. vera miklu skýrara fyrir þingmenn til að fjalla um.

Nokkur önnur atriði ætla ég að gera að umræðuefni hér líka og þá helst það sem eru samskipti Ríkisendurskoðunar og Alþingis. Hér segir í grein sem merkt er nr. 22 að af samtölum við ríkisendurskoðanda, fjárln. og starfsmenn Alþingis sé það ljóst að Ríkisendurskoðun eigi góð samskipti við Alþingi og um þetta vitum við öll. Hins vegar er bent á að þrátt fyrir að ríkisreikningur ásamt áliti og skýrslu ríkisendurskoðanda sé formlega lagður fram til samþykktar á Alþingi, þá sé ekki til staðar neitt formlegt ferli sem tryggir að tekið sé tillit til ábendinga um annmarka og tillögur að leiðréttingum. Sannleikurinn er sá og það vitum við líka öll að það er allt of lítið gert af því, bæði af hálfu ráðuneytanna og hv. þingmanna, að fara nákvæmlega ofan í athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Það eru fjölmörg dæmi um það, þótt það sé kannski ekki fallegt að segja það, að lítið sem ekkert hefur verið gert með athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að þannig verði áfram haldið. Það ber að taka þær athuganir alvarlega og reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það sem þar er fjallað um.

Það lá nú við að það gæti valdið litlu brosi að líta í ágripin um hina ýmsu málaflokka í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar því að þingmenn hefðu mátt lesa betur þessi örstuttu ágrip sem eru auðvitað ágrip úr lengri skýrslum í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar áður en kastað var fram ýmsum fullyrðingum um fjárhæðir í umræðu hér í morgun um ástandið í heilbrigðiskerfinu. Ég er ansi hrædd um að þar hafi verið talað um tölur sem ekki komu alveg heim og saman við það sem stendur hér. Ég held nefnilega að það vilji brenna við að ráðuneytin kynni sér ekki allt of vel það sem Ríkisendurskoðun hefur að segja.

Ég vil hins vegar taka fram að hv. fjárln. hefur þann tíma sem ég hef setið þar tekið Ríkisendurskoðun og athugasemdir hennar grafalvarlega og átt við hana hið besta samstarf og ég vona að svo sé enn.

Ég fylgdist ekki af eðlilegum ástæðum með þeirri lagabreytingu sem fram fór á síðasta ári um Ríkisendurskoðun. En það er eitt atriði sem ég held að margir þeir sem komið hafa nálægt hv. fjárln. kannist við, þ.e. að borið hefur við að menn hafa gagnrýnt Ríkisendurskoðun fyrir að líta ekki einungis á endurskoðun á framkvæmd laga heldur jafnvel lögin sjálf. Ég skil að sumu leyti þær athugasemdir. Það eru auðvitað hárfín mörk milli þess að endurskoða framkvæmdarvaldið og síðan jafnvel löggjafarvaldið. En það er nú einu sinni svo og það hef ég margsinnis sagt að það er ákaflega erfitt fyrir Ríkisendurskoðun að stunda sína endurskoðun á framkvæmd fjárlaga án þess að líta til laganna sem þeir verða að sjálfsögðu að vinna eftir. Ég hef því aldrei séð neitt athugavert við það þó Ríkisendurskoðun benti á það sem hreinlega stenst ekki eða er æskilegt í lagasetningunni. En ég er ekki frá því að það þyrfti að skýra þessi mörk. Ég geri mér alveg grein fyrir að þau eru töluvert erfið. En það getur aldrei farið svo að Ríkisendurskoðun hljóti ekki að hafa skoðanir á lagasetningu ef hún er kannski mjög svo óheppileg fyrir ríkiskassann og þann hluta þjóðfélagsrekstursins sem þeir eiga að hafa eftirlit með.

Ég skal ekki hafa þessi orð mikið lengri. Ég þakka þó fyrir að hafa fengið að sjá skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar á sama degi og þessi umræða fór fram. Það var betra en ekki neitt og ég fagna þeirri skýrslu. Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til Ríkisendurskoðunar og starfsfólks hennar og setja fram þær óskir að samvinna milli Ríkisendurskoðunar og Alþingis haldi áfram að vera svo góð sem hún hefur

verið og ekki síst við fjárln., en umfram allt að menn hugi alvarlega að því að tryggja með lögum að eftirfylgni sé með skýrslum Ríkisendurskoðunar, að það verði sannarlega farið eftir athugasemdum hennar. Þá held ég að ýmsu væri betur borgið í okkar samfélagi.

[14:34]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. ræðumaður undirstrikaði nauðsyn þess að fara eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar og ég er honum alveg sammála um það. Þegar Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við einhverja ákveðna framkvæmd þá ber að taka tillit til þeirra. Hins vegar verður að hafa skýrt í huga að Ríkisendurskoðun markar auðvitað ekki pólitíska stefnu. Ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti á hverjum tíma gerir það. Ríkisendurskoðun á að draga fram afleiðingar slíkrar stefnu ef hún er slæm og hjálpa þingheimi til að átta sig á henni. Ríkisendurskoðun á að setja fram upplýsingar sem liggja til grundvallar stefnumótun, en það verður aldrei hlutverk Ríkisendurskoðunar að marka pólitíska stefnu, t.d. um Byggingarsjóð verkamanna eða aðra slíka hluti. Hún á að reiða fram upplýsingar um ákveðin atriði en síðan verður meiri hluti þingsins að draga sínar ályktanir af því og bera ábyrgð á þeirri stefnu sem mótuð er.

[14:36]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt að Ríkisendurskoðun á ekki að móta pólitíska stefnu. Það hefur hún ekki gert og getur þakkað guði sínum fyrir að bera ekki ábyrgð á þeirri stefnu sem þjóðfélagið er nú rekið eftir.

Það sem ég átti kannski við þegar ég talaði um áhrif eða öllu heldur áhrifaleysi Ríkisendurskoðunar á lagasetningu, þá átti ég fremur við þegar fyrir kemur — og það hefur komið fyrir, ekki síst í svokölluðum bandormum sem ég hef marggagnrýnt og eru ekki góð lagasetning — að ákvæði hreinlega stangist á, annað af tveim geti ekki staðist, alla vega rekist þau ekki saman. Það hlýtur að geta komið upp sú staða að jafnvel Ríkisendurskoðun verði að benda á slíka hluti. En ég er alveg sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni að vitaskuld mótar Ríkisendurskoðun ekki pólitíska stefnu hverju sinni.

[14:37]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það beri ekkert á milli okkar hv. þingmanna í þessu efni. Ég heyri að við lítum svipuðum augum á þetta mál. En umræðurnar hér á undan hafa verið athyglisverðar. Þær hafa sýnt að það vantar reglur hér um það hvernig nefndirnar taka á málum, þ.e. hvort fagnefndirnar eiga að gera það, fjárln. eigi að gera það í ríkara mæli eða hvort sérnefnd eigi að gera það. Það liggur fyrir að velja um þetta til þess m.a. að koma í veg fyrir að verið sé að stefna önnum köfnum starfsmönnum Ríkisendurskoðunar fyrir margar þingnefndir til þess að tala um sömu hlutina. Það hefur áreiðanlega gerst, t.d. í því tilfelli sem félmn. og fjárln. kalla á starfsmenn Ríkisendurskoðunar til að fara yfir skýrsluna um Húsnæðisstofnun. Ég hygg að báðar nefndirnar hafi gert það án þess að þær hafi gefið út nokkurt álit á málinu eftir á.

[14:38]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þeir sem hér hafa talað þakka ríkisendurskoðanda og starfsfólki Ríkisendurskoðunar fyrir mjög gott starf og fróðlega skýrslu sem við hv. þingmenn höfum haft tækifæri til þess að fara yfir á undanförnum árum, enn fremur hæstv. forseta fyrir mjög greinargóða og fróðlega skýrslu til þingsins.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að hlutverk Ríkisendurskoðunar er ákaflega mikilvægt. Það er eins konar lykilhlutverk við hvers konar eftirlit í stjórnkerfinu og ekki hefur dulist neinum að samskipti Ríkisendurskoðunar og Alþingis hafa farið vaxandi, sérstaklega með því að Ríkisendurskoðun er orðin sjálfstæð stofnun sem heyrir beint undir Alþingi. Og þess vegna er það svo að þingið og þingmenn hafa oft og tíðum leitað til Ríkisendurskoðunar um sérfræðilegt álit á mörgum sviðum og þetta samstarf held ég að hafi almennt verið til góða.

Það er þess vegna eðlilegt að við ræðum starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar við þetta tilefni hér sem raunar sýnir mjög vel fram á það mikla og umfangsmikla starf sem unnið er á vegum stofnunarinnar. Ég tel að þessi skýrsla sé mjög góð, nánast að öllu leyti, að öðru leyti en því að ég held að það hefði þurft og verið eðlilegt að henni fylgdu hin nýsamþykktu lög. Þó að þau hafi einungis verið í gildi á þessu ári, hefði verið eðlilegt, vegna þess að við ræðum þessa skýrslu m.a. í ljósi nýrra laga, og til bóta fyrir okkur og ekki síður aðra sem lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar að hafa hin nýju lög í þessari skýrslu og það væri kannski til athugunar að svo verði hér eftir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ég vil líka fagna því frumkvæði Ríkisendurskoðunar að leita eftir sjálfstæðu áliti bresku ríkisendurskoðunarinnar á starfsemi stofnunarinnar. Það er svo að Ríkisendurskoðun er í dálítið sérstæðri aðstöðu. Hennar hlutverk er að skoða og endurskoða starfsemi stofnananna en hins vegar er kannski dálítið vandséð hvernig eigi að fylgjast með starfsemi Ríkisendurskoðunar, hvort hún sé virkilega að vinna að þeim málum sem nauðsynlegt er og eðlilegt er og þess vegna held ég að það hafi verið mjög til bóta að fá þessa endurskoðunarskýrslu frá Bretunum. Og það sem er sérstaklega ánægjulegt er að hin virta breska ríkisendurskoðun fellir mjög jákvæða dóma um okkar íslensku Ríkisendurskoðun og það er hlutur sem við hljótum að fagna.

Veikleiki þessarar skýrslu Bretanna er tungumálaþröskuldurinn. Það kemur reyndar fram í skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar að þeir tala um að hann hafi háð þeim við endurskoðun á okkar ágætu stofnun. Þess vegna held ég að það sé athugandi sem kemur raunar fram í ábendingum frá þeim hér, til að mynda á bls. 11 í enska hluta skýrslunnar, að þeir benda bókstaflega á að mjög heppilegt væri að fram færi eins konar gæðamat eða gæðaeftirlit af hálfu óháðra aðila, hverjir sem það ættu nú að vera í okkar þjóðfélagi, sem gætu reynt að fara ofan í starfsemi Ríkisendurskoðunar. Ég held að þetta sé hlutur sem þurfi að skoða betur og athuga hvernig væri hægt að gera. Ég geri mér alveg grein fyrir vandanum sem þessu er samfara en engu að síður held ég að við hljótum að taka alvarlega ábendingu um gæðaeftirlit af þessu taginu frá bresku ríkisendurskoðunarskýrslunni.

Það eru tvö eða þrjú atriði sem koma fram í bresku ríkisendurskoðunarskýrslunni sem ég hefði áhuga á að ræða aðeins frekar. Það er í fyrsta lagi það sem hér hefur verið mjög til umfjöllunar sem er eftirfylgnin með skýrslum Ríkisendurskoðunar. Við þekkjum að Ríkisendurskoðun leggur fram mjög greinargóðar og ítarlegar skýrslur sem við höfum verið að fjalla um með ýmsum hætti í þinginu.

Með nýjum lögum er kveðið á um það í 11. gr. að ef Ríkisendurskoðun ákveði að beita skoðunarheimildum sín-

um, þá skuli stofnunin gera fjárln. og þeim þingnefndum sem viðkomandi málaflokkur fellur undir grein fyrir niðurstöðum sínum. Það er mjög til bóta að setja þetta inn í lagatextann, en engu að síður er það þannig að það er ekki alveg skýrt hvernig þetta á að bera að. Er það þannig að viðkomandi fagnefnd og fjárln. eiga að kalla eftir þessu frá Ríkisendurskoðun eða á það að gerast þannig að Ríkisendurskoðun, um leið og hún leggur fram sínar skýrslur, óski eftir því að koma á fund viðkomandi þingnefnda og fjárln. og gera þeim grein fyrir málinu? Síðan er það líka spurningin um það sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Það er auðvitað alltaf þessi hætta á tvíverknaði, þ.e. hvort eðlilegt sé að þetta fari þannig fram að viðkomandi fagnefnd og fjárln. fari sameiginlega ofan í málið eða hvort það eigi að fara fyrst fyrir fjárln. eða fyrst fyrir fagnefndina og þessi mál rædd sitt í hvoru lagi. Þetta er líka nokkuð sem við þurfum í þinginu að gera upp við okkur og það sem kannski stendur upp úr þessari umræðu er að það skortir nokkuð á hjá okkur sjálfum, almennum og óbreyttum þingmönnum, að við komumst að niðurstöðu um það hvernig við viljum að þetta sé gert. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við reynum að festa þetta mál betur í sessi og fjalla um það hvernig við viljum að þessi endurskoðun fari fram.

Ég þekki það, a.m.k. af reynslunni frá samgn., að við höfum verið að leita eftir því hjá Ríkisendurskoðun að fara ofan í einstök mál og auðvitað hefur greiðlega verið tekið við því. Ríkisendurskoðun hefur sérstaklega verið að fara ofan í framkvæmdamálaflokka eins og flugmálaáætlun og hafnaáætlun. Hún er núna að vinna að málum varðandi vegagerðina og næsta miðvikudag verður einmitt fundur þar sem Ríkisendurskoðun kemur fyrir samgn. og gerir grein fyrir niðurstöðum varðandi flugmálaáætlunina. En þetta er hlutur sem við þurfum að ræða dálítið frekar.

Bretarnir benda á það í sinni skýrslu, ég vek athygli á því, að þeir telja að eðlilegt sé að við færum að líkt og gert er í breska þinginu þar sem farið er fyrir tiltekna nefnd, sem heitir Committee of Public Accounts, sem eftir því sem ég skil þessa skýrslu tekur skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar til sérstakrar meðferðar. Ég sakna þess dálítið í þessu breska plaggi hérna að ekki er nægilega vel gerð grein fyrir því hvernig það er gert í breska þinginu. Mér er það alls ekki ljóst. Það er vísað til þess og boðið upp á að íslenskir þingmenn komi á fund breska þingsins og kynni sér þessa starfsemi, en ég hefði talið að það hefði verið heppilegt ef Bretarnir hefðu okkur grein fyrir því hvernig þetta færi fram í breska þinginu því að það er hlutur sem við hljótum m.a. að horfa til.

Ég get alveg tekið undir það sem hér hefur verið sagt, að dálítið hefur vantað upp á að þingmenn og þingnefndir færu skipulega í að fylgjast með því hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar í einstökum málum. Það er allur gangur á því hvernig það mál vinnst fram. Við gerðum smá tilraun til þess á sínum tíma þegar ég sat í fjárln. að fara ofan í málin skipulega, tókum skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, skrifuðum þeim stofnunum þar sem aðfinnslurnar höfðu verið mestar og óskuðum eftir því að gerð yrði grein fyrir því hvernig þær hefðu brugðist við þessu. Svörin voru á ýmsa lund, en það var greinilegt samt sem áður að stofnanirnar höfðu almennt tekið tillit til þess sem Ríkisendurskoðun hafði verið að gera og ég varð mjög var við það í stjórnsýslunni að þegar athugasemdir Ríkisendurskoðunar koma fram, hvort sem þær eru formlegar eða einungis við endurskoðun ársreikninga fyrirtækjanna, þá bregðast stofnanirnar yfirleitt mjög hart við. Þær taka það mjög alvarlega þegar Ríkisendurskoðun finnur að.

Á bls. 10 í enska hlutanum er einmitt vakin athygli á því, og er byggt á samtölum við starfsmenn Húsnæðisstofnunar sem hér var m.a. til umræðu, að Ríkisendurskoðun hefði gert einar 70 athugasemdir eða ábendingar við starfsemi Húsnæðisstofnunar. Þegar farið hefði verið að skoða þetta hefði Húsnæðisstofnun þegar tekið tillit til 58 af þessum 70 athugasemdum. Og þetta segir þá sögu að stofnanirnar í stjórnsýslunni taka athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar alvarlega og þetta gerist þrátt fyrir að ekki hafi verið nein formleg eftirfylgni af hálfu Ríkisendurskoðunar í þessu máli eins og þarna segir, heldur var það einungis svo að stofnunin tók þetta mál sjálf upp og brást við í 58 af 70 tilvikum og það verður náttúrlega að teljast viðunandi árangur.

Ég vil líka aðeins koma inn á eitt sem ég held að sé dálítið mikilvægt. Þó að ég sé alveg ósammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það mál, þ.e. um hlutafélagavæðinguna, þá ætla ég ekki að gera það að umræðuefni vegna þess að það heyrir ekki undir þessa skýrslu hér. En það er rétt sem kemur fram í ábendingu bresku ríkisendurskoðunarinnar að aukin hlutafélagavæðing, einkavæðing og formbreyting ríkisstofnana og verkefnatilfærsla frá ríkinu til einkaaðila kallar á vissan hátt á nokkra breytingu. Það hefur verið þannig að Ríkisendurskoðun hefur falið einstökum aðilum endurskoðun á ríkisfyrirtækjum og stofnunum og hefur til þess fullt vald og ég tel að það sé mjög eðlilegt, tel reyndar að það sé mjög skynsamlegt af Ríkisendurskoðun að leita víðar fanga í sérfræðiþekkingu og held að það sé alls ekki dýrara nema en síður sé vegna þess að auðvitað verður að verðleggja tíma Ríkisendurskoðunar eins og endurskoðun er almennt verðlögð. Annað er óeðlilegt. Ég held hins vegar að þetta kalli eins og réttilega er bent hér á á breyttar aðferðir og í því sambandi er ég sammála því að útboðsleiðin sé skynsamlegust. Þess vegna vil ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. forseta, að verk í þessa veru er þegar hafið hjá Ríkisendurskoðun. Ég held að það sé mikilvægt að reynt sé að vanda sem mest til þessa til að tryggja jafnræði í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fjalla frekar um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég ítreka að ég tel að hún sé eins og vænta mátti frá þessari stofnun vel unnin og skynsamlega upp sett. Ég fann einungis að því að mér fannst skorta að í þessari starfsskýrslu væru birt sérstaklega núna hin nýju lög sem væru þá aðgengileg fyrir þá sem vildu kynna sér starfsemi stofnunarinnar. Að öðru leyti ítreka ég að ég tel að mikilvægi þessarar stofnunar sé ótvírætt og hún gegni lykilhlutverki í allri stjórnsýslu og stjórnsýsluendurskoðun hér á landi.

[14:50]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta Alþingis og Ríkisendurskoðun fyrir þá skýrslu sem hér er til umfjöllunar. Ég sakna þess hins vegar satt að segja að ekki skuli vera fleiri hér á vettvangi en raun ber vitni. Engu að síður hafa allmargir tekið til máls. En það er nú einhvern veginn þannig að umræður um fjármál ríkisins, þ.e. umræður um ríkisreikning og það sem liðið er eru ekki mjög miklar að jafnaði nema eitthvað sérstakt sé sem sást best á því að einungis voru

tveir í salnum í morgun fyrir utan forseta þegar rætt var um ríkisreikning fyrir árið 1996 við 1. umr. En það ber því e.t.v. vitni að þetta sé nú allt í miklum sóma og mjög góðu lagi eins og í rauninni kemur fram í starfsskýrslu ríkisendurskoðanda sem betur fer.

Hér hefur verið farið nokkuð yfir það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar er um mjög gagnlegar upplýsingar að ræða um marga hluti og nauðsynlegt fyrir okkur þingmenn að gæta vel að því sem þar kemur fram. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir okkur að fjalla dálítið um formið á þessu, þ.e. hvaða fyrirkomulag eigi að hafa á endurskoðuninni almennt. Að vísu markar löggjöfin það nokkuð skýrt en engu að síður þurfum við að ræða það í hvert sinn sem skýrslan kemur fram. M.a. hafa spunnist hér umræður um hvaða verklag skuli hafa við þetta og þá sérstaklega hvernig eigi að meðhöndla þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun gefur út, hverjir skuli fjalla um þær og hvernig því sé háttað. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að við þurfum að gera þá breytingu sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þingmönnum, að sérstök nefnd fjalli um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ég tel eins að eðlilegt sé að fjárln. fjalli um ríkisreikninginn og þá skýrslu sem kemur fram um ríkisreikninginn hverju sinni frá Ríkisendurskoðun og sömuleiðis fjalli fjárln. um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga. Á hinn bóginn tel ég að starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og stjórnsýsluúttektum Ríkisendurskoðunar eigi að vísa til sérstakrar nefndar sem fjalli um þau málefni. Ég tel að það sé eðlilegri gangur vegna þess að e.t.v. er Ríkisendurskoðun m.a. að fjalla um vinnu og tillögur fjárln. um tiltekin atriði við fjárlagagerðina, þegar fjallað er um og farið ofan í tilteknar stofnanir og meðferð fjármuna. Ég tel því eðlilegt að þarna rekist ekkert á, að eðlilegast sé að sérstök nefnd fjalli um þær skýrslur sem varða stjórnsýsluúttektir. En þarna þurfum við að fikra okkur áfram og reyna að koma þessu í styrkara horf. Ég tel að vinnubrögð Ríkisendurskoðunar marki þarna mjög vel veginn því að eins og breska skýrslan sýnir og þar segir þá er mjög vel haldið á málum hjá hinni íslensku Ríkisendurskoðun og því ber að fagna. Það er mjög mikilsvert fyrir Alþingi að sá dómur sé kveðinn upp.

Hins vegar þurfum við á sama hátt að líta mjög rækilega yfir þær ábendingar sem breska ríkisendurskoðunin setur fram. Ekki er um að ræða veigamiklar athugasemdir heldur fyrst og fremst ábendingar þeirra sem best þekkja til þess hvernig eigi að standa að þessum málum, um það hvernig megi bæta hlutina.

Ég vil aðeins nefna það sem reyndar kemur fram í þessum skýrslum, að ég tel að það sé til bóta sem Ríkisendurskoðun hefur gert, að fela sjálfstætt starfandi endurskoðunarfyrirtækjum að vinna að tilteknum verkum í umboði Ríkisendurskoðunar. Ég tel að það eigi í auknum mæli, eftir því sem við verður komið, að gerast með útboðum á þeim verkefnum þannig að sem allra besti bragur sé á þessu öllu saman og reynt sé að dreifa þessum viðfagnsefnum. Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að auðvitað þarf hins vegar að standa þannig að verðlagningu og öðru að Ríkisendurskoðun verðleggi sína vinnu eins og gerist hjá sjálfstætt starfandi aðilum þó að öll aðstaða sé lögð til af hálfu ríkisins.

Í sambandi við þetta vil ég nefna eitt atriði sem ég tel að sé afar mikilvægt að skoða og verður e.t.v. til meðferðar í næstu skýrslu Ríkisendurskoðunar. Eins og hv. þm. muna e.t.v. eftir, var lögum um fyrirtækið Landsvirkjun breytt á síðasta þingi. Í þeirri löggjöf var m.a. gert ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun gæti með tilteknum hætti komið að fyrirtækjum sem eru að hálfu í eigu ríkisins og þar af leiðandi fellur hið ágæta fyrirtæki Landsvirkjun undir þá skilgreiningu. Nú veit ég, og það kom reyndar fram þegar verið var að fjalla um frv. um Ríkisendurskoðun í þeirri sérnefnd sem hafði það með höndum, að það komu fram athugasemdir frá meðeigendum ríkisins hvað þetta varðaði. Þær athugasemdir eru uppi á borði enn, bæði hjá sveitarfélögunum sem eru meðeigendur ríkisins að Landsvirkjun og sömuleiðis hjá öðrum sem tengjast því fyrirtæki og eru þar í stjórn. Ég held að það þurfi að hafa afar skýrar reglur þarna og eðlilegt sé að ríkisendurskoðandi móti þær vinnureglur eins og lög gera ráð fyrir og það liggi alveg klárt fyrir á hvaða nótum eigi þarna að vinna því mjög mikilvægt er að ekki sé tekið fram fyrir hendurnar á mönnum í þessum efnum þó að stórir og mikilvægir meðeigendur ríkisins að fyrirtækjum eigi í hlut. Þetta vildi ég nefna að gefnu tilefni.

Aðeins að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja vegna þess sem hér hefur verið aðeins nefnt, m.a. af hv. 12. þm. Reykv., að ekki væri mikið gert með það þó að Ríkisendurskoðun væri að gera athugasemdir. Það kann vel að vera að í einhverjum tilvikum sé svo. En ég vil minna á að fjárln. hefur tekið upp athugasemdir Ríkisendurskoðunar að sjálfsögðu, athugasemdir við fram komin frv., m.a. frv. til fjáraukalaga alveg sérstaklega, bæði uppsetningu þeirra og athugasemdir um efnisatriði þannig að eins og vera ber, þá þarf að taka tillit til athugasemda.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir fyrir ágæta skýrslu og ekki síst fyrir það merkilega framtak sem ríkisendurskoðandi stóð fyrir er hann kallaði til bresku ríkisendurskoðunina til þess að veita góð ráð og meta starfið hjá Ríkisendurskoðun sem fær býsna góða dóma.

[15:00]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hv. síðasti ræðumaður á sæti í forsn. tók ég vel eftir þeirri skoðun sem hann setti fram um hvernig hann teldi að þingið ætti að standa að því að fylgja eftir þeim ábendingum sem fram koma frá Ríkisendurskoðun. Ég tók eftir að hv. þm. mælir með því að sérstök nefnd á vegum þingsins fjalli um stjórnsýsluendurskoðanir sem fram fara á vegum Ríkisendurskoðunar. Í mínum huga er efi að það sé rétt og ég hefði frekar talið að fagnefndirnar, hver á sínu sviði, ættu að fjalla um stjórnsýsluendurskoðanirnar. Þess vegna vil biðja hv. þm. um að færa fram rök fyrir því af hverju það ættu ekki að vera fagnefndirnar sem slíkar og af hverju ætti að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um allar stjórnsýsluendurskoðanirnar, alveg sama út á hvað þær ganga.

Síðan skildi ég ekki alveg athugasemd hv. þm. við það ákvæði sem nokkuð var umdeilt á síðasta þingi, þ.e. ákvæði sem snýr að möguleikum Ríkisendurskoðunar til þess að geta komið að endurskoðun fyrirtækja eins og Landsvirkjunar. Ég hefði viljað fá fram nánari skýringu á því hvort hann sé á móti því að slíkt ákvæði sé inni í lögum um Ríkisendurskoðun að Ríkisendurskoðun hafi þann möguleika sem opnaðist með lögunum á síðasta þingi.

[15:02]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki á móti ákvæðinu um endurskoðun hjá fyrirtækjum að hálfu í eigu ríkisins. Ég vakti hins vegar athygli á því að meðeigendur ríkisins í tilteknum

fyrirtækjum voru og eru að ég tel á móti þessu og ég hvatti til þess að þarna yrði staðið þannig að málum að alveg lægi klárt fyrir hvernig það ætti að gerast.

Hvað varðar það að skýrslur, m.a. stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar, fari til einnar nefndar eru rökin sem ég færi fyrir þeirri skoðun minni þau að ég tel ekki ástæðu til þess að dreifa því verki um allar jarðir í þinginu heldur fyrst og fremst að tvær nefndir, annars vegar fjárln. fjalli um skýrslur Ríkisendurskoðunar um fjárreiður ríkisins, þ.e. ríkisreikninginn og framkvæmd fjárlaganna, og síðan sé eins konar „kontrólnefnd" eins og þær eru kallaðar á Norðurlöndunum sem fer yfir aðrar skýrslur sem berast frá Ríkisendurskoðun. Ef slík nefnd væri vel mönnuð gæti hún tekið það verk að sér að skoða slíkar skýrslur sem kæmu fram.

Það vakti athygli mína og var út af fyrir sig mjög merkilegt mál sem kom fram í upphafi umræðu um breytingar á lögum um umboðsmann barna að lögin gerðu ráð fyrir því að sú skýrsla kæmi til meðferðar þingsins. Það er mjög athyglisverð tillaga þó að hún eigi ekki að koma inn í umræður í andsvörum. En rökin eru þau að hafa þetta alveg kláran farveg en ekki að verið sé að deila um það til hvaða fagnefndar viðkomandi skýrsla eigi að fara.

[15:04]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að það sé hlutverk fjárln. að fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar um fjárreiður ríkisins og framkvæmd fjárlaga. Hún hefur til þess besta þekkingu. Með sama hætti tel ég að fagnefndir eigi að fjalla um þau svið sem heyra undir þær. Málefni sjúkrahúsa o.s.frv. eigi heilbrn. að fara yfir og tel ég að við munum ná miklu meiri árangri með því. Oft velst í nefndirnar fólk með sérþekkingu á þessu sviði og þess vegna tel ég að það væru miklu betri fagleg vinnubrögð ef það yrði gert svo. Auðvitað þurfa ekki að vera neinar deilur um það ef það yrði ákveðið og fastsett í þingsköpum að málin skuli vera með þeim hætti. Af því að menn hafa verið að tala um tvíverknað — að fjárln. sé oft og tíðum líka að fjalla um þessar skýrslur, þá gætu þetta verið fagnefndirnar ásamt fulltrúum fjárln. sem fjölluðu um þetta. En ég tel að málin fengju faglegri umfjöllun ef fagnefndir, hver á sínu sviði eftir efni máls, fjölluðu um þessar skýrslur.

[15:05]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki tími eða tök til að fara nákvæmlega ofan í þetta atriði. En ég tel eðlilegra þegar kemur fram skýrsla frá Ríkisendurskoðun þar sem gerðar eru ákveðnar athugasemdir t.d. við rekstur tiltekinnar stofnunar vegna stjórnsýsluathugunar eða ábendingar um breytingar sem þarf að gera að ein nefnd fjalli um það og beini síðan með ályktun ábendingum og tillögum um breytingar til þeirra aðila sem málið varðar. Þannig hef ég hugsað að þetta gerðist.

[15:06]

**Útbýting þingskjala:**

Málefni skipasmíðaiðnaðarins, 169. mál, fsp. SJS, þskj. 169.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 171. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 171.

Rannsóknir á lífríki sjávar, 168. mál, fsp. MF, þskj. 168.

[15:07]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að því máli sem hv. síðustu ræðumenn skiptust á skoðunum um til að byrja með, þ.e. hvernig mætti fara með skýrslur Ríkisendurskoðunar og ríkisreikninga. Ég held að út af fyrir sig sé ágætt að það sé rætt í þessari umræðu þó fjallað hafi verið um það víða. M.a. var það mál rætt á þeim vettvangi sem á undanförnum árum hefur fjallað um hugsanlega endurskoðun á lögum um þingsköp Alþingis. Þar hafa menn staldrað við að til verði sérstök nefnd, sjálfstæð nefnd, ríkisreikningsnefnd, sem fái ríkisreikninginn og skýrslur Ríkisendurskoðunar til meðferðar og hafi þá lagalegu stöðu að geta leitað til þeirra stofnana sem í hlut eiga og gerðar eru athugasemdir við, innt þær eftir því hvort ábendingum Ríkisendurskoðunar hafi verið fylgt eftir, hvort sem það er í ríkisreikningskýrslunni eða annars staðar. Að nefndin hafi þá stöðu að hún geti lagt málið t.d. fyrir viðkomandi fagnefndir ef hún vill en það sé ekki endilega skylda að þetta fari til viðkomandi fagnefnda. Viðkomandi nefnd, ríkisreikningsnefndin, geti afgreitt athugasemdir Ríkisendurskoðunar endanlega og sagt: Nefndin telur ekki ástæðu til að fjalla um það frekar. En hún geti líka lagt það fyrir þingið.

Það sem menn hafa verið að tala um er að hluta til blanda úr danska og norska kerfinu. Danska kerfið er að því leytinu til sjálfstæðara en það norska að þar er ekki um að ræða pólitíska skipun ríkisendurskoðandans. Í Noregi er um að ræða pólitíska skipun ríkisendurskoðandans sem er mjög óeðlilegt. Síðast var skipaður stjórnmálamaður í það verk og þó að það sé í alla staði hinn mætasti maður þá veikir það stöðu norsku ríkisendurskoðunarinnar. En sú danska er sterkari að því leytinu til að þar er um að ræða hóp endurskoðenda, einir sex menn sem hafa tiltölulega sterka stöðu, og þessir aðilar senda málin til viðkomandi fagnefnda. Ég held í rauninni að þetta sé það kerfi sem sé skynsamlegast og ég segi fyrir mig að ég tel að okkur sé í raun og veru til vansa að vera ekki búin að koma því á vegna þess að það er engin meðferð á þessum skýrslum, ekki nokkur meðferð á þessu. Ríkisendurskoðun er að framleiða skýrslur á skýrslur ofan, athugasemdir á athugasemdir ofan og það er varla nokkur hlutur gerður með þetta, það verður að segja það. Enginn farvegur er í þinginu eins og nú er og eftir að við lögðum niður yfirskoðunarmenn ríkisreikninga sem voru kjörnir samkvæmt stjórnarskrárákvæði til eins árs í senn og var í rauninni algerlega fráleitt og eldgamalt kerfi frá 1874 — sjálfsagt að leggja það niður — þurfti um leið að tryggja að einhver farvegur væri fyrir þessa vinnu. Það hefur ekki verið gert. Við hefðum átt að gera það fyrir löngu og engin ástæða er til að draga það neitt. Hins vegar sýnist mér staðan vera þannig af því það er komið þetta langt fram á kjörtímabilið að nýtt kerfi að þessu leytinu til geti varla tekið gildi fyrr en frá og með næsta kjörtímabili en þá verður að afgreiða þó á þessu kjörtímabili.

Þá kemur auðvitað spurningin um nefndaskipun þingsins. Við þurfum að fækka þingnefndum. Við þurfum að koma á kerfi sem er nokkurn veginn þannig að hver þingmaður sé í einni nefnd en ekki í fjölda nefnda þannig að menn geti sinnt verkum sínum og líka þessu verki, þessari nefnd sem hér er um að ræða. Það er tiltölulega einfalt að gera grein fyrir þeim hugmyndum hvernig á að fara að því að fækka þingnefndunum vegna þess að það er tóm vitleysa hvernig þessir hlutir eru þar sem menn ná ekki almennilega utan um

það að sitja í fjölda nefnda eins og þetta er núna og engin mynd á því.

Eins og aðrir kvaddi ég mér aðallega hljóðs til þess að kvitta fyrir það í þessum stól, af því ég hef stundum verið með þessi mál dálítið í umræðum áður, að ég tek eftir þessari skýrslu. Ég get tekið undir það með öðrum hér að ég tel að Ríkisendurskoðun fái góða einkunn í þessu plaggi, það er ekki hægt að neita því, og það er hægt að óska Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda til hamingju með það vegna þess að þessi stofnun, breska ríkisendurskoðunin, er einhver merkasta stofnun af sínu tagi í heiminum og er algjör brautryðjandi í þessum fræðum.

Eitt af því sem gerir bresku ríkisendurskoðunina sterka er það að hún er undir stjórn þingsins með ákveðnum hætti. Það er ákveðin sérstök nefnd, eins og ég var að tala um hér fyrir okkur — það má segja að hugmyndin um sérstaka ríkisreikningsnefnd sé bresk, og sú nefnd sem þar starfar hefur þá sérstöðu meðal allra nefnda í breska þinginu að hún er alltaf undir stjórn stjórnarandstöðunnar. Í þingsköpunum stendur að formaður ríkisreikningsnefndarinnar í breska þinginu sé alltaf úr stjórnarandstöðunni. Þar með er verið að undirstrika sérstöðu nefndarinnar og eftirlitsskyldu og eftirlitshlutverk hennar.

Margt í þessu breska nefndakerfi finnst mér ótrúlega skrýtið, m.a. hvað nefndakerfið í breska þinginu er losaralegt, en ég öfunda breska þingið af þessu fyrirkomulagi vegna þess að það undirstrikar hið lýðræðislega eðli og þingræðislega eðli stofnunar eins og ríkisendurskoðunar. Ég tel að það væri ekki fullnægjandi að þessi nefnd, ríkisreikningsnefnd eða einhver, að hún yrði eins og allar aðrar nefndir. Ég held að hún ætti að vera aðeins öðruvísi. Hún gæti verið fámennari og hún ætti líka að vera undir forustu stjórnarandstöðunnar þannig að ekki sé hætta á því að hún lúti þessum venjulegu meirihlutaákvörðunum, meirihlutavölturum, sem alltaf eru í gangi meira og minna í þessari stofnun af því höfum því miður enga hefð fyrir minnihlutastjórnir sem eru alveg hræðileg örlög fyrir Íslendinga en það er nú eins og það er.

Ég vek athygli á því að hér er um að ræða mjög merkilegar ábendingar um starfsemi Ríkisendurskoðunar. Ég hef því miður ekki átt kost á því að hlýða á alla umræðuna um málið í dag en ég geri ráð fyrir því að hv. alþm. hafi farið yfir þessar ábendingar, niðurstöðurnar, og forðast þess vegna að fara yfir það vegna þess að ég óttast að þar með væri ég að endurtaka eitthvað af því sem hefur verið sagt en mér finnst mjög margt gott í þessum ábendingum. Sumt væri hægt að gera strax eins og að betrumbæta framsetningu á þessum skýrslum, það er fornyrðislagssvipur á þeim, þetta er svona forntextavinnslusvipur. Myndvinnslutæknin hefur ekki haldið innreið sína í Ríkisendurskoðun og töflur og skýringamyndir eru t.d. allt of lítið notaðar. En það sem er aðallega gagnrýnt í skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar er skortur á eftirfylgni. Það kemur fyrir aftur og aftur í plagginu. Til að stytta mál mitt vil ég segja að ég tek undir þær ábendingar sem fram koma af hálfu bresku ríkisendurskoðunarinnar í þeim efnum og ég vek líka athygli á því hvað hún segir á bls. 17 í grein 24 um samskiptin við Alþingi, það er mjög mikilvægt sem þar kemur fram. Að lokum skora ég á forseta og forsn. að halda þannig á þessum málum að þessu verði fylgt eftir sem stendur hérna. Þetta eru ekki svo flókin mál að ganga í og fylgja eftir og svo þarf að breyta þingskapalögunum þannig að það verði til ríkiseikningsnefnd í síðasta lagi frá og með byrjun næsta kjörtímabils.

[15:15]

**Ólafur G. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls undir þessum lið um starfsskýslu Ríkisendurskoðendur. Ég met ræður þeirra allra þeirra þannig að þeir séu mjög jákvæðir í garð Ríkisendurskoðunar og ég held að það sé líka samdóma álit að Ríkisendurskoðun hefur sem stofnun verið að styrkjast og eflast á undanförnum árum. Það hefur orðið vegna stöðugrar endurskoðunar af hálfu stofnunarinnar sjálfrar á innra skipulagi og vinnuaðferðum og Alþingi hefur svo sem heldur ekki látið sitt eftir liggja með setningu nýrra laga á síðasta vori um Ríkisendurskoðun.

Aðeins örfá atriði vildi ég nefna sem komið hafa fram í máli hv. ræðumanna. Ég held að allir ræðumenn hafi talað um hvernig eigi að fylgja þessum skýrslum eftir og allir séu sammála um að það þurfi að finna þeim farveg. Þetta höfum við vissulega rætt áður í þinginu. Þetta hefur komið upp áður og ekki síst í fyrra þegar við ræddum einmitt um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1995. Þá kom það fram í máli nokkurra þingmanna og hv. þm. Svavar Gestsson sem hér var að ljúka máli sínu hefur oftar en einu sinni minnst á þetta atriði.

Ég er því algjörlega sammála að það þurfi að finna skýrslum sem lagðar eru fyrir Alþingi ákveðinn farveg. Hann er enginn í dag eins og komið hefur fram. Skýrslurnar eru lagðar fram, sumar þeirra ræddar og aðrar ekki. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar að það eigi að stofna ákveðna nefnd í þinginu til þess að fjalla um skýrslur sem lagðar eru fyrir þingið og það er ekki eingöngu starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar sem við erum þar að tala um. Aðrar skýrslur er lagðar fyrir þingið. Ég nefni skýrslu umboðsmanns Alþingis, skýrslu umboðsmanns barna, skýrslu Byggðastofnunar og svo fjöldi skýrslna sem koma frá einstökum ráðherrum. Það er ástæða til þess að öllum slíkum skýrslum verði vísað til þingnefndar sem svo kemur með sitt álit þannig að málið komi að nýju til meðferðar í þinginu.

Með þessu er ég ekki að mæla með að nefndum verði fjölgað, aldeilis ekki og ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni sem sagði áðan að það þyrfti að taka nefndakerfi þingsins til endurskoðunar og það verður áreiðanlega gert við þá endurskoðun sem nú stendur yfir á þingskapalögunum. Ég er sammála hv. þm. um að nefndum þarf að fækka en ekki fjölga þeim. Það hlýtur að verða meginviðfangsefnið.

Aðeins örfá orð um það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði í ræðu sinni. Hv. þm. taldi að það væri verið að loka stjórnsýslunni með ýmsum hætti ef ég hef tekið rétt eftir og átti fyrst og fremst við að með þessari svokölluðu hlutafélagavæðingu, þegar ríkisstofnanir væru gerðar að hlutafélögum og ríkið ætti eftir sem áður 50% eða meira eða væri jafnvel eini eigandinn í viðkomandi stofnunum sem væru gerðar að hlutafélögum, væri verið að loka fyrir upplýsingar sem Alþingi hefði áður haft. Þetta er rétt að vissu leyti. Póstur og sími hefur gjarnan verið tekinn sem dæmi um þetta. Meðan hann var hrein ríkisstofnun, þá var auðvitað hægt að fá upplýsingar með öðrum hætti en nú er hægt. Það er ljóst. En ég held nú að það megi segja að upplýsingalöggjöfin hafi fremur opnað fyrir upplýsingar en lokað á þær. Upplýsingalögin gilda vissulega eingöngu um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en ekki um löggjafarvaldið og ekki um dómsvaldið. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt. En um hlutafélög gilda hlutafélagalög sem eru á sviði einkaréttar.

Það er líka rétt. Og það gildir einu hvort ríkið á 50% eða meira eða þó ríkið eigi félagið í heild. Á vissan hátt takmarkar þetta aðgang að upplýsingum en ég held að segja megi að eftirlitsréttur Alþingis hafi verið að eflast, sérstaklega með hinni nýju löggjöf um Ríkisendurskoðun og ég nefni þar til sögunnar 2. mgr. 6. gr. hinna nýju laga um Ríkisendurskoðun þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila."

Þetta tryggir Ríkisendurskoðun beinan aðgang að þessum hlutafélögum og Ríkisendurskoðun er stofnun sem starfar beint á vegum Alþingis. Það er hins vegar í hendi ráðherra í þessum tilvikum sem fer þá með hlutafjáreign ríkisins í slíkum hlutafélögum, alveg hliðstætt og það er í hendi hlutahafafunda í hlutafélögum, að upplýsa það sem hann telur sér heimilt að upplýsa. Hann verður að hafa matið á því. En ég legg áherslu á að Ríkisendurskoðun hefur beinan aðgang að þessum hlutafélögum og ég held að það sé alveg ljóst að ef þessi hlutafélög væru að aðhafast eitthvað sem væri ekki við hæfi í félögum sem hið opinbera á, þá mundi Ríkisendurskoðun upplýsa það. Það hlyti hún að gera þannig að ég sé ekki að lokað hafi verið beint á upplýsingar, en þær berast öðruvísi en þegar um hreinar ríkisstofnanir er að ræða sem ekki eru hlutafélög. Þetta vildi ég nú segja um þetta atriði. Ég er þess vegna ekkert viss um að þetta kalli á neina sérstaka breytingu á gildandi lögum. Við höfum einmitt verið að opna þessa upplýsingagjöf með margs konar löggjöf á undangengnum árum að því er tekur til hins opinbera og það er af hinu góða alveg tvímælalaust.

Ég er nú búinn að tala um hvaða farveg eigi að fá fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og raunar aðrar skýrslur og hér hafa menn skipst á skoðunum um hvort þetta eigi að fara til fagnefnda þingsins eða til sérstakrar nefndar. Það er mín skoðun að þessar skýrslur eigi að fara til sérstakrar nefndar eins og ég sagði áðan.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir gagnrýndi það að skýrsla bresku ríkisendurskoðunarinnar hefði ekki verið lögð fyrir þingið fyrr en í morgun. Það má sjálfsagt gagnrýna það. En við erum hér fyrst og fremst að fjalla um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar en ekki beint um úttektarskýrsluna þó að vissulega sé tilefni til að ræða hana sérstaklega. Það hefði vissulega verið betra að geta dreift henni fyrr, en það var því miður ekki hægt. Það hafði fyrir löngu verið ákveðið að taka þetta mál til umfjöllunar á þessum degi. Það hefði sjálfsagt mátt breyta því svo sem líka.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi líka að henni þætti sem lítið væri gert með athugasemdir Ríkisendurskoðunar af hálfu ráðuneytanna. Ég er ekki alveg viss um að þetta sé rétt fullyrðing. Ég held að ráðuneytin yfirleitt taki mark á því sem kemur frá Ríkisendurskoðun og mér er vel kunnugt um það, bæði af veru minni í ráðuneyti og eins hér sem forseti Alþingis, að Ríkisendurskoðun fylgir því eftir. Hún gerir athugasemdir og sé ekki bætt úr, þá fylgir Ríkisendurskoðun því eftir. Það þekki ég mætavel og ég trúi ekki öðru en ráðuneytin yfirleitt og ríkisstofnanir fari að ábendingum Ríkisendurskoðunar. Það er svo hins vegar spurning sem mér þótti hv. þm. Guðrún Helgadóttir vera aðeins að velta fyrir sér, hvort Ríkisendurskoðun eigi að koma með beinar tillögur til viðkomandi ráðuneyta eða ríkisstofnana um hvað þessar stofnanir eigi að gera. Þetta ræddum við töluvert þegar við vorum að undirbúa frv. sem varð að lögum um Ríkisendurskoðun á liðnu vori og við vorum, held ég, sammála um að það væri ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar að koma með beinar tillögur um hvernig bæta ætti vinnubrögð. Aðrar stofnanir á vegum ríkisins gera það.

Ég get tekið undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að það hefði verið heppilegt að hin nýju lög hefðu fylgt starfsskýrslunni og kannski væri eðlilegt að prenta lögin um Ríkisendurskoðun með starfsskýrslunni yfirleitt þannig að menn hafi þau við hendina. Ég held að það væri vel til athugunar. Þau eru ekki svo langur lagabálkur.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki fleira sem ég þarf að taka fram eða að tilefni sé til vegna þess sem hér hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna. Ég ítreka þakkir mínar fyrir þær undirtektir sem starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar hefur fengið í þinginu.

[15:27]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykn. fyrir þessa umfjöllun um skýrslu Ríkisendurskoðunar og reyndar þeim þingmönnum sem lagt hafa orð í belg. Þetta eru mjög fróðlegar umræður.

Ég kveð mér hljóðs í andsvari vegna þeirra umræðna sem hafa orðið bæði núna og oft áður um farveg fyrir þessar skýrslur í þinginu þannig að þær yrðu teknar meira til umfjöllunar í nefndum sem e.t.v. yrði þá frekar til þess, sem menn hafa mikinn áhuga á, að teknar yrðu til athugunar þær athugasemdir og leiðbeiningar sem koma fram í þessum skýrslum, en þær eru reyndar býsna margar sem koma fyrir þingið. Menn hafa gjarnan tjáð sig um það hvernig þessu ætti að vera háttað og menn skiptast í tvo hópa með það. Sumir vilja að stofnuð verði ný nefnd eða sérstök nefnd sem fjalli um þetta og virðast þó um leið ekki vilja að það leiði til þess að nefndum í þinginu fjölgi. Ég er út af fyrir sig sammála því að það má fækka nefndum í þinginu, en við fækkum þeim nú ekki með því að stofna nýja nefnd og ég skil ekki alveg rökin á bak við það að það þurfi sérstaka nefnd. Mér finnst þau ekki hafa komið fram.

Ég er sammála því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði til málanna um að eðlilegt væri að vísa skýrslum til viðkomandi fagnefnda. Ég held að það væri miklu farsælli leið. Ég hef ekki alveg náð því hvaða rök liggja að baki því að sérstök nefnd eigi að fjalla um þetta og ég óska eftir því að hv. 1. þm. Reykn. skýri það nánar.

[15:29]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum kannski nokkuð upptekin af því sem við þekkjum í þjóðþingum í kringum okkur. Þar eru í flestum tilvikum sérstakar nefndir sem fá skýrslur hliðstæðar þessari til umfjöllunar. Ég sé heldur ekkert á móti því að við séum með sérnefnd í þinginu sem fái yfirleitt allar þessar skýrslur til meðferðar. Hluti af því sem kemur frá Ríkisendurskoðun á, eins og hér hefur komið fram, heima beint hjá fjárln. og mundi eftir sem áður fara þangað. Ég sé ekki fyrir mér að sérstök nefnd sem hefði með þessar skýrslur að gera og reyndar fleira, eins og t.d. þingskapalögin, yrði þjökuð af vinnuálagi. Við fáum ekki það margar skýrslur til þingsins þótt ég hafi tekið eftir því að þeim fer nokkuð fjölgandi frá einstökum ráðherrum og þá að beiðni þingmanna. Ég held að það mundi hafa í för með sér samræmd vinnubrögð í meðferð á skýrslum yfirleitt ef þær yrðu til umfjöllunar hjá sérstakri þingnefnd.

Ég ætla ekkert að útiloka hitt, að einstakar skýrslur ættu mjög vel heima hjá einstökum fagnefndum þannig að við hljótum að velta því fyrir okkur hvort það yrði ákveðin skylda samkvæmt breyttum þingskapalögum að allar skýrslur færu til sérnefndar eða hvort hægt væri að meta það að einstakar skýrslur ættu heima hjá fagnefndum. Ég vil halda því opnu á þessu stigi málsins alla vega.

[15:31]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykn. fyrir þetta svar. Ég er miklu sáttari við hugmyndina eftir að hann hefur orðað þetta svona. Ég tel, vegna þess að hann og fleiri hafa sýnt skilning á því að eðlilegt væri að sumar þessara skýrslna færu til umræðu í fjárln., og það finnst mér líka, að við hlytum líka að telja eðlilegt að ef t.d. fram kemur skýrsla eins og við höfum dæmi um hér, um starfsemi Húsnæðisstofnunar, þá fari hún til félmn. sem fjallar um þau efni. Þannig mætti sjálfsagt fleira telja upp.

[15:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst nú forseti þingsins að nokkru leyti taka undir með mér að það væri verið að takmarka eftirlitsmöguleika þingmanna við hlutafélagavæðingu að stofnunum og fyrirtækjum sem að hluta eða öllu leyti væru í eigu ríkisins. Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi upplýsingalögin að sé rekstrarformi opinberra stofnana breytt í hlutafélag fellur hlutafélagið utan við gildissvið laganna eftir breytinguna. Með öðrum orðum, að þrátt fyrir upplýsingalögin þá hefur almenningur, þingmenn eða fjölmiðlar, ekki sama aðgang að þessum stofnunum, í því tilfelli sem við höfum verið að ræða, bönkum og Pósti og síma, eins og hann hafði áður. Hæstv. forseti bendir að vísu á að Ríkisendurskoðun hafi þennan aðgang að hlutafélögum. Það er rétt. En þá bið ég hann að svara spurningu minni: Ef ráðherra neitar þingmönnum um upplýsingar um starfsemi þessara stofnana, geta þingmenn þá leitað beint eða í gegnum forsn. til Ríkisendurskoðunar og óskað eftir að hún afli þeirra svara sem ráðherrarnir neituðu að veita um einhver tiltekin atriði í starfsemi stofnunarinnar? Ég bendi á að í þessari skýrslu forsrh. er verið að tala um mikla takmörkun. Það er verið að tala um að t.d. þar sem ráðherra fer með hlut ríkisins, getur hann ákveðið hvaða málefni það eru sem geti talist viðskiptaleyndarmál. Honum er ekki skylt og honum er jafnframt óheimilt gagnvart félaginu að gefa Alþingi upplýsingar sem hann telur að leynt eigi að fara — sem hann telur að leynt eigi að fara — starfskjör o.s.frv. Ef hann telur að það eigi að fara leynt þá ber honum ekki að gefa upplýsingar um þetta. Og honum er óskylt að gefa upplýsingar um ríkishlutafélag sem ekki koma fram í ársreikningi. Ef það kemur ekki fram í ársreikningi þá er honum ekki skylt að gefa upplýsingar sem um er beðið. Þess vegna spyr ég bara beinnar spurningar: Geta þingmenn leitað til Ríkisendurskoðunar um að fá svör við fyrirspurnum um hlutafélög sem ráðherrar hafa neitað að veita?

[15:34]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum rætt það áður í þinginu hvað sé hægt að gera ef þingmenn eru ósáttir við svör ráðherra við einstaka fyrirspurnum. Ég held að það verði að vera alveg á hreinu að svör við fyrirspurnum frá einstökum þingmönnum sem ráðherrar gefa eru á ábyrgð ráðherrans sjálfs. Það er ekki hægt að ætlast til þess að t.d. forseti þingsins fari að krefja ráðherra um einhver önnur og betri svör, ef ég má orða það svo. Þetta er alltaf á ábyrgð ráðherrans. Það sem ég sagði hins vegar áðan var að um leið og ríkisstofnun er gerð að hlutafélagi, og við tökum enn dæmi um Póst og síma, þá vorum við að breyta lögunum um Ríkisendurskoðun sem opnaði miklu greiðari leið en áður var og hefði reyndar verið lokuð. Núna er alveg á hreinu að Ríkisendurskoðun hefur réttinn til að endurskoða þessar stofnanir. Það ber að gera tillögu um að Ríkisendurskoðun sé endurskoðandinn. Ríkisendurskoðun getur svo aftur með vísun til, ég held það sé 4. gr., framselt það endurskoðunarvald sitt til endurskoðunarstofu út í bæ en gerir það þó undir sínu eftirliti. Þetta er sem sagt í verkahring Ríkisendurskoðunar. Og eins og ég sagði líka áðan, ef það kemur eitthvað það fram við endurskoðun sem Ríkisendurskoðun telur óeðlilegt þá mun það koma í ljós. Því verður ekkert haldið leyndu, það mun Ríkisendurskoðun ekki gera. Ég fullyrði það.

[15:36]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. 1. þm. Reykn. ekki svara fyrirspurninni. Mér fannst hann blanda saman ólíkum svörum. Hann talar um að þó þingmenn séu ósáttir við svör ráðherra þá séu svörin á ábyrgð ráðherra. Gott og vel, en það er óskylt málefninu sem ég var að spyrja um. Nú geta ráðherrar borið fyrir sig hlutafélagavæðingunni og hreinlega ekki svarað viðkomandi spurningum og gert það í skjóli hlutafélagavæðingarinnar að þeir þurfi ekki að svara þingmönnum. Og af því að hv. þm. og forseti þingsins bendir á Ríkisendurskoðun, að hún sé komin með þennan aðgang og ef eitthvað óeðlilegt sé að gerast þá hljóti Ríkisendurskoðun að upplýsa það, þá nægir það bara ekki. Þingmenn gætu viljað spyrja um ákveðna hluti sem þeir fá ekki svör við hjá ráðherra. Ég spyr beint: Geta þingmenn þá leitað til forsetadæmisins um það að forsetadæmið beiti sér fyrir því að Ríkisendurskoðun afli þeirra svara sem ráðherra neitar að svara í skjóli hlutafélagavæðingarinnar? Ef þetta liggur ekki klárt fyrir þá held ég að óhjákvæmilegt sé að það sé alvarlega skoðað að breyta lögunum um hlutafélög í þá veru að þegar um er að ræða hlutafélög sem eru í eigu ríkisins að hálfu eða öllu leyti þá hafi þingmenn fullan og óskoraðan aðgang að starfseminni og þeim upplýsingum sem þeir telja nauðsynlegt að leita þar til þess að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni. Mér finnst ekki óeðlilegt, herra forseti, að við þingmenn óskum eftir atbeina meginforseta þingsins um að þingmenn hafi alla þá möguleika sem til eru til að geta sinnt eðlilega eftirlitshlutverki sínu.

[15:38]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi þá er nú enginn meginforseti í þessu þingi, það er bara forseti Alþingis.

Það er sjónarmið út af fyrir sig hvort Alþingi vill breyta lögunum um hlutafélög í þá veru sem hv. þm. nefndi. Það kemur kannski alveg til greina að ef hlutafélagið er að meiri hluta til í eigu ríkisins þá hafi það einhverjar aðrar skyldur en önnur hlutafélög. Það er mál sem við þurfum þá að ræða í þinginu og ég ætla ekki að tjá mig um hvort það sé eðlilegt. Skýrsla forsrh. um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins er auðvitað ekki hér til umræðu en við hv. þm. höfum sjálfsagt allir lesið hana.

Með leyfi forseta stendur hér á einum stað, það er í kaflanum um ákvæði ársreikningslaga. Það segir hér um ráðherrann, með leyfi forseta:

„Honum er hins vegar óskylt að gefa upplýsingar fram yfir þetta. Honum er því t.d. ekki skylt að gefa upplýsingar um sundurliðun einstakra útgjaldaliða með þeim hætti sem áður getur."

Svo kemur: „Honum er þetta heldur ekki heimilt gagnvart félaginu ef upplýsingarnar geta skaðað hagsmuni þess."

Þetta verðum við að hafa í huga þegar verið er að krefja ráðherra um svör við tilteknum atriðum. Við höfum heyrt röksemdir fyrir hlutafélagavæðingunni, m.a. í þá veru að þessar ríkisstofnanir muni ekki standast samkeppnina nema þær verði gerðar að hlutafélögum. Þetta höfum við heyrt í umræðunni á hv. Alþingi. Ég held að ráðherrann sem heldur á hlutabréfunum eða hlutabréfinu, eins og við þekkjum líka, verði að meta hvað honum er skylt að gera og svo hvort honum er yfirleitt heimilt að veita tilteknar upplýsingar sem beðið er um. Þetta verður viðkomandi ráðherra að meta.

## *Atvinnusjóður kvenna, fyrri umr.*

Þáltill. DH og ArnbS, 72. mál. — Þskj. 72.

[15:41]

**Flm. (Drífa Hjartardóttir):**

Herra forseti. Ég legg hér fram tillögu til þál. um atvinnusjóð kvenna á þskj. 72, 72. mál. Þessa tillögu legg ég fram ásamt Arnbjörgu Sveinsdóttur. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna.

Félagsmálaráðherra skipi tvo nefndarmenn, Byggðastofnun einn og Kvenfélagasamband Íslands einn og einn komi úr hópi atvinnuráðgjafa."

Atvinnumál kvenna í dreifbýli hafa verið nokkuð til umræðu síðustu ár. En í gær, 15. október, var alþjóðadagur dreifbýliskvenna. En eftir kvennaráðstefnuna í Peking í Kína var ákveðið að halda þennan dag hátíðlegan til að beina sjónum að aðstæðum kvenna í dreifbýli um allan heim. Í samþykkt kvennaráðstefnunnar í Kína segir m.a. í 167. kafla um aðgerðir til úrbóta, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld skulu greiða götu sjálfstæðrar atvinnustarfsemi kvenna og þróun smáfyrirtækja í þeirra eigu og efla aðgang kvenna að lánsfé og fjármagni á viðeigandi kjörum sem séu þau sömu og fyrir karla. Væri þetta framkvæmanlegt m.a. með því að auka veg stofnana sem helga sig sjálfstæðum atvinnurekstri kvenna. Þetta getur t.d. falist í því að efla veg óhefðbundinna lánsfjárleiða og samvinnufyrirkomulags um lánveitingar svo og að efla nýbreytni í myndun tengsla við fjármálastofnanir."

Með samdrætti í sjávarútvegi og landbúnaði hefur myndast þörf fyrir nýsköpun í atvinnumálum kvenna, nýsköpun sem byggir á fjölbreytni og sveigjanleika. Árið 1989 var gerð heildarúttekt á því hvernig atvinnumálum kvenna í dreifbýli væri háttað. Í kjölfar úttektarinnar var ljóst að úrbóta var þörf og var þá m.a. lagt til að konur sem hefðu verið atvinnulausar um tíma yrðu aðstoðaðar með námskeiðahaldi, að settir yrði á laggirnar kvennahópar og að þeir hópar kvenna sem þegar voru starfandi fengju aðstoð. Þá var lagt til að konur yrðu aðstoðaðar við að hefja rekstur lítilla framleiðslu- og þjónustufyrirtækja. Í framhaldi af þessu var stofnaður opinber sjóður sem sérstaklega var ætlað að styðja við og styrkja aðgerðir sem hefðu það að markmiði að efla atvinnutækifæri kvenna í dreifbýli.

Frá árinu 1991 hefur félmrh. veitt 20 millj. kr. á ári til styrktar atvinnumálum kvenna. Styrkur úr atvinnusjóði kvenna hefur án efa komið mörgum konum vel og styrkt búsetu á landsbyggðinni. Jafnvel hefur hann í mörgum tilfellum skipt sköpum um áframhaldandi búsetu þeirra í heimabyggð. Fé úr sjóðnum hefur verið veitt til margvíslegra verkefna víðs vegar um landið, m.a. til stofnunar fyrirtækja, ráðningar kvennaráðgjafa, námskeiðahalds og til að halda ráðstefnur um atvinnumál kvenna. Framlögum úr sjóðnum hefur einnig verið varið til verkefna á höfuðborgarsvæðinu nú hin síðari ár.

Frá fyrstu tíð hafa konur verið virkar á vinnumarkaði og atvinnuþátttaka þeirra hefur aukist jafnt og þétt hin síðari ár. Framlag þeirra hefur þó aldrei verið metið til jafns við framlag karla. Konur eru helmingur launþega og fjórðungur einyrkja og atvinnurekenda. Miðað við tölur frá árinu 1996 eru 23,7% karla en 10,8% kvenna sjálfstætt starfandi. Tölur þessar eru byggðar á vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og unnar úr fjögur þúsund manna úrtaki. Það er mikilvægt að fólk hafi trú á sínu byggðarlagi, það takist á við breyttar aðstæður og sé opið fyrir nýjum tækifærum. Farnar hafa verið ýmsar leiðir til atvinnuþróunar á landsbyggðinni og ein af þeim leiðum eru svokölluð átaksverkefni og leitarráðstefnur. Í átaksverkefnum felst að virkja íbúa í heimabyggð til að efla það atvinnulíf sem fyrir er og koma á fót nýrri atvinnustarfsemi. Í kjölfar átaksverkefnanna hafa margar góðar hugmyndir komist í framkvæmd vegna tilkomu atvinnusjóðs kvenna. Reynslan sýnir að þar sem konur eru virkir þátttakendur í leitar- eða átaksverkefnum hafa mörg kvennafyrirtæki verið stofnuð. Þetta hafa yfirleitt verið lítil fyrirtæki því konur eru þekktar að því að fara varlega af stað, offjárfesta ekki, þær taka einfaldlega minni áhættu. Þá hafa námskeið í stofnun og stjórnun fyrirtækja gefist mjög vel.

Byggðamál og byggðaþróun eru málefni allrar þjóðarinnar. Það skiptir okkur öll máli hvernig sú þróun verður í framtíðinni. Enginn vill að landbyggðin fari í auðn og togstreitu á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar á að leggja til hliðar. Við erum ein þjóð í einu landi og eigum að standa saman sem ein heild og þannig erum við sterkari til að takast á við allan heiminn. En það er staðreynd að byggðin í landinu hefur tekið örum breytingum á síðustu áratugum. Fólki hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu en fækkað nánast alls staðar á landsbyggðinni. Þessir búferlaflutningar utan af landi eru áhyggjuefni en að jafnaði hafa fjórir af hverjum tíu íbúum sem fjölgað hefur á höfuðborgarsvæðinu flutt af landsbyggðinni þegar litið er til áranna 1981–1995. Í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi var sagt frá því að 1.500 fleiri hafi flutt á höfuðborgarsvæðið utan af landi en af höfuðborgarsvæðinu út á land fyrstu níu mánuði ársins. Flestir fluttu af Vestfjörðum og Norðurlandi eystra og af einstaka sveitarfélögum er brottflutningur mestur frá Ísafjarðarbæ og Vestmannaeyjum. Þetta er mikið áhyggjuefni. En miklar breytingar, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, eiga sinn þátt í þessari þróun. Í sjávarútvegi hefur farið fram mikil uppstokkun og þróun. Aukin fiskvinnsla um borð í frystiskipum og sókn á fjarlæg mið ásamt endurskipulagi í landvinnslu og hagræðingu í rekstri hefur gert það að verkum að minnkandi þörf hefur verið fyrir mannafla í hefðbundinni landvinnslu. Í landbúnaði hefur ársverkum stöðugt farið fækkandi og útlit

er fyrir að sú þróun muni halda áfram um sinn. Afkoma bænda hefur versnað til muna síðustu ár og það er einnig mikið áhyggjuefni. Bændur tóku að fullu þátt í þjóðarsáttarsamningnum 1990 og færðu með því miklar fórnir. Þeir hafa orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu en afurðaverð til bænda hefur lækkað á árunum 1981–1996 frá 18% til 32%. Á sama tíma hefur dregið mjög úr stuðningi ríkissjóðs við landbúnaðinn. Bændur hafa hagrætt í búrekstri sínum eins og kostur hefur verið en nú er sá tími kominn að huga verður að bættum kjörum þeirra.

Herra forseti. Grundvallarbúið, þ.e. sú bústærð sem miðað er við í verðlagsgrundvelli búvöru, er 400 ærgildi í sauðfé og 440 ærgildi í nautgripum. Það er miðað við 22 kýr með geldneytum. Þessar bústærðir eru metnar á 1,6–1,8 ársverk. Þegar litið er til þróunar í sauðfjárrækt kemur í ljós að 42% bænda sem búa með hrein sauðfjárbú eru með færri en 100 ærgildi eða aðeins 1/4 af hinu svokallaða grundvallarbúi og aðeins fimm hrein sauðfjárbú eru með yfir 500 ærgildi. Í viðhorfskönnun meðal bænda sem unnin var af ÍM Gallup um mánaðamótin nóvember/desember á síðasta ári kom fram að 85% bænda eru ánægðir með starf sitt en þeir lifa ekki af ánægjunni einni saman því í þessari könnun kom einnig fram að 59% bænda voru óánægðir með kjör sín. Rúmlega 35% bænda eru með 150 þús. kr. í tekjur að meðaltali á mánuði. Um 17% heimilanna hafa lægri tekjur en 50 þús. kr. á mánuði. Aðeins 15% bænda hafa 300 þús. kr. eða hærri heildartekjur á mánuði af rekstri búsins. Miklar breytingar eiga sér nú stað í íslenskum landbúnaði, búum er að fækka en jafnframt eru þau að stækka. Tölur um fjölda kúabúa og tilfærslur á mjólkurkvóta milli bænda sýna það. Mjólkurframleiðendum hefur fækkað töluvert á landinu en nú eru um 1.250 framleiðendur en fyrir sjö árum voru þeir 1.640. Í minni sveit, Rangárvallahreppi, voru fyrir ekki svo ýkja mörgum árum hátt í 30 mjólkurframleiðendur en í dag eru þeir innan við 10.

Fjölbreytt atvinnulíf er nauðsynlegt ef mannlíf á að geta þrifist með eðlilegum hætti. Sókn er besta vörnin og margt jákvætt hefur verið að gerast í uppbyggingu atvinnumála í dreifbýlinu. Má þar til að mynda nefna loðdýrarækt sem nú er í örum vexti og þá víða sem stuðningsgrein við hlið sauðfjárræktar. Þá hefur mikil aukning verið í skógrækt og landgræðslu. En ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem mest hefur vaxið hér á landi síðustu áratugina. Hún hefur sífellt meira vægi og er afar þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum. Aukning á ferðamönnum hefur reyndar farið fram úr björtustu vonum og á landsbyggðinni hafa risið mjög myndarleg hótel og gistiheimili sem veita fjölbreytta og meiri þjónustu við ferðamenn en áður var. Þar hafa bændur verið framarlega í flokki. Þeir hafa bætt búskaparhætti og farið í auknum mæli að þjónusta ferðamenn.

Herra forseti. Hingað til hafa konur sem hafa verið byrjaðar á rekstri fengið styrk úr atvinnusjóði kvenna. Ekki hafa verið styrkt kaup á búnaði en styrkurinn hefur farið í þróunarstarf, markaðsöflun, námskeiðahald, til kvennahópa til að ráða sérstakan kvennaatvinnuráðgjafa og til hópa sem hafa stofnsett kvennasmiðjur og styrkveitingar hafa verið til einstakra kvenna og fyrirtækja. Á vegum Vinnumálastofnunar er nú unnið að úttekt á árangri þeirra styrkja sem veittir hafa verið til kvenna á vegum sjóðsins. Það er mikil nauðsyn á að gera úttekt á því hvernig til hefur tekist þau sex ár sem kvennasjóðurinn hefur verið starfræktur, athuga hvernig hann getur nýst konum sem best í framtíðinni. Og þó að sjóðurinn kallist kvennasjóður þá kemur hann í raun öllum til góða. Að mínu áliti er enn mikil þörf fyrir kvennasjóðinn en síðan hann hóf störf hafa ýmsar aðstæður breyst bæði hvað varðar atvinnu- og byggðaþróun eins og fyrr hefur verið minnst á. Með tilliti til þessa er rétt að endurmeta úthlutunarreglur sjóðsins. Þá er einnig nauðsynlegt að skoða samspil atvinnusjóðs kvenna og annarra sjóða og atvinnuþróunarverkefna.

Að lokum, herra forseti legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. félmn.

[15:54]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessarar tillögu, Drífu Hjartardóttur, fyrir að flytja þetta mál inn á þingið og gefa okkur með því tækifæri til að ræða stöðu atvinnusjóðs kvenna og ekki síður almennt stöðuna í atvinnumálum kvenna sem er allt of lítið gert af og fullt tilefni til þess að ræða miklu meira og ítarlegar heldur en gert hefur verið hér á fyrstu dögum þessa þings.

Það er fyllilega ástæða til eins og hér er lagt til að metinn sé árangur af þessum sjóði sem hefur starfað frá 1991 og hvort tilefni sé til þess að breyta reglunum. Eitt er ljóst að styrkir úr þessum sjóði hafa nýst þeim mjög vel þeim konum sem fengið hafa. Þær hafa sýnt mikla ráðdeild og hagsýni og gert mikið úr litlu. Og örugglega er rétt sem málshefjandi sagði hér áðan að hann hefur ábyggilega skipt sköpum um áframhaldandi búsetu í heimabyggð hjá mörgum konum. En þessi sjóður hefur enga lagastoð. Hann byggir eingöngu á framlögum á fjárlögum og hefur gert það frá 1991. Nú erum við að vísu hætt að sjá þessi framlög á fjárlögum, þau eru einhvers staðar á einhverjum safnlið hjá Vinnumálaskrifstofunni og kannski er full ástæða til að skoða hvort þessi sjóður ætti ekki að fá trygga lagastoð þannig að ekki sé hægt að ráðskast með hann og kippa grundvellinum undan honum eins og þeim sem með málið fer hverju sinni þóknast.

Mér sýnist það vera a.m.k. um 200–300 styrkir sem hafa verið veittir á þeim tíma sem sjóðurinn hefur starfað. Þeir hafa verið veittir eins og framsögumaður kom að til ýmissar þróunar, hönnunar og markaðsetningar. Og ég held að það sé alveg full ástæða til þess að þessi sjóður starfi áfram þó vera megi að rétt sé að víkka út verkefni hans þannig að hann geti kannski nýst konum betur en hann hefur gert hingað til.

Ef við ræðum stöðuna almennt varðandi atvinnumál kvenna þá blasir við nokkuð hrikaleg mynd vegna þess að úti í þjóðfélaginu og hér inni í sölum Alþingis er gefin mynd af því að það sé nú kannski bara allt í lagi í atvinnumálum, atvinnuleysi hafi minnkað verulega o.s.frv. En þegar maður rýnir í atvinnutölurnar, sérstaklega hjá konum, hvað kemur þá í ljós, herra forseti? Í því sambandi vil ég minnast þess að þegar ég fór með félmrn. og atvinnumálin þá var töluvert atvinnuleysi enda vorum við í efnahagsþrengingum. Þá var staðan í atvinnumálum, atvinnumálum kvenna, iðulega rædd hér á Alþingi, hvort það ætti nú að grípa til sértækra aðgerða o.s.frv. Hér er ég með fyrir framan mig tölurnar frá 1992, þá var atvinnuleysi hjá konum 3,7% og hjá körlum 2,6%. En hvert er atvinnuleysið hjá konum og hvert hefur það verið undanfarin tvö til þrjú ár? Ég nefndi hér töluna 3,7% árið 1992. Það hefur verið 6,3% árið 1994, 6,4% árið 1995, 5,8% árið 1996, 6% í maí 1997 og núna er það 5,7%. Og í einstökum landshlutum — nefnum bara, herra forseti, kjördæmi hæstv. félmrh., vinnumálaráðherra, sem sér ekki ástæðu til að heiðra okkur hér með nærveru

sinni, þar er atvinnuleysi kvenna hæst nú um þessar mundir, í ágúst 6,8%. Og það hefði einhvern tímann verið talin ástæða til þess, herra forseti, að taka upp ítarlega umræðu um atvinnumál kvenna og stöðu kvenna í atvinnumálum. Það er ekki gert.

Ég tel fulla ástæðu til þess að stjórnarandstaðan skoði hvort ekki eigi að fara fram á utandagskrárumræðu almennt um atvinnuleysi hjá konum hér á landi vegna þess að það er gífurlega mikið. Við erum að tala kannski um 5–6% atvinnuleysi. Við erum að tala um 5,1% núna í ágúst hjá konum, meðan það er 1,8% hjá körlum. Og hvað er að? Hefði ekki einhvern tímann verið kallað á sértækar aðgerðir þegar staðan er svona? Þetta eru á fjórða þúsund konur. Við erum að tala um tvö þúsund konur á aldrinum 20–40 ára sem eru atvinnulausar nú um þessar mundir og við ræðum ekki þessa stöðu hér á Alþingi. Ég þakka þingmanninum fyrir að hreyfa þessu máli þannig að við höfum tækifæri til að ræða það. En við þurfum að ræða það líka miklu ítarlegar undir sérstökum dagskrárlið þar sem ráðherrar eru til svara en hér eru núna tómir bekkir hjá ráðherrunum þegar við erum að ræða um atvinnusjóð kvenna. Og af hverju er málum svo komið? Allar sértækar aðgerðir sem gripið hefur verið til gegnum árin snúast um að fjölga stöðum í þessum sérstöku karlastörfum, í vegamálum, í viðhaldsverkefnum, í mannvirkjagerð o.s.frv. Ég man að ég þurfti sem ráðherra árið 1993 að knýja á um sérstakt framlag sem var 60 milljónir sem sérstaklega fór í atvinnuátak fyrir konur. Það nýttist geysilega vel og skilaði árangri.

En nú á þessum tímum, í góðæri, og þegar menn eru að tala um að atvinnuleysi sé lítið, þurfum við aftur að grípa til sértækra aðgerða til að bæta stöðu kvenna. Og staðreyndin er sú að þegar við förum yfir þær stöður og þau störf sem konur eru í, þá hefur þeim núna í gegnum árin ýmist fækkað eða fjöldi þeirra staðið í stað. Við getum talað um banka og fjármálastofnanir, þar hefur á undanförnum 4–5 árum fækkað um 1.200 störf og auðvitað mætti nefna fleiri störf í því sambandi. Og ég held að hagræðingin sem er jú nauðsynleg, hafi bitnað meira á störfum kvenna en karla. Við verðum að fara yfir allt landslagið í þessum málum. Hvað er raunverulega að gerast? Af hverju er atvinnuleysi hjá konum svona gífurlega hátt? Og það er ekki hægt að líta fram hjá því þegar við stöndum frammi fyrir svona miklu atvinnuleysi hjá konum að við reynum að fara yfir hver skýringin á því er. Hver er skýringin á því að atvinnuleysi kvenna hefur frá því að þessi ríkisstjórn tók við — tölurnar eru hér frá árunum 1994, 1995, 1996 og 1997 — aukist svona gífurlega? Það hlýtur að vera einhver skýring á þessu sem okkur ber skylda til þess að fara yfir.

Sá sjóður sem við ræðum hér er auðvitað liður í því að bæta stöðu kvenna, gera þeim fært að koma til framkvæmda ýmsum hugmyndum sem þær eru með til þess að bæta stöðuna í atvinnumálum kvenna. Þessi sjóður á að starfa áfram og ég hvet til þess að hann fái sérstaka lagastoð og meira fjármagn heldur en hann hefur haft úr að spila, þessar tölur sýna að það er nauðsynlegt. Og það á að auka og það á að útvíkka hlutverk sjóðsins.

En við þurfum, herra forseti, (Forseti hringir.) líka að fara yfir stöðuna í atvinnumálum kvenna. Það er ekki lítið atvinnuleysi hér í landinu þegar við erum með 5–6% atvinnuleysi hjá konum og höfum verið með það 2–3 sl. ár. Og ég mun íhuga það og ræða við stjórnarandstöðuna hvort ekki sé ástæða til þess að við förum í ítarlega umræðu utan dagskrár þar sem ráðherrabekkurinn yrði fullskipaður, (Forseti hringir.) þar sem við ræðum það alvarlega ástand sem um þessar mundir er í stöðunni í atvinnumálum kvenna hér á landi.

[16:02]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Já, það er svo sannarlega ástæða til þess að ræða ástandið í atvinnumálum kvenna og þess vegna kem ég hingað til þess að taka undir efni þessarar tillögu og þá fyrst og fremst um nauðsyn þess að tryggja framhald á stuðningi við þróun og uppbyggingu atvinnu með sérstöku tilliti til kvenna. Þess vegna fagna ég því að þessi tillaga er fram komin og tek undir orð hv. síðasta ræðumanns um að það er ástæða til þess að taka þetta ástand sérstaklega fyrir. Við lítum svo sannarlega á það sem mikið áhyggjuefni hvernig atvinnumál kvenna hafa þróast vegna þess að breytingar á atvinnuháttum hafa haft mjög mikil áhrif á líf kvenna um allt land. Um það mætti skrá mikla bók og merkilega og verður kannski einhvern tíma því að það hefur átt sér stað mjög merkileg þróun. Og við skulum ekki gleyma því hvernig sívaxandi vinna kvenna á almennum vinnumarkaði hefur beinlínis staðið undir hinum títt nefnda og mér liggur við að segja elskaða hagvexti undangenginna áratuga því að það er fyrst og fremst aukið vinnuframlag kvenna sem er skýringin á auknum hagvexti undangenginna ára.

Atvinnuleysi hefur hins vegar rækilega minnt okkur á hversu brotakennt atvinnuöryggið er í raun og veru og þá fyrst og fremst atvinnuöryggi kvenna. Atvinnuleysi kemur alls staðar í heiminum harðast niður á konum og erum við sannarlega engin undantekning hér á landi. Stjórnvöld hafa hins vegar aðeins að örlitlu leyti brugðist við þessari staðreynd eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns og þá t.d. með þeim sjóði sem þetta þingmál snýst um. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, en ef við nú berum það verkefni saman við framtak ríkisvaldsins í sköpun atvinnu sem verður að teljast að langmestu leyti við hæfi karlmanna, þá smækkar þetta verkefni niður í — ég vil nú ekki segja nánast ekki neitt, en það liggur við að manni finnist það. Þegar ríkisvaldið vill hafa áhrif á þróun atvinnuvega, þá er það allt á ákaflega karlmannlegum nótum. Þá er settur milljarður í vegakerfið, í vegalagningu og margfölduð áhersla á stóriðju og fleira í þeim dúr.

Hitt er svo deginum ljósara að konur eru býsna lagnar við að gera mikið úr litlu og þær hafa verið ótrúlega útsjónarsamar að skapa sér sjálfum atvinnu og verkefni af ýmsu tagi. Í þrengingum undanfarinna ára hafa þær sýnt aldeils ótrúlegt þolgæði og hugmyndaflug við atvinnusköpun, bæði í ferðaþjónustu, við verslun og viðskipti af ýmsu tagi og við framleiðslustörf og það hefur verið mjög merkilegt að fylgjast með þeirri þróun. Því miður bera þær reyndar oft og tíðum allt of lítið úr býtum og það er mikið áhyggjuefni. Þær leggja mjög mikla sjálfboðavinnu af mörkum, þ.e. þær vinna kauplaust eða á mjög lágu kaupi mánuðum saman á meðan verkefnið er að þróast og þar fram eftir götunum. Maður spyr sig jafnvel stundum hvernig almennt efnahagsástand í þjóðfélaginu væri ef karlar hefðu verið og væru almennt jafnnægjusamir og konur í þessum efnum. Og er ég þá ekki að halda því fram að konurnar eigi alltaf að vera jafnhógværar og þær eru því að auðvitað er það ástæðan fyrir því að þær sitja oft eftir. Þær finna til slíkrar ábyrgðar gagnvart efnahagsþrengingum þjóðfélagsins að þær kunna varla við að fara fram á almennileg laun sér til handa og þegar þeim

er síðan gjörsamlega ofboðið, þá þurfa þær að leggja út í svo hatramma baráttu og þegar þær síðan ná því að fá eitthvað hærri prósentutölu í samningum, þá er það svo sannarlega munað og á það minnt á sí og æ. Konur eru, eins og hv. flm. tók fram í ræðu sinni, mjög ófúsar að taka há lán eða jafnvel nokkur lán því að þær vilja ekki setja fjárhag fjölskyldunnar í neina hættu fyrir utan það að þær hafa löngum veigrað sér við því að sækjast eftir lánum. Ástæðan fyrir því er því miður sú að þeim finnst þær hafa mætt lítilsvirðandi viðmóti, ekki verið teknar sem fullgildir einstaklingar heldur spyrtar við eiginmenn sína, þrælspurðar um hans fjárhag, og þannig hafa þær fundið rækilega og grímulaust fyrir hefðbundnu vantrausti í garð kvenna hvað þessi mál varðar. Þetta er því miður staðreynd og er mjög slæmt og um þær móttökur sem konur hafa oft fengið þegar þær leita t.d. eftir lánum í lánakerfinu væri hægt að nefna ýmis dæmi.

Það eru líka mörg dæmi miklu ánægjulegri sem er hægt að nefna um vel heppnað framtak kvenna. Þau eru mörg og það er afskaplega ánægjulegt að heimsækja fyrirtæki kvenna eins og við kvennalistakonur gerum okkur far um þegar við förum um landið. Flest þeirra eru lítil. Þau eru rekin af mikilli útsjónarsemi og hagsýni og þar ríkir iðulega mikil gleði og samkennd. Og ég held að því megi slá föstu að þessi atvinnurekstur er ekki baggi á banka- og sjóðakerfinu og að lán til kvenna vegna atvinnusköpunar eða atvinnureksturs yfirleitt vega ákaflega létt í þeirri summu upp á nokkra tugi milljarða, ég er ekki ein af þeim sem muna léttilega tölur, en gott ef þeir eru ekki um 60 sem hafa verið afskrifaðir sem töpuð lán á sl. 5 árum.

En að lokum, ég sé að tími minn er búinn, það sem hér er kallað atvinnusjóður kvenna er í rauninni ekki lengur til, a.m.k. ekki í sýnilegu formi í fjárlögum. (Forseti hringir.) Þessu verkefni var vísað til Atvinnuleysistryggingasjóðs á síðasta ári og hans sér ekki stað í fjárlögum eða fjárlagafrv. þessa árs. Það er miður vegna þess að þó að við getum spurt um hann hér eða nefndarmenn í fjárln. geti spurt um hann í nefndinni, þá er mjög slæmt að hann skuli ekki vera hér. Og ég held að við ættum að athuga þetta vegna þess að það er mjög erfitt að fylgjast með þróun málsins þegar svona er búið að fara með þennan sjóð.

[16:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri fagna þeirri tillögu sem hér er fram komin og langar að leggja nokkur orð í belg í þessa umræðu. Fyrst vil ég taka upp þráðinn þar sem hv. síðasti ræðumaður sleppti honum og rifja það upp að við í stjórnarandstöðunni börðumst mjög hatrammlega gegn því að þessi sjóður og reyndar önnur verkefni yrðu send inn í Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að við töldum að þau ættu þar alls ekki heima. Og ég er enn á sömu skoðun og vil taka undir það sjónarmið að sjóður eða sérverkefni eins og þetta á auðvitað að vera sýnilegt. Það að til sé sérstakur sjóður sem ýtir undir frumkvæði og atvinnusköpun kvenna er sérstakt verkefni en er ekki, þarf ekki og á ekki að vera sérstaklega tengt atvinnuleysi. Og það er einmitt þessi hugmynd, einhvers konar þurfalingahugsun, sem því miður hrjáir þessa ríkisstjórn og það er alltaf verið að setja verkefnin í óæskilegan farveg. Það er svo sjálfsagt að styrkja atvinnuuppbyggingu kvenna sérstaklega, í rannsóknum og nýjum fyrirtækjum og ýta undir nýjar hugmyndir, vegna þess einfaldlega að við þurfum að þróa okkar atvinnulíf og konur hafa oft aðrar hugmyndir. Í öðrum löndum, og ég vísa þar alveg sérstaklega til Bandaríkjanna, hefur það tíðkast á undanförnum árum að hafa sérstaka lánasjóði fyrir konur og að styðja þær alveg sérstaklega. Til skamms tíma sögðu menn að langmesta nýbreytnin, nýsköpunin og flest nýstofnuð fyrirtæki væru í eigu kvenna. Þar var langsamlega mestur vaxtarbroddur. Og þarna er auðlind sem við þurfum að nýta okkur miklu betur og því þarf auðvitað að stórhækka upphæðina til þessa sjóðs.

Ég tek undir það sem stöllur mínar úr stjórnarandstöðunni hafa rifjað upp varðandi þann samning sem á sínum tíma var gerður milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar um að setja 1000 millj. í atvinnusköpun fyrir nokkrum árum. Það var auðvitað mjög sláandi að 60 millj. plús þessar 20 voru sérmerktar verkefni til kvenna en 920 millj. fóru til verkefna sem auðvitað veittu fyrst og fremst karlmönnum vinnu.

Nú getum við auðvitað velt fyrir okkur og gagnrýnt það að atvinnuval kvenna hér á landi mætti vera víðtækara og það eru ýmis hefðbundin störf karla sem konur geta unnið og öfugt. En það er ekki það sem skiptir máli heldur hitt að ýtt sé undir frumkvæði og nýsköpun.

Þá rifjast einnig upp fyrir mér, hæstv. forseti, að fyrir um það bil ári var haldin ráðstefna á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, norður á Akureyri í kjördæmi hæstv. landbrh. og umhvrh. Þar var ríkjandi sjónarmið að gefa þyrfti sérstakan gaum að atvinnumálum kvenna, ekki síst atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Mér er mjög minnisstætt að þarna var m.a. kynnt jafnréttisáætlun hollenska landbúnaðarráðuneytisins sem að sjálfsögðu koma bæði karlar og konur að eins og í ráðuneytum í flestum lýðræðisríkjum. Í þessu ráðuneyti þeirra Hollendinga hafði verið gerð sérstök áætlun sem fól bæði í sér að auka og bæta stöðu kvenna í landbúnaði, auka hlut þeirra í nefndum og stjórnum á vegum ráðuneytisins o.s.frv., hin merkasta áætlun. Við hljótum að spyrja: Hvað líður slíkum áætlunum þeirra ráðuneyta sem hafa með málefni landsbyggðarinnar að gera? Ég get vissulega tekið undir þau sjónarmið að fólk á að velja sjálft hvar það vill búa en einhæfni atvinnulífsins úti á landi, sérstaklega það sem snýr að konum og þær lágu tekjur sem konum bjóðast, er mjög mikið áhyggjuefni.

Við skulum hafa í huga að frá því að Reykjavík var gerð að kaupstað 1786 hefur verið stöðugur straumur kvenna til Reykjavíkur. Konur hafa yfirleitt verið og eru enn eftir því sem ég best veit í meiri hluta íbúa í Reykjavík í meira en 200 ár. Þetta á sér þær orsakir að konur voru að flýja einhæfni sveitanna og því miður margt það slæma sem þar gerðist, mikla vinnuhörku og eitt og annað sem aldrei var talað um. Þessi þróun hefur ágerst mjög á þessari öld og nú er staðan þannig að í mörgum sýslum eða sveitarfélögum eru karlar töluvert fleiri en konur. Konurnar leita í fjölbreyttari vinnu. Þetta þarf að skoða sérstaklega.

Ég vil líka, hæstv. forseti, koma að atvinnuleysinu og upplýsa hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að rétt á eftir verður dreift tillögu frá mér, þingmanni þeim sem hér stendur, um úttekt á orsökum atvinnuleysis kvenna og jafnframt að settar verði fram tillögur um það hvernig megi bæta þar úr. Ég tek sannarlega undir að þetta mál þarf að ræða alvarlega og vel. Það er athyglisvert að umræðan um atvinnuleysið hefur dofnað mjög og er það vegna þess að karlmenn eru nánast eingöngu í stjórn verkalýðshreyfingarinnar, þeir eru þar í miklum meiri hluta og mest áberandi. Hafa þeir virkilega ekki áhyggjur af atvinnuleysi kvenna? Ég varpa fram þeirri

spurningu. Það mætti gjarnan heyrast meira frá þeim um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi kvenna vegna þess að það er verulegt áhyggjuefni eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á. Það er margfalt meira en hjá körlunum. Það er mjög áberandi í ákveðnum kjördæmum, kannski fyrst og fremst í Reykjavík. Hér hefur verið viðvarandi atvinnuleysi og á því þarf að taka. Það tengist atvinnumálum kvenna í heild en er í sjálfu sér annað mál en þessi sjóður. Ég vil ítreka að við eigum ekki að blanda saman nýsköpun og þróun annars vegar. Það geta verið konur sem eru í fullri vinnu og jafnvel með alls konar tilraunir og hugmyndir eða á fullu í rekstri fyrirtækja. Við þurfum að sjá miklu fleiri konur í stjórnum fyrirtækja, í forustu atvinnulífsins, sýna frumkvæði í ríkisstjórn til þess að vekja þar skilning á þessum málefnum, hæstv. forseti. Enn og aftur tek ég undir efni tillögunnar og legg jafnframt til að við sameinumst um að stórhækka þá upphæð sem veitt er til atvinnumála kvenna.

[16:20]

**Flm. (Drífa Hjartardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við tillöguna en þess má geta að hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, var einmitt félmrh. þegar byrjað var að úthluta úr kvennasjóðnum. Ég vil skýra atvinnuleysi kvenna mikið út af þeirri atvinnuþróun sem hefur orðið í landinu og því miður hefur í gegnum tíðina oft verið talað mjög niðrandi til atvinnu kvenna sem hefur oft verið kölluð kvennadútl og ætti það náttúrlega aldrei að heyrast.

Hjá félmrn. er vinnumálastofnun þar sem er verið að gera mjög góða hluti. Þar eru námskeið fyrir atvinnulausa þar sem lögð er áhersla á að byggja sjálfstraust og kennt hvernig á að sækja um vinnu. Það skiptir mjög miklu máli fyrir atvinnulausa að þeir hafi traust á sjálfum sér því að það er mjög erfitt að sækja um vinnu ef maður hefur ekki traust á sjálfum sér og getur borið höfuðið hátt.

Samgöngur skipta konur líka miklu máli og tala ég þá sem landsbyggðarmaður. Margar konur verða að sækja vinnu um langan veg eftir holóttum malarvegum og börn í skóla. Það þyrfti að gera miklu meira í að laga malarvegina.

Með öllum þeim samdrætti, sem hefur orðið í landbúnaði og búin hafa sum orðið það lítil að ekki er atvinna nema fyrir einn, þá verða konur náttúrlega að finna sér eitthvað annað að gera og þar hefur kvennsjóðurinn komið mörgum konum vel. Ég held að með því að líta yfir þetta þurfum við aðeins að breyta reglunum. Þær hafa verið nokkuð þröngar og ég sem stend hér hef reyndar verið í ráðgjafarhóp þar sem er ein kona úr hverju kjördæmi. Við höfum hist einu sinni á ári og farið yfir málin með aðstoðarmanni félmrh. og öðrum úr félmrn. Ráðgjafarhópurinn hefur unnið þetta alveg í sjálfboðavinnu eins og konum er oft gjarnt að gera. (**KÁ:** Það gat nú verið.) Það gat nú verið, segir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir.

Það er ljóst að konum fer fækkandi á landsbyggðinni og væri fróðlegt að sjá hve margar konur eru í þeim hópi sem hefur streymt til höfuðborgarsvæðisins á síðustu níu mánuðum.

Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við tillöguna og gjarnan mætti efla þennan sjóð.

[16:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þeirra orða sem hv. þm. hafði um samgöngur vil ég taka fram að þegar ég er að lýsa þeim ráðstöfunum sem gripið var til á sínum tíma með þennan milljarð er ég ekki að gagnrýna að fjármagn sé veitt til vegamála. Ég held einmitt að því miður hafi mjög lengi verið viðloðandi lítill skilningur á því hve samgöngur skipta gríðarlega miklu máli.

Ég var að gagnrýna að þetta voru peningar sem varið var til atvinnusköpunar og verkefnin voru þannig valin að augljóst var að þau komu fyrst og fremst karlmönnum til góða og eins og ég nefndi hér getum við gagnrýnt að konur skuli ekki í ríkara mæli leita eftir fjölbreyttari vinnu. Það er ekki einfalt. Að vísu hafa stúlkur unnið í malbikun í Reykjavík og gert ýmislegt en það er oft erfitt að brjóta ísinn en þarna var svo áþreifanlegt dæmi um að algerlega var hugsað út frá sjónarhóli karla. Það var afar lítið hugsað um þann stóra hóp kvenna sem þá var atvinnulaus og því miður hygg ég að þetta sjónarmið sé ríkjandi enn þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, fyrri umr.*

Þáltill. HjálmJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[16:25]

**Flm. (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu atvinnu- og þjónustusvæðanna á landsbyggðinni. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig efla megi atvinnu- og þjónustusvæðin (vaxtarsvæðin) á landsbyggðinni í því skyni að jafna aðstöðu landsmanna í dreifbýli og þéttbýli.

Kannað verði m.a. hvernig:

a. fólki verður auðvelduð vinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli, t.d. með því að aksturskostnaður verði frádráttarbær frá skatti,

b. kostnaður vegna margvíslegrar sérfræðiþjónustu á vegum ríkisins verði jafnaður,

c. bæta megi aðgengi fyrirtækja að stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem helstu menntunar-, rannsóknar- og ráðgjafarstofnunum svo og fjárfestingarsjóðum,

d. kostnaður landsmanna vegna húshitunar verði jafnaður, t.d. með því að arðgreiðslur Landsvirkjunar gangi til þess,

e. reglur og vinnubrögð banka og sjóða um lánveitingar til atvinnulífsins og einstaklinga verði samræmdar þannig að þær mismuni ekki landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu."

Þessa tillögu flyt ég ásamt átta öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna. Þau eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Egill Jónsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðni Ágústsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Sturla Böðvarsson og Vilhjálmur Egilsson.

Herra forseti. Þegar fjallað er um byggðamál vill stundum brenna við að rætt sé um málefni hinna dreifðu byggða sem einangraðan þátt sem komi þeim einum við. Staðreyndin er þó önnur. Búsetudreifing í landinu er sameiginlegt mál allra landsmanna. Allir landsmenn, hvar sem þeir búa, eiga mikið undir því að þróun búsetu eigi sér stað en ekki sé nánast um stökkbreytingar að ræða. Hagsmunir dreifbýlis og þéttbýlis fara saman í jafnri þróun og stöðugri. Meginmarkmið byggðastefnu eiga að mínum dómi að vera þau að byggð þróist sem hagkvæmast fyrir þjóðarheildina, að auðlindir

lands og sjávar nýtist sem best og að atvinnulífi í landinu séu búin eðlileg rekstrarskilyrði svo að fyrirtækin geti skilað arði og geti þannig verið sú undirstaða sem annað hvílir á.

Þegar horft er til búsetuþróunar á undanförnum árum hlýtur okkur að bregða í brún. Á skýringarmynd sem prentuð er sem fylgiskjal með tillögunni sést að ekkert lát er á fólksflutningi af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. 47% af samanlagðri fjölgun á höfuðborgarsvæðinu hefur komið af landsbyggðinni á undanförnum 15 árum. Það þýðir að nánast níundi hver íbúi í Reykjavík í dag flutti þangað af landsbyggðinni á undanförnum 15 árum.

Enginn amast við því að fólk flytji sig til. Búsetubreytingar eru fullkomlega eðlilegar rétt eins og eðlilegt er að fólk skipti um starf nokkrum sinnum á lífsleiðinni. En þegar aðstreymið hingað á suðvesturhornið er jafneindregið og raun ber vitni eru það að mínum dómi alvarleg hættumerki. Þeir tímar koma þá innan skamms að tiltölulega stór svæði á landsbyggðinni geta ekki lengur veitt þá þjónustu sem kallað er eftir í nútímaþjóðfélagi og þykir sjálfsögð. Samdrátturinn minnkar tekjur sveitarfélaganna og af þeim ástæðum getur svo farið að innan skamms verði fólksflutningarnir af landsbyggðinni til höfuðborgar enn þá örari.

Störfum hefur fækkað verulega í landbúnaði á 10 ára tímabili frá 1985–1994. Þeim hefur fækkað úr 8.300 í 5.200. Það er ótrúlega mikil fækkun á skömmum tíma. Annað áhyggjuefni á landsbyggðinni er að ættliðaskipti í landbúnaði eru afar erfið. Lánveitingar til landbúnaðar eru langt á eftir fyrirgreiðslu í lánum til sjávarútvegs og iðnaðar. Séu lánveitingarnar ekki til nægilega langs tíma mun það ugglaust valda hækkandi búvöruverði. Það mun vissulega koma niður á öllum.

Á vegum Byggðastofnunar starfar nefnd sem hefur það verkefni að kanna ástæðurnar fyrir hinum miklu búferlaflutningum í landinu. Mér skilst að nefndin muni skila áliti í byrjun næsta árs. Þar verður vafalaust margt forvitnilegt upplýst. Mér býður í grun að flutningur fólks á suðvesturhornið sé í mörgum tilvikum eini kostur fólks og einn kostur er oftast nauðugur kostur. Hann er þvingaður kostur. Hér eru tekjumöguleikarnir yfirleitt meiri, hér er ýmis sérfræðiþjónusta sem kostar stórfé að bera sig eftir af landsbyggðinni eða fá hana til sín. Þessi mismunun er landsbyggðinni í óhag en kemur niður á öllum. Margvísleg sérfræðiþjónusta, sem ríkið hefur á hendi, er staðsett í Reykjavík. Vilji atvinnurekendur og sveitarfélög nýta sér þjónustuna þurfa þeir og þau að greiða ýmsan aukakostnað sem leiðir af ferðalögum og óhagræði. Það virðist liggja beint við að jafna þetta þannig að landsmenn sitji við sama borð hvað varðar aðgengi að þjónustunni. Byggðastofnun hefur nú markað sér lofsverða og athyglisverða stefnu í því að setja atvinnuráðgjafa víða á landsbyggðinni. Í fleiri málum hefur Byggðastofnun tekið málin nýjum og fastari tökum. Nýjustu fréttir eru þær að formaður stjórnar Byggðastofnunar hefur lagt fram tillögu um að flytja þróunarsvið Byggðastofnunar á landsbyggðina, í þessu tilviki til Sauðárkróks. Það gefur vonir um vaxandi gengi landsbyggðar, í öllu falli á stóru svæði þar. Þar er um að ræða sex störf sem er ekki svo lítið mælt á kvarða okkar. Samt sem áður er það svo að aðgengi fyrirtækjanna á landsbyggðinni að stoðkerfi atvinnulífsins er verulega lakara en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta veldur því í mörgum tilfellum að fyrirtæki nýta sér ekki þjónustuna. Það er mjög miður, það gerir þeim erfiðara um vik að fylgjast með auka framleiðni sína og arð og getu til að greiða hærri laun. Ég er ekki að segja að stöðnun ríki í atvinnulífi á landsbyggðinni heldur gætu fyrirtækin í einhverjum tilvikum gert betur ef aðgengi að stoðkerfinu væri betra og nýsköpun væri líka stórum auðveldari.

Herra forseti. Það er pólitískt úrlausnarefni hvernig landið er byggt öðrum þræði og það kemur öllum landsmönnum við. Þau efnisatriði sem hér er drepið á er hægt að taka pólitíska ákvörðun um. Með stjórnvaldsaðgerðum er hægt að draga úr mismunun dreifbýlis og þéttbýlis á Íslandi. Það er sjálfsögð jöfnun en ekki sértæk aðgerð. Meðan mismunurinn á sér stað má ímynda sér að það sé pólitískur vilji að stuðla að búseturöskun. En ég er sannfærður um að svo er alls ekki. Ég tel fullvíst að þingmeirihluti sé fyrir því að allir landsmenn sitji við sama borð. Þetta er einhvers konar misskilningur eða slys að mismunun sé eftir búsetu.

Herra forseti. Margar leiðir eru til að jafna þessa hluti. Stjórnvöld þurfa að taka ákvörðun um markvissar aðgerðir til að styðja við búsetu í byggðum landsins. Það er alls ekki til góðs að mannfjöldasprenging sé eða verði á mjög afmörkuðum svæðum í landinu.

Það sem fólk tæki strax eftir og mest í kjörum sínum yrði tillagan samþykkt að húshitunarkostnaður á landsbyggðinni yrði lækkaður. Það á að vera auðvelt mál þar sem ríkishlutinn af arðgreiðslu Landsvirkjunar gæti að einhverju leyti gengið til þeirrar jöfnunar. Þegar fólk sækir vinnu úr sveit í nálægt þéttbýli innan atvinnu- og þjónustusvæðis þarf það að geta dregið þann kostnað frá skatti. Þetta hvort tveggja virðist mér liggja beint við að gera. Fólk ætti með þessum hætti mun auðveldara með að nýta fjárfestingar sínar í hinum dreifðu byggðum landsins. Verði þessi aðstöðumunur jafnaður, herra forseti, er ég þess viss að augu margra opnast fyrir ýmsum öðrum kostum sem felast í því að búa úti á landi.

Ég leyfi mér að vitna í rannsókn Stefáns Ólafssonar á búferlaflutningum en sú könnun stendur yfir. Á byggðaráðstefnu á Akureyri í vor var kynnt brot af niðurstöðum úr könnuninni. Ég vil geta þeirra. Þar kemur fram að landsbyggðarfólk er tiltölulega ánægt með búsetuna þótt annmarkar séu taldir nokkrir. Minnst ánægja er með atvinnutækifærin og tekjuöflunarmöguleikana. Oft og einatt er einhæfni í atvinnulífinu en almenn ánægja með ýmsa opinbera þjónustu svo sem dagvistun, grunnskóla, heilbrigðisþjónustu, vegasamgöngur víðast hvar og margháttað menningarlíf og almenna þátttöku í því. En vissulega horfa margir til þess að auðveldara er á margan hátt að flytja á höfuðborgarsvæðið vegna þess að atvinnumöguleikar eru meiri og fjölbreytnin sömuleiðis.

Herra forseti. Landsbyggðin á mikla möguleika á sókn og vexti enda hefur landið margvíslega kosti sem mikilvægt er að nýta og hlúa að því samfélagi sem er í dreifðum byggðum landsins. Þar varðar mestu að svonefnd vaxtarsvæði nái að dafna og það eru svæðin sem hafa bestar forsendur til að vaxa og svara auknum kröfum um fjölbreytt atvinnulíf og margvíslega þjónustu nútímasamfélagsins.

Herra forseti. Ég hef rakið nokkur atriði þar sem réttur landsbyggðarfólks er minni en réttur þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þegar talað er um að nauðsynlegt sé að draga úr misvægi atkvæða í landinu með stjórnarskrárbreytingum finnst mér að benda þurfi á dæmi sem staðfesti að pólitísk mismunun eigi sér stað á kostnað þeirra sem búa á þéttbýlasta svæði landsins, höfuðborgarsvæðinu. En á meðan mismununin á sér stað á hinn veginn þar sem landsbyggðin situr ekki

við sama borð og höfuðborgarsvæðið er ástæðulaust að tala um jöfnun atkvæðisréttar.

Herra forseti. Ég legg til að tillögu þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[16:38]

**Útbýting þingskjals:**

Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, 170. mál, þáltill. PHB o.fl., þskj. 170.

[16:38]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum þessi mál í skugga mjög alvarlegra upplýsinga um íbúaþróun. Þær fréttir sem bárust frá athugun Hagstofunnar um íbúaþróun á tímabilinu janúar til september á þessu ári eru þess eðlis að maður hrekkur óneitanlega við þó tölur sem bárust fyrr á árinu hafi vissulega verið vísbending um það sem koma skyldi. Ég held, virðulegi forseti, að tölurnar undirstriki að málið er mjög alvarlegs eðlis. Sjálfur tel ég að um sé að ræða eitt alvarlegasta þjóðfélagsvandamál sem við er að glíma hér á landi um þessar mundir. Það eru mjög alvarleg tíðindi þegar fólk úr einstökum kjördæmum kýs hundruðum saman að yfirgefa heimahagana umfram þá sem þangað flytja. Ég held að við stöndum frammi fyrir því einmitt um þessar mundir að staðan er að verða mjög alvarleg og líka í byggðarlögum sem fram að þessu hafa staðið sig mjög vel. Sú var tíðin að við gátum sagt sem svo: Ef þetta og þetta er lagað á einfaldan hátt svo sem atvinnustigið eða eitthvað í þeim dúr þá muni allt lagast í byggðamálunum. Ef sjávarútvegurinn er rekinn með hagnaði, sögðu menn fyrir örfáum árum, þá er allt í lagi úti á landi vegna þess að sjávarútvegurinn er aðalundirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar eins og þjóðarinnar í heild. Ef við skoðun hins vegar íbúaþróunina á einstökum landsvæðum og í einstökum byggðarlögum þá sjáum við að þetta er ekki nóg. Ég skal taka dæmi:

Einn mesti uppgangsstaður á Íslandi um þessar mundir er Eskifjörður. Þar hefur verið fjárfest fyrir milljarða kr. á undanförnum allra síðustu missirum og árum. Þar er staðan sú að á tímabilinu janúar til september fækkar fólkinu um 53 í byggðarlagi sem telur um það bil 1.200 manns. Egilsstaðir, svo ég taki annað dæmi, hefur verið uppgangsstaður hvað íbúafjölda áhrærir. Þar hefur verið fólksfjölgun meiri en almennt á landinu, sennilega mest á þéttbýlisstöðum á landinu á síðustu 20 árum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fækkar þar skyndilega fólki um 39 manns. Ef við tökum annan uppgangsstað í atvinnulífinu, sem ég veit að hv. þm. Hjálmar Jónsson, 1. flm. þessarar ágætu tillögu þekkir mjög vel til, Siglufjörð, þá fækkar þar um 39 á þessum sárafáu mánuðum. Annar staður í kjördæmi hans, sem stendur hjarta mínu býsna nærri, Sauðárkrókur, hefur líka verið mikill uppgangsstaður en þar hefur fólki fækkað frá janúar til september um 57 manns. Ef ég lít mér nær og skoða þróunina á Vestfjörðum þar sem við höfun nú átt mjög undir högg að sækja er staðan sú að í hinum sameinaða Ísafjarðarbæ fækkar um hvorki meira né minna en 142 og í Vesturbyggð um 54. Í Stykkishólmi, sem hefur staðið sig mjög vel, fækkar fólki um 45. Jafnvel í Borgarbyggð, sem hefur líka staðið sig vel hvað íbúaþróun hefur áhrært, fækkar fólki um 12 manns. Allt þetta segir okkur, virðulegi forseti, að þetta er mjög alvarleg staða. Það er mjög alvarleg staða þegar þannig háttar til. Því fer víðs fjarri að hér sé um að ræða eitthvert náttúrulögmál sem ekki sé hægt að ráða við. Það er þjóðfélagslega ákaflega óhagkvæmt og dýrt fyrir þjóðina að þessi íbúaþróun haldi áfram vegna þess að það eykur kostnað þjóðfélagsins í formi uppbyggingar mannvirkja á þessum slóðum sem kosta okkur hundruð milljóna, jafnvel milljarða á ári hverju, kostnaður sem við gætum verið laus við. Sú þróun að byggja upp eins og stundum hefur verið nefnt eina nýja Egilsstaði á hverju ári. Allir sjá í hendi sér að kostnaður við mannvirkjagerð, gatnagerð, holræsi, skóla og opinbera þjónustu er gríðarlega hár. Í flestum tilvikum er fólk að yfirgefa möguleikana til þessarar þjónustu sem er til staðar víða úti á landi.

Skoðanakönnun Byggðastofnunar, sem hér hefur verið vitnað til, er fyrst og fremst að leiða í ljós að þetta vandamál er miklu flóknara en við töldum áður. Mér finnst blasa við af þeim upplýsingum sem þegar hafa legið fyrir hjá Byggðastofnun að það sem á við á einum stað á kannski ekki endilega við á öðrum. Þau vandamál sem við er að glíma í Norðurl. v. eru að sumu leyti frábrugðin þeim vandamálum sem við er að glíma á Vestfjörðum. Á Vestfjörðum og Austfjörðum gera fleiri athugasemdir við ástand samgöngumála en á Norðurl. v. Á Norðurl. v. eru menn hins vegar miklu óánægðari með afkomu sína en fólk er á Vestfjörðum og sums staðar annars staðar. Ég held því, virðulegi forseti, að þessi tillaga sé einmitt mjög mikilvægt innlegg í umræðuna.

Nú fer fram á vegum Byggðastofnunar endurskoðun á svokallaðri stefnumótandi byggðaáætlun. Vonandi lítur hún dagsins ljós eftir áramótin. Ég held að þær hugmyndir sem verið er að varpa fram séu mjög þýðingarmiklar inn í þá efnislegu umræðu sem þarf að fara fram, bæði hér á þinginu þegar hin stefnumótandi byggðaáætlun lítur dagsins ljós og einnig við undirbúning hennar. Á vegum Byggðastofnunar hefur verið reynt að vinna að þessum málum með ýmsum hætti eins og fram kom í máli hv. 1. flm. Ég tel í því sambandi hvað mikilvægast að Byggðastofnun hefur verið að breyta áherslum sínum við aðstoð við atvinnuþróun og hefur gert samstarfssamninga við atvinnuþróunarfélög og sveitarstjórnasamtök í landshlutunum sem fela í sér stóreflingu atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Þar er gert ráð fyrir því að á hverju þessara svæða séu til staðar þrír starfsmenn, almennur atvinnuráðgjafi, markaðsfulltrúi og ferðamálafulltrúi.

Hér er um að ræða aðila sem geta að mínu mati komið mjög að gagni við eflingu atvinnulífsins úti um landið. Við þekkjum það að litlu fyrirtækjunum, sem eru eins og allir vita vaxtarbroddurinn í atvinnusköpuninni og í því að fjölga atvinnutækifærum, er mjög um megn að stunda svona grundvallarathuganir eins og markaðsstarfsemi og ýmsa útreikninga sem nútímaatvinnurekstur kallar mjög á. Og ég held þess vegna að það sé þýðingarmikið, einmitt fyrir þennan þátt atvinnulífsins, að geta notið stuðnings frá atvinnuráðgjöf af því tagi sem hér um ræðir.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, vegna þess að tíminn flýgur frá mér, að þetta mál er mjög flókið og mjög margslungið og þær lausnir sem við viljum reyna að færa fram í þessum efnum eru þess vegna alls ekki jafnaugljósar og við töldum fyrir örfáum árum. Þess vegna ítreka ég það að ég tel að þær hugmyndir sem verið er að varpa fram í þessari tillögugrein séu mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu og ég held að við þurfum að taka umræðuna mjög alvarleg og ítarlega. Til þess gefast náttúrlega tækifæri á næstu vikum, m.a. þegar við ræðum í byrjun næsta mánaðar skýrslu hæstv. forsrh. um starfsemi Byggðastofnunar.

[16:46]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Það er vissulega þarft mál að leita allra leiða til að efla atvinnu- og þjónustusvæðin á landsbyggðinni í því skyni að jafna aðstöðu landsmanna í dreifbýli og þéttbýli eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Hér er því þarft mál á ferðinni. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að móta tillögur þar að lútandi og hér eru nefnd fimm atriði sem m.a. verði könnuð. Ég tel reyndar að það séu fjölmörg önnur atriði en hér eru nefnd sem þurfi að skoða og verður það að sjálfsögðu verkefni þessarar nefndar.

Í þál. um stefnumótandi byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1994 segir, með leyfi forseta:

„... að meginmarkmið byggðastefnu séu:

að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti,

að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags,

að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega."

Síðan eru talin upp nokkur atriði sem leggja þarf áherslu á til að ná þessum markmiðum. Þar er fyrst minnst á nauðsyn þess að tengja þéttbýlisstaði og sveitir með öruggum samgöngum og efla samfelld atvinnu- og þjónustusvæði sem þurfa að vera nægilega fjölmenn til að hægt sé að reka þar fjölbreytta þjónustu og atvinnulíf á hagkvæman hátt, t.d. með því að leggja árherslu á samgönguframkvæmdir, m.a. með gerð heilsársvega sem þjóna hagsmunum atvinnulífsins og stækka þjónustusvæðið.

Síðan þetta var samþykkt hafa vissulega náðst stórir áfangar á þessu sviði. Það má t.d. minna á Vestfjarðagöngin, Gilsfjarðarbrúna og ýmsa áfanga í vegagerð víða um land. Þá styttist í að göng undir Hvalfjörð verði tekin í notkun sem vissulega munu hafa mikil áhrif og breytingar í för með sér fyrir svæðin sem liggja að Hvalfirði og reyndar miklu víðar. En enn er þó mikið óunnið á þessu sviði og það er staðreynd að góðar samgöngur eru það sem fólk á landsbyggðinni setur efst á blað varðandi búsetu. Ég hef átt þess kost sl. ár að heimsækja fjölmörg byggðarlög vítt og breitt um landið og ræða við fólk úr sveitarstjórnum og atvinnulífi. Víða um land hefur verið sett stórfé, hundruð milljóna og jafnvel milljarðar, til uppbyggingar atvinnulífsins. Þessu fylgir yfirleitt gott atvinnuástand og bærileg afkoma íbúanna en samt er það sammerkt með nánast öllum þessum stöðum að fólki fækkar. Það flyst burtu og í flestum tilfellum til höfuðborgarsvæðisins. Ótal dæmi eru um að fólk segir upp ágætri vinnu og flytur suður án þess að hafa neina vissu um starf þar. Síðan verður í síauknum mæli að manna atvinnulífið á landsbyggðinni með erlendum starfsmönnum.

Þegar spurt er um ástæður þess að fólk flytur frá þessum stöðum þá er ýmislegt tínt til, en sú skýring sem mér finnst oftast nefnd er samgöngumálin. Fólk sættir sig ekki við það óöryggi og þau óþægindi sem fylgja lélegum vegum og þess vegna eru samgönguframkvæmdir að mínu áliti efstar á blaði þegar rætt er um aðgerðir til að efla vaxtarsvæðin og draga úr fólksflutningum af landsbyggðinni.

Að mati þróunarsviðs Byggðastofnunar búa 13% þjóðarinnar í sveitarfélögum sem sýna hættumerki hvað varðar íbúaþróun eða tæplega 32 þúsund manns. Þetta eru yfir 60% sveitarfélaga í landinu sem helgast af því að þetta eru flest þeirra fámennustu. Meðalfjöldi íbúa er aðeins rétt 300, en á samfelldu hættusvæðunum búa ríflega 21 þúsund manns eða 8% þjóðarinnar. Hvort tiltekið sveitarfélag eða svæði telst í hættu að mati þróunarsviðs Byggðastofnunar getur helgast af því hversu umfangsmikið strjálbýli er innan þess því fólksfækkun í strjálbýli ein og sér er yfirleitt mun meiri en í þéttbýlinu.

Í ályktun Alþingis frá 1994 er kveðið á um að atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Þetta hefur sannarlega gengið eftir og mikill uppgangur hefur reyndar verið í atvinnulífinu vítt og breitt um landið á þeim árum sem síðan eru liðin sem m.a. lýsir sér í þeirri miklu uppbyggingu sem ég gat um áðan og skiptir miklu máli fyrir landsbyggðina.

Þá er einnig kveðið á um það í þessari þál. frá 1994 að aukin áhersla verði lögð á atvinnuþróunarstarf á vegum Byggðastofnunar og heimamanna sem beinist að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu, m.a. með því að atvinnuþróunarstarf á vegum heimamanna verði eflt með fjárhagslegum stuðningi Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélög í hverju kjördæmi. Í samræmi við þessa samþykkt hefur Byggðastofnun breytt áherslum sínum varðandi framlög til atvinnuþróunar eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gat um í máli sínu. Í stað þess að veita styrki til einstakra sveitarfélaga hefur nú verið samið við landshlutasamtök hvers kjördæmis um verulegt framlag Byggðastofnunar til móts við framlög heimamanna til stofnunar öflugrar atvinnuþróunarstarfsemi á kjördæmisvísu. Þessi starfsemi fór fyrst af stað á Austurlandi og Suðurlandi og hefur þótt takast vel til. Nú hefur verið samið við aðra landshluta á sama hátt og eru miklar vonir bundnar við þessa starfsemi. Í skoðanakönnun frá því í sumar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gat um áðan kom einmitt fram að eitt af því sem landsbyggðarfólki líkaði hvað verst var einhæfni atvinnulífsins. Því er það mikilvægt að það takist vel til með þessa nýju og öflugu atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni.

Í þeirri tillögu sem hér er til umræðu eru nefnd fimm atriði sem væntanleg nefnd skuli kanna og þar á meðal að kostnaður landsmanna vegna húshitunar verði jafnaður t.d. með því að arðgreiðslur Landsvirkjunar gangi til þess. Það er vissulega mikið réttlætismál að jafna húshitunarkostnaðinn sem er gríðarlega ójafn eftir því hvar er á landinu. Í þeirri breytingu á lögum um Landsvirkjun sem var samþykkt á Alþingi fyrr á þessu ári er reyndar kveðið á um að lækkun á verði Landsvirkjunar til rafveitnanna skuli koma til framkvæmda, en þar segir í athugasemdum um 8. gr. þess frv. sem samþykkt var, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gjaldskrármarkmiðum skal stefnt að því að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000, en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári á árunum 2001–2010."

Þetta þýðir með öðrum orðum 20–30% lækkun á raforkuverði á landsbyggðinni á einum áratug og er stór áfangi þó vissulega hefði þessi lækkun mátt koma fyrr til framkvæmda.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa þáltill. að sinni. Ég styð hana og vona að hún verði samþykkt á þessu þingi og að vel takist til með störf nefndarinnr sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð.

[16:54]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um eflingu atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni. Hugmyndir

um þetta eru ekki nýjar af nálinni og hafa þær verið til umræðu í allnokkurn tíma, en ég fagna því að sjálfsögðu að þessi tillaga er hér til umræðu og tel þetta mjög mikilvægt mál.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að fara út í svona aðgerðir, að efla atvinnu- og þjónustusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að ég tel að það sé líklega besta leiðin til þess að styrkja landsbyggðina í heild sinni, þ.e. að mynda kjarna úti um landið og styrkja þannig byggð í landinu innan frá getum við sagt.

En eins og fram hefur komið í máli annarra hv. þm. þá eru mikil tíðindi að gerast í byggðamálum á Íslandi. Vitnað hefur verið í fréttir frá því í gær þess efnis að 1.500 manns hafi flust af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og er þarna um að ræða nettótölu ef við getum orðað það þannig. Á síðasta ári var þessi tala rétt tæplega 1.750 manns. Bent hefur verið á að þessi mannfjöldi nemi öllum íbúum í Egilsstaðabæ, menn hafa tekið það sem dæmi. Á þessum tveimur árum munum við væntanlega upplifa það að um 3.500 manns flytjist af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þetta er grafalvarlegt mál sem er mjög nauðsynlegt að ræða á hinu háa Alþingi. Og ætli það sé fjarri lagi að ætla að á þessum árum fram til aldamóta gæti farið svo að 5.000 manns flytji búferlum á þennan hátt? Eins og ég segi er þetta grafalvarlegt mál og við hv. þm. verðum að ræða það því þetta skiptir okkar þjóðfélag gífurlega miklu máli. (**Gripið fram í:** Það er ekki nóg að ræða það.) Það er ekki nóg að ræða það, hv. þm., ég tek undir það. Og því miður er hægt að færa rök fyrir því að framkvæmdir fylgi ekki. En þessi breyting á búsetu þýðir að fólki fjölgar á höfuðborgarsvæðinu og hvað kallar það á? Það kallar á mjög dýrar framkvæmdir á því svæði og komið hefur fram hjá borgarstjórn eða fulltrúum borgarstjórnar að þeir telja að það þurfi a.m.k. 1 milljarð á hverju ári til þess að byggja upp vegamannvirki til þess að bera þá umferð sem hér er orðin fyrir utan alla aðra uppbyggingu mannvirkja og þjónustu. Herra forseti. Það er rík þjóð sem hefur efni á þessu.

Eins og fram hefur komið eru samgöngumálin efst í huga fólks á landsbyggðinni. Ég hef lýst því yfir að það eru mér mikil vonbrigði að í þeirri vegáætlun sem Alþingi mun fjalla um í vetur eða á næstu vikum þarf að endurskoða vegáætlun fyrir næsta ár sem var samþykkt sl. vor vegna þess að gert er ráð fyrir minni fjárveitingu til málaflokksins heldur áætluð var. Þessi staðreynd er ekki síður grafalvarleg í ljósi þeirra tíðinda sem við ræðum hér í dag. Við höfum tæki sem við getum beitt til þess að efla landsbyggðina, þ.e. fjárlög og ég tel að þarna sé dæmi um það hvernig ekki eigi að beita þeim.

Annað vil ég nefna í þessu sambandi og það er raforkuverð. Það er fólki mjög ofarlega í huga víðast hvar á landsbyggðinni hversu dýrt er að reka húseignir og greiða húshitunarkostnað. Komið hefur fram að 24% þjóðarinnar kaupir yfir 40% forgangsorku Landsvirkjunar í gegnum Rafmagnsveitu ríkisins á verði sem er töluvert hærra en sem nemur langtímajaðarkostnaði virkjana Landsvirkjunar. Þetta segir mér a.m.k. að full ástæða er til að taka þetta mál upp við Landsvirkjun og ná fram leiðréttingu í þessum efnum. Þetta skiptir fólkið á landsbyggðinni verulega miklu máli og þetta er einn af þeim þáttum sem ráða búsetu fólks.

Það er auðvitað hægt að nefna margt fleira en eitt langar mig þó að nefna hér til viðbótar, þ.e. kostnaður heimilanna víða úti á landsbyggðinni vegna barna sem þurfa að sækja nám fjarri heimabyggð og þar er fyrst og fremst um framhaldsnám að ræða. Það er kunnugt að þetta er mjög erfiður póstur í rekstri heimilanna víða úti um landið og mörg dæmi eru um það að þetta hefur ráðið miklu um val fólks á búsetu. Ég tel að þarna sé um að ræða mál sem okkur beri að skoða og leita leiða til þess að koma til móts við fólk og þetta hefur margoft verið rætt á hinu háa Alþingi.

Spurningin er: Viljum við að þessi þróun gangi eftir eða viljum við bregðast við? Ég tel að almennur vilji sé til þess að bregðast við þessu, en það er eins og fram hefur komið ekki mjög einfalt því að ástæðurnar fyrir þessu eru mjög margar. Byggðastofnun leikur stórt hlutverk í þessum málum öllum og fyrr á þessu ári setti Byggðastofnun fram framreikninga um hugsanlega búsetuþróun á Íslandi fram til 2010. Þar kom fram að miðað við þá búsetuþróun sem nú hefur átt sér stað, þá muni fjölga á höfuðborgarsvæðinu um 25% á tímabilinu frá 1997–2010 en á sama tíma fækki á landsbyggðinni um 7,9% eða um tæplega 9 þúsund manns. Þetta eru tölur sem Byggðastofnun hefur sett fram og ber að skoða í fullri alvöru. Það hefur líka komið fram að út frá þessum upplýsingum frá Byggðastofnun eða þessum framreikningi þeirra sem er auðvitað byggður á ákveðnum forsendum, þá eru aðilar á höfuðborgarsvæðinu farnir að gera áætlanir um ýmiss konar uppbyggingu í þjónustu. Ég ætla í sjálfu sér ekki að nefna nein dæmi um það en ég tel að menn átti sig á því hvað ég er að nefna.

Herra forseti. Ég held að það liggi ljóst fyrir að þessi þróun er mjög óæskileg, ekki síst út frá því umhverfi sem er á höfuðborgarsvæðnu. Ég held að það sé ekki mjög æskileg þróun að hér myndist stærra samfélag, nokkurs konar borgarsamfélag, heldur en orðið er því að því fylgja mjög margvísleg vandamál sem ekki er auðvelt að meðhöndla eða bregðast við. Hagsmunirnir liggja því víða og þess vegna tel ég að við þurfum að ræða þessi mál mjög alvarlega og koma þeim til einhverra framkvæmda því að þetta er þróun sem er óæskileg.

En landsbyggðarmenn sjálfir leika stórt hlutverk í þessu. Ég held að það megi segja að umræðan almennt um byggðaþróunina hefur verið á þeim nótum að hún hefur að mínu viti byggt upp neikvæða ímynd á landsbyggðinni. Þessu verðum við að snúa við, þar liggur boltinn hjá landsbyggðarmönnum sjálfum, og draga fram kosti þess að búa út um landið. Þeir eru margir og margvíslegir. Umræðan ræður einnig miklu í þessu efni.

Herra forseti. Ég vil að endingu lýsa því að ég styð þessa tillögu að sjálfsögðu og vona að hún nái fram að ganga.

[17:03]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er fram komin er mjög athyglisverð, bæði vegna þess hvað lagt er til í henni og eins hins hvað hún leiðir fram að öðru leyti. Það er rifjað upp í greinargerð með tillögunni að fyrir þremur árum hafi verið samþykkt sérstök stefnumótandi byggðaáætlun fyrir næstu fjögur ár, 1994–1997. Þessi stefnumótandi byggðaáætlun sem var sú fyrsta sem samþykkt var af þessu tagi og var leidd af oddvita ríkisstjórnarinnar, formanni Sjálfstfl., byggði áætlun sína á þremur meginforsendum eða þremur markmiðum sem menn ætluðu sér að ná og í greinargerð með þessari tillögu er rakið að markmiðin hafi verið þessi:

1. Að treysta byggðina.

2. Að efla hana á þeim svæðum þar sem væri hægt að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita góða þjónustu.

3. Að draga úr fólksflutningum frá landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið.

Við heyrðum áðan nýjar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um íbúaflutninga á þessu ári og öll þekkjum við hvernig þeir flutningar hafa verið á árunum þar á undan frá 1994. Það er skemmst frá því að segja að ekkert þessara markmiða hefur náðs. Það má líka orða það þannig að mistekist hafi fullkomlega að ná þessum markmiðum. Fullkomlega hefur þetta mistekist og það er mikið umhugsunarefni. Ég ætla ekki að leggja það allt á herðar ríkisstjórnarinnar að hún beri ábyrgð á því að allt þetta sem hún ætlaði sér að gera hafi mistekist, fjarri því. Mér er ljóst að orsakir þess að svona hefur farið eru flóknar og margþættar og ekki sanngjarnt eða eðlilegt að ætla einni ríkisstjórn að bera þar alla ábyrgð á. En ég vil heldur ekki draga úr þeirri skoðun minni að ég tel að ríkisstjórnin hafi staðið sig afar slælega, svo ekki sé meira sagt, í þessum efnum.

Því sem þessi ríkisstjórn og sú síðasta á undan henni beitti sér fyrir til þess að ná þessum markmiðum var afar fátæklegt og henni verður ekki mikið hælt fyrir að sinna þessu verki af alúð og kostgæfni. Þvert á móti má segja að meginstefna þessara tveggja ríkisstjórna hafi verið afskiptaleysi. „Mér kemur þetta ekki við." Það hefur verið rauði þráðurinn í verkum tveggja síðustu ríkisstjórna, þ.e. afskiptaleysi af þessum málum.

Við munum sjá síðar í vetur hvort einhver breyting verði á þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Það liggur fyrir að það á að semja nýja áætlun, nýja stefnumótandi byggðaáætlun fyrir næstu fjögur ár, 1998–2002 og sú áætlun mun væntanlega koma inn í þingsali fyrir jól ef að líkum lætur og þá munum við sjá hvaða áherslur ríkisstjórnin hyggst leggja í þessum efnum.

Ég vil hins vegar segja um tillöguna sem flutningsmennirnir níu leggja hér fyrir okkur að hún er út af fyrir sig nokkuð góð. Hún er örugglega lögð fram af góðum hug og því að þeir hafa gert sér grein fyrir að þörf er á viðbrögðum stjórnvalda. Þeir hafa áttað sig á því að ætlast er til þess af ríkisstjórn á hverjum tíma og stjórnvöldum að beita sér í málinu. Ég lít svo á að tillaga þeirra sé svar við þessari kröfu sem stendur upp á þá eins og aðra þingmenn landsbyggðarinnar.

Ég vil nefna fáein atriði sem ég tel að skipti verulegu máli og skýri að einhverju leyti a.m.k. þá þróun sem hefur verið í gangi og er enn í gangi. Það er þjónustustaðan. Það er fyrst og fremst hvernig skólakerfið er á landsbyggðinni, bæði grunn- og framhaldsskólastigið. Það hefur verið rifjað hér upp af einum ræðumanni að framhaldsskólanám er ýmsum foreldrum dýrt á landsbyggðinni þar sem þau þurfa að senda börn sín frá sér til skóla sem er auðvitað víða og hlýtur alltaf að verða svo. En stuðningur samfélagsins við það nám er sáralítill miðað þann kostnað sem námi hefur í för með sér.

Í öðru lagi nefni ég læknisþjónustu. Hún þarf að vera traust. Menn þurfa að vera öryggir um að geta notið góðrar læknisþjónustu, ekki bara á fögrum sumardögum heldur líka þegar válynd eru veður.

Í þriðja lagi þurfa samgöngur að vera greiðar. Það held ég að sé eitt af lykilatriðunum í allri byggðaþróun. Byggðin hlýtur alltaf að þróast en til þess að hún þróist ekki á þann veg sem verið hefur, þá held ég að eitt af lykilatriðunum séu góðar samgöngur innan héraða og milli héraða. Vissulega hefur nokkuð verið gert í því að treysta samgöngur, einkum með sérstökum fjárveitingum á síðasta kjörtímabili, en það hefur líka verið mikið gert af því að skerða framlög til samgöngumála og má nefna flugmálaáætlun og vegáætlun því til sannindamerkis. Og vilji stjórnvöld á hverjum tíma virkilega leggja sitt af mörkum til að skapa skilyrði sem geta snúið þróuninni við, þá verða stjórnvöld að setja mikla peninga í samgöngubætur á næstu fimm til tíu, mikla peninga. Það held ég að sé grundvallaratriði.

Ég vil líka nefna efnahagslega afkomu sem er mismunandi. Það er staðreynd sem hefur farið fram hjá mörgum að meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu eru hærri en meðaltekjur á landsbyggðinni. Það eru betri tekjuöflunarmöguleikar á höfuðborgarsvæðinu, fleiri hálaunuð störf og fjölbreyttari störf heldur en menn geta gengið að úti á landi.

Að lokum, herra forseti, vil ég nefna eitt atriði sem ég tel að skipti miklu máli og það er að menn geti þar sem þeir búa nýtt sér gæði lands og sjávar. Þar á ég fyrst og fremst við fiskimiðin, þ.e. að fólk sem býr í sjávarplássunum búi við löggjöf sem geri mönnum kleift að nýta þessa auðlind betur en nú er.

[17:11]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að allt hafi mistekist í byggðamálum er nú ekki alveg sanngjarnt að segja þó við viljum vissulega sjá margt á annan veg. Atvinnulífið er víða komið í lag þar einnig eftir mörg erfið ár og almennt er bætt efnahagsástand sem er mikill árangur í landstjórninni. Það eru hækkandi tekjur í landinu öllu, lækkandi skattar og vextir. Þetta kemur hvarvetna til góða. Að öðru leyti erum við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson í meginaatriðum sammála um vanda landsbyggðar og hversu mikið þurfi til að koma til þess að rétta hennar hlut.

[17:12]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ber nú held ég mikið í milli í afstöðu okkar til málsins að öðru leyti en hv. þm. rennur auðvitað blóðið til skyldunnar að verja sína ríkisstjórn og vill bera af henni það blak að öllum þremur markmiðunum sem hún setti sér hafi henni mistekist að ná fram. Það er fullyrðing sem ég setti fram og fullyrðing sem ég ætla að standa við því ég hef öll rök til þess að sýna fram á að hún sé rétt og þarf þess raunar ekki því að hv. 1. þm. Vestf. gerði það rækilega í sinni ræðu og vísa ég til röksemdafærslu og upplýsinga sem fram komu í máli hans því til stuðnings.

Ég vil aðeins segja að lokum, herra forseti, um löggjöf um nýtingu auðlinda eins og fiskimiðanna. Sú löggjöf er mjög hamlandi fyrir fámenna staði á landsbyggðinni sem hafa efnahagslega lítið bolmagn. Þeir hafa líka flestir misst sína togara og með þeim mikið af aflaheimildum sínum. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur breyst í efnahagslöggjöf sem er ekki bara til að stýra því hvernig miðin eru nýtt, eða með öðrum orðum að þau séu ekki ofnýtt, heldur hvernig menn geta látið misjafna efnahagslega stöðu ráða þróuninni og í því kerfi verða þeir fámennu undir í samkeppni við fjölmennari staðina. Við sjáum og höfum mörg dæmi um að aflaheimildir og veiðitæki hafa flust af milli staða af þeim sökum og löggjöfin er eitt af vandamálunum sem landsbyggðin á við að búa.

[17:14]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega ekki margt sem okkur ber í milli í málinu, okkur hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Honum rennur auðvitað blóðið til skyldunnar að skamma

þessa ríkisstjórn. Það er honum fullkomlega heimilt og eðlilegt að hann geri það. Ég vil hins vegar benda á að hinn almenni grunnur hefur verið lagður og stjórninni hefur tekist efnahagsstjórnin aðdáanlega vel upp á síðkastið. Nú er því komið að hinum aðgerðunum sem eru í tillögunni sem við flytjum hér og ég vænti að fái framgang.

Ég vil líka segja að ef þessi tillaga og ef málefni landsbyggðar verða fyrir borð borin það sem eftir er af þessu kjörtímabili, þá verð ég heldur ekkert billegur, ekki frekar en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

[17:15]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hefur spunnist í tilefni af flutningi þessar þáltill. hefur meira snúist um byggðamál og byggðaþróun heldur en nákvæmlega um efnisatriði tillögunnar. Ég ætla að fylgja í fótspor þeirrar umræðu.

Það er alveg ljóst að sú þróun sem átt hefur sér stað á landsbyggðinni undanfarin 10–15 ár að minnsta kosti er mjög uggvænleg. Ég held að það hafi verið samfelld fækkun á landsbyggðinni allt frá árinu 1980 eða um það bil. Sú þróun er mjög uggvænleg og alls ekki þjóðhagslega hagkvæm þó að það sé nú jafnan þannig að ekki er hægt að binda fólk á klafa um það hvar það vill búa. Þess vegna skiptir í raun og veru miklu máli hvernig við nálgumst þá umræðu sem hér fer fram. Eitt af því sem ég hef tekið sérstaklega eftir í þessari umræðu er hve neikvæð hún í raun og veru er og hvernig landsbyggðarmenn hafa sjálfir átt sinn þátt í að draga upp neikvæða ímynd af landsbyggðinni. Það sem ég held að skipti miklu máli í tilraunum landsbyggðarmanna til að reyna að snúa þessari þróun við er að þeir fari sjálfir að draga fram þá kosti sem í því felast að búa úti á landi. Það held ég að skipti mjög miklu máli. Það er alveg sjálfgefið að meðan sífellt er verið að draga upp þá mynd af landsbyggðinni að þar sé allt í niðurníðslu þá er mjög erfitt að fá fólk til að flytja út á land eða að búa þar.

Ég hef nýverið lagt fram fsp. til fjmrh. um þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni og í Reykjavík frá árinu 1976 til dagsins í dag. Ég held að niðurstaða úr þeirri könnun verði mjög merkileg og segi meira en mörg orð um þá þróun sem hefur átt sér stað. Á hinn bóginn lít ég nú reyndar svo á að sú tillaga sem hér er sett fram, og er örugglega sett fram af góðum hug eins og einhver hv. þm. nefndi áðan, sýni að ríkisstjórninni hafi ekki tekist að framfylgja ályktun Alþingis um stefnumótun sem samþykkt var á Alþingi fyrir árin 1994 til 1997. Það sem hér er lagt til felst í þeirri ályktun sem Alþingi samþykkti. Mér finnst einhvern veginn að framlagning þessara till. af stjórnarþingmönnum hljóti að vera yfirlýsing af þeirra hálfu um að ríkisstjórninni hafi hreinlega ekki tekist að framfylgja þeirri ályktun sem samþykkt var hér á Alþingi, það er ekki hægt að skilja þessa tillögu öðruvísi en svo.

Enn fremur tel ég nokkuð augljóst að þeir sem standa að flutningi á þessari tillögu geti varla farið að samþykkja hér vegáætlun og flugmálaáætlun með niðurskurði því það eru grundvallarþættir í því að búa á landsbyggðinni. Og ef þeir vilja styrkja landsbyggðina þá er alveg ljóst að þeir geta aldrei staðið að samþykkt á niðurskurði í þessum málaflokkum. Ellegar er bara ekki orð að marka af því sem stendur í tillögunni. Ég held það verði mjög fróðlegt að fylgjast með því þegar að því kemur að samþykkja hér vegáætlun ef þar verður um að ræða einhvern verulegan niðurskurð sem hv. þm. Magnús Stefánsson gat um áðan þó að við stjórnarandstæðingar höfum ekki séð þá áætlun enn þá. Það verður fróðlegt að fylgjast með því ef þeir hv. þm. sem að þessari tillögu standa munu á síðari stigum samþykkja niðurskurð í vegáætlun. Það verður a.m.k. erfitt að setja þá ákvörðun í einhvern rökrænan búning. Það held ég að sé alveg deginum ljósara. Enda hefur hv. þm. Magnús Stefánsson lýst því yfir opinberlega að hann setji mikinn fyrirvara við þá áætlun sem nú liggur fyrir í vegamálum og ætlunin er að leggja fyrir Alþingi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi hér áðan að það væri nánast einkenni á þessari ríkisstjórn, og ég held hann hafi vitnað til þeirrar síðustu líka, að þar sé afskiptaleysi í byggðamálum almennt. Ég held það megi taka undir þá fullyrðingu hv. þm. því að í raun og veru, þrátt fyrir góð orð og háleit markmið um að halda landi í byggð o.s.frv., er kannski lítið sem hægt er að segja að hafi verið gert í þeim málum til að standa við þær yfirlýsingar. Það er einkanlega vega- og flugmálaáætlun sem þar koma til skoðunar um hvort eitthvert samhengi sé milli orða og verka því það er grundvallaratriði fyrir landsbyggðina að samgöngur séu góðar.

Í framsöguræðu sinni fyrir þessari tillögu hér áðan nefndi hv. 1. flm. það sem einhvers konar réttlætingu fyrir því að gripið yrði til sértækra aðgerða og réttlætingu fyrir núverandi kjördæmaskipan í landinu og kosningareglu að höfuðborgin hefði svo margt fram yfir landsbyggðina að landsbyggðin mætti þá hafa eitthvað annað fram yfir hana. Með öðrum orðum, að ein mismunun leiddi til réttlætingar á annarri mismunun. Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að ég á mjög erfitt með að átta mig á röksemdafærslu af þessu tagi. (**KHG:** Er þetta ekki jákvæð mismunun?) Já, að ein mismunun leiði til annarrar mismununar þýði sem sagt jákvæð mismunun. Ég verð að mótmæla fullyrðingum hv. 1. flm. sem setur rök sín fram með þessum hætti.

Hins vegar vil ég hnykkja enn frekar á því sem ég sagði í upphafi máls míns að við þingmenn sem komum utan af landi þurfum að setja okkur það mark að reyna að snúa við þeirri neikvæðu umræðu og neikvæðu ímynd sem óneitanlega er smám saman að skapast um landsbyggðina með því að reyna að draga fram hið jákvæða við hana, að fólk vill búa þarna sökum þess að það hefur margt fram yfir það að búa í þéttbýli. Við megum ekki alltaf vera að draga allt hið neikvæða fram. Við verðum að reyna að breyta þessari umræðu því hún skiptir gríðarlega miklu máli um að við fáum menntað fólk til að starfa á landsbyggðinni. Það skiptir gríðarlega miklu máli að fólk hafi trú á því sem er að gerast á heimavígstöðvunum. Það skiptir alveg gríðarlega miklu máli. Dæmi sem ég hef tekið sérstaklega eftir er Húsavík. Mér virðist að þar hafi menn áttað sig á nauðsyn þess að tala jákvætt og koma á framfæri jákvæðum fréttum af sinni heimabyggð. Ég held að það hafi skilað nokkru til þess að fólk fái trú á sinni heimabyggð.

[17:24]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagðist ekki átta sig á málinu og hvernig það væri lagt upp. Hv. þm. hefur ekki heyrt rétt um það sem hann fjallaði þarna. Ég talaði ekki um sértækar aðgerðir. Ég áréttaði að tillagan fjallaði um sjálfsagða jöfnun, að draga úr mismunun landsbyggð í óhag, en ekki sértækar aðgerðir. Sem sagt að jafna aðstöðu fólks í dreifbýli og þéttbýli og ég leiddi rök að því að landsbyggðin byggi við skertan hlut.

Það má líka segja um þessa tillögu að hún sé eins konar yfirlýsing, það er rétt hjá hv. þm. Kjörtímabilið er hálfnað. Það hefur verið unnið vel á fyrri hluta kjörtímabilsins og það er ekki öll nótt úti enn um verulegt átak í eflingu landsbyggðar. Því má segja tillöguna yfirlýsingu um að við viljum sjá það gerast á næstu tveimur árum með myndarlegum hætti.

[17:25]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar ég sagði að ég áttaði mig ekki alveg á þessum tillöguflutningi þá átti ég við það að Alþingi hefur þegar samþykkt ályktun um stefnumótandi byggðaáætlun. Ég átti við að þessi tillaga gerir í raun og veru ekkert meira en að falla innan þeirrar tillögu. Þannig að það sem ég átti við var að tillaga sem þessi væri yfirlýsing frá þeim þingmönnum sem að henni stæðu um að ekki hefði tekist og lítið verið gert í því að framfylgja þeirri áætlun.

Enn fremur vil ég segja sem ég gerði ekki áðan að mér virðist sú nefnd sem á að vinna að þeim hugmyndum sem hér koma fram ekki ætlað að gera neitt umfram það sem Byggðastofnun er ætlað að gera í dag. Ég fæ ekki séð það. Þannig að mér virðist sem annars vegar hafi þessi tillaga svo sem ekkert efni umfram það sem kemur fram í ályktun Alþingis og hins vegar að þarna sé verið að ætla einhverri nefnd að vaða inn á verksvið Byggðastofnunar. Það er þetta sem ég átti við þegar ég sagði að ég áttaði mig ekki alveg á tilgangi eða formi þeirrar tillögu sem við erum að ræða.

[17:27]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Byggðastofnun veitir ekkert af stuðningi, verulegum stuðningi við sitt mikilvæga starf. Ég hygg nú að hún hafi ekki fengið þann stuðning nægilega mikinn upp á síðkastið. Ég vil hins vegar árétta að hún er að vinna gott verk.

En varðandi það hvers vegna við flytjum tillöguna. Það má t.d. benda á að stjórnmálamenn Reykjavíkurborgar hafa sumir tjáð sig um að borgin þurfi nú stærri skerf af sameiginlegu vegafé landsmanna og geri tilkall til þess. Þannig að auðvitað þarf að halda þessum málum á lofti. Það þarf að halda því á lofti eins og hér hefur verið gert í umræðunni að landsbyggðin þarf á því að halda að vegasamgöngur séu góðar og að þær verði sífellt bættar og auknar. Það má ekki skerða fé til þess.

[17:28]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég nefndi það áðan að umræðan um þessa tillögu hefði smám saman þróast út í einhvers konar byggðaumræðu. Ég held að það sé einmitt það sem við megum ekki láta þessa umræðu þróast í, að hún verði þannig að hér sé um að ræða baráttu milli landsbyggðar og höfuðborgar. Það eru sameiginlegir hagsmunir landsmanna að við höldum landinu í byggð. Það eru sameiginlegir hagsmunir landsmanna að við getum byggt okkur þannig upp á landsbyggðinni að fólk vilji vera þar og að við getum tryggt þar ákveðna gerjun í atvinnulífinu. Þetta eru sameiginlegir hagsmunir. En það þjónar kannski út af fyrir sig engum tilgangi að vera að koma á fót einhverjum nefndum um góð mál þegar þessum málum er nú þegar komið fyrir annars staðar.

Virðulegi forseti. Ég verð að ítreka það að ég get ekki skilið flutning þessarar tillögu öðruvísi en svo að hér sé um að ræða einhvers konar skæruliðahóp innan þingflokka ríkisstjórnarflokkanna sem gefur þau skilaboð frá sér að hann sé óánægður með stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum.

[17:29]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. sé á nokkrum villigötum vegna þess að hann er að reyna að gera sér einhvern mat úr því að það séu þingmenn stjórnarliðsins sem flytja þessa tillögu og að á bak við liggi einhverjar hvatir sem hv. þm. er að reyna að gera sér í hugarlund hverjar séu. Ég held að þetta séu akkúrat umræður, virðulegi forseti, sem við eigum að forðast þegar við erum að tala um eins alvarlegt mál og þróun byggðamálanna er. Það getur vel verið að hv. þm. finnist í hita augnabliksins þegar hann situr hér inni að það kunni að þjóna pólitískum hagsmunum hans að vera með einhver læti. En það breytir hins vegar engu um efnislega niðurstöðu þessa máls sem er að það er mjög alvarleg þróun í byggðamálum. Hún á sér miklu flóknari ástæður heldur en við töldum hér áður og fyrr og við þurfum að fara í þessa umræðu mjög almennt og efnislega.

Ég var hins vegar mjög ánægður að heyra að hv. þm. taldi mikilvægt að auka fjármagn til vegamála. Ég er alveg sammála því að það sé eitt af því mikilvægasta sem við gerum um þessar mundir til að sporna við þessari byggðaþróun að auka fjármagn til vegamála. Þess vegna setti ég fram mjög skýran fyrirvara hvað þetta varðaði í fjárlagafrv. þegar verið var að afgreiða þetta mál í þingflokki Sjálfstfl. Það undraði mig nokkuð að þessi umræða kæmi frá hv. 6. þm. Suðurl., þm. jafnaðarmanna, vegna þess að mér hefur fundist að þegar vegamál hafa verið rædd á þeim bænum, þá hafi þau verið rædd á allt öðrum forsendum með allt öðrum formerkjum. Og þáv. málgagn Alþýðuflokksins, hið andaða Alþýðublað, tók sig sérstaklega til á sl. ári þegar fréttir bárust út um það að við nokkrir þingmenn stjórnarliðsins værum óánægðir með hlut vegamálanna í fjárlagafrv. og lýsti því yfir að þetta væri undarleg forgangsröðun, — undarleg forgangsröðun af þingmönnum Sjálfstfl. Það væri ýmislegt annað sem væri nú brýnna heldur en að leggja peninga í það að leggja vegi út um allar þorpagrundir landsins.

[17:32]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf líklega meira en tvær mínútur til þess að svara þessu andsvari því að hv. þm. byrjaði á því að túlka ræðu mína og sagði að ég hefði verið á miklum villigötum, sagði síðan að það þjónaði pólitískum hagsmunum að vera með útúrsnúninga og endaði svo á því að fjalla um Alþýðublaðið og skrif þess í fyrra um vegamál. Þannig að ég get væntanlega ekki tekið á öllum þeim atriðum sem hann nefndi hér.

En ég held nákvæmlega að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann var að tala um einhvers konar pólitíska sýndarleik. Þessi tillaga er vitaskuld ekkert annað en pólitískur sýndarleikur því hér eru stjórnarþingmenn að setja fram tillögu um að eitthvað skuli gera í byggðamálum. Það er ekkert annað.

Þess utan er efni þeirrar tillögu þannig að hún fellur innan ályktunar Alþingis um stefnumótun í byggðaáætlun og nú þegar er stofnun sem vinnur nákvæmlega að þeim málum. Ég get því ekki séð annað en að hér sé á ferðinni pólitísk

sýndarmennska og er andskoti smeykur um að yfirlýsingar af þessu tagi hitti hv. þm. sjálfan fyrir.

Að lokum það að þingmenn jafnaðarmanna hafi fjallað um þetta með einhverjum öðrum hætti. Ég held að það séu allir um það sammála að forsenda þess að við ætlum að halda landinu í byggð sé að hér séu öflugar samgöngur. Undir það get ég tekið með hv. þm. og er ánægður með það að hann skuli vera óánægður með framlög til vega- og samgöngumála hjá þessari ríkisstjórn. En góðar samgöngur er grunnforsendur þess að við getum haldið uppi öflugu mannlífi úti á landi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hafi forseti heyrt rétt, þá biður hann hv. þm. um að gæta hófs í orðavali.)

[17:34]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skil það mjög vel að hv. 6. þm. Suðurl. hafi hrokkið í baklás þegar ég fór að tala um efnisleg atriði í hans eigin ræðu. Ég mundi líka hafa hrokkið í baklás ef ég hefði flutt eins ræðu og hv. þm. flutti hér áðan vegna þess að mér fannst hv. þm. ekki nálgast þetta mál af nægilega mikilli alvöru og kostgæfni. Ég var hér eingöngu að gagnrýna það að mér fannst hv. þm. frekar vera að reyna að gera tillögumennina tortryggilega heldur en að fjalla um tillöguna efnislega. Það er auðvitað eðlilegt að hv. þingmenn, hvort sem þeir eru úr stjórnarhópnum eða stjórnarandstöðuhópnum, leggi fram hugmyndir í þá miklu umræðu sem er núna að hefjast um byggðamálin í landinu. Hvað er óeðlilegt við það? Felst í því eitthvert vantraust á núverandi stjórnvöld að þingmenn stjórnarliðsins leggi fram hugmyndir í þinginu? Hvers konar álit er þetta á þingræðinu ef menn halda að þingmenn stjórnarliðsins eigi aldrei að leggja fram þingmál ef það snertir það sem verið er að vinna að á degi hverjum á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ég skil ekki svona málflutning.

[17:35]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð nú að mótmæla þessari síðustu ræðu hv. 1. þm. Vestf. af einurð og festu. Hv. þm. heldur því fram að ég hafi ekki rætt þetta af alvöru og kostgæfni. Ég hef dregið hér upp í ræðu minni hversu gríðarlega alvarlegt mál þetta er, þessi fólksflótti af landsbyggðinni. Ég hef tekið það upp að það sé nauðsynlegt að við reynum að nálgast þetta með öðrum hætti til að byggja upp meiri trú fólks sem á landsbyggðinni býr gagnvart sinni heimabyggð. Svo kemur hann hér og leyfir sér að tala um að ekki sé rætt um málið af alvöru og kostgæfni. Ég veit ekki hvers konar málflutningur þetta er, virðulegi forseti, og kannski ekkert meira um þennan málflutning að segja.

Vissulega er ekki hægt að draga aðrar ályktanir, virðulegi forseti, af þeim hópi manna sem á þessu þskj. eru en að þeir séu óánægðir með byggðastefnu núverandi ríkisstjórnar. Það verður ekki gert með öðrum hætti og það hefur ekkert með þingræðið að gera, virðulegi forseti.

[17:36]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil nú bregðast við ræðu hv. þm. aðeins á öðrum nótum en hér hefur verið vegna þess að ég vil taka undir það sem hann sagði varðandi umræðuna á landsbyggðinni. Ég er alveg sammála hv. þm. með það eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að landsbyggðarmenn hafa ekki verið nógu jákvæðir í sínum málflutningi. Við þurfum og verðum að byggja upp jákvæðari ímynd heldur en ríkir í dag og einnig vil ég segja að það skiptir kannski ekki alveg nákvæmlega öllu máli hvaða aðgerða stjórnvöld grípa til ef landsbyggðarmenn sjálfir taka ekki við þeim á jákvæðan hátt.

Þarna tel ég að við stjórnmálamenn leikum mjög stórt hlutverk, ekki síst þingmenn landsbyggðarkjördæmanna, sem felst þá í því að taka þátt í því að efla þessa jákvæðu umræðu vegna þess að þeir huglægu þættir og sú ímynd sem er varðandi búsetu á landsbyggðinni skipta svo miklu máli í þessu öllu saman. Því það eru margir og miklir kostir við það að búa víðs vegar um landið.

Einnig vil ég nefna það og það er frægt og við þekkjum það að í lok fréttatíma í sjónvarpsstöðvunum er gjarnan skotið fram myndbroti sem menn kalla sjónvarpssólina í Reykjavík þar sem er verið að sýna myndir af fólki sem er á Austurvelli eða torgum borgarinnar að spóka sig í góða veðrinu. Þetta á sér kannski stað á sama tíma og fólks sums staðar úti á landsbyggðinni er í kulda og trekki og allt öðru veðurfari og þetta byggir smám saman upp þá ímynd hjá fólkinu úti á landsbyggðinni að það sé svona framúrskarandi gott veðurfar hér í Reykjavík sem ég held að sé algjör misskilningur.

[17:38]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka fyrir það andsvar sem hv. þm. Magnús Stefánsson flutti hér þar sem hann tók undir bróðurpartinn af því sem ég sagði áðan.

Ég vil líka taka aðeins undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni vegna þess að það er mikið til í því að oft og tíðum þegar umræður um landsbyggðina eru í fjölmiðlum, þá taka fjölmiðlar upp, hvort sem þeir gera það meðvitað eða ómeðvitað, og fjalla um eitthvað sem er neikvætt á landsbyggðinni. Þeir gera það mjög oft og ég get tekið sem dæmi sem okkur var greint frá núna ekki fyrir margt löngu að þegar við þingflokkur jafnaðarmanna fórum um Norðurl. v. þegar verkfallsátökin voru á Vestfjörðum og einhver átök áttu sér stað á Skagaströnd, þá voru þar allir fjölmiðlar hver um annan þveran sem vildu taka allt upp sem hugsanlega væri neikvætt. En á sama tíma eða skömmu síðar var haldin þar mjög góð og öflug sýning sem milli 3 og 4 þúsund manns sóttu, en á hana vildi ekki nokkur fjölmiðill mæta. Þetta skiptir líka miklu máli í ofanálag við það að landsbyggðin fari að snúa umræðunni um sjálfa sig dálítið við í því skyni að byggja þar upp ákveðið sjálfstraust og í því skyni að fá fólk til þess að trúa því að það sé gott að búa á landsbyggðinni, sem og það er.

[17:39]

**Drífa Hjartardóttir:**

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu um eflingu atvinnu- og þjónustusvæðanna á landsbyggðinni. En þessi tillaga tengist reyndar mjög svo þeirri tillögu sem sú sem hér stendur flutti fyrr í dag um atvinnusjóð kvenna.

Það vill enginn sjá þá þróun sem er í dag, þessa fækkun á landsbyggðinni. Hvað er að gerast þegar jafnstórir bæir og t.d. Vestmannaeyjar eru að tapa 142 úr sínu byggðarlagi? Þetta er mjög alvarleg þróun.

Svo ég taki fleiri dæmi á Suðurlandi, Mýrdalshreppur tapar 11 manns, Skaftárhreppur 9, Hvolhreppur 15 en á móti er reyndar fjölgun á Selfossi um 29 þannig að eitthvað af þessu fólki stoppar reyndar í Suðurlandskjördæmi. Í Rangárvallahreppi verður aukning um 5 manns, Ölfushreppur tapar

46 manns, Hverageröi 19, Villingaholtshreppur 22. Aftur á móti eigum við þrjá gullhreppa sem lengi hefur verið talað um og það er Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur og Biskupstungnahreppur, en samanlagt bæta þeir við sig 45 manns sem er reyndar mjög gleðilegt.

Eitt af því sem hefur verið rætt er jöfnun á tækifærum og jöfnun á aðstöðu. Sá sem býr t.d. í Vestmannaeyjum og ætla sér að fara í fermingarveislu til Reykjavíkur með fjölskyldu sína borgar miklu, miklu meira heldur en sá sem býr á Hellu þarf að greiða og getur tekið bílinn sinn og keyrt þangað. En Herjólfur er þjóðvegur Vestmanneyinga og því megum við ekki gleyma. Og þegar rætt er um kostnað landsmanna á hitun á húsum, þá er líka til saga um konu sem flutti utan af landi fyrir nokkrum árum. Hún fékk hitareikning sem hún borgaði hann alveg steinþegjandi og hljóðalaus. En hún var að borga fyrir heilan stigagang í blokk. Henni kom þetta ekkert á óvart því að þetta voru bara álíka reikningar og hún hafði verið að greiða heima hjá sér.

Það er eitt sem ég mundi gjarnan vilja að nefndin mundi taka til athugunar og það er hvernig hægt er að stuðla að ættliðaskiptingu í landbúnaði án þess að viðkomandi skuldsetji sig svo að hann geti aldrei rönd við reist. Það sem skiptir máli er nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi, það skiptir alveg gríðarlega miklu máli. Og oft hefur nú verið hnýtt í Byggðastofnun en Byggðastofnun er að gera marga mjög góða hluti einmitt í samstarfi við sveitarfélögin í kjördæmunum. Á Suðurlandi hefur t.d. verið stofnað hlutafélagið Atgeir sem er að efla mjög atvinnulíf á Suðurlandi sem er mjög gott og út úr því eru að koma nokkur fyrirtæki.

En ímyndin skiptir miklu máli og hvernig er nú ímynd bænda t.d. í fjölmiðlum? Hún er alveg skelfileg. Það hefur verið sýnt eitthvert fólk sem er tötrum klætt, helst með lafandi tóbakið niður á bringu og fólk verður jafnvel undrandi þegar það kemur úr Reykjavík og hittir bara okkur venjulega sveitafólkið. Það rekur í rogastans að þetta skuli bara vera venjulegt fólk því að það sér ekkert annað í fjölmiðlunum en margan furðufuglinn. Þetta mættu nú fjölmiðlar athuga. Það virðast ekki vera neinar fréttir nema það séu neikvæðar fréttir og oft hefur verið reynt á landsbyggðinni að fá fjölmiðla til þess að taka upp einmitt það jákvæða sem er að gerast.

Það er mikið og gott menningarlíf á landsbyggðini. Við eigum góða skóla, við eigum frábæra tónlistarskóla, það er mikið félagslíf. Það er hvergi nokkurs staðar held ég bið eftir leikskólaplássi og menningarlíf er yfirleitt mjög gott þannig að það ætti ekki að fæla nokkurn frá að flytja út á land. Heilsugæslan á landsbyggðinni held ég að sé oft og tíðum mun betri heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Við þekkjum lækninn okkar og eigum oft mjög greiðan aðgang að heilsugæslunni.

Ég las um daginn grein eftir hjúkrunarfræðing sem var að segja raunasögu sína af að hitta heilsugæslulækninn sinn hér í Reykjavík. Þessa sögu þekkjum við ekki á landsbyggðinni. En aðalatriðið er að hafa trú á sínu byggðarlagi og trú á sjálfum sér. Það er það sem skiptir öllu máli.

[17:45]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þetta er nokkuð merkileg umræða sem hefur staðið yfir nokkurn tíma að undirlagi stjórnarsinna. Hún er merkileg vegna þess að við erum að ræða hina hliðina á stefnuræðu forsrh., hina hliðina á góðærinu rómaða, hina hliðina á því þegar ráðamenn segja: Það er allt í góðu lagi. Af því að við stjórnarandstæðingar heyrum ágætlega höfum við lengi vitað að ekki er allt í góðu lagi. Við höfum vitað að fólki fækkar úti á landi og við þekkjum áhyggjur fólksins þar sem finnur fyrir því að hið meinta góðæri hefur ekki komið við mjög víða á landsbyggðinni. En ef stjórnarandstæðingur segir þetta í sölum Alþingis þá er það neikvæðni, þá er það ómerkilegur málflutningur og þá er það málflutningur sem dregur úr. Þess vegna er svo merkilegt að hér skuli koma stjórnarsinnar, ekki einn heldur margir og lengst af einokuðu þeir umræðuna og þeir taka sig til og ræða hina hliðina á glansmyndinni. Það er afar merkilegt, herra forseti. Menn koma eins og þeir séu dottnir beint úr tunglinu og segja: Hér eru mikil tíðindi.

Það eru mikil tíðindi núna að í fyrra skyldu flytja 1.750 manns frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Herra forseti. Mér fundust það þó nokkur tíðindi í fyrra og svo eru það mikil tíðindi að nú skuli vera fluttir 1.500 frá landsbyggðinni og til Reykjavíkur og ekki nema október.

Herra forseti. Kannski má virða þeim mönnum það til vorkunnar, sem eru núna að vakna upp við þessi tíðindi og finnast þau mikil, þó að þeim finnist þeir sem tala öðruvísi koma í ræðustól til að þjóna pólitískum hagsmunum. Guð má vita hagsmunum hverra en það er alla vega sérkennilegur útúrsnúningur sem kom fram áðan.

Auðvitað eru allir sammála um alvöru málsins. Menn eru hins vegar ekki sammála um vandi hverra þetta er. Ég tek eftir því að stjórnarliðar tala gjarnan um vanda landsbyggðarinnar. En ég tek undir með þeim sem segja: Auðvitað er þetta vandi okkar allra og það er gallinn á umræðunni núna að eingöngu landsbyggðarþingmenn taka þátt í henni af því að þetta er vandi okkar allra.

Ég tek líka eftir því að menn skoða sérstaklega og ræða hvað er að gerast í einstökum kjördæmum og þá gjarnan í kjördæmi sínu. Það er líka vandi við umræðuna um byggðarmál á Alþingi og mér finnst óþægilegt að hlusta á það þegar þingmenn koma upp og tala um flutning úr kjördæmum. Mér hefur oft þótt sérkennilegt þegar mál koma upp einhvers staðar í landinu að þeir sem taka til máls í þingsal þegar málið er tekið upp eru fyrst og fremst þingmenn viðkomandi kjördæmis enda þótt öllum megi vera ljóst að málið snertir okkur öll sem Íslendinga. Það er m.a. vegna þessa, herra forseti, sem ég hef stutt þá tillögu að landið verði allt gert að einu kjördæmi. Mér sýnist að það sé líklegasta leiðin til þess að segja okkur öllum sem situm á löggjafarsamkomunni og öðrum sem ráða í samfélaginu að landið allt kemur okkur við, ekki bara einstakur partur þess þegar það passar.

Mér fannst líka sérkennilegt, herra forseti, þegar ég las vasafjárlög fjmrh. að þar er varað sérstaklega við sértækum aðgerðum sakir þess hversu vondar þær séu fyrir landsbyggðina. Ég gerði þetta að sérstöku umræðuefni úr ræðustóli vegna þess að mér fannst ólíðandi hvernig fjallað var um landsbyggðina á þeim stað vegna þess að niðurstaða mín er sú eftir að vera búin að fylgjast með þessum málum og umræðum um þau nokkuð lengi, að aðgerðir sem farið er í heita þá einungis sértækar að þær séu annars staðar en í Reykjavík. Sambærilegar aðgerðir í Reykjavík eru sjálfsagðir hlutir.

Ég vildi óska þess að okkur fyndist öllum að okkur kæmi þetta við vegna þess að þannig er það í raun og veru. Byggð og byggðaþróun á Íslandi kemur okkur öllum við og við þurfum líka, herra forseti, að hugsa til þess að ekki er nóg að við veltum því fyrir okkur hvort við höldum öllu landinu í byggð. Við þurfum líka að velta því alvarlega fyrir okkur hvernig við ætlum að halda Íslandi í byggð vegna þess að

það er ekki lengur svo að fólk láti sér nægja að flytja úr dreifbýli í þéttbýli eða úr minna þéttbýlli í stærra þéttbýli. Fólk flytur því miður í allt of stórum stíl beint til útlanda eða á þangað erindi og ílendist vegna þess að auðvitað er það svo að fólk er ætíð að sækja í betri lífskjör. Ég er ekki að segja með þessu að lífskjör í útlöndum eða lífskjör í stærra þéttbýli séu einatt betri. Það er mikið til í því sem bæði hv. þm. Magnús Stefánsson og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafa verið að reyna að segja í dag að miklu máli skiptir hvaða viðhorf menn hafa til þéttbýlis og dreifbýlis og það skiptir verulega miklu máli hvaða mynd fólk gefur af þessum svæðum, ekki bara fjölmiðlar heldur líka við sem tölum um landsbyggðina og viljum vera málsvarar þess að byggð sé alls staðar í landinu.

Ég sagði einhvern tíma í umræðu um byggðamál að kók auglýsti ekki sína vöru með því að sýna skemmdar tennur. Kók auglýsir alltaf kók með því að tengja það heilbrigði og hreysti, útivist og ungu fólki. Við höfum hins vegar haft tilhneigingu til þess, fólk sem býr úti á landi, að miða byggðarlög okkar endalaust og ævinlega við Reykjavík eins og Reykjavík sé fullkomin og síðan höfum við dregið frá og mínusað endalaust af því að bærinn okkar og byggðin okkar hefur ekki haft upp á nákvæmlega allt að bjóða sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Ég held að þetta sé sú vitlausasta umræða sem við höfum nokkurn tíma farið í og erum við þó búin að spóla í henni lengi vegna þess að með þessu erum við aftur og aftur að segja: Reykjavík er hið rétta viðmið. Allt annað er neikvætt, verra.

En við gleymum stundum að það fólk sem býr í Reykjavík fer á mis við ýmislegt sem við, sem búum úti á landi, fáum að njóta. Af hverju segjum við ekki oftar frá því? Hv. þm. Drífa Hjartardóttir vék að því áðan að það væri margt jákvætt. Við vitum það líka að fólkið sem býr úti á landi kann að meta það. Það kann að meta opinberu þjónustuna og það veit alveg hvers virði er að geta verið þátttakandi með þeim hætti sem fólk úti á landi er, ekki bara þátttakandi í því samfélagi fólks sem þar er heldur í ýmissi menningarstarfsemi.

Herra forseti. Mér finnst mikil tíðindi að hv. stjórnarliðum finnist það tíðindi að það sé að fækka á landsbyggðinni en því miður held ég að það hafi ekki verið tíðindi fyrir aðra.

[17:54]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. kom fram að þeir sem hafa talað í umræðunni séu núna að vakna upp við þessi tíðindi um fólksflutninga. Ég vil leyfa mér að rifja það upp með hv. þm. að þetta er alls ekki rétt vegna þess að ég veit ekki betur en þeir þingmenn hér sem hafa tekið þátt í umræðu um tiltekna tillögu hafi margoft rætt þessi byggðarmál og bent einmitt á þá þróun sem er í gangi. Ég vil leyfa mér að mótmæla málflutninginum en hins vegar vil ég einnig taka undir annað sem hv. þm. sagði og það er akkúrat það að byggðaþróunin í landinu er vandi allrar þjóðarinnar. Það er alveg hárrétt tilgreint hjá hv. þm. Þetta er ekki síður vandi höfuðborgarsvæðisins eins og ég kom inn á ræðu minni fyrr í dag þannig að ég tek undir þennan þátt í ræðu hv. þm. og auðvitað væri nauðsynlegt fyrir umræðuna að fá viðhorf þingmanna af þéttbýlissvæðum í Reykjavík og Reykjanesi til þess að fá breiðari umræðu.

[17:56]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætlaði ég að særa tilfinningar hv. þm. Magnúsar Stefánssonar með því að gera honum upp skoðanir eða orð sem hann viðhafði ekki. Ég tel mig samt sem áður hafa haft ærinn grundvöll til þess að taka til orða eins og ég gerði og lýsi því enn og aftur yfir að mér þykir málflutningurinn að mörgu leyti hinn sérkennilegasti.

Ég get ekki varist því að finnast að þarna séu stjórnarliðar í rauninni að lýsa yfir ákveðnu vantrausti á framkvæmdarvald sem þeir bera þó ábyrgð á og séu með þessum hætti að reyna að segja, þeir hafa ekki staðið sig en við viljum gera það.

[17:57]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það er orðið áliðið dags og ég ætla ekki að tefja umræðuna mikið en get ekki stillt mig um að segja hér örfá orð. Ég get varla talið mig fulltrúa höfuðborgarsvæðisins þó að ég sé búin að búa hér í 38 ár vegna þess að ræturnar eru það sterkar í heimabyggð minni að mér finnst ég alltaf vera hálfgerður landsbyggðarþingmaður eða þingkona. Ég segi stundum til gamans að ég telji mig vera fyrir landið allt og miðin og það held ég að við eigum bara einfaldlega að gera. Við eigum að hafa þroska og vit til þess að skoða þetta allt í samhengi og líta á allt landið þegar við erum að taka ákvarðanir.

Margt mjög merkilegt hefur komið fram í umræðunni og eitt af því sem hefur svolítið verið rætt er ímynd landsbyggðarinnar og ég vil taka undir það. Mér finnst skipta mjög miklu máli að fólk sjái jákvæðu hliðarnar við hvert byggðarlag og sé ekki einmitt með þessa hugsun að allt þurfi að vera nákvæmlega eins, möguleikarnir nákvæmlega hinir sömu. Auðvitað er fjölbreytni í hinum ýmsu byggðum landsins og það er misjafnt að búa á Dalvík eða í Reykjavík og það sem einum finnst vera kostur getur öðrum þótt ókostur. Það getur svo sannarlega verið af hinu góða að geta valið um búsetu einmitt með tilliti til eigin áhugamála. Mér fannst dálítið mikið reynt að koma sökinni á fjölmiðla, að þeir gæfu svo neikvæða mynd. Auðvitað eru neikvæðar fréttir ansi áberandi í fjölmiðlum landsins eins og í fjölmiðlum yfirleitt og það er einfaldlega vegna þess að það neikvæða sem gerist í mannlífinu er í sjálfu sér það óeðlilega. Það eru fréttirnar ef það er eitthvað neikvætt. Mönnum hættir til að finnast eðlilegt að allt sé jákvætt og fari vel fram. Það séu svo sem engar fréttir þó að einhver kór syngi vel á Dalvík eða opnuð sé sýning á Höfn í Hornafirði. Það þykja engar stórfréttir hér og margt fólk hér kvartar yfir því að ekki sé ekki sagt frá ýmsu góðu sem gerist í höfuðborginni.

Myndin sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir dró upp af landsbyggðarmönnum með tóbakið lafandi niður á bringu, það eru nú sem betur fer ekki alltaf slíkar myndir sem birtast af landsbyggðarmönnum. Það eru líka heldur betur myndir af léttklæddum meyjum í sólskininu á Egilsstöðum eða á Akureyri og af börnum að leik með dýrum úti á landsbyggðinni. Svo sannarlega eru neikvæðar fréttir úr höfuðborginni. Maður veltir því stundum fyrir sér hvernig nokkrum landsbyggðarmanni dettur yfirleitt í hug að koma til þessarar borgar þar sem miðborgin er eitt styrjaldarsvæði má segja um helgar og það eru sífelldar fréttir af naggi og rifrildi hér á þessu svæði.

En svo ég víki nú aðeins að nákvæmlega því sem hér er til umræðu. Fyrir rúmum áratug sat ég nefnilega í merki-

legri nefnd sem kölluð var byggðanefnd þingflokkanna. Hún ræddi það auðvitað á mjög mörgum fundum hvernig bregðast skyldi við þeirri vá sem fælist í byggðaröskun og hinum alvarlega flótta manna af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það sem mér fannst nú eiginlega merkilegast þegar ég byrjaði að starfa í þeirri nefnd var hversu margar skýrslur voru til og hversu margar nefndir höfðu verið að ræða nákvæmlega þetta sama mál. Ég var að reyna að leggja eitthvað nýtt til málanna sem ég veit svo sem ekki hvort mér tókst en mér fannst það a.m.k. ekki fá mikið vægi í þeirri skýrslu sem kom út úr starfi nefndarinnar. En mér finnst kannski of mikið talað um að flóttinn af landsbyggðinni eins og hann er gjarnan kallaður — ég vil nú frekar tala bara um fólksflutninga — sé ekki bara vegna einhverra aðstæðna í atvinnulífinu, hann stafar ekki bara af því að samgöngur séu erfiðar eða raforkuverðið misjafnt. Ég held reyndar að t.d. kostnaður vegna barna í framhaldsnámi sé talsverður áhrifavaldur því það eru mörg dæmi þess að fjölskyldur hafi ekki bara látið sér lynda heldur líkað mjög vel að búa á landsbyggðinni á meðan börnin eru ung en síðan hafi fjölskyldan tekið sig upp og flutt til höfuðborgarsvæðisins til þess að vera með börnunum þar sem þau eiga kost á fjölbreyttari menntun.

En það er ekki bara þetta heldur vil ég nefna tvö önnur atriði. Það er í fyrsta lagi kröfur um fjölbreytni og ekki aðeins í atvinnulífi, sem skiptir auðvitað miklu, heldur einnig í menningarlífi, sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir talaði um að væri mjög gott á landsbyggðinni og ég efast ekkert um. Við þekkjum svo sem ýmislegt um slíkt. En menn vilja geta valið um afþreyingu, geta valið milli kvikmyndahúsa, milli leikhúsa, milli veitingahúsa, íþróttakosta og hver veit hvað. Þó að það sé blómlegt menningarlíf víða utan höfuðborgarsvæðisins þá verður það auðvitað aldrei eins fjölbreytt og hér. Ég þekki mann sem fer aldrei í kvikmyndahús en hann vill alveg endilega búa þar sem eru 10 til 20 kvikmyndhús svo hann viti af þessu vali.

Ég vil nefna annað sem skiptir miklu og það er aukið sjálfstæði kvenna. Aukin atvinnuþátttaka kvenna og auknar kröfur kvenna um atvinnu og möguleika af ýmsu tagi sem eru við þeirra hæfi. Það er auðvitað liðin sú tíð að konan og börnin fylgi eiginmanninum eða heimilisföðurnum möglunarlaust hvert á land sem er. Nú sé ég að ljósið er farið að blikka. Það er fljótur að líða þessi tími þannig að ég hef ekki tíma til að fara lengra út í þetta.

Ég er ekki að mæla gegn þessari tillögu. Ég styð efni hennar og sé ekkert á móti því að stutt sé við það starf sem Byggðastofnun hefur verið falið. Ég vil aðeins nefna eitt ef ég má, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Tíminn er búinn.)

Já, takk fyrir.

[18:05]

**Drífa Hjartardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú aðeins draga úr því sem ég sagði áðan um fjölmiðla. Það má náttúrlega alls ekki setja alla undir sama hatt. En sumir eru þessu marki brenndir. Sem betur fer sjáum við oft fallegar myndir af landsbyggðinni. Þá er það ekki síst fyrir ferðamanninn sem kemur þá til okkar og skoðar það sem við höfum upp á að bjóða. En hvað varðar fjölbreytni í leikhúsum, kvikmyndahúsum og annað þess háttar, þá held ég að fólk af landsbyggðinni sæki slíkt ekkert síður heldur en fólk hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég þekki marga hér í Reykjavík sem ekki fara eins oft á leiksýningar og í kvikmyndahús og margir sem ég þekki á landsbyggðinni.

[18:06]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek fyllilega undir þetta. Ég var auðvitað ekki að verja fjölmiðlana. Ég hef enga ástæðu til þess. Það er alveg rétt líka sem hv. þm. sagði um menningarneyslu landsbyggðarfólksins. Ég hef einmitt oft tekið eftir þessu. Fólk sem kemur utan af landi nýtir tíma sinn mjög vel og tekur inn allt það sem er hér á þessu svæði og notar tækifærið vel.

Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. fyrir að gefa mér tækifæri til að koma aftur upp í ræðustól vil þess vegna nota það tækifæri til að tala um einn lið sem er nefndur hér í tillögugreininni. Ég set stórt spurningarmerki við a-liðinn. Ég sé ekki að það sé skynsamlegt að mæla með því að aksturskostnaður verði frádráttarbær frá skatti og það geti verið liður í þessu. Ég vil minna á að það er ýmiss konar annar kostnaður við það að sækja atvinnu, hvort sem það er um langan veg eða skamman. Og ef það á að fara að gera aksturskostnaðinn frádráttarbæran frá skatti þá vil ég bara minna á þann kostnað sem fólk hefur af barnagæslu svo það geti stundað atvinnu. Það mætti þá væntanlega gera slíkan kostnað frádráttarbæran frá skatti ef það á að fara þannig með aksturskostnaðinn.

[18:08]

**Útbýting þingskjals:**

Lánastefna Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 172. mál, fsp. ÖJ, þskj. 172.

[18:08]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er verið að ræða þáltill. sem tekur á mjög alvarlegu vandamáli. Þetta er mjög mikilvægt mál. Hingað til hafa að mér sýnist eingöngu talað þingmenn landsbyggðarinnar, að sjálfsögðu talaði hér þingmaður Reykn., en ekki Reykv.

Þessi mikli flutningur utan af landi er mjög slæmur. Hann er persónulegt áfall fyrir það fólk sem telur sig neyðast til að flytja. Hann ruglar samböndum fólks við kunningja og ættingja og hann er þjóðhagslega mjög óhagkvæmur. Það er verið að eyðileggja byggingar, húsnæði og annað slíkt sem fellur í verði. Það er engan veginn hagur Reykjavíkur að fólk flytjist til þangað, það er alls ekki rétt. Við Reykvíkingar viljum líka sjá blómlegar byggðir um allt land ekki síður en landsbyggðarfólk.

Það er mjög mikill kostur að búa úti á landi og menn hafa ekki undirstrikað það nægilega mikið. Ég minni t.d. á hávaðamengunina hér í Reykjavík. Hún er þvílík að ef maður fer upp á fjöll hér í nágrenninu þá heyrir maður dyninn. Að sjálfsögðu hljómar hann í hverri einustu íbúð í Reykjavík og veldur hugsanlega taugaveiklun og öðru slíku. Þetta er ekki til staðar úti á landi eða í miklu minni mæli. Það hafa verið nefnd mörg önnur atriði eins og glæpir og slíkt sem gerir Reykjavík óörugga. Það er ekki til úti á landi eða í miklu minni mæli.

En umræðan hefur alltaf verið neikvæð. Ímynd landsbyggðarinnar er neikvæð og það eru ýmsar ástæður fyrir því. Það hefur ekki verið nefnt hér að vandi landbúnaðarins, sem er búinn að ganga í gegnum miklar þrengingar á undanförnum árum, hefur í hugum manna sett neikvæða ímynd á alla landsbyggðina þó að hún sé engan veginn öll tengd landbúnaði. Þannig að fólk hefur á tilfinningunni að það

sé allt saman eymd og volæði úti á landi vegna þess hve landbúnaðurinn hefur gengið illa. En það er engan veginn rétt. Það eru til mjög blómlegar byggðir úti á landi. Svo er líka hitt að það hefur þótt búmannsdyggð að berja sér á brjóst og það gera menn ansi víða.

Herra forseti. Hér á landi hefur í fjölda áratuga ríkt ákveðin miðstýringarárátta. Fjármálakerfið er allt miðstýrt hér í Reykjavík. Stjórnkerfið er meira og minna miðstýrt í Reykjavík og jafnvel þegar menn ætla að fara að bjarga landsbyggðinni með því að setja á stofn eina stofnunina í viðbót, Byggðastofnun, hvar skyldi hún þá starfa? Í Reykjavík að sjálfsögðu. Og hún dregur til sín fólk — ég hugsa að margir starfsmenn hennar hafi komið utan af landi, flutt til Reykjavíkur til að bjarga landsbyggðinni. Það er ákveðin miðstýringarárátta.

Svo hefur það gerst að atkvæðavægi veldur því að landsbyggðarþingmenn gera út á ríkissjóð. Við skulum bara horfast í augu við það. Menn eru að gera út á ríkissjóð alls konar vitlausar framkvæmdir. Það er neikvætt. Því fylgir ákveðinn vælutónn í umræðunni, menn þurfa að væla út einhverja framkvæmd, höfn eða brú eða eitthvað slíkt, og vælutónninn veldur því að menn halda að allt sé í volæði á viðkomandi stað. Þannig að atkvæðavægi getur valdið því að staða landsbyggðarinnar versnar.

Fyrir utan það eru svo kengvitlausar framkvæmdir í byggðarlaginu sem drepa niður sjálfsvirðingu borgaranna þar. Þegar þeir þurfa að horfa upp á að það er verið að byggja einhverja höfn sem allir vita að er vitleysa þá drepur það niður sjálfsvirðingu þeirra. (**GÁ:** Ekki er sú höfn á Suðurlandi.)

Herra forseti. Það er margt jákvætt að gerast. Ég nefni t.d. verðbréfamarkaðinn þar sem menn hleypa að frjálsræði og markaðslögmálum. Hvert skyldu aðallega peningarnir hafa streymt? Út á land. Til útgerðarfyrirtækja um allt land. Það eru gífurlegar framkvæmdir á Austfjörðum, á Norðurlandi og á Vestfjörðum sem eru fjármagnaðar héðan frá Reykjavík í gegnum verðbréfamarkaðinn. Þannig að það er ýmislegt sem hefur verið til bóta. Það er nýbúið að flytja ýmis verk frá ríki til sveitarfélaga. Það er ekki miðstýringaraðgerð, það er verið að flytja verkefni frá miðstýringarapparatinu til sveitarfélaganna, t.d. grunnskólann. Það mun styrkja landsbyggðina ótrúlega mikið og menn eiga eftir að sjá það.

Svo er það internetið og tölvurnar sem gera það að verkum að það er nánast sama hvar maðurinn situr í heiminum í dag, hann hefur alltaf þann möguleika að nýta sér tæknina. Það mun breyta stöðunni allverulega þegar fram í sækir. Það skiptir nefnilega ekki máli lengur hvar menn búa. Ég get vel ímyndað mér að margur vísindamaðurinn, tölvunarfræðingurinn eða bara hver sem er flytji út í sveit og sitji þar í sínum sveitabæ eða í þorpi úti á landi og vinni í Reykjavík eða í New York eða einhvers staðar annars staðar. Þetta er allt mögulegt í dag. Arkitekt getur búið úti í sveit og fengið innblástur frá fossunum og fjöllunum, hann getur verið að teikna hús í Köln, New York eða í Tókíó, enginn vandi. Þetta held ég að sé til bóta.

Í þessari þáltill. er ýmislegt sem ég er ekkert voðalega hrifinn af. Það eru sértækar aðgerðir. Það á t.d. að láta Landsvirkjun jafna húshitunarkostnað, skekkja stöðu með því að nota arðinn í einhverjar sértækar aðgerðir. Ég er ekki hrifinn af því og eins og ég gat um áðan þá held ég að það sé landsbyggðinni ekki til góðs. Það eina sem hægt er að benda á að sé landsbyggðinni til góða er einmitt frelsið. Það er verðbréfamarkaðurinn og það er internetið sem er til góða og það er það að hafa hlutina ekki miðstýrða. Landsvirkjun er miðstýrð, situr hér í Reykjavík, við Háaleitisbraut.

Mér finnst þessi umræða hafa verið mjög góð. Hún er mjög þörf, hún er nauðsynleg. Við getum ekki horft upp á að allir streymi til Reykjavíkur, allir íbúar landsins og svo áfram út í heim. Það getum við ekki horft upp á.

[18:15]

**Flm. (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hjartanlega fyrir þessa umræðu og lýsi því yfir að ég er afar ánægður með hana. Smám saman hefur hún færst í það að hv. þingmenn dreifbýlis og þéttbýlis, landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, karla og konur, hafa rætt málin sem sitt sameiginlega mál sem það vissulega er og ég leyfði mér að geta um í framsögu fyrir þáltill.

Ég vil geta þess að árangur af byggðastefnu ríkisstjórnarinnar hefur að sumu leyti verið góður. Við megum ekki gleyma því sem áunnist hefur í atvinnu- og efnahagsmálum á síðustu árum og hefur komið öllum landsmönnum til góða. Hitt er annað mál að margt fleira þarf að gera. En fyrr á árum voru fréttir af landsbyggðinni enn þá neikvæðari en í dag. Þær fjölluðu oft og einatt um erfiðleika í atvinnulífinu, um það að grundvallaratvinnugreinarnar væru í hers höndum, væru í kaldakoli og að það þyrfti að grípa inn í annaðhvort með gengisfellingum eða með sértækum aðgerðum gegnum Byggðastofnun á þeim tíma. Þetta hefur mikið breyst sem betur fer. Það kemur öllum til góða að grunnurinn að efnahagslífinu skuli vera svo góður og traustur.

En svo komum við að þessu sem hér hefur oftsinnis komið fram í dag, að tölur undanfarinna ára um fólksflutning eru háskalega háar, alvarlegar tölur um búsetubreytingar, og við teljum okkur vita að það stefni í það nú að árið 1997 slái öll fyrri met um fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni og því er svo mikilvægt að ræða málið einmitt núna. Þetta eru nýjar upplýsingar, þetta er stigmögnun á vandanum þannig að það er að sjálfsögðu þess vegna sem við tökum okkur til og ræðum málið á Alþingi.

Við þurfum að auka veg landsbyggðarinnar og þar er vissulega gott að búa eins og fram hefur komið. En fólki þar sviður það iðulega hvernig fjallað er um landsbyggðina eins og einnig hefur verið talað um hér í umræðunni. Þar er margt jákvætt að gerast sem ekki er fjallað um í fjölmiðlum.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir tók undir það að ættliðaskiptin þyrftu að ganga í landbúnaði öruggar og auðveldar fyrir sig en nú um stundir væri. Einn vandinn í ættliðaskiptunum í landbúnaði er sá að t.d. kúabændur vinna ekki frá átta til fimm, heldur vinna þeir alla daga ársins, 365 daga ársins, margir hverjir. Þetta er nokkuð sem yngri kynslóðin sættir sig illa við og það er afar skiljanlegt.

Í tillögunni eru talin upp fimm atriði sem má skoða. Þau eru vafalaust fleiri sem sérskipuð nefnd ríkisstjórnarinnar mundi skoða ef tillagan verður samþykkt sem ég vissulega vona. Það má vissulega líka deila um þessi efnisatriði og önnur mættu vera þar í staðinn. Þess vegna er sagt, með leyfi forseta, orðrétt hér í tillögunni: „Kannað verði m.a. hvernig:" Og síðan koma þessi fimm atriði.

Herra forseti. Hér hefur einnig borið á góma að menntun barna í dreifbýlinu sé ekki styrkt nægilega, þ.e. að alvarlegur aðstöðumunur sé milli fjölskyldna í dreifbýli, þ.e. milli þeirra sem þurfa að senda unglinga langan veg til þess að mennta sig og svo hinna. Þar er um það að ræða að það þyrfti að hækka ferða- og dvalarstyrk, svonefndan dreifbýlisstyrk. Ég

sá í frv. til fjárlaga mér til lítillar ánægju að tillaga menntmrn. gerir ekki ráð fyrir neinni verulegri hækkun á þessum lið. Mér þykir það afar miður. Ég vona að við berum gæfu til þess að ná hækkun á þennan lið þannig að fjölskyldur á landsbyggðinni muni um styrkinn og enginn unglingur þurfi að hika við að fara í framhaldsnám eða jafnvel að hverfa frá námi vegna fjárskorts. Ég veit hins vegar um nokkur slík dæmi og það er þyngra en tárum taki að horfa upp á slíkt.

Herra forseti. Það þarf að veita miklu meira fé til byggðamála á allra næstu árum en gert hefur verið. Samt sem áður yrði það aðeins brot af þeim kostnaði sem af alvarlegri búseturöskun hlytist. Það er einmitt þetta sem kom t.d. fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að búsetuþróunin sé jöfn og stöðug í landinu en stökkbreytingar verði ekki. Þetta skiptir alla landsmenn máli og mikilvægt að tefla ekki saman dreifbýli og þéttbýli sem andstæðum, heldur að menn átti sig á því að um sameiginlega hagsmuni allra Íslendinga er að ræða, hagsmuni Íslendinga til sjávar og sveita, dreifbýlis og þéttbýli, karla og kvenna.

[18:22]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi einmitt kristallast í umræðunni að þessi byggðaþróun sem við erum að ræða er vandamál Íslendinga allra. Þetta er vandamál okkar allra en ekki landsbyggðarinnar einnar. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal og fleirum sem hafa nefnt það hér í dag að líklegasta og vænlegasta leiðin til árangurs er að bregðast við þessu með almennum aðgerðum, þ.e. búa landsbyggðinni þá umgjörð að hún geti notið þeirra lífsgæða sem nútímafólk vill njóta. Meðal annars má minna á tillögu þingmanna jafnaðarmanna um fjarkennslu sem er einmitt innlegg í það að búa betri umgjörð fyrir landsbyggðina. En það var ekki meginástæðan fyrir því að ég kom hér upp í andsvar. Meginástæðan er sú að ég vil kalla eftir viðhorfum þeirra níu þingmanna sem ég skilgreindi sem svo að væru með eins konar upphlaup eða mótmælaaðgerðir gagnvart stefnu núverandi ríkisstjórnar. Hvernig ætla þeir að bregðast við þegar vegáætlun kemur fram núna á næstu dögum? Er þetta þeirra eina mótmælaaðgerð gegn þeirri byggðastefnu sem núverandi ríkisstjórn rekur? Vegna þess að vegáætlun og vegaframkvæmdir eru almennar aðgerðir í því skyni að bæta umgjörð landsbyggðarinnar. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig þeir níu hv. þm. sem að þessari þáltill. standa, m.a. formaður samgn., munu taka á þeirri vegáætlun, sem þeir hafa séð en við reyndar ekki, sem virðist fela í sér einhvers konar niðurskurð. Þar er prófið. Prófið er ekki að vera hér með eitthvert pólitískt upphlaup. Reyndar eru þetta um margt ágætar tilögur þó þar megi draga ýmislegt í efa. En þar verður prófið. Þar munum við sjá hvort þeir meina eitthvað með þeirri tillögu sem hér er lögð fram eða hvort hún er bara pólitísk sýndarmennska.

[18:24]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er tónninn að verða miklu skapfelldari hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni en hann var fyrr í dag og ég fagna því. Alþýðuflokksmenn á þingi fluttu ágæta tillögu á síðasta ári um að styrkja byggð í landinu og hvernig það mætti gerast. Ýmsir hv. þm. stjórnarliðsins tóku þátt í þeirri umræðu og tóku undir ýmislegt sem þar var sagt. Menn áttuðu sig á því að þetta er sameiginlegt verkefni og málefni. Ég minnist þess hins vegar líka að í þessari umræðu voru sumir stjórnarsinna að undrast það að Alþfl. á þingi skyldi nú fara að flytja slíka tillögu eftir að hafa setið í ríkisstjórn svo og svo lengi og haft alla möguleika á því að koma þeim hlutum í framkvæmd sem þeir voru svo að óskapast yfir á síðasta ári.

Varðandi vegamálin sem hv. þm. nefndi og fjárveitingar til vegamála þá höfum við allir hv. þm. séð fjárlagafrv. en ekki vegáætlun. Ég veit þó að milli áranna 1997 og 1998 verður hækkun á fjárframlögum til vegaframkvæmda á Íslandi.

[18:26]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi það áðan að það væri kominn sérstaklega góður tónn í þann sem hér stendur. Ég held einmitt að það sé full ástæða til þess að vekja athygli á því hversu alvarleg þróun þetta er og það kallar á að menn brýni örlítið raustina til þess að vekja menn til umhugsunar. Á hinn bóginn spurði ég hv. þm., sem fulltrúa fyrir þennan níu manna skæruliðahóp sem flytur þessa tillögu, hvernig þeir ætla að bregðast við þegar raunverulega á reynir og hæstv. samgrh. leggur fram vegáætlun með niðurskurði, eins og hann ætlar. Þessi hv. níu manna þingmannahópur er nokkuð öflugur og getur haft veruleg áhrif. Þau getum við fengið að sjá þegar vegáætlun kemur fram og hvernig henni reiðir af í þingflokkunum. En svona tillögur um efni sem hvort eð er er falið ýmist í ályktun Alþingis um byggðaáætlun ellegar innan verkefna Byggðastofnunar, eru hjóm eitt miðað við það þegar við skoðum hver niðurstaða úr þeirri vegáætlun sem hér á eftir að leggja fram verður. Þar verður prófið.

[18:27]

**Flm. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað mun þessi hópur gera ef og þá. Þetta eru sérkennilegar uppsetningar. Það sem við erum að gera einmitt núna er að vekja athygli á alvarlegum málum og hvernig við þurfi að bregðast og að það þurfi að bregðast verulega ákveðið og eindregið við. Við skulum spyrja að leikslokum. Við skulum spyrja að því hvernig fari með þessa tillögu og ræða síðan framhaldið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umgengni um nytjastofna sjávar, fyrri umr.*

Þáltill. PHB og ÁRÁ, 27. mál. — Þskj. 27.

[18:28]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Auk mín stendur hv. þm. Árni R. Árnason að þessari tillögu sem er á þskj. 27. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd eða fá nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, sem þegar hefur verið skipuð, til að endurskoða ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur

annar afli skipsins teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Útgerðin sjái þá um að selja afla rannsóknastofnana og greiða þeim söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans."

Herra forseti. Þingsályktun þessi er endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi en einhverra hluta vegna ekki send til umsagnar. Það verður að teljast nokkuð undarlegt að leita ekki eftir umsögn þess fólks sem vit hefur á og málið varðar. Tillagan var einmitt flutt til þess að fá fram viðhorf og skoðun þessara aðila á málinu. Því hafa ekki fengist fram sjónarmið aðila sem hún varðar og varð tillagan ekki útrædd í nefnd.

Herra forseti. Mikil umræða hefur átt sér stað bæði á hinu háa Alþingi sem utan þess um kvótakerfið. Þar er verið að ræða um sóknarmark og aflamark, þ.e. veiðistjórnunarkerfi, og það er líka verið að ræða um eignarhaldið. Hér verður ekki rætt um eignarhaldið, en ég ætla að koma aðeins inn á sóknarmarkskerfi og aflamarkskerfi. Bæði kerfin hafa kosti og galla. Sóknarmarkskerfið hefur þann kost að það nýtir allan afla, en þann ókost að það er mikill og hættulegur sóknarþungi, hættulegur lífi sjómanna, auk þess sem þarf að setja mjög flóknar reglur um veiðigetu og lokanir og annað slíkt.

Aflamarkskerfið hefur ýmsa kosti en einn veigamikinn ókost og það er brottkastið. Brottkastið er verulega mikið. Til eru ýmsar tölur um það og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á það í ræðu, að ég held í gær, að þetta skekkti samkeppni frystitogara og frystihúsa í landi, þar sem brottkastið hjá frystitogurunum væri miklu meira en menn gerðu ráð fyrir og þeim yrðu því meiri not úr kvótanum sínum, hann væri í reynd stærri. Þeir veiddu meira heldur en kvótinn segði til um. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt og hættulegt.

Hvað er brottkastið mikið? Menn hafa talað um 50 þúsund tonn og jafnvel 100 þúsund tonn. Ég held að það sé miklu minna. En engu að síður er það mjög mikill skaði fyrir þjóðfélagið að verðmætum skuli vera hent og það liggur mikið við að koma þessum verðmætum í land.

Herra forseti. Samkvæmt lögum er sjómönnum núna skylt að koma með allan afla að landi. Þetta er afdráttarlaust. Þeir sem aftur á móti hafa stundað sjó eða vita hvernig það er, vita að alls konar afli kemur upp með veiðarfærunum. Þegar menn eru að veiða ýsu, þá kemur þorskur eða steinbítur upp með veiðarfærunum og menn veiða alls konar afla. Þeir lenda oft og tíðum í þeim vanda að þeir eiga ekki kvóta fyrir aflanum sem þeir eru að veiða og þá lenda þeir í vandræðum. Þeir neyðast til að brjóta lög. Þeir geta ekki komið með aflann að landi, það mega þeir ekki því þeir hafa ekki kvóta fyrir honum. Hann er veiddur og þeir verða því að henda honum. Þeir verða sem sagt að brjóta lög og það er á margan hátt mjög slæmt. Hagsmunir þjóðarinnar og fiskimanna fara ekki saman í dag og það er mjög mikilvægt að hagsmunir fólksins og þjóðarinnar fari alltaf saman. Þess vegna er þessi tillaga lögð fram sem felst í því að menn megi og eigi að koma með allan afla að landi og þeir geti það líka.

Herra forseti. Tillögurnar eru þessar: Lagt er til að tekið verði til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta lögum um umgengni um nytjastofna þannig að skipstjóri ákvarði hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess og að allur annar afli teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þá getur skipið komið með allan afla að landi. Þann hluta sem er eign rannsóknastofnananna mundi skipstjórinn selja og fá fyrir hann lítið gjald, 5–15% af söluverði hef ég skotið fram, til þess að einhver hvati sé til að koma með aflann í landi. Það er hugsað til þess að greiða upp í kostnað við að flytja aflann í land, landa honum, geyma hann og sjá um sölu á honum. Með þessu fyrirkomulagi ættu að vera miklu minni líkur á því að afla væri hent nema í þeim tilfellum þar sem það kostar meira að koma með hann að landi, eins og er í frystitogurunum. Það getur kannski kostað 40 kr. að koma með aflann í land sem er ekki að verðmæti nema 20 kr. og það er ákveðinn vandi í þeim skipum.

Gjaldið sem útgerðin fengi fyrir að flytja afla rannsóknastofnana í land yrði ákveðið 5–15% og það yrði að ákveðast þannig að það sé nægilega hátt til þess að sjómenn og skipstjórnarmenn hafi hvata til að koma með aflann að landi en þó svo lágt að þeir geri ekki út á aflann. Það er mjög mikilvægt. Það er mjög mikill vandi að finna þetta gjald.

Fjögur atriði valda því að sjómenn munu koma með utankvótaafla að landi. Í fyrsta lagi þykir öllum gott að fara að lögum. Það þykir engum gott að brjóta lög. Í öðru lagi fá þeir eitthvert verð fyrir aflann, eitthvað lítils háttar. Í þriðja lagi þykir öllu fólk leitt að henda verðmætum. Og svo í fjórða lagi renna þessi verðmæti til rannsókna, til hagsbóta fyrir útgerðina, fyrir sjómenn og útgerðarmenn. Þess vegna hygg ég að þessar reglur, ef settar yrðu, mundu leiða til þess að brottkastið mundi að mestu leyti hverfa.

Það er að sjálfsögðu galli á þessari tillögu að hugsanlegt er að menn verði ekki eins varkárir að forðast þau mið þar sem t.d. þorskurinn er, þannig að það veiðist eitthvað meira af þorski. Hins vegar munu menn koma með allan afla að landi að ég hygg og það eru þvílíkir hagsmunir á móti fyrra atriðinu að það er sjálfsagt að skoða þetta.

Herra forseti. Menn eiga að hætta að tala um brottkast í vandlætingartón, menn eiga að gera eitthvað. Hér er lögð til ákveðin tillaga að lausn. Hafi menn einhverja betri tillögu ættu þeir endilega að koma fram með hana. Ef menn ekki koma með betri lausn en þessa, þá eiga þeir að samþykkja hana. En þeir eiga ekki að láta málin óútrædd eins og hv. sjútvn. gerði í fyrra. Hún leitaði ekki einu sinni umsagna. Ég tel mjög mikilvægt að fá umsagnir þeirra sem stunda útgerð um þetta mikla vandamál, þennan mikla kostnað, því að það er fólkið sem hugsanlega hefur kannski betri hugmyndir um hvernig mætti leysa þetta.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

## 12. FUNDUR

mánudaginn 20. okt.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
4. Skaðabótalög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
5. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 171. mál, þskj. 171. — 1. umr.
6. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.
7. Stjórn fiskveiða, frv., 155. mál, þskj. 155. — 1. umr.
8. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

**Fjarvistarleyfi:**
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá Ferðamálaráði Íslands.
Erindi frá tékkneskum þingmönnum.

[15:03]

**Útbýting þingskjala:**
Dómstólar, 176. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 176.
Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, 173. mál, þáltill. ÁRJ og ÖS, þskj. 173.
Vopnalög, 175. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 175.

### *Atvinnusjóður kvenna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. DH og ArnbS, 72. mál. — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HjálmJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Lögmenn, 1. umr.*

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

[15:06]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lögmenn. Frv. þetta var samið á vegum réttarfarsnefndar að beiðni dómsmrh.

Við samningu frv. hefur verið leitast við að eiga samráð við stjórn Lögmannafélagsins og einstaka stjórnarmenn eftir því sem kostur hefur verið. Einnig hefur nefndin fjallað um helstu álitaefni um breytingu á gildandi lögum um lögmenn og rætt þau á fundum réttarfarsnefndar með allstórum hópi lögmanna.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en var þá ekki útrætt. Frv. er nú lagt fram á ný með fáeinum breytingum en efni þeirra hefur verið kynnt Lögmannafélagi Íslands. Lög um störf lögmanna eru hluti af réttarfarslöggjöfinni en um þau efni eru í gildi lög um málflytjendur nr. 62/1942. Frv. þetta felur í sér tímabæra endurskoðun á þeim lögum en það er einnig liður í heildarendurskoðun löggjafar sem varðar réttarfarsleg málefni. Á þessu þingi verður einnig flutt frv. til laga um dómstóla og marka þessi tvö frumvörp lokaáfanga við setningu nýrra laga um dómstólaskipan og meðferð mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þessi meðferð réttarfarslaga hófst með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði en sá aðskilnaður kom til framkvæmda 1. júlí 1992. Samkvæmt gildandi lögum hafa lögmenn einkarétt til að flytja mál fyrir dómstólum í stærstu umdæmum landsins. Í frv. er gert ráð fyrir að þessu fyrirkomulagi verði haldið en þó þannig að einkaréttur lögmanna taki til landsins alls. Um það hafa verið skiptar skoðanir hvort afnema beri þennan einkarétt lögmanna og má færa fyrir því rök að ekki eigi að þvinga menn til að leggja mál sitt í hendur lögmanns ef hann vill fela það öðrum sem hann treystir betur. Aftur á móti þykja vega þyngra þær röksemdir að almennt er hagsmunum málsaðila betur borgið í höndum lögmanna vegna þeirrar þekkingar sem þeir hafa á lögum og réttarfari. Sú þekking er í raun óhjákvæmilegt skilyrði þess að máli sé haldið til haga skilmerkilega þannig að málsaðili verði ekki að óþörfu fyrir réttarspjöllum. Einnig verður að hafa hliðsjón af því að það eykur skilvirkni dómstóla að lögmenn annist málflutning máls fyrir dómi.

Vegna einkaréttar lögmanna til að flytja mál fyrir dómi er nauðsynlegt að í lögum verði kveðið á um eftirlit með störfum þeirra og beitingu agaviðurlaga. Samkvæmt gildandi lögum er þetta eftirlitsvald í höndum Lögmannafélags Íslands en það fyrirkomulag gerir óhjákvæmilega ráð fyrir skylduaðild lögmanna að því félagi.

Því sjónarmiði hefur verið haldið fram hin síðari ár með vaxandi þunga að nauðsynlegt sé að gera breytingar á þessu. Í þeim efnum verður að hafa hliðsjón af breyttum viðhorfum hér á landi og erlendis varðandi það að skylda menn til aðildar að félagi. Þessi viðhorf komu m.a. fram í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní 1993 í máli á hendur íslenska ríkinu, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum samkvæmt 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að hafa gert leigubifreiðastjórum skylt með lögum að vera félagsmenn í stéttarfélögum í sínum starfsgreinum.

Einnig verður að hafa hliðsjón af 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að engan megi skylda til að vera í félagi. Umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar gerir þó ráð fyrir að með lögum megi skylda menn til að vera í félagi að fullnægðum þeim skilyrðum að það sé nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Að öllum líkindum fengi það samrýmst þessu ákvæði stjórnarskrárinnar að skylda lögmenn til aðildar að félagi sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með störfum þeira. Það mundi sennilega ekki heldur brjóta gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og lögum nr. 62/1994, um lögfestingu hans. Á hinn bóginn er gagnstæð niðurstaða ekki útilokuð og má draga í efa að skilyrði stjórnarskrár um nauðsyn skylduaðildar sé fullnægt í ljósi þess að tillögur frv. eru staðfesting á því að eftirlit með lögmönnum verður komið við án skylduaðildar að félagi þeirra.

Þá verður einnig að gæta þess að þau dæmi þekkjast að túlkun mannréttindaákvæða hafi tekið breytingum í tímans rás þannig að viðteknum skýringum þeirra hafi síðar verið hafnað. Að þessu virtu og með hliðsjón af meginreglu stjórnarskrárinnar um neikvætt félagafrelsi er því lagt til að skylduaðild lögmanna að félagi verði afnumin og eftirliti með störfum þeirra hagað á annan veg. Má einnig færa fyrir þessu rök að það geti tæplega samrýmst nútímasjónarmiðum um eðlilega stjórnsýsluhætti að einni stétt manna sé falið að hafa eftirlit með sjálfri sér.

Þótt lagt sé til að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands verði afnumin gerir frv. ráð fyrir áframhaldandi tilvist þessa félags og jafnframt að það hafi hlutverki að gegna lögum samkvæmt. Þannig segir í 5. gr. frv. að Lögmannafélag Íslands komi fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varðar. Einnig er mælt fyrir um að félagið skuli setja siðareglur fyrir lögmenn og þær gildi um þá alla án tillits til þess hvort þeir eru félagsmenn eða ekki.

Þá er lagt til í 3. mgr. 24. gr. að Lögmannafélag Íslands geti gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Það skal áréttað sérstaklega að hér er ekki um gjaldskrá að ræða milli lögmanns og umbjóðanda hans heldur leiðbeiningar um hæfilegar bætur úr hendi þriðja manns, þ.e. skuldarans. Þetta er reist á því að lögmaður gerir ekki skuldara reikning fyrir veitta þjónustu heldur viðsemjanda sínum. Á hinn bóginn getur kröfuhafi krafist bóta úr hendi skuldara til að fá þennan kostnað endurgreiddan. Vegna neytendasjónarmiða er óhjákvæmilegt að þessar bætur úr hendi skuldara verði samræmdar, enda hefur viðkomandi skuldari hvorki valið lögmann til að fara með innheimtu kröfu á hendur sér né samþykkt áskilda þóknun lögmannsins. Hvað sem þessu líður mun samkeppni eftir sem áður gilda í samskiptum viðsemjanda og lögmanns, enda verður að ætla að áskilin þóknun úr hendi kröfuhafa hafi áhrif við val á lögmanni.

Það sem ég hef nú rakið er sú meginbreyting frá gildandi lögum sem frv. gerir ráð fyrir og mun ég nú í helstu atriðum gera grein fyrir efni frv. að öðru leyti og fjalla um þær tillögur sem þar er að finna.

Með frv. er lagt til að stjórnsýsla samkvæmt því verði falin annars vegar dómsmrn. og hins vegar þriggja manna nefnd sem komið verður á fót, svokölluðu Lögmannaráði. Þessi stjórnvöld tækju því yfir það opinbera hlutverk sem Lögmannafélag Íslands hefur farið með. Þau verkefni sem gert er ráð fyrir að ráðuneytið fari með eru einkum að fylgjast með því að lögmenn fullnægi ávallt þeim skilyrðum sem sett eru til að öðlast lögmannsréttindi og þeir gæti þess í störfum sínum að varðveita fjármuni annarra á vörslureikningum og afli sér starfsábyrgðartryggingar. Þau viðfangsefni sem lagt er til að Lögmannaráði verði falin eru hins vegar að fjalla um ágreining skjólstæðings og lögmanns um endurgjald fyrir veitta þjónustu kjósi annar eða báðir deiluaðilar að leggja mál undir úrlausn þess. Einnig er lagt til að Lögmannaráð fari með mál vegna kvörtunar umbjóðanda sem telur lögmann ekki sinna verki eða hafa gert á sinn hlut með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða reglum.

Það skal sérstaklega tekið fram og áréttað að sú stjórnsýsla sem frv. gerir ráð fyrir verði háð endurskoðun dómstóla. Þannig mun réttaröryggi verða tryggt með viðhlítandi hætti gagnvart lögmönnum.

Í 6. gr. frv. er lagt til að felld verði niður sú tilhögun gildandi laga að sá sem leitar eftir málflutningsréttindum fyrir héraðsdómi þurfi að hafa sýnt fram á hæfni sína með flutningi fjögurra munnlega fluttra mála. Þess í stað er lagt til að umsækjandi þurfi að standast sérstaka prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Til undirbúnings þessari prófraun verða skipulögð námskeið og þannig er unnt að koma við markvissari undirbúningi fyrir veitingu lögmannsréttinda. Með þessu verður undirbúningur að lögmannsréttindum almennari, en gildandi fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt með þeim rökum að það feli í sér mismunun þar sem aðstaða manna til að fá leyfi lögmanns og umbjóðanda til að flytja prófmál sé misjöfn.

Þá er lagt til í 9. gr. frv. að auknar kröfur verði gerðar um starfsreynslu þeirra sem sækjast eftir að fá leyfi til að verða hæstaréttarlögmenn. Skal umsækjandi hafa starfað sem héraðsdómslögmaður í fimm ár í stað þriggja samkvæmt gildandi lögum áður en hann sækir um þessi réttindi og enn fremur verður hann að hafa flutt 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstól. Hins vegar er prófmálum fyrir réttinum fækkað úr þremur í tvö. Með frv. þessu eru lagðar til markvissari reglur um sviptingu lögmannsréttinda en eru í gildandi lögum.

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. skal ráðherra fella úr gildi réttindi lögmanns komi í ljós að hann fullnægi ekki lengur almennum skilyrðum til að hljóta lögmannsréttindi eða starfsskilyrðum sem lúta að skrifstofuhaldi lögmanns, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu.

Þá er lagt til í 1. mgr. 14. gr. að ráðherra geti að tillögu lögmannaráðs fellt niður réttindi lögmanns vegna alvarlegra og ítrekaðra brota á lögum eða siðareglum.

Í IV. kafla frv. eru ítarlegri reglur en í gildandi lögum um störf lögmanna auk þess sem lögð eru til ýmis nýmæli. Meðal þeirra er ákvæði í 19. gr. þar sem lagt er til að lögmenn geti stofnað félög um rekstur sinn í því formi sem

þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Það breytir þó engu um að lögmaður ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans veldur öðrum með störfum sínum.

Þá er lagt til að reglur um vörslufjárreikninga og starfsábyrgðartryggingu verði í stórum dráttum með sama sniði og samkvæmt gildandi lögum.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir meginefni laganna og þeim breytingum sem að er stefnt með framlagningu þess og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:17]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum núna er lagt fram öðru sinni svo til óbreytt. Ég flutti ræðu þar um í fyrra og er nánast hægt að vísa til hennar aftur.

En ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs í andsvari við hæstv. ráðherra er sú staðreynd að í frv. kemur fram að ekki er lengur skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands en þrátt fyrir það er lögbundið að félagið skuli vera til og það skuli vera í forsvari fyrir lögmenn. Félagið er því til og það er í forsvari fyrir lögmenn jafnvel þó að svo gæti staðið á að enginn lögmaður væri í félaginu. Það er vel hugsanlegt að enginn lögmaður væri í félaginu sem hefur hreinu og kláru hlutverki að gegna, m.a. kemur það fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum, eins og fram kemur í 5. gr. Lögmannafélagið setur siðareglur fyrir lögmenn jafnvel þótt, allavega fræðilega séð, enginn væri í félaginu, eins og kemur nánar fram í 5. gr.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði nú aðeins að koma fram í andsvari við hæstv. ráðherra en ég sé að virðulegur forseti hefur sett á mig 20 mínútur en ég ætla aðeins að biðja um tvær.

En það er ein spurning sem ég vil beina til hæstv. ráðherra: Hvernig getur það verið að hægt sé að lögbinda að félag skuli vera til, lögbinda að hlutverk skuli vera til fyrir félagi en jafnframt að ekki sé skylduaðild að félaginu og hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef enginn lögmaður er í félaginu?

[15:19]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. 6. þm. Suðurl. vék sjálfur að, þá drap hann á þessi atriði í umfjöllun um frv. þegar það var til 1. umr. á síðasta þingi. Ég man ekki betur en ég hafi þá gert skýra grein fyrir því að mjög algengt er í lögum að félög hafi ákveðið hlutverk og séu viðurkennd í lögum þó að löggjafinn ákveði ekki skylduaðild að slíkum félögum. Það getur verið til hægðarauka fyrir samskipti ríkisvaldsins og félaga í þjóðfélaginu á ýmsum sviðum. Þetta frv. er í fullu samræmi við aðra löggjöf af þessu tagi. Hv. þm. gerir sér vitaskuld grein fyrir því að jafnvel þó skylduaðild væri að félagi þá gæti sú staða komið upp að enginn gerðist félagi í viðkomandi félagi, ef enginn vildi vera í viðkomandi starfsgrein. Allar þessar fræðilegu spurningar eru til og útúrsnúningar af þessu tagi eru eiginlega ekki samboðnir jafnlærðum manni og hv. 6. þm. Suðurl. er, sem er lærður maður í lögum, og væri miklu ákjósanlegra og forvitnilegra að heyra fræðilega umfjöllun af hans hálfu um málið vegna yfirburðaþekkingar hans á þessu sviði en að stunda ár eftir ár sömu útúrsnúningana að þessu leyti.

[15:21]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom hér upp í andsvari þetta árið sökum þess að ég lagði hinar sömu spurningar fyrir hæstv. ráðherra í fyrra og nokkrar fleiri og þá treysti hann sér ekki til að svara þeim. Ég taldi því fulla ástæðu til að koma aftur og bera þær upp að nýju. Hitt er að hafi verið um að ræða einhverja útúrsnúninga hjá þeim sem hér stendur í því sambandi að ef ekki væri skylduaðild að Lögmannafélaginu þá gæti verið að menn sæju sér hag í því að vera ekki í félaginu en þrátt fyrir það er kveðið mjög skýrt á um hvaða hlutverk það hafi. En að ef skylduaðild væri þá væru engir lögmenn á Íslandi — það mætti jafna því saman — ég veit ekki hvers konar málflutningur þetta er og hvort svona lagað sé hreinlega samboðið því að flytja mál á hinu háa Alþingi. Það er nánast fyrir neðan virðingu Alþingis, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skuli tala með þessum hætti. En ég vænti þess að hann skýri það kannski frekar hvernig hægt sé að leggja það upp að ekki sé skylduaðild að félagi en jafnframt hafi það mjög skýrt hlutverk og komi jafnvel fram fyrir heila starfsgrein sem hugsanlega sæi sér hag í því að vera ekki í félaginu. Spurningin er ósköp skýr og hefur ekkert með útúrsnúninga að gera. Þetta gengur bara ekki upp rökfræðilega í þessu frv. og ég vænti þess að ráðherrann skýri það út því hann gefur í skyn að hann lumi þar á einhverjum upplýsingum sem hinir venjulegu þingmenn augljóslega greina ekki í frv.

[15:23]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hinn lærði þingmaður skuli halda málflutningi sínum áfram með þessum hætti því það er alkunna að í lögum er kveðið á um að félög hafi tilteknu hlutverki að gegna og komi fram gagnvart stjórnvöldum án þess að um sé að ræða skylduaðild að viðkomandi félögum. Það getur verið til hægðarauka fyrir margs konar samskipti ríkisins annars vegar við viðkomandi félög eða starfsheildir í þjóðfélaginu og til þess að auðvelda framgang mála með ýmsum hætti. Það breytir að engu leyti hinu að ég tel vera skynsamlegt að stíga það skref að afnema skylduaðild að Lögmannafélaginu og að afnema þá sérstöku reglu að Lögmannafélagið hafi eftirlit með sínum eigin félagsmönnum. Það eigi að gera af óháðum aðilum til þess að koma á stjórnsýslu í þessum efnum sem er í samræmi við nútímaviðhorf. En Lögmannafélagið getur þrátt fyrir þessar grundvallarbreytingar haft ákveðnu hlutverki að gegna og það getur verið til hægðarauka fyrir stjórnvöld að hafa samskipti við það með ýmsu móti enda er þetta hið mætasta félag og hefur gegnt þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi og með öllu ástæðulaust að vanvirða hlutverk þess og starfsemi.

[15:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég á sæti í allshn. sem mun fjalla um það frv. sem hér er til umræðu, um lögmenn, og mun því ekki gera einstakar greinar þess að umræðuefni en vil þó taka eina grein til umræðu, þ.e. 24. gr., og fá fram frekari skýringar hjá ráðherranum á þeirri grein en fram kemur bæði í greininni sjálfri og um hana. Spurningin er um síðustu málsgreinina sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna

kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi."

Spurningin sem ég set fram til hæstv. ráðherra er hvort þetta ákvæði þýði það að Lögmannafélaginu sé heimilt, eftir að þetta ákvæði er orðið að lögum, að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá? Ég nefni þetta vegna þess að ég hef á undanförnum þingum ásamt fleiri hv. þm. flutt till. til þál. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Og einn liðurinn í þeirri þáltill. var eftirfarandi: „Sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum."

Rökin fyrir þessari tillögu voru þau að fólk í vanskilum velur sér ekki lögmann heldur eru það kröfuhafar þeirra sem það gera. Í þessari greinargerð var vitnað til álits Samkeppnisstofnunar frá febrúar 1994, þar sem Samkeppnisstofnun hafði kveðið upp úrskurð um beiðni Lögmannafélags Íslands um undanþágu frá banni við útgáfu á sameiginlegri gjaldskrá. En í úrskurði sínum taldi Samkeppnisstofnun hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, ekki til þess bæran aðila að gefa út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna, reglur sem ætlað er að gæta hagsmuna dómþola þegar dómstólar dæma um málskostnað eða til að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum, enda eiga lögmenn sjálfir annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum. Um þetta atriði sagði Samkeppnisstofnun orðrétt í úrskurði sínum, með leyfi forseta:

„Ef setja þarf reglur eða gjaldskrá til að gæta hagsmuna þeirra sem áður er um rætt eða til að gæta samræmis hjá dómstólum, samanber það sem fjallað er um í beiðni Lögmannafélags Íslands, telur Samkeppnisstofnun eðlilegt að það sé löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það geri."

Ég hef skilið þennan úrskurð Samkeppnisstofnunar þannig að Lögmannafélagið væri ekki til þess bær aðili að gefa út leiðbeinandi gjaldskrár heldur væri það löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það geri. Ég er sammála því að setja þarf ákveðna gjaldskrá og þak á gjaldskrá lögmanna sem oft á tíðum er mjög há. Í þeirri tilvitnuðu tillögu, sem ég nefndi áðan, voru tekin um það mörg dæmi hvað lögfræðikostnaður var hár og þess vegna var þessi tillaga sett fram um að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna og þak á innheimtuþóknun þeirra eða aðra gjaldtöku af skuldurum. En að þessu gefna tilefni, út af þeim úrskurði Samkeppnisstofnunar, þá hef ég viljað fá frekari skýringar frá dómsmrh. hvort hann telji að lögmenn séu til þess bærir sjálfir að gefa út leiðbeinandi gjaldskrár handa félagsmönnum sínum eða hvort það þurfi ekki að vera stjórnvöld eins og Samkeppnisstofnun úrskurðaði í sínu áliti frá 1994.

[15:29]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í athugasemdum við 24. gr. komi fram skýringar á því sem hv. þm. er að spyrja um. Ekki er verið að leggja til að Lögmannafélagið setji gjaldskrá heldur hitt að það setji samræmdar reglur um þann kostnað sem getur fallið á skuldara. Ég hygg að það sé samdóma álit flestra sem hafa fjallað um þessi mál að út frá neytendasjónarmiðum sé mikilvægt að koma slíkri samræmingu við. Ég tel eðlilegt að gera það með þessum hætti. Hér er skýrt tekið fram að ekki er verið að leggja til að sett verði gjaldskrá í þessum efnum. Það verður áfram samkeppni milli lögmanna um þau efni eins og samkeppnisyfirvöld hafa lagt mikla áherslu á. Varðandi þann kostnað sem á skuldara er lagður er full þörf á að setja samræmdar reglur.

[15:30]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að fá fram skýringu hæstv. ráðherra á þessu og nefndin mun sjálfsagt taka þetta til skoðunar þegar hún fjallar um frv. Í úrskurði Samkeppnisstofnunar er talað um svo ég vitni orðrétt í það: „... ekki til þess bæran aðila að gefa út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna."

Hæstv. ráðherra vitnaði í svari sínu í að Lögmannafélagið ætti að setja samræmdar reglur um kostnað. Ég sé út af fyrir sig ekki mikinn mun á þessu. Samræmdar reglur um kostnað getur Lögmannafélagið sett samkvæmt ákvæði frv. en Samkeppnisstofnun telur að Lögmannafélagið sé ekki til þess bær aðili að gefa út leiðbeinandi reglur. Við verðum að fara yfir þetta í nefndinni. Ég lít svo á að ráðherrann telji að þetta stangist ekki á við úrskurð Samkeppnisstofnunar nema annað komi fram í svari hans. Ég spyr ráðherrann að því hvort hann telji ekki rétt með tilliti til þessa mikla kostnaðar sem er oft hjá lögmönnum vegna vanskila og skulda einstaklinga að setja þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Mörg dæmi hafa verið rakin um að kostnaðurinn sem leggst á skuldara sé óeðlilega hár og ekki bara af lögmönnum heldur líka af ríkinu sjálfu í formi alls konar gjalda. Ég held að það sé ein leið til þess að draga úr og bæta stöðu skuldara að sett sé ákveðið þak á innheimtuþóknun þeirra. Ég spyr sérstaklega um það atriði og hvort það sé álit ráðherrans sem væri þá gott að fá fram vegna vinnu nefndarinnar í málinu og hvort hann telji að ákvæðið stangist ekki á við úrskurð Samkeppnisstofnunar frá 1994.

[15:33]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja dóm á hver er afstaða frv. beinlínis gagnvart úrskurði samkeppnisnefndar. Samkeppnisyfirvöld hafa hins vegar lagt mjög ríka áherslu á að lögmenn hafi ekki gjaldskrá og tryggð verði frjáls samkeppni þeirra í milli. Það held ég að samkeppnisyfirvöld hafi gert vegna þess að þau hafa trú á því að með því móti séu hagsmunir neytenda best varðir. En hér er um nokkuð sérstaka aðstöðu að ræða vegna þess að unnt er að krefja þriðja aðila, þ.e. skuldarann sjálfan, um ákveðinn kostnað við innheimtuna. Þess vegna er gert ráð fyrir því að hægt sé að samræma þær reglur og þau atriði sem unnt er að gera kröfu til í slíkum tilvikum þannig að þar gildi almennar reglur og komi ekki skuldurunum í opna skjöldu vegna þess eins og fram hefur komið í umræðunni er það ekki hann sem velur lögmanninn heldur innheimtuaðilinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skaðabótalög, 1. umr.*

Stjfrv., 58. mál (endurskoðun laganna). — Þskj. 58.

[15:35]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á skaðabótalögum. En með lögum nr. 42/1996 var bætt

við skaðabótalögin ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að dómsmrh. skipi nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laganna og að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi frv. til breytinga á lögum eigi síðar en í október 1997.

Í kjölfar gildistöku laganna skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að umræddu verkefni. Í nefndinni eiga sæti hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Sigrún Guðmundsdóttir auk Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara, en hann er formaður nefndarinnar.

Þrátt fyrir að starf nefndarinnar sé vel á veg komið er það mat hennar að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Slíkar upplýsingar séu forsenda þess að unnt sé að meta áhrif einstakra tillagna, sem nefndin kynni að gera, á iðgjöld bifreiðatrygginga. Þá telur nefndin að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um fjölda bótaskyldra slysa sem leiða til bótagreiðslu fyrir líkamstjón. Með hliðsjón af þessu telur nefndin æskilegt að hún fái lengri tíma til að afla frekari upplýsinga og ljúka starfi sínu.

Nefndin hefur ritað mér bréf af því tilefni og farið formlega fram á að slíkur frestur verði veittur. Með hliðsjón af þeim rökum sem nefndin sjálf hefur fært fyrir því hef ég talið rétt að leggja til við hið háa Alþingi að bráðabirgðaákvæðum laganna verði breytt og þessi frestur veittur sem nefndin hefur sameiginlega óskað eftir.

Það má ljóst vera að endurskoðun skaðabótalaga er í senn flókið og umfangsmikið verk sem brýnt er að vandað verði til svo sem framast er kostur. Samkvæmt þeim rökum sem þegar hafa verið rakin og komið hafa fram af hálfu nefndarinnar er lagt til að ákvæði til bráðabirgða með skaðabótalögum verði breytt þannig að frv. til breytinga á lögum í kjölfar heildarendurskoðunar þeirra verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í október 1998.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þegar allshn. fjallaði um frv. til breytinga á skaðabótalögunum á árinu 1996 varð samkomulag í nefndinni um að það þyrfti að fara fram heildarendurskoðun á þessum lögum. Stórir ágallar höfðu komið fram á skaðabótalöggjöfinni og mörg stór álitamál komu upp. Nefndin átti ekki auðvelt með að átta sig á ýmsum breytingum, sem þar voru lagðar fram, vegna þess að sjónarmið umsagnaraðila, sem komu á fund nefndarinnar, stönguðust mjög á. Þess vegna tel ég að samkomulag hafi verið um það í nefndinni að slík heildarendurskoðun þyrfti að fara fram eins og var lagt til á sínum tíma, vorið 1996 minnir mig. Hitt er annað mál að nokkuð var gagnrýnt í umræðunni og m.a. af þeirri sem hér stendur að frestur sem nefndin átti að fá til þess að endurskoða lögin væri nokkuð langur eða um eitt og hálft ár. Nú hefur nefndin skrifað bréf þar sem óskað er eftir enn frekari fresti eða einu ári. Hæstv. dómsmrh. er að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á skaðabótalögunum þar sem hann tekur undir óskir nefndarinnar um að fá þennan frest. Ég hefði talið að nefndin þyrfti að skoða hvort þessi frestur þyrfti að vera svo langur sem um er beðið og hvort ekki nægi eitthvað skemmri frestur svo við gætum að minnsta kosti á vorþingi afgreitt ný skaðabótalög. En yfir það förum við í allshn. þegar hún fær málið til umsagnar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvaða áhrif þessi frestur sem þarna er beðið um muni hafa á bótarétt þeirra sem þegar hafa orðið fyrir tjóni. Hvaða áhrif mun fresturinn hafa? Ég held að það sé mjög mikilvægt þegar nefndin er að leggja mat á það að við fáum algjörlega upplýst hvort þetta muni hafa einhver áhrif á bótarétt þeirra sem hafa þegar orðið fyrir tjóni. Þegar við fjöllum um ný skaðabótalög með einhverjum breytingum hvað á þá að gera með slys og tjón og bótarétt þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni fyrir gildistöku laganna? Tekur það þá mið af þeim lögum sem eru í gildi í dag? Ég hefði viljað fá fram hjá ráðherranum hvaða augum hann lítur á þetta. Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort tengsl séu á milli breytinga á skaðabótalögunum sem nú er verið að vinna að og beðið er um frestun á í eitt ár að leggja fram og hvort tengsl séu á milli þeirra breytinga og breytinga á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaga sem við fjölluðum um á síðasta þingi. Þar voru deildar meiningar milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga þar sem hæstv. ráðherra lagði til í umferðarlögunum að vátryggingarfjárhæðir hækkuðu verulega til samræmis við skaðabótalögin en með skaðabótalögunum voru hæstu bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega. Stjórnarliðar í allshn. lögðu til að þessi hækkun á fjárhæðunum yrði felld brott og það yrði vísað til endurskoðunar á umferðarlögunum sem átti síðan að leggja fyrir þingið á haustdögum.

Ég spyr í fyrsta lagi um hvort einhver tengsl séu milli þessarar frestunar sem beðið er um og breytinga á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaga. Ef svo er ekki þá spyr ég hvenær við megum vænta þess að heildarendurskoðun, sem átti að liggja fyrir nú á haustdögum, verði lokið og hvenær frv. um breytingu á umferðarlögunum, sem tryggi vátryggingarfjárhæðir til samræmis við skaðabótalögin, verði lagt fram. Ég minni á að Vátryggingareftirlitið hefur ítrekað frá setningu skaðabótalaganna bent á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum til samræmis við skaðabótalögin þannig að ég vil af þessu gefna tilefni spyrja um hvenær við megum vænta þess að það frv. verði lagt fram og hvort þessi frestun, ef Alþingi heimilar hana, hafi einhver áhrif þar á varðandi vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna. Og almennt, hvað þetta þýðir fyrir þá sem hafa orðið fyrir slysum eða tjóni? Hefur frestunin einhver áhrif á bótarétt þeirra?

[15:43]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. tek ég fram að í undirbúningi er að koma fram með frv. um breytingar á bótafjárhæðum í umferðarlögum í samræmi við þau áform sem uppi hafa verið. Það frv. sem við erum að fjalla um hefur engin áhrif þar á eða á framgang málsins.

Varðandi spurningu hv. þm. um gildi laganna er nokkuð ljóst að skaðabætur greiðast í samræmi við gildandi rétt á hverjum tíma. Því verður varla komið við með öðrum hætti. Ég innti nefndina mjög ákveðið eftir því hvort hún gæti komist af með skemmri tíma en hér er verið að óska eftir. Það var mat formanns nefndarinnar að svo væri ekki. Í því sambandi vitnaði hann sérstaklega til þess að á þessum vetri mætti vænta þess að til uppgjörs kæmi á skaðabótamálum frá, ef ég man rétt, 1993 og 1994 sem væri nauðsynleg viðmiðun fyrir nefndina til þess að geta lagt mat á lögin sem eru núna í gildi og komið með raunhæfar tillögur. Fyrir þá sök var talið nauðsynlegt að tímafresturinn yrði þessi.

[15:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að það sé von á breytingum á umferðarlögunum sem tryggi þá breytingar á *vátryggingarfjárhæðunum til* samræmis við skaðabótalögin, en mér fannst hæstv. ráðherra nokkuð ónákvæmur um það hvenær frv. verði lagt fram. Meiri hluti allshn. lagði til að það yrði gert á haustdögum og ég spyr: Megum við vænta þess á næstu vikum? Er hugsanlegt að hægt verði að lögfesta það fyrir jólaleyfi? Ég bið hæstv. ráðherra að vera eilítið nákvæmari heldur en hann var um það hvenær við megum vænta þess að þetta frv. komi hér inn.

Varðandi svör ráðherrans um það frv. sem hér liggur fyrir og svar við spurningu minni um áhrif á bótarétt þeirra sem þegar hafa orðið fyrir tjóni, þá er náttúrlega ljóst að áhrifin eru nokkur miðað við það að draga þetta í eitt ár. Ef við erum að fjalla um betri bótarétt, sem við erum væntanlega að gera í þessari endurskoðun, þá hlýtur þetta að virka þannig að þeir sem verða fyrir tjóni áður en ný lög hafa verið sett muni kannski ekki njóta betri réttar sem verður með nýjum skaðabótalögum, því ég geng út frá að við séum að endurskoða þetta til að tryggja betri rétt bótaþega, þannig að allur dráttur á þessum breytingum er mjög slæmur. Ég tók eftir að ráðherrann sagði að hann hefði spurt nefndina hvort hún kæmist ekki af með styttri tíma en það var skoðun nefndarinnar að það væri ekki hægt. Við munum sjálfsagt fara ofan í þetta mál og kalla til formann nefndarinnar eða nefndarmenn til þess að við getum lagt sjálfstætt mat á það hvort það þurfi allan þennan tíma. Hann hefur verið mjög langur og ég minni enn og aftur á að það voru margir þingmenn sem töldu að nefndin fengi mjög rúman tíma sem var eitt og hálft ár og það er enn verið að biðja um frestun á þessum mikilvægu breytingum á skaðabótalögunum og heildarendurskoðun sem margir bíða eftir.

[15:47]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ítrekaði fyrirspurn sína um það hvenær þess væri að vænta að það kæmi frv. um breytingar á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaganna. Við undirbúning af hálfu ráðuneytisins hefur verið við það miðað að Alþingi ætti að geta afgreitt það mál núna á fyrri hluta þessa þings.

[15:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er komið fram frv. sem veldur mér mjög miklum vonbrigðum. Eftir alla þá umræðu sem fram hefur farið um skaðabótalögin á liðnum þingum, þar sem velt var upp að manni fannst flestum flötum á þessum málum, þá á enn einu sinni að fresta málinu um ár.

Þetta frv. gengur út á það að frv. um heildarendurskoðun skaðabótalaga frestist um eitt ár eða alla vega að nefndin skili ekki af sér fyrr en að ári liðnu. Rökin hafa komið fram hér í umræðunni, bæði hjá ráðherra og einnig komu þau skýrt fram í greinargerð, nefnilega að það séu of fá tilfelli sem hafa verið gerð upp, of fá mál síðan skaðabótalögin frá árinu 1993 gengu í gildi.

Miðað við alla umræðuna í allshn. er ég satt best að segja mjög svartsýn á að það verði komin mjög mörg tilfelli í viðbót að ári liðnu. Þetta virðist vera mjög hægfara ferli að heildaruppgjör eigi sér stað. Oft líða upp undir tíu ár eða meira samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin fékk á umliðnum þingum og þess vegna velti ég því fyrir mér hversu mörg tilfelli séu líkleg til þess að vera uppgerð þó að það komi eins árs bið. Og ég velti því fyrir mér hvort kannski sé alveg eins gott að ganga til þessarar vinnu strax jafnvel þó að upplýsingarnar séu ekki betri en þær eru, eða hvort hæstv. dómsmrh. sé tilbúinn að bíða endalaust eða hvort hann muni jafnvel láta sér það nægja þó að tvö til þrjú mál verði uppgerð að ári liðnu. Þess vegna vil ég spyrja hvort hann hyggist leggja fram frv. um endurskoðun þessara laga jafnvel þó að það verði ekki nema tvö eða þrjú tilfelli sem koma í viðbót, því það má gera ráð fyrir að það verði ákveðinn hvati fyrir tryggingafélögin að gera þessi mál ekki upp ef það er hægt að fresta heildarendurskoðun endalaust af því að svo fá mál fá heildaruppgjör.

Ég mun mælast til þess innan allshn. að fulltrúar í endurskoðunarnefndinni verði fengnir til skrafs og ráðagerða við nefndina. Ég tel mjög alvarlegt að þessu máli hafi verið frestað og vona svo sannarlega að fresturinn verði þá ekki nema í mesta lagi eitt ár ef þetta verður samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 1. umr.*

Stjfrv., 171. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 171.

[15:52]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Í maí sl. samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 93 frá 20. nóvember 1992 um meðferð sjávarafurða og *eftirlit* með framleiðslu þeirra. Veigamesta breytingin sem hér um ræðir fjallar um breytingar á landamæraeftirliti á EES-svæðinu og uppsetningu landamærastöðva á Íslandi.

Í upphafi var gert ráð fyrir að breytingin öðlaðist gildi þegar í maí sl. en vegna mikillar óvissu og tafa hjá framkvæmdanefnd Evrópusambandsins í þessu máli var gildistöku breytinganna seinkað til 1. nóvember 1997.

Aðeins til upprifjunar þá var með lögunum frá 1992 lögfestur samningur sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá nóvember 1996 um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Samningurinn felur í sér samningsbundna endurskoðun á I. viðauka við EES-samninginn frá 1992, afnám landamæraeftirlits á svæðinu, og samræmdar reglur varðandi innflutning frá *þriðju ríkjum*. Með *samningnum* tekur Ísland upp gerðir er varða fisk, fiskafurðir, fiskmjöl, lifandi humar, lúðuseiði, barrahrogn og hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Samkomulag þetta þykir hafa verið mjög hagstætt fyrir Ísland. Til að flýta sem mest fyrir framkvæmd samningsins var ákveðið að lögin tækju gildi 1. nóvember 1997. Það hefur komið í ljós að sá tími sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins ætlaði sér að ljúka málsmeðferð í stofnunum sínum var ekki nægur og er henni ekki lokið og óvíst hvenær henni lýkur. Framkvæmdastjórnin er nú að vinna úr nokkrum lagatæknilegum athugasemdum sem fram hafa komið í málsmeðferð hennar og varða eftirlitshlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA. Er vonast til að þeirri vinnu ljúki á

næstu vikum. Að því loknu fer samningurinn til umfjöllunar í ráðherraráði Evrópusambandsins og til kynningar í Evrópuþinginu. Að loknu þessu ferli verður ákvörðun um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn lögð til samþykktar fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Miðað við hve skammt framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins er komin í afgreiðslu samningsins er ljóst að fresta þarf gildistöku laganna.

Með frv. þessu er lagt til að gildistökunni verði frestað um eitt ár, frá 1. nóvember 1997 til 1. nóvember 1998.

Í ljósi þess að nú er skammt til þess tíma sem lögin eiga að taka gildi samkvæmt þeim ákvæðum sem samþykkt voru um þau efni á síðasta þingi er nauðsynlegt af minni hálfu að fara þess á leit að frv. þetta fái hraða afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Og í ljósi þess að ætlunin er að síðasta vika októbermánaðar verði kjördæmavika, þá þarf að afgreiða þetta mál ef þess er nokkur kostur sem lög frá Alþingi í þessari viku þannig að hér taki ekki gildi lög um samninga sem Evrópusambandið hefur ekki sjálft staðfest af sinni hálfu. Ég vænti þess að um þetta megi takast gott samstarf við hv. sjútvn. og hún sjái sér fært að fjalla um málið með þeim hætti að ljúka megi málsmeðferðinni á svo skömmum tíma vegna þeirrar óvenjulegu aðstæðna sem uppi eru.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 146. mál (útboð veiðiheimilda). — Þskj. 146.

[15:56]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Frv. þetta sem flutt er á þskj. 146 er flutt af þingmönnunum Jóni Baldvini Hannibalssyni, Össuri Skarphéðinssyni og Ágústi Einarssyni auk þess sem hér stendur.

Frv. um svipað efni var lagt fram á Alþingi sl. vor en svo skömmu fyrir þinglausnir að ekki náðist að ræða um málið. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. frá fyrstu gerð þessu eru í 1. mgr. 1. gr. Þar var áður lagt til að ráðherra fengi heimild til að bjóða út árlega veiðiheimild úr norsk-íslenska síldarstofninum en nú er það orðað svo að slíkt útboð skuli fara fram.

Megintilgangurinn með frv. er að leggja til að sú stefna verði mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að ákveðið verði í lögum að í stað veiða með ókeypis aðgangi tiltekinna veiðiskipa og með úthlutun ókeypis aflakvóta í framtíðinni verði veiðiheimildirnar seldar á frjálsum markaði til útgerðar þeirra skipa sem síldveiðar geta stundað. Í frv. eru jafnframt ákvæði um hvernig að slíku útboði á aflaheimildum skuli staðið.

Nokkrar umræður hafa orðið um líklegt markaðsverð á aflaheimildum vegna síldveiða, en litlar upplýsingar út af fyrir sig um þær að hafa vegna þess að það er lítil reynsla á sölu eða leigu slíkra veiðiheimilda og engin slík viðskipti með aflaheimildir í norsk-íslenska síldarstofninum hafa farið fram svo vitað sé. Ógerningur er því að spá fyrir um hver gætu orðið markaðsverðmæti aflaheimilda í því útboði sem hér er gerð tillaga um. Þó hafa menn reynt að geta sér þess til, m.a. í umfjöllun DV núna nýlega þar sem stuðst er við reynslu á útboði á íslensku vorgotssíldinni og er þá reiknað með að líklegt verð á markaði væri um það bil 9 kr. á kg sem þýddi það að ef tækist að selja allar þær aflaheimildir á norsk-íslensku síldinni sem úthlutað var á síðustu síldarvertíð, þá væru þarna líklega tekjur upp á 2 milljarða kr. fyrir sölu aflaheimildanna. Um það er hins vegar engu hægt að spá vegna þess að þarna er að miklu leyti rennt blint í sjóinn. Markaðurinn mun að sjálfsögðu ákveða það og það fer því eftir getu útgerðarfélags til að greiða fyrir þessar aflaheimildir þannig að ég held að það sé mjög varlegt að tala um líklegt verðmæti slíkra aflaheimilda í frjálsri sölu.

Í frv. er gert ráð fyrir að allar tekjur sem ríkið kynni að hafa af útboðinu renni til að greiða kostnað í þágu sjávarútvegsins sjálfs og sjómanna, þ.e. til haf- og fiskirannsókna og slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa. Fyrir það fé sem fengist með útboðinu ætti að vera unnt að efla mjög þá starfsemi sem hér um ræðir, sjávarútveginum og sjómönnum til velfarnaðar.

Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár en á allra síðustu árum hefur verið að verða breyting þar á. Síldarstofninn hefur verið í mikilli framför eftir langvarandi lægð og eru nú ýmis merki um að hann sé að ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóða á norðanverðu Atlantshafi tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðinu utan íslensku fiskveiðilögsögunnar og á síðustu vertíð öðluðust Íslendingar rétt til veiða á 230 þúsund tonnum á síld úr stofninum. Á síðasta ári hófust því á ný síldveiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum, veiðar sem miklar vonir eru bundnar við og þá ekki síst ef stofninn hefur göngur sínar á fornar veiðislóðir innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja á þeim flota sem hyggst stunda veiðarnar. Síldveiðiskipin sem veiðarnar stunduðu fyrir 30 árum eru flest horfin úr flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru alls ólíkar því sem átt hefur við um veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem byggt var á margra ára veiðireynslu skipa sem voru í útgerð þegar þessar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Í vor óttuðust ýmsir að frjálsar veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum með þeim einu takmörkunum að þau skip ein fengju veiðiheimildir sem sérútbúin voru til síldveiða mundu leiða til þess að svo mikið kapp yrði um veiðarnar að stór hluti aflans færi í ódýrari vinnslu og manneldismarkmið yrðu lögð fyrir róða. Þannig fór þó ekki. Það reyndist ekki vera að svo illa færi þannig að til allrar hamingju hafa þessar veiðar skilað betri árangri, m.a. í verðmætum, en menn óttuðust.

Um þessi mál hefur mikið verið rætt, virðulegi forseti, og fjallað af ýmsum hv. þingmönnum og ráðherrum á undanförnum dögum. Þar hafa komið fram flest þau rök sem tínd hafa verið til fyrir sérstöðu norsk-íslenska síldarstofnsins og menn hafa látið í ljós þær skoðanir að vissulega kæmi til greina að gera þá tilraun sem hér er lögð til að gerð verði um sölu aflaheimilda norsk-íslenska síldarstofnsins. Sú skoðun hefur komið fram hjá ýmsum þingmönnum eins og hv. þm.

Einari Oddi Kristjánssyni, einnig frá tveimur hæstv. ráðherrum, bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. svo að ég vona að frv. af þessu tagi eigi nokkuð greiða leið í gegnum hv. Alþingi. Ég vil því í lokin, hæstv. forseti, einungis vísa til þeirra ummæla sem þessir hv. þingmenn og ráðherrar hafa látið falla um það að sú leið sem hér er lögð til að lögfest verði sé vissulega skoðunarverð og umræðuverð og ástæða til þess að huga mjög vandlega að því að velja þessa leið. Ég ítreka að ég vísa á röksemdir m.a. þeirra manna sem þannig hafa látið um mælt og treysti því að þeir veiti frv. þessu gott brautargengi í þinginu og í meðförum sjútvn.

Ég ætla því ekki að hafa fleiri orð um málið að svo stöddu en legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[16:03]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. flm. að aðstæður eru nokkuð sérstakar varðandi norsk-íslenska síldarstofninn vegna þess að þar höfum við ekki haft veiðireynslu í nokkra áratugi. Hins vegar eru í gildi lög um úthafsveiðar sem taka til þessa stofns vegna þess að hann er deilistofn. Þar er kveðið á um hvernig á að úthluta aflaheimildum þegar þar að kemur að menn telja rétt að stíga þar það skref. Þau lagaákvæði eru skýr og fyrir hendi. Hins vegar hefur verið mat manna fram til þessa að ekki væri rétt að stíga það skref strax að úthluta aflaheimildunum, fyrst og fremst með skírskotun til þess að við verðum að vænta þess að stofninn eigi eftir að breyta göngumynstri sínu og koma í ríkari mæli inn í íslenska landhelgi og þá kann sóknin í stofninn að verða önnur en hún er í dag og önnur skip og aðrar gerðir af skipum hugsanlega eiga meiri möguleika á að sækja þessa mikilvægu afurð. Það er ástæðan fyrir því að veiðarnar hafa verið frjálsar og ég hef ekki gert ráð fyrir því að önnur skipan verði á höfð á næstunni en veiðarnar verði frjálsar nema samkomulag yrði um annað og að ný sjónarmið kæmu upp sem ryddu þeim úr vegi sem hafa ráðið þessari niðurstöðu.

Ég hef hins vegar tekið það fram af minni hálfu að ég taldi það koma til álita að einn af þeim kostum sem unnt væri að styðjast við þegar menn voru að ákveða aflahlutdeild í upphafi úr stofni þar sem engin veiðireynsla væri fyrir og verið væri að gefa út varanlegar veiðiheimildir þá mætti gera það með uppboði. Í dag eru ákveðnir kostir í lögunum og það gat komið til álita að bæta einum þeirra við. Um það varð ekki sátt á sínum tíma þegar verið var að ganga frá frv. En sú hugmynd er reyndar alls óskyld þeirri sem hv. flm. var að gera grein fyrir og mæla fyrir um. Þar er verið að gera ráð fyrir árlegri skattlagningu með árlegu útboði veiðiheimildanna sem er allt annar hlutur og ég hélt að hv. þm. væri mætavel ljóst.

Ég hef talið mjög heppilegt að láta veiðireynslu ráða úthlutun aflaréttinda en auðvitað á ekki að útiloka það þegar veiðireynslan er ekki til að láta fjármagnið ráða. Menn verða þá að gera sér grein fyrir því hvert þeir eru að stefna með því. Menn eru að ákveða að þeir sem eru fjársterkari í atvinnugreininni eða þjóðfélaginu, eftir því hvað útboðið er opið, eigi að hafa meiri möguleika en hinir sem veiðarnar hafa stundað og fjármagnið ráði þannig meiru um þessa þróun en verið hefur og það getur verið réttlætanlegt í vissum tilvikum.

En hér er verið að fara inn á allt aðra braut. Það er verið að leggja til að taka upp árlegt gjald af veiðunum með árlegu útboði í þeim tilgangi að dreifa arðinum í gegnum ríkissjóð vegna þess að það er trú sumra að betur fari á því að arður í sjávarútvegi fari í gegnum hendur stjórnmálamanna en ekki eftir lögmálum markaðsbúskaparins út um æðar þjóðarlíkamans og það er trú hinna nýju jafnaðarmanna.

Það frv. sem hér liggur fyrir er um margt óljóst. Til að mynda á að gefa þeim fiskiskipum sem hæf eru til að stunda síldveiðar leyfi til að bjóða í og væri ástæða til þess að spyrja hv. flutningsmenn um það hvaða skip eru að þeirra mati hæf til að stunda síldveiðar og hvaða skip á að útiloka frá þessum veiðum.

Það er líka ástæða til þess að ræða við hvaða aðstæður við erum að fjalla um þetta efni. Ég er þeirrar skoðunar að skattar og álagning skatta sé sífellt umræðuefni sem menn geta aldrei vikið sér undan og þurfa alltaf að fjalla um. Menn þurfa að ræða hvernig á að afla tekna fyrir ríkissjóð og hvernig á að dreifa þeim byrðum og að hvaða markmiðum menn stefna. Í þessu efni tel ég að því er varðar skattlagningu á sjávarútveginn að menn verði að vera reiðubúnir að ræða hana miðað við samkeppnisaðstöðu greinarinnar á hverjum tíma. Ég hef hins vegar ekki litið svo á að menn geti bara komið með einfaldar samþykktir á Alþingi og sagt: Hvernig sem á stendur skulum við leggja skatta á sjávarútveginn. Ég held að menn verði að haga þessum umræðum svolítið eftir aðstæðum á hverjum tíma. Og hverjar eru þær aðstæður sem við búum við í dag? Hverjar eru samkeppnisaðstæður íslensks sjávarútvegs í dag? Íslenskur sjávarútvegur er eina atvinnugreinin á þessu sviði í Evrópu sem nýtur ekki ríkisstyrkja. Við erum að keppa við sjávarútveg annars staðar og víðast hvar annars staðar í heiminum sem fær bullandi ríkisstyrki. Þetta vita þau íslensku fyrirtæki sem eru að fjárfesta í útlöndum og fá til þess ríkisstyrki. Síðan ætla alþýðuflokksmenn á Íslandi að koma — herra forseti, ég biðst afsökunar á þessu. Ég var búinn að steingleyma því að það er búið að leggja Alþfl. niður á Alþingi. Hann starfar ekki lengur á Alþingi og ekki í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég biðst innilega afsökunar á því. Það fór að vísu ekki mikið fyrir því þegar Alþfl. var lagður niður á Alþingi, þessi gamalgróni flokkur, en hann hefur liðið undir lok í þingsölum og blessuð sé minning hans. En ég átti auðvitað að skírskota til jafnaðarmanna sem eru þeirrar skoðunar að besta leiðin til þess að bæta samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs sem er að keppa við niðurgreiddan og styrktan sjávarútveg í Evrópu og annars staðar í heiminum sé að leggja sérstaka skatta á fyrirtækin á Íslandi.

Við eigum sannarlega í verulegum erfiðleikum í dag að standast þá samkeppni sem við erum í með þessum hætti. Það er búið að ryðja á flestum sviðum í burt samkeppnishindrunum eins og þessum í iðnaði, verslun og annars staðar. En sjávarútvegurinn má búa við þessar aðstæður. Þá er þetta talið vera sérstakt bjargráð. Við vitum líka að sums staðar eru erfiðleikar þó að gengið hafi betur í sjávarútveginum og þá ætla talsmenn jafnaðarmanna að koma og segja: Lausnarorð okkar er að leggja nýja skatta á atvinnufyrirtækin. Þannig ætlum við að hjálpa fiskvinnslunni í landinu til að mynda. Það er lausnarorð þeirra. Þegar þeir horfa á sum hver hin minni sjávarplássin, sem eiga við erfiðleika að etja, koma þeir og segja: Við ætlum að leggja meiri skatta á fyrirtækin ykkar. Þannig ætlum við að hjálpa ykkar fyrirtækjum og sú tillaga sem hér er flutt er nokkuð í samræmi við þetta.

Rögnvaldur Hannesson prófessor, sem hefur verið einn af helstu málflytjendum veiðileyfagjalds, átti viðtal við Ríkisútvarpið í síðustu viku og það var um margt athyglisvert.

Þar var hann spurður um það hvort hann teldi að áhrif veiðileyfagjalds mundi hafa áhrif á launakjör sjómanna. Hann svaraði því mjög afdráttarlaust. Að sjálfsögðu mun það hafa áhrif á launakjör sjómanna. Að sjálfsögðu verða þeir að bera hluta af skattheimtunni og hann hafði svo nokkur orð um það að frá hans bæjardyrum hefðu sjómenn býsna há laun. Ég held að hann hafi kallað þá launaaðal á Íslandi. Ég veit ekki hvaðan hann hefur fengið þær upplýsingar. Ekki ætla ég að gera því skóna að það sé komið frá samtökum jafnaðarmanna.

En spurningin er þessi. Nú eru opnir kjarasamningar. Sjómenn og útvegsmenn eru að deila. Það geta orðið erfiðir kjarasamningar. Þá finna jafnaðarmenn hjá sér sérstaka kvöð til þess að koma fram með mál sem viðurkennt er af helstu sérfræðingum um álagningu auðlindagjalds að geti ekki haft önnur áhrif en þau að rýra launakjör sjómanna. Og akkúrat á þeirri stundu þegar kjarasamningar eru opnir og sjómenn reyna að knýja útvegsmenn til viðræðna um kjaramál sín koma íslenskir jafnaðarmenn með mál sem getur ekki leitt til annars en lækkunar á launum sjómanna að mati þess manns sem gerst þekkir álagningu veiðileyfagjalds eða auðlindagjalds, hvaða nafn sem menn vilja gefa því. Fremsti og viðurkenndasti sérfræðingur á því sviði kemur fram með þessa kenningu og þennan tímapunkt ætla jafnaðarmenn að nota.

Ástæða væri til þess að spyrja hv. þingmenn jafnaðarmanna hvort þeir hafi valið þennan tímapunkt sérstaklega til þess að greiða fyrir í samningamálum útvegsmanna og sjómanna með því að koma fram með tillögu sem rýri launakjör þeirra eða eru þeir sammála því mati prófessorsins að launakjör sjómanna séu með þeim hætti að sérstök ástæða sé til þess af opinberri hálfu að lækka þau? Er það mat þingmanna jafnaðarmanna sem standa að þessu frv.?

Herra forseti. Mig langar að víkja aðeins að því hvernig frv. rímar við þá samþykkt sem aukaþing Alþfl. gerði um sjávarútvegsmál og birt var í sumar. Greinilegt er að hér er ýmsu skipað með nokkuð öðrum hætti en þar er gert ráð fyrir. Ástæða væri til að spyrja flm. hvers vegna þeir fara ekki eftir þeim skýru samþykktum sem gerðar voru á flokksþinginu um þessi efni. Þar var samþykkt tillaga milliþinganefndar um að fela þingmönnum flokksins, sem eru að vísu ekki lengur þingmenn Alþfl., en látum það nú vera, hér inni sitja menn sem eru í Alþfl. sem starfar utan Alþingis, og þar átti m.a. að kveða á um að aflaheimildir, sem væru seldar ætti að bjóða öllum, þar á meðal útlendingum. Það ætti að fella niður þær takmarkanir sem eru á fjárfestingum útlendinga í íslenskum sjávarútvegi og bjóða aflaheimildirnar útlendingum. Ég skil þá afstöðu mætavel vegna þess að ég held að það sé alveg laukrétt að ekki sé hægt að bjóða aflaheimildir upp með þessum hætti sem verið er að gera ráð fyrir nema útlendingar taki þátt í þeim tilboðum. Þegar Þorvaldur Gylfason lagði fram hugmyndir sínar í upphafi og barðist sem harðast fyrir þessu benti hann réttilega á þetta og það var ein aðaluppistaðan í baráttugreinum hans að selja útlendingum veiðiréttinn hér við land. Það er gömul hugmynd og ég tel að hún sé fyllilega raunhæf. Ég held að slík uppboð gangi ekki upp nema útlendingar komi þar inn í. Kvennalistinn hefur tekið þetta upp sem sérstakt baráttumál, að selja útlendingum veiðiréttinn, og hefur komið þar til móts við sjónarmið jafnaðarmanna.

Ég tek eftir því að þetta grundvallaratriði jafnaðarmanna og Kvennalistans, að selja útlendingum veiðiheimildirnar, sem samþykkt var á flokksþingi Alþfl. í sumar, er ekki í þessu nýja frv. Það er ástæða til að spyrja hv. flm. hvað hafi breyst í afstöðu þeirra frá í sumar. Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að útlendingar geti tekið þátt í þessum tilboðum samkvæmt þessu frv. samkvæmt skýrum samþykktum flokksþings Alþfl.? Frá því í sumar var þingmönnum Alþfl. falið að koma hér með frv. þar sem átti að heimila öllum að gera tilboð í aflaheimildir, einstaklingum og lögaðilum af hverju tagi sem vera skal. Það átti ekki að binda það við skip, það átti ekki að binda það við sjávarútvegsfyrirtæki, það átti að vera opið öllum. Ég sé engin merki þeirrar stefnumörkunar í frv. sem liggur fyrir.

Ég vildi gjarnan fá að spyrja hv. þm.: Hvað hefur breyst frá því að aukaþing Alþfl. um sjávarútvegsmál kom saman í sumarbyrjun og fól þingmönnunum að flytja frv. þangað til þetta frv. kemur hér? Ég vildi gjarnan heyra röksemdafærsluna vegna þess að greinilegt er að eitthvað mikið hefur gerst í umræðum innan Alþfl. þegar slíkar kúvendingar eru teknar í stefnumörkun. Það voru skýr fyrirmæli og samþykkt að leggja fyrir frv. þar sem átti að selja aflaheimildirnar. Það átti að gera það á hverju ári og reyndar að halda uppboð mánaðarlega. Það átti að vera opið öllum. Það átti að afnema bann útlendinga þannig að útlendingar gætu tekið þátt í veiðiheimildunum. Það sem gerst hefur er að nokkrir þingmenn jafnaðarmanna hafa flutt þáltill. sem er endurtekin frá í fyrra og svo þetta afmarkaða frv. um síldveiðarnar sem byggir að verulegu leyti á öðrum sjónarmiðum en eru í samþykkt flokksþingsins. Hér hefur því orðið mikil stefnubreyting og væri fróðlegt að heyra ástæðurnar fyrir henni og þau rök sem eru fyrir stefnubreytingunni sem er komin fram.

Herra forseti. Aðalatriðið er þetta: Við þurfum að ákveða skattlagningu út frá almennum sjónarmiðum. Ég tel að skattlagning á sjávarútveginn eigi að vera almenn. Veiðileyfagjaldið, sem er tekið í dag af aflaheimildum og rennur til tiltekinna þarfa eins og skilgreint er í lögum, er almennt og leggst á alla. Ég tel óskynsamlegt að leggja sérstakt gjald á eina tegund veiðiskapar. Ég tel það ekki samræmast almennum viðhorfum í skattamálum. Ég er enn fremur þeirrar skoðunar að það sé ekki í samræmi við samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar að leggja á hana nýja skatta þegar hún stendur í harðri samkeppni á erlendum vettvangi við fyrirtæki sem njóta mikilla ríkisstyrkja. Þá segja menn: Ja, er ekki fiskveiðistjórnunarkerfið með öðrum hætti hjá Evrópusambandinu eða í Noregi? Vissulega er það með öðrum hætti. En það er takmarkaður aðgangur. Það er aðgangur og veiðiréttur sem er í höndum tiltekinna aðila. Það er hvergi almennur frjáls aðgangur. Menn hafa veiðirétt, tilteknir aðilar, að þeim heildarveiðirétti sem er fyrir hendi. Öll þau sömu spursmál og eru uppi varðandi fjárhagslegt verðmæti slíkra veiðiréttinda eiga við þar eins og hér. Þar er enginn skattur lagður á veiðiréttinn en menn fá í staðinn beina styrki til þess að halda úti veiðum og til þess að byggja upp fiskvinnslustöðvar. Ég tel óeðlilegt að við eigum að skekkja enn frekar samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs og veikja íslenskt atvinnulíf og veikja stöðu útflutningsgreina okkar út á við við þessar aðstæður. Það tel ég óeðlilegt og óskynsamlegt. Það er ekki atvinnugreininni til framdráttar og það er ekki þjóðarbúskapnum til framdráttar. Það er ekki til framdráttar öllum almenningi í landinu sem lifir á því að sjávarútvegurinn fái að hagnast og arðurinn flæði út um þjóðarlíkamann á grundvelli markaðslögmála eins og gerst hefur á undanförnum árum.

[16:22]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar löggjöfin um úthafsveiðarnar var undirbúin var ákvæði þess efnis að heimilt skyldi að bjóða upp veiðiheimildir um tíma inni í þeim texta. Síðan hvarf það út úr textanum og menn þekkja framhaldið. Lögin voru samþykkt án þess að slíkt ákvæði væri inni. Nú hefur komið í ljós að ákvæðið var tekið út að höfðu samkomulagi fulltrúa stjórnarflokkanna við framkvæmdastjóra LÍÚ. Þess vegna finnst mér rétt að við vitum, áður en lengra er haldið í umræðunni hvort búið er að gera frekara samkomulag við LÍÚ um málið. Það er auðvitað marklaust að ræða það hér ef það er staðreynd mála að stjórnarflokkarnir gera samkomulag við hagsmunaaðila úti í bæ um það fyrirkomulag hver niðurstaða á að vera hér í málum.

Mér fannst merkilegt, herra forseti, hversu mikið mark hæstv. ráðherra tekur á Rögnvaldi Hannessyni. Ég hef ekki orðið þess vör fyrr í umræðunni að hann samsamaði sig þeim fræðimanni eins og hann gerði áðan. Þess vegna væri líka fróðlegt að vita, bara svona fræðilega, herra forseti, hvort hæstv. ráðherrann er sammála öðru því sem Rögnvaldur Hannesson sagði um veiðileyfagjald í því viðtali sem hann vitnaði til.

Í öðru lagi væri líka fróðlegt, vegna þess að ég gat ekki heyrt betur en að ráðherrann tregaði það sérstaklega að hér væru ekki ríkisstyrkir í sjávarútvegi, hvaða áhrif hann telur að það hafi haft í gegnum tíðina eða undanfarna áratugi að sjávarútvegurinn hefur ekki verið ríkisstyrktur þó það sé umdeilanlegt á Íslandi og hvort hann er í raun og veru að leggja til að sjávarútvegur á Íslandi verði ríkisstyrktur umfram það sem nú er.

[16:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki verið mæla fyrir ríkisstyrkjum í sjávarútvegi. Ég held að það sé alveg ótvírætt að Rögnvaldur Hannesson sé einn af fremstu fræðimönnum sem fjallað hefur um auðlindagjald. Þó ég sé ekki sammála þeirri niðurstöðu sem hann hefur komist að í þeim efnum þá viðurkenni ég hann sem fræðimann. Núna liggur fyrir að hann telur alveg óhjákvæmilegt að auðlindaskattur muni verða að hluta til borinn uppi af sjómönnum. Sú spurning sem ég hef lagt fram til þingmanna jafnaðarmanna er einfaldlega þessi: Er tímapunkturinn sem frv. var sett fram valinn núna af jafnaðarmönnum til þess að skerða launakjör sjómanna af því að kjarasamningar þeirra eru opnir? Er þetta sérstök sending, sérstök skilaboð þingmanna jafnaðarmanna til sjómanna af því tilefni að kjarasamningar þeirra eru opnir? Eru þeir sammála því mati prófessorsins að launakjör þeirra séu svo há að ekkert geri til að þau séu lækkuð með þessu móti? Það eru spurningar sem ég held að menn hljóti að spyrja flm. þess frv. sem er til umræðu.

[16:25]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginspurning mín og meginerindi í ræðustól áðan var að fá fram nú þegar í umræðunni hvort búið væri að gera samkomulag við hagsmunaaðila úti í bæ þannig að alveg ljóst sé á hvaða nótum við erum að tala um málið. Framkvæmdastjóri LÍÚ hefur upplýst í fjölmiðlum að slíkt samkomulag hafi verið gert þegar lögin voru sett. Ég vil fá að vita hvort búið er að gera nýtt viðbótarsamkomulag um framhald málsins. Það er marklaust að ræða þetta — það er að minnsta kosti sanngjarnt að við fáum að vita undir hvaða formerði er verið að ræða málin og hvaðan ráðherrann hefur línuna.

Síðan væri fróðlegt að vita vegna þess að ráðherrann hefur ítrekað tekið fram að kjarasamningar sjómanna eru lausir, hvort Sjálfstfl. samþykkti að þingmaður úr Sjálfstfl. flytti tillögu um það að sjómannaafslátturinn væri sleginn af? Var það gert sérstaklega af hálfu flokksins til þess að liðka fyrir í kjarasamningum?

[16:26]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru miklir útúrsnúningar að koma hér fram og vísa í starf úthafsveiðinefndarinnar með þeim hætti sem hv. þm. gerði. Öllum er ljóst að þar komu saman fulltrúar þingflokka og hagsmunasamtaka en það varð ekki heildarniðurstaða í nefndinni, það var ágreiningur.

Eins og menn muna sem fjölluðu um málið lagði formaðurinn fram tillögu á grundvelli mats um það hvaða sjónarmið ættu mest fylgi í nefndinni. En það var svo breytilegt frá einu ákvæði til annars. Á þeim grundvelli voru núgildandi lög samþykkt. Vitaskuld fjallar Alþingi síðan um þær tillögur og hefur gert það og gert þær að lögum. Alþingi, svo ég viti til, á ekki í neinum samningaviðræðum við aðila úti í bæ í því efni. Það er þá alveg nýtt.

Það er líka útúrsnúningur að draga inn í umræðuna önnur frv. en eru hér til umfjöllunar. Til umfjöllunar er tillaga þingmanna jafnaðarmanna um sérstakan auðlindaskatt með þeim tilteknu áhrifum sem ég veit að hv. þm. er mér sammála um. Það er vegna þess að við erum að ræða þetta dagskrármál að ég kem fram með þessa spurningu. Er þetta sérstök sending jafnaðarmanna inn í sjómannasamningana? En ég heyri að engin svör koma við því og þar við situr.

[16:28]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ljóst er að um norsk-íslenska síldarstofninn, sem við köllum svo, gilda að mörgu leyti sérstakar aðstæður. Það má líkja því við það að nýr fiskstofn eða ný verðmæti hafi uppgötvast á hafsvæðum okkar og ekki er fyrir hendi varanleg aflareynsla í þeim skilningi að menn hafi nýtt þennan stofn um langt árabil eins og algengast er með aðra helstu nytjastofna á Íslandsmiðum. Það er reyndar skoðun mín, og hún er ekki ný, að löggjöfinni, bæði lög um stjórn fiskveiða og nýlega sett lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sé áfátt hvað varðar það að bregðast við og taka á þegar slíkar aðstæður koma upp. Þeir ágallar eru ekki síður á löggjöfinni hvað varðar útdeilingu eða skiptingu réttinda þegar sambærilegar aðstæður koma upp eða kynnu að koma upp innan íslensku efnahagslögsögunnar.

Hér mætti t.d. nefna til sögunnar að innfjarðarrækja hefur fundist á nýjum veiðisvæðum og veiðiheimildir kannski farið úr engu í hundruð eða jafnvel þúsundir tonna á örskömmum tíma og menn hafa lagt grunninn að skiptingu þeirra veiðiheimilda í aflahlutdeildarkerfinu sem síðan hefur talið óáreitt, hversu mikið sem veiðistofninn hefur vaxið. Slíkt hefur leitt til úthlutunar gífurlegra veiðiréttinda til einstakra aðila og skapað mikið ósamræmi í afkomu sambærilega settra útgerða á viðkomandi svæðum, þ.e. þeirra sem fengu hlutdeild og hinna sem ekki fengu. Það verður að segjast að um nánast tilviljanakennda ráðstöfun verðmæta hafi þá verið að ræða. Og löggjöfinni var og er áfátt enda er hún í grunninn byggð upp utan um þau markmið að takmarka aðgang og takmarka sókn í fiskstofna en ekki útdeila nýjum eða auknum réttindum. Það liggur því nokkuð í eðli þessarar

löggjafar að henni er áfátt þegar þær óvenjulegu aðstæður, því miður, koma upp að ný verðmæti séu til skiptana. Þetta er í grunninn takmörkunar- eða skömmtunarkerfi en ekki öfugt.

Herra forseti. Ég hef margoft í umræðum um þessi mál tekið það fram að ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að menn vilji skoða með sérstökum hætti meðferð veiðiréttindanna þegar aðstæður koma upp eins og þær sem gilda varðandi norsk-íslensku síldina. Þar með er ég ekki að segja að ég sé stuðningsmaður þessa frv. í óbreyttu formi eða telji að það sem hér er lagt til, og ekki er kannski að öllu leyti skýrt, sé hin eina rétta aðferð. Þvert á móti er þar mörgum spurningum ósvarað. Hins vegar er sjálfsagt að skoða málið og ég tel eðlilegt að umræður fari fram um það.

Fyrsta spurningin sem ég tel að menn þurfi að átta sig á er sú hvort hér sé ætlunin af hálfu frumvarpshöfunda að leggja til varanlega aðferð, eða aðferð sem eingöngu skuli gilda meðan veiðireynsla er að myndast yfir eitthvert tiltekið tímabil. Ef hugsunin er sú að leggja til varanlega aðferð, um aldur og ævi skuli veiðiheimildum í þessum tiltekna fiskstofni úthlutað eða þannig með þær farið að þær séu boðnar upp, þá er auðvitað verið að leggja þar til allt annað kerfi heldur en gildir um úthlutun veiðiréttinda að öðru leyti. Og þá verða menn líka að svara þeirri spurningu: Vilja menn hafa þetta sitt með hverjum hætti, eftir því hvaða tegundir eiga í hlut á grundvelli einhverra sögulegra aðstæðna þegar nýtingin hófst, eða vilja menn reyna að byggja fiskveiðilöggjöfina á því að hún sé sjálfri sér samkvæm og einsleit og það sé í grundvallaratriðum farið eins með réttindin gagnvart öllum helstu nytjastofnum? Það er eindregið mín afstaða að við eigum að reyna að leita að slíkum aðferðum. Með öðrum orðum, herra forseti, þörfin er þá sú að móta hér almenna stefnu en ekki sértæka.

Úthafsveiðilöggjöfin er að sjálfsögðu að nokkru leyti því marki brennd að menn voru að leita málamiðlana milli ólíkra sjónarmiða. 5. og 6. gr. laganna um veiðar utan lögsögu taka mið af því í þó nokkrum mæli að uppi voru býsna skiptar skoðanir um hvernig með þessi mál skyldi fara. Greinin felur þó í sér möguleika til þess að láta endurgjald koma fyrir veiðiréttindi í deilistofnum eða hreinum úthafsstofnum og reyndar býsna umtalsvert endurgjald ef heimildir 5. gr. um allt að 15% endurgjald væru nýttar til fulls. Sú málsgrein vísar hins vegar eingöngu til þess tímabils sem gildir þangað til varanleg veiðireynsla í skilningi sömu lagagreinar liggur fyrir. Það er alveg ljóst að um leið og varanleg veiðireynsla liggur fyrir í ýtrasta skilningi þess orðs, þ.e. þrjú ár af sex ára tímabili fullnægja skilyrðum um varanlega veiðireynslu, þá ber að úthluta veiðiréttindunum í hlutdeildarkerfinu. En endurgjaldsákvæðin gætu komið til, þ.e. þau að leita eftir tilboðum frá útgerðum sem vilja nýta veiðiheimildirnar innan þessa tímabils. Að því loknu og þegar um varanlega úthlutun yrði að ræða kæmi svo að því að meta að hve miklu leyti eða hvort að öllu leyti yrði nýtt heimildin til 15% endurgjalds í öðrum afla í þorskígildum talið í aflaheimildum.

Ég held, herra forseti, að í þriðja lagi sé einnig mjög mikilvægt að missa ekki sjónar á því sem mestu máli skiptir og það er að nýta þennan stofn og gera úr honum verðmæti. Gleymum því ekki, verðum ekki svo upptekin af því að skipta arðinum að við gleymum sjálfri frumforsendunni og hún er sú að fiskurinn sé veiddur og úr honum gerð sem mest verðmæti. Við þurfum líka að hafa í huga hvernig kerfið er sem við ætlum að setja upp, hvaða aðferðir tryggja okkur best að þjóðarbúið fái sem mest verðmæti. Er það t.d. aðferð af þessu tagi, að bjóða veiðiheimildirnar árlega upp? Um það, burtséð frá afstöðu til gjaldtöku eða ekki gjaldtöku, hef ég mjög miklar efasemdir. Af hverju? Vegna þess að ég held að slík aðferð, með þeirri óvissu sem henni hlýtur að vera samfara um það hverjir fá veiðiheimildirnar hverju sinni, dragi úr möguleikum manna til þess að skipuleggja sig og sinn rekstur þannig að þeir geti hámarkað verðmætin. Ég veit þess dæmi að menn hættu við fjárfestingar sem áttu að stuðla að aukinni manneldisvinnslu á síld á síðasta vori, bæði í landi og um borð í skipum, eftir að ákveðið var að hafa veiðarnar ólimpískar á síðustu vertíð. Útgerðarmaður hafði undirbúið að setja um borð í skip sitt flökunarvélar og gera sig kláran til þess að vinna síldina úti á sjó. Hann hætti að verulegu leyti við þá fjárfestingu þegar honum varð ljóst að hann yrði að hella sér í kapphlaupið eins og aðrir og gæti ekki minnkað afköst sín í veiðunum með því að stunda vinnslu. Fiskvinnslustöðvar sem hugðust gera sambærilega hluti drógu einnig úr fjárfestingum af þeirri einföldu ástæðu að kapphlaupið byggir á magnhugsun en ekki því að hámarka verðmætin. Sama gildir að sjálfsögðu um ólimpískar veiðar, þ.e. það fyrirkomulag sem notað var á síðustu vertíð. Það liggur algjörlega í augum uppi að það er ekki hagkvæmt út frá því að fyrirtækin viti að hverju þau ganga, geti skipulagt sínar veiðar og sína vinnslu, jafnvel valið sér þann tíma sem hentugastur er og beðið eftir því að síldin komist í gott ástand þótt því kunni að fylgja nokkur áhætta. Nærtækt dæmi er auðvitað það að á þeim tíma sem veiðarnar hófust í fyrra, og munu hefjast um leið og leyft er ef um kapphlaup er að ræða, þá er gjarnan mikil áta í síldinni og hún er sem óðast að fitna á þeim vikum. Með því að bíða í nokkurn tíma eða með því að nota aðferðir sem mögulega gera kleift að vinna síldina þrátt fyrir átu er hugsanlega hægt að ná umtalsverðu magni hennar til manneldis en það var ekki gert í fyrra og mun ekki verða gert í þessu kerfi. Það er hugsanlegt að ná að vinna síld nálægt miðunum eða á miðunum þótt um átu sé að ræða með því auðvitað annars vegar að reyna ná henni úr og hins vegar með því að flaka síldina og frysta. Síld sem ekki væri í ástandi til að heilfrysta eða salta getur hugsanlega verið vinnanleg á vissa markaði sem flök þegar búið er að skera kviðinn og þar með átuna frá. En þetta byggir að sjálfsögðu á því að menn þurfi ekki að hamast eins og vitlausir menn í fáeinar vikur á hverju vori til að klára sinn skammt eða keppa við aðra um takmarkað magn. Það þarf í raun og veru, herra forseti, ekki að fara frekari orðum um að það fyrirkomulag er ekki sérstaklega hagkvæmt.

Varðandi gjaldtökuna vil ég aðeins segja, og það ættu ekki að vera nýjar fréttir, að ég hef ekki útilokað það nema síður sé að vera þátttakandi í að skoða almenna stefnumótun um hófsamlega og yfirvegaða meðferð hvað auðlindanýtingu snertir á einhvers konar auðlinda- eða umhverfistengdri gjaldtöku sem sé í þágu rannsókna og nýtingar á auðlindinni sjálfri. En ég er alfarið andvígur skattlagningarhugmyndum, sértækum og stórfelldum skattlagningarhugmyndum á sjávarútveginn ef þeir fjármunir eiga að renna út fyrir greinina. Ég held að það sé vitlaus og vondur skattstofn og ég held að það sé stórhættulegt fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið að lenda út á þeirri braut. Og því miður er ekki þeim mikla hagnaði og þeim mikla gróða til að skipta sem mikið er talað um þessa dagana og stórfelldir útreikningar eru birtir yfir. Ég vildi að satt væri, þá væri þjóðarbúið betur á sig komið ef þær gríðarlegu fjárhæðir væru afgangs í íslenskum

sjávarútvegi sem stundum er talað um að geti orðið af stærðargráðunni 15–30 milljarðar. Ég lýsi eftir þeim. Hvar eru þeir? Og betur að þeir væru finnanlegir við þær aðstæður sem margar greinar sjávarútvegsins því miður búa við, stórfellt tap eins og meira og minna öll landsvinnslan. Og jafnvel greinar sem á undanförnum missirum höfðu góða afkomu eru komnar niður undir núllið eins og rekstur vinnsluskipa og rækjuiðnaðurinn. Meðaltalsafkoman sem hangir einhvers staðar við núllið er fyrst og fremst borin uppi af óvenjulegum aðstæðum og sérstaklega góðri afkomu í veiðum og vinnslu og sérstaklega þó veiðum og mjölvinnslu uppsjávarfiska. Þetta væri mönnum hollt að hafa í huga.

Varðandi það að ekki sé neinni veiðireynslu til að dreifa í norsk-íslensku síldinni og að þær veiðiheimildir sem þar eru á ferðinni séu að öllu leyti til komnar vegna samninga stjórnvalda við aðra aðila um þær veiðiheimildir, þá er það ekki nema að hluta til rétt. Það er vissulega svo að þjóðaréttur okkar og þeir þjóðréttarlegu samningar sem náðst hafa, þótt slakir væru frá sjónarhóli okkar Íslendinga að mínu mati, færa okkur þarna tiltekinn rétt sem er til úthlutunar. En það var líka búið að fara og veiða síldina og það var búið að sýna fram á að hún væri gengin út á alþjóðlegt hafsvæði og jafnvel að einhverju leyti inn í íslenska lögsögu og væri þar í veiðanlegu magni. Þær veiðar skiptu að sjálfsögðu mjög miklu þegar gengið var til samninga, frjálsar veiðar skipa sem hófust 1994 og veiddust, ef ég man rétt, 24–27 þúsund tonn, að mestu leyti í síldarsmugunni en að litlu leyti í norðausturhorni íslensku lögsögunnar og umtalsverðar veiðar 1995 á svipuðum grunni áður en stjórn hófst í samkomulagi við Færeyinga á árinu 1996 og síðan veiðarnar á grundvelli samningsins nú. Þessum veiðum ber ekki að horfa fram hjá. Það er að sjálfsögðu svo að útgerðin hefur með sókn sinni lagt þarna einnig sitt af mörkum og það er rétt að hafa í huga.

Að síðustu, herra forseti, þá tel ég fullkomlega réttmætar þær spurningar sem hv. flm. málsins bar hér fram til hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar. Ég hef eins og aðrir tekið eftir yfirlýsingum ýmissa ráðamanna í stjórninni undanfarna daga í þessum efnum og þótt þær allrar athygli verðar. Ég tel ekki að ábyrgðaraðilar eins og hæstv. utanrrh., eins og hæstv. sjútvrh. og eins og hv. formaður utanrmn. eigi að komast upp með að vera með yfirlýsingar án þess að nokkuð sé á bak við þær heldur standi þeir reikningsskil á því hér hvað er þar á ferðinni. Er á ferðinni stefnubreyting af hálfu stjórnarmeirihlutans sem stóð að afgreiðslu úthafsveiðilaganna á sínum tíma þar sem þessi mál voru sett í tiltekinn farveg, eða hvað? Ég tel ekki að menn eigi að geta blaðrað um að þeir telji vel koma til greina að hafa þarna einhvers konar uppboð eða gjaldtöku og hlaupið síðan frá því hér, sem mér fannst hæstv. sjútvrh. að verulegu leyti gera. Og hvar er formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., sem hefur verið með hliðstæðar yfirlýsingar og hvar er hv. formaður utanrmn.? Og síðan kemur hér í ræðustól enn einn maðurinn sem hefur verið með yfirlýsingar um þetta mál, hv. 3. þm. Vestf., (**EOK:** Ég er á mælendaskrá.) sem er á mælendaskrá og mun gefa skýringar á sínum viðhorfum í þessum efnum án vafa. En ég sakna þess að fá ekki útlistanir á því hvað er á ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn því auðvitað hljótum við stjórnarandstæðingar að spyrja um það, ekki síst þegar mál af þessu tagi koma hér fram, hver séu viðhorf þeirra sem tala fyrir hönd meiri hlutans hér á Alþingi í þeim efnum. Er það svo að hæstv. ríkisstjórn sé að einhverju leyti að breyta um stefnu hvað varðar grundvallarregluna sem undir fiskveiðilöggjöfinni hvílir — þ.e. aflahlutdeildarregluna? Er það svo? Formaður Framsfl. viðhafði mjög athyglisverð ummæli sem vísuðu að nokkru leyti í þá veru á flokksþingi Framsfl., ég hygg fyrir um ári síðan, þegar hann lýsti því yfir að hann teldi koma til greina að setja þak eða strik í úthlutun samkvæmt aflahlutdeildarreglu ef þorskstofninn héldi áfram að vaxa og færi kannski upp úr einhverjum tilteknum mörkum. Er hæstv. sjútvrh. sammála því að til greina komi að setja einhvern ramma innan hvers aflahlutdeildarkerfið virki þá 100%, en menn áskilji sér rétt til þess að meðhöndla veiðiheimildir þar fyrir ofan, eða að einhverju leyti veiðiheimildir þegar um er að ræða nýja nytjastofna sem uppgötvast eða hefja göngur á okkar hafsvæði?

Þetta er grundvallarspurning. Og grundvallarspurningar eigum við ekki að ræða hér af neinum stráksskap eða í útúrsnúningatón heldur reyna að skýra umræðuna hvað þær varðar. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég hef aldrei útilokað að einmitt slík regla yrði tekin upp og tel reyndar mjög varasamt að hafa aflahlutdeildarregluna eins afdráttarlausa og hún er í löggjöfinni. Það leiðir menn út í ógöngur í vissum tilvikum sem ég hef þegar nefnt dæmi um ef t.d. fáein skip fá háa aflahlutdeild í staðbundinni tegund. Við skulum hugsa okkur að það séu þrír rækjubátar sem hafi 33,34% hver af veiðistofni á einhverju innfjarðarrækjusvæði, það gæti líka verið um að ræða skelfisk eða eitthvað annað. Eða við skulum segja að þrjú íslensk skip önnuðust alla veiðiheimildir í búra sem menn væru búnir að ná tökum á að nýta hér einhvers staðar við landið. Svo vex sá stofn eða nýtingarmöguleikarnir aukast alveg gífurlega, á þá aflahlutdeildarreglan að vera án þaks? Á hún að vera án takmarkana? Þetta er að mínu mati grundvallarspurning sem tengist mjög því máli sem við eru hér að fjalla um. Mér þætti fróðlegt að t.d. hæstv. sjútvrh. eða aðrir talsmenn ríkisstjórnarinnar, sem hafa tjáð sig nokkuð um þessi mál á ýmsum vígstöðvum undanfarin missiri, ekki alltaf skýrt heldur dálítið út og suður, töluðu í þeim efnum.

Að öðru leyti, herra forseti, er sjálfsagt mál að þetta frv. fái þá skoðun sem því ber. Ég efast ekki um að sjútvn. mun leggja sitt af mörkum að senda málið til umsagnar og vinna að því.

[16:47]

**Útbýting þingskjals:**

Loftslagsbreytingar, 180. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 180.

[16:47]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að svara hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni enda flutti hann mál sitt eins og alþingismaður en ekki eins og gagnfræðaskólastrákur á kappræðufundi eins og hæstv. sjútvrh. gerði.

Hv. þm. spurði hvort ætlunin væri að leggja til varanlega aðferð eða ekki. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. að þar séu nein sólarlagsákvæði. En engin lagasetning er ævarandi. Menn breyta lagasetningum, eins og verið er að gera tillögu um að breyta lagasetningu hér, eftir aðstæðum hverju sinni. Þannig að við erum ekki að leggja hér til einhverja eilífa lagasetningu heldur lagasetningu sem stendur þar til henni verður breytt.

Síðasta stjórnmálaályktun sem rak á mínar fjörur var ályktun frá einu af félögum Alþb., Verðandi–Birtingu, þar sem þess er krafist að lagt verði á veiðileyfagjald. Þannig að það eru margir skoðanabræður okkar jafnaðarmanna innan

Alþb., þar á meðal hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hann sagði að hann útilokaði það ekki og vildi m.a. skoða þetta frv. vel. Ég fagna því, hann er formaður sjútvn. Hann sagðist bara ekki vilja hafa þetta svona heldur einhvern veginn öðruvísi. Þá stendur náttúrlega upp á hv. þm. í þeirri skoðun sem fram fer að leggja til hvernig hann vill hafa þetta veiðileyfagjald sem þarna er lagt til. Ef hann vill ekki hafa það svona, hvernig öðruvísi hugnast honum þá að hafa það gjald?

Það hefur komið fram hér á Alþingi, virðulegi forseti, að útgerðarfélög þessa lands borga samtals um 260 millj. kr. til sameiginlegra þarfa. Hv. þm. finnst það nóg vegna þess að afkoman sé ekki glæsileg. Er það þá skoðun hv. þm. að atvinnugreinar sem ekki skila t.d. umtalsverðum hagnaði í úttektum Þjóðhagsstofnunar eigi ekkert að greiða til sameiginlegra þarfa? Hefði t.d. álframleiðsla á Íslandi ekkert átt að greiða til sameiginlegra þarfa um árabil eða meðan hún var rekin með tapi? Er það skoðun hv. þm. að t.d. heimili þar sem endar ná ekki saman eigi að undanþiggja öllum opinberum gjöldum, þar á meðal greiðslu virðisaukaskatts og annarra gjalda? Ég hef ekki séð margar tillögur af því taginu frá hv. þm. En ef þetta er skoðun hans þá er það að sjálfsögðu athugunarefni.

[16:49]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. því miður detta dálítið í það sem hann var sjálfur að ásaka hæstv. sjútvrh. um að hafa gert hér í síðari hluta ræðu sinnar. Ég bið hv. þm. að finna þess stað að ég hafi verið síðri talsmaður þess en aðrir menn að sjávarútvegurinn borgi skatta með eðlilegum hætti eins og aðrar atvinnugreinar. Ætli ég hafi nú ekki gengið einna vasklegast fram í því hér, og er þó ekki alltaf vel til vinsælda fallið, að leggjast gegn því t.d. að tekjuskattur af hagnaði fyrirtækja væri lækkaður. Að sjálfsögðu á sjávarútvegurinn að borga skatta. Það er hægt að skattleggja óeðlilegan hagnað sem myndast við sölu veiðiheimilda sérstaklega og er miklu skynsamlegri aðferð en flatar skattlagningar samkvæmt veiðileyfagjöldum eins og hv. þm. og flokkssystkin hans hafa lagt til. Ástæðan fyrir því að sjávarútvegurinn borgar því miður jafnlítið í skatta, t.d. tekjuskatt, er ósköp einfaldlega gífurlegur uppsafnaður vandi sem hann er enn að reyna að ná sér upp úr, uppsafnað tap sem reyndar stjórnvöld af nokkru örlæti ákváðu að framlengja með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt í fyrra. Við skulum ekki gleyma því heldur að því miður skuldar sjávarútvegurinn um 120 milljarða í þessum töluðum orðum miðað við hvernig það hefur tikkað undanfarna daga. Staðan er þó ekki betri en það. Vandinn við það að ræða þessi mál er náttúrlega sá að menn talast við í fyrirsögnum og það er óskaplega lítið sem gert hefur verið í því að útskýra hvað á bak við það liggur, veiðileyfagjald og veiðileyfagjald. Hvað er það? Ég held að hugmyndir manna um það séu nokkurn veginn jafnmargar og mennirnir sjálfir sem taka sér þetta orð í munn. Og þau fáu þingmál sem hér hafa verið flutt og vísa í þá veru bjóða yfirleitt upp á a.m.k. dúsín af valkostum þegar verið er að ræða hvernig hægt er að leggja þetta á. Hugmyndir manna um aðferðir og upphæðir og annað í þeim dúr eru mjög á reiki og þar af leiðandi er erfitt að ræða þetta. Ég hef reynt að tala tiltölulega skýrt og ég er ekki viss um að aðrir hafi lagt meira á sig en einmitt ég að koma mínum sjónarmiðum skilmerkilega á framfæri í ræðu og riti. Ég er algjör andstæðingur stórfelldrar og sértækrar skattlagningar á sjávarútveginn og þar með landsbyggðina. En ég hef aldrei útilokað það og mun ekki gera á meðan skynsamlega er um þau mál rætt að einhver hófsamleg auðlindastefna sé mótuð sem geri öllum atvinnugreinum jafnhátt undir höfði, það er annað mál.

[16:52]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég trúi því ekki að alþingismaður eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur fylgst með umræðum um veiðileyfagjald í tíu ár, viti ekki hvað það er. Hann er þá einn af fáum Íslendingum sem veit ekki að veiðileyfagjald er gjald fyrir afnot fárra af auðlind fjöldans. Spurningin er mjög einföld: Finnst mönnum sanngjarnt eða ósanngjarnt að þeir sem fá að nýta sameiginlega auðlind okkar greiði eitthvert gjald fyrir nýtinguna? Menn geta síðan deilt um það hvernig á að taka þetta gjald. Menn hafa fyrir löngu svarað þeirri spurningu hvort réttlátt sé eða óréttlátt að menn greiði til sameiginlegra þarfa eftir efnum og ástæðum. Menn hafa löngu svarað þeirri spurningu játandi. En öll þau ár sem það hefur verið gert hafa menn aldrei verið sammála um það hvernig það skuli gert. Menn hafa deilt um það t.d. í tekjuskatti hvað skattleysismörk eigi að vera há. Hvað jaðarskattar eiga að vera háir, hver persónuafslátturinn skuli vera o.s.frv., en það eru allir sammála um að það skuli greiða gjald til sameiginlegra þarfa eftir efnum og ástæðum. Spurningin um veiðileyfagjaldið er mjög einföld. Hún er um það hvort ekki sé rétt og sjálfsagt að þegar fáum er úthlutað með stjórnvaldsathöfn afnotarétti af sameign fjöldans þá greiði þessir fáu gjald fyrir það. Það er gert mjög víða. Tökum dæmi t.d. úr kjördæmi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Þar er starfrækt fyrirtæki sem heitir Kísiliðjan. Hún fær að nema hráefni úr botni Mývatns sem er talið vera í eigu þjóðarinnar og hún þarf að greiða gjald fyrir það. Hún þarf að greiða nýtingargjald fyrir að fá heimild til að nýta auðlind sem í þessu tilviki er í botni Mývatns og er í eigu þjóðarinnar.

Þannig að ég trúi því ekki að mönnum sé ekki ljóst hvað veiðileyfagjald er. Það er öllum ljóst sem um málið tala og hafa talað á Íslandi hvað veiðileyfagjald er.

[16:54]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þetta væri eins morgunljóst og hv. þm. er hér í sinni einföldun að reyna að segja þá þyrftu nú þingmenn jafnaðarmanna væntanlega ekki að hafa sex mismunandi valkosti á uppboði í tillögu sinni um veiðileyfagjald. Þeir voru a.m.k. sex í þeirri útgáfu tillögunnar sem flutt var í fyrra. Það bendir nú ekki til þess að þetta sé alveg gjörsamlega einfalt og morgunljóst úr því að sjálfir höfuðtalsmenn málsins í landinu treysta sér ekki til að leggja fram einn kost frekar en annan heldur bjóða upp á sex mismunandi leiðir. Og í raun og veru eru valkostirnir miklu fleiri, það mætti hrópmerkja þá því einn liðurinn er að blanda þeim saman með mismunandi hætti.

Ég man nú ekki hvort það var Churchill gamli eða einhver annar sem sagði það um flugmennina í síðari heimsstyrjöldinni sem vörðu London að aldrei hefðu jafnmargir átt jafnfáum jafnmikið að þakka. Mér dettur þetta stundum í hug um íslenska sjómenn og íslenska útgerð. Íslenskir sjómenn, um 5.500 talsins, færa hlutfallslega meiri verðmæti að landi heldur en nokkurs staðar í heiminum. Eigum við ekki líka að horfa á hina hliðina á málinu. Þetta er ekki bara þannig að það sé einhverjum fáum útvöldum úthlutað miklu gefins. Þetta er líka þannig að mjög fáir leggja mjög mikið af mörkum í þágu mjög margra, þ.e. íslensk útgerð og íslenskir sjómenn

standa meira og minna undir efnahagslífi þjóðarinnar. Það er hin hliðin á málinu. Þetta eru ekki bara einhverjir vondir sægreifar og forréttindastétt sem á grundvelli einhvers rangláts kerfis fleyta hér rjómann ofan af í þjóðfélaginu. Það er ekki bara þannig. Það er líka önnur hlið á þessu máli. Hún heitir ósköp einfaldlega verkaskipt þjóðfélag. Sumir fást við það að gera út og sækja sjó, aðrir kenna börnum og þeir þriðju kasta rekunum á hina dauðu o.s.frv. Þannig hefur þetta þjóðfélag þróast að tiltekin stétt manna hefur í págu þjóðarheildarinnar nýtt þessar auðlindir eins og bændur nýta landið, ferðaþjónustan nýtir náttúrufegurðina og svo framvegis. Við búum í verkaskiptu þjóðfélagi og þessi uppstilling er ekki að öllu leyti sanngjörn. Ég endurtek að ég tel fullkomlega eðlilegt að ræða þessi mál út frá hófsemd um almenna stefnumörkun sem lítur til allrar auðlindanýtingar. Þá gæti sjávarútvegurinn þess vegna gert svipað og Kísiliðjan sem hefur t.d. lagt fé af mörkum til að rannsaka o.s.frv. Það er allt annar hlutur heldur (Forseti hringir.) en hinar stórfelldu skattahugmyndir sem hér blunda alltaf á bak við og koma alltaf úr kafinu um leið og farið er að ræða málið betur.

[16:57]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

*Forseti vill að gefnu tilefni minna á að andsvör eru tvær mínútur í senn en ekki tvær og hálf. Það hefur færst í vöxt að ræðumenn virði ekki þessi tímamörk og forsetadæmið hefur tekið þetta til almennrar umræðu í sínum hóp og vill fara þess vinsamlega á leit við þingmenn að þeir virði tímamörk.*

[16:57]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Fyrir 11 dögum eða svo var til umræðu í þingsalnum þáltill. frá þingflokki jafnaðarmanna um auðlindagjald eða skatt, ég man nú ekki hvort heldur það hét. (**Gripið fram í:** Veiðileyfagjald.) Eða veiðileyfagjald. Ég ræddi það þá við flutningsmenn, líkt og ég hef gert á undanförnum árum, að fara yfir hugmyndir þeirra um gjaldtöku á sjávarútveginn, hugmyndir sem mér hefur alltaf þótt á þann veginn að líktust mest galdrakarlinum sem dregi upp úr hattinum kanínur. Ég hef aldrei getað séð hvernig það gjald mætti vera öðruvísi en svo að það væru fyrst og fremst sjómenn og fiskverkafólk sem bæru það. Við mundum aldrei gera annað en veikja samkeppnisstöðu Íslands með því að leggja það á.

Í umræðunni fyrir 11 dögum benti ég samt þingflokki jafnaðarmanna á að ef menn hefðu í raun áhuga á gjaldtöku á sjávarútveginn þá skyldu þeir og ættu að skoða sérstaklega norsk-íslenska síldarstofninn.

Þegar úthafsveiðinefndin var að störfum var þetta mjög mikið rætt og sannarlega litu menn á það sem heilmikið vandamál og voru ekki á eitt sáttir um hvernig með skyldi fara þegar því var til að dreifa að nýir fiskstofnar, sem ekki væri nein reynsla á, kæmu inn í efnahagslögsöguna. Menn veltu fyrir sér ýmsum leiðum fram og til baka og urðu ekki á eitt sáttir, eins og menn hafa minnst á í umræðunni. Síðan var lögð fram málamiðlun sem byggðist á því að formaðurinn taldi að það sem var gert að lögum væri það sem flestir gætu samþykkt. Ég stóð að sjálfsögðu að lagasetningunni um veiðar utan lögsögunnar, eins og aðrir stjórnarþingmenn, en ég hafði sérstaklega orð á þessu um daginn vegna þess að mér finnst og hef velt því mikið fyrir mér að það geti alveg komið til greina að nota þessa aðferð og ég skal fara yfir það og rökstyðja það.

Í greinargerð með því frv. sem hér liggur fyrir segir, herra forseti:

„Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru alls ólíkar því sem átt hefur við um veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem byggt var á margra ára veiðireynslu skipa sem í útgerð voru þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar."

Ég tel, herra forseti, að þessi tilvitnun og þessi röksemdafærsla sé alveg hárrétt. En um leið og við verðum sammála um það þá hljótum við að geta gagnályktað og sagt: Þau skip sem höfðu reynslu í íslensku lögsögunni þegar við settum reglurnar höfðu heföarrétt á veiðunum og þau hafa það að mínu áliti, herra forseti. Þau hafa heföarrétt sem ekki verður af þeim tekinn vegna þess að þetta er óaðskiljanlegt, skip, veiðiskip og veiðileyfi. Veiðiskip án veiðileyfis, hvað er það? Það er bara brotajárn, það er ekkert annað. Þetta er grundvallaratriði sem við verðum að standa frammi fyrir og horfast í augu við.

Sú niðurstaða, sem við urðum ásáttir um og ég held að sé nokkurn veginn samstaða um í sjútvn. þingsins, að ekki yrði úthlutað varanlegum veiðirétti á norsk-íslensku síldinni nema með því að taka þrjú bestu ár af sex — ég held að það sé samstaða um það — er aðferð sem sannarlega hefur verið bent á að er kostnaðarsöm. Hún hefur í för með sér heilmikla sóun umfram það sem þyrfti að vera. Forustumaður LÍÚ hefur bent á það, og margir fleiri, að það sé seinfarin og erfið leið að vera með það sem menn kalla ólimpískar veiðar í fimm ár í viðbót eða alls sex ár. Þess vegna er það, herra forseti, að mér finnst koma til greina að við skoðum það að bjóða upp og hafa uppboð á þessum veiðum, að gefa íslenskri útgerð — og ég er þá alltaf að tala um íslenska útgerð — kost á því að kaupa varanlegan veiðirétt eða afnotarétt af þessari síld.

Mér hefur verið bent á, og ég held að það sé rétt að það geti staðið samkvæmt kenningunum um fiskihagfræðina, hvað útgerðarmenn mundu vera tilbúnir til að borga fyrir þennan rétt. Sennilega væru þeir tilbúnir að borga fyrir hann það sem sparaðist á næstu fimm árum. (**Gripið fram í:** Að þeirra áliti.) Auðvitað að þeirra áliti. Ef það er rétt ályktað, sem ég held að geti alveg staðist, þá er þetta tilfelli sem er dálítið einstakt. Það er hægt að selja leyfin án þess að það bitni í raun á sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskverkafólki. Þannig hefur mér dottið í hug að þetta gæti gengið upp. Ég hef að vísu alltaf tekið það fram að ég væri alls ekki yfir mig sannfærður og ég gæti ekki sannað málið, ég gæti það ekki. En mér fyndist það koma til greina og við ættum að skoða það vegna þess að við gætum búið til nýja peninga með því. Við erum með heföarrétt á veiðunum í landhelginni, við þyrftum að skapa þann rétt og ég held að þó að útvegsmenn taki þessu mjög illa kannski núna, þegar menn velta þessu fyrir sér, þá sé þetta ekki slæmur valkostur. Þess vegna er það, herra forseti, að það er skrýtið að lesa það í einu hinna virtu dagblaða, í einhverjum fréttaspuna, þar sem rætt er við hv. þm. Sighvat Björgvinsson, um að það hafi vakið athygli að ég væri ekki meðflutningsmaður á því frv. sem nú liggur fyrir.

Ég hef ekki vitað áður að þingmenn færu með það í blöðin og segðu frá því þótt menn göntuðust með það á kaffistofum hvort þeir ættu að styðja hver annan í einhverjum málflutningi, en það vita allir sem hafa fylgst með umræðu hér um

fiskveiðimál og fiskveiðistjórnun, að það yrði mjög fyndið ef ég færi að flytja frv. með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um veiðileyfi og veiðileyfisskatt.

Ég hef áður farið í gegnum það hversu fráleitar þær hugmyndir eru og hvílík blekking er fólgin í því. Það vekur alltaf undrun mína þegar ég heyri talað um íslenskan sjávarútveg þegar menn koma hér og hrópa upp að þeir vildu heldur láta útlendinga veiða hér og fá þá eitthvert gjald en láta Íslendinga gera það. Það er furðulegt, herra forseti, að innan þessarar þjóðar, sem var á miðaldastigi um síðustu aldamót og hefur risið að mestu til velmegunar fyrst og fremst fyrir fisk, telja menn að engar greiðslur hafi komið frá íslenskum sjávarútvegi. Íslenskur sjávarútvegur hefur neytt allrar afkomu sinnar í að byggja upp þetta þjóðfélag vegna þess að hann er aðalútflutningsgrein landsmanna. Hann hefur borið uppi þjóðfélagið og svo undra menn sig á því og hrópa: Nei, látum heldur útlendinga veiða. Ja, til hvers vorum við að ýta þeim í burtu áður fyrr og berjast fyrir landhelgi okkar? Það er allt orðið gleymt.

Það eru til rök fyrir því að við höfum stundum gengið of langt í að taka fé af sjávarútveginum til þess að byggja upp þjóðfélagið og við værum ríkari í dag ef við hefðum skilið meiri auð þar eftir. Við stæðum betur að vígi og værum með meiri kaupmátt og þjóðfélagið væri sterkara hefðum við ekki gengið svo langt í því, eins og við oft höfum gert, að láta hann greiða. Auðlindagjald er því blekking og hefur alltaf verið það. Við getum ekki sagt þjóðinni þetta — að við séum að reyna að hífa hann upp á hárinu. Það er bara eins og með Munchausen, það er verið að hífa sig upp á hárinu.

Ég ætlaði þess vegna, herra forseti, að taka það skýrt fram að þessi tillaga á ekkert skylt við það sem ég var hér að benda á, alls ekkert. Hún hefur ekkert í för með sér nema kostnað. Hún er bara íþyngjandi fyrir greinina. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að það er hugsanlegt og við eigum að fara mjög vendilega yfir það hvort ekki sé hægt að fá rétt til þess að veiða, menn geti keypt hann núna og boðið hann upp í stað þess að bíða í fimm ár eftir því að geta öðlast hann með reynslu sinni. Ég held að þetta sé allrar athygli vert. Ég vildi þess vegna ítreka það þannig að ekkert fari á milli mála hvað ég hef verið að segja og um hvað ég hef verið að tala vegna þess að ég held að þetta sé þess virði að velta fyrir sér. Ég held að það sé þess virði og við eigum að gera það í fullri alvöru.

Ég veit að það hefur aldrei verið nein alvara í því þegar menn hafa reiknað með því að ég væri stuðningsmaður þessa en hafði nú samt orð á því vegna þess að mér finnst þetta heldur grátt gaman vegna þess að hér er um alvörumál að ræða. Hér er um gífurlegt alvörumál að ræða vegna þess að menn, stjórnmálaflokkar, stjórnmálamenn sem koma með tillögur um það að taka veiðiréttinn af íslenska flotanum eru að leika sér með mikinn eld. Það er mjög hættuleg umræða sem menn ættu ekki að halda fram og menn ættu ekki að reyna að afla sér vinsælda með því að blekkja fólk á þann veg og segja: Ég ætla að lækka hjá þér skattana. Ég ætla að láta bara útgerðina borga. Þetta eru yfirboð, þetta er loddaraskapur og þannig eigum við ekki að tala því að fólk á að vita betur.

[17:10]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil þetta nú ekki alveg. Það hefur komið fram að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er einn af áhugamönnum um að tekið sé gjald fyrir norsk-íslensku síldina og hefur meira að segja fengið þriðjungsleiðara í Morgunblaðinu fyrir áhuga sinn á því þar sem þess er sérstaklega getið. En það er eins og hann sé áhugamaður um að síldin verði keypt en ekki að hún verði seld. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. og vildi ég biðja hann að skýra það svolítið betur út fyrir mér. Ber að skilja hans málflutning þannig að hann sé fylgjandi því að veiðiheimildir á norsk-íslenska síldarstofninum verði seldar í eitt skipti fyrir öll eða um hvað nákvæmlega er hann að tala? Hver er hans skoðun á því hvernig eigi að framfylgja þeirri stefnu sem hann og Morgunblaðið eru sammála um hvað varðar sölu veiðiheimilda í norsk-íslenska síldarstofninum? Ég vildi gjarnan fá að vita það. Ég gat ekki skilið hans orð öðruvísi áðan en hann væri þeirrar skoðunar að selja bæri þetta í eitt skipti fyrir öll. Er það rétt túlkun á hans skoðun?

[17:11]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 4. þm. Vestf. hefði betur sparað sér að ræða um gagnfræðaskólafundarsköp og ræðumennsku áðan. Það hefur aldrei komið fram að ég og Morgunblaðið værum sammála um eitt eða neitt. Það veit hann ósköp vel. Ég talaði við hann fyrir 11 dögum, herra forseti. Þá benti ég honum á að það ætti að skoða þetta mjög gaumgæfilega. **(SighB:** Þetta hvað?) Það ætti að skoða uppboð á veiðileyfum á norsk-íslensku síldinni mjög gaumgæfilega.

Ég tók líka mjög skýrt fram að ég ætlaði ekki að leggja fram neinar tillögur um það. Ég sagði áðan í ræðustól, þannig að ég held að allir hafi skilið sem heyrðu, að ég teldi það vænlegt fyrir íslenska útgerðarmenn að eiga þess kost að kaupa á uppboði varanlegar aflaheimildir af norsk-íslenska síldarstofninum. Ég held að enginn sem hlustaði á mig hafi misskilið það nema þá viljandi. Ég er ekki að leggja þetta til, en þetta er eins og ég met það eftir að hafa hugsað um þetta síðustu 11 daga. Ég held að þetta sé vænlegasta leiðin. Ég sagði það mjög skýrt og vonandi þarf ég ekki að skýra það enn frekar.

[17:13]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. leggur sem sé ekkert til en leggur til að það verði skoðað mjög vandlega og gaumgæfilega. Þá fer nú að vandast málið, því ef menn leggja ekkert til þá er mjög erfitt að skoða það. Eina tillagan sem liggur á borði hv. þingmanna er í því frv. sem hér er flutt og ég hlýt þá að skilja orð hv. þm. þannig að þá einu tillögu sem er til skoðunar beri að skoða mjög gaumgæfilega og væntanlega leiðir skoðunin til einhverrar niðurstöðu. Þá má vonandi vænta þess að hv. þm. sem situr í sjútvn. komi í því vinnuferli með einhverja tillögu um hvað hann vill láta gera, því að ég trúi því ekki að eina erindi hans inn í umræðuna, í fréttir og leiðara í Morgunblaðinu hafi verið það að hann vilji láta skoða málið en vill ekki segja hvað það er sem hann vill láta skoða og enn síður leggja það til.

[17:14]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem hafa gaman af útúrsnúningi, þeir stunda það. Ég mun að sjálfsögðu ekki leggja til tillögur um veiðileyfi hér og nú vegna þess að eðlilegt er að ég, sem stjórnarþingmaður, hafi samráð um það við sjútvrh. og þá ríkisstjórn sem ég styð, það er mjög eðlilegt. Þannig vinnum við.

Ég held að hv. þm. hafi ekki skilið hvað ég var að segja. Ég var að segja það áðan að ég teldi vænlegast og það gæti komið til greina að við byðum upp þessar síldveiðar varanlega vegna þess að ég tryði því að það mundi spara þann kostnað sem ella félli niður á næstu fimm árum. Það væri mjög dýrt að öðlast þennan rétt með því að láta menn keppa á næstu fimm árum og við mundum spara þá peninga. Þess vegna var ég að leggja til og biðja menn að skoða þennan kost — að bjóða upp síldina. Ég held að enginn þurfi að misskilja þetta. Þetta er bara umræða og þetta er tillaga og menn eiga að skoða þetta. Ég fjallaði um þetta fyrir 11 dögum, kom inn á þetta mál, benti á það og hv. 4. þm. Vestf. þarf ekkert að snúa út úr því frekar. Það er alveg óþarfi. Þetta er mjög skýrt og mjög greinilegt hvað ég er að tala um. Ég átti ekkert erindi inn í fréttir. Ég talaði hér og þeir sem segja hér fréttir, þeir segja frá því sem þeir vilja segja. Það hélt ég að allir vissu sem hér töluðu.

[17:16]

**Útbýting þingskjals:**

Bjargráðasjóður, 185. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 185.

[17:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að ég tel að það sé spor í þá átt að þjóðin njóti afrakstursins af nytjastofnunum í kringum landið og ég tel að það boði mikilvæga stefnubreytingu í fiskveiðistjórnun. Hér er verið að ræða um norsk-íslenska síldarstofninn sem hefur sérstöðu að því leyti að veiðireynsla er ekki fyrir hendi og um er að ræða deilistofn sem fer inn og út úr lögsögunni og því eiga lögin um úthafsveiðar við þennan stofn. Ég tel að árlegt uppboð á veiðiheimildum sé mjög góð leið til að stjórna þessum veiðum og vegna ummæla hæstv. sjútvrh. um að ekki hefði náðst sátt um það við setningu laga um úthafsveiðar að ráðherra gæti notað útboðsleiðina vil ég láta í ljós það álit mitt að ég tel að jafnvel án þeirrar lagabreytingar sem hér er lögð til geti sjútvrh. farið uppboðsleiðina við úthlutun á aflaheimildum, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. En í þeirri grein segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af."

Ég er með frv. hérna þannig að ég mun tékka þetta af rétt á eftir, en mig minnir að þessi grein hafi ekki breyst að þessu leyti og ég get ekki séð að það sé bannað í þessari grein að ráðherrann noti útboðsleiðina þó að um það hafi verið samið að taka það út úr textanum sem slíkt af því að þetta eru allt saman heimildir og ráðherrann á að ákveða þetta og síðan er bara sagt hvaða viðmið hann geti tekið mið af.

Hæstv. forseti. Ummæli hæstv. sjútvrh. áðan um laun sjómanna og fiskileigu til útlendinga var að mínu mati alveg hlægileg tilraun hans til að varpa ljósinu frá aðalatriðum þessa máls og reyna að fela að hjá honum sjálfum er ekki pólitískur vilji fyrir því að þjóðin, sem á nytjastofnana í hafinu í kringum landið, njóti afrakstursins. Afstaða hans í málinu áðan olli mér mjög miklum vonbrigðum vegna ummæla ýmissa aðila sem tengjast þessari ríkisstjórn, m.a. formanns Framsfl. og reyndar ummæla hans sjálfs í fjölmiðlum, um að til greina komi að nú verði notuð útboðsleiðin við að úthluta síldveiðiheimildum alla vega fyrir næsta ár.

Hvað varðar sjómenn er alveg ljóst að þeir hafa nú þegar tekið þátt í kvótaleigu og kvótakaupum og ég tel að það sé ekkert nýtt þó að Rögnvaldur Hannesson prófessor hafi lýst því yfir að þetta muni hafa áhrif á þeirra kjör. Sjómenn hafa sjálfir lýst því yfir að þeir séu nú þegar að greiða veiðileyfagjald og sumum þeirra a.m.k. finnst réttlátara að gjaldið sé þá greitt í ríkissjóð fremur en til útgerðarmanna.

Um frv. jafnaðarmanna sem hér er til umræðu, þá vil ég láta í ljós viss vonbrigði yfir því sem fram kemur í greinargerð og reyndar einnig í frumvarpstextanum, að við þessi útboð skuli arðinum eingöngu varið til haf- og fiskirannsókna og til slysavarna sjómanna og rannsókna á sjóslysum. Þetta eru vissulega allt mjög góð málefni sem ég styð af heilum hug, en ég spyr: Hvers vegna er ekki gengið lengra og lagt til að t.d. landsmönnum sé sent andvirði kvótans, eins og fram hefur komið í blaðagrein einmitt núna um helgina? Mér skilst að varlega áætlað sé það um það bil 300 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Hvers vegna má ekki nota andvirði fiskveiðikvótans t.d. til menntamála eða heilbrigðismála eða til þess að lækka skatta almennt? Ég tel að það mundi samræmast mun betur því markmiði að þjóðin í heild njóti afrakstursins af auðlindinni, ekki bara útgerðarmenn eða sjómenn.

Varðandi ræðu hv. formanns sjútvn. áðan, að yfirlýsingar ýmissa aðstandenda ríkisstjórnarinnar hafi farið gegn úthafsveiðilögunum, þá er ég ekki sammála því að það geri það þó að það sé hugsanlegt að stefnan sem hæstv. sjútvrh. lýsti áðan sé fyrst og fremst bundið af samningum við LÍÚ, þá er ég ekki sammála því að það stangist á við úthafsveiðilögin. Ég er þó sammála hv. formanni sjútvn. um að þetta mál verði að skoða mjög vel og ég mun væntanlega fá tækifæri til þess á vettvangi sjútvn.

Vegna orða sem féllu einnig áðan hjá hv. formanni sjútvn. um að sagan sýndi okkur að sumir sérhæfðu sig í fiskveiðum og aðrir færu að vinna við landbúnað og enn aðrir sem verkamenn o.s.frv., þá finnst mér sú umfjöllun ekki alveg réttlát vegna þess að nú erum við að fjalla annars vegar um stofn þar sem veiðireynsla á ekki við og hins vegar er mjög umdeilt hvernig kvótanum var úthlutað í upphafi í þeim lögum sem eru í gildi. Nú er svo komið að það eru mjög margar aðrar stéttir, ýmsir aðrir einstaklingar, sem alls ekki komast inn í sjómannastéttina þó þær fegnar vildu. Mér finnst það óréttlátt að vegna stjórnvaldsaðgerða hafi þessari stétt verið lokað fyrir öðrum en fáum útvöldum.

Vegna orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem talaði áðan, þá vil ég fagna því að í frv. er átt við árlegar veiðiheimildir en ekki varanlega aflahlutdeild á síld, eins og mér finnst hann vera að ræða um. Ég geri mjög mikinn greinarmun þar á og tel að sú aðferð sem hér er lögð til sé mun betri.

Ég vil að lokum róa hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, sem því miður er farinn úr salnum, með því að ég tel vissulega æskilegra að Íslendingar byðu í þennan kvóta heldur en útlendingar, en ef sú staða kæmi upp að veruleg fákeppni yrði vegna þess að sægreifarnir eru alltaf að verða færri og færri, þá gæti það hugsanlega þjónað hagsmunum þjóðarinnar að

opna þetta fyrir fleirum en Íslendingum. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum ávallt að ráða yfir okkar fiskimiðum og við getum skilið slíka úthlutun við það t.d. að öllum afla sé landað hér á landi. Ég tel að þær aðstæður gætu myndast að vernd okkar á íslenskum útgerðarmönnum í þessu tilfelli gæti gengið það langt að það skaðaði hagsmuni þjóðarinnar. Ég vil meina að ummæli bæði hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um veiðar útlendinga séu stórlega ýktar og þær hugmyndir séu eingöngu settar fram vegna mótmæla gegn því að nokkrir sægreifar fái afhentar veiðiheimildir þjóðarinnar endurgjaldslaust. Það tryggir að mínu mati ekki best almannahag, heldur ríkidæmi fárra.

[17:28]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér komu fram að mínu viti sérstakar hugmyndir frá fulltrúa Kvennalista í þessari umræðu og ég vil þess vegna spyrja hreint út: Er hv. þm. þeirrar skoðunar að til greina komi að hleypa útlendingum til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu? Ég hygg að þjóðin muni vel eftir því fyrir allnokkrum árum, eftir langa baráttu við að ná yfirráðum yfir okkar lögsögu, þegar síðustu erlendu togararnir sigldu út úr henni. Þá var fagnað víða um land og þess vegna finnst mér nauðsynlegt að fá það hreint út hvort það sé skoðun hv. þm. og þá Kvennalistans væntanlega að þetta komi til greina.

[17:29]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. fyrirspyrjandi hafi ekki verið hér í síðustu viku þegar þessi mál voru töluvert til umræðu. Það er alveg ljóst að við höfum hleypt útlendingum inn í lögsögu okkar, samanber Norðmenn með loðnuna. Það hlýtur náttúrlega alltaf einhver gagnkvæmni að vera ríkjandi í þessum málum. Það kom fram í síðustu viku í andsvari að ég taldi að það gætu hugsanlega myndast þær aðstæður að slíkt væri réttlætanlegt með viðeigandi löggjöf.

[17:29]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)**:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, ekki síst þeim sem talaði síðast, fyrir stuðninginn við frv. okkar jafnaðarmanna. Hins vegar verð ég að segja eins og er að ég skildi ekki það sem hæstv. ráðherra sagði áðan. Vegna þess að hann talaði þvert gegn sjálfum sér miðað við hvernig frá hans málflutningi er m.a. sagt í dagblaðinu Degi þann 14. október sl. því þar er rætt við hæstv. sjútvrh. og fyrirsögnin á fréttinni sem er á forsíðu blaðsins er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Íhugar veiðigjald á síldina." Og hver er það sem blaðið segir að sé að íhuga veiðigjald á síldina? Það er hæstv. sjútvrh. Og veiðigjald á hvaða síld? Á norsk-íslenska síldarstofninn.

Í viðtali við hæstv. ráðherra kemur fram að hann hafi, á meðan lögin um fiskveiðar utan landhelgi voru í undirbúningi, verið þeirrar skoðunar, og tjáð formanni úthafsveiðinefndar, Geir H. Haarde, þá skoðun sína, að einn af kostunum sem kæmi til álita við úthlutun á nýjum stofnum væri útboð á veiðiheimildum. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann hefði getað fallist á það þá, ef samstaða hefði orðið um þá lausn. En sú samstaða varð ekki. Hvers vegna ekki? Það kemur fram í Morgunblaðinu þann 15. október 1997 hvers vegna sú samstaða varð ekki. Vegna þess að þeir sem áttu að greiða, fulltrúar hagsmunaaðila, LÍÚ, neituðu. Þar er viðtal við Kristján Ragnarsson, formann Landssambands íslenskra útvegsmanna og hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Allt hefði þetta [hann er að ræða m.a. veiðileyfagjald á norsk-íslenska síldarstofninum] verið umrætt og hugsað frá hendi stjórnmálaflokkanna með Landssambandi íslenskra útvegsmanna hvernig þetta yrði útfært og það síðan sett í lög ágreiningslítið." Síðar í sömu frétt segir, með leyfi forseta: „Þeir [þ.e. stjórnarflokkarnir, segir Kristján Ragnarsson] virðast hafa gleymt um hvað stjórnarflokkarnir sömdu við hagsmunaaðila í fyrra um hvernig þessu skuli ráðstafað miðað við þau lög sem sett voru í fyrra."

Það er ekki skrýtið þó að hæstv. ráðherra víki sér undan að svara spurningu sem hér var til hans beint um hvort endurnýjað samkomulag hafi verið gert við þessa aðila. Það kemur sem sé í ljós að hæstv. sjútvrh. var þeirrar skoðunar, áður en þessi lög voru sett á Alþingi í fyrra, að fyllilega kæmi til greina að selja veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum, en hæstv. ráðherra samdi við Landssamband íslenskra útvegsmanna um að gera það ekki. Þeir aðilar sem eiga að greiða fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum komast upp með það að semja við hæstv. ráðherra um að svo skuli ekki gert. Hæstv. ráðherra ætti kannski að hugleiða þetta gagnvart öðrum þeim sem lagt er til að greiði í sameiginlega sjóði. Að menn einfaldlega geri samkomulag við hagsmunaaðila um að það skuli ekki gert heldur skuli verðmæti sem hæstv. ráðherra og skoðanabræður hans, samstarfsmenn í ríkisstjórninni sem handhafar almannavalds, búa til í viðtölum við erlend ríki og samningum við erlend ríki, afhent nokkrum einstaklingum ókeypis. En hæstv. ráðherra sagði meira í viðtalinu við Dag þann 14. október. Hann segist vera alveg sömu skoðunar nú um veiðigjald á síldina og hann var áður en hann samdi við Landssamband íslenskra útvegsmanna. Þess vegna átti ég von á, þegar hæstv. ráðherra hefur ítrekað afstöðu sína um að veiðigjald skuli íhugað, að hann tæki öðruvísi á málum en hann gerði þegar hann kom í ræðustól áðan. Því það eina sem hann hafði að segja var að gera athugasemdir um að ekki væru ákvæði í frv. okkar um að heimila útlendum aðilum að kaupa slíkar veiðiheimildir til jafns við íslenska. Og ég spyr hann: Er hann að óska eftir því að það sé í frv.? Telur hann að það sé líklegra að hann muni samþykkja frv. ef slíkt ákvæði væri þar inni? Hvers vegna er hann að auglýsa eftir því? Saknar hann þess? Var það það sem hæstv. ráðherra var að íhuga áður en hann samdi við Landssamband íslenskra útvegsmanna eða var það eitthvað annað? Hvers konar útúrsnúningar eru þetta?

Hann spyr líka: Hvaða vit er í því að leggja skatt á sjávarútveginn? Hvaða skatt? Hver ákveður upphæð veiðileyfagjaldsins í þessu tilviki? Greiðendurnir sjálfir. Það er ekki ríkið eða Alþingi sem ákveður hvaða „skattur" skuli tekinn heldur ræðst það á frjálsum markaði. Útgerðarmennirnir sjálfir ráða því á hvaða verði þeir treysta sér til að kaupa þennan kvóta. Og á hvaða verði treysta íslenskir útvegsmenn sér til að kaupa kvóta í viðskiptum á frjálsum markaði í dag af öðrum tegundum en norsk-íslensku síldinni? Nú síðast hafa þeir verið að kaupa þorskinn á 800 krónur kílóið. Þeir meta það svo sjálfir, það er ekkert skattlagningarvald sem metur það, engin ríkisstjórn, ekkert Alþingi, að útgerðin standi undir því að greiða 800 krónur og yfir 800 krónur fyrir hvert kíló af varanlegum þorskkvóta. Ekki er það skattlagningarvaldið sem metur það svo heldur útgerðarmennirnir sjálfir. Og varðandi sölu á veiðiheimildum úr norsk-íslensku síldinni eru það greiðendurnir sjálfir sem ákveða það hvað

þeir treysta sér til að greiða á frjálsum markaði en ekki Alþingi eða ríkisvald.

Hæstv. ráðherra talar um kjarasamninga og laun sjómanna í þessu sambandi. Laun sjómanna eru ákveðin með hlutaskiptum. Það er ekki gerð nein tillaga í frv. okkar til að breyta því. *En ég spyr hann á móti. Ef hann tengir laun* sjómanna á þennan hátt við úthlutun aflaheimilda, hver er þá skoðun hans eða tillaga um að hækka megi aflahlutdeild sjómanna á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum ef útgerðirnar hans Þorsteins Pálssonar, hæstv. sjútvrh., fá aflaheimildirnar fyrir ekki neitt? Hvað telur hæstv. sjútvrh. að eigi að hækka hlutaskipti sjómanna á síldveiðum mikið ef nokkrir útgerðarmenn síldveiðiflotans fá aflaheimildirnar fyrir ekkert? Sú spurning er alveg jafngild og sú sem hann bar fram áðan. Og er hans hugmynd um að halda áfram að úthluta þessum aflaheimildum fyrir ekki neitt þá innlegg í kjarasamningaviðræður sjómanna og útvegsmanna í þá átt að þetta innlegg hans sé til þess gert að hækka hlutaskipti sjómanna í þessum veiðum? Nei, svo er ekki, enda er hann ekki að úthluta neinu til sjómanna. Það eru ekki sjómenn sem eignast aflahlutdeildir á Íslandsmiðum, ekki heldur í *norsk-íslensku síldinni. Og það eru ekki íslenskir sjómenn* sem hafa hagnast á því þegar handhafar þessara réttinda eru að leigja eða selja þau frá sér og ekki heldur landverkafólk og ekki heldur ríkissjóður, heldur þeir sjálfir.

Það er mikið rætt um að ekki sé hægt að taka afstöðu með veiðileyfagjaldi af því að ekki sé búið að skilgreina hvað það er. En þeir sem það segja treysta sér mætavel til að taka afstöðu gegn veiðileyfagjaldi þó að þeir telji að ekki sé búið að skilgreina hvað það er. Þeir sjá engin vandkvæði á því. Það er bent á að ekki sé búið að skilgreina veiðileyfagjald vegna þess að við jafnaðarmenn höfum bent á margar leiðir til útfærslu þess gjalds. Ef við lítum á annan tekjustofn sem orðinn er, t.d. tekjuskattinn, er þá ekki búið að skilgreina hvað tekjuskattur er af því menn hafa bent á ýmsar leiðir um það hvernig megi framkvæma hann? Auðvitað er álagning veiðileyfagjalda eins og álagning annarra gjalda, að um margar leiðir er að velja. En það vantar ekki að *menn viti* og hafi skilgreint hvað auðlindagjald eða veiðileyfagjald er. Það er margbúið að gera það og allir vita hvað það þýðir. *En menn hafa auðvitað misjafnar skoðanir á því alveg eins* og með aðra gjaldtöku, því þetta er gjaldtaka, hvernig eigi að framkvæma hana. Hvort það eigi t.d. að gera það með útboðsaðferðum eins og hæstv. sjútvrh. hefur verið að tala um, hvort það eigi að gera það með föstu verði, hvort það eigi að gera það eingöngu á viðbótaraflaheimildum, hvort það eigi að gera það eingöngu varðandi norsk-íslenska síldarstofninn, eins og hæstv. ráðherra hefur sjálfur sagt að eigi að gera, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hæstv. utanrrh. o.s.frv. Það að menn greini á um aðferðina til að leggja þetta gjald á þýðir ekki það sama og að menn viti ekki um hvað menn eru að tala. Og það er fráleitt að halda því fram að ekki sé hægt að taka afstöðu með veiðileyfagjaldi vegna þess að *menn hafi ekki skilgreint hvað veiðileyfagjald* er, *en treysta* sér á sömu stundu og sama stað til að taka afstöðu gegn veiðileyfagjaldi þó þeir telji sig sjálfa ekki vita hvað það er.

Ég átti von á því, virðulegi forseti, að hér yrðu fleiri viðstaddir sem hafa tjáð sig upp á síðkastið. Einn þeirra er t.d. hæstv. utanrrh. Hann hefur tvívegis í samtali við Morgunblaðið tjáð sig um þessi mál. Hann segir á einum stað í viðtali við Morgunblaðið að gjaldtaka komi til greina. Það er haft eftir honum í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 sl. sunnudagskvöld að gjaldtaka af veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum kæmi að mörgu leyti til greina. Það er haft eftir honum úr þættinum að hann *líti allt öðruvísi á veiði*heimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum en aðrar. Síldin hefði horfið héðan fyrir nokkrum áratugum og Halldór teldi að þau skip sem hefðu verið að stunda síldveiðar að undanförnu hefðu ekki unnið sér neinn rétt, það hefði verið tekið fram hvað eftir annað. Hann segir einnig í beinu viðtali við Morgunblaðið að ýmsir kostir komi til greina varðandi úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þar á meðal er hann spurður álits á hugmynd Einars Odds Kristjánssonar hv. alþm. Og hver er hugmynd Einars Odds Kristjánssonar? Jú, að gera megi tilraun til að leggja auðlindagjald á síldveiðiheimildir. Það er von að hæstv. forsrh. hafi orðið mæta hér í salinn þegar hann vissi að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri á mælendaskrá, til þess að standa vörð um það að hann segði nú ekki of mikið, enda dró hv. þm. í land frá því sem hann hafði áður sagt. En ég vona að hann hafi ekki skipt um skoðun. Hæstv. utanrrh. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það má vel hugsa sér að ríkisvaldið leigi hluta [veiðiheimilda] *á sama markaði og útvegsmenn versla á.* Í þessu sambandi má nefna hluta af þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar úr norsk-íslenska síldarstofninum og ekki er sérstök veiðireynsla fyrir, ...“

Það eru því ekki bara jafnaðarmenn sem hafa lýst skoðunum sínum í þessa veru. Hæstv. sjútvrh. hefur gert það. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur gert það. Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur gert það og hæstv. utanrrh. hefur gert það. Er þá nokkuð skrýtið þó að málflutningur tveggja þessara aðila sem hafa lýst þessum skoðunum hér hafi komið nokkuð á óvart? Því hann er allt annar heldur en sá sem þeir hafa viðhaft nú um nokkurt skeið. Þess vegna ítreka ég spurningu sem kom fram áðan: Er hæstv. sjútvrh. búinn að semja aftur við Landssamband íslenska útvegsmanna um að þeir skuli fá aðgang að þessari auðlind fyrir ekki neitt? Finnst hæstv. ráðherra það ekkert athugavert að verðmæti sem ríkisstjórn, handhafi almannavalds, skapar með samningum við önnur ríki, skuli tekin og gefin nokkrum Íslendingum fyrir ekki neitt? Hann er ekki að gefa sjómönnum neitt, ekki verkafólki, ekki dreifbýlinu. Hann er að gefa þau nokkrum einstaklingum fyrir ekkert.

Herra forseti. Það skiptir ekki meginmáli hverjir standa að flutningi þingmáls. Það skiptir ekki heldur meginmáli hvernig mál koma fyrst inn á Alþingi Íslendinga. Ég trúi því, virðulegi forseti, að alvara sé á bak við þau ummæli stjórnarliða sem ég hef vitnað í, ummæli hæstv. sjútvrh. um að sjálfsagt sé að íhuga og skoða þetta mál, ummæli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að sjálfsagt sé að framkvæma þetta svona, ummæli hæstv. utanrrh. um að hann sé fylgjandi því að selja veiðiheimildir. Ég trúi því að menn meini þetta svona. Og ég trúi því að menn láti af þessu verða á yfirstandandi þingi og séu samkvæmir sjálfum sér.

[17:45]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr í þessari umræðu gerði ég grein fyrir því á hvaða grundvelli úthafsveiðifrv. var lagt fram á Alþingi, í andsvari við ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég tók það skýrt fram þá að frv. var flutt inn á þing eins og formaður úthafsveiðinefndarinnar lagði til. Mat hans byggðist á því sem hann taldi vera mest samkomulag um innan nefndarinnar.

Síðan kemur hv. 4. þm. Vestf. hér aftur og aftur og er að tönnlast á því að ég hafi gert eitthvert leynisamkomulag við formann LÍÚ hafandi verið viðstaddur þessa umræðu þegar ég gerði nákvæmlega grein fyrir því hvernig frv. var lagt hér fyrir í fyrra. Allir hv. þm. sem unnið hafa í nefndum að undirbúningi löggjafar kunna skil á því að þar reyna menn að ná samstöðu, reyna að ná samkomulagi. Því miður náðist það ekki í þessari nefnd, en formaðurinn lagði tillögurnar fram eins og hann taldi að mestur stuðningur væri fyrir þeim í nefndinni og á þeim grundvelli einum var málið lagt hér inn. Þetta var ég búinn að segja í umræðunni. Samt sem áður kemur hv. þm. hér fram og ítrekar þetta, auðvitað í þeim tilgangi að fjölmiðlar fari með þetta og taki þetta og reyni að gera eitthvað tortryggilegt. Gegn betri vitund er það endurtekið aftur og aftur.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að ítreka enn einu sinni hvernig þetta mál kom hér og í hvaða búningi það var lagt fram. Síðan var það samþykkt af hinu háa Alþingi.

[17:47]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara þessum orðum hæstv. sjútvrh. með orðum hins samningsaðilans, formanns Landssambands ísl. útvegsmanna. Hann segir orðrétt í Morgunblaðinu þann 15. október sl., með leyfi forseta:

„Ég vísa þessum hugmyndum báðum" þ.e. um framkvæmd veiðileyfagjalds á norsk/íslensku síldinni, „til föðurhúsanna og tel með ólíkindum að þær skuli koma frá þeim aðilum sem jafnglöggleg eiga að þekkja til og þeir." — Þarna er hann að tala um hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. — „Þeir virðast hafa gleymt um hvað stjórnarflokkarnir sömdu við hagsmunaaðila í fyrra um hvernig þessu skuli ráðstafað miðað við þau lög sem sett voru í fyrra. Þetta eru lög nr. 151 frá 27. desember 1996. Það er ekki nema rúmt hálft ár liðið og það hefur ekkert komið upp síðan sem breytir því sem ákveðið var þá, ..."

[17:48]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. endurtekur aftur og aftur fullyrðingar sínar um þessi efni. Það er algengt, og það ætti hv. þm. að vita eftir að hafa tekið þátt í starfi í fjöldamörgum nefndum, að þar leitast þeir sem eru að undirbúa þingmál við að ná samstöðu og gera samkomulag um það hvernig mál eigi að koma fram. Og þó einhver nefndarmaður vitni til þess hvernig reynt var innan þess hóps að ná samstöðu um í hvaða búningi endanlegar tillögur færu fyrir ríkisstjórn og síðan fyrir Alþingi, þá stendur það nákvæmlega hér hvernig málið var lagt fyrir af ríkisstjórninni inn í þingið. Það var lagt fyrir eins og formaður úthafsveiðinefndarinnar sendi það til sjútvrh. á sínum tíma. Og að vera að gera umræður í hópi tortryggilegar sem eitthvert leynisamkomulag milli ráðherra og LÍÚ, er auðvitað útúrsnúningur og blekkingar og lýsir best þeim lélega málstað sem hv. þm. er hér að verja.

[17:49]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra er nú orðinn eins og gagnfræðaskóladrengur sem settur hefur verið í skammarkrókinn. Þetta eru ekki fullyrðingar mínar sem ég er að fara með, eins og hann segir. Ég er ekki að fullyrða eitt eða neitt. Ég er að vitna til aðila sem segist sem forgöngumaður hagsmunaaðila hafa samið um þetta, ekki við nefndina heldur við stjórnarflokkana. Úthafsveiðinefndin með aðild fulltrúa stjórnarandstöðunnar samdi ekki um neitt við Kristján Ragnarsson. Það er ósatt. Hann segist sjálfur hafa samið sem hagsmunaaðili við stjórnarflokkana og samningurinn hafi verið á þá lund að hugmyndir sjútvrh. um gjaldtöku fyrir veiðiheimildir úr norsk/íslensku síldinni hafi verið kastað fyrir róða gegn því að í staðinn yrði sett ákvæði um að þeir afsöluðu sér 15% í ígildum talið á móti þeim aflaheimildum sem þeir fengu. Þetta er engin fullyrðing mín. Þetta er það sem formaður LÍÚ segist hafa samið um við stjórnarflokkana og segir að það séu tryggðarof af hálfu þeirra þegar farið er að ræða um aðrar útfærslur. Þetta er ekki mín fullyrðing, virðulegi forseti. Þetta er fullyrðing mannsins sem sat við samningaborðið með hæstv. sjútvrh. og stuðningsmönnum hans í stjórnarflokkunum. Þetta er hans frásögn. Og þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er Kristján Ragnarsson að segja ósatt? Hann er ekki að fást við fullyrðingu mína heldur frásögn Kristjáns Ragnarssonar. Segir Kristján Ragnarsson ósatt?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. fyrri umr.*

Þáltill. PHB og ÁRÁ, 27. mál. — Þskj. 27.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Frv. GHall og GuðjG, 155. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 155.

[17:54]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson)**:

Herra forseti. Í annað sinn flytjum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Guðjón Guðmundsson.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.

2. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess.

b. 6. mgr. fellur brott.

3. gr. 12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.

4. gr. Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum fellur brott.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998."

Herra forseti. Ég vona að frv. hafi verið endurprentað og því dreift, vegna mistaka sem urðu í upphafi. Þegar þessu var dreift á hinu háa Alþingi, þá höfðu orðið mistök varðandi ártalið í 5. gr. Í greinargerð segir m.a., með leyfi forseta:

„Það frumvarp til laga sem hér er lagt fram hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu, verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskstofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, samanber ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að spyrna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins."

Herra forseti. Eftir umræðu hér legg ég til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

[18:02]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu var flutt á síðasta þingi og þá vísað til sjútvn. sem afgreiddi málið ekki frá sér fyrir þinglok. Frv. er því endurflutt óbreytt að öðru leyti en því að gildistími samkvæmt 5. gr. færist aftur um eitt ár og verður 1. september 1998 eða í upphafi næsta fiskveiðiárs. Verði þetta frv. að lögum verður framsal veiðiheimilda að mestu bannað nema þegar um er að ræða skipti á jöfnum heimildum á þeim tegundum sem sæta aflamarki. Þar með yrði komið í veg fyrir það takmarkalausa verslunarkerfi sem þróast hefur á undanförnum árum og í daglegu tali er kallað kvótabrask.

Það er mjög almenn óánægja með þetta verslunarkerfi meðal þjóðarinnar og þá ekki síst hjá sjómönnum sem telja mörg dæmi um það að kjör sín skerðist vegna þess að þeir verði nauðugir viljugir að taka þátt í að greiða kostnað vegna þeirrar kvótaleigu þegar kostnaðurinn er dreginn frá aflaverðmæti áður en til skipta kemur milli sjómanna og útvegsmanna. Þessi óánægja hefur reyndar leitt til tveggja allsherjarverkfalla sjómanna.

Það er fróðlegt að lesa þær umsagnir sem sjútvn. bárust um frv. á síðasta þingi. Í umsögn LÍÚ segir að stjórn LÍÚ hafi samþykkt að mæla gegn samþykkt frv. Síðan er tíundað ágæti framsalsveiðiheimilda og í niðurlagi bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Það er sama hvar borið er niður um efni þessa frumvarps. Með samþykkt þess yrði sjávarútveginum valdið ómældum skaða um alla framtíð."

Þessi umsögn þarf sjálfsagt ekki að koma á óvart. Hér er auðvitað verið að fjalla um tugmilljarða hagsmuni og að sumu leyti skiljanlegt að samtök handhafa kvótans verji þessa hagsmuni með kjafti og klóm. Ég teldi það að vísu skynsamlegra hjá þessum ágætu samtökum að ljá máls á því að sníða af kerfinu verstu vankantana, þ.e. að hætt verði þessari ótakmörkuðu verslun með óveiddan fisk í sjónum sem er sameign þjóðarinnar samkvæmt 1. gr. laga um stjórn fiskveiða vegna þess að það verður aldrei sátt um þetta verslunarkerfi og óánægjan vex ár frá ári og kraumar um allt þjóðfélagið.

Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins segir, með leyfi forseta:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við lagafrumvarpið og vonar að alþingismenn afgreiði málið eins og það liggur fyrir. Með slíkri afgreiðslu er hægt að reikna með að meiri sátt gæti skapast um gildandi fiskveiðikerfi sem virðist eiga þverrandi stuðning hjá almenningi í landinu."

Sjómannasamband Íslands sendir mjög ítarlega umsögn þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Allt frá því að byrjað var að stjórna fiskveiðum með þeim hætti sem nú er gert hefur Sjómannasamband Íslands haft fyrirvara varðandi þann þátt fiskveiðistjórnunarinnar er snýr að frelsi útgerðarmanna til að versla með veiðiheimildir. Sérstaklega hafa hin svokölluðu leiguviðskipti með veiðiheimildir, þ.e. framsal veiðiheimilda innan fiskveiðiársins, verið þyrnir í augum Sjómannasambandsins. Á undanförnum árum hefur það sýnt sig að viðskipti með veiðiheimildir eru nánast eingöngu notuð til að lækka uppgjörsverð til sjómanna, þar sem aðeins er gert upp við sjómenn miðað við peningagreiðslur fyrir aflann, en verðmæti veiðiheimildanna, sem einnig er hluti af greiðslu fyrir aflann, er sleppt við uppgjör.

Framangreind viðskipti hafa átt sér stað í skjóli ímyndaðrar hagræðingar en þegar grannt er skoðað á þessi viðskiptamáti ekkert skylt við hagræðingu. Ekki er eingöngu verið að hlunnfara sjómenn með slíkum viðskiptaháttum heldur þýðir þetta að hafnir landsins eru hlunnfarnar um hafnargjöld og sama er að segja um sjóðagjöld til Fiskveiðasjóðs. Það sem alvarlegast er í þessum viðskiptum er að ríki og sveitarfélög eru einnig hlunnfarin og opinber gjöld af þeim tekjum sjómanna, sem þeir ættu að fá ef rétt væri gert upp samkvæmt kjarasamningi."

Síðar í þessari sömu umsögn segir, með leyfi forseta:

„Sú skoðun hefur verið ríkjandi innan Sjómannasambands Íslands að afnema þyrfti sem fyrst frelsi einstakra útgerðarmanna til að versla með veiðiheimildir. Sjómannasamband Íslands hefur margsinnis lagt til þá reglu sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að geti skip ekki veitt það magn sem því er heimilt samkvæmt úthlutun veiðiheimildanna ætti að skila því sem eftir er til baka, þannig að hægt væri að endurúthluta því til annarra skipa. Sjómannasamband Íslands fagnar því 1. og 3. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að útgerðir skili til baka þeim veiðiheimildum sem þær ekki geta nýtt sjálfar auk þess sem leiguviðskipti með veiðiheimildir verða afnumin. Þrátt fyrir breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða skv. 3. gr. frumvarpsins um afnám leiguviðskipta verður áfram hægt fyrir útgerðir að skipta innbyrðis á jöfnum verðmætum heimildanna. Sjómannasamband Íslands fellst á að þannig viðskipti leiði til hagræðingar og samþykkir því að slík viðskipti verði ekki afnumin. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér afnám leiguviðskipta með veiðiheimildir og er sú aðgerð löngu orðin tímabær. Sjómannasamband Íslands styður því 1. og 3. gr. frumvarpsins og leggur til að Alþingi samþykki þær óbreyttar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskipti með aflahlutdeild skipa verði afnumin, þ.e. viðskipti með varanlegar veiðiheimildir. Sjómannasamband Íslands telur að ekki eigi að loka að fullu fyrir möguleika útgerða til að flytja varanlegar veiðiheimildir milli skipa. Hins vegar þarf að koma í veg fyrir að heimild til að flytja varanlegar veiðiheimildir milli skipa verði misnotuð. Sjómannasamband Íslands leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði orðuð þannig:

„Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist þannig:

Hafi aflahlutdeild í einhverri tegund verið flutt frá skipi að hluta eða öllu leyti er óheimilt að flytja aflahlutdeild í sömu tegund aftur til skipsins." ...

Með framangreindri breytingu á 2. gr. frumvarpsins mælir Sjómannasamband Íslands með því að frumvarpið verði sem fyrst samþykkt þannig að öllum sé ljóst í upphafi næsta fiskveiðiárs hvaða reglur gilda varðandi framsal veiðiheimilda."

Í umsögn Vélstjórafélags Íslands segir, með leyfi forseta:

„Vélstjórafélag Íslands hefur frá upphafi stutt hið svokallaða „kvótakerfi" og talið að þrátt fyrir fjölmarga galla sé það engu að síður skásta kerfið sem völ er á í dag. Félagið hefur einnig talið að frjálst framsal veiðiheimilda sé ein af forsendum þess og studdi það á sínum tíma með því skilyrði að kaup einstakra útgerða á veiðiheimildum hefði ekki áhrif á kjör sjómanna, þ.e. rýrði þau ekki. Um þetta skilyrði taldi félagið á sínum tíma að ríkti fullt samkomulag við forustu útvegsmanna en það er í andstöðu bæði við landslög og gerða kjarasamninga að láta sjómenn taka þátt í kaupum á veiðirétti.

Því miður hefur forusta útgerðarmanna ekki staðið við sitt nema síður sé sem hefur leitt til þess að brask með veiðiheimildir er komið út fyrir öll velsæmismörk og bara það eitt, ef látið verður afskiptalaust, mun ganga af þessu stjórnkerfi dauðu innan skamms tíma. Að öllu þessu skoðuðu er það mat félagsins að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu nauðsynlegar. Þær ættu að geta tekið fyrir braskið en viðhalda engu að síður allnokkrum sveigjanleika varðandi millifærslur aflaheimilda."

Ég ætla að vitna að lokum, herra forseti, í umsögn Alþýðusambands Vestfjarða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfundur Alþýðusambands Vestfjarða mælir eindregið með samþykkt frumvarps til laga með breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sem er 67. mál 121. löggjafarþings. Flutningsmenn: Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson.

Með samþykkt þessa frumvarps væri að miklum hluta komið í veg fyrir það gegndarlausa brask með veiðiheimildir sem átt hefur sér stað undanfarin ár og skekkt hefur lífskjör sjómanna og fiskverkafólks í ríkum mæli. Atvinnuöryggi og afkoma þessa fólks er komið undir því hvernig hinir svokölluðu umráðamenn veiðiheimildanna, útgerðaraðilar, ráðstafa og selja þessa þjóðareign. Öll framkvæmd þeirra viðskipta hefur verið svo siðlaus að við svo búið er ekki hægt að una.

Með samþykkt þessa frumvarps væri hægt að ná einhverjum áttum í þeim frumskógi sem kvótakerfið er."

Þessar umsagnir helstu samtaka sjómanna eru mjög skýrar. Öll þessi samtök mæla eindregið með því að óheft framsal veiðiheimilda verði afnumið. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða tala fyrir munn nánast allra þeirra sjómanna sem vinna eftir gildandi kerfi. Þegar þessi heildarsamtök sjómanna tala með svo skýrum hætti gegn ákveðnum þætti í lögum um stjórn fiskveiða, þá held ég að flestir hljóti að sjá að taka verður tillit til þessara sjónarmiða. Það gengur einfaldlega ekki að skella skollaeyrum við þeim, enda mun þetta kerfi auðvitað ekki halda velli óbreytt þegar svo eindregin andstaða er gegn því meðal sjómanna.

Það bendir ekkert til annars, að mínu áliti, en að óánægja með þetta óhefta framsal veiðiheimilda muni halda áfram að vaxa ef ekkert verður að gert. Framsalið hefur auðvitað þróast með allt öðrum hætti en gert var ráð fyrir þegar lögin

um stjórn fiskveiða voru upphaflega sett. Framsalið var fyrst og fremst hugsað til hagræðingar, t.d. til skipta á veiðiheimildum, svo sem karfa fyrir þorsk eða ýsu fyrir ufsa eða færslu heimilda milli skipa í eigu sömu útgerðar eða þá óvæntra atvika eins og skipsskaða eða bilana. Allar þær fjölbreyttu aðferðir sem þróast hafa til að versla með heimildirnar, þ.e. óveiddan fiskinn í sjónum, sá enginn fyrir. Um það geta menn sannfærst með því að lesa ræður þingmanna frá þeim tíma þegar lögin voru upphaflega sett.

Þegar þessi verslun með veiðiheimildir er gagnrýnd, þá er svar þeirra sem vilja óbreytt kerfi staðlað: „Frjálsa framsalið er undirstaða kerfisins. Án þess er kvótakerfið einskis virði." En meiningin með frjálsa framsalinu þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett var út af fyrir sig ágæt. Það sem ég tel hins vegar að hafi brugðist er að undirbúningur hefur ekki verið sem skyldi þegar lögin voru sett og lögin urðu einfaldlega of götótt þannig að kvótaeigendum tókst að finna hinar fjölbreyttustu leiðir til að gera veiðiheimildirnar að verslunarvöru.

Það er um gríðarlegar fjárhæðir að ræða í kvótaviðskiptum svo nemur milljörðum króna. Ég hef ekki tölur um hversu mikið var flutt milli aðila á síðasta fiskveiðiári en á næsta fiskveiðiári þar á undan, sem lauk 31. ágúst 1996, voru þessir flutningar 335.792 tonn, sem umreiknað í þorskígildi voru 204.386 tonn og hafði þá aukist um 25% frá næsta fiskveiðiári á undan.

Vissulega er stærsti hluti þessara tilfærslna skipti á tegundum og færslur milli skipa í eigu sömu útgerðar. Menn greinir nokkuð á um hversu hátt hlutfall framsalsins skýrist þannig, en varlega má áætla að 20–30% framsalsins séu bein viðskipti, þ.e. leiga og sala á kvóta. Hér er ótvírætt um gríðarlega hagsmuni að ræða og svo sem ekkert við það að athuga að þeir sem hafa aðstöðu til að fénýta kvótann verji hagsmuni sína og vilji engar breytingar og það er heldur ekkert við þá að sakast. Þeir eru einfaldlega að vinna eftir gildandi lögum. En þessum lögum þarf einfaldlega að breyta og út á það gengur þetta frv.

Í umræðunni um þetta frv. á síðasta þingi benti ég á að skoða þyrfti hvernig viðskiptin með aflaheimildir skiluðu sér til skatts og nefndi dæmi um nótulaus viðskipti. Það brugðust ýmsir hart við þeim ummælum og höfðu uppi stór orð. Í framhaldi af því skipaði hæstv. fjmrh. nefnd til að kanna þessa hlið málsins og sú nefnd mun reyndar vera enn að störfum og það verður fróðlegt að sjá niðurstöður hennar. En eðlilegt hlýtur að teljast að um þessi viðskipti, meðan þau eru leyfð, gildi sömu lögmál og um önnur viðskipti í þjóðfélaginu.

Sumir halda því fram að bátum muni fækka mjög ef leiga á kvóta verður bönnuð því að kvótaleigan sé forsendan fyrir rekstri þessara báta í dag. Þessu er ég algerlega ósammála og staðreyndin er að þessum bátum hefur fækkað mjög ört á undanförnum árum og vertíðarbátarnir svokölluðu eru flestir horfnir úr flotanum. Og hver skyldi ástæðan vera fyrir því? Skyldi hún ekki bara vera sú að menn halda það ekki út ár eftir ár að gera út að stærstum hluta á kvóta sem þeir verða að leigja til sín á verði sem slagar hátt í það sem menn fá fyrir fiskinn á markaði? Mér sýnist að þessum bátum muni halda áfram að fækka ef kerfið verður óbreytt. En verði það frv. sem hér er til umræðu að lögum munu þessir bátar fá aukinn kvóta þegar farið verður að endurúthluta þeim kvóta sem ekki veiðist og ekki verður þá hægt að versla með eins og tíðkast hefur á undanförnum árum.

Herra forseti. Það er trú mín að þetta kerfi sem nú gildir um stjórn fiskveiða hljóti að láta undan. Það verður enginn starfsfriður í þessari mikilvægu atvinnugrein, sjávarútveginum, meðan við búum við það kerfi sem sjómannastéttin og reyndar stærsti hluti þjóðarinnar er jafnósátt við og raun ber vitni. Það verður aldrei sátt um óbreytt ástand með öllum þeim aðferðum sem menn hafa þróað til að versla með fiskinn í sjónum og er svo kórónað með því að kvótinn gengur í arf og er jafnvel aðalbitbeinið í skilnaðarmálum hjóna. Við verðum að stöðva kvótabraskið. Því fyrr, því betra. Þetta frv. gerir ráð fyrir að það sé gert með því að bannað verði að fénýta kvótann, en skipti á veiðiheimildum leyfð, enda er stórkostlegt hagræði af þeim.

Frv. gengur út á að framsal aflaheimilda verði með þeim hætti sem þingmenn ætluðust til þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett og allir þeir braskmöguleikar sem menn hafa þróað í kerfinu verði afnumdir í eitt skipti fyrir öll. Vonandi geta þingmenn sameinast um það þjóðþrifaverk.

[18:16]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um að kvótabraskið er líklega það sem hefur komið hvað mestu óorði á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Það eru þó tvær spurningar sem vakna óneitanlega við yfirlestur þessa frv. Annars vegar hvernig flutningsmenn sjá fyrir sér endurúthlutun þeirra veiðiheimilda sem skilað er inn, því að aðeins virðist vera gerð grein fyrir því að fyrir þá endurúthlutun skuli greiða umsýslugjald, 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á sl. fiskveiðiári. Þess vegna veltir maður því fyrir sér hverjir hafi þá aðgang að þeim aflaheimildum. Hvort það séu allir, hvort þeim aflaheimildum verði skipt jafnt upp milli þeirra sem sækja um o.s.frv. Það væri fróðlegt að vita það.

Hin spurningin sem vaknar óneitanlega í þessu sambandi og er kannski veigaþyngri varðar það hvernig við ættum í raun og veru að snúa til baka úr því sem komið er. Á þinginu í fyrra samþykktum við frv. um samningsveð sem kveður á um að óheimilt sé að láta aflahlutdeild af skipi nema lánastofnun samþykki þann flutning. Með öðrum orðum, aflahlutdeild er orðin andlag veðsetningar og verður ekki breytt nema með samþykki lánastofnunar. Í þessu samhengi kalla ég eftir því hvort ekki hefði verið eðlilegt að samhliða þessu frv. væri þá flutt frv. þess efnis að þeirri grein sem þar var samþykkt í lögum um samningsverð og fjallaði um þá kvöð sem lögð væri á aflaheimildir, þ.e. ef ætti að flytja þær brott, yrði breytt samhliða þessu til þess að þetta gæti gengið upp.

[18:19]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig á að endurúthluta kvótanum? Mér sýnist það nú afskaplega einfalt. Það verður gert í sömu hlutföllum og kvótanum er úthlutað í dag. 5% umsýslugjald er bara til að mæta beinum kostnaði við þennan gjörning og eru í sjálfu sér smáaurar.

En hvernig á að snúa til baka og hvort þetta samrýmist þeim lögum sem samþykkt voru á þinginu í vor um samningsveðið? Ég sé ekki að það rekist á. Þetta frv. hefur ekkert með það að gera að selja kvóta. Það er einmitt verið að koma í veg fyrir að menn geti selt eða leigt frá sér kvótann. Ég sé ekki að það rekist neitt á.

[18:19]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi bara vekja athygli á því að í þeim lögum er kveðið á um að aflahlutdeild verði ekki færð varanlega af skipi nema samþykki lánastofnunar komi til. Ég sé það þá ekki öðruvísi en að aflahlutdeildin verði ekki færð af skipinu nema það verði samþykkt af viðkomandi lánastofnun annars geti það ekki gengið upp og þess vegna vil ég vekja á því athygli að þetta fær ekki alveg samrýmst þeim lögum.

[18:20]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að þetta rekist neitt á því þarna er eingöngu verið að tala um að menn skili aftur þeim hluta afla fiskveiðiársins sem þeir ekki nota. Það er ekki verið að skila þessu varanlega heldur eingöngu því sem þeir nota ekki það fiskveiðiárið. En sé þetta hins vegar vandamál þá er það eitthvað sem menn hljóta að taka á í meðferð þingsins á málinu og þetta er nú varla sá þröskuldur að menn komist ekki yfir hann.

[18:21]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu hefur þann tilgang, eins og segir í greinargerð, að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þetta frv. er að mínu mati mjög athyglisvert vegna þess að það snertir tvö grundvallaratriði. Í fyrsta lagi snertir það hversu hagkvæmt fiskveiðistjórnunarkerfið er og í öðru lagi snertir það þá áhættu sem fylgir því fyrir heilu byggðarlögin að kvótinn er framseljanlegur. Í þriðja lagi má segja að það snerti mjög miklar og harðar deilur um brask með kvótann og heimildir til að leigja kvóta.

Þessi atriði eru mjög illsættanleg, þ.e. að hafa mjög hagkvæmt fiskveiðistjórnunarkerfi og að koma í veg fyrir þann hrylling sem ýmis byggðarlög hafa upplifað á undanförnum árum, þ.e. að kvótinn er seldur úr plássinu. Í Noregi tíðkast það, eins og Alþingi veit, að kvóti er framseljanlegur eingöngu innan byggðarlaga. Þar með næst það markmið að hluta að kerfið er hagkvæmt og einnig að síður er hætta á að heilu byggðarlögin missi lífsviðurværi sitt.

Ég hef gert nokkuð af því að ræða um okkar fiskveiðistjórnun við Norðmenn og þeir trúa því ekki að hér sé frjálst framsal lögbundið. Segja flestir sem ég hef talað við að það mundi aldrei fást samþykkt í Noregi.

Ég tel, herra forseti, að hérna sé um mjög mikilvægt mál að ræða í fiskveiðistjórnun okkar sem því miður hefur ekki verið pólitískur vilji fyrir að taka á af nokkurri alvöru og því fagna ég þessu frv. sem hérna liggur fyrir og vona að hv. sjútvn. taki málið fyrir af alvöru. Við kvennalistakonur höfum lagt til byggðakvóta til að koma í veg fyrir að heilu byggðarlögin missi lífsviðurværi sitt, eins og sagan sýnir að gerist. Það er til ein leið sem víða er notuð í heiminum, þ.e. að úthluta aflaheimildum til byggðarlaga sem síðan nýta þær í þágu fólks sem býr á viðkomandi svæði. Þau umdeildu kvótakaup sem urðu núna síðast, þ.e. á Suðurnesjum, sýna mjög vel að takmarkaðar aðgerðir eins og Suðurnesjaaðstoð eða Vestfjarðaaðstoð geta snúist upp í andhverfu sína og því verður að mínu mati að taka markvisst á þessu máli, helst án þess að kerfið missi sveigjanleika sinn og verði óhagkvæmara en nauðsynlegt er, sem ég tel vera helsta annmarka á því frv. sem hér er til umræðu.

Þetta frv. á að mínu mati að fá alvarlega skoðun og vonandi næst einhver leið til að þau umdeildu sjónarmið sem frv. er ætlað að greiða úr leysist, allar deilurnar í kringum kvótabraskið, en ekki síst að leið finnist til að tryggja það að fólk í sjávarplássum missi ekki lífsviðurværi sitt, svo og að fiskveiðistjórnunin geti verið hagkvæm. Það hlýtur að vera aðeins spurning um hvenær en ekki hvort, þ.e. hvenær stjórnvöld geri eitthvað í málinu. Ég tel að sú leið sem hér er lögð til sé að nokkru leyti óraunhæf, því miður, og þess vegna verði að fínpússa þetta frv. og fara að einhverju leyti aðrar leiðir, t.d. þær sem Norðmenn hafa farið til að ná þeim markmiðum sem ég hef rætt um.

[18:27]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls vegna þessa frv. Aðeins út af því sem síðasti ræðumaður kom inn á þar sem hann talaði um að þetta mál snerti mörg byggðarlög, einkum og sér í lagi þau þar sem kvótinn væri seldur og snerti enn fremur mjög harðar og miklar deilur um brask. Það var líka komið aðeins inn á það hvernig ætti að endurúthluta. Ég tel að þessi mál séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að taka þau upp og vona að málið fái góða umfjöllun hjá hv. sjútvn. sem þetta mál mun að sjálfsögðu fara til.

Ég vildi þó aðeins geta þess, eins og fram kemur í grg. með 3. gr., sem ég held að nauðsynlegt sé að ítreka hér, að í 3. gr. „er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frv. er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið" hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum, enda markmið frv. að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim, nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunaraðgangs að afla innan kvótakerfisins."

Þetta opnar möguleika fyrir útgerðir á stöðum þar sem kvóti hefur verið seldur vegna ástands sem upp hefur komið, og við þekkjum vel til, að kaupa þá til sín þann kvóta sem gírugir útgerðarmenn hafa verið að kaupa til sín bara til að safna að sér auði og ekki er eðlilegt að gerist. En eins og hv. meðflm. minn, Guðjón Guðmundsson, kom inn á áðan, þá hefur þetta náttúrlega farið þær leiðir að með ólíkindum er.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir þær umræður sem hafa farið fram og vænti þess og veit að þetta mál mun fá faglega umfjöllun í hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:31.

## 13. FUNDUR

þriðjudaginn 21. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skaðabótalög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 171. mál, þskj. 171. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 146. mál, þskj. 146. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn fiskveiða, frv., 155. mál, þskj. 155. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 165. — 1. umr.
8. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 167. — 1. umr.
9. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166. — 1. umr.
10. Bæjanöfn, stjfrv., 164. mál, þskj. 164. — 1. umr.
11. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
12. Framhaldsskólar, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
13. Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, þáltill., 170. mál, þskj. 170. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins, 183. mál, fsp. JónK, þskj. 183.

Happdrætti Háskóla Íslands, 174. mál, frv. GHelg o.fl., þskj. 174.

Hvíldar- og þjónustustaðir fyrir ökumenn flutningabifreiða, 182. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 182.

Samræmd samgönguáætlun, 179. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 179.

Umferðaröryggismál, 181. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 181.

Þróun fasteignaverðs, 184. mál, fsp. LB, þskj. 184.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu sex dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um grunnskólann og kjaramál kennara. Málshefjandi er Svanfríður Jónasdóttir og hæstv. menntmrh. verður til andsvara.

### *Lögmenn, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Skaðabótalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 58. mál (endurskoðun laganna). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 171. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 146. mál (útboð veiðiheimilda). — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. fyrri umr.*

Þáltill. PHB og ÁRÁ, 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

*Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Frv. GHall og GuðjG, 155. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

*Umræður utan dagskrár.*
Grunnskólinn og kjaramál kennara.

[13:36]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Sagt er að til að þrífast í starfi þurfi annað tveggja að vera til staðar, starfsánægja eða sæmileg laun. Ánægðastir séu þeir sem njóti hvors tveggja. Grunnskólakennurum eru ekki boðin þau kjör sem duga til að halda þeim lengur í starfi. Fram undir þetta hefur hluti þeirra haldist í starfi vegna starfsánægju og þeir hafa staðið í þeirri trú að störf þeirra væru þrátt fyrir allt metin þó verðlagningin benti til annars.

Auðveldara er að njóta þess sem starfið býður upp á og þola léleg laun meðan menn eru sammála um að kreppa sé í þjóðfélaginu en þegar landsfeðurnir keppast um að tilkynna þjóðinni að nú drjúpi smjör af hverju strái, hvernig er þá hægt að verja það að ráða sig til kennslu fyrir minna en 80 þúsund kr. á mánuði fyrir fullt starf?

Þó margir kennarar séu hugsjónafólk er þar komið sögu að til að stéttin geti endurheimt starfsánægju sína og sjálfsvirðingu þarf margt að koma til og eitt af því er veruleg hækkun launanna. Staða grunnskólans er grafalvarleg. Menn tala um uppsafnaðan vanda sem greinilega sé stærri en ætlað var og breyttar starfsaðstæður. Þar ber hæst þá umræðu sem orðið hefur um gæði grunnskólans á undanförnum missirum. Íslenskir skólar hafa mátt sæta samanburði sem þeir voru fyrir fram dæmdir til að tapa þar sem árangur þeirra hefur verið borinn saman við lönd þar sem skóladagur barnanna er lengri, skólaárið er lengra og laun kennaranna miklu hærri samanber nýjustu matsskýrslu OECD. Íslenskir kennarar hafa síðan fengið bágt fyrir að börnin skuli ekki standa jafnöldrum sínum í þessum löndum jafnfætis og helst framar. Þannig hefur skilningsleysi margra þeirra sem hafa fjallað um skólamál virkað sem hrein árás á kennarana og þeir hafa eðlilega spurt sjálfa sig hversu neðarlega sé hægt að fara með starfið í umræðunni meðan launin eru þannig að menn skammast sín fyrir að segja frá þeim.

Ég fullyrði, herra forseti, að það er ögurstund í sögu íslenska grunnskólans. Ekki einasta vofir yfir verkfall heldur eru fjölmargir kennarar búnir að segja upp stöðum sínum. Þeir eru búnir að fá nóg af þrýstingi og kröfum frá samfélagi sem er að átta sig á því að menntun er lykill að betri lífskjörum, kröfum sem mönnum er tæpast gert kleift að standa undir og ekki umbunað fyrir í launum. Margir góðar kennarar treysta sér ekki lengur til að vinna þau kraftaverk innan íslenska grunnskólans sem krafa er gerð um við ósanngjarnan samanburð við útlönd sem setja miklu meira fé til skólastarfs en hér er gert.

Launanefnd sveitarfélaga mun leggja fram nýja tillögu í dag. Samninganefndirnar munu gera það sem í þeirra valdi stendur til að afstýra verkfalli en hvað stendur í þeirra valdi? Þó takist að afstýra verkfalli mun það ekki koma í veg fyrir að uppsagnir þeirra fjölmörgu sem hafa sagt starfi sínu lausu taki gildi um næstu áramót. Standa þeir fjármunir, sem sveitarfélögin fengu með grunnskólanum og samið var um meðan andi kreppunnar sveif yfir vötnum, undir þeim umbótum sem verða að koma til svo samanburður við önnur lönd verði sanngjarn og við hann verði lifað? Nei, staða grunnskólans er orðin slík að það stendur engan veginn í valdi sveitarfélaganna einna að bæta þar úr.

Framlag ríkisins dugar fyrir einhverjum launahækkunum núna en hvað með allt annað? Hæstv. menntmrh. hefur vísað umræðunni frá sér á þeirri forsendu að kjarasamningarnir séu hjá sveitarfélögunum. En kemur honum við hin alvarlega staða grunnskólans sem er fráleitt bara spurning um laun við núverandi aðstæður? Kemur honum við hvort vinnufriður verður tryggður í grunnskólanum eða hvort hann koðnar niður vegna óánægju og uppsagna kennara? Hver er ábyrgð ríkisins á því að íslenskir grunnskólanemar hljóti sambærilega menntun og jafnaldrar þeirra í samanburðarlöndunum og grunnskólinn íslenski standist samanburð við skóla OECD-ríkjanna eða telur ráðherra að með því að sveitarfélögin tóku við kjarasamningunum við kennara hafi menntmrh. losnað undan ábyrgð á menntun á grunnskólastigi?

[13:40]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þegar spurt er um ábyrgð menntmrn. á grunnskólunum er rétt að vísa til laga nr. 66/1995, um grunnskóla, og reglugerðar nr. 384/1996, um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald og reglugerð nr. 516/1996, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum. Samkvæmt þeim lögum og reglum sem eru í gildi er hlutverk ráðuneytisins í stórum dráttum þríþætt: Í fyrsta lagi almennt kerfisbundið eftirlit með því að skólastarfið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Þessi þáttur byggir á því að aflað sé ítarlegra upplýsinga frá skólum og sveitarstjórnum á ári hverju. Hér er annars vegar um að ræða tölulegar upplýsingar sem afla skal ár hvert og hins vegar aðrar upplýsingar sem einnig geta verið tölulegar um skólahald sem aflað er með vissu árabili eða þegar þurfa þykir.

Í öðru lagi ber ráðuneytinu að hafa eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt lögum og reglugerðum á öllum skólastigum skulu skólar láta fara fram mat á innra starfi skóla, sjálfsmat og felst eftirlitshlutverk ráðuneytisins m.a. í úttektum og sjálfsmatsaðferðum skóla. Einnig getur ráðuneytið látið gera úttektir og ytra mat á einstökum þáttum skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra skóla. Ráðuneyti sinnir jafnframt tilfallandi beiðnum sem berast, svo sem ef skólar eða sveitarstjórnir óska eftir úttektum á skólum eða háskóladeildum af ákveðnum tilgreindum ástæðum.

Í þriðja lagi ber ráðuneytið ábyrgð á því að haldin séu samræmd próf í grunn- og framhaldsskólum og er tilgangur prófanna fyrst og fremst sá að kanna hvort markmiðum náms samkvæmt aðalnámskrá hafi verið náð. Ráðuneytið tekur einnig þátt í ýmsum fjölþjóðlegum samanburðarrannsóknum á árangri skólastarfs. Berist menntmrn. skriflegar upplýsingar eða formleg kæra vegna framkvæmdar skólastarfs tekur ráðuneytið afstöðu til hverju sinni hvernig bregðast skuli við og lætur fara fram athugun á málinu eftir því sem við á. Einnig getur ráðuneytið haft frumkvæði að athug-

un á einstökum þáttum skólahalds þegar fyrir liggja sterkar vísbendingar um misbrest í skólastarfi.

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla er rekstur og faglegt starf skólanna alfarið á ábyrgð sveitarstjórna sem bera ábyrgð á að skólahald fari fram samkvæmt lögum og reglugerðum. Sveitarstjórnum ber því lögum samkvæmt að leysa úr þeim ágreinings- og vandamálum sem kunna að koma upp við framkvæmd skólahalds. Að öllu jöfnu beinist eftirlit ráðuneytisins því ekki að daglegum störfum og rekstri leik- og grunnskóla.

Þetta eru hinar formlegu skyldur sem menntmrn. ber samkvæmt lögum og reglugerðum er gilda um grunnskóla og alþingismenn þekkja það vel því við höfum samþykkt þessi lög og sett ráðuneytinu þann starfsramma varðandi grunnskólann.

Að því er varðar kjaramál kennara og þær hugleiðingar sem fram komu í máli hv. þm. um þau efni kemur fram þegar farið er yfir gögn sem snerta flutning grunnskólans til sveitarfélaganna að aldrei var gert ráð fyrir því að ríkið hefði afskipti af kjaramálum kennara og það kemur hvergi fram nokkurs staðar að ríkið eigi að koma að því. Þvert á móti var samið um það í þessu samkomulagi að ósk kennarasamtakanna að í þrjú ár a.m.k. kæmu sveitarfélögin fram sameinuð gagnvart kennarasamtökunum og launanefnd sveitarfélaga semdi fyrir hönd sveitarfélaganna við kennara um kaup þeirra og kjör. Einnig var staðið þannig að málum þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna að réttarstaða kennara var alveg skýr eins og menn muna sem tóku þátt í umræðum um þau mál hér á Alþingi og réttindi kennara breyttust í engu við flutninginn frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Að því er varðar hina fjárhagslegu hlið málsins var sá þáttur einna best kannaður og skoðaður þegar gengið var frá þessu samkomulagi og um það efni náðist einnig fullt samkomulag. Það er ljóst að grunnskólinn fer frá ríkinu til sveitarfélaganna með auknum fjármunum og því verður ekki á móti mælt. Þá lá alltaf ljóst fyrir einnig að það kæmi til þess að kjarasamninga þyrfti að gera við kennara og sveitarfélögum var það að sjálfsögðu ljóst þegar þetta samkomulag var gert og hvergi koma fram nein tilmæli um að ríkissjóður komi að kjarasamningum með einum eða öðrum hætti eða leggi fram fé vegna þessa. Í þessu eins og öllu að því er varðar flutning grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna liggja öll mál alveg skýr og klár fyrir og ég vona svo sannarlega að það tilboð sem nú er kynnt að verði lagt fram í dag í þessari viðkvæmu kjaradeilu sem vonir okkar allra standa til að leysist með samningum verði til þess að greiða fyrir lausn þessa viðkvæma og vandasama máls.

[13:46]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Þetta verður vonandi eftirminnileg ræða í sögu Alþingis sem hér var flutt. Menntmrh. sagði af sér, honum kemur ekki við þó að stórfelld kjaradeila sé í gangi í skólunum og uppsagnir blasi við hjá mörgum tugum og öðru hundraði kennara. Menntmrh. Íslands kemur það ekki við og hann lýsir því yfir algerlega blygðunarlaust úr þessum ræðustól að honum komi málið ekki við á einn eða annan hátt. Að vísu kemur þetta ekki alveg á óvart, herra forseti, þó ræða hæstv. menntmrh. hafi verið óvenjuósvífin vegna þess að það var engu líkara þegar skólinn var fluttur til sveitarfélaga en að hæstv. menntmrh. væri bersýnilega feginn að losna við kennarana. Þannig hefur hann alltaf talað um menntamál og málefni grunnskólans frá því að flutningurinn átti sér stað. Hann hefur líka tekið þátt í því að ýta undir óánægju með störf kennara í grunnskólanum, m.a. í umræðum sem orðið hafa um alþjóðlegar skýrslur á undanförnum missirum. Það var athyglisvert svarið sem hæstv. menntmrh. viðhafði í fjölmiðli fyrir nokkru þegar hann var spurður um kjaradeilu kennara. Hvað sagði hann þá? Hann sagði: Ég fylgist með þessari deilu eins og hver annar í þjóðfélaginu. Með öðrum orðum, menntmrh. sjálfur hafði engar sérstakar skyldur.

Á sama tíma og þetta liggur fyrir blasir einnig við, herra forseti, að núna munu vera fleiri undanþágulausir leiðbeinendur að störfum í grunnskólum landsins en verið hafa um mjög langt skeið. Allt þetta kemur frá menntmrn., þetta eru kveðjur menntmrn. Ekki ber á öðru en að ráðuneytið vilji stefna deilunni í enn þá harðari hnút en hún annars þyrfti að vera. Vonandi tekst, þrátt fyrir þennan menntamálaráðherra, að leysa deiluna.

[13:48]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Í svonefndri kennaradeilu má segja að kristallist sú eymdarstaða sem menntamál Íslendinga eru komin í og hafa verið um árabil. Nú háttar svo til að í sveitarstjórnum landsins eru fulltrúar allra pólitískra flokka í landinu í meiri hluta hinna ýmsu sveitarfélaga. Þess vegna má segja að e.t.v. sé núna í fyrsta sinn hægt að benda óyggjandi á að þetta er ekki vandi einstakra pólitískra flokka, þetta er samábyrgð allra pólitískra flokka í landinu.

Herra forseti. Einnig er dapurlegt til þess að vita að svipað sjónarmið er gildandi innan atvinnulífsins. Það birtist í niðrandi tali og skrifum um kennara og skólamál almennt og þannig má áfram telja. Þess vegna má segja með rökum að sökin, og sannarlega er þetta sök, sé þjóðarinnar allrar. Hún virðist hvorki hafa skilning á né vilja til að setja menntamál í forgang. Það er og staðfest af öllum erlendum samanburðarúttektum. Þess vegna virðast margir okkar hæfustu kennarar hreinlega vera búnir að gefast upp. Þjóðinni virðist vera að takast að svipta þá starfsgleðinni og fari svo mun það skaða menntastig þjóðarinnar alvarlega til langs tíma. Það er brýnt að viðhorfsbreyting verði til mennta og gildis hennar fyrir þjóðina. Auðvitað kemur það hæstv. menntmrh. við. Auðvitað snertir þetta hv. Alþingi, hæstv. ríkisstjórn alla og þjóðina í heild sinni því þetta snýst um menntun þjóðarinnar. Þetta snýst um hvað við viljum með menntun barna okkar og hverju við erum reiðubúin að verja í þess þágu. Það er orðið tímabært að við förum að sýna í verki að menntun skipti okkur einhverju í forgangi vegna þess að menntun er fjárfesting til framfara.

[13:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Kennaraverkfall er yfirvofandi þótt slíkt hafi ekki verið að heyra af vörum hæstv. menntmrh. Oft hefur verið samhugur og þungt í fólki þegar boðað er til verkfalls en sjaldan sem nú. Uppsagnir kennara sýna að þeir eru búnir að fá alveg nóg. Ég er sammála málshefjanda um að ríkisvaldið getur ekki horft aðgerðalaust upp á að skólastarf í landinu lamist. Það var yfirlýst markmið allra stjórnmálaflokka fyrir síðustu kosningar að leggja meira fé í menntamál. Því miður er ekki að sjá þess merki í fyrirliggjandi fjárlagafrv. þrátt fyrir að hér ríki góðæri samkvæmt hagtölum, góðæri sem rennur auðsjáanlega ekki til allra, þar á meðal kennara.

Herra forseti. Vegna orða hæstv. menntmrh. áðan um samning á milli sveitarfélaganna og ríkisins vil ég benda á að skv. 12. og 13. gr. þess samkomulag ber að endurskoða

kostnaðar- og tekjuþörf sveitarfélaga vegna grunnskólans árið 2000 eða ef veruleg röskun verður á forsendum samkomulagsins. Nú er ljóst að kostnaður við grunnskólanema hefur hækkað úr 200 í 250 þúsund frá árinu 1995 og því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé ekki að hans mati næg ástæða til að taka upp viðræður um endurskoðun nú þegar. Einnig vil ég spyrja hvort hann er sammála því sjónarmiði að nú þurfi að bæta kjör kennara umfram aðra, m.a. vegna þess að um uppsafnaðan vanda er að ræða. Það er skoðun mín að full ástæða sé til að endurskoða samninginn strax til að sveitarfélögin eigi möguleika á að taka á uppsöfnuðum vanda. Menntun þegnanna er ein besta fjárfesting sem möguleg er og þar verður grunnurinn að vera styrkur. Til að viðunandi samningar náist um breytingar á kennsluskyldu og vinnutíma verður að vera tryggt að kennarar fái laun í takt við menntun þeirra, ábyrgð og mikilvægi starfsins.

[13:52]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Auðvitað er ekki viðunandi að æðsta vald í menntunarmálum þjóðarinnar, hæstv. menntmrh., sé stikkfrí þegar fyrir liggur og menn óttast að innan örfárra daga lamist skólahald í grunnskólum landsins. Það er ekki viðunandi. Við hljótum að fara fram á að hann ásamt með félmrh. og fjmrh. setjist að samningaborði með sveitarfélögum í landinu í ljósi þeirra gjörbreyttu aðstæðna sem nú eru frá því að samkomulag var gert milli þessara aðila 1995. Auðvitað eru aðstæðurnar gjörbreyttar. Allir þeir sem fylgjast með umræðum um þessi mál sjá það og heyra. Sveitarstjórnarmenn hafa fullyrt það, lagt fram tölulegar upplýsingar í þá veru. Það er sjálfsagt og eðlilegt að menn setjist að samningaborði með sveitarfélögum og gefi upp á nýtt í þessum fjárhagslegu samskiptum þessara tveggja aðila. Löggjafarvaldið setur sveitarfélögum ákveðinn skýran og afmarkaðan ramma um skólahald í hverju sveitarfélagi fyrir sig og á landsvísu. Það er síðan mennmrn. í þessu tilfelli að fylgjast með því að sá lagarammi sé útfylltur. Ef í ljós kemur að sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að uppfylla þessar skyldur hlýtur ráðuneytið að grípa þarna inn í eða a.m.k. hafa áhyggjur af og vilja setja sig inn í þau mál. Svör menntmrh. við umræðuna eru með slíkum fádæmum að sjaldan hefur annað eins heyrst, þ.e. að ekki sé á verksviði hans eða valdi að fylgjast með eða leggja neitt inn í þá deilu sem er að lama skólastarf í öllum grunnskólum landsins innan örfárra daga. Hvílíkt og annað eins. Það er ekki ofsagt sem stjórnarþingmaðurinn, hv. þm. Hjálmar Árnason, sagði áðan: það er eymdarstaða í þessum málum. Það er eymdarstaða í menntmrn.

[13:54]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ekki er ofsögum sagt að það er uppi mjög alvarleg staða í grunnskólunum vegna yfirvofandi verkfalls kennara. Verkfallið mun að sjálfsögðu ekki bara snerta kennarana heldur ekki síður þá 40 þúsund nemendur eða svo sem starfa í grunnskólunum. Ég verð þó að segja að þó að verkfall sé alltaf mjög alvarlegt hef ég meiri áhyggjur af því ef sú staða verður uppi að kennarar yfirgefi stöður sínar eftir kjarasamningana en auðvitað getur komið til þess ef niðurstaða kjarasamninganna verður ekki viðunandi að þeirra mati. Ég held að það mál sé mjög alvarlegt og sé þess eðlis að við getum ekki horft fram hjá því. Að minnsta kosti finnst mér að sú grein sem birtist í Morgunblaðinu núna á dögunum frá einum reyndasta og virtasta kennara landsins, Herdísi Egilsdóttur, sé einmitt dæmigerð fyrir það. Ég leyfi mér, virðulegu forseti, að vitna í grein hennar þar sem hún segir: „Ég sé fyrir mér að kennarar bíti á jaxlinn og klári þennan vetur en láti svo ekki sjá sig í haust þegar skólar byrja." Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Hitt er hins vegar alveg fráleitt eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa talað hér að það eigi að vísa ábyrgðinni á kjaradeilunni, sem er auðvitað kjaradeila milli kennara og viðsemjenda þeirra sem eru sveitarfélögin, í menntmrn., að menntmrn. eigi að taka af samningsumboð sveitarfélaganna og semja þannig beint við kennara eins og maður gat helst skilið á þessum sérkennilega málflutningi sem fór hérna fram. Auðvitað fór samningsumboðið til sveitarfélaganna um leið og grunnskólamálin fluttust til sveitarfélaganna og mjög eðlilega var staðið að því máli öllu saman. Það var gengið til frjálsra samninga sem báðir aðilar urðu ásáttir um og gengið var út frá því að því fylgdi tiltekin peningaupphæð sem sveitarfélögin hefðu til ráðstöfunar. Það liggur fyrir m.a. í upplýsingum frá formanni Sambands sveitarfélaga að núna er meiri fjámunum varið til grunnskólanna í landinu en hefur verið gert undanfarin ár. Rúmlega 9 milljarðar fóru til þessa málaflokks á árinu 1995 en áætlað er að upphæðin verði tæpir 11 milljarðar á þessu ári. Auðvitað er fráleitt að tala með þeim hætti að þetta sé mál sem hægt sé að vísa frá sveitarfélögunum inn til menntmrn. Þetta er hins vegar mál sem er mjög brýnt og er mjög alvarlegt og verður að leysa og ég treysti því að samningsaðilar muni gera það á næstu dögum.

[13:57]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Þegar ríkið kom grunnskólunum með ýtni yfir á sveitarfélögin á síðasta ári ætlaði fagurgalanum aldrei að linna. Ríkið ætlaði að hagnast á því að losna við þennan útgjaldalið. Sveitarfélögin ætluðu að hagnast líka og lögðu mikla áherslu á að fjármunir þeir er ætlaðir voru til skólanna væru ekki eyrnamerktir til þess að tryggja sveigjanleika fjármagnsins eins og það var orðað. Það gleymdist í hrifningarvímunni að ríkið var búið að ákveða að allir grunnskólar skyldu einsetnir um aldamót og að ýmis sveitarfélög mundu þurfa að leggja út mikla fjármuni til að uppfylla það skilyrði. Það sem kannski var enn verra er að um leið og skólar urðu einsetnir í ríkari mæli kom æ betur í ljós hversu kennaralaunin voru bágborin. Ekki gat nokkur maður lifað af kennaralaunum án yfirvinnu og samt varð það hlutskipti æ fleiri kennara að fá aðeins strípaða stöðu eða jafnvel hlutastöðu vegna þess að þeir voru bara ráðnir til að kenna einum bekk. Það hafði nefnilega til æði margra ára verið hlutskipti kennara eins og fleiri Íslendinga að draga fram lífið með óhóflegri vinnu. Vonir voru bundnar við að sveitarfélögin mundu bæta kjör kennara en þegar samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga kom að samningaborðinu var ljóst að sú nefnd sem nú situr ein með alla þræði í hendi sér hafði önnur áform. Hún ætlaði í einu höggi að auka kennsluálag, auka viðverutíma í skóla, auka aðra vinnu kennara en kennslu, stytta undirbúningstíma og taka af kennurum réttindi sem þeir höfðu unnið sér inn með áratuga starfi en umfram allt þó að gera kennsluna sýnilega, hvað sem það er.

Ábyrgð ríkisstjórnarinnar á þessu máli er vissulega mikil, herra forseti. Það er deginum ljósara að sá heimanmundur sem fylgdi grunnskólanum yfir til sveitarfélaganna þarfnast endurskoðunar við.

[13:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Talandi um heimanmundinn þá fá sveitarfélögin tekjur vegna yfirfærslu grunnskólans með tvennum hætti. Annars vegar með hækkun útsvarstekna og hins vegar með framlögum úr jöfnunarsjóði. Hámarksútsvar sveitarfélaga hefur af þessum sökum vegna yfirfærslunnar verið hækkað úr 9,20% í 11,99% vegna yfirstandandi árs og hækkar enn frekar frá og með 1. jan. 1998, en þá verður hámarksútsvarið 12,04%. Hækkunin tekur einnig til þess að sveitarfélögin geti fullnustað lífeyrissjóðsskuldbindingar grunnskólakennara. Jöfnunarsjóður fær hluta af hækkun útsvarsprósentunnar og renna þær tekjur aftur til sveitarfélaga í formi framlaga vegna reksturs grunnskólans.

Kostnaðarnefnd sú sem vann að athugun á kostnaði sveitarfélaga vegna verkefnisins byggði mat sitt á eftirfarandi þáttum:

1. Fjárveitingum í fjárlögum 1996 til grunnskólaverkefna sem færast til sveitarfélaga.

2. Þeim kostnaðarauka sem fólst í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 1995.

3. Ákvæðum grunnskólalaga þar sem gengið var út frá að það kæmi að fullu til framkvæmda á næstu fimm árum eftir yfirtökuna, fjölgun kennslustunda og aukinn rekstrarskostnaður vegna einsetningarinnar. Einnig áætlaði nefndin að hækkun útsvarstekna gæti staðið undir eðlilegri launahækkun kennara og það er rétt að menn hafi það í huga. Það er með í pakkanum. Það er lenging skóladagsins, það var innsetningin, það var ámóta launahækkun til kennara og annarra stétta í þjóðfélaginu og sveitarfélögin eiga að hafa svigrúm til þess að reka grunnskólann með þessum hætti.

[14:01]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það síðasta sem fram kom í máli hæstv. félmrh. er kannski kjarni málsins. Það var reiknað með ámóta hækkun til kennara og til annarra stétta meðan öllum mátti ljóst vera að kennarar þurfa að fá verulegar launabætur og það hafa sveitarstjórnarmenn viðurkennt í þeim umræðum sem átt hafa sér stað að undanförnu. En sveitarfélögin virtust ekki gera sér fyllilega grein fyrir því hve gífurlegur kostnaður fylgdi flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna og ekki heldur hvílíkar væntingar kennarar höfðu til þessa flutnings. Þar kemur að því sem fram kom í máli hæstv. menntrmh. að fjárhagslegi þáttur málsins hefði verið einna best ræddur.

Við stjórnarandstæðingar héldum því fram þegar umræðan átti sér stað um flutning grunnskólans að kostnaður væri stórlega vanáætlaður og það hefur komið í ljós. Það er bullandi óánægja meðal sveitarfélaganna með þá stöðu sem uppi er og það hvernig fjármunum er skipt, m.a. úr jöfnunarsjóðnum og það blasir einfaldlega við okkur sú staðreynd að sveitarfélögin hafa ekki nægilegt fé til þess að sinna þessu verkefni jafn vel og þau gjarnan vilja.

Það var haft á orði í umræðunni að stjórnarandstæðingarnir séu að vísa ábyrgðinni yfir til menntmrn. Auðvitað vitum við öll að samningamálin eru í höndum sveitarfélaganna en við hljótum að þurfa að fara ofan í þessi mál aftur og reyna að átta okkur á því hvernig ríkisvaldið verður að koma inn í til þess að sveitarfélögin geti sinnt því verkefni sem þeim er falið lögum samkvæmt og hæstv. menntmrh. rifjaði einmitt upp fyrir okkur áðan og það er auðvitað mergurinn málsins. Hvernig á sveitarfélögunum að vera kleift að uppfylla grunnskólalögin ef þau fá ekki til þess aukið fjármagn? Það hlýtur að þurfa að skoða þessi mál í samhengi, hæstv. menntmrh. og ég skora á hæstv. ráðherra að eiga nú frumkvæði að því að ræða málin við sveitarfélögin og beita sér fyrir lausn þessarar deilu.

[14:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Málshefjandi Svanfríður Jónasdóttir setur fingur á auman blett með þessari umræðu. Alþingismenn hljóta og eiga að vera afar áhyggjufullir vegna þróunar málefna grunnskólans. Það er furðulegt að verða vitni að því hvernig stjórnarliðar og ráðherrar bregðast við.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði: Þjóðin setur ekki menntamál í forgang. Síðan hvenær hefur þjóðin verið spurð um forgang? Hvenær hefur þjóðin verið spurð um forgang, t.d. í fjárlögum ríkisins? Hins vegar er vegur til þess inni í framtíðinni að hún geti krafið sveitarstjórnir um forgang vegna nálægðar við þær þegar þar að kemur.

Alþingi hefur með lögum flutt grunnskólann til sveitarfélaganna og þessi viðkvæmi og dýrmæti málaflokkur var vigtaður og settur á hann verðmiði. Svo kemur í ljós að kostnaðarverðið stenst ekki, það er of lágt og þá á bara að slá hausnum við stein. Þetta er staðreynd. Mörg sveitarfélög eru núna mjög áhyggjufull út af því verkefni sem bíður þeirra. Eigum við þá, Alþingi og ríkisstjórn, að þvo hendur og segja: Þetta er ekki okkar mál. Mér heyrist það á viðbrögðunum í dag.

Alþingi hefur ákveðið að málaflokkur fatlaðra flytji líka til sveitarfélaganna. Þar hefur verið dregið úr framlögum og hægt á þróun í málaflokknum. Hvernig verður sá hópur veginn þegar þar að kemur og flutningur á að eiga sér stað?

Ég er mjög áhyggjufull út af því hvernig þessi mál hafa þróast. Ég er sannfærð um að báðir málaflokkar eru best komnir hjá sveitarfélögunum svo fremi þau hafi tekjur til að sinna honum. Miklar breytingar í þjóðfélaginu kalla á nýja sýn og nýjar áherslur í skólamálum en til þess þarf fjármagn og til þess þarf að setja þessi mál í öndvegi og það ber okkur að gera og hafa áhrif á. Við getum ekki fríað okkur, hæstv. ráðherra.

[14:06]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er því miður að verða æ ljósara þessi missirin að við búum ekki í fjölskylduvænu samfélagi. Angi af því er sú staðreynd að aðbúnaður að skólum og laun kennara eru hér neðan við allar hellur. Það er upplausnarástand í skólakerfinu af þeim sökum. Laun kennara eru síðan aftur hluti af vítahring lágra launa og langs vinudags sem við erum því miður föst í.

Það er ljóst að þegar er orðinn mikill skaði í deilunni. Spurningin er ekki um hvort heldur hve mikill hann verður, hversu mikill flótti verður úr stéttinni. Það er ekki hægt, herra forseti, að afgreiða málin með þeim hætti sem stjórnarliðar reyna hér. Það er það samhengi milli yfirfærslunnar til sveitarfélaganna og þeirra væntinga sem biðu um úrbætur í skólamálum og um launahækkanir kennara sem við erum að fá í andlitið. Það er ekki hægt að slíta þetta úr samhengi með þeim hætti eða forða sér á flótta undan málinu eins og menntmrh. og stjórnarliðar reyna hér.

Sveitarfélögin fengu nefnilega ekki bara heimanmund og þau fengu ekki bara fjármuni með grunnskólanum. Þau fengu gífurlega uppsafnaða þörf fyrir úrbætur í skólamálum og þau fengu miklar væntingar um launahækkanir kennara.

Það er að koma í ljós að þær væntingar voru langtum meiri en möguleikar sveitarfélaganna eru til að bregðast við þeim. Þess vegna er óumflýjanlegt, herra forseti, að í kjölfar þess að deilan leysist vonandi taki sveitarfélögin og ríkisvaldið upp viðræður á nýjan leik um stöðuna í þessum málaflokki, um grunnskólann, um málefni hans almennt, um möguleika sveitarfélaganna, þar með talið og ekki síst hinna minni og fjárhagslega veikari til þess að standa þannig að þessum málaflokki eins og við viljum sjá að gert verði í framtíðinni. Það er ekkert að gera með menntmrh. sem hefur ekki annað til málanna að færa en var flutt af hans hálfu áðan, hæstv. menntmrh. Það verður þá einfaldlega að skipta um ef sveitarfélögin eiga að skilja þetta þannig að þau eigi hvergi höfði sínu að halla varðandi faglega yfirstjórn þessa málaflokks.

[14:08]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki sanngjarnt að halda því fram að við stjórnarandstæðingar viljum vísa kjaradeilunni frá sveitarfélögunum. Það er nefnilega rétt sem kom fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Það er ekki bara verkfallið sem ber að óttast heldur öllu frekar uppsagnirnar. Þeir sem þekkja til og sjá og vita hvaða kennarahópur það er sem er búinn að segja upp, sem er að íhuga uppsagnir, sem treystir sér ekki til að hverfa aftur til starfa, þeir vita hversu alvarlegt þetta mál er, þeir vita hve alvarleg staða grunnskólans á Íslandi er.

Staða kennara hefur breyst og þar með staða grunnskólans. Það er óyggjandi að það þarf mikið viðbótarfjármagn inn í þennan málaflokk til þess að íslenski grunnskólinn sé samkeppnisfær í samanburði við útlönd, til þess að hann sé fær um að mennta börnin okkar þannig að þau séu samkeppnisfær við jafnaldra sína erlendis.

Herra forseti. Ríkisvaldinu kemur þetta við. Öllum stjórnmálamönnum kemur þetta við. Þjóðinni allri kemur þetta við. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir rakti áðan hvað stendur í því samkomulagi sem ríkið og sveitarfélögin gerðu. Þar stendur að ef forsendur breytast eigi að taka samninginn upp. Bara þetta ákvæði, herra forseti, segir mér að ríkinu kemur þetta við. Ella hefði ekkert slíkt ákvæði verið sett inn. Öllum kemur þetta mál við, herra forseti, nema e.t.v. hæstv. menntmrh. nema hann segi okkur eitthvað annað hér á eftir.

[14:10]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég var spurður í upphafi umræðunnar hvaða hlutverk menntmrn. hefði gagnvart grunnskólanum. Ég rakti það samkvæmt lögum og reglum sem gilda um þennan málaflokk og að sjálfsögðu ber menntmrn. að starfa í samræmi við landslög og þær reglur sem settar eru á grundvelli þeirra. Þar kemur fram að ráðuneytið á ekki að skipta sér af kjaramálum kennara. Það á ekki að skipta sér af kjaradeilu sveitarfélaga og kennara og ég ber það mikla virðingu fyrir samningum og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga að ég tel alfarið út í bláinn hjá hv. þingmönnum að krefjast þess að menntmrh. hlutist til um þessa kjaradeilu.

Hins vegar er mikið og gott samráð á milli menntmrn., Sambands ísl. sveitarfélaga og kennarasamtakanna um þau mál sem lúta að grunnskólanum. Reglulega er efnt til funda á milli þessara aðila, um einstök málefni sem þarf að ræða og það er náið samráð um alla þessa þætti á milli ráðuneytisins og fagaðila þannig að ekki verður kvartað undan því að menntmrn. komi ekki að málefnum grunnskólans og sinni því hlutverki sem því ber lögum og reglum samkvæmt og ég mun áfram vinna að því að þetta samstarf verði náið og samráðið mikið, jafnt við kennara sem sveitarfélögin.

Að því er varðar viðhorf ríkisvaldsins til launamála kennara er að sjálfsögðu nærtækast að vísa til samkomulags sem gert var 7. júní á milli ríkisvaldsins og framhaldsskólakennara og síðan samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu framhaldsskólakennara og gildir til næstu þriggja ára. Þar kemur fram af hálfu ríkisvaldsins hvernig það telur skynsamlegt að standa að kjarasamningum við kennara. Þeir liggja skýrir fyrir og ef menn vilja kynna sér þá samninga geta þeir kynnt sér hvernig ríkisvaldið hefur staðið að kjarasamningum við kennara sem hlutu samþykki í allsherjaratkvæðagreiðslu kennara. Þar er um það að ræða að ríkissjóður og ríkisvaldið þurfti að taka afstöðu til kjaramála kennara og komast að samkomulagi við þá. Hins vegar ákváðu sveitarfélögin í vor að fresta samningum við grunnskólakennara fram á haustið. Ég ítreka það sem ég hef sagt að ég vona að samkomulag takist í þeirri viðkvæmu og vandmeðförnu deilu á næstu dögum.

## *Háskólar, 1. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 165.

[14:13]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Á þskj. 165 er flutt frv. til laga um háskóla. Þetta frv. er endurflutt frá síðasta þingi og hefur ekki tekið neinum efnisbreytingum frá því að það var lagt fram á síðasta þingi. Það var rætt síðan í menntmn. Alþingis sem lauk ekki meðferð málsins en komst að samkomulagi um að flýta afgreiðslu þess nú á haustþingi.

Ef ég rifja upp höfuðatriði frv. er til þess að taka að þau lýtur almennt að þeim starfsramma sem búa ber menntastofnunum sem veita æðri menntun á Íslandi. Í 2. gr. er skilgreint hvað er háskóli samkvæmt frv. og síðan er gerð grein fyrir því að háskólar geti bæði verið ríkisreknir og eins einkaskólar eða sjálfseignarstofnanir. Þá er mælt fyrir um eftirlit með gæðum menntunarinnar, með hvaða kröfur eigi að setja um skólana, hvernig skuli haga réttindum kennara og nemenda og fyrirkomulagi kennslu. Sérstaklega er fjallað um stjórn ríkisháskóla í IV. kafla frv. og í V. kafla er fjallað um fjárhag þar sem mælt er fyrir um að samið verði við skólana um fjárveitingar á grundvelli þjónustusamnings eða árangursstjórnarsamnings eða hvaða heiti menn gefa slíkum samningum. Ég vil greina frá því að viðræður menntmrn. við Háskóla Íslands um slíkan samning hafa staðið yfir í nokkur missiri og enn bíður ráðuneytið eftir því að háskólinn komi með lokahugmyndir sínar og unnt verði að ganga frá því samkomulagi.

Einnig kemur fram í fjárlagatillögum menntmrn. að því er Háskóla Íslands varðar að þar fikra menn sig inn á þá braut að semja við háskólann á þessum forsendum og fjárveitingar til skólans eru hækkaðar um 60 millj. kr. á næsta ári. Háskólamenn hafa bent á að það þurfi 250 millj. alls til þess að brúa bilið á milli fjárveitinga til skólans núna og eins og þær þyrftu að vera samkvæmt hinum nýja samningi eða reiknilíkani. Ég hef fullan hug á því að vinna þannig að því máli að það bil verði brúað á nokkru árabili. Takist okkur að auka fjárveitingar til skólans um 60 millj. á ári líður fljótt að

því að við náum þeim jöfnuði í fjárveitingum til skólans sem háskólinn telur skynsamlegan miðað við reiknilíkanið.

Ég vil einnig láta þess getið sérstaklega að nefnd vinnur að því að endurskoða lög um Háskóla Íslands í ljósi þessarar rammalöggjafar og þegar lagt var af stað með hana efndi ég til fundar með forráðamönnum Háskóla Íslands. Niðurstaða okkar var að setja á laggirnar nefnd ráðuneytisins og háskólans til þess að semja sérlög um Háskóla Íslands. Sú nefnd er enn að störfum og þar verður tekin afstaða til þess hvernig eigi að haga sérstaklega lögum um Háskóla Íslands og koma til móts við þau sjónarmið sem hafa verið uppi innan háskólans og sumir háskólamenn telja að brjóti í bága við rammalöggjöfina. Ég er ekki sammála því því að ég tel að rammalöggjöfin sé þannig sniðin að unnt sé að færa undir hana þær hugmyndir sem hafa verið á döfinni innan Háskóla Íslands en þar er í raun og veru um tvær gagnstæðar hugmyndir að ræða. Annars vegar að samráðsvettvangur innan skólans verði stærri en mælt er fyrir í þessu frv. um 10 manna háskólaráð og hins vegar um það að skólinn skiptist upp í smærri skóla ef ég má orða það svo undir sameiginlegri yfirstjórn en hvort tveggja rúmast innan ramma þess frv. sem hér liggur fyrir.

Ég held að nauðsynlegt sé fyrir mig að árétta sérstaklega málefni Háskóla Íslands í framsöguræðu minni að þessu sinni því að borið hefur á því að menn hafi túlkað þessa rammalöggjöf eða frv. sem einhverja aðför að sjálfstæði Háskóla Íslands sérstaklega. Svo er alls ekki og það er mikil rangtúlkun á þessu frv. eða þeim góða samstarfsanda sem ríkir á milli mín og háskólans um það að setja fram frv. að sérlögum um Háskóla Íslands sem taki mið af þeim meginsjónarmiðum sem hér eru sett fram. En meginsjónarmiðin á bak við frv. eru þau að laga stjórnkerfi háskóla að nýjum stjórnsýslulögum, að upplýsingalöggjöfinni og færa stjórnkerfi háskóla inn á þær brautir sem samræmast kröfum um opinbera stjórnarhætti á þessum tímum. Ég held að um það deili hvorki ég né aðrir að það sé nauðsynlegt að setja háskólanum slíka löggjöf og ef menn átta sig á þeim úttektum sem hafa verið gerðar á háskólastarfi hér og annars staðar ber það allt að sama brunni að það ber og er nauðsynlegt að laga markvist lög og starfsreglur háskóla að breyttum kröfum að þessu leyti og það er gert með þessu frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsöguræðu lengri. Öll sjónarmið í málinu komu fram á síðasta þingi og ég hef gert grein fyrir hvað hefur gerst á vettvangi menntmrn. varðandi málið síðan frv. var flutt. Ég ítreka að samstarfsvilji minn við Háskóla Íslands um úrlausn mála í samræmi við þessa rammalöggjöf er eindreginn og það er unnið að því að ná slíku samkomulagi á vettvangi nefndar sem við höfum skipað sameiginlega.

[14:20]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Mér létti nokkuð við að heyra hversu mjög hæstv. menntmrh. ítrekaði samstarfsvilja sinn við Háskóla Íslands. Það er reyndar svo að stundum finnst manni ástæða til tortryggni þegar menn ítreka svo innilega ákveðna hluti en ég vona að ekki sé ástæða til hennar í þessu tilfelli.

Það var nefnilega þannig í vor þegar ákveðið var að fresta afgreiðslu frv. um háskólann að það var ekki hvað síst gert að áeggjan Háskóla Íslands sem vildi fá tækifæri til að fjalla betur um frv. en eins og sagði í bókun háskólaráðs frá 30. apríl sl., með leyfi forseta:

„Háskólaráð æskir þess við Alþingi að háskólasamfélagið fái ráðrúm til haustsins til þess að geta fjallað rækilega um frv. til laga um háskóla. Ósk háskólans hvílir á þremur meginforsendum:

1. Efnislegum athugasemdum sem settar eru fram í greinargerð Háskóla Íslands. Einkum athugasemdum við IV. kafla frv.

2. Lagalegum rökum sem hvíla á 7. mgr. 2. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, þar sem kveðið er á um samráð við deildir háskólans.

3. Rökum um sjálfstæði háskólasamfélagsins sem eru margsinnis áréttuð í greinargerð með frv. en virðast að talsverðu leyti hafa orðið út undan í málsmeðferð við undirbúning þess."

Í bókuninni kemur jafnframt fram, herra forseti, að háskólinn er því fylgjandi að lög verði sett um háskólastigið og háskólinn telur flest atriði frv. fyrir utan IV. kafla þess til bóta fyrir stöðu háskóla í landinu.

Í efnislegum athugasemdum háskólans sem vikið er að í 1. lið þess sem ég vitnaði í úr bókun háskólaráðs kom fram að Háskóli Íslands lagði til að IV. kafli yrði felldur út úr frv. en sá kafli fjallar um stjórn ríkisháskóla. Markmið tillögunnar var að færi yrði gefið á að stjórnkerfi háskólans yrði mótað í sérlögum um hann, rétt eins og virðist eiga að gera með þá skóla sem eru einkaskólar eða sjálfseignarstofnanir. Í tilfelli þeirra virðast yfirvöld menntamála ekki hafa miklar áhyggjur af stjórnkerfi skólanna þó að þeir þiggi allir opinbert fé til rekstursins.

Til vara var Háskóli Íslands með tillögu um að 1. gr. breyttist þannig að á eftir 2. málslið kæmi: „Heimilt er þó að víkja frá einstökum ákvæðum kaflans í sérlögum um ríkisháskóla." Skýringin sem háskólinn gaf var sú að með þessu fengi hann svigrúm til að móta hugmyndir um breytta stjórnskipan skólans.

Jafnframt kom fram, herra forseti, að ef hvorug þessara tillagna næði fram að ganga væri tillaga háskólans til vara að í 13. gr., á eftir 3. mgr., bættist ný mgr. efnislega um að ákvæði greinarinnar, sem eru einmitt um stjórn háskólans, giltu ekki ef sérlög einstakra háskóla mæltu á annan veg um þau atriði sem þar greinir. Sömuleiðis að 14. gr., en hún er um skipan rektors, gildi nema öðruvísi sé kveðið á um stöðu rektors í sérlögum.

Nú er það svo, herra forseti, að þó að ráðherra segi að frv. sé lítið sem ekkert breytt eru lítils háttar breytingar bæði á 13. og 14. gr. sem eru þó frekar tæknileg útfærsla vegna ábendinga sem fram komu í vor þegar frv. var til umfjöllunar. En það kom skýrt fram að Háskóli Íslands taldi í vor að með IV. kaflanum sem fjallar um stjórn ríkisháskólanna væri verið að binda hendur háskólans verulega. Það er ekki bara túlkun einhverra úti í bæ að þetta frv. gæti leitt til þess. Það kom beinlínis fram og kemur fram í því sem Háskóli Íslands lét sjálfur frá sér fara í vor. Menn höfðu efasemdir um nauðsyn þess að hafa sérstök ákvæði um stjórn ríkisháskóla í almennum lögum, í rammalöggjöf. Fremur ætti að útfæra þau í sérlögum um hvern skóla enda segir í 3. gr. frv. að ríkisreknir háskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyri stjórnarfarslega undir menntmrh. og lúti stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla.

Herra forseti. Einu ákvæðin um stjórnarfyrirkomulag einkaskóla í frv. eru þau að þeir starfi eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntmrh. staðfestir.

Í ljósi þess að afgreiðslu frv. var frestað í vor að beiðni fyrst og fremst Háskóla Íslands og samkomulag var gert um að afgreiða það nú á haustþingi var áhugavert að vita hvaða breytingar hefðu átt sér stað á frv., ekki síst þar sem við í minni hluta menntmn. litum svo á að reynt yrði að ná samkomulagi við Háskóla Íslands í sumar þannig að hann gæti betur unað því. Ítrekað kom fram að þeir töldu ákvæði IV. kafla, einkum 13. og 14. gr., geta orðið afdrifarík fyrir eðlilega samfellu í þróun og starfi skólans og töldu að samþykkt sérstaklega þeirra greina mundi kalla á róttæka breytingu á stjórnskipulagi háskólans til hins verra. En þegar nýtt frv. er skoðað kemur í ljós að litlar breytingar hafa verið gerðar á því eins og hæstv. ráðherra benti réttilega á.

Eins og ég gat um snúa tvær þeirra reyndar að 13. og 14. gr. en ekki á þann veg að það breyti neinu hvað varðar megingagnrýni Háskóla Íslands. Sú gagnrýni sem sett var fram stendur því enn og virðist ljóst að ekki stendur til af hálfu menntmrh. að taka tillit til hennar nema samstarfsviljinn beri óvæntan ávöxt. Aðrir skólar gerðu einnig margvíslegar athugasemdir við frv. sem lítið tillit er tekið til og eiginlega þvert á móti í veigamiklu atriði en það er þriðja breytingin sem gerð er á frv. frá í vor og ég vil gera að sérstöku umræðuefni. Hún er nefnilega til hins verra fyrir þá skóla sem verða með þessum lögum skilgreindir sem háskólar og veikir stöðu þeirra en um er að ræða orðalagsbreytingu í 2. gr. frv.

Fulltrúar þeirra skóla sem með þessum lögum verða skilgreindir sem háskólar lögðu mikla áherslu á að þeir litu svo á að rannsóknarskylda væri afar mikilvægur áfangi. Fulltrúar þessara skóla litu því svo á að með lögunum fengju þeir rannsóknarskylduna þrátt fyrir þær mótsagnir sem voru í frv. vegna þess að í frv. var og er í 5. gr. sá möguleiki orðaður að háskóli geti hugsanlega ekki haft rannsóknarskyldu. Sú hugsun að háskólinn geti hugsanlega ekki haft rannsóknarskyldu er nú áréttuð í 2. gr. með nýju orðalagi þannig að í stað skilgreiningarinnar þar sem sagði að háskóli væri menntastofnun sem jafnframt sinnti rannsóknum segir nú að háskólinn sé menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum ef svo sé kveðið á um í reglum í starfsemi hvers skóla.

Ég held að það hafi komið fram hjá hverjum einasta viðmælanda hv. menntmn. í vor þegar fjallað var um frumvarpið eins og það lá þá fyrir hve mikilvægt menn teldu að háskólar hefðu rannsóknarskyldu hver eftir sínum sérstöku aðstæðum. Því er mikilvægt vegna þess að þessi einstaka breyting er gerð á frumvarpinu að það komi fram hér, og ég óska eftir að ráðherra greini okkur frá því, hvort hann er með einhverja sérstaka skóla í huga sem eiga ekki að hafa rannsóknarskyldu. Það er nauðsynlegt að Alþingi viti hvað fyrir honum vakir með þessari breytingu. Það verður nefnilega allt önnur staða fyrir þá háskóla sem ekki hafa rannsóknarskyldu en hina.

Við skulum einungis nefna eitt atriði en það er samkeppni um hæfa kennara. Menn geta séð það fyrir sér hvorn skólann kennari velur ef hann á tveggja skóla völ og annar hefur rannsóknarskyldu en ekki hinn. Hér er beinlínis verið að mismuna með þeim hætti að það hlýtur að koma mjög niður á þeim skólum sem ekki koma til með að hafa rannsóknarskyldu. Þess vegna eins og ég sagði, herra forseti, er nauðsynlegt að það komi fram strax í umræðunni hvað hæstv. ráðherra á við með þessari breytingu, hvernig hann hefur hugsað sér að þetta mál verði. Það sem er merkilegt líka, herra forseti, er að sú mismunun sem kemur fram með breyttu orðalagi á stöðu skólanna, stangast á við þá samræmingaráráttu eða nánast þráhyggju sem einkennir frv. þegar um stjórnunarkaflann er að ræða.

Herra forseti. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði áðan að um ýmis atriði þessa frv. komu skoðanir og hugmyndir manna fram í umræðunni hér í vor. Það er þó ljóst að í þeirri vinnu sem fram fór í hv. nefnd var varpað nýju ljósi á ýmsa hluti sem mönnum voru e.t.v. ekki alveg ljósir í 1. umr. um málið en það kom eins og menn þekkja aldrei til 2. umr. Stúdentaráð Háskóla Íslands hafði t.d. af því áhyggjur í vor, og ugglaust hefur þeim áhyggjum ekki linnt þegar stúdentaráð nú skoðaði frv., en það hafði áhyggjur af því að með ákvæðum 19. gr. væri verið að opna fyrir skólagjöld. Og í umsögn Háskóla Íslands um frv. kemur fram að Háskóli Íslands hefur ekki sóst eftir gjaldtöku af stúdentum vegna náms. Hins vegar virðist hér vera á ferðinni angi af áhuga ráðherra á skólagjöldum, samanber umfjöllun hans á netinu um þau mál eða öllur heldur um umfjöllum Stúdentablaðsins um þau mál.

Það er alvarlegt, herra forseti, að ekkert OECD-land ver hlutfallslega jafnlitlu fjármagni til háskólastarfs og Ísland. Og það sem er hættulegt er að þetta kerfi er orðið svo svelt að það er litlu fegið. Það hefur hins vegar komið fram að Háskóli Íslands, eins og ég gat um hér áðan og kemur fram í umsögn háskólans um frv., hefur ekki sóst eftir gjaldtöku af stúdentum vegna náms. Við verðum með öðrum hætti að mæta þörfum háskólans fyrir aukið fjármagn. Ráðherra gat um það hér áðan að eitthvert lítilræði væri að finna í fjárlagafrv. næsta árs en það er engan veginn nægjanlegt og ekki hálfdrættingur á við það sem háskólinn taldi sig minnst komast af með.

Herra forseti. Hér er á ferðinni rammalöggjöf og rammalöggjöf tekur fyrir allt það efni, öll þau álitaefni sem upp kunna að koma varðandi stjórn og starfsemi háskóla. Og vissulega er það svo að í flestu tilliti verður hér um rammalöggjöf að ræða nema hvað varðar stjórnunarkafla ríkisháskólanna. Þar eru ótrúlega smásmuguleg ákvæði á ferðinni miðað við það sem fram kemur annars staðar um sjálfstæði Háskóla Íslands og háskóla almennt og um að það skuli gilda sérlög um stjórn þessara skóla.

Það er margt til bóta í þessu frv. og margt í því sem ber að fagna. Staða þeirra skóla sem við lögfestingu þessa frv. verða skilgreindir háskólar batnar. Það er vissulega til bóta að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastiginu þótt á því virðist nú ætla að verða sá ljóður sem ég gat um áðan, að skilgreining þessara skóla verður þrátt fyrir allt ekki sú sama vegna þess að það virðist ekki vera gert ráð fyrir því að þeir hafi allir rannsóknarskyldu. Það er líka til bóta, herra forseti, að fjárveitingar til háskóla byggi á fyrir fram þekktum reglum. Hæstv. ráðherra gat þess í ræðu sinni að verið væri að vinna að slíku og í þessu frv. er gert ráð fyrir að fjárveitingar byggi á reglum sem settar verða og eiga vonandi ekki að mismuna skólunum. Það er líka til bóta að þessi lög gera ráð fyrir virku gæðaeftirliti með háskólamenntun. Slíkt gæðaeftirlit er ekki bara til aðhalds, það getur líka verið til eflingar háskólastarfi. Hér er einnig gert ráð fyrir strangari kröfum til menntunar og starfsreynslu kennara. Og það ákvæði er í frv. að háskólar skuli miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Þetta er gott ákvæði, herra forseti, og orð nýs rektors, þegar hann tók við í sumar, hljóta að segja

okkur að við þessu muni Háskóli Íslands a.m.k. bregðast með jákvæðum hætti.

Að lokum, herra forseti, finnst mér það jákvætt að ríkisháskólum skuli heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður sem háskólinn vinnur að á hverjum tíma. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir háskóla sem er með rannsóknarskyldu og er að vinna í verkum eins og þeim sem bæði Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri eru í að geta átt aðild að atvinnurekstri, bæði til lengri tíma og eins tímabundið, allt eftir verkefnum og áherslum á hverjum tíma.

Það er merkilegt, herra forseti, við þær breytingar sem gerðar voru á frv. að ekki skyldi reynt, þess sér a.m.k. ekki stað, að mæta helstu gagnrýni þeirra sem við eiga að búa, samanber IV. kafla frv. *Það væri nú einnig fróðlegt að heyra* viðhorf hæstv. ráðherra til þess hvort það stranga regluverk sem sett er upp fyrir ríkisháskólana, á meðan einkaháskólar og háskólar sem eru sjálfseignarstofnanir fá sjálfir að ráða sínu stjórnkerfi, sé beinlínis hugsað af hans hálfu til þess að hrekja þessa skóla til þess að breyta sínu fyrirkomulagi — að þeir verði ekki lengur ríkisháskólar heldur breyti sér yfir í sjálfseignarstofnanir. Við vitum að það hefur verið kannað af hálfu Háskóla Íslands að honum verði breytt í sjálfseignarstofnun en það væri fróðlegt að vita hvort það er ætlan hæstv. ráðherra að þessi löggjöf hvetji beinlínis til slíkra breytinga. Þetta var um IV. kaflann en eins og ég gat um áðan þá finnst mér það líka merkilegt að því var breytt sem flestir töldu þó helstan kost á frv., þ.e. að það væri beinlínis skilgreining á háskóla að hann hefði rannsóknarskyldu.

Herra forseti. Ég vona að orð hæstv. ráðherra um samstarfsvilja hér í upphafi leiði til þess að hv. menntmn. geti leitt vinnuna við þetta frv. til lykta í sæmilegu samkomulagi bæði innbyrðis og við þá sem við eiga að búa. Ég vona að okkur auðnist það en því miður óttast ég, miðað við hvernig frv. liggur fyrir nú, að svo verði ekki.

[14:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram að nýju frv. ríkisstjórnarinnar um háskóla. Ég fagna því að fram er komið frv. um rammalöggjöf um háskólastigið þó að þetta frv. sé að sumu leyti ítarlegra en ég hefði talið nauðsynlegt sem rammalöggjöf t.d. varðandi stjórnunarþátt ríkisháskólanna. En að öðru leyti er frv. lítið annað en staðfesting á því sem er og kannski *þeim skilningi sem almenningur hefur* — að allir skólar sem gera stúdentspróf að inntökuskilyrði kallist háskólar.

Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni bað Háskóli Íslands um það í vor þegar þetta frv. var til umræðu að afgreiðslu þess yrði frestað fram á haust. Ég tel að sú frestun hafi verið til mikilla bóta jafnvel þó að það sé lagt fram svo til óbreytt að nýju. Það er hins vegar nokkuð athyglisvert að þrátt fyrir ýmsar breytingartillögur frá Háskóla Íslands þá hefur í engu verði tekið mið af þeim og þess vegna tek ég undir orð síðasta ræðumanns að það virðist sem þarna sé um nokkur átök að ræða á milli ráðuneytisins og háskólans.

Alvarlegustu athugasemdirnar sem fram komu í umsögn Háskóla Íslands voru annars vegar um skipan háskólaráðs og hins vegar um það að menntmrh. skuli skipa rektor. Í umsögn Háskóla Íslands er minnt á að í háskólalögunum frá árinu 1909 segir að það beri að tilkynna Stjórnarráðinu um kjör rektors. Það er augsjáanlega nokkuð annar stíll yfir þessari hugsun, stíll akademísks frelsis, sem ekki er jafntær í því frv. sem hér er til umræðu. En þar segir í 14. gr. að menntmrh. skipi rektor til fimm ára í senn. Ég tel mun vænlegra og í raun nauðsynlegt til að undirstrika bæði formlega og ekki síður táknrænt að það sé almenn regla að rektor sé kosinn af háskólasamfélaginu og sæki umboð sitt þangað og ekkert annað. (**Menntmrh.:** Frv. gerir ráð fyrir því.) Þannig er fyrirkomulagið nú og því tel ég æskilegra að rektor verði kjörinn og ákvæðið um skipan menntmrh. verði fellt út úr textanum. (**Menntmrh.:** Hv. þm. las ekki alla greinina.) Það stendur skýrt í þessari ákveðnu grein að menntmrh. skipi rektor. (**Menntmrh.:** Samkvæmt tilnefningu.) Samkvæmt tilnefningu, já, já, það er alveg sama þó að það sé tilnefning. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það fer saman að rektor sé kjörinn og þetta frv. en munurinn er sá að þetta frv. gerir ráð fyrir að ráðherra skipi rektor en núverandi löggjöf og sú sem *í gildi var árið 1909 gerði ráð fyrir því* að rektor væri kjörinn og að það kjör væri tilkynnt til Stjórnarráðsins. Það er grundvallarmunur á þessum atriðum, ekki síst táknrænt séð og til þess að undirstrika akademískt frelsi háskólans.

Varðandi skipan háskólaráðs, herra forseti, þá er það skoðun mín að það sé heppilegt að stokka upp núverandi háskólaráð. Ég tel að sú skipan ráðsins sem nú er komi svo til í veg fyrir það, ekki bara nú heldur á næstu árum, að konur t.d. sitji í háskólaráði og að yngri kennarar háskólans sem enn eru ekki orðnir prófessorar — þeir fara í gegnum framgangskerfi — *eigi aðild að háskólaráði*. Þess vegna finnst mér í raun og veru ekki vitlaus hugmynd að háskólaráð sé endurskipulagt í þá veru sem hér er lagt til að einhverju leyti. Og ég tel ekki óeðlilegt að svokallaðir þjóðlífsfulltrúar fái sæti í háskólaráði. Og þó að það sé umdeilanlegt að þessir þjóðlífsfulltrúar séu skipaðir af menntmrh. þá sé ég ekki í fljótu bragði hver annar gæti gert það.

Rök Háskóla Íslands fyrir fyrirhuguðum breytingum á háskólaráði eru fyrst og fremst þau að þar með hætti háskólaráð að vera fulltrúaráð allra deilda skólans sem gerir það bæði skilvirkt og lýðræðislegt í senn.

Háskólinn sættir sig því illa við það að fulltrúar kennara verði aðeins fimm í ráðinu þegar deildir háskólans eru mun fleiri. Það þyrfti, ef eitthvað, að fjölga í háskólaráði að þeirra mati, m.a. til þess að fulltrúar námsbrauta eigi þar fulltrúa. Það er von mín að þessi deila leysist á farsælan hátt með sérlögum um Háskóla Íslands á þann veg sem menntmrh. gat um hér áðan, þ.e. að til verði stærri nefnd sem þjóni þessu *fulltrúahlutverki, en síðan gæti hún myndað* þetta minna háskólaráð eða með hinni leiðinni sem menntmrh. gat einnig um að Háskóli Íslands verði stokkaður upp í sérskóla. Samkvæmt 11. gr. frv. mundi þessi skipan háskólaráðs þá ekki eiga við skólann.

Þessi skólahugmynd er mjög umdeild innan Háskóla Íslands og því tel ég rétt að bíða eftir því að frv. frá Háskóla Íslands komi áður en séð verður hvort sú skipan háskólaráðs sem hér er lögð til samkvæmt rammalöggjöfinni heftir störf Háskóla Íslands að einhverju leyti. En það er að mínu mati nauðsynlegt að tala sérstaklega um Háskóla Íslands þegar *þessi rammalöggjöf er rædd vegna þeirrar gífurlegu sérstöðu* sem hann hefur í þessu samhengi.

Önnur atriði þessa frv. sem ég vil vekja athygli á á þessu stigi málsins eru nokkur. Í fyrsta lagi á samkvæmt þessu frv. á að fella úr gildi lög um skólakerfi. Ástæðan sem er gefin upp er sú að þar með séu þau lög orðin óþörf en það er umhugsunarvert hvort hin raunverulega ástæða er ekki önnur, nefnilega sú að samkvæmt lögunum um skólakerfi má ekki

leggja á nein skólagjöld því að þar stendur í 6. gr.: „Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé, eru skólagjöld háð samþykki menntamálaráðuneytisins."

Ég tel að ekkert mæli gegn því að þessi lög séu áfram í gildi og þau rök sem nefnd eru í greinargerðinni með því að afnema þau séu mjög veik. Þess vegna og vegna ummæla hæstv. menntmrh. í Morgunblaðinu í ágúst sl. og einnig á internetinu að undanförnu um að skýrsla OECD mæli með skólagjöldum á háskólastigi til að leysa vanda þess skólastigs, þá vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé að leggja af lög um skólakerfi í þeim tilgangi að geta lagt á skólagjöld í háskólanum. Og í raun og veru opnar þetta fyrir skólagjöld í framhaldsskólunum líka.

Í framhjáhlaupi vil ég einnig geta þess að í 7. gr. laganna um skólakerfi er ákvæði sem er mjög merkilegt vegna þess að þar segir svart á hvítu að í öllu starfi skóla skuli konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt nemendur sem kennarar. Þetta er skýrasta ákvæðið að þessu leyti í íslenskri löggjöf sem nú á að fara að fella niður og því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann fyrirhugar að bæta sambærilegu ákvæði við lögin sem gilda um hvert skólastig ef þessi umræddu lög um skólakerfi verða felld úr gildi.

Herra forseti. Ég var þeirrar skoðunar þegar frv. um framhaldsskóla var til umræðu á síðasta þingi að æskilegt hefði verið að hafa þetta frv. til hliðsjónar til að ljóst væri hvar mörkin liggja á milli þessara skólastiga. Í því sambandi voru oft nefndir skólar eins og Iðnskólinn, Þroskaþjálfaskólinn, Fósturskólinn o.s.frv. sem um skeið hafa verið á mörkum þessara skólastiga. Nú er ljóst að stefnan er sú að þeir skólar sem krefjast stúdentsprófs við inngöngu og fullnægja ákveðnum skilyrðum varðandi eftirlit og stjórnun eru háskólar, án tillits til þess hvort um akademíska iðkun eða rannsóknir verður að ræða.

Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, Svanfríðar Jónasdóttur, um þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. Kostur þeirra er þó sá að það er ekki mótsögn á milli 2. og 5. gr. núna og að því leyti fagna ég þessari breytingu. En ég er sannfærð um að hún mun valda mjög mörgum miklum vonbrigðum, ekki síst þeim sem telja sig vera að fara í háskóla en eru kannski að fara í 2. eða 3. flokks háskóla miðað við venjulegar skilgreiningar. En sú breyting að ekki allir háskólar séu rannsóknarháskólar er skynsamleg af fjárhagsástæðum, þ.e. það er mun ódýrara að reka háskóla ef ekki þarf að skilgreina starfsskyldu hvers einasta kennara allt að því upp í helming í rannsóknir. Þetta var afstaðan í Svíþjóð þegar svokallaðir högskolor voru stofnaðir og í Bretlandi þegar svokallaðir polytechnics voru stofnaðar. Síðan eru um tveir áratugir og nú er aðgreining þessara skóla og rannsóknarháskólanna æ minni því það kom fljótlega upp mjög sterk krafa allra háskólanna að verða rannsóknarháskólar. Það er því mjög líklegt að háskólastigið vaxi mjög mikið á komandi árum og áratugum, ekki síst ef framhaldsskólinn verður styttur um eitt ár eins og stefnumörkunarnefnd hefur lagt til. Það mun að mínu mati verða til þess að æ fleiri taka stúdentspróf og megnið af starfsnámi flyst á háskólastig. Þetta er þróun sem er í takt við þróunina annars staðar, samanber t.d. athyglisverða úttekt á þróun háskóla í heiminum í tímaritinu The Economist frá 4. október sl. Þar kemur fram að í Kanada skráir um 40% árgangs sig í háskóla, yfir 35% í Bandaríkjunum og lítill munur er í Frakklandi og í Nýja-Sjálandi. Tölurnar eru hins vegar mun lægri í Þýskalandi eða í kringum 10%, enda er verkmenntun á framhaldsskólastigi mjög sterk í Þýskalandi og skilgreining á háskólum mjög þröng.

Hér á landi telst mér til að um 25% árgangs skrái sig í háskóla eins og er og það bendir því allt til að þróunin hér verði líkari því sem þekkist í Kanada og í Bandaríkjunum en í Þýskalandi. Því mundi ég búast við að fjölgi þeim upp í 35–40% sem skrá sig í háskóla miðað við þessar skilgreiningar á næstu 15 árum eða svo og að verkmenntun á framhaldsskólastigi komist ekki upp á alvarlegt plan nú fremur heldur en á sl. 20 árum.

Virðulegi forseti. Það sitja enn eftir nokkrar spurningar og vangaveltur eftir þessa umfjöllun um frv. Þó að halda megi því fram að þessi löggjöf sé að sumu leyti óþörf, samanber ummæli forsrh. um að ekki beri að fjölga lögum að óþörfu, þá mun hún að mínu mati auðvelda alla skriffinnsku í kerfinu, samanburð á milli skóla og gera eftirlit skilvirkara. Og ég fagna sérstaklega ákvæðum 19. og 20. gr. um hvernig fjárveitingum verður hagað, þ.e. að gerðar verði fimm ára áætlanir og gert rekstrarlíkan, reiknilíkan sem á að byggja á fjölda stúdenta. En það eru líka hættur eða ókostir við þetta frv. og þar vil ég nefna í fyrsta lagi að stjórnskipulag ríkisháskólanna er að mínu mati of þröngt eða of aðþrengt fyrir alla þá flóru skóla sem mun heyra undir þessi lög, sem verða mjög mismunandi, bæði að eðli og stærð.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur hér áðan hvort þessi þröngi stjórnunarstakkur verði til þess að æ fleiri háskólar sækist eftir því að verða sjálfstæðari, t.d. sem sjálfseignarstofnanir eða einkaskólar, til að losna úr þessari spennitreyju stjórnkerfisins. Að mínu mati gengur þessi stöðlun t.d. á háskólaráði of langt því að þarna verður um mjög marga og mismunandi skóla að ræða í fyrirsjáanlegri framtíð.

Síðan vil ég nefna ákvæði í 6. gr. um viðbótarinntökuskilyrði, að það verði sem sagt möguleiki fyrir háskóla að neita að taka inn nemendur með stúdentspróf og krefjast viðbótarinntökuprófs. Þetta telja sumir að ætti að vera spor í rétta átt fyrir Háskóla Íslands vegna þess að aðrir sambærilegir skólar eins og t.d. Kennaraháskólinn geti gert slíkt, en akademískt séð má líta á það sem skref aftur á bak þar sem inntökupróf voru t.d. aflögð við Kaupmannahafnarháskóla árið 1855 og stefnan hefur víðast hvar verið sú að það sé lagt á framhaldsskólana að sjá um að stúdentspróf gildi inn í háskóla. Það getur auðvitað átt annað við um sérskóla eins og t.d. leiklistarskóla eða myndlistarskóla þegar stúdentsprófin prófa ekki þá leikni sem skiptir máli og hugsanlega á þetta ákvæði um viðbótarinntökuskilyrði og inntökupróf sérstaklega við um listaháskóla. Ég get alveg séð að það eigi við í þeim tilvikum.

Ég ítreka að ég tel að það sé hætta í þessu frv. að menntmrh. skipi rektor (Forseti hringir.) og síðasta hættan sem ég sé eins og ég nefndi áðan er sú að ráðherra opnar að mínu mati á að skólagjöld verði tekin upp með því að fella úr gildi lögin um skólakerfi en reynslan bæði frá Bretlandi að undanförnu og víðar sýnir að skólagjöldin þurfa alls ekki að tryggja að það komi auknar fjárveitingar til háskóla.

[14:59]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er nokkuð merkilegt að ýmsu leyti. Það hefur lengi legið fyrir að þörf var fyrir samræmda eina löggjöf um háskólastigið. Það er

mjög gamalt mál, hefur verið rætt lengi og það hefur verið unnið að því að reyna að ná samstöðu um það mál mjög lengi. Sú veraldarsaga byrjaði ekki 1994 eins og ætla má í þessu frv. og greinargerð þess.

Ég tel hins vegar að frv. eins og það lítur út hér beri merki þess að Sjálfstfl. eða menntmrh. hafi ákveðið að troða inn í það alls konar pólitískum sérviskum Sjálfstfl. í leiðinni þannig að í frv. er ekki fyrst og fremst almennur umbótavilji og almennar umbótatillögur í málefnum háskólanna heldur eru í forgrunni pólitískar sérviskur menntmrh. Það er mjög alvarlegur hlutur. Þessi mál voru aldrei borin undir háskólann. Það er ekki þannig að þessar tillögur séu frá háskólanum. Ráðherrann kemur með þessar tillögur. Hann leggur þær hér fram í andstöðu við háskólasamfélagið, þ.e. meginþættina sem ágreiningi hafa valdið og hann krafðist þess að Alþingi afgreiddi málið á nokkrum dögum hér í vor. Um frv. um Kennara- og uppeldisháskóla sem verður rætt hér á eftir fengu menn nokkra daga í sumum stofnunum til þess að veita umsögn af því að það átti að gera það að lögum í vor og það var fyrir þrákelkni stjórnarandstöðunnar að tókst að knýja það fram að þessi mál urðu ekki að lögum og háskólarnir sendu hér inn bænaskjöl. Það rigndi hér inn bænaskrám frá háskólunum þar sem þeir báðu um að þessi frv. yrðu ekki að lögum í vor og það er alveg bersýnilegt að háskólarnir hafa tamið sér það að senda hingað þannig texta að það stigi hvergi ofan á hæstv. menntmrh. eða metnað hans í þessum málum.

Það er náttúrlega dálítið umhugsunarefni ef menn geta ekki talast við á málefnalegum grundvelli, ráðuneytið og skólarnir, heldur séu menn meira og minna að reyna að koma hlutunum þannig fyrir að ekki verði móðganir og leiðindi sem verði til þess að loka eðlileg samskipti af á milli háskólans og Alþingis.

Í öðru lagi finnst mér það vera þannig, herra forseti, að hæstv. menntmrh. talar ekki bara eins og hann eigi þessar sérviskur sem hann má eiga fyrir mér, heldur eigi hann Alþingi líka því að það er alltaf talað eins og þetta skipti ekki öllu máli, að þetta sé svona vesen, taki tíma, 20 mínútur á hvern stjórnarandstæðing og svo önnur ræða og einhver andsvör og svona. Svo er það búið, en að öðru leyti skipti það ekki mjög miklu máli sem menn eru að segja hér, það skipti engu máli vegna þess að eins og kemur fram í máli ráðherrans, þá hefur hann þennan vilja og hinn og ætlar bersýnilega að láta hann verða að lögum í þessari stofnun.

Ég verð að segja alveg eins og er að þessi framsetning að því er varðar háskólann er alveg ótrúlegt skref aftur á bak miðað við þann anda sem hefur ríkt í umræðum um Háskóla Íslands hér í þessari stofnun alveg frá 1968–1969. Það er gríðarlega mikil breyting. Það er gríðarlega mikil afturför eins og hinar umdeildu tillögur bera vitni um.

Síðan kemur það fram í ræðu hæstv. menntmrh. að eins og lá fyrir, þá átti að nota sumarið til þess að fara yfir þetta frv. og reyna að laga það. Það er ekki búið. Hvað voru menn að gera í sumar? Af hverju var ekki reynt að ljúka þessum viðræðum? Og til hvers er þá verið að flytja málið ef frv. er ekki frv. heldur bara uppkast á þessu stigi, af því að beðið er eftir niðurstöðum úr þessum viðræðum sem munu standa yfir, eða hvað, á milli ráðuneytisins og háskólans? Fyrsta spurning mín til hæstv. menntmrh. er þessi: Hvenær er þess að vænta að viðræðum ljúki milli menntmrn. og háskólans? Hverjir eru í þessum viðræðum og á hvaða forsendum byggir ráðuneytið viðræðurnar? Það er alveg nauðsynlegt að fá þetta upp vegna þess að það er bersýnilegt að þetta er ekkert frv. eins og það er hér. Það hefði alveg eins verið hægt að nota tíma Alþingis í eitthvað annað vegna þess að það er greinilegt að ráðherrann telur að þetta sé meira og minna markleysa eins og það lítur út, það eigi eftir að skoða málið öðruvísi og jafnvel betur.

Ég vil, herra forseti, mótmæla því að verið sé að misnota þá gömlu ósk allra háskóla á Íslandi að eignast samfellda háskólalöggjöf, til að troða inn einkasérviskum Sjálfstfl. Ég mótmæli því og ég vil ekki að umræðan byggist á þeim þáttum heldur frekar hinu að menn reyni að horfa á þarfir skólanna.

Ég ætla ekki að ræða einstök almenn atriði í þessu frv. mjög ítarlega en vil aðeins segja út af orðum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um 2. gr: Það er verið að breyta henni. Er einhver grein gerð fyrir því í skjölunum af hverju það er gert? Mér finnst þetta ekki vel lagt fram. Mér finnst að það hefði átt að tína það upp alveg nákvæmlega hverju er breytt þannig að þingmenn sjái það og menn þurfi ekki að stunda samlestur í menntmn., með fullri virðingu fyrir honum, til þess að átta sig á því hvað er í málum, heldur sé það augljóst hverjum þingmanni sem nennir að fletta upp í greinargerð frv. Ég tel að þessi vinnubrögð beri að kalla því nafni að það sé verið að reyna að smygla inn einu og einu atriði, kannski ekki stóru, en það verður oft til þess að Alþingi áttar sig ekki á hlutunum sem skyldi.

Varðandi önnur almenn og einstök atriði vil ég síðan segja þetta, herra forseti: Þetta frv. er miðstýringarfrv. og ekkert annað. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að ráðherrann skipi menn í háskólaráð. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að ráðherrann skipi rektorinn, að vísu núna samkvæmt tilnefningum háskólaráðs, en í raun og veru ræður ráðherrann örlögum rektorsins vegna þess að hann getur leyst hann frá störfum þannig að það er alveg bersýnilegt að þarna er um að ræða óeðlilegt og stóraukið vald ráðherrans yfir rektor háskólans.

Ég bendi á ákvæði frv. um gæðaeftirlitið og ég bendi á í fjórða og síðasta lagi fjöldamörg ákvæði um smærri framkvæmdaatriði sem eru í frv. en eiga ekki að vera í því vegna þess að líka er tekið fram að eigi að setja sérlög um einstaka skóla, a.m.k. um Háskóla Íslands, og þá eiga þessi sérákvæði ekki heima í þessu frv.

Í öðru lagi um málið almennt, þá ætla ég að endurtaka að ég tel að málið sé ekki nægilega vel lagt fram og legg þá aðra spurningu mína fyrir hæstv. menntmrh. sem er þessi: Hver yrði staða frv., ef að lögum verður, andspænis gildandi sérlögum? Tekur frv., ef að lögum verður, af einhver ákvæði og þá hver, í gildandi sérlögum? Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að óeðlilegt sé að ræða um þessi almennu lög öðruvísi en að uppkast að sérlögunum liggi fyrir.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hins vegar utan úr háskóla, er málið þannig að uppkast að þessum sérlögum liggur ekki enn þá fyrir, en það ætti auðvitað að vera þannig að Alþingi afgreiði þessi mál ekki fyrr en frv. til sérlaga liggur fyrir svo Alþingi geti tekið ákvörðun um allan pakkann í heild, en ekki aðeins þessi ákvæði eins og þau eru.

Þriðja almenna atriðið sem ég vil nefna í þessu frv. og ég vil mótmæla er opnunin fyrir gjaldtöku. Ég tel að með frv., ef það yrði að lögum, væri verið að staðfesta heimild til skólanna og staðfesta þá stefnu að um yrði að ræða almenna skattlagningu á nemendur og eins og tilgreint er og tíðkað hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar og fyrrv. ríkisstjórnar.

Ég minni á hugmyndirnar um 100 þús. kr. skólagjöldin. Ég minni á þær hugmyndir og ég minni á umræðurnar um þær og ég tel að hættulegt sé að vera með svona skólagjaldaákvæði inni meðan Sjálfstfl. ræður bæði menntmrn. og fjmrn. eins og hann ræður núna.

Ég vil síðan nefna eitt minni háttar atriði, herra forseti, sem lýtur að 22. gr. frv. og ég átta mig ekki alveg á eftir að hafa lesið greinargerðina og greinargerð fjármálaskrifstofu fjmrn., en þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisháskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð viðkomandi háskóla fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum."

Um þetta er svo fjallað í greinargerð frv. Og í umsögn fjmrn. segir svo, með leyfi forseta:

„Í 22. gr. er lagt til að ríkisháskólum verði heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að atvinnurekstri í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Jafnframt er lagt til að háskólaráð viðkomandi skóla fari með eignarhluta skólans í slíkum fyrirtækjum. Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins er kveðið á um að aðilar í A-hluta fjárlaga þurfi hverju sinni að afla heimilda í lögum til að kaupa eða selja eignarhluta í félögum. Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er almenna reglan sú að fjármálaráðuneytið fer með eignir ríkisins, þar á meðal eignarhluta í félögum og fyrirsvar þeirra vegna."

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að mér sýnist að nauðsynlegt sé að leggjast aðeins betur yfir þessa grein eins og hún er hér. Ég er ekki að hafa skoðun í ræðu minni á efni hennar, en það er greinilegt að ætlunin er að skólarnir eigi þennan eignarhlut og fari með hann, en fjmrn. telur að það eigi að fara með þennan hlut. Það er nauðsynlegt að yfir það mál verði farið, ekki einasta í menntmn., heldur verði fulltrúi frá fjmrn. kallaður til umræðu um það mál vegna þess að ég sé ekki betur en að um sé að ræða nokkurn ágreining um þetta mál sem ég viðurkenni að er tæknilegt en það skiptir miklu máli að svona hlutir séu hreinir.

Þegar þessi mál hafa verið til meðferðar á Alþingi hafa ýmsir fjallað um þau, eins og t.d. stúdentaráð Háskóla Íslands. Og stúdentaráð Háskóla Íslands gagnrýnir frv. mjög alvarlega. Þar segir t.d., með leyfi forseta:

„Fyrst ber að nefna að það frv. sem hér er fjallað um er ekki unnið í samstarfi við háskólasamfélagið. Ráðherra styðst þó að einhverju leyti við tillögur samstarfsnefndar háskólastigsins og skýrslu þróunarnefndar frá 1994. Það breytir því ekki að Háskóli Íslands eða fulltrúar hans komu ekki að samningu þessa frv. en það er nauðsynlegt ef ríkja á sátt um það."

Í athugasemdum sem fylgja frv. er vísað til skýrslu þróunarnefndar. Þar af leiðandi er rétt að benda á nokkrar mikilvægar staðreyndir er varða nefndina. Í fyrsta lagi áttu eingöngu fjórir fulltrúar HÍ sæti í þessari 16 manna nefnd. Hinir 12 voru fulltrúar atvinnulífs og Alþingis, þar á meðal Björn Bjarnason núv. menntmrh. Í öðru lagi er rétt að benda á að ekki ríkti sátt um niðurstöðu nefndarinnar því hún klofnaði í afstöðu sinni um mjög veigamikil atriði.

Ég les þetta hér upp, herra forseti, vegna þess að mér finnst að aðdragandi málsins sé hér mjög vel, algerlega í hnotskurn. Það er sem sagt þannig að fyrir liggur frv. Í því er fullt af alls konar hlutum sem eru teknir upp úr stefnuskrá Sjálfstfl. og hafa ekkert með háskólapólitík að gera. Og í staðinn fyrir að vinna eðlilega að þessu máli í sátt við háskólasamfélagið, með samræðum og samráði við alla aðila, þá er þessu slengt hér inn en látið í veðri vaka að miklu meiri sátt sé um það en í raun og veru er, með því að vitna til þessarar þróunarnefndar frá 1994 sem skilaði margklofnu áliti og þar af leiðandi segja tilvitnanirnar í álit hennar ekki neitt þó að aftur og aftur sé klifað á því í greinargerðinni að þessi nefnd hafi skipt mjög miklu í þessu sambandi.

Síðan segir í áliti stúdentaráðs Háskóla Íslands, með leyfi forseta: „Rammalöggjöf á eingöngu að fela í sér einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla. Hún verður að vera rúm svo hægt sé að taka tillit til sérstöðu hvers skóla í sérlögum hans. Það frumvarp um háskóla sem nú liggur fyrir þrengir starfsrammann um of. IV. kafli frumvarpsins kemur í veg fyrir það stjórnunarlega frelsi sem Háskóla Íslands er nauðsynlegt."

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, til að láta þess getið að það eru ekki einasta mín viðhorf sem ég hef rakið í ræðu minni sem lúta í þá veru sem ég nefndi áðan heldur kemur það líka fram hjá aðilum eins og stúdentaráði Háskóla Íslands. Það eru heldur ekki einasta mín viðhorf að mönnum hafi verið þröngur stakkur sniðinn með þessu máli því það segir háskólinn líka, t.d. í bréfi til menntmn. Alþingis frá Háskóla Íslands sem er dagsett 5. maí 1997 þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Háskólaráð æskir þess við Alþingi að háskólasamfélagið fái ráðrúm til haustsins til þess að geta fjallað rækilega um frumvarp til laga um háskóla." Síðan segir: „Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi mun binda háskólann við stjórnskipan sem hann telur sér ekki henta og svipta rektor þeirri stöðu sem hann hefur haft sem kjörinn oddviti háskólasamfélagsins frá upphafi." Hér er skýrt að orði kveðið.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að ég tel að sú umræða sem fer fram hér og mun fara fram í haust um háskólana er umræða um örlög háskólasamfélagsins á Íslandi. Ætla menn að gera háskólana að undirskrifstofum í menntmrn. eða ætla menn að þola það og horfa á það gerast að háskólarnir fái að þróast sjálfstætt og eðlilega og með eðlilegu og sanngjörnu samstarfi sín á milli? Ég tel að háskólarnir þurfi á öllu sínu að halda á næstu vikum og mánuðum til þess að verjast þeirri almennu pólitísku atlögu sem mér finnst að felist að sjálfstæði háskólasamfélagsins í þessum frv. Og hvað þýðir það? Er það ekki hið besta mál að gera háskólana bara eins og hvert annað fyrirtæki? Er ekki menntunin besta fjárfestingin? Þannig er nú yfirleitt talað um menntunina í seinni tíð, rétt eins og menntunin hafi ekkert menningarlegt gildi og innihald fyrir þá einstaklinga sem læra í skólum eða annars staðar. Ég held nefnilega að umræðan í haust snúist ekki aðeins um sjálfstæði háskólanna sem stofnana heldur líka um það að hve miklu leyti þeir geta skilað sínum hlut í betri lífskjörum á Íslandi á komandi árum og áratugum. Það væri ofboðslegt ef mönnum tækist að eyðileggja þann grunn sem hefur verið byggður upp allt frá árinu 1909 í starfsemi háskólanna í landinu núna á næstunni og þess vegna er alveg ljóst að það verður að taka tíma í að ræða þessi mál eins og kostur er bæði í menntmn. og hér í þessari virðulegu stofnun.

[15:19]

**Útbýting þingskjals:**
Umferðarlög, 188. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 190.

[15:19]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til rammalaga um háskólann. Frv. var lagt fram á Alþingi síðasta vetur. Frv. kom nokkuð seint fram þannig að vart var hægt að reikna með því að það yrði afgreitt á þinginu þrátt fyrir allgóða umfjöllun. Mál sem þetta er hins vegar svo viðamikið og snertir svo marga að það má teljast til bóta að það fái umræðu á tveimur þingum til þess að tryggja enn frekar vandaða umfjöllun.

Helsta markmiðið með setningu þessara laga er að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastigi og kallað hefur verið háskólastig. Í frv. eru dregin saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Gert er ráð fyrir að lögin geymi einungis einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla og löggjöf hvers skóla verði síðan endurskoðuð og einfölduð en allar nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla verði að finna í reglugerð. Mikilvægt atriði í frv. er að það gengur út frá því að háskólar geti bæði verið ríkisreknir og einkareknir.

Eins og fram kemur í heiti frv. er lögunum ætlað að staðfesta almenna stefnu stjórnvalda í málefnum háskólastigsins og tryggja lágmarkssamræmi í löggjöf einstakra háskólastofnana. Lögunum er ætlað að ná til allra menntastofnana sem taka við nemendum sem lokið hafa framhaldsskólanámi og uppfylla nánar tilgreind inntökuskilyrði. Þó að frv. sé með býsna víðan ramma setur það ramma og það á að tryggja hag nemenda. Námið skiptir hvern nemanda meira og meira máli fjárhagslega og persónulega því það er fjárfesting. Því skiptir máli að námið nýtist, frv. greiði fyrir að námið verði viðurkennt á milli skóla og skólastiga. Það á sem sagt að taka á því m.a. að gæði náms séu í lagi og það sé viðurkennt. Lögunum er ætlað að ná jafnt til skóla sem sinna rannsóknum og þeirra sem eingöngu sinna kennslu. Gert er ráð fyrir að lögin myndi ramma um ákvæði í sérlögum hvers skóla. Því er nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög um hvern háskóla. Í lögunum er að því stefnt að skilgreina markmið háskólastarfseminnar, tryggja betur sjálfstæði háskóla, tryggja möguleika á virkara gæðaeftirliti með starfsemi skólanna og opna leið fyrir virka árangursstjórnun. Auk þess er lagt til að lögfestar séu meginreglur um stjórnsýslu ríkisháskóla og hlutverk æðstu stjórnenda þeirra skilgreind.

Verið er að skerpa á fimm megineinkennum:

1. Aukið sjálfstæði.
2. Gæðaeftirlit.
3. Efling rektorsembætta.
4. Skipulag skólastjórnar.
5. Kærumál nemenda.

Allt eru þetta meginatriði sem eru mjög mikilvæg í rammalöggjöfinni. Með auknu sjálfstæði er átt við að í frv. er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem háskólunum er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Sérstaklega eru tilgreind þau svið sem ráðherra skal setja sérstakar reglur um. Er það aðallega á þeim sviðum sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í skólastarfseminni, t.d. reglur um heiti og inntak viðurkenndra háskólagráða.

Ég held að segja megi að umsagnaraðilar um frv. hafi almennt verið mjög jákvæðir. Menntmn. fékk mjög margar umsagnir og var greinilegt að kallað hefur verið eftir því að slík heildarlöggjöf eða rammalöggjöf um háskólastigið yrði sett. Bæði í umsögnum og viðtölum í menntmn. kom fram að mjög margir óskuðu þess eindregið að frv. yrði afgreitt á þinginu síðasta vetur en þó voru nokkur atriði sem þurftu nánari athugunar við. Í Háskóla Íslands höfðu menn t.d. nokkrar athugasemdir við hugmyndir um stjórnskipulag sem rammað er inn á nokkuð ákveðinn hátt í frv. Í umræðum í nefndinni og einnig í skoðunum gesta kom mjög til umræðu skilgreining á því hvað væri háskóli. Er háskóli skólastig sem tekur við af framhaldsskólanum? Er það nægileg skilgreining? Mikið var einnig rætt um hvort skóli þyrfti að sinna rannsóknarskyldu til þess að geta kallast háskóli. Hjá hinum stærri skólum kom skýrt fram að þeir reiknuðu ekki með að þeir minni og sérhæfðu skólarnir mundu sinna rannsóknum en þegar minni skólarnir ræddu málin töldu þeir að ekki væri hægt að nefna skóla háskóla nema hann sinnti rannsóknum en til þess þyrfti auðvitað fé og því þyrfti að reikna þann þátt inn í fjárveitingar. Í framhaldi af þessu þyrfti að skilgreina hvað væru rannsóknir í þessu sambandi, annars vegar akademískar grunnrannsóknir eða ættu hagnýtar rannsóknir að telja í þessu samhengi líka. Niðurstaða fékkst eðlilega ekki.

Í nefndinni var rætt um fullorðinsfræðslu, endurmenntun, fjarnám og skilgreiningar á því. En í því sambandi vitna ég í orð hæstv. menntmrh. í þingræðu á síðasta þingi þegar frv. var til umfjöllunar en hann sagði, með leyfi forseta:

„Við vitum að fjarnám og annað slíkt sem er hægt að stunda án þess að menn fari inn í stofnun eða setjist á skólabekk í hefðbundnum skilningi er að aukast og háskólar hér ætla *í auknum mæli* að fara að bjóða upp á slíkt. Spurningin er sú að fá þá rétt til að skilgreina slíkt nám á faglegum forsendum og frv. veitir rétt til þess."

Ég tel með öðrum kostum frumvarpsins að í 4. gr. er lagt til að menntmrh. geti veitt einkaskólum starfsleyfi starfi þeir eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntmrh. hefur staðfest en staðfesting ráðherra er forsenda starfsleyfisins. Því er í 19. gr. lagt til að menntmrh. geti gert samning við félög, fyrirtæki eða stofnanir um að annast tiltekna menntun gegn ákveðinni greiðslu. Skilyrði fyrir slíkum samningi er að sjálfsögðu að viðkomandi skóli hafi fengið leyfi til þess að kenna á háskólastigi. Í framhaldi af þessu er rétt að benda á 24. gr. sem er um samstarf háskóla: „Háskólar skulu hafa með sér samráð og samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni skulu háskólar m.a. setja reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta."

Annað atriði sem gæti m.a. nýst á landsbyggðinni er að ríkisháskólum er heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Einnig er lagt til að háskólar geti átt aðild að fyrirtækjum sem sinna rannsókna- og þróunarstarfi.

Hæstv. forseti. Að mínu viti þyrfti að skýra nokkuð hvernig háskólar eigi að standa að símenntun og endurmenntun á háskólastigi. Jafnframt að skýra hvað átt er við með orðalagi 2. gr. þar sem segir: „Háskólar skulu miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar." Ég tel að ljóst sé að rammalöggjöfin rúmi býsna vítt

svið háskólamenntunar og ýmiss konar form. Það er af hinu góða.

[15:28]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður um frv. Það kom mér að vísu dálítið á óvart, herra forseti, að hlýða á ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar því hann lýsti atburðum sem ég hef verið þátttakandi í á allt annan hátt en þegar ég var þátttakandi í þeim og bjó til einhverja sögu í kringum tilurð þessa frv. sem á ekki við nein rök að styðjast.

Þannig er mál með vexti að fullt samráð var haft við alla skóla á háskólastigi um gerð frv. Raunar má segja að kveikjan að frv. hafi orðið til í þeirri samstarfsnefnd sem þessir 13 skólar eiga aðild að. Síðan varð það að ráði að menntmrn. tæki þau drög að frv. og léti fara yfir þau, léti laga þau frá lögfræðilegum sjónarhóli að nýjum kröfum varðandi m.a. stjórnsýslulög og upplýsingalöggjöf. Frv. var síðan kynnt á fundum í samstarfsnefnd um háskólastigið og rætt þar og tekið mið af ýmsum ábendingum sem komu fram í því samráðsferli og að lokum var frv. flutt á Alþingi.

Að því er varðar Háskóla Íslands sérstaklega, sem mér fannst hv. þm. tala um eins og hann væri einn fulltrúi háskólasamfélagsins á Íslandi, sem er mikill misskilningur, þá var efnt til funda með þáverandi háskólarektor, fulltrúum háskólasamfélagsins og háskólaráðs og farið yfir það hvernig bæri að líta á sérlög um Háskóla Íslands í ljósi þess að frv. yrði flutt og sú rammalöggjöf yrði að lögum. Niðurstaðan varð því sú að ósk Háskóla Íslands að sett skyldi á laggirnar sameiginleg nefnd ráðuneytisins og háskólans undir formennsku fulltrúa háskólaráðs til þess að semja sérlög um Háskóla Íslands. Sú nefnd hefur verið að störfum, í fyrstu undir formennsku Þorgeirs Örlygssonar, prófessors í lagadeild Háskóla Íslands, sem nú hefur sagt af sér vegna þess að tími hans leyfði ekki að hann sinnti þeim störfum áfram og nú skilst mér að Davíð Þór Björgvinsson prófessor taki við formennsku í þeirri nefnd. Menntmrn. hefur hins vegar skipað þrjá fulltrúa í nefndina og háskólaráð þrjá og þessir aðilar hafa setið að fundum allan sl. vetur og í sumar og hugmyndir hafa komið fram sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir rakti í sinni ræðu, annars vegar um að sérstakt stærra samstarfsráð yrði innan háskólans sem kjósi 10 manna háskólaráð eða háskólanum yrði skipt upp í 4–5 skóla eftir því hvernig hugmyndirnar líta út.

Ég stóð frammi fyrir því þegar ég var að taka ákvarðanir um að leggja frv. fram að nýju að innan háskólans eru menn ekki á eitt sáttir um hvora leiðina eigi að fara og í ljósi þess var ekki hægt að taka afstöðu til þeirra hugmynda við frágang á frv. Ég taldi hins vegar fráleitt að leggja frv. fram án þess að hafa IV. kafla með því að sá kafli — og það er rétt hjá hv. þingmönnum — er mjög ítarlegur og nákvæmur vegna þess að þar er tekið á álitaefnunum um stjórnsýsluákvæðin. Það er mjög mikilvægt og það er reynsla okkar sem störfum núna, og allra held ég, sem starfa á sviði háskólastarfsins, að þessi ákvæði þurfa að vera mjög skýr og afdráttarlaus um stjórnsýsluþáttinn, um það hvar ákvarðanir eru teknar, hvernig þær eru teknar, hver ber ábyrgð á hvaða sviði o.s.frv. Það er þess vegna sem þessi kafli er nákvæmari og ítarlegri en aðrir í frv.

Ég tel engar líkur á öðru en að samkomulag náist milli menntmrn. og Háskóla Íslands um niðurstöðu varðandi ný lög um Háskóla Íslands því öllum er ljóst að endurskoða þarf háskólalöggjöfina. Að endurskoðun hennar er staðið með sama hætti og gert hefur verið um langt árabil og háskólinn á þar að sjálfsögðu mikinn frumkvæðisrétt og á gott samstarf við menntmrn. Það hefur engin breyting orðið á þeim starfsháttum sem gilt hafa frá 1968 eða 1909 eða hvaða ártöl menn nefna í því samhengi.

Unnið er að því í samvinnu ráðuneytisins og Háskóla Íslands að endurskoða lögin um Háskóla Íslands. En Háskóli Íslands hefur ekki síðasta orðið og á ekki að hafa síðasta orðið um þau lög. Það er Alþingi. Um rammalöggjöfina hefur verið fjallað á samstarfsvettvangi háskólastigsins og með vitund allra sem þar eru. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram með hliðsjón af því að verið er að halda því fram að eitthvað óeðlilega hafi verið staðið að umgjörð málsins og það endurspegli pólitískar ályktanir Sjálfstfl. Ég man ekki til þess að hann hafi sérstaklega ályktað um þau mál sem hér er fjallað um, en e.t.v. er hv. þm. Svavar Gestsson betur að sér en ég um það.

Hvað varðar þróunarnefnd Háskóla Íslands, þá sat ég í henni og það er alrangt að halda því fram að sú nefnd hafi brotnað upp í einhverjar einingar eða skilað ósamhljóða áliti. Hún skilaði samhljóða áliti sem liggur fyrir og m.a. áliti sem lýtur að stjórn háskólans, lýtur að því hvernig háskólaráð skuli skipað. Þar er mælt með því að menn utan háskólans eigi sæti í háskólaráði þannig að sú mynd sem dregin var hér upp af tilurð frv. og störfum í þróunarnefnd háskólastigsins eða Háskóla Íslands var alröng. Þar sem ég hef átt aðild að hvoru tveggja, þá þótti mér eins og verið væri að setja mig inn í einhvern ævintýraheim Alþb. í staðinn fyrir þann veruleika sem réð þegar þessar ákvarðanir voru teknar, sú stefna mótuð og þessir textar samdir.

Að því er varðar sérstaklega 2. gr. frv. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerði að umtalsefni, er breyting á orðalagi í 2. gr. í sjálfu sér ekki efnisbreyting, því eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir benti á töldu menn í meðferð þingsins og nefndarinnar sérstaklega að ákveðinn árekstur væri á milli 2. og 5. gr. Með þessari orðalagsbreytingu leit ráðuneytið þannig á að verið væri að koma til móts við þau sjónarmið og þarna yrði að sjálfsögðu að vera samræmi í texta og það yrði gert á þennan hátt. Ef skólar telja að þetta orðalag veiki stöðu þeirra, þá er það alls ekki ætlunin af hálfu ráðuneytisins því að hér er alveg skýrt kveðið á um að þessi lög taki ekki af skarið um þetta málefni heldur sérlögin um skólana sem taka af skarið um það hvaða hlutverki þeir gegna. Það eru sérreglurnar um skólana sem taka þar af skarið en ekki þetta frv. Hins vegar var orðalaginu breytt til þess að samræmi væri á milli 2. gr. og 5. gr. eftir ábendingum sem komu fram í hv. menntmn.

Varðandi umræður um fjárveitingar til háskólans, sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að, þá er mjög forvitnilegt að bera saman tölur því menn hafa haldið því fram að hér hafi orðið gífurleg þáttaskil í fjárveitingum og þá sérstaklega til Háskóla Íslands. Ef litið er á þróun fjárveitinga til Háskóla Íslands á nemanda og bornar saman tölur, t.d. 1989 annars vegar og 1996 hins vegar á heildartekjur háskólans á innritaðan nemanda að frádregnum gjöldum til Endurmenntunarstofnunar, þjónustustofnana og Happdrættis Háskóla Íslands þá voru heildartekjur háskólans á innritaðan nemanda 1989 401 þús. kr. en 415 þús. kr. árið 1996. Það hefur því engin breyting orðið með þeim hætti sem menn hafa lýst, eins og saumað hafi verið fjárhagslega að Háskóla Íslands á þessu árabili þannig að einhver þáttaskil hafi orðið. Ef litið er á heildartekjur á virkan nemanda í Háskóla

Íslands með sömu formerkjum voru þær 601 þús. kr. 1989 og 600 þús. kr. 1996 þannig að þessar tölur segja hvernig að fjárveitingum er staðið á hvern einstakan nemanda þegar heildartekjur háskólans eru skoðaðar að frádregnum tekjum Endurmenntunarstofnunar og þjónustustofnana Háskóla Íslands, annars vegar á innritaðan nemanda og hins vegar á virkan nemanda.

Á sama tíma hefur nemendum fjölgað eins og við vitum mjög í Háskóla Íslands og þessi tala hefur haldist. Í öðrum löndum hefur það gerst að nemendum hefur fjölgað en greiðsla á nemanda hefur jafnframt minnkað og sérstaklega hefur þetta orðið áberandi í Bretlandi. En hvað hefur verið gert í Bretlandi til að brúa þetta bil? Eins og við vitum ákvað ríkisstjórn Tony Blairs nú í sumar að taka upp skólagjöld í Bretlandi til þess að brúa þetta bil. Rökin voru þau að fjölgun háskólanemenda, stöðnun eða samdráttur í útgjöldum til háskólanna leiddi til þess að slíkt bil skapaðist í rekstri háskólanna að nauðsynlegt væri að brúa það og gera það með skólagjöldum. Það er þetta sem menn hafa vakið athygli á í sumar í umræðunni um þessi mál og talan 100 þús. kr. er m.a. viðmiðun við þau 1.000 pund sem lögð eru á í Bretlandi af nýju stjórnvaldi til þess að bæta hag háskólanna. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram í umræðunum vegna orða sem fallið hafa um skólagjöld.

Það hefur aldrei staðið til að þetta frv. tæki af skarið um að lögð yrðu á skólagjöld. Frv. er hlutlaust í málinu. Það segir að háskólar geti ákveðið það, það sé ekki hægt að ákveða það í sérlögum um háskóla.

Varðandi umræður um skólagjöld þá býst ég við að við rektor Háskóla Íslands munum setja menn í það að fjalla um það mál og brjóta það til mergjar, fara yfir það og sjá hvernig það lítur út. Það er greinilegt á þessum tölum eins og menn sjá að það er ekki sama þörf hér í þessu efni og í Bretlandi. Hins vegar er á það bent í skýrslu OECD um þróun íslenska menntakerfisins og efnahagsmál, sem þingmenn vitna mjög gjarnan í, en sleppa alltaf að geta þess að OECD leggur til að menn afli framvegis aukinna tekna til háskólastigsins með skólagjöldum. Það eru tillögur OECD og þeir þingmenn sem vitna jafnan í það skjal sem aðalheimild sína um fjárhagslega stöðu íslenska skólakerfisins geta ekki litið fram hjá því að OECD leggur til, þegar kemur að háskólanum, að menn fari út á þá braut að innheimta skólagjöld. Það er þetta sem umræður hafa snúist um í sumar en ekki um að fram hafi komið tillögur um að þessi leið verði farin. Hins vegar held ég að nauðsynlegt sé að við ræðum þetta og skoðum og ég á von á því að við munum í sameiningu af hálfu Háskóla Íslands og mín láta skoða þetta mál og menn geti þá séð hvernig um þessi mál er fjallað í öðrum löndum og hvernig staða Íslands er gagnvart því viðhorfi sem annars staðar ríkir og á að vera til þess fallið, að mati þeirra sem að málum standa þar, að bæta stöðu skólanna.

Ég var spurður um það af hv. þm. Svavari Gestssyni hvenær viðræðum við Háskóla Íslands ætti að ljúka. Ég hefði gjarnan viljað að þeim væri lokið. En það hafa orðið ýmis umskipti innan Háskóla Íslands. Það hefur ekki tekist að ljúka þeim en ég á von á því að þeim miði vel áfram á næstu vikum og útlínur málsins liggi fyrir. Að mínu viti væri mjög æskilegt að þær lægju ljósar fyrir áramótin áður en þetta frv. verður að lögum sem ég vona svo sannarlega að verði á haustþinginu. En það er alveg ljóst að sérlög um Háskóla Íslands munu að sjálfsögðu gilda þangað til ný lög um hann verða sett og það er beinlínis gert ráð fyrir því í frv. að háskólar fái tíma allt að tveimur árum til að endurskoða sín lög í samræmi við rammalöggjöfina. Síðan er það svo, eins og hv. þm. vita og hv. þm. Svavar Gestsson veit, að ef sérlög ganga lengra en rammalöggjöf, þá er það almenn lögskýring að þau vegi mjög þungt við mat á afstöðu til mála.

Um þetta held ég að hafi aðallega verið spurt í þessum ágætu umræðum og að ég hafi farið yfir þau atriði sem nefnd voru. Ég vil aðeins árétta það sem ég leyfði mér, herra forseti, í frammíkalli, því nauðsynlegt er að hafa það í huga þegar menn ræða um það að menntmrh. skipi rektor, þá er alveg tekið af skarið um það í frv. að hendur ráðherrans eru bundnar af háskólaráði og háskólaráðið getur ákveðið sjálft hvernig það lætur kjósa rektor, hvert með sínum hætti í einstökum skólum, þannig að menn mega ekki lesa og tala í hálfkveðnum vísum um þetta. Ráðherrann er bundinn af ákvörðunum háskólaráðsins. Það ber að skipa þann rektor sem háskólasamfélagið kýs.

Að því er varðar hvernig menn útfæra þessi lög fyrir einstaka skóla þá liggur fyrir fordæmi um það í frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla sem er hér á dagskránni og verður væntanlega rætt eftir að við höfum lokið umræðu um þetta mál, en ég legg til að því verði vísað eftir þessa umræðu til hv. menntmn.

[15:43]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að ræða um efnisatriði málsins en ég vil fara yfir eitt atriði og það er þetta. Ráðherrann segir: Það er nefnd að störfum úti í háskóla. Hún ætlar að gera tillögu um breytingar á sérlögum og fara yfir þessi mál og það verður tekið tillit til þess. Þá vil ég segja af minni hálfu sem alveg einboðið mál að það er ekki hægt að afgreiða þetta mál og gera það að lögum í þessari virðulegu stofnun fyrr en niðurstöður þeirra viðræðna liggja fyrir. Það er algerlega útilokað af hæstv. ráðherra að ætlast til þess af Alþingi að það traðki þannig á þeim aðilum sem í hlut eiga, að við hinkrum ekki eftir niðurstöðu úr þeim viðræðum.

[15:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú alger misskilningur hjá hv. þm. að fullbúið frv. þurfi að liggja fyrir til þess að menn geti afgreitt þetta mál. Aðalatriðið er að innan Háskóla Íslands komi menn sér saman um það hvora leiðina þeir vilja fara, hvort þeir vilja fara þá leið að hafa þetta stærra ráð innan skólans, sem kjósi háskólaráð, eða hvort þeir vilja fara þá leið að skipta skólanum upp. Ég held að mjög brýnt sé að ákvörðun um það liggi fyrir núna alveg á næstu vikum. Það er aðalatriðið í þessu máli því að um það hefur gagnrýni háskólans varðandi IV. kafla frv. snúist, að háskólinn hefur talið að IV. kaflinn setti honum óeðlilegar skorður í því efni, sem ég tel raunar rangt mat.

[15:45]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála þessari uppsetningu ráðherrans. Ég er þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru algerlega út í hött að reyna að knýja frv. af þessu tagi í gegnum þingið fyrr en drög sjást að þeim sérlögum sem eiga að ná yfir háskólana í háskólasamfélaginu. Mér finnst algjörlega öfugt að hlutunum farið að reyna að keyra í gegn almennt frv. af þessu tagi með þeim sérstöku sérviskum Sjálfstfl. sem skerða sjálfstæði háskólanna. Eðlilegast væri að ýta þessu

máli út af borðinu og fara fyrst yfir frv. til sérlaga fyrir hina ýmsu háskóla.

[15:45]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur enginn skólanna haft þessa skoðun sem hv. þm. hefur. Það hefur enginn skólanna óskað eftir því að rammalöggjöfinni yrði ýtt til hliðar á meðan sérlögin væru samin, hvorki Háskóli Íslands né aðrar stofnanir. Háskóli Íslands bað um lengri tíma í vor. Sá frestur var veittur. Hann hefur aldrei farið þess á leit að Alþingi léti hjá líða að afgreiða þetta frv. enda er mjög brýnt fyrir alla skólana, ekki síður Háskóla Íslands en aðra, að frv. nái fram að ganga. Þessi afstaða hv. þm. hlýtur að koma öllum þeim sem bera hagsmuni háskólastigsins fyrir brjósti í opna skjöldu. Það er eitthvað annað sem vakir fyrir hv. þm.

[15:46]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. menntmrh. um skýrslu OECD og að þar komi fram að málefni háskólans skuli leysa með skólagjöldum þá er það rétt að það er einn af þeim möguleikum sem nefndur er, en fyrst og fremst er verið að tala um að auka verði framlög til menntamála á Íslandi. Í framhaldi af þessari skólagjaldaumræðu og tilvitnun í Tony Blair og að hann ætli að taka upp 1.000 punda skólagjöld þá er rétt að svokölluð Dering-nefnd sem var skipuð fulltrúum allra flokka lagði þetta til við stjórn Blairs. Hann tók þetta ekki gilt. Á síðasta þingi Verkamannaflokksins var ákveðið að þessi 1.000 pund skyldu eingöngu leggjast á þá sem hafa tekjur eða eiga foreldra sem hafa tekjur yfir ákveðnum mörkum. Þeir sem hafa tekjur undir ákveðnum mörkum greiða ekki neitt og þeir sem eru á millitekjustigi greiða eitthvað þarna á milli. Mér vitanlega er ekki enn þá búið að samþykkja lög um þetta í þinginu. En þetta er alla vega stefna Tony Blairs samkvæmt nýjustu upplýsingum.

Varðandi hugmyndir ráðherra um að misskilningur hafi verið af minni hálfu um að hendur séu ekki bundnar hjá rektor þó hann sé skipaður af menntmrh. Ég geri mér fullkomna grein fyrir því að það er áfram hægt að kjósa rektor. En það hefur mjög mikið táknrænt gildi að hann skuli vera skipaður af menntmh. sem er að mínu mati mjög slæmt. Þess vegna spyr ég ráðherra enn og aftur: Hefur hann eitthvað við það að athuga að þessari setningu verði sleppt úr lögunum og rektorinn verði áfram kosinn af háskólasamfélaginu en ekki skipaður af ráðherra? Þ.e. að sama fyrirkomulag verði og nú tíðkast.

[15:48]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. þegar hann tekur að sér að verja stefnu Tony Blairs varðandi skólagjöld í Bretlandi og útskýra það fyrir hv. þingheimi. Það er mál sem Bretar takast á um en það er vitað að ríkisstjórn Verkamannaflokksins hefur þá stefnu að innheimta skólagjöld í breskum háskólum. Telji hv. þm. sér fært að verja þá stefnu vegna þess að breska stjórnin fylgi henni þá er það mál sem ég ætla ekki að blanda mér í.

Varðandi seinni athugasemdina, þá er það tillaga sem ég hef gert af því að ég tel það vera í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að hafa þá skipan varðandi tengsl ráðuneytis og háskóla sem mælt er fyrir um í frv. Ég tel að það sé í samræmi við þær stjórnsýslukröfur sem nú eru gerðar og það samhengi sem þarf að vera á milli stjórnstiga. Ef þingmenn, sem hafa samþykkt stjórnsýslulögin og gengið í gegnum og lesið skýrslur umboðsmanns Alþingis og allar þær úttektir sem gerðar hafa verið á framkvæmd þeirra laga, telja að þessi tilhögun breyti í huga starfsmanna háskólans stöðu hans með táknrænum hætti og ef þeir telja að sú tilhögun brjóti í bága við góða stjórnsýsluhætti og sýni það með rökum, þá skal ég taka málið til skoðunar. Ég hef ekki heyrt neitt sem mælir með því að þessi leið sé ekki farin ef menn vilja fylgja góðum og réttum stjórnsýsluháttum. Hið táknræna verður stundum að víkja fyrir því sem er raunverulegt þegar menn eru að fjalla um jafnviðkvæm mál og það sem varðar réttarstöðu borgaranna og tengsl einstakra stjórnsýslustiga. Á því máli er tekið í þessu frv. því það er sniðið eftir nýjum stjórnsýslulögum.

Hér er ég með skýrslu OECD og það er alveg ljóst að í þeirri skýrslu kemur fram sú megintillaga varðandi fjármögnun Háskóla Íslands að þar verði tekin upp skólagjöld. Það hefur enginn deilt um það. Hv. þm. sem vitnar oftar til þessarar skýrslu en nokkur annar hlýtur að hafa lesið þennan kafla eins og aðra kafla skýrslunnar.

[15:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning þá er ég alls ekki að mæla með skólagjöldum og finnst þau alls ekki góð hvort sem Tony Blair eða einhver annar hefur lagt þau til. Komið hefur í ljós, í Bretlandi einmitt, að skólagjöldin skila sér ekki til háskólanna. Fjárframlög eru bara lækkuð í staðinn. Þess vegna er engin trygging fyrir því, eins og gerðist þegar innritunargjöld í Háskóla Íslands voru hækkuð, því það varð til þess að fjárveitingar til háskólans voru lækkaðar. Ég hef því enga trú á því að það sé lausn fyrir Háskóla Íslands að hér verði tekin upp skólagjöld. Það er alveg á hreinu, hæstv. menntmrh.

Varðandi táknræna gildið, ef ég má aðeins koma að því, þá fagnaði ég orðum hæstv. menntmrh. og ég vona að hægt verði að vinna að gildum rökum innan menntmn. til að hnekkja því ákvæði sem nú er í frv.

[15:52]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að hækkun innritunargjalda í Háskóla Íslands hafi leitt til þess að fjárframlög til skólans drægjust saman. Sú hækkun sem var ákveðin þegar þau voru hækkuð í 24.000 kr. leiddi ekki til þess. Það eru engin rök fyrir því og ekki hægt að halda því fram ómótmælt þegar slíku er slegið fram.

Það sem ég segi er að ef menn vilja tryggja góða stjórnsýslu í Háskóla Íslands þá eiga þeir að hafa þá skipan sem ég mæli fyrir um í þessu frv. og óska eftir að verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Ef menn vilja víkja góðri stjórnsýslu til hliðar vegna táknrænna tilfinningarsjónarmiða gef ég ekki mikið fyrir vilja manna til að stjórnarhættir í landinu verði góðir, eins og haldið er að okkur ráðherrum hvað eftir annað af hv. alþm. í umræðum á hinu háa Alþingi.

[15:53]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess hvernig fjallað er um umræður um OECD-skýrsluna vil ég gjarnan fara yfir það hvað kemur fram í skýrslunni. Þar kemur nefnilega fram að aðeins fjögur OECD-lönd verja hlutfallslega minna fjármagni til menntamála en Ísland þrátt fyrir að hlutfall ungs fólks á skólaaldri á Íslandi sé með því hæsta sem þekkist innan OECD. Einnig hitt að sérstaklega áberandi er að ekkert OECD-land ver

hlutfallslega eins litlu fjármagni til háskólamála og Ísland. Ef tekið er tillit til þjóðarframleiðslu, sem er mjög há á Íslandi, er Ísland hlutfallslega langneðst af OECD-ríkjunum hvað varðar framlög til menntamála. Þetta eru bara staðreyndir sem koma fram í skýrslunni og eðlilegt að menn vitni til þeirra. En hvernig menn bregðast síðan við þeim staðreyndum, það er pólitík. Um það erum við hugsanlega ósammála. En við deilum ekki um þetta sem skráð er og eru niðurstöður og staðreyndir.

Aðeins vegna umræðu um skólagjöld. Mér heyrist ráðherrann vera fylgjandi því að menn horfi á það sem OECD leggur til eins og einhvern heilagan sannleik. Þá á það sama ekki við á Íslandi og í öðrum löndum. Það kemur mjög skýrt fram þar sem hæstv. ráðherrann er að reyna að réttlæta skoðun sína á skólagjöldum með því að þýða upp úr grein The Economist og setja inn á netið. En þar segir í lauslegri þýðingu hæstv. ráðherra, ef ég má vitna, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er félagslega sanngjarnt að innheimta skólagjöld: háskólastúdentar koma yfirleitt frá fjölskyldum, sem standa bærilega fjárhagslega, ...“

Ég segi nú bara, úr hvaða samfélagi er þessi glósa tekin? Ekki úr því íslenska. Hér er verið að vitna í samfélag sem er mun stéttskiptara en okkar. Einnig segir hér:

„Auk þess er háskólamenntun góð einkafjárfesting, sem stuðlar að hærri launum nemandans síðar á ævinni.“

Og það á að réttlæta skólagjöld. Það á heldur ekki við um íslenska samfélagið. Hér er verið að nota rök sem geta hugsanlega gilt í einhverju allt, allt öðru samfélagi.

[15:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi nú ekki þær rannsóknir á bak við sig til að fyllyrða að The Economist fari með mál þannig að það geti ekki líka vísað til íslenska þjóðfélagsins. Ég held að það þurfi nú meira en svona yfirlýsingar til að draga í efa að það geti ekki líka átt við hér sem þetta blað segir um þessi mál. Það sem ég gerði var að setja þetta fram til að menn hefðu aðgang að því í þessum umræðum. Ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Ég hef sagt það líka sem ég held að hafi komið fram í því sem hv. þm. vísaði til, að það sem um er að ræða fyrir íslenska samfélagið er að sjálfsögðu að búa þannig að sínu skólakerfi að það sé vel samkeppnishæft við aðrar þjóðir. Ef aðrar þjóðir eru að fara inn á þessar brautir til að efla sitt skólakerfi og við grípum ekki til svipaðra ráðstafana til að setja meira fé frá skattgreiðendum inn í skólakerfið þá drögumst við aftur úr. Ég varpaði þessu m.a. upp og menn þurfa að velta þessu fyrir sér. Hið sama á við þegar menn bera saman ríkisrekna skóla annars vegar og einkarekna skóla hér á landi að það er visst áhyggjuefni miðað við það hvernig staðið er að rekstri ríkisskólanna að þeir geta dregist aftur úr einkareknu skólunum sem hafa meira svigrúm til að afla sér sértekna en ríkisskólarnir. Það eru þessi sjónarmið sem ég tel að menn þurfi að hafa í huga þegar um þessi mál er rætt og stöðu háskólanna að þessu leyti.

Þegar litið er t.d. á tölur OECD varðandi grunnskólastigið og framhaldsskólastigið og þær bornar saman við skólatíma hér og annars staðar þá jafnast sá munur sem menn eru að tala um og leggja fjárhagslegt mat á OECD. Það er á háskólastiginu sem menn þurfa að gera bragarbót. Ég tek undir það og tel að bæði í fjárlögum þessa árs og í fjárlagatillögunum fyrir næsta ár sé tekið á málefnum háskólastigsins af ríkisstjórninni í tillögum hennar sem sýnir hvað við erum að gera og fara inn á nýjar brautir.

Ég hef einnig lýst því yfir að ég er reiðubúinn til að ganga til samninga við Háskóla Íslands um að við á ákveðnu árabili brúum það bil sem hann telur enn vera á milli til að hann geti starfað við sómasamleg skilyrði.

[15:58]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra minntist á að ef við litum til lengdar skólatíma og skoðuðum svo framlögin þá liti þetta öðruvísi út. Þá er það nú einmitt verkurinn líka að skóladagurinn og skólaárið á Íslandi er öðruvísi en víðast hvar annars staðar. Það er hluti af því að okkar kerfi skilar ekki sama árangri og þau sem við berum okkur saman við.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að mikilvægt mál er hvernig námsaðstoð er háttað í hverju landi fyrir sig og hvort nemendur eru látnir greiða skólagjöld eða ekki. Það er mikilvægt mál og það er ástæða til að ræða það. Það sem ég var að gera, herra forseti, var að sýna, reyndar í afskaplega stuttu máli, hvernig ráðherrann talar fyrir þessari skoðun sinni þar sem hann setur sínar hugleiðingar fram og við hin megum lesa, þ.e. inni á netinu. Mér sýndist að sá kafli sem hann hafði valið til að setja inn sem rökstuðning hlyti í rauninni að segja okkur eitthvað allt, allt annað en ráðherrann ætlaðist til einfaldlega vegna þess að kaflinn sem hann valdi sagði okkur að skólagjöld, miðað við þessa uppsetningu, gætu hugsanlega átt við í mjög stéttskiptu þjóðfélagi en það á sem betur fer ekki við um það íslenska.

[15:59]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þann kafla sem ég valdi úr hinu virta vikuriti, þá er þess að geta að þetta var eini kaflinn í þessu langa sérblaði vikuritsins um háskóla sem fjallaði um skólagjöldin. En blaðið hefur hvað eftir annað í forustugreinum sínum hvatt til þess að þau yrðu tekin upp þannig að það er almenn stefna blaðsins sem er rökstudd nánar í þessum tilvitnuðu orðum þegar það fjallar um háskólastigið.

Ég vil aðeins láta þess getið að þær tölur sem hv. þm. er að vísa til og OECD notar eru síðan 1993. Varðandi kennslustundafjölda, lengd skóladags og annað slíkt, þá hefur mikið breyst. Og eins og við vitum þá settum við náttúrlega prógunina alveg á nýja braut með fjölgun kennsludaga með nýju grunnskólalögunum og líka með nýjum lögum um framhaldsskóla. Við höfum því með þeim ákvörðunum þegar minnkað þetta bil á milli okkar og samanburðarlandanna því að það er kostnaðurinn vegna hins stutta skólaárs hér sem veldur mestu um muninn á þessum skólastigum.

[16:00]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er því miður alveg nauðsynlegt að fara aðeins ítarlegar yfir þessi mál í framhaldi af svarræðu hæstv. menntmrh. hér áðan og alveg sérstaklega verð ég að segja eins og er að mér finnst vera óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessum gífurlega áhuga ráðherrans á því að leggja á skólagjöld.

Það kemur fram í andsvörum bæði við ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur að ráðherrann leggur ofurkapp á að rökstyðja að það sé beint samhengi á milli betri skóla og skólagjalda. Hann vitnar í þeim efnum í erlenda aðila máli sínu til stuðnings og í sjálfu sér breyta þeir engu um þetta. En mér finnst að uppsetning

hans á málinu sýni mjög vel að við erum í hættu stödd í sambandi við þessi skólagjaldamál með þennan ráðherra. Það á auðvitað ekki að ganga þannig frá lögum að það sem skipti máli í þessu sé í raun og veru það hver situr í ráðuneytinu, heldur á að vera algjörlega skýrt hver vilji Alþingis í þessum málum er og ég tel að hann eigi að vera þannig að það eigi ekki að gera ráð fyrir skólagjöldum í frumvörpum eða lögum sem sett eru um einstaka skóla.

Ég held að það megi líka færa rök að því að slík vinnubrögð séu í raun og veru til þess fallin að veikja stöðu Alþingis. Samkvæmt stjórnarskránni er það þannig að það má enga skatta leggja á nema með lögum frá Alþingi og ég tel að það sé óeðlilegt að fela skólayfirvöldum, hver sem þau eru, skattlagningarvald af hvaða tagi sem það er. — Ég geri nú hlé á máli mínu, herra forseti, vegna þess að ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. gekk úr salnum og mér finnst það algjörlega út í hött að halda þessari umræðu áfram að honum fjarstöddum. Ég óska því eftir að fá að gera hlé á ræðu minni þangað til ráðherrann kemur hér í salinn. — Er ráðherrann væntanlegur, forseti?

(**Forseti** (RA): Það er ekki vitað enn.)

Ráðherrann hljóp á dyr þannig að það er til lítils að halda þessu áfram meðan hann getur ekki setið hérna.

(**Forseti** (RA): Forseti hefur gert ráðstafanir til að láta hæstv. menntmrh. vita af því að ræðumaður hafi gert hlé á ræðu sinni.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir og ég býð hæstv. menntmrh. hjartanlega velkominn í fundarsal Alþingis og ræðustól á eftir mér og þykir vænt um að hæstv. menntmrh. skuli láta svo lítið að vera viðstaddur umræður um hans eigin mál hér.

Ég vil síðan vekja athygli á því hvernig hæstv. menntmrh. setur þetta mál allt saman upp. Það er eins og hann telji að aðdragandinn að málinu sé eðlilegur af hans hálfu og hann hafi unnið málið í samráði og í mjög náinni samvinnu við háskólayfirvöld hér í þessu landi. Í þeim efnum segir ráðherrann: Það var fundur hér og fundur þar, samráð hér og samráð þar og svo segir hann: Það var tekið mið af ýmsum ábendingum. Síðan segir hann til þess í raun að bjarga sér fyrir horn í þessu máli: Innan háskólans eru menn ekki á eitt sáttir í þessum efnum og þess vegna er eðlilegt að ráðuneytið taki af skarið varðandi þessa hluti.

Ég vil segja alveg eins og er að ég tel þetta vera hreinan kattarþvott vegna þess að í sjálfu sér skýrir þetta ekki neitt. Veruleikinn er bara sá að menntmrh. leggur hér fram frv. sem er í beinu stríði og í beinni mótsögn við háskólasamfélagið á Íslandi af því m.a. að það hefur enginn — ég segi enginn — beðið um að t.d. rektor háskólans verði skipaður með þeim hætti sem lagt var til í frv. í upphafi og gert er núna. Það hefur enginn beðið um það í íslenska háskólasamfélaginu að þannig verði að hlutunum farið að háskólinn verði sviptur völdum í þessu efni, enginn. Og hæstv. menntmrh. upplýsir meira að segja hér áðan að ekki einu sinni Sjálfstfl. hafi beðið um það.

Það hefur heldur enginn beðið um að kallaðir séu til fulltrúar með þeim hætti sem hér er gert þannig að það séu sett í lög ákvæði um að stjórn háskólanna sé með tilteknum niðurskrifuðum og njörvuðum hætti eins og hér er gert ráð fyrir. Hér er sem sagt um að ræða pólitískar uppfinningar menntmrh. sem eru á skjön við alla nútímastefnu í menntamálum. Þess vegna mótmæli ég því að hlutirnir séu settir upp eins og hæstv. menntmrh. gerir, að hér sé í raun og veru verið að koma til móts við háskólann, því að það er ekki þannig að það sé verið að koma til móts við háskólann með þeim hugmyndum sem ég hef hér sérstaklega nefnt.

Ég vil líka ítreka það, herra forseti, sem mér finnst mjög mikilvægt í þessu máli að ég tel að rammalagafrv., án þess að hafa fengið að sjá drög að sérlagafrumvörpum, sé fráleitt, og það sé langeðlilegast að bíða með hið almenna frv. þar til niðurstöður liggja fyrir úr þeim viðræðum sem eru í gangi m.a. innan Háskóla Íslands að því er varðar hugsanlegt sérlagafrv. Og ég hvet til þess að þannig verði að málunum staðið af hálfu Alþingis að þetta verði ekki afgreitt fyrr en við vitum betur hver er vilji hinna einstöku háskóla í þessu efni.

Hæstv. menntmrh. segir hér að skólarnir hafi ekki farið fram á það að bíða með þessa hluti eins og ég er að tala um. Út af fyrir sig finnst mér það engin rök í málinu. En ég segi líka að ég held að skólarnir hafi bara ekki haft ráðrúm til þess að fara fram á eitt eða neitt sl. vor. Þessu frv. var slengt hér inn á borð þingmanna. Skólarnir fengu örfárra daga frest til þess að senda umsagnir og þeirra eina umsögn sem skipti máli sl. vor var sú að Alþingi var allra náðarsamlegast beðið um að bíða þannig að það gæfist ráðrúm í sumar til að fara yfir málið. Þess vegna tel ég að það hafi í raun og veru ekki gefist ráðrúm, liggur mér við að segja, til þess að bera fram eðlilegar óskir um lágmarksatriði af hálfu skólanna.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka það að ég mótmæli því alveg sérstaklega sem fram kemur aftur og aftur af hálfu ráðherrans að það verði að leggja á skólagjöld. Það er stórhættulegt mál hvernig hann setur þetta upp, stórhættulegt mál, því að hann dregur jafnaðarmerki á milli skólagjalda annars vegar og betri skóla hins vegar. Hann segir í raun og veru að það sé ekki hægt að bæta skólana nema með því að leggja á hærri skólagjöld. Það er auðvitað alveg svakaleg afstaða af hálfu hæstv. menntmrh. og þess vegna alveg sérstök ástæða til þess að gjalda varhug við öllum frumvörpum sem hann flytur um skólamál og sérstaklega háskólastigið í ljósi þeirra umræðna af hans hálfu sem hér hafa farið fram í dag.

Það hefur verið horft upp á það á undanförnum árum, sérstaklega undanförnum 6–7 árum, að framlög til skólanna hafa verið að lækka. Þegar það hefur gengið yfir um alllangt skeið á síðan að segja við skólana: Þið getið bætt ykkar stöðu með því að samþykkja skólagjöld. Í þessari heljargreip var háskólinn í rauninni fyrir fáeinum árum þegar upptaka þessara skólagjalda hófst og mér sýnist að það eigi áfram að meðhöndla skólana þannig af þessari virðulegu stofnun — ef hæstv. menntmrh. fær komið sínu fram, þá eigi áfram að meðhöndla skólana þannig að Alþingi og ráðherrann haldi þeim í greip sinni og þeir verði neyddir til að taka við skólagjöldum. Þess vegna tel ég að þessi umræða sé út af fyrir sig mikilvæg og gott að hafa fengið það fram að við erum hér með menntmrh. sem telur að það sé ekki hægt að bæta skólastarf í háskólum á Íslandi öðruvísi en að pína fram skólagjöld.

[16:10]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt nú að hv. þm. hefði verið í salnum þegar ég flutti ræðu mína því að ég benti einmitt á það að þróun fjárveitinga til Háskóla Íslands hefðu verið á þann veg að það væru ekki sömu rök fyrir því hér og í Bretlandi að þyrfti að taka upp skólagjöld. Þær tölur sem ég nefndi voru annars vegar frá 1989 um heildartekjur á innritaðan nemanda í háskólanum þegar þær voru 401 þús. kr. og heildartekjurnar núna þegar þær eru 415 þús. Ég sagði að í þessum tölum

komi fram að það sé ekki sama þörf fyrir skólagjöld hér á landi og í Bretlandi. Þetta voru mín orð. Þess vegna las ég þessar tölur. Síðan heildartekjur á virkan nemanda, þá segir: 601 þús. kr. 1989, 600 þús. kr. 1996. Þannig að þróunin hefur ekki orðið með sama hætti og hv. þm. er að halda fram og það hefur ekki dregið þannig úr framlögum til háskólans miðað við heildartekjur hans af innrituðum nemendum annars vegar og virkum nemendum hins vegar að þessi svartsýni öll eigi við. Ég hef hins vegar sagt að við eigum ekki og ég tel að hv. þm. geri nefnilega umræðunni mjög mikinn ógreiða með því að vera alltaf í þessum stellingum sem eru gamalkunnar, „Berufsverbot-stellingunum". Það má ekki nefna einhver ákveðin hugtök. Það má ekki nefna skólagjöld. Það má ekki vekja máls á atriðum. Þá eru menn annaðhvort orðnir tillögumenn eða orðnir sakhæfir fyrir einhverja ólýðræðislega stjórnarhætti. Það eru þessi viðhorf sem ég mótmæli. Ég hef fullt frelsi til að vekja máls á því að við þurfum hér á landi eins og annars staðar að ræða og svara spurningum varðandi skólagjöld og við höfum komið okkur saman um það, ég og rektor Háskóla Íslands, að láta kanna það mál til hlítar þannig að við höfum öll svör á reiðum höndum og áttum okkur á því hvernig sá skóli stendur, og aðrir skólar vonandi líka, að því er þá spurningu varðar.

[16:12]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég veit ekki annað en hæstv. ráðherra hafi fullt frelsi til þess að flytja hér mér liggur við að segja eins vitlausar tillögur eins og honum sýnist. Það er enginn að reyna að leggja hömlur á það. Ráðherrann er algjörlega frjáls að því að flytja endalausar skólagjaldatillögur. Þannig er nú það. Það er enginn að vefengja rétt ráðherrans til að flytja hérna skólagjaldatillögur. Það er ekki nokkur maður að því. Ráðherrann er fullkomlega frjáls í þeim efnum og ég vil láta það koma skýrt fram að ég fagna því að hann skuli koma jafnhreint fram í þessum efnum og hann hefur gert í þessari umræðu í dag vegna þess að það er greinilegt að skólagjöldin eru hornsteinn umbóta í menntamálum að hans mati, skólagjöldin eru undirstaða umbóta í menntamálum að hans mati.

Ég verð hins vegar að segja alveg eins og er að ég harma það að hæstv. menntmrh. er þegar farinn að nota einhver samtöl við hinn nýja háskólarektor sem rök máli sínu til stuðnings, því til stuðnings að það eigi að taka upp skólagjöld og hann segist skoða sérstaklega. Við þekkjum þennan hæstv. menntmrh. Sporin hræða, því það að skoða sérstaklega þýðir oft að það er aðdragandi að því að hérna komi inn tillögur um þessi sömu gjöld. Ég tel að það sé auðvitað sérstaklega varhugavert og mikið umhugsunarefni að hann skuli túlka afstöðu háskólarektors löngu áður en hún liggur fyrir, þó svo að það sé þannig að núverandi háskólarektor hafi lýst því yfir að enginn skóli hafi batnað á því að taka upp skólagjöld. Og ég spyr hæstv. menntmrh.: Getur hann nefnt mér dæmi um einn skóla sem batnaði við að taka upp skólagjöld?

[16:14]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um gæði einstakra skóla sem ég get ekki lagt mat á frekar en hv. þm. og það getur enginn maður svarað þessari spurningu þannig að til gagns sé heldur er þetta náttúrlega sett fram eins og svo margt annað. Ég er alveg hissa á hv. þm. að hann skuli setja sig í þessar útúrsnúningastellingar þegar þetta mikla mál er hér til umræðu og hann skuli láta í veðri vaka að þetta frv. skipti engu máli og því beri að skjóta á frest eins lengi og frekast er kostur. Hefur hann ekki kynnt sér umsagnir skólanna sem mæltu eindregið með því sl. vor eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir benti á. Það hvöttu allir skólar til þess að málið yrði afgreitt á sl. vori nema Háskóli Íslands sem bað um lengri frest. Enginn annar skóli bað um lengri frest. Þeir voru allir þess hvetjandi að þetta frv. næði fram að ganga og allir skólarnir telja að það sé þeim til framdráttar að frv. verði að lögum. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. setur sig í þessar einkennilegu stellingar gagnvart þessu frv. Það er ekki málefnalegt frekar en útúrsnúningur hans á orðum mínum varðandi skólagjöld, varðandi aðdraganda málsins, varðandi umbúnað og efni frv. þannig að hann hefur verið að tala um eitthvað allt annað í allan dag. Ég veit ekki hvers vegna þetta fer svona öfugt í hann að hann skilji ekki efni málsins og sjái ekki hag háskólastigsins af því að fá þetta frv. Það verða engin skólagjöld lögð á nema Alþingi samþykki það. Það verða engin skólagjöld lögð á að fengnum tillögum frá mér, því ég hef ekki gert neina slíka tillögu. Ég vil hins vegar að við ræðum þetta mál eins og önnur atriði sem hljóta að vera til umræðu þegar við fjöllum um fjárhagsmál menntakerfisins sem nauðsynlegt er að huga að með það í huga að auka fjárhagslegan styrk þess.

[16:16]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst ráðherrann óþarflega viðkvæmur fyrir þessum vinsamlegu ábendingum sem ég er með til hans í sambandi við menntamál. Ég fer ekkert ofan af því að ég tel að þetta sé mjög vont mál eins og hann setur það upp. Hann leggur frv. fram og kynnir það og ræðir það hér í allan dag á þeim forsendum að skólagjöld séu mjög mikilvæg.

Auk þess er í frv. þessu gert ráð fyrir því í raun og veru að ráðherrann geti ráðið úrslitum um skipan rektors svo ég nefni eitt dæmi. Þar með er auðvitað verið að brjóta niður kjarnann í sjálfstæði háskólanna þannig að það er auðvitað eðlilegt að þingmenn bregðist hart við í þessu máli. Og ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel að umræðan hér á næstu vikum og mánuðum um sjálfstæði háskólanna snúist um örlög þeirra í íslensku samfélagi og möguleika til þess, ekki bara almennt gagnvart nemendum sínum til þess að láta gott af sér leiða, heldur möguleika til að taka þátt í eðlilegri þróun og uppbyggingu íslenska þjóðfélagsins til að stuðla þar að betri lífskjörum. Og ef háskólarnir eru sviptir frelsinu með þeim hætti sem hér er verið að tala um, þá þýðir það í raun og veru ekki bara lakari stöðu skólanna heldur líka almennt lakari stöðu fyrir lífskjörin í landinu og líka í rauninni veikari menningarlega stöðu almennt séð fyrir þessa þjóð vegna þess að háskóli er ekki bara skólastofnun heldur líka menningarstofnun.

[16:17]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)**:

Herra forseti. Ég vil aðeins í lok þessarar umræðu láta þess getið að þetta frv. stuðlar einmitt að því meira en nokkurt annað frv. sem flutt hefur verið á hinu háa Alþingi að háskólarnir geti verið virkir þátttakendur í þróun íslenska þjóðlífsins. Það veitir skólunum miklu meira frelsi til þess að láta að sér kveða á mörgum sviðum þjóðlífsins heldur en er í gildandi lögum og öll ákvæði þess miða að því að auka og styrkja sjálfstæði þjóðanna. Það er alrangt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að menntmrh. geti sett háskólasamfélag-

inu, Háskóla Íslands eða öðrum skólum úrslitakosti varðandi háskólarektor því að ráðherrann er bundinn af ákvörðunum háskólanna um það hver gegnir rektorsembættinu. Og það sem er kjarni málsins í þessu er eins og ég hef áður sagt, vilja menn virða góða stjórnsýsluhætti þegar kemur að háskóla eða vilja menn láta táknræn atriði, sem hafa enga efnislega þýðingu nema þá eina að rjúfa hin eðlilegu stjórnsýslutengsl, ráða þegar jafnmikilvægar stofnanir og háskólar eiga í hlut?

[16:19]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig hygg ég að það þjóni nú engum tilgangi að vera að pexa við menntmrh. vegna þess að ég ætla mér ekki þá dul að hafa áhrif á viðhorf hans. Það þarf öflugri menn en mig til þess. Ég ætla því ekki að segja margt í viðbót um þetta mál annað en það að ég tel að frv. eins og það liggur fyrir frá ráðherranum, umbúnaður þess og aðdragandi, tilraunir hans til þess að blekkja málið hér í gegnum þingið, bendi til þess að hér sé ekki nægilega vel að hlutunum staðið. Og ég mun gera það sem ég get meðan ég sit í menntmn. fram að áramótum til að beita mér fyrir því að draga fram aðalatriði þessa máls eins skarpt og mögulegt er, hvort sem ráðherranum líkar betur eða verr.

[16:19]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu verða aðalatriði málsins dregin fram í hv. menntmn. og þá mun koma í ljós að hv. þm. Svavar Gestsson hefur í meginatriðum haft rangt fyrir sér í þeim umræðum sem hafa farið fram um þetta mál í dag.

[16:20]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar glaðlegu athugasemdir í minn garð og vil benda honum á að lesa umsagnir sem þegar hafa borist hv. menntmn. um þetta frv. frá fjölmörgum aðilum, m.a. stúdentaráði Háskóla Íslands þar sem það er harkalega gagnrýnt hvernig ráðherrann hefur unnið að þessu máli.

[16:20]

**Útbýting þingskjala:**

Íslenskukennsla erlendis, 44. mál, svar menntmrh., þskj. 187.

Schengen-málið, 67. mál, svar dómsmrh., þskj. 186.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 167.

[16:21]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)**:

Herra forseti. Hér er endurflutt frv. frá síðasta þingi á þskj. 167, frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Þetta frv. er byggt á frv. til laga um háskóla sem hefur verið hér til umræðu fyrr í dag og tekur mið af þeim meginreglum sem mótaðar eru í því frv. og þeirri rammalöggjöf sem það mótar.

Hér er mælt fyrir um það að fjórir skólar, þ.e. Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinist í einn skóla, Kennara- og uppeldisháskóla. Hugmyndir um samstarf og sameiningu þessara menntastofnana hafa verið að mótast á undanförnum árum og m.a. í nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi sem menntmrn. gaf út í mars 1995 er lagt til að þessir skólar verði sameinaðir í einn skóla. Það frv. sem hér liggur fyrir var samið af embættismönnum í menntmrn. ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, og hefur verið unnið í samvinnu við þá sem í þessum skólum starfa og hafa veitt þeim forustu. Á sl. vori, áður en frv. var lagt fram, var það ítarlega kynnt fyrir starfsmönnum allra skólanna og hefur verið rætt við þá á fundum og farið yfir þau atriði sem eru til athugunar þegar staðið er að jafnumfangsmikilli sameiningu skólastofnana og gert er með þessum hætti.

Það hefur raunar verið sagt að þetta sé eitt stærsta verkefnið sem ráðist hefur verið í á vegum ríkisins við að sameina ríkisstofnanir og þess vegna mjög mikið í húfi að vel takist til. Það varð að ráði að í apríl sl. skipaði ég verkefnisstjórn til að undirbúa stofnun Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Í henni sitja Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Hagsýslu ríkisins, sem er formaður, Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntmrn., og Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er samkvæmt erindisbréfi að samhæfa undirbúning stjórnvalda, greina verkefnið í framkvæmdaþætti, safna upplýsingum um hvern þátt, gera framkvæmdaáætlun um stofnun hins nýja skóla og niðurlagningu skólanna fjögurra og vinna á annan hátt að því að framkvæmd þessara breytinga geti gengið vel og örugglega fyrir sig.

Verkefnisstjórnin hefur haldið marga fundi og rætt við starfsmenn og stjórnendur þessara skóla og þegar hafa menn tekið ákvarðanir sem miða að því að sameina ýmsa þætti í starfi þeirra. Þess vegna er mjög brýnt, herra forseti, að þetta frv. hljóti brautargengi hér á hinu háa Alþingi þannig að unnt verði að vinna markvisst áfram að sameiningu skólanna. Raunar skildi ég afgreiðslu hv. menntmn. þannig sl. vor, bæði á þessu frv. og eins á frv. um háskóla, að ætlunin væri að nefndin lyki meðferð þeirra fyrir áramótin. Vona ég að við það verði staðið því að fyrir þá sem í þeim skólastofnunum starfa sem hér er um að ræða er mjög mikið í húfi að ekki skapist óvissa eða verði hik varðandi markvissa sameiningu skólanna og það mikla starf sem þar er unnið því að í þessum skólum er veitt kennsla fyrir alla þá sem starfa í leikskólum og grunnskólum, þeim skólastigum sem menn draga aldrei af sér við að telja hin mikilvægustu í okkar skólakerfi. Þótt menn vilji ekki gera lítið úr framhaldsskólastiginu eða háskólastiginu, þá er ljóst að það starf sem unnið er í leikskólum og grunnskólum leggur grunninn að frekari menntun einstaklinganna og þess vegna er mikilvægt að umgjörð kennaramenntunarinnar verði sem best. Ég tel að með því frv. sem hér er lagt fram sé henni búinn sá starfsrammi sem er við hæfi þegar um jafnmikilvæga stofnun er að ræða.

Það hafa oft orðið umræður um það á undanförnum árum hvort ekki væri rétt að hér yrði fjögurra ára háskólanám fyrir kennaranema. Ég hef sagt það vegna þessa frv. að óeðlilegt sé að í frv. sé ákveðið hvað kennaranámið sé langt, en hins vegar muni það ráðast af ákvörðunum skólans sjálfs eins og það er ákveðið í öðrum háskólum hvað námið er langt á einstökum námsbrautum. Það liggur nú fyrir greinargerð frá öllum þeim skólum á háskólastigi sem veita kennaramenntun um skipan kennaramenntunar og þar er mælt með því að um fjögurra ára nám í þessum kennara- og uppeldisháskóla

verði að ræða. Í sjálfu sér hef ég ekki lagst gegn því en lagt áherslu á að um það yrði síðan samið við ráðuneytið fyrir hönd fjárveitingavaldsins og gengið frá þeim málum á þann veg að fjármál starfseminnar séu vel tryggð.

Þetta held ég að sé það helsta, herra forseti, sem ég þarf að láta koma fram hér. Vegna þess sem sagt var um frv. sem var til umræðu næst á undan þessu um það hvernig hægt væri að útfæra slíka rammalöggjöf fyrir einstakar stofnanir, þá er það gert hér með einföldum og skýrum hætti og menn sjá að þar er tekið á einstökum málum með hliðsjón af þessum skóla, en einnig gefið fordæmi um það hvernig hægt er að semja slíka löggjöf. Hún þarf ekki að vera löng eða ítarleg. Þvert á móti er þetta einföld löggjöf og skýr og það er í samræmi við það meginmarkmið hinna nýju háskólalaga og þessara laga að skólarnir hafi sem mest svigrúm sjálfir til að *þróast og mótast samkvæmt eigin ákvörðunum á grundvelli* samstarfs við ríkisvaldið og innan þess ramma sem þeim ber að lúta sem ríkisstofnunum í samræmi við lög er gilda um stjórnsýslu og aðra slíka þætti.

Þetta eru höfuðatriði frv. Að því er varðar breytingar frá því að það var lagt fram á síðasta þingi, þá eru nýmæli í ákvæði til bráðabirgða sem þar sem tekið er mið af ábendingum frá verkefnisstjórninni sem taldi að ákvæði til bráðabirgða þjónuðu betur sínum tilgangi með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv. Þar hefur orðið nokkur breyting á frá því að frv. var lagt fram á vorþinginu á þessu ári.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri um frv. Það var ítarlega rætt á síðasta þingi og ástæðulaust fyrir mig að setja á langar ræður um það.

[16:29]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um sameiningu uppeldisskólanna í einum uppeldisháskóla. Það er stefnumið sem menn hafa lengi haft og ég hygg að það megi segja almennt séð að það sé samstaða um það stefnumið. Ég geri ekki ráð fyrir því að það komi upp mikill ágreiningur um það hér í þessari virðulegu stofnun frekar en í fyrravor.

Samt sem áður eru nokkur atriði sem óhjákvæmilegt er að ræða örlítið og mun ég nú fara yfir þau. Þá vil ég í fyrsta lagi einfaldlega endurtaka það sem ég tel vera aðalatriðið að hér er um að ræða tilraun til sameiningar þessara skóla og ég er sammála þeirri stefnu. Ég hef talað fyrir henni mjög oft og ég tel að hún sé skynsamleg. Ég er hins vegar ekki alveg sammála því að það eigi ekki að taka ákvörðun í leiðinni *um að lengja kennaranámið og jafnvel þó að ekki sé gert* ráð fyrir því í frv. eða lögunum þegar þau yrðu samþykkt út af fyrir sig held ég að það sé mikilvægt að Alþingi taki í leiðinni ákvörðun um að lengja kennaranámið upp í fjögur ár. Af þessu tilefni spyr ég hæstv. menntmrh. hvernig hann sér það mál fyrir sér. Sér hann það þannig fyrir sér að í fjárlögum næsta árs verði gert ráð fyrir fjármunum til að lengja kennaranámið eða hvernig sér hann þau mál þróast? Ég tel að ákvörðun um það sé hornsteinn þess að frv. um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands sé meira en pappírsins virði.

Í annan stað vil ég víkja að því sem kom aðeins fram í umræðum hjá okkur áðan um háskólann að ýmislegt í frv. þrengir frelsi skólans frá því sem ég teldi vera heppilegt. Ég er mjög ákafur fylgismaður þess og hef alltaf talað fyrir þeirri stefnu að skólar hafi frelsi um stjórnkerfi sitt í öllum meginatriðum. Mér finnst að mjög víða í þessu frv., t.d. í ákvæðum um skipan háskólaráðs, rektorskjör, stjórn stofnunarinnar o.fl., sé um ræða beina þrengingu á því sem ég hefði viljað sjá í frv. að því er varðar kennara- og uppeldisháskóla.

Í þriðja lagi vek ég athygli á þeim umræðum sem fram hafa farið um nafn skólans. Ég vek athygli á umsögnum sem hafa birst frá kennurum við Kennaraháskóla Íslands, Baldri Sigurðssyni og Sigurði Konráðssyni, um þessi mál og reyndar einnig minnir mig greinargerð frá Íslenskri málstöð þar sem þeir benda á að orðið kennara- og uppeldisháskóli er ekki rökrétt þar sem gert er ráð fyrir því að um sé að ræða skóla sem annars vegar kenni fólki að vera kennarar og kenni fólki hins vegar uppeldi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það verði farið yfir þetta en ég viðurkenni og ég tek það fram, og í framhaldi af orðum mínum um þessi mál á síðasta þingi, að á bak við þetta heiti kunni að vera mikilvæg félagsleg rök um að ná sem bestri samstöðu um að skólinn verði myndaður. Ég lýsi mig reiðubúinn til að beygja mig fyrir þeim rökum en ég tel að þetta nafn sé ekki að öllu leyti gagnsætt og fullkomið eins og það lítur út og þarf helst auðvitað að vera.

Þá vil ég aðeins víkja að starfsmannamálum hins nýja skóla. Í *ákvæði til bráðabirgða kemur fram að fastráðnir* kennarar við alla skólana, sýnist mér, haldi stöðu sinni ótvírætt en aðrir starfsmenn skólanna eru í óvissu með stöður sínar. Í Kennaraháskóla Íslands háttar þannig til að um helmingur starfsmannanna er ekki kennarar og ég kann vel að meta að það sé reynt að ganga frá hlutunum skýrt að því er varðar kennarana en ég vil að það gildi um alla. Mér finnst ekki sanngjarnt að draga út ákveðinn hóp fólks og senda það út í óvissuna þegar aðrir búa við tiltölulega mikið öryggi. Ég spyr hæstv. menntmrh. hvernig hann sér fyrir sér meðferð starfsmannamálanna fyrir utan kennarana sjálfa.

Þá vík ég að einu atriði sem er skipun varanlegrar dómnefndar, og velti því upp hvort það er að öllu leyti heppilegt fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir í 3. gr. frv. að rektor skipi þriggja manna dómnefnd, eftir tilnefningu háskólaráðs og menntmrh., til þriggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Í kerfi okkar hefur það verið þannig að við höfum skipað dómnefnd út af hverri stöðu fyrir sig. Það hefur auðvitað oft verið mikið fyrirtæki og tekur oft óþægilega langan tíma. Mér sýnist hins vegar að menn gætu verið að lenda í því ef þessi leið er farin — ég velti því upp sem spurningu — að hér yrði um að ræða fasta stofnun vegna þess að það yrði svo mikið að gera hjá þessum aðilum í þessu verki að þeir gerðu fátt annað en að sinna þessu, a.m.k. til að byrja með, því ég geng út frá því að þeir starfsmenn sem byrja við Kennara- og uppeldisháskólann verði metnir í dómnefnd, eða hvað? Ég spyr sérstaklega um hvernig það er hugsað um leið og ég vek athygli á þessu máli varðandi dómnefndina. Ég tel að það *orki tvímælis að setja hana niður með þeim hætti sem* þarna er gert ráð fyrir.

Síðan vek ég athygli á því, herra forseti, að enn þá gert ráð fyrir skólagjöldum og ég lýsi andstöðu við skólagjöldin í þessu frv. af hálfu þingflokks míns. Við höfðum það sem baráttumál á kosningastefnuskrá okkar fyrir síðustu alþingiskosningar að beita okkur fyrir því að skólagjöldin nýju yrði afnumin og það er stefna sem við viljum ítrekra og ég lýsi andstöðu okkar þingmanna við þar af leiðandi 4. gr. frv. eins og hún lítur út.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að svo virðist sem hinir ýmsu aðilar hafi haft mismunandi möguleika á að koma að frv. Ég bendi t.d. á að skólanefnd Íþróttakennara-

skóla Íslands fékk málið til umsagnar eins og aðrir og sendi frá sér bréf sem er dagsett 5. maí 1997 þar sem fram kemur að skólanefndin telur sig hafa of stuttan tíma til að setja fram umsögn um þetta frv. Það er engu líkara á áliti skólanefndarinnar eða bréfi formanns skólanefndarinnar en að nefndin hafi ekki tekið saman álit á þessu frv. á undirbúningsstigi. Nú sé ég einhvers staðar í þessum pappírum að Íþróttakennaraskólinn hefur skoðun á málinu en ég sé ekki að skólanefndin hafi fjallað um það og mér finnst sérkennilegt, satt að segja, að ekki skuli hafa verið tryggt að allir aðilar sem eiga hlut að máli kæmu að því þannig að þeim gæfist tóm til að gera athugasemdir bæði við einstök og almenn atriði.

Herra forseti. Þetta frv. er, eins og það frv. sem við ræddum áðan, gallað að því leytinu til að reynt er að koma inn miðstýringarviðleitni hæstv. menntmrh. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að gera það sem ég get til að beita mér fyrir því að það verði tekið út úr frv. og að háskóli kennara- og uppeldismála verði sjálfstæður háskóli. Meðan ráðherrann sækir svona á með ofstjórnartilhneigingu sína er erfiðara að ná fullri samstöðu um jafngóð mál og það sem hér er á ferðinni. En ég mun þó beita mér fyrir því eins og ég get að þær gömlu hugmyndir sem hafa verið uppi lengi um kennara- og uppeldisháskóla geti orðið að veruleika.

Að lokum spyr ég hæstv. menntmrh. að því hversu langt hann telur að starfandi verkefnisstjórn geti gengið og hvort það sé rétt að Þroskaþjálfaskólinn hafi þegar eða verði um næstu mánaðamót settur undir Kennaraháskólann með sérstökum samningi. Það er satt að segja dálítið skrýtið ef það er rétt vegna þess að við erum einu sinni að fjalla um þetta og þó að Alþingi líti ekki mjög stórt á sig, satt að segja í seinni tíð, þá finnst mér allt lagi að hinkra með ákvörðun af þessu tagi sem jafngildir því að leggja Þroskaþjálfaskólann niður og inn í Kennara- og uppeldisháskólann, eins og gerð er tillaga um og enginn ágreiningur er um það, en mér finnst allt í lagi að leyfa Alþingi að tala áður en það gerist. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra hvort það sé rétt hjá mér að þegar hafi verið tekin ákvörðun um það að frá og með næstu mánaðamótum verði Þroskaþjálfaskólinn settur inn í Kennaraháskólann þó svo að þetta frv. hafi ekki verið gert að lögum.

[16:41]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég tel að það frv. sem er til umræðu sé löngu tímabært. Eins og hefur komið fram, m.a. í ræðu síðasta hv. þm. Svavars Gestssonar, er um gamlar hugmyndir að ræða sem við erum í stórum dráttum mjög sammála. Við ræddum frv. á síðasta þingi en því miður tókst okkur ekki að ljúka umræðu um frv. en ég vonast til þess að okkur takist það á þessu þingi.

Það er skoðun mín að mjög brýnt sé að tengja saman starfsemi þessarar stofnana. Þessar starfsstéttir eiga mjög margt sameiginlegt, þ.e. kennarar, leikskólakennarar, sem áður voru nefndir fóstrur, þroskaþjálfar og síðan íþróttakennarar. Rökin fyrir sameiningu þessara stofnana er í raun tvíþætt, annars vegar út frá menntapólitík og hins vegar út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Sameining þessara stofnana leiðir til þess að það má samnýta kennara í þessum stofnunum, sérfræðingar nýtast einnig svo og ýmiss konar rannsóknastarf sem hægt er að vinna á sameiginlegum vettvangi.

Með frv. færist nám í þessum skólum inn á háskólastig en eins og þingmenn vita er nám í Kennaraháskóla Íslands einungis viðurkennt sem háskólanám en hinir skólarnir hafa í raun verið á gráu svæði eða í nokkurs konar lausu lofti á milli háskólastigs og framhaldsskólastigs. Ég sé einnig fyrir mér mjög marga nýja möguleika sem geta skapast ef frv. nær fram að ganga, m.a. í starfsemi skóla eins og Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Í dag útskrifar Íþróttakennaraskólinn kennara. Mjög miklar breytingar hafa orðið á Íslandi hvað íþróttaiðkun viðvíkur og mjög margt ungt fólk stundar íþróttir í frítíma sínum og reyndar fullorðnir líka og það skiptir mjög miklu máli að þeir leiðbeinendur sem þar eru hafi tilskilin réttindi og tilskilda menntun. Ég sé fyrir mér ákveðnar breytingar í Íþróttakennaraskólanum hvað þetta varðar. Einnig sé ég fyrir mér að Íþróttakennaraskólinn geti tekið ákveðna braut, nokkurs konar æskulýðsfulltrúabraut, þar sem ungt fólk gæti stundað nám, vegna þess að það fólk sem er að vinna með ungu fólki hefur mjög mikil uppeldisleg áhrif og það skiptir auðvitað máli að námið í þessum stofnunum sé sem allra best og nýtist öllum sem best.

Í þessum skólastofnunum má segja að Íþróttakennaraskólinn sé sá skóli sem er hvað allra best upp byggður. Á síðasta áratug hafa verið byggð mjög mikil mannvirki á Laugarvatni. Sá skóli er einnig utan Reykjavíkur og það skiptir mjög miklu máli að þeir sem starfa við Íþróttakennaraskólann hafi beina aðild að stjórnun þessarar háskólastofnunar. Þess vegna finnst mér ekki úr vegi að í lögum þessum yrði ákvæði varðandi stjórnskipulag um að að einn fulltrúi frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni mundi sitja í háskólaráðinu og ég hvet ráðherra til þess að tryggja það.

Þessar skólastofnanir hafa tekið mjög mikinn þátt í alþjóðlegu samstarfi og ég veit að fulltrúar þeirra hafa ákveðnar áhyggjur af því hvernig þetta samstarf verður ef þessi lög taka gildi. Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvernig ætlar hann að tryggja að þetta samstarf skili sér með sama, og sem allra mestum, árangri og verið hefur?

Að lokum vonast ég til að frv. leiði til þess að Kennara- og uppeldisháskóli Íslands verði öflug miðstöð uppeldis- og kennaramenntunar hér á landi og leiði til einfaldara og skilvirkara stjórnkerfis þessara skóla. Það er, eins og ég hef áður sagt, afar brýnt að samþykkja þetta frv. á þessu þingi, m.a. til þess að ekki komist los á starfsemi þessara framhaldsskóla.

[16:47]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. menntmrh. situr í hliðarsal þannig að ég vona að hann heyri hvað ég segi. Það frv. sem hér er til umræðu er að mínu mati merkilegt bæði vegna þess að þetta er fyrsta sérháskólafrv. sem samið er með hliðsjón af rammalöggjöfinni sem áðan var til umræðu, en ekki síður vegna hins að þar er boðuð sú stefnubreyting í uppeldismenntun þjóðarinnar að sameina starfsemi eftirtalinna stofnana í eina háskólastofnun: Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Þetta segir reyndar aðeins í greinargerð, en þess sér hvergi í raun stað í frv. sjálfu að menntun leikskólakennara eða menntun þroskaþjálfa eða þess vegna menntun kennara eigi að eiga sér stað í þessum háskóla.

Í 1. gr. frv. er talað um að veita eigi nemendum menntun til þess að gegna störfum á sviðum kennslu, uppeldis og umönnunar og til að sinna fræðilegum rannsóknum á þessu sviði. Í 11. gr. segir síðan að eignir Kennaraháskólans, Fósturskólans, Íþróttakennaraskólans og Þroskaþjálfaskól-

ans eigi að renna til þessarar nýju stofnunar, Kennara- og uppeldisháksólans. Og í 15. gr. segir að ákvæði í lögum um fyrrnefnda skóla skuli felld úr gildi. Það er allt og sumt sem segir t.d. um það að í þessari stofnun eigi að mennta leikskólakennara og að það eigi að mennta þroskaþjálfa.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst þetta mjög furðulegt þar sem hér er um sérlöggjöf skólans að ræða. Samkvæmt þessum texta þarf ekki lagabreytingu til þess að hætta við kennslu þroskaþjálfa eða leikskólakennara fremur en að hefja hana. Þetta tel ég mjög varhugavert og vil því spyrja hæstv. menntmrh., og vona að hann heyri mál mitt, hvort ekki hafi komið til álita að tilgreina nánar hvaða námsbrautir eigi að vera í boði innan Kennara- og uppeldisháskólans. Sömuleiðis er ekkert kveðið á um hvort B.Ed.-námið eigi að vera þriggja eða fjögurra ára nám, sem ég tel mjög til vansa. Ég tel að lengingin úr þremur í fjögur ár geti ekki verið ákvörðun framkvæmdarvaldsins því að það mun verða til þess að við þurfum lengi að bíða eftir því að námið verði lengt í fjögur ár.

Frv. var eins og hér hefur komið fram lagt fram á síðasta þingi og sent út til umsagnar og ég tek eftir því að í umsögn frá Hinu íslenska kennarafélagi er tekið í sama streng. Þar segir, m.a., með leyfi forseta:

„Kennarafélögin telja æskilegt að í lögum um Kennara- og uppeldisháskóla verði kveðið á um lögboðið hlutverk, það er að segja kennaranám fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara, íþróttakennara, uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara og nám fyrir þroskaþjálfa."

Þá vekja fulltrúar HÍK athygli á því í þessari umsögn að í fskj. frá fjmrn. sem fylgir með frv. er gefið í skyn að rannsóknarskylda þessa háskóla verði minni en í öðrum háskólum og í framhaldi af því mæla fulltrúar HÍK með því að það verði skylda að setja á stofn rannsóknarstofnun í stað heimildarákvæðisins um slíkt í 10. gr. Þessi ummæli HÍK sýna vel að umræðan um rannsóknarskyldu sem fram fór áðan í tengslum við rammalöggjöfina um háskóla á svo sannarlega við Kennara- og uppeldisháskólann, jafnvel þó að sá skóli sé sem betur fer skilgreindur sem rannsóknarstofnun í 1. gr. frv.

Í umsögn Kennaraháskólans sjálfs er gerð athugasemd við að fulltrúar háskólamenntaðra starfsmanna sem ekki eru kennarar eiga ekki að fá sæti í háskólaráði og mælt er með því að við 5. gr. bætist 5. tölul. fyrir slíka fulltrúa, þ.e. fulltrúar háskólamenntaðra starfsmanna sem ekki eru kennarar — það eru ýmsir námsráðgjafar, það eru mjög margir slíkir starfsmenn við Kennaraháskóla Íslands — eigi aðild að háskólaráði. Ég vil taka undir þá ábendingu frá Kennaraháskólanum og tel að hún samræmist rammalöggjöfinni því að gert er ráð fyrir að það megi vera að hámarki tíu fulltrúar í háskólaráði, en samkvæmt þessu frv. er eingöngu gert ráð fyrir níu fulltrúum í háskólaráði Kennara- og uppeldisháskólans.

Ég get hins vegar ekki á sama hátt tekið undir þá ósk sem fram kemur í umsögn Kennaraháskólans um þetta mál, að ákvæðið um dómnefndir fari út úr frv. og inn í rammalöggjöfina þar sem það er alveg ljóst af rammalöggjöfinni sem við vorum að ræða áðan að háskólar verða mjög mismunandi, ekki síst með tilliti til rannsóknarskyldu kennara og því hljóta að verða gerðar mismunandi kröfur til kennaraembætta eftir háskólum. Hvort dómnefnd á að vera föst eða skipuð hverju sinni eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði athugasemd við áðan, er auðvitað álitamál. Að undanförnu hafa verið gerðar tilraunir með þá skipan sem hér er lögð til innan Háskóla Íslands og væri mjög fróðlegt að heyra hvernig sú skipan hefur reynst. Ég mun mælast til þess innan menntmn. að farið verði rækilega ofan í saumana á því hvernig hefur gengið.

Að lokum vil ég vekja athygli á nafni skólans sem komið hefur fram fyrr í umræðunni. Ég tel að það nafn sem nú er á stofnuninni sé nokkuð óþjált, fyrir utan þá hugsanlegu rökleysu sem kemur fram í því. Lagt er til í umsögnum með góðum rökum að gamla nafnið, Kennaraháskóli Íslands, verði notað áfram. Einu rökin sem ég sé gegn því er námsbraut fyrir þroskaþjálfa þar sem sú stétt getur tæplega kallast kennarar. Mér finnst það því ekki alveg rökrétt að þroskaþjálfar séu í Kennaraháskóla. En ég mæli með að það verði einnig skoðað vandlega í hv. menntmn.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Svavars Gestssonar áðan til hæstv. menntmrh. um fyrirhugaðan flutning Þroskaþjálfaskólans til Kennaraháskólans nú þegar eða mjög fljótlega, þá má einnig benda á að fyrir löngu hafa verið tilbúnar skipulagstillögur um uppeldisháskóla sem mátti skilja sem svo að þetta væri samþykkt plagg þó að ekki væri búið að taka það til umræðu á Alþingi. Þetta endurspeglar að mínu mati að oft er löggjafinn eingöngu að staðfesta þróun sem þegar er orðin sem ég tel í raun einsýnt í þessu máli, þó að vissulega sé formlegt vald til að breyta þessari þróun hér á Alþingi og hvergi annars staðar. Ég hef ekki trú á því að vilji sé fyrir því að breyta þessu frv. í neinum aðalatriðum þó að vonandi fái það þá fínpússningu sem æskileg þykir eftir vandlega yfirferð í hv. menntmn.

[16:58]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þegar litið er á inntak kennaramenntunarinnar og fyrirmæli um hana í lögum og opinberum reglum, þá eru farnar mismunandi leiðir á Norðurlöndunum. Það hefur t.d. gerst í Danmörku núna að sett hafa verið ný lög um kennaramenntun þar sem mælt er mjög nákvæmlega fyrir um hvert inntak hennar eigi að vera. Og þegar spurt er hvers vegna er farið inn á þessa braut í Danmörku eftir að menn hafa þar um nokkurt árabil látið skólunum sjálfum eftir að móta inntak menntunarinnar, þá er svarið að í Danmörku séu kennaraskólar ekki háskólar í þeirri skilgreiningu sem menn nota þar um háskóla, þar að auki séu skólarnir 18 og í ljós hafi komið að mismunandi kröfur hafi verið gerðar í þessum skólum og þess vegna hafi löggjafinn og framkvæmdarvaldið talið nauðsynlegt að setja þeim samræmdar reglur um inntak námsins og þær kröfur sem gera bæri til þeirra sem stunda nám í skólunum. Það er í sjálfu sér athyglisvert þótt ég setji það hér innan sviga að við þessar breytingar minnkaði áherslan dálítið á uppeldis- og kennslufræðina og meiri áhersla er lögð á faggreinar í námi kennara en áður.

Ég lít þannig á að við búum ekki við sama vanda hér. Við höfum þrjá skóla sem veita kennaramenntun á háskólastigi, þ.e. Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskólann og þar með væntanlegan Kennara- og uppeldisháskóla. Ég lít þannig á að þessir skólar séu fullgildir háskólar og þess vegna beri ekki af hálfu framkvæmdarvaldsins eða löggjafans að setja þeim fyrirmæli um það hvernig þeir haga sínu innra starfi. Þetta er grundvallarskoðun mín varðandi háskóla og kann ýmsum að þykja hún skrýtin miðað við þær fullyrðingar hér að ég sé með einhverja miðstýringaráráttu varðandi þessar stofnanir. Þvert á móti vil ég að þær hafi sem mest frelsi um sitt innra starf og móti það.

Það hefur verið starfandi nefnd sem hefur sérstaklega unnið að því að endurskoða námskrár Fósturskóla Íslands,

Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands með það fyrir augum að aðlaga kennsluna að háskólastigi og undirbúa þannig stofnanirnar og stofnun uppeldisháskóla. Nefndin skilaði áliti í júní og hefur það verið sent til kynningar stjórnendum og kennurum skólanna fjögurra og samtökum þeirra starfsstétta er þeim tengjast. Þessi nefnd fjallaði hvorki um innihald menntunar grunn- og framhaldsskólakennara né lengd kennaranámsins. Hins vegar hefur önnur nefnd verið starfandi. Það var samstarfsnefnd þriggja háskóla, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, um innihald og umfang kennaramenntunar. Þessar tillögur liggja einnig fyrir og þar er mælt fyrir um það og óskað eftir því að kennaranámið verði fjögurra ára nám. Ég tel að það sé mjög vel rökstutt í þessum hugmyndum og það er sjálfsagt fyrir hv. menntmn. að fá þessar tillögur til athugunar og þá sér nefndin hvernig standa ber að náminu í þessum skólum, mennta grunnskólakennara og einnig liggja fyrir tillögur um það hvernig háskólanám í hinum skólunum mundi líta út þannig að ég held að í þessu máli liggi öll gögn fyrir og menn þurfi ekki að velkjast í vafa um inntak menntunarinnar.

Önnur atriði koma einnig til álita varðandi framhaldsskólakennarana og kröfur sem gerðar eru til þeirra. Ég hef flutt frv. hér sem ég mun flytja aftur um lögverndun kennarastarfsins, þar sem ég geri ráð fyrir því að í vissum tilvikum þurfi menn ekki að afla sér nema 15 eininga í kennslu- og uppeldisfræðum til þess að verða fullgildir kennarar, eins og menn vita sem tóku þátt í umræðum um það frv. á síðasta ári og ég hverf ekki frá því. En meginstefnan í þessum hugmyndum skólanna er að þeir sem leggja stund á kennaranám í öðrum skólum en Kennaraháskóla Íslands skuli almennt afla sér 30 eininga. Þetta plagg liggur fyrir og er sjálfsagt að hv. menntmn. fái það og öll þessi gögn til skoðunar þegar hún fjallar um málið. Ég er þeirrar meginskoðunar að þetta beri að ákveða með samkomulagi á milli framkvæmdarvaldsins, með stuðningi fjárveitingavaldsins, og viðkomandi stofnunar og þannig eigi að standa að þessum þætti málsins.

Að því er varðar starfsmenn og réttindi þeirra, þá hef ég engu við það að bæta sem segir í greinargerðinni um ákvæði til bráðabirgða og þar segir, með leyfi forseta:

„Þau störf sem lögð eru niður 1. janúar 1998 eru annars vegar störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, enda er gert ráð fyrir að rektor Kennaraháskóla Íslands verði rektor hins nýja skóla þar til nýr rektor hefur verið skipaður. Hins vegar eru störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla." — Þ.e. hafa ekki þau próf sem menn þurfa að hafa til að kenna við háskóla. Þessi störf verða lögð niður. — „Þó er heimilt að fresta niðurlagningu þessara starfa til 31. júlí 1999, m.a. til þess að gefa þessum starfsmönnum svigrúm til að afla sér frekari menntunar. Þetta er gert til þess að framhaldsskólakennarar færist ekki á háskólastig nema þeir hafi til þess hæfni. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfa nýtt teljast starfsmenn vera starfsmenn Kennara- og uppeldisháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998 en halda þeim réttindum sem núverandi starfi fylgja."

Þetta held ég að skýri það sem hér er um að ræða og síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Önnur störf í skólunum fjórum flytjast til hinnar nýju stofnunar og skiptast þau einkum í þrennt, störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, störf prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands enda hafa þeir hlotið hæfnisdóm til að starfa á háskólastigi og störf þeirra starfsmanna skólanna sem gegna ýmsum þjónustustörfum."

Ég held að þetta sé nú eins skýrt og kostur er.

Varðandi fyrirspurnina um Þroskaþjálfaskóla Íslands, þá hefur skólastjórinn þar gert samning við menntmrn. um starfslok frá og með 1. nóvember nk. og hef ég falið rektor Kennaraháskóla Íslands að stjórna Þroskaþjálfaskólanum. Og ef þetta er það sem menn eru að spyrja um þegar verið er að velta fyrir sér hvort Þroskaþjálfaskólinn hafi verið lagður undir Kennaraháskólann þá mun þessi skipan vissulega gilda frá 1. nóvember til 31. desember og síðan eins og hér kemur fram og ég las, þá er gert ráð fyrir því að rektor Kennaraháskóla Íslands verði rektor yfir öllum þessum fjórum skólum frá og með 1. janúar 1998, enda hafi frv. verið samþykkt. Ég taldi því að þegar dró til þess að skólastjóri Þroskaþjálfaskólans vildi hætta fyrir 1. janúar 1998, að eðlilegt væri að taka upp þá skipan strax að rektor Kennaraháskóla Íslands yrði skólastjóri í Þroskaþjálfaskólanum. Þannig hefur verið frá því máli gengið og mun sú skipan gilda og vonandi tekur síðan við fastara form þegar frv. hefur orðið að lögum.

Varðandi spurninguna um að tryggja einstökum skólum aðild að háskólaráði, þá finnst mér sú spurning taka mið af öðru en þessu frv. því að frv. gerir ekki ráð fyrir því að starfandi séu einhverjir sérstakir skólar. Það er starfandi einn kennara- og uppeldisháskóli með kjörnum mönnum í háskólaráði og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að einn af þeim starfsmönnum sem nú er við Íþróttakennaraskólann setjist í þetta háskólaráð. En það er ekki ráðherra að ákveða það. Menn kjósa fulltrúa sína í háskólaráðið innan skólans sjálfs og þess vegna get ég ekki miðað við þetta frv. lofað því að einn skóli eigi fulltrúa, enda mun hugtakið breytast. Þetta verður einn skóli með mismunandi deildum sem einnig geta þá — því spurt er líka um þátttöku í alþjóðasamstarfi — þ.e. deildirnar geta að sjálfsögðu tekið þátt í því alþjóðasamstarfi sem þessir skólar hafa sinnt og ekkert er því til fyrirstöðu. Menn verða að huga að því að verið er að sameina fjóra skóla í eina nýja stofnun en ekki að búa til eina stofnun utan um fjórar sjálfstæðar stofnanir. Það er ekki markmiðið með frv. og hefur aldrei verið.

Ég held að ég hafi farið yfir þau atriði sem um var spurt í ræðum manna og svarað þeim spurningum sem fram komu. Ég lýsi því yfir að ég tel að þessi frv., þetta frv. og frv. til laga um háskóla, þurfi að eiga samleið. Til þess að þetta frv. nái tilgangi sínum, verður frv. til laga um háskóla einnig að verða samþykkt.

[17:08]

**Útbýting þingskjala:**

Agi í skólum landsins, 186. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 188.

Hollustuhættir, 194. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 197.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Örnefnastofnun Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166.

[17:09]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þetta frv. lýtur að því að tryggja sem best að þess sé gætt að skrá örnefni meðal okkar Íslendinga. Örnefni eru hluti af menningararfi okkar og áhugi á varðveislu hans beinist nú æ frekar að náttúru landsins og því sem hefur verið kallað búsetulandslag og þar skipta örnefnamál miklu máli. Hér er mælt fyrir um að á laggirnar verði komið *nýrri stofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem taki við hlut*verki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins og haldi áfram því þjóðmenningarstarfi sem þar hefur verið unnið, en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meira mæli en verið hefur auk þess sem lögð verður áhersla á þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning og stuðningshlutverk við kennslu í örnefnafræðum.

Herra forseti. Þetta frv. er endurflutt. Það var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Fram komu athugasemdir m.a. við orðfæri í frv. og hefur það verið fært til betri vegar. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá því að það var flutt á síðasta þingi og legg ég til að eftir þessa umræðu verði því vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Bæjanöfn, 1. umr.*

Stjfrv., 164. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 164.

[17:11]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 164, frv. til laga um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum. Þetta frv. var einnig flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga og er endurflutt. Það hefur einnig sætt orðalagsbreytingum en efnislega er það eins og það var á síðasta þingi. Þá var það rætt og ætla ég ekki að bæta við þær umræður sem fóru fram um málið þá en legg til að málinu verði vísað til hv. menntmn. eftir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, fyrri umr.*

Þáltill. SJS og SJóh, 4. mál. — Þskj. 4.

[17:13]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég flyt hér með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni till. til þál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Við fluttum hliðstæða tillögu á síðasta þingi sem ekki náði fram að ganga og viljum því endurvekja þessa tillögu hér.

Það líður nú varla ein einasta vika svo að ekki sé í fréttum einhver fólskuleg ofbeldisverk sem hafa verið unnin á saklausu fólki, oftar en ekki algjörlega óviðbúnu. Þótt farið sé ofan í allan málavexti lið fyrir lið kemur ekkert fram sem gæti hafa verið tilefni árásarinnar. Sérstaka athygli vekur tíðni þess óhugnaðar sem virðist vera æ algengari, þ.e. að sparkað sé í liggjandi mann. Það hafa nokkrir menn sem voru kunnir fyrir að hafa svolítið gaman af svokölluðum slagsmálum sem áður tíðkuðust í sambandi við sveitaböll á Íslandi lýst því að þetta fór fram eftir ákveðnu ritúali. Það byrjaði með því að menn fóru úr jakkanum, skóku hnefana um stund hvor framan í annan og svo byrjuðu átökin sem raunar fóru fram eftir nokkuð föstum reglum svo það var sjaldgæft að nokkur slasaðist í þessum svokölluðu slagsmálum. Það þótti mikil óhæfa reyndar að slasa mótherjann í slíkum átökum. En nú gilda að því er virðist engar slíkar hömlur og oft á tíðum virðist leikurinn fyrst og fremst vera til þess gerður að meiða.

Því miður er það svo að þó að fréttir fjölmiðlanna fjalli fyrst og fremst um unglinga eða fullorðið fólk, þá verður þessarar auknu hörku í handalögmálum ekki síður vart hjá börnum og hafa margir kennarar haft af því þungar áhyggjur og reynt að grípa til ýmissa aðgerða til að sporna við þessari þróun. En betur má ef duga skal.

Fjölmargar rannsóknir sem hafa verið gerðar á undanförnum árum hafa sýnt svo ekki verður um villst að alls konar ofbeldi í þjóðfélaginu hefur aukist í réttu hlutfalli við það ofbeldisefni sem er á boðstólum og hafa margar athyglisverðar niðurstöður komið út úr þeim rannsóknum. Vil ég vitna í niðstöður svokallaðrar Eisenhower-nefndar, með leyfi hæstv. forseta:

*Ef litið er til skammtímaáhrifa sjónvarpsofbeldis kom* tvennt í ljós. Annars vegar læra áhorfendur hvernig á að beita ofbeldi með því að horfa á ofbeldi í sjónvarpi. Hins vegar aukast líkurnar á því að einstaklingur beiti ofbeldi ef þeim sem beitir ofbeldi í sjónvarpi er umbunað fyrir ódæðisverkið.

Einnig var hægt að rýna í hugsanleg langtímaáhrif sjónvarpsofbeldis. Þar kom fram í fyrsta lagi að þeir einstaklingar sem horfðu á ofbeldi í sjónvarpi í ríkum mæli væru líklegri en aðrir til að telja að ofbeldi væri eðlilegur hlutur í tilveru fólks. Í öðru lagi fólk verður smám saman ónæmara gagnvart raunverulegu ofbeldi og í þriðja lagi verður ofbeldi talin leið til að útkljá deilumál milli manna í stað þess að grípa til skynsamlegrar rökræðu til lausnar ágreiningsmála.

Um allan heim hefur orðið vart þeirrar þróunar sem við höfum áhyggjur af og auðvitað flókið mál að reyna að sporna við henni. Ofbeldisefni býðst börnum og unglingum í ýmsu formi. Þau sem hafa slakastan félagslegan bakgrunn hópast oft saman utan skólatíma og horfa á slíkt efni og reyna að yfirbjóða hvert annað með því að vera nógu köld, láta ekki neinn sjá að þetta fái neitt á þau. Svo gerist það smám saman sem segir í Eisenhower-skýrslunni, að þau fara að líta svo á að ofbeldi sé eðlilegur hluti af tilverunni. Það er vandséð hvernig hægt er að koma í veg fyrir að þau börn og unglingar sem síst mega við því komist yfir síkt efni í einhverju formi. En við flutningsmenn tillögunnar trúum því samt að hægt sé að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis og höfum sett fram framkvæmdaáætlun í sjö liðum sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.

2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.

3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnastarfs á viðkomandi sviði.

4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.

5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.

6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.

7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Ég vil einkum leggja áherslu á 7. lið um fræðsluna. Það þarf að upplýsa foreldra um hættuna sem er því fylgjandi að börnin þeirra horfi á slíkt efni. Um mikilvægi þess að foreldrar fylgist með því hvaða efni börnin þeirra eru að horfa á og að það skiptir máli að börnin séu ekki ein eða með jafnöldrum að meðtaka slíkt efni skýringalaust heldur ef slíkt efni er skoðað þá sé það skoðað með gagnrýni með uppalendum og unglingunum sýnt fram á hve fjarri raunveruleikanum það er og hversu mikil fjarstæða það er að ofbeldi geti aflað einstaklingnum þeirrar viðurkenningar í samfélaginu sem hann hefur ekki getað öðlast með öðrum hætti.

Ég minni á að nú þegar verið er að endurskoða námskrá fyrir grunnskóla og framhaldsskóla er lag til að koma þeim mikilvæga þætti inn í sem samskiptanámið er og ætla því stað í námsferlinu. Í tengslum við það er hægt að bjóða upp á vandað námsefni þar sem nemendum er í raun kennt að velja og hafna en á slíku er mikil þörf fyrir þá einstaklinga sem eru að hefja æviskeið sitt í fjölmiðlavæddum heimi nútímans. Það má hugsa sér að þau fari í gegnum t.d. ofbeldisefni með kennara sínum og þeim sé sýnt fram á hve fjarri veruleikanum slíkt efni er.

Það hefur lengi verið eitt mikilvægasta hlutverk skólans að byggja fólk upp svo það verði hæfara til að takast á við lífið og velja og hafna. En mikilvægi þess hlutverks skólans hefur svo sannarlega vaxið á undanförnum árum.

[17:21]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki mörgu við að mæta þá ágætu framsöguræðu sem meðflutningsmaður minn að þessari tillögu flutti áðan. Ég vil aðeins leggja áherslu á nokkur atriði í þessu sambandi sem meira eru almenns eðlis en hitt.

Í fyrsta lagi mikilvægi þess sem kom reyndar ágætlega fram í framsöguræðu áðan að ná um þetta viðfangsefni góðu samstarfi allra aðila sem að því þurfa að koma, fræðsluyfirvalda og foreldra ekki síst og leggja áherslu á mikilvægi fræðslunnar í þessu sambandi en að sjálfsögðu þurfa einnig yfirvöld að koma til sögunnar og reglur þurfa að mínu mati að vera fyrir hendi sem unnt er að fá fólk til samstarfs um að virða. Þetta þarf með öðrum orðum að haldast í hendur. Skynsamlegar reglur sem sæmileg sátt er um í samfélaginu hvað varðar t.d. aldurstakmörk og annað slíkt og síðan almennur skilningur og vilji á því meðal foreldra, uppalenda og annarra sem hafa með málefni barna og unglinga að gera að eftir slíkum reglum sé farið.

Oft er talað þannig að ekki þýði annað en að gefast upp ef svo er komið að að einhverju leyti eru umtalsverð frávik frá því að reglum sem menn hafa ákveðið að setja sér í samfélaginu sé framfylgt. Taka mætti sem dæmi reglur um útivistartíma barna og unglinga sem allir vita að oft eru brögð að að ekki sé framfylgt. En ég held að í slíkum tilvikum beri a.m.k. fyrst að skoða vandlega þann möguleika að auka áróður fyrir því að eftir þeim reglum sé farið og halda uppi fræðslu og kynningu í því sambandi svo lengi sem menn á annað borð telja þær reglur skynsamlegar og að þær þjóni jákvæðum félagslegum eða samfélagslegum markmiðum.

Ég held að það svið sem við erum hér að ræða um, þ.e. aukið framboð af hvers kyns ofbeldisefni, og í raun og veru dýrkun á ofbeldi í samfélagi okkar sé mál sem eigi eftir að verða mjög mikið til umfjöllunar á komandi missirum og árum. Þess sér nú mjög víða stað að menn hafa vaxandi áhyggjur af þessum þáttum og öðru sem því tengist. Menn hafa kannski flotið sofandi að feigðarósi í þessum efnum. Lítið hefur verið aðhafst á sama tíma og ýmsar samverkandi ástæður hafa valdið því að ofbeldi og framboð á ofbeldisefni og ofbeldisdýrkun hafa verið að gegnsýra mannlegt samfélag. Þar ber margt til. Afþreyingarþörfin, tæknin og fleira leggst þar á eitt.

Þess vegna ber að fagna aukinni umræðu um þessi mál í samfélaginu, um ofbeldið og orsakir þess, hvað beri að gera sem ég hygg að flestir vilji til að sporna við því. Auðvitað heyrist stundum borin upp spurningin „hvort", hvort það eigi að vera að velta þessu fyrir sér eða hafa áhyggjur af þessu. En ætli það séu samt ekki færri sem afgreiða málið þannig. Hinir eru fleiri sem velta því fyrir sér hvað sé raunhæft að gera til að reyna að hafa áhrif í þessum efnum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég ætti að vekja athygli á því að með tillögunni fylgir nýtt fskj. sem ekki var með í fyrri útgáfu, þ.e. þegar tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Það er umsögn ágæts blaðamanns hér í landi um nýjan tölvuleik. Ef menn fletta upp á bls. 4 í tillögunni og sjá þar fskj. I gefur að líta umsögn um þennan nýja tölvuleik sem gefin eru hin hástemmdustu lýsingarorð. Þar er fjallað um út á hvað leikurinn gangi. Nú kann að vera að blaðamaðurinn hafi sest upp á skáldafákinn og sem góður stílisti noti hann kraftmikið orðalag þegar hann er að lýsa því sem þarna fer fram en ég hygg að fleirum en mér þyki athyglisvert að heyra hvernig þessum leik sem talinn er frábær og er það vafalaust tæknilega er lýst í umsögninni. Með leyfi forseta, er þar m.a. fjallað um þann hluta leiksins sem við sögu koma persónur sem hér eru nefndar leðurklæddir kvendjöflar. Ég leyfi mér að lesa og tek fram að hér er verið að lýsa því sem fram fer í leiknum:

„Dýflissunni þarf að stjórna með harðri hendi [það er leikandinn sem er gerandinn í þessu tilviki og á að stjórna dýflissunni] og rétt að löðrunga þjónana reglulega, sérstaklega ef þeir eru ekki að vinna af krafti. Sumir kunna því reyndar hið besta, til að mynda leðurklæddir kvendjöflar sem emja af gleði og færast allar í aukana. Þó verður að gæta þess að vera ekki of laus höndin og varast að berja til bana aðstoðarfólkið, sérstaklega púkana sem kosta því meira sem fleiri eru keyptir. Gott er að taka einhverja eina skepnu og pynta í pyntingaherberginu því þá vinna aðrar sama kyns betur á meðan. Yfirdjöfullinn, þ.e. sá sem leikur, verður líka

að taka tillit til guða heimsins og fórna reglulega einhverjum starfsmanna sinna.

Ef tekst að handsama einhverja hetjuna er sjálfsagt að koma henni í fangelsi og síðan á pyntingabekkinn til að reyna að snúa henni til hins illa. Það tekst ekki alltaf en hafa má gaman af veinum og hrópum þeirra á bekknum. Ef hetjurnar svelta til bana í dýflissunni breytast þær í beinagrindur og ganga til liðs við yfirdjöfulinn, en ef líkin eru dregin í kirkjugarð breytast þær í vampírur sem eru góður liðsauki."

Rétt er að taka fram að leikurinn mun byggjast á því að leikandinn eða gerandinn bregður sér í hlutverk hins illa öfugt við það sem gjarnan er í leikjunum að menn leika hetjurnar og tölvan sér um að leika hlutverk glæpamannanna, óþokkanna eða hinna illu afla. Ætli fleirum en mér fari ekki svo að eftir að lesa þennan texta að þeir hrökkvi við og spyrji sig hvort þetta sé það sem við sættum okkur við að börn og unglingar séu að sýsla við eða leika sér að í tölvunum á heimilunum.

Herra forseti. Þetta mál teygir anga sína víðar en áður var. Það má segja að það séu fæst svið mannlegs lífs eða mannlegra athafna nú um stundir sem eru ekki að einhverju leyti undir það seld að ofbeldisefni eigi þar greiðan aðgang. Hér áður fyrr var um margt einfaldara að setja reglur og framfylgja reglum sem miðuðu að því að takmarka aðgengi barna og unglinga að slíku efni og verja þau fyrir ljótleika tilverunnar ef svo má að orði komast. En að minnsta kosti í gerviheiminum sem fylgir nútímatækni er slíkt erfitt vægast sagt ef ekki ógerlegt í vissum tilvikum. En spurningin er eftir sem áður þessi sama: Sættum við okkur við það? Viljum við baráttulaust gefast upp fyrir því að sívaxandi flóð af hvers kyns ofbeldi og ofbeldistengdum hlutum í máli og myndum eða athöfnum gegnsýri allt daglegt líf okkar og heim? Það er ekki skoðun okkar flutningsmanna og við teljum að hér sé hægt að koma ýmsum vörnum við ef vilji er fyrir hendi og er a.m.k. tilraunarinnar virði að gera svo.

Um orsakasamhengi og sannanir ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Ég gæti vísað til þess sem ég sagði um það efni í framsöguræðu fyrir sömu tillögu í fyrra og einnig til gagna í fylgiskjölum. Ég held að hér það eigi við, sem svo víða áður, að spurning er um það að svo miklu leyti sem þar er vafi á ferðum hver eigi að njóta vafans. Það eru algeng viðbrögð að skorast undan því að grípa til aðgerða eða taka á málum og bera því við að ekki hafi verið sannað vísindalega og með óyggjandi hætti að þetta eða hitt hafi hinar eða þessar afleiðingar. Allir þekkja sorglegan drátt sem varð á því að menn tækju á mengun og vaxandi umhverfisspjöllum víða um heim með því að bera fyrir sig að það væri nú kannski ekki sannað að beinlínis þessi eða hin starfsemin, þetta eða hitt efnið, þessi eða hinn mengunarvaldurinn væri sökudólgurinn og það þyrfti að rannsaka betur og til þess þyrfti tíma og á meðan var ekkert gert. Mér finnst við að mörgu leyti vera í sambærilegri stöðu hér. Það er ekki vísindalega sannað þannig að auðvelt sé að festa hönd á því að svo og svo mikið framboð af ofbeldisefni eða svo og svo mikið áhorf barna og unglinga eða annarra, sem mótstöðulitlir eru, á gróft ofbeldisefni hafi tiltekin áhrif. Það eru sterkar líkur sem benda til orsakasamhengis en spurningin er sú: Ætlum við að nota vafann á þann hátt að aðhafast ekkert og viljum við láta börnin okkar njóta vafans eða grípa til þeirra ráðstafana þó ekki væri nema í varúðarskyni sem við teljum skynsamlegt að gera í þessum efnum?

Í öllu falli, herra forseti, er mikil þörf á því að þessi mál séu tekin til umfjöllunar og umræðu í samfélaginu. Vissulega veit ég að svo er víða. Ég get sagt frá því að eftir að þessi tillaga kom fram á þingi á sl. vetri varð ég var við umtalsverð viðbrögð og fékk m.a. óskir um að mæta víða á fundi í foreldrafélögum í skólum og víðar þar sem menn höfðu áhuga á að taka þessi mál fyrir. Ég leyfi mér þess vegna að trúa því að í raun sé ekki ástæða til að óttast um áhugaleysi foreldra eða annarra uppalenda hvað það varðar að taka þátt í aðgerðum á þessu sviði ef stjórnvöld, Alþingi, ríkisstjórn og aðrir aðilar ganga á undan með góðu fordæmi og því frumkvæði sem ég er sannfærður um að nauðsynlegt er að slíkir aðilar hafi en í góðu samstarfi að sjálfsögðu við þá sem sinna uppeldis- og fræðslumálum og síðast en ekki síst almenning í landinu, foreldra og annarra sem koma að uppeldi barna.

[17:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er gott mál sem hér er flutt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Sigríði Jóhannesdóttur með till. til þál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Það er í raun og veru undarlegt þegar við hugsum um það sem hefur verið að gerast á liðnum missirum og þau alvarlegu ofbeldisverk í þjóðfélaginu sem við höfum reyndar tekið til umræðu í þingsal oftar en einu sinni og rætt, — þingmenn hafa lýst áhyggjum sínum í alvarlegum umræðum með það sem er að gerast — að þessi tillaga, jafnbrýn og hún er og er fyrst og fremst um að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir, þá er það undarlegt að þessi tillaga skuli hafa verið rædd og vísað til nefndar og þar skuli hún, eins og aðrar góðar tillögur stjórnarandstöðu, hafa sofnað svefninum fram til næsta hausts þegar þingmenn freista þess að flytja málið enn á ný og kanna hvort áhugi kynni að vera fyrir því að skoða þessi alvarlegu mál og grípa til aðgerða. Það er í raun og veru það sem við stöndum frammi fyrir í dag. Við komum hér saman og ræðum áhyggjur okkar, ræðum um vímuefnanotkun, ræðum um aukið ofbeldi, ræðum um alvarleg brot sem hafa orðið gagnvart börnum framkvæmd af öðrum börnum o.s.frv. En þegar kemur að því að ræða hvað við eigum að gera, hvað við getum sameinast um að gera, þá er þingsalurinn fáliðaður, eins og núna, fyrst og fremst skipaður þingmönnum stjórnarandstöðu, og við vitum að þrátt fyrir góðan vilja þeirra sem hér eru til að vekja máls á vandanum þá mun þetta mál fara til nefndar og harla litlar líkur á að það verði afgreitt til baka. Því segi ég: Við stjórnarandstöðuþingmenn verðum að finna leiðir til þess, að leita leiða nú snemma hausts til að óska eftir að kallaðir séu til þeir aðilar sem kynnu að geta fylgt því eftir og sameinast um að tillagan verði afgreidd úr nefnd.

Við bindum reyndar miklar vonir við starf Barnaverndarstofu. Það var margt sem breyttist eftir að barnaverndarmálum var vísað til félmrn. og þeim málaflokki, barnavernd og málefnum barna, var skipað á alveg nýjan veg. Hins vegar er það svo að til þess að geta sinnt öllum þeim alvarlegu málum sem koma inn á borð Barnaverndarstofu þarf auðvitað að gefa henni ákveðinn forgang, forgang með ákveðnum fjárveitingum til að vinna þau mikilvægu verk. Við höfum rætt fjárlagafrv. og hefur það komið í ljós að engin aukning er á fjárframlögum til Barnaverndarstofu þrátt fyrir að búið er að hækka sjálfræðisaldur úr 16 árum upp í 18 ár og þrátt fyrir að hafa dregið það fram í umræðum á Alþingi að úrræði

bæði í barnavernd gagnvart þeim sem orðnir eru 16 ára hafa verið harla lítil og hjálparaðgerðir varðandi 16–18 ára, þegar slíkir einstaklingar hafa lent í því að fremja ofbeldisverk, hafa engar verið aðrar en þær að loka slíka einstaklinga inni á fullorðinsbetrunarhælum eða fangelsum. Þetta er auðvitað eitt af því sem við eigum að ræða í tengslum við það að vilja breyta því sem unnt er til að geta tekið á þeim alvarlegu málum sem aukið ofbeldi er og sem e.t.v. verður til af þeirri ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis sem hér er bent á og tek heils hugar undir það.

Ég harma reyndar að hafa ekki gefið mér tíma til eða haft tækifæri til að fara í gegnum þau aukafylgiskjöl sem eru með tillögunni. En, virðulegi forseti, ég greip niður í mjög merkilegan kafla í einu fylgiskjalinu og það er um ofbeldi og sjónvarp á 7. áratugnum. Þar er sagt frá því að í Bandaríkjunum var skipuð sérstök nefnd, kölluð Eisenhower-nefnd, til að grandskoða orsakir ofbeldis í samfélaginu. Þetta er árið 1968, fyrir nærri því 30 árum. Á þeim tíma var reynt í Bandaríkjunum að setja sjónvarpsofbeldið í ákveðið félagslegt og siðferðilegt samhengi og það er það sem mig langar að draga fram hér. Meðal annars var leitast við að skoða hvernig kringumstæðurnar voru þegar ofbeldisverknaðurinn var framinn. Hvaða þjóðfélagshópar beittu ofbeldi í sjónvarpi? Hverjir voru fórnarlömb ofbeldis í sjónvarpi? Var réttlætanlegt að beita ofbeldi eða ekki? Var ofbeldismanninum á einhvern hátt refsað fyrir athæfi sitt? Við höfum ekki hugmynd um það og engar kannanir hafa verið gerðar, t.d. hjá okkur, með það sjónvarpsefni sem hér er sýnt og börn horfa á, oft smábörn, hvernig þessir umhverfisþættir eru og hvaða áhrif þeir hugsanlega hafa á réttlætiskennd barns og hvort þeir hugsanlega afbaka hina eðlilegu réttlætiskennd sem börn eru svo rík af. Við höfum ekki hugmynd um það og ekki eru veittir peningar til slíkra rannsókna. Barnaverndarstofu er ekki veitt fjármagn til að sinna brýnustu verkefnum sínum hvað þá heldur að fara í slíkar kannanir. Þegar við afgreiddum opinbera fjölskyldustefnu í fyrravetur var fellt út úr upphaflegu tillögunni að setja á laggirnar fjölskyldusjóð sem hefði einhverja fjármuni til að veita til rannsókna á fjölskyldum, ýmsu því sem snýr að fjölskyldunni í nútímaþjóðfélagi og hvaða áhrif það hefur, og til hvaða hugsanlegra ráða þurfi að grípa vegna áhrifa sem eru að valda breytingum í umhverfi fjölskyldunnar. Þetta er það sem við blasir. Í þessu umhverfi erum við að reyna að hafa áhrif á það að reynt sé að gera eitthvað til að draga úr ofbeldisdýrkun.

Mig langar líka til að nefna að á bls. 11 í þessari greinargerð er verið að fara yfir ýmsa þætti hjá þeim fjölmiðlamanni og prófessor sem sá um innihaldsgreiningu á þeirri skýrslu sem unnin var. Þar er bent á að þrátt fyrir að fortíðin og nútíðin í sjónvarpsþáttum einkennist af ofbeldi einkennist framtíðin enn meira af henni og þrátt fyrir að hægt sé að láta lífið fyrir tilstilli ofbeldis virðast slagsmál ekki valda mönnum teljandi sársauka eða óþægindum. Þá erum við komin að umræðu sem var úti á meðal fólks þegar hin hörmulegu ofbeldisverk voru framin í fyrra og hittifyrra. Þá var það mjög algengt að menn sögðu: Það er alvarlegt umhugsunarefni að börnin okkar horfa á kvikmyndir og sjónvarpsefni þar sem gjarnan eru átök og slagsmál og þar getur fílefldur karlmaður í slíkri mynd sparkað í höfuðið á þeim sem hann er að slást við. Sá sem verður fyrir sparkinu leggst út af í smástund en innan tíðar rís hann upp aftur eins og ekkert hafi í skorist og fer að slást á ný. Sömuleiðis er hægt að sjá senur þar sem einhver er barinn með járnhólk í höfuðið. Og við sem fullorðin eru gerum okkur grein fyrir að hann ætti að láta lífið, en þarna liggur viðkomandi um stund og svo rís hann upp aftur eins og ekkert hafi í skorist og ofbeldisverk halda áfram. Hægt og sígandi er verið að koma því inn hjá börnum að þetta sé allt meira og minna í plati og bæði sé hægt að berja, sparka og slá og beita vopnum eða verkfærum vegna þess að sá sem fyrir því verður hlýtur bara að rísa upp aftur og láta eins og ekkert hafi í skorist. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur og ég styð heils hugar þessa umræðu og hvet þá þingmenn, sem hér eru, til að ræða nánar þetta stóra verkefni sem tillagan fjallar um.

[17:43]

**Útbýting þingskjals:**

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 171. mál, nál. sjútvn., þskj. 198.

[17:44]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir undirtektir undir þessa tillögu og bæta nokkrum orðum við það sem hv. þm. fjallaði um og ég vil segja til viðbótar um þetta mál.

Í fyrsta lagi er rétt að fram komi að tillagan komst á það stig í meðferð Alþingis í fyrra að málið var sent út til umsagnar og um það bárust allmargar umsagnir. Ég hygg að það sé ekki hallað réttu máli þó að sagt sé að þær hafa nánast án undantekninga verið jákvæðar. Það komu vissulega fram ýmsar ábendingar í þeim umsögnum um hluti sem þyrfti að athuga og betur mættu fara. Eitt var talið mikilvægara en annað o.s.frv. Reyndar leiddi ein umsögn til þess að við flutningsmenn gerðum lítils háttar breytingu á tillögugreininni til að undirstrika það að með orðinu ofbeldi eða undir hugtakið ofbeldi í þessu samhengi félli hvers kyns ofbeldi, þar með talið og ekki síður kynferðisofbeldi ef það væri sýnt í einhverju formi.

Vissulega hafa jákvæðir hlutir gerst í þessum málum á undanförnum árum. Það er tekið fram í greinargerð að að sjálfsögðu beri að fagna því að embætti umboðsmanns barna komst á laggirnar eftir mikla og einarða baráttu ákveðinna aðila fyrir því. Þar má vel nefna nafn Guðrúnar Helgadóttur, þáverandi og reyndar núverandi hv. alþm. sem flutti það mál fyrst inn í sali Alþingis.

Tilkoma Barnaverndarstofu er sömuleiðis að sjálfsögðu af hinu góða þar sem vonandi verður unnt að efla starf sem lýtur að öllu þessu tengdu, barnavernd almennt og málefni barna, en þá kemur líka vissulega að því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi að það þarf að sjá fyrir nægjanlegum fjármunum til þess að sú starfsemi geti eflst og orðið jafnkraftmikil og við viljum sjá hana.

Hér hafa einnig verið gerðar nokkrar úrbætur hvað löggjöf snertir og má nefna breytingu á lögum um bann við ofbeldisefni og ofbeldiskvikmyndum sem gerðar voru á síðasta þingi að ég hygg. En betur má ef duga skal og það sem tillagan felur í sér umfram einstök atriði af þessu tagi, sem vissulega má nefna til, er ekki síst sú hugsun að með samræmdri áætlun um aðgerðir verði allir laðaðir saman til virkrar þátttöku í þessu efni. Slíkar samræmdar aðgerðir eða framkvæmdaáætlanir hafa mjög víða gefið góða raun. Mætti nefna þar áætlun um aðgerðir til að auka öryggi í umferðinni og draga úr umferðarslysum sem er að stíga sín fyrstu skref hér á landi en hefur á hinum Norðurlöndunum t.d. lengi verið notuð sem aðferð til að ná árangri.

Ég hygg, herra forseti, að um það sé ekki deilt að ástandið hafi versnað í þessum efnum, a.m.k. hér á landi hin síðari ár. Það eru nánast borðleggjandi sannanir fyrir því að tilefnislaust, gróft ofbeldi hefur orðið algengara, að skeytingarleysi um það að aðrir verði fyrir ofbeldi hefur vaxið og afskiptaleysi jafnvel þannig að fjöldi manna standi aðgerðarlaus hjá og horfi á að menn séu beittir ofbeldi. Frásagnir af slíku gerast því miður æ algengari.

Að lokum kem ég aðeins inn á það sem ég hef reyndar áður nefnt í þessu sambandi og það er sú þróun og þær breytingar sem eru að verða og tengjast m.a. tækni, eða tækniframförum mundum við sjálfsagt vilja segja, í okkar samfélagi þar sem eru ótrúlegir hlutir að gerast hvað varðar nánast takmarkalausa möguleika til framleiðslu myndefnis, gerðar tölvuleikja og til að beinlínis skapa óraunverulegan heim, sýndarveruleikaheim, sem getur orðið með ólíkindum eðlilegur. Það má nærri geta að fyrir þá sem glíma við það að þroska stig ævi sinnar þegar mörkin milli veruleika og ímyndunar eru oft óljós skapar þetta viðbótarhættur sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Það er með öllu óvíst að við höfum séð nema toppinn á ísjakanum hvað það snertir, herra forseti, enn sem komið er hvaða áhrif þessar „tækniframfarir" geta átt eftir að hafa á mannlegt samfélag.

Að öðru leyti þakka ég fyrir umræðuna.

[17:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þingmenn erum sammála um að það að stofna embætti umboðsmanns barna var þarft verk og mjög gott mál. Guðrún Helgadóttir þingmaður flutti það mál aftur og aftur og dropinn holar steininn og að lokum var samþykkt á Alþingi að stofna þetta embætti.

En hins vegar vil ég leiðrétta það, samt í mjög góðu og með bros á vör, að þingmaðurinn var ekki fyrst til að flytja þá tillögu hér á Alþingi. Það var nefnilega þannig að á sínum tíma fluttu Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri úr þingflokki Alþfl. tillögur um aðgerðir í þágu barna. Þær voru í mörgum liðum og einn liðanna var að stofna embætti umboðsmanns barna. Þessi tillaga var flutt a.m.k. á tveimur ef ekki þremur þingum þannig að þar var byrjað að vekja umræðu um embætti umboðsmanns barna en síðan flutti Guðrún Helgadóttir sértæka tillögu um þetta og hún hefur átt stuðning okkar í því í gegnum árin.

Í þessari umræðu um ofbeldi og ofbeldisdýrkun bendi ég á að margir foreldrar vilja vernda börnin sín. Það er ofboðslega mikill þrýstingur á að börn fái leyfi til að gera allt mögulegt sem önnur börn gera hvort heldur er að horfa á sjónvarp og kvikmyndir, vera úti á kvöldin, úti fram á nætur og þeir foreldrar sem vilja vernda eða vera með ákveðinn aga eru í mikilli vörn og mikill þrýstingur er á þá foreldra. Eitt af því sem við þurfum að gera er að stuðla að því að foreldrar fái stuðning við að halda uppi ákveðnum aga og ákveðnum gildum innan veggja heimilisins og jákvæðum boðskap til barna sinna.

[17:52]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek mjög vel við leiðréttingu hv. þm. um það hvernig hugsunin um embætti eða umboðsmann barna hafi fyrst komið hingað inn í þingsalina. Mér var einfaldlega ekki kunnugt um tillöguflutning þingmanna Alþfl. og mitt minni í þessum efnum náði ekki lengra aftur en svo að ég hygg að þegar ég kom á þing eða fór fljótlega eftir það að fylgjast með málatilbúnaði var það tillaga eða frv. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem hér var endurflutt ár eftir ár um að stofna skyldi eða koma á fót embætti umboðsmanns barna. En það er sama hvaðan gott kemur og að sjálfsögðu ber að virða það frumkvæði sem hver og einn hefur átt í þessum efnum.

Aðalatriðið er það að ég hygg að það megi segja með fullum rétti að embætti umboðsmanns barna hafi sannað sig, það hafi reynst rétt og mikilvæg ákvörðun að koma því á fót. Ég hef eftir föngum reynt að fylgjast með því sem umboðsmaður hefur verið að gera og þau mál sem þar hafa verið tekin upp. Ég lýsi því sem skoðun minni að mér hefur að langmestu leyti fundist það vera til fyrirmyndar og það hefur vakið ánægju mína.

Ég tek að sjálfsögu undir að lítið verður áunnið í þessum efnum nema foreldrar fáist til samstarfs og séu fullgildir þátttakendur í því sem þarna er á ferðinni. Þess vegna snýst málið að sjálfsögðu að nokkru leyti um að reyna að hafa áhrif á, mér liggur við að segja, hið almenna gildismat í samfélaginu og viðhorf fólks til þessara hluta, fá fólk til að vera betur á verði og reyna að vera þátttakendur í að sporna gegn þróun af þessum toga, vaxandi flæði ofbeldisefnis sem við erum ósátt við.

Sumir segja að mikilvægasti uppalandinn í samfélaginu séu allir, þ.e. þegar komið er og sagt: Allir fá að gera þetta. Allir eru úti eftir kl. 10 o.s.frv. Það er nákvæmlega þetta viðhorf sem við þurfum að breyta að menn afhendi ekki hugsunarlaust einhverjum „öllum" mikilvægar ákvarðanir um uppeldi barna sinna, heldur taki þær sjálfir.

[17:54]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta og er innilega sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég held að þessir „allir" séu afskaplega sterkt afl og það er gott að vekja umræðu um það. Ég tek líka undir að saman höfum við staðið að því þessir flokkar, Alþfl. reyndar og Alþb., þ.e. lesist jafnaðarmenn, hafa átt frumkvæði að því að koma embætti umboðsmanns barna á laggir. En þess vegna nefni ég þetta hér og sé til þess sérstaka ástæðu og ekkert skrýtið að þingmaðurinn skuli ekki vita um tilurð tillögunnar, að samband alþýðuflokkskvenna sem vann öflugt starf í stefnumörkun í málefnum barna eins og svo margt annað, stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar, konunnar í samfélaginu o.s.frv. Það var þetta ágæta samband og konurnar í mínum flokki báru slík mál inn á flokksþing og úr þeim brunni var sótt ýmislegt efni sem flutt var hingað inn á þing. Í þann brunn voru sóttar tillögur um aðgerðir í málefnum barna. Sumt af því hefur orðið að veruleika eins og umboðsmaður barna þó það ætti eftir að fara þessa krókaleið. Þess vegna er mér sérstök ánægja að því að rifja það upp og segja frá því að öflugt starf kvennahreyfingar innan flokka getur oft skilað sér inn á Alþingi jafnvel þó enginn viti um þann fjarlæga og þögula hóp sem þar kom að verki. Þess vegna nefni ég þetta hér í dag.

[17:56]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru hinar ágætustu upplýsingar um mikilvægt starf kvennahreyfingar Alþfl. Það virðist koma á daginn að hér hafi menn lagt í púkk og þetta hafi verið hinn

ágætasti félagsbúskapur sem hefur haft áhrif til góðs, tillöguflutningur þingmanna bæði úr Alþb. og Alþfl. frá liðinni tíð. Ég hef fyrir mitt leyti reynt að leggja mitt af mörkum sem foreldri og uppalandi og þingmaður. Ég mun að vísu ekki eiga þess kost að starfa í kvennahreyfingu jafnaðarmanna og þaðan af síður var ég í kvenfélagi Alþfl. fyrr á öldinni þannig að ég get ekkert annað en tekið við upplýsingum frá öðrum um það ágæta og gagnmerka starf sem þar hefur verið unnið. En lífið heldur áfram og ég held að við eigum að reyna að snúa okkur að aðstæðunum eins og þær blasa við okkur í dag og því sem fram undan er í þessum efnum og ég er sannfærður um að við þurfum á öllum góðum liðsmönnum að halda í þeirri baráttu að bæta okkar samfélag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, fyrri umr.***

Þáltill. PHB o.fl., 170. mál. — Þskj. 170.

[17:58]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgang nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni sem er á þskj. 170. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Drífa Hjartardóttir, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðni Ágústsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir, Kristján Pálsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Tómas Ingi Olrich og Össur Skarphéðinsson.

Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag.“

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd og er því flutt hér aftur í lítið breyttri mynd.

Herra forseti. Mikið er unnið að tölvumálum í íslensku menntakerfi í dag. Fréttir berast æ oftar af spennandi verkefnum sem skólar eru að taka að sér og nægir þar að nefna t.d. Menntaskólann á Laugarvatni sem er með mjög spennandi verkefni á internetinu og Verkmenntaskóla Akureyrar sem er með skemmtilegt verkefni í fjarkennslu. Svo er Grunnskólinn í Sandgerði að vinna í samvinnu við Framtíðarbörn að því að þróa ákveðið verkefni þannig að tölvuvæðing íslenska menntakerfisins og skólakerfisins er mjög mikil.

Í niðurstöðu könnunar sem menntmrn. lét framkvæma um tölvur í grunnskólum og birt var núna í júní 1997 kemur fram að það eru 23 nemendur um hverja tölvu í grunnskólunum. Yfir 60% skóla hafa tölvuver og 46% skóla eru með netkerfi. 80–90% hafa alnetstengingu og um 80% skóla eru með margmiðlunartölvu en því miður er 131 nemandi um hverja slíka tölvu í skólunum.

84% skóla nota tölvur til kennslu og 60% skóla eða sveitarfélaga sem reka grunnskólana hafa gert áætlun um tölvuvæðingu. Það er sem sagt mjög mikið að gerast á þessu sviði og þessari ályktun er í reynd ætlað það hlutverk að samræma þá virkni sem er í gangi og sjá til þess að enginn nemandi verði út undan vegna þess að sveitarfélagið sem hann er í eða skólinn sem hann sækir hefur ekki tekið þátt í þessu verkefni sem er í gangi.

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar er sú að gert verði átak á sviði menntamála, að lögð verði áhersla á flutningsgetu og flutningsöryggi tölvutækra upplýsinga og að útboðsstefnu ríkisins verði framfylgt við kaup á hugbúnaði fyrir ríkisstofnanir og ráðuneyti. Enn fremur að kennd verði notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum og að við námsgagnagerð verði nýttir kostir margmiðlunar til að efla menntun og auka fjölbreytni í skólastarfi. Að síðustu er lögð áhersla á það að til eigi að vera fullnægjandi tölvubúnaður fyrir nemendur og að starfsmönnum sé gert kleift að nýta þennan tölvubúnað.

Þessari þingsályktun er ætlað að sýna vilja Alþingis í þessum málum, að Alþingi hafi ekki síður áhuga á þessum málum en framkvæmdarvaldið.

Herra forseti. Undanfarið hafa menn neyðst til þess að skera niður velferðarkerfið á mörgum sviðum vegna þess að gæðin eru takmörkuð. Þá gerist það merkilega að þeir aðilar í stjórnkerfinu sem fara að fjárlögum og standa sig vel lenda harkalegast í niðurskurðinum. Aðrir aðilar sem ekki standa sig eins vel, og þess eru mýmörg dæmi, fara ekki að fjárlögum eða telja sig ekki geta það, taka til sín sífellt stærri hluta af velferðarkökunni. Maður kann að spyrja sig þegar maður horfir á þessa þróun hvort það séu þeir sem ekki fara að lögum sem ákveða stefnuna í velferðarmálum þjóðarinnar. En þannig gæti það virst.

Þessari tillögu er ætlað að leggja áherslu á að það sé vilji löggjafarsamkundunnar að áherslan sé á menntamálum en ekki á þeim málum sem þeir sem brjóta fjárlög hafa lagt áherslu á.

Herra forseti. Það hefur orðið mikil framleiðniaukning á undanförnum áratugum og öldum, vil ég segja. Hún byggir mikið á notkun örgjörva og tölva í iðnaði núna síðustu áratugi. Í stjórnsýslu, iðnaði, verslun og nánast hvar sem er er geysilega mikil framleiðniaukning. Þetta hafa menn líka séð í menntakerfinu og einstakir skólar, foreldrafélög, kennarar, skólastjórnendur og síðan sveitarfélög núna hafa lyft grettistaki í grunnskólanum í því að tölvuvæða einstaka skóla eins og tölurnar sem ég nefndi áðan um útbreiðslu tölva í skólakerfinu sýna okkur. En samt kemur það í ljós að staða íslenskra nemenda er ekki eins góð og við mundum vilja, sérstaklega í raungreinum.

Nú skyldu menn varast að ályktа út frá þeirri könnun sem birt hefur verið að eini mælikvarði á getu nemanda eða getu skólakerfisins sé frammistaða í raungreinum. Skólakerfið á að gera miklu meira. Það þá að þjálfa menn til frumkvæðis og það á að kenna mönnum tungumál og allt önnur atriði líka fyrir utan raungreinarnar. T.d. tel ég nauðsynlegt að hafa mikla færni í tungumálum í ört vaxandi alþjóðasamskiptum. Engu að síður er nauðsynlegt að beita öllum tækifærum og öllum tækjum sem hægt er til þess að auka framleiðnina í menntakerfinu, þ.e. við fáum meiri menntun fyrir sama pening. Og þá beinast sjónir okkar að tölvuhugbúnaði.

Það hefur orðið stórkostleg bylting bara á síðustu 3–4 árum varðandi t.d. sendingu gagna heiminn á enda sem tók

áður marga daga en gerist nú á sekúndubroti, öflun upplýsinga um ýmisleg mál og miðlun þeirra með texta og tónum, myndum og hreyfimyndum, kvikmyndum. Það er t.d. hægt að búa til ferðasögu þar sem sagan er sögð með texta, eða jafnvel er einhver sögumaður segir hana í töluðu máli og *jafnframt eru sýndar myndir* sem menn geta skoðað ef þeir óska eftir og kvikmyndir af þeim stöðum sem ferðin var farin til. Þannig má sýna ferðasögu með öllum mögulegum tækniundrum eins og kvikmyndum, hljóði og texta. Þetta er að sjálfsögðu miklu öflugra tæki en við sjáum í dag í *bókinni góðu. Síðan er hægt að byggja inn í ferðasöguna að* skoðandinn, sá sem les eða skoðar, geti ráðið hvernig ferðin fer.

Á það hefur verið bent m.a. af Bandaríkjaforseta að búa mætti til ferð Leifs Eiríkssonar í tilefni af 1000 ára afmæli uppgötvunar Ameríku þannig að á internetinu verði ferðasaga þar sem menn geta farið í sjóferð eins og Leifur Eiríksson, á sambærilegum skipum, til sömu staða og tekið ákvarðanir um það sjálfir hvort þeir ætla að fara í þessa áttina eða hina og þeir ýmist lenda þá í skipskaða eða þeim tekst að ná landi allt eftir því hvernig fer. Þannig er hægt að búa til mjög spennandi ferðasögu Leifs Eiríkssonar og það er rætt um það í alvöru að setja þetta upp í tilefni 1000 ára afmælis fundar Ameríku. Þannig eru nálægt engin takmörk fyrir því hvað hægt er að gera með möguleikum margmiðlunar á tölvum.

Tölvan gerir það líka mögulegt sem ætíð hefur verið mikið vandamál í skólakerfinu að veita hverjum nemanda kennslu við hæfi. Menn hafa reynt þetta en það hefur brugðist í skólakerfi sem byggir á bekkjum eða einhverju öðru formi því að það er staðreynd að hafi menn 10, 20 eða 30 nemendur fyrir framan sig, þá hefur einhver náð því sem kennarinn er að segja á augabragði á meðan aðrir nemendur hafa ekki náð því. Og þá er það spurningin: Á hvaða hraða fer kennarinn? Hann hlýtur alltaf að velja einhvers konar meðalhraða, þannig að þeim sem eru fljótastir að skilja leiðist og þeir fara að hugsa um eitthvað annað og þeir nemendur sem eru mest hægfara og þurfa meiri tíma, skilja ekki hvað málið snýst um. Afleiðingin er sú að hugsanlega njóta tveir þriðju af nemendunum, þeir færustu og þeir hægustu, ekki kennslunnar sem skyldi. Með tölvunni er þetta allt mögulegt því að þá getur hver nemandi verið á sínum hraða. Hann stjórnar hraðanum, hann er virkur og það er hann sem ákveður hvað hann lærir innan vissra marka og á hvaða hraða. Og tölvan verður aldrei þreytt eða óþreyjufull, jafnvel ekki þegar nemandinn spyr um ákveðið dæmi í stærðfræðinni í þrítugasta sinn. Þá mun hún með jafnmiklu jafnaðargeði upplýsa hann um það hvernig eigi nú að leysa einhverja jöfnu.

Herra forseti. Í hundruð eða þúsundir ára hafa kennsluhættir verið nánast óbreyttir. Það er kennari, sem fræðir, sem stendur uppi á kassa eða uppi við púlt, upphækkaður yfirleitt, og segir einhverjum hópi nemenda til, fræðir þá og þeir taka eftir og hlusta en eru að mestu leyti óvirkir. Þeir stjórna ekki því hvað gerist. Þetta hefur verið óbreytt alveg frá dögum Hellena. Það verður hugsanlega mikil breyting við það að tekin verður upp margmiðlunartækni og margmiðlunartölvur vegna þess að það er nemandinn sem situr við tölvuna sem ákveður hraðann, hver og einn einasti nemandi verður á sínum hraða. Kennarar munu verða verkstjórar eða leiðbeinendur, sem er frekar neikvætt orð af því að menn þurfa ekki próf í dag til að leiðbeina, þarna væri um að ræða raunverulega kennara með mikla menntun sem leiðbeindu nemendum um leiðir og leiðbeindu þeim um val á forritum, leystu fyrir þá vandamál og stýrðu verkunum.

Þetta getur haft það í för með sér að hin hefðbundna skólastofa kann að breytast allverulega. Það gætu verið 100 eða 200 nemendur í hverjum bekk eða allur árgangurinn gæti verið í einum bekk. Jafnvel gætu menn hugsað sér að skólinn allur væri einn bekkur þar sem nemendur eru einn, tveir eða þrír um hverja tölvu og eru að leysa ákveðin verkefni, annaðhvort hópverkefni þessara þriggja nemenda eða þá bara hver nemandi er að læra sína vélritun eða hvað það nú er á sínum hraða en kennarar gangi á milli.

Vegna þessa ættu menn að athuga hvort það geti verið að það mikla átak sem menn ætla sér að gera varðandi einsetningu skóla sé kannski ekki alveg rétt, hvort það geti verið að menn séu að fjárfesta í byggingum sem verða kannski óþarfar eða úreltar þegar þessi breyting á kennsluháttum hefur átt sér stað. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að skoða vegna þess að sú fjárfesting sem menn ætla að fara út í í sambandi við einsetningu skólans er mjög dýr og það yrði slæmt ef í ljós kæmi eftir 5 eða 10 ár að hún hafi verið röng. Þannig að þó að þessi þingsályktun kosti mjög mikla peninga, þá kann að vera að hún verði til sparnaðar.

Herra forseti. Það gengur hratt á tímann þannig að ég mun nú stytta mál mitt. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að sú fjárfesting sem hér er lögð til er ekki í eitt skipti. Þetta verður stöðug fjárfesting um alla framtíð vegna þess að tölvur og hugbúnaður úreldist mjög hratt. Ég vil að lokum leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt í þessu dæmi öllu saman að virkja kennara, virkja frumkvæði og dugnað íslenskra kennara til þess að koma þessu á og ég er sannfærður um að þetta dæmi, notkun tölva, mun standa að mestu og falla með því sem kennarar munu gera. Og ég hef mikla trú á því að þeir munu geta unnið að því að þróa mjög skemmtilegan og góðan hugbúnað.

[18:13]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég er ein af flutningsmönnum þessa máls, meðflm. hv. þm. Péturs H. Blöndals, þannig að stuðningur minn við málið er auðvitað augljós en ég vil þó fara nokkrum orðum um það nú við fyrri umræðu.

Það mál sem hér um ræðir er að mínu mati mikið jafnréttismál. Hér er til þess hvatt að gerð verði áætlun um að innan tiltekins tíma fái sérhver nemandi aðgang að tölvu um tiltekinn tíma. Miðað við þá þróun sem orðið hefur og það sem við sjáum fram undan — við sjáum reyndar afskaplega skammt í þessum efnum — þá er hér um mjög mikilvægt mál að ræða og jafnréttismál eins og ég sagði vegna þess að heimilin í landinu eru ekki öll jafn vel búin og skólarnir ekki heldur. Ef af þessu verður, þá er tryggt að öll börn fá aðgang að tölvum, þau munu læra á þær, þau munu verða tölvulæs, þau munu öðlast með því mikilvægan undirbúning undir áframhaldandi nám og notkun tölva, þau munu eiga kost á nýjum samskiptamáta. Mér verður oft hugsað til þess, herra forseti, þegar Pétur Þorsteinsson var að þróa Íslenska menntanetið að hann sagði okkur áhugasömum að með þeim æfingum sem hann væri með tölvupóst, þá teldi hann sig vera að hefja sendibréfið aftur til vegs og virðingar. Og það er mikið rétt, það þekkjum við sem nýtum okkur þann samskiptamáta.

Það er einnig verið að veita nemandanum aðgang að fræðslu. Það þekkja þeir sem hafa kynnst þeim möguleikum

sem tölvuefni ýmiss konar gefur, að ég tali ekki um það að fara inn á netið, allar þær upplýsingar sem þar eru tiltækar þeim sem kann að hálgast þær. Það er einnig rétt sem hv. þm. nefndi áðan og undirstrikar einnig hversu tölvueign skóla og almenn þekking og kunnátta nemenda á þær getur skipt máli. Með þeim geta nemendur í mörgum námsgreinum í raun valið eiginn hraða við vinnslu verkefna. Þetta undirstrikar jafnréttishlið málsins.

Það kom fram hjá 1. flm. að það er mikið að gerast í þessum málum. Það er alveg rétt. Mér er sagt að útbreiðsla tölva á Íslandi og áhugi sé mestur á Norðurlöndum. Það séu helst Finnar sem nálgist okkur. Sömuleiðis virðist það sýna sig í því að íslenskir hugbúnaðarframleiðendur, sem eru gjarnan ungt fólk, þó ekki endilega með tölvunám að baki, nái framúrskarandi árangri svo við miðum okkur við aðrar þjóðir eins og lenska er hér.

Það er líka mikið að gerast í þróun á notkun tölva innan grunnskólanna enda þótt þeir hafi ekki allir tölvum á að skipa og mismerkilegum, satt best að segja. Þeir skólar sem hafa lagt metnað í tölvukaup og það að kenna sínum nemendum kerfisbundið að nýta þessi tæki hafa margir hverjir í nokkur ár átt samskipti, ekki bara innan lands heldur einnig milli landa og þannig hafa nemendur ýmissa skóla komist í kynni við jafnaldra sína í öðrum löndum og fengið frá þeim upplýsingar, bæði um þá lifnaðarhætti sem þar eru og um það land sem þeir búa í.

Þá vil ég nefna fjarkennsluna eins og hv. 1. flm. gat áðan um. Þar hafa orðið stórstígar framfarir og ég vil nota þetta tækifæri til að minna á þáltill. sem við þingmenn jafnaðarmanna flytjum um að fjarkennsla verði markvisst notuð til að jafna aðstöðu til náms. Þar erum við með möguleika sem við höfum aldrei haft áður og þurfum að nýta einmitt með þessum hætti. Í máli 1. flm. kom fram að tölvuvæðing og aukin notkun tölva í skólastofunni mundi hafa í för með sér miklar breytingar á starfi kennarans. Það er mikið rétt. Á því mun ugglaust verða mikil breyting. Það hefur orðið þó nokkur breyting á starfi kennarans á undanförnum árum og það sér ekki fyrir endann á því frekar en þeirri þróun sem við erum fyrst og fremst að tala um varðandi tæknina.

Það er alveg rétt sem hann bendir á að starf kennarans sem er auðvitað að hluta til verkstjórastarf mun hugsanlega þróast enn meira í þá átt. Ég held hins vegar að einsetning skóla sé jafnnauðsynleg hvort sem við horfum til þessarar þróunar eða ekki. Byggingar sem reistar eru í þeim sveitarfélögum þar sem enn er eftir að einsetja skóla eru bráðnauðsynlegar vegna þess að staðan er þannig að í velflestum sveitarfélögum landsins eru skólar þegar einsetnir. En akkúrat í þeim sveitarfélögum sem mestur fólksflutningur hefur verið til eru skólarnir ofsetnastir ef svo má að orði komast, þar er þörfin mest fyrir frekari byggingar, þar eru einfaldlega svo mikil þrengsli að til þess að vel geti farið um nemendur og að þeir fái í rauninni þá lögbundnu þjónustu sem þeir eiga rétt á þá þarf að byggja við skólana. Enda er það svo að þrátt fyrir þær breytingar sem við getum séð á kennarastarfinu og þrátt fyrir aukinn þátt fjarkennslunnar, sem við getum líka séð fyrir okkur á næstu árum í námi, er trú mín að þær kennsluaðferðir sem 1. flm. rakti þúsundir ára aftur í tímann muni standa áfram fyrir sínu. Reynslan segir okkur að þar sem nemendur, t.d. í háskólum, hafa getað fengið fyrirlestra prófessora sinna í gegnum skjá, á myndbandsspólum eða eftir öðrum leiðum, hefur það sýnt sig að það hefur ekki þótt nægja. Mannleg samskipti, gagnvirkni mun áfram verða liður í námi. Þótt tölvan sé náttúrlega einstakt tæki hvað varðar gagnvirkni mun hún ekki koma í staðinn fyrir mannlegu samskiptin. En við vitum að þróun tækninnar er þó farin að nálgast það mjög og mun nálgast áfram því að eins og fram hefur komið geta Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri t.d. miðlað fyrirlestrum á milli sín með tiltekinni tækni um skjá þar sem stúdentar geta varpað fram spurningum og tekið þátt.

En eins og ég sagði álít ég að mannleg samskipti og hlutverk skólans sem uppeldisstofnunar og til félagsmótunar muni ekki breytast mjög á næstu árum. Jafnvel þótt þróunin verði ör hvað varðar tölvurnar breyti það ekki áætlunum skólanna varðandi einsetningu og byggingar, það sé einfaldlega sjálfstætt mál sem skipti miklu að komist í höfn sem fyrst.

Í greinargerð drepur flm. á ýmsa þætti sem skipta máli. Ég hef ekki tíma til þess, herra forseti, að víkja að þeim en vil endurtaka stuðning minn við málið eins og fram kemur í þeim stuðningi sem felst í því að vera flm. Ég undirstrika að ég tel að um jafnréttismál sé að ræða og þess vegna mikilvægt mál sem ég vænti að við getum afgreitt héðan með jákvæðum hætti.

[18:22]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir innlegg hennar. Ég átti eftir að geta um nokkur atriði í fyrri ræðu minni Ég er sammála hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að einsetningin er nauðsynleg. Það sem ég vildi benda á er það hvort sú mikla fjárfesting sem menn eru að fara út í kynni hugsanlega að reynast úrelt þegar hún er loksins komin á í ljósi þessara breytinga og hvort menn ættu ekki alla vega að huga betur að áður en þeir fara út í þær miklu fjárfestingar.

Ég held að með þessari breytingu muni mikilvægi kennara vaxa. Það er alröng ályktun að halda að mikilvægi kennara minnki vegna þess að þarna er miklu meira og vandasamara starf við að leiðbeina og við að stýra verkum en er í dag. Ég er líka sannfærður um að mannleg samskipti verða meiri vegna þess að virkni nemenda vex við kennsluna, þeir þurfa ekki eins langan tíma til að læra hluti, t.d. vélritun, lestur eða tungumál vegna þess þeir stýra sjálfir hraðanum og þeir bestu þurfa ekki sífellda endurtekningu og þeir lökustu mundu ná efninu í fyrstu atrennu af því að þeir hafa nægan tíma. Virkni kennslunnar og framleiðni mun því aukast, nemendur munu læra hraðar og betur og hafa þar af leiðandi meiri tíma fyrir mannlegu samskiptin til að ræða saman, t.d. í ræðumennsku og annað slíkt sem hefur verið vanrækt að mínu mati. Mannleg samskipti munu aukast vegna þess að það er meiri tími fyrir þau en í dag.

En eins og hv. þm. benti á er þetta jafnréttismál. Bæði jafnrétti þeirra nemenda sem verða út undan í þeirri tölvuvæðingu sem er í dag, það er tryggt að þeir fá líka sinn skerf. En ekki síður er þetta jafnrétti milli kynja þar sem af einhverri ástæðu hefur komið í ljós að drengir eru miklu virkari í að tileinka sér tölvur. Í rauninni er verið að segja að allir nemendur eigi að tileinka sér tölvur, ekki bara einhver sení í skólanum eins og ef til vill hefur viljað brenna við eða drengir. Þetta er því um leið hvatning til stúlkna til að beita sér sem þær geta örugglega ekki síður en drengirnir.

Ég held að menn geri sér almennt ekki grein fyrir því hve mikilvægt er að hanna skemmtilegan hugbúnað. Við Íslendingar búum svo vel að eiga hér á landi fyrirtæki sem er mjög framarlega í gerð leikja eða hugbúnaðargerð sem

nálgast það að vera leikir. Ef það tækist að tengja saman slíkan hugbúnað, þ.e. leikjahugbúnað og kennsluhugbúnað, værum við hugsanlega komin með hugbúnað sem geysilega mikill eða mjög mikill markaður yrði fyrir út um allan heim og gæti orðið útflutningsvara. Til þess að menn átti sig á þeim stærðum sem um er að ræða held ég að það sé tómt mál að tala um að búa til almennilegt forrit fyrir minna en 50 millj. kr. Kostnaður við gerð mjög góðra forrita hleypur örugglega á hundruðum milljóna. Menn þurfa því að átta sig á því að þeir búa ekki til forrit með kannski nokkur hundruð þúsundum eða einni eða tveim milljónum, þ.e. ef forritið er metnaðarfullt og á að ná til nemenda.

Ég legg áherslu á að ég ætlast til þess og býst við því að kennarar verði þeir aðilar sem muni taka þátt í því að þróa og mynda nýjan hugbúnað í samvinnu við forritara og aðra hugbúnaðargerðarmenn. En frumkvæðið á að koma frá kennurum. Það eru þeir sem kunna hlutina best. Það eru þeir sem hafa unnið með nemendum og þeir vita hvar skórinn kreppir.

Það sem mun gerast í sambandi við fjarkennslu er að frábærir kennarar geta búið og lagt mikla vinnu í að búa til frábæra fyrirlestra og frábært kennsluefni sem er svo nýtt, ekki bara af þeim þrjátíu nemendum sem kennarinn stendur frammi fyrir í hverri kennslustund, heldur af 300 eða 3.000 eða 30.000. Það verður hægt að búa til miklu betra og frábærara efni vegna þess að það eru svo margir sem nota það. Hagræðingin kemur fram með þessum miðli.

Það er spurning hvernig þessi áætlun, ef samþykkt yrði, yrði framkvæmd. Maður getur séð fyrir sér bæði það að einstaka skólar yrðu láta ríða á vaðið, prufukeyra dæmið í eitt ár eða svo, til þess að í ljós komi þeir agnúar eða gallar sem væru á kerfinu. Það er eflaust besta leiðin. Eins mætti hugsa sér að byrja ofan frá í menntakerfinu, byrja á elstu nemendunum fyrst og taka upp tölvuvæðingu þar. En ég hygg að fyrri leiðin sem ég benti á sé betri. Þetta yrði að sjálfsögðu skoðað í sambandi við að gera þessa áætlun.

Varðandi kostnaðinn af þessu þá lít ég þannig á að það eigi ekki endilega að vera alfarið á hendi ríkisins enda er það ekki í dag. Foreldrafélög og alls konar sambönd, Lionshreyfingar og Kiwanis-hreyfingar hafa gefið tölvur. Einnig má líta til fyrirtækja sem eru í auknum mæli að bæta ímynd sína með því að rækta gras og græða upp skóga. Þau gætu líka farið að rækta menntun og búa til skemmtilegan hugbúnað fyrir nemendur. Sveitarfélögin vilja að sjálfsögðu veita góða þjónustu á þessu sviði ekki síður en öðrum og að lokum er það ríkið. Það eru sem sagt fimm aðilar sem gætu komið að fjármögnunni þannig að þetta þarf ekki endilega að vera geysilega mikill kostnaður á ríkið eins og virðist vera.

Herra forseti. Fréttir berast af því utan úr heimi að menn séu að gera sér grein fyrir þessum miðli, þessum möguleikum, og það hefur komið fram að breska stjórnin hyggst leggja ríka áherslu á samvinnu stjórnarinnar og einkafyrirtækja þannig að öllum skólum landsins verði séð fyrir tölvum eigi síðar en árið 2002. Nú er staðan þannig að 6.000 af 32.000 skólum í Bretlandi hafa tölvur. Þeir ætla að fá sér ekki ómerkari ráðgjafa en Bill Gates til að aðstoða sig við þessa tölvuvæðingu. En þeir eru enn sem komið er töluvert aftar á merinni en við Íslendingar miðað við þær upplýsingar sem ég benti áðan á. Bandaríkjamenn ætla sér, með forsetann í broddi fylkingar, að ná því markmiði að internetið verði komið inn í hverja kennslustofu fyrir árið 2000. Menn eru mjög víða að vinna að þessum málum og ég held að það sé mjög brýnt að þáltill. verði samþykkt þannig að vilji Alþingis komi fram í máli og framkvæmdarvaldið geti treyst á það að þetta sé vilji Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

# 14. FUNDUR

miðvikudaginn 22. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til menntamálaráðherra:*

1. Öryggismál í skólum, fsp. ÖS, 46. mál, þskj. 46.

*Til samgönguráðherra:*

2. Áhrif lýsingar við Reykjanesbraut á slysatíðni, fsp. ÁE, 47. mál, þskj. 47.

*Til landbúnaðarráðherra:*

3. Áburðarverksmiðjan hf., fsp. SvG, 79. mál, þskj. 79.

*Til iðnaðarráðherra:*

4. Málefni skipasmíðaiðnaðarins, fsp. SJS, 169. mál, þskj. 169.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Réttur tannsmiða og sjóntækjafræðinga, fsp. MF, 105. mál, þskj. 105.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarráði Bolungarvíkur.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Aðlögun að lífrænum landbúnaði, 195. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 199.

Kennarar og leiðbeinendur, 192. mál, fsp. SvG, þskj. 194.

Reiðvegir fyrir hestafólk, 191. mál, fsp. HjÁ, þskj. 193.

Starfsmat, 190. mál, fsp. SvanJ, þskj. 192.

Stjórn fiskveiða, 189. mál, frv. KHG, þskj. 191.

Stjórnarskipunarlög, 187. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 189.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 193. mál, fsp. GuðjG, þskj. 195.

## *Öryggismál í skólum.*

Fsp. ÖS, 46. mál. — Þskj. 46.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Það er staðreynd að slys á börnum hér á landi eru óhugnanlega tíð. Það liggur fyrir í opinberum gögnum að hér á landi er líklegt að eitt af hverjum fjórum börnum verði fyrir slysi áður en það nær fullorðinsaldri. Tíðnin í Noregi er miklu lægri. Þar verður aðeins eitt af hverjum

sex börnum fyrir slysi og í Svíþjóð hendir slys aðeins eitt af hverjum átta. Því miður er ekki samræmd skráning á barnaslysum hér og nýjar, nákvæmar upplýsingar eru því ekki til. Þær nýjustu sem ég hef séð, koma fram í yfirliti sem var gert á grundvelli gagna frá slysadeild Borgarspítalans, og birtust 1990. Þar er skýrt frá því að það ár hafi tíðni slysa á núll til fjögurra ára börnum í Þrándheimi og í Harstad í Noregi verið 128 á hvert þúsund barna en á sama tíma 258 í Reykjavík. Hjá fimm til níu ára börnum slösuðust 119 af hverju þúsundi norskra barna en 222 í Reykjavík. Tölurnar eru enn skuggalegri fyrir 10–14 ára börn, þá var tíðnin 153 í Noregi en 327 í Reykjavík. Þetta er gríðarlega hátt hlutfall barnaslysa hér í Reykjavík og munurinn er sláandi gagnvart Norðurlöndunum og menn hljóta að spyrja: Hvað veldur þessum mikla mun?

Í fyrrnefndri skýrslu er þessu svarað á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta: „Mestu munar hve heimaslys og skólaslys eru miklu algengari hér en í Noregi." Og í skýrslu skólayfirlæknis í Reykjavík frá 1990–1991 kemur fram að árleg slysatíðni í reykvískum skólum sem skráningin náði til var 165 af hverjum þúsund börnum og af þeim þurftu 50 af hverjum þúsund að leita til læknis. Margt bendir til þess, þó upplýsingarnar séu óljósar, að heimaslysum hafi fækkað á seinni árum en skólaslysum hafi hins vegar fjölgað. Þess vegna held ég að brýnt sé að gera átak til þess að stemma stigu við skólaslysum og ég held að það sé hægt með tvennu móti: Annars vegar með því að gera börnin sjálf meðvituð um hætturnar sem kunna að leynast í umhverfi þeirra og það væri einfaldast að taka upp í formi einhvers konar fræðslu á grunnskólastiginu. Hins vegar er hægt að auka öryggi með því að fræða starfsmennina betur sem starfa í skólunum, kennara jafnt sem aðra. Það væri t.d., tel ég, farsælt að gera það að reglu að allir starfsmenn skólanna sæktu námskeið í skyndihjálp sem þeir yrðu að endurnýja reglulega eins og tíðkast t.d. um dagmæður. Kerfið sem gildir um dagmæður er reyndar mjög gott, a.m.k. í Reykjavík. Þær þurfa að fara á 60–70 tíma námskeið áður en þær fá leyfi, þar af er drjúgur hluti fræðsla um öryggi barna, og þær þurfa að fara á námskeið í skyndihjálp á þriggja ára fresti til þess að fá endurnýjun á leyfinu. Nám leikskólakennara felur líka í sér fræðslu á þessu sviði en þar eru hins vegar engar kröfur gerðar um að þær viðhaldi þjálfun sinni á þessu sviði. Því miður er ástandið miklu verra meðal kennara. Fyrir nokkrum árum var skyndihjálp hluti af kjarnanámi kennaranema en svo er ekki lengur í dag. Þetta held ég að sé vægast sagt mjög óheppilegt ástand og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fræðsla sem miðar að því að draga úr slysum á börnum í skólum verði hluti af námsefni grunnskólans?

2. Hyggst ráðherra vinna að því að settar verði sérstakar reglur um öryggismál í skólum, svo sem þjálfun kennara og gæslumanna í skyndihjálp, neyðarbúnað og annað sem varðar öryggi skólabarna?

[13:36]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Öryggismál skólabarna falla undir marga og aðeins að hluta undir menntmrn.

Í fyrri lið fsp. er spurt hvort ég muni beita mér fyrir því að fræðsla sem miðar að því að draga úr slysum á börnum í skólum verði hluti af námsefni grunnskólans. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla. Í þeirri vinnu skapast gott tækifæri til að endurskoða þau markmið grunnskólanáms sem lúta að slysavörnum, gera þau ákveðnari og skýrari ef með þarf og koma þeim þannig fyrir í skipulagi náms og kennslu að mestar líkur verði á árangri. Rétt er að taka fram að fræðsla sem stuðlar að forvörnum er þegar fyrir hendi í grunnskólum. Eitt skýrasta dæmið um slíka fræðslu er umferðarfræðsla fyrir börn og unglinga. Fræðsla um slysahættu og slysavarnir er hluti af heimilisfræðslukennslu og íþróttakennurum ber að gera nemendum grein fyrir slysahættu við íþróttaæfingar og haga kennslunni þannig að ekki sé hætta á meiðslum. Í náttúrufræðikennslu er þess gætt að nemendur hafi einungis skaðlaus efni og áhöld með höndum í tilraunum og í smíðakennslu er brýnt fyrir nemendum að umgangast vélar, eggjárn og efni af mikilli varúð. Þá má geta þess að þótt kennsla í skyndihjálp miðist við viðbrögð eftir að slys hefur orðið er stór hluti skyndihjálparkennslu í raun kennsla í slysavörnum. Ég tel því að þegar sé unnið að slysavörnum í grunnskólum og rétt sé að bíða nýrrar námskrár til að meta hvort þörf er á sérstöku námsefni í slysavörnum umfram það sem nú er notað í skólunum.

Í seinni lið fsp. er spurt hvort ég muni vinna að því að settar verði sérstakar reglur um öryggismál í skólum, svo sem þjálfun kennara og gæslumanna í skyndihjálp, neyðarbúnað og annað. Í þessu sambandi skal sérstaklega á það bent að eftir að grunnskólalög, nr. 66/1995, komu að fullu til framkvæmda með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996, fluttist sú ábyrgð á grunnskólahaldi sem áður var hjá menntmrn. til einstakra sveitarfélaga. Í 12. gr. laganna er tekið fram að eitt hlutverk skólanefnda sé að fylgjast með því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar búnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði. Skólanefnd ásamt skólastjóra á að líta eftir því að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um aðbúnað í skólum og á skólalóðum og þessir aðilar eiga að snúa sér til sveitarstjórnar ef þeir telja að öryggi skólabarna sé ekki fyllilega tryggt.

Svo sem áður er vikið að hljóta ákvæði byggingarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga að koma til sérstakrar skoðunar varðandi öryggi nemenda í skólum og þar með er vísað til hlutverks félmrn. annars vegar og umhvrn. hins vegar. Menntmrn. hafði forgöngu um að stefna saman hinum ýmsu aðilum sem öryggismál barna í skólum heyra undir og var slíkur fundur haldinn í ráðuneytinu 8. apríl 1997. En fundinn sátu fulltrúar menntmrn., umhvrn., félmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga auk barnaslysavarnafulltrúa Slysavarnafélags Íslands. Niðurstaða þessa fundar varð sú að í lögum um leikskóla og grunnskóla væru ekki heimildir til að setja sérstakar reglur um öryggismál í skólum. Það vantaði þó ekki að lög og reglur tækju á öryggismálum barna og unglinga heldur væri vandinn fremur sá að þeim væri ekki nægilega vel fylgt eftir og margir aðilar ættu að sjá um eftirlit. Um þetta leyti var sérstakur vinnuhópur um öryggismál barna að störfum á vegum umhvrn. og í bréfi sem ég sendi umhvrh. 8. apríl sl. óskaði ég eftir því að sá vinnuhópur tæki öryggismál í skólum til sérstakrar skoðunar. Jafnframt lýsti ég því yfir að menntmrn. væri að sjálfsögðu reiðubúið til að taka þátt í aðgerðum til að koma í veg fyrir slys á börnum eftir því sem slík mál falla undir menntmrn.

Þá vil ég minna á að reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar voru settar árið 1994 og kynntar hlutað-

eigandi aðilum um land allt. Endurskoðun á reglum þessum er hafin og á að vera lokið um næstu áramót.

Loks skal bent á að í frv. til íþróttalaga sem ég lagði fram á Alþingi í vor er sérstakt ákvæði til að tryggja ótvíræða lagastoð fyrir reglur um öryggisatriði í íþróttamannvirkjum og þar er gert ráð fyrir að menntmrh. hafi forgöngu um að setja reglur um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal eftirlit að því er varðar íþróttaáhöld og annan búnað. Slíkar reglur taki þá einnig til íþróttaaðstöðu í skólum.

[13:42]

**Svavar Gestsson:**

Herra foreti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að bera þessa fsp. fram og bæta því við að ég tel að það sé nauðsynlegt í umræðum um þessi mál í tilefni af flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna rekstrarlega, að fara rækilega yfir skyldur, réttindi og ábyrgð aðila að því er varðar börn og hugsanleg óhöpp sem þau verða fyrir í skólum, á skólalóðum, í íþróttasölum eða með öðrum hætti á svæðum sem tengd eru skólum. Ég tel að þessi ábyrgð sé illa skilgreind nú. Og ég tel að það sé óheppilegt bæði fyrir kennara og aðra að þessi ábyrgð á börnunum sé jafnóskýr og raun ber vitni. Ég vil því draga það mál inn í þessa umræðu og að sest verði yfir það mjög rækilega að skilgreina þessa ábyrgð nákvæmlega, hvað er hvers í þessum efnum.

[13:43]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Þetta svar hæstv. menntmrh. var vont, sér í lagi af því það kemur frá þeim manni sem á halda sinni föðurlegu verndarhendi yfir öllum skólabörnum landsins. Ég lagði fram tvær fyrirspurnir. Hin fyrri fólst í því hvort hann hygðist beita sér fyrir því að fræðsla um öryggi barna yrði tekin upp sem hluti af námsefni grunnskólans. Hæstv. ráðherra svaraði bæði já og nei. Hann svaraði já, með því að segja að nú stæði yfir endurskoðun á aðalnámskrá og þá skapaðist svigrúm til þess að taka þetta upp. Hins vegar svaraði hann nei, því hann sagði líka að það þyrfti að bíða eftir því að þessari endurskoðun yrði lokið og þá þyrftu menn að kanna hvort nauðsynlegt væri að setja sérstakar reglur. Bestu rökin fyrir því að þetta yrði gert lagði hann hins vegar fram sjálfur þegar hann minntist á að nú þegar væri ákveðin fræðsla í gangi sem lyti að umferðaröryggi. Það er nefnilega hárrétt hjá ráðherranum. Sú fræðsla er í gangi. Og til hvers hefur hún leitt? Hún hefur leitt til þess að umferðarslys á börnum eru tiltölulega lægri á Íslandi en á Norðurlöndunum og það er eini slysaflokkurinn sem það gildir um.

Hæstv. ráðherra sagði líka að hann mundi ekki beita sér fyrir því að taka upp sérstakar reglur um öryggismál í skólum. Samt er það þannig að á síðustu árum hefur verið dregið úr þeirri menntun sem kennaranemar fá á þessu sviði. Fyrir þremur til fjórum árum var skyndihjálp enn þá hluti af kjarnanámi kennaranema. Svo er ekki lengur. Einungis þeir kennaranemar sem taka íþróttir sem val fá slíka kennslu. Hæstv. ráðherra getur spurt yfirmenn Kennaraháskólans, hann getur spurt forstöðumenn kennarasamtakanna á Íslandi, hann getur spurt hvern einasta skólastjóra á landinu og þeir munu allir gefa honum sama svar. Þeir telja að nauðsyn sé á þessum reglum. Hvers vegna? Vegna þess að skólaslys hér á landi eru óhugnanlega tíð. Þau eru miklu tíðari en annars staðar og það er hægt að færa rök að því að á allra síðustu missirum hafi orðið a.m.k. tvö slys þar sem skaðinn sem af hlaust var miklu alvarlegri fyrir þá sök að þeir skólastarfsmenn sem voru viðstaddir kunnu einfaldlega ekki að taka á þessum málum. Ég held þess vegna, herra forseti, að við sem erum áhugamenn um þetta eigum því engan kost annan en að leggja fram frv. um þetta fyrst hæstv. ráðherra vill ekki hysja upp um sig buxurnar í þessu máli.

[13:45]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir stöðu málsins eins og hún er. Það fer fram fræðsla og það eru forvarnir í skólum að þessu leyti og af hálfu menntmrn. hefur verið lagt á ráðin um hvernig unnt er að bæta úr því ástandi sem nú ríkir. Ráðuneytið efndi til fundar sl. vor til þess að leggja á ráðin um þetta. Það er algjörlega rangt að draga þær ályktanir af máli mínu að ég hafi ekki áhuga á því að beita mér innan skólanna og á vettvangi menntmrn. til þess að stuðla að sem öflugustum forvörnum gegn slysum. Það er alrangt að draga þá ályktun af orðum mínum áðan og því svari sem ég hef gefið. Þvert á móti er það mér mikið kappsmál að vinna að þessu samkvæmt þeim lögum og reglum sem mér ber að starfa eftir og ég hef lagt á það áherslu við endurskoðun námskránna að á þessu máli verði sérstaklega tekið. Það er rétt hjá hv. þm. að að því er umferðarfræðsluna varðar hefur árangur náðst og það þarf að ná slíkum árangri á fleiri sviðum. Menntmrn. er fúst til þess að beita sér í samræmi við þau lög og þær reglur sem um þessi mál fjalla og ráðuneytið hefur beint því til umhvrn. sérstaklega að menn taki á þessu máli þar í samræmi við þær skyldur sem á því ráðuneyti hvíla. Ef menn telja hins vegar að málaflokkurinn sé of flókinn og það þurfi að koma á betri samræmingu á milli ráðuneyta í þessu efni, þá er sjálfsagt að huga að því og taka þetta mál fastari tökum. Og ég skal ekki liggja á liði mínu til þess að það verði unnt og vil ekki láta það verða ályktun af þessum umræðum að ég hafi ekki áhuga á að beita mér í þessu máli. Þvert á móti hef ég sýnt það með mörgu móti í menntmrn. og mun halda áfram að gera það þótt hv. þm. telji að ekki sé nóg að gert, en ég mun þá herða mig enn frekar til þess að standa undir væntingum hans í þessu efni.

## *Áhrif lýsingar við Reykjanesbraut á slysatíðni.*

Fsp. ÁE, 47. mál. — Þskj. 47.

[13:47]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 47 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um áhrif lýsingar á Reykjanesbraut á slysatíðni. Reykjanesbrautin er einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins og eina tengingin við allt millilandaflug okkar. Umferðin er mjög mikil, enda búa tveir þriðju hlutar þjóðarinnar í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi þar sem Reykjanesbrautin er miðpunktur allra samgangna. Reykjanesbrautin tengir ekki aðeins Suðurnesin við höfuðborgarsvæðið heldur er hún mjög mikilvæg fyrir alla ferðaþjónustu og atvinnulíf innan svæðisins og allir vegir frá Reykjavík liggja inn í Reykjaneskjördæmi.

Þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa lengi barist fyrir því að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð. Ekki hefur orðið af því enn þá, en það væri þó mjög brýn framkvæmd og þjóðhagslega hagkvæm. Fyrir baráttu þingmanna Reykn. var þó ráðist í að lýsa upp Reykjanesbrautina. Það gekk ekki þrautalaust

en samstaða þingmanna úr öllum flokkum og heimamanna tryggði þá framkvæmd. Óhætt er að segja að almenn ánægja sé með þá framkvæmd.

Nú er hins vegar ástæða til, herra forseti, að meta árangurinn þótt ekki sé langur tími liðinn, einkum hvað varðar slys. Það hafa oft orðið mjög alvarleg slys á Reykjanesbrautinni og því sé ég ástæðu til að spyrja hæstv. samgrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hver er fjöldi og umfang slysa sem hafa orðið á Reykjanesbraut eftir að lýsing var sett upp við veginn, borið saman við sambærileg tímabil á fyrri árum?

2. Hafi slysum fækkað, hver er áætlaður sparnaður þjóðfélagsins frá því að lýsingin var sett upp?

3. Telur ráðherra að brýnt sé að setja lýsingu við aðra fjölfarna vegi landsins, t.d. á Hellisheiði, og hyggst hann beita sér fyrir slíkum framkvæmdum?

[13:50]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Í svari Vegagerðarinnar við þeim spurningum sem hér liggja fyrir segir m.a.:

Enn sem komið er liggja aðeins fyrir upplýsingar um slysafjölda eins vetrar eftir að lýsing var sett upp. Það er of stuttur tími til marktæks samanburðar. Til þess þarf að bera saman þrjú ár á undan og eftir aðgerðina. Það torveldar einnig mat á áhrifum lýsingarinnar að ýmsar aðrar aðgerðir hafa verið gerðar á veginum sem auka eiga umferðaröryggi. Sé litið á slysafjölda mánaðanna desember 1996, en þá var lýsingin að mestu komin upp, til mars 1997, báðir mánuðir meðtaldir, kemur í ljós að fjöldi slasaðra er alls átta. Af þeim teljast fimm lítið meiddir en þrír mikið meiddir.

Tölur fyrir sama tímabil þrjú næstu ár á undan sýna að 11 slasast að meðaltali á ári. Þar af teljast 9,7 lítið meiddir en 1,3 mikið meiddir — um að gera að hafa þetta nákvæmt.

Af þessu sést að fjöldi lítið meiddra sl. vetur er rúmlega helmingur þess sem hann var að meðaltali næstu þrjú árin á undan en fjöldi mikið meiddra rúmlega tvöfaldur. Óhöpp sem eingöngu leiða til eignatjóns voru þrjú á tímabilinu desember–mars sl. vetur en voru 7,7 að meðaltali á sama tíma þrjú árin á undan.

Enn skal ítrekað að þessi samanburður er ekki marktækur til að meta áhrif lýsingar. Til þess þarf að bera saman heildarslysafjölda ársins en ekki einungis vetrarins og það í þrjú ár fyrir og eftir aðgerðir.

Eins og fram kom í svari við fyrstu spurningunni er ekki tímabært að svara því hver sé áætlaður sparnaður þjóðfélagsins frá því að lýsing var upp sett. Samsetning slysa á fyrsta vetri veldur því að slysakostnaður eftir að lýsing var tekin upp reiknast hærri en meðaltal undanfarandi ára. Fjölgun mikið meiddra ræður þessu. Með hliðsjón af því sem hér er sagt telur Vegagerðin skynsamlegt að bíða með ákvarðanir um stærri áfanga í lýsingu vega þangað til marktækur samanburður liggur fyrir um reynsluna af Reykjanesbraut. Uppsetning lýsingar kostar verulega fjármuni og rekstrarkostnaður er einnig umtalsverður. Því er eðlilegt að reynslan af henni hafi áhrif á stefnumótun í þessum málum.

Ég vil í þessu sambandi taka fram sem hv. þingmenn vita auðvitað að einbreiðar brýr, blindhæðir og snögg skil milli greiðfærra vega og malarvega hafa leitt til alvarlegra slysa á undanförnum árum þannig að það er mjög hæpið að draga einhvern einn þátt alveg út úr þegar menn eru að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að draga úr slysum og auka öryggi á vegum. Það er enginn vafi á því að upplýsingar skipta þar miklu máli, eilíf áminning til manna um að fara gætilega. Ég er t.d. alveg sannfærður um að það muni koma í ljós um leið hversu brýn framkvæmd og örugg t.d. Hvalfjarðargöngin er því að ég hygg að vegurinn fyrir Hvalfjörð sé eins og nú standa sakir hættulegasti vegur landsins vegna mikillar umferðar og vegna þess hversu, ég veit ekki hvort ég má segja það, mikill fornaldarvegur hann er þótt hann sé með bundnu slitlagi.

Mér finnst það nú skynsamlegt hjá hv. þm., svo maður minnist á aðra hluti, að taka það fram á þessu þingi að allir vegir úr Reykjavík liggi í Reykjaneskjördæmi. Það er óvíst að hann verði svo kotroskinn eftir ár og þá má vera að hv. þm. Vesturl. Sturla Böðvarsson og þeir aðrir sem þar eru geti tekið upp í sig ekki síður en þingmenn Reyknesinga. Mér sýndist það a.m.k. þegar við vorum í göngunum um daginn að vel færi á með bæjarstjóranum á Akranesi og borgarstjóranum í Reykjavík og gistivinátta var þegar í stað ákveðin. Ég geri ráð fyrir að þar verði góðir veislukostir þegar þau hittast á vetri komanda.

[13:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Já, vissulega liggja allar leiðir úr höfuðborginni í gegnum Reykjanes í dag og þannig verður það líka með leiðina að gangamunnanum sem Spölur er að vinna.

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir að það hafa verið mjög fagleg vinnubrögð hjá þingmannahópnum okkar varðandi Reykjanesbrautina. Við breyttum um vinnulag í lok síðasta kjörtímabils og létum vinna úttektir, samanburð á kostnaði við ýmsar framkvæmdir og forgangsröðun verkefna þar til Reykjanesbraut yrði tvöfölduð og það er mín athugasemd. Þingmannahópurinn hefur rætt það að til tvöföldunar Reykjanesbrautarinnar verður að koma til sérstakt fjármagn ef það mál á einhvern tíma að komast í höfn vegna þess að miðað við verkefnin sem hjá okkur liggja og miðað við verðið á því að tvöfalda Reykjanesbrautina, þá verður það verkefni ekki unnið fyrir hefðbundið vegafé. Og það er mikilvægt að þegar brautin er rædd hér þá sé þessu komið á framfæri gegnum forseta til ráðherra.

[13:56]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu þó að segja megi að nokkuð fljótt sé spurt um árangur af aðgerðum sem nýlega er lokið eins og raunar kom fram í svari hæstv. ráðherra.

Ég vil hins vegar líka nota tækifærið til þess að þakka honum og öðrum þær undirtektir sem við höfum fengið, þingmenn Reykn., við hugmyndir okkar um bætt öryggi umferðar um Reykjanesbraut og aukna flutningsgetu þar. Það eru mjög mikilvæg mál og það er rétt að geta þess að samstaða þingmanna kjördæmisins hefur verið slík að við getum þakkað hvert öðru framgang málsins. Því er hins vegar ekki lokið sem gera þarf og alveg ljóst að þörf fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar fer sívaxandi og því ástæða til að taka undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að þar verður að fjármagna framkvæmd sem er orðin mjög brýn. Hún verður kostnaðarsöm og því eðlilegt að víkja að umræðu um fjármögnun hennar sérstaklega.

[13:57]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem fara hér fram um þetta mikla mál og ítreka það að þingmannahópurinn stóð saman um þetta framfaraskref sem var tekið.

Það var nokkuð skondið fyrir mig sem nýjan þingmann að upplifa hvernig þetta var unnið vegna þess að Vegagerðin var ósammála þessari aðgerð, vildi gera annað. Vegagerðin vildi skoða allt aðra hluti en við stóðum þétt saman um það að brautin skyldi lýst. Ég vil ítreka það sérstaklega að við stóðum saman, vegna þess að einn þingmaður úr okkar hópi hefur gefið það í skyn í fjölmiðlum að hann hafi sjálfur staðið að þessari aðgerð, látið mynda sig í blöðum umvefjandi ljósastaur á Reykjanesbrautinni, enda er sá þingmaður kallaður í dag í okkar hópi ljósálfurinn. En þetta þarf að komast á framfæri hér. (**SJS**: Hann á reyndar staurinn.)

Mig langar líka að segja hér að við stóðum saman að þáltill. um að tvöfalda Reykjanesbrautina, þar stóðum við líka saman. Og ég á von á að það hlaupi ekki upp margir þingmenn og eigni sér það þegar það er komið í höfn. (Forseti hringir.) En það er alveg ljóst að það er vaxandi umferð um Reykjanesbrautina og það er mín trú að slysum muni fækka vegna þessarar lýsingar. Hún er afar góð.

[13:59]

**Árni M. Mathiesen:**

(**Gripið fram í:** Er þetta ljósálfurinn?) Herra forseti. Ég held að það sé örugglega ekki átt við mig þegar talað er um ljósálfinn, en það er eins með þetta og margt annað, allir vildu Lilju kveðið hafa. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er auðvitað rétt að það er ekki hægt að draga miklar ályktanir af þeim tölum sem þegar liggja fyrir. Ég er hins vegar sannfærður um að í hugum þeirra sem um brautina þurfa að fara er þetta vegaframkvæmd sem tekist hefur vel. Það er mikil ánægja með þetta hjá þeim sem um veginn fara.

Það var hins vegar skemmtilegt að hæstv. samgrh. skyldi minnast á göngin undir Hvalfjörð og tengsl þeirra við Reykjaneskjördæmi því að eins og málum virðist vera háttað þegar eitthvað er að gerast þar, þá er ekki að sjá að það þurfi neinn atbeina þingmanna Reykn. við framkvæmdirnar.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þótt vitaskuld sé liðinn skammur tími til samanburðar þá bendir ýmislegt til að hér hafi vel til tekist. Þannig hefur slysum fækkað um fjórðung og eignatjónsslysum fækkað um helming. Áhyggjuefni er að alvarlegum slysum hefur fjölgað. Hins vegar nefndi ráðherrann að þrjú ár þyrftu að líða þar til mat væri lagt á þetta. Ég er ósammála þeirri skoðun ráðherrans eða Vegagerðarinnar. Það þurfa ekki að líða þrjú ár þar til marktækur samanburður fæst á því sem við erum hér að tala um. Mér finnst sökum hinna alvarlegu slysa sem hafa orðið á Reykjanesbrautinni að enn brýnna sé en áður að ráðast í þá framkvæmd sem við þingmenn Reykn. höfum barist lengi fyrir, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Ég held að þessar litlu vísbendingar sem má ráða af þessu svari styðji þá hugmyndafræði okkar þingmanna.

Samt sem áður er hægt að segja, og það er hægt að draga þá ályktun af þessari framkvæmd, að verið var að stíga skref í rétta átt. Við eigum að fylgja því eftir með svipuðum framkvæmdum annars staðar og ég vil að lokum, herra forseti, undirstrika sérstaklega að þingmannahópurinn hefur staðið algjörlega saman í þessu máli. Það hefur ekki verið neinn skoðanamunur í þingmannahópnum, sama í hvaða flokki menn hafa starfað, bæði varðandi það að lýsa upp Reykjanesbrautina og tvöfalda hana og reyndar aðrar umbætur í samgöngumálum kjördæmisins.

[14:02]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður út af ummælum hv. fyrirspyrjanda að ekki er hægt að draga neinar almennar ályktanir af þeirri reynslu sem komin er. Augljóst er að það er nokkuð misjafnt frá ári til árs hversu mörg óhöppin verða og hversu mörg slysin. Þannig varð fjöldi óhappa með meiðslum á fólki á árunum 1994–1995 t.d. fjögur, 1995–1996 voru þau sex, en sjö þetta síðasta ár. Mér finnst ómögulegt að draga þá ályktun af því að það sé vegna lýsingarinnar sem slíkum slysum hafi fjölgað. Ég held því að við skulum fara gætilega í slíkar almennar ályktanir. Á hinn bóginn liggur ljóst fyrir, eins og þingmenn hafa sagt, að ef hægt er að tvöfalda Reykjanesbraut þá eykur það öryggi í umferðinni og má segja hið sama um ýmsa aðra þjóðvegi, bæði austur yfir fjall og svo um Kjalarnesið eftir að göngin eru komin. Hið sama á einnig við, eins og ég sagði áður, ef brýr eru breikkaðar þar sem þær eru einbreiðar.

Þessi umræða staðfestir raunar að kjördæmaþingmenn eru áfram um að þeirra kjósendur viti að þeir gefi samgrh. aðhald og telji að hann standi sig ekki alveg nógu vel. (**ÖS:** Er ráðherrann sammála?) Ráðherra er nú ekki sammála því. Sjálfum finnst honum hann standa sig bara býsna vel í þessu öllu saman.

## *Málefni skipasmíðaiðnaðarins.*

Fsp. SJS, 169. mál. — Þskj. 169.

[14:04]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. iðnrh. tvær spurningar sem tengjast stöðu skipasmíðaiðnaðarins um þessar mundir og möguleikum hans á því að styrkja stöðu sína, m.a. með því að annast eða fá a.m.k. hlutdeild í stórum verkefnum þar sem opinberir aðilar eru að fjárfesta í skipum. Er þá einkum og sér í lagi verið að vísa til ákvörðunar sem tekin hefur verði um smíði nýs hafrannsóknaskips.

Það er svo að skipasmíðaiðnaðurinn hefur verið að rétta heldur úr kútnum eftir mjög langt samdráttar- og niðurlægingarskeið þar sem stappaði nærri að sá iðnaður legðist af í landinu nema lítils háttar viðhaldsiðnaður. En á síðustu árum hefur heldur batnað ástandið og aukist að viðhaldsverkefni og stærri verkefni og jafnvel minni smíðaverkefni af ýmsum toga væru á nýjan leik unnin af íslenskum skipasmiðastöðvum. Margar þeirra hafa getað bætt við sig nokkuð mannskap og er nú jafnvel svo komið að það vantar sérhæft starfsfólk til starfa.

Skipaiðnaðurinn og Samtök iðnaðarins hafa sett sér það markmið að endurheimta fyrri styrk skipasmíðaiðnaðarins um aldamót þannig að þá standi hann svipað eða ekki lakar en hann gerði þegar best lét. Það er alveg ljóst að til þess að þetta megi takast þurfa nýsmíðar eða a.m.k. umsvif sem tengjast endurnýjun skipastólsins að koma til sögunnar. Þessu markmiði verður ekki náð með því einu að botnskrapa og mála, þó það sé góðra gjalda vert í sjálfu sér. Þess vegna hafa Samtök iðnaðarins og skipasmíðaiðnaðurinn bundist samtökum um að reyna að ná til sín að einhverju leyti þeim verkefnum sem tengjast t.d. byggingu nýs hafrannsóknaskips. Það best ég veit hefur ríkt um þetta mjög góð samstaða milli fyrirtækja í greininni. Þau hafa sameiginlega og í gegnum sín samtök

reynt að fá áheyrn hjá stjórnvöldum, iðnrn. og sjútvrn., um að annast þetta verkefni. Á það hefur verið bent af hálfu forsvarsmanna skipasmíðaiðnaðarins að víða erlendis er það tíðkað þegar um sérstök verkefni af þessum toga er að ræða að setja þau upp sem þróunarverkefni og þannig má komast hjá eða þarf ekki að lúta að öllu leyti t.d. skilmálum um útboð slíkra verka, alútboð eða önnur slík útboð. Þarna mætti skipta verkinu niður og gera það að samstarfsverkefni þessara fyrirtækja.

Í tengslum við þetta óskuðu Samtök iðnaðarins eftir því að fá að eiga aðild að undirbúningsnefnd eða smíðanefnd stjórnvalda en það best ég veit hefur ekki verið orðið við þeirri ósk þó því hafi verið lofað. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh.:

1. Hvað hefur verið aðhafst af hálfu iðnaðarráðuneytis til að gera innlendum skipasmíðastöðvum og tengdum iðnfyrirtækjum kleift að annast að einhverju eða öllu leyti smíði nýs hafrannsóknaskips, framleiðslu eða niðursetningu búnaðar í það eða annað tengt því verkefni?

2. Til hvaða ráðstafana, ef einhverra, hyggst iðnaðarráðuneytið grípa til stuðnings innlendum skipasmíðaiðnaði í kjölfar frétta af tillögum um áframhaldandi ríkisstyrki til skipasmíða innan Evrópusambandsins og e.t.v. víðar?

[14:08]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 169 spyr hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um málefni skipasmíðaiðnaðarins og smíði nýs hafrannsóknaskips. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

Hvað hefur verið aðhafst af hálfu iðnaðarráðuneytis til að gera innlendum skipasmíðastöðvum og tengdum iðnfyrirtækjum kleift að annast að einhverju eða öllu leyti smíði nýs hafrannsóknaskips, framleiðslu eða niðursetningu búnaðar í það eða annað tengt því verkefni?

Á undanförnum missirum og árum hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða af hálfu ráðuneytisins til að bæta samkeppnisstöðu innlends skipasmíðaiðnaðar. Má þar m.a. nefna úttekt innlendra og erlendra ráðgjafarfyrirtækja fyrir nokkrum árum á samkeppnisstöðu greinarinnar og hagræðingar- og þróunarverkefnum í kjölfarið: Jöfnunarstyrkjum í skipasmíðaiðnaði á árinu 1995, vöruþróunarverkefni í skipasmíðaiðnaði árið 1994 og 1995 og vöruþróunarverkefni í mjöl- og málmiðnaði sem stóð frá 1995 til 1997. Þessi þróunarverkefni hafa verið almenn og miðað að aukinni samkeppnishæfni greinarinnar. Á sama tíma hafa almenn starfsskilyrði atvinnulífsins farið batnandi með stöðugleika í efnahagsmálum, lægra og eðlilegra raungengi ásamt auknum hagvexti. Þessu til viðbótar hafa komið til málmiðnaðarverkefni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir sem hafa komið fyrirtækjum í skipasmíðaiðnaði til góða beint eða óbeint.

Allt þetta hefur leitt til bættrar verkefnastöðu og afkoma í skipasmíðaiðanði hefur batnað samhliða fjölgun starfa í greininni. Almennt er því verkefnastaða og afkoma greinarinnar nokkuð góð. Allar áðurnefndar aðgerðir samhliða batnandi efnahagsástandi hafa gert það að verkum að innlend skipasmíðafyrirtæki eru nú samkeppnishæfari en áður og því betur í stakk búinn til að sinna smærri og stærri verkefnum í viðgerðum og skipasmíði, svo sem smíði hafrannsóknaskips. Ráðuneytið hefur einnig reynt að stuðla að því eins og frekast er kostur að unnt verði að smíða hafrannsóknaskipið hér á landi, innan þess ramma þó sem hægt er að teknu tilliti til EES-reglna á þessu sviði. Í þessu sambandi verður m.a. að hafa hliðsjón af EES-reglum, útboðum verkefna á vegum ríkisins, reglum um ríkisstyrki til skipasmíða og reglum um rannsóknar- og þróunarverkefni. Þess ber einnig að geta að undirbúningur að smíði hafrannsóknaskips hefur verið í höndum sérstakrar smíðanefndar undir forsæti sjútvrn. Í þeim tilgangi að tryggja sem mest gæði þessa verkefnis með hliðsjón af innlendri þekkingu og reynslu hefur ráðuneytið átt fundi með þeim sem að þessu máli koma í iðnaði sem og í sjútvrn. Þannig hefur verið stuðlað að því á vegum iðnrn. að innlend fyrirtæki í skipaiðnaði fái aðgang á grunni jafnræðis að undirbúningi og þróun þessa verkefnis eins og hægt er innan reglna EES.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Til hvaða ráðstafana, ef einhverra, hyggst iðnaðarráðuneytið grípa til stuðnings innlendum skipasmíðaiðnaði?

Föstudaginn 17. okt. sl. sendi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá sér fréttatilkynningu vegna ákvörðunar Evrópusambandsins frá því í sumar um að styrkir til smíði fiskiskipa innan EES-svæðisins séu óheimilir. Í ályktuninni kemur fram að aðstoð vegna smíði fiskiskipa sé ekki heimil samkvæmt tilskipun um ríkisstyrki til skipasmíða nema skipin séu til útflutnings til landa utan Evrópusambandsins og EES-svæðisins. Á meðan unnið var að undirbúningi ákvörðunar Eftirlitsstofnunarinnar skuldbatt norska ríkisstjórninn sig til þess að flytja á þinginu tillögu um lagfæringu á ríkisstyrkjum í Noregi, þannig að reglum um styrki vegna smíði fiskiskipa verði fylgt og engin aðstoð verði veitt skipasmíðastöðvum til smíði fiskiskipa eða breytinga á þeim nema þegar um er að ræða útflutning frá Noregi til landa utan EES-svæðisins. Með öðrum orðum er búið að banna með öllu styrki til smíði fiskiskipa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Styrkir eru hins vegar leyfðir vegna smíði annarra skipa í samræmi við tilskipun nr. 7 sem fyrirhugað er að framlengja til loka næsta árs.

Þar sem Bandaríkjaþing hefur enn ekki staðfest svokallað OECD-samkomulag um afnám ríkisstyrkja til skipasmíða hefur Evrópusambandið ákveðið einhliða að taka upp nýjar reglur frá og með 1. janúar 1999 eftir að tilskipun 7 rennur út í lok árs 1998. Þessar nýju reglur endurspegla í meginatriðum helstu efnisatriði OECD-samkomulagsins um afnám ríkisstyrkja í skipasmíðaiðnaði og mun því draga úr styrkjum til skipasmíða. Þessar reglur munu einnig gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins á sama tíma.

Þessar nýju reglur Evrópusambandsins miða að því að draga úr og afnema ríkisstyrki til skipasmíða. Framleiðslustyrkir munu samkvæmt þessum nýju reglum verða leyfðir til ársloka 2000 og er styrkjaþakið óbreytt 9%. Ekki er ástæða til þess að rekja helstu ákvæði þessara nýju reglna hér þar sem allir styrkir til smíði fiskiskipa eru nú þegar bannaðir.

[14:13]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli því gengið hefur verið að því sem vísu að ríkisstyrkir ESB til skipasmíða heyrðu sögunni til. Það er gífurlega mikilvægt að sá vöxtur, sem nú er í málmiðnaði, viðhaldi og endurnýjun mannafla, er hafinn í kjölfar stöðugrar fækkunar í málmiðnaðargreinunum eins og verið hefur undanfarin ár. Því er ástæða til að þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. En ég hvet ráðherra til að setja á stofn starfshóp til ráðleggingar um hvernig bregðast skuli við þeim nýju upplýsingum sem hér

eru ræddar. Þó svo gefnar hafi verið skýringar á því hvernig *nú þegar hafi verið brugðist við*, þá tel ég það ekki nóg og ráðlegg að skipaður verði nýr starfshópur. Einnig þarf að hefja undirbúning að stálskipasmíðum að nýju á Íslandi. Það er vegna þess að stór hluti fiskiskipaflotans er orðinn mjög gamall og má segja úr sér gengin sem sannast best á því að við erum ekki með fiskveiðiflota með kælitönkum.

[14:14]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Skipaiðnaðurinn hefur gengið í gegnum mikla erfiðleika á undanförnum árum eftir að nýsmíðar lögðust að mestu af fyrir um áratug. Flest fyrirtækin í þessari grein lentu í miklum erfiðleikum, gjaldþrotum, nauðasamningum og þess háttar, en með margháttuðum aðgerðum síðustu ríkisstjórnar tókst að reisa þessa grein úr öskustónni og undanfarin tvö ár hefur verið mjög góð verkefnastaða og góður rekstur á þessum fyrirtækjum. Það sem þau vantar hins vegar er nýsmíði, bæði til að viðhalda stöðugleika í rekstri fyrirtækjanna og eins til að viðhalda þeirri miklu þekkingu sem enn er til staðar í þessari grein.

Nú hillir undir nýsmíði skipa, hafrannsóknaskips, varðskips og í farvatninu er að breyta endurnýjunarreglum fiskiskipa þannig að það má vænta þess að farið verði að endurnýja bátaflotann sem er orðinn gamall og úreltur. Það er mjög mikilvægt að þessi nýsmíði verði unnin innan lands að stærstum hluta. Við megum ekki missa þessa grein aftur niður í það volæði sem hún lenti í fyrir tíu árum, að hluta til fyrir andvaraleysi stjórnvalda. Það má minna á það í leiðinni að þessar stöðvar hafa verið afkastamestu uppeldisstöðvar járniðnaðarmanna um áratugi. Og á erfiðleikaárunum undanfarið hafa þær ekki tekið iðnnema sem hefur leitt til þess að nú er mikill skortur á járniðnaðarmönnum og verður að flytja inn vinnuafl erlendis frá.

[14:16]

***Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):***

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að niðurlæging skipasmíðaiðnaðarins og sinnuleysi stjórnvalda um málefni hans síðustu 10–15 árin hafi verið einhver af stærri mistökum sem gerð hafa verið í íslenskri atvinnusögu á seinni árum. Auðvitað var sorglegt að sjá hvernig íslenskum skipasmíðaiðnaði var látið blæða út á sama tíma og bullandi ríkisstyrkir voru til samkeppnisaðilanna í nágrannalöndunum.

Upptalning hæstv. ráðherra á því sem gert hafði verið undanfarin ár, aðallega í tíð forvera hans, breytti svo sem ekki miklu. Við munum eftir Appeldore-skýrslunni og þeirri annars þó merku niðurstöðu hennar að íslenskur skipasmíðaiðnaður væri bærilega samkeppnisfær þegar ríkisstyrkir væru undan teknir. En upp á síðkastið hefur lítið gerst enda hæstv. ráðherra aðallega verið upptekinn við annað eins og kunnugt er.

Varðandi jákvæð áhrif af stóriðjuframkvæmdum á skipasmíðafyrirtækin er það afar tvíbent. Áhrifin sem fyrirtækin sem lengst liggja frá höfuðborgarsvæðinu kannast aðallega *við er samkeppni um hæfa járniðnaðarmenn* og launaskrið sem leitar út í fyrirtækin án þess að þau fái þó nokkuð af þeim verkefnum sem stóriðjuframkvæmdunum á suðausturhorninu tengjast en það hefur ekki orðið öllum þeirra til mikillar blessunar.

Ég endurtek spurningu mína um það hvers vegna fulltrúum iðnaðarins hefur ekki verið tryggt sæti í hinni svokölluðu smíðanefnd. Mér er ljóst að sú spurning á kannski frekar að beinast að hæstv. sjútvrh. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. hafi reynt að fylgja þessu máli eftir fyrir hönd iðnaðarins. Hefur hann einhverjar upplýsingar fram að færa um það af *hverju hæstv. sjútvrh. hefur ekki veitt fulltrúum iðnaðarins sæti í undirbúningsnefndinni?*.

Mér sýnist niðurstaðan því miður ekki stefna í að verða nógu góð. Ég las áðan út úr orðum hæstv. iðnrh. að það stæði þrátt fyrir allt ekkert annað til en alútboð á þessu verkefni. Það væri ekki á dagskrá að gera þetta að sérstöku þróunarverkefni og skipta því upp í einstaka verkþætti þannig að samstarf skipasmíðastöðvanna um það gæti náð fram að ganga. Það er undir hælinn lagt ef ekki verður boðið út án nokkurra takmarkana á öllu Evrópska efnahagssvæðinu hvernig því reiðir af.

Varðandi ríkisstyrkina er rétt að hafa í huga að þó svo þeir séu vonandi á útleið, t.d. í fiskiskipunum, munu áhrifin m.a. af fjárfestingarstyrkjunum verða langvarandi og gera samkeppnisstöðuna ójafna langt inn í framtíðina.

[14:18]

***Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):***

Herra forseti. Fyrst varðandi spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi þróunarverkefnin og af hverju ekki sé notað tækifærið sem hv. þm. *telur að gefist að* nota hafrannsóknaskipið sem þróunarverkefni. Af hálfu atvinnugreinarinnar, þ.e. af hálfu samtaka iðnaðarins og skipasmíðaiðnaðarins í landinu var sérstaklega kannað hvort það stæðist reglur ESA að gera þetta að sérstöku þróunarverkefni, það var kannað mjög rækilega, bæði eins og ég segi af hálfu opinberra aðila og eins af iðngreininni sjálfri, og samhljóma niðurstaða samtaka iðnaðarins, iðngreinarinnar og stjórnvalda var sú að það stæðist ekki reglurnar að gera þetta verkefni að þróunarverkefni og ég vona að það svari spurningu hv. þm.

Áður en þetta verkefni fór af stað, þ.e. áður en fyrirtækin í skipasmíðaiðnaðinum komu sér saman um að vilja standa saman að þessu verkefni, var búið að skipa skipasmíðanefnd. *Ég tel að fyrirtækin hafi einmitt sýnt samstarfsvilja þarna* og geti þegar fram líða stundir tekist á við stór verkefni. Ég veit hins vegar til þess að fulltrúar greinarinnar hafa átt fundi með nefndinni. *Ég vil undirstrika að það er ekki fyrir tilstilli* stjórnvalda þannig að stjórnvöld hafa ekki verið beint að skipta sér af því enda væri það hættulegt á grundvelli þeirra reglna sem gilda um hvernig staðið skuli að útboðum á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Aðalatriðið er þetta: Styrkir til fiskiskipa eru bannaðir. Almennir styrkir til skipasmíðaiðnaðarins eru á útleið, sem betur fer. Þegar það hefur gerst er staðreyndin þessi: Íslenskur skipasmíðaiðnaður er mjög samkeppnisfær. Búi hann áfram við sambærileg skilyrði og hann gerir í dag kvíði ég því ekki að íslenskur skipasmíðaiðnaður geti ekki tekist á í samkeppninni við þau lönd sem búa við það að fá ekki styrki.

## *Áburðarverksmiðjan hf.*

Fsp. SvG, 79. mál. — Þskj. 79.

[14:21]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Nokkur tími er liðinn frá því að ég hreyfði málefnum Áburðarverksmiðjunnar utan dagskrár í þessari stofnun og rak á eftir því að eitthvað yrði gert. Þá var því lýst yfir af hæstv. ráðherra að tekið yrði á málinu en það var síðan ekki gert. Síðan hefur Áburðarverksmiðjan engst í snörunni. Starfsmenn hennar og forustulið hafa ekkert vitað hvað yrði um verksmiðjuna. Það virðist ríkja fullkomið ráðleysi í ríkisstjórninni í þessum efnum, í umhvrn., í landbrn. Framsfl. talar yfirleitt um vetni og peroxíð þegar kemur að vandamálum Áburðarverksmiðjunnar sem leysir ekki vanda hennar að neinu leyti, því miður.

Áburðarverksmiðjan var almennt ríkisfyrirtæki og hún gekk vel. Þá var tekin um það ákvörðun að heimila innflutning á áburði. Vorið 1993 eða 1994 var ákveðið að gera verksmiðjuna hf, af því að háeff er orðið trúaratriði stjórnvalda eins og núv. formaður landbn. orðaði það. Framsfl. snerist sem sagt gegn þessari háeffun Áburðarverksmiðjunnar eins og hún var ætluð á sínum tíma.

Þegar núv. landbrh. tók við setti hann málið út af sínu borði og lét það í hendur einkavæðingarnefndar. Hún var síðan að druslast með þetta mál langtímum saman. Á meðan beið starfsfólkið í óvissu og vissi ekkert hver yrði framtíð þess í þessum efnum. Loksins var svo ákveðið að auglýsa verksmiðjuna. Hún var auglýst og auglýst var eftir tilboðum. Tvö tilboð komu, það var í fyrrasumar. Tilboðin voru fullgild en það varð niðurstaða einkavæðingarnefndar, ekki ráðherrans, að ástæðulaust væri að taka þessum tilboðum, þau væru allt of lág miðað við raunverulegt verðmæti verksmiðjunnar. Síðan hefur ekkert spurst til málsins fyrr en lögð er fram fyrirspurn á Alþingi. Þá vaknar ráðherrann loksins og tekur ákvörðun um það samkvæmt blaðafregnum í dag, en það er orðinn siður ráðherra að svara fyrirspurnum í blöðum samdægurs, að fresta málinu enn einu sinni. Framsfl. ætlar því áfram að vinna það handlangarahlutverk fyrir einkavæðingarliðið í landinu að halda Áburðarverksmiðjunni í greip sinni og láta henni blæða út smátt og smátt vegna þess að það er stórfellt tap á Áburðarverksmiðjunni eins og er og engin aðstaða hefur verið sköpuð fyrir forustulið verksmiðjunnar til þess að endurnýja hana á neinn hátt þannig að hún geti staðið af sér vaxandi samkeppni. Það er því verið að fara illa með Áburðarverksmiðjuna. Ég tel þess vegna ástæðu til þess að bera fyrirspurnina fram þó svo ráðherrann hafi gefið þessa yfirlýsingu í Morgunblaðinu í dag því að Morgunblaðið er ekki þingskjal þó að það sé merkilegt. Ég spyr ráðherrann aftur: Hvenær á þessum ósköpum að linna fyrir Áburðarverksmiðjuna eins og hún er starfrækt núna í Gufunesi?

[14:24]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda voru þessi mál rædd á hv. Alþingi í fyrravetur þegar hann hreyfði málum hér og spurðist fyrir um stöðu þess og þá var vitað að það var í gangi söluferli á verksmiðjunni. Ég hafði lagt til að við skoðuðum möguleika á því að selja verksmiðjuna, ríkið ætti ekki að vera í rekstri af þessu tagi sem kominn væri á þann samkeppnisgrundvöll sem vitað var eftir það að fyrirtækið var gert að hlutafélagi og innflutningur heimilaður eins og fyrirspyrjandi rakti réttilega. Síðan þekkja menn hvað varð um þessi sölumál. Verðmætamat á fyrirtækinu, stundum kallað hrakvirði, var talið vera 1.000–1.200 millj. kr. en tilboðin sem bárust í fyrirtækið við söluferlið í sumar voru hins vegar eins og líka er þekkt eða vitað frá Gufunesi ehf. upp á 725 millj. og frá nokkrum öðrum aðilum, nokkrum kaupfélögum, frá Bændasamtökunum, Vatnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu, Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans upp á 617 millj. Og þó að hv. fyrirspyrjandi kjósi að láta það hljóma svo að málin séu fyrst og fremst í höndum einkavæðingarnefndar þá er það ekki rétt því að niðurstaðan varð sú hjá ríkisstjórn og að tillögu landbrh. að hafna báðum þessum tilboðum af því að þau væru ekki nægjanleg gagnvart því verðmæti sem við töldum vera í verksmiðjunni. Einkavæðingarnefnd er ráðgjafi ríkisstjórnar og annast framkvæmd eftir því sem ríkisstjórn og einstakir ráðherrar ákveða en er ekki gerandi í málinu en að sjálfsögðu ráðgjafi sem vinnur málið og eðlilegt er að ráðfæra sig við.

Framhald málsins er síðan það — og vaknar nú ekki við fyrirspurn á hv. þingi sem er þó auðvitað góðra gjalda verð að dreifa málum hér og ræða stöðu þessa fyrirtækis eins og annarra stofnana í rekstri ríkisins, heldur eftir það að hafa átt í sumar viðræður við ýmsa aðila sem málið varðar, t.d. Bændasamtökin, þar sem ég varð var við það á sl. vetri í söluferlinu að mikill áhugi er hjá íslenskum bændum á rekstri verksmiðjunnar, þeir telja að hún hafi skapað góða þjónustu og svarað vel óskum þeirra og kröfum.

Ég hef líka átt viðræður við aðra viðskiptaaðila verksmiðjunnar og síðan fundað með forstjóra og stjórnarmönnum eða rætt við þá en þá er ljóst að málið er alls ekki einfalt. Það er vitað að það er rekstrarlegt tap á verksmiðjunni. Hins vegar er hún í þeirri stöðu að hún er ekki nægilega góð söluvara eins og komið hefur fram á þessum tilboðum sem hafa borist í hana og eftir þessi fundahöld og viðræður við ýmsa aðila ritaði ég stjórn Áburðarverksmiðjunnar bréf 11. sept. Það var áður en þing kom saman og áður en þessi fyrirspurn var lögð fram á þingi. Þar er m.a. er farið yfir þetta söluferli og stöðu verksmiðjunnar og í bréfinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Í hnotskurn má segja að staða verksmiðjunnar sé með þeim hætti að reksturinn sé hvorki nógu arðbær eins og sakir standa til þess að unnt sé að selja hana á viðundandi verði né heldur á hinn bóginn nógu slæmur til þess að réttlætanlegt sé að leggja fyrirtækið niður. Þegar horft er til framtíðar fyrirtækisins er á það að líta að hjá fyrirtækinu starfa nú um 100 manns án þess að ríkið þurfi að leggja því til rekstrarfé, enda hefur reksturinn þannig verið sjálfbær í þeim skilningi."

Ljóst er að við erum að tapa á rekstrinum en eiginfjárstaða fyrirtækisins er það sterk að við erum ekki að tapa eigin fé fyrirtækisins. Spurning er hins vegar hvort hægt er að ávaxta þetta fé ríkisins öðruvísi en þarna er gert.

Niðurstaða mín í framhaldi af þessu er síðan sú ef ég má, með leyfi forseta, vitna aftur í umrætt bréf frá 11. sept.: „Að öllu þessu virtu hefur verið ákveðið að fresta nú um sinn frekari sölutilraunum en freista þess hins vegar að snúa rekstrinum til betri vegar."

Það hef ég falið stjórn fyrirtækisins að gera. Ég hef líka átt viðræður við fulltrúa einkavæðingarnefndar um þessa stöðu, sagt þeim frá niðurstöðu minni og afstöðu til áframhaldandi reksturs, vilja að þetta verði reynt og við verðum þá að meta það að slíkum tilraunum gerðum eða þegar það hefur verið látið á það reyna af fullum krafti hvort þetta er mögulegt,

hvort og þá með hvaða hætti hægt er að selja reksturinn eða hvernig við stöndum að því áfram.

*Málið er í þessum farvegi eins og er, hæstv. forseti, og það gerist að vísu síðan í gær, og í tilefni af því eru fréttir í Morgunblaðinu sem hv. fyrirspyrjandi vitnar til, að forstjóri fyrirtækisins hefur sagt upp störfum af því að hann er ekki sammála viðhorfi eigandans eða ríkisvaldsins til áframhaldandi reksturs og um það mál verður fundað í stjórn* fyrirtækisins nk. föstudag þar sem ég vænti þess að endanleg niðurstaða um áframhald málsins liggi fyrir.

[14:30]

**Hjálmar Árnason:**

*Herra forseti. Ég skil svar hæstv. landbrh. þannig að allra* leiða verði leitað til þess að halda rekstri Áburðarverksmiðjunnar gangandi áfram. Það er fagnaðarefni. Ég vek hins vegar athygli á því að í umræðu um Áburðarverksmiðjuna er sjaldan gert að umtalsefni það sem mestu máli skiptir og *er grundvöllur hennar, og má jafnvel skilja á máli* hæstv. fyrirspyrjanda að sé aukaatriði, þ.e. framleiðslan á vetni. Staðreyndin er sú að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er einn stærsti vetnisframleiðandi í Evrópu. Þá liggur það líka fyrir að þjóðir heims gera sér grein fyrir því að vetni mun verða *orkugjafi 21. aldar, m.a. vegna kröfu um verndun umhverfis.* Þess vegna er svo mikilvægt að halda Áburðarverksmiðjunni lifandi, halda henni gangandi, því verðmæti hennar byggjast ekki einungis á mannvirkjum, hafnarmannvirkjum, byggingum og lausafjármunum heldur ekki síst þeim mannauði, *þeirri reynslu sem hefur safnast upp á liðnum árum, frá* 1958, við framleiðslu og meðferð vetnis. Það eru mikil sóknarfæri fyrir íslenska þjóð og ástæðulaust að tala kæruleysislega um það.

[14:31]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Framsfl. hefur tekið upp þá stefnu að þegar talað er um vanda Áburðarverksmiðjunnar þá er talað um rafgreiningu á vetni og þegar talað er um menntamál þá er þjóðinni kennt um vandann. Það eru mjög snjallar aðferðir *til þess að skjóta sér undan alvarlegri umræðu um málin.* Það er ekki hægt að leysa vanda Áburðarverksmiðjunnar með því að ákveða að fara út í stórfellda rafgreiningu á vetni. Það er alveg augljóst mál og það veit hv. síðasti ræðumaður eins vel og ég og jafnvel miklu betur. Staðreyndin er sú og *það alvarlega í málinu varðandi Áburðarverksmiðjuna* er að tekin hefur verið ákvörðun um að fresta því að taka ákvörðun um framtíð verksmiðjunnar. Það er það eina sem liggur fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði ekkert annað áðan en það að búið er að ákveða að fresta um sinn sölutilraunum á verksmiðjunni. *Á meðan blæðir verksmiðjunni út. Á meðan streymir út úr* verksmiðjunni sú þekking sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um áðan. Á meðan gerist það að forstjóri verksmiðjunnar, sem hefur náð miklum árangri í rekstri hennar og er virtur rekstrarmaður og sérfræðingur á sínu sviði, hefur sagt upp störfum, ekki vegna þess að hann sé óánægður með það að ríkið haldi áfram rekstri fyrirtækisins heldur vegna þess að fyrirtækið er áfram í fullkominni óvissu. Þannig að ákvörðun forstjórans að segja upp í Áburðarverksmiðjunni er fyrst og fremst yfirlýsing um vantraust á vinnubrögð ráðherrans í þessu máli eins og þau hafa verið.

Það er líka alvarlegt umhugsunarefni að ríkið skuli ekki taka á móti þeim vilja sem birtist t.d. af hálfu Reykjavíkurborgar í því að reyna að halda þessari starfsemi áfram. Hér er um að ræða 100 manna vinnustað. Hér er um að ræða stærri vinnustað en t.d. nemur stækkun stórverksmiðjanna sem Framsfl. er alltaf að hreykja sér af. Á sama tíma og menn eru að opna þessar viðbætur við stórverksmiðjurnar er þessi verksmiðja að lognast út af. Það er alvarlegur hlutur og það er hörmuleg niðurstaða ef svo fer. Ég mun áfram fylgjast með þessu máli en ég óttast að því sé illa borgið í höndunum á núverandi ríkisstjórn.

[14:34]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Mér er eiginlega ekki alveg ljóst hvað hv. fyrirspyrjandi vill að gert verði í málinu enda er kannski ekki mitt að krefja hann um afstöðu til þess í sjálfu sér. En hann talar um að framtíð verksmiðjunnar sé enn þá fullkomlega óljós. Ég hef gert grein fyrir því sem ég legg til og hef lagt upp við stjórn fyrirtækisins og honum er auðvitað alveg jafnljóst og mér og fráfarandi forstjóra að við sjáum ekki til eilífðar í þessu efni. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér og við vitum líka að þessi verksmiðja er afar lítil í samanburði við þær verksmiðjur sem hún er að keppa við. Hún hefur ekki mikinn sveigjanleika til þess að keppa í verði við stóra framleiðendur sem gætu komið hér inn á markaðinn erlendis frá og það er auðvitað líka vitað að þó að bændur hafi sýnt verksmiðjunni áhuga og telji að hún hafi þjónað vel þá eru þeir líka viðkvæmir fyrir verðsamkeppni í þessu sambandi því þeir þurfa að leggja mikla áherslu á að rekstur þeirra sé sem hagkvæmastur og aðföng séu eins ódýr og kostur er.

Auðvitað verður reynt að selja fyrirtækið ef við teljum að það sé söluvara, því það er yfirlýst stefna þess landbrh. sem nú fer með mál verksmiðjunnar að það eigi að reyna að selja fyrirtækið og koma því í hendur einkaaðila sem gætu vonandi rekið fyrirtækið ekki síður og kannski betur en opinberir aðilar. Það er ekki nýtt í því efni, það liggur fyrir, þó svo reynslan hafi sýnt okkur að eins og fyrirtækið er nú þá fáum við ekki fyrir það á markaði það sem við teljum að sé þess virði.

Varðandi afstöðu núverandi framkvæmdastjóra þá verður hann að tala fyrir sig sjálfur. Ég get ekki og vil ekki gera honum upp skoðanir. Ég hef átt við hann viðræður og veit nokkuð um hver hans vilji er í þessu sambandi og leyfi mér að vitna til (Forseti hringir.) Morgunblaðsins aftur. Þetta er ein setning áður en ég lýk máli mínu, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vilji eigandans um áframhaldandi rekstur hér fer ekki saman við það sem ég teldi æskilegt að gera og ég tel því rétt að ég hverfi af vettvangi."

Ég held því að það sé nokkuð ljóst að hann er þá ekki sammála því sem kemur fram í bréfi mínu til stjórnarinnar frá 11. september og að öðru leyti get ég ekki talað fyrir þann ágæta mann.

## *Réttur tannsmiða og sjóntækjafræðinga.*

Fsp. MF, 105. mál. — Þskj. 105.

[14:36]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum, einum þrem, fjórum árum, var hér heilmikil umræða um réttindi tannsmiða og baráttu þeirra fyrir því að fá að vinna sjálfstætt og gera sína samninga við Tryggingastofnun ríkisins. Tannsmiðir leituðu

þá til fyrrv. heilbrrh., Guðmundar Árna Stefánssonar, og óskuðu eftir því að þeir fengju réttindi í samræmi við það nám sem þeir hefðu stundað og mættu vinna í munnholi sjúklings og gera sjálfstæða samninga við Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins gerði slíka samninga við tannsmíðameistara um smíði gervitanna sem Tannlæknafélag Íslands fékk lagt á lögbann sem staðfest var með héraðsdómi 1. júní 1993. En 1994 felldi hins vegar Hæstiréttur lögbannið úr gildi. Samkeppnisstofnun hefur nú nýverið, ekki fyrir löngu síðan, skilað áliti þess efnis að það brjóti í bága við samkeppnislög ef Tryggingastofnun ríkisins ekki geri samninga við tannsmiði.

Við höfum rætt þeirra mál og réttindi á þingi áður og m.a. var hér lögð fram fsp. á þinginu sem starfaði 1995–1996, 120. löggjafarþingi. Þá lagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson fsp. fyrir hæstv. heilbrrh. þess efnis hvort það stæði fyrir dyrum að ráðherra mundi beita sér fyrir lagabreytingum til að taka af tvímæli um að tannsmiðir hafi rétt til að starfa sjálfstætt. Hæstv. ráðherra sagði þá að verið væri að skoða það mál og verið væri að vinna að heildarendurskoðun á réttindamálum heilbrigðisstétta og þar yrðu réttindamál stoðstétta eins og tannsmiða skoðuð og þær menntunarkröfur sem til þeirra yrðu gerðar. Þetta var sem sagt fyrir tveimur árum. Síðan þá hafa tannsmiðir haldið áfram baráttu sinni og fengið stuðning, m.a. frá Samtökum iðnaðarins sem telja þetta vera iðnaðarstétt sem eigi að starfa samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. En engin svör eða úrbætur hafa hins vegar komið frá ráðuneytinu.

Það sama má segja um réttindi sjóntækjafræðinga sem fá ekki að vinna í samræmi við þau réttindi sem þeir hafa eftir nám sitt. Þeir hafa eins og tannsmiðir sótt eftir breytingum, þ.e. að hæstv. ráðherra leggi hér fyrir okkur breytingar sem tryggja réttindi þeirra í samræmi við nám.

Ég hef því, virðulegi forseti, lagt fram fsp. á þskj. 105 til hæstv. ráðherra: Eru fyrirhugaðar breytingar í réttindamálum þessara stétta?

[14:40]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um lagabreytingar varðandi tannsmiði og sjóntækjafræðinga er hægt að svara í stuttu máli: Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingar á starfsréttindum tannsmiða og sjóntækjafræðinga.

Varðandi sjóntækjafræðinga þá liggur fyrir að ekki nema lítill hluti íslenskra sjóntækjafræðinga hefur lært sjónmælingar. Ráðuneytinu er hins vegar kunnugt um að sjóntækjafræðingar stóðu í samráði við Nordisk Optikerråd fyrir námskeiði m.a. í sjónmælingum og tóku þeir sem luku námskeiðinu upp starfsheitið sjónfræðingar, að því loknu. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um inntak námskeiðsins og kom ekki að framkvæmd þess á nokkurn hátt. Starfsheitið sjónfræðingur er ekki til varðandi íslenskar reglur en ráðuneytið mun í samráði við landlækni taka til skoðunar hvaða réttindi námskeið þetta getur veitt, verði beðið um það.

Varðandi tannsmiði, þá eru tannsmiðir ekki heilbrigðisstétt eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og þarf því að breyta lögum ef svo á að verða. Eins og hv. þm. kom inn á er í vinnslu í ráðuneytinu frv. til laga um réttindi heilbrigðisstétta. Þar er um heildarlöggjöf að ræða og hún er nokkuð samkvæmt norrænni fyrirmynd. Frv. hefur verið í smíðum í hartnær tvö ár og ég vænti þess og stefni á að geta lagt það fyrir Alþingi, og þá verður endanlega tekin ákvörðun um réttindi heilbrigðisstétta almennt og er eðlilegt að slík heildarlöggjöf feli þá í sér ákvörðun um hvar þessar stéttir muni vistast og hvaða réttindi þær hafa. En frv. verður lagt fram á þessu þingi.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það er ekki alls kostar rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að hér væru fáir eða nær engir sjóntækjafræðingar sem hefðu rétt til sjónmælinga. 22 hafa nú lokið námskeiði sem gefur þeim þennan rétt. 27 sjóntækjafræðingar eru starfandi á landinu, 22 luku námskeiði sem gefur þeim rétt til þess að mæla sjón í öllum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins nema á Íslandi og í Grikklandi. Þeir hafa þessi réttindi sem duga til í öllum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins nema hér og í Grikklandi.

Þetta námskeið fékk um 300 þús. kr. styrk frá menntmrn. þannig að það er ákveðin viðurkenning á það nám sem þarna fór fram og útskrift hefur þegar átt sér stað. Það er auðvitað mjög slæmt að þessi starfsstétt skuli ekki geta nýtt þau réttindi sem námið gefur í þessum tveimur löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins eins og öllum hinum. Og við það verður ekkert unað.

Það er jafnframt ljóst hvað varðar hina stéttina, tannfræðinga, að þrátt fyrir úrskurð Samkeppnisráðs, þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar og þrátt fyrir það að þeir hafi gert samning við Tryggingastofnun ríkisins og séu nú að vinna að samningsgerð við Tryggingastofnun ríkisins, þá er viðhorf Tannlæknafélags Íslands til þessara stétta slíkt að það er hreinlega sent út í fréttatilkynningu frá Tannlæknafélagi Íslands, núna síðast 9. október 1997, að ekki skuli unnið með þeim tannsmiðum sem gera þessa samninga við Tryggingastofnun ríkisins. Tannsmiðir hafa farið héðan af landi brott vegna þess að við þá hefur ekki verið skipt. Nú segir í frv. sem var til í ráðuneytinu 1993–1994 að þarna er samt sem áður um það að ræða að þetta er um 30% sparnaður í kostnaði fyrir þá sjúklinga sem skipta við þessar stéttir.

[14:45]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi þá 22 sérfræðinga sem hafa lokið námskeiði þá sagði ég áðan að okkur væri ekki nákvæmlega kunnugt um hvað í þessu námskeiði fælist. Á samnorrænum vettvangi munum við kynna okkur hvernig leyfi önnur heilbrigðisyfirvöld hafa veitt varðandi þessi ákveðnu námskeið.

Varðandi heildarlöggjöf um heilbrigðisstéttir þá trúi ég því að hv. þm. sé mér sammála um að mikilvægt sé að taka heildstætt á þessum málum svo oft sem hún hefur talað um að það vanti heildarsýn á málum. Og það erum við að gera með þessu frv. sem lagt verður fram á þessu þingi.

Fundi slitið kl. 14:46.

## 15. FUNDUR

miðvikudaginn 22. okt.,
að loknum 14. fundi.

**Dagskrá:**

1. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 167. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Bæjanöfn, stjfrv., 164. mál, þskj. 164. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, þáltill., 170. mál, þskj. 170. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 171. mál, þskj. 171, nál. 198. — 2. umr.
8. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.
10. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 12. þm. Reykv.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

### *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 2. umr.*

Stjfrv., 171. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 171, nál. 198.

[14:47]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. á þskj. 198.

Sjútvn. hefur fundað um þetta mál í tvígang og fengið til sín starfsmenn sjútvrn. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra fyrir nokkrum dögum ber þetta mál nokkuð brátt að eða öllu heldur þarf að hraða gildistöku þess því ella mundi koma til framkvæmda ótímabær gildistaka lagaákvæða sem tengjast breyttri meðferð á eftirliti með framleiðslu sjávarafurða á hinu Evrópska efnahagssvæði. En mótaðilar eða gagnaðilar okkar í því máli, þ.e. Evrópusambandið, hafa ekki lokið þeim nauðsynlegu undirbúningsaðgerðum sem þarf til að hið nýja fyrirkomulag geti tekið gildi. Þannig hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ekki enn lokið málsmeðferð í sínum stofnunum. Og að lokinni þeirri málsmeðferð framkvæmdastjórnar þarf að fjalla um samninginn í ráðherraráði Evrópusambandsins og kynna hann í Evrópuþinginu. Þá fyrst er unnt að leggja fyrir sameiginlegu EES-nefndina þessar breytingar á viðauka I við EES-samninginn. Það er því ljóst, herra forseti, að þessi tilskipun sem lögfesta átti frá og með 1. nóvember nk., innan fárra daga, samkvæmt lögum nr. 89 frá 26. maí 1997, getur ekki tekið gildi að svo stöddu. Ríkjandi ástand í þessum efnum verður því að halda áfram enn um sinn.

Hér er valinn sá kostur að fresta gildistöku laganna um eitt ár og er þar með vonast til þess að það þurfi að minnsta kosti ekki að fresta þessu frekar, hugsanlega flýta gildistökunni með sérlögum ef þetta ferli allt saman, sem ég hef hér minnt á, verður búið fyrr og þetta fyrirkomulag getur gengið í gildi fyrr en að ári liðnu.

Það er einnig rétt, herra forseti, að láta það koma fram að nýafstaðnar kosningar og stjórnarmyndun í Noregi geta að einhverju leyti sett strik í reikninginn í þessu máli þar sem um það er fjallað í stjórnarsáttmála norsku ríkisstjórnarinnar, hinnar nýju, að óska eftir viðræðum við Evrópusambandið um breytingar á stöðu Noregs gagnvart viðauka I í EES-samningnum hvað varðar reglur um heilbrigði dýra og plantna, en í Noregi er landbúnaðarhlutinn einnig undir þetta settur. Hvort það kunni að leiða til þess að þetta ferli tefjist enn frekar er ekki ljóst á þessari stundu. En það má segja að það sé viðbótaróvissa á ferðinni í málinu í ljósi pólitískra tíðinda frá Noregi.

Nefndin telur ekki ástæðu til að svo stöddu að gera neinar aðrar efnisbreytingar á lögunum. Það er vissulega ljóst að vegna þessarar seinkunar á gildistöku samningsins eða tilskipunarinnar eru þeir frestir eða þeir aðlögunartímar sem í samningnum eru nánast úr sögunni. Þegar samkomulagið var gert á sínum tíma, sem reyndar er þegar komið nokkuð til ára sinna, var gert ráð fyrir ákveðnu aðlögunartímabili til ársloka 1999 að mig minnir, í mörgum tilvikum. Og þegar lögin voru sett á síðasta þingi þá var reiknað með að eitt og hálft til tvö ár yrðu til stefnu hvað þessa aðlögun varðaði. Þar á ég m.a. við aðlögun hvað varðar sérstakar innflutningshafnir fyrir matvæli frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar var gert ráð fyrir að heimilt yrði að starfrækja svonefndar A- og B-hafnir á allmiklu fleiri stöðum en síðan verða formlegar landamærastöðvar. Þess vegna er ljóst að það getur verið nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að fara fram á það við samningsaðila okkar að breyta ákvæðum samningsins um leið og ljóst verður hvernig gildistöku hans getur orðið háttað þannig að þessir aðlögunarfrestir verði lengdir og einhver aðlögunartími gefist að gildistöku þessa fyrirkomulags þegar það getur þá orðið að veruleika.

Nefndin leggur til að frv. verði með þessum rökstuðningi samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

***Háskólar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Örnefnastofnun Íslands, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Bæjanöfn, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 164. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS og SJóh, 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, frh. fyrri umr.***

Þáltill. PHB o.fl., 170. mál. — Þskj. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[15:01]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Þetta er endurflutt þáltill., líklega í þriðja eða fjórða sinn. Flutningsmenn ásamt mér nú eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Tillaga þessi er endurflutt sökum þess að enn situr að mestu leyti allt við hið sama í Írak hvað varðar hörmulegar aðstæður alls þorra almennings þar þrátt fyrir að samkomulag hafi tekist eftir langt þóf um að leyfa lítils háttar útflutning á olíu til að kaupa afar takmarkað magn af matvælum og lyfjum inn í landið. Ríkir þar nánast hungursneyð og nær alger skortur á lækningatækjum og lyfjum, enda er endurgjald hinnar takmörkuðu olíusölu að verulegu leyti gert upptækt í stríðsskaðabætur.

Nú er talið af þeim aðilum sem gerst þekkja til eins og Rauða krossinum og barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og fleiri slíkum aðilum að mannfallið í Írak sé komið á aðra milljón og þar af séu um 600 þúsund börn fallin frá því að Persaflóastríðinu lauk, aðallega vegna matvælaskorts og skorts á lyfjum og læknishjálp. Vatnskerfi og rafveitur eru í megnasta ólagi, vörudreifingarkerfið er mjög takmarkað og aðstæður sem sagt alls þorra almennings hinar hörmulegustu.

Varðandi hið upphaflega markmið viðskiptabannsins, sem gefið var upp á sínum tíma þegar það var sett á í kjölfar stríðsins eða innrásarinnar í Kúveit, að gera harðstjórn Saddams Husseins erfitt fyrir og hrekja hann helst úr embætti, þá bólar ekki á því enn að staða hans hafi veikst nema síður sé. Margt bendir reyndar til þess að hann sé, ef eitthvað er, heldur fastari í sessi en áður. Því miður er það svo að öllum er ljóst sem til þekkja að fórnarlömb þessa viðskiptabanns eru ekki valdhafar. Harðstjórn landsins er ekki að bogna undan þrýstingi af þeim sökum, enda í aðstöðu til þess að gera sæmilega við sjálfa sig þó að mikil neyð ríki í landinu. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri að því er séð verður hvað það varðar að knésetja harðstjórn Saddams Husseins. Hins vegar hlýtur heimsbyggðin að horfa á þær skelfilegu afleiðingar sem þetta ástand í landinu hefur í för með sér hvað sem sögulegum ástæðum þess líður og það hljóta að teljast mikil eindæmi, herra forseti, að heimsbyggðin skuli þurfa að horfa upp á 600 þúsund börn fallin í valinn í raun og veru á grundvelli ákvarðana Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ég vil ekki nota hér orðin með blessun Sameinuðu þjóðanna því að því er að sjálfsögðu ekki fyrir að

fara, en um hitt verður ekki deilt að afleiðingarnar af þessu viðskiptabanni eru þessar.

Mjög mikil umræða fer fram víða um heim, ekki síst í ljósi þess sem menn hafa horft upp á að gerast í Írak, að taka verði til gagngerðrar endurskoðunar beitingu aðgerða af þessu tagi, viðskiptaþvingana sem tækis í alþjóðastjórnmálum og setja verði því skorður með hvaða hætti slíkum aðgerðum er beitt, þannig að þær brjóti ekki í bága við viðurkennd mannréttinda- og mannúðarsjónarmið og að því séu settar skorður að þær séu þannig framkvæmdar, og þannig að þeim staðið eða yfirleitt ásettar ef ljóst er að fórnarlömbin eru fyrst og fremst almenningur og börn sem líða skort eða jafnvel bíða dauða af þeim sökum.

Reyndar er það skoðun mín, herra forseti, að taka þurfi slíkar aðgerðir í heild sinni til skoðunar og þá ekki síst framferði Bandaríkjamanna í þessum efnum sem sett hafa viðskiptabönn eða viðskiptaþvinganir á margar þjóðir með einhliða ákvörðunum á grundvelli stjórnmálaágreinings eða þess að þeir hafa ákveðið einhliða og að því er virðist án sannana annarra en þeirra, sem þeir sjálfir telja sig hafa, að stimpla tiltekin ríki sem stuðningsríki hryðjuverka. Fráleitast í þessu samhengi er að sjálfsögðu hið áratuga langa viðskiptastríð Bandaríkjamanna gegn Kúbu sem hefur stórlega skert lífsafkomu og þróunarmöguleika heillar kynslóðar í því landi og það ótrúlega gerist að á þeim tímum þegar stjórnarfar er heldur að þróast í átt til opnunar á Kúbu, þá herða Bandaríkjamenn á viðskiptaþvingununum, m.a. og ekki síst með setningu svonefndra Helms-Burton laga á árinu 1995 eða hertra ákvæða þeirra þar sem sá ótrúlegi atburður gerist í alþjóðasamskiptum að Bandaríkjamenn ætla sér lögsögu yfir fyrirtækjum þeirra landa sem í þeirra óþökk stundi viðskipti eða fjárfesti á Kúbu. Svipað má reyndar segja um sambærileg ákvæði sömu laga hvað varðar Írak, Íran og Líbíu. Þessum ákvæðum hafa menn að sjálfsögðu mótmælt og hefur t.d. Evrópusambandið og Evrópuríki harðlega mótmælt þeim. Sömuleiðis ýmsir nágrannar Bandaríkjamanna eins og Kanadamenn og Mexíkómenn, hygg ég, en allt kemur fyrir ekki. Þetta voldugasta ríki veraldarinnar situr við sinn keip og heyr áfram þennan áratugalanga viðskiptahernað gegn sínum litla nágranna á Kúbu.

Að setja slíkum aðgerðum skorður er að mínu mati nauðsynlegt að fella undir endurskoðun á meðferð þessara mála. Reyndar bundu menn vonir við að tilkoma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og ákvæða um þessa hluti í samningum um hana mundi reynast eitthvert haldreipi í þessum efnum, en þá verður að fá menn til að fara eftir þeim. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að framferði Bandaríkjamanna sé skýlaust brot á ákvæðum sáttmála Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og séu ekkert annað en ólögmætar viðskiptaþvinganir, en það dugar skammt á meðan stórveldi í krafti efnahagslegra og hernaðarlegra yfirburða sinna fara sínu fram hvað sem alþjóðalögum líður.

Það kann ýmsum að finnast lítil ástæða til að við Íslendingar séum að eyða tíma okkar á löggjafarþinginu eða annars staðar í þjóðfélaginu til að hafa áhyggjur af þessum málum, hvort heldur það er barnadauði í Írak, þær þvinganir sem Kúbverjar hafa um áratuga skeið mátt búa við eða þess vegna, herra forseti, mannréttindaástandið í Indónesíu. Mönnum finnst kannski nærtækara að stunda útúrsnúninga í umræðum um slík mál en taka þau fyrir af einhverri alvöru en sá sem hér stendur hyggst ekki láta aftra sér frá því að hafa slík mál á dagskrá ef svo ber undir. Ég held að þá fyrst yrði nú pólitíkin lágkúruleg og lítils virði ef menn létu það alveg vera að láta sig varða örlög meðbræðra sinna þó að þeir búi einhvers staðar annars staðar á jörðinni.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, þó hljótt fari í umræðu um þessi mál, að við berum okkar fullu þjóðréttarlegu ábyrgð á ýmsu sem fram fer. Við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum og fleiri alþjóðasamtökum sem fela í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar. Við höfum fullgilt mannréttindsáttmála og við erum þess vegna ekki alltaf jafnábyrgðarlausir í þessum efnum og ætla mætti þegar menn eru að afgreiða umræðuna uppi á Íslandi eða ýta henni frá sér.

Ef ég kem aftur að hinni siðferðilegu og pólitísku ábyrgð sem við berum á ástandinu í Írak, þá er hún hrein og bein, ósköp einfaldlega vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa fullgilt með sérstakri útgáfu reglugerðar, sem birt er í Stjórnartíðindum, aðild okkar að viðskiptabanninu sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tók ákvörðun um að setja á. Sú birting er dagsett 28. apríl 1992 og undirrituð af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og þáv. hæstv. utanrrh. og Þorsteini Ingólfssyni, sem ég hygg að þá hafi verið ráðuneytisstjóri í utanrrn. Með þessari auglýsingu, nr. 160/1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661/1990 vegna innrásar Íraka í Kúveit tökum við Íslendingar að okkar leyti fulla pólitíska og siðferðilega ábyrgð á afleiðingum þessara gjörða. Við getum með öðrum orðum ekki skotið okkur undan því á einn eða annan hátt. Þó að viðskipti þessara landa kunni að hafa verið lítil eða ekki umtalsverð breytir stærðargráðan hér ekki máli heldur hitt að við eins og aðrar þjóðir sem fullgilt hafa þessa ályktun öryggisráðsins berum sameiginlega ábyrgð. Það snýr því ekkert síður að okkur stjórnmálamönnum Íslendinga en öðrum að taka til umræðu þetta ástand að velta því fyrir okkur hvort við getum borið að okkar leyti ábyrgð á því sem þarna fer fram.

Bæði fyrrv. hæstv. utanrrh. og núv. hæstv. utanrrh. eru þeir menn sem stjórnskipulega annast um framkvæmd þessara mála fyrir okkur og ég verð að segja, herra forseti, að mig hefur stundum undrað þögn þeirra í umræðum um slík mál. Hvorugur er til staðar hér í dag, en það er ekki í fyrsta skiptið sem fjarvera þeirra er nokkuð æpandi þegar umræður um þessi mál ber á góma. Þær ríkisstjórnir og þeir meiri hlutar sem stutt hafa bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn verða að sjálfsögðu líka að sínu leyti að axla ábyrgð á þessum ákvörðunum og út af fyrir sig einnig þingmenn allir og Alþingi sem hefur að sjálfsögðu möguleika á því að grípa inn í ef svo ber undir.

Ýmsir hafa gengið langt í yfirlýsingum um hversu alvarleg yfirsjón okkar sé í þessum efnum og ætla ég ekki að blanda því í sjálfu sér inn í þetta mál en ég tel þó, herra forseti, að okkur þingmönnum og ekki síst hæstv. fyrrv. og núv. ráðherrum þurfi að vera ljós sú ábyrgð sem á þeirra herðum hvílir vegna afleiðinganna af þessum gjörðum. Ég hygg, herra forseti, að ef þetta mannfall hefði orðið við aðrar aðstæður en þessar, í raun og veru ótrúlegu aðstæður, að það skuli vera afleiðinig af viðskiptabanni á grundvelli ákvarðana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þá hefði það þótt heimsbyggðinni nokkur tíðindi. Það gerist sem betur fer ekki á hverjum degi að 600 þúsund börn láti lífið á litlu árabili. Ef þetta hefðu verið náttúruhamfarir eða styrjaldarátök þá býst ég við að mönnum hefði orðið um og ó svo ekki sé fastar að orði kveðið. En það er eins og menn kjósi að horfa fram hjá þessum atburðum vegna þess hvernig þeir eru

vaxnir eða hver hinn pólitíski og sögulegi bakgrunnur þeirra er. Að mínu mati leysir það menn ekki undan siðferðislegri ábyrgð þó að málin eigi sér ákveðinn sögulegan bakgrunn og einhverjir gætu freistast til að segja að þetta væri allt saman mannhundinum Saddam Hussein að kenna og þar með væri málið leyst, en þessi börn vakna ekki til lífsins þrátt fyrir það.

Það er ekki bara spurning, herra forseti, um þá sem hafa látið lífið eða munu gera það á næstu mánuðum eða missirum ef svo heldur sem horfir, heldur er ljóst að heil kynslóð fjölmennrar þjóðar hefur í raun og veru ýmist þurrkast út eða misst af öllum eðlilegum uppvaxtar- og þroskamöguleikum. Þeir sem halda lífi eru meira og minna vannærðir, hafa verið án skólagöngu og eðlilegra aðstæðna í uppeldinu.

Ég vona, herra forseti, að það takist að lokum að fá menn til umhugsunar um það á Íslandi að við getum ekki horft upp á þetta ástand vara til eilífðarnóns meðan ekki horfir til neinna breytinga í hinu pólitíska umhverfi, hvorki innan landamæra Íraks né í hinu alþjóðlega samfélagi, þá verðum við, sem á annað borð viljum láta þetta okkur einhverju skipta, að reyna að hefja upp rödd okkar hvort sem einhverjir hlusta á hana eða ekki.

Ég vil láta þess getið, herra forseti, að ég hef hreyft sambærilega við þessu máli eða með tiltölulega hliðstæðum hætti og hér er gert með tillöguflutningi á vettvangi Norðurlandaráðs og það verður að segja Norðurlandaráði til hróss, sem stundum er nú gert lítið úr, að tillöguflutningur á þeim bæ fær sjálfkrafa talsvert aðrar móttökur en t.d. þetta þingmál hefur fengið hér. Það fær sjálfkrafa vandaða umfjöllun í nefnd, það er sjálfkrafa tekið fyrir, það er sjálfkrafa skilað um það álitum en þessi tillaga er hér flutt í fjórða sinn, endurflutt í þriðja sinn hafandi þó aldrei hlotið þá náð fyrir augum t.d. hv. utanmrn. að koma þaðan. Vonandi verður þar breyting á, herra forseti, og ég get því miður víst ekki lagt annað til samkvæmt stjórnskipun þingsins en að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

[15:16]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessarar tillögu og mig langar til að leggja nokkur orð í belg vegna þessa alvarlega máls sem hér er komið á dagskrá. Ég hef sjálf fylgst nokkuð glöggt með þróun mála í Írak á undanförnum árum eins og væntanlega flestir þingmenn því að ég býst við að ég sé ekki ein um það að fá mikið af bréfapósti eða tölvupósti frá fólki víða að úr heiminum sem er að reyna að vekja athygli á því hörmulega ástandi sem ríkir í Írak og þá fyrst og fremst út frá sjónarhóli almennings og ekki síst barna.

Eins og fram kom í máli flm. hafa menn mjög miklar áhyggjur af framtíð þjóðarinnar í því landi þegar þróunin er öll í þá átt að það fækkar og fækkar í yngstu kynslóðinni. Ég las nýlega viðtöl við konur í Írak í ákveðnu kvennablaði og það var vægast sagt hörmuleg lesning. Yfirleitt var um að ræða vel menntaðar konur sem höfðu búið við mjög góð lífskjör fyrr á árum, en höfðu ýmist misst feður sína, eiginmenn eða bræður í styrjöldinni sem átti sér stað á sínum tíma milli Írana og Íraka eða í Kúveit-styrjöldinni ellegar að þeir höfðu jafnvel orðið fórnarlömb innlendra stjórnvalda. Allar áttu þessar konur það sameiginlegt að hafa orðið fyrir óskaplegu hruni í lífskjörum þó að þær stunduðu sína vinnu. Laun hafa lækkað alveg gríðarlega en aðallega hefur þó verðlag á öllum nauðsynjavörum hækkað upp úr öllu valdi vegna þess hve innflutningurinn er gríðarlega takmarkaður og á sér stað að miklu leyti í gegnum smygl. Samkvæmt þessum viðtölum er hægt að kaupa nánast hvað sem er á svörtum markaði, en það kostar líka gríðarlega peninga. Þessar konur voru búnar að selja nánast hvern einasta hlut sem til hafði verið á heimilinu og höfðu reynt að halda eftir einhverjum hnífapörum, diskum og rúmfötunum, en það var búið að selja yfirleitt allt. Það var gengið smátt og smátt á eignir heimilanna fyrir utan það að þær voru sumar orðnar vannærðar vegna mjög einhæfs fæðis, vegna þess að þær höfðu ekki lengur efni á að kaupa mat ofan í sig og börnin sín.

Þegar svona er komið, hæstv. forseti, hljótum við að spyrja til hvers alþjóðasamfélagið heldur uppi viðskiptabanni þegar það bitnar fyrst og fremst á almennum borgurum. Það er viðurkennt af öllum að yfirstéttin í Írak lifir í vellystingum praktuglega og notar þá peninga sem inn koma, hvernig sem það gerist, m.a. til þess að halda sjálfri sér og hernum uppi og halda uppi gæslunni í kringum einræðisherrann sem er alveg gífurleg. Þarna erum við að tala um einræðisríki þar sem ríkir mikið lögreglu- og herveldi og þar sem fylgst er mjög grannt með almennum borgurum til að koma í veg fyrir að þeir komist einhvern veginn nálægt einræðisherranum eða eigi þess kost að reyna að breyta ástandinu. Sú von alþjóðasamfélagsins eða Sameinuðu þjóðanna, að með því setja þjóðina í svelti með þessu móti mundi það leiða til þess að einræðisherranum yrði steypt af stóli, hefur því engan veginn ræst, enda er það svo sem þekkt úr sögunni og þarf ekki að fara lengra aftur en til síðari heimsstyrjaldarinnar að þegar reynt er að sauma svona að þjóðum eða með loftárásum eða hvað það er, þá verða slíkar aðgerðir oftast til að þjappa fólkinu saman. Flestir eiga í erfiðleikum og svona aðgerðir þjappa fólkinu saman.

Samt býst ég við að gríðarleg óánægja sé undir niðri í Írak en erfitt er að finna henni farveg og þegar leyniþjónustan er á hverju strái segir fólk auðvitað ekki neitt.

Ég tek því innilega undir það, hæstv. forseti, að mjög brýnt er að endurskoða þær aðferðir sem beitt hefur verið í Írak og aflétta þessu viðskiptabanni og reyna að sjá til þess að fólk fái þar að borða og þau lyf sem það þarf því að vannæringunni fylgja miklir sjúkdómar og þeir bitna ekki síst á börnunum og það er ekki hægt að horfa upp á þetta lengur. En því miður sýnist mér að heldur lítið hafi þokast í þá átt að aflétta viðskiptabanninu og maður spyr sig hversu lengi á að viðhalda því. Ætla menn að bíða þangað til þessum einræðisherra þóknast að hrökkva upp af? Eða hvað á þetta eiginlega að þýða? Það er reyndar ekki réttlætanlegt að mínum dómi, hæstv. forseti, að halda þessu viðskiptabanni áfram. En hversu lengi ætla þjóðir heims að samþykkja það að þessu verði haldið áfram.

Það er líka vitað að þetta viðskiptabann bitnar líka illa á Kúrdum. Það er herjað þindarlaust á Kúrda vegna þess að þeir búa í landamærahéruðunum. Eftir því sem ég hef lesið stunda þeir reyndar mikið smygl og það má vera að þeir hafi á vissan hátt grætt á þessu ástandi, en það er líka svo sannarlega herjað á þá af yfirvöldum í Írak. Þetta er því mjög erfitt mál, hæstv. forseti. Við getum spurt okkur hvaða aðferðir gagnast best til að breyta ástandinu og hafa áhrif á ástandið eins og þarna er, en aðgerðir sem nánast eingöngu bitna á konum, börnum, gamalmennum og þeim sem verst standa að vígi geta ekki verið réttlætanlegar. Það getur ekki verið réttlætanlegt að halda þessu áfram og því er afar brýnt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að þessu

viðskiptabanni verði aflétt og menn leiti þá annarra leiða til þess að breyta stjórnarfarinu í þessu ríki.

[15:24]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var þess minnst að 30 ár voru liðin frá þeim atburði þegar sá mikli byltingarforingi, Che Guevara var myrtur í Suður-Ameríku. Það gerðist á þann hátt að ungt fólk beitti sér fyrir útifundi á Ingólfstorgi og ungt fólk beitti sér fyrir gríðarlega fjölmennum fundi í húsnæði sem ég hygg að heiti Borgarbíó á Akureyri.

Það kom mjög greinilega fram að ungt fólk í landinu er mjög upptekið af þessum málum. Það er mjög upptekið af því að verið er að beita viðskiptabanni, verslunarbanni sem bitnar á lífi þeirra sem síst skyldi og ungt fólk er mjög upptekið af því að þetta viðskiptabann er mannréttindabrot, eins og því hefur verið beitt bæði á Íran og Kúbu. Það er brot á mannréttindasáttmálum sem heimurinn hefur gert. Það er ekki aðeins brot á venjulegum gamaldags mannréttindasáttmálum, heldur líka brot á hinum fínu nýju viðskiptasáttmálum að gera þetta svona. Það er brot á hinum mikla verslunarfrelsissáttmála sem gerður var fyrir fáeinum árum og Íslendingar eru aðilar að. Það er brot á honum. Það liggur því algerlega fyrir að Bandaríkjamenn eru með viðskiptabanninu á Kúbu í raun og veru að brjóta þann sáttmála.

Það hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur á Alþingi Íslendinga þegar þessi tillaga er rædd — ég veit ekki í hvaða skipti — að það gerist með þeim hætti að bersýnilegt er að lítill sem enginn áhugi er á málinu og flm. lætur það koma fram í framsöguræðu sinni að hann óttist að málið verði jarðað í utanrmn. einu sinni enn. Hvar erum við stödd með lýðræðið? Og hvar eru tengsl okkar í þessari stofnun við unga fólkið í landinu? Það er upptekið af þessum mannréttindabrotum, þeim skepnuskap og því framferði sem um er að ræða í þessu viðskiptabanni bæði á Írak og Kúbu og birtist börnum, gamalmennum, konum og öðru fólki sem höllum fæti stendur. Það er alveg ótrúlegt og fátt er betur talandi dæmi um það hvað Alþingi er einangrað en mál af þessu tagi. Vegna þess að gamla kaldastríðskrumlan leggst yfir þessi mál því þau eru e.t.v. þannig að það gæti kannski móðgað eitt lítið milligramm í yfirstjórn Bandaríkjanna. Þess vegna hafa menn ekki hátt um það og sýna málinu fullkomið áhugaleysi.

Nú er það hins vegar sem betur fer svo að íslenska ríkisstjórnin og núv. utanrrh. — og hann á þakkir skildar fyrir það — hefur breytt afstöðu Íslands til viðskiptabannsins á Kúbu. Allt í einu er það þannig að þau ríki sem styðja viðskiptabannið á Kúbu eða mótmæla því að það verði lagt niður eru núna sem betur fer bara tvö eða þrjú. Það eru Bandaríkin og Ísrael og venjulega eitt af ríkjum fyrrv. Sovétríkjanna á síðustu allsherjarþingum, þ.e. Úsbekistan eða einhver önnur ríki í grennd við Úsbekistan í Mið-Asíu. Ísland er sem betur fer ekki lengur á þeim lista og ég tel ástæðu til þess, þó að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. sé fjarverandi í dag, að þakka honum fyrir að þeirri smán skuli létt af Íslandi að vera í þessum þjóðþrifaflokki að því er varðar þessi mál.

Það breytir hins vegar ekki því að Ísland hefur til skamms tíma að því er varðar mannréttindamál yfirleitt ekki þorað að taka almennilega á hlutunum og Alþingi virðist ætla að skera sig úr þeirri þjóðarfylkingu sem um er að ræða hjá ungu fólki í þessum málum og reyndar fjölmörgum fleiri aðilum. Ég bendi t.d. á leiðaraskrif í DV um mannréttindamál þar sem kveður ærið mikið við annan tón en sumt af því sem maður gæti haldið að réði ferðinni í þessari sofandi stofnun þegar kemur að því að gagnrýna mannréttindabrot í heiminum.

[15:29]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og undirstrika nokkur atriði. Í fyrsta lagi það sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar rætt er um þessi mál og stöðuna í einstökum tilvikum. Það þarf að gera greinarmun á því hvers eðlis eða hversu víðtækar slíkar aðgerðir eru. Það alvarlega við viðskiptabannið gagnvart Írak, sem auðvitað á sinn þátt í því að gera afleiðingarnar jafnalvarlegar og raun ber vitni, er að þar er um algert viðskiptabann að ræða. Þar var valin sú leið, án kannski mjög merkilegs rökstuðnings að mínu mati, að setja landið nánast í algera viðskiptalega einangrun. Það er talsvert önnur leið heldur en valin hefur verið í ýmsum öðrum tilvikum þegar að einhverju leyti hefur verið um alþjóðlegar aðgerðir að ræða þar sem menn hafa í mörgum tilvikum t.d. sett á vopnasölubann. Og ég skal svo sannarlega taka undir að það getur verið ástæða til þess að setja vopnasölubann á Írak og þótt víðar væri leitað, þar sem menn hafa kannski ákveðið að reyna að beita ríkið þrýstingi með því að takmarka fjárfestingar eða banna þær um eitthvert skeið, þar sem menn hafa jafnvel farið út í það að takmarka viðskipti með hátæknibúnað og vörur sem gætu tengst hernaði með einhverjum hætti, en það er frekar sjaldgæft og á seinni tímum eru ekki mörg dæmi sem betur fer um að aðgerðir af þessu tagi séu altækar, að um algert viðskiptabann sé að ræða.

Eins og hér hefur verið komið inn á bæði af mér og fleiri ræðumönnum, þá er það margra mál að þetta viðskiptabann á Írak, eða þess vegna viðskiptabannið á Kúbu, sé brot á mörgum alþjóðlegum sáttmálum. Ég held að fleiri og fleiri lögfræðingar séu að verða þeirrar skoðunar að það sé engin leið að komast fram hjá því að afleiðingar viðskiptabannsins í Írak ganga gjörsamlega í berhögg við ákvæði viðurkenndra mannréttindasáttmála, þá fyrst og fremst Genfarsáttmálann sjálfan og viðauka við hann, þannig að við erum þá komin í þá ótrúlegu stöðu, þjóðasamfélagið, að vera með aðgerðum af þessu tagi að brjóta grundvallarsáttmála sem reynt hefur verið að byggja á einmitt í sókn fyrir auknum mannréttindum og friðsamlegri heimi.

Sömuleiðis fer auðvitað fyrir lítið hið svokallaða viðskiptafrelsi og stofnsáttmáli nýju Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þegar menn vegna einhvers áratuga gamals stjórnmálaágreinings, eins og á sér stað í tilvikinu Bandaríkin-Kúba, viðhalda viðskiptabanni og jafnvel herða það. Hvernig sem á þetta mál er litið, herra forseti, hvort sem við nálgumst það frá mannúðarhliðinni, út frá okkar siðferðislegu ábyrgð og siðferðislegu skyldum, frá hinni pólitísku hlið og spurningu um hvort það skili tilætluðum pólitískum árangri, þeim að knésetja harðstjórnina í Írak eða, í þriðja lagi, hvort við nálgumst það frá lögfræðilegum eða þjóðréttarlegum sjónarhóli, það skiptir ekki máli. Það er jafnóþolandi að þetta ástand heldur áfram. Þess vegna þurfum við að beita okkur fyrir því að koma því á hreyfingu og Ísland gæti vel orðið sú púfa sem veltir hlassinu í þessu máli eins og það hefur stundum áður reynst í afdrifaríkum málum, þ.e. ef menn vildu það viðhafa að beita okkar möguleikum sem sjálfstæðs ríkis til þess að koma þessu máli á dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:33]

**Útbýting þingskjals:**

Innheimta endurinnritunargjalds, 29. mál, svar menntmrh., þskj. 196.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. PHB, 36. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 36.

[15:33]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sem er á þskj. 36.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Herra forseti. Sjómannaafslátturinn er brot á jafnræðisreglunni, þ.e. að allir borgarar landsins standi jafnir fyrir lögum. Ein stétt fólks greiðir ekki skatta eins og aðrar stéttir með sömu tekjur. Í frétt í Degi í gær var haft eftir Kristjáni Ragnarssyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna, með leyfi forseta:

„Menn gefa gjafir og þeir geta tekið þær aftur. Það er hins vegar ekki hægt að láta þriðja aðila borga fyrir sig gjafir sínar. Þannig að sjómannaafslátturinn er okkur algjörlega óviðkomandi. Hann er mál ríkisins og sjómanna."

Í sömu frétt segir enn fremur, með leyfi forseta: „Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, segir að það sé í sjálfu sér í lagi þótt sjómannaafslátturinn verði afnuminn svo framarlega sem sjómönnum verði bætt það upp í launum." Enn fremur segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins að sjómenn muni berjast gegn afnámi sjómannaafsláttarins.

Herra forseti. Þegar afnema á forréttindi, þá berjast þeir sem forréttindanna hafa notið að sjálfsögðu gegn þeim ráðstöfunum. Það er ósköp eðlilegt. Þetta á við um annað frv. sem ég hef flutt um eignarskatt á lífeyrissjóði, sem hafa ekki greitt eignarskatt, eignarskatt á Öryrkjabandalagið sem ekki hefur greitt eignarskatt, á meðan allir aðrir verða að borga eignarskatt. Þetta átti við þegar fjármagnstekjuskatturinn var lagður á vexti. Þá börðust þeir sem höfðu notið skattfrelsis vaxta gegn því þó að verið væri að lækka verulega skatta á aðrar fjármagnstekjur sem eru nákvæmlega sama eðlis. Sama yrði uppi á borðinu ef ákveðið yrði að breyta skattkerfinu þannig að það næði til allra landsmanna en ekki einungis til þess þriðjungs landsmanna sem í dag borgar skatta. En það er svo hugmynd að láta skattinn verða flatan, 17% á allar tekjur.

Sama ætti við ef gerð yrði tilraun til þess að afnema skattfrelsi starfsmanna utanríkisþjónustunnar og starfsmanna alþjóðastofnana sem njóta skattfrelsis ekki bara í tekjuskatti, heldur í mörgum öðrum sköttum eins og virðisaukaskatti og öðrum neyslusköttum. Ofangreind viðbrögð sjómanna og útgerðarmanna eru því ósköp eðlileg í þessu ljósi.

Herra forseti. Verði frv. þetta að lögum verður að telja eðlilegt að kjarasamningar sjómanna og útgerðarmanna verði endurskoðaðir og þá má jafnvel líta svo á að með lögfestingu frv. séu kjarasamningar þessir lausir þar sem forsendum þeirra hafi verið breytt. Nauðsynlegt er því að aðilar þeirra kjarasamninga sem um ræðir taki efni þeirra til endurskoðunar út frá þessum breyttu forsendum. Vegna þess arna er lagt til í frv. að aðlögunartími verði mjög rýmilegur, þ.e. að sjómannaafslátturinn verði algjörlega óbreyttur út árið 1998, þ.e. allt næsta ár, síðan verði hann tveir þriðju af núverandi sjómannaafslætti árið 1999, einn þriðji árið 2000 og það er ekki fyrr en árið 2001 að hann verður algjörlega aflagður samkvæmt þessu frv. Það ætti að gefa þeim aðilum sem það varðar tíma til þess að ganga frá samningum sín á milli.

Herra forseti. Á 115. löggjafarþingi, 1990–1991, var flutt stjfrv. sem m.a. átti að takmarka sjómannaafsláttinn við þá daga sem sjómaðurinn er á sjó. Með því frv. fylgdi greinargerð sem ég ætla að rekja lítils háttar. Þar er mjög góð söguleg lýsing á tilurð sjómannaafsláttarins en upphaf hans má rekja allt til ársins 1954. Hann er sem sagt búinn að vera í gildi í 43 ár.

Þar kemur fram m.a. að það séu fjögur atriði sem sjómannaafsláttur hafi verið rökstuddur með. Það er kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega, í öðru lagi að þeir sjái sér sjálfir fyrir fæði, í þriðja lagi kostnaður vegna langrar fjarvistar frá heimili og í fjórða lagi var þetta hugsað sem sérstök launahækkun til sjómanna í tengslum við kjarasamninga. Þessi rök voru vafasöm í upphafi og þau hafa rýrnað í tímans rás.

Það er algengast í dag að vinnuveitandi beri kostnað af því ef starfið gerir kröfu til sérstaks hlífðarfatnaðar og um fæðiskostnaðinn gildir í grundvallaratriðum það sama fyrir utan að það má benda á að þetta er kostnaður sem fjöldi annarra launþega býr við og þarf að borga sjálfur. Rökin fyrir fjarveru frá heimili eru að því leyti brostin þar sem fjöldi aðila sem er ekki fjarri heimili sínu umfram annað fólk fær sjómannaafslátt þannig að skattlagningin hefur verið víkkuð út í áranna rás.

Á sínum tíma voru þessar ívilnanir í sambandi við kjarasamninga rökstuddar með tilvísun til þess að það var tímabundið ástand, þ.e. skortur á sjómönnum. Fólk fékkst ekki til að vinna á sjó. Þá voru rökin þau að það þyrfti að veita skattfrelsi til þess að menn væru tilbúnir til að vinna þessa vinnu. Þetta á alls ekki við í dag. Það er allt, allt önnur staða í dag heldur en var á þessum árum og má jafnvel segja að eftirspurn eftir plássum á sjó, alla vega sumum, er mjög mikil.

Í greinargerðinni frá 1990 kemur fram að það megi skoða sjómannaafsláttinn sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði frekar en sem ívilnun til sjómanna þó að hann hafi óneitanlega áhrif á starfskjör þeirra. Það er ljóst að fjöldi fyrirtækja hér á landi mundi gjarnan vilja hafa skattafslátt fyrir starfsmenn sína. Ég nefni t.d. hugbúnaðarfyrirtæki. Þau vildu gjarnan að forritararnir nytu sjómannaafsláttar eða forritunarafsláttar. Það yrði miklu auðveldara að ráða fólk til starfa ef þannig væri í pottinn búið þannig að það má líta svo á að sjómannaafslátturinn sé í raun styrkur til fyrirtækisins sem ræður starfsmanninn.

Nú búum við enn sem komið er við of stóran flota og við erum að reyna að takmarka sóknina í auðlindina, sem eru fiskimiðin í kringum landið. Á sama tíma er ríkisvaldið að niðurgreiða þann rekstur sem að þessu stendur, þ.e. að örva menn til að ganga í auðlindina. Þetta er ákveðin mótsögn. Þetta kom fram í þessari greinargerð með frv. frá 1990.

Eitt af markmiðum skattalaga fyrir utan það að afla ríkissjóði tekna er tekjujöfnun og það má meira að segja segja að íslenska skattkerfið sé alveg sérstaklega mikið tekjujafnandi

þar sem það gefur ekki ríkissjóði einum sér nema 5% af tekjum allra landsmanna. Sveitarfélögin fá 12%. Það virðist vera meginmarkmið íslenska skattkerfisins að jafna tekjur og þá er það mjög undarlegt að ein stétt manna njóti skattfrelsis, þ.e. þeirra tekjur séu ekki jafnaðar eins og annarra.

Nú njóta allir borgarar velferðarkerfisins óháð tekjum, þ.e. nokkurn veginn jafnt, má reikna með, alla vega í byrjun. En menn borga mjög mismunandi fyrir það. Þeir sem hafa háar tekjur borga miklu meira til velferðarkerfisins en þeir sem hafa lágar tekjur. En þetta á ekki við um sjómenn. Þeir geta haft umtalsverðar tekjur án þess að greiða af þeim háa skatta. Þannig greiðir fiskverkakona með 125 þús. kr. tekjur á mánuði sömu staðgreiðslu og sjómaður eða beitingamaður með 167 þús. kr. á mánuði eða 24 þús. kr. á mánuði. Sjómaður með 42 þús. kr. hærri laun en fiskverkakonan borgar þannig sömu skatta og hún. Á ári eru þetta 240 þús. kr. sem fiskverkakonan borgar meira í skatta eða sem svarar tvennum mánaðarlaunum hennar.

Á það hefur verið bent að sjómenn greiði skatta af fæðispeningum en þeir sem fara í viðskiptaferðir fái skattfrjálsa dagpeninga fyrir fæði og uppihaldi. Nú eru fæðispeningar sjómanna mjög háir. Sennilega er þetta dýrasta fæði á landinu þar sem matsveinninn er með hlut og oft með mjög há laun. En hér gætu sjómenn og útgerðarmenn að sjálfsögðu tekið upp dagpeningakerfi nákvæmlega eins og aðrar stéttir og það yrði mér að meinalausu vegna þess að ég vil að allir menn séu jafnir fyrir lögum.

Það er svo aftur önnur saga að það er orðið brýnt að taka á vandamáli með dagpeningana því að það er greinilegt að dagpeningakerfið er ákveðin skattasmuga. Menn hafa komið tekjum undan í dagpeningakerfinu og það er ljóst að það þarf að endurskoða reglur um dagpeninga og ég væri alveg til í það. En það er líka forréttindakerfi eins og við erum hér að tala um.

Herra forseti. 98% af þeim sem greiddu í Lífeyrissjóð sjómanna á árinu 1995 voru karlar þannig að það má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla umfram konur og það merkilega er að þeir sem vinna í þeirri keðju að gera fiskinn að markaðsvöru, þ.e. fólkið í frystihúsunum, eru að meginhluta til konur og þær njóta ekki skattafsláttar og þær eru með miklu lægri laun en sjómenn þannig að sjómannaafslátturinn eða þetta brot á skattalögunum eykur launamun milli þessara tveggja hópa sem hvorir tveggja eru að vinna að því að búa til markaðsvöruna fisk.

Nýverið hefur kvótinn verið aukinn og það eru góðar horfur fram undan um að kvótinn muni verða aukinn og þá er einmitt lag að afnema sjómannaafsláttinn en hann hefur hækkað tekjur sjómanna um 7,1% að meðaltali.

Í töflu sem fylgir greinargerð með frv. kemur fram sem dæmi að venjulegur launþegi sem er með 200 þús. kr. á mánuði borgar 54.600 í skatt á meðan sjómaður með sömu tekjur borgar ekki nema 34.400 í skatt, þ.e. 20 þús. kr. minna. Í frv. er lagt til að þessi munur verði eyddur upp á þremur árum, þ.e. árið 1999 og árið 2000 þannig að sjómaðurinn muni borga sama skatt og venjulegur launþegi í ársbyrjun 2001.

Herra forseti. Launamunur er eflaust óvíða jafnmikill og hjá sjómönnum. Við heyrum oft sögur af sjómönnum sem eru með milljón fyrir túr o.s.frv. og skipstjórum sem eru með 2 millj. og það er gefin mjög röng mynd af raunverulegum tekjum sjómanna sem eru að meðaltali miklu lægri og sumir sjómenn eru ekkert með mjög há laun, alls ekki. Ég er alls ekki að halda því fram. Hins vegar eru þau fyrirtæki sem greiða hæst launin í landinu, þ.e. 20 þau efstu sem tróna á þeim lista eru útgerðarfyrirtæki vegna þess að sjómenn, þ.e. þeirra starfsmenn, eru með mjög há laun. Þarna eru mestu hátekjumenn þjóðarinnar og þeir ættu að sjá sóma sinn í því að taka þátt í byrðum velferðarkerfisins.

Það er ljóst að á bak við tekjur sjómanna er iðulega geysimikil vinna og miklar vökur. En það á við um aðrar stéttir þjóðfélagsins líka og á meðan skattkerfið er þannig að það er hugsað til tekjujöfnunar án tillits til þess sem veldur tekjumuninum, þ.e. menntunar, erfiðis, óhreininda, fjarvista o.s.frv. þá er óeðlilegt að ein stétt manna njóti forréttinda umfram aðrar. Ég hef hins vegar margoft bent á að það kynni að vera rétt að taka upp skattkerfi sem væri flatt þannig að fólk með tvöfalt hærri tekjur borgi tvöfalt hærri skatt en ekki meira en það. Sú hugmynd mundi eflaust hugnast sjómönnum mjög vel þannig að ég geri ráð fyrir að þeir tækju undir með mér með þá breytingu.

Herra forseti. Það sem er mikilvægast í þessu máli er að ekki sé um að ræða mismunun borgaranna fyrir skattalögum eða öðrum lögum. Mismunun á ekki að líða. Menn eiga að nota skattalögin til þess sem þau eru ætluð en ekki hafa skattalögin þannig að vissar stéttir borgi ekki skatta eða ekki sömu skatta og aðrir.

Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

[15:49]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég kem upp í ræðustól til að lýsa því yfir að ég er samþykk efni þessa frv. og ég vil þakka hv. þm. fyrir að bera það inn á Alþingi. Til þess þarf nú nokkurn kjark reyndar og ég vil þakka þingmanninum einnig fyrir prýðilega upplýsandi greinargerð sem rifjar málið mjög vel upp fyrir samkundunni. Það er athyglisvert að flestar þær upplýsingar sem þar koma fram eru teknar einmitt upp úr greinargerð sem fylgdi stjfrv. frá 115. löggjafarþingi. Það mun þá væntanlega hafa verið flutt af þáv. hæstv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég vona að ég fari rétt með. Altjent var það þáv. fjmrh., en ég sat ekki á þingi þá og heldur ekki hv. 1. flm.

Það fór þá eins og oftar þegar þessi mál höfðu verið rædd, ef ég man rétt, það upphófust mikil mótmæli og aðgerðir gegn því að þetta mál væri afgreitt á þennan máta. Þetta er, eins og hv. þm. hefur gert grein fyrir, ákveðin mismunun sem særir réttlætiskennd margra. Það er auðvitað ýmsar slíkar mismunanir að finna í okkar lögum og ekki síst í skattalögunum. Sumar eru réttlættar á ákveðinn hátt sem er hægt að fallast á. En þessi mismunun minnir talsvert á ákveðinn afslátt sem giftar konur höfðu um árabil. Þær þurftu ekki að borga skatt nema af helmingi sinna tekna sem þær öfluðu sér með vinnu utan heimilisins og það var réttlætt með því sem svo sannarlega er rétt, að það hefur ákveðin útgjöld í för með sér fyrir heimilið, svo og, trúi ég, að þarna hafi verið um aðgerð að ræða sem átti að gera konum frekar kleift að vinna utan heimilis vegna þess að það var þörf fyrir þeirra hendur við vinnu utan heimilis. Það var því verið að laða þær til vinnu út af heimilunum. Ýmsir hafa talið að það hafi verið keppikefli kvenréttindakvenna, en svo er reyndar ekki. Það var þjóðfélagið sem krafðist vinnu kvennanna og hafði t.d. þessa aðgerð til þess. Og það var fyrst og fremst fyrir áeggjan kvenréttindakvenna sem þessi afsláttur var afnuminn. Hann var tekinn af á 8. áratugnum ef ég man rétt og það var einmitt með tilvísan til kvenfrelsissjónarmiða og

með tilvísan til þess að þarna væri um mismunun að ræða og þær vildu vera fullgildir skattþegnar að öllu leyti og hafa sömu skyldur og sama rétt.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að bæta miklu við það sem hv. 1. flm. skýrði frá í sinni ... (Gripið fram í.) Hv. flm., hann er einn og það er nú eitt af því sem er kannski merkilegt við þetta frv., að hann skuli standa aleinn að því. Ég hygg að það séu ýmsir sem eru sömu skoðunar og hann en vilja kannski ekki láta það koma skýrt fram vegna þess að þessar skoðanir eru gjarnan túlkaðar sem árás á sjómannastéttina sem er alrangt að mínu mati. Ég hygg að menn gerðu rétt í því að skoða t.d. þær ástæður sem voru lagðar til grundvallar því að afnema afsláttinn sem giftar konur höfðu um árabil. Það má alveg rökstyðja afnám sjómannaafsláttarins með sömu eða svipuðum rökum.

Það kemur margt merkilegt fram í þessari greinargerð sem ég vona að hv. þingmenn kynni sér vel. Hann er mjög sláandi þessi samanburður sem gerður er þar á launum og skattgreiðslum þeirra sem vinna í sjávarútvegi eftir því hvort þeir kallast sjómenn eða t.d. fiskverkakonur. Ég tek undir það sem hér kemur fram um að það má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna, þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Það er það mikill munur á launum sjómanna og fiskvinnslufólks þó að að sumu leyti sé um sömu störf að ræða, þegar komið er t.d. út á frystitogarana, og sjómannaafslátturinn eykur enn frekar á þann mun. Ég tek undir þær röksemdir sem komu fram í greinargerðinni, en ég vil taka sérstaklega fram að auðvitað verður að taka tillit til þess að sjómannaafslátturinn hefur verið lengi í gildi svo sem kemur fram í greinargerðinni. Og sjómenn sem hafa notið þessa afsláttar í allan þennan tíma munu að sjálfsögðu verja sína hagsmuni og hafa sannarlega ástæðu til þess og útgerðarmenn sjálfsagt ekki síður því að það er rétt að þetta eru í rauninni niðurgreiðslur á kostnaði útgerðarmanna. Það væri mjög illa farið ef niðurfelling sjómannaafsláttarins bitnaði á sjómönnum og þess vegna er mjög mikilvægt að ekki verði kannski um skyndilega niðurfellingu að ræða heldur yrði tekið á þessu sameiginlega, þ.e. ríkisvaldið sem hefur forræði í þessum skattamálum og útgerðarmenn og sjómenn, það verði sem sagt ákveðinn aðlögunartími sem kæmi þannig út að kjör sjómanna yrðu ekki skert þegar afslátturinn væri felldur niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en ég vona að þetta verði rætt og fjallað um það í nefndinni ítarlega og leitað allra raka í þessu máli.

[15:58]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði að hér væri ekki um að ræða árás á sjómenn en það er nú samt svo að ef sjómannaafslátturinn verður aflagður, þá þýðir það náttúrlega mikla tekjurýrnun hjá sjómönnum hvort sem það er gert á einu bretti eða í áföngum eins og hún nefndi. Ég hygg að flestar stéttir mundu líta á það sem árás á sína hagsmuni ef Alþingi ákvæði með lögum að skerða kjör þeirra eins og þetta frv. gengur óneitanlega út á.

Ég er þeirrar skoðunar að sjómannaafsláttur verði ekki felldur niður nema þá í tengslum við víðtækari skattalagabreytingar eða þá í tengslum við kjarasamninga. Skattkerfið morar allt í afsláttum og undanþágum og ívilnunum og ég tel það fráleitt að ætla að taka þennan eina þátt út úr og afnema hann á einu bretti með lögum. Ég vil minna á það í leiðinni að Alþingi tók sjómannaafsláttinn til mikillar umræðu og meðferðar fyrir líklega þremur árum og þá var mjög tekið til í sjómannaafslættinum, ef svo má segja. Það voru sniðnir af honum verstu vankantarnir. Það voru ýmis dæmi um það að hann var, ég vil nú ekki segja misnotaður, en þess voru mörg dæmi að hann væri á mjög gráu svæði. Flest slík tilvik voru hreinsuð út og eftir stendur að þetta er afsláttur fyrir alvörusjómenn og ég tel alveg út í hött og fráleitt að ætla að afnema þetta með einu pennastriki með lögum á Alþingi.

[15:59]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru dæmigerð viðbrögð þegar þessi mál koma til umræðu. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan, að mér finnst mjög mikilvægt að þetta verði ekki til þess að skerða kjör íslenskra sjómanna. Þess vegna talaði ég um nauðsynlegan aðlögunartíma og að allir aðilar málsins kæmu að þessu og framkvæmdu þetta þannig að tekjuskerðing yrði ekki niðurstaðan. Ég vil aftur minna á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem tekið hefur verið sérlega á einhverjum þætti í skattkerfinu. Ég minni á það sem ég sagði áðan um sérstakan skattafslátt fyrir giftar konur sem unnu utan heimilis. Ég minnist þess ekki að það hafi orðið mjög hávær mótmæli við því eða alvarlegar áhyggjur af því að giftar konur sem ynnu utan heimilis yrðu fyrir tekjuskerðingu. En það var kannski vegna þess að það var ekki síst að frumkvæði kvenréttindakvenna að sá afsláttur var afnuminn af því að þær töldu að þetta væri mismunun sem hefði óréttlæti í för með sér. Þess vegna styð ég þetta mál. Þetta er mismunun. Þetta er óréttlæti og það á ekki að líðast. Ég get hins vegar tekið undir það sem hv. þm. sagði, að brýn nauðsyn er á að skattkerfið verði endurskoðað í heild og reynt að ganga svo frá að það sé sem réttlátast og sanngjarnast og dreifi byrðunum réttlátar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

## 16. FUNDUR

fimmtudaginn 23. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 171. mál, þskj. 171. — 3. umr.
2. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 149. mál, þskj. 149. — 1. umr.
3. Hollustuhættir, stjfrv., 194. mál, þskj. 197. — 1. umr.
4. Hlutafélög, stjfrv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.
5. Einkahlutafélög, stjfrv., 148. mál, þskj. 148. — 1. umr.
6. Þjónustukaup, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.

7. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 151. — 1. umr.
8. Einkaleyfi, stjfrv., 153. mál, þskj. 153. — 1. umr.
9. Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, þáltill., 93. mál, þskj. 93. — Fyrri umr.
10. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[10:32]

**Útbýting þingskjala:**
Álbræðsla á Keilisnesi, 64. mál, svar iðnrh., þskj. 203.
Álbræðsla Norsk Hydro, 65. mál, svar iðnrh., þskj. 204.
Grunnskóli, 199. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 208.
Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, 63. mál, svar iðnrh., þskj. 202.
Kjarnaskólar, 30. mál, svar menntmrh., þskj. 207.
Loftferðir, 201. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 210.
Olíuhreinsunarstöð, 62. mál, svar iðnrh., þskj. 201.
Textun íslensks sjónvarpsefnis, 196. mál, þáltill. SJóh, þskj. 200.
Umboðsmaður aldraðra, 200. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 209.

## *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 3. umr.*

Stjfrv., 171. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 171.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, EgJ, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjÁ, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, MS, ÓE, PHB, SighB, SJóh, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÞBack, ÖS.
31 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GHall, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, VS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 216).

## *Rafræn eignarskráning verðbréfa, 1. umr.*

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 149.

[10:38]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 149, sem er 149. mál þingsins, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Frv. þetta er lagt fram aftur á þessu þingi með fáeinum breytingum en málið varð ekki útrætt á síðasta þingi.

Ég tel rétt í upphafi að gera grein í örstuttu máli fyrir hlutverki verðbréfamiðstöðvar. Í verðbréfamiðstöð fer fram stofnun verðbréfa og skráning réttinda yfir þeim, varsla þeirra á rafrænu formi, uppgjör viðskipta á milli þeirra stofnana sem hafa milligöngu um viðskipti og að síðustu útgreiðsla arðs af hlutabréfum og afborganir af skuldabréfum fyrir útgefnum verðbréfum.

Skráning í verðbréfamiðstöð er eina lögformlega skráningin á eignarhaldi þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og kemur þannig í stað verðbréfanna sjálfra.

Lagafrv. um rafræna skráningu verðbréfa var samið með hliðsjón af kerfislýsingu og lögum um þetta efni í nágrannalöndunum. Leitað var helst í smiðju þeirra nágrannalanda okkar sem hafa lengsta reynslu af starfsemi verðbréfamiðstöðva, sérstaklega Danmerkur. Lög um rafræna skráningu verðbréfa voru sett í Danmörku árið 1981 og á síðasta ári var öllum ákvæðum er varða verðbréfaviðskipti þar safnað saman í einn lagabálk. Í Noregi voru sett lög um verðbréfamiðstöðvar árið 1985 og í Svíþjóð árið 1989.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að veittur sé einkaréttur á starfseminni heldur er gerð tillaga um að sett verði almenn lög um rafræna skráningu verðbréfa. Skilyrði til útgáfu leyfisins eru að starfsemin sé rekin af hlutafélagi, hlutafé sé að lágmarki 65 millj. kr. og að fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, svo og öryggis- og skipulagslýsing. Enn fremur þarf verðbréfamiðstöð að hlíta ákvæðum um ábyrgðarsjóð. Viðskrh. veitir verðbréfamiðstöðvum starfsleyfi.

Einungis reikningsstofnanir geta stundað eignarskráningu í verðbréfamiðstöðvum. Reikningsstofnanir eru Seðlabanki Íslands, viðskiptabankar og sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimildir til fjárvörslu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir. Reikningsstofnanir verða að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð, þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur vegna aðildar að eignarskráningu í verðbréfamiðstöð.

Gert er ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva og geti svipt aðila rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð ef viðkomandi hefur brotið ítrekað gegn ákvæðum laganna eða ef háttsemi viðkomandi er ekki að öllu leyti eðlileg, traust eða heilbrigð. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemina, þar sem m.a. sé heimilt að ákveða nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignarskráningar.

Í frv. er gert ráð fyrir að þagnarskylda hvíli á verðbréfamiðstöð um þá starfsemi sem þar fer fram.

Í frv. er kveðið á um skaðabótaskyldu verðbréfamiðstöðva. Verðbréfamiðstöð er skaðabótaskyld fyrir tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi miðstöðvarinnar, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika. Verðbréfamiðstöð er þó hvorki skaðabótaskyld vegna glataðra viðskiptatækifæra hlutaðeigandi aðila né vegna óviðráðanlegra ytri atvika.

Í frv. er gert ráð fyrir að komið verði á fót ábyrgðarsjóði sem nemi aldrei lægri fjárhæð en 650 millj. kr. Samanlagðar skaðabætur fyrir bótaskylt tjón sem rakið er til sömu mistaka geta ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi ábyrgðarsjóðs, eða 325 millj. kr. Ekki eru sett ákvæði í frumvarpsdrögin um fyrirkomulag ábyrgðarsjóðsins en aðilum gefinn kostur á að leysa það mál á sem hagkvæmastan hátt án þess að vikið sé frá þeirri lágmarksfjárhæð sem gerð er krafa um. Þannig getur ábyrgðarsjóðurinn verið í formi ábyrgðaryfirlýsinga eigenda verðbréfamiðstöðva eða í öðru formi, t.d. starfsábyrgðartrygginga eða að stofnaður verði sérstakur sjóður.

Viðskrn. hefur unnið að þessu máli með fjmrn., Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, Húsnæðisstofnun, viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Í júní sl. var stofnað undirbúningsfélag Verðbréfaskráningar Íslands hf. Undirbúningsfélagið er að $^4/_7$ í eigu viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og annarra lánastofnana en ríkissjóður, lífeyrissjóðir og hlutafélög skráð á Verðbréfaþingi Íslands eiga $^1/_7$ hver. Fjármálaráðherra mun fara með hlut ríkisins.

Undirbúningsfélagið er móta starf sitt um þessar mundir. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn og er nú unnið að endurskoðun hugbúnaðarlýsingar áður en hafist verður handa við gerð hugbúnaðar. Vera kann að hentugt þyki að breyta þeirri hugbúnaðarlýsingu sem fram kemur í grg. með frv. í nokkrum atriðum. Til dæmis hefur verið rætt um að í stað þess að netta greiðslur á milli reikningsstofnana í lok dags, eins og gert er ráð fyrir í hugbúnaðarlýsingunni, verði greiðslur færðar á milli reikningsstofnana jafnóðum.

Herra forseti. Mál þetta hefur áður verið lagt hér fram og á því langan aðdraganda. Margar nefndir sérfræðinga á verðbréfamarkaði hafa unnið að málinu, kynnisferðir verið farnar í erlendar verðbréfamiðstöðvar og hagkvæmnisathuganir og kerfislýsingar unnar. Nú hillir loks undir að þetta framfaraspor á íslenskum verðbréfamarkaði verði stigið. Rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum er forsenda fyrir því að íslenskur verðbréfamarkaður sé samkeppnisfær og geti tekið þátt í hinni hröðu uppbyggingu alþjóðlegs markaðar með verðbréf. Jafnframt þykir einsýnt að tilkoma verðbréfamiðstöðvar muni spara ríkissjóði og öðrum aðilum á verðbréfamarkaði stórfé.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[10:45]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. viðskrh. var að gera grein fyrir var í meginatriðum til umfjöllunar á síðasta þingi. Hér er um að ræða mjög gott mál. Það hlaut umfjöllun í efn.- og viðskn. og var farið vandlega yfir það. Það eru nokkrir þættir í frv. sem þarf að huga sérstaklega að. Þeim eru reyndar gerð ágæt skil í frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á að allt sem viðkemur eftirliti varðandi rafræna skráningu verðbréfa er vitaskuld mjög mikilvægt og þarf að ganga tryggilega úr skugga um að því sé öllu vel fyrir komið í þessari löggjöf. Hér er um það að ræða að rafræn skráning verðbréfa kemur í staðinn fyrir handunna skráningu útgefinna pappírsverðbréfa. Þetta er dæmi um nútímalega hætti í viðskiptum sem brýnt er að fylgja eftir með vandaðri löggjöf eins og hér er lagt til. Vitaskuld þarf að leggja mat á kostnaðaráætlanir eins og gert er í þessu frv. Það er til fyrirmyndar að frv. skuli fylgja útboðslýsing á því tölvukerfi sem á að vinna eftir en málið snýst jú um að setja á laggirnar tölvumiðstöð sem öll verðbréf á Íslandi verði skráð á.

Það er vitaskuld til íhugunar hvort ábyrgðarsjóður, sem gert er ráð fyrir í 30. gr. frv., upp á að minnsta kosti 650 millj., sé nægjanlegur. Vera má að svo sé en það þarf að ganga mjög tryggilega úr skugga um að allt sem viðkemur trausti manna sem eiga skipti við verðbréfamiðstöðina og eru með allar sínar eigur skráðar þar sé í lagi og að almenningur hafi fulla tiltrú á bæði eftirlits- og tryggingaþáttum. Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að allt sé lagt upp á hinn besta veg hvað þann þátt varðar. Þetta eru vitaskuld atriði sem þingnefndin verður að fjalla sérstaklega um.

Hæstv. ráðherra gat þess að þarna er um almenna löggjöf að ræða. Það er að vísu búið að stofna undirbúningsfélag og það má búast við að einungis ein verðbréfamiðstöð verði starfrækt hér á landi. Það er eðlilegt að svo sé. Það hefði komið til álita að frv. væri þannig úr garði gert að verðbréfamiðstöðin sem nú er búið að setja á laggirnar með þátttöku ríkisins hefði tímabundið einkaleyfi. Það er í sjálfu sér ekkert sem kallar beinlínis á það vegna þess að þetta er nú ekki þannig starfsemi að menn fari í samkeppni á þeim vettvangi. Þetta er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki fyrir aðila í viðskiptalífinu og þannig mjög gott. Málið fékk, herra forseti, kynningu á síðasta þingi. Það hefur verið hafist handa við undirbúning og það ríkir almenn sátt um að reyna að koma þessu í framkvæmd. Ég fyrir mitt leyti mundi vilja stuðla að því að málið fengi hraða en vandaða meðferð á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Það er ánægjulegt að við skulum vera að fjalla hér um frv. sem er á undan löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum vön að þurfa að taka við frv. sem byggjast á EES-samningnum, frv. og lögum sem hafa þegar hlotið afgreiðslu á þjóðþingum hinna Evrópuþjóðanna. Hér er hins vegar ekki um það að ræða vegna þess að rafræn verðbréfamiðstöð er ekki orðin mjög almenn á Evrópska efnahagssvæðinu. Það má segja að það sé dálítið gaman fyrir okkur að vera komin á undan Evrópuþjóðunum hvað varðar tæknilega útfærslu á tiltölulega flóknum hlut eins og rafrænni skráningu verðbréfa. Mér finnst gaman að við skulum vera að fjalla um frv. sem er nútímalegt, tekur mið af þeirri tækni sem er alls staðar að ryðja sér til rúms í heiminum á sviði skráningar verðbréfa og mun auðvelda viðskiptahætti, stuðla að lækkun viðskiptakostnaðar og hafa í för með sér ívilnanir eða bata fyrir starfsemi ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hollustuhættir, 1. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 197.

[10:51]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um hollustuhætti sem er á þskj. 197, mál nr. 194 á þessu hv. þingi.

Frv. þetta er í megindráttum samið af nefnd sem ég skipaði 16. febrúar á fyrra ári til að endurskoða lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti auk starfsmanna umhvrn.

fulltrúar tilnefndir af Hollustuvernd ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Nefndinni var falið að endurskoða áðurnefnd lög án þess að tiltekin væru einstök atriði en endurskoðunin beindist þó fyrst og fremst að nokkrum aðalatriðum sem eru eftirfarandi.

Í fyrsta lagi hvort ástæða væri til þess að stíga skrefið til fulls sem stigið var með lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er liggja til grundvallar gildandi löggjöf og fækka heilbrigðisnefndum verulega og að starfssvæði heilbrigðisnefnda yrðu hin sömu og eftirlitssvæði.

Í öðru lagi tengdist endurskoðun laganna hlutverki Hollustuverndar ríkisins, stjórnskipulagi hennar og starfsemi.

Í þriðja lagi snerist endurskoðunin um starfsleyfismál. En starfsleyfismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hafa verið mikið til umræðu að undanförnu jafnt utan þings sem innan.

Í fjórða lagi var fjallað um gjaldskrármál og ákvarðanir um gjaldtöku. Enn fremur beindist endurskoðunin að eftirliti með framkvæmd laganna, sérstaklega með hliðsjón af starfsemi Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda og hvort æskilegt væri að heilbrigðisnefndir sem eru starfsnefndir sveitarfélaganna tækju í auknum mæli yfir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit, jafnvel í sérhæfðum tilvikum, en slíkt eftirlit hefur að miklu leyti verið í höndum Hollustuverndar ríkisins.

Enn fremur fjallaði nefndin um úrskurðarmál samkvæmt lögunum en þau hafa í tengslum við starfsleyfismál verið mikið til umfjöllunar að undanförnu og um viðurlög vegna brota gegn lögum þessum. Mun ég gera nánari grein fyrir helstu breytingum hér á eftir.

Áður en lengra er haldið tel ég rétt að gera stutta grein fyrir þróun hollustuháttalöggjafar á undanförnum árum en gildandi lög eru að stofni til frá 1981, þ.e. lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en þau öðluðust gildi í ágúst 1982 og hafa því verið í gildi í rúm 15 ár.

Hollustuvernd ríkisins, sem tók til starfa samkvæmt lögunum, hefur því starfað í 15 ár og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur verið rekið samkvæmt gildandi kerfi þann sama tíma. Í lögum nr. 50/1981 var fyrst kveðið á um að heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit skyldi rekið í landinu öllu með skipulegum hætti og að ekkert sveitarfélag væri án viðhlítandi heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Jafnframt var kveðið á um að heilbrigðisfulltrúar með tilskilin réttindi byggðum á menntun, reynslu og hæfni, skyldu starfa á öllum eftirlitssvæðum. Eftirlitssvæði voru upphaflega tólf en var fjölgað með reglugerð skömmu síðar í þrettán. Heilbrigðisnefndum var fækkað úr rúmlega 200 í 46 en áður var heilbrigðisnefnd í hverju sveitarfélagi.

Í lögunum var í fyrsta skipti tekið skipulega á mengunarmálum í íslenskri löggjöf og kveðið á um setningu sérstakrar mengunarvarnareglugerðar. Sameinaðar voru í einni stofnun Hollustuvernd ríkisins, nokkrar ríkisstofnanir, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins, auk þess sem stofnað var sérstakt svið innan stofnunarinnar, mengunarvarnasvið. Geislavarnir voru teknar undan stofnuninni með lögum nr. 117/1985 og gerðar að sjálfstæðri stofnun. Síðan hafa verið gerðar verulegar breytingar á lögunum í tvígang. Annars vegar með lögunum nr. 109/1984, sérstaklega í tengslum við gjaldtöku og gjaldskrármál, og með lögum nr. 81/1988 en þær breytingar snertu fyrst og fremst starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Samkvæmt þeim breytingum skyldi starfa framkvæmdastjóri yfir Hollustuvernd ríkisins en ekki forstjóri eins og verið hafði. Auk þess skyldu starfa forstöðumenn sviða sem bæru faglega ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar en ekki gagnvart forstjóra eins og verið hafði. Með þessu var ætlunin að leggja meiri áherslu á faglega starfsemi stofnunarinnar sem aukist hafði verulega og um leið var sett á stofn sérstakt eiturefnasvið við stofnunina þannig að sviðin urðu fjögur; heilbrigðiseftirlitssvið sem m.a. fjallaði um matvælin, rannsóknarsvið, mengunarvarnasvið og eiturefnasvið.

Eins og sjá má á framangreindu hafa orðið verulegar breytingar innan málaflokksins á þeim 15 árum sem lögin hafa verið í gildi og Hollustuvernd ríkisins hefur starfað. Það sem ég hef áður nefnt og varðar m.a. auknar skyldur Hollustuverndar ríkisins er aðeins hluti þeirra breytinga því samningur um Evrópskt efnahagssvæði sem tók gildi 1. janúar 1995 hefur sennilega ekki haft eins mikil áhrif á nokkra íslenska stofnun og Hollustuvernd ríkisins. Hollustuvernd ríkisins þarf í dag að fylgjast með 400 Evrópugerðum sem tengjast þeim málaflokkum sem stofnunin annast á sviði matvæla-, mengunar- og eiturefnamála og rannsókna. Þetta hefur kallað á gríðarlega vinnu af hálfu stofnunarinnar sem og umhvrn. Þetta hefur líka leitt til þess að stjórnsýsluhlutverk Hollustuverndar ríkisins hefur aukist verulega frá því sem var enda beindist endurskoðun laganna m.a. að þeirri staðreynd auk annarra atriða sem ég hef þegar nefnt.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. þar sem gerð er sérstök grein fyrir helstu breytingum og nýmælum er um verulegar breytingar á gildandi löggjöf að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að gera þeim öllum skil hér enda ítarlega um þær fjallað í athugasemdunum sjálfum.

Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um þær breytingar sem ég tel skipta mestu máli og varða uppbyggingu stjórnkerfis og eftirlit innan málaflokksins.

Samkvæmt gildandi lögum er gildissvið þeirra landið, landhelgin og lofthelgin. Lagt er til að lögin nái einnig yfir efnahagslögsöguna sem og farkosti sem ferðast undir íslenskum fána. Það er vitanlega útilokað að lög sem þessi sem eru heildarlög á heilbrigðiseftirlits- og mengunarvarnasviði nái aðeins út að 12 mílum eins og landhelgin er skráð samkvæmt 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Lögin verða að gilda á íslensku yfirráðasvæði enda er það í samræmi við önnur lög sem og alþjóðasamninga sem stofnunin starfar eftir og annast framkvæmd og varða mengun sjávar. Einnig er nauðsynlegt að íslensk skip sem stunda t.d. fiskveiðar á fjarlægum miðum falli undir lögin að svo miklu leyti sem önnur lög taka þar ekki yfir.

Í 4., 5. og 6. gr. frv. er gerð tillaga um hvernig staðið skuli að útgáfu starfsleyfa fyrir starfsemi sem fellur annars vegar undir heilbrigðisreglugerð og hins vegar mengunarvarnareglugerð. Sú stefna er mörkuð að starfsleyfi fyrir starfsemi sem fellur undir heilbrigðisreglugerð verði í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga en sé um að ræða starfsleyfi gefin út samkvæmt mengunarvarnareglugerð skulu þau vera í höndum umhvrh. sé um meiri háttar atvinnurekstur að ræða en annars í höndum Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugerð sem ráðherra gefur út. Nánar er útlistað í 6. gr. hvernig unnið skuli að starfsleyfum sem ráðherra gefur út. Þar er um að ræða atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ef samanlögð fjárfesting er meiri en 950 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu í september sl. sem er 225,9 stig og skal fjárhæðin breytast í samræmi við

breytingar á þeirri vísitölu. Þessi upphæð er útreiknuð með hliðsjón af því sem verið hefur á undanförnum árum. Það er því ekki breyting á þeim stærðarmörkum hvað fjárfestinguna varðar.

Hollustuvernd ríkisins er ætlað að vinna drög að starfsleyfistillögum sem umhvrh. gefur út og skal stofnunin auglýsa opinberlega hvers efnis drögin eru og hvar þau megi nálgast. Í framhaldi af auglýsingunni er öllum heimilt að gera skriflegar athugasemdir við drög Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu. Í framhaldi af því skal Hollustuvernd ríkisins innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemd við drög að starfsleyfi rennur út senda ráðherra tillögur sínar að starfsleyfi ásamt greinargerð þar sem fram skulu koma athugasemdir við tillögudrögin og hvernig tekið var á athugasemdunum.

Þar er t.d. brýnt að Hollustuverndin geri grein fyrir því hvaða athugasemdir hafa ekki verið teknar til greina og hvaða rök liggja að baki því. Skal umsækjanda að starfsleyfi sem og þeim sem gera athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna og gerð grein fyrir hvort og þá að hve miklu leyti athugasemdir hafa verið teknar til greina. Síðan er öllum heimilt að gera skriflegar athugasemdir við tillögu Hollustuverndar til umhvrh. innan fjögurra vikna frá tilkynningu um afgreiðslu. Að þessum fresti liðnum tekur umhvrh. ákvörðun um útgáfu slíkra starfsleyfa. Ákveði hann að gefa út starfsleyfi skal það birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Rétt er að geta þess að þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru þess eðlis að oftast liggja til grundvallar sérstök lög um framkvæmdina, svo sem um rekstrarform og fjármögnun. Hér er því aðeins um stærstu framkvæmdir að ræða. Frá því að þessi regla var tekin upp í mengunarvarnareglugerð 1992 hefur ráðherra aðeins gefið út tvö starfsleyfi, annars vegar fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hins vegar fyrir nýtt álver í Hvalfirði.

Rétt þykir að kveða skýrt á um í lögunum hvernig þessum málum skuli háttað svo að ekkert fari á milli mála og með þeim ákvæðum sem ég hef áður lýst á að vera tryggt að allur almenningur geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Ég tel rétt að benda á að hvergi kemur fram beint í lögunum hver skuli gefa út starfsleyfið að öðru leyti en því sem fram kemur í 16. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, samanber breytingu nr. 70/1994, að umhvrh. setji í mengunarvarnareglugerð ákvæði um útgáfu starfsleyfa á vegum Hollustuverndar ríkisins.

Allt frá setningu fyrstu mengunarvarnareglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, hefur starfsleyfisútgáfa þegar um mengandi starfsemi er að ræða verið í höndum ráðherra. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðluðust gildi 1. ágúst 1982, er beinlínis tekið fram að þessi reglugerð nr. 164/1972, sem studdist við eiturefnalög frá 1968, skuli halda gildi sínu og er það endurtekið í lögum nr. 81/1988.

Fyrsta eiginlega mengunarvarnareglugerðin kom út á árinu 1989 og tók gildi í janúar 1990. Þannig má segja að þótt ekki hafi beinlínis komið fram í lögunum hvernig starfsleyfisútgáfu skyldi háttað hafi með ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem liggja til grundvallar gildandi lögum, verið lögfest það skipulag sem er við lýði sem er að starfsemisútgáfa þegar um mengandi starfsemi er að ræða sé í höndum ráðherra. Með mengunarvarnareglugerð sem gefin var út árið 1982, eins og áður er sagt frá, framseldi umhvrh. stærstan hluta starfsleyfisútgáfunnar til Hollustuverndar og heilbrigðisnefnda.

Þegar um er að ræða önnur starfsleyfi en þau sem ráðherra gefur út skal ráðherra ákveða hvort Hollustuvernd ríkisins skuli gefa starfsleyfið út eða heilbrigðisnefnd. Framgangsmátinn er tiltekinn í mengunarvarnareglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum. Hollustuvernd ríkisins hefur þannig farið með útgáfu starfsleyfa sem teljast vandasamari og krefjast sérstakrar þekkingar og má þar sem dæmi nefna ýmiss konar verksmiðjur, svo sem síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, en heilbrigðisnefndir hafa séð um aðra þætti. Starfsleyfi, gefin út af Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndum, eru kæranleg til sérstakrar úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt lögum, sbr. nánar 31. gr. frv. Ekki er gert ráð fyrir slíku kæruferli þegar ráðherra á hlut að máli eins og ég hef hér rakið að framan.

Í sambandi við skilgreiningar, sbr. nánar 3. gr. frv., er lagt til að krafist verði bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem hún hefur verið skilgreind, Best Available Technique, eða BAT eins og það er skilgreint á alþjóðlegum vettvangi og að ákvæði um mengunarvarnir skuli taka mið af því. Slík ákvæði yrðu sett í mengunarvarnareglugerð. Hér eru mörkuð tímamót að mínu áliti í íslenskum mengunarvarnalögum og gengið lengra en hjá flestum grannþjóðum okkar.

Gerð er tillaga um að undanþága frá einstökum greinum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, séu í höndum umhvrh. og aðeins verði hægt að veita þær tímabundið eða allt að 12 mánuðum.

Engin ákvæði eru um þetta í gildandi lögum, en undanþágur hafa ýmist verið skilgreindar í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð og undanþáguvaldið ýmist í höndum umhvrh. eða heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og í þeim tilvikum þá í samráði við sveitarstjórn og Hollustuvernd ríkisins.

Samkvæmt breytingunni yrði í fyrsta lagi aðeins hægt að veita tímabundnar undanþágur og í öðru lagi yrðu þær aðeins veittar af ráðherra sem gefur út reglugerðirnar.

Ein meginbreytingin sem felst í frv. er sú að lagt er til að heilbrigðisnefndum verði fækkað úr 46 í 10 og jafnframt að nefndirnar verði einnig svæðisnefndir þannig að saman færi starfssvæði heilbrigðisnefndar og eftirlitssvæði. Í dag starfa 46 heilbrigðisnefndir á 13 starfssvæðum og eru nefndirnar allt frá því að vera ein á hverju svæði upp í níu. Reynslan hefur sýnt að nú sé tímabært að stíga það skref til fulls sem markað var með lögunum frá 1981 að fækka heilbrigðisnefndum sem kostur er. Breytingin yrði þá fólgin í því að í stað 13 svæða yrðu svæðin 10. Jafnframt eru sveitarfélögin á viðkomandi svæði sem heild ábyrg fyrir rekstri eftirlitsins en ekki einstök sveitarfélög.

Lagt er til að í heilbrigðisnefndunum verði fimm menn skipaðir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Fjórir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórn á svæðinu og skulu sveitarstjórnir koma sér saman um formann nefndarinnar. Fimmti aðilinn í nefndinni skal skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka atvinnurekenda á svæðinu. Í þessu tilviki er rétt að hafa í huga að atvinnustarfsemin í landinu stendur undir kostnaði við 70–80% heilbrigðiseftirlitsins og er því ekki aðeins eðlilegt heldur nauðsynlegt að þessir aðilar komi sjónarmiðum sínum að í nefndunum.

Í 17. gr. frv. er lagt til að ráðherra skipi hollustuháttaráð sem hafi það hlutverk að falla undir þá þætti sem undir lögin

falla og varða atvinnustarfsemi, svo sem um samhæfingu krafna og stefnumörkun varðandi atvinnustarfsemi og gera tillögur um framkvæmdina. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti sem varða atvinnustarfsemi, svo sem lagabreytingar, stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár. Lagt er til að í ráðinu eigi sæti fulltrúi umhvrh. sem verður formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, fulltrúi frá Vinnuveitendasambandi Íslands, fulltrúi frá Vinnumálasambandinu og fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga. Ástæðan fyrir því að lögð er til stofnun hollustuháttaráðs er sú að ekki er gerð tillaga um að stjórn verði yfir Hollustuvernd ríkisins, samanber nánar 18. gr., og er því talið æskilegt að áðurnefndir aðilar geti komið að málunum með lögskipuðum hætti.

Í 18. gr. er að finna það nýmæli að aðeins er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins fari með beint eftirlit ef lög mæla svo fyrir að ráðherra ákveður það með reglugerð. Samkvæmt gildandi lögum fer Hollustuvernd ríkisins með beint eftirlit þegar um er að ræða innflutningseftirlit með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum og eftirlit með starfsemi sem veldur meiri háttar mengun. Byggist þetta annars vegar á því að hér er um að ræða eftirlit sem nær til alls landsins en hins vegar eftirlit sem getur verið mjög flókið og kallar á sérþekkingu. Ekki er þó gert ráð fyrir að í fyrstunni verði breyting hér á, samanber ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur að þrátt fyrir breytingar á eftirlitsstarfsemi Hollustuverndar ríkisins varðandi innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum skuli starfsemi haldast óbreytt þar sem reglugerð hefur verið sett sem kveður á um eftirlitshlutverk heilbrigðisnefndanna.

Hið sama mundi gilda um eftirlit með meiri háttar mengandi starfsemi. Hér gætir enn og aftur þeirrar stefnu að færa eftirlitið enn frekar yfir til sveitarfélaganna í samræmi við það sem ég hef áður sagt og að Hollustuvernd ríkisins verði í auknum mæli stjórnsýslustofnun á verkefnasviði sínu. Þar sem hluti af starfsemi Hollustuverndar ríkisins, bæði eftirlitsstarfsemi sem og rannsóknarstarfsemi, kann að vera í samkeppnisrekstri er gerð tillaga um að sú starfsemi verði fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Á vegum Hollustuverndar ríkisins er rekin rannsóknarstofa sem annast matvælarannsóknir og hefur hún að mínu áliti átt drýgstan þátt í því að hægt hefur verið að halda úti öflugu matvælaeftirliti á vegum heilbrigðisnefnda sem og Hollustuverndar ríkisins en tengsl með þeim hætti sem um ræðir, þ.e. innan stofnunarinnar og beint við eftirlitsaðila eru ómetanleg hvað sem líður allri einkavæðingu og samkeppnisrekstri. Verður að fara mjög varlega í að leggja þá starfsemi niður og færa yfir til einkaaðila.

Lagt er til að ekki verði stjórn fyrir Hollustuvernd ríkisins, samanber nánar 20. gr., en í staðinn verði yfir stofnuninni forstjóri sem stjórni henni undir yfirstjórn umhvrh. Forstjórinn skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verkefnasviði stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir því að sviðaskipting stofnunarinnar verði lögbundin þó vitanlega sé enn gert ráð fyrir að hún starfi sviðaskipt. Gert er ráð fyrir því að yfir hverju sviði, hver sem sviðin verða, starfi forstöðumaður með sérþekkingu innan málaflokksins. Forstöðumenn eru ábyrgir gagnvart forstjóra enda er ráðningarvaldið í höndum forstjórans.

Kveður hér við annan tón en í gildandi lögum þar sem forstöðumenn eru aðeins ábyrgir gagnvart framkvæmdastjóra stofnunarinnar þegar um fjárhagsleg málefni er að ræða en annars vegar stjórn. Þessi breyting er í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsmannalögum, sbr. lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og þá auknu áherslu sem lögð verður á stjórnsýsluhlutverk Hollustuverndarinnar.

Í tengslum við gjaldskrármál heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna vil ég geta þess að fjallað er um þau í 12. gr. annars vegar og hins vegar í 25. gr. Í 12. gr. er kveðið á um að umhvrh. setji hámarksgjaldskrá að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga í tengslum við gjaldtöku sveitarfélaganna vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Í dag er þannig staðið að málum að ráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir hvert eftirlitssvæði og kunna þær að vera mismunandi. Hefur þetta sætt gagnrýni en engin ástæða til að vera með mismunandi gjaldskrá. Nái breytingin fram að ganga gæfi umhvrh. út annars vegar gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit og hins vegar mengunarvarnaeftirlit sem gilda mundi á öllum starfssvæðum. Yrði um hámarksgjaldskrár að ræða þar sem tekið yrði mið af sannanlegum kostnaði við eftirlitið sem sveitarfélögin gætu nýtt sér í hámarki, að hluta eða alls ekki. Um aðra gjaldtöku yrði hins vegar ekki að ræða. Mundi þetta auðvelda alla framkvæmd eftirlitsins og væntanlega létta á sveitarfélögunum sem og umhvrn. verulegri vinnu sem fólgin er í mörgum og mismunandi gjaldskrám en umhvrn. þarf að gaumgæfa allar gjaldskrár vel og vandlega og kanna sérstaklega hvort innheimt sé í samræmi við sannanlegan kostnað því að hér er ekki um skattheimtuheimild að ræða.

Í 25. gr. er hins vegar fjallað um gjaldskrár sveitarfélaga þegar um er að ræða sérstakar samþykktir, svo sem um sorplosun, hundahald, gæludýrahald o.s.frv. Í þeim tilvikum er sú breyting lögð til að ráðherra geti sett gjaldskrár að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins sem höfð skuli til viðmiðunar við eftirlit og þjónustu sveitarfélaga en ekki er lagt til að sú heimild verði tekin af sveitarfélögunum að setja sér sérstakar gjaldskrár í slíkum tilvikum í samræmi við þann kostnað sem af eftirliti og þjónustunni hlýst.

Í 31. gr. er fjallað um úrskurðarnefnd. Henni er ætlað að fjalla um ágreining sem rís um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, heilbrigðissamþykktir sveitarfélaganna og ákvarðanir yfirvalda og úrskurða í slíkum málum. Kemur þá nefndin í stað ráðherra sem ella fari með þetta úrskurðarvald samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Í þeim tilvikum þar sem ráðherra fer með endanlega afgreiðslu mála, samanber starfsleyfismál sem ég ræddi hér á undan, skal þeim ekki vísað til úrskurðarnefndar og sama gildir sé um að ræða ágreining milli heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna um framkvæmdina en þá skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra sbr. 32. gr. Sú breyting er lögð til af úrskurðarnefndinni að í hana tilnefni umhvrh. einn fulltrúa í stað landlæknis, enn fremur að allir nefndarmenn skuli vera lögfræðingar er uppfylli skilyrði til þess að geta verið héraðsdómarar en ekki aðeins einn eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Þau atriði sem koma til kasta nefndanna eru fyrst og fremst lögfræðilegs eðlis, bæði að formi til og efni. Það verður að teljast eðlilegt að umhvrh. sem ella færi með úrskurðarvald ef ekki væri til taks sérstök úrskurðarnefnd skipi einn fulltrúa í nefndina.

Í 33. gr. er lagt til að brot gegn lögunum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga og fyrirmælum heilbrigðisnefnda geti varðað fangelsi en í dag varða slík brot sektum og

varðhaldi. Það er nokkuð sammerkt með umhverfislöggjöfinni hér á landi að refsiákvæði eru væg og sæta í fáum tilfellum meiri refsingar en varðahaldi. Ástæða er til þess að breyta þessu og taka eins á þessum málum og þegar brotið er gegn öðrum stjórnsýslulögum landsins eins og gert hefur verið í nágrannalöndunum, þar á meðal annars staðar á Norðurlöndunum.

Lagt er til að lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, falli niður en öll ákvæði þeirra laga er að finna í öðrum lögum, svo sem í sóttvarnalögum, nr. 19/1997, sem og í frv. þessu. Nefnd sem starfaði á vegum umhvrn., heilbrrn. og landbrn. og fjallaði um lög nr. 7/1953 leggur til að þau verði felld úr gildi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1998. Að öðru leyti en því hvað varðar breytta skipan heilbrigðisnefnda og niðurlagningu svæðisnefnda en ætlast er til að þær starfi óbreyttar með framlengdu umboði til 1. ágúst 1998.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram vorið 1998 eins og vitað er og þannig gefst sveitarfélögum kostur á að koma á hinu nýja nefndakerfi sem frv. gerir ráð fyrir að afloknum þeim kosningum. Ég legg mikla áherslu á að lögin öðlist gildi sem fyrst að öðru leyti, ekki síst til að koma á réttarvissu varðandi útgáfu starfsleyfa og um úrskurðarferlið.

Hæstv. forseti. Ég hef að framan rakið helstu breytingar eins og þær birtast í frv. þessu en af mörgu öðru er að taka eins og áður er nefnt. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um frv. og vísa til ítarlegra athugasemda, bæði með sjálfu lagafrv. sem og einstökum greinum og legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. umhvn. með ósk um að nefndin hraði svo störfum að lögin geti öðlast gildi 1. janúar nk.

[11:14]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þetta frv. er viðamikið og tæplega hægt að ætlast til þess að það sé rætt nema mjög yfirborðslega við umræðuna af því að það er svo stutt síðan því var dreift. Hæstv. umhvrh. kom að máli við mig sem formann þingflokks míns í gær og fór þess á leit að málið gæti komið fyrir með venjulegum hætti, þó með þetta stuttum fyrirvara. Við ákváðum að fallast á það vegna þess að auðvitað eru rök fyrir því að nefndin fái að fara yfir málið dálítið rækilega en ég endurtek að hún verður að fara rækilega yfir málið. Það er mikið mál á ferðinni og mér finnst að í greinargerð frv. og í ræðu hæstv. ráðherra sé gert mjög mikið úr því að þetta séu meira og minna tæknilegar lagfæringar en það eru mjög róttækar tæknilegar lagfæringar. Það er verið að breyta í mjög stórum stíl þeirri löggjöf sem hefur gilt að því er varðar hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá 1980 sem byggðist á gömlu löggjöfinni frá 1970 að öðru leyti en því að umdæmunum var fækkað mjög verulega í lögunum sem sett voru 1980. Hér er gerð enn tillaga um að fækka umdæmunum niður í 10 þannig að kallað er á gríðarlega vandaða yfirferð af hálfu hv. umhvn. Fyrir utan þetta tekur svo frv. á hinum viðkvæmu pólitísku deilumálum sem hafa verið uppi í kringum Hollustuverndina á undanförnum árum, sérstaklega að því er varðar úrskurðarnefndirnar og meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni og valdsvið úrskurðarnefndarinnar andspænis valdsviði ráðherrans. Það hefur verið geysilega umdeilt mál og ég kvaddi mér ekki síst hljóðs til þess að halda því til haga sem ég ræddi við ráðherrann í gær að við áskiljum okkur rétt til þess að fá sérstaka umræðu í þinginu um síðustu úrskurði sem fallið hafa á þessu sviði, mengunarvarna- og hollustueftirlit og starfsleyfamál sem komu fram í fjölmiðlum fyrir nokkru að frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem er nú fjarverandi og ég er að nota tækifærið hér til þess að áskilja honum rétt til þess þegar hann kemur hér til starfa aftur til umræðna um þessi mál og ég skildi hæstv. ráðherra svo í gær þegar við töluðum um málin að hann féllist á það fyrir sitt leyti.

Herra forseti. Mikið er sett af lögum í þessari stofnun og þau standast yfirleitt lítt tímans tönn, verr og verr. Það er alltaf verið að breyta lögunum, alltaf er verið að skipta um lög. Staðreyndin er hins vegar sú að þau lög sem verið er að breyta hafa staðið sig alveg ótrúlega vel, lögin frá 1980, og ég vek athygli á því að um þau náðist mjög víðtæk sátt á Alþingi. Ég held að ég muni það rétt að það hafi verið aðallega einn þingmaður sem af einhverjum ástæðum lagðist gegn lagafrv. árið 1980–1981. Það var hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Að öðru leyti náðist um málið mjög víðtæk sátt þó að í frv. eins og það var þá fælist mjög róttæk kerfisbreyting er verið var að breyta heilbrigðiseftirlitinu í víðtækt hollustueftirlit. Þá var hugsunin sú að hvers konar hollustueftirlit yrði á vegum þessarar einu stofnunar. Þannig var við það miðað að þar væru geislavarnir og þar væru fleiri slíkar stofnanir og ég man ekki betur en í bráðabirgðaákvæði frv. 1980 hafi t.d. verið gert ráð fyrir því að áfengisvarnir yrðu fluttar undir þessa stofnun líka sem hluti af hinu almenna hollustueftirliti í landinu, áfengisvarnir og tóbaksvarnir. Ég segi fyrir mig að ég sakna þess dálítið úr hugsuninni um þessi mál að menn skuli sjóða þau niður með þeim hætti sem hér er gert í staðinn fyrir að láta þau ná yfir allt sviðið, þá eru menn að ýta undir það að til verði stofnun undir svo að segja hvert einasta eiturefni og hvern einasta heilbrigðisvanda í staðinn fyrir að reyna að horfa á þetta samþætt eins og meiningin var með lögunum sem sett voru 1980 en hlutu númerið 50/1981.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, og ég vil inna eftir því og nefna það, ekki síst fyrir þá ágætu þingmenn úr hv. iðnn. sem heiðra okkur með nærveru sinni, sem ég hygg að sé svo sem einn eða tveir í salnum, að hugað verði að því hvort verksvið Hollustuverndarinnar á að vera jafntakmarkað og gert er ráð fyrir að þessu leytinu til.

Það er óskapleg veiki í öllum forstöðumönnum stofnana hjá ríkinu, sérstaklega undirstofnana. Þeir verða að vera sjálfstæð stofnun og búa til lög í kringum sjálfa sig. Það er óskapleg ásókn í það og þeir vilja heita forstjórar í sinni stofnun með sín lög og sínar reglur og beint samband við ráðherrann sinn og ekki hafa neinn millilið af neinu tagi í þeim efnum. Það er alltaf látið undan þessum í kerfinu og síðan er endalaust verið að unga út stofnunum. Það eru a.m.k. ein eða tvær stofnanir á hverju þingi sem eru búnar til af því að þessir embættismenn vilja búa til stofnun í kringum sjálfa sig. Nú er t.d. á þessu þingi meiningin að búa til örnefnastofnun. Kannski verður á næsta þingi búin til nafnorðastofnun Íslands og þannig koll af kolli. Eins var það með geislavarnir. Af hverju máttu þær ekki vera undir Hollustuverndinni? Bara af því að menn fengu allt í einu þá hugljómun að þær yrðu að vera sjálfstæð stofnun með sérstökum lögum og sérstökum forstjóra og allt það.

Ég sakna þeirrar almennu hugsunar í þessu frv. sem var í upphaflegu lögunum þegar þau voru sett 1980.

Í þriðja lagi vek ég athygli á svæðisskiptingunni sem er í 11. gr. frv., mér finnst það ágæt ábending um svæðisskiptingu en ég spyr: Er hún ekki óþarflega afgerandi vegna þess að gert er ráð fyrir því að svæðisskiptingin sé eftir

kjördæmum? Nú spái ég því án þess að ég viti nokkurn hlut um það að kannski verði ekki mjög margir áratugir enn sem núverandi kjördæmaskipting stendur. Þess vegna finnst mér umhugsunarefni hvort það á að vera að búa til svæðisafmarkanir á grundvelli kjördæmaafmarkana eins og er núna í stjórnarskránni, sérstaklega þegar þess er gætt að mörkin á milli kjördæma eru að breytast. Við sjáum að Kjalarnes verður hluti af Reykjavík eða Reykjavík af Kjalarnesi eftir því hvernig menn vilja orða það. Ef ég man rétt er talað um að Flatey, sem er núna hluti af Vestfjörðum, verði hluti af Stykkishólmi og þar með af Vesturlandskjördæmi, að Reykhólahreppur, sem er hin gamla Austur-Barðastrandarsýsla, verði í stjórnsýslulegri samvinnu við Vesturland, að Bæjarhreppur í Strandasýslu verði þannig í stjórnsýslusamvinnu við Norðurland vestra og þannig koll af kolli. Allt er þetta fljótandi. Ég tel alveg sjálfsagt að fækka þessum nefndum og mér finnst spurning hvort á ekki að hafa orðalagið í síðari hluta 5. gr. opnara en hér er gert ráð fyrir að því er varðar möguleikana á því að sveitarstjórnir óski eftir því að tilheyra öðru umdæmi, þá verði fallist á það vegna þess að yfirleitt er þetta af praktískum ástæðum, samgönguástæðum eins og í tilfelli Reykhólahrepps og eins Bæjarhrepps í Strandasýslu sem er mjög erfitt fyrir okkur að líta á sem hluta af venjulegu stjórnsýsluumdæmi Vestfjarða eins og það hefur verið að þróast samgöngulega.

Í fjórða lagi ætlaði ég síðan, herra forseti, að nefna breytinguna á úrskurðarvaldinu sem fram kemur í 31. og 32. gr. frv. Þar er um að ræða gríðarlega mikla breytingu og henni er lýst þannig í frumvarpsgreinargerðinni á bls. 16, með leyfi forseta:

„Lögð er til í 2. mgr. 31. gr. sú breyting á úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt lögunum að í henni skuli eiga sæti þrír lögfræðingar sem uppfylli starfgengisskilyrði héraðsdómara. Jafnframt er lagt til í 3. mgr. að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar. Lagt er til að Hollustuvernd ríkisins verði ekki úrskurðaraðili eins og gildandi lög gera ráð fyrir, en samkvæmt þeim skal vísa málum til stjórnar stofnunarinnar áður en þau fara til úrskurðarnefndar." Síðan segir í tölul. 27, með leyfi forseta, á bls. 16:

„Til þess að taka af allan vafa um að úrskurðarnefndinni sé ekki ætlað að úrskurða í málum sem ráðherra afgreiðir er sérstaklega tekið fram í 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. um hvaða mál sé að ræða."

Í 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. er það takmarkað mjög verulega sem úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um vegna þess að undan henni eru teknar allar ákvarðanir ráðherra. Það er svo einfalt. Úrskurðarnefndin yrði með þessum hugmyndum algerlega svipt því að fjalla um þau mál þar sem ráðherra hefur sérstakt úrskurðarvald skv. 32. gr. og hún hefði engin önnur mál en þau sem eru þar fyrir utan.

Ég segi eins og er, herra forseti, ég verð að viðurkenna að ég treysti mér ekki til þess að kveða upp dóm um þetta fyrirkomulag á þessu stigi. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að lesa bakgögn málsins eða ræða við fólk út af því. Hins vegar finnst mér mjög nauðsynlegt að hv. umhvn. fari einmitt mjög rækilega yfir þetta vegna þess að það hefur verið mjög umdeilt mál hvernig umhvrh. og umhvrn. hefur haldið á málinu. Ég vil áskilja okkur allan rétt til þess að halda fram þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur gert í þessum málum, þ.e. þeim sjónarmiðum að réttur almennings til að gera athugasemdir við starfsleyfi eða annað þess háttar sé algerlega ótvíræður og hvergi fyrir borð borinn.

Ég hefði viljað fara fram á við hæstv. ráðherra og hv. umhvn. að fjallað yrði um málið sérstaklega því að þetta er úrslitamál. Staðreyndin er sú að þessi starfsleyfamál eru úrslitamál um alla tilveru okkar að verða meira og minna. Þegar gömlu lögin voru sett og fyrstu reglugerðirnar um mengunarvarnir voru settar upp úr 1970 á grundvelli laganna um eiturefni og hættuleg efni, afskaplega frumstæð lagasmíð, var það þannig að það voru mjög fáir sem töldu að þær ákvarðanir skiptu mjög miklu máli. Fyrstu mengunarvarnareglugerðirnar voru ekki settar t.d. í Straumsvík fyrr en eftir 1970 þó að fyrirtækið tæki til starfa 1966. Það var svo ótrúlegt að engin löggjöf var til fyrr en mönnum tókst að krækja reglugerð inn á lög um eiturefni og hættuleg efni.

Nú er heimurinn allur annar. Nú snýst öll umræða í landinu og í heiminum á næstu árum um umhverfismál og hún gerir það ekki vegna þess að við af einhverri sérvisku viljum anda að okkur hreinu lofti, heldur er það vegna þess að það liggur fyrir að ef við ekki gætum okkar í þessum efnum, munu lífskjör í heiminum versna mjög veurlega strax upp úr næstu aldamótum, m.a. vegna vaxandi hlýnunar andrúmsloftsins og fleiri ástæðum. Þess vegna er svo gríðarlega mikilvægt að löggjöf í þessum málum sé vönduð, traust og örugg og almenningur geti treyst því að faglega sé farið með kröfur hans, óskir og hugmyndir en menn láti ekki pólitíska dynti af neinu tagi ráða ákvörðunum sínum. Það er háskalegt til þess að vita ef við lentum í því við þessar aðstæður að menn létu iðnaðarhagsmuni bera framtíðarhagsmuni umhverfisins ofurliði og þess vegna verður að vera um að ræða vandaða og trausta stofnun þar sem almenningur getur síðan komið á framfæri klögumálum mínum eftir því sem ástæða er til.

Síðan vek ég aðeins athygli á því, herra forseti, undir það síðasta hjá mér að í 2. gr. segir að lögin taki til alls sem er um að ræða í þessu landi, efnahagslögsögunnar og farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Það vekur athygli á því að það sem menn kjósa að praktísera undir öðrum fánum, hentifánum, héðan og þaðan eins og m.a. er þekkt af skipum sem eru gerð út af Íslendingum eru alveg undanþegin þessum lögum ef þau eru sett upp með þessum hætti. Nú er ég ekki að segja að hægt sé að hafa þetta mikið öðruvísi en það er samt mikið umhugsunarefni að við erum kannski með tugi, hundruð íslenskra sjómanna á farkostum sem eru á hentifánum sem lúta þar með engum þeim reglum sem að öðru leyti er verið að setja þannig að útgerðarmenn og eigendur farskipa og fiskiskipa geti af hentiástæðum losað sig við allar þær kvaðir sem er um að ræða með því að setja skipið sitt undir annan fána. Við getum ímyndað okkur að við hefðum þetta svona hér í landinu, að það væri þannig að menn fengju heimild til þess að búa til utanlögsögufyrirtæki sem yrðu stofnuð undir einhverjum öðrum fána og sjá þá allir hvað það væri fjarstætt. En þetta er svona með skipin og það er dálítið umhugsunarvert að við skulum vera í þeirri stöðu sem siglinga- og fiskveiðiþjóð að við ráðum við ekkert við það. Menn geta bara smellt upp einhverjum allt öðrum fána á skipið hjá sér og þar með eru þeir lausir við að fylgja þeim reglum sem verið er að setja um hollustuhætti, um öryggi á skipunum og heilbrigðishætti yfirleitt.

Að lokum vek ég athygli á þessu tvennu sem mér finnst mikilvægast. Það er það að annars vegar er um að ræða róttæka stjórnkerfisbreytingu. Hins vegar er um að ræða breytingu á meðferð úrskurðarvalds. Það eru aðalmálin, það

eru tvær meginstoðir frv. Ég hugsa að ráðherrann leggi mjög mikla áherslu á málið að því er varðar úrskurðarvaldið og meðferð þeirra mála, þar fáum við fljóta afgreiðslu, þá ætlar hann að taka hitt með í leiðinni. Ég held að ekki sé hægt fyrir þingið að hespa svona mál í gegn nema gefinn sé mánuður fyrir umhvn. og hún liggi yfir þessu í mánuð og hlé verði á þingstörfum að öðru leyti á meðan. Málið er þannig vaxið að ekki er nokkur hemja að hespa það af þannig að ég hvet til þess að menn vandi sig við meðferð málsins og endurtek athugasemdir mínar um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir framsöguræðuna og þakka líka fyrir ágæta greinargerð umhvrn. um málið.

[11:31]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt að hér er um mjög viðamikið og mikilvægt mál að ræða. Vegna síðustu orða hv. síðasta ræðumanns þarf að gera meira en hlé á þingfundum, það yrði væntanlega að gera hlé á störfum fjárln. þar sem fjórir nefndarmenn í fjárln. sitja í umhvn. ef leggja ætti alla áherslu á þetta mál. En umhvn. er ekki óvön því að vera ætlað að fjalla um mjög stór og viðamikil mál og tekur það eins og það er. Hins vegar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að hæstv. umhvrh. hefði komið að máli við hann í gær um hvort það væri í lagi að ræða þetta á þingfundi í dag. Það þóttu mér athyglisverð tíðindi. Ég veit ekki til að það hafi verið rætt við þingflokk Kvennalistans hvort það væri í lagi að ræða þetta mál í dag. Ég geri út af fyrir sig enga athugasemd við að málið sé rætt núna, hins vegar hafði ég ekki gert mér grein fyrir því í gær að svo yrði. Því miður var fundur í hv. fjárln. í morgun þannig að ég kem mjög illa undirbúin undir umræðuna. Hins vegar hef ég auðvitað tækifæri til að leita allra upplýsinga inni í nefndinni og það mun ég að sjálfsögðu gera. En ég fékk engar viðvaranir um að það yrði rætt í dag.

Ég reyndi að hlýða á hæstv. ráðherra. En það var nokkuð erfitt að fylgjast með og gera sér grein fyrir öllu því sem stendur í frv. Þó vil ég þrátt fyrir takmarkaðan undirbúning og nánast engan nefna þrjú atriði við 1. umr. sem ýmist gleðja mig eða vekja spurningar að ég segi ekki efasemdir. Bent er á að verið sé að reyna að tryggja að alltaf verði gerðar kröfur um bestu fáanlega tækni þegar gefin eru út starfsleyfi fyrir verksmiðjurekstur eða mengandi starfsemi. Út af fyrir sig er það ágætt. En við þekkjum umræðuna um bestu fáanlega tækni. Því miður eru mjög skiptar skoðanir um hvernig eigi að skilgreina bestu fáanlega tækni og um það áttum við mikil orðaskipti í sambandi við þau tvö starfsleyfi sem hæstv. núv. umhvrh. hefur gefið út. Við erum því ekki búin að tryggja að allir verði sáttir um það hvort bestu fáanlegri tækni sé beitt þegar mengandi starfsemi er sett á fót.

Í öðru lagi vil ég nefna að verið er að gera miklar breytingar á stjórn stofnunarinnar þar sem stjórn er lögð af en þá má segja að í staðinn komi það sem hér er kallað hollustuháttaráð. Það er í 17. gr. Þar er lagt til að skipað verði hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn sem hefur það hlutverk að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits, stefnumörkun um atvinnustarfsemi og gera tillögu um framkvæmdina. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Í ráðinu eiga sæti fimm menn: Fulltrúi umhverfisráðherra er formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins skal eiga sæti í ráðinu, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir einn, Vinnumálasambandið einn og Samband íslenskra sveitarfélaga einn.

Enn einn ganginn sakna ég fulltrúa almennings eða umhverfisins, náttúrunnar eða hvernig við eigum að orða það. Ég spyr hvers vegna þau sjónarmið koma ekki þarna að. Ég gæti alveg eins nefnt t.d. að mér þætti eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins ætti þarna fulltrúa. Það er alltaf erfitt að nefna hverjir eigi að gæta í rauninni hagsmuna almennings, hann er svo óskilgreindur, og við getum ekki tilnefnt einhvern eftir símaskránni eða annað slíkt. En mér finnst að þarna sé fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni atvinnurekstrarins. Hann er því miður ævinlega settur í forgang þar sem mér finnst forgangurinn eigi að vera sá að gæta hagsmuna náttúruverndar og umhverfisverndar. Ég geri athugasemd við þetta og mun að sjálfsögðu ræða þetta í nefndinni.

Í þriðja lagi fagna ég því sem lagt er til í 33. gr. að viðurlög við brotum gegn lögunum verði hert. Það er mjög mikilvægt vegna þess að beinlínis hefur skort á að fylgt væri eftir athugasemdum við ýmsar slæmar aðgerðir og brot á lögum um mengunarvarnir en af einhverjum ástæðum hefur það reynst gjörsamlega máttlaust hvað varðar eftirfylgni þeirra laga vegna þess að heimildir hefur skort til að beita sektum eða viðurlögum af einhverju tagi.

Ég vil svo aðeins að lokum nefna aðstæður Hollustuverndar sem mig minnir reyndar að kæmi fram í ræðu hæstv. ráðherra þó ég þori ekki að fullyrða það vegna þess að ég var svo önnum kafin við að reyna bæði að hlusta á hann og hlaupa yfir frv. En Hollustuverndin hefur verið að fá sívaxandi hlutverk og æ fleiri verkefni að fást við án þess að vera skapaðar aðstæður til að sinna þessum hlutverkum. Það finnst mér mjög slæmt og athugunarvert. Hollustuvernd ríkisins hefur látið gera athugun, látið fara fram könnun á því hvert væri eðlilegt umfang stofnunarinnar miðað við öll þau verkefni sem henni hafa verið fengin og sem hefur fjölgað alveg gífurlega á undanförnum árum, sérstaklega eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kom til. Þau verkefni sem Hollustuvernd ríkisins hefur fengið í framhaldi af því eru óteljandi að mínu mati. Þeim hefur fjölgað gífurlega. Samkvæmt könnun sem Hollustuverndin lét gera var niðurstaðan sú að það þyrfti að tvöfalda fjölda starfsmanna. En eins og við vitum þá hefur það ekki gengið eftir og sennilega hafa þeir nú ekki búist við því. Það hefur mjög lítið verið komið til móts við beiðnir Hollustuverndar ríkisins um aukið fjármagn og fleiri starfskrafta inn á stofnunina til að sinna öllum þessum verkefnum.

Það vekur auðvitað athygli að fjárlagaskrifstofan gefur umsögn um þetta frv. Hún sér ljósið í öllum punktum. Hún býst við í fyrsta punkti að umsvif ráðsins verði heldur minni en stjórnarinnar, þessa hollustuháttaráðs sem verði skipað, umsvif þess verði heldur minni en hjá þeirri stjórn sem nú er yfir stofnuninni og heildaráhrifin verði lítils háttar sparnaður. Síðan er talað um þá breytingu sem er ætlað að gera og að hún muni skapa möguleika til sparnaðar eða betri nýtingar fjármuna eins og það er orðað. Í þriðja punktinum er samkeppnin að sjálfsögðu lofuð sem eigi að koma á, þar aðskildir verði þeir þættir sem séu líklegir til að verða í samkeppni við starfsemi utan stofnunarinnar og þannig gæti breytingin leitt til þess að umsvif minnki og það gæti leitt til lækkunar ríkisframlags. Í síðasta punkti er búist við að skilvirkari starfsemi muni draga úr vinnumagni og kostnaði. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Að öllu samanlögðu er mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið hafi ekki för með sér teljandi breytingar á útgjöldum ríkissjóðs. Fjárhagsleg aðgreining þess rekstrar Hollustuverndar ríkisins sem er í samkeppni gæti leitt til lækkunar ríkisframlags en ekki er ljóst hvort það verður og þá að hve miklu marki."

Þetta þykir mér mikil bjartsýni eða kannski má segja að það sé til marks um skilning eða öllu heldur skilningsleysi fjmrn. á því hvaða starfsemi fer þarna fram, hvaða verkefni stofnuninni eru fengin og hvað hún þarf til sín.

Ég get sagt það hér að ég mun leggja til í hv. umhvn. að þegar við förum yfir þann kafla í fjárlagafrv., sem snertir umhvrn., verði stofnunin heimsótt til að reyna að gera sér grein fyrir því hvers hún þarf við í þessu efni.

[11:43]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að á fundi formanna þingflokkanna á mánudaginn kom fram að þetta mál yrði hugsanlega til meðferðar í vikunni. Mér var ljóst að einn af þingmönnum Alþb. og óháðra, Hjörleifur Guttormsson, mundi hafa mikinn áhuga á málinu og því sem það tengdist þannig að ég taldi það starfsskyldu mína að ganga úr skugga um það hvernig tekið yrði á málinu og að tryggt yrði að viðkomandi hv. þm., þó hann sé með frábæran varaþingmann hér inni, gæti talað um málið þegar hann kæmi til starfa aftur. Það var nú ástæða til þess að við tókum tal saman í gær, ég og hæstv. ráðherra.

Að öðru leyti vil ég taka undir allar athugasemdir hv. þm. og sérstaklega það sem hún sagði um stjórnina. Ég held að það sé mál sem eigi að skoða betur. Ég er með fína hugmynd í því held ég og hún er sú að strika út fulltrúa atvinnurekendasamtakanna og setja inn fulltrúa aðila sem eiga að gæta almennra umhverfis- og hollustusjónarmiða eins og er oft gert í lögum.

[11:45]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það sem hv. þm. sagði, að vafalaust hefði félagi minn úr umhvn., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, kosið að vera viðstaddur þessa umræðu og haft ýmislegt um þetta mál að segja. En það kom ekki þannig fram í orðum hv. þm. Ég hlaut því að skilja það svo að það hefði verið að frumkvæði hæstv. umhvrh. að þessi umræða hefði farið fram þeirra á milli og það var það sem mér fannst einkennilegt, ef það var aðeins áhyggjuefni hvort Alþb. væri sátt við að þessi umræða færi fram í dag eða ekki. En nú hef ég fengið skýringu á þessu og geri ekki frekari athugasemd við það.

[11:46]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það vill svo til að ég var formaður hv. heilbr.- og trn. þegar lögin frá 1981 voru sett og er nú eiginlega hreykinn af því hve lengi þau hafa enst. En mér er það minnisstætt að fyrir nýgræðing þá, hér á hinu háa Alþingi, var mikil vinna lögð í þá lagasetningu.

Ég ætla því að leyfa mér, þó að ég taki undir það með öðrum hv. þm. að við höfum haft takmarkaðan tíma til að skoða þetta frv. reglulega vel, að gera smávægilegar athugasemdir til áminningar fyrir nefndina þar sem ég á ekki sæti í henni sjálf.

Fyrst er til að taka að ég sé ekki að í frv. séu nein ákvæði um hvernig hið háa Alþingi getur fylgst með framkvæmd laganna. Eins og segir í 20. gr. skal við stofnunina starfa forstjóri sem er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn en engin stjórn skal vera yfir stofnuninni.

Nú skal ég ekkert endilega hafa á móti því. Það er ekkert að því að forstjóri ásamt faglegum stjórnendum hinna ýmsu sviða myndi stjórn stofnunarinnar. En ég tel samt að það sé mjög mikilvægt að hið háa Alþingi hafi einhverja möguleika á að fylgjast með framkvæmd laganna og vildi því spyrja hvort ekki væri ástæða til að það ákvæði yrði sett inn í lögin að stofnunin skuli skila hinu háa Alþingi skýrslu árlega og skuli hún rædd hér í þingsölum. Ég held að það sé mjög hættulegt ef Alþingi er svipt öllum möguleikum til að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka athugasemdir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað, en ég ætla aðeins að minnast á 9. gr. Það er eins og Kató gamli sé kominn í ræðustól. Það er auðvitað óþolandi að umhverfismál á varnarsvæðum sé undir valdi utanrrh. Það er fráleitt þó að mér sé ljóst að varnarsamningurinn er þarna eilífur akkilesarhæll. Það er fráleitt að í okkar litla landi skuli ekki öll umhverfismál heyra undir hæstv. umhvrh. En eins og ég segi, þetta er athugasemd sem er svona árviss um alla hluti sem varða stjórn þessa varnarsamfélags.

Það er 18. gr. sem mig langar aðeins að spyrja hæstv. ráðherra um eða vekja athygli hans á. Ég get ekki að því gert að mér finnst þessi ákvæði mjög flókin og ég gæti séð fyrir mér að það kynnu að verða árekstrar. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins og annast hún eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða."

Ég spyr því: Er þetta ekki óþarflega flókið og er ekki hætta á að þarna kynnu að koma upp vafamál, hvað heyrði undir hvern? Nú þekkjum við hv. þingmenn að þó það standi á ótal stöðum í hverjum lagabálki að ráðherra skuli setja reglugerð þá hefur annað eins komið fyrir að ráðherra hafi alls enga reglugerð gert eða allt of fáar þannig að mál geta verið skilin eftir í lausu lofti þó að til séu ákvæði um að reglugerð skuli sett. En ég vil benda hæstv. ráðherra á eða spyrja hann hvort þetta sé hægt að orða eitthvað skýrar eða jafnvel einfalda.

Það sama gildir um 32. gr. Ég tek fram, hæstv. forseti, að ég eins og aðrir hér leit yfir þennan bálk svona heldur í fljótheitum. Tíminn var ekki mikill. En í 32. gr. kemur aftur að því að mér finnst heldur ónákvæmt lagaákvæði, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra."

Mér finnst nefnilega að þegar ágreiningur rís, er sá ágreiningur þá ekki búinn áður að fara til annarra úrskurðaraðila sbr. 31. gr. því þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaganna og/eða ákvarðana yfirvalda er heimilt að vísa málinu

til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum, sbr. ákvæði 32. gr., eða gefur út starfsleyfi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr.“

Mér þykir þetta satt best að segja dálítið óljóst, þ.e. annars vegar að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna skulu úrskurðarnefndir skera úr um ágreininginn, en rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Er það að undangenginni meðferð í úrskurðarnefnd? Ég verð að játa satt best að segja að ég skil þetta ekki alveg og ég held að þetta hljóti að vera óþarflega flókið.

Ég skal, hæstv. forseti ekki lengja mál mitt. Það voru þessi atriði sem ég hnaut um. Það er góð regla þegar eldri lög eru endurskoðuð og ný sett að reynt sé sem allra mest að skýra lögin, gera þau aðgengilegri og meira afgerandi, en forðast að flækja þau meira en kannski mátti gagnrýna í fyrri lögum þannig að almennt þykir mér góð regla að eldri lög sem endurskoðuð eru séu frekar einfölduð heldur en að hið gagnstæða eigi sér stað. Að öðru leyti vona ég að hv. umhvn. veiti frv. brautargengi og það verði að lögum á þessu þingi, en ég tek undir það að ég held að þetta sé afskaplega mikilvæg lagasetning sem beri að skoða mjög vel.

Ég endurtek þessa áminningu mína um að eitthvað það verði gert sem tryggi að hið háa Alþingi geti haft eftirlit með framkvæmd þessara laga og bendi á að eðlilegt væri að Alþingi fengi skýrslu árlega og að hún yrði rædd í þinginu.

[11:55]

**Þuríður Backman:**

Herra forseti. Ég get tekið undir mál þeirra þingmanna sem hér hafa talað áður og lýst því að því miður hef ég ekki haft möguleika á að kynna mér þetta frv. til laga um hollustuhætti. En með því að líta yfir kaflana og greinarnar, þá sé ég að í 11. gr. sem fjallar um eftirlitssvæði og heilbrigðisnefndir stendur hvernig landinu er skipt í eftirlitssvæði og hvernig heilbrigðisnefndir skuli kosnar. Þar er svæðum skipt eftir núverandi kjördæmum. Ég vil benda sérstaklega á tvö svæði, Vestfjarða- og Austurlandssvæði sem eru því miður orðin fámenn kjördæmi og því miður líka ekki með allt of margar atvinnugreinar eða fyrirtæki innan síns svæði. Þetta eru stór og erfið landsvæði til yfirferðar og það verður í þessum lögum að taka tillit til þess. Það verður að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna, stærðar landsins og vega- og samgöngumála. Það verður að vera faglegur stuðningur á milli þessara eftirlitsmanna eða heilbrigðisfulltrúa og því er einangrun í starfi mjög erfið og óæskileg. Ég sé fyrir mér að ef Austurland verður eitt starfssvæði þar sem heilbrigðisfulltrúarnir, eftirlitsmennirnir, eiga að vinna saman, þá fari mikið af þeirra tíma hreinlega í ferðalög fram og til baka um svæðið til að sinna því eftirliti sem þeim ber. Það væri hægt að skipta svæðinu niður í starfssvæði sem þýðir þá meiri einangrun þeirra heilbrigðisfulltrúa sem þar vinna. Því legg ég til að það verði skoðað mjög rækilega með tilliti til þessa, að annaðhvort verði hlutfallslega fleiri starfsmenn innan stjálbýlli svæða en þar sem fjölmenni er meira og styttri vegalengdir, eða þá að þessum svæðum verði hreinlega skipt í fleiri starfsvæði. Annaðhvort held ég að verði að koma til til þess að eftirlitið verði virkt og starfsmenn fáist til starfa og einangrist ekki faglega og félagslega í sínu starfi og að eftirlitið verði eins og við ætlumst til með þessum lögum að það verði. Hæstv. umhvrh. verður að taka tillit til þessara þátta. Ég vona að umhvn. verði gefinn góður tími til þess að fara vel yfir alla þætti og vinna þetta vel því að þetta er það mikilvægt lagafrv. sem hér liggur fyrir að það verður að gefa því tíma og vanda vel til verka.

[11:59]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu og málefnalegu umræður sem hafa orðið um þetta frv. og þær ábendingar og athugasemdir sem fram hafa komið við málið sem verða að sjálfsögðu teknar til frekari umfjöllunar í hv. umhvn.

Ég held að mörgum spurningum hafi ekki verið beint til mín beinlínis, enda á nefndin eftir að fara yfir málið. Ég vil aðeins árétta það og ég vona að hv. nefndarmenn geti staðfest að almennt hef ég átt gott samstarf við nefndina við úrvinnslu þeirra frv. sem ég hef lagt fram. Er þar skemmst að minnast þess stóra frv. sem var til meðferðar í nefndinni á síðasta þingi um byggingar- og skipulagslög sem nefndin lagði gríðarlega vinnu í. Reyndar má kannski segja að það hafi að verulegu leyti verið samið á ný eða í það minnsta vissar breytingar verið gerðar á því, eins og það lá fyrir, og var reyndar vitað því eins og frv. var lagt fram höfðu þegar komið fram margar athugasemdir á þingi áður og vitað að frv. mundi taka verulegum breytingum en niðurstaðan varð sú að leggja það þannig fyrir. Ég ræði ekki meira um það hér og nú en vil segja að nefndin vann gott starf við það mál og ég veit að hún mun gera það áfram við þetta frv.

Ég vil aðeins nefna það sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reyvk., Svavars Gestssonar, að það væri spurning hvað lægi á í þessu efni í sambandi við frv. og kannski væru það aðallega úrskurðarmálin og starfsleyfismálin, en öðru hefði verið hnýtt þar við og ákveðið að setja þessa heildarendurskoðun fram með því máli sem væri brýnt. Ég geri ekki lítið úr því og undirstrika það sérstaklega að mjög brýnt er að taka á starfsleyfismálum og úrskurðarferlinu öllu. Það segir sagan okkur. Ég hef þegar lýst því yfir úr ræðustól áður og gerði það í umræðum um slík málefni í vor. Þar sem heildarendurskoðun á löggjöfinni var þá þegar í gangi, af því að nefndin er skipuð 16. febr. 1996, þá var alveg ljóst að ástæða væri til að taka það mál fyrir alveg sérstaklega í því nefndarstarfi. En heildarendurskoðunin var í gangi áður og var brýnt verkefni og nauðsynlegt þó að lögin hafi vafalaust enst vel og staðið alveg fyrir sínu eins og bæði sá hv. þm. nefndi og svo einnig hv. 12. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, sem nefndi það líka sérstaklega, en það geta hafa verið fleiri hv. tólftu þingmenn annarra kjördæma sem komu inn á það mál að lögin hafi staðist vel og hafi verið vel vandað til þeirra á sínum tíma. Þó var ýmislegt sem nauðsynlegt var að taka á eðli málsins samkvæmt og þess vegna er heildarendurskoðun nauðsynleg. Ég legg auðvitað áherslu á að reynt verði að láta frv. fylgjast að og okkur takist að afgreiða það fyrir áramót, eins og hér er lagt upp með, þó ég geri mér fulla grein fyrir því ekki síst af þeim upplýsingum sem komu fram í umræðum frá hv. 12. þm. Reykn., að margir af nefndarmönnum í umhvn., sem ég hafði reyndar ekki hugsað um áður, starfa í þeirri nefndinni sem mest er bundin fram að áramótum, þ.e. fjárln., og fer nú illa saman að þurfa að fjalla um svo stórt og mikilvægt mál eins og þetta er með allri þeirri vinnu sem ég veit að þar fer fram og þekki af eigin reynslu. En þrátt fyrir það er það mín eindregna ósk að reynt verði til hins ýtrasta að afgreiða málið og úrskurðarmálin og starfsleyfismálin eru nánast forgangsmál, eins og kom fram í máli hv. 8. þm.

Reykv. þegar hann ræddi um þau mál sérstaklega. Ég vil aðeins undirstrika að mér var kunnugt um að beðið hafði verið um sérstaka umræðu um þessi starfsleyfismál. Þó að þau tengist mjög þessu frv. og efnisatriðum þess, þá hef ég ekkert við það að athuga að slík umræða sé tekin ef ástæða er talin til, en ljóst er að þau koma aftur upp í umræðu um þetta frv. þegar það kemur til 2. umr., þá hafa menn farið í þetta ferli og gert sér grein fyrir því hvernig það er hugsað og ég vona að um það geti náðst sátt.

Ýmislegt hefur verið nefnt hér, t.d svæðaskiptingin, sem fjallað er um í 11. gr., og kom fram bæði hjá hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austurl. Ég vil aðeins undirstrika að þar er verið að reyna að gera eftirlitið skilvirkara og heildstæðara. Reyndar er ekki verið að fækka svæðunum mjög. Þeim er þó fækkað úr 13 í 10, en kannski er meginbreytingin sú að ein heilbrigðisnefnd er fyrir hvert svæði. Ég hygg að Austurland sé í dag í raun eitt svæði eins og hér er lagt til og ekki sé um breytingu þar að ræða. Það eru auðvitað sveitarstjórnirnar sem standa að viðkomandi heilbrigðisnefnd sem þurfa að ákveða hversu öflugt starf þær vilja hafa. Eiga starfsmennirnir að vera tveir eða fleiri? Það er gert ráð fyrir a.m.k. tveimur. Þeir geta auðvitað verið fleiri, en þá er það mál sveitarfélaganna eða svæðisins sem slíks. Ég held að ég megi því fullyrða að hér sé ekki gerð tillaga um breytingu á því svæði eins og það er í dag en ég geri ekki lítið úr því að um er að ræða stórt svæði og það er mikilvægt að heilbrigðisfulltrúarnir og eftirlitsaðilarnir hafi samráð og einangrist ekki í sínu starfi og séu vel undir það búnir að takast á við þau mikilvægu verkefni sem þarna koma upp að sjálfsögðu.

Út af því sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. um þessi málefni, þá er sérstaklega kveðið á um að umhvrh. geti með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins kveðið á um sameiningu eftirlitsaðilanna þannig að hægt er að fækka þeim án þess að breyta lögunum ef um það er samkomulag eða samstaða, eins og hér er kveðið á um. Einnig er heilbrigðisnefndunum heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag á milli eftirlitssvæðanna. Þarna er einnig skýrt kveðið á um í greininni að ef t.d. einhverjar breytingar verða á kjördæmamörkum eða ef einstakir hreppar eða sveitarfélög væru betur komin undir öðru eftirlitssvæði en lögin kveða á um, þá væri í raun ekkert því til fyrirstöðu að það gæti gerst samkvæmt ákvæðum laganna.

Ég undirstrika það líka sem kom fram í máli hv. þm. að nauðsynlegt er að um þessi lög náist víðtæk sátt eins og hann minnti á að gerst hefði á sínum tíma. Ég vona að það geti gerst í þessu tilviki líka því að þetta er afar mikilvægur lagabálkur sem fjallar um viðkvæman málaflokk og stofnun sem á að framfylgja þeim lögum í samráði við heilbrigðisnefndirnar og sveitarfélögin. Það er því mjög mikilvægt að um þetta náist sem best samkomulag.

Ég er sammála honum og öðrum hv. þm. sem hér hafa talað, og ég hef reyndar látið það álit mitt í ljós í ræðustól áður, að reyna beri að tryggja rétt almennings eins og hægt er í því efni að koma athugasemdum sínum á framfæri. Ég tel að reynt sé að varða þá leið og gera tillögur um hvernig slíkt athugasemdaferli getur litið út og eigi að vera uppbyggt og það sé miklu skýrara en er í gildandi lögum. Þó að við höfum reynt að framkvæma það eftir bestu samvisku er mér ljóst að um það hefur skapast ágreiningur og menn eru ekki á eitt sáttir í þessu efni. Hér er reynt að ráða á því bragarbót og auðvitað fer nefndin ítarlega yfir það mál allt saman og einnig það atriði sem hv. 12. þm. Reykn. nefndi um hollustuháttaráðið. Ég hef ekki athugasemdir við að það sé skoðað sérstaklega en minni á að þótt fulltrúar atvinnulífs og sveitarfélaga eigi að skipa svo veglegan sess í hollustuháttaráðinu, þá eru það auðvitað þeir aðilar sem bera að verulegu leyti hitann og þungann af þessu starfi og kostnaðarlega séð. Þau mál sem hér er verið að ræða um fjalla auðvitað um hagsmuni bæði atvinnulífs og sveitarfélaga en auðvitað eru líka hagsmunir annarra aðila, sem ekki eru beinlínis fulltrúar atvinnurekstrarins, sem ég hef ekki á móti að menn skoði og hvort hægt sé að veita þeim aðild að þessu hollustuháttaráði eða að fylgjast að öðru leyti með framkvæmd laganna.

Ég velti því þá aðeins fyrir mér hvort eðlilegt sé að fulltrúar einnar ríkisstofnunar sitji í stjórn annarrar ríkisstofnunar en vafalaust eru fyrir því mörg fordæmi þó að ég velti því hér upp og biðji nefndina að skoða það mál sérstaklega, og eins það sem kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv. um sérstaka skýrslu til þingsins, þá yrði það sjálfsagt viðamikið ef allar opinberar stofnanir ættu að gefa skýrslu til þingsins árlega og þær ræddar. En það kann að vera að forgangsraða megi í því efni og velja þær stofnanir og þá málaflokka sem menn telja vera sérstaklega mikilvæga og ættu öðrum fremur erindi til umræðu á þingi. Ég hef heldur ekki á móti því að menn skoði það vel í nefndinni. Eins og ég hef áður sagt þá vil ég að nefndin skoði málið vel og ítarlega og veit að hún gerir það, þekki það af reynslunni en bið eftir sem áður um að hún eftir hraði eftir föngum störfum sínum eins og ég hef áður ítrekað.

Hv. 12. þm. Reykn. ræddi svolítið um aðstæður Hollustuverndar ríkisins. Ég hef greinilega ekki tíma til að fara mjög ítarlega yfir ræður allra hv. þm. og þau atriði sem ég hef hripað hjá mér en ég sé að tími minn er að renna út.

Aðstæður Hollustuverndar ríkisins hafa auðvitað að undanförnu verið þær að þar hafa verið fjárhagslegir erfiðleikar. Við höfum verið með sérstakar nefndir sem hafa verið að skoða þau mál með stofnuninni og stjórnendum þar og átt sérstakt samstarf við fjmrn. í því efni. Ég minni á að á fjáraukalögum í fyrra, í fjárlögum þessa árs og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og fjáraukalögum fyrir þetta ár er í öllum þessum frumvörpum og lögum tekið á fjárveitingum til stofnunarinnar og þær auknar. Reynt hefur verið að styrkja fjárreiður stofnunarinnar umtalsvert á þessum missirum og það var full ástæða til því að stofnunin hefur tekið við mörgum og miklum nýjum verkefnum, eins og ég kom ítarlega inn á í framsöguræðu minni áðan, kannski fyrst og fremst með aðild okkar að EES-samningnum og sjálfsagt þarf að halda þeirri skoðun áfram. Ég hygg þó, eins og fram kemur í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv., að þá gefi það nokkra möguleika á því. Nýtt skipulag, sem kveðið er á um, og breyttir stjórnarhættir taka nokkuð á starfsemi stofnunarinnar með þeim hætti að hægt verði að gera hana skilvirkari og ná fram meiri hagkvæmni þó að ég geri mér ekki vonir um að við spörum mikla fjármuni. Sparist þeir við eitthvað slíkt þá veitir sannarlega ekki af því til þess að styrkja rekstur stofnunarinnar almennt.

Hvað varðar umfjöllunina um rannsóknarstarfsemi og þá þjónustu sem stofnunin veitir og gæti selt, þá þarf auðvitað að hafa það í huga að í landinu gilda samkeppnislög og um það hefur verið fjallað varðandi ýmsar opinberar stofnanir og það á við um Hollustuverndina líka. Það þurfum við að hafa í huga. Kannski getur Hollustuverndin aukið sértekjur sínar eitthvað á þennan hátt, en ég tók það líka fram í

framsöguræðu minni áðan að ég teldi að hlutverk Hollustuverndarinnar á þessu sviði væri svo mikilvægt og hefði sýnt það á undanförnum árum að við yrðum að gæta okkar í því þegar slíkar skipulagsbreytingar eru hugsanlega gerðar að fórna ekki því mikilvæga hlutverki eða fara ekki þannig með það hún geti ekki fyllilega veitt þá þjónustu sem henni ber á sviði rannsókna og eftirlits, prófana og annars sem stofnunin sinnir og veitir sveitarfélögunum og heilbrigðisnefndunum, heilbrigðisfulltrúunum og atvinnulífinu, að það sé ekki fyllilega hugað að mikilvægi þeirrar starfsemi hjá Hollustuverndinni.

Hv. 12. þm. Reykv. talaði um 18. gr. Ég hygg að þar megi segja að gæti örlítils misskilnings. Það má auðvitað skoða þetta orðalag og fara yfir efni greinarinnar ítarlega, en þegar talað er um, með leyfi forseta, að stofnunin fari því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir, o.s.frv. sem hv. þm. las upp, þá er verið að tala um að það eru í raun heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sem fara með hið beina eftirlit. Það er skilgreiningin. Hér er verið að tala um það að hugsanlegt sé að fela Hollustuvernd ríkisins það eftirlit í einhverjum tilvikum, eins og þar sem lög mæla sérstaklega fyrir um að það skuli vera Hollustuverndin en ekki heilbrigðisnefndirnar eða ráðherra ákveði með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina, ef um heildareftirlit er að ræða um allt landið þar sem slíkt samræmi þurfi að vera að það sé betur komið hjá Hollustuverndinni en hjá heilbrigðisnefndunum eða um einstök svæði sem samkomulag næst um að öðru leyti við heilbrigðisnefndirnar, eins og getið er um líka, þannig að það er það sem um er að ræða.

Allra seinast, hæstv. forseti, af því að hv. þm. gerði einnig athugasemd eða fyrirspurn við 32. gr., þá er ljóst að ágreiningur sem skapast milli heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna fer ekki til úrskurðarnefndarinnar. Hann fer beint til ráðherra og er kveðið skýrt á um það og er það óbreytt fyrirkomulag frá því sem er í dag.

[12:15]

**Útbýting þingskjals:**

Staðfest samvist, 177. mál, frv. ÓÖH o.fl., þskj. 177.

[12:15]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir yfirferð hans og svör við þeim atriðum sem við ýmist spurðum um eða vöktum athygli á. Ég ætla aðeins að nefna í sambandi við 17. gr., um hollustuháttaráðið, sem verður að sjálfsögðu rætt vandlega í nefndinni, að hann velti því upp hvort eðlilegt væri að fulltrúi einnar ríkisstofnunar sæti í stjórn annarrar. Ég get alveg tekið undir að það er ekkert endilega eðlilegt og sjálfsagt mál og sjálfsagt að athuga það nánar hvaða fulltrúar kæmu til greina.

Ég vil þó aðeins minna hæstv. ráðherra á það sérkennilega fyrirkomulag sem var samþykkt, að vísu gegn andmælum nokkurra fulltrúa stjórnarandstöðunnar, í sambandi við stjórn Náttúruverndar ríkisins, að ég man ekki betur en þar eigi samgrh. fulltrúa, sem er kannski dæmi sem mætti líta til. Ég vil endurtaka það sem sagt var þá í þeirri umræðu að mér finnst það fullkomlega óeðlilegt fyrirkomulag og miklu óeðlilegra en að einhver þátttaka sé þó á milli stofnana. En ég vil leggja áherslu á þetta. Það er sagt hér að vegna þess að stærsti hluti kostnaðar við eftirlit sé borinn uppi af atvinnuvegunum sé eðlilegt að atvinnuvegirnir eigi þarna aðild. En það er einmitt þess vegna sem ég hef svolitlar áhyggjur vegna þess að þeir reyna auðvitað að komast af með sem allra minnstan kostnað af atriðum sem þessum.

[12:18]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst sjálfsagt að nefndin skoði hvort hægt er að breyta samsetningu þessarar nefndar. Ég held að það væri nú samt óskynsamlegt, eins og kom fram í máli, ég held hv. 8. þm. Reykv., að fella út fulltrúa atvinnulífsins úr nefndinni eða þessum samráðshópi, hollustuháttaráði, heldur skoða þá hvort ráðið mætti ekki vera sjö manna eins og fimm manna en það læt ég nefndinni eftir að skoða og vona ég að eiga við hana samráð um það.

Með fulltrúa frá öðrum stofnunum þá eru örugglega fjölmörg dæmi um að slíkt sé til og það er ekki eitthvað sem endilega þarf að varast í þessu tilviki og má minna á að hér er um nokkurs konar samráðsnefnd að ræða en ekki stjórn stofnunarinnar, þannig að þá er það ekki spurning um að draga saman sjónarmið frekar en að vera beinlínis stjórnvald í þeim skilningi heldur samráðshópur. Ég hef út af fyrir sig ekki frekari athugasemdir við það og læt nefndinni eftir að skoða það mál frekar og vænti hins besta samstarfs við hana um framgang málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Hlutafélög, 1. umr.***

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 147.

***og***

***Einkahlutafélög, 1. umr.***

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148.

[12:20]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli, með leyfi forseta, samtímis sem viðskrh. fyrir tveimur lagafrv. um breytingu á hlutafélagalöggjöfinni, annars vegar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum sem eru á þskj. 147 og hins vegar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög með síðari breytingum, sem er á þskj. 148. Bæði frv. eru lögð fram til að gera nauðsynlegar breytingar á hlutafélaga- og einkahlutafélagalögum í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA en stofnunin hefur nú gert samanburð á texta íslensku laganna og viðeigandi EES-tilskipana.

Að því er varðar lögin um hlutafélög er stefnt að nokkrum breytingum vegna athugasemda með hliðsjón af ákvæðum 3. félagaréttartilskipunarinnar um samruna hlutafélaga, 6. tilskipunarinnar um skiptingu hlutafélaga og 11. tilskipunarinnar varðandi útibú. Gert er ráð fyrir að sum ákvæði laganna verði nokkru ítarlegri en áður. Auk þess er í 1. gr. frv. um hlutafélögin tekin inn breyting á lögunum án athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna fyrirhugaðrar löggjafar um

rafræna skráningu verðbréfa og segir þar að hlutabréf sé heimilt að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð.

Sem dæmi um ítarlegri ákvæði en áður má nefna að í 2. gr. frv. er bætt við að þess skuli getið í samrunaáætlun ef binda á rétt til arðs sérstökum skilyrðum. Ákvæði 3. gr. frv. fela í sér að í greinargerð félagsstjórnar um samrunaáætlun skuli fjalla sérstaklega um þær efnahagslegu og lagalegu ástæður sem liggja til grundvallar áætluninni en þetta kemur ekki skýrt fram í ákvæðum gildandi laga nú. Samkvæmt 4. gr. frv. er því bætt við að endurskoðunarmenn eða skoðunarmenn samrunafélaga skuli í skýrslu sinni lýsa aðferðum við að ákvarða endurgjald fyrir hluti í yfirteknu félagi og leggja mat á hvort þær aðferðir séu fullnægjandi. Í 6. gr. frv. felst sú viðbót að í skiptingaráætlun skuli vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Auk þess skal greina frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar á hlutum í viðtökufélögum til hluthafa félagsins sem skipt er. Þá er samkvæmt 7. gr. berum orðum sagt frá því hverju greina skuli frá í tilkynningu um stofnun útibús og talin upp ýmis atriði í því sambandi. Er þá byggt á orðalagi 11. félagaréttartilskipunarinnar um útibú. Í 9. gr. frv. er fjallað um það ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar. Þá skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það en bætt er við að taka þurfi fram hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina erlendis, hver völd þeirra séu og hvenær skiptameðferðinni skuli ljúka. Þá skal og gefa sambærilegar upplýsingar um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Þarf að taka þetta skýrt fram svo að tryggt sé að ákvæðum 11. félagaréttartilskipunarinnar sé fullnægt.

Að því er varðar einkahlutafélagafrv. er það fyrst og fremst lagt fram vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 11. félagaréttartilskipunarinnar varðandi útibú. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar til þess að hafa sem best samræmi milli laganna um hlutafélög og laganna um einkahlutafélög. Í athugasemdum er gerð nánari grein fyrir því hvort ákvæði einkahlutafélagafrv. séu til komin vegna athugasemda Eftirlitsstofnunarinnar eða séu til samræmis við breytingar á hlutafélagalöggjöfinni.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um einstök ákvæði laganna sem eru venjulega tæknilegs eðlis heldur vísa til frv. sem ég legg til að verði að lokinni þessari umræðu vísað til efh.- og viðskn.

[12:25]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þær breytingar sem verið er leggja til á löggjöfinni um hlutafélög og einkahlutafélög teljast nú kannski ekki til stórtíðinda. Það er þó ein breyting sem þar er á ferðinni og varðar hina rafrænu skráningu bréfa sem er allrar athygli verð og ástæða til að gefa gaum að. Það er búið að ræða heilmikið um það á undanförnum missirum að koma því máli fram. Efh.- og viðskn. hefur farið yfir það mál og átt fundi með þeim er málið varðar. Loksins er frv. komið inn í þingið sem vonandi er í brúklegu og afgreiðsluhæfu formi eftir að yfir það hefur verið farið þannig að það framtíðarfyrirkomulag nái fram að ganga að hægt sé að láta þau bréf ganga manna á milli án þess að eyða skógum heimsins í hvert einasta skipti eða standa í öllum þeim handvirku áritunum sem núverandi fyrirkomulagi fylgja. Ég hef svo sem ekkert nema gott um það að segja.

Að öðru leyti eru þessi frv. angi af þeirri stöðu sem komin er upp í okkar lagasetningu og rétti, að við tökum við fyrirmælunum að verulegu leyti að utan. Það gerist nú æ algengara að við þurfum að gera breytingar á löggjöf okkar vegna þess að breytingar hafa verið gerðar á hinum evrópska rétti sem við höfum tekið upp eða að athugasemdir hafa verið gerðar við það hvernig við höfum búið um einhver einstök ákvæði hans í okkar löggjöf eða þá við höfum alls ekki gert það enn þá.

Herra forseti. Í tengslum við þetta mál núna hef ég verið að velta því fyrir mér hvort ekki hefði mátt reyna að finna einfaldara form á þessum samskiptum þó ekki væri nema vegna þess hvað þetta er hundleiðinlegt, að vera endalaust að taka upp íslensku löggjöfina og gera á henni breytingar sem við sjáum enga ástæðu til og enginn hefur minnst á eða haft frumkvæði að hér heima heldur eingöngu vegna þess að skrifræðið í Brussel verður að hafa sinn gang. Fyrir utan það að þetta er nú svona og svona þegar það kemur hingað inn hvernig að þessu hefur verið unnið. Oftast er um mjög hráar þýðingar úr erlendum málum að ræða, á mismunandi fallegri íslensku. Ég gæti t.d. skemmt mér við að lesa upp úr 3. og 4. gr. þessa frv. á þskj. 147 og spurt síðan hæstv. forseta eða aðra góða menn að því, sem hafa góðan smekk fyrir íslensku máli, hvort þeim þyki þetta fallegt. En það er kannski ekki ástæða til þess. Ég vísa mönnum á að líta yfir það hvort þeim finnist þetta fallegur texti þar sem verið er að tala um „sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni“ og rugla með aðferð og aðferðir í eintölu og fleirtölu fram og til baka sem er alls ekki samkvæmt íslenskum málvenjum heldur greinilega um hráar þýðingar að ræða. Nei, en spurningin væri sú, herra forseti, og ég varpa því fram til umhugsunar og skoðunar og mætti vel gerast af hálfu viðskrn. eins og annarra, því að sjálfsagt verður nú viðskiptalöggjöfin fyrirferðarmikil í þessum efnum á komandi árum, hvort unnt hefði verið eða væri að fá fram þá skipan mála í sambandi við það þegar við erum að staðfesta hinn evrópska rétt að einhvers konar lágmarksgrundvöllur nægði okkur í vissum tilvikum.

Herra forseti. Það mætti spyrja sem svo: Ef við eða einstök aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem í hlut eiga taka upp í sína löggjöf ramma- og réttarákvæði sem tryggja mönnum fullnægjandi stöðu þá eru þau ekki endilega skyld eða neydd til að taka upp hvert einasta smáatriði, ef svo ber undir, svo fremi sem það þýði þá ekki lakari réttarstöðu eða skerta stöðu eins eða neins.

Við sjáum að löggjöfin er oft á tíðum mjög smámunasöm, afar nákvæm, fer út í einstök atriði með þeim hætti að erfitt er að hugsa sér að það geti nokkurn tímann varðað nokkurn mann nokkru máli hér uppi á Íslandi. Þá væri spurningin: Ef lögfest væru með einfaldara sniði grundvallaratriðin og allt það sem tryggir rétt málsaðila með fullnægjandi hætti þá hefðu ríkin svigrúm til þess að vera ekki að standa endalaust í sparðatíningi inn í sína löggjöf. Það þyrfti ekki að hafa nein áhrif á réttarstöðuna því fyrir lægi að mönnum væri tryggður allur sá réttur sem hin evrópska löggjöf fæli í sér þó svo að fullnægjandi gæti verið að lögfesta lagaramma eða mikilvægustu grundvallaratriði í einstökum tilvikum. Það væri hægt að hugsa sér að þetta gæti gert lífið aðeins einfaldara á komandi árum ef tenging okkar við hinn evrópska rétt verður svipuð og nú er, ef hún rofnar ekki.

Herra forseti. Þetta eru nú vangaveltur út frá þeirri sálarkvöl sem maður líður við að horfa upp á þær aðstæður sem hér eru dögum oftar í lagasetningunni og verða. Við erum endalaust að taka við sendibréfum frá Brussel um að nú

þurfi að breyta þessu eða hinu svona eða hinsegin í íslenskri löggjöf án þess að maður sjái oft að það hafi mikla praktíska þýðingu hér.

Það getur vel verið að til þess að ná einhverju slíku fram, ef það er þá á annað borð mögulegt, þá þurfi að taka upp samninga að einhverju leyti, fá heimildir fyrir því að einstök aðildarríki gætu ef svo ber undir haft fullgildingarprósessinn eitthvað einfaldari af sinni hálfu. En mér fyndist það að minnsta kosti tilraunarinnar virði að fara yfir það hvort einhver slík lausn væri finnanleg til að einfalda samskipti okkar við hinn evrópska rétt að þessu leyti, koma í veg fyrir að íslenska lagasafnið þurfi að bólgna út af alls konar sparðatíningi og smáatriðaupptalningu sem vandséð er að hafi nokkurt gildi hér, og ef þetta mætti einnig verða til að fækka eitthvað þeim tilvikum sem við þurfum að taka upp okkar löggjöf eins og í því sem hér um ræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjónustukaup, 1. umr.*

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150.

[12:33]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um þjónustukaup sem samið var af nefnd sem ég skipaði fulltrúum viðskrn., Samtaka iðnaðarins, Neytendasamtakanna og Samkeppnisstofnunar.

Á undanförnum árum hefur þörf á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu farið vaxandi. Þjóðfélagið tekur örum breytingum og verður flóknara og neytendur þurfa í síauknum mæli að treysta á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Jafnframt verður að leggja áherslu á að aðstaða neytenda er önnur þegar um er að ræða kaup á þjónustu heldur en þegar um er að ræða kaup á vörum. Þegar samningur er gerður um kaup á þjónustu þá getur neytandi ekki skoðað það sem keypt er með sama hætti og þegar keyptur er hlutur. Mikilvægt er því að treysta réttarstöðu neytenda, einkum og sér í lagi þeirra sem ekki hafa yfir sérþekkingu að ráða. Við kaup á þjónustu reynir á mörg þau sömu atriði og koma upp í viðskiptum með vörur, t.d. ef keypt þjónusta reynist vera gölluð eða dráttur kann að verða á afhendingu hennar, o.s.frv. Í einstaka tilvikum hefur verið unnt að beita lögum um lausafjárkaup til að leysa úr ágreiningi undir slíkum kringumstæðum en ljóst er að þau lög veita ekki fullnægjandi réttarvernd fyrir neytendur. Lög um þjónustukaup hafa verið sett annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku undanskilinni. Finnsk lög um þjónustukaup ganga einna lengst í vernd til handa neytendum en sænsk og norsk lög nokkuð skemur. Frv. þetta tekur mið af lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum en danskt frumvarp sem samið var árið 1988 um þetta efni hefur enn fremur verið haft til hliðsjónar við samningu frv. Ákvæði þessa frv. um neytendavernd þegar keypt er þjónusta er nýmæli í löggjöf hér á landi.

Velta þjónustugreina hefur aukist um 10–20% að raunvirði á tímabilinu 1990–1995. Hlutur þjónustu af einkaneyslu landsmanna hefur jafnframt aukist, eða úr 35,4% af allri einkaneyslu á árinu 1990 og upp í 37,8% af einkaneyslu árið 1995. Enn fremur er þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir og sumarhús, stór útgjaldaliður enda hefur fasteignum fjölgað mjög á seinni árum og nauðsynlegt viðhald og endurbætur á þessum eignum þar af leiðandi stóraukist.

Nýjar þjónustugreinar hafa bæst við eins og geymsla á lausafjármunum þar sem engin eiginleg vinna er tengd hlutunum, t.d. búslóðageymsla, frystigeymslur o.fl. Af þessari ástæðu ná ákvæði frv. einnig til þjónustu sem felst í geymslu muna og er stunduð í atvinnuskyni gegn endurgjaldi.

Umsvif aukast sífellt á sviði seldrar þjónustu, svo og fjölbreytni hennar, og má nefna í því sambandi ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Um ýmsar þjónustugreinar gilda einnig oft á tíðum sérlög, sbr. t.d. lög nr. 34/1986, um fasteignasala, og lög nr. 117/1994, um ferðaskrifstofur. Aðalhvatinn að lagasetningu á sviði þjónustu hér á landi er hinn sami og í öðrum ríkjum sem sett hafa sérstök lög um þjónustukaup, þ.e. að leysa úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu. Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en það er sjaldgæft að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum.

Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja fram frv. til laga um þjónustukaup.

Ég vil þá, með leyfi forseta, gera grein fyrir meginákvæðum þessa frumvarps.

Frumvarpið skiptist í tíu kafla sem hafa að geyma alls 41 grein auk athugasemda.

Í I. kafla er kveðið á um gildissvið frv. Samkvæmt 1. gr. gilda ákvæði þess um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í atvinnustarfsemi hans. Samningar um þjónustu sem frv. þetta tekur til geta verið um vinnu sem seljandi lofar að framkvæma, t.d. viðgerð á hlut sem neytandi vill að sé lagfærður. Hvers konar viðgerðarþjónusta fellur því undir frv. svo sem bifreiðaviðgerðir, viðgerðir á heimilistækjum, o.s.frv. Ekki er hægt að gera tæmandi upptalningu á þeim mismunandi þjónustugreinum sem frumvarp þetta tekur til.

Í 2. gr. er að finna ýmsar mikilvægar undantekningar frá gildissviði frv. en meginatriði þeirrar afmörkunar er að ef um viðskipti aðila fer eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup gilda ekki ákvæði þessa frv.

Í II. kafla er að finna ákvæði sem hafa þýðingu við samningsgerð um kaup á þjónustu.

Í III. kafla er fjallað um galla á seldri þjónustu og úrræði kaupanda í tilefni af því að þjónusta sem hann hefur keypt reynist gölluð. Þjónusta telst t.d. vera gölluð er árangur af því verki sem er unnið er ekki í samræmi við þær kröfur sem er eðlilegt að gerðar séu eða vikið hefur verið frá þeim almennu öryggiskröfum sem gerðar eru varðandi verkið. Um nánari skilgreiningu á gallahugtakinu vísast að öðru leyti til 9. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein. Neytandi á rétt á að krefja seljanda þjónustu um að hann bæti úr göllum enda sé það án þess að það valdi honum verulegu óhagræði. Önnur úrræði sem neytanda eru tiltæk er að krefjast afsláttar frá uppsettu verði þjónustunnar eða krefjast riftunar ef um verulegan galla er að ræða. Neytandi sem vill bera fyrir sig galla verður þó að tilkynna seljanda um það innan sanngjarns frests frá því að hann vissi eða mátti vita að hin selda þjónusta væri gölluð. Í öllum tilvikum fellur þó réttur

neytanda til þess að bera fyrir sig gallann innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu, nema að seljandi hafi með ábyrgðaryfirlýsingu tekið að sér ábyrgð í lengri tíma, sbr. 17. gr. frv.

Í IV. kafla er fjallað um það er áhætta af verki flyst. Þegar keypt þjónusta varðar hlut sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu þá er meginreglan sú að áhættan flyst að nýju til neytanda þegar seljandi hefur skilað af sér verkinu og hluturinn er aftur kominn í vörslu neytandans.

V. kafli frv. er um það er dráttur verður á að ljúka þjónustu og heimildir neytanda til þess að rifta samningi eða krefjast skaðabóta vegna vanefnda seljanda þjónustu samkvæmt samningi þeim sem þá var lagður til grundvallar.

Í VI. kafla er að finna ákvæði um tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í beinum tengslum við það. Meginreglan er sú að seljandi þjónustu ber áhættu af því ef hlut er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum eftir að neytandi hefur afhent seljanda hlutinn til viðgerðar, sbr. ákvæði 26. gr.

Í VII. kafla sem fjallar um verð er að finna nokkur ákvæði um þau meginatriði sem liggja til grundvallar þegar ákveðið er verð keyptrar þjónustu sem frumvarp þetta tekur til.

Í VIII. kafla er fjallað um rétt neytanda til að afpanta verk og um rétt seljanda til þess að krefjast greiðslu fyrir þá vinnu sem hann hefur þegar innt af hendi.

Í IX. kafla eru ákvæði sem veita leiðbeiningu hvernig með skuli fara þegar um er að ræða hluti sem neytandi sækir ekki, þrátt fyrir viðvaranir þar um. Undir slíkum kringumstæðum er seljanda heimilt að selja hlut á kostnað neytanda enda séu a.m.k. þrír mánuðir liðnir eða meira frá því að sækja átti hlutinn.

Í X. kafla er að finna ákvæði um það er tilkynning hefur verið afhent í samræmi við ákvæði laganna og henni seinkar eða kemst ekki til skila, þá glatar tilkynnandi ekki rétti til að bera slíka tilkynningu fyrir sig.

Í gildistökuákvæði er lagt til að sex mánuðir líði frá samþykkt frv. þar til lögin taka gildi. Þetta er lagt til í því skyni að nægilegt svigrúm gefist til þess að kynna efni þess fyrir neytendum svo og seljendum þjónustu. Einnig kunna ýmsir aðilar að vilja þróa og auka notkun staðlaðra samninga í viðskiptum sínum og mun þá gefast nokkur tími til slíks undirbúnings.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um efni frv. eða einstakar greinar þess á þessu stigi en legg til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Verslunaratvinna, 1. umr.*

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 151.

[12:44]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verslunaratvinnu sem er 151. mál þingsins.

Gildandi lög um verslunaratvinnu eru nr. 41 frá 2. maí 1968 en þeim hefur nokkrum sinnum verið breytt smávægilega. Um árabil hefur verið rætt um nauðsyn þess að færa lög sem um verslunina gilda til nútímalegs horfs og er nú gerð tillaga um það í því frv. sem hér liggur fyrir. Fljótlega eftir að vinna hófst við endurskoðun á gildandi lögum um verslunaratvinnu varð ljóst að eðlilegt væri að fella saman í eina heildarlöggjöf ýmis lög sem sett hafa verið í tímans rás og varða verslunina sérstaklega. Þess hefur þó verið gætt að ekki séu felld brott úr gildandi lögum ákvæði sem enn þá hafa efnislega þýðingu.

Þá vil ég, með leyfi forseta, víkja nánar að einstökum atriðum frv.

Í I. kafla er gildissvið frv. afmarkað, en því er ætlað að taka til smásölu- og heildverslunar, svo og umboðssölu. Í 2. gr. kemur fram sú meginstefnumörkun frv. að lagt er til að réttur til þess að mega stunda verslunaratvinnu verði framvegis bundinn því skilyrði að verslunarrekstur sé skráður í firmaskrá, eða hlutafélagaskrá ef um hlutafélag er að ræða. Sérstök verslunarleyfi verða því ekki framar gefin út heldur verður réttur til þess að stunda slíka starfsemi bundinn því að verslunarrekstur hafi verið skráður í samræmi við ákvæði gildandi laga um fyrirtækjaskráningu. Hafi verslun verið skráð í samræmi við ákvæði frv. þá er henni frjálst að stunda verslun um landið allt. Réttur til þess að mega stunda verslunaratvinnu verður því ekki framar háður þröngum staðartakmörkunum eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Í II. kafla er að finna ýmis almenn ákvæði um verslunaratvinnu, t.d. að hún skuli skráð í firma- eða hlutafélagaskrá, eins og ég hef þegar rakið hér á undan.

Í III. kafla er að finna sérákvæði um verslun sem rekin er utan fastrar starfsstöðvar eða svonefnda farandsölu. Ákvæðunum er ætlað meðal annars að tryggja lágmarksvernd fyrir neytendur í slíkum viðskiptum. Farandsölum er til dæmis skylt að auðkenna verslunarrekstur sinn með skýrum hætti, þannig að ef vörur reynast gallaðar þá eru neytandanum tryggðar upplýsingar um hvert hann eigi að snúa sér óski hann eftir því að seljandi vörunnar bæti úr gallanum.

Í IV. kafla eru ákvæði um sölu notaðra lausfjármuna en sérstök lög voru sett árið 1979 um þetta efni en eru nú felld inn í frv. þetta.

Í V. kafla er einnig að finna dæmi um að gildandi lög hafa verið felld inn í frv. en þessi kafli fjallar um sölu notaðra ökutækja og hefur ítarlega verið fjallað um málefni þeirrar atvinnugreinar hér á Alþingi á undanförnum árum. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um bílasölu. Nú eru þau lög felld inn í V. kafla þessa frv.

Í VI. kafla er að finna ákvæði er varða frjáls uppboð. Almenn ákvæði um frjáls uppboð sem söluaðferð eru nýmæli í löggjöf hér á landi. Áður hafa verið sett sérstök lög um tilteknar tegundir uppboða, sbr. t.d. lög um listmunauppboð sem samþykkt voru á Alþingi árið 1987. Framvegis munu ákvæði þessa kafla gilda um öll uppboð sem haldin eru af þeim sem rétt hafa til að stunda verslunaratvinnu, þ.e. jafnt listmunauppboð sem og önnur almenn uppboð til sölu á lausafjármunum. Rétt er þó að taka fram að í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um að fella niður gjald það sem lagt hefur verið á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum og renna skal til listamanna eða erfingja þeirra, enda hefur þetta fyrirkomulag reynst vel.

Í VII. kafla er að finna ákvæði sem efnislega eru samhljóða ákvæðum gildandi laga nr. 17 frá árinu 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Eins og ég hef áður rakið þá hafa verið felld inn í frv. þetta ákvæði úr eldri lögum sem enn þá eru talin hafa efnislega þýðingu eða talið rétt að

sé að finna í lögum, en þessi ákvæði eru enn eitt dæmi um þetta.

VIII. og IX. kafli fjalla um viðurlög við brotum og gildistöku.

Í 31. gr. er að finna upptalningu á þeim gildandi lögum sem lagt er til að verði felld úr gildi ef frv. þetta verður samþykkt. Eins og glöggt sést verða ákvæðin aðeins í einum lagabálki í stað fimm mismunandi lagabálka eins og nú er. Einföldun á lögum er mikilvæg fyrir viðskiptalífið og neytendur og er þetta gott dæmi um hvernig unnt er að ná slíku markmiði.

Herra forseti. Ég hef þá lokið umfjöllun minni um frv. til laga um verslunaratvinnu, og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Einkaleyfi, 1. umr.*

Stjfrv., 153. mál (EES-reglur). — Þskj. 153.

[12:50]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, á þskj. 153.

Með frv. þessu er lagt til að unnt verði að öðlast viðbótarvernd fyrir einkaleyfi er taka til plöntuvarnarefna hér á landi, til samræmis við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 59/1997, sem kveður á um að fella beri inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1610/1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

Áður hefur verið lögfest hér á landi reglugerð ESB-ráðsins um viðbótarvernd fyrir lyf. Sú reglugerð er nú í 6. lið XVII. viðauka við EES-samninginn. Hún öðlaðist lagagildi hér á landi með breytingu á einkaleyfalögum með 24. gr. laga nr. 36/1996. Í frv. þessu er lagt til að hliðstæð reglugerð um plöntuvarnarefni fái lagagildi hér.

Reglugerðir þessar mæla fyrir um að sá sem hefur öðlast einkaleyfi fyrir lyfi eða plöntuvarnarefni geti sótt um viðbótarleyfi þannig að verndartími einkaleyfisins lengist um allt að fimm ár. Þessar reglur eru til komnar vegna þess að hinn raunverulegi eða virki gildistími einkaleyfa á þessum sviðum er oft mun styttri en annarra einkaleyfða uppfinninga. Ástæðuna má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar slíkra efna. Ekki er óalgengt að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði án þess að heimilt sé að markaðssetja þessi efni. Með ákvæðum reglugerðanna er leitast við að nálgast hinn venjulega virka verndartíma uppfinninga á öðrum tæknisviðum.

Ákvæði um viðbótarvernd einkaleyfa er taka til lyfja öðlast ekki gildi hér á landi fyrr en 2. janúar 1998, sbr. 31. gr. laga nr. 36/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1996. Þar eð reglur um viðbótarvernd einkaleyfa er ná til plöntuvarnarefna eru mjög svipaðar má telja eðlilegt að framkvæmd þeirra hefjist á sama tíma enda gert ráð fyrir þeim gildistökutíma í EES-ákvæðinu. Ef frv. verður að lögum er því gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi hinn 2. janúar 1998.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:53]

**Útbýting þingskjals:**

Húsnæðismál Sjómannaskólans, 203. mál, fsp. SJS og GHelg, þskj. 212.

[Fundarhlé. — 12:53]

[15:00]

**Útbýting þingskjala:**

Flugmálaáætlun 1998–2001, 207. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 217.

Jarðalög, 198. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 206.

### *Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, fyrri umr.*

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 93. mál. — Þskj. 93.

[15:01]

**Flm. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um athugun á nýtingarmöguleikum gróðurhúsalofttegunda sem legið hefur frammi á þskj. 93.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta athuga til hlítar möguleika á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.“

Auk mín eru flm. þessarar tillögu hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Pétur H. Blöndal.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en fékkst þá ekki útrædd né afgreidd og er því flutt að nýju. En við tillögumenn teljum vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum undirgengist í samfélagi þjóðanna í samstarfi við önnur ríki bæði á Vesturlöndum og víðar í heimi hér, svo og vegna þeirra fjárfestinga í stóriðju og orkufrekum iðnaði sem fram undan eru og verksmiðja sem eru að rísa hér á landi, að nauðsynlegt sé að athuga hvort unnt er að draga úr útblæstri þessara lofttegunda með því að taka þær til nýtingar. Raunar er það svo, herra forseti, að nokkrir innlendir aðilar og þó frekast í samstarfi við erlenda, hafa kynnt sér slíka möguleika að nokkru leyti.

Við teljum að auka þurfi þetta átak til að hraða þessum athugunum og koma því til leiðar að hér á landi verði dregið úr útblæstri þessara lofttegunda sem eru mengandi og geta valdið verulegum breytingum á lífsskilyrðum með því að nýta þær, t.d. í eldsneytisframleiðslu eins og nefnt er í tillögunni.

Þær athuganir sem fram hafa farið, herra forseti, víkja að ýmsum möguleikum og við teljum nauðsynlegt að þær upplýsingar sem hafa fengist úr þessum athugunum verði dregnar saman og landsmönnum og öðrum þeim sem hugsanlega mundu vilja nýta sér þessar hugmyndir verði gert kleift að nálgast þá þekkingu sem þar hefur orðið til og hrinda hugmyndunum í framkvæmd.

Í greinargerð með tillögunni sem lögð var fram með henni upphaflega kemur fram að á síðasta þingi hafa legið fyrir þingmönnum upplýsingar um verulega aukningu sem orðið hefur á síðustu árum og verður á næstu árum í útblæstri

mengandi lofttegunda hér á landi. Á síðustu dögum hefur á þessu þingi komið fram skýrsla umhvrh. um loftslagsbreytingar þar sem fjallað er um þessar sömu upplýsingar og þær hafa verið endurmetnar. Þó svo að sýnt þyki af þeirri skýrslu að aukning þessara lofttegunda og áhrif þeirra séu ekki jafnmikil og virtist vera samkvæmt svari sama ráðherra á síðasta þingi við fyrirspurn eins hv. þm., þá er ljóst að hér er verulegur vandi og stórt viðfangsefni á ferðinni. Þess vegna er ljóst að með því sem hér er lagt til mætti hugsanlega draga verulega úr neikvæðum áhrifum á lífsskilyrði, mengun og öllum öðrum neikvæðum áhrifum sem ljóst er að menn sjá fram undan ef þessar lofttegundir fá að vera óbeislaðar eins og horfir í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Bann við kynferðislegri áreitni, 1. umr.*

Frv. GGuðbj o.fl., 40. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 40.

[15:05]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bann við kynferðislegri áreitni, sem er 40. mál á þskj. 40. Flm. auk mín eru hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Um er að ræða bandormsfrv. Þetta er breyting á tvennum lögum, annars vegar lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og hins vegar lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fyrri efnisgrein 1. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum."

Síðari hluti greinarinnar tekur til skilgreiningar á fyrirbærinu og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða myndræn, og sem haldið er áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt."

Í athugasemdum með þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Í þessari grein er annars vegar lagt til að inn í jafnréttislögin komi skýrt bann við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum og að atvinnurekendur og yfirmenn skuli gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar eða skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum. Gert er ráð fyrir að vitneskja atvinnurekenda sé forsenda bótaskyldu hans, þ.e. starfsmaður, nemi eða skjólstæðingur þarf að láta atvinnurekanda, yfirmann skóla eða stofnunar vita að hann verði fyrir kynferðislegri áreitni til að viðkomandi fái tækifæri til að beita öllum nauðsynlegum ráðstöfunum til að stöðva athæfið. Einungis ef hann gerir það ekki verði atvinnurekandi eða yfirmaður bótaskyldur þó að athafnir gerandans séu ætíð refsiverðar.

Hins vegar er hér verið að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Skilgreiningin er byggð á þeim megineinkennum kynferðislegrar áreitni sem reynsla og rannsóknir sýna að skipta meginmáli, þ.e. að um óvelkomna hegðun er að ræða að mati viðkomandi einstaklings, og að hegðunin er endurtekin þrátt fyrir það að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Stuðst er m.a. við skilgreiningar og leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins um kynferðislega áreitni. Eitt tilvik getur þó talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt og því þykir rétt að bæta því við skilgreininguna.

Með orðalaginu „annarri ósæmilegri framkomu" er m.a. átt við einelti *í víðari merkingu en einnig má benda á ákvæði* 209. gr. almennra hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi."

2. gr. frv. varðar einnig breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og hún hljóðar svo, með leyfi foreta:

„Á eftir 8. gr. laganna (sem verður 9. gr.) kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi."

Í athugasemdum með þessari grein er m.a. bent á að hér er um að ræða grein sem er efnislega svo til samhljóma 22. gr. sænsku jafnréttislaganna.

Annar kafli frv. varðar breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi foreta:

„C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og *líkamlegri vellíðan starfsmanna.*" Og við það ákvæði bætist: „Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga."

Síðan er það 4. gr. sem er gildistökugrein.

Í athugasemdum með 3. gr. segir að þessi breyting eigi sér samsvörun í norsku vinnuverndarlöggjöfinni frá árinu 1977 sem síðan var breytt árið 1995, en þar segir að starfsmenn skuli ekki verða fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri hegðun. Í greinargerð með norska frv. er vísað í það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að það sé óvelkomin hegðun að mati þess sem fyrir henni verður og að slíkt ákvæði sé nauðsynlegt vegna vaxandi athygli á einelti og *kynferðislegri áreitni í þjóðfélaginu. Vinnueftirlit ríkisins* fagnar framkomnu ákvæði í umsögn sinni um frv.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Ég tel að það sé mjög brýnt að svona ákvæði séu lögtekin hér á landi þar sem búast má við því að það muni hafa mikið fyrirbyggandi gildi, eins og segir í athugasemdum við 4. gr., m.a. vegna þess að löggjöfin mun hvetja til þess að vinnustaðir komi sér upp skýrum reglun um mál er varða kynferðislega áreitni.

Svona hljómar þá texti sjálfs frv. Það var áður lagt fram á síðasta þingi, 121. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt enda náðist ekki að mæla fyrir því fyrr en undir þinglok. Það var sent til umsagnar og umsagnir bárust í sumar og liggja

nú fyrir. Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum: Jafnréttisráði, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Alþýðusambandi Íslands, jafnréttisráðgjafanum í Reykjavík, jafnréttisfulltrúa Akureyrar, biskupi Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Kvennaathvarfinu, Kvenfélagasambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Stígamótum, Kvennaráðgjöfinni, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ef frá er talinn síðastnefndi aðilinn telja allir sem umsagnir sendu að löggjöf af þessu tagi sé þörf og langflestir mæla með að frumvarpið verði lögfest óbreytt. Efnislegar athugasemdir komu einnig fram og er hér tekið mið af þeim sem ástæða þótti til.

Mig langar, herra forseti, að stikla á helstu atriðum úr grg. frv. því kynferðisleg áreitni hefur ekki mikið verið til umræðu í þessu þjóðfélagi fyrr en kannski fyrir einu til tveimur árum og ég tel þegar hafa orðið töluverð viðhorfsbreyting til þessa fyrirbæris, þ.e. ég held að umræða sé mjög af hinu góða.

Kynferðisleg áreitni hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetningar, fræðsluherferða eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og í lögum um vinnuvernd, t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins. Og væri nú gaman ef við Íslendingar yrðum nú einu sinni á undan en þyrftum ekki að breyta okkar lögum vegna fyrirskipana frá Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 28/1991, segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í sænsku jafnréttislöggjöfinni eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, sbr. 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433), sem hefur orðið til þess að stofnanir hafa í vaxandi mæli sett sér starfsreglur um það hvernig beri að stemma stigu við og taka á kynferðislegri áreitni. Það þykir nokkuð viðurkennt að löggjöfin hafi haft fyrirbyggjandi gildi í Svíþjóð.

Ekki þykir nauðsynlegt að svo stöddu að setja sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni, en tímabært þykir að setja ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög og í vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur slík lögfesting haft þau áhrif að stofnanir hafa orðið að taka á þessum málum af meiri festu en áður. Þegar slík ákvæði hafa verið lögfest verður brýnt að stofnanir komi sér upp skipulagðri meðferð eða leiðbeinandi starfsreglum fyrir mál af þessum toga og að markviss fræðsla um kynferðislega áreitni verði í boði, sbr. þingsályktunartillögu á 121. löggjafarþingi, 40. mál, sem ég flutti þá og fyrirhugað er að flytja einnig síðar á þessu þingi. Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt bæði fyrirbyggjandi tilgang og er ætlað að leysa þau mál sem upp koma og ekki eru kærð.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð að lögum árið 1992 með breytingu á almennu hegningarlögunum og hægt er að finna ákvæði þar að lútandi í 198., 200., 201. og 202. gr. almennu hegningarlaganna.

Ekki er þó að finna í hegningarlögunum skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í greinargerð með þeim lögum er að finna skilgreiningu sem að mati flutningsmanna er ekki nægjanlega skýr miðað við reynslu og rannsóknir á þessu fyrirbæri. Skilgreiningin í greinargerðinni er eftirfarandi: Um er að ræða háttsemi sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Átt er við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Þá segir í þessari greinargerð frá 1992 að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður og taka harðara á brotum. Ekki er gerð tillaga um að breyta fyrrnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu af hvernig þau nýtast. Hér er lagt til að skilgreining á kynferðislegri áreitni verði lögbundin og að sú skilgreining, ef lögfest verður, verði lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessara ákvæða almennra hegningarlaga til viðbótar við þá skilgreiningu sem er í greinargerðinni með lögum nr. 40/1992. Einnig er bent á leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins til nánari skýringar á kynferðislegri áreitni. Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á fyrrnefnd ákvæði almennra hegingarlaga. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í skilgreiningunni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik, eins og áður sagði, talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Hér er m.a. stuðst við skilgreiningu og útlistun Evrópusambandsins á kynferðislegri áreitni í starfsreglum frá 1992. Þessi skilgreining er útlistuð nákvæmlega í greinargerðinni. Ég ætla að lesa hana því það sést alveg skýrt að það er kjarninn úr þessu atriði sem er tekið í þá skilgreiningu sem ég legg til að hér verði lögfest. En skilgreiningin er svona, með leyfi forseta:

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun eða önnur kynbundin hegðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu kvenna og karla á vinnustað. Þessi óvelkomna hegðun getur verið líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni nær því yfir margs konar hegðun sem er óvelkomin, óskynsamleg og móðgandi fyrir viðkomandi; það hvort viðkomandi viðurkennir eða mótmælir slíkri hegðun af hálfu yfirmanns eða samstarfsmanns skiptir máli beint eða óbeint fyrir aðgang viðkomandi að starfsþjálfun, atvinnu, hvort starfi er haldið, stöðuhækkun, laun eða annað viðkomandi starfsumhverfi; og/eða hegðunin skapar óþægilegt, fjandsamlegt eða auðmýkjandi vinnuumhverfi fyrir þann sem hegðunin beinist að. Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að hegðunin er óvelkomin, og það er mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegð-

un er talin móðgandi. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Það er fyrst og fremst það einkenni að hegðunin er óvelkomin sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá vinalegri hegðun sem er velkomin og gagnkvæm."

Þessa skilgreiningu má finna í mjög mörgum rannsóknum. Ég hef rætt hana núna við marga fréttamenn og ýmsa aðila og ég held að ef maður hlustar vel á um hvað þetta mál fjallar þá sé það alveg skýrt.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun *jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla* árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég er að tala um háskóla þá langar mig að geta þess að í nýrri blaðagrein frá 17. október, Times Higher Education Supplement, er talað um hvað þetta sé orðið gífurlegt vandamál í háskólum í Afríku. Það er talað um 100 háskóla í Afríku þar sem í ljós hafi komið að á undanförnum árum hafi kvenstúdentar hætt óvenjulega mikið í námi. Þegar var farið að rannsaka vandamálið kom í ljós að það tengist því að skólagjöld voru lögð á. Konur eru mjög hræddar við að falla og þá urðu þær auðveld bráð fyrir karlkennara, en 88% kennara eru karlar í þessum 100 háskólum í Afríku. Þessar upplýsingar eru mjög athyglisverðar að mínu mati vegna þess að þó að fjöldi kennara sér svipaður og hér, þ.e. karlkennarar eru í miklum meiri hluta, hefur staða kvenna *í Afríku verið mun lakari en á Vesturlöndum* og þar sem þeim finnst tímabært að taka á þessu máli þá held að það hljóti að vera fyrir löngu talið tímabært að við gerum eitthvað í lagasetningu á þessu sviði.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða. Ég vil geta þess vegna þess að ég var að tala um háskóla áðan að ekki liggja fyrir tölur um rannsóknir á þessu við háskóla á Íslandi, en það hafa komið upp tilvik af þessum toga á undanförnum árum sem hafa orðið til þess að Háskóli Íslands hefur þegar tekið formlega á þessum málum og vonandi verður það í sem flestum skólum á næstunni.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þessi könnun hefur nú verið gerð og ekki þykir ástæða til að bíða lengur með að lögfesta bann við og skilgreiningu á kynferðislegri áreitni eins og hér er lagt til. Niðurstöður þessarar könnunar hafa ekki verð birtar enn þá en það sem ég hef heyrt af þeim staðfestir að þetta er vissulega vandamál hér á landi sem annars staðar.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest *nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst* við og *hér er* lagt til að svo verði gert.

Virðulegi forseti. Ég legg til að í lok þessarar umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Frv. PHB, 36. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 36.

[15:31]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Í framsögu flutningsmanns, Péturs H. Blöndals, um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, kom hann m.a. inn á það í framsöguræðu sinni sem hér er mest um rætt, þ.e. sjómannaafsláttinn og fór aðeins yfir í sögulegar forsendur þess og fór nokkuð langt aftur í tímann.

Það gefur tilefni til þess að huga enn lengra aftur í tímann til þess að velta því upp hvernig málin hafa þróast gegnum árin eða réttara sagt árhunduðin. Sjómannastéttin hefur um aldir greitt allverulega skatta til þjóðfélagsins án þess að það væri þó lagt á aðra og hefur þó dæmið nokkuð snúist við. Meðal annars má geta þess að sætisfiskgjald var lagt á sjómenn til forna, manntalsfiskgjald, spítalahlutur og mannslán. Það er athyglisvert þegar litið er á spítalagjald þá kemur í ljós að á árunum áður, eða svo langt aftur að farið er til 16. aldar, *voru fjórir spítalar hér á landi þar sem holdsveikum fátæklingum var ætlaður griðastaður.* Tveir spítalar voru í Sunnlendingafjórðungi, einn í Kaldaðarnesi í Árnessýslu og einn í Hörgdal í Skaftafellssýslu. Þriðji spítalinn var á Hallbjarnareyri á Snæfellsnesi en sá fjórði í Möðrufelli í Eyjafjarðarsýslu. Einnig var spítali í Gufunesi en hann var aðeins ætlaður hjáleigufólki konungsins og var hann lagður niður allnokkru áður en hinir spítalarnir.

Vitanlega hlaut að kosta mikið fé að reka fjóra spítala þar sem landsmenn sjálfir þurftu að bera allan veg og vanda af rekstri þeirra. Segir það sig sjálft að ekki var um aðra leið að velja til að ná í rekstrarfé en með beinum sköttum.

Nú skyldi mega ætla að allir landsmenn, sem á annað borð voru skattbærir, hefðu verið skattlagðir vegna spítalanna en því fór mjög fjarri því að sjómenn einir urðu í þessum efnum að bera byrðarnar og er mjög eftirtektarvert að fiskimannastéttin skuli bera uppi spítala landsins í þrjár aldir, ekki meira um það.

Í umræðu sem fór fram um afnám sjómannaafsláttar kom margt merkilegt fram, m.a. að þeir hv. þingmenn, 16. þm. Reykv. Pétur H. Blöndal og 12. þm. Reykn., *Kristín* Halldórsdóttir, töluðu um að þetta væri ekki árás á sjómannastéttina. Þetta væri fyrst og fremst gert til þess að allir væru jafnir undir lögum. Þá kom upp í huga mér hvort þingmennirnir gerðu sér grein fyrir því að lög næðu heldur ekki að öllu leyti til hlunninda alþingismanna. Þeir hafa líklega ekki gert sér grein fyrir því að fyrir hverja máltíð sem þeir kaupa sér í mötuneytinu á hinu háa Alþingi greiða þeir 320 kr. sem ætti að öllu jöfnu að kosta nær 1.000 kr. þannig að hlunnindin sem hv. alþm. fá eru um 680 kr. af hverri máltíð sem

þeir borga enga skatta af. Óréttlætið og ójafnvægið gagnvart því fólki sem hv. flm. hefur talað um, fiskverkunarfólkið, kemur því víða við. Óréttlætið kemur svo víða við að þegar hann talar um að ríkissjóður verði af skatttekjum upp á 1,6 milljarða er það svo að í dagpeningakerfinu, fæðispeningum o.fl. sem snertir ríkið beint eru menn að setja út um 2,5 milljarða án þess að nokkur skattur sé tekinn af þeim hlunnindum. Það verð ég að segja að það velkist mjög fyrir mér og mér þykir mjög miður að hér er flokksbróðir minn, annar tveggja, að leggja til — ég biðst nú afsökunar á því að sá sem var meðflutningsmmaður frv. í fyrra er nú ekki nefndur, enda er hann varaþingmaður — að farið verði í að afnema sjómannaafsláttinn, ekki að það sé nein aðför að sjómannastéttinni heldur skuli allir sitja jafnir fyrir lögunum. Hvernig geta þeir rökfært það á hinu háa Alþingi að sé ekki verið að ráðast á sjómannastéttina þegar það liggur berlega fyrir að víða er pottur brotinn í þjóðfélaginu hvað áhrærir skattfríðindin og það veit hv. þm. Pétur H. Blöndal mjög vel sem hefur talað mjög af mikilli þekkingu og eflaust reynslu um skattsvik. Ég held að hann þekki þau beggja megin frá, bæði sem launþegi og kannski ekki síður sem atvinnurekandi enda hefur hann sagt í framsöguræðu sinni að skattfríðindi hvað áhrærir atvinnurekendur væru allt að því með ólíkindum og möguleikarnir væru þar mjög miklir til undanskota. Svo er sagt: Það er ekki verið að ráðast á sjómannastéttina.

Ef litið er til umræðna um sjómannaafsláttinn er sérkennilegt að lesa það hjá hv. framsögumanni að það megi geta þess að 95% þeirra sem greiddu í lífeyrissjóð sjómanna árið 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslu eru konur.

Kem ég þá að því sem hv. 12. þm. Reykn. talaði um og gat þess að á sínum tíma hefðu skattfríðindi til heimavinnandi húsmóður verið afnumin. (**KH:** Nei, til útivinnandi húsmæðra.) Til útivinnandi húsmæðra, já, það er rétt. Til útivinnandi húsmæðra. Það má nú líta á þetta mál frá ýmsum hliðum. Ég lít svo á að meðal annars sé sjómannaafslátturinn tekjuauki, ekki er nokkur vafi á því. En hann gefur kannski hinni heimavinnandi eiginkonu sjómannsins frekari möguleika á því að vera heima. Ef litið er til háskólans kemur í ljós að háskólanemar hafa forgang að dagvistunarplássum en sjómannskonan með börn sín og gegnir stöðu húsbónda og húsmóður meðan húsbóndi er úti á sjó nýtur engra þessara réttinda. (**Gripið fram í:** Þetta er liðin tíð.) Lengi má um þetta tala og það er dálítið merkilegt að þingmaður Kvennalistans skuli koma og horfa á málið frá því sjónarhorni sem hún gerir. Það segir manni kannski nokkuð til um þröngsýni Kvennalistans þegar nánast er verið víkja óbeint að eða vega að fjölskyldu sjómannsins með þessum hætti og þá ekki bara sjómönnum heldur að eiginkonunni líka. En þegar litið er til þess hvert sjómannsstarfið er, þegar litið er til þess að þeir eyða 25% meiri orku en sá sem hefur fast land undir fótum, þeir eru upp í 6 vikur að heiman og þegar litið er til þess að þeir hafa að meðaltali um 300 þús. kr. á mánuði hefur verið býsnast yfir að sjómenn séu jafnvel hátekjuaðall eins og heyrst hefur á öldum ljósvakans. Ég held að ræða hv. þm. Péturs Blöndals hafi ekki verið mjög langt frá þessari fullyrðingu. Þrátt fyrir að vökulögin banni mönnum að vinna lengur en 12 klukkustunda vinnudag er það því miður svo að þetta er ekki haldið þannig að meðalvinnustundafjöldi sjómanna á frystitogara er um 14–15 klukkustundir. Þegar þetta er brotið niður í vinnustundafjölda og reiknað út tímakaup uppgjörs veiðiferðar kemur í ljós að meðallaunin eru í kringum 360 kr. á tímann. Veit svo flutningsmaður hvert er meðaltímavinnukaup hjá fiskverkakonu þegar bónus er talinn með? Ég er ekki að segja að fiskvinnslufólkið sé of sælt af sínu, það er öðru nær. En bara að gefnu tilefni vegna þess að menn voru að tala um að sjómenn hefðu svo há laun og þess vegna væri eðlilegt að skattleggja þá og breyta þessum málum í þann farveg að afnema sjómannaafsláttinn og það væri ekki árás á sjómannastéttina. Það er með ólíkindum hvernig haldið er á málum. Ég tek undir það sem sagt var þegar þetta mál var til umræðu síðasta vor, frv. er náttúrlega bara tímaskekkja og kannski er bara tímaskekkja hjá mér að taka þátt í umræðunni svo fráleitt sem þetta mál er. Gengur nú í salinn vinkona mín hv. þm. Guðrún Helgadóttir og veit ég það að hún stendur með mér í því að leggja svo þungt á að þetta mál nái ekki fram að ganga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið en vil ítreka það sem hefur verið sagt að þegar flutningsmaður talar um að allir eigi að standa jafnir fyrir lögum, fer sjálfur niður í matsal og kaupir sér máltíð á 320 kr. sem ætti annars að kosta 1.000 kr. og hefur skatthlunnindi af 680 kr., kemur svo upp í ræðustól og segir: Það á að afnema sjómannaafsláttinn af því að allir eiga að standa jafnir fyrir lögum, er ég hættur að skilja þessa lógík. Ég sé ekki annað en þetta sé með beinum eða óbeinum hætti verið að ráðast á sjómannastéttina með þessu.

[15:43]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hlunnindi alþingismanna get ég alveg tekið undir það og ég væri alveg til í það með hv. þm. að fara í gegnum þau mál öllsömul, þ.e. hlunnindi opinberra starfsmanna og annarra af ókeypis mat og öðru slíku. Þetta er að sjálfsögðu skattskylt og á að vera það.

Varðandi það hvort ég sé að ráðast á sjómannastéttina talaði enginn um að það væri verið að ráðast á eiginkonur eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir benti á þegar helmingur af tekjum þeirra var allt í einu skattskyldur um árið. Það talaði enginn um að vera að ráðast á þann hóp manna. Og það talaði heldur enginn um að vera að ráðast á aðalsmenn fyrir hundruðum ára þegar forréttindi þeirra voru afnumin. Það er ekki verið að ráðast á stéttir þegar verið er að afnema forréttindi. Það er verið að gera þær jafnar öðrum, það er allt og sumt.

Varðandi það að sjómenn eyði 25% af orku sinni í að stíga ölduna, þetta er það sem landkrabbinn er nú að gera í líkamsræktarstöðvunum og borga fyrir offjár þannig að það kann kannski að snúa öfugt við. (Gripið fram í.) En þetta er einmitt dæmi um það hvað menn geta haldið að sé slæmt sem er aðalvandamálið í dag.

Varðandi langan vinnudag og mikið erfiði og að vökulögin séu brotin eins og hv. þm. nefndi, sem er náttúrlega lögbrot, þá er það þannig einu sinni að skattkerfið á Íslandi er til þess að jafna laun. Margir Íslendingar vinna mikið og margir Íslendingar leggja mikið á sig og þurfa að borga mikla skatta og njóta einskis skattfrelsis. Á meðan við erum með skattkerfi, sem er ætlað að jafna laun, eiga menn líka að borga skatta sem hafa há laun, jafnt sjómenn sem aðrir. En ég er alveg til í að skoða það að taka upp flatan tekjuskatt. Ég nefndi það í framsögu minni.

[15:45]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem að þessu aftur varðandi hlunnindi alþingismanna. Nú kom hv. þm. Pétur Blöndal upp í ræðustól og sagðist vilja taka á þessu máli og vildi gjarnan fá mig í lið með sér. En ég segi: Hann er á röngum stað í upphafi að segja að allir eigi að vera jafnir fyrir skattalögunum. Hann er á röngum stað. Það á að byrja annars staðar.

Það er líka svo merkilegt í þessu þjóðfélagi þegar hann talar um það að þetta skattkerfi sé jöfnunarkerfi þannig að allir standi jafnir eða eigi að standa jafnir. (**Gripið fram í:** Tekjujöfnun.) Þetta sé tekjujöfnun. En það er nú svo í þjóðfélaginu að þegar hátekjumenn borga upp undir helming af tekjum sínum í skatt, þá eru margir sem hafa orð á því, skattamórallinn er svo sérkennilegur hér á Íslandi. En aðrir, og þeir eru fjölmargir á Íslandi sem hafa miklar tekjur, berast mikið á en gefa upp tekjur sem sýna að þeir eru undir hungurmörkum og ættu að liggja á spítala eða gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur með vítamín í æð vegna þess að tekjur þeirra sem þeir gefa upp á skattskýrslum eru svo lágar. En þá er það oftar en ekki að þjóðin öll segir: Mikið a... rosalega er hann snjall þessi að stela undan sköttum. Afsakaðu, herra forseti, það var nærri saltbragð af þessu orði sem ég ætlaði að segja hér áðan.

Að lokum þetta. Ég endurtek það sem ég sagði áðan þó að því hafi verið mótmælt. Á meðan ráðist er á þessa stétt, þessa einu stétt manna sem býr við skattalögin eins og þau eru núna, meðan vitað er af fjöldanum öllum sem getur leikið sér á milli kafla skattalaganna og komist af ár eftir ár, svo sem jafnvel þingmenn sjálfir á hlunnindafæði hér, þá segi ég það aftur, það er verið að ráðast á sjómannastéttina.

[15:47]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um það sem hv. þm. sagði hér síðast þótt það væri nú í andsvari við hv. þm. Pétur Blöndal. Ég er sammála því að það má svo sannarlega taka á ýmsu í skattalögunum. En við erum að ræða frv. sem tekur á einu atriði í skattalögunum og það er rétt að halda sig við frv.

Það má kannski segja að hér hafi enn einu sinni komið fram sú hugsun að svo má böl bæta að benda á annað verra eins og einhver sagði, að tína nú til þessi miklu fríðindi alþingismanna sem eru víst á flestöllum vinnustöðum eða mjög mörgum vinnustöðum a.m.k. á vegum hins opinbera, að starfsmenn borgi fyrir matinn en ekki laun. Ég er ekki talsmaður þeirra fríðinda en það er erfitt að neita að taka þátt í þessu því maður þarf að næra sig. En ég kem auðvitað fyrst og fremst hingað upp til þess að mótmæla þeirri túlkun hv. þm. að það sé verið að ráðast á sjómannastéttina. Ég tók það sérstaklega fram í minni ræðu að það yrði að sjá til þess að afnám þessa afsláttar, sem ég tel mismunun, fari ekki fram án nokkurra umsvifa, heldur verði gefinn aðlögunartími. Og ég held að það væri nú réttara ef hv. þm. næði því að það væri þá frekar hægt að tala um árás á útgerðarmenn en sjómenn því það eru þeir sem eiga að greiða sjómönnum mannsæmandi laun. Það eru miklu fleiri en sjómenn sem þurfa að vinna fjarri heimilum sínum og þeir fá ekki þennan afslátt. Þar er það vinnuveitandinn sem tekur tillit til þeirra óþæginda sem starfsmennirnir hafa af því að vera ekki á heimilum sínum.

[15:50]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli mínu áðan hvar ég gat um sérstök hlunnindi þingmanna varðandi fæðið á ég auðvitað við þá sem eru undir sama hatti og opinberir embættismenn, enda er ríkið einn alstærsti veitingahúsrekandi á landinu og það er umhugsunarefni út af fyrir sig.

Ég talaði um það líka að það væri full ástæða til þess að líta til annarra átta. Ég tek alveg undir það með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það er ekki eðlilegt að vera að hoppa yfir í aðra þætti mála sem ekki snerta beint það frv. sem hér er til umræðu, en svo heitt var mér í hamsi að ég gat ekki annað en gert það, enda viðurkenndi hún líka að það væri á mörgum stöðum sem böl væri og þyrfti að taka á. Ég er þeirrar skoðunar að það er á mörgum stöðum sem þarf að taka á þessum skattamálum. En ég tel að það sé ekki eðlilegt að taka eitt atriði út úr skattalögunum, aðeins eitt atriði, hafandi líka hlustað á báða hv. þingmenn, sem hér hafa talað, viðurkenna að málið er miklu stærra og flóknara heldur en bara þessi eini þáttur skattalaganna. Og það fær mig enginn til að snúa ofan af því að meðan þetta er lagt svona fram, þá er ein stétt undir á meðan aðrir eru látnir sigla sinn sjó. Þannig að ég ætla að endurtaka þetta: Það er skoðun mín að hér sé sjómannastéttin lögð undir að ósekju.

[15:51]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engir aðrir en sjómenn og forseti Íslands sem fá svona skattafslátt.

[15:52]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög athyglisvert. Ef átt er við skattafslátt beint í peningalegum hlunnindum sem forseti Íslands fær og sjómenn, þá eru ótal skattfríðindi hjá öðrum þegnum í þjóðfélaginu. Getur hv. þm. t.d. fullyrt að það séu ekki sams konar skattfríðindi fyrir embættismenn ríkisins á erlendri grund, sendiherra og starfsmenn þeirra? Það hefur verið talað um það hér þegar þetta mál hefur komið upp að það sé nú ekki eðlilegt að vera að skattleggja þá aðila sem eru úti í hinum stóra heimi, m.a. af því að þeir eru svo lengi að heiman og langt frá Fróni, m.a. vegna þess að það þurfi að eyða svo og svo miklum peningum til þess að koma börnum þeirra í skóla og það kosti svo og svo mikið að koma sér fyrir o.s.frv. Og ég er ekki að miklast yfir því. Ég þekki fjarveruna. Ég þekki fjarveruna að heiman og veit það að þeir sem stunda slíka atvinnu eiga að fá umbun og ekki síst þeir starfsmenn Íslands á erlendri grund sem vinna við mjög misjafnar aðstæður í mismunandi löndum, hvar boðið er upp á mismunandi menntun fyrir börn og fleira og fleira og margt sem snertir heimilishaldið og öryggi barna og jafnvel fjölskyldunnar allrar. Það er fullt af aðilum sem hafa hér skattfríðindi.

Hvernig ætli sé með læknastéttina sem hefur í kjarasamningum sínum ákveðin ferðalög á ári og dagpeninga? Það eru skattamál sem falla undir þetta þak sem ég vil að allir séu teknir undir áður en málið er skoðað nánar, þ.e. að ekki lendi ein stétt öðrum fremur í þessu úrtaki eins og flm. gerir hér tillögu um.

[15:54]

**Útbýting þingskjala:**

Starfsstöð Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu, 205. mál, fsp. ÍGP, þskj. 214.

Vegakerfi á Suðurlandi, 204. mál, fsp. ÍGP, þskj. 213.

[15:54]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil nú aðeins blanda mér í það mál sem hér er til umræðu en það er svonefndur sjómannaafsláttur sem hefur verið við lýði í einu eða öðru formi síðan 1954. Hann hefur reyndar tekið mjög miklum breytingum á þeim árum sem liðin eru síðan hann var lögleiddur og verður að segjast eins og er að um tíma var hann kannski orðinn of víður í túlkun skattkerfisins og aðilar sem ekki stunduðu sjó í rauninni heldur voru tengdir sjómennsku höfðu ákveðin skattfríðindi í gegnum sjómannaafsláttinn.

Það hefur af ýmsum verið litið mjög miklu hornauga að sjómenn skyldu hafa þessar skattaívilnanir vegna starfa sinna og það talin óeðlileg mismunun. Það skal viðurkennt að í sjálfu sér felst í þessu mismunun og alltaf spurning um hvað skattkerfið á að ganga langt til að aðlaga eða gera eftirsóknarvert að fara í ákveðin störf, hvort þau séu þess eðlis að það sé nauðsynlegt og hvort þjóðarhagsmunir krefjist þess í raun að eitt starf sé metið með öðrum hætti en annað þegar um skattaleg efni er að ræða.

Þegar verið er að velta fyrir sér þjónustu við þegnana, þá höfum við líka séð að íbúar landsins greiða að sjálfsögðu mjög mismunandi með sköttum sínum fyrir þá þjónustu sem þeir njóta frá hinu opinbera. Sumir greiða mjög háa skatta og njóta þess í engu frá hinu opinbera umfram það sem þeir fá sem greiða enga skatta eða jafnvel fá til baka frá ríkissjóði í formi styrkja eða annarrar samhjálpar sem við í sjálfu sér öll teljum eðlilega. Meðan það er einhver mismunun að þessu leyti og ekki allir borga skatta, beina skatta, flata skatta, þá verður alltaf einhver mismunun. Og eins og hv. flm. sagði hér áðan, þá er skattkerfið byggt upp til þess að mismuna fólki, til þess að jafna lífskjör hjá þjóðinni. Ég held að það sé nokkuð almenn sátt um að það verði að jafna lífskjör fólks með skattkerfinu meðan það er ekki hægt að segja að allir hafi þau laun vegna vinnu sinnar eða frá hinu opinbera sem við getum sagt að dugi til almennrar framfærslu.

Þegar við veltum því fyrir okkur hvernig sjómenn eigi að njóta þessara fríðinda og hvaða rök séu fyrir því, þá hafa að sjálfsögðu komið fram mjög góð rök. Breytingar á eðli sjómannsstarfsins hafa verið mjög miklar á undanförnum árum og ef einhvern tíma hefur verið ástæða að mínu viti til að veita þennan skattafslátt eins og gert er í dag, þá er það í dag. Sjómannsstarfið er að verða miklu erfiðara heldur en það var fyrir kannski 20 árum síðan hvað varðar fjarveru frá heimilum. Togarasjómenn voru reyndar í stríðinu og eftir stríð allt upp í 1–2 mánuði fjarri heimilum sínum. Í dag erum við að sjá á frystiskipum sem sækja mjög langt að sjómenn eru úti í marga mánuði, ekki einn og hálfan mánuð, þeir eru í allt upp í 2–3 mánuði. Og á þessum stærstu skipum getur þetta verið upp í 3–4 mánuði ef menn halda út allan þann tíma. Þessir möguleikar eru til staðar og stærstu skip í eigu íslenskra aðila koma vart að landi nema einu sinni á ári. Þannig að sjómannsstarfið er í rauninni mjög mikið að breytast líka. Þessir svonefndu landróðrabátar sem komu að landi daglega eru að hverfa. Vinnsla sjávarfangs er að færast út á sjó og í greinargerð hv. flm. Péturs Blöndals er sagt að með því að greiða niður laun fiskvinnslumanna úti á sjó sé verið að mismuna vinnslunni úti á sjó miðað við vinnslu í landi. Þó svo að í raun sé ekki hægt að hrópa húrra yfir launum fiskvinnslufólks í landi, þá er ekki hægt að bera þau saman við fiskvinnsluna úti á sjó. Aðstaðan er allt önnur. Það eru alveg gríðarleg þrengsli um borð í þessum skipum og aðstaðan við vinnuna er allt önnur sem kemur m.a. fram í því að menn þurfa að standa lengur. Menn hafa í rauninni enga möguleika á því að fara frá borði eða koma sér í eitthvert annað umhverfi eða sinna sínum félagslegu þörfum með öðrum hætti en þeim að fara inn í sína káetu. Og störfin um borð í þessum skipum eru miklu meiri og fjölþættari heldur en almennt gerist þannig að ég held að ef við lítum á störf þeirra sem sinna fiskvinnslunni um borð í þessum skipum, þá eru þau orðin miklu meiri heldur en áður var og í sjálfu sér miklu erfiðari og meira krefjandi.

Ef við lítum á hvernig skattaívilnanir eru hjá öðrum starfsmönnum, opinberum starfsmönnum til að mynda, þá er það misskilningur hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það séu bara og eingöngu sjómenn sem njóti skattfríðinda. Það er vitað að starfsmenn t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna og starfsmenn á vegum Þróunar- og samvinnustofnunar Íslands njóta algerra skattfríðinda. Þeir borga enga skatta, þeir borga ekki einu sinni tekjuskatta. Það er ekki spurningin um að vera með einhverja eftirgjöf á sköttum hvern úthaldsdag heldur eru bara allir skattar felldir niður. Hjá utanríkisþjónustunni eru ýmis skattfríðindi af hluta tekna starfsmanna og það hefur almennt verið viðurkennt að þetta væri nauðsynlegt, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni áðan, vegna fjarveru frá heimilum, aukins kostnaðar og álags á nýjum stöðum og breyttu umhverfi að veita slíku starfsfólki þau fríðindi sem hægt er af hálfu hins opinbera. Þess vegna hefur þetta verið gert. Þegar við lítum á stöðu sjómanna er í rauninni enn frekar ástæða til þess að horfa á þennan þátt, miklu frekar. Ekki er einungis það að sjómenn séu fjarri heimilum sínum heldur hafa þeir enga möguleika á annarri félagslegri aðstöðu eða samskiptum en þeim sem felast í að vera um borð í sínu skipi. Þeir sem dvelja á erlendri grund geta tekið þátt í menningarlífi, félagslífi og öllu því sem fylgir að búa með öðrum þjóðum, sem er að sjálfsögðu mjög fjölbreytt og getur skapað allt aðra lífsfyllingu en þá að vera um borð í sama skipinu mánuðum saman. Ég held því að fólk sem ekki hefur stundað sjó að neinu marki geri sér ekki nokkra grein fyrir því hvernig er að vera vikum og mánuðum saman úti á reginhafi fjarri sínu fólki. Ég held því að sú tillaga sem núna er lögð fram af hv. þm. Pétri Blöndal sé algerlega óþörf. Fyrir nokkrum árum var full ástæða til að endurskoða þetta kerfi þannig að ekki væri verið að misnota það. Það var komið of mikið af gráum svæðum inn í það sem búið er að leiðrétta og þess vegna finnst mér slæmt að menn skuli sífellt vera að höggva í sjómannastéttina, reyna að draga af henni skóinn með einhverju móti skattalega eða með öðrum hætti og held ég að ástæða sé að linni.

Það er út af fyrir sig ástæða til að fara út í margt annað sem kom fram í framsögu hv. þm. Meðal annars segir hv. þm. að þessar ívilnanir séu forréttindi karla, það séu forréttindi karla að fá þennan afslátt vegna þess að það eru þá væntanlega bara karlar sem eru sjómenn. Ég hef verið útgerðarmaður fyrir fiskiskip ásamt því að vera sjómaður og ég held að óhætt sé að fullyrða að útgerðarmenn og sjómenn hafa fagnað því ef konur hafa viljað taka þátt í störfum sem fylgja sjómennskunni. Það hefur aftur á móti ekki fallið held

ég að áhugasviði kvenfólks að vera á sjó. Þær hafa frekar kosið að vera í landi af ýmsum ástæðum og sennilega af þeim ástæðum sem ég hef talið upp áður, að þetta er ekki mjög áhugavert fyrir alla. Þetta gefur stundum góðar tekjur en í allt of mörgum tilfellum mjög lélegar tekjur. Við erum að sjá tekjur á sjó hjá útilegutogurum sem eru allt niður í það að vera 100 þús. kr. á mánuði eða rétt tryggingin. Ég mundi vilja sjá hv. þingmenn taka þátt í slíku. Þetta er líka mikil áhætta. Það er í sjálfu sér mikil áhætta fyrir sjómenn að fara í Smuguna, vestur á Flæmingjagrunn eða önnur fjarlæg mið vitandi nánast ekki neitt hvað fram undan er annað en það að menn fá þessar rúmu 100 þús. kr. sem er tryggingin, en þeir gætu hugsanlega fengið miklu meira. Reyndin er nefnilega sú að þau laun eru síður en svo trygg, sem hafa þó sums staðar sést sem betur fer. Það er allt of mikið um að menn koma út úr þessu með lítið. Og þegar búið er að draga frá reikningana sem hafa fallið til í túrnum, þ.e. vettlingar, matur, galli og sími o.s.frv., þá sitja margir uppi með það að eiga ekkert eftir þegar þeir koma í land, ekki neitt. Þeir hafa eytt þessu öllu um borð, ekki vegna þess að þeir hafi verið að eyða þessu að óþörfu heldur eru þetta einungis lágmarkssamskipti við ástvini sína í landi og lágmarksklæðnaður sem þeir þurfa til að geta stundað vinnuna.

Mér finnst sorglegt að sú síbylja skuli vera í þinginu að reyna að níða þetta af sjómönnum. Ef menn vildu í raun ná skattfríðindunum af með einhverju móti, þá finnst mér að þeir sömu aðilar ættu fyrst að tryggja að atvinnurekendur mundu taka á sig kostnaðinn. En það hefur ekki verið gert. Það hefur ekki nein umræða farið fram um það. Ég hefði frekar viljað sjá tillögu frá hv. flm. þar sem hann hefði einfaldlega lagt fram lagabreytingu þar sem útgerðarmönnum yrði gert skylt að greiða þær skattaívilnanir til sjómanna. Hér er einfaldlega lagt til að þær verði teknar af sjómönnum og svo yrði þetta eitthvert samningsatriði. LÍÚ er búið að lýsa því yfir að þeir muni aldrei semja um þetta og þeir muni aldrei fallast á að borga sjómönnum þann mun sem verður ef þetta verður fellt niður á hinu háa Alþingi. Ég held að það sé því á misskilningi byggt hjá hv. þm. að fara svona að þessu því að ég held að í rauninni sé hv. þm., herra forseti, frekar hlynntur sjómönnum þegar upp er staðið og ég marka það nú af upphafinu í máli hans þegar hann gerir ráð fyrir því að um þetta verði samið í frjálsum samningum við útvegsmenn. Þá er hann, hæstv. forseti, að gera ráð fyrir því að þetta verði með einhverju öðru móti sett inn í laun þeirra. En það er engin trygging fyrir því að svo verði gert og miðað við yfirlýsingar þeirra útvegsmanna, þá eru engar líkur á því að það verði gert.

[16:09]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal fúslega viðurkenna að athugasemd mín í andsvari áðan um persónuafslátt hafi verið óheppileg, enda ekki sambærilegt það skattleysi sem forseti Íslands nýtur og það skattleysi sem hefur nú verið upplýst að sendiráðsfólk njóti og fólk sem starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnunina. Munurinn er kannski sá að það fólk er í þjónustu ríkisins. Það fær laun sín greidd frá ríkinu og það er sami vinnuveitandi sem er þar með að greiða niður eða tryggja þeim hærri laun með þessu móti. Þar með er ég ekki að segja að það sé góð latína enda er ég þeirrar skoðunar að fólk eigi almennt að fá laun við hæfi og greiða skatta af öllum sínum launum.

Ég vil bara enn og einu sinni taka það fram að í mínum huga beinist sú skoðun, sem ég hef sett fram, ekki gegn sjómönnum á einn eða neinn hátt. Aðalgagnrýnisatriðið er í mínum huga að ríkið er með þessu fyrirkomulagi að greiða niður laun fyrir atvinnurekendurna. Það eru þeir sem eiga að tryggja sjómönnum þau laun sem þeir eiga skilið og greiða þá niður fæðiskostnað fyrir þessa starfsmenn sína ef þeir ná þar samkomulagi um. Ég vona að ég þurfi ekki að segja þetta einu sinni enn. Það er þá frekar hægt að tala um aðför eða atlögu að útgerðarmönnum en að sjómönnum.

[16:11]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðför að útgerðarmönnum en ekki sjómönnum. Ef tillaga hv. þm. væri í þá veru að skylda LÍÚ til að greiða þessar skattaívilnanir í stað sjómannanna, þá mundi ég skilja þessa röksemdafærslu. En tillagan beinist að sjómönnum en ekki útvegsmönnum þannig að mér finnst hv. þm. vera kominn í hring og hafi þá í rauninni ekki skilið til hvers tillagan var. Hún er þá væntanlega til þess að koma útvegsmönnum til að greiða eitthvað sem þeir eru búnir að lýsa yfir að þeir ætli ekki að greiða. Mér finnst því, miðað við þessa yfirlýsingu, sjálfsagt að draga tillöguna til baka eða alla vega þeir þingmenn sem hafa lýst yfir stuðningi sínum við hana ættu að draga hana til baka, því þeir meina greinilega allt annað með tillögunni en kemur fram í henni.

Ég tek alveg til greina þá leiðréttingu sem kom frá hv. þm. og auðvitað muna menn ekki nákvæmlega allt sem til er í þessu skattkerfi, enda er það svo flókið að það er ekki fyrir nema sérfræðinga eins og Pétur Blöndal að muna það allt saman. Ég segi samt að ekki sé neinn munur á því fyrir ríkið að taka þátt í skattaívilnunum fyrir sjómenn en fyrir þá starfsmenn sem eru „opinberir starfsmenn". Sumir af þeim eru í rauninni ekki starfsmenn sem eru beinlínis ríkisráðnir. Þetta eru starfsmenn sem eru í störfum hjá fyrirtækjum á vegum ríkisins eða í eigu ríkisins, ég get alveg viðurkennt það. En að mörgu leyti getur þetta verið sambærilegt vegna þess að við erum að tala um aðstæður sem eru að mörgu leyti sambærilegar og ef eitthvað er, þá hallar mjög á sjómenn þegar um er að ræða fjarvistir og annað sem því tilheyrir.

[16:13]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú endilega leiðrétta þann misskilning sem mér finnst nánast vera kominn inn í umræðuna að ég sé að flytja þessa tillögu. Það er hv. þm. Pétur Blöndal sem flytur hana, en ég leyfði mér að hafa skoðun á málinu.

Það er hins vegar ekki hægt að gera það sem hv. þm. Kristján Pálsson var að ræða um, þ.e. að leggja til lagasetningu á Alþingi um laun sjómanna. Það verður að vera samningsatriði á milli vinnuveitenda og launafólks en ríkið komi að kjarasamningum og hefur auðvitað oft komið að kjarasamningum. Ég lagði áherslu á það í minni fyrstu ræðu eða þeirri einu ræðu í rauninni sem ég hef flutt í þessu máli, að áður en þetta gæti orðið eða um leið og þetta yrði, þá yrði ríkið, atvinnurekendur í sjávarútvegi og sjómenn að koma að samningaborði og leysa þetta mál þannig að sjómenn færu ekki slyppir út úr þeirri gerð.

[16:15]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni það fúslega að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir er ekki flutningsmaður að þessari lagabreytingu, en hún er eigi að síður eindreginn stuðningsmaður eins og komið hefur fram í umræðum.

Það má vel vera að ekki sé hægt að setja það í beina lagasetningu að útvegsmenn greiði einhverja ábót sem mundi mæta þessum kostnaði, þeim fjárútlátum sem fylgja þessari skattaívilnun. Eigi að síður get ég ekki séð annað en að ríkisvaldið og Alþingi gæti komið því við í gegnum þau sjóðakerfi sem tilheyra þessum atvinnurekstri og við vitum að er notaður með mörgu móti. Ég ætla ekki að fara út í neinar lagaflækjur um það hvernig hægt er að gera þetta. Það hlýtur að vera sérstakt áhugamál þeirra sem vilja endilega ná sjómannaafslættinum út úr skattkerfinu að finna þær leiðir, en ég trúi þó því sem mér finnst ég hafa heyrt að flutningsmaður og stuðningsmenn vilji í sjálfu sér ekki taka þetta beint af sjómönnum heldur að þeim verði bætt það upp einhvern veginn öðruvísi og að þeir finni þá þær leiðir. Það sem er tryggast í dag er náttúrlega að halda því afsláttarkerfi sem er við lýði því að það er engin trygging fyrir neinu öðru í staðinn fyrr en þá að búið er að finna leið og menn hafa sæst á hana.

[16:17]

**Útbýting þingskjala:**

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, 197. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 205.

Rekstrarhagræðing, 115. mál, svar utanrrh., þskj. 220.

[16:17]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að við getum öll verið sammála um að það er löngu kominn tími til að taka alvarlega til í skattkerfinu og við vitum að miklir fjármunir fara fram hjá skattinum. En það er sérkennilegt að þegar loksins á nú að fara að taka til, þá verða sjómenn fyrstir fyrir.

Ég vil minna hv. 16. þm. Reykv. á að fyrir nokkrum árum voru lögfest ákvæði þar sem þeim sem keyptu hlutabréf var veitt veruleg skattaívilnun og hver voru rökin? Rökin voru þau að menn væru þar með að leggja fjármuni sína til atvinnuveganna eins og það hét og í rekstur þjóðfélagsins.

En ég vil spyrja: Hvað eru sjómenn að gera? Ég er ansi hrædd um að þeir leggi eins myndarlegan skerf til þjóðfélagsins og þeir sem eru að versla með hlutabréf. Ég man ekki eftir að menn sæju neinum ofsjónum yfir þessum skattaívilnunum á sínum tíma. Ég minnist þess ekki.

Ég hlýt að lýsa því yfir að þrátt fyrir að ég hlusti oft á málflutning hv. 16. þm. Reykv. þegar kemur að efnahagsmálum, og fyrir kemur að ég er honum hjartanlega sammála, hlýt ég að hafa efasemdir um að skynsamlegt sé að styðja þetta frv. eins og það er fram lagt. Það eru ekki rök fyrir leiðréttingu á lögum að þau lög sem fyrir eru séu misnotuð. Ef fram fer alls kyns subbuskapur í framkvæmd laganna þarf að leiðrétta það. Það er engin spurning. Rök hv. flm. eru hins vegar dálítið sérkennileg þar sem hann er að bera saman fjarvistir sjómanna og langferðabílstjóra frá heimilum sínum. Ég er ansi hrædd um að langferðabílstjórar eigi notalegri vist og styttri frá heimilum sínum en sjómenn sem eru vikum saman fjarri heimilum sínum og þó oft blási á langferðabílstjóra þá er ég ansi hrædd um að það blási harkalegar á sjómannastéttina.

En það er athyglisvert að það sem sjómenn heyra frá okkur stjórnvöldum og hinu háa Alþingi, er ekki upplífgandi þessa dagana. Við stöndum frammi fyrir því að uppi eru hugmyndir um að leggja Sjómannaskólann í rúst, reka nemendur í sjómennsku út úr hinu gamla húsi sem þeir fengu upphaflega til þess að reka sinn skóla og nú kemur sá annars ágæti 16. þm. Reykv. með þetta frv. sem ég hefði óskað eftir að hann hefði ekki flutt. Mér þykir satt að segja mjög slæmt að frv. skuli hafa komið fram. Fullyrðingar eins og koma fram í greinargerð eru a.m.k. nýlunda fyrir mér og hélt ég þó að ég þekkti nokkuð til kjara sjómanna í gegnum tíðina. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins ...“

Ég spyr: Er þetta svo? Ég held að þetta séu nokkrar ýkjur þó að vitanlega séu leyfi manna orðin sem betur fer ögn skárri en þau voru þegar dæmi voru um að sjómenn — eins og sá sjómaður sem ég þekki best sem náði því einu sinni að vera á sjó 351 dag eitt árið. Sem betur fer er þessi tíð liðin. En ég held að það sé sterklega að orði komist að áhafnir sumra fiskiskipa geti verið í landi stóran hluta ársins. (Gripið fram í.) Það er óþarfi að endurtaka það sem hv. 10. þm. Reykn. Kristján Pálsson, sagði áðan og ég skal ekkert vera að endurtaka það. Hann þekkir mjög vel til þessara mála. En það er kannski ekki oft gert að minna hv. þingheim á að það er kuldaleg tilvera, hygg ég, í norðurhöfum. Við búum ekki við Miðjarðarhafið og sjómennska í norðurhöfum er allólík, held ég, sjómennsku víða annars staðar. Við höfum séð það margsinnis að menn þola þetta misvel, bæði andlega og líkamlega og það er ekkert leyndarmál. Það er ekki nema fyrir sterkustu menn að stunda þessa atvinnu. Og ég spyr hv. málflytjanda: Er hann ekkert hræddur um að það takist hreinlega ekki að manna skipin ef það á að fara að rýra hlut sjómanna, því það liggur fyrir að það ætlar enginn að bæta þeim þann kjaramissi sem hér er verið að tala um. Útgerðarmenn gera það ekki, það er alveg ljóst, og eru reyndar svo heiðarlegir að þeir eru búnir að lýsa því yfir. Ég spyr því: Hver ætlar að bæta sjómannastéttinni þessa kjaraskerðingu?

Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykn., og ég þekki líka dæmi um það, að tekjur sjómanna eru afskaplega misjafnar og þær geta verið mjög litlar langtímum saman. Sem betur fer geta komið góðar skvettur, og þó það nú væri, þegar afli er með besta móti. En ég hefði af því verulegar áhyggjur að ungir menn nú til dags velji ekki þessa atvinnugrein nema þar sé að hafa allsæmilegar tekjur. Ég held að þessi vist sé ekki svo þægileg að menn leggi það á sig nú á tímum.

Ég vil að sjálfsögðu ekki koma í veg fyrir að þetta mál gangi til nefndar og hljóti eðlilega meðferð þingsins. En ef á að fara að standa í því að taka þessi hlunnindi af sjómannastéttinni, þá held ég að það mætti líta til fleiri hópa og svo sannarlega þeirra sem síður eiga skilið þau hlunnindi sem þeir fá. Ég get hins vegar ekki stillt mig um að verja hv. þingheim rétt eina ferðina. Hér fara menn alltaf að tala um hlunnindi þingmanna og hér hélt því einhver fram áðan að menn fengju hér ókeypis mat. Ekki veit ég til þess. Ég er látin borga minn mat hér. Ég vil bara að það upplýsist áður en það verður fréttaefni að hv. þingheimur fái ókeypis mat. Það er alltaf eitthvað nýtt sem maður heyrir úr þessum stóli.

Ég held að menn ættu að snúa sér að öðru þegar sjómannastéttin er annars vegar en að leggja niður skóla þeirra og rýra kjör þeirra. Ég held að menn ættu líka að efla lífeyrissjóð þeirra sem er með þeim lökustu í landinu. Kjör sjómanna eru ekkert til að hrósa sér af og menn gleyma því að þessi stétt stendur undir rekstri þessa þjóðfélags. Ég held að menn ættu að snúa sér að því að finna peningana þar sem hinir raunverulegu peningar eru. Menn hafa kannski ekki tekið eftir því að á borðum okkar liggur núna svar frá hæstv.

iðnrh. þar sem upplýst er að búið sé að eyða rúmum 1,5 *milljörðum í athugun á hugsanlegri verksmiðju á* Keilisnesi, 1,5 milljörðum. Það má líka fara betur með peninga í þessu landi og þá væri kannski hægt að greiða sjómönnum sómasamleg laun. En við skulum ekki halda áfram þeirri iðju sem hér er höfð í frammi þessa dagana að gera allt sem hægt er til þess að skerða kjör sjómanna. Það tel ég að stéttin eigi ekki skilið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það hefur verið haft eftir þekktum manni að hádegisverðurinn sé aldrei ókeypis og hann er það ekki hér í þinginu.)

[16:26]

**Útbýting þingskjals:**

Veitingahús með vínveitingaleyfi, 208. mál, fsp. EKG, þskj. 221.

[16:26]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek hér til máls til þess að andmæla því frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að þetta sé fullkomlega tilefnislaust frv. og reyndar engin ástæða til þess að leggja það fram. Það hefur verið margoft rætt hér í þinginu og það hefur komið fram mikil andstaða við þessa hugmynd. Mig rekur *minni* til þess að á síðasta landsfundi Sjálfstfl. hafi legið fyrir sem tillaga skattanefndar landsfundar Sjálfstfl. að leggja af sjómannaafsláttinn. Þessi mál voru ítarlega rædd á landsfundi flokksins, m.a. af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem kvað þetta mál sem betur fer rækilega í kútinn. Þar var það tekið til meðhöndlunar og fellt þannig að það er stefna Sjálfstfl. eins og hefur alltaf verið að standa vörð um sjómannaafsláttinn og þess vegna er ekkert óeðlilegt að við hér fjölmargir þingmenn flokksins komum upp og verjum þá stefnu Sjálfstfl. í skattamálum að viðhalda sjómannaafslættinum eins og verið hefur.

Ég var einn þeirra þingmanna sem tók þátt í því fyrir nokkrum árum að endurskoða skattalögin eins og þau sneru að sjómannaafslættinum. Þetta var mjög vandasöm, erfið og viðkvæm umræða. Í ljós kom, þegar menn fóru að skoða þetta, að þarna eins og sums staðar annars staðar í skattamálunum hafði átt sér stað ákveðin misnotkun. Það var farið ofan í þau mál mjög rækilega, að hluta til í samstarfi við samtök sjómanna, en að sjálfsögðu á ábyrgð þingmeirihlutans sem þá starfaði í þinginu og niðurstaðan varð sú að okkur tókst að *mínu mati* að laga þessi ákvæði miklu betur en áður hafði verið þannig að þau eru miklu skaplegri, réttlátari og eðlilegri en verið hafði.

Það eru mjög margvísleg rök fyrir því að hafa sérstakan sjómannaafslátt í skattkerfinu. Hv. þingmenn sem hér hafa talað á undan mér eins og hv. þm. Kristján Pálsson og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafa farið mjög rækilega yfir þetta. Það er í sjálfu sér engin þörf fyrir mig að endurtaka þeirra röksemdir. Ég tek einfaldlega undir þær. Ég held að *íslenskir sjómenn séu ekkert of sælir af þessum kjörum sínum* eða öðrum. Þeir starfa eins og menn vita við mjög erfiðar og hættulegar aðstæður í Norður-Atlantshafi og hafa sýnt og sannað að þeir eru verðir launa sinna og verðir þess að fá þessa umbun og þessa viðurkenningu af þjóðfélaginu fyrir það að standa undir þeim miklu og góðu lífskjörum sem hafa verið að byggjast upp í þjóðfélaginu. Það er eftirtektarvert að íslenskir sjómenn eru þeir afkastamestu í veröldinni.

Þegar við berum saman til að mynda afköst okkar við afköst fiskveiðiþjóða á borð *við Norðmenn, svo ekki sé nú* talað um Kanadamenn, þá sjáum við að afköst okkar sjómanna eru margföld á við afköst sjómanna þessara þjóða. Þó er það þannig í þessum ríkjum að þau telja ekki eftir sér að greiða sérstaka styrki til útgerðarfyritækjanna til þess að hægt sé að stunda þar sjávarútveg. Hér er það ekki þannig. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru að berjast heiðarlega á opinberum, almennum, alþjóðlegum mörkuðum og þurfa að hafa sig öll við til að geta staðist þann ágang sem felst í því að berjast við sjávarútvegsfyrirtæki milljónaþjóðanna sem eru studd með mörgum milljörðum króna á hverju einasta *ári til að halda úti þar sjávarútveginum.*

Þess vegna er það auðvitað mjög eðlilegt hjá þjóð sem byggir lífsafkomu sína á sjávarútvegi og er svo lukkuleg að sjávarútvegurinn er betur rekinn en alls staðar annars staðar almennt í heiminum, án ríkisstyrkja, að menn reyni að örva þá starfsemi með skattalegum aðgerðum af því taginu sem tryggja að hæft og gott fólk sé ávallt til staðar í þessum mikilvægu störfum. Við reynum með ýmsum skattalegum aðgerðum að örva fólk til starfa og þess vegna er það mjög eðlilegt. Við teljum það ekki eftir okkur að styðja við bakið á atvinnulífinu og starfsfólkinu með þessum hætti. Það er bara mjög eðlilegur hlutur og ætti auðvitað ekki að krefjast sérstakrar umræðu hér.

En ég ætlaði hins vegar aðeins að vekja máls á öðrum þætti sem hefur ekki ratað inn í umræðurnar hingað til en sem ég held hins vegar, virðulegi forseti, að eigi fullt erindi inn í þessa umræðu á þessum degi. Það er að í þessu frv. er ekki bara verið að rýra kjör sjómanna. Það er líka verið að ráðast á hagsmuni hinna dreifðu byggða. Hvað á ég við með þessu? Jú, það er auðvitað þannig að ef sjómannaafslátturinn væri afnuminn, þá kæmi það ekki bara sérstaklega niður á sjómönnum eingöngu heldur kæmi það ekki síður niður á *lífsafkomu sjávarútvegsstaðanna* vítt og breitt um landið. Hvort ætli afnám sjómannaafsláttarins hefði nú meiri áhrif, hér í Reykjavík eða til að mynda í Vestmannaeyjum? Hvort biði kaupmáttur fólks almennt og hlutfallslega meira tjón hér í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum ef þetta yrði gert? Yrðu möguleikar fólksins í Reykjavík í heild sinni til þess að eyða peningum skertir, eða hvort mundi þess gæta meira í Reykjavík eða Vestmannaeyjum?

Það vill þannig til, virðulegi forseti, að við höfum um *þetta mál tölulegar upplýsingar. Í svari hæstv. fjmrh. á síð*asta löggjafarþingi við fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, um þessi mál kemur þetta nefnilega fram. Þar kemur fram að það eru um 8.850 manns sem nutu þessa afsláttar á sl. ári eða árinu á undan og skiptingin er auðvitað eins og maður gat ímyndað sér mjög í samræmi við mikilvægi atvinnugreinarinnar sjávarútvegs fyrir einstök landsvæði.

Af því að ég nefndi hérna Vestmannaeyjar, þá er það þannig að þar njóta 600 manns sjómannaafsláttar. Og afslátturinn í því skattaumdæmi einu er um 110 millj. kr. sem fólk hefur þar með væntanlega til ráðstöfunar sem það ella mundi ekki hafa ef tillaga hv. þm. yrði samþykkt. Kaupmáttur fólks í Vestmannaeyjum yrði rýrður sem því næmi. Möguleikar atvinnulífsins til þess að dafna yrðu minni sem því næmi. Möguleikar fólksins á þessum stað til þess að nýta þessa peninga til annarra hluta væru minni sem þessu næmi. Því er það augljóst mál, virðulegi forseti, að þessi tillaga kæmi ekki bara niður á sjómannastéttinni. Hún kæmi líka niður á byggðunum með þessum hætti. Hún væri þess vegna *hættuleg landsbyggðinni.*

17,6% framteljenda í Vestmannaeyjum njóta sjómannaafsláttarins. 1,7%, 10 sinnum lægri tala, í Reykjavík. Og ég held, virðulegi forseti, að áður en menn a.m.k. afgreiddu svona tillögu frá sér, þá væri rétt að þeir skoðuðu þetta frá þessum sjónarhóli, hvaða áhrif þetta kynni að hafa úti í hinum dreifðu byggðum sem nú um stundir eiga meira undir högg að sækja heldur en nokkru sinni fyrr. Það fækkaði um á annað hundrað manns í Vestmannaeyjum á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Hvernig halda menn að það léki Eyjarnar ef þessi tillaga yrði samþykkt? Ég held að það þurfi í raun og veru ekki að svara þessari spurningu. Þetta er svo augljóst mál. Þess vegna, virðulegi forseti, af því að þetta mál fær sína þinglegu meðferð eins og sjálfsagt er og eðlilegt, held ég að það sé mikilvægt að þegar við ræðum þessi mál og köllum eftir athugasemdum og skoðunum fólks á því, sem væntanlega verður gert samkvæmt þinglegri venju, þá verði sérstaklega leitað eftir því í hinum dreifðu sjávarútvegsbyggðum hvaða áhrif þetta kynni nú að hafa á vöxt og viðgang viðskiptalífsins og atvinnulífsins á þessum stöðum og kaupmáttinn í heild hjá fólkinu þar. Ég held, virðulegi forseti, að niðurstaðan úr því gæti orðið ansi fróðleg.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mál sérstaklega. Ég kaus eingöngu að taka hér til máls til þess að velta upp þessum fleti málsins sem ég held að verðskuldi nokkra athygli. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið í máli þeirra sem hafa viljað verja þennan sjómannaafslátt. Ég vek athygli á því að þessi umræða fór fram mjög rækilega fyrir 4–6 árum síðan og lögin voru þá tekin til verulegrar endurskoðunar, að mínu mati með góðum árangri, og þess vegna er algjörlega tilefnislaust og ótímabært að leggja þetta frv. hér fram.

[16:37]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa ágætu umræðu sem hér hefur átt sér stað. Hér hafa komið fram mjög mörg sjónarmið, bæði með og kannski aðallega á móti, en það er eðlilegt að það heyrist meira í þeim sem eru á móti máli.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir bar saman hlutabréfakaup og hlunnindi vegna þeirra og þann vilja ríkisvaldsins að örva hlutabréfakaup með skattaívilnunum. Þetta var gert á sínum tíma. Það var mjög meðvituð stefna að örva hlutabréfamarkaðinn með því að veita skattaívilnanir á hlutabréfakaupum. En það kom líka sjómönnum til góða. Það er fjöldi sjómanna sem betur fer sem hefur keypt hlutabréf og notið þessa afsláttar líka þannig að þetta kom öllum Íslendingum til góða sem á annað borð kærðu sig um að kaupa hlutabréf. Þetta hefur lyft hlutabréfamarkaðnum mjög og hann er orðinn mjög öflugur og hefur dælt peningum í stórum stíl út á hinar dreifðu byggðir landsins. Nú er ekki lengur þörf á þessu þannig að þessi afsláttur er að deyja út og verður látinn deyja út á næstu árum.

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á fæðishlunnindi, þingmanna aðallega, og til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég að það komi fram að við borgum fyrir okkar mat hérna, en kannski allt of lítið. Og það sem við borgum of lítið er skattskylt samkvæmt íslenskum skattalögum. Það á að borga af því skatt. Skattstjóri hefur hins vegar ekki tekið á því máli. Það er skattskylt nákvæmlega eins og bifreiðahlunnindi eru skattskyld, eins og öll önnur hlunnindi eru skattskyld, laxveiðihlunnindi o.s.frv.

Þannig að þetta er skattskylt, þessu hefur ekki verið framfylgt en mætti gjarnan vera það vegna þess að ef við hv. þm. ættum að borga 1.000 kr., eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að þetta kostaði hérna niðri, þá mundum við hugsanlega ekki borða hér. Við mundum fara á veitingastaðina hér allt í kring og borða. Þetta er veruleg skekking á samkeppnisstöðu þeirra aðila gagnvart opinberum aðilum og mjög alvarlegt mál í sjálfu sér. Ég er alveg til í að taka á því máli eins og mörgu öðru.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gat þess líka að sjómenn hér fyrr á öldum hefðu borgað spítalagjöld og þar á meðal forfeður mínir því að þeir voru sumir hverjir sjómenn. Ég sé ekki að það komi neitt málinu við að sjómenn í dag sem eru allt annað fólk eigi að njóta skattfríðinda vegna þess að sjómenn fyrri tíðar voru yfirskattaðir af einhverjum ástæðum. Það kemur ekki inn í þetta mál.

Enn fremur gat hv. þm. þess að hér væru stunduð mjög mikil skattsvik og ég ætla að vona að hann hafi mismælt sig þegar hann sagði að ég þekkti það bæði sem atvinnurekandi og launþegi. Hann hafi ekki verið að ætla að ég hafi verið að stunda skattsvik. Hins vegar hef ég að sjálfsögðu rekist á það mjög víða eins og aðrir landsmenn að það eru í gangi skattsvik. Það er eins og ég hef komið inn á að hluta til vegna þess að tekjujöfnun skattkerfisins er allt of öflug. Það er verið að jafna tekjurnar allt of mikið. Ég hef margoft bent á það og ég ætla að vona að ég fái hv. þm. í lið með mér til að laga það atriði, helst að taka upp flatan skatt.

Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir var á móti þessari tillögu en hún kom eiginlega inn á það að það eru útgerðarmenn sem borga þennan skatt eða njóta skattafsláttar því að hún spurði hvort ég teldi að það tækist að manna skipin ef þetta yrði samþykkt. Bíðum nú við. Hver er það sem þarf að manna skipin? Það eru útgerðarmennirnir. Og ef ekki tekst að manna skipin vegna þess að það er búið að fella niður sjómannaafsláttinn, þá þýðir það að laun sjómanna eru ekki nógu há. Það þýðir að ríkisvaldið er að styðja útgerðina. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom einmitt með þau rök að með þessum sjómannaafslætti væri ríkisvaldið að styðja útgerðina en ekki sjómenn og það er hárrétt athugað hjá henni.

Formaður LÍÚ hefur lýst yfir að útgerðin muni aldrei borga þetta. Þeir hafa svo sem sagt ýmislegt um það að þeir muni aldrei borga eitt eða neitt og þeir hafa líka lýst yfir í nýlegum kjaraviðræðum að þeim dytti ekki í hug að gangast inn á kröfur sjómanna. Eiga þá sjómenn hreinlega að lyppast niður og segja: Herra formaður LÍÚ. Við gefumst upp af því að þú ert búinn að lýsa því yfir að þú munir ekki borga þetta. Mér dettur það ekki í hug. Mér dettur heldur ekki í hug að löggjafarvaldið lyppist niður þó að hv. formaður LÍÚ lýsi því yfir að hann ætli ekki að borga þetta.

Varðandi það sem sumir hv. þm. komu inn á að í frv. ættu að vera ákvæði um að útgerðin ætti að borga þetta, þá hefur það ekki þótt góð lenska á Íslandi að grípa inn í kjarasamninga með lögum og að sjálfsögðu eiga menn að semja um þetta. Það er ætlaður langur aðlögunartími til þess einmitt að mönnum gefist tækifæri til að semja um það. Það er ætlaður mjög langur aðlögunartími, óvenjulangur.

Varðandi það atriði sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom inn á að þetta væri atlaga að hinum dreifðu byggðum, þá er það mjög flókið mál og þyrfti að skoða mjög nákvæmlega vegna þess að sjómannaafslátturinn hefur valdið því að frysting í frystitogurum hefur allt aðra samkeppnisstöðu heldur en frysting í landi. Og ef menn skoða hlutfall frystingar í

frystitogurum, þá hefur það vaxið mjög hratt á undanförnum árum. Þar vinnur fólk sem nýtur sjómannaafsláttar, nýtur skattfríðinda meðan annað fólk vinnur í frystihúsunum í hinum dreifðu byggðum og nýtur ekki þessa afsláttar sem þýðir að það er hagkvæmara fyrir atvinnurekendur að láta vinna þessa vinnu úti á sjó. Og í heildarkeðjunni er það hagkvæmara að láta vinna úti á sjó heldur en í landi. Endanleg skattlagning á fiskafurðum er lægri úti á sjó heldur en í landi þannig að sjómannaafslátturinn er atlaga að hinum dreifðu byggðum landsins. Hann er atlaga að frystihúsunum sem eru að gefast upp hvert á fætur öðru úti um allt land og atlaga að því fólki sem vinnur í frystihúsunum, aðallega konum, þannig að það er ekki svo einfalt að segja að afnám sjómannaafsláttar yrði atlaga að hinum dreifðu byggðum. Það kynni kannski að vera að frystingin færi þá í minna mæli út á sjó ef fólkið sem þar vinnur við að frysta fisk nyti ekki skattafsláttar þannig að þetta er ekki alveg einfalt.

Svo má líka spyrja: Hefur flóttinn frá hinum dreifðu byggðum, sem ég hef lýst yfir að ég hafi miklar áhyggjur af, stöðvast? Ónei. Hann heldur áfram með fullum og auknum þunga þrátt fyrir sjómannaafsláttinn.

Herra forseti. Hér hefur verið nefndur langur vinnudagur, mikið erfiði og fjarvistir frá heimilum og það er alveg hárrétt. En það eru mjög margir Íslendingar sem vinna langan vinnudag og eru fjarri heimilum sínum. Ég nefni það fólk sem sent er um allan heim til að selja fisk og aðrar afurðir og vinnur mjög mikið og merkilegt starf og þá á ég við markaðsfólkið okkar. Það er fjarri heimilum sínum lon og don. Margir Íslendingar vinna langan vinnudag, óhemjulangan vinnudag, kannski allt of langan vinnudag og hafa háar tekjur og eru skattaðir alveg í botn. Það dettur engum í hug að veita þeim skattafslátt út af því að þeir vinna mikið.

Margir hafa lagt í langa menntun og fá há laun þess vegna og þeir eru skattaðir alveg undir drep. Svo er líka fólk sem vinnur uppi á hálendinu fjarri heimilum sínum í langan tíma í myrkri og snjó nákvæmlega eins og sjómenn. Þar eru atvinnurekendur sem verða að borga sæmileg laun til þess að fá fólk upp á hálendið nákvæmlega eins og á að gerast með sjómenn. Það eru atvinnurekendur, útgerðarmenn, sem eiga að borga þau laun svo að þeir fáist til að fara út á sjó, þ.e. að hægt sé að manna skipin.

Við erum með skattkerfi sem er aðallega tekjujöfnunarkerfi. Ég hef nefnt það áður að skattkerfið virðist vera aðallega hugsað til þess að jafna tekjur. Á meðan svo er finnst mér að allir Íslendingar, sem hafi háar tekjur, eigi að taka þátt í þeim leik, ekki að undanskilja vissar stéttir sem eru reyndar með mjög há laun.

Eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni eru meðaltekjur sjómanna um 300 þús. kr. á mánuði. Það eru ágætislaun, mjög góð laun, en þetta eru meðaltekjur. Svo heyrir maður af útgerðarfyrirtækjum sem eru með meðallaun upp á 6–7 millj. á ári og þá er skrifstofufólkið líka talið með þannig að sjómennirnir eru sumir hverjir með afar há laun. Þetta vitum við og mér finnst það allt í lagi. En þeir eiga líka að borga skatta eins og aðrir sem hafa afar há laun. Þetta er erfið vinna og hún er stunduð fjarri heimilum og þessir menn eiga að taka þátt í byrðum þjóðfélagsins eins og aðrir sem hafa háar tekjur og hafa breið bök. Á meðan við höfum svona mikla tekjujöfnun í kerfinu eiga allir að taka þátt í því.

Á það hefur verið minnt nokkrum sinnum að það sé spurning í hvaða röð eigi að taka hlutina. Þannig megi ekki taka sjómannaafsláttinn af því að það er ekki búið að taka á einhverju öðru eins og dagpeningum, sem ég hef nefnt að sé ákveðin meinsemd, fæðispeningunum, sem ég hef líka nefnt að sé ákveðin meinsemd, og alls konar hlunnindum sem menn njóta. Ef menn notuðu þetta ætíð sem rök, þá væri ekki hægt að taka á einu einasta máli af því að við verðum að byrja einhvers staðar.

Það sem veldur því að ég tek á sjómannastéttinni sérstaklega er að þetta er sérstaklega merkt í lögum. Þetta er eina ákvæðið í lögum fyrir utan það sem nefnt hefur verið, forseti Íslands, sem ég er líka á móti að njóti skattfríðinda. Það á bara að hækka launin hans nægilega mikið þannig að hann geti borgað skatta af þeim og haft sömu tekjur eftir.

Svo er það sendiráðsfólkið sem ég gat sérstaklega um í framsögu minni að væri meiri háttar vandamál. Það er búið að mynda ákveðna forréttindastétt um allan heim sem enginn veit af. Starfsmenn alþjóðastofnana, sem njóta skattfríðinda, ekki bara af tekjuskatti heldur líka bensíngjaldi, virðisaukaskatti o.s.frv. þannig að þar eru forréttindi sem þarf að afnema. Við getum því miður ekki gert það ein.

Í öðru frv. sem ég flutti um eignarskatt eru þeir undanskildir vegna þess að við höfum skrifað undir ákveðinn samning, Vínarsamning, sem gerir ráð fyrir og skuldbindur þjóðir til að veita þessum aðilum skattfríðindi. En sjómenn og forseti Íslands eru þeir aðilar sem njóta skattfríðinda og sjómenn eru eina stéttin sem nýtur skattfríðinda samkvæmt lögum og það er mjög eðlilegt að menn taki á þeim vanda þar.

Herra forseti. Hvenær sem á að afnema forréttindi kallar það alltaf á viðbrögð þeirra aðila sem hafa notið forréttindanna. Það er mjög eðlilegur hlutur og mjög náttúrulegur og mannlegur. Enginn sem nýtur forréttinda segir: Mér finnst óeðlilegt að við njótum forréttinda, við viljum afnema þau. Nei, menn berjast alltaf fyrir forréttindum og það er einmitt það sem hér hefur komið fram að menn vilja viðhalda þessum forréttindum hvað sem það kostar og raular og tautar.

Menn hafa haft skattforréttindi í gegnum tíðina, aðallinn í eina tíð o.s.frv. þannig að það kostar alltaf átök að afnema forréttindi og sumir kalla afnám forréttinda jafnvel árás á þá sem njóta forréttindanna. Það hefur verið nefnt mörgum sinnum í dag að þetta sé árás á sjómannastéttina. Þetta er ekkert árás á sjómannastéttina. Það er bara verið að segja við þessa menn: Þið eigið að borga skatta og skyldur eins og annað fólk í landinu. Það er ekkert annað. Þið njótið velferðarkerfisins eins og allir aðrir. Þið njótið skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa o.s.frv. og þið eigið að borga skatta og skyldur eins og aðrir. Það eiga ekki að vera forréttindi í lögum. Lög eiga ekki að gilda bara fyrir suma en ekki aðra. Það er meginpunkturinn í þessu og það er meginástæðan fyrir því að hér er farið út í þetta mál að skattalögin séu algild og allir séu jafnir fyrir lögum. (**Gripið fram í:** Af hverju byrjar þú þá ekki á forsetanum?) Ég var meðflm. á því frv. fyrir nokkrum árum, fyrir tveimur þingum að ég tel, með hv. þáv. þm. Ólafi Hannibalssyni og ég væri alveg til í það að flytja það aftur.

Ég tel óeðlilegt að skattaívilnanir séu í kerfinu. Það er óeðlilegt að ekki séu allir jafnir fyrir lögum.

[16:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. flm. Pétur H. Blöndal viðurkenndi að laun sjómanna væru ekkert há, þau væru sums staðar há en við vitum það að hjá allt of mörgum sjómönnum eru þau

mjög lág. Eins og ég sagði áðan hrekkur kostnaður sem þeir hafa af sjómennskunni varla fyrir launum þegar upp er staðið og þeir fá ekkert útborgað. En hv. þm. er sérfræðingur í skattamálum og hann hefur, herra forseti, sérstakan áhuga á því að leiðrétta þau með einhverjum hætti og þá er sagt: Við verðum að byrja einhvers staðar. Og hvar á að byrja? Á sjómönnunum. Það sem mönnum dettur fyrst í hug að ráðast á er sjómannastéttin til þess að reyna að lagfæra ágalla sem hv. þm. sér á skattkerfinu.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á aðrar stéttir sem væru í löngum ferðalögum um heiminn vegna vinnu sinnar þar sem þær þyrftu að ferðast, tæki mikinn tíma og væru þeim til mikils ama. Ég lét mér helst detta í hug að hv. þm. væri þá að tala um bankastjóra eða einhverja slíka, að þetta væri svo erfitt eða við hverja á hv. þm. þegar hann talar um langar fjarverur vegna ferðalaga? Líf sjómanna er í raun stöðugt ferðalag í sjó og óveðrum í vinnu sinni. Eins og hefur komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni er slit sjómanna 25% meira en annarra starfandi manna vegna þess að þeir þurfa að stíga ölduna allan sólarhringinn nánast með einu eða öðru móti þannig að þeirra aðstaða skapar miklu erfiðari lífsskilyrði heldur en nokkurra annarra þó svo þeir þurfi að ferðast mikið í flugvélum eða með öðrum hætti.

LÍÚ ræður að sjálfsögðu ekki öllu en þeir geta neitað að taka þátt í þessum kostnaði og þeir hafa þegar lýst því yfir. Meðan þeir hafa ekki lýst yfir neinum vilja öðrum en þessum kemur þetta frv. ekki til greina af minni hálfu og ég mælist til þess að það verði fellt.

[16:53]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði að ég hefði viðurkennt lág laun sjómanna. Ég viðurkenni ekki eitt eða neitt. Viðurkenning er yfirleitt á því að menn hafi haft rangt fyrir sér. Það hefur komið fram að sjómenn eru að meðaltali með 300 þús. kr. mánaðarlaun og það eru ekkert slæm laun, alls ekki. En ég hugsa að það sé hjá fáum stéttum jafnmikill launamunur og hjá sjómönnum. Sumir eru með afar há laun og aðrir eru með lök laun og þeir njóta ekki skattafsláttarins eins og skyldi.

Varðandi það að lágu launin þeirra hrökkvi ekki fyrir útgjöldum á við um fleiri, t.d. sú staða ef hjón eiga tvö börn og maðurinn vinnur úti eins og gengur og konan ætlar að fara að vinna úti. Ef konan ætlar að fara að vinna úti sem oft er hjá venjulegu fólki getur hún ekki dregið frá launum sínum kostnað við barnaheimili sem getur hlaupið á tugum þúsunda á mánuði. Oft og tíðum er það harla lítið sem fólk ber úr býtum vegna þess að skattkerfið tekur ekki tillit til útgjalda sem menn hafa af því að stunda vinnuna. Þannig er skattkerfið einu sinni uppbyggt og ég er ekkert hrifinn af því.

Varðandi það hvort ég ætti við bankastjóra þegar ég talaði um fólk sem væri út um allan heim þá var það alls ekki, langt í frá. Ég átti við fólk sem er að selja fisk um allan heim, mjög duglegt fólk á vegum SH og ÍS sem er seljandi fisk út um allan heim. Ég átti við fólk sem er að selja plastkör fyrir Sæplast o.s.frv. um allan heim. Það er þetta fólk sem ég átti við og það er líka fjarri heimilum sínum þannig að ég átti alls ekki við bankastjóra.

Varðandi það að formaður LÍÚ eigi að ráða lagasetningu á Alþingi er ég alfarið á móti því.

[16:55]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég tala um að kostnaður sem fellur til í túrnum éti upp öll launin þannig að ekkert sé eftir þegar sjómaðurinn kemur í land þýðir það í raun að hann á ekki til hnífs né skeiðar fyrir sitt fólk í landi. Hann á vonandi í flestum tilfellum fjölskyldu í landi, konu og börn sem gert er ráð fyrir að geti lifað af þessum launum líka. Ég þekki mörg tilfelli þess að launin hafa ekki hrokkið til neinnar framfærslu í landi og þá er náttúrlega illa farið. Sjómenn eiga börn og konur og það þarf að hugsa um þær og þá fjölskyldu sem bíður þannig að ég held að hv. þm. eigi ekki að einfalda þessa hluti. Þetta er mjög flókið samspil sjómanna, fjölskyldna og tekjur þeirra eru í flestum tilfellum allt of lágar.

[16:56]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að biðja hv. þm. Pétur Blöndal að reyna að bregðast við einni athugasemd minni.

Það vill svo til að miðin kringum Ísland eru ein gjöfulustu mið í heimi en þau eru jafnframt eitt hættulegasta hafsvæði heimsins. Þeir menn sem nýta þessa auðlind fyrir þjóðina og gera úr henni verðmæti sem hafa skapað okkur tækifæri til þess að byggja upp okkar samfélag á 20. öld sækja í þessa auðlind á hættulegasta hafsvæði heimsins. Slíkt er ekki gert án fórna. Í mínum huga hafa aðstæðurnar sem þessir menn vinna við alltaf verið eitt af undirstöðuatriðunum á bak við þennan sjómannaafslátt og það skapar stéttinni algera sérstöðu.

Ég hefði viljað spyrja hv. þm. Pétur Blöndal hvað hafi breytt þessari sérstöðu þó að mér sé fullkunnugt um að skipin séu til allrar guðs lukku betur útbúin nú og ekki sé jafnmikið um slys á sjómönnum nú og áður var. Engu að síður er staðreynd að þessir menn sækja í auðlind sem er jafnframt eitt hættulegasta hafsvæði í heimi.

[16:58]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er komið inn á nýjan punkt sem er spurningin um hættu af vinnu. Menn hafa hingað til talað um erfiða vinnu, fjarvistir frá heimili o.s.frv. en það á nákvæmlega það sama við hættulega vinnu eins og aðra. Það er atvinnurekandinn sem á að greiða fyrir það ef atvinnugreinin er svo hættuleg að menn geta ekki stundað hana. Ef atvinnurekandi ætlar að fá menn til starfa verður hann að sjálfsögðu að borga fyrir það sem þarf til að menn fáist til þess og mér sýnist að enginn skortur sé á sjómönnum í dag. En sjómannaafsláttur inn var nefnilega tekinn upp í eina tíð, ekki vegna fjarvista eða vegna hættulegs starfs, sem þá var reyndar miklu hættulegra en í dag, heldur vegna þess að það vantaði fólk á sjóinn nákvæmlega eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi að það var ekki hægt að manna bátana í þá tíð og þá þurfti styrk ríkisins við útgerðina til þess að hægt væri að manna skipin á þeim tíma. Það er löngu liðin tíð. Það þarf ekki lengur.

[16:59]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur ekki gert að umtalsefni þá sérstöðu sem Íslendingar hafa á þessu sviði. Við erum eina þjóðin í Evrópu sem lifir á fiski að því marki sem fiskur hefur þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf. Þjóðin á þess vegna allt sitt undir því að menn sæki í þessa auðlind sem ég tók fram sérstaklega áðan að er eitt hættulegasta hafsvæðið.

Ég held að í hugum okkar þingmanna, sem stöndum vörð um sjómannaafsláttinn, vegi þetta þungt. Ég þykist vita að í augum þeirra allra vegur þetta mjög þungt og það er ekkert óeðlilegt að þjóð sem á eins mikið undir því að miðin séu sótt af eins mikilli hörku eins og við sækjum þau veiti þeim sem stunda þessa atvinnu sérstaka ívilnun í sköttum. Ég mun því taka þátt í því með mjög mikilli ánægju að fella frv. þingmannsins.

[17:00]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um sérstöðu Íslendinga, að við lifum á fiski. Ég vil benda honum á að aðrir Íslendingar vinna líka þörf störf, ekki síður en sjómenn. Ég vil nefna að kennarar og annað starfsfólk vinnur líka góð störf og mjög þýðingarmikil og þörf. Ég vil nefna að fólkið í frystihúsunum vinnur líka mjög þörf störf og að þeir sem eru að selja fiskinn vinna ekki síður þjóðþrifastörf heldur en sjómenn þannig að þetta er löng keðja og mjög flókin og við eigum öll undir því að hver og einn einasti maður vinni sitt starf að fullu.

Það hefur tekist að manna flotann. Það er ekkert vandamál. Menn fást á flotann í dag og þeir munu fást þó að sjómannaafslátturinn yrði afnuminn. Ég fullyrði það. Það er ekki vandamálið. Við þurfum ekki að styrkja þessa atvinnugrein sérstaklega umfram aðrar. En ég neita því að einhver hópur manna sé tekinn út úr og sagt að hann vinni einhvern veginn þýðingarmeiri störf heldur en aðrir. Ég veit ekki betur en t.d. flugmenn vinni mjög þýðingarmikil störf eða bílstjórar og fleiri og fleiri. Allir Íslendingar vinna meira og minna þýðingarmikil störf og menn eiga ekki að segja að ein stétt standi einhvern veginn undir efnahag þjóðarinnar.

Sumir hafa jafnvel fullyrt að það hve mikil áhersla er lögð á útgerð og sjómennsku á Íslandi haldi öðrum atvinnugreinum niðri. Það er ekkert gert fyrir hugbúnaðariðnaðinn t.d. þar sem þó eru líka unnin þýðingarmikil störf. Ég er á móti því, eins og ég hef getið um áður, að veita ákveðnum aðilum forréttindi, skattfrelsi, á kostnað allra hinna því að hinir borga skattana að sjálfsögðu fyrir sjómennina.

[17:02]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Þessi umræða er um margt athyglisverð. En í upphafi máls míns vildi ég aðeins geta þess að þegar talað var um að einhver þingmaður hefði rætt hér um að þingmenn hefðu frítt fæði, þá er rangt eftir haft vegna þess að ég gat þess sérstaklega þegar verið var að tala um skattamál að það væri margt annað sem þyrfti að skoða ef á annað borð ætti að taka á skattalögunum með tilliti til þeirra ívilnana sem í mörgum greinum leiða til óréttlætis og misræmis innan skattkerfisins og nefndi þá sem dæmi að hér erum við að borga 320 kr. fyrir máltíð eins og gerist víðast hvar hjá opinberum stofnunum. Ég gat þess þá sérstaklega að ríkisvaldið væri einn stærsti atvinnurekandi á þessu sviði, þ.e. í veitingahúsarekstrinn. Við erum að borga 320 kr. fyrir máltíðina sem ætti eðli málsins samkvæmt á kosta á bilinu 600–1.000 kr. og það ætti að skattleggja þennan mismun sem hlunnindi. Þetta er skattskylt eins og svo margt annað.

En það sem komið er upp á yfirborðið nú þegar farið er að líða að lokum þessarar umræðu, er að hv. flm. kom inn á það að löggjafinn ætti ekki að skipta sér af kjarasamningum því það hefur margsinnis komið fram að hluti af sjómannaafslættinum er kjarasamningur. Hann er til kominn vegna þess að ríkisvaldið hafði ekki biðlund lengur á því að menn næðu saman og blandaði sér í deiluna. Það leysti deiluna með sjómannaafslætti og margsinnis hefur þetta gerst, ef sagan er lesin og það meira að segja má lesa það í greinargerð flm. hvað þetta tengist meira og minna kjarasamningum.

Þar með er hann kominn í hring og er þá komið að því sem hv. þingmenn hafa hér komið inn á að við eigum ekki að blanda okkur í kjarasamninga, sjómannaafslátturinn er til kominn vegna kjarasamninga og þess vegna væri eðlilegt að flm. mundi draga frv. sitt til baka. En það sem hann hins vegar hefur komið inn á og er mikil kórvilla er að ásókn manna í að reka frystitogara og að sækja þangað um borð sé sjómannaafslátturinn. Ásókn manna í að reka frystitogara versus frystihús er auðvitað sá að það er mikill munur á að geta keyrt flökunarvél í 23 tíma á sólarhring í stað sex eða sjö klukkutíma og í það heila kannski 30 daga, eða eiga frystihús í landi og geta ekki keyrt flökunarvélar nema einhvern tiltekinn tíma 40 stundir á viku og frá dregst laugardagur og sunnudagur en sjómenn vinna líka þá daga. Það virðist vera mjög fjarri huga manna að þeir vinna hvort sem það eru hátíðisdagar eða sunnudagar. Ég kom aðeins inn á það þegar við vorum að ræða um þetta í vor. Og, með leyfi hæstv. forseta, þegar þetta var rætt kom ég aðeins inn á þetta og var með dæmi um 400 þús. kr. túr á frystitogara af því að það kemur alltaf upp í umræðunni að þetta séu vel launaðir menn. Það má vel vera þegar litið er á krónutöluna í heild sinni. En þegar skoðað er hvað menn hafa fyrir unna klukkustund, þá kemur, eins og ég orðaði það, í ljós ef grannt er skoðað og tekin er meðalveiðiferð frystitogara sem er á bilinu 5–6 vikur og laun eru um 400 þús. kr. og reiknað er með að meðaltali 14 stunda vinnudegi, að þessir menn án þess að hafa nokkurt vaktaálag, helgidagaálag, hátíðis- eða tyllidagaálag eins og við þekkjum í landi, eru með í kringum 360 kr. á klukkustund. Þetta eru nú háu tekjurnar. Ég er ansi hræddur um að ef sjómannaafslátturinn yrði afnuminn og menn fara að skoða grannt sitt tímakaup, gengi erfiðlega að manna skipin og það mundi ganga líka mjög erfiðlega þó að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt að menn eigi bara að taka duglega í lurginn á þessum útgerðarmönnum og þeir eigi bara að borga það sem upp er sett, því kaupin gerast bara ekkert svona á eyrinni. Margt sem hér hefur verið sagt hefur ekki verið ígrundað og á það kannski við um þann sem hér stendur líka.

Samt sem áður, eins og ég kom inn á í upphafi, þá er þetta hluti af kjarasamningum og við eigum ekki að vera að hrófla við þessu og alls ekki á þessari ögurstund þar sem nú stefnir allt í mikinn ófrið milli sjómanna og útvegsmanna. Það er ekki til þess að liðka fyrir því máli að löggjafinn skuli nú vera að fjalla um þessi mál því að ég er alveg sannfærður um að þó að það gangi nú svo fram að samningar náist eftir margra vikna þóf, að sé litið til framtíðar og frv. þingmannsins hafi náð fram að ganga, sem ég veit að verður ekki, þá yrði auðvitað boðað annað verkfall á sama degi og þessi lög væru afnumin.

Varðandi skattfríðindi almennt, þá tek ég undir og skil vel ásetning flutningsmanns, hvað hann vill gera í þessu skattkerfi sem við búum við á Íslandi. Það eru allt of mörg göt í því kerfi, ég get alveg tekið undir það. Hins vegar andmæli ég því enn einu sinni að þarna skuli vera á garðinn ráðist og er það mjög furðulegt. Ég hef sagt það áður að ekki verður hjá því litið, hvaða sýndarrök hv. flm. kann svo að koma með um hið gagnstæða, að þetta er árás á sjómenn.

Þannig er það og er eitt til að nefna að sjómannaafslátturinn er hluti af kjarasamningi.

[17:09]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað koma einni ábendingu á framfæri við þessa umræðu. Mér finnst að flutningsmaður þeirrar tillögu að afnema sjómannaafsláttinn hafi ekki fjallað nógu heiðarlega um það í andsvörum sínum áðan hversu þessi þáttur vegur þungt í hugum margra þeirra sem um þetta munu fjalla á hinu háa Alþingi, að aðstæðurnar á hafsvæðinu í kringum Ísland eru óvenjulegar og eru mjög hættulegar. Ég hef alla vega ekki viljandi haft þau orð hér í frammi að störf fólks sem vinnur að sölu á fiski og vinnur önnur störf eins og t.d. flugmenn, séu ekki jafnmikilvæg fyrir þetta þjóðfélag og störf sjómanna. En störf sjómanna eru sérstök að því leyti til að þeir starfa við mjög erfiðar aðstæður og á hættulegum hafsvæðum.

Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. Pétur Blöndal að huga að því líka að hvar sem við lítum á norðurslóðir, þar sem er verið að nýta auðlindir við erfiðar náttúrufarslegar aðstæður — það á við um norðurhjara Kanada, Grænland, Svalbarða og fleiri svæði heimsins og það átti við á sínum tíma um norðurhéruð Sovétríkjanna — þá eru skattaívilnanir eitt af þeim verkfærum sem menn beita til þess að sætta menn við þær harkalegu aðstæður sem ríkja á þessum svæðum. Það á við um hin köldu og hrjóstrugu svæði Norður-Kanada. Það á við Grænland. Það átti við um Síberíu og það á við um Svalbarða þannig að auðvitað er sjómannaafslátturinn, má segja, réttlætanlegur út frá þessu sjónarmiði einnig.

Ég vil biðja hv. þm. að velta því fyrir sér hvort þetta séu ekki rök fyrir því að við Íslendingar tökum svipað á þessu máli. Þetta vildi ég láta koma fram í umræðunni.

[17:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hef nú fylgst með þessari umræðu sem aðallega hefur farið fram meðal flokksbræðra á skjánum með nokkurri athygli og ég vek ekki athygli á því í neinum niðrandi tilgangi. Mér finnst fullkomlega eðlilegt þegar svo ber undir að flokksbræður geti orðið ósammála og rökrætt, deilt þess vegna um einstök afmörkuð mál eins og það sem hér er á dagskrá og eru menn að meiri heldur en hitt að gera það þá af hreinskiptni.

Ég er hingað kominn, herra forseti, til þess að mæla gegn þessu frv. um að fella niður sjómannafrádráttinn. Ég tel í fyrsta lagi að það geti ekki gerst svona eins og þetta frv. leggur málin upp, að hér verði bara með tiltölulega mjög stuttum aðdraganda, að ég tel, felldur niður þessi afsláttur, að vísu með gildistöku miðað við 1. janúar 1999 sem gefur þessu kannski ár eða svo ef frv. fengi afgreiðslu eftir nokkra mánuði. En það gæti þó orðið þannig, ef guð lofar, að komnir væru kjarasamningar við sjómenn sem giltu þess vegna lengur en fram að gildistöku frv.

Ef þetta væri nú frv. sem menn reiknuðu almennt með að næði fram að ganga, þá held ég að menn hlytu að átta sig á því að samningagerð að þessu sinni gæti þá þegar af þeim sökum orðið nokkuð snúin þó ekki kæmi annað til, en svo er nú víst því miður, því að margt bendir til að óvenjuerfitt verði að ná samningum um kjör sjómanna. Þetta er hin formlega hlið málsins eða tæknilega, þ.e. hvort breytingar, ef til kæmu, gætu orðið svona. Það hef ég miklar efasemdir um. Ég held að þetta yrði að gerast með mjög miklum aðdraganda og/eða beinlínis í tengslum við samninga eða aðrar slíkar aðgerðir þar sem sjómenn sjálfir væru aðilar að máli. Það segi ég ekki vegna þess að þeir eigi að ráða því endilega hvernig þeirra skattamálum sé háttað, einir stétta í landinu. Að sjálfsögðu er það löggjafans að setja skattalög. En það væri mikill barnaskapur að halda að hægt væri að taka þetta mál úr samhengi við þeirra kjaraumhverfi og því gera menn sér nú yfirleitt grein fyrir þegar verið er að breyta viðkvæmum hlutum sem hafa beint áhrif á lífskjör hópa. Það þykir a.m.k. góð latína að reyna eftir föngum að ná sæmilegri sátt.

Svo er það hitt, herra forseti, að ég er líka efnislega andvígur þessu frv. Ég er á móti þeirri breytingu sem þar er lögð til. Og af hverju er ég það? Vegna þess að ég tel full rök fyrir því að hafa sértæka skattalega meðferð þegar efnisleg rök eru á ferðinni eins og ég tel eiga við gagnvart sjómönnum. Satt best að segja finnst mér stundum útflatningarárátta manna ganga út í öfgar þegar menn hafna því að til greina komi að hafa í skattalögum nokkra sérmeðferð, jafnvel þó full rök standi til, af því að það sé eitthvert æðra lögmál að sama prósentan eigi að vera um allt land og miðin og helst allir skattar eins og allir flatir. Ég er ósammála því sjónarmiði. Ég tel að skattkerfið verði að geta endurspeglað tilteknar pólitískar áherslur og ákveðnar niðurstöður sem þannig verða. Auðvitað úir og grúir í skattalögum af þeim. Ég spyr hvers vegna mætti það ekki gagnast sjómönnum ef það verður okkar niðurstaða að láta þá njóta einhverrar sérstöðu starfa sinna vegna og starfsumhverfis. Þetta er t.d. vel þekkt víða erlendis eins og ég hygg að hafi komið fram í umræðunni. Þekktar eru bæði svæðisbundnar aðgerðir sem tengjast skattamálum, þekktir eru sérstakir erfiðis- eða áhættufrádrættir frá sköttum sem eru oft tengdir ákveðnum störfum eða stéttum. Ég hygg að t.d. hafi skógarhöggsmenn, að minnsta kosti áður fyrr, haft slíka frádrætti í skattalöggjöf á hinum Norðurlöndunum. Svo er auðvitað spurning um það hvort ekki sé ástæða til fyrir þjóð sem meira og minna lifir á störfum þessarar stéttar, að hafa þar nokkra sérstöðu.

Það er nokkuð viðurkennt að sjómannastéttin á Íslandi býr við sérstöðu, ekki bara hvað efnahagslegt mikilvægi greinarinnar snertir, heldur er sjómennskan erfitt og áhættusamt starf. Um það er heldur ekki deilt. Slysatíðni í þessu starfi er einhver sú hæsta sem þekkist meðal stétta sem segja má að séu að einhverju leyti sambærilegar. Fjarvistir frá heimili eru langar og miklar og þannig mætti áfram telja. Ég veit að þetta er allt þekkt og hefur sjálfsagt komið áður fram í umræðunni. Þá geta menn sjálfsagt spurt hvort eigi að taka allt þetta til greina við kjarasamninga. Á skattalöggjöfin ekki að vera hlutlaus gagnvart þessu? Er það ekki bara mál atvinnugreinarinnar og vinnuveitendanna að sjá fyrir þessu öllu? Þá kemur að hinu að ef stéttin býr við svona sérstakar aðstæður og menn eru sammála um að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til þess í launakjörum, er þá skattkerfið hlutlaust ef ekkert er komið til móts við þá byrði sem á launagreiðandann leggst til þess að leggja fyrir öllu þessu? Ef við tökum alltaf til ríkisins sömu prósentu og er tekin af öllum öðrum launum, þá er alla vega ljóst að útgjöldin verða að vera sem því nemur meiri til að bæta stöðu hópsins. Ég held að það sé fullkomlega rökrétt að nálgast þetta líka frá þeim sjónarhóli að segja: Annars vegar verður að gera ráð fyrir þessu öllu og það er gert í kjarasamningum en á móti kemur líka skattalöggjöfin sem viðurkennir þessa sérstöðu og leggur sitt af mörkum gegnum sértæka meðferð eins og sjómannafrádrátturinn er. Ég held nefnilega að það sé besta kerfið. Ég er þess vegna ekkert

feiminn við að lýsa mig andstæðing þessa frv. efnislega og tel mig geta fært rök fyrir því.

Að lokum er svo hitt, herra forseti, að þó svo menn kynnu að hafa einhverjar efasemdir um þetta fyrirkomulag út frá skattafagurfræðilegum forsendum og ef við værum stödd á byrjunarreit og værum að búa samfélagið til í dag, þá gætum við kannski komist að þeirri niðurstöðu að við mundum hafa þetta einhvern veginn öðruvísi, en við erum það ekki. Við erum stödd í októbermánuði 1997 og allir samningar við sjómenn eru lausir og þetta fyrirkomulag er búið að vera um mjög langan tíma í gildi. Menn hljóta að þurfa að taka mið af því í hvaða umhverfi þeir eru staddir. Mér finnst satt best að segja alveg fjarstæðukennt að að breyta þessu á þann hátt sem maður stundum heyrir og að nokkru leyti er á ferðinni hér, að hægt sé bara að afnema þetta, kippa þessu einfaldlega burtu, jafnvel þó að því sé gefinn einhver minni háttar aðlögunartími.

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti því að þetta mál sé rætt, það er góðra gjalda vert og þarft. Ef menn gera það með rökum hjálpar það kannski til við að eyða þeirri óvissu sem uppi hefur verið í staðinn fyrir að skapa hana. Það er vissulega svo að út í þjóðfélaginu heyrist því oft hreyft að fella beri niður þennan frádrátt. Við skulum þá láta málflutninginn fara fram með og á móti og komast að niðurstöðu sem auðvitað verður. Þá er ég nokkuð sannfærður um að hún verður sú að rök standi ekki til að fella niður sjómannafrádráttinn að minnsta kosti ekki með þessu móti.

[17:21]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil enn og aftur þakka fyrir þá miklu umræðu sem hefur átt sér stað og nú hafa bæst við fleiri ræðumenn. Dæmið sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom með um 400 þús. kr. túrinn sem stóð í 5–6 vikur og gaf að mér heyrðist 320 kr. á tímann — það er eitthvað bogið við það vegna þess að ef maður tekur 400 þús. kr. og deilir í með 6 vikum þá eru það 66 þús. kr. á viku. Ef maður deildir því svo á 7 daga þá eru það 9.500 kr. á dag sem þessi túr hefur gefið. Og ef maður deilir því á 14 tíma þá eru það 680 kr. á tímann. Það sem hugsanlega liggur að baki þessu dæmi er það að menn hafa verið að reikna álög fyrir næturvinnu og vaktavinnu og fengið þannig 320 kr., öðruvísi kemst ég ekki að því.

Varðandi það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að þetta hefði áhrif á kjarasamninga og ekki mætti breyta lögunum vegna þess að það hefði áhrif á kjarasamninga, þá er með þeim rökum aldrei hægt að afnema þessi forréttindi. Vegna þess að það eru alltaf einhverjir kjarasamningar í gildi og alltaf hefur einhver áhrif einhvers staðar. Í þessu frv. var einmitt reynt að taka tillit til þess með því að hafa aðlögunartímann óvenjulangan. Allt árið 1998 á sjómannaafslátturinn að vera óbreyttur samkvæmt þessu frv. Þá fyrst skerðist hann niður í tvo þriðju og síðan í einn þriðja. Það er því ekki fyrr en árið 2001 sem þessi forréttindi sjómanna verða að fullu afnumin.

Hv. þm. kom með alveg furðulega niðurstöðu. Hann sagði að skattalögin yrðu svo leiðinleg eða flatneskjuleg ef þau væru eins fyrir alla borgara landsins. Það væri svo sorglegt að hafa þetta svona allt eins fyrir alla einstaklinga. Það væri bara skemmtilegt að hafa undanþágur, frávik og því um líkt. Sér er nú hver jafnaðarmaðurinn, ég segi ekki annað. Hann vill kannski búa til sérstakar skattareglur fyrir þingmenn. Ég ætla að biðja hann endilega að hafa mig í huga þegar kemur að því að semja um skattfrádrætti einhverra góðvina sinna eða einhverra sem hann vildi hygla sérstaklega eða leiðrétta kjör þeirra vegna einhverra ástæðna.

Þetta er náttúrlega alveg fráleitt. Auðvitað eiga allir borgararnir að vera jafnir fyrir lögunum. Annað er fráleitt. Að fara að búa til skattalög sem taka tillit til hins og þessa að geðþótta einhverra annarra er náttúrlega alveg út í hött. Ég ætla að vona að þetta sé ekki stefna jafnaðarmanna almennt.

[17:24]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sitthvað við þennan málflutning að athuga. Ég sagði að sjálfsögðu ekki að ekki væri hægt að gera breytingar á skattalögum þó þær hefðu áhrif inn í kjarasamninga. Mjög margt sem við gerum í formi breytinga á skattalögum eða ákvarðana um útgjöld í velferðarmálum hefur vissulega samhengi við kjarasamninga. Hér er ekki um sambærilega hluti við nánast neitt annað að ræða sem er þessi stóri þungi liður sem hefur verið hluti af kjörum sjómanna um áratuga skeið. Hann er ekki sambærilegur nema við fátt eitt annað sem ég gæti hugsað mér að taka dæmi af úr skattkerfinu. Ég endurtek og vísa til þess sem ég sagði um það mál.

Hv. þm. sneri hreinlega út úr fyrir mér og sagði að ég hefði verið að tala um að skattkerfið yrði of leiðinlegt ef ekki væru svona frádrættir í því. Það er rétt, já, ég tel hins vegar að áráttan um að hafa það algjörlega flatt sé misskilningur. Hvað er ég að tala um þar og hvernig kemur það inn á jafnaðarstefnu? Jú, ég er m.a. að tala um að það heyrast stundum þau sjónarmið að ekki megi taka tillit til eins eða neins og það eigi aldrei að skipta neinu máli hvernig aðstæður fólks eru, hvernig það vinnur, hvernig heimilisaðstæður það býr við o.s.frv. Uppi eru sjónarmið sem segja að ekki eigi að taka sérstaklega tillit til einstæðra mæðra eða barnafólks og skattleggja eigi alla jafnt. Þessi síbylja gekk t.d. yfir í umræðum um virðisaukaskattinn að ekki mætti taka sérstaklega á matvælum eða barnavörum eða öðru slíku. Ég er andvígur því grundvallarsjónarmiði. Ég tel að skattkerfið verði aldrei réttlátt nema menn þori að taka pólitískar ákvarðanir um vissar áherslur í því. Það er það sem ég er að segja. Sjómannafrádrátturinn er bara tiltekinn skattapólitísk áhersla og ekkert frábrugðin mörgu öðru sem gert er þar sem verið er að taka tillit til aðstæðna fólks og kjara o.s.frv. Ég er ekkert feiminn við að rökstyðja að slíkt sé ekki bara réttlætanlegt heldur beinlínis nauðsynlegt ef við ætlum að ná fram sanngjörnu skattkerfi.

[17:26]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Vegna þess að hv. flm. hafði orð á því áðan að sjómannaafslátturinn væri atlaga að konum í frystihúsum, þá langar mig aðeins til að tala frekar um þann þátt sem snýr annars vegar að landfrystingunni og hins vegar að sjófrystingunni eða vinnslunni úti á sjó. Mér finnst í raun mjög slæmt að flm. skuli vera að reyna að etja saman annars vegar fiskverkafólki í landi og hins vegar fiskverkafólki á sjó. Það er enginn, held ég, innan þessara stétta sem hefur hug á því að vera í slag út af þessum sjómannaafslætti og ég hef ekki heyrt það frá fiskverkafólki almennt að það sjái eftir þeim afslætti sem sjómenn fá fyrir sams konar vinnu úti á sjó.

Það eru í rauninni allt aðrar ástæður sem liggja að baki því að fiskvinnslan er að flytja út á sjó. Það hefur aðeins komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það

er fyrst og fremst nýting fjárfestingarinnar sem hefur orðið til þess að vinnslan er að flytjast út á sjó. Fjárfestingin í skipinu nýtist miklu betur með því að vinna afla um borð, ekki bara að veiða hann. Vélakostur skipsins nýtist nánast allan sólarhringinn, vinnuaflið nýtist 12–14 stundir á sólarhring, vinnustundir verða fleiri og minni frátafir hjá fólki sem vinnur úti í sjó en fólki sem vinnur í landi og það er af mörgum ástæðum. En meginástæðan mundi ég samt segja að væri sú að nýting aflaheimilda er allt önnur á frystiskipum úti á sjó en þegar þarf að kaupa allan afla inn í frystihúsin og reyna með einhverju móti að koma honum í vinnsluhæft eða markaðshæft ástand.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um borð í fullvinnsluskipum geta útgerðarmenn nánast framleitt allt í pakkningar sem falla að samningum sem gerðir hafa verið við söluaðila. Það er jafnvel verið að framleiða í réttar stærðir og öðrum fiski er hent fyrir borð. Allur fiskur sem ekki nýtist og er ekki talinn verðmæti í augum útgerðarmanna í dag má henda samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Því miður var það samþykkt á hinu háa Alþingi fyrir einu og hálfu ári að henda mætti öllum afla sem ekki er talinn verðmæti í augum útgerðarmanna. Að sjálfsögðu var hugmyndin ekki sú að menn mættu henda hverju sem væri heldur væri um skemmdan fisk að ræða eða tegundir sem ekki teldust verðmætar. Eigi að síður vitum við að fiski er hent sem ekki nýtist í flökun, t.d. ef flakið er skemmt öðrum megin. Við vitum að ef fiskurinn er of smár í vinnsluna er honum hent. Við vitum að þær tegundir sem menn hafa komið með í land, allt fram að þessu og voru seldar með einhverju verði inn í frystihúsin, voru unnar og reynt að koma á markað en það er ekki gert í dag. Nú er kvótinn einfaldlega nýttur 100% og jafnvel meira inn í þá vinnslu sem kemur útgerðinni best og með því móti er verið að ná fram algjörri hámarksnýtingu á aflaheimildunum sem er algjörlega vonlaust þegar vinnslan fer fram í frystihúsum í landi. Því held ég að þegar verið er að leggja saman annars vegar sjómannaafsláttinn og hins vegar þá tilhneigingu að fara með vinnsluna út á sjó, þá sé það mikill misskilningur hjá hv. flm. að það sé vegna sjómannaafsláttarins. Það er eingöngu út af nýtingu aflaheimildanna og nýtingu fjárfestingarinnar og það hefur ekkert með sjómannaafsláttinn að gera.

[17:31]

**Útbýting þingskjala:**

Afli dragnótarbáta í Faxaflóa, 223. mál, fsp. GuðjG, þskj. 236.

Færsla aflaheimilda, 224. mál, fsp. GuðjG, þskj. 237.

Ljósleiðari, 222. mál, fsp. JónK, þskj. 235.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 210. mál, fsp. TIO, þskj. 223.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 211. mál, fsp. TIO, þskj. 224.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 212. mál, fsp. TIO, þskj. 225.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 213. mál, fsp. TIO, þskj. 226.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 214. mál, fsp. TIO, þskj. 227.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 215. mál, fsp. TIO, þskj. 228.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 216. mál, fsp. TIO, þskj. 229.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 217. mál, fsp. TIO, þskj. 230.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 218. mál, fsp. TIO, þskj. 231.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 219. mál, fsp. TIO, þskj. 232.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 220. mál, fsp. TIO, þskj. 233.

Markaðshlutdeild fyrirtækja, 221. mál, fsp. TIO, þskj. 234.

Stjórn fiskveiða, 209. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 222.

Þingfararkaup alþingismanna, 202. mál, frv. KHG, þskj. 211.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:32.

# 17. FUNDUR

mánudaginn 3. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 149. mál, þskj. 149. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hollustuhættir, stjfrv., 194. mál, þskj. 197. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutafélög, stjfrv., 147. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Einkahlutafélög, stjfrv., 148. mál, þskj. 148. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Þjónustukaup, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 151. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Einkaleyfi, stjfrv., 153. mál, þskj. 153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, þáltill., 93. mál, þskj. 93. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 40. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 175. — 1. umr.
14. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 176. — 1. umr.
15. Söfnunarkassar, frv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
16. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 174. mál, þskj. 174. — 1. umr.
17. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 209. mál, þskj. 222. — 1. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
19. Staðfest samvist, frv., 177. mál, þskj. 177. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarstjórn Bolungarvíkur.
Erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands.

## *Varamenn taka þingsæti.*

[15:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég verð erlendis í einkaerindum fram yfir áramót og get ekki sótt þingfundi þann tíma leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Reykv., Arnþrúður Karlsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv."

Arnþrúður Karlsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Borist hefur annað svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Sigfús Jónsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v."

Sigfús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Þar sem Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykn., Petrína Baldursdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Rannveig Guðmundsdóttir,
formaður þingflokks jafnaðarmanna."

Petrína Baldursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Loks er svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Norðurl. e., Ingunn St. Svavarsdóttir sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni, en 1. varaþingmaður flokksins í Norðurl. e. er erlendis.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e."

Kjörbréf Ingunnar St. Svavarsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[15:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ingunn St. Svavarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa.

[15:06]

**Útbýting þingskjala:**

Framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga, 34. mál, svar forsrh., þskj. 244.

Framkvæmd GATT-samningsins, 28. mál, svar landbrh., þskj. 218.

Kosningar til sveitarstjórna, 225. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 257.

Kreditkortafyrirtæki, 33. mál, svar viðskrh., þskj. 238.

Lánastefna Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 172. mál, svar utanrrh., þskj. 241.

Lækkun fasteignaskatta, 178. mál, frv. KHG og SvG, þskj. 178.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 113. mál, svar forsrh., þskj. 247.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 111. mál, svar forsrh., þskj. 246.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 114. mál, svar utanrrh., þskj. 219.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 116. mál, svar menntmrh., þskj. 242.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 139. mál, svar dómsmrh., þskj. 249.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 141. mál, svar sjútvrh., þskj. 252.

Rekstrarhagræðing, 112. mál, svar forsrh., þskj. 248.

Rekstrarhagræðing, 140. mál, svar dómsmrh., þskj. 250.

Rekstrarhagræðing, 142. mál, svar sjútvrh., þskj. 251.

Siglingastofnun Íslands, 226. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 258.

Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, 206. mál, þáltill. EKG og TIO, þskj. 215.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Utandagskrárumræða um gjaldskrárbreytingar Pósts og síma.

[15:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þessa þingfundar vekja athygli á því að þingflokkur jafnaðarmanna bað um utandagskrárumræðu, með vísan til 50. gr. þingskapalaga, í dag um gjaldskrárhækkanir Pósts og síma hf. Því miður var ekki orðið við þeirri beiðni en boðið upp á lengri umræðu á morgun í staðinn. Ég harma þessar málalyktir. Við vitum að eitt mikilvægasta hlutverk Alþingis Íslendinga er m.a. að tryggja lýðræði í landinu. Við alþingismenn og sérstaklega þingmenn stjórnarandstöðu gerum það með því að veita ríkisstjórninni og einstökum ráðherrum hennar virkt aðhald.

Í 50. gr. þingskapalaga er gert ráð fyrir því að þingmenn geti fengið tekið fyrir mál utan dagskrár með aðeins tveggja tíma fyrirvara. Hér er auðvitað um að ræða mál sem eru bæði svo mikilvæg og aðkallandi að rétt þykir að láta hina hefðbundnu dagskrá víkja fyrir þeim vegna þess að umræða um þau þoli ekki bið. Þá geta menn spurt hvort eitthvað hafi gerst í dag, núna í dag, sem kallar sérstaklega eftir umræðu þingsins utan dagskrár. Já. Við teljum að áform um stórfellda skattlagningu á almenning í landinu, skattlagningu sem á sér ekki nein fordæmi, sé tilefni til umræðna í dag. Við teljum einnig að framganga og embættisfærsla samgrh., sem hefur einkennst öðru fremur af valdhroka og yfirgangi þegar hann neitar að gefa fólkinu í landinu upplýsingar um forsendur fyrir hækkunum á gjaldskrá Pósts og síma hf. og þegar hann gefur þjóðinni þær villandi heimildir að ekki sé hægt að lækka utanlandssímtöl án þess að hækka innanbæjarsímtöl, sé tilefni til umræðna í dag.

Krafan um aukið og virkara lýðræði hefur verið meiri undanfarin ár en nokkru sinni fyrr. Við höfum brugðist við henni hér með því að þróa og bæta reglur okkar um þingsköpin. Þessar breytingar miða að því að styrkja aðhaldshlutverk Alþingis. Þess vegna lít ég svo á að synjun á utandagskrárumræðu um málefni Pósts og síma hér í dag sé skref aftur á bak.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta: Á fundi þingflokksformanna tóku aðrir þingflokksformenn undir beiðni þingflokks jafnaðarmanna. Forseti leitaði eftir því við samgrh. að orðið yrði við beiðni þingflokksins en hann varð ekki við þeirri ósk. Þar sem ráðherrann hefur lagt mikla áherslu á að þetta mál sé flókið, fer ég þess á leit að ráðherrann leggi fyrir alþingismenn skriflega greinargerð á morgun um forsendur gjaldskrárhækkana Pósts og síma.

[15:11]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Eins og hv. þingflokksformanni jafnaðarmanna er kunnugt hefur forseti fallist á að þessi utandagskrárumræða um gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf. geti farið fram á þingfundi á morgun, í upphafi fundar sem mundi þá hefjast kl. 13 og hafði samgrh. fallist á þann tíma. Forseti veit ekki hvort hann á að skilja orð hv. þingflokksformanns þannig að beiðnin um utandagskrárumræðu sé dregin til baka en beðið um skýrslu frá ráðherra. Forseti bíður eftir frekari upplýsingum um það.

[15:12]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegur forseti. Hér háttar mjög sérkennilega til í sambandi við þetta mál. Það er um það að ræða sem heitir stjórnarkreppa á venjulegu máli þegar það gerist að hæstv. forsrh. telur óhjákvæmilegt að setja ofan í við einn af undirmönnum sínum jafneftirminnilega og áberandi og hann gerði fyrir nokkrum dögum. Þess vegna er það eðlilegur hlutur að mál af þessu tagi sé rætt strax og þing kemur saman aftur eftir viku hlé. Ég vil taka fram að það er mín skoðun að það sé réttur þingmanns að óska eftir því að fá hálftíma umræðu, þegar óskað er eftir því, jafnvel þó ráðherra fallist ekki á það. Samkvæmt þingsköpunum dugir að viðkomandi þingmaður gefi yfirlýsingu í þessu sambandi. Ég tel það mjög slæmt ef réttur þingmanns verður skertur svo að þessi umræða fari ekki fram eins og nú er bersýnilegt.

Auðvitað er það forseta að ráða í þessu máli og málið liggur þannig að núv. forseti hefur alltaf lagt á það áherslu að leita samkomulags um mál af þessu tagi. Því miður hefur það ekki tekist í þessu efni. Ég tel að það eitt út af fyrir sig sé mjög slæmt að forseti beiti því valdi sem hann hefur í blóra við einn þingflokk. Þess vegna tel ég að málið sé þess eðlis að það þurfi að fara mjög rækilega yfir það. Þegar það svo bætist við í málinu að einn af þeim 63 einstaklingum sem hafa kjörbréf í þessari stofnun hefur lýst því yfir að óhjákvæmilegt sé að efna til umræðna um vantraust á hæstv. samgrh. þá sést bersýnilega að hér er stórmál á ferðinni og eðlilegt að það vekji hörð viðbrögð.

[15:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að það sé unnið skipulega í þinginu. Það var ákveðið í upphafi þings að morgundagurinn yrði notaður til umræðu um utanríkismál. Það hefur verið sérstök ósk þingmanna að fá meiri upplýsingar um þann málaflokk. Undirbúin hefur verið sérstök ræða eins og venjulega og henni dreift meðal þingmanna. Þess vegna kemur mér afar mikið á óvart að það skuli eiga að nota þennan dag í lengri umræðu utan dagskrár, morgundaginn, og taka hluta af deginum í þetta mál.

Nú er ég ekkert að gera lítið úr því að það þarf að ræða þetta mál. Mér finnst ekki samræmast góðu skipulagi þingsins að ákveða í upphafi þings að þessi dagur skuli sérstaklega tekinn undir utanríkismál en nota hann svo undir utandagskrárumræðu vegna þess að líka hefur verið kvartað yfir því af þingmönnum að ekki sé nægur tími til að ræða þau. Þar

af leiðandi verð ég að lýsa óánægju minni með þetta fyrirkomulag sem kemur mér mjög á óvart. Ég skil að forseti er í vanda staddur og auðvitað þarf að ná samkomulegi um þessi mál. En ég tel það ekki vera til eftirbreytni og vera slæmt ef tiltekinn dagur er ákveðinn fyrir umræðu strax í upphafi þings en því svo breytt skyndilega vegna utanaðkomandi atvika, jafnvel þótt þau séu mikilvæg.

[15:16]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég skil það mjög vel að hæstv. utanrrh. sé ekki sáttur við að þær áætlanir standist ekki sem gerðar voru um störf þingsins á morgun, þ.e. að þá eigi utanríkismál að vera til umræðu. En það var ekki að ósk þingflokks jafnaðarmanna sem sú ákvörðun var tekin. Það var samráðherra hæstv. utanrrh. í ríkisstjórninni sem kom með þá tillögu og gerði það án samráðs við hæstv. utanrrh. Ef hæstv. utanrrh. ætlar að beina máli sínu og gagnrýni að einhverjum aðila í þessu sambandi, þá beinir hann henni að sjálfsögðu að starfsbróður sínum, hæstv. samgrh. Hann valdi þessa dagsetningu í samráði við forseta þingsins.

En ég vil ítreka þá spurningu sem kom fram hjá formanni þingflokks jafnaðarmanna: Mun það að hæstv. ráðherra treystir sér ekki til að fara í þessa umræðu í dag, þá ekki verða til þess að sú umræða geti orðið vandaðri á morgun, þ.e. að áður en sú umræða hefst verði þingmönnum afhent skrifleg greinargerð frá samgrn. um forsendur Pósts og síma fyrir þeim hækkunum sem ákveðnar voru? Ef umræðunni er frestað í sólarhring að beiðni hæstv. ráðherra, eins og gert hefur verið, þá treysti ég því að hæstv. ráðherra noti tímann til þess að sjá svo um að þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en umræðan hefst, muni liggja fyrir áður en hún hefst á morgun. Og ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Mun hæstv. ráðherra ekki sjá til þess? Og kannski er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh.: Er hann þá ekki reiðubúinn til að beita sér í málinu ef hæstv. samgrh. fæst ekki til að svara þessari einföldu spurningu?

[15:18]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir það með hæstv. utanrrh. að það hefði farið betur á því að umræðan hefði farið fram í dag og utanríkismál fengið morgundaginn. En því miður treystir hæstv. samgrh. sér ekki í umræðuna í dag og þess vegna verður hún líklega á morgun.

Við jafnaðarmenn höfðum óskað eftir því að þessi umræða færi fram í dag því að hér er stórmál á ferðinni. Ég kalla eftir svörum frá hæstv. samgrh. Mun hann leggja hér fram forsendurnar fyrir gjaldskrárhækkuninni eins og óskað hefur verið eftir? Hann hefur heilan sólarhring til þess að undirbúa sig þannig að hér geti farið fram málefnaleg umræða á morgun. Eins og kom fram hjá formanni þingflokks jafnaðarmanna þá er stórmál á ferðinni og ég tel fulla ástæðu til þess að við utandagskrárumræðuna á morgun verði fleiri viðstaddir heldur en hæstv. samgrh. Ég nefni t.d. hæstv. forsrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. viðskrh., ég tel fulla ástæðu til að þeir verði viðstaddir umræðuna því að þetta er málaflokkur sem varðar þá alla og jafnvel ríkisstjórnina í heild. Því kalla ég eftir svörum við því hvort þessir ráðherrar verði ekki viðstaddir umræðuna og hvort við fáum greinargerð frá hæstv. samgrh. um forsendur þessarar skattlagningar sem ríkisstjórnin hefur lagt á almenning í landinu í gegnum Póst og síma frá 1. nóvember talið.

[15:20]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Í gærkvöldi hringdi ég samkvæmt beiðni hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur til hennar þar sem skilaboð lágu frá henni um að hún vildi tala við mig. Þá sagði hún mér að hún mundi óska eftir utandagskrárumræðu í dag, stuttri utandagskrárumræðu. Það hittist nú svo á að það hafði þegar verið auglýstur fundur með mér úti á landi þannig að ég var vant við látinn. Ég sagði formanni þingflokks jafnaðarmanna þegar í stað að ég væri mjög ánægður yfir þessari beiðni og ég teldi nauðsynlegt að ræða málefni Pósts og síma og fjarskiptamál ítarlega í þinginu. Þetta mál hefði verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu og fjöldi þingmanna óskaði eftir því að taka til máls. Ég varð þess vegna mjög undrandi á því að hv. formaður þingflokks jafnaðarmanna skyldi lýsa sig andvíga því að þessi umræða gæti staðið lengur en 30 mínútur. Ég hygg að þessi afstaða þingflokks jafnaðarmanna komi allra þjóðinni á óvart. Einstakir þingmenn þar hafa farið mikinn. Einn þingmannanna hefur lýst því yfir að ástæða sé til þess að lýsa yfir vantrausti á samgrh. Eftir sem áður virðist þingflokkur jafnaðarmanna ekki vilja ræða þetta mál vendilega og gefa mönnum kost á því hér í þinginu að fara efnislega niður í einstök atriði. (**Gripið fram í:** Eiga þeir mann í stjórninni?) Ég vil líka geta þess vegna þessa frammíkalls að þingflokkur jafnaðarmanna tilnefnir einn mann í stjórn Pósts og síma sem er sérstakur trúnaðarmaður þess þingflokks. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) það er ekki rangt, sem er í samræmi við þær (Forseti hringir.) skoðanir mínar þegar um ríkisfyrirtæki er að ræða að stærstu þingflokkar eigi aðild að stjórn ríkisfyrirtækisins til þess að um það geti tekist pólitísk samstaða og eining og sátt.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Ég segi aftur að því miður var ég búinn að binda mig í dag. Ég tel nauðsynlegt að umræðan verði löng. Ég tel nauðsynlegt að við skýrum vendilega sjónarmið okkar og ég tel líka nauðsynlegt að þingflokkur jafnaðarmanna sem er sundurleitur hópur skýri nákvæmlega hver afstaða hans er og hún sé borin saman við það sem hv. þingmenn þess flokks sögðu þegar frv. um Póst og síma hf. og um fjarskiptalög lágu fyrir hér í þinginu.

[15:23]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er nú komið fram sem ég benti á hér áðan hver það var sem taldi nauðsynlegt að taka daginn á morgun, sem settur hafði verið sérstaklega til hliðar til að ræða utanríkismál, undir langa umræðu um málefni Pósts og síma. Sá maður var hæstv. samgrh. sem sjálfur greindi frá því hér. Og ég ítreka þau tilmæli við hæstv. utanrrh. að sjái hann ástæðu til þess að gera umkvartanir yfir meðferð málsins, þá snúi hann sér að hæstv. samgrh. sem valdi þennan dag til þess að hafa langa umræðu um þetta sérstaka mál.

Það er ekki rétt hjá hæstv. samgrh. að þingflokkur jafnaðarmanna tilnefni einstakling í stjórn Pósts og síma. Þingflokknum var ekki boðið það. Hann hafði hins vegar samráð við mig og ég neita því ekki, það er rétt. En hann en ekki ég er yfirmaður þessarar stofnunar. Hann en ekki ég getur kallað eftir skýrslu um forsendur fyrir ákvörðunum þessarar stofnunar og hann svaraði því ekki, hæstv. ráðherrann, hvort hann mundi halda þannig á málum á þeim sólarhring sem eftir er þangað til umræðan hefst, að áður en hún hefst á morgun geti þingmenn fengið skýringar stofnunarinnar og samgrn. á forsendum þessarar miklu hækkunar. Ég hef ekki

vald til að kalla eftir slíkri skýrslu en hann hefur það. Ég vil fá svar frá hæstv. ráðherra: Mun hann ekki sjá svo um að þessar skýringar stofnunarinnar og ráðuneytisins liggi fyrir áður en umræður hefjast á morgun? Og ég fer þess sérstaklega á leit við hæstv. forsrh. sem hefur haft afskipti af þessu máli að hann sjái til þess að svo verði svo að umræðurnar um málið á morgun, á heiðursdegi hæstv. utanrrh. hér í þinginu, geti verið með sem eðlilegustum og skilmerkilegustum hætti.

[15:26]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta eru rangfærslur sem hæstv. samgrh. fór með hér áðan. Það hefur ekki staðið á okkur í þingflokki jafnaðarmanna að ræða ítarlega og lengi um málefni Pósts og síma, enda er af nógu að taka. Við óskuðum eftir snarpri, pólitískri umræðu utan dagskrár í dag og við erum reiðubúnir hvenær sem er að mæta hæstv. ráðherra, t.d. í kjölfar þess að hann leggi fyrir Alþingi skýrslu um forsendur í sambandi við þessa gjaldskrárhækkun. Við hræðumst ekki umræðu við hæstv. ráðherra. Hins vegar er eðli utandagskrárumræðu, og þetta er þannig umræða, að pólitísk umræða eins og við óskuðum eftir hér í dag, að geta átt sér stað með stuttum fyrirvara. Forseti féllst ekki á það og ráðherra féllst ekki á það þó svo að allir þingflokksformennirnir eins og hér hefur komið fram, eða a.m.k. flestir, væru á því. Það hefði líka hentað störfum þingsins að hafa umræðuna í dag.

Ráðherra fór sömuleiðis með fleipur þegar hann sagði að þingflokkur jafnaðarmanna ætti fulltrúa í stjórn Pósts og síma. Það er rangt. Ég er varaformaður þingflokks jafnaðarmanna. Stjórnarkjör eða stjórnarmenn í Pósti og síma hafa aldrei verið ræddir á þingflokksfundum í þingflokki jafnaðarmanna. Hvort hæstv. ráðherra eigi samtöl við formann Alþfl. eða einhvern annan þingmann varðandi þetta mál hefur ekkert með þingflokk jafnaðarmanna að gera. Ráðherrann skipar þessa stjórnarmenn. Þeir eru á hans ábyrgð. Hann velur þá. Og ef hann hefur valið eftir einhverju pólitísku litrófi, gott og vel, þá er það hans mál og á hans ábyrgð en ekki okkar. Þetta er dæmi um blekkingar hæstv. ráðherra sem kemur lúbarinn út úr þessari umræðu eftir að hæstv. forsrh. þurfti að snúa hann niður þegar hann var kominn utan vegar í sambandi við stjórn á sínu ráðuneyti. Það sést nú hver málflutningur þessa manns, hæstv. ráðherra, hefur alla tíð verið í þessu efni.

[15:28]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það hvarflaði hvorki að mér né þingflokki jafnaðarmanna að með þeirri hálftíma umræðu sem hefði farið fram hér í dag værum við að ljúka umfjöllun um Póst og síma. Það er fráleitt.

Við þingmenn eigum þann kost þegar við biðjum um umræðu utan dagskrár að fara í stutta, snarpa, pólitíska umræðu í 30 mínútur, að fara í svokallaða langa, ótímabundna umræðu eða að gera sérstakt samkomulag óháð þingsköpunum um umræður af tiltekinni lengd. Við ákváðum það vegna umræðunnar í vikunni þegar þingið var ekki að störfum að kjósa 30 mínútna umræðu hér í dag, stutta, snarpa, pólitíska umræðu með skilaboðum frá þinginu um vilja Alþingis til að viðhalda eftirlitsskyldu sinni og aðhaldi sínu á ríkisstjórn. Það gekk ekki eftir og að sjálfsögðu munum við ræða ítarlega málefni Pósts og síma, ekki aðeins á morgun heldur oft, oft á næstunni.

Forseti innti eftir því hvort ég væri að draga til baka ósk mína um utandagskrárumræðu. Nei. Ég hef fyrir hönd míns þingflokks kosið næstbesta kostinn sem er umræða á morgun og mun eiga samkomulag við forseta um lengd þeirrar umræðu. Ég tek undir það með utanrrh., af því að ég vil gjarnan að Alþingi taki öfluga umræðu um utanríkismál og því miður er það ekki gert nema um það bil í þessi skipti sem ráðherrann flytur skýrslu sína, að ég harma að við munum taka nokkrar klukkustundir af þeim tíma sem var til umráða í utanríkisumræðuna og ég skil viðhorf og tilfinningar utanrrh.

Virðulegi forseti. Þegar ég legg það til að ráðherrann leggi fyrir þingmenn greinargerð, þá er það til þess að sú lengri umræða sem hann hefur lagt áherslu á verði eins öflug og málefnaleg og unnt er þannig að þingmenn verði með skrifaðar fyrir framan sig þær upplýsingar sem ráðherrann ætlar fram að færa.

[15:30]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Um leið og forseti lýsir því yfir að þessari umræðu um störf þingsins er lokið vill hann segja þetta: Það er alveg ljóst, eins og kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar, að það er ótvíræður réttur þingmanna að óska eftir utandagskrárumræðu um einstök mál sem heitt brenna en jafnframt er ljóst að til þess að slík umræða geti farið fram þarf bæði samþykki forseta þingsins og viðkomandi ráðherra og samkomulag milli þeirra. Það samkomulag náðist ekki í dag.

Forseti skilur vel þá athugasemd hæstv. utanrrh. að vont er að raska fyrir fram ákveðinni dagskrá þingsins. Dagskrá þingsins raskast auðvitað alltaf þegar beðið er um utandagskrárumræðu en verra er þegar það er í blóra við starfsáætlun þingsins. Þess vegna tekur forseti fullt tillit til þessarar athugasemdar hæstv. utanrrh. Ekki var frá því gengið milli þingforseta og formanna þingflokka hversu langan tíma þessi umræða kynni að taka. Forseti lagði áðan til að þingfundur hæfist klukkan 13 á morgun í stað 13.30. Það kemur vissulega til greina að finna annan hentugri tíma og það mun forseti ræða við þingflokksformenn síðar í dag. Forseti lítur svo á að umræðan geti farið fram á morgun en mun leita samráðs um tilhögun umræðunnar við þingflokksformenn og hæstv. utanrrh. sem á að flytja skýrslu um utanríkismál á morgun.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Upplýsingarit ríkisstjórnarinnar.*

[15:32]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að út er kominn bæklingur á vegum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar telur að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi staðið sig vel. Þetta eru litlar fréttir, þetta eru engar fréttir. En nú er spurt um það sem ekki er vitað: Hvað kostaði gerð áróðursbæklingsins og áróðurs ríkisstjórnarinnar um eigið ágæti? Hvað ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að verja miklu fé úr almannasjóðum til sjálfshóls í þessari lotu? Við vitum um þær milljónir og milljónatugi sem áður hafa farið í áróður af þessu tagi og

í margvísleg pólitísk gæluverkefni en nú er spurt um þessa áróðurslotu sérstaklega. Síðan er spurt: Á hvaða lið fjárlaga er að finna áróðurskostnað ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

[15:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það var greint frá því opinberlega þegar þetta rit var kynnt hver kostnaður væri við það. Það var gert á blaðamannafundi. Það hefur sennilega ekki gengið fyrir hv. þm. að fylgjast með fréttum af því upplýsingariti, en sérstaklega var tekið fram að kostnaður væri um 2,5 millj. kr. Ég hygg að flestir þingmenn hafi fengið þær tölur til sín því þeim var ekki í neinu leynt.

Í annan stað er þessi kostnaður færður á lið sem heitir Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar.

[15:34]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta mál er margþætt og margslungið. Þetta snertir peninga, þetta snertir siðferði og þetta snertir lýðræði. Þannig væri eðlilegt að spyrja hvort ríkisstjórnin ætli að láta stjórnarandstöðunni í té fjármuni til að standa straum af kynningu á sínum sjónarmiðum. Ég vil gera skýran greinarmun á upplýsingum sem verið er að koma á framfæri við almenning annars vegar og áróðri hins vegar. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann réttlæti áróður af þessu tagi siðferðilega.

[15:35]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ætli réttlætingin sé ekki með svipuðum hætti og hjá BSRB. Þar eru gefin út rit á kostnað félagsmanna og ég verð ekki var við annað en að mikið lof og prís sé um starfsemi BSRB í öllum greinum í því riti. Ég býst við að það sé allt saman verðugt og réttmætt, eðlilegt og sjálfsagt. En ég vil líka geta þess að á þessum blaðamannafundi var sérstaklega um það spurt hvort slíkt rit yrði gefið út fyrir kosningar og því var svarað að það yrði ekki gert vegna þess að það eru fordæmi sem hv. þm. eru kannski kunn um að slík rit, að vísu miklu glæsilegri en þetta, hafa verið gefin út fyrir kosningar þannig að mjög umdeilt var.

[15:36]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vildi að ég hefði miklu fleiri mínútur til ráðstöfunar. Mér finnst mjög alvarlegt að hér komi fram að hæstv. forsrh. þjóðarinnar er sleginn siðferðilegri blindu. Hann er að rugla saman baráttuáróðri sem fram kemur frá verkalýðshreyfingunni í landinu þar sem hún er að berjast fyrir hagsmunum launafólks í landinu. Hún hefur ráðist í áróðursherferðir, auglýsingaherferðir t.d. gegn sjúklingasköttunum og árásunum á lífeyrisþega, en hún hefur ekki ráðist í auglýsingaherferðir til að hefja sjálfa sig til skýjanna eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að gera á kostnað almennings í landinu. Þetta hefur ekkert með upplýsingar að gera, þetta er misnotkun á almannafé.

Ég ætla ekki og hef ekki tækifæri til að gera innihald þessa bæklings að umræðuefni, þann hálfsannleika sem þar er reiddur fram og þá röngu mynd sem dregin er upp. (Forseti hringir.) Ég vildi hins vegar nota þetta tækifæri til að fá þessar upplýsingar fram og sýna fram á þann (Forseti hringir.) siðferðisbrest sem er hjá ríkisstjórninni í þessu máli.

*Upplýsingasamfélagið og gjaldskrá Pósts og síma.*

[15:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég geri hér að umtalsefni mál, sem fjallað var reyndar um í umræðu um störf þingsins fyrr á fundinum, sem er skattlagning ríkisstjórnarinnar í gegnum Póst og síma. Ég beini máli mínu til hæstv. viðskrh. vegna þess að ég treysti því ekki að hann verði viðstaddur utandagskrárumræðuna á morgun, þó svo að ég hafi farið fram á að ákveðnir ráðherra verði viðstaddir. Fyrirspurn mín snýr að nefnd sem skipuð var haustið 1995 til að gera tillögur að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Þessi stefnumótun birtist í ritinu Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið. Þar er yfirmarkmiðið að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Er það með skattlagningu eins og nú hefur fallið á internetsnotendur og almenna símnotendur sem hann telur að aðalmarkmið þeirrar nefndar náist best — með því að setja vegartálma á hraðbrautina inn í upplýsingasamfélagið eins og netið hefur verið kallað? Telur hann að það náist best með því að leggja byrðar á notendur netsins? Á nemendur í fjarnámi, á þá sem í námi og starfi nýta sér upplýsingatæknina í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar, svo vitnað sé í ritið sem fjallar um framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar. Telur hæstv. ráðherra að Íslendingar verði frekar í fararbroddi eftir þessa skattlagningu en áður? Telur hann að þessi vinnubrögð séu þessum markmiðum til framdráttar?

[15:40]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég sem viðskrh. hafði forgöngu um að setja þá vinnu af stað sem unnin var milli stjórnarflokkanna og reyndar var haft mjög víðtækt samstarf við aðila í atvinnulífinu, verkalýðshreyfingu og stjórnkerfið um þá vinnu. Niðurstaða af því starfi liggur fyrir og hefur verið gefið út. Það er rétt að við setjum okkur það markmið að vera í fararbroddi á þessu sviði í heiminum, sem ég trúi að við getum. Við verðum líka að hafa það í huga að þjónusta eða kostnaður við notkun veraldarvefsins á Íslandi, í samanburði við önnur lönd, hefur verið með því allægsta sem þekkist í heiminum. Ég veit þó ekki nákvæmlega hver kostnaðurinn er eftir þá breytingu sem núna hefur verið gerð — því gjaldskráin hefur nú verið færð til á milli daga — ég hef því ekki látið reikna það nákvæmlega út fyrir mig miðað við síðustu ákvörðun um breytingu á gjaldskránni hvaða áhrif þetta muni hafa. Þó hef ég þá trú að við Íslendingar getum boðið þessa þjónustu, eftir þessar gjaldskrárbreytingar sem eru boðaðar, á lægra verði en flestar aðrar þjóðir geta gert. Og það er auðvitað það sem við keppum að — að geta boðið upp á þessa þjónustu á sem lægsta verði þannig að við séum samkeppnisfærir á þessu sviði við aðrar þjóðir heim og þannig verðum við í fararbroddi á þessu sviði um aldamót.

[15:41]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er greinilegt á málflutningi hæstv. ráðherra að hann er sammála mér í því að það sé ekki með auknum álögum sem við náum að komast að þeirri framtíðarsýn sem ríkisstjórnin hefur sett sér um upplýsingasamfélagið. Það er alveg greinilegt. Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera til

að beita sér fyrir því að þær álögur verði teknar af? Mun hann beita sér í því? Mun hann legga lóð á vogarskálarnar eins og hæstv. forsrh. gerði? Honum tókst að lækka álögurnar um helming. Hvað getur hæstv. viðskrh. gert í málinu? Það er vissulega tímabært að hæstv. ráðherra láti athuga hverjar álögurnar eru á notendur núna eftir þá gjaldskrárbreytingu sem tók gildi 1. nóvember og ætti auðvitað að vera skylda hæstv. viðskrh. að gera slíkt og vita hvaða skattlagningu ríkisstjórnin er að beita sér fyrir í þessum málaflokki. Ég kalla eftir því hvað hann hyggist gera í málinu. Á að láta þá skattlagningu endalaust falla á þessa hópa?

[15:43]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan að þrátt fyrir þá hækkun, sem fram undan er, þá verðum við með lægsta verð á þessari þjónustu í heiminum eða með því lægsta. Og það er auðvitað það sem við keppum að.

Almennt varðandi þetta mál þá hefur komið fram af minni hálfu að ég tel eðlilegt að Samkeppnisstofnun skoði málin. Neytendasamtökin hafa sent mér bréf þess efnis. Það eru fleiri en viðskiptaráðherra sem geta beint slíkum erindum til Samkeppnisstofnunar og ef ég hef heyrt rétt, þá kom það fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, sem hérna spyr, að ef viðskrh. sendir ekki málið, eins og Neytendasamtökin óska eftir, þá geti viðkomandi þingmaður gert það. Það getur hver og einn gert það. Þá er um tvenns konar úrræði að ræða sem Samkeppnisstofnun getur beitt, annars vegar á grundvelli 17. gr., (Forseti hringir.) þ.e. beint fyrirmælum til fyrirtækisins, eða á grundvelli 5. og 19. gr. þar sem hægt er að vekja athygli á þeirri röskun sem getur hugsanlega orðið á samkeppni af þessum sökum. En ég legg áherslu á það sem snýr að veraldarvefnum í þessum efnum (Forseti hringir.) að við munum áfram vera í fararbroddi á því sviði.

[15:44]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki rétt í málflutningi hæstv. ráðherra að við séum með lægsta verð á internetsþjónustunni eftir þessa hækkun. Það er rangt. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að kynna sér það. Það sem ég átti við um hvort ráðherra mundi beita sér í málinu, þá virtist klukkutímafundur með forsrh. geta lækkað gjaldskrána um helming. Getur viðskrh. sest niður með hæstv. samgrh. og náð honum kannski aðeins lengra niður? Því auðvitað verður þessi hækkun ekki liðin. Hún verður ekki liðin, hvorki af almenningi, notendum símans, netverjum, öldruðum né öðrum þeim sem treysta á símaþjónustuna í samskiptum. Það verður ekki liðið.

*Flutningur Stýrimanna- og Vélskólans úr Sjómannaskólahúsinu.*

[15:45]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um fréttir af flutningi sjómannamenntunarinnar úr Sjómannaskólanum á Rauðarárholti í Reykjavík.

Það mun hafa verið Ólafur heitinn Thors, þáverandi atvinnumálaráðherra, sem lagði til árið 1941 að byggt yrði veglegt húsnæði sem menntasetur fyrir sjómannastéttina. Málalyktir urðu þær að núverandi sjómannaskóli var reistur á Rauðarárholti í Reykjavík. Sjómönnum var afhent húsnæðið við hátíðlega athöfn árið 1944 af þáverandi ríkisstjóra, Sveini Björnssyni. Mikill stórhugur ríkti þá í málefnum sjómanna og ekkert talið ofgert til þess að gera hlut þeirra sem bestan.

Ekki verður sagt að þeir sem á eftir hafa komið hafi sýnt þessum þætti sjómannastarfsins sama skilning og Ólafur heitinn Thors og húsið hefur verið í mikilli niðurníðslu á síðustu áratugum. Um þverbak hefur þó keyrt miðað við nýjustu fréttir frá hæstv. menntmrh. á Stöð 2 nýverið um tillögur sem eru komnar fram í menntmrn. um að Sjómannaskólinn verði tekinn af sjómönnum. Rökin eru þau að skólinn sé illa nýttur og færi betur við hliðina á Tækniskóla Íslands og kostnaður væri minni með þeirri nýtingu.

Engin af þeim rökum, sem komið hafa fram af hálfu ráðuneytisins, hafa haldið. Þvert á móti mun kosta um 1,5 milljörðum meira að flytja skólann úr núverandi húsnæði en koma skólanum í boðlegt ástand. Ég spyr því hæstv. ráðherra menntamála: Er enn verið að hugsa um flutning á sjómannamenntuninni úr Sjómannaskólanum eða eru einhver ný rök komin í málinu og þær hugmyndir sem uppi hafa verið þegar teknar af borðinu?

[15:48]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Á fundi sem ég átti með forustumönnum skólanna, og hv. þm. var meðal fundarmanna, varð niðurstaðan sú að menn ætluðu að gefa sér tíma fram að áramótum til þess að velta fyrir sér öllum hliðum málsins. Sá tími er ekki liðinn þannig að málið hefur ekki verið afgreitt enn þá.

Hv. þm. nefndi að það mundi kosta a.m.k. 1,5 milljarða ef ekki hærri fjárhæð að flytja skólana. Ég vek athygli á því að 1,5 milljarðar jafngilda því að það yrðu a.m.k. byggð tvö hús á borð við Sjómannaskólann þannig að menn hljóta að velta fyrir sér hvaða tölur þeir nefna þegar þeir fjalla um þetta mál. Ég hef engan heyrt flytja neinn rökstuðning fyrir því að það muni kosta 1,5 milljarða að flytja þessa skóla ef til þess úrræðis yrði gripið. Menn verða að átta sig á því hvað yrði hægt að gera og byggja í skólakerfinu fyrir 1,5 milljarða og það eru slík stórhýsi að það dygði til þess að tvöfalda húsakost sem eru 6.700 fermetrar sem Sjómannaskólinn ræður þarna yfir þannig að menn eru að tala kannski um húsakost upp á 12–15 þúsund fermetra ef þeir eru að velta fyrir sé slíkum fjárhæðum. Svo er alls ekki. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að það kunni að vera unnt að haga rekstri og byggingarkostnaði í skólakerfinu með þeim hætti að spara mætti 750 millj. kr. með þessu. En málið hefur ekki verið skoðað til hlítar. Á fundi sem hv. þm. sat ásamt forustumönnum sjómanna varð niðurstaðan sú að menn ætluðu að gefa sér tíma fram að áramótum til að skoða málið og er sjálfsagt að við notum þann tíma og tökum síðan ákvarðanir í málinu.

[15:49]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég kannast við að hafa setið þennan fund með hæstv. ráðherra með forustumönnum skólanna, skólastjóra ásamt skólanefndum og nemendafélögum. Mér hefur samt fundist, herra forseti, að miðað við þær yfirlýsingar sem hafa komið frá hæstv. ráðherra og ráðuneyti sé búið að ganga það langt að erfitt verði fyrir menn að snúa við. Ég fagna því að sjálfsögðu ef það á í einlægni að skoða það fram að áramótum að stofnunin verði á þeim stað þar sem hún hefur fengið aðsetur samkvæmt ákvörðunum ríkisstjórnar á sínum tíma, samkvæmt ákvörðunum þjóðarinnar á sínum tíma og

enginn láti sér detta í hug að hrekja sjómenn úr því húsi sem er þeirra eign og flytja þá upp í sveit sem er ekki í neinum tengslum við sjómannanámið eða sjómannamenntun. (Forseti hringir.) Þess skora ég á hæstv. menntmrh. um að lýsa því yfir að öll rök verði nýtt til þess að tryggja menntunina á þeim stað þar sem hún er í dag.

[15:51]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Að sjálfsögðu verða málin skoðuð en ég vil aðeins leiðrétta að ekki er verið að tala um að flytja starfsemina upp í sveit eins og hv. þm. orðaði það. Talað er um að flytja starfsemina innan bæjar í Reykjavík á stað sem er mjög hentugur miðað við allar samgöngur og það er verið að tala um að flytja starfsemina í húsnæði sem þykir fullgott og fullboðlegt húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands og þar sem er starfandi eitthvert mesta hátæknifyrirtæki í landinu um þessar mundir.

Menn verða að átta sig á því hvaða orð þeir nota þegar þeir fjalla um þetta mikilvæga og viðkvæma mál og gæta sín bæði þegar þeir nefna tölur og staðsetningar þannig að tekið sé mark á orðum þeirra og að ekki sé farið með fleipur þegar þeir standa í þessum ræðustól.

[15:52]

**Kristján Pálsson:**

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hver fer með fleipur í þessu máli. Ég veit bara að þær tölur sem hafa legið fyrir í málinu og ég hef farið með koma frá þeim mönnum sem gerst þekkja og hafa starfað við menntun sjómannastéttarinnar á undanförnum áratugum. Þeir halda því fram að kostnaður við flutninginn sé meiri, jafnvel upp á 1,5 milljarða, en að láta húsnæðið vera á þeim stað þar sem það er í dag. Vel má vera að það séu ekki alveg hárréttar tölur hjá þeim en ég kalla þetta ekki fleipur. Að láta sér detta í hug að fara að flytja sjómannamenntunina upp í sveit því að ég kalla þetta upp í sveit, — þeir eiga þetta húsnæði sem þeir eru í og í rauninni er engin heimild til þess að flytja úr því — er í mínum huga fjarri öllum hugsanagangi sem hefur verið í kringum sjómenn. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra sjái til þess að þessi mál verði sett á þann veg sem sjómönnum líkar.

[15:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vek athygli forseta á því að það mál sem hér var tekið upp til umræðu áðan af einum hv. þm. liggur þegar fyrir í fyrirspurn á þskj. 212 og er 203. mál Alþingis þar sem spurt er mjög ítarlega um öll efnisatriði sem hv. þm. gerði að umtalsefni í umræðum um óundirbúna fyrirspurn og reyndar nokkur í viðbót í sjö töluliðum. Ég vek athygli forseta á þessari staðreynd í málinu. Mér er ljóst að það hlýtur að hafa farið fram hjá hv. þm. að svo er en spurningin er þá til hæstv. forseta hvernig fara beri með mál í sambærilegum tilvikum.

[15:54]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta var kunnugt að þetta mál var á þingskjali en forseti getur ekki vitað nákvæmlega hvað hv. þingmenn ætla að spyrja um í óundirbúnum fyrirspurnum. Forseti veit það ekki frekar en viðkomandi ráðherra þó að hann viti um efni fyrirspurnarinnar rétt áður en hann hefur fund.

*Staða aldraðra og öryrkja.*

[15:55]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. um slæma stöðu aldraðra og öryrkja hérlendis samanborið við önnur Norðurlönd. Tilefni þess er að á föstudaginn var haldinn fyrsti ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins og þá voru lagðar fram staðtölur almannatrygginga 1996. Þar kemur fram að útgjöld vegna aldraðra og öryrkja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru langlægst hérlendis af Norðurlöndunum. Þau eru 7,7% hér á landi. Í Danmörku eru þau 15,8%, í Noregi 13,0%, í Svíþjóð 17,5%, í Finnland 15,2%. Menn þurfa, herra forseti, að hafa í huga að eitt prósentustig í landsframleiðslu er yfir 5 milljarðar.

Í staðtölunum á bls. 58 kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála á íbúa hérlendis er einungis um 50–70% af því sem er á Norðurlöndunum og það kemur einnig fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndunum eru langlægst sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er 19% hér á landi en 25%–35% annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta eru gífurlegar fjárhæðir og það er ljóst að staða aldraðra og öryrkja er um það bil helmingi verri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Fyrir utan að vekja athygli á þessum tölum vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hver er stefna hans í að rétta hlut þess fólks sem hér á hlut að máli, þ.e. aldraðra og öryrkja, þegar sá samanburður blasir við að staða þeirra er mun lakari en er hjá frændum okkar á Norðurlöndunum.

[15:57]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Einarssonar vitnar í staðtölur Tryggingastofnunar en í staðtölunum eru eingöngu teknar þær greiðslur sem Tryggingastofnun greiðir. Samanburðurinn er því ekki réttur þegar verið er að tala um hvernig staðan er hjá öldruðum og öryrkjum erlendis því að ekki er verið að bera sambærilega hluti saman. Inn í staðtöluna koma t.d. ekki daggjaldastofnanirnar sem er mjög mikilvægt að taka með ef við ætlum að bera þetta saman og skattkerfið er heldur ekki það sama þannig að við erum ekki að bera saman samanbærilega hluti.

[15:58]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég verð að leiðrétta hæstv. ráðherra aðeins. Það er þannig að 62% af eftirlaunagreiðslum koma úr almannatryggingakerfinu, þ.e. frá Tryggingastofnun ríkisins. Í Evrópu er þetta hlutfall hærra, 88%, þar sem meira kemur hér úr lífeyrissjóðunum. Það skýrir nokkurn mun. Það er vitaskuld rétt. En samt sem áður er sá munur sem ég rakti hér yfir framlög til heilbrigðismála. Aðrar tölur frá OECD staðfesta þennan samanburð. Það er augljóst, herra forseti, að við verjum mun minna af verðmætasköpuninni hérlendis til aldraðra og öryrkja og það sem ég var að spyrja um var hvort ráðherra ætlar að halda áfram á sinni stefnu sem hefur birst í því að þrengja frekar að öldruðum, bæði í gegnum almannatryggingakerfið og heilbrigðisþjónustuna. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við getum ekki farið í djúpa umræðu um þau mál hér en þessar tölur eru kynntar af Tryggingastofnun ríkisins og aðrar upplýsingar sem liggja fyrir benda til þess að staða þessa hóps sé mun lakari en annars staðar á Norðurlöndum.

[15:59]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda í seinni ræðu hans erum við ekki að bera saman sömu hluti þannig að það verður að taka með í reikninginn þegar þetta er allt saman lagt saman.

Ég ætla líka að minna hv. þm. á að í fjárlögum fyrir árið 1998 eru almannatryggingabætur hækkaðar verulega og það var líka gert á þessu ári.

[15:59]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í sambandi við þetta er rétt að hafa í huga að opinber umsvif eru miklum mun minni hér á landi en er í nágrannalöndunum. Opinber umsvif eru talin vera um það bil 30% af landsframleiðslu. Þau eru langt yfir 50% á mörgum Norðurlöndunum, meðaltal í Evrópu er um það bil 40%. Þetta er þvert á það sem mjög margir halda.

Ein af ástæðunum er sú að minna hlutfall fer hér af verðmætasköpuninni til þessara málaflokka sem ég nefndi. Ég held að hæstv. ráðherra ætti ekki að hrósa sér neitt sérstaklega af því sem hæstv. ráðherra hefur gert gagnvart öldruðum. Við þekkjum mótmæli þeirra og við skulum geyma þá umræðu þar til síðar. Ég tel sérstaka ástæðu að draga þessar tölur fram og það sem má lesa út úr þeim þó að gert sé með fullum velvilja gagnvart ráðuneyti hæstv. ráðherra að staða þessa hóps er mun lakari en menn hafa kannski haldið hingað til. En umræðan gefur samt til kynna að þörf sé á betri samanburði og úttektum í því efni og það má geta þess að þingflokkur jafnaðarmanna vinnur einmitt að slíkri tillögugerð.

*Einkaréttur ÁTVR.*

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. varðandi stöðu ÁTVR. Fyrir um einu og hálfu ári síðan hygg ég knúði hæstv. fjmrh. í gegn breytingar á hlutverki og stöðu ÁTVR sem fól það m.a. í sér að taka af fyrirtækinu rétt til heildsöludreifingar á áfengi. Ýmsir óttuðust að þar væri verið að leggja upp í ferli sem ætti að leiða til þess að leggja fyrirtækið niður og afhenda einkaaðilum að fullu og öllu öll umsvif á þessu sviði.

Áhugamenn um að svo verði hafa bundið nokkrar vonir við að þeim bærist stuðningur utan úr heimi sem mundi dæma það fyrirkomulag sem Íslendingar og hin Norðurlöndin að undanskilinni Danmörku hafa viðhaft varðandi einkarétt ríkisins til að dreifa þessum vímuefnum. En þeir hinir sömu áhugamenn urðu fyrir nokkru áfalli á dögunum þegar Evrópudómstóllinn dæmdi tilhögun áfengiseinkasölu í Svíþjóð löglega, að vísu að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að þessu gefna tilefni: Hvaða áhrif mun þessi niðurstaða Evrópudómstólsins, og þar með væntanlega sams konar niðurstaða hvað varðar stöðuna á hinu Evrópska efnahagssvæði, hafa á stefnu stjórnvalda, á stefnu hæstv. ríkisstjórnar varðandi framtíðartilhögun verslunar með áfengi hér í landi? Verður horfið frá öllum áformum um frekari breytingar eða rýrnun á hlutverki ÁTVR? Í öðru lagi spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvaða áhrif mun þetta hafa á stefnu svokallaðrar stjórnar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem eins og kunnugt er hefur ekki verið aðallega upptekin af því að stjórna fyrirtækinu heldur hinu, að móta nýja áfengisstefnu í landinu og þar með talið að leggja það fyrirtæki niður sem stjórnin sjálf á þó að stýra? Mun hæstv. fjmrh. beita sér fyrir því að stjórnin taki upp aðra stefnu en hún hefur fylgt? Mun hann hugsanlega endurskipa stjórnina í ljósi þess að hún hefur aðra stefnu en þá sem nú hefur verið dæmt lögmætt að viðhafa í þessum efnum og hefur verið stefna Íslands hingað til?

[16:03]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Sá dómur sem féll og hv. þm. vitnaði til hefur enga þýðingu fyrir stefnu íslenskra stjórnvalda. Það hefur ekki verið beðið eftir þessum dómi sérstaklega af okkar hálfu. (**Gripið fram í:** Verslunarráðið.) Verslunarráðið er ekki hluti af íslenskum stjórnvöldum þótt sumir haldi það. (**Gripið fram í:** Þingflokkur Sjálfstfl.) Staða málsins er sú að það er starfandi starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að fara yfir málefni sem snúa að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og reyndar fleiri lögum sem tengjast starfsemi þeirrar stofnunar. Þessi hópur hefur verið að störfum frá því fyrr á þessu ári og ég á von á því að hann geti skilað áliti áður en árinu lýkur.

Hvað varðar stjórn fyrirtækisins, þá mun þetta heldur engin áhrif hafa á stjórn fyrirtækisins en hún er skipuð til tiltekins tíma. Ef ég man rétt á að skipa stjórnina aftur eftir áramótin, þá sé tímanum lokið, en ég þori ekki alveg að fullyrða að mig minni rétt í þeim efnum.

Fleira held ég að sé ekki, virðulegi forseti, til að svara. Ég vil þó geta þess að vegna þessa dóms sem út af fyrir sig er athygli verður, þá er það álit þeirra sem að þessum málum vinna í Svíþjóð, en dómurinn á við mónópólið í Svíþjóð, systembolaget, að það sé mjög erfitt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru af dómnum og halda jafnframt úti starfseminni allt að því óbreyttri.

[16:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það eru út af fyrir sig nokkur tíðindi að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því yfir að þetta skipti engu máli, þessi dómur hafi enga þýðingu fyrir stefnu stjórnvalda hér, þó svo að hann staðfesti þá ætlan Norðurlandanna sem var m.a. af þeirra hálfu sett inn í sérstakan fyrirvara við gerð EES-samningsins að þær áskildu sér rétt til að halda áfram áfengiseinkasölum sem hluta af sinni heilbrigðisstefnu, þegar þetta hefur nú verið staðfest fyrir Evrópudómstólnum, þá hafi það ekkert gildi, enga þýðingu. Ég hefði átt von á því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. teldi það a.m.k. innlegg í málið að nú er ekki lengur ástæða til að óttast að endalausar kærur Verslunarráðsins á okkur hafi mikil áhrif hvað þetta varðar. En það er ljóst að Verslunarráðið er með nokkur kærumál í gangi eins og venjulega á ÁTVR og önnur ríkisfyrirtæki fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

Hvað varðar stjórnina, þá fagna ég því nú að gildistími hennar sé þó ekki lengri en til næstu áramóta og ég hvet hæstv. ráðherra til að endurskipa stjórnina hressilega (Forseti hringir.) því það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að það var komið aftan að mönnum með því að skipa þessa stjórn með þeim dulbúningi að um einhvers konar rekstrarstjórn fyrir fyrirtækinu ÁTVR væri að ræða (Forseti hringir.) þegar í ljós kemur að þetta er útfararstjórn, stjórnin er að leggja fyrirtækið niður.

[16:07]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að hafa mörg orð um þetta til viðbótar því sem þegar hefur verið gert. Sá sérstaki fyrirvari sem hv. þm. vitnaði til reyndist ekki vera mjög haldbær og ég hygg að hann hafi ekki verið notaður í þessum flutningi. Það var sótt í rök sem voru miklu eldri í samþykktum Evrópusambandsins frekar en það væri sótt í þann fyrirvara sem var sérstök bókun Norðurlandaþjóðanna en hafði held ég sáralitla þýðingu í sjálfu sér eins og kannski hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur gert hvað besta grein fyrir hér á hinu háa Alþingi.

Ég bendi á af því að það er sífellt verið að vitna til þess að við eigum að vera nákvæmlega eins og aðrir að annars staðar á Norðurlöndum tíðkast ekki að tóbak sé selt með einkaleyfi ríkisins eins og hér. Og ef hv. þm. ætlaði að halda fram þeirri stefnu að við ættum að vera eins og þeir, þá ætti hann að leggja til þegar á morgun að tóbakið yrði ekki háð einkasölunni. (Forseti hringir.)

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, og ítreka það sem ég hef áður sagt um þetta efni.

*Lokun Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík.*

[16:08]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín varðar ákvarðanir þýskra stjórnvalda að loka Goethe-stofnuninni í Reykjavík, sem er eina starfandi stofnun sinnar tegundar hér á landi. Hefur þessi fyrirætlan þegar vakið mikla athygli og sætt mótmælum af margra hálfu hér innan lands. Má í því sambandi vísa til margra undirskriftasafnana og eins er líka í gangi almenn undirskriftasöfnun sem beinist gegn þessari ákvörðun og áskorun um að hún verði ekki framkvæmd.

Mér er kunnugt um að hæstv. utanrrh. tók þetta mál upp við starfsbróður sinn þýskan í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í september sl. Mér er hins vegar ekki kunnugt um viðbrögð af hálfu þýskra stjórnvalda. Það eru fleiri sem hafa látið þetta mál til sín taka. Hér var sendinefnd frá Bundestag, þýska þinginu, í síðasta mánuði og komið var á framfæri við sendinefndina upplýsingum um þetta, m.a. af þeim sem hér talar. Í fréttatilkynningu sem þessi þingmannanefnd sendi frá sér 16. október sl. er eindregið varað við þessum áformum og þau talin í rauninni gróf móðgun við Ísland og Íslendinga og boðaðar aðgerðir innan þýska þingsins til þess að reyna að hafa áhrif á stjórnvöld þannig að ekki komi til framkvæmda.

Ég vil sem sagt, virðulegur forseti, spyrja hæstv. utanrrh. hvort viðbrögð hafi komið frá þýskum stjórnvöldum og hvort íslensk stjórnvöld muni beita sér frekar í málinu. Mér er það vissulega ljóst að Þjóðverja er ákvörðunarvaldið í þessum efnum, en þetta varðar mjög samþykkt ríkjanna eins og margoft hefur komið fram á undanförnum vikum.

[16:11]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Í samtali sem ég átti við utanríkisráðherra Þýskalands, ég hygg að það hafi verið 26. september sl. í New York, þá fór ég yfir þetta mál með honum sem honum var ekki kunnugt um á því augnabliki. Hann lofaði mér því að fara ofan í málið og skildi viðbrögð Íslendinga í sambandi við þetta mál, sérstaklega þegar ég tjáði honum að Ísland væri þá eina landið þar sem Goethe-stofnun væri lokað því að þótt öðrum skrifstofum væri lokað þá væri það í löndum þar sem fleiri skrifstofur væru starfandi.

Í lok starfsdags á föstudag fór ég yfir bréf sem utanríkisráðherra Þýskalands hafði ritað mér af þessu tilefni þar sem hann tilkynnti að hann hefði farið yfir málið og því miður væri þetta ákvörðun sem hefði verið tekin í sparnaðarskyni og væri ekki hægt að breyta. Hins vegar væru í athugun aðrar ráðstafanir til þess að auka menningarsamskipti Íslands og Þýskalands sem hann taldi að væru mjög mikilvæg.

Þar sem ég hef þetta bréf ekki meðferðis get ég ekki rakið innihald þess frekar. Við í utanrrn. erum að fara yfir það og höfum ekki enn ákveðið hvaða viðbrögð verða af okkar hálfu í tilefni þessa bréfs Klaus Kinkels, utanríkisráðherra Þýskalands, en það munum við ákveða á næstu dögum.

[16:12]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Svar hæstv. utanrrh. flytur okkur mjög dapurleg tíðindi sem hljóta að valda miklum vonbrigðum hjá Íslendingum sem láta sig samskipti við Þýskaland varða. Það er illt til þess að vita ef þýsk stjórnvöld fást ekki til þess að hlusta á aðvörðunarorð og hvatningar sem ekki einungis koma héðan frá Íslandi heldur einnig frá fulltrúum þýska þingsins þar sem um er að ræða fulltrúa úr öllum flokkahópum. Hér var um að ræða sendinefnd sem var skipuð fulltrúum úr þeirri nefnd þingsins sem fjallar um samskipti við Norðurlöndin og mér er kunnugt um að það hefur verið lögð áhersla á það af þeim aðilum sem ég nefndi áðan (Forseti hringir.) að þessari ákvörðun yrði ekki fylgt eftir.

Ég skora á hæstv. utanrrh. og íslensku ríkisstjórnina að reyna að koma þeim boðum (Forseti hringir.) með skýrari hætti en hingað til þýskra stjórnvalda að þessi ákvörðun, ef hún stendur, er mjög alvarlegt mál fyrir samskipti landanna.

[16:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tel að það liggi skýrt fyrir að utanríkisráðherra Þýskalands leggur mikið upp úr góðum samskiptum milli Þýskalands og Íslands þannig að af hans hálfu er fullur vilji fyrir því að þessi stofnun geti starfað hér áfram. Þannig hef ég skilið hann. Hann hefur hins vegar sagt að það sé ekki fjármagn til þess þó að það sé í sjálfu sér um að ræða mjög litla upphæð ef maður miðar við Þýskaland og fjárlög Þýskalands. Ég er því alveg fullviss um að ef tekst að koma því svo fyrir að fjármagn fáist til þessarar starfsemi, þá muni alls ekki standa á honum. En við munum halda áfram með þetta mál. Því er ekki lokið af hálfu utanrrn. Ég veit að hv. þm. skilur það að bréfið er aðeins nýkomið og okkur hefur ekki unnist tími til þess að fara yfir málið á nýjan leik, (Forseti hringir.) en við munum að sjálfsögðu gera það og ég er sammála hv. þm. um að ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða.

[16:15]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra undirtektir. Það hefur auðvitað komið fram áður að hæstv. utanrrh. hefur fullan vilja til að hafa áhrif á þetta mál. Ég held að það sé ekki mikill tími til stefnu til að fá hnekkt þeim ákvörðunum sem þarna er um að ræða. Mér er sagt að það ráðist fyrir lok nóvembermánaðar í raun hvort þessi ákvörðun stendur eða ekki. Mér er alveg óljóst hvað það er sem á að koma

í staðinn í þessum efnum. Ég hef heyrt nefndar hugmyndir eins og þær að samtökin Germanía og önnur frjáls félagasamtök ættu standa undir þessu að einhverju leyti. Ég held að það sé óraunsætt eða setji þessi mál í mikla tvísýnu.

Ég tel að frá sjónarhóli Þjóðverja sé hér m.a. um að ræða spurningu um að viðhalda menningarsamskiptum ríkjanna, tryggja eðlileg samskipti og þekkingu á þýskri tungu hérlendis því Goethe-stofnunin hefur verið miðstöð fyrir slíka starfsemi.

[16:17]

**Útbýting þingskjala:**

Framtíðarskipan raforkumála, 227. mál, stjtill. (iðnrh.), þskj. 259.

Lán og styrkir Byggðastofnunar, 90. mál, svar forsrh., þskj. 245.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 145. mál, svar landbrh., þskj. 239.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 143. mál, svar landbrh., þskj. 240.

***Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Rafræn eignarskráning verðbréfa, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Hollustuhættir, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Hlutafélög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Einkahlutafélög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Þjónustukaup, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Verslunaratvinna, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Einkaleyfi, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 153. mál (EES-reglur). — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 93. mál. — Þskj. 93.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Bann við kynferðislegri áreitni, frh. 1. umr.***

Frv. GGuðbj o.fl., 40. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Frv. PHB, 36. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Vopnalög, 1. umr.*

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 175.

[16:24]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til vopnalaga. Hér er um að ræða heildarendurskoðun á löggjöf um skotvopn og önnur vopn, sprengiefni og skotelda. Frv. er ætlað að leysa af hólmi eldri og brotakenndari löggjöf á þessu sviði, einkum þó lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda frá 1977 sem tekur ekki nægjanlega mið af aðstæðum í dag auk þess sem reglur skortir um önnur vopn en skotvopn. Frv. er afrakstur af starfi nefndar sem ég skipaði í febrúarmánuði árið 1995 til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda.

Við gerð frv. hafði nefndin til hliðsjónar gildandi reglur á þessu sviði á öðrum Norðurlöndum. Einnig átt nefndin samstarf við helstu samtök hér á landi sem eiga hagsmuna að gæta á sviði vopnalöggjafar. Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir efnisskipan frv. og helstu nýmælum sem þar eru lögð til.

Í I. kafla frv. er fjallað um gildissvið þess og í II. kafla um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda. Umfangsmesti hluti frv. er III. kaflinn sem fjallar um meðferð skotvopna og skotfæra. Sérreglur um meðferð sprengiefnis eru í IV. kafla og í V. kafla er fjallað um meðferð annarra vopna en skotvopna. Loks eru í VI. kafla ákvæði um meðferð skotelda og í VII. kafla er fjallað um refsingar fyrir brot á lögunum, upptöku eigna og fleira.

Margvísleg nýmæli eru ráðgerð í frv. sem stefna að því að marka eftirliti með vopnaeign og vopnanotkun skýrari ramma en verið hefur. Við samningu frv. var m.a. byggt á þeim forsendum að vopn eru hættuleg tæki sem almennt ber að takmarka að menn hafi um hönd nema í undantekningartilvikum þegar það styðst við gild rök eða atvinnuhagsmunir krefja. Einnig var haft í huga að það er þekkt vandamál um allan heim að vopn tengjast glæpum og takmarka verður vopnaeign svo sem kostur er með tilliti til þeirrar staðreyndar.

Loks var haft að leiðarljósi að samræmi þarf að vera á milli löggjafar í landinu sem varðar meðferð skotvopna. Með frv. er lagt til að það taki til allra vopna en ekki skotvopna eingöngu eins og þau lög sem frv. er ætlað að leysa af hólmi. Einnig er í 1. gr. frv. að finna skilgreiningu á hugtakinu vopn. En fram til þessa hefur ekki verið við neinar slíkar skilgreiningar að styðjast í lögum.

Frv. byggir á því að önnur skotvopn verði ekki heimil í landinu en þau sem heimilt er að nota við veiðar samkvæmt veiðilöggjöfinni. Frá því eru þó heimilaðar undantekningar vegna söfnunar á skotvopnum sem hafa ótvírætt söfnunargildi. Í frv. er söfnun skotvopna mörkuð skýrari takmörk en gilt hafa þar sem nokkuð er um að einstaklingar hafi komið sér upp verulegu magni nýrra skotvopna í skjóli söfnunargildis.

Það nýmæli kemur fram í 8. gr. frv. að heimilt verður að reka skotvopnaleigu að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Kæmi slík starfsemi til viðbótar verslun með skotvopn en ráðgert er að sömu reglur gildi um rekstur skotvopnaleigu og gilda um skotvopnaverslun. Var það álit nefndarinnar sem samdi frv. að starfsemi sem þessi væri til þess fallin að draga úr skotvopnaeign hér á landi. Í öryggisskyni er ráðgert að í reglugerð verði síðan ákvæði um að tiltekinn tími þurfi að líða frá því að beiðni um leigu er lögð fram þar til skotvopn er afgreitt. Í samræmi við þessa tilhögun verður skotvopnaleyfi ekki bundið við það að eiga skotvopn. Þannig verður mögulegt ýmist að leigja skotvopn eða fá að láni með öðrum hætti. Er þetta liður í þeirri stefnu að draga úr skotvopnaeign.

Í frv. er lagt til að dómsmrh. fái heimild til að kveða í reglugerð á um skipulag og framkvæmd við iðkun á skotfimi og hvaða skotvopn verði leyfð í því skyni. Er þetta mikilvægt þar sem í skjóli þessarar starfsemi er lagt til að heimilt verði að flytja inn skammbyssur. Ráðgert er að heimildir í þessu sambandi verði bundnar við skotfélög sem viðurkennd verða af ríkislögreglustjóra að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í reglugerð á grundvelli frv. mun einnig koma fram nákvæmlega hvaða greinar skotíþrótta verða stundaðar og með hvaða skotvopnum. Um leið þýðir það að önnur skotvopn verða ekki flutt til landsins. Ég vil leggja áherslu á að með þessu fyrirkomulagi verður loks komið böndum á innflutning og sölu skammbyssna sem erfitt hefur verið að stemma stigu við þar sem fastar reglur hefur skort fram til þessa. Frv. kveður á um samræmda landskrá fyrir skotvopn en með því má ætla að allt eftirlit með skráningu og meðferð skotvopna verði virkara.

Eins og ég hef nefnt er V. kafli frv. sérstaklega helgaður öðrum vopnum en skotvopnum. Þar eru sérstök ákvæði um hnífa og önnur árásarvopn. Er hér í fyrsta sinn tekið heildstætt á öllum vopnum í landinu. Í 30. gr. er lagt til að lögfest verði víðtækt ákvæði um bann við vopnum þessum og má finna upptalningu á þeim í ákvæðinu. Fram til þessa hafa lögin um skotvopn, sprengiefni og skotelda ekki náð yfir hnífa og önnur árásarvopn. Fyrst árið 1988 voru nokkur ákvæði sett í reglugerð á grundvelli skotvopnalaganna. Eru þessi ákvæði nú færð inn í löggjöfina en með ýmsum breytingum þó. Einnig eru heimildir í frv. til upptöku á hnífum og öðrum slíkum vopnum en á undanförnum árum hafa gengið dómar um að gildandi löggjöf veiti ekki nægilega skýrar heimildir í því efni.

Þá vil ég geta þess að í frv. er lagt til að ríkislögreglustjóri taki við þeim stjórnsýsluverkefnum á sviði skotvopnalöggjafar sem dómsmrh. hefur farið með samkvæmt gildandi lögum.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Dómstólar, 1. umr.*

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 176.

[16:30]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dómstóla. Frv. þetta er samið að tilhlutan dómsmrh. en unnið var að samningu þess í nánu samráði við réttarfarsnefnd. Einnig var haft samráð við Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands við samningu frv.

Frv. er einkum ætlað að koma í stað gildandi reglna um dómstóla og dómendur, sem eru annars vegar í lögum um Hæstarétt Íslands frá 1973 og hins vegar í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði frá 1989. Með frv. er lagt til að einn lagabálkur hafi að geyma samfelldar reglur um skipan dómstóla í héraði og á áfrýjunarstigi, skilyrði fyrir veitingu dómaraembætta, réttindi og skyldur dómenda og fleiri atriði sem snerta dómstólana. Þannig verður löggjöfin gleggri til yfirlits auk þess sem ýmis nýmæli eru lögð til með frv. þessu.

Auk frv. til laga um dómstóla hefur á þessu þingi verið flutt frv. til laga um lögmenn en bæði þessi frv. marka lokaáfanga í heildarendurskoðun réttarfarslaga sem hófst á árinu 1987. Sú endurskoðun hefur leitt til þess að sett hafa verið ný lög um alla þætti réttarfars auk þess sem dómstólaskipan landsins hefur verið breytt í grundvallaratriðum. Í raun verður fullyrt að um er að ræða róttækustu breytingar á lögum um dómstóla og réttarfar frá tímum einveldisins. Í stað eldri laga á þessu sviði hafa verið sett ný lög sem taka mið af þeim kröfum sem nútímasamfélag gerir til réttarfars auk þess sem allur aðbúnaður dómsvaldsins hefur verið bættur til muna. Þá er mikilvægt að samhliða hafa verið endurskoðuð lög um alla þætti réttarfars þannig að innbyrðis samræmis hefur verið gætt við lagasetningu á þessu sviði.

Við umræddа endurskoðun réttarfarslaga var viðamesta breytingin á dómstólaskipan landsins vafalaust sú að algjörlega var skilið á milli starfa sem handhafar framkvæmdarvalds og dómsvalds hafa með höndum. Þessi aðskilnaður kom til framkvæmda 1. júlí 1992 en þá var komið á fót átta héraðsdómstólum eins og mönnum er kunnugt, einum í hverju umdæmi landsins. Fara héraðsdómstólar eingöngu með dómsvald í einkamálum og sakamálum, kveða upp úrskurði um gjaldþrotaskipti og leysa úr réttarágreiningi sem rís um störf sýslumanna við fullnustuaðgerðir og þinglýsingar. Áður höfðu sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur farið með dómsvald samhliða umfangsmiklum framkvæmdarvaldsstörfum í héraði. Það fyrirkomulag, sem byggði á gömlum hagkvæmnisjónarmiðum vegna fámennis landsins, var löngu gengið sér til húðar og fékk hvorki samrýmst grundvallarviðhorfum um þrígreiningu ríkisvaldsins né þjóðréttarlegum skuldbindingum landsins á sviði mannréttinda.

Samhliða umræddum aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði tóku gildi ný lög um alla þætti réttarfars sem voru reist á afmarkaðri verkaskiptingu milli annars vegar héraðsdómstóls og hins vegar sýslumanna sem fara með umboðsstörf framkvæmdarvaldsins í héraði. Einnig voru endurskoðaðar reglur um meðferð mismunandi málaflokka fyrir dómstólum til að gera hana markvissari. Fullyrða má að reynslan af nýjum lögum um réttarfar og skipan héraðsdómstóla hefur verið góð. Þar hefur rekstur dómsmála gengið hraðar fyrir sig en áður auk þess sem staða dómsvaldsins hefur styrkst með því að setja á stofn sérstaka héraðsdómstóla í hverju umdæmi landsins og fela þannig eingöngu það verkefni að fara með dómsvald. Við þetta hafa dómstólar orðið almenningi sýnilegri og má ráða af ýmsu að áhugi á störfum þeirra hefur aukist.

Í kjölfar aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði og nýrra réttarfarslaga var hafist handa við endurskoðun laga um æðra dómsvald á Íslandi. Við þá endurskoðun var breytt lögum um Hæstarétt og ákvæðum viðeigandi réttarfarslaga um rekstur mála fyrir réttinum. Sú endurskoðun hafði það að markmiði að létta álagi af Hæstarétti, sem farið hafði stigvaxandi og leiddi til tafa á afgreiðslu mála sem illa var unað við. Einnig hafði endurskoðunin það markmið að færa reglur um málsmeðferð fyrir réttinum í annan og nútímalegri búning. Árangurinn af þessu er sá að rekstur mála fyrir Hæstarétti gengur til muna hraðar en áður var. Var svo komið í árslok 1992 að mikill fjöldi mála beið dóms hjá réttinum og gátu liðið allt að þrjú til fjögur ár frá því máli var áfrýjað þar til dómur gekk. Nú líður að jafnaði ekki lengri tími en eitt ár frá áfrýjun einkamáls þar til dómur gengur og sakamál eru afgreidd á mun skemmri tíma.

Þá vil ég geta þess að 1. júlí á þessu ári var skipulagi og stjórn lögreglu breytt í veigamiklum atriðum en þá tók til starfa nýtt embætti ríkislögreglustjóra sem fer með æðstu stjórn lögreglu í landinu í umboði dómsmrh. Á sama tíma tóku einnig gildi breyttar reglur um meðferð ákæruvalds þar sem ákæruvald lögreglustjóra í hverju umdæmi var rýmkað þannig að allur þorri sakamála er nú rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem semur ákæru í máli og sækir það fyrir héraðsdómi. Markmið þessara breytinga er að einfalda feril mála á rannsóknar- og ákærustigi svo meðferð þeirra verði einfaldari og skilvirkari.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum rakið þær breytingar sem hafa orðið á lögum um réttarfar og dómstóla frá því heildarendurskoðun réttarfarslaga hófst á árinu 1987. Ég hef einnig getið þess að ytri aðbúnaður dómstóla er nú til muna betri en áður var. Þannig hafa héraðsdómstólar fengið ný og bætt húsakynni og um haustið 1996 tók Hæstiréttur til starfa í nýju dómhúsi sem reynst hefur réttinum hentugt og er boðlegt æðsta dómstóli landins. Ég legg ríka áherslu á að heildarendurskoðun laga um réttarfar og dómstólaskipan ljúki á þessu þingi með setningu dómstólalaga.

Ég mun nú í helstu atriðum gera grein fyrir efni þess frv. sem hér liggur fyrir og þeim nýmælum sem í því er að finna.

Frv. til dómstólalaga hefur það meginmarkmið að styrkja enn frekar sjálfstæði dómsvaldsins og treysta stöðu landsins meðal þeirra þjóða sem búa hvað best að dómstólum og réttarfarslögum. Við samningu frv. hefur verið haft að leiðarljósi að ekki er nægjanlegt að þetta sjálfstæði sé tryggt í raun heldur verður sjálfstæðið og trúverðugleikinn sem því fylgir að vera öllum sýnilegur. Í þeim efnum er mikilvægt að svo verði búið um hnútana að dómstólar séu sjálfstæðir í ríkum mæli varðandi stjórn innri málefna sinna þannig að staða þeirra sé traust gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins. Til að ná því markmiði að styrkja sjálfstæði dómstólanna svo sem frekast er unnt eru lögð til ýmis nýmæli með frv. Af þeim meiði eru tvö atriði öðrum mikilvægari að minni hyggju.

Í fyrsta lagi er lagt til að stjórnsýsla héraðsdómstóla verði að verulegu leyti falin sérstakri stjórnarnefnd, svonefndu dómstólaráði, en það verði þannig skipað að í því sitji þrír menn, þar af tveir kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum.

Í frv. er gert ráð fyrir að dómstólaráð verði sameiginlegur málsvari héraðsdómstóla út á við, hafi eftirlit með starfsemi þeirra og verði aflvaki að ýmsum breytingum og nýjungum í starfsháttum. Þannig er lagt til að dómstólaráð komi fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega. Enn fremur er gert ráð fyrir að dómstólaráð fari með fjárreiður héraðsdómstóla og geri tillögur til dómsmrh. um fjárveitingar til þeirra sameiginlega. Þetta felur ótvírætt í sér tryggari stöðu dómsvaldsins við stjórnun innri mála en það atriði er einnig mikilvægur þáttur í sjálfstæði þess.

Í annan stað er lagt til að sett verði á stofn óháð nefnd um dómarastörf en henni er m.a. ætlað að fjalla um hvaða aukastörf geta samrýmst embættisstörfum dómara og gegna sama hlutverki varðandi heimildir þeirra til að eiga hlut í félögum og fyrirtækjum. Einnig er nefndinni ætlað að fjalla um aðfinnslur í garð dómara og fara með vald til að veita áminningu vegna framferðis dómara í starfi eða utan þess.

Í frv. er lagt til óbreytt það fyrirkomulag að dómstigin hér á landi verði tvö þ.e. að mál verði dæmd á fyrsta stigi fyrir héraðsdómi en á áfrýjunarstigi fyrir Hæstarétti. Einnig er lagt til að fjöldi hæstaréttardómara og héraðsdómara verði óbreyttur. Þá er ráðgert í frv. að héraðsdómstólar verði áfram átta með sömu umdæmaskiptingu og verið hefur. Á hinn bóginn miðar frv. að því til hagræðingar að draga úr skilum milli héraðsdómstóla svo vinnubrögð þeirra verði frekar samræmd og skilvirkni aukin. Þannig er lagt til að héraðsdómstólar eigi undir sameiginlega stjórn dómstólaráðs, svo sem þegar hefur verið rakið. Einnig er gert ráð fyrir að héraðsdómarar verði ekki skipaðir til starfa við ákveðinn dómstól og því yrði unnt að koma við breytingum á starfsvettvangi dómara í styttri eða lengri tíma. Enn fremur er lagt til að unnt verði að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekin dómstól heldur sinni þeir störfum við þá alla eftir þörfum hverju sinni. Með þessu væri unnt að bregðast við auknu álagi á einstaka dómstóla auk þess sem unnt væri að styrkja stöðu minni dómstóla með því að manna þá með reyndum dómurum.

Ég vil leggja áherslu á að í 15. gr. frv. segir að við ákvörðun um starfsvettvang héraðsdómara skuli taka tillit til óska hans eftir því sem frekast er unnt. Einnig eru í 39. gr. gerðar takamarkanir þannig að dómari sem þegar hefur hlotið skipun í embætti verður almennt ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum.

Um langa hríð hafa dómararfulltrúar starfað við flesta héraðsdómstóla landsins. Áður fyrr var réttarstaða þeirra ekki jafntrygg og skipaðra dómara og var m.a. unnt að segja þeim upp störfum. Með dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 var komist að þeirri niðurstöðu að þetta fyrirkomulag væri andstætt stjórnarskipunarlögum og í kjölfar þess var með lögum girt fyrir að dómarafulltrúar færu með og leystu úr deiluefni í einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi. Einnig var komið í veg fyrir að dómarafulltrúar færu með opinber mál frá því þau koma til aðalmeðferðar. Við samningu frv. var tekið mið af þeirri skilyrðislausu kröfu að dómari verður að njóta öryggis í starfi og sjálfstæði hans á að vera hafið yfir allan vafa. Með hliðsjón af þessu þótti heppilegast að dómstörf yrðu í heild sinni falin embættisdómurum og stöður dómarafulltrúa lagðar niður í núverandi mynd. Í stað dómarafulltrúa er hins vegar lagt til að tekin verði upp störf löglærðra aðstoðarmanna héraðsdómara. Gert er ráð fyrir að aðstoðarmenn inni af hendi ýmis verk við undirbúning og framkvæmd þinghalda og meðferð einstakra mála. Þess má geta að við Hæstarétt hafa um alllangt skeið verið starfandi aðstoðarmenn og mun það fyrirkomulag hafa gefið góða raun.

Að lokum vil ég geta þess að í frv. eru lagðar til ítarlegar reglur um réttindi og skyldur dómara. Með þeim fæst gleggri heildarmynd af stöðu dómara auk þess sem komist verður hjá óvissu um að hvaða marki almennar reglur um starfsmenn ríkisins geti gilt um dómara en þær taka einkum mið af stöðu starfsmanna á sviði framkvæmdarvaldsins. Helsta nýmælið í þeim efnum er að finna í 26. gr. frv. en þar segir að dómara sé óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir til þess að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Einnig er leitast við að gera reglur um brottvikningu dómara skýrari og ítarlegri en ákvæði gildandi laga, auk þess sem lagt er til að málsmeðferðin verði svo vönduð sem frekast er kostur. Þannig er gert ráð fyrir að í öllum tilvikum, þar sem til álita kemur að veita dómara lausn um stundarsakir, skuli aflað skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir aðalatriðum í efni frv. sem hér liggur fyrir og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Söfnunarkassar, 1. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 156. mál (brottfall laga). — Þskj. 156.

*og*

### *Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 174. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 174.

[16:44]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Með leyfi hæstv. forseta hyggst ég mæla fyrir tveim frumvörpum í einu, frv. til laga um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa, sem liggur fyrir á þskj. 156, 156. mál þingsins, og frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, þskj. 174, 174. mál þingsins. Bæði frumvörpin fjalla um bann við spilakössum og því sömu rökin fyrir báðum málunum. Meðflutningsmenn mínir að báðum málunum eru hv. þingmenn Gísli Einarsson, Guðni Ágústsson og Ögmundur Jónasson.

Hinn 7. maí 1994 voru lög um söfnunarkassa samþykkt á hinu háa Alþingi og jafnframt lög um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, sem heimiluðu rekstur spilakassa með beinum peningavinningum. Spilakassar höfðu þá þegar verið í rekstri í langan tíma, eða allt frá árinu 1972, en eftir því sem umsvifin jukust og Háskóli Íslands bættist í hóp þeirra er spilakassa ráku, tóku að heyrast raddir um að vafi kynni að leika á lagastoð fyrir leyfisveitingum dóms-

og kirkjumrn. fyrir þessum rekstri. Fólu eigendur söfnunarkassanna svonefndu virtri málflutningsskrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar o.fl. að athuga lagaheimildir til þessa rekstrar og skilaði Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður áliti 16. júlí 1993. Taldi hann lagastoð fyrir leyfi til félagasamtaka til að safna fé með rekstri spilakassa ekki fullnægjandi og heimild til Happdrættis Háskóla fyrir slíkum rekstri alls enga. Má með ólíkindum telja að það skuli geta gerst að sjálft dóms- og kirkjumrn. gefi út leyfi til rekstrar sem þessa án þess að tryggt sé að þau standist landslög, þó að margir bentu á þá staðreynd í ræðu og riti. Meðal annars skrifaði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður grein í Morgunblaðið 20. nóvember 1993 þar sem hann staðhæfði að engin lög væru fyrir leyfi ráðuneytisins til handa Happdrætti Háskólans og kæra mætti rektor Háskóla Íslands fyrir að standa fyrir fjárhættuspili. Ráðuneytið gat nú ekki lengur daufheyrst við slíkum ábendingum og ráðherra lagði loks fram frumvörp á þinginu 1993–94 sem urðu að lögum um vorið og þar með var þetta áhugamál ráðuneytisins orðið löglegt.

Það var ljóst við meðferð málsins á hinu háa Alþingi að fjölmargrir hv. þingmenn voru lítt hrifnir af að styrkja undirstöður þessa þáttar þjóðlífsins. Hv. allshn. margklofnaði í afstöðu sinni til málanna beggja, en þau voru lögð fram í tvennu lagi eins og ég hef gert nú, þar sem annað frv. fól í sér nýjan lagabálk sem ekki hafði verið til áður, en hitt var breyting á gildandi lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram breytingartillögu við afgreiðslu frv. um söfnunarkassa um að ekki skyldu börn undir 16 ára aldri eiga aðgang að kössunum og féllst þingið á hana. Hann lagði einnig fram breytingartillögu um að kassar skyldu ekki vera á vínveitingastöðum, en ekki náði hún fram að ganga. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson reyndi einnig við afgreiðslu frv. um Happdrætti Háskólans að fá fram ákvæði um bann við rekstri spilakassa á vínveitingastöðum, en ekki fékkst það samþykkt. Í lögunum báðum eru ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um nánari ákvæði, svo sem staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir og eftirlit með rekstrinum og margt fleira, því að engum duldist að hér var verið að lögleiða vandmeðfarinn rekstur. Þeir sem frumvörpin studdu hafa eflaust treyst því að hér yrði vel að verki staðið, hinir vissu betur. Engin reglugerð hefur verið gerð, ekkert eftirlit er með þessum rekstri og má til dæmis nefna að könnun Helgu Maríu Bragadóttur á vegum Framsýns fólks hf. í apríl 1994 um notkun spilakassa í söluturnum, leiddi í ljós að 45% notenda voru á aldrinum 11–15 ára, enda eru flestir kassarnir einmitt þar sem börn á þessum aldri venja helst komur sínar, og eru þó hvor tveggja lögin afdráttarlaus um aldurstakmarkið. Með því er ekkert eftirlit og ábyrgðarleysi ráðuneytisins hefur verið algjört. Afleiðingarnar af þessum dapurlega rekstri blasir nú við og mun ég víkja að þeim síðar.

Eitthvað virðist spilakassarekstur hafa vafist fyrir siðferðisvitund háskólamanna því að Kristjáni Kristjánssyni, Ph.D., heimspekingi og formanni stjórnar Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, var falið að gera siðfræðilega úttekt á tiltækinu. Skilaði hann tuttugu síðna riti um málið sem er afar áhugavert og vel unnið eins og hans er háttur. Ekki er unnt að flytja hv. þingmönnum innihald þess úr þessum ræðustóli og er það miður, en lokorð hans eru þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Máltækið segir að sólin saurgist ekki af því að skína á mykjuhauginn. Það má til sanns vegar færa, sé einungis átt við siðferðilega saurgun. Í fyrirsögn þessarar álitsgerðar er spurt hvort skjávélahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands sé „hvalreki eða refshali". Niðurstaðan hefur orðið sú að Happdrætti Háskóla Íslands bindi a.m.k. ekki ráð sitt við neinn refshala siðleysisins með ákvörðun sinni um rekstur hinnar nýju tegundar happdrættis. Kannski verður sá rekstur háskólanum efnahagslegur hvalreki: „Gullnáma". Orðspor getur hins vegar saurgast með öðrum hætti en siðferðilegum; og refshalar geta verið með ýmsu móti. Stjórnmálamenn ættu að minnast þess að háskólastarfsemi var og á að vera „hugsjón allra hugsandi manna á Íslandi", svo að vitnað sé í orð Páls Skúlasonar. „Ef sú hugsjón deyr, þá deyr líka draumurinn um efnahagslegt, stjórnmálalegt og menningarlegt sjálfstæði Íslands", segir Páll á sama stað. Hugsjónin hefur sem betur fer ekki dáið, né hefur hún beðið siðferðilegan hnekki með starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands, en hún er viðkvæm jurt sem ekki er gott að þurfa að varpa skugga almenningsálitsins á með óþokkasælum aðgerðum. Það er rökstudd skoðun höfundar að íslensk stjórnvöld hafi að nauðsynjalitlu knúið Háskóla Íslands til slíkra aðgerða."

Hér er höfundur auðvitað að minna á þá ótrúlegu staðreynd, sem vísast þætti undur og stórmerki með öðrum þjóðum, að húsakostur Háskóla Íslands er svo til eingöngu tilorðinn án fjárframlaga úr ríkissjóði. Happdrættið hefur annast hann.

En það hefur gert betur. Frá því að Háskóli Íslands fékk einkaleyfi til peningahappdrættis á Íslandi hefur hann greitt 20% af nettóarði af því í einkaleyfisgjald, þ.e. í ríkissjóð. Við afgreiðslu frv. um háskólahappdrættið flutti ég ásamt hv. þingmönnum Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Svavari Gestssyni, breytingartillögu við frv. sem gerði ráð fyrir að þetta gjald félli niður þar sem fleiri aðilar hafa nú fengið leyfi til peningahappdrætta. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga og var upplýst að um eitthvert árabil hefði þetta fé ekki farið í hít ríkissjóðs heldur verið nýtt til vísindarannsókna. Má því segja að háskólanum nýtist það fé og er það betra en ekki. Ég mun því láta þessi 20% afskiptalaus að sinni, en þessar upplýsingar sýna betur en nokkuð annað hvers konar bágindi Háskóli Íslands býr við og hvers konar niðurlæging honum er búin. En ég hef áður beðið hv. alþingismenn um að komast að niðurstöðu um hvort þeir vilja veg Háskóla Íslands sem mestan og bestan, eða hvort þeir vilja láta hugsjón allra hugsandi manna á Íslandi deyja, eins og Páll Skúlason orðar það. Kjósi þeir síðari kostinn er sjálfsagt ekkert athugavert við að drukkið og dómgreindarlaust fólk spili frá sér húsnæði og eignum til farsældar hinni æðstu menntun í landinu. Það eru þá fjárframlög þjóðarinnar til háskólabygginga sinna og vísindalegra rannsókna.

Ekki eru þeir heldur af lakara taginu sem ágóðans njóta af kössum Íslenskra söfnunarkassa, og tel ég óhjákvæmilegt að rekja sögu þess fyrirtækis, þó að það sé gert ítarlegar í greinargerð með frv. Það var Rauði kross Íslands sem árið 1972 fékk leyfi ráðneytisins til að hefja rekstur spilavéla í fjáröflunarskyni, en vélarnar áttu að skila allt að fimmföldum peningavinningi. Á árunum 1972–76 voru leyfi veitt fyrir ýmsum breytingum á mynt og vinningum og árið 1977 fékk Rauði krossinn leyfi til að flytja inn nýjar tegundir spilakassa og enn árin 1986 og 1987 eftir því sem tækninni fleygði fram. Skyldi þetta vera undir eftirlit lögreglu, en aldrei hefur það þó verið svo.

Árið 1981 fékk SÁÁ leyfi til að reka spilakassa sem tóku við einni krónu og gátu hæst skilað níu krónu vinningi. Ekkert

varð úr því að SÁÁ nýtti sér leyfið, en árið 1989 tóku samtökin upp samstarf við Rauða krossinn um rekstur spilakassa á vínveitingastöðum. Trúi hver sem vill. En kannski hefur staðarvalið stafað af umhyggju fyrir börnum og unglingum! Og nú fundu fleiri peningalykt. Lukkutríó var stofnað og voru eigendur Slysavarnafélag Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita og voru vinningar hlutir en ekki peningar. Það stóð þó ekki lengi. Rauði krossinn og Lukkutríóið gengu í eina sæng og hófu rekstur sameiginlegra spilakassa sem enn áttu að vera undir eftirliti lögreglu. Þegar landssamtökin tvö urðu að Landsbjörg var fyrirtækið Íslenskir söfnunarkassar stofnað með Rauða krossinum, Slysavarnafélagi Íslands og SÁÁ. Nafnið er auðvitað rangnefni því hér er ekki um söfnunarkassa að ræða þar sem fólk leggur fram fé án þess að vænta vinnings, heldur peningahappdrætti. Fyrirtækið hóf starfsemi sína 1. janúar 1994 eða fjórum mánuðum áður en lögin um það voru sett.

Með lögum nr. 23/1986 hafði dómsmrh. verið veitt heimild til að leyfa Háskóla Íslands að reka skyndihappdrætti með peningavinningum, svo og peningahappdrætti sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Háskólinn nýtti sér þessa heimild án frekari lagabreytingar og hóf rekstur spilakassa árið 1993 samkvæmt reglugerð nr. 455/1993, þ.e. samkvæmt gömlu lögunum. Fyrir þessum rekstri var án alls vafa ekki lagastoð. Það var því ekki seinna vænna að lögfesta þennan ógeðfellda rekstur á vormánuðum 1994.

Sá meginmunur er á kössum þessara tveggja aðila, Íslenskra söfnunarkassa og Happdrættis Háskólans, að kassar háskólans mega vera samtengdir, einstakar vélar og milli sölustaða, en kassar Íslenskra söfnunarkassa eiga ekki að vera það. Vinningar háskólans eru því miklum mun hærri en hinna. Því hefur verið haldið fram að einhver samtenging eigi sér stað milli kassa Íslenskra söfnunarkassa og hafa mér borist myndir sem eiga að sanna það, en ég verð að játa að ég ber ekkert skynbragð á slíkt og vil því ekkert fullyrða um það. Þó hygg ég að hægt sé að hringja á milli kassa. Ástæða væri þó ef til vill, til að ganga úr skugga um að það ákvæði sé haldið, að samtenging skuli ekki vera milli kassa Íslenskra söfnunarkassa. Ef ráðuneytið hefur einhvern áhuga á málinu yfirleitt. Ég hef fengið það staðfest að lögreglan hefur aldrei skipt sér af kössunum, enda eins og áður sagði engin reglugerð til þar um þó að það standi í lögunum að lögreglan skuli hafa eftirlit samkvæmt nánari reglugerð.

Hv. forseti. Hvað kemur æðstu menntastofnun þjóðarinnar og virtustu mannúðarsamtökum til að afla sér fjár á þennan hátt? Er þessu fólki öldungis sama hvaðan því kemur fé? Svarið er líklega svona: „Já, ef það er nógu mikið." Og hér er um gífurlega fjármuni að ræða. Á 121. löggjafarþingi lagði hv. þm. Guðjón Guðmundsson fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um hver hefði verið heildarsala, vinningar, rekstrargjöld og hagnaður þeirra happdrætta, söfnunarkassa og getrauna sem störfðu samkvæmt lögum árin 1995 og 1996. Óskað var eftir skriflegu svari og einnig var spurt um hvernig eftirliti væri háttað. Og svarið kom.

Happdrætti Háskóla Íslands hafði reikningsárið 1995 1,8 milljarða kr. í tekjur, þar af skiluðu spilakassarnir 619 milljónum kr. Í vinninga fóru 943 milljónir og hagnaður af rekstri alls happdrættisins varð 320,3 milljónir króna árið 1995. Einkaleyfisgjald þar af var 54,2 milljónir. Í svarinu segir: „Gull- og silfurpottar; aðrir vinningar, sem nema um 86% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir."

Vera má að það sé í lagi en auðvitað er það til að blekkja þegar talað er um veltu.

Íslenskir söfnunarkassar höfðu frá júlí 1995 til júní 1996 alls úr kössunum 992,8 milljónir króna. Er þar tilgreint að um sé að ræða söfnunarkassa, lukkuskjái og pókerkassa, og eru þá vísast söfnunarkassar kallaðir sínu rétta nafni, enda skila þeir aðeins 56 milljónum króna. Hitt eru spilakassar. Eigendur skiptu þessum fjármunum þannig á milli sín: Landsbjörg 66 milljónir, Slysavarnafélag Íslands 83 milljónir, SÁÁ 55,4 milljónir og Rauði krossinn 425,7 milljónir. Rekstrargjöld eru gífurleg, eða 294 milljónir. Það er ekki að undra þó að Rauði krossinn fari létt með að byggja stórhýsi sitt á útvarpshússlóðinni „á einu og hálfu ári og eiga fyrir því" eins og talsmaður þeirra samtaka orðaði það í viðtali nýlega. Varla lækkar það rekstrarkostnaðinn í framtíðinni, en við verðum að vona að það verði til góðs hungruðum heimi og þjáðum Íslendingum. Og víst er að 55 milljónirnar sem féllu í hlut SÁÁ gera ekki mikið betur en að nýtast til að lækna þá eitt hundrað einstaklinga sem leitað hafa hjálpar hjá samtökunum „á rúmu ári", eins og segir í Morgunblaðinu 24. janúar sl. í viðtali við Sigmar Björnsson, ráðgjafa hjá samtökunum.

Til upplýsingar skal tekið fram að Rauði krossinn fær ekki fé af fjárlögum, en SÁÁ fékk á fjárlögum árið 1996 208,3 milljónir og þyrfti að fá miklu meira, Slysavarnafélagið fékk 16,7 milljónir og Landsbjörg 11 milljónir.

Um eftirlitið segir í svari ráðherra: „Eftirlit með Happdrætti Háskólans er í höndum happdrættisráðs sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn." Um Íslenska söfnunarkassa segir: „Eftirlit með söfnunarkössum Íslenskra söfnunarkassa sf. er þannig háttað að skv. 2. mgr. 2. gr. laga um söfnunarkassa skulu reikningar fyrir innkomið söfnunarfé og rekstur kassanna endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, einum tilnefndum af þeim samtökum sem standa að rekstrinum og einum tilnefndum af dómsmrh."

Það er eftirtektarvert að hæstv. ráðherra er alveg búinn að steingleyma því sem stendur í lögunum um eftirlit. Honum hugkvæmist ekkert annað en hinn peningalegi þáttur málsins. En ekki einu sinni hann er í lagi. Þegar þetta mál var í undirbúningi spurðist ég fyrir um hvort eigendur spilakassanna skiluðu ekki ársreikningum sínum til dóms- og kirkjumrn., eða fjárln. Alþingis eða fjrmn., þar sem einkaleyfið ætti að jafngilda ríkisframlagi til þessara samtaka. En ekki reyndist þetta vera svo og var lítið um ákveðin svör hjá þessum aðilum. Það nægir að einhverjir tveir endurskoðendur skrifi undir reikningana þegar þeir kunna að vera tilbúnir. Þetta á auðvitað ekki við um Happdrætti Háskólans af eðlilegum ástæðum. En mér er ekki kunnugt um að stjórnvöld hafi verið höfð með í ráðum þegar hafist var handa um byggingu stórhýsis Rauða krossins eða að fylgst hafi verið með launakostnaði eða öðrum rekstrarkostnaði hjá þessum samtökum. Það er með öllu óeðlilegt að einkaleyfi til rekstrar spilakassa leggi engar skyldur á herðar samtökunum.

Hinn 28. febrúar 1996 lagði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fram fyrirspurn á hinu háa Alþingi til hæstv. dómsmrh. um hvernig framfylgt væri reglum um aðgengi barna og unglinga að spilakössunum og hvernig öðru eftirliti væri háttað og hver væru viðurlög við vanrækslu. Svo ótrúlegt sem það má vera vitnaði hæstv. ráðherra í ákvæði laganna um reglugerðir sem ekki eru til. Þá spurði sami hv. þm. hinn 21. febrúar 1996 einnig hæstv. fjrmh. um skattlagningu happdrætta og þar með spilakassa og skil á ársreikningum.

Allar þessar tekjur eru skattfrjálsar eins og kunnugt er og staðfestir ráðherrann það. En hann sagði eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er ekki kunnugt um að það sé gengið eftir því af yfirvöldum að um skilagrein sé að ræða, en þó veit ég að sum félögin gefa út ársreikninga þar sem blasir við hvernig fjármunirnir eru notaðir ...“

Hæstv. fjrmh. sagði einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka fram af þessu tilefni að það er full ástæða til þess að fá skilagrein þessara aðila, ekki síst af því að hér er um jafngildi ríkisframlaga að ræða að mínu viti ...“

Það er sem sagt augljóst að ekkert eftirlit er með rekstri spilakassa og allt látið reka á reiðanum varðandi hann. Það má ef til vill fræða hv. þingheim um að rekstur spilakassa allra einkaaðila hefur nýlega verið bannaður í Svíþjóð og eftirlit með hinum hert mjög, einmitt þar sem þessi rekstur þótti algjörlega hafa farið úr böndunum og telja flutningsmenn þessara frumvarpa að svo sé einnig hér í landi.

Ég hef, hæstv. forseti, hvergi nærri tæmt það sem vert væri að ræða í þessu sambandi, enda leyfir tíminn það ekki. Lítt hefur verið vikið að þeim hundruðum einstaklinga sem ánetjast hafa þeirri ógæfu sem spilafíkn er. Ég bendi á að SÁÁ hefur gefið út fræðslurit um hana sem ástæða væri fyrir menn að kynna sér. Er úrdráttur úr því riti aðgengilegur á alnetinu á heimasíðu SÁÁ. En víst er að þessi kassarekstur hefur valdið ómælanlegu tjóni hundruðum fjölskyldna í þessu landi, tapi á eignum og upplausn fjölskyldna. Óttar Guðmundsson yfirlæknir hefur sagt í viðtölum að spilafíklum eigi eftir að fjölga á næstu árum, m.a. vegna spilakassanna sem aðgengilegir eru börnum. Fyrstu sporin eru boðin börnum og unglingum í söluturnum landsins.

Enginn dregur í efa ágæti þeirra samtaka og stofnana sem að þessari leiðu fjáröflunaraðferð standa. Trúlega er t.d. SÁÁ daglega að bjarga mannslífum til móts við aðrar sjúkrastofnanir í landinu, e.t.v. fleiri mannslífum. Samtökin eiga ekki að þurfa að leita leiða til að afla sér fjár sem eru öllum ósæmilegar. Samtökin hafa löngu sannað sig og okkur ætti ekkert að vera að vanbúnaði að leggja fram áðurnefndar 50–60 milljónir árlega úr sameiginlegum sjóðum landsmanna svo að starfsemi þeirra sé tryggð, og þó meira væri. Hið sama er að segja um þau önnur samtök sem að þessu koma. Einhvern veginn, hæstv. forseti, má þó sárast vera að musteri frjálsrar hugsunar, hins æðsta siðferðis, kennslustofnun kristninnar í landinu, undirstaða sjálfstæðrar menningar og verklegra framfara þjóðarinnar skuli þurfa að eiga byggingar- og rannsóknafé sitt undir langdrukknum spilafíklum á knæpum landsins. Svo gæti einnig farið að stofnanir þær sem góðs njóta af því fjármagni sem úr kössunum koma verði háðar því á sama hátt og það aumkunarverða fólk sem verður spilafíkninni að bráð.

Hæstv. forseti. Flutningsmenn þessara tveggja frv. sem hér hefur verið mælt fyrir, heita á hv. alþingismenn að samþykkja þau á þessu þingi og taka höndum saman um að finna geðfelldari leiðir til að bæta þeim sem ágóðans nutu þann fjárhagsmissi sem við það skapast. Ég bið hv. allshn. að skoða frumvörpin af kostgæfni og líta á fengna reynslu af rekstri spilakassa og sameinast um að leggja þennan rekstur niður sem allra fyrst.

[17:06]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem vakir fyrir mér er að spyrja flm. frv. að því hvort það hafi ekki bara verið gert í einhverju ógáti að leggja fram frv. um að rústa fjárhag þeirra félaga sem hér er um að ræða, líknarfélaga, sem eru einhver þau mikilvægustu í landinu. Að ætla að taka allan fjárhag þeirra í burtu af því að flm. telur siðferðilega rangt hvernig peningarnir eru fengnir. Ég held að við gætum þá orðið í ansi miklum vandræðum t.d. með að nota tekjurnar af áfengis- og tóbaksversluninni inn í ríkisreikninginn. Eru það vondir peningar? Má þess vegna ekki nota þá? Getum við ekki notað þá peninga til líknarstarfa vegna þess að þeir eru illa fengnir? Það getur vel verið að menn hafi ýmsar skoðanir á því hvað sé heilnæmt og hvað sé rétt. Það er margra manna mál að fjárhættuspil sé af hinu vonda, skapi vandræði og vanheilsu. Það er líka margra mál að t.d. sígarettureykingar séu af hinu vonda, skapi vanheilsu og mikinn kostnað fyrir samfélagið o.s.frv. Það er rétt að menn geta haft ýmsar skoðanir á því. Ætla menn þá kannski að flytja frumvörp um að ekki megi nota peninga til líknarstarfsemi sem kæmu af sígarettum eða brennivíni? Hvar enda siðferði flm.?

[17:07]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil benda hv. þm. á að illur fengur illa forgengur, segir gamalt máltæki. Það er auðvitað ekki skemmtilegt að þurfa að reka líknarstarfsemi fyrir peninga sem valda fólki ógæfu. Ég bið þingmanninn að athuga að þessi fyrirbæri, spilakassarnir, eru aðgengileg börnum og unglingum. Ég get frætt hv. þm. um að þegar þetta mál var lagt fram á hinu háa Alþingi flykktist til mín fólk, örvæntingarfullir foreldrar sem standa uppi með börn og unglinga sem farin eru að stunda þjófnað vegna þess að þau hafa ánetjast þessum kössum sem börnum eru aðgengilegir í öðrum hverjum söluturni í bænum. Þetta er eins og ég hef áður minnst á gjörsamlega eftirlitslaust. Síðan kom fullorðna fólkið og lýsti þeim hörmungum sem þetta hefur leitt yfir fólk, eignamissi og jafnvel sjálfsvíg. Ég held að þingmaðurinn geri sér enga grein fyrir hvað þetta hefur leitt yfir þjóðina. Vissulega má segja að það geri áfengi líka. En það er töluvert öðruvísi. Það er að minnsta kosti minni möguleiki á því að börn hafi aðgang að því og það er ekki sambærilegt. Ég veit ekki hvað kemur þingmanninum til að halda að ekki sé hægt að safna fé á eðlilegan hátt til líknarstarfa hér eins og annars staðar. Það er dagljóst að því meira sem er hægt að hala inn á þennan hátt því háðari verða þessi félög þessum peningum, því meira fer í rekstur, því meira í byggingar og kannski minna til þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda.

[17:09]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að vera að rétt sé að endurskoða í heild löggjöfina um fjárhættuspil og happdrætti, athuga hvar við Íslendingar viljum standa í því. Hvort við viljum leyfa það eða banna. Hvort við viljum leyfa hér „casino“ undir einhverjum sérstökum kringumstæðum o.s.frv. Það er allt annað mál að taka það fyrir í heild og fara í gegnum það hvernig við viljum hafa þessa hluti á Íslandi. Það er eitt. En annað er að henda fram frv. með einhverjum flumbrugangi sem á að rústa starfsemi fjögurra mjög öflugra félagasamtaka sem hafa gríðarlega þýðingu fyrir samfélagið. Bara henda því sisvona. Þau eiga bara að standa á berangri. Þetta er flumbrugangur, herra forseti. Þetta gengur ekki. Við verðum að taka þetta fyrir í heild og skoða hvernig við viljum hafa þessa hluti.

[17:10]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bið ég nú hv. þm. að hlusta. Sannleikurinn er sá að þegar rekstur þessara kassa hófst árið 1972 var um að ræða mjög lágar upphæðir og þær voru mjög lágar fram eftir áttunda áratugnum. Það er ekki fyrr en um miðjan níunda áratuginn með aukinni tækni í þessum kössum að þetta fara að verða umtalsverðir fjármunir. Nú er svo komið að þeir eru gríðarlegir. Ég er ekki viss um að Rauði kross Íslands hafi staðið sig neitt verr á meðan þessi spilamennska var í lágmarki heldur en hann hefur gert síðan. Þetta er alla vega, hæstv. forseti, þessum samtökum mjög til vansa.

[17:11]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um að fella úr gildi lög um söfnunarkassa. Í máli hv. 1. flm., Guðrúnar Helgadóttur, kom fram að umfang þessara fjáröflunarspila á Íslandi er alveg ótrúlegt. Í svari við fyrirspurn minni á síðasta þingi til hæstv. dómsmrh. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir vitnaði í kemur fram að velta happdrætta og getrauna á árinu 1995 var rúmlega 3,8 milljarðar. Þar af fóru 1,8 milljarðar í vinninga. Þessu til viðbótar koma svo söfnunarkassarnir sem veltu á tímabilinu júlí 1995 til júní 1996, þ.e. á einu ári, mjög háum upphæðum. Innkoman úr þessum kössum samkvæmt svari hæstv. dómsmrh. var 993 millj. kr. en þá eru ekki taldir með vinningar sem eru taldir nema um 90% af veltunni, sem segir okkur að það hafa um 10 milljarðar runnið í gegnum kassana á þessu eina ári og 9 af þeim 10 milljörðum farið til baka í vinninga. Þetta eru náttúrlega ótrúlegar tölur og rétt að maður nái að melta þær þegar deilt er með mannfjölda þjóðarinnar í þessar háu upphæðir. Samtals hafa því Íslendingar sett um 13,8 milljarða í happdrætti, getraunir, söfnunarkassa og fleira á þessu eina ári. Það gerir um 50 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, allt frá nýfæddum upp í elstu gamalmenni, en til baka hafa komið 10,8 milljarðar kr. í vinningum. Nettóeyðslan er því um 3 milljarðar eða um 11 þús. kr. á hvert mannsbarn sem gerir 55 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Eru þá ótalin ýmis önnur happdrætti sem ekki koma fram í svari hæstv. dómsmrh. enda sjálfsagt ekki undir eftirliti ráðuneytisins.

Þegar þessar tölur eru skoðaðar og fréttir berast af vanda fjölda Íslendinga vegna spilafíknar, er eðlilegt að spurt sé: Hvernig á að bregðast við? Flm. þessa frv. vilja bregðast við með því að fella úr gildi lög um söfnunarkassa eða með öðrum orðum að banna þá. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir færði hér rök fyrir því sjónarmiði.

Þá er spurningin: Af hverju á að banna þessa söfnunarkassa frekar en aðra sambærilega fjáröflun? Það kom fram í ræðu hv. flm. að það sé kannski fyrst og fremst vegna þess að börn og unglingar noti þetta. Þó það segi reyndar í lögunum að börnum undir 16 ára aldri sé óheimilt að spila í þessum kössum þá er það sjálfsagt gert í verulegum mæli. Í bréfi sem rekstraraðilar þessara kassa sendu þingmönnum í dag segir, með leyfi forseta:

„Börnum yngri en 16 ára er óheimilt að spila í söfnunarkössunum. Rík áhersla er lögð á það við rekstraraðila að fylgja þeim fyrirmælum eftir og áberandi merkingar þar um eru á hverjum stað. Vinningar eru ekki greiddir út til barna undir 16 ára aldri. Eftirlitsmenn íslenskra söfnunarkassa fylgjast vel með að reglur séu virtar. Kassarnir eru fjarlægðir ef um ítrekuð brot er að ræða."

Þarna er nú kveðið nokkuð fast að og ég er ekki viss um að þeir sem undir þetta skrifa geti alveg staðið við þetta því að auðvitað hefur maður oft séð börn undir 16 ára aldri vera að fikta í þessum kössum.

Það er reyndar svo að þessum blessuðum börnum stendur ýmislegt fleira til boða heldur en söfnunarkassarnir á þessum vettvangi, t.d. skafmiðar, lottó, getraunir, bingó og alls konar happdrætti. Nú færast sífellt í vöxt alls konar happdrættisleikir hjá verslunum og fyrirtækjum og allt stendur þetta börnum og unglingum opið að því er ég best veit. En það réttlætir auðvitað ekki að ekki sé farið eftir lögum um söfnunarkassana varðandi aldur þeirra sem vilja taka þátt í leiknum.

Hér kemur líka fram að eigendur og rekstraraðilar þessara tækja eru Rauði krossinn, Landsbjörg, Slysavarnafélagið og SÁÁ og það kom fram í svari við fyrirspurninni sem ég nefndi áðan frá síðasta þingi að tekjur SÁÁ af söfnunarkössum hefðu verið um 55 millj. Sumir hafa haldið því fram að það væri ákveðinn tvískinnungur hjá þessum virðulegu samtökum og virðingarverðu að vera að taka þátt í slíkum rekstri á sama tíma og samtökin hafa í gangi meðferð fyrir þá sem missa stjórn á sér í spilamennskunni, þ.e. svokallaða spilafíkla. Sú starfsemi SÁÁ er mjög virðingarverð og ágæt og reyndar skilst mér að SÁÁ sé eini aðilinn sem veitir þessu fólki aðstoð til að taka á sínum vandamálum og losna við spilafíknina. En það er nú svo að ef SÁÁ ekki tæki þátt í rekstri þessara kassa þá hefði sjálfsagt einhver annar fengið þennan gróða og kannski hefði SÁÁ þá ekki haft möguleika á að veita þessa þjónustu. En auðvitað er það rétt að það lítur svo sem ekki allt of vel út að vera með annarri hendinni að græða á þessu og hinni hendinni að vara fólk við þessu.

Ég er sammála því og tel það reyndar nauðsynlegt að leita leiða til að draga úr spilafíkn manna sem veldur ómældum erfiðleikum hjá fjölda einstaklinga og fjölskyldna. Ég efast ekki um góðan hug þeirra sem flytja þetta frv. og að þeir vilja vel, en ég hef efasemdir um að það leysi vandann að banna þennan eina þátt spilaflórunnar. Ég held að það verði að taka heildstætt á þessum málum. Nú fer þetta frv. væntanlega til allshn. þar sem það fær vonandi vandaða umfjöllun og verður borið undir þá sem hlut eiga að máli. Og verði niðurstaðan sú að leið finnist til að draga úr spilafíkn manna, þá er vel.

[17:18]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að gera að umræðuefni atriði sem fram komu í máli þingmanna, nú síðast í máli hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, að það sé ekki nóg að taka á þessum þætti spilafíknarinnar. Það þurfi að skoða málið í víðara samhengi. Og hann sagði líka að ef SÁÁ og önnur þau samtök sem njóta arðsins af þessari starfsemi fengju hann ekki, þá fengju hann einhverjir aðrir.

Það sem vakir fyrir okkur er að setja bann við spilavítum á Íslandi. Hér eru að spretta upp spilavíti á Íslandi. Það er ljóst að þessi mál brenna á afar mörgum og mun ég senn koma að því en fyrst segja örfá orð um staðhæfingar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar eða samlíkingu sem hann gerði á arðinum af tóbaks- og áfengissölu annars vegar og arðinum af spilakössum hins vegar.

Við leyfum ekki sölu á áfengi og tóbaki til þess að afla ríkisvaldinu tekna, það gerum við ekki. Við höfum hins vegar leyft spilakassana til þess að afla háskólanum og þeim stofnunum sem njóta góðs af tekna. Ekki vegna þess að menn

teldu að hér væri á ferðinni eitthvert sérstakt þjóðþrifamál að koma upp spilabúlum og spilakössum, heldur vegna þess að þarna sáu menn tekjuöflunarleið fyrir þessi samtök. Hér er því ekki saman að jafna nema við ætlum að fara út á þá braut sem hann spurði, hvort við vildum hreinlega banna sölu á áfengi og tóbaki vegna þess að það væri skaðlegt. Það er sums staðar reyndar rætt um að setja bann við reykingum. Það eru orðnar háværar raddir þar að lútandi í Bandaríkjunum. En þetta er hins vegar ekki á döfinni hér. Slíkt á alla vega mjög langt í land þannig að mér finnst þarna verið að rugla saman tveimur óskyldum málum þar sem það stendur ekki til að banna sölu á áfengi og tóbaki. Við erum hins vegar að ræða um það hér hvort setja eigi bann við spilakössum. Síðan er það náttúrlega annað mál og þar er komið að því að vera með samlíkingar hvað er siðferðilega rétt og rangt í þessum efnum. Það er svo önnur saga. En mér finnst þetta ekki vera rétt samlíking af hálfu hv. þm.

Ég sagði hér áðan að það væri ljóst að hér væri á ferðinni mjög mikilvægt mál sem brennur á mjög mörgu fólki. Það finnum við sem stöndum að þessum frumvörpum og kom vel fram í ítarlegri ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem er 1. flm. að þessum frumvörpum að mikill fjöldi fólks hefur haft samband við flutningsmenn, fólk sem sjálft hefur orðið spilafíkninni að bráð eða einhverjir úr þeirra fjölskyldu. Ég þekki það mjög vel úr mínu starfi innan verkalýðshreyfingarinnar hve illa spilafíknin hefur leikið marga einstaklinga og fjölskyldur, enda ekki að undra því talið er að á milli 60–80% einstaklinga stundi fjárhættuspil af einhverjum toga án þess þó að hún sé sjúkleg eða skaðleg en fjárhættuspil getur hins vegar leitt til spilafíknar. Það kom fram í máli háskólaprófessors frá Bandaríkjunum sem hér var í boði SÁÁ fyrir skömmu, Sheilu B. Bloom, að í Bandaríkjunum væru 5–6% fullorðinna einstaklinga háð fjárhættuspili og eflaust er þessi tala miklu hærri ef einnig er leitað í raðir ungs fólks, en það hefur komið fram í könnunum sem gerðar hafa verið hér á landi að mjög stórt hlutfall þeirra sem stunda spilakassana er unglingar, er fólk innan við 16 ára aldur, þrátt fyrir allar þær reglur sem kunna að vera í gildi.

Með öðrum orðum, þetta mál brennur á mjörg mörgu fólki en þetta brennur ekki bara á einstaklingum og fjölskyldum. Þetta brennur líka á stofnunum og því höfum við fengið að kynnast, þingmenn, sem höfum fengið tilskrif frá Rauða krossinum, frá SÁÁ, frá Slysavarnafélagi Íslands og frá Landsbjörgu þar sem varað er við því að svipta þessi samtök þessum tekjumöguleikum. Þess vegna má spyrja hvort samtökin hafi ekki orðið spilafíkninni að bráð. Og ég leyfi mér að fullyrða að þessi samtök, Rauði kross Íslands, SÁÁ, Slysavarnafélag Íslands, Landsbjörg og hugsanlega einnig Háskóli Íslands eru svo illa flækt í þetta net vegna þeirra peningalegu hagsmuna sem þau hafa að gæta að þau eru ófær um að taka málefnalega á þessu máli. Þetta eru þung orð í garð Rauða krossins, í garð SÁÁ, í garð Slysavarnafélags Íslands og í garð Landsbjargar og Háskóla Íslands, en ég tel ástæðu til að ætla að öll þessi samtök og þessar stofnanir séu ófær um að taka málefnalega á þessu máli, svo miklir peningar eru hér í húfi. Mér finnst þetta koma fram í þeim málflutningi sem við fáum inn á okkar borð frá þessum aðilum í ljósi þess að það er vitað að fjöldi einstaklinga hefur misst fótanna í lífinu vegna spilafíknar.

Einhvers staðar segir í reglum og reglugerðum að það eigi að merkja þessa kassa. Og ég vil þá að gera það að tillögu minni að í þessum spilavítum, hvar sem þau er að finna, hvort sem það er á Hlemmi eða á veitingastöðum landsins, verði merkt rækilega, t.d. gæti Guðfræðistofnun, guðfræðideildin, fengið Hlemm, eða Siðfræðistofnun háskólans. Ég veit ekki hvar SÁÁ ætti að fá sína kassa. Og ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur áðan að það setti marga hljóða þegar Rauði krossinn var að stæra sig af því að hafa átt fyrir hinu glæsilega nýja húsi sem sú ágæta stofnun reisti. Og maður spyr sig: Hvaðan voru þessir peningar fengnir? Við vitum öll hver skýringin er. Þeir eru fengnir að verulegu leyti frá spilafíklum. Það er staðreynd.

Nú verður þessum frumvörpum vísað til allshn. eins og hér kom fram áðan og eins og við þekkjum, þá vill það oft gerast að mál sem menn vilja að fái ekki framgang sofna svefninum langa í meðferð þingnefnda. Ég vil skora á hv. allshn. Alþingis að sjá til þess að þetta mál komi aftur til kasta þingsins áður en langt um líður vegna þess að við sem stöndum að þessum frumvörpum munum ekki sætta okkur við að þetta mál verði þagað í hel. Við munum ekki sætta okkur við það. Við munum ekki sætta okkur við að komið verði upp spilavítum í okkar landi. Við munum ekki sætta okkur við eftirlitslausa eða eftirlitslitla glæpastarfsemi í landinu.

[17:29]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess hér áðan að þetta væri sambærilegt. Við skattleggjum, við leggjum gjöld á áfengi og tóbak til ríkisins og þessi gjöld eru síðan notuð til hinnar ýmsu starfsemi hins opinbera. Við gætum farið þá leið sem sumar þjóðir fara þar sem spilavítin eru bara rekin af hinu opinbera, þau eru bara fjáröflun hins opinbera og síðan eru peningarnir notaðir til ýmissa þarfa. Við gætum gert það. Það er kannski kominn tími til að við ræðum það í heild hvernig við höfum þessi happdrættismál okkar, ef menn vilja það. En menn geta ekki gengið hér fram með aðför að fjáröflun fernra mjög merkra samtaka og ætla síðan að skilja þau eftir. Við höfum kannski ekki gert rétt í því að ætla Háskóla Íslands eða einhverjum menningar- og líknarsamtökum að fá tekjur með því að útdeila þeim svona tekjustofnum. Það kann að vera rangt. Við hefðum kannski heldur átt að láta ríkið sjá um þennan rekstur og afhenda svo þessum stofnunum styrk frá ríkinu. Það kann að vera að það hefði verið réttara. En við getum ekki ráðist einhliða á þessi samtök eins og er verið að gera mjög ótæpilega, með óvönduðu orðbragði og lítt völdu eins og síðasti hv. ræðumaður notaði þegar hann lét að því liggja að þessi líknarsamtök væru með hálfgerða glæpastarfsemi á sínum vegum. Þetta er bara níð, herra forseti. Það er níð um samtökin að tala svona. Það er til vansa að gera það.

[17:31]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef líkt spilavítum við glæpastarfsemi sem byggir á veikleika einstaklinga og í sumum tilvikum sjúkleika einstaklinga og ég dreg þá yfirlýsingu ekki til baka. Ég er hins vegar ekki að tala um að þau samtök sem hér um ræðir eigi að skilja eftir eins og hv. þm. orðaði það. Ég er að tala um að Alþingi eigi að setja lög eða endurskoða lög sem heimila spilavíti á Íslandi. Það er það sem ég er að gera og ég bið hv. þm. að snúa ekki út úr þeim orðum mínum.

[17:32]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bókstaflega rangt hjá hv. þm. Hann er að flytja frv. um hið gagnstæða, að taka tekjurnar af þessum samtökum. Hann er ekki að flytja frv. um nýsköpun eða nýháttu, hvernig við berum okkur til í happdrættissamfélagi okkar. Hann er ekki að flytja frv. um það. Það er ekki orð um það. Það er bara um að leyfið falli niður. Það stendur þarna, allir geta lesið það. Hann hefur ekki flutt eitt einasta frv. um það að við eigum að taka upp nýja skipan mála um happdrætti eða spilakassa. En ég get alveg staðið með honum í því að það sé full þörf á því að gera það. Ég er ekkert að mæla með því, ég hef aldrei spilað í svona kassa og ég er ekkert að mæla með þeim. Það getur vel verið að þetta sé allt hið mesta böl. Það kann vel að vera en við höfum komið þessum hlutum þannig fyrir með réttu eða röngu. Við höfum ánafnað þessum samtökum þessa tekjumöguleika og við getum ekki gert það einhliða að svipta samtökin þessum tekjum.

[17:33]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn láta þessi frv. sem við ræðum í dag ákaflega lítið yfir sér. Hvort um sig eru tvær greinar, örstuttar greinar, en við nánari skoðun er alveg ljóst að hér er um að ræða mjög veigamikil frumvörp. Ef frumvörpin yrðu samþykkt á eigin forsendum þeirra eins og hér er lagt til og ekkert annað gerðist, og frumvörpin gera ekki ráð fyrir neinu öðru, þá yrði stefnt í uppnám fjárhag eftirtalinna samtaka: Rauða kross Íslands, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar.

Hér hefur verið minnst á, m.a. af hv. 1. flm. málsins, að hægt væri að nálgast þetta fjármagn með öðrum hætti. Ég skrifaði niður eftir hv. þm. að t.d. væri hægt að gera það með því að safna fjármagni með einhverjum öðrum hætti. Nú vil ég aðeins velta því fyrir mér hversu raunhæft það er að við færum út með einhverjar tombólur á hverju ári fyrir þessi samtök og næðum inn því fjármagni sem er gert núna með söfnunarkössum. Ég var að vísu ötull við það á mínum yngri árum að fara í hús og selja merki fyrir Slysavarnafélagið vestur í Bolungarvík. En ég óttast að sú aðferð sé ekki mjög líkleg til þess að útvega til ráðstöfunar eignaraðilanna 630 millj. kr. eins og kemur í ljós þegar við lesum svar við fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að er það fé sem rennur til þessara samtaka. Landsbjörg fær samkvæmt upplýsingunum úr þessu svari 66 millj. kr., Slysavarnafélagið 83 millj. kr., SÁÁ 55,4 millj. kr. og Rauði kross Íslands 425,7 millj. kr. Virðulegi forseti. Við sjáum auðvitað í hendi okkar að ekki verða hristar fram úr erminni aðferðir við það að leggja þessum samtökum til álíka fjármagn. Þó að sölubörnin séu dugleg að ganga fyrir hvers manns dyr og selja merki þessara samtaka þá þarf heldur betur átak til þess að það tryggi 630 millj. kr. til þessara merku samtaka. Þó að ég skilji út af fyrir sig það sjónarmið sem að baki liggur, sem er sú hætta sem getur stafað af hvers konar spilafíkn, ekki bara vegna söfnunarkassa heldur hvers konar spilafíkn, finnst mér vera ótrúlegt ábyrgðarleysi að leggja fram frv. sem felur það í sér að svipta þessi samtök einhliða þessum tekjum án þess að gerð sé grein fyrir því með hvaða hætti eigi að leggja þeim til fjármagn í staðinn.

Ég hef eins og aðrir þingmenn fengið í hendurnar yfirlit yfir starfsemi aðildarfélaga Íslenskra söfnunarkassa. Við sjáum í hendi okkar af því yfirliti að auðvitað er um að ræða mjög veigamikinn þátt í fjáröflun og þar með starfsemi þessara samtaka. Ég veit að ég þarf ekki að fara yfir það hvað þessi félög eru að gera, við þekkjum það öll. Við vitum það að SÁÁ vinnur ómetanlegt starf. Við vitum að Landsbjörg og Slysavarnafélagið standa undir rekstri björgunarsveita allt í kringum landið og stunda margs konar forvarnastarf og við þekkjum margháttaða starfsemi Rauða kross Íslands. Ég veit að það er ekki vilji nokkurs hér inni að tefla í tvísýnu starfsemi af þessu taginu og þess vegna verð ég að játa að mér finnst skjóta skökku við að lesa frv. sem mér sýnist að ekki geti leitt til annars en þess að setja í algert uppnám starfsemi þessara gagnmerku samtaka.

Ég tek dæmi. Ef ég man rétt úr mínu starfi úr fjárln. Alþingis fær Slysavarnafélag Íslands frá Alþingi á fjárlögum 16 eða 17 millj. kr. Það kann að vera eitthvað hærra í dag. En við sjáum af þessu, virðulegi forseti, að það er svo óralangt í það að við getum til að mynda ráðstafað fjármagni af fjárlögum Alþingis, fjárlögum Íslands til þess að standa undir starfseminni í staðinn fyrir þær tekjur sem þau hafa af söfnunarkössunum.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson vakti athygli á öðru máli. Af hverju endilega bara söfnunarkassarnir? Hvað með annað það sem við höfum verið að leiða í lög, skafmiða og skyndihappdrætti, flokkahappdrættið, lottóið, getraunirnar, lengjuna, bingóið, happdrættisleikina o.s.frv. Er þetta ekki líka angi af einhverri spilafíkn, einhverri fíkn í spennuna, einhverri fíkn í að voga, leggja undir í þeirri von að maður fái meiri pening? Er þetta ekki allt hluti af þessu sama? Er þetta ekki allt þessi fíkn sem hv. flutningsmenn hafa áhyggjur af?

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram fyrr í umræðunni að sala á ávanabindandi efnum eins og áfengi og tóbaki hlýtur líka að vekja upp með okkur spurningar um siðfræði. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að starfsemi söfnunarkassanna byggði á veikleika einstaklinganna, sjúkleika einstaklinganna. En skilgreinir ekki SÁÁ áfengisnotkun af ákveðinni stærðargráðu sem sjúkleika, sem fíkn sem stafar af veikleika einstaklinganna eða sjúkdómum þeirra? Ef við föllumst á skilgreiningu hv. þm. og að ekki sé samrýmanlegt að að reka söfnunarkassa vegna þess að það byggi á veikleika einstaklinganna, sjúkleika einstaklinganna, getum við þá leyft það að við höfum hér stærðarinnar fyrirtæki sem leggja milljarða kr. í ríkissjóð og byggja á sjúkleika og veikleika einstaklinga? Hv. þm. sagði: Er ekki rétt þá að Siðfræðistofnun háskólans og guðfræðideildin merki sér einhverja kassa? Þá getum við auðvitað spurt hvort ekki væri rétt að sérmerkja brennvínsflöskur þannig að sala á íslensku brennivíni fari t.d. til þess að reka sjúkrahúsin og sala á einhverjum hvítvínstegundum fari þá í að leggja vegi o.s.frv.? Mér finnst, virðulegi forseti, að umræða af þessu tagi geti leitt menn ef menn vilja fylgja henni eftir, svona rökrétt, í óskaplegan vanda.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði og ég læt mér ekki detta annað í hug en þetta sé mælt af góðum hug og hv. þingmenn vilji að hlutur þessara góðu samtaka sé sem mestur en engu að síður er ómögulegt annað en draga þá ályktun að yrðu þessi frumvörp samþykkt eins og þau eru hér, eins og þau koma af skepnunni, og ekkert annað kæmi í staðinn, og það er ekkert annað að finna í þessum frumvörpum, þá er alveg ljóst að starfsemi þessara mikilvægu samtaka væri í algeru uppnámi á eftir.

[17:42]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst með ólíkindum hvernig nokkrir hv. þingmenn leitast við að drepa þessu máli á dreif og væna okkur sem stöndum að þessum frumvörpum um óvönduð vinnubrögð. Talað var um flumbrugang og jafnvel óheiðarleika og síðan hitt að við vildum svipta þau samtök sem eiga hlut að máli öllum tekjumöguleikum, að við ætlum að koma í veg fyrir að Slysavarnafélag Íslands eða Rauði krossinn, SÁÁ og Háskóli Íslands geti starfað. Að sjálfsögðu þarf að taka á tekjumöguleikum þessara samtaka, þessara þjóðþrifasamtaka og þessarar menningarstofnunar og uppeldisstofnunar og rannsóknastofnunar sem Háskóli Íslands er.

Við erum hins vegar að benda á í máli okkar að spilafíkn er að verða svo alvarlegt þjóðfélagsmein á Íslandi að á því ber að taka og að löggjafanum beri að taka á þeim málum. Síðan reyndi ég í máli mínu í upphafi að gera grein fyrir því hvers vegna ég teldi að tekjur af áfengis- og tóbakssölu annars vegar og af spilakössum hins vegar væru ekki sambærilegar. Ástæðuna sagði ég vera þá að það væri ekki á döfinni að banna sölu á áfengi og tóbaki. Það er reyndar komið á dagskrá í Bandaríkjunum að setja einhverjar skorður við sölu á tóbaki og strangari skorður en verið hefur, jafnvel bann, en þetta er ekki á döfinni þannig að þetta er ekki sambærilegt. Við erum hins vegar að tala um að setja bann við spilavítum á Íslandi. (Forseti hringir.) Það er það sem við erum að tala um og mér fyndist málið ekki betra þó að það væru einhverjir gróðapungar úti í bæ sem högnuðust á þessum veikleika og sjúkleika einstaklinga.

[17:44]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fann að því að í máli okkar nokkurra þingmanna hefði komið fram það sjónarmið að flutningsmenn þessara frumvarpa vildu svipta títtnefnd samtök tekjum. Það er nákvæmlega það sem þessi frumvörp ganga út á. Þau ganga út á það að svipta þessi tilgreindu samtök, sem við höfum títt nefnt í umræðunni, stórum hluta tekna sinna. Það er það sem frumvörpin ganga út á.

Það sem ég tel vera alvarlegt í frumvörpunum er nákvæmlega það að þau skilja samtökin eftir í algeru tómarúmi og óvissu. Ekkert liggur fyrir um það eftir að hafa lesið frv. og greinargerðina sem því fylgir með hvaða hætti þessi samtök eiga að geta mætt því ofboðslega tekjutapi sem frv. gerir ráð fyrir að þau verði fyrir. Þetta er alvarlegt, virðulegi forseti. Það getur vel verið að það væri skynsamlegt að við reyndum að finna nýjar tekjuöflunarleiðir fyrir þessi samtök. Það er alveg sjálfstætt verkefni. En þessi frumvörp gera ekki ráð fyrir því.

Svo er eitt í lokin, virðulegi forseti. Mér fannst hins vegar ... (Gripið fram í.) Hv. flm. Guðni Ágústsson, ef hv. þm. vill að það sé niðurstaða umræðunnar hefði þá ekki verið miklu eðlilegra að þetta frv. gengi út á það en ekki að svipta einhliða samtök eins og Rauða kross Íslands tekjum upp á yfir 400 millj. kr. ef ég man rétt og skilja þau eftir í algerri óvissu?

Svo er það eitt í lokin, virðulegi forseti. Ég taldi mig heyra það frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrr í ræðu hans að hann hefði talað um að hann vildi setja upp skipulega spilavítastarfsemi en sagði hið gagnstæða áðan. Ég vildi gjarnan fá skýringar hans á þessu sjónarmiði.

[17:47]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fæ ekki skilið hvernig hv. þm. Einar K. Guðfinnsson réð það í mál mitt áðan að ég vildi koma á fót skipulegum spilavítum í landinu. Ég stend að frv. sem eiga að setja bann við slíku þannig að mér er þetta með öllu óskiljanlegt. Það sem vekur hins vegar furðu mína í málflutningi hv. þm. og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem hefur einnig talað í þessu máli er forgangsröðun þessara aðila. Það er engu líkara en þeim finnist vera smámál, jafnvel hégómamál, á ferðinni og saka okkur um ábyrgðarleysi fyrir að vera ekki búin að sjá SÁÁ fyrir fjármunum, Rauða krossi Íslands eða Slysavarnafélaginu fyrir fjármunum áður en tekið er á þessum málum sem eru sannanlega að leggja líf fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna í rúst. Það er þannig sem við höfum forgangsraðað þessum málum að við viljum að Alþingi Íslendinga bregðist þegar í stað við og setji í lög bann við starfsemi af þessu tagi. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að að sjálfsögðu þarf síðan að taka til skoðunar hvernig starfsemi þeirra ágætu stofnana sem hér um ræðir verði tryggð fjárhagslega.

[17:49]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. 17. þm. Reykv. að ég hafi talið þetta smámál eða hégóma. Þvert á móti finnst mér vera mikið mál á ferðinni og ég tók það einmitt fram áðan að þó frv. létu ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn þá væri um að ræða stór mál vegna þess að þetta væri nokkuð sem varðaði framtíð og fjárhag mjög mikilvægra samtaka í landinu og þess vegna væri það mál sem við þyrftum að ræða af mikilli alvöru og eindrægni. Ég hef aldrei gefið neitt til kynna um það sem að baki byggi hjá hv. þm. og flm. þessa frv. Þvert á móti hef ég sagt að ég efaðist ekki um hug þeirra í málinu.

En mér finnst mjög alvarlegt, virðulegi forseti, að hv. þm. talar um forgangsröðun. Er það ekki eðlileg forgangsröðun þegar verið er að leggja það til að svipta þýðingarmikil samtök tekjum sínum, skilja þau eftir í algjöru uppnámi, að það liggi eitthvað fyrir um það hvernig framtíðarstarfsemi þeirra eigi síðan að fjármagna. Er það ekki mál sem kemur okkur og þeim við, sem leggja það til að svipta þessi samtök stórum hluta tekna sinna, hvernig eigi síðan að ljúka málinu? Ég held, virðulegi forseti, að það sé ekki eitthvað sem menn geti síðan bara vísað inn í framtíðina — fyrst skulum við taka 630 milljónir af ráðstöfunarfénu þeirra og þegar við eru búin að því skulum skoða hvernig við eigum að bjarga lífi þeirra. Ég er hræddur um að það geti kannski jafnvel orðið of seint þegar við skoðum hversu stór hluti af ráðstöfunartekjum þessara aðila kemur frá þessum spilakössum hér. Það kemur til að mynda í ljós í yfirliti frá SÁÁ að þetta fjármagn fer í að borga hlut í almennum rekstrarkostnaði samtakanna, borga göngudeildir SÁÁ í Reykjavík og Akureyri algjörlega, fræðslustarf til almennings og hluta af forvarnadeild. Allt þetta væri algjörlega í vindinum ef þessi frv. yrðu samþykkt óbreytt.

[17:51]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér hefur farið fram mjög gagnmerk umræða um vandamál sem er að einhverju leyti nýtt af nálinni og fjallar í huga mínum um fíkn. Reynsla okkar Íslendinga af fíkn er tiltölulega lítil. Við þekkjum tóbak, það eru aðeins nokkrir áratugir síðan við gerðum okkur grein fyrir skaðsemi

tóbaks og ekki nema nokkur ár síðan raunverulega kom í ljós hver skaðsemi tóbaks er. Við þekkjum áfengi frá fornri tíð og áhrif þess á manninn hafa lengi þekkst á Íslandi og sérstaklega á einstaka einstaklinga. Við þekkjum eiturlyf og áhrif þeirra mjög lítið og eiginlega bara síðustu 10–20 árin og svo að sjálfsögðu frá reynslu annarra þjóða af umgengni við eiturlyf. Við þekkjum spilafíknina eiginlega ekki neitt. Þó höfum við heyrt, bara síðustu mánuðina, sögur af fólki sem er haldið þessari fíkn, sem ég persónulega þekkti ekki áður og hef ekki kynnst, sem er alveg óskapleg.

Það virðist vera að sumt fólk lendi í því að rústa algjörlega eigin fjármálum, eigin lífi, fjármálum fjölskyldunnar og lífi fjölskyldunnar allt í kringum sig. Þetta er hlutur sem við Íslendingar höfum ekki þekkt og þetta erum við að fjalla um hér. Vitaskuld er ákveðinn tvískinnungur í því að ríkið skuli vera að selja áfengi með annarri hendinni, hagnast á því og að lækna með hinni hendinni það fólk sem verður áfenginu að bráð. Að ríkið skuli vera að selja tóbak og græða á því með annarri hendinni og að lækna með hinni hendinni það fólk sem lendir í tóbaksfíkninni er náttúrlega ákveðinn tvískinnungur og við búum við það.

Varðandi spilakassana og þá fíkn sem þar myndast er það ekki komið í ljós enn þá, og ég hygg að það eigi eftir að koma í ljós í auknum mæli. Erlendar rannsóknir segja að 5–6% af fólki geti lent í því að verða fíklar, spilafíklar. Það slær mig og maður hugleiðir hvort ekki sé ástæða til þess að grípa til svipaðra aðgerða gagnvart spilafíkn og gagnvart t.d. eiturlyfjafíkn. Allt er þetta spurning um frelsi og bann, höft eða frelsi einstaklingsins. Ég er almennt hlynntur frelsi einstaklings en þó geri ég á því undantekningu þegar um er að ræða atriði eins og eiturlyf þar sem einstaklingurinn getur og mun líklega fara sér að voða. Það sama á við um spilafíknina að þar sýnist mér að fólk geti farið sér að voða.

Hér hefur komið fram er að ekki sé nægilega mikið eftirlit með því að börn sæki ekki í spilakassa, menn geri sér ekki almennilega grein fyrir hættunni. Í því sambandi bendi ég sérstaklega á að miklu stærri hætta felst t.d. í tölvuleikjum, sem margir hverjir eru byggðir upp á nákvæmlega sama hátt og spilakassar, og þar eru börnin alveg ofurseld tölvuleikjunum og ég held að það sé hlutur sem menn ættu að skoða líka.

Það er alveg sérdeilis ógeðfellt að við Íslendingar erum að fjármagna góð mál, æðstu menntastofnanir landsins og mörg góðgerðarsamtök, með þessum hætti. Að verið sé að auglýsa í sjónvarpi á kvöldin alls konar spilakassa og svo kemur einhver maður í sjónvarpið og segir að SÁÁ sé að taka upp lækningabraut fyrir þá sem verða fíklar af þessum sömu sökum, þ.e. þeir aðilar sem ætla að lækna eru um leið að auglýsa og hvetja til starfseminnar, þeir örva fíknina. Þetta er með þvílíkum ólíkindum og mér finnst þetta mikill tvískinnungur.

Ég skil alveg og felst á þau rök sem koma fram í frv. Hins vegar er verið að gera mjög hastarlega breytingu á stuttum tíma og það er rétt sem fram hefur komið að það gengur ekki svona. Það gengur ekki að segja að 1. jan. næstkomandi hætti þetta alveg. Hér hefði átt að vera þáltill. um að skoða þessi spilamál öllsömul frá rótum og kanna hvað eru miklar líkur á því að fólk verði spilafíklar, hvað miklar líkur á því að þessi góðu samtök séu að búa til spilasjúklinga, og breyta mildilegar, sjá fyrir nýjum tekjumöguleikum fyrir þessi samtök en klippa ekki allt í einu á. Ég held að það sé ljóðurinn á málinu.

Hins vegar tel ég mikilvægt að rætt sé um spilafíkn eins og aðra fíkn sem við hv. þm. verðum að taka á í þjóðfélaginu og ég tel þetta mjög þarft frv. að því leyti af hafa vakið umræðuna. En eins og ég benti á þá er þetta allt of hastarlegt. Ef það yrði samþykkt yrðu samtökin mjög illa stödd fjárhagslega og það held ég að sé engum til góðs. Það væri aftur á móti mikilvægt að ræða málin, fara í gegnum þau og þá ekki bara þessi samtök, ekki bara spilakassa heldur líka Happdrætti Háskólans, tölvuleiki o.s.frv. og athuga hvort ástæða sé til að gera eitthvað í þessum málum til frambúðar.

[17:58]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Þar sem ég er einn af flutningsmönnum þessara frumvarpa vil ég leggja örfá orð í belg.

Stundum er það jafnvel talinn ljóður á störfum Alþingis hversu sjaldan alþm. flytja frv. Í frumvörpum kemur fram afdráttarlaus skoðun. Frumvörp eru sterkasta form þingsins. Þess vegna tel ég að reynt sé að snúa út úr þeirri hugsun sem frumvörpunum fylgir.

Hér kemur hver þingmaðurinn á fætur öðrum og reynir að stilla þeim upp við vegg sem flytja varnaðarorð og leggja til að lög verði felld úr gildi, að þeir séu óvinir númer eitt stórra hreyfinga sem hafa unnið merkilegt starf í landinu á síðustu árum. Þannig geta þingmenn ekki sillt umræðunni upp. Auðvitað virðum við sem flytjum frv. og viðurkennum að Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Samtök áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann, Slysavarnafélag Íslands eru allt göfug og góð samtök. Án þeirra megum við ekki vera og viljum ekki vera og virðum þeirra mikla starf í gegnum áratugi. Við virðum líka Háskóla Íslands og teljum hann mikilvægan.

En það sem við erum að vekja athygli á með þessu máli og viljum fá fram skoðun þingsins er spurningin hvernig þessi mál hafa þróast á stuttum tíma í okkar íslenska þjóðfélagi.

Íslenska þjóðin er ung og hún er fljót að grípa nýjungarnar. Það er rétt sem hv. 1. flm. hefur rakið að því miður hafa margar hörmungar leitt af þessari nýju íþrótt Íslendinga. Þess vegna er afdráttarlaus skoðun mín að það á að vera verkefni Alþingis í framhaldi af þessum frumvörpum og ég treysti allshn. fullkomlega til þess að fara yfir stöðu þessara mála og það hlýtur hún að gera. Þingið vinnur nefnilega með ákveðnum hætti og menn þurfa ekkert að snúa út úr og reyna að setja menn á sakamannabekk.

Þingið sendir frumvörp til umsagnar og nefndirnar skila ekki af sér frumvörpunum til baka nema meiri hluti sé fyrir þeim og ég treysti því fólki sem situr í allshn. til þess að fara yfir þessi mál. Það kann að vera að fleiri en ég viti það að framkvæmd þessara mála og staðsetning þessara kassa eru með þeim hætti að almenningur tekur kannski í ríkari mæli undir með okkur flutningsmönnum en þingið gerir sér grein fyrir. Skyldi ekki spilafíknin vera einn hörmulegasti sjúkdómur sem maður sér þegar maður fer út í Evrópu? Hvert fer gamla fólkið þar með lífeyrinn sinn og eyðir honum á einni klukkustund? Þetta er eitt stærsta vandamál í mörgum löndum. Þess vegna tel ég að við þurfum að skipuleggja þetta.

Menn eru að rugla saman málum og nefna sölu á áfengi o.s.frv. Hvar eru sumir kassarnir staðsettir? Þeir eru staðsettir inni á áfengisbörum og ég hef oft orðið vitni að því að maður sem þar hefur því miður drukkið frá sér ráð og rænu er að skaða fjölskyldu sína og eyða fé í spilakassa og veit

ekki af því fyrr en daginn eftir. (**Dómsmrh.:** Þingmaðurinn hefur vonandi ekki átt í því.) Hæstv. dómsmrh. getur þóst hafa efni á því að hafa gaman af þessu máli. Ég get tekið undir það með honum að ég er ekki þar oft staddur en ég hygg að það hafi hent hæstv. dómsmrh. að sjá þessa neyð og ég vænti þess að hans mannlega hjarta sé ekki með þeim hætti undir þessari umræðu að hann telji sér það leik að gera grín að málflutninginum. Þetta er grafalvarlegt mál. Frá hverju voru þeir að segja á SÁÁ? Að einhverjir tugir manna (**GHelg:** Hundruð.) eða hundruð manna kæmu orðið árlega í meðferð vegna þessa sjúkdóms. Þegar flutningsmenn skoða þessi frumvörp og eru að semja þau kemur í ljós að hæstv. dómsmrh. hefur ekki sett allar þær reglugerðir sem eiga að fylgja lögunum og hér er fullyrt enga reglugerð. Fyrir utan hitt að eftirlitið er í molum og vitað er að börn og unglingar ganga því miður sums staðar í þessa kassa.

Ég treysti dómsmrh. ágætlega í mörgum málum þó ég tali hart til hans í þessari umræðu og tel að hann geti aðstoðað þingið við að endurskoða bæði framkvæmdina og staðsetningu kassanna. Ég vona að frumvörpin verði til þess að farið verði öðruvísi með þessi mál í framtíðinni og að allshn. skili frá sér þessu máli í þeim búningi, það getur verið fyrsta stigið þegar jafnafdráttarlaust frv. kemur fram. Það hvarflar kannski ekki að mér að það verði samþykkt eins og það kemur fram því það er hvorki vilji minn né flutningsmanna að þessi miklu samtök sem vinna gott starf standi uppi tekjulaus. En fyrsta verkefni þingsins gæti verið krafa um að milliþinganefnd alþingismanna ynni fram að næstu löggjafarsamkomu að tillögum. Verður ekki Alþingi stundum að beita eftirlitsþætti sínum og nýrri stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu? Ég teldi það eðlilegt framhald. Ég vil ekki skaða þessi miklu samtök og það getur vel verið að það séu til aðrar leiðir til að finna þeim tekjustofna. En mér gremst að hlusta á í umræðunni eins og oft vill verða í þinginu að þeir menn sem hafa haft fyrir því að semja frumvörp og koma fram með afdráttarlausar skoðanir eru gerðir að óvinum einhverra fjöldahreyfinga. Þá fara menn jafnvel að tala um að þingsályktunartillögur hefðu verið betri sem er auðvitað miklu lægra form í þinginu á málflutningi. Ég stend því við það að ég tel mikilvægt að þessi frumvörp bæði fái þinglega meðferð og ég er sannfærður um að þau munu þó skila því að þessi mál verða tekin til umræðu í íslensku þjóðfélagi með nýjum hætti. Ég ætla að vona að löggjafarsamkoma Íslendinga verði leiðandi í þeirri umræðu, að hún verði ekki alltaf eftir í hinum stóru málum og verði að fá tilskipanir utan úr samfélaginu. Þetta eru mín orð hér við þessa umræðu, hæstv. forseti.

Ég vil þó segja eitt að lokum af því að menn stillta alltaf mönnum upp með þessum hætti. Ég man eftir því þegar ég, nýr þingmaður fyrir 10 árum, byrjaði að gagnrýna lífeyrissjóðakerfið var mér stillt upp sem óvini alþýðunnar númer eitt af því að ég taldi mikilvægt að lífeyrissjóðirnir sem voru stærstu peningastofnanir Íslendinga byggju við aðhald og væru reknir með öðrum hætti og um þá giltu lög. Það tók mörg ár að ná því fram að menn færu að veita þessum miklu sjóðum aðhald og færu að endurskipuleggja þá. Ég hræðist það ekkert þó einhverjir menn hafi í hótunum við mig og telji mig óvin þessara miklu hreyfinga. En þessar hreyfingar, sem eru núna að safna inn í gegnum þetta 10 milljörðum á ári hverju, verða að skilja að það verður að vera opinbert eftirlit á þeim og þær verða líka að skilja það að löggjafarsamkomunni er ekki sama hvernig framkvæmdin er og hvar staðsetningin er.

[18:08]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir í jafnréttismálum, 235. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 268.

Almannatryggingar, 228. mál, frv. MF, þskj. 260.

Framkvæmd áfengislaga, 233. mál, fsp. SvG, þskj. 266.

Hlutafélög, 230. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 262.

Lokun vínveitingastaða, 234. mál, fsp. SvG, þskj. 267.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 118. mál, svar menntmrh., þskj. 243.

Rekstrarhagræðing, 144. mál, svar landbrh., þskj. 255.

Þingsköp Alþingis, 229. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 261.

[18:09]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það getur eflaust verið gott að þingmenn flytji frv. en það á ekki að flytja frumvörp bara til þess að flytja þau. Það þurfa að vera einhverjar efnislegar forsendur til þess að það sé gert. Ef ég vissi ekki betur hefði ég talið að hv. málflytjendur þessara tveggja mála sem eru til umræðu gerðu sér enga hugmynd um það í hverju starf viðkomandi samtaka er fólgið.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að ruglað væri saman málum talað væri um sölu á áfengi og tóbaki í samhengi við þessi tvö frumvörp. Það er eflaust sjónarmið út af fyrir sig en ég gæti best trúað því að hv. flutningsmenn séu líka að rugla saman málum þegar þeir flytja og tala fyrir í samhengi annars vegar breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands um spilakassana og hins vegar um söfnunarkassa líknarfélaganna þriggja því það er gríðarlegur munur á þessum spilatækjum, sérstaklega hvað varðar vinningsupphæðir og vinningsmöguleika og ég held að það sé mjög vafasamt að líkja þeim saman. En hvort sem er þá væri stórhættulegt ef fótunum væri kippt undan þessari starfsemi í einu vetfangi eins og frumvörpin gera ráð fyrir þó að ég efist ekkert um það að jafnvel þó vilji væri fyrir hendi til þess að breyta þessu á einhvern grundvallarhátt hefði Alþingi vit á því að breyta dagsetningum og hvernig staðið væri að breytingunni.

Ég sé hins vegar ekki að þau rök sem hafa verið lögð fram standi undir þeim tillögum sem koma fram í frumvörpunum. Mér þykir beinlínis sorglegt að lesa það í greinargerð þar sem verið er að fjalla um starfsemi þeirra fjögurra líknarsamstaka sem áður hafa verið nefnd að tala um starfsemi þeirra sem fáránlega. Mér finnst algerlega óskiljanlegt þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um þessa starfsemi sem glæpastarfsemi. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa mjög sérstakan skilning á því sem er glæpastarfsemi. En við ættum kannski að vera fegin því að hann hefur ekki kynnst glæpastarfsemi betur en það að hann velur þessa samlíkingu til þess að bera saman við starfsemi þessara samtaka. (Gripið fram í.) Það er alveg sama hvar sumir menn eru staddir í heiminum, þeir eru alltaf í vernduðu umhverfi.

Þrátt fyrir það að ég vilji ekki líkja þessu tvennu saman sem er til umræðu er mér stórlega til efs að það yrði þjóðfélagi okkar á nokkurn hátt til batnaðar ef Háskóla Íslands yrði bannað að reka spilakassa sína. Ég held að við höfum reynsluna fyrir því að ef starfsemi eins og spilastarfsemi er bönnuð, starfsemi sem fólk hefur áhuga á að sækja í, þá finnur hún einfaldlega eiginn farveg og ekki eru mörg ár síðan lokað var ólöglegum spilavítum. En ég minnist þess ekki að síðan spilakassar háskólans hófu að vera til brúks á

hinum ýmsu stöðum í landinu eða jafnvel í borginni, þar sem þeir eru nú flestir hafi verið lokað ólöglegu spilavíti. Ég held að það sé út af fyrir sig betra að starfsemin sé háð lögum og reglum og það sé fylgst með henni en hún sé knúin til þess að vera neðan jarðar.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að lýsa því hvað mundi gerast hjá þessum líknarsamtökum ef fjáröflun þeirra yrði hætt 1. jan. 1998 eins og frumvörpin gera ráð fyrir. Sjálfsagt verða nógir til þess að leiða annars vegar hv. flutningsmönnum og nefndinni það fyrir sjónir hvað mundi gerast. Hins vegar er hollt fyrir okkur að íhuga í þessu samhengi hversu mikilvæg þessi samtök eru í þjóðfélagi okkar, hversu gíðarlega mikið starf er unnið í sjálfboðavinnu, starf sem þjóðfélagið þarf nánast ekki að leggja fram eyri til. Ég held að það sé hollt fyrir okkur að íhuga hvað ríkið þyrfti að leggja fram ef það ætti sjálft að standa undir þessari starfsemi. Það eru miklu, miklu hærri upphæðir en þær sem fram koma í greinargerðinni um tekjurnar sem þessi líknarfélög hafa af starfseminni. Ég er hræddur um það að hv. flutningsmenn hafi ekki íhugað þetta nægilega vel og ef þeir hafa gert það hafa þeir hvorki áhyggjur af fjárhag þessara samtaka né neinar verulegar áhyggjur af fjárhag ríkissjóðs. Samstarf við þessi samtök fyrir ríkissjóð eru einungis á einn veg, þau eru ríkissjóði og þjóðfélaginu til hagsbóta og við skulum hafa það ofarlega í huga.

[18:16]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé nú enn ástæðu til að koma hér upp og lýsa yfir stuðningi við þau ágætu samtök sem hér er vitnað til, Slysavarnafélag Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörg, að ógleymdum Háskóla Íslands. En hv. þm. segir hér, það fólst í rauninni í orðum hans, að ef við leyfum okkur að flytja frv. til laga sem setur á skorður og á endanum reyndar bann við spilavítum á Íslandi, þá höfum við ekki áhyggjur af fjáröflun þessara samtaka eða ríkissjóði Íslands. Við erum að leggja áherslu á það sem reyndar hefur komið fram í máli fjölmargra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að spilafíkn á Íslandi í eins ríkum mæli og við þekkjum nú er nýtt þjóðfélagsmein, svo útbreitt sem raun ber vitni, og að það sé nauðsynlegt fyrir löggjafann að setja lög til að sporna við þessu.

En mér finnst alveg ófært að flm. þessara frv. sé stillt upp sem andstæðingum annaðhvort Háskóla Íslands og þeirri starfsemi sem þar fer fram eða þeirra samtaka sem njóta góðs af arðinum af þessari starfsemi. Þetta eru gerólík mál. Við höfum lagt áherslu á það í okkar málflutningi að að sjálfsögðu þurfi að taka á þeim málum ef það reynist vera vilji fyrir því hér á hv. Alþingi að samþykkja þær lagabreytingar sem við erum að leggja til.

[18:18]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið sérstakt að heyra hv. þm. Ögmund Jónasson annars vegar lýsa yfir stuðningi við þessi fern líknarsamtök og Háskóla Íslands sem hér hafa verið til umræðu og hins vegar að tala um starfsemi þeirra sem glæpastarfsemi og vera flm. að frv. þar sem talað er um starfsemina sem fáránlega. Leggja til í frv. að stoðunum verði kippt undan fjárhagslegri stöðu þessara félaga án þess að minnast á það einu orði í frv. eða greinargerðinni að eitthvað annað þurfi að koma til. Koma svo upp og halda ræður og vera hissa á því að einhver skuli ekki vera sammála um að það eigi að tala um þessi félög sem glæpastarfsemi.

Herra forseti. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi. Ég er eiginlega mest hissa á því að það skyldi ekki vera slegið í björlluna hér áðan þegar verið var að tala um glæpastarfsemi í samhengi við þessi líknarfélög.

[18:19]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður fer að furða sig á því hvers vegna þessi umræða skuli yfirleitt leyfð. Spilavíti og það að hagnast á spilafíkn, sjúklegri spilafíkn fólks, er að mínu mati glæpastarfsemi. Ég hika ekki við að nota það orð. Mér finnst það umhugsunarvert þegar þessi virtu samtök og Háskóli Íslands eru fjármögnuð á spilafíkn fólks. Mér finnst það mjög alvarlegur hlutur. Mér finnst það ekki síður alvarlegt þegar hv. þm. stíga hér í ræðustól og hafa í frammi þann málflutning sem hv. þm. Árni M. Mathiesen gerði áðan. Hann vill meina þingmönnum að vara við því þjóðfélagsmeini sem hér hefur sett einstaklinga og fjölskyldur í rúst og gera allan þeirra málflutning tortryggilegan.

Hann sagði reyndar líka áðan að þjóðfélagið greiddi ekki einn eyri til þessara samtaka og var þá að vitna til þeirra peninga sem kæmu upp úr spilakössunum. Ég er hins vegar á því máli að þjóðfélaginu blæði vegna þessarar meinsemdar því að þetta skaðar allt þjóðfélagið, þetta skaðar einstaklingana. Og að sjálfsögðu koma þessir einstaklingar og eiga eftir að koma við sögu í ýmsum stofnunum samfélagsins og eru þeim þungur baggi, auk þess sem þetta skaðar einstaklingana og fjölskyldurnar.

[18:22]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson veltir því fyrir sér hvers vegna þessi umræða skuli leyfð eða hvers vegna hún er ekki bönnuð. Það er einmitt í anda þess hugsunarháttar sem gætir hjá honum bæði í málflutningi hans og í tillöguflutningi hér að banna hlutina. Það hefur aldrei hvarflað að mér að þessi umræða yrði bönnuð. Aldrei nokkurn tímann. Það hefur aldrei hvarflað að mér að þingmenn mættu ekki flytja þau mál sem standa hjarta þeirra næst. En það sem ég var að tala um í upphafserindi mínu um frumvarpsflutning þingmanna var að það væri ekki ástæða til að fagna frv. sérstaklega nema þau væru til þess að gera eitthvert gagn. En það er nákvæmlega það sem þingmaðurinn sagði og hann kom nákvæmlega upp um sig þegar hann var að velta því fyrir sér hvort ekki hefði átt að banna umræðuna. Þar sýndi hann dýpst inn í sinn hjartastað. Það eru boðin og bönnin sem hann vill láta ganga yfir okkur. (**ÖJ:** Þvílíkur útúrsnúningur.) Hann vill láta reka starfsemina neðan jarðar frekar en hafa hana uppi á borðinu þar sem lög og reglur ná utan um hana.

[18:23]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir)**:

Hæstv. forseti. Það er satt að segja fátt raunalegra en að standa fyrir málflutningi hér á hinu háa Alþingi og hlusta á þingmenn leyfa sér að vera með útúrsnúninga á málflutningi kollega sinna. Öll þessi umræða hefur heldur verið hinu háa Alþingi til vansa. Ég þóttist hafa lagt nokkra vinnu í að flytja mál mitt og undirbúa það. Þingmönnum er ljóst að ég var á móti þeim lögum sem leyfðu spilakassa fyrir þremur árum, lengra er nú ekki síðan, og ég er á móti þeim enn og hef allt leyfi til að berjast fyrir því að þeir verði aflagðir. Hér hefur verið notuð sú, að ég held, afskaplega

misviturlega aðferð að tala um að verið sé að rústa fjórum líknarfélögum og Háskóla Íslands. Það er nú einu sinni þannig að á meðan þetta þjóðfélag var byggt á einhverri samhygð milli manna þá voru líknarfélög frjáls félagasamtök þar sem menn gáfu af fé sínu til styrktar félögunum. Það er auðvitað einkenni þess spillta þjóðfélags sem við lifum í, sem verður æ spilltara, að menn gefa ekki lengur neitt nema þeir fái eitthvað í staðinn. Ég er ekki óvinur þessara fjögurra félaga og gæti sýnt hv. þingmönnum góðar og fallegar barnamyndir af þeirri sem hér stendur í sérstökum búningi á lokadaginn, 11. maí, gangandi um götur Hafnarfjarðar með bát, við vorum tvær um hvern bát og söfnuðum fé. Fyrir kom að efnamenn í Hafnarfirði gáfu svo mikla peninga að þeir þorðu ekki annað en að keyra okkur beint upp á skrifstofu af því að þeir trúðu okkur ekki fyrir svo miklum peningum í bátinn. Þá voru menn að gefa peninga til líknarmála. Það voru íslenskar konur sem byggðu Landspítalann að verulegu leyti. Hvað með öll þau félagasamtök ótalin sem hafa unnið þessu samfélagi meira gagn en flest önnur? Það nægir að nefna Thorvaldsensfélagið, kvenfélög um land allt sem hafa staðið fyrir stórkostlegum framkvæmdum samfélaginu til hagsbóta. Hvað með sjómannadagsráð? Hvað með Samband íslenskra berklasjúklinga? Hugsa sér að það samband skuli hafa komist af án spilakassa. Hvernig fóru þeir að því að byggja næstum því heilt bæjarfélag, Reykjalund? Þeir gerðu það með stuðningi, með eigin framlögum, framlögum fólksins í landinu, sem beið ekki skaða af því að leggja fram þau framlög. Og ég bið menn að gera mun á þessu.

Menn hafa talað hér, ég leyfi mér að segja, hæstv. forseti, eins og kjánar. Þeir bera saman sölu á áfengi og tóbaki og aðgang að spilakössum. Það ganga ekki 11 ára börn inn í Áfengisverslun ríkisins til að kaupa sér áfengi. Vitaskuld ekki. Þau fá ekki einu sinni afgreiðslu á tóbaki fyrr en þau eru 18 ára gömul. Þau eiga engan aðgang að þessari vöru eins og þau eiga aðgang að spilakössum. Hér er verið að snúa út úr málflutningi manna á siðlausan hátt.

Ég hef talað við lögregluna og þess vegna verð ég að harma það að Rauði krossinn og öll þessi félög reyndar sem standa fyrir bréfi sem okkur er sent fullvissa þingmenn um að það sé eftirlit með þessu. Þetta er bara rangt. Ég leyfi mér að segja það og fullyrða það. Lögreglan í Reykjavík segir að það sé ekkert eftirlit með þessu. Enda er engin kvöð um það. Það hefur engin reglugerð kveðið svo á. Það hefur aldrei verið neitt eftirlit með þessu. Þannig að þessi samtök gera engum greiða og síst af öllum sjálfum sér með því að halda slíku fram. Við vitum þetta öll enda sést þetta hvar sem við förum.

Öll þessi rök um að vera að bera saman áfengi og tóbak annars vegar og spilakassa hins vegar eru fullkomin fjarstæða. Það er líka jafnmikil fjarstæða að bera saman venjulegt flokkahappdrætti, jafnvel lottó, og spilakassa. Ég hef líka talað við sérfræðinga sem sitja við það löngum stundum að reyna að lækna þá sem hafa ánetjast þessu. Það er auðvitað allt annar hlutur að sitja við kassa og spila og eiga von á vinningnum jafnóðum heldur en að kaupa sér miða í einhverju happdrætti sem dregið er í eftir einhvern tíma. Sérfræðingar hafa tjáð mér að sumt fólk sé einu sinni þannig gert að því hætti til að missa stjórn á ýmissi starfsemi sem það byrjar á eins og áfengisdrykkju eða spilafíkn sem séu kannski tvær greinar af sama meiði, að það verði einhver árátta í gangi sem menn smátt og smátt missa stjórn á. Auðvitað er þetta engum hættulegra en ungum börnum. Þannig að þetta er alls ekki sambærilegt.

Við skulum líka taka eftir því, hæstv. forseti, að merkjasala er næstum búin að vera. Það er svo auðvelt að moka peningum upp úr þessum óskapnaði. Ég held líka, hæstv. forseti, að því meiri peningar sem verða til á þennan hátt því meiri þörf verði fyrir meira. Það er nefnilega alveg rétt að þessi fyrirtæki sem við öll berum fyrir brjósti — og ég nenni ekki að láta núa mér því um nasir að mér sé sama um Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörg og Slysavarnafélag Íslands, það er ekki svo — það er nefnilega svo komið að þau eru orðin háð þessu líka. Þau eru kannski litlu betri spilafíklar en hinir.

Auðvitað eru hér miklir hagsmunir í húfi. Ég get upplýst hæstv. forseta um að það var algjörlega með ráðum gert — vill nú svo til að hæstv. forseti er einn af flm. og kemur honum það því ekki á óvart — að krefjast ekki annars en að þessu yrði lokað. Ég treysti þessum samtökum öllum og Háskóla Íslands og hinu háa Alþingi til þess að setjast niður og segja: Þetta gengur ekki. Þetta er farið úr böndunum hjá okkur, við skulum stoppa þetta. Við setjumst niður í bróðerni því hér geta ekki verið nein flokkaátök á ferðinni. Við setjumst niður í bróðerni og leysum þetta mál.

Á að bera það á borð fyrir mig að stofnun eins og SÁÁ, sem ég held að flestar fjölskyldur á Íslandi eigi mikið að þakka, geti ekki hugsanlega fengið 50–60 millj. á ári af fjárlögum? Ég trúi því ekki eitt augnablik. Ég vil benda hv. þm. Árna Mathiesen á að, þar sem hann situr sjálfur í hv. fjárln., að hann færi létt með að fá flokksbræður sína og samfylgdarmenn þeirra til þess að reiða fram það fé. Ég trúi ekki öðru. Ég trúi því heldur ekki að það stæði í mönnum að finna á fjárlögum 66 millj. handa Landsbjörg. Ég trúi því heldur ekki og Slysvarnafélagi Íslands 83 millj., ég held að það væri hægt. Háskóladæmið er náttúrlega tryggt að nokkru þar sem þar er happdrætti í gangi og auðvitað hefur komið í ljós að því fleiri sem peningahappdrættin eru, því minna hefur orðið úr hinu gamla virðulega Happdrætti Háskóla Íslands sem um áratuga skeið hafði einokun á peningahappdrætti. Ég minnist þess sem barn að það var svona viss virðing yfir því. Það voru samtök þjóðarinnar til að byggja háskóla og ég minnist þess að börnum voru gefnir miðar í Happdrætti Háskólans í afmælisgjöf. Með þetta var farið af virðingu og ég spyr: Hvar er virðingin yfir þessum peningamokstri upp úr þessum kössum?

Ég minntist áðan á það, hæstv. forseti, að því meira fé sem kemur, því meiri verður þörfin. Ég geri ekki ráð fyrir að Rauða krossinn hafi nokkurn tíma órað fyrir, þ.e. fyrir rúmum áratug, að hann ætti eftir að byggja á einu og hálfu ári stórhýsi og greiða á borðið. Ég held ekki einu sinni að hann hafi gert kröfur um það. Hann hefði fundið sér húsnæði einhvers staðar fyrir miklu minni pening. En nú eru peningarnir þarna og þá eru þeir auðvitað notaðir. Það er einfaldlega þannig að fólki hættir til að nota þeim mun meiri peninga sem meiri peningar eru fyrir hendi.

Ég ætla ekki að gera lottópeningana að umræðuefni núna. Ég hef gert það áður. Ég hef grun um að það væri sama hvað mikið kæmi af fjármagni gegnum það, það yrði alltaf þörf fyrir meira. Á einhverjum punkti þurfum við að stöðva þessa endemis vitleysu.

Menn hafa mjög ráðist að meðflm. mínum, hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, fyrir að nefna orðið glæpastarfsemi. Ég játa að ég hrökk um stund við þegar ég heyrði það. En ég hygg að ef við lítum í hegningarlögin, þá sé þar ákvæði um að hver sá skuli sæta refsingu sem hvetur — nú man ég

ekki hvernig það er orðað og hafði ekki tíma til að gá að því milli ræðna — annað fólk til þess að spila fjárhættuspil. Ég er næstum því viss um að það er saknæmt athæfi á endanum þannig að það kann vel að vera að það sé ekki svo fjarstæðukennt að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Eitt er víst. Það er glæpsamlegt að hvetja ung börn til að spila fjárhættuspil. Það fer ekkert á milli mála. Það er glæpsamlegt. Það hefði átt að útvarpa yfir hið háa Alþingi þeim frásögnum sem flutningsmönnum, eða a.m.k. 1. flm. þessara frumvarpa, bárust vegna þessa fram komna frv. Þeir góðu hv. þm. sem hér hafa talað og gert sig að verndurum líknarfélaganna sem hér um ræðir, fara bónleiðir til búðar. Þeir fá ekki þau atkvæði sem þeir halda. Það er mikill stuðningur við þetta mál okkar út um allt þjóðfélagið. Það hef ég fengið að heyra. Ég er því alveg óhrædd við að bera þetta fram og ég er alveg óhrædd við að tala við þessi samtök. Ég hef talað við nokkur þeirra og get alveg gert það og horft beint í augun á þeim.

Sannleikurinn er nefnilega sá að það er óbragð í munninum á öllum við að þiggja þessa peninga. Það líður engum vel. Þess vegna eigum við — við erum hér til þess — að reyna að sjá svo til að þetta þjóðfélag sé rekið með sem mestum sóma. Þetta er smánarblettur á samfélaginu. Þetta er vandamál alls staðar. Kanadamenn hafa gefið út hverja bókina á fætur annarri þar sem verið er að reyna að finna leiðir til að stöðva þennan ósóma. Svíar hafa dregið úr þessu og hert löggjöf. Það sama eru Danir að gera. Nú er hægt að finna allt á blessuðu alnetinu og þegar ég fór að leita mér að bókmenntum um þetta þá komst ég að því að ótrúlegur fjöldi slíkra bóka hefur verið útgefinn núna á allra síðustu árum um einmitt þetta fyrirbæri, spilakassa, að það mætti æra óstöðugan að ætla að reyna að brjótast í gegnum það allt. Sannleikurinn er að þetta hefur alls staðar farið úr böndunum og menn horfa ráðalausir á þetta.

Ég spyr nú, hæstv. forseti: Hvað með önnur samtök, t.d. Félag einstæðra foreldra? Það rekur sig á allt öðrum samskotum og hefur allt aðrar fjáröflunarleiðir. Hvers eiga þau að gjalda að fá ekki að koma með spilakassa þar sem féð er fljótteknara? Við getum talið svo ótal, ótal mörg félög sem gera svo sannarlega mikið gagn. Það er ómögulegt að neita því að þetta getur ekki gengið svona því að það er alveg ljóst að þetta verður bara verra og verra. Féð verður meira og meira, samtökin verða háðari og háðari því og alþingismenn og hv. fjárlaganefndarmenn eru stikkfrí. Þeir þurfa þá ekki að vera að setja peninga í Rauða krossinn. Í hin samtökin eru raunar settir miklir peningar og ekki skal ég telja það eftir nema síður sé.

En ég spyr að lokum, hæstv. forseti: Erum við orðin svo gjörsamlega heillum horfin, þessi þjóð, að við tímum ekki að styrkja neitt? Við getum ekki látið neitt af hendi til neins nema það sé alveg öruggt að við eigum möguleika á að fá eitthvað í staðinn sjálf. Er það slíkt samfélag sem við viljum lifa í? Ég segi: Nei. Ég vil lifa í samfélagi þar sem við berum ábyrgð hvert á öðru. Ég vil lifa í samfélagi sem ber ábyrgð á börnum þessa lands en setur ekki lög á hinu háa Alþingi sem beinlínis vinna að eyðileggingu þeirra, því það er það sem hefur gerst og það hefur gerst í fleiri tilvikum en menn hafa grun um. Tilgangur okkar flutningsmanna þessara frv. er ekki verri en svo að við viljum vekja athygli hv. þingmanna á þessu. Við höfum gengið hreint fram. Býð ég nú velkominn hinn nýskipaða ritstjóra Dagblaðsins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem ég harma að hefur ekki hlýtt á mál mitt því þá yrði ekki um annað skrifað í Dagblaðinu á morgun. Svo ágætur málflutningur hefur þetta verið. En ég bið hv. alþm. að taka þetta mál grafalvarlega og ég bið hæstv. dómsmrh. að taka mark á því sem ég er að segja hérna. Ég held að ráðuneytið hafi farið kæruleysislega með þetta mál og ég skal ekki vera að nudda mönnum upp úr því. Aðalatriðið er að hið háa Alþingi beiti sínu eigin valdi og afleggi þetta. Þar með er svolítil lagfæring gerð á samfélagi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:39]

**Útbýting þingskjala:**

Búsetumál fatlaðra, 231. mál, fsp. MF, þskj. 264.

Losun koldíoxíðs í andrúmsloft, 232. mál, fsp. HjÁ, þskj. 265.

Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum, 237. mál, fsp. SJóh, þskj. 270.

## *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Stjfrv., 209. mál (hámark aflahlutdeildar). — Þskj. 222.

[18:40]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Frv. þetta er samið á vegum starfshóps sem ég setti á fót í janúar á þessu ári. Starfshópnum var annars vegar falið að fjalla um hvort ástæða væri til að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu tiltekinna aðila geta haft til ráðstöfunar og hins vegar hvort gera ætti kröfu til að eignaraðild að félögum sem hafa forræði yfir aflahlutdeild umfram tiltekin mörk skuli dreifð. Var Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður skipaður formaður starfshópsins en auk hans voru skipaðir í starfshópinn alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson, Andri Teitsson verkfræðingur, Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, og Hermann Hansson, stjórnarformaður Íslenskra sjávarafurða. Með hópnum störfuðu Kristján Skarphéðinsson, skrifstofustjóri í sjútvrn., og Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í ráðuneytinu.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sett verði hámark á leyfilega aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila og tengdra aðila. Er gert ráð fyrir að tiltekið hámark verði sett á átta fisktegundir sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Lagt er til að hámarkið verði 10% fyrir þorsk og ýsu en 20% fyrir ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju.

Tillagan um að setja framangreint hámark á einstakar tegundir miðar að því að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki verði of ráðandi í veiðum á einstökum tegundum, án þess þó að skerða um of möguleika útgerðarfyrirtækja til hagræðingar og sérhæfingar. Miðað við gildandi reglur er ekkert sem kemur í veg fyrir að eitt fyrirtæki ráði yfir öllum aflaheimildum af einstökum tegundum.

Í tillögugerð sinni miðaði starfshópurinn við að hið sérstaka tegundarhámark næði einungis til þeirra tegunda þar sem verðmæti heildaraflamarks nemur meira en 2% af heildarverðmæti. Þrátt fyrir þetta er ekki gerð tillaga um að sett verði sérstakt hámark á aflahlutdeild í úthafskarfa, enda takmarkast veiðar við tiltölulega fá fyrirtæki þar sem einungis stærstu skip flotans geta stundað veiðarnar. Þá má benda á

að hér er um að ræða stofn sem fellur undir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina, NEAFC, og því ræðst nýting og skipting stofnsins af samningum ríkja á vettvangi NEAFC. Hins vegar er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til aflahlutdeildar í úthafskarfa við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar.

Þá er lagt til að ef verðmæti aflamarks annarra tegunda en þeirra átta sem að framan greinir fer umfram 2% af heildarverðmæti aflamarks skuli ráðherra ákvarða 20% hámark á aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Á sama hátt falli hámarkið niður ef verðmæti þeirra tegunda sem um ræðir fer niður fyrir mörkin. Við upphaf hvers fiskveiðiárs er því gert ráð fyrir að ráðherra endurskoði fyrir hvaða tegundir sérstakt hámark eigi að gilda. Þessi endurskoðun á þó ekki við um tegundirnar átta, enda er gert ráð fyrir að hámark vegna þeirra verði óbreytt, án tillits til breytinga sem kunna að verða á aflamarki og verðmætastuðlum.

Til viðbótar við sérstakt hámark á einstakar tegundir er gert ráð fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila og tengdra aðila, geti ekki numið meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar. Við þá útreikninga er miðað við verðmæti allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla en ekki einungis þeirra átta sem mundu sæta sérstöku tegundarhámarki. Þó er gert ráð fyrir að hámarkið verði nokkru hærra, eða 10%, fyrir félög sem uppfylla tiltekin skilyrði um dreifða eignaraðild. Er þá miðað við að enginn einn aðili eigi meira en 20% í viðkomandi félagi og að engar hömlur séu á viðskiptum með eignarhluti.

Taki aðili fiskiskip með aflahlutdeild á leigu eða kaupleigu skal skipið metið sem eign aðila. Er þannig tryggt að frv. nái til aflahlutdeildar fiskiskipa sem aðilar raunverulega ráða yfir á hverjum tíma. Ekki eru nein lágmarkstímamörk eða skilyrði um efni leigu- eða kaupleigusamninga og nær ákvæðið því til allra kaupleigu- eða leigusamninga sem gerðir eru um skip með aflahlutdeild.

Nauðsynlegt er að eign tengdra aðila sé metin sem ein heild svo ekki sé unnt að komast hjá þeim skilyrðum sem sett eru í frv. Markmiðið með frv. er að fella undir tengda aðila þá sem raunverulega stjórna öðrum aðila og þá aðila sem með þeim hætti er stjórnað.

Ákvæði frv. eiga að ná til þess þegar aðili, einstaklingur eða lögaðili, á með beinum eða óbeinum hætti meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum aðila.

Þá nær frv. einnig til þess þegar einn aðili hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir öðrum.

Sem dæmi má nefna rétt aðila til að tilnefna meira en helming fulltrúa í stjórn lögaðila eða rétt eins aðila til að stýra rekstri annars aðila. Þá geta slík tilfelli komið upp þegar ákvarðanir þarf að taka samhljóða og aðili sem á minni hluta atkvæðisréttar getur því í raun haft úrslitaáhrif. Enn fremur má hugsa sér þá aðstöðu að aðili hafi svo sterka samningsstöðu við annan að hann ráði í raun stjórnunarákvörðunum, svo sem vegna samnings um notkun eða ráðstöfun eigna viðkomandi, samnings um einkarétt til að nýta allan afla aðilans eða samnings við hluthafa eða stjórnarmenn sem geta haft úrslitaáhrif við ákvarðanatöku aðilans. Loks getur verið um það að ræða að sömu aðilar, einstaklingar, lögaðilar eða tengdir aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í tveimur eða fleiri lögaðilum. Hver aðili verður að eiga a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum. Þegar hver aðili á þetta stóran hlut og aðilarnir ná sameiginlega meiri hluta verður að telja að aðilarnir geti stýrt lögaðilanum á samræmdan hátt og því eðlilegt að telja að báðir eða allir lögaðilar séu tengdir. Undir þetta falla einnig lögaðilar sem aðilarnir eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í ásamt lögaðila sem þeir eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í, en þó ekki minna en 10% hver. Þetta er skýrt með ítarlegum dæmum í athugasemdum við frv.

Tilkynningarskylda hvílir á aðilum. Megi aðili sjá að gerningur hans eða dótturfyrirtækja hans færi aflahlutdeild fiskiskips í hans eign umfram tilgreind mörk og hann gefur Fiskistofu ekki upplýsingar um gerninginn áður en til hans er stofnað hefur viðkomandi aðili brotið gegn ákvæðum frv. og getur því sætt viðurlögum samkvæmt IV. kafla laganna um stjórn fiskveiða. Sem dæmi um tilvik þar sem aðili gat ekki vitað um að aflahlutdeild hans færi umfram tilgreind mörk má nefna þegar verðmætastuðlum einstakra tegunda er breytt eða leyfilegur heildarafli einstakra tegunda er aukinn. Auk þess má nefna sem dæmi að samband tengdra aðila getur verið þannig að aðili viti ekki um tengsl sín við annan aðila eða hvaða afleiðingar gerningur, sem slíkur aðili stendur að, hefur á sameiginlega heildaraflahluteild fiskiskipa þeirra. Tilkynningarskylda hvílir á aðilum jafnt þegar þeir mega sjá fyrir að aflahlutdeild þeirra getur farið umfram sett mörk og þegar þeir mega vita að aflahlutdeild þeirra er þegar komin umfram sett mörk.

Tilkynningarskylda er lögð á alla lögaðila, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, þar sem eignaraðild er svo háttað að einstakur aðili á 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í lögaðilanum. Ber þeim lögaðila að gefa Fiskistofu reglubundnar upplýsingar um eignarhluta slíkra aðila. Gert er ráð fyrir að eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg teljist með eignarhluta einstaklinga. Samkvæmt því er nauðsynlegt að leggja skyldu á lögaðila að tilkynna um eignarhlut einstaklings og maka hans og skyldmenna í beinan legg ef samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra í lögaðilanum er 10% eða meira. Enn fremur er nauðsynlegt að leggja þá skyldu á lögaðila að gefa upplýsingar um eignarhlut lögaðila í öðrum lögaðilum sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Samkvæmt frv. á Fiskistofa að fá upplýsingar um stöðu frá aðila ef hann telur líklegt að hann fari umfram tilgreind mörk. Er því gert ráð fyrir að Fiskistofa gefi upplýsingar um hvort gerningurinn leiði raunverulega til þess að aðili fari umfram mörkin. Þar sem upplýsingar þær sem Fiskistofa hefur undir höndum kunna að vera óljósar þykir rétt að Fiskistofa sé ekki bundin við tilkynningu sína þess efnis að aðili sé ekki kominn umfram mörkin. Fiskistofa getur á síðara stigi endurmetið stöðu aðila ef ástæða þykir til. Komi í ljós að aflahlutdeild fari umfram mörkin ber Fiskistofu að tilkynna að svo sé og um hversu háa umframaflahlutdeild er að ræða. Fiskistofa getur komist að þessari niðurstöðu eftir tilkynningu frá aðila sjálfum eða með eigin rannsókn. Við gagnaöflun getur Fiskistofa beitt almennri heimild 2. mgr. 15. gr. laganna. Engin skylda hvílir á Fiskistofu að hafa eftirlit með stöðu aðila, þvert á móti hvílir frumkvæðisskylda alfarið á aðilanum sjálfum.

Aðila er gefinn þriggja mánaða frestur til að gera þær ráðstafanir sem honum eru nauðsynlegar til að ná aflahlutdeild fiskiskipa sinna niður fyrir tilgreind mörk og gildir þá einu hvort hann selur eða leigir fiskiskip, selur hlut í fyrirtæki eða gerir aðrar ráðstafanir. Frestur aðila til að gera nauðsynlegar ráðstafanir byrjar að líða þegar hann hefur

sannanlega fengið tilkynningu Fiskistofu um að hann sé kominn umfram mörkin. Komi til úthlutunar aflamarks á þriggja mánaða tímabilinu myndar umframaflahlutdeildin grundvöll fyrir úthlutun aflamarks.

Geri aðili ekki viðeigandi ráðstafanir innan tilgreinds frests skerðist aflahlutdeild allra fiskiskipa hans hlutfallslega miðað við tegundir. Sé um tengda aðila að ræða skerðist aflahlutdeild allra fiskiskipa í eigu allra hinna tengdu aðila hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Viðkomandi aðili eða aðilar halda þó aflamarki sínu til næstu úthlutunar eftir lok þriggja mánaða frestsins. Við þá úthlutun kemur umframaflahlutdeildin til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra aðila en þess eða þeirra sem skert var hjá og verður hækkunin í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að frv. nái einnig til þeirra sem kunna að vera yfir tilskildum mörkum við gildistöku laganna.

Á undanförnum árum hafa stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja leitað leiða til að skapa skilyrði fyrir bættu rekstraröryggi og svara kröfu þjóðfélagsins um aukna hagkvæmni í sjávarútvegi. Útgerðarfyrirtæki, sem mjög hafa byggt á þorskveiðiheimildum, hafa brugðist við aflasamdrætti með því að sameinast fyrirtækjum sem byggja t.d. á veiðum og vinnslu uppsjávarfiska eins og loðnu og síldar. Tilgangur slíkrar sameiningar er þá að dreifa áhættu í rekstri og renna fleiri stoðum undir starfsemina. Þá hafa stjórnendur fyrirtækja séð sér hag í því að sameina fyrirtæki til að standa betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni og til að treysta grundvöll undir áhættusama fjárfestingu í sjávarútvegi erlendis.

Skiptar skoðanir eru uppi í þjóðfélaginu um það hvort of mikil samþjöppun aflaheimilda eigi sér stað. Sumir eru þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu einstakra aðila geti haft. Slíkt hámark geti vikið til hliðar því meginmarkmiði stjórnenda fyrirtækjanna að reka þau á sem hagkvæmastan hátt og takmarkað möguleika þeirra til að dreifa áhættu í rekstri með því t.d. að ráða yfir aflahlutdeild í sem flestum tegundum. Stór og traust fyrirtæki hafi að öllu jöfnu betri aðgang að áhættufjármagni til að þróa nýja tækni og aðferðir og ættu því frekar að vera í stakk búin til að tryggja atvinnuöryggi og að skapa störf fyrir sérmenntað og sérhæft starfsfólk. Þá eru rekstrarskilyrði stærri sjávarútvegsfyrirtækja jafnari en ella og grundvöllur til að takast á við verkefni á alþjóðavettvangi traustari.

Aðrir benda á þá ókosti sem geti fylgt of mikilli samþjöppun aflahlutdeildar, sérstaklega þegar haft er í huga hversu mikilvæg útgerð fiskiskipa er fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Of sterk yfirráð fárra aðila yfir fiskveiðiauðlindinni þýði að viðkomandi fái mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum geti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þeir sem væru fyrir í greininni gætu í raun ráðið hverjir kæmu nýir inn og gætu þannig komið í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það stafi m.a. af þeirri sérstöðu í þessari atvinnugrein að nauðsynlegt sé að takmarka aðgang að auðlindinni og því sé t.d. ekki hægt að veita nýjum skipum rétt til veiða, án þess að annað sambærilegt skip hverfi úr rekstri í þess stað. Eina leiðin fyrir nýja aðila til að komast inn í atvinnugreinina sé því að kaupa út þá sem fyrir eru. Fyrir utan það ójafnvægi sem mikil samþjöppun í útgerð geti falið í sér þá geti samþjöppun beinlínis reynst hættuleg fyrir þjóðina, sérstaklega ef viðkomandi standa sig ekki í því að skapa sem mest verðmæti úr auðlindinni. Þá er bent á að mikil samþjöppun aflaheimilda leiði til tilfærslu aflaheimilda milli byggða og geti af þeim sökum leitt til röskunar. Jafnframt verði tilflutningur milli útgerðarflokka sem oft leiðir til þess að minni útgerðir fara halloka. Það geti haft þau áhrif að fjölbreytni í útgerð minnki og svigrúm verði minna til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Ljóst er að það er flókið verkefni að finna jafnvægi milli þess að leyfa hagkvæmni stærðarinnar að njóta sín og að setja á sama tíma reglur til að reyna að koma í veg fyrir ýmsa ókosti sem geta fylgt of mikilli samþjöppun í útgerð. Það er hins vegar skynsamlegt að setja reglur til að koma í veg fyrir að fyrirtæki geti orðið það stór að það beinlínis hamli eðlilegri samkeppni í útgerðarrekstrinum. Með því er fyrst og fremst átt við að setja reglur til að tryggja að þeir sem fyrir eru í útgerð verði ekki svo öflugir að þeir geti með samtakamætti sínum komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í útgerðina. Því ber að skoða það frv. sem hér liggur frammi með þetta meginmarkmið í huga.

Spyrja má hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu vegna samþjöppunar í sjávarútvegi þegar til þess er litið að í gildi eru samkeppnislög. Í bréfi sem Samkeppnisstofnun ritaði sem svar við erindi starfshópsins sem vann að undirbúningi frv. kemur fram það mat stofnunarinnar að samkeppnislög taki að fullu til atvinnureksturs sjávarútvegsfyrirtækja, þar með talin viðskipti með aflahlutdeild, nema sérlög geymi ósamrýmanleg ákvæði. Í þessu sambandi er þó á tvennt að líta. Engan veginn er útilokað að ákvæði sérlaga um stjórn fiskveiða sem kveða á um að flutningur aflahlutdeildar á milli fiskiskipa skuli, með þeirri undantekningu er greinir í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990, vera frjáls, yrðu talin ganga framar almennum ákvæðum samkeppnislaga. Hitt skiptir þó meiru að jafnvel þótt gengið sé út frá því að samkeppnislög taki að fullu til atvinnureksturs sjávarútvegsfyrirtækja er það, eins og á er bent í bréfi Samkeppnisstofnunar, úrslitaatriði varðandi það hvort samruni fyritækja teljist samkvæmt samkeppnislögum vera lögmætur eða ekki, hvort hann leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða hún eflist. Mat á því hvenær fyrirtæki hefur náð markaðsráðandi stöðu er margþætt og margslungið. Niðurstaða starfshópsins var sú að líklegt megi teljast að ákvæði samkeppnislaga yrðu ekki talin eiga við fyrr en samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra sjávarútvegsfyrirtækja hefði náð mun hærra hlutfalli en miðað er við í tillögum starfshópsins. Þá er og með öllu óvíst að samkeppnislög yrðu yfir höfuð talin ná til aflahlutdeildar einstakra tegunda. Það varð því niðurstaða starfshópsins að eðlilegast væri að taka afstöðu til samþjöppunar aflaheimilda í lögum um stjórn fiskveiða, þótt ákvæði samkeppnislaga taki eftir sem áður til atvinnurekstrar sjávarútvegsfyrirtækja, eftir því sem við á.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir meginefni þess frv. sem hér liggur fyrir og legg til að því verði vísað, að lokinni þessari umræðu, til 2. umr. og hv. sjútvn.

[18:57]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er lagt fram og miðar að því að takmarka kvótaeign einstakra aðila í ákveðnum tegundum en einnig heildarkvótamagn er þannig vaxið að því er ætlað að koma í veg fyrir að aflaheimildir safnist á of fáar hendur. Í þessu tilliti held ég að rétt sé að hugleiða

það hvernig staða þessarar atvinnugreinar, þ.e. sjávarútvegsins annars vegar og fiskvinnslunnar hins vegar, og annarra atvinnugreina er hér á landi með tilliti til samþjöppunar í atvinnulífinu og þar af leiðandi til samkeppnisaðstæðna í atvinnulífinu í heild. Það vill nú þannig til að með þessari fámennu þjóð eru fyrirtæki alla vega ekki stór á alþjóðlegan mælikvarða. Það eru fá fyrirtæki á Íslandi sem teljast vera stór, þau fyrirtæki sem eru í stærri kantinum á Íslandi eru lítil á alþjóðlegan mælikvarða og því þarf ekki mikið til á Íslandi að sæmilega stöndug fyrirtæki fái til þess að gera sterka stöðu á markaðnum og verði fyrirferðarmikil á því sviði atvinnulífsins þar sem þau hafa haslað sér völl. Mér finnst rétt að við ræðum um þetta frv. með tilliti til þess hversu mikil hætta er á því í raun og veru að aflaheimildir safnist á hendur fárra aðila og bera síðan þessa atvinnugrein, sjávarútveginn og fiskvinnsluna, saman við aðrar atvinnugreinar og sjá hvernig landslagið er í þeim og hvort sérstakar ástæður eru til þess að leggja fram frv. sem takmarkar umsvif stærri fyrirtækja langt umfram það sem almenn samkeppnislög segja til um.

Nú er það ljóst að frá því að upp var tekin stjórnun með kvótakerfi og sóknarkerfi árið 1984, hefur mátt búast við því að aðilum sem útgerð og fiskvinnslu stunda mundi fækka. Það var beinlínis tilgangurinn með þeim stjórnunaraðgerðum sem gripið hefur verið til á þessu tímabili, sem hafa verið af ýmsu tagi, en tilgangur þeirra var sá í raun og veru að reyna að minnka sóknina í auðlindina sem var nauðsynlegt að gera. Afleiðingin af því gat aldrei orðið önnur en sú að fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskvinnslu mundi fækka. Það var tilgangurinn með ráðstöfununum. Hvort sem menn hölluðust frekar að því að nýtast við sóknarstýringu ellegar aflamark þá var alveg ljóst að útkoman yrði sú að fyrirtækjum mundi fækka. Þeim hefur líka fækkað talsvert. Í ljósi þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til, ekki síst nú á síðari árum, þá hefur fyrirtækjum fækkað í sjávarútvegi að sama skapi og hagræðing hefur aukist og staða greinarinnar batnað. Ef sérstök ástæða er til að líta á þessa þróun sem hættulega, að hún hafi gengið svo langt að það stefni í að fá fyrirtæki sölsi undir sig allan kvótann, þá ætti það að koma fram í ótvíræðum tölum um slíka þróun.

Í frv. er tafla sem sýnir þróunina frá 1991–1997. Það sem athygli vekur er að árið 1991 eru það þrjú fyrirtæki af mjög mörgum fyrirtækjum í útgerð sem eiga yfir 3% af þorskígildum í kvóta. Árið 1997 eiga fimm fyrirtæki yfir 3%. Ef við lítum á 25 stærstu fyrirtækin þá eiga 25 stærstu fyrirtækin árið 1991 35,73% af heildarkvótanum. Árið 1997 eiga 25 stærstu fyrirtækin 47,61%. Þetta er breytingin sem hefur orðið á þessum árum þegar einna mest hagræðing hefur orðið í þessari atvinnugrein. Ef við lítum svo á 55 stærstu útgerðirnar þá er staðan sú að árið 1991 eiga þessar 55 útgerðir 54,37% árið 1991 en árið 1997 eiga 55 stærstu fyrirtækin 61,51%. Hraðari en þetta er nú þróunin ekki þannig að það er vandséð af þeim gögnum sem hafa verið sett fram með þessu frv. að þessi þróun kalli sérstaklega á þær aðgerðir að setja takmarkanir á kvótaeign hjá einstökum útgerðum. En það er einmitt mergurinn málsins í þessu frv., þ.e. að koma í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið umfram tiltekið hámark.

Þannig er sem sagt staðan í þessari atvinnugrein. Ástæða er til þess að menn beri saman þessa atvinnugrein og aðrar atvinnugreinar ef það er hægt á annað borð. Útgerð hefur alla tíð verið stunduð af mjög mörgum á Íslandi og frv. og fylgigögn þess, virðulegi forseti, bera með sér að útgerð er enn stunduð af mjög mörgum og fátt bendir til þess að grundvallarbreyting verði á því.

Ef menn vilja svo meta hvernig ástandið er í öðrum atvinnugreinum þá eru að vísu ekki til ný gögn um það. En árið 1994 kom út skýrsla sem Samkeppnistofnun gaf út um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Þar er hægt að fá tilfinningu fyrir því hvernig þessum málum er háttað í öðrum greinum og bera aðrar greinar saman við fiskvinnsluna og útgerðina.

Við skulum aðeins drepa niður í þessari skýrslu, hæstv. forseti, í fiskvinnslunni og sjá hvernig ástandið er þar. Þar er sýnt fram á með könnun að stærsta fiskvinnslufyrirtækið á landinu er með 7% af veltu fyrir árið 1993, önnur fyrirtæki með minna. Þegar þessi skipting á veltu er borin saman við aðrar atvinnugreinar kemur í ljós að í fáum atvinnugreinum er eins mikil dreifing á stærð fyrirtækja og fyrirferð á markaði og í fiskvinnslunni. Er ólíku t.d. saman að jafna eins og hjá þeim sem eru í útflutningi á fiski, þar sem tvö fyrirtæki nánast ráða markaðnum. Ef við berum þetta svo saman við sumar aðrar atvinnugreinar kemur í ljós í þessari skýrslu að eitt fyrirtæki fer með um 80% af veltu í flugsamgöngum. Ef við tökum nokkra aðra þætti atvinnulífsins þá kemur í ljós að í tímaritaútgáfu er eitt fyrirtæki á landinu með 55% af veltunni. Tvö stærstu fyrirtækin í tímaritaútgáfu fara með 72% af allri veltunni. Í blaðaútgáfu fer eitt fyrirtæki með 53% af veltunni. Í prentiðnaði fara þrjú stærstu fyrirtækin með meira en helming af allri veltu. Þannig getum við farið milli atvinnugreina og fundið jafnvel dæmi um 60% hlutdeild í veltu í iðnaði, í öl- og gosdrykkjaframleiðslu. Að lokum, svo ég tíni til nokkur atriði úr þessari skýrslu, þá langar mig til að skoða matvöruverslunina sem lengi vel hefur verið mjög dreifð í landinu. Í matvöruversluninni er ástandið orðið þannig árið 1994 að ein verslun er með á sínum snærum 23% af þessum viðskiptum og þessi mynd hefur sennilega einfaldast mjög verulega síðan 1994. Þannig að það er alveg ljóst að ef sjávarútvegurinn er borinn saman við aðrar atvinnugreinar, þó svo að á þriggja ára gömlum gögnum sé byggt, þá er miklu meiri samþjöppun í atvinnulífinu í öðrum greinum en sjávarútvegi.

Ég hef í þessu skyni farið fram á það með fyrirspurnum að ég verði upplýstur um hvernig ástandið er nú í dag og hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra ráðstafana til að hemja stækkun, vöxt og svigrúm fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum á svipaðan hátt og menn eru hér að leggja til, þ.e. að gerðar verði ráðstafanir til að þrengja svigrúm sjávarútvegsfyrirtækja til þess að þróa sig eftir sínum eigin lögmálum og lögmálum markaðarins.

Mér finnst á þessum samanburði að það sé alveg ljóst að á þessu er ekki þörf. Ég hefði fyrir mína parta verið reiðubúinn til að skoða löggjöf á þessu sviði ef merki væru um að þarna væru menn komnir á hættulegt stig í sjávarútveginum. Ég hefði líka verið reiðubúinn til að gangast inn á að það giltu kannski önnur lögmál um sjávarútveginn en um aðrar atvinnugreinar og væri þar af leiðandi reiðubúinn til að velta því fyrir mér hvort grípa þyrfti til sérstakra ráðstafana í sjávarútveginum, varðandi kvótaeignina, ef ég sæi augljósar vísbendingar um að þar væri hætta á ferðinni. En mér sýnist að svo sé tæplega.

Að því er varðar þetta frv. sem mér finnst að þessu leyti vera óþarft, þá verð ég líka að gera athugasemdir við það frá tæknilegu sjónarmiði. Í frv. er gert ráð fyrir því að hámark verði 10% fyrir þorsk og ýsu, en 20% fyrir ufsa, karfa, grá-

lúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. En auk þess er í frv. sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, ...“

Um þessar tvær takmarkanir, þ.e. annars vegar takmarkanir á einstakar tegundir og svo á heildarverðmæti aflahlutdeildar vil ég segja eftirfarandi:

Um fyrri viðmiðunina, þar sem viðmiðunin er aflamark í ákveðnum tegundum, 10% annars vegar og 20% hinns vegar, vil ég segja að slíkar takmarkanir miðað við núverandi aðstæður munu fara að hafa áhrif á rekstur stærstu fyrirtækjanna fljótlega, kannski nú þegar ef þetta frv. verður samþykkt, og beina viðleitni þessara fyrirtækja til þess að lifa af í samkeppninni í ákveðinn farveg. Ef við tökum sem dæmi eitt ágætt fyrirtæki í Reykjavík sem heitir Grandi hf. þá á Grandi hf. þegar skýrslan er gerð, 30. ágúst 1997, 16,97% af karfa. Hann er sem sagt farinn að nálgast það mark sem hér er sett. Sú leið sem Grandi hefur farið og raunar ýmiss önnur fiskvinnslufyrirtæki, hefur verið að sérhæfa sig. Þannig hefur líka leiðin verið hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, að þeir hafa sérhæft sig í landvinnslunni. Ef þetta frv. verður að lögum er hægt að sjá fyrir sér að svigrúm þessara fyrirtækja til að halda áfram á braut sérhæfingarinnar mun þrengjast þó nokkuð. Það mun þrengjast að því leyti til að þegar þeir hafa náð hámarkinu sem þeim er sett í sínum tegundum þá hafa þeir ekki svigrúm nema til að leita annarra leiða, þ.e. fara inn á aðrar tegundir og þar af leiðandi mun þetta frv. geta dregið úr sérhæfingarviðleitni fyrirtækjanna sem er í raun og veru ekki æskileg þróun því að sérhæfing þessara fyrirtækja er náttúrlega sprottin upp úr því á hvaða sviði þessi fyrirtæki hafa staðið sig best.

Hitt er þó miklu alvarlegri brotalöm á þeim hugmyndum sem eru settar fram í frv. að gert er ráð fyrir að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, megi ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra þeirra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla. Mig langar til að vekja athygli þingsins á því að hér er um allt annars konar viðmiðun að ræða en í fyrra tilfellinu þar sem um er að ræða aflaheimildir. Þarna er verið að tala um verðmæti. Á bls. 26 í frv. er fylgiskjal V, þar sem kemur fram hvernig slík verðmæti eru reiknuð út. Þau eru reiknuð út eftir ákveðnum aðferðum sem eru í sjálfu sér ekkert sérstaklega tortryggilegar. Nefndin sem undirbjó þetta frv. kemst að þeirri niðurstöðu að betra hefði verið að fara eftir þessum útreikningsaðferðum en eftir markaðsaðstæðum. Ég reikna með að það sé skynsamleg niðurstaða. Engu að síður er það svo að nýting fiskveiðiauðlindarinnar er háð miklum sveiflum í auðlindinni. Það verða miklar sveiflur í auðlindinni. Við skulum gefa okkur að það gæti orðið aflabrestur í loðnu eitt árið. Hvað gerist þá, segjum t.d. fyrir fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa sem á ekki loðnu en á talsvert miklar veiðiheimildir í botnfiski? Ef loðnubrestur yrði og loðnan færi að talsverðu leyti út úr reiknilíkaninu þá mundi verðmæti annarra tegunda vaxa í heildardæminu og það gæti leitt til þess að t.d. fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa sæti uppi með þá staðreynd að þó það hafi verið rétt undir mörkunum, 8–10% mörkunum sem varða heildarverðmætin, þá getur loðnubrestur valdið því að fyrirtækið fer upp fyrir mörkin þegar loðnubresturinn kemur fram í reiknilíkaninu. Fyrirtækið gæti þar af leiðandi neyðst til þess, án þess að það hefði bætt við neinum veiðiheimildum, vegna breytinga sem eru í aflabrögðum í allt annarri tegund, að selja frá sér veiðiheimildir. Og næst þegar loðnuvertíðin gengi betur þá hefur fyrirtækið tosast verulega niður fyrir mörkin sem sett eru og verður þá að sitja uppi með það tjón sem það hefur orðið fyrir vegna þess að það var loðnubrestur.

Ég held því að um sé að ræða mjög skaðsamlega reglu. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar taki þetta fyrir alveg sérstaklega. Ef menn vilja á annað borð grípa til löggjafar þessu tagi væri æskilegra að hafa í hverri tegund meira svigrúm en hér er sýnt, en í öllu falli er nauðsynlegt að taka regluna um 8% heildarverðmætahlutdeildina til endurskoðunar og fella út verðmætamat í reglunni. Ég held að það sé óhjákvæmilegt og ég vil beina því til hæstv. sjútvrh. að hlutast til um að þetta verði skoðað sérstaklega með erindi til sjútvn. ef ekki er hægt að koma því í kring með öðrum hætti.

Að lokum lýsi ég því yfir að ég sé engin rök til þess að vera með þessu máli. Mér finnst það ekki nauðsyn en ég tel hins vegar mikil rök standa til þess að vera á móti því og einkum og sér í lagi á móti þessu ákvæði um heildarverðmæti aflahlutdeildar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta mál. Tíma mínum er lokið en ég taldi nauðsynlegt að koma á framfæri þessum fyrstu athugasemdum mínum.

[19:17]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem er til umfjöllunar er að mörgu leyti ákaflega merkilegt þingmál og dregur fram í dagsljósið niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í umfjöllun um tiltekin viðfangsefni varðandi stjórnun fiskveiða. Það er greinilega niðurstaða ríkisstjórnarinnar að ástæða sé til þess að takmarka eign einstakra aðila eða ráðstöfunarrétt einstakra aðila á aflahlutdeild í sjávarútveginum. Út af fyrir sig er mjög merkileg niðurstaða að stjórnarflokkarnir skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af því að einstakir aðilar í sjávarútvegi verði of stórir.

Þau rök eru færð fram í frv. af hálfu starfshópsins, sem ég geri ráð fyrir að ráðherra hafi gert að sínum rökum, að nauðsynlegt sé að setja þessa takmörkun á stærð fyrirtækja af efnahagslegum ástæðum. Það beri að koma í veg fyrir að einstakur aðili hafi þann styrk í skjóli aflaheimilda sinna að hann geti hamlað eðlilegri samkeppni í sjávarútvegi og ráðið mjög miklu um það hverjir komi nýir inn í sjávarútveg. Þetta eru þau rök sem færð eru fram af hálfu stjórnarflokkanna fyrir tillögunni sem er að finna í frv. um að setja hámark eða þak á stærð einstakra aðila í útgerð.

Þetta er vissulega viðfangsefni í þjóðfélagsumræðunni sem mikið er rætt um þessar mundir og margir sem hafa velt því fyrir sér hafa haldið því fram að aflaheimildir séu að færast á of fárra hendur og það sé hættuleg þróun. Það er greinilegt að ríkisstjórnin og þeir flokkar sem að henni standa taka undir þessi sjónarmið, komast að þeirri niðurstöðu að það beri að reisa skorður við því að menn geti náð þessu afli. Þetta er meginatriði í málinu sem hlýtur að beina umræðunni um stjórn fiskveiða á nýjar brautir þegar þessi viðurkenning liggur fyrir á hættunni á stærð fyrirtækja í sjávarútvegi.

Önnur rök eru færð fram fyrir því að nauðsynlegt sé að reisa skorður við stærð fyrirtækja í útgerð og þau eru dregin fram í greinargerð með frv. án þess þó að ríkisstjórnin geri

þau að rökum sínum. En mér þykir rétt að minna á þau og draga þau sérstaklega fram af því að ég held að þau hafi sitt gildi líka og vegna þess að niðurstaðan er sú að það getur verið hætta á ferðum og því beri að setja hömlur þá er nauðsynlegt að þessi rök séu líka með í umræðunni en ekki bara þau sem liggja að baki flutningi frv. Ég nefni þrjú atriði sem koma til álita líka í þessum efnum.

Ef fyrirtæki verður of stórt og öflugt í íslenskum sjávarútvegi er hætt við því að staða þess verði allt of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þessi rök benda á að mjög stór og öflug fyrirtæki geti haft þann styrk að stjórnvöld, framkvæmdarvaldið og Alþingi hiki við að setja þau lög sem menn teldu að öðrum kosti eðlilegt að setja. Þetta felst í fullyrðingunni um að staðan geti verið of sterk gagnvart stjórnvöldum. Það þarf ekki að tíunda eða rökstyðja frekar hvers vegna menn benda á hættuna á því að þessi stóru fyrirtæki geti haft of sterka stöðu gagnvart lánastofnunum og gagnvart starfsfólkinu sem vinnur hjá þessum öflugu fyrirtækjum.

Í öðru lagi er á það bent að mjög stór fyrirtæki auki líkur á því að tilfærsla á aflaheimildum milli byggða verði veruleg og leiði þannig til röskunar.

Í þriðja lagi er á það bent að mjög öflug fyrirtæki geti leitt það af sér að tilflutningur á aflaheimildum milli útgerðarflokka verði þannig að það leiði af sér röskun og þá á þann veg að minni útgerðir verði undir í samkeppninni við stóru fyrirtækin, m.a. vegna stöðu þeirra gagnvart lánastofnunum og þetta leiði til þess að fjölbreytni verði minni í útgerðarmynstrinu en menn vildu sjá. Þessi þrjú atriði held ég að sé rétt að draga fram og fara fram á að þau verði með í umræðunni sem fylgir frv., þ.e. of sterk staða fyrirtækjanna gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki, röskun vegna tilflutnings á aflaheimilda milli byggðarlaga og röskun í útgerðarmynstri sem verður vegna tilflutnings á aflaheimildum milli útgerðarflokka frá minni útgerðum til stærri útgerða. Það er athyglisvert að í þessum þremur atriðum er ríkisstjórnin ekki með neinar tillögur. Það skil ég þannig að það sé niðurstaða stjórnarflokkanna að ekki þurfi að hafa áhyggjur af þessari þróun að þessu leyti til. Út af fyrir sig er ákveðin stefna að ekki beri að setja lög um neinar aðgerðir sem komi í veg fyrir eða dragi úr líkum á röskun vegna flutnings aflaheimilda milli byggðarlaga. Það er dálítið köld stefna að vísu að ríkisstjórnin segir að það sé niðurstaðan þrátt fyrir að í mörgum sjávarplássum hafi veiðiheimildir nánast tapast, flust burtu, verið keyptar upp af stærri fyrirtækjum. Við höfum ekki áhyggjur af því. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar. Það er út af fyrir sig stefna en það er ekki sjálfgefið að allir stjórnmálaflokkar séu sammála þeirri stefnu.

Í öðru lagi telur ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ekki ástæðu til að setja reglur sem draga úr líkunum á því að útgerðarmynstrið raskist um of á þann veg að aflaheimildir færist til frá tilteknum útgerðarflokkum og dragi úr vægi þeirra í heildarveiðinni yfir í aðra útgerðarflokka sem þannig hafa yfir meiri veiðiheimildum að ráða en áður. Mér finnst líka ákaflega athyglisverð niðurstaða stjórnarflokkanna að ekki sé rétt að reisa skorður þarna við. Ég vil setja fram þau sjónarmið að ég tel að það komi vel til greina og eigi í raun í löggjöf að taka mið af þessum þáttum. Í löggjöf eigi að setja ákveðna varnagla fyrir því að raskist um of vægi á milli einstakra útgerðarflokka annars vegar og það verði röskun vegna tilfærslu á milli byggða.

Herra forseti. Að öðru leyti er ekki margt um málið að segja á þessu stigi. Það mun að sjálfsögðu hljóta athugun í sjútvn. og eðlilegt að menn spari yfirlýsingar um einstök atriði málsins á þessu stigi en ég tek undir þau meginatriði að nauðsynlegt sé að reisa skorður við stærð einstakra sjávarútvegsfyrirtækja. Ég tel að það sé eðlileg niðurstaða í ljósi þess hversu þýðingarmikil þessi atvinnugrein er í íslensku þjóðfélagi og hversu gífurleg verðmæti menn geta haft undir höndum í einstökum fyrirtækjum í þessari atvinnugrein. Hvort mörkin séu nákvæmlega eins og þarna er lagt til eða önnur skal ég ekki segja um á þessu stigi enda er eðlilegt við 1. umr. að gefa aðeins út skoðun á meginaefni frv. en ekki einstökum útfærsluþáttum.

[19:28]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í hv. sjútvn. mun ég ekki lengja umræðuna um of. Hitt er að eðli kvótakerfis er þannig að það er innbyggt í það kerfi að fækka eins og kostur er þeim fyrirtækjum sem veiða eða nýta auðlindina. Það er eðli opinbers stjórnkerfis eins og kvótakerfisins að fækka fyrirtækjum eins og kostur er og því kemur mér örlítið spánskt fyrir sjónir að hæstv. sjútvrh., sem hefur verið helstur talsmanna þess kerfis hér á landi, skuli setja fram frv. sem kveður á um að takmarka þá hlutdeild sem hvert fyrirtæki getur átt í heildarkvótanum.

Þegar maður les frv. rennur upp fyrir manni að það er út af fyrir sig ekki markmið að takmarka eignarhluta hvers fyrirtækis með þessu frv. Það er hverjum manni ljósara að ef heimildir samkvæmt frv. mundu nýtast í botn yrðu einungis tíu fyrirtæki sem stunduðu veiðar úr ákveðnum tegundum og fimm í öðrum. Það er alveg ljóst að áður en til þessa kæmi yrði fyrir lifandis löngu allt orðið vitlaust í samfélaginu. Það er alveg ljóst að þetta frv. er mestan part dálítil sýndarmennska, einnig þegar það er skoðað í því ljósi að það fyrirtæki sem stærsta hlutdeild á í þorskígildum er samkvæmt skrá Fiskistofu frá 30. ágúst 1997 4,81% er Samherji hf. Ég segi alveg eins og er að ég sé ekki í hendi mér að á næstu mánuðum eða næstu árum sé Samherji að tvöfaldast og rúmlega það. Framlagning þessa frv. er því fyrst og fremst sýndarmennska til þess að reyna að slá á þá almennu umræðu um að veiðiheimildir í landinu séu að færast á færri hendur. Það væri fróðlegt ef hæstv. sjútvrh. svaraði því á eftir hvort eitthvert fyrirtæki sé að nálgast þessi 10% eða svo. Ég held að það sé ekki og get því ekki skilið þetta öðruvísi eins og ég sagði áðan.

Í öðru lagi bendi ég á að verði þetta frv. að lögum er kveðið á um í því að ef farið verður yfir tiltekin mörk sem nánar er kveðið á um í frv. sé Fiskistofu að hafa eftirlit með því. Ef þeim mörkum er ekki fylgt eða farið yfir þau mörk er það Fiskistofu að svipta menn veiðiheimildum miðað við það sem umfram er. Ég hlýt að velta því fyrir mér í því samhengi, ef það er gert, þá minni ég á að við samþykktum við frv. í fyrra um veðsetningar þar sem m.a. kemur fram að aflahlutdeild verði ekki færð af skipum nema með samþykki lánastofnana. Ef til þess kæmi, sem mér þykir reyndar mjög ólíklegt, get ég ekki séð hvernig því ákvæði yrði framfylgt að aflahlutdeild yrði ekki færð af skipi nema með samþykki lánastofnana, að Fiskistofu væri síðan fengið að það hlutverk að gera það einnig óstuddri. Ég sé ekki alveg hvernig þetta getur farið saman. Ég held reyndar að þetta sé atriði sem hafi ekki verið skoðað nægjanlega við undirbúning þessa frv. og

við sem sitjum í sjútvn. munum væntanlega taka til frekari skoðunar.

Enn fremur er ég þeirrar skoðunar og hef verið lengi að eins og stjórn fiskveiða hefur verið háttað hér á landi um nokkurt skeið hafi það smám saman farið í þann farveg að mjög erfitt verði að svipta menn aflahlutdeild nema einhverjar bætur komi til. Ég held að eins og málum er fyrir komið núna þar sem er ráðstöfunarréttur, veðsetningarréttur o.s.frv., það er ráðstöfunarrétturinn, hefur færst á hendur kvótaeigendum, þá held ég að það verði mjög erfitt að svipta þá sem hafa aflahlutdeildina þeim rétti bótalaust. Ég á því bágt með að sjá að frv. geti gengið eins og það er úr garði gert einmitt núna.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að lengja þessa umræðu mikið og mun fá tækifæri til þess að skoða þetta mál í sjútvn. en ég vil að lokum taka undir það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði áðan að það er hætta, vegna náttúrulegra sveiflna í auðlindinni að verði þetta að lögum sem ég á kannski eftir að sjá, þá sé erfitt að tryggja að viðkomandi fyrirtæki fari ekki yfir það hámark sem kveðið er á um nema kannski af því tilefni einu að það verður hrun í loðnustofninum. Hv. þm. tók ágætt dæmi um Útgerðarfélag Akureyringa sem ég get tekið undir í þessu sambandi þannig að mín niðurstaða er aðeins sú að hér sé á ferðinni sýndarmennska í því skyni að slá á þá almennu umræðu sem hefur verið um kvótakerfið í landinu og mun ekki breyta neinu miðað við þá skipan mála sem nú er.

[19:35]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Vegna þess að mér vannst ekki tími til að koma að öllum þeim atriðum sem ég taldi nauðsynlegt að benda á við 1. umr. í máli mínu áðan, þá vil ég nú nefna nokkur til viðbótar.

Ef ég lít yfir málið í heild tel ég að aðstæður kalli ekki á framlagningu frv. af þessu tagi vegna þess að aflaheimildir séu í raun að safnast á of fáar hendur og fylgigögn frv. sýna fram á það ótvírætt að svo er ekki.

Í öðru lagi held ég að frv. muni hafa hugsanlega í framtíðinni og kannski í náinni framtíð skaðleg áhrif með því að beina hagræðingu fyrirtækja frá sérhæfingu í aðrar áttir án þess að sú hagræðing byggist á sérstöðu fyrirtækjanna og þeirri þekkingu sem þar, heldur á löggjafanum. Ég vil einnig taka það fram sérstaklega að nauðsynlegt er að breyta ákvæðum um heildarverðmæti aflahlutdeildar.

Mér finnst að í umræðunni hafi komið fram nokkuð athyglisvert sjónarmið sem beinist í raun og veru gegn stærstu fyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi sem eru þó ekki stærri en hér hefur verið nefnt. Það hefur verið bent á að stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins réði hugsanlega yfir um 7% af aflaverðmætum í þorskígildistonnum. Stærra er það nú ekki. Ef þessi fyrirtæki eru orðin það ráðandi á markaðnum að ástæða er til að grípa til sérstakra aðgerða til að hemja vöxt þeirra, eins og hér kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þá er ekki ástæðulaust að biðja þingmenn sem hafa þessar skoðanir að líta í kringum sig og velta því fyrir sér hvort ekki er þá enn brýnni ástæða til þess að grípa til slíkrar löggjafar þegar um er að ræða fyrirtæki sem ráða kannski 60% markaðarins, 60% veltunnar, og eru ekki smá á íslenskan mælikvarða í veltutölum.

Ég held hins vegar að menn ættu um leið og þeir beina spjótum sínum að stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum á Íslandi að velta því fyrir sér hvaða áhrif það getur haft fyrir íslenskt þjóðfélag að setja miklar takmarkanir á þróun þessara fyrirtækja. Sum þessara fyrirtækja eru fiskvinnslufyrirtæki og eru það raunar flest. Fiskvinnsla á nú mjög undir högg að sækja og eina svar þessara fyrirtækja er að auka sérhæfni sína og ná fram meiri gæðum. Að vissu leyti er þarna verið að hefta svigrúm fyrirtækjanna til þess að bregðast við þessum brýna vanda.

Ég vil einnig taka það fram að höft sem sett eru á stærstu útgerðarfyrirtækin geta verið hindranir á þeirri leið sem Íslendingar hafa verið að hasla sér völl á og á ég þá við sókn Íslendinga sem hefur verið kölluð útrás þeirra inn á svið útgerðar í öðrum löndum. Íslendingar hafa sótt inn á alþjóðlegan markað á sviði hráefnisöflunar. Þeir veiða nú talsverðan hluta af kvóta Þýskalands og Bretlands. Þeir hafa verið að hasla sér völl á sviði matvælaframleiðslu á alþjóðlegum markaði og á sviði matvörudreifingar. Og það er ekki nóg með það að Íslendingar hafi gerst umsvifamiklir á þessu sviði og í mörgum tilfellum margfaldað verðmætin sem hafa skapast hér á landi við þessa útrás, heldur ber að geta þess alveg sérstaklega að í kjölfar þessarar útrásar hafa fylgt aukin umsvif fyrirtækja sem framleiða tæknibúnað fyrir öll þessi atvinnusvið, þ.e. fyrir hráefnisöflunina, fyrir útgerðina og tæknibúnað fyrir matvælaframleiðsluna. Talsverður hluti af íslensku atvinnulífi stendur því í þakkarskuld við útrás útgerðarinnar og byggir sín auknu umsvif og sína bættu stöðu í dag á þessari útrás. Og það er hætta á því að löggjöf af því tagi sem hér er um að ræða muni í framtíðinni skerða möguleika bæði þeirra fyrirtækja sem starfa beint við útgerð og fiskvinnslu og matvörudreifingu og einnig hinna sem þjónusta þetta svið atvinnulífsins, þ.e. að svigrúm þeirra verði skert í framtíðinni og alþjóðleg umsvif okkar á þessu sviði verði þar af leiðandi eitthvað takmörkuð.

Þetta vildi ég að kæmi fram við 1. umr. Ég tel að hér sé verið að leggja fram frv. á nokkuð hæpnum forsendum sem geti haft óþarflega takmarkandi áhrif á mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 18.–19. mál.

Fundi slitið kl. 19:42.

---

## 18. FUNDUR

þriðjudaginn 4. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 175. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Söfnunarkassar, frv., 156. mál, þskj. 156. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 174. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 209. mál, þskj. 222. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 210. — 1. umr.

7. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.

8. Samræmd samgönguáætlun, þáltill., 179. mál, þskj. 179. — Fyrri umr.

9. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.

10. Stimpilgjald, frv., 163. mál, þskj. 163. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarráði Hafnarfjarðar.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., getur ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna sérstakra anna leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþm. Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur Lárusson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar, en 1. varaþm. listans er forfallaður.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Svavar Gestsson,
formaður þingflokks Alþb. og óháðra."

Þá er svohljóðandi bréf:

„Ég undirritaður varaþm. Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 5. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þess eru annir í starfi.

Virðingarfyllst, Ragnar Óskarsson."

Guðmundur Lárusson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Að lokinni atkvæðagreiðslu um fimm fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf. Málshefjandi er Ásta R. Jóhannsdóttir og samgrh. Halldór Blöndal verður til andsvara. Gert er ráð fyrir að umræðan standi í allt að eina og hálfa klukkustund. (**Samgrh.:** Það var Rannveig Guðmundsdóttir sem bað mig um ...) Nei, það er Ásta R. Jóhannesdóttir sem er málshefjandi.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Utandagskrárumræða um gjaldskrárbreytingar Pósts og síma.

[13:33]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Formaður þingflokks jafnaðarmanna hafði samband við mig og óskaði eftir því að við ættum, eins og ég skildi það, umræður hér á þinginu um nýja gjaldskrá Pósts og síma. Ég spyr hvernig á því standi að hún er ekki hér í þingsalnum til þess að hefja þær umræður.

[13:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vonar að við getum klárað umræðuna þó að formaður þingflokks jafnaðarmanna sé ekki viðstaddur, en forseti fékk þau boð að málshefjandi væri Ásta R. Jóhannesdóttir og heldur sig við það nema annað komi í ljós.

[13:34]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Vegna orða hæstv. samgrh. vil ég geta þess að formaður þingflokks jafnaðarmanna er rétt ókomin hér í hús, en það hefur hins vegar ekkert með þessa utandagskrárumræðu að gera vegna þess að málshefjandi okkar í þeirri umræðu er hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Ég skil satt að segja ekki hvað hæstv. samgrh. er að gera með að koma hér upp um störf þingsins á þennan máta. Það hefur legið ljóst fyrir hver hæfi þessa umræðu þótt þingflokksformaðurinn hafi vitaskuld innleitt málið eins og gert var hér í gær. Ég vona að þetta upplýsi stöðu málsins, herra forseti.

## *Vopnalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

## *Dómstólar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

## *Söfnunarkassar, frh. 1. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 156. mál (brottfall laga). — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.***

Frv. GHelg o.fl., 174. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 209. mál (hámark aflahlutdeildar). — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

[13:37]

**Útbýting þingskjala:**

Afnám laga um stjórn fiskveiða, 236. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 269.

Fjárframlög til íþróttastarfsemi, 48. mál, svar menntmrh., þskj. 253.

Hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga, 162. mál, svar heilbrrh., þskj. 272.

Rekstrarhagræðing, 117. mál, svar menntmrh., þskj. 256.

Sala á raforku um sæstreng, 66. mál, svar iðnrh., þskj. 263.

Stjórnarskipunarlög, 238. mál, frv. RA o.fl., þskj. 271.

***Umræður utan dagskrár.***

Gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf.

[13:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Ég hafði óskað eftir því, herra forseti, að forsrh., viðskrh. og menntmrh. yrðu viðstaddir. Ég spyr hvort þeir séu í húsinu áður en ég hef ræðu mína.

(**Forseti** (ÓE): Forsrh. og viðskrh. eru ekki í húsinu samkvæmt skrá forseta, en menntmrh. er í húsinu.)

Herra forseti. Hvað er að gerast í síma- og fjarskiptaþjónustu hér á landi? Öll framganga samgrh. og forsvarsmanna Pósts og síma undanfarið er með endemum. Hún hefur einkennst af hroka og yfirlæti gagnvart viðskiptavinum, eigendum fyrirtækisins.

Á mánudaginn fyrir viku var tilkynnt um nýja gjaldskrá sem tæki gildi um mánaðamótin. Breytingin er margþætt. Innanbæjarsamtöl hækka, skref eru stytt, langlínusamtöl lækka og millilandasamtöl lækka. Póstur og sími segir símreikninga lækka. Því er harðlega mótmælt og fullyrt af þeim sem gerst þekkja að breytingin valdi stórfelldum hækkunum á kostnaði símnotenda. Yfirmenn Pósts og síma neita að upplýsa um forsendur fyrir þessum breytingum. Þessar fréttir vöktu hörð viðbrögð í þjóðfélaginu. Undirskriftalistar og útifundir fylgdu í kjölfarið. Netverjar mótmæltu harðlega, enda hefur símakostnaður þeirra með þessari breytingu hækkað um 149% á innan við ári. Aldraðir og ýmis hagsmunasamtök eins og BSRB mótmæltu. Almenningur mótmælti þessari gerræðislegu skattlagningu á heimilin í landinu. Samgrh. varði þessa ákvörðun og það var ekki fyrr en forsrh. skipaði Halldóri Blöndal, hæstv., að draga hluta hennar til baka að ráðherrann lét segjast.

Máttleysi ráðherrans er slíkt að hin háa gjaldskrá, skattlagningin, gildir áfram þar til stjórn Pósts og síma þóknast að koma saman og breyta gjaldskránni að tilmælum eina hluthafans. Hvers konar framkoma er þetta gagnvart neytendum? Hvernig stendur á því að forsrh. lætur viðgangast að þessi gjaldskrá, þessi skattlagning, er látin gilda áfram dögum saman þegar búið er að ákveða að henni skuli breytt? Er hægt að hafa ráðherra í ríkisstjórn sem þarf að bjarga út úr svona klúðri og það án þess að hann geri sér grein fyrir klúðrinu.

Þó hækkunin á innanbæjarsamtölum verði ekki eins mikil og áformað var er hún enn allt of mikil. Það er sanngjörn krafa að hún verði öll tekin til baka og þessari skattheimtu ríkisstjórnarinnar linni.

Herra forseti. Hvernig samræmast þessi vinnubrögð samgrh. stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingatækni? Hvað segir menntmrh. sem hefur hvatt til notkunar nútímatækni í samskiptum? Telur hann þessa skattlagningu til þess fallna að styðja þá stefnu?

Svör viðskrh. í gær við spurningu um það hvort þessi skattlagning væri í samræmi við stefnumótun um upplýsingasamfélagið voru talandi dæmi um þessa afturhaldssömu ríkisstjórn. Viðskrh. sagði að í lagi væri að auka álögur á þá sem nota netið af því að það væri hvort eð er svo ódýrt hér á landi. Það var fróðleg afstaða. Hann telur sem sagt að þessi hópur þoli skattlagninguna. Ég spyr: Póstur og sími gat boðið þessa þjónustu á þessu verði fyrir 1. nóvember. Hvað hefur breyst? Ekki áætlaður hagnaður fyrirtækisins. Hann stefnir enn þá í á þriðja milljarð. Hvað hefur breyst? Hæstv. samgrh. skuldar okkur svör. Hverjar eru forsendurnar, Halldór Blöndal, hæstv. ráðherra? Yfirklór stjórnarformanns Pósts og síma í Morgunblaðinu í morgun dugar ekki. Fullyrðingu ráðherra og Pósts og síma um ódýrustu internetsþjónustuna efast ég vissulega um. Notendur netsins segja þessa fullyrðingu dellu og það sé verið að bera saman ósambærilega hluti. Það er því full ástæða til þess að láta óháðan aðila kanna hvort Póstur og sími sé með villandi auglýsingar og fullyrðingar í þessu efni.

Viðskrh. hefur nú leitað til Samkeppnisstofnunar til að fá úr því skorið hvort embættisfærslur starfsbróður hans í ríkisstjórninni, samgrh., standist lög.

Herra forseti. Má ekki líta á þá málaleitan sem vantraust á embættisfærslu samráðherrans, hæstv. samgrh. Í öllum siðmenntuðum löndum telst það vantraust á ráðherra þegar samráðherra hans í ríkisstjórn leitar til úrskurðaraðila úti í bæ til að kanna lagagildi verka hans.

Samgrh. vísar í og ver sig með yfirvofandi alþjóðlegri samkeppni. En hverju ógnar samkeppnin? Ógnar samkeppnin hagsmunum neytenda? Ógnar samkeppnin hagsmunum gamla fólksins? Ógnar hún hagsmunum netverja eða ógnar yfirvofandi samkeppni bara fyrirtækinu Pósti og síma? Hagsmuna hverra á ráðherra í ríkisstjórn Íslands að gæta? Á hann að gæta hagsmuna fólksins í landinu eða á hann að gæta hagsmuna eins fyrirtækis í andstöðu við fólkið í landinu? Og það má enginn vita neitt. Þjóðin má ekkert vita um þetta fyrirtæki sem hún á að heita eigandi að. Frumvörp

Guðmundar Árna Stefánssonar og fleiri þingmanna um upplýsingaskyldu hlutafélaga í ríkiseigu sem hefur verið dreift hér á hinu háa Alþingi eru vissulega tímabær.

Á hann að gæta hagsmuna fólksins eða á hann að gæta hagsmuna eins fyrirtækis í andstöðu við fólkið í landinu? Og það má enginn vita neitt. Þjóðin má ekkert vita um þetta fyrirtæki sem hún á að heita eigandi að. Frumvörp Guðmundar Árna Stefánssonar og fleiri þingmanna um upplýsingaskyldu hlutafélaga í ríkiseigu, sem hefur verið dreift á hinu háa Alþingi, eru vissulega tímabær.

Þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar um að ekki komi til greina að breyta fyrri ákvörðunum um gjaldskrána var eftir klukkutímafund með forsrh. allt í einu hægt að lækka fyrirhuguð gjöld fyrir innanbæjarsamtölin um helming og fyrirtækið ætlar sjálft að bera kostnað vegna 22% lækkunarinnar í millilandasamtölum. Hugsið ykkur — það ætlar að bera hann sjálft. Þetta er staðfesting á því að samgrh. hafi ætlað heimilunum að greiða niður lækkun millilandasamtala, sem stangast á við allar reglur hvort sem eru EES-reglur eða samkeppnislög. Heimilin, aldraðir, barnafjölskyldurnar og netverjarnir áttu að greiða niður millilandasímtöl fyrirtækjanna.

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins á sunnudaginn segir allt sem segja þarf í þessu máli. Og þá er bleik brugðið þegar besti vinur Halldórs Blöndals, Morgunblaðið sem birtir myndir af honum í hvert sinn sem hann snýr sér við með skærin, veitir honum aðra eins ráðningu og gert er í umfjöllum Reykjavíkurbréfsins. Þar er vitnað í úttekt The Economist í september, um fjarskipti, sem segir að ný tækni hafi minnkað kostnað símafyrirtækja vegna símtala milli landa mjög mikið. Það hafi aftur á móti ekki skilað sér í sama mæli til símnotandans og ástæðan sé ríkiseinokun símafyrirtækja — fyrirkomulag sem er að hrynja. Það var greinilega ætlunin hjá samgrh. að halda óbreyttum tekjum þó svo að kostnaður fyrirtækisins af millilandasímtölum væri nánast enginn. Þannig átti að hindra aðgang keppinauta að markaðnum um áramótin þegar einkaréttur Pósts og síma fellur úr gildi. Og það er brot á samkeppnislögum.

Herra forseti. Hér virðist um margfalt brot að ræða og vafasamar embættisfærslur. Öll vinnubrögð yfirstjórnar Pósts og síma og samgrh., bæði nú í gjaldskrármálinu og í öðrum málefnum fyrirtækisins, kalla á umræðu um stefnumótun í þessum málaflokki og hún á að fara fram á Alþingi. Í því máli öllu er orðinn algjör trúnaðarbrestur milli Pósts og síma og almennings — eigenda fyrirtækisins — og milli samgrh. og almennings. Í gær var kallað eftir upplýsingum frá hæstv. samgrh. en ekkert hefur bólað á þeim. Hann treystir sér greinilega ekki til að koma með umbeðnar upplýsingar.

Herra forseti. Það er kominn tími til að leggja öll spil á borðið í þessu máli. Þetta eru vinnubrögð sem tíðkuðust í Sovétríkjunum sálugu. Hvað er ráðherra sem byggir á slíkri hugmyndafræði að gera í ríkisstjórn Íslands undir aldamótin 2000? Í öllum siðmenntuðum löndum hefði ráðherra, sem hefði með geðþóttaákvörðunum sem þessum sett þjóðfélagið á annan endann, verið búinn að segja af sér eða forsrh. búinn að biðjast lausnar fyrir hann. Þessu máli er ekki lokið og jafnaðarmenn og almenningur munu halda áfram að berjast fyrir því að upplýsingar verði lagðar fram. Við munum í dag óska eftir stjórnsýsluendurskoðun á Pósti og síma, nokkuð sem ekki hefur verð gert í tíu ár. Ríkisstjórnin og hæstv. samgrh. skulu og eiga ekki að komast upp með að misbjóða almenningi, eiganda Pósts og síma, eins og þeir hafa gert í þessu máli.

[13:49]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar síðan í gær og þakka fyrir það tækifæri sem ég fæ hér til þess að ræða um málefni Pósts og síma. Eins og áheyrendur og þingmenn heyrðu fór því víðs fjarri að frummælandi einskorðaði sig við einhver einstök atriði og er vissulega þörf á langri umræðu ef unnt á að vera að koma að öllu því sem hv. þm. sagði.

Ég hafði að vísu búið mig undir það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir yrði frummælandi en það má segja að það komi ekki að sök, hv. þm. Ásta Ragnheiður talaði mjög mikið um þessi mál þegar þau voru til umræðu og ég tel að hún sé með þessum hætti að vekja athygli á fyrri sjónarmiðum sínum og hvernig við þau hafi verið staðið. Í ræðu sinni segir hún á einum stað um samgrh. og að hann skuli fara einn með eignaraðild ríkissjóðs: „Þetta finnst mér alveg ótrúlegt ákvæði og get ekki sætt mig við það. Það eru ekki nein skilyrði í lögunum um hæfni stjórnarmanna." Svo mörg voru þau orð, með leyfi hæstv. forseta. Ég tók þessa ábendingu hv. þm. alvarlega og það var af þeim sökum sem ég vísaði því til stjórnmálaflokkanna að þeir skyldu tilnefna menn í stjórn Pósts og síma til þess að hún nyti trausts, almenns trausts, væri byggð á breiðum grundvelli og að gengið væri nokkuð út frá því að þar væri ekki hlaupið til út frá þröngum hagsmunum eða að ekki kæmu fram öll sjónarmið. Það var af þeim ástæðum sem ég bauð formanni Alþfl. að tilnefna aðalmann og varamann fyrir hönd Alþfl. og jafnaðarmannaflokksins — og þess vegna ef menn vilja, flokks Jóhönnu Sigurðardóttur, Þjóðvaka. En ég heyrði það í gær að þingmenn Þjóðvaka voru ekki alveg ánægðir með að formaður Alþfl. skyldi hafa farið á bak við þá með þetta. Og má raunar segja, og kom fram í ummælum hv. þm. Ástu Ragnheiðar áðan, að í hvert skipti sem hún var að skensa mig eða ríkisstjórnina var hún auðvitað að skamma fulltrúa Alþfl. í stjórn Pósts og síma. Þetta er alkunn regla. Menn skömmuðu á sínum tíma Albaníu þegar þeir voru að skamma Kína.

Það er nú þannig um hlutafélög að stjórn hlutafélaganna ber auðvitað ábyrgð á sínum gerðum og það er einungis á hluthafafundum sem handhafi hluthafa kemur að. Ég vil vekja athygli á því að þess var óskað í gær að þau sjónarmið sem lægju til grundvallar samþykkt stjórnar Pósts og síma kæmu fram í dag. Það er ítarlegt viðtal í Morgunblaðinu við formann stjórnar Pósts og síma hf. þar sem grundvallarsjónarmiðin eru skýrð. Ég var satt að segja undrandi á því að málshefjandi skyldi ekki víkja að þeim grundvallarsjónarmiðum og láta eins og þau hefðu ekki komið fram. Hann hefur kannski ekki lesið greinina. En á föstudaginn mun stjórnin hittast og í kjölfar þess mun verða gefin út yfirlýsing af hennar hálfu.

Ég vil jafnframt taka fram, af því að undan því er kvartað að ég hafi ekki gefið upplýsingar varðandi Póst og síma, að þegar við vorum að breyta stofnuninni í hlutafélag fór ég fram á, og lagði mig fram um það, að hverju sem spurt var um af samgn. yrði svarað af Póst- og símamálastofnun og mér er ekki kunnugt um að synjað hafi verið um neinar upplýsingar. Þó kom þar rækilega til umræðu hvort rétt væri að skipta landinu í eitt gjaldsvæði. Og það er svolítið athyglisvert í því sambandi, hv. frummælandi Ragnheiður Ásta, að einmitt þessi þingmaður og talsmenn Alþfl. í þeim

umræðum létu uppi efasemdir um að það stæðist af Alþingi að breyta landinu í eitt gjaldsvæði. Ragnheiður Ásta segir um það, með leyfi hæstv. forseta:

(**Forseti** (ÓE): Það þarf að ávarpa þingmenn fullu nafni samkvæmt þingsköpum.)

Hér segir hv. þm.: „Ég hef efasemdir um að það standist samkeppnislög að skylda þá sem eru í rekstri síma til þess að hafa sömu gjaldskrá eða þá að þjóna öllu landinu." Hið sama kemur raunar fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann gerir grein fyrir atkvæði sínu, eftir að þingmenn jafnaðarmanna höfðu setið hjá, þá endar hann með því að segja, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tek ekki þátt í slíkum loddaraleik og greiði því ekki atkvæði." Hv. þm. Ragnheiður Ásta talaði um Samkeppnisstofnun, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vísaði til alþjóðasamninga og Evrópusambandsins og taldi að það stæðist ekki samkvæmt þeim skilmálum sem við höfðum tekið á okkur þar, að hafa landið eitt gjaldsvæði. Það er að vísu mjög athyglisvert að maður sem er þingmaður fyrir Vatnsleysuströnd og Suðurnes skuli endilega vilja að það kosti fjórfalt að hringja frá Keflavík og Vatnsleysuströndinni til Reykjavíkur. En við tókum eftir því áðan að frummælandi, Ragnheiður Ásta Stefánsdóttir, hafði einmitt orð á því ...

(**Forseti** (ÓE): Þingmaðurinn heitir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og ber að ávarpa hana fullu nafni.)

Ég þakka fyrir. Mér finnst nú hitt fallegra nafn, með leyfi hæstv. forseta. En við tókum eftir að sá ágæti þingmaður óskaði eftir því að hækkanirnar yrðu teknar til baka, en hann kallaði nú alla gjaldskrárbreytinguna hækkanir.

Við skulum aðeins víkja að öðrum atriðum. Í fyrsta lagi veit ég ekki hvaðan hv. þm. hefur það að skref hafi verið stytt í gjaldskrá símans. Það hefur hvergi komið fram og hefur ekki verið gert. (Gripið fram í.) Stytt. Það er algjör misskilningur og ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur það. Það sem hefur gerst er að um leið og landið er gert að einu gjaldsvæði er auðvitað óhjákvæmilegt að þau skref sem felast í afnotagjaldinu séu jafnmörg um allt land. Og það sem var í tillögum stjórnarinnar var að þau skyldu verða 200, jafnmörg og þau höfðu áður verið í Reykjavík. Þarna er því ekki verið að níðast á Reykvíkingum, þvert ofan í það sem hv. þm. sagði, sem ég veit að hann verður glaður yfir, því hann ber hag Reykvíkinga mjög fyrir brjósti en minna hag þeirra sem annars staðar eru á landinu eins og raunar jafnaðarmannaflokkurinn gerir í heild sinni og hefur þess vegna þetta nafn.

Þegar við veltum því fyrir okkur hvort þyngst hafi á heimilum gagnvart þeirri gjaldskrá sem er að taka gildi, þá er það líka algjörlega rangt. Breytingin mun kosta Póst og síma 380 millj. kr. og verulegur hluti af því kemur einmitt í hlut heimilanna. Sumir eru að reyna að halda því fram að mikill mismunur sé eftir kjördæmum hvernig þessar breytingar leggjast á ef litið er á heildina. Ég vakti athygli á því úr þessum ræðustól fyrir einu og hálfu ári að Reykjavík væri þar svona í miðjum klíðum — að lægstur símakostnaður á heimili á þeim tíma væri í Norðurlandskjördæmi eystra, og breyting af þessu tagi mundi af þeim sökum bitna þyngst á því kjördæmi sem á sínar eðlilegu skýringar. Ef við horfum á landið allt og Reykjavík núna kemur í ljós að það munar rétt um 10 kr. á mánuði á Reykjavík og á landsbyggðinni. Rúmum 10 kr. — 11 kr. ef maður er nákvæmur. Og það réttlætir auðvitað ekki neinar þeirra upphrópana sem hv. þm. var með. Hv. þm. var að tala um að á meðan ég var samgrh. hefðu símgjöld hækkað mjög í landinu. Þau hækkuðu ekki um eina einustu krónu frá september 1993 til desember 1996 á meðan verðbólga geisaði í landinu.

Ég vil líka segja þegar spurt er um hagnað Pósts og síma að ég var rækilega spurður að því í þingsölum, bæði í ræðum og líka í andsvörum, hvort ég gæti með einhverjum hætti tryggt það að Póstur og sími hf. yrði í framtíðinni sama mjólkukýrin fyrir ríkissjóð og Póst- og símamálastofnun hefði verið. Þetta var sú krafa sem kom frá stjórnarandstöðunni á þeim tíma.

[13:59]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill nefna, næstu hv. ræðumönnum til eftirbreytni, að það ber að ávarpa þingmenn fullu nafni og náttúrlega umfram allt réttu nafni þótt önnur kunni að vera fallegri. (**Gripið fram í:** Það á ekki að ávarpa þingmenn í ræðu.) Nei, forseti ætlaði líka að beina því til þingmanna að beina ræðu sinni til forseta en ekki til einstakra þingmanna úti í sal en það má nefna hv. þm. og ef það er gert þá eru þeir ávarpaðir fullu nafni en ávarpinu á ekki að beina til þeirra beint. Þessa grundvallarreglu eiga hv. þm. að þekkja.

[14:00]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Sú uppákoma sem orðið hefur í verðlagsmálum Pósts og síma þarf satt að segja engum að koma á óvart. Hún er eðlileg afleiðing af þeirri fráleitu ákvörðun að einkavæða fyrirtæki sem býr við einokunaraðstöðu. Alþingi hefur glatað þeirri aðstöðu sem það hafði til að hafa eftirlit með því fyrirtæki og verðhækkunum þess í gegnum fjárlagaundirbúninginn. Á þessu sviði er og verður áfram um mörg ár fákeppni ríkjandi og engin raunveruleg samkeppni. En það er ekkert virkt aðhald til varnar neytendum. Það er kjarni málsins. Samkvæmt áætlunum Pósts og síma hafa áform fyrirtækisins miðað við að ná inn í tekjum af neytendum, 2 milljörðum umfram útgjöld á þessu ári. Þessi hóflausa arðsvon felur í sér 20–30 þús. kr. aukaskatt á hverja meðalfjölskyldu í landinu. Það segir auðvitað miklu meira um kjarna þessa máls en allt það bólgna talnaflóð sem flætt hefur yfir landslýð á undanförnum dögum. Þar að auki hafa forsvarsmenn Pósts og síma neitað að gefa upplýsingar um forsendur þessarar hækkunar eins og þeir hafa líka neitað að gefa upplýsingar um launakjör æðstu embættismanna fyrirtækisins. Þetta er einmitt sá hroki og yfirgangur gagnvart neytendum sem við megum vænta hverju sinni þegar þjónustufyrirtæki ríkisins í einokunaraðstöðu eru einkavædd.

Það versta við þetta mál var að minni hyggju það þegar reynt var að fela þessa gífurlegu hækkun á bak við þann sjálfsagða og jákvæða áfanga sem fólst í því að allir landsmenn ættu að sitja við sama borð. Jöfnun símgjalda var auðvitað löngu tímabær. Eftir tilkomu nýjustu tækni verður ekki sagt með neinum rökum að samtal milli Raufarhafnar og Reykjavíkur sé í eðli sínu dýrara en samtal milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Þetta er reyndar gamalt baráttumál sem við alþýðubandalagsmenn höfum æðioft flutt á Alþingi. Fyrir fimm árum fluttum við frv. um jöfnun verðlags og fluttum það síðan mjög oft í kjölfarið. Þar var lagt til að unnið yrði að jöfnun vöruverðs í landinu, að raforkuverð í heildsölu og smásölu yrði jafnað því auðvitað er ekkert réttlæti í því að rafmagn frá sömu orkuveitunum sé selt á mismunandi verði til heimilanna. Í þriðja lagi var lagt til að landið yrði gert að einu gjaldsvæði óháð vegalengdum milli notenda. Lengi vel

var tillögum okkar lítt sinnt en í tengslum við breytinguna á Pósti og síma í hlutafélag og í tengslum við fjarskiptalögin fyrir rúmu einu ári komst málið á dagskrá. Þá fluttum við stjórnarandstæðingar tillögu um jöfnun símgjalda sem stjórnarmeirihlutinn tók seinna upp og gerði að sinni tillögu og þannig náði þetta sjálfsagða réttlætismál fram að ganga. Auðvitað ber Alþingi alla ábyrgð á því út af fyrir sig. En það óraði engan fyrir því að síðan yrði þessi uppstokkun hagnýtt til að knýja fram þá gífurlegu hækkun sem Póstur og sími boðaði í seinustu viku og aðeins að litlum hluta átti rót að rekja til verðjöfnunar þótt annað væri gefið í skyn í fyrstu. Nei, þetta mál sýnir okkur að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn eru á villigötum í málefnum Pósts og síma.

Því miður er þetta ekki eina dæmið um að Póstur og sími sé að níðast á viðskiptavinum sínum þessa dagana. Íslensk blaðaútgáfa stynur undan ofurþunga gífurlegra hækkana sem hafa orðið á póstburðargjöldum á seinustu vikum og flest bendir til að þjónusta póstsins muni einnig versna víða í dreifbýli úti á landi frá því sem nú er. Ég segi því einungis að lokum: Þetta er hryggileg þróun sem stjórnarflokkarnir báðir bera fulla ábyrgð á með stefnu sinni og stefnuleysi.

[14:05]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Samkvæmt fjarskiptalögum sem samþykkt voru á Alþingi 1996 er kveðið á um að landið skuli vera eitt gjaldsvæði eigi síðar en 1. júlí 1998. Notkunargjald fyrir talsímaþjónustu skuli vera það sama alls staðar á landinu og þar með verði langlínugjaldtaka lögð af. Um þetta hefur verið áralöng umræða og hefur landsbyggðarfólk um langt árabil barist fyrir jöfnun símakostnaðar í landinu. Í þeirri umræðu hefur verið bent á að vegna mjög mismunandi símgjalda hafi landsbyggðarfólk í raun verið að greiða niður símgjöld þéttbýlisbúa í gegnum tíðina. Um þetta má sannarlega deila. En á nokkrum undanförnum árum hefur þróun gjaldsvæða símans hnigið að því að landið verði eitt gjaldsvæði. Nú er þessum langþráða áfanga náð því frá 1. nóv. sl. er Ísland eitt símagjaldsvæði. Við slíka aðgerð hlýtur öllum að vera ljóst að til að færa saman gjaldtaxta langlínu- og staðarsímtala kallar lækkun langlínugjalda á hækkun staðartaxta til samræmis. Slíkar aðgerðir hljóta alltaf að verða umdeilanlegar sérstaklega að því sem snýr að hækkun símgjaldanna.

Okkur Íslendingum er gjarnt að miða lífsgæði okkar og samfélag við það sem gerist best hjá öðrum þjóðum. Að því er varðar símgjöld er ljóst að ekkert land í okkar heimshluta getur státað af jafnlágum símgjöldum og Ísland. Á sama hátt höfum við verið fremstir í flokki við að byggja upp öflugt og tæknilega gott símkerfi. Í því sambandi er nauðsynlegt að rifja upp að Íslendingar urðu fyrstir til að byggja upp algjörlega stafrænt símkerfi og tóku þannig forustu í tæknilegri uppbyggingu.

Til að viðhalda hinu góða símkerfi og byggja það frekar upp, t.d. með lagningu ljósleiðara um landið, er nauðsynlegt að afkoma Pósts og síma sé þannig að fyrirtækið geti fjármagnað þá uppbyggingu sem mest með eigin fé. Margir sjá ofsjónum yfir miklum hagnaði fyrirtækisins en í því sambandi er nauðsynlegt að hafa þessa uppbyggingu símkerfisins í huga jafnframt því að fyrirtækið geti greitt skatta og arð til eiganda síns sem er hinn sameiginlegi sjóður landsmanna.

Herra forseti. Því ber að fagna að áralangt baráttumál landsbyggðarfólks um að allir landsmenn beri sömu símgjöld hvar sem þeir búa á landinu er í höfn. Jafnframt hljótum við að leggja áherslu á að símgjöld innan lands verði áfram þau lægstu í okkar heimshluta og þannig verði stuðlað að því að íslensk heimili búi við sem minnst útgjöld vegna heimilisþarfa. Á sama hátt er okkur mikilvægt að gjöld fyrir millilandasímtöl hafa lækkað. Það skiptir okkur mjög miklu máli fyrir samskipti við umheiminn og samkeppnisstöðu okkar á alþjóðlegum vettvangi. Einnig má benda á að meira en fjórðungur símtala íslenskra heimila er við önnur lönd. Lækkun gjalda fyrir millilandasímtöl minnkar því útgjöld margra heimila verulega. Í mjög náinni framtíð hlýtur Póstur og sími hf. að bjóða viðskiptavinum sínum sveigjanlegri viðskiptakjör en nú tíðkast, t.d. afsláttarkjör fyrir internetnotendur sem þurfa eðlilega að vera langtímum saman í sambandi við netið um símkerfið. Þetta tel ég mikilvægt að verði fljótlega því miklu máli skiptir t.d. fyrir menntakerfið að geta hagnýtt sér internetið sem mest með sem minnstum tilkostnaði. Loks má benda á að framtíðarhagsmunir landsbyggðarinnar felast m.a. í þeim möguleikum sem internetið býður upp á og því er afar áríðandi að Póstur og sími bjóði sem fyrst upp á sveigjanlegri viðskiptakjör til viðskiptavina sinna en verið hefur.

[14:09]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við þá ræðu sem hæstv. samgrh. flutti áðan og að hann skuli bjóða þingheimi upp á annan eins skæting þegar við erum að ræða þetta alvarlega mál. Þetta er auðvitað ekki boðlegt. Við erum að ræða eitthvert alvarlegasta mál sem upp hefur komið lengi, dæmi um það þegar almenningur rís upp gegn ranglátum ákvörðunum. Hann bað sjálfur um að umræðunni yrði frestað þangað til í dag vegna þess hve málið væri stórt og alvarlegt en það var harla lítið um svör eða alvarlega nálgun ráðherrans á málinu. Skýringuna á því að hann bað um frestun á málinu er að finna í Morgunblaðinu í dag. Þar er formaður stjórnar Pósts og síma mættur til að biðjast afsökunar og lýsa því yfir að stofnunin hafi nú sýnt mikinn hroka í sinni framgöngu. Jafnframt kom fram í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins að sú mikla hækkun sem boðuð var er nú orðin að 4% lækkun á meðalsímreikningum eftir því sem fram kom í fréttunum. Þetta leiðir hugann að því hvað felst í öllum þessum meðaltölum. Ég get ekki annað en fagnað því að formaður stjórnar Pósts og síma skuli hafa lagt fram þær upplýsingar sem birtast á síðum Morgunblaðsins. En það vantar þó ýmislegt enn. Þær forsendur vantar sem stofnunin gefur sér og upplýsingar vantar um það á hverjum þessar breytingar sem á að gera lenda. Nú tala ég út frá því, herra forseti, að búið er að boða breytingar og ný tillaga verður lögð fram á stjórnarfundi á föstudaginn. En við höfum alveg jafnlitlar upplýsingar og áður um útfærsluna og á hverjum þetta lendir. Þar hlýt ég fyrst og fremst að nefna aldraða, fólk, sem notar símann sem öryggistæki. Við megum ekki gleyma því að síminn í heild er eitt af mikilvægustu öryggistækjum þjóðarinnar. Það hlýtur að vekja þær spurningar hvert stefni í þessum málum. Samkeppni er boðuð en ljóst er að eitthvað vantar í hana. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ragnars Arnalds hefur reynslan frá ýmsum þjóðum, sem hafa verið að gera breytingar á símkerfinu og hafa verið að einkavæða póst- og símkerfi sinna landa — að vísu er afar lítið um að póstþjónustan hafi verið einkavædd — sýnt að þjónustan hefur hækkað og þau svæði sem eru afskekktust lenda í mestum erfiðleikum. Það er engin samkeppni um að þjóna einhverjum afskekktum eyjum eða afdölum.

Í framhaldi af því hlýt ég að spyrja hæstv. samgrh. um þau orð sem fram koma í viðtalinu við formann stjórnar Pósts og síma þar sem hann boðar það sem auðvitað mátti vænta, að það hljóti að vera fram undan að selja fyrirtækið á almennum hlutabréfamarkaði. Hann segir, með leyfi forseta:

„Hann teldi því að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær ríkið seldi fyrirtækið og hann teldi vel koma til greina að gera það í áföngum. Það væri ekki ótrúlegt að verðmæti fyrirtækisins alls gæti verið á bilinu 15–25 milljarðar króna."

Við erum ekki að tala um neitt smáfyrirtæki. Við erum að tala um þjónustustofnun sem á að sinna öllum landsmönnum og sinna þeim jafnt. Tíma mínum er alveg að ljúka, hæstv. forseti, en ég hlýt að nefna þá umræðu sem orðið hefur um landið sem eitt gjaldsvæði og auðvitað eiga allir landsmenn að sitja við sama borð. En mér finnst samt, eftir að hafa kynnt mér þau gögn sem ég hef séð, að stofnunin hafi ýmislegt til síns máls þegar verið er að huga að breytingum og kröfum um það að kostnaðurinn sé sem næstur raunkostnaði. Þá skulum við minnast þess að umboðsmaður Alþingis hefur gefið út álit þess efnis að stofnunum beri að miða gjöld sín við raunkostnað. Þá spyr maður aftur hvort sá mikli gróði, sá mikli hagnaður, sem Póstur og sími hefur sýnt, sé eðlilegur? Er eðlilegt að skattleggja þjóðina með þessum hætti? Er ekki ýmislegt sem þarf að skoða í þessu máli, hæstv. ráðherra, og eigum við ekki að ræða það af alvöru?

[14:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hærri símakostnaður, hærri laun til yfirmanna. Við þessum afleiðingum var varað, að þetta mundi gerast hér líkt og í öðrum löndum í skjóli hlutafélagavæðingar Pósts og síma. Við það bætist nú að læstar eru dyr á allar upplýsingar til þingmanna, fjölmiðla og almennings í skjóli hlutafélagalaga. Hvað er verið að fela? Þola launahækkanir til toppanna hjá Pósti og síma ekki dagsljós eða rökleysan á bak við himinháa gjaldskrárbreytingu hjá fyrirtækinu sem skilar á árinu 2–3 milljörðum í hagnað eða er verið að undirbúa jarðveginn fyrir einkavinavæðingu stjórnarflokkanna á Pósti og síma gegnum skattlagningu á símnotendur sem renna á í vasa fjármagnseigenda?

Sem betur fer, herra forseti, hafa þessir herramenn snýtt rauðu og orðið að hörfa síðustu dagana fyrir þrýstingi almennings sem líður ekki svona svívirðilega framkomu og skattlagningu hjá ríkisreknu einokunarfyrirtæki. Almenningi hefur blöskrað hrokafull framkoma ráðherra og yfirmanna fyrirtækisins sem skila mun allt að 3 milljarða hagnaði á árinu sem m.a. er fengin með miklum gjaldskrárhækkunum bæði á póst- og símþjónustunni fyrir nokkrum mánuðum. Fyrirtækið á auðvitað sjálft að standa undir því sem það kostar að gera landið að einu gjaldskrársvæði eins og flestir töldu að yrði gert. Þvert á vilja Alþingis er líka verið að hækka símakostnað á innanbæjarsímtöl á landsbyggðinni en ekki að lækka hann og það bjóst enginn við því að það yrði hækkun á símgjöldum á landsbyggðinni heldur yrði lækkun til samræmis við það sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Hér er á ferðinni gróf aðför að heimilunum í landinu, ekki síst barnmörgum fjölskyldum, öryrkjum og öldruðum. Þessi skattlagning mun auka á aðstöðumun fjölskyldna og unga fólksins, draga úr jafnrétti til náms og minnka möguleika fólks til endurmenntunar og hvers konar tækniþjálfunar, allt eftir fjárhag einstaklinga og fjölskyldna. Það er líka óskammfeilni að 80% ný hækkun á gjaldskránni skuli hafa tekið gildi þó boðuð hafi verið lækkun.

Flótta ráðherrans verður að reka áfram, herra forseti. Enn stendur eftir 40% ný gjaldskrárhækkun og í heild 88% hækkun á tíu mánaða tímabili auk þess sem skref innifalin í fastagjaldinu endast helmingi skemur en áður. Þetta er ekkert annað en okur í skjóli einokunar. Að halda því fram að þetta lækki símakostnað heimilanna er hrein blekking.

Herra forseti. Hvað á að gera við ráðherra sem orðið hefur uppvís að ósannindum eins og þegar hann hélt því fram að ekki væri hægt að lækka símtöl til annarra landa nema hækka innanbæjarsímtöl? Hvað á að gera við ráðherra sem plataði þjóðina þegar hann sagði hækkunina nauðsynlega? Hvað á að gera við ráðherra sem segir forsendur gjaldskrárbreytinganna leyndarmál en forsrh. ber til hlýðni að gera opinbera þannig að ráðherrann liggur kylliflatur í málinu? Svona valdahroki og framganga er til skammar og annars staðar hefði ráðherra sem ber væri að slíkum embættisafglöpum verið látinn fjúka og er það vissulega einn möguleiki í stöðunni þegar öll kurl eru komin til grafar. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur þegar farið fram á stjórnsýsluúttekt á Pósti og síma þar sem m.a. er lagt mat á þessa ósvífnu skattlagningu sem ráðherrann ber ábyrgð á og skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslu ráðherrans getur einnig komið til skoðunar.

Eitt er víst, herra forseti. Þessu máli er hvergi lokið.

[14:18]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er að verða svolítið sérkennileg umræða vegna þess að það er eins og hv. stjórnarandstæðingar reyni að forðast að ræða um það hvað þetta mál í raun og veru snýst um.

Í fyrsta lagi hefur verið tekin ákvörðun um að jafna símakostnað. Það var ákveðið hér á Alþingi með breytingum á fjarskiptalögunum að það yrði gert í síðasta lagi um mitt næsta ár. Nú er búið að taka ákvörðun um að stíga þetta skref til fulls strax. Um það var að vísu deilt á Alþingi hvernig ætti að standa að þessu og það var athyglisvert að fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu á það höfuðáherslu að það væri bara fyrirtækið Póstur og sími hf. sem ætti að taka slíka jöfnun að sér, en það var sem betur fer niðurstaða Alþingis að þetta yrði sett með almennum hætti inn í fjarskiptalögin og þannig stendur það. Þetta hefur orðið til þess að nú er loksins búið að stíga hið langþráða skref um jöfnun símakostnaðar sem er búið að vera baráttumál þingmanna hér árum og áratugum saman.

Í öðru lagi er búið að taka ákvörðun um lækkun á erlendum símtölum um 22%, nærri fjórðung. Það liggur fyrir að heimili noti umtalsverðan hluta af þessum símtölum. Ætli það muni ekki um þetta í buddum almennings í landinu?

Í þriðja lagi liggur fyrir að búið er að afnema langlínutaxtana sem voru upp á 18 kr. á mínútu fyrir tíu árum síðan, 18 kr. Þetta hefur sem betur fer farið smám saman lækkandi. Fram í desember sl. var þessi taxti um 6 kr. Þaðan í frá um 4 kr en verður 1,56 kr. frá og með næsta föstudegi væntanlega. Hvað þýða þessar breytingar? Það mætti halda, þegar maður hlustar á talsmenn stjórnarandstöðunnar, að lækkun á þessum sviðum þýði hækkun þegar það liggur fyrir samkvæmt útreikningum að þetta þýðir 400 millj. kr. betri kjör fyrir símnotendur, bæði fyrirtæki og almenning. Það er undarlegt

að hlusta síðan á málflutning af þessu taginu, upphrópanir og útúrsnúninga um að verið sé að rýra kjör almennings í landinu þegar það liggur fyrir að verið er að bæta kjör almennings og fyrirtækja í landinu um 400 millj. kr. Er þetta kannski tilefni til stóryrðanna?

Ég verð síðan að vekja athygli á því sem hefur líka komið fram í þessari umræðu, að símgjöldin hér á landi eru þau lægstu sem þekkjast á byggðu bóli í veröldinni. Það liggur fyrir að símgjöldin, hvernig sem á það er litið, eru þau lægstu. Það hefur komið m.a. fram í máli hv. talsmanna stjórnarandstöðunnar þegar verið var að formbreyta Pósti og síma og þá sögðu þeir: „Þetta sýnir að það á ekki að breyta Pósti og síma, vegna þess að við höfum svo lág og góð símgjöld." Nú er enn verið að lækka þessi símgjöld en samt sem áður rjúka menn til og láta eins og þeir taki ekki eftir því að það er verið að lækka símgjöldin alls um 400 millj. kr. Þetta er undarlegur málflutningur.

[14:21]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Við erum að ræða um stórfellda hækkun á gjaldskrám Pósts og síma. Þetta hefur valdið mikilli reiði í þjóðfélaginu enda ekki að undra þegar í ljós kemur ákvörðun um að hækka innanlandssímtöl, t.d. hér á Reykjavíkursvæðinu, um 124% á tæpu ári. Menn hafa hneykslast yfir minna. En sú atburðarás sem við höfum orðið vitni að í tengslum við Póst og síma hefur þegar verið skráð. Hún var skráð fyrir nokkrum árum þegar umræðan stóð sem hæst um það hvort það ætti að breyta Pósti og síma í hlutafélag og þá umræðu er að finna í ótal blaðagreinum og hana er að finna í málgögnum starfsmanna Pósts og síma, svo sem í Símablaðinu.

Þessi saga var ekki skráð af þeim sem vildu breyta Pósti og síma í hlutafélag heldur hinum sem vöruðu við því og gagnrýndu þessar breytingar. Þeir bentu á reynsluna erlendis frá sem sýndi að í kjölfar breytinga á rekstrarformi fylgdu jafnan hækkanir til notenda póst- og símaþjónustunnar auk þess sem leynimakk yrði alls ráðandi og nú hefur þetta allt saman gengið eftir.

Hér fyrr á tíð og fram á þennan dag hafa Íslendingar búið við ódýrustu innanlandssímþjónustu í heiminum og með tækniframförum og fjárfestingum höfðu verið sköpuð skilyrði fyrir enn frekari lækkun á þessari þjónustu. Sama á reyndar um við millilandasímtöl. Tilkostnaðurinn við að veita þá þjónustu hefur hrunið á undanförnum árum án þess að þetta hafi skilað sér til notenda þjónustunnar.

Sú breyting að gera landið að einu gjaldsvæði er bæði sjálfsögð og hún er jákvæð. Þetta er sjálfsagt réttlætismál en einnig er þetta sjálfsagt í ljósi þess að tæknin hefur gert það að verkum með sjálfvirku símkerfi á landsvísu að tilkostnaðurinn við símtöl á milli landshluta er nú sá sami og innan einstakra landsvæða. Fjárfesting við þessar tækniframfarir var gerð áður en stöfunum hf var bætt aftan við Póst og síma.

Skammstöfunin hf. á að standa fyrir hlutafélag en spyrja má hvort yfirstjórn Pósts og síma og samgrh. sem handhafi eina hlutabréfsins í fyrirtækinu, standi í þeirri trú að háið standi fyrir hroka og effið fyrir fyrirlitningu því framkoman við gjaldskrárbreytinguna núna hefur verið með slíkum endemum að almenningur stendur agndofa gagnvart valdhrokanum. Að þessu leyti hefur breytingin á Pósti og síma í hlutafélag orðið jafnvel enn verri en mestu efasemdarmenn spáðu um. Þetta ætti að verða okkur öllum umhugsunarefni varðandi frekari eftiröpun á erlendum mistökum. Það verður svo fróðlegt að fylgjast með viðbrögðum hæstv. samgrh. á morgun þegar hann svarar fyrirspurn minni um launakjör yfirmanna Pósts og síma.

[14:24]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Með nýgerðri gjaldskrárbreytingu hjá Pósti og síma hefur þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að hlutafélagaváeða ríkisstofnanir verið unnið mikið ógagn. Sú verðhækkun sem Póstur og sími hefur sett í gang hefur átt sér stað á mjög neikvæðan hátt, verið illa útskýrð og sennilega illa ígrunduð og ýtt af stað röð af neikvæðum hlutum.

Í fyrsta lagi er hækkunin fráleit og ekki í neinu samræmi við þann raunveruleika sem íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir þar sem menn þurfa að lækka kostnað til þess að bæta afkomu sína, ekki að hækka tekjur. Íslenski raunveruleikinn er sá að það er einfaldlega ekki hægt að hækka tekjur, menn verða að lækka kostnað.

Í öðru lagi er rangt farið með staðreyndir þegar reynt er að réttlæta þessa hækkun út frá því að nú sé landið orðið eitt gjaldsvæði. Það hefur ekki verið sýnd nein sönnun, ekki ein einasta sönnun þess að það sé dýrara í dag að tala milli svæða, að nota langlínusamtöl heldur en innan svæða. Og eftir að þessi ljósleiðari kom til — ég held að menn ættu að muna að Póstur og sími greiddi ekki fyrir hann, heldur fengu gefins þennan ljósleiðara — þá er talið ódýrara, og ég les það út úr Morgunblaðinu í dag að það sé í rauninni ódýrara, að flytja langlínusamtöl heldur en samtöl innan sama svæðis.

Í þriðja lagi hefur dreifbýli og þéttbýli verið att saman og það er mjög óheppilegt í dag að vera að stuðla að því.

Í fjórða lagi finnst mér sú röksemd hæstv. ráðherra að réttlæta þessa hækkun með því að Póstur og sími standi frammi fyrir samkeppni sé mjög óheppileg, þ.e. að taka þannig til orða. Þegar fyrirtæki standa frammi fyrir samkeppni, hæstv. ráðherra, þá lækka þau, þau lækka til þess að hindra öðrum fyrirtækjum að komast að. Ef menn hækka verðið áður en nýr aðili kemur inn á markaðinn, þá eru menn að gefa merki um að þeir ætli að fara í tvíkeppni, í „duopol", þar sem báðum líður vel við hátt verð. Það er það merki sem mér sýnist að sé verið að senda hér út á markaðinn.

Síðan er mjög alvarleg staða komin upp. Hver stýrir í raun og veru Pósti og síma? Er það stjórn fyrirtækisins? Er það ráðherra? Hvaða ráðherra? Og stjórn fyrirtækisins hlýtur að þurfa að skoða það vel. Vill hún stýra fyrirtækinu sjálf? Ef hún gerir það, þá væntanlega stendur hún við þessa ákvörðun sem hún er búin að taka. Ef hún ætlar ekki að stýra því, þá bíður ráðherra ekkert annað en að kalla saman hluthafafund og breyta um stjórn. Hvor leiðin sem farin verður, þá er málið klúður.

Það sem er jákvætt í málinu er það frumkvæði sem forsrh. tók og ber að þakka fyrir það. Forsrh. sýndi að hann er ekki alltaf hræddur við að hlusta á grasrótina og hann gerði það í þessu tilviki. Hann hlustaði á grasrótina. Hann skynjaði hvernig þjóðin hugsaði í þessu máli og þjóðin ætlast til þess að þessar hækkanir séu teknar til baka og menn mæti samkeppninni með því að lækka kostnaðinn hjá Pósti og síma, ekki að velta þessu út í verðlagið.

[14:27]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Um hvað snýst þetta mál raunverulega? Það snýst um að einokunarfyrirtæki í eigu landsmanna er að hækka sína gjaldskrá. Það er að ákveða hvað það ætlar að hafa í hagnað og vegna þessa snerist landslýður öndverður við og vildi fá stjórn Pósts og síma til þess að breyta þessari

ákvörðun. Ég held að niðurlæging hæstv. ráðherra hafi verið alger í þessu máli eins og hann flutti það áðan og að það eina sem kannski hafi vantað væri að hann flytti góða stöku.

Það er ástæðulaust að rekja frekar en gert hefur verið hvernig staðið hefur verið að þessu, en ég vil vekja sérstaka athygli á því að frá því að Samkeppnisstofnun kom til sögunnar, hefur hún nánast verið með þessa stofnun í fóstri. Samkeppnisstofnun er búin að fjalla tíu sinnum um Póst og síma. Samkeppnisstofnun sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna neytenda er búin að fjalla tíu sinnum um Póst og síma á meðan ekkert fyrirtæki hefur verið tekið til skoðunar nema einu sinni. Þetta segir meira en mörg orð um hvers konar hroki og yfirgangur virðist ríkja innan veggja þessarar stofnunar. Þetta hefði verið orðað þannig í refsirétti að þarna væri einbeittur og harður brotavilji.

Ef menn fletta þessum úrskurðum og álitum, þá má finna í þeim orð eins og „misnotkun á einkaleyfisþætti", „viðskiptaþvinganir", „misbeiting á markaðsráðandi stöðu", „skaðleg áhrif á samkeppnina", „brot á jafnræðisreglu, „framkvæmd tilviljunarkennd og leiðir til mismununar", „takmarkað aðgang keppinauta að póstmarkaði umfram það sem einkaréttarákvæðinu er ætlað að gera". Og síðast en ekki síst hefur þetta gríðarleg áhrif á ímynd fyrirtækisins. Mér þætti fróðlegt þegar að því kemur að þetta fyrirtæki verður selt, sem mér þykir mjög líklegt, að þá yrði metið hvaða tjón hæstv. samgrh. hefur valdið ímynd þessa fyrirtækis. Það er sjálfsagt metið í milljörðum. Það þykir mér líklegt. Það yrði gríðarlega alvarlegur hlutur að þessi flumbrugangur í samgrh. kosti ríkissjóð hugsanlega milljarða vegna þess að hann hefur eyðilagt ímynd fyrirtækisins. Það hefur litla umræðu fengið en ég er dálítið hræddur um að þetta eigi eftir að koma á daginn og kannski er þetta allt saman engin tilviljun. Kannski er auðveldara að einkavinavæða fyrirtækið í kjölfar þess að það er búið að eyðileggja ímynd þess. Það er þá minna virði á markaði.

Ég get þó ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, að nefna að um það hefur verið talað að reyna að byggja upp atvinnuvegi á landsbyggðinni, einkanlega tölvuþjónustu. Ég vil því taka dæmi um kostnað sem tölvufyrirtæki úti á landi þurfa að greiða vegna aðgangs að burðarlínu Pósts og síma. Sem dæmi má nefna að tölvufyrirtæki í Reykjavík greiðir fyrir slíka línu ársfjórðungslega 40 þúsund, á Akranesi þarf það að borga 200 þús., í Vestmannaeyjum 350 þús., á Akueyri 550 þús. og yfir 700 þús. í Neskaupstað. Þetta er innlegg hæstv. samgrh. í uppbyggingu á tölvuþjónustu á landsbyggðinni.

[14:31]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Stjórn Landssíma Íslands hf. og hæstv. samgrh. hafa fengið harkaleg viðbrögð vegna útfærslu og framkvæmdar á þeirri samþykkt Alþingis að gera landið allt að einu gjaldsvæði. Sú ákvörðun Alþingis undir forustu hæstv. samgrh. markaði vissulega tímamót sem mikilvæga réttarbót gagnvart þeim sem greitt hafa hæstu gjöldin.

Þetta mikilvæga mál hefur hins vegar snúist í það að verða árásarefni á hæstv. samgrh. sem er mjög ósanngjarnt í ljósi þess að hæstv. samgrh. hefur lagt sig mjög fram um að auka samkeppni á þeim sviðum sem hann hefur með að gera til hagsbóta fyrir neytendur og notendur þjónustu í landinu. Viðbrögð almennings við gjaldskrárbreytingunum voru eðlileg miðað við þá kynningu sem gjaldskrárbreytingin fékk af hálfu stjórnar og stjórnenda Landssímans hf.

Fyrirtæki í einokunarstöðu verður að gæta mjög vel að því að nota ekki stöðu sína til þess að auka tekjur sínar ótæpilega í skjóli sterkrar stöðu. Lág verðbólga og árangurinn á síðustu árum í efnahagsmálum kemur m.a. fram í sterkri varðstöðu almennings gagnvart hækkunum. Hin jákvæða hlið viðbragða almennings sem birtist á fjölmennum fundi í höfuðborginni er að neytendur þjónustunnar standa vörð um hagsmuni sína og tryggja að hin frjálsa samkeppni virki einnig gagnvart þeim sem hafa markaðsráðandi aðstöðu. Er ástæða til þess að leggja sérstaka áherslu á þá hlið málsins.

Þáttur stjórnarandstöðunnar í þessu máli er hins vegar heldur dapurlegur. Úr þeirri átt birtast einungis yfirboð, upphrópanir og rangtúlkanir og það gleymist að megintilgangur gjaldskrárbreytingarinnar var að skapa öllum landsmönnum sömu möguleika til þess að nýta sér hið vel uppbyggða fjarskiptakerfi Landssíma Íslands sem skapar okkur möguleika til þess að takast á við og nýta okkur tölvuvæðinguna, upplýsingabyltinguna sem í mörgu tilliti er grundvöllur framfara í okkar landi. En stjórnendur Landssíma Íslands hf. verða að muna að þeim hefur verið falið að fara með mikla eign sem er fólgin í símkerfinu og þeim möguleikum sem felast í forskotinu sem Landssíminn hafði vegna þess að hann var einn á markaði og vissulega með miklum og góðum árangri. Þá eign verður að ávaxta varlega og af öryggi og án þess að stjórn fyrirtækisins skjóti sér í skjól samgrh. þegar kemur að hinum erfiðu ákvörðunum.

Þegar fram líða stundir verða það hins vegar samgrh. og þeir sem studdu hann í þessu erfiða viðfangsefni og stjórn fyrirtækisins sem munu standa með pálmann í höndunum eftir að Alþingi undir forustu samgrh. hefur gert símann að hlutafélagi og framfylgt stefnu um nútímalegt upplýsingasamfélag sem byggir og nýtir alnetið og hefur gert landið að einu gjaldsvæði.

[14:34]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Íslendingar standa mjög framarlega í nýtingu upplýsinga- og fjarskiptatækni. Ef marka má nýjustu upplýsingar þar að lútandi eru Íslendingar í forustusveit Evrópuþjóða hvað varðar tengingu við internetið og standa þar aðeins að baki Finnum. Þannig hafa Íslendingar nýtt sér nettengingar til að komast í þjóðbraut.

Það er ekki og var ekki síður brýnt að nýta þessa tækni til þess að bæta samskiptaaðstöðu þeirra Íslendinga sem búa fjærst höfuðborgarsvæðinu. Það var því orðið fyllilega tímabært að gera landið allt að einu gjaldsvæði. Sú ákvörðun var í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins, en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnvöld auðveldi með hjálp upplýsingatækninnar aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu til að jafna aðstöðu einstaklinga og fyrirtækja óháð búsetu og efnahag."

Það skiptir meginmáli og er áréttað í stefnu ríkisstjórnarinnar að tryggja að kostnaður almennings og fyrirtækja af gagnaflutningi verði í lágmarki. Í umræðunni hefur það komið í ljós að Íslendingum býðst ódýrasta netþjónusta í Evrópu. Við eigum mikið undir því að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði nýtt til hins fyllsta til þess að bæta aðstöðu einstaklinga og fyrirtækja til að gera sig gildandi á sviði viðskipta og mennta. Þannig getum við dregið úr þeim kostnaði sem fylgir því að Ísland er fjarri öðrum löndum. Við getum einnig bætt aðstöðu þeirra landsmanna sem lifa og starfa fjarri þeirri þjónustu sem býðst á höfuðborgarsvæðinu. Í

þessu sambandi tel ég nauðsynlegt að skoða hvort það sé ekki í anda samþykktar Alþingis um að landið skuli vera eitt gjaldsvæði að þeir sem selja netþjónustu hvar sem er á landinu greiði sama gjald fyrir það sem hafa verið kallaðir hnútpunktar og þeir sem starfa í Reykjavík.

Þá ber einnig að athuga hvort ekki er nauðsynlegt að Póstur og sími bjóði upp á einhvers konar heildsölu á tengingum við gáttir þar sem þjónustuaðilar sitja við sama borð og Póstur og sími. Með því næðist það markmið að allir, hvar sem þeir búa á landinu og hvar sem þeir starfa, eigi aðgang að netgáttum á jafnréttisgrundvelli, bæði endanlegir neytendur og þjónustuaðilarnir. Upplýsingatæknin og þær framfarir sem orðið hafa í fjarskiptum skapa í raun sérstök sóknarfæri í menntun og atvinnulífi fyrir landsbyggðina en forsendan fyrir því er að þjónustuaðilum sé ekki mismunað eftir fjarlægðum frá höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að slík mismunun á sér ekki neinar raunverulegar forsendur lengur.

Tengsl Íslendinga við umheiminn með upplýsingatækninni og fjarskiptum eru að verða grundvallarþáttur í lífskjörum fólksins í landinu og aðstöðu fyrirtækjanna við að standa sig í alþjóðlegri samkeppni. Það skiptir því miklu máli að það sé mörkuð skýr stefna og hún hefur verið mörkuð, en það skiptir líka miklu máli að tryggt sé að henni sé framfylgt. Þegar stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins var mótuð var ákveðið að forsrn. færi með yfirstjórn þeirra þátta sem lúta að heildarsýn yfir framkvæmd stefnunnar. Þannig er gert ráð fyrir því að forsrh. hlutist til um málefni upplýsingasamfélagsins og gæti þess að stefnunni sé framfylgt. Eins og skýrt hefur komið fram í þessari umræðu hafa forsrh. og samgrh. leitt málið fram þannig að tryggt er að Íslendingar haldi áfram að vera í hópi þeirra þjóða sem eru í fararbroddi á þessu sviði.

[14:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög margþætt mál. Í fyrsta lagi tengist það einkavæðingu Pósts og síma, þ.e. einkavæðingu fyrirtækis í einokunaraðstöðu. Í öðru lagi tengjast því ýmsar breytingar í tæknilegum efnum og svo í þriðja lagi sú ákvörðun Alþingis að hrinda langþráðu baráttumáli margra í framkvæmd að gera landið allt að einu gjaldsvæði.

Ég hlýt að harma það, herra forseti, að sú ákvörðun að jafna símakostnað og gera landið að einu gjaldsvæði skyldi vera dregin inn í óskylda hluti sem voru gjaldskrárbreytingar og hækkanir Pósts og síma að öðru leyti. Það var afar slæmt og leiddi til þess að þessar hækkanir urðu langt umfram það sem nokkur ástæða var til, til þess að jafna símakostnaðinn og gera landið að einu gjaldsvæði. Þetta var þeim mun viðkvæmara og eðlilegra að mótmælin yrðu hávær, eftir því sem fjarskiptakerfið er orðið mikilvægari farvegur fyrir upplýsingar og samskipti af ýmsum toga og þá á ég ekki síst við internetið og alla þá fjölmörgu sem það nýta sér.

Reyndar er óhjákvæmilegt að minna líka á þann ótrúlega atburð þegar hæstv. forsrh. tók hæstv. samgrh. sinn og nánast hýddi hann á almannafæri. Það var sviðsett niðurlæging á hæstv. samgrh. sem fram fór í ráðherrabústaðnum og í viðtölum við blaðamenn eftir hann. Þar sem þetta er nú frekar að verða reglan heldur en undantekningin að hæstv. forsrh. velji sér hentugt tækifæri þegar einhver af ráðherrum hans liggur í svaðinu og hoppi ofan á skrokknum, þá hlýtur maður að spyrja sig að því hver verður næstur. Hver verður næstur? En niðurstaðan er eftir sem áður sú að hækkanirnar gengu til baka og það er gott því þær voru óhóflegar og með rangindum hengdar á það ágæta mál að gera landið allt að einu gjaldsvæði.

Við vöruðum við því að einkavæða Póst og síma á þann hátt sem gert var. Það hefur alls staðar gefist illa og það er að gefast illa hér á Íslandi að einkavæða fyrirtæki í einokunaraðstöðu. Það er hinn stóri lærdómur af þessu máli og öðrum sambærilegum málum að slík fyrirtæki eru betur komin í eigu almennings sem ríkisfyrirtæki. Við vöruðum líka við því að blanda saman, ef fyrirtæki væri einkavætt, almennri þjónustu í þessum efnum og rekstri vegakerfisins í fjarskiptunum, þ.e. fjarskiptagrunnnetsins. Það á að vera í eigu ríkisins sem venjulegt ríkisfyrirtæki. Örbylgjusamböndin, jarðstrengir, ljósleiðarar og jarðstöðvar eiga að vera í eigu ríkisins og þar eiga að ríkja þær reglur að notendur séu allir jafnir án tillits til búsetu í landinu. Póstur og sími var og er reyndar enn mikilvægt fyrirtæki en því miður, herra forseti, er ástæða til að hafa áhyggjur af framhaldinu. Það er ekki gott ef jafnmikilvægt fyrirtæki og hér á í hlut verður fórnarlamb jafnhraklegra vinnubragða og hæstv. ríkisstjórn hefur ástundað í þessum efnum og má ekki á milli sjá hvort er verra, framganga hæstv. samgrh. eða drengskapur hæstv. forsrh. í garð eins af ráðherrum sínum.

[14:41]

**Árni Johnsen:**

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur allmikið fallið af orðum sem kannski minna frekar á eitthvað sem heitir drekasæði heldur en rökstuðning og er svo sem óþarfi að elta ólar við þann þátt umræðunnar.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á ákveðnum þætti í fjarskiptaþjónustu landsins í dag, óheyrilegri og óþolandi mismunun á tengigjöldum internetþjónustuaðila þar sem sú gjaldtaka miðast við mismunandi fjarlægð frá Intís eða Tæknigarði í Reykjavík. Þessi mismunun veldur því að landsbyggðin er skilin eftir nánast á köldum klaka í öllu sem heitir þróun og möguleikar í atvinnusköpun með internetþjónustu og menntunarmöguleikum og þessa mismunun verður að leiðrétta.

Þessi mismunun er svo óheyrileg að ég vil nefna dæmi á Vestmannaeyjum, Akureyri, Neskaupstað, Reykjavík, Ísafirði og Hornafirði. Það má nota sömu tölu nánast fyrir Akureyri, Ísafjörð og Hornafjörð því að þeir staðir eru mældir í nánast sömu fjarlægð frá Reykjavík, um 430–460 km. Ef miðað er við 256 kílóbit á sekúndu, þá kostar þessi þjónusta á ársfjórðungsgrundvelli í Reykjavík 40 þús. kr. Hún kostar 600 þús. kr. í Vestmannaeyjum og 1 millj. á Akureyri, Ísafirði og Hornafirði. Hún kostar 1,3 millj. á Neskaupstað. Hún er 33 sinnum dýrari en í Reykjavík. Hún er 25 sinnum dýrari á Akureyri, Ísafirði og Hornafirði en í Reykjavík. Hún er 15 sinnum dýrari í Vestmannaeyjum. Þetta er nokkuð sem gengur ekki hjá fyrirtæki sem er að ganga inn í nýja öld og er að bjóða upp á nýja tækni.

Ég vil nefna Tölvun sem dæmi. Það er það fyrirtæki í landinu sem er lengst frá Tæknigarði með internetþjónustu í gegnum Intís. Annað er allt of dýrt þannig að menn neyðast til að fara aðrar leiðir sem eru úreltar. Tölvun í Vestmannaeyjum er mæld í 149 km fjarlægð frá Tæknigarði. Hún er með litla línu má segja, 128 kílóbit á sekúndu sem er minnsta einingin sem er leigð út í dag og stækkunarmöguleikar tölvunnar eru augljóslega ekki miklir ef tekið er mið af ársfjórðungsgjöldum sem liggja fyrir. Samkeppnisaðstaða þessa fyrirtækis, Tölvunar, er einnig mun lakari en þjónustuaðila í Reykjavík þar sem landið er nú eitt gjaldsvæði

hvað varðar almenna símanotkun en enn þá er mismunun á þessum leigulínugjöldum.

Það má minna á, herra forseti, að NATO lagði ljósleiðarann þannig að ekki ætti það að íþyngja Pósti og síma í þessu dæmi en þarna er mikil mismunun sem verður að kappkosta að leiðrétta þannig að landsmenn standi allir jafnfætis í þessum möguleikum í menntun og atvinnuuppbyggingu.

[14:45]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa varið þá ákvörðun að gera landið að einu gjaldsvæði. Þegar meiri hluti samgn. Alþingis ákvað að leggja það til við Alþingi að rekstri Pósts og síma yrði breytt í hlutafélag óskipt var það vegna þess trausts sem það fyrirtæki hefur haft alla tíð. Það var einnig talið nauðsynlegt vegna aukinnar samkeppni, sem óhjákvæmileg er, þegar einkaleyfi símhlutans fellur niður vegna skuldbindinga okkar út af EES-samningnum.

Póstur og sími hf. er fyrirtæki sem er mjög vel búið undir alla samkeppni bæði hér innan lands og frá útlöndum. Hér á hinu háa Alþingi var lögð mikil áhersla á það þegar þessi framkvæmd var samþykkt að breytingin yrði í mikilli sátt við starfsmenn fyrirtækisins og í mikilli sátt við viðskiptavini fyrirtækisins. Því miður hefur sú ekki orðið raunin og trúnaðarbrestur hefur orðið á milli viðskiptavina og Pósts og síma á síðustu mánuðum, trúnaðarbrestur vegna gríðarlegra hækkana á símgjöldum og gjöldum sem innheimt eru af Pósti og síma og hækkanirnar hafa verið gerðar án rökstuðnings. Það skal tekið fram að forsvarsmenn Pósts og síma hafa á síðustu sólarhringum verið að útskýra fyrir almenningi hvers vegna þessar hækkanir hafa verið gerðar en trúnaðarbresturinn er orðinn og því er verr.

Því skal samt fagnað hér, og tekið undir með öðrum hv. þm., að það var mjög svo drengilegt, fannst mér, af hæstv. forsrh. að grípa inn í þetta mál og breyta atburðarásinni neytendum í vil, því þar var í raun gert það eina sem hægt var að gera í stöðunni í því misræmi sem orðið hafði. Að draga til baka þessa hækkun að hluta til var mjög góð ákvörðun. Ég tel þó að það sé alls óviðunandi að við stöndum uppi með jafnmikilvægt fyrirtæki og Póstur og sími er með skert traust almennings og neytenda. Þetta fyrirtæki er svo mikilvægt fyrir land og þjóð að við svo búið má ekki standa. Ég mun því sem nefndarmaður í samgn. Alþingis beita mér fyrir því að þær ákvarðanir Pósts og síma, sem teknar hafa verið á undanförnum mánuðum, verði teknar til gagngerðrar skoðunar í hv. samgn. og allar forsendur skoðaðar ofan í kjölinn.

[14:48]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða hafa leitt í ljós að hæstv. samgrh. er ekki starfi sínu vaxinn. Ræða hans hér áðan sýndi að hann svaraði í engu þeirri gagnrýni sem var borin fram í upphafi af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ég sé sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á því að fullyrðing forsvarsmanna Pósts og síma, að gjaldskrárbreytingin mundi leiða til tekjutaps, er röng. Sérfræðingar Viðskiptablaðsins, sem er eina sérhæfða viðskiptablaðið hér á landi, hafa gert úttekt á þessari gjaldskrárbreytingu og sú úttekt verður birt í blaðinu á morgun. Þar kemur fram að gjaldskrárbreytingin muni ekki leiða til tekjutaps heldur þvert á móti til tekjuaukningar upp á 150 millj. kr. Þetta byggir á vandaðri úttekt þar sem fram kemur bæði hin góða staða og mikill hagnaður Pósts og síma auk þess sem farið er ofan í forsendur þessarar gjaldskrárbreytingar. Forsenda Pósts og síma, að notkunin verði óbreytt þrátt fyrir hækkun gjalda, er röng, einfaldlega vegna þess að það er mikill vöxtur í símanotkun. Þetta sýnir að Póstur og sími gerði mikil mistök í málinu öllu þegar hann lagði upp með það. Svo kemur fram í viðtali við stjórnarformann Pósts og síma í Morgunblaðinu í morgun að hér sé kynningunni ábótavant. Á að reka kynningarfulltrúann? Á að segja Hrefnu Ingólfsdóttur upp? Er það svar þeirra manna sem stjórna fyrirtækinu? Ætla þeir að koma sér þannig út úr málunum, bæði stjórnin og ráðherra? Einhvern tíma hafa menn hengt bakara fyrir smið og það getur vel verið að menn ætli að gera það aftur í þetta sinn.

Hæstv. samgrh. svaraði engu um það af hverju vilji hans til breytingar á gjaldskránni nái ekki fram að ganga. Af hverju er verið að bíða alla vikuna eftir stjórnarfundi? Af hverju er þá ekki gjaldskránni breytt strax? Þetta sýnir að þeir sem eru við stjórnvölinn í þessu fyrirtæki eru ekki starfi sínu vaxnir. Og ég held að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, stjórnarþingmaður, hafi lýst þessum málum ákaflega vel hér áðan, enda er hann einn af þeim þingmönnum sem hefur þekkingu á þessu símaumhverfi sem hér er verið að tala um. Það hefur einnig komið fram að virk samkeppni er vitaskuld mjög nauðsynleg í þessum þáttum en það versta sem við höfum er þessi yfirburðastaða ríkisfyrirtækja, hvort sem sett er hf. fyrir aftan eða ekki, eins og kom fram í vandaðri úttekt í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um síðustu helgi.

Mér finnst, herra forseti, að ráðherrann hafi í engu svarað gagnrýninni og ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svar ráðherra því hann fékk tíma. Hann bað sjálfur um tíma. (Forseti hringir.) Hann þorði ekki í umræðu í gær og þá átti maður von á vönduðum málflutningi og vönduðu svari frá hæstv. ráðherra. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu.

[14:51]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fram hefur farið í dag er vissulega þörf af ýmsum ástæðum eins og hér hefur komið fram. Það er að mínu mati réttlát og góð ákvörðun að jafna símakostnað í landinu, og það er mat okkar kvennalistakvenna almennt, en aðferðin sem nú er notuð við þetta er mjög umdeild og illa kynnt og ekki síst sú ákvörðun að stórhækka gjöld vegna netþjónustu. Viðbrögð netverja voru mjög hörð og ég minnist þess ekki síðan ég kom inn á Alþingi að hafa nokkru sinni mætt eins hörðum viðbrögðum og við þessari hækkun á gjöldum Pósts og síma. Að mínu mati sýnir þetta að ákvörðunin var illa kynnt og hún er allt of brött enda voru viðbrögð hæstv. forsrh. þau að grípa inn í málið. En viðbrögðin voru þannig að þó að gjöldin komi reyndar til með að hækka minna en til stóð, þá var það gert með þeim hætti að fagráðherrann kemur stórskaddaður frá því að mínu mati.

Ég verð að láta í ljós furðu mína á þessum vinnubrögðum. Hæstv. samgrh. bað síðan um frest, dagsfrest á því að fá að svara þeim ásökunum sem á hann eru bornar og reyna að svara fyrir þessar hækkanir. Hæstv. forseti. Síðan kemur hæstv. ráðherra hér í pontu og virðist ekki ætla að ræða málið af alvöru. Hroki ráðherrans áðan og framkoma gagnvart framsögumanni málsin, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, var slíkur að þinginu er stórlega misboðið. Ég vil að sá skilningur minn komi fram að mér var stórlega misboðið

þegar ráðherrann rangnefndi þingmanninn mörgum sinnum og réttlætti það með því að ranga nafnið væri fallegra.

Það er von mín, herra forseti, að þau frv. sem nú liggja fyrir frá Guðmundi Árna Stefánssyni og fleiri þingmönnum, um að Alþingi verði gert kleift að fylgjast með fyrirtækjum sem eru í meirihlutaeigu ríkisins en hafa verið gerð að hlutafélögum, verði samþykkt, og einnig að stjórnsýsluathugun verði gerð á þessu fyrirtæki til þess að forsendur gjaldskrárbreytinga og fyrirtækisrekstursins séu ljósar.

Að lokum vil ég að það sjónarmið mitt komi hér fram að ég tel að gjaldskrá til netnotenda eigi að vera lægri heldur en til annarra símnetenda vegna mikilvægis (Forseti hringir.) fyrir samkeppnishæfni þjóðarinnar en að sú lækkun verði að ná til landsins alls. Ég vil einnig segja að Neytendasamtökin (Forseti hringir.) og samkeppnisráð hafa staðið vörð um hagsmuni neytenda og ég tel að Alþingi verði að geta gert það einnig.

[14:55]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu um málefni fjarskipta og símans og vona að þetta sé bara upphafið á þeirri umræðu sem verður að fara fram um stefnumótun í þessum málaflokki. En ég get því miður ekki þakkað hæstv. ráðherra fyrir svörin við spurningum mínum því hér voru engin svör þrátt fyrir það að samgrh. hafi fengið þann umþóttunartíma sem hann fór fram á þegar umræðunni var frestað um heilan sólarhring. Auðvitað dæmir málflutningur eins og sá sem ráðherrann var með hér í ræðustóli Alþings sig sjálfur. Þetta dæmir sig sjálft og þetta er aðferð sem menn nota þegar þeir eru með vondan málstað að verja, þegar þeir eru rökþrota. Og það er greinilegt að hæstv. samgrh. er á flótta í málinu.

Ég vil samt fagna því að ekki eru allir stjórnarþingmenn heillum horfnir í þessu máli. Ég fagna málflutningi hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar og einnig því að það örlar á skilningi í þessum málaflokki hjá varaformanni stjórnar Pósts og síma, hv. þm. Magnúsi Stefánssyni. En aðrir taka undir það litla sem ráðherrann hafði að segja sem reyndar var eins og nátttröll í þessari umræðu allri. Það hefur enginn verið á móti því að jafna símakostnað hér á landi en sá misskilningur kom upp í ræðu einhverra. Við vorum öll sammála um það en við vorum ekki tilbúin að skattleggja heimilin og skattleggja þá sem nota nútímaupplýsingatækni við nám og störf til þess að jafna hann. Póstur og sími skilar það miklum hagnaði að það á að vera hægt að jafna símakostnaðinn.

Allur málflutningur stjórnvalda í þessu máli er náttúrlega með eindæmum og það er greinilegt að forsrh. verður að gefa sér klukkutíma í viðbót með samgrh. til þess að koma gjaldskránni niður og draga alla þessa hækkun til baka. Það tók klukkutíma að ná henni niður til hálfs og ég held, herra forseti, að hæstv. forsrh. þurfi að gefa sér klukkutíma í viðbót með samgrh. til þess að leiðrétta þetta mál allt saman.

Hér var óskað eftir upplýsingum á Alþingi og hæstv. ráðherra telur að það sé fullnægjandi að senda skósvein sinn, stjórnarformann Pósts og síma, í Morgunblaðið með afsökunarbeiðni. Það er auðvitað ekki boðlegt og þingið á ekki að taka slíkt til greina. Ef óskað er eftir upplýsingum frá ráðherranum hér þá ber að veita þær hér, hæstv. ráðherra.

Úttektin í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins segir allt sem segja þarf í þessu máli og umræða um þessi mál þarf að fara hér fram. Það þarf að fara fram málefnaleg umræða um samkeppnismálin, um eftirlit, um skilgreiningar, um reglur og lög, um breiðbandsmálin, um launamál innan Pósts og síma og fleira og fleira. Það er ljóst af þeim atburðum sem hér hafa verið undanfarið að öll framtíðarstefna stjórnvalda í þessum málum er í algjöru skötulíki. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hér er stórmál á ferðinni sem varðar atvinnumál þjóðarinnar til allrar framtíðar og það er mál sem við þurfum að ræða, stóralvarlegt mál.

Í lokin vil ég nefna eitt: Það var dálítið sérkennilegt í annars furðulegum málflutningi hæstv. samgrh. að hann skyldi alltaf tala um sjálfan sig sem ráðherra í fortíð eða þátíð og ég velti því fyrir mér: Hvað skyldi það boða?

(**Gripið fram í:** Forseti vill beina því til hv. þm. að gæta hófs í orðavali og samlíkingum.)

[15:00]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Því miður eru ekki nema fimm mínútur til stefnu en ég mun reyna að ljúka máli mínu innan þess tíma þannig að fullnægjandi mynd verði gefin af því sem um er að ræða.

Þær gjaldskrárbreytingar, sem áttu sér stað og gerð hefur verið rækileg grein fyrir í Morgunblaðinu í dag og ég vék að áðan eins og þær standa, nú lúta að því að lækka erlend símtöl um 22%. Ef horft er til þess að erlend símtöl eru verulegur þáttur af útgjöldum heimilanna, eða 46% af símakostnaði heimilanna, þá sjáum við auðvitað að hér er um verulega kjarabót að ræða. Það er líka alveg ljóst að það er með engum hætti verjandi að hugsa sér að það kosti jafnmikið að tala eina mínútu t.d. til Danmerkur og 51 mínútu innan lands. Það stenst auðvitað ekki. Það var talið nauðsynlegt að breyta þessu.

Það hefur orðið niðurstaðan að Póstur og sími tekur það á sig, sem auðvitað dregur úr arðsemiskröfum. Ég vil minna á að þetta fyrirtæki var kölluð mjólkurkýr hér við umræðurnar og mikill áhugi á því að ekki drægi úr því að Póstur og sími gæti greitt í ríkissjóð. Þær greiðslur hafa aldrei verið meiri en þegar jafnaðarmenn hafa setið í ríkisstjórn.

Ég vil í annan stað minna á að langlínusamtöl hafa verið um 58% — ég hygg ég hafi mismælt mig þegar ég sagði áðan 46% og bið ég afsökunar á því — hlutdeild heimilanna af erlendum símtölum úr landinu er 46% og 54% eru fyrirtæki. En samtöl til útlanda eru 28,1% af símaútgjöldum heimilanna, breytir ekki miklu. 15,5% eru útgjöld langlínusímtala og það var fjórum sinnum dýrara að hringja frá Keflavík til Reykjavíkur, frá Vatnsleysuströnd til Reykjavíkur heldur en úr Kjósinni til Reykjavíkur hér áður eða frá Raufarhöfn til Akureyrar svo dæmi séu tekin. Það var talið nauðsynlegt að reyna að samræma þetta. Þegar þessi mál voru til umræðu í ríkisstjórninni var ekki um það að ræða að nokkur talaði um að Póstur og sími ætti að greiða með þessari breytingu, og ekki einn einasti þingmaður mælti með því.

Ég vil í annan stað segja að Póstur og sími hefur verið að búa sig undir það eftir að Póstur og sími hf. var stofnaður að bæta tækni. M.a. verður um næstu áramót tekið upp mjög nákvæmt kostnaðarbókhald og á næsta ári verður innleitt sérstakt fjárhagsupplýsingakerfi sem kostar um 300 millj. kr. Þetta er ný tækni sem komið hefur til landsins á allra síðustu missirum og mun gera Pósti og síma kleift að koma til móts við einstaka hópa, t.d. þá sem eru heyrnarlausir, þannig að þeir geti nýtt sér internetið ódýrar en áður, og þá sem búa við aðra fötlun. Þetta gerir líka kleift að gefa sérstakan afslátt af símtölum sem standa í mjög langan tíma. En einmitt þeir möguleikar sem eru nýir og koma til skjalanna

á næsta ári munu gera það mögulegt að koma til móts við internet-notendur og aðra sem nota símann í langan tíma. Við erum að þessu leyti að horfa fram til nýrrar aldar. Í samgrn. er nú einmitt verið að ræða um það hvernig hægt sé að nýta þessa nýju tækni sem best til að koma til móts við netverja í náinni samvinnu við þá. Ég geri mér vonir um að tillögur um það efni geti legið fyrir á fyrstu mánuðum næsta árs.

Ég vil líka segja að þessi nýi möguleiki kemur sér vel fyrir gamalt fólk, þá sem eru einmana og þar fram eftir götunum, eins og þekkist í öðrum löndum. Ég vil segja að ég fagna því að Samkeppnisstofnun mun fara yfir þessi mál til að eyða tortryggni. Ég vil taka undir að þær skýringar sem upphaflega voru gefnar á þeim hækkunum sem ákveðnar höfðu verið af stjórn fyrirtækisins voru ekki fullnægjandi. En auðvitað vita það allir þingmenn, hver einasti, að það er ekki ráðherra að standa fyrir eða skipuleggja kynningar á nýjum ákvörðunum eða nýjum breytingum sem gerðar eru í einstökum fyrirtækjum eða stofnunum.

## *Loftferðir, 1. umr.*

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 210.

[15:07]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um loftferðir. Frv. var upphaflega lagt fram á 118. þingi en varð eigi útrætt. Samgn. þingsins bárust athugasemdir um frv. og hefur í því frv. sem hér er lagt fram verið höfð hliðsjón af þeim athugasemdum. Einnig urðu á þessu tímabili verulegar breytingar á alþjóðareglum og reglum hins Evrópska efnahagssvæðis um ábyrgð á sviði loftflutninga og hefur ákvæðum þeirra verið skipað í frv. það sem hér er lagt fram.

Með frv. fylgir ítarleg greinargerð. Ég mun því eingöngu fjalla hér um þær breytingar helstar sem orðið hafa á frv. frá því að það var lagt fram í fyrra sinn.

Í II. kafla frv. er kveðið á um stjórn flugmála. Með ákvæðum kaflans er leitast við að koma á skýrari stjórnskipan í íslenskum flugmálum en viðgengist hefur á undanförnum árum. Hvatinn að því skipulagi sem í frv. er ráðgert er m.a. setning stjórnsýslulaga á árinu 1993. Samkvæmt frv. fer Flugmálastjórn með stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra en í reynd er það Flugmálastjórn Íslands sem gegnir lykilhlutverki sem aðalframkvæmdarvaldshafinn á þessu sviði þrátt fyrir ákvæði laga um sérstakt flugráð.

Með setningu stjórnsýslulaga var áréttað að boðleiðir og málskotsleiðir í stjórnsýslunni þurfa að vera skýrar, en núverandi skipan mála hefur verið úr takti við nútímaleg stjórnsýsluviðhorf og verkaskipting ekki svo skýr sem skyldi. Með þessu frv. er leitast við að bæta hér úr og færa skipulag og stjórn flugmála til samræmis við það sem tíðkast á öðrum sviðum opinberrar stjórnsýslu og hefur gefist vel. Lagt er til að flugráð verði ráðgefandi nefnd á sviði flugmála og stjórnvöldum til ráðuneytis eins og t.d. hafnaráð og siglingaráð. Auk þessa hefur flugráð lögbundið hlutverk samkvæmt lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem mun haldast óbreytt þrátt fyrir þær breytingar sem að öðru leyti eru gerðar á skipan og starfsháttum ráðsins.

IX. kafli frv. sem fjallar um flugrekstrarleyfi er að mestu leyti í samræmi við fyrra frv. en hér er lagt til að Flugmálastjórn veiti flugrekstrarleyfi í stað ráðuneytis. Það er eðlileg skipan mála, ekki síst með hliðsjón af því að leyfi til áætlunarflugs á einstökum leiðum eru ekki lengur veitt. Þau voru afnumin 1. júlí 1997. Við útgáfu slíkra leyfa er fyrst og fremst hugað að tæknilegum og fjárhagslegum skilyrðum sem flugfélög þurfa að fullnægja.

Kaflinn um loftflutninga, X. kafli, byggir á ákvæðum svokallaðra Varsjár/Haag-sáttmála sem mynda grunninn að því kerfi sem stuðst verður við. Þó eru talsverðar breytingar gerðar á ákvæðum þeirra til að hrinda í framkvæmd væntanlegri tilskipun Evrópska efnahagssvæðisins um ábyrgð í loftflutningum. Megininntak hinnar nýju tilskipunar er að bótaábyrgð gagnvart lífs- og líkamstjónum farþega er gerð skilyrðislaus upp að bótaskyldum tjónum að fjárhæðinni 100.000 SDR, en flugrekendum er áskilinn takmarkaður varnarréttur gagnvart tjóni sem fer fram úr þeim fjárhæðarmörkum samkvæmt ákvæðum sáttmálanna. Engin ákvæði eru um hámarksbætur. Að öðru leyti er vísað til ákvæða íslenskra skaðabótalaga um fjárhæð bóta. Ég vek athygli á því að ákvæði reglugerðarinnar verða hluti af réttarkerfi Evrópska efnahagssvæðisins innan skamms og því verður að taka þau upp í landsrétt eins fljótt og kostur er.

Þær breytingar sem hér hafa verið raktar eru meginbreytingar á fyrra frv. en að öðru leyti vísa ég til ítarlegrar greinargerðar með frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Flugmálaáætlun 1998–2001, fyrri umr.*

Stjtill., 207. mál. — Þskj. 217.

[15:11]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Á undanförnum áratug hefur helsta markmið flugmálaáætlunar verið að endurbæta flugbrautir á áætlunarflugvöllum landsins og leggja þær bundnu slitlagi. Í þessu sambandi má geta flugvallanna á Bíldudal, Patreksfirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík, Þórshöfn, Mývatni og á Vopnafirði, sem hafa allir verið lagðir bundnu slitlagi á síðustu þrem árum. Jafnframt hefur slitlag verið endurnýjað á flugbrautunum á Akureyrarflugvelli og Hornafjarðarflugvelli sem auk þess hefur verið lengdur til þess að geta annað stærstu flugvélum sem notaðar eru í innanlandsflugi án takmarkana.

Auk ofangreindra verkefna hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu fyrir farþega á flugvöllunum. Í því sambandi má geta viðbyggingar við flugstöðina á Akureyrarflugvelli og endurbóta á flugstöðinni á Egilsstöðum. Þessum framkvæmdum hefur verið skipt í áfanga og er ekki enn lokið þótt aðstaðan hafi batnað til muna á þessum stöðum. Þá hefur nú verið hafist handa um að endurbyggja flugstöðina á Ísafirði sem var komin mjög til ára sinna. Endurbætur á flugbrautunum hafa kallað á betri tækjabúnað til að hreinsa flugbrautirnar og gera kleift að halda þeim opnum við erfið veðurskilyrði. Því hefur verið unnið að því að endurnýja þennan tækjabúnað jafnt og þétt í samræmi við gildandi flugmálaáætlun. Enn vantar þó mikið á að tækjabúnaður

flugvallanna sé fullnægjandi, bæði hvað varðar fjölda þeirra og ástand. T.d. má nefna að enn eru í notkun átta snjóruðningstæki frá sjötta ártugnum og sex tæki frá sjöunda áratugnum á flugvöllum landsins. Allt of víða getur bilun eins tækis gert erfitt eða jafnvel ókleift að ryðja flugbraut í tæka tíð.

Eftir því sem flugbrautirnar hafa verið bættar hefur verið lögð aukin áhersla á ýmsan flugöryggisbúnað. Einkum hafa flugbrautir og aðflugsljós verið endurbætt jafnframt því sem unnið hefur verið að endurnýjun á rafkerfum flugvallanna. Þá hefur verið unnið að því að nýta gervihnattakerfi fyrir flugleiðsögu bæði í leiðarflugi og aðflugi. Framkvæmdaáætlun Flugmálastjórnar um innleiðingu GPS-kerfisins í flugi hér á landi miðar vel áfram og er þess vænst að flugrekendur muni byrja að færa sér þessa nýju tækni í nyt á næsta ári.

Í þáltill. þeirri um flugmálaáætlun sem nú er lögð fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að halda áfram endurbótum á mannvirkjum flugvallanna og ljúka þeim verkefnum sem hafa verið í gangi á þessu sviði um árabil. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðast í endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar og áætlað að sú framkvæmd verði boðin út á næsta ári.

Þá verður enn aukin áhersla á flugöryggismál, m.a. með áframhaldandi endurbótum og endurnýjun á ljósabúnaði flugvalla og búnaði til að afla og dreifa veðurupplýsingum. Haldið verður áfram að vinna að því að nýta GPS-gervihnattakerfið til flugleiðsögu en það mun ásamt endurbótum á ljósabúnaði flugvallanna enn auka öryggi í flugi hér á landi jafnframt því að opna nýja möguleika í aðflugi að flugvöllum.

Í hinni nýju flugmálaáætlun er einnig að finna nokkur nýmæli. Þetta kemur m.a. fram í því að nú eru ýmis verkefni sem áður voru sérstaklega tilgreind á einstökum flugvöllum færð inn á sameiginleg verkefnasvið án sundurliðunar. Í þessu sambandi ber hæst stofnun tækjasjóðs sem ætlað er að kaupa og eiga allan hreyfanlegan tækjabúnað flugvallanna. Þess er vænst að með þessu móti verði unnt að mæta þörfum flugvallanna fyrir tækjabúnað á sveigjanlegri hátt en verið hefur. Þá er gert ráð fyrir að kaup og uppsetning á veðurmælibúnaði og kerfum til að miðla veðurgögnum og öðrum upplýsingum verði sameiginlegt verkefni fyrir flugvallakerfið í heild sinni.

Þessi þróun endurspeglar þá breytingu sem er að verða í uppbyggingu á flugvöllum landsins þar sem verið er að leggja aukna áherslu á hvers konar tæknibúnað og flugöryggiskerfi eftir því sem mannvirkin verða fullkomnari. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að komið er að því að endurnýja þurfi slitlag á flugbrautum þeirra flugvalla sem fyrst var ráðist í að byggja upp í upphafi flugmálaáætlunar. Þessar endurbætur munu kalla á aukin framlög af flugmálaáætlun þegar fram líða stundir.

Í lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun, voru markaðir tveir tekjustofnar til framkvæmda í flugmálum, þ.e. flugvallargjald og eldsneytisgjald. Árið 1996 var fyrrgreindum lögum breytt þannig að tekjum af flugvallargjaldi mætti einnig ráðstafa til rekstrar flugvalla. Tekjur flugmálaáætlunar hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum í samræmi við aukna flutninga í flugi, einkum aukinn straum ferðamanna milli landa. Þannig er áætlað að á næsta ári verði alls 623 millj. kr. til ráðstöfunar sem auk tekna ársins 1998 innifelur 14 millj. kr. umframtekjur frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að tekjur flugmálaáætlunar muni enn aukast um 4% milli áranna 1998 og 1999 og um 3% milli ára eftir það. Alls er því gert ráð fyrir að 2.625 millj. kr. verði til ráðstöfunar á fjögurra ára tímabili flugmálaáætlunar. Þar af verði 1.486 millj. kr. eða 1,5 milljörðum kr. varið til framkvæmda og tækjakaupa á flugvöllum landsins utan Keflavíkurflugvallar, 297 millj. kr. til flugumferðar og flugleiðsögubúnaðar, 535 millj. kr. til rekstrar flugvalla og 307 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Framkvæmdaverkefni flugmálaáætlunar skipast í þrjá meginflokka: Framkvæmdaverkefni tengd einstökum flugvöllum. Framkvæmdir við flugumferðar- og flugleiðsögukerfi. Aðrar framkvæmdir á flugvöllum og kaup á tækjabúnaði.

Auk framangreindra verkefna fara 60 millj. kr. til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 1998 og nokkru hærri upphæðir næstu ár á eftir. Þá er gert ráð fyrir að á næsta ári fari 190 millj. kr. af ráðstöfunarfé flugmálaáætlunar til reksturs flugvalla, sem er sama upphæð og fer til þessa þáttar á yfirstandandi ári. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi upphæð lækki í 145 millj. kr. á árunum 1999 og í 100 millj. kr. á árunum 2000 og 2001. Verður nú gerð nokkur grein fyrir helstu framkvæmdum sem felast í fyrirliggjandi flugmálaáætlun.

Eins og áður er getið er helsta markmið framkvæmda á flugvöllum landsins nú einkum að ljúka gerð þeirra mannvirkja sem unnið hefur verið að á helstu áætlunarflugvöllum landsins á undanförnum árum og eru flest komin vel á veg. Jafnframt er lögð rík áhersla á að bæta aðflugs- og flugöryggisbúnað, ekki síst lýsingu og annan rafmagnsbúnað, svo sem raflagnakerfi og vararafstöðvar, en segja má að slík verkefni hafi setið á hakanum á undanförnum árum. Þá er gert ráð fyrir að hafist verði handa um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar sem er brýnt verkefni.

Verkefnin vegna flugvallarmannvirkja eru tvíþætt, flugbrautir og hlöð annars vegar og hins vegar byggingar. Eftirfarandi þættir falla undir liðinn flugbrautir og hlöð: Uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlöð, bílastæði og lóð. Í þessari tillögu að flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að verja 709 millj. kr. í þessi verkefni á fjögurra ára tímabili, þar af 534 millj. kr. vegna endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar.

Undir byggingarframkvæmdir á flugvöllum koma eftirfarandi þættir: Flugstöðvar og tæki, geymslur, sandgeymslur. Tillagan gerir ráð fyrir að til þessara verkefna verði varið 257 millj. kr., þar af 30 millj. kr. til undirbúnings byggingar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Af öðrum verkefnum á þessu sviði má geta endurbyggingar flugstöðvarinnar á Ísafirði sem verður lokið á næsta ári og endurbóta á flugstöðinni í Vestmannaeyjum, en fjárveitingar til þessara tveggja verkefna nema 85 millj. kr. á næstu tveimur árum.

Á sviði aðflugs- og flugöryggisbúnaðar á flugvöllum er einkum um að ræða flugvallarlýsingu og raforkukerfi. Alls er gert ráð fyrir að verja 166 millj. til þessa verkefnaflokks á áætlunartímabilinu. Meginmarkmið verkefna á sviði flugumferðar- og flugleiðsögukerfa er að stuðla að auknu flugöryggi, m.a. með því að færa sér í nyt nýjustu tækni á sviði upplýsingatækni, gervihnattaleiðsögu og gagnafjarskipta. Gott dæmi um þetta er nýtt aðflug að Hornafjarðarflugvelli með GPS-gervihnattakerfinu sem tekið verður í notkun á þessu hausti.

Verkefni á þessu sviði skiptast í eftirfarandi meginþætti: Flugumferðarstjórnarkerfi, flugupplýsingakerfi, gervihnattaleiðsögukerfi, sérhæfðan prófanabúnað, rannsóknarverkefni.

Til flugumferðarstjórnarkerfa er gert ráð fyrir að verja 80 millj. kr. á fjögurra ára tímabili til að standa við skuldbindingar við Alþjóðaflugmálastofnunina um þátttöku í framkvæmdum vegna alþjóðaflugþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að til annarra verkefna sem einkum eru vegna þjónustu við innanlandsflugið verði varið 217 millj kr. á tímabilinu.

Hér er um að ræða framkvæmdaverkefni við flugvelli aðra en áætlunarflugvelli og framlög til tækjasjóðs auk nokkurra fjármuna til kaupa á sérhæfðum tækjabúnaði, einkum slökkvibúnaði, sem ekki hefur verið ráðstafað til tiltekinna flugvalla.

Til flugvalla og lendingarstaða sem ekki er þjónað með áætlunarflugi er áætlað að verja 48 millj. kr. Um er að ræða 61 flugvöll og lendingarstaði, þar af 12 þjónustuflugvelli sem flestir voru áætlunarflugvellir fyrr á árum.

Stofnun tækjasjóðs er nýmæli sem gert er ráð fyrir að standi undir endurnýjun á þeim tækjabúnaði sem notaður er á flugvöllumn landsins, t.d. til snjóruðnings og brautarhreinsunar. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins verði 27 millj. kr. á fyrsta ári og hækki í 36 millj. kr. í lok tímabilsins.

Auk framangreindra verkefna er að venju gert ráð fyrir nokkru fjármagni til leiðréttingar og til að sinna brýnum verkefnum. Þessi liður hefur reynst afar mikilvægur til að hægt sé að sinna þörfum sem oft koma upp með skömmum fyrirvara. Þetta á ekki síst við nú eftir að sérleyfi hafa fallið niður á áætlunarflugleiðum innan lands og virk samkeppni flugfélaganna hefur hafist á mörgum flugleiðum.

Stjórnunarkostnaður Flugmálastjórnar vegna flugmálaáætlunar er vegna almennrar umsýslu en ekki síður vegna undirbúnings og stjórnunar framkvæmda. Því er gert ráð fyrir að þessi liður hækki nú í 15 millj. kr. sem er m.a. ætlað að mæta kröfum frá opinberum aðilum um aukna áherslu á áætlana- og skýrslugerð.

Á þeim áratug sem liðinn er síðan flugmálaáætlun kom til sögunnar hefur orðið gjörbylting í uppbyggingu íslenskra flugvalla. Nægir í því sambandi að nefna byggingu Egilsstaðaflugvallar og stórfelldar endurbætur á nánast öllum áætlunarflugvöllum landsins utan Reykjavíkur, uppsetningu flugleiðsögu- og fjarskiptakerfa og framlag Íslands til byggingar nýju flugstjórnarmiðstöðvarinnar.

Í fyrirliggjandi tillögu til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001 eru þó enn mörg brýn verkefni sem bíða úrlausnar í flugsamgöngukerfi landsins. Þetta má m.a. sjá af því hve fjármunir flugmálaáætlunar dreifast á mörg verkefnasvið sem hvert um sig mun hafa meiri þörf fyrir fjármagn en fram kemur í fjárveitingum til þeirra verkefna sem skilgreind eru í fskj. með þáltill. Í mörgum tilvikum er um að ræða lágmarksframkvæmdir sem aðeins ber að líta á sem fyrsta áfanga að settu marki. Ekkert bendir því til þess að fjárþörf til framkvæmda í flugmálum muni minnka á komandi árum, ekki síst þegar tekið er tillit til þeirra breytinga sem óheft samkeppni í innanlandsflugi hefur í för með sér. Jafnframt er ljóst að auknar alþjóðlegar og evrópskar kröfur á sviði flugöryggis gera það að verkum að við megum ekki vera eftirbátar annarra í uppbyggingu og viðhaldi þeirra mannvirkja sem mynda flugsamgöngukerfi landsins. Því er brýnt að ekki verði slakað á í þessum efnum á komandi árum.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og samgn.

[15:23]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001. Hér er um að ræða reglulega aðalendurskoðun flugmálaáætlunar, en seinasta tímabil flugmálaáætlunar náði yfir árin 1996–1999 og endurskoðun fer síðan fram á tveggja ára fresti. Reyndar fór það svo að í fyrra fór fram aukaendurskoðun flugmálaáætlunar fyrir það ár.

Á undanförnum árum hefur það mjög verið gagnrýnt að gjöld þau sem lögð eru á flugfarþega og innheimt við sölu flugfarseðla skuli ganga í stórauknum mæli til rekstrar Flugmálastjórnar í stað þess sem upphaflega var ráð fyrir gert, að fé þessu yrði öllu varið til fjárfestinga og til uppbyggingar flugvalla. Þegar regluleg aðalendurskoðun á flugmálaáætlun fór fram fyrir tveimur árum var gert ráð fyrir því að á árinu 1996 yrði um að ræða 190 millj. kr. framlag til rekstrarþarfa Flugmálastjórnar en síðan átti þetta framlag að fara lækkandi og vera 100 millj. þaðan í frá. Menn voru sem sagt huggaðir á því á sínum tíma að það yrði ekki nema þetta eina ár sem svona stór upphæð yrði ætluð til rekstrar en síðan færi það lækkandi sem ætlað yrði til rekstrar. En svo hefur þetta verið að breytast og þetta 190 millj. kr. framlag á hverju ári hefur haldið sér og þó að í flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999 væri gert ráð fyrir því að á árinu 1998 yrði einungis um að ræða 100 millj. kr. til rekstrar, þá sjáum við núna flugmálaáætlun þar sem talan er enn 190 millj. og á að vera á næsta ári 145 millj. og það er ekki fyrr en árið 2000 sem á að lækka þetta í 100 millj. þannig að þessu ýta menn stöðugt á undan sér og greinilegt er að ekki er mikill vilji til þess að leiðrétta það sem misgert hefur verið í þeim efnum.

Ég tel að hér sé verið að koma aftan að þeim sem mest þurfa að nota þessa þjónustu. Það var ekki ætlunin að þessu fé yrði varið til hins almenna rekstrar Flugmálastjórnar heldur átti að hraða framkvæmdum og fjárfestingum um allt land með þessu sérstaka flugvallargjaldi og ég tel það mjög miður farið að svo stórum hluta þessara tekna sé varið til hins almenna rekstrar.

Staðreyndin er sú að verkefnin sem sinna þarf eru gríðarleg á sviði flugmála. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um einstakar fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu árum enda verður tillagan til meðferðar í hv. samgn. En mér kemur ekkert á óvart þó að verulegum hluta þess fjár sem ætlað er til framkvæmda verði varið til uppbyggingar flugvallarins hér í Reykajvík sem vissulega er aðalflugvöllur landsins. Þetta er aðalinnanlandsflugvöllurinn, einnig varaflugvöllur fyrir millilandaflugið og ástand þessa flugvallar er mjög bágborið eins og margir þekkja. Menn minnast skýrslunnar sem Almenna verkfræðistofan sendi frá sér í marsmánuði 1995 þar sem gerð var úttekt á ástandi flugvallarins og nefndir valkostir um framkvæmdir, bent á mjög slæmt ástand flugbrautanna og auðvitað er þetta verkefni orðið afar brýnt og hefur dregist úr hófi fram. Ég tel að það sé landsmönnum öllum og ekkert síður fólki í fjarlægum byggðum landsins mjög brýnt að fá hér úrbætur og fá hér viðunandi innanlandsflugvöll.

Því er ekki að leyna að einnig á hinum smærri flugvöllum eru fjöldamörg óunnin verkefni og auðvitað gjalda þeir fyrir það að ekki skuli fást meira fé til fjárfestinga í flugmálum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en ítreka það sem ég hef hér sagt að eðlilegast væri að öllu fé sem inn kemur af því sem innheimt er af flugfarþegum sé varið til fjárfestinga og til endurbóta á flugvöllum eins og upphaflega

var ráð fyrir gert. Og sé það ekki gert finnst mér hitt þá koma alveg eins til greina að lækka þetta gjald og lækka þar með flugfargjöldin vegna þess að auðvitað er þetta gjald mikil byrði á flugfarþegum og auðvitað mundi þjónustan verða verulega miklu ódýrari ef þetta gjald lækkaði. Það að nota þetta gjald að stórum hluta til þess að laga fárhagsstöðu ríkisins er í engu samræmi við þau loforð sem gefin voru þegar gjaldið var á lagt.

[15:31]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir síðustu orð hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, um Reykjavíkurflugvöll. Það er ekki neinum vafa undirorpið að ástand flugvallarins jaðrar við hættumörk. Það hefur áður komið fram varðandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunar að hún setur ákveðin skilyrði og mælist til að notaðir séu ákveðnir staðlar fyrir þá flugvelli sem hún fylgist með og þá kemur í ljós að Reykjavíkurflugvöllur er á mörkum þess að hann sé nothæfur.

Á síðasta ári fóru nærri 400 þúsund farþegar um Reykjavíkurflugvöll og það má sjá hvílík umferð það er þegar bornir eru saman aðrir flugvellir í hinni dreifðu byggð og auðvitað þarf málið í heild sinni mikillar skoðunar við.

Í gegnum árin hefur framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll verið frestað æ ofan í æ og verður ekki við svo unað öllu lengur án þess að stórhætta skapist fyrir þann mikla fjölda sem um völlinn fer. Á næstu tveimur árum er gert ráð fyrir því í flugmálaáætlun, þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir, að verja vel á annað hundrað millj. til lagfæringar og til byggingar nýrra flugstöðva í hinni dreifðu byggð. Ég hef sagt áður að full ástæða er til að búa vel að farþegum úti á landi. Oftar en ekki gerist það því miður að flugi seinkar eða það breytist vegna veðurs og þá er eðlilegt að aðbúnaður þess fólks sem bíður eftir flugi sé allnokkuð góður.

Þegar litið er til þess sem nú stendur til varðandi Reykjavíkurflugvöll, að þar eigi að eyða 29 millj. á næsta ári til flugvallarins og áður hafði verið gert ráð fyrir því að á árinu 1998 mundu framkvæmdir hefjast við lagfæringu á flugvellinum, þá rekur mann í rogastans og fyllist ótta vegna þess að nú sé öryggi um 400 þúsund farþega sem eigi eftir að fara um flugvöllinn á næsta ári stefnt í voða.

Ég spurði hæstv. samgrh. í fyrirspurnatíma ekki fyrir löngu hvað hann hygðist gera varðandi þetta mál og benti þá á að ekki væri óeðlilegt að hann mundi beita sér fyrir því að samþykki hins háa Alþingis fengist fyrir sérstakri heimild honum til handa að taka framkvæmdalán svo að hægt væri að hefja framkvæmdir fljótlega á næsta ári, þar sem svo mikil nauðsyn er á að lagfæra Reykjavíkurflugvöll. Hann kom ekki inn á svör í því sambandi en taldi þó að þar sem flugmálaáætlun væri nú ekki endanlega fram komin, að hann gæti ekki efnislega rætt þessi mál. En vonandi er það hægt á þessari stundu vegna þess að það þurfa að koma fram skýr svör um hvort meiningin sé og alvara hjá hæstv. samgrh. að til Reykjavíkurflugvallar falli aðeins 29 millj. kr. á árinu 1998. Það er gjörsamlega óviðunandi. Ég trúi því ekki öðru en hér verði miklar breytingar á og vænti þess að í hv. samgn. verði brugðið til þeirrar áttar að breyta þessum tölum.

Eins og ég kom inn á áðan er Reykjavíkurflugvöllur mjög varasamur samkvæmt staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Ég gat þess í umræðunni að flugvöllurinn væri mjög hættulegur í miklum rigningum þegar flugvélar væru að lenda. Fjölmargir aðilar sem starfa við flug á Reykjavíkurflugvelli, bæði flugmenn og starfsmenn Reykjavíkurflugvallar, höfðu samband við mig og þótti ástæða til þess að benda mér sérstaklega á að í miklum rigningum væri völlurinn ekki síður hættulegur í flugtaki vegna þess að þá situr svo mikið vatn á vellinum að það er stundum á mörkum þess að hægt sé að hefja flugvél á loft.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín mikið lengri, virðulegi forseti, en ég vænti þess að hæstv. samgrh. komi hér með afgerandi svör. Mun hann beita sér fyrir því að afla heimildar innan hins háa Alþingis til þess að taka framkvæmdalán svo hægt verði að hefja framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli fljótlega á næsta ári? Og þá bendi ég enn og aftur og í þriðja sinn á þann öryggisþátt sem nauðsynlegur er með tilliti til þess að 400 þúsund manns fara um þennan flugvöll sem hefur verið vanhirtur áratugum saman.

[15:37]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Málefni Reykjavíkurflugvallar eru í þeirri stöðu að skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar hefur enn ekki afgreitt frá sér hvernig endurbótum á Reykjavíkurflugvelli skuli háttað, hvar flugstöðin skuli vera og þar fram eftir götunum. Skipulag Reykjavíkur er núna í vinnslu og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að það geti legið fyrir áður en hægt er að bjóða út framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli.

Ég vil einnig taka fram í þessu sambandi að auðvitað er flugvöllurinn orðinn gamall og slitinn og lúinn, en reynt er að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hann sé ekki hættulegur með lagfæringum, endurbótum, viðgerðum og einnig ef náttúrlega þannig viðrar, þá er tekið tillit til þess.

Að síðustu vil ég segja að það er í athugun og vinnslu hvernig staðið skuli að útboði og rekstri á Reykjavíkurflugvelli og liggur ekki fyrir. En eins og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er hugsuð er gert ráð fyrir því að verkið verði boðið út á síðari hluta næsta árs og síðan hægt að vinna það á tveim næstu árum. En eins og sakir standa núna, hefur málið sem sagt ekki verið afgreitt úr skipulagsnefnd Reykjavíkur.

[15:39]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. kom inn á þau skipulagsmál sem snúa að stjórnendum Reykjavíkurborgar og getur þess að þar sem þau mál liggja ekki ljós fyrir sé ekki hægt að hefjast handa, en kemur síðan inn á að það sé samt sem áður ákvörðun ríkisstjórnarinnar að vinna svo að útboðsgögnum að hægt verði að hefjast handa við framkvæmd Reykjavíkurflugvallar árið 1999. Það var akkúrat þetta sem ég óttaðist, að þetta væri raunverulega löngu fyrir fram ákveðið og skipti þá engu máli hver afstaða Reykjavíkurborgar er eða alla vega að það liggur ekki svo á henni. En það einmitt kannski ástæðulaust að vera að skjóta sér á bak við mál sem snúa að Reykjavíkurborg, hvort sem menn vilja kalla það seinagang eða hvað, það skiptir ekki máli. Jafnvel ef til væru fjármunir til þess að ráðast í framkvæmdir á morgun, þá er hægt að hefja framkvæmdir og lagfæringar á flugbrautum sem ekki er deilt um hvernig eigi að liggja þannig að málið er ekki alvont hvað snýr að borgaryfirvöldum.

Hitt er alvarlegra mál og það er það sem kom fram í máli hæstv. samgrh., að það er hvorki vilji né ætlan að hefja framkvæmdir við lagfæringu á flugbrautum Reykjavíkurflugvallar fyrr en á árinu 1999, og það er mjög alvarlegt mál.

Ég verð að segja, hæstv. samgrh., að ég vil ekki deila ábyrgðinni með ráðuneyti samgöngumála vegna þeirra öryggisþátta sem snúa að 400 þúsund farþegum sem eiga eftir að fara um Reykjavíkurflugvöll á næsta ári. Ég trúi ekki öðru en tekið verði á þessu máli og hafist handa þegar á næsta ári við lagfæringar á Reykjavíkurflugvelli.

[15:41]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú nýtt fyrir mér ef hægt er að skamma mig fyrir að verk skuli ekki boðið út sem ekki er tilbúið til útboðs. Málið hefur ekki verið afgreitt í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar. Það er kjarni málsins.

Ég vil í annan stað segja að ef hv. þm. er þeirrar skoðunar sem hann lýsti hér varðandi ástand flugvallarins, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að það mál sé athugað nánar. Hv. þm. á sæti í flugráði og ég hygg að óhjákvæmilegt sé að við athugum það mál nánar og eigum samræður um það og hann skýri viðhorf sín betur en rétt er að gera hér við þetta tækifæri.

[15:42]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg tilbúinn til að hitta hæstv. samgrh. sem einn af flugráðsmönnum og ræða við hann. Ég taldi þó að ekki væri ástæða til með tilliti til þess sem þegar liggur fyrir, þ.e. skýrslu Flugmálastjórnar sem var unnin árið 1995 um ástand flugbrauta, akbrauta og flughlaða þar sem fram kemur að standard Reykjavíkurflugvallar er á mörkum þess sem Alþjóðaflugmálastofnunin gerir kröfu til um öryggisstuðul, þannig að það þarf ekki í sjálfu sér að tala við mig sem flugráðsmann. En ég er alveg tilbúinn til þess að hitta samgrh. þegar hann óskar þess og ég vænti þess að aðrir aðilar í flugráði séu tilbúnir til þess.

Einhvern veginn kemur þetta nú þannig út eins og eitthvert sambandsleysi sé á milli hæstv. samgrh. og flugráðs. Svo er ekki. Þessi skýrsla liggur í hans höndum og hjá hans ágæta starfsfólki í samgrn. Ég held að það sem þurfi að gera hér sé að stilla saman strengina vegna þess sem ég gat hér um áðan, vegna öryggisþáttarins, vegna 400 þúsund farþega sem eiga eftir að leggja leið sína um Reykjavíkurflugvöll á næsta ári. Þetta er ekkert smámál. Ég er tilbúinn, hvort sem er að degi eða nóttu, hæstv. samgrh., að hitta þig í ráðuneytinu með ágætum flugráðsmönnum og ég trúi ekki öðru en sameiginlega getum við leyst þetta mál og fengið einhvers staðar fjármagn til þess að hefja framkvæmdir ekki síðar en á miðju næsta ári.

[15:44]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs út af málefnum Reykjavíkurflugvallar. Ég vil segja í fyrsta lagi að mér finnst mjög athyglisvert að hlusta á þau orðaskipti sem fóru fram á milli hv. 10. þm. Reykv., sem jafnframt á sæti í flugráði, og hæstv. samgrh.

Staðreyndin er sú að það væri hægt, hvað sem deiliskipulaginu líður, að hefjast handa um framkvæmdir við endurbætur á flugvellinum strax í dag og það var niðurstaða af fundi sem borgaryfirvöld hafa m.a. átt með Flugmálastjórn fyrir ekki mörgum dögum þannig að það er fyrirsláttur að bera við skorti á deiluskipulagi sem auk þess er verið að ganga frá. Það er hreinn fyrirsláttur og það er rangt sem stendur í greinargerð frv. um þau efni. Það er beinlínis rangt.

Af hverju er ekki hægt að hefjast handa núna? Það er vegna þess að það er ágreiningur á milli Flugmálastjórnar annars vegar og borgaryfirvalda í Reykjavík hins vegar um eina tiltekna flugbraut sem er hluti af þessu verki og það mætti hugsa sér að það yrði farið í aðra þætti þess, burt séð frá þessum ágreiningi. Um hvað er ágreiningurinn og er hann nýr? Svarið er: Hann er gamall þessi ágreiningur og er búinn að vera við borgaryfirvöld um margra ára ef ekki áratuga skeið eins og ég veit að hv. 10. þm. Reykv. þekkir vel sem fyrrverandi borgarfulltrúi.

Hér um að ræða braut sem kölluð er braut 07/25 og er brautin sem er þannig að aðflug að henni liggur yfir Norðurmýrina og Landspítalann. Það hefur alltaf verið skoðun borgaryfirvalda, hvort sem það er núverandi meiri hluti eða fyrrverandi meiri hluti, að það væri óeðlilegt að hafa þessa braut eins sem hún hefur verið. Flugleiðir hafa aftur á móti haldið því fram að þessi braut væri óhjákvæmileg vegna aðstæðna í ákveðnum vindáttum og vegna þess að það er auðvitað þannig að ef hún væri ekki til þá yrði að nota braut annars staðar og þá væntanlega í Keflavík. Snúningspunkturinn í þessu máli er um það hvort samgrn. hefur átt viðræður við utanrrn. um að sú braut sem um er að ræða á Keflavíkurflugvelli sem varabraut tæki við af braut 07/25. Um það snýst málið efnislega. Hér er um að ræða örfáar milljónir króna og engan veginn eins stóra upphæð og menn gætu ímyndað sér. Ég hef heyrt að upphæðin sé talsvert innan við 10 millj. kr. sem það mundi kosta að gera endurbætur á Keflavíkurflugvelli til að þjóna því flugi sem ella mundi í undantekningartilfellum nota þessa braut 07/25 þar sem um er að ræða aðflug yfir Landspítalann og Norðurmýrina. Og hér er ekki um það að ræða að það þýði fyrir hæstv. samgrh. að ætla sér að setja á einhverjar deilur við núverandi meiri hluta í Reykjavík. Hér er um að ræða samstöðu allra flokka í stjórn Reykjavíkurborgar sem hefur verið um mjög margra ára skeið, eins lengi og ég man eftir í sambandi við stjórn Reykjavíkurborgar.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. samgrh. að því sem mér finnst kannski vera aðalatriðið: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir þeim viðræðum við utanrrn. að tekin verði í notkun flugbraut á Keflavíkurflugvelli sem kæmi í staðinn fyrir braut 07/25? Um það snýst deilan á milli borgaryfirvalda, það er alveg rétt, og sérstaklega Flugleiða í þessu sambandi. En samgrn. er auðvitað fyrst og fremst samgönguráðuneyti allra landsmanna í máli af þessu tagi og hlýtur að horfa á hlutina þannig. Ég vil því í allri vinsemd spyrja hæstv. samgrh.: Hefur hann hafið viðræður við utanrrn. í þessu efni til þess að losa Reykjavíkurflugvöll við þessa flugtraffík, sem er þyrnir í augum borgaryfirvalda af öryggisástæðum og fleiri ástæðum sem ég hef að nokkru leyti rakið hér en ætla ekki að fara nánar út í því það er óþarfi?

Ég vil síðan spyrja hæstv. samgrh. í öðru lagi: Er það skoðun hans að deiliskipulagið ráði úrslitum í þessu máli? Ef það er bara deiliskipulagið þá held ég að málið liggi þannig að það geti verið til hvenær sem er núna næstu vikur. Ég held reyndar að það skipti engu máli í þessu dæmi en segjum að það sé það sem hindrar. Ef það lægi fyrir, væri ráðherrann þá tilbúinn til þess að tryggja það að fjármunir færu í Reykjavíkurflugvöll á næsta ári? Er hann tilbúinn til að lýsa því yfir að hann vilji, að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum, tryggja að fjármunir fáist í Reykjavíkurflugvöll á árinu 1998? Það er auðvitað algerlega óþolandi að setja hlutina upp gagnvart þessari framkvæmd eins og oft hefur

verið gert á undanförnum árum. Mér finnst satt að segja að flugmálayfirvöld í landinu þurfi að hafa víðari sýn en mér finnst þau stundum hafa. Ég er í sjálfu sér ekki endilega að telja að það fólk sem fer um Reykjavíkurflugvöll ráði öllu í þessu sambandi, mér finnst bara að menn eigi að hafa sanngjarna heildaryfirsýn yfir málin og mér finnst ekki að það sé hlutverk flugmálayfirvalda að standa í deilum við borgaryfirvöld um svona mál. Hér er um faglegt úrlausnarefni að ræða og flugmálayfirvöld hafa það hlutverk að raða verkefnum upp í forgangsröð eftir faglegri niðurstöðu. Það er síðan ráðherrans að taka hina pólitísku ákvörðun í málinu. Og ég hef engin fagleg rök séð frá Flugmálastjórn fyrir því að standa að málum eins og verið er að tala um hér. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs, herra forseti, og nota um leið tækifærið til að taka eindregið undir þær áskoranir sem fram komu í þessum efnum frá hv. 10. þm. Reykv.

[15:50]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá lítur skipulagsstjóri ríkisins svo á að deiliskipulag verði að liggja fyrir áður en verk er boðið út. Þar að auki er það nauðsynlegt af hagkvæmnisástæðum og til þess að hægt sé að standa rétt að útboðinu. Það er ástæðulaust að draga það á langinn og raunar óskiljanlegt hvers vegna það eigi að vera sérstakt kappsmál að deiliskipulag skuli ekki afgreitt.

Í annan stað vil ég segja að sú flugbraut sem hér hefur verið talað um hefur verið talin nauðsynleg vegna flugöryggis. Það er einnig talið mjög æskilegt fyrir þá sem fljúga til landsins og frá, ekki aðeins fyrir flugrekendur heldur líka þá sem þurfa að komast leiðar sinnar — farþegana, bæði Reykvíkinga og fólk utan af landi sem þarf að fara til Reykjavíkur — að hægt sé að lenda flugvélum á þessari braut. Það er ekki oft á ári sem til þess kemur, mér skilst að það kunni að vera 10–12 dagar, þó kannski ekki allan daginn, en auðvitað er það eitthvað mismunandi frá ári til árs. Ég hygg að nauðsynlegt sé að reyna að ná samkomulagi um að hægt sé að halda þessari braut opinni í framtíðinni, bæði vegna flugöryggis og til þægindaauka fyrir þá sem fljúga og líka vegna þess að það sparar tíma og er ódýrara.

[15:52]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta fróðleg ræða hjá hæstv. samgrh. Það er greinilega hans mat að það þjóni betur flugöryggi, það er hans niðurstaða, að halda í þessa braut, að halda í þessa umdeildu braut. Þar með er hann að hafna þeim öryggiskröfum sem borgaryfirvöld í Reykjavík gera. Þau hafa bent á að það sé varasamt að hafa fluglínu yfir Landspítalann og Norðurmýrina eins og þarna er um að ræða. Þau hafa bent á að í staðinn sé hægt að nýta sér í undantekningartilvikum flugbraut á Keflavíkurflugvelli. Það er greinilegt að samgrh. hafnar þessum öryggiskröfum borgaryfirvalda varðandi lendingar alls sjö til tíu sinnum á ári eða svo. En þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er þetta skoðun Flugmálastjórnar? Er það skoðun Flugmálastjórnar að það verði að halda þessari braut 07/25? Það er mjög athyglisvert ef það er fagleg niðurstaða Flugmálastjórnar sem á auðvitað að horfa á hlutina út frá almennum faglegum forsendum en ekki einhverjum pólitískum áherslum sem ráðherrann kann að hafa í það skipti. Og ég fullyrði, í öðru lagi, að það að deiliskipulag sé ekki til í þessu máli skiptir engu varðandi framkvæmdirnar. Það sem skiptir máli er það að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja ekki peninga í þessar framkvæmdir 1998. Það er forgangsröð ráðherrans sem ræður því en ekki deiliskipulag Reykjavíkur vegna þess að það breytir engu í þessu máli og að því er ég best veit þá hljóta flugmálayfirvöld að sjá það líka.

[15:54]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað geta blandast saman fagleg sjónarmið og pólitísk sjónarmið. Sumir eru þeirrar skoðunar að það skipti svo sem engu máli þó að Reykjavíkurflugvöllur sé lokaður svo og svo oft og farþegum beint til Keflavíkurflugvallar. Það eru þeir sem lítið nota flugið. Ég á hinn bóginn nota það mikið og má kannski segja að ég sé eigingjarn af þeim sökum. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að nauðsynlegt sé að braut sem liggur í þá átt sem þessi braut liggur sé opin. Engin slík braut er nú á Keflavíkurflugvelli og þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt af flugöryggisástæðum að þessi braut sé til reiðu á Reykjavíkurflugvelli.

[15:55]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek spurningu mína frá í ræðu minni og öðru andsvari, en hæstv. ráðherra getur þá svarað henni síðar í umræðunni. Hún er þessi: Hefur hann farið í viðræður við utanrrn. um að gerðar verði breytingar á Keflavíkurflugvelli þannig að þær gætu í undantekningartilvikum tekið við því flugi sem fer ella á þessa braut? (**Samgrh.**: Það hef ég ekki gert.)

[15:56]

**Ásta R. Jóhannesdóttir**:

Herra forseti. Hér er komið að árvissri umræðu um flugmálaáætlun og um leið um Reykjavíkurflugvöll. Maður veltir því fyrir sér hvað það hafi upp á sig að vera að ræða málefni flugvallarins. Það virðist vera sama hvað sett er fram í þál. um flugmálaáætlun, þegar koma á að framkvæmdum þá er búið að breyta öllum áætlunum. Og nú þegar þessi flugmálaáætlun kemur hér fram þá er enn búið að fresta framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Auðvitað er það algjört ábyrgðarleysi af hæstv. ráðherra að ætla að fresta framkvæmdum á flugvellinum eins og ástandið er nú á þeim flugbrautum sem þar eru.

Í fskj. með flugmálaáætlun er birtur kafli úr skýrslu sem Flugmálastjórn lét vinna um ástand flugbrauta, akbrauta og flughlaða, skýrslu sem kom út í mars 1995. Þessar niðurstöður hafa komið hér til umræðu nokkrum sinnum og menn hafa varað við því að láta þetta ástand ríkja áfram á flugvellinum. Ég vil minna á það — ég held að það hafi bara verið í sumar — að slys varð vegna þess hvernig ástandið á brautunum er, vegna þess að þarna er allt í óstandi. Flugvöllurinn er stórhættulegur í rigningum. Það er hættulegt að lenda eins og kom hér fram hjá þeim þingmönnum sem hafa talað á undan mér og það er ekki hægt að una við það, hvorki Reykvíkingar né aðrir landsmenn, að aðalflugvöllur landsmanna sem 400 þúsund manns fara um árlega sé lokaður 10–12 daga á ári vegna þess hvernig ástandið þar er. Og ef hæstv. ráðherra man ekki eftir þessu flugslysi sem ég er að vitna í þá var það þegar hér var keppni í flugi og erlendir flugmenn sem ætluðu í keppnina lentu á vellinum og eyðilögðu flugvélina sína. Sem betur fer varð ekki neinn mannskaði en þarna varð fjárhagslegt tjón.

Ég vil líka mótmæla því að hæstv. ráðherra noti það sem rök í málinu að fresta framkvæmdum að ekki sé búið að samþykkja deiliskipulag fyrir Reykjavík. Það er algjört aukaatriði í þessu máli. Það hefur því miður komið fram í

þessari umræðu að það er ekki vilji hjá hæstv. ráðherra til að gera neinar lagfæringar á Reykjavíkurflugvelli. Viljann vantar.

Ég ætla ekki að hafa ræðu mína um flugmálaáætlunina langa að þessu sinni. Ég á kost á því að koma að henni í samgn. og mun gera það. En ég gat ekki staðist það að koma hér upp og mótmæla þessum niðurskurði á Reykjavíkurflugvelli enn eina ferðina og ég trúi því ekki að ekki verði tekið á því máli. Ég trúi því ekki að þetta verði látið fara svona í gegn og að þingið muni samþykkja flugmálaáætlun með þessum niðurskurði, með þessum smánarlegu fjárveitingum til framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli. Þetta er stórmál fyrir alla landsbyggðina. Þetta er ekki eingöngu málefni Reykjavíkur. Það er málefni okkar Íslendinga allra að þokkalegt ástand sé á vellinum. Og það er stórhættulegt að vera að draga lappirnar í þessu máli. Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að ég kæri mig ekki um að taka þátt í þeirri ábyrgð ef eitthvað kemur fyrir þarna á vellinum. Ábyrgðin er öll hjá hæstv. samgrh., það er hann sem vill ekki taka á þessu máli.

Ég mun koma að málefnum flugvallarins í samgn. og síðan við síðari umr. um flugmálaáætlun en treysti því að þingmenn muni beita sér fyrir því að þarna verði gerð bragarbót á.

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það lætur nærri að saga flugmálaáætlunar á grundvelli sérstakra tekna sé tíu ára um þessar mundir. Það var nálægt árinu 1987 sem lög voru sett um tekjuöflun til flugmála ef ég man rétt og flugmálaáætlun fór af stað. Því verður ekki á móti mælt að þessi áætlun og þær tekjur sem henni hafa verið samfara hafa skilað mjög miklum framförum hvað varðar aðstæður til áætlunarflugs í landinu og almenns flugs. Þó vantar nokkuð upp á að lokið sé því verkefni að ljúka uppbyggingu flugvalla og flugvallarmannvirkja og koma því öllu í fullnægjandi gott horf eins og áætlunin reyndar gerði ráð fyrir að tækist á um það bil tíu árum.

Það sem aðallega hefur farið úrskeiðis í þeim efnum er tvennt. Annars vegar hefur verkefnum verið bætt inn á flugmálaáætlunina sem ekki var gert ráð fyrir að yrðu fjármögnuð af henni á sínum tíma. Þá var gert ráð fyrir að framkvæmdir eins og við flugbraut á Egilsstöðum yrðu sérverkefni. Þá var ekki gert ráð fyrir því að bygging vegna alþjóðaflugþjónustunnar yrði kostuð af flugmálaáætlun og reyndar var heldur ekki gert ráð fyrir því að flugbraut í Reykjavík yrði kostuð af flugmálaáætlun heldur að þetta yrðu allt saman sérverkefni. Hefði flugmálaáætlunin heil og óskipt runnið til uppbyggingar almennra flugvallarmannvirkja, þá er lítill vafi á því að þessu verkefni væri því sem næst lokið.

Sömuleiðis, herra forseti, hefur nú allra síðustu árin því miður verið gripið til þess ólánsúrræðis að skerða hinar mörkuðu tekjur og ráðstafa þeim í raun og veru í ríkissjóð. Það er að vísu látið heita svo að þetta renni til að kosta að hluta til rekstur flugvalla eða rekstrarútgjöld Flugmálastjórnar sem áður voru greidd úr ríkissjóði og gildir þá einu hvort bókhaldslega sé þetta merkt fluginu. Í reynd er þarna á ferðinni skerðing á sértekjum flugmálaáætlunar. Þeirra var aflað og er aflað með álagningu sérstakra gjalda á flugfarþega og flugrekendur sem lögð voru á með flugmálaáætluninni á sínum tíma 1987.

Það er ástæða, herra forseti, til að rifja þetta upp, hvort heldur það er rætt í samhengi við almenna stöðu framkvæmda í þessum efnum eða einstök verkefni eins og úrbætur á Reykjavíkurflugvelli.

Þetta er, herra forseti, því miður mjög dapurlegt og ég verð að segja eins og er að það að þessi tala skuli nú fyrir árið 1998 eiga að verða 190 millj. kr. er mikið umhugsunarefni. Ég man eftir áflogum hér á þingi, ekki í bókstaflegri merkingu þó en þó nokkrum átökum, um tillögur til að skerða þessar mörkuðu tekjur um 75 millj. sem fékkst þá eftir nokkuð harða sennu hér lækkað niður í 30 millj. En síðan hefur þetta á líklega tveimur eða þremur árum rokið tiltölulega hægt og hljótt upp í 190 millj. sem er áætlað að þetta verði á næsta ári sem verður varið af mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar í annað en þau lög gera ráð fyrir.

Þá er ástæða, herra forseti, til að rifja upp og hafa í huga hver er grundvöllur þessarar tekjuöflunar. Jú, það eru álögur á flugfargjöld og það eru álögur á flugrekendur sem valda auðvitað meiri kostnaði við áætlunarflugið. Ég held, herra forseti, að þetta sé einhver allra óheppilegasti og vitlausasti skattstofn sem lengi hefur verið fundinn upp vegna þess að fargjöld í áætlunarflugi innan lands eru auðvitað óheyrilega há og þar af leiðandi eru þessar álögur skattur á þessi dýru fargjöld. Það er mikið umhugsunarefni þegar svo er komið að þeim er ráðstafað að þetta miklu leyti í ríkissjóð og koma í staðinn fyrir almennar skatttekjur ríkissjóðs en ekki til þeirrar uppbyggingar í flugmálum sem ætlunin var. Og ég spyr mig að því, herra forseti, hvort ekki sé þá ósköp einfaldlega skynsamlegra að lækka þessar álögur. Horfast í augu við að það sé ekki pólitískur vilji til að ráðstafa öllu þessu fé til framkvæmda í flugmálum en lækka þá þessar álögur þannig að fargjöldin geti lækkað, fleiri geti notað flugið sem mætti síðan verða til þess að því verði haldið úti á mörgum stöðum sem standa núna frammi fyrir því að það er ekki lengur grundvöllur fyrir áætlunarflugi þangað.

Þetta vildi ég í öðru lagi, herra forseti, gera hér lítillega að umtalsefni, það er ósköp einfaldlega vandi flugsins. Það er ekki nema von og þótt fyrr hefði verið að áætlunarflug við þær sérstöku aðstæður sem eru á Íslandi, fámenni í stóru og strjálbýlu landi, eigi í erfiðleikum og það er auðvitað það sem er að gerast núna á fjölmörgum stöðum að grundvöllurinn undir áætlunarflugi er að bresta. Þá sitja fjölmörg byggðarlög, þar með talið afskekkt byggðarlög, uppi með það að þangað eru engar almenningssamgöngur vegna þess að á Íslandi hefur sú sérstaða verið að flugið hefur í stórum stíl verið einu almenningssamgöngurnar sem fólk hefur átt aðgang að. Það er ekki áætlunarferðum á landi til að dreifa á stórum svæðum á landinu þannig að um leið og flugið brestur, þá bresta einu almenningssamgöngurnar sem fyrir hendi eru.

Þetta er mjög alvarlegt mál, herra forseti, og ég hefði talið að það væri ástæða til þess að hæstv. samgrh. gerði Alþingi grein fyrir því hvar þessi mál eru á vegi stödd, bæði þær breytingar sem orðið hafa undanfarin nokkur ár og þær breytingar sem eru í farvatninu t.d. á þessum vetri á norðausturhorni landsins.

Einn þáttur sem hér hefur áhrif er einkavæðingin á Pósti og síma og svo ákvörðun Pósts og síma eða póstsins að hætta að nota áætlunarflugið til fjölmargra staða til að dreifa pósti. Þar með minnka tekjurnar og grundvöllurinn verður enn síður fyrir hendi fyrir áætlunarfluginu. Þetta er auðvitað arfavitlaust út frá þjóðhagslegum hagsmunum séð, arfavitlaust að það skuli ekki vera hægt að samnýta þessar einustu skipulögðu almenningssamgöngur og áætlunarsamgöngur

sem eru inn í byggðarlögin. En það er ekki hægt. Einn vill gera þetta svona og annar hinsegin og það má engu stjórna nú til dags í hinu yndislega frelsi sem menn verða að taka á sig eins og hverjar aðrar náttúruhamfarir sem yfir þá dynja, hvort sem það eru skertar samgöngur á sjó eða landi sem koma í kjölfar frelsisins.

Varðandi stöðuna í framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli, þá er auðvitað ófremdarástand hvað varðar það mannvirki og löngu tímabært að taka á því. Það er ljóst að um langa framtíð a.m.k. verður miðstöð innanlandsflugsins frá Reykjavík og ég held að það verði þar af leiðandi að ráðast í framkvæmdir til þess að það geti farið fram við fullnægjandi aðstæður. En auðvitað þarf líka að marka Reykjavíkurflugvelli skýrt hlutverk. Ég tel að það sé löngu tímabært að einkaflug og leiguflug fari frá Reykjavíkurflugvelli eins mikið og mögulegt er og sá flugvöllur verði fyrst og fremst miðstöð fyrir áætlunarflug innan lands, áætlunarflug og leiguflug innan lands og kannski það flug sem flugrekendur kjósa að reka héðan til nágrannalandanna, Grænlands, Færeyja og að einhverju leyti til Skotlands og Bretlandseyja. Og það væri auðvitað nærtækast, herra forseti, að benda á liðinn „Til reksturs flugvalla" upp á 190 millj. kr. sem á að fara af flugmálaáætlun í ríkissjóð, lækka hann, draga úr þessari skerðingu á mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar og ráðstafa því í brýnar framkvæmdir, þar með talið að hefja framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli. Það er alveg borðleggjandi, það er tæknilega ákaflega einfalt ef meiri hlutinn á Alþingi vill gera þá breytingu á áherslu í flugmálum og ríkisfjármálum að láta minna renna í ríkissjóð og meira til framkvæmda, þá geta brýnar framkvæmdir eins og t.d. þær að hefjast handa á Reykjavíkurflugvelli komist af stað. En reyndar minni ég á að í almennum flugframkvæmdum víða á landinu eru líka mjög þörf og brýn verkefni sem ekki fá fullnægjandi úrlausn í þessari flugmálaáætlun.

[16:10]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Flugvallarskatturinn hér innan lands er 165 kr. Ég skal ekki segja hvenær hann var síðast hækkaður. Ég man satt að segja ekki hvort það var kannski einu eða tveimur árum eftir að ég varð samgrh. Það hefur ekki verið síðustu fimm eða sex árin. Svo mikið get ég fullyrt, en það er kannski ekki kjarni málsins heldur.

Í annan stað vil ég segja að það munar ekki ógnarlega mikið um þann flugvallarskatt þegar við höfum það líka í huga að aðrar hækkanir fyrir þjónustu á innanlandsflugvöllum hafa ekki orðið lengi. Það hefur verið reynt að hlífa innanlandsfluginu, enda hefur það verið rekið með tapi. Og ég vil nú ekki segja að það sé ógnarlega dýrt eins og nú er komið eftir að flugið varð frjálst.

Ég vil jafnframt segja vegna fyrirspurnar þingmanns um þá staði sem ekki er lengur ekið eða flogið til að samkomulag hefur tekist um það milli póstsins og Björns Sigurðssonar sérleyfishafa á Húsavík að aka fimm sinnum í viku frá Akureyri til Þórshafnar, fram og til baka, en á hinn bóginn eru horfur á að flug leggist niður til Raufarhafnar og Kópaskers eins og hv. þm. veit. Að öðru leyti eru umræður um þessi mál við flugrekstraraðila og aðra, sem m.a. koma að formaður fjárln. og fleiri með samgrn.

[16:12]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Það kann að vera að farþegaskatturinn eða flugvallargjaldið á flugfarseðla innan lands sé ekki ýkja há upphæð í krónum talið en safnast þegar saman kemur og allt leggst þetta saman þegar eldsneytisgjöldin, lendingargjöldin, loftferðaeftirlitsgjöld o.s.frv. eru lögð saman. Þá er þetta auðvitað talsverð gjaldtaka á flugrekendurna. Og hverjir borga það nema notendurnir? Það er því að sjálfsögðu eingöngu fyrirkomulagsatriði í raun hvort skatturinn er tekinn í gegnum beinar álögur á flugfarseðlana eða hvort hann birtist mönnum í formi útgjalda hjá flugrekendum sem þeir geta að sjálfsögðu ekkert annað gert við en að velta út í verðlagið hjá sér. Þetta veit ég að hæstv. samgrh., sem ber þó nokkurt skynbragð á bókhald, skilur.

Varðandi það að flugið sé ekki óeðlilega dýrt eftir að frelsið hóf innreið sína, þá er ég nú ekki sammála hæstv. ráðherra. Flug er af eðlilegum ástæðum mjög dýrt við aðstæður eins og þær sem hér eru. Þegar komið er út á minni og fáfarnari staðina og þangað sem flugleiðirnar eru lengri, þá er það eðlilegasti hlutur í heimi að flugið sé dýrt. Ef við lítum til þess hvað flugfargjöld kosta í öðrum löndum sem helst eru sambærileg, eins og Grænland og Noregur, þá er verðið þar geysilega hátt. Munurinn er fyrst og fremst sá að þar eru miklir styrkir settir í flugið til þess að tryggja þjónustuna og halda verðinu hóflegu. Í Noregi gerir ríkið rammasamninga til þriggja, fjögurra ára í senn við flugfélögin Braathens og Wideröe um tiltekna þjónustu, tiltekið framboð á sætiskílómetrum og þar þykir það sjálfsagðasti hlutur í heimi að umtalsverðir styrkir séu settir til þess að halda þessum samgöngum uppi. Og það eigum við auðvitað að gera hér frekar en að horfa á þessa þjónustu leggjast af þannig að þessar almenningssamgöngur verði fyrir hendi og það öryggi sem þeim er samfara. Með því að áætlunarflugið hverfur, þá hverfur e.t.v. þjónustan á flugvöllunum og þá hverfur það öryggi sem sjúkraflug allan sólarhringinn hefur verið þessum byggðarlögum hvað heilbrigðismál snertir. Hér er því margt undir og ég skora á hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að vinna ötullega að því að staða flugsins, sem er um margt óljós um þessar mundir, verði tekin til skoðunar.

[16:14]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Flugmálaáætlun er eins og venjulega mjög eftirtektarvert plagg. Komið hefur fram að hún hefur tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum, nýir liðir að koma inn sem ekki var í upphafi gert ráð fyrir að kæmu inn í flugmálaáætlun yfirleitt.

Þar ber að nefna Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún er nú í annað sinn á framlögum og þau fara vaxandi samkvæmt þessari áætlun, verða 60 millj. á næsta ári og verða komin upp í 92 millj. kr. árið 2001. Það stóð dálítill styr um það þegar þessi áætlun gerði ráð fyrir framlögum til Leifsstöðvar á sínum tíma vegna þess að það var talið taka fé frá öðrum völlum. Auðvitað er það rétt röksemd að þegar tekið er af áætlun í nýja velli þá hlýtur það að koma einhvers staðar annars staðar niður. Eigi að síður hafa menn þó fallist á þá röksemd að sá völlur sem skapar langmestar tekjur flugmálaáætlunar er Keflavíkurflugvöllur sem hefur síðan í raun verið sveltur af því fjármagni sem þaðan hefur komið og flugstöðin sem slík setið uppi með skuldir og mörg vandamál óleyst. Þetta er að sjálfsögðu bara dropi til að mæta öllum þeim vanda, en er þó skref í rétta átt.

Reykjavíkurflugvöllur hefur verið mjög til umræðu og er það að sjálfsögðu eðlilegt þar sem um er að ræða einn helsta innanlandsflugvöll landsins. Sá flugvöllur þjónar

miklu stærra hlutverki en því að þjóna innanlandsflugi. Þar er margs konar annað flug, m.a. millilandaflug, sem Flugfélag Íslands og Flugleiðir hafa sinnt og fært í rauninni frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur, fyrir utan allt einkaflug sem er gríðarlega mikið á þessu svæði. Ég hef haldið því fram að notkunin á Reykjavíkurflugvelli sé allt of mikil. Í rauninni ætti að flytja þann flugvöll. Það eru margir sem halda því fram, m.a. borgarfulltrúi hjá Reykjavíkurborg, að þessi flugvöllur ætti ekki heima hér, hvað þá að hann verði ofnotaður eins og gert er í dag.

Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ein braut, sem kölluð er 07/25 eftir því sem hann segir, er lokuð af öryggisástæðum vegna þess að flugáttin er yfir Landspítalann. Önnur braut, svokölluð norður-suður braut, liggur yfir miðborgina í aðflugi til suðurs og aðflugið er ekkert venjulegt flug heldur lágflug. Maður hefur á tilfinningunni að flugvélarnar rétt skríði hér yfir húsþökunum þegar þær lenda í suðurátt. Flugvélar sem koma á þessa sömu braut úr suðri og lenda í norðurátt fara mjög lágt yfir Kópavoginn. Ég veit að fólk á því svæði hefur kvartað yfir hávaða og óróleika vegna þess lágflugs sem stundað er yfir Kópavogi. Það eru því að minnsta kosti tvær brautir af þrem sem eru stórhættulegar fyrir umhverfið og ættu í rauninni báðar að vera lokaðar. Það þýddi þá um leið að flugvöllurinn væri ónothæfur. Af þeirri ástæðu er náttúrlega ekki farið út í það af hálfu flugmálayfirvalda að loka þeirri braut.

Ég hef undrað mig á því hvað flugmálayfirvöld og þá væntanlega Flugmálastjórn og samgrh. hafa gert lítið til þess að minnka flug um Reykjavíkurflugvöll vegna þess hættuástands sem skapast við allt flug yfir Reykjavíkurborg. Flugmálastjórn ber ábyrgð, ekki eingöngu á Reykjavíkurflugvelli, heldur einnig á Keflavíkurflugvelli í samráði við utanrrn. og ætti að geta beint því flugi, sem talað hefur verið um af opinberum aðilum að ætti að flytjast héðan, eins og svokallað ferjuflug og annað flug sem ekki tengist beinlínis innanlandsfluginu.

Ég vil beina því til hæstv. samgrh. hvort ekki hafi farið fram nein umræða eða skoðun á því hvort hluti þessa flugs yrði hreinlega fluttur með aðgerðum Flugmálastjórnar og samgrh. til Keflavíkurflugvallar til að minnka þá gríðarlegu hættu sem flug skapar hér á þessu svæði.

Það hlýtur einnig að vefjast fyrir mönnum að ætla sér að fara út í fjárfestingar upp á milljarða á Reykjavíkurflugvelli í ljósi þeirrar miklu hættu sem flugvöllurinn skapar fyrir íbúa þessa svæðis. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort tímabært sé að fara út í nokkrar framkvæmdir og hvort ekki væri réttara að fara út í allsherjarúttekt á flugvellinum. Margar skýrslur hafa komið fram um þetta en ekki hafa þær allar verið samstiga. Ég held að út frá þessum sjónarmiðum sé mjög brýnt af hálfu samgrh. og flugmálayfirvalda að skoða þetta mál með tilliti til þessara þátta og taka þær ákvarðanir sem lúta að framtíðaröryggi Reykvíkinga og þeirra sem þurfa að nota þennan flugvöll. Ég trúi því ekki að þeir þingmenn Reykvíkinga, sem hér hafa talað og mæla með því að setja stórfé í Reykjavíkurflugvöll til að bæta ástandið, og þá fyrst og fremst öryggisþátt vallarins sjálfs en ekki aðflugsmál eða þá hættu sem skapast í bænum sjálfum, vilji í rauninni halda þessu hættuástandi um ókomna tíð. Ég trúi því vart. Þess vegna held ég að full ástæða sé til fyrir þingmenn Reykvíkinga að skoða þann þátt sem snýr að öryggi íbúa í Reykjavík og þeirra sem fara um Reykjavíkurflugvöll samtímis.

[16:22]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Reykjavíkurflugvöllur er skilgreindur sem alþjóðlegur flugvöllur og sem slíkur hlýtur hann að vera opinn fyrir öllu flugi og lúta þeim reglum sem um það gilda.

Ég vil jafnframt taka það fram að auðvitað er laukrétt hjá hv. þm. að flugvallargjaldið nær til farþega sem koma til landsins en við skulum ekki gleyma því að á síðustu árum hefur mjög mikið af tekjum flugmálaáætlunar einmitt farið til að byggja upp varaflugvelli fyrir alþjóðlegt flug sem hefur það í för með sér að ódýrara verður og öruggara en ella myndi. Ég minni þar bæði á Egilsstaðaflugvöll og Akureyrarflugvöll. Ég minni raunar líka á að af tekjum flugmálaáætlunar hefur verið greiddur kostnaður við hina nýju flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík sem á okkur hefur fallið. Það er því algjörlega úr samhengi að halda því fram að á þessum áratug hafi tekjur af flugmálaáætlun ekki að verulegu leyti nýst millilandafluginu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að taka upp viðræður við hv. þm. um það hvort beri að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Ég heyri að hann hefur eingöngu í huga að hugsa um öryggi Reykvíkinga og önnur sjónarmið koma þar ekki til. Ég hef rætt þetta mál sérstaklega við flugmálastjóra og eins og fram kemur í afstöðu flugmálayfirvalda og raunar hjá borgarskipulagi Reykjavíkur, þá telja menn að hv. þm. geri of mikið úr þeim hættuþáttum og geti þess vegna tekið þessu rólegar en ella. Auðvitað ber okkur að hugsa um öryggismálin þó þau séu ekki í okkar kjördæmum og ég virði það sjónarmið þingmannsins.

[16:24]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. segir með réttu að Reykjavíkurflugvöllur sé alþjóðlegur flugvöllur og ég deili að sjálfsögðu ekki um það. Ég er líka alveg sammála því að tekjur af flugi um Keflavíkurflugvöll hafa nýst til uppbyggingar á öðrum flugvöllum landsins. Það er að sjálfsögðu mjög eðlilegt. En það sem ég var aðallega að meina var að með fyrri flugmálaáætlun var ekki gert ráð fyrir neinu framlagi til Keflavíkurflugvallar þannig að hann naut þess ekki að hafa skapað allar þær tekjur sem gerðu í raun kleift að halda uppi alvöru flugmálaáætlun.

Ég ber að sjálfsögðu hag Reykvíkinga og öryggismál þeirra fyrri brjósti og ég geri ráð fyrir að það geri allir þingmenn. Ég held samt að menn geri sér ekki grein fyrir því hvað þetta lítur illa út. Ég held að við þurfum ekki annað en horfa á það þegar flugvélarnar skríða hér rétt yfir þaki Alþingishússins, að oft hlýtur að vera teflt á tæpasta vað þegar flugvélar eru að lenda með aðflugi yfir miðborgina. Ég get ekki ímyndað mér annað en að menn sjái það. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég trúi því að þeirri stefnu, að draga eigi úr flugi um Reykjavíkurflugvöll, verði fylgt með einhverju móti og þá þannig að hægt verði að skapa þá samkeppni sem er nauðsynleg þó, þ.e. að koma upp aðstöðu á Keflavíkurflugvelli sem getur tekið við því flugi sem heitir ferjuflug og minna flugi sem í raun ætti að flytjast þangað.

[16:27]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mál hefur oft verið rætt í þingsölum að nokkuð fari saman hvort við höfum innanlandsflug hér á landi eða ekki í jafnríkum mæli og við höfum það núna skulum við segja og hvort Reykjavíkurflugvöllur verður áfram

opinn alþjóðlegur flugvöllur. Ég hygg að það sé líka eðlilegt að Reykvíkingar sækist eftir því að þeir geti t.d. flogið til Færeyja frá Reykjavík með Fokkerflugvélum úr því að þær eru notaðar en ekki hinar stóru þotur. Eins til Grænlands. Það styttir flugleiðina og er þægilegra fyrir þá sem með fluginu fara. Málið snýr auðvitað að farþegunum og að þjónustunni. Ég hef á hinn bóginn fundið að hv. þm. er mikill áhugamaður um að draga umsvif til Suðurnesja og má vera að það sé oftast nær sá þáttur sem er ráðandi í hans málflutningi.

[16:28]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer afskaplega vel saman í mínum huga ef hægt er að draga úr hættu vegna flugs um Reykjavíkurflugvöll og auka um leið atvinnu á Suðurnesjum. Að sjálfsögðu er það mjög æskilegt ef það gæti farið saman. Ég hef fyrst og fremst talað um þetta út frá öryggissjónarmiði en skil samt sem áður þau þægindasjónarmið sem menn sjá í því að geta farið út á Reykjavíkurflugvöll, sem er stutt leið fyrir flesta Reykvíkinga og er að mörgu leyti heppilegt hvað varðar flutninga á landi, að fara hérna niður í Vatnsmýrina. En við höfum líka bent á að til þess að stytta þennan tíma væri hægt að leita ýmissa leiða til að gera ferðalagið styttra til Keflavíkur en nú er, til að mynda með tvöföldun Reykjanesbrautar, sem kostar svona álíka mikið og að byggja upp nánast nýjan flugvöll í Reykjavík. Að því leyti til væri það kærkomið ef hægt væri að minnka eða draga alfarið hættuástandinu og auka umsvif og not á Keflavíkurflugvelli sem mun geta nýst miklu betur en í dag.

[16:30]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Aðeins örfá orð inn í fyrri umræðu um flugmálaáætlun sem liggur fyrir. Í þessari flugmálaáætlun er gert ráð fyrir því að koma fjármálum Flugstöðvarinnar í Keflavík inn á flugmálaáætlun og töluvert hefur verið unnið í málefnum flugstöðvarinnar að undanförnu. Það er vel vegna þess að það hefur einfaldlega verið þannig að fjármál hennar hafa verið í lausu lofti að því leyti til að tekin hafa verið ný lán fyrir afborgunum og fjármagnskostnaði en hér er reiknað með að því sé komið í fast horf og það skref sem hér er stigið í því er jákvætt.

Ég vildi einnig minnast á umræðurnar um Reykjavíkurflugvöll. Ég verð að segja að mér finnst hv. 10. þm. Reykn. fara í kringum það mál eins og köttur í kringum heitan graut. Hann talar um það í öðru orðinu að minnka umferðina um Reykjavíkurflugvöll, taka þar út ferjuflug og æfingaflug og í hinu orðinu um að loka flugbrautunum. Þetta er náttúrlega ósamrýmanlegt og það er miklu betra að koma bara hreint fram og segja að það eigi að loka Reykjavíkurflugvelli.

Ég er fullkomlega ósammála þessu. Ég fullyrði það — og hef reynt það á mínum eigin skrokki því að ég flýg kannski meira en í meðallagi innan lands — að væri Keflavíkurflugvöllur nothæfur fyrir innanlandsflugið og allir sem eiga erindi til Reykjavíkur þyrftu að fara um Keflavíkurflugvöll, keyra inn til Reykjavíkur og til baka aftur mundi það stefna innanlandsfluginu á stystu flugleiðunum í stórhættu vegna lengingar á ferðatímanum. Mér finnst dálítið hæpið að halda uppi gífurlegum áróðri um hættuna þó að ég sé ekkert að gera lítið úr öryggi í flugi. Það er allt annað mál. Hins vegar er það ekkert einsdæmi og það náttúrlega vita allir sem hafa flogið, bæði hér heima og erlendis, að flugleiðir liggja yfir þéttbýli þar sem mörgum sinnum meiri umferð er en um Reykjavíkurflugvöll. Það verður auðvitað að huga að öryggismálum í flugi og í kringum flugvöllinn og efla þau eins og mögulegt er. Því miður gerir þessi flugmálaáætun ekki ráð fyrir að farið sé eins hratt í þetta mál og æskilegt hefði verið en ég ber ábyrgð á því eins og aðrir sem leyfðu framlagningu á þessari tillögu en ég er eindreginn talsmaður þess að byggja upp Reykjavíkurflugvöll á þeim stað sem hann er nú og gera það myndarlega. Ég vona að það verði gert á næstu árum því að ég tel að hann sé nauðsynlegur hlekkur í innanlandsfluginu. Við eigum ekki að vera að rugla þá umræðu með því að segja í öðru orðinu að það eigi að minnka umferðina um hann en í hinu orðinu að það eigi að loka flugbrautunum.

Það er eitt mál sem er kannski minna í sniðum en þó mikilvægt að mínum dómi sem ég vil beina til samgöngunefndar að skoða þar sem ég hafði fyrirvara við í undirbúningi málsins. Það er að vísu ekki mjög stórt í sniðum eins og ég sagði en þó mjög mikilvægt mál en gert er ráð fyrir því að í lengingu flugbrautar á Vopnafirði séu veittar 10 millj. árið 2001. Það er nokkuð langur tími að bíða eftir lengingunni. Ég vildi koma því á framfæri í umræðunni að Flugfélag Íslands sem nú flýgur til Vopnafjarðar, en það var Flugfélag Norðurlands áður, hefur tekið í notkun vélar af Metro-gerð sem þurfa lengri brautir. Það er mjög áríðandi að hægt sé að nota þessar vélar á þessum flugleiðum. Þetta er mikilvæg flugleið á Vopnafjörð, daglegar samgöngur þangað og það er svo með Metro-vélarnar að þær eru með jafnþrýstiklefa, fljúga yfir veður og eru þægilegri fyrir farþega. Það er mjög áríðandi fyrir þá sem þurfa eins mikið á flugsamgöngum að halda og Vopnfirðingar að geta notið þeirrar þjónustu. Ég vildi beina því til samgn. sem fær málið að fara yfir þetta atriði, hvort það séu möguleikar á að bæta þarna úr.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa mörg orð um þessa áætlun. Hún er auðvitað því marki brennd eins og aðrar áætlanir að það eru mörg þörf og aðkallandi mál sem er því miður ekki hægt að sinna með þeirri áætlun sem hérna er fram sett. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það og ber auðvitað ábyrgð á því. Það er vegna þeirra markmiða sem hafa verið sett í ríkisfjármálum að reka ríkissjóð með jafnvægi. Það hefur bitnað á mörgum þáttum en eigi að síður er það nauðsynlegt markmið af efnahagslegum ástæðum.

En það voru þessi atriði sem ég vildi koma á framfæri við fyrri umr.

[16:38]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl., hafi ekki heyrt allt sem ég sagði í ávarpi mínu áðan en ég sagði það og hef sagt áður að mér finnist að af öryggisástæðum ætti að loka Reykjavíkurflugvelli. Það er ekki bara skoðun mín, það er skoðun ákveðinna borgarfulltrúa. Guðrún Ágústsdóttir borgarfulltrúi og forseti borgarstjórnar til skamms tíma lýsti því yfir í blaðagreinum og útvarpi að hún teldi að þessi flugvöllur ætti að flytjast annað. Hún sagði m.a. í þeirri umræðu að það væri skoðun sín að það ætti að setja upp einteinung til Keflavíkur til þess að koma fólki á sem skemmstum tíma á milli svæða. Ég hygg að hv. þm. muni þessa umræðu.

Ég geri mér aftur á móti grein fyrir því að í þinginu er ekki í raun vilji til þess að leggja niður flugvöllinn. Þess vegna segi ég að það sé betra að minnka umferðina og þá um leið hættuna en gera ekki neitt í málinu. Þess vegna tala ég um að þessar brautir sem allir vita að eru stórhættulegar,

það er beðið um að loka 07/25 brautinni sem hv. þm. Svavar Gestsson minntist á áðan. Við vitum að norður-suður brautin liggur yfir erfið svæði. Síðan getum við einnig rifjað upp að lítil flugvél fór niður við endann á austur-vestur brautinni eða í Skerjafirðinum. Það varð uppi fótur og fit við það sem eðlilegt er en síðan hefur verið einhver ákveðin vakt þar. Ég held að ekkert sé verið að ofgera hættunni sem þarna er. Það þarf að tala um hana, menn þurfa að gera sér grein fyrir henni og það er engin ástæða til þess að blekkja sig með einhverjum þegjandahætti yfir þessu máli.

[16:40]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að það kom fram að hv. þm. er andvígur því að hafa flugvöllinn á þeim stað sem hann er og vill láta loka honum. Ég er honum ósammála um það. Ég vil undirstrika að ef loka á norður-suður brautinni og þeirri braut þar sem aðflugið liggur yfir Landspítalann, 07/25, sérstaklega norður-suður brautinni, sem er mikið notuð braut, er flugvöllurinn náttúrlega orðinn nær ónothæfur. Málið stendur um það hvort halda á þessum velli opnum eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að halda honum opnum.

[16:41]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hv. þm. sammála um að það mál hefur komið upp við nefndarmenn í samgn. hvernig staðið skuli að því að lengja flugbrautina í Vopnafirði. Eins og hv. þm. er kunnugt stendur svo á að nýbúið er að leggja veg við enda flugbrautarinnar. Þetta mál hefur verið rætt bæði við vegamálastjóra og flugmálastjóra og ég tek undir áhuga allra þingmanna Austurlands að þetta mál sé athugað.

[16:42]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna undirtektum hæstv. samgrh. við ábendingu minni og ég vona að teknar verði upp viðræður milli Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar um hvernig staðið verði að færslu vegarins. En það er alveg rétt að það þarf að flytja hann frá þeim stað sem hann er. Ég hef ekki meira að segja um það að sinni en ég fagna þeim undirtektum sem þetta hefur fengið hér.

[16:43]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, formann fjárln. koma upp og ræða um stöðu Reykjavíkurflugvallar, það hættuástand sem þar hefur skapast. Þá vildi ég beina til hans spurningu sem kom ekki fram í svari hæstv. samgrh.: Hvert er álit hans á sértækum aðgerðum til að afla fjár til Reykjavíkurflugvallar svo að hægt verði að hefja framkvæmdir á miðju ári 1998?

Menn hafa rætt nokkuð um hættuna af Reykjavíkurflugvelli og staðsetningu hans. Ég hugsa að ég sé í meiri hættu í umferðinni þegar ég ek heiman frá mér úr Breiðholti og hingað niður eftir dags daglega en þeir sem koma fljúgandi utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Flugvélarnar eru miklu öruggari tæki en bílar og eru eitt af öruggustu farartækjum í dag. Öll umræðan um áhættu er góðra gjalda verð en hún er ekki þess eðlis að eðlilegt sé að taka upp umræðuna um það að loka Reykjavíkurflugvelli og færa allt innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar. Ég tek alveg undir það með hv. 2. þm. Austurl. að það muni þýða nánast endalok á innanlandsflugi og með tilvísun til þess líka að ekki er langt í að Hvalfjarðargöngin verði tekin til notkunar mun það enn frekar ýta undir það að íbúar Norðurlands muni frekar setjast upp í bifreið sína og aka norður í land eða suður en fara að eyða heilum klukkutíma í það að keyra til Keflavíkurflugvallar og standa síðan frammi fyrir því að flug hafi verið fellt niður vegna veðurs. Þá eru farnir nokkrir klukkutímarnir í ferðalag sem þyrfti ekki annars að efna til auk þess sem stórhætta mundi þá skapast í umferðinni og er nú ekki á bætandi.

[16:45]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. spurði mig hvaða álit ég hefði á sértækum aðgerðum til þess að bæta úr ástandinu á Reykjavíkurflugvelli. Ég tek það þannig þó hann nefndi það ekki í andsvari sínu hvaða aðgerðir það væru sérstaklega og það séu þá hvers konar markaðir tekjustofnar sem yrði varið í þessu skyni. (**GHall:** Eða lántaka.) Ég er heldur andsnúinn mörkuðum tekjustofnum yfirleitt og tel að miklu betra sé að ganga hreint til verks og taka öll verkefni inn á flugmálaáætlun og reyna að standa þannig að verki. Það kom fram í máli mínu að það hefur ekki reynst unnt að fara eins hratt í þetta verkefni og æskilegt hefði verið. Ég ætla ekki að skorast undan ábyrgð á því en ég held að það sé vandmeðfarið að taka upp sértækar aðgerðir eða markaða tekjustofna í þessu skyni.

[16:46]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var annaðhvort með þeim hætti sem hv. þm. Jón Kristjánsson kom áðan inn á með mörkuðum tekjustofnum eða þá að Alþingi gæfi heimild til lántöku.

Mér er minnisstætt þegar ég settist fyrst inn á þing 1991 og fór að skoða hafnaáætlun höfðu margir þingmenn gefið fyrirheit um að það væri heimilt að hefja hafnarframkvæmdir í einu ónefndu tilteknu kjördæmi. Það merkilega við það að þeir þingmenn sem höfðu gefið fyrirheit um að hefja mætti framkvæmdir við hafnargerðir voru flestir farnir út af þingi en voru búnir að binda hendur Alþingis nokkur ár fram í tímann. Nú sé ég að það færist bros yfir andlit hv. 2. þm. Austurl., Jóns Kristjánssonar, sem hefur setið um langt árabil á Alþingi og kannast líklega við þessar vinnuaðferðir.

Ég er ekki að óska þess að slík vinnubrögð verði upp tekin aftur en ég tel að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þingið veiti samgrh. heimild til lántöku til þess að hægt sé að tryggja öryggi Reykjavíkurflugvallar þannig að framkvæmdir geti hafist á miðju næsta ári.

[16:48]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt. Ég kannast við slík dæmi sem hv. þm. nefnir varðandi hafnaáætlun. En það eru vinnubrögð sem menn hafa verið að reyna að hverfa frá. Það er auðvitað rétt að ef taka á upp slíkar heimildir verður það að koma fram í lánsfjárlögum og vera þá samþykkt af Alþingi. Ég er ekki tilbúinn til að gefa yfirlýsingar í þessu máli á þessu stigi því að auðvitað eru fleiri stór verkefni sem bíða. Það er visst fordæmi í samgöngumálum sem gæti dregið langan slóða á eftir sér þannig að ég er ekki tilbúinn til að lýsa yfir stuðningi við slík áform úr þessum ræðustól. Við höfum reynt að bæta þessi vinnubrögð varðandi hafnamálin. Við höfum samþykkt hafnaáætlun en mér er fullkunnugt um þrýstinginn í þeim framkvæmdum og auðvitað er hann eins í þessum mikilvægu framkvæmdum sem í öllum samgönguþáttum. En það er rétt að ég er því samþykkur að séu slíkar

heimildir veittar eigi Alþingi að samþykkja þær og þær eigi að koma fram í lánsfjárlögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samræmd samgönguáætlun, fyrri umr.*

Þáltill. MS o.fl., 179. mál. — Þskj. 179.

[16:50]

**Flm. (Magnús Stefánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem fyrir liggur á þskj. 179 um samræmda samgönguáætlun. Auk mín flytja þessa tillögu hv. þingmenn Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson og Egill Jónsson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. apríl 1998."

Samgöngumál eru eitt helsta hagsmunamál Íslendinga hvar sem fólk er staðsett á landinu og gerð áætlana um uppbyggingu samgangna og samgöngumannvirkja er mikilvæg stefnumótun til lengri tíma og varðar þróun byggðar og atvinnu í landinu. Í gildi eru lög sem kveða á um gerð vegáætlunar, hafnaáætlunar og flugmálaáætlunar sem hver um sig gera ráð fyrir framkvæmdum og uppbyggingu samgöngumannvirkja en framganga þessarar áætlunar fer síðar eftir fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Alþingi samþykkir þessar áætlanir sem þáltill. en þær eru sjálfstæðar hver á sínu sviði og við gerð hverrar og einnar er lítið eða ekkert mið tekið af hinum. Það er því ekki sett upp heildstæð mynd af þörfum og ástandi þessara mála í landinu í heild eða á einstökum landsvæðum.

Þannig er t.d. ljóst að við gerð vegáætlunar og hafnaáætlunar er ekki höfð nægileg hliðsjón af því að völuflutningar frá mörgum stöðum hafa í miklum mæli færst frá sjóflutningum um hafnir til landflutninga. Þjóðvegirnir víðast um landið eru hins vegar í mjög mörgum tilfellum og á heilum landsvæðum ekki undir það búnir að taka við þessari auknu þungaumferð.

Með þeim aðferðum sem unnið hefur verið eftir við gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja liggur fyrir að fjárframlög til þeirra úr ríkissjóði verður í heildina mjög misskipt eftir landsvæðum. Þannig er t.d. ljóst að landsvæði sem hafa minni þörf fyrir fjárveitingar til flugvalla eða hafnarframkvæmda en mikla þörf fyrir fjárveitingar til vegagerðar fá mun minni fjárveitingar til samgöngumála í heild sinni en landsvæði þar sem einhver þörf er til uppbyggingar á öllum sviðum. Þannig getur þörf fyrir dýrar hafnarframkvæmdir vegna völuflutninga á sjó verið lítil á einu landsvæði en þörf fyrir uppbyggingu vega mikil vegna þess að völuflutningar hafa færst af sjó og upp á þjóðvegina sem eru ekki undir það búnir að taka við þeirri umferð sem því fylgir.

Með gerð samræmdrar samgönguáætlunar má taka meira tillit til slíkra aðstæðna og mismunandi þarfa en nú er gert. Þá má með samræmdri áætlun setja markvissar fram þarfir fyrir fjármagn til uppbyggingar samgöngumannvirkja í heild og eflaust má setja fram rök fyrir því að það fjármagn sem fer til samgöngumála nýtist betur út frá heildarsjónarmiðum en með þeim aðferðum sem nú er beitt. Loks má með heildstæðri áætlun og markvissari hætti treysta betur byggð víða um landið.

Með gerð samræmdrar samgönguáætlunar má einnig á markvissari hátt móta stefnu um uppbyggingu samgöngukerfisins út frá margvíslegri þróun sem á sér stað hér á landi. Í því sambandi má m.a. nefna að með bættum samgöngum opnast meiri möguleikar fyrir ferðaþjónustuna sem er einn mikilvægasti vaxtarbroddurinn í atvinnuuppbyggingu víða um land.

Við uppbyggingu samgöngukerfisins í heild ber m.a. að taka tillit til umhverfisþátta, t.d. að því er varðar eldsneytisnotkun og losun mengandi lofttegunda. Færa má rök fyrir því að með gerð samræmdrar samgönguáætlunar megi á markvissari hátt byggja upp þjóðhagslega hagkvæmar samgönguleiðir sem hafa í för með sér eldsneytissparnað og minni mengun. Í þessu sambandi má benda á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá því í október 1995 og gerð var í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar þar sem m.a. er kveðið á um heildstætt skipulag samgangna með tilliti til umhverfis- og orkumála.

Tillögur um að vinna skuli heildstæða áætlun á sviði samgöngumála eru ekki nýjar af nálinni því að á 110. löggjafarþingi árið 1987 var lögð fram tillaga um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var 1. flm. þeirrar tillögu. Alþingi samþykkti að vísa þeirri tillögu til ríkisstjórnarinnar og var unnið nokkuð að málinu fyrstu árin þar á eftir en þannig hittist á að hv. þm. tók við starfi samgrh. ári síðar og því voru honum hæg heimatökin að láta vinna að málinu. Síðan hefur lítið eða ekkert gerst í málinu frekar.

Herra forseti. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að samgrh. verði falið að skipa nefnd til að fara yfir lög og reglur sem gilda um gerð samgönguáætlana og er nefndinni ætlað að komast að niðurstöðu um það hvort og þá hvernig megi samræma gerð áætlananna í eina heildstæða áætlun. Þar sem um er að ræða viðamikið og á margan hátt flókið verkefni þykir flutningsmönnum eðlilegt að sérstakur starfshópur fari yfir málið og skili um það niðurstöðu. Varðandi skipan starfshópsins má telja eðlilegt að fulltrúar Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar eða flugráðs eigi þar sæti. Einnig má telja eðlilegt að þingflokkar á Alþingi eigi þar fulltrúa. Til þess að niðurstöður starfshópsins fái umfjöllun áður en yfirstandandi löggjafarþingi lýkur telja flutningsmenn að niðurstöðurnar þurfi að liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 1998.

Herra forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. samgn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vegagerð í afskekktum landshlutum, fyrri umr.*

Þáltill. SJS o.fl., 60. mál. — Þskj. 60.

[16:57]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum. Flutningsmenn

ásamt mér eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Sigríður Jóhannesdóttir, allt þingmenn úr þingflokki Alþb. og óháðra. Tillagan er á þskj. 60, og er 60. mál þingsins. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að gera skuli sérstakt átak til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2000 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi."

Það er ljóst, herra forseti, að hér er mikið verk að vinna og í vegamálum í heild eru víða gríðarleg verkefni. Fyrir nokkrum árum var reynt að slá á það máli hvað mundi kosta að koma öllu þjóðvegakerfi landsins í fullnægjandi og gott horf og þá voru það tölur af stærðargráðunni 75–100 milljarðar ef ég man rétt og var reiknað með að slíkt verk tæki að lágmarki 20–30 ár.

Að vísu hefur gríðarlega mikið áunnist á síðustu 20–25 árum eða frá því að framlög til vegamála voru aukin verulega upp úr 1970. Þrátt fyrir þetta og þó að heilmikið hafi áunnist í uppbyggingu til að mynda hringvegarins og meginþjóðvega kalla breyttar aðstæður á auknar framkvæmdir, á stærri og dýrari mannvirki, umferðin eykst og þar af leiðandi verður niðurstaðan sú hér eins og víðast annars staðar að það að byggja upp og viðhalda góðum samgöngum er viðvarandi verkefni. Það er ekki eitthvað sem er leyst í eitt skipti fyrir öll. Jafnvel sjálfur rekstur vegakerfisins tekur að sjálfsögðu mið af þeirri fjárfestingu sem í það hefur verið lagt og tekur til sín aukinn hlut í takt við aukna umferð og meiri kröfur.

En einn er sá þáttur, herra forseti, sem sérstaklega brennur á þeim hluta landsmanna sem eru þannig settir að þeir tengjast þjóðvegakerfinu með malarvegum. Á korti sem fylgir með þessari tillögu eru lauslega rissuð upp þau svæði landsins sem þetta á við um og þar eru fyrst og fremst á ferðinni tvö svæði. Það eru norðaustanvert landið og vestanvert landið og Vestfirðir sem búa við algjöra sérstöðu hvað þetta snertir. Þar eru langar vegalengdir sem skilja að byggðarlög lagðar malarvegum sem fara þarf yfir áður en komið er inn á hinn uppbyggða hluta þjóðvegakerfisins. Sérstaklega er þetta áberandi um Norðausturland, þ.e. norðausturleiðina frá Húsavík til og með Vopnafirði annars vegar og leiðina til Vestfjarða frá því að slitlag endar á Vesturlandi. En einnig eiga svæði á Vesturlandi og Austfjörðum þetta að nokkru leyti sameiginlegt með Norðausturlandi og Vestfjörðum. Þannig eru til að mynda þéttbýlisstaðirnir á Snæfellsnesi ekki tengdir þjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi enn sem komið er þó þar sé að vísu ekki nú orðið um mjög langar eyður að ræða. Svipað á við um byggðina á Austfjörðum. Það eru enn göt í slitlagið á leiðinni með suðurströndinni til Austfjarða.

Herra forseti. Eftir því sem vegakerfið almennt batnar og menn verða óvanari því, ef svo má að orði komast, að aka á lélegum malarvegum þá verður það böl þeim mun þungbærara. Heföbundnir fjölskyldubílar eru langt í frá framleiddir nú til dags miðað við akstur á malarvegum og það má því segja að hvorki bíllinn né bílstjórinn séu beinlínis til þess ætlaðir í nútímanum að nota sér slíka vegi.

Þá kemur að hinu, herra forseti, sem er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi og það er að ýmsar breytingar í flutningum og aðstæðum byggðarlaganna gera þörfina fyrir útbætur í samgöngumálum á landi enn meira knýjandi en ella. Hér rétt áðan var flugmálaáætlun til umræðu og þar kom upp sú umræða að áætlunarflug er að leggjast af til fjölmargra byggðarlaga. Fyrir nokkrum árum var Skipaútgerð ríkisins lögð niður en hún hafði séð um flutninga á sjó til fjölmargra afskekktra byggðarlaga við ströndina. Þetta hvort tveggja hefur valdið því og mun valda því að þörfin fyrir góða vegi, góðar samgöngur á landi, er enn meiri en ella. Þróunin er sem sagt í þá átt, herra forseti, að samgöngur á landi leysi að mestu leyti af hólmi önnur samgönguform. Það sem áður var á legi eða í lofti fari nú allt upp á landið.

Tækin sem notuð eru til landflutninganna hafa stækkað og burðargeta þeirra aukist. Öxulþunginn hefur vaxið og nú eru gerðar kröfur um að jafnvel evrópskir staðlar gildi í þessum efnum hvað varðar burðarþunga eða öxulþunga og burðargetu tækjanna. Þess þá heldur, herra forseti, eiga hinir gömlu malarvegir ekki, sem sumir voru meira að segja lagðir með handverkfærum um miðja öldina, nokkra minnstu möguleika á því að anna slíkum flutningum eða þjóna sem nútímalegt samgöngutæki. Mergurinn málsins er sá, herra forseti, að byggðarlög sem búa við þessar aðstæður, t.d. Vopnafjörður í kjördæmi hv. þm. Jóns Kristjánssonar, eru ekki í nútímasamgöngum. Þetta eru ekki nútímasamgöngur. Ég held við eigum bara að horfast í augu við það eins og það er að það verkefni er þarna fram undan að tryggja að öll byggðarlög landsins séu í nútímavegasamgöngum. Þau eru það ekki nú. Malarvegir með ónógu burðarþoli, með þungatakmörkunum á vorin og bleytu og öllu því sem fylgir rigningartíð, eru ósköp einfaldlega ekki samgöngur sem standast nútímakröfur. Það er því ekki hægt að segja að þessi byggðarlög séu í nútímavegasamgöngum.

Margt fleira mætti nefna hér, herra forseti, svo sem eins og erfiðleika í vetrarsamgöngum, mikinn viðhaldskostnað sem fylgir vegum sem ekki eru með bundnu slitlagi og allt þar fram eftir götunum. Verst er þó hið skerta afnotagildi fyrir bæði einstaklinga og atvinnulíf því ekki er nú minnst óhagræði fyrir þá sem eru að reyna að stunda atvinnustarfsemi og þurfa að treysta á þessa vegi sem flutningakerfi fyrir afurðir sínar á markað eða hvað varðar aðföng til fyrirtækja sinna. Við erum t.d. með á Norðausturlandi fyrirtæki sem framleiða fersk matvæli til útflutnings með flugi og þurfa að treysta á reglubundnar samgöngur til Keflavíkur eftir vegum í hverri einustu viku allan ársins hring og það óhagræði, kostnaður og vandræði sem því fylgja, til að mynda á vorin þegar þungatakmarkanir eru um margra vikna skeið á leiðinni, getur valdið miklu um það hvort rekstrargrundvöllur er fyrir slíkri starfsemi eða ekki.

Þá mætti þjóðarbúið, herra forseti, hafa það í huga að á þessum svæðum eru framleidd gífurleg verðmæti til útflutnings fyrir íslenska þjóðarbúið þannig að það yrði nú skarð fyrir skildi til að standa undir eyðslunni ef þessi starfsemi legðist af. Ætli það láti ekki nærri að t.d. á norðausturhorni landsins ef Húsavík er meðtalin og á svæðinu austur á og með Vopnafirði, sé útflutningsframleiðslan í kringum 5–6 milljarðar kr. eða um milljón króna á hvert mannsbarn sem á því svæði býr. Ef sjálft norðausturhornið er tekið, 2.500 íbúar í Norður-Þingeyjarsýslu og á Vopnafirði, þá eru þessar tölur enn þá magnaðri því á því svæði einu er sjálfsagt framleitt fyrir á milli 3 og 4 milljarða í útflutningstekjur.

Vestfirðina, og þá stöðu sem þar er, þekkja menn, og vestanvert landið. Þar er að mínu mati um mjög brýnt mál

að ræða og í raun og veru er þeirri uppbyggingu sem þó er hafin á Vestfjörðum hvað samgöngur snertir ekki lokið fyrr en Vestfjarðakjálkinn er tengdur með fullnægjandi hætti við þjóðvegakerfið með vegum með bundnu slitlagi. Það mundi væntanlega gerast, eins og nú horfir, með því að ljúka framkvæmdum við uppbyggingu vegarins inn Djúp. Varðandi suðurhluta Vestfjarðanna og Barðaströnd má kannski með góðum vilja líta á ferju yfir Breiðafjörð sem tengingu við hið bundna slitlag þannig að ef þéttbýlisstaðirnir í Barðastrandarsýslu eða á sunnanverðum Vestfjörðum tengdust með bundnu slitlagi innbyrðis og síðan á ferjustað og svo aftur frá ferjustað í Stykkishólmi, þá mætti til sanns vegar færa að þeir væru komnir í þetta þjóðvegasamband.

Herra forseti. Lauslega áætlað gæti hér verið um að ræða átak upp á um 5–7 milljarða kr. Það kostar að ná fram þeim markmiðum tillögunnar að allir þéttbýlisstaðir á Íslandi með 100 íbúa eða fleiri eða þar um bil, yrðu komnir í þetta vegasamband aldamótaárið eða í lok þess. Og ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að það væri ekki versta aldamótagjöfin sem þjóðin gæti gefið sér, þ.e. að leggja nú til þess nokkra fjármuni sérstaklega, úr ríkissjóði, að fjármagna slíkt átak á móti vegáætlun, en út á það gengur tillagan. Og til viðbótar því að þetta verkefni fengi eins mikinn forgang og kostur er á vegáætlun í þrjú til fjögur ár þá yrði ráðstafað að auki sérstaklega úr ríkissjóði allt að 2.500 millj. kr. til þess að standa straum af kostnaði við þetta verkefni.

Ljóst er að miklar framkvæmdir bíða handan við hornið í samgöngumálum, m.a. gífurlega dýrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þar má nefna mislæg gatnamót í stórum stíl eða brýr, vegamót á brúm. Þar má nefna tenginguna með ströndinni og yfir Kollafjörð upp á Kjalarnes, ef sú framkvæmd kemur, sem lýkur þá væntanlega með brú yfir Sundavoga. Síðan eru vaxandi kröfur um að hafist verði handa um að endurbyggja elstu hluta núverandi þjóðvegar eitt, ósköp einfaldlega vegna þess að þeir kaflar á þeirri leið sem elstir eru en þó lagðir bundnu slitlagi eða lagðir voru á verst undirbyggða vegi, standast ekki heldur kröfur tímans. Þeir sem aka flutningabílum finna mikið fyrir þessu. Öryggi er takmarkað á ýmsum köflum þjóðvegar eitt, hvort sem farið er vestur um eða suður um frá Reykjavík, vegna þess að hlutar af veginum standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag, eru ekki byggðir samkvæmt þeim stöðlum sem nú eru lagðir.

Það er þar af leiðandi alveg ljóst í mínum huga, herra forseti, að ef ekki tekst að ná í gang umtalsverðu átaki til að ljúka þessari tengingu landsins við nútímavegakerfið sem hér er verið að ræða um, að koma öllum byggðarlögum og öllum helstu þéttbýlisstöðum í vegasamband áður en þessar framkvæmdir hirða til sín í vaxandi mæli á komandi árum allt laust framkvæmdafé, þá sér maður ekki í fljótu bragði hvenær þetta verk verður yfirleitt af hendi leyst, hvenær má reikna með því að norðausturhluti landsins og Vestfirðir komist yfirleitt í nútímavegasamband, þ.e. ef ekki verður gert sérstakt átak í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vona að í tengslum við þá endurskoðun vegáætlunar sem stendur fyrir dyrum og boðuð hefur verið af hæstv. samgrh. — reyndar hafði hæstv. ráðherra lofað því að eitt af fyrstu málum þessa þings yrði tillaga að endurskoðaðri vegáætlun. Það bólar nú ekki á því plaggi enn þá af einhverjum ástæðum. Það eru eitthvað erfiðar fæðingarhríðirnar í ríkisstjórninni á þessari vegáætlun af einhverjum undarlegum ástæðum en við skulum vona að hún berist hingað seint og um síðir — að þessi tillaga ásamt öðrum sem málinu tengjast, þar á meðal tillögu á þskj. 280, sem verið var að dreifa hér á borðin áðan, til þál. um átak í úrbótum á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, fái skoðun samhliða þeirri endurskoðun á vegáætlun sem fara á fram á þessum vetri.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að móta einhverja stefnu til meira en eins árs í senn. Ég tel að þetta sé verkefni af því tagi að um það þurfi og eigi að taka sjálfstæða samgöngupólitíska ákvörðun og þess vegna ákvörðun sem taki þrjú til fjögur ár að framkvæma þó svo beri undir. Menn mundu sjálfsagt glaðir sætta sig við að þetta verkefni yrði unnið á einhverju slíku árabili. En aðalatriðið er það að núverandi ástand er óviðunandi. Það er gjörsamlega óásættanlegt fyrir þá sem við þessar hörmulegu samgöngur búa og það verður ekki lengur undan því vikist að taka þarna myndarlega á.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[17:12]

**Útbýting þingskjala:**

Landbrot af völdum Þjórsár, 240. mál, fsp. GÁ, þskj. 279.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 130. mál, svar fjmrh., þskj. 274.

Rekstrarhagræðing, 120. mál, svar umhvrh., þskj. 276.

Rekstrarhagræðing, 131. mál, svar fjmrh., þskj. 275.

Úrbætur á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, 241. mál, þáltill. IS, þskj. 280.

[17:13]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir þá tillögu sem hér er til umfjöllunar. Ég tel að hún tengist á margan hátt tillögu sem ég mælti fyrir fyrr í dag og það hlýtur að gleðja okkur, óvini malarveganna, að fá svona tillögu til umfjöllunar.

Ég tel að það komi mjög til greina við endurskoðun vegáætlunar sem fram fer núna — vinna hefst við það væntanlega á næstu vikum — að skoða sérstaklega það sem hér um ræðir. Það er mjög mikilvægt að útrýma sem fyrst þeim malarvegum sem tengja byggðarlög víða um landið við þjóðvegakerfið, sérstaklega þó á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar, og byggja í staðinn upp almennilega vegi sem eru nútímalegir og tengja þessa staði.

Hér er um grundvallarbyggðamál að ræða, þ.e. vegamál og reyndar samgöngumál í heild sinni. Við sem fjöllum gjarnan um byggðamál vitum og heyrum það á fólki víða úti á landi að þetta er eitt allra stærsta málið sem brennur á fólki á þessum svæðum.

Með þessari tillögu er prentað kort af landinu, unnið af Vegagerðinni. Þar er dregin upp mynd af því hvernig ástandið er. Ég vil sérstaklega vekja athygli á að á því svæði sem ég þekki best til, á norðanverðu Snæfellsnesi, eru þéttbýlisstaðir með líklega rúmlega 4.000 íbúa samtals og enginn þeirra tengist þjóðvegakerfinu með vegi með bundnu slitlagi. Þar er ástandið reyndar þannig sums staðar að vegir sem miklir þungaflutningar fara um, malarvegir, gamlir vegir, eru hreinlega gjörsamlega ónýtir og ónothæfir þannig að víða brennur vandinn á. Ég ætla svo sem ekki að fara yfir landið, hv. flm. fór yfir það hér. Ég hef kynnt mér þetta töluvert sjálfur og hef farið um þessi svæði og veit hvernig það er. Og það er hreint út sagt mjög slakt ástand á þessum málum.

En það er auðvitað norðausturhornið og Vestfirðirnir sem eru verst settir. Ef menn meina eitthvað með því í alvöru að þeir vilji halda landinu í byggð á þessum svæðum sem við vitum að eiga undir högg að sækja með búsetuþróun, þá erum við hér að tala um grundvallarmál.

Þungaflutningar hafa aukist mjög á mörgum þjóðvegum og ekki síst á þeim svæðum sem við erum að ræða um. Ég tel að þeir muni aukast á næstu árum þannig að þetta mál brennur mjög á og ég tel að við þingmenn eigum að leggjast á eitt um að hraða þessu eins og kostur er.

Herra forseti. Ég kom upp til að þakka fyrir þessa tillögu. Ég tel hana mjög mikilvægt innlegg í umræðuna um byggðamál og samgöngumál almennt.

[17:16]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir undirtektir við þessa tillögu og vona að hún eigi jafngóðu viðmóti að mæta frá fleiri hv. þm. stjórnarliðsins en þeim sem hér talaði, þ.e. hv. 3. þm. Vesturl. Ég vil einnig taka sérstaklega undir með hv. þm. að auðvitað er þessi tillaga ekki síður, og kannski fyrst og fremst, byggðamál heldur en samgöngumál. Það er alveg ljóst, enda rökstuðningur tillögunnar sá, að um sérstakt byggðaframlag eða byggðaátak verði að ræða þó að það sé í því formi að bæta samgönguaðstæður þessara landshluta.

Svo mun vera að byggðamál séu nú loksins komin á dagskrá hæstv. ríkisstjórnar. Ef ég hef tekið rétt eftir í fréttum fyrir nokkrum dögum þá kom þar fram að á fundi hæstv. ríkisstjórn *hefði verið á dagskrá byggðamál og fólksflóttinn af* landsbyggðinni. Það er vonum seinna að menn fái einhverja bakþanka vegna þess ástands sem þar er nú að skapast og hefur verið síðustu missirin. Staðreyndin er sú að byggðaröskunin geisar nú af meiri hraða en lengi hefur verið og minnir ástandið helst á það þegar verst var á miðjum níunda áratugnum. Enda eru aðstæður að ýmsu leyti svipaðar. Hér hafa verið teknar ákvarðanir um miklar stórframkvæmdir á suðvesturhorni landsins sem soga til sín fjármagn og vinnuafl sem valda þenslu, að minnsta kosti í vissum greinum á vinnumarkaði, á sama tíma og það sem mætir landsbyggðinni er niðurskurður ýmissa mikilvægra framkvæmda eða hefur að minnsta kosti verið undanfarin ár. Þannig hefur það verið að menn hafa mætt niðurskurði í skólamálum, heilbrigðismálum og vegamálum og auðvitað hljóta afleiðingarnar af því, þegar samtímis eru settar af stað hér miklar framkvæmdir með stjórnvaldsaðgerðum eða stuðningi, hvert álverið á fætur öðru, að enn þá meira ójafnvægi skapast í byggðaþróuninni en verið hefur og var það þó ekki glæsilegt og hefur ekki verið um langt árabil.

Eitt af því skynsamlegasta sem menn gætu gert til mótvægis til að reyna að halda þó þarna einhverju jafnvægi væri að spýta hressilega í lófana og auka framkvæmdir á mikilvægum og brýnum sviðum úti á landi og þá gjarnan helst í þeim landshlutum sem fjærst liggja höfuðborginni og kæmu sér best gagnvart því ójafnvægi sem þarna er að skapast á vinnumarkaði og í byggðaþróun.

Ég vona því að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsliðar hennar *hér á Alþingi séu tilbúnir til að taka mál af þessu tagi til efn*islegrar og vandaðrar skoðunar sem jákvætt innlegg í það að reyna að leysa þessi mál skynsamlega í stað þess að standa í einhverjum pólitískum áflogum um þau. Það er ekki mín ætlan og ekki minn vilji með þessari tillögu. Það má reyndar vel koma hér fram að ég kannaði hvort stuðningur væri við það hjá þingmönnum stjórnarliðsins að standa að tillöguflutningi í þessa veru. Það reyndist ekki vera svo að þeir þingmenn stjórnarliðsins sem ég leitaði til treystu sér til að standa að tillögum af þessu tagi. Ég hef kannski ekki leitað til réttu mannanna, því miður. En út af fyrir sig skil ég að mönnum finnist hendur þeirra að einhverju leyti bundnar vegna þess að þeir beri ábyrgð á framlögðu fjárlagafrv. o.s.frv. En það breytir ekki hinu að Alþingi hefur leyfi til að hafa skoðun á málinu. Alþingi getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir í þessum efnum þó að framkvæmdarvaldið hafi ekki skilning á því, eða a.m.k. takmarkaðan, að þessi dreifing framkvæmda um landið sé vitlaus, þjóðhagslega óhagkvæm og dýr.

Byggðaröskunin er dýr. Í henni felst gífurleg sóun. Það mun að mínu mati seint ganga að bæta lífskjörin í landinu ef herkostnaðurinn vegna byggðaröskunar mælist í tugum milljarða á hverju einasta ári. Lauslega áætlað má reikna með að kostnaður vegna fólksflutninganna einna sé af stærðargráðunni 10–15 milljarðar á ári. Það munar um það ef við hefðum þá peninga í lífskjör í staðinn fyrir þá sóun sem fólgin er í því að vannýta mannvirki á einum stað en byggja ný í staðinn annars staðar. En þetta er það sem gerist við byggðaröskunina þegar 1.500 manns flytja á hverju ári af landsbyggðinni á suðvesturhornið og fyrir þá 1.500 þurfa sveitarfélögin og ríkið sameiginlega að byggja dýr mannvirki á hverju einasta ári. Það er ekki nema von að það þjóti hér upp heilir skólar með reglubundnu millibili og heil hverfi spretti upp. Hluti af þeim kostnaði sem því er samfara liggur í þessu ójafnvægi í byggðaþróun í landinu.

*Þetta er því ekki bara mál þessara landshluta sem hér eiga* í hlut og ekki bara mál Reykjavíkur sem fær á sig mikinn hluta af þessari skriðu, heldur allra landsmanna. Það er í þágu þess að bæta lífskjör í landinu að snúa þessari óheillaþróun við. Hún getur staðið í grófum dráttum svo lengi sem eitthvert fólk er til að flytja utan af landi og gæti þess vegna tekið á sig enn þá stórfelldari mynd í lokin því þessu má líkja að nokkru leyti við vatn sem sogast niður um svelg að stærsta gusan fer síðast þegar allt er komið á fulla ferð. Menn hafa af því áhyggjur víða að stutt sé í alvarlegan brest sem geti tæmt heilu byggðarlögin og við sæjum byggðaröskun af því taginu sem kannski hefur lítið borið á undanfarna áratugi en er þekkt frá miðbiki aldarinnar þegar heilu byggðarlögin tæmdust á fáeinum árum, á Vestfjörðum, norðurströndinni, Austfjörðum og Mið-Norðurlandi. Vonandi er vilji til að spyrna við fótum og reyna að afstýra því að svo fari, herra forseti. Ég tel að átak á þessu sviði hvað varðar það að bæta samgönguaðstæður þeirra landshluta sem þarna eru lakast settir sé eitt það allra skynsamlegasta, ef ekki bara það skynsamlegasta, sem hægt er að gera í þessum efnum. Um það er beðið. Það sem fólk nefnir þegar leitað er eftir því hvað brenni heitast á mönnum og í hverju væri mestur stuðningur að tekið væri á málum, eru samgöngur og vegirnir númer eitt, tvö og þrjú. Ég þakka því þessi orð, herra forseti, sem lutu að því frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að draga samhengi byggðamálanna og byggðaþróunarinnar inn í þessa umræðu.

[17:24]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Þessi þáltill. er allrar athygli verð. Ég vil sem þingmaður Reykv. lýsa stuðningi mínum við þann málflutning sem hér hefur komið fram af hálfu 1. flm., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Nauðsyn þess að efla byggð í landinu og halda henni svo við að ekki raskist byggðahlutföll þau sem nú eru orkar ekki tvímælis í mínum huga. Ég átti því

láni að fagna um margra ára skeið sem stýrimaður á vitaskipinu Árvakri að kynnast vel hinni dreifðu byggð og gerði mér þá mjög vel grein fyrir nauðsyn hennar og mikilvægi. Þótt ég teljist til þingmanna Reykv. sem oftar en ekki er kvartað yfir að sjáist sjaldan þegar málefni Reykjavíkur eru rædd en séu hins vegar í sviðsljósinu þegar málefni dreifbýlisins eru í umræðunni á hinu háa Alþingi, þá á það jafnt við um þingmenn Reykjavíkur sem hinna dreifðu byggða að allir erum við að vinna að sama máli, að byggja þannig upp okkar land að nokkuð verði vel við unandi að búa hér og eyða lífsdögum í þessu hrjóstruga landi. Það má segja sem svo að á stundum hefur það komið upp meðal gárunga þegar rætt er um landsbyggðina að ekki þýði að leggja mikið í að útbúa góða vegi eða góðar hafnir því dæmi séu um að þegar vegurinn sé orðinn góður þá flytji menn í burtu. Þetta er nú í hálfkæringi sagt og ekki nokkur meining þar á bak við.

En vegna alvöru málsins vildi ég aðeins lýsa yfir stuðningi mínum við það sem býr að baki. Ég tel að full ástæða sé til þess og mjög nauðsynlegt að þetta mál sé tekið því taki að vel sé unandi við þá byggðakjarna sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu hvað áhrærir vegakerfið. Það var rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á í sambandi við þær miklu breytingar sem hafa orðið á sjóflutningum í kringum landið og þær breytingar sem hafa orðið á landflutningum. Það er sérkennilegt og á stundum hjákátlegt að sjá þegar fiskflutningabílar eru að keyra með fiskinn í gagnstæðar áttir. Fiskur að norðan er unninn hér fyrir sunnan og svo öfugt, en það segir til um hvað vegakerfið er mikið nýtt. Menn veigra sér ekki við að flytja vörur að norðan landleiðina til að skipa þeim út frá Reykjavíkurhöfn eða Hafnarfjarðarhöfn. Þannig eru allar þær fjarlægðir sem menn töluðu um áður og fyrr orðnar afstæðar og ekki þær sömu og þær voru þegar allir vegir voru malarvegir. Það á alveg jafnt við um samgöngur í lofti eins og við töluðum um fyrr í dag hér á hinu háa Alþingi varðandi Reykjavíkurflugvöll.

Herra forseti. Ég kom upp til að lýsa því yfir að ég tel að það sé alveg eins Reykvíkinga og íbúum hinnar dreifðu byggðar að stuðla að og halda svo um mál að byggðakjarnar út um land haldist áfram og byggð verði efld áfram í okkar ágæta, ástsæla, hrjóstruga landi því það er okkur þéttbýlingunum á suðvesturhorninu jafnvel nauðsynlegra en áður hefur komið fram. Ég lýsi yfir stuðningi við inntak þessarar þáltill. Hún er af hinu góða og vissulega allrar athygli verð og til umhugsunar um að rétt sé að taka til hendinni og búa svo um hnúta að nokkuð megi þeir vel við una sem í hinni dreifðu byggð búa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stimpilgjald, 1. umr.*

Frv. GHall o.fl., 163. mál (kaupskip). — Þskj. 163.

[17:28]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Á þskj. 163 hef ég lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum. Meðflm. mínir að þessu frv. eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðjón Guðmundsson og Kristján Pálsson. Í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að fella niður stimpilgjöld af kaupsamningum, veðböndum og afsölum kaup skipa á árinu 1997."

Herra forseti. Íslenskar kaupskipaútgerðir og flugfélög eiga nú í vaxandi samkeppni við erlenda aðila. Gripið hefur verið til þess ráðs hvað áhrærir flugvélakaup Íslendinga að fella niður stimpilgjöld til að létta þeim róðurinn og gera íslensku flugfélögin hæfari til samkeppni við erlenda aðila. Því láni hefur hins vegar ekki verið að fagna hvað áhrærir íslenska kaupskipaútgerð. Nú er svo komið aðeins fjögur íslensk kaupskip eru undir íslenskum fána.

Það eru tímar tvennir síðan Íslendingar heistu þjóðfánann að húni stoltir af sínum mikla og góða kaupskipaflota. Þá fór íslenski fáninn víða um veröldina og menn töluðu um að svona ætti ásýnd Íslands að vera um ókomin ár. En þegar svo er komið að kaupskip Íslendinga eru ekki fleiri en svo undir íslenskum fána að þau séu teljandi á fingrum annarrar handar hlýtur mönnum að bregða við.

Sjálfsagt hefði enginn trúað því á árum áður að slík þróun ætti eftir að eiga sér stað. En engu að síður er þetta sú staðreynd sem blasir við í dag. Það má segja, þegar til þess er litið að Íslendingar misstu sjálfstæði sitt af því að þeir áttu ekki kaupskipaflota til að halda uppi siglingum að og frá landinu, að þá sé nú nokkuð illa komið fyrir eyþjóð sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og siglingum.

Í greinargerð með frv. segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Í 6. gr. fjárlaga hefur lengi tíðkast að veita fjármálaráðherra heimild til að fella niður stimpilgjöld sem stofnað er til í tengslum við kaup eða leigu á flugvélum. Sambærilegar heimildir hafa ekki verið til staðar varðandi kaupskip. Íslenskar kaupskipaútgerðir og flugfélög eiga í sívaxandi samkeppni við erlenda aðila. Mismunun milli þessara flutningsaðila á alþjóðamarkaði hlýtur því að teljast vafasöm og í andstöðu við almenn jafnræðissjónarmið. Hér er lagt til að þessi mismunun verði leiðrétt þannig að við stimpilgjaldslögin bætist sérstakt ákvæði til bráðabirgða með heimild til að fella niður stimpilgjald í tengslum við kaup slíkra skipa á árinu 1998. Flutningsmenn telja eðlilegt að slíkt ákvæði verði síðan tekið inn í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1999.

Kaupskipastóll Íslendinga samanstendur af 25 skipum sem eru í reglubundnum rekstri íslenskra útgerða. Þess utan er nokkur fjöldi erlendra kaupskipa í leigu íslenskra aðila um stundarsakir vegna ýmissa flutninga, t.d. á mjöli og lýsi.

Af þeim 25 skipum sem fyrr er getið eiga íslenskar útgerðir 19 skip og eru aðeins fjögur þeirra skráð á Íslandi og sigla undir íslenskum fána.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða hefur lýst því yfir að ástæða þess að svo fá skip eru skráð undir íslenskum fána sé fyrst og fremst óeðlilega há skráningargjöld hér á landi sem nemi milljónum króna á meðan kaupskipaútgerðir í Noregi greiði aðeins um sex þúsund íslenskra króna í gjald á hvert skip. Nauðsynlegt er að grípa í taumana og lækka stimpilgjöld hér á landi svo að um ókomin ár megi kaupskip undir íslenskum fána sjást sem víðast. Öflugur íslenskur kaupskipafloti er einn þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar og því er rétt að stuðla að því að sem flest kaupskip í eigu íslenskra útgerða sigli undir íslenskum fána. Sem fyrr kemur fram eru 15 kaupskip í eigu íslenskrar kaupskipaútgerðar skráð erlendis. Nái þetta frumvarp fram að ganga má ætla að þau skip verði skráð á Íslandi. Í engu mundi ríkissjóður verða af tekjum við samþykkt þessa frumvarps

nema síður yrði, enda nánast engar skráningar á kaupskipum hér á landi hin síðari ár.

Með kaupskipum er hér átt við skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum."

Herra forseti. Í fylgiskjali með frv. sem er allrar athygli vert og lýsir enn betur því ástandi sem ríkir í íslenska kaupskipaflotanum er grein sem birtist í Morgunblaðinu 23. janúar sl. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Áætla má að ríkissjóður verði af allt að 220 milljónum króna vegna skráningar íslenskra kaupskipa erlendis. Skráningargjöld kaupskipa eru reiknuð út frá andvirði þeirra en gera má ráð fyrir því að skráningargjöld skips, sem siglir undir íslenskum fána, séu að meðaltali í kringum tíu milljónir króna.

Af þeim 26 kaupskipum sem nú eru í rekstri íslenskra útgerða eru aðeins fjögur sem sigla undir íslenskum fána, þar af eru tvö skip í eigu olíufélaganna. Alls eru 18 skip í eigu útgerðanna en átta eru leiguskip. Andvirði skipanna er mjög mismunandi og eru verðminnstu skipin um 100 milljón króna virði en það verðmesta um 1.500 milljón króna virði. Þegar reiknuð eru gjöld vegna skráningar skipa hér á landi er tekið mið af verðmæti þeirra og samkvæmt heimildum Morgunblaðsins væru skráningargjöld af hverju skipi um tíu milljónir króna.

Samkvæmt reglum um nýskráningar skipa ber að greiða 0,26% af andvirði skips við skráningu þess. Ef skipið er í flokkunarfélagi, viðurkenndu af íslenskum stjórnvöldum, greiðir útgerð skipsins 60% af skráningargjaldinu. Árlegt gjald til Siglingamálastofnunnar eru 170 þúsund krónur á skip.

Verulegur hluti kostnaðar við skráningu skipa hér á landi felst hins vegar í stimpilgjöldum. Í lögum um skráningu skipa segir að fyrir skip sem kemur til nýskráningar undan erlendum fána skuli greiða stimpilgjald af afsali, 0,4% af heildarverði skipsins. Sé skipið selt úr landi er útgerð þess einnig skylt að greiða sömu upphæð í stimpilgjald af afsali.

Einnig ber að taka tillit til þess að í flestum tilvikum þurfa viðkomandi aðilar á verulegum lánafyrirgreiðslum að halda til kaupa á eignum af þessari stærðargráðu. Ef um nýbyggingu er að ræða má áætla að um 80% af verði skipsins séu tekin að láni. Af þeirri upphæð þarf lántakandinn að borga 1,5% í stimpilgjöld.

Allt byggist þetta á kaupverði skipsins. Sé tekið dæmi af nýju skipi Eimskipa, Brúarfossi, sem kom til landsins í sumar [þ.e. sumarið 1996], þá kostaði það um 1,5 milljarða króna og er dýrasta kaupskip í eigu Íslendinga. Þá má gera ráð fyrir að skráningarkostnaður skipsins hafi numið 2,8 milljónum króna. Ef miðað er við 80% lánsfjármögnun skipsins þarf útgerðin að greiða um 18 milljónir króna miðað við gefnar forsendur. Þá er ekki meðtalið stimpilgjald af afsali skipsins verði það selt úr landi, sem verður að teljast líklegur kostur þar sem eftirspurn eftir kaupskipum hér á landi er lítil sem engin.

Í nágrannalöndunum eru skráningargjöld lægri en á Íslandi og í Noregi greiða útgerðir því sem nemur sex þúsund íslenskum krónum í gjald fyrir hvert skip, óháð stærð þess eða andvirði. Einar Hermannsson, hjá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, segir þessi háu gjöld meðal annars hafa ýtt undir þá þróun að kaupskip hætti að sigla undir íslenskum fána. Hann segir að ef gjöldin væru lægri og vænlegra væri að gera út kaupskip hér á landi, mundu útgerðir nota eigin skip í hærra hlutfalli í stað leiguskipa. „Það má segja að mönnum sé beinlínis refsað fyrir að vera með skip undir íslenskum fána. Svokallaður skráningarkostnaður er margþættur en það er ekki hægt að segja að siglingamálayfirvöld séu að innheimta óeðlilega háar upphæðir. Kostnaðurinn liggur fyrst og fremst í stimpilgjöldunum sem eru í raun skattur sem innheimtur er af fjármálaráðuneytinu. Við höfum ítrekað leitað til ráðuneytisins um niðurfellingu á þessum gjöldum í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum. Það hefur hins vegar ekki fengið mikinn hljómgrunn," segir Einar.

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Ég ætla ekki að segja meira um þetta frv. en legg til að að lokinni 2. umr. verði frv. vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:39.

---

## 19. FUNDUR

miðvikudaginn 5. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til samgönguráðherra:*

1. Kjör stjórnenda Pósts og síma hf., fsp. ÖJ, 49. mál, þskj. 49.

*Til viðskiptaráðherra:*

2. Biðlauna- og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna, fsp. GHelg, 106. mál, þskj. 106.

*Til félagsmálaráðherra:*

3. Jafnréttisráðstefna í Lettlandi, fsp. GGuðbj, 107. mál, þskj. 107.

4. Starfsmat, fsp. SvanJ, 190. mál, þskj. 192.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Framkvæmd EES-reglugerðar um félagslegt öryggi, fsp. GHall, 161. mál, þskj. 161.

*Til menntamálaráðherra:*

6. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins, fsp. JónK, 183. mál, þskj. 183.

7. Húsnæðismál Sjómannaskólans, fsp. SJS og GHelg, 203. mál, þskj. 212.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

8. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 213. mál, þskj. 226.

9. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 214. mál, þskj. 227.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram að um kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um stefnuna í málefnum Ríkisútvarpsins.

Málshefjandi er Svavar Gestsson. Menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og mun standa í allt að hálfa klukkustund.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Nafn þingmanns.

[13:33]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Mér varð það á í gær að fara vitlaust með nafn eins hv. þm. og vil biðjast afsökunar á því. Mér var bent á það eftir umræðurnar að það hefði komið fyrir mig fjórum sinnum í ræðu minni. Mér er það algjörlega óskiljanlegt og biðst afsökunar.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Upplýsingar um launakjör opinberra starfsmanna.

[13:34]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Alþingi setur lög en hefur jafnframt skyldur til að fylgjast með því að lögum sé framfylgt. Nýlega voru samþykkt upplýsingalög á Alþingi sem tóku gildi í byrjun þessa árs. Þessi lög eiga m.a. að tryggja aðgang að upplýsingum um launakjör opinberra starfsmanna, föst laun og einstaklingsbundna samninga þar sem kveðið er á um ómælda yfirvinnu, fast akstursgjald og þar fram eftir götunum. Stéttarfélögin hafa lagt mikið upp úr því að engin leynd hvíli yfir launakjörunum og á hátíðarstundum alla vega hefur hæstv. fjmrh. talað um nauðsyn á gegnsæju launakerfi.

Nú bregður hins vegar svo við að fjmrn. neitar að fara að þessum lögum og er þetta farið að torvelda allt starf í tengslum við kjarasamninga í stofnunum ríkisins. Þetta er svo alvarlegt mál að stéttarfélögin hafa þegar falið lögmönnum að skjóta málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál til þess að knýja fjmrn. til þess að fara að landslögum. En þar sem ég á sæti á Alþingi taldi ég mér skylt að gera þinginu grein fyrir þessu framferði fjmrn. við þessar óvenjulegu aðstæður. Síðan mun ég óska eftir sérstakri umræðu um þetta mál hér á Alþingi þegar ljóst verður hver framvindan verður í þessu alvarlega máli.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hv. þm. hefur komið þessari skoðun sinni á framfæri.)

### *Kjör stjórnenda Pósts og síma hf.*

Fsp. ÖJ, 49. mál. — Þskj. 49.

[13:36]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Spurning mín til hæstv. samgrh. er á þessa leið:

Hver eru kjör tíu æðstu stjórnenda Pósts og síma hf. og hvernig eru þau ákveðin í launum, í öðrum beinum fjármunum, í bifreiðum, í öðru? Hafa verið keyptar bifreiðar sérstaklega fyrir þessa einstaklinga, og þá hverja, og hvað hefur það kostað?

Á fyrsta degi þingsins var dreift skýrslu forsrh. um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins. Tilefnið var fyrirspurn á þingi frá í vor um launakjör æðstu stjórnenda hjá Pósti og síma hf. Samgrh. sem hefur á hendi eina hlutabréfið í Pósti og síma hf. hafði neitað að svara fyrirspurninni og urðu af því tilefni nokkrar deilur.

Í umræddri skýrslu forsrh. kemur fram að samgrh. hafi ekki borið lagaleg skylda til að veita upplýsingar um kjör stjórnenda Pósts og síma hf. Hins vegar sé ekkert í lögum sem banni það. Reyndar segir í skýrslunni á þá leið að sérstaða Pósts og síma sé nokkur varðandi upplýsingaskyldu almennt því, og nú vitna ég orðrétt í skýrsluna, með leyfi forseta: „... því að samgönguráðherra getur krafist upplýsinganna á grundvelli þess að hann er æðsta stjórnvald í félaginu þar sem ríkið er eini hluthafinn og samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkisins samkvæmt þeim lögum."

Nú reynir á vilja ráðherrans og afstöðu hans, hvaða skyldur hann telur sig eiga við almenning í landinu, eigenda Pósts og síma, að upplýsa hvað þar fer fram innan dyra.

[13:38]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Á síðasta þingi bar hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fram fyrirspurn um laun og starfskjör starfsmanna Pósts og síma hf. Í svari mínu vakti ég m.a. athygli á þeirri gjörbreytingu sem varð á þeirri starfsemi og því starfsumhverfi sem Póst- og símamálastofnun hafði haft á hendi þegar hlutafélagið Póstur og sími hf. var stofnað. Póstur og sími gegnir hvorki stjórnsýslu- né eftirlitshlutverki því sem Póst- og símamálastofnun áður gegndi og stjórnsýslutengsl milli ráðuneytis og félagsins, sem áður voru milli ráðuneytis og Póst- og símamálastofnunar, rofnuðu. Ráðuneytið hefur því ekki skipunarvald í málefnum Pósts og síma hf. Niðurstaða mín í svari við fyrirspurninni var sú að ráðningar og starfskjör starfsmanna Pósts og síma hf. teljist trúnaðarmál milli stjórnar félagsins og starfsmanna og það breytti engu þar um þótt allt hlutaféð sé í eigu íslenska ríkisins og samgrh. fari með eignarhald ríkissjóðs í Pósti og síma hf.

Í framhaldi af fyrirspurn þingmannsins og svari mínu fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Hæstv. forsrh. lýsti því þá yfir að hann mundi beita sér fyrir að unnin yrði sérstök óháð lögfræðileg úttekt um aðgang Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins að hluta eða í heild. Hæstv. forsrh. leitaði til Stefáns Más Stefánssonar prófessors við lagadeild Háskóla Íslands og var álitsgerð hans lögð fram sem skýrsla forsrh. fyrr á þessu þingi sem þskj. 25. Í niðurstöðu prófessorsins segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi málefni Pósts og síma hf. sérstaklega skal tekið fram að Alþingi hefur sjálft falið samgönguráðherra að fara með eignaraðild ríkissjóðs varðandi málefni fyrirtækisins. Samgönguráðherra er því skylt að gæta hagsmuna fyrirtækisins samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda í slíkum tilvikum og lýst hefur verið. Honum er ekki skylt og honum er jafnframt óheimilt gagnvart félaginu að gefa Alþingi upplýsingar sem hann telur að leynt eigi að fara og ekki geta talist til þeirra upplýsinga sem um er rætt í tölulið 2." Það eru upplýsingar sem eiga að vera opinberar lögum samkvæmt. Hér eru því staðfest rök fyrir synjun minni um að veita þær upplýsingar sem farið var fram á í fyrirspurninni.

Í lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, er fjallað um gerð ársreiknings hlutafélags, ársskýrslu stjórnar þess og samstæðureikninga þar sem því er að skipta. Samkvæmt 48. gr. laganna er eftirfarandi ákvæði um upplýsingaskyldu:

„Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir."

Hins vegar mælir ákvæðið ekki fyrir um sundurliðun með hliðsjón af einstökum starfsmönnum eða stjórnendum. Áhersla skal þó á það lögð að fyrsti ársreikningur Pósts og síma hf. liggur eðlilega ekki fyrir þar sem fyrirtækið tók til starfa 1. janúar sl.

Ég óskaði sérstaklega eftir afstöðu stjórnar Pósts og síma hf. til þeirrar fyrirspurnar sem hér er til umfjöllunar. Í svarbréfi formanns stjórnar félagsins er vísað til umsagnar stjórnarinnar um fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem ég gat um áðan. Í bréfinu kemur fram að ekki sé unnt að veita upplýsingar um kjör einstakra starfsmanna án þess að brjóta undirritaða samninga um gagnkvæman trúnað. Einnig kemur fram að í ársreikningi félagsins verði birtar þær upplýsingar sem lög um ársreikninga og/eða hlutafélög kveða á um.

Svar mitt við þessari fyrirspurn er því þetta: Mér ber ekki skylda til og mig brestur heimild til að veita umbeðnar upplýsingar. Að gefnu tilefni tel ég ástæðu til að stjórn félagsins fái tíma og frið, góða samvinnu við starfsmenn alla sem hún vill búa sem besta aðstöðu og kjör á eftirsóttum vinnuvettvangi. Til þess þarf hún skilning og stuðning jákvæðra fulltrúa þjóðarinnar.

Herra forseti. Það kemur fram í bréfi formanns stjórnar Pósts og síma hf., Péturs Reimarssonar, að sex framkvæmdastjórar og forstjóri hafi bíl sem félagið eigi og reki en þeir greiði skatta af og skyldur eins og lög kveða á um.

Ég mun í síðari ræðu minni gera nánari grein fyrir þessum þætti í mínum upplýsingum þar sem tíma mínum er lokið og hef ég ekki tíma til að svara ítarlegar nú. Ég mun ljúka svarinu í síðari ræðu minni.

[13:43]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Mér virðist að hæstv. samgrh. hafi ekkert lært af þeim umræðum sem fram hafa farið hér síðustu daga ef svo fer sem horfir að hann ætli ekki að upplýsa hv. þm. um það sem hann biður um. Hæstv. ráðherra telur sig greinilega yfir það hafinn að þurfa að fylgja eftir þeirri þróun sem er í þjóðfélaginu um opnari stjórnsýslu. Ráðherra ber fyrir sig að hann hafi ekki skipunarvald gagnvart stofnuninni og ætlar að skýla sér bak við einhverja leynd í hlutafélagalöggjöfinni varðandi þetta ríkisrekna einkafyrirtæki. Ég minni á að hæstv. ráðherra, eftir að hafa verið flengdur af forsrh., taldi sig hafa skipunarvald yfir stofnuninni og hann er að krefja stjórn stofnunarinnar um að breyta ákvörðun sinni varðandi gjaldskrána. Ég minni líka á að þrátt fyrir hlutafélagalögin sem ráðherra ber núna fyrir sig, þá virðist forsrh. einnig hafa bolmagn til að krefja hlutafélag í ríkiseign um upplýsingar. Þetta er því auðvitað fyrirsláttur (Forseti hringir.) hjá hæstv. ráðherra og undirstrikar nauðsyn þess sem við jafnaðarmenn höfum farið fram á, að fram fari stjórnsýsluúttekt á fyrirtækinu þar sem m.a. verði upplýst um starfskjör yfirmanna.

[13:45]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er alveg dolfallin yfir því svari sem hér kom fram. Að vísu tókst hæstv. ráðherra ekki að ljúka því en það kom þó í ljós að sex framkvæmdastjórar Pósts og síma hafa bíl til umráða. Ég skildi hann þannig að þeir hefðu einn bíl hver og þetta er mér sagt að jafnist á við ráðherrakjör. Því spyr ég nú, það væri fróðlegt að fá það upplýst, hver eru laun þessara manna?

Niðurstaðan af þessu öllu saman er sú að ráðherra ber það hér á borð að honum sé ekki heimilt að upplýsa þingheim um launakjör hjá fyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins. Það kom reyndar á okkur þingmenn marga hverja þegar í ljós kom í umræðum um formbreytingu bankanna að þetta yrði ofan á sem auðvitað kallaði á frekari umræður. Og ef það er svo að ráðherrann (Forseti hringir.) telur sig ekki hafa lagalegar heimildir til þess að veita þessar upplýsingar, þá verðið þið bara að gjöra svo vel að breyta lögunum. (Forseti hringir.) Það hlýtur að vera skylda okkar að fylgjast með fyrirtækjum og stofnunum ríkisins.

[13:46]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við þurfum að breyta lögunum ef við eigum að fá þessar upplýsingar og fyrir þingi liggja tvö frumvörp þar sem 1. flm. er Guðmundur Árni Stefánsson og fleiri þingmenn í stjórnarandstöðunni meðflutningsmenn. Þar er einmitt kveðið á um að veittar skuli upplýsingar um hlutafélög í eigu ríkisins þannig að menn ættu nú að geta ráðið bót á þessu.

Í tilefni af því að það var nánast boðað í Morgunblaðinu í gær að það ætti að selja hluta í hlutafélagi Pósts og síma, langar mig til að benda á það að í Bandaríkjunum, þar sem hlutabréfamarkaður er mjög þróaður, fá fyrirtæki ekki að setja hlutabréf sín á markað nema að upplýsa um hluti eins og þá sem er beðið um í þessari fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hefur reyndar verið spurt um áður hér á þingi og neitað um upplýsingar. Ef menn eru því að huga að því að fara að selja hluta af þessu fyrirtæki, (Forseti hringir.) þá ættu þeir að taka til fyrirmyndar ríki eins og Bandaríkin og veita þessar upplýsingar.

Herra forseti. Mig langar aðeins í lokin (Forseti hringir.) að ítreka að beðið hefur verið um umræðu um þá skýrslu sem hér var til umræðu áðan, skýrsluna frá hæstv. forsrh.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Þá höfum við það, engar upplýsingar. Loka á upplýsingar, upplýsa sem minnst. Hæstv. ráðherra segir að sér sé ekki heimilt að veita þessar upplýsingar. Það er rangt. Það sem fram kemur í lögfræðilegri úttekt á þessu máli er að honum ber ekki skylda til að gera það, hann hafi hins vegar heimildina, nema það sé sannanlega til þess að skaða stofnunina, skaða fyrirtækið. Á þeirri lagaklásúlu gæti hann hugsanlega hangið til að fullnægja þeirri löngun sinni að loka á upplýsingar. En þá vakna margar spurningar.

Finnst Halldóri Blöndal, hæstv. samgrh., það geta skaðað hagsmuni Pósts og síma hf. að greina frá launakjörum stjórnenda fyrirtækisins? Og þá vaknar í framhaldinu sú spurning: Hvað er það sem hann telur að muni skaðast? Ímynd Pósts og síma hf., mun hún skaðast? Og ef svo er, í hvers augum

mun hún skaðast? Hver er það sem mundi fyrtast við? Það skyldi þó aldrei vera íslenska þjóðin sem er allt í senn, viðskiptavinur, notandi og eigandi Pósts og síma hf.? Það hlýtur að vera grundvallarkrafa að ráðherra grein fyrir því hvað þeir menn hafa að fela sem ekki vilja láta upplýsa um launakjör sín því að þessar spurningar vakna. Hvað er það sem menn hafa að fela? (Forseti hringir.) Og við heyrðum ekki betur sem fylgdust með sjónvarpi í gærkvöldi en stjórnarformaður fyrirtækisins segði að nú yrði öldin önnur. Nú yrði hætt að loka á upplýsingar, (Forseti hringir.) nú yrðu þær gefnar. En hér kemur hæstv. samgrh. og segir: Lok, lok og læs og allt í stáli.

[13:50]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil minna á það eins og áður að Alþb. á fulltrúa í stjórn Pósts og síma og þau svör sem hér koma fram eru byggð á svörum frá stjórn Pósts og síma. (**ÖJ:** Flokkarnir eiga ekki formlega aðild að stjórninni.) Ég hef því miður ekki tíma til að vitna í bréf formanns stjórnar Pósts og síma nema að litlu leyti en þar kemur m.a. fram að engar sérstakar breytingar hafa verið gerðar á greiðslum fyrir akstur í þágu fyrirtækisins að öðru leyti en því að forstjóri og fimm framkvæmdastjórar hafa til ráðstöfunar fólksbifreið sem fyrirtækið á og rekur og greiða þeir skatta og skyldur af einkanotkun sinni eins og lög og reglur kveða á um.

Það felst einnig í þessum einstaklingsbundnu samningum að ekki er um frekari greiðslur að ræða þótt einstakir menn séu kvaddir til stjórnarfunda eða til að sitja í nefndum er varða málefni fyrirtækisins eða sinna sérstökum verkefnum sem tengjast starfi þeirra hjá Pósti og síma hf. Engar breytingar voru gerðar á reglum um ferðakostnað og dagpeninga og ekki greidd risna.

Þær bifreiðar sem stjórnendur Pósts og síma eiga eru: Guðmundur Björnsson forstjóri á Subaru Legacy Wagon árgerð 1997, Bergþór Halldórsson framkvæmdastjóri á Volvo S-40 árgerð 1997, Einar Þorsteinsson framkvæmdastjóri á Mitsubishi Space Wagon árgerð 1997, Jón Þóroddur Jónsson framkvæmdastjóri á Toyota Carina E árgerð 1997, Kristján Indriðason framkvæmdastjóri á Subaru Impresa árgerð 1997, Viðar Viðarsson framkvæmdastjóri á Opel Astra Caravan árgerð 1997. Ég vona að þetta upplýsi hv. þm. og hann þekki þessa bíla ef hann mætir þeim úti á götu en það geri ég ekki.

Ég vil svo taka fram, herra forseti, í lokin að í skýrslu frá Stefáni Má Stefánssyni prófessor segir: „Ráðherra er því óskylt að gefa upplýsingar um ríkishlutafélag sem ekki kæmi fram í ársreikningi. Hér má t.d. nefna sundurliðaðar fjárhæðir um launakjör eða aðrar greiðslur til einstakra starfsmanna. Ráðherra er einnig óheimilt að gefa slíkar upplýsingar samkvæmt þeim meginreglum sem raktar eru í kafla IX og X."

## *Framkvæmd EES-reglugerðar um félagslegt öryggi.*

Fsp. GHall, 161. mál. — Þskj. 161.

[13:54]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Á þskj. 161 hef ég lagt fyrirspurn til heilbr.- og trmrh. um framkvæmd EES-reglugerðar um félagslegt öryggi. Kemur þessi spurning til af því að í Tryggingastofnun ríkisins geta þeir aðilar sem eru orðnir ellilífeyrisþegar og eru að flytja af landi brott um stundarsakir fengið sérstakt eyðublaðavottorð sem þeir fylla út vegna notkunar á lyfjum. Þegar þeir síðan þurfa á frekari lyfjum að halda erlendis, þá afhenda þeir viðkomandi apótekara, eða í apóteki, þetta eyðublað sem er uppáskrift frá Tryggingastofnun ríkisins um að viðkomandi þurfi á þessum meðulum að halda. Þá gerist það að sá sem fær afhent meðulin þarf ekki að greiða neitt fyrir þau. Þess vegna hef ég lagt fram þessa fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmh.:

„Hvaða fjárhæðir, sundurliðaðar eftir árum, hefur íslenska ríkið þurft að greiða vegna lyfjakaupa íslenskra lífeyrisþega búsettra um stundarsakir erlendis sem nýta sér rétt til hvers konar lyfjakaupa þar samkvæmt EES-reglugerð E/121, um félagslegt öryggi? Hver er heildarfjöldi lífeyrisþeganna orðinn frá því að Ísland gerðist aðili að samkomulagi um þann rétt?"

[13:55]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hér um kostnað íslenska ríkisins vegna lyfjakaupa íslenskra lífeyrisþega, sem búsettir eru um stundarsakir erlendis og nýta sér rétt til hvers konar lyfjakaupa þar samkvæmt svokallaðri EES-reglugerð E/121 um félagslegt öryggi, en sú reglugerð er frá 1994.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnuninni hafa stofnuninni borist reikningar frá tryggingastofnunum EES-ríkjanna að fjárhæð 7,5 millj. kr. vegna aðstoðar sem veitt hefur verið Íslendingum sem dveljast tímabundið í öðrum EES-ríkjum. Hér er um heildarkostnað að ræða og þarna er ekki sundurliðaður lyfja- og lækniskostnaður. Þetta er bæði lyfja- og lækniskostnaður og það er erfitt að fá sundurliðað nákvæmlega hversu mikið af þessari upphæð eru lyf. En þess ber að geta að við eigum endurkröfurétt til þessara EES-ríkja um 20 millj. kr. þannig að íslenska ríkið hefur ekki enn þá greitt þessar 7,5 millj. og mun ekki gera fyrr en heildardæmið er gert upp, en alþjóðadeild Tryggingastofnunar er að vinna með tryggingastofnunum erlendis að því að gera þetta dæmi upp.

Hv. þm. sagði að það kæmi fyrir að einstaklingar gætu t.d. fengið frí lyf. Það rétt því að það fer eftir lögum í því landi sem fólkið er, í Þýskalandi og Danmörku gilda t.d. ekki sömu lög og á Spáni, þar sem sjúklingarnir borga hærri hlut heldur en ef þeir dvelja t.d. í Danmörku.

En aðalatriðið er að það er ekki búið að gera upp heildardæmið. Reikningurinn er upp á 7,5 millj. en við eigum endurkröfurétt upp á 20 millj.

[13:57]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Vegna þessa máls kom nú reyndar ágætis skýring frá hæstv. heilbrrh. en eins og kom fram í máli hans, þá er um að ræða að þeir sem hafa þetta form, E/121 eða E/111 fyrir aðra en lífeyrisþega, fá heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og íbúar í landinu þar sem þeir biðja um þjónustuna. Ég hefði gjarnan viljað vita hvort hægt sé að fá sundurliðaðar upplýsingar um hversu mikill kostnaður er vegna læknisþjónustu í þessum löndum fyrir Íslendinga vegna lyfja, vegna spítalavistar o.s.frv. vegna þess að þetta á náttúrlega við fjölbreyttari þjónustu en aðeins lyfin. Einnig hvort til sé sundurliðun um hversu miklar upphæðir við eigum endurkröfu á vegna kostnaðar erlendra borgara sem hafa þessi sömu form og hafa fengið þessa þjónustu hérlendis.

Eru til upplýsingar um það hversu mikið af því er sjúkrahúsþjónusta, (Forseti hringir.) lyfjaþjónusta, læknisþjónusta o.s.frv.? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. heilbrrh.

[13:59]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Þetta var athyglisvert svar, bæði frá hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Hún bætti þó um betur með nokkrum spurningum. Það sem hins vegar kom fram í máli ráðherra og ég veit betur er að fjölmargir Íslendingar búa á erlendri grund, einmitt á Spáni sem hún sérstaklega tiltók. Þar veit ég að þeir framvísa þessum pappírum frá Tryggingastofnun ríkisins og þurfa ekkert að greiða fyrir þau meðul sem þeir fá þar afhent. Þess vegna er ég að spyrja: Er reikningurinn sendur á Tryggingastofnun ríkisins án nafns eða er hann eyrnamerktur hverjum og einum þannig að þeir fjölmörgu öldruðu Íslendingar sem búa um langt árabil erlendis geti þá átt von á bakreikningi frá ríkinu? Eða er það kannski að gerast, hæstv. heilbr.- og trmrh., að þeir öldruðu eigi von í því og sjái sér fært að koma sér á erlenda grund, sérstaklega þeir sem þurfa að borga háar upphæðir vegna meðalakaupa? Það er kannski lausn á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir varðandi málefni aldraðra að þeir muni flykkjast á sólarstrendur með þessa pappíra frá Tryggingastofnun ríkisins og njóta frírra meðala og annarrar læknishjálpar. Það er athyglisvert.

[14:01]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Það fer eftir lögum í hverju landi hverjar endurgreiðslurnar eru. Það hefur sérstaklega verið kvartað undan því að endurgreiðslurnar eru minni á Spáni nema kannski hvað einstök lyf varðar. Það fer eftir lyfjaflokkum líka. Ég tel að viðmiðun við aðrar þjóðir sé Íslandi í vil. Það er samkomulag milli þjóðanna um að viðkomandi ríki greiði sjúkraþjónustu fyrir þessa tryggðu aðila þar heima og síðan er heildarpakkinn gerður upp og það er engin leið fyrir einstaklinga að gera út á það neitt sérstaklega. Þetta er hreint samkomulag þarna á milli.

En varðandi fyrirspurn frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um það hvort til væri nákvæm sundurliðun á því hvað af þessum 7,5 millj. væri lækniskostnaður, hvað væri lyfjakostnaður og hvað væri sjúkrahúskostnaður, þá er sú sundurliðun ekki til. Hún er ekki til nákvæm í Tryggingastofnun.

## *Jafnréttisráðstefna í Lettlandi.*

Fsp. GGuðbj, 107. mál. — Þskj. 107.

[14:02]

**Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Á liðnu sumri, dagana 7.–10. ágúst var haldin jafnréttisráðstefna í Valmiera í Lettlandi á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Tilgangur ráðstefnunnar var að koma á tengslum og samvinnu milli þeirra aðila á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum sem á ýmsan hátt vinna að jafnréttismálum. Ráðstefnan bar yfirskriftina: Konur og karlar ræða saman. En hin raunverulega samræða var á milli fulltrúa frá Norðurlöndunum annars vegar og fulltrúa frá Eystrasaltslöndunum hins vegar sem augljóslega geta mikið af Norðurlöndunum lært. Jafnréttisráðstefnan kostaði að minnsta kosti 26 millj. kr. og hana sóttu um 1.300 manns. Um 52 Íslendingar með margs konar sérþekkingu á þessu sviði tóku virkan þátt í þessari ráðstefnu og erindum Íslendinganna var mjög vel tekið. Eftir ráðstefnuna hafa margir haft samband við fólk í Eystrasaltsríkjunum og óskað eindregið eftir frekari samvinnu. Þeir málaflokkar sem sérstaklega er óskað eftir samvinnu um eru t.d. sifjaspell og annað ofbeldi gegn konum, atvinnumál kvenna í dreifbýli, samvinna á sveitarstjórnarstigi um jafnréttismál, staða kvenna innan kirkjunnar, öryggismál sjómannskvenna, m.a. ekknabætur, klám og vænti, staða fatlaðra kvenna og fleiri mál. Ef um framhaldssamskipti á að vera að ræða verður að koma til einhvers konar fjárhagsleg fyrirgreiðsla. Af þeim sökum hef ég sett fram eftirfarandi fyrirspurn til félmrh. á þskj. 107, með leyfi forseta:

1. Hyggjast norrænu jafnréttisráðherrarnir stuðla að því að elfd verði tengslin sem mynduðust á ráðstefnunni í Valmiera í Lettlandi í ágúst sl. milli baltneskra og norrænna stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála? Ef svo er, hvernig?

2. Hyggst ráðherra stuðla að frekari samskiptum á milli baltneskra og íslenskra einstaklinga, stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála í framhaldi af ráðstefnunni? Ef svo er, hvernig?

[14:05]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Að lokinni ráðstefnu um málefni kvenna sem var haldin í Peking haustið 1995 stóð Halldór Ásgrímsson utanrrh. fyrir norrænni-baltneskri ráðstefnu um jafnréttismál hér í Reykjavík. Á þeirri ráðstefnu kom fram mikill vilji baltnesku fulltrúanna til að nýta reynslu Norðurlandanna í jafnréttismálum og halda opna ráðstefnu um jafnréttismál heima fyrir með þátttöku frá Norðurlöndum. Í framhaldi af þessu var síðar ákveðið að standa fyrir ráðstefnuröð um jafnréttismál í Eystrasaltslöndunum. Fyrsta ráðstefnan í þessari ráðstefnuröð var haldin í Tallinn í Eistlandi sl. vor og þar flutti ég fyrir hönd Norðurlandanna opnunarræðu. Þá var haldin ráðstefna í Litáen og síðasta og jafnframt fjölmennasta ráðstefnan var haldin í Valmiera í Lettlandi í ágústbyrjun.

Það er okkar mat að ráðstefnurnar hafi tekist vonum framar og hafi þegar haft áhrif á starf að jafnréttismálum í löndunum sjálfum og eins hafa þær styrkt norrænt-baltneskt samstarf á þessu sviði. Norrænu jafnréttisráðherrarnir héldu fund í Ríga 8. ágúst í tengslum við ráðstefnuna í Valmiera og ákváðu þar að fylgja ráðstefnunum eftir og fólu norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál að vinna að tillögu að framkvæmdaáætlun til að styrkja jafnréttisstarf í baltnesku löndunum og stuðla að enn frekara samstarfi milli landanna. Tillögurnar liggja ekki fyrir en eru í vinnslu og verða lagðar fyrir sameiginlegan fund norrænu jafnréttisráðherranna og baltnesku jafnréttisráðherranna í Ósló 10. desember nk. Allt bendir til að þessi framkvæmdaáætlun verði tvíþætt. Annars vegar verði lögð áhersla á að styrkja félagasamtök í löndunum og samstarf þeirra á milli í samræmi við yfirlýsta stefnu Norðurlandaráðs um að auka tengsl milli almennings í löndunum. Hins vegar verði lögð áhersla á aðstoð við baltnesku löndin við verkefni og aðgerðir stjórnvalda, m.a. að koma á laggirnar jafnréttisskrifstofum í löndunum.

Meginábyrgðaraðili samstarfs Norðurlandanna og baltnesku landanna verða væntanlega fyrst um sinn almennar

aðgerðir til að styrkja kvennahreyfinguna í baltnesku löndunum, efla kvennarannsóknir og stemma stigu við ofbeldi gagnvart konum. Ég tel að þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi spurði um geti líka farið vel inni í þessari áætlun og á þeim atriðum verði væntanlega tekið líka.

Síðan spurði hv. fyrirspyrjandi: „Hyggst ráðherra stuðla að frekari samskiptum á milli baltneskra og íslenskra einstaklinga, stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála í framhaldi af ráðstefnunni? Ef svo er, hvernig?"

Þegar áætlun norrænu ráðherranefndarinnar liggur fyrir munum við í félmrn. skoða hvort og þá hvernig íslensk stjórnvöld muni enn frekar stuðla að samskiptum milli baltneskra og íslenskra einstaklinga, stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála. Ég tel að það sé eðlilegt að bíða eftir niðurstöðu fundarins í Ósló áður en við förum að ákveða næstu skref.

[14:09]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir svörin. Mér þykja það góð tíðindi að til standi að fylgja eftir því starfi sem hófst í Valmiera. Sjálf átti ég þess kost að sækja þessa ráðstefnu og þar var mikill og góður andi. Það er nauðsynlegt að fylgja eftir því góða starfi sem þar hófst. Ef fram fer sem horfir og ráðherranefndin stefnir að á fundi þann 10. desember held ég að það séu góð tíðindi fyrir jafnréttismál í baltnesku löndunum.

[14:10]

**Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra jafnréttismála fyrir svörin. Það er ánægjulegt að norræna ráðherranefndin hyggst fylgja ráðstefnunni eftir og málaflokkarnir sem hæstv. ráðherra nefndi eru að mínu mati allir góðir þó ekki sé kannski alveg ljóst hvort þeir nái yfir öll þau mál sem ég nefndi áðan.

Spurningin sem enn er óljós í mínum huga er hvernig að hugsanlegum styrkveitingum verður staðið til félagasamtaka eða hvort þetta verður allt á embættismannaplani. Ég tel mjög mikilvægt að staðið verði skipulega að þessum styrkveitingum. Þeir verði t.d. kynntir í norræna fréttablaðinu um jafnréttismál eða í bréfum til Valmierafara þannig að ekki verði um handahófskenndar styrkveitingar að ræða. Það er ljóst að yfirleitt geta Íslendingar ekki sótt fé í norræna sjóði nema það séu að minnsta kosti tveir norrænir umsækjendur þannig að það er ekki í öllum tilvikum þannig miðað við þær upplýsingar sem nú eru tiltækar. Það er því alveg ljóst að einnig þurfa að koma til styrkir héðan ef það eiga að koma til tvíhliða samskipti á milli baltnesku landanna og Íslands. Því vona ég að það verði ákvörðun ráðherra í framhaldi af fundinum í desember að komið verði upp einhvers konar íslenskum sjóði sem konur og karlar geti sótt í. Karlar voru líka á þessari ráðstefnu. Jafnvel mætti benda á að í Noregi stendur til að nota hluta af norrænni þróunaraðstoð í þessum tilgangi til að styrkja svokölluð pörunarverkefni á þessu sviði.

Ég var ein þeirra sem sóttu þessa ráðstefnu og finnst mjög miður ef ekki verður mögulegt að hlúa að þeim tengslum sem þarna mynduðust því kvennabaráttukonur og karlar sem vinna að jafnréttismálum hér á landi hafa af miklu að miðla og það getur skipt sköpum fyrir jafnréttisbaráttuna í þessum löndum að þessi tengsl rofni ekki. Ég hvet því hæstv. félmrh. að stofna íslenskan sjóð og hafa þá skýran umsóknarfarveg þannig að allir viti hvert þeir eiga að snúa sér.

[14:12]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég tel að samskipti á sviði jafnréttismála við baltnesku löndin séu mjög áhugaverð. Ég sótti tvær af þessum ráðstefnum eins og kom fram í svari mínu áðan og þær voru báðar mjög áhugaverðar, svo og fundir sem ég átti í tengslum við þessa ráðstefnu.

Ég vonast eftir því að skipulega verði staðið að styrkveitingum ef um það verður að ræða. En ég tel skynsamlegt að bíða með ákvarðanir og sjá hverju fram vindur í framhaldi af fundinum í Ósló, fá að sjá þá áætlun sem þar verður væntanlega samþykkt og meta útkomuna áður en farið er að ákveða næstu skref.

## *Starfsmat.*

Fsp. SvanJ, 190. mál. — Þskj. 192.

[14:14]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Með bréfi dags. 8. mars 1995 skipaði þáv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, starfshóp sem skyldi safna upplýsingum og vinna að tillögum um starfsmat sem tæki til að draga úr launamun kynjanna. Eftir síðustu alþingiskosningar skipaði nýr ráðherra hv. þm. Siv Friðleifsdóttur formann starfshópsins. Skýrsla með afrakstri af vinnu hópsins kom síðan út og var kynnt í febrúar árið 1996.

Skýrslan er afar gagnleg með miklar og góðar upplýsingar. Möguleikar þess að nota starfsmat sem tæki til launajöfnunar hafa nokkrum sinnum komið til umræðu á hinu háa Alþingi undanfarin tvö til tvö og hálft ár og hefur félmrh. þá jafnan upplýst að verið væri að vinna í málinu án mikilla frekari skýringa. Því vil ég biðja hæstv. félmrh. að upplýsa okkur um nokkur atriði. Í fyrsta lagi: Að hve miklu leyti hefur verið unnið eftir tillögum starfshóps um starfsmat sem fram komu í skýrslunni sem ég nefndi áðan? Ein af tillögum hópsins var að farið yrði út í tilraunaverkefni í einni eða tveimur stofnunum á vegum ríkisins, einu einkafyrirtæki og einu fyrirtæki eða stofnun á vegum Reykjavíkurborgar. Því er önnur spurning mín til hæstv. ráðherra: Hefur tilraunaverkefni verið hrint úr vör? Ef svarið er jákvætt, hvar er þá verið að vinna slíkt verkefni? Önnur af tillögum hópsins var að ákveði um tilraunaverkefni um starfsmat kæmi inn í endurskoðaða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Því spyr ég í þriðja lagi: Hyggst félmrh. leggja til að starfsmat verði liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?

Í skýrslunni kemur m.a. fram að starfsmat sveitarfélaganna sem þau hafa verið að þróa í tíu ár, byggi á þeim reglum sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sett um sundurgreinandi starfsmat og að þrátt fyrir að það væri ekki upphaflega sett á sérstaklega til að jafna kjör kynjanna þá hafi það haft þær afleiðingar að hækka laun fyrir umönnunarstörf enda hafa þau atriði sem einkenna slík störf fengið aukið vægi í starfsmatinu og launamunur svokallaðra kvenna- og karlastarfa þess vegna minnkað verulega. Því spyr ég að lokum: Að hve miklu leyti er reynsla af starfsmati sveitarfélaganna nýtt til áframhaldandi þróunar á starfsmati á vegum félagsmálaráðuneytisins?

[14:17]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Í tillögum starfshóps hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um starfsmat, í skýrslunni frá febrúar 1996, var lagt til að farið yrði út í tilraunaverkefni þar sem starfsmati yrði beitt í einni eða tveimur stofnunum á vegum ríkisins, einu einkafyrirtæki og einu fyrirtæki eða stofnun á vegum Reykjavíkurborgar. Tilgangurinn væri að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað.

Tilraunaverkefni hefur verið hrint af stað og er vinna við starfsmat þegar hafin innan Ríkisspítalanna. Þar verða metin nokkur dæmigerð karla- og kvennastörf líkt og miðað var við í tillögu starfshóps um starfsmat. Hjá Ríkisspítölunum hefur verið sett á fót nefnd skipuð fulltrúum stjórnenda Ríkisspítala, fulltrúum starfsfólks frá stéttarfélögum innan heildarsamtaka launþega, þ.e. ASÍ, BSRB og háskólamenntaðra starfsmanna. Þessi nefnd ásamt starfsfólki verkefnisins sér um framkvæmd starfsmatsverkefnis innan Ríkisspítala í samræmi við ákvarðanir starfshópsins um starfsmat. Nefndin er tekin til starfa og meðal verkefna sem fram undan eru hjá henni er að aðlaga starfsmatskerfið, sem ákveðið hefur verið að nota í verkefninu, að aðstæðum sjúkrahússins.

Eins og starfshópurinn um starfsmatið lagði til verður hluti af tilraunaverkefninu fólginn í starfsmati hjá Reykjavíkurborg. Þar hefur lítillega verið vikið frá upphaflegri tillögu starfshópsins um að gera starfsmat hjá einni stofnun eða fyrirtæki hjá borginni. Ástæðan er sú að til að uppfylla markmið verkefnisins, þ.e. að bera saman hefðbundin störf karla og kvenna, var talið nauðsynlegt að gera starfsmat hjá tveimur stofnunum í stað einnar af því það fannst ekki ein stofnun hjá borginni sem væri upplagt að gera starfsmatið í. Það skiptist nokkuð mikið í annað hvort karlastofnanir eða kvennastofnanir. Þannig má bera saman störf á milli stofnana þar sem konur eru í miklum meiri hluta annars vegar og karlar hins vegar. Fyrir valinu hjá Reykjavíkurborg urðu Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Hitaveitan og er undirbúningur að starfsmati innan þessara stofnana vel á veg kominn. Starfshópurinn hefur einnig fengið vilyrði frá fyrirtæki á einkamarkaði um þátttöku í tilraunaverkefninu. Framkvæmd starfsmats þar verður svo látin bíða um skeið og ræðst framhaldið nokkuð af því hvernig starfsmatsverkefninu miðar hjá Ríkisspítölum og Reykjavíkurborg.

Það er rétt að hafa í huga að hér er um að ræða mjög viðamikið starfsmatsverkefni og einnig er um að ræða fyrsta verkefni hér á landi þar sem sérstök áhersla er lögð á að starfsmatið sé kynhlutlaust eins og það er kallað, þ.e. að haft verði í huga að uppræta kynbundið mat á gildi starfs. Kynbundinn launamunur er svo aftur blettur á íslensku samfélagi og mikilvægt að leita allra leiða til að uppræta hann. Það er mitt mat að kynhlutlaust starfsmat geti skilað þar nokkrum árangri. En þetta er flókið verkefni og það verður að vinna það í góðri sátt við hlutaðeigendur og það er sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi þar sem um er að ræða tilraunaverkefni sem gæti, ef vel tekst til, orðið leiðbeinandi og öðrum til eftirbreytni. Vegna þessa hefur verið kostað kapps um að vanda vel til undirbúnings þessa verkefnis. Félmrn. hefur starfsmann í fullu starfi til þess að standa að þessum undirbúningi með starfshópnum um starfsmatið og hefur hún unnið mikið og gott verk.

Þá er spurt hvort ég muni leggja til að starfsmat verði liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Það er ráðgert að halda þessu tilraunaverkefni áfram og ljúka því og að því búnu er fyrst hægt að meta hvort rétt sé að fara út í frekari verkefni á þessu sviði eða sérstaka kynningu á kynhlutlausu starfsmati. Þessari tilraun er því miður ekki lokið, og satt að segja hefur tekið lengri tíma en ég vonaði að koma henni á, en málið er flókið eins og ég sagði og það hefur tekið sinn tíma.

Síðan er spurt um reynslu af starfsmati sveitarfélaga. Öflun upplýsinga um starfsmat sveitarfélaganna var hluti af undirbúningsvinnu hópsins. Í því skyni kallaði hópurinn m.a. til fundar við sig fulltrúa sveitarfélaga og stéttarfélaga bæjarstarfsmanna. Enn fremur var leitað til bresks sérfræðings um starfsmats og hann fenginn til að gera úttekt á starfsmatskerfinu sem sveitarfélögin nota. Var það gert til að kanna hvort kerfið stæðist almennt þær kröfur sem gerðar eru til kynhlutlauss starfsmats. Þetta var gert í samráði við höfund kerfisins og launanefnd sveitarfélaganna.

Starfshópurinn ákvað að nota sænskt starfsmatskerfi til grundvallar tilraunaverkefni félmrn. Þetta sænska kerfi hefur verið í þróun undanfarin missiri hjá sænsku vinnumálastofnuninni og það var niðurstaðan að það væri heppilegasta kerfið.

[14:23]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma inn á þetta mál. Það er alveg ljóst að starfsmat er afar umfangsmikið og ég hugsa að það sé miklu umfangsmeira en menn áttuðu sig á í upphafi. Það er alveg rétt að þetta verkefni hefur gengið tiltölulega rólega en það eru ákveðnar ástæður fyrir því. Það dróst verulega vegna þess að tekist var á um það í nefndinni sem er að gera þetta tilraunaverkefni hvernig ætti að vigta starfsmatið, hvar ætti að vigta það. Með vigt er átt við vægi þátta, hvað þeir eiga að vera miklir í prósentum talið. Sumir vildu vigta það í nefndinni sjálfri sem er að stýra tilraunaverkefninu. Aðrir vildu vigta það inni á viðkomandi vinnustöðum, þ.e. hjá Ríkisspítölunum eða innan Hitaveitunnar eða hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Það var tekist á um þetta mjög lengi. Niðurstaðan varð sú að þetta verður vigtað í nefndinni. Ef það tekst ekki á fjórum vikum þá fer boltinn yfir til vinnustaðanna.

Um tíma var líka talað um að Reykjavíkurborg færi jafnvel út úr verkefninu. Niðurstaðan varð að svo verður ekki. En verkið er miklu umfangsmeira en menn áttuðu sig á þannig að það er alveg ljóst að það mun frestast alla vega í tvo mánuði. Niðurstöðu er því ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi í maí í vor.

[14:24]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hér komu fram og flest þeirra komu mér satt að segja ekki á óvart.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gat þess að starfsmat væri mjög umfangsmikið. Það held ég að mörg okkar hafi vitað þegar farið var af stað að það er umfangsmikið og kannski einmitt þess vegna var ég að minnsta kosti, og ég veit að ég deildi því með fleirum, nokkuð undrandi á því að menn skyldu ekki líta nánar á þá löngu reynslu sem orðin var af notkun starfsmats hjá sveitarfélögunum. Vegna þess að enda þótt sá sérfræðingur breskur sem nefndin leitaði til gæfi út það álit sitt að það starfsmat væri ekki algjörlega kynhlutlaust, þá voru, að mér sýnist að minnsta kosti, það litlir ágallar á því

kerfi að auðveldlega hefði mátt bæta það og þróa áfram. Ég óttaðist alltaf pínulítið og ég ætla bara að upplýsa það hér — þessu er nú ekki beint til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem ég veit að er í þessu af fullri einlægni — að þarna væru menn eina ferðina enn að fara í að finna upp hjólið til þess eins og að tefja raunverulegar aðgerðir í launajafnréttismálum. Mér fannst þetta því miður lykta örlítið af því.

Mér sýnist að við gætum í fyrsta lagi hugsað til næstu kjarasamninga sem verða um aldamótin, með það í huga að starfsmat fari að skipta einhverju máli varðandi kjarasamninga hjá ríkinu. Og það finnst mér vera býsna langur tími ef það tekur heil fimm ár bara að koma þessu á í fyrstu samningum vegna þess að við vitum að fyrstu samningar þegar starfsmat á að nýtast verða eins konar tilraunasamningar. Þannig að þar verðum við fyrst og fremst að stíga einhver fyrstu skref. En allt sem gert er er þakkarvert því ég er sammála ráðherra um að kynbundinn launamunur er svartur blettur á íslensku samfélagi.

[14:27]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég hef bundið miklar vonir við þetta starfsmat og geri enn því kynbundinn launamunur er að mínu mati ósæmilegur. En eins og ég hef skilið starfsmatskerfi sveitarfélaganna þá er það ekki sérstaklega með megináherslu á kynhlutleysinu sem var að mínu mati meginverkefni þessa starfsmatskerfis. En þó að ekki sé stuðst beinlínis við starfsmatskerfi sem sveitarfélögin hafa notað í sínu starfsmati þá mun reynsla sveitarfélaganna að sjálfsögðu nýtast við þetta verkefni á vegum ráðuneytisins. Ég vænti þess líka að tilraunaverkefni ráðuneytisins um kynhlutlaust starfsmat ætti að gagnast sveitarfélögunum ef allt fer fram sem horfir.

Þetta er eins og ég sagði áðan afskaplega vandasamt verkefni. Það er reyndar eitt sem ekki hefur komið hér sérstaklega fram í umræðunni enn og það er hve gildur á menntunarþátturinn, skólagönguþátturinn, að vera í starfsmatinu. Um það hafa líka verið nokkuð skiptar skoðanir, ef ég veit rétt, innan hópsins, að háskólamenn leggja að sjálfsögu mjög ríka áherslu á að menntunarþátturinn vegi þungt, sem er ekki nákvæmlega sama viðhorf og hjá sumum öðrum stéttum.

Ég endurtek að ég bind miklar vonir við þetta mál. Mér þykir leiðinlegt að því skuli ekki hafa undið hraðar fram en á því eru skýringar. Ég held að meginatriðið sé að við fáum út úr þessu vitræna niðurstöðu sem við getum byggt á í framtíðinni.

[14:29]

**Útbýting þingskjals:**

Raðsmíðaskip, 20. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 285.

## *Dreifikerfi Ríkisútvarpsins.*

Fsp. JónK, 183. mál. — Þskj. 183.

[14:29]

**Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Á þskj. 183 hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. menntmrh. um dreifikerfi Ríkisútvarpsins:

1. Á hvaða svæðum landsins næst ekki ótrufluð útsending sjónvarps frá Ríkisútvarpinu?

2. Á hvaða svæðum nást útsendingar á FM-bylgju ekki ótruflaðar?

3. Hver er útbreiðsla sendinga á langbylgju?

4. Hefur Ríkisútvarpið áform um aukna notkun ljósleiðara til að dreifa útvarps- og sjónvarpsefni?

Ástæðan fyrir því að ég færi þetta mál inn á Alþingi í fyrirspurnaformi er sú að gott aðgengi að útvarpi og sjónvarpi er einn af grundvallarþáttum í nútímasamfélagi. Ef þessir hlutir og þessi skilyrði eru ekki í lagi á afmörkuðum svæðum landsins kemur upp sú tilfinning að svæðið sé í öðrum og verri gæðaflokki hvað þjónustu snertir. Þær staðreyndir að þessi skilyrði eru ekki fullkomin alls staðar vilja oft gleymast í allri þeirri miklu umræðu sem er að vonum um þá mikilvægu stofnun, Ríkisútvarpið, þó að vissulega hafi einmitt þessi mál verið borin oft upp í fyrirspurnaformi á Alþingi á undanförnum árum. En það er nauðsynlegt að þessi þáttur rekstrar Ríkisútvarpsins sé með í umræðunni.

Við horfum til nýjustu tækni og tækninni hefur fleygt fram. Við horfum til þeirra möguleika sem sendingar á ljósleiðara gefa og hvort Ríkisútvarpið hefur áform um að auka notkun þessa miðils en mér er ljóst að samningar milli Ríkisútvarpsins og Pósts og síma um þessi mál hafa tekið mjög langan tíma.

Mér er einnig ljóst að mikið átak hefur verið gert í aðstöðu fyrir langbylgjusendingar Ríkisútvarpsins og er það vel. Einn liður fyrirspurnarinnar er hvað áformað er að þær nái til stórs svæðis en þær ná ekki eingöngu til landsins heldur einnig miðanna í kringum landið sem mega ekki gleymast í þessu sambandi. Hér er samt verið að spyrja um hvar skilyrðin séu fullkomin en það er því miður þannig að þau eru víða ófullkomin.

[14:33]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Grundvallaratriði í fjarskiptatækni er að viðtaka án truflana er ekki möguleg og þess vegna má segja að bókstaflegt svar við fyrstu fyrirspurninni er að hvergi sé hægt að tryggja sendingar án truflana. Ég held að fyrirspyrjandi, hv. þm., hafi ekki verið að velta fyrir sér þessum grundvallarþætti heldur hafi hann verið að velta fyrir sér hvar um viðvarandi léleg móttökuskilyrði væri að ræða. Svarið við því er að það er áætlað að mati Ríkisútvarpsins að tæplega 80 sveitabæir hafi lélega eða enga viðtöku sjónvarps. Erfitt er að tilgreina afmörkuð svæði en um er að ræða bæi í þröngum dölum víða um land, svo sem í Húnavatnssýslu, Dalasýslu, á Vestfjörðum og Austfjörðum. Talið er að sjónvarpið nái til 99,9% þjóðarinnar og notar það 137 senda. Þetta er hærra hlutfall en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar.

Lauslega áætlað nær FM Rás 1 til 99,6% þjóðarinnar með 75 sendum og FM Rás 2 til 99,4% þjóðarinnar með 71 sendi þegar dreifing um sjónvarpskerfið er ekki talin með en eins og menn vita er einnig dreift útvarpsefni um sjónvarpskerfið þegar sjónvarpskerfið er ekki notað fyrir aðrar sendingar.

Léleg móttökuskilyrði eru á sambærilegum stöðum og í sjónvarpskerfinu en þó víðar þar sem FM-sendarnir eru færri.

Langbylgju- og miðbylgjustöðvar eru taldar fylla í göt í FM-dreifingunni en þess ber þó að geta að sendingar frá langbylgjustöðinni á Eiðum liggja niðri meðan endurnýjun þar stendur yfir.

Um þriðja lið fyrirspurnarinnar sem varðar sendingar á langbylgju segir í svörum Ríkisútvarpsins:

„Til að meta útbreiðslu langbylgjunnar er nauðsynlegt að hafa bylgjueiginleika hennar í huga. Miðað við viðmiðunarstyrkinn 73 DBUVM sem talinn er góður styrkur er

langdrægni nýja langbylgjusendis Ríkisútvarpsins á Gufuskálum allt frá Eyjafjöllum í suður inn á miðhálendið og til Hraunhafnartanga í norðaustur. Úti á sjó þar sem land ber ekki á milli er langdrægni miðuð við áðurnefndan viðtökustyrk um 300 sjómílur. Í reynd hafa sendingarnir heyrst um borð í skipum með betri búnaði allt frá Flæmska hattinum í vestur og til Smugunnar í austur og fregnir hafa borist um að sendingar hafi heyrst í Noregi, Þýskalandi og Bretlandseyjum. Hér innan lands má heyra sendingarnar þokkalega í sæmilegum bíltækjum frá Skaftafelli til Egilsstaða en á heimilum manna á þessum stöðum lakar eða ekki eftir tækjabúnaði. Langbylgjustöð rís á Eiðum og er gert ráð fyrir að hún heyrist vel á austanverðu landinu og víðar."

Sem svar við fjórða lið fyrirspurnarinnar sem varðar áform Ríkisútvarpsins um aukna notkun ljósleiðara til að dreifa útvarps- og sjónvarpsefni er þetta tekið fram af Ríkisútvarpinu: Ríkisútvarpið leitar á hverjum tíma hagkvæmustu leiða sem kostur er á til dreifingar dagskrár sinnar. Breyting á því er tæplega á döfinni.

Dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis má skipta í tvö þrep. Fyrsta þrep er dagskrárflutningur til sendistöðvanna, svokölluð stofndreifing. Annað þrep er útsending frá sendistöðvum til almennings. Í stofndreifingu notar Ríkisútvarpið nú blandað kerfi, eigin örbylgju og ljósþráð Pósts og síma og verður svo áfram. Endanlegt svar við því í hvaða hlutföllum notaður verður glerþráður eða örbylgja í framtíðinni liggur ekki fyrir en ljóst er að glerþráður getur ekki annað stofndreifiþörfum okkar að öllu leyti vegna þess að hann liggur ekki til nokkurra aðalsendistöðva. Ugglaust verður um aukningu að ræða en hve mikil hún verður og með hvaða fyrirkomulagi er ekki ljóst á þessari stundu.

[14:37]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég sé að uppi á pöllunum eru nemendur Sjómannaskólans sem hafa haft mikinn áhuga á að fá upplýsingar um það hvernig staða mála er gagnvart fiskimiðunum. Ár eftir ár hefur verið rætt um það á Alþingi hvernig verði staðið að væntanlegu dreifikerfi útvarps og sjónvarps á miðin. Þegar gefið var leyfi fyrir NATO að byggja á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli var um það rætt að jafnframt yrðu þessar stöðvar notaðar sem dreifikerfi sjónvarps og útvarps. Ekkert hefur gerst í því og enn er slíkt ástand á miðum að víða næst hvorki til útvarps né sjónvarps. Á árum áður var oft rætt um það að þetta væri mál sem mundi væntanlega fá forgang og yrði afgreitt mjög bráðlega.

Hins vegar er dreifikerfi útvarps með slíkum hætti að sjálfur hef ég upplifað það að vera í Miðfirðinum og ná engri stöð frá ágætu Ríkisútvarpi en studdist hins vegar við ágæta tónlist Kántríbæjar.

[14:38]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Slæm móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á einstökum landsvæðum hafa verið oft til umræðu á Alþingi á undanförnum árum og ekki að ástæðulausu því að fólk sem býr á þessum svæðum sættir sig ekki við það í lok 20. aldar að búa ekki við svipuð skilyrði og aðrir landsmenn til að njóta sendinga útvarps og sjónvarps.

Í ræðu hæstv. menntmrh. kom fram að þetta væri ekki mjög stór hluti landsmanna en fróðlegt væri að heyra tölur ef til væru um það hvað mundi kosta að bæta þarna fullkomlega úr.

Við þessa umræðu lýsi ég ánægju minni með nýja langbylgjusendinn á Gufuskálum og þakka hæstv. menntmrh. fyrir að beita sér fyrir þeirri þörfu framkvæmd. Sendirinn er fyrst og fremst mikið öryggistæki og hann hefur einnig stórbætt útsendingar útvarps til bæði einstakra landshluta og ekki síst til fiskimiðanna í kringum landið. Ég hef heyrt það á mörgum sjómönnum, vinum mínum sem ég þekki vel og treysti, að þeir eru mjög ánægðir með þessar nýju útsendingar og telja að þær hafi stórbætt skilyrði þeirra til að hlusta á útvarp og nú heyra þeir það vel á hafsvæðum þar sem þeir heyrðu ekki bofs áður. Þetta er sjálfsögð þjónusta við þessa fjölmennu stétt og ég tek undir með síðasta ræðumanni að næst hljóta menn að huga að því með hvaða hætti hægt verður að koma sjónvarpinu út á þessi sömu svæði. Það hefur til þessa varla þótt fært vegna kostnaðar og af tæknilegum ástæðum en tækninni fleygir fram og vonandi verður þess ekki langt að bíða að sjómenn geti fengið sjónvarpssendingar og notið þeirra með sama hætti og þeir sem í landi búa.

[14:40]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að Ríkisútvarpið hefur verulega tekið á í sambandi við endurbætur á útsendingum til sjómanna á hafi úti og til annarra landsmanna og hefur langbylgjusendirinn á Gufuskálum þar virkilega komið að gagni. En því stóð ég upp að menn skulu vanda sig og ekki bara gagnrýna. Menn skulu líka vanda sig sjálfir þegar þeir eru kallaðir til verka.

Þannig er mál með vexti að Ríkisútvarpið er að reisa mastur mikið við flugvöllinn á Eiðum. Undirbúningurinn gekk vitanlega þannig fyrir sig, fyrir nýja mastrið sem á að vera 250 metrar í staðinn fyrir það 75 metra háa sem þar var fyrir, að fyrst var send umsókn til byggingarnefndar í heimahéraði sem sendi síðan málið til umsagnar í flugráði og þar situr hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Ekki sá það góða ráð neitt athugavert við þetta góða mastur og þegar búið var að kaupa það og byggja undir það undirstöðu kom í ljós að það var 40 metrum of hátt. (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið hefur orðið fyrir umtalsverðum skaða vegna þessara vinnubragða og hefði mátt nota þá peninga í annað betra til þess að búa betur að sjómönnum hér í landi úr því að þeir eru mættir hér á staðinn.

[14:42]

**Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa gert athugasemdir sem ég er sammála í meginatriðum. Það er ljóst eins og fram hefur komið að það ber hér nokkuð á því að nokkur svæði landsins hafa ekki möguleika t.d. á að nota sjónvarp. Það kemur fram í þessum svörum að það eru 80 sveitabæir og sjómannastéttin er meira og minna án þessarar þjónustu eins og fram hefur komið. Þetta er atriði sem má ekki gleymast í umræðunni þegar rætt er um uppsetningu á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Ég tek undir það sem fram hefur komið í því sambandi.

Mér er fullljóst að ótrufluð sending er sjálfsagt ekki til en við höfum ekki úti um landsbyggðina lagst í slíkar tæknilegar þenkingar að hugleiða hvað eru fullkomlega ótruflaðar sendingar enda heyrði ég á hæstv. menntmrh. að hann var ekki að snúa neitt út úr orðum mínum í því efni. Ég spurði eins og hann tók réttilega fram hvaða sendingar væru að jafnaði ótruflaðar og það sem ég segi að sé ótruflað er að

maður gæti notið þess með venjulegum hætti án þess að sjá tvöfalt. Það er svo einfalt mál. (Forseti hringir.)

En ég vil bara undirstrika af því að tíma mínum er lokið þörfina á því að vera ætíð vakandi í þessum efnum og mér finnst satt að segja svör Ríkisútvarpsins um notkun á ljósleiðara vera heldur rýr í roðinu og þurfa að herða nokkuð róðurinn í þeim málum.

[14:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég er sannfærður um að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var ekki að ferðast í Miðfirðinum eftir að langbylgjusendingar hófust því að það á að vera hægt að ná þeim í Miðfirðinum mjög auðveldlega.

Varðandi spurningu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um kostnað við það að dreifa sjónvarpi víðar en á landi þá hef ég ekki tölur um það hér og nú en menn hafa nefnt hundruð millj. kr. eins og kunnugt er og einnig að það sé erfitt að gera það með viðunandi hætti nema með allt öðrum tæknibúnaði en við ráðum við núna. Raunar stendur valið fyrir menn í þessu efni um margar leiðir eins og málum er nú komið, bæði gervihnetti og ljósleiðara eins og hv. þm. Jón Kristjánsson vakti máls á og einnig tölvur því að eins og við vitum er nú hægt að nota tölvur til þess að taka á móti sjónvarpsefni. Ég veit ekki hvaða áhrif það hefur á sjó úti hvort menn geta eins og þeir geta stundað fjarnám í tölvum, hvort þeir geta einnig náð sjónvarpsefni og slíku efni betur en áður með tilstyrk hinnar nýju tækni. Leiðirnar í þessu eru því sífellt að verða fleiri en kostnaðurinn við það að óbreyttri tækni er mjög mikill að ætla sér að ná út á hafið í ríkari mæli en gert hefur verið.

En ég tel að langbylgjusendirinn á Gufuskálum hafi þegar sannað gildi sitt. Hann hefur gerbreytt aðstæðum bæði á landi og sjó og þegar langbylgjustöðin á Eiðum verður komin í notkun verða aðstæður enn þá betri í öðrum landshlutum en núna þannig að það stefnir í rétta átt. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé endilega rangt hjá Ríkisútvarpinu að velta rækilega fyrir sér hvernig nota má ljósleiðara því að ég tel að það sé ýmisleg önnur tækni sem menn geta haft til hliðsjónar þegar þeir velta fyrir sér að veita betri þjónustu að þessu leyti.

[14:47]

**Útbýting þingskjala:**

Rekstrarhagræðing, 134. mál, svar heilbrrh., þskj. 282.

Skráningarmerki bifreiða, 242. mál, þáltill. GHall og EKG, þskj. 284.

***Um fundarstjórn.***

Utandagskrárumræða um málefni Sjómannaskólans.

[14:47]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil, áður en farið verður að tala um Sjómannaskólann, upplýsa að við Guðmundur Hallvarðsson, hv. þm. báðum um utandagskrárumræðu um starfsemi Sjómannaskólans og tillögur um flutning á honum. Við höfðum beðið forseta þingsins um þessa umræðu og fengið samþykki hans fyrir því að umræðan færi fram á þriðjudaginn var. Það var eftir beiðni frá hæstv. menntmrh. að við féllumst á að fresta umræðunni, sem átti að vera viku áður, fram í þessa viku. Við töldum að það væri til þess að upplýsa málið enn betur. Það gerist svo í millitíðinni að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leggur fram fyrirspurn á þingskjali sem verður til þess að utandagskrárumræða okkar féll ekki inn í dagskrána svo hún gat ekki farið fram eins og samið hafði verið um við yfirstjórn þingsins. Ég kvartaði yfir þessu við forseta þingsins en það var ekkert að gert í þeim efnum þar sem þingskjalið lá fyrir. Ég kom aftur á móti með óundirbúna fyrirspurn á mánudaginn var. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði athugasemd við það og þá var látið að því liggja að ég hefði verið að stela þessu máli frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem var alls ekki. Ég vil ekki liggja undir því hér í þinginu að ég hafi verið að gera þetta mál að einhverju öðru en það er, á mánudaginn var í óundirbúnum fyrirspurnum.

Ég vil alls ekki kasta rýrð á mikilvægi þessa máls sem ræða á en vildi að þetta lægi fyrir í upphafi þessarar umræðu.

[14:50]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti kannast við að bréf þessa efnis hefur borist frá hv. þm. til forsn. og var þar rætt. Það varð niðurstaða forseta þingsins að þar sem sú fyrirspurn, sem hér er næst á dagskrá, var fram komin í þessum liðum þá væri málið komið hér inn. Sú var niðurstaða forseta þingsins og við stöndum frammi fyrir því.

[14:50]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að nefna þetta mál vegna þess að það undirstrikar þann vanda sem stjórn þingsins er í í sambandi við utandagskrárumræður og liggur þannig að í seinni tíð hafa menn tekið upp þann sið eða ósið eftir atvikum að skrá sig á utandagskrárumræður jafnvel margar vikur eða mánuði fram í tímann. Þar af leiðandi eru þessi mál orðin afar sérkennileg í þessari stofnun. Ég segi alveg eins og er að ég styð forseta í því að taka umræðu um formlegt þingskjal fram yfir utandagskrárumræðu. Þannig á það að vera og verður að vera.

[14:51]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langaði bara að koma þeirri skoðun á framfæri að ég tel ekki að neinn hafi stolið neinu máli frá neinum. Það stendur hins vegar til að stela heilu húsi af nemendum Sjómannaskólans og um það snýst málið, hæstv. forseti.

[14:51]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti verður að taka fram að gestir eru velkomnir hér í húsið og gleðja þingmenn jafnan en það er regla að menn láti ekki viðbrögð í ljósi með lófaklappi. En verið þið velkomnir.

[14:52]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég ber alls ekki brigður á að hæstv. forseti og stjórn þingsins taki þá afstöðu sem hún gerði og hafi gert það með réttu. Ég vil bara að það komi skýrt fram að beiðni okkar hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar kom fram fyrir hálfum mánuði. Það átti síðan að ræða málið utan dagskrár fjórum dögum seinna. Það er svo ekki fyrr en fimm eða sex dögum seinna að þessi fyrirspurn frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni kemur fram þannig að ég lít ekki svo á að við höfum verið að gera neitt sem var rangt í þingsköpum eða í þingstörfum, heldur vorum við einungis að reyna að koma að máli sem í okkar huga var mjög mikilvægt og vildum fá

það strax í umræðuna, það var sú hugmynd sem var að flytja sjómannaskólastarfsemina úr Sjómannaskólahúsinu sem að sjálfsögðu er ekki í takt við þær hugmyndir sem við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson höfum um það mál.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill taka fram að honum þykir rétt að fara að snara sér að fyrirspurninni.)

[14:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég er sammála forseta um að við skulum fara að snúa okkur að efni málsins. En úr því að þessi umræða er á annað borð hér upp hafin þá er rétt að fylla inn í myndina og skýra frá því að strax og fréttir bárust af þessu málefni varðandi húsnæði Sjómannaskólans þá bar það á góma í þingflokki Alþb. og óháðra. Ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddum málið þar. Það var ákveðið í kjölfarið að við mundum undirbúa fyrirspurn og leggja hana fram. Síðan kemur í ljós að samtímis hefur hv. þm. Kristján Pálsson og ef til vill fleiri þingmenn í Sjálfstfl. verið að taka málið upp þar, sem er fullkomlega eðlilegt og skiljanlegt, þ.e. að þetta mál væri tekið upp á fleiri en einum stað og í fleiri en einum þingflokki. Ég held að við eigum að nálgast þetta mál með því hugarfari að það er sama hvaðan gott kemur. Ekki veitir Sjómannaskólanum af öllum góðum liðsmönnum í þessu máli. Það er fullkomlega ástæðulaust að fara að missa málið hér í eitthvert karp um það hverjum hafi dottið eitthvað í hug á undan einhverjum öðrum. Það á enginn einkarétt á neinum hugsunum í þessu sambandi og þaðan af síður málum. Það er ósköp einfaldlega að hvort tveggja getur gerst, að menn óski eftir utandagskrárumræðu og að fram komi þingmál um sama efni. Það er eðlilegasti hlutur í heimi. Forseti verður að meðhöndla það mál í samræmi við þær leikreglur sem hér gilda og þau þingsköp sem forseta ber að fara eftir. Venjan er sú að þegar mál er komið á dagskrá þingsins sem formlegt þingmál þá er litið svo á að þar með sé því komið fyrir innan dagskrár og ekki þurfi að beita úrræðum utan dagskrár. Enda er það, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að verða mesta vandræðamál þegar utandagskrárumræður sem eðli málsins samkvæmt eiga að vera brýnar, eru komnar á biðlista svo nemur mörgum vikum. Það er auðvitað ekki eðlileg staða í þinginu og við þurfum að vinna okkur einhvern veginn út úr þeim vandræðum. Ég held að það sé best gert með því að reyna jafnan að koma öllum málum sem hægt er innan dagskrár og aðeins þeim málum sem eru svo brýn að þau tímans vegna verði að meðhöndlast strax, utan dagskrár.

## *Húsnæðismál Sjómannaskólans.*

Fsp. SJS og GHelg, 203. mál. — Þskj. 212.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. „Sjómannadagurinn í Reykjavík árið 1944 var með sérstökum hátíðarblæ. Þennan dag var náð nýjum áfanga í einu af sameiginlegum áhugamálum allrar sjómannastéttarinnar. Þennan dag fór fram vígsla hins nýja glæsilega Sjómannaskóla sem verið var að reisa á Rauðarárholtinu."

Þannig segir frá í Sjómannablaðinu Víkingi, 6.–7. tölublaði 1944. Í sama blaði er birt ávarp skólastjóra Friðriks Ólafssonar og segir þar m.a.:

„Fyrir hönd húsbyggingarnefndar Sjómannaskólans leyfi ég mér að bjóða hina háttvirtu gesti hennar og aðra sem hér eru velkomna til að vera viðstadda þá athöfn sem næst á að fara hér fram.

Ríkisstjóri Íslands ætlar nú að leggja hornstein hinnar miklu skólabyggingar sem hér er verið að reisa fyrir íslenska sjómannastétt. Sú ráðstöfun hefur verið gerð í sambandi við þessa athöfn að láta skrá á skinn aðaldrætti í sögu byggingarmálsins og geta þar þeirra manna eins og venja er til sem fara með völd í landinu, þeirra sem veitt hafa forstöðu þeim stofnunum sem þessar byggingar eiga að njóta í framtíðinni og nokkurra þeirra sem framkvæmd verksins hafa með höndum. Skýrsla þessi ásamt uppdráttum byggingarinnar verður nú lögð í blýhólk og geymd í hornsteini byggingarinnar um ókomnar aldir til fróðleiks fyrir komandi kynslóðir.

Megi skólar hinnar íslensku sjómannastéttar eflast og blómgast innan þessara veggja, stéttinni til frama og gengis en landi og lýð til gagns og blessunar."

Svo segir og þessi skýrsla er á skinninu fræga í blýhólknum í hornsteini Sjómannaskólans. Og til að geta frammámanna sem þarna eiga nöfn sín geymd má nefna að ríkisstjóri var þá Sveinn Björnsson. Ráðherrar voru þá: Forsætisráðherra dr. juris Björn Þórðarson, atvinnumálaráðherra Vilhjálmur Þór, dómsmálaráðherra dr. juris Einar Arnórsson og fjármálaráðherra Björn Ólafsson. Forseti sameinaðs Alþingis var Gísli Sveinsson sýslumaður og borgarstjórinn í Reykjavík var Bjarni Benediktsson.

Herra forseti. Í ljósi þessa aðdraganda málsins og þeirrar sérstöku stöðu sem húsnæði Sjómannaskólans og Sjómannaskólinn hefur jafnan gegnt, vakti það þar af leiðandi nokkra athygli þegar fréttist að hæstv. menntmrh. hefði látið fara af stað athugun á því að flytja Sjómannaskólann úr sínu eigin virðulega húsnæði sem að vísu því miður hefur ekki verið nægjanlegur sómi sýndur og gera hann að leiguliða annarra. Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, svohljóðandi fyrirspurn fram til hæstv. menntmrh. um húsnæðismál Sjómannaskólans:

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður við endurbætur á húsnæði Sjómannaskólans miðað við að þar verði annars vegar óbreytt starfsemi og hins vegar starfsemi á vegum Kennara- og uppeldisháskóla Íslands?

2. Hvenær stendur til að hefjast handa um endurbætur á húsnæði Sjómannaskólans ef hann verður áfram til húsa á sama stað?

3. Hver er áætlaður kostnaður eingöngu við flutning starfseminnar í annað húsnæði, sem og þess hluta búnaðar Sjómannaskólans sem ekki yrði endurnýjaður, og hvaða röskun yrði því samfara á skólastarfinu?

4. Hver er áfallinn kostnaður af vinnu arkitekta og annarra aðila vegna þessa máls?

5. Hvernig hefur verið háttað samráði við stjórnendur, starfsfólk og nemendur Sjómannaskólans um framtíðarlausn í húsnæðismálum skólans?

6. Hver er afstaða ráðherra til þess að Sjómannaskólinn verði áfram í eigin húsnæði eða gerist leiguliði annarra?

7. Hver er eigandi húsnæðisins sem hugmyndir eru um að Sjómannaskólinn flytjist í og hvaða viðræður hafa átt sér stað við hann um þetta mál?

[14:59]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Spurningarnar eru margar og erfitt að svara þeim öllum svo fullnægjandi sé. En við endurbætur á Sjó-

mannaskólahúsinu getur verið um ýmsa valkosti að ræða. Aðeins hafa verið gerðar frumáætlanir um kostnað en engin fullnaðarhönnun hefur farið fram. Viðhaldi hússins hefur verið allt of lítið sinnt til þessa og brýnt er að úr verði bætt. Ljóst er því að endurbæturnar verða mjög dýrar.

Áætlað hefur verið að viðgerðir utan húss kosti a.m.k. 60 millj. kr. og því er spáð að kostnaðurinn við endurbætur á húsinu öllu, heildarendurbætur, muni varla verða undir 300 millj. kr. en ætti ekki að þurfa að verða meiri en 400 millj.

Ekkert bendir til þess að verulegur kostnaðarmunur yrði á verkefninu sjálfu eftir því hvort húsinu er ætlað að hýsa Kennara- og uppeldisháskóla eða þá skóla sem þar eru nú. Það kann hins vegar að vera ódýrara að endurnýja húsið með því að flytja alla starfsemi úr því meðan endurnýjunin fer fram. Það kann að vera hagkvæmasta leiðin til þess að gera húsið upp og ódýrast ef menn eru að velta slíkum kostum fyrir sér.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að flytja Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólann í Reykjavík í annað húsnæði. Hugmynd um að flytja þá í húsið nr. 9 við Höfðabakka hefur hins vegar verið lögð fram til skoðunar og þess er að vænta að umræður um hana taki nokkurn tíma. Viðgerð hússins að utan er á engan hátt tengd því hvaða skóli eða skólar hafa þar aðsetur. Sú viðgerð mun því hefjast strax og nægar fjárveitingar eru fyrir hendi. Hlutar af endurbótum innan húss eru hins vegar háðir því hverjir notendurnir verða.

Verði valin sú leið að flytja skólana en nýta Sjómannaskólahúsið fyrir kennara- og uppeldisháskóla mun sparast verulegt framkvæmdafé og meira olnbogarými skapast til endurbóta á skólahúsum. Að öðru leyti er tímasetning endurbóta á Sjómannaskólahúsinu ekki háð því hvort Vélskólinn og Stýrimannaskólinn verða þar áfram eða ekki.

Samkvæmt lauslegri áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins mun kosta um 20 millj. kr. að flytja búnað skólanna og koma honum fyrir í öðru húsi. Engin röskun á skólastarfi ætti að hljótast af því. Ljóst er að hluti tækjabúnaðar skólanna, einkum Vélskólans þarfnast endurnýjunar. Sú endurnýjunarþörf ræðst að mjög litlu leyti af því hvar skólarnir starfa þótt flutningur mundi væntanlega verða til þess að flýta endurnýjun sumra véla og tækja. Áfallinn kostnaður af vinnu arkitekta og annarra er 631.047 kr.

Varðandi það hvernig á málinu verður tekið núna þegar það hefur verið kynnt eins og ákveðið var sl. vor og kynnt á fundi með fulltrúum nemenda og skólastjórnenda, þá vil ég láta þess getið að skólanefndir, bæði Stýrimannaskólans og Vélskólans, komu saman til fundar hinn 29. október og gerðu þá samþykkt sem mér hefur verið send og þar segir í bréfi sem er dagsett 3. nóvember, með leyfi forseta:

„Skólanefndirnar leggja því áherslu á að endurskoðun á húsnæðisaðstöðu skólanna eigi sér stað með ítarlegri undirbúningsvinnu hóps manna sem hafi sérþekkingu á málefnum skólanna, þ.e. manna innan skólanna, úr atvinnulífinu og innan stjórnkerfisins, þar sem mótuð er framtíðarsýn fyrir námsgreinarnar inn í næstu öld. Hópurinn þarf að eiga aðgang að sérfræðiþjónustu verkfræðinga sem geta útfært hugmyndir og gert kostnaðaráætlanir. Þessi frumvinna gæti að mati nefndanna leitt til skoðunar á þremur valkostum í húsnæðismálum skólanna, þ.e.:

1. Hanna og byggja nýtt skólahúsnæði frá grunni.

2. Endurbæta núverandi húsnæði og vinna áfram á grundvelli samþykkts deiliskipulags fyrir Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskóla Íslands.

3. Koma skólanum fyrir í öðru hentugu húsnæði.

Leggja þarf faglegt og kostnaðarlegt mat á þessa valkosti áður en ákvörðun er tekin um framtíð skólanna.“

Ég hef alltaf sagt að það er þessi vinna sem þarf að fara fram. Við höfum lagt fram ákveðnar hugmyndir og tillögur og að fengnu þessu bréfi skólanefndanna verður að sjálfsögðu gengið til viðræðna við þær á þeim forsendum sem þarna eru kynntar og málið rakið og rætt frekar og síðan komast menn að niðurstöðu. Ég hef gefið okkur tíma fram að áramótum til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli og ef vel er unnið þá ætti það að takast.

Varðandi 7. lið fyrirspurnarinnar, hver er eigandi húsnæðisins, þá eru það Sameinaðir verktakar sem eru eigendur þessa húsnæðis og ríkissjóður þar með. Það hafa ekki farið fram neinar skuldbindandi viðræður heldur hefur verið kannað hvenær húsnæðið kynni að losna, ef það yrði talið skynsamlegt til afnota hvort eð er fyrir þessa starfsemi eða einhverja aðra á vegum menntmrn. því að þarna starfar Tækniskóli Íslands við góðar aðstæður og þarna er mjög ákjósanlegt húsnæði fyrir skólastarf, bæði vegna legu hússins og einnig hvernig unnt er að laga það að breyttum þörfum og nýta þar nýjustu tækni eins og frekast er kostur.

[15:04]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu. Hún vekur okkur auðvitað til umhugsunar um að viðhaldi húsnæðis í eigu ríkisins er víða mjög ábótavant, ekki einungis þess fallega húss sem hér er til umræðu heldur mýmargra annarra húsa. Það er mjög dýrt að spara í viðhaldi húsnæðis og nauðsynlegt að móta heildstæða áætlun í þessum efnum.

En spurningin vekur mig líka til umhugsunar um sjómannanámið. Hvers vegna er sjómannanámið einungis í Reykjavík? Að vísu eru deildir á Dalvík og í Vestmannaeyjum. Í Noregi er virtur sjávarútvegsháskóli í Tromsö. Ættum við ekki að sameinast um einn öflugan sjómannaskóla fyrir farmenn og fiskimenn, t.d. í sjávarbyggð eins og Vestmannaeyjum? Þar með mundum við leysa þennan vanda sem hér er til umræðu.

[15:06]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn, en beina því til síðasta ræðumanns að ég er ekki hissa á því þó að hann tali svona. Af hverju kom hann ekki með tillögu um að Bændaskólinn yrði sameinaður Sjómannaskólanum? Þá fengist nóg fjármagn.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur látið eftirfarandi frá sér fara: „Ég vissi um andstöðu margra við þessar hugmyndir,“ þ.e. flutning sjómannaskólans, „og geri mér vel grein fyrir því að sjómenn bera sterka tilfinningu til Sjómannaskólahússins. Hinu leyni ég ekki að málefnafátækt þeirra sem snúast gegn tillögunni kemur mér á óvart.“ Málefnafátækt þeirra sem snúast gegn tillögunni! Það kemur mér mjög á óvart að hæstv. menntmrh. láti slík orð falla í garð þeirra sjómanna sem hafa andmælt þessu. Þetta er náttúrlega lítilsvirðing við sjómannastéttina og hálfgerður hryssingsskapur af hálfu menntmrh. Minnumst þess, eins og flm. kom hér inn á og fyrirspyrjandi, að það eru fremur öðrum íslenskir sjómenn sem hafa aflað þess fjár sem gerði ríkinu þá kleift að reisa þessa myndarlegu byggingu. Arkitektarnir tala um að það eigi að byggja skóla sem hefur form og útlit

framtíðar. Sjómannaskólinn í dag hefur útlit fortíðar, nútíðar og framtíðar og við eigum að hafa menntunina þar áfram.

[15:07]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli ásamt öðrum og vil gera verulega athugasemd við það sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði áðan, að það ætti að færa þennan skóla og dreifa honum helst um allt landið. (**ÍGP:** Ég sagði ...) Ein ástæðan fyrir því hversu illa hefur farið fyrir sjómannamenntuninni í Sjómannaskólanum á undanförnum árum er hversu dreifð hún hefur verið. Henni hefur verið dreift um landið og það hefur dregið kraftinn úr því starfi sem var byggt upp og átti að byggja upp í kringum Sjómannaskólann í Reykjavík. Sem betur fer hefur þetta verið að breytast á undanförnum tveimur árum eða svo þannig að nú er vaxandi aðsókn að Sjómannaskólanum og af þeim ástæðum tel ég að ekki eigi að þurfa að koma til að slíkar hugmyndir og nú eru í gangi verði að veruleika og þessi menntun verði flutt í annað húsnæði eins og felst í tillögum hæstv. menntmrh.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. menntmrh. endurskoði þær hugmyndir sem koma fram í menntmrn. og sjái til þess að sjómenn haldi sínu húsi.

[15:09]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Það hefur svolítið komið fram í þessari umræðu gagnrýni á að sjómannamenntun skuli vera dreift um landið allt. Það vill nú svo til að sjávarútvegur er stundaður um allt þetta land og raunar er sjávarútvegur sú atvinnugrein þar sem mest sóknarfæri hafa verið einmitt á landsbyggðinni. Mörg sterkustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eru á landsbyggðinni og því vaknar sú spurning hvort menn ætla að verja þetta mál þannig að óverjandi sé að bjóða upp á sjómannamenntun annars staðar á landinu en í Reykjavík.

Það vill einu sinni svo til að það fer mest eftir því hvernig starfið gengur innan menntastofnana hver aðsókn að þeim er. Þess vegna skiptir meginmáli að stofnanirnar snúi sér að sínu innra starfi til að kalla til sín nemendur. Það hefur gengið vel að reka nám fyrir sjómenn á Dalvík. Það gengur að vísu upp og niður eins og alls staðar en það hefur gengið vel nú í seinni tíð og mér finnst ástæðulaust að snúa þessari umræðu eins og gert var hér af síðasta ræðumanni í þá veru að leggjast gegn því að boðið sé upp á nám alls staðar á landinu.

[15:10]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég held að hið háa Alþingi ætti að sjá fáránleikann í þeim hugmyndum sem hér eru á borðinu. Menn tala um að rýna inn í nýja öld. Það er eins gott að þeir fari að setja í brýrnar því að það eru ekki nema þrjú ár þangað til, svo að það þyrfti að fara að gera einhverjar áætlanir ef þær áætlanir eiga að byggja upp framtíð menntunar sjómanna í landinu.

Það kemur í ljós að það kostar kannski um 400 millj. að gera húsi Sjómannaskólans það til góða sem þarf. Ég vil minna á að varðandi endurbætur Bessastaða — ég er ekki að telja þá peninga neitt eftir — er verið að tala um á annan milljarð. Ætli sjómannastéttin eigi það nú ekki inni að vera eins og hálfdrættingur á við Bessastaði með allri virðingu fyrir þeim góða stað?

Það getur vel verið að mönnum þyki það svo sem ekki stór peningur að nota 20 millj. í að flytja skólann. Það er eins og ferðakostnaður tveggja seðlabankastjóra sl. fimm ár þannig að þetta er svo sem allt í góðu. En við skulum bara hætta að láta okkur detta annað eins og þetta í hug. Auðvitað verður Sjómannaskólinn þar sem hann hefur verið. Íslenskir sjómenn eiga þennan skóla og eiga auðvitað að fá að vera þar í friði og skólann þarf að efla eins og stéttina alla og bregðast nú við þeirri kreppu sem sjómannastéttin hefur verið í á undanförnum árum. En það er vegna annarra aðgerða stjórnvalda.

[15:12]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að vona að þeir áhugamenn um að Sjómannaskólinn verði áfram í húsinu sínu gamla í Reykjavík þurfi ekki að reka mál sitt eins og hv. þm. Kristján Pálsson gerði áðan með því að hnjóða í sjómannamenntun sem fram fer annars staðar í landinu. Það er hreint fráleitt einfaldlega vegna þess að það að bjóða upp á sjómannamenntun eins og ég þekki til fyrir norðan, hefur veitt ýmsum ný tækifæri til menntunar. Sá skóli hefur menntað fjöldann allan af sjómönnum. Þar er vaxandi aðsókn og aðsóknin er fyrst og fremst af norður- og austursvæðinu. Sá skóli mætir þörfum ýmissa þeirra sem ekki eiga heimangegnt til þess að vera í Reykavík veturlangt. Samt sem áður, þrátt fyrir þennan skóla, þrátt fyrir deildina í Vestmannaeyjum og þrátt fyrir skólann hér í Reykjavík, hefur okkur ekki tekist að mennta nægjanlega marga sjómenn þannig að mér finnst þessi málflutningur vera fyrir neðan allar hellur. Ég held að það væri nær að menn tækju höndum saman um að efla sjómannanámið heldur en vera með afnag af þessum toga.

[15:13]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og þakka fyrir þá þátttöku sem orðið hefur í umræðunni og fyrir það sem þar hefur verið sgat svona að mestu leyti.

Ég tek sérstaklega undir með síðasta ræðumanni. Ég held að vandinn sé ekki sá að sjómannanám sé í boði á einum þremur stöðum á landinu. Áhyggjuefnið undanfarin ár hefur þvert á móti verið ónóg aðsókn að þessu námi þó það sé í boði á þremur stöðum. Nú blasir við skortur á vel menntuðum sjómönnum til margvíslegra starfa á komandi árum ef svo heldur sem horfir þó að þar hafi lítillega ræst úr alveg upp á síðkastið. Nú er t.d. þegar fyrir mikill skortur á vélstjóramenntuðum mönnum.

Ég sakna þess, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki hafa komið inn í umræðuna. Ég hafði vænst þess úr því að hann er viðstaddur að við fengjum að heyra um afstöðu hans í þessu máli og ég leyfi mér að spyrja: Hefur hæstv. menntmrh. haldið á þessu máli í samráði við hæstv. sjútvrh.? Hver er afstaða hæstv. sjútvrh.?

Ég hlýt að gera þá athugasemd, herra forseti, að hæstv. menntmrh. hefur farið ógætilega af stað í þessu máli og skapað óþarfa tortryggni og úlfúð sökum þess að hann lagði ekki upp með málið eins og vera bar, þ.e. frá byrjun í fullkomnu samstarfi við skólastjórnendur og nemendur í Sjómannaskólanum. Ég vil hvetja til þess að nú verði loksins hafist handa um það að ráðast í löngu tímabærar endurbætur á Sjómannaskólahúsinu. Það er okkur öllum til skammar hvernig það hefur verið látið drabbast niður og verkefnið er að hefja það til fyrri vegs og virðingar.

Ég vara líka við því, sem aðeins bryddaði á í máli hæstv. menntmrh., að það eigi að fara að veifa því eins og einhverri gulrót framan í Sjómannaskólann að hann fái e.t.v. fyrr einhver tæki ef hann sætti sig við að flytja og gerast leiguliði annarra. Það er ekki mikil reisn yfir því að mínu mati, herra forseti, að ætla höfuðvígi menntunar fyrir sjómenn í landinu þann frambúðarkost að vera leiguliði annarra jafnvel þó það sé svo merkt fyrirtæki sem þar á í hlut eins og Sameinaðir verktakar.

[15:15]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þetta mál hefur nú þróast á nokkrum mánuðum einmitt á þann veg sem ég sjálfur kaus því nú liggja fyrir hugmyndir frá skólanefndum beggja skólanna. Nú liggur fyrir hvernig við ætlum að taka á málunum til að komast að endanlegri niðurstöðu. Það hefur verið nauðsynlegt að ganga í gegnum þessar umræður, m.a. til þess að átta sig á framtíðarafnotum af Sjómannaskólahúsinu, bæði fyrir skólana, ef þeir verða þar áfram, og fyrir aðra. Og hér, eins og ég las áður, liggja fyrir tillögur frá skólanefndunum báðum um það hvernig við munum standa að þessu og þannig verður að málinu unnið. Ég held því að allur þessi bægslagangur og málefnafátækt í málflutningi hafi lítinn árangur borið því á sama tíma hafa menn verið að vinna að þessu málefnalega, niðurstöður liggja fyrir og það verður að komist að málefnalegri niðurstöðu um málið allt eins og að var stefnt.

Að því er varðar sjómannamenntunina þá held ég að um langt árabil hafi enginn menntmrh. tekið jafnafdrifaríkar ákvarðanir til þess að auka aðsókn að sjómannamenntuninni og ég, ef ég má orða það svo, því ég hef m.a. stytt siglingatímann úr 24 mánuðum niður í 6 mánuði til þess að reyna að örva aðsókn að Sjómannaskólanum. Staðreynd er að það var nauðsynlegt að taka slíkar örlagaríkar ákvarðanir, má segja, til þess að reyna að örva aðsókn að þessu námi. Einnig höfum við lagt grunn að því að endurskipuleggja námið þannig að sjávarútvegsnám verði í sjö framhaldsskólum í landinu og síðan boðið upp á tveggja ára fagnám, a.m.k. í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, og ef nemendafjöldi leyfir á Dalvík og í Vestmannaeyjum. Hitt er líka ljóst sem hér hefur komið fram að það er áhugi bæði í Vestmannaeyjum og einnig á Akureyri og á Dalvíkursvæðinu að fá þetta nám allt þangað og við stöndum frammi fyrir ákvörðunum um það líka. Ef deilur um þetta verða svo háværar og illvígar hér þá geta menn komið og boðið eins og gert hefur verið. Það var gert varðandi iðjuþjálfana, við fluttum þá norður á Akureyri af því að í Háskóla Íslands gátu menn ekki komið sér saman um að bjóða það nám þar. Og ef menn ætla að setja á deilur um þetta hér (Forseti hringir.) þannig að skólastarfið riðlast með einhverjum hætti þá berum við ábyrgð á því að veita þá menntun á þeim stað sem menn eru viljugir til þess að gera það hvað best.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 213. mál (útflutningur sjávarafurða). — Þskj. 226.

[15:18]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fsp. til sjútvrh. um markaðshlutdeild fyrirtækja sem er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útflutningi sjávarafurða?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?“

Tilefni þessarar fsp. er það að lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til laga sem miðar að því að takmarka umsvif útgerðarfyrirtækja. Rökin sem sett eru fram í grg. með þessu frv. eru þau að það stefni í að útgerðarfyrirtæki verði svo umsvifamikil í aflahlutdeildum sínum að þau fái of mikil völd í þjóðfélaginu, öðlist of sterka stöðu gagnvart stjórnvöldum, komi hugsanlega til með að hindra samkeppni og of mikil kvótaeign geti leitt til tilfærslu milli byggða og geti auk þess haft þau áhrif að breyta mynstri innan atvinnugreinarinnar, mynstri í fyrirtækjarekstri. Þá er einnig talið að of mikill tilflutningur kvóta á ákveðin fyrirtæki leiði til þess að fækka mjög smáfyrirtækjum.

Í þessu tilliti hef ég lagt fram fyrirspurnir til nokkurra ráðherra, þar á meðal til hæstv. sjútvrh., sem lúta að því að kalla fram upplýsingar um hver staðan er almennt í atvinnumálum á Íslandi og hversu mikil ástæða er til þess, ef frv. sem hér var getið um áðan sem takmarkar umsvif sjávarútvegsfyrirtækja er réttlætanlegt, að skoða atvinnulífið í heild og velta því fyrir sér hvort hér á Íslandi séu, á ákveðnum sviðum atvinnulífsins, fyrirtæki sem hafa svo sterka markaðshlutdeild að þau geti skapað hættu á öllum þessum sex atriðum sem talið er upp að sjávarútvegsfyrirtækin geti skapað hættu á. Ég held að það sé rétt að fá þessar upplýsingar, ef það er hægt, og nota þær til þess að varpa sérstöku ljósi á umræðuna um frv. til laga um stjórn fiskveiða sem nú hefur verið lagt fram í þinginu.

[15:21]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við þeirri spurningu sem fram kemur í fyrri málsgrein fsp. er það að segja að samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér var útflutningsverðmæti Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á árinu 1996 23,5 milljarðar eða 24,74% af heildarútflutningnum og útflutningur Íslenskra sjávarafurða 12,7 milljarðar eða 13,37% af útflutningi frá landinu. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hlutdeild þessara tveggja fyrirtækja á heimsmarkaði en ef horft er á markað Evrópusambandsins þá nemur útflutningur Íslands til Evrópusambandsins nemur um 10% af innflutningi sjávarafurða til Evrópusambandsins. Um helminguinn af fiskneyslu í Evrópusambandinu byggir á innfluttum fiski. Það má því segja að íslenskur sjávarútvegur ráði um 5% af heildarneyslu sjávarafurða innan Evrópusambandsins og stærsta íslenska útflutningsfyrirtækið, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, á milli 2 og 3%.

Að því er varðar þá spurningu sem fram kemur í síðari málsgrein er það að segja að svar mitt er nei.

[15:23]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Mér finnst þessar fsp. hv. þm. Tómasar Inga Olrich afskaplega skemmtileg nálgun á því efni sem hann er að reyna að upplýsa hér. Það er í rauninni mjög þarft að fá þær upplýsingar sem hann er að biðja um enda þótt ég sjái ekki alveg eða hafi ekki séð ljós í því hvernig hann ætlar síðan að tengja þetta saman. Vegna þess t.d. sem hann er að biðja um hér núna sem lýtur að markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útflutningi sjávarafurða,

þá er staðreynd máls auðvitað sú að til skamms tíma var samkeppni stórlega hindruð á þeim markaði vegna þess að þessi fyrirtæki og önnur höfðu útflutningseinokun á ákveðin svæði þannig að það var hreinlega ekki um neina samkeppni að ræða. Því erum við hér auðvitað að tala um mál sem komu mjög ankannalega að en sem betur fer er nú búið að aflétta þessari einokun og frelsi orðið í útflutningi þannig að þó að þessi stóru fyrirtæki (Forseti hringir.) hafi ráðið mynstri, og geri það auðvitað sögu sinnar vegna enn þá, þá gera þau það ekki í sama mæli og áður og það er vel.

[15:24]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Virðulegi forseti. Ég hygg að það hafi komið fram í máli mínu hér áðan að þessi samanburður er gerður til þess að reyna að átta sig á því hvort sú staða hefur skapast í sjávarútvegi og útgerð að örfá fyrirtæki séu að öðlast svo sterka stöðu að þau geti haft mikil áhrif í þjóðfélaginu og fengið mjög sterka stöðu gagnvart stjórnvöldum.

Í frv. sem ég nefndi áðan, um stjórn fiskveiða, kemur í ljós að stærsta fyrirtækið sem þar er tilgreint á töflu í útvegi hefur undir 5% hlutdeild í kvóta. Nú hefur það verið upplýst að markaðshlutdeild fyrirtækja í útflutningi sjávarafurða er annars vegar eitt fyrirtæki með 23,5% hlutdeild og hins vegar annað með 12,7% hlutdeild. Þá skiptir í raun og veru ekki miklu máli þó að þetta sé betri staða en var þegar þessi fyrirtæki nutu einokunar heldur er það aðalumhugsunarefnið að þarna er um að ræða miklu stærri markaðshlutdeild í einni aðalatvinnugrein þjóðarinnar. Þar af leiðandi má af því draga þá ályktun að ef ástæða er til að hafa áhyggjur í útgerðinni af þessum sökum, þá er jú meiri ástæða til að hafa áhyggjur af útflutningi sjávarafurða vegna þess að þar sem miklu minni samkeppni er, miklu meiri fákeppni, er miklu meiri hætta á því að sérstök valdaaðstaða skapist gagnvart stjórnvöldum. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram hér að ég tel ekki ástæðu til þess að grípa til sérstakra aðgerða gagnvart þessum stóru fyrirtækjum í sjávarútflutningi en ég tel þeim mun minni ástæðu til þess að grípa til sérstakra aðgerða til þess að skerða svigrúm stærstu útgerðarfyrirtækjanna þar sem markaðshlutdeild þeirra stærstu er kannski um það bil 5%.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 214. mál (sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtæki). — Þskj. 227.

[15:26]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hér er lögð fram tengist fyrri fsp. Hér eru lagðar eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. sjútvrh.:

„Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild fimm stærstu sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækja landsins?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?“

Ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að fá svar við þessu er sú að rökstuðningurinn fyrir lagasetningu á þessu sviði byggist beinlínis á því að hér sé um mikla samþjöppun valds að ræða. Þingmálið sem hefur verið lagt fram um þetta bendir hins vegar til hins gagnstæða og bendir til þess að það sé mjög mikil dreifing á kvótaeign og hún hafi ekki farið mikið vaxandi frá 1991 til 1997. Því er óhjákvæmilegt að fara fram á að afstaða ráðherrans til þessa máls verði upplýst og við fáum upplýsingar um markaðshlutdeild stærstu fyrirtækjanna og sjáum hversu mikil hætta er að skapast á þessu sviði.

[15:28]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við fyrri málsgrein fsp. er það að segja að samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér um hráefniskaup er markaðshlutdeild fimm stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna sem hér segir: Samherji 2,2 milljarðar kr. eða 3,86%, Grandi 2,1 milljarður kr. eða 3,68%, SR-mjöl 1,9 milljarðar kr. eða 3,33%, Útgerðarfélag Akureyringa 1,7 milljarðar kr. eða 2,98% og Síldarvinnslan hf. 1,6 milljarðar kr. eða 2,81%. Samtals hafa þessi fimm stærstu fyrirtæki keypt hráefni fyrir 9,5 milljarða kr. eða 16,67%. En heildarhráefniskaup sjávarútvegsfyrirtækja voru um 57 milljarðar kr.

Að því er varðar þá spurningu sem fram kemur í síðari málsgrein fsp. er það að segja að fram kemur í frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem ríkisstjórnin hefur flutt og tekið hefur verið til 1. umr. að ríkisstjórnin telur rétt að setja þak á heildarkvótaeign einstakra fyrirtækja með þeim hætti sem fram kemur í því frv. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að samkvæmt eðli máls er aðgangur að veiðirétti takmarkaður með því að fiskveiðiauðlindin og fiskstofnarnir eru af takmarkaðri stærð. Í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni, í ljósi takmarkaðs aðgangs, þykir rétt að setja þak á heildarkvótaeign. Hér er því um að ræða verulega aðrar aðstæður en almennt í íslensku atvinnulífi, bæði að því er varðar útflutning á sjávarafurðum svo og í öðrum greinum atvinnulífsins, og það er ástæðan fyrir því að það frv. hefur verið flutt sem nú er til meðferðar í hv. sjútvn. og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til.

[15:31]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég verð að segja að deilurnar í þingflokki Sjálfstfl. eru farnar að brjótast út í þingsölum með undarlegum hætti. Hv. fyrirspyrjandi er pirraður út í hæstv. sjútvrh. fyrir að hann hefur vogað sér að leggja fram frv. sem á að takmarka kvótaeign eða setja hámark á kvótaeign einstakra fyrirtækja. Hann hefur væntanlega rifist í hæstv. ráðherra í þingflokknum en til þess að pirra menn frekar þá leggur hann fram frumskóg af fyrirspurnum sem lúta að því að leiða fram hver markaðshlutdeild ráðandi fyrirtækja er í hinum ýmsu greinum.

Nú er það svo, herra forseti, að ég hef fullan skilning á þeirri ánægju sem felst í því að pirra hæstv. sjútvrh. öðru hverju. En væri ekki Sjálfstfl. miklu hentara að reyna bara að útkljá þessi deiluefni sín í eigin þingflokki og láta okkur í friði hérna uppi?

[15:31]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan eru það athyglisverðar upplýsingar sem verið er að kalla hér eftir en ég sé samt ekki hvernig hv. þm. ætlar að leiða þær upplýsingar sem hann fær út úr fyrirspurnum sínum til einhverrar niðurstöðu í því máli sem snýr að kvótanum vegna þess að annars vegar er um að ræða sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar, sem takmarkaður aðgangur er að og hins vegar er um að ræða

atvinnugreinar sem öllum er frjálst að stunda. Á þessu er slíkur reginmunur að ég átta mig ekki alveg á því hvert hv. þm. ætlar sér að leiða umræðuna.

[15:32]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir upplýsingarnar. Ég vona að umræðan sé ekki til þess gerð að spilla góðu skapi hans né heldur ágætri lund hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar enda er málið ekki til þess gert. Það er til þess að leiða hér fram upplýsingar um þörf á því að þrengja umsvif og rekstur fyrirtækja í ákveðinni atvinnugrein.

Það hefur komið í ljós að stærsta fyrirtækið í sjávarútvegi í veltu er fyrirtækið Samherji sem hefur 3,86%. Það er allt og sumt. Það er öll þessi geigvænlega stærð fyrirtækisins og ég bendi mönnum á að það hefur beinlínis verið stefna hjá Íslendingum í mörg ár að reyna að leiða til þess að fyrirtæki styrktu sig í sjávarútvegi og styrktu stöðu sína til þess að sérhæfa sig og stunda þróunarstarf sem er mjög mikilvægt, ekki síst í fiskvinnslunni og til þess þarf verulega burði. Það er einnig segin saga að það vantar verulega framlag sterkra og stórra fyrirtækja í rannsóknarmál og þau gera það ekki öðruvísi en þau hafi til þess fjárhagslega burði.

Ég tek einnig fram að það er ekki rétt að samanburður við sjávarútveginn sé í grundvallaratriðum ólíkur, það er alls ekki rétt. Það getur hver sem er, ef hann hefur fjármagn til þess, keypt skip og hafið útgerð ef hann kaupir kvóta. Engum er bannað að gera það.

Ég tek einnig fram í lokin að ef við lítum svo á að það sé eingöngu umræðan um takmarkaðar auðlindir þá má segja sem svo að nú séu þeir aðilar sem stunda fyrirtækjarekstur á grundvelli þess að kaupa orku til orkufreks iðnaðar, að fylla ákveðinn kvóta útblástursefna þannig að orkufrekur iðnaður lokast því fyrir öðrum mönnum. Aðrir atvinnurekendur geta ekki komist að, það er búið að fylla kvótann. Hvað eru mörg fyrirtæki á þessu sviði? Þau eru tvö.

## *Umræður utan dagskrár.*

Stefnan í málefnum Ríkisútvarpsins.

[15:35]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Málefni Ríkisútvarpsins hafa verið mjög til umræðu meðal fólks á undanförnum vikum og mánuðum, m.a. vegna mannaráðninga í þeirri stofnun, bæði á vegum yfirmanna hennar og eins á vegum hæstv. menntmrh. Ég taldi þess vegna nauðsynlegt að ræða við hæstv. menntmrh. og koma á dagskrá í þessari stofnun nokkrum grundvallarspurningum um Ríkisútvarpið, ekki síst þegar það blasa við á forsíðum fjölmiðlanna þessa dagana myndir af fólki sem hefur hrakist frá Ríkisútvarpinu, úrvalsstarfsfólki eins og sést hefur síðustu dagana.

Það er líka eðlilegt að þessi mál séu rædd á Alþingi núna vegna þess að árið 1997 er tímamótaár í fjölmiðlun á Íslandi. Þetta er fyrsta árið sem þannig hagar til að prentmiðlar eru eingöngu gefnir út á markaðsgrundvelli. Það er gjörbreyting frá því sem var fyrir allmörgum árum. Staða prentmiðlanna er líka allt önnur en hún var. Áhrif Sjálfstfl. á daglegan rekstur Morgunblaðsins eru bersýnilega minni en áður. Augljóst er að DV leitar jafnvægis í áherslum sínum í seinni tíð og ljóst er að Dagur leitar nýrra leiða til að treysta og tryggja tilveru sína. Í þessari stöðu og við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að ræða sérstaklega um málefni Ríkisútvarpsins, líka með hliðsjón af því að talað er um að það glitti í einokunartilhneigingar í fjölmiðlaheiminum þar sem einn maður ráði mjög miklu um fjöldann allan af fjölmiðlum.

Við þessar aðstæður er Ríkisútvarpið mikilvægt. Þess vegna er eðlilegt að ræða um það en margir hafa bent á að í rauninni virðist Sjálfstfl. vilja herða þeim mun meira tökin á Ríkisútvarpinu sem hann glatar þeim á öðrum fjölmiðlum. Þetta er hlutur sem hefur komið fram á undanförnum vikum og mánuðum og ýtir undir þá umræðu sem hér hefst.

Af þessum ástæðum og fleirum, herra forseti, hef ég leyft mér að óska eftir þessari umræðu og legg fyrir hæstv. menntmrh. eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Hver er stefna ráðherrans að því er varðar framtíð Ríkisútvarpsins? Er stefna hans að selja hluta af starfsemi Ríkisútvarpsins í hendur einkaaðila?

2. Hver er stefna ráðherrans að því er varðar lög um útvarp? Gerir hann ráð fyrir að leggja fram frv. um útvarpsmál á yfirstandandi þingi?

3. Er samstaða um stefnuna í málefnum Ríkisútvarpsins á milli stjórnarflokkanna?

4. Hver er stefna ráðherrans að því er varðar sjálfstæði Ríkisútvarpsins? Í þessum efnum er ég sérstaklega að hugsa um það að ráðherrann tekur ákvörðun um ráðningu einstaklinga í blóra við álit meiri hluta útvarpsráðs þegar um var að ræða ráðningu framkvæmdastjóra sjónvarps og hafnað var einstaklingi með mikla faglega reynslu, Ásdísi Olsen.

5. Hvernig vill ráðherrann meta faglega reynslu starfsmanna við ráðningu til starfa á vegum Ríkisútvarpsins? Þarna er ég sérstaklega að vitna til þeirrar ráðningar sem ég nefndi núna en ég bendi einnig á að innan útvarpsins hefur nánasti samstarfsmaður menntmrh., Markús Örn Antonsson, beitt sér fyrir mjög sérkennilegum niðurstöðum að því er varðar mannaráðningar þrátt fyrir viðhorf meiri hluta útvarpsráðs.

6. Hver er stefna ráðherrans að því er varðar húsnæðismál Ríkisútvarpsins sem er mjög brýnt að rædd verði sérstaklega?

Ég lít þannig á, herra forseti, ef svo fer fram sem horfir þá geti farið svo að þessi umræða utan dagskrár verði fyrsta umræða af nokkrum um málefni Ríkisútvarpsins í vetur. Þar geti margt komið til, m.a. það ef hingað kemur frv. um málið en auk þess er ég sannfærður um að það er vilji til þess og áhugi í þessari stofnun að fara mikið rækilegar yfir málefni Ríkisútvarpsins en kostur er í hálftíma utandaskrárumræðu af því tagi sem við erum að hefja og ég þakka forseta fyrir að skapa svigrúm fyrir.

[15:40]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þegar útvarpslögin voru samþykkt árið 1985 voru aðstæður einstaklinga og fyrirtækja til fjölmiðlunar allt aðrar en þekkist í dag. Gífurlega hröð þróun í fjarskipta- og fjölmiðlunartækni, einkum með samruna útvarps, fjarskipta og tölvutækni hefur gerbreytt umhverfi fjölmiðla um allan heim og möguleikum einstaklinga til þess að velja sér dagskrárefni og láta til sín taka við miðlun á hvers kyns efni og upplýsingum.

Íslensku útvarpslögin eru að mínu mati ófullnægjandi rammi um fjölmiðlun hér á landi og fyrirsjáanlega þróun í þeim efnum á næstu árum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að mínu mati að hafin sé samhliða endurskoðun á lögum um fjarskipti og útvarpsrekstur þar sem stefnt sé að því að afnema laga- og tæknilegar hindranir í fjarskiptum og

tryggja að ekkert hamli eðlilegri þróun í hvers kyns boðskiptum. Tækniþróunin verður ekki stöðvuð. Spurningin er hvernig við getum nýtt okkur hana, m.a. til þess að treysta menningarlega hagsmuni þjóðarinnar. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar ég leitast við að svara fyrirspurnum þingmannsins.

Hvað varðar framtíð Ríkisútvarpsins skiptir mestu máli hvernig stofnuninni tekst að sinna menningarlegu hlutverki sínu og hvernig hún mætir kröfum tímans, þar með með því hvernig hún nýtir sér upplýsingatæknina. Það leiðir af þeirri tækniþróun sem ég hef getið um að breytingar verða að mínu mati óhjákvæmilegar á starfsemi Ríkisútvarpsins í samræmi við kröfur tímans og breytta fjölmiðlaneyslu ef svo má að orði komast. En að uppi séu áætlanir um að leggja Ríkisútvarpið niður eða selja hluta af því hefur aldrei verið á dagskrá hjá mér. Ég sem menntmrh. hef aldrei boðað slíka stefnu eins og þingmenn ættu að vita.

Ég tel hins vegar að það eigi að endurskoða útvarpslögin og fjarskiptalögin þannig að settur sé almennur rammi um útvarpsstarfsemi hér á landi. Útvarpsréttarnefnd hefur vakið athygli mína á því að nauðsynlegt sé sem allra fyrst að setja skýrar og skilmerkilegar reglur um réttindi og skyldur eigenda og/eða rekstraraðila kerfa sem dreifa útvarps- og sjónvarpsefni um þráð. Næstu skref verða að útfæra þessar hugmyndir með það fyrir augum að leggja fram frv. um þetta efni á hinu háa Alþingi. Ég tel að það komi einnig sérstaklega til álita hvort ekki beri að aðskilja þessi ákvæði í útvarpslögum og síðan hafa sérstök lagaákvæði um Ríkisútvarpið sem stofnun og þurfi ekki að vera endilega í einum og sama lagabálkinum. Þetta er í samræmi við það sem ég hef löngum sagt að tækniþróunin gerir þær kröfur í þessu máli að við hugsum um það á allt öðrum forsendum en hefur gerst til þessa. Að sjálfsögðu verður ekki flutt frumvarp um þessi mál af hálfu ríkisstjórnarinnar nema það sé samstaða um málið milli ríkisstjórnarflokkanna. Það liggur í hlutarins eðli.

Að því er varðar ráðningu starfsfólks að Ríkisútvarpinu er það svo að í höndum menntmrh. er að ráða útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra sjónvarps annars vegar og hljóðvarpsins hins vegar. Málin eru send til umsagnar hjá útvarpsráði og síðan tekur ráðherra ákvörðun sína.

Varðandi ráðningu þessara starfsmanna eins og annarra starfsmanna á vegum ríkisins tel ég að það beri að fara að því sem sérstaklega hefur verið tíundað af umboðsmanni Alþingis að þessar ákvarðanir eigi að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum með hliðsjón af menntun, reynslu, skólagöngu, hæfni og öðrum persónulegum eiginleikum. Ég tel að í ákvörðunum mínum um þetta efni hafi ég fylgt þessum meginsjónarmiðum.

Að því er varðar húsnæðismálin er það skoðun mín að núna beri að taka ákvarðanir um það að sameina Ríkisútvarpið á einum stað við Efstaleiti. Það hafa farið fram það margar athuganir á því máli að ég held að málið verði ekki skoðað öllu meira. Það liggja fyrir tillögur frá Ríkisendurskoðun, það liggja fyrir tillögur frá nefnd sem ég skipaði á síðasta ári til að fjalla um málið og nú liggur fyrir rekstrarfræðileg úttekt á Ríkisútvarpinu sem unnið hefur verið eftir og henni hefur verið hrundið í framkvæmd og í henni felst einnig áskorun um að útvarpið verði sameinað undir einu þaki í Efstaleiti. Hins vegar er umdeilanlegt hvað þessi framkvæmd kostar mikið. Menn hafa nefnt þar allt frá 500 millj. upp í einn milljarð kr. en þetta er málefni sem ég tel að verði að taka ákvarðanir um og hef ég þegar kynnt hugmyndir mínar um það efni á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ég tel einnig að það verði að stýra þessu máli með það að leiðarljósi að framleiðsla leikins efnis verði flutt til sjálfstæðra fyrirtækja utan veggja stofnunarinnar eins og hvatt hefur verið til, m.a. af Bandalagi íslenskra listamanna.

[15:45]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil gjarnan víkja að ráðningarmálum starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ráðherra hefur afsakað pólitísk afskipti af ráðningum með því að benda á að í útvarpslögum sé beinlínis mælt fyrir um afskipti útvarpsráðs af því þegar starfsmenn dagskrár eru ráðnir. En við hv. varaþm. Mörður Árnason höfum á tveimur undanförnum þingum flutt um það tillögu á Alþingi að lögunum yrði breytt þannig að þessari kvöð yrði létt af útvarpsráði. Sú tillaga eða hugmyndafræði hefur þó ekki vakið áhuga ráðherra Sjálfstfl. Ákvæðið um sérstakar tillögur útvarpsráðs þegar ráðið er starfsfólk dagskrár er í raun arfur frá liðinni tíð þegar hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins voru túlkaðar mun þrengra, m.a. vegna þess að fjölmiðlun í landinu var þá fyrst og fremst í höndum pólitískra flokka og Ríkisútvarpið eini ljósvakamiðillinn. Þessi staðreynd virðist líka hafa farið fram hjá Sjálfstfl. Ráðherra hefur og sent starfsmönnum stofnunarinnar þau skilaboð að ef menn vilji fá að njóta reynslu sinnar og menntunar við stöðuveitingar skuli þeir leita annað. Þetta finnst mér býsna alvarlegt mál.

Á síðasta þingi var gerð breyting á lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í anda hinnar nýju starfsmannastefnu sem gerir m.a. ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana ríkisins ráði starfsmenn. En þegar röðin kom að Ríkisútvarpinu var annað upp á teningnum. Í tilfelli þess nægði ráðherranum ekki að skipa útvarpsstjóra heldur var því haldið áfram inni í lögunum að ráðherra skipaði einnig næstu undirmenn hans. Það er þess vegna ljóst af framansögðu, herra forseti, að vilji ráðherrans stendur til þess að afskipti stjórnmálamanna af málefnum Ríkisútvarpsins séu meiri en minni og umfram það sem er í öðrum ríkisstofnunum. Þetta hlýtur að vekja furðu og þá spurningu hvort þetta sé starfsmannastefna framtíðarinnar í augum hæstv. menntmrh.

[15:47]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu um Ríkisútvarpið vegna þess að fólkinu í landinu þykir almenn mjög vænt um þessa stofnun. Útvarpið á að vera útvarp allra landsmanna m.a. vegna þeirrar skylduáskriftar sem er að þessum miðli. En ég velti því fyrir mér hvort útvarpið gefur ekki landshlutunum mismunandi vægi. Það sjáum við í gegnum dreifikerfið, við höfum rætt það í þinginu í dag. Við sjáum það líka í gegnum svæðisútvarpið, enn þá er ekki komið svæðisútvarp á Suðurland eða Vesturland. Við sjáum líka að oft og tíðum er fréttaflutningur þessa ágæta útvarps mjög tilviljanakenndur úr einstaka landshlutum. Það þarf ekki að taka nema lítið dæmi: Á dögunum flutti fréttaritari útvarpsins á Suðurlandi upp á Akranes, sá ágæti maður Björn S. Lárusson. Við það dettur út fréttaflutningur af Suðurlandi og færist yfir á Vesturland. Ég fagna því í fyrir hönd þeirra sem búa á Vesturlandi en ekki fyrir hönd okkar Sunnlendinga. Enginn maður hefur verið ráðinn í staðinn fyrir þennan ágæta fréttaritara.

Ég vil líka að við tryggjum faglegt sjálfstæði þessarar stofnunar. Ég velti fyrir mér spurningu eins og þeirri hvort útvarpsráð sé hreinlega nauðsynlegt. Er nauðsynlegt að útvarpsráð leggi blessun sína einu sinni í viku á þá dagskrárgerð sem þar fer fram? Er það ekki eitthvað sem tilheyrir fortíðinni? Við þekkjum öll umræður um ráðningu starfsmanna og þar fram eftir götunum. Pólitísk íhlutun þessa miðils er engum til góðs og á vissan hátt stofnuninni til vansa. Ég vil sjá meiri samvinnu útvarpsins og sjónvarpsins og ég fagna þeim ummælum hæstv. menntmrh. að loksins standi til að sameina þessar tvær stofnanir undir einu þaki. En eins og þingmenn vita þá er langt síðan að byggt var mjög myndarlegt útvarpshús við Efstaleiti sem hefur ekki verið nýtt nema að litlum hluta.

[15:49]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er þarft að ræða um stöðu Ríkisútvarpsins og framtíð þó að vísu sé ástæða til að ætla og jafnvel óttast að þetta verði ekki sú eina eða síðasta á þessum vetri. Ástæðan er að sjálfsögðu framganga Sjálfstfl. í málefnum Ríkisútvarpsins sem hefur verið og er með miklum endemum. Menn þekkja framgöngu menntmrh. flokksins, bæði fyrrverandi og núverandi, hvað varðar mannaráðningar og fleira og menn þekkja að á landsfundum Sjálfstfl. hefur það lengi verið aðalumfjöllunarefnið og aðalályktunarefnið þannig að heilu landsfundirnir í þessum mikla flokki hafa farið undir það mikla mál að selja Rás 2. Maður undrast alla þá orku sem þessi mikli flokkur leggur í þetta stórmál að hamast (**Gripið fram í:** Hefur þingmaðurinn verið á landsfundi Sjálfstæðisflokksins?) á Ríkisútvarpinu og selja Rás 2. — Það koma fréttir af landsfundinum og þær snúast yfirleitt um þetta að ungliðarnir eru með mikla tillögu um að nú eigi að selja Rás 2. (**Gripið fram í:** Það er ein í uppsiglingu núna.) Og ein er í uppsiglingu enn, trúlega. En það er ekki von á góðu, herra forseti, þegar ráðherrar þessa flokks, hver á fætur öðrum, leggja stofnunina í einelti. Ég held að þjóðin hafi loksins skilið almennilega það hugtak sem menn hafa verið að ræða í skólunum þegar bent var á samanburðinn við framgöngu Sjálfstfl. í málefnum Ríkisútvarpsins. Þá skildi þjóðin loksins hvað einelti var. Það er þetta sem Sjálfstfl. hefur verið að gera gagnvart Ríkisútvarpinu undanfarin ár. Þetta er mikilvæg menningarstofnun og mikilvægur fjölmiðill sem gegnir vaxandi hlutverki og enn þá mikilvægari í dag, m.a. af tveimur ástæðum, vegna aukinnar samþjöppunar í fjölmiðlun og vegna aukinna erlendra áhrifa, aukins flæðis af erlendu efni. Menningarhlutverk og dagskrárgerð Ríkisútvarpsins er því enn þá mikilvægara en ella. Ég fer þar af leiðandi fram á það, herra forseti, að Sjálfstfl. láti Ríkisútvarpið í friði.

[15:51]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Á þingi ÖSE í sumar var samþykkt m.a. að bein afskipti ríkisvalds væru afar óæskileg í rekstri fjölmiðla. Samkvæmt því má segja með nokkrum rökum að við Íslendingar séum að dragast aftur úr þjóðum Evrópu hvað varðar óháða fjölmiðlun með beinum afskiptum hins pólitíska valds af innri málefnum Ríkisútvarpsins. Vandi Ríkisútvarpsins er í rauninni ekkert flókinn. Fyrirtækið nýtur trausts almennings fyrir vandaða og fjölbreytta dagskrárgerð. En vandinn snertir líklega fyrst og fremst stjórnunarkerfi stofnunarinnar. Spyrja má: Hver stjórnar Ríkisútvarpinu? Í rauninni má segja að það séu allt of margir aðilar. Sagan sýnir, og hún er nokkuð löng, að það eru ráðherrar, útvarpsráð, útvarpsstjóri, sjónvarpsstjóri og framkvæmdastjórar. Í rauninni of margir aðilar sem þýðir þegar upp er staðið að stjórnunarleg ábyrgð verður engin. Þetta er jarðvegur sem dregur allan eðlilegan mátt úr stofnuninni. Útvarpsráð og ráðherrar eiga að hætta afskiptum af mannaráðningum, dagskrárgerð og innri málefnum stofnunarinnar. Þess í stað þarf að koma á skilvirku stjórnunarmynstri þar sem yfirmenn hafa vald til að stýra sviðum sínum án afskipta annarra en svari jafnframt fyrir ábyrgð á gjörðum sínum. Þá má líka segja í annan stað að það sé söun á verðmætum að láta mikla húseign í Efstaleiti standa ónotaða á sama tíma og aðstaða sjónvarpsins við Laugaveg brýtur í raun allar reglugerðir um heilbrigðishætti. Það er annað dæmi um óskýra og jafnvel óskynsamlega stefnu um málefni Ríkisútvarpsins. Á því þarf að verða breyting.

[15:54]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og ég þakka hv. þm. fyrir þátttökuna í henni og ég þakka líka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann veitti hér. Ég tel út af fyrir sig að tvennt hafi komið fram í þeim svörum sem er jákvætt. Í fyrsta lagi að hann hefur látið af þeim kenjum Sjálfstfl. að ætla sér að selja Ríkisútvarpið. Í öðru lagi að það er meiningin að sameina stofnunina undir einu þaki. Það er hvort tveggja mjög mikilvægt og er jákvætt. Að hinu leytinu til stendur það upp úr umræðunni að það er eins og hæstv. ráðherra átti sig ekki á því grundvallaratriði hvað faglegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins þýðir. Í þeim efnum kom fram að því er varðar t.d. mannaráðningar að hann sagði að þar ætti að byggja á — á hverju? Menntun, skólagöngu, hæfni og reynslu. Staðreyndin er sú að þegar hann hefur komið að mannaráðningum eða mannaráðningu í seinni tíð í stofnuninni hefur hann vikið þessu öllu til hliðar. Ég held að við verðum líka að líta til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir að því er varðar ráðningu einstakra forustumanna í Ríkisútvarpinu þar sem öllum þessum forsendum hefur oft og tíðum verið vikið til hliðar. Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því að það er ekki nóg fyrir ráðherrana að koma hingað og hafa uppi almenn falleg orð um hlutina vegna þess að allir vita betur, það vita allir að það er rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að Ríkisútvarpið er í stöðugri hættu fyrir Sjálfstfl., eins og hann hefur haldið á þessum málum. Staðreyndin er sú að innra starf í Ríkisútvarpinu hefur verið meira og minna í uppnámi í menntamálaráðherratíð Sjálfstfl. Það er stórkostlega hættulegt, segir reynslan okkar, að hleypa íhaldinu að Ríkisútvarpinu. Það liggur alveg fyrir. Hitt er aftur rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að það þarf að fara í það að endursemja og endurskrifa lögin um Ríkisútvarpið. Og hver setur lög? Alþingi setur lög. Ég vil fyrir mitt leyti gera hæstv. menntmrh. það tilboð fyrir hönd þingflokks okkar að farið verði í sameiningu á vegum allra flokka í þessari stofnun, t.d. á vegum hv. menntmn., þannig að málið verði unnið með sem breiðustum stuðningi og tryggður eðlilegur faglegur framgangur þess.

[15:56]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þessar umræður að bæta. Ég árétta aðeins að það eru engin rök fyrir því og ekki hægt að halda því fram með nokkru móti að Sjálfstfl. hafi lagt Ríkisútvarpið í einelti. Skárra væri það nú af einum stjórnmálaflokki að leggja slíka stofnun í einelti, þetta er alveg út

í hött og ég skil ekki ef menn ætla að búa mál sitt á þessum grunni og halda uppi umræðum um Ríkisútvarpið á þessum forsendum. Það er von að hægt gangi á hinu háa Alþingi að komast að niðurstöðu um endurskoðun á útvarpslögunum og önnur slík málefni er stofnunina varða þegar menn ræða hana á þessum vitlausu forsendum. Það er algerlega rangt að halda því fram að við höfum verið að ofsækja Ríkisútvarpið með einum eða öðrum hætti. Þvert á móti hefur vegur þess vaxið undanfarið. Það hefur verið unnið að innri skipulagsbreytingum til að styrkja útvarpið sem stofnun og til að styrkja það til að takast á við þau verkefni sem það á að glíma við. Við höfum einnig sagt að lagarammanum þurfi að breyta, laga starfsemina að nýjum tæknilegum forsendum og það starf viljum við vinna. En staðreynd er að þegar málið er rætt á hinu háa Alþingi, undir forustu Alþb. og að frumkvæði þess fara umræðurnar alltaf út um víðan völl og á þetta lága plan, ef ég má orða það svo. Að halda því fram að það hafi verið gengið þannig fram við mannaráðningar á undanförnum mánuðum í Ríkisútvarpinu að það sé þeim til vansæmdar sem að því máli hafa komið er alrangt. Það hafa verið ráðnir hæfir starfsmenn til þeirra starfa sem um var að ræða og verður vonandi gert ef menn bera hag þessarar stofnunar fyrir brjósti og að það verði staðið að þeim málum með þeim hætti sem lög mæla fyrir um og á þeim forsendum sem eiga að gilda um ráðningar í opinber störf. Þetta eru þær meginniðurstöður sem ég dreg af þessum umræðum að þeir menn sem ræða Ríkisútvarpið og málefni þess á þeirri forsendu að það sé í einhverju einelti af hálfu Sjálfstfl. eru að tala um eitthvað annað en þann veruleika sem við blasir á stofnuninni og hjá okkur sem vinnum að þessum málum.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 15:59.

---

## 20. FUNDUR

miðvikudaginn 5. nóv.,
að loknum 19. fundi.

**Dagskrá:**

1. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 210. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samræmd samgönguáætlun, þáltill., 179. mál, þskj. 179. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Stimpilgjald, frv., 163. mál, þskj. 163. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

***Loftferðir, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Flugmálaáætlun 1998–2001, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 207. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Samræmd samgönguáætlun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. MS o.fl., 179. mál. — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Vegagerð í afskekktum landshlutum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 60. mál. — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Stimpilgjald, frh. 1. umr.***

Frv. GHall o.fl., 163. mál (kaupskip). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

# 21. FUNDUR

fimmtudaginn 6. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. — Ein umr.
2. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
3. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 94. mál, þskj. 94. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:30]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sérstakra anna leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 3. varaþingmaður Alþb. og óháðra í Reykjavík, Svanhildur Kaaber kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni, þar sem 1. varaþingmaður listans situr nú á Alþingi og 2. varaþingmaður listans getur ekki vegna anna tekið sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ögmundur Jónasson,
17. þm. Reykv."

Borist hefur annað svohljóðandi bréf:

„Ögmundur Jónasson alþingismaður hefur tjáð mér að hann verði að hverfa af Alþingi í nokkurn tíma. Vegna aðkallandi verkefna í starfi og námi um þessar mundir hef ég því miður ekki tök á að taka sæti hans á þingi meðan hann verður í burtu.

Með virðingu,
Guðrún Sigurjónsdóttir."

Svanhildur Kaaber hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[10:32]

**Útbýting þingskjala:**

Gjald af kvikmyndasýningum, 244. mál, fsp. KHG, þskj. 289.

Landafundir Íslendinga, 243. mál, fsp. ÖS, þskj. 288.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 246. mál, þáltill. SJS, þskj. 291.

Staða Íslands, breytingar og horfur í alþjóðlegu umhverfi, 247. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 292.

Útvarpslög, 239. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 278.

## *Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.*

[10:32]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Grundvallarmarkmið utanríkisstefnunnar er að tryggja hagsmuni Íslands á alþjóðavettvangi hvort sem er á sviði stjórnmála, öryggismála, viðskipta- eða menningarmála. Þessi hagsmunagæsla verður æ viðameira og margslungnara verkefni og ekki verður hjá því komist að efla utanríkisþjónustuna svo að hún geti betur gegnt hlutverki sínu í breyttum heimi. Líta ber á eflingu þjónustunnar sem fjárfestingu í framtíðaröryggi og velferð íslensku þjóðarinnar í samfélagi þjóðanna. Í þessu skyni var skipuð nefnd sl. vor til að kanna hvernig utanríkisþjónustan geti best rækt skyldur sínar.

Á undanförnum árum hafa æ fleiri ríki kosið að nýta sendiráð sín með markvissari hætti í þágu útflutnings. Þessi þróun hefur átt sér stað samfara gífurlegum breytingum á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi þar sem frjálsræði hefur aukist og samkeppni að sama skapi farið vaxandi. Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, sem tók til starfa 1. september sl., er ætlað að aðstoða íslensk fyrirtæki í þessu nýja umhverfi. Mikilvægur þáttur í þjónustu hennar verður að efla starfsemi sendiráða Íslands á sviði viðskiptamála.

Viðskiptafulltrúar hafa verið ráðnir til Parísar og New York. Tilnefndir hafa verið viðskiptafulltrúar í öðrum sendiráðum. Jafnframt hafa verið staðarráðnir starfsmenn í Moskvu og Berlín til að sinna viðskiptamálum. Ætlunin er að þróa og auka enn frekar starfsemi viðskiptaþjónustunnar á komandi missirum.

Annar þáttur í breyttum áherslum í utanríkisviðskiptastefnu Íslands er að auka tengsl við ríki sem búa við stöðugleika og mikinn hagvöxt. Ekki síst þau ríki þar sem hefð er fyrir sjávarútvegi. Í þessum tilgangi var farið í opinbera heimsókn til Argentínu og Chile í ágúst sl. Með í för voru hátt í 30 fulltrúar íslenskra fyrirtækja og hagsmunasamtaka. Var þetta stærsta viðskiptasendinefnd sem hefur verið með íslenskum ráðherra í för erlendis.

Um það er vissulega ágreiningur hvort hafa eigi samskipti við ríki þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Þetta getur verið álitamál en ég tel ekki rétt að útiloka tengsl við slík ríki, t.d. á sviði markaðsöflunar. Á móti kemur að ekki verður skorast undan því að ræða mannréttindi við ráðamenn þessara ríkja, því að mannréttindi eru ekki innanríkismál heldur grundvallarréttindi sem tilheyra einstaklingnum sem slíkum. Eins og segir í inngangsorðum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna: „Það ber að viðurkenna, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Það hefur verið ákveðið að leggja aukna áherslu á upplýsinga- og menningarstarfsemi utanríkisþjónustunnar. Í þeim tilgangi tók til starfa skrifstofa upplýsinga- og menningarmála í ráðuneytinu hinn 1. ágúst sl.

Markviss og öflug þátttaka í norrænu samstarfi er sem fyrr grundvallarþáttur íslenskrar utanríkisstefnu. Til marks um vilja okkar til að styrkja norrænt samstarf er nýleg og löngu tímabær ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að opna sendiráð í Helsinki en eins og kunnugt er hafa Finnar haft sendiráð í Reykjavík síðan 1982. Auk þess má geta samstarfs Norðurlanda um að setja á fót norræna menningarmiðstöð í

New York en þar hefur Ísland haft frumkvæði með samþykki ríkisstjórnarinnar um fjárframlag til verkefnisins.

Á sviði Evrópumála eiga Norðurlönd með sér náið samstarf í málaflokkum sem tengjast Evrópusambandinu og á grundvelli EES-samningsins. Aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB hefur ekki dregið út þátttöku þeirra í norrænu samstarfi og hefur á ýmsum sviðum skerpt umræðu og samstarf í málum tengdum ESB. Norrænt samstarf getur því orðið grundvöllur frumkvæðis í einstökum málaflokkum í evrópsku samhengi.

Norðurlöndin leggja áherslu á að samræma stuðning og starfsemi sína í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og á heimskautasvæðunum. Ísland hefur tekið virkan þátt í svæðisbundnu samstarfi á vegum Eystrasaltsráðsins og vill þannig leggja sitt af mörkum til að stuðla að efnahagslegum og stjórnmálalegum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu.

Norðurskautsráðið var stofnað fyrir rúmu ári og eru skipulagsreglur þess nær fullgerðar. Einungis stendur eftir ágreiningur um hvernig haga skuli brottvikningu frjálsra félagasamtaka, sem veitt hefur verið áheyrnaraðild, ef þau fyrirgera rétti sínum með ábyrgðarlausri framgöngu. Íslendingar og margar aðrar þjóðir hafa bitra reynslu af öfgum slíkra samtaka. Þau njóta mörg hver ekki lýðræðislegs aðhalds en ráða hins vegar yfir miklu fjármagni sem oft er misnotað til blekkjandi áróðurs. Því kemur ekki annað til greina en að áheyrnaraðild þeirra falli niður ef og um leið og ekki ríkir lengur um hana samstaða meðal aðildarríkjanna.

Samskipti við Evrópusambandið eru í föstum farvegi og samstarf innan EES hefur gengið vonum framar. Því er hins vegar ekki að leyna að álag og ábyrgð ríkjanna þriggja sem eftir sitja við rekstur EFTA-hluta EES-samningsins er meiri en áður. Þátttaka Íslands verður að vera öflug og virk í allri umræðu og mótun ákvarðana. Láti íslensk stjórnvöld sitt eftir liggja í því starfi verður hlutur Noregs sem stærsta ríkisins EFTA megin í EES hlutfallslega stærri. Það gæti stefnt fjölþjóðlegu eðli samstarfsins í hættu. ESB hefur staðið við sínar skuldbindingar en það er engu að síður full ástæða til að fylgjast grannt með því að aðildarríki þess virði stöðu Íslands, Noregs og Liechtenstein sem fullgildra aðila í hinum innri markaði. Það eftirlit framkvæmir enginn fyrir okkur en EES-samningurinn er í stöðugri þróun rétt eins og Evrópusambandið sjálft.

Stærstu málin sem Evrópusambandið þarf að kljást við á næstu missirum er stofnun Efnahags- og myntbandalagsins, EMU, og aðild nýrra ríkja. Æ fleiri telja að ekki verði aftur snúið varðandi stofnun Efnahags- og myntbandalagsins.

Í desember næstkomandi verður tekin ákvörðun um hvernig staðið verður að aðildarviðræðum að Evrópusambandinu. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögur um að viðræður hefjist fyrst í stað við sex ríki en önnur fimm ríki fái áfram aðstoð við undirbúning aðildar. Enn fremur hefur hún lagt til að stofnaður verði sameiginlegur evrópskur umræðuvettvangur um utanríkismál, sem taki til ESB-ríkja og allra umsóknarríkja. Hafa verður í huga að aðild nýrra ríkja að ESB er sjálfkrafa aðild að EES. Það er því brýnt að Ísland og önnur EFTA-ríki fylgist með samningaferlinu sem fram undan er. Verður það eitt helsta verkefni Íslands, sem tekur við formennsku í EFTA í byrjun næsta árs, að sjá til þess að svo verði. Einnig verður haldið áfram að efla samskipti EFTA við ýmis ríki utan ESB, svo sem við ríki Asíu, Suður-Ameríku og Miðjarðarhafslönd.

Frjáls för fólks er snar þáttur EES-samningsins en hann tekur ekki til vegabréfaeftirlits á landamærum. Samstarf um það verkefni hefur hins vegar verið virkt um nokkra hríð meðal nokkurra Evrópusambandsríkja samkvæmt ákvæðum Schengen-samningsins svokallaða. Öll aðildarríki Evrópusambandsins, að Bretlandi og Írlandi frátöldum, hafa nú samið um aðild að Schengen og Ísland og Noregur gengu frá samstarfssamningi í desember á síðasta ári. Afnám vegabréfaeftirlits er háð þátttöku í tölvuvæddu upplýsingakerfi sem aftur krefst töluverðs undirbúnings. Afnám vegabréfaeftirlitsins milli Norðurlanda og annarra Schengen-ríkja getur því vart orðið að veruleika fyrr en árið 2000.

Þegar samkomulag náðist um það í Amsterdam meðal aðildarríkja ESB að fella skyldi Schengen-samstarfið inn í Evrópusambandið var tekið fram að virða skyldi samstarfssamninga um Schengen við Ísland og Noreg. Þeir samningar verða því áfram grundvöllur framtíðarsamstarfs Íslands við ESB um þau málefni sem falla undir Schengen-samninginn. Hins vegar þarf að ganga frá sérstakri bókun eða samningi vegna þess að Schengen-samstarfið var fellt inn í Evrópusambandið. Samningaviðræður milli Íslands, Noregs og ESB um þetta hefjast síðar í þessum mánuði.

Málið er í sjálfu sér ekki flókið og ættu því ekki að vera neinir örðugleikar á að ganga frá samningi tiltölulega fljótt. Afstaða Íslands og Noregs er ljós. Tryggja þarf fulla þátttöku í allri umræðu um Schengen-málefni eftir að þau falla undir ESB en stofnanir þess geta ekki haft sama hlutverk gagnvart Íslandi og Noregi og gagnvart aðildarríkjum þess. Nýi samningurinn verður að vera þjóðréttarsamningur líkt og samstarfssamningurinn. Það eru hins vegar gömul sannindi og ný að hjól innan ESB snúast hægt. Enn hefur ekki verið gengið frá því á hvaða lagagrunni einstakar Schengen-gerðir verða felldar inn í ESB-kerfið. Einnig er óljóst að hve miklu leyti Bretland og Írland muni koma að þessu samstarfi. Þótt þetta tengist ekki beint samningum við Ísland og Noreg getur það valdið töfum. Enn fremur er óljóst hversu langan tíma fullgildingarferli vegna Amsterdam-samningsins tekur.

Norræna vegabréfasambandið hefur reynst vel. Hefðu samningar ekki náðst við Ísland og Noreg um þátttöku í Schengen-samstarfinu hefði Norræna vegabréfasambandið verið úr sögunni. Í þess stað má segja að með tilkomu Schengen sé það bæði útvíkkað og eflt til að greiða enn frekar fyrir för hins almenna ferðalangs. Jafnframt fylgir því stóraukið samstarf yfirvalda um eftirlit með glæpamönnum, hryðjuverkamönnum og öðrum þeim sem kynnu að vilja misnota hið nýfengna frelsi.

Í sumar var sett á fót fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu til að undirstrika þá áherslu sem við leggjum á starfsemi þess og til að undirbúa formennsku Íslands í ráðinu eftir rösklega eitt og hálft ár.

Hornsteininn í starfsemi Evrópuráðsins er efling og varðveisla mannréttinda ásamt styrkingu lýðræðisþróunar í aðildarríkjunum. Í ljósi aðlögunar ríkja Mið- og Austur-Evrópu að vestrænum stjórnarháttum hefur Evrópuráðið því geysilega mikilvægu hlutverki að gegna.

Ísland styður heils hugar nýja skipan mannréttindadómstóls Evrópu og leggur áherslu á skilvirkara eftirlitshlutverk Evrópuráðsins á sviði mannréttinda. Mikilvægt er að stækkun ráðsins leiði ekki til lakari mælikvarða á þessu sviði þar sem virðing fyrir mannréttindum er órjúfanlegur hluti af tryggingu öryggis og jafnvægis í Evrópu.

Undanfarin ár hafa verið mikill umbrotatími í öryggis- og varnarmálum Evrópu. Í stað ógnarjafnvægis kalda stríðs-

ins er í örri þróun nýtt öryggisfyrirkomulag þar sem ólíkar alþjóðastofnanir vinna saman að tryggingu öryggis og friðar í álfunni. Skýrasta dæmið er samvinna þessara stofnana í Bosníu þar sem SFOR, herlið Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess í Mið- og Austur-Evrópu, tryggir öruggt umhverfi til að aðrar alþjóðastofnanir geti sinnt uppbyggingarhlutverki sínu á grundvelli Dayton-friðarsamkomulagsins.

Auk NATO gegnir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, hvað veigamestu hlutverki í Bosníu. Stofnunin hefur m.a. haft með höndum undirbúning og eftirlit með framkvæmd kosninga í landinu, hefur stuðlað að eflingu mannréttinda og er vettvangur afvopnunarviðræðna. Aðrar stofnanir sem taka þátt í þessari starfsemi eru m.a. Sameinuðu þjóðirnar, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandið og Alþjóðabankinn.

Ísland hefur lagt sitt af mörkum til enduruppbyggingar í Bosníu. Fyrir utan framlag að fjárhæð 1,7 millj. Bandaríkjadala starfar íslensk heilsugæslusveit í SFOR undir verkstjórn breska hersins. Sveitina skipa tveir læknar og tveir hjúkrunarfræðingar. Ísland leggur einnig til þrjá lögreglumenn í alþjóðalögreglulið Sameinuðu þjóðanna.

Það er geysilega mikilvægt að Ísland taki þátt í samstarfi sem þessu og skorist ekki undan ábyrgð á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir skort á þeirri sérþekkingu sem felst í hernaðarlegum hluta friðargæslu höfum við alla burði til að sinna slíkum verkefnum. Það starf byggir ekki eingöngu á fólki sem hlotið hefur hefðbundna herþjálfun heldur einnig fólki með sérþekkingu á öðrum sviðum svo sem læknisfræði eða verkfræði. Þar höfum við mjög hæfu fólki á að skipa. Það sama gildir um lögregluna. Gera má ráð fyrir aukinni þörf á alþjóðlegum lögreglusveitum í framtíðinni. Á því sviði eigum við einnig úrvalsfólk.

Atlantshafsbandalagið sem tekið hefur gífurlegum breytingum frá því á tímum kalda stríðsins er hornsteinninn í hinu nýja öryggiskerfi Evrópu. Herafli bandalagsins hefur gert því kleift að takast á hendur erfitt friðarstarf í Bosníu-Hersegóvínu þar sem engin önnur alþjóðastofnun reyndist í stakk búin til að koma á og viðhalda friði. Með stofnun Evró-Atlantshafssamvinnuráðsins og eflingu friðarsamstarfsins er samstarfsríkjunum opnuð leið til að taka fullan þátt í áætlunum Atlantshafsbandalagsins um friðargæslu og aðgerðum til að koma á friði.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madrid í júlí sl. var þremur ríkjum boðið til aðildarviðræðna. Samstaða aðildarríkjanna sextán um stækkunina var alger þrátt fyrir áherslumun um fjölda þeirra ríkja sem bjóða ætti til aðildar í fyrstu lotu. Niðurstaðan sem náðist var mjög í samræmi við þá afstöðu Íslands að takmarka ætti fyrstu umferð stækkunar við sem fæst ríki en bandalagið stæði áfram opið fyrir nýjum aðildarríkjum.

Ég hef lagt áherslu á öryggishagsmuni Eystrasaltsríkjanna í umræðunni um stækkun Atlantshafsbandalagsins og beitti Ísland sér ákveðið í aðdraganda leiðtogafundarins í þá veru. Í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Madrid var sérstaklega vikið að öryggishagsmunum Eystrasaltsríkjanna og vísað til þess að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar. Það er von mín að þessi ríki nýti þau tækifæri sem í boði eru á samstarfi við bandalagið og aðildarríki þess á vettvangi friðarsamstarfsins og Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins.

Í ljósi þessa vil ég ítreka að ekki má líta á stækkun NATO úr samhengi við hið nýja öryggisfyrirkomulag Evrópu. Þau ríki, sem ekki koma til með að gerast aðilar að NATO í nánustu framtíð, eru með einum eða öðrum hætti aðilar eða samstarfsaðilar þeirra stofnana sem mynda öryggisfyrirkomulagið. Þannig eru öll ríkin aðilar að Sameinuðu þjóðunum og ÖSE sem gegna veigamiklu hlutverki í evrópskum öryggismálum. Flestöll eru þegar orðin aðilar að Evrópuráðinu. Önnur hafa sótt um aðild að ESB og/eða hafa við það samstarf. Það er því ekkert ríki sem stendur eitt og sér utan evrópska öryggisnetsins. Öll taka þau þátt í því með einum eða öðrum hætti.

Með eflingu samstarfs Atlantshafsbandalagsins við Rússland og Úkraínu hafa þessi ríki beinan aðgang að samráði og samvinnu við bandalagið. Hvernig til tekst með samstarfið við Rússland innan ramma bandalagsins og á öðrum alþjóðavettvangi kemur til með að hafa afgerandi áhrif á öryggisumhverfið í heild sinni.

Það fer heldur ekki á milli mála að Öryggissamvinnustofnun Evrópu gegnir lykilhlutverki í tryggingu friðar og öryggis í Evrópu. Þessi stofnun sem öll Evrópuríki auk Bandaríkjanna og Kanada eru aðilar að hefur sótt í sig veðrið á undanförnum árum. ÖSE hefur sem fyrr segir gegnt veigamiklu hlutverki í Bosníu. Framganga sendinefndar ÖSE átti stærstan þátt í því að það tókst að koma í veg fyrir borgarastyrjöld í Albaníu. Það sama má segja um þau mál sem ÖSE hefur komið að bæði í Serbíu, Króatíu og einnig í Tsjetsjeníu og Nagorno-Karabakh. Í ljósi vaxandi mikilvægis ÖSE fyrir öryggi Evrópu, sérstaklega á sviðum þar sem við höfum mikið fram að færa, svo sem á sviði mannréttinda og lýðræðisuppbyggingar, tel ég brýna þörf á því að opna á ný fastanefnd Íslands hjá ÖSE í Vín. Þar eru öll aðildarríkin 55 með fulltrúa nema Ísland og Andorra.

Hættan á styrjöld í Evrópu er orðin afar fjarlæg og engar beinar hernaðarlegar ógnir steðja að Íslandi. Engu að síður eru það margir óvissuþættir í öryggismálum Evrópu að Ísland verður áfram að búa við trúverðugar varnir. Það er engin launung á því að við erum undir stöðugum þrýstingi frá samstarfsríki okkar í varnarmálum um að spara í útgjöldum vegna varnarstöðvarinnar. Verulegur árangur hefur náðst varðandi sparnað í samvinnu við varnarliðið. Mikilvægast í þessu sambandi er að á undanförnum missirum hefur verið komið á útboðum varðandi flestar varnarliðsframkvæmdir og kaup þess á vörum og þjónustu. Í stórum dráttum gilda nú almenn markaðslögmál varðandi viðskipti við varnarliðið.

Umræðan um varnarmál hefur oft snúist frekar um atvinnumál, flugstöðvarrekstur og verktöku en raunveruleg öryggismál landsins. Þessir þættir eru auðvitað mikilvægir vegna þeirra þjóðhagslegu áhrifa sem þeir hafa en mega ekki vera ráðandi þættir í umræðunni um varnarmál.

Ég tel því nauðsynlegt að við hefjum þegar vinnu við að meta varnarþarfir okkar þegar til lengri tíma er litið í ljósi breyttra aðstæðna. Þar eigum við að hafa þrjá þætti að leiðarljósi:

Í fyrsta lagi að tryggja áfram trúverðugar varnir fyrir Ísland.

Í öðru lagi að auka framlag Íslands til eigin öryggis og sameiginlegs öryggis bandalagsríkja okkar með öflugri þátttöku í friðarsamstarfi og friðargæslu.

Í þriðja lagi að taka ábyrgan þátt í mótun nýs öryggiskerfis fyrir Evrópu með markvissari þátttöku í NATO, innan friðarsamstarfsins, í ÖSE og í VES.

Við komum ekki til með að bjóða fram herstyrk eða umtalsvert fjármagn heldur fyrst og fremst miðla af langri

reynslu okkar á sviði mannúðarmála og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana. Þar höfum við mikilvægt lóð að leggja á vogarskálarnar.

Við höfum þegar lagt allmikið af mörkum. Þar ber hæst almannavarnaræfinguna Samvörð 97 sem var haldin hér í sumar. Þar komu saman sveitir frá 20 ríkjum til að æfa viðbrögð við stóráfalli. Þessi æfing hefur fengið afar jákvæða athygli erlendis. Sérstaklega hefur verið á það bent að stjórn æfingarinnar hafi tekist með miklum ágætum en þetta er í fyrsta skipti sem æfingu innan friðarsamstarfsins er stýrt af borgaralegum aðila. Vil ég færa Almannavörnum ríkisins og þeim fjölmörgu björgunaraðilum sem að æfingunni komu sérstakar þakkir fyrir þeirra merka framlag. Jafnframt tel ég rétt að efna til annarrar æfingar í náinni framtíð, þar sem lögð er áhersla á að tryggja öryggi fólks í glímunni við náttúruöflin. Þar kæmi m.a. til greina að æfa samræmingu björgunarstarfs þjóða á norðanverðu Atlantshafi.

Markvisst hefur verið unnið að því að leysa langvarandi fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar með víðtækri endurskipulagningu rekstrar og þjónustu. Viðskiptahættir í stöðinni hafa verið færðir í nútímalegra horf. Með aukinni þjónustu og útboðum eru nú allar horfur á að stöðva megi skuldasöfnun vegna flugstöðvarinnar og byrja að greiða niður skuldir. Ekki eru allir ánægðir en um eitt hljótum við að vera sammála, skuldasöfnunina varð að stöðva og það hefur nú verið gert.

Þessar aðgerðir eru ein mikilvægasta forsenda þess að hægt verði að ráðast í stækkun flugstöðvarinnar, en í ljósi vaxandi umferðar og metnaðarfullra framtíðaráforma flugrekstraraðila og ferðamannaiðnaðarins er ljóst að ekki verður lengur beðið með að taka ákvarðanir um stækkunina.

Æ fleiri vandamál heimsbyggðarinnar verða því aðeins leyst að sem flestar þjóðir taki höndum saman. Því hefur mikilvægi Sameinuðu þjóðanna líkt og annarra alþjóðastofnana farið vaxandi.

Á undanförnum árum hafa aðildarríki Sameinuðu þjóðanna reynt að ná samkomulagi um víðtækar breytingar til að búa stofnunina undir að takast á við krefjandi úrlausnarefni sem blasa við í dögun nýrrar aldar. Skömmu eftir að Kofi Annan tók við embætti aðalframkvæmdastjóra í byrjun árs sagðist hann setja endurbætur stofnunarinnar á oddinn. Í því skyni lagði hann fram umfangsmiklar tillögur í júlí sl. þar sem hann freistaði þess að ná málamiðlun um raunhæfar aðgerðir. Á fundi mínum með hr. Annan á meðan á opinberri heimsókn hans stóð hér á landi í byrjun september lýsti ég eindregnum stuðningi íslenskra stjórnvalda við endurbótastarfið.

Mikilvægt er að umbótastarfið beri árangur og að rekstur stofnunarinnar verði færður í nútímalegra horf. Einnig er mikilvægt að öll aðildarríki greiði skylduframlög sín tímanlega og að fullu, án skilyrða. Þess verður jafnframt að gæta að endurbæturnar skerði ekki framkvæmdagetu stofnunarinnar heldur styrki umsvif hennar og skilvirkni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa unnið geysilega mikilvægt starf á sviði mannréttinda, ekki síst með gerð alþjóðasamninga. Í ræðu minni á allsherjarþinginu í haust gafst mér tækifæri til að minna á nauðsyn þess að bæta hlut kvenna en einnig þarf að tryggja vel mannréttindi annarra sem eiga á brattann að sækja eins og barna. Tryggja verður að umræða og umhyggja fyrir mannréttindum fari ekki minnkandi. Barátta fyrir umhverfisvernd fær sífellt aukinn meðbyr og er það vel. Sú umræða má hins vegar ekki verða á kostnað mannréttinda heldur verða frekar hluti af mannréttindaumræðunni. Þessir tveir málaflokkar eru ótvírætt mjög samofnir og er það reyndar eðli mannréttinda að þau eru órjúfanlegur hluti nánast hvaða málaflokks sem er hvort sem það eru öryggismál, viðskiptamál, þróunarmál eða umhverfismál

Það vekur vissan ugg hversu umhverfisverndarsinnum hefur tekist að fá almenning í hinum iðnvæddu ríkjum til að fylkja sér gegn hvers konar nýtingu sjávarspendýra og ýmissa annarra dýrategunda sem ekki eru í útrýmingarhættu. Ég tel að við eigum oftar en ekki samleið með þróunarríkjunum í þessum málum. Það hvernig á þessum málum er haldið mun í framtíðinni hafa áhrif á lífsviðurværi margra þjóða. Það er ekki hægt að líða iðnríkjunum að gera þau ríki sem lifa á náttúruauðlindum að einhvers konar þjóðgörðum. Það er ekki hægt að líða það.

Það var mikið ánægjuefni að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skyldi sækja Ísland heim í haust. Með því gafst gott tækifæri til að ræða við hann um málefni Sameinuðu þjóðanna og hagsmunamál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar hafa reynst eini mögulegi vettvangur allra þjóða heims til að ná árangri í umhverfisvernd og jafnframt að tryggja rétt þjóða til skynsamsamlegrar nýtingar lifandi auðlinda sjávarins. Öflug hagsmunagæsla á þessum vettvangi er nauðsynleg. Íslensk stjórnvöld hafa skipað nefnd til að sinna þætti Íslands í Ári hafsins 1998, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa efnt til.

Í athugun er aðild Íslands að sáttmálanum um alþjóðleg viðskipti með dýra- og jurtategundir í útrýmingarhættu (CITES). Ísland tók þátt í ársfundi aðildarríkja þessa samnings í sumar og lagði áherslu á að stefnt yrði að sveðisbundnum lausnum á vandamálum varðandi sjálfbæra þróun lifandi auðlinda. Það er nauðsynlegt að stuðla að skynsamlegri umræðu um þessi mál á alþjóðavettvangi og hef ég varað við því að látið verði undan þrýstingi óábyrgra verndunarsamtaka sem ekki viðurkenna tengslin á milli verndunar umhverfisins og nýtingar auðlinda.

Á ráðstefnu aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem haldin verður í Kyoto í Japan í desember næstkomandi verður þess freistað að ganga frá bókun við samninginn þar sem kveðið verði á um bindandi mörk losunar gróðurhúsalofttegunda í einstökum aðildarríkjum. Í samningaviðræðum til undirbúnings ráðstefnunnar hafa komið fram margar mismunandi tillögur og er samkomulag ekki í sjónmáli. Ísland hefur lagt áherslu á eftirtalin atriði: að bókunin taki til allra gróðurhúsalofttegunda; að binding kolefna, t.d. landgræðsla og skógrækt verði metin til jafns við aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda; að skuldbindingar miðist við losun á hvern íbúa þannig að tillit verði tekið til mismunandi þróunar fólksfjölda í einstökum ríkjum; og að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja svo sem eins og Íslands sem mætir orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum. Af Íslands hálfu er lögð á það rík áhersla að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkja til að nýta endurnýjanlega orkugjafa sem ekki hafa í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda. Slíkar skuldbindingar eru andstæðar þeim markmiðum sem stefnt er að, auk þess að hindra efnahagslegar framfarir sem byggja á sjálfbærri þróun.

Síðastliðið sumar náðist samkomulag milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Grænlands hins vegar um afmörkun umdeilda hafsvæðisins norður af Kolbeinsey. Samkomulag-

ið felur í sér viðurkenningu á fullum áhrifum Grímseyjar við afmörkunina og hafsvæðið umdeilda vegna Kolbeinseyjar skiptist þannig að Íslendingar fá 30% í sinn hlut og Grænlendingar 70%. Telja verður þessa niðurstöðu vel viðunandi enda var það mat íslenskra stjórnvalda að fengnu áliti innlendra og erlendra sérfræðinga á þessu sviði, að við fengjum ekki betri niðurstöðu í dómsmáli.

Eins og kunnugt er var í desember síðastliðnum lokið gerð samnings milli Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands og Evrópusambandsins um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þessu ári. Nú í lok október var gengið frá samkomulagi fyrir vertíðina árið 1998 með sömu hlutfallslegu skiptingu og fyrr, en 13,2% lægri heildarafla. Við þá ákvörðun var tekið fullt tillit til ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES). Hlutur Íslands verður 202.000 lestir.

Tilkynnt hefur verið um uppsögn loðnuveiðisamningsins milli Íslands, Grænlands og Noregs, en hann hefur verið í gildi frá árinu 1994 og mun gilda til og með 30. apríl á næsta ári. Uppsögn samningsins á sér stað nú í þeim tilgangi að rétta hlut Íslands, en ljóst er að nokkrar af forsendum samningsins eru brostnar, svo sem útbreiðsla stofnsins. Það er fullur vilji ríkisstjórnarinnar að hafa vinsamleg samskipti við Grænlendinga og Norðmenn um stjórn loðnuveiðanna og er stefnt að viðræðum á næstu vikum um nýjan loðnuveiðisamning.

Fram undan eru margvísleg vandasöm úrlausnarefni á sviði fiskveiði- og sjávarútvegsmála. Engu að síður er full ástæða til bjartsýni vegna þess hve skilningur á samstarfi þjóða á þessu sviði fer stöðugt vaxandi. Mikilvægt er að hafa ávallt í huga að einungis með samstarfsvilja aðila næst góður árangur. Drög að samningi Íslands og Rússlands frá því í ágúst síðastliðnum um samstarf á sviði rannsókna, veiða og viðskipta á sjávarútvegssviðinu er ánægjulegur vitnisburður um framtíðarsamstarf nágranna sem mun koma báðum aðilum til góða er fram líða stundir.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur mikið þarfaverk í þeim ríkjum sem hún á samstarf við eins og Namibíu, Mósambík, Malaví og á Grænhöfðaeyjum. Ríkisstjórnin gerði samþykkt nýlega sem mun leiða til aukinnar starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á næsta ári og auðvelda mun langtíma stefnumörkun varðandi verkefnaval stofnunarinnar. Í dag fær stofnunin 172 millj. ísl. kr., en gert er ráð fyrir 250–300 milljónum árið 2000 og 400–500 milljónum árið 2003.

Ísland fer nú með formennsku fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefnd Alþjóðabankans sem markar stefnu bankans í þróunarmálum. Á fundi nefndarinnar í Hong Kong í haust lagði ég áherslu á leysa þyrfti vandamál skuldsettustu þróunarríkjanna og lýsti yfir fullum stuðningi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna við frumkvæði bankans á því sviði. Ég fagnaði nýrri áherslu bankans á baráttu gegn spillingu og fyrir bættum stjórnarháttum og lýsti yfir stuðningi við sérstakt átak bankans til að auka fjárfestingar einkaaðila í orkumálum og samgöngu- og fjarskiptakerfum í þróunarríkjunum.

Það sem hefur borið hæst á sviði afvopnunarmála á síðari hluta þessa árs er tvímælalaust hin jákvæða þróun sem átt hefur sér stað í baráttunni gegn jarðsprengjum. Er þar skemmst að minnast nýafstaðinnar ráðstefnu í Ósló þar sem samningsdrög að algjöru jarðsprengjubanni voru samþykkt af fulltrúum nærri 90 ríkja, þar á meðal Íslands. Íslensk stjórnvöld líta á þetta sem mannúðarmál, en hreinsun á jarðsprengjum er eitt erfiðasta og kostnaðarsamasta verkefnið í sambandi við uppbyggingu samfélagsins eftir ófriðarlok. Ísland mun að sjálfsögðu undirrita samninginn um jarðsprengjubann í Ottawa í byrjun desember og þar með axla þá ábyrgð sem samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar til að útrýma þessari miklu vá.

Herra forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða hef ég minnst á helstu viðburði í íslenskum utanríkismálum og leitast við að skýra utanríkisstefnu Íslands í grófum dráttum. Á sviði utanríkismála blasa verkefnin hvarvetna við. Verkefni, sem tengjast hagsmunum þjóðarinnar á öllum sviðum, þau eru jafnframt samofin örlögum annarra þjóða sem okkur ber að láta okkur annt um. Baráttan gegn fátækt, hungri, misrétti, ofbeldi og margvíslegum hörmungum verður aldrei háð með árangri án samstöðu þjóða. Við munum aldrei ná árangri í eigin baráttu án skilnings á stöðu annarra.

[11:05]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa ræðu og ekki síst það fróðlega yfirlit um starfsemi utanrrn. sem er að finna í skýrslunni sem fylgir ræðunni og lögð var í hólf okkar þingmanna. Ég og hæstv. ráðherra erum í mismunandi pólitískum flokkum. Við höfum mismunandi pólitískar skoðanir og þar af leiðandi er það afar margt sem ég set spurningarmerki við. Eigi að síður er ýmislegt í þessari ræðu sem ber að þakka hæstv. ráðherra og sér í lagi vil ég segja að ég var mjög ánægður með það sem kom fram í niðurlagi ræðu hæstv. utanrrh. þegar hann beindi tali sínu að þróunarmálum. Ég tel að sú stefnubreyting sem hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir þar sé mjög lofsverð. Í kjölfar magurra ára er ljóst að við blasir góðæri í íslensku þjóðfélagi og við höfum ákveðnar móralskar skyldur til þess að láta meira fé af hendi rakna til þeirra þjóða sem eru verr staddar en við. Mér sýnist á því sem hæstv. ráðherra sagði að þá mundi þetta leiða til þess að upp úr aldamótunum verði búið þrefalda þróunaraðstoðina. Ég tel það þakkarvert. Sömuleiðis held ég að sú breyting, sem hann hefur beitt sér fyrir og gerir það að verkum að Þróunarsamvinnustofnunin getur nú lagt línur til fleiri ára en áður, muni gera starfsemi hennar og þróunaraðstoðina miklu skilvirkari og hnitmiðaðri en áður. Fyrir þetta ber að þakka.

Herra forseti. Það liggur í hlutarins eðli að af hálfu þjóðar sem á velferð sína að stórum hluta undir fiskveiðum hlýtur utanríkisstefnan að verulegu leyti að markast af þessari sérstöðu. Hæstv. ráðherra gerði uppsögn loðnusamningsins að umtalsefni undir lok sinnar ræðu og ég verð að segja að þar eru ýmis álitaefni uppi.

Loðnusamningurinn er í eðli sínu þríhliða samningur millum okkar, Noregs og Grænlendinga þar sem við fáum obbann af stofninum eða 78% meðan hinar tvær þjóðirnar fá 11% hvor, en í rauninni höfum við verið að veiða 80–90% vegna þess að við fáum þann afgang sem til fellur frá hinum þjóðunum. Samningurinn er okkur að mörgu leyti hagstæður og ég tel að það þurfi sérstakar aðstæður til þess að segja honum upp. Ég tel að það séu sérstakar aðstæður fyrir hendi núna. Ég tel að þær erfiðu deilur sem við höfum átt í í samskiptum okkar við Norðmenn og sú framkoma sem þeir hafa sýnt okkur, réttlæti fyllilega að segja þessum samningi upp. En ég hefði talið að það ætti að minnsta kosti að liggja alveg skýrt fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að með þessu væri verið að sýna Norðmönnum fram á það að við kunnum að taka á móti og við viljum fá samning, draga þá

að samningaborðinu, um þau mál sem nú eru útistandandi og þá er ég ekki síst að tala um deiluna í Barentshafi.

Markmiðið með uppsögn samningsins kom hins vegar giska skýrt fram í ræðu hæstv. ráðherra. Þar er ekki minnst á að það eigi að nota þetta til þess að reyna að ráða til lykta heildardeilum okkar við Norðmenn. Þar er talað um það að uppsögn samningsins hafi verið ákveðin til þess að rétta hlut Íslands í loðnuveiðunum. Ég hlýt að skilja þetta þannig að hæstv. ráðherra telji að það sé mögulegt fyrir okkur að ná hærri prósentu en þeirri sem er í samningnum og ég óska honum góðs gengis með það ef hann telur að það sé unnt. Ég set hins vegar spurningarmerki við rökstuðninginn sem kemur fram fyrir uppsögninni.

Herra forseti. Þar nefnir hæstv. ráðherra sérstaklega útbreiðslu stofnsins. Það er auðvitað rétt að loðnan hefur ekki um tíu ára skeið gengið til Jan Mayen en hún gerði það áður og hún getur gert það aftur og þá mun skipta máli fyrir okkur að geta veitt þar líka. Það skiptir þó ekki öllu máli heldur finnst mér mikilvægara að skoða þessa röksemdafærslu með hliðsjón af samningum okkar um norsk-íslensku síldina. Þar höfum við nefnilega gert harða kröfu um hlutdeild sem mér finnst byggjast á rökum sem ganga þvert á þau rök sem hæstv. utanrrh. færir fyrir aukinni hlutdeild okkar í loðnuveiðunum. Þar kröfðumst við nefnilega hlutdeildar í krafti veiðireynslu en ekki dreifingar. Að vísu var sérstakt þróunarákvæði í síldarsamningnum sem ríkisstjórnin sagði að yrði notað af hennar hálfu til þess að krefjast aukinnar hlutdeildar í norsk-íslenska stofninum ef hann tæki aftur upp göngur inn í íslensku efnahagslögsöguna. En þetta getur auðvitað verkað á báða vegu, herra forseti. Ég óttast að í ljósi þeirrar röksemdafærslu sem hér er höfð uppi varðandi loðnuna þá geti þetta ákvæði snúist í höndum okkar og Norðmenn gætu vakið upp þróunarákvæðið og krafist enn minni hlutdeildar Íslendinga úr síldarsamningnum en við höfum í dag og notað nákvæmlega sömu rök og hæstv. ráðherra gerir til þess að skýra þessa uppsögn loðnusamningsins. Ég tel að menn verði að vera sjálfum sér samkvæmir og ég held að ríkisstjórnin sé í þessari röksemdafærslu komin út á hála braut og beinlínis leggi vopn í hendur þeirra manna sem síst skyldi.

Ég vil líka segja um loðnusamninginn að ég tel að það sé mikilvægt fyrir okkur að hafa góð samskipti við Grænlendinga. Miðað við það hvernig Norðmenn hafa komið fram við okkur í samningunum þá grunar mig að samningur um loðnuna gæti dregist á langinn. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. hvort hann telji að það sé möguleiki í stöðunni, ef það gerist, að gera tvíhliða samning við Grænlendinga um loðnustofninn.

Herra forseti. Stór hluti ræðu hæstv. ráðherra snerist eðlilega um þróun Evrópusambandsins. Við jafnaðarmenn erum þeirrar skoðunar að langtímahagsmunir Íslands felist í því að Ísland verði í fyllingu tímans fullgildur aðili að Evrópusambandinu. Gegn þessu hafa menn eðlilega fært ýmis rök. Í fyrsta lagi er því haldið fram að EES-samningurinn sé það góður að hann nægi okkur fullvel. Það er að sönnu rétt að sá samningur var okkur afar hagstæður og við náðum gífurlega mikilvægum tollafríðindum gegnum hann. Þetta er eitt af því sem við jafnaðarmenn erum hvað stoltastir af í þeirri arfleifð sem við höfum skilið eftir okkur í ríkisstjórnum. Utan Evrópusambandsins höfum við hins vegar lítil áhrif á þróun sambandsins sem nú er á barmi mikillar stækkunar og mikilla breytinga er að vænta innan sambandsins. Þessi stækkun kann eðlilega að breyta stöðu ríkja eins og okkar sem stöndum utan við, jafnvel þó við höfum hálfgildings aukaaðild í gegnum Evrópska efnahagssvæðið. Ég held að byrjunin hafi verið góð með EES en að til langframa verði hagsmunum okkar gagnvart Evrópu ekki að fullu borgið nema sem fullgildum þátttakanda innan þessa sambands. Og þar held ég reyndar að við hefðum góða stöðu vegna þess að hið hefðbundna samstarf okkar við Norðurlöndin mundi skapa okkur nokkuð tryggt vægi. Ég vek líka eftirtekt á því að um þessar mundir er nánast hvert einasta ríki í Mið- og Austur-Evrópu að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ekkert þeirra hefur óskað eftir því að gerast aðili að EES. Hvers vegna? Vegna þess að þessi ríki eru að horfa til langs tíma og þau telja og skilja að hagsmunum þeirra til lengri framtíðar horft sé betur borgið innan sambandsins.

Í öðru lagi, herra forseti, hafa menn sett fyrir sig hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Því er stöðugt haldið fram í umræðunni að vegna sameiginlegrar fiskveiðistefnu bandalagsins yrðum við ofurseld erlendum valdboðum um tilhögun fiskveiðanna. Við yrðum jafnvel að hleypa inn í landhelgina útlendum skipum. En umræðan um fiskveiðistefnuna hefur fyrst og fremst, finnst mér, markast af því að menn hafa ekki viljað ræða þetta út í hörgul fordómalaust. Það hefur verið sett eins konar bann á það hvað þetta í rauninni þýddi, bann á umræðuna um það. Mér finnst skorta talsvert á það. Ef menn reyna að grafast fyrir um áhrif sameiginlegu fiskveiðistefnunnar á Ísland, hvað er þá hæft í því að hún útiloki fyrir fram aðildina? Í hverju felst þessi stefna? Hún er um sameiginlega nýtingu á sameiginlegum hafsvæðum á sameiginlegum fiskstofnum innan 200 mílna lögsögu ESB. Og hvernig stendur Ísland gagnvart því? Í fyrsta lagi er Ísland með algjörlega aðskilda efnahagslögsögu. Í öðru lagi nýtum við enga fiskstofna sameiginlega með ESB þannig að árekstrarnir að því leyti til ættu að vera í algjöru lágmarki eða engir. Í þriðja lagi ber að rifja upp að við fengum kröfuna um veiðiheimildir í staðinn fyrir markaðsaðgang út af borðinu í samningum okkar um EES og það þýðir einfaldlega að þær verða ekki teknar upp aftur. Við fengum líka staðfest og bókað á fundum með Spánverjum í tíð síðustu ríkisstjórnar að þeir muni ekki gera kröfur um einhliða veiðiheimildir í íslenskri lögsögu. Þeir hafi ekki rök fyrir því vegna þess að lykilorðið hér er veiðireynsla. Þannig er staðan. Ég tel því, herra forseti, að að þessu leyti sé staða okkar tiltölulega sterk. Íslensk skip gætu ekki gert kröfu um að fara að veiða niður við Spán eða Portúgal og það væri heldur ekki hægt að gera kröfu um það að ensk, þýsk og portúgölsk skip færu að veiða uppi í kálgörðum íslenskrar alþýðu.

Menn þurfa hins vegar að ræða annað atriði út í hörgul og þar koma ásteytingarsteinar upp á yfirborðið. Það eru afleiðingar þess að hið frjálsa flæði fjármagns er eitt af lykilatriðum Evrópusambandsins og þar er komið að mjög mikilvægum atriðum sem við þyrftum eðlilega að semja um færi svo að við sæktum um aðild eins og meiri hluti þjóðarinnar vill samkvæmt skoðanakönnunum.

Frjáls flutningur á fjármagni innan ESB gæti eðlilega leitt til þess, ef maður skoðar málið fyrir fram, að erlendir aðilar mundu vilja sækjast eftir því að fjárfesta hér í veiðum og í vinnslu og það er um þessi atriði sem styrinn mundi standa og það er um þau sem við þyrftum að semja. Þetta er lykilatriðið. Það er á niðurstöðu þeirra atriða sem mundi brjóta.

Þá þurfum við, herra forseti, að gera okkur grein fyrir því að fiskveiðar og fiskvinnsla eru lífsbjörg Íslendinga. Lífs-

hagsmunir okkar felast í þeim og þess vegna mundi afstaða okkar gagnvart Evrópusambandinu ráðast af samningum um þetta. Ef maður horfir til baka og reynir að skoða málið, þá sést, herra forseti, að í öllum samningum um stækkun sambandsins, hefur verið tekið tillit til þess sem skilgreina má sem lífshagsmuni aðildarríkja. Það eru nefnilega ekki hagsmunir ESB, ef sambandið er í samningum við einhverja þjóð um aðild, að reyna að svipta viðkomandi þjóð lífsbjörginni. Ég nefni þetta umdeilda atriði — ég sé að margur maðurinn strýkur nú skegg sitt úti í sal — vegna þess að ég tel að það sé nauðsynlegt að ræða þetta fordómalítið. Ég tel að á næstu árum hljóti þetta mál að komast á dagskrá og þetta eru atriðin sem við þurfum að ræða, herra forseti.

Ég minni á að þegar Norðmenn voru að semja við Evrópusambandið á sínum tíma, þá tókst þeim t.d. í þeim samningum að halda fullum yfirráðum yfir sinni olíu. Ég minni líka á að norðurhjarabúskapur var hugtak sem var skilgreint í samningum við Svía og Finna vegna þess að landbúnaður þeirra var sérstakur. Það þurfti sérstaka samninga um hann og þeir tókust. Það mætti nefna önnur atriði og smærri. En ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að mér finnst að það þurfi opinskáa og hreinskilna umræðu um það hvernig afstaða Íslands til Evrópusambandsins eigi að vera á næstu árum.

[11:18]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á uppsögn loðnusamningsins og bað um forsendur fyrir þeirri uppsögn. Það er að okkar mati eðlilegt að nú sé staldrað við og horft til baka og metið hvort forsendur fyrir samningnum séu enn fyrir hendi. Uppsögnin táknar ekki að hugmyndin sé að efna til ófriðar um þetta mál heldur frekar að án uppsagnar kemur ekki til alvarlegrar umfjöllunar um ýmis atriði samningsins.

Samningsmarkmið okkar eru ekki alveg fullmótuð, enda ekki eðlilegt að upplýsa þau hér í smáatriðum. En í stórum dráttum eru samningsmarkmiðin þau að tryggja farsæla stjórnun loðnuveiðanna áfram, að tryggja stöðuna til framtíðar þannig að okkar hlutur skerðist ekki vegna rúmrar stöðu hinna aðilanna samkvæmt núgildandi samningi, tryggja að ákvæði og andi Jan Mayen-samkomulagsins, sem mikilvægt er að rifja upp í hvert einasta skipti sem farið er yfir þessi mál, sé ávallt í fyrirrúmi og tryggja að allir hlutar samkomulagsins um veiðar úr loðnustofninum séu virtir og eftirlit með veiðum og upplýsingagjöf sé slík að allir aðilar geti treyst því og þetta er atriði sem er alveg nauðsynlegt að styrkja enn frekar.

Varðandi það að blanda saman öllum þessum málum, þá færði nú hv. þm. ýmis rök fyrir því að það væri ekki rétt og ég vil benda á að við höfum nýlega gert samning um skiptingu síldarinnar og þar var þessum málum ekki blandað saman. Að sjálfsögðu voru Norðmenn upplýstir um það áður en þeim viðræðum lauk að það væri okkar ætlan að segja upp loðnusamningnum og það er alveg ljóst að loðnumálinu og síldarmálinu var ekki blandað saman og ég tel það mjög mikilvægt.

[11:20]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf út af fyrir sig ekki að koma á óvart að talsmaður Alþfl. í þessum umræðum, eða þingflokks jafnaðarmanna eins og hópurinn víst heitir á Alþingi, ítreki þá stefnu flokksins að Íslendingar eigi að leita fast og ákveðið aðildar að Evrópusambandinu og reyna að komast yfir þær hindranir sem Alþfl. sér helstar í því efni, þ.e. hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Sá sem flutti þetta hér áðan var ritstjóri Alþýðublaðsins til skamms tíma og í einum síðasta leiðara þess blaðs var heldur betur hnýtt upp á þessi sjónarmið og þessa stefnu og unga fólkið sérstaklega nefnt í því sambandi. Það var 16. júlí sl. ef ég man rétt.

Það er jafnframt athyglisvert að samhliða því sem Alþfl. klifar á þessu meginhugamáli sem er auðvitað skurðpunkturinn í samskiptum Íslands við umheiminn um þessar mundir, þ.e. hvort menn leggja í þessa vegferð eða ekki, skrifar viðkomandi hv. þm. grein eftir grein um að engin teljandi ágreiningsefni séu við aðra flokka í stjórnarandstöðu. Þar sé allt í rauninni tilbúið fyrir það að ganga saman í eina sæng. Það er satt að segja með ólíkindum hvernig fulltrúar Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna hér á Alþingi leyfa sér að haga málflutningi sínum í þessum efnum. Það þarf ekki í rauninni margra vitna við um það áhugamál sem þingmaðurinn viðraði hér. Evrópusambandið hefur talað skýrt fyrir sínu máli. Það hefur ekki léð máls á því að breyta hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu (Forseti hringir.) og alveg burt séð frá þeim þröskuldi er aðild að Evrópusambandinu ekki mál sem ég tek undir, sem Alþb. tekur undir. (Forseti hringir.) Það hefur ekki gert það, heldur þvert á móti.

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er liðinn.)

Ég þakka, virðulegur forseti.

[11:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að rifja það upp fyrir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að 80% af fylgi Alþb. er sammála mér en ekki honum um sameiningu jafnaðarmanna í einum flokki. Svo einfalt er það nú.

Ég kem hér einfaldlega upp og lýsi ærlega mínum skoðunum á þessum flókna og erfiða málaflokki. Er það ekki, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, einmitt ærlegt af mér, einmitt þegar ég er að knýja dyra og segja að ég vilji freista þess að sameina þessa tvo flokka, að menn viti nákvæmlega í hvaða fötum ég stend hér? Það ætti hins vegar ekki að koma hv. þm. á óvart vegna þess að þessi skoðun hefur legið fyrir. Ég tel hins vegar að ég geti vel rúmast í flokki með manni eins og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og hv. þm. Svavari Gestssyni þó að við værum algerlega ósammála um þetta mikilvæga atriði. Ég bendi á það að t.d. á Norðurlöndunum er að finna mjög stóra flokka jafnaðarmanna sem skiptast í andstæðar fylkingar einmitt út af þessu atriði og ég tel að það sé allt í lagi að í stórum flokkum séu menn með andstæðar skoðanir.

Það má segja að langstærsti flokkur íslensku þjóðarinnar, Sjálfstfl., skiptist samkvæmt skoðanakönnunum í tvennt um þetta. Að vísu samkvæmt síðustu skoðanakönnun sem ég hef séð er það þannig að 49% af fylgismönnum Sjálfstfl. vildu sækja um aðild en 40% voru á móti þannig að ég sé enga þverstæðu í þessu.

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætti frekar að vera mér þakklátur fyrir það að segja nákvæmlega hvar ég stend nákvæmlega á þeim tíma þegar ég kem og kný dyra.

[11:25]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það rímar nú ekki allt saman hjá hv. þm. Ég skal ekki vera að hafa uppi neinar getgátur um vilja

fólks í flokkum eða úti í samfélaginu. Það eru svona sveiflur í því frá degi til dags. En það sem hv. þm. er að segja hér finnst mér lýsa vel mati hans á því hvernig eigi að byggja upp lýðræðislegt samfélag. Stjórnmálaflokkarnir eru væntanlega hornsteinn, eða við höfum litið svo til, í lýðræðislegu samfélagi á Íslandi og til þess að þeir séu það þá verða þeir auðvitað að vera með þokkalega frambærilega samræmda stefnu í þeim málum sem mestu skipta í samfélaginu. Hvaða vit væri í því að fara að leggja saman flokka sem hafa algerlega andstæð sjónarmið í grundvallaratriðum varðandi samskipti Íslands við umheiminn, varðandi samskiptin við Evrópu? Hvaða greiði væri þjóðinni gerður með slíku? Hvað eiga kjósendur að gera sem virða fyrir sér stefnu slíkra flokka? Er skynsamlegt í lýðræðislegu samhengi að segja pass í meginmálum og ætla að bjóða þjóðinni upp á slíkan graut? Ég teldi það stórháskalegt og í rauninni mjög ósvífið ef það ætti að reyna að bjóða upp á slíkt. En sami þingmaður hefur verið að segja fólki að í rauninni sé ekkert sem greinir þessa flokka að, Alþb. og Alþfl. Hann hefur haldið því fram í grein eftir grein. En á sama tíma kemur hann hér varðandi eitt örlagaríkasta mál íslensku þjóðarinnar og herðir ef nokkuð er á sókninni af hálfu Alþfl. í þeim efnum að Ísland skuli sækja um aðild að Evrópusambandinu.

[11:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gef ekki hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þá einkunn að hann sé háskalegur og ósvífinn. En það mætti draga þá ályktun af hans eigin röksemdafærslu hérna áðan. Hann sagði að það væri háskalegt og ósvífið af stjórnmálaflokkum að geta ekki haft frambærilega stefnu í þeim málum sem mestu varða í íslenskum þjóðmálum. Hvaða mál varða mestu í íslenskum þjóðmálum? Það er þetta mál sem hv. þm. nefnir, en það er líka stefnan í sjávarútvegsmálum. Er einhver flokkur fyrir utan kannski einn sem hefur samstæða og frambærilega stefnu í þeim efnum? Eru ekki allir flokkar meira og minna sundurtættir vegna afstöðunnar til sjávarútvegsmála? Það er einfaldlega svo að flokkakerfið íslenska ræður ekki við sum mál sem uppi eru. (**HG:** Láta Evrópusambandið um það.) Herra forseti. Þetta er eitt af þeim málum og Evrópusambandið er eitt af þeim málum. En ég segi bara í fullri einlægni að ég treysti mér alveg til þess að vera í stórum flokki sem er ósammála um mál eins og Evrópusambandið, ég geri það. Og ég ítreka það líka, herra forseti, að ég tel ekki að ég sé með nokkrum hætti að koma aftan að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni með ræðu minni. Hann vísaði til þess sjálfur að hann hefði lesið um það margar greinar í ágætu örblaði sem nú er illu heilli horfið til sinna feðra og mæðra.

Ég held einfaldlega, herra forseti, að þetta mál sem ég nota þetta tækifæri til þess að reifa, verði að taka á dagskrá öðruvísi en menn hafa gert. Menn hafa alltaf sagt: „Það er ekki hægt og Íslendingar mega ekki ræða afstöðuna og mögulega aðild að Evrópusambandinu vegna hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu." (**HG:** Hver bannar það?) Þegar ég a.m.k. skoða það mál þá kemst ég að þeirri niðurstöðu að hún er ekki sá prándur í götu okkar sem menn ætluðu áður. Það eru aðrir hlutir þarna sem auðvitað tengjast henni, sem tengjast fjárfestingum útlendinga og það eru þeir sem við þurfum að ræða. Þeir eru nú þegar á dagskrá í nokkrum stjórnmálaflokkum. Menn hafa jafnvel í þessum þingsölum talað um að það eigi að leyfa útlendingum að fjárfesta í fiskvinnslu upp að ákveðnu marki, menn í fleiri en tveimur stjórnmálaflokkum og jafnframt hafa menn reifað að það eigi að hleypa útlendingum inn í fiskveiðarnar sjálfar. Ég tek ekki afstöðu til þess á þessu stigi en það er eitt af því sem þarf að ræða. Það þarf að setja það á dagskrá.

[11:29]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil að sjálfsögðu byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur lagt hér fram. Það er orðinn nokkur tími liðinn frá því jafnítarleg skýrsla af þessu tagi hefur verið lögð hér fram og það er út af fyrir sig þakkarvert.

Ég vil áður en ég kem að efnisatriðum skýrslunnar þakka sérstaklega hv. 15. þm. Reykv. fyrir skörulega ræðu og það hvernig hann setti á dagskrá aðild að Evrópusambandinu. Mér finnst mjög mikilvægt að hann skuli hafa gengið fram eins og hann gerði áðan og heimtað opinskáa og hreinskilna umræðu um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það hefur reyndar verið þannig um nokkuð langt skeið að mér hefur skilist að málið lægi þannig af hálfu ýmissa talsmanna jafnaðarmanna að í raun og veru væri umræðan um þetta mál ekkert aðalatriði íslenskra stjórnmála eins og sakir stæðu og það væri gagnstætt því sem haldið var fram fyrir síðustu kosningar.

Nú kemur aðaltalsmaður Alþfl. og jafnaðarmanna í þessari umræðu um utanríkismál og talar ekki um neitt annað en að Ísland þurfi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Það er mjög fróðlegt og það er þakkar vert. Ég tel að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði líka átt að þakka fyrir það hér áðan að hv. þm. Össur Skarphéðinsson setur málið á dagskrá. Þá skulum við hafa málið á dagskrá, herra forseti, og ræða það. Að því er minn flokk varðar, Alþb., og aðild að Evrópusambandinu þá liggur það alveg skýrt fyrir að við erum andvíg aðild að Evrópusambandinu. Við teljum að aðild að Evrópusambandinu ógni í fyrsta lagi stjórnarfarslegu sjálfstæði Íslendinga og í öðru lagi þýði aðild að Evrópusambandinu eins og það er í dag að við mundum glata yfirráðum yfir auðlindastjórninni í landinu og í kringum það. Það eru grundvallarþættir. Við erum líka þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að leysa svona mál með því að vísa því til einhverrar þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að umræða fari fram um málið og efni þess áður. Þess vegna á hv. þm. Össur Skarphéðinsson miklar þakkir skildar fyrir að setja þetta mál á dagskrá einmitt þegar landsfundur Alþb. kemur saman í dag.

Ég vil síðan í framhaldi af fyrstu orðum mínum endurtaka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir skýrsluna og marga þætti í henni. Þar er ýmislegt sem ég get út af fyrir sig tekið undir. Ég get tekið undir þær áherslur sem hæstv. utanrrh. gerði mjög skýrt grein fyrir að því er varðaði viðskipta-áherslur í utanríkisþjónustunni. Ég tek undir þær áherslur sem hæstv. utanrrh. hefur verið með uppi varðandi það að auka skipulega tengsl við önnur efnahagssvæði í viðskiptum og ég tek sérstaklega undir þær áherslur sem hann er með varðandi vaxandi mikilvægi ÖSE og nauðsyn þess að við tökum betur á aðild okkar að ÖSE heldur en við höfum gert að undanförnu með því að opna þar á ný fastanefnd þannig að við fylgjumst þar með málum reglulega og skipulega. Þetta er fagnaðarefni og ég þakka fyrir það. Ég tel hins vegar enga ástæðu til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir það hvernig hann talar um umhverfisverndarsamtök. Það eru ummæli sem ég get fyrir mitt leyti ekki tekið undir.

Ég tel hins vegar að umræðan um skýrslu utanrrh. megi auðvitað annars vegar gjarnan snúast um þau meginverkefni sem utanríkisþjónustan og utanríkisráðuneytið er að glíma við frá degi til dags en hún má líka gjarnan fjalla um grundvallarefni, þ.e. þá framtíðarsýn og þá grundvallarþætti sem við teljum að utanríkisþjónustan eigi í raun og veru að snúast um í þessu landi.

Ég ætla að víkja að þessum grundvallaratriðum eins og við alþýðubandalagsmenn höfum gjarnan horft á þau. Við höfum litið þannig á að megináherslur okkar í alþjóðapólitík byggðust á þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi auðvitað á öryggi og sjálfstæði Íslands, hvernig það verður best tryggt, bæði á okkar vegum og í samvinnu við aðra að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, sem það auðvitað er vegna þess að við tryggjum aldrei okkar öryggi ein og sér, við þurfum að horfa vítt um heim til að sjá því farborða.

Í öðru lagi byggjast áherslur okkar í utanríkismálum og alþjóðapólitík á hinum almennu áherslum okkar á það sem við köllum mannréttindi. Þar er ég að tala um mannréttindi í heiminum í mjög víðum skilningi, bæði pólitísk mannréttindi og réttaröryggi viðkomandi aðila og viðkomandi þjóða.

Í þriðja lagi er ég síðan að tala um félagsleg mannréttindi sem ég kalla svo, þ.e. mannréttindi sem lúta að jöfnuði, baráttu gegn fátækt, baráttu gegn umhverfisvá, baráttu fyrir betri heilsu, jafnrétti, húsnæði, menntun o.s.frv.

Af þeim grundvallaratriðum sem ég hef rakið leiðir að áherslur okkar að því er varðar friðar- og öryggismál byggjast í raun og veru á þessum meginþáttum og engu öðru. Hlutirnir eru stundum settir þannig upp að því er okkur varðar eins og upphaf þeirrar umræðu sé í raun og veru spurningin um hersetuna og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Svo er ekki, upphafið eru þau grundvallaratriði sem ég rakti áðan.

Við teljum hins vegar að baráttan fyrir friði og friðsamlegum lausnum á öllum vandamálum sem upp kunna að koma í heiminum séu mjög mikilvæg aðalatriði. Ég horfi á það í þrennu lagi.

Í fyrsta lagi sem nauðsyn þess að við náum eins víðtækri samstöðu og mögulegt er um það sem ég kalla efnahagslega öryggismálastefnu sem byggist á þeim forsendum og áherslum, mannréttindaáherslum, jafnaðar- og félagslegum áherslum sem ég rakti áðan.

Í annan stað viljum við að þessi barátta fyrir friði og friðsamlegum lausnum beinist að því að styrkja almennt alþjóðlegt friðar- og öryggiskerfi og við teljum mjög mikilvægt að Sameinuðu þjóðirnar séu styrktar í þessu sambandi. Við höfum oft látið það koma fram að við teljum að það sé eðlilegt að Ísland setji sér það markmið, þó að það gerist kannski ekki alveg á næstunni, að það fái aðild að öryggisráðinu. Við teljum líka mjög mikilvægt í þessu sambandi að leggja áherslu á eflingu og styrkingu ÖSE sem ég kem nánar að hér á eftir og hæstv. utanrrh. gerði ágætlega skil í ræðu sinni og skýrslu.

Þriðji þátturinn í baráttunni fyrir friði og friðsamlegum lausnum í heiminum er auðvitað sá að takmarka almennt séð getu ríkja og ríkjabandalaga til að reka hernað. Þess vegna styðjum við afvopnunarkröfur og við styðjum kröfur um að hin gömlu hernaðarbandalög hverfi eða breytist í grundvallaratriðum.

Af þessum ástæðum, öllum þessum grundvallarþáttum, erum við í raun og veru með þá stefnu uppi sem við höfum gagnvart Atlantshafsbandalaginu annars vegar og bandarísku hersetunni á Íslandi hins vegar. Að því er varðar Atlantshafsbandalagið teljum við að það sé óhjákvæmilegt að Íslendingar beiti sér fyrir því að Atlantshafsbandalagið leggi niður allan stórstríðsvígbúnað af hvaða tagi sem er og dragi úr vígbúnaði sínum smátt og smátt og skipulega með það að markmiði að leggja sig niður, með það að markmiði að ÖSE yfirtaki óhjákvæmilega öryggisgæslu og verði friðar- og öryggissamtök Evrópu en Sameinuðu þjóðirnar aftur á heimsvísu.

Hér er um það að ræða að við höfnum Atlantshafsbandalaginu eins og það er, sem hernaðarbandalagi. Á dagskrá fundarins á eftir er frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum sem er þáttur af þessari stefnu okkar gagnvart Atlantshafsbandalaginu og ég ætla því ekki að rekja þann þátt nánar. Við óttumst það hins vegar að ef NATO breytist ekki þá geti það orðið til þess að byggja upp spennu austan við bandalagið og að við lentum í sömu sporum og við vorum í fyrir fáeinum árum meðan kalda stríðið var í algleymingi.

Að því er varðar hersetuna sjálfa er hins vegar mikilvægt að mínu mati að vísa til þess sem fram kemur í skýrslu utanrrh. á bls. 30. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Að Íslandi beinist engin bein hernaðarógn í dag."

Þetta er upp úr skýrslu utanrrh. Því er með öðrum orðum slegið algjörlega föstu að að Íslandi beinist engin bein hernaðarleg ógn í dag.

Síðar í skýrslunni er aðeins fjallað nánar um þessi mál. En þrátt fyrir þessa niðurstöðu er sagt, með leyfi forseta:

„Í grundvallaratriðum hafa ekki skapast þær aðstæður í öryggismálum að ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi varnarmála landsins."

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þessi niðurstaða ráðuneytisins ekki í samræmi við forsenduna. Mér finnst að staðan sé núna þannig að menn eigi einmitt að fara í viðræður og könnun varðandi það hvað á að taka við þegar herinn fer héðan, þ.e. bandarískri herinn.

Í skýrslu utanrrh. kemur fram í hálfgerðum kvörtunartón að Bandaríkjamenn séu alltaf að nudda um að reyna að draga heldur úr umsvifum í herstöðinni. Eða eins og segir á bls. 30, með leyfi forseta:

„Örar breytingar í alþjóðamálum kalla hins vegar á sífellda skoðun á varnarþörfum landsins. Ekki er því að neita að stöðugur þrýstingur er af hálfu Bandaríkjanna á sparnað og hagkvæmni í rekstri varnarstöðvarinnar."

Ég verð að segja eins og er að ég tel að hér sé um það að ræða að Íslendingar eigi að taka þessum málaleitunum Bandaríkjamanna almennt vel og þetta séu eðlileg viðbrögð af þeirra hálfu. Við eigum ekki að vera í því hlutverki að þrýsta á um það að herstöðin sé óbreytt. Við eigum auðvitað að vera í því hlutverki að reyna að átta okkur á því hvað er nauðsynlegt fyrir Ísland í þeirri stöðu sem þjóðin er núna. Ég held þess vegna, herra forseti, að varðandi herstöðina væri í fyrsta lagi skynsamlegast fyrir Íslendinga að leggja núna í þá vinnu að skilgreina markmið og öryggis- og varnarþarfir Íslendinga.

Í öðru lagi að skilgreina hvernig þeim markmiðum verður best náð í samvinnu við aðra eftir atvikum, hvar sem þeir eru í heiminum.

Í þriðja lagi að skilgreina hvað þarf til af öryggisbúnaði, fjarskiptum og öðru, til að tryggja að við náum þessum markmiðum.

Í fjórða lagi að átta okkur á því hvað við viljum sem sjálfstæð þjóð og sjálfstæðir pólitískir aðilar í þessari stofnun að komi í staðinn þegar bandarískri herinn fer.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er minnst á bókun sem gerð var fyrir skömmu fyrir árið 1996 varðandi herstöðina. Þar er bent á að gildistími bókunarinnar sé til ársins 2001. Ég held að það sé í raun og veru tilefni til þess að fara þegar að undirbúa hvað við viljum að taki við þegar þessari bókun lýkur. Ég tel að það sé skynsamlegra að við undirbúum okkur undir það strax heldur en við lendum í þeirri stöðu sem hefur oft gerst með utanrrn. á undanförnum árum, kannski ekki fyrst og fremst í seinni tíð heldur oft hér fyrr á árum, að menn hlaupi til Bandaríkjanna til að biðja þá um að vera hér áfram með svo að segja óbreytta starfsemi án þess að við höfum skilgreint okkar öryggis- og varnarþarfir sjálfir á íslenskum forsendum.

Ég held þess vegna, herra forseti, að tilefni sé til að Alþingi taki þessi mál í sínar hendur. Alþingi taki þessi mál í sínar hendur og fari yfir þau eins og þau eru, reyni að meta hlutina. Mér finnst að vel komi til greina að það geri t.d. hv. utanrmn. Alþingis eða sérstök nefnd sem yrði kosin á vegum Alþingis. Því ég segi eins og er, herra forseti, eins og ég hef reyndar áður sagt í umræðum um skýrslur utanrrh. á undanförnum árum að við stöndum frammi fyrir algjörlega nýjum heimi sem skapar okkur möguleika til að tryggja breiðari samstöðu um utanríkisstefnuna á Íslandi en nokku sinni áður í sögu lýðveldisins. Mér finnst mikilvægt að menn nálgist hlutina á þessum forsendum. Mér finnst ýmislegt af því sem hæstv. núv. utanrrh. hefur gert í þessum efnum bendi í þá átt að hann sé sammála þessum viðhorfum, að það þurfi að ná þessari víðtæku samvinnu. Ég bendi í því sambandi á nefndina sem er að fjalla um starfsemi utanríkisþjónustunnar. Ég tel það því út af fyrir sig jákvætt. En ég held að við eigum að ganga lengra og setja af stað almenna, víðtæka, pólitíska vinnu hér á Alþingi og víðar um að skilgreina þarfir okkar á breiðum grundvelli.

Ég ætlaði síðan, herra forseti, að ræða hér ýmis önnur mál, t.d. varðandi fiskveiðimálin og sérstaklega ætlaði ég að ræða hér hið vestnorræna samstarf sem mér er af ýmsum ástæðum kært og ég tel að eigi heima í umræðum um skýrslu utanrrh. Ég tel að vel hafi verið að verki staðið hvernig haldið hefur verið á þessum málum gagnvart Grænlandi að undanförnu af hálfu utanrrn. og sjútvrn. Ég tel að þær hugmyndir sem uppi eru og þær viðræður sem átt hafa sér stað t.d. um nýtingu á grálúðustofninum séu jákvæðar og ég tel að það sé gríðarlega mikilvægt mál, utanríkispólitískt mál, nágrannamál fyrir Ísland að við höldum vel á öllum málum gagnvart Grænlandi og Færeyjum.

Ég vil ljúka máli mínu með því að leggja á það áherslu og hvetja svo til þess að í næstu umræðu um skýrslu utanrrh. höfum við tíma til að ræða um framtíðarsýn og þá leið sem við viljum fara að okkar framtíðarmarkmiðum í þessum efnum.

[11:45]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þess sem hv. þm. sagði um ummæli mín um umhverfissamtök þá held ég að það sé enginn misskilningur um að ég tel umhverfissamtök vera mjög gagnleg og nauðsynleg og að þau tryggi lýðræðislega umfjöllun um viðkvæm og afdrifarík mál.

En það var sérstaklega á bls. 3 í ræðu minni þar sem ég vék að þessu í sambandi við Norðurskautsráðið og ég vil aðeins útskýra hvað liggur þar að hluta til að baki. Ýmis umhverfissamtök hafa sótt mjög fast eftir að fá aukaaðild að ráðinu. Við áttum t.d. viðræður við ein slík samtök, virt samtök sem heita World Wildlife Fund. Það er nú svo með þau samtök, þrátt fyrir ágæti þeirra, að þau hafa verið með auglýsingar, t.d. í breskum blöðum, þar sem þau vara við neyslu á þorski og telja að við séum að veiða þennan fisk með óeðlilegum hætti og stundum rányrkju. Það er náttúrlega óásættanlegt að slík samtök hafi í frammi slíkan áróður sem byggir ekki á neinum vísindum eða staðreyndum. Þeir lofuðust til þess að taka þessi mál til umfjöllunar og koma í veg fyrir að slíkt gerist. En það er hins vegar svo að mörg þessara samtaka starfa í mörgum deildum og það er mjög erfitt að hafa stjórn á því hvað frá þeim kemur. Og til þessa er hér vitnað, að ef slík samtök njóta ekki lýðræðislegs aðhalds og fjármagn er notað í stórum stíl til þess að blekkja almenning, þá er ekki hægt að sætta sig við að slík samtök hafi áfram aukaaðild að mikilvægum stofnunum eins og Norðurskautsráðinu. Þetta býr að baki. En ég óska eftir að slík samtök geti tekið þátt, en það verður að vera á grundvelli sanngirni og þekkingar sem byggir á vísindalegum staðreyndum.

[11:47]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála útskýringum hæstv. utanrrh. á þessu máli. Ég vil segja það sem mína skoðun að ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir Ísland að við reynum að virkja umhverfisverndarsamtök með okkur eins og mögulegt er. Við eigum í grófum dráttum samleið með umhverfisverndarsamtökum sem eru að leggja áherslu á hinar almennu forsendur þeirra sem lifa af lífríkinu og hinu nánasta náttúrulega umhverfi sínu, oftast. Stundum ganga menn gríðarlega langt í þessum efnum, óhæfilega auðvitað að mínu mati. En ég segi það alveg eins og er að mér finnst að við eigum að leggja á það áherslu, svona sem almenna stefnu, að við getum orðið samferða þessum hópum og þeir okkur, eins lengi og mögulegt er.

[11:48]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka fyrir þá skýrslu sem lögð hefur verið fram af hálfu hæstv. utanrrh. og fagna því að sá siður hefur verið tekinn upp aftur. Skýrsla af þessu tagi gefur breiðari og betri grunn til þess að ræða utanríkismálin heldur en það að hafa eingöngu ræðu hæstv. utanrrh.

Í umræðunni sem af er þessum morgni hafa menn einkum beint sjónum að Evrópusambandinu og öryggismálunum. Það tengist m.a. því að ýmis tíðindi eru að gerast hér í stjórnmálunum og stórir fundir fram undan. En eins og oft vill verða gleyma menn að horfa til framtíðar og að ræða framtíðina. Ég held, hæstv. forseti, að kannski hafi aldrei verið meiri þörf en nú á því að horfa til þeirra miklu breytinga sem eru að verða í heiminum og á heimsmálum. Þær breytingar snúa hvorki að ríkjaskipan né öryggismálum heldur kannski fyrst og fremst að hinu daglega lífi. Þá er ég að tala um miklar breytingar sem eru fram undan á vinnumarkaði alls staðar í heiminum, á félagskerfum og velferðarmálum, og ekki síst því sem menn spá að verði mál málanna á næstu öld, umhverfismálunum. Því til sönnunar, hæstv. forseti, vil ég benda á að það er nýútkomið sérhefti af tímaritinu Time sem fjallar um umhverfismál og það sem fram undan er í þeim málum, ekki síst vegna Kyoto-ráðstefnunnar sem fram undan er. Ég held svo sannarlega, hæstv. forseti, að við

þurfum að gefa þessum málum miklu meiri gaum en við höfum gert hingað til.

Ég er nýkomin, eins og fleiri þingmenn, af tveimur fundum EFTA úti í Brussel og Bern, þar sem menn voru m.a. að horfa til framtíðar og þar sem tekin var fyrir skýrsla um framtíðarsamfélagið, upplýsingasamfélagið. Að þeirri skýrslu vann m.a. hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Af því sem þar kom fram má sjá að þvílíkar tæknibreytingar og byltingar eru fram undan að í raun og veru er erfitt að ímynda sér hver niðurstaðan verður. En það er alveg ljóst að óskaplegar breytingar eru fram undan á vinnumarkaði þar sem störfum í framleiðslugreinum mun fækka mikið en ýmiss konar þjónustustörfum tengdum þessari tækni mun að einhverju leyti fjölga en þeim mun líka fækka, m.a. í bankakerfinu. Og hvernig ætla menn að búa sig undir þessa framtíð? Hvernig á að mennta vinnuaflið? Þetta er mál sem tengir saman allan hinn vestræna heim og getur skipt sköpum um það hvort samfélögin þróast friðsamlega eða hvort þessar breytingar kunni að kalla á átök eins og gerst hefur fyrr í sögunni.

Hæstv. forseti. Það gerist eiginlega í hvert sinn sem ég fer yfir ræður og skýrslur utanrrh. að ég fer að velta því fyrir mér hvert sé hlutverk íslensku utanríkisþjónustunnar og við hvað við ráðum. Ég sé hlutverkið kannski einkum sem tvenns konar. Það er annars vegar að gæta hagsmuna Íslendinga sem víðast og að sinna góðum samskiptum við önnur ríki heims. Hins vegar að Íslendingar beiti sér þar sem þeir geta fyrst og fremst í mannréttindum, jafnréttisbaráttu, umhverfisvernd og tali máli friðar og afvopnunar.

En í ljósi þess hve krafan um aukin samskipti og aukið starf í alþjóðamálum er sífellt að aukast, eins og við finnum vel hér á hinu háa Alþingi, þá hljótum við að spyrja okkur við hvað við ráðum og í hverju við eigum að taka þátt. Ég hygg að sú nefnd sem hæstv. utanrrh. skipaði til að fjalla um framtíð utanríkisþjónustunnar hljóti að fjalla um þessar spurningar. Við kvennalistakonur eigum reyndar ekki aðild að þeirri nefnd, því miður. Þetta eru mjög áleitnar spurningar í ljósi þess hve allt þetta starf er að aukast og væri nú fróðlegt að fá að heyra sjónarmið hæstv. utanrrh. hvað þetta varðar. Við sjáum í fjárlögum fyrir næsta ár að það er vöxtur í utanríkisþjónustunni og ég held að hann sé nauðsynlegur. Það er verið að sinna nauðsynlegum verkefnum. En við hljótum að reyna að átta okkur á því hvert stefnir.

Því til áréttingar vil ég taka eitt dæmi sem einmitt kom upp á þeim fundum sem við vorum að sækja hjá EFTA. Þar var verið að kynna nýgerðan viðskiptasamning við Marokkó og í þeim viðskiptasamningi eru m.a. ákvæði um tæknilega aðstoð. Maður spyr sig: Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta fyrir svona lítil samtök eins og EFTA? Auðvitað er ýmiss konar aðstoð veitt í tenglsum við þessa viðskiptasamninga. En í framhaldi af þessum reglulega fundi EFTA var haldið námskeið í Bern þar sem voru fulltrúar þjóða sem EFTA hefur verið að gera viðskiptasamninga við og eru utan Evrópusambandsins, eða samningar eru í bígerð við, t.d. fulltrúar frá Túnis, Makedóníu og ýmsum ríkjum Austur-Evrópu og ríkjum Afríku, Egyptalandi m.a. Og fulltrúar þessara ríkja koma strax fram með kröfur um aðstoð: „Hvernig ætlið þið að aðstoða okkur?" Ég spyr: Á hvaða leið eru menn? Hver er stefnan og hver á stefnan að vera í þessum efnum? Þarna eru sívaxandi kröfur.

Við erum að starfa í hinum ýmsu samtökum. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði, hæstv. forseti, því krafan er mikil frá hinum vanþróuðu ríkjum um aukna aðstoð. Ætla menn að sinna henni eða á að greina á milli þess og þess sem við höfum hingað til skilgreint sem þróunarstarf eða er stefnan sú að halda lengra í þá átt að beina aðstoð t.d. í gegnum EFTA sem að mörgu leyti er vel til þess fallið? En þetta kostar auðvitað allt saman peninga. Ég vildi vekja athygli á þessu, hæstv. forseti.

Ef við lítum yfir málefni heimsins, heiminn í heild, en bæði skýrsla utanrrh. og ræða beinast auðvitað fyrst og fremst að þeim þáttum sem snerta Ísland sérstaklega, þá eru miklar breytingar fram undan eins og ég nefndi en það er líka víða órói. Ég vil þar sérstaklega nefna ástandið í Palestínu sem veldur miklum áhyggjum. Á þessum títtnefnda fundi í Bern, voru líka fulltrúar Palestínumanna sem voru m.a. að minna á ástandið hjá sér sem auðvitað er hörmulegt og vekur upp þær spurningar hvernig og hvort við getum eitthvað beitt okkur í þeim málum því þar hefur sú friðarviðleitni sem hófst fyrir nokkrum árum því miður gengið heldur brösuglega og þarna eru mikil átök.

Ég vil einnig nefna viðskiptabannið á Írak sem var reyndar til umræðu hér fyrir nokkrum dögum. Þar er líka mikil ólga og miklar hörmungar hafa dunið yfir íbúa þess lands, ekki síst börnin. Það er sannarlega hörmung að horfa upp á það ástand og mikil spurning hvort viðskiptabannið á Írak mun skila tilætluðum árangri og hvort það eigi rétt á sér.

Þá vil ég einnig nefna Indónesíu og ástandið á Austur-Tímor, sem hefur verið mér mikið hjartans mál. Þar hefur því miður lítið þokast en þó hafa aðeins verið viðræður í gangi og mikill þrýstingur á Indónesíustjórn. En þetta tengist atriði sem einnig var rætt hér fyrir nokkru, um samskipti við ríki á borð við Indónesíu sem margbrýtur mannréttindi. Mín afstaða hefur verið sú að það eigi að tala við stjórnendur þessara ríkja, það eigi að leiða þeim fyrir sjónir inni á hvaða brautum þeir eru og það eigi að reyna að tala máli þeirra sem verða fyrir mannréttindabrotum og eru fórnarlömb þessara stjórnarhátta.

Ég vildi, hæstv. forseti, beina augum sérstaklega að umhverfismálum. Það er margt að gerast í þeim efnum. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég er ekki ánægð með stefnu Íslendinga í þeim málum. Mér finnst við ganga fram með tvískinnungi. Það er verið að auka mengun í landinu með því að reisa verksmiðjur og menn eru að leita leiða til að koma sér hjá því að þurfa að standa við þær skuldbindingar sem m.a. felast í Ríó-sáttmálanum og væntanlega verða staðfestar eða jafnvel verður gengið lengra í Kyoto. Mér finnst, hæstv. forseti, að í þessari umræðu geri menn sér ekki nægilega vel grein fyrir því hvað fram undan er og hversu gífurlega alvarleg þessi mál eru.

Að vísu er óskaplega erfitt að sanna hvort ýmsar þær breytingar sem orðið hafa á veðurfari og þær miklu sveiflur sem við höfum verið að sjá víða um heim á undanförnum árum eigi rót sína að rekja til gróðurhúsaáhrifa. Það er erfitt að sanna. En margir vísindamenn óttast að þessi áhrif séu að verða æ meiri. Götin á ósonlaginu fara stækkandi og það mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar um allan heim. Eyðing lands fer vaxandi meðan mannfjölgunin heldur stöðugt áfram. Mannkyninu verður gert að lifa á minna landi. Gróðurhúsaáhrifin ná til hafsins. Ég sá nýlega fræðslumynd þar sem var verið að tengja þetta saman og sýna fram á ýmsar líffræðilegar breytingar sem eiga sér stað í hafinu. Þetta tengist einnig því sem kom fram í fréttum nýlega um að jafnvel Svíar, af öllum þjóðum, hefðu varpað kjarnorkuúrgangi í

Norður-Atlantshafið fyrir allmörgum árum, á sjöunda áratugnum ef ég man rétt. Þetta eru allt saman aðgerðir sem geta átt eftir að hafa og munu hafa mjög alvarlegar afleiðingar á allt lífríki jarðar ef menn ekki grípa inn í. En tregðan er mjög mikil, bæði tregða iðnríkjanna sem vilja ekki hægja á þróuninni og hagvextinum og einnig þróunarríkjanna sem vilja komast á sama stig og hin vestrænu ríki. Þetta eru allt saman óskaplega alvarleg mál og ég vísa þingmönnum aftur á þetta ágæta rit Time þar sem verið er að fara yfir þetta svið en því miður eru ekki fagrar lýsingar sem þar koma fram.

Það er öllum ljóst að það er lífshagsmunamál okkar Íslendinga eins og allra þjóða heimsins að standa vörð um lífríki jarðar. Við byggjum auðvitað alla okkar afkomu á hreinleika hafsins og því að fiskstofnarnir blómstri og þar verði komið á sjálfbærri nýtingu en að við höfum gengið fram af miklu offorsi með ofveiðum á undanförnum áratugum þó að sem betur fer hafi orðið þar stefnubreyting.

Að lokum, hæstv. forseti, er mjög margt sem vert væri að ræða í skýrslu utanrrh., t.d. Evrópusambandið og ríkjaráðstefnuna sem skilaði ekki öllum þeim árangri sem menn höfðu vænst. M.a. tel ég og það hefur reyndar komið fram að ekki hafi náðst það markmið að færa Evrópusambandið eins nálægt íbúunum og margir óskuðu, m.a. Norðurlandaþjóðirnar, þó að samkomulag hafi náðst um að bæta allt upplýsingastreymi og gera ákvarðanir og upplýsingar aðgengilegri íbúum Evrópusambandsins. Það er auðvitað margt mjög athyglisvert í þessari þróun og ég vil nefna sérstaklega að Evrópusambandið hefur gert mikið átak í því að skoða framtíðina, velta fyrir sér framtíðinni og félagsmálunum og hver stefnan eigi að vera í þeim efnum og má margt af þeim læra. (Forseti hringir.)

En að lokum, hæstv. forseti, vil ég líka nefna stöðu kvenna í heiminum. Um leið og það er að gerast að konur eru að sækja í sig veðrið og komast víðar til valda, (Forseti hringir.) þá er þar líka ákveðin þróun á ferð í öfuga átt. Fátækt meðal kvenna í heiminum fer mjög vaxandi og nú orðið er talað um hinn mikla fjölda af fátækum konum sem ekki getur séð sér farborða og verður að leita ýmissa örþrifaráða sem sérstakt félagslegt fyrirbæri. Einnig þarna getum við beitt okkur til þess að bæta heiminn og það er skoðun mín að við eigum að beina þróunaraðstoð okkar í mun ríkari mæli til að aðstoða konur.

[12:05]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þeim ummælum hv. þm. í sambandi við EFTA og hugleiðingar hennar um hvað það væri í reynd sem við réðum við. Auðvitað er það alveg ljóst og rétt hjá henni að Íslendingar ráða ekki við sömu verkefni á sviði utanríkismála og margar aðrar stærri þjóðir. En þá skiptir afar miklu máli að nýta samvinnu vel við aðrar þjóðir á ýmsum vettvangi. Ég vil nefna að við höfum reynt að nýta það sem best á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, m.a. með aðstoð okkar í Bosníu þar sem við höfum lagt verulega af mörkum. Við höfum jafnframt gert það á vettvangi Eystrasaltsráðsins þar sem við höfum tekið þátt í aðstoðarverkefnum af ýmsu tagi þó að þau séu ekki jafnstór í sniðum og margra samstarfsríkja okkar, sérstaklega Norðurlandanna. Við höfum jafnframt fullan hug á því að taka þátt í þróunarverkefnum með hinum EFTA-löndunum, m.a. í þeim löndum sem hv. þm. nefndi. En síðast en ekki síst tökum við þátt í mörgum þróunarverkefnum með hinum Norðurlöndunum, m.a. á vettvangi Norræna þróunarsjóðsins, og það er einkum í þessa átt sem við viljum beina aðstoð okkar og teljum að hún verði miklu gagnlegri í samvinnu við aðra.

Jafnframt höfum við tekið upp breytt vinnubrögð og meira samstarf við Alþjóðabankann og tökum þátt í mun meira samstarfi við hann til þess að ná meiri árangri í þessum málum. Þar get ég ekki síst nefnt Bosníu þar sem mikilvægt hjálparverkefni er í gangi með samvinnu Alþjóðabankans. Og jafnvel þó að við séum ekki stórir, þá er alveg ljóst að aðstoð okkar getur komið að verulegu gagni ef unnið er skynsamlega að málum og það gert í samvinnu við aðra.

[12:07]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé hárrétt stefna sem hæstv. utanrrh. var hér að lýsa. Ég held að við getum náð mjög miklum árangri í samvinnu við aðrar þjóðir og fámenni okkar og fámenn utanríkisþjónusta gefi einmitt bestan kost á því, best sé að verja kröftunum þannig að reyna að stuðla að og eiga hlut í sem mestri samvinnu. En málið snýst um það að þá sé ljóst að við leitumst við að marka þá stefnu að beina utanríkisþjónustu okkar sem mest að samvinnu og reynum jafnframt að átta okkur á því hvar eigum við að vera og hvar eigum við ekki að vera.

Ég er í sjálfu sér alveg sátt við það í hverju við tökum þátt og ég get nefnt það, ég hef margvitnað í að ég er nýkomin af þessum EFTA-fundi, en þar voru einmitt fleiri en einn og fleiri en tveir sem viku að því að það væri alveg ótrúlegt hvað Íslendingar væru virkir í öllum þessum stofnunum sem við tökum þátt í. Menn spyrja: Hvernig getur svona lítil þjóð gert þetta? Ég held að þetta sé gott. Við getum beitt okkur. Við erum sem betur fer ein af örfáum þjóðum heims sem með sæmilegri samvisku getur talað máli mannréttinda og friðar og við eigum að beita okkur þar sem allra mest. Ég ítreka og tek undir það að samvinna við aðrar þjóðir er auðvitað besta leiðin til þess.

[12:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það að þó að ég sé sammála hv. þm., og við virðumst vera sammála í þessum efnum, þá er líka mikilvægt að við séum beinir þátttakendur í þróunarstarfi. Það er ekki nóg að leggja fé af mörkum í gegnum alþjóðlegar stofnanir eins og við vissulega gerum og höfum alveg uppfyllt skyldur okkar í þeim efnum á allan hátt. Það er líka nauðsynlegt að við séum beinir þátttakendur og það erum við t.d. í Afríku, í Namibíu, í Mósambík, í Malaví og við erum beinir þátttakendur í hjálparstarfinu í Bosníu. Það mætti nefna ýmis önnur dæmi.

Það er oft talað um EFTA í umræðunni, að það séu lítil samtök vegna þess að það séu aðeins samtök fárra ríkja, þ.e. Liechtenstein, Íslands, Noregs og Sviss. En EFTA er í reynd mjög stór samtök ef við horfum á utanríkisviðskipti EFTA-landanna. Utanríkisviðskipti EFTA-landanna eru hlutfallslega miklu meiri heldur en utanríkisviðskipti Evrópusambandsins. Ég er að vísu ekki með tölur á hraðbergi í þessum efnum en á alþjóðlegum mælikvarða eru EFTA mjög stór samtök þegar við lítum til utanríkisviðskipta þessara landa þannig að EFTA-löndin í sameiningu geta komið miklu í framkvæmd. Það sýna líka þessir samningar um alþjóðleg viðskipti sem verið er að gera. Og það nýjasta sem er uppi á borðinu í þeim efnum er ekki aðeins fríverslunarsamningur við þessi ríki heldur er jafnframt komin í gang athugun á hugsanlegum fríverslunarsamningi

milli Kanada og EFTA-ríkjanna sem er afar merkilegt mál og yrði mikill viðburður ef af yrði.

[12:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla enn að vera sammála utanrrh. og taka undir það sem hann sagði hvað það varðar að við erum annars vegar að tala um samvinnu við þær þjóðir sem næst okkur standa og hins vegar það sem auðvitað felst alltaf í samvinnunni, að leggja sitt af mörkum og vera beinir þátttakendur. Við höfum miklar skyldur eins og aðrar þjóðir heims hvað það varðar t.d. að veita aðstoð til þróunarríkjanna. Þar hafa sem betur fer aðeins orðið breytingar á. Ég held að það þurfi að stíga þar fleiri skref og við verðum að reyna að nýta betur þann mikla mannauð og þá miklu menntun sem við eigum hér í landinu. Ég tel að við eigum að beina þróunaraðstoð okkar meira til heilbrigðismála, til kennslu, reyna að berjast gegn ólæsi í heiminum og að nýta þá þekkingu sem við höfum til þess að hjálpa öðrum þjóðum til sjálfsbjargar og sjálfshjálpar. Það er sú besta aðstoð sem við getum veitt og þar eigum við margt fólk sem getur látið sitt af mörkum eins og það hefur svo sem gert hingað til. En þetta er alltaf samofið, samvinnan og það að leggja sitt af mörkum sjálfur.

[12:13]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir sem tekið hafa til máls byrja á því að færa hæstv. utanrrh. þakkir fyrir þá ítarlegu skýrslu sem hér er lögð fram sem fylgiskjal við ræðu ráðherrans. Á þessari skýrslu sést hve gríðarlega umfangsmikil verkefni það eru sem fjallað er um í utanrrn. og margþætt og margslungin og hvað þetta litla ráðuneyti þarf að beina kröftum sínum að mörgum mismunandi málum og hvað hinir tiltölulega fáu starfsmenn þess þurfa að vera sérfræðingar í mörgum málum. Þetta sýnir okkur líka fram á nauðsyn þess að standa vel að málefnum þjónustunnar, gera henni kleift að sinna þessum málefnum eins og við sem sjálfstætt ríki ætlumst til að sé gert því að í þessari skýrslu getur að líta ótrúlega breitt málefnasvið þar sem Íslendingar hafa nánast alls staðar beinna og óbeinna hagsmuna að gæta.

Það hefur verið vikið að því í þessari umræðu að starfandi sé sérstök nefnd á vegum ráðherra að fara yfir framtíðarsýn að því er varðar málefni utanríkisþjónustunnar og gera tillögur í þeim efnum. Það er vissulega svo að þessi nefnd er að störfum og utanrmn. Alþingis á þar aðild eins og kunnugt er. Ég geri mér vonir um að niðurstaðan af því nefndarstarfi verði heildstæð stefna sem ekki þarf að verða mikill ágreiningur um á Alþingi því að eins og umræður sem þessar bera með sér hefur mjög fækkað ágreiningsmálum á sviði utanríkismála hér í þinginu. Og umræður eins og í dag eru ekki nema svipur hjá sjón að því er varðar átök milli manna um einstök mál miðað við það sem áður var og undanskil ég þá ekki ágreining þeirra væntanlegra flokksbræðra, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Össurar Skarphéðinssonar fyrr í morgun.

Utanríkismálanefnd þingsins hefur eins og efni standa til reynt að fylgjast með starfi utanrrn. og helstu málefnum þar eftir föngum. En nefndin hefur frá því að síðast urðu umræður um skýrslu utanrrh. átt þess kost að fara tvívegis út fyrir landsteinana í kynnisferðir. Sú fyrri var til Norfolk í höfuðstöðvar Atlantshafsstjórnar Atlantshafsbandalagsins og þangað fóru fulltrúar allra þingflokka nema Alþb. Sú ferð var vissulega fróðleg og gaf okkur öllum að ég hygg mikla innsýn inn í það starf sem þar er unnið og þær miklu breytingar sem eru að eiga sér stað að því er varðar hernaðarsamvinnuna innan bandalagsins og hin pólitísku málefni sem þar eru til umfjöllunar.

Við áttum þess einnig kost að heimsækja kollega okkar í Evrópuþinginu, þá þingmenn sem fjalla um málefni Norðurlandanna og Íslands sérstaklega. Þau samtöl eru reyndar hefðbundin og ýmist koma þessir þingmenn hingað eða fulltrúar utanrmn. hitta þá á heimavelli þeirra. Það er hins vegar athyglisvert að það er ekki að merkja á þeim viðmælendum vorum neinn sérstakan áhuga á því að Íslendingar blandist í hóp þeirra og gerist aðilar að Evrópusambandinu. Þetta nefni ég bara til fróðleiks en ekki sem sérstakt innlegg í þá umræðu en ég hygg að það sé nokkuð almennt bæði meðal þingmanna og stjórnenda Evrópusambandsins að þeir sjá sér engan sérstakan hag í því í framtíðinni að Ísland gerist þar aðili.

Vissulega eru óskýr mörk milli þess sem mætti kalla utanríkismál í hefðbundnum skilningi og innlandsmálanna. Það höfum við margrætt hér. Það er ekki hægt að fjalla um umhverfismál án þess að vikið sé jafnframt að utanríkismálum og sama má í rauninni segja um viðskipti og fjölmargt fleira.

Í umræðunni hefur nokkuð verið vikið að þróunaraðstoð Íslendinga og ég vil nota tækifærið og fagna þeirri stefnu sem kynnt hefur verið að því er varðar aukin framlög til þeirra mála á næstu árum en ég tel jafnframt að það sé hárrétt sem hefur komið fram að það þarf að skipuleggja mjög vel með hvaða hætti slíkum fjármunum er varið vegna þess að það er gagnslaust að kasta peningum í slík verkefni ef þau eru ekki nægilega vel undirbyggð eingöngu til þess að reyna að mæta eða fylla mælikvarða alþjóðastofnana um hlutföll af t.d. þjóðartekjum sem varið sé til slíkra mála.

Við Íslendingar höfum gert ýmislegt í þessum efnum sem kemur ekki fram á slíkum mælikvörðum. Ég segi þetta að gefnu tilefni vegna umræðnanna rétt áðan. Við höfum lagt lóð okkar á vogarskálarnar með ýmsum hætti, t.d. að því er varðar uppbygginguna í Eystrasaltslöndunum sem er ekki skilgreind sem bein þróunaraðstoð og það getum við alveg eins gert víðar. Ýmsar af stofnunum íslenska ríkisins hafa sett starfsmenn í að hjálpa til við að byggja upp sambærilega starfsemi í þessum löndum. Ég nefni Hagstofuna, ég nefni bankaeftirlitið, ég nefni Geislavarnir og þannig mætti lengi telja ýmsar þær stofnanir á Íslandi sem hafa beinlínis tekið það að sér og færa það á sinn rekstur, a.m.k. að miklu leyti, að veita aðstoð á þessum stöðum. Þannig mætti eflaust hugsa sér eitthvert víðtækara samstarf annars staðar í heiminum.

Í yfirliti sem utanrrh. flutti var drepið á fjölda mála og að sjálfsögðu er ekki hægt að gera þeim öllum skil í þessari stuttu umræðu. Mig langar að nefna lítillega fiskveiðimálin og hagsmuni okkar gagnvart nálægum ríkjum. Ég tel að við eigum að kosta kapps um að leysa þann ágreining sem er uppi gagnvart nágrannalöndum okkar á sviði fiskveiða og að því er varðar önnur mál þeim tengd. Ég fagna því sem fram kemur í ræðu ráðherra og gerðist á síðasta sumri að við höfum náð samkomulagi við Dani og Grænlendinga um lögsögumörk er lúta að línunni milli Íslands og Grænlands og afmörkun lögsögu í kringum Kolbeinsey. Þetta er dæmigert mál þar sem þrjár vinaþjóðir hefur greint á um skilgreiningar sem átti bara að setjast niður og reyna að leysa og það tókst vegna þess að það var vilji fyrir því hjá öllum aðilum. Segja má að þetta sé ekki stórt hagsmunamál en á það getur reynt

síðar meir og það var skynsamlegt að reyna að leysa málið núna þegar ekki voru bein hagsmunatengsl í augsýn. Það verður þá auðveldara að greiða úr ágreiningi um slík mál þegar fram í sækir. Ég vænti þess að þingmál til staðfestingar þessu samkomulagi komi fram í þinginu í vetur.

Að því er varðar ágreiningsmálin við Noreg má segja að ekki horfi byrlegar en áður eftir stjórnarskiptin þar í landi. Ég hafði tekið eftir því í norsku kosningabaráttunni í haust að talsmenn Miðflokksins þar í landi, sem er reyndar systurflokkur flokks utanrrh. hér, höfðu gert því skóna að rétt væri að færa út norsku efnahagslögsöguna í 250 sjómílur. Þessar fréttir fóru mikið til fram hjá fjölmiðlum á Íslandi en þær urðu athyglisverðari eftir að Miðflokkurinn komst í ríkisstjórnina í Noregi og eftir að menn fóru að tala um þetta í alvöru, sérstaklega þegar í ljós kom að embætti sjávarútvegsráðherra Noregs hafði fallið þessum flokki í skaut.

Nú eru hugmyndir um 250 mílna efnahagslögsögu við Noreg út í bláinn og kannski þarf ekki að eyða miklum tíma í að ræða það en það kemur mér hins vegar á óvart og er heldur til óþæginda að hin nýja ríkisstjórn sem hefur tekið við völdum þar í landi skuli í upphafi a.m.k. vilja sýnast vera herskárri en sú sem áður var við völd. En hvað sem því líður er nauðsynlegt að leiða deiluna um Smuguna og réttindi Íslendinga til veiða í Barentshafinu til lykta. Það er ekki við Norðmenn eina að fást í því efni og það er fagnaðarefni að það skuli vera búið að leggja drög að samstarfssamningi við Rússa um fiskveiðimál vegna þess að hagsmunir þeirra á þessu svæði eru miklir. Það má vel vera að okkur takist ekki að leysa deiluna við Norðmenn nema á þríhliða grundvelli með Rússa sem þriðja aðila.

Ég vil víkja, herra forseti, einnig nokkuð að málefnum Sameinuðu þjóðanna sem komust nokkuð í brennidepil í septembermánuði þegar framkvæmdastjóri samtakanna kom hér við og átti m.a. fund með utanrmn. þingsins. Sá fundur var einstaklega fróðlegur og ánægjulegur og þar tókst okkur að ræða fjöldamörg málefni sem eru ofarlega á baugi á vettvangi samtakanna og sem við Íslendingar eigum að láta okkur skipta. Ég nefni þar fyrst endurskipulagningu og umbætur á starfi samtakanna en framkvæmdastjórinn vann það afrek að mínum dómi að leggja fram heildstæðar tillögur um það langþráða efni mjög snemma eftir að hann tók við stjórnartaumnum.

Nú er það að vísu svo að öflugasta ríkið innan Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkin, hefur ýmsa fyrirvara við þessar tillögur og sérstaklega í Bandaríkjaþingi eru ýmis ljón á veginum þannig að þetta mál er ekki í höfn en ég fagna því að í skýrslu utanrrh. kemur fram mikill stuðningur við þessar umbótatillögur. Það er alveg ljóst að það kerfi sem byggt var upp árið 1945 og hugsað í ljósi aðstæðna á þeim tíma á ekki lengur að öllu leyti við og þess vegna þarf að breyta skipulagi og starfsháttum Sameinuðu þjóðanna í ljósi breyttra aðstæðna. Þar spilar inn í kerfið sem byggt var upp í kringum öryggisráðið og hverjir eiga aðild að því, hvaða ríki eiga þar föst sæti, hvernig má tryggja öðrum ríkjum þar eðlileg áhrif o.s.frv. Það er orðið tímabært að reyna að leysa þennan hnút og hleypa t.d. Japönum og Þjóðverjum að með föst sæti í ráðinu og væntanlega einnig fulltrúum Afríku og Suður-Ameríku.

En það er fleira sem vert er að nefna varðandi málefni Sameinuðu þjóðanna. Ég vil sérstaklega drepa á jarðsprengjubannið og samninginn um það sem verður undirritaður í Ottawa í desember. Í skýrslu ráðherrans kemur fram að við munum væntanlega verða þar stofnaðilar en Kanadamenn hafa tekið lofsvert frumkvæði í því máli og sama er að segja um okkar góðu granna, Norðmenn. En þar eru líka ljón á veginum vegna þess að hvað sem segja má um jarðsprengjurnar eru þær að mörgu leyti vopn fátæka mannsins. Þær eru mjög ódýrar í framleiðslu og þær eru áhrifaríkar til síns brúks þó að þær séu ógeðsleg vopn og bitni iðulega á þeim sem síst skyldi. Þær eru reyndar líka þess eðlis að þó ódýrt sé að framleiða þær og koma þeim fyrir er mjög dýrt að ná þeim upp aftur. En við Íslendingar eigum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þessu máli og ég efast ekki um að svo verður gert.

Að því er varðar önnur málefni, herra forseti, vil ég fagna því að Íslendingar stóðu fyrir æfingunni Samverði á síðasta sumri. Utanríkismálanefndarmenn fengu aðstöðu til að fylgjast með þeirri æfingu og það var mjög mikilvægt framtak af Íslands hálfu að standa fyrir þeirri æfingu og mjög ánægjulegt hverjir tóku þar þátt, ekki síst að Rússar, Úkraínumenn og ýmsir fyrrverandi bandamenn þeirra úr gamla Varsjárbandalaginu sáu ástæðu til þess að vera með. Það er auðvitað tákn um breytta tíma, tákn um gerbreyttar aðstæður í heiminum og það samstarf sem koma skal í heimshluta okkar.

[12:28]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Geir Haarde, formanni utanrmn. að það er afar mikilvægt að halda áfram þeirri viðleitni að leysa þau ágreiningsefni sem við eigum í við nágrannaþjóðir okkar að því er varðar fiskveiðimál. Það hefur náðst verulegur árangur á þessu sviði, bæði að því er varðar síldina, jafnframt ágreiningsmál sem hafa verið uppi milli Grænlands og Íslands og sá samningur verður væntanlega undirritaður næstu daga í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

En það er jafnframt nauðsynlegt að halda áfram samskiptum við Norðmenn og Rússa og við höfum lagt okkur mjög fram í þeim efnum. Ég tel að sá árangur sem nú liggur á borðinu að því er varðar samning milli Íslands og Rússlands sé mjög mikilvægur jafnvel þó hann hafi ekki enn verið undirritaður. Við munum halda áfram að reyna að ná vinsamlegri lausn á deilu okkar í Barentshafi og taka upp þráðinn við nýja ríkisstjórn Noregs. Þess vegna hefur það verið ákveðið að nk. laugardag verði vinnufundur milli íslenska og norska utanrrn. til að fara yfir ýmis mál sem varða samskipti landanna og reyna að halda því áfram að finna friðsamlega lausn á þessu deilumáli en það er rétt hjá hv. þm. eins og augljóst er að Rússar koma jafnframt inn í það ferli og alls ekki síður en Norðmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að haldið verði áfram á þeirri braut sem var samkomulag um að einn frá hverju landi, þ.e. þrír aðilar, settust niður til þess að reyna að finna varanlega lausn á þessu deilumáli og við Íslendingar munum leggja á það áherslu að þetta ferli haldi áfram og áfram verði haldið að vinna að þessu máli. Lausn mun aldrei finnast nema vilji sé fyrir hendi hjá öllum aðilum.

[12:30]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil eins og aðrir í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. kærlega fyrir mjög ítarlega skýrslu, skýrslu sem er upp á 50 blaðsíður í 11 köflum, og nokkuð ítarlega ræðu sem er í 8 köflum. Það sem stendur upp úr eftir

umræðurnar í morgun er það að þingmenn Alþb. og Alþfl. hafa séð ástæðu til að munnhöggvast nokkuð.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem var talsmaður Alþfl. í umræðunni, talaði nokkuð lengi og í ræðu hans var einungis komið inn á tvö atriði af öllum þeim fjölmörgu sem hægt var að taka fyrir. Aðeins var komið inn á loðnusamninginn en meginmál ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar var um Evrópusambandið. Þar var ekki kveðið lítið að orði, það var gengið lengra en oft áður og talað um að það væri mjög brýnt fyrir framtíðarhagsmuni Íslands að fara inn í Evrópusambandið. Þetta var athyglisverð ræða frá þingmanni Alþfl., talsmanni þeirra í utanríkismálum og hún vakti upp mjög margar spurningar. Maður spyr sig: Var þetta tilviljun? Er það tilviljun að svona ræða er flutt hér á þeim degi þegar landsfundur Alþb. hefst, en hann hefst kl. 5 í dag?

Þessi ræða særði að sjálfsögðu þingmenn Alþb. og var úr nokkurt spil. Maður hlýtur að spyrja sig eftir þennan morgun hver tilgangurinn var. Var tilgangurinn að reyna að einangra í þeim sameiningarumræðunum, sem eiga sér stað í þjóðfélaginu, ákveðna hv. þingmenn? Ég nefni nokkur nöfn. Hv. þm. Hjörleif Guttormsson, Svavar Gestsson, Steingrím J. Sigfússon. Eða var tilgangurinn að reyna að fá landsfund Alþb. til að taka undir stefnu Alþfl. varðandi inngöngu í Evrópusambandið? Maður hlýtur að spyrja sig að þessu eftir þessa furðulegu uppákomu í morgun.

Mig langar að koma inn á það eins og fleiri hafa gert að utanríkisþjónustan í dag hefur breyst mjög mikið. Hlutverk hennar er að aukast. Við erum aðilar að EES-samningnum. Fjölmargir fundir tengjast því, það eru norrænir fundir sem þarf að sinna. Við erum þátttakendur í fjölmörgum alþjóðasamningum sem þarf að framfylgja og kosta umfangsmikla vinnu. Einnig hefur verið gert mikið átak gagnvart viðskiptalífinu. Það er búið að opna viðskiptaskrifstofur þannig að segja má að við stöndum frammi fyrir gerbreyttu hlutverki utanríkisþjónustunnar.

Að mínu mati tel ég að þjóðin hafi ekki fyllilega áttað sig á þessu breytta hlutverki utanríkisþjónustunnar enda hefur þetta gerst nokkuð hratt. Atvinnulífið hefur gert það að einhverju leyti og að mér skilst sækir mjög mikið í viðskiptaþjónustuna sem er rekin á vegum utanríkisþjónustunnar. Þjónustan hefur líka verið að breytast að öðru leyti. Þar er að koma inn mjög margt ungt fólk til starfa og við gátum séð fyrir stuttu uppslátt á forsíðum dagblaða að það hafa ekki farið eins háar upphæðir og nú í skólagjöld fyrir börn starfsmanna sem vinna í utanríkisþjónustunni. Það er að sjálfsögðu jákvætt að ungt fólk starfar í þjónustunni en maður hlýtur að sjálfsögðu að æskja þess að það verði tekið sérstakt tillit til þessa þannig að starf þeirra sem stunda eða rækja utanríkisþjónustuna verði fjölskylduvænt. Það þarf að taka tillit til þessara ungu barna og það þarf að taka tillit til makanna. (**KÁ:** Fá fleiri konur.) Það er rétt sem fram kemur hér hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Að sjálfsögðu þurfa fleiri konur að koma þar að, en það eru afar fáar konur í utanríkisþjónustunni en ég hef trú á því að þeim muni fjölga í framtíðinni.

Ég tek heils hugar undir það sem fram kemur í ræðu hæstv. utanrrh. að Norðurlandasamstarfið er hornsteinn okkar utanríkismála. Þrjú norræn ríki eru í Evrópusambandinu og að sjálfsögðu er það vettvangur okkar til þess að hafa áhrif inn í Evrópusambandið, óbein áhrif. Þetta er gífurlega mikilvægt. Þessi Evrópumál voru einmitt rædd á vegum Evrópunefndar Norðurlandaráðs í vinnuferð sem við fórum til Brussel í sumar. Þar ræddum við m.a. við sendiherra norrænna ríkja og þar kom fram í máli danska sendiherrans, Skytte, að hann taldi að þegar fleiri ríki verða komin inn í Evrópusambandið, muni Norðurlöndin vinna meira saman sem blokk en þau hafa ekki gert það beint hingað til. Hann taldi að þegar Eystrasaltsríkin verða komin þar inn, sem er líklegt í framtíðinni, og Pólland og fleiri lönd, mundu Norðurlöndin fara að vinna meira saman sem blokk og jafnvel með Eystrasaltsríkjunum og Póllandi. Þetta þótti mér mjög athyglisvert.

Mig langar líka í þessari umræðu að koma inn á opnun sendiráðs í Finnlandi í Helsinki sem ég tel vera afar jákvætt skref. Ég hef verið talsmaður þess mjög lengi að við opnuðum þar sendiráð og það er á nokkrum rökum reist sem ég hef komið á framfæri í blaðagreinum og víðar. Það er m.a. vegna þess að Finnland er núna komið inn í Evrópusambandið og er þar eitt af hörðu ríkjunum að margra mati. Þeir geta verið talsmenn okkar í mörgu. Þeir eru jaðarþjóð eins og við. Þeir eru ekki í samkeppni við okkur, t.d. á sjávarútvegssviðinu. Þeir hafa mikla þekkingu á viðskiptamálum í Eystrasaltsríkjunum og í Rússlandi og þetta eigum við að nýta okkur. Við Íslendingar erum frekar vel liðnir innan Eystrasaltsríkjanna og þetta er framtíðarmarkaður fyrir okkur, við eigum að nýta okkur það. Það er skoðun mín að það sé afar brýnt að við nýtum okkur þessi skref og ég er algerlega mótfallin því sem hefur komið fram á þinginu nú fyrir ekki svo löngu að það ætti að sameina sendiráð okkar á Norðurlöndunum í eitt eða tvö. Það tel ég vera mikið skref aftur á bak en Norðurlöndin eru akkeri okkar í utanríkismálunum. Þeir hafa aðstoðað okkur gagnvart Evrópusambandinu og okkar hagsmunum og það væri mikill skaði að draga niður í starfseminni sem við erum að sinna á Norðurlöndunum í gegnum sendiráð okkar.

Annað mál sem hefur verið mikið rætt á norrænum vettvangi eru umhverfismálin og þar vil ég sérstaklega taka út umhverfismál á Kólaskaga en þar eru vandamálin gífurlega umfangsmikil. Þar liggja kjarnorkukafbátar undir skemmdum og einhverjar líkur eru á því að þar geti orðið umhverfisslys. Ef slík slys verða þar mun það örugglega hafa mikil áhrif á sjávarútvegsmarkað okkar þannig að það er mikið hagsmunamál fyrir Norðurlöndin og ríkin í norðri og okkur að mikið átak verði gert á Kólaskaga.

Varðandi sjávarútveginn almennt og norrænt samstarf hefði ég viljað sjá hér í framtíðinni miklu meira samstarf á milli hinna vestnorrænu þjóða, þ.e. Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga. Þessar þjóðir hafa allar orðið fyrir ákveðnum skakkaföllum vegna framgöngu umhverfissamtaka með misjöfnum hætti þó. Ég held að það væri afar æskilegt að þessar þrjár þjóðir mundu skoða þann möguleika að samræma sjávarútvegsstefnu sína, samræma veiðarfæri og annað slíkt til þess að geta komið heildstætt fram gagnvart umhverfissamtökum í framtíðinni. Það væri áhugavert að heyra, verði hæstv. utanrrh. með lokaorð, hvort hann sjái þetta fyrir sér sem möguleika.

Mig langar líka að koma inn á önnur mál sem tengjast Evrópusambandinu, þ.e. Schengen. Ég tel brýnt að við staðfestum þann samning sem ríkisstjórnin hefur undirskrifað, ég tel það mjög æskilegt að við tökum hann í gegnum þingið sem fyrst en þó ekki væri nema til þess að bæta okkar samningsstöðu gagnvart framtíðarsamningum um Schengen við Evrópusambandið, af því að nú er búið að innlima Schengen í Evrópusambandið. Það væru mjög sterk skilaboð að sýna það svart á hvítu að við viljum ganga inn í Schengen. Það

styrkir samningsstöðu okkar. Ég held að það sé æskilegt að við göngum inn í Schengen vegna þess að það er skoðun mín að gagnvart öllu samstarfi við Evrópusambandið eigum við að liggja mjög þétt upp að því. Við erum inni á hinum einsleita markaði og við eigum að vera eins nálægt Evrópusambandinu og við getum án þess þó að ganga inn í það og Schengen er hluti af því. Ég held líka að ef við förum ekki inn í Schengen getum við orðið fyrir ákveðnum skakkaföllum í ferðaþjónustunni og þar vil ég minna á eitt atriði aðallega. Það eru passarnir. Í framtíðinni má sjá fyrir sér að ekki verði notaðir passar á Schengen-svæðinu. Menn þurfa bara að sanna hverjir þeir eru með því að sýna ökuskírteini, kreditkort eða eitthvað slíkt. Ef fjölskylda t.d. í Þýskalandi ætlar að fara til Íslands eða til Noregs, segjum að Noregur sé í Schengen en ekki við, sem er staða sem gæti hugsanlega komið upp, þyrfti sú fjölskylda að útvega sér passa ef hún ætlaði til Íslands. Hún þyrfti að láta taka myndir af sér, borga eitthvert þjónustugjald og standa í því brasi sem því fylgir. Ég held að það gæti skaðað okkur að kalla það yfir þá túrista sem hingað vilja koma.

Að sjálfsögðu þarf að gera ýmsar ráðstafanir á Keflavíkurflugvelli vegna Schengen. Það er brýnt að hefja þar uppbyggingu sem fyrst. Þar verður að vera svokallað non-Schengen-svæði fyrir þá farþega sem koma hingað t.d. frá Ameríku og ætla ekki inn á Schengen-svæðið, ætla til Bretlands eða annað, þeir verða að vera á non-Schengen-svæði. Þeir verða ekki tékkaðir hér inn og út strax aftur.

Varðandi varnarmál okkar að öðru leyti vil ég koma inn á, eins og hv. þm. Geir Haarde gerði, ferð utanrmn. til Bandaríkjanna í sumar. Þar hittum við háttsetta menn innan Bandaríkjahers, m.a. Sheehan, yfirmann Atlantshafsflotastjórnar NATO (SACLANT). Það voru mjög skýr skilaboð sem við fengum í þeirri ferð og þau voru að það er lögð mikil áhersla á sparnað í Keflavíkurstöðinni. Það er nokkuð sem ég tel að við þurfum að sjálfsögðu að skoða eins og gert hefur verið hjá okkur á Íslandi en þessi ferð vakti mig til umhugsunar um að það væri e.t.v. æskilegt að þingmenn færu í einhverjum litlum hópi til Washington og reyndu að ræða við þingmenn þar. Það þarf að koma okkar sjónarmiðum á framfæri, hér er um varnir okkar að tefla.

*Ég vil að lokum aðeins koma inn á heimsókn herra Liens* Chans, varaforseta Tævans, sem kom hingað fyrir stuttu. Þessi uppákoma var nokkuð merkileg fyrir margra hluta sakir. Ég hef verið að reyna að útskýra það fyrir sjálfri mér hvers vegna Kínverjar brugðust eins ókvæða við og þeir gerðu. Að sjálfsögðu eru margar skýringar á því en ég vil draga eina fram. Hún er sú að ef við lítum til baka er alveg ljóst að við Íslendingar vorum fyrsta þjóðin sem viðurkenndi sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Það þótti mjög merkilegt. Við tókum upp formlegt stjórnmálasamband við þá í ágúst 1991 þegar utanríkisráðherrar þeirra landa komu hingað. Þessi gerð okkar vakti mjög mikla athygli á alþjóðavettvangi. Ísland er auðvitað lítið í valdatafli þjóðanna og við getum kannski leyft okkur ýmislegt sem stærri þjóðir geta ekki leyft sér eins og að taka frumkvæði gagnvart því að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. En ef maður setur sig í spor Kínverja vita þeir auðvitað af þessu eins og aðrir. Mér finnst nokkuð líklegt að vegna þessarar gerðar okkar telji þeir okkur að einhverju leyti óútreiknanlega og hafi haft okkur svolítið undir smásjánni vegna þessa. En síðan kemur hingað herra Lien Chan og það má segja að við höfum sýnt honum ákveðna virðingu. Það er ekki hægt að neita því. Honum var boðið til kvöldverðar á Þingvöllum sem er ekki almennt venja að gera þegar ferðamenn stinga hér niður fæti. Mér finnst því líklegt að Kínverjar hafi einmitt vegna framgöngu okkar í Eystrasaltsríkjunum talið þetta vera skref sem þeir hafa hugsanlega túlkað sem svo að við værum að brjóta hér ísinn gagnvart Tævan. En það var ekki meiningin og ég vona að öldurnar lægi núna í kringum þetta mál og þetta falli allt í ljúfa löð aftur.

En ég vil að lokum ítreka það að utanríkisþjónustan hefur breyst mjög mikið eins og fram hefur komið í skýrslu hæstv. utanrrh. og ræðu og ég held að hún þurfi að verða enn þá umfangsmeiri í framtíðinni til þess að geta gætt hagsmuna okkar í síflóknari heimi.

[12:45]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend upp til þess að mótmæla því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Reykn. um að Schengen-aðild gæti farið fram á forsendum ferðaþjónustunnar, að það væri eitthvert framlag til þess að auðvelda okkur ferðaþjónustu eða auka ferðamannastraum að við gengjum í Schengen. Ég held að það fari víðs fjarri. Það kunna að vera einhverjar ástæður fyrir því að menn vilji ganga í Schengen, einhverjar pólitískar ástæður eða það að menn telji t.d. auðveldara að fást við eftirlit með eiturlyfjainnflutningi og einhverju þess háttar. Ég held hins vegar að það sé alveg fráleitt að telja það að þetta mundi með einhverjum hætti efla ferðaþjónustuna. Þvert á móti hefur komið fram hjá flestum ferðaþjónustuaðilum að þeir telja að þetta mundi fyrst og fremst hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir þessa mikilvægu atvinnugrein. Þetta gefur auga leið. Ef við værum Schengen-aðilar þyrfti að hafa allt tvöfalt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem núna er einföld þjónusta. Það þyrfti að hafa tvenns konar búðir fyrir Schengen-farþega og aðra farþega og allt þar fram eftir götunum.

Ég hef rætt við aðila til að mynda á Kastrup-flugvelli, sem stjórna þar málum, og ég spurði þá um afstöðu þeirra til Schengen-aðildar og þeirra svar var mjög skýrt: Við hötum það. Við höfum mjög illan bifur á þessari hugmynd vegna þess einfaldlega að hún leiðir af sér aukinn kostnað og okkur er illa við að þurfa að borga meira en við nauðsynlega þurfum. Því tel ég, virðulegi forseti, að ekki sé rétt að setja málið þannig fram eins og hv. þm. gerði, að þetta sé eitthvert framlag til ferðaþjónustunnar. Ég bendi á að það verða náttúrlega langflest ríki heimsins utan Schengen-samstarfsins. Það liggur fyrir að stórt ríki eins og Bretland og raunar Írland líka verða fyrir utan Schengen-samstarfið. Fyrirhöfn eins og það að einhverjar sálir þurfi að fá sér passa til þess að koma til Íslands mun ekki hafa nokkur áhrif til bölvunar á ferðaþjónustuna.

[12:47]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður sagði að það þyrftu að vera tvær búðir, þ.e. fyrir non-Schengen-farþega og fyrir aðra. Það þarf hvort eð er að byggja upp í Keflavík. Hér sjáum við fram á að flugrekstraraðilar ætla að bæta gífurlega við sig í farþegafjölda sem fer hér í gegn. Flugstöðin er þegar orðin of lítil og því þarf að stækka hana. Það er líka rétt sem síðasti ræðumaður kom inn á að sterkar pólitískar ástæður eru fyrir því að fara inn í Schengen, þ.e. að liggja þétt upp að Evrópusambandinu, eins og ég dró fram í ræðu minni, án þess þó að ganga inn í það.

Það er hins vegar skoðun mín að það muni auðvelda ferðaþjónustunni ef við erum aðilar að Schengen vegna þess að þá þarf ekki að nota passa hingað eins og ég nefndi. Þegar menn eru að velja sér land til þess að fara til vilja þeir að sjálfsögðu hafa sem minnsta fyrirhöfn. Fólk mun fara miklu meira á milli landa í framtíðinni en í dag og þetta er eitt af því sem fólk mun skoða, þ.e. fyrirhöfnin við það að fara á milli landa.

Það er líka ljóst að þeir aðilar sem eru í flugrekstri í dag munu geta nýtt sér samninginn. Þeir geta sagt, t.d. í Bandaríkjunum, þegar þeir selja sínar ferðir: Fljúgið með okkur, komið við í Keflavík, farið í gegnum Keflavík, við tékkum ykkur inn á Schengen-svæðið, þið skuluð afgreiða þann pakka hjá okkur í ró og næði, í þessari litlu flugstöð — af því að hún er að sjálfsögðu lítil þegar við miðum við aðrar flugstöðvar í Evrópu. Ég tel því að flugrekstraraðilar ættu að sjá þetta sem ákveðið jákvætt skref og þeir geta auglýst þetta upp.

[12:49]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Reykn. segir að það þarf að byggja upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sú uppbygging verður okkur mjög kostnaðarsöm en hún verður hins vegar mjög arðsöm. Hér er sem betur fer að fjölga millilandakomum og fjölga farþegum sem fara um flugstöðina og það veitir bæði þjóðinni tekjur og það veitir Flugstöð Leifs Eiríkssonar tekjur. Hins vegar ef við þyrftum að fara að byggja þetta allt upp tvöfalt, eins og liggur fyrir með því að við gerðumst aðilar að Schengen mundum við vera með miklu síður arðsama framkvæmd í höndunum. Við hefðum minni ávöxtun af þeirri fjárfestingu sem er það sem þessir aðilar, bæði við sem erum skattborgarar ríkisins og tökum þátt í slíkri fjárfestingu, þurfum að horfa til, en ekki síður flugrekstraraðilarnir, þeir sem reka verslanir í flugstöðinni og aðrir.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. að við höfum verið að breyta rekstrarforminu. Einstaklingar reka í vaxandi mæli verslanir og vonandi gengur sú þróun enn þá lengra. Þessir aðilar þurfa þá að fjárfesta tvöfalt, vera með tvær verslanir af hverju svo dæmi sé tekið. Það gefur því auga leið að þetta er aukinn kostnaður. Menn greinir svolítið á um það hversu mikill kostnaðurinn er en menn eru samt sem áður í öllum tilvikum að tala um hundruð milljóna króna aukakostnað vegna Schengen. Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég er að vekja athygli á að það er ekki hægt, jafnvel þó fólk sé áhugasamt um það að við gerumst Schengen-aðilar, þá er algjörlega útilokað að segja að Schengen-aðildin sé eitthvert framlag til ferðaþjónustu í landinu því það er alls ekki þannig. Ég geri, virðulegi forseti, ákaflega lítið úr þeirri gríðarlegu fyrirhöfn sem menn sjá í því að taka upp passa, það er eitt handtak, og ég held að þetta sé mjög orðum aukið. Ég get hins vegar vel skilið að fyrir þessu séu pólitísk rök og einhver önnur rök. Það hefur verið talað um Schengen varðandi eiturlyfjaeftirlit og eitthvað þess háttar og það getur vel verið að það sé svo þýðingarmikið að menn vilji fórna kostnaði vegna ferðaþjónustunnar vegna þess en við skulum alls ekki að tala um að þetta sé framlag til ferðaþjónustunnar.

[12:51]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að það er ekkert mál að taka upp passann en það er bara ekki nóg að taka upp passann, þú þarft hugsanlega að standa í langri biðröð — það er svolítið mikið mál. Þeir sem hafa verið að ferðast núna til útlanda, meira að segja til Norðurlandanna, geta séð þar gífurlegar biðraðir og drottinn hjálpi okkur ef við eigum að standa í þeim.

Ég er alveg sammála síðasta ræðumanni að það er mjög hagkvæmt að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er mjög hagkvæmt að fá inn alla þá veltu sem þar fer fram inn í þjóðarbúið og það skilar sér um allt land, ferðamennirnar skila sér út á landsbyggðina líka. Síðustu tölur sem voru skoðaðar varðandi uppbygginguna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Schengen, það er nokkuð langt síðan við skoðuðum tölur þar um, sýndu að Schengen-aðildin var mikill minni hluti í þeim tölum sem þar voru á ferðinni. Það er því ekki rétt að það þurfi að byggja allt upp tvöfalt. Ég skil ekki af hverju hv. þm. Einar K. Guðfinnsson telur að það þurfi að byggja allt upp tvöfalt, non-Schengen-svæði til helminga við Schengen-svæði, það kemur ekki til greina. Að sjálfsögðu verður aðalsvæðið þá í framtíðinni Schengen-svæði en mikill minni hluti non-Schengen-svæði. Þetta hlýtur hv. þm. að vera ljóst.

[12:53]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði einmitt að koma inn á það atriði sem kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, þ.e. málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég vil taka fram í upphafi að það hlýtur að vera alveg augljóst að allt sem tryggir frjálsa för fólks hlýtur að auka flutninga og gera það líklegra að ferðamenn fari á milli landa. Ég er alveg sannfærður um það að ef við verðum ekki aðilar að Schengen verður umferðin um Flugstöð Leifs Eiríkssonar minni. Sá kostnaður, sem þar er verið að tala um til viðbótar, er að mínu mati mjög lítill miðað við það pólitíska vægi sem þar er í húfi. Vilja menn að Norræna vegabréfasambandið líði undir lok? Vilja menn ekki starfa með þjóðum Evrópusambandsins að þessum málum? Það hefur gífurlega pólitíska þýðingu.

Gert er ráð fyrir því að fyrsti áfangi stækkunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar kosti um það bil 1.100 milljónir, annar áfangi kosti um það bil 1.700 milljónir sem þarf að taka í notkun árið 2005, fyrri áfangann árið 2000. Það er alveg ljóst að það verður að ráðast í þessar framkvæmdir miðað við þær aðgerðir sem hefur verið farið í í flugstöðinni varðandi tekjuauka án þess að skuldir flugstöðvarinnar aukist, þ.e. að skuldirnar verði svipaðar árið 2005 þegar framkvæmdunum er lokið og þær eru í dag. Allir hljóta að sjá að þetta eru framkvæmdir sem verður að fara í. Ég fullyrði að ef tekin yrði svo óskynsamleg ákvörðun af íslensku þjóðinni að vera ekki með í Schengen þá væri hægt að spara eitthvað en það væri tiltölulega mjög lítið miðað við þann kostnað sem menn yrðu fyrir, ekki bara peningalegan heldur pólitískan kostnað, ef menn ákveða að standa þar utan.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:32]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Fyrir fáeinum árum í umræðum um skýrslu utanrrh. lét ég þau orð falla að eiginlega mætti segja að utanrrn. væri orðið veigamesta ráðuneyti innanríkismála á Íslandi. Mér heyrðist á ræðu hæstv. utanrrh., sér í lagi meðfylgjandi skýrslu, sem birt er hér á Alþingi og umræðunum almennt, að þessi samlíking sé kannski ekki svo mjög út í hött. Ef til vill er það svo að stærstu ákvarðanirnar sem

mestu varða um afkomu þjóðarinnar nú og í framtíðinni eru einmitt teknar á vettvangi utanríkis- og utanríkisviðskiptamála. Það sem skiptir sköpum um afkomu okkar eru markaðsmál, aðgangur að mörkuðum og viðskiptakjör, ekki síst á stærstu mörkuðum okkar, Evrópumörkuðum, þar sem EES-samningurinn hefur tryggt okkur lágmarksréttindi og beintengt okkur við innri markaðinn. Ákvarðanir sem teknar verða á þeim vettvangi, ef þær takast vel í framkvæmd um sameiginlegan evrópskan gjaldmiðil, geta skipt meiri sköpum fyrir okkur og þróun mála innan lands en hugsanlega nokkrar ákvarðanir sem teknar væru á vegum innlendra stjórnvalda í peninga- og gjaldeyrismálum — svo ekki sé minnst á stórmál eins og utanríkis- og varnarmál sem áður fyrr skiptu þjóðinni mjög í fylkingar — framkvæmd varnarmála, samskiptin við Alþjóðaviðskiptastofnunina og framhald þeirra samninga sem næstir eru á döfinni í þeim málum, hafréttarmálin, samninga um réttindi okkar til veiða utan eigin efnahagslögsögu og loks umhverfismálin. Þetta eru sennilega málaflokkar sem hver og einn og allir í heild skipta meira máli fyrir afkomu og framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar en margt það sem verið er að sýsla við í svokölluðum fagráðuneytum og kennd eru við innanlandsmál.

Auðvitað gæti verið ástæða til fyrir hv. þingmenn að ræða einstaka þætti þeirra mála. Þó er mönnum vandi á höndum um það í hvaða forgangsröð það á að vera. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni heldur ætla ég að nota þessar fáu mínútur til að biðja hv. þingmenn að hugleiða hversu byltingarkenndar breytingar hafa orðið á öllu okkar umhverfi á mjög skömmum tíma, á um það bil átta árum, og hugleiða í leiðinni í framhaldi af því hvaða áhrif þetta muni hafa á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi, sem er meginefni skýrslunnar sem lögð hefur verið á okkar borð.

Hver hefði trúað því á fyrri hluta árs 1989 ef því hefði þá verið haldið fram að innan fárra vikna og mánaða mundi almenningur í Þýskalandi rífa niður Berlínarmúrinn með eigin höndum, þetta hataða tákn skiptingar Evrópu allt frá seinni heimsstyrjöldinni, og látið fylgja með að innan fáeinna mánaða, missira, hefðu þjóðir Mið- og Austur-Evrópu rekið af höndum sér fulltrúa erlendrar yfirdrottnunar, endurheimt sjálfstæði sitt og hafið gönguna í átt til þess að endurbyggja frá grunni þjóðfélög sín í anda lýðræðismarkaðsbúskapar og réttarríkis, að Varsjárbandalagið, þetta volduga bandalag sem hafði áætlanir um að leggja undir sig Evrópu í leifturstríði á nokkrum dögum, hryndi til grunna, að herir þeirra sem hernámu þessi lönd yrðu kvaddir heim þegjandi og hljóðalaust, að sameining Þýskalands, sem jafnvel framsýnir menn eins og Adenauer og aðrir slíkir töldu að mundi standa a.m.k. í heila öld, væri orðin að veruleika, að Eystrasaltsþjóðirnar hefðu á örskömmum tíma endurheimt sjálfstæði sitt og hefðu verið frelsaðar úr klóm gamla sovéska nýlenduveldisins, að Sovétríkin sjálf, þetta risaveldi hálfrar aldar í kalda stríðinu sem var talið jafnoki Bandaríkjanna, hyrfu eins og dögg fyrir sólu eða kannski öllu heldur eins og hátimbrað hrófatildur yfir á öskuhauga sögunnar, að Kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna, þetta volduga afl sem í 70 ár hafði boðað heimsbyggðinni aðra hugmyndafræði, yrði lýstur frammi fyrir dómstóli í Rússlandi ekki sem stjórnmálaflokkur heldur glæpasamtök? Og svona gætum við haldið lengi áfram að telja upp.

Hver hefði trúað því, ef því hefði verið haldið fram, að innan skamms tíma mundi Atlantshafsbandalagið og Rússland gera með sér samstarfssáttmála sem þýðir að búið er að koma á nánu daglegu samstarfi fastafulltrúa í höfuðstöðvum NATO og varnar- og herliðsæfingum með reglubundnum hætti milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands?

Hver hefði trúað því að innan fárra ára yrði boðað til ráðstefnu þar sem saman væru komnir tíu þjóðarleiðtogar Mið- og Austur-Evrópuríkja, þeirra þjóða sem kannski hafa orðið harðast úti fyrir böli sögunnar á 20. öldinni, lýðræðislega kjörnir menn þar sem saman væru komnir bæði þeir sem gistu gúlagið forðum daga og hinir sem voru í þjónustu nomenclaturunnar og algerlega sammála um eitt, þ.e. að framtíð þessara þjóða byggðist á því að þær gætu tryggt stöðugleika og öryggi í framtíðinni með því að ganga inn í Atlantshafsbandalagið — nota bene Atlantshafsbandalagið undir forustu Bandaríkjanna með þeim öryggistryggingum sem það þýðir — og í Evrópusambandið og að ákvarðanir hefðu þegar verið teknar um að þrjú þessara ríkja hæfu samningagerð um inngöngu í Atlantshafsbandalagið, sex inn í Evrópusambandið og hinum sem utan stæðu enn væri tryggt að bæði þessi samtök lýðræðisríkjanna í heiminum stæðu opin og samninganir mundu halda áfram?

Sá maður er ekki til á jarðríki sem hefði trúað því ef slík tíðindi hefðu verið sett fram sem framtíðarspá um mitt ár 1989. Samt hefur allt þetta gerst. Og þetta hefur gerst svo hratt og tíðindin hafa borist svo hratt að það á enn eftir að líða langur tími áður en menn átta sig á því hversu byltingarkenndar þessar breytingar eru og hversu gersamlega öll okkar heimsmynd hefur breyst. Reyndar má bæta við að ef einhver hefði haldið því fram undir lok seinni heimsstyrjaldar að það mundu ekki líða mörg ár áður en þær þjóðir sem bárust á banaspjótum, þ.e. Frakkar og Þjóðverjar, yrðu nánustu bandalagsþjóðir Evrópu og kjarninn í rísandi friðarbandalagi Evrópu, þ.e. Evrópusambandinu eða þá að ríki eins og Japan væri orðið eitt mesta efnahagsstórveldi heims og nánasta bandalagsþjóð Bandaríkjanna í Asíu, þá hefði enginn maður trúað því heldur.

Ef þessu hefði verið haldið fram í vísindaskáldsögu sem skrifuð hefði verið á þessum tíma, þá hefði mönnum ekki þótt taka því að lesa hana því hún hefði þótt svo fjarstæðukennd. Samt sem áður hefur allt þetta gerst. Og að ætla sér að ræða um utanríkismál núna eins og örlað hefur á hjá sumum hv. þingmönnum á forsendum þeirrar veraldar sem var fyrir árið 1989 er dapurlegt vegna þess að ef þetta allt saman, eitt og sér og allt í heild nægir ekki til að menn endurskoði afstöðu sem tilheyrir forsendum liðinnar veraldar, þá veit ég ekki hver ósköpin þurfa að ganga á til að menn endurskoði hug sinn í ljósi staðreynda.

Umræða um Evrópumál er náttúrlega eitt stærsta mál okkar samtíma. Því miður er það svo að þjóðfélag okkar er eitt af þeim — kannski það eina í Evrópu þar sem engin viti borin umræða fer fram um þetta mikla mál og menn láta sér nægja að vísa því frá sér sem óþægilegu og umdeilanlegu þannig að í raun verður að álykta sem svo að þar látum við reka og sennilega verður það mál ekki tekið upp af alvöru af þeim sem stýra hagsmunaaðilum í þjóðfélagi okkar nema þeir standi beinlínis frammi fyrir því að þeir verði til neyddir af fjárhagslegum skammtímaástæðum. Engu að síður er mér það alveg jafnljóst og nánast meiri hluta þjóðarinnar að sú tíð kemur að við munum taka þá ákvörðun þótt við verðum kannski á seinustu skipunum meðal Evrópuþjóða. Svo er guði fyrir að þakka að EES-samningurinn bjargar þó því sem bjargað verður ef það á að taka forustumenn íslensku þjóðarinnar enn mörg ár að hugsa það mál til enda.

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að biðja hv. þingmenn að hugleiða það að í samanburði við þær byltingarkenndu breytingar sem orðið hafa á skömmum tíma má kannski segja að þær breytingar sem orðið hafa á högum íslensku þjóðarinnar eftir stríð frá stofnun lýðveldis eru ekki byltingarkenndar en að mörgu leyti afskaplega farsælar. Ég er þeirrar skoðunar þegar ég lít til baka að þrjár ákvarðanir hafi skipt mestum sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar sem teknar hafa verið af forustumönnum íslensku þjóðarinnar á lýðveldistímanum. Fyrsta ákvörðunin var um stofnaðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Næst í röðinni voru ákvarðanir forustumanna lýðveldisins um að taka frumkvæði í breytingum á hafréttinum með útfærslu efnahagslögsögunnar og landhelginnar í 200 mílur í áföngum. Og þriðja ákvörðun af sama toga og svipuð að mikilvægi var ákvörðun um inngönguna í EES á sínum tíma.

Þegar við lítum yfir þetta, þá getum við sagt að þeir sem höfðu framsýni og dirfsku til að taka slíkar ákvarðanir, svo umdeildar sem þær voru allar á sínum tíma, hafa sannanlega unnið þjóðinni mikið gagn.

Ég ætla að staldra við ákvörðunina um inngönguna í NATO vegna þess að hún hefur lengst skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar. Ég held að engum blandist hugur um það þegar við lítum til baka hversu stórkostlega skynsamlega og vel sú ákvörðun hefur reynst. Á tímabili kalda stríðsins þýddi hún það að hún tryggði öryggi þjóðarinnar og þar með skilyrði fyrir efnahagslegri farsæld okkar. Hún fyllti upp tómarúm sem ella hefði freistað árásargjarns heimsveldis til að láta til skarar skríða á Norður-Atlantshafinu. Hún tryggði siglingaleiðirnar milli hinna miklu lýðræðisheilda Evrópu og Ameríku. Hún eyddi óvissu. Hún skapaði Íslendingum sem smáþjóð stórkostlega aukin áhrif í hinu alþjóðlega samfélagi. Það er enginn félagsskapur sem hefur raunverulega aukið áhrif Íslendinga í heiminum jafnmikið og Atlantshafsbandalagið, hvort heldur til að sinna eigin hagsmunamálum, til lausnar á landhelgismálinu eða að hafa áheyrn og áhrif í samfélagi þjóðanna, eins og t.d. þegar við kusum að beita okkur fyrir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóða þegar aðrir þögu.

Við eigum að sjálfsögðu af þessu tilefni þegar við lítum til baka að lýsa yfir virðingu okkar og þakkarhug til þeirra leiðtoga lýðveldisins sem stóðu að baki ákvörðunum sem svo vel reyndust um leið og við beinum því til hv. þingmanna sem nú sjá þessa sögu eftir á í samhengi að endurskoða nú afstöðu sína til deilumála sem löngu eru liðin, grafa stríðsaxir sem ekki þarf að hreyfa lengur og mega gjarnan ryðga í jörð, vegna þess að hér tala staðreyndirnar. Og staðreyndirnar eru þær að Atlantshafsbandalagið hefur ekki aðeins reynst svo vel á tímum kalda stríðsins heldur er það í raun og veru óumdeilanlega kjarninn í því nýja og fjölþætta öryggiskerfi sem verið er að byggja upp í þessum heimshluta. Þeir sem áður voru í fylkingu kommúnista í Austur-Evrópu deila ekkert um þetta lengur. Þeir eru fremstir í hópi þeirra sem vilja leiðar þjóðir sínar inn í hið nýja öryggiskerfi vegna þess að þeir vilja endurheimta frumburðarrétt þjóða sinna til að vera í samfélagi þjóðanna, Evrópubandalaginu, Atlantshafsbandalaginu á nýrri öld. Í raun er það þyngra en tárum taki ef menn á Íslandi vilja halda áfram deilum sem enga merkingu hafa og tilheyra liðinni tíð í stað þess að draga réttar ályktanir af þessari miklu sögu.

Sjálfir hljótum við að draga ályktanir af okkar reynslu og sögu á viðsjárverðum tímum kalda stríðsins og síðar. Ég held að þær lexíur séu mjög einfaldar. Þær eru þessar: Íslendingum hefur ævinlega farnast verst þegar þeir hafa einangrað sig frá samstarfi við grannþjóðir sínar. Þeim hefur ævinlega farnast best þegar þeir hafa treyst sér til að taka fullan þátt í samstarfi við helstu grannþjóðir sínar af fullu sjálfstrausti og á jafnréttisgrundvelli. Við höfum sýnt það í reynd að við erum fyllilega menn til þess að axla þá ábyrgð og standa undir þeim skuldbindingum og jafnframt njóta þeirra réttinda sem slíkt alþjóðlegt samstarf felur í sér. Það er hin stóra lexía sem við þurfum að læra og þjóðin þarf að skapa samstöðu um í ljósi þeirrar sögu sem ég hef aðeins fjallað um.

Virðulegi forseti. Takk fyrir.

[13:47]

**Útbýting þingskjala:**

Afli dragnótarbáta í Faxaflóa, 223. mál, svar sjútvrh., þskj. 286.

Rannsóknir á lífríki sjávar, 168. mál, svar sjútvrh., þskj. 273.

[13:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri ræðumenn þakka fyrir þessa umræðu, fyrir skýrslu hæstv. utanrrh. og lýsa ánægju minni með að slík skýrsla fylgi umræðum um utanríkismál að þessu sinni og vona að það verði reglan að menn taki þessi mál fyrir þannig að jafnan liggi fyrir, a.m.k. árlega, ítarleg skýrsla um þróun mála á þessu sviði þar sem hæstv. utanrrh. lýsir áherslum sínum og greinir frá því sem á dagskrá er í utanríkismálum og þeirri vinnu sem í utanrrn. er unnin á þessu sviði. Ég vil fyrst drepa á nokkur atriði úr ræðu hæstv. ráðherra og fylgja þeirri kaflaskipan sem í hans ræðu er.

Í fyrsta lagi kemur hæstv. ráðherra að því að breyttar áherslur hvað varðar rekstur sendiráða erlendis og tilgang eða markmið með þeim séu að eiga sér stað og í takt við það sem æ fleiri ríki kjósi að gera, þ.e. að nota sendiráð sín og diplómatísk tengsl og sambönd til að efla útflutningsstarfsemi og viðskipti. Um þessa breytingu hef ég gott eitt að segja að því tilskildu að þannig sé að henni staðið að hún skili árangri og samræmist eftir sem áður því sjálfstæða hlutverki sem stjórnmálalegt eðli þessarar starfsemi hlýtur auðvitað alltaf að kalla á. Sömuleiðis er ljóst að slík starfsemi getur eðli málsins samkvæmt aldrei orðið annað en almenns eðlis og má ekki beinast að því að mismuna fyrirtækjum eða blanda sér á neinn hátt inn í þá starfsemi umfram það að leggja almennt lið jákvæðri þróun utanríkisviðskipta okkar.

Í öðru lagi kemur hæstv. ráðherra inn á það í ræðu sinni að nokkur ágreiningur hafi verið uppi um samskipti við ríki þar sem mannréttindi eru fótum troðin og um það fjallar hæstv. ráðherra í nokkrum orðum. Ég reyndar er efnislega að mestu leyti sammála þeim anda sem þar kemur fram, að ekki sé rétt að útiloka tengsl við slík ríki nema um það séu þá teknar lýðræðislegar ákvarðanir á alþjóðavettvangi, vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða annars staðar, en þó beri jafnan að gera slíkt með tilliti til þess að þolendur slíkra aðgerða verði ekki fyrst og fremst saklaus almenningur.

Ég hef hvatt til þess bæði hér á Alþingi og á vettvangi Norðurlandaráðs að norrænu ríkin móti sér áherslur í þessum efnum og endurmeti eða beiti sér fyrir því að á alþjóðavettvangi verði beiting slíkra tækja í alþjóðasamskiptum endurmetin. En þegar kemur að samskiptum einstakra ríkja við lönd þar sem mannréttindi eru fótum troðin, þá er það að

mínu mati ljóst, herra forseti, að menn komast ekki hjá því að leggja siðferðislegt mat á það hvað sé við hæfi í hverju tilviki. Gera verður skýran greinarmun á annars vegar því sem hægt er að ætlast til af fyrirtækjum sem eru í viðskiptum, lúta þeim alþjóðalögum sem þar gilda og eiga að sjálfsögðu að sæta þeim takmörkunum sem alþjóðasamfélagið hefur ákveðið — en ekki er hægt að ætlast til meira af þeim — og því sem ríki taka sér fyrir hendur hins vegar og hvað þykir við hæfi í slíkum tilvikum. Þess vegna endurtek ég það sem ég hef hér sagt um opinberar kurteisisheimsóknir, að það ber að vega það og meta mjög vandlega í hverju tilviki hvað sé við hæfi að gera í þeim efnum. Vitna ég þar til orðaskipta sem við hæstv. utanrrh. höfum m.a. átt um ríkið Indónesíu.

Varðandi norrænt samstarf vil ég aðeins segja að ég tel að mikilvægt sé að menn hafi í huga að norrænt samstarf og samstarf þjóða á norðlægum breiddargráðum hefur sjálfstætt inntak og er ekki bara spurning um að þessi ríki samræmi stefnu sína varðandi þátttöku í evrópsku samstarfi. Ég held að við Íslendingar eigum einmitt að halda því á lofti að það hefur mikið og sjálfstætt gildi fyrir okkur að norrænt samstarf sé öflugt og að samskipti Norðurlandanna við nágrannaríki sín á norðlægum breiddargráðum verði efld. Það er að sjálfsögðu jákvæð þróun sem felst í stofnun Norðurskautsráðsins og í auknum samskiptum Norðurlandanna við lönd eins og Eystrasaltsríkin og Rússland. Það leikur enginn vafi á því að miklir og margvíslega sameiginlegir hagsmunir tengja þessi lönd, Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin, Rússland, Kanada og Bandaríkin og fleiri aðila sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði. Ég vara þess vegna sérstaklega við því að menn lesi þá merkingu út úr norrænu samstarfi að það taki aðeins til Evrópumála. Þó að Evrópumál og þátttaka norrænu ríkjanna eða tengsl norrænu ríkjanna við Evrópu að öðru leyti séu vissulega eitt af viðfangsefnum norræns samstarfs og einn þriðji af skipulagsbundinni verkaskiptingu í Norðurlandaráði þar sem starfa svokölluð Norðurlandanefnd, nærsvæðanefnd og Evrópunefnd, þá er það mikill misskilningur að norræn samvinna nú eða í framtíðinni snúist eingöngu um þetta.

Þegar kemur að Evrópumálunum, þá vil ég aðeins nefna lítillega vandræðaganginn með Schengen-samninginn. Fyrst er reyndar óhjákvæmilegt að minnast á hina stórbrotnu ræðu sem hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, hélt í morgun þar sem hann eyddi nánast öllum ræðutíma sínum og öllum sannfæringarkrafti með mikilli rökfimi í að reyna að sannfæra okkur hin og áheyrendur um að engar hættur fælust í því fyrir Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu og gerast aðilar vegna þess að t.d. hvað varðaði sjávarútvegsstefnuna, væri hægt að sjá við þessu öllu saman. Spánverjar væru hinir mestu heiðursmenn og mundu alls ekki fara fram á neinn kvóta á Íslandsmiðum og allt þar fram eftir götunum og þótti mér nú tíra nokkuð þegar þangað var komið í röksemdafærslunni.

Ræðan var fyrst og fremst merkileg fyrir það að með þessum áherslum sínum kaus hv. þm. að gera það skýrt að fyrir honum er þetta í mál málanna og svo mikið að hann hafði ekki nema eina eða tvær mínútur í loðnusamninginn og gat alls ekkert minnst á norsk/íslensku síldina sem hefur þó verið honum hugfólgnari en flest annað í umræðum um utanríkismál undanfarin ár. En einhverju verður að fórna og jafnvel norsk/íslenska síldin hverfur í skuggann af þessu mikla kappmsáli sem hv. þm. telur það vera að sannfæra þjóðina um að okkur sé ekkert að vanbúnaði að sækja um og gerast aðilar að Evrópusambandinu.

Varðandi Schengen-klúðrið vil ég aðeins segja að það er að mínu mati einn takmarkaðasti kaflinn í ræðu hæstv. ráðherra hversu ódýrt hæstv. ráðherra er að reyna að sleppa frá þeim vandræðagangi öllum sem það mál hefur verið og er. Það liggur fyrir að ég er ósammála hæstv. ráðherra, og við höfum áður átt orðaskipti um það, að Íslendingar og Norðmenn eftir atvikum hafi staðið frammi fyrir því að Norræna vegabréfasambandið mundi hrynja nema þeir gerðust aðilar að Schengen. Í byrjun var málið alls ekki sett þannig fram. Í byrjun var sagt: „Norðurlöndin ætla að halda vegabréfasambandinu, síðan fara í viðræður um að finna lausn á því hvernig þau geta tengt það við Evrópu." Þetta var sagt og liggur fyrir m.a. frá fundinum í Helsinki, hæstv. utanrrh. Síðan gerist það að menn fara að gefa sér að eina lausnin felist í því að Íslendingar og Norðmenn elti þær Norðurlandaþjóðirnar sem ákveði að gerast aðilar að Evrópusambandinu. En staðreyndin var sú að hvað Ísland, Noreg og Danmörku snertir, sem ekki hefur mjög sérstaka stöðu gagnvart Schengen og miklar undanþágur eins og kunnugt er og hefur í raun og veru sjálfdæmi um það hvernig þeir tengjast inn í vegabréfasambandið, þá var fullur vilji til þess að skoða aðra mögulega niðurstöðu, sem sagt þá að Norðurlöndin semdu sjálfstætt um tengingu sína við Schengen-samstarfið rétt eins og til að mynda Bretar og Írar hafa hugsað sér að gera. Það er alveg ljóst og var rétt sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf., Einars K. Guðfinnssonar, að það er langt í frá að það sé að öllu leyti einfalt mál, tæknilega og praktískt, hvernig við Íslendingar komum þessum hlutum fyrir og það er síður en svo að það sé að öllu leyti álitlegur kostur fyrir íslenska ferðaþjónustu að fara þarna inn. Ég nefni þar bara þá miklu sérstöðu sem Flugstöðin í Keflavík hefur vegna þess að hlutföllin í umferð farþega þar eru allt önnur en á venjulegum evrópskum flugvöllum. Við fáum hér í gegn miklu hærra hlutfall af farþegum sem koma utan Schengen-svæðisins vegna hinnar miklu umferðar til Norður-Ameríku og það mun skapa praktísk vandamál og kostnað langt umfram það sem hlutfallslega gerist á öðrum evrópskum flugvöllum og þykir mönnum þó nóg um þar, eins og t.d. á Kastrup og kom fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, fyrir nú utan það að af hreinum tæknilegum eða praktískum ástæðum er afar erfitt að sjá hvernig tengiflug Flugleiða getur gengið upp vegna kvaðanna sem Schengen mun leggja á það og í ljósi þess afar stutta tíma sem fleiri hundruð ef ekki þúsundir farþega hafa til að skipta um flugvélar í Keflavík morgna og síðdegis þegar tengiflugið mætist. Um þessa hluti á að ræða eins og þeir eru en ekki fela þennan vandræðagang og þetta klúður allt saman í óljósum texta eins og mér finnst vera gert hér. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni, herra forseti.

Stækkun NATO höfum við áður rætt og þar er kannski ekki margt nýtt á döfinni annað en nú liggur niðurstaðan fyrir sem þó var að mestu leyti fyrirséð. Ég hef sagt og segi enn: Ég óttast því miður að Evrópa sé að glata gullnum tækifærum til þess að byggja upp nýjar og heildstæðar lausnir í sínum öryggismálum. Það er gamaldags og íhaldssamur hugsunarháttur að þora ekki að hugsa þá hluti upp á nýtt, heldur líta einungis á þá út um gluggann á gamla NATO. Staðreyndin er sú að það voru uppi og eru kannski að einhverju leyti enn söguleg tækifæri í stjórnmálum í Evrópu nú, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti réttilega á hér áðan, sem helst er hægt að jafna við árin eftir fyrra stríðið og árin eftir seinna stríðið. Þá var því klúðrað í bæði skiptin að byggja upp heildstæða öryggismálalausn fyrir Evrópu þar sem allir

væru með og spennan fór að byggjast upp á nýjan leik á grundvelli nýrra lína sem voru dregnar milli ríkja. Því miður eru menn enn fastir í sama hugsunarhættinum, að búa til nýja línu í Evrópu, að vísu aðeins austar, að taka nokkur best stöddu ríkin í Mið-Evrópu, þau sem í sjálfu sér eru í minnstri þörf fyrir stuðning hvort heldur er efnahagslegan eða hernaðarlegan og leyfa þeim að ganga í hinn útvalda klúbb velmegunarríkjanna á Vesturlöndum, taka þau undir verndarvæng NATO en skilja hin eftir og færa línuna austar. Og það er, herra forseti, dapurlegt ef menn klúðra því tækifæri sem þarna var og er vonandi enn að einhverju leyti uppi, í stað þess að reyna að byggja á heildstæðum lausnum, byggja á stofnunum eins og ÖSE þar sem allir eru fullgildir og jafnréttháir meðlimir.

Í sambandi við varnarmálin hér heima má spyrja hins sama: Er það mjög framsækin, róttæk eða ný hugsun að sjá ekkert annað en að ríghalda í herinn af því að hann hafi verið hér og/eða að einhvern tíma hafi verið ástæða til þess að hafa hann eins og sumir vilja meina?

Af hverju þora menn ekki að horfast í augu við hina breyttu heimsmynd og leggja það niður fyrir sér hvernig skynsamlegast sé að við Íslendingar sjálfir tökum frumkvæðið í því að semja um brottför hersins og ganga frá okkar málum í ljósi þess að herinn vill fara, heldur en að sitja uppi með vandræðalegan texta af því tagi sem hér er í ræðu hæstv. ráðherra, *að við höfum því miður verið undir stanslausum* þrýstingi um að draga þarna saman og það hafi verið erfið varnarbarátta að halda í herinn og hermangsumsvifin. Það er ekki mikil reisn yfir því. Myndarlegra væri að hæstv. ráðherra hefði boðað að hann mundi sjálfur beita sér fyrir því að viðræður færu af stað við Bandaríkjamenn um þessi mál og helst þá í þverpólitískum farvegi. Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að ég hef lagt inn til skjaladeildarinnar þáltill. sem gengur út á það að Íslendingar sjálfir óski eftir viðræðum við Bandaríkjamenn um það hvað við skuli taka þegar núgildandi bókun um umsvifin í Keflavík rennur út á árinu 2001 og reyndar með uppsagnarári frá miðju ári 2000. Ég tel að við eigum tímanlega áður en sú bókun er úr gildi fallin eða komið að uppsagnarákvæðum hennar að taka frumkvæðið í því sjálf að leiða þessi mál til lykta með því að við yfirtökum reksturinn í Keflavík og eftir atvikum á grundvelli einhverra samninga um framhaldið sjáum þar um að hafa tiltækan þann viðbúnað sem niðurstaðan kynni að verða að viðhafa.

Ég get ekki tekið undir mærðarfullan texta hæstv. utanrrh. um heræfingarnar eða Vestur-Víking eða Samvörð eða hvað það nú hét að þessu sinni sem verið var að brölta með í sumar. Helstu rökin sem hér koma fram eru þau, sýnist mér, eins og segir á bls. 8 í ræðu ráðherra, að þessi æfing hafi fengið afar jákvæða athygli erlendis. Ég segi nú alveg eins og er að mér er bara nákvæmlega sama um það. Mér er alveg nákvæmlega sama um það þó þetta brölt hér á miðhálendinu hafi fengið afar jákvæða athygli erlendis. Þetta er til leiðinda og óþurftar, veldur truflunum og er óvinsælt af landsmönnum og er í hrópandi ósamræmi við þá ímynd af hreinni og óspilltri náttúru og friðsælu landi sem við erum að reyna að selja ferðamönnum á sama tíma. Við eigum ekki að leggja okkar land undir svona fíflalæti eins og þessar heræfingar hafa verið.

Um loðnusamninginn vil ég segja að þar er ég hins vegar sammála hæstv. ríkisstjórn. Ég tel að það hafi verið rétt að segja samningnum upp og alveg sérstaklega vegna þess að það hefði ekki verið góð niðurstaða í samskiptum okkar við Norðmenn, eins og málin standa í augnablikinu, að láta þennan samning framlengjast til fjögurra ára. Ég teldi það í sjálfu sér góða niðurstöðu þó að samningurinn yrði framlengdur lítt breyttur ef hann yrði einungis látinn gilda til eins árs í senn þannig að málið væri jafnan opið og Norðmenn skildu að ef þeir sýna okkur áfram óbilgirni og engan samningsvilja, þá áskiljum við okkur allan rétt til að kasta þeim út úr þessum samningi.

Að lokum, herra forseti, hafði ég ætlað mér að nefna lítillega skammarleg framlög okkar til þróunarsamvinnu en ég læt mér nægja að vitna þar til þáltill. sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir höfum flutt um að auka þau framlög verulega á næstu árum.

[14:03]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru mörg atriði í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem væri ástæða til að taka upp í andsvari, en ég vil aðeins einbeita mér að einu og það er almannavarnaæfingin Samvörður 97 þar sem ég leyfði mér að taka þannig til orða að þessi æfing hefði fengið afar jákvæða athygli erlendis.

Er það ekki merkilegt mál að hingað skuli koma 20 þjóðir til þess að æfa almannavarnir á Íslandi? Er það ekki merkilegt mál að við skulum vilja leita samstarfs við aðrar þjóðir *gagnvart þeirri vá sem náttúruhamfarir eru hér á Íslandi* eða í öðrum löndum? Er það ekki merkilegur hlutur að Rússar tóku þátt í þessari æfingu? Er það ekki merkilegur hlutur að Eystrasaltsþjóðirnar allar tóku þátt í þessari æfingu og aðrar þjóðir sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum? Að sjálfsögðu er hér um afar merkilegan atburð að ræða og það er líka mjög merkilegt að þetta er fyrsta æfingin innan friðarsamstarfsins sem stýrt er af borgaralegum aðila.

Ég hélt satt best að segja að þetta væri m.a. ekki aðeins í þágu íslensku þjóðarinnar heldur í þágu þeirra sem telja og vilja að annars konar öryggismál en þau sem tengjast herafla komi inn í umræðuna og komi fram í reynd í okkar umhverfi. Ég hef skilið hv. þm. Alþb. fram að þessu þannig að það sé eitthvað svona sem þeir vilja sjá. Þeir vilja sjá nýja heimsmynd og nýjar áherslur. Þetta er m.a. þáttur í því að breyta þessu að frumkvæði Íslands og það hefur vakið mikla athygli erlendis. Það er staðreynd. En að mönnum skuli líka það illa og vera nákvæmlega sama hvað öðrum finnst um okkur, það er dálítið merkileg yfirlýsing.

[14:05]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var að vísu ljóst að ég mundi koma við ákaflega snöggan blett á hæstv. utanrrh. ef ég leyfði mér að gagnrýna fyrirbærið Samvörð því að þetta afkvæmi hans virðist vera honum alveg sérstaklega hjartfólgið þar sem þetta hafi fengið jákvæða athygli erlendis að það sé svona dýrmætt og vegna þess að 20 þjóðir hafi tekið þátt í þessu.

Staðreyndin er nú sú að ef við lítum á þetta út frá almannavarnagildinu sem slíku, þá vitum við Íslendingar auðvitað vel að við mundum fyrstu klukkutímana og sólarhringana væntanlega sem verulegar náttúruhamfarir yrðu hér fyrst og fremst þurfa að treysta á okkur sjálf. Að sjálfsögðu gæti verið gott, og við því að búast, að við fengjum síðan á síðari stigum málsins stuðning til að glíma við slíka hluti. En það liggur alveg í hlutarins eðli að Hvít-Rússar eru ekki komnir hingað bara eins og hendi sé veifað ef einhvers staðar gýs. Það gerist ekki þannig. Þessi æfing er því sviðsett athöfn og ekki að öllu

leyti í takt við þann raunveruleika sem yrði óhjákvæmilega uppi ef skyndilegar og miklar náttúruhamfarir yrðu á Íslandi. Og af hverju er þessi sviðsetning? Hún er vegna þess að þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli er mjög mikið í mun að sýna umheiminum jákvæða hlið á sér. Þetta er ímyndasköpun eins og ég held að sé þýtt yfir á íslensku, það sem á löggiltu tungumáli NATO mundi heita image making. Menn eru að búa til þarna jákvæða framhlið á hernaðarbröltinu. Það er það sem ég hef gagnrýnt. Ég hef gagnrýnt að menn blandi saman annars vegar almannavörnum og borgaralegum hlutum og hins vegar þessu hernaðarbrölti. Og víðast hvar annars staðar en á Íslandi þykir það ekki góð latína að blanda saman annars vegar vörnum og hins vegar almannavörnum vegna þess að almannavarnirnar lúta öðrum lögmálum. Það þykir ekki gott t.d. að stjórnsýslulega sé þessu hrært um of saman. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra veit þó að ótrúlega lítið færi fyrir þeirri umræðu þegar þessar æfingar fóru fram.

Varðandi nýja og breiðari skilgreiningu á öryggishlutverkinu sem við vinstri menn höfðum beitt okkur fyrir og talað fyrir, t.d. á norrænum vettvangi, þá er það hárrétt, en allt önnur Ella, hæstv. utanrrh., þó að menn vilji líta á öryggi fólks í víðara samhengi en þetta brölt sem hér fór fram.

[14:08]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þannig að hann geti nánast ekki hugsað sér að ræða þessi mál á öðrum forsendum en að Atlantshafsbandalagið verði lagt niður. Það er bara meginforsenda í öllum hans málflutningi og ef ekki er byggt á því, þá er allt ómögulegt. Ef Atlantshafsbandalagið er að breytast eins og það er, þá er það líka ómögulegt.

Auðvitað eiga sér stað alveg gífurlegar breytingar á Atlantshafsbandalaginu. Þetta er m.a. eitt af því sem kemur fram í þeim breytingum. En að menn séu eitthvað að þykjast og reyna að láta líta þannig út að þeir séu eitthvað miklu betri en þeir raunverulega eru, það er beinlínis rangt.

Af hverju skyldu þjóðir fyrrum Sovétríkjanna vilja taka þátt í þessu samstarfi? Það er vegna þess að þær vilja vinna með okkur. Við eigum ekki eingöngu að vera að hugsa um það sem getur gerst hér á landi. Það getur líka steðjað að margvísleg vá annars staðar í heiminum, í öðrum löndum. Með þessu erum við Íslendingar að leggja af mörkum og skuldbinda okkur til þess að ef eitthvað slíkt kemur upp, þá séum við líka reiðubúnir til þess að hjálpa til þegar slík ósköp koma fyrir hjá öðrum. Auðvitað sjáum við ekki allt fyrir í þeim efnum og að sjálfsögðu er ekki hægt að sviðsetja slíka atburði nákvæmlega. En við vitum að ef slíkir atburðir gerast, hvort sem það er hér á landi eða annars staðar, þá er ekki hægt að reikna með því að menn standi einir. Menn þurfa á því að halda að hafa samstarf við aðra. Ef menn ætla að skapa öryggi borgaranna, þá þurfa menn líka að leita eftir samstarfi við borgara annarra þjóða og það er verið að gera. Það er ekki verið að reyna að færa það í neinn búning. En það er sorglegt til þess að vita að menn séu svo fastir í kaldastríðstalinu að menn geti ekki unað því að Atlantshafsbandalagið er að gjörbreytast. Það er að breytast í raunveruleg friðarsamtök sem ég heyri að hv. þm. þolir ekki.

[14:10]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði nú haldið að það væri sá hæstv. utanrrh. sem vill ríghalda hér í herinn, þó að í hans eigin ræðu standi að hann sé ekki hér til að verja okkur fyrir neinum sérstökum óvini, sem sé fastur í sama gamla farinu og nái ekki að rífa sig upp úr kaldastríðshugsunarhættinum.

Varðandi það sem ég sagði um það að við mundum þurfa að treysta á okkur sjálfa, a.m.k. fyrstu klukkustundirnar og væntanlega sólarhringana ef náttúruhamfarir bæri hér skyndilega að, þá er það reynslan, herra forseti, sem talar sínu máli og er ólygnust. Praktískar og efnislegar aðstæður liggja þannig. Lega Íslands er slík. Það var ekki hvít-rússneski herinn sem bjargaði Vestmanneyingum í land þegar gaus þar um nóttina. Hann hefði orðið ansi seinn á staðinn, ef við hefðum átt að treysta á hann eða fá flutt sjúkrahús frá Rússlandi. Nei, það var floti Eyjamanna, það vorum við sjálf sem þurftum að bregðast við. Og þannig mun það jafnan þurfa að vera. Það mun aldrei neitt koma í staðinn fyrir skilvirkar almannavarnir sem við skipuleggjum sjálf þó að það sé hins vegar hárrétt að það er ekkert að því að þiggja aðstoð og stuðning ef slíka hluti ber að og það mundum við að sjálfsögðu gera eftir því sem efni stæðu til.

En ég er gjörsamlega sannfærður um að leiksýning af því tagi sem hér fór fram í sumar kæmi ekki til sögunnar fyrr en margir dagar eða vikur þess vegna væru liðnar frá því að óvænta atburði bæri að, ef svo skyldi nú fara sem við vonum að ekki sé.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að ég vil leggja niður NATO. Ég er á móti hernaðarbandalögum og ég tel það sorglegt að klúðra því tækifæri að leggja NATO niður í kjölfarið á því að Varsjárbandalagið liðaðist sundur og byggja upp nýja og heildstæða öryggismálalausn fyrir Evrópu. Það er gamaldags og þröngsýnt að horfa á þetta eingöngu gegnum gluggann út frá gamla NATO og sjá ekkert annað að gera en það að færa út landamæri þess.

Ég held líka að mönnum sé alveg ljóst að NATO var í tilvistarkreppu, þurfti að skapa sér ný verkefni og nýjan tilgang. Það fór í það að stofna svona dótturfyrirtæki til þess að reyna að skapa sér nýja og jákvæða ímynd. Við höfum séð ýmsar kátbroslegar hliðar á því hvernig menn eru að þessu, t.d. þegar bandarískri herinn fór með sínar stóru herþyrlur að flytja rúllubagga inn í Dimmuborgir í þágu umhverfisverndar og í ljós kom, af því að menn hafa nú áhyggjur af gróðurhúsalofttegundum, herra forseti, að þyrlurnar eyddu 20 þúsund lítrum á klukkustund á sama tíma og mývetnskir bændur höfðu flutt helmingi fleiri bagga og notað til þess 35 lítra af dísilolíu.

[14:12]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það er alltaf þakkarvert að á hv. Alþingi fari fram umræða um utanríkismál og samfléttun þeirra við okkar innanlandsmál sem er auðvitað í auknum mæli eitt og hið sama með vaxandi alþjóðlegu samstarfi og vaxandi alþjóðlegum skuldbindingum. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrsluna, það nesti sem hann hefur gefið okkur með ræðu sinni í þessa umræðu.

Ég ætla að takmarka mig við fjögur atriði, fara fáeinum orðum um utanríkisþjónustuna og nokkur atriði sem uppbyggingu hennar tengjast, nefna það sem kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra um umhverfisverndarsamtök sem hefur reyndar borið á góma hér áður í umræðunni, fjalla svolítið

um Schengen-samstarfið svokallaða og það sem þar er uppi óleyst og að lokum nokkur atriði sem varða þann alþjóðasamning sem var undirritaður í Rio de Janeiro 1992 og nú er verið að leitast við að útfæra og ná fram sérstakri bókun með alþjóðlegum skuldbindingum, lagalegum skuldbindingum, á ráðstefnu sem er fram undan í næsta mánuði.

Aðeins um utanríkisþjónustuna. Ég hef oft nefnt það hér á Alþingi að við tökum kannski ekki alltaf sem skyldi tillit til þess mikla og merka starfs sem unnið er af fáliðaðri sveit Íslendinga sem er í þjónustu okkar á erlendum vettvangi og vinnur þar mjög mikilvægt starf. Það er ljóst að fámennt ríki eins og Ísland verður að virða ákveðin takmörk í þeim efnum og verður að velja og hafna, einnig að því er varðar uppbyggingu á sinni utanríkisþjónustu. Ég tek undir það sem ég tel vera jákvætt, að hæstv. utanrrh. ætlar að láta opna skrifstofu á ný fyrir ÖSE í Vín. Það er eðlilegt skref og nauðsynlegt og ber vott um að menn vilji á nýjan leik sinna þeim mikilvægu samtökum eða Öryggismálasamtökum Evrópu á myndarlegri hátt en áður hefur verið gert og fleiri áform eru uppi varðandi utanríkisþjónustuna.

Á dagskrá þessa fundar er tillaga um íslenskt sendiráð í Japan sem ég er fyrsti flutningsmaður að ásamt tveimur öðrum hv. þm. sem eru meðflm. Ég ætla auðvitað ekki að fara að mæla sérstaklega fyrir því máli en vek athygli á því og ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir varðandi ný sendiráð. Ég hef heyrt hæstv. ráðherra nefna Suður-Ameríku en ég hef einnig heyrt ríkisstjórnina nefna Japan í sambandi við frekari uppbyggingu utanríkisþjónustunnar. Þessi tillaga sem hér er endurflutt líklega í annað eða þriðja sinn kom fyrst fram 1991. Það var mitt mat á þeim tíma og þeirra sem stóðu að þeim tillöguflutningi að það væru gild rök fyrir því að við opnuðum sendiráð í Japan eða leituðum eftir samstarfi við Japan um eflingu utanríkisþjónustu landanna hvort hjá öðru og Ísland legði fram þessa áherslu, en hitt varð að ráði að opna sendiráð í Kína. Ég er auðvitað ekki að tefla þessari tillögu, eða við flutningsmenn, gegn þeirri ákvörðun. Hún var tekin. Ég hefði talið skynsamlegt að hafa aðra röð á uppbyggingunni og ég tel ýmislegt að því er snertir samskiptin gagnvart Kína styðja það að menn hefðu átt að opna fyrst sendiráð eða sendiskrifstofu í Japan og fara sér hægar gagnvart Kína.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér það klúður sem mér finnst að hafi komið upp í sambandi við samskiptin við Kína. Mér finnst að íslensk stjórnvöld þurfi að vanda sig í þessum efnum, gæta samkvæmni í aðgerðum sínum. Mér hefur fundist að það væri af hálfu íslenskra stjórnvalda og stjórnmálamanna fullmikil sókn í að tengjast stórveldinu Kína þéttum böndum, að efna þar til mikilla heimsókna og sendiferða. Mér finnst það í nokkurri andstöðu við þá eðlilegu gagnrýni sem fram kemur á mannréttindamál í Kína, eins og þar er á málum haldið.

Hér var líka flutt tillaga af nokkrum hv. þingmönnum Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum um að byggja enn frekar út net utanríkisþjónustunnar í Kína og menn áttu vart orð til að lýsa dásemdum yfir þeirri uppbyggingu sem þar færi fram. Það láðist bara að geta þess að sú uppbygging fer fram undir alsjáandi auga Flokksins með stórum staf en ekki var það tekið fyrir í þeim tillöguflutningi. Ég minni sem sagt á þá tillögu sem hér liggur fyrir um opnun sendiráðs í Japan og jafnframt á þörfina að efla íslensku utanríkisþjónustuna. Í því sambandi tel ég að athuga þurfi möguleika á því að koma upp minni einingum heldur en sendiráðseiningum á okkar vegum. Við höfum takmörkuð efni og ég tel að það þurfi að athuga vandlega hvort ekki sé hægt að bregðast við brýnni þörf með því að koma upp nánast eins manns skrifstofum, ef svo má orða, sem sagt mjög fámennum skrifstofum sem ekki séu fullburða sendiráð en geti rækt samskipti við viðkomandi svæði eða ríki sem í hlut eiga. Ég veit að þessi mál eru til athugunar allvíða, ekki hér kannski sérstaklega, en ég minni á það hér.

Aðeins síðan varðandi þann þátt í skýrslu hæstv. utanrrh. sem snertir umhverfisverndarsamtök. Ég hef áhyggjur af því hvernig íslenskir stjórnmálamenn haga orðum sínum á erlendum vettvangi og á Alþingi að því er snertir frjáls samtök eins og umhverfisverndarsamtök. Ég minni á orð sem fallið hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m.a. af hálfu hæstv. forsrh. á aukaþinginu í vor. Ég kom því á framfæri með óformlegum hætti efasemdum mínum um að þar hafi hæstv. forsrh. hitt naglann á höfuðið. Sama gerðist í haust hjá hæstv. utanrrh. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að fara að flokka umhverfisverndarsamtök í ábyrg og óábyrg. Í þessari skýrslu er eytt heilmiklu plássi, a.m.k. þrisvar tekið upp í ræðu hæstv. ráðherra, í spurninguna um samskipti við umhverfisverndarsamtök og hver séu ábyrg og hver óábyrg. Ég tel að það sé mjög varhugavert fyrir íslenskan málstað að halda svona á málum þó að ég taki vissulega undir þau sjónarmið og hef oft gert það að auðvitað er margt uppi þegar um frjáls félagasamtök er að ræða í heiminum og menn þurfa að vega og meta undir hvaða málflutning menn taka. En ég held að sá málflutningur sem hér er hafður uppi, af hæstv. ríkisstjórn leyfi ég mér að segja, sé mjög tvíbentur svo ekki sé meira sagt. Við Íslendingar eigum góðan stuðning í hópi frjálsra umhverfisverndarsamtaka víða um heim. Ég minni t.d. á það sem ekki var nefnt af hæstv. ráðherra í ræðunni, undirbúning að samningi um bann við notkun lífrænna, þrávirkra efna, þar sem við eigum mjög góðan hauk í horni hjá umhverfisverndarsamtökum, m.a. þeim sem hæstv. ráðherra nefndi í skýrslu sinni. Þar er í undirbúningi fundur á næsta ári til þess að vinna að þeirri samningsgerð og ég veit ekki betur en að World Wildlife Fund hafi opinberlega beðist afsökunar á þeirri auglýsingastarfsemi sem hæstv. ráðherra vitnaði í og það er vissulega góðra gjalda vert og sjálfsagt að gera athugasemdir við málflutning sem ekki samrýmist sjónarmiðum manna. Ég tek undir það. En þetta vildi ég sjá að yrði tekið til yfirvegunar af hæstv. ríkisstjórn og við leituðum bandamanna sem víðast í sambandi við málstað okkar og áttuðum okkur á því að frjáls samtök eru hluti af lýðræðisumræðunni í heiminum og veitir sannarlega ekki af að veita ríkisstjórnum víða um heim, og ekki síst í iðnríkjunum, öflugt aðhald í sambandi við framferði þeirra í sambandi við umhverfismál því að þar er skilningurinn ekki allt of ríkur þegar litið er yfir sviðið.

Síðan um Schengen. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék réttilega að því máli. Nú hefur það gerst, sem sá sem hér talar hefur bent á frá því að þetta mál kom á dagskrá á Alþingi, að Schengen-samningurinn er að verulegu leyti orðinn hluti af samningagangverki Evrópusambandsins frá og með Amsterdam-samningnum og aðeins eftir að staðfesta það af ríkjum Evrópusambandsins. Eins og ég les í málið þá er þar við stóran vanda að fást fyrir utan spurninguna almennt um Schengen, hvort við áttum að fara út í þetta eða ekki. Og ég held að hæstv. ríkisstjórn þurfi að vanda sig vel í því sem fram undan er.

Ég spyr hæstv. utanrrh. í þessu sambandi: Hvernig er

hugmynd ríkisstjórnarinnar að halda á þessu máli gagnvart þinginu? Ég fékk svar hér á dögunum frá hæstv. dómsmrh. um að það ætti að leggja bæði samstarfssamninginn og væntanlega bókun fyrir þingið. Verður þetta gert samhliða, í einu lagi? Verður beðið með það eða verður samstarfssamningurinn sem undirritaður var 19. desember sl. lagður fyrir Alþingi sérstaklega til staðfestingar áður en búið er að leysa gátuna miklu um hvernig eigi að ganga frá samningi við Ísland og Noreg í framhaldi af Amsterdam-samningnum? Þeir sitja nú yfir því, dómsmálaráðherrar Evrópusambandsins, og klóra sér í höfðinu yfir því hvernig eigi að túlka Amsterdam-samninginn og ákvæði hans og breytingar sem snúa að frjálsri för fólks og allt sem henni tengist, sem sagt Schengen-málunum. Hæstv. utanrrh. nefndi ekki Danmörku í þessu sambandi og þær undanþágur sem Danmörk fékk og enginn virðist í rauninni vera fær um enn sem komið er hvernig eigi að túlka. Það er gífurleg ráðgáta innan Evrópusambandsins hvernig eigi að halda á þeim málum að því er varðar undanþágu Dana. Það hefur verið greitt þjóðaratkvæði um það mál. Hvað um Norræna vegabréfasambandið ef Danir fella Amsterdam-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu? Ég á sem sagt við þau ákvæði sem tengjast Schengen sem falla undir Amsterdam-samninginn.

Ég spyr líka hæstv. utanrrh.: Hvað um framkvæmdir í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli sem tengjast Schengen-málinu? Ætlar ríkisstjórnin að leggja út í þær framkvæmdir í óvissu um það hver verður niðurstaða þessa máls? Hvenær er hugmyndin að hefja framkvæmdir við breytingar á flugstöðinni sem varða Schengen-fyrirkomulagið? Margt annað þyrfti að ræða en það verður tækifæri til þess síðar að ræða Schengen-málið sérstaklega.

Aðeins svo varðandi loftslagsbreytingarnar. Þar er um að ræða gífurlega stórt mál. Að því víkur hæstv. utanrrh. í ræðu sinni og það má lesa milli línanna ekki bara efasemdir um að gengið verði frá alþjóðlegum samningi heldur jafnvel að verið sé að vonast eftir því að sá samningur komist ekki í höfn. Það er svipað hljóð og í hæstv. iðnrh., andstætt því sem fram hefur komið hjá hæstv. umhvrh. sem er þriðji ráðherra Framsfl. sem fjallað hefur um þessi mál og virðist áhugasamur um það að þarna verði gengið frá lagalega skuldbindandi samningi og styð ég hann sannarlega í þeirri viðleitni. Og mér finnst ríkisstjórnin á mjög hálli braut í þeim málflutningi sem hér kemur fram hjá hæstv. utanrrh. og hefur komið fram hjá hæstv. iðnrh. þess efnis að við Íslendingar eigum að keppa að því að undanþiggja stóriðju í landinu þessum samningi með þeim rökum að þar sé um umhverfisvæna orku að ræða og þess vegna eigum við að reyna að koma iðnaðaruppbyggingunni út fyrir ramma þessa samnings. Ég sé ekki á hvaða rökum (Forseti hringir.) menn reisa slíkan málflutning. Við erum t.d. í áliðnaði ekki að keppa við kolakynt orkuver. Við erum þar að keppa við vatnsorku annars staðar í heiminum. Hvernig í ósköpunum ætlar ríkisstjórnin að halda á þessum málum?

[14:28]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af Schengen-samkomulaginu, þá er það rétt hjá hv. þm. að það var undirritað samkomulag 19. desember sl. Síðan hafa forsendur breyst. Það hefur farið fram þýðing á þeim samningi sem verður væntanlega lokið 1. desember nk. Ætlunin var að leggja þennan samning sérstaklega fyrir þingið en eins og mál hafa nú þróast, þá kemur vissulega til greina að leggja allt málið fyrir þingið eins og það liggur fyrir í heild sinni. Það hefur þó ekki endanlega verið ákveðið því að það er ekki vitað hvenær þessum samningaviðræðum lýkur því þær hafa ekki einu sinni hafist.

Að því er varðar framkvæmdir sem tengjast stækkun flugstöðvarinnar, þá liggur það alveg ljóst fyrir að það þarf að stækka hana. Það er gert ráð fyrir því í þeim stækkunaráformum að það geti rúmast innan þess ramma að við gerumst aðilar að Schengen-samkomulaginu. Þessar framkvæmdir þurfa að hefjast á næsta ári og miðað við áætlanir um Schengen þarf þeim að ljúka árið 2000. Hér hefur verið gert mikið úr því að þarna séu alls konar erfiðleikar uppi. Auðvitað eru þarna viðfangsefni sem þarf að leysa en þau eru öll leysanleg og þessu samfara er ekki sá mikli kostnaður sem menn hafa gefið í skyn.

Ég vil ítreka þá skoðun mína að ég tel nauðsynlegt fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu samstarfi og það er enginn annar möguleiki fyrir hendi ef menn vilja varðveita Norræna vegabréfasambandið.

[14:30]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar. Mér heyrist sem ráðherrann geri frekar ráð fyrir því að dokað verði við með að leggja samninginn frá 19. desember 1996 fyrir þingið til staðfestingar uns botn er fenginn í málið í heild sinni. Það er auðvitað stefna út af fyrir sig og ég ætla ekki að fara að ráða hæstv. utanrrh. eitthvað í þeim efnum. Ég er ekki áhugamaður um þá lausn sem verið er að reyna að koma í höfn og það hefur ítrekað komið fram. Ekki vegna þess að ég telji það ekki verðugt viðfangsefni að viðhalda Norræna vegabréfasambandinu sem slíku, heldur vegna þess að fjöldamargir þættir tengjast þessum Schengen-samningi sem hafa nánast ekkert með það að gera, en eru þó mótgagnaðgerðir til að draga úr ókostum þess að opna fólki för yfir landamæri án skoðunar. Þar á ég m.a. við þetta gífurlega upplýsingakerfi sem tengist Schengen og það eftirlitskerfi, persónunjósnir er óhætt að segja, sem tengist þessu og lesa má einmitt út úr ræðu hæstv. ráðherra.

Varðandi fíkniefnin, sem reynt hefur verið að andmæla að tengist þessu máli, þá er víða í löndum Evrópusambandsins einmitt mikil umræða um þau í tengslum við opnun landamæra. Frakkar hafa nýlega ítrekað þá stefnu sína að taka ekki í gildi ákvæði Schengen-samningsins vegna ágreinings við Hollendinga sérstaklega og þeirra málafylgju í þessum efnum, svoleiðis að sannarlega eru ekki öll kurl komin til grafar. Ég held að íslensk stjórnvöld ættu að fara yfir málið í heild áður en þau fara að leita á þetta val sem þarna er um að ræða.

Hvað varðar stækkun flugstöðvarinnar þá finnst mér það mjög óeðlilegt og óráðlegt að fara að verja fjármagni, hundruðum milljóna, til þess (Forseti hringir.) að gera ráð fyrir lausn í sambandi við hugsanlegt samstarf við Schengen eða á grundvelli þess samnings (Forseti hringir.) og byggja flókin mannvirki á Keflavíkurflugvelli í því skyni áður en menn sjá í land með þetta mál.

[14:33]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fylgja því að sjálfsögðu ákveðin vandamál að greiða fyrir frjálsri för fólks í heiminum og það fylgja því vandamál að opna landamæri. En fylgja því engin vandamál að hafa öll landamæri meira og minna lokuð? Er það einhver paradís, eins og mér finnst stundum vera talað í þessu máli? Það er sagt að um persónunjósnir sé að

ræða, sem eru alvarlegar fullyrðingar. Það þarf að sjálfsögðu að fylgjast með glæpamönnum, misindismönnum og fíkniefnasölum. Það kerfi sem þarna verður notað lýtur eftirliti óháðrar sameiginlegrar eftirlitsnefndar og þar sitja m.a. fulltrúar Íslands og Noregs. Það hafa verið gerðar athugasemdir við framkvæmdina sem aðildarríkin hafa farið eftir og kerfið hérna heima, ef af verður, mun lúta yfirstjórn tölvunefndar og það verður almenn kæruleið einstaklinga.

Því er haldið fram að landið muni fyllast af fíkniefnum og mátti skilja það svo á orðum hv. þm. Það verður ekki barist gegn fíkniefnum í heiminum nema með sameiginlegu átaki og samvinnu þjóða og ég vil benda á að Schengen-samstarfið nær ekki til vörusviðsins og samkvæmt samstarfssamningnum verður tollaeftirlitið óbreytt. Það hlýtur að vera mikilvægt í þessari baráttu að hafa beinan aðgang að upplýsingum um m.a. glæpamenn og fíkniefnasmyglara til að koma í veg fyrir að þessi vá breiðist út um heiminn á þeim hraða sem raun ber vitni. Það er afar mikilvægt mál og við verðum að sjálfsögðu að taka þátt í því en ekki loka okkur inni.

[14:35]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki loka okkur inni. Hvert er þetta svæði sem á að opna? Það er Vestur-Evrópa, það er Evrópusambandssvæðið. En hvernig bregðast menn við út á við? Þetta svæði er að loka sig af gagnvart öðrum hlutum heimsins. Ísland verður skuldbundið til þess að rifta mörgum tvíhliða samningum sem varða afnám vegabréfaskyldu í krafti þessa. Það verður að hlýða Evrópusambandinu í öllum efnum að því er varðar þessi mál, hlýða Evrópusambandinu, og hefur enga leið til að stöðva þar ákvarðanir og verður að ganga á dyr ef Evrópusambandið verður ekki við okkar frómu óskum, sem við vissulega getum borið fram.

Þetta með frjálsa för fólks. Ég hef á ferðum mínum erlendis ekki fundið neitt tilfinnanlega fyrir því að þurfa að fara í gegnum vegabréfaeftirlit á landamærum. Auðvitað metum við það fyrirkomulag sem var á Norðurlöndum í góðu gildi, Norræna vegabréfasamninginn. Það var ósköp þægilegt, enda margir Íslendingar búsettir þar, en ég hef ekki fundið nein tiltakanleg vandamál við það að ferðast um Vestur-Evrópu þar sem við þurfum að sýna okkar skilríki ef óskað er eftir. Menn skulu því ekki gera mikið úr þessu og menn eiga að líta á ókostina í sambandi við tölvukerfin sem ekkert þingræðislegt eftirlit er með og sem hægt er að misbeita og hér stendur í ræðu hæstv. ráðherra: „Jafnframt fylgir því stóraukið samstarf yfirvalda um eftirlit með glæpamönnum, hryðjuverkamönnum og öðrum þeim sem kynnu að vilja misnota hið nýfengna frelsi.“ Í þessum textum sem varða Schengen (Forseti hringir.) er vikið að þeim sem gætu verið hættulegir öryggi ríkisins og þar eru menn, hæstv. ráðherra, komnir út á grátt svæði.

[14:37]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefði verið freistandi að tala um Schengen en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Við hv. þm. erum ekki sammála í því máli. Ég ætla að gera hér aðeins að umtalsefni í andsvari þau orð sem hv. þm. lét falla út af kafla í ræðu hæstv. ráðherra sem var um umhverfisverndarsinna en hæstv. ráðherra sagði svo, með leyfi forseta:

„Það vekur vissan ugg hversu umhverfisverndarsinnum hefur tekist að fá almenning í hinum iðnvæddu ríkjum til að fylkja sér gegn hvers konar nýtingu sjávarspendýra og ýmissa annarra dýrategunda sem ekki eru í útrýmingarhættu.“ Síðar segir hann: „Það er ekki hægt að líða iðnríkjunum að gera þau ríki sem lifa á náttúruauðlindum að einhvers konar þjóðgörðum.“

Ég er nýkomin af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og þar varð ég vör við áhyggjur Íslendinga, sem þar starfa að jafnaði, af hafréttarmálunum. Það er tilhneiging í þá átt að hafréttarmál fari undir umhverfismál, sem er mjög alvarlegt fyrir okkur Íslendinga, vegna þess að þá kemur upp sú hætta að ekki verði tekið tillit til sjálfbærrar þróunar, þ.e. að ekki verði litið á sjálfbæra þróun sem aðalatriðið í nýtingu auðlinda okkar heldur friðun. Það er tilhneiging í þá átt að eftirlit með sjávarauðlindum okkar eigi að fara undir alþjóðlegt eftirlit. Mér finnst þetta benda til þess að ákveðin ríki ætli sér að fara með veiðar úr fiskstofnunum eins og með hvalveiðarnar, að alþjóðlegar stofnanir og alþjóðleg samtök eigi að ráða því hvað heimilt verði að veiða úr þessum stofnum.

[14:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að gefa tilefni til frekari umræðu um þetta mál sem er sannarlega umræðunnar vert. Ég ítreka að sá tónn sem íslensk stjórnvöld gefa í þessum efnum er mikið áhyggjuefni. Ég held að við séum á mjög hættulegu spori að ætla á opinberum vettvangi, eins og hæstv. ráðherrar hafa gert, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ítrekað á þessu ári að tala án þess að tala skýrt um frjáls félagasamtök, NGO, eins og það er skammstafað á enskunni. Hvernig ætla menn að draga mörkin? Eru menn í almennu stríði við frjáls félagasamtök? Ég held að Íslendingar verði, ef þeir ætla að taka þessa stefnu sem hér er verið að ræða, að tala miklu skýrar. Þeir verða þá að gefa út opinbera skrá um hvaða samtök þeim eru þóknanleg og hver ekki nema þeir séu að gagnrýna heildina. Þetta gengur engan veginn upp. Ég tek alveg undir og hef gert það ítrekað, og það þekkja menn hér á Alþingi, að ég hef ekki tekið undir þann málflutning sem varðar einhverja almenna friðun lífvera t.d. í hafinu. Ég hef tekið það mjög skýrt fram og þann málflutning þekkja menn. En menn geta alveg rætt það við frjáls félagasamtök og menn eiga að halda uppi gagnrýni á það sem menn telja gagnrýnivert af fullum þrótti að sjálfsögðu. En frjáls félagasamtök eru nú einu sinni hluti af okkar samfélagi og þau endurspegla að sjálfsögðu umræðu og hugmyndir sem eru í löndunum þar sem þau starfa, þau bara endurspegla það og menn geta ekki verið að líta á þau sem blóraböggul númer eitt. Þau eiga stuðning eða endurspegla sjónarmið sem eru uppi hjá ríkisstjórnum viðkomandi landa. (Forseti hringir.) Ekki eru það frjáls umhverfissamtök sem hafa komið í veg fyrir hvalveiðar öðrum fremur. Það eru ríkisstjórnir landanna (Forseti hringir.) þó að slík samtök hafi vissulega kynt þar undir. En þau eru bandamenn okkar, (Forseti hringir.) jafnvel sömu samtök, í öðrum málum sem varða lífshagsmuni Íslendinga.

[14:42]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er margt gott hægt að segja um frjáls félagasamtök og get ég tekið undir það með hv. þm. Ég ætla ekki að vera með einhverjar stórar yfirlýsingar um að allt sé rangt sem þau gera. Ég vil heldur ekki að við séum almennt í stríði við þessi samtök. En ég vek einungis athygli á því við Íslendingar þurfum að vera á varðbergi gagnvart þessum sjónarmiðum vegna þess að það eru, því miður, öfgar sem fá að ráða í allt of mörgum tilfellum. Fyrir þjóð eins og

okkur Íslendinga sem lifum á því að nýta auðlindir okkar, þá verðum við virkilega að sinna þessum málaflokki, bæði með því ef mögulegt er að hafa áhrif á þessi samtök, þessi svokölluðu frjálsu félagasamtök, og eins með því að taka virkan þátt í því alþjóðlega samstarfi sem fer fram og þar sem um þessi mál er fjallað. Og það er erfitt að segja hvar á að draga mörkin. En þetta er svo stórt mál fyrir okkur Íslendinga að við verðum svo sannarlega að fylgjast með.

Ég minnist þess í sambandi við hvalveiðarnar að þegar Norðmenn hófu aftur veiðar á hval þá var viðtal við umhverfisverndarsinna, formann frjáls umhverfisverndarfélags í Bandaríkjunum sem sagði að það skipti engu máli hvort fjölgun væri á hval, það væri ekki málið. Það sem skipti máli væri það að þjóð sem veiðir hval er ekki umhverfisverndarsinnuð og svo punktur. Þegar svona öfgar ná yfirhöndinni í slíkri umræðu, þá er ekki gott að bregðast við og vinna gegn því. Og það er erfitt fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga að berjast gegn fullyrðingum sem þessari. En í því tilfelli, eins og svo mörgum öðrum, skiptir máli að vinna með öðrum þjóðum sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og það munum við gera áfram.

[14:44]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að af þessum skoðanaskiptum um þetta efni verði mönnum ljóst að hér er úr vöndu að ráða ef menn ætla að virða rétt fólks til frjálsrar félagamyndunar og starfsemi. Mér finnst nánast sem hv. talsmenn Framsfl. hér í umræðunni séu að gera því skóna að þarna verði að setja einhverjar hömlur á. Það er eiginlega ekki hægt að skilja þetta öðruvísi — sem einhverja óskhyggju um það sem er gersamlega vonlaust verk. Frjáls félagasamtök eru nú einu sinni hluti af tilverunni, einnig á Íslandi sem betur fer, og ég neita því ekki að mér finnst á stundum gæta allt of lítils stuðnings hjá stjórnvöldum hér á landi í garð innlendra félagasamtaka og að æskilegt er að hlúa að starfsemi þeirra sem gildum þætti í okkar lýðræðissamfélagi og þar á meðal umhverfissamtaka.

Ef menn bera saman t.d. stuðning af opinberri hálfu við frjáls umhverfissamtök hér á landi annars vegar og í Noregi hins vegar, þá er það eins og svart og hvítt. Ég held að menn ættu að endurskoða stefnu sína frá grunni í þessum efnum og málflutning á alþjóðavettvangi og sjá hvort við náum ekki meiri árangri en með þessu nöldri, sem ég leyfi mér að kalla svo, þó úr munni ráðherra komi, á alþjóðavettvangi sem ekki leiðir til nokkurs skapaðs hlutar eða skilar nokkrum árangri og ég segi nú bara árangri, sem betur fer, ef hugmyndin er sú að farið verði að flokka hvaða skoðanir menn megi hafa og hverjar ekki.

[14:47]

**Kristján Pálsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla ræðu á þeim mjög svo flókna málaflokki sem utanríkismálin eru sem taka á flestum þáttum mannlífsins. Vil ég leyfa mér að beina sjónum að nokkrum þáttum sem komu fram í máli hæstv. ráðherra.

Ég vil byrja á því að ræða lítillega um þau atriði sem hæstv. ráðherra nefndi í sambandi við mannréttindamál. Í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, segir hann:

„Um það er vissulega ágreiningur hvort hafa eigi samskipti við ríki þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Þetta getur verið álitamál en ég tel ekki rétt að útiloka tengsl við slík ríki, t.d. á sviði markaðsöflunar. Á móti kemur að ekki verður skorast undan því að ræða mannréttindi við ráðamenn þessara ríkja, því að mannréttindi eru ekki innanríkismál heldur grundvallarréttindi sem tilheyra einstaklingnum sem slíkum."

Allt er þetta góðra gjalda vert en í mínum huga er ekki aðeins nægilegt að ræða mannréttindi við þjóðir eins og t.d. Kínverja. Í mínum huga verður að mótmæla ítrekuðum mannréttindabrotum og þess vegna finnst mér orðalag eins og „að ræða" mjög lint. Frekar ætti að segja „að mótmæla" ítrekuðum mannréttindabrotum stórþjóðar eins og Kínverja.

Að tala um að eitthvað í þessu tilliti sé álitamál finnst mér einnig frekar óheppilegt orðalag og vil þar taka sérstaklega til þær ótrúlegu kúgunaraðferðir sem Tíbetar hafa orðið að þola af hálfu Kínverja á undanförnum áratugum eða síðan Tíbet var innlimað inn í Kína. Það má að sjálfsögðu segja að allt sé álitamál og það getur verið álitamál hvort Tíbetar ættu ekki að hætta þessum mótmælum til þess að halda lífi eða fá frið. Það sé þá álitamál hvort ekki sé rétt að leyfa Kínverjum að halda áfram þeirri kúgun sem þeir hafa stundað.

Málefni Tíbeta hafa því miður fengið mjög litla umræðu almennt í okkar annars ágæta landi og þeirra málefni ekki fengið stuðning jafnvel vegna þess að Kínverjar hafa mótmælt ýmsum áformum sem uppi hafa verið af samtökum til að koma á einhverju sambandi við útlaga frá Tíbet. Aðferðir sem Kínverjar hafa beitt til þess að bæla niður alla baráttu í Tíbert eru t.d. að taka „óæskilegt" fólk úr umferð með því að láta það hverfa eða fangelsa það eða setja í þrælkunarbúðir. Þetta hefur bitnað fyrst og fremst á fólki eins og munkum, nunnum og þjóðernissinnum sem hafa haldið uppi andófi.

Það hefur einnig verið tíðkað af hálfu Kínverja, það er ein aðferðin, að banna tíbetsku sem mál í skólum landsins. Það er gert að sjálfsögðu til að drepa niður alla menningu Tíbeta og sjálfsvirðingu og er það áhrifaríkt aðferð sem menn þekkja annars staðar frá.

Að flytja Kínverja til Tíbet er enn önnur aðferðin sem Kínverjar hafa notað til þess að koma upp þjóðflokki Kínverja í Tíbet sem styður hernámið og innlimun landsins í Kína.

Ég held að það sé seint of mikið talað um hversu mannréttindabrot eru tíð í þessu stóra og mikla landi, Kína, en á liðnu ári voru líflátin um 3.500 manns í því landi og á þessu ári einu, það sem af er, hafa verið kveðnir upp sex þúsund líflátsdómar. Það segir náttúrlega margt um það dómskerfi sem þarna er en þær upplýsingar og tölur sem ég hef farið hér með koma frá Amnesty International. Þessir dómar eiga ekkert frekar við glæpamenn, ef við getum orðað það svo, en fólk sem er fangelsað vegna trúarbragða og dæmt vegna þjóðernisstefnu sinnar eða af öðrum ástæðum.

Ég hef gert þetta hér að umræðuefni fyrst og fremst, herra forseti, í ljósi þeirra atburða sem urðu hér á landi fyrir nokkrum vikum síðan þegar varaforseti Tævans kom í heimsókn og olli miklum titringi vegna aðgerða Kínverja sjálfra. Það er að sjálfsögðu alltaf viðkvæmt að ræða mál sem þessi en ég held að þegar um mannréttindamál er að ræða, þá getum við ekki látið viðkvæmni í garð stórríkja ráða þar för. Við sem erum tiltölulega nýfrjáls frá Dönum getum sjálf séð fyrir okkur hvernig farið hefði fyrir okkur ef slíkum aðferðum hefði verið beitt eins og beitt hefur verið í Tíbet á undanförnum áratugum. Mér finnst mannréttindamál ekki álitamál og tæpitunga ekki duga þegar um þau er rætt.

Ég er að sjálfsögðu ekki að gera því skóna að hæstv. utanrrh. samþykki þau brot sem þarna hafa verið, fjarri því.

Ég er einungis að tala um að mér finnist að það megi hafa um það ákveðnara orðaval þannig að það skiljist fyllilega um hvað verið er að tala.

Frjáls för fólks er snar þáttur í máli sem mikið hefur verið í umræðunni hér og eins hjá Evrópubúum, og EES-samningurinn sem er einn af þeim stóru samningum sem þessi þjóð hefur gert, hefur tryggt okkur Íslendingum. Ég vil fagna því hvernig hæstv. ráðherra hefur haldið á þeim málum sem tengjast Evrópu og hugsanlegri Schengen-aðild og ég hygg að það sé einn af þeim hornsteinum sem muni tryggja okkar samstarf í Evrópu enn frekar en gert hefur verið með EES-samningnum. Við höfum góða reynslu af EES og þeim jákvæðu áhrifum sem samningurinn hefur haft á íslenskt þjóðlíf almennt. Segja má að með EES-samningnum hafi frjálsræði orðið mun fyrr á ýmsum sviðum en ella hefði orðið og eru þar nærtæk dæmi eins og innanlandsflug sem gefið var frjálst og leiddi til þess að fargjöld innan lands lækkuðu mjög verulega. Við höfum einnig séð ýmislegt annað, eins og að ríkisfyrirtæki hafa verið gerð að hlutafélögum og við höfum séð alls konar lög eins og upplýsingalög og samkeppnislög sem hafa tengst EES-samningnum á einn eða annan hátt.

EES-samningurinn hefur einnig skapað Íslendingum með mörgu móti frjálsari aðgang að atvinnu í Evrópu, frjálsari flutninga og viðskipti, sem hefur aðeins leitt til góðs fyrir þetta litla land okkar. Ég tel því að með Schengen séum við að auka þessi tengsl, við séum að tryggja enn frekar samstarf okkar inn í Evrópu og það getum við ekki gert öðruvísi en að tengjast Evrópusambandinu enn nánari böndum. Ef við tengjumst ekki inn í Evrópu með Schengen er ég hræddur um að það mundi leiða til einangrunar landsins og verri samskipta. Ég er sammála þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram að Schengen mun auka ferðamannastraum og auðvelda ferðalög Evrópubúa til Íslands. Það mun einnig auka eftirlit með óæskilegum mönnum og innflutningi sem óæskilegur er talinn, vegna eftirlitskerfis sem talað er um að verði sett sameiginlega fyrir öll Schengen-löndin.

Ég hef ekki heyrt það í kerfinu, ef ég má orða það svo, hjá tollyfirvöldum og lögregluyfirvöldum að þau óttist Schengen-sáttmálann og að hann muni auka til að mynda glæpi eða innflutning á óæskilegum efnum nema síður væri. Ég hef heyrt hina skoðunina frekar, að menn telji að þetta eftirlit muni batna og verða virkara og upplýsingar ganga mun fljótar og öruggar fyrir sig.

Þróunin innan Vestur-Evrópusambandsins, VES, hefur í mínum huga verið mjög jákvæð, bæði með tengingu við NATO vegna sameiginlegra nota á herafla landanna til friðargæslu og eins Amsterdam-samkomulagið sem tryggir að VES verði ekki sett undir Evrópusambandið. Ég er mjög sammála þeirri stefnu hæstv. utanrrh. að halda okkur með Bretum hvað þetta varðar enda hefur að mínu viti ekki komið fram nein sérstök röksemd sem réttlætir að þetta samband, sem hefur verið samband miklu fleiri þjóða heldur en eingöngu Vestur-Evrópuþjóða því þarna hefur verið sameiginlegur vettvangur til varnarmála og öryggismála þjóða fyrrum austantjaldsríkja og annarra sem hyrfi eða raddir þeirra yrðu mun lágværari ef þessi samtök, Vestur-Evrópusambandið, félli undir Evrópusambandið.

Að lokum vil ég, herra forseti, ræða aðeins um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og þakka hæstv. utanrrh. fyrir þann vilja sem hann hefur sýnt í því að reyna að leysa fjárhagsvanda stöðvarinnar. Það hefur á undanförnum árum verið eitt helsta vandamál stöðvarinnar hversu skuldabagginn hefur verið erfiður og allt starf nánast snúist um það að reyna að hafa upp í þann mikla kostnað sem honum fylgir. Möguleikar Leifsstöðvar og flugvallarins í Keflavík hafa verið stórlega vanmetnar í atvinnulegu skyni á undanförnum árum og er því fagnaðarefni að sú uppbygging er þegar komin á alvöruskrið að stækka flugstöðina og samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra á það að gerast á næstu sjö árum að hún verði stækkuð fyrir sem nemur 2,8 milljörðum kr. Það kemur að sjálfsögðu til móts við mjög stórbrotnin áform Flugleiða um að auka flugrekstur sinn verulega sem mun skapa ný störf hjá því ágæta fyrirtæki fyrir um þúsund manns eftir því sem sagt hefur verið. Að sjálfsögðu getur komið þarna miklu meira til.

Ég vil einnig fagna því frjálsræði sem hefur verið í verslunarmálum stöðvarinnar og þau skref sem þegar hafa verið stigin eru jákvæð.

Ég vil þó taka eitt sérstakt atriði út sem mér finnst að þurfi að taka á með meiri festu, en það er frjálsræði í afgreiðslu borgaralegs flugs sem er nú bundið einokunarsamningi við eitt fyrirtæki. Ég vildi, herra forseti, að lokum beina spurningu til hæstv. utanrrh.: Hvað líður samningum við Flugleiðir um uppsögn á þeim einokunarsamningi sem þeir hafa haft á borgaralegu flugi á Keflavíkurflugvelli?

Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort umsókn Suðurflugs um heimild til afgreiðslu minni véla á Keflavíkurflugvelli hafi verið tekin til jákvæðrar skoðunar í hans ráðuneyti.

[15:00]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Pálssonar þá var samningnum við Flugleiðir sagt upp. Hins vegar er ágreiningur um það milli ráðuneytisins og Flugleiða hvort sú uppsögn hafi komið á réttu augnabliki. Viðræður hafa átt sér stað milli ráðuneytisins og Flugleiða þannig að ég vænti þess að sá ágreiningur komi ekki að sök og hægt verði að leysa málið með samningum.

Umsókn Suðurflugs hefur verið tekin til jákvæðrar umfjöllunar í ráðuneytinu og ég vænti þess að þegar þessum viðræðum er lokið, sem ég vonast til að verði eftir ekki langan tíma miðað við það að leysa þessi mál fyrir áramót, þá verði hægt að svara þessari umsókn Suðurflugs með jákvæðum hætti. Sannleikurinn er sá að það er nægilegt rúm fyrir alla aðila á þessu svæði. Suðurflug er á engan hátt fyrir öðrum þeim aðilum sem þarna eru í rekstri og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að gefa þeim það athafnafrelsi sem þeim er nauðsynlegt í sinni uppbyggingu.

[15:02]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Ég fagna því að sjálfsögðu að samningar séu í gangi og það sé tekið jákvætt á þeim umsóknum sem borist hafa um að þjóna á Keflavíkurflugvelli. Ég er alveg hjartanlega sammála hæstv. ráðherra í því að það er nægjanlegt rúm á Keflavíkurflugvelli fyrir miklu fleiri aðila til þess að sinna þeim gríðarlegu verkefnum sem þarna eru möguleg. Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja að aðstaðan á Keflavíkurflugvelli hefur ekki verið slík fram að þessu að þar sé hægt að afgreiða flug minni véla vegna þess að Leifsstöð, eins og hún er búin út í dag, getur alls ekki tekið við því með neinu móti. Þess vegna má segja að samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar gagnvart Reykjavíkurflugvelli, þegar um er að

ræða flug eins og svonefnt ferjuflug og flug minni flugvéla, hafi ekki verið til staðar þar sem ekki hefur verið aðstaða til þess að afgreiða þessar vélar með bensín eða aðra þjónustu sem þær þurfa að sjálfsögðu á að halda.

Ég fagna því að það skuli vera hugmyndin að reyna að leysa þetta mál fyrir áramót og við eigum þá von á því að þessi mál fari í farsælan farveg.

[15:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir það að samhliða ræðu utanrrh. höfum við fengið þessa ágætu skýrslu hans um utanríkismál, um stöðu Íslands og breytingar og horfur í alþjóðlegu umhverfi. Það er auðvitað þannig að þegar ráðherra semur sína skýrslu, þá verður hann að takmarka sig mjög eins og oft hefur komið fram við umræðu sem þessa og mörgum þáttum getur hann gert harla lítil skil, en fyrir okkur sem viljum ræða þessi mál er mikilvægt að geta farið yfir skýrsluna eins og hún er lögð fram hér og séð þá hvað er á bak við orð hans í ræðunni. Þess vegna er mjög gott að fá þessa skýrslu samhliða ræðunni.

Virðulegi forseti. Alþjóðasamstarf er orðinn viðamikill þáttur í störfum Alþingis og reyndar ráðuneytanna en í umræðu eins og þessari er aðeins að takmörkuðu leyti komið inn á þau mál sem þingmenn, sem taka þátt í erlendum samskiptum, koma að. Við tökum reyndar sérstaklega fyrir einu sinni á vetri skýrslur alþjóðadeildanna en það er svo undarlegt að við þær umræður á Alþingi hefur reyndin orðið sú að þeir einir ræða þær skýrslur sem skipa viðkomandi landsdeild. Hún nær ekki til þeirra sem henni er beint að, sem sagt annarra þingmanna sem ætlast er til að ræði hin stóru mál. Mér er það nokkurt umhugsunarefni með hvaða hætti hægt er að finna farveg sem tengir alþjóðastarfið betur við þingið og hvernig kryfja má mörg þau stóru mál sem skipta okkur máli.

Í þessari umræðu hefur t.d. verið vikið að Schengen og stór orð látin falla. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt sérstaka ráðstefnu um það mál á sínum tíma og þau vinnubrögð reyndust mjög upplýsandi. Ég, sem lít á Norðurlandasamstarfið sem þýðingarmesta alþjóðasamstarf okkar, tel að það sé mjög brýnt að hér sé skoðað hver áhrif Amsterdamsamningsins verða á Norðurlöndin, bæði þau sem eru innan og þau sem eru utan Evrópusambandsins. Við eigum þess vegna að leita leiða til að upplýsa sem mest um ágreiningsmálin til að geta tekið ákvarðanir sem snerta hag okkar. Í of ríkum mæli er gripið til þess að víkja undan og hverfa á braut, víkja umræðunni á dreif eða jafnvel ekki taka hana á dagskrá. En ég ætla ekki að nota minn tíma í málefni sem lúta að erlendu samstarfi né ágreiningsmálunum sem borið hafa á góma hér í dag.

Ég vil draga mannréttindamálin frekar inn í þessa umræðu. Þau eru mjög sjaldan rædd á Alþingi og of lítið í hefðbundnum utanríkisumræðum. Hins vegar hefur það komið fram í máli ráðherra að hann hafi áhuga á þeim málum. Þannig var það í fyrra að tvær línur stóðu í ræðu hans og þær hljóðu svo:

„Enginn þarf að fara í grafgötur um stuðning íslenskra stjórnvalda við baráttu fyrir mannréttindum. Enginn þarf heldur að efast um einlægni okkar og jákvæðan tilgang með þátttöku á þessum vettvangi."

Þetta eru falleg orð og þetta er góð yfirlýsing. Þá tók ég þetta fyrir í tilefni af stöðu flóttamanna. Þá var stór flóttamannaherferð í gangi sem allar deildir Amnesty tóku þátt í. Það er reyndar eitt alvarlegasta mannréttindamálið í dag hver staða flóttamanna er og orsökin fyrir þessu mikla flóttamannavandamáli. Það er mjög alvarlegt ástand víða. Hér var áðan í ræðu nefnt ástandið í Kína, en það er líka hægt að nefna Alsír þar sem hörmulegir atburðir hafa verið að gerast.

Ég hef haldið því fram mörgum sinnum að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi, geti unnið að því að minnka flóttamannavandamálið með því að stuðla að því að ríki heims séu knúin til að virða mannréttindi og að þau skynji að alþjóðasamfélagið fylgist með gjörðum þeirra og allir láti sig það varða hvar brotið er á mannréttindum. Okkar rödd getur verið skýr í mannréttindamálum og getur verið krafa um sameiginlegt átak þjóða heims til að fyrirbyggja gífurlegan fjölda flóttamanna í heiminum. Í fyrra bar ég fram fyrirspurn til dómsmrh. um formlega endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum og hvort endurskoðun á þeim lögum taki mið af því að tryggja réttarvernd þeirra sem leita hér hælis eins og hugtakið er skilgreint samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar hafa fullgilt, hvort flóttamenn munu fá ráðgjöf, túlk og réttaraðstoð og að bann við brottvísun og endursendingu flóttamanna verði tryggt eins og það er í flóttamannasamningnum en ekki í lögum okkar. Hvort það sé tryggt að synjun á beiðni um hæli verði skrifleg og rökstudd og áfrýjun hennar fresti ákvörðun um synjun landgöngu, brottvísun eða endursendingu. Þetta eru allt hlutir sem komið hafa upp og orðið fréttaefni hér. En það bólar enn þá ekki á lagasetningu þrátt fyrir yfirlýsingar á síðasta þingi og ég spyr utanrrh.: Veit hann hvað þessu máli líður og mun hann beita sér í því að þessi brýnu frumvörp komi hér inn í þingið? Það er heilt ár liðið síðan spurt var um þau og ekkert bólar á þeim.

En hvað er til ráða? Flóttamannavandamálið er gífurlegt. Við höfum tekið á móti nokkrum tugum flóttamanna. Þetta fólk hefur aðlagast vel hjá okkur og því hefur verið tekið vel. Annars vegar verða þjóðir heims að bregðast við flóttafólki og hjálpa þeim sem hrekjast frá heimalandi vegna ofsókna. Hins vegar að leggja allt á vogarskálar til að tryggja að fólk hrekjist ekki á flótta vegna mannréttindabrota. Alþjóðleg samtök Amnesty vaka yfir þessum málaflokki. Þau reyna að vekja okkur sem búum við öryggi til umhugsunar og senda þingi og þjóð ákall vegna mannréttindabrota og hvatningu til að standa að jákvæðum aðgerðum. Og hvað er þá til ráða?

Ísland á að styðja stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls á vegum Sameinuðu þjóðanna og stuðla þannig að því að endir verði bundinn á refsileysi þeirra sem brjóta alþjóðalög. Það eru bein tengsl milli mannréttindabrota og svokallaðs refsileysis. Mannréttindabrot sem eru framin í skjóli refsileysis virðast endurtaka sig og fljótt er hægt að greina ferli ofsókna og glæpa í samfélögum sem ákveða að þegja slíkt í hel. Mannréttindasamtökin Amnesty hafa getað staðfest að bein tengsl eru á milli mannréttindabrota og svokallaðs refsileysis. Mannréttindabrot sem eru framin í skjóli refsileysis í samfélögum sem þegja slíkt í hel eða hylma yfir og hunsa lög og reglur eru vegna þess að önnur ríki láta sig þetta ekki varða. Samt eru ríki samkvæmt alþjóðalögum skuldbundin til að draga stríðsglæpamenn eða aðra sem gerast sekir um mannréttindabrot til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar. Þá má sömuleiðis framselja. Hins vegar hafa ríkisstjórnir komist upp með að setja lög sem tryggja náðun brotamanna eða gefa þeim grið. Af þessum sökum er mjög mikilvægt að Íslendingar stuðli með virkum hætti að stofnun alþjóðlegs

glæpadómstóls svo hægt sé að binda endi á refsileysi þeirra sem brjóta alþjóðalög.

Ísland tengdist yfirlýsingu sem utanrrh. Írlands flutti af hálfu Evrópusambandsins á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sl. ári þar sem fram kemur stuðningur við stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls. Virk þátttaka Íslands í frekari umræðum um stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls er æskileg þannig að Ísland stuðli á afgerandi hátt að því að slíkur dómstóll verði orðinn að veruleika árið 2000. Það hefur vakið athygli að sæti Íslands á fundum undirbúningsnefndar fyrir stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið autt og Íslendingar hafa ekki tekið þátt í fundum nefndarinnar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa sett á fót tvo dómstóla sem fjalla um stríðsglæpi. Í febrúar 1993, fyrir fjórum árum, samþykkti öryggisráðið stofnun stríðsglæpadómstóls sem skyldi fjalla um brot í gömlu Júgóslavíu, framin eftir að styrjöld braust þar út árið 1991. Þá voru sett lög á Alþingi í maí 1994 um framsal og samvinnu við stríðsglæpadómstólinn vegna gömlu Júgóslavíu og þann dómstól í Haag. Í árslok 1994, ári síðar, samþykkti öryggisráðið að setja á fót stríðsglæpadómstól vegna þjóðarmorðs í Rúanda fyrr á því ári. Dómstóllinn sem er í Arusa í Tansaníu hefur ekki hlotið nægilegan stuðning aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Það er mikilvægt að Alþingi Íslendinga setji lög um framsal og samvinnu við Rúanda-dómstólinn á sama hátt og við gömlu Júgóslavíu. Stuðningur við Rúanda-dómstólinn er gífurlega mikilvægur til að tryggja að mannréttindi verði virt. Við eigum að sýna fullan stuðning við störf Júgóslavíu- og Rúanda-dómstólana og stuðla með virkum hætti að stofnun alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls og stuðla þannig að því að vítahringur refsileysis og mannréttindabrota verði rofinn. Og ég spyr: Hvaða hlutverk ætlar Ísland sér? Verður þátttaka í undirbúningi að slíkum glæpadómstól eða jafnvel fjárframlög til hans eins og kallað er eftir við aðildarríki Sameinuðu þjóðanna?

Í fyrra var utanrrh. nokkuð bjartsýnn og jákvæður varðandi dómstólinn og ég spyr um afstöðu hans í dag miðað við það að við höfum ekki séð okkur fært að taka þátt í undirbúningsfundunum.

Virðulegi forseti. Það hefur verið ákall til alþjóðasamfélagsins vegna blóðbaðsins í Alsír. Amnesty og læknar án landamæra sendu ákall frá sér 15. okt. sl. Samtökin fara fram á að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna komi saman til að leita leiða til að binda endi á hörmungarnar í Alsír. Ekkert ríki hefur enn þá farið þess á leit að mannréttindanefndin verði kölluð saman. Allt að 80 þúsund manns hafa verið drepnir í Alsír á síðustu árum en alþjóðasamfélagið hefur ekkert aðhafst til að stöðva blóðbaðið. Það er nauðsynlegt að rannsaka þau brot sem hafa átt sér stað, finna út hverjir beri ábyrgð á mannréttindabrotunum og það að bera fram óskina er yfirlýsing og þar með er tryggt að ferli fari í gang sem leiði til ákvörðunar um hvort nefndin verði kölluð saman eða ei. Þannig gæti rödd okkar virkað á alþjóðavettvangi. Ég endurtek því spurningar mínar: Hvaða hlutverk ætlar Ísland sér í stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls sem er eitt stærsta mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hvenær verða lögð fram frumvörp um flóttamannalöggjöf sem var talað um í fyrra?

Virðulegi forseti. Í lok máls míns ætla ég að nefna tvö mál sem mér finnst mikilvæg úr skýrslu ráðherrans. Á bls. 44 er fjallað um þróunarmál og þar segir, með leyfi forseta:

„Leita þarf leiða til að auka samstarf milli Íslendinga og þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem starfa að þróunarmálum. Auka þarf þátttöku Íslendinga í því starfi þar sem þekking þeirra nýtist best, t.d. í fiskiðnaði, jarðhita-, tækni-, orkumálum og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Slíkt getur gefið færi á aðstoðarverkefnum sem einnig gætu tengst íslensku atvinnulífi."

Það er alveg rétt. Við höfum gjarnan beint þróunaraðstoð okkar í þann farveg að verkefnin tengist íslensku atvinnulífi og það er kannski eðlilegt en við megum ekki einskorða okkur við það. Það hefur margoft komið fram í uppeldismálaumræðu að stuðningur við konur í þróunarlöndum er viðurkenndur stuðningur sem hefur margfeldisáhrif, að stuðningur við konur í þróunarlöndum er stuðningur við uppbyggingu og stuðningur við fjölskylduna alla á þessum stöðum. Þau verkefni sem eru nefnd hér kveikja ekki þá tilfinningu í brjósti að þarna sé verið að framkvæma það sem menn hafa verið sammála um hér að beina þróunaraðstoð í ríkari mæli til verkefna og til kvenna og þeirra verkefna sem konurnar standa að. Ég minni líka á það sem kom fram á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn árið 1995. Þar var lögð mjög mikil áhersla á menntun og að styðja við menntun í þróunarlöndunum og að mennta konur í þróunarlöndunum til þess að þær mundu áfram skila verki sínu og fá margfeldisáhrifin þar á.

Ég ætla líka í lokin á ræðu minni, virðulegi forseti, að vísa til annarrar setningar á bls. 44 undir Þróunarmál. „Á leiðtogafundi í Kaupmannahöfn um félagslega þróun 1995 skuldbundu ríkisoddvitar sig til að útrýma algerri fátækt og var árið 1996 helgað baráttunni gegn fátækt." Spurningin vaknar hjá mér hvernig stöndum við að þessu máli. Við tökumst á um þau mál innan lands en við megum aldrei gleyma því að hlutur okkar er líka mikilvægur hvað varðar erlendar þjóðir og fátæku þróunarlöndin.

[15:20]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar alþjóðlegan glæpadómstól hefur Ísland stutt þá viðleitni að koma upp alþjóðlegum glæpadómstól og við munum styðja það áfram. Það er öllum ljóst að við getum ekki tekið þátt í slíkum undirbúningi eins og margar aðrar þjóðir en við styðjum það a.m.k. í orði en að hvaða leyti við getum stutt það með fjárframlögum eða öðrum hætti höfum við ekki tekið afstöðu til enn þá. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að slíkum dómstól verði komið upp og auðvitað verður Ísland að standa við skyldur sínar í þeim efnum eins og aðrar þjóðir, eins og við reynum að gera í sem flestum alþjóðlegum stofnunum.

Að því er varðar flóttamannalöggjöfina get ég vísað til þess sem hæstv. dómsmrh. hefur sagt og þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið og ég vænti þess að það verði hægt að koma því í framkvæmd. Ef ég man rétt minnir mig að það hafi verið á sektarmálaskrá þingsins í vetur án þess að ég geti verið með algerar fullyrðingar í þeim efnum. Ég tek undir með hv. þm. um það að okkur ber að leggja áherslu á réttindi kvenna og við höfum gert það í öllu þróunarstarfi okkar, í Namibíu, í Malaví, í Mósambík, á Grænhöfðaeyjum og við höfum stutt UNIFEM og þeirra ágæta starf sem þar hefur átt sér stað. Í þeirri áætlun sem nýlega hefur verið samin um endurbætur á þróunaraðstoð okkar og eflingu á þróunaraðstoð er sérstaklega lögð áhersla á þetta atriði, að við munum halda áfram að styðja við bakið á starfi kvenna því það er alveg rétt hjá hv. þm. að þetta skiptir miklu máli

þannig að það verður sérstaklega tekið til athugunar í þessu sambandi.

[15:22]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör utanrrh. og ég fagna því að haldið verði áfram að styðja viðleitni um að koma á laggir alþjóðlegum glæpadómstól. Ráðherrann segir að þeir geti ekki tekið þátt í undirbúningi og undirbúningsfundir eru haldnir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ég veit gjörla hve fáliðað okkar fólk er í sendiráðinu en gæti Ísland ekki sýnt svolítinn lit? Mér er kunnugt um að lítil ríki eins og Lesótó og Malta sitja þessa fundi til að leggja áherslu á stuðning sinn og mikilvægi þess að glæpadómstóllinn verði settur á laggir og það verður e.t.v. hægt að koma því við til þess að sýna vilja Íslands.

Ég hvet utanrrh. til þess að ganga eftir því í ríkisstjórn að frumvörpin um breytingar á lögunum um útlendinga komi hingað inn hið fyrsta svo tryggt sé að þau verði afgreidd sem lög frá Alþingi fyrir haustið.

Það er gott að heyra um verkefnin sem hafa verið studd sem snúa að konum. Hins vegar er alveg ljóst að þegar maður hlustar á ræðu ráðherrans og les skýrsluna sem ég var að hrósa að fá í hendur er ekki að sjá að áherslunni sé beint til kvenna né að þessar áherslur hafi náð inn í verkefnin á sama hátt og mörg önnur verkefni sem eru tíunduð og sem ágætt er að sjá. Nefni ég þar t.d. málefni barna og jafnréttismálin, varnir gegn afbrotum. Yfirleitt er þáttur mannréttindamála í skýrslu og ræðu utanrrh. hverju sinni afskaplega klénn og ég óska eftir að heyra í einhverri ræðu í framtíðinni að þessum málum væri gerð sérstaklega góð skil.

[15:24]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er hægt að gera ýmsum málum mun ítarlegar skil. Það er líka hægt að koma upplýsingum á framfæri með öðrum hætti ef þingmenn óska sérstaklega eftir því að við gerum grein fyrir því sem við sendum frá okkur á sviði mannréttindamála og á sviði þróunarmála, t.d. að því er varðar konur. Sjálfsagt er að verða við því en ég held að það sé nánast útilokað að setja fram allar þær upplýsingar sem ráðuneytið býr yfir í þessum málum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er mjög margt sem væri hægt að gera mun betri skil en það þarf hins vegar ekki að þýða að því hafi á engan hátt verið sinnt.

En það er líka ljóst að það eru mörg mál sem við getum sinnt mun meira ef við hefðum til þess mannafla og fé. Það er líka ljóst að við getum í mörgum tilvikum breytt forgangsröðun okkar. Þetta er alltaf erfitt. Það er alltaf vandákveðið hvaða fundi á að sækja. Við leggjum megináherslu á ákveðin mál en ég get tekið undir að mannréttindamál eru afar mikilvæg og þeim ber að sinna eins vel og við getum en við getum að sjálfsögðu látið hv. þm. í té ítarlegri upplýsingar um þá málaflokka sem hann óskaði eftir.

[15:26]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir boð utanrrh. Ég mundi gjarnan þiggja að fá upplýsingar um þau verkefni sem snúa að konum í þróunarlöndum. Ég held að fróðlegt væri fyrir okkur að kynnast því. Hins vegar er ekki aðalatriðið hvernig okkur þingmönnum er kynnt allt það sem fer fram á vegum utanríkisþjónustunnar. Það er ekki aðalatriðið heldur hitt að við höfum tilfinningu fyrir því að af hálfu Íslands sé einmitt verið að reka þá utanríkisstefnu sem okkur finnst mikilvæg og við gefum gaum ákveðnum þáttum sem eru mikilvægir en ekki alltaf jafnmikið í sviðsljósinu og aðrir.

Ég nefndi í ræðu minni að hvert einasta ríki Sameinuðu þjóðanna geti farið fram á aukafund mannréttindanefndarinnar, að það sé yfirlýsing að bera óskina fram og þar með tryggja að ferlið fari í gang sem leiðir til ákvörðunar um hvort nefndin verði kölluð saman. Ég hvet utanrrh. til þess og vona að hann heyri mál mitt að hann beiti sér fyrir því að Ísland setji óskina fram.

Ég hvet líka til þess eins og ég hef áður gert að Ísland verði hin sterka rödd mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi. Það snýst ekki alltaf um að það séu fleiri hausar að störfum. Það snýst um með hvaða hætti við setjum mál fram. Það snýst um hvaða mál við styðjum þar sem við komum að, það snýst um atkvæðagreiðslur og yfirleitt afstöðu okkar til mála. En númer eitt, tvö og þrjú væri afskaplega sterkt ef við tækjum forustu í einhverjum málum. Við höfum möguleika á því varðandi aukafund mannréttindanefndarinnar.

[15:28]

**Tómas Ingi Olrich:**

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, nefndi í umræðum um ræðu utanrrh. um utanríkismál sérstaklega störf alþingismanna á alþjóðlegum vettvangi og ræddi hvers vegna þessi störf næðu ekki eyrum þingmanna og umfjöllun um skýrslur um alþjóðastarf væri á tíðum heldur fátækleg á Alþingi. Ég held að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi haft rétt fyrir sér að tengja þetta umræðum um utanríkismál í dag vegna þess að skýrslur alþjóðanefndanna, starf alþjóðanefndanna og það starf sem fer fram í utanrrn. eru svið sem eru að mínu mati ekki nógu vel tengd og ég held að Alþingi geti fyrst og fremst sjálfu sér um það kennt.

Ég er sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að það þyrfti að bæta úr þessu og mér finnst að það væri tímabært að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið leituðu aðferða til þess að gera starfið, sérstaklega starf þingmannanna, betur samhæft, gera það markvissara og skapa meiri tengsl á milli starfs þingmannanna og þeirrar vinnu sem fer fram innan utanrrn.

Það er svo að þótt sendinefndir Íslands á erlendum vettvangi séu að sjálfsögðu fámennar og hafi ekki á að skipa þeim bakstuðningi sem sendinefndir annarra þjóða hafa, þá eru þar duglegir einstaklingar sem geta gert verulega mikið gagn fyrir þjóðina ef þeir hafa ákveðið vinnulag ef ég mætti segja svo og beita sér að málefnum í samræmi við ákveðna forgangsröð. Sjálfur hef ég starfað á slíkum vettvangi, í þingmannanefnd NATO, ÖSE og einnig nú á síðari árum og einkum og sér í lagi á Evrópuráðsþinginu. Ég verð að segja eins og er að þegar ég lít yfir þennan feril, þá finnst mér að mikið skorti á að menn raði í forgangsröð þeim verkefnum sem þeir telja mikilvægt að fást við og þar sem íslenskir hagsmunir eru þungvægir. Ég held þess vegna að það væri ómaksins vert að taka þá vinnu upp í samvinnu þingsins og framkvæmdarvaldsins að setja fram ákveðna forgangsröðun verkefna og áhersluatriði sem þingmenn gætu beitt sér að á þeim vettvangi sem þeir vinna. Ég tek dæmi. Bæði innan ÖSE og innan Evrópuráðsþingsins og raunar mun víðar er fjallað um mjög mikilsverð hagsmunamál íslensks atvinnulífs. T.d. er sjávarútvegsstefna Evrópuríkja, annars vegar innan Evrópusambandsins og hins vegar á þeim vettvangi þar sem öll Evrópuríkin koma saman, þ.e. Evrópuráðinu,

mörkuð með ýmsum hætti. Það eru skrifaðar skýrslur um þessi mál og í ljósi skýrslnanna eru settar fram þingsályktanir sem beint er til framkvæmdarvaldsins. Þessar skýrslur, þó að hver og ein af þeim marki ekki stefnuna sjálf, tengjast öðrum skýrslum og tengjast þessari heildarvinnu, þessu flókna samstarfi sem stefnumörkun í ýmsum málaflokkum er orðin í Evrópu. Þetta er flókið ferli. Sérhvert skref sem stigið er skiptir hins vegar máli og við eigum að reyna að koma að þessum málum eins vel og mögulegt er. Ákveðnir málaflokkar eiga að vera þannig að Íslendingar eiga aldrei að láta sér tækifæri úr greipum ganga, að koma að málunum og standa vörð um íslenska hagsmuni. Við eigum að velja okkur ákveðin svið þar sem við stöndum alltaf vaktina og þar sem við gætum þess að mál fari ekki í gegn án athugunar sem snerta íslenska hagsmuni.

Ég vil nefna sérstaklega efnahagsmálin vegna þess að ég er sannfærður um að mjög mörg önnur mál ná ekki fram að ganga, það næst ekki árangur í málaflokkunum, ef ekki er efnahagslegur grundvöllur fyrir þeim. Ég nefni sérstaklega tvo málaflokka. Ég nefni sérstaklega mannréttindamálin annars vegar og umhverfismálin hins vegar. Ímynda menn sér t.d. að það náist verulegur árangur í mannréttindamálum í Hvíta-Rússlandi á meðan efnahagsástandið er þar eins og það er? Það er útilokað. Ímynda menn sér að framgangur lýðræðishugsjóna náist í Rússlandi á meðan efnahagsástandið er þar eins og það er nú? Það er tómt mál að tala um þetta. Ef menn geta ekki ýtt undir raunverulegar efnahagsframfarir í þessum ríkjum, þá verður ekki um að ræða framfarir í mannréttindamálum sem mark er á takandi. Einnig er útilokað að Rússland, sem fær nú talsverðan styrk frá Evrópusambandinu og G7-ríkjunum til þess að takast á við sinn vanda í kjarnorkuúrgangsmálum, geti tekið á þessu vandamáli af alvöru nema efnahagur þess styrkist. Ástandið er þannig nú að af 89 héruðum í Rússlandi, þar sem sum héruðin eru reyndar á stærð við þrjú eða fjögur Evrópuríki af stærri gráðunni, eru aðeins innan við tíu sem leggja eitthvað til fjárlaganna í Rússlandi. Hin eru öll þiggjendur þannig að Rússar geta ekki aflað skatta. Rússneska ríkið aflar ekki skatta. Það greiðir ekki laun og það er raunar óskiljanlegt fyrir þingmenn eins og þá sem hér starfa hvernig þetta þjóðfélag getur lifað af. En það er að sjálfsögðu augljóst að slíkt samfélag mun ekki takast á við umhverfisvanda. Það mun ekki gera það. Og það væri ástæða til þess að fara yfir það hvernig tekist hefur verið á við vandann í kjarnorkuúrgangsmálum í Rússlandi með aðstoð G7-ríkjanna.

Svo að ég taki eitt lítið dæmi, þá meta Úkraínumenn það þannig að þungi Tsjernóbíl-vandamálisins sé um það bil 20% af fjárlögum Úkraínu á hverju einasta ári, 20% fara í þetta vandamál sem er óleyst. Vandamálið er óleyst. Og fyrir utan þetta fé fara stórkostlegir styrkir frá Evrópusambandinu í að leysa þetta vandamál og þeir eru ekki nema brot af því sem lofað hefur verið. Ég held að ég megi segja að eitthvað um 700 millj. ECU fari í þessi verkefni og það er brot af því sem talað er um að þurfi þannig að þessum málum miðar mjög lítið áfram og það er náttúrlega ekki síst vegna þess að efnahagsmál í Rússlandi eru í molum. Það er rangt sem sagt er að þau séu í jafnvægi og séu á uppleið. Þau eru enn þá á niðurleið og það er hægt að segja það mjög skýrt. Þess vegna held ég að það skipti afar miklu máli að menn taki sér fyrir ákveðin áherslusvið og Íslendingar standi á öllum vettvangi vaktina á þessum sviðum og við einbeitum okkur að því að vera virkari og vinna markvissar í þessu alþjóðastarfi.

Ég er alveg sannfærður um að mjög góður grundvöllur er fyrir því að finna samstarf við t.d. utanrrn.um svona mál. Sjálfur hef ég leitað til utanrrn. og sjútvrn. til þess að fá aðstoð við sjávarútvegsmál og sú aðstoð hefur verið látin af hendi af miklu örlæti þrátt fyrir yfirþyrmandi verkefni í þessum ráðuneytum báðum. Það er því enginn efi á því að það er enginn skortur á vilja til þess að taka á þessu máli sameiginlega. En við eigum ekki að leyfa okkur að láta eingöngu persónuleg áhugamál ráða á alþjóðlegum vettvangi hverju þingmenn sinna. Við þurfum að beina starfskröftum okkar að ákveðnum áherslusviðum og þó að það sé óskyldur vettvangur, virðulegi forseti, þá er það nákvæmlega það sama sem við eigum að gera á sviði rannsóknar- og þróunarmála. Þar setjum við ekki fram nógu ákveðna forgangsröð. Þetta hef ég viljað segja.

Ég ætla að nefna þrjú svið í bili sem ég held að við ættum að taka fyrir alveg sérstaklega. Það eru sjávarútvegsmál og málefni hafsins. Það eru orkumálin í heild og það eru umhverfismálin sem við eigum að einbeita okkur að að koma fram með íslensk áherslumál við stefnumörkunina. Það skiptir grundvallarmáli að við aukum skilning innan Evrópuríkja á sjávarútvegsmálum. Það ríkir þar mjög takmarkaður skilningur á þeim málaflokki og við eigum þar hlutverki að gegna. Það er nefnilega hlustað á Íslendinga í þessum málaflokki. Það er gert ráð fyrir því að við höfum eitthvað fram að færa. Það sama gildir um orkumálin og ég held að besta framlag okkar til t.d. mannréttindamála mundi vera að reyna einhvern veginn að ýta undir skilning á því hversu vægi efnahagsmálanna er mikið, bæði í samráði við umhverfismál og mannréttindamál.

Þetta var nú það atriði sem mig langaði til þess að koma á framfæri að gefnu tilefni sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gaf mér og ég er sammála henni. Framlag hennar til þessarar umræðu var gott. Það er nauðsynlegt að taka á þessu.

Annað atriði sem mig langar til að tala um og minnst er á í ræðu hæstv. utanrrh. þar sem segir á bls. 10:

„Barátta fyrir umhverfisvernd fær sífellt aukinn meðbyr og er það vel. Sú umræða má hins vegar ekki verða á kostnað mannréttinda heldur verða frekar hluti af mannréttindaumræðunni. Þessir tveir málaflokkar eru ótvírætt mjög samofnir og er það reyndar eðli mannréttinda að þau eru órjúfanlegur hluti nánast hvaða málaflokks sem er hvort sem það eru öryggismál, viðskiptamál, þróunarmál eða umhverfismál"

Þessi athugasemd í ræðu ráðherrans lætur lítið yfir sér, en hún er mjög mikilvæg. Sannleikurinn er nefnilega sá, og þarna komum við aftur inn á þetta áhersluatriði sem ég benti á áðan, að mannréttindamálin þróast ekki eðlilega nema sem hluti af heild og í nánu samhengi við það sem einmitt hér er nefnt, viðskiptamálin. Um umhverfismál gildir það sama.

Vegna þess að hér hefur orðið frekar yfirborðskennd umræða um Evrópusambandið í stikkorðastíl eins og venjulega þegar sú umræða kemur upp hér — Alþfl. hefur um það forustu reyndar að fara yfirborðskennt í þessa umræðu þó að margsinnis hafi verið reynt að fá menn til þess að ræða efnislega um mörg atriði þessarar merkilegu þróunar sem á sér stað núna í Evrópu — þá langar mig til þess að undirstrika það að á sama tíma og samvinna, samstarfsverkefni og viðskipti aukast á milli Austur-Evrópuþjóðanna og Vestur-Evrópuþjóðanna á vissum sviðum, þá dregur í sundur á öðrum. Og innan hinna stóru áfanga Evrópusamstarfsins — þá á ég einkum og sér í lagi við Maastricht-samkomulagið

og gjaldeyrissamstarfið eða EMU — eru í raun og veru alls konar falin atriði sem ýta undir sundrung Evrópu og virðast til þess líkleg að koma í veg fyrir að menn nái að þróa eðlilegt samstarf við Mið- og Austur-Evrópuþjóðirnar. Það vill nefnilega svo til að innan Evrópusambandsins eru markmiðin ekki ljós. Annars vegar vinna menn af talsverðri einurð að því að auka samstarfið og gengissamstarfið er að sjálfsögðu undirstöðuatriðið í því að gera Evrópusambandsríkin að einu sambandsríki. Það er augljóst mál af öllum meginþáttum EMU að það mun leiða til þess að þar verður til eitt ríki.

En á sama tíma er ljóst að EMU mun búa til stéttaskiptingu innan Evrópusambandsins. Það verða til fyrsta flokks ríki sem verða þátttakendur frá upphafi. Það verða til annars flokks ríki sem verða ekki þátttakendur frá upphafi. Það verða til þriðja flokks ríki sem eru umsóknaraðilar, þurfa að laga sig að Evrópusambandinu eins og það er án EMU og svo verða að sjálfsögðu til ríki sem munu standa utan þessa bandalags.

Það er hægt að leiða að því nokkuð sterk rök, virðulegi forseti, að þessi mótsagnakennda þróun Evrópusambandsins sé þáttur í því að einangra stór ríki eins og t.d. Rússland og eins og ég sagði áður: Á meðan Vestur-Evrópa er á uppleið og Mið-Evrópa milli vita, þá er Austur-Evrópa á niðurleið.

[15:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á bls. 18 í skýrslu utanrrh. segir:

„Rekstur EES-samningsins felur í sér miklu meira en undirbúning að nýrri löggjöf og pólitískt samráð. Samstarfsverkefni eru fjölmörg og ná til vísinda og þróunar, félags- og heilbrigðismála, neytendaverndar, tölvusamskipta í stjórnsýslu, umhverfismála, menningarmála og svo mætti lengi telja. Nú fer að líða að lokum fjórðu rammaáætlunarinnar um vísindi og þróun og er þegar farið að huga að því að meta hvernig íslenskum vísindamönnum hefur gengið að nýta sér þau tækifæri sem þar hafa gefist."

Framlag Íslands miðast við hluta af þjóðarframleiðslu. Framlög til samstarfsverkefnis eru veitt þeim sem áhugaverðust eru hverju sinni. Fjármagnið sem skilar sér beint til Íslands er meira heldur en það sem Ísland lætur af hendi við aðildina að EES. Þetta kemur fram á bls. 18. Nú er verið að skoða hvernig undirbúningur að fimmtu rammaáætluninni verður og íslensk stjórnvöld taka að sjálfsögðu virkan þátt í honum við uppsetningu, skipulag og forgangsröðun.

Ég hef hér stiklað í gegnum þennan texta. Hvers vegna er ég að nefna þetta? Jú, vegna þess að þegar við í Alþfl. börðumst fyrir aðildinni að EES, þá var sú umræða kölluð yfirborðskennd. Þá fengum við mikla og harða andspyrnu, m.a. hér á Alþingi, en stóðum hana af okkur. Við héldum þessu öllu fram þó að mér sjálfri hafi reyndar ekki fundist að það gæfist nógu mikill tími fyrir stjórnarliða að fylgja úr hlaði öllu því sem fylgdi félagsmálaþættinum. Það er sérmál. Auðvitað er þetta allt annað en umræðan um Evrópusambandið. En ég vil bara minna á að sú umræða var kölluð yfirborðskennd og jafnvel höfð mjög stór orð um þá sem vildu aðildina að EES.

Hins vegar þakka ég þingmanninum fyrir stuðning við sjónarmið mín sem ég flutti í ræðu minni á undan honum og það er mjög mikilvægt þegar undirtektir verða við mál sem hér eru borin fram vegna þess, virðulegi forseti, að þetta eru ekki aðeins viðbrögð við ræðu utanrrh. Þetta eru skoðanaskipti og boðskapur til þeirra sem valdið hafa um að framfylgja viðhorfum þingmannanna.

[15:46]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hér eyða misskilningi. Athugasemd mín um yfirborðskenndar umræður þingmanna Alþfl. um hugsanlega aðild að ESB áttu alls ekki við þær umræður sem fóru fram hér fyrir nokkrum árum um aðildina að EES. Þær umræður voru mjög gagnlegar og þær voru efnislegar. Ítarlega var rætt um það mál á Alþingi og athugasemd mín átti alls ekki við það. Athugasemd mín átti hins vegar við umræður sem hafa margítrekað orðið hér á Alþingi um hugsanlega aðild Íslendinga að ESB. Sú umræða hefur mér þótt vera nokkuð yfirborðskennd og vera, eins og ég sagði áðan, í símskeytastíl. Það er verið að tala um hluti eins og það hvort málið sé á dagskrá eða ekki, hvort menn hafi lært heimvinnuna sína eða ekki. Það er miklu minna gert af því að steypa sér ofan í það að skoða t.d. hvaða áhrif gjaldeyrissamstarfið, þegar það kemst á, kemur til með að hafa á þróun Evrópusambandsins í heild. Þau áhrif verða djúp og mikilvæg. Og þau geta nefnilega skipt sköpum fyrir þróun Evrópusambandsins.

Þessi umræða hefur ekki farið mikið fram hér. Það hefur ekki farið fram mikil umræða um hvaða áhrif þetta samstarf kemur til með að hafa á stöðu Íslands og það er ekki heldur mikil umræða um hvaða áhrif þessi samrunaþróun sem kristallast í Maastricht-samkomulaginu kemur til með að hafa á Evrópuríkin í heild. En ég bendi á það í lok máls míns að Maastricht-samkomulagið átti sér aðdraganda allan níunda áratuginn við kringumstæður þar sem heiminum var stjórnað af tveimur blokkum. Síðan hrundi önnur blokkin, (Forseti hringir.) en eftir stóð Maastricht-samkomulagið sem hafði verið unnið á forsendum sem þá voru ekki lengur til.

[15:48]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði mér alveg ljóst hvert eðli athugasemdar þingmannsins var en því dró ég fram áherslurnar sem koma fram í skýrslu utanrrh., sem reyndar á sínum tíma lagðist ekki gegn EES-samningnum heldur sat hjá um hann, að hér eru dregnir fram þeir kostir sem fylgja þessum samningi. Og auðvitað var það svo að þeir sem voru andstæðingar aðildinni að EES kölluðu umræðuna yfirborðskennda. Þeir töldu samninginn hættulegan og þeir töldu að þetta væri pólitískur áróður en ekki efnisleg umræða. Því dreg ég það fram. Ég tek alveg undir það að það þarf að skoða hvaða áhrif EMU hefur á Evrópusambandið, hvaða áhrif EMU hefur á Ísland og hvaða áhrif EMU hefur á Norðurlönd. Þeir sem eru í Norðurlandasamstarfi eru einmitt að velta því fyrir sér og það er m.a. ástæða þess að ég nefndi í upphafi ræðu minnar, hvernig við getum komið stóru málunum sem við komum að á erlendum vettvangi með eðlilegum hætti í umræðu hér inn í þingið. Á því er, eins og þingmaðurinn tók undir með mér, verulegur skortur og vandi. Hins vegar hafa einstaklingar reynt að gera eitthvað í upplýsingum varðandi Evrópusambandið, sem er nú reyndar ekki eitthvað sem ég hef mikið rætt, ég viðurkenni það. En hér hafa verið stofnuð sérstök Evrópusamtök, til þess hugsuð að reyna að varpa ljósi á kosti og galla þannig að ekki verði sagt um þá umræðu að hún sé annaðhvort pólitískt yfirspil eða órökrétt umræða o.s.frv., eins og gjarnan er meðan stjórnmálaflokkar eru að reyna að

kalla eftir því að aðrir stjórnmálaflokkar taki þátt í þessu stóra máli og taki þátt í að reyna að leggja mat á hverjir eru kostir og gallar. Því bara eftir að við höfum reynt að kortleggja það getum við tekið afstöðu og auðvitað getum við ekki gert það því málið er ekki á dagskrá.

[15:51]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá. Ég mundi hins vegar fagna því að það yrði aukin umræða um samrunaþróunina í Evrópu, á hvaða braut hún er nú, hvað er líklegt að gerist á næstu árum og hvernig Evrópusambandið kemur til með að laga sig að aðstæðum þar sem ekki eru lengur 15 ríki heldur rúmlega 40 ríki. Sjálfur mun ég með ánægju taka þátt í slíkri umræðu. Og ég vil geta þess að í hádeginu vorum við staddir, sá sem hér stendur og hv. þm. Ágúst Einarsson, á fundi Verkfræðingafélagsins og áttum þar viðræður saman og fluttum erindi þar sem einmitt var fjallað um þessa hluti. Og ég verð að viðurkenna að þar var að mínu mati annar bragur yfir umræðunum heldur en oft vill verða hér í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Var þá meira vit í þessum ... ) Það var minna í símskeytastíl, hv. þm. En ég vil endurtaka það að ég er tilbúinn í þær umræður hvenær sem er og mundi hafa ánægju af því.

[15:52]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir þau orð hv. þm. að það sé nauðsynlegt að forgangsraða og reyna að átta sig á því hvað skiptir mestu máli og vera á vaktinni. En þetta er það sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar standa frammi fyrir á hverjum einasta degi. Og að sjálfsögðu standa þingmenn jafnframt frammi fyrir þessu í sínu alþjóðlega samstarfi. Það er oft gert lítið úr alþjóðlegu samstarfi þingmanna og það flokkað undir ferðalög. Svo er sem betur fer alls ekki því þingmenn eru í mjög mikilvægu hlutverki í alþjóðlegu samstarfi og það er alveg útilokað að hugsa sér að starfa í lýðræðiskjörnu þjóðþingi án alþjóðlegs samstarfs. Þess vegna ber að styrkja það eins og sem við getum og að sjálfsögðu þarf utanrrn. að hjálpa til í þeim efnum og við viljum gjarnan leggja áherslu á það. Þess vegna tel ég það vera mikilvægt að hv. þm. hefur orðið var við að það stendur ekki á því. Við munum leggja áherslu á það áfram því við getum sinnt þessum mikilvægu skyldum sameiginlega sem lítil þjóð. En ef við vitum ekki hvert af öðru þá getum við ekki rækt skyldur okkar sem skyldi á alþjóðlegum vettvangi.

[15:54]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að eyða misskilningi þá var þeim orðum mínum, að það þyrfti að vinna markvissara að þeim málum sem við störfum að á alþjóðlegum vettvangi, ekki beint að utanrrn. Ég er þess ekki umkominn að setja fram gagnrýni á utanrrn. Mér er ekki nógu kunnugt um það starf sem þar fer fram og ég dreg ekki í efa að þar sé unnið samkvæmt ströngustu forgangröðun. Mitt mál beindist frekar að því að kalla fram þá reynslu sem ég hef haft af alþjóðlegu samstarfi þingmanna og benda á að ég tel að við getum náð meiri árangri ef við skipulegðum þetta betur, hefðum starfið formlegra og sköpuðum okkur ákveðin áherslusvið sem við teldum okkur skylt að sinna umfram önnur mál. Og ég taldi að reynsla mín af samstarfi við framkvæmdarvaldið á þessu sviði sýndi að það væri hægt að ná árangri þarna.

[15:55]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt og flytja hæstv. utanrrh. þakkir fyrir yfirgripsmikla ræðu og fróðlega skýrslu sem fylgir ræðunni. Ég hyggst dvelja eingöngu við eitt atriði sem er lokakafli skýrslunnar þar sem fjallað er um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Í þeim kafla skýrslunnar er einmitt vakin athygli á ályktun hæstv. ríkisstjórnar frá því í maí sl. þar sem ítrekuð er sú stefna stjórnvalda að hefja hvalveiðar hér við land að nýju. Enn fremur er vakin athygli á því að það hafi átt sér stað viðræður við önnur ríki sem málið varði, og þess enn fremur getið að fyrir dyrum standi könnunarviðræður íslenskra stjórnvalda við það sem kallað er hófsöm ríki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins til að kanna hvort viðhorfsbreytingar til hvalveiða í atvinnuskyni, sem borið hefur á undanfarið, geti leitt til endurskoðunar á afstöðu Íslands til aðildar að ráðinu.

Hér er verið að fjalla um mál sem er búið að vera að þvælast fyrir okkur undanfarin 14 ár, allt frá því að hvalveiðibannið, illu heilli, var samþykkt hér á Alþingi. Við höfum verið að ræða þessi mál árum saman án þess að komast að nokkurri raunverulegri niðurstöðu.

Ég er alveg sammála því sem kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. að það vekur vissulega ugg hversu umhverfisverndarsinnum hefur tekist að fá almenning í hinum iðnvæddu ríkjum til liðs við sig gegn nýtingu á sjávarspendýrum, sem þó er fyllilega í samræmi við hugmyndafræði okkar um sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Hér held ég að við séum komin að mjög alvarlegu máli. Það hefur tekist á alþjóðlegum vettvangi, víðast hvar, að fá menn til þess að samþykkja þessa grundvallarafstöðu um sjálfbæra nýtingu auðlindanna, og ég held að það væri mjög auðvelt að tína upp fjöldamargar alþjóðlegar samþykktir, bæði á vegum þingmanna og ríkisstjórna, þar sem tekið er undir þetta grundvallarsjónarmið. Þegar hins vegar kemur að því að fylgja því eftir að þessu leyti, þá er eins og allt hrökkvi í baklás. Og þetta er auðvitað að verða mjög alvarlegt mál fyrir okkur vegna þess að það hlýtur að leiða til þess fyrr eða síðar að úr því að menn fallast ekki á hugmyndafræði hinnar sjálfbæru nýtingar, nema þegar það hentar þeim, þá vitum við auðvitað ekki hvenær farið verður að beita þessu gegn okkur á öðrum sviðum.

Í fyrra var hér fulltrúi samtaka fiskmjölsframleiðenda sem sagði frá því að samtök sín stæðu frammi fyrir þessari ógn víða á mörkuðum, þar sem þeim væri nánast stillt upp við vegg og sagt við þá: Ef þið ekki sýnið og sannið það að framleiðsluvörur ykkar koma frá veiðum sem ekki skapa hættu gagnvart auðlindum hafsins, þá getið þið haft verra af. Þetta mál er því auðvitað miklu alvarlegra en svo að það snúist bara um hvalveiðar. Hér er verið að takast á um grundvallaratriði og spurninguna um hvort virða beri sjálfsákvörðunarrétt sjálfstæðra þjóða til þess að nýta auðlindir sínar. Við Íslendingar segjumst í orði kveðnu vilja stunda sjálfbæra nýtingu og þar með nýta hvali og önnur sjávarspendýr. Í raun fylgjum við annarri stefnu. Í raun höfum við látið undan þrýstingi þeirra samtaka sem hæstv. utanrrh. nefnir í sinni ágætu ræðu og í raun erum við með þessu í framkvæmd að fylgja eftir stefnu umhverfisverndarsamtaka á borð við Greenpeace. Það er auðvitað nöturlegt að hugsa til þess vegna þess að við höfum litið svo á að við værum

m.a. að heyja baráttu gegn sjónarmiðum Greenpeace og álíka samtaka, en í raun höfum við ekki treyst okkur til þess að ganga gegn þessum sjónarmiðum.

Þetta er að mínu mati allt hið ömurlegasta og mér liggur við að segja hálflítillækkandi fyrir fullvalda þjóð að standa í þessum sporum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh. um þetta mál sérstaklega þ.e. með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn hyggst leiða þetta mál áfram, því eins og fram kemur í skýrslu hæstv. ráðherra, þá liggur fyrir sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að hefja hvalveiðar hér við land. Það er hins vegar setning sem er farin að verða ansi kunnugleg og menn hafa gjarnan sagt sem svo: Þetta er ekki spurning um hvort heldur hvenær. En ég held að vaxandi vantrúar fari að gæta á því að menn muni hrinda þeirri stefnu í framkvæmd, sem þó styðst við mikið meirihlutaálit þjóðarinnar og er auðvitað stutt vísindalegum rökum.

Við höfum líka reynslu annarra þjóða af því hvernig þetta gekk fyrir sig. Norðmenn, sem voru í sömu sporum og við og kusu að taka slaginn, hafa verið að meta þetta. Í mjög fróðlegri grein í síðasta tölublaði Ægis er þetta rakið rækilega og þar er sýnt fram á að allt tal um að Norðmenn yrðu fyrir tjóni hefur reynst ósatt. Norðmenn stóðu þó sérstaklega illa að vígi að því leytinu til að þeir voru að efna til ólympíuleika í Lillehammer á þessum árum og lágu auðvitað mjög vel við höggi. Umhverfissamtök hvöttu til þess að menn mundu sniðganga ólympíuleikana, sniðganga norskar vörur o.s.frv. og eyðileggja þar með fyrir þeim þetta tækifæri. Ekkert af þessu gekk eftir, ekki nokkur skapaður hlutur. Þetta var allt saman tóm vitleysa.

Í skýrslu sem hagfræði- og viðskiptadeild háskólans í Björgvin gerði um þetta mál kemur í ljós að þar er að vísu hægt að benda á einhver tiltekin dæmi um fyrirtæki sem urðu fyrir skaða. Sá skaði er ekki talinn hafa verið nema um það bil 60–100 millj. kr. sem er ekki mikið af útflutningsveltu stórrar og öflugrar þjóðar eins og Norðmenn eru. Í öllum tilvikum var um að ræða skammtímaskaða sem jafnaði sig þegar frá leið. Það er því alveg ljóst mál að allar hrakspár sem fram komu í upphafi stóðust ekki.

Í þessari grein er vakin athygli á því að auðvitað verði að taka það með í reikninginn að talið er að stækkun hrefnustofnsins í Norðaustur-Atlantshafi, um $^{1}/_{10}$, muni leiða til þess að tekjur af veiðum á fisktegundum sem hrefnan nærist á lækki um 1,3 milljarða kr. og munar nú um minna. Við sjáum því á þessu, virðulegi forseti, að auðvitað eru yfirgnæfandi rök fyrir því að við hefjum veiðarnar. Við þurfum að reka af okkur þetta leiðinlega slyðruorð sem vissulega er á okkur núna meðan við tökum ekki þessar ákvarðanir. Ég spyr sjálfan mig og aðra: Hvað eigum við eiginlega að dunda okkur lengi á þessum rúnti? Það eru 14 ár síðan við ákváðum að hætta hvalveiðum. Árið 1997 er að líða og árið 1998 að renna upp. Við hljótum að verða að svara sjálfum okkur og öðrum þeirri spurningu hvenær við hættum að láta undan sífelldum hótunum alþjóðlegra, svokallaðra umhverfisverndarsamtaka, sem hafa það á stefnuskránni að neita fullvalda þjóð um að nýta auðlindir sem hún vill nýta með skynsamlegum, arðbærum og sjálfbærum hætti.

Virðulegi forseti. Mig langaði eingöngu til að vekja athygli á þessu atriði. Það er auðvitað fjöldamargt í þessari skýrslu sem hefði getað kallað á mikla umræðu og sú umræða hefði staðið lengi dags. En þetta er atriði sem ég held að við Íslendingar sem þjóð verðum að fara að takast á við og svara þessari spurningu og þess vegna vil ég ítreka spurningar mínar til hæstv. utanrrh. að þessu leyti.

[16:04]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og ræðu um utanríkismál. Í hinni ítarlegu skýrslu er komið víða við og margt athyglisvert kemur þar fram og sýnir auðvitað umfang þessa mikilvæga málaflokks.

Hér hefur verið rætt um ýmsa þætti utanríkismálanna og fróðlegt að heyra mismunandi viðhorf hv. þm., líka þeirra sem ætla nú að fara að sameina sína flokka. Þeir hafa greinilega ekki náð að móta sameiginlega stefnu í utanríkismálum.

Sem formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins langar mig til þess að koma inn á umræðuna um þróun Atlantshafsbandalagsins enda er árið 1997 óneitanlega sögulegt ár í sögu bandalagsins. Í júlí sl. var ákveðið á leiðtogafundi þess að bjóða þremur ríkjum til aðildarviðræðna við Atlantshafsbandalagið, Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi. Jafnframt hefur bandalagið gert samstarfssamninga við Rússland og Úkraínu og á leiðtogafundinum í júlí var skýrt tekið fram að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar lýðræðisríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Ríkin í Mið- og Austur-Evrópu eru því ýmist um það bil að öðlast aðild að Atlantshafsbandalaginu, hafa sótt um aðild eða hafa samið við bandalagið um samstarf á sviði öryggismála.

Í umræðum um skýrslu hæstv. utanrrh. í apríl sl. fjallaði ég um yfirlýsta andstöðu ýmissa aðila í rússneskum stjórnmálum við stækkun bandalagsins til austurs og lagði áherslu á að ekki væri hægt að taka of mikið tillit til kröfugerða og jafnvel hótana frá öfgasinnum í rússneskum stjórnmálum. Jafnframt benti ég á að sem betur fer væru það ekki þeir háværustu í þeim efnum sem mótuðu utanríkisstefnu Rússlands. Nú hefur sú þróun orðið að rússnesk stjórnvöld hafa lagt blessun sína yfir stækkun bandalagsins til austurs og sjálf tekið upp náið samstarf við bandalagið. Þrátt fyrir endalok kalda stríðsins eru öryggis- og varnarmál enn gífurlega mikilvægur málaflokkur í evrópskum stjórnmálum. Ógnir við öryggi álfunnar geta stafað af útbreiðslu gereyðingarvopna, skipulagðri glæpastarfsemi, umhverfisvá, þjóðernisátökum og þannig mætti lengi telja. Einungis með virku samstarfi sín á milli geta ríki Evrópu tryggt öryggi og frið í álfunni.

Ég vil taka undir með hæstv. utanrrh. þar sem hann fjallar um þróun nýs öryggisfyrirkomulags í Evrópu þar sem ólíkar fjölþjóðastofnanir vinna saman að tryggingu öryggis og friðar í álfunni, samanber samstarf Atlantshafsbandalagsins, samstarfsríkja þess og ÖSE í Bosníu-Hersegóvínu. Ég vil þó í þessu sambandi leggja áherslu á áframhaldandi grundvallarmikilvægi Atlantshafsbandalagsins. Varðandi mikilvægi Atlantshafsbandalagsins þarf ekki annað en að líta á ásókn ríkja í Mið- og Austur-Evrópu um aðild að bandalaginu. Í því sambandi vakti sérstaka athygli mína ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér fyrr í dag og viðhorf hans gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Hv. þm. vildi leggja niður NATO og ásakaði menn um að þora ekki að horfast í augu við breytta heimsmynd. Mig langar til að vitna aðeins til skýrslu hæstv. utanrrh., með leyfi virðulegs forseta, en þar segir á bls. 25, í þskj. 292:

„Þessi viðleitni Atlantshafsbandalagsins hefur verið formfest með stofnun Evró-Alantshafssamstarfsráðsins (EAPC), sem leysti Norður-Atlantshafssamvinnuráðið (NACC) af hólmi. Innan EAPC gefst samtals 44 ríkjum tækifæri til samráðs og samstarfs á sviði stjórnmála og ör-

yggismála í samræmi við vilja og getu hvers ríkis. Sum samstarfsríkjanna hafa lengi stuðst við hlutlausa utanríkisstefnu, eins og t.d. Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð. Jafnhliða stofnun EAPC hefur Friðarsamstarfið (PfP) verið eflt og samstarfsríkjunum gefið tækifæri til að tengja fyrrnefnda pólitíska vettvanginn við sértækt og hagnýtt samstarf innan PfP. Þá eru hafin skoðanaskipti við sex Miðjarðarhafsríki utan bandalagsins sem ætlað er að stuðla að stöðugleika og auknu trausti við suðurjaðar bandalagsins. Loks hefur bandalagið ákveðið að efla tvíhliða skoðanaskipti við ríki sem hafa áhuga á aðild. Þess má geta að á undanförnum árum hafa tólf ríki sótt formlega um aðild að bandalaginu."

Ég held einmitt að þessi tilvitnun lýsi mætavel mikilvægi NATO í breyttri heimsmynd og áhrifum þess á lýðræðisþróun í Mið- og Austur-Evrópu. En það er kannski erfitt fyrir suma hv. þm. að horfast í augu við einmitt þessa staðreynd. Bandalagið er eina stofnunin í evrópskum öryggismálum sem reynst hefur fær um að koma á og viðhalda friði í Bosníu-Hersegóvínu og Atlantshafsbandalagið er vettvangur náinna samvinnu ríkja Evrópu og Norður-Ameríku. Líkt og ítrekað hefur komið fram í yfirlýsingum, jafnt ráðherrafunda bandalagsins sem og á vor- og haustfundum Norður-Atlantshafsþingsins, er það eindreginn vilji allra 16 núverandi aðildarríkja bandalagsins að hlúa skuli að þeirri nánu samvinnu sem myndast hefur yfir Atlantshafið innan vébanda bandalagsins. Atlantshafsbandalagið bindur þannig saman hagsmuni Evrópu og Norður-Ameríku og á vettvangi bandalagsins mynda stjórnvöld þessara ríkja náin tengsl sem leggja ber áherslu á að viðhalda og rækta. Þessi áhersla á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna er mjög mikilvæg fyrir okkur Íslendinga. Í stefnu okkar í öryggismálum ber því að leggja höfuðáherslu á að hlúa að þeirri stofnun sem hefur verið svo mikilvæg á undanförnum áratugum og gegnir enn lykilhlutverki í evrópskum öryggismálum þótt hún hafi tekið miklum breytingum í breyttum heimi. Ég vil því taka undir með hæstv. utanrrh. þar sem hann lýsir Atlantshafsbandalaginu sem hornsteini hins nýja öryggiskerfis Evrópu.

Virðulegi forseti. Margir hefðu eflaust viljað sjá Eystrasaltsríkin þrjú í hópi þeirra ríkja sem boðið hefur verið til aðildarviðræðna. Á leiðtogafundinum varð hins vegar það sjónarmið ofan á að fara bæri með gát að stækkun bandalagsins og færast ekki of mikið í fang í senn. Bandalagið þarf svigrúm til að laga sig að auknum fjölda aðildarríkja og með því að fara hægt í sakirnar verður hægara um vik en ella að halda stækkun bandalagsins áfram. Skýrum skilaboðum þess efnis að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar, m.a. fyrir Eystrasaltsríkjunum, var hins vegar komið á framfæri í yfirlýsingu leiðtogafundarins og er það vel. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka undir með hæstv. utanrrh. og lýsa þeirri von minni að umrædd ríki nýti þau tækifæri sem í boði eru á samstarfi við bandalagið og aðildarríki þess á vettvangi Friðarsamstarfsins og Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins. Athygli bandalagsins mun beinast að þessum slóðum og þar með raunar að norðurslóðum almennt. Varnarstöðin í Keflavík mun því áfram gegna mikilvægu hlutverki innan bandalagsins. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafði einmitt áhyggjur af stöðu hennar, m.a. varðandi fjárveitingar, og því hlýtur þessi athygli að vera okkur Íslendingum mjög mikilvæg pólitískt séð.

Þátttaka okkar í Norður-Atlantshafsþinginu er okkur líka mjög mikilvæg bæði til að koma að sjónarmiðum Íslendinga og til þess að taka þátt í þeirri þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum í lýðræðisátt.

Á haustfundi Norður-Atlantshafsþingsins í sl. mánuði var m.a. ákveðið að ríkjunum þremur sem boðið hefur verið til aðildarviðræðna, Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi, yrði boðið að senda áheyrnarfulltrúa á fundi stjórnarnefnda þingsins frá og með næsta fundi hennar.

Norður-Atlantshafsþingið hefur á undanförnum árum haft frumkvæði að nánum samskiptum við þjóðþing fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins, þar á meðal rússneska þingið. Á haustfundi Norður-Atlantshafsþingsins í London árið 1987 var ákveðið að reyna að koma á nánu samstarfi við þjóðþing umræddra ríkja og árið 1990 gerðust fimm þeirra aukaaðilar að Norður-Atlantshafsþinginu, þar á meðal rússneska þingið. Í dag eiga þjóðþing 15 ríkja Mið- og Austur-Evrópu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu og hafa fulltrúar þeirra verið virkir í störfum þingsins. Það er trú mín að þessi tengsl hafi m.a. orðið til þess að efla gagnkvæmt traust, ekki síst hvað varðar Rússland og Úkraínu. Því kom það ekki á óvart í samstarfssamningum þeim sem Atlantshafsbandalagið hefur gert á árinu við Rússland og Úkraínu að Norður-Atlantshafsþinginu er sérstaklega falið að stuðla áfram að nánum samskiptum við þjóðþing viðkomandi ríkja og jafnvel efla þau.

Virðulegi forseti. Um leið og ég fagna stækkun Atlantshafsbandalagsins og bættum samskiptum Evrópuríkja á meðal vil ég einnig sérstaklega fagna þessu hlutverki sem fulltrúaþingi aðildarríkja bandalagsins hefur verið falið. Mikilvægi þingamannasamstarfs er undirstrikað í þessum samningum og er það vel enda þjóðþinganna að staðfesta stækkun bandalagsins þegar þar að kemur. Góð vísa er aldrei of oft kveðin og því vil ég nota þetta tækifæri í umræðunni til að árétta mikilvægi NATO og Norður-Atlantshafstengslanna fyrir íslenska utanríkisstefnu.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og fyrir þessa umræðu.

[16:15]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu um utanríkismál, sem ég tel ákaflega gagnlegt plagg og er mun þægilegra að ræða þau mál þegar svo ítarleg gögn liggja fyrir.

Ég tel að það sé rétt sem hér hefur verið haldið fram að líklega er minni ágreiningur um utanríkismál nú en oft áður á Alþingi þótt ágreiningsefni séu vissulega til staðar, eins og t.d. NATO og ESB eins og fram hefur komið. Ef til vill erum við of föst í hefðbundinni orðræðu, samanber greiningu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar áðan, kannski erum við alls ekki að ræða það sem skiptir mestu máli — stóru mál framtíðarinnar eins og afstaðan til ESB augljóslega er.

Á síðasta þingi lagði ég fjölmargar fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra í þessari umræðu sem hann hafði ekki tíma til að svara vegna þess forms sem haft er á umræðunni. Því miður er það mjög lítið breytt nú og því mun ég takmarka mjög spurningar mínar til ráðherrans en vona að hann nái að svara að þessu sinni.

Ég vil byrja á að fagna því að ráðherrann hyggst hefja vinnu til að meta öryggisþarfir landsins. Ég tel að mjög mikilvægt sé að sjá dálítið fram í tímann hvað gerist eftir árið 2001 þegar núverandi bókun við varnarsamninginn við Bandaríkin rennur út.

Þá vil ég taka undir þá skoðun hæstv. utanrrh. að Schengen-samstarfið sé mjög mikilvægt ef á að halda í

hið mikilvæga norræna vegabréfasamband en að sjálfsögðu verður slíkur samningur að samræmast utanríkisstefnu okkar að öðru leyti, samanber þá erfiðu stöðu sem Danir virðast vera komnir í nú. Í skýrslu ráðherrans kemur skýrt fram að nú á sér stað ákveðin þýðing á síðasta samningi og viðræður standa til við Ísland og Noreg. Ég vil því spyrja hvenær ráðherrann telji að málið verði lagt fyrir þingið. Er það fyrirsjáanlegt núna?

Í þriðja lagi vil ég taka undir það sjónarmið að umræða um mannréttindamál vill oft verða fyrirferðarlítil og of fyrirferðarlítil þegar utanríkismál eru rædd á Alþingi. Ég tel að ræða þurfi meira um málefni flóttamanna, málefni kvenna í þróunarlöndum eða annarra hópa sem þola gróf mannréttindabrot. Vegna ummæla hæstv. utanrrh. áðan um að Íslendingar styðji konur í þróunarlöndum þá vil ég endurtaka hve það voru mér mikil vonbrigði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sl. ári að ekki var mannafli til að fylgjast með starfi í fastanefndinni um mannréttindamál þar sem einmitt var verið að fjalla um framkvæmd á samþykktum kvennaráðstefnunnar í Peking. Ég vona að einhver breyting hafi orðið þar á, en það er mjög bagalegt ef við getum ekki fylgst með því starfi því ég tel að við Íslendingar höfum þar ýmislegt fram að færa.

Það er alveg ljóst að það viðgengst enn þá að litið er á vinnuframlag kvenna í heiminum, sérstaklega í þróunarlöndum, sem ókeypis auðlind sem hvergi kemur fram í hagtölum. Það eitt og sér tel ég að sé ein stærsta skekkjan í öllum hagtölum heimsins og ég er ekki ein um þá skoðun. Vinna kvenna í þróunarlöndum er oft nátengd náttúrunni og nú eru hagfræðingar farnir að verðleggja náttúrauðlindir í vaxandi mæli. Það kom t.d. fram nýlega á ráðstefnu um orkumál og þótti mikil frétt. Við erum að reyna að verðleggja sjávarauðlind okkar með auðlindagjaldi og ég tel að þarna sé oft um mjög nátengd mál að ræða, þ.e. mat á náttúruauðlindum og vanrækt vinnuframlag kvenna, og að þetta verði ein af stóru byltingunum í upplýsingasamfélagi framtíðarinnar, að þetta mun skekkja allar hagtölur í næstu framtíð og allar hugmyndir okkar um hvaða þjóðir eru ríkar og hvaða fátækar. Ég tel að við Íslendingar með okkar fallegu náttúru ættum að geta staðið vel að vígi þegar kemur að þessum nýju reikningsskilum ef við verðum ekki búin að eyðileggja ímynd landsins með óhóflegri mengun.

Áður en ég kem að lokaatriði máls míns, sem eru mengunarmálin, þá langar mig í framhaldi af þessari umræðu um konur og þróunarmál að spyrja hæstv. utanrrh. í tengslum við fyrirspurn mína til félmrh. í gær um hugsanlega aðstoð við konur í Eystrasaltsríkjunum í framhaldi af jafnréttisráðstefnu sem var í Lettlandi á sl. sumri. Það kemur í ljós að verulega fjármagn vantar til að fylgja eftir þeim tengslum sem þar mynduðust. Norðmenn hafa farið þá leið að fá að nota hluta af sinni þróunaraðstoð til að geta fylgt eftir þessum tengslum og hafa einmitt verið í samskiptum við utanríkisráðuneytið í Noregi í þeim tilgangi. Þess vegna vil ég sérstaklega spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að það gæti verið glufa til að styrkja þau samskipti nánar í gegnum þróunaraðstoð og peninga.

Þá er ég komin að lokaatriði máls míns, sem eru umhverfismálin og ráðstefnan í Kyoto í desember. Nú þegar hafa Japanar lýst því yfir að þeir ætli ekki bara að standa í stað miðað við Ríó-samkomulagið heldur ætli þeir að reyna að minnka útblástur á gróðurhúsalofttegundum um 5% fyrir árið 2010 og Evrópusambandið setur takmarkið hærra og miðar við 15% lækkun. En hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera? Minn skilningur, hæstv. forseti, er sá að Íslendingar ætli að fá að auka sinn útblástur eða heildarlosun á gróðurhúsalofttegundum frá því sem það var árið 1990. Röksemdirnar sem eru notaðar í þessari skýrslu og hafa komið fram hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar áður eru að mínu mati alls ekki trúverðugar. Því vil ég að lokum spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé bjartsýnn á að málflutningur af því tagi sem kynntur er í skýrslu ráðherrans verði viðurkenndur í Kyoto.

[16:24]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrstu spurningu hv. þm. þá á ég ekki von á að Schengen-málið verði lagt fram fyrr en eftir áramót. Eins og áður hefur komið fram mun þýðingu ekki verða lokið fyrr en í byrjun desember og m.a. þess vegna tel ég ólíklegt að ráðrúm verði til að leggja málið fram fyrr.

Um málefni kvenna vil ég m.a. nefna að við höfum gert ráð fyrir að 50 millj. kr. verði varið til mæðraverndar og ungbarnaverndar í Bosníu sem að sjálfsögðu tengist konum í ríkum mæli. Við höfum lagt mjög mikla áherslu á heilbrigðismál þar.

Hvað varðar Eystrasaltsríkin, þá er sjálfsagt að fara yfir það og athuga hvort þar er eitthvað hægt að gera. Ég vil hins vegar vara við því að við tökum þátt í allt of mörgum verkefnum ef það kostar það að við getum ekki framkvæmt þau verkefni bærilega sem við erum þegar byrjuð á. Þá er ég ekki að draga úr þörf á aðstoð í Eystrasaltsríkjunum.

Að því er varðar gróðurhúsaáhrifin, sem ég skal koma nánar inn á síðar, þá er ekki hægt að gera sér neina grein fyrir því hver niðurstaðan verður. Við hljótum að halda fram hagsmunum Íslands. Ég vil t.d. geta þess að nýjasta álverið sem hefur verið tekið í notkun er í Suður-Afríku og rafmagnið til þess álvers er framleitt með kolum og liggur fyrir að það er tíu sinnum meiri útblástur vegna slíks álvers, þar sem rafmagnið er framleitt með kolum heldur en vatnsorku. Við Íslendingar getum ekki samþykkt að okkur verði beinlínis meinað að nýta endurnýjanlega orkugjafa hér á landi. Með því væri öll framþróun stöðvuð. Ég mun koma nánar inn á það í mínum lokaorðum.

[16:27]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)**:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á nokkur atriði sem komið hafa fram í umræðunum í dag. Ég vil byrja á að þakka mjög málefnalega umræðu sem hér hefur átt sér stað og ég tel að það ríki í reynd mun meiri samstaða um íslensk utanríkismál og íslenska utanríkisstefnu en oftast áður. Það er þó ljóst að ekki eru allir sammála um allt eins og eðlilegt er. Vil ég nefna nokkur af þeim atriðum.

Að því er varðar varnarsamstarfið við Bandaríkjamenn þá hefur því verið haldið fram að mjög vandræðalegur málflutningur sé af hálfu utanrrh. og það sé nánast verið að kvarta yfir því að þar eigi sér stað breytingar. Það er alls ekki rétt. Það er óhjákvæmilegt að þar eigi breytingar sér stað og óhjákvæmilegt er að endurmeta hlutverk varnarstöðvarinnar í ljósi breytinga í heiminum. Við höfum á engan hátt neitað að taka þátt í þessum breytingum. Við höfum sagt við samstarfsaðila okkar að við viljum vinna að þeim breytingum og við skiljum að þeir vilja reka varnarstöðina með minna fjármagni. Það er skiljanlegt í ljósi þess að verið er að skera niður í fjárlögum fleiri ríkja en á Íslandi og það er alls staðar verið að reyna að spara. Þessu höfum við reynt að mæta

eftir megni. En við teljum hins vegar nauðsynlegt að varnarsamningurinn sé uppfylltur og lágmarksvarnarþörf Íslands sé svarað. Uppfylla verður þær kröfur sem gera verður til stöðvarinnar í varnarsamstarfinu innan NATO. Við verðum að hafa það í huga að samstarf Íslands og Bandaríkjanna er ekki aðeins samstarf um varnir Íslands í þessu tilliti heldur jafnframt framlag þessara tveggja þjóða til samstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins, þ.e. hluti af framlagi þessara þjóða. Málið verður því að skoðast í víðu samhengi.

En með þessu er ekki sagt að þarna eigi engar breytingar að vera. Við höfum gengið frá samningi við Bandaríkjamenn um þetta mál sem gildir fram til ársins 2001. Það verður ráðist tímanlega í að athuga með frekari breytingar. Við munum reyna eftir megni að lækka kostnað við rekstur stöðvarinnar. Það er eðlileg krafa að mínu mati að verð á þeirri þjónustu sem varnarstöðin þarf að kaupa lúti markaðslögmálum en jafnframt þarf að hafa í huga að þessi þjónusta verður ávallt að vera fyrir hendi. Þess vegna verður í sumum tilvikum að kosta nokkru til þannig að hún sé ávallt á staðnum og hægt sé að ganga að þjónustunni.

Þetta er málaflokkur sem hefur valdið nokkrum deilum en þó minni deilum en oftast áður. Við munum vinna að því, eins og þegar hefur verið tekið fram, að endurmeta þetta mál á næstu missirum.

Hér hefur jafnframt verið talað allmikið um Evrópusamstarfið og því haldið fram að ekkert sé verið að sinna því samstarfi og við Íslendingar sitjum aðgerðarlausir á þessu sviði. Ég er ekki þeirrar skoðunar að eina leiðin til að sinna þessu máli sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mér virðist stundum að það komi fram í málflutningi Alþfl. að þessu máli verði ekki sinnt öðruvísi. Þetta er alrangt. Auðvitað geta menn sótt um aðild að Evrópusambandinu en þá þarf að meta hvort það sé líklegt að þetta sama Evrópusamband gangi að þeim kröfum sem við Íslendingar þurfum að setja fram og hvort það sé líklegt til árangurs eða að við náum þeirri niðurstöðu sem er ásættanleg fyrir þjóðina. Að mínu mati bendir ekkert til þess í dag að slík niðurstaða fáist og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Þetta er mitt mat eftir að hafa rætt þetta mál við fjölmarga aðila. Auðvitað höldum við þessu máli vakandi með ýmsum hætti.

Á hinn bóginn leggjum við áherslu á að styrkja samstarfið við Evrópusambandið. Við höfum styrkt sambandið innan Evrópska efnahagssvæðisins og lagt heilmikla vinnu í það með samstarfsþjóðunum og náð að mínu mati mjög góðum árangri þannig að þær þarfir sem við höfum í þessu samstarfi eru að miklu leyti uppfylltar. Við höfum líka lagt áherslu á að ganga til samstarfs við Evrópusambandið og þjóðir þess um Schengen, þ.e. frjálsa för fólks milli allra þessara landa. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt mál og treystir böndin við Evrópusambandið. Við leggjum sem sagt áherslu á mjög gott samstarf við Evrópusambandið og erum að reyna að treysta þessi bönd með ýmsu móti.

Nú ætla ég ekki að mæla á móti því eða afneita því að sá tími geti komið eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði, að Íslendingar telji rétt að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Um það getur enginn fullyrt nú. Það væri rangt af okkur að standa þannig að málum í dag að byggðar væru einhverjar sérstakar hindranir til að koma í veg fyrir það ef það verður mat þjóðarinnar að sækja um aðild er fram líða stundir. Það er á engan hátt verið að byggja upp slíkar hindranir. Ég tel t.d. að Schengen-samstarfið muni leiða til þess að auðveldara verði fyrir Íslendinga að taka slíka ákvörðun ef menn telja það rétt þegar fram líða stundir. Það er líka alveg ljóst að sú styrking sem hefur orðið í samstarfinu á innri markaðnum og líka pólitísku samskiptin við Evrópusambandið og jafnframt sú mikla breyting sem hefur orðið innan Atlantshafsbandalagsins, allt er þetta til þess fallið að auðvelda það, ef menn telja það hagkvæmt þegar fram líða stundir, að sækja um aðild. Ég er þeirrar skoðunar að nú sé ekki rétti tíminn að gera það. En ég vil alls ekki fullyrða að það geti ekki komið að því einhvern tímann síðar. Við eigum að ræða þessi mál málefnalega en ekki vera að ásaka hvert annað um að menn séu að vanrækja hagsmuni Íslands í þessu sambandi. Ég tel að núv. ríkisstjórn sé að rækja hagsmuni Íslands á þessum vettvangi og styrkja samstarfið og tengslin við Evrópuþjóðirnar.

Að því er varðar loftslagsbreytingarnar sem hér hafa komið allmikið á dagskrá þá er það sennilega eitt alstærsta mál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir á alþjóðlegum vettvangi og staða okkar er ekki að öllu leyti mjög góð í því sambandi. Við höfðum fyrir árið 1990 lagt mikið af mörkum til að draga úr útblæstri hér á landi. Við höfum hitað okkar hús upp með rafmagni eða heitu vatni og farið í margvíslegar framkvæmdir til að draga úr mengun. Það á ekki við um allar þjóðir. Það á t.d. ekki við um þjóðir Mið-Evrópu og Austur-Evrópu sem nú óska eftir því að ganga í Evrópusambandið. Evrópusambandið hefur komið sér saman um að minnka útblástur um 15%. En þeir hafa líka gert samning um að það verði mjög misjafnt eftir þjóðum þannig að sumar þjóðir þurfi ekkert að draga úr útblæstri, aðrar þjóðir geti aukið hann en enn aðrar þurfa að draga mikið úr. Það er líka ljóst að þegar Mið-Evrópuríkin og Austur-Evrópuríkin ganga inn í Evrópusambandið mun það mjög auðvelda þær skuldbindingar sem Evrópusambandið hefur tekið á sig.

En þegar kemur að Íslandi þá höfum við farið fram á að tekið sé tillit til okkar sérstöðu. Við höfum bent á að við eigum hér endurnýjanlega orkugjafa sem menga ekki og að það sé ekki í samræmi við þau makmið sem menn eru að reyna að ná að koma í veg fyrir að þessir orkugjafar séu nýttir. Ef Íslendingar væru t.d. aðilar að Evrópusambandinu þá er alveg ljóst að eitt af því sem ríki Evrópusambandsins vildu leggja af mörkum til þessara mála væri að nýta orkugjafana á Íslandi og það væri sérstakt framlag í því sambandi. En af því að við stöndum einir þá ætla menn að líta á Ísland eins og allar þjóðir Evrópusambandsins. Við getum að sjálfsögðu ekki gengist undir svona skuldbindingar vegna þess að ef við gerum það þá erum við í reynd að skrifa undir að hætta að nýta þessa orkugjafa á Íslandi og loka okkur inni.

Það er því alveg ljóst að það getur komið til einhverra átaka í þessu sambandi. Ég geri mér ekki grein fyrir því á þessu stigi hvort hlustað verði á þá kröfu Íslendinga að taka tillit til okkar sérstöðu. Það er hins vegar mikill skilningur hjá mörgum þjóðum í þessu sambandi. En menn telja að erfitt sé að finna formúlu fyrir því vegna þess að aðrar þjóðir kynnu að nota það með öðrum hætti.

Nú er ég ekki að segja að við eigum ekki að taka þátt í þessum breytingum og að við eigum ekki að taka þátt í því að minnka þennan útblástur í heiminum. Við verðum að sjálfsögðu að gera það eins og aðrar þjóðir, því að þetta eru hagsmunir okkar eins og allrar heimsbyggðarinnar og Íslendingar verða að leggja sitt af mörkum í þeim efnum. En þar verður að ríkja sanngirni eins og í öllum öðrum málum. Það er sú sanngirni sem við höfum að leiðarljósi í okkar málflutningi og munum byggja á því á næstu missirum.

Herra forseti. Hv. þm. Einari K. Guðfinnsson kom lítillega inn á hvalamálið. Ég skil að bæði hann og aðrir eru óþolinmóðir í sambandi við það mál. Í því sambandi minntist hann á umhverfisverndarsamtök. Nú vil ég ekki gera lítið úr umhverfisverndarsamtökum. En ég hef haft nokkur skipti við umhverfisverndarsamtök og ég hlýt að hafa þann rétt að segja mína skoðun á þeim málum, og ég tel að ég hafi þar skyldur, ef þau beita ósanngirni og í reynd beita ódrengilegum vinnubrögðum gagnvart okkur Íslendingum. Þessi samtök verða að þola það alveg eins og við verðum að þola ýmislegt í málflutningi þeirra. Við höfum talað við þau umbúðalaust og það er rétt að ein umhverfisverndarsamtök báðust afsökunar með bréfi. En það var ekki beðist afsökunar með auglýsingu í Times. Það er dálítið annað að auglýsa óhróður um eina þjóð á heilsíðum heimsblaðanna en skrifa svo eitt lítið bréf til utanrrn. þar sem tekið er fram að þetta hafi nú verið leiðinlegt og það sé afar miður að þetta hafi komið fyrir og þeir skuli nú reyna að sjá til þess að það komi ekki fyrir aftur. Svo kann það síðan að gerast að mánuði síðar birti einhver önnur deild í þessum samtökum sams konar auglýsingu, en þá segir hin deildin: „Því miður þá er þessi deild í Þýskalandi eða Ástralíu okkur ekkert viðkomandi." Það er þetta sem við erum að halda fram og við vonumst til þess að það kalli fram ábyrgari vinnubrögð þessara samtaka. Við erum ekki með þessu að gera lítið úr mikilvægi þeirra en þau verða að þola gagnrýni eins og allir aðrir og við megum ekki láta það henda okkur að láta slíku ómótmælt.

Ég trúi því að sá dagur komi að við hefjum hvalveiðar. Það hefur liðið allt of langur tími. Ég get ekki frekar en aðrir sagt klukkan hvað það verður. Ég vona að það verði sem fyrst og ég mun fyrir mitt leyti vinna að því að það verði sem fyrst því spurningin er ekki aðeins um veiðarnar vegna verðmæti hvalanna, heldur líka vegna lífríkis hafsins og þess nauðsynlega jafnvægis sem þar verður að ríkja.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka þessa málefnalegu umræðu sem hefur orðið til þess að styrkja mig í þeirri trú að við séum á réttri leið í okkar utanríkismálum.

[16:42]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að þessi umræða hefur um margt verið góð og að það er mjög mikilvægt að við ræðum saman utanríkismál. Það er mikilvægur og stór málaflokkur. Ég kem í andsvar vegna orða ráðherrans um að málflutningur Alþfl. sé á þá lund að það verði að sækja um aðild að Evrópusambandinu og að það sé eina leiðin til að finna út hvort við eigum heima þar. Ég verð að segja að ef ég væri spurð þessarar spurningar, hvort ég sé sammála þessu, að þá mundi svar mitt eiginlega vera bæði já og nei. Mér leiðist svolítið þessi einföldun á umræðunni. En það hefur reyndar verið gagnrýnt hér í dag að hún sé einföld af okkar hálfu. Formaður Alþfl. hefur tekið undir þau viðhorf og stefnumörkun sem Gróska hefur sett fram. Og hvað er það? Jú, það er að kanna með þjóðinni fyrst hvort það eigi að sækja um aðild. Ég sá það í viðtali við ráðherrann að hann gerði lítið úr því. Ég segi: Já og nei. Ég mundi ekki rétta upp hönd með því að á morgun yrði bara sótt um án einhvers undanfara. Ég mundi heldur ekki rétta upp hönd með því að þjóðin yrði spurð á morgun í þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um málið. Þetta byggir á því að fyrst sé rætt opið um málið og skoðað hvaða niðurstaða yrði um kosti og galla samkvæmt þeirri könnun. Og þegar það lægi fyrir yrði þjóðin spurð: Vill þjóðin að sótt sé um? Þetta er leið sem formaður Alþfl. hefur nefnt að hann gæti hugsað sér að fara vegna þess að málið er svo umdeilt hjá þjóðinni, fyrst og fremst vegna þess að flokkarnir hafa ekki viljað taka það til umræðu.

[16:44]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að það sé vandi á höndum í þeirri sameiningarumræðu sem átt hefur sér stað milli ákveðinna stjórnmálaflokka og sá andi hefur komið fram í dag. En að ætla sér að leysa þann vanda með því að segja sem svo: „Við skulum spyrja þjóðina." Ég leyfi mér nú að lýsa eftir því hvort samstaða sé um spurningarnar sem á að bera fram. Liggur það fyrir hvernig viðkomandi flokkar ætla þá að tala í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu? Ætla menn að mæla með því að það verði samþykkt að sækja um aðild að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslunni eða ætla menn að mæla á móti því? Þetta er náttúrlega ekkert annað en leið til þess að reyna að hlaupa frá málinu.

Það mætti sjálfsagt líka setja það fram alveg eins og var sett fram með fiskveiðistefnuna, að það beri að afnema lögin um sjávarútveginn árið 2001 og menn eigi að athuga hvort menn finni eitthvað út úr því fram að þeim tíma. Það mætti sjálfsagt finna líka þá leið að segja sem svo að stefnt skuli að því að segja sig úr NATO árið 2005 og reyna svo að finna út úr því hvort hægt sé að finna eitthvað í staðinn fram að þeim tíma. Þetta er náttúrlega ekkert annað en flótti frá raunveruleikanum. Ég veit að það er ekki flótti af hálfu Alþfl. að fara þessa leið með þjóðaratkvæðagreiðslu. En það er flóttaleið fyrir hina til þess að búa til einhvern hrærigraut sem enginn botnar í.

[16:45]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er reyndar mjög ánægð með það hvað formaður Framsfl. er mikill EES-sinni miðað við að Framsfl. var klofinn í afstöðu sinni á þeim tíma sem aðild var samþykkt að þeim samningi. Þá var andstaða fyrrv. formanns flokksins hörð við aðildina að EES og þannig er það nú oft þegar fólk skoðar ekki málin með opnum huga. Við verðum t.d. að skoða hvað felst í Amsterdam-sáttmálanum fyrir okkur, fyrir Norðurlöndin, fyrir lönd innan og utan Evrópusambandsins. Við eigum að skoða hvað breytingin á Schengen og hvað myntsambandið hefur að segja fyrir okkur og fleiri atriði sem er að finna í Amsterdam-sáttmálanum sem við áttum okkur ekki alveg á hvaða áhrif hafa fyrir löndin eftir því hvort þau eru innan eða utan. Auðvitað á ríkisstjórn að þora, alveg eins og þetta, að opna umræðu um Evrópusambandið. Það er alveg ljóst, óháð því hvaða skoðun maður hefur á því hvort við eigum að fara inn í Evrópusambandið eða ekki, að stjórnarflokkarnir stöðva heilbrigða umfjöllun sem á að leiða til niðurstöðu í svona stóru hagsmunamáli þannig að unnt sé að taka ákvörðun á þeim grundvelli um það hvort Íslandi sé betur varið innan eða utan Evrópusambandsins.

Af því að ráðherrann tekur nú svo stórt upp í sig varðandi það að skoða málin með opnum huga, kanna hverjir eru kostirnir, hverjir eru gallarnir og í fyllingu tímans leggja það mál fyrir þjóðina hvort eigi að sækja um, þá segi ég: Það skyldi þó aldrei vera að sú stund eigi eftir að renna upp að ráðherrann fari með okkur í að spyrja þjóðina um þetta.

[16:48]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að Ísland mun aldrei ganga í Evrópusambandið öðruvísi en að þjóðin verði spurð og það ekki bara í einum kosningum heldur í tvennum kosningum því það kallar á stjórnarskrárbreytingu. (**RG:** Ég veit það.) Það er að mínu mati ábyrgð stjórnmálamannanna að undirbúa það mál og leggja það fyrir þjóðina. Það á ekki að byrja á því að spyrja þjóðina um eitthvað sem stjórnmálamennirnir geta ekki skilgreint. Það er mín afstaða. Ég tel að það sé flótti stjórnmálamannanna frá skyldum sínum að gera það og ég sé ekki hvernig í ósköpunum á að standa að þessu máli.

Það er enginn að banna umræðu um Evrópusambandið. Hvernig er hægt að banna umræðu í lýðræðisríki eins og Íslandi? Og það er rangt að við reynum á einhvern veg að koma í veg fyrir þessa umræðu. Ég veit ekki betur en skýrsla utanrrh. fjalli allmikið um þessi mál og ég veit ekki betur en ég hafi fjallað líka allmikið um þau í ræðu minni hér í dag. Við verðum að fjalla um þetta mál á okkar forsendum. Við getum ekki fjallað um það á forsendum Alþfl. Það verður Alþfl. sjálfur að sjá um, hvort sem hann vill gera það í samvinnu við Alþb. og Kvennalistann eða einhverja aðra. Það er mér óviðkomandi þó að ég hafi nú ekki mikla trú á því.

Að lokum: Framsfl. var í forustu í ríkisstjórn sem hóf viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið. Það er staðreynd. Þær voru ekki leiddar til lykta af Framsfl. en við berum að sjálfsögðu verulega ábyrgð í því máli og höfum aldrei skotið okkur undan henni. Það er rétt að um það mál voru margvíslegar deilur hér á Alþingi og margt hefði betur mátt fara eins og í öllu. Ég er ekki að segja að það hefði ekki verið svo ef við hefðum haldið á málinu. Það er mikilvægt að á Alþingi sé lýðræðisleg umræða, að það komi fram gagnrýni og viðkomandi ráðherrar, utanrrh. á hverjum tíma, búi við aðhald hvaða nafn svo sem þeir bera og menn fari þá rétt með það nafn.

[16:50]

**Útbýting þingskjals:**

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 249. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 294.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 16:51.

## 22. FUNDUR

þriðjudaginn 11. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
2. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.
3. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
4. Framhaldsskólar, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
5. Orka fallvatna, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
6. Jarðhitaréttindi, frv., 56. mál, þskj. 56. — 1. umr.
7. Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, þáltill., 53. mál, þskj. 53. — Fyrri umr.
8. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 69. mál, þskj. 69. — 1. umr.
10. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 74. mál, þskj. 74. — Fyrri umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
12. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 82. mál, þskj. 82. — 1. umr.
13. Sveitarstjórnarlög, frv., 84. mál, þskj. 84. — 1. umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 85. mál, þskj. 85. — 1. umr.
15. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95. — Fyrri umr.
16. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 100. mál, þskj. 100. — Fyrri umr.
17. Þingsköp Alþingis, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
18. Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, þáltill., 109. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
19. Úrbætur á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, þáltill., 241. mál, þskj. 280. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 12. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:30]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Reykv., Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ágúst Einarsson,
varaformaður þingflokks jafnaðarmanna."

Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Breytingar á réttindum lífeyrisþega í sjúkratryggingum, 158. mál, svar heilbrrh., þskj. 287.

Heilbrigðisþjónusta, 248. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 293.

Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, 250. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 295.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 252. mál, frv. KHG og HG, þskj. 297.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 135. mál, svar heilbrrh., þskj. 283.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 119. mál, svar umhvrh., þskj. 277.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 133. mál, svar heilbrrh., þskj. 281.

Reglur um ólaunað leyfi starfsmanna ríkisins, 251. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 296.

Rekstrarhagræðing, 129. mál, svar samgrh., þskj. 303.

Stofnmat nytjafiska á Íslandsmiðum og við Noreg, 253. mál, fsp. HG, þskj. 298.

Styrktarsjóður námsmanna, 245. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 290.

Vegasamband við þéttbýlisstaði, 81. mál, svar samgrh., þskj. 300.

Vegtenging Vopnafjarðar við hringveg, 61. mál, svar samgrh., þskj. 302.

Öryggismál sundstaða, 45. mál, svar menntmrh., þskj. 254.

### *Þingvallaurriðinn, fyrri umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[13:33]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Það er stundum talað um nauðsyn þess að vernda arfleifðina og þá eiga menn fyrst og fremst við þá arfleifð sem er skráð á skinn og bókfell. Menn gleyma því stundum að Íslendingar eiga líka mjög markverða arfleifð í því sérkennilega lífríki sem hér er að finna.

Sú tillaga sem ég flyt með hv. þm. Guðna Ágústssyni og Árna M. Mathiesen miðar einmitt að því að vernda örlítinn

part þessa lífríkis, part sem hefur undanfarna áratugi verið í talsverðri hættu. Með þessari litlu tillögu er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Þetta, herra forseti, er mál sem mér hefur verið hugleikið og ég hef flutt skylt mál einu sinni áður og nokkrum sinnum reifað þetta í fyrirspurnum.

Ástæðan er sú að ég tel að sá einstaki urriði sem er að finna í Þingvallavatni eigi sér hvergi sinn líka. Þegar maður skoðar þá texta sem skrifaðir hafa verið á erlendum málum um urriða víðs vegar um Evrópu, þá kemur fram, sem mér var ókunnugt áður en ég hóf að gefa þessu gætur, að ekki er hægt að finna neitt vatn í öllum heiminum sem stenst samjöfnuð við Þingvallavatn hvað varðar fjölda stórra urriða. Þetta, herra forseti, má rekja til þess hvernig landmótun hefur þróast hér á Íslandi.

Fyrir um það bil 10 þúsund árum tók ísöldinni að slota og við það urðu til gríðarleg auravötn sem féllu til sjávar á Suðurlandinu. Í kjölfar þessa hopandi ísaldarjökuls syntu hingað sprettharðir sjóbirtingar og hösluðu sér völl í þessum miklu fljótum Suðurlands. Nú er það hins vegar svo að eftir því sem jökullinn bráðnaði, þá létti farginu af landinu þannig að til urðu vötn. Þingvallavatn varð þannig til, kannski ekki í núverandi mynd en vísir að Þingvallavatni varð til fyrir um það bil 9 þúsund árum. Hægt er að sýna fram á það með sérstökum mælingum á sjávarleifum, skeljum og öðru sem hafa fundist í grennd við fossana í Soginu að gönguleiðin til sjávar rofnaði fyrir 9 þúsund árum. Þar af leiðandi má draga þá ályktun að urriðinn í þessu einstaka vatni hafði verið úr tengslum við hafið. Hann hafi verið einangraður í 9 þúsund ár og á öllum þeim tíma hafi hann ekki blandað blóði við neina ættingja sinna. Í ljósi þessa er mikilvægt að skoða að síðar kom önnur bylgja smærri urriða sem virtust einhverra hluta vegna eiga auðveldara með að ná fótfestu og þeir ruddu burt þessum stóru fiskum.

Í dag er það því þannig að einungis á örfáum stöðum í heiminum, sem líklega er hægt að telja á fingrum annarrar handar, er hægt að finna fiska sem búa að þeirri merkilegu arfgerð sem þessi skepna felur í sér. Arfgerðin hefur gert það að verkum að urriðinn í Þingvallavatni verður miklu stærri en ættingjar hans annars staðar. Við höfum heimildir um að veiðst hafi allt upp undir 36 punda urriðar, margir í kringum 30 pundin. Aðeins á þessari öld hafa veiðst 20–30 punda urriðar á öllum bæjum við Þingvallavatn nema einum.

Ástæðan fyrir þessu er kannski annað sérkenni þessa fisks. Hann býr að mjög sérkennilegum kynþroska. Hann verður kynþroska 8–9 ára gamall en ættingjar hans yfirleitt 5–6 ára. En nú er það þannig með fiskana að þó að þeir andstætt okkur séu að vaxa alveg fram í andlátið, þá heftir kynþroski þeirra vöxtinn. Hann er það orkufrekur að þeir geta ekki vaxið samhliða því að heyja sér forða til kynþroskans. Sú staðreynd að þessi fiskur verður kynþroska miklu síðar en aðrir urriðar gerir það að verkum að hann hefur meira svigrúm til að vaxa. Við höfum fundið með rannsóknum á hreistrum sem til eru í safni Veiðimálastofnunar að fiskurinn er líka sérkennilegur að því leyti til að hann verður bara kynþroska annað hvort ár og það gefur honum einnig svigrúm til að vaxa. Hann verður jafnframt háaldraður. Þó að ekki séu til hreistur af stærri fiski en 20 punda, þá var sá samt sem áður 16 ára og má leiða líkur að því að fiskar sem e.t.v. hafa verið á fjórða tug punda eins og þeir sem ég nefndi hérna áðan hljóti að hafa komist á þrítugsaldurinn.

Þessi sérkennilegu gen sem hvergi er að finna annars staðar, í hæsta lagi á örfáum öðrum stöðum, eru auðvitað afskaplega markverð frá líffræðilegu sjónarmiði. En að líkindum er þarna líka um að ræða verðmæti sem einhvern tíma, ef til vill ekki í fjarlægri framtíð, verður líka hægt að breyta í beinharða peninga. Sú hraðfleyga erfðatækni sem við sjáum fyrir okkur á síðari tímum hefur m.a. leitt til þess að menn eru farnir að einangra erfðavísa og flytja milli tegunda. Það kann vel að vera að vaxtarþrótturinn sem stjórnast af þessum erfðavísum kunni þess vegna einhvern tíma að nýtast okkur í öðrum óskyldum tilgangi eins og t.d. í tengslum við fiskeldi.

Þingvallavatn er sérstakt vatn að því leyti að þó í það falli þrjár, þá kemur um það bil 90% af því vatni sem streymir um Þingvallavatn upp um lindir á botni vatnsins og við þessar lindir hefur urriðinn hrygnt og það hafa myndast sérstakir stofnar. Langstærsti og mikilvægasti stofninn var þó sá sem hrygndi fyrir útfalli Efra-Sogs. Efra-Sog var á sínum tíma vatnsmesta bergvatnsá landsins.

Árið 1959 gerðist það hins vegar að skorið var á lífsþráð þessa stofns þegar menn virkjuðu Efra-Sog. Þá var farvegurinn þvergirtur og hægt var að ganga hann þurrum fótum. Við þetta eyðilagðist hið mikla flæmi hrygningarsvæðis fyrir framan árupptökin.

Það gerðist líka, herra forseti, að á lýðveldisdaginn, þjóðhátíðardaginn 1959 brast bráðabirgðastífla sem menn höfðu reist í aðdraganda að sjálfri stíflugerðinni og við það flæddi óstöðvandi flaumur niður farveginn og það varð til þess að mikilvæg hrygningarmöl þarna fyrir framan ána sópaðist niður og þar af leiðandi var ekki lengur vottur af þeim hrygningarstöðvum sem þarna voru áður. Fyrir vikið hvarf þessi stofn og áratuginn á eftir var hann smám saman að hverfa úr veiðinni.

Jafnframt gerðist það að Þingvallavatn var notað sem miðlunarlón og það urðu talsverðar sveiflur á yfirborði þess. Úr þeim hefur að sjálfsögðu dregið á síðustu árum með samningi við Landsvirkjun en þessar sveiflur gerðu það líka að verkum að hrygning mikilvægra stofna, t.d. fyrir Nesjavöllum og Nesjahrauninu, misfórst að öllum líkindum ár eftir ár.

Við sem höfum kynnt okkur þessi mál teljum að þetta inngrip mannsins í lífríki Þingvallavatns hafi leitt til mikils skaða fyrir vatnið. Ég ætla að láta mér nægja einungis að nefna það hér að urriðinn, rándýrið efst á toppi fæðukeðjunnar, er af sérfræðingum, m.a. prófessor M. Jónassyni í Kaupmannahöfn, talinn hafa verkað sem eins konar hemill á murtukynslóðir. Þegar fram kom sterkur árangur af murtuseiðum, þá stemmdi urriðastofninn hann þannig að urriðinn hefur með einum eða öðrum hætti haft eins konar stjórn á fæðukeðjunni þar fyrir neðan. Það að hann er numinn brott með þessum hætti, sem gert var 1959, hefur haft áhrif á þetta lífríki. Eftir þann tíma höfum við t.d. séð gríðarlegar sveiflur í murtuveiðinni og þegar hún hrundi um árið 1984 þá töldu menn að það hefði verið hrun í murtustofninum. En það sem menn komust að með rannsóknum var hins vegar að hann hafði stækkað gríðarlega. Það hafði fjölgað svo mikið í honum að ekki var lengur nægileg fæða eftir í vatninu fyrir hann og sýndi sig í því að það var greinilega ofbeit á þeim krabbadýrum sem murtan nærðist aðallega á. Við þetta minnkaði meðalþyngd murtunnar og murtan smaug netin. Þetta leiddi að mínu viti til verulegs tjóns fyrir bændur sem höfðu að nokkru leyti afkomu sína af þessum murtuveiðum. Þeim hefur aldrei verið bættur sá skaði.

Miklar umræður hafa spunnist um það, a.m.k. í hópi áhugamanna um þetta vatn og um urriðann og meðal líffræðinga, með hvaða hætti væri hægt að bæta fyrir þennan skaða. Það er hægt að nefna nokkrar leiðir. Þá mikilvægustu og líklega áhrifaríkustu nefndi einmitt hæstv. samgrh. Halldór Blöndal sem þá var líka landbrh. úr þessum stóli fyrir nokkrum árum þegar hann sagði að það væri náttúrlega langbest að rjúfa þessa stíflu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að semja frið við náttúruna á þessum stað með því að leggja af Steingrímsstöð. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að á því eru afskaplega skiptar skoðanir og það er mjög umdeilt. Það eru líka aðrar aðferðir sem koma til greina sem eru álíka umdeilanlegar. Þannig hafa menn nefnt þann möguleika að sleppa seiðum urriða í vatnið. Það er byggt á þeim möguleika að hægt væri að afla klakfiska, það væri hægt að rækta þá, rækta upp seiðin og sleppa þeim í vatnið. Það er líka umdeilanlegt og það hefur verið deilt á það m.a. af hálfu Náttúruverndarráðs. Aðferðin er erfið vegna þess að viss hætta er á að stofninn úrkynjist og úr honum tapist erfðavísar alveg eins og við höfum séð gerast þar sem menn hafa reynt að nota sleppingar til að halda uppi urriðastofnum, t.d. í Svíþjóð.

Það væri líka mögulegt að fara þá leið að rjúfa gat í stíflumúrinn og hleypa hluta vatnsins niður árfarveginn til þess að reyna að leyfa urriðanum að festa sig aftur á sínu gamla óðali. Sömuleiðis hafa menn velt upp þeim möguleika að flytja hrygningarmöl frammi fyrir munna jarðganganna þar sem vatnið er nú leitt niður til Steingrímsstöðvar niður við Úlfljótsvatn og það er hægt að rekja fleiri dæmi. Þetta eru hins vegar allt saman leiðir sem þarf að brjóta til mergjar. Það þarf að vega og meta afleiðingar þeirra og leita reynslu í sjóði erlendra manna sem eru að glíma við svipuð vandamál.

Það er ekki lengra síðan en í síðustu viku að í norskum blöðum birtust greinar um nauðsyn þess að rækta betur svipaða stofna sem að vísu standast ekki samjöfnuð við Þingvallaurriðann, í Noregi. Þar hafa þeir tapað 80% af sínum stóru urriðastofnum. Til þess að reyna að lægja deilur um þær leiðir sem mönnum kynnu að þykja hentugastar til að ná þeim tilgangi sem hér er reifaður í tillögunni, þá höfum við flutningsmenn talið að það væri farsælast að þingið beindi því til ríkisstjórnarinnar að hún skipaði nefnd sérfræðinga. Þeir fengju það hlutverk að safna saman öllum mögulegum hugmyndum um málið, kanna þær út í hörgul og leggja síðan fyrir ríkisstjórnina þær leiðir sem viðkomandi sérfræðingar telja farsælastar. Það er hægt að benda á það að hér innan lands er að finna ríka sérfræðiþekkingu. Ég nefni þar sérstaklega Veiðimálastofnun þar sem finna má menn sem eru í fararbroddi í heiminum á sviði sinna vísinda. Ég nefni líka Hólaskóla þar sem er að finna mikla og vaxandi þekkingu á sviði silunga. En umfram allt, herra forseti, þá held ég að það skipti máli að menn bregðist við núna. Enn er ekki of seint að bjarga þessum merkilega fiski, en ég óttast að ef ekkert verði að gert, þá muni hann innan tíðar hverfa endanlega úr lífríki Íslands. Ég má ekki til þess hugsa og ég held að hann sé hluti af þeirri arfleifð sem okkur ber skylda til að geyma og koma áfram til næstu kynslóðar. Hann er hluti af arfleifð Íslands og ekki síðri verðmæti en sú arfleifð menningarinnar sem við sjáum skráða á bókfell og skinn.

Því legg ég til, herra forseti, að tillögu þessari verði vísað til landbn. að lokinni þessari umræðu og geri mér góðar vonir um að hún skynji skynsemina sem í tillögunni felst og hafi samúð og meðaumkun með þessum fiski sem á undir högg að sækja og sendi hana hingað aftur með þeim meðmælum í fyllingu tímans að þingið samþykki hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, fyrri umr.*

Þáltill. EKG o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

[13:47]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri sem er á þskj. 35 en flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Pétur H. Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst.

Þessi tillaga var einnig lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er þess vegna lögð fram að nýju.

Það eru nokkur atriði sem ég vil vekja athygli á varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi vil ég segja að hér er verið að skapa lagalegan ramma í kringum samningsbundinn sparnað. Ekki er verið að leggja til lögþvingaðan sparnað heldur eingöngu að búa til þann lagalega ramma sem nauðsynlegur kann að vera til þess að hægt sé að stofna til sparnaðarforma eins og þess sem verið er að vekja máls á. Því er ekki að neita að hugmyndin að þessu sparnaðarformi er fengin frá Bretlandi þar sem þetta hefur gefist mjög vel og verið nýtt á undanförnum árum, m.a. varðandi þau fjölmörgu fyrirtæki sem þar hafa verið einkavædd á ótal sviðum og hefur leitt til þess að þátttaka almennings og eignaraðild í þessum fyrirtækjum er mjög almenn.

Í þessu sambandi vil ég nefna dæmið af British Airports Authorities sem er fyrirtæki sem á og rekur Heathrow-flugvöll og mjög marga aðra flugvelli í Bretlandi. Þessu sparnaðarformi var þar komið upp mjög fljótlega eftir að það fyrirtæki var sett á laggirnar með þeim ágæta árangri að milli 95–98% fastra starfsmanna fyrirtækisins eiga hlut í fyrirtækinu. Sú reynsla sem þar hefur fengist, bæði af þessu fyrirtæki og víða annars staðar, sýnir okkur að eftir mjög miklu er að slægjast, bæði fyrir fyrirtækin sjálf að fá inn starfsmenn sem eignaraðila og einnig fyrir starfsmennina sjálfa eins og ég mun rekja sérstaklega á eftir.

Nú vaknar sú spurning hvort þetta geti átt við á Íslandi. Út af fyrir sig er rétt að við eigum að forðast að flytja inn hráar hugmyndir frá öðrum löndum öðruvísi en reyna að laga þær

íslenskum veruleika. Nú skulum við aðeins velta því fyrir okkur hvort þetta geti átt við hér á landi, hvort þetta geti orðið til gagns fyrir efnahagslífið, atvinnulífið og lífskjörin í landinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að svo yrði.

Eitt það vandamál sem íslenskt atvinnulíf á við að stríða er að það er almennt séð of skuldugt. Í útvarpinu í morgun var frá því greint að íslenskur sjávarútvegur skuldaði í heild sinni um 116 milljarða kr. Þetta er gífurlega mikil upphæð í ljósi þess að tekjur greinarinnar eru allmiklu minni og þess vegna sjá allir að mikil þörf er á því fyrir okkur Íslendinga að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og styrkja fyrirtækin þannig innan frá til þess að takast á við vandasöm verkefni sem þar bíða og ný viðfangsefni.

Í öðru lagi er blasir sú þróun við hér á landi að fyrirtæki eru að sameinast og stækka í miklum mæli. Við þekkjum þessa þróun frá sjávarútveginum. Við þekkjum þessa þróun líka mjög víða annars staðar frá. Flutningaþjónustan er á hendi tiltölulega fárra aðila og sú þróun hefur orðið á allra síðustu árum að landflutningaþjónustan er að safnast saman á mjög fáar hendur. Þetta er í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað erlendis þar sem við sjáum að fyrirtæki eru þar að stækka og ástæðan er mjög einföld. Hún er sú að sívaxandi kröfur eru um aukna arðsemi og aukna hagræðingu í atvinnulífinu og þetta er svar atvinnulífsins við því að reyna að auka hagræðinguna, bæta lífskjörin, hækka laun starfsmanna sinna og greiða út arð til eigenda sinna, það er að sameinast, draga úr tilkostnaði og hagræða.

Það hefur verið mjög mikið áhyggjuefni hér á landi hve sparnaður á undanförnum árum hefur verið hlutfallslega lítill. Þetta er hægt að skoða með ýmsum hætti og það getum við séð með því að skoða fylgiskjal II sem er yfirlit frá hagfræðisviði Seðlabanka Íslands um þróun sparnaðar en að minnsta kosti blasir það við, hvernig sem á öll þessi mál er litið, að sparnaður hér á landi í heild sinni þyrfti að vera meiri.

Í greinargerð með þáltill. er vitnað til Samtaka iðnaðarins sem ályktuðu núna í haust um að nauðsynlegt væri að efla sparnað við núverandi aðstæður. Þau vöktu athygli á að sparnaður hérlendis nægði ekki til þess að fjármagna nema um 75% þeirra fjárfestinga sem verða á árinu. Þó eru fjárfestingar hérlendis í tæpu meðallagi þess sem gerist í OECD-ríkjunum og helmingur þeirrar fjárfestingar sem varð á sjöunda áratugnum. Þess vegna er að mati Samtaka iðnaðarins heppilegast að til staðar séu margvísleg sparnaðarform og nefni ég í því sambandi atriði eins og skattalegt hagræði vegna hlutabréfa, viðbótarlífeyris og húsnæðissparnaðarreikninga.

Ábendingar Samtaka iðnaðarins eru mjög í anda þess sem verið er að leggja til að reyna að efla frjálsan sparnað, fjölga sparnaðarformunum og gefa almenningi þannig kost á því að njóta ávaxtanna af atvinnulífinu. Sem betur fer er það þannig að æ fleiri einstaklingar hér á landi hafa séð sér hag í því að fjárfesta í atvinnulífinu. Ég hygg að þar komi einkanlega tvennt til. Í fyrsta lagi hefur skattafslátturinn á undanförnum árum virkað hvetjandi í þessum efnum. Menn hafa beinlínis séð sér efnahagslegan hag í því, fjárhagslegan ábata í því að fjárfesta í hlutabréfum og fá þannig skattafslátt og þess vegna þekkjum við að rétt fyrir jólin er yfirleitt mikill straumur fólks sem er að fjárfesta í atvinnuvegunum með þessum hætti. Enn fremur hefur orðið ótrúleg ávöxtun hlutafjár almennt í landinu í heild á undanförnum árum þó að mjög margt bendi til þess að eitthvert bakslag sé í þeirri þróun um þessar mundir þó að vonandi verði bærileg ávöxtun almennt á hlutafénu þegar litið er yfir árið í heild.

Súlurit sem fylgir með sem fskj. III er ranglega sagt að sé spá Kaupþings. Þetta er ekki svo heldur er eingöngu um að ræða súlurit sem byggir á rauntölum en í þessu súluriti sjáum við að það var rúmlega 80% aukning í þátttöku almennings í hlutabréfakaupum á milli ára. Um 16 þúsund einstaklingar keyptu hlutabréf á árinu 1995. Á síðasta ári keyptu hins vegar um 30 þúsund einstaklingar hlutabréf í hinum ýmsu fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði skattyfirvalda um frádráttarbærni vegna hlutabréfakaupa. Þetta er ótrúlega mikil aukning í ljósi þess að á milli áranna 1994 og 1995 hafði orðið um 40% aukning á þátttöku.

Talið er að núna séu um 150 þúsund manns framtalsskyldir hér á landi. Af þeim greiði um þriðjungur tekjuskatt eða um 50 þúsund manns og miðað við þær upplýsingar sem hér er stuðst við lætur þess vegna nærri að um 60% þeirra sem greiddu tekjuskatt á síðasta ári hafi keypt hlutabréf í skráðum félögum.

Ég held að þátttaka almennings í atvinnulífinu með þessum hætti sé ein aðferð við að færa góðærið til fólksins í formi arðgreiðslna. Hér er verið að leggja til að gefa öllum almenningi í landinu, ekki síst starfsfólki fyrirtækjanna, kost á því að njóta þess þegar vel gengur í atvinnulífinu, ekki bara með því að fá kaup og kjör á almennum markaði. Það er hin hefðbundna aðferð sem við þekkjum og hefur gengið misjafnlega og erlendir fræðimenn hafa t.d. bent á það að sú aðferð hafi ekki dugað mjög langt til þess að dreifa eignum í þjóðfélagi. Það er kannski aðferð við að dreifa tekjum en það er ekki mjög heppileg aðferð við að dreifa eignum en þessi leið er hins vegar tilraun til þess.

Í þessu sambandi vek ég athygli á því að nýlega rakst ég á ákaflega merkilega grein sem birtist í bandarísku tímaritinu Business Week 22. september sl. eftir bandarískan höfund, Robert Kuttner, sem hefur skrifað bækur um efnahags- og atvinnulífið þar sem hann veltir einmitt fyrir sér efnadreifingu í þjóðfélögum samtímans. Hann vekur athygli á mörgu því sem ég hef hér verið að segja en segir jafnframt að við stöndum á margan hátt frammi fyrir mjög miklum vanda. Vegna sameiningar fyrirtækja er að verða til gríðarlegur auður í einstökum fyrirtækjum. Við höfum beitt hefðbundnum tækjum skattlagningar og tilfærslna á grundvelli fjárlaga viðkomandi ríkja til þess að reyna að dreifa eignamyndun og tekjumyndun. Það hefur ekki gengið sérstaklega vel og þjóðfélögin standa frammi fyrir nákvæmlega því sama og við þekkjum hjá okkur að þessi aðferð er að ganga sér til húðar. Við lendum í vandamálum eins og jaðarskattlagningu og þess háttar sem er afleiðingin af tilraun til þess að dreifa tekjunum og við ströndum einfaldlega á leið okkar. Þessi ágæti bandaríski höfundur leggur til að í stað þess að reyna að halda áfram á þessari braut, sem við erum greinilega komin í mikið öngstræti með, sé miklu eðlilegra og skynsamlegra að efla sparnaðarform innan fyrirtækjanna, kannski í svipuðum dúr og verið er að leggja til og dreifa þannig eignunum sem eru að verða til í þessum stóru fyrirtækjum út á meðal almennings og starfsfólksins. Ég held að þessi ábending eigi mjög vel við hér landi eins og annars staðar á Vesturlöndum þar sem mjög svipuð þróun er að verða, fyrirtækin eru að stækka og eignir þeirra að vaxa vegna þess að við erum að gera auknar kröfur um það að þau sýni aðhald, sparsemi og hagræðingu sem mun vonandi leiða til betri afkomu atvinnulífsins í heild.

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er til komin til þess að reyna að gefa eitt svar af mörgum við spurningum sem vakna óneitanlega við þau umskipti sem eru að verða í atvinnulífi okkar. Ég held líka að tillaga af þessu taginu eigi beint erindi inn í þá umræðu sem mun verða og þarf að verða þegar við munum festa fangs á frekari einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem er óhjákvæmileg og sjálfsögð á allra næstu missirum með bönkum og fleiri slíkum fyrirtækjum sem eiga að sjálfsögðu að verða almenningseign en ekki ríkiseign. Þess vegna er reynt að nýta þá reynslu sem aðrar þjóðir hafa aflað sér sem hafa verið að fara þessar einkavæðingarbrautir sem á almennt við um þjóðfélag á Vesturlöndunum. Hvort sem þar hafa verið hægri stjórnir eða jafnaðarmannastjórnir hafa menn auðvitað verið að fara þessar eðlilegu markaðsleiðir og þá held ég að það væri skynsamlegt hjá okkur að reyna að skapa þennan ramma. Mér sýnist að lagasetning af þessu tagi þyrfti ekki að vera mjög flókin. Það tæki fyrst og fremst til þess að skapa þá lagalegu stoð sem þyrfti til þess að menn hefðu heimild til þess að fjárfesta í fyrirtækjum á grundvelli þess gengis sem var á hlutabréfunum í upphafi sparnaðartímabilsins en eins og menn átta sig á er í þessari tillögu gert ráð fyrir því að fólk spari einhvern tiltekinn tíma með hæstu ávöxtum og eigi þess síðan kost að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem það vinnur hjá á því gengi sem var þegar sparnaðartímabilið hófst.

Virðulegi forseti. Engin ástæða er til þess að hafa fleiri orð um þetta. Ég hef kosið að fara nokkuð almennum orðum um málið og setja það í það alþjóðlega samhengi sem til er stofnað með þessari tillögu.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:01]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem verið var að mæla fyrir hefur fyrst og fremst það markmið að auka sparnað í þjóðfélaginu. Ég er hins vegar ekki viss um að það sé rétt leið sem er farin með þessu uppleggi. Þetta er sett upp á þann hátt að frjáls skyldusparnaður er settur hjá starfsmönnum fyrirtækja sem geta síðan keypt bréf í viðkomandi félagi miðað við það gengi sem var þegar sparnaðartímabilið hófst. Það hlýtur þá að vera fólgið í því að gefin verði sérstaklega út ný hlutabréf á þessu lága gengi ef um hækkun væri að ræða á tímabilinu. Ég er ekki viss um að þetta sé nú alveg hugsað í botn. Ég skil hins vegar alveg flutningsmenn sem vilja gjarnan auka sparnað í þjóðlífi okkar. Ég held að það hefði verið miklu nær að reyna að fara aðrar leiðir og velta fyrir sér hvernig við getum eflt þátttöku almennings í hlutafélagarekstri sem er í sjálfu sér ágæt aðferð. Það er t.d. hægt að gera við einkavæðingu ríkisfyrirtækja ef þær eru gerðar á þann hátt t.d. að hlutabréfum væri dreift meðal allra landsmanna. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram bæði við sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. En þar minni ég einmitt á stefnu ríkisstjórnarinnar sem er sú að hreyfa ekki við neinni sölu í þessum bönkum næstu fjögur ár.

Sömuleiðis má benda á að talað er um sparnað og að efla sparnað í tillögunni en allir flutningsmenn eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem stendur fyrir 40 milljarða viðskiptahalla á þessu og næsta ári, eða einum mesta viðskiptahalla sem við höfum upplifað í hagsögu okkar, sem vitaskuld hefur ekkert annað í för með sér en hækkun á erlendum skuldum og verri samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Það er miklu frekar, herra forseti, að reyna að velta fyrir sér af hverju við náum ekki fram þeim sparnaði sem er nauðsynlegur til að standa undir fjárfestingu og þar kemur m.a. fram langur vinnutími okkar. Það er kerfisvandi í hagkerfi okkar að við vinnum 30% lengur en aðrar nágrannaþjóðir, við erum með mjög mikla fákeppni á mörgum sviðum, og ríkisstjórnin hefur frekar stuðlað að því munstri en aðrir. Það er nákvæmlega eins og sú framleiðni sem er hjá okkur. Við erum í 12. sæti af ríkjum OECD í þjóðarframleiðslu á mann en við erum í 21. sæti eða næstum því neðstir þegar skoðuð er þjóðarframleiðsla á hverja klukkustund. Þetta segir okkur að ýmislegt er að í hagkerfi okkar sem þarf að skoða miklu frekar en að leggja hér fram tillögu um skyldusparnaðarform í þessari mjög svo einföldu framsetningu, eins og gert er í tillögunni sjálfri, þó svo að rakið sé ágætlega í greinargerð vilji og ósk flutningsmanna um aukningu á sparnaði.

Ég held að nauðsynlegt sé að starfsmenn komi meira að fyrirtækjarekstri hér á landi og ég minni á tillögur sem ég flutti ásamt öðrum þingmönnum jafnaðarmanna á síðasti þingi um það að starfsmenn í félögum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi, fengju aðild að stjórn þess. Þetta væri mjög mikilvægur þáttur til að efla atvinnulýðræði í hagkerfi okkar og vinna gegn þeirri fákeppni sem blasir svo víða við okkur um þessar mundir. Nær hefði verið að velta fyrir sér aðgerðum, hugsanlega skattalegum aðgerðum, til að efla sparnað. Ég bendi á að ríkisstjórnin ákvað núna að auka frádrátt í sambandi við lífeyrisgreiðslur, úr 4% upp í 6%. Það kostar nú sennilega ríkissjóð í kringum 1,5 milljarða, en því miður var þess ekki gætt að útfæra þetta til styrkingar aðalsparnaðarkerfi okkar sem er lífeyrissparnaðurinn, þ.e. samtrygging og sjóðsöfnun í lífeyriskerfinu. Það var ekki gert við þá skattbreytingu sem ríkisstjórnin hefur boðað. Það hefði t.d., herra forseti, aukið sparnað.

Niðurstaða mín af þessu er sú að þrátt fyrir góðan vilja flutningsmanna taki þeir ekki á kerfisvanda sem blasir við í atvinnulífi okkar. Sá kerfisvandi er ekki bara vinnutími, fákeppni og lítil framleiðni. Hann er líka skipulag á vinnumarkaði sem er of ósveigjanlegt, hér vantar sveigjanleika, og menn hafa ekki fært sig í átt til dreifstýringar á þeim þáttum. Má benda á það að nú eru einmitt félög atvinnurekenda, sem eru hvað miðstýrðustu samtök hérlendis, að slá sér enn meira saman í átt til miðstýringar. Það er verið að ganga í þveröfuga átt við það sem flestir mundu telja æskilegar endurbætur á íslenskum vinnumarkaði. Þrátt fyrir vilja flutningsmanna finnst mér ekki vera lagt upp með hugmyndir sem gætu komið að gagni við að efla sparnað hér á landi. Ég tek undir með flutningsmanni að það er bráðnauðsynlegur þáttur í hagkerfi okkar. En, herra forseti, ég held að það verði ekki gert með þeirri tillögu sem er til umræðu.

[14:07]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson kom með nokkra gagnrýni á það mál sem hér er til umræðu og byggði þá gagnrýni sína á því m.a. að lagt væri til í þáltill. að tekinn yrði upp skyldusparnaður, eins konar frjáls skyldusparnaður — hvað sem það hugtak merkir. Í raun og veru er ekki verið að setja á laggirnar neinn skyldusparnað, það er verið að bjóða upp á sparnaðarleið. Í texta þáltill. stendur að starfsfólki í fyrirtækjum verði boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun. Það er sem sagt verið að opna þarna möguleika, valkost, en ekki skyldusparnað.

Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þessu og taki ekki afstöðu til málsins á grundvelli einhvers misskilnings.

Þá benti hv. þm. einnig á að tæknileg vandkvæði gætu verið á því að halda til haga hlutabréfum á því gengi sem væri á hlutabréfunum þegar sparnaðartímabilið hæfist. Þetta eru ekki tæknileg vandkvæði. Það er svo að fyrirtæki geta átt hlutabréfin sjálf og þau geta lagt slík hlutabréf til hliðar og geymt þau kaup fyrir starfsfólk þannig að það er ekkert í sjálfu sér sem mælir gegn því að fyrirtækin geri þetta enda er þetta framkvæmt þannig í Bretlandi. Hugsanlega þyrfti að rýmka þá möguleika sem við höfum hér á Íslandi til þess að fyrirtæki eigi hlutabréf í sjálfum sér en tækilegir möguleikar í þessa veru eru vandséðir ef það er það sem hv. þm. hefur fyrst og fremst verið að velta fyrir sér.

[14:09]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég misskil ekkert í þessari tillögu. Hér segir að starfsfólki verði boðið að „stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis". Þeir eru bundnir til þriggja til sjö ára. Fólk hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir þeim. Þetta er það sem í daglegu máli er kallað skyldusparnaður. Þetta er fjáls skyldusparnaður vegna þess að menn geta farið inn í þennan feril eða sleppt því. Það er rétta hugtakið yfir það. Hv. þm. misskilur aðeins málið en það er kannski ekki meginatriðið. En ég bendi á að það sem ég er að segja í sambandi við útfærsluna, ef starfsfólk sparar og leggur öll launin sín inn á sparnaðarreikning sem fjárfestingarmöguleika, og svo hækkar gengið á hlutabréfum fyrirtækisins, þá á það val að taka allan hagnaðinn út með þeim hætti. Hins vegar er sagt að því verði frjálst að taka þetta út annaðhvort í hlutabréfum eða peningum. Það segir sig þá náttúrlega sjálft að hér er kannski ekki um að ræða mikla áhættu fyrir starfsmenn og á í sjálfu sér ekki að vera en ég er að benda á það hvaðan eiga þessi hlutabréf að koma. Það verður að hugsa til enda með hvaða hætti og hvort það á að vera hámark í sparnaðinum. Á að gefa út ný hlutabréf? Það er ekki svar, herra forseti, að vísa til hugsanlegra eignar viðkomandi hlutafélags á eigin hlutabréfum. Það er þetta sem ég er að benda á, herra forseti. Þetta er að mínu mati ekki fullhugsuð tillaga þrátt fyrir að vilji flutningsmanna standi til að örva sparnað. Það hefði verið mun nær að fara inn á þá þætti sem ég nefndi í ræðu minni og ekki hvað síst velta vöngum yfir því af hverju innlendur sparnaður er svo lítill og af hverju skuldir heimilanna hafi verið að aukast. Það er ekki, herra forseti, vegna þess að fólk er svo vitlaust að það kunni ekki að spara í hlutabréfum. Það er vegna þess að launin í landinu eru ekki hærri en svo að þau fara í nauðsynjar.

[14:11]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að það er rangnefni og bætir ekki við neinn skilning þingsins á eðli þessa máls að tala um skyldusparnað hér. Það er jafnmikið rangnefni eins og t.d. að nota hugtakið skyldusparnaður um það mál sem hefur verið fyrir þinginu í mörg undanfarin á, þ.e. húsnæðissparnaðarreikningar þar sem fólki stendur til boða að fá skattafslátt gegn samningsbundnum sparnaðareikningum. Það er enginn sem skyldar fólk til þess að taka slíku boði frekar en hér er um að ræða neina skyldu. Þetta er því rangnefni og er ekki gert til þess að skýra málið fyrir þingheimi heldur til þess að draga úr skilningi á því.

Ég tek einnig fram að hér er ekki um lagafrv. að ræða. Hér er talað um að undirbúa lagasetningu. Þau atriði sem ég vék að áðan, um að það væri hægt að nýta sér heimildir fyrirtækja til þess að eiga hlutabréf í sjálfum sér, gætu komið til móts við þær hugmyndir sem eru settar fram en að sjálfsögðu væri það liður í því að undirbúa lagasetningu að skoða þessa möguleika. Það er því ekki hægt að tala um að hér sé vanhugsað mál á ferðinni þegar gert er ráð fyrir því að það sé beinlínis tekið til athugunar við undirbúning lagasetningarinnar.

Að lokum tek ég fram vegna athugasemda hv. þm. Ágústs Einarssonar um viðskiptahalla að viðskiptahallinn í dag er frábrugðinn viðskiptahalla fyrri ára að því leyti til að hér er um að ræða fjárfestingu að talsverðu leyti, sem mun ýta undir aukna verðmætasköpun í framtíðinni, en hitt er einnig rétt að benda á að hugmyndirnar sem eru fólgnar í þessari þáltill. eru að sjálfsögðu gerðar til þess að draga heldur úr viðskiptahalla.

[14:13]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lesa þessa tillögu fyrst hv. þm. hefur ekki kynnt sér þá tillögu sem hann er að flytja hér. Það stendur hér, í framhaldi af því sem ég sagði áðan: „... bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá." Þetta er skyldusparnaður. Þetta er samningur, sem menn gera til þriggja til sjö ára, ef menn vilja spara með þessum tiltekna hætti. Hann er frjáls vegna þess að menn geta ákveðið sjálfir hvort þeir stofna til hans og menn hafa upphæðina frjálsa til ráðstöfunar í lok tímabilsins. Þetta er ekkert annað en skyldusparnaður, frjáls skyldusparnaður, þannig að þingmaðurinn verður aðeins að hugsa *sína eigin tillögu*.

Í öðru lagi segir hann með réttu: Þetta er ekki lagafrv. Hvað er þingmaðurinn að tala um? Það segir hér: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að ..." Síðan er lýst, eins og mjög algengt er í þáltill., hvernig sú lagaumgjörð á að vera. Er þingmaðurinn að segja hér: Ja, það er ekkert að marka þetta, þetta er svona þáltill., þetta er svona stefna að auka sparnað í þjóðfélaginu. Ég skal taka undir það og ég hef tekið undir ýmislegt í greinargerðinni. Ég hef hins vegar bent á að þessi till. er ekki vel hugsuð, hún er ekki tillaga sem mundi örva sparnað. Það er hægt að taka aðra þætti sem kæmu þar að meira gagni.

Ég er fús til að vinna með þingmönnum stjórnarliða eða annarra að því máli, en þá verða menn að hafa hlutina í réttu samhengi. Ég vil benda á, varðandi þær fjárfestingar sem hér eru og þann mikla viðskiptahalla sem hér er upp á 40 milljarða, að þrátt fyrir það sem við köllum miklar fjárfestingar í okkar þjóðlífi, þá er þetta samt ekki nema rétt meðaltal í OECD og það sýnir best í hvers konar ógöngur við erum komin með okkar efnahagsstefnu á mörgum sviðum sé hugsað lengra fram á við.

[14:15]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson)**:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og fagna því að menn skuli ræða þessa hugmynd. Ég er hins vegar algjörlega ósammála hv. 11. þm. Reykn., um að þessi tillaga muni ekki ná því markmiði sem hún setur sér og kemur glögglega fram bæði í sjálfri tillögugreininni og greinargerðinni og ég raunar áréttaði sérstaklega í ræðu

minni. Ég held að ekkert í þessari tillögu gefi hv. þm. tilefni til að draga þessar ályktanir. Þvert á móti hefur sú reynsla sem þegar hefur fengist á því að framkvæma þessa hugsun annars staðar, leitt í ljós að þessi aðferð gengur prýðilega upp. Hún nær mjög vel þessum markmiðum. Ég nefndi dæmi af stóru fyrirtæki í Bretlandi sem rekur stóra flugvelli. Þar er staðan sú að starfsfólkið almennt kýs að fara þessa leið, kýs að auka sparnað sinn og kýs að verja sparnaði sínum í að kaupa hlutabréf á þennan hátt og það á ekki síst við um það fólk sem hefur lægstar tekjurnar því auðvitað er ágóðavonin mest fyrir það. Þetta fólk munar langsamlega mest um það ef vel gengur í fyrirtækinu og það á þess kost að kaupa á tilteknum degi bréf á lágu gengi og síðan hækkar gengi hlutabréfanna. Þetta er sérstaklega gott fyrir það fólk sem hefur lökust kjörin.

Það er ekki alveg rétt hjá hv. þm. að skýringin á lágu sparnaðarhlutfalli hér á landi á undanförnum árum sé vegna þess að lífskjörin séu svo slök vegna þess að við sjáum að sparnaður almennings hér á landi er ekkert síður hjá því fólki sem hefur lakari lífskjör. Það er t.d. athyglisvert að það er auðvitað eldra fólkið og fólk sem komið er yfir miðjan aldur sem hefur nurlað mest saman af sparifé. Það hefur til að mynda komið fram í athugunum Ingva Arnars Kristinssonar í Seðlabankanum á samsetningu sparnaðarins að ekki er skýr fylgni milli tekna manna og sparnaðar. Það er ekki endilega þannig að þegar maður hækkar í launum úr 200.000 kr. í 250.000 kr. að hann auki sparnað sinn hlutfallslega sem því nemur. Það er oft og tíðum þannig að það ræðst af aldri viðkomandi manns. Viðbótartekjurnar fara oft til annarra hluta.

Mér finnst það vera hálfgerð deila um keisarans skegg þegar menn tala um hvort þetta sé skyldusparnaður eða frjáls skyldusparnaður. Mér finnst að vísu svolítið mótsagnarkennt hugtak að tala um frjálsa skyldu eða frjálsan skyldusparnað. Það getur vel verið að þetta hugtak sé til. Það er til, alveg rétt. Engu að síður er í því fólgin ákveðin þversögn vegna þess að hér er verið að leggja til að starfsfólkið hafi fullkomið val. Vilji starfsfólkið leggja fyrir eins og hér er verið að leggja til eða opna möguleika á, þá á það þennan kost.

Ég held, virðulegi forseti, að það mikilvæga í þessu sé kannski að sparnaðarkostirnir séu sem flestir. Í ályktun Samtaka iðnaðarins fyrr á þessu ári, sem ég vitnaði aðeins til, var sérstaklega talað um mikilvægi þess að sparnaðarkostirnir væru nægilega margir. Það er aðeins tæpt á þeim efnisatriðum í greinargerðinni á bls. 3. Sú ágæta erlenda grein sem ég vitnaði til í fyrri ræðu minni áðan, gengur einmitt út á að það sé höfuðnauðsyn að sparnaðarkostir séu sem flestir og fjölbreytilegastir og margvíslegastir þannig að hver finni eitthvað við sitt hæfi. Það er nákvæmlega það sem við erum að leggja til, fjórmenningarnir sem leggjum fram þessa þáltill., að við reynum að nýta okkur þá góðu reynslu sem hefur fengist annars staðar, í þessu tilviki sérstaklega frá Bretlandi þar sem ég þekki til, og hefur verið að nýtast mjög vel til þess að auka sparnað og í senn gefa fólki kost á eignaraðild í stórum fyrirtækjum og auka áhrif sín og tekjur. Þess vegna er það algjörlega rangt að þessi aðferð geti ekki gengið upp.

Hv. 11. þm. Reykn. nefndi nokkur atriði sem hann taldi að væri nær að gera. Ég get út af fyrir sig tekið undir ýmislegt af því. Það er spennandi hugmynd sem hv. þm. nefndi áðan, að afhenda almenningi hlutabréf í ríkisbönkum. Ég man eftir því að núv. hæstv. fjmrh. kastaði þessari hugmynd fram fyrir nokkrum árum og fékk nú frekar bágt fyrir minnir mig almennt í landinu og var sagt að hann væri með þessum hætti að sólunda eignum ríkisins. Þetta er auðvitað aðferð við að dreifa eignarhaldi og gefa almenningi kost á að auka bæði eignir sínar og tekjur. Það hefur þessi tillaga að markmiði og ég tel mig hafa sýnt fram á að gengur alveg upp.

Hv. þm. sagði að kannski væri nær að beita skattalegum aðferðum. Ég vil segja að með þessari tillögu erum við að ná sömu markmiðum án þess að þurfa að beita skattalegum afsláttarkjörum eins og við höfum verið að reyna að gera á undanförnum árum til að stefna að því sama. Ég held því að hvernig sem á þetta mál er litið þá sé þessi leið í fyrsta lagi algjörlega framkvæmanleg. Það hefur reynslan þegar sýnt okkur. Í öðru lagi, eins og ég hef þegar rökstutt og rakið, mun hún ná mörgum þeim markmiðum sem hv. þm. tók undir að væru mikilvæg án þess að þurfa að kosta til þess fjármagni úr ríkissjóði og það skiptir líka miklu máli vegna þess að það er þannig að þessi markmið sem við erum að stefna að um aukinn sparnað, um bættan hag almennings, aukna valddreifingu og eignadreifingu, eru markmið sem ég held að menn hljóti almennt að geta tekið höndum saman um og aðhyllst.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, rakti hvernig í sjálfu sér væri hægt að framfylgja þessu praktískt, t.d. með því að nýta heimildir fyrirtækjanna til að eiga hlut í sjálfum sér og nýta þau bréf til að afhenda starfsmönnum eins og hér er verið að leggja til. Það er auðvitað hægt að hugsa sér einhverjar aðrar aðferðir jafnframt. Þess vegna töldum við skynsamlegast að leggja þetta fram sem þáltill., vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að hin praktíska útfærsla krefst töluverðrar sérfræðivinnu og gagnasöfnunar frá útlöndum þar sem þetta hefur þegar farið fram. Þess vegna töldum við skynsamlegast að það færi fram þannig að þó að markmiðin væru sett alveg klár fram af Alþingi, þá væri hin tæknilega útfærsla við lagasetninguna sjálfa unnin af sérstakri nefnd sem væri þá sett fyrir með þessum hætti. Alþingi væri því að leggja línurnar en hin praktíska vinna færi fram annars staðar. Það er auðvitað ósköp eðlilegt mál og sjálfsagt og skynsamlegt.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau efnislegu atriði sem ég taldi ástæðu til að koma inn á í þessari umræðu. Ég fagna því mjög að við ræðum þetta mál vegna þess að ég held að mál af þessu tagi hljóti að vekja mjög áleitnar spurningar og þetta sé mál sem við verðum að ræða í þeim miklu breytingum sem eru að ganga yfir bæði efnahagslíf okkar og atvinnulíf með ýmsum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

[14:24]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á því í upphafi að á dagskrá þessa fundar eru 19 mál sem snerta meira og minna alla ráðherra í hæstv. ríkisstjórn en ekki einn einasti þeirra sér ástæðu til að heiðra okkur með nærveru sinni, nema hæstv. menntmrh. sem ég sá hér áðan.

Herra forseti. Það er ástæða til að átelja það að ráðherrar sýni þinginu ekki þá virðingu að vera viðstaddir til að taka þátt í umræðum þegar þingmannamál eru á dagskrá. Ég vil að þessu sé komið á framfæri hér í upphafi.

Sú þáltill. sem ég mæli fyrir um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna er flutt af þingmönnum úr öllum stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðuflokkunum, eða hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og Jóni Kristjánssyni, auk mín.

Efni þáltill. er að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og menntamála og fulltrúum samtaka um málefni langsjúkra barna. Nefndinni verði falið að leggja mat á hvort þörf sé sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella eigi þennan hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynlegar lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi haustið 1998.

Í gegnum árin hafa þingmenn látið sig þetta mál töluvert miklu varða hér á þingi bæði með fyrirspurnum og flutningi þingmála, m.a. tillögu sem var samþykkt á hv. Alþingi, á 116. löggjafarþingi. Það var þáltill. um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem flutt var af Margréti Frímannsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Þó þessi tillaga hafi verið samþykkt, hefur lítið orðið úr framkvæmd hennar og er ástæða til að vekja athygli á því einmitt hve slælega gengur að hrinda þáltill. iðulega í framkvæmd, jafnvel þó þær séu samþykktar hér á hv. Alþingi. Þessi tillaga sem ég nefni og var samþykkt á 116. þingi, ber þess vitni.

Að vísu var skipuð nefnd sem skilaði niðurstöðum sínum í samræmi við þessa tillögu á árinu 1995. Tillögur nefndarinnar voru margvíslegar og lutu m.a. að því að tryggja betur réttindi sjúkra barna. Það átti að fjölga samningsbundnum veikindadögum vegna veikinda barna og hækka aldursmörk í 16 ár. Það átti að ganga í sérstakt kynningarátak í skólunum. Það átti að gera ýmsar breytingar og bæta aðstöðu langsjúkra barna og foreldra þeirra, í þjónustu sjúkrahúsa. Samræma átti umönnunarbætur. Endurbætur átti að gera á skólakerfinu til hagsbóta fyrir langsjúk börn. Stofna átti að Framkvæmdasjóð langsjúkra barna sem styðja átti uppbyggingu á aðstöðu fyrir langsjúk börn og styrkja foreldra langsjúkra barna sem lenda í fjárhagsvandræðum og það átti að tryggja lífeyrisréttindi foreldra sem hætta vinnu vegna meðferðar langsjúkra barna.

Það er skemmst frá því að segja að lítið af þessum tillögum hefur komist í framkvæmd. Ég bað samtök um málefni langsjúkra barna, einkum Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, að taka saman fyrir mig yfirlit um það hvernig þessum tillögum hefur verið hrint í framkvæmd og fylgir það með í greinargerðinni þar sem farið er yfir hvern og einn lið í þeim tillögum sem komu fram í niðurstöðum nefndarinnar.

Margir höfðu væntingar til þess þegar frv. um réttindi sjúklinga var til umræðu á síðasta þingi að réttarstaða sjúkra barna yrði þá betur tryggð. En það er ljóst að með setningu laganna var áherslan einvörðungu lögð á það að safna saman á einn stað þeim réttindum sem þegar voru fyrir hendi hvað viðvíkur sjúkum börnum enda var lagt til grundvallar að með setningu laganna væri ekki verið að auka útgjöld ríkisins að neinu marki. Þar stóð hnífurinn í kúnni. Það er því langur vegur frá því að misræmi milli réttarstöðu fatlaðra og langveikra barna hafi verið leiðrétt. Tilraunir sem voru gerðar til að mynda af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Margréti Frímannsdóttur til að tryggja betur réttindi sjúkra barna í þeirri löggjöf, voru allar felldar.

Í annan stað kemur fram í greinargerð að ekki er vitað til þess að undirbúningur sé hafinn að því að veita foreldrum langsjúkra barna sambærilega aðstoð og foreldrum fatlaðra er tryggð samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Í þessu sambandi er rétt að minna á að fyrirhugað er að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og að fella lög um málefni þeirra inn í ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Af hálfu forsvarsmanna sjúkra barna hefur verið reynt, m.a. með bréfum til núverandi félagsmálaráðherra, að fá tækifæri til að koma málefnum sjúkra barna á framfæri við þá sem eiga að undirbúa nefndar breytingar, en án árangurs.

Það kemur einmitt skýrt fram hvað þessi málaflokkur skarast raunverulega milli ráðuneyta því að í bréfi frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna kemur fram að sú undarlega skoðun virðist ráða ríkjum innan félmrn. að sjúk börn tilheyri öðru ráðuneyti, nefnilega heilbr.- og trmrn. og því eigi málefni þeirra ekkert erindi til hins fyrrnefnda. Þarna upplifði ég það sama eins og við gengum í gegnum varðandi málefni fatlaðra fyrir 15–20 árum, að hvert ráðuneyti vísaði á annað þegar málefni fatlaðra komu upp.

Það hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að bæta aðstandendum sjúkra barna tekjutap sem verður vegna umönnunar. Lítið hefur gerst í kynningarátaki sem átti að fara af stað í grunnskólum, framhaldsskólum og í fjölmiðlum um þá langvinnu sjúkdóma sem börn eiga við að stríða og átti að vekja athygli á þörfum allra fjölskyldumeðlima í fjölskyldu langsjúkra barna. Sama er þegar litið er á þjónustu sjúkrahúsanna, á skólakerfið, framkvæmdasjóðinn og lífeyrisréttindin en allt þetta er nákvæmlega tilgreint í grg. með frv. sem ég hef ekki tíma til að fara hér nákvæmlega yfir.

Eins og ég nefndi áðan er staða langsjúkra barna ekki ósvipuð þeirri og var varðandi fatlaða fyrir tæpum 20 árum. Þá var þjónusta þeirra mjög illa skipulögð og í alla staði ófullnægjandi. Alla samræmingu vantaði enda féll þjónusta við fatlaða þá undir a.m.k. þrjú ráðuneyti, menntmrn., heilbrrn. og félmrn. Þetta bitnaði á allri þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra sem var vísað milli ráðuneyta til að leita úrlausna sinna mála. Það er nákvæmlega það sama sem aðstandendur langsjúkra barna eru að ganga í gegnum í dag, 20 árum síðar. Þegar grannt er skoðað þurfa langsjúk börn margháttaða, fjölbreytta og sérhæfða þjónustu sem að mörgu leyti svipar til þeirrar þjónustu sem fatlaðir þurfa á að halda og hún heyrir undir mörg ráðuneyti. En þjónusta við þau og réttindi þeirra falla ekki undir þær margvíslegu réttarbætur sem felast í lögum um málefni fatlaðra nema að litlu leyti. Réttarstaða þeirra er því mjög óljós og alla lagasamræmingu vantar til að þjónustan við þá sé fullnægjandi og samræmd á sviði félags-, heilbrigðis-, dagvistar- og skólamála.

Tilgangur þessarar þáltill. er einmitt að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða stefnu í málefnum langsjúkrabarna og fela nefnd með aðild þriggja ráðuneyta og samtaka langsjúkra barna að meta hvernig það verður best gert. Þar koma ýmsar leiðir til greina og í tillögugreininni er ekki tekin afstaða til þess hvaða leið skuli farin heldur er bent á ákveðna möguleika.

Í fyrsta lagi mætti fella réttindi þeirra undir löggjöf um málefni fatlaðra og sjá til þess að langsjúk börn og aðstandendur þeirra njóti sömu réttinda og fatlaðir. Í þeim lögum er skilgreind ýmis stoðþjónusta, liðveisla, skammtímaþjón-

usta, sálfræðiþjónusta, þjónustustofnanir og þar með taldar dagvistarstofnanir, félagsleg hæfing og endurhæfing og búsetuúrræði fyrir fatlaða. Samkvæmt lögunum fer líka fram stefnumótun og samræming á allri þjónustu við fatlaða auk þess sem Framkvæmdasjóður fatlaðra fjármagnar ýmsa uppbyggingu og þjónustu við fatlaða. Eins og sést, herra forseti, á þessari upptalningu og hvaða þjónustuúrræði boðið er upp á í lögum um málefni fatlaðra, þá falla þau þjónustuúrræði mjög að þörfum langsjúkra bara og aðstandenda þeirra.

Einnig er bent á það að fyrir utan að fella þetta að lögum um málefni fatlaðra, þá á að leggja mat á hvort þörf er á sérstakri löggjöf um réttindi langsjúkra barna, en það er kannski fráhvarf frá því sem er raunverulega að gerast í málefnum fatlaðra þar sem er verið að undirbúa að flytja þann málaflokk til sveitarfélaganna og fella þau lög að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á það er bent líka að vissulega gæti komið til greina að ef úr verður að málefni fatlaðra og lagaramminn í kringum þjónustu við þá verði felldur að heildarlöggjöf um félagsþjónustu, þá verði líka sérstaklega hugað að málefnum langsjúkra barna við þá endurskoðun og á það er lögð áhersla að sérstaklega verði skoðað og að aðstandendur og samtök langsjúkra barna fái þá aðild að þeirri endurskoðun.

Ég held, herra forseti, að hvernig sem á málið er litið þurfum við að ná fram heildstæðri og samræmdri stefnu í þessum málaflokki. Það er víða brotalöm að því er varðar málefni langsjúkra barna m.a. umönnunarbæturnar, þó að farið hafi verið í það að leiðrétta umönnunarbætur að hluta til fyrir nokkru, þá vantar verulega upp á að þar sé nægjanlega vel að staðið. Ég get bent á að t.d. þegar meðferð barns með krabbamein lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrar sem hættu að vinna þegar barnið veiktist, oftast móðirin, geti hafið störf að nýju en umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegu lífi eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar. Hjá Tryggingastofnun er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því er um lága greiðslu að ræða.

Ég vil líka nefna veikindadaga sem aðstandendum eða foreldrum langsjúkra barna eru tryggðir en þeir hafa ótrúlega lítil réttindi samanborið við það sem gerist og gengur á hinum Norðurlöndunum. Um það er sérstök tafla sem fylgir með frv. þar sem einungis er um að ræða að útivinnandi foreldri hér á landi á rétt á 7 veikindadögum að hámarki á ári til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins. Eins og sjá má af þessari töflu eru margfalt, margfalt fleiri veikindadagar tryggðir foreldrum á hinum Norðurlöndunum vegna sjúkra barna sinna og til miklu lengri tíma. Mig minnir að þau réttindi nái upp að 12 ára aldri hér en upp í 16 og 18 ára á hinum Norðurlöndunum, en um það hef ég flutt sérstaka tillögu og ætla því ekki að dvelja við þetta lengur.

Ég vil þó geta þess af því að við erum að fjalla um málefni sjúkra barna að auðvitað kostar þetta allt fjármagn ef við ætlum að tryggja þeim börnum og aðstandendum þeirra eitthvert réttlæti í þjóðfélaginu. Staða þessara barna gengur auðvitað þvert á þá ályktun sem samþykkt hefur verið á Alþingi um mótun opinberrar stefnu. Á það fer nú að reyna í þinginu, herra forseti, í hverju málinu á fætur öðru á næstu dögum, vikum og mánuðum hvort þessi ríkisstjórn meinar eitthvað með þeirri ályktun sem var samþykkt á síðasta þingi, um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þar er einmitt kveðið sérstaklega á um ákvæði sem lýtur að börnum, öryggi þeirra og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta og þar er fjallað um að fjölskyldur fatlaðra, sjúkra og annarra hópa njóti nauðsynlegs stuðnings í hópi aðstæðna hverju sinni. En staða þessara barna og aðstandenda þeirra gengur þvert á þau markmið sem eru í þessari tillögu og það hljótum við sífellt að rifja upp hér. Og almennt þegar litið er á stöðu barna í þjóðfélaginu, þá verjum við til þess miklu, miklu minna fjármagni en aðrar Norðurlandaþjóðir og það sést einnig í töflu með þessari tillögu. Fjöldi barna undir 15 ára aldri á Norðurlöndum er hlutfallslega miklu meiri hér en annars staðar. Samt verjum við eingöngu 2,4% af landsframleiðslu í þennan málaflokk meðan aðrar þjóðir, sem við berum okkur saman við, verja allt að 6% og það er mjög sérstætt, t.d. í yfirstandandi fjárlögum núna. Það er ekki krónu aukning milli ára þó að við séum að ganga í gegnum góðæri, en það var annað þegar jafnaðarmenn stjórnuðu, þá var tvöföldun á framlögum til málefna barna sem sýnir hvaða forgang jafnaðarmenn vilja setja í þennan málaflokk á móti þeirri ríkisstjórn sem nú situr og státar af góðæri en telur ekki ástæðu til að auka um eina krónu við framlög til málefna barna.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég var í nokkrum vafa um hvort ætti að vísa þessu máli til heilbr.- og trn. eða til félmn. og mun leggja til, nema forseti komi með aðra tillögu, að málið fari til heilbrn. en ég vil þá leggja mikla áherslu á og vil að það komi skýrt fram úr þessum ræðustól að félmn. verði gefið tækifæri til að láta í ljós álit sitt á þessari tillögu og umsögn til heilbrn. ef svo fer að henni verði vísað til heilbrn. Að öðru leyti legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr.

[14:40]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna athugasemda hv. þm. um fjarveru ráðherra getur forseti tekið undir að það kann að vera bagalegt að ráðherrar séu ekki viðstaddir þegar rætt er um mál sem varðar þeirra ráðuneyti. Forseta er kunnugt um að sex ráðherrar eru erlendis nú, þar af fimm á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki.

Forseti vill líka taka fram að þegar gengið var frá dagskrá þessa fundar var reynt að hafa samband við hv. þingmenn sem gætu átt mál á dagskrá þessa fundar og þeim gerð grein fyrir að svo kynni að vera að ráðherrar yrðu ekki viðstaddir og þeir sem töldu mikilvægt að ráðherrar væru viðstaddir réðu því þá hvort þeirra mál væru sett á dagskrá.

Þetta vildi nú forseti upplýsa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Orka fallvatna, 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 50. mál. — Þskj. 50.

***og***

***Jarðhitaréttindi, 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[14:42]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frumvörpum og þakka hæstv. forseta fyrir að heimila að það sé gert í einu

lagi. Um er að ræða frv. til laga um orku fallvatna, nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, og hitt er frv. til laga um jarðhitaréttindi, 56. mál. Þessi frv. eru vel kunnug hér á hv. Alþingi. Þau hafa verið flutt á mörgum þingum allt frá árinu 1983 að telja og voru til meðferðar á síðasta þingi og hefur ætíð verið vísað til iðnn. þingsins.

Hér er um grundvallarmál að ræða sem varða eignarrétt, yfirráðarétt og umráðarétt á þessum auðlindum og löngu brýnt að um það verði sett lög á hv. Alþingi. Fleiri þingflokkar hafa látið sig þessi mál skipta, þá sérstaklega Alþfl. og nú þingflokkur jafnaðarmanna sem flutti mál um svipað efni á síðasta þingi, sem einnig lá fyrir hv. iðnn. Þá gerðust þau tíðindi loks á síðasta þingi að ríkisstjórnin lagði fyrir frv. til laga um eignar- og umráðarétt auðlinda í jörðu og kom það fram á þinginu en hefur ekki verið endurflutt. Ég geri fastlega ráð fyrir að það mál komi fyrir þingið og taldi rétt sem 1. flm. þessa máls, en með mér eru flm. allir hv. þingmenn í mínum þingflokki, Alþb. og óháðum, að rétt væri að mál þetta kæmi til þingsins og til hv. nefndar þannig að það væri til athugunar jafnhliða frv. sem væntanleg eru og boðuð hafa verið frá hæstv. ríkisstjórn og e.t.v. fleiri sem leggja í það málasafn. Ég geri því, virðulegur forseti, ráð fyrir og legg það til að frv. þetta fari til hv. iðnn. Hv. iðnn. þingsins hefur á fyrri stigum fjallað um þessi mál, aflað margháttaðra gagna og ætti að vera vel í stakk búin til að taka á þessum stóru málum. Ég leyfi mér að láta í ljós þá von að á þessu þingi takist að ná saman um heildstæða löggjöf að þessu leyti svo brýnt sem það er að sett verði skýr lög um þessi efni.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar en ítreka að málið gangi til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 53. mál. — Þskj. 53.

[14:46]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Sú till. til þál. sem ég mæli hér fyrir um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, er mál sem kom fyrir síðasta þing, var flutt snemma á síðasta þingi og var þá vísað til hv. umhvn. Svo fór að hv. umhvn. tók ekki málið fyrir fyrr en nokkuð langt var liðið á þing en leitaði þá umsagna. Allmargar umsagnir bárust um það fyrir þinglok. Rætt var í nefndinni hvort tök væru á að afgreiða málið út úr nefndinni á jákvæðan hátt. Mat forustu nefndarinnar, hv. formanns og ríkisstjórnarliða í hv. umhvn., var að ekki væri ráðrúm til þess þó það lægi nokkuð skýrt fyrir með mjög jákvæðum umsögnum um efni þess frá ýmsum þeim er málið snertir. Hins vegar var um það rætt að taka málið fljótlega fyrir á næsta þingi ef það yrði endurflutt.

Þessi tillaga felur í sér eins og fram kemur í tillögutextanum að Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga að auðvelda sveitarfélögum landsins að hefja skipulega vinnu að áætlunum um sjálfbæra þróun með hliðsjón af „Dagskrá 21". Dagskrá 21 er sem kunnugt er framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í umhverfismálum eins og hún var mótuð á þinginu í Rio de Janeiro 1992.

Stefnt verði að því að sveitarfélög sem ekki hafa þegar byrjað slíkt starf hefji það sem fyrst og ekki síðar en vorið 1998. Miðað verði við að slíkar áætlanir geti legið fyrir hjá sem flestum sveitarfélögum landsins á árinu 2000.

Í greinargerð er varpað ljósi á málið, m.a. rakin helstu atriði sem koma fram í Dagskrá 21 að því er varðar hlutverk sveitarstjórna í undirbúningi og framkvæmd sjálfbærrar þróunar og ætla ég ekki að taka tíma í að rekja það sérstaklega hér og nú. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vísa til fáeinna umsagna um málið frá síðasta þingi sem sýna mjög eindreginn stuðning við málið. Þar er fyrst fyrir að taka afgreiðslu frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók þetta fyrir 18. apríl 1997 og segir í sinni umsögn sem er stutt, með leyfi forseta:

„Stjórnin samþykkir að mæla með samþykkt tillögunnar."

Ég tel að það varpi skýru ljósi á stöðu málsins að því er varðar þá sem það mest varðar, sveitarstjórnirnar, að svo eindreginn stuðningur skuli koma frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sá stuðningur var raunar ítrekaður af formanni stjórnar sambandsins á ráðstefnu sem var haldin um skylt efni á Egilsstöðum í byrjun júní 1997, en Egilsstaðabær er eitt af fáum sveitarfélögum á landinu sem hafa tekið skilvirkt á þessum málum og unnið að áætlun sem kölluð er umhverfisverkefni Egilsstaðabæjar og er auk þess í norrænni samvinnu eða sérstöku samnorrænu verkefni þar sem Færeyingar starfa með Íslendingum að athugun og stefnumótun varðandi þessi mál. Á þessari ráðstefnu á Egilsstöðum var um þetta rætt frá mörgum hliðum. Þar voru einnig færeyskir fulltrúar sem ræddu málin. Á þessum vettvangi ítrekaði formaður stjórnar sambandsins, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, stuðning stjórnarinnar við þetta og að ástæða væri til að afgreiða málið jákvætt. Ég vænti m.a. í ljósi þess að það verði góðan stuðning að fá við málið þegar hv. nefnd tekur málið fyrir að nýju.

Ég get nefnt að ýmis samtök sveitarfélaga hafa lýst jákvæðri afstöðu við málið. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu segir t.d.: „Stjórn SSH er sammála þingsályktuninni." Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stofnunin vill hér með lýsa yfir fyllsta stuðningi við málefnið. Jafnframt mun stofnunin eftir fremsta megni leggja sveitarfélögum lið varðandi þá þætti á verksviði Hollustuverndar ríkisins sem slík áætlanagerð tekur til."

Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum gerir ekki athugasemd við tillöguna og Landvernd lýsir yfir eindregnum stuðningi og fulltingi. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillöguna. Náttúruvernd ríkisins styður fram komna þáltill. um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun. Rannís, sem er heiti á Rannsóknarráði Íslands, fjallar um málið og segir í lok umsagnar: „Með hliðsjón af ofansögðu mælir Rannsóknarráðið með því að sú samvinna sem hvatt er til í þáltill. verði efld." Ég get látið þetta nægja, virðulegur forseti, í tilvitnanir í umsagnir við tillöguna, nema kannski er rétt að geta þess að umhvrn. segir í skriflegri umsögn sinni m.a., þar sem fram kemur að ráðuneytið telur að byrjað sé að vinna að málinu, með leyfi forseta:

„Með vísan til þess sér ráðuneytið ekki brýna ástæðu til að samþykkja sérstaka þáltill. um málið en setur sig ekki á móti því enda mundi hún væntanlega styrkja þetta starf sem þegar er hafið, sérstaklega fylgi fjárveitingar með."

Þetta er úr umsögn umhvrn., sem barst hv. umhvn.

Eins og hér hefur komið fram er mjög eindregin stuðningur frá umsagnaraðilum á síðasta þingi við málið. Ég treysti því að þetta mál fái efnislega umfjöllun í hv. umhvn. og fái afgreiðslu fyrr en síðar á þessu þingi því að málið liggur skýrt fyrir og er ekki flókið að efni til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífsiðfræðiráð, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 54. mál. — Þskj. 54.

[14:54]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Hér mæli ég fyrir till. til þál. um að stofna lífsiðfræðiráð. Þetta er mál sem flutt var á síðasta þingi og er endurflutt hér. Það náði ekki að fá efnislega umfjöllun í hv. umhvn. og er það ástæða þess að málið er endurflutt. Fyrir umhvn. liggja eða geta legið er réttara að segja, umsagnir frá síðasta þingi um málið sem munu gagnast nefndinni við vinnu að því. Ég hef því kosið að breyta ekki tillögunni frá síðasta þingi þannig að þau viðhorf sem fram komu hjá umsagnaraðilum endurspegli málið eins og það er hér endurflutt.

Málið fjallar um að fela ríkisstjórninni að koma hið fyrsta á fót lífsiðfræðiráði til að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun og afla til þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti.

Þetta er efni málsins. Í umsögnum sem umhvn. bárust kemur allvíða fram að umsagnaraðilar telji að athuga þurfi hvort sú nefnd sem sett var á fót með lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, geti talist fullnægjandi til að fjalla um þau efni sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég sem flm. hef litið svo á að þörf væri á að stofna sérstakt lífsiðfræðiráð sem færi yfir málasviðið í heild og væri stjórnvöldum til ráðuneytis um það. Þetta er auðvitað álitaefni og eitt af því sem hv. umhvn. þarf að fara yfir þegar þetta mál er rætt. Í nágrannalöndum okkar hefur verið komið á fót ráðum sem svara til þess sem hér er lagt til. Má þar líta til allnokkurrar reynslu af starfi þeirra. Málið verður æ brýnna, þ.e. að taka þau flóknu mál sem varða íhlutun í stafróf lífsins, svo notað sé einfalt orðalag, af hálfu manna með rannsóknum og tilraunum, að yfir það verði farið út frá siðrænum gildum því afar brýnt er að á þessum málum sé tekið og sem best fylgst með á þessu sviði. Það er markmiðið með efni þeirrar tillögu sem hér er mælt fyrir.

Ég vænti að hv. umhvn. nái að fara yfir málið og afgreiða það frá sér til þingsins. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar þar sem tillagan er endurflutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 74. mál. — Þskj. 74.

[14:59]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. þál. um úttekt á hávaða- og hljóðmengun. Tillagan er flutt af nokkrum þingmönnum auk mín. Hv. þm. eftirtaldir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ragnar Arnalds, eru meðflytjendur að málinu. Tillagan er ekki orðmörg. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta."

Með tillögu þessari er vikið að afar stóru máli sem varðar hagsmuni mjög margra og varðar einn þátt mengunar í okkar samfélagi sem fer sífellt vaxandi. Um þessi efni gilda mörg lagafyrirmæli í sundurleitum lögum og það var hugur 1. flm. þessa máls og þess sem síðastur er nefndur hér fyrir nokkrum árum að þörf væri á að endurskoða löggjöf og setja heildarlög um hávaða- og hljóðmengun. Það fékk ekki undirtektir þó að tillaga um það væri samþykkt á hv. Alþingi með vísan til þess að það væru fullnægjandi ákvæði að finna í lögum. Ég er út af fyrir sig ekki sammála því áliti. Ég tel að það hefði verið mjög æskilegt að fá samræmda heildarlöggjöf um þetta málasvið.

En hitt er efni þessarar tillögu hér, að úttekt fari fram á umfangi hávaða- og hljóðmengunar þannig að unnt verði að leggja niðurstöður slíkrar úttektar fyrir þingið til skoðunar og meta þá þörfina á að marka skýrari reglur, herða ákvæði laga hugsanlega og setja önnur fyrirmæli sem nauðsynleg teljast. Ég held að flestir þekki það hvílíkur bölvaldur hávaði er víða í okkar umhverfi og ætti að vera skylda okkar hér á Alþingi Íslendinga að bregðast við þessari mengun. Vissulega er það á verksviði sveitarfélaga að nokkru að taka á þeim málum og fylgjast þar með, en mjög skortir á að upplýsingar liggi fyrir um umfang þeirrar mengunar, sumpart einnig um eðli hennar og undir það hefur verið tekið af ýmsum sem hafa veitt umsögn um þessa tillögu á fyrri þingum. Í raun lágu fyrir mjög eindregnar jákvæðar umsagnir um tillöguna á síðasta þingi og þinginu þar á undan þegar mál þetta var einnig til meðferðar í hv. nefnd en samt fékkst ekki nægur skilningur á því til að málið fengi jákvæða afgreiðslu. Hér er því enn þess freistað að flytja málið og ég geri tillögu um að það fari til hv. umhvn. sem hefur um það fjallað á fyrri stigum. Ég læt í ljósi þá von að á þessu máli verði tekið þannig að við fáum þá úttekt sem um er beðið og getum þá brugðist við í þessum málaflokki. Þörfin ætti að vera öllum ljós.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þingsköp Alþingis, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 69. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 69.

[15:04]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem fjallar um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum. Flm.

ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hv. þm. Ágúst Einarsson. Með frv. er lagt til að nefndum þingsins verði falið mjög víðtækt vald til að hafa frumkvæði að því að taka upp mál og sérstaklega áréttað í frumvarpsgreininni í því sambandi mál er varða framkvæmd laga og reglugerða, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varðar. Einnig að ef nefnd telji ríkar ástæður til geti hún átt frumkvæði að því að efna til sérstakrar rannsóknar um þessi mál sem fram fari fyrir opnum tjöldum auk þess sem í frv. eru mjög afdráttarlaus ákvæði um að nefndin geti heimtað skýrslu af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum.

Það er vissulega óumdeilt, herra forseti, að Alþingi hefur eftirlitshlutverki að gegna með framkvæmdarvaldinu sem segja má að áréttað sé og undirstrikað með lögum um umboðsmann Alþingis en hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þó að eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu komi fram með ýmsum hætti í störfum þingsins, m.a. í fyrirspurnum til ráðherra og beiðni um skýrslu um ýmis mál, þá er það að mati margra langt frá því að vera nægilega virkt eða markvisst. Veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, bæði varðandi lagasetninguna sjálfa, aukið framsal á valdi þingsins og síðan eftirliti með framkvæmdarvaldinu hafa orðið æ meira áberandi á undanförnum árum. Ég tel að bæði innan og utan þings séu menn almennt sammála um að skerpa þurfi skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og að nauðsynlegt sé að leita leiða til að Alþingi verði virkara í því að sinna eftirlitsskyldu sinni gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það sést m.a. af ýmsum þingmálum sem hér hafa verið flutt. Má þar nefna að ráðherrar afsali sér þingmennsku, afnám heimildar til setningar bráðabirgðalaga, endurskoðun ákvæða um þingrofsrétt o.s.frv.

Síðan er sú leið sem hér er mælt fyrir að fela fastanefndum þingsins mjög víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum umfram það sem þær nú hafa í 26. gr. þingskapalaga. Nefna má í því sambandi að mál svipað að efni til lagði Vilmundur Gylfason fyrir Alþingi árið 1981 en það náði þá ekki fram að ganga.

Segja má að efni og innihald þessa frv., um breytingu á þingsköpum, sé að mörgu leyti svipað og í 39. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er kveðið á um að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varðar. Þetta ákvæði sem hér er mælt fyrir gengur þó lengra m.a. vegna heimildar um að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum. Ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta efni hefur reynst æðiþungt í vöfum og eftir því sem ég kemst næst hefur slík tillaga einu sinni náð fram að ganga en það var á miðjum 6. áratugnum þegar samþykkt var skipan nefndar á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka okur. Aðeins einu sinni hefur þetta ákvæði stjórnarskrárinnar því verið virkt og Alþingi samþykkt að því skuli beitt þó mörgum sinnum hafi verið látið reyna á það með þingmannamálum að fá slíka heimild á Alþingi vegna ýmissa mála sem þingmenn töldu að kölluðu á sérstaka rannsókn.

Mér telst svo til að frá 1960–1986, með vísan í 39. gr. stjórnarskrárinnar, hafi á þriðja tug þingmála verið lögð fram þar sem látið var reyna á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar en aðeins eitt af þessum málum náði fram að ganga. Eftir því sem ég kemst næst hefur ekki reynt á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar frá 1986 og er full ástæða til að ætla að þingmenn telji slíkt þýðingarlaust miðað við reynslu af þessu ákvæði.

Ef eftirlitshlutverk Alþingis á að vera virkt og koma að tilætluðu gagni þá eru ákvæði stjórnarskrárinnar hvergi nægjanleg. Þessi breyting frá ákvæðum stjórnarskrárinnar felur bæði í sér víðtækara valdsvið nefnda en gert er ráð fyrir í stjórnarskránni og einnig að þær geti starfað fyrir opnum tjöldum. En ekki síst felur það í sér að fastanefndirnar sjálfar hafi frumkvæði hvenær sem þeim þykir ástæða til að taka upp mál sem talið er að þurfi sérstakrar rannsóknar við án þess að heimild þurfi fyrst að fá frá Alþingi til þess sem sýnir sig að er svo þungt í vöfum að það er nánast óvirkt. Ég tel ekki vafa á að með þessu ákvæði yrði eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu mun virkara en það er nú. Framkvæmdarvaldinu yrði sýnt mun meira aðhald, sem nauðsynlegt er, bæði með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé haldið á því valdi sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins sem út af fyrir sig er efni í sérstaka umræðu.

Við þekkjum það vel að æ meira færist í vöxt í lagasetningu að framselja vald, stundum á mjög umdeildum sviðum sem miklu varðar fyrir almenning hvernig útfært er og framkvæmt með heimild löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins til setningar reglugerðar.

Árið 1991 var gerð viðamikil breyting á þingskapalögunum, m.a. varðandi störf og starfshætti nefnda. Meðal annars kom þá inn sú breyting sem hér er gerð tillaga um að verði breytt. Núgildandi ákvæði sem er að finna í 26. gr. þingskapa kveður á um að nefnd sé heimilt að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál geti nefndin gefið þinginu skýrslu.

Tilgangurinn með þessu ákvæði kemur fram í skýringum með frv. á árinu 1991 og hvernig ætlast var til að því yrði beitt. En í skýringum kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Hér er m.a. haft í huga að nefnd geti, þegar þing er ekki að störfum að sumri, unnið að athugun tiltekinna mála sem gæti verið vísir að eftirliti fagnefndar með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar."

Með vísan til þess sem fram kom í frv. og ég hef hér lýst er ljóst að valdsvið þingnefndanna er mun umfangsmeira samkvæmt því frv. sem ég mæli fyrir, og um leið líklegra til að verða miklu virkara og hvetja þingnefndir meira til að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu en ætlað var samkvæmt núgildandi lögum.

Með þessari tillögu um skipan rannsóknarnefndar er verið að styrkja Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu en framkvæmdarvaldið hefur á margan hátt tekið við því hlutverki sem Alþingi á að hafa sem valdamesta stofnun þjóðfélagsins og Alþingi oft verið hreinlega peð á skákborði þess. Þessar aðstæður gera þingmönnum erfitt fyrir að gegna skyldum sínum og vinna í þágu almannahagsmuna og gæta réttar þeirra gagnvart framkvæmdarvaldinu í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Þessu verður að breyta og okkur þingmönnum ber skylda til að leita leiða til að snúa þessari þróun við, þróun sem þingið á líka sök á og hefur tekið þátt í með því sætta sig við að frumkvæðið að lagasetningu og sífellt auknum reglugerðarheimildum færist í æ meira mæli yfir til framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og frá því að ég mælti fyrir því hefur það komið fram sem við höfum verið að upplifa síðustu dagana og vikurnar, að framkvæmdarvaldið ætlar sér að nota hlutafélagavæðinguna á bönkunum

og Pósti og síma til þess að hefta og hamla gegn því að Alþingi geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Það er óþolandi fyrir Alþingi að framkvæmdarvaldið, í skjóli hlutafélagavæðingar þar sem ríkissjóður fer með allan eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki sem hefur verið hlutafélagavætt, ætli sér í skjóli þeirra breytinga að koma í veg fyrir að Alþingi geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Þetta segir okkur, herra forseti, að raunverulega er enn meiri ástæða fyrir flutningi þessa frv. nú en var á síðasta þingi og enn meiri ástæða til að frv. nái fram að ganga.

Nú má spyrja hvort verið sé að ganga of langt með því að heimila þingnefndum að taka til rannsóknar einstök mál sem fjalla um viðfangsefni sem lúta að því sem hér er nefnt, taka upp af sjálfsdáðum ýmis atriði sem varða framkvæmd laga um meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er varða almenning og að þingnefndirnar starfi fyrir opnum tjöldum. Ég held, herra forseti, að ef grannt er skoðað er í raun miklu skemur gengið en víða í löndum sem við berum okkur saman við.

Ég rakst á fskj. með frv. sem flutt var fyrir nokkrum árum, um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð, og var flutt af Svavari Gestssyni. Þar fylgdi með fskj. um könnun á hlutverki rannsóknarnefndar löggjafarþinga í 12 aðildarríkjum Evrópubandalagsins og það er nokkuð fróðleg lesning. Það er ljóst að rannsóknarnefndir fyrirfinnast í þessum löndum og valdsvið þeirra er mjög víðtækt og rúmt og nær raunverulega miklu lengra en sú tillaga sem hér er lögð til þó ýmsir telji að hún gangi nokkuð langt. Þar er farið yfir hvert einasta land fyrir sig og síðan er dregin saman niðurstaða um valdsvið rannsóknarnefndar þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum og þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Rannsóknarnefndir þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum hafa mjög víðtækt starfssvið. Þær eiga rétt á að rannsaka „málefni eða atriði er varða almenningshagsmuni" eða „málefni sem skipta almennt miklu máli". Eins og er mundi þetta orðalag heimila rannsóknarnefndum að stunda rannsóknir á nærri öllum sviðum. "

Um völd þessara rannsóknarnefnda kemur fram, með leyfi forseta:

„Í nærri öllum aðildarríkjunum eru völd rannsóknarnefnda hin sömu og völd rannsóknardómara" — hvorki meira né minna — „í sakamáli. Í sumum tilvikum er ákvæðum, sem gilda um rannsókn sakamála, beitt með lögjöfnun. Rannsóknarnefndum er í öllum löndum Evrópubandalagsins heimilað að stefna vitnum og yfirheyra þau og hlýða á sérfræðinga. Í Frakklandi og Benelúx-löndunum er beinlínis kveðið á um yfirheyrslu eiðsvarinna vitna. Ríkisstarfsmenn og opinberir starfsmenn eru einnig að meginstefnu til skyldugir til að mæta fyrir nefndum og bera vitni."

Rangur framburður fyrir rannsóknarnefnd er almennt tilefni til saksóknar af hálfu dómstóla. Að auki hafa rannsóknarnefndir í nærri öllum aðildarríkjunum rétt til að leggja hald á skjöl eða krefjast aðgangs að skrám sem gætu komið að notum við rannsókn þeirra. Neitun er hér einnig einungis möguleg ef um leyndarmál er að ræða.

Í flestum aðildarríkjanna er það enn á ábyrgð dómstólanna að framfylgja því valdi sem nefndunum er veitt. Nefnd getur þannig farið fram á að vitnum sé stefnt, hald sé lagt á skjöl eða húsleit framkvæmd en slíkt er þó háð samþykki dómara. Í sumum tilfellum hafa nefndirnar þó heimild til þess að beita þvingunum til þess að fást við vitni sem vanrækja að mæta eða neita að bera vitni. Einungis í Frakklandi er rannsóknarnefndum heimilað að stefna vitnum eða framkvæma rannsókn á vettvangi á eigin ábyrgð.

Í Belgíu er enn fremur sá möguleiki fyrir hendi að senda lokaskýrslu nefndarinnar beint til dómstólanna þannig að unnt verði að höfða mál. Þegar öllu er á botninn hvolft tryggir þessi tegund málsmeðferðar að yfirleitt er gripið til ráðstafana á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar.

Þó að smáatriði varðandi málsmeðferð kunni að vera breytileg er verkefni rannsóknarnefndar þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum, að Bretlandi undanskildu, að framkvæma allar rannsóknir sem fylgja eftirliti með starfsemi ríkisvaldsins eða framkvæmdarvaldsins."

Raunverulega er það svo í mörgum þessara landa að rannsóknarnefndir geta tekið til umfjöllunar og rannsakað mál jafnvel þó að þau séu fyrir dómstólunum á sama tíma. En það er einmitt tekið fram í greinargerð með því frv. sem ég mæli fyrir að þingnefnd muni ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólunum sem sýnir að þó verið sé að breyta verulega og auðvelda þingmönnum störf sín og eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu er samt ekki verið að ganga eins langt og er í mörgum þeirra landa sem við berum okkur saman við.

Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt að ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar eru ekki nægileg. Ég hef orðið vör við að menn vísa í ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar sem heimilar skipan rannsóknarnefndar en það er bara mjög torsótt að slíkt samþykkt í þinginu eins og ég nefndi hér áðan og aðeins einu sinni hefur það gerst þó flutt hafi verið um það tugir þingmála gegnum árin að skipa rannsóknarnefndir í ýmsum málum.

Í frv. er gert ráð fyrir að þingnefnd geti hvenær sem er og henni þykir ástæða til átt frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því fyrst frá Alþingi. Ef þetta frv. nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem lúta ekki einungis að tæknilegum útfærslum en helsta nýmæli þessa frv. er tillaga um að þingmenn geti tekið mál er varðar framkvæmd laga um meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum.

Ég held, herra forseti, að það væri til bóta fyrir starf löggjafarsamkundunnar og geti orðið til þess að styrkja tiltrú almennings á löggjafarvaldinu ef við hefðum öll þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að hafa strangt og árangursríkt aðhald og eftirlit með framkvæmdarvaldinu og það frv. sem ég mæli fyrir er leið til þess.

Herra forseti. Ástæða hefði verið til þess að fá upplýst hjá forsætisnefnd eða forsetum þingsins hvað liði endurskoðun á þingskapalögum en mér skilst að þingskapalögin séu í endurskoðun og til þess var mjög vísað þegar þetta mál var til umfjöllunar í allshn. á síðasta þingi að það væri verið að endurskoða þingskapalögin og þá kannski ekki ástæða til þess að samþykkja þetta frv. sérstaklega sem ég er reyndar ósammála. Ég minni á að þetta frv. var sent til umsagnar forsætisnefndar frá allshn. á síðasta þingi en svar forsætisnefndar var einungis það að hún teldi ekki ástæðu til þess að gefa umsögn um mál sem væru til meðferðar í nefndum. Þess vegna hefði verið ærin ástæða til þess að forsetar þingsins hefðu gert þinginu grein fyrir því við þessa umræðu hver

staðan er núna í endurskoðun á þingskapalögunum. Hver eru viðhorf forsætisnefndar til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir? Forsætisnefndin hefur auðvitað mikið um það að segja í hvaða veru við breytum þingsköpunum og hefur alltaf haft frumkvæði að því að gera það og einstök þingmannamál sem lúta að breytingum á þingskapalögum hafa yfirleitt ekki náð fram að ganga. Þess vegna hefði verið full ástæða til þess að fá fram afstöðu forsætisnefndar til þessa máls. Ég sé að í þingsalnum er enginn sem á sæti í forsætisnefnd fyrir utan forseta sem situr í ræðustól og eðli málsins samkvæmt getur þá kannski ekki svarað því sem er beint til hans. Það er mjög óþægilegt þegar óbreyttir þingmenn eru að flytja mál og síðan fáum við þau svör frá meiri hlutanum í nefndinni að ekki sé hægt að afgreiða þau af því að þessi mál séu til skoðunar hjá forsætisnefnd en forsætisnefnd telur sig ekki þurfa að svara þingnefndinni um það hver afstaða hennar er til tiltekins máls. En við þessu er ekkert að gera. Ég vænti þess að við fáum þá upplýsingar um stöðu þessara mála og hvað líður heildarendurskoðun á þingskapalögunum þegar þegar um þetta mál verður fjallað í allshn.

Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. KHG, 77. mál (sala aflaheimildar). — Þskj. 77. [15:23]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 77 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981. Í frv. þessu sem eru fjórar greinar eru sex efnisatriði. Í 1. gr. frv. eru tvö efnisatriði. Í hinu fyrra er kveðið á um söluhagnað og hann skilgreindur af sölu aflahlutdeildar sem úthlutað er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Fram til þessa hafa ekki verið í skattalögum nein ákvæði sem skilgreina söluhagnað af sölu aflahlutdeildar.

Í öðru lagi er kveðið á um það í 1. gr. frv. að söluhagnað af sölu aflahlutdeildar skuli ávallt að fullu teljast til skattskyldra tekna á söluári. Með því er girt fyrir að önnur ákvæði í skattalögum, lögum um tekju- og eignarskatt, sem varða dreifingu og frestun söluhagnaðar gildi þegar í hlut á hagnaður af sölu aflahlutdeildar. Með þessu lagaákvæði mun söluhagnaður af sölu aflahlutdeildar ávallt teljast að fullu til skattskyldra tekna á því ári sem sala fer fram.

Þriðja efnisatriðið er í 2. gr. frv. en þar er að finna skilgreiningu á orðinu aflahlutdeild en það orð hefur enga skilgreiningu nema í lögum um stjórn fiskveiða og er því nýmæli að kveða á um skilgreiningu þess í skattalögum en skilgreiningin er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Aflahlutdeild ... telst vera réttindi tengd ófyrnanlegum náttúruauðæfum ...“

Í fjórða lagi er í þessari lagagrein kveðið á um að þessi réttindi verði eigi fyrnd. Það er einnig nýmæli því ekki er að finna ákvæði í umræddum lögum sem lúta að meðferð þessara réttinda og hefur verið stuðst við úrskurði ríkisskattanefndar hvað það varðar og síðar Hæstaréttar. Með þessari breytingu sem er meginefni frv. er komið í veg fyrir að unnt verði að færa til gjalda á rekstrarreikningi fyrirtækja kaupverð á aflahlutdeild. Það leiðir af sér að til þess að standa undir kaupunum er einungis hagnaður af rekstri fyrirtækisins eða eigin fé þess.

Í fimmta lagi er í 3. gr. frv. að finna ákvæði sem kveða á um það að aflahlutdeild skuli ekki teljast til eignar í skilningi skattalaga. Er það gert til áréttingar á því sjónarmiði að þessi réttindi séu ekki varanleg í hendi útgerðarmanns. Þetta leiðir af sér að ekki verður greiddur eignarskattur af þessum réttindum.

Í sjötta lagi er í 4. gr. frv. gildistökuákvæði og kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi.

Frv. þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi og var 611. mál þá og er nú endurflutt að mestu leyti óbreytt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi þá með frv.:

„Í frumvarpi þessu er mörkuð skýr stefna um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeild sem úthlutað er með lögum um stjórn fiskveiða. Nauðsynlegt er af hálfu Alþingis að taka af skarið um hvernig með skuli fara í þessum efnum, enda margt álitaefnið. Lagt er til í frumvarpinu að aflahlutdeild verði skilgreind sem ófyrnanleg réttindi til þess að nýta náttúruauðæfi og því verði kostnaður vegna kaupa á slíkum réttindum ekki færður til gjalda í rekstrarreikningi. Á hinn bóginn verði hagnaður af sölu aflahlutdeildar færður til skattskyldra tekna samkvæmt frumvarpinu. Með þessari skattalegu meðferð stendur einungis hagnaður af rekstri eftir skatta undir kaupum á aflahlutdeild nema til komi framlög frá eigendum eða önnur eiginfjáraukning. Þar með er loku skotið fyrir það fyrirkomulag sem nú er að útgerðarmaður geti komist hjá því að nokkru leyti að greiða tekjuskatt af hagnaði útgerðar með því að festa kaup á aflahlutdeild. Sú takmörkun leiðir til þess að verð á aflaheimildum mun óhjákvæmilega lækka í verði sem hlýtur að teljast æskilegt markmið. Þá er gert ráð fyrir að verðmæti aflahlutdeildar verði ekki fært til eignar í skilningi skattalaganna, þ.e. það verðmæti myndi ekki stofn til eignarskatts.“

Þá fylgir með frv. kafli úr skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu sem gefin var út á þskj. 360 á 117. löggjafarþingi sem fjallar um skattalega meðferð aflaheimilda. Nefndin, sem skipuð var af sjútvrh. og stundum kölluð tvíhöfða nefndin fjallaði um þetta efni, komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til að óheimilt verði að fyrna kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða á frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. sept. 1996. Það má segja að frv. sem ég flyt nú hafi að geyma sömu skoðun á þessu máli og svokölluð tvíhöfða nefnd setti fram fyrir fjórum árum.

Herra forseti. Það er óþarft að hafa öllu frekari orð um efnisatriði frv. nema aðeins að geta þess sem ég gleymdi áðan að kveðið er á um það í 2. gr. frv. að tap af sölu aflahlutdeildar verði ekki talið sem rekstrarkostnaður. Þetta er nokkuð mikilvægt ákvæði því að svo kann að fara á næstu árum vegna þess háa verðs sem verið hefur á aflahlutdeild að verð á henni muni lækka og því ekki ólíklegt að upp komi tilvik þar sem um er að ræða tap af sölu aflahlutdeilda. Þykir rétt að setja það lagaákvæði að það tap verði eigi heimilt að færa til gjalda og er tilgangur sá sami og með hinu almenna ákvæði frv. að stuðla að lækkun á verði aflahlutdeilda, skilgreina þau í skattalögum sem ófyrnanleg verðmæti sem teljast eigi til eigna með þeim rökum að þessi réttindi rýrni ekki við notkun og því ástæðulaust að heimila fyrningu á kaupverði þeirra.

Herra forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir þessu frv. sem er flutt öðru sinni og geri mér vonir um að það njóti nokkurs stuðnings, ekki hvað síst í ljósi þess að hæstv. sjútvrh. hefur lýst viðhorfum nýlega sem ganga í sömu átt og starfshópur sem er þessar vikurnar á vegum fjmrh. fjallar um þetta álitaefni. Er búist við því að hann muni leggja til að þessi háttur verði upp tekinn sem hér er lagt til í frv. Ég vænti því, herra forseti, að frv. þetta eigi greiða leið í gegnum farvegi þess í þinginu og verði að lögum fyrir jól.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umboðsmaður jafnréttismála, 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 82. mál. — Þskj. 82.

[15:33]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um umboðsmann jafnréttismála. Frv. gengur út á að stofnað verði til embættis jafnréttismála sem hafi það hlutverk að hafa eftirlit með jafnréttismálum hér á landi og hvernig fylgt er fyrirmælum alþjóðasamninga um jafnrétti kynjanna sem Ísland er aðili að. Embættið skal einnig stuðla að því að náð verði markmiðum laga er varða jafnrétti kynjanna, m.a. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og vinna sérstaklega að bættri stöðu kvenna. Flutningsmenn með mér að máli þessu eru hv. þingmenn Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Svavar Gestsson.

Þetta mál lá fyrir síðasta þingi og var vísað til hv. félmn. sem ég legg til að fái málið aftur til meðferðar til þess að vinna betur úr því en tókst á síðasta þingi. Af nefndarinnar hálfu var aflað umsagna um málið frá nokkrum aðilum. Nokkuð bar á því hjá umsagnaraðilum að vísað væri til þess að hér væri athyglisvert frv. á ferðinni sem þyrfti að fá athugun, en þeir töldu að það væri eðlilegur þáttur í endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem þyrfti hugsanlega að fara í heildarendurskoðun eða bíða þess máls.

Síðast voru lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla endurskoðuð árið 1991. Það var líklega árið 1990 sem aðalvinnan fór fram í nefnd sem hv. þáv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir skipaði. Þar átti ég sæti og á þeim vettvangi, í þeirri stjórnskipuðu nefnd einmitt, lagði ég til að stofnað yrði til embættis umboðsmanns jafnréttismála. Við þá endurskoðun laganna var ekki tekið undir það að ráðist yrði í að setja á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála, ekki væri stuðningur við það í þeirri ríkisstjórn sem þá starfaði að taka það skref eða það kannski ekki tímabært. En ýmsar ágætar lagfæringar voru gerðar á umræddum lögum, m.a. að minni tillögu, þar á meðal að setja á fót kærunefndina sem síðan hefur verið virk og ætla ég annars ekki að fara út í þau efni frekar. En ég er áfram þeirrar skoðunar, og við flutningsmenn þessa máls, að vegna mikilvægis jafnréttismálanna sé rétt að stofna til þessa embættis umboðsmanns fyrir þau.

Frv. dregur upp ramma um málið, verkefni og stöðu umboðsmanns. Ég ætla ekki að fara að rekja það í einstökum atriðum því að áður hefur verið mælt fyrir málinu í þinginu en vek athygli á því að samkvæmt 9. gr. er gert ráð fyrir að forsrh. hafi eftirlit með fjárreiðum embættisins og embættið falli undir forsrn. Það er eitt af því sem hefur verið nefnt að væri álitaefni hjá sumum þeirra sem gáfu umsögn um frv. Þetta var gert að yfirlögðu ráði og til þess m.a. að gæta samræmis við umboðsmann barna. Ekki er mjög langt síðan löggjöf var sett um umboðsmann barna og var sem sagt höfð hliðsjón af því en umboðsmaður barna heyrir undir forsrn.

Hinn möguleikinn var að umboðsmaður jafnréttismála félli undir félmrn. sem fer með löggjöfina um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Kom það vissulega til athugunar og álita, en niðurstaða okkar flutningsmanna var að fylgja leiðsögn fyrri löggjafar eða þeirrar löggjafar sem sett var um umboðsmann barna.

Ég tel alveg nauðsynlegt að þingið taki afstöðu til málsins og ef það er sjónarmið t.d. í hv. félmn. að eðlilegt sé að mál af þessu tagi bíði eftir heildarendurskoðun löggjafarinnar, þá finnst mér að viðkomandi þingnefnd þurfi einnig að hafa á því skoðun hvort tímabært sé að hefja endurskoðun jafnréttislaganna sem við köllum stundum svo, laganna nr. 28/1991. Auðvitað er það ákvörðunarefni hæstv. félmrh. hvort efnt verði til endurskoðunar á þessari löggjöf á vegum ráðuneytisins en mér finnst að þingið megi gjarnan hafa á því skoðun. Ég mun fljótlega beina þinglegri fyrirspurn til hæstv. félmrh. um hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum því að ég tel að upp hafi safnast fjölmörg álitaefni sem þurfi að taka á í tengslum við löggjöfina um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er réttarþróun í gangi víða um lönd sem við þurfum að fylgjast með og taka afstöðu til. Ég nefni eitt álitaefni gagnvart löggjöf, það er kynferðisleg áreitni og það sem lýtur að því máli, en það var nánast ekki komið á dagskrá þegar lögin voru síðast endurskoðuð eða ekki í sama mæli og nú. Og ef menn telja að ákvörðun um umboðsmann jafnréttismála eigi að tengjast eða falla undir endurskoðun þessara laga, sem ég er síður en svo sammála að sé nauðsynlegt, ég tel að það séu öll efni á því að setja lög um þetta embætti hér og nú, en þá ég hef að sjálfsögðu ekki á móti því að um það sé fjallað ef vinna hefst mjög fljótlega um endurskoðun laganna nr. 28/1991.

Það er athyglisvert virðulegur forseti, þegar annars er litið til málaflokksins, jafnréttismálanna, að fylgjast með því að það hefur verið nokkuð rætt á Norðurlöndunum, þar sem menn hafa sums staðar reynslu af embætti jafnréttismála, hvernig á skuli haldið. Það eru allólík stjórnkerfi þessara mála í Danmörku og Noregi svo að dæmi sé tekið og sýnist sitt hverjum um reynsluna. Í Danmörku, svipað og hér, eru hagsmunaaðilar sem svo má kalla, réttindafélög, hvort sem það eru kvenréttindafélög eða önnur slík sem sinna jafnréttisbaráttu, aðilar að tilnefningu fulltrúa í jafnréttisráð. Það er mikið umhugsunar- og álitaefni hvort halda eigi þannig á málum að frjáls félagasamtök sem hafa málaflokk á sínum snærum séu bundin inn í stjórnkerfi eða ekki. Ég vil ekki kveða upp neina dóma um það. Mér finnst í raun vera mjög eðlilegt að reynt sé að gera það en stundum fylgir böggull skammrifi og ég held að þess gæti hér í okkar stjórnkerfi að segja sem svo að um leið og frjáls félagasamtök hafi tök á því og eigi kost á að tilnefna fulltrúa í slík ráð eða nefndir, þá séu þau gerð ábyrg og sagt sem svo: Þið eigið þarna ykkar fulltrúa og hvað gerið þið? Þetta setur þessi ágætu samtök oft í dálítið erfiða aðstöðu þó að það gefi um leið möguleika. Og fyrir félög sem hafa ekki eðlilegan stuðning fjárhagslega, t.d. af opinberri hálfu, er oft hægara sagt en gert að halda uppi því starfi og þeim þrýstingi sem þyrfti að vera.

Það er líka athyglisvert að virða einmitt fyrir sér afstöðu

íslenskra stjórnvalda varðandi fjárhagslegan stuðning við frjáls félagasamtök sem er allsendis ónógur og á þeim málum haldið með allt öðrum hætti en t.d. í Noregi þar sem frjáls félagasamtök njóta verulegs stuðnings af opinberu fé og eru í rauninni miklu ríkari þáttur í almennri umræðu í samfélaginu og geta helgað sig starfinu af meiri krafti en verður þegar félögin berjast í bökkum með halda uppi lágmarksstarfsemi m.a. af fjárhagslegum ástæðum.

Þetta vildi ég hafa nefnt hér sem umhugsunarefni í tengslum við þetta mál þó að það tengist ekki beint því frv. sem hér er til umræðu.

Ég vil, virðulegur forseti, leggja áherslu á að ég tel að það hefði betur verið horfið að því ráði 1991 að setja á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála. Þá hefðum við haft reynslu af því nú. Það væri komin dýrmæt 5–6 ára reynsla af slíku starfi. Það varð ekki að ráði þá. Ég er enn þeirrar skoðunar og við flutningsmenn þessa máls að þetta skref beri að stíga til að styrkja málaflokkinn, styrkja stöðu jafnréttismálanna, jafnstöðu karla og kvenna og baráttuna með því að stofna til þessa embættis. Að því lýtur það mál sem hér liggur fyrir þinginu.

Ég ítreka: Við leggjum til að málið fari til hv. félmn. að umræðu lokinni og ég vænti þess að efnisleg niðurstaða fáist um málið nú á þinginu og ef nefndin treystir sér ekki til þess að afgreiða frv., þá gefi hún a.m.k. leiðsögn um það hvert halda skuli. Mér finnst að í svona stórum málum þurfi þingnefndir í rauninni að botna mál, ekki sæfa þau í nefndum án þess að fram komi einhver niðurstaða. Þingnefndir mættu gjarnan skila einhvers konar áliti til þingsins um viðhorf í málum og hvernig á skuli haldið þó að það sé jafnvel ekki í formi beinna nefndarálita. Gæti það átt við um fjölda mála sem koma til þingnefnda og er skilið við þau hálfrædd í allt of ríkum mæli. Ég dreg ekki í efa að það er áhugi á þessu máli og málaflokknum en það skortir samt afar mikið á að menn hafi komist í einhverja sæmilega höfn. Þar hallar enn á og konur í samfélagi okkar eiga almennt séð á flestum sviðum mjög undir högg að sækja.

[15:46]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni athyglisvert mál sem ástæða er til að fara nokkrum orðum um. Það er hverju orði sannara sem hv. framsögumaður frv. nefndi hér síðast, að konur eiga víða undir högg að sækja í þjóðlífinu. Ég hygg að í gegnum ár og áratugi hafi engin lög verið brotin jafnoft og jafnréttislögin og ítrekað hefur verið lagt út í það að endurskoða þau lög og skerpa á þeim til þess að tryggja betur jafnrétti í þjóðfélaginu þó að staðreyndirnar tali sínu máli að *við erum ekki lengra á veg komin en raun ber vitni.* Er þá sama hvert litið er, hvort litið er á valdahlutföllin í þjóðfélaginu, í stjórnmálum eða atvinnulífinu, að ekki sé minnst á launajafnréttið í þjóðfélaginu en það er til skammar hvernig hefur verið og hvernig ríkisvaldið er raunverulega ekkert betra þar en hinn almenni atvinnurekandi, við að brjóta jafnréttislögin og ákvæði þar að lútandi um launajafnrétti kynjanna.

Hv. framsögumaður nefndi endurskoðunina 1991 þar sem hv. þm. lagði til að komið yrði á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála, en sú tillaga hafi ekki haft hljómgrunn þá. Ég hygg að ástæðan hafi verið sú að menn vildu freista þess eina ferðina enn að skerpa verulega á jafnréttislöggjöfinni, koma með ný úrræði sem ekki höfðu verið fyrir hendi og láta á þau reyna, þar á meðal kærunefnd jafnréttismála sem þingmaðurinn nefndi áðan. Eina ákvæðið í 1. gr. um að sérstaklega skyldi bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum laganna og ákvæði 3. gr. sem ekki hefur verið nýtt hingað en ég tel fulla ástæðu til þess að séu skoðuð sérstaklega, þ.e. að tímabundnar aðgerðir eru heimilar og brjóta ekki gegn lögunum sem ætluð eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, að þau gangi ekki gegn lögunum. Á þetta ákvæði hefur ekki reynt og tel ég fulla ástæðu til þess að skoða hvernig hægt er að láta á þau reyna.

Það er til þess vitnað í grg. að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafi um langt árabil verið starfandi umboðsmenn jafnréttismála og það sé góð reynsla af störfum þeirra og að í undirbúningi sé í Danmörku einnig sambærileg skipan mála.

Sú reynsla sem við höfum bæði af umboðsmanni Alþingis og umboðsmanni barna er mjög góð. Ég vil minna á, þegar þetta mál er til umræðu, að tregðan var mjög mikil í þinginu að koma á embætti umboðsmanns barna og hygg ég að það hafi verið árum eða áratugum saman fyrir þinginu áður en það náði fram að ganga. Það mál heyrði þá undir dómsmrn. og átti ég þá sæti í ríkisstjórn og óskaði ég eftir því, þar sem illa gekk í dómsmrn. að fá því máli framgengt, að það mál færi undir verksvið félmrn. til úrlausnar til að vinna það frv. og þá fyrst þegar sú vinna fór af stað náði málið fram að ganga. Ég vona, herra forseti, að söm verði ekki örlög þessa máls og tregðan á því að ná því fram eins og varðandi umboðsmann barna. Við erum alls ekki að tala um að setja á fót embætti sem kostar heil ósköp og sem ætti að vera ríkissjóði ofviða. Kostnaðurinn við þetta embætti er kannski 10–12 milljónir, svipað og er hjá umboðsmanni barna. Mér finnst að þetta mál gæti verði prófraun á vilja allra stjórnmálaflokka á þingi, hvað þeir meina með jafnréttismálum og hvað þeir meina með því að tryggja jafnrétti hér á landi.

Þó ég hafi ekki verið þeirrar skoðunar árið 1991 að ástæða væri til þess að koma á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála, af því ég vildi fyrst láta reyna á þessi ákvæði, þá tel ég að tímabært sé að koma embættinu á fót. Ef tregðan er mjög *mikil þá mætti vera í þessu frv., að mínu viti, einhvers konar* endurskoðunarákvæði til fimm ára, að þetta yrði skoðað, og reynslan af starfi umboðsmanns jafnréttismála metin á þeim tíma.

Hv. framsögumaður nefndi að í félmn. hefði málið verið rætt á þeim nótum að rétt væri að bíða eftir heildarendurskoðun jafnréttislaganna. Mér sýnist á því ákvæði sem kemur fram hér í 3. gr. um verkefni umboðsmanns jafnréttismála og þau verkefni sem Jafnréttisráði eru ætluð samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að verið gæti um einhverja skörun að ræða vegna þess að samkvæmt frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þá er verkefni Jafnréttisráðs að móta stefnuna í jafnréttismálum og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna og vinna stefnumarkandi áætlanir í því skyni. Þannig að vera má að það þurfi að skoða jafnréttislöggjöfina samhliða.

Ég er alveg sammála hv. flutningsmanni um að engin ástæða er til þess að bíða heildarendurskoðunar á jafnréttislögunum. Þetta er sérstakt úrræði sem hér er gripið til. Og ef einhvern tímann hefur verið þörf á að stofna embætti umboðsmanns þá er það umboðsmaður jafnréttismála vegna þess að öll önnur úrræði hafa verið reynd í þessu efni. Ef komið væri á fót sérstökum umboðsmanni jafnréttismála hefði hann það verkefni sérstaklega að, eins og í grg. segir, með leyfi forseta: „vinna að því að stjórnvöld, atvinnurekendur

og stéttarfélög, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna hafi í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna" þá er ég sannfærð um að það mundi skila okkur eitthvað áleiðis.

Ég vil því hvetja til þess að málið fái góða umfjöllun í félmn. og að það fái þá afgreiðslu þannig að við getum tekið málið aftur hér til umræðu og ítreka það, herra forseti, að ég tel þetta prófraun á vilja allra stjórnmálaflokka hér á þingi, hvort þeir vilji í raun og sanni stuðla að því að flýta fyrir þeirri þróun að hér komist á jafnrétti á öllum sviðum þjóðlífsins. Ég minni á það enn og aftur að við erum ekki að tala hér um stóra fjárhæð, kannski 10–12 milljónir, og við gætum út af fyrir sig, ef menn eru með einhverjar efasemdir um þetta, látið þetta ákvæði laga um umboðsmann jafnréttismála, ef að lögum verður, einungis gilda tímabundið til reynslu til þess að sjá hvort við göngum eitthvað fram á veginn í jafnréttismálum með tilkomu umboðsmanns jafnréttismála. En um það er ég sannfærð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sveitarstjórnarlög, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 84. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 84.

[15:55]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum. Hér er lögð til breyting á sveitarstjórnarlögunum sem á að tryggja að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og samþykkt var sem ákvæði til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum á 120. löggjafarþingi árið 1995 í tengslum við sameiningu Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps, Þingeyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Í athugasemdum með því frv. kom fram að það var samið og lagt fram að frumkvæði samstarfsnefndar um framangreinda sameiningu. Jafnframt kom fram að samstarfsnefndin teldi að sá möguleiki væri fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga gætu fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga.

Með þessu ákvæði var verið að koma í veg fyrir með líkum hætti og lagt er til í 1. gr. þessa frumvarps að kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga geti fellt tillögu um sameiningu sveitarfélaga og þannig komið í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkja hana.

Í grg. með frv. er ítarlega farið yfir stöðu og þróun sameiningarmálanna og hvernig þau mál standa, ekki síst eftir það sameiningarátak sem hrundið var af stað fyrir nokkrum árum. Ég held að það hljóti að vera óumdeilt að sameiningarátakið hafi skilað okkur verulega áleiðis í því að sameina og fækka sveitarfélögum og gera þau stærri og öflugri til að takast á við þau viðfangsefni sem á í raun og sanni að vera á verksviði sveitarstjórnanna en eru nú á verksviði ríkisins.

Árið 1986 voru sveitarfélögin 223 en hafði fækkað um 27 eða í 196 í nóvember árið 1992 þegar fram fór atkvæðagreiðsla í landinu um sameiningu sveitarfélaga. Frá áramótum 1993/1994 til september árið 1997, þ.e. á þessu tímabili eftir sameiningarátakið, hafa orðið 14 sameiningar með fækkun sveitarfélaga um samtals 32. Samtals hefur sveitarfélögum því fækkað um 58 á liðlega tíu ára tímabili og í dag eru þau 165.

Gangi þær sameiningartilraunir eftir sem nú standa yfir, eða þær sem hafa verið samþykktar en ekki staðfestar, þá hefur sveitarfélögunum fækkað um 95 á liðlega tíu ára tímabili og verður það að teljast verulegt átak til þess að stækka og efla sveitarfélögin.

En það er ljóst, virðulegi forseti, að enn er langt í land að öll sveitarfélög verði það öflug að þau geti veitt íbúum sínum nauðsynlega þjónustu og séu fær um að taka við auknum verkefnum sem mikil umræða er um núna, t.d. að því er varðar grunnskólann sem fluttur hefur verið til sveitarfélaganna. Og nú stendur fyrir dyrum að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og ýmsir hafa efasemdir um að öll sveitarfélögin séu nægjanlega í stakk búin til þess að taka við þessum stóra og viðkvæma málaflokki. Ég held líka að það megi segja þegar horft er til atvinnulífsins úti á landsbyggðinni að einhæfni atvinnulífsins megi í verulegum mæli rekja til þess að sveitarfélögin hafa verið og eru enn mörg hver of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur víða fram, ekki síst á sviði félagslegrar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaga kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri. Víða um land er því ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu sem fólk hefur þörf fyrir sem veldur því að það hefur leitað til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá þörfum sínum mætt og á þetta ekki síst við um aldraða og unga fólkið sem verður að treysta á ýmsa félagslega þjónustu og verður oft að taka sig upp og flytja í stærri sveitarfélög þar sem þjónustuna er að fá.

Staðreyndin er líka sú að ef við berum okkur saman við Norðurlöndin, þá erum við langt á eftir þeim í sameiningu sveitarfélaga, en Norðurlöndin gengu í gegnum veigamiklar breytingar í sameiningu sveitarfélaga fyrir nokkrum áratugum síðan og um 1970 var þessu ferli að mestu lokið þar. Eitt verður þó að segjast að verulegur árangur náðist ekki í stækkun sveitarfélaga fyrr en í kjölfar lagasetningar þar að lútandi þó að sveitarfélögin hafi þar haft umsagnarrétt en til þeirra lögþvingunar á Norðurlöndum var gripið þar sem lítill árangur hefur orðið af frjálsri sameiningu þeirra.

Hægt er að sjá hvað sveitarstjórnarstigið hér á landi er veikt samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum í töflu sem fram kemur í greinargerð með frv. Á Norðurlöndum hafa sveitarstjórnir fleiri verkefni sem falla betur að stjórnsýslu þeirra eins og að sinna ýmissi staðbundinni þjónustu. Hluti þeirra í skattheimtunni er einnig miklu meiri en hér á landi. Í töflunni sem ég set fram með greinargerðinni er hlutfall sveitarfélaganna í samneyslunni langminnst hér á landi en aftur á móti hluti ríkisvaldsins stærstur hér á landi.

Það er ljóst og flestir eru um það sammála að á Íslandi er ríkisvaldið með á sinni hendi flest þau verkefni sem sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndum annast. Þar má nefna þjónustu við fatlaða, heilsugæslu grunnskóla sem nú er að vísu orðið verkefni sveitarfélaga en þar eru einnig sjúkrahús og framhaldsskólaverkefni fylkja, amta og léna. Ég held að í áranna rás hafi berlega komið í ljós að fjöldi sveitarfélaga hér á landi ræður illa við að sinna ýmsum þeim verkefnum sem eru nú þegar lögboðin. Veruleg hætta er einnig á því að þau hafi ekki getu til að taka að sér ný verkefni en eins og

við vitum hefur bæði verið rætt um heilsugæsluna, öldrunarþjónustu, málefni fatlaðra, jafnvel félagslega húsnæðiskerfið og framhaldsskóla. Mörg stærri sveitarfélög hafa einmitt lýst yfir vilja sínum til að taka við auknum verkefnum frá ríkinu en afstaða smærri sveitarfélaganna til sameiningar hefur oft og lengi tafið þá framþróun sem er bæði í þágu eflingar sveitarstjórnarsviðsins og til að bæta hag íbúanna þó við séum vissulega að sjá núna með ýmsum sameiningum sem hafa gengið eftir á undanförnum mánuðum að það er viss hugarfarsbreyting orðin hjá smærri sveitarfélögunum til sameiningar við stærri sveitarfélögin.

Ég er alveg sannfærð um að krafa stærri sveitarfélaganna um að fá til sín fleiri verkefni muni fá aukinn þunga á næstu árum, ekki síst ef vel tekst vel til hjá reynslusveitarfélögunum sem hafa tímabundið yfirtekið til reynslu ýmis verkefni sem verið hafa hjá ríkisvaldinu. Það verður líka að telja það andhverfu á lýðræðinu að lítil sveitarfélög komi í veg fyrir eflingu sveitarfélaganna og getu þeirra til að yfirtaka fleiri verkefni frá frá ríkinu. Ég tel mjög mikilvægt að hraða eins og kostur er sameiningu og eflingu sveitarfélaganna þannig að þau fái aukið sjálfsforræði og möguleika til að yfirtaka málaflokka sem ég hef hér lýst. Með því yrði verulega dregið úr umsvifum ríkisvaldsins og staða landsbyggðarinnar og sveitarfélaganna gæti styrkst verulega. Það er skoðun mín að lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi eigi ekki að vera undir 1.000 til að skapa nauðsynleg skilyrði til að flytja til þeirra verkefni og tekjustofna. Það er reyndar í samræmi við álit fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga frá 1991 þegar við vorum að undirbúa sameiningarátakið en þá var lýst yfir stuðningi við hugmyndir um stækkun og eflingu sveitarfélaga sem fólu í sér að sveitarfélögin næðu yfir mjög stór svæði og verði aðeins í undantekningartilvikum með færri íbúa en 1.000.

Ég held, herra forseti, að góður skriður sé á sameiningarmálum eins og ég hef hér lýst og það ætti að tryggja að ekki þurfi að koma til lögbindinga á hækkun lágmarksíbúatölu eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. En eins og áður hefur komið fram, þá er nú verið að gera nokkrar sameiningartilraunir og er ljóst af samtölum við ýmsa sveitarstjórnarmenn að þeir telja að þessi hætta geti verið til staðar nú og má ætla að stuðningur sé allverulegur hjá sveitarstjórnarmönnum við lagasetningu sem felur í sér að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga eins og frv. þetta felur í sér.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[16:05]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Frv. þetta fjallar um með hvaða hætti sveitarfélög verða sameinuð öðru sveitarfélagi. Gert er ráð fyrir því í 109. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga að það verði ekki gert nema að undangengnum almennum kosningum þar sem kjósendum og íbúum hvers og eins sveitarfélags gefst kostur á því að tjá hug sinn til þeirrar tillögu sem fyrir liggur. Þetta er almenn og lýðræðisleg regla sem unnt er að halda í heiðri svo lengi sem menn sjá fram í tímann.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að erlendis er ekki alls staðar sami háttur hafður á. Á Norðurlöndunum hefur verið gripið til þess stundum að breyta mörkum sveitarfélaga með lögum og fá það knúið fram burt séð frá afstöðu fólksins í sveitarfélögunum. Þó að þetta kunni að þykja viðurkenndar aðferðir í löndum eins og Danmörku og Noregi er ekki þar með sagt að ástæða sé fyrir okkur að daðra við þessi sjónarmið um að ríkisvaldið eigi að skipa málum á þann veg að ekki sé leitað álits íbúa á þeirri breytingu sem ætlað er að gangi fram.

Þá er heldur ekki ástæða til þess að hafa sömu reglur hér og erlendis af þeirri ástæðu að sveitarfélag erlendis er allt annað hugtak og allt annað samfélag en hér á landi vegna fámennisins hér. Í Danmörku og Noregi eru sveitarfélög á bilinu 10–30 þúsund manns og það segir sig sjálft að það er allt öðruvísi samfélag en sveitarfélög þar sem íbúar eru að jafnaði miklu færri en þetta enda það er fátítt hér á landi að sveitarfélög nái þessari stærð. Í raun og veru er það í meginatriðum útilokað að svo geti verið sem almenn regla vegna þess hversu dreift þjóðin býr. Það eru svo fáir sem búa á ferkílómetra. Ef menn færu út í að búa t.d. til sveitarfélög sem væru þannig að ekkert þeirra væri fámennara en segjum 10–15 þúsund manns væri það orðið svo víðlent að það er illa starfhæft sem eining vegna þess hversu víðfeðmt það væri. Því væri eðlilegast ef menn vildu ná fram kostum þess að hafa eina stjórnsýslu fyrir 10–15 þúsund manns að menn færu þá leið hér á landi að búa til héraðafyrirkomulag sem væri fyrir ofan núgildandi sveitarstjórnarfyrirkomulag. Vilji menn hins vegar búa til svo stór sveitarfélög neyðast menn til þess að hafa undirsveitarfélög til þess að ekki sjóði upp úr í þeim hjá einstökum íbúum og til þess að menn geti líka nýtt kosti nálægðarinnr við að glíma við tiltekin verkefni. Ég er því á þeirri skoðun að aðstaða hér sé að allmiklu leyti frábrugðin því sem gerist t.d. á Norðurlöndum þar sem hugtakið sveitarfélag er líkara því sem við mundum kalla hérað og ef við ætlum að búa til skipan hérlendis sem svipar til sveitarfélagaskipan erlendis væri það héraðafyrirkomulag. Það er óvíða hér á landi sem það getur gengið upp að sveitarfélög nái yfir hérað með góðum hætti. Þó eru dæmi þess og Skagafjörður er dæmi um hérað sem gæti senn verið hérað og sveitarfélag.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að héruðin ættu að vera nokkuð stór hér á landi. Þau ættu að vera upp undir 30 þúsund manna héruð þannig að mörk á milli landsvæðanna miðuðust við það. Að mínu viti gætu t.d. svæði eins og Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra verið eitt stjórnsýsluhérað sem hefði um 30 þúsund manns. Það gætu hins vegar verið nokkuð mörg sveitarfélög. En verkefni þeirra sveitarfélaga yrði þá væntanlega minna og færri en nú er. Hluti af núverandi verkefnum sveitarfélaga mundu færast upp til héraðsins og hluti af verkefnum ríkisins færi líka til héraðsins þannig að þarna yrði byggð upp nokkuð öflug stjórnsýslueining sem gæti nýtt sér kosti þess af stærðinni.

Ég vil varðandi þetta frv., herra forseti, láta koma fram að þar sem almenna reglan hér á landi, og ég er sammála því að það eigi að vera svo, er að menn kjósi um breytingar á sveitarfélagsskipaninni, þá er ég ekki fylgjandi því að víkja frá þeirri reglu. Meginefni frv. er að opna fyrir möguleika til sameiningar sveitarfélaga án undangenginna kosninga með því að sveitarstjórnunum verði heimilt að ákveða sameiningu jafnvel þótt tillaga um sameingu hafi verið felld. Ég er ekki fylgjandi því að þessi breyting verði gerð og vil halda mig við það sjónarmið að það beri að sameina í kjölfar samþykktar íbúanna. Ég er ekki sammála þeim viðhorfum sem stundum hafa heyrst að það beri að skipa þessu með lögum burt séð frá því hvað íbúarnir vilja. Ég er ekki að halda því fram að flutningsmaður sé stuðningsmaður þeirra sjónarmiða en þau hafa heyrst og ég lýsi því að ég er ekki sammála því

og ég held að við ættum ekki heldur að stíga skref í þá átt eins og frv. gerir í raun að heimila sameiningu á grundvelli tillögu sem kosið hafi verið um þótt tillagan hafi verið felld í einhverju sveitarfélaganna. Þar með fellur tillagan í heild en frv. gerir ráð fyrir að þar sem menn samþykktu tillöguna geti menn sameinað án annarrar atkvæðagreiðslu.

Það skiptir máli um hvað menn kjósa. Setjum sem dæmi að kosið hafi verið um sameiningu fjögurra sveitarfélaga og hún samþykkt í þremur, felld í einu. Þá segir hv. flutningsmaður: Þá er heimilt að sameina þau þrjú sem samþykktu. Það er ekki sjálfgefið og menn mega ekki ganga út frá því að íbúarnir sem samþykktu sameiningu fjögurra sveitarfélaga séu samþykkir sameiningu þriggja. Að þessu lýtur athugasemd mín og ég er að þessu leytinu til ósammála efni frv. Það að eitt sveitarfélag fellir og hrekkur úr skaftinu, þau gætu þess vegna verið tvö af sex sem hefðu fellt, getur breytt málinu það mikið að viðhorf íbúanna verði annað. Það er auðvelt að búa til dæmi um það þar sem þetta getur augljóslega skipt verulegu máli þannig að ég held að við eigum bara að halda okkur við þá lýðræðislegu aðferð að láta sameiningu gerast í kjölfar samþykktar íbúanna. Það kann að vera að það taki meiri tíma en þessi leið en það hefur sinn gang og skilar árangri.

Í greinargerð með frv. er rakið að það hafi orðið allnokkur árangur á síðustu árum af því að sveitarfélögin hafi sameinast og það hafi gerst þrátt fyrir ákvæðið eins og það er, en það má líka segja vegna þess að ákvæðið er eins og það er. Ég er því ekki viss um að það greiði endilega fyrir málinu að breyta leikreglunum. Það má ekki gefa sér að það muni greiða fyrir málinu. Ef menn eru á annað borð lagðir af stað út í að víkja frá því að samþykki íbúanna sé áskilið, munu menn þá endilega enda í þessu fráviki? Getur ekki verið að menn muni einfaldlega ganga lengra og enda eins og menn gerðu á Norðurlöndum að spyrja íbúana yfir höfuð ekki neitt í málinu? Það væri allt í lagi ef íbúunum væri sama en við vitum að þeim er ekki sama og þess vegna mundi slík niðurstaða skapa mikinn óróa hér á landi og við eigum að forðast að misbjóða fólkinu með lagasetningum.

Þetta vildi ég segja um málið, herra forseti, en vænti þess hins vegar að umræðurnar færi menn svolítið áfram í umræðunni um stöðu sveitarfélaga og skipan landsins í héruð eða sveitarfélög. Ég vildi nota þetta tækifæri, herra forseti, til að koma á framfæri og ítreka sjónarmið mitt um að það mikilvægasta í málinu væri að taka upp héraðaskipanina. Það er það fyrirkomulag sem mun gefa okkur sóknarfæri á landsbyggðinni. Hins vegar munu endurbætur á þessu sveitarfélagafyrirkomulagi litlu sem engu skila enda hafa þær ekki gert það í þeim skilningi að þær hafa engu breytt um íbúaþróun, ekki einu sinni í þeim sveitarfélögum sem hafa sameinast og nefni ég sem dæmi Ísafjarðarbæ hinn nýja þar sem er mestur fólksflutningur frá Vestfjörðum. Ég nefni Vesturbyggð sem er sameinuð úr fjórum sveitarfélögum. Það hefur aldrei verið annar eins brottflutningur af fólki frá því svæði síðan það sveitarfélag varð til. Ekki ætla ég að halda því fram að sameiningin hafi orsakað brottflutninginn eða að hann jókst en við getum þó sameinast um að segja: Sameiningin skilaði engu. Það er ljóst. Það eru aðrir þættir sem ráða þarna ferðinni og við eigum að miða aðgerðir okkar við að draga fram kosti þeirra þátta.

[16:17]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst af máli hv. síðasta ræðumanns að við erum ekki alveg sammála um breytinguna og við því er ekkert að gera. Það hefur gengið svo til áður að við höfum ekki verið sammála um leiðir að því er varðar sameiningu sveitarfélaga þó við séum örugglega sammála um markmiðið sem er að efla og styrkja sveitarfélögin og landsbyggðina. En mér finnst gæta misskilnings, ég vil nota það orð, í máli hv. þm. þegar hann túlkar raunverulega ákvæði þessa frv. að verið sé að heimila sameiningu án undangenginna kosninga. Ég minni hv. þm. á það af því að hann er þingmaður Vestfirðinga að þetta er sama leið og sú sem lögð var til að frumkvæði samstarfsnefndar á Vestfjörðum í tengslum við sameiningu sem þar var framkvæmd á árinu 1995 en þá kom fyrir 120. löggjafarþing einmitt sambærilegt ákvæði. Það var orðað svo:

„Jafnframt kom fram að samstarfsnefndin teldi að sá möguleiki væri fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga gætu fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga."

Þess vegna taldi samstarfsnefndin nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði. Ég er sammála samstarfsnefndinni. Mér finnst ekki eðlilegt og ekki í anda lýðræðis þegar við erum að tala um þrjú eða fjögur sveitarfélög og síðan gæti minnsta sveitarfélagið, lítið fámennt sveitarfélag, komið í veg fyrir sameiningu hinna tveggja eða þriggja sem vilja sameinast, og það kannski aftur og aftur. Mér finnst það andhverfan á lýðræðinu þegar málum er skipað svo að eitt lítið sveitarfélag geti komið þar í veg fyrir stærri sameiningu. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ég spyr hv. þm. hvort hann hafi verið á móti þessu ákvæði á 120. löggjafarþingi þegar sameiningin á Vestfjörðum átti sér stað og fram kom þessi lagabreyting að ósk samstarfsnefndarinnar?

[16:19]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt nálgun að málinu að segja að eitthvert lítið sveitarfélag, sem er eitt af þeim sem tekur þátt í kosningum, geti komið í veg fyrir að hin sameinist. Það er ekki svo. Þegar sveitarstjórnirnar ákveða að láta fara fram kosningu eru þeim ljósar leikreglurnar. Þeim er ljóst að allir verða að samþykkja. Ef sveitarstjórnir ákveða þrátt fyrir það að láta kosningu fara fram þá er það þeirra ákvörðun. Meti þau málið þannig að ein sveitarstjórnin eða andstaða íbúa í einu sveitarfélaginu sé það mikil að tillagan verði felld eiga þau þann kost að láta fara fram kosningu án þess sveitarfélags og þar með væntanlega tryggt að málið nái fram að ganga. Ég fellst því ekki á að hægt sé að halda því fram að afstaða íbúa í einu sveitarfélagi geti komið í veg fyrir sameiningu íbúa í öðrum sveitarfélögum. Ég fellst ekki á það. Ég tel það alranga nálgun að málinu af því einfaldlega að menn ráða því frá upphafi hvernig þeir láta málið fara fram. Velji menn þann kost að öll sveitarfélögin, sem eru í viðræðunum, verði með í kosningunni og eitt þeirra eða fleiri felli vita menn það fyrir fram og þá er hægt að endurtaka leikinn í þeim sveitarfélögum þar sem málið hlaut stuðning til að vita hvort íbúarnir sem veittu málinu brautargengi séu sama sinnis um breytta tillögu. Það ber að leggja áherslu á að tillagan er breytt frá því sem var þegar menn kusu um það þegar einn eða fleiri aðilar eru ekki lengur með.

Ég vil svo svara spurningu hv. þm. Ég talaði gegn því á sínum tíma að veita þessa heimild sem veitt var fyrir tveimur árum. Það fór ekkert milli mála að ég talaði mjög gegn því. En blessunarlega fór það mál þannig í kosningunum að það

reyndi ekki á ákvæðið. Það kom því ekki að sök ef svo má segja. En mér fannst það þá, og ég lét það koma fram, afar ólýðræðislegt af hálfu þeirra sem fóru fram á málið að ætlast til þess að Alþingi setti lög sem gerðu mönnum kleift að ná fram niðurstöðu þó hún yrði felld. Það fannst mér mjög ólýðræðislegt og mér finnst það enn.

[16:22]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. 5. þm. Vestf. er samkvæmur sjálfum sér. Hann var á móti þessari lagasetningu á 120. löggjafarþingi og er á móti þessu ákvæði nú og hefur fært rök fram fyrir því sem við erum greinilega ekki sammála um. Hv. þm. talar um að leikreglurnar þurfi að vera ljósar. Auðvitað eru þær alveg ljósar eftir sem áður þó þetta ákvæði væri samþykkt. Það var ástæða fyrir því að farið var í þetta á sínum tíma á 120. löggjafarþingi af því að þessi hætta var fyrir hendi. Ég hef einmitt orðið vör við það hjá sveitarstjórnarmönnum víðs vegar um land að þeir telja rétt og eðlilegt að ákvæðið um atkvæðagreiðsluna og niðurstöðu hennar sé með þeim hætti sem hér er lagt til. Við þessu er ekkert að segja, herra forseti, um þetta eru skiptar skoðanir og félmn. mun væntanlega fjalla um málið. Ég vænti þess að hún fjalli um það með þeim hætti að það fái að koma til atkvæðagreiðslu í þinginu aftur til 2. umr. þannig að niðurstaða fáist í málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 85. mál (tannviðgerðir). — Þskj. 85.

[16:24]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Kristjáni Pálssyni.

Efni þessa frv. er að veita heimild í 66. gr. skattalaga til að lækka skatta viðkomandi ef hann hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða. Það er ekki svo að verið sé að flytja þetta mál í fyrsta sinn, það var flutt á síðasta þingi. Reyndar var það einnig flutt á þinginu 1981 eða 1982 sem ég mun koma að síðar í máli mínu.

Það er svo, herra forseti, að á síðasta einum og hálfum áratug eða svo hafa útgjöld heimilanna vegna tannlæknaþjónustu aukist verulega. Þau hafa rúmlega þrefaldast á 15 ára tímabili og voru ekki nærri eins há eins og þegar þetta frv. kom fyrst fram hér í þinginu fyrir sennilega einum og hálfum áratug. Þjónustugjöld hafa aukist í heilbrigðiskerfinu en ég held að útgjöld heimilanna hafi hvergi aukist eins mikið vegna heilbrigðisþjónustu og vegna tannlækninga.

Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði sem heimila skattstjórum að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega. Ég nefni nokkur dæmi:

„Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.

Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri."

Fleiri ákvæði eru þarna tiltekin sem heimila skattstjóra að lækka tekjustofn ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega.

Flest heimili þekkja að útgjöld vegna tannlækninga geta orðið svo veruleg að þau geta ofboðið gjaldþoli heimilanna. Oft er um að ræða reikninga sem skipta tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda. Í þeim tilvikum varðandi tannviðgerðir er örugglega jafnmikil ástæða til að heimila slíka lækkun á tekjuskattsstofni vegna útgjalda af tannlækningum eins og vegna ýmissa annarra atriða sem 66. gr. heimilar.

Ég nefndi að útgjöld heimilanna hafa aukist verulega vegna þjónustugjalda í heilbrigðiskerfinu. Þegar tölur eru bornar saman um útgjöld heimilanna vegna lyfja- og lækniskostnaðar, sem við ræðum oft að hafi þyngst verulega, þá kemur í ljós að útgjöld vegna tannlæknakostnaðar hafa aukist miklu meira en útgjöld vegna annars læknis- eða lyfjakostnaðar. Á 15 ára tímabili sem tilgreint er í greinargerðinni hafa útgjöld vegna lyfja- og læknishjálpar aukist um 80–90% í heild og þá erum við að tala um útgjöld heimilanna. Þegar þetta er brotið niður og útgjöld skoðuð vegna læknisþjónustu þá hafa þau aukist um 77% á þessu tímabili eða úr 401 millj. kr. í 712 millj. kr. En þegar tannlæknaþjónustan ein og sér er skoðuð hefur hún aukist úr 479 millj. í 1.667 millj. kr. eða aukist um 287% herra forseti, þ.e. útgjöld heimilanna á 15 ára tímabili vegna tannlæknakostnaðar. Það á sér skýringar í m.a. ýmsum lagabreytingum sem hafa dregið úr þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði. Ég minni líka á könnun landlæknis í þessu sambandi. Hjá landlækni kom fram í könnun sem gerð var að yfir 50% þeirra sem spurðir voru og voru með tekjur undir 130 þús. kr. sögðu að þeir hafi frestað að leita sér tannlæknaþjónustu. Þessi rök eru því mjög veigamikil þegar Alþingi metur hvort það eigi að bæta nýjum lið við 66. gr. tekjuskattslaga sem veiti skattaívilnun vegna verulegs tannlæknakostnaðar.

Ég vil, herra forseti, af því að það er veruleg ástæða til, rifja aðeins upp forsögu þessa frv. Ég flutti á árinu 1982 frv. sama efnis og þá hlaut þetta mál verulegar undirtektir á Alþingi sem kom m.a. fram í því að heilbr.- og trn., sem fékk málið til meðferðar og fjallaði um það, mælti með að frv. yrði samþykkt. Það kom í þeim búningi inn í þingið aftur til 2. umr. þar sem heilbr.- og trn. var samhljóða og mælti með því. En áður en átti að afgreiða málið í atkvæðagreiðslu þá kom upp þáv. heilbrrh., sem var hv. þm. Svavar Gestsson, og sagði að hann hefði í hyggju að breyta reglugerð sem þá var á hans valdi, þ.e. að breyta reglugerð almannatrygginga á þann veg að greitt yrði 20% af tannlæknakostnaði fyrir alla þá sem höfðu fengið greitt úr almannatryggingakerfinu. Sem sagt að tryggingakerfið ætlaði að fara að taka þátt í að greiða 20% af tannlæknakostnaði hjá öllum.

Það var ljóst að slík yfirlýsing frá hæstv. þáv. heilbrrh. hafði þau áhrif á þingmenn að þeir töldu að fyrst ætti að fara út í svona víðtækar aðgerðir til að lækka tannlæknakostnað heimilanna, þá væri það nægjanlegt og hafði því áhrif í atkvæðagreiðslunni á afstöðu margra þingmanna þannig að þetta frv. sem ég nú mæli fyrir náði ekki fram að ganga þá. En þannig vildi til að þessi yfirlýsing frá hæstv. þáv. heilbrrh. kom örfáum mánuðum fyrir kosningar og þegar nýr heilbrrh. hafði tekið við nokkrum mánuðum seinna —

reglugerðin átti að ganga í gildi í júní 1983, þ.e. örfáum mánuðum eftir að yfirlýsing ráðherrans kom — þá felldi hann þessa reglugerð úr gildi. Hann tók sig snarlega til, herra forseti, og felldi einfaldlega reglugerðina úr gildi. Það var hæstv. þáv. heilbrrh. Sjálfstfl., Matthías Bjarnason. Hún komst því aldrei til framkvæmda. Sú yfirlýsing sem þarna kom, sjálfsagt í góðri trú, varð þess valdandi að þetta frv. náði ekki fram að ganga sem örugglega hefði orðið að lögum fyrir 15 árum ef þessi yfirlýsing hefði ekki komið og hefði átt þátt í því, herra forseti, að draga verulega úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknakostnaðar. Ég held að það sé alveg ástæða til að halda forsögu þessa máls til haga til að sýna fram á hver vilji þingsins var á sínum tíma í þessu efni og hann ætti einmitt að vera til staðar nú, ekki síður en þá, þegar í ljós hefur komið að á þessu umræddа 15 ára tímabili frá því að Alþingi fjallaði um þetta mál, hafa útgjöld heimilanna vegna tannlæknakostnaðar þrefaldast.

Ég vil einnig minna á annað sem tengist fyrirkomulagi tannlækninga sem við jafnaðarmenn lögðum til á síðasta þingi í nýrri stefnunotkun okkar í heilbrigðismálum, en þar var lagt til að stefna bæri að því að tannheilbrigðisþjónusta verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum. En þessi stefnumörkun tók einnig til tannheilbrigðisþjónustu þannig að það yrði hlutverk heilsugæslustöðva að sinna tannheilsugæslu til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum, sem er mjög mikilvægt, herra forseti.

Ég veit ekki til hvaða nefndar á að vísa þessu máli og set það nokkuð í vald forseta. Á árinu 1983 þegar mál þetta var til meðferðar fór frv. til hv. heilbr.- og trn. Á síðasta þingi fór það til efh.- og viðskn. Mín ósk er sú að málið gangi til heilbrn. Fari svo að forseti leggi til aðra tilhögun, að málið fari til efh.- og viðskn., þá vil ég ítreka það sjónarmið mitt og ósk mína að efh.- og viðskn. sendi málið til umsagnar heilbr.- og trn. og hæstv. forseti geti þess þá þegar hann ber tillöguna upp til atkvæða.

Að öðru leyti legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og í ljósi forsögu þessa máls verði að teljast allar líkur á því að það hafi góðan hljómgrunn á Alþingi og komi aftur til kasta þingsins til 2. umr. og verði þar væntanlega samþykkt.

(**Forseti** (GÁ): Forseti skal halda þessari ósk hv. þm. til haga og fara yfir hana.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tilraunaveiðar á ref og mink, fyrri umr.*

Þáltill. EKG o.fl., 95. mál. — Þskj. 95.

[16:35]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Flytjendur málsins ásamt mér eru hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson og Kristinn H. Gunnarsson sem allir eru þingmenn Vestfirðinga en tillagan er á þskj. 95. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.Náttúrustofa Vestfjarða hafi eftirlit með tilraunaveiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður tilraunarinnar. Að tilraunatímabilinu loknu verði mat lagt á nauðsyn á framhaldi veiða á ref og mink á svæðinu."

Þetta mál hefur fengið talsverða umræðu eftir að það var gert heyrinkunnugt og hefur vakið nokkur viðbrögð. Það verður að segjast eins og er að þau hafa að langflestu leyti verið á eina lund. Menn skynja auðvitað þá nauðsyn að gera breytingar á einfaldlega vegna þess að núverandi ástand er að leiða til mikillar röskunar í lífríkinu á Hornströndum og er farið að hafa veruleg áhrif á byggðarlögin í næsta nágrenni. Þess vegna er tillagan flutt til að tryggja að það nauðsynlega jafnvægi sem þarf að vera í lífríkinu skapist á ný og við getum aftur séð kvikna það fjölbreytilega dýralíf sem til staðar var á Hornströndum og menn hafa vitnað til sem þar þekkja til aðstæðna og hafa reynslu áratuganna til að bera saman.

Árið 1985 var ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Með þeirri ákvörðun voru veiðar á ref og mink bannaðar á þessu svæði. Meðal reglna sem gilda um friðlandið er að hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

Með þessari þáltill. er verið að leggja til að umhvrh. nýti rétt sem hann hefur til undanþágu frá settum reglum í friðlýsingu, enda liggja til þess mjög ríkar ástæður í þessu tilviki eins og raunar er gert ráð fyrir í undaþáguheimildinni sem ráðherra hefur.

Það er kannski tvennt sem þarf fyrst og fremst að velta fyrir sér í þessu sambandi. Það er annars vegar hvaða reglur og lög gilda um veiðar á ref og mink almennt í landinu og hins vegar hvaða skorður lög og ákvæði friðlýsingar í lögum um náttúruvernd setja mönnum varðandi veiðar í friðlandi eins og á Hornströndum.

Ef við skoðum fyrst fyrri spurninguna hvaða reglur gilda um veiðar á ref og mink, þá eru auðvitað ákvæði í hinum kunnu lögum um friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum frá árinu 1994 og síðan í reglugerðum tengdum þessum lögum sem eru settar á grundvelli þessara laga. Meginregla laganna er sú að refir séu friðaðir en minkar ekki. Ef við skoðum síðan sjálf lögin um náttúruvernd frá árinu 1996 og ákvæði friðlýsingar sem kveðið er á um í 28. gr. laganna, þá er einmitt fjallað um friðlýsingu landsvæða og ákvæði þeirra laga er svohljóðandi með leyfi virðulegs forseta:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað í heild landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu ef ástæður eru fyrir hendi."

Það er þetta undanþáguákvæði sem hér er verið að vitna til. Einnig er rétt að vekja athygli á því sem fram kemur í fskj. með þessari þáltill. þ.e. auglýsing um friðland á Hornströndum sem birtist í Stjórnartíðindum nr. 332 13. ágúst 1985 og engin ástæða til að rekja hér efnislega að öðru leyti.

Ástæðan fyrir því að við hv. þingmenn tókum það til bragðs að flytja þessa þáltill. er sú að mjög hefur verið undan því kvartað hvernig málum er komið á þessu svæði. Eins og segir í greinargerð hefur athygli verið vakin á því að með því að veiðar á ref og mink eru ekki heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum hafi orðið gríðarleg fjölgun á þeim tegundum. Ferðamenn og aðrir þeir sem eiga leið um svæðið hafa veitt því eftirtekt að mófuglar sjást þar tæplega og augljóst að þeir hafa orðið ref og mink að bráð. Skynsamleg veiði á þessum tegundum mundi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.

Síðan er atriði sem snýr að næstu nágrönnum þessa svæðis. Íbúar nærliggjandi byggða jafnt á Ströndum sem við Ísafjarðardjúp hafa líka bent á að gegndarlaus fjölgun á ref og mink í friðlandinu valdi miklum búsifjum utan friðlandsins. Hjarðir minka og refa streyma bæði suður Strandir og inn í Djúp, leggjast á búfénað, granda fuglum og eyðileggja veiðiár. Hlunnindabændur hafa þannig vakið athygli á að mikil fjölgun refa og minka hafi leitt af sér stórtjón í æðarvörpum og laxveiðiám og þannig skaðað bændur og rýrt afkomu þeirra.

Ég get í þessu sambandi vakið athygli á því að ég var á fundi norður á Hólmavík fyrir nokkrum dögum. Þar kom að máli við mig þekkt skytta, refaskytta og minkabani sem hafði lent í því fyrir ekki löngu síðan fyrir norðan að hann kom að vegsummerkjum eftir mink sem hafði hvorki meira né minna en slátrað að mig minnir 400 æðarungum og komið fyrir undir steini svo að hryllilegt var að sjá. Ég sá þetta á ljósmynd og ég verð að játa, virðulegi forseti, að þetta er auðvitað táknrænt dæmi um þann skaða sem friðun þessara kvikinda á svæðinu norður á Hornströndum veldur. Þess vegna erum við að leggja þessar veiðar til.

Af þessu hefur síðan leitt að kostnaður við grenjaleit og veiðar á mink hefur vaxið gríðarlega í sveitarfélögum sem næst liggja friðlandinu. Fámenni þessara sveitarfélaga í mörgum tilvikum hefur gert það að verkum að stóraukinn veiðikostnaður verður þeim ofviða og eykur enn vandamálið. Við vitum að kostnaður af þessu leggst býsna misjafnlega á einstök sveitarfélög. Sums staðar er það hins vegar mjög veigamikill þáttur og umtalsverður þáttur í útgjöldum sveitarfélaga að stunda grenjavinnslu og veiðar á mink. Því miður hefur tekist svo til hér á Alþingi að fjárveitingar til þessa málaflokks hafa verið skornar niður og því miður var tillaga, sem sá sem hér stendur stóð að, felld sem hefði falið í sér aukin fjárframlög til þessa málaflokks. Þess vegna eru menn verr undir það búnir að glíma við þennan ófögnuð sem streymir, eins og hér er orðað, suður Strandir og inn Ísafjarðardjúp og er að valda þarna búsifjum.

Af þessu sést að brýna nauðsyn ber til að aflétt sé banni við veiðum á mink og ref í friðlandinu á Hornströndum. Á hinn bóginn er skynsamlegt að þessar veiðar fari fram undir eftirliti, vegna þess að um friðland er að ræða. Þetta er auðvitað fullkomin ástæða til að leggja áherslu á að ekki er verið að heimila skefjalausar eða stjórnlausar veiðar á svona viðkvæmu landsvæði. Hérna er verið að stíga mjög varfærnisleg skref til að koma til móts við þau sjónarmið sem eru mjög sterk og vel ígrunduð af fólki sem þekkir mjög vel til. Þess vegna er verið að leggja til að þetta sé gert varfærnislega og enn fremur að eðlilegast er að Náttúrustofa Vestfjarða annist eftirlitið. Ég get nefnt það í þessu sambandi að ég tók þátt í útvarpsþætti með núverandi veiðistjóra, Ásbirni Dagbjartssyni, sem lýsti því einmitt yfir að hann teldi mjög skynsamlegt að Náttúrustofa Vestfjarða annaðist þetta eftirlit.

Þessi sami veiðistjóri fjallaði almennt um þessi mál, veiðar á ref og mink, í athyglisverðu viðtali í Morgunblaðinu 28. september sl. þar sem hann segir að með því að minkur hafi verið veiddur í landinu frá árinu 1937 með óbreyttu álagi sé útkoman sú, með leyfi forseta, „að minkurinn hefur gersigrað okkur. Hann hefur farið hringveginn og stofninn hefur alltaf verið í vexti. Það er aðeins á afmörkuðum svæðum, þar sem miklu er kostað til, að tekist hefur að halda honum í burtu."

Enn fremur segir veiðistjórinn í þessu viðtali að stofnstærð refsins hafi þrefaldast á síðustu 20 árum þó svo veiðar hafi verið svipaðar og áður. „Veiðin hefur minnkað nokkuð síðustu tvö árin og mesta hættan núna er sú að nýliðun í refastofninum aukist í kjölfarið. Það væri í raun stórhættulegt að aflétta snögglega veiðiálagi."

Virðulegi forseti. Það er því augljóst mál að þegar við skoðum þetta, þá er bráðnauðsynlegt að hefja þessar veiðar skipulega og undir vísindalegu eftirliti þannig að með veiðunum sé fylgst. Lagt er til að vísindamönnum á svæðinu sé falið að hafa eftirlit og auðvitað gefur það auga leið að það er skynsamlegast að þannig sé að málum staðið. Ég held að um sé að ræða mál sem nauðsynlegt er að hv. Alþingi taki afstöðu til. Hér er um að ræða stjórnvaldsákvörðun sem gæti falið í sér að hefja þessar veiðar að nýju. Það þarf ekki að breyta lögum. Þess vegna er þetta þáltill. En hins vegar er mikilvægt að mínu mati vegna þess að hér er um að ræða ákveðna breytingu á framkvæmdinni varðandi friðlandið, að Alþingi segi skoðun sína á málinu fyrir utan það að þetta mun hafa einhvern kostnað í för með sér sem óljóst er á þessari stundu hver verður. Það verður að sjálfsögðu ekki mikill kostnaður en eftirlitið verður eitthvað og kostnaðurinn við grenjavinnsluna hugsanlegur þannig að eðlilegt er að Alþingi, sem er auðvitað fjárveitingavaldið, hafi þá líka eitthvað um þetta mál að segja og axli sína ábyrgð í málinu.

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að rekja þetta mál frekar. Hin lagalega hlið þessa máls er rakin ítarlega í grg. og eðlilegt að vísa til hennar. Að lokinni þessari umræðu legg ég til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

[16:47]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hér er nokkuð athyglisvert mál á ferðinni, borið fram af miklum þungavigtarhópi í þinginu, því það er hvorki meira né minna en gjörvallur þingmannahópur Vestf. sem leggur þetta fram. Ég hef auðvitað tækifæri til að ræða málið í umhvn. þar sem ég á sæti. Það vill nú svo til að umhvn. er einmitt þessa dagana að fjalla um eyðingu refa og minka og kynna sér hvaða áhrif breytingar á þátttöku ríkisins í kostnaði vegna eyðingu refa hafi haft. En ég vil minna á það að ekkert hefur breyst varðandi þátttöku ríkisins í kostnaði vegna eyðingu minks. Það breyttist ekki neitt, enda gegnir talsvert öðru máli með minkinn en refinn. Við lítum mink ekki alveg sömu augum og ref, enda minkurinn aðskotadýr í íslenskri náttúru að okkar mati.

Ég vil aðeins segja varðandi þessa till. sem kann alveg að eiga rétt á sér, a.m.k. sumar þær fullyrðingar sem koma fram í grg. að mér finnst svolítið öfug röð koma fram í tillögugreininni. Þetta minnir á það sem menn segja stundum: Hér á að skjóta fyrst og spyrja svo. Ég vil snúa þessu við og spyrja fyrst og það segi ég alveg af gefnu tilefni. Þegar þessi mál voru mikið til umræðu í fyrra, um það hvort breyta ætti kostnaðarþátttöku ríkisins við eyðingu refa, og margir sem settu fram efasemdir um að refaveiðarnar hefðu þá þýðingu eða færu fram á svo markvissan hátt að í raun væri réttlætanlegt að haga þeim eins og gert hefur verið, þá lögðu margir og þar á meðal sú sem hér stendur, áherslu á að það vantaði rannsóknir til þess að byggja á allar þær fullyrðingar sem fram komu í því efni og komu raunar fram hér líka. Það vantar rannsóknir um þetta efni og þær þarf. Ef snögglega á að hefja veiðar á þessum slóðum aftur, þá þarf það að styðjast við rannsóknir.

Fyrrverandi veiðistjóri, Páll Hersteinsson, sem nú starfar á vegum háskólans að rannsóknum, hefur staðið fyrir rannsóknum sem kynnu að koma að gagni og farið er að vinna að, t.d. í sambandi við könnun á tjóni af völdum refa í æðarvörpum, í samvinnu við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sá ágæti maður hefur sett fram hugmyndir að rannsóknum af ýmsu tagi, m.a. um fæðuval refa. Því það er ekki sannað að refurinn eyði mófugli á sama hátt og fullyrt hefur verið af þeim sem hafa áhyggjur af þróuninni í þeim efnum. Sömuleiðis þarf að kanna betur hvort það eigi við rök að styðjast að refurinn sé að dreifa sér meira um landið, eins og haldið hefur verið fram. Og þar sem hér var ítrekað vitnað í máli hv. 1. flm. til orða Ásbjarnar Dagbjartssonar veiðistjóra þá var hann einmitt á fundi umhvn. í gær og lagði fram ýmsar upplýsingar sem vert er að hyggja að. Þar á meðal var rætt um fjölgun refa og hvort skýra mætti hana t.d. með því að á friðuðum svæðum væru eins konar uppeldisstöðvar og refurinn flæddi þaðan yfir á nálæg svæði. Þær sögur eru allar úr lausu lofti gripnar. Það er ekkert sem styður þessa fullyrðingu. Raunar er fullyrt, í skjali sem veiðistjóri lagði fram á fundi hjá okkur í gær, að refir sem hafa verið merktir í friðlandinu á Hornströndum hafi aldrei veiðst utan þess. Þannig að ekki er nú stuðningur í því efni og reyndar benda tilraunir, sem hafa verið gerðar hér á landi, til þess að refurinn sé mjög staðbundinn.

En þar sem hv. ræðumaður vitnaði til þess að varað hefði verið við því að hætta snögglega öllum veiðum þá er það alveg rétt. Það er talið mjög óheppilegt. Rannsóknir hafa sýnt að aukið veiðiálag getur haft þau áhrif að stofninn bregðist við á þann hátt að geldum læðum fækki, þ.e. að frjósemi þeirra aukist, fleiri læður geti því tekið þátt í að endurnýja stofninn og fjöldi yrðlinga í hverju goti fari vaxandi. Þannig hafa áhrif veiðanna orðið til þess nýliðunargeta stofnsins varð meiri. Þetta er þekkt um ýmsar aðrar dýrategundir, m.a. sumar tegundi hvala, að álag á stofninn getur valdið því að kvendýrið bregðist þannig við að það verði frjósamara og færara um að viðhalda stofninum. Þetta er mjög merkilegt atriði og það eru ekki öll dýr sem haga sér þannig, og nú er ég í raun og veru komin langt út fyrir mína fræðilegu þekkingu. Margt er athyglisvert í þessu sambandi og ég vil leggja áherslu á að til þess að breyta um stefnu í þessum efnum þurfum við að hafa fleiri rannsóknir að byggja á. Aðeins það vildi ég leggja inn í þessa umræðu.

[16:55]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þátttöku hv. 12. þm. Reykn. í þessari mikilvægu umræðu. Ég bjóst sannast sagna fremur við því, að þegar þetta mál kæmi fram, að við hv. flm. yrðum gagnrýndir fyrir það hversu hægt við vildum fara í sakirnar. Ég vek athygli á því að þessi tillaga gerir ráð fyrir að hér verði um tilraunaveiðar að ræða, tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink, og að þessar veiðar fari fram undir ströngu eftirliti vísindamanna. Til þess að tryggja að þetta eftirlit sé sem virkast þá er það niðurstaða okkar að það sé eftirlit þeirra vísindamanna sem starfa á heimaslóðum og munu væntanlega á næstunni treysta vísindalega þekkingu sína á þessu svæði með því að sérhæfa sig nokkuð í rannsóknum á Hornströndum og lífríki þeirra. Þess vegna bjóst ég frekar við því að sú gagnrýni sem við fengjum yrði sú að hér værum við að ganga allt of skammt, værum hikandi í að ganga hreinlega og rösklega til verks og ráðast á þennan ófögnuð. Mörgum finnst að streymi refs og minks sé inn á jarðir manna. Eins og margir bændur í nágrenni við þetta svæði hafa lýst fyrir mér þá er þetta sem óbrotinn skafl æði yfir á haustin þegar vetur fer að herða og veður fara að versna, þegar bæði refur og minkur fer að gera sig heimakominn í húsum manna, útihúsum og beitarhúsum, og minkar fara að leggjast í ár, eyða þar fiski og menn verða fyrir alls konar búsifjum.

Ég held, virðulegi forseti, að þær upplýsingar sem við fáum frá staðkunnugum mönnum, glöggum mönnum, m.a. veiðimönnum sem hafa fylgst ákaflega vel með þessu svæði mjög lengi, gefi okkur alveg ótvírætt til kynna að það sé fyllsta ástæða til þess að fara að bregðast við. Ég held að það væri röng aðferð ef við byrjuðum á því að hefja hér einhverjar mælingar og rannsóknir, sem stæðu í þrjú til fimm ár hið minnsta, til þess að fá einhverja viðmiðun og síðan mundu menn fara að skoða málið. Ég held að það sé miklu eðlilegra að hefja skynsamlegar veiðar, undir vísindalegu eftirliti þar sem strax kæmi fram samanburðarhæf viðmiðun á því hvaða áhrif þetta hefði á lífríkið á svæðinu, bæði á Hornströndum og eins í næsta nágrenni.

Ég held að hvað sem menn segja um áhrif veiða á vöxt og viðgang stofnanna, hvort sem það er refastofninn eða stofn minksins, þá sé það ljóst að veiðar af þessu tagi mundu náttúrlega ekki hafa nein úrslitaáhrif á stofnstærðina. Sú hætta að annarri hvorri tegundinni eða báðum yrði útrýmt væri til að mynda fjarri öllu lagi. Við erum að tala um veiðar undir svo ströngu eftirliti að það er engin ástæða til þess, að mínu mati, að setja málið einhvern veginn þannig upp. Ég held þess vegna að óskynsamlegt væri, allra hluta vegna, að bíða með veiðarnar um eitthvert árabil. Skynsamlegast væri að vinda sér beint í verkið á grundvelli þeirrar till. sem hér er lögð fram.

Ég er alveg sammála því sem mér fannst koma fram í máli hv. þm. áðan, að ég vil líka gera greinarmun á refnum og minkinum. Minkurinn er auðvitað plága, aðskotadýr, sem mjög víða veldur verulegum spjöllum á lífríkinu. Ég nefndi hér eitt dæmi, ógeðslegt dæmi um verksummerki eftir minkinn, og ég held að það sé almennt þannig að við gerum greinarmun hér á. Hins vegar er engin ástæða til þess að undanskilja refinn algjörlega. Það er eðlilegt að stunda veiðar á honum þarna eins og við erum að gera mjög víða á landinu.

Ég fagna því að umhvn. er að taka þessi mál til sérstakrar

umræðu núna og vildi gjarnan að sú till., sem hér er verið að leggja fram, gæti ratað inn í þá umræðu hjá nefndinni. Ég vil hins vegar vilja mikla áherslu á að umhvn. leiti sem víðast fanga, ekki aðeins hjá vísindamönnum sem auðvitað hafa þarna mjög góða yfirsýn, og ekki síst Páll Hersteinsson, fyrrverandi veiðistjóri, sem allir vita að þekkir þessi mál mjög vel eftir að hafa dvalist m.a. norður í Ófeigsfirði, held ég frekar en Reykjarfirði, við rannsóknir vetrarlangt. En ég vildi hins vegar líka leggja áherslu á það að heimaaðilum og hagsmunaaðilum yrðu send þessi mál til umsagnar. Ég nefni til að mynda Æðarræktarfélagið, Búnaðarsamband Vestfjarða og búnaðarfélögin á svæðinu, hlunnindabændur almennt og síðan Átthagafélag Grunnavíkur og Sléttuhrepps. Ég hef rætt við allmarga af forustumönnum þeirra, sem hafa mjög mikinn áhuga á því að þessum málum sé sinnt, vegna þess að þeir hafa þá reynslu af samanburðinum yfir árin og áratugina að núverandi ástand sé að eyðileggja lífríkið á Hornströndum. Ég veit að vísu að til eru önnur sjónarmið í þessum efnum og alveg sjálfsagt að kalla eftir þeim, en yfirgnæfandi, eftir því sem ég hef aflað mér upplýsinga um, er það sjónarmið manna sem vel þekkja til að nauðsynlegt sé að stunda þarna hóflegar skynsamlegar veiðar, og hefja þær á grundvelli tilraunaveiða sem allra fyrst, eins og lagt er til hér í till.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, fyrri umr.*

Þáltill. EKG o.fl., 100. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 100.

[17:01]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 100 um endurskoðun á ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/199, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Kristín Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson og Ögmundur Jónasson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum."

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en var þá ekki rædd og er þess vegna flutt að nýju.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er tillögunni fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á þeim ákvæðum laganna sem fjalla um gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumenn. Sérstaklega verði í þessu sambandi skoðuð 5. gr. laganna.

Það kom mjög til álita þegar málið var undirbúið að flytja um það sérstakt frv. Hins vegar eru á málinu ýmsir fletir og ýmsar hliðar sem gera það að verkum að það varð niðurstaða mín sem 1. flm., og um það var samkomulag við aðra sem standa að málinu, að flytja þetta fremur í formi þingsályktunartillögu af þeim ástæðum sem ég nefndi.

Hér er sérstaklega verið að vitna til 5. gr. laganna um aukatekjur ríkissjóðs, þann kafla sem fjallar um gjöld fyrir fullnustuaðgerðir og búskipti fyrir sýslumanninn og er að mínu mati mikið réttlætismál eða mál sem gæti snert hagsmuni þeirra sem standa höllum fæti fjármálalega. Í þessari grein er heimild til þess að taka sérstakt gjald vegna beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verði ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign. Gert er ráð fyrir því í lögunum í fyrsta lagi að um leið og beiðni um nauðungarsölu fer fram til þess að fullnusta kröfu skuli þeir sem biðja um slíka meðferð greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem krafist er fullnustu á að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Allir sjá í hendi sér að slík upphæð getur fljótlega orðið mjög stór ef um er að ræða til að mynda kröfu á fasteign vegna þess að hér er um það að ræða að auðvitað yrði beðið um fullnustu á allri kröfunni, ekki gjaldfallna hlutanum heldur allri kröfunni. Hins vegar gera lögin ráð fyrir því að þetta gjald skuli aldrei vera minna en 9 þús. kr. og aldrei hærra en 30 þús. kr. Þegar um beiðni um nauðungarsölu á lausafé er að ræða skal gjaldið hins vegar ekki vera minna en 3 þús. kr. og ekki meira en 10 þús. kr. í hvert skipti.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að í hvert skipti sem beðið er um fullnustuaðgerð af þessu tagi, nauðungarsölu, skuli lögð fram til greiðslu upphæð sem gæti hlaupið á bilinu 9.000–30.000 kr. Nú skulum við ímynda okkur að fólk lendi í fjárhagslegum vandræðum og kemst í þessa aðstöðu, sem er því miður ekki óalgengt, við sjáum það einfaldlega á blöðunum á hverjum einasta degi, þá er það svo að lögfræðingur, gjarnan fulltrúi stofnunar eða einhverra lánardrottna, verður að reiða fram gjald á bilinu 9.000–30.000 kr. í hvert skipti. Setjum sem svo að hér sé um að ræða fimm kröfur, sem er hreint ekkert óalgengt eins og við sjáum í blöðunum, þá gæti verið um að ræða upphæð á bilinu 45–150 þús. kr. hjá einum einstaklingi. Nú er það auðvitað þannig að sá sem biður um nauðungarsöluna er ekki sá sem borgar þessa kröfu í lokin, heldur er það sá sem kröfunni er stefnt að, þ.e. sá aðili sem hefur lent í fjárhagslegum erfiðleikum.

Til mín hafa leitað einstaklingar sem hafa staðið frammi fyrir því að hafa komist í vanskil og fimm eða sex aðilar beðið um nauðungarsölu. Þessir aðilar hafa sagt sem svo að það síðasta sem þeir mættu við þegar staðan er orðin svona væri að þurfa að borga um 100–150 þús. kr. til lögfræðinga og til þeirra sem eru að biðja um nauðungarsöluna til viðbótar við það að reyna að koma málunum í þeim í skil. Þetta getur stundum jafnvel orðið til þess að viðkomandi einstaklingar ráða ekki við að koma málum sínum í skil og lenda síðan með eignir sínar í nauðungaruppboði sem í allt of mörgum tilvikum leiðir að lokum síðan til gjaldþrots með tilheyrandi óhamingju eins og allir vita með kostnaði fyrir einstaklingana og kostnaði fyrir hið opinbera.

Hér er einfaldlega verið að leggja það til, virðulegi forseti, að þessi mál verði skoðuð með það fyrir augum hvort ekki sé hægt að koma við undanþáguheimild, t.d. að sýslumanni verði heimilt að endurgreiða gjaldið í þeim tilvikum þar sem ekkert hefur orðið af sölu eignar vegna úrræða gerðarþola eða hvort eðlilegt sé að skoða það að sett sé eitt hámark þannig að menn borgi aldrei svona hámarksupphæð ef um er að ræða marga gerðarbeiðendur.

Þetta, virðulegi forseti, er lítið réttlætismál, mál sem getur snert það fólk sem hefur lent í miklum fjárhagslegum þrengingum og á ekki marga kosti í stöðunni. Að mínu mati er um að ræða réttlætismál sem við ættum að reyna að breyta á réttan veg.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. viðeigandi nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:07]

**Útbýting þingskjals:**

Rafmagnseftirlit og raffangaeftirlit, 261. mál, fsp. GE, þskj. 321.

## *Þingsköp Alþingis, 1. umr.*

Frv. KH o.fl., 101. mál (mat á stöðu kynjanna). — Þskj. 101.

[17:08]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Á þskj. 101 er að finna 101. mál þessa þings sem er frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Gísli S. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristjana Bergsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Eins og glöggir menn hafa tekið eftir eru þetta þingmenn úr öllum þingflokkum, þ.e. þrjár þingkonur Kvennalistans, þrír þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna, tvær þingkonur Framsfl., tveir þingmenn Alþb. og tveir þingmenn Sjálfstfl. og það út af fyrir sig gefur þessu máli ákveðið vægi og þyngd sem vonandi dugir til jákvæðrar afgreiðslu á hv. Alþingi.

Ég verð reyndar að játa að ég er svolítið vonsvikin yfir því hversu hljótt hefur verið um þetta frv. vegna þess að þetta er harla merkilegt þingmál og ég hefði vissulega óskað þess að fleiri sæti í salnum væru setin og þátttaka yrði í umræðunni en ég treysti því að hv. þingmenn sitji á skrifstofum sínum önnum kafnir við hin ýmsu verkefni og fylgist vel með. Þeir koma a.m.k. yfirleitt með þá skýringu þegar þeirra er saknað úr þingsalnum. En það er eins og menn hafi ekki áttað sig á því um hvers konar mál er að ræða. Það hefur t.d. engin umfjöllun orðið um það í fjölmiðlum og ég ítreka það að ég er nokkuð vonsvikin yfir því. Þetta er auðvitað ekki stórt þingmál, þetta er ekki neinn lagabálkur, en stærðin er ekki í samræmi við mikilvægið eins og ég vonast til að hv. þingmenn verði mér sammála um þegar þeir hafa kynnt sér efni þess. Kannski er ástæðan fyrir þessari þögn einmitt hvað þetta er smátt í sniðum. Það er þekkt að þeim mun stærri sem mál eru að umfangi, þeim mun merkilegra halda menn oft að málið sé en svo þarf alls ekki að vera.

Hér er á ferðinni sem sagt fyrsta þingmál sinnar tegundar að því er ég best veit þar sem með beinum hætti er útfærð svokölluð samþætting eða „mainstreaming“ eins og sú stefna hefur verið kölluð á erlendum tungum og það er stefna sem felst í því að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla stefnumótun. Þetta þingmál felur í sér ofur einfalda en mikilvæga breytingu á þingskapalögum en þar er m.a. kveðið á um starfsramma og hlutverk fastanefnda Alþingis eins og hv. þingmönnum er að sjálfsögðu kunnugt. Í 30. gr. laganna er kveðið á um nefndarálit og hvað þeim skuli fylgja og þetta frv. snýst um breytingar á þeirri grein.

1. gr. frv., en þær eru reyndar aðeins tvær, kveður á um það að nýr málsliður bætist við 2. mgr. 30. gr. laganna og hann orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur skal fylgja álitinu mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktun hafi á þá stöðu.“

2. gr. er svo um gildistöku, þ.e. að lög þessi öðlist þegar gildi og lengra er frv. ekki. En ef við lítum aðeins á 30. gr. þingskapalaganna fjallar hún um umfjöllun og afgreiðslu þingnefnda og 2. mgr. 30. gr. kveður á um það að mæli þingnefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Með því frv. sem ég mæli fyrir erum við að leggja til þá breytingu á 30. gr. laganna að nefndum sé gert skylt að hafa stöðu kynjanna í huga við afgreiðslu mála á sama hátt og þeim er skylt að leggja mat á kostnað vegna framkvæmdar nýrrar lagasetningar eða ályktana. Við viljum með öðrum orðum gera jöfnum rétti og jafnri stöðu kynjanna jafnhátt undir höfði og stöðu sjálfs ríkissjóðs og þykir nú kannski einhverjum langt til jafnað en það finnst okkur ekki.

Auðvitað mætti jafna þessum málaflokki við ýmsa aðra málaflokka eins og t.d. umhverfismálin en eins og við munum eða vitum hafa umhverfismál fengið, og munu örugglega fá enn frekar, aukið vægi í stjórnmálum og allri umfjöllun innan sem utan Alþingis. Þessi mál eru satt að segja að mínu mati ekki síður mikilvæg en efnahagsmál eða fjármál ríkisins.

Við könnumst öll við lögin um mat á umhverfisáhrifum sem er skylt að láta fara fram ef t.d. einhverjar framkvæmdir standa fyrir dyrum sem líklegar eru til að hafa áhrif á umhverfið. Efni þessa frv. sem við ræðum má á vissan hátt líkja við umhverfismat. En við viljum sem sagt í raun að staða kynjanna verði ævinlega höfð í huga og hún metin á hverju sviði sem þá er til umfjöllunar, jafnvel þótt þörfin liggi kannski ekki í augum uppi. En nú kann einhver að spyrja um raunverulega þörf fyrir svona hugsun og fyrir þá stefnu sem kemur fram í þessu frv. Er ekki allt í býsna góðu lagi hjá okkur í þessum málum þar sem við höfum jafnréttislög og lög um jöfn laun og jafnan aðgang að allri menntun og störfum lögum samkvæmt, þ.e. jafnan aðgang karla og kvenna. Svarið er á vissan hátt jákvætt. Það er á lagalega sviðinu. Þar er reyndar svo komið að Íslendingar standa sig með miklum ágætum í samanburði við flestar þjóðir og hafa fengið lof fyrir frammistöðu sína hjá alþjóðaeftirlitsaðilum. Sú var niðurstaðan eftir heilmikla úttekt, skýrslugerð og yfirheyrslur í tengslum við undirbúning fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína árið 1995 og eftirfylgni að henni lokinni og þeirri staðreynd ber vissulega að fagna.

Herra forseti. Lög eru eitt og raunveruleikinn er annar. Hann er oft talsvert annar og áreiðanlega taka flestir undir þá fullyrðingu að hér er um að ræða jafnrétti í orði en því miður ekki á borði. Það er auðvitað engin ástæða til að slaka á í hægu sæti þótt löggjöf teljist í lagi á alþjóðavísu meðan raunveruleikinn talar öðru máli. Staða kynjanna er enn þá langt frá því að vera sambærileg og því þarf sífellt að velta upp nýjum flötum og leita nýrra leiða. Það verður að tryggja að orð leiði til athafna.

Á síðustu árum hefur sú stefna rutt sér æ meira til rúms víða um lönd að flétta þurfi jafnréttisbaráttuna sem mest inn í alla aðra þætti mannlegra samskipta, stjórnunar og hvers konar starfsemi í stað þess að afgreiða hana sem einhvers konar sérfyrirbæri eins og mörgum hættir til. Kannski má líkja þessum málaflokki við læk eða á sem hefur runnið til hliðar eða samsíða stórfljótinu með öllum hinum málaflokkunum, viðurkenndu málaflokkunum. Það hefur sína kosti að hafa slík áherslumál í sérstökum farvegi, a.m.k. um hríð en hin leiðin hefur líka sína kosti, þ.e. að veita hliðaránni í

meginfljótið og freista þess að hún liti það nægilega með sínum framburði til þess að það dugi.

Þetta er út af fyrir sig sama hugsun og hefur alltaf gegnsýrt stefnu og starf Kvennalistans sem hefur lagt sig fram um að setja alla málaflokka í samhengi við stöðu kynjanna en vissulega horft á þá frá sjónarhóli kvenna og með hagsmuni þeirra í huga. En forsendan er sú að það hefur hallað á konur og það hallar enn á konur í flestum málum. En sú stefna sem hér er lögð til grundvallar hefur verið kölluð „mainstreaming" víða erlendis og jafnvel hér heima einnig en nú virðist hafa náðst sátt um orðið samþætting og ég er ágætlega sátt við það orð. Mér finnst það ná hugtakinu vel. Ég veit reyndar að það finnst ekki öllum en það samræmist hins vegar illa máltilfinningu minni að tala um að samþætta eitthvað inn í eitthvað eins og það er hvað eftir annað orðað í nýútkomnum bæklingi um þetta efni. Mér finnst betra að nota þá t.d. orðalagið að flétta inn í eins og ég hef notað hér og nota í greinargerðinni með frv.

Ég reikna með að hv. þm. séu búnir að lesa vel og vandlega þennan nýútkomna bækling frá Jafnréttisráði sem sendur var til allra þingmanna. Hann fjallar um þessa nýju stefnu sem mér finnst reyndar ekki að öllu leyti ný stefna. Ég kýs að tala um öðruvísi nálgun að viðfangsefninu. En það er auðvitað það sem verður að gera. Það verður að nálgast viðfangsefnið á nýjan hátt ef árangur lætur á sér standa. Þessi bæklingur barst mér í lok síðustu viku og hann er ákaflega gagnlegur til þess að átta sig á þeirri grunnhugsun sem felst í þessari nálgun og þar er m.a. lögð áhersla á þennan þátt sem tekið er á í frv. sem ég mæli hér fyrir, frv. sem var lagt fram í upphafi þessa þings. Í bæklingnum er t.d. lögð mikil áhersla á nauðsyn kyngreindra upplýsinga til að átta sig á stöðu kynjanna og á því sviði hafa þingkonur einmitt verið óþreytandi við að draga slíkar upplýsingar út úr kerfinu. Það hefur að vísu gengið misjafnlega, auðvitað fyrst og fremst vegna skilningsleysis á nauðsyn þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir vegna þess að hér hefur í raun ríkt algjör kynblinda í orðræðu og framkvæmdum. Ágætt dæmi um þetta eru t.d. blessaðar íþróttirnar. Ég veit að íþróttamenn telja sig njóta allt of lítils skilnings og allt of lítils stuðnings stjórnvalda en engu að síður er nú veitt allnokkurt fé til íþróttaiðkunar, bæði af hálfu ríkisvalds og sveitarfélaga og það hefur verið gert án allra skilyrða um það hvernig fénu skuli varið þrátt fyrir síendurtekin tilmæli þingkvenna í því efni, þ.e. að reynt sé að sjá til þess að íþróttaiðkun kvenna sé ekki sett skör lægra en íþróttaiðkun karla. Um þetta efni höfum við rætt oft á hv. þingi og tillögur frá þingkonum verið samþykktar og satt að segja ekki orðið til mikils árangurs, en nú má þó vænta e.t.v. að svo verði.

Íþróttahreyfingin og íþróttafélögin hafa fengið þetta fé til fullra umráða og þau hafa skipt því eftir sínum eigin áherslum. Árum saman hafa konur gagnrýnt og bent á að þessu fé er ákaflega misskipt á milli kynja en stjórnvöld hafa ekki hlustað á þessa gagnrýni og telja sig ekki einu sinni þurfa að gera grein fyrir þessari misskiptingu, samanber nýbirt svar hæstv. menntmrh. við fyrirspurn minni um þetta efni. Það hefur hvorki gengið né rekið að fá hlut kvenna réttan á þessu sviði, en eins og ég segi þá fer vonandi eitthvað að gerast eftir ítrekaðan eftirrekstur alþingiskvenna og eftir starf nefndarinnar sem stofnuð var eftir síðustu atrennu hér á Alþingi. En þetta er einmitt gott dæmi um nauðsyn þess að hafa stöðu kynjanna alltaf í huga við allar ákvarðanir á þessum hv. starfsvettvangi og m.a. í sambandi við fjárveitingar eða fjárframlög af hálfu ríkisvaldsins.

Aðrir þættir eru reyndar ekki síður nauðsynlegir eins og bent er á í bæklingnum frá Jafnréttisráði eða skrifstofu jafnréttismála, svo sem að tryggja þátttöku kvenna í stefnumótun og ákvarðanatöku og það ætti að hljóma kunnuglega í eyrum þingmanna. Þingkonur flestra stjórnmálaafla hafa lagt mikla áherslu á þennan þátt og ekki alltaf við mikinn skilning. Þær raddir hafa oft heyrst og heyrast reyndar enn að það sé heldur fáfengilegt tuð og til þess eins ætlað að pota konum í launuð sæti í nefndum og ráðum þeim sjálfum til vegsauka. En tilgangurinn er auðvitað sá að viðhorf og sértæk reynsla kvenna nýtist ekki síður en viðhorf og reynsla karla. Þjóðfélagið hefur einfaldlega ekki efni á að geta ekki nýtt til hins ýtrasta viðhorf og reynslu kvenna. Svo einfalt er nú þetta mál. Þarna er sem sagt ekki síður verið að hugsa um hag þjóðfélagsins alls og svo er auðvitað um aðra þá þætti sem lúta að jafnri stöðu kynjanna.

Þá er í bæklingi Jafnréttisráðs lögð áhersla á mikilvægi þess að auka og efla þekkingu. Það þarf að fræða og þjálfa fólk á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum og í því sambandi verður áhugavert og raunar ekki lítill fengur að heyra erindi sænska hagfræðingsins dr. Agnetu Stark nk. fimmtudagskvöld undir yfirskriftinni: „Hvernig koma á landsfeðrunum á jafnréttisnámskeið." En hún er væntanleg hingað þann dag í boði Kvennalistans og flytur sitt erindi í Norræna húsinu á fimmtudagskvöld. Dr. Agneta mun þar segja okkur frá myndarlegu átaki í þessum efnum í heimalandi sínu og getum við áreiðanlega mikið af því lært.

Frv. sem hér er til umræðu tekur á einum þætti þessarar stefnu, þ.e. sífelldu mati og endurmati á stöðu kynjanna. Ég sé nú ekki, herra forseti, að ég þurfi að skýra þetta mikið frekar. Alþingi hefur fyrir löngu markað skýra stefnu um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna. Það skortir ekki, en framkvæmd stefnunnar er undir því komin hversu ríkan skilning og vilja er að finna hjá þeim sem ábyrgðina bera. Umræðan þarf að vera sívakandi. Það þarf sífellt að meta stöðu kynjanna á öllum sviðum og leita leiða til að jafna hana. Alþingi og framkvæmdarvaldið hljóta að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna þann vilja sinn í verki sem lýst er í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Einnig er rétt að minna á 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþátta, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Tilgangur þessa frv. er að tryggja sífellda áminningu um stöðu kynjanna og skuldbindingu löggjafans um leiðréttingu á þeirri stöðu.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:27]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 1. flm. frv., Kristínu Halldórsdóttur, hefur Alþingi markað skýra stefnu en það hefur stundum þótt skorta á að menn yrðu hér sammála um aðferðir. Ég er nokkuð viss um að það frv. sem hér liggur fyrir verður samþykkt, ekki eingöngu vegna þess að flutningsmenn þess koma úr öllum flokkum heldur sýnist mér að Alþingi Íslendinga sé sá einn kostur í rauninni að samþykkja þessa aðferð til að hlúa að jafnrétti kynjanna

og stuðla að því að það verði sem mest. Þar vil ég nefna í fyrsta lagi sem meginástæðu að Ísland er aðili að lokaályktun kvennaráðstefnunnar í Peking. Ísland hefur tekið undir það sem þar kemur fram, en þar er einmitt lögð áhersla á að sjónarhorn kynjajafnréttis verði fléttað inn í alla opinbera stefnumótun eins og hér er lagt til.

Í öðru lagi vil ég nefna að í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlandanna um störf norrænu ráðherranefndarinnar kemur fram í kaflanum þar sem sagt er frá norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál að í rauninni er mælt með þessari aðferð því að þar segir, með leyfi forseta:

„Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda."

Hér sýnist mér að ráðherranefndin sé einmitt að tala um samþættingu og í þriðja lagi vil ég nefna að það hefur komið fram að í næstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem mun gilda frá og með upphafi næsta árs sé lagt til að þetta sjónarhorn verði lagt til grundvallar, þ.e. að lagt verði mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktanir hafi á þá stöðu.

Herra forseti. Það má segja að samþætting sé ný aðferð í jafnréttismálum. Hv. 1. flm., Kristín Halldórsdóttir, gat þess áðan að Kvennalistinn hefði haft sambærilegt sjónarmið þessu að hluta þannig að ef til vill værum við ekki með alveg nýja aðferð hér. Það sem er nýtt er að aðferðin er nú viðurkennd alþjóðlega. Hún er viðurkennd á vettvangi Norðurlandaráðs og ef tillaga um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar gengur eftir þá verður hún líka viðurkennd hér og því endurtek ég að ég er ekki í nokkrum vafa um að frv. verður samþykkt.

Hér er lagt til að mat verði lagt á stöðu kynjanna á öllum þeim sviðum sem hv. Alþingi fjallar um og að þannig verði tryggt að sjónarmið kynjajafnréttis séu höfð með frá upphafi og gildir þá einu hvort um er að ræða tillögur í samgöngumálum eða sjávarútvegi. Til hliðsjónar við slíkt mat þarf að taka tillit til þess hvort aðgerðirnar muni leiða til aukins jafnréttis og þá að það kynið sem kann að eiga undir högg að sækja standi að minnsta kosti ekki verr eftir en áður. Það þarf að taka tillit til þess hvort áhrifin leiða til aukinnar þátttöku beggja kynja. Það þarf líka að taka tillit til þess hvaða þýðingu breytt stefna hefur fyrir fjölskyldulíf, ekki bara kvenna heldur líka karla og hvaða áhrif breytt lög eða nýjar áherslur kunna að hafa á atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna, þátttöku þeirra í félagslífi og ekki síst á stjórnmálaþátttöku karla og kvenna. Jafnframt, þegar fjallað er um atvinnumálin, að skoðað verði sérstaklega hvort breytt stefna í sérhverjum málaflokki hafi áhrif á kynskiptingu vinnumarkaðarins, hvort hún stuðli að meiri blöndun eða hvort hún jafnvel geri vinnumarkaðinn enn kynskiptari.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gat þess í upphafi máls síns að mjög hljótt hefði verið um þetta þingmál. Það er alveg rétt. Það hefur ekki verið mikið um það fjallað. Ég er hins vegar viss um að sú aðferð sem hér er lögð til mun verða meira í umfjöllun á næstunni. Það vill gjarnan verða svo að undanfararnir fá kannski ekki þá maklegu umfjöllun sem mál þeirra eiga skilið. En aðferðin sjálf þarfnast umræðu í okkar samfélagi og það verður að koma henni á dagskrá. Ég er viss um að svo verður. Það er hlutverk okkar sem hér erum að gera það og koma því á framfæri við þá sem eiga að koma því til þjóðarinnar að hér er um stefnumarkandi mál að ræða sem skiptir máli og er ekki, eins og ég gat um áðan, einskorðað við Ísland heldur hluti af alþjóðlegri breytingu á nálgun varðandi jafnréttismál, nálgun sem við ætlum okkur að taka þátt í vegna þess að við teljum nauðsynlegt að horfa á jafnréttismálin frá þessu nýja sjónarhorni til þess að við getum náð árangri.

[17:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessa umræðu þar sem ég er einn af flm. málsins, rétt til að undirstrika hvað hér er merkilegt mál á ferðinni að mínu mati.

Eins og fram hefur komið í umræðunni snýst málið um að koma jafnréttismálunum inn í alla málaflokka löggjafarvaldsins. Stefnan sem hér um ræðir og kölluð hefur verið samþætting eða „mainstreaming" nær bæði til löggjafarvaldsins og til framkvæmdarvaldsins á ýmsum sviðum. En hér er fyrst og fremst verið að beina athyglinni að löggjafanum, þ.e. að með hverju einasta frv. sem verður samþykkt á Alþingi sem lög og hverri þáltill. fylgi mat á áhrifum þess á stöðu kynjanna. Þetta krefst þess að sjálfsögðu að einhver stofnun leggi fram þetta mat. Miðað við núverandi kerfi væri ekki óeðlilegt að það væri skrifstofa jafnréttismála og það yrði þá metið út frá tiltækum gögnum og það komi fram með nál., miðað við þingsköpin, hvaða áhrif þetta mál, sem Alþingi ætlar að fara að samþykkja, hefur á stöðu kynjanna í þjóðfélaginu. Löggjafinn er einn liður í þessari samþættingarstefnu og grunnforsendan og mjög eðlilegt að byrja á því að þessi stefna nái inn til löggjafans. Þessi stefna er í bæklingi skrifstofu jafnréttismála kölluð samþætting þó það sé ef til vill ekki besta orðið. Vissar grunnforsendur þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að hrinda henni í framkvæmd og þar á meðal eru upplýsingar. Ég tel að kynskipt tölfræði þurfi að liggja fyrir í þjóðfélaginu, það þurfi að liggja fyrir ýmsar upplýsingar til að hægt sé að horfa á samfélagið út frá kynjuðu sjónarmiði. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega fagna bæklingum Hagstofunnar. Árið 1994 kom út bæklingur sem hét Konur og karlar og nú var að koma út ný útgáfa af þessum bæklingi. Svona vinna frá hinu opinbera er grunnforsenda fyrir því að hægt sé að framkvæma þá greiningu sem hér er ætlast til. Ég vil fagna því sérstaklega að svona grunnupplýsingar eru nú þegar tiltækar, en það voru þær ekki til dæmis þegar Kvennalistinn steig sín fyrstu spor. Enda held ég að þessi bæklingur, sem kom út árið 1994, hafi verið fyrsti bæklingurinn af þessu tagi.

Í öðru lagi er mikilvægt að til staðar sé pólitískur vilji og alveg skýrt sé hver ber ábyrgð á þessari framkvæmd. Það er okkar mat að því miður hafi verulega skort á þennan vilja í núv. ríkisstjórn. Þó við höfum haft hér jafnréttislög í gildi í rúm 20 ár þá er með ólíkindum hvað hægt gengur að koma á einföldum atriðum sem þó eru yfirlýst stefna stjórnvalda hverju sinni og tekið er fram í jafnréttislögum að eigi að gera. Í því sambandi vil ég nefna sem dæmi svör við fyrirspurn minni um framkvæmd á 12. gr. jafnréttislaganna þar sem fram kemur að vel flestir ráðherrar í ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar hafa brotið þessa grein jafnréttislaganna frá því að hún var lögtekin árið 1991. Þarna eru þó undantekningar og þar vil ég sérstaklega nefna jafnréttisráðherrana sjálfa sem hafa verið duglegastir við að fara að þessum lögum. En af einhverjum ástæðum virðast þeir ekki hafa haft þann kraft og það vald eða þann framkvæmdavilja sem þarf til að benda samráðherrum sínum í ríkisstjórnunum á að þarna séu lög sem beri að fara eftir. Það er auðvitað

umdeilanlegt hvort það er á ábyrgð jafnréttisráðherranna í viðkomandi ríkisstjórn eða forsrh. En það er alla vega merki um að pólitíska vilja skortir. Þess vegna tel ég að ef Alþingi samþykkti tillögu af þessu tagi þá væri það merki um raunverulegan pólitískan vilja fyrir þeim markmiðum sem svífa yfir vötnum í jafnréttislögunum. En því miður virðist þetta vera frekar sýndarmennska en nokkuð annað ef ekki er vilji til að framkvæma lögin.

Í þriðja lagi, fyrir utan upplýsingar og pólitíska vilja, þarf fræðslu. Það þarf fræðslu inn í viðkomandi stofnun sem á að leggja mat á hvert einasta lagafrv. sem samþykkt er, t.d. fræðslu til starfsfólks viðkomandi stofnunar, hvort sem það yrði skrifstofa jafnréttismála eða einhver önnur. Í því sambandi vil ég taka undir orð hv. 1. flm., Kristínar Halldórsdóttur, hér áðan um það átak sem Kvennalistinn stendur fyrir núna með að fá hingað þekkta konu, dr. Agnetu Stark sem hefur staðið fyrir fræðslu af þessu tagi í Svíþjóð fyrir stjórnmálamenn, ráðherra og ekki síður fyrir embættismannakerfið. Það er mjög mikilvægt til að þessi stefna komist á að allir séu meðvitaðir um þennan tilgang og hvaða gleraugu beri að setja upp til að hægt sé að framkvæma þetta.

Ég vil einnig taka undir að það á að beina jafnréttisumræðunni inn í alla málaflokka, og það er ekki nóg að segja: „Jafnréttismálin eru hér í sér ráðuneyti", heldur er þetta sýn sem á að nota á alla málaflokka. Það má segja að fyrir okkur kvennalistakonur er þetta ekkert nýtt. Stefnuskrá Kvennalistans frá upphafi hefur einmitt verið þannig upp byggð að við lítum á atvinnumál, menntamál og heilbrigðismál út frá sjónarmiði kvenna reyndar oftar. Nú er áherslan meiri á kynferði, þ.e. hvaða máli það skiptir hver stefnan er í þessum eða hinum málaflokknum út frá sjónarmiði beggja kynja. Þetta er stefna sem núna er búið að viðurkenna. Þetta er orðin stefna Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Fjórða framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum 1996–2000 leggur áherslu á að öll löggjöf og framkvæmdaáætlanir byggi á því að koma þessari stefnu í framkvæmd, hvort sem fólk er að sækja um styrki, gera rannsóknir, eða annað og gífurlegir peningar eru settir í að koma þessari stefnu í framkvæmd á vegum Evrópusambandsins.

Norræna ráðherranefndin hefur einnig samþykkt að vinna í anda þessarar stefnu. Þar með má segja að íslensk stjórnvöld hafi þegar skuldbundið sig á tvennum vígstöðvum, bæði í gegnum EES-samninginn og í gegnum norrænu ráðherranefndina til að vinna að þessari stefnu. Það er svo sannarlega kominn tími til að tekið verði á þessu máli af alvöru. Ég tel mjög eðlilegt að fyrsta skrefið sé að löggjafinn viðurkenni þessa stefnu og viðurkenni það þannig að það verði ávallt hugað að því þegar verið er að breyta lögum eða samþykkja þáltill., hvaða áhrif það muni hafa annars vegar á konur og hins vegar á karla.

Ég vil því, hæstv. forseti, ítreka að hér er um mjög merkt mál að ræða, tímamótatillögu sem verðskuldar verulega athygli. Ég hefði viljað sjá hér troðfullan þingsal og troðfulla palla. Hér á pöllunum eru reyndar starfskonur Kvennalistans mættar því þær gera sér grein fyrir hvað hér er um mikilvægt mál að ræða. En því miður virðist þingheimur almennt ekki átta sig á því.

Ég vona, hæstv. forseti, að mál þetta hljóti góða framgöngu og góða umfjöllun í allshn. og í þjóðfélaginu.

[17:46]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til þess að við höldum þessum umræðum áfram lengi dags en ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim hv. þingkonum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Þær bættu báðar mikilvægum atriðum við framsöguræðu mína og ég þakka þeim fyrir það.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. minnti á þær samþykktir sem Íslendingar eru aðilar að og ég þakka henni fyrir það. Reyndar gerði hv. síðasti ræðumaður það líka. Ég gleymdi því satt að segja í framsögu minni en það er einmitt mjög mikilvægur þáttur í málinu að við höfum svo sannarlega ekki bara sett lög á lög ofan sem eiga að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, heldur höfum við undirritað og samþykkt alls konar alþjóðasáttmála og samþykktir sem hefðu fyrir löngu átt að hafa tryggt framgang þessara mála. Við hljótum að bíða spennt eftir framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum þar sem við eigum, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. minnti á, einmitt von á enn einni staðfestingunni á hinum mikla vilja stjórnvalda til þess að láta þetta nú allt saman ganga fram. Og við munum svo sannarlega trúi ég, alla vega þingkonur hér, sameinast um að ýta á eftir þeim áætlunum, hvernig svo sem það nú gengur. Maður er auðvitað orðinn dálítið svekktur á hvað það gengur hægt sem manni finnst alveg sjálfsagðir hlutir.

Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. líka að hún sagði hvað væri nýtt við þetta mál. Ég lenti satt að segja í hálfgerðum vandræðum með að skýra fyrir sjálfri mér hvað er svona nýtt við það. En það er alveg hárrétt sem hv. þm. segir — það sem er nýtt er að aðferðin er viðurkennd. Og það hlýtur að hjálpa okkur mikið í því efni að reyna að koma þessu fram.

Ég þarf ekki að segja meira. Þær hv. þingkonur sem hér töluðu komu mér ekki neitt á óvart með málflutningi sínum. Hann var ekki verri fyrir það. Þær eru báðar baráttukonur til fjölda ára. En ég sakna auðvitað hinn fjölmörgu karla sem skipa nú $^{3}/_{4}$ þingsæta á þessari hv. samkundu. Ég hefði gjarnan viljað heyra viðhorf þeirra til þessara mála. Ég vona að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hafi rétt fyrir sér að þetta þingmál verði samþykkt. Ég ætla að leyfa mér að vera jafnbjartsýn og hún og vona að það sé rétt mat hjá henni, og endurtek það sem ég sagði hér áðan að sjálfsagt sitja allir hinir þingmennirnir við sjónvarpsskjáinn á skrifstofum sínum og fylgjast með þessu af miklum áhuga.

Þetta er spurning um pólitíska vilja, sagði hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og það er einmitt það sem málið snýst um. Þetta er spurning um pólitíska vilja, spurning um það að fylgja eftir því sem hefur verið sett á blað, skráð í reglur og samþykktir. Við munum halda þessari baráttu áfram og fylgja henni eftir. Það er ekki nóg að setja það í lög að þingmenn eigi að láta fylgja þessu eftir heldur verður framkvæmdarvaldið að gera það líka og það er væntanlega næsta skrefið að ýta fast á eftir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, fyrri umr.*

Þáltill. SvanJ o.fl., 109. mál. — Þskj. 109.

[17:51]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

Tillagan er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf.

Nefndin ljúki störfum fyrir vorið 1999 og verði störfum hennar hagað þannig að tillit verði tekið til tillagna hennar við gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla en endanlegar tillögur verði síðar hluti af námskrá grunnskólans."

Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um stöðu drengja í grunnskólum. Sú tillaga fékk góðar undirtektir þó að hún væri ekki afgreidd. Hún var m.a. send til umsagnar og í umsögnum komu fram fjölmargar ábendingar sem ég tók til greina við vinnslu þessa þingmáls. Má í rauninni segja að þetta þingmál sé í beinu framhaldi af því hinu fyrra.

Það er svo, herra forseti, ólík staða drengja og stúlkna í skólakerfinu hefur lengi verið til umræðu meðal skólamanna. Haldnar hafa verið ráðstefnur og fundir um þessi mál og oft hafa þau komið til umræðu á kennarastofum landsins. Hafa menn einkum haft áhyggjur af því að erfiðleikar og fyrirferð margra drengja bentu til þess að skólinn kæmi ekki nægjanlega til móts við þarfir þeirra og jafnframt að fyrirferð drengjanna hefði neikvæð áhrif á félagslega stöðu og sjálfsvirðingu stúlknanna. Drengir aðlagast kröfum og væntingum skólans ekki með sama hætti og stúlkurnar. Kannanir hafa sýnt að drengirnir taka mun meira af tíma kennarans því vandamálin sem kennarinn og skólinn þurfa að fást við, hvort sem þau eru tengd námi eða aga, tengjast mun oftar drengjum en stúlkum. Drengir eru miklu fleiri í hópi þeirra sem þurfa á sérþjónustu og stuðningi innan skólanna að halda og námsárangur stúlkna hefur að jafnaði verið betri á öllum samræmdum prófum grunnskólans. Gildir þá einu hvort um er að ræða tungumál eða stærðfræði.

Menn hafa líka bent á það og haft af því áhyggjur hve hlutur stúlkna í tíma kennarans er lítill og að það bendi til þess að stúlkurnar fái ekki sinn réttláta skerf af hvatningu og leiðsögn, að þögn þeirra og bið eftir athygli sé til marks um veika félagslega stöðu þeirra hvað sem námsárangri líður og það ýti jafnframt undir hugmyndir um að strákarnir eigi að ráða ferðinni.

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um mismunandi hlutfall kynjanna þegar kemur að mælanlegum þáttum þeirrar þjónustu og stuðnings sem skólinn veitir. Það liggur fyrir að drengir eru yfir 70% þeirra nemenda sem taldir eru þurfa sérkennslu í grunnskólunum. Sama er uppi á teningnum þegar röðin kemur að sérdeildum skólanna, þar eru drengirnir einnig u.þ.b. $^2/_3$ nemenda. Þá er hlutfall drengja svipað þegar litið er til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólanna.

Grunnskólinn hefur þannig í gegnum stuðning og með boði á sérfræðiþjónustu reynt að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda sinna. Það er hins vegar ljóst að skilgreina þarf betur þann vanda sem stúlkur og drengir þurfa að glíma við og tengist kynferði þeirra svo unnt verði að mæta mismunandi þörfum beggja kynja strax við upphaf skólagöngu og þroska þau í samræmi við ákvæði grunnskólalaga, þar sem segir í 2. gr. að grunnskólinn skuli, með leyfi forseta: „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins".

Sérfræðingar hafa sett fram tilgátur um að þroski kynjanna sé mismunandi þegar þau hefja grunnskólanám. Þannig sé námið fyrstu árin eins og eðlilegt framhald af leikjum og föndri stúlknanna en drengirnir eigi mun erfiðara með bæði fínhreyfingar og tjáningu. Þetta rímar vel við tilfinningu margra kennara. Markviss þjálfun strax í leikskóla gæti bætt hér úr ef niðurstaðan yrði sú að taka þyrfti sérstaklega á þessum þáttum. Þá hefur verið bent á að unglingsdrengir eigi erfiðara en stúlkur með að tjá sig með orðum og því líklegra að þeir loki tilfinningar sínar inni eða láti hendur skipta. Um 65% gesta Unglingaheimilis ríkisins hafa verið drengir. Afskipti lögreglu af unglingum sýna einnig að drengir eru mun líklegri til að lenda undir eftirliti lögreglu, eða 86% á móti 14% stúlkna. Dauði vegna slysa er einnig margfalt algengari meðal drengja og pilta og sama á við um sjálfsvíg.

Þá er ein ástæða þess að drengir eiga við aðlögunarvanda að etja í skólum talin sú að fáir karlar eru við kennslu og því fáar fyrirmyndir í grunnskóla, og þá ekki síður leikskóla, sem þeir geta samsamað sig. Þessi staðhæfing er þeim mun alvarlegri að margir feður vinna fjarri heimilum, þar með talið þúsundir sjómanna, og u.þ.b. fjórðungur barna á Íslandi býr með einstæðum mæðrum. Karlmaður sem starfar sem kennari getur því verið raunveruleg fyrirmynd þeim börnum sem lítt kynnast körlum í uppeldi sínu og hann er a.m.k. staðfesting þess að karlar sinna líka uppeldisstörfum.

Drengirnir fá ákveðin skilaboð frá umhverfinu um hvers konar manneskjur þeir eiga að vera. Bæði fagfólk og foreldrar hafa vaxandi áhyggjur af því að nútímasamfélag bjóði drengjum upp á stöðugt verri fyrirmyndir og að hetjuímyndin verði sífellt ofbeldiskenndari. Það hefur komið í ljós hjá þeim drengjum sem leita til skólasálfræðinga að raunverulegir karlmenn eru ekki fyrirmyndir þeirra heldur oftar einhvers konar ofurmenni myndbanda og kvikmynda. Stúlkur fá einnig sín skilaboð frá umhverfinu og þær hafa ekki síður en drengir liðið fyrir kynbundna fordóma og staðlaðar fyrirmyndir. Það er talin mikil þörf á því að styrkja stúlkurnar til frumkvæðis því óvirk staða þeirra í grunnskóla kemur niður á þeim síðar, bæði námslega og félagslega.

Herra forseti. Jafnréttisbaráttan hefur aðallega verið háð af konum. Hún hefur leitt til þess að losnað hefur um staðlaða ramma kvenímyndarinnar og staða kvenna hefur að ýmsu leyti breyst. Jafnréttisbaráttan virðist hafa haft jákvæð áhrif á stúlkurnar og rannsóknir sýna að stúlkur hafa öðlast aukinn félagslegan styrk og sjálfstraust. Ábyrgð á börnum og heimili er þó enn hlutskipti flestra kvenna og kann að vera ein af orsökum þess launamisréttis sem þær búa við. Við þessu þarf að bregðast. Það verður ekki gert nema við beinum sjónum okkar frekar að stöðu og uppeldi barnanna, ekki síst innan skólanna þar sem veigamikill þáttur félagsmótunarinnar fer fram. Fyrirferð drengjanna innan skólans er nefnilega ekki einhlít vísbending um sterka stöðu þeirra, heldur e.t.v. þvert

á móti. Athyglin sem þeir fá er oft fyrst og fremst neikvæð. Á meðan taka stúlkurnar betri próf og bíða prúðar eftir að röðin komi að þeim.

Starfshópur á vegum menntmrn. setti árið 1990 fram eftirfarandi meginmarkmið, með leyfi forseta:

„Í skólastarfinu skal leitast við að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu bæði stúlkna og drengja og búa þau jafnt undir virka þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og mótun samfélagsins alls."

Þetta eru eðlileg markmið í þjóðfélagi sem vill kenna sig við lýðræði og vill hafa mannréttindi í öndvegi. En þó markmiðin hafi verið sett fram er ljóst að kennurum er vandi á höndum, enda hafa þessi ákvæði hvorki ratað með beinum hætti inn í námskrá né námsefnið tekið nægilegt mið af þeim. Ef kennarar ætla sér að sinna þessu verkefni þegar út í skólana er komið verða þeir að brjóta venjur sem ríkja í skólastarfi og leggja á sig vinnu við mótun eigin námskrár og jafnvel námsefnis.

Við höfum fyrr í dag, herra forseti, talað um nýja aðferð í jafnréttismálum, samþættingu, þar sem í stað þess að nálgast jafnrétti kynjanna sem sérstakt verkefni sem höfði einungis til kvenna er nú óðum að ryðja sér til rúms sú skoðun að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild. Þetta er ný aðferðafræði við stefnumótun þar sem hagsmunum beggja kynja er gert jafnhátt undir höfði.

Það má segja, herra forseti, að sú tillaga sem við erum að ræða nú taki nokkurt mið af hinni nýju aðferðafræði vegna þess að hér er lagt til að staða beggja kynja sé skoðuð með það fyrir augum að tekið verði tillit til mismunandi þarfa.

Það er mikið efni til um rannsóknir á skólastarfi og mismunandi áhrifum þess. Bæði er um að ræða rannsóknir og niðurstöður úr þróunarstarfi hér heima og einnig erlendis. Á undanförnum árum hafa líka nokkrir skólar verið að gera tilraunir með að skipta nemendum í bekki eftir kyni. Einnig hafa ýmis jafnréttisverkefni verið reynd sérstaklega. Svokölluð hjallastefna, sem þróuð hefur verið í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði, hefur einnig vakið óskipta athygli og verið öðrum leikskólum fyrirmynd og öllu skólafólki hvatning til endurmats á viðteknum vinnubrögðum og aðferðum. Þannig er að verða til reynsla og þekking sem þarf að vinna markvisst úr með tilliti til skólastarfs í landinu öllu og námskrárgerðar.

Það er líka nauðsynlegt, herra forseti, að tengja þær hugmyndir og tillögur sem fram koma um breyttar áherslur í skólastarfinu við kennaranámið. Í Kennaraháskólanum og við kennsluréttindanám í Háskóla Íslands sem og í kennaradeild Háskólans á Akureyri hefur verið fjallað um kynferði og jafnrétti á námskeiðum í þróunarsálfræði. Þetta er í áttina, herra forseti, en engan veginn nóg vegna þess að umfjöllun af þessu tagi þarf einnig að koma inn í kennslufræðina og vil ég þá minna á þann vanda kennara sem vilja gjarnan vinna í þessum anda og ég gat um áðan.

Á hinum Norðurlöndunum hefur umfjöllun um jafnrétti og kynferði farið vaxandi innan uppeldisgreina. Það hefur verið bent á það fyrr hér í dag að aðferðir til að jafna stöðu kynjanna eru orðnar viðurkenndar innan Evrópusambandsins. Þessi umfjöllun mótast af þeim viðhorfum að kynjamisrétti endurspeglist í skólastarfinu og því sé unnt að vinna gegn misrétti kynjanna og stuðla að jafnrétti með vinnunni innan skólanna. Til þess þurfum við að móta stefnu sem tekur tillit til þarfa beggja kynja og það er í anda þeirrar stefnu sem þessi tillaga er fram komin.

[18:04]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu sem 1. flm. hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir reifaði ítarlega í sínum málflutningi. Ég vil ítreka þá skoðun hennar að hér er annað dæmi um tillögu sem samræmist hugmyndafræði samþættingar. Lagt er til að sett verði á laggirnar nefnd sem bendi á hvernig mæta skuli betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum landsins, þ.e. það á að horfa á grunnskóla landsins út frá kynjuðu sjónarmiði. Það er alveg ljóst, eins og fram kemur í greinargerð og ræðu flutningsmanns, að veruleg ástæða er til að ætla að stundum þurfi að nota mismunandi aðferðir til að ná sem bestum árangri með hvort kyn fyrir sig þar sem ljóst er að kynjamunur er í þroska á þessum árum. Það má nefna t.d. fínhreyfingar, kynþroska, félagsþroska og ýmis önnur svið sem þýðir líka að ákveðinn menningarmunur myndast í hópum hjá stúlkum og drengjum. Vinátta og hópar eru oft kynbundnir á þessum aldri á neðri stigum grunnskólans þannig að fyrir utan þennan kynjamun sem kemur fram, sem að verulegu leyti er oft talinn eiga sér menningarbundnar orsakir, þá vitum við að það eru ákveðnar staðalmyndir sem börn hafa fyrir sér í uppeldi og ákveðnar fyrirmyndir sem virðast hafa þau áhrif að ákveðnir þættir eru frekar styrktir í hegðun stúlkna annars vegar og drengja hins vegar.

Það var minnst á hjallastefnuna áðan í leikskólum landsins og það er einmitt gott dæmi um það að markvisst er reynt að taka t.d. á atriðum eins og að stúlkur eigi ekki að vera leiðtogar og þær eigi allar að vera jafnar, þá er reynt að þjálfa þær í að taka forustu. Sömuleiðis að drengir eigi síður að sýna tilfinningar því skal leyfa þeim að vera tilfinningaverur, að leyfa drengjum að tjá sínar tilfinningar, hvetja þá til að gráta líka eins og stúlkur ef þeir meiða sig o.s.frv. Markmiðið með þessu er að út úr uppeldinu komi einstaklingar af báðum kynjum sem séu sem sterkastir á sem flestum sviðum og heil svið persónuþroskans verði ekki vanrækt.

Sú sem hér stendur hefur verið háskólakennari í uppeldisfræðum í mörg ár og hefur einmitt stundað rannsóknir á þessu sviði, menntun og kynferði, og átti m.a. kost á því að taka þátt í samnorrænu verkefni sem heitir Nordlilja þar sem markmiðið var að kanna hvernig hægt er að stuðla að því að kynjum sé ekki mismunað í skólum. Það verkefni lagði í sínum lokatillögum megináherslu á kennaramenntunina. Ég ætla ekki að endurtaka mikið af þessari umræðu að sinni, hæstv. forseti. Ég ræddi það í fyrra þegar þessi tillaga var til umræðu, en það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af því hvað það gengur seint að koma þessu inn í kennaramenntunina. Það var alveg ljóst þegar þetta ákveðna verkefni, Nordlilja-verkefnið, var til umræðu að það mætti ákveðnu áhugaleysi og jafnvel andstöðu innan aðalkennaramenntunarstofnunar landsins, Kennaraháskóla Íslands. Það er að vísu tekið fram í greinargerðinni að þessi atriði séu kennd í þróunarsálfræði bæði við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Ísalands og Háskólann á Akureyri en ég vil ítreka að þetta er alls ekki nóg. Ég hef grun um að um leið og einhver einn áhugasamur kennari hættir störfum, þá virðist vera hætta á að öll umfjöllun detti út í kennaramenntuninni. Það þarf ekki nema að einn kennari fari í rannsóknarleyfi. Það þarf því að tryggja það að inn í námskrár fyrir kennaramenntunarstofnanir sé tekið markvisst á þessum málum.

Fyrir stuttu var mér bent á að það eina sem væri í boði í kennaramenntuninni núna, fyrir utan þessa örlitlu umfjöllun í þróunarsálfræði, væri eitt endurmenntunarnámskeið í Kennaraháskólanum.

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta sé það mikilvægt atriði og það mikið af rannsóknum sem liggi fyrir, samanber hina góðu greinargerð sem fylgir málinu, að ástæða sé til að taka ákveðið á málum og er kennaramenntunin þar algert lykilatriði. Þess vegna vil ég ítreka það, hæstv. forseti, að tillagan nái nú fram að ganga að þessu sinni, að meiri hluti þingsins sjái sóma sinn í því að taka þessi mál af alvöru og sýni þann pólitíska vilja sem þarf og í framhaldinu verði gert markvisst átak í því að taka á málinu, ekki síst innan kennaramenntunarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Úrbætur á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, fyrri umr.*

Þáltill. IS, 241. mál. — Þskj. 280.

[18:12]

**Flm. (Ingunn St. Svavarsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um átak í úrbótum á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar á þskj. 280, 241. mál, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera átak til úrbóta á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar á næstu tíu árum og fela Vegagerðinni að sjá um framkvæmdir. Fjármagn til átaksins, samtals 2 milljarðar kr., verði veitt sem sérstakur byggðastyrkur, 200 millj. kr. á ári."

Herra forseti. Ég tek svo djúpt í árinni að telja að þetta sé grundvallaratriði til að byggð geti þróast og þrifist í Norður-Þingeyjarsýslu. Norðausturhorn landsins hefur orðið á eftir öðrum landshlutum í vegabótum og vegurinn sem er eina tenging byggðarinnar þar við þjóðvegakerfi landsins er ekki til þess gerður að þola þá þungaflutninga sem um hann fara. Ríkisstjórn ber að sjá til þess að stofnvegakerfi landsins standist þær kröfur að geta verið lífæð fyrir flutning fólks og farms. Forsendur átaks í vegabótum á norðausturleiðinni eru í fyrsta lagi að skipaflutningar í Norður-Þingeyjarsýslu eru svo til aflagðir og vöruflutningarnir hafa flust að mestu á land. Farþegaflutningar og póstflutningar með flugi eru nú að leggjast af að mestu leyti í sýslunni og flutningarnir fara um vegina í staðinn.

Fyrirtæki í Norður-Þingeyjarsýslu sem eru að stærstum hluta matvælafyrirtæki, svo sem fiskeldisfyrirtækin Rifós og Silfurstjarnan í Öxarfirði, Rækjuvinnslan á Kópaskeri og Fjallalamb með sína kjötvinnslu og fiskvinnslufyrirtækin á Raufarhöfn og Þórshöfn, eru nánast algerlega háð flutningum á landi með afurðir sínar og vörur vegna krafna sem gerðar eru um ferskleika vörunnar. Nýleg sameining hérðasnefnda Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu með stofnun félagsþjónustu Þingeyinga á Húsavík, skólaþjónusta Eyþings á Húsavík, sameining og aukin samvinna sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu auk sameiningar heilsugæslustöðvanna í Norður-Þingeyjarsýslu gera tíðari samgöngur og greiðari nauðsynlegar. Öll uppbygging ferðaþjónustu í Jökulsárgljúfrum, við Dettifoss, í Ásbyrgi og Hljóðaklettum að ógleymdum svokölluðum miðnætursólarhring er illmöguleg miðað við núverandi ástand vegarins. Einungis 19% leiðarinnar frá Húsavík til Þórshafnar telst fullgerður vegur með bundnu slitlagi. Hluti leiðarinnar er nokkurn veginn tilbúinn undir slitlag, en mestur hluti vegarins þarfnast gagngerðrar endurgerðar.

Loks vil ég benda á eftirfarandi: Skólaakstur barna allt að 90 km á dag fram og til baka á holóttum malarvegum eru að mínu mati á velsæmismörkum. Tjón bifreiðaeigenda er töluvert á ári hverju vegna steinkasts og slit á bílum er mun meira en á fullgerðum vegum með bundnu slitlagi. Íbúar í Norður-Þingeyjarsýslu leggja til umtalsverðar gjaldeyristekjur í þjóðarbúið, tekjur sem íslenska þjóðin hefur ekki efni á að vera án. Það er því þjóðhagslega hagkvæmt að hraða úrbótum á Norðausturvegi.

Herra forseti. Ég legg til að þessi tillaga verði að lokinni þessari umræðu lögð fyrir hv. samgn. og niðurstaða fáist í málinu á þessu þingi. Enn fremur verði tillögunni vísað til síðari umræðu.

[18:16]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég held að það sé afar gagnlegt að vegamál í Norður-Þingeyjarsýslu séu skoðuð eins sem hér er lagt til. Það má helst líkja vegasamgöngum á því svæði við það sem gerist í Afríku, það sem gerist í þriðja heiminum. Hér í Evrópu þekkjast ekki samgöngur af því tagi sem þar er boðið upp á. Ekkert er ofmælt í því sem hv. flm. þessarar tillögu, Ingunn St. Svavarsdóttir, sagði um ástand mála eða þörfina á því að þarna yrðu úrbætur.

Talað hefur verið um að framlög til vegamála, sem ákvörðuð eru á Alþingi, séu læst inni í forsendum sem ekki eiga lengur við. Ég hygg að það sé rétt vegna þess að ég held að ekki sé finnanlegur nokkur landshluti sem hefur orðið jafnafskiptur og sá landshluti sem hér um ræðir. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipaflutningar séu svo til aflagðir, sömuleiðis að nú sé verið að leggja af farþega- og póstflug. Þá er ekki á neitt að stóla, herra forseti, nema vegina. Eins og kom fram í máli flm. er þar ekki um merkilega flutningaleið að ræða. Einungis lítill hluti er með varanlegu slitlagi og stærsti hluti veganna þannig að þeir þola í raun alls ekki þann flutning sem þeim er ætlaður.

Menn hafa talað um að forsenda þess að byggð gæti þrifist úti um landið sé númer eitt samgöngur. Samgöngur til þess bæði að menn geti samnýtt þá opinberu þjónustu sem í boði er, þau tilboð um afþreyingu og félagslega samvist sem kann að vera í boði og ekki síður að hægt sé að mynda atvinnusvæði sem séu burðug sem víðast um landið. Það er alveg ljóst, miðað við þær tölur sem Byggðastofnun leggur til grundvallar, að þetta svæði er ekki skoðað sem hættusvæði hvað varðar fólksflótta. Þó svo að svæðið hafi ekki bætt við sig hefur ekki fækkað þar í þeim mæli að það sé flokkað sem hættusvæði. Hins vegar getum við spurt okkur hvort með þeim samgöngum sem þar er boðið upp á og þeim aðstæðum sem nú hafa skapast eftir að bæði skipa- og flugflutningar eru orðnir hverfandi, við séum að bjóða upp á slíkt ástand og jafnvel að kalla eftir því. Ég held að hér sé um grafalvarlegt mál að ræða og vil þess vegna endurtaka að það er mjög þarft að vakin sé athygli á þessu máli með þeim hætti sem hér er gert og hv. flm. á þakkir skildar fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:21.

---

# 23. FUNDUR

miðvikudaginn 12. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til iðnaðarráðherra:*

1. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 210. mál, þskj. 223.
2. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 211. mál, þskj. 224.
3. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 212. mál, þskj. 225.

*Til viðskiptaráðherra:*

4. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 217. mál, þskj. 230.
5. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 218. mál, þskj. 231.
6. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 219. mál, þskj. 232.
7. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 220. mál, þskj. 233.
8. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 221. mál, þskj. 234.

*Til samgönguráðherra:*

9. Ljósleiðari, fsp. JónK, 222. mál, þskj. 235.

*Til menntamálaráðherra:*

10. Aðgerðir í jafnréttismálum, fsp. GGuðbj, 235. mál, þskj. 268.
11. Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum, fsp. SJóh, 237. mál, þskj. 270.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Goethe-stofnunin í Reykjavík, 256. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 313.

Hlutfall útskrifaðra kennara við kennslu, 259. mál, fsp. SvanJ, þskj. 319.

Launaþróun hjá ríkinu, 257. mál, beiðni KÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 314.

Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, 258. mál, fsp. PHB, þskj. 318.

Skipting afnotaréttar nytjastofna á Íslandsmiðum, 254. mál, þáltill. PHB, þskj. 299.

Staða eldri borgara hérlendis og erlendis, 255. mál, beiðni ÁE o.fl. um skýrslu, þskj. 312.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 210. mál (málmbræðsluver). — Þskj. 223.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til laga um stjórn fiskveiða sem hefur þann tilgang að koma í veg fyrir að aflahlutdeildir safnist í of miklum mæli á einstaka aðila. Í athugasemdum með frv. kemur fram að kvótaeign stærstu fyrirtækjanna er á bilinu 4–5%, að eignaraðild er mjög dreifð og samþjöppun aflahlutdeildar á einstaka aðila hefur ekki verið ýkja hröð sl. ár. Miðað við þessar upplýsingar verður ekki séð að þörf sé á þessu frv. né sérstökum ráðstöfunum til að hindra þróun stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna á þeirri forsendu að hætta sé á því að í krafti kvótaeignar sinnar fái sjávarútvegsfyrirtæki of mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra gagnvart stjórnvöldum geti orðið of sterk.

Nauðsynlegt er að kalla fram upplýsingar um stærð og fyrirferð fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum til þess að bera megi saman hættu á fákeppni og yfirþyrmandi áhrifum einstakra fyrirtækja á stjórnvöld annars vegar í sjávarútvegi og hins vegar í ýmsum öðrum atvinnugreinum. Með þetta í huga hefur sá sem hér stendur varpað fram nokkrum fyrirspurnum til hæstv. iðnrh. Eru þær hafðar aðskildar vegna þess hvernig fyrirspurnaformið er og fyrsta fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu málmbræðsluvera landsins?

Hver er hlutdeild þeirra í kaupum á orku til orkufreks iðnaðar?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:35]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 223 hefur hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, beint til mín svohljóðandi fyrirspurn um markaðshlutdeild málmbræðsluvera:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu málmbræðsluvera landsins?

Stærstu fyrirtæki í málmbræðslu eru Íslenska álfélagið hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. og nýtt fyrirtæki sem er að hefja starfsemi á næsta ári í álframleiðslu, Norðurál hf. Á það ber að leggja áherslu að þessi fyrirtæki starfa ekki á samkeppnismarkaði hér á landi.

Framleiðsla Íslenska járnblendifélagsins fer öll til útflutnings og hið sama gildir að mestu um Íslenska álfélagið. Árið 1996 seldi álfélagið tveimur íslenskum fyrirtækjum alls 42 tonn af álhleifum og í ár 24 tonn af álhleifum vegna framleiðslu sinnar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hver er hlutdeild þeirra í kaupum á orku til orkufreks iðnaðar?

Hlutur Ísals og Járnblendifélagsins er tæplega 95% af orkusölu til stóriðju. Af sölu raforku í landinu er hlutur þeirra 47%.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Eins og fyrr segir starfa þessi fyrirtæki ekki á samkeppnismarkaði hér á landi. Á meðan svo er kemur ekki til kasta íslenskra samkeppnisyfirvalda um starfsemi þeirra.

### *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 211. mál (framleiðsla steinsteypu). — Þskj. 224.

[13:37]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Í framhaldi af fyrri fyrirspurn er lögð hér önnur fyrirspurn fyrir iðnrh. sem er svohljóðandi:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í framleiðslu steinsteypu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:37]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Tómasar Inga Olrich á þskj. 224 er svohljóðandi: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í framleiðslu steinsteypu?

Samkvæmt skýrslu Samkeppnisstofnunar frá desember 1994 um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi voru þrjú stærstu fyrirtæki í framleiðslu á steinsteypu á höfuðborgarsvæðinu á árinu 1993 BM Vallá hf., Steypustöðin hf. og rekstrarfélagið Hraun sem er ekki starfandi í dag. Sömu fyrirtæki voru jafnframt þau stærstu á landinu.

Í fyrrgreindri skýrslu er getið um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Síðan sú skýrsla var unnin hafa orðið miklar breytingar á markaðnum þannig að hlutfallstölur sem þá giltu eiga ekki lengur við. Ekki hefur verið aflað upplýsinga um veltu fyrirtækja á þessum markaði svo að sjá megi markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækjanna í dag en þó hafa ekki orðið verulegar breytingar þar á þrátt fyrir að breyting hafi orðið á fjölda fyrirtækja.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Svar við þessari spurningu er þetta: Samkeppni virðist vera virk á þessum markaði og ekki hefur orðið vart við samkeppnishindranir þannig að ekki er ástæða til sérstakrar lagasetningar í framangreindu skyni. Í samkeppnislögum er mælt fyrir um þær heimildir sem samkeppnisyfirvöld hafa til að grípa inn í samkeppnishömlur, bæði þær sem bannaðar eru samkvæmt verðsamráði og þær sem að mati þeirra hafa skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Hinum matskenndu reglunum er beint að þeim fyrirtækjum sem í krafti stöðu sinnar á markaðnum geta skaðað samkeppni með aðgerðum eða annarri hegðun sinni. Á grundvelli þessara reglna er unnt að hafa eftirlit með og grípa til aðgerða gegn samkeppnisháttum markaðsráðandi fyrirtækja þegar og ef ástæða þykir til.

Það hefur og sýnt sig að samkeppnisyfirvöld hafa gripið til íhlutunar gegn ýmsum markaðsráðandi fyrirtækjum þegar þau hafa talið fyrirtækin skaða samkeppni með hegðun sinni. Það er því álit mitt að þær íhlutunareglur sem felast í almennum reglum samkeppnislaga, einkum 17. gr. laganna, séu fullnægjandi til að taka á málum sem upp kunna að koma og varðað geta samkeppnishegðun á þeim mörkuðum sem fyrirspyrjandi fjallar sérstaklega um.

### *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 212. mál (öl- og gosdrykkjaframleiðsla). — Þskj. 225.

[13:40]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil leggja eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh.:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í öl- og gosdrykkjaframleiðslu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:40]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Tómasar Inga Olrich á þskj. 225 er svohljóðandi: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í öl- og gosdrykkjaframleiðslu?

Samkvæmt skýrslu Samkeppnisstofnunar frá í desember 1994, sem áður er vitnað til varðandi stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi, voru tvö stærstu fyrirtæki á þessum markaði árið 1993 Vífilfell hf. og Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. Nokkrar hræringar hafa verið á þessum markaði síðan. Félag sem tengist Vífilfelli á Víking hf. og Sól hf.

Í fyrrgreindri skýrslu er getið um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Síðan sú skýrsla var unnin hafa orðið breytingar á markaðnum þannig að hlutfallstölur sem þá giltu eiga ekki lengur við að öllu leyti. Ekki hefur verið aflað upplýsinga um veltu þessara fyrirtækja á þessum markaði svo sjá megi markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækjanna í dag.

Sem svar við annarri spurningu hv. þm. á þskj. 225, þá vil ég vísa til þess svars sem ég var með áðan varðandi aðra fyrirspurn á þskj. 224 sem efnislega hljóðar nákvæmlega eins.

[13:42]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin en geta þess í sambandi við þriðju fyrirspurn mína að í umræddri skýrslu Samkeppnisstofnunar um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi kom fram að í gosdrykkjaframleiðslunni var stærsta fyrirtækið með 60% markaðshlutdeild samkvæmt veltu.

### *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 217. mál (tímarit). — Þskj. 230.

[13:43]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort hann hafi upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útgáfu tímarita og þá enn fremur hvort ráðherra telji ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:43]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 230 hefur 5. þm. Norðurl. e., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, beint til mín svohljóðandi fyrirspurn um markaðshlutdeild stærstu fyrirtækja landsins í útgáfu tímarita: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útgáfu tímarita?

Samkvæmt skýrslu Samkeppnisstofnunar frá desember 1994 um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi voru Fróði hf. og Samútgáfan hf. stærstu fyrirtæki á landinu í útgáfu tímarita árið 1993. Samútgáfan hefur hætt starfsemi og breytingar eru sífellt að eiga sér stað á þessum markaði.

Í fyrrgreindri skýrslu er getið um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Síðan sú skýrsla var unnin hafa orðið miklar breytingar á markaðnum þannig að hlutfallstölur sem þá giltu eiga ekki lengur við. Ekki hefur verið aflað upplýsinga um veltu þessara fyrirtækja á þessum markaði svo að sjá megi markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækjanna í dag.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Samkeppni virðist vera virk á þessum markaði og ekki hefur orðið vart við samkeppnishindranir þannig að ekki er ástæða til sérstakrar lagasetningar í framangreindu skyni. Í samkeppnislögum er mælt fyrir um þær heimildir sem samkeppnisyfirvöld hafa til að grípa inn í samkeppnishömlur, bæði þær sem bannaðar eru, svo sem verðsamráð og þær sem að mati þeirra hafa skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Þessum reglum er beint að þeim fyrirtækjum sem í krafti stöðu sinnar á markaðnum geta skaðað samkeppni með aðgerðum eða annarri hegðun sinni. Á grundvelli þessara reglna er unnt að hafa eftirlit með og grípa til aðgerða gegn samkeppnisháttum markaðsráðandi fyrirtækja þegar og ef ástæða þykir til. Það hefur og sýnt sig að samkeppnisyfirvöld hafa gripið til íhlutunar gegn ýmsum markaðsráðandi fyrirtækjum þegar þau hafa talið fyrirtæki skaða samkeppni með hegðun sinni. Það er því álit mitt að þær íhlutunarheimildir sem felast í almennum reglum samkeppnislaga, einkum 17. gr. laganna, séu fullnægjandi til að taka á málum sem upp kunna að koma og varðað geta samkeppnislega hegðun á þeim mörkuðum sem fyrirspyrjandi fjallar sérstaklega um.

[13:45]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Það vekur athygli að ekki er hægt að svara fyrirspurnum mínum að því er varðar daginn í dag og er vitnað í þriggja ára gamla skýrslu. Samkvæmt þeirri skýrslu er þá stærsta fyrirtækið í útgáfu tímarita með 55% markaðshlutdeild samkvæmt veltutölum.

### *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 218. mál (dagblaðaútgáfa). — Þskj. 231.

[13:46]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í dagblaðaútgáfu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:47]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich spyr á þskj. 231 í fyrsta lagi: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í dagblaðaútgáfu?

Samkvæmt skýrslu Samkeppnisstofnunar frá desember 1994 um stjórnun og eignatengsl í íslensku atvinnulífi voru Árvakur hf. og Frjáls fjölmiðlun hf. stærstu fyrirtækin í útgáfu dagblaða. Sú breyting hefur orðið á að þessi fyrirtæki eru einu útgefendur dagblaða hér á landi. Ekki hefur verið aflað sérstakra gagna um veltu fyrirtækjanna tveggja á dagblaðamarkaðnum.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Sem svar við þessari spurningu vísa ég til svars míns áðan við annarri fyrirspurn hv. þm. á þskj. 230 sem er efnislega samhljóða svari við þessari spurningu.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Í tengslum við þessar upplýsingar tel ég rétt að geta þess að víða erlendis hefur verið sett löggjöf sem kveður á um með hvaða hætti eignatengsl geta verið milli fjölmiðla og mismunandi gerða fjölmiðla þar sem reynt er að koma í veg fyrir að fjölmiðlar hafi óeðlileg áhrif á skoðanamyndun í viðkomandi ríki.

### *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 219. mál (matvælamarkaður). — Þskj. 232.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja á íslenskum matvælamarkaði?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:49]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hv. þm. ber fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 232: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja á íslenskum matvælamarkaði?

Ég vitna enn til skýrslu Samkeppnistofnunar frá desember 1994, um stjórnun og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Samkvæmt henni voru Sláturfélag Suðurlands og Kjötumboðið hf. stærst á þessum markaði árið 1993. Markaðshlutdeild Sláturfélagsins var það ár 26% samkvæmt skýrslunni og Kjötumboðsins hf. 11%. Tekið er mið af fyrirtækjum í slátrun og kjötvinnslu.

Í fyrrgreindri skýrslu er getið um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Síðan sú skýrsla var unnin hafa orðið breytingar á markaðnum þannig að hlutfallstölur sem þá giltu eiga ekki lengur við og upplýsinga hefur ekki verið aflað frá þeim tíma.

Sem svar við annarri spurningu hv. þm. á þskj. 232 vitna ég til svars míns sem ég fór með áðan við annarri fyrirspurn á þskj. 230 sem er efnislega samhljóða því sem hér er spurt um.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 220. mál (bankastarfsemi). — Þskj. 233.

[13:50]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurnum til hæstv. viðskrh.:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í bankastarfsemi?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi fyrirtækja í bankastarfsemi umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:51]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 223 spyr hv. þm. Tómas Ingi Olrich: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í bankastarfsemi?

Samkvæmt rekstrarreikningi viðskiptabanka og sparisjóða frá árinu 1996 var markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækjanna sem hér segir:

Landsbanki Íslands 35%, Íslandsbanki hf. 26% og Búnaðarbanki Íslands 18%. Markaðshlutdeild er mæld út frá vaxtatekjum og öðrum tekjum í samstæðureikningi fyrirtækjanna.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi fyrirtækja í bankastarfsemi umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Sem svar við þeirri spurningu, herra forseti, vísa ég til svars míns við annarri fyrirspurn á þskj. 230 sem er efnislega samhljóða svari við því sem hér er spurt um.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 221. mál (greiðslukortafyrirtæki). — Þskj. 234.

[13:52]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Hér er komið að síðustu fyrirspurn minni til hæstv. viðskrh., sem er svohljóðandi:

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild stærstu greiðslukortafyrirtækja landsins?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þessara fyrirtækja umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[13:53]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 234 spyr hv. þm. Tómas Ingi Olrich: Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild stærstu greiðslukortafyrirtækja landsins?

Samkvæmt rekstrarreikningum fyrir árið 1996 er markaðshlutdeild Greiðslukorta hf. 66% og Kreditkorta hf. 34%. Markaðshlutdeildin er mæld út frá heildartekjum.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þessara fyrirtækja umfram það sem samkeppnislög segja til um?

Greiðslukortamarkaðurinn er skilgreindur sem fákeppnismarkaður. Samkeppnisstofnun vinnur að athugun á ýmsum viðskiptaháttum greiðslukortafyrirtækjanna og er niðurstöðu að vænta fljótlega. Stofnunin fylgist í þessu sambandi náið með því sem er að gerast í Evrópu. Ég tel heimildir í lögum nægjanlegar til að hafa eftirlit með þessum markaði og því ekki ástæða til sérstakrar lagasetningar í framangreindu skyni.

Í samkeppnislögum er mælt fyrir um þær heimildir sem samkeppnisyfirvöld hafa til að grípa inn í samkeppnishömlur bæði þær sem bannaðar eru svo sem verðsamráð og þær sem að mati þeirra hafa skaðleg áhrif á samkeppnina á viðkomandi mörkuðum. Hinum matskenndu reglum er beint að þeim fyrirtækjum sem í krafti stöðu sinnar á markaðnum geta skaðað samkeppnina með aðgerðum eða annarri hegðan sinni. Á grundvelli þessara reglna er unnt að hafa eftirlit með og grípa til aðgerða gegn samkeppnisháttum markaðsráðandi fyrirtækja þegar og ef ástæða þykir til. Það hefur sýnt sig að samkeppnisyfirvöld hafa gripið til íhlutunar gegn ýmsum markaðsráðandi fyrirtækjum þegar þau hafa talið að fyrirtækin skaði samkeppni með hegðan sinni. Það er því álit mitt að þær íhlutunarreglur sem felast í almennum reglum samkeppnislaga, einkum þó í 17. gr. laganna, séu fullnægjandi til að taka á málum sem upp kunna að koma og varðað geta samkeppnislega hegðun á þeim mörkuðum sem fyrirspyrjandi fjallar sérstaklega um.

[13:55]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Það hefur verið varpað nokkru ljósi á það mál sem hér er til umfjöllunar þó ekki á allar þær fyrirspurnir sem hafa verið bornar fram. Það er ljóst að það eru ekki til upplýsingar í mörgum tilfellum um stöðuna í dag en þingheimur var upplýstur um það hver væri markaðshlutdeild fyrirtækja á sviði bankastarfsemi og greiðslukortafyrirtækja. Þessi umræða hefur varpað ljósi á það að samþjöppun í eignaraðild fyrirtækja á mörgum sviðum atvinnulífsins er

margföld sú samþjöppun sem á sér stað innan sjávarútvegsins og þegar litið er til sviða eins og blaðaútgáfu er ljóst að ef það er hætta á yfirþyrmandi áhrifum vegna samþjöppunar á aflakvóta virðist nú vera sýnu meiri hætta á yfirþyrmandi áhrifum á stjórnvöld og samfélagið af þeirri samþjöppun sem hefur orðið í blaðaútgáfu.

Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin er rétt að taka fram að með fyrirspurnum mínum er ekki verið að mælast til að farið verði að þrengja að stærri fyrirtækjum á Íslandi vegna fyrirferðar þeirra á markaði og yfirþyrmandi hlutdeildar í veltu. Samfélag okkar er svo smátt í sniðum að fyrirtæki sem ná því að verða samkeppnishæf á alþjóðlegum markaði, hvort sem það er í matvælaframleiðslu, verktakavinnu, flugrekstri eða á öðrum sviðum atvinnulífsins verða auðveldlega mjög stór hluti í íslensku atvinnulífi þótt þau séu smá á alþjóðlegan mælikvarða. Við verðum því að gæta hófs í umfjöllun um markaðsráðandi fyrirtæki og áhrif þeirra á stjórnvöld. Þjóðin á mikið undir því að eignast fyrirtæki sem í aukinni alþjóðlegri samkeppni þurfa að nýta sér hagkvæmni stærðarinnar til að geta lifað af og til að geta bætt afkomu þjóðarinnar í heild.

Herra forseti. Í þessu sambandi held ég að það væri gott fyrir okkur Íslendinga að íhuga hversu mjög þjóðin á að þakka vaxandi viðskiptum á alþjóðlegum markaði hve flugsamgöngur þjóðarinnar við umheiminn eru ótrúlega góðar. En það fyrirtæki sem tryggir þessar samgöngur hafði sennilega um 80% veltu af flugrekstri ársins 1993 samkvæmt skýrslu sem hefur verið margnefnd um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og gefin var út í desember árið 1994. Þetta held ég að sé gott að við höfum í huga. Ég þakka ráðherranum fyrir þessar upplýsingar.

## *Ljósleiðari.*

Fsp. JónK, 222. mál. — Þskj. 235.

[13:58]

**Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Á þskj. 235 hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurnir til samgrh. um ljósleiðara:

1. Hver var heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara um landið?

2. Hve stór hluti þess kostnaðar var greiddur af Póst- og símamálastofnun og hve stóran hlut greiddu aðrir?

3. Hvernig verður samkeppnisstaða aðila í útvarps- og sjónvarpsrekstri tryggð þegar Póstur og sími hf. hefur rekstur á þessu sviði?

4. Er fyrirhugað að jafna kostnað við beinar útsendingar sjónvarpsefnis um ljósleiðara frá landsbyggðinni?

Málefni Pósts og síma hf. hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu en sú umræða kom til eftir að þessar fyrirspurnir voru bornar fram. Nú hefur verið tekin sú ákvörðun að landið verði allt eitt gjaldsvæði og því ber að fagna.

Ég vil aðeins geta um þessa grundvallarákvörðun sem er skyld fjórða hluta fyrirspurnarinnar en ég hef ekki tíma til að blanda mér í umræður um gjaldskrárhækkanir sem fylgdu samhliða en hafa nú að hluta gengið til baka enda voru þær ekki tilefni þessara fyrirspurna á sínum tíma. Þær lúta að tvennu: Stofnkostnaði Pósts og síma hf. við dreifikerfi og ljósleiðara og jöfnun kostnaðar við sendingu útvarps- og sjónvarpsefnis beint frá landsbyggðinni, en tæknin hefur nú gert slíkt mögulegt. Jöfnun aðstöðu í þessum efnum er einn þáttur í því jafnræði sem ætti að ríkja með höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Aukinn fréttaflutningur utan af landi eykur þá tilfinningu meðal þjóðarinnar að við séum ein þjóð í einu landi og ekki veitir af að efla þá tilfinningu. Ekki síst er sjónvarpið öflugur miðill í þessu efni.

Nú hafa þær fréttir borist að Póstur og sími ætli að hefja sjónvarpsrekstur um breiðband og leggja til þess allmikla fjármuni. Í ljósi þess að fyrirtækið ræður eitt yfir því tæki sem ljósleiðarinn er vakna spurningar um samkeppnisstöðu og hvort ekki sé þörf á lögum og reglugerðum um þetta mál. Það hefur komið fram að Póstur og sími sækir um 22 sjónvarpsleyfi og 10 útvarpsleyfi og hyggst endurvarpa erlendum stöðvum að mestu með þessum leyfum. Útvarpsréttarnefnd hyggst aðeins úthluta leyfum til eins árs vegna óvissunnar og því koma margar spurningar upp í þessu sambandi, fleiri en bornar eru upp á þingskjalinu en ég legg þessar fyrirspurnir fyrir hæstv. samgrh.

[14:01]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það er mjög gagnlegt að fá fsp. fram í ljósi þeirra umræðna sem verið hafa og til að leiðrétta misskilning sem fram hefur komið, m.a. á hinu háa Alþingi, þar sem menn hafa haldið og raunar fullyrt að lagning ljósleiðarans hafi öll verið greidd af varnarliðinu. Þess vegna var mjög heppilegt að fá fsp. fram og ég er þakklátur hv. þm. fyrir að hafa flutt hana þótt tilviljun ráði því að allar þessar umræður hafi komið á svipuðum tíma.

*Mér hefur borist bréf frá forstjóra Póst og síma, Guðmundi* Björnssyni, sem svar við fsp.

Fyrsta spurning er: Hver var heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara um landið?

Með leyfi hæstv. forseta segir í bréfinu:

„Heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara, að frátöldum innanbæjarkerfum um landið að meðtöldum öllum búnaði sem honum tengist, ljósbúnaði og fjölrásunarbúnaði, eru um 4 milljarðar kr. á verðlagi dagsins í dag. Sá munur sem er á upphaflegum áætlunum, sem koma fram í svari samgönguráðherra á Alþingi 6. nóv. 1992 þar sem fram kom að stofnkostnaður næmi 2,5 milljörðum kr. og núverandi upplýsingum byggist m.a. á því að um var að ræða áætlun fyrir kerfi sem var mun minna að umfangi og flutningsgetu en það sem síðan hefur verið byggt upp auk verðlagsbreytinga. Upphaflega var áætlun miðuð við hringinn í kringum landið ásamt leiðinni til Vestfjarða. Síðan hefur verið bætt við kerfið leiðum á Suðurlandi, Reykjanesi, Snæfellsnesi, Austfjörðum til Siglufjarðar og í Skagafirði. Þannig hefur vegalengd ljósleiðarans verið aukin frá upphaflegum áætlunum, úr um 1.800 km í um 2.500 km jafnframt því sem flutningsgeta ljósleiðarans er nú 2,5 gígabitar á sekúndu í stað 140 megabita á sekúndu samkvæmt upphaflegum áætlunum."

Spurt er: Hve stór hluti þess kostnaðar var greiddur af Póst- og símamálastofnun og hve stóran hlut greiddu aðrir?

„Stofnframlag frá Mannvirkjasjóði NATO í formi fyrirframgreiddrar leigu flýtti fyrir lagningu ljósleiðarans um landið. Samningurinn fól í sér fyrirframgreidda leigu til 20 ára á ákveðnu rými í ljósleiðarakerfi en að auki greiðir NATO fyrir viðhald og rekstur á hverju ári. Samningsupphæðin, sem nam um 22 millj. Bandaríkjadala, var greidd jafnóðum og unnið var að lagningu þess hluta ljósleiðarans sem NATO hefur afnot af. Hlutfallslegur árlegur rekstur og

viðhald, sem fellur á NATO, er um 1 millj. Bandaríkjadala eða um 70 millj. ísl. kr.“

Ég get svo bætt við þessar upplýsingar, ef ég hef skilið það rétt, að þær afgreiningar frá ljósleiðaranum, sem voru sérstaklega lagðar fyrir NATO, voru upp á Gunnólfsvíkurfjall og Bolafjall svo og á Keflavíkurflugvöll. Þá er rétt að geta þess að sérstökum sérmögnurum var komið fyrir vegna nota varnarliðsins þannig að ekki er allt sameiginlegt í því kerfi sem varnarliðið notar og Póstur og sími. En vafalaust er og rétt að það komi skýrt fram að hlutdeild NATO flýtti fyrir því að ljósleiðarinn var lagður og hjálpaði þannig upp á sakirnar og er kannski rétt að nefna Austfirði, Vestfirði og Norðausturland sem dæmi um það.

Í þriðja lagi er spurt: Hvernig verður samkeppnisstaða aðila í útvarps- og sjónvarpsrekstri tryggð þegar Póstur og sími hf. hefur rekstur á þessu sviði?

„Póstur og sími hefur ekki á prjónunum að fara út í dagskrárgerð, hvorki fyrir sjónvarp né hljóðvarp. Póstur og sími er einungis flutningsaðili fyrir dagskrár og sér um innheimtu þegar það á við. Aðgangur að ljósleiðarakerfi fyrirtækisins verður opin öðrum aðilum á sama verði og gilda þar sömu sjónarmið og reglur og um aðra fjarskiptaþjónustu.“

Ég vil bæta við þetta að ég hygg að nægilega skýrar reglur séu fyrir hendi í lögum og samningum og samkvæmt hinum gerðum Evrópusambandsins til þess að tryggja samkeppnishæfni á þessu sviði og tel ekki þörf eða hef ekki séð þörf fyrir nýrri lagasetningu þess vegna. Hér er einungis um endurvarp að ræða og samkvæmt þeim skilningi sem ég hef á þeim hlutum hljótum við að fara eftir sömu reglum og gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í undirbúningi er reglugerð um þessa hluti, sem Póst- og fjarskiptastofnun er að vinna að og í rauninni er ekki meira um það að segja á þessu stigi.

Spurt er: Er fyrirhugað að jafna kostnað við beinar útsendingar sjónvarpsefnis um ljósleiðara frá landsbyggðinni?

„Vegna hringtengingar ljósleiðarans er sama hvar komið er inn á hann. Dreifing um landið allt kostar alltaf það sama ef um sömu vegalengd er að ræða. Gjaldskrá fyrir myndflutning tekur mið af vegalengd.“

Ég vil bæta því við að öll þessi mál eru vitaskuld í endurskoðun og athugun með hliðsjón af því að allt landið er orðið eitt gjaldsvæði, sem vekur auðvitað ýmsar spurningar, og skýrist eftir að framkvæmdin er hafin.

[14:08]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir fsp. sem vekur okkur til umhugsunar um samkeppnisstöðu fyrirtækisins, Pósts og síma, sem hefur aðgang að ljósleiðaranum sem er eins og hver önnur veita um landið, nokkurs konar samgöngubraut. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að hér sé um kostnað upp á 4 milljarða að ræða. Hann talaði um kostnaðinn í íslenskum krónum og síðan um hlut NATO, sem ég náði ekki alveg tölunni á því að þar talaði hann um kostnað í dollurum og (**Gripið fram í:** 1,5 milljarðar.) já, 1,5 milljarðar, þ.e. NATO hefur tekið stóran þátt í þessu. Þetta vekur okkur til umhugsunar um samkeppnisstöðuna því það má líkja ljósleiðaranum við steypta hraðbraut og það er spurning hvernig við förum með þetta tæki. Hugsum okkur ef við seljum Póst og síma hvað þetta er öflug samgöngubraut og hvað hún getur raskað samkeppnisstöðu í fjölmiðlamálum.

[14:09]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að fá ljósi varpað á þessi mál. Mig langar aðeins að bæta því við að fyrir utan fjárfestingu í ljósleiðara um landið er Póstur og sími að vinna að því nú að leggja ljósleiðara inn á öll heimili í landinu. Þar er um verulega fjárfestingu að ræða til viðbótar sem mun, þegar því verki lýkur, tryggja Íslendingum betri og öruggari fjarskipti og flutning á upplýsingum en aðrar þjóðir búa við. Það er að vísu rétt að sú leið sem við höfum kosið til að ná þessum áföngum er nokkuð dýr en þar á móti kemur að hún tryggir mikið öryggi.

[14:10]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég verð eins og fleiri að biðja hæstv. ráðherra um að skýra betur svarið við annarri spurningunni. Þýðir svarið að NATO hafi borgað 1,5 milljarða og að Póstur og sími hafi borgað 2,5 milljarða? Það var spurt hver væri hluti þess kostnaðar sem greiddur var af Póst- og símamálastofnun en ekki fékkst skýrt svar við því, heldur sagt hver leiga NATO í 20 ár væri.

Í öðru lagi vek ég athygli á þriðju spurningunni. Ráðherra upplýsti að Póstur og sími hafi sótt um 24 sjónvarpsrásir og 10 útvarpsleyfi en hygði ekki á dagskrárgerð. Ég held að þetta verði að íhuga mjög vandlega, hvort ekki sé verið að skerða möguleika annarra aðila sem eru með dagskrárgerð og eru á þessum litla markaði. Það má líkja þessu við það að ríkið leggur vegi hér á landi en það er ekki þar með sagt að ríkið þurfi að reka landflutningaþjónustu. Ég held að þetta sé dálítið alvarlegt mál, sem er ekki alveg sjálfgefið, þó menn vilji veg Pósts og síma sem mestan, að stofnunin skapi sér óeðlilega möguleika á markaði fyrir aðra að starfa á því sviði sem þeir hafa sérhæft sig á. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fjölbreytni sé ríkjandi á þessum nýja markaði og Póstur og sími ætti e.t.v. ekki að hasla sér völl á því sviði sem er honum ekki eiginlegt.

[14:11]

**Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þau vekja upp fjölmargar spurningar, eins og ég kom reyndar að í fyrri ræðu minni, og ekki síst um það hvort rétt sé að Póstur og sími hf. fari út í stórfelldan sjónvarpsrekstur því dagskrárgerð er ekki nema hluti af því máli. Það er ljóst að fyrirtækið hefur fengið í forgjöf flýtingu á ljósleiðaranum, þó að þar sé um leigutekjur að ræða, og það skiptir máli hvernig stofnunin notar þá forgjöf.

Það er ljóst að hlutafélagið ræður framboðinu og það ræður verðinu, dagskrárgerð er ekki nema hluti af málinu, og það leggur í verulega fjárfestingu í þessum efnum. Einnig má spyrja hvort rétt sé að ráðast í þessar fjárfestingar nú því ljóst er að stórkostleg þróun og tæknibreytingar eru fram undan á þessu sviði, m.a. sendingar um gervihnetti.

Hvað varðar jöfnun á beinum útsendingum sjónvarpsefnis um ljósleiðara þá tel ég það sjálfsagt mál í kjölfarið á þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Ég skildi hæstv. samgrh. þannig að hann væri þeirrar skoðunar að það ætti að skoða þá hluti sérstaklega. Ég skildi það þannig að hann hefði svarað frá eigin brjósti þeim hluta fsp. minnar að það ætti að skoða og hann vildi beita sér fyrir slíkri skoðun.

[14:14]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. Ágúst Einarsson átti við þegar hann sagði að svörin varðandi það sem NATO hefði lagt fram væru ekki nógu skýr. Ég reyndi í stuttu máli að gera sérstaka grein fyrir þeim sérþörfum sem NATO hafði um afleggjara frá hringstrengnum og vék aðeins að þeim þætti málsins. NATO greiddi fyrir því að hægt var að ráðast í að leggja strenginn með því að greiða þennan hluta stofnkostnaðarins sérstaklega og síðan með því að greiða upp í leigu til 20 ára 22 millj. Bandaríkjadala. Svo er álitamál hvernig á að meta það inn í fjárfestinguna en Bandaríkjamenn fengu þrjá strengi af átta strengjum ef ég kann þetta rétt.

Um síðara atriðið er það að segja að nýbúið er að endurskoða fjarskiptalögin og þau eru í samræmi við samræmd fjarskiptalög innan Evrópska efnahagssvæðisins. Og við erum bundnir af því hér á landi að það rekstrarumhverfi og það olnbogarými sem fjarskiptafyrirtæki hafa sé hið sama og það er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að farið sé yfir alla þætti málsins. En við getum ekki haft ýmist þrengri eða víðari skilgreiningu á því samkeppnisumhverfi sem við búum slíkum fyrirtækjum hér á landi, borið saman við það sem er á Evrópska efnahagssvæðinu, ég tala nú ekki um eftir að endanlegar gerðir liggja fyrir.

Við erum að tala hér ítrekað ekki um sjónvarpsdagskrá heldur endurvarp og ég vil líka bæta því við að í athugun er nú hvernig hægt sé að nálgast hina ýmsu smærri staði á landinu með not af ljósleiðaranum sem er kominn þar upp að bæjarveggnum.

## *Aðgerðir í jafnréttismálum.*

Fsp. GGuðbj, 235. mál. — Þskj. 268.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Árið 1993 var samþykkt þál. um framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna á árunum 1993–1997. Í þeirri áætlun er lögð áhersla á að framkvæma tillögur starfshóps um jafnréttisfræðslu frá árinu 1990, en þar er m.a. stefnt að því að náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi, sbr. lið 9.23.

Þá er í lið 9.25 stefnt að því að í grunn- og framhaldsskólum verði boðið upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

Báðir þessir liðir eru mikilvægir til þess að skólastarf samræmist 10. gr. jafnréttislaganna sem fjallar um jafnrétti í skólastarfi. Við kvennalistakonur höfum flutt till. til þál. til að ýta undir framkvæmd þessara liða, samanber tillögu mína um úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum sem flutt var 1994 á 118. löggjafarþingi, og tillögu Birnu Sigurjónsdóttur og annarra um fræðslu til að búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu með áherslu m.a. á fræðslu um samskipti kynjanna og fjölskylduábyrgð. Hvorug þessara tillagna var samþykkt þrátt fyrir góðar undirtektir umsagnaraðila.

Í greinargerð með fyrrnefndu tillögunni er m.a. fjallað um gátlista Námsgagnastofnunar og rætt um að ekki sé ljóst hvort nokkurt eftirlit sé haft með því að farið sé eftir því sem þar er lagt til né hvort gert hefur verið átak í að endurskoða eldri námsbækur að þessu leyti. Einnig segir í greinargerðinni að ekki sé vitað til að nokkurt eftirlit hafi verið haft með þeim bókum sem kenndar eru í framhaldsskólum að þessu leyti. Þá segir í greinargerðinni að það sé mjög mikilvægt að foreldrar, kennarar og Námsgagnastofnun geti losað sig við bækur sem ekki fullnægja ákvæðum jafnréttislaganna og hvernig hægt sé að koma því við.

Í maí 1996 skilaði félmrh. skýrslu til Alþingis um stöðu jafnréttismála. Þar segir um lið 9.3 að Námsgagnastofnun hafi fengið tilmæli um að allt námsefni væri skoðað með tilliti til jafnréttissjónarmiða og að Námsgagnastofnun hefði þessi tilmæli á gátlista til nýrra höfunda. Ekkert nánar kemur fram um þann lið og um kennslu í fjölskyldufræðum verður ekki séð að nokkuð hafi verið gert. Af þessu tilefni hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvernig hefur framkvæmdin verið á liðum 9.2.3 Námsefni og 9.2.5 Nám í fjölskyldufræðum í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna (1993–97)? Er síðarnefndi liðurinn til umræðu við yfirstandandi endurskoðun á námskrám fyrir grunn- og um framhaldsskóla?

[14:21]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í lið 9.2.3 í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993–1997 segir:

„Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.“

Námsgagnastofnun sér um samningu, útgáfu eða útvegun á nær öllu námsefni fyrir grunnskólastigið. Við samningu og val á námsefni frá öðrum útgefendum og við endurskoðun eldra efnis er farið eftir sérstökum gátlistum til að tryggja lágmarksgæði námsefnis, þar á meðal að þau uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í framkvæmdaáætluninni. Stofnunin gætir þess að koma þessum skilaboðum á framfæri við alla námsefnishöfunda og við endurskoðun á eldra námsefni er jafnréttissjónarmiða einnig gætt.

Á framhaldsskólastigi er ákvörðun um val á námsefni í höndum einstakra skóla og jafnvel einstakra kennara og því erfiðara að tryggja með sama hætti og þegar grunnskólinn á í hlut að jafnréttissjónarmið séu höfð í heiðri við val á námsbókum.

Í lið 9.2.5 í framkvæmdaáætluninni segir að stefnt skuli að því að boðið verði upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

Í maí 1977 skipaði ég fimm manna jafnréttisnefnd sem hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar að gera tillögur varðandi nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem unnið er að á vegum félmrn. og hins vegar er nefndinni ætlað að gera tillögur um stefnumörkun fyrir jafnréttisfræðslu í skólum og fylgjast með framgangi endurskoðunar aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla.

Stefnumiðum í liðum 9.2.5 í framkvæmdaáætluninni hefur verið komið á framfæri við þá sem vinna að endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Forvinnuhópar sem hafa haft það verkefni að gera tillögur um ákveðið námssvið og námsgreinar hafa nú flestir skilað tillögum til

verkefnisstjórnar um endurskoðun aðalnámskrár. Um þessar mundir er unnið að því að samræma þessar tillögur og móta heildarstefnu sem nýta á til grundvallar í lokavinnslu námskránna.

Meðal þeirra tillagna sem komið hafa fram eru hugmyndir um sérstaka námsgrein í grunnskóla sem gengur undir vinnuheitinu lífsleikni og enn fremur er verið að útfæra hugmynd um skylduáfanga í framhaldsskólum svokallaðan ratvísikjarna. Í þessum námsgreinum er hugmyndin að fjalla um almennan undirbúning undir líf og starf og ýmislegt í því sambandi sem ekki er tekið fyrir í öðrum námsgreinum. Þar á meðal er eins konar fjölskyldufræðsla í anda framkvæmdaáætlunarinnar sem á að miða að því að með drengjum og stúlkum sé ræktuð ábyrgðartilfinning fyrir heimili og fjölskyldu og báðum kynjum sé kennt að líta á sig sem fyrirvinnu heimilis.

[14:24]

**Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Því miður verður ekki séð að mjög mikið hafi gerst varðandi námsgagnamálið og því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það er réttur skilningur hjá mér að hann ætli að láta það viðgangast og telji eðlilegt að þessi mál verði algerlega eftirlitslaus á framhaldsskólastiginu þó að lög kveði á um annað og hvort ekki sé neinn vilji fyrir því að gera úttekt á þeim námsbókum sem eru til staðar. Það er ekki nóg að ná bara til þeirra námsbóka sem er verið að semja. Mér sýnist af þessum svörum að ekki veiti af því að endurflytja þá tillögu sem ég flutti áður um að rækileg athugun verði gerð á þessu til þess að það verði tryggt að 10. gr. jafnréttislaganna komist í framkvæmd.

Varðandi nám í fjölskyldufræðum er það fagnaðarefni að verið sé að athuga það í svokölluðum ratvísikjarna að nám á þessum sviðum komist inn í nýju námskrárnar. Að mínu mati er mjög mikilvægt að uppvaxandi kynslóð fræðist um þessi mál, bæði um jafnréttismál og um fjölskyldumál og vonandi erum við hæstv. menntmrh. sammála um mikilvægi þess að þessi sjónarmið komist alla leið í gegn í nýjum námskrám. Vonandi hefur hæstv. ráðherra pólitíska vilja til að 10. gr. jafnréttislaganna komist í framkvæmd, en þar segir m.a.:

„Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað."

[14:26]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Að því er námskrárvinnuna varðar, þá er eins og ég sagði verið að vinna að henni og þar er, bæði á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi, um að ræða námsgreinar eða skylduáfanga sem eiga að taka á þessum málum og ýmsum öðrum sem varða líf barna og fólks almennt í nútímaþjóðfélagi.

Að því er varðar úttekt á námsefni á framhaldsskólastigi, þá er höfð í frammi margvísleg gagnrýni á það námsefni og menn nálgast umræður um það úr mismunandi áttum með jafnréttissjónarmið og einnig önnur viðhorf að leiðarljósi. Ef menn hafa rökstuddar ástæður til gagnrýni og telja að bækur uppfylli ekki þau skilyrði sem þeim ber, þá er sjálfsagt að taka slíkum athugasemdum vel og fara yfir námsefnið með slík sjónarmið í huga. En af hálfu menntmrn. verður ekki farið í úttekt á námsbókum af framhaldsskólastigi, hvorki varðandi jafnréttismál né önnur málefni sem bækurnar fjalla um því að ráðuneytið hefur ekki þann afskiptarétt af bókunum að það geti beinlínis mælt fyrir um efni þeirra en að sjálfsögðu eiga höfundar að taka mið af landslögum og fara að þeim almennu sjónarmiðum sem gilda um námsefni í skólum.

## *Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum.*

Fsp. SJóh, 237. mál. — Þskj. 270.

[14:28]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Þegar litið er til landshátta mundi maður halda að sérlega ákjósanlegt væri að senda sjónvarps- og útvarpsmerki milli Reykjavíkur og Suðurnesja en svo háttar til að stór hluti þessa svæðis er í beinni sjónlínu frá Reykjavík. Því miður er það staðreynd að víða á Suðurnesjum sjást sjónvarpssendingar illa og sendingar útvarps heyrast mjög illa. Þó að maður sjái víða, sé ekið um svæðið, hvert furðuverkið ofan á öðru af loftnetsgrejum sem fólk er búið að kaupa dýru verði og það hafi orðið sér úti um dýra magnara, þá dugir það ekki til. Margir tryggir aðdáendur Ríkissjónvarpsins t.d., sem virðist koma hvað verst út, sérstaklega á ákveðnum blettum sem kallaðir eru manna á milli dauðir blettir eða draugablettir og mætti með sönnu kalla álagabletti, eru orðnir langþreyttir á að stara inn í þokuna meðan Stöð 2 sést mjög vel á sömu svæðum.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lét gera mælingar á sjónvarps- og útvarpsmerkjum dagana 16. og 17. október sl. Niðurstöður þessara mælinga sýna ótvírætt að víða á Suðurnesjum er styrkur merkjanna í eða undir lágmarki.

Einnig kom fram að truflanir eru frá aðflugsradar inn á örbylgjurásir í nágrenni flugvallarins. Fólk sem verst er sett í þessum efnum er orðið langþreytt á ástandinu og því beini ég spurningu til hæstv. menntmrh. sem er svohljóðandi:

„Hvaða áform hafa stjórnvöld um að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum?"

[14:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Að því er varðar menntmrn. og afskipti þess af málinu er því til að svara að ráðuneytið blandar sér ekki í þessi tæknilegu málefni á vegum Ríkisútvarpsins heldur lætur Ríkisútvarpið sjálft um að taka ákvarðanir á þessu sviði enda er það í bestum samskiptum við viðskiptavini sína og á að fylgjast með því hvernig það þjónar hagsmunum þeirra. Útvarpinu ber að sjálfsögðu að halda þannig á málum að menn geti notið þeirrar þjónustu sem það hefur að bjóða sé það tæknilega mögulegt. En það svar sem ég les er fengið frá Ríkisútvarpinu og mun ég nú fara með það mál sem Ríkisútvarpið vill að komi fram sem svar við fyrirspurninni.

Sérstök tímasett áform um aðgerðir vegna móttökuskilyrða útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum eru ekki uppi að því er tekur til Ríkisútvarpsins. Það sem hér fer á eftir um stöðu málsins er byggt á upplýsingum frá Ríkisútvarpinu.

Sendir sjónvarpsins á Vatnsendahæð þjónar höfuðborgarsvæðinu og öðrum byggðum bólum sem hann dregur til.

Auk þess eru minni endurvarpar notaðir til uppfyllingar innan meginþjónustusvæðis hans. Á Reykjanesi eru slíkir uppfyllingasendar á Þorbirni við Grindavík, í Sandgerði og við Vogastapa. Útgeisluðu afli Vatnsendasendisins er dreift í nokkrar meginstefnur. Helmingur aflsins fer í breiðan geisla í átt til alls sunnanverðs Snæfellsness. Þessi geisli þjónar einnig Kjalarnesi, Akranesi og upphaflega einnig Mýrum og allt til Stykkishólms. Fjórðungur aflsins fer í breiðan geisla til austurs sem nær austur fyrir fjall og suðaustur sem þjónaði í upphafi sem aðalflutningsleið til Vestmannaeyja en er nú varaleið þangað. Þá fer einn áttundi hluti aflsins í norðaustur og annar áttundi hluti í vestsuðvestur til Reykjaness.

Þegar Stöð 2 og síðar Sýn hóf útsendingar einnig frá Vatnsendahæð voru önnur sjónarmið uppi um dreifingu. Höfuðgeislar þeirra eru tveir. Helmingur aflsins er í norðnorðvestur og helmingur í vestsuðvestur í átt til Reykjaness. Afleiðing af þessu ólíka dreifingarmynstri Sjónvarpsins, Stöðvar 2 og Sýnar er sú að stöðvarnar skiptast á að hafa vinninginn í mismunandi áttir. Hvað varðar Reykjanes sérstaklega hefur geisli sjónvarpsins þangað verið veikari frá upphafi en þó talinn nægilega sterkur.

Viðmiðunarreglur um sjónvarpsdreifingu tilgreina ákveðið lágmark fyrir meðalsviðsstyrk útsendingar í 10 metra hæð yfir jörð. Náist þessi styrkur í 10 metra hæð í 50% tilvika er talið að dreifing sé viðunandi til þeirrar byggðar sem á svæðinu er sem þýðir að einhver breytileiki í styrk getur verið fyrir hendi. Síðan fer það eftir mannvirkjum hvernig sendingar skila sér á einstaka staði. Íbúar verða síðan með hliðsjón af þessum breytileika að koma sér upp mismiklum loftnetsbúnaði til að ná viðunandi sendingum eftir aðstæðum á hverjum stað.

Fyrirliggjandi eru mælingar frá Pósti og síma og einnig hafa verið skoðaðar mælingar sem Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum létu gera nýlega. Þrátt fyrir ólíkar mæliaðferðir virðist almennt mega draga svipaðar niðurstöður af mælingunum miðað við ofangreindar viðmiðunarreglur, sem sé þær að viðtökustyrkur sjónvarpsins á Suðurnesjum sé um viðmiðunarmörk þar sem hann er lakastur en annars staðar yfir viðmiðunarmörkum. Þeir FM-sendar Ríkisútvarpsins er þjóna Suðurnesjum fyrst og fremst eru á Skálafelli, Vatnsenda og Þorbirni. Ekki verður annað séð af mælingum en þessir sendar nái viðmiðunarstyrk víðast hvar en þó einna síst í Sandgerði.

Breytingar á dreifingu aðalsendis sjónvarpsins á Vatnsendahæð með það að markmiði að bæta dreifingu út á Reykjanes er möguleg en það yrði vandasöm aðgerð sem þyrfti að undirbúa mjög vandlega til að halda röskun í lágmarki á svæði þar sem helmingur þjóðarinnar býr. Það er reynsla fyrir því frá fámennari svæðum að breyting á útsendingarmynstri bætir móttöku hjá sumum en gerir hana lakari hjá öðrum. Við forgangsröðun verkefna hjá Ríkisútvarpinu hefur möguleikinn á þessu verið ræddur en ekki tekin ákvörðun að svo komnu.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin þó að þau hafi út af fyrir sig valdið mér vonbrigðum að ekki skuli vera nein áform uppi að bæta stöðu þessara mála á Suðurnesjum sem eru vissulega mjög slæm. Ég er ein af þeim sem búa á þessum svokölluðu dauðu blettum og hef af þessu persónulega reynslu. Það er vægast sagt mjög þreytandi að geta aldrei við viðunandi skilyrði fylgst með því sem fram fer í sjónvarpinu.

Ályktun um málefni ljósvakamiðlanna var samþykkt á aðalfundi SSS 1. nóvember og í ályktuninni er þess krafist af ljósvakamiðlum að þeir komi styrk og gæðum útsendinga sinna í það horf að Suðurnesjamenn fái notið þeirra með viðunandi hætti. Einnig er þar skorað á sjónvarpsstöðvarnar að haga uppsetningu, tíðnisviðum og staðsetningu á endurvörpum þannig að notendur geti komist af með einn einfaldan búnað til að ná sendingum í stað þess að hrúga loftnetsbúnaði á hús með tilheyrandi sjónmengun og kostnaði.

Við sem búum við þessi sjónvarpsskilyrði væntum úrbóta áður en við verðum of dapureyg af að stara inn í þokuna á sjónvarpsskjánum til að reyna að sjá þær útsendingar sem allir Íslendingar verða að greiða fyrir og er einnig að margra dómi það besta sjónvarpsefni sem hér er á boðstólum.

[14:36]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárveitingar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 86. mál, svar landbrh., þskj. 316.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 124. mál, svar viðskrh., þskj. 306.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 122. mál, svar viðskrh., þskj. 304.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 125. mál, svar iðnrh., þskj. 307.

Rekstrarhagræðing, 123. mál, svar viðskrh., þskj. 305.

Rekstrarhagræðing, 126. mál, svar iðnrh., þskj. 308.

Fundi slitið kl. 14:37.

---

## 24. FUNDUR

miðvikudaginn 12. nóv.,
að loknum 23. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Orka fallvatna, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Jarðhitaréttindi, frv., 56. mál, þskj. 56. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, þáltill., 53. mál, þskj. 53. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Þingsköp Alþingis, frv., 69. mál, þskj. 69. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 74. mál, þskj. 74. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 82. mál, þskj. 82. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Sveitarstjórnarlög, frv., 84. mál, þskj. 84. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 85. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 100. mál, þskj. 100. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Þingsköp Alþingis, frv., 101. mál, þskj. 101. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, þáltill., 109. mál, þskj. 109. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Úrbætur á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, þáltill., 241. mál, þskj. 280. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 12. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

***Þingvallaurriðinn, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÖS o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, frh. fyrri umr.***

Þáltill. EKG o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. JóhS o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Orka fallvatna, frh. 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 50. mál. — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG, 53. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Lífsiðfræðiráð, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG, 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 69. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG o.fl., 74. mál. — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. KHG, 77. mál (sala aflaheimildar). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Umboðsmaður jafnréttismála, frh. 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 82. mál. — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 84. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 85. mál (tannviðgerðir). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Tilraunaveiðar á ref og mink, frh. fyrri umr.***

Þáltill. EKG o.fl., 95. mál. — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Aukatekjur ríkissjóðs, frh. fyrri umr.***

Þáltill. EKG o.fl., 100. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.***

Frv. KH o.fl., 101. mál (mat á stöðu kynjanna). — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SvanJ o.fl., 109. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Úrbætur á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. IS, 241. mál. — Þskj. 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:50.

# 25. FUNDUR

fimmtudaginn 13. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Staða eldri borgara hérlendis og erlendis, beiðni um skýrslu, 255. mál, þskj. 312. *Hvort leyfð skuli.*
2. Launaþróun hjá ríkinu, beiðni um skýrslu, 257. mál, þskj. 314. *Hvort leyfð skuli.*
3. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1996.
4. Sveitarstjórnarlög, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
5. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, þáltill., 206. mál, þskj. 215. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Lárusson, 5. þm. Suðurl.,
Guðrún Helgadóttir, 12. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

[10:32]

**Útbýting þingskjals:**

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 127. mál, svar iðnrh., þskj. 309.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli forsætisráðherra um ráðstefnuna í Kyoto.

[10:33]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það gerðust allmikil tíðindi í gær. Við heyrðum í fréttum íslenskra fjölmiðla orð hæstv. forsrh. varðandi þær samningaviðræður sem lengi hefur verið unnið að á alþjóðavettvangi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og gera um það skuldbindandi samkomulag helst fyrir lok þessa árs á ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hæstv. forsrh. lét þar koma fram, og við lesum í Morgunblaðinu í dag auk þess frásagnir af ræðu hans í Ósló alveg nýlega, að óvissa ríkti um það hvort Íslendingar yrðu aðilar að ályktunum um þessi efni eins og horfði efnislega um þann samningstexta sem er í mótun vegna ráðstefnunnar í Kyoto í næsta mánuði. Þetta eru stór tíðindi og ég verð að segja afar slæm tíðindi og ég brást við þessu með því að óska eftir því við forseta þingsins að við fengjum aðstöðu til að ræða þetta þó í stuttu formi væri utan dagskrár á Alþingi Íslendinga í dag. Það urðu mér veruleg vonbrigði þegar forseti tjáði mér að hæstv. forsrh. gæfi ekki kost á þessum umræðum eða þátttöku í umræðum um þetta efni utan dagskrár á Alþingi.

Ég verð að segja að mér finnst ekki vera sæmandi fyrir ríkisstjórn landsins að halda þannig á afdrifaríkustu málum að við fáum fregnir frá útlöndum um kúvendingu ef túlka má orð hæstv. forsrh. þannig, a.m.k. ef það yrði niðurstaðan að Ísland skæri sig úr í sambandi við væntanlega samninga um þessi efni á sérforsendum sínum. (Forseti hringir.) Ég harma þetta og legg áherslu á það að þingið fái aðstöðu til þess að ræða þessi mál hér og nú.

[10:36]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Á mánudaginn kemur verður til umræðu skýrsla um framgang þeirra viðræðna sem er undanfari ráðstefnunnar í Kyoto sem umhvrh. mun ræða og fylgja úr hlaði og mér finnst sjálfsagt að ég taki þátt í þeim umræðum og mun auðvitað gera það. Ég hygg að ummæli mín og ummæli hæstv. utanrrh., sem birt voru í Morgunblaðinu á þriðjudag, séu mjög áþekk og þurfi ekki að koma neinum á óvart. Ég tel hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að fara ítarlega yfir þau mál með hv. þm. á mánudaginn kemur þegar þessi mál verða til ítarlegrar umræðu. Það var ekki af neinni meinbægni af minni hálfu sem þessi afstaða var tekin.

[10:37]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í framhaldi af orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar vil ég taka fram að mér finnst þetta eðlileg ósk sem þingmaðurinn ber fram þegar koma fram fréttir sem er fullt tilefni til að taka til umræðu utan dagskrár.

Hæstv. forsrh. hefur hins vegar upplýst að málið verði rætt á mánudaginn kemur. Það breytir hins vegar ekki því að eðli utandagskrárumræðu er slíkt og réttur í þingsköpum er tryggður með þeim hætti eins og hv. þingmenn vita að hægt er að taka brýnt mál hér upp með stuttum fyrirvara. Mér hefði fundist, herra forseti, eðlilegt að það hefði verið gert. Við slíkar aðstæður hefur forseti þingsins oft og tíðum leitað samráðs við þingflokka varðandi mat á þeirri stöðu. Hæstv. forseti hefur ekki gert það í þessu tilviki, a.m.k. ekki gagnvart þingflokki jafnaðarmanna. Mér finnst þau vinnubrögð ekki góð í þessu tilviki vegna þess að þetta er álitamál og ég hefði stutt það að þetta mál hefði verið tekið upp utan dagskrár en hlýtt vitaskuld á þær röksemdir sem hæstv. forsrh. færði fram. Mér finnst málið ekki hafa borið hér að með þeim hætti sem hefði verið eðlilegt með tilliti til þess eins og hér var lýst í upphafi.

[10:39]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek skýrt fram að ekki er við hæstv. forseta þingsins að sakast að málið kemur ekki fyrir utan dagskrár. Það er alveg ljóst að forseti hafði lítið ráðrúm til að ræða þessi mál við forustumenn þingflokka þótt út af fyrir sig sjálfsagt sé og eðlilegt að það sé gert að jafnaði. Þetta bar að í fréttum í gærkvöldi og við lesum það auk þess í Morgunblaðinu í morgun.

Hér er um það að ræða, virðulegur forseti, ekki aðeins að hér sé af hálfu hæstv. forsrh. boðuð hugsanleg kúvending í afstöðu Íslendinga heldur er hér gengið yfir, leyfi ég mér að segja, hæstv. umhvrh. sem hefur tekið fullan þátt og einarðlega í samningaviðræðunum. Hann hefur ritað um það opinberlega og skilaði nýlega skýrslu til þingsins sem ekki verður tekin öðruvísi en svo að Íslendingar ætli sér að vera fullgildir þátttakendur í samningaviðræðunum og taka þátt í þeim ef viðunandi málalmiðlun næst í Kyoto um þessi efni og megingrunnurinn hefur verið ljós nú lengi. En það er jafnljóst að af hálfu einstakra ráðherra í ríkisstjórninni, þar á meðal af hálfu formanns Framsfl., hæstv. utanrrh., og af hálfu hæstv. iðnrh. hefur verið boðuð allt önnur stefna í þessum málum en af hálfu hæstv. umhvrh. Það er greinilegt

að meiri hluti í ríkisstjórn stefnir að því leynt og ljóst að ráðstafa orkulindum Íslendinga í stóriðju hið fyrsta, eins skjótt og erlendir fjárfestar kjósa. Þessi öfl ganga gegn grundvallarhagsmunum í sambandi við umhverfismál í heiminum og ég leyfi mér líka að segja að gangi gegn hagsmunum Íslands til lengri tíma litið. Málið er því mjög alvarlegt.

[10:41]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég ætla að forðast að ræða málið efnislega sem hv. þm. vakti athygli á, en þó vil ég aðeins ítreka þá setningu sem hraut af vörum hans í ræðustólnum. Hann sagði nefnilega að það hefði verið stefna ríkisstjórnarinnar að staðfesta þannig niðurstöðuna ef viðunandi málamiðlun næst og það er nákvæmlega það sem ég hef verið að lýsa og hæstv. utanrrh. Ef viðunandi málamiðlun næst, eins og hv. þm. sagði.

En þetta fáum við tóm til þess að ræða á mánudaginn kemur.

## *Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1996.*

[10:42]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ársskýrslu Byggðastofnunar hefur verið dreift til þingmanna og lögum samkvæmt skal hún tekin til umræðu í þinginu. Ég vil í fyrstu gera grein fyrir helstu niðurstöðum í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1996 áður en ég vík að málefnum landsbyggðarinnar almennt.

Efnahagur flestra fyrirtækja á landsbyggðinni batnaði á árinu 1996 og endurspeglast það í afkomu Byggðastofnunar. Stofnunin skilaði 127 millj. kr. hagnaði sem skýrist fyrst og fremst af því að hægt var að lækka framlag til afskriftareiknings útlána.

Eigið fé stofnunarinnar var í árslok 1996 1 milljarður 170 millj. kr. eða 13 millj. kr. hærra en það var 1992 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Það ár, þ.e. árið 1992, var stofnuninni sett reglugerð þar sem henni var gert að viðhalda verðgildi eigin fjár og hefur það markmið náðst. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þessum árangri sem ég tel að sé mikilvægur og feli í sér mikla breytingu frá fyrri tímum. Það aðhald sem fólst í reglugerðinni hefur verið til góðs.

Ráðstöfunarfé stofnunarinnar á hverju ári er eigið aflafé, þ.e. tekjur af útlánastarfsemi og þjónustu auk framlags úr ríkissjóði. Almenn framlög ríkissjóðs hafa verið um 200 millj. kr. á ári síðustu ár en stuðningur stofnunarinnar við atvinnuráðgjöf hefur á síðustu árum farið stigvaxandi. Stofnunin hefur einnig fengið framlög á fjárlögum til sérstakra verkefna. Árið 1996 fékk stofnunin 128,5 millj. kr. vegna Vestfjarðaaðstoðar og 61 millj. vegna viðauka II við búvörusamning frá árinu 1991.

Byggðastofnun lánaði 1.600 millj. kr. á árinu 1996 og var það meira en verið hefur allra síðustu ár. Heildarútlán uxu í fyrsta sinn í langan tíma um 300 millj. kr. og voru 7.600 millj. í árslok. Skil á lánum hafa ekki verið betri í annan tíma og námu vanskil aðeins 4,4% um áramót. Tveir þriðju af lánveitingum eru vegna sjávarútvegs.

Eftir breytingar Alþingis á lögum um stjórn fiskveiða árið 1995 sem dró úr óvissu um aflaheimildir smábáta var tekinn upp nýr lánaflokkur fyrir smábátaeigendur sem mæltist vel fyrir. Smábátar höfðu ekki áður haft aðgang að langtímalánum með veði í bátunum. Segja má að ástæða aukinna útlána á árinu sé einmitt þessi lán sem námu samtals á fjórða hundrað millj.

Stofnunin leggur í afskriftasjóð vegna hverrar lánveitingar og í raun ræðst útlánageta stofnunarinnar á hverjum tíma að miklu leyti af því hver staða afskriftasjóðsins er. Góð afkoma atvinnuveganna á árinu gerði stofnuninni kleift að endurmeta til lækkunar eldri framlög í sjóðinn.

Á árinu var unnið mikið nýsköpunarstarf á landsbyggðinni með tilstyrk Byggðastofnunar. Þar ber hæst starf atvinnuráðgjafa sem nutu stuðnings frá stofnuninni. Stofnunin gerði þriggja ára samning um bætt atvinnuþróunarstarf í þremur kjördæmum árið 1996. Hver samningur kostaði stofnunina um 8,7 millj. kr. Gerðir hafa verið sams konar samningar í öðrum kjördæmum á árinu 1997.

Að venju tók Byggðastofnun að sér ýmis mál að beiðni ráðuneyta og Alþingis. Stofnunin annaðist m.a. úthlutun á 500 tonna þorskaflahámarki til þeirra staða sem byggja afkomu sína á útgerð krókabáta. Fyrstu svæðisbundnu byggðaáætlun var lokið á árinu. Hún náði yfir miðfirði Austurlands eða Norðfjörð, Eskifjörð og Reyðarfjörð. Unnið var af krafti við fleiri áætlanir og það sem er af þessu ári hefur ein áætlun verið endanlega afgreidd frá stofnuninni, tvær bíða lokaathugasemda sveitarstjórna og unnið er að þremur öðrum. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu og hefur verið stjórnvöldum á ýmsum sviðum til ráðuneytis.

Á undanförnum árum hefur verið stöðugur straumur fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Vöxtur atvinnu og þjónustu þar hefur veitt viðnám gegn flutningi fólks til útlanda jafnvel á þeim tímum þegar atvinnuleysi var að aukast og illa áraði í þjóðarbúinu. Þær vísbendingar sem gefnar hafa verið um þróunina innan lands það sem af er þessu ári gefur því miður ekki tilefni til bjartsýni því enn heldur þessi stríði straumur áfram.

Ríkisstjórnin hefur nýlega rætt um fækkun fólks sem átt hefur sér stað undanfarin ár á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Þessi þróun er váleg fyrir margra hluta sakir, ekki síst vegna þess að hallað hefur undan fæti í byggðarlögum þar sem áður ríkti stöðugleiki. Dæmin sýna að það getur reynst erfitt að veita fólksfækkuninni viðnám eftir að hún hefst af einhverjum þunga og fólk er líklegra til að yfirgefa byggðarlög þegar það gefur upp von um að þau vaxi og að hagstæðari skilyrði skapist fyrir þjónustugreinar og fleira sem telst eftirsóknarvert.

Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á fólksfækkun á landsbyggðinni. Lengi vel var fækkunin einkum skýrð með skírskotun til ástands í atvinnumálum í einstökum byggðarlögum og óöryggis hvað varðar afkomumöguleika fólks. En það er öllum ljóst að slíkar skýringar eru ekki einhlítar. Fækkunin undanfarið hefur ekki síður verið í byggðarlögum þar sem átvinnuástand er traust og afkoma fólks með því sem best gerist í landinu ef litið er til meðallauna.

Þá hafa komið fram margs konar skýringar þar sem því hefur verið haldið fram að opinber þjónusta sé ekki sem skyldi og að fólk flytji brott af þeim ástæðum. Þær skýringar eru ekki heldur sérlega trúverðugar, enda sýna nýlegar kannanir að fólk á landsbyggðinni er víða mjög ánægt með opinbera þjónustu en samt fækkar. Viðbrögð stjórnvalda við fólksfækkuninni hefur oft dregið dám af þeim skýringum sem ég hef hér nefnt. Stuðningsaðgerðir við atvinnulíf og fyrirtæki voru áberandi um langt skeið og opinber þjónusta

á landsbyggðinni hefur víðast hvar verið aukin og bætt miðað við það sem áður var. Það hefur víða þýtt að framboð atvinnutækifæra hefur þar orðið fjölbreytilegra.

Ólíkt því sem margir hafa vænst hefur betra árferði í efnahagsmálum undanfarið og bætt staða sjávarútvegs ekki orðið til að draga úr fólksflutningum af landsbyggðinni og síðustu tölur um fólksflutninga benda til þess að sá árangur sem þarna hefur náðst muni ekki hafa afgerandi áhrif til hins betra. Þessar tölur benda raunar í þveröfuga átt, þ.e. að betra ástand á atvinnumarkaði auðveldi fólki flutninga.

Orsakir brottflutnings fólks af landsbyggðinni eru flóknar og enginn hægðarleikur að snúa honum við. Rannsóknir á orsökum búferlaflutninga benda til þess að þær séu margar og hnígi flestar að því að fólk sæki eftir því sem kalla mætti nútímalega lífshætti þar sem saman fara fjölbreytt úrval starfstækifæra, menntunar, menningarlífs og afþreyingar. Í því fámenni sem við búum við hefur engu svæði nema höfuðborgarsvæðinu og e.t.v. Eyjafjarðarsvæðinu tekist að uppfylla með fullnægjandi hætti þessi skilyrði. Við þessar aðstæður verða stjórnvöld að horfast í augu við að þær aðferðir sem við höfum beitt til þessa til að reyna að viðhalda jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir óæskilega miklar og hraðar breytingar á byggðamynstrinu hafa ekki gert það gagn sem við vonuðumst til. Við verðum líka að horfast í augu við að möguleikar stjórnvalda til að ákvarða eða hafa stjórn á fólksflutningum eru næsta takmarkaðir og það eru takmörk fyrir því hve langt rétt er að ganga til að hamla gegn því að fólk færi sig úr stað sé það á annað borð ósk þess.

Stefna þessarar ríkisstjórnar og þeirrar síðustu hefur verið að leitast við að efla þau svæði landsbyggðarinnar sem risið geta undir óskum fólks um fjölbreytilega þjónustu og framboð atvinnutækifæra. Þeirri stefnumörkun hefur m.a. verið fylgt eftir með uppbyggingu opinberrar þjónustu og framkvæmda í samgöngumálum. Má m.a. vísa til uppbyggingar á háskólastigi á Akureyri og samgöngubóta á norðanverðum Vestfjörðum í þessu sambandi. Sama máli gegnir um staðsetningu nýrrar stóriðju á Austurlandi sem ríkisstjórnin er fyrir sitt leyti reiðubúin að stuðla að.

Í bréfi til Byggðastofnunar sem dags. er 15. ágúst sl. óskaði ég eftir því að stofnunin hæfi vinnu við gerð stefnumótandi áætlunar í byggðamálum til fjögurra ára í samræmi við lög og reglugerð sem um stofnunina gilda. Byggðastofnun vinnur nú að undirbúningi þeirrar áætlunar sem brátt mun verða lögð fyrir Alþingi í formi þáltill. og þá um leið mun þinginu gefast kostur á að ræða byggðamál og þau vandamál sem ég hef verið að reifa í þaula hér á þingstaðnum. Jafnframt verða áherslur ríkisstjórnarinnar í byggðamálum kynntar og stofnuninni falið sérstaklega að fjalla um eftirtalin atriði:

1. Þess var farið á leit að stofnunin fjalli um hvernig hún hyggst halda áfram stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og skulu sett fram skýr markmið í því sambandi.

2. Stofnunin geri tillögu um hvernig ríkisvaldið geti stuðlað að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni og hvaða markmið séu raunhæf og æskileg í því sambandi.

3. Fjallað verði um hvernig stofnunin hyggst halda áfram að vinna að gerð svæðisbundinna byggðaáætlana og lögð á það áhersla að þau svæði sem um er fjallað hverju sinni nái ákveðinni lágmarksstærð. Jafnframt er tekið fram að rétt sé að vilji sveitarstjórna til samstarfs þeirra á milli ráði um afmörkun þessara svæða.

4. Fjallað verði um það með hvaða hætti Byggðastofnun geti haft milligöngu um að veita sveitarstjórnum upplýsingar um áform ríkisvaldsins varðandi uppbyggingu og skipulagningu opinberrar þjónustu í einstökum málaflokkum er nýtist þeim við þeirra eigin áætlunargerð.

5. Fjallað verði um framhald á verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga og helstu möguleika og markmið í því sambandi.

6. Fjallað verði um hvaða ráðstafanir ríkisvaldið geti gert til að bregðast við búsetuvanda á svokölluðum jaðarsvæðum.

7. Fjallað verði um byggðastuðning stjórnvalda og hvort þar sé aukinnar samræmingar þörf og hvernig best sé að nýta það fé sem varið er til að styðja búsetu og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ég vænti þess að tillögur Byggðastofnunar geti orðið ágætur grundvöllur fyrir umræðu um byggðavandann og sér í lagi fólksfækkun á landsbyggðinni. Mér er hins vegar ekki launung á því að ég tel nauðsynlegt að fram fari heildstætt mat á þeim aðferðum sem beitt hefur verið í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir breytingar á byggð landsins sem allir eiga að geta sammælst um að séu óæskilegar.

Aðstæður í íslensku þjóðfélagi hafa breyst mikið síðan núgildandi lög um Byggðastofnun voru sett. Ég sagði í umræðum um ársskýrslu Byggðastofnunar hér á Alþingi á sl. ári að þörf á sérlánveitingum á borð við þær sem Byggðastofnun hefur staðið fyrir væri ekki sú hin sama nú og áður. Samkeppni um eignarhald fyrirtækja er orðin virkari á síðustu árum og dregið hefur úr þörfinni á því að opinberir aðilar grípi inn í þegar á bjátar í rekstri einstakra fyrirtækja.

Íslenskur fjármálamarkaður hefur einnig breyst. Með eflingu hlutabréfamarkaðar orkar meira að segja tvímælis og meira tvímælis en áður að opinberir aðilar stundi áhættusama lánastarfsemi þar sem komið hefur fyrir að lán séu afskrifuð jafnharðan og þau eru veitt. Það er ljóst að lánveitingar stofnunarinnar skarast að nokkru leyti við starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem tekur til starfa um næstu áramót. Ég tel því að það komi til álita að hætta alfarið lánveitingum á vegum Byggðastofnunar um leið og starfsskipulag og hlutverk stofnunarinnar verði endurskoðað.

Það er um leið full ástæða til að líta til þess sem vel hefur gefist í starfi Byggðastofnunar og sjaldnar vekur athygli fjölmiðla og annarra sem óvægilega hafa gagnrýnt hana á opinberum vettvangi. Ég nefni þar sérstaklega stuðning við atvinnuþróunarstarfsemi sem stofnunin hefur lagt æ ríkari áherslu á og raunar er það svo að sú starfsemi hefur tekið til sín vaxandi skerf af útgjöldum hennar. Þessi starfsemi hefur í mörgum tilvikum gefist mjög vel og skilað áþreifanlegum árangri um leið og hún hefur ýtt undir jákvæðari hætti í samskiptum ríkisins við þau félög sem standa að atvinnuþróunarstarfseminni á landsbyggðinni. Heimaaðilar hafa í seinni tíð komið að þessu starfi með beinum hætti og þar hefur á undanförnum árum gætt meira og öflugra frumkvæðis í héraði en þekkst hefur. Allt er þetta mjög góðs viti.

Annað sem ég vil nefna jákvætt við starf Byggðastofnunar er gerð svæðisbundinna byggðaáætlana, ekki vegna þess að þessar áætlanir hafi einhver úrslitaáhrif í sjálfu sér, heldur vegna þess að við gerð þeirra hafa fulltrúar ríkisvaldsins og sveitarfélaganna hugað gaumgæfilega að stöðu þeirra og framtíðarmöguleikum. Sú umræða sem þessu hefur fylgt hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að viðkomandi sveitarfélög hafa hugað að nánara samstarfi sín á milli og

þar gætir víða bjartsýni og framsækni. Heimamenn þurfa að taka á sig ábyrgð á fleiri sviðum opinberrar þjónustu með því að þeir takist á hendur aukinn hluta hennar. Til þess að svo megi verða þurfa sveitarfélög að vera sterkari eining en þau nú eru. Það er góðs viti í þessum efnum að ef öll þau áform um sameiningu sveitarfélaga, þar sem nú standa fyrir dyrum kosningar eða umræður um sameiningu, ná fram að ganga, hefur sveitarfélögum í landinu fækkað um helming á örfáum árum.

Herra forseti. Stjórnvöld hafa því miður takmarkaða möguleika til þess að hafa umtalsverð áhrif á búsetuþróunina. Aðgerðir í atvinnumálum einar og sér eru ekki fullnægjandi þótt vissulega sé traustur atvinnurekstur grundvöllur fyrir annarri starfsemi. Sá atvinnurekstur sem vex á landsbyggðinni þarf að vera eftirsóknarverður fyrir fólk með mikla og fjölbreytta menntun ef efling hans á að leiða til þess að ungt fólk velji sér þar stað til að búa. Það hefur sýnt sig að fjárfesting og blómlegur rekstur hinna hefðbundnu atvinnugreina landsbyggðarinnar dregur ekki úr brottflutningi og víða hefur reynst erfitt að manna atvinnustarfsemi í sjávarútvegi.

Stjórnvöld þurfa jafnframt að sjá til þess að íbúar hljóti bestu þjónustu sem hægt er að veita og gera það eftir megni. Huga þarf vel að því hvort hægt er að bæta þjónustustig enn með aðstoð nýjustu tækni þannig að sem allra flestir fái notið.

Málefni landsbyggðarinnar og byggðaþróun munu á ný koma til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar á næstu vikum og mun ríkisstjórnin þá ræða með hvaða hætti stjórnvöld geti sett sér skynsamleg og raunhæf markmið varðandi flutninga fólks af landsbyggðinni og hvaða tækjum og aðferðum hægt er að beita til að ná þeim markmiðum.

[10:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þegar ársskýrsla Byggðastofnunar var rædd á síðasta þingi blandaðist mikið inn í þá umræðu nýleg stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnun. Umræðunni um ársskýrslu Byggðastofnunar var frestað á síðasta þingi og lauk ekki og því var stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnuninni ekki heldur útrædd. Ég mun því gera hana að umræðuefni hér enda er stjórnsýsluúttektarinnar sérstaklega getið í ársskýrslunni fyrir 1996 sem við ræðum hér.

Ég vil ítreka þá skoðun mína að skýrsla Ríkisendurskoðunar er mikil áfellisdómur á Byggðastofnun sem kallar á breytt vinnubrögð og að verkefni og hlutverk Byggðastofnunar verði endurskoðuð frá grunni. Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. forsrh. áðan að til álita komi að hætta lánveitingum á vegum Byggðastofnunar.

Mín skoðun er sú að leggja eigi Byggðastofnun niður í núverandi mynd. Byggðastofnun á ekki að vera lánastofnun í þeirri mynd sem hún er nú heldur á hún fyrst og fremst að sinna því að gera áætlanir um þjóðfélagslega hagkvæma þróun byggðar og einstakra landshluta og vera ráðgefandi aðili í því efni. Þar á að vera í forgrunni að stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu sem er ekki síst hagsmunamál landsbyggðarinnar.

Stjórn Byggðastofnunar á líka að leggja af, enda gengur það gegn þeirri aðgreiningu sem á að vera á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þingmenn sitji í stjórn hennar. Einnig á að leggja af lánafyrirgreiðslu Byggðastofnunar en styrkveitingar til þróunarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífinu ásamt áætlunargerð og svæðisáætlunum um þróun byggðar ætti að vera verkefni hennar en fyrirkomulag styrkveitinga, sem nú eru um 100–200 millj. á ári, gæti verið þannig að fjárln. fengi þær til umsagnar eða staðfestingar. Það er ekki einungis að lánafyrirgreiðslan hafi verið mikil og mikið tapast af útistandandi kröfum heldur hefur rekstrarkostnaður stofnunarinnar verið mjög hár, tæplega 24% af heildarkostnaði við Byggðastofnun, eða að meðaltali 150 millj. kr. á ári síðustu tíu árin. Bara að reka lánastarfsemina kostar um 68 millj., eða nálægt 50% af rekstrarkostnaði stofnunarinnar, sem er vissulega eitt og sér rök fyrir því að Byggðastofnun eigi að hætta lánveitingu.

Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. við þessa umræðu hvað hafi verið gert til þess að hrinda í framkvæmd tillögum Ríkisendurskoðunar eða hvort í undirbúningi sé eitthvað í þá veru að framkvæma þær tillögur sem Ríkisendurskoðun lagði til og fram komu í skýrslu hennar um Byggðastofnun.

Ég tel að stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar staðfesti að við erum og höfum verið á rangri braut varðandi lánastarfsemi Byggðastofnunar. Eða hvað segja okkur þær staðreyndir að af 17–18 milljarða lánum á 10 ára tímabili hafi verið afskrifaðir 3,8 milljarðar, eða 23% af heildarfjárveitingum stofnunarinnar, og í sumum atvinnugreinum eins og fiskeldi hafi nánast allt verið afskrifað, eða 93%?

Enn verri er niðurstaðan þegar litið er til hlutafjárkaupa Byggðastofnunar, en afskrifa varð hlutabréf hjá 38 fyrirtækjum af þeim 44 sem Byggðastofnun tók þátt í. Af 443 millj. kr. sem lagt var í hlutafé voru afskrifaðar rúmlega 270 millj. kr., eða 61% af hlutafjárkaupum stofnunarinnar.

Áhyggjur hæstv. forsrh. vegna fólksflótta af landsbyggðinni er vissulega hægt að taka undir. En það segir líka allt sem segja þarf að þessum miklu fjármunum hefur ekki verið skynsamlega varið enda var það ein af mörgum gagnrýnisatriðum Ríkisendurskoðunar að Byggðastofnun hafi ekki markað skýra stefnu um það hvar eigi að styrkja byggð í landinu. Alla grunnvinnu vantaði til þess að hægt væri að marka þá stefnu því lán eða annar stuðningur átti að vera í samræmi við byggðaáætlanir, sem gera átti á grundvelli laga um Byggðastofnun, sem fyrst eru að sjá dagsins ljós nú samkvæmt þessari ársskýrslu Byggðastofnunar sem við ræðum hér. Þar kemur fram að aðeins einni svæðisbundinni byggðaáætlun sé lokið sem nær yfir Neskaupstað, Eskifjörð og Reyðarfjörð. Því hefur ekki verið svarað á hverju 17–18 milljarða lán eða styrkveitingar á umliðnum árum hafa verið byggðar eða hvað lá þar að baki og svo virðist vera að lánað hafi verið án nokkurrar fyrirhyggju um hvað best væri fyrir byggðaþróun í landinu til að koma í veg fyrir þá byggðaröskun og fólksflótta sem við stöndum frammi fyrir. Ég minni þar á gagnrýni Ríkisendurskoðunar þar sem því er haldið fram að ætla megi að skort hafi á vilja stjórnarinnar til að láta stofnunina gera áætlun um þróun byggðar og atvinnulífs sem stofnunin á þó að gera samkvæmt lögum. Maður veltir fyrir sér hvort það er til þess að stjórnin hafi frjálsari hendur til að ráðskast með hvert lán- og styrkveitingar renna án þess að markmið og stefna laganna sé höfð að leiðarljósi.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. nefndi í máli sínu að von væri á nýrri stefnumarkandi byggðaáætlun til fjögurra ára sem yrði fljótlega lögð fyrir þingið. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. — sem ég veit ekki hvort hlýðir á mál mitt — í þessari stöðu, hverju ályktun sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi árið 1994 hafi skilað. Það er þál. um

stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 1994–1997. Þar kemur ýmislegt fram og maður veltir fyrir sér hverju hún hafi skilað í að treysta og efla byggð í landinu og að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins. Talað er um að gerð verði fjögurra ára áætlanir um hvern þjónustumálaflokk sem verður grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma. Ég spyr sérstaklega um það atriði. Þar kemur einnig fram að forsrh. skipi nefnd til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur. Ýmis fleiri atriði koma þarna fram, t.d. að litið verði á svæðisbundnar áætlanir sem samstarfssamning milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga og stefnt skuli að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst. Ég spyr einkum um það. Nú vitum við um grunnskólann sem kominn er til sveitarfélaga. Í umræðunni eru málefni fatlaðra. En ég spyr um þær tillögur, sem samkvæmt þessari áætlun átti að leggja fyrir Alþingi um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég tel að ekkert eitt mál, engin ein leið, hafi lagt eins mikið fram til þróunar byggða til lengri tíma litið og sameining sveitarfélaga, en þróunin í því máli hefur verið ör á umliðnum árum ekki síst í kjölfar sameiningarátaks sveitarfélaga á árinu 1993. Frá áramótum 1993–1994 til september í ár hafa orðið 14 sameiningar með fækkun sveitarfélaga um 32, og samtals hefur sveitarfélögum fækkað frá 1986 um 58 en í dag eru sveitarfélögin 165. Ef teknar eru með þær sameiningartilraunir sem nú eru í gangi, og þær sem samþykktar hafa verið á þessu ári en ekki staðfestar, og gert ráð fyrir að allar gangi þær eftir og sameiningar takist, verða sveitarfélögin 128 og hefur þá fækkað um 95 á rúmlega 10 ára tímabili. Þetta er gífurlega mikill árangur og ætti að skila sér í því að efla landsbyggðina þó það sé vissulega áhyggjuefni að enn er langt í land að öll sveitarfélögin verði það öflug að þau geti veitt íbúum sínum nauðsynlega þjónustu og verið fær um að taka við auknum verkefnum.

Eitt aðalvandamál margra byggðarlaga er einhæfni atvinnulífsins sem í verulegum mæli má rekja til þess að sveitarfélögin eru of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur ekki síst fram á sviði félagslegrar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaganna kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri eða að fagfólk sé fáanlegt. Í því sambandi er athyglisvert, sem fram kemur í nýlegri skýrslu Aflvaka, að á árunum 1993–1995 hafi 20% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur í ágúst 1996 flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur á tímabilinu. Og þegar litið er til ýmiss konar félagslegrar þjónustu kemur fram að kostnaður á hvern íbúa er fjórum sinnum hærri vegna félagslegrar þjónustu í Reykjavík en í öðrum landshlutum.

Víða um land er ekki að finna fullnægjandi félagslega þjónustu sem fólk hefur þörf fyrir og veldur það því að fólk hefur leitað til höfuðborgarsvæðisins til að fá þörfum sínum mætt. Á þetta ekki síst við um unga fólkið og aldraða sem verða að treysta á ýmsa félagslega þjónustu og verða oft að taka sig upp og flytja í stærri sveitarfélög þar sem þjónustu er að fá. Það er einmitt þetta tvennt, þ.e. einhæfni atvinnulífsins og lítil félagsleg þjónusta í smærri sveitarfélögum, sem leitt hefur til þess að stöðugur straumur fólks hefur verið á umliðnum árum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Til marks um það má nefna að á síðasta áratug fjölgaði Íslendingum um 28 þúsund manns. Þessi fólksfjölgun skilaði sér nær eingöngu til höfuðborgarsvæðisins vegna mikilla fólksflutninga á suðvesturhornið á þessu sama tímabili. Þannig að þrátt fyrir að Íslendingum fjölgaði um 28 þúsund var fjölgunin aðeins um 1.800 manns á landsbyggðinni eða aðeins liðlega 6% af heildarfjölguninni. Þessi þróun virðist halda áfram en samkvæmt skýrslu Aflvaka voru aðfluttir umfram brottflutta til Reykjavíkur á árinu 1995 rúmlega 1.100 manns. Það verður líka að hafa í huga að við þessa fólksflutninga til suðvesturhornsins stöndum við frammi fyrir öðru vandamáli sem verður sífellt áleitnara með síauknum alþjóðasamskiptum og það er að unga fólkið flytji í auknum mæli ekki aðeins frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið heldur munum við eiga í sívaxandi samkeppni við erlendar þjóðir um að halda unga fólkinu hér á landi. Þar spilar menntastefnan stórt hlutverk en sveltistefna ríkisstjórnarinnar í menntamálum er því ekki bara ógn við alla framþróun í landinu og jafnvægi í byggð landsins heldur einnig hemill á þá samkeppni sem við munum í vaxandi mæli eiga í við önnur lönd um að halda unga fólkinu í landinu.

Ég vil einnig gera að umtalsefni atvinnuleysi kvenna sem hefur verið mikið um land allt í tíð þessarar ríkisstjórnar þó atvinnuleysi í heild hafi minnkað og það tengist líka þeirri byggðastefnu sem við viljum sjá. Mikið af þeim sértæku aðgerðum sem gripið hefur verið til á landsbyggðinni tengjast atvinnusköpun sem sniðin er að atvinnuþörfum karla eins og í viðhaldsframkvæmdum og vegagerð. Sú þensla sem verið hefur í efnahags- og atvinnulífinu tengist líka ýmsum stóriðjuframkvæmdum sem eru verkefni sem fremur eru sniðin fyrir karla en konur. Samdráttur hefur aftur á móti verið í ýmsum þjónustustörfum, í heilbrigðisgeiranum, í bankastarfsemi og fleiri greinum sem konur vinna frekar en karlar. Ég nefni sem dæmi að atvinnuleysi kvenna á Norðurlandi vestra var nú í september 6,2% en 1,6% hjá körlum. Það er einnig mikið á höfuðborgarsvæðinu og víða annars staðar á landsbyggðinni eða 4–5% meðan atvinnuleysi karla er 1–2%. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Telur hann ástæðu til þess, í ljósi mikils atvinnuleysis hjá konum víða um land, að grípa til sértækra tímabundinna aðgerða til að auka atvinnumöguleika kvenna og t.d. að fela Byggðastofnun að gera sérstaka úttekt á því máli og leggja fram tillögur til að draga úr atvinnuleysi kvenna?

Ég vil líka gera að umtalsefni, herra forseti, jöfnun símakostnaðar á landsbyggðinni, um leið og ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma vitinu fyrir hæstv. samgrh., þegar hann ætlaði að nýta þá sjálfsögðu aðgerð í þágu landsbyggðarinnar að gera landið að einu gjaldskrársvæði, að hækka gjaldskrá staðarsímtala upp úr öllu valdi sem líka kemur sér illa fyrir landsbyggðina. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann ætli að verða við óskum ASÍ, BSRB, Neytendasamtakanna, Landssambands eldri borgara og Samtaka netnotenda um að hverfa alveg frá þeirri ósvífnu gjaldskrárhækkun á símnotendur sem enn stendur eftir. Í ályktun frá þessum samtökum rökstyðja þau mál sitt mjög vel og segja m.a. að með lagningu ljósleiðara um landið skapist forsendur til að gera landið að einu gjaldsvæði án þess að sú breyting hafi áhrif á afkomu Pósts og síma. Það hefur komið fram í umræðum vegna gjaldskrárbreytingarinnar nú að kostnaður fyrirtækisins við flutning símtala milli landshluta er í dag ekki hærri en flutningur símtala innan svæða. Það eru því engin rök fyrir því að hækka þurfi símtölin innan svæða þótt landið sé gert að einu gjaldsvæði. Tækninýjungar hafi gert slíkt mögulegt án kostnaðarauka fyrir fyrirtækið. Jafnframt

má reikna með að notkun muni aukast við lækkun en slíkt skilar Pósti og síma hf. auknum tekjum.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji nóg að gert eða hvort hann muni beita sér frekar í málinu þegar það liggur fyrir samkvæmt útreikningum sem lagðir hafa verið fram að Póstur og sími á að geta tekið á sig þessar breytingar án þess að það þurfi að koma fram í verulegri hækkun á staðarsímtölum.

Ég vil líka nefna aðra nýlega hækkun hjá Pósti og síma en það er hækkun á póstburðargjöldum sem er líka árás á landsbyggðina því nú í októbermánuði var kúvent þeirri stefnu sem rekin hefur verið og tekin ákvörðun um að taka upp tvö gjaldskrársvæði í póstburðargjöldum vegna blaða og tímarita innan lands, þar með talið fréttabréfa og bæklinga. Gengur þetta ekki þvert á þá stefnu að jafna aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis? Með því að taka upp tvö gjaldskrársvæði verður yfir 40% verðmismunur á póstburðargjöldum vegna blaða og tímarita, fréttabréfa og bæklinga milli landsvæða. Þetta mun bitna á blaða- og tímaritaútgáfu, ýmissi félagastarfsemi og félagspósti sem kemur verulega niður á félagastarfsemi þegar ýmis félagasamtök eru að senda félögum sínum fréttabréf t.d. Öryrkjabandalagið, eldri borgarar, verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar sem auðvitað mun á endanum bitna á neytendum. Auk þess að koma á tveim gjaldskrársvæðum þar sem póstburðargjöld verða 40% hærri milli svæða þá er almenn hækkun á gjaldskránni frá 1. október 53–144%. Ég spyr: Telur hæstv. forsrh. ekki ærið tilefni til að skoða þetta mál því hæstv. samgrh. virðist ekki vera sjálfrátt þessa dagana og vikurnar?

Herra forseti. Ég ítreka í lokin þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra og vænti að fá svar við þeim í þessum umræðum.

[11:11]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði áherslu á mikilvægi þess að sameina sveitarfélög. Ég get vissulega tekið undir það sjónarmið þingmannsins en það verður þá að gera það á réttum forsendum þannig að fólk viti að hverju það gengur þegar það samþykkir sameiningu sveitarfélaga. Ég verð að segja að þau sveitarfélög sem sameinuðust fyrst á síðasta kjörtímabili, bæði það sem nú heitir Snæfellsbær og Dalabyggð, gengu til þeirrar sameiningar og samþykktu hana að hluta til á röngum forsendum og telja sig hafa verið svikin af þáverandi hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún hafi gefið digurbarkalegar yfirlýsingar um að í þeim sveitarfélögum sem mundu sameinast yrði gert átak í samgöngumálum en við það var ekki staðið. Og það er svo enn í dag að þingmenn Vesturlands koma ekki í þessi sveitarfélög til að funda með sveitarstjórnarmönnum án þess að vera rukkaðir um loforð þáv. hæstv. félmrh. sem þeir segja hafa verið orðið tóm. Svona má ekki vinna og svona er sem betur fer ekki unnið í dag. Nú er víða verið að undirbúa sameiningu sveitarfélaga og stjórnvöld eru sem betur fer ekki með óraunhæf loforð sem ekki er hægt að standa við. Ég legg áherslu á að nauðsynlegt er að menn viti svona nokkurn veginn að hverju þeir ganga þannig að þeir verði ekki fyrir vonbrigðum og óánægjuraddir út í stjórnvöld heyrist eftir að sameiningin hefur verið samþykkt.

[11:13]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. tekur undir það að sameining sveitarfélaganna er mikið byggðamál og forsenda fyrir því að treysta og efla byggð í landinu.

Varðandi það átak sem hrundið var af stað, þá hefur það skilað árangri. Þáverandi ríkisstjórn lagði þar sitt af mörkum með ýmsum hætti t.d. í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fleiri atriði. Vegamál voru þar vissulega í myndinni. Vegáætlun er auðvitað rædd hér á þinginu og það er sérstaklega þar sem tekin er ákvörðun um skiptingu. En ríkisstjórnin lagði það til á sínum tíma, þegar við vorum að fara í þetta átak, að samgöngumál á þessum stöðum þar sem farið væri í sameiningu yrðu sérstaklega skoðuð.

[11:14]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að vegáætlun er afgreidd á Alþingi. En það er líka rétt sem ég sagði að hæstv. þáv. félmrh. gaf ákveðnar yfirlýsingar um að átak yrði gert í samgöngumálum á þessum svæðum og við það var ekki staðið. Ég væri nú vís með að bjóða hv. þm. með okkur Vestlendingum í heimsókn í þessi byggðarlög til að heyra þá gífurlegu óánægju sem þar er með að ekkert varð úr loforðum þáv. hæstv. ráðherra, og það er því miður rétt. Ég held að þessi loforð, alla vega í Snæfellsbæ, hafi orðið til þess að sameiningin var samþykkt. Sameiningin hefur á margan hátt tekist ágætlega og ég er ekki að segja að menn séu endilega óánægðir með hana. En þeir eru gríðarlega óánægðir með að ekki var staðið við þessar yfirlýsingar. Ráðherra sem gefur svona yfirlýsingar verður auðvitað að hafa eitthvað á bak við sig til að hann geti staðið við þær þegar til á að taka.

[11:15]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég hefði lagt áherslu á það og ríkisstjórnin gerði það einnig að stuðlað yrði að samgöngubótum þar sem sameining færi fram. Ég gerði það m.a. með því að beina til samgrh. að stuðlað yrði að því á þessum stöðum. En við skulum muna það fyrst og síðast að það er nú flokksbróðir hv. þm. sem hér talaði sem kvartaði yfir þessu. (**GuðjG:** Samgrh. lofaði engu. Það var félmrh.) Því var beint til samgrh. (Gripið fram í.) að stuðlað yrði að samgöngubótum einmitt í anda þess sem ríkisstjórnin lagði til. Hv. þm. veit eins og hann nefndi réttilega áðan að Alþingi hefur síðasta orðið í þessu efni.

[11:16]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Í 2. gr. laga um Byggðastofnun er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar sem er að stuðla að þjóðfélagslega hakvæmri þróun byggðar í landinu. Spyrja má hvað telst þjóðhagslega hagkvæm þróun byggðar. Það er grundvallaratriði. Ég held að fullyrða megi að það sé ekki þjóðhagslega hagkvæm þróun byggðar þegar svo hagar til um fólksflutninga á borð við þá sem nú eru í landinu þó því kunni að vera haldið fram og kem ég að því síðar.

Það blasir við öllum sem fara um höfuðborgarsvæðið að hér er mikil þensla í byggingarstarfsemi. Þegar maður skoðar það mál betur er á hverju einasta ári byggður upp 2.000 manna kaupstaður, ef svo má að orði komast, innan borgarmarka höfuðborgarsvæðisins. Þetta útheimtir mikil útgjöld fyrir bæjar- og borgarstjórnir á svæðinu. Þessi stöðuga móttaka á fólki er ekki endilega hagkvæm fyrir

sveitastjórnarstigið hérna. Fullyrða má að það væri miklu hagkvæmari þróun fyrir Reykjavíkurborg og byggðarlögin í kring að svæðið byggi að fólksfjölgun sinni og önnur svæði landsins byggju líka að fólksfjölgun sinni og jöfnuðurinn væri öðruvísi en hann er. Ég er ekki að mæla á móti því að fólk flytji milli byggðarlaga eða að það séu einhverjir átthagafjötrar í landinu. En sú þróun sem hefur verið er gjörsamlega óeðlileg.

Sveitarstjórnir á þessu svæði koma til fjárlaganefndar og kynna sín mál, a.m.k. sumar hverjar. Borgarstjórn Reykjavíkur gerði það nú í haust. Hvað haldið þið að sé efst á baugi? Það eru vegamál. Það er orðið svo að til þess að koma fólki á milli borgarhluta þarf að byggja brýr sem eru dýrari en yfir hin straumhörðustu vatnsföll vegna þess að umferðin er allt að sprengja og borgin vex gríðarlega. Þetta kostar aukna þjónustu, svo sem stækkun skóla og aukningu í heilbrigðiskerfinu. Þetta er uppbygging sem hefur þegar farið fram víða úti á landi. Fólk er búið að byggja yfir sig úti á landi og þarf síðan að gera það aftur hér. Ef þetta er þjóðhagslega hagkvæm þróun byggðar er það eitthvað önnur túlkun en ég skil.

Þetta er áhyggjuefni. Með fækkuninni úti á landi fjarar undan þeirri þjónustu sem þar er og aðilar sem stunda þá þjónustu lenda í erfiðleikum. Það má taka ótal dæmi um það. Það má spyrja, af því að hér er skýrsla Byggðastofnunar til umræðu, hvernig Byggðastofnun hafi gegnt því hlutverki sínu að sporna við fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég tel að það sé hlutverk hennar. Margir segja að úr því að þetta hafi ekki tekist eigi að leggja Byggðastofnun niður í núverandi mynd eins og hv. 13. þm. Reykv. orðaði það, af því að þetta markmið hefur ekki náð fram að ganga. Ég held að það megi fullyrða og það má styðja með mörgum dæmum að hefði Byggðastofnunar ekki notið við þá væri margt öðruvísi en það er á landsbyggðinni því mörgu hefur verið komið til leiðar. Áreiðanlega væri ástandið enn verra ef þessi skipulega starfsemi hefði ekki verið fyrir hendi. Ég held að það verði að undirstrika og festa í minni. Byggðastofnun hefur stutt ýmsa nýsköpun á landsbyggðinni og mörg fyrirtæki sem hafa risið þar á legg og hamlað við fólksflutningunum. En þrátt fyrir þetta er ástandið óviðunandi eins og það er núna.

Samskipti landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins, umræðan um byggðamál, er kapítuli út af fyrir sig. Oft hafa þessar umræður snúist upp í heldur ófrjóar deilur sem eru hvorugum aðilanum til hagsbóta en yfirleitt til bölvunar. Ég vonaðist satt að segja til að þessi umræða væri örlítið að breytast. Mér fannst andrúmsloftið í þessum málum lýsa vaxandi skilningi á því að hér væri vandamál sem þyrfti að bregðast við. En því miður held ég að það hafi verið rangar ályktanir hjá mér.

Á dögunum kemur út skýrsla, sem er unnin á vegum Aflvaka hf. og Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkur, kynnt af borgarfulltrúa í Reykjavík. Þar segir: „Framlög ríkisvaldsins: landsbyggð – höfuðborgarsvæði." Ég varð satt að segja undrandi og mér liggur við að segja dálítið skelkaður þegar ég fór að lesa þessa skýrslu og þær staðhæfingar og umræður sem hún býður upp á. Nægir að vitna í örfá atriði. Á bls. 6 í skýrslunni segir:

„Almennt virðast sérfræðingar sammála um að þeir samfélagsskattar sem hér eru að verki séu það sterkir að innan næstu 15–20 ára muni allt að 90–95% þjóðarinnar búa á svæðinu frá Stykkishólmi að Hvolsvelli."

Ég spyr: Hvaða tilgangur er í því að slá fram svona sleggjudómum? Hvaða sérfræðingar eru það sem þarna eru kallaðir til án þess að vitna nokkuð í þá nánar? Síðan er rætt um að það þurfi að rísa sterkir byggðakjarnar á Miðnorðurlandi og Miðausturlandi. Ég er auðvitað sammála því en það bjargar ekki byggðinni í landinu. Það eru öflugir staðir fyrir utan Miðnorðurland og Miðausturland sem ættu að eiga sér lífsvon. Mér dettur í hug það svæði sem hefur fjölgað á þrátt fyrir alla þessa þróun og það er Suðausturlandið og svæðið í kringum Höfn í Hornafirði. Mér þykir einkennilegt ef það á að slá það svæði af í þessari umræðu. Síðan segir hér á bls. 10 eftirfarandi, með leyfi forseta, og það kemur inn á þjóðhagslegu hagkvæmnina:

„Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna félagslegrar aðstoðar hefur aukist um 106% á árunun 1991–1995 en aðeins um 70% á landsbyggðinni á sama tíma. Kostnaður Reykvíkinga vegna félagslegrar aðstoðar er fjórfalt hærri á hvern íbúa miðað við kostnað sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þetta má m.a. rekja til þess að fólk af landsbyggðinni leitar beinlínis til Reykjavíkur eftir félagslegri aðstoð. Þannig höfðu um 20% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Félagamálastofnun í ágúst 1996 flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur á árunum 1993–1995."

Þessi sprenging, sem lýst er hér, er afleiðing af þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár og er sagt í öðru orði í skýrslunni að þurfi að halda áfram. Það þurfi 90–95% þjóðarinnar að búa hér á litlu svæði af landinu. Ég er þess fullviss að það hefur eins og í annarri stórborgarmyndun þau áhrif að félagsleg aðstoð mun halda áfram að aukast næstu árin haldi þessi þróun áfram. Hún mun aukast að miklum mun. Þess vegna verðum við að sporna gegn þessari þróun.

Í skýrslunni eru alls konar staðhæfingar um framlög til landsbyggðarinnar. Sumt af því er algjörlega fyrir neðan belti eins og að telja framlög í Ofanflóðasjóð framlög til landsbyggðarinnar. Það er hlutverk þjóðarinnar allrar að bregðast við náttúruhamförum. Það er ekkert fyrir landsbyggðina sérstaklega heldur er það öll þjóðin sem býr við vá af náttúruhamförum. Ég skil ekki þessa landafræði framlaga sem talin er í skýrslunni. Ég vona að hún verði ekki til að vekja upp hina ófrjóu og tilgangslausu umræðu milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar um það nauðsynjamál að snúa þróuninni við og hvert landsvæði búi að sinni fólksfjölgun og íbúaþróun sé eðlileg. Mér finnst að forsvarsmenn Reykjavíkurborgar verði að svara því og þeir sem ráða hér ríkjum hver tilgangurinn er með útgáfu þessa plaggs.

En ég vil í örstuttu máli nefna í lokin þær úrbætur er ég tel brýnastar. Ég tel sameiningu sveitarfélaga og öfluga stjórnsýslu sveitarfélaga vera mjög mikils virði til að snúa þróuninni við — flutning verkefna til þeirra. Ég tel mikilsverðast að efla menntun, framhaldsmenntun og menntun á háskólastigi, símenntun og endurmenntun, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Ég er ekki að tala um að stofna fleiri háskóla en úti á landsbyggðinni þarf að efla menntun sem er tengd háskólastiginu og þá sérstaklega fullorðinsfræðsluna, símenntun og endurmenntun. Ég tel að jöfnunaraðgerðir og aðgerðir í samgöngumálum séu mikils virði eins og ávallt hefur verið ásamt öflugu atvinnulífi. Það er þó ljóst að þó að sjávarútvegurinn hafi sótt í sig veðrið eins og hann hefur víða gert á undanförnum árum þá megnar hann einn ekki að snúa þróuninni við. Slagurinn stendur um hin sérhæfðu störf. Þess vegna finnst landsbyggðarfólki hvert sérhæft starf vera svo óendanlega mikils virði að um þau er barist. Að þeim

þarf að stuðla þannig að fólk hafi störf við sitt hæfi þegar það hefur lokið menntun sinni.

[11:31]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði að umtalsefni nokkur atriði úr skýrslu Aflvaka. Hann vitnaði m.a. í bls. 6 þar sem talað var um það mat sérfræðinga að innan 15–20 ára muni allt að 90–95% þjóðarinnar búa á svæðinu frá Stykkishólmi að Hvolsvelli og spurði hvaða sérfræðingar þetta væru. Ég vek athygli á því að í neðanmálsgrein er sérstaklega vitnað til bókarinnar Hugmyndasamkeppnin — „Ísland árið 2018", Þekkingarsamfélagið eftir Þór Sigfússon. Þarna er vitnað í bók sem var gefin út nýlega og Þór er maður sem hefur fulla burði til að leggja mat á þetta og annað. Hann hefur verið til skamms tíma og er enn, held ég, efnahagssérfræðingur fjármálaráðherra.

Við horfumst í augu við búsetubreytingar sem eru ekki einsdæmi. Þetta er að gerast víða erlendis. Enginn segir, hvorki í þessari skýrslu né annars staðar, að 90 eða 95% eigi að búa á einhverjum tilteknum stað. Þegar skýrslan var gefin út þá var hún gefin út með þessum orðum af hálfu aðstandenda hennar, þ.e. Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkur og Aflvaka hf., og ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hálfu aðstandenda úttektarinnar skal það undirstrikað að til hennar var ekki stofnað til að viðhalda eða kynda undir þeim deilum sem hafa verið milli landshluta eða einstakra hagsmunaaðila heldur þvert á móti. Eftir úttektinni var kallað til að draga fram á eins skýran hátt og kostur er þá heildaryfirsýn sem nauðsynleg er til að ná fram málefnalegri umræðu þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi."

Herra forseti. Í skýrslunni er reynt að draga fram ákveðið talnaefni sem að mínu viti hefur ekki verið gagnrýnt. Vitaskuld er hægt að gagnrýna ýmsar ályktanir sem eru dregnar. Það er eins og gengur og gerist. En ég bið menn um að taka þessa skýrslu og annað sem kom fram í umræðunni málefnalega. Það er greinilegt að við þurfum öll sameiginlega að endurmeta þá byggðastefnu sem hefur verið við lýði undanfarna áratugi.

[11:34]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það stendur í aðfaraorðum skýrslunnar að hún sé ekki ætluð til að kynda undir deilum. Hins vegar er það staðreynd að framsetning skýrslunnar er þannig að hún kyndir undir deilum. Ég er ekki að gagnrýna það talnaefni sem er í skýrslunni. Það eru í henni ýmsar upplýsingar. Hins vegar eru ályktanir í henni sem kynda undir deilum eins og að öll framlög til samgangna á landsbyggðinni séu framlög ríkisvaldsins til byggðamála. Það er framsetning sem er ekki hægt að búast við að menn sætti sig við. Samgöngur eru fyrir þjóðina alla. Þó það sé jafnvel vitnað til einhverra sérfræðinga sem hafa starfað í fjmrn. í þessu sambandi þá tel ég með allri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum að það sé nú ekki efni til þess að taka það sem algjöran sannleika eða algjör vísindi sem þeir segja.

Enda þótt margar staðreyndir séu í skýrslunni er mergurinn málsins framsetningin á henni þannig að hún mun kynda undir deilum og það finnst mér miður. Það var ég að reyna að draga fram. Það þarf að slá á þessar deilur og fá viðurkenningu á því að flutningar fólks af landsbyggðinni eru þjóðfélagslega óhagkvæmir. Það eiga allir að viðurkenna og tala um málið út frá þeirri forsendu og leggjast allir á eitt, bæði höfuðborg og landsbyggð.

[11:36]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé aftur ástæðu til að draga fram ákveðna fyrirvara í skýrslunni í sambandi við samgöngumál. Þar segir að færa megi rök fyrir því að það sé lítið áhugavert að skoða hvernig framlög ríkisvaldsins skiptist milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar þar sem framlög til samgöngumála hljóti að gagnast landsmönnum öllum. Þetta kemur fram þegar menn lesa skýrsluna betur. Ég fullyrði að það eru ekki hugmyndir þeirra sem standa að henni á nokkurn handa máta að reyna að kynda undir deilum heldur miklu frekar að draga saman talnaefni sem menn geta síðan skipst á skoðunum út frá. Vitaskuld verðum við að hafa það í huga þegar hv. þm. segir að búsetuþróunin sé óæskileg. Ég veit það ekki. Við erum með frjálsa búsetu hér á landi. Það er áhyggjuefni hve þessir hlutir gerast hratt. Ég hef verulegar áhyggjur af því en bendi á að menntaþátturinn og hin félagslega umgjörð skiptir kannski meira máli en við höfum hingað til talið en atvinnan. Ég held að allir í þessum þingsal, herra forseti, þurfi að endurmeta ýmsa þætti í þessum málum. Þó ég sé ekki sammála öllu um byggðamál vil ég síður en svo stofna til deilna um það efni hvort tilefni sé til þess út frá ræðum manna eða út frá skýrslum eða talnaefni sem liggur fyrir. Það getur ekki verið tilgangur okkar í umræðunni. Ég held að við þurfum sameiginlega að reyna að skiptast málefnalega á skoðunum um þessi mál. Ég veit að hv. þm. er mjög vel fær um það að taka þessa skýrslu eins og þeir sem gerðu hana úr garði ætluðust til þrátt fyrir að vitaskuld megi segja að á sumum stöðum sé ef til vill óvarlega að orði komist, þ.e. ef til vill dregnar ályktanir sem hefði mátt rökstyðja nánar. En ég bið menn samt sem áður að nota það ekki sem tilefni til að setja umræðuna í deilufarveg.

[11:38]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef enga löngun til að setja umræðuna í deilufarveg. Ég hef lesið þann fyrirvara í skýrslunni sem hv. ræðumaður minntist á. En þrátt fyrir þann fyrirvara eru málin sett fram með þessari landafræði og með þessum hætti. Það er einfalt mál þegar fjölmiðlar fara að leggja út af skýrslunni. Þá munu þeir segja að framlög ríkisvaldsins til landsbyggðarinnar séu 32 milljarðar og þar af séu 13 milljarðar beinir styrkir. Þetta eru afleiðingarnar af þessari framsetningu. Það er þess vegna, vegna fréttaflutningsins og vegna þess hvaða skilaboð skýrslan gefur til almennings á höfuðborgarsvæðinu, sem ég fer með þetta upp í ræðustól en ekki fyrir það að mig langi til að taka upp deilur við einn eða neinn eða upphefja þá ófrjóu umræðu og deilur milli höfuðborgar og landsbyggðar sem ég held að sé til skaða fyrir báða aðila. Það eru skilaboðin sem koma í fjölmiðlum um skýrsluna sem ég hef áhyggjur af. Að hún komi af stað á höfuðborgarsvæðinu umræðunni um ölmusumenn á landsbyggðinni og enginn kærir sig um að vera ölmusumaður, ekki landsbyggðarfólk heldur. Röng skilaboð felast í fréttaflutningi af skýrslunni. En ég hef lesið skýrsluna vandlega og er hún fullkunn. Hins vegar kemst hún ekki út á milli manna nema í grófum línum. Það eru þær grófu línur sem ég hef áhyggjur af.

[11:41]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Vissulega er af mörgu að taka þegar ræða skal skýrslu Byggðastofnunar og byggðamál almennt í samhengi við þá skýrslu. Ég drep fyrst á þá þætti sem mér sýnist að séu helst áhrifavaldar hvað varðar þá þjóðflutninga sem hafa átt sér stað á undanförnum áratugum og hafa verið vaxandi á síðustu árum á nýjan leik eftir að úr þeim dró um nokkurt skeið þar á undan. Vissulega er margt af því sem dregið hefur verið fram sem hugsanlegar skýringar satt og rétt og ég get tekið undir margt af því. Hins vegar vil ég árétta að menn eiga ekki að vanrækja að líta á hinar augljósu skýringar. Menn mega ekki láta sér yfirsjást þau augljósu teikn sem sjá má um hvað ræður helst úrslitum í þessu efni. Það er einkum tvennt. Það er atvinna og það eru laun. Þetta tvennt skýrir að mínu viti megnið af fólksflutningum á síðustu árum og áratugum. Aðalorsakavaldarnir eru hvaða atvinna er í boði og hvaða laun eru í boði. Þegar maður hefur þetta í huga og það að á undanförnum árum hefur verið gríðarlegur samdráttur í veiði á ýmsum nytjastofnum, sérstaklega þorski, er augljóst að hægt er að skýra þær breytingar sem orðið hafa. Því er bæði eðlilegt og skiljanlegt hvers vegna breytingar hafa verið meiri á Vestfjörðum en annars staðar. Það er einfaldlega vegna þess að störfin sem í boði eru eru færri, launin eru að jafnaði lág og samdrátturinn í fiskveiðunum hefur verið mestur í þeim atvinnugreinum sem eru stærstar fyrir. Þetta eru augljósar skýringar og að mínu viti eiga menn að skoða þær en ekki láta sér yfirsjást þessar meginskýringar á þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum. Ég vara við því að menn dragi um of athyglina frá þessum þáttum málsins. Ég tek þó undir að margt annað getur hjálpað til við að leita að skýringum.

Ég minni á að Byggðastofnun hefur óskað eftir því við Háskóla Íslands að unnin verði upp skýrsla af þeirra hálfu því að við viljum gjarnan nota hið mikla hugvit og þá spekinga sem hér eru búsettir til að hjálpa okkur við að skýra þessi mál. Það er komið rúmt ár síðan þeir tóku þetta verkefni að sér en ekki er enn farið að sjást í niðurstöður. Ég verð að láta í ljós mikil vonbrigði með það að þessi ágæta stofnun, Háskóli Íslands, sem okkur öllum þykir svo vænt um, skuli ekki sýna þessu verkefni meiri ræktarsemi en raun ber vitni.

Í öðru lagi vil ég nefna að ástæða er til að láta sig varða þessa þróun. Margir, sérstaklega þeir sem búa á stöðum sem eru að taka við fólki og eru í uppsveiflu, vilja láta það líta þannig út að hér sé um að ræða náttúrulögmál, rétt eins og vatn sem rennur niður á við og verður ekki breytt og þess vegna sé ekki á færi stjórnvalda að breyta. En ég vil andmæla því og segja að það eru skýringar á þessu og það er hægt að breyta hlutunum. Það er ástæða til að gera það vegna þess að það tapa allir, þeir sem búa út á landi, þeir sem flytja og þeir tapa sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Það er það mikill kostnaður við flutningana að það er enginn sem græðir. Það þarf að byggja ný mannvirki, mannvirki sem eru til á þeim stöðum sem eru að tapa fólkinu. Hver borgar þau mannvirki? Þjóðin borgar þau með sköttum sínum, bæði sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Við sjáum það ef við skoðum reikninga um fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar að hún hefur farið hríðversnandi á síðustu árum og líka annarra sveitarfélaga í nágrenninu. Hvers vegna skyldi það vera? Það er einföld skýring. Vegna þess að það að fá nýja íbúa þýðir ekki bara tekjur heldur líka útgjöld.

Útgjöld Reykjavíkurborgar vegna nýrra íbúa á síðustu árum hafa verið meiri en nemur þeim tekjum sem þeim hafa fylgt. Hjá Reykjavíkurborg hefur verið beint tap af þessum flutningum á undanförnum árum og það mun halda áfram. Það skýrir m.a. þann mikla þunga sem er af hálfu Reykjavíkurborgar um sérframlög gegnum fjárlög ríkisins á ýmsum sviðum, einkum á sviði menntamála. Það hafa verið stofnaðir ákveðnir sjóðir sem dreifa peningum sérstaklega inn á höfuðborgarsvæðið til þess að mæta þeim mikla kostnaði sem borgin verður fyrir. Það er dálítið hlálegt að hafa það í huga í þeirri umræðu að hinir fáu og smáu séu óhagkvæmir að stóru sveitarfélögin fá sérstaka ríkisaðstoð á sumum sviðum. Ég minni á 2 milljarða sem eru veittir til að einsetja grunnskóla og er samkvæmt ákvæðum laganna bundið við að þau framlög fái bara þau sveitarfélög sem eru fjölmennari en 2.000 manns. Þau þurfa sérstaka ríkisaðstoð af því þau geta ekki einsett skóla sína af almennum tekjum sínum. En Alþingi hefur sagt: Þau sveitarfélög sem eru fámennari en 2.000 manns geta einsett skóla sína. (**Gripið fram í:** Og eru búin að því.) Og eru búin að því. (**Gripið fram í:** Með hjálp ríkisins.) Já, sömu hjálp og ríkið veitti hinum stóru sveitarfélögum, það er ekki hallað á. Ég er ekki að segja, herra forseti, vegna frammíkalls hv. þm. Reykn., að óeðlilegt sé að Reykjavíkurborg fái umframfyrirgreiðslu, ég er að segja: Það er vegna þess að það er umframkostnaður sem Reykjavíkurborg verður fyrir vegna þess að hún er að fá til sín svo margt fólk og því fylgja ekki tekjur til að standa undir kostnaði. Við erum komin yfir þau mörk þar sem hagkvæmni stærðarinnar gildir. Allir tapa á þessum flutningum og þess vegna eigum við láta okkur málið varða, og við eigum að leitast við að grípa til aðgerða til að stöðva þetta af því það er öllum í hag. Það er höfuðborgarsvæðinu í hag, það er landsbyggðinni í hag en fyrst og fremst er það því fólki sem býr á báðum þessum stöðum í hag því að við getum þá lækkað skattana eða veitt meiri þjónustu fyrir sömu skatta. Með því að láta þetta viðgangast erum við að minnka lífskjör á Íslandi af því við þurfum að taka svo og svo mikið út úr almennum skatttekjum til þess að endurbyggja og endurfjármagna hluti sem við vorum búin að koma upp og þá peninga getum við ekki notað til að veita fólki þá þjónustu sem kallað er eftir.

Herra forseti. Skoðun mín á því hvernig við viljum breyta þessu liggur alveg skýr fyrir. Hún er þannig að við eigum að taka upp valddreifingu í stjórnsýslunni. Ísland er fullkomlega miðstýrt land. Alveg frá 1904 hefur verið fullkomin miðstýring, eitt af fáum löndum Evrópu sem er þannig fyrir komið að það er bara ein miðstöð. Sveitarfélagastigið er svo aumt að varla er hægt að kalla að það megni nokkurs. Ég tel að við eigum að byggja upp stjórnsýslustig úti um landið. Þetta eru sömu áherslur sem hafa endurspeglast í því að menn hafa sagt í mörg ár: Við skulum efla sveitarfélögin. En ég segi að það er alveg sama þó að sameining sveitarfélaga gangi eins og villtustu draumar eru um, þau verða þá kannski ekki 150 heldur 50 eða 60 eða 70, það breytir engu, því að þau verða eftir sem áður svo lítil að þau geta ekki tekið við því valdi sem þau þurfa til þess að snúa þróuninni við. Þess vegna þurfum við að byggja upp stjórnsýslustig sem er miklu stærra í sniðum, u.þ.b. fjórar til fimm einingar yfir landið. Þá getum við byggt upp á þeim einingum stjórnsýslu, fært þangað völd, tekjur og verkefni og þá munu menn breyta hlutunum. Þar sem völdin eru þar eru peningar og þar sem peningar eru þar er fólkið. Fólkið flytur til Reykjavíkur af því að þar eru völdin og af því að völdin eru í Reykjavík þá eru peningarnir í Reykjavík og fólkið flytur eðlilega á eftir.

Til þess að breyta þessu þarf að taka á þessum þætti málsins. Mín vegna mega menn alveg tengja þessar breytingar við breytingar á kjördæmaskipan, stækka kjördæmi og fækka, ég geri ekki neinn ágreining um það og er reyndar á þeirri skoðun að núverandi fyrirkomulag sé landsbyggðinni ekki til mikils gagns. Það hefur ekki dugað til að halda við og við þurfum endurbætur á þessu sviði til þess að geta snúið vörn í sókn.

Hér var vikið að Byggðastofnun og ég vil fara nokkrum orðum um það. Ég vil árétta, svo mönnum sé það ljóst, að Byggðastofnun er til þess að taka áhættu, henni er ætlað að hafa peninga með höndum og dreifa þeim eftir ákveðnum reglum af því að almennu bankakerfi er ekki ætlað að taka áhættu af þessum toga. Þess vegna er eðlilegt að afföll verði í útlánastarfsemi þeirrar stofnunar af því að henni er ætlað að taka áhættu. Þess vegna er það ákaflega skrýtið, sem hæstv. forsrh. hefur ákveðið, að stofnunin verði að varðveita eigið fé. Hvernig á stofnun sem í eðli sínu á að vera útlánastofnun á áhættusviði að varðveita sitt eigið fé? Hvernig fer það saman? Ef hún á að varðveita sitt eigið fé er hún bara venjulegur banki. Við þurfum svo sem engan nýjan banka, það er nóg af bönkum. Við getum þess vegna lokað Byggðastofnun að þessu leyti til. Ef Byggðastofnun má ekki taka áhættu, hvort sem það er formi lánveitinga, hlutafjárframlaga eða styrkveitinga vilja menn bara ekki hafa neina byggðastefnu. Það er einfaldlega svar mitt. Hæstv. forsrh. má mín vegna taka af alla útlánastarfsemi stofnunarinnar sem er ekki á áhættulánasviði, ég geri ekki stóran ágreining um það, en ég bendi á að tekjurnar af þeirri útlánastarfsemi eru uppistaðan í bolmagni stofnunarinnar til þess að veita styrki. Ef ríkisstjórnin ætlar að taka af þessar tekjur, án þess að skerða möguleika stofnunarinnar til þess að veita framlög og styrki verður að auka framlag ríkisins í gegnum fjárlög. Hæstv. forsrh. gat ekki um það hvort hann ætlaði sér að gera það og ef svo er ekki er ráðherra einfaldlega að segja að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að við séum ekkert í því að hafa neina byggðastefnu. Við ætlum bara að hafa stofnun sem framleiðir skýrslur og meira af skýrslum. Það er ágætt að fá skýrslur til að lesa annað slagið en við höfum alveg nóg af skýrslum, við vitum allt sem við þurfum að vita um þessi mál. Það sem við þurfum eru menn sem vilja gera eitthvað. Þá er ekki að finna á bekknum hér fyrir aftan mig, eins og þið sjáið, því að þeir eru allir tómir. Þar eru ekki menn sem vilja gera eitthvað í þessum málum.

Það er af mörgu fleira að taka. En ég vil víkja aðeins að skýrslu Aflvaka og ég verð að segja að margt hefur nú rekið á fjörur mína af skýrslum en fátt er verra en þessi skýrsla. Þar er margt sem er illa sagt, sem er missagt og margt sem er hreinn rógburður svo ekki sé fastar að orði kveðið. Skýrslunni er fylgt úr hlaði með bréfi og þar stendur, með leyfi forseta: „Aðstandendum úttektarinnar er það ljóst að hér er um pólitískt hitamál að ræða þar sem sitt sýnist hverjum eftir því hvar á landinu er búið. Umræðan hefur því gjarnan fremur snúist um skiptingu framlaga milli landsvæða fremur en um heildarhagsmuni þjóðarinnar.“ Og svo vilja skýrsluhöfundar breyta þessu og þá kemur næst: „Af hálfu aðstandenda úttektarinnar skal það undirstrikað að til hennar var ekki stofnað til að viðhalda eða kynda undir þeim deilum sem verið hafa milli landshluta eða einstakra hagsmunaaðila, þvert á móti.“ Svo lesum við: „Niðurstöður: Ríkið ver árlega um 32 milljörðum kr. til að koma í veg fyrir byggðaröskun og af þessari upphæð má telja tæpa 13 milljarða til beinna styrkja.“ Það er ekkert annað. Ég hef setið í fjárln. en hef ekki séð þá 32 milljarða sem eru til þess að koma í veg fyrir byggðaröskun. Þegar ég fer að lesa skýrsluna kemur í ljós að það eru peningarnir sem eru til þess að reka sjúkrahúsin úti á landi. Það heitir framlag til að koma í veg fyrir byggðaröskun en peningarnir til þess að reka spítala í Reykjavík heita bara framlag til stjórnsýslu og er allt annað mál. Fleira af þessum toga væri ástæða til þess að fara yfir en ég hef ekki tíma til.

En vil bara segja að lokum, herra forseti, til þeirra sem skrifa þessa skýrslu, að þeir mega mjög hafa það í huga að þeir sem ráða úrslitum í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík eru fólkið sem bjó áður á landsbyggðinni og hefur flutt þúsundum saman til Reykjavíkur á síðustu árum og áratugum. (Forseti hringir.) Þeir borgarfulltrúar í Reykjavík sem telja það helst til framdráttar að tala og flytja óhróður um landsbyggðina ættu mjög að vara sig.

[11:56]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði mjög grannt á ræðu hv. þm., ekki síst vegna þess að hann kemur úr því kjördæmi þar sem fólksfækkun hefur verið hvað mest og fólksflutningar verið, aðallega til höfuðborgarsvæðisins, og eins vegna þess að hann situr í stjórn Byggðastofnunar. Ég get verið sammála honum um margt af því sem kom fram en mér fannst hann einfalda málið dálítið mikið þegar hann fullyrti að þetta mál, þ.e. að fólk flytur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, snúist um tvennt, atvinnu og laun. Þetta er ekki svona að mínu áliti. Það er hægt að nefna mörg dæmi því til staðfestingar. Þetta snýst ekki um atvinnu og laun. Meira að segja er vitað að á Vestfjörðum er bæði atvinna og tiltölulega há laun. Það er að vísu einhæf atvinna, það vitum við. Mér finnst þetta því allt of mikil einföldun.

Hann kom inn á þriðja stjórnsýslustigið þótt hann nefndi það ekki með þeim orðum. Hann talaði um að það væri ráð til þess að bæta þarna úr. Við höfum alloft talað um þetta þriðja stjórnsýslustig og alllengi, að vísu ekki mikið síðustu árin. Ég lít svo á að það sé ekki leiðin og það þýði ekkert að tala um þá leið núna. Með því erum við bara að dreifa umræðunni. Ég er sammála um stækkun sveitarfélaga og að nota þá leið til þess að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga en ekki leiðina sem hv. þm. nefndi vegna þess að ég held að við komum henni ekki til framkvæmda og við skulum ekki eyða tíma í umræðu um það.

Hann talaði um að völd og peningar væru í Reykjavík. Það er nokkuð til í því en við skulum samt hafa í huga að það er mikil fátækt til í Reykjavík og ekki síður en úti á landi.

[11:59]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. að segja mér og upplýsa þingheim um í hvaða sveitarfélögum menn hafa snúið þróuninni við með því að sameina þau. Er það í sveitarfélögunum á Vestfjörðum? Má ég nefna Vesturbyggð sem sameinuð var í kosningum 1993? Það voru 1.602 á kjörskrá þegar kosningin fór fram. Íbúar eru núna komnir niður fyrir 1.300 á kjörskrá.

Ég gæti nefnt fleiri sveitarfélög sem hafa orðið til vegna sameiningar. Í þeim öllum hefur þróunin ekki breyst. Ég spyr hv. þm. hvaðan trú hans kemur á því að þessi aðgerð hafi þær breytingar að þróunin snúist til betri vegar þegar engin gögn styðja það?

Varðandi þriðja stjórnsýslustigið má vel vera að hv. þm. meti það svo að enginn pólitískur stuðningur sé við það. Það

kann að vera rétt. En þetta er eina leiðin og við verðum að búa til pólitískan stuðning um það og við verðum að gera það heima í héraði því að við fáum ekki stuðning við það hér í höfuðborginni. Stjórnmálamenn í Reykjavík eru á móti valddreifingu. Þess vegna eru þeir á móti aðgerðum sem færa vald út í héruðin. Við fáum ekki stuðning héðan. Við verðum að búa hann til heima í héraði.

Hvað varðar laun og tekjur þá vil ég nefna það, af því að þingmaðurinn nefndi Vestfirði, að í Dölum og Reykhólum, Austur-Barðastrandarsýslu, eru tekjur 29% undir landsmeðaltali. Í Vestur-Barðastrandarsýsla eru tekjur 2% yfir landsmeðaltali en sem dæmi eru tekjur af fiskveiðum 20% undir landsmeðaltali. Í Strandasýslu eru tekjur 16% undir landsmeðaltali. Það er aðeins á norðanverðum Vestfjörðum þar sem tekjur hanga í landsmeðaltalinu, eru 12% yfir. Þetta segir það sem ég var að nefna áðan.

[12:01]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þm. að skilja mig ekki þannig að ég álíti að sameining sveitarfélaga bjargi þessu máli. Það er svo langt frá því. En ég tel að það geti verið liður í að breyta þróuninni í rétta átt. Og það að ekki hafi enn sést árangur þar sem sameining hefur farið fram getur komið til af því að þetta er nýskeð og hefur ekki hlotið nægilega reynslu. Við megum ekki draga þær ályktanir strax í dag að vegna þess að þróunin hafi ekki snúist við í þeim sveitarfélögum þar sem sameinað hefur verið, þá sé þar með útséð að sú leið skili ekki árangri. Það finnst mér ekki rétt að gera nú þegar.

Hv. þm. nefndi launamál á Vestfjörðum og fer örugglega þar með réttar tölur. Ég er ekki að tala um að þar séu laun að jafnaði hærri en annars staðar. En ég vil bara ekki að menn einfaldi um of umræðuna eins og mér fannst hv. þm. gera þegar hann sagði að þetta snerist um atvinnu og laun og hins vegar um þriðja stjórnsýslustigið.

[12:02]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst hv. þm. hefur viðurkennt að sameining sveitarfélaga dugi ekki ein og sér, þá spyr ég hv. þm.: Hvað annað ætlar þingmaðurinn að gera? Hverjar eru hinar tillögur þingmannsins? Ég sé þær ekki í stjórnarsáttmálanum. Ég heyrði þær ekki í ræðu forsrh. og þingmannsins. Og ég spyr: Hverjar eru tillögur þingmannsins fyrst þessi aðgerð dugar ekki til?

Ég vil aðeins bæta við upplýsingar um laun eftir landshlutum. Ef við skoðum landsbyggðina sér og höfuðborgina sér og flokkum eftir atvinnugreinum, þá eru meðaltekjur á landsbyggðinni eftir atvinnugreinum undir landsmeðaltali í öllum atvinnugreinum nema einni þar sem það er 1% yfir landsmeðaltali. Á höfuðborgarsvæðinu eru meðaltekjur í öllum atvinnugreinum hærri en landsmeðaltal.

[12:04]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að nokkru leyti taka undir það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hélt fram áðan. Að halda því fram að búseturöskunin sé fyrst og fremst vegna atvinnu og launa er allt of einföld skýring. Það er skýring gærdagsins. Hægt er að taka Vestfirði sem dæmi þar sem vitað er að á u.þ.b. tíu ára tímabili hafa þar verið hæst meðallaun. Þar hefur verið mest atvinna. Þaðan er fólksflótti mestur. Þetta eru fleiri skýringar, t.d. það að fólk vill eiga kost á fjölbreyttari félagslegri umgjörð. Fólk vill eiga betri möguleika í sambandi við menntun. Fólk fer oft af landsbyggðinni á eftir börnunum sínum til framhaldsnáms. Í einhverjum tilvikum er um að ræða of mikla vinnu. Þetta eru nýir hlutir sem við þurfum að ræða. Það er engin ein skýring til á þessu og það er ekkert eitt úrræði til. Þetta mál er flóknara en svo.

Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Kristni Gunnarssyni varðandi valddreifingu þó ég tali nú ekki fyrir þriðja stjórnsýslustigið. Ég held að ákvarðanataka þurfi að færast meira til sveitarfélaganna. Það er hægt að hugsa sér að sveitarfélögin yfirtaki fleiri verkefni sem ríkisvaldið er með, bæði á sviði menntamála og heilbrigðismála. Það er hægt að hugsa sér endurskipulagningu í skattlagningarkerfinu þannig að t.d. tekjur einstaklinga séu alfarið skattstofn sveitarfélaga. Þetta eru allt hugmyndir sem gætu stuðlað að eflingu byggðar í landinu og við ættum e.t.v. að ræða það út frá þessum sjónarmiðum en ekki einblína á hina gömlu hugmyndafræði um atvinnu og kjör.

Mér finnst líka oft gæta mikillar neikvæðni gagnvart þessu. Það þarf að vera jákvæðari umræða. Við þurfum að hafa það í huga að víða og víðast á landsbyggðinni er hamingjusamt mannlíf. Við skulum ekki horfa fram hjá því að þó að við séum að ræða þær verulegu breytingar sem eru að verða, þá eigum við ekki að tala af of mikilli neikvæðni eða láta umræðuna eingöngu snúast um hina neikvæðu þætti þessarar þróunar.

[12:06]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þannig að samsetning atvinnu er ólík eftir því hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Aðalatvinnuvegir landsbyggðarinnar eru landbúnaður, fiskveiðar og fiskvinnsla. Aðalatvinnuvegir höfuðborgarsvæðisins eru verslun, bankastarfsemi og þjónusta.

Í dag er fyrirvinna fjölskyldu ekki bara einn heldur tveir einstaklingar og þeir þurfa báðir vinnu við sitt hæfi og eru margir búnir að mennta sig til ákveðinna starfa. Það þarf að fara saman framboð á vinnu fyrir báða til þess að hjónin velji sér búsetu á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki nóg að karlmaður geti átt kost á starfi á sjó ef konan á bara kost á starfi í frystihúsi og hún er kannski menntuð á öðru sviði, er t.d. hjúkrunarfræðingur. Það er bara ekki nóg. Þau flytja þangað sem störfin eru. Samsetning starfanna er betri hvað þetta varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Ég nefni sem dæmi af því að hér er ítrekað nefnt að meðaltekjur á Vestfjörðum séu hæstar og hæstu tekjur á Vestfjörðum eru af fiskveiðum. Árstekjur af fiskveiðum árið 1994 á Vestfjörðum, í Ísafjarðarsýslu og kaupstöðunum þar, voru 3 millj. og 59 þús. kr. Hverjar voru árstekjurnar það ár á höfuðborgarsvæðinu í sömu atvinnugrein, helstu undirstöðu landsbyggðarinnar? Þær voru ekki 3 millj. og 59 þús. kr., þær voru 3 millj. og 560 þús. kr., hálfri millj. kr. hærri. Síðan voru atvinnutekjur í þjónustustörfunum sem konur starfa í hærri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

[12:08]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka undir einn þátt sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Það er alveg rétt þegar hann talar um að ein af ástæðunum fyrir þessu sé að menn hafi ekki eftirspurn eftir vinnuafli beggja einstaklinganna sem í hjónabandi eru. Þetta er mikið vandamál og eitt af því sem er orsök þess að mjög víða á landsbyggðinni vantar menntað

fólk. Það er sérstakt áhyggjuefni sem ekki hefur kannski verið gert að umtalsefni. Ein af ástæðunum er sú að atvinnulífið er ekki nógu fjölbreytilegt. Þetta er skýring sem ég tel vera í sjálfu sér miklu betri en skýringarnar sem þingmaðurinn nefndi áðan um atvinnu og laun.

Hann nefndi líka stækkun kjördæma eða fækkun þeirra. *Ég held að það væri mjög góð leið til að skapa betri umgjörð* utan um mannlíf á landsbyggðinni. Það sem við þurfum að gera er að skoða þessi mál út frá því að þetta er ekki leyst með peningum einum saman heldur kannski fyrst og fremst með því að reyna að skilgreina byggðastefnuna upp nýtt.

[12:09]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók fram í ræðu minni að ég teldi að það væri margt sem menn gætu fundið til skýringar á þeirri þróun sem verið hefði. En ég sagði jafnframt að meginatriðin væru að mínu viti tvö. Það er atvinna og það eru laun. Ég hef leitast við að færa rök fyrir því og ég heyri að hv. andsvarandi er farinn að taka undir þau rök í máli mínu hvað þetta varðar.

Ég held því fram að það sem mestu ráði um að fólk hreyfi sig til sé hvaða störf eru í boði og hvaða laun eru fyrir þau störf.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, varðandi umræðuna um valddreifingu, að ég las á þessu hausti umræður í þinginu árið 1984–1985 um byggðamál. Þar fluttu margir ræðumenn mjög góðar ræður, að mínu mati, sem ég er mjög sammála. Margar voru mjög róttækar, róttækar í þá átt að dreifa valdinu út um landið. Sá ræðumaður sem ég hreifst mest af eftir lesturinn og var hvað róttækastur var formaður Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Svo varð hann ráðherra og þá gleymdi hann ræðunni sinni.

[12:11]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson draga afar skýra mynd af flutningi fólks af landsbyggðinni yfir á höfuðborgarsvæðið, enda er hann með allra raunsæjustu alþýðubandalagsmönnum. Hann nefndi laun annars vegar og atvinnu hins vegar. Þingmaðurinn talaði mikið um sjávarútveginn en sleppti að ræða um mjög mikinn samdrátt sem hefur átt sér stað í landbúnaði og hann sleppti öðru sem ég tel að skipti mjög miklu máli í þessu sambandi, þ.e. aðstöðu fólks til framhaldsnáms. Þess eru mýmörg dæmi að foreldrar utan af landsbyggðinni þurfi að leigja eða kaupa íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem leiðir seinna til þess að þetta sama fólk flytur á mölina. Það er því gríðarlegur aðstöðumunur hvað þetta varðar og við þurfum í raun að jafna.

Ég var í ónefndu fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki í Vestmannaeyjum á dögunum. Þar kom fram að árstekjur fiskvinnslufólks voru 1.350 þús. kr. á ársgrundvelli fyrir árið 1996 og 4,2 millj. kr. hjá sjómönnum. Þrátt fyrir þetta fluttu 150 manns á síðasta ári frá Vestmannaeyjum.

[12:12]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fólksfækkunin á síðustu tíu árum hefur mest verið í strjálbýlinu, í sveitunum og í minnstu þorpunum. Þar hefur hún verið langsamlega mest. Ef ég man þessa tölu rétt var fækkunin í sveitarfélögum Vestfjarða 32%, og *allmikil víðar á landinu.*

Hverjar eru tekjur manna í landbúnaði? Þær eru á landsbyggðinni 695 þús. kr. hjá bændum árið 1994. Þetta er nú dálítið athyglisvert. Brottflutningurinn er mestur úr þeirri atvinnugrein sem hefur lægstar tekjur og mér finnst það bara skýra málið. Mér finnst það eðlilegt af því að menn taka ákvörðun út frá þessum þáttum öðrum fremur.

[12:14]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur *farið fram, einkum og sér í lagi skýrslu hæstv. forsrh. sem var* yfirgripsmikil og mjög í takt við mínar skoðanir í byggðamálum og ýmis nýbreytni sem samræmist svo sannarlega áformum stjórnar Byggðastofnunar. Þetta tel ég vera mjög af hinu góða.

Hv. 15. þm. Reykv. braut hér upp eins árs gamla umræðu, sams konar umræðu og nú fer fram, einkum þó um skýrslu Ríkisendurskoðunar, og taldi að skýra þyrfti betur hvaða breytingar hefðu orðið á á áherslum í Byggðastofnun við þessa skýrslugerð og þær ábendingar sem þar hafa komið fram. Ég vil sérstaklega af þessu tilefni taka fram að ég tel að þessi ábending sé afar þörf og það væri góður kostur, t.d. að ári liðnu þegar umræða um byggðamál fer þá fram, að fyrir lægi úttekt Ríkisendurskoðunar á breyttri starfsemi Byggðastofnunar á allra síðustu árum. Ég tel það vera miklu betri kost að Ríkisendurskoðun endurtaki þessa athugun sína og hv. alþingismönnum verði þá gerð grein fyrir því hvaða árangri þessi úttekt hefur skilað.

Mér finnst líka eðlilegt að minnast aðeins á það í upphafi máls míns að auðvitað hljótum við, ég eins og aðrir, að hafa áhyggjur af því hvernig straumurinn liggur í byggðamálum og hér hefur reyndar farið fram umræða um þau mál og ýmsar ályktanir dregnar fram í þeim efnum en eins og komið hefur fram fór Byggðastofnun þá leið að fá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að gera sérstaka viðhorfskönnun á þeim ástæðum sem hér liggja að baki. Mér er vel kunnugt um að þar hefur verið unnið afar mikið starf. Það er *líka rétt* sem hér hefur komið fram að meiri dráttur hefur orðið á því að ljúka þessu verki en efni hafa kannski staðið til, þ.e. miðað við upphaflegan ásetning í þessu máli. Þetta starf hefur hins vegar leitt til þess að það hafa vaknað fleiri spurningar sem ég á von á að verði einmitt svarað í þessari skýrslu en hún mun birtast innan fárra daga, að því er ég best veit, og verða hið gagnlegasta plagg til þess að leggja mat á hverjar þær ástæður eru sem valda fólksstraum af landsbyggðinni.

Það hlýtur að vera eðlilegt um þessar mundir að meta líka aðgerðir til stuðnings landsbyggðinni. Það hefur ekki enn verið minnst á það í þessari umræðu að á þéttbýlli svæðum landsins eiga sér stað gríðarlega miklar fjárfestingar. Ég held að einhvers staðar hafi verið frá því sagt að þær nemi 35 milljörðum kr. á tveimur árum. Hæstv. iðnrh. gat þess fyrr á þessu ári eða sl. ári að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til að mæta þessum fjárfestingum með því að leggja til verkefna á landsbyggðinni 80 millj. kr. Ég hef satt að segja ekki orðið var við aðrar aðgerðir til að mæta þeim miklu fjárfestingum suðvestanlands, ekki einu sinni í vegagerðarmálum sem ýmsir hafa nú mikinn áhuga á. Þetta er eitt af því sem hlýtur að koma til skoðunar og athugunar þegar ný stefna verður mótuð í byggðamálum í upphafi næsta árs með nýrri þingsályktun þar um.

En menn mega líka vara sig á því að viðhafa ekki of mikla neikvæðni því að við Íslendingar og ekki síst landsbyggðin *býr nú við þær efnahagsaðstæður sem ekki hafa áður verið.* Við sjáum þess víða mikil merki að menn eru að ná árangri með nýjum störfum og viðfangsefnum. Einkum og sér í lagi á það við í nábýli Reykjavíkur, í þeim byggðarlögum sem

njóta mikils góðs af veru sinni við hliðina á þéttbýlinu við Faxaflóa.

Byggðastofnun ákvað í upphafi ferils þeirrar stjórnar sem þar er nú að styrkja atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni. Það er vert að undirstrika það alveg sérstaklega að forustan um þessi verkefni varð hvorki til hjá stjórn né starfsmönnum Byggðastofnunar heldur í atvinnuþróunarstarfi úti á landi. Það var hins vegar afar geðþekkt fyrir nýja stjórn að mæta þeim áhuga sem þar var á ferðinni. Hefur nú verið stofnað til slíkra samninga hringinn í kringum landið og þeir sem hafa starfað lengst á þessum vettvangi hafa sýnilega náð bestum árangri.

Í Morgunblaðinu í morgun gefur m.a. að líta grein eftir forustumann þeirra Sunnlendinga í þessum efnum, Óla Rúnar Ástþórsson, og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa kafla úr þessari grein:

„Frá því að samningurinn við Byggðastofnun var undirritaður og til liðinna mánaðamóta hefur sjóðurinn staðið með beinum eða óbeinum hætti að stofnun á þriðja tug fyrirtækja sem hafa skapað eða munu skapa á annað hundrað störf á svæðinu. Fjárfestingar vegna þessara nýju fyrirtækja innan svæðis eru taldar vera liðlega 500 millj. kr.

Hefði Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands ekki haft jafnsterkt eigið fjárhagslegt forræði og möguleika til að fjárfesta og koma að áhugaverðum verkefnum, tel ég að möguleikar okkar til að koma á fót nýrri starfsemi með beinum eða óbeinum hætti væru mun minni en ella."

Ég tel að það sé góður kostur að þetta liggi fyrir og vissulega áhugavert að treysta einmitt þessi viðfangsefni frá því sem verið hefur. Og það kemur m.a. fram í þessari grein að Suðurland á lengra starf að baki í þessum efnum en aðrir landshlutar og hlýtur að vera eðlilegt að líta til þess sérstaklega. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að um þessar mundir fara fram enn frekari breytingar í Byggðastofnun til stuðnings þessum verkefnum og ég endurtek sérstaklega: Til stuðnings þessum verkefnum. Þar á ég við flutning á hluta af stofnuninni til Sauðárkróks sem ég er sannfærður um að er mikið heillaspor og verður unnið að því af fullum krafti svo allar áætlanir í þeim efnum gangi fram. Það er misskilningur að einhverjir krókar eða hlykkir séu í reglugerðum sem hindra framgang þeirra mála.

Með sama hætti, þótt á öðrum vettvangi sé, eru Ísfirðingar eða Vestfirðingar réttara sagt að endurskipuleggja sína starfsemi og sem einn af sjö stjórnendum Byggðastofnunar — auðvitað verða ákvarðanir þar teknar með sameiginlegri niðurstöðu — teldi ég afar mikilvægt að starfsemi í heild sinni eins og hún er núna á Ísafirði mundi færast undir forræði og starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Ég held að það sé algerlega ljóst mál að ef fólkið í byggðarlögunum sjálfum, sem hefur þrek og vilja til að takast á við nýsköpun og atvinnuþróun, klárar ekki þau mál, þá gera það ekki aðrir, ekki stofnanir eða skrifstofur hvar sem þær eru staðsettar á landinu. Reynslan liggur hins vegar fyrir um það hvernig til tekst þegar heimamenn gera þetta sjálfir, eins og á Suðurlandi og Austurlandi þar sem þessi starfsemi hefur getað staðið í tvö ár. Þess vegna eigum við umfram allt að efla byggðaforræðið í þessum efnum. Og mér fannst það afar jákvætt við skýrslu hæstv. forsrh. áðan hvað hann lagði einmitt áherslu á þessi efni.

Hér hefur verið minnst á peningamálin og það er auðvitað ekki að ófyrirsynju. Ég er sammála því sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að með núverandi fyrirkomulagi orkar það mjög tvímælis að lánastarfsemi verði í Byggðastofnun. Það hlýtur að vera eðlilegur kostur a.m.k. að farið sé yfir þau mál á breyttum tímum og það mun stjórn Byggðastofnunar gera síðar í vetur þegar hún er búin að ljúka öðrum verkefnum. En ég minni hins vegar á að til eru þeir sem ekki hafa neina þjónustu til að hverfa að eða stuðning nema í Byggðastofnun. Gleggsta dæmið um það efni eru lánin eða lánaflokkurinn sem tekinn var upp vegna smábátaútgerðar á landinu sem ekki einungis varð til þess að flytja óhagkvæm lán inn í Byggðastofnun heldur hlaust líka af því að aðrir aðilar, sparisjóður og bankar, lækkuðu vextina niður í það sem Byggðastofnun bauð. Það er þess vegna mikið mál að finna rétta vægið þarna á milli. Samhliða því sem hugsanlega yrði horfið að að hætta almennri lánastarfsemi hjá Byggðastofnun þá verða menn að finna ráð til þess að hjálpa þeim sem eru minni máttar á þeim markaði.

Tími minn er liðinn og þar með lýk ég að sjálfsögðu máli mínu, en vera má að ég komi hér frekar að öðrum málum síðar í þessari umræðu.

[12:29]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með formanni stjórnar Byggðastofnunar. Ég tel að þær aðgerðir sem hafa verið gerðar til að styrkja atvinnuþróunarfélögin úti á landi hafi verið mjög til góðs og hafi eflt starfsemi úti á landi og það hafi orðið til góðs.

Fyrir nokkru kom út skýrsla nefndar um flutning ríkisstofnana sem inniheldur nefndarálit og tillögur um flutning ríkisstofnana. Ég vil í upphafi vitna, með leyfi forseta, til þessarar skýrslu og vísa til bls. 12, 10. liðar, um ákvarðanatöku. Þar segir:

„Tilgangur með flutningi stofnana frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar er ekki endilega sá að gera þær hæfari til að gegna hlutverki sínu og verkefnum. Hins vegar getur flutningur oft og tíðum kallað á ákveðna sjálfsskoðun, uppstokkun og endurskipulagningu hjá viðkomandi stofnunum og þannig eflt hana til frambúðar.

Aðrar ástæður eru fyrir því að flytja stofnanir og varða þær byggðaþróun í landinu með þjóðarhag fyrir augum."

Ég er kannski ekki alveg sammála þessu orðalagi um að ekki sé þá endilega verið að gera þær hæfari því að auðvitað verður það til þess að gera þær hæfari þegar farið er að hreyfa við málunum. Og það sem verður að ganga út frá er að það séu ekki forsendur fyrir flutningi nema gildi og hæfi stofnunar séu í engu skert. Það er grundvallaratriði. Það sem nefndin sem ég fjallaði um, sem gerði þessa skýrslu og tillögur, valdi sem sínar tillögur var í fyrsta lagi að flytja út á land eftirfarandi stofnanir:

Í fyrsta lagi Byggðastofnun. Hvað er að gerast? Það er komin tillaga um að flytja þróunardeildina þó að ekki sé nú annað, en það er gott spor í áttina. Það var tillaga um að flytja Landhelgisgæsluna, það var tillaga að flytja Landmælingar. Það er þó komið en fátt annað. Það var tillaga um að flytja Rafmagnsveitur ríkisins. Það var tillaga um að flytja Skipulag ríkisins. Það var tillaga um að flytja Skráningarstofu ríkisins. Það var tillaga um að flytja Vegagerð ríkisins. Það var tillaga um að flytja Veiðimálastofnun. Það tókst við illan leik að koma veiðistjóra á Akureyri og menn muna hvað það kostaði. Það kostaði stórstríð hér í þinginu.

Þetta eru dæmin sem hægt er að rekja um hvernig til hefur tekist þegar menn hafa ætlað að fara í einhverjar aðgerðir til að efla atvinnustarfsemi á sviði stjórnsýslu á landsbyggðinni.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að vitna í skýrslu Byggðastofnunar um byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997 sem er stefnumótandi áætlun. Það sem þar kemur fram er að í ályktun Alþingis var samþykkt að beina kröftum að valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga. Að því vil ég standa því forsenda fyrir slíkri dreifingu valds er sameining sveitarfélaga og aukið samstarf svo að þau séu í stakk búin til að valda þeim verkefnum sem um semst milli ríkis og sveitarfélaga. Með leyfi forseta, vil ég vitna í áðurnefnda skýrslu, bls. 9 og 10. Þar segir í tillögu að ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.“ Það verður nú að segjast alveg eins og er að lítið hefur verið gert í þessum málum annað en það litla sem ég taldi upp áðan.

Í öðru lagi: „Nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtæki geti skilað arði. Aukin áhersla verði lögð á atvinnuþróunarstarf á vegum Byggðastofnunar og heimamanna sem beinist að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi. Aðgerðir í þessu skyni verði m.a. eftirfarandi“ og það hefur nákvæmlega ekkert gerst í þessum málum annað en það sem ég tók undir með hv. síðasta ræðumanni, Agli Jónssyni.

Herra forseti. Það er búið að taka ákvörðun um vinnuferlið. Það er gert með samþykkt þeirrar ályktunar sem ég var að vitna til áðan og það ber að fylgja henni eftir nema gerðar verði nýjar samþykktir eða sett ný lög. Ég krefst þess að það verði gert. En auðvitað eru fjölmörg atriði sem hægt er að ræða og ber að ræða þegar byggðamál eru á dagskrá. Það er nánast allt, svo sem flutningur kvóta milli byggðarlaga, hvort sem um er að ræða sjávarútvegskvóta eða landbúnaðarkvóta. Það er ástæða til að ræða t.d. hver áhrif af ákvörðunum stórrisanna í flutningum á sjó og landi eru á afkomu byggða úti á landi og á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorninu. Hafa menn velt því fyrir sér?

*Hvaða breytingar hefði þurft að gera á vegakerfinu í kjölfar ákvarðana flutningatröllanna*, eins og ég vil kalla þá, að flytja nánast allan útflutning frá Reykjavík og Hafnarfirði, og svo innflutning um sömu hafnir? Hvað hefði þurft að fylgja með? Hafa menn velt því fyrir sér að þær ákvarðanir sem hafa verið teknar í þessum efnum koma ekki frá Alþingi? Hafa menn velt því fyrir sér að Alþingi Íslendinga hefur orðið að dansa með í trölladansinum um flutningaleiðirnar og orðið að bæta samgöngukerfið eftir vilja flutningatröllanna? Hafa menn velt þessu fyrir sér? Hafa menn velt því fyrir sér að flutningar með sendibílum og minni flutningabílum hafa verið keyptir upp, bókstaflega keyptir upp, og þar með settir út úr þeirri atvinnustarfsemi sem þeir voru í um langan tíma? Og hvað hefur gerst í kjölfarið? Það sem hefur gerst er að tekjur hafna úti á landi hafa fallið niður í nánast ekki neitt, snarminnkað vegna þessarar þróunar. Það getur vel verið að flutningskostnaður hafi lækkað. En tekjuskerðingin sem t.d. hafnirnar hafa orðið fyrir hefur ekki verið bætt á neinn hátt.

Í þessum flutningamálum ríkir einokun í dag. Er það hollt? Er það gott? Ég er ekki að ráðast að neinum sérstökum aðilum. Ég er frekar að reyna að draga þá mynd upp sem blasir við mér. Ég tel ekki heldur að menn hafi séð þessa þróun fyrir. Hún hefur bara komið og orðið eins og svo margt annað.

Það hefði örugglega fáum dottið í hug að kvótasöfnun á örfáa aðila mundi eiga sér stað í þeim mæli sem raun ber vitni í sjávarútvegi og af þeim völdum blasir við að fjármagnið í verðbréfafyrirtækjum á Íslandi byggist að stórum hluta á óveiddum fiski í sjónum. Hverjum hefði dottið það í hug fyrir svona sjö árum síðan að fjármagnið í verðbréfafyrirtækjunum byggðist á óveiddum fiski í sjónum?

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að ræða sérstaklega þessa nýútkomnu skýrslu Aflvaka. En ég get ekki varist þeirri hugsun að einhverjir sem þar stjórna séu tilbúnir að fara í stríð við okkur krummaskuðskarlana, eins og við landsbyggðarmenn erum stundum nefndir, sérstaklega þeir þingmenn sem reyna að benda á að það glatast ávallt tækifæri þegar um er að ræða samdrátt í byggðarlögum og þá mest utan þéttbýlisins. Það gerist einnig um leið og þessi samdráttur verður að eignir einstaklinganna rýrna. (**EgJ:** Þetta er R-listinn.) Verðgildi þessara eigna er oft og tíðum ekki nema 30–40% af því sem þær mundu kosta á Stór-Bessastaðasvæðinu. Menn þurfa að gera sér grein fyrir þessum afleiðingum. Þetta er afleiðing, hv. þm. Egill Jónsson, af stjórnarstefnu ríkisstjórnarinnar og ekkert annað. (**EgJ:** Þetta er allt annað kyn.) Samdráttur í smærri byggðum leiðir af sér rýrnun menningarverðmæta og ýmissa hefða. Samdráttur á landsbyggð leiðir af sér minnkandi þjónustu við þá sem þar búa og það er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi hönd í bagga varðandi þá þróun sem æskileg er varðandi búsetu á Íslandi.

Það getur verið að það finnist óhagkvæmar byggðir og óhagkvæmir bæir í sveitum sem búið er á. En allar byggðabreytingar í stórum stökkum sem geta leitt af þeim aðgerðum sem kvótaflutningur og breytt flutningatækni og samgöngur hafa í för með sér eru mjög varasamar.

Hver er ástæðan fyrir þeirri miklu byggðaröskun sem nú er á landinu? Það eru margir að reyna að skýra hana. Það gengur treglega hjá háskólanum en hér var upplýst rétt áðan að sú skýrsla sem er væntanleg um þessi mál mun vera á ferðinni eftir nokkra daga og það verður mjög fróðlegt að sjá þá niðurstöðu. En ég vil bara segja að þær kröfur sem fólk gerir varðandi val á búsetu eru að mínu mati eftirfarandi:

*Gott aðgengi að læknisþjónustu og heilbrigðiskerfi*, möguleiki á haldgóðri menntun, að boðið sé upp á hæfilegan skammt af menningu og þokkaleg afkoma, þá á ég við vegna atvinnu. Þetta eru mikilvægustu atriðin að flestra mati. Sú fallega mynd sem stundum er dregin upp í sjónvarpi af höfuðborgarsvæðinu hefur einhver áhrif en að mínu mati ekki teljandi.

Mig langar að gera að sérstöku umtalsefni eitt atriði sem varðar varnarbaráttu landsbyggðar. Hún birtist í mörgum myndum en kristallast e.t.v. í þeirri baráttu sem hefur staðið um nokkurt skeið varðandi heilbrigðisþjónustuna. Það eru að birtast hugmyndir um samdrátt í rekstri sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og þeim er gert að skera niður án þess að draga úr þjónustu. Það liggur næst manni að tala um að heilbrigðiskerfið sé í henglum því það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að skera niður og halda uppi óbreyttri þjónustu. Vonandi er ástandið samt ekki eins slæmt og ég sé það í hendi mér. En á undanförnum árum og síðustu dögum og vikum hefur athygli þjóðarinnar verið bókstaflega dregin að því ástandi sem ríkir í heilbrigðismálum. Sumir beina skeytum sínum til hæstv. heilbrrh. og vissulega ber hæstv. ráðherra ábyrgð. En ábyrgðin er fyrst og fremst hæstv. ríkisstjórnar í heild hvað sem tautar og raular. Og ég segi: Úr þessu verður að bæta. Á flestum heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni er ástandið þannig að þar er uppsafnaður

halli frá 4 upp í 80 millj., í heild á annað hundrað milljónir. Ef þessar stofnanir eiga að vinna samkvæmt fjárlagatillögum, hvað blasir þá við? Uppsagnir starfsfólks, lokanir deilda og samdráttur í þjónustu. Á sama tíma ætlast menn til að skorið sé niður um 80 millj. á landsbyggðarsjúkrahúsunum. Svo ég nefni Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þá á það við mjög mikinn og alvarlegan vanda að etja sem verður að mæta.

Það má auðvitað geta þess að á Ríkisspítölunum er ástand þannig að viðhaldsþörfin er orðin slík að menn eru farnir að tala um 5–10 fötu hús til að lýsa ástandinu. Hver sem vill getur séð að byggingar þar eru orðnar þannig að mörgu er ábótavant. Það vantar um það bil 600–800 millj. á Ríkisspítalana til að mæta rekstrarfjárþörfinni einni saman. Á Ríkisspítölunum er rekin heil deild á göngum. Fjórði hver sjúklingur sem lagður er inn liggur á göngum. Þetta gengur ekki.

Það er nákvæmlega sama ástandið á Borgarspítalanum. Hann er að grotna niður af viðhaldsleysi. Þar vantar 471 millj. til þess að halda rekstrinum gangandi. Á þessum sama tíma er gert ráð fyrir sparnaði.

Mín skoðun er sú, sett fram út frá þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum og frá ástandinu eins og ég hef kynnt mér það, að Alþingi verður að taka í taumana og skipa hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að gera áætlun til þriggja ára þar sem gert er ráð fyrir 1–1,2 milljörðum á ári til viðbótar við reiknitölu fjárlaga til þess að koma viðhaldi sjúkrastofnana í viðunandi horf á landinu. Menn geta haldið áfram að hagræða þá á meðan slíkt er gert.

Það er ástæða til að nefna smádæmi um ástandið eins og það er. Það vita allir sem fylgjast með fréttum, a.m.k. þeir sem hafa þurft að leita til sérfræðinga að undanförnu, að kerfið er í henglum. Sjúklingar sem þurfa að leita sérfræðiþjónustu verða að borga allt saman sjálfir. Þeir fá ekki krónu til baka. Hugsanlega fá þeir eitthvað ef skatturinn viðurkennir kostnað þeirra. Það er algengt að einstaklingar sem fara til sérfræðinga leggi út 15–20 þús. kr. fyrir þá þjónustu sem þeir fá frá þeim í dag. Þetta verður að stoppa. Þetta verður að laga. E.t.v. finnst mönnum að þetta sé rógburður um ástandið en það er svona og það er hægt að rökstyðja það með miklu sterkari dæmum ef menn vilja. Jafnvel hefur heyrst að á sumum stofnunum fyrir gamalmenni sé gengið ótrúlega langt í sparnaðarskyni. Það er ástæða til þess að breyta þessu áður en alvarlegri flótti heilbrigðisstétta skellur á heldur en nú er orðinn. (Forseti hringir.)

Ég skora, herra forseti, á hæstv. ríkisstjórn að grípa nú þegar til aðgerða varðandi þessi mál. Mörg önnur mál geta beðið, flest áherslumál fölna þegar mikilvægi þeirra eru borin saman við mikilvægi heilbrigðisþjónustunnar.

[12:45]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Við komum hér hver á eftir öðrum hv. þingmenn Vesturlands til að ræða byggðamál, enda ekki vanþörf á. Þær umræður sem nú fara fram um byggðaþróun og búsetubreytingar í landinu almennt eru háværar, enda er ekki að furða að svo sé. Ég held að ekki sé ofmælt að segja að nú þessi síðustu ár aldarinnar standi yfir einhverjir mestu búferlaflutningar Íslandssögunnar þannig að full efni eru til að ræða þessi mál og það heyrir auðvitað undir þann lið sem við ræðum hér í dag.

Ég held að almennt séð sé fólk þeirrar skoðunar að landið okkar eigi allt að vera í byggð en hins vegar greinir menn á um hvernig og hvað beri að gera til að svo verði. Það er mál sem við gerum okkur grein fyrir. Í öðrum löndum er hafa menn miklar áhyggjur af þeirri þróun sem á sér stað í öllum heiminum nánast sem er kannski ápekk því sem við stöndum frammi fyrir. Menn hafa miklar áhyggjur af þessu og hafa uppi ýmis áform um það hvernig skuli bregðast við.

Við höfum orðið vitni að því hér að það hafa verið raddir uppi um það í áhrifastöðum á höfuðborgarsvæðinu að höfuðborgin sem slík sé ekki nógu öflug og ekki nógu stór og þá eru menn fyrst og fremst að miða það út frá samkeppni við útlönd. Þetta er merkilegt innlegg í þessa umræðu og við þurfum að sjálfsögðu að ræða þetta eins og hvað annað.

Í umræðunni um það hvað veldur þessari byggðaþróun sem við upplifum um þessar mundir eru ástæðurnar margvíslegar og kannski má segja að það sé okkar vandi. Þegar við leitum ráða um það hvernig skuli bregðast við, þá er okkar vandi að ástæðurnar eru svo margvíslegar og það er svo erfitt að skilgreina þær nákvæmlega þannig að tillögur til aðgerða verða kannski ekki eins markvissar og að öðrum kosti.

Í umræðunni í dag hefur ýmislegt komið fram sem menn nefna til sem ástæður þessarar þróunar en mín skoðun er sú að það að næg atvinna sé fyrir hendi og há laun, sé kannski ekki það sem skiptir öllu máli nú. Ég held að það sé staðreynd sem æ fleiri viðurkenna.

Hvað varðar atvinnulífið þá skiptir verulega miklu máli og grundvallarmáli að atvinnumöguleikar séu fjölbreyttir. Við upplifum það hvar sem er um landið að ungt fólk fer til náms, sækir sér menntun á háskólastigi en upplifir það síðan að því loknu að möguleikar eru ekki til staðar til að snúa til baka og stunda atvinnu við hæfi. Þetta er mjög alvarlegt mál en að sjálfsögðu er ekki einfalt að bregðast við þessu.

Það er hægt að tína fjölmargt til en ég held hins vegar að sú sýn sem fólk almennt hefur á lífinu og tilverunni skipti líka verulegu máli í dag og þá vil ég kannski nefna afþreyingarmöguleika og félagslega þætti. Þeir skipta verulegu miklu máli og við vitum fjölmörg dæmi þess að það hefur ráðið úrslitum um búsetuval fólks.

Ég vil taka undir það sem fram hefur komið í þessari umræðu að þær aðferðir sem við höfum beitt til þess að styrkja byggð í landinu hafa ekki dugað sem skyldi þó svo að ýmislegt jákvætt hafi verið gert. Hér er til umræðu skýrsla um Byggðastofnun og þar er ýmislegt tiltekið af því sem Byggðastofnun hefur verið að gera. Ég held að það megi segja að þar kemur fjölmargt fram sem hefur verið gert á jákvæðan hátt til þess að styðja og styrkja bæði atvinnulífið og búsetuna í landinu. En því miður, eins og ég hef vikið að, duga stjórnvaldsaðgerðir og aðgerðir stofnana eins og Byggðastofnunar kannski of skammt í þessum efnum. Ástæður fyrir þessari þróun eru það margvíslegar að það kannski skýrir það.

Það hefur verið rætt um þá kosti að styðja við atvinnu- og þjónustukjarna eða svæði úti um landið og ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að því. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það sé hugsanlegt, að kannski sé helsti kosturinn að styrkja byggðina innan frá, getum við sagt, þ.e. að leggja áherslu á sérstök svæði eða byggðakjarna sem eru atvinnu- og þjónustukjarnar þannig að viðkomandi landsvæði styrkist innan frá og þannig verði stutt við búsetuna á viðkomandi svæðum. Hins vegar munum við alltaf standa frammi fyrir því að ákveðin jaðarsvæði verði til og það eru þau sem eiga erfiðast uppdráttar. En með því að skilgreina svona atvinnu-

og þjónustukjarna, þá náum við e.t.v. betur að nálgast þessi jaðarsvæði og vinna þannig að þeirra hagsmunum.

Herra forseti. Í þessu öllu saman vil ég nefna eitt sérstakt atriði sem ég tel að skipti grundvallarmáli varðandi byggðamálin eða búsetu fólks í landinu og það eru samgöngumál. Það er sama hvert farið er, alls staðar virðist þetta vera fólki nánast efst í huga og þá er kannski fyrst og fremst verið að meina vegasamgöngur. Við þekkjum að þetta ástand er alls ekki gott víða um landið og því er mjög mikil ástæða til þess að taka þar á. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vitna til svars hæstv. samgrh. við fyrirspurn minni sem birtist í þessari viku þar sem ég spurðist fyrir um það hvaða byggðakjarnar á landinu væru ekki tengdir meginþjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi og hversu miklar vegalengdir þar væri um að ræða. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að það þurfi að leggja um 940 km bundnu slitlagi til þess að tengja þéttbýlisstaði sem eru með yfir 200 íbúa við meginþjóðvegakerfið. Ég held að þetta segi okkur ákveðna sögu og ekki síst þegar við skoðum um hvaða svæði hér er að ræða. Þetta eru þau svæði sem menn gjarnan nefna til sögunnar varðandi þessi byggðamál, þ.e. fyrst og fremst Snæfellsnesið, Vestfirðirnir, afmarkað svæði á Norðurlandi, norðausturhornið og síðan Austurland. Ég tel að menn hljóti að líta verulega til þessara hluta í vinnunni sem fram undan er í gerð vegáætlunar fyrir næstu árin og ég tel að mjög mikilvægt sé að það verði gert.

Við höfum rætt um landsbyggðina en það er ekki síður efni að ræða höfuðborgarsvæðið af þessu tilefni. Það er alveg ljóst að sú samsöfnun fólks sem á sér stað á höfuðborgarsvæðinu kostar þjóðfélagið gífurlega peninga. Þegar fólk flykkist af landsbyggðinni og safnast saman hér á þessu svæði, þá er alveg ljóst að verið er að yfirgefa fjárfestingar og uppbyggð mannvirki og þjónustu sem er fyrir hendi á landsbyggðinni. Þessir hlutir verða vannýttir og um leið þarf að leggja í gífurlegar fjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu. Sumt af þessu hefur verið nefnt hér en þó vil ég nefna eitt sérstaklega af því að ég var að tala um vegamálin, þ.e. að komið hefur fram hjá borgarstjórn Reykjavíkur að þeir telja að það þurfi einn milljarð á hverju ári núna á næstu árum til þess að byggja upp vegakerfi á þessu svæði til að mæta þeirri fólksfjölgun sem hér á sér stað. Þetta er bara svona eitt dæmi sem ég vildi nefna.

Annað mætti nefna. Það hefur komið fram og við þekkjum það, að nú á sér stað og mun eiga sér stað á allra næstu missirum væntanlega, að mínu mati, gífurleg offjárfesting á ýmsum sviðum og þá vil ég nefna það sem menn hafa kallað kringluæðið, þ.e. uppbygging á verslunarkjörnum og verslunarmiðstöðvum og það eru áform um slíkt í stórum stíl hér á þessu svæði. Ég held að ekki sé síður ástæða fyrir menn að velta þessum hlutum fyrir sér þegar verið er að tala um byggðamálin í víðu samhengi og hvað það kostar okkar samfélag og hverjir hagsmunirnir eru.

En hvað getum við gert til að bregðast við? Það er hægt að nefna ýmislegt til. Að sjálfsögðu geta stjórnvöld gert ýmislegt til að bregðast við þessu, en eins og ég hef sagt, þá kannski dugar það of skammt miðað við þær aðstæður sem við búum við. Ég hef nefnt samgöngumálin, en ekki er síður ástæða til að nefna að mikill ójöfnuður er á mörgum sviðum varðandi útgjöld heimilanna, annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel á milli svæða um landið. Þar vil ég nefna tvö dæmi. Það er fyrst og fremst raforkuverð til húshitunar sem er mjög þungur baggi á útgjöldum heimilanna á þeim svæðum þar sem þarf að nýta raforku til húshitunar. Þetta skiptir mjög miklu máli og skiptir máli í útgjöldum fólks.

Annað mætti nefna og það hefur reyndar komið fram hér í dag, þ.e. kostnaður sem heimilin þurfa að bera við framhaldsnám barna í fjölskyldunni. Fjölmörg dæmi eru um það að fjölskyldur hafa séð sig knúnar til þess að flytjast búferlum af einstökum stöðum þar sem framhaldsskólar eru ekki til staðar til þess að gefa börnum sínum kost á því að stunda framhaldsnám einfaldlega vegna þess að kostnaðurinn er svo mikill við það að halda börnum til náms fjarri heimili að fjölskyldurnar standa ekki undir því. Mig langaði að nefna þessi tvö dæmi sérstaklega en þau eru auðvitað fjölmörg fleiri.

Herra forseti. Tíma mínum fer að ljúka. Það væri hægt að ræða þessi mál daglangt og það er af mörgu að taka. En svona rétt í lokin vil ég segja að að sjálfsögðu eru fjölmargir möguleikar og sóknarfæri víða úti um landsbyggðina og ýmislegt er að gerast, þrátt fyrir að menn ræði það nú ekki mikið, í uppbyggingu bæði atvinnutækifæra og í samgöngumálum á landsbyggðinni. Við megum ekki gleyma að nefna það sem vel er gert og jákvætt er í þessari þróun sem væntanlega og vonandi má þó verða til þess að spyrna við þeirri röskun sem á sér stað um þessar mundir. Við landsbyggðarmenn verðum að breyta þeirri umræðu örlítið sem við höfum kannski haldið uppi til skamms tíma varðandi þessi mál og reyna að gera hana svolítið jákvæðari og bæta þar með ímynd landsbyggðarinnar því það er mjög gott að búa úti á landi víða. Þar er öflugt menningar- og félagslíf og varðandi fjölskyldurnar þá þekki ég af eigin raun að það er miklu vænlegri kostur að ala upp ung börn víða úti um landsbyggðina en á höfuðborgarsvæðinu þar sem mannfjöldinn er orðinn svo mikill og aðstæður eins og þær eru.

Þetta eru þau dæmi sem ég vildi nefna. Við landsbyggðarmenn verðum að halda þessu á lofti og reyna að bæta þessa umræðu á jákvæðan hátt. Ljóst er að hagsmunir höfuðborgarsvæðisins eru undir því komnir m.a. að landsbyggðin sé sem víðast blómleg og öflug. Þá eru það einnig hagsmunir landsbyggðarinnar að höfuðborgin sé sem öflugust þannig að þetta fer nú allt saman. Ég held að við verðum í sameiningu, öll þjóðin, að taka á þessum málum. Það er þjóðhagslegt hagsmunamál okkar að við vinnum saman að því verkefni sem blasir við okkur og menn eiga að reyna að eyða þessari umræðu sem því miður er í of miklum mæli þannig að verið er að stilla þessum hlutum upp hvorum gegn öðrum, þ.e. annars vegar höfuðborgarsvæðinu og hins vegar landsbyggðinni. Menn hafa nefnt ákveðna skýrslu til sögunnar frá Aflvaka hf og Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkur og ég vil taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á vinnubrögð og framsetningu hennar. Þessi skýrsla og sú umfjöllun sem hefur orðið um hana virkar þannig á mig að þetta mál hafi verið sett fram beinlínis til þess að etja saman þeim tveimur þjóðfélagshópum. Ég vil leyfa mér að segja það hér og að sjálfsögðu bera þeir ábyrgð á því sem bera ábyrgð á þessum vinnubrögðum og það eru borgaryfirvöld í Reykjavík kannski fyrst og fremst. En ég vil vara við þessu og hvetja til þess að við tökum höndum saman, þjóðin í heild, og vinnum okkur út úr þessu verkefni sem sannarlega er ekki einfalt en er mikilvægt að náist farsæl lausn um.

[13:00]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir margt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og þann anda sem sveif yfir ræðu hans í ýmsum greinum, en þó er það nú svo að það þarf meira til en góðan vilja einan saman og jákvæða umræðu. Það þarf að taka á ákveðnum grundvallarvandamálum og það er stjórnmálalegt viðfangsefni. Það er rétt að markaðskerfið í heild sinni vísar veginn, þetta óhefta markaðskerfi sem stjórnvöld, ekki bara hér heldur víðast hvar á heimsbyggðinni, hafa verið að ryðja til rúms og leiðir auðvitað allt að einum punkti eðli málsins samkvæmt. En það er ekki viðfangsefni umræðunnar núna.

Ég held að ákveðnir grunnþættir í uppbyggingu okkar samfélags séu þarna lykilatriði og það verður að minna á það í þessari umræðu. Uppbygging stjórnsýslunnar í landinu á árum þegar opinber stjórnsýsla og þjónustusviðið er það sem tekur störfin og þar sem mest eru umsvifin. Það var hörmulegt að á 8. áratugnum voru ekki nægar undirtektir við að skipta landinu í fylki, að búa til héruð í landinu til þess að koma af stað þeirri þróun sem menn nú eru að tala um allt of seint, en þó kannski betra seint en aldrei um ákveðin vaxtarsvæði. Slík uppskipting stjórnsýslunnar er enn þá brýnt viðfangsefni og á að vera á dagskrá. Þar getur ríkisvaldið gengið á undan því að það er fyrst og fremst spurningin um að færa verkefni hins opinbera, og fyrst af öllu það sem við höfum vald á, að færa þau skipulega út á svæðin á landsbyggðinni, út í fylkin. Sameining sveitarfélaga leysir (Forseti hringir.) ekki það mál.

Síðan eru aðrir grunnþættir, virðulegi forseti, sem hv. ræðumaður nefndi eins og samgöngumál og orkumál. Og hvað gera menn? (Forseti hringir.) Hvað gerir núverandi ríkisstjórn í þeim efnum?

[13:02]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu um byggðamál er mönnum gjarnt að ræða um hið svonefnda þriðja stjórnsýslustig og það kemur upp aftur og aftur í þessari umræðu. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að það sé kostur í þeirri stöðu sem við erum að setja upp, þriðja stjórnsýslustigið. Hins vegar er ég sammála þeirri almennu skoðun sem uppi er um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ég tel að ef vel tekst til í þeim efnum, ekki bara með sameiningu sveitarfélaganna, heldur með því að efla sveitarfélögin, þá megum við eða getum byggt betur upp þá stjórnsýslu sem sannarlega þarf að vera sem næst fólkinu.

Ég er hins vegar líka sammála því að það er auðvitað hægt að færa ýmis verkefni sem eru t.d. unnin hér á höfuðborgarsvæðinu í stjórnsýslu ríkisins út til einstakra staða. Ég get nefnt sem dæmi að menn hafa rætt um sýslumannsembættin í landinu. Ég held að það sé kostur og að menn eigi að skoða hvort ekki sé hægt að efla starfsemi sýslumannsembættanna úti um landið með því að þau taki til sín verkefni frá stjórnsýslunni hér í Reykjavík. Ég vil bara nefna þetta sem dæmi út af því sem hv. þm. kom inn á.

[13:04]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að efla sveitarfélög og möguleika þeirra til athafna. Sameining þeirra er víða mjög eðlilegt skref en það leysir ekki þennan vanda. Það kemur ekki upp þeim krafti sem þarf að verða í landshlutunum þar sem umfram allt verður að vera til staðar fólk til að geta tekið á verkefnum — ég segi til jafns hvað snertir hugvit og bakgrunn og hér á höfuðborgarsvæðinu. Það skiptir kannski allra mestu máli.

Og síðan það að grunnþættir í þjónustu samfélagsins byggja á jöfnuði. Þingmaðurinn nefndi orkumálin, verðjöfnun á rafmagni til húshitunar svo við tölum beint út. Það er hægt að stíga það skref og það kostar ekki nein ósköp. Hvað gerir Framsfl. í þeim efnum? Ég mundi taka undir með hv. þm. og hæstv. iðnrh. um leið og hann kæmi fram með tillögu um að ná þarna jöfnuði, tryggja jöfnuð út frá gefnum meðaltalsforsendum. Þetta kostar engin ósköp.

Varðandi vegamálin þá er það auðvitað öfugsnúið að enda þar sem byggðin stendur veikust á að koma upp nútímalegu samgöngukerfi. Menn áttu auðvitað að byrja á hinum endanum. Það hefði verið jákvætt í byggðapólitísku samhengi. En það er ekki það sem uppi er núna, ekki einu sinni að klára það verkefni að koma upp sómasamlegu vegasambandi á helstu vegum í landinu. Meira að segja á hringveginum ökum við enn þá á möl og hossumst í holum.

Framsfl., virðulegur forseti, verður að taka sig á og það verulega ef hann ætlar að vera trúverðugur í þessari umræðu.

[13:06]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi sveitarfélögin get ég verið sammála því sem fram kom hjá hv. þm. að sameining sveitarfélaganna ein sér leysir ekki vandann, ég get verið sammála því. Ég tel hins vegar að sameining sveitarfélaga sé mjög mikilvægt skref í að efla sveitarstjórnarstigið. Það er það sem ég vildi sagt hafa hér.

Hv. þm. spurði ítrekað: Hvað gerir Framsfl. í hinum og þessum málum? Hv. þingmenn Framsfl. taka fullan þátt og af fullri ábyrgð í umræðum og vinnu að þessum málum. Það liggur fyrir. Og framsóknarmenn eru einarðir í því ásamt fleiri hv. þm. annarra flokka að vinna að lausnum þessara mála þannig að ég held að menn þurfi í sjálfu sér ekki að varpa fram svona spurningum. Svörin koma fram í efndum og vinnubrögðum.

[Fundarhlé. — 13:07]

[13:41]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi færa hæstv. forsrh. þakkir fyrir ákaflega athyglisverða og góða skýrslu um starf og starfshætti Byggðastofnunar en ég held að það sé kannski meiri þörf á því að ræða þessi mál núna bæði almennt, eins og hér hefur verið gert, og einnig um starf Byggðastofnunar sem hefur verið að taka mjög miklum breytingum upp á síðkastið.

Í fyrsta lagi stöndum við núna frammi fyrir miklu alvarlegri stöðu í byggðamálum en við höfum gert á undanförnum mörgum árum. Það er hraðari flótti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og það sem er kannski verra er að í mörgum sveitarfélögum þar sem staðan hefur verið bærileg, þá hefur hún verið að versna. Sveitarfélög sem hafa gert meira en að halda í við fólksfjölgunina í landinu hafa verið að láta undan síga og það er kannski það alvarlegasta veikleikamerki sem við sjáum í byggðaþróun í dag. Við höfum upplifað það almennt talað, ef litið er yfir lengri tíma, að byggðaþróun hefur verið á þann veg að landsbyggðin hefur verið að láta undan síga gagnvart höfuðborgarsvæðinu en það er hins vegar nýtt í málinu þegar svo er komið víðast

hvar að staða landsbyggðarinnar er orðin svona alvarleg. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að við ræðum þessi mál málefnalega og förum ofan í þessa þætti og eitt af því sem við höfum verið að gera m.a. í stjórn Byggðastofnunar, er að við höfum verið að reyna að fara skipulega ofan í þessi mál.

Það vakti satt að segja dálitla undrun hjá mér á sínum tíma þegar ég settist í stjórn Byggðastofnunar að komast að því að ekki lægju fyrir neinar skipulegar eða skjallegar upplýsingar um ástæður búferlaflutninga á landinu. Að vísu var það svo að á vegum Húsnæðisstofnunar, á árinu 1987 hygg ég, fór fram einhver slík athugun en sú athugun er alls ekki nægjanlega ítarleg til þess að við gætum svarað áleitnum spurningum.

Ég get tekið undir að það er orðið býsna langt síðan þessi skýrsla hefði átt að vera tilbúin, en aðalatriðið er að hún mun líta dagsins ljós á næstu dögum og vikum og þá mun eitt og annað mjög fróðlegt koma fram. Það sem hefur verið kynnt af þessari skýrslu, bæði í stjórn Byggðastofnunar og einnig á opinberum vettvangi á sérstakri ráðstefnu sem haldin var, hefur sýnt okkur, og það held ég að sé kannski það mikilvægasta, að ástæður búferlaflutninganna eru mjög margvíslegar. Við héldum áður fyrr að tiltölulega einfalt væri að ráðast gegn vandanum ef við hefðum bara eitt atriðið undir og t.d. ef staða grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar væri í lagi, þá væri allt í lagi á landsbyggðinni. En þetta er einfaldlega ekki þannig. Það er að vísu alveg rétt sem hér kom fram í umræðum áðan að auðvitað er það meginforsendan fyrir því að byggð haldist og byggð sé í lagi að staða atvinnugreinanna sem landsbyggðin byggir sitt á sé góð því að þó að allt annað væri gott, skólamál, heilbrigðismál og allt annað, þá væri staðan á landsbyggðinni mjög alvarleg ef grundvallaratvinnuvegir hennar væru ekki í lagi.

En það breytir hins vegar ekki því sem hefur komið fram og er alveg greinilegt á þeim upplýsingum sem við höfum séð af skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, að ástæður byggðaþróunarinnar eru miklu fjölbreytilegri en við kannski töldum og jafnvel mismunandi milli svæða. Það er t.d. alveg dagljóst að ástæður þess að fólk er að flytja af Norðurl. v. eru ekki þær sömu og t.d. frá Vestfjörðum. Það er alveg ljóst að íbúar á Vestfjörðum, Austfjörðum og norðausturhorninu eru miklu óánægðari með stöðu samgöngumála en íbúar t.d. á Suðurlandsundirlendinu eða íbúar á Norðurl. v. Þetta mun koma greinilega fram í þessari athugun og þá kemur að því sem snýr að okkur stjórnmálamönnunum og það er hvernig við munum bregðast við þessu. Hvernig munum við túlka þessa niðurstöðu? Hvernig munum við síðan vinna úr þessu og marka stefnuna til framtíðar? Ég held að hér muni reyna mjög mikið á okkur vegna þess að þetta mun þýða að þegar fram í sækir þurfum við að breyta áherslum. Það getur verið, og meira en það, það er augljóst mál að ef við ætlum að draga eðlilegan lærdóm af þessum niðurstöðum, þeim skilaboðum sem fólkið í landinu er með þessu að segja okkur, þá verðum við að leggja meiri áherslu á vegagerð á stöðum þar sem fólk er mjög óánægt með stöðu mála og gefur auga leið að er einn af ráðandi þáttum þess að fólkið er að yfirgefa heimahaga sína.

Ég held að það sé alveg rétt sem hér hefur verið sagt og m.a. kom mjög glögglega fram í máli hæstv. forsrh., að eitt af því sem skiptir hvað mestu máli er fjölbreytnin, fjölbreytni í atvinnulífinu, fjölbreytni í umhverfinu sem fólk lifir og hrærist í. Ég held reynar að menn átti sig kannski ekki alveg á því hversu fjölbreytnin er þrátt fyrir allt mikil úti á landi. En það sem máli skiptir er það hvernig við getum skapað skilyrði fyrir því að auka fjölbreytni bæði atvinnulífsins og menningarlífsins og mannlífsins í heild. Það gerum við með því að tengja byggðirnar betur saman þannig að það skipti ekki miklu máli hvort menn búi í einu 800 manna bæjarfélagi ef það tengist með daglegum samgöngum við stærri heild þannig að við getum skapað þessa viðspyrnu. Þetta sjáum við m.a. að er að takast að þessu leyti á norðanverðum Vestfjörðum með tilkomu jarðganganna.

Ég sagði áðan að við ættum bara að ræða um byggðamálin almennt þó að það sé mjög freistandi. Ég held að það sé ekkert síður mikilvægt að við ræðum um starfsemi Byggðastofnunar og hvernig hún hefur verið að breytast á undanförnum missirum. Það sem mestu máli skiptir í því sambandi er að á vegum stofnunarinnar hafa verið teknir upp samningar við heimamenn í öllum kjördæmum landsins um atvinnuþróunarstarfsemi. Með þessu erum við að reyna að færa aukinn hlut og aukið forræði til heimamanna sjálfra. Við sjáum þar sem þetta hefur gengið lengst, t.d. á Suðurlandi, að þetta er að skila varanlegum og merkjanlegum árangri. Hægt er að benda á að starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins með tilstyrk Byggðastofnunar hefur verið að skapa ný störf, tugi nýrra starfa á Suðurlandi, sem ella hefðu ekki komið þangað. Með þessu er verið að gera svæðið byggilegra. Með þessu er verið að gera það að verkum að möguleikar fólks til þess að kjósa sér búsetu eru fleiri. Fólk er með öðrum orðum ekki neytt til þess að setjast niður á eitt svæði vegna þess að þar á því eina svæði eru til staðar þessir fjölbreytilegu kostir. Það er nákvæmlega þetta, virðulegi forseti, sem ég held að við eigum að reyna að leggja mikla áherslu á, að efla þessa atvinnuþróunarstarfsemi.

Það er nefnilega þannig, eins og hér hefur komið fram, að búsetuþróunin er ekkert einkamál dreifbýlisins. Það er ekkert einkamál þeirra sem búa úti í hinum dreifðu byggðum hvernig mál eru að skipast vegna þess að þéttbýlismyndun er mjög kostnaðarsöm. Fyrir um það bil átta árum, árið 1989, gaf Byggðastofnun út rit sem heitir Kostnaður þéttbýlismyndunar um áhrif fólksflutninga á höfuðborgarsvæðið, þar sem m.a. er dregið saman hvernig á mörgum sviðum höfuðborgin, íbúar þar og sveitarfélagið og þar með ríkið jafnframt, verður fyrir miklum kostnaði af þéttbýlismynduninni. Nefnd eru skólamál, dagvistunarmál, heilsugæsla, vegagerð, ferðakostnaður almennings, sorphirða, lóðakostnaður, svo nokkur atriði séu nefnd sem eru bókstaflega íþyngjandi fyrir sveitarfélögin, íbúana og ríkið. Þess vegna skiptir mjög miklu máli fyrir okkur og fyrir lífskjörin í framtíðinni hvernig við munum standa að því að framfylgja þessari byggðastefnu.

Byggðastefnan hefur nefnilega verið á margan hátt framkvæmd með öfugum formerkjum. Við köllum það að vísu ekki byggðastefnu þegar við tökum ákvörðun um að leggja mikið fé í uppbyggingu heilbrigðismála á höfuðborgarsvæðinu. Þá heitir það heilbrigðismál. Þá heitir það að koma til móts við eðlileg sjónarmið í þessum efnum. Þegar við hins vegar stöndum frammi fyrir því að það hallar á í heilsugæslu eða sjúkrahúsum á landsbyggðinni og þingmenn bregðast til varnar, þá heitir það kjördæmapot. Þá heitir það ekki heilbrigðismál, heldur kjördæmapot. Þannig er þetta á mörgum sviðum. Það heitir ekki kjördæmapot þegar menn eru að reyna að berjast fyrir því markmiði, sem ég tek undir, að efla menningarstarfsemi, t.d. Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar eða eitthvað þvíumlíkt. Það heitir

menningarmál. Það heitir framlag til þess að efla íslenska menningu og íslenskt þjóðerni og ég veit ekki hvað. Ef aftur á móti þingmanni Austurlands dettur í hug að kannski sé ekkert óeðlilegt að Alþingi styrki djasshátíð á Egilsstöðum um 300 þúsund, þá kemur óðar upp: „Þetta er kjördæmapot. Þetta er tilraun til þess að skara eld að sinni köku, til þess að gera sig vinsælan í hópi sinna kjósenda." Þannig er þetta, virðulegi forseti. Það er eins og sjónarhóllinn sé svo skakkur. Hann er svo einkennilegur þegar kemur að þessu og það er nákvæmlega þetta sem við sjáum birtast í hinni stórfurðulegu skýrslu Aflvaka sem er ekki furðuleg nema fyrir þeirra hluta sakir að hún hefur fengið svona einhvers konar gæðavottorð frá atvinnumálanefnd Reykjavíkur. Og svo einkennilegt sem það er, þá er því haldið þar fram að það sé dæmi um byggðastefnu að lán banka renni að einhverju leyti út á land og Landsbankinn fær sérstaka gusu úr þessari skýrslu um að það sé einhvers konar byggðastefnuvinkill á því að hann láni mikla peninga til Norðurl. e. og Vestfjarða. Ég verð nú að taka upp hanskann fyrir þennan góða banka. (**Gripið fram í:** Vanur því.) Vanur því? Bankinn er að lána til sjávarútvegs. Þannig er að sjávarútvegur er stór og umsvifamikill á Vestfjörðum og Norðurl. e. og sjávarútvegur er fjárfrek starfsemi og það hefur ekkert með byggðamál að gera að sjávarútvegur þarf mikla lánafyrirgreiðslu eðli málsins samvæmt. Við getum spurt okkur að því hvort við ættum ekki að draga alveg öfugan lærdóm af þessu. Bankarnir lifa á vaxtamun og vaxtamunurinn myndast af því að geta lánað út peninga og uppbygging bankastarfseminnar hefur eins og allir vita verið á höfuðborgarsvæðinu. Eigum við þá kannski að segja að það sé byggðastefna með öfugum formerkjum að það er verið að lána peninga út á land vegna þess að vaxtamunurinn nýtist auðvitað til uppbyggingar fyrir þessar bankastofnanir? Við sjáum af þessu að það er náttúrlega alveg fáránleg umræða sem fer fram í byggðamálum í landinu.

Ég kom að því áðan að á vegum Byggðastofnunar hefði verið gripið til margs konar aðgerða til að styrkja stöðu stofnunarinnar og sérstaklega til að gegna betur því hlutverki sem henni er ætlað. Það sem fyrst og fremst stendur upp úr er þessi uppbygging og stuðningur við atvinnuþróunarstarfsemina og það er rökrétt framhald af þeirri stefnumótun að nú hefur verið ákveðið, mótatkvæðalaust í stjórn Byggðastofnunar, að flytja hluta stofnunarinnar norður á Sauðárkrók. Ég verð í fyrsta lagi að vekja athygli á því að Byggðastofnun hefur nú þegar starfsemi í Reykjavík, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum þannig að það er ekkert nýtt að stofnunin sé ekki undir einu þaki. Við erum einfaldlega að segja sem svo: Þessari starfsemi er ákaflega vel komið fyrir úti á landsbyggðinni á Sauðárkróki og möguleikarnir til þess að sinna henni þaðan eru síst af öllu lakari en þeir eru hér. Hvað er þá óeðlilegt við það að við tökum þessa ákvörðun? Það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það. Að þessu leytinu er Byggðastofnun að fara inn á sömu brautir og fyrirtækin hafa verið að gera í landinu. Stóru fyrirtækin hafa verið að opna útibú og færa hluta af sinni starfsemi út um landsbyggðina. Eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson vakti athygli á í Morgunblaðinu í dag, þá á það við um Sölumiðstöðina. Þetta á við um Eimskip. Þetta á við um dagblaðið Dag sem er starfrækt með tveimur ritstjórnarskrifstofum og algjörlega án nokkurra vandamála. Og svo ætla menn að halda því fram að deild fimm manna sem eru að vinna að þróunarmálum geti ekki starfað norður á Sauðárkróki. Það er náttúrlega hvorki hægt að hlæja að þessu né gráta yfir því, það er bara átakanlegt að heyra menn halda fram svona vitleysu.

Ég held að það sé eðlilegt að Byggðastofnun þvert á móti haldi áfram á þessari braut og ef menn hafa reynt að lesa í þá umræðu sem hefur farið fram hérna í dag, þá sjá menn að það er alls staðar krafa um að stofnunin taki til í sínum ranni og breyti sínum starfsháttum og efli sig þannig. Og það að breyta engu í starfsemi Byggðastofnunar er vísasti vegurinn til þess að stofnunin trosni upp og verði að engu. Þannig verður hún bara eins og saltstólpi sem á sér enga lífsvon og þess vegna er algjörlega óhjákvæmilegt að henni sé breytt og taki mið af þeim aðstæðum sem uppi eru og það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. segir, að tilkoma t.d. Nýsköpunarsjóðs hlýtur að gjörbreyta umhverfi stofnunarinnar og tilkoma atvinnuþróunarfélaganna og þátttaka þeirra í atvinnuráðgjöfinni sem við höfum verið að efla hlýtur að hafa mikil áhrif á það hvernig við ætlum að hafa útibúakerfi Byggðastofnunar. Ég held að næsta verkefni okkar hljóti að vera að skoða nákvæmlega hvernig við getum samhæft það betur og síðan munum við halda áfram í þessum efnum því það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að þessi stofnun verður að taka sínum breytingum eins og allir aðrir.

[13:57]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um að reynt hefði verið í þessari frægu skýrslu að leggja sérstaka áherslu á það að ríkisbankarnir hefðu lánað ótæpilega og kannski óskynsamlega til tiltekinna landshluta, þá vil ég biðja menn að skoða hvað sagt er í þessari skýrslu um það og hvað verið er að bera þar saman. Það er verið að bera saman hlutfall milli inn- og útlána og það kemur í ljós að þar er mjög mikill munur á. Það er lánað í tiltekna landshluta miklu meira en nemur innlánum og þetta er alveg skýrt dregið fram. Vestfirðir eru reyndar hæstir þar.

Það þarf hins vegar ekkert að vera óeðlilegt. Það er líka sagt í þessari skýrslu að fjármagn getur leitað og þarf að leita þangað sem þess er þörf til atvinnuuppbyggingar. Það hins vegar mundi að öðru jöfnu leiða til þess, ef um arðsamar fjárfestingar er að ræða, að það mundi þá skila sér í aukinni arðsemi á svæðinu sem aftur mundi endurspeglast í hærri innlánum. Þannig mundi hagfræðin kenna okkur hvernig afleiðingar af góðum lánum væru og þetta er allt sagt í þessari skýrslu. Það hins vegar kemur í ljós að innlánin hafa ekki hækkað á því tímabili sem þarna er skoðað þannig að auðvitað eiga menn ekkert að alhæfa út frá þessu. Þetta er svona smávægileg vísbending í þessari umræðu um að það þarf að taka tillit til lánastefnu stórra aðila eins og sjóða og banka og gera sér grein fyrir því hvernig menn uppskera varðandi þau lán. Þetta þarf alls ekki að vera neitt neikvætt. Það er hins vegar áhyggjuefni að innlán skuli ekki aukast í kjölfar mikilla útlána. Það er áhyggjuefni og menn þurfa að velta því fyrir sér. En menn mega ekki falla í þá gryfju að leggja meira út af textanum en raunverulega ástæða er til því að þetta er sett upp á þann hátt að bera einfaldlega saman hlutfallið milli inn- og útlána.

[13:59]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því að það er fráleitt í sjálfu sér að vera að bera saman þetta hlutfall inn- og útlána vegna þess að sumir landshlutar eru einfaldlega þannig að þar er atvinnulíf sem er fjárfrekara en annars staðar. Þess vegna finnst mér þessi umræða vera mjög sérkennileg.

Ég talaði um það hér áðan að látið hefði verið í veðri vaka að þetta væri óeðlilegt og í þessu fælist einhvers konar hálfgerður byggðastyrkur af hálfu bankanna.

Ég vil hins vegar vekja athyglí á því að ef við sleppum afurðalánunum og berum þá saman innlánin og útlánin, þá blasir við dálítið athyglisverð mynd. Ef við tökum bara Vestfirðina þá eru innlánin þar tveir milljarðar og útlánin tveir milljarðar þannig að við sjáum af þessu, virðulegi forseti, að mismunurinn eru afurðalán sem stafar einfaldlega af því að sjávarútvegurinn er svo stór hluti af atvinnulífinu á Vestfjörðum og gerir það að verkum að veltutölur þar, t.d. á hvern mann, eru allt aðrar en þar sem atvinnulífið er ekki jafnháð sjávarútvegi eins og gerist víða út um landið.

Í Vikublaðinu er frásögn af þessari skýrslu og það segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Skýrsluhöfundur lítur á framangreinda þróun [það er í sambandi við útlánin] sem vísbendingu um aukna áherslu á arðsemi í útlánum bankanna enda afskriftir þeirra á undanförnum árum, ekki síst Landsbankans, vísbending um að útlánastefna hafi fremur einkennst af byggðasjónarmiðum og björgunaraðgerðum en arðsemi þeirra fjárfestinga sem farið hefur verið út í."

Þarna er auðvitað greinilega verið að draga þessa ályktun af matreiðslu skýrslunnar, nákvæmlega í þeim dúr sem ég hef verið að vekja athygli á, að það er svona undir rós látið í veðri vaka að þetta sé eitthvað óeðlilegt, að þetta sé byggðaaðgerð, þegar einfaldlega er verið að lána inn á svæði þar sem fjárfrek atvinnustarfsemi fer fram.

[14:01]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi áðan að það er ekkert óeðlilegt við það að lánað sé meira til eins landshluta. Og eins og hv. þm. benti á getur verið sérstök uppbygging í atvinnulífinu sem krefst mikilla lána, eins og sjávarútvegur í sambandi við afurðalán. Það sem ég var fyrst og fremst að draga fram, sem kemur fram í þessari skýrslu og er hægt að segja að sé áhyggjuefni, er að innlán hafa ekki hækkað til jafnvægis við þetta. Þetta háa hlutfall milli útlána og innlána sker sig nokkuð úr, t.d. til Vestfjarða. Þetta sker sig dálítið úr, þó sérstaklega í Landsbanka. Allt á þetta sér sínar skýringar en ályktunin sem ég vil draga af þessu er að þrátt fyrir umfangsmikil lán til tiltekinna landshluta í gegnum ríkisbanka eða aðra opinbera sjóði, svo við skiljum ekki þar á milli, hefur ekki tekist að stöðva þann búferlaflutning sem við erum að ræða um. Og ég kem enn og aftur að því sem ég hef verið að nefna hér í umræðunni að þeir búferlaflutningar sem við erum að horfast í augu við stafa af meiru en bara fjármunum og lánveitingum til þessara svæða. Það eru fleiri ástæður sem koma þarna til. Mér finnst einmitt þessi umræða um bankakerfið, sem er líka nauðsynlegur þáttur í þessari umræðu, styðja það að þetta er flóknari atburðarás og þess vegna vandmeðfarnari en menn almennt láta í veðri vaka.

[14:03]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist nú að við hv. þm. séum að verða sammála um þetta mál vegna þess að það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það að bankakerfið láni mikið til þeirra landshluta þar sem atvinnulífið er eins og ég lýsti áðan og þarf í sjálfu sér ekki að hafa um það fleiri orð. Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., og það var eitt af því sem ég lagði áherslu á í ræðu minni, að gott atvinnuástand eitt og sér nægir ekki til þess að tryggja stöðugleika og festu í íbúaþróun. Það sjáum við t.d. á miðfjörðum Austfjarða sem eru kannski besta dæmið um það þar sem atvinnulífið er mjög sterkt og öflugt og gott en íbúaþróun hefur verið neikvæð. Þetta er auðvitað líka hægt að rekja með ýmsum öðrum dæmum og er eitt af því sem við höfum verið að hyggja sérstaklega að í stjórn Byggðastofnunar — hvað það sé sem í raun og veru veldur þessari búseturöskun. Niðurstaðan, eins og ég greindi frá í máli mínu áðan, virðist vera sú að þrátt fyrir að auðvitað séu allir sammála um að frumforsendan sé að grundvallaratvinnuvegirnir séu í lagi þá er mjög margt annað sem kemur til. Kannski er ýmislegt annað sem kemur til núna sem átti ekki við fyrir fimm eða tíu árum vegna þess einfaldlega að þjóðfélag okkar er að breytast svo hratt. Það er gagnvart þessum viðfangsefnum sem við stöndum kannski að sumu leyti berskjölduð og við erum að reyna að ná að festa fang á þessu verkefni sem er að mörgu leyti nýstárlegt vegna þess að við erum að takast á við hluti sem við höfum kannski ekki alveg gert okkur nákvæmlega grein fyrir en ættu þó að blasa við, bæði varðandi skólamál og heilbrigðismál og kannski ekki síst það sem ég hef verið að leggja áherslu á, en það er sú menningarlega afþreying sem ég held að nútíminn krefjist í vaxandi mæli og við getum auðvitað reynt að efla með því að styðja við bakið á úti á landi. Ég tel að landsbyggðin eigi auðvitað mikla heimtingu og rétt á því vegna þess að ríkið gerir það með ýmsum hætti annars staðar á landinu.

[14:05]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Það er ánægjulegt að lesa nýjustu ársskýrslu Byggðastofnunar þar sem kemur skýrt fram að mikil breyting til hins betra varð á rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni á síðasta ári og efnahagur þeirra flestra stórbatnaði. Að sjálfsögðu speglast þetta í afkomu Byggðastofnunar sem skilaði 127 millj. kr. hagnaði á árinu, fyrst og fremst vegna þess að hægt var að lækka verulega framlag til afskriftareiknings útlána, eða úr 321 millj. kr. niður í 171 milli ára, enda stórbötnuðu skil við stofnunina á árinu og m.a. innheimtust verulegar upphæðir af útistandandi lánum sem áður höfðu verið afskrifuð. Skil á lánum hafa ekki verið betri í annan tíma og vanskil um áramótin voru í lágmarki. Mér finnst ástæða til að geta um þetta hér við þessa umræðu vegna þess að stórbættur hagur fyrirtækja á landsbyggðinni skiptir auðvitað gríðarlegu máli þegar rætt er um byggðamálin. Það er styrk stjórn efnahagsmála undanfarin ár sem hefur lagt grunninn að þessum bætta hag fyrirtækjanna og minnir okkur á mikilvægi þess að halda stöðugleikanum og lágri verðbólgu. Það skiptir auðvitað sköpum fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni, sem að langstærstum hluta byggist á útflutningsframleiðslu, að stöðugleikinn haldist og rekstrarumhverfi atvinnuveganna sé viðunandi.

Byggðastofnun lánaði talsvert meira fé á síðasta ári en á undanförnum árum. Þar munar mestu að eftir að Alþingi setti lög sem drógu úr óvissu um aflaheimildir smábáta tók stofnunin upp nýjan lánaflokk fyrir þessa tegund útgerðar. Veruleg ásókn varð í þessi lán og þau námu á fjórða hundrað millj. kr. á árinu.

Með tilstyrk Byggðastofnunar var unnið mikið nýsköpunarstarf á landsbyggðinni á árinu. Þar ber hæst starf atvinnuráðgjafa sem nutu stóraukins stuðnings frá stofnuninni. Stjórn Byggðastofnunar, undir forustu Egils Jónssonar, formanns, mótaði nýja stefnu varðandi framlög til atvinnuráð-

gjafarinnar þannig að í stað þess að styrkja einstök verkefni, sveitarfélög eða félagasamtök er nú gerður samningur við atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga í hverju kjördæmi, þar sem Byggðastofnun leggur fram tæpar 9 millj. kr. árlega og sveitarfélögin annað eins til að annast ráðgjöf á sviði almennrar atvinnuþróunar, ferða-, markaðs- og sölumála í viðkomandi kjördæmi. Starfsemin er síðan undir einum hatti í hverju kjördæmi þar sem ráðgjafarnir vinna saman að fjölbreyttum verkefnum en eru síðan með fastan viðtalstíma vítt og breitt um svæðið. Starfsemi með þessum hætti fór fyrst af stað í þremur kjördæmum á síðasta ári, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi, og þykir hafa tekist mjög vel til. Á þessu ári hafa síðan verið gerðir sams konar samningar við önnur kjördæmi.

Það er ekki nokkur vafi á því að þessi aðferð skilar betri árangri en að dreifa þessu fé tilviljanakennt eins og áður var gert, auk þess sem framlög til þessarar atvinnuþróunar hafa verið stóraukin. En auðvitað ræðst árangurinn af því að gott fólk fáist til starfa og vel sé staðið að málum heima í kjördæmunum og þá ekki síst að samstaða sé meðal sveitarstjórnarmanna um þessa starfsemi og að menn leggi gömlu, góðu hreppapólitíkina til hliðar. Ég hef ekki orðið var við annað en að þannig sé að málum staðið og að miklar vonir séu víðast hvar bundnar við þessa stórauknu atvinnuráðgjöf. Þarna er verið að færa forræðið í þróunarmálum heim í hérað, í hendur fólksins sem þar hefur forustu í atvinnu- og félagsmálum. Þessi stóraukna áhersla Byggðastofnunar á atvinnuþróun fær góða einkunn í Morgunblaðinu í dag þar sem Óli Rúnar Ástþórsson hagfræðingur og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands segir, með leyfi forseta:

„Frá því að samningurinn við Byggðastofnun var undirritaður og til liðinna mánaðamóta hefur sjóðurinn staðið með beinum eða óbeinum hætti að stofnun á þriðja tug fyrirtækja sem hafa skapað eða munu skapa á annað hundrað störf á svæðinu. Fjárfestingar vegna þessara nýju fyrirtækja innan svæðis eru taldar vera liðlega 500 millj. kr."

Það er því ástæða til að endurtaka það að þarna er rétt að málum staðið og líklegt að þessi atvinnuráðgjöf muni bera meiri árangur heldur en áður þegar styrkjum til slíkrar starfsemi var dritað út og suður meira og minna tilviljanakennt.

Byggðastofnun hefur lagt mikla vinnu í athuganir á stöðu bænda og afurðastöðva landbúnaðarins og hefur reyndar fengið til þess sérstök framlög á fjárlögum. Stjórn stofnunarinnar mótaði stefnu um stuðning við afurðastöðvar sem stunda útflutning á unnu dilkakjöti en veruleg aukning hefur orðið á þeim útflutningi og ástæða til að binda vonir við að svo verði áfram. Byggðastofnun hefur einnig styrkt fjölmörg nýsköpunarverkefni á sauðfjársvæðunum sem horfa til þess að skapa ný störf til að mæta þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í sauðfjárbúskapnum á undanförnum árum.

Á árinu voru veittir allmargir styrkir til bænda sem vildu hefja loðdýrarækt í ónotuðum loðdýrahúsum og voru styrkirnir ætlaðir til lífdýrakaupa. Það hefur verið í tísku í allmörg ár að benda á loðdýrarækt og fiskeldi sem dæmi um vonlausan rekstur sem aldrei hefði átt að fara út í. Staðreyndin er nú samt sú að loðdýraræktin hefur verið á uppleið á undanförnum árum og virðist vera ágætis búgrein þar sem skynsamlega er á málum haldið. Það hafa verið ónotuð loðdýrahús vítt og breitt um sveitir landsins og víðast hvar ekki mikill kostnaður við að hefja búskap í þeim. Það sýnist því skynsamlegt að gera það þar sem vinnuafl er fyrir hendi og aðstaða til fóðuröflunar viðunandi.

Þegar Byggðastofnun ber á góma virðast styrkveitingar hennar oftast vera ofarlega í hugum manna. Vissulega má gagnrýna einstakar styrkveitingar þar sem viðkomandi verkefni hefur ekki gengið upp en það er ekki spurning að langstærstur hluti þeirra hefur gert það gagn sem til er ætlast. Nefna má mörg dæmi um verkefni sem Byggðastofnun hefur styrkt og orðið hafa til þess að skapa fjölmörg störf. Í ársskýrslu stofnunarinnar eru nefnd nokkur dæmi um slíkar styrkveitingar, t.d. til hins athyglisverða fyrirtækis Aldins hf. á Húsavík sem hóf starfsemi sína á síðasta ári og er í dag með á annan tug starfsmanna. Þetta fyrirtæki flytur inn, sagar niður og þurrkar norður-ameríska harðvið og selur til Evrópu. Það er vissulega ánægjulegt fyrir Byggðastofnun að aðstoða við að koma slíku fyrirtæki á laggirnar þar sem hugmyndaflug, áræði og þekking heimamanna leiðir af sér fjölda nýrra starfa.

Annað áhugavert verkefni sem Byggðastofnun lagði lið á árinu var athugun á áhrifum raflýsingar í garðrækt. Að því verkefni komu, auk Byggðastofnunar, garðyrkjubændur, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Garðyrkuskóli ríkisins og búnaðarfélög. Þessa athuganir hafa einkum beinst að því hvort stýra megi lýsingu í garðrækt þannig að hún falli utan helsta álagstíma veitukerfisins en þannig mætti hugsanlega útvega garðyrkjubændum rafmagn á nægjanlega hagstæðu verði til að íslenskt grænmeti og blóm geti keppt við innflutt að vetrarlagi.

Athuganir af þessu tagi taka langan tíma og það er enn of snemmt að spá um eða alhæfa um hagkvæmni raflýsingar fyrir hefðbundnar tegundir grænmetis og blóma hérlendis en fyrstu niðurstöður sýna þó að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að nota raflýsingu við ræktun tómata og blóma. Agúrkur hafa verið ræktaðar með vetrarlýsingu á síðustu árum og hefur markaðshlutdeild þeirra náð að verða liðlega þriðjungur á þeim tíma sem innflutt grænmeti er ótollað, þrátt fyrir talsverðan verðmun, sem sýnir auðvitað að verulegur hluti íslenskra neytenda virðist vilja borga meira fyrir innlent grænmeti en innflutt að vetrarlagi enda um miklu betri vöru að ræða. Ég nefni þetta hér vegna þess að garðyrkjan er mikilvæg atvinnugrein á landsbyggðinni, einkum á Suðurlandi og Vesturlandi með um 500 ársverk, og niðurstöður þessara rannsókna geta skipt þessa grein miklu máli.

Ég nefni eitt dæmi enn sem er lítill styrkur til undirbúnings fyrir stofnun alþjóðlegs björgunarskóla að Gufuskálum. Heimamenn í Snæfellsbæ hafa um nokkurt skeið unnið að undirbúningi þessa verkefnis í samráði við slysavarnafélögin og Landsbjörg. Hugmyndin er að nota byggingar sem til eru á staðnum, þar sem áður var þjónusta lóranstöðvar varnarliðsins sem var aflögð fyrir tveimur til þremur árum. Meining forráðamanna varnarliðsins var að jafna þessar byggingar við jörðu. Stærstur hluti þeirra eru ágætis hús sem hver höfðu nýlega verið standsett fyrir tugi milljóna þegar lóranstöðinni var lokað. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja þessu máli lið og ljóst er að björgunarskólinn á Gufuskálum getur orðið góð viðbót við atvinnulífið í Snæfellsbæ en mörg hálaunastörf hurfu af því svæði þegar lóranstöðinni var lokað.

Ég hef nefnt þrjú dæmi um verkefni sem Byggðastofnun hefur stutt á árinu og skipta máli fyrir landsbyggðina. Það mætti tína til mörg fleiri dæmi um styrkveitingar Byggðastofnunar á árinu en ég ætla að láta hér staðar numið. Þeir

sem vilja geta kynnt sér þessar styrkveitingar í skýrslu stofnunarinnar sem hefur þann ágæta sið að birta lista yfir alla styrki og allar lánveitingar ársins í ársskýrslu sinni og mættu ýmsir taka sér það vinnulag til fyrirmyndar.

Ekkert lát hefur verið á búferlaflutningum fólks af landsbyggðinni á undanförnum árum. Það er oft erfitt að skilgreina ástæður þessara flutninga ekki síst á þeim stöðum þar sem atvinnulífið er blómlegast. Nefna má fjölmarga staði vítt og breitt um landið þar sem mikil uppbygging hefur verið í atvinnulífinu, fyrirtæki hafa fjárfest fyrir hundruð milljóna og jafnvel milljarða, atvinna er yfirfljótandi og tekjur góðar en samt flyst fólk burtu og íbúum fækkar. Vinnuaflsþörfinni er svo mætt með erlendu verkafólki og heimamenn fara oft úr öruggu starfi og mikilli vinnu og flytja suður þó þeirra bíði ekki neitt öryggi hér hvað varðar atvinnu.

Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni og hefur verið rætt af mörgum hv. þm. í þessari umræðu. Málið er erfitt viðfangs. Stjórn Byggðastofnunar hefur fjallað mjög ítarlega um hverjar séu helstu ástæður flutnings fólks af landsbyggðinni og hvernig bregðast skuli við. Stefán Ólafsson prófessor hefur á undanförnum mánuðum verið að vinna að skýrslugerð um ástæður þessara miklu búferlaflutninga og því verki er nú um það bil að ljúka. Meðal þess sem hann hefur kannað eru viðhorf fólks til þess hvernig því finnst ýmsir málaflokkar sem snúa að lífsháttum fólks hafa þróast á sl. fimm árum. Til að fá svör við því var framkvæmd umfangsmikil skoðanakönnun í vor þar sem 1.200 manns, 200 manns í hverju landsbyggðarkjördæmi voru spurðir. Niðurstöður þessarar könnunar voru mjög athyglisverðar því að í ljós kom að það voru miklu fleiri þættir sem fólk á landsbyggðinni var ánægt með hvernig höfðu þróast á þessum fimm árum en það sem fólk var óánægt með. Ég tek sem dæmi Vesturland þar sem ég þekki best til. Þar voru aðspurðir ánægðir með 13 af þeim 18 málaflokkum sem spurt var um. Mest var ánægjan með möguleika á íþróttaiðkun, þjónustu við aldraða, vöruval, dagvistunarmál, verðlag, úrval þjónustu, vegamál, grunnskóla og heilbrigðisþjónustu. En fólk var óánægðast með þróun atvinnutækifæra, fasteignaverð og fjölbreytni atvinnulífs. Einhæfni atvinnulífsins var einmitt það sem þátttakendur í þessari skoðanakönnun voru ósáttastir við um allt land. Ég er ekki í vafa um að þessi einhæfni á stóran þátt í brottflutningi fólks frá þeim stöðum á landsbyggðinni sem ég gat um áðan þar sem atvinnulíf er í mestum blóma. Þess vegna tel ég þá stórauknu áherslu sem Byggðastofnun leggur á öfluga atvinnuráðgjöf í öllum landshlutum mjög þýðingarmikla og geta þar sem vel tekst til skipt sköpum.

Í síðasta mánuði lagði þróunarsvið Byggðastofnunar fram greinargerð um byggðir sem standa höllum fæti. Í þessari greinargerð er einmitt lögð mikil áhersla á mikilvægi fjölbreytni í atvinnulífinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einhæft atvinnulíf og atvinnulíf sem byggir á greinum sem ekki eru í vexti hefur neikvæð áhrif á búsetuþróun og tekjur sveitarfélaga minnka. Með minnkandi tekjum verður sífellt erfiðara að halda uppi nauðsynlegri grunnþjónustu á vegum sveitarfélagsins og aðgengi að skóla og heilsugæslu minnkar sem enn hefur neikvæð áhrif á búsetuþróun."

Þetta er auðvitað hárrétt skilgreining. Í þessari greinargerð eru þau sveitarfélög talin sýna hættumerki um þróun búsetu þar sem íbúaþróun undanfarinna ára uppfyllir annað tveggja eftirtalinna skilyrða: Annars vegar að fækkun undanfarin tíu ár frá 1986–1996 hafi verið meiri en 10% eða að fækkun undanfarin fjögur ár 1992–1996 hafi verið meiri en 6%. Þar sem þessi sveitarfélög ná yfir heilt svæði og þéttbýli á svæðinu sýnir einnig þessi hættumerki þá er talið að búseta á svæðinu öllu sé í hættu jafnvel þótt einstök sveitarfélög uppfylli ekki ofangreind skilyrði um búsetuþróun.

Þá kemur fram í þessari greinargerð þróunarsviðsins að í sveitarfélögum sem sýna hættumerki hvað varðar íbúaþróun búa 13% þjóðarinnar eða tæplega 32 þúsund manns. Þó eru þetta yfir 60% sveitarfélaga í landinu sem helgast náttúrlega af því að þetta eru flest þeirra fámennustu, meðalfjöldi íbúa er aðeins rétt 300. Á samfelldu hættusvæðunum búa svo ríflega 21 þúsund manns eða 8% þjóðarinnar. Það kemur glöggt fram í þessari greinargerð að brottflutningur er langmestur úr strjálbýlinu. Ef strjálbýli án þéttbýlis er skoðað eitt og sér á grundvelli sýslna utan höfuðborgarsvæðisins þá er um að ræða fólksfækkun í öllum tilfellum frá 1986–1996. Þannig var fækkun í strjálbýli 11% á Reykjanesi að Straumi, 16% á Vesturlandi, 32% á Vestfjörðum, 19% á Norðurlandi vestra, 12% á Norðurlandi eystra, 20% á Austurlandi en ekki nema 8% á Suðurlandi. Fækkun í strjálbýli í heild var því 15% en fækkun á landsbyggðinni allri utan höfuðborgarsvæðisins á sama tíma var 0,6%. Á þessu árabili var hins vegar 11% fjölgun í landinu í heild.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Umræðan um mikinn kostnað við landsbyggðina gýs alltaf upp öðru hverju. Flestir muna eftir upplýsingum Ríkisendurskoðunar um fórnarkostnað við byggðastefnuna fyrir einu ári og þeim fáránlegu útreikningum sem þar lágu að baki. Nýlega var birt skýrsla Aflvaka sem mjög hefur verið vitnað til í þessari umræðu og það ekki að ástæðulausu þar sem enn er alið á tortryggni höfuðborgarbúa í garð landsbyggðarinnar. Öðru hverju birtast svo spámenn sem vilja leggja Byggðastofnun niður og finna starfsemi hennar allt til foráttu. Ég er þessu algjörlega ósammála og tel starfsemi Byggðastofnunar mjög þýðingarmikla fyrir landsbyggðina og er ekki í vafa um að þessi starfsemi og þá ekki síst þær nýju áherslur sem hafa verið lagðar og ég hef gert hér að umræðuefni, verði til að efla landsbyggðina.

[14:21]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa hlutlægu og að mörgu leyti mjög ágætu umræðu sem hér hefur verið í dag. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir framsögu hans. Þar kom hann inn á mjög marga hluti sem vert er að ræða og ástæða er til að taka undir margt af því sem hann sagði.

Byggðastofnun hefur frá upphafi verið bitbein manna og deilumál og virðist ekki vera lát á því.

Ég ætla að nefna nokkur atriði sem mér finnst ástæða til um þá stofnun. Ég er tilbúinn að taka undir að nú sé réttmætt að Byggðastofnun þróist frá hinni almennu lánastarfsemi sem hún hefur tekið þátt í. Ég held að það hafi veikt stofnunina í upphafi að hún tók þá stefnu að hengja sig aftan í suma fjárfestingarlánasjóðina. Hún varð svona viðbótarfjárfestingarlánasjóður og það gerði hana ekki eins beitta og hún hefði ella getað orðið. Ég tek því undir að það á að þróa hana í þá veru sem verið er að gera í dag. Það er miklu nær að Byggðastofnun standi fyrir áhættulánum og styrkveitingum heldur en almennum lánum. Ég vil taka dæmi um vel heppnaða aðgerð sem voru áhættulán. Það var lánaflokkur sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á árunum 1995 og 1996 og var kölluð Vestfjarðaaðstoð og var um 270 millj. kr. Ég ætla að núna megi segja með nokkurri vissu að yfir 95–100% af þeim lánum séu ákaflega vel tryggð í dag þó

þau hafi verið lánuð án þess að gera mikla kröfu til veða. Þetta eru menn að gera um allan heim. Þetta eru menn að gera í Evrópu. Menn eru að styrkja jaðarbyggðir og styrkja veik svæði einmitt með áhættulánum og styrkjum vegna þess að byggðastefna getur verið mjög arðsöm fyrir eitt samfélag.

Það vita allir sem hafa skoðað byggðaþróun í heiminum að hún er dýr. Það er mjög kostnaðarsamt þegar mikil röskun verður á byggð einnar þjóðar. Það kostar óhemju mikið og getur verið og er í mörgum tilfellum verjandi að koma í veg fyrir það. Það getur sparað stórkostlega fjármuni. Þess vegna held ég að menn eigi að vera reiðubúnir að tala um byggðastefnu, styrki til byggðamála, sem eðlilegan hlut, sem eðlilegan kostnað sem menn leggja í hverju sinni. Það veldur náttúrlega hver á heldur og það er ekki sama hvernig að því er staðið. Það ber að vanda það. Það ber að fara mjög vel yfir það og á hverjum tíma komum við alltaf að atriðum sem orka tvímælis, mikil ósköp. En sérhæfðar aðgerðir geta og eru mjög eðlileg viðbrögð stjórnvalda til að koma í veg fyrir þá röskun sem við sjáum fram á.

Ég held að það sjónarmið sem við verðum að hafa gagnvart byggðum og eigum að hafa sé fyrst og fremst að tryggja með löggjöfinni eins og hægt er að byggðirnar, sveitirnar og héruðin fái að njóta landgæða sinna eins og kostur er. Það er hið stóra almenna viðhorf til byggðanna. Og þó ég segi að sérhæfðar aðgerðir geti og muni alltaf eiga rétt á sér þá er hitt satt að það eru einmitt hinar almennu efnahagsaðgerðir sem fyrst og síðast ráða úrslitum um hvernig til tekst. Ég held að við eigum þess vegna alveg eins að skoða hinar almennu aðgerðir og að það sé ekki minna um vert að átta sig á því hvort okkur hefur orðið eitthvað á varðandi almenna stjórnun. Ég er ekki í vafa um að þar sem hallar mest á byggðirnar í dag, þar sem mest er upplausnin, þar sem menn standa hvað verst að vígi, þá er það einmitt vegna þess að menn eru órólegir yfir stöðu sinni. Það fer ekki milli mála í mínum huga að þau 14 ár sem við höfum stjórnað fiskveiðum á þann veg sem við gerum höfum við verið að veikja byggðirnar, mjög margar þeirra. Ég ætla ekki að eyða þessum tíma í að ræða um stjórn fiskveiða. Sú umræða einkennist mjög oft af því sem er heldur líkara trúboði en almennum rökræðum. En það er ljóst að margar útnesjabyggðir, sérstaklega á vestanverðu landinu og Vestfjörðum, áttu aldrei nokkurn tímann tilveru sína undir öðru en útræði. Þær hefðu aldrei byggst ef ekki hefði verið hið gjöfula útræði. Þegar við breytum svo stjórnarháttunum þannig að menn fá ekki notið þeirrar sérstöðu sinnar þá er náttúrlega ákaflega hætt við að það halli verulega undan fæti.

Ég er líka sannfærður um að ýmsar aðgerðir okkar í landbúnaðarmálum hafa á sínum tíma verið heldur óheppilegar. Við gerðum ábyggilega mjög rangt í því á sínum tíma þegar okkur tókst ekki að ná samkomulagi um hvernig skyldi fækka í sauðfjárræktinni og fórum í flatan niðurskurð. Það kom sér illa fyrir allar byggðirnar. Það hafði í för með sér að nú er mikið af fátæku fólki að fást við sauðfjárrækt.

En af hinum almennu skilyrðum held ég að eitt skipti miklu meira máli en allt annað til samans og það eru samgöngur. Sú byggðastefna sem byggir á samgöngum og vill byggja upp samgöngur er síst af öllu andsnúin þéttbýlinu eða Reykjavíkursvæðinu. Hún er einmitt Reykjavíkursvæðinu jafnframt til mjög mikils gagns og uppbyggingar. Reykjavík er og verður samgöngumiðstöð Íslands. Það er í Reykjavík sem þúsundir manna hafa gott viðurværi sitt af samgöngum. Það er í Reykjavík sem öll stóru fyrirtækin sem eru í samgöngum blómgast vel. Ég er viss um að Ísland stenst samkeppni við allar nágrannaþjóðir okkar í Norður-Evrópu á öllum þeim sviðum sem menningarsamfélög vilja bera sig saman um nema einu og það er í vegaframkvæmdum. Við erum langt á eftir öllum öðrum þjóðum Norður-Evrópu varðandi vegaframkvæmdir. Ég tel að það liggi fyrir að við getum gert stórátak í vegamálum, eigum ráðið til þess, höfum peningana til þess og eigum að gera það. Það mun skila okkur gríðarlegum arði. Það mun hjálpa samfélaginu verulega til bættra lífskjara.

Ríkið á fyrirtæki sem það getur og á að selja ekki á morgun heldur í dag, fyrirtæki eins og Póst og síma sem var mjög gagnlegt fyrirtæki á sínum tíma í ríkiseign og eðlilegt að það væri það fyrstu áratugi aldarinnar. Núna hagar tæknin svo til að það er alveg fráleitt að ríkið eigi slíkt fyrirtæki. Það verður að koma samkeppni inn í þessa grein núna strax. Það á að selja það í dag. Það sama er um bankana. Það var mjög nauðsynlegt á sínum tíma að ríkið ætti þessa banka, stýrði þeim og kæmi þeim á fót. En í dag eru þeir tímaskekkja. Þeir eru bara fyrir. Þeir standa gegn því að við náum upp þeirri samkeppni sem við þurfum í bankaviðskiptum. Það mundi lækka kostnað fyrirtækjanna, heimila og einstaklinga ef við næðum meiri samkeppni í bankastarfsemi. Við getum gert það með því að selja ríkisbankana núna. Þetta eru þeir fjármunir sem við getum nýtt til að byggja upp samgöngukerfi Íslands. Við getum boðið Íslendingum öllum upp á að gerast áskrifendur að þessum fyrirtækjum til nokkurra ára. Þannig getum við aukið enn þann sparnað sem svo brýnt er að við aukum. Þannig getum við byggt upp samgöngur. Með engu öðru móti en bestu vegasamgöngum getum við treyst þær byggðir sem svo sannarlega þarf að treysta vegna þess að fólkið sem býr í jaðarbyggðunum er einmitt fólkið sem getur, vill og kann að lifa í þessu landi. Ég held að með engu móti treystum við í framtíðinni tilveru svo lítils menningarsamfélags og Íslands nema með því að treysta og tryggja að það geti haldið áfram búsetu sinni.

Ég tel ástæðu til þess að segja það hér og nú, herra forseti, að ég ber mikið traust til stjórnar Byggðastofnunar. Egill Jónsson er þar í forustu og félagar hans sex. Ég hef ástæðu til að ætla og líta þannig á að þeir séu mjög öruggir með það sem þeir eru að gera, þeir vinni markvisst að því að koma Byggðastofnun út á landsbyggðina þar sem vinnan fer fram í höndum þeirra manna sem gerst þekkja til allra aðstæðna og vita þess vegna helst hvar skórinn kreppir og hvar má koma að liði. Ég þykist vita að það sem þeir eru að gera í samvinnu við þróunarfélögin, fjórðungssamböndin og fleiri aðila muni bera mjög mikinn ávöxt og góðan.

Ég tek eftir því að þeir hafa verið gagnrýndir mjög á síðustu dögum fyrir tillögur sínar og ætlanir um að flytja hluta Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Ég vil segja það, herra forseti, að á sínum tíma, ég ætla að það hafi verið 1993, voru það mér mjög mikil vonbrigði þegar upp kom að bæði stjórn Byggðastofnunar og allir starfsmenn þeirrar ágætu stofnunar sameinuðust um að eitt mætti ekki yfir þá koma: að flytja út á land. Það mætti ekki yfir þá koma. Nú er ég alveg viss um að hjá þessari góðu stofnun starfar mjög gott og hæft fólk. Ég efast ekki um það. En ég hef alltaf litið þannig á að menn kölluðu til forustu og starfa fyrir sig þá sem með þeim vildu deila kjörum og örlögum. Þannig háttar oftast nær til.

Ég var t.d. ekki viss um að ég gæti orðið ágætur verkalýðsleiðtogi, en ég er ekki viss um það að verkalýðsfélögin mundu kjósa mig til forustu. Það vill þannig til. Ég held þess

vegna að ekki sé óeðlilegt að Byggðastofnun stígi skrefið til enda, stefni að því markvisst og öruggt að þessi góða stofnun verði staðsett úti á landi. Ég er ekki að leggja til neinn sérstakan stað frekar en annan, en úti á landi á hún að vera og með landsbyggðinni vegna þess að þá eru þeir betur í stakk búnir til að vinna það verk sem ég veit að þeir vilja svo vel vinna.

[14:34]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér hefur farið fram afskaplega málefnaleg og ágæt umræða um skýrslu forsrh. og um byggðastefnu. Það er vert að hafa í huga að saga Íslandsbyggðar er ekki nema liðlega 1100 ára gömul. Á þessum 1100 árum má segja að í 1000 af þessum 1100 árum einkenndist landið af því að vera tiltölulega kyrrstætt bændasamfélag þar sem byggð var dreifð nokkuð jafnt um allt landið. En það er ekki nema á síðustu 100 árum af um það bil 1100 árum í sögu þjóðarinnar sem breytingar hafa orðið og þær nokkuð verulegar á stuttum tíma í sögu þjóðarinnar. Þessar breytingar eiga að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til breytinga á atvinnuháttum og má nefna þar fyrst þilskipaútgerðina sem skapar grundvöll fyrir þéttbýli við strendur landsins. Það má nefna samfélagsbreytingar sem verða á stríðsárunum og síðan það sem hefur gerst á síðustu áratugum, þ.e. aukin krafa og réttur um þjónustu í velferðarkerfinu í þess orðs víðustu merkingu. En síðast enn ekki síst er sú ósk fólks og sú krafa fólks að geta lifað mannsæmandi lífi og notið tómstunda og haft aðgang að ýmiss konar afþreyingu í félagslegri merkingu.

Atvinnuhættir hafa fyrst og fremst valdið breytingum. Af þeim ástæðum horfum við til ýmissa eyðidala sem áður voru í blómlegri byggð. Við sjáum staði eins og Aðalvík, Djúpuvík fyrir vestan, Viðfjörð fyrir austan og fleiri slíka staði þar sem byggð hefur nú lagst af en eru stundaðir sem sumardvalarstaðir fyrir ýmsa fyrrum íbúa þessara svæða.

Þegar fjallað er um staði eins og Aðalvík er yfirleitt talað um að þar hafi orðið ákveðin þróun. En þegar rætt er um þessi mál heyrum við líka á víxl notað orðið byggðaþróun ellegar þá byggðaröskun og ég leyfi mér að vara við notkun orðsins byggðaröskun því að einatt hefur hún yfir sér neikvæð formerki þar sem í rauninni felst í því að berjast gegn ákveðinni þróun sem stundum er óhjákvæmileg vegna þróunar í atvinnulífi. Menn finna á stundum einfaldar skýringar. Gjarnan er fiskveiðistjórnarstefnan nefnd og þá ekki síst kvóti þó að það sé að sjálfsögðu mikil einföldun á flóknu máli.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þeirrar skýrslu sem nokkuð hefur borið á góma, skýrslu Aflvaka og vekja sérstaklega athygli á þeim tölum sem þar standa á bls. 42 þar sem m.a. kemur fram að hvergi í Evrópu, a.m.k. á Norðurlöndum, er hlutfall þeirra sem búa í svokölluðu dreifbýli jafnlágt og á Íslandi. Hér mun það vera 8,5% meðan það er í Noregi til samanburðar 26% en 15% að meðaltali annars staðar á Norðurlöndum. Þetta felur vitaskuld í sér ákveðnar staðreyndir enda má varpa því upp hvort ekki bresti ákveðin stífla þegar þetta hlutfall er komið undir ákveðin mörk. Það felur í sér annars staðar fækkun í dreifbýlinu og hins vegar aukningu í þéttbýli en um leið skapast þar meiri möguleikar til bættrar þjónustu í þéttbýlinu, aukinnar félagslegrar starfsemi, menningarstarfsemi, menntastarfsemi og þar fram eftir götunum. Það eru ekki síst þeir þættir sem má segja að sogi til sín fólk því að krafa fólks í nútímanum er sú að vera ekki eingöngu vinnudýr heldur að fá að njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda að geta sinnt tómstundum sínum, sinnt menningu, listum og öðru slíku. Það er það sem hefur blómsrað í þéttbýlinu og fólk í dreifbýli saknar þess. Þetta eru þess vegna afskaplega athyglisverðar tölur að Íslendingar skulu vera með hvað lægst hlutfall í skiptingunni á milli þéttbýlis og dreifbýlis miðað við nágrannalöndin.

Kjarni málsins er þessi eins og fram hefur komið í umræðunni: Viljum við byggja landið og með hvaða hætti viljum við byggja það? Viljum við halda uppi landsbyggð og þá til hvers? Það er meginkjarni málsins. Þær raddir hafa merkilegt nokk heyrst að sumir svara þessu jafnvel neitandi og telja það hagkvæmast að hrúga öllum íbúum þjóðarinnar á einn stað, það sé hagkvæmast. En til allrar hamingju verða flestir sem svara því játandi. Auðvitað þurfum við að halda uppi byggð víða í landinu, ekki bara á einum stað. Rökin fyrir því eru augljós vegna þess að þau snúast um gæði og verðmæti landsins. Gæði og verðmæti nýtast okkur ekki fyrr en þau eru notuð og stunduð og til þess þarf fólk. Þjóðin þarf á landbúnaðarafurðum að halda. Hún þarf að nýta orkulindir sínar. Annars eru þær ekki verðmætar. Við þurfum að sinna ferðaþjónustu, laxveiði og þannig má áfram telja. Allt er þetta liður í því að gera landið byggilegt. Við viljum lifa af gögnum þess og gæðum og til þess þurfum við fólk til þess að virkja þessar náttúruauðlindir. Það er þess vegna, herra forseti, sem saman fara hagsmunir þéttbýlis og dreifbýlis. Til þess þarf fólk að búa úti á landsbyggðinni eins og alls staðar þekkist í heiminum.

En þá kemur þessi viðkvæma spurning: Í hve ríkum mæli? Þá kemur að jafnvæginu. Hversu langt getum við, viljum við og þurfum við að ganga í svonefndri byggðastefnu? Við starfrækjum annars vegar afskaplega gott og mikið velferðarkerfi sem sýgur stöðugt til sín meira af hinu opinbera fé og ekkert lát mun þar verða á vegna bættrar menningar, bættrar tækni og þar fram eftir götunum. Hins vegar kemur svo byggðastefnan og þörf og krafa fólks til þess að geta haft aðgang að velferðarkerfinu. Hversu langt getum við teygt okkur til þess að veita landsmönnum öllum aðgang og þjónustu í velferðarkerfinu. Þar þurfum við að finna jafnvægið og það er í rauninni hin viðkvæma og stóra spurning.

Líka er rétt að benda á, herra forseti, að þær raddir heyrast iðulega að fólk úti á landi telur sig sitja í átthagafjötrum. Fólk sem býr á jörðum sínum eða býr í minni þorpum telur sig ekki komast burt en hafi viljann til þess vegna þess að það sé að fara á mis við ýmsa þjónustu, ekki síst félagslega þjónustu og aðgengi að menningarlegum þáttum. Þetta fólk telur sig ekki komast burt, það sé bundið átthagafjötrum. Ævieign þess er bundin í húsnæði sem enginn vill kaupa. Auðvitað er skylda þingsins að bregðast við þessu því að það er sárt að vera bundinn. Það hlýtur að vera stærsta pólitíska málið fyrir Alþingi að taka á þessum málum og koma upp svonefndum byggðakjörnum sem oft hafa verið nefndir hér. Í mínum huga munu þeir aldrei geta orðið mjög margir á landinu, enda er þjóðin innan við 300 þúsund. En það er erfitt að taka ákvörðun um það hvar vaxtarsvæði eigi að vera. Það er erfitt en til þess þurfum við að hafa pólitískan kjark. Við þurfum að taka ákvörðun um það hvar við viljum hafa byggðakjarna.

Þegar sú ákvörðun liggur fyrir koma aðrar pólitískar ákvarðanir en þær eiga ekki að koma fyrr en sú ákvörðun liggur fyrir hvar við viljum koma upp vaxtarsvæðum og byggðakjörnum. Þá kemur hin pólitíska ákvörðun um það hvernig við viljum verja þá með því að byggja þar upp

velferðarkerfi, með því að halda þar uppi menntastigi, félagslegri þjónustu, menningu, samgöngum og þannig má áfram telja og auðvitað gegna samgöngur þar mikilvægu hlutverki. Það er hlutverk hins pólitíska valds að taka þá ákvörðun að styrkja og verja þau byggðasvæði. En jafnframt, og í því felst líklega það sem viðkvæmast er, að taka afstöðu til þeirra svæða sem lenda utan hugsanlegra byggðakjarna og með hvaða hætti hægt er aðstoða fólk sem hugsanlega vill og þarf að komast að þeim svæðum. Þetta tel ég vera meginatriði og kjarna málsins varðandi byggðastefnu. Það er þingsins að móta stefnuna. Það er skylda þingsins. Það er erfið ákvörðun og hún kann að vera sársaukafull en til þess eiga hv. þingmenn að hafa kjark.

[14:44]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Á skýrslu Byggðastofnunar sem hér er til umræðu má sjá að verkefni hennar eru mörg og víðfeðm. Starfsemi Byggðastofnunar hefur í áranna rás verið að þróast og breytast. Með stöðugra efnahagslífi og endurskipulagningu í sjávarútveginum hefur starfsemi hennar verið að ná meira jafnvægi. Á starfstíma sínum hefur Byggðastofnun gjarnan verið í því hlutverki að bregðast við bráðavanda atvinnufyrirtækja sem hafa verið burðarásar atvinnulífs í sínu byggðarlagi.

Ekki ætla ég að halda því fram að svo verði ekki áfram að einhverju leyti og nauðsynlegt sé að slíkur aðili verði til, en þörfin virðist nú um stundir vera minni en oft áður. Allt efnahagslífið er heilbrigðara nú. Þess gætir auðvitað í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar sem eru, eins og menn kannski gera sér grein fyrir, staðsettar á landsbyggðinni. En nú gefast tækifæri til að líta til fleiri átta.

Eitt af því sem ég tel afar jákvætt er að stutt hefur verið við handverksfólk víða um land. Samdráttur í landbúnaði og aukið atvinnuleysi hefur leitt til þess að fólk hefur reynt að skapa sér ný störf í heimahéraði. Handverk og smáiðnaður er því vaxandi víða og er nauðsynlegt að hlúa að og styðja slíkt framtak. Það hefur einnig handverksverkefni á vegum forsrn. gert og er það mjög lofsvert. Þarna er vaxandi atvinnugrein og mjór er mikils vísir í þessu.

Einnig er mjög gleðilegt að ungt og vel menntað fólk í hönnunargreinum hefur verið að skapa sér starfsgrundvöll. Um það má nefna dæmi t.d. á Egilsstöðum og víðar um land þar sem fyrirtæki á þessu sviði hafa nú skotið sterkum rótum. Þar starfar vel menntað fólk í hönnun og markaðssetningu og verið er að byggja upp fyrirtæki sem tvímælalaust eiga mikla framtíð fyrir sér. Fatahönnuðir eru að framleiða úr hreindýraleðri klassískan fatnað og einnig hátískuvörur, sem eru dæmi um að verið er að framleiða gæðavöru úr því hráefni sem einkennandi er fyrir Austurland. Til þessa þurfum við að horfa í miklu ríkari mæli, þ.e. að Íslendingar nýti öll gæði og auðlindir landsins. Jafnframt er ungt og vel menntað fólk að skapa sér lífsgrundvöll í heimabyggð.

En þetta unga fólk þarf á fé að halda á meðan það er að ná fótfestu. Þolinmæði banka og lánastofnana er oft og tíðum ekki mjög mikil þegar til þessara atvinnugreina er litið og hvað þá ef þær eru staðsettar á landsbyggðinni. Því hlýtur Byggðastofnun að styðja við þessa vaxtarsprota sem víða eru að skjóta rótum.

Ég vil nefna aðra gleðilega stefnubreytingu hjá Byggðastofnun, þ.e. að gerast aðilar að svonefndum þróunarstofum. Þróunarstofur þessar eru með aðild atvinnuþróunarfélaga, sveitarstjórna og fyrirtækja og eru síðan styrktar af Byggðastofnun. Þarna er í raun verið að styrkja starfsemi atvinnufulltrúa og ferðamálafulltrúa. Starfsgrundvöllur þeirra verður mun traustari og markvissara starf getur því átt sér stað. Eins og mikið er talað um nú eru upplýsingar og þekking einn aðaldrifkraftur nýsköpunar í atvinnulífi þjóða. Þekkingin er einnig undirstaða þess að atvinnulífið sé það sem kallað er heilbrigt, þ.e. að stofnun nýrra fyrirtækja og markaðssetning nýrrar vöru í fyrirtæki sé viðunandi ör, líftími fyrirtækja sé langur og gjaldþrotatíðni lág. Einnig að það skapi störf sem séu eftirsóknarverð og til þess fallin að mæta þeim kröfum sem við sjáum fyrir okkur að fólk muni gera til starfa á komandi árum.

Varðandi þekkinguna og upplýsingarnar, þá liggur ljóst fyrir að allar helstu uppsprettur hennar eru í Reykjavík. Þar eru atvinnuvegaráðuneytin, rannsóknastofnanirnar, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, Iðntæknistofnun, Útflutningsráð, háskólinn, tækniskólinn og ómæld önnur menntunar- og ráðgjafarstarfsemi, m.a. sú sem samtök atvinnurekenda hafa á sínum vegum. Jafnljóst er að þeir sem búa lengst frá Reykjavík eins og t.d. Austfirðingar og Vestfirðingar, eru eins langt frá þessum uppsprettum og hægt er að vera og því er fyrirhafnarmikið og dýrt að hafa not af þessum stofnunum. Þar af leiðandi hefur minni þekking náð inn í fyrirtæki sem fjærst eru. Það er mjög alvarlegt með tilliti til þeirrar þróunar sem nú þegar er fyrirsjáanleg í atvinnulífinu.

Mörg fyrirtæki eru að átta sig á því nú að það er nauðsynlegt að þau komist yfir aukna þekkingu og geta bætt stjórnun, vöruþróun, markaðssetningu og fleira. Þá kemur að því sem áður er sagt að það er fyrirhafnarmikið að komast yfir þekkinguna af því að hún er sjaldnast til á landsbyggðarsvæðum. Við bætist svo það að kostnaðurinn við að afla hennar er óheyrilega mikill, oft svo mikill að það er einfaldlega ekki hægt að komast yfir hana. Sem dæmi má nefna að í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er afar hagnýtt nám, m.a. á viðskiptasviði og fleiri sviðum, sem byggt er upp með þeim hætti að hægt er að stunda atvinnu með náminu. Nám sem mundi nýtast einkar vel úti á landsbyggðinni, Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eða hvar sem er, en það er svo gott sem útilokað að nálgast þessa menntun. Því er hægt að nefna það hér að skólar og sveitarfélög á Austurlandi hafa tekið höndum saman um að byggja upp miðstöð á sviði háskólamenntunar, þ.e. sí- og endurmenntunar sem er ákaflega mikilvægur þáttur í því að reyna að koma þekkingunni til landsbyggðarinnar. Úr þessum þekkingarskorti og kostnaði við að afla þekkingar í fyrirtækjum má bæta með því að efla og tryggja framtíð þróunarstofa á landsbyggðinni með því að flytja til þeirra stöðugildi frá stofnunum í Reykjavík, t.d. Iðntæknistofnun og Útflutningsráði, fá samtök í atvinnulífinu, svo sem Samtök iðnaðarins og VSÍ til að veita ráðgjöf og þjónustu inn á svæðin í samstarfi við þróunarstofur og fleira af þessu tagi mætti nefna. Eins þarf að styðja við starfsemi einkaaðila sem eru að hasla sér völl á þekkingar- og upplýsingasviðinu.

Eitt vil ég nefna líka og það er Háskólinn á Akureyri. Ég held að hann sé merkilegt framtak í byggðamálum þar sem það sýnir sig að um 80% af þeim sem útskrifast frá Háskólanum á Akureyri setjast að á landsbyggðinni og auka þar með við þekkingu og menntunarstig landsbyggðarinnar.

Það hefur sýnt sig að peningar, styrkir og hagstæð lán duga skammt til þess að efla þróun byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni ef annað fylgir ekki með. Peningar í rekstur

og verkefni þar sem réttu þekkinguna vantar fara í flestum tilfellum til spillis eins og mörg dæmi sanna því miður. Það er einnig tilgangslítið að setja fé í rekstur sem ekki er líklegur til að verða samkeppnisfær við það sem annars staðar er. Aðilar með góða þekkingu en lítið fjármagn eiga að vísu erfitt uppdráttar en möguleikar þeirra eru þó meiri heldur en hinna sem hafa næga peninga en vantar þá þekkingu sem þarf að vera fyrir hendi. Því er skoðun mín sú að skref þau sem Byggðastofnun hefur verið að stíga séu framfaraskref. Þróunarstofur þar sem þekkingu á atvinnulífinu og staðháttum er safnað saman eru líklegar til að standa að jákvæðri þróun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að nefna þátt fjölmiðla í þeirri umfjöllun sem byggðamál hljóta í landinu. Það er ekki bara hér á Alþingi sem við ræðum um byggðamál. Þau fá töluverða umfjöllun í fjölmiðlum en oft og tíðum með dálítið undarlegum hætti og misjafnlega djúpvitur umræða sem þar fer fram.

Eitt innlegg í þá umræðu var svonefnd Aflvakaskýrsla sem kom út nú fyrir mánuði eða svo. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvað hefur legið á bak við þá miklu vinnu sem væntanlega liggur í skýrslunni. Hún hefur kostað mikið fé. Aflvaki er hlutafélag sem stofnanir borgarinnar eiga, þ.e. Reykjavíkurborg, hafnarsjóðurinn hér í Reykjavík, veitustofnanirnar hér og fleiri aðilar væntanlega sem koma þar að. Fyrirtækið hefur lagt töluvert fé í að búa til þessa skýrslu, Framlög ríkisvaldsins: landsbyggð – höfuðborgarsvæði. Það er athyglisvert að þarna er verið að safna saman einhvers konar hagfræðilegum upplýsingum og þær settar saman á mjög merkilegan hátt. Ákveðin framsetning sem sennilega er ekki hægt að misskilja. Alla vega eins og hún ér í því skýrsluágripi sem fylgdi skýrslunni og er væntanlega til að matreiða fyrir fjölmiðla. Eina svarið sem ég hef getað fengið úr allri þessari lesningu, hvers vegna menn eru að fara í slíka vinnu og slíkan kostnað, er að á baksíðu skýrsluágripsins er samantekt Aflvaka um ýmsar alþjóðlegar vísbendingar og þar er fyrsta vísbendingin eftirfarandi: „Samkeppni verður fremur milli landsvæða og borgarsvæða en landa." Ég dreg af því þá ályktun að höfuðborgin telji sig vera í samkeppni við landsbyggðina og þurfi þess vegna að leggja í slíka skýrslugerð. Í skýrslunni koma fram mjög margar merkilegar tölur sem reyndar voru ekki framreiddar fyrir fjölmiðla því að á bls. 2 er sú tafla sem birtist nú í flestum fjölmiðlum, misjafnlega litskreytt milli fjölmiðla en mun fallegri á að líta heldur en hér á bls. 2 í þessu skýrsluágripi. Í þeirri samantekt birtist, og hefur gjarnan verið nefnt, að landsbyggðin fái til sín 32 milljarða í ýmsum styrkveitingum.

Í töflunni er þó ekki tekið fram að á bls. 21 í aðalskýrslunni sé svohljóðandi lesning: „Taflan sýnir einnig að svo til allar menningar-, háskóla- og listastofnanir sem reknar eru með framlögum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, eru á höfuðborgarsvæðinu. Framlög vegna þessara málaflokka til starfsemi á höfuðborgarsvæðinu eru samtals 4,7 milljarðar króna."

Þessar tölur eru t.d. ekki teknar sem dæmi í þessari töflu á bls. 2. Ég ætla ekki að fara neitt dýpra í lesninguna alla, en þetta er satt að segja mjög forvitnilegt ef skýrsluhöfundar meina það sem þeir segja í aðfararorðum skýrslunnar sem fylgdi til okkar þingmanna, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Af hálfu aðstandenda úttektarinnar skal það undirstrikað að til hennar var ekki stofnað til að viðhalda eða kynda undir þeim deilum sem verið hafa milli landshluta eða einstakra hagsmunaaðila heldur þvert á móti."

Ég ætla að vona að þetta hafi verið einlæg meining, en ég get því miður ekki lesið það út úr þessari skýrslu.

[15:00]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Skýrsla forsrh. um Byggðastofnun er hér til umræðu og inn í hana hafa spunnist umræður almennt um byggðamál. Fyrir þessa umræðu vil ég þakka. Hún er málefnaleg og á margan hátt málefnalegri en mörg umræðan sem hefur verið á þessu þingi. Hins vegar eru það engin gleðitíðindi að fólksflótti af landsbyggðinni veldur okkur, sérstaklega landsbyggðarfólki og reyndar einnig höfuðborgarbúum, ákveðnum áhyggjum.

Fyrir þessum fólksflótta eru margar ástæður. Menn nefna til sögunnar einhæft atvinnulíf, takmarkaða félagslega þónustu, misrétti til náms, þ.e. að mun dýrara er fyrir fólk sem býr á landsbyggðinni að senda börn sín til náms í þéttbýlið eða í heimavistarskóla og eins og ég benti hér á í andsvari í dag, þá eru þess mýmörg dæmi að foreldrar kaupa jafnvel íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem veldur því síðar að þeir flytjast jafnvel á höfuðborgarsvæðið vegna þess að afar dýrt er að reka tvö heimili. Enn önnur ástæða sem ég vil nefna eru þau atvinnutækifæri sem ungt fólk hefur að námi loknu og að lokum er ákveðið misrétti í launamálum eins og fram hefur komið. Það er kannski nokkuð svæðabundið en er þó áreiðanlega einn af þessum þáttum.

Það er líka fróðlegt að velta fyrir sér hvaða ímynd er dregin upp af landsbyggðarfólki í fjölmiðlum. Oft og tíðum eru dregnir fram býsna kynlegir kvistir, sérkennilegt fólk, og unga fólkið í þéttbýlinu sem ekki hefur haft tækifæri til þess að fara í sveit eins og áður var lítur á okkur dreifbýlisbúana út frá þessari mynd sem dregin er upp. Þetta er mjög alvarlegt mál. Við þurfum að varðveita sérkenni landsbyggðarinnar, en landsbyggðin lítur bara ekki svona út.

Þess eru líka mýmörg dæmi að ungt fólk, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, sækir framhaldsmenntun sína til útlanda og það lítur á landsbyggðina eins og þetta sé eitthvert landsvæði sem sé nánast óbyggilegt. Ég þekki fullt af ungu fólki sem hugsar svona í dag.

En ef við veltum þessum hlutum betur fyrir okkur, er alveg ljóst að hagsmunir dreifbýlis og þéttbýlis fara saman. Það á við um sveitir og kauptún. Það á við um höfuðborgarsvæðið og landsvæðið í heild. Það eru mörg atvinnutækifæri á höfuðborgarsvæðinu einmitt sköpuð úti á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst að annar getur ekki án hins verið.

Eitt af því sem gjarnan er rætt um í fjölmiðlum eru styrkir og niðurgreiðslur. Oftast nær er umræðan um styrki og niðurgreiðslur býsna einhæf. Menn ræða gjarnan um að landbúnaðarvörur séu niðurgreiddar og segja aldrei nema hálfan sannleikann í þeim efnum. En þegar við skyggnumst t.d. í fjárlögin — en ég sit einmitt í fjárln. — þá kemur í ljós að við veitum styrki til ýmiss konar menningarstarfsemi sem er fyrir allt landið en þéttbýlisbúar hafa meiri möguleika á að nota en landsbyggðarfólk. Við niðurgreiðum miða í Þjóðleikhúsið. Við niðurgreiðum miða á sinfóníuhljómleika og við styrkjum ýmiss konar starfsemi. Við erum t.d. með sjómannaafslátt og sjómannaafsláttur er í raun ekkert annað en niðurgreiðsla á launum, þ.e. við komum þarna inn í málefni vinnuveitenda, útgerðarmanna og greiðum niður laun sjómanna.

Í sjálfu sér geri ég ekki neinar athugasemdir við þetta, alls ekki. En þegar við erum að draga upp myndina af landsbyggðinni, þá verðum við að hafa þetta allt saman inni. Við megum ekki taka út bara einstaka þætti og útiloka svo aðra.

Við tölum mjög sjaldan um það að t.d. olíufélögin bjóða niður bensínverð á höfuðborgarsvæðinu. Við getum keypt ódýrara bensín hér heldur en t.d. á Selfossi, Hvolsvelli eða Vík í Mýrdal. Þetta er mjög sjaldan í umræðunni.

Við þurfum líka að opna svolítið betur heim landsbyggðarinnar. Við þurfum að víkka sjóndeildarhringinn, þ.e. við sem þar búum. Við eigum að geta haft í fullu tré við höfuðborgarsvæðið ef rétt er gefið, ef við höldum rétt á spilunum. Við þurfum að stuðla að sameiningu sveitarfélaga. Það má ekki gera með valdboði. Það kemur ekki til greina. (**GÁ:** Hvers vegna ekki?) Það veit hv. þm. Guðni Ágústsson. Við höfum svo oft rætt það að það er alveg óþarfi að fara mjög nákvæmlega yfir það vegna þess að þú sem frjáls maður og ættaður úr Flóanum veist hvernig Íslendingar hugsa. Þeir vilja ekki láta þröngva sér til sameiningar. Það kemur bara ekki til greina. Hins vegar um leið og við færum verkefni yfir til sveitarfélaganna, þá gerist þetta sjálfkrafa. Þess eru fjölmörg dæmi og það veit ég að hv. þm. þekkir.

Við þurfum líka mjög nauðsynlega að bæta samgöngur við landsbyggðina. Þegar við þingmenn á Suðurlandi höfum verið á ferðum okkar, þá er mjög gjarnan talað um háan raforkukostnað og háan hitakostnað og það veldur t.d. Sunnlendingum og auðvitað mjög mörgum öðrum landsbyggðarbúum miklum áhyggjum. Sunnlendingum finnst t.d. mjög merkilegt að við njótum alls ekki til fullnustu góðs af mestallri raforku sem framleidd er á Suðurlandi.

Við sem á landsbyggðinni búum þurfum líka að passa okkur að draga upp jákvæðari mynd af landsbyggðinni en við sjálf gerum. Við tölum okkur stundum niður í þunglyndi. Ákveðin undirstöðuþjónusta skiptir veurlega miklu máli. Þar má nefna heilsugæslu. Þar má nefna ýmiss konar félagslega þjónustu. Það skiptir líka mjög miklu máli að þeir skólar sem starfa úti á landi séu reknir af metnaði, það á við um leikskóla, það á við um grunnskóla, það á við um framhaldsskóla og það á við um tónlistarskóla og það þarf að vera hægt að bjóða upp á ýmiss konar tómstundastarf.

Það er mjög merkilegt að horfa til þess núna að t.d. framhaldsskólarnir eru í mjög mörgum tilfellum í samvinnu við erlenda skóla. Þetta eykur víðsýni unga fólksins og opnar ákveðnar víddir sem við þurfum að gefa gaum.

Alveg eins og ég nefndi í upphafsorðum mínum, þá skiptir misrétti til náms dreifbýlisfólk afar miklu máli. Við þurfum einhvern veginn að breyta dreifbýlisstyrknum þannig að þeir sem eiga lengst að sækja framhaldsskólanám fái mestu styrkina.

Í umræðunni um byggðamál verður Byggðastofnun oft fyrir ómaklegri gagnrýni. Byggðastofnun hefur á undanförnum árum verið að gera mjög athyglisverða þjónustusamninga við atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög og þessir samningar hafa skipt atvinnuþróunarfélögin mjög miklu máli. Ég vil benda á ágæta grein eftir framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands í Morgunblaðinu í dag, þar sem hann rekur þessi mál. Menn hafa mikið frekar verið að reka horn sín í neikvæð dæmi um hluti sem hafa mistekist heldur en dæmi um hluti sem hafa gengið vel.

Ég má til með að nefna mjög glæsilegt byggðaverkefni sem Byggðastofnun kom að á sínum tíma og reyndar margir fleiri. Það var þegar kjötvinnsla Sláturfélags Suðurlands flutti á Hvolsvöll. Frá Hvolsvelli til Reykjavíkur er ekki nema 100 km leið og eins og hv. þingmenn vita, hefur mjög mikil vinnsla á landbúnaðarvörum farið fram í Reykjavík. En árið 1991 — reyndar hófst þetta starf árið 1990 — komu fjölmargir aðilar að flutningi kjötvinnslu Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvöll. Þar má nefna stjórn fyrirtækisins, en Sláturfélag Suðurlands er samvinnufélag í eigu bænda á Suðurlandi. Sveitarstjórnin á Hvolsvelli kom að þessu máli, héraðsnefnd Rangæinga, Byggðastofnun og ríkisstjórnin og má segja að þetta verkefni hafi verið allra hagur. Það gjörbreytti byggðamynstri á þessu svæði. Fólk í dreifbýli getur sótt vinnu í kjötvinnsluna. Fyrirtækið var í raun og veru komið á hnén en hefur rétt úr kútnum og núna einmitt á þessari stundu er verið að byggja 2.000 fermetra húsnæði til viðbótar því húsnæði sem fyrir er hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli. Það er alveg ljóst að atvinnutækifærum mun fjölga, en hjá þessu fyrirtæki eru um 130–140 ársverk. Þetta olli því að inn á svæðið, Rangárvallasýslu, kom margt fólk sem hafði mikla menntun, einnig sérhæft kjötvinnslufólk og sérhæft verkafólk og þetta skipti byggðarlagið miklu máli. Ég tek þetta sem dæmi um mjög vel heppnað mál þar sem byggðaverkefni heppnaðist mjög vel.

Það skiptir máli í þessari umræðu um byggðamál að við séum nokkuð fordómalaus og við þurfum að hafa umræðuna uppbyggilega og mér hefur fundist í stórum dráttum umræðan hér í dag vera það. Þjóðin okkar er ung og óþroskuð og við þurfum að finna ákveðið jafnvægi milli sveitanna, milli kauptúnanna, milli kaupstaða og svo höfuðborgarsvæðisins. Og eins og ég sagði áðan verðum við að vinna saman til að ná tökum á þessu verkefni.

Ég má til með að benda á eitt þegar verið að tala um sameiningu sveitarfélaga. Umræðan er oft nokkuð lokuð. Þegar við horfum á þjónustukauptún víðs vegar um land, þá eru þau auðvitað ekki byggð af neinum nema fólkinu í dreifbýlinu. Fólk í dreifbýlinu hefur skapað þessa þjónustukjarna og þess vegna ætti að vera léttara að sameina sveitarfélögin í gegnum þessi kauptún.

Það er mikið ósamræmi í byggðaþróuninni á Íslandi í dag. Það ósamræmi er óviðunandi og mjög óhagkvæmt. Það er mjög óhagkvæmt að vera að flytja heilu byggðarlögin á suðvesturhornið á ári hverju og það er auðvitað engum til góðs. Þessari þróun verðum við að snúa við.

[15:13]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil nú eins og fleiri þakka þessa skýrslu og þessar umræður. Þær eru mikilvægar. Ég vil þó segja við hæstv. forsrh. sem jafnframt er byggðamálaráðherra, ef svo má segja, og hvetja hann til aðgerða, að ríkisstjórnin sem heild marki skýra stefnu. Ég held að sá tími sé kominn í byggðamálum. Menn verða að hverfa af skýrslu- og umræðustiginu yfir í aðgerðir sem skila því í fyrsta lagi að sátt verði í þjóðfélaginu um byggðina og í öðru lagi jafnræði á milli landsmanna. Ég er búinn að þekkja það sem stjórnmálamaður að þessi umræða er búin að standa í áratugi og menn hefur greint á oft og tíðum um aðalatriði. Þess vegna er komið að því, hæstv. forsrh., að einhver verður að hafa kjark til þess að höggva á hnútinn. Mér finnst að sú stund sé komin þegar við horfum fram á það að á uppgangstímum, eins og hæstv. forsrh. rakti, fer fólk frá bullandi atvinnu. Því þurfum við ekki fleiri skýrslur. Við vitum það hver og einn innst inni hvað veldur. Við eigum ekkert að láta menn deila

um þetta ár eftir ár. Það er þekkt í öllum löndum hvað þarf að gera þar sem menn takast á um byggðamál.

Ég minnist þess að við tókum langa umræðu í þinginu og þjóðfélaginu um það hvort þriðja stjórnsýslustigið ætti að taka við. Ég tók þátt í þeirri umræðu og var stuðningsmaður þess á sínum tíma. Það gekk ekki upp. Um það varð ekki samstaða. Þá stöndum við eftir með það að við ætlum að hafa tvö stjórnsýslustig, annars vegar ríkisvald og hins vegar sveitarstjórnarvald. Þess vegna liggur það beint við að þetta er eiginlega niðurstaða stjórnmálaflokkanna, þetta er niðurstaða sveitarstjórnarmanna. Þá er komið að því atriði að við verðum að styrkja sveitarstjórnastigið myndarlega og taka ákvörðun um hvaða verkefni það á að fá til sín. Hvað þurfa sveitarfélögin að vera stór til að ráða við þau mörgu verkefni sem er vilji ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að flytja til þeirra? Við erum eiginlega komnir að þessum punkti í umræðunni. Ég finn það í mínu kjördæmi og þar sem ég fer um landið að skoðanir fólksins í dag eru að þróast á þann veg að það skilur að stærra og sterkara sveitarstjórnastig skilar nýjum verkefnum, það skilar nýju hagsældarsvæði þar sem það er. Svo verðum við auðvitað í þessari umræðu að viðurkenna það að byggðaþróunin hefur verið þannig að kannski eru ekki mjög mörg vaxtarsvæði sem ná því að bæta við sig fólki sé til framtíðar horft. Það er kannski eitt í hverju kjördæmi. Auðvitað ber að stefna að einu í hverju kjördæmi. Á þetta vil ég leggja áherslu, hæstv. forsrh., að framhald þessarar umræðu verði fyrst og fremst það að ríkisstjórnin taki þessi mál á nýjan hátt til skoðunar og láti verkin tala.

Hér hefur verið spurt að því hvort sértækar aðgerðir gangi upp. Auðvitað ganga þær upp í einhverjum tilfellum. En þær hafa þó ekki skilað neinum árangri. Þess vegna ganga þær að hluta til ekki upp í mínum huga. Þær hafa ekki skilað þeim árangri sem skiptir neinu máli og þess vegna verðum við að horfa til þessa í nýju ljósi. Við gerum okkur grein fyrir því, landsbyggðarmenn, að það er íslenskri þjóð dýrmætt að eiga jafnglæsilega höfuðborg og Reykjavík er. Við höfum tekið að okkur eins og höfuðborgarbúarnir sjálfir að taka þátt í þeirri uppbyggingu. Hér höfum við byggt upp höfuðborgarsvæði sem stenst samjöfnuð við það besta í mörgum löndum. Þetta er staðreynd málsins. Hér er stjórnsýslan, hér eru menningarstofnanir, hér eru skólastofnanir, hér er Þjóðleikhúsið o.s.frv. Hér er öll sú menning sem einn einstaklingur þarf í raun á að halda hvað það varðar. En þetta höfum við byggt upp ekki síður en aðrir. Ég vil því við þessar umræður velta því upp hvort við séum komnir að þeim punkti að við verðum í raun að viðurkenna að við byggjum ekki mörg svona svæði upp á Íslandi til viðbótar. Það er of dýrt, landið er of lítið, fámennt og samgöngurnar eru orðnar það góðar. Þá er spurningin sú hvort til séu einhverjar leiðir til að sætta menn við að vera þetta langt frá allri þessari starfsemi og þjónustu sem hér er til staðar. Ég vil velta því upp hvort við eigum hreinlega að viðurkenna að „hin þjóðin" sem er fjarri þessum stöðum þarf á einhverju að halda í staðinn. Væri það réttlætanlegt, hæstv. forsrh., að hafa lægri skatta á landsbyggðinni af því að fólk er fjarri þessari þjónustu og verður að leggja mikið á sig til að njóta hennar, t.d. í menntamálum og fleiru? Þá á ég við skatta bæði á fólk og fyrirtæki. Þetta er kunn almenn aðgerð í mörgum löndum og væri góð byggðaaðgerð. Við gætum líka hugsað okkur að erlendir fjárfestar ættu kost á að byggja upp fyrirtæki, og kannski íslenskir líka, og það yrðu gjaldfrí fyrirtæki um sinn. Ég velti þessu upp í umræðunni sem leið til að sætta fólkið í landinu og styrkja um leið landsbyggðina til sóknar.

Það er margt sem við getum tekið til skoðunar. Hér minntist hv. 3. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, á kvótakerfið. Kvótakerfi í sjávarútvegi, kvótakerfi í landbúnaði. Það er t.d. enginn vafi að það hefur valdið ákveðinni röskun í báðum þessum undirstöðuatvinnuvegum landsbyggðarinnar. Þá er spurningin sú hvort jafnræði sé á milli landvinnslu og frystitogaravæðingarinnar sem hefur verið að ganga yfir landið þar sem menn hafa í rauninni skapað frystitogaravæðingunni miklu betri starfsskilyrði en landvinnslunni og menn hafa sagt um sjávarútveginn að hann verði að hámarka sinn arð, það muni enginn hjálpa honum þó að hann lendi í vandræðum, hann verði að verja sitt fé. Þetta hefur gert það að verkum að menn hafa farið með sína verkun, vinnslu og útgerð á haf út. Þannig að það er spurning hvort ekki þurfi að jafna þarna á ýmsum sviðum.

Við vitum líka að landbúnaðurinn er að stokkast upp og hefur gengið í gegnum miklar þrengingar. Sem betur fer horfir heldur betur í sauðfjárræktinni um sinn og loðdýraræktinni sem mjög hefur verið rætt um. Við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda í mjólkurframleiðslu og margir hafa verið að fara út úr þeirri grein, þannig að þar er vandi á ferð. Síðan verða auðvitað ýmis atriði til að valda röskun. Fram undan er eitt æði í fjárfestingu á Íslandi til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu. Nú liggur fyrir að sé tap peningastofnana á Íslandi skoðað síðustu 10–15 árin, þá hefur langmesta tapið orðið í verslun og þjónustu og skiptir milljörðum. Nú stendur til að byggja nýjar kringlur og verslanir á Reykjavíkursvæðinu sem munu hafa verulega áhrif. Einhverjir munu tapa þar miklum peningum þegar upp verður staðið. Nú er ég ekki að segja að það séu nein mannanna úrræði sem geta stöðvað þessa offjárfestingu. En það er þó athyglisvert að hugsa um það að versluninni virðist það meira umhugsunarefni að fjárfesta í steypu og nýjum mannvirkjum en að hækka kaupið við fólkið og þannig kroppa þeir augun hver úr öðrum.

Hæstv. forseti. Það er landsbyggðinni mjög mikilvægt að eiga fjölbreytt atvinnulíf. Aðgangur að menntun og menningarstofnunum skiptir máli eins og ég nefndi. Ég hitti mann í gær sem sagði mér frá því að þegar hann átti orðið börn sín í námi á þremur stöðum þá fjárfesti hann í íbúð í Reykjavík til að sameina fjölskylduna og hafa hana hér. Þess vegna er það kannski eitt mikilvægasta atriði landsbyggðarmanna að styrkir til náms verði viðhafðir og auðvitað að menntastofnanir og háskólastig komi inn á þessi fáu vaxtarsvæði sem við eigum í landinu.

Víða á landsbyggðinni eru menn að gera góða hluti. Ég þekki það að í einni bestu byggðavæðingu á Suðurlandi síðustu árin hefur verið bylting í verslunarháttum þar sem menn hafa náð sams konar vöruverði og í Reykjavík með því að nota styrk stórra samtaka eins og KÁ til að ná því markmiði. Þetta hefur mikið að segja. Þegar það hefur náðst verslar fólkið á svæðinu, sækir inn á svæðið og einkageirinn dafnar í kringum svona aðgerðir. Þetta hef ég séð á mínu svæði.

Síðan eru það allar þær skýrslur og úttektir frá Byggðastofnun sem maður veltir fyrir sér. Ég er hér með kort sem nýkomið er út hjá stofnuninni og sýnir sveitarfélög sem sýna hættumerki í búsetuþróun. Auðvitað hefur það eitthvað að segja þegar búið er að merkja á kort með rauðum hringjum og sagt að þar sé veruleg hætta á ferðum. Hver fjárfestir á svoleiðis stöðum? Hver vill þar vera? Er ekki komið að því að Byggðastofnun geri fyrst og fremst tillögur en sendi ekki alltaf frá sér svartar skýrslur? Ég sé það í annarri skýrslu

sem er með fallegt hrútshöfuð hér uppi — Þróun sauðfjárbúskapar á Íslandi á tímabilinu 1991–1996 — sjálfsagt ágætis skýrsla en hún kemur eins og köld vatnsgusa framan í margan sauðfjárbóndann sem finnur að hann hefur þó á síðustu árum verið að ná aðeins tökum á nýjan leik, aðgerðir hafa verið að skila sér og hann finnur smásókn í stöðu greinarinnar hjá sér, eða þetta er alla vega það sem menn ræða við mig. Hvað þýðir þessi skýrsla? Hún er fyrst og fremst bara köld gusa í andlit sauðfjárbænda. Hverjar verða aðgerðirnar sem Byggðastofnun biður um á eftir? Eins og fram hefur komið í þessari umræðu skiptir hugarfarið miklu máli. Að menn séu jákvæðir og sókndjarfir í byggðarlögunum.

Ég sé að tími minn er að verða búinn, hæstv. forseti. Ég vil treysta því, hæstv. forsrh., að í framhaldi af umræðunni verði það verkefni ríkisstjórnarinnar og Alþingis alls að taka á og marka miklu skilvirkari og skýrari stefnu miðað við allar þær staðreyndir sem liggja fyrir. Við þurfum ekki fleiri skýrslur, við þurfum ekki fleiri umræður, fyrst og fremst þurfum við aðgerðir.

[15:28]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er reyndar sammála síðasta hv. þm. um að við þurfum kannski ekki mikið fleiri skýrslur. En ég er honum fullkomlega ósammála um það að skýrslan um stöðu sauðfjárræktarinnar hafi ekki verið góður kostur og nauðsynlegur inn í umræðuna um þau málefni. Það kann vel að vera að það snerti þennan hv. þm. óþægilega að það sé sagður sannleikurinn um þau mál sérstaklega með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem fóru á þessu ári um batnandi hag sauðfjárbænda og sem hann endurtók hér nú áðan. Það sem er náttúrlega mikilvægast við þessa skýrslu og í því felst gildi hennar að hún staðfestir að síðasta ár var versta ár sem sauðfjárbændur hafa búið við, alversta ár, þrátt fyrir allar þær yfirlýsingar sem um þau efni hafa verið gefnar, m.a. að tilhlutan hæstv. landbrh. og formanns Bændasamtaka Íslands. Það þýðir auðvitað ekkert að vera að fela slíkar staðreyndir. Það er svo annað mál að það hlýtur að koma inn í þá umræðu sem fram undan er um byggðamál með hvaða hætti verður hægt að bæta úr í þessum efnum.

[15:30]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að fara í langar deilur við hv. þm. en hann sagðist að segja sannleikann um þau mál. Ég viðurkenni að þessi skýrsla fjallar um tímabil í landbúnaði þegar ég gagnrýndi bæði hv. þm. og þá ríkisstjórn sem þá starfaði fyrir það hvernig að landbúnaðarmálum væri staðið. Þannig að þetta kemur ekki sárt við mig. Það segir meira um árin 1991–1995/1996. Það er vonandi að þessi skýrsla hafi eitthvert gildi en ég efast nú um, eins og margir hafa bent mér á, að síðasta ár sé versta ár sauðfjárræktarinnar á Íslandi því það segir þó hér að menn álíti að botninum sé náð. Og þegar botninum er náð þá er eitthvað sem fer upp á við, ef ég þekki hlutina rétt. Þannig að ég trúi því sem ég hef sagt hér og kynnst, bæði á ferðum mínum um landið og ekki síður úr mínu kjördæmi, að sauðfjárræktin er búin að ganga í gegnum miklar þrengingar. En innan þeirrar greinar eru mjög dugandi bændur sem hafa hafið ákveðna sókn, í meðferðinni á afurðunum, komið til móts við neytendurna og eru að nýta hverja einustu afurð af þessari skepnu. Og sú ríkisstjórn sem nú starfar hefur sem betur fer, með nýjum sauðfjársamningi í upphafi tímabilsins, náð þeim árangri að staðan er allt önnur. Birgðir voru allar horfnar á miðju sumri og varan eftirsótt. Þannig að þetta er staða dagsins. Nú er ekkert að marka þótt einhverjir 30 bændur séu teknir út úr. Það þarf miklu ítarlegri könnun til þess að fá niðurstöðu, hv. þm.

[15:32]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú sannast auðvitað orð þingmannsins sjálfs um að hann hafi ekki lesið þessa skýrslu. Hún byggir reyndar ekki á afkomu 30 sauðfjárbænda. Það er mikill misskilningur. Í öðru lagi eru staðreyndir þær að sauðfjárbændur voru á síðasta ári, og það er það nýjasta sem til er um þau efni, með verri afkomu en verið hefur nú á síðustu árum. Ég sagði ekki frá upphafi vega. Þessar staðreyndir liggja alveg ljóst fyrir. Það er hins vegar alveg hárrétt og vert út að fyrir sig að undirstrika það að menn hafa verið að leitast við að snúa ýmsu við í þessari framleiðslu, öllu frekar þó í meðhöndlun og vinnslu og Byggðastofnun hefur satt að segja átt býsna góðan hlut að því máli. Og það er mjög mikilvægt að það skuli hafa verið dregið inn í þessa umræðu. Hitt er jafngagnlegt að það skuli nú liggja ljóst fyrir hver afkoma þessarar búgreinar sé, m.a. vegna þess að byggðin getur ekki lifað við þau kjör sem sauðfjárræktinni eru búin.

[15:34]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson flutti hér skörulega ræðu eins og hans var von og vísa og sagði eitthvað á þá leið að nú væri nóg komið af skýrslum og eitthvað yrði að fara að gera og skoraði síðan á hæstv. forsrh. að fara nú að gera eitthvað. Ég tek heils hugar undir mikla trú hv. þm. Guðna Ágústssonar á hæstv. forsrh. Þar erum við trúbræður. En málið er ekki alveg svona einfalt, að það sé nóg að segja bara að nú verði að fara að gera eitthvað. Menn verða að benda á hvað eigi að gera. Það hefur komið aftur og aftur fram í þessum umræðum og reyndar í umræðunni í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum, að menn flytja í stórum stíl alveg jafnt frá þeim stöðum þar sem atvinnuástandið er best, þar sem uppbyggingin er mest í atvinnulífinu og bullandi vinna, þokkaleg þjónusta og menn sjá ekki að neitt sérstakt sé að. Samt flytur fólkið. Það er eins og enginn geti svarað því: Af hverju? Þess vegna er ég ekkert endilega sammála því að nóg sé komið af skýrslum. Ég held að það verði að greina það af hverju fólk er að flytja — þess vegna bind ég vonir við þá skýrslu sem ég nefndi í ræðu minni áðan, að er væntanleg frá Stefáni Ólafssyni prófessor. Hann hefur verið vinna hana fyrir Byggðastofnun síðustu mánuði — af hverju þessir miklu flutningar stafa, alveg jafnt frá þeim stöðum þar sem ástandið er best.

Hv. þm. gerði heldur lítið úr skýrslugerð Byggðastofnunar og ég er ekkert sammála því. Þessar tvær skýrslur um stöðu sauðfjárræktarinnar sem lagðar voru fram í síðasta mánuði gera auðvitað ekkert annað en segja mönnum sannleikann, segja mönnum hver staðan er. Menn verða að viðurkenna stöðuna og átta sig á henni ef á að reyna að bæta úr ástandinu.

Ég er með nýjustu skýrslu Byggðastofnunar í höndunum sem kom út fyrir örfáum dögum og er um þýðingu Kísiliðjunnar fyrir efnahag og atvinnulíf í Mývatnssveit og segir okkur hvað gerist ef svo illa fer að rekstri þeirrar verksmiðju verði hætt, sem vofir nú kannski yfir en verður vonandi ekki. Þetta er afskaplega gagnleg skýrsla og þörf inn í umræðuna um það ágæta fyrirtæki og mikilvægi þess.

[15:36]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja að auðvitað hef ég fulla trú á hæstv. forsrh. og fulla trú á þessari hæstv. ríkisstjórn og að hún muni hugsa um þessi mál, fyrir utan hitt að þessum tveimur stóru stjórnmálaflokkum sem fara nú með völd í landinu ber skylda til þess að hugsa um þetta upp á nýtt Ég verð að viðurkenna að á mörgum sviðum er ég sem betur fer skoðanabróðir hæstv. forsrh., hvort sem það er nú sauðfjárræktin eða Evrópumálin svo eitthvað sé nefnt sem dæmi. (**JóhS:** Ekki í síðustu ríkisstjórn.) Þetta batnaði allt saman með tímanum hjá hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Getur félagsskapur ekki ráðið því?) Já, svo er það að félagsskapur skiptir oft miklu máli og hefur mikil áhrif. Það þekkjum við úr lífinu að gott er með góðum að vera og hefur mikil andleg áhrif á mann. Þannig að þetta er nú það sem menn finna. Það finna menn líka þegar þeir lenda í vondum félagsskap, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, og verða einir eftir úti á eyðimörkinni og eiga engan félaga, að þá eru erfiðir dagar.

Ég vil að lokum segja að ég benti hér á aðgerðir sem ég vona og sá að hæstv. forsrh. skildi og skoðar vonandi í sinni ríkisstjórn. Ég held að það sé alveg hárrétt að menn eru að fara frá bullandi atvinnu. En þó eru ákveðin svæði. Selfosssvæðið spannar Suðurlandsundirlendið allt. Þar er miðkjarni. Akranes og Borgarnes, það er mikið byggðasvæði. Menn verða að hugsa um þessi svæði, Eyjafjarðarsvæðið, Egilsstaðir. Þetta eru kannski ekki nema fjögur til fimm svæði og við styrkjum fjarsveitirnar í leiðinni. (Forseti hringir.) Þetta var mín hugmynd fyrir utan hitt að ég benti auðvitað á skattaleiðir sem væri hægt að hugsa um. Við erum komnir af norrænum víkingum og skattsvikurum og það hefur oft skipt miklu að þurfa að borga sem minnsta skatta, þannig að það er nú aðgerð sem ég held að geti dugað svolítið í byggðamálum.

[15:39]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá tókst okkur hv. þm. Guðna Ágústssyni að verða sammála því við erum sammála um það að ef einhverjir flokkar eru líklegir til að taka á þeim mikla vanda sem við er að glíma í byggðamálunum þá eru það auðvitað þeir flokkar sem mynda núverandi ríkisstjórn, Sjálfstfl. og Framsfl., undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar sem hv. þm. hefur hér aftur og aftur lýst ofurtrú á.

[15:39]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á þau orð frænda míns að þessir flokkar eiga ekki bara að vera líklegir. Á þessari stundu ber þeim skylda til að taka dálítið öðruvísi á þessum málum. Hæstv. forsrh. er verkstjóri þessarar ríkisstjórnar og fer með byggðamálin og ég treysti því að hann nái góðu samstarfi við ráðherra sína og þingflokka um að marka róttæka stefnu. Það mun að vísu taka á og það mun verða gagnrýnt. En verði það gert þá horfum við bjartari augum til framtíðarinnar og verðum meira sammála í þessu landi. Þá mun ríkja meiri friður héðan í frá en hingað til. Og þá kemur að því að það var ekki til einskis að þessir tveir stóru flokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., tóku höndum saman til þess að stjórna þessari þjóð inn í nýja öfluga öld.

[15:41]

**Útbýting þingskjala:**

Áhrif fríðindatilboða á verðlagningu vöru og þjónustu, 268. mál, fsp. JóhS, þskj. 336.

Hestabúgarður í Litháen, 87. mál, svar landbrh., þskj. 322.

Póstburðargjöld, 267. mál, fsp. JóhS, þskj. 335.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 132. mál, svar fjmrh., þskj. 301.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 138. mál, svar félmrh., þskj. 324.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 128. mál, svar samgrh., þskj. 315.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 136. mál, svar félmrh., þskj. 326.

Rekstrarhagræðing, 137. mál, svar félmrh., þskj. 325.

Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 262. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 329.

[15:42]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Það svífur svo mikil viska hér yfir að það er á mörkunum að maður treysti sér í umræðuna. En ég ætla nú samt að segja hér nokkur orð. Það hefur mjög margt komið fram af því sem ég vildi hafa sagt þannig að ég ætla ekki að endurtaka það. En hér fer fram umræða um Byggðastofnun og byggðamál almennt í landinu.

Ég vil ítreka það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, fyrr í umræðunni, að hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar. Þeir sem hér hafa talað hafa að mínu mati verið sammála um að óæskileg þróun hafi átt sér stað. Reyndar hafa fyrst og fremst hv. landsbyggðarþingmenn tekið þátt í umræðunni en ég vil líta svo á að almennt sé það skoðun Alþingis að þetta sé óæskileg þróun. En þetta er þróun sem á sér ekki stað bara hér á landi heldur er þekkt mál frá öðrum þjóðum að fólkið vill safnast saman í borgum. Það sem er hins vegar athyglisvert við stöðuna hér miðað við ýmis lönd sem við berum okkur gjarnan saman við, er að mun lægra hlutfall Íslendinga býr í sveit og á litlum þéttbýlisstöðum en í nágrannalöndunum og helmingi færri búa í 2–10 þúsund manna bæjum.

Margir hafa reynt að skýra þessa þróun og reynt að átta sig á því hvers vegna þetta gerist og ýmsar getgátur eru uppi, en því miður getgátur vegna þess að þetta hefur ekki verið rannsakað nægjanlega. Nú stefnir í að það komi skýrsla frá Háskóla Íslands um þetta mál því gerð hefur verið könnun á viðhorfi fólks sem hefur flutt sig og við gerum okkur vonir um að þessi skýrsla geti skýrt það fyrir okkur að einhverju leyti hvers vegna þetta hefur þróast á þennan veg.

Það var talað um það í Noregi að ástæða þess, auðvitað er þetta grín, að fólk flytti frá Norður-Noregi til Óslóar gæti m.a. verið sú að það sést svo mikið af fólki í góðu veðri labba þar í miðborginni með ís og þetta virkar þannig á fólkið þarna fyrir norðan að það sé svo huggulegt og skemmtilegt að búa í Ósló. Eitthvað getur það haft að segja hér líka að fjölmiðlar dragi upp mynd af lífinu í borginni á óraunsæjan hátt að einhverju leyti en ég vil þó ekki gera þetta að neinu aðalatriði. Skýringin er ekki einföld og það geta verið margar skýringar og margar eru huglægar.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að ef ákvörðun um þriðja stjórnsýslustigið hefði verið tekin fyrir 10 árum eða meira hefði ástandið sjálfsagt verið öðruvísi en það var ekki gert. Við höfum byggt stjórnsýsluna upp á þessu svæði og fjölgað ríkisstarfsmönnum mjög á þessum áratug en sú fjölgun hefur nú verið stöðvuð og það finnst mér vera mikilvægt. Hins vegar er ástæða til þess að binda vonir við að aukin verkefni, flutt til sveitarfélaga, geti komið að einhverju leyti í staðinn. Það er ekki eins og við séum að ræða í fyrsta skipti núna um þessi mál og það vill svo til að ég fann í

fórum mínum skýrslu sem er gefin út eftir ráðstefnu sem var haldin á Selfossi fyrir nákvæmlega 10 árum, 13. nóv. 1987, og Byggðastofnun gekkst fyrir ráðstefnunni. Hún hafði í yfirskriftina „Hefur byggðastefnan brugðist?" Í þessari bók eru öll þau erindi sem flutt voru á ráðstefnunni og m.a. flutti þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Davíð Oddsson, eitt af þeim erindum. Ég ætla ekki að tíunda allt sem þar kemur fram en ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. var þá í öðru hlutverki en hann er í í dag.

En hefur byggðastefnan brugðist eða hefur yfirleitt verið einhver byggðastefna ríkjandi? Það eru svo sem ýmsir sem velta því fyrir sér. Ég leyfi mér að halda því fram að svo hafi verið og það er hægt að benda á ýmis dæmi því til sönnunar, t.d. það sem þáverandi borgarstjóri lætur koma fram í erindi sínu á ráðstefnunni, að heilsugæslan er byggð upp á landsbyggðinni áður en er farið að byggja hana upp í Reykjavík og það er engin tilviljun að mínu mati. Ég álít að sú ákvörðun hafi verið tekin vegna byggðasjónarmiða.

Háskólinn á Akureyri, sem hefur verið nefndur og er mjög mikilvæg stofnun fyrir landsbyggðina, hefði ekkert verið byggður nema vegna þess að það voru byggðasjónarmið sem réðu ferð og það hefur verið hægt að færa rök fyrir því að hjá þessari litlu þjóð væri ekki nauðsynlegt að byggja upp sjálfstæðan háskóla á Akureyri. En þetta var gert og þessi stofnun hefur nú verið rekin í 10 ár og hefur sannað mikilvægi sitt, bæði hvað varðar menntun og eins það að hafa stuðlað að því að menntað fólk setjist að á landsbyggðinni. Það mætti nefna jarðgöng og margt fleira.

Við viljum breyta þróuninni og þá er það spurning hvernig það verður gert. Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi nokkur atriði sem öll eru mikivæg. Það er m.a. sameining sveitarfélaga, sem ég nefndi áður, menntunarmálin og þá vil ég líka sérstaklega nefna framlög ríkisins til þess að jafna námskostnað sem er ákaflega mikilvægt mál. Það framlag var hækkað nokkuð á þessu ári en eflaust má gera þar betur. Samgöngumálin skipta alveg gífurlega miklu máli og þess vegna þarf virkilega að vanda það verk sem hér er fram undan á hv. Alþingi í sambandi við gerð vegáætlunar og raunar þyrfti að koma þar áð nýrri hugsun á margan hátt.

En svo er það Byggðastofnun sjálf sem hér ætti fyrst og fremst að vera til umræðu vegna þess að við erum að fjalla um ársskýrslu Byggðastofnunar. Ég velti því fyrir mér hvort þar sé verið að vinna skipulega að breytingu á stofnuninni eða hvort þetta sé handahófskennt sem heyrst hefur. Ég vitna í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Starfsemi og skipulag Byggðastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og atvinnuráðgjafa verði tekið til endurskoðunar í því skyni að þessir aðilar geti í sameiningu stuðlað að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt."

Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort verið er að vinna í framhaldi af þessari samþykkt að breytingu á stofnuninni eða ekki og mér finnst ég eigi nokkurn rétt á að vita það.

Fyrir um 10 árum voru uppi tillögur um að flytja þessa stofnun til Akureyrar. Það var fellt í stjórninni og rökin voru þau, eftir því sem mér var sagt, að stofnunin ætti að vera í Reykjavík og það ættu að vera útibú úti í landshlutunum. Ég var ekki sammála þeirri skoðun en þessi rök voru færð fram. Nú sýnist mér allt annað vera uppi á teningnum og væri fróðlegt að heyra frekar af því. Það kom fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni, formanni stjórnar, að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tæki hugsanlega yfir þá starfsemi sem fer fram á Vestfjörðum og þetta mun vera víðar í undirbúningi. Þetta er mál sem getur svo sannarlega komið til greina og verið réttmætt og skynsamlegt, en eins og ég segi, það er mér hulin ráðgáta hvernig hv. formaður og stjórnin hugsar þetta. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn á móti þessu?) Ég vil fá frekari skýringar áður en ég tjái mig nákvæmlega um það hver afstaða mín er til þessa máls.

Hér hefur verið talað um skýrslur Byggðastofnunar og ég get tekið undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni hvað það varðar að mér finnst að þær hafi oft verið til þess að koma af stað neikvæðri umræðu sem getur verið hættuleg en auðvitað geri ég mér grein fyrir því að við þurfum að vita hver þróunin er. En ef farið verður að byggja upp kringlur, verslunarhúsnæði, í stórum stíl á Reykjavíkursvæðinu í framhaldi af skýrslugerð Byggðastofnunar vegna þess að hún spáir fram í tímann í samræmi við reynsluna frá fyrri árum, þá finnst mér eins og starfsemin sé að snúast upp í andhverfu sína.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarsyni að Byggðastofnun er ætlað að taka áhættu og mér finnst þess vegna ekkert aðalatriði að hún sé rekin með hagnaði vegna þess að hennar hlutverk er að taka áhættu. Það er hægt að nefna mörg dæmi þess að afskipti Byggðastofnunar af atvinnumálum hafi orðið til þess að bjarga atvinnufyrirtækjum á landsbyggðinni og það er mjög mikils virði og það vil ég að komi fram.

Að síðustu vil ég, hæstv. forseti, láta þess getið að á vegum þingflokks framsóknarmanna hefur farið fram vinna þar sem við erum að fara yfir byggðaþróunina og reyna að átta okkur á ástæðum. Við höfum fundað í öllum kjördæmum nema einu en fundur í því kjördæmi verður í þessari viku og í framhaldi af því verður þetta sérmál sem tekið verður fyrir á aðalfundi miðstjórnar sem haldinn verður síðar í mánuðinum. Við erum því svo sannarlega áhyggjufull út af þessari þróun og munum koma fram með tillögur til úrbóta.

[15:53]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að formaður þingflokks Framsfl. hefur ekki verið viðstödd umræðuna (**VS:** Jú, ég hef verið það.) ja, þingmaðurinn fer þá vel með þá vitneskju sem hefur verið tilreidd héðan úr þessum stóli því að það sem þingmaðurinn spurði sérstaklega um er einmitt það sem hér hefur verið fjallað um og er grundvöllur að stefnu ríkisstjórnarinnar eins og stjórnarsáttmálinn kveður á um. Hér hafa menn verið hver eftir annan að vekja athygli á þeirri uppbyggingu sem hefur einmitt orðið hringinn í kringum landið í stuðningi við atvinnuþróun, nákvæmlega eins og stjórnarsáttmálinn kveður á um og sókn í atvinnuráðgjöf eins og þingmaðurinn orðaði það. Og jafnhliða því að sjálfsögðu uppbygging nýrra atvinnutækifæra. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, úr tillögu um breyttar áherslur í byggðamálum:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni" og er ekki einmitt verið að gera það með því að flytja hluta úr Byggðastofnun norður á Sauðárkrók? Það er sérstætt að formaður þingflokks Framsfl. sem segist fara víðreist um landið með umræðu um byggðamál skuli ekki hafa vald á því að fjalla um það sem er megináhersla stjórnar Byggðastofnunar og er nákvæmlega í sömu veru og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir.

[15:56]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nokkur þungi í orðum hv. þm. og ég vil byrja á að leiðrétta það, ég hef setið undir umræðunni alveg frá upphafi og þar til nú. Það sem ég er að tala um er þetta: Hver er heildarstefna stofnunarinnar t.d. í sambandi við flutninga út á land og í framhaldi af ákvæði í stjórnarsáttmála sem ég fór með hér áðan? Ég spurði að því hvort það væri heildarstefna í gangi eða hvort það væru handahófskenndar ákvarðanir sem væru teknar. Ég vitnaði sérstaklega til þeirra hugmynda sem voru uppi um flutning starfseminnar til Akureyrar sem varð ekki niðurstaðan vegna þess að þá voru rökin þau að hún ætti að vera hér í Reykjavík en útibú ættu að vera í öllum landshlutum. (**Gripið fram í:** Þú meinar skrifstofur.) Ja, hvort sem við köllum það skrifstofur eða útibú. Alla vega hluti starfseminnar. Ég féllst á þessi rök en þó með naumindum því að ég vildi fá hana til Akureyrar.

Nú veit ég ekki hvað hefur gerst í stjórninni sem hefur orðið til þess að það er eitthvað annað uppi á teningnum. Þess vegna spyr ég hv. formann hvort hann geti komið hér í stuttu máli með þessa heildarstefnu. Er þetta einhver stefna sem þingflokkarnir fá að fjalla um eða hvað? Er búið að móta stefnuna?

[15:57]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heildarstefna um stofnanaflutning er því miður ekki á færi stjórnar Byggðastofnunar. Þá mundi hún ganga hraðar fram en raun ber vitni. En að því er varðar stofnunina sjálfa liggur alveg ljóst fyrir að þessi giftusamlega ákvörðun hefur verið tekin um fyrsta sporið í því að flytja Byggðastofnun út á land. Þetta ætti að vera nokkuð skýrt í þessum efnum.

Í framhaldi af þessu tek ég sérstaklega fram að að boði hæstv. forsrh. og með tilvísan í lög um Byggðastofnun fer núna fram endurskoðun á stefnu um byggðamál á grundvelli nýrrar ályktunar um byggðamál sem stofnunin er að vinna að og verður vonandi til reiðu í upphafi næsta árs.

[15:59]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mátti eiginlega skilja orð hv. þm. þannig að stofnunin eða stjórnin sé óánægð með byggðaþróunina eins og ég get vel skilið og þess vegna er tekin sú ákvörðun að flytja stofnunina sjálfa og jafnvel skipta henni upp og flytja hana á einhverja staði á landinu sem við þekkjum ekki á þessari stundu hverjir eru. Ég er ekki að gagnrýna sérstaklega að þróunarsvið skuli flutt til Sauðárkróks en ég vil þó fá að vita hvað kemur í framhaldinu og mér finnst þetta sérkennilegt, ekki síst í tengslum við það sem ég hef svo oft nefnt áður í umræðunni að því var hafnað að hún skyldi vera á Akureyri. Reyndar sat ég í nefnd sem gerði tillögur um flutning stofnana út á landsbyggðina sem hæstv. forsrh. skipaði og (**Gripið fram í:** Og hvað fóru margar stofnanir þangað?) og þar á meðal var lagt til að Byggðastofnun flytti í heild sinni og einnig fleiri stofnanir. Þær hafa fáar farið enn en þó hefur örlað á því af hálfu hæstv. umhv.- og landbrh. að flytja stofnanir út á land.

[16:00]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og ströng og ýmis gullkorn fallið í henni. Það sem mér hefur þótt sérstaklega eftirtektarvert við þessa umræðu er hversu margir hv. stjórnarþingmenn hafa fundið þörf hjá sér eða hvöt til að ræða byggðamál, sem er vissulega löngu, löngu orðið tímabært að þeir geri, en segir mér aðeins það að þeir eru með mikið samviskubit yfir því hvernig þróunin í þessum málum hefur verið undanfarin ár, mikið samviskubit og skyldi engan undra. Ég get tekið undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni sem kom hér upp áðan og lýsti eftir kjarki hæstv. forsrh. um að taka einhverja ákvörðun í þessum málum, taka einhverja pólitíska ákvörðun í byggðamálum.

Það sem við erum að ræða nú er skýrsla Byggðastofnunar en umræðan hefur smám saman farið út í annað. Umræðan hefur snúist fyrst og fremst um fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Um það hefur umræðan snúist og um það ætla ég að fjalla í minni ræðu.

Það hefur, virðulegi forseti, gersamlega skort á það í hinum fjölmörgu ræðum hv. stjórnarþingmanna að þeir upplýsi okkur hina, stjórnarandstöðuþingmenn og landsmenn almennt, hvaða pólitísk markmið núverandi ríkisstjórn hefur í byggðamálum. Það spyr enginn um grundvallarspurningar í þessu máli. Það koma hvergi fram markmið. Kannski lýsa markmiðin sér í aðgerðaleysi núverandi ríkisstjórnar. Kannski er þessi þróun bara að hennar skapi, mjög líklega. Sennilega felst markmiðssetningin einmitt í því. Það hefur enginn spurt grundvallarspurninga eins og þeirra hvort við viljum halda öllu landinu í byggð. Það hefur enginn komið fram með svör við því og við getum spurt líka: Viljum við halda óbreyttu byggðamynstri? Hver eru markmiðin með þessari umræðu, virðulegi forseti?

Ef við viljum halda öllu landinu í byggð, þá þurfum við að segja það. Þá þurfum við að taka um það pólitíska ákvörðun og í kjölfarið þurfa að koma til aðgerðir til að ná því markmiði. Það er ekki hægt að tala hér og vera með einhvern fagurgala eins og ýmsir hafa verið með eins og einn hv. þm. orðaði það svo skemmtilega: Ef einhverjir flokkar eru líklegir til afreka í byggðamálum, þá eru það Framsfl. og Sjálfstfl. Eftir tæplega þrjú ár í ríkisstjórn og eftir að hafa verið við völd meira og minna alla öldina og þetta er þróunin. (**Gripið fram í:** Það eru mikil afrek sem menn hafa unnið.) Ja, kannski eru afrekin þau, virðulegi forseti, að þeir hafa fjölmargir komið hér í pontu í dag og rætt byggðamál. Það eru kannski helstu afrek þeirra í þessum málum. En þetta er sorglegt á að hlýða.

Ég get til að mynda tekið hv. þm. Magnús Stefánsson, sem því miður er ekki í salnum. Hann flutti framúrskarandi góða ræðu áðan þar sem hann bað um gott veður og var með almennan fagurgala um það hvað honum þætti vænt um fólkið á landsbyggðinni. En það vill svo til að hann er hluti af meiri hlutanum á Alþingi. Hann er hluti af þeim sem taka um það ákvarðanir hvað gert verður þannig að hann er að tala úr kolvitlausum stóli. Og ég tek undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að það er fyrir löngu orðið tímabært að menn taki um það pólitíska ákvörðun hver markmiðin eigi að vera í byggðamálum, hvernig byggð menn vilja hafa í landinu. Það er löngu kominn tími til að menn taki þessa ákvörðun og geri eitthvað. Þó að skýrslugerðir séu góðar og grundvöllur að því að skynsamlegar ákvarðanir séu teknar, þá eru þær sennilega orðnar nægilega margar til þess að hægt sé að taka einhverja vitræna ákvörðun. Ég auglýsi, líkt og hv. þm. Guðni Ágústsson, eftir pólitískum markmiðum núverandi ríkisstjórnar í byggðamálum. Vill hún halda öllu landinu í byggð? Vill hún óbreytt byggðamynstur eða vill

hún, líkt og hv. þm. Guðni Ágústsson kom með hér áðan, styrkja fjögur, fimm svæði á landinu? Eða vill hún halda áfram þessu aðgerðaleysi sem er að verða til þess að gríðarlegir fólksflutningar eru til höfuðborgarsvæðisins sem eru ekkert sérlega heppilegir fyrir höfuðborgarsvæðið heldur? Ég held að það sé orðið tímabært að pólitísk markmið ríkisstjórnarinnar komi fram við umræðuna í þessum málum. Þar til þau liggja fyrir er umræðan gersamlega innihaldslaus og hefur sýnt sig í því að nánast flestir hv. þm. stjórnarliðsins, sem ekki oft koma hér í pontu, eru búnir að ræða málin í dag og lofa gulli og grænum skógum núna þegar farið er að líða verulega á seinni hluta kjörtímabilsins. (**Gripið fram í:** Það er mikið gull í vasanum hjá þeim.)

Þegar við ræðum um fólksflutninga, við hvað er þá að etja? Um hvað erum við að tala? Við erum að tala um það að einstaklingar hafa tekið ákvörðun um að færa sig um set. Því hljótum við að spyrja: Hvað geta stjórnvöld gert við því? Er það stjórnvalda að hafa áhrif á þessar ákvarðanir einstaklinga? Eða eiga þeir að láta þetta í friði.

Í Morgunblaðinu í dag er um margt merkileg grein sem Óli Rúnar Ástþórsson ritar en hann er hagfræðingur og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. Hann svarar einmitt þessari spurningu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Svarið við ofangreindri spurningu byggist því væntanlega að miklu leyti á hvernig hagur einstaklinganna er í samanburði við hagsæld á öðrum svæðum og hvers þeir vænta af framtíðinni. Ef þetta er rétt dregin ályktun, má ætla að að meðaltali ein vísitölufjölskylda taki sig upp daglega þar sem hún telji hag sínum betur borgið utan landsbyggðarinnar í nútíð og til framtíðar."

Það er einmitt þetta sem málið snýst um. Stjórnvöld geta ekki tekið ákvörðun fyrir einstaklingana. Það gera þeir sjálfir. En stjórnvöld geta með almennum aðgerðum tekið ákvörðun um að búa þannig að landsbyggðinni ef það er pólitískt markmið að halda landinu í byggð en það hefur ekki komið fram við þessa umræðu. Menn geta með almennum aðgerðum einmitt haft áhrif á það hvar fjölskyldur telja hag sínum best borgið.

Við getum tekið nokkur atriði sem teljast almenn aðgerð. Við getum tekið t.d. landbúnaðarkerfið. Við höfum styrkt landbúnað meira en flestar aðrar þjóðir OECD og má gagnrýna það með nokkuð góðum rökum. En það er kannski ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að e.t.v. er meiri fátækt hjá bændum hér en annars staðar. Hvað verður um alla þessa peninga? Það væri fróðlegt að vita það. Hvernig nýtast þessir fjármunir? Hvernig nýtast þessir styrkir? Það væri t.d. fróðlegt að taka það saman hvað nefndafargan og annað í tengslum við landbrn. kostaði. Það væri fróðlegt.

Ég spurði fyrir nokkrum dögum hvað nefnd sem fjallar um innflutning vegna GATT kostar. Í þeirri nefnd sitja þrír menn. Hún hefur starfað í 19 mánuði. Kostnaður er 7 millj., launakostnaður tæpar 5 millj. Það eru ýmsir sem vildu komast í þá nefnd, enda fín nefnd. Það er eitt að styrkja landbúnað og að verulegir fjármunir fari þangað en annað hvert þessir peningar renna. Það væri fróðlegt að vita, því það er alveg víst að bændur eru ekki ofhaldnir af sínum launum eða sínum kjörum. Það er eitt af því fáa sem er öruggt í þessu dæmi.

Við getum tekið heilbrigðiskerfið á landsbyggðinni. Heilbrigðiskerfið skiptir gríðarlegu máli fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni. Það skiptir gríðarlegu máli hvort fólk vilji búa á landsbyggðinni eða ekki og að það sé öryggi, að fólk sé öruggt um fjölskyldu sína. Og hver er þessi almenna stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málum? Jú, hún hefur verið að baksa við það undanfarið að lækka ætlaðan niðurskurð úr 300 millj. niður í 80. Vitaskuld er þessi umræða mjög slæm fyrir landsbyggðina. Hún er mjög slæm. Hún ýtir undir umræðu um að heilbrigðiskerfið á landsbyggðinni sé ekki nógu gott. Þarna er enn einn þátturinn sem hægt er að kalla almennar aðgerðir, sem ég er mjög fylgjandi að menn bregðist við í stað sértækra.

Verkefnaflutningur til sveitarfélaga. Ég held að það sé eitt af því sem við þurfum að gera meira af til að styrkja byggðina. En ég held að það sé forsenda þess líka að sveitarfélög sameinist til að þau geti tekið við þessum verkefnum. Ég held því að í þessum efnum leiði eitt af öðru.

Hvernig eru menntamálin? Það er eitt af því sem við þurfum að skoða. Ég held einmitt að tillaga þingflokks jafnaðarmanna um að kanna betur möguleika á fjarkennslu sé eitthvað sem við þurfum að skoða frekar. Við erum búnir að byggja kennsluhúsnæði um allt land. En vegna fólksflutninga fer það smám saman að standa autt. Við eigum að nýta það til sérkennslu. Við getum komið þar upp sjónvarpskennslu jafnvel beintengdri við háskólann. Þetta er hugmynd sem fyrrv. rektor Háskóla Íslands, Sveinbjörn Björnsson, setti fram í einni af sínum ágætu ræðum. Það er ekki svo að byggja þurfi húsnæði heldur nýta þær fasteignir sem eru fyrir hendi á landsbyggðinni.

Orkuverð. Það er eitt sem ég held að við getum kallað eftir hvað hv. þingmenn meiri hlutans á Alþingi vilja gera hvað það varðar. Það eru því margir, margir þættir þar sem hægt væri að grípa til almennra aðgerða til að styrkja byggðina. Það er ekkert verið að kalla eftir því að landsbyggðarmenn komi bónorðsferðir til Reykjavíkur til þess að biðja um aur. Menn eru ekkert að kalla eftir því. Enda er það aðeins til þess fallið að drepa niður sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem því miður er að gerast allt of mikið á landsbyggðinni. Mér finnst að landsbyggðin sé orðin þannig að hún sé að tala sjálfa sig mjög niður. Það skiptir miklu máli hvernig andinn er, hvernig mórallinn er. Það skiptir mjög miklu máli hvort menn vilja fjárfesta á landsbyggðinni að andinn þar sé til þess fallinn að taka á móti slíkum fjárfestingum. Þetta skiptir gríðarlegu máli. En því miður verð ég að segja að það er hvergi að finna í þessari umræðu einhver pólitísk markmið. Það væri helst að hv. þm. Guðni Ágústsson kæmi fram með eitthvað. Þar var þó að finna einhvern kjark þegar hann sagði: Við eigum að styrkja fjögur, fimm kjarnasvæði á landinu. Það var þó a.m.k. pólitík í því. En aðrir hafa, held ég, aðallega verið að tala til þess að tala til síns fólks úti á landsbyggðinni án þess að segja nokkurn skapaðan hlut og þetta var á köflum hálfsorglegt á að hlýða.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að skoða það hvort ástæða sé til að taka upp byggðastyrki í einhverju formi og þá á ég við einhverja almenna aðgerð. Ég get tekið undir það með títtnefndum hv. þm. Guðna Ágústssyni að hugsanlega mætti skoða það að veita einhvers konar skattafslátt. En það byggir allt á því hvort við viljum hafa landið í byggð. Ef við viljum það, þá verðum við að grípa til einhverra aðgerða til að landið haldist í byggð.

Ég held líka, virðulegi forseti, að þessar deilur landsbyggðar og höfuðborgar séu öllum til ama og leiðinda og engum til góðs vegna þess að hvort sveði sækir styrk til hins. Og ég hef reyndar þá skoðun að vandamál landsbyggðarinnar í dag gætu orðið vandamál höfuðborgarsvæðisins eftir 10 ár. Það gæti vel farið svo ef við tökum bara það

gríðarlega áhugaleysi sem hér er að finna á því samrunaferli sem er að eiga sér stað í Evrópu. Hvar ætlum við að vera? Það er bara ekki á dagskrá, það er ekki einn fundur, málið er ekki rætt. Við verðum að átta okkur á því að það unga fólk sem er núna að vaxa upp lifir og hrærist í alþjóðlegu umhverfi. Við þurfum því virkilega að taka okkur taki ef við ætlum að reyna að halda landinu í byggð og þá skiptir kannski ekki máli hvort við erum að tala um landsbyggðina eða höfuðborgarsvæðið eftir 10 ár. Ég held að við ættum að gefa þessu gaum og við þurfum að fara að taka um það pólitískar ákvarðanir hvernig við viljum haga okkar málum.

Ef markaðslausnir eiga að leysa allan skapaðan vanda, þá má kannski segja að það sé sú tilraun — að gera ekki neitt, að gera bókstaflega ekki neitt. Það er út af fyrir sig stefna. En er það ásættanleg stefna? Og ef ég tek mið af þeim orðum sem hér hafa fallið í dag af vörum hv. þingmanna meiri hlutans, þá er það ekki þeirra stefna, langt frá því. (**Gripið fram í:** Fleiri skýrslur.)

Nei, ég held, virðulegi forseti, að ef við ætlum að ná einhverjum árangri, ef við ætlum að taka á þessu eins og menn, þá þurfi að liggja fyrir einhver pólitísk ákvörðun um það hvað við viljum. Einstaka flutningar út á land geta verið af hinu góða. Ég get tekið undir það með stjórnarformanni Byggðastofnunar, að flytja hluta út á land. En það er bara ein einstök ákvörðun. Það er engin almenn ákvörðun. Það liggur engin almenn stefna því að baki en það styrkir þennan byggðakjarna. Ef við förum ekki að koma fram með einhver vitræn markmið um það hvernig við viljum haga byggð í landinu, þá er ég hræddur um að við gætum þess vegna setið eftir eftir 10 ár með vanda landsbyggðarinnar á höfuðborgarsvæðinu og ég held að það sé ekki það sem við sækjumst eftir.

[16:16]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Sá hv. þm. sem síðast talaði fann að því að skortur væri á heildstæðri stefnumörkun um byggðamál og taldi sig ekki hafa neinar skyldur til að leggja neitt til þess máls að móta slíka stefnu. Athugasemdir hans voru æðibrotakenndar svo ekki sé nú meira sagt. Ég hlýt að vekja athygli á því, fyrst svona er talað, að auðvitað hafa menn áttað sig á þessu fyrr. Hann er ekki sá fyrsti sem kemur auga á að það væri gott að hafa heildstæða stefnu í byggðamálum. Þess vegna setti Alþingi á sínum tíma lög um að slík stefna skyldi undirbúin. Þess vegna undirbjó stjórn Byggðastofnunar, í mjög góðri sátt, heildstæðar tillögur um það efni og þess vegna samþykkti Alþingi að lokum slíka tillögugerð nánast samhljóða og eftir þeirri áætlun hefur verið unnið. Og þeir þættir sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni að væru mikilvægastir, eins og að leggja áherslu á tiltekin svæði, komu einmitt fram í þeirri byggðaáætlun, eru eiginlega megininntak þeirrar byggðaáætlunar, sem hv. þm. getur út af fyrir sig kynnt sér. Þessi áætlun liggur fyrir og þessi áætlun hefur verið gerð. Það má auðvitað segja að sú áætlun var frumsmíð, og eins og Snorri Sturluson sagði: „Öll frumsmíð stendur til bóta", og sjálfsagt þessi þá ekki síður en aðrar.

Það kom líka fram í upphafi þessarar umræðu að óskað hefði verið eftir því einmitt við Byggðastofnun að hún undirbyggi nú, í ljósi reynslu sögunnar, framhald af þessari vinnu. Og það er ekki aðeins einföld ósk, það er jafnframt lagt fram í nokkrum liðum hvaða atriði það eru sem óskað er eftir að Byggðastofnun láti athuga sérstaklega og fjalli sérstaklega um. Þannig að menn eru að vinna markvisst að þessu.

En því halda menn þá fram að engin slík markviss stefna sé til? Það er vegna þess að við hér í salnum í dag, að mestu leyti í mjög málefnalegri umræðu, höfum verið að vekja athygli á því fyrir okkur sjálf og fyrir landsmenn, að þrátt fyrir þess háttar vinnu og þrátt fyrir margvíslega viðleitni og þrátt fyrir batnandi almennan efnahag í landinu þá hefur straumur fólks frá landsbyggðinni til Reykjavíkur haldið áfram. Þetta hafa menn rætt hér hreinskilnislega og ekki verið með ávirðingar í garð nokkurs manns út af því heldur farið málefnalega af stað með umræðu um þennan þátt hér úr þessum ræðustól, á þessum háttvirta stað. Ég verð þó að segja að ekki hefur okkur tekist að finna eitt svar við því hvers vegna, þrátt fyrir batnandi efnahag, batnandi atvinnuástand og allt þess háttar sem við héldum að væri frumforsenda, enn skuli vera slíkur straumur í átt til þéttbýlismyndunarinnar hérna á suðvesturhorninu.

Ég ætla að koma með eina tilgátu sem er ekki endilega rétt. Hún er á þá lund að kannski eru þetta eftirhreytur. Kannski tekur þetta tíma. Hér í þinghúsinu var einn af þingmönnunum sem er stýrimaður að ræða óformlega — ég vona að ég megi vitna til þess — um hugmyndir um olíuhreinsunarstöðvar og þessi stóru skip, 300 þús. lestir eða hvað þau eru, sem flytja slíka farma. Hann sagði að það tæki 10–15 km að stöðva slík skip ef þau þyrftu á því að halda. Slík væri fartin og slíkur væri þunginn. Mér kom þá í hug þessi umræða hér, þ.e. hvort það gæti ekki einmitt verið þetta, að það tekur tíma að stoppa þennan skriðþunga. Það hafði kreppt mjög mikið að í íslensku efnahagslífi. Það hafði sérstaklega kreppt að þáttum sem snúa að landsbyggðinni varðandi landbúnaðinn, varðandi sjávarútveginn og mjög mikil endurskipulagning hefur átt sér stað í þessum efnum. Við segjum að endurskipulagningin í sjávarútvegi hafi orðið til góðs fyrir fyrirtækin og á því er ekki vafi. Og það leikur heldur ekki vafi á því að sú endurskipulagning hefur auðvitað kostað sitt. Hún hefur kostað það að ýmsir aðilar, einstaklingar í byggðunum víða um landið, hafa misst sitt fyrra viðurværi og fótunum verið kippt undan þeim af ýmsum ástæðum, nauðsynlegum í mörgum tilvikum. Þeir hafa orðið að finna hag sínum borgið annars staðar. Við sögðum að uppstokkunin sem varð í sauðfjárbúskapnum hefði ekki haft þau áhrif sem menn höfðu búist við vegna þess að það vantaði vinnu annars staðar. Síðan, þegar atvinna batnar um landið allt og líka hér í þéttbýlinu, skilar þetta sér. Þá fer þetta los sem varð á fólkinu vegna þessara þátta, vegna þessarar kreppu, vegna endurskipulagningar í landbúnaði og sjávarútvegi og kannski líka vegna þeirra hörmulegu atburða sem áttu sér stað vegna náttúruvár, þ.e. þegar rýmkast um fyrir fólkið að komast af stað burtu á nýjan leik — fólk sem lenti í losi, ekki allan þorrann — þá fer þessi straumur af stað með sama hætti og sama þunga og olíudallarnir sem þingmaðurinn nefndi við mig hér niðri. Það tekur tíma að snúa þessu við. Ég er ekki að segja að þetta sé vísindaleg kenning og sennilega skortir hana reyndar allt sem vísindin krefjast. Engu að síður má vel vera að þetta sé einn af þáttunum og ég bind kannski vonir við að þetta sé einn af þáttunum þannig að batnandi hagur og batnandi atvinnuástand þegar fram í sækir muni snúa þessari þróun við og að aðgerðir sem við gerum hér, að aðgerðir sem Byggðastofnun gerir, að skipulagðar áætlanir sem Byggðastofnun vinnur að, muni í því efni og þegar sá tími kemur auðvelda varnarbaráttu byggðanna.

Ég er sannfærður um að ekki er eins mikill óvilji á milli landsbyggðar og þéttbýlis og menn ætla. Það er svo stutt í

sveitamanninn í okkur öllum, eins og það er orðað, að það er miklu meiri samkennd milli manna hvar sem þeir búa á landinu. Og það er ekki þarfaverk að reyna að rjúfa þá samkennd. Ég tel til að mynda að þessi skýrsla Aflvaka, þó hún hafi sjálfsagt sitthvað til síns góðs, sé ekki til þess fallin að vera hjálpartæki eða hjálpargagn, hvorki fyrir höfuðborgina né heldur þá hina sem telja sig vilja vinna að málefnum og heill landsbyggðarinnar. Hagsmunir þessara tveggja geta iðulega farið saman. Sumt í þessari skýrslu er náttúrlega nánast algjörlega út í bláinn svo ekki sé kveðið fastar að orði en það sem þó gæti verið ástæða til.

Eins og menn vita að þótt reglur kveði á um að Byggðastofnun heyri undir forsrh. þá er það svo að lögskipanin er sú að þingkjörin stjórn hefur þar miklu meiri forustu og miklu meiri ábyrgð en forsrh. Þetta er sú skipan sem þingið hefur ákveðið og hefur sína kosti og sjálfsagt einnig sína galla. En af þeim ástæðum hefur það líka verið hjálplegt við þessa umræðu að forustumenn Byggðastofnunar, raunverulegir forustumenn Byggðastofnunar, hafa hér getað tekið þátt í umræðunum og skýrt þau viðhorf sem búa að baki þeim ákvörðunum sem þeir hafa verið að taka. Ég held að það hafi skýrt mjög vel mörg atriði sem þingmenn hafa verið að velta fyrir sér á undanförnum vikum, hvernig þeir hafa tekið á málinu.

Það hafa ekki komið fram mjög margar spurningar sem ég þarf út af fyrir sig að svara beint. Þó eru nokkrar sem ég vildi sérstaklega nefna. Það var til að mynda spurt um það hvað hefði verið gert til að hrinda í framkvæmd ábendingum Ríkisendurskoðunar frá sínum tíma. Ég reyndar fjallaði um þær ábendingar eða athugasemdir Ríkisendurskoðunar í ræðu fyrir ári síðan eða svo og taldi þá að margar þær ábendingar væru mjög jákvæðar en jafnframt væru sumar þeirra ekki nægilega hugsaðar og reyndar gallaðar. Það kom strax fram þá af hálfu talsmanna Byggðastofnunar, bæði kjörinna stjórnenda og starfsmanna, að auðvitað yrði ýmsum athugasemdum Ríkisendurskoðunar skilað inn í reksturinn og þeir mundu leitast við að nýta þær vel í þágu reksturs ins. Og ég hygg að það sé ágæt hugmynd sem formaður Byggðastofnunar reifaði hér, að ákjósanlegt væri að Ríkisendurskoðun fylgdi sínu verki eftir og sæi hvað hefði verið nýtt af athugasemdum hennar, hverju hefði verið kippt til betri vegar gagnvart þeim aðfinnslum sem hún var með o.s.frv. þannig að þingmenn hefðu þá þann samanburð fyrir framan sig. Sjálfsagt mætti gera þetta á fleiri sviðum en gagnvart Byggðastofnun því gjarnan fáum við svona skýrslur frá Ríkisendurskoðun sem er okkar aðhaldsstofnun og það væri auðvitað fróðlegt að sjá samanburð á því hvernig slíku er fylgt eftir.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði í það orðalag að „tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst", eins og segir í ályktuninni. Þarna er ekki að mínu viti verið að tala um sérstaka heildstæða áætlun heldur einstakar tillögur. Við höfum verið að ganga í gegnum mjög mikinn flutning á verkefnum til sveitarfélaga og kannski gert það hraðar en menn höfðu talið óhætt vegna þess að sameining sveitarfélaga hefur ekki gengið eins hratt fram og margir höfðu kosið þó að þar hafi orðið heilmikill árangur eins og þingmaðurinn benti réttilega á. Enn eru menn að tala í sömu veru með málefni fatlaðra eins og kunnugt er þannig að þar tel ég að mikilvægur árangur hafi náðst og sé að nást.

Hv. þm. spurði hvort ástæða væri til þess að grípa til sérstakra aðgerða vegna atvinnumála kvenna á landsbyggðinni eins og reyndar hefur verið gert í smáum stíl og þingmenn hafa minnt hér á. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel ekki að það eigi að grípa til stórfelldra sértækra aðgerða vegna þeirra mála. Sem betur fer hafa atvinnumál kvenna farið batnandi þó að verulegur munur sé á atvinnuleysi karla og kvenna um þessar mundir og ekki eingöngu á landsbyggðinni heldur einnig hér í þéttbýlinu eins og kunnugt er. Menn hafa reyndar á því ýmsar skýringar og sumar þeirra eru þess eðlis að þar sé ekki endilega um bein tengsl við atvinnu að ræða og vekja þá athygli á því hversu nauðsynlegt er að flytja inn mikið af vinnuafli bæði í störf sem konur hafa sótt í og störf sem karlar hafi sótt í.

Hv. þm. spurði einnig um það hvort rétt væri að koma til móts við kröfur ýmissa samtaka, sem þingmaðurinn nefndi, um frekari lækkun staðarsímtala umfram það sem gert var nú síðast. Minn atbeini að því máli gekk í þá veru að sjá til þess að upplýsingar væru kynntar almenningi þannig að almenningur hefði fyrir framan sig allar forsendur fyrir ákvörðunum sem vörðuðu hann svo miklu og eins að milda þær ákvarðanir sem teknar voru. Niðurstaðan varð sú, samkvæmt tölum sem ég hef ekki séð gagnrýndar eða dregnar í efa, að meðalsímtalskostnaður heimilanna eftir þær aðgerðir mun lækka. Við vitum auðvitað að meðaltal segir ekki alla sögu í þessum efnum frekar en öðrum. En það er samt afar fátítt að heimili nýti ekki á einhvern hátt síma sinn til langlínusamtala eða samtala við útlönd þannig að sennilega er þessi meðaltalsútreikningur þannig að afar fá dæmi séu um að menn fari mjög illa út úr þessum breytingum. Ég tel ekki efni til þess að ég blandi mér í þetta mál á nýjan leik, svo ég svari spurningunni beint.

Þá spurði hv. þm. hvort það ætti að líða þá miklu hækkun á póstburðargjöldum sem orðið hefur og varðaði einkum blöð og tímarit. Það er alveg rétt sem þingmaðurinn segir að þar er um gríðarlega hækkun að ræða sem byggist á því að póstinum er ekki lengur heimilt og ekki stætt á, samkvæmt lögum eða alþjóðlegum samningum, að greiða niður kostnað af þessu tagi þar sem pósturinn er núna í samkeppni.

Ekki er um þetta deilt. Reyndar var framkvæmdin á þessum niðurgreiðslum að mínu viti ekki alltaf mjög nákvæm og nokkuð tilviljanakennd og jafnvel geðþóttakennt hvað var greitt niður í hverju tilviki. Ég hygg að það hafi ekki verið til fyrirmyndar um þess háttar stjórnsýslu. En það er enginn efi í huga manna að þar hefur pósturinn ekki lengur heimildir eða samgrh., sem mun hafa haft heimildir hér áður fyrr, til að beita slíkri mismunun.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. þm. fyrir umræðuna sem ég tel að hafi verið mjög góð og málefnaleg. Ég tel sérstaklega mikilvægt hversu margir þingmenn hafa séð ástæðu til að blanda sér í hana með skipulegum og efnislegum hætti.

[16:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það veldur mér vonbrigðum að hann telur ekki ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða út af atvinnumálum kvenna. Nú er atvinnuleysi þeirra 4–6% á meðan atvinnuleysi karla er ekki nema 1–2%. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að atvinnuleysi kvenna var minna á árinu 1993 þegar við vorum saman í ríkisstjórn og töldum þá ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða og veita 60 millj. kr. til þessa verkefnis.

88% hækkun á póst- og símgjöldum sem stendur eftir á 15 mánuðum er auðvitað allt of mikil. Við höfum farið í gegnum það. Varðandi póstburðargjöldin þar sem um er að ræða 53–144% hækkun frá 1. október og verið er að skipta landinu upp í tvö gjaldskrársvæði með 40% verðmismun milli svæðanna, þá gengur það auðvitað ekki. Hæstv. ráðherra nefnir samkeppni og að við megum ekki greiða þetta lengur niður. Ég spyr: Erum við í einhverri samkeppni varðandi þá þætti sem lúta að póstburði á blöðum, tímaritum og félagapósti sem er merktur póstur? Eftir því sem ég hef aflað mér upplýsinga í dag þá skáka þeir í því skjólinu að hér sé um samkeppnispóst að ræða en það er bara enginn í samkeppni við þá varðandi merkta póstinn. Þannig að ég tel að hér séu teknar ákvarðanir á fölskum forsendum og hvet til þess að hæstv. forsrh. skoði þetta mál sérstaklega. Ég hef líka lagt fram fyrirspurn á þingi til hæstv. samgrh. um þetta vegna þess að brjóta þarf þetta mál betur til mergjar. Yfirleitt er um merktan póst að ræða sem sú mikla hækkun póstburðargjalda nær yfir, og það er ekki nokkur einasti aðili í samkeppni hér innan lands við Póst og síma um þá þætti.

[16:33]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að fara nákvæmlega ofan í þessa hluti en þetta hafði nú verið athugað býsna vel þegar það var kynnt í ríkisstjórninni og þá var forsendan auðvitað sú að ekki sé endilega samkeppni fyrir hendi vegna þess að ef um er að ræða starfsemi sem er svo mjög niðurgreidd af ríkinu þá getur enginn búist við að nokkur maður komist inn í þá samkeppni. Spursmálið er hins vegar þetta: Hefur einokuninni verið aflétt? Er þessi starfsemi opin fyrir samkeppni? Það er það sem ræður úrslitum um svarið en ekki það hvort einhver sé á því augnabliki kominn í samkeppni um þessa afgreiðslu.

[16:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veldur mér vonbrigðum að hæstv. forsrh. skuli ekki sjá ástæðu til að tjá sig frekar um stöðuna í atvinnumálum kvenna sem ég nefndi áðan að hefði fengið sérstaka fyrirgreiðslu af hálfu ríkisstjórnarinnar í sinni tíð þegar atvinnuleysi var þó ekki meira en við búum við í dag. Þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til og sú þensla sem verið hefur í efnahags- og atvinnulífinu, sem m.a. hefur leitt til þess að úr atvinnuleysi hefur dregið, er fyrst og fremst í mannvirkjagerð. Þau störf henta konum síður þannig að ég tel fulla ástæðu til að skoða það að til sérstakra ráðstafana verði gripið og a.m.k. hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því að orsakir þess að atvinnuleysi kvenna er miklu meira og afleiðingar þess verði sérstaklega kannaðar.

Varðandi póstburðargjöldin þá stendur það eftir að engin samkeppni um þessa starfsemi. Ég gat ekki heyrt að hæstv. forsrh. mótmælti því. Ég velti fyrir mér hvort eðlilegt sé, og tel að það sé ekki, að nú þegar við erum að hverfa frá gjaldskrársvæðum varðandi símgjöldin og erum komin með eitt gjaldsvæði, þá séu á sama tíma tekin upp tvö gjaldskrársvæði fyrir póstburðarþjónustu með 40% verðmismun. Það hlýtur að þurfa einhverjar skýringar á því að á einu bretti séu póstburðargjöldin hækkuð um 53–144%. Það er ekki hægt að láta þar við sitja eins og ekkert hafi gerst. Þetta er okurfyrirtæki sem nýtir aðstöðu sína í skjóli þeirrar einokunar sem það hefur til að hækka síma og póstburðargjöld upp úr öllu valdi. Ég vil minna á það vegna þess að hæstv. ráðherra ræddi um forsendurnar, að hann hefði óskað eftir því að forsendurnar fyrir símahækkuninni yrðu birtar, þá hafa þær alls ekki verið birtar að mínu viti.

[16:36]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ekki gleyma þeirri staðreynd að um eitt sameiginlegt fyrirtæki var að ræða sem gerði það kleift fyrir póstinn að standa í þessum miklu niðurgreiðslum. Það voru sem sagt hinar miklu tekjur símans sem gerðu því fyrirtæki kleift að greiða niður póstburðargjöld á einstökum tímaritum og blöðum. Þetta er ekki lengur fyrir hendi. Það er ein meginforsendan. Þar skiptir einnig meginmáli hvort um einokun er að ræða, einokunarréttindi, eða samkeppnissvið sem opið er öðrum. Ég tel að það hafi verið athugað nægilega vel í ríkisstjórninni en það er sjálfsagt að skoða það betur hvort þetta hafi ekki örugglega verið réttur gerningur en ég tel að svo hafi verið.

Varðandi atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni þá var ég beðinn um mína afstöðu í málinu og svaraði því hreint út. Það er sjálfsagt full ástæða til að kanna sérstaklega hvernig standi á þeim mikla mismun á atvinnuleysi kvenna annars vegar og karla hins vegar. Það hafa komið upp skýringar sem byggja á því að skráning á atvinnuleysi sé með öðrum hætti hjá konum en körlum. Það eru getgátur uppi um það á sumum sviðum.

[16:37]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði það að aðalmáli í ræðu minni áðan að ég auglýsti eftir pólitískum markmiðum í byggðamálum, fyrst og síðast, til að kalla það fram hver væru markmið núverandi hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum, hvernig hún vildi haga byggðamynstri í landinu. Vill hún hafa það óbreytt, vill hún breytingar eða hvað vill hún gera? Það var ekkert annað en þetta sem auglýst var eftir áðan. Því miður treysti hæstv. forsrh. sér ekki til að svara þeim spurningum en benti á að ég hefði ekki bent á neitt til að lagfæra það sem miður hefur farið á landsbyggðinni. Ég benti á að vitaskuld ætti að grípa til almennra aðgerða. Það ætti að halda áfram að styrkja heilbrigðismálin á landsbyggðinni og jafna orkuverðið, en það má benda á að nú eru u.þ.b. 450 milljónir sem menn ætla til jöfnunar orkuverðs á landinu og þyrfti nú ekki að bæta miklu við til þess að hægt væri að jafna orkuverðið. Ég benti á að auka þyrfti og efla framkvæmdir í samgöngumálum á landsbyggðinni en því miður eru tíðindin sem nú berast inn á þingið þau að niðurskurður sé væntanlegur í þeim efnum. Auk þess tók ég undir hugmyndir hv. þm. Guðna Ágústssonar um einhvers konar byggðastyrk. Ég taldi sem dæmi að þarna væru á ferðinni almennar aðgerðir sem hægt væri að grípa til til að styrkja byggð í landinu.

[16:39]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég las ekki upp þá byggðaáætlun sem var samþykkt nokkuð samhljóða hér í þinginu vegna þess að ég gerði ráð fyrir að þingmenn gætu kynnt sér hana ítarlega. En um það hefur verið spurt hvort það sé stefnumið okkar, þingmanna ríkisstjórnar sérstaklega, að halda öllu landinu í byggð. Við vitum vel að það er ekki okkar verkefni eða okkar geta að halda öllu landinu í byggð eins og það er orðað. En ég hygg að langflestir hér inni séu þó þeirrar skoðunar að menn eigi að leita úrræða til þess að skapa þau skilyrði, að kjósi menn að eiga búsetu annars staðar en hér á þessu svæði,

þá séu skilyrði með þeim hætti að þeir fari ekki á mis við þá þjónustu sem við almennt, sem Íslendingar, gerum nú kröfu til og geti að öðru leyti búið við svipaðar aðstæður og hér. En við munum aldrei geta ráðið því og eigum ekki að ráða því hvort fólk færir sig um set eða ekki. En við getum haft áhrif á hin almennu skilyrði. Það hefur auðvitað verið gert, sérstaklega með því koma efnahagsmálum almennt í betra horf en lengi hefur verið áður. Það gagnast öllum landsmönnum. Ég var að reyna áðan að færa rök fyrir því sem ég tel mig sjá fyrir hvers vegna þær almennu aðgerðir hafa ekki þegar borið þann ávöxt að stöðva strauminn hingað. Ég held að þau sjónarmið sem ég hafði þar uppi hafi töluvert til síns máls og þess vegna megi búast við því að árangur af almennum aðgerðum, og þeim verkefnum sem Byggðastofnun hefur staðið fyrir, muni skila sér þegar fram í sækir.

[16:41]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru að minnsta kosti tveir hv. þm. stjórnarliðsins, Hjálmar Árnason og Guðni Ágústsson, sem auglýstu eftir þessum pólitísku markmiðum, líkt og ég gerði. Þannig að eftir stendur í umræðunni að ekki hefur komið fram hver markmið ríkisstjórnarinnar eru. Að öðru leyti get ég tekið undir það með hæstv. forsrh. að ekki er hægt að stjórna því hvar fólk vill vera eða hvar það á að vera. Það er aðeins hægt að bregðast við með almennum aðgerðum. En þeim almennu aðgerðum, sem ég vísaði til áðan, hefur ríkisstjórnin einmitt brugðist að sinna sökum þess að þar er að finna niðurskurð í flestum málum.

[16:42]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur flutt skýrslu sína um Byggðastofnun. Nú er það svo að hv. Alþingi kýs stjórn Byggðastofnunar og það er því dálítið undarlegt í mínum huga að hæstv. forsrh. skuli þurfa að svara fyrir Byggðastofnun sem hann hefur ekkert með að gera eða ræður ekki yfir, því það er stjórnin sem kosin er af Alþingi sem stýrir stofnuninni. Það væri miklu nær að Alþingi sjálft, forseti Alþingis, svaraði fyrir stofnunina gagnvart þingmönnum en þetta leiðir hugann að því hvort Alþingi geti yfirleitt gagnrýnt þessa stofnun þar sem það kýs sjálft stjórnina og ber þar af leiðandi ábyrgð á því sem þar gerist.

Hvernig hefur tekist til? Umræðan núna er mjög svipuð því sem hún var fyrir ári síðan. Hún hefur verið málefnaleg og ágæt en þó gætir ákveðins vonleysis í umræðunni. Það kemur fram í máli þingmanna að þeir sjá að byggðaröskunin heldur áfram, og meira að segja vaxandi ef eitthvað er, og við höfum ekki náð tökum á því að stöðva þessa byggðaröskun. Byggðaröskunin sem kemur dapurlega fram á síðu 13 í skýrslu Byggðastofnunar, sem við erum að fjalla hér um, sýnir okkur að ekkert hefur áunnist í þessum málum. Og það er spurning hvort Byggðastofnun hefur yfirleitt hægt á þeirri þróun eða ekki. Hvernig hefði hún orðið ef Byggðastofnun hefði ekki verið að starfa? Ég er á því að það breytti engu.

Það er verðugt verkefni okkar þingmanna að hægja á þessari þróun, þessum miklu fólksflutningum, þ.e. ef þeir eru ekki eðlilegir. Ef um er að ræða eðlilega þróun þá munum við ekki geta stöðvað hana þó við gjarnan vildum.

Herra forseti. Hvað gerir Byggðastofnun? Jú, hún veitir beina styrki og lán til fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni. Af hverju er hún að veita lán í dag? Nú er allt yfirfljótandi í peningum. Það getur hver fengið lán sem vill, þ.e. ef reksturinn er skynsamlegur, og það er ef til vil einmitt þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Kannski er Byggðastofnun að veita lán til fyrirtækja og reksturs sem ekki er skynsamlegur, sem aðrir vilja ekki setja hlutafé í eða lána til. Það skyldi nú ekki vera. Og hvaða afleiðingar hefur það fyrir landsbyggðina að Byggðastofnun er að búa til atvinnurekstur úti á landsbyggðinni sem ekki er skynsamlegur? Er það gott fyrir landsbyggðina? Ég segi nei.

Mikið af þeim lánveitingum sem Byggðastofnun hefur veitt hefur farið til fyrirtækja sem hafa lent í miklum vandkvæðum. Og það sem hefur gerst er að vandi bankakerfisins hefur verið leystur. Það eru þeir sem eiga kröfur á þessi vonlausu fyrirtæki, vonlausar kröfur. Byggðastofnun hefur á undangengnum árum leyst þann vanda bankanna. Það bjargar ekki byggðarlögunum nokkurn skapaðan hlut. Það er lengt í hengingarólinni og byggðarlögin eru jafnilla sett eftir sem áður. Svo fara lánveitingarnar að sjálfsögðu til illa stæðra fyrirtækja, illa rekinna, og þau eru í samkeppni við vel rekin fyrirtæki, sem ekki fá aðstoð að sjálfsögðu því þeim gengur vel. Þarna er vonlaus samkeppni vel rekinna fyrirtækja við illa rekin fyrirtæki. Ég fullyrði því að þessi aðferð til að jafna aðstöðumun landsbyggðarfyrirtækja er misheppnuð.

Herra forseti. Ég hef margoft lýst því yfir að styrkir eru nánast alltaf eins og eiturlyf, þau hressa í bili og gleðja en draga viðkomandi til dauða hægt og örugglega. Menn þurfa ekki að taka á vandamálum sem uppi eru í sambandi við stjórnun og rekstur vegna þess að staðan er löguð annars staðar frá. Ef illa gengur við rekstur, einhver er að reka fyrirtæki vonlaust og illa úti á landsbyggðinni þá er, í staðinn fyrir að skipta um stjórnendur og eigendur jafnvel, fengið lán eða hlutafjárloforð frá Byggðastofnun og reksturinn heldur áfram að vera lélegur til skaða fyrir þjóðarbúið og viðkomandi byggðarlag. Það liggur við að ég segi að styrkveitingar séu bölvun fyrir þann sem hlýtur. Sama hefur gerst með landbúnaðinn. Staða landbúnaðarins er svo sorgleg að ekki tekur tárum að tala um það. Og það er vegna þess, að mínu mati, að landbúnaðurinn hefur fengið styrki og styrki og hefur aldrei fengið að taka sig á eins og hann skyldi.

Herra forseti. Af hverju eru búferlaflutningarnir? Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Einar K. Guðfinnsson og fleiri hafa rætt um þennan vanda og það er mjög verðugt verkefni að finna út úr því af hverju búferlaflutningarnir eru. Það eru oft og tíðum persónulegar ástæður, t.d. nám barna og sérstaklega unglinga sem ekki er hægt að stunda í byggðarlaginu. Unglingarnir þurfa að flytja í burtu og við sem erum foreldrar þekkjum það að ekki er auðvelt að sleppa hendinni af óhörðnuðum unglingum til höfuðborgarsvæðisins. Ég skil vel að fólk freistist til að flytja með börnum sínum til náms.

Svo er það, eins og hér hefur verið nefnt, að hjón starfa bæði utan heimilis og kannski bæði menntuð, annað þeirra fær vinnu úti á landi og hitt þarf að finna vinnu við sitt hæfi og finnur hana ekki og veldur því að þau fara hvorugt. Það vantar sem sagt atvinnuframboð úti á landi. Þessi mikli búferlaflutningur utan af landi er á margan hátt afar slæmur. Þetta er persónulegt áfall fyrir viðkomandi fólk sem lendir í því að þurfa að gefa upp vini og vandamenn, eigur og þann stað sem það vill búa á, verðfellir eignir og er mjög til skaða bæði persónulega og þjóðhagslega.

Ekki hefur verið nægilega bent á þá kosti að búa úti á landi. Menn halda bara að þetta sé eitt allsherjarvolæði að búa úti á landi. Það er rangt. Það er mjög gott að búa úti á landi, verulega gott. Betri yfirsýn er yfir samfélagið og þar er t.d. ekki hávaðamengun eins og í Reykjavík, sem er mjög

mikil. Það er ekki rykmengun og annað slíkt, og ekki þeir glæpir sem við upplifum í Reykjavík. Þannig að á margan hátt er gott að búa úti á landi. Ég vil undirstrika það og það ættu menn að segja oftar.

En umræðan hefur alltaf verið neikvæð. Og af hverju er hún neikvæð? Til að mynda er það hugsanlega vegna vanda landbúnaðarins, sem hefur verið mjög mikill, og menn færa yfir á alla landsbyggðina. En landbúnaðurinn er ekki nema lítill hluti af landsbyggðinni. Svo er kannski líka það, að út af kjördæmamálunum hefur þróast upp eins konar þrýstingur, kjördæmapot kallast það, þar sem menn reyna að fá opinberar fjárveitingar í einhverjar glataðar fjárfestingar.

Ég nefni hafnir, sem engan rétt eiga á sér, algjörlega óarðbærar. Þetta þýðir það að menn setja upp ákveðinn vælutón í röddina — landsbyggðarþingmenn og landsbyggðarmenn. Þeir væla út fjárfestingar hjá ríkisvaldinu. Og við það að væla svona þá fá íbúarnir á svæðunum það á tilfinninguna að allt sé í kaldakoli þó það sé ekki. Þetta er sálfræðilegt.

Svo er ekki síst það sem er mjög mikilvægt — fólk vill sjá skynsamlegar fjárfestingar. Ef verið er að framkvæma eitthvað í kringum mitt hús þá vil ég sjá að það sé skynsamlegt en ef verið er að gera eitthvað arfavitlaust þá skammast ég mín. Og ég geri ráð fyrir að margir íbúar landsbyggðarinnar skammist sín fyrir þær fjárfestingar sem þar hefur verið útdeilt. Vegna þess að fólkið sér að sjálfsögðu hvað er skynsamlegt og hvað er vitlaust. Þetta er mjög neikvætt fyrir landsbyggðina.

Herra forseti. Er byggðaröskunin eðlileg? Ég vil ekki skylda fólk til að búa úti á landi sem ekki vill það. Að sjálfsögðu ekki. En ég hef grun um það að byggðaröskunin sé ekki eðlileg. Þar vil ég nefna þessa miðstýringarárättu okkar þingmanna sérstaklega. Það skal allt vera í Reykjavík, bankakerfið, fjármálakerfið — allt er sett hérna í Reykjavík. Það er sett hérna í Reykjvík, það leitaði ekki hingað, það er sett hér. Ef maður leggur inn þúsundkall á Akureyri, þá fer sá þúsundkall til vinnslu í Reykjavík og þar er hann unninn í Reiknistofunni. Þar býr hann til vinnu og þar eru tekin 5% í kostnað og svo siglir hann aftur til Akureyrar og Akureyringurinn getur náðarsamlegast fengið að láni 950 kall, fimmtíukallinn verður eftir í Reykjavík. Þetta er hagur Reykvíkinga af miðstýringunni.

Ég nefni stjórnsýsluna. Allt þarf að leita til Reykjavíkur, allt, meira að segja Byggðastofnunin er í Reykjavík. Ég þakka formanni stjórnar Byggðastofnunar fyrir það framtak að ætla að flytja stofnunina að hluta til út á land, hún ætti að fara öll. Ég vil minna á það að Byggðastofnun er ekki fyrir starfsmennina, hún er fyrir landsbyggðina.

Sumt af þeirri þróun sem verið hefur er eðlileg. Ég nefni samgöngutæki. Ég nefni verslun og flutninga o.þ.h. Það er hagkvæmt að hafa verslun á einum stað en það er spurning hve miklu af því er stýrt. Bættar samgöngur hafa gert það að verkum að fólk kemur alla leið austan frá Klaustri og norðan frá Dalvík til að versla í Reykjavík.

Herra forseti. Eigum við að etja höfuðborgarbúum og landsbyggðarfólki saman? Ég segi nei. Skýrsla Aflvaka stefnir að því. Hún er mjög neikvæð. Hún er að draga fram furðulega kostnaðarútreikninga, t.d. það að vegagerð sé hagur landsbyggðarinnar. Ég veit ekki betur en ég hafi notað þessa vegi, oft og tíðum og þykir gott. Ég keyri um sveitir landsins á þessum vegum. Þetta er ekki styrkur til landsbyggðarinnar frekar en margt annað sem gert er. Hins vegar gætu vitlausar fjárfestingar verið styrkur til landsbyggðarinnar.

Ég held að við þurfum að horfa á samkeppnisstöðu höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar með nákvæmlega sama hugarfari og við þurfum að horfa á samkeppnisstöðu Íslands og útlanda. Og þá er það samkeppni um fólk og fyrirtæki og fé. Þetta er orðið mjög alvarlegt alþjóðlegt vandamál vegna þess að það er orðið svo auðvelt að flytja fyrirtæki og fólk.

Herra forseti. Það er mjög margt gott að gerast, t.d. vil ég nefna verðbréfamarkaðinn. Hann er búinn að flytja marga milljarða frá Reykjavík út á land. Það er gott því fjármagnið leitar að sjálfsögðu þangað sem hagkvæmnin er mest. Það er til Eskifjarðar, Neskaupstaðar, Akureyrar, á Vestfirði. Þangað hefur fjármagnið leitað af því það er frjálst. Það er enginn að þvinga það. Það er togað, því er ekki ýtt. Byggðastofnun ýtir en verðbréfamarkaðurinn togar. Og það er miklu eðlilegra því það fjármagn gerir kröfu um öguð vinnubrögð og góða stjórnun hjá fyrirtækjunum. Þetta er sjálfviljugt fjármagn.

Ég vil nefna internetið og tölvurnar og flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Það er jákvætt, það er gott og það muna efla byggðir landsins. Sérstaklega held ég að internetið muni koma til með að breyta miklu. Ég get alveg séð fyrir mér bandaríska lögfræðing búa uppi í sveit á Íslandi og vinna í gegnum tölvuna í Bandaríkjunum. Vinna að einhverju máli sem hann er með og aflar upplýsinga í gegnum internetið. Þetta er enginn vandi og það getur verið fallegt og gaman að búa uppi í sveit á Íslandi. Þannig að ég sé mikinn hag af internetinu.

Herra forseti. Menn hafa talað hér af dálitlu ráðleysi. Mér finnst þingmenn vera ráðlausir gagnvart þessari búsetuþróun. Ég held og tel að eftirfarandi þurfi að gera til að laga stöðu landsbyggðarinnar: Í fyrsta lagi að auka frelsið eins og mögulegt er. Það hefur sýnt sig að frelsið lagar stöðu landsbyggðarinnar frekar en ekki. Svo þurfum við að lækka skatta á fólk og fyrirtæki og við þurfum að selja bankana, eins og hér hefur komið fram. Selja bankana þannig að þeir hætti að vera, nánast samkvæmt lögum, staðsettir í Reykjvík. Við þurfum líka að selja Póst og síma því hann vinnur ekki enn þá eins og hann ætti að vinna þ.e. í fullri samkeppni, þó síðasta aðgerð hans sé reyndar mjög góð fyrir landsbyggðina, þ.e. sama gjald fyrir símtöl um allt land.

Og svo, herra forseti, legg ég til að Byggðastofnun verði lögð niður. Það held ég að landsbyggðinni sé fyrir bestu.

[16:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða byggðamál og stöðu Byggðastofnunar. Ég get ekki að því gert að mér fannst hv. þm., síðasti ræðumaður, tala svolítið óvarlega um lánastarfsemina sem á sér stað hjá stofnun eins og þessari. Við megum ekki, herra forseti, gleyma því að fyrir örfáum árum vorum við að rífa okkur upp úr einhverri mestu óstjórn efnahagsmála sem nokkur þjóð í Vestur-Evrópu hefur lent í síðan frá stríðslokum og við vorum mjög lengi að fara í gegnum tímabil þegar vextir voru neikvæðir. Það var mjög umdeilanlegt 1988 og 1989 hvort afgreiða ætti öll þau vandræði sem að okkur steðjuðu vegna hágengisstefnu 9. áratugarins með því að fara í þær aðgerðir sem Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina var látinn gera. Niðurstaðan var samt sú að tjónið var ekki eins mikið og menn vildu vera láta

í upphafi. Þetta hefur allt verið sett inn í Byggðastofnun og Byggðastofnun kennt um það að þarna sé verið að lána vonlausum fyrirtækjum o.s.frv. Ég held, ef menn líta á þetta sanngjörnum augum, að slíkar sögur tilheyri fyrst og fremst sögunni. Í dag er verið að vinna í allt öðru umhverfi, undir allt öðrum formerkjum og á allt annan hátt. Það er ekki verið að nýta Byggðastofnun í dag sem ruslakistu fyrir einhver vonlaus og uppgefin verkefni. Það er af og frá.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég mótmæla þeim sjónarmiðum hv. þm. að styrkir inn í atvinnulíf séu alltaf eins og eiturlyf. Styrkir eru notaðir um allan heim til þess að örva atvinnulíf, örva nýsköpun, til að taka þátt í og hjálpa til í áhætturekstri. Það eru einmitt þær aðferðir sem eru notaðar alls staðar og þær geta svo sannarlega gert verulegt gagn og hjálpað í hagkerfi hvers lands fyrir sig.

[16:58]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 16. þm. Reykv., átti góða spretti í ræðu sinni og ég var honum sammála um margt, t.d. því að fréttaflutningur og umtal um landsbyggðina skipti miklu máli og að gott sé að búa úti á landi og menn ættu að halda því á lofti. Ég er honum innilega sammála um það. Það var samt eitt atriði sem ég hjó eftir í ræðu hans að hægt er að fá þá tilfinningu, eftir ræðuna, að vitlausar fjárfestingar eigi lögheimili úti á landsbyggðinni. Það er nú því miður ekki svo og það er vandamál sem hefur gengið í gegnum allt þjóðfélagið. Og ef leitað er og horft á þær afskriftir sem hafa verið í bankakerfinu, þá eru þær nú mestar í Reykjavík, í verslun og viðskiptum og í veitingastarfsemi. Þetta liggur fyrir þannig að því miður er það nú ekki svo að vitlausar fjárfestingar, sem stafa af kjördæmapoti landsbyggðarþingmanna, séu einu áföllin sem hafa dunið yfir hér á landi. Þetta vandamál er miklu víðtækara en svo.

Varðandi hafnamál þá hafa auðvitað orðið þjóðfélagsbreytingar frá því ýmsar smærri hafnir voru byggðar upp og miklar breytingar í samgöngukerfinu sem verða alltaf. Það verður alltaf slík þróun sem kannski er ekki hægt að sjá fyrir á þeim tímum sem ráðist er í fjárfestingarnar. Nú eru allir flutningar að fara upp á land og það gerir það auðvitað að verkum að viðskipti eru minni við smærri hafnir. Það eru ástæðurnar fyrir því.

[17:01]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að vitlausar fjárfestingar hafa átt sér stað og þær munu ætíð eiga sér stað vegna þess að það er áhætta í atvinnurekstri. En í Reykjavík hefur ekki verið farið út í sérstakt verkefni til að leiðrétta þær fjárfestingar. Menn hafa bara staðið og fallið með fjárfestingum sínum. Fyrirtæki og einstaklingar hafa orðið gjaldþrota. Engum hefur dottið í hug að setja á einhverja Byggðastofnun til að bjarga kaupmanninum á horninu í Reykjavík þegar sú þróun varð að Íslendingar fóru að versla í stórmörkuðum. Það hefði engum dottið í hug. Munurinn er sá að úti á landi skal þessum mönnum bjargað hvað sem það kostar en ekki í Reykjavík. Þetta hefur hjálpað Reykvíkingum því að þar er búið að hreinsa til. Menn hafa orðið gjaldþrota, nýir aðilar koma inn í fyrirtækið ef það er á annað borð rekstrarhæft en úti á landi hafa ekki komið inn nýir aðilar, ekki fyrr en seint og um síðir. Það er hægt á slíkri þróun úti á landi með því að veita þessa styrki.

[17:02]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að það sé svo einfalt að búið sé að hreinsa til í eitt skipti fyrir öll í Reykjavík og að ekki verði lengur um gjaldþrot að ræða. Auðvitað er rangt að draga svo einfalda mynd að menn hafi orðið gjaldþrota í Reykjavík og enginn hafi komið til aðstoðar en úti á landi hafi í öllum tilfellum verið komið til aðstoðar við þá sem lent hafa í erfiðleikum. Því miður verða gjaldþrotin um allt land. Hins vegar hafa verið aðgerðir til hjálpar fyrirtækjum sem voru ráðandi í atvinnulífi úti um landsbyggðina. Það hafa verið aðgerðir þeim til stuðnings. Ef það hefði ekki verið gert liti byggðamunstrið allt öðruvísi út en það gerir í dag. Þessar aðgerðir voru gerðar af byggðaástæðum. Hins vegar hafa fyrirtæki út um landsbyggðina því miður orðið gjaldþrota eins og fyrirtæki annars staðar í landinu. Því miður er hægt að nefna mörg dæmi um það. Ég er ekki að draga þetta upp til að niðra verslun í höfuðborginni en við verðum að tala um allt landið í heild þegar við erum að tala um óarðbærar fjárfestingar en þær eru því miður alls staðar til.

[17:04]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að breytingar hefðu getað orðið á byggðamunstri við gjaldþrot. Ég tel að þær hefðu ekkert orðið. Þótt fyrirtækin, sem voru undirstaða atvinnureksturs í viðkomandi byggðarlagi, hefðu farið á hausinn héldi reksturinn að sjálfsögðu áfram. Það kæmu bara nýir eigendur sem kunnu að stjórna eða kunnu að taka mið af þeim breytingum sem höfðu átt sér stað. Yfirleitt eru vandræði fyrirtækjanna annaðhvort vegna þess að þeim er illa stjórnað eða vegna breytinga í umhverfi þeirra sem þau hafa ekki tekið mið af. Nýir eigendur sem hefðu komið að þeim hefðu verið fljótari að aðlaga fyrirtækin. Sá styrkur sem hefur verið veittur hefur ekki forðað gjaldþrotinu, hann hefur frestað því. Gjaldþrotið kom fyrr eða seinna vegna þess að fyrirtækin voru áfram rekin illa eða þá að umhverfi þeirra var áfram breytt. Styrkurinn frestaði einungis því gjaldþroti sem hlaut að koma.

[17:05]

**Útbýting þingskjals:**

Fæðingarorlof, 265. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 333.

[17:05]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það fer að líða að lokum þessarar góðu umræðu um störf Byggðastofnunar og ég tek undir að hún hefur að mörgu leyti verið mjög málefnaleg. Það verður að segjast um þessa skýrslu eins og margar aðrar skýrslur Byggðastofnunar að þar kennir margra grasa. En vonbrigði Byggðastofnunar og starfsmanna með þá byggðaröskun sem hefur verið á undanförnum árum endurspeglast að sjálfsögðu í skýrslunni. Ég tel að ekki sé ástæða til að gera Byggðastofnun eða stjórn hennar að einhverjum blóraböggli fyrir þeim miklu búferlaflutningum sem nú eru og að ekki sé við einn eða neinn að sakast sem situr nú við stjórnvölinn í þeirri stofnun. Ég tel að stjórnin sé að gera sitt besta og hafi að mörgu leyti tekist vel til. Ég tel að við getum aðallega hent reiður á tvennt sem gæti skýrt mikinn flutningur af landsbyggðinni, sérstaklega frá Vestfjörðum, á undanförnum mánuðum, jafnvel tveimur til fjórum árum. Í fyrsta lagi var sú aðgerð stjórnvalda að stofna Hlutafjársjóð og Útflutningssjóð atvinnugreina á sínum tíma sérlega skaðleg

fyrir íslenskan sjávarútveg og viðkvæm fyrirtæki eins og á Vestfjörðum og víðar í jaðarbyggðum. Það segi ég vegna þess að sú ráðstöfun kom í raun í veg fyrir eðlilega þróun sem var hafin í sjávarútvegi annars staðar en tafðist vegna þess að fjármagn var lagt í fyrirtæki sem áttu sér ekki tilverugrundvöll. Stjórnendur sem höfðu greinilega ekki burði til að axla rekstur fyrirtækja sinna sátu áfram við stjórnvölinn með þeim afleiðingum sem við höfum séð og ég hef horft upp á í þeim byggðum sem ég þekki mjög vel til. Ekki einungis að fyrirtækin sem haldið var á lífi með þessum hætti færu á hausinn heldur var búið að flækja nánast öllum íbúum svæðisins inn í fyrirtækið með hlutafjárloforðum og styrkjum, með veðsetningum á húseignum þannig að þegar fyrirtækið fór endanlega á hausinn fór allt plássið á hausinn, íbúarnir, hreppssjóðurinn og allt með. Í einu sérstöku byggðarlagi sem ég hef í huga hefur íbúum fækkað úr um 530 fyrir 16 árum niður í að vera 270–280 í dag. Ég ætla ekki að segja að þetta sé eina ástæðan fyrir þessari miklu fækkun í því byggðarlagi en þetta er ein af þeim ástæðum sem urðu til þess að flóttinn varð svona mikill. Auðvitað hefði getað orðið einhver flótti en hann varð miklu meiri vegna þessa. Annað sem veldur þessari miklu röskun á Vestfjörðum er að sjálfsögðu hin mikla vá og þær hörmungar sem dundu yfir þetta svæði í tveimur plássum aðallega. En óttinn við að það sama geti gerst í öðrum plássum hefur haft gríðarleg áhrif, það heyrum við öll sem förum um þetta svæði. Ég held að þetta tvennt hafi ráðið mestu um það hversu flóttinn hefur verið þungur á undanförnum mánuðum og tveimur til fjórum árum.

Mjög mikið hefur verið gert í byggðamálum til að auðvelda fólki búsetu úti á landi. Húshitunarkostnaður hefur verið jafnaður mjög mikið frá því sem áður var. Ég var einn af þeim sem börðust mjög fyrir því fyrir tíu árum að jafna húshitunarkostnaðinn, þá sem bæjarstjóri vestur í Ólafsvík. Ég held að það megi segja að þar hafi náðst verulegur árangur enda eru komnar hitaveitur víðast hvar og Rarik hefur jafnað kostnaðinn. Ef ég lít t.d. á reikningana mína þar sem ég bý nú, á Suðurnesjum, og sé svo reikninga af sumum svæðum á Vestfjörðum þá eru þeir nokkuð sambærilegir. Ég sé að formaður stjórnar Byggðastofnunar, hv. þm. Egill Jónsson, hristir höfuðið og ég býð honum að sjá reikninga sem ég hef í þessu efni. Ég er ekki að segja að það sé alls staðar svona en ég hef séð það af ákveðnum svæðum, a.m.k. með vissri kyndun þannig að ég get sannað mál mitt.

Vöruverð hefur einnig lagast mjög og það er fyrst og fremst að þakka aukinni samkeppni. Ekki verður annað sagt en að þar hafi orðið verulegur árangur. Það er ekki stjórnvöldum að þakka heldur framsýnum verslunarmönnum. Símakostnaður hefur verið jafnaður. En það sem meira er og mér finnst slæmt að komi fram í þinginu er að það sé talað um okur af hálfu Pósts og síma. Margoft hefur komið fram í þessum ræðustóli að símakostnaður á Íslandi sé einn sá lægsti í heiminum. Það fengum við, nokkrir fulltrúar samgn., að vita þegar við vorum á ferð í Danmörku. Þar lágu fyrir samanburðartöflur um það hver símakostnaður væri í OECD-ríkjunum. Þar kom fram að símakostnaður á Íslandi væri lægstur af öllum þessum löndum. Eftir því sem Hagstofan hefur upplýst er fyrirhuguð hækkun einungis 2,5% þegar á heildina er litið. Símakostnaður á Íslandi er ekki okurhár, hann er sá lægsti sem við þekkjum þrátt fyrir þær hækkanir sem hafa verið ákveðnar.

Annað sem hægt er að segja að hafi verið mjög til bóta eru heilsugæslustöðvar sem eru komnar í flestöll byggðarlög, framhaldsskólar eru komnir í hvern fjórðung og svo mætti áfram telja. Gríðarlega margt hefur verið gert til að styrkja byggðina og efla fyrirtækin þó svo að menn geti sagt þegar litið er tíu ár aftur í tímann að byggðaröskunin sé samt sem áður staðreynd. Við getum velt fyrir okkur hvað við getum gert til að bæta úr þessu. Ég er ekki neinn kraftaverkamaður og því ekki með neinar patentlausnir frekar en aðrir sem hafa talað hér.

Til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert má að sjálfsögðu bæta einhverjum aðgerðum sem ég tel að muni bæta ástandið þótt það muni kannski ekki stöðva þann fólksflutning alveg.

Ég hef haldið því fram að efla eigi sjóði landshlutanna. Lánasjóðir sem landshlutarnir, eins og gert hefur verið með eignarhaldsfélögum víða um landið, stjórnendur þeirra þekkja mun betur sitt svæði og hafa að mínu viti miklu gleggri mynd af því hvaða fyrirtæki það eru sem ættu að koma til greina þegar um er að ræða lánveitingar eða styrki. Þeir hafa að sjálfsögðu betri tilfinningu fyrir þeirri þróun sem er á svæðinu en hægt er að ætlast til að Byggðastofnun geti nokkurn tímann haft. Þess vegna tel ég að það eigi að efla þessa sjóði þó ég geti tekið undir það að fátt er verra en ofstýring að þessu leyti.

Annað atriði sem ég held að sé mjög mikilvægt eru samgöngur. Það er alveg lífsnauðsynlegt fyrir landsbyggðina að fá betri samgöngur. Að byggja upp malbikaða vegi um landið er í rauninni eitt mesta og þyngsta atriðið í þessu máli. Við þekkjum það öll sem ferðumst um landið, meira að segja við sem erum fædd og uppalin úti á landi en eigum heima á höfuðborgarsvæðinu eða suðvesturhorninu og þurfum yfirleitt aldrei að fara nema í sumarfríinu út á malarvegina, að fólk sem ekki þekkir þetta fer ekki nema einu sinni þessa vegi. Það bíður eftir því að þeir verði malbikaðir. Það leggur ekki bílana sína í þetta. Ég fór hringinn í sumar og braut framrúðuna og framljósin bæði. Ég held að eitt aðalatriðið sé að flýta samgöngubótum.

Að koma upp byggðakvóta fyrir smábáta í jaðarbyggðum held ég einnig að sé ein af þeim aðgerðum sem menn ættu að skoða. Það er engin frágangssök, finnst mér, að nýta fiskveiðistjórnarkerfið til byggðamála þannig að þær viðbótarúthlutanir sem verða í þorskveiðiheimildum t.d. á næsta fiskveiðiári gengju til þess að efla sjávarútveg smábáta í jaðarbyggðum. Ég held alla vega að það ætti að skoða hvernig það væri hægt.

Ég tek einnig undir hugmyndir sem hafa komið hér fram um að veita sérstakar skattalegar ívilnanir eftir búsetu. Það er tíðkað, t.d. í Noregi og víða þar sem menn berjast við þessa miklu byggðaröskun, að grípa til skattalegra ívilnana þó að það stingi í augun að vera með skattalegar ívilnanir, eins og við höfum heyrt hér. Það hefur verið fjargviðrast yfir skattalegum ívilnunum fyrir sjómenn. En ég held samt sem áður að ef við ætlum að halda byggð í landi og ætlum að halda sjávarútveginum öflugum og hagsæld í þessu landi, þá verðum við stundum að gera fleira en gott þykir og í þessu tilliti held ég að við getum teygt okkur ansi langt.

Ég held, herra forseti, að með samstilltu átaki geti þingið og stjórn Byggðastofnunar tekist að hamla verulega gegn þessari þróun. Ég treysti stjórn Byggðastofnunar til að koma með heildstæðar lausnir sem við getum unnið með þeim að sameiginlega hér í þinginu því ég held að ekki sé hægt að ætlast til þess af Byggðastofnun að hún geri eitthvað ein

og sér heldur hljóti Alþingi og ríkisstjórn að koma að því máli því þær lausnir sem við þurfum að grípa til eru það stórvægilegar að þar þarf að koma til samstillt og mikið átak.

[17:19]

**Sigfús Leví Jónsson:**

Herra forseti. Ég hef hlustað hér lengi dags á mjög fróðlegar og skemmtilegar umræður um byggðamál. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem ég sit langa fundi um slík efni en ég skal viðurkenna að þessi er ekkert endilega sá leiðinlegasti. Mér finnst menn hafa verið málefnalegir og tekið býsna vel á mörgum þáttum. Það kom hér fram hjá einum ræðumanni að atvinna og laun væru ekki endilega það sem skipti máli. En ég held að það sé engin spurning að atvinna og laun eru frumskilyrði því án launa hafa menn ekkert að gera með vegi eða menningu eða listir, ef þeir geta ekki keypt sig inn eða keypt sér bíl og bensín á hann. Það er ekki flóknara en það.

Menn hafa verið að velta upp skýringum á fólksflótta af landsbyggðinni. Það er kannski ekki endilega í tísku í dag að kafa í fortíðarvanda en ég ætla að leyfa mér það samt. Upp úr 1980 komu þrengingar eins og við þekkjum, eiginlega á öllum sviðum og þá var settur á kvóti bæði til sjávar og sveita. Ég ætla að byrja á því að tala um landbúnaðinn, ég þekki hann miklu betur, og fara örfáum orðum þar um. Það þarf ekkert að tíunda það að vá var fyrir dyrum, mikil offramleiðsla í kringum 1980 og það þurfti að gera eitthvað. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum stóð á því en með ótrúlega margt af því sem gert var þá virðist hafa tekist afar illa til og þar geri ég engan greinarmun á. Þar held ég að allir hafi tekið saman höndum um að láta þetta mistakast, bændur, bændasamtök og stjórnvöld. Það getur ekki verið tilviljun og það getur ekki verið lögmál að 40% bænda í sauðfjárframleiðslu skuli vera undir fátæktarmörkum í dag og það er alveg ótrúlegt að það skuli hafa verið horft á þetta í gegnum tíðina án þess að nokkuð hafi verið gert annað en bara að halda um það fundi og skrifa um það skýrslur.

Nú segja mér bændur í mjólkurframleiðslu að þeir séu á hraðri niðurleið og mjólkurframleiðslan hafi aldrei verið verri atvinnuvegur en í dag. Horfandi á þetta þá þurfum við ekkert að vera hissa á því hvernig standi á því að ungt fólk fari ekki í þennan atvinnurekstur, atvinnurekstur sem skilar 40% af sínu fólki undir fátæktarmörk getur ekki verið fýsilegur enda fer lítið af ungu fólki út í búskap í dag.

Þegar kvótakerfið kemur á í sjávarútvegi þá verður þessi geysilega mikla breyting. Í flestum sjávarþorpum er báta-útgerð og mjög margir, kannski flestir þorpsbúar, meira og minna tengdir þessum útgerðum, vinna annaðhvort beint eða óbeint við þær. Allt í einu gerist það að það eru bara fáir og sterkir aðilar sem eru farnir að gera út og þessir duglegu einstaklingar finna sig ekki á stöðunum, finna sig ekki sem verkamenn einhverra fyrirtækja, á lágum launum oftast nær. Og það sem er verst við þann fólksflótta utan af landsbyggðinni í dag er að höfðatalan segir ekki allt. Það er atgervisflóttinn. Duglegt fólk finnur sig ekki þar. Það fer hingað suður. Hér er eitthvað að gerast og það vill heldur vera hér þó það sé ekki öruggt, horfandi þá á vonina um að eitthvað gerist. Það þarf enginn að vera hissa á því. Þetta er orðið svo ömurlegt á öllum sviðum, finnst mér, hvað þessi stóru fyrirtæki hafa náð að sölsa undir sig alla skapaða hluti, að strákagreyjum sem eru að reyna að kaupa sér vörubílspútur, er ekki vært því risarnir, Eimskip og Samskip, eru óðara komnir á hælana á þeim og þeir lifa ekki lengi, enda er þetta alveg að verða horfið úr geiranum sem einkaframtak.

Eitt atriði enn ég vil nefna. Það hefur verið nefnt hér í dag, en ég hef aðra skoðun á því. Það eru skattalögin. Þau hafa geysilega mikið að segja og spila stórt inn í þetta dæmi. Ég er algerlega á móti því að ætla að fara að mismuna Íslendingum, 260 þúsund sálum. Það gengur ekki. Við verðum allir að búa við sömu skattalög. En við verðum að hækka skattleysismörkin svo að það verði lífvænlegt fyrir fólk sem er á lágmarkslaunum. Úti á landi hefur fólk nefnilega nánast ekkert annað en dagvinnu. Við vitum það og þekkjum sem búum úti á landi. Það sama má segja um marga í Reykjavík líka. Þetta fólk er náttúrlega ekki á atvinnuleysisskrá. Það telst í atvinnu en það er á mjög lágum launum og ég tel að skattleysismörk ættu að vera að lágmarki 80–100 þúsund kr. 100 þúsund væri þokkalegt. Það væri allt annað og miklu lífvænlegra eftir það og þetta verður að gerast. Ég þekki þetta frá sjálfum mér þegar ég er að borga mínu ágæta fólki út. Maður er að reyna að gera vel við það, en þegar búið er að draga frá því allt þá er varla hægt að lifa af því sem eftir stendur. Svona hlutir ganga ekki.

Annað sem maður verður líka of mikið var við núna í þessum uppgangi það er svört atvinnustarfsemi sem er í vexti. Ég ætla ekki að taka sterkara til orða þó ég viti um allt of mörg dæmi. Ef við ætlum ekki að taka á þessu máli fyrr en síðar þá verður hér hálfgerð skálmöld í skattamálum. Það þarf enginn að halda að hægt sé að keyra þetta niður með skattalögreglu. Þá þyrfti bara að setja mann á mann.

Ég held að í tímans rás hafi það orðið einhvern veginn þannig að allir — ég verð að segja allir. Ég ætla ekki að skilja neinn undan, þ.e. fólkið sjálft, samtök þess og stjórnvöld einnig — hafi einhvern veginn misst taktinn og hætt að heyra hjartslátt grasrótarinnar. Menn hafa einhvern veginn lokast inni í fílabeinsturnum, haldið fundi og skrifað skýrslur en lítið gerst.

Eitt sinn var ég hér með manni í bænum sem ætlaði að verða sér úti um smálán. Við fórum inn á virðulega peningastofnun. Hann vildi setja í veð íbúðarhús sitt sem var nýlegt hús úti á landi, en sá sem var þar í fyrirsvari sagði ósköp dapurlega: „Við tökum ekki veð í hesthúsum úti á landi.“ Þetta er kannski einn liður líka, þ.e. hve þeir sem hafa með peningastofnanir að gera eru búnir að missa trú á landsbyggðinni og þetta sjáum við á mörgum sviðum.

Þegar niðursveiflan var að byrja eða kannski komin í algleyming þá var það mjög í tísku að setja upp á sem flestum stöðum á landinu það sem kallað var átaksverkefni. Þetta var góð hugmynd en það sem vantaði var að það var enginn bakfiskur í þessum verkefnum. Byggðastofnun eða einhver önnur peningastofnun hefðu þurft að standa á bak við þetta. Ég vissi að margir harðduglegir menn voru að reyna að vinna í þessu en ótrúlega lítið hafðist út úr því vegna þess að menn voru bara einir og sér að berjast. Þarna vantaði alveg gjörsamlega bakhjarl. Og ég held að núna væri annað útlit í þessum málum ef betur hefði tekist til. Það gerist ekkert fyrr en það fara að spretta upp á þessum stöðum, í þessum þorpum, lítil fyrirtæki duglegra manna sem koma til með að taka í vinnu til sín fólk sem ekki sættir sig við að vinna í stórum fiskverkunarhúsum. Ég er ekkert að gera lítið úr þeim, því fer fjarri, en það er ekki fyrir alla. Mjög víða á landinu er engin aðstaða. Það vantar húsakost. Ég mundi nú vilja benda hv. þm. Agli Jónssyni á að ég held að a.m.k. á Norðurl. v. sé víða mjög mikil vöntun á einhverjum

húsakosti sem þarf að koma upp. Það er mjög víða sem er mjög lítið um aðgengilegt iðnaðarhúsnæði. Ef komið yrði upp vísi að iðnaðarhúsnæði, það þarf ekki að vera stórt eða mikið, þá mundi það vefja utan á sig. Ég veit það og þekki það vel að það er fullt af einstaklingum — ég þekki það í *mínu kjördæmi* — *duglegu fólki sem er tilbúið að fara út í* einhvern atvinnurekstur ef það fengi einhvern smástuðning til þess.

[17:31]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég þykist verða þess vís að þessari umræðu sé nú að ljúka og er eins gott að tala gætilega hér í lokin svo ekki verði vakin upp á ný, enda er aðalerindi mitt að þakka fyrir þessa umræðu. Reyndar lagði hæstv. forsrh. inn góð orð í síðari hluta hennar og skýrði þar þau viðhorf sem að sjálfsögðu snúa helst að Byggðastofnun í þessum efnum. Það er þó einkum tvennt sem ég vil sérstaklega minnast á hér í lokin. Í fyrra lagi hlýt ég að þakka þann stuðning sem hefur komið fram við þá ákvörðun Byggðastofnunar að flytja hluta stofnunarinnar norður á Sauðárkók. Ég gat reyndar átt von á því að þar kæmu fram einhver andmæli. Fjölmiðlarnir hafa verið á ferðinni, Morgunblaðið og aðrar fjölmiðlastofnanir. Minna þarf nú til til þess að koma af stað óróleika í kringum slíkar ákvarðanir. Þegar minnst hefur verið á þessa ráðstöfun í þessum umræðum hefur hins vegar allt verið á einn veg, til stuðnings við þá ákvörðun stofnunarinnar að flytja þróunarsviðið norður á Sauðárkrók.

Það kom mér reyndar á óvart hve tillaga mín sem ég lagði fram fyrir rúmum mánuði síðan naut mikils stuðnings í stjórn Byggðastofnunar. Þá lá reyndar fyrir að af hendi stjórnarmanna var nægur vilji til að ganga lengra í þessum efnum heldur en tillagan náði til. Ég tel hins vegar að þetta hafi verið skynsamleg ráðstöfun. Þetta er verkefni sem hægt er að koma í framkvæmd með hægu móti. Ég er sannfærður um að það muni styðja þróun byggðamála hér á landi. Ég trúi því að hafi einhverjir búist við að hér yrði eitthvað hikað eða hopað þá geri þeir sér grein fyrir því að slíkt er auðvitað víðs fjarri.

Hitt atriðið sem ég vildi aðeins minnast á líka er það starf sem Byggðastofnun stendur nú frammi fyrir um gerð nýrrar áætlunar um byggðamál eins og lög kveða á um og hæstv. forsrh. hefur kunngert. Ég tek sérstaklega undir þau orð forsrh. að sú tillaga eða sú stefnumótun sem fyrir liggur var barn síns tíma og það er alveg ljóst að það er vilji stjórnar stofnunarinnar að kveða skýrar og markvissar að orði í þeirri ályktun sem nú er í undirbúningi. Mér er fullljóst að þar er okkur mikill vandi á höndum enda höfum við kvatt til liðsinnis við okkur ýmsa aðila, stofnanir og einstaklinga, og þar á meðal háskólana tvo, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Ég held að þetta hafi verið góður gjörningur, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hefur lifnað síðustu daga vegna skýrslu Aflvaka. Það er áreiðanlega afar mikilvægt að að þessum málum komi óvilhallir aðilar og að til grundvallar verði lögð fagleg og skýr vinnubrögð.

Ég er sannfærður um að stjórn Byggðastofnunar mun leggja sig fram um að vinna þetta verk og setja í það tíma og það liggur alveg ljóst fyrir að í þeirri vinnu mun ekki steyta á neinum sérstökum pólitískum skerjum þótt auðvitað hafi menn um þessi efni misjafnar skoðanir.

Virðulegur forseti. Ég endurtek svo það sem ég sagði hér í upphafi að ég er afar þakklátur fyrir þessa umræðu. Hún hefur verið málefnalegri heldur en í flesta aðra tíma. Hún hefur verið einarðari og skýrari gagnvart stuðningi við byggðir landsins og hefur það reyndar komið fram án tillits til þess hvar hv. þm. eiga búsetu. Þetta tel ég afar mikilvægt að liggi fyrir við lok umræðunnar.

[17:37]

**Útbýting þingskjals:**

Réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi, 91. mál, svar fjmrh., þskj. 311.

## *Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, fyrri umr.*

Þáltill. EKG og TIO, 206. mál. — Þskj. 215.

[17:38]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni á þskj. 215. Flm. ásamt mér er hv. þm. Tómas Ingi Olrich.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt.“

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu, fór reyndar til allshn., og er því lögð fram að nýju.

Eins og reyndar kom töluvert fram í þeirri umræðu um byggðamál sem hér hefur staðið í allan dag þá hefur talsvert verið rætt um það á undanförnum árum hvernig mætti eða hvort ætti yfir höfuð að flytja ríkisstofnanir út á land. Við þekkjum öll þessa umræðu. Hún hefur oft á tíðum orðið sársaukafull þótt mér hafi oftast nær fundist hún óskiljanleg vegna þess að auðvitað eru fyrir því fullkomin rök að ríkisstofnanir séu staðsettar annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel sjálfur að kannski megi skipta þessu máli í þrennt. Verkefnunum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er auðvitað hið almenna og hefur oftast verið í umræðunni, það er að flytja ríkisstofnanir í heilu lagi út á land. Í öðru lagi að flytja tiltekna starfsemi úr einhverjum stofnunum út á landsbyggðina. Það er það sem verið er að gera núna hjá Byggðastofnun. Í stað þess að taka stofnun í heilu lagi og flytja hana á annan stað er verið að marka þá stefnu að skilgreina tiltekin verkefni og flytja þau út á landsbyggðina. Það er þannig í dag að þetta er mjög einfaldur hlutur. Það er mjög einfalt að gera þetta svona og skilar oft á tíðum miklu meiri árangri. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gert þetta á Akureyri með mjög góðum árangri. Blaðið Dagur er rekið þannig. Morgunblaðið er með öfluga ritstjórn á Akureyri og fyrirtæki í olíudreifingu og flutningum skipta starfsemi sinni niður með þessum hætti einfaldlega vegna þess að það eru mikil rök fyrir því. Það er mjög skynsamlegt og eðlilegt að gera þetta með þessum hætti. Þess vegna er mjög einkennilegt þegar menn bregðast við flutningi tiltekinnar starfsemi á einhvern stað fjarri höfuðstöðvum eins og ógnun við starfsemi þeirra stofnana eða fyrirtækja. Það er öðru nær. Þessi skipulagsbreyting er auðvitað í átt við það sem gerist í nútímaþjóðfélagi og er auðvitað bara það að menn eru að nota sér þá tækni sem býður upp á þessa möguleika.

Það sem gerir þennan kost líka auðveldari er sú staðreynd að unnt er að gera sérstaka þjónustusamninga við hið opinbera um tiltekin verkefni og ég held að það sé hlutur sem menn þurfi að horfa miklu meira á í framtíðinni. Síðast en ekki síst er raunar sú hugmynd sem verið er að mæla fyrir í þessari þáltill. og það er að staðsetja nýjar stofnanir sem ríkið er að koma á laggirnar úti á landsbyggðinni. Slíkar stofnanir eiga sér þá ekki forsögu. Ekki er hægt að benda á að verið sé að neyða starfsmenn til að flytja búferlum eins og er oft hin algenga viðbára og þeir erfiðleikar sem við verðum oft vör við þegar verið er að flytja gamlar og grónar stofnanir ættu ekki að vera til staðar. Vandinn er hins vegar oft á tíðum sá að þær stofnanir sem verið er að stofna eiga sér einhverjar gamlar rætur eða forsögu og þá verður auðvitað að skoða það sérstaklega.

En hvers vegna erum við að velta þessu fyrir okkur? Af hverju erum við að velta því fyrir okkur að staðsetja ríkisstofnanir annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu? Í fyrsta lagi tel ég að það þurfi að fara fram sérstök röksemdafærsla þegar verið er að velja einhverri stofnun stað. Ég tel að það þurfi ekki síður að rökstyðja það að stofnun er sett niður í Reykjavík en að stofnun er sett niður norður á Akureyri, á Ísafirði eða á Sauðárkróki, svo ég taki dæmi. Að sjálfsögðu þarf að fara fram alveg sama röksemdafærslan. Það er ekkert náttúrulögmál sem segir að stórar stofnanir á vegum hins opinbera eigi og þurfi og geti ekki annað en verið á höfuðborgarsvæðinu. Það sem gerir þetta kannski enn þá meira knýjandi er sú staðreynd að hið opinbera er auðvitað langsamlega stærsti vinnuveitandi Íslendinga.

Árið 1994, en þessi tillaga styðst við tölur frá því ári, voru unnin 34.614 ársverk á vegum hins opinbera, þar af 22.982 á höfuðborgarsvæðinu. Það svarar til þess að tvö af hverjum þremur ársverkum hjá hinu opinbera séu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1984–1995 fjölgaði ársverkum á vegum hins opinbera um 5.648 á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni einungis um 2.114 ársverk. Mismunurinn er 3.534 ársverk. Það gefur auðvitað auga leið að þetta ræður býsna miklu um búsetu fólks. Þegar fólk stendur frammi fyrir því að möguleikar þess á atvinnu á tilteknu sviði eru bara á höfuðborgarsvæðinu, þá á fólk ekkert val, það er ekkert spurt. Það getur ekki valið sér búsetu þegar menntun þess byggist á einhverri tiltekinni prófgráðu sem gefur einungis réttindi eða möguleika á starfi hjá hinu opinbera og hið opinbera velur starfsemi sinni stað á höfuðborgarsvæðinu. Val fólks sem sífellt er verið að tala um í byggðaumræðunni er því ekkert. Stundum er sagt að fólk eigi að velja sér sína búsetu sjálft. Það er alveg rétt. En þá verður auðvitað að gefa spilin þannig að fólk geti valið sér búsetu. Ekki þannig að hún sé valin fyrir það með því að öll atvinnustarfsemi fari fram á einum stað og menn standi frammi fyrir því að geta aðeins unnið á þeim eina stað en ekki neinum öðrum. Það er kannski angi af þessari hugsun sem býr að baki tillögunni, sem sagt þeirri hugsun að reyna að búa til val fyrir unga fólkið í landinu.

Ég hitti mektarmann norður á Ströndum í sumar og við tókum tal saman og hann sagði við mig orð sem hafa fest mjög í huga mér. Hann sagði við mig: „Það er ekki framleiðslustjórnun í landbúnaði eða sjávarútvegi sem mun gera út af við byggðirnar. Það er menntunin.“ Ég hélt satt að segja í upphafi að hann hefði átt við þennan mikla kostnað sem við þekkjum hjá fólki á landsbyggðinni, við að senda börnin sín til mennta. Það var ekki það sem hann átti við. Hann sagði einfaldlega: „Hvað á unga fólkið okkar sem fer til þess að leita sér menntunar að gera að námi loknu? Það á ekkert val. Það kemst ekki heim vegna þess að atvinnutækifærin eru ekki til staðar.“ Auðvitað er þetta ekki bara mál sem snýr að hinu opinbera. Þetta snýr líka að því að reyna að skapa grundvöll til þess að búa til fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri á öðrum sviðum. Það erum við að gera með því að efla stuðning við atvinnuþróunarfélögin til að reyna að laða fram kraftana sem búa heima í héruðunum. En hið opinbera er líka stærsti atvinnurekandinn og hið opinbera ræður þess vegna gríðarlega miklu um það hvar fólk getur kosið sér búsetu.

Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég held að skipti svo miklu máli og sé þáttur sem við verðum að horfa miklu stífar til, þ.e. hvar hið opinbera kýs að koma fyrirtækjum sínum og stofnunum fyrir. Við erum kannski að horfa á þetta í alveg nýju ljósi núna vegna þess að möguleikarnir til staðsetningar eru orðnir miklu fleiri en áður. Fjarskiptin gera það einfaldlega að verkum að oft á tíðum skiptir engu máli hvar menn vinna þessi störf. Menn geta unnið þróunarvinnu fyrir Byggðastofnun jafnt á Sauðárkróki sem í Reykjavík. Menn geta unnið við það að selja fisk bæði á Akureyri sem og í Reykjavík og menn geta unnið við hvers konar tækniþjónustu nánast hvar sem er á landinu. Þess vegna, virðulegi forseti, hníga öll rök að því að staðsetning fyrirtækja, jafnt hjá hinu opinbera og á almennum markaði, taki miklum breytingum og í ljósi þess er þessi tillaga lögð hér fram.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[17:47]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi við þessa tillögu og taka undir efni hennar og taka undir það sem segir í grg., að staðsetning ríkisfyrirtækja og stjórnsýslu hins opinbera getur ráðið miklu um það hvar fólk velur sér búsetu. Ef við ferðumst um byggðir landsins sjáum við að þar sem er opinber þjónusta þá eykur hún fjölbreytnina í atvinnulífi og mannlífi viðkomandi staða. Við ræddum skoðanakönnun sem gerð var í sumar í umræðunni um byggðamálin í dag sem sýndi að fólk á landsbyggðinni var hvað óánægðast með einhæfni atvinnulífsins. Það er auðvitað eitt af því sem dregur úr einhæfninni þegar hægt er að vera með opinbera þjónustu og opinbera starfsemi í byggðunum úti á landi.

Það kemur einnig fram í þessari grg. að $^2/_3$ hlutar ársverka hins opinbera hafi verið á höfuðborgarsvæðinu árið 1994, eða tæp 23.000 störf og trúlega hefur þetta hlutfall heldur hækkað en lækkað síðan. Margt af þessari starfsemi á hvergi heima nema á höfuðborgarsvæðinu en það er líka svo að sum af þessum fyrirtækjum og þessari starfsemi ættu mjög vel heima úti á landi.

Umræður um flutning ríkisstofnana hafa staðið lengi, ég held eins lengi og ég hef fylgst með umræðu um þjóðmál á Íslandi. Allir flokkar og flestar ríkisstjórnir síðustu áratuga hafa haft það á stefnuskrám sínum að flytja opinbera starfsemi frá höfuðborgarsvæðinu og út á land en það hefur orðið lítið um efndir. Það er kannski vegna þess að þetta er mjög erfitt og vekur mjög hörð viðbrögð eins og við sjáum varðandi þessi fáu dæmi sem eru um slíka tilflutninga. Við minnumst viðbragðanna við flutningi veiðistjóraembættisins til Akureyrar, mjög harðra viðbragða starfsmanna Landmælinga við ákvörðun hæstv. umhvrh. um að flytja þá stofnun frá Reykjavík á síðasta ári og þau mótmæli standa reyndar enn.

Við höfum fylgst með viðbrögðum við ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar um að flytja lítinn hluta af starfsemi hennar norður í land, þróunarsviðið. Það hefur vakið mjög hörð viðbrögð hjá starfsmönnum og reyndar ýmsum fjölmiðlum eins og hér hefur verið bent á. Ég held að megi marka það af þessum viðbrögðum að það verði ekki mikið um slíka flutninga á næstu árum. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997, sem var samþykkt hér á Alþingi í maí 1994, segir, með leyfi forseta:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi."

Ég hallast helst að því, með tilliti til viðbragðanna við flutningi opinberra stofnana sem átt hefur sér stað, að þessi tillaga sé kannski raunhæfasta lausnin á þessu máli, með öðrum orðum að reikna með að ný starfsemi hins opinbera verði úti á landi, þ.e. að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt, eins og segir í tillögunni. Þess vegna er ég sammála henni og að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa stefnumörkun um hvernig tryggja megi að þetta geti átt sér stað.

[17:51]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er endurflutt, kom fram á síðasta þingi, er góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Ég tjáði mig þá um málið og það væri góðs viti ef ríkisstjórnin hefði sig í það að taka undir einhverja slíka stefnu sem hér er sett fram. En þetta er ekki stjtill. og enn kemur málið fram án þess að nokkur viðbrögð komi frá ríkisstjórn um efni þess, þ.e. að undirbúa stefnumörkun um að auka hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu.

Þær aðgerðir sem fram hafa komið af hálfu ríkisstjórnar í þessum málum eru satt að segja slíkar að þær eru frekar til þess fallnar að girða fyrir framgang þeirrar almennu stefnu að flytja þjónustuþætti á vegum ríkisins út á land. Einmitt þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður nefndi hér, vinnubrögðin við áformaðan flutning Landmælinga upp á Skaga, upp á Akranes og svo síðasta afrekið í þessum efnum varðandi þróunarsvið Byggðastofnunar sem stjórn Byggðastofnunar hefur ákveðið að flytja til Sauðárkróks, eru síst til þess fallin að tekið sé skynsamlega á þessum málum og stefna mörkuð. Báðar aðgerðirnar eru handahófslegar og illa undirbúnar. Það sem skortir er skýr og jákvæð stefnumörkun í þessum málum og að settar verði reglur um það hvernig eigi að undirbúa slík mál þannig að einstakir ráðherrar og einstakar stjórnir stofnana grípi ekki til illa undirbúinna og handahófslegra ráðstafana sem vekja upp mótmæli og andúð þeirra sem hlut eiga að máli, m.a. vegna þess að ekki er farið að eðlilegum reglum við undirbúning ákvarðana. Við vitum um starf margra nefnda sem hafa unnið að tillögugerð fyrir stjórnvöld á þessu sviði. Þær eru orðnar nokkuð margar nefndirnar sem hafa skilað áliti og allt hefur þetta í rauninni verið talað út í vindinn nema síðan þessi fálmkenndu vinnubrögð einstakra ráðherra og nú síðast stjórnar Byggðastofnunar í sambandi við þróunarsvið Byggðastofnunar.

Ég harma að svona skuli staðið að verki. Það sem á að gera, fyrir utan það að athuga mál er varða nýjar stofnanir, er að taka einstaka þjónustuþætti hins opinbera sem þarf að sinna í kjördæmum landsins — sem eru ágætar einingar til að byggja á í sambandi við stjórnsýslu og hefðu þess vegna átt að vera skilgreind sem fylki eða héruð í landinu eins og sá sem hér talar hefur ítrekað lagt til á Alþingi — þjónustu sem nú er í stórum stofnunum í höfuðborginni og sem varðar einstök svæði og flytja hana út í kjördæmin. Það er leiðin. Það er hin jákvæða og eðlilega leið sem fyrir löngu átti að fara í þessum málum. Á meðan menn ekki bregða á það ráð komast menn skammt í þessum efnum.

Það mætti tína upp þjónustuþætti úr öllum hinum stóru stofnunum allt frá heilbrigðismálum og menntamálum yfir í aðra þætti sem varða miklu. Ég get nefnt Húsnæðisstofnun ríkisins sem ágætt dæmi um þjónustu sem ætti auðvitað að vera sinnt á viðkomandi svæðum, þetta margir þættir sem um er að ræða. Það er hægt að taka öll helstu svið á vettvangi ríkisvaldsins og benda á að þeim væri eðlilega fyrir komið úti í kjördæmum landsins. Þannig sköpuðust verkefni þar og þekking og þjónustan væri auk þess nær íbúunum.

Hugmyndir um að rífa upp einstakar, stórar stofnanir á vegum ríkisins sem nú eru í höfuðstaðnum eru mjög illa til þess fallnar að fá undirtektir og hafa þann ókost í för með sér að þá er verið að afnema eða vinna gegn því jákvæða sem þó fylgir höfuðstað og alls ekki ber að horfa fram hjá, þ.e. að höfuðborgin er miðstöð stjórnsýslunnar en einstakir þjónsutuþættir hins vegar byggðir upp svæðisbundið. Þetta er sú stefna sem ég hef mælt fyrir.

Á síðasta þingi var til umræðu till. til þál. um að settar yrðu reglur að því er snertir undibúning að flutningi opinberrar starfsemi. Ég geri ráð fyrir því að flytja það mál síðar á þessu þingi, e.t.v. í eitthvað breyttum búningi ef ástæða þykir til. En mér sýnist engin vanþörf á að minna á nauðsyn þess að setja reglur um þessi mál ef það mætti verða til þess að stjórnvöld og aðrir sem ákvarðanir taka horfi aðeins fram fyrir sig áður en það er gert og vandi undirbúning og að réttarstaða þeirra sem hlut eiga að máli sé sem skýrust.

[17:58]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til þess að biðja hv. 3. þm. Austurl. um skýringar. Ég þekki nú þessa tóntegund um það þegar eitthvað á að gera og flytja stofnanir út á land eins og umræðan hér í dag hefur að miklu leyti snúist um. Mig langar aðeins til að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson að því hvort hans skoðun sé sú að þau áform og sá undirbúningur sem viðhafður var þegar Skógrækt ríkisins var flutt austur hafi verið jafnilla undirbúin og illa grunduð og þessar hugmyndir sem hann segir að séu hjá Byggðastofnun.

Þessi hugmynd Byggðastofnunar um að flytja hluta af starfsemi sinni til Sauðárkróks er ekkert illa grunduð. Þetta er ekkert nema það sem Byggðastofnun hefur verið að gera í gegnum tíðina. Byggðastofnun er t.d. með starfsmenn norður á Akureyri sem eru að vinna þar að ýmsum málum sem eru ekkert staðbundin við Norðausturland eitt og sér. Við erum þar með menn sem vinna á landsvísu að ýmsum málum sem tilheyra stofnuninni og eru mætti kannski segja sérmenntaðir á því sviði samhliða því sem aðrir starfsmenn sem nú eru hjá Byggðastofnun vinna náttúrlega að sjálfsögðu á landsvísu. Tæknin er orðin svona í dag. Fyrir utan það, sem má þó bæta við líka, að það vill nú svo til í þessu tilfelli að verið er að flytja þessa starfsmenn frá Byggðastofnun í húsnæði sem Byggðastofnun á á viðkomandi stað sem áformað er að flytja til.

[18:00]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem hér er nefnt, vegna þess að það er mjög nýlegt, er þess eðlis að það skiptir ekki

nokkru máli í heildarsamhengi þessara mála. Af þeim sökum er ekki ástæða til að ræða það í tengslum við þessa tillögu, sem er þó um almenna stefnumótun sem ég styð að reynt sé að koma fótum undir fyrr en seinna.

Af því að hv. þm. Stefán Guðmundsson spurði um Skógrækt ríkisins í þessu samhengi, þá er sá munur á að sú ákvörðun var tekin með samþykkt á Alþingi. Það er þó alltént nokkuð annað en það sem þarna um ræðir þar sem stjórn stofnunarinnar tekur þessa ákvörðun. Ég tel einmitt að það sé mjög eðlilegur aðdragandi að Alþingi taki afstöðu til flutnings á starfsemi af þessum toga — það sé lagt fyrir þingið. Það er þó ákveðin trygging fyrir því að um málið sé fjallað á Alþingi og að röksemdirnar fyrir því liggi fyrir og hægt sé að gæta þess hér á þingi að undirbúningur sé með eðlilegu móti og tekinn á skynsamlegum forsendum að áliti meiri hluta á hv. Alþingi. Það er eitt af því sem ég tel að ætti að vera regla í þessu samhengi.

Ég skal ekki í einstökum atriðum leggja neinn allsherjardóm yfir flutninginn á þróunarsviði til Sauðárkróks en ég efast um að skynsamlegt sé að taka einstaka mikilvæga þætti úr ákveðinni stofnun sem ekki eru þá fallnir til dreifingar yfir í þróunarstofur sem víðast í landshlutunum. Ég held að það sé í rauninni málið að hér mætti halda ákveðinni yfirstjórn þessara mála en koma öllum öðrum þáttum yfir í kjördæmin þar sem Byggðastofnun rekur einhverja starfsemi.

[18:03]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Örfá orð. Ef til vill hefði þessi umræða orðið betri ef við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefðum átt orðastað í dag þegar málið um Byggðastofnun var á dagskrá. En hann talaði óðruvísi í dag. Auðvitað er rétt að taka það fram ef einhver vafi er hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að stjórnin öll, stjórn Byggðastofnunar, hefur tekið ákvörðun um að flytja hluta af starfsemi Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Til þess hefur hún rétt og á að taka þá ákvörðun.

Hv. þm. sagði að Byggðastofnun eða þróunarsviðið skipti ekki svo máli. Það var nefnilega það sem kom fram í máli hans þegar hann fór yfir sviðið út frá þeirri ágætu tillögu hv. 1. þm. Vestf., Einars K. Guðfinnssonar, sem er hin besta tillaga og ég vil nota tækifærið og lýsa stuðningi við hana. En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson brá á það ráð að víkja frá þeirri tillögu og fór að tala um afstöðu Byggðastofnunar til flutnings á þróunarsviði til Sauðárkróks. Það er bara annað mál. Það hefði betur verið rætt í dag.

Ég vil aðeins mótmæla því sem hv. þm. segir í þessu máli að Byggðastofnun, stjórn Byggðastofnunar, er sá rétti aðili sem um þetta á að fjalla. Ég greiddi atkvæði með því hér í þinginu að flytja Skógrækt ríkisins austur á Hérað. Ég vænti þess að það hafi verið vel ráðið. En vegna þess hvernig hv. þm. talaði þá lá beint við að spyrja hvort sú ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar að flytja hluta af starfsemi stofnunarinnar norður á Sauðárkrók hafi verið jafnilla grunduð eins og hann fullyrti. Það er ekki illa grundað. Það er mál sem menn hafa lengi velt fyrir sér, hv. þm.

[18:05]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ástæða þess að ég vék að þeim dæmum sem mönnum eru í fersku minni, sem núv. ríkisstjórn, ráðherrar þar og stuðningsmenn hafa tekið og haft forgöngu um, flutningur Landmælinga ríkisins upp á Akranes og þetta síðasta sem er ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar, er sú að hv. þm. Guðjón Guðmundsson ræddi það sérstaklega í sinni ræðu. Það var nú ekki lengra að sækja ástæðuna fyrir þeirri umræðu. Ég ítreka að það sem hér er um að ræða eru smámál í heildarsamhengi, smámál. Ég er þeirrar skoðunar að starfsemi sem snertir Byggðastofnun og ef hún er ekki flutt í heilu lagi eitthvert annað eða yfirstjórn hennar sem er athugunarefni — það var til umræðu einu sinni með Akranes, það varð ekki að ráði — þá væri eðlilegt að varðveita ákveðinn kjarna í stofnuninni, samræmingarkjarna, en dreifa annarri starfsemi í miðstöðvar í kjördæmum landsins. Það er mitt viðhorf í þessu samhengi.

Hitt er mjög umræðunnar virði og það er sú dæmalausa málafylgja sem fyrrv. ráðherra yfir Landmælingum ríkisins undirbjó og núv. hæstv. umhvrh. fylgdi fram og tók ákvörðun um að flytja ríkisstofnunina Landmælingar ríkisins upp á Akranes sem hefur enga þýðingu í byggðapólitísku samhengi. Akranes er að verða hluti af höfuðborgarsvæðinu og í ljós hefur komið að þessi ráðstöfun var það illa undirbúin að það eru því miður horfur á að stofnunin beri ekki sitt barr úr því sem komið er, því miður.

[18:07]

**Flm. (Einar K. Guðfinnsson)**:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem fram hefur farið og ég lít svo á að þeir sem tekið hafa til máls séu í sjálfu sér sammála efni þessarar tillögu. Hv. 4. þm. Austurl. notaði að vísu tækifærið til að fjalla um aðra þætti sem ekki koma beinlínis inn á efni tillögunnar um hvernig bæri að standa að því að flytja stofnanir út á land og ýmislegt því tengt. Ég vil því aðeins rifja upp það sem ég sagði í ræðu minni áðan. Ég vakti athygli á því að það væru þrír þættir sem bæri að hafa í huga. Í fyrsta lagi væri hægt að grípa til þess að flytja stofnanir í heilu lagi. Ég hafði um það nokkur orð. Í öðru lagi, sem ég held að ég hafi varið hvað mestu máli í, væri hægt að flytja tiltekin skilgreind verkefni. Ég held að við munum sjá meira af því gerast í nánustu framtíð vegna þeirrar tækni sem er að opnast. Við munum einfaldlega kanna hvaða verkefni væru vel til þess fallin innan tiltekinna stofnana, Vegagerðar, Siglingastofnunar eða hvaða stofnanir sem er. Við veltum því fyrir okkur hvaða verkefni af því taginu gætu átt heima annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Um þetta hafði ég nokkuð mörg orð sem engin ástæða er til að endurflytja. Að lokum var það sú hugmynd sem er sett fram í þáltill., að nýjum stofnunum verði valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem kostur væri á.

Ég held að það skipti mjög miklu máli ef Alþingi mundi samþykkja ályktun í þessa veru. Það mundi vitaskuld binda hendur framkvæmdarvaldsins að einhverju leyti. Ef Alþingi hefði sagt hug sinn í máli sem þessu með samþykkt þáltill. í þessa veru, þá væri á vissan hátt búið að marka stefnu. Þess vegna tel ég að það gæti varðað talsvert miklu að við reyndum að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál af ástæðum sem ég rakti mjög ítarlega áðan.

Hv. 4. þm. Austurl. rifjaði upp að hann flutti tillögu í fyrra um að settar yrðu reglur um flutning ríkisstofnana. Ég tók þátt í þeirri umræðu. Ég held að það geti út af fyrir sig verið góðra gjalda vert. En þá skiptir það gríðarlega miklu máli hvernig þessar reglur verða. Ég hef dálítið beyg af því að niðurstaðan gæti orðið sú að þessar reglur yrðu þannig úr garði

gerðar að mjög erfitt yrði að koma því við að flytja starfsemi ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Við þekkjum það af gamalli reynslu að andstaðan við slíkan flutning kemur almennt séð að langmestu leyti frá starfsmönnum stofnananna sjálfra. Ég held þess vegna að það sé ekki alveg rétt sem fram kom í máli hans að það sé vegna handahófskenndra vinnubragða eða hvort málin væru borin upp á Alþingi og samþykkt eða ekki. Það er ekki það sem gerir gæfumuninn. Það sem þetta mál snýst auðvitað um er að verið er að flytja verkefni, flytja störf sem nú eru unnin af tilteknum starfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu eitthvert annað. Það er auðvitað það sem veldur vissum óróa. Það virðist eins og sá órói og óánægja sem oft á tíðum kemur í kjölfar slíkra ákvarðana sé meiri hjá ríkisstofnunum en einkafyrirtækjum þegar maður skoðar þetta í samhengi. Ég tók nokkur dæmi af fyrirtækjum sem eru starfandi víðar á landinu þar sem hreinlega hefði verið tekin ákvörðun um að flytja tiltekna starfsemi frá Reykjavík út á land. Ég tók dæmi af blaðinu Degi og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fjölda annarra fyrirtækja. Í þeim tilvikum er eins og menn líti svo á að þarna séu það hagsmunir fyrirtækisins sem kalla og menn geti þess vegna lítið við þessu gert. Menn hafa auðvitað í þeim tilvikum eins og hjá hinu opinbera tiltekinn rétt sem reynir þá á. En það er eins og menn bregðist öðruvísi við þegar ákveðið er að flytja starfsemi ríkisins. Menn líta kannski þannig á að með því að fá vinnu hjá ríkinu séu menn nokkuð tryggir um framtíð sína og eigi ekki von á mjög mikilli röskun. Þannig hefur þetta verið en margt bendir til að á því kunni að verða breytingar.

Ég held því, virðulegi forseti, þó að ég geti alveg tekið undir það að skynsamlegt sé að við mörkum okkur meginreglur, þá verði þessar meginreglur um flutning ríkisfyrirtækja að vera talsvert almenns eðlis þannig að þær geri það ekki að verkum að við munum aldrei nokkurn tímann sjá verkefni ríkisins og verkefni heilla stofnana verða flutt út á landsbyggðina. Þetta er út af fyrir hlykkur frá þeirri umræðu sem stofnað var til í upphafi. Þessi tillaga fjallar um að setja niður ný ríkisfyrirtæki úti á landsbyggðinni og er kannski svar við þeirri gagnrýni sem hér kom óbeint fram um að það væri mjög erfitt og kallaði yfirleitt á mikla óánægju innan stofnana þegar verið væri að reyna að flytja þær í heilu lagi. Hér er verið að reyna að brydda upp á því að flytja stofnanir, sem ekki ættu sér þessa forsögu eða þessar rætur á höfuðborgarsvæðinu, út á land þannig að þetta er á vissan hátt ný nálgun sérstaklega til að reyna að komast hjá því að lenda í erfiðleikum í samskiptum yfirmanna stofnunarinnar og stofnunarinnar sjálfrar.

[18:13]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þörfin fyrir almennar reglur m.a. að því er varðar starfsmenn opinberra stofnana er einfaldlega brýn til að leikreglurnar séu skýrar, til að komið sé í veg fyrir valdníðslu og til að greiða fyrir því að flutningi sem ákveðinn er fylgi skilmerkilegur undirbúningur og það sé líklegt að hann gangi fram án þess að viðkomandi stofnun brotni niður ef þannig er lagt í málið. Ég held að við höfum rætt alveg skýrt dæmi um það þar sem mjög illa var haldið á máli og niðurstaðan geti orðið brotlending fyrir viðkomandi stofnun. Ekki meira um það.

Ég vísa til ágæts dæmis fyrir farsælli uppbyggingu opinberrar þjónustu, svæðisbundið, sem sá sem hér talar hefur undirbúið og staðið að og ég held að sé lýsandi dæmi um hvernig hægt er á jákvæðan hátt að ná fram slíkri þróun.

Árið 1980 voru sett lög um iðnráðgjafa. Lög sem hafa leitt til þeirrar þróunar, sem nú er undir hatti Byggðastofnunar eða stutt af henni og má vel nefna hér, sem eru atvinnuþróunarfélög í landshlutunum. Það hefur breikkað og ekki nema gott um það að segja. Þetta var jákvæð aðgerð af því að hún miðaði við þarfir og svæðaskiptingu í landinu.

Annað dæmi eru náttúrustofurnar sem sérstök lög voru sett um 1992 og eru að rísa ein af annarri í kjördæmum landsins með samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Því skylt eru lög sem undirbúin voru í nefnd sem ég veitti forstöðu á sínum tíma, árið 1989 og 1990, um setur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Heimild til að byggja upp ákveðin rannsóknasetur á vegum ríkisins, á vegum þeirrar stofnunar. (Forseti hringir.) Allt hefur þetta þróast og gengið fram með jákvæðum hætti og ætti að geta verið mönnum lýsandi dæmi um hvernig hægt er að þoka slíkum málum fram (Forseti hringir.) án þess að stór ófriður sé um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sveitarstjórnarlög, 1. umr.*

Frv. HG, 26. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 26. [18:16]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frv. sem kom fram á síðasta þingi og reyndar á því næstsíðasta líka, er nú flutt hér í þriðja sinn um mjög svo tímabærar breytingar á þessum lögum. Það efni sem hér er tekið fyrir varðar annmarka á gildandi sveitarstjórnarlögum frá 1986 sem ég held að nokkuð víðtæk samstaða sé um að þurfi breytinga við. Þar er ekki síst um að ræða ákvæði um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda þar sem njörvað er niður í lögum að sveitarfélög beri ákveðin heiti eftir fjölda, miðað við 1.000 manns eða færri eða fleiri. Á því er tekið með þessu frv. Það eru lagðar til breytingar um þetta efni og jafnframt kveðið skýrt á um heiti formanns og framkvæmdastjóra sveitarstjórnar, svo og heiti framkvæmdanefndar sveitarfélagsins. Allar þessar breytingar lúta að því að afnema lögbindingu á nafngiftum eftir íbúafjölda en festa í sessi tiltekin samheiti fyrir öll sveitarfélög, svo sem sveitarstjórn, oddviti, sveitarstjóri og byggðarráð. Frv. gerir enn fremur ráð fyrir að sveitarstjórn sé í sjálfsvald sett að nota jafnframt aðrar nafngiftir á stöðuheitum og binda í samþykktir sínar.

Eins og kveðið er á um í 1. gr. frv. þá er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ákveði sjálf nafngift sína en þurfi staðfestingu félmrn. sem er eingöngu hugsað til þess að tryggt sé að ákveðið samræmi og leiðsögn ef sérstök ástæða þykir til en meginreglan verði að sveitarfélögin ákveði þetta sjálf.

Eftir að frv. var fyrst flutt hefur komið fram ríkur stuðningur við þessi efni, alveg sérstaklega að því er varðar nafngiftir sveitarfélaga og raunar tók hæstv. félmrh. sig til á síðasta þingi, eftir að frv. var fram komið, að flytja hér sérstakt frv., 538. mál síðasta þings, um breytingu á sveitarstjórnarlögum þar sem tekið er undir þá tillögu sem er í

1. gr. þessa frv. Það hefði auðvitað verið skynsamlegt fyrir hæstv. félmrh. að taka undir það frv. sem þá var þegar komið til félmn. og styðja þá tillögu. En sálfræðin er nú svona að ráðherrar á hverjum tíma virðast eiga erfitt með að taka undir þingmannafrv. og það gerðist varðandi þetta. Maður skyldi ætla að þessu máli hefði þá verið framfylgt af stjórnarmeirihlutanum hér á Alþingi en svo var ekki því þetta frv. hæstv. félmrh. dagaði uppi og hefur ekki verið endurflutt. Það ekki til fyrirmyndar, að mínu mati, að standa þannig að máli.

Í umsögnum við frv. á síðasta þingi, það frv. sem ég mæli hér fyrir, kom eindreginn stuðningur frá ýmsum aðilum, alveg sérstaklega að því er varðar nafngiftirnar. Margir aðilar af sveitarstjórnarvettvangi, samtök sveitarstjórna í kjördæmum landsins, tóku efnislega undir frv. eða gerðu ekki athugasemdir við efni þess. Athugasemd af öðrum toga kom hins vegar frá Reykjavíkurborg, svo dæmi sé tekið, sem mælti með því að frv. gengi ekki fram. Það sem virtist einkum fara í taugarnar á talsmönnum Reykjavíkurborgar var að heiti borgarinnar og starfsmanna Reykjavíkurborgar yrðu ekki lengur lögvernduð. Mér finnst full rök vera fyrir því að láta eitt yfir öll sveitarfélög ganga, borgarstjórinn í Reykjavík heiti því ágæta nafni sveitarstjóri en heimild sé til þess að halda nafninu borgarstjóri í samþykktum sveitarfélagsins Reykjavík. Þannig geti það haldið slíkum heitum — vegtyllum sem vel mætti kalla svo, en þess verði gætt í lögum að sveitarstjórnarstigið er eitt og óskipt og heiti þeirra að því er varðar lagabindingu séu hin sömu og samræmd. Þetta er enn þá sjálfsagðara eftir að sýslur voru aflagðar með lögum 1986, gjörningi sem virðist hafa gleymst hjá mörgum, m.a. í ráðuneytunum þar sem menn tala enn um sýslur eins og þær séu lögbundnar einingar. Og kom það raunar fram í öðru efnisatriði frv. félmrh. á síðasta þingi að staðarmörk sveitarfélaga yrðu ákveðin svæðisbundið með skýrum hætti og þar kveðið á um, með leyfi forseta:

„Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna.“

Hæstv. félmrh. er í þessu tilviki að vísa til sýslna og sýslumarka sem eru eðli máls samkvæmt ekki lengur til staðar. Sýslurnar hafa enga stöðu, mörk þeirra hafa enga stöðu í löggjöf og því mjög sérkennilegt að hæstv. félmrh. sé að kveða á um viðmiðanir í því sambandi. Sem kunnugt er eru umdæmin sýslur á reiki og þegar farið að brjóta þau niður í sambandi við lögsagnarumdæmi þannig að það væri skynsamlegt að taka tillit til þess af hálfu hins opinbera. Það er ekki viðfangsefni þessa frv. Hér er ekki vikið að sýslum en rétt minnt á það í grg. að þær eru ekki lengur einingar í landinu eftir breytingu á lögum 1986 þegar þær voru aflagðar.

Þetta frv. skýrir sig í rauninni sjálft að öðru leyti og ég vil aðeins minna á að efni þess er jafnbrýnt og sjálfsagt og áður. Talsmenn ríkisstjórnar og sum sveitarfélög hafa vísað til þess að sveitarstjórnarlög séu í endurskoðun. Og það er nú oft svo að brugðið er á það, þegar tillögur koma um lagabætur sem víðtæk samstaða er um, að vísað er til þess að það sé verið að endurskoða viðkomandi lagabálk. Ég tel að það megi gjarnan breyta lögum þegar svona góð samstaða er um það fremur en að bíða eftir óvissri heildarendurskoðun laga. Eitthvað er djúpt á þessari endurskoðun, a.m.k. engar tillögur komnar frá Stjórnarráðinu um heildstæða endurskoðun sveitarstjórnarlaga sem sjálfsagt er brýnt verkefni en á meðan að það kemur ekki fram þá er eðlilegt að efnislega sé tekin afstaða til tillagna eins og þeirra sem liggja fyrir samkvæmt þessu frv. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. mál.

Fundi slitið kl. 18:26.

---

## 26. FUNDUR

mánudaginn 17. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Staða eldri borgara hérlendis og erlendis, beiðni um skýrslu, 255. mál, þskj. 312. *Hvort leyfð skuli.*
3. Launaþróun hjá ríkinu, beiðni um skýrslu, 257. mál, þskj. 314. *Hvort leyfð skuli.*
4. Sveitarstjórnarlög, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, þáltill., 206. mál, þskj. 215. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Bjargráðasjóður, stjfrv., 185. mál, þskj. 185. — 1. umr.
7. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 225. mál, þskj. 257. — 1. umr.
8. Loftslagsbreytingar, skýrsla, 180. mál, þskj. 180.
9. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
10. Náttúruvernd, frv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
11. Landgræðsla, frv., 83. mál, þskj. 83. — 1. umr.

**Aðalmenn taka sæti á ný:**

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

**Fjarvistarleyfi:**

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

[15:01]

**Útbýting þingskjala:**

Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, 269. mál, þáltill. HG, þskj. 337.

Breytingar á kjörum lífeyrisþega almannatrygginga, 157. mál, svar heilbrrh., þskj. 327.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, 103. mál, svar heilbrrh., þskj. 338.

Færsla aflaheimilda, 224. mál, svar sjútvrh., þskj. 323.

Hrossaútflutningur og kynning á íslenska hestinum erlendis, 88. mál, svar landbrh., þskj. 331.

Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi, 260. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 320.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, 263. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 330.

Setning reglna um hvalaskoðun, 264. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 332.

Störf útflutnings- og markaðsnefndar, 160. mál, svar landbrh., þskj. 317.

Vegakerfi á Suðurlandi, 204. mál, svar samgrh., þskj. 328.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Kjör lífeyrisþega.*

[15:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í svari heilbrrh. til mín um kjör aldraðra og öryrkja sem dreift er á Alþingi í dag má sjá að fjórir af hverjum tíu öldruðum og öryrkjum eru með tekjur undir lágmarkslaunum og væntanlega mun sá hópur enn stækka um næstu áramót þegar lágmarkslaun í landinu fara í 70 þús. kr. Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að láta lífeyrisgreiðslur ekki fylgja launahækkunum í landinu felur í sér grundvallarbreytingu á almannatryggingakerfinu. Lífeyrisgreiðslur hafa í áratugi fylgt hækkunum á vikukaupi verkamanna en nú hefur verulega dregið í sundur milli lágmarkslauna og lífeyrisgreiðslna. Af því tilefni spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Telur hæstv. heilbrrh. eðlilegt að 40% aldraðra og öryrkja búi við kjör sem eru langt undir lágmarkslaunum í landinu sem þó er viðurkennt að séu langt frá því að standa undir brýnustu nauðþurftum?

2. Mun hæstv. heilbrrh. beita sér fyrir því að kjör aldraðra og öryrkja verði færð að lágmarkslaunum í landinu um næstu áramót þegar lágmarkslaunin hækka í 70 þús. kr.?

3. Við hverju mega lífeyrisþegar búast um næstkomandi áramót?

4. Hver verður tillaga hæstv. heilbrrh.?

5. Mun ráðherra hafa samráð við samtök aldraðra og öryrkja um hækkun á lífeyrisgreiðslum um áramótin?

[15:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um hækkanir til elli- og örorkulífeyrisþega. Í ár hefur hækkunin orðið 9% en til þeirra sem engin önnur laun hafa er hún um 20%. Um áramótin gildir það sama og í almennum kjarasamningum, prósentuhækkunin verður sú sama. Hv. þm. talar hér um vikukaup verkamanna en í dag er ekki lengur til nokkuð sem heitir vikukaup verkamanna.

[15:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég var ekki að spyrja hvað hefði gerst áður í málefnum lífeyrisþega og hækkunum til þeirra. Ég var að spyrja hvað mundi gerast um næstkomandi áramót. Ég spyr: Er það virkilega rétt sem mér heyrðist hjá hæstv. ráðherra að lífeyrir almannatrygginga og bótaþega eigi einungis að hækka um 4% eins og er áætlað á almennum markaði? Við skulum muna að fyrir utan þau 4% sem laun hækka um við næstu áramót kemur sérstök hækkun á almenna markaðnum þannig að lágmarkslaun í landinu verða 70 þús. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hæstv. ráðherra ekki að beita sér fyrir því að lífeyrisþegar fái hækkun sem samsvarar lágmarkslaunum þannig að þau verði færð að lágmarkslaunum í landinu? Og ég spyr sérstaklega: Telur hæstv. ráðherra forsvaranlegt að 40% aldraðra og 40% öryrkja búi við laun og kjör sem eru langt undir lágmarkslaunum í landinu?

[15:07]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég endurtek svar mitt að prósentuhækkanir verða þær sömu og gert er ráð fyrir í almennum kjarasamningum. (**JóhS:** Fjögur prósent?)

[15:07]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa miklum vonbrigðum með svör ráðherra nú rétt áðan. Hæstv. ráðherra lýsir því yfir að bætur almannatrygginga til aldraðra og öryrkja muni einungis hækka um 4% um næstkomandi áramót eða í kringum 2.000–2.500 kr. Það þýðir að ellilífeyrir og full tekjutrygging verður kannski um 44.000–45.000 kr. á meðan lágmarkslaunin í landinu fara í 70.000 kr. á mánuði. Telur hæstv. ráðherra virkilega forsvaranlegt að bjóða öldruðum og öryrkjum upp á þessi kjör? Telur hann virkilega ekkert að í þjóðfélaginu þegar 40% aldraðra og 40% öryrkja þurfa að búa við lífeyri og tekjur sem eru langt undir nauðþurftum og langt undir lágmarkslaunum sem allir telja þó til skammar í landinu?

Hæstv. forseti. Ég bað um þessi svör frá hæstv. ráðherra og óska eftir að hún svari þeim.

[15:08]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég minni á að á þessu ári hafa hækkanir orðið meiri í prósentum talið heldur en á almenna markaðnum. Ég minnti á það hér áðan að hækkanir hafa orðið um 9% almennt og til þeirra sem engin önnur laun hafa en lífeyrisbætur hefur þessi hækkun orðið tæplega 20%. Það er meira en var í tíð hv. þm. þegar hann var ráðherra.

*Hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík.*

[15:09]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík. Þannig var að þegar opnað var hjúkrunarrými fyrir aldraða í Skógarbæ fyrir nokkru var gert ráð fyrir að unnið yrði áfram eftir samkomulagi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Rauða kross Íslands um uppbyggingu hjúkrunarrýmis í Reykjavík fyrir aldraða. Fyrir tveim til þrem mánuðum urðu síðan þau tíðindi að heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. kölluðu að því er virðist til baka fyrirheit sem gefin höfðu verið um samstarf í þessum efnum við Reykjavíkurborg og Rauða krossinn. Þetta er gífurlega alvarlegt vandamál, fyrst og fremst vegna þess að hér er um að ræða 160 einstaklinga í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými, fólk sem býr í raun og veru við afar slæmar aðstæður á heimilum og hluti þess, eða 56 manns eða svo, eru reyndar á hjúkrunardeildum sjúkrahúsanna í miklu dýrara rými en ella væri kostur á. Það er auðvitað alveg fráleitt að horfa upp á þessa hluti þróast eins og gert hefur verið og þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Hvað hyggst hæstv. heilbrrh. gera til að koma til móts við Reykjavíkurborg í þessum efnum?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að efnt verði til átaks í þessum efnum þannig að biðlistar vegna aldraðra í mjög brýnni þörf í Reykjavík verði í raun og veru strikaðir út?

Þessir biðlistar eins og þeir eru í dag eru velferðarþjóðfélaginu til skammar. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara skýrt og skörulega þeirri fyrirspurn sem hér er borin fram.

[15:11]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er að gera verulegt átak varðandi hjúkrunarrými í Reykjavíkurborg. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að 300 millj. kr. verði varið á næsta ári til reksturs nýrra heimila og þar á meðal til Skógarbæjar. Í dag eru 48 ný rúm sem tekin voru í notkun á þessu ári og yfir 30 ný rúm verða tekin í notkun á næsta ári.

Varðandi samning við Reykjavíkurborg þá hefur heilbrrn. ekki gert samning við borgina. Þannig er að ríkið rekur öll þessi hjúkrunarheimili en Reykjavíkurborg og Rauði krossinn hafa komið með viss framlög til framkvæmda en ekki til rekstrar. Það sem uppi er í heilbrrn. er að nýta Víðines og Vífilsstaði á næsta ári. Það mun gerast hraðar en að byggja meira en orðið er. En ég minni á að þessar nýju 300 millj. sem lagðar verða til á næsta ári munu gjörbreyta ástandinu.

[15:12]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það sem hæstv. heilbrrh. er að tala um í þessu máli er það, ef ég skil mál hennar rétt, að ætlunin sé að leysa hjúkrunarvandann í Reykjavík með því að auka við hjúkrunarrými annars staðar, m.a. með því að breyta Víðinesi í hjúkrunarheimili fyrir aldraða og breyta Vífilsstöðum í hjúkrunarrými fyrir aldraða. Ef þetta er ætlunin þá er augljóst mál að það er engan veginn um að ræða svar við þeim vanda sem um er að ræða að því er varðar vistunarþörf fyrir gamalt fólk í Reykjavík. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka myndarlega á þessum málum í samvinnu við Alþingi þannig að þessi smánarblettur á velferðarkerfinu á Íslandi verði þurrkaður út. Það er til skammar að láta 140 einstaklinga búa við hreint neyðarástand inni á heimilum eins og um er að ræða í Reykjavík um þessar mundir. Þess vegna tel ég svar hæstv. ráðherra hér áðan ófullnægjandi og skora á hana að endurskoða hug sinn og ganga í verkið með þeim sem vilja vinna að því, m.a. borgarstjórn Reykjavíkur.

[15:13]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur tekið myndarlega á þessu máli. Við höfum nýlega opnað nýtt öldrunarsjúkrahús sem er eitt sinnar tegundar hér á landi og breytir mjög miklu varðandi alla hjúkrun og lækningu aldraðra. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá erum við að leggja 300 millj. kr. til nýs rekstrar. Við erum tilbúin til að vinna með Reykjavíkurborg en eins og ég sagði þá er það ríkið sem greiðir allan reksturinn og þess vegna er eðlilegt þegar um byggingarframkvæmdir er að ræða að samið sé við heilbrrn. Það er ekki hægt að byggja fyrir heilbrrn. nema til sé rekstrarfé. En við erum að fjölga hjúkrunarrýmum verulega á næsta ári og ekki vanþörf á.

[15:14]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið ein aðaliðja heilbrrh. á sumrin nú um nokkurt skeið að skrúfa í sundur bedda sem í hefur verið gamalt fólk og flytja það svo nauðungarflutningum milli stofnana og í aðstæður sem eru mjög hæpnar fyrir þetta fólk miðað við heilsufarsástand þess. Það hefur líka verið tíðkað hjá heilbrrn. nú í seinni tíð að reyna að „leysa" vandamálin með því að loka t.d. öldrunarþjónustu á Borgarspítalanum en flytja hana í staðinn á Landakot. Þetta er ekki lausn á nokkrum vanda. Þó að þetta kosti peninga og hægt sé að telja fram milljóna hundruð í þessu sambandi þá er það ómarkviss peningaeyðsla. Veruleikinn er sá að hér er um að ræða um það bil 150 aldraða einstaklinga í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og það verður að koma til móts við þá strax.

[15:16]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að svara þeim dylgjum sem hv. þm. var með varðandi bedda. En ég held að það væri hollt fyrir hv. þm. að fara að Landakoti og sjá aðbúnaðinn þar. Þar er hann til fyrirmyndar. Hér erum við að bæta ástandið sem var afar slæmt þegar við var tekið. Við erum að fjölga hjúkrunarrýmum á þessu svæði.

*Íslensk erfðagreining og Gagnalind hf.*

[15:16]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu voru sett ný lög um réttindi sjúklinga þar sem lögð er mikil áhersla á að persónuvernd sé tryggð. Því var okkur í morgun nokkur vandi á höndum í heilbr.- og trn. þegar landlæknir kom þangað og upplýsti okkur um að Íslensk erfðagreining hygðist kaupa fyrirtækið Gagnalind hf. Það fyrirtæki hefur sem kunnugt er þróað tölvukerfi sem heilsugæslan notar og í því eru afar viðkvæmar og miklar upplýsingar. Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar hefur sagt að fyrirtæki hans sækist eftir heilsufarsupplýsingum um Íslendinga. Því liggur beint við að spyrja hæstv. heilbrrh., þar sem okkur skildist í morgun að hæstv. ráðherra hefði haft afskipti af þessu máli, hver afskipti hans voru. Kemur til greina að ríkið kaupi Gagnalind hf., fyrirtækið allt eða að hluta? Hefur tölvunefnd komið að þessu máli? Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé eðlilegt að Íslensk erfðagreining eða önnur sambærileg fyrirtæki komist í upplýsingar um Íslendinga án þess að slíkt fari fyrst í útboð, þ.e. að upplýsingarnar séu boðnar út en verði ekki afhentar einu fyrirtæki á silfurfati.

[15:18]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Árið 1993 gerði heilbrrn. samning við Gagnalind hf. um hugbúnað fyrir heilsugæslustöðvar. Allar götur síðan hefur Gagnalind unnið fyrir heilbrrn. Fyrir skömmu gerði ég viðbótarsamning við Gagnalind. Hugbúnaðurinn sem hefur verið í þróun þennan tíma er nú orðinn fullburða. Gagnalind er hlutafélag og er trúlega á hlutabréfamarkaðnum en það sem skiptir mestu máli í þessu er að persónuupplýsingar eru ekki til sölu og ekki hægt að selja.

[15:19]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka fyrri spurningu mína til hæstv. heilbrrh. Ef það er svo að Íslensk erfðagreining ætli að kaupa Gagnalind hf., sem hefur verið að þróa tölvukerfi *og þjóna notendum, mun ráðherrann þá beita sér gegn því?* Hér er um afar viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða sem ótækt er að ríki ekki trúnaður um. Getur hæstv. heilbrrh. sagt við þjóðina hvað gera skuli ef Íslensk erfðagreining ætlar sér að kaupa Gagnalind hf.?

[15:20]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég best veit er Íslensk erfðagreining ekki að kaupa Gagnalind. En við höfum keypt af Gagnalind vissa vinnu. Sú vinna er bundin heilbrrn. Ég endurtek að það sem skiptir máli er að persónulegar upplýsingar eru og verða ekki til sölu.

[15:20]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá að vita að Íslensk erfðagreining ætlar sér ekki að kaupa Gagnalind hf. Mér skildist á svari hæstv. ráðherra áðan að það stæði ekki til. En fari svo að Íslensk erfðagreining sækist eftir að kaupa Gagnalind hf. Í hvaða sporum standa sjúklingar? Í hvaða sporum stöndum við sem vitum að þarna eru mjög viðkvæmar persónuupplýsingar? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að þær verði ekki misnotaðar?

[15:21]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja það í þriðja skipti að viðkvæmar persónulegar upplýsingar og almennt persónulegar upplýsingar eru ekki til sölu. Gagnalind hf. á ekki þessar persónulegu upplýsingar. Gagnalind hefur séð um kerfið *en geymir ekki þessar persónulegu upplýsingar.*

*Nefnd um smíði nýs varðskips.*

[15:22]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Oft hefur staða Landhelgisgæslunnar verið í umræðunni og aldur þeirra skipa sem landhelgi okkar hafa gætt. Varðskipið Óðinn er 38 ára. Ég flutti þáltill. sem snerti aldur varðskipa árið 1994. Í september 1994 skipaði hæstv. dómsmrh. sérstaka nefnd til að athuga skipakost Landhelgisgæslunnar. Sú nefnd gerði tillögur og skilaði til hæstv. dómsmrh. í mars 1997. Af því tilefni vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvað líði skipan nefndar vegna endurnýjunar varðskips eða svokallaðrar byggingarnefndar?

[15:23]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að fyrr á þess ári skilaði nefnd sem ég skipaði því áliti að nauðsynlegt væri að endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar. Í framhaldi af því var ákveðið að hefja undirbúning að smíði nýs varðskips. Að undanförnu hefur verið unnið að ýmsum frumathugunum á því máli og stefnt hefur verið að því að framkvæmdanefnd sem muni sjá um verkið verði skipuð í þessum mánuði.

*Veiðiheimildir smábáta og hrognkelsaveiðar.*

[15:23]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. sjútvrh. Staða krókaveiðimanna er hrikaleg. Þeir hafa leyfi til fiskveiða í aðeins 18–25 daga á fiskveiðiárinu. Fjöldi smábátaveiðimanna á kvóta eru með litlar veiðiheimildir í bolfiski og ná engan veginn saman endum í útgerð sinni. Horfur á markaði fyrir grásleppuhrogn eru vægast sagt mjög slæmar. Útlit fyrir sölu er þannig að menn eru varaðir við að hefja veiðar. Það eru ef til vill möguleikar á sölu helmings þess magns sem veiddist í fyrra en á mun lægra verði. Ég spyr: Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera í þessum málum? Afkoma margra smábátamanna hefur verið háð þokkalegri útkomu á hrognkelsaveiðum. Ætlar hæstv. ráðherra að mæta þessu vandamáli með því að fjölga veiðidögum hjá krókakörlum og auka kvóta þeirra sem hafa litlar eða engar heimildir? Ef engin ákvörðun hefur verið tekin í þessum málum, hvenær er ákvörðunar að vænta? Það skiptir máli vegna þess að undirbúningur vegna hrognkelsaveiða tekur þrjá til fimm mánuði. Og síðasta spurning: Ætlar hæstv. ráðherra að hafa afskipti af málinu?

[15:25]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi veit þá hafa verið teknar ákvarðanir hér á Alþingi á undanförnum árum sem hafa stórbætt stöðu svokallaðra krókaveiða. Síðast var það gert með löggjöf frá Alþingi á síðasta ári.

Þrátt fyrir þá umtalsverðu aukningu sem þar var ákveðin hafa komið upp vandamál varðandi afmarkaða hópa innan þessa útgerðarflokks. Ráðuneytið hefur um nokkurt skeið átt samtöl við forustumenn Landssambands smábátaeigenda um þennan vanda. Þar hafa verið rædd ýmis atriði. Á þessu stigi get ég ekki sagt neitt um niðurstöðu úr þeim samtölum en að þessu hefur verið unnið. Ég vona að það líði ekki á löngu þar til niðurstaða fæst.

[15:26]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég viðurkenni að umbót var gerð gagnvart þessum veiðimönnum á síðasta þingi. En eins og svo oft áður var þeim bara heitt á meðan á migunni stóð, þetta var rétt eins og að pissa í skóinn sinn vegna þess að það var fyrirsjáanlegt strax á fyrstu mánuðum eftir að lögunum var breytt hvernig mundi fara. Ég minni á að smábátaveiðimenn, krókakarlar og þeir sem hafa lítinn kvóta hafa byggt afkomu sína á hrognkelsaveiðunum. Þess vegna segi ég við hæstv. sjútvrh.: Það er algjör skylda og algjör nauðsyn að grípa inn í þetta mál á næstu vikum. Ég vænti þess og skora á ráðherrann að grípa inn í vegna þess að nokkur hundruð manna byggja afkomu sína á því hvernig til tekst um hrognkelsaveiðarnar eða hvort auknar heimildir fáist til að stunda veiðar af sínum bátum. Ég bið hæstv. sjútvrh. að gæta vel að í þessum málum.

*Ritakaupasjóður háskólans.*

[15:28]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 kemur fram að Háskóla Íslands eru áætlaðar 31,5 millj. kr. til ritakaupa, sömu upphæð og áætluð var til ritakaupasjóðs við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997.

Fyrir liggur að á því ári þurfti að skera niður tímaritakaup til allra deilda Háskóla Íslands um 30%. Vegna þess að kostnaður við áskriftir að tímaritum virðist á undanförnum árum hafa vaxið umfram verðbólgu, eða um 10–15% á ári, þá er áætlað að á þessu ári verði ekkert eða lítið sem ekki neitt eftir til bókakaupa þegar greiddar hafa verið tímaritaáskriftir þó engum nýjum verði bætt við.

Nefna má að raunvísindadeild sem hefur um 40% af öllum framlögunum eða um 12 millj. kr., þarf að hafa mjög dýr tímarit í áskrift sem sum hver kosta tugi þúsunda og hefur engan afgang til bókakaupa. Guðfræðideild fær 488 þús. kr. til ritakaupa og af því að hækkun áskrifta milli ára er þar heldur minni en á raunvísindatímaritum eiga þeir heilar 53 þús. kr. eftir til ritakaupa sem segir ekki mikið þegar um dýr fræðirit er að ræða.

Ég verð að segja að mér finnst þetta býsna alvarleg staða hjá helstu háskólastofnun þjóðarinnar sem okkur er öllum kappsmál að standist samkeppni við hliðstæðar stofnanir erlendis. Að geta boðið hliðstæð gögn, þeim sem annars staðar er í boði, hlýtur að vera eitt af því sem litið er til þegar ungt fólk velur sér náms- og starfsvettvang.

Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvað hann sjái til ráða í þessari stöðu og hvort ráðuneytið sé að athuga hvort hægt sé að gera betur í þessum málum.

[15:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að menn standa frammi fyrir því í háskólastofnunum hér eins og annars staðar að tímarit hækka í verði, þeim fækkar og sífellt verður erfiðara fyrir háskóla að verða sér úti um slík rit. Ekki hefur verið gerð tillaga um það af hálfu menntmrn. í fjárlagafrv. sem fyrir liggur að þessi upphæð verði hækkuð frá því á síðasta ári. Hins vegar hefur það gerst að tekist hafa samningar á milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands um þessi mál, sem er nýmæli, og var gengið frá á síðasta ári. Ég held að þróunin í þessum málum sé í réttum farvegi hér eins og annars staðar. Það er einnig rétt, sem fram hefur komið, að Háskóli Íslands hefur gert þetta viðfangsefni að sérstöku álitamáli nú við afgreiðslu fjárlaga og beint sérstakri athygli að þessum vanda, sem er mikill hér eins og alls staðar annars staðar, og þarf að bregðast við.

Í gær, á degi íslenskrar tungu, var opnuð heimasíða eða vefsíða um Jónas Hallgrímsson við Wisconsin háskóla í Madison í Bandaríkjunum. Hjá þeim sem stóðu að þeirri síðu kemur fram að hún er m.a. svar við því að sífellt er erfiðara fyrir háskóla að fjárfesta í tímaritum. Tímaritaútgáfa dregst saman og nota verður nýjar boðleiðir til að koma efni á framfæri sem allir geti notið, m.a. þann nýja miðil sem er internetið og þá kosti sem það hefur að bjóða. Að þessu þurfum við einnig að vinna en við þurfum að sjálfsögðu að leita allra leiða til þess að tryggja að hér sé nægilegur gagnagrunnur fyrir þá sem stunda störf og rannsóknir við Háskóla Íslands, bæði að því er tímarit og bókakost varðar og almennt aðgang að þeim upplýsingalindum sem nú eru að opnast um heim allan.

[15:32]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það gleður mig að það er verið að hugsa þessi mál í menntmrn. og menn gera sér þar grein fyrir alvarleika málsins sem er vissulega mikill. Það er erfitt að vera lítil þjóð og reyna að standast samanburð við aðra sem hafa meiri fjármuni á milli handanna. Ég held að við séum komin á dálítið hættusvæði í þessum efnum, sérstaklega núna þegar við erum farin að huga að því að bjóða upp á framhaldsnám við háskólann í fleiri og fleiri greinum. En starfsmenn háskólans verða þess mjög varir að yngra fólk vill fá aðgang að þeim tímaritum og bókum sem það telur sig þurfa og hefur jafnvel vanist erlendis. Við erum í vaxandi mæli farin að bjóða upp á kandídatsnám hér við Háskóla Íslands sem vonandi á eftir að eflast enn meir. Það má t.d. minnast á að fyrir þá fjárveitingu sem ætluð er til tímaritakaupa í fjárlögum er alls ekki hægt að fjárfesta (Forseti hringir.) í aðgangi að gagnasöfnum sem er rándýr og hefur gengið erfiðlega að fá viðurkenningu þeirra sem selja aðgang að slíkum gögnum á sérstöðu okkar sem smáþjóðar í samningum um þau efni.

*Val nemenda í framhaldsskóla.*

[15:34]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Í útgáfu ríkisstjórnarinnar, Áföngum, er m.a. fjallað um framhaldsskóla og þar er fullyrt á bls. 22, með leyfi forseta:

„Nemendur hafa nú meira valfrelsi um skóla þar sem inntaka þeirra miðast fremur við einkunnir en búsetu.“

Nú er 15. gr. framhaldsskólalaganna um inntökuskilyrði í framhaldsskóla og þar er talað um kröfur vegna inntöku á einstakar námsbrautir en ekki skóla. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Á hverju byggir sú fullyrðing sem fram kemur í ríkisstjórnarútgáfunni að skólar velji nemendur fremur eftir einkunnum en búsetu? Og í öðru lagi: Hefur þessi áherslubreyting, sem hér er greinilega, verið rædd við sveitarfélögin vegna þess að kostnaðarþátttaka þeirra hefur hingað til verið talin tryggja nemendum aðgang að heimaskóla?

[15:35]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég tel að fullyrðingin sem hv. þm. las sé í fullu samræmi við framhaldsskólalögin og þar sé einmitt gert ráð fyrir því að horfið verði frá landfræðilegum álitaefnum þegar innritað er í skóla og frekar litið til þess náms sem viðkomandi námsmenn vilja stunda. Ekki er allt nám í boði í öllum skólum þannig að það leiðir af sjálfu sér að menn sækja um skóla eftir því hvaða nám þeir bjóða upp á og þar velja skólarnir eftir einkunnum. Þetta er þróun sem er hafin hér og vísað er til í þessu riti. Einnig liggja fyrir álitsgerðir, m.a. liggur álit umboðsmanns Alþingis fyrir í Menntaskólanum í Reykjavík vegna þess að foreldrar ungmenna sem sóttu um í þeim skóla fóru þess á leit við umboðsmann að hann segði álit sitt á því hvernig staðið var að innritun í skólann. Þar kemur þetta sjónarmið m.a. fram og það er alveg ljóst að þar miða menn við einkunnir. Þetta verður í ríkari mæli eftir því sem fjölbreytni á framhaldsskólastigi eykst, m.a. sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef markvisst stefnt að því að hverfa frá hverfaskiptingunni og láta landafræðina ráða minna í þessu heldur en það sem skólarnir hafa í boði og þá mun náttúrlega einnig reyna meira á hæfileika nemendanna en áður.

[15:37]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er einmitt vegna þessarar áherslubreytingar sem ég spyr um samtöl við sveitarfélögin vegna þess að einhver réttlæting verður að vera fyrir því að þau greiði

40% af stofnkostnaði framhaldsskólanna. Ef það þýðir ekki forgang heimanemenda að skólunum þá átta ég mig ekki alveg á því til hvers þau eru að taka þátt í stofnkostnaði og að vera með fulltrúa í skólanefndum. Það er alveg rétt að það er ekki nám í boði í öllum skólum fyrir alla en þannig hefur það heldur ekki verið og því hefur verið svarað með tilteknum hætti, þ.e. ef einungis er boðið upp á tiltekið nám í einhverjum einum skóla þá hefur hann verið álitinn landsskóli.

Ráðherra segir að þetta samrýmist lögunum um framhaldsskóla. Þá vil ég spyrja í framhaldi: Er reglugerðin komin út, sem átti að setja um lágmarkskröfur í skólana, eða eru menn einfaldlega komnir býsna langt á undan sér, hvorki búið að ráðgast við þá sem hagsmuna eiga að gæta né heldur að setja reglugerðir?

[15:38]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

*Herra forseti. Þetta er þróun sem er hafin en ekki hefur* verið formlega frá þessu gengið. Þessi þróun er hafin og það stefnir í þessa átt. Það sem stendur í vegi fyrir því að við setjum þetta og formbindum það í reglur er það að verið er að vinna að nýrri námskrá fyrir framhaldsskólana og ég tel að það verði að tengja þetta tvennt saman. Við stefnum að því að ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskólana liggi fyrir næsta haust og þá verði unnt að stilla þessa þætti þannig saman að nemendur viti nákvæmlega hver staða þeirra er og þá verði unnt að gefa út þær reglur sem hv. þm. vék að.

[15:38]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er þá svo að Áfangar, útgáfa ríkisstjórnarinnar, er ekki það sem búið er að gera, ekki þeir áfangar sem menn hafa þegar náð, heldur að einhverju leyti stefna — stefna á eitthvað sem menn ætla sér að ná. Þá vil ég ítreka, fyrst hér er um stefnu að ræða og þá ákveðna stefnubreytingu, að rætt verði við þá hagsmunaaðila sem hér eiga einnig hlut að máli vegna kostnaðarhlutdeildar þeirra, sem eru sveitarfélögin í landinu.

Ég tók eftir því sem hæstv. ráðherra sagði um þá nemendur sem sóttu um í MR og fengu ekki inngöngu á þeim forsendum að MR tekur fyrst heimanemendur, síðan eru það umframnemendurnir sem eru valdir eftir einkunnum eða öðru. Þannig hefur það verið. Heimanemendurnir hafa haft forgang. Það er fráhvarf frá þeirri reglu sem hér er um að ræða, og þess vegna er mikilvægt að rætt sé við fulltrúa sveitarfélaganna vegna þess að hér er um gjörbreyttar aðstæður að ræða sem hljóta að leiða til þess að sveitarfélögin taki ekki lengur þátt í þessum stofnkostnaði eins og þau hafa gert hingað til.

[15:40]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég hef ekki litið á þetta mál með það í huga hvernig þátttöku í stofnkostnaði er háttað heldur með hliðsjón af inntaki skólastarfsins og þeirri staðreynd að skólanefndarmenn eru m.a. skipaðir af sveitarstjórnum og þess vegna fylgjast sveitarstjórnir vel með og geta fylgst með því hvað er að gerast í skólunum.

Á þessu hausti hefur hins vegar verið gengið til þess verks af hálfu menntmrn. að semja við alla framhaldsskólana í landinu um árangursstjórnun til þriggja ára. Þeirri samningalotu er að ljúka og þá verður lagt á ráðin um hvernig starfi skólanna verður háttað í bráð og lengd og hvaða stefna þeim verður mörkuð. Um þetta hefur almennt náðst gott samkomulag. Ég held að vandi skólanna úti á landi sé ekki sá að þeir þurfi að hafna nemendum heldur frekar hvernig þeir eigi að halda sem best í nemendur. Ráðuneytið vill stuðla að því að þessir skólar geti starfað og dafnað áfram við þær forsendur sem þeim eru skapaðar og vandinn, eins og ég segi, er ekki sá að þeir séu að hafna nemendum heldur hvernig þeir geti lagað að sér nemendur. Ég held að það sé frekar áhyggjuefni sveitarstjórnarmanna heldur en hitt, að nemendum sé hafnað í þessum skólum.

[15:41]

**Útbýting þingskjals:**

Stjórn fiskveiða, 275. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 345.

## *Staða eldri borgara hérlendis og erlendis.*

Beiðni ÁE o.fl. um skýrslu, 255. mál. — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Beiðni leyfð til forsrh. með 45 shlj. atkv.

## *Launaþróun hjá ríkinu.*

Beiðni KÁ o.fl. um skýrslu, 257. mál. — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Beiðni leyfð til fjmrh. með 46 shlj. atkv.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.*

Frv. HG, 26. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

## *Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, frh. fyrri umr.*

Þáltill. EKG og TIO, 206. mál. — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Bjargráðasjóður, 1. umr.*

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 185.

[15:45]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. á þskj. 185, um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

Þetta frv. er raunar fylgifrv. við lögin um búnaðargjald sem sett voru í vor, nr. 84/1997. Með þeim lögum er leitast við að einfalda fyrirkomulag innheimtu á búnaðargjaldi og gera hana öruggari. Framlag búgreina til Bjargráðasjóðs er nú ákveðið í hinum nýju lögum um búnaðargjald og af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögunum um Bjargráðasjóð svo fyllsta samræmis sé gætt.

Þetta frv. er í fjórum greinum. Í 1. gr. er gert ráð fyrir breyttu orðalagi til samræmis við fyrirmæli nýrra laga um búnaðargjald sem áður hét búnaðarmálasjóðsgjald.

3. mgr. 7. gr. laganna er breytt í 2. gr., þar sem lög um búnaðargjald gera ekki lengur ráð fyrir hlutverki Framleiðsluráðs landbúnaðarins við innheimtu gjaldsins og skil til Bjargráðasjóðs. Vísað er í skyldu fjmrh. til að standa skil á gjaldinu.

3. gr. er um forsendur styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins, og því er breytt til samræmis við ný lög um búnaðargjald. Gildistökuákvæðið er um næstu áramót þannig að þetta frv. þyrfti að afgreiðast fyrir áramót.

Frumvarpinu fylgir kostnaðarumsögn og þar kemur fram að þetta mun ekki leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Að lokinni þessari umræðu vil ég leyfa mér, herra forseti, að óska þess að frv. verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.*

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 257.

[15:48]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Skömmu eftir síðustu áramót skipaði ég nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Í þeirri nefnd sem var undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, sem var formaður nefndarinnar, sátu Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félmrn., Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félmrn., og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin samdi nýtt frv. til sveitarstjórnarlaga sem kemur til umræðu innan skamms en ákvað jafnframt að leggja til að sett yrðu sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Þar er fylgt fordæmi annarra Norðurlanda sem þykir hafa gefist vel.

Það sem helst þykir mæla með þessu fyrirkomulagi er að nauðsynlegt þykir að öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar verði á einum stað en ekki að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta til í lögum um kosningar til Alþingis eins og nú er. Þetta nýja fyrirkomulag þykir vera til þess fallið að auðvelda hinum almenna borgara, sem valinn er í kjörstjórn, starf sitt.

Við samningu þessa frv. var fyrst og fremst stuðst við III. kafla sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987. Tekin eru upp í frv. ýmis ákvæði laga um kosningar til Alþingis hvað varðar framkvæmd kosninganna. Þó er gert ráð fyrir að um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar verði vísað til laga um kosningar til Alþingis, enda koma kjörstjórnir í sveitarfélögum ekki að framkvæmd þess þáttar kosninga.

Farin er sú leið í frv. að eyða öllum mun á kröfum til sveitarfélaga eftir íbúafjölda eins og gert er í frv. til sveitarstjórnarlaga. Helstu efnislegu breytingarnar sem er að finna í þessu frv. eru að öðru leyti eftirfarandi:

Viðmiðunardagur kjörskrár er færður úr fimm vikum í þrjár vikur.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal ætíð víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar.

Almenna reglan verður sú að í sveitarfélögum verði bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar.

Framboðsfrestur verður þrjár vikur í stað fjögurra.

Kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Eins og ég sagði, herra forseti, tel ég að hér sé um mál að ræða sem verður mjög til þæginda við framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, fækki álitamálum og einfaldi kjörstjórnarmönnum störf sín.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér, að lokinni þessari umræðu óska þess að frv. verði vísað til hv. félmn. Vera kann að hv. félmn. muni vilja hafa samráð eða leita álits allshn. um málið, sem venjulega fjallar um kosningalög, og það er meinalaust af minni hálfu að svo verði gert.

[15:52]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við ræðu hæstv. félmrh. að bæta en hann hefur mælt fyrir frv. Ég vil aðeins leggja áherslu á að um þessa framkvæmd var góð samstaða í þeirri nefnd sem undirbjó frv. að taka kosningalagakaflann út úr sveitarstjórnarlögunum í því skyni að hægt væri að gefa þessi lög út sérstaklega til hagsbóta fyrir kjörstjórnir og sveitarstjórnarmenn sem vinna að framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.

Það hefur verið æðimikið um kærumál vegna sveitarstjórnarkosninga og framkvæmda þeirra, og það er kannski að vonum, því þessi kosningalög voru ekki aðgengileg á einum stað og ekki hægt að lesa sig í gegnum þetta ferli frá byrjun til enda.

Í frv. er ákveðum varðandi kosningar til sveitarstjórna raðað upp á nýtt þannig að auðveldara er að lesa sig í gegnum lögin við framkvæmdina frá því að undirbúningur kosninga hefst og þar til kosningum er lokið. Það er von okkar sem undirbjuggum frv. að þetta verði til þæginda við framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, ekki síst þegar hægt verður að gefa út þessi sérlög í handbók fyrir þá sem vinna að framkvæmdinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Bjargráðasjóður, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Loftslagsbreytingar.*

Skýrsla umhvrh., 180. mál. — Þskj. 180.

[15:57]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 180 er að finna skýrslu um loftslagsbreytingar sem ég hef lagt fyrir hv. Alþingi. Með skýrslunni vil ég gera þingheimi grein fyrir ýmsum atriðum í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, gang samningaviðræðna um að styrkja samninginn sem samþykkt var að ganga til á fyrsta þingi aðildarríkja í Berlín í apríl 1995 og stöðu okkar Íslendinga í því sambandi. Rétt er að geta þess að beiðnir hafa komið fram um að taka málið til umræðu á hv. þingi. Í vor bað hv. þm. Árni M. Mathiesen um að málið yrði tekið til umræðu og í upphafi þessa þings bað hv. þm. Hjörleifur Guttormsson einnig um að málið yrði tekið til umræðu. Hér er um stórt og viðamikið mál að ræða og ég taldi því rétt að hafa frumkvæði að því að leggja þessa skýrslu fyrir þingið og þakka hv. þingmönnum sem hafa haft áhuga á umræðu um málið fyrir að taka undir það sjónarmið mitt að haga umræðunni með þessum hætti.

Skýrslunni er skipt í fimm meginkafla. Í 1. kafla er rætt almennt um gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar. Í 2. kafla er gerð grein fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi og í 3. kafla er fjallað um losunarspá og aðgerðir Íslands gegn loftslagsbreytingum. Þá er í 4. kafla rætt um áhrif loftslagsbreytinga hér á landi og í 5. kafla er fjallað um samningaviðræður um að styrkja ákvæði samningsins sem staðið hafa yfir frá árinu 1995. Ég vek athygli hv. þingmanna á að sá kafli var saminn fyrir síðasta samningafund sem var í lok október enda skýrsla þessi lögð fyrir Alþingi fyrir rúmlega mánuði. Síðar í ræðu minni mun ég víkja að stöðunni í dag eftir þann fund.

Ég mun stikla á stóru um efni skýrslunnar en samantekt þessa er að finna á bls. 4 og 5 í skýrslunni. Ég vil jafnframt vekja athygli hv. þm. á skýrslu sem umhvrn. gaf út í síðasta mánuði og ég hef látið dreifa til hv. þingmanna og ber heitið „Ísland og loftslagsbreytingar af mannavöldum." Í henni er að finna auk þess efnis sem lesa má í skýrslunni sem nú er til umræðu ítarlegra efni um þessi mál. Þá hefur sú skýrsla að geyma nokkra viðauka sem auðvelda ættu hv. þingmönnum og öðrum að kynna sér þessi mál. Þar er að finna rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 1992, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna samningsins, bréf umsjónarnefnda ráðuneyta með framkvæmdaáætluninni til umhvrh. frá sl. vori, greinargerð sem Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman að ósk minni um efnahagsleg sjónarmið varðandi minnkun losunar á gróðurhúsalofttegundum, útdrátt úr skýrslu skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um Ísland og loks nokkrar töflur um útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að umræður um umhverfismál hafa aukist mjög á undanförnum árum. Þjóðir heims hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir þeirri ógnun sem þeim stafar af vaxandi mengun sem rekja má að mestu til aukinnar iðnvæðingar. Árið 1979 var í fyrsta sinn haldið heimsþing um loftslag þar sem skorað var á þjóðir heims að reyna að spá fyrir um og draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum sem gætu haft neikvæð áhrif á velferð mannskynsins. Níu árum síðar setti Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunin á laggirnar alþjóðlega vísindanefnd um loftslagsbreytingar sem sagði vísindarannsóknir styðja þá tilgátu að loftslagsbreytingar af mannavöldum væru þegar hafnar og mundu líklega aukast á komandi áratugum. Á öðru heimsþingi um loftslag árið 1990 var skorað á þjóðir heims að gera alþjóðasamning um viðbrögð við loftslagsbreytingum. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna var síðan lagður fram til undirritunar á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro í Brasilíu 1992.

Samkvæmt samningnum skuldbinda iðnvædd ríki sig sem heild til að grípa til aðgerða sem miða að því að reyna að auka ekki útblástur gróðurhúsalofttegunda þannig að hann verði ekki meiri árið 2000 en árið 1990. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að skuldbindingin felur ekki í sér ákveðin losunarmörk fyrir einstök ríki. Á fyrsta þingi aðildarríkja samningsins árið 1995 í Berlín var ákveðið að stefna að því að setja bindandi töluleg markmið um að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í þeim tilgangi að tryggja sem best að markmiðum samningsins verði náð. Síðan hefur verið unnið að gerð bókunar við samninginn sem fjallað verður um á þriðja þingi aðildarríkja samningsins sem hefst í Kyoto í Japan eftir hálfan mánuð og mun ég gera frekari grein fyrir á eftir.

Ljóst er að maðurinn hefur með athöfnum sínum, einkum eftir iðnbyltinguna, aukið hlutfall gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum. Telja má líklegt miðað við núverandi þróun í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og ef ekkert verður aðhafst til að breyta þeirri þróun að magn þeirra verði árið 2030 orðið tvöfalt meira en fyrir daga iðnbyltingar og þrefalt meira árið 2100 verði ekkert að gert. Um gróðurhúsaáhrifin hafa yfir 2.000 vísindamenn fjallað á síðustu missirum á vegum alþjóðlegu vísindanefndarinnar um loftslagsbreytingar sem ég minntist á hér á undan. Samkvæmt spám þeirra byggðum á núverandi þróun er líklegt að hitastig á jörðinni hækki um 1–3,5 gráður á Celsius fram til ársins 2100. Yfirborð sjávar kunni að hækka um 15–95 sm vegna bráðnunar jökla með tilheyrandi hættu á sjávarflóðum. Til fróðleiks má geta að eins metra hækkun sjávar mundi sökkva um 6% Hollands og yfir 17% af Banglades svo að dæmi séu tekin auk þess sem ýmsar láglendar kóraleyjar á Indlands- og Kyrrahafi yrðu óbyggilegar.

Um önnur áhrif, t.d. á matvælaframleiðslu í heiminum og heilsufar manna, vísa ég til skýrslunnar. Ég vek hins vegar sérstaka athygli hv. þingmanna á helsta áhyggjuefni hvað varðar lífsafkomu á Íslandi vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum, en það eru hugsanlegar afleiðingar á hafstraumakerfi jarðar, einkum Golfstrauminn.

Ljóst er að allar breytingar á hafstraumum og hitastigi sjávar munu hafa veruleg áhrif á alla grunnþætti sem áhrif hafa á fiskveiðar, svo sem útbreiðslu fiskstofna, fiskigöngur

og staðsetningu hrygningarstöðva. Við getum því ekki leyft okkur að fjalla um mál þetta af neinni léttúð enda er um grafalvarlegt mál að ræða sem gæti haft veruleg áhrif á lífsskilyrði komandi kynslóða hér á landi. Því er augljóst að okkur Íslendingum er mjög í hag að þjóðum heims takist að stemma stigu við vaxandi gróðurhúsaáhrifum.

Árið 1990 var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis jafngildi 2 millj. 730 þús. tonna af koltvíoxíði. Auk CO er hér átt við metan, tvíköfnunarefnisoxíð, vetnisflúorkolefni, flúorkolefni og flúorbrennistein. Útstreymið var 46 þús. tonn eða um 1,3% minna á síðasta ári en árið 1990 eða samtals 2 millj. 694 þús. tonn í koltvíoxíðsígildum. Þetta svarar til 0,01% útstreymis á jörðinni og um 1% útstreymis á Norðurlöndum.

Útstreymi koltvíoxíðs var á síðasta ári 86,2% af heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi og er þá talið um 2 millj. 323 þús. tonn sem er 8,2% aukning frá 1990 en það er svipuð þróun og víða erlendis. Sem dæmi má taka milli áranna 1990 og 1994 jókst útstreymi koltvíoxíðs um 5% hér á landi, um 3% í Bandaríkjunum, 6% í Noregi, 7% í Japan, 8% í Finnlandi og 21% í Danmörku. Útstreymi koltvíoxíðs mælt í tonnum á íbúa er 30% lægra hér á landi en meðaltal OECD-ríkjanna eða 8,5 tonn hér á móti 12 tonnum á íbúa hjá OECD-ríkjum.

Alþingi heimilaði þáverandi ríkisstjórn að fullgilda rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar með ályktun 7. maí 1993 og var hann fullgiltur af Íslands hálfu 16. júní það ár. Nokkru eftir að ég tók við embætti umhvrh. eða 17. okt. 1995 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu minni sérstaka framkvæmdaáætlun vegna rammasamningsins sem hafði að geyma yfirlit yfir aðgerðir sem grípa á til í því skyni að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Aðgerðirnar skiptast annars vegar upp í almennar og hagrænar aðgerðir þar sem lögð er áhersla á hvetjandi aðgerðir, fræðslu og hagstjórnartæki og hins vegar sértækar aðgerðir, einkum á sviði sjávarútvegs, samgangna og iðnaðar. Í byrjun árs 1996 skipaði ég sérstaka nefnd ráðuneyta til að hafa umsjón með framkvæmdaáætluninni undir formennsku aðstoðarmanns míns en auk hans eiga sæti í nefndinni aðstoðarmenn sjávarútvegs-, samgöngu-, iðnaðar-, landbúnaðar-, fjármála- og dómsmálaráðherra. Nokkuð hefur áunnist af því sem nefndinni hefur verið falið að hafa umsjón með, svo sem gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana auk þess sem ríkisstjórnin samþykkti að verja 450 millj. kr. til að auka bindingu í gróðri.

Í framkvæmdaáætluninni er hæstv. samgrh. og sjútvrh. ætlað að hafa umsjón með tilteknum aðgerðum og hafa verið starfandi á vegum þeirra sérstakir starfshópar á þeim sviðum.

Þriðjungur útstreymis koltvíoxíðs hér á landi kemur frá fiskiskipum og annar þriðjungur er af völdum innanlandssamgangna. Þótt mörgum hafi þótt hægt ganga að skilgreina aðgerðir á þessum sviðum sem gætu dregið úr losun á næstu árum hef ég þá trú að innan ekki of langs tíma muni heildstæðar tillögur og aðgerðir líta dagins ljós. Ég vil í þessu sambandi fagna ályktun aðalfundar Landsfundar ísl. útvegsmanna þar sem segir m.a. að ekki muni koma til aukinnar eldsneytisnotkunar hjá fiskiskipaflotanum eða vetnisflúorkolefna en um þetta segir m.a. í ályktuninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Kemur þar aðallega tvennt til: Annars vegar hagkvæmt fiskveiðistjórnunarkerfi og hins vegar stækkandi fiskstofnar. Þá eru allar líkur á að stærri kælikerfi fiskiskipa muni nota náttúrlega kælimiðla og verður því ekki um að ræða losun neinna gróðurhúsalofttegunda af þeim sökum í framtíðinni."

Ef þetta gengur eftir, sem við skulum vona, breytir þetta talsvert þeim spám sem settar hafa verið fram um losun hér á landi á næstu árum.

Við Íslendingar búum um margt við sérstakar aðstæður. Til að mynda eru tveir þriðju hlutar allrar orku sem hér er notuð endurnýjanleg og án teljandi gróðurhúsaáhrifa í framleiðslu og 98% allra húsa eru nú hituð með endurnýjanlegri orku. Þess vegna eigum við til að mynda ekki jafnhægt um vik að grípa til aðgerða til að draga úr losun koltvíoxíðs nú og margar aðrar þjóðir enda höfðum við hætt hitum húsa með olíu fyrir árið 1990 sem er það ár sem notað er til viðmiðunar í þessu sambandi.

Á öðrum sviðum, t.d. í samgöngum og fiskveiðum, eru möguleikar okkar til að minnka umtalsvert losun gróðurhúsalofttegundanna að verulegu leyti undir öðrum þjóðum komnir hvað varðar tækniþróun og framfarir. Ég tel að við eigum að stefna markvisst að því að nota vetni í stað jarðefnaeldsneytis á samgöngutæki okkar og fiskiskip í framtíðinni og framleiða þannig okkar eigin umhverfisvæna eldsneyti. Vissulega er margt óljóst í þessum efnum og framleiðslan bæði dýr og óhentug við núverandi aðstæður. Hins vegar er ljóst að olíulindir heims fara þverrandi og verðmæti íslenskrar orku muni aukast á komandi árum og áratugum.

Hin öra tækniþróun mun enn fremur að mínu áliti leiða til vænlegrar niðurstöðu fyrir okkur í framtíðinni. Það verður þó vart á þessu eða næsta kjörtímabili. Ég tel hins vegar að við hv. alþm. verðum fyrst og fremst að hugsa til framtíðar í þessum efnum eins og ætíð þegar um er að ræða umgengni okkar við náttúruna og nýtingu náttúrlegra gæða.

Ég vil jafnframt í þessu sambandi vekja athygli á starfi svokallaðrar vetnisnefndar undir formennsku hv. þm. Hjálmars Árnasonar en þar hafa þessi mál verið til umfjöllunar. Ég tel allar forsendur til að Ísland geti í framtíðinni orðið fyrirmynd annarra þjóða á þessu sviði. Miðað við núverandi aðstæður, orkuspá og staðfesta stóriðju eru því miður líkur á að útstreymi gróðurhúsalofttegunda muni aukast verulega á næstu árum og áratugum verði ekki gripið til aðgerða. Aukningin er að sumu leyti þó eðlileg með hliðsjón af því að Íslendingum fjölgar um tæplega 1% á ári.

Í bréfi umsjónarnefndar ráðuneyta til mín í vor var vakin athygli á aukinni losun vegna staðfestra stóriðjuframkvæmda, þ.e. stækkunar álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, svo og nýs álvers þar. Samtals mun útstreymi aukast um sem svarar 635 þúsund tonnum af koltvíoxíðsígildum sem eru um 23,6% af losun síðasta árs. Þetta er vissulega hátt hlutfall en slík stóriðja hefði þó tvímælalaust haft í för með sér meira útstreymi hefði hún verið staðsett annars staðar í heiminum og notað þar jarðefnaeldsneyti. Að meðtalinni umræddri stóriðju er gert ráð fyrir að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda verði 15,8% meira árið 2000 en árið 1990, hafi aukist um 26,2% árið 2010, 34,5% árið 2020 og verði árið 2025 samtals 3 millj. 821 þús. tonn af koltvíoxíðsígildum eða 40% meira en árið 1990 miðað við þær upplýsingar sem fram koma í umræddri skýrslu.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni var samþykkt á fyrsta þingi aðildarríkja rammasamningsins í Berlín í apríl 1995 að hefja samningaviðræður um ráðstafanir til að styrkja ákvæði samningsins og efla framkvæmd hans eftir árið 2000. Í ákvörðun þingsins segir m.a. að stefna

skuli að niðurstöðu sem feli í sér auknar skuldbindingar um stefnumörkun og aðgerðir og mælanlegar takmarkanir eða samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Þá segir enn fremur að auknar skuldbindingar skuli eingöngu bundnar við þau aðildarríki sem skráðar eru í viðauka I í samningnum, þ.e. OECD-ríkin og ríki Mið- og Austur-Evrópu. Í ákvörðuninni segir að taka skuli mið af mismunandi upphafsstöðu aðila, tökum þeirra á vandamálinu, tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum sem og þörfinni á sanngjörnu og viðeigandi framlagi frá hverju og einu aðildarríkjanna. Með ákvörðuninni á Berlínarþinginu var stofnuð sérstök samninganefnd sem kom saman í fyrsta sinn í ágúst 1995.

Áttundi og síðasti fundur nefndarinnar var síðan haldinn í Bonn í Þýskalandi í síðasta mánuði. Hún komst ekki að niðurstöðu en mun leggja drög að samningi fyrir þriðja þing aðildarríkjanna sem hefst í Kyoto eftir hálfan mánuð.

Ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma að taka virkan þátt í viðræðunum og mótaði stefnu sína fyrir þær. Þar var m.a. lögð áhersla á að nýjar skuldbindingar tækju til allra gróðurhúsalofttegunda og að aðgerðir til að binda kolefni í jörðu og gróðri yrðu metnar fullgildar aðgerðir til að draga úr losun. Ríkisstjórnin lagði enn fremur áherslu á að í samningaviðræðunum skyldi taka tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sérstaklega ríkja sem mæta orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum, enn fremur að nýjar skuldbindingar mættu ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa vegna iðnaðarframleiðslu jafnvel þó að framleiðsluferlin ykju losun staðbundið.

Við upphaf viðræðnanna ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan samráðshóp undir stjórn umhvrn. til að fylgjast með samningaviðræðunum. Frá upphafi áttu landbrn., sjútvrn., iðnrn., samgrn. og utanrrn. aðild að samráðinu. Á þessu ári hafa embættismenn úr forsrn. og fjmrn. einnig tekið þátt í undirbúningi samningaviðræðnanna. Þá hef ég tvívegis haldið kynningarfundi með fulltrúum atvinnulífsins og áhugasamtaka um þessi mál í janúar 1996 og aftur í síðasta mánuði.

Í fyrirliggjandi samningsdrögum sem fjalla á um á Kyotofundinum eru enn mörg óleyst ágreiningsefni. Nokkuð víðtæk samstaða er um að samningurinn skuli fela í sér lagalega bindandi losunarmörk miðað við ákveðnar tímasetningar. Aftur á móti eru mjög skiptar skoðanir um hver þau mörk eigi að vera.

Evrópusambandið hefur lagt fram tillögu um flatan niðurskurð þess efnis að losun tiltekinna gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum skuli vera 7,5% minni árið 2005 og 15% minni árið 2010 miðað við árið 1990. Bandaríkjamenn leggja einnig til að miðað verði við flatan niðurskurð og hafa lagt til að losun á árunum 2008–2012 megi ekki vera meiri en árið 1990 og skuli dregin saman á næstu fimm árum þar á eftir. Þróunarríkin styðja flatan niðurskurð á ríkjum sem skráð eru í viðauka I og leggja til sömu losunarmarkmið og Evrópusambandið fyrir árið 2005 og 2010.

Í Berlínarumboðinu frá 1995 segir að taka beri tillit til mismunandi upphafsstöðu ríkja og hvernig þau hafi nú þegar tekið á þessum vanda, uppbyggingu hagkerfis og auðlindagrunni, þörfinni fyrir að viðhalda sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum hvers og eins ríkis. Þá hefur alþjóðavísindanefndin um loftslagsbreytingar komist að þeirri niðurstöðu að flöt losunarmörk muni leiða til mun hærri heildarkostnaðar við að ná sama árangri en ef losunarmörkum yrði skipt á aðildarríkin í samræmi við aðstæður hvers og eins. Í þessu ljósi lagði Ísland ásamt Noregi, Kanada, Japan, Sviss, Rússlandi og Ungverjalandi fram tillögu á síðasta samningafundi þar sem lagt er til að losunarmörk verði mismunandi þannig að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna í hverju ríki.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ESB-ríkin hafa gert samkomulag sín á milli um hvernig þau hyggjast dreifa byrðunum ef samningar takast um að draga úr heildarlosun um 15%. Samkvæmt þessu samkomulagi koma nokkur ríki til með að geta aukið losun, t.d. Portúgalir um 40%, Grikkir um 31% og Svíar um 5% á meðan önnur þurfa að draga úr losun meira en 15%, t.d. Lúxemborg um 30% og Danir og Þjóðverjar um 25%. Þá geta Frakkar og Finnar verið með óbreytta losun miðað við 1990.

Ekki er ljóst hvernig þetta mál kann að leysast en möguleikar til lausnar virðast fyrst og fremst vera þrír. Í fyrsta lagi flatur niðurskurður eða óbreytt losun miðað við 1990. Í öðru lagi samningur þar sem tekið verður tillit til sérstakra aðstæðna en að losunarmörkin verði innan ákveðins ramma. Og í þriðja lagi samningur þar sem einstök ríki setji sér sjálf þau mörk sem þau telja raunhæf og sanngjörn og að um það verði síðan fjallað í samningaviðræðunum hvort mörkin séu eðlileg.

Í fyrirliggjandi samningsdrögum eru nokkrar tillögur um ákvæði sem eiga að tryggja sveigjanleika til að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda á sem hagkvæmastan hátt. Í þessu sambandi hafa m.a. komið fram tillögur um að hægt verði að eiga viðskipti með losunarkvóta á milli ríkja og að fleiri en eitt ríki geti haft samvinnu um framkvæmdir sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Um þessi atriði er enn nokkur ágreiningur, sérstaklega varðandi tillögur um að ríki skuli ekki geta átt viðskipti með losunarkvóta fyrir gróðurhúsalofttegundir. Ísland hefur haft jákvæða afstöðu til ákvæða sem skapa sveigjanleika við framkvæmd samningsins.

Annað ágreiningsefni er hvaða lofttegundir eigi að falla undir losunarákvæði samningsins. Annars vegar eru mörg ríki sem vilja að þau nái einungis til koltvíoxíðs, metangass og tvíköfnunarefnisoxíðs. Hins vegar eru þau sem vilja að samningurinn nái til allra helstu gróðurhúsalofttegundanna. Sömuleiðis eru skiptar skoðanir um hvort taka eigi tillit til aðgerða einstakra ríkja til að auka bindingu koltvíoxíðs eins og þó er gert ráð fyrir í Berlínarumboðinu.

Þá má geta þess að Evrópusambandið hefur lagt fram tillögur um ýmsar skilgreindar aðgerðir sem aðildarríki samningsins yrðu skuldbundin til að koma til framkvæmda. Í þessum tillögum eru m.a. hugmyndir um afnám styrkja sem hvetja til notkunar á kolefnaríkum orkugjöfum og að komið verði á koltvíoxíðsskatti. Fjöldi ríkja telur afar óheppilegt að samningurinn hafi nákvæm fyrirmæli um tilteknar aðgerðir þar sem aðstæður í einstökum ríkjum séu mjög mismunandi.

Framangreind upptalning sýnir að ýmis vandasöm atriði hafa enn ekki verið til lykta leidd á þeim átta samningafundum sem fram hafa farið hingað til. Til viðbótar má geta þess að Bandaríkjamenn hafa lagt mikla áherslu á að ákveðin mikilvæg þróunarríki taki einnig á sig frekari skuldbindingar. Þessari kröfu Bandaríkjamanna hefur verið ákaflega illa tekið af þróunarríkjunum. Það er því ekki óeðlilegt að ýmsir sjái á því tormerki að samningar takist á þeim stutta tíma sem til stefnu er.

Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga þann mikla vilja til að ná niðurstöðu sem einkennir samningaviðræðurnar. Það er mikill og vaxandi þrýstingur á að sýna einhvern árangur af þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið frá því að Berlínarumboðið var samþykkt á fyrri hluta árs 1995.

Þá er einnig mikilvægt að gera sér ljóst að almennt er álitið að væntanlegt samkomulag í Kyoto verði aðeins fyrsti áfangi af mörgum til að styrkja samninginn svo takast megi að stöðva vaxandi uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Þegar taka þarf endanlega afstöðu til niðurstöðu samningaviðræðnanna í Kyoto er nauðsynlegt að hafa í huga hvaða afleiðingar það kynni að hafa ef íslensk stjórnvöld kysu að standa utan fyrirhugaðrar Kyoto-bókunar. Kyoto-bókunin kemur til með að hafa veruleg áhrif á öll þau ríki sem gangast undir lagalega bindandi losunarkvóta. Öll atvinnustarfsemi í þessum ríkjum mun í vaxandi mæli þurfa að aðlagast minna svigrúmi til losunar gróðurhúsalofttegundanna. Ríki sem standa utan fyrirhugaðrar bókunar verða því væntanlega talin hafa hagstæðari samkeppnisstöðu og hafa meira svigrúm til hagvaxtar. Það er næsta víst að ýmis þróunarlönd eygja í samningunum ákveðin tækifæri til að efla hagvöxt með því að taka við framleiðsluferlum frá iðnríkjum þegar iðnríkin þurfa að draga úr losun. Ég tel því víst að þau ríki sem skráð eru í viðauka I í rammasamningnum og kjósa að taka ekki á sig þær skuldbindingar sem felast í fyrirhugaðri bókun muni verða fyrir verulegum pólitískum þrýstingi frá öðrum ríkjum í viðauka I og þróunarríkjum til að axla þær byrðar sem aðild að fyrirhugaðri Kyoto-bókun felur í sér.

Rammasamningur með fyrirhugaðri Kyoto-bókun verður í framtíðinni einn mikilvægasti alþjóðasamningurinn sem gerður hefur verið og hann kann að hafa veruleg áhrif á öll alþjóðleg samskipti. Ríki sem kjósa að standa utan fyrirhugaðrar bókunar munu væntanlega ekki verða talin jafntrúverðug í samstarfi sínu við önnur lönd um umhverfismál og jafnvel einnig önnur alþjóðamál sem tengjast umhverfismálum. Það kynni því að veikja stöðu og áhrif okkar Íslendinga á alþjóðavettvangi, m.a. í málum er tengjast mengun hafsins, ef við kjósum að standa ekki að bókuninni.

Tvær mikilvægustu atvinnugreinarnar hér á landi eru sjávarútvegur og ferðaþjónusta. Kjósi Ísland að standa utan fyrirhugaðrar bókunar kann það að veikja þá jákvæðu umhverfisímynd er reynt hefur verið að skapa í tengslum við þessar atvinnugreinar. Enn fremur er hugsanlegt að frjáls félagasamtök reyni að draga athygli að afstöðu íslenskra stjórnvalda og það geti valdið þessum atvinnugreinum einhverjum erfiðleikum. Þetta gæti haft neikvæð áhrif á afkomu sjávarútvegs og ferðaþjónustu en verður að skoða í ljósi þess að losunarmörk kunna einnig að skerða möguleika til þróunar og vaxtar í þessum greinum.

Þá má vera að ýmis erlend fyrirtæki sem að öllu jöfnu teldu atvinnulíf við Ísland álitlegan fjárfestingarkost héldu að sér höndum ef á alþjóðavettvangi yrði dregin upp dökk mynd af umhverfisstefnu íslenskra stjórnvalda. Einkum á þetta við ef íslensk stjórnvöld ná ekki að skapa trúverðuga stefnu og markmið sem samræmast almennum markmiðum rammasamningsins.

Hæstv. forseti. Það er ólíklegt að það takist að leysa úr öllum þeim ágreiningsmálum sem lýst hefur verið hér að ofan. En almennt virðist vera mikill vilji til að láta á það reyna og að á Kyoto-fundinum verði jafnframt ákveðið að halda áfram tilraunum til að finna ásættanlegar leiðir til að taka á þeim sem ekki tekst að leiða til lykta þar. Enn fremur er lögð áhersla á að mörkuð verði einhver stefna um frekari skuldbindingar þróunarríkja þar sem verulegur vöxtur í losun er fyrirsjáanlegur í þróunarríkjunum á næstu árum og áratugum ef ekkert verður að gert. Ég er því hóflega bjartsýnn á að niðurstaða fáist í Kyoto. Náist hún ekki þar verður áfram haldið og samningunum lokið á fjórða þingi aðildarríkjanna á næsta eða í síðasta lagi á þarnæsta ári. Ég tel því mjög mikilvægt að við Íslendingar verðum aðilar að þessari niðurstöðu ef nokkur kostur er.

Ég hef nú rakið í nokkru máli helstu atriði varðandi skýrslu mína á þskj. 180 um loftslagsbreytingar og um hugsanlegar niðurstöður í þeim samningum sem nú standa yfir. Mál þessi hafa tiltölulega lítið verið rædd á hv. Alþingi þannig að ég taldi rétt að leggja fyrir þingið ítarlega skýrslu um framgang þessara mála, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi Kyoto-fundarins og þess samnings sem þar kann að verða samþykktur. Það er brýnt að við Íslendingar séum vel upplýstir um loftslagsbreytingar, eðli gróðurhúsaáhrifa og hugsanlegar afleiðingar þeirra. Við verðum því að taka á málum af ábyrgð og festu, ekki bara okkar vegna, heldur vegna barna okkar, barnabarna og komandi kynslóða um allan heim.

[16:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Í ræðu hæstv. umhvrh. stendur þrennt upp úr. Í fyrsta lagi tók hann ekki af skarið um það hvar Ísland mundi lenda ef ekki yrði tekið hæfilega á sérstöðu landsins. Er það virkilega svo að hæstv. umhvrh. hafi verið að boða það að Ísland muni standa utan Kyoto-samningsins og í hvaða veröld lifir hæstv. umhvrh. þegar hann tekur svo til orða að það að standa utan samningsins kynni að veikja stöðu Íslands? Hvernig getur íslenskur umhvrh. sem hefur kynnt metnaðarfulla umhverfisstefnu á alþjóðavettvangi tekið svona til orða?

Í öðru lagi gat hæstv. umhvrh. ekki neitt um afstöðu sína til þeirra stórfelldu stóriðjuáforma sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram á sérstöku þskj. þar sem hann segir um sumar þeirra að þær séu það langt komnar á veg að það kynni að verða unnt að taka ákvörðun um framkvæmdir á komandi vetri. Hann sagði ekki eitt einasta orð um það þó að það sé alveg ljóst að þetta mun leiða til þess að við keyrum langt fram úr öllum viðmiðunarmörkum.

Og í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra nákvæmlega ekki neitt um það hvaða ráðstafana íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til til mótvægis við aukna losun þessara óæskilegu lofttegunda út í andrúmsloftið, nákvæmlega ekki neitt.

Hæstv. ráðherra sagði að menn ættu ekki að tala af léttúð um þetta mál. Ég hef ekki lagt það í vana minn að ásaka hæstv. umhvrh. um alvöruleysi. En mér finnst það a.m.k. alvarlegt metnaðarleysi að koma hingað og halda ræðu eins og þessi hæstv. ráðherra gerði. Ég verð að segja það, herra forseti.

Hæstv. ráðherra á hrós skilið fyrir þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Þar er tekið mjög ítarlega á þeim afleiðingum sem gróðurhúsaáhrifin kunna að hafa fyrir umheiminn og fyrir Ísland sérstaklega. Þar er líka gerð mjög nákvæm grein fyrir þeirri stöðu sem samningaviðræðurnar eru í og því ferli sem Íslendingar hafa tekið þátt í til þessa.

Hæstv. ráðherra gat þess að líklegt væri miðað við spá sérfræðinga að á næstu öld eða í lok næstu aldar, kynni hita-

stig á jörðinni að hafa hækkað um 3,5 gráður. Hvað er það mikið? Það er nákvæmlega helmingurinn af þeirri hitasveiflu sem markar skil ísaldar og hlýskeiðs. Aldrei á síðustu 10 þúsund árum hefur mannkynið nokkru sinni séð eða staðið andspænis svona gríðarlegum breytingum í umhverfinu.

Við erum þegar farin að sjá fyrstu áhrif þeirra einkenna sem stafa af loftslagsbreytingunum. Við sjáum það í aukinni tíðni fellibylja, ofsaveðra, storma og það er alveg ljóst að þessi þróun heldur áfram. Hvað mun þetta þýða fyrir jörðina í heild? Hæstv. ráðherra gat þess sjálfur að það mundi leiða til aukinna skordýraplágna, aukinna sjúkdóma og það má bæta því við að mjög víðfeðm landsvæði munu verða að eyðimörkum í kjölfar þessa. Og hverjir munu bera lakastan hlut út úr þessu? Því svarar hæstv. ráðherra sjálfur á bls. 8 í sinni ágætu skýrslu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þeir jarðarbúar sem búa við mestan skort og fátækt munu væntanlega verða mest fyrir barðinu á afleiðingum loftslagsbreytinga af mannavöldum."

Ég spyr, herra forseti: Höfum við ekki einhverjar siðferðilegar skuldbindingar gagnvart þessu fólki?

Hæstv. ráðherra gat þess líka að í löndum fjarlægum okkur, smáum eyríkjum sem þó eru fjölmennari sum hver heldur en Ísland, í Indlandshafi og í Suður-Kyrrahafi, þá mundu afleiðingarnar verða þær að þessar þjóðir, þessi eyríki, mundu í bókstaflegri merkingu líða undir lok, þ.e. þær mundu hverfa undir yfirborð sjávar. Menning heilla þjóða um hverfa. Auðvitað hljótum við líka að hafa siðferðilegar skuldbindingar gagnvart þeim.

En gagnvart hverjum höfum við mestar skuldbindingar? Við höfum það gagnvart langtímahagsmunum Íslands eins og hæstv. ráðherra sagði í lok málsins, gagnvart barnabörnum okkar, gagnvart niðjum okkar, gagnvart þjóð okkar og gagnvart framtíð okkar. Hvað kann að blasa við ef ekki verður hægt að stemma stigu við aukningu þessara óæskilegu lofttegunda? Það er ekki hægt að færa sönnur á það, en það sem gæti gerst er að gríðarleg breyting yrði á hafstraumum á norðurhveli jarðar vegna bráðnunar jökla. Og hvað heyrðum við í fréttunum í dag? Við heyrðum að á sl. 30 árum hefur orðið mesta bráðnun á hafís og jöklum á norðurhveli jarðar sem mannkynið hefur þekkt áður, sem hefur mælst áður. Þetta leiðir til gríðarlegra kaldra strauma sem koma frá norðurskautinu og suður eftir og hvað gæti það leitt af sér? Það gæti bókstaflega sveigt Golfstrauminn af leið. Við eigum í rauninni ekki að geta búið á Íslandi. En við getum það vegna þess að sunnan úr höfum kemur þessi hlýi Golfstraumur og uppstreymi sjávarins á mótum hinna köldu og heitu strauma gerir það að verkum að hér eru auðugustu fiskimið í heimi. Ég segi það, herra forseti, að ein af afleiðingunum sem mér fannst hæstv. umhvrh. ekki draga nægilega skýrt fram er sú að Ísland kynni að verða óbyggilegt þegar horft er til lengri framtíðar og kynni líka að verða svipt sínum auðugu fiskimiðum og þar með undirstöðu þess lífs sem við þekkjum á Íslandi. Þetta er auðvitað það sem við þurfum að horfa til.

Við höfum tekið virkan þátt í þeim undirbúningi þessa rammasamnings sem miðar að því að takmarka losun á gróðurhúsalofttegundum. Við erum í hópi þeirra iðnvæddu þjóða sem í Ríó á sínum tíma gengust undir þá skuldbindinu að draga sem heild úr aukningu á útblæstri þessara lofttegunda þannig að losunin verði ekki meiri árið 2000 heldur en hún var 1990. Við höfum líka tekið fullan virkan átt í undirbúningi Kyoto-ráðstefnunnar sem við vissum alltaf að miðaði að því að ná lagalega bindandi samningum um takmörk á losun þessara skaðlegu lofttegunda.

Mikið hefur verið talað um sérstöðu Íslands og vitaskuld eigum við að halda henni fram. Hún felst í tvennu. Hún felst í því að við höfðum þegar, áður en viðmiðunarárið 1990 rann upp, gripið til gríðarlegrar notkunar á mengunarlausum orkugjöfum. Það er erfitt um vik fyrir okkur að gera stórátak í þeim. Það er líka sérstaða okkar að við búum við fiskveiðar sem koma öllum heiminum til hagsbóta. Þetta er sérstaða sem við eigum að sjálfsögðu að halda fram. Það er engin spurning. Ég tel að það sé ekkert, hvorki í siðferðilegu né öðru tilliti rangt að við reynum að fá metna alla þá sérstöðu sem við getum markað okkur í þessu máli. Það er einfaldlega eðli samninga að ganga eins langt og mótaðilinn getur sætt sig við. En það er líka eðli samninga, herra forseti, að una niðurstöðunni, að hlíta niðurstöðunni.

Hvað gerist ef við kjósum að standa fyrir utan samninginn? Hæstv. ráðherra orðaði það svo að það kynni að veikja stöðu Íslands. Ég held að ef við kjósum okkur það hlutverk að setjast á bekk með þeim rummungum heimsins sem ekki vilja taka þátt í þessu mikilvæga verkefni, þá muni það rústa í fyrsta lagi umhverfisstefnu Íslands. Það mun rústa í öðru lagi ímynd Íslands sem hreins lands. Hvað þýðir það fyrir okkur? Halda menn að það gangi jafn vel að selja ferskan hreinan íslenskan fisk og áður? Og telja menn að erlendir ferðamenn muni streyma hingað til lands jafnglaðbeittir og áður? Að sjálfsögðu ekki.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að umhverfismál og viðskiptamál eru alltaf að færast nær og nær hvert öðru. Ég er alveg sannfærður um það að ef við kjósum okkur það hlutskipti, sem ég hef lesið í orðum einstakra ráðherra sem hafa tjáð sig um þetta mál, að standa utan við Kyoto-samninginn, þá held ég að við munum sæta viðskiptaþvingunum í vaxandi mæli, eins og við sjáum að ríkjasambönd, stórþjóðir og hagsmunasamtök hafa beitt. En ég tel líka að móralskt séð getum við það ekki. Það stafar af því að við erum í hópi þeirra þjóða sem eiga hvað mest á hættu.

Í annan stað bendi ég á kannski þá mestu hættu sem blasir við okkur á næstu öldum, en það eru áhrif frávirkra lífrænna efna sem safnast upp í norðurhöfum. Hvað eru Íslendingar að gera í þeim efnum? Við höfum gengið fram fyrir skjöldu, m.a. hæstv. umhvrh. til þess að fá þjóðir heims til að gangast undir lagalega, bindandi samning um takmörkun á losun og notkun þeirra efna. Hvernig í ósköpunum eigum við að geta róið fyrir víkur útlendinga, annarra þjóða og beðið um stuðning í því efni ef við kjósum okkur það hlutskipti að standa fyrir utan þennan samning? Það gengur einfaldlega ekki upp, herra forseti. Það er ekki siðferðilega verjandi.

Það slær mann auðvitað þegar maður les þessa skýrslu hver viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru. Með hvaða hætti grípum við til aðgerða til að vega upp á móti losun þessara óæskilegu lofttegunda? Samantekt um það er að finna á bls. 4–5 og þar kemur í ljós að nánast ekkert er að gerast í þeim efnum. Hæstv. umhvrh. setur traust sitt á framtíðina. Tækniþróunin er ör, segir hann, en hún mun bara ekki þróast nógu ört á meðan hæstv. umhvrh. situr í stóli og ekki heldur á næsta kjörtímabili. Hvað er raunverulega að gerast? Nokkur atriði eru talin upp en það er kannski enn ein sérstaða Íslands að þessi ríkisstjórn hefur ekki bent á eitt einasta haldbært ráð í þeirri baráttu.

Hæstv. umhvrh. spáir því að árið 2000 verði útstreymi

koltvíildis 550 þúsund tonnum meira en 1990 og skrautfjöðrin í hatti hans er aukið átak í landgræðslu og skógrækt. Það kemur fram í máli hans að hann og ríkisstjórnin öll hefur eytt 450 millj. til þess að gera sérstakt átak í þessum efnum og hverju skilar það? Samkvæmt eigin skýrslu skilar það bindingu 22 þúsund tonna koltvíildis. Herra forseti. Hversu dýr yrði Hafliði allur? Ef nota ætti þessa aðferð til að vega upp á móti þessari spá hæstv. ráðherra, þá mundi það þýða að við þyrftum að rækta skóg fyrir um það bil 10 milljarða og e.t.v. meira. Hvar ætlar hæstv. umhvrh. að finna land fyrir allan þann skóg?

Í dag er staðan þannig að við losum út í andrúmsloftið sem nemur ígildi 2,6 millj. tonna af koltvíildi. Með þeim samningi, sem við höfum a.m.k. til þessa tekið þátt í að undirbúa í Kyoto, á að draga um 30–50% úr losuninni en samkvæmt skýrslu ráðherrans bendir allt til þess að við förum árið 2000 a.m.k. 16% fram úr, árið 2010 26% og 35% árið 2020 en hæstv. umhvrh. hefur ekki bent á neinar raunhæfar leiðir. Það er ekki nóg að benda á öra tækniþróun í framtíðinni.

En þar með er sagan ekki öll, herra forseti. Sú spá sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram um losun fram á næstu öld tekur einungis tillit til þeirrar stóriðju sem búið er að samþykkja nú þegar. En um leið og hæstv. umhvrh. er að boða að nauðsynlegt sé að draga úr losuninni, hvað er þá sessunautur hans, hæstv. iðnrh. að gera? Hann leggur fram skýrslu á þessu þingi þar sem gert er ráð fyrir stórfelldri stóriðju á Íslandi. Samkvæmt þeirri skýrslu er í fyrsta lagi gert ráð fyrir magnesíumverksmiðju sem mun leiða til þess að við losum koltvíildi sem nemur 350–370 þús. tonnum að auki út í andrúmsloftið. Í öðru lagi er talað þar um álver á Reyðarfirði og þar er nefnd talan 400 þús. tonn af áli sem þýðir um 400–500 þús. tonn af koltvíildi til viðbótar. Þar er talað um verksmiðju Atlantsáls með um það bil 240 þús. tonn af áli sem þýðir svona 300–400 þús. tonn til viðbótar af koltvíildi. Það er talað um 30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju á Austfjörðum sem mundi leiða líklega til 70–80 þús. tonna aukinnar losunar á þessum lofttegundum. Þar fyrir utan tala menn fullum fetum um stækkun málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um allt að tvo ofna og líkleg aukning á koltvíildi vegna þess væri sennilega um það bil 300 þús. tonn. Ég rifja það líka upp, herra forseti, að í lögum um álverið á Grundartanga er heimild um þreföldun og sú aukning er heldur ekki inni í spá hæstv. ráðherra en ef sú aukning yrði að veruleika, þá má gera ráð fyrir að aukin losun koltvíildis yrði um 180 þús. tonn, þannig að mér reiknast til, herra forseti, að aukningin sem felst í þeim stóriðjudraumum sem hæstv. iðnrh. er haldinn og hefur boðað hér í þessu þskj. nemur um það bil 2 millj. tonna af koltvíildi. Með öðrum orðum, hæstv. iðnrh. er að leggja til framkvæmdir sem nánast tvöfalda losun Íslendinga í dag.

Hvaða ályktun er hægt að draga af þessu? Ef staðan er jafnsvört og hæstv. umhvrh. nefndi áðan og ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að við verðum að taka tillit til barnabarna okkar, taka tillit til framtíðarinnar, þá er ekki nema ein niðurstaða í þessu máli og hún er sú að stóriðjustefnan sem við höfum fylgt er gjaldþrota. Það er einfaldlega það verð sem við þurfum að greiða fyrir að vera þátttakendur í því að bjarga okkar eigin framtíð.

*Mig langar að spyrja að lokum, herra forseti: Hvaða afstöðu hefur hæstv. umhvrh. til þeirra stóriðjudrauma sem hæstv. iðnrh. hefur kynnt í þessu þskj? Er það virkilega svo, herra forseti, að hæstv. umhvrh. eftir alla þá svörtu mynd sem hann hefur dregið hér upp, treysti sér ekki til þess að koma hingað upp og lýsa yfir að hann muni beita sér fyrir því að Ísland muni hlíta niðurstöðum Kyoto-samningsins?*

[16:37]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að í þeirri skýrslu sem ég lagði fyrir um hugsanlegar framkvæmdir á sviði stóriðjumála eru settar fram hugmyndir um byggingu stóriðjuvera sem taka til þess að þarna yrði um einhverja viðbótarlosun á gróðurhúsalofttegundum að ræða. Hv. þm. verður hins vegar að hafa það í huga að ef þessar framkvæmdir gengju allar eftir annars staðar í heiminum þar sem notuð yrði önnur orka en vatnsaflið til framkvæmda, þá yrði losunin tíu sinnum meiri heldur en þarna er áætlað.

[16:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að benda hæstv. ráðherra á að það er víðar til í heiminum mengunarlaus orka en á Íslandi. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því, herra forseti, að við höfum tekið þátt í því að undirbúna samning sem við vissum sjálfir eða gerðum ráð fyrir að yrði lagalega bindandi. Við þurfum þar af leiðandi að svara spurningunni: Hvernig ætlum við að standa frammi fyrir honum? Hvernig ætlum við að uppfylla hann? Ég sé enga leið að komast nálægt því að uppfylla hann á þessum tímapunkti þegar hæstv. umhvrh. segir sjálfur að við stefnum tugum prósenta fram úr því marki sem við höfum áður ákveðið. Ég sé enga leið til þess nema að byrja á að svipta öllum stóriðjudraumum út af borðinu eða a.m.k. að slá þeim á frest þangað til niðurstaða liggur fyrir.

[16:38]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu alveg rétt að til er hrein orka eða græn orka annars staðar í heiminum en á Íslandi. En á þeim stöðum þar sem um slíkt er að ræða eru kannski ekki sömu skilyrði til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og hér á landi. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt í ræðu sinni áðan, þá hafði hann það sem markmið og vildi að það markmið gengi fram að losunin yrði á heimsvísu sem allra minnst. Ef við göngum út frá því að við ætlum að halda áfram að lifa hér á landi og annars staðar í heiminum og halda áfram að auka hagvöxt og bæta lífskjör heimsins alls, þá hljótum við líka að ætla að halda áfram að framleiða iðnaðarvörur, m.a. úr áli, þannig að aðalatriðið er að ná þessari heildarniðurstöðu, sem er minnsti útblástur á þessum gróðurhúsalofttegundum í heiminum og það m.a. með því að nota græna orku og vatnsorkuna til þess.

[16:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil rök hæstv. iðnrh. fullvel. Ég er þeim einfaldlega ekki sammála. Við höfum tekið þátt í því að undirbúa Kyoto-ráðstefnuna. Við höfum ekki gengið gruflandi að því að þar er stefnt að lagalega bindandi samningi um ákveðið þak á losun og við þurfum auðvitað — þegar við höfum tekið þátt í því og þar með sagt a — að vita hvort við ætlum að segja b. Við ætlum að segja b. Það hefur *komið fram, er það ekki? Hvernig ætlum við þá að uppfylla* samninginn? Það er örugglega ekki hægt að uppfylla hann með því að hrúga inn í landið erlendri stóriðju sem mun líklega tvöfalda það magn sem við erum nú þegar að losa

af skaðlegum lofttegundum. Það er einfaldlega ekki hægt að halda því fram.

Ég held líka, herra forseti, að nóg sé komið af stóriðju á Íslandi. Ég held að við eigum að nema staðar í því efni og ég held líka að miðað við þá stöðu sem er að koma upp, sé skynsamlegt af ríkisstjórn Íslands að slá þessum stóriðjudraumum, þessum fyrirhuguðu framkvæmdum sem eru kynntar í skýrslu hæstv. iðnrh. á frest a.m.k. fram yfir það.

[16:41]

**Útbýting þingskjala:**

Nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 274. mál, fsp. LB, þskj. 344.

Þungaskattur, 272. mál, fsp. GL, þskj. 342.

[16:41]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér er hafin og þá skýrslu sem hæstv. umhvrh. lagði fyrir þingið í síðasta mánuði um þessi þýðingarmiklu mál. Ég tel mikla þörf á því að þau verði rædd vel og ítarlega og auðvitað ekki aðeins hér úr þessum ræðustól heldur gaumgæfð af öllum á Alþingi og í þingflokkum þingsins vegna þess að um mikil alvörumál er að ræða. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. umhvrh. að minna hefur farið fyrir umræðu um þessi stóru mál á Alþingi en æskilegt væri og búast hefði mátt við miðað við stærð.

Þegar þessi mál voru til umræðu 1993 af tilefni samningsins um loftslagsbreytingar, samningsins sem Ísland undirritaði með fyrstu ríkjum í Rio de Janeiro á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, var um það góð samstaða. Í umræðu um málið undirstrikaði ég þýðingu þess og stærð og ég hef á þeim tíma sem síðan er liðinn leyft mér að taka þessi mál inn í umræðu um ýmis efni, þar á meðal um efnahagsmál vegna þess að þau mál sem tengjast loftslagsbreytingunum og gerð alþjóðasamnings varða efnahagsþróun ríkja geysilega miklu. Skýrasta dæmið um það hvernig umhverfismálin eru orðin og verða í enn ríkari mæli að mínu mati dagskrármál þegar talað er um alþjóðamál á komandi árum, þar á meðal um efnahagsmál. Það verður að gerast ef menn ætla að taka samræmt á þeim hlutum. Eitt af því sem ég hef gagnrýnt í sambandi við Alþjóðaviðskiptastofnunina, er framhaldið af GATT-samningnum, þau lög sem þar að lúta vegna þess að sá stóri samningur er ekki á því spori að hann sé líklegur til að ráða við þann vanda sem við blasir í umhverfismálum heldur þvert á móti að auka þann vanda í miklum mæli nema þar verði stórfelld breyting gerð á.

Ég tel ekki sanngjarnt að gagnrýna hæstv. umhvrh. hér og nú fyrir það hvernig hann leggur þetta mál fyrir þingið. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi með skýrslu sinni til þingsins og þeim gildu fylgigögnum sem fylgja, þar á meðal skýrslunni frá í október 1997, ítarlegri skýrslu þar sem er að finna ýmis gögn málsins sem ekki koma fram í þingskjalinu, sýnt viðleitni og mér finnst skipta afar miklu máli að þingheimur virði þessa viðleitni sem umhvrn. hefur sýnt ásamt öðrum ráðuneytum til þess að reyna nú loksins — og ég segi loksins því það má vissulega gagnrýna að það skuli ekki fyrr hafa verið gert að koma með þessi mál þannig fram fyrir alþjóð, þing og þjóð að hægt sé að fjalla um þau á þeim forsendum sem ber.

Auðvitað má finna að mörgu sem snýr að málafylgjunni á fyrri stigum og mér hefur lengi verið ljóst að menn hafa ekki margir hverjir gert sér ljósa stærð þessa máls. Það er í rauninni ekki fyrr en í janúar sl. þegar hér á Alþingi komu svör hæstv. umhvrh. við fyrirspurn sem ég bar fram og tengdist áformum varðandi stóriðju, svör hæstv. ráðherra sem vörðuðu þau efni og viðræðurnar í aðdraganda Kyoto sem margir hrukku við, þar á meðal fjölmiðlar í landinu, og byrjuðu að fjalla um þessi mál í ljósi þess hvað þau koma við kvikuna á efnahagslegum fyrirrætlunum á Íslandi. Ég held t.d. að þeir sem hafa verið að undirbúa magnesíumverksmiðju á Suðurnesjum hafi hrokkið rækilega við þegar það kom fram í svari hæstv. ráðherra þá, samkvæmt mati hans ráðuneytis, að bygging þeirrar verksmiðju með því framleiðsluferli sem kynnt hafði verið mundi losa gróðurhúsalofttegundir á Íslandi til jafns við það sem þegar er orðið og þeir aðilar hafa síðan verið að leita annarra leiða til að minnka þetta stórlega.

Ég vil leiðrétta það sem kom fram í umræðunni hjá hv. síðasta ræðumanni, talsmanni Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna, að sú losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist stóriðjuhugmyndunum sem hv. þm. nefndi og er á dagskrá, sú tala var allt of allt of lág, um 2 millj. tonna sem þar yrðu losaðar. Talan er langtum hærri en það er ekki viðfangsefni þessarar umræðu að leggja hana hér fyrir. Það nægir að minna á að ramminn í umræðunum um álbræðslu á Austurlandi eða hér á landi vegum Norsk Hydro er ekki 400 þús. tonn heldur 720 þúsund tonn sem þýðir losun um nærri því 1,5 millj. tonna á gróðurhúsalofttegundum á sama tíma og við losum í heild um 2,8 millj. tonna. Þetta sýnir okkur stærðina í þeim hugmyndum.

Virðulegur forseti. Það sem ég hef sérstaklega áhyggjur af í sambandi við stöðu þessa máls hér og nú er það hvernig hæstv. ríkisstjórn fjallar um það og hvað fram kemur hjá hæstv. ráðherrum varðandi þetta stóra mál nú upp á síðkastið þar sem mér sýnist að mjög mikið vanti á að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið á þessum málum sem bæri og veiti hæstv. umhvrh. þann stuðning sem ber í þeim mjög vandasömu viðræðum sem hæstv. ráðherra fer með fyrir ríkisstjórnarinnar hönd og þar sem kunna að verða stigin mjög ákvarðandi skref í Kyoto í næsta mánuði. En á það ber að leggja áherslu og þess ber að minnast sem hæstv. ráðherra vissulega nefndi að það kemur dagur eftir Kyoto og þó að ekki fari svo sem mér heyrist að hæstv. iðnrh. sé svona að gæla við sem líklega niðurstöðu, að ekkert komi út úr þeirri ráðstefnu, þá er eins víst og dagur er á eftir þessum að það verður annar fundur sem mun reyna að ná saman um þetta stóra vandamál seinni hluta næsta árs og er þegar farið að undirbúa slíkan fund vegna þess að auðvitað þarf að fjalla útfærslu á því sem kann að nást saman um í Kyoto og taka á stærstu þáttum málsins á næsta ári og áframhaldandi þangað til viðunandi alþjóðleg samstaða næst til þess að bægja frá þeirri stórhættu sem mannkyni öllu stafar af því ef fram heldur sem horfir í þessum málum og ekkert samkomulag tekst.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að finna orðum mínum stað um áhyggjuefni að því er varðar hæstv. ríkisstjórn. Þá hef ég í huga öðru fremur þann sem þar er fremstur, hæstv. forsrh., og það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í síðustu viku, bæði tilvitnanir í ræðu haldna úti í Ósló og bein ummæli hér í fjölmiðlum. Mér sýnist að það sem hæstv. forsrh. sagði þar beri vott um að íslenska ríkisstjórnin taki ekki af heilindum þátt í þeirri viðleitni sem hæstv. umhvrh. hefur í málinu. Þetta segi ég m.a. vegna þess að hæstv. forsrh. er þar, samkvæmt fjölmiðlum sem ég hef hér útskrift af og í Morgunblaðinu 13. nóvember sl., að vekja upp drauga sem eiga

ekkert að vera viðfangsefni fundarins í Kyoto samkvæmt þeim samningsgrunni sem gengið var frá í Bonn á annarri ráðstefnu aðildarríkjanna þess efnis að ekki ætti að reyna að binda þróunarríkin við ákveðnar takmarkanir í þeim samningum sem þá var ákveðið að reyna að ná, heldur yrði það viðfangsefni síðari tíma hvernig þau kæmu inn í slíkt og öllum auðvitað ljóst að þau verða einhvern veginn að koma inn í slíkt í framtíðinni. En það er mjög alvarlegt mál þegar hæstv. forsrh. virðist ekki taka tillit til Berlínarumboðsins frá 1995 sem allt hvílir þó á og sem formaður samninganefndarinnar á fundinum í Bonn í síðasta mánuði ítrekaði sem niðurstöðu, ef ég hef skilið það rétt, á þeim fundi að væri óbreyttur grunnur, þ.e. að ríkjahópurinn 77 sem er auðvitað miklu stærri verði ekki hluti af þeim lagalegu skuldbindingum sem á að reyna að ná um lækkun á losun gróðurhúsalofttegunda og fyrst og fremst þau ríki sem tengjast viðauka I. Þetta er alvarlegt, sem og vangaveltur hæstv. forsrh. um það hvernig samningur sem skuldbindi iðnríkin við ákveðin losunarmörk og lækkun á losun gróðurhúsalofttegunda, rakst í alþjóðaviðskiptum. Er ekki öllum ljóst að með þeirri stefnu sem lagt var upp með í samningunum er auðvitað verið að breyta aðstæðum varðandi alþjóðaviðskipti? Þróunarríkin fá vissulega ákveðið forskot sem er þeirra góði réttur og hafa gild sanngirnisrök til þess að krefjast og á hefur verið fallist pólitískt. Ég skal ekki segja hver niðurstaða þessara mála verður í framtíðinni en ég leyfi mér að segja það hér að ég held að bindandi alþjóðasamningar um þessi efni hljóti að lokum að taka mið af því að hver einstaklingur á jörðinni hafi sama aðgengi að lofthjúpnum og þar með sama aðgengi að möguleikum til þróunar og mannsæmandi lífs, sömu möguleika til þess að losa í sameiginlegan lofthjúp. Það þýðir auðvitað sitt fyrir iðnríkin og fyrir þá sem nú eru komnir langt fram úr, miklu lengra fram úr en er mögulegt til þess að standa undir lífi á þessari jörð ef allir tækju sér þann rétt sem iðnríkin hafa tekið sér í sambandi við losun gróðurhúsalofttegunda.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, um ummæli hæstv. forsrh. og mætti þó fleira um það segja. Ég tel alveg nauðsynlegt að hér við þessa umræðu komi þetta skýrt fram: Styður hæstv. forsrh. þetta mál og að gengið verði frá niðurstöðu á grundvelli þess sem fram hefur komið hjá hæstv. umhvrh. og á grundvelli þeirrar stefnu sem samninganefnd, ég leyfi mér að kalla það það, Íslendinga á Bonn-fundinum í síðasta mánuði reyndi að færa þar fram miðað við að hægt sé að laga samningsgrundvöllinn að einhverju leyti að þeim markmiðum sem Íslendingar telja æskileg eða nauðsynleg? Auðvitað er alveg ljóst að við fáum þar aldrei allt. En mér er tjáð, m.a. eftir samningaviðræður í síðasta mánuði að viss atriði hafi þokast þar verulega í áttina, t.d. að möguleikarnir á að binding í einhverju formi verði viðurkennd hafi vaxið. Það er inni í þessu sveigjanleiki. Inni í þessu virðast vera möguleikar í sambandi við skipti á mengunarkvóta og ákveðnu tilliti til breytileika varðandi einstök ríki. Þetta er þýðingarmikið fyrir Ísland. En þó að þetta náist fram, þá er alveg ljóst að brautin er ekki vörðuð fyrir þau áform sem ríkisstjórnin hefur haft uppi í sambandi við stóriðjumál. Þar munu menn að samningagerð lokinni búa við allt annan veruleika. Það þarf ekki að þýða að lokað sé á orkunýtingu á Íslandi til iðnaðar með öllu. Það er verulega langt frá því. En landslagið er gjörbreytt að því leyti og það þýðir ekkert að hugsa sér einhver heljarstökk eins og ríkisstjórnin og hæstv. iðnrh. hefur verið að boða í þeim efnum og hæstv. utanrrh. sem hefur tekið undir alveg frá því síðasta vor í eldhúsdagsumræðum hér í Alþingi, að við mættum ekki binda okkur nokkurn skapaðan hlut ef það þýddi að við gætum ekki bara gengið fram í nýtingu orku eins og okkur gott þætti og þetta ítrekaði hæstv. utanrrh. í umræðum um utanríkismál á dögunum. Það eru þessar áhyggjur sem ég hef, að hæstv. ríkisstjórn standi ekki að baki hæstv. umhvrh. í þessu stóra alvörumáli. Ég bið um að hér á Alþingi verði stuðningur við skynsamleg samningsmarkmið að þessu leyti þannig að reynt verði að sjá fyrir hagsmunum Íslands eins og mögulegt er. En það sem aðalmarkmið á að vera er að taka þátt í alþjóðasamningi sem feti okkur áfram í að leysa í alþjóðlegu samhengi eða bægja frá þeirri vá sem mannkyn allt býr við nú og við blasir og mun fara vaxandi ef ekki tekst að ná þeim árangri sem stefna verður að.

[16:57]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Málið sem hér er til umræðu á að mínu mati sér engan samjöfnuð í því sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi. Í fyrsta lagi er enn þá ákveðin óvissa í þeim vísindalega grunni sem liggur til grundvallar þeim kenningum sem verið er að fjalla um og afstaða manna til þeirra byggist meira á skoðun og jafnvel trú en því að um vísindalega sönnun sé að ræða. Hins vegar eru afleiðingar þess að misstíga sig í þessum efnum þvílíkar og koma ekki fram fyrr en svo langt er liðið á næstu öld að við verðum að taka tillit til þeirra vísindalegu ábendinga sem við þó höfum. Í þriðja lagi er málefnið þess eðlis að allar þjóðir heims verða að koma að því til þess að það verði leyst viðunandi.

Staða Íslands í þessu máli er bæði góð og slæm. Hún er góð í því tilliti að útblástur okkar í dag mælt á hvern íbúa er í lægri kantinum hvað varðar Annex I þjóðirnar. Hún er góð vegna þess að við höfum gert miklar breytingar á orkukerfi okkar á undanförnum áratugum og njótum þar okkar föstu orkugjafa.

Staðan er hins vegar slæm að því leytinu til að við erum lítil og fámenn þjóð í stóru landi, eylandi, og byggjum þar af leiðandi mjög mikið á samgöngum, bæði innan lands og við umheiminn. Og eins og allir vita þá eru samgöngur einn sá þáttur sem eyðir hvað mestri orku hér á landi og veldur hvað mestum útblæstri.

Okkar grunnatvinnuvegur er svo líka fiskveiðar og þar er orkunotkun gríðarlega mikil og hefur að undanförnu frekar farið vaxandi miðað við aflaeiningu heldur en hitt. Ég sé því ekki að við getum leyst þessi tvö stóru vandamál okkar hvað úblástur varðar nema til komi verulegar tækniframfarir sem annars vegar leiði til mun betri nýtingar eldsneytis eða til þess að nýir eldsneytisgjafar komi fram á sjónarsviðið sem valdi minni útblæstri.

En hver er staðan í samningunum í dag hvað okkur varðar og umheiminn? Við höfum lagt nokkur atriði til grundvallar í málflutningi okkar. Við höfum lagt áherslu á að nýjar skuldbindingar taki til allra gróðurhúsategunda og aðgerðir til að binda kolefni í jörðu og gróðri verði metnar jafngildar aðgerðum til að draga úr losun. Við höfum lagt áherslu á að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sérstaklega ríkja sem mæta orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum. Og við höfum lagt áherslu á að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkja til að auka notkun endurnýjanlega orkugjafa vegna eigin framleiðslu jafnvel þótt framleiðsluferlið auki losun staðbundið.

Það má segja að í samningunum liggi fyrir fjögur tilboð, annars vegar frá samtökum smáeyríkja, hins vegar frá Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Þrjú þessara tilboða eru í eðli sínu mjög svipuð. Þau byggja á flatri skerðingu útblásturs á tilteknu tímabili, tiltekin mörk við tiltekin ártöl. En tillaga Ástralíu er annars eðlis. Hún byggir ekki á flötum skerðingum og mismunandi ártölum, heldur á því að kostnaður ríkjanna við að mæta heildarskuldbindingunum verði sem líkastur, að mismunandi aðgerðir hjá mismunandi þjóðum verði lagðar til grundvallar en að þær kosti svipað, sama hvaða land er um að ræða.

Það er hins vegar annað sem er merkilegt í þessu sambandi og vert að hafa í huga en það er að Evrópuþingið hefur lagt fram allt, allt aðrar tillögur en Evrópusambandið hefur lagt fram. Þær tillögur byggjast ekki nema að hluta á því að um verði að ræða flatan niðurskurð á útblástursheimildum. Þær byggja þá til viðbótar á því að stórum hluta af heimildunum verði úthlutað á grundvelli þess að um sé að ræða aðgerðir sem koma heildinni til hagsbóta þannig að ríki sem fara í aðgerðir sem minnka útblástur heildarinnar njóti þess. Ég ímynda mér að ef þetta kerfi verði tekið upp þá mundi Ísland njóta þess að eiga hreina orkugjafa til þess að framleiða léttmálma eins og ál og magnesíum.

Tillaga Evrópuþingsins gerir ráð fyrir því að þeir sem ekki standa við sínar heimildir eða fara fram úr þurfi að borga sektir í sérstakan sjóð sem jafnframt verði varið til að koma af stað aðgerðum sem verði heildinni til hagsbóta og heilla.

Ég tel að Ísland hefði átt að leggja áherslu á nokkur atriði til viðbótar í þessum samningaviðræðum. Í fyrsta lagi hefði ég talið mikilvægt að leggja áherslu á sameiginleg stefnuatriði við að ná tökum á vandanum og þá sérstaklega á skatt á kolefni. Ég tel að við munum ekki leysa okkar vanda hvað varðar samgöngur og fiskveiðar nema atvinnulífið og akademían í hinum stóra heimi taki höndum saman um að leysa vandamálið og eini þrýstingurinn til að fá þessa aðila til að takast á við vandamálið er fjárhagslegur, þ.e. að beitt verði efnahagslegum stjórntækjum eins og kolefnisskatti til þess að hafa áhrif á þessa þróun. Ég held einnig að það sé grundvallaratriði fyrir okkur, sama hvaða kerfi verður komið á, að leyft verði að versla með heimildir til útblásturs, þ.e. að hægt verði að hafa viðskipti með heimildirnar. Í þriðja lagi tel ég að við hefðum átt að leggja áherslu á að allar þjóðir heims kæmu að þessu vandamáli og að þessum samningum í upphafi því þegar til kastanna kemur erum við öll ábyrg fyrir þessu, ábyrg fyrir niðurstöðunni. Niðurstaðan verður ekki ljós fyrr en seint á næstu öld og því rétt að allir aðilar komi að málinu í upphafi jafnvel þó að þær byrðar eða þær skuldbindingar sem aðilar taki á sig séu ekki jafnar í upphafi, jafnvel langt frá því að vera jafnar. Þess vegna hef ég talið mikilvægt að þróunarlöndin tækju þátt í þeim samningaviðræðum alveg frá upphafi og sérstaklega að Kína væri þátttakandi í viðræðunum til þess að við gætum séð í framtíðinni að þessir aðilar væru tilbúnir til að takast á við það að leysa vandamálið á sama hátt og Annex I ríkin.

Í þessu samhengi er ég að tala um að við leggjum það til grundvallar að jafnframt því að Annex I ríkin taki á sig að lækka útblásturinn fengju þróunarlöndin heimild til að auka sinn útblástur tímabundið, en eftir því sem liði á næstu öld mundi þetta falla saman þannig að sem líkastur útblástur yrði á hvern íbúa í heiminum í lok aldarinnar þegar við værum komin á þann endapunkt sem við mundum ákveða að stöðvast við, hvort sem hann er 450, 550 eða 650 ppm. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við þurfum að ná samkomulagi um. Ekki síður þurfum við að ná samkomulagi um aðferðina og held ég að þetta sé eina aðferðin sem getur leitt okkur til farsæls enda á þessu máli.

En hvert stefnir í niðurstöðu þessara samninga núna? Líklegast er að ef einhver niðurstaða næst, þá verði það málamiðlun á milli tillagna samtaka smáeyríkjanna, Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. En hvernig þarf hún að vera til að við getum þolanlega við unað hér á landi? Ég held að það séu þrjú atriði sem eru afar mikilvæg fyrir okkur og til að þetta mál verði farsællega leyst fyrir okkur þarf að taka tillit til a.m.k. tveggja af þessu þrennu.

Í fyrsta lagi að tillit sé tekið til aðstæðna og möguleika þjóða, eins og okkar, sem nýta hreina orkugjafa og það verði viðurkennt að skynsamlegt sé út frá hagsmunum heildarinnar að framleiða léttmálma með hreinni orku við okkar aðstæður.

Í öðru lagi að tillit verði tekið til þess að hér séu möguleikar á því að binda kolefni í talsvert ríkum mæli.

Í þriðja lagi að heimilt verði að versla með heimildirnar á milli þjóða eða ríkjahópa. Í því tilliti finnst mér afstaða Evrópusamsambandsins afar sérstök, að ætla sér að beita mismunandi reglum innan sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi.

Ég held að það verði mjög erfitt fyrir okkur að lifa við það að samningur verði gerður í Kyoto sem ekki tekur tillit til a.m.k. tveggja af þessum þremur atriðum sem ég nefndi og vafasamt hvort við ættum að skrifa undir slíkan samning jafnvel þó að færa megi rök fyrir því að við værum jafnilla stödd undir þeim kringumstæðum hvort sem við skrifuðum undir samninginn eða ekki. Það væri einfaldlega að mínu mati afskaplega óréttlát niðurstaða ef hluti heimsbyggðarinnar kæmist að niðurstöðu sem ekki tæki einu sinni stærsta hluta mannkynsins með í reikninginn en mismunaði og skerti verulega möguleika einstakra þjóða í þeirri heimsbyggð þjóðanna, sem við búum í, og það þjóðar sem ekki er í hópi þeirra sem valda hvað mestum útblæstri.

Eins og ég sagði í upphafi á þetta vandamál að mínu mati engan samjöfnuð og því er ekkert skrýtið þó erfiðlega gangi að finna lausn á því. Ég vona að í Kyoto verði stigið skref í átt til lausnar vandanum og við skulum ekki hafa áhyggjur af því þó að við þurfum að halda aðrar ráðstefnur á næsta ári til að halda áfram að leita lausnarinnar því að þetta vandamál verður ekki leyst á þessu ári, það verður ekki leyst á næsta ári, það verður ekki leyst á þessari öld. Það verður ekki endanlega fyrirséð um lausn vandans fyrr en seint á næstu öld og þá verða það væntanlega börn okkar og barnabörn sem þurfa að horfast í augu við það hvort okkur hafi tekist vel upp að leysa þetta vandamál eður ei.

[17:11]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að hlýða á málflutning hv. þm. talsmanns Sjálfstfl. í umhverfismálum og ég skynja að það er ákveðið samhengi á milli þess sem frá hæstv. forsrh. hefur komið og heyra mátti hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég óttast að hæstv. forsrh. hafi kannski lagt helst til mikið hlustir við sjónarmið eins og mér fannst koma fram hjá hv. þm.

Það fyrsta varðar óvissuna. Það var fyrsta atriðið sem hv. þm. kom með, óvissan um þessar loftslagsbreytingar. Það er lengi hægt að tala um slíkt. En er það ekki niðurstaða sem

liggur fyrir? Er það ekki mat sem ber að virða? Ætlum við að hlaupa frá samningunum vegna þess að ýmsir telja að ekki liggi nein 100% vissa fyrir? Þetta finnst mér óskynsamlegt en þetta mátti einnig heyra frá hæstv. forsrh. í hans rökstuðningi fyrir því að e.t.v. ættu Íslendingar ekki að vera aðilar í Kyoto.

Annað atriði sem ég hlýt að gagnrýna úr máli hv. þm. er varðandi það að allar þjóðir verði að vera með, allar þjóðir verði að skuldbinda um að fara að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá og með þeim samningi sem rætt er um að gera eða bókun við samninginn. Þetta er allt annar grundvöllur en menn hafa verið að vinna á. Af hverju kemur Sjálfstfl. með þetta atriði hér og nú inn í umræðuna? Hvað veldur að farið er að hlaupa frá þeim grundvelli sem íslensk stjórnvöld segja að þau vilji starfa á og kom fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. í haust og hefur ítrekað komið fram? Nú á að fara að hlaupa þar frá vegna þess að Kína sé ekki með í þeim hópi sem eigi að skuldbinda. Þetta er málflutningur Clintons Bandaríkjaforseta sem hefur haft takmarkaðan áhuga eða a.m.k. mjög lítinn bakstuðning. Ég vona að stuðningurinn sé meiri á hv. Alþingi Íslendinga, stuðningurinn sé meiri fyrir því að fylgja leiðsögn (Forseti hringir.) hæstv. umhvrh. í þessu máli. Þetta líst mér ekki á, virðulegur forseti, og (Forseti hringir.) vona að hv. þm., sem ég veit að hugsar mikið um þessi mál, endurskoði sinn málflutning.

[17:13]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekkert að endurskoða málflutninginn. Ég held að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi hreinlega misskilið það sem ég sagði eða hann hefur kannski ekki heyrt það. Ég sagði að þrátt fyrir óvissuna ætti að takast á við það að leysa vandann, að afleiðingarnar væru þvílíkar að við gætum ekki horft fram hjá því að við þyrftum að takast á við þennan vanda.

En við erum að semja og ég var að segja frá því hvað ég teldi að væru þau atriði sem við þyrftum að leggja til grundvallar til þess að við gætum vel við unað og að hægt væri að ná heildarlausn í málinu.

Ég sagði ekki að allar þjóðir ættu að skuldbinda sig við þennan samning til þess að fara að draga úr útblæstri. Ég sagði þvert á móti að þróunarlöndin og Kína ættu að fá heimild til þess að auka, til að byrja með, en þau yrðu síðar meir, þegar lengra liði á þetta ferli, að minnka líka til þess að sem líkastur útblástur væri á íbúa í lokin hvar sem hann byggi í heiminum. Þar var ég að taka undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði í ræðu sinni fyrr í umræðunni. Þetta eru sjónarmið sem eiga ekki að koma hv. þm. á óvart. Hann þekkir þau og þau hafa verið til umræðu á alþjóðlegum ráðstefnum þar sem við höfum fjallað um þessi mál saman og ásamt með öðrum. Grundvallaratriði þess að lausn náist í málinu er að allir séu með frá upphafi, allir viti í upphafi hvar við ætlum að enda málið og að allir séu búnir að gera sér grein fyrir því strax að það séu ekki bara Annex I löndin sem byrji og ætli síðan að fá hina með sér heldur séu allir meðvitaðir um lokapunktinn strax í upphafi og skuldbundnir til þess að ná honum sameiginlega.

[17:15]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. hafi rétt fyrir sér að það hafi verið misskilningur eða að ég hafi ekki hlýtt nógu vel á mál hv. þm. Ég fagna því eindregið ef svo hefur verið og þar er kominn liðsmaður, virðulegur forseti. Ég treysti því að það hafi áhrif á hæstv. ríkisstjórn og þar með hæstv. forsrh. að hlýða á hv. þm. Ég leyfði mér að skilja þetta þessum skilningi en ég skal fúslega taka það til baka ef það er sjónarmið hv. þm. að það sé nógu lítil óvissa til þess að við förum út á þessa braut og tökum þar virkilega á. Hitt sem hv. þm. nefndi er á gráu svæði og vel það, þ.e. að þjóðir skuldbindi sig frá upphafi. Meginmálið er að ekki verði hróflað við Berlínargrundvellinum, þ.e. að þess verði ekki krafist og Ísland beri það ekki fyrir sig að G-77 ríkjahópurinn verði ekki þátttakandi að skuldbindandi mörkum og minnkun frá Kyoto-fundinum eða þegar gengið er frá samningi. Samningsgrundvöllurinn er slíkur. Síðan er ég alveg sannfærður um að talsmenn G-77 ríkjahópsins og þar á meðal Kína sem Ísland hefur verið í talsambandi við, a.m.k. ríkisstjórnin öðru hverju, að Kína væri fyrst ríkja til þess að taka undir þau stefnumið sem hv. þm. ræddi um að mætast á miðri leið þegar kemur fram á næstu öld. Ég nefndi þetta markmið í ræðu minni, þ.e. að sama heimild verði til losunar fyrir íbúa jarðar hvar sem er. Ætli það yrði ekki klappað fyrir því í Kína og víðar ef það yrði ritað inn í samninginn í Kyoto? Það er ég nokkuð viss um.

[17:18]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi Berlínargrundvöllinn og vissulega væri betri staða í samningunum í dag ef öll atriðin sem þar eru nefnd væru komin inn í samninginn sem við eigum von á að komi út úr umræðunum í Kyoto. Ég var ekki að bera það fyrir mig að við ættum ekki að undirrita samninga ef ekki væri búið að taka þróunarlöndin og Kína eða G-77 hópinn, eins og hann kallar það, inn í samkomulagið nú. Ég bar það ekki fyrir mig að það væri frágangssök. Ég nefndi þrjú atriði og taldi að tvö þeirra þyrftu að vera inni í samningnum til þess að hann væri vel viðunandi fyrir okkur. Það að allar þjóðir væru með í samningnum núna var ekki eitt af þeim atriðum.

Hvort hv. þm. hafi misheyrt og misskilið mig eða ekki þá komumst við að því þegar við lesum útskriftina af fyrstu ræðu minni.

[17:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það er vonum seinna sem við ræðum þetta stóra og mikilvæga mál. Eins og hefur komið fram stóð til að umræða um það yrði í vor og svo aftur í haust og síðan biðum við eftir skýrslunni. Ég tek strax fram að ég þakka hæstv. ráðherra fyrir báðar skýrslurnar. Stærri skýrslan var kynnt á fundi 17. okt. þar sem mjög hreinskilnar og gagnlegar umræður fóru fram og miklar upplýsingar komu fram. Ég held að það séu gagnlegar upplýsingar inn í þá umræðu sem hefur farið fram hverjir ættu að taka á sig skuldbindingar vegna þessa mikla vanda. Þá er rétt að minna á að um $^2/_3$ hlutar allrar losunar gróðurhúsalofttegunda í heiminum er í iðnríkjunum. Samkvæmt athugunum er álitið að árlegur herkostnaður vegna loftslagsbreytinga gæti verið u.þ.b. 2% af vergri landsframleiðslu fyrir iðnríkin en um 9% fyrir þróunarríkin. Þetta eru tölur sem við þurfum að hafa í huga. Ég held að ég fari ekki með neina vitleysu þó ég eigni þessar upplýsingar Tryggva Felixsyni, starfsmanni í umhvrn., sem skýrði margt sem hér kemur fram. Hann upplýsti m.a. að kostnaður við það að halda losun gróðurhúsalofttegunda í óbreyttu magni, miðað við árið 1990, væri metinn á 0,5–2%

af vergri landsframleiðslu hér á landi. Það var reyndar ýmislegt fleira og þar á meðal má nefna það sem kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. um hugmyndir sem hafa verið í því efni að miða við hvern íbúa og það er reyndar oft gert. Þá var upplýst að það hefði verið rætt um það í öllum undirbúningsviðræðunum að tekið yrði tillit til íbúafjölda og Ísland hefur nokkuð reynt að halda því á lofti það ég best veit. Mér er ekki ljóst hvernig þeir ætla þá að reyna að bregðast við þessu, hvort þeir ætla að reyna að stuðla að mikilli aukningu íbúa á Íslandi. Ég veit ekki hvernig þeir ætla að fara að því að stuðla að auknum barneignum eða bæta aðstæður barna og fjölskyldna, ég veit ekki hvort það er inni í þessu dæmi, en fróðlegt væri að heyra um það.

Kannski þarf ekki að endurtaka það að við erum að ræða um einhvern alvarlegasta umhverfisvanda sem heimsbyggðin á við að glíma og orsakavaldurinn er fyrst og fremst iðnbyltingin mikla. Afleiðingarnar geta orðið aldeilis skelfilegar og við erum í rauninni ekki að tala um eitthvað inni í blámóðu fjarskans. Við erum ekki bara að tala um framtíðina eftir eina öld eða tvær heldur erum við þegar farin að verða vör við áhrif af gífurlegri losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Það er margra álit að áhrifa af útblæstri sé þegar tekið að gæta í afbrigðilegri veðráttu, í vaxandi tíðni ofsaveðurs, vinda og úrhellis. Í því sambandi er rétt að minna á að mannkynið hefur teppalagt svo jörðina að það er varla að allt úrhellið komist niður í jörðina eins og það gerði áður. Þess vegna verða oft þessi hrikalegu flóð í iðnríkjunum, vatnið nær einfaldlega ekki að komast niður í jörðina fyrir malbiki og ræktun sem hefur gjörbreytt öllum aðstæðum. Þessi þróun mun halda áfram enn um sinn jafnvel þótt okkur tækist að stöðva aukningu útblásturs nú þegar. Mjög mikið er í húfi og ekki aðeins að stöðva aukningu útblásturs heldur að draga markvisst úr.

Á Íslandi er helsta áhyggjuefnið áhrif veðurfarsbreytinga á stefnu og styrk hafstrauma, þar á meðal Golfstraumsins, og hvað verður um meginauðlind okkar til þessa, þ.e. fiskgengdina við landið.

Á bls. 19 er meðal annars talað um að hækkun sjávarborðs vegna hlýnunar lofthjúpsins sé áhyggjuefni hér og það könnumst við við. Á hverju einasta ári rignir beiðnum yfir fjárveitingavaldið um að veita aukið fé til sjávarvarna og það er mikið áhyggjuefni. Sjávarflóð hafa þegar valdið talsverðu tjóni og það er ljóst að með tíðari og skaðlegri sjávarflóðum og hækkun sjávarborðs verður þetta mikið vandamál. Sömuleiðis hugsa ég til þess með nokkurri hryggð ef afleiðingarnar verða þær að við getum ekki lengur fagnað því að vera laus við pöddur á Íslandi þegar við berum saman við heitari lönd. Það hefur verið mikill kostur við að búa á Íslandi að vera tiltölulega laus við pöddurnar. Það er því ýmislegt sem við þurfum að taka með í reikninginn.

Nokkuð er fjallað um aðgerðir Íslendinga gegn loftslagsbreytingum. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það ekki vera sett upp á mjög metnaðarfullan hátt. Reyndar er fleira nefnt í stóru skýrslunni. Að vísu er nokkuð erfitt að festa hendur á því en þar er talað um hvetjandi aðgerðir, fræðslu og hagstjórnartæki. Talað er um markvissa eflingu fræðslu um gróðurhúsaáhrifin bæði í fjölmiðlum, skólum og á öðrum vettvangi og leiðir til að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ýmislegt fleira er nefnt en það sem mér finnst helst að þessu er að þær aðgerðir sem helst eru nefndar og mundu kosta einhvern pening eru auðvitað marklausar nema lagt sé eitthvert fé til þess og þess sér ekki stað í fjárlagafrv. að verið sé að taka á þessu af neinni alvöru. Í báðum skýrslunum er minnst á að framlög Íslendinga til þróunarhjálpar og þróunaraðstoðar verði aukin fram til aldamóta og stefnt að því að þau verði a.m.k. 0,3–0,4% af þjóðarframleiðslu árið 2000. Nú hlýt ég að spyrja í þessu sambandi: Hvað þyrfti þá framlagið að vera á ári til þess að ná markmiðinu? Vissulega er einhver aukning til þróunarmála í fjárlagafrv. en hún er mjög lítil og hún er fyrst og fremst vegna Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og einhverra slíkra mála en t.d. til Þróunarsamvinnustofnunar er engin aukning. Það væri gott að fá þessar upplýsingar hvert framlagið þyrfti að vera.

Að öðru leyti er fyrst og fremst um meira og minna óútfærðar hugmyndir að ræða í þessum aðgerðakafla. Það er stefnt að hinu og þessu. Sagt er að vinnuhópur sé að skoða hugmyndir, að verið sé að kanna möguleika á, að Vegagerðin hyggist reyna að draga úr notkun og þar með losun rokgjarnra lífrænna efna, að starfshópur muni kanna möguleika á hinu og þessu. Þetta er meira og minna óútfært og ég hlýt að biðja um nánari lýsingu á því hvað á að gera til að hefja raunverulega þessa ferð.

Ég veit um það sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og er farin að leggja til til aukinnar bindingar gróðurhúsalofttegunda með framlagi til skógræktar og landgræðslu. En það þarf mjög mikið til þess að sú binding skili raunverulegum árangri. Ég viðurkenni að ég hef ekki þá framtíðarsýn að við þekjum allt landið skógi. Þótt sagan segi að landið hafi verið viði vaxið milli fjalls og fjöru þá er það ekki mín draumsýn að við snúum til þeirrar myndar.

Það sem mér finnst langalvarlegast við það sem komið hefur fram hjá þeim sem hafa um þessi mál að segja er að mér finnst menn ekki treysta sér til þess í raun og veru að horfast í augu við afleiðingarnar af þessum mikla vanda og hvað þarf til. Ýmsir gestir á fundinum þar sem skýrslan var kynnt 17. október, m.a. fulltrúar atvinnulífsins, voru augljóslega mjög samstiga í þeim áherslum sem hafa komið fram bæði hjá þeim og stjórnvöldum. Það er hálfgert hálfkák sem kemur út úr þeim hugmyndum. Ég held að við verðum hreinlega að horfast í augu við það að tvennt þarf til sem ekki hefur verið lögð mikil áhersla á. Maðurinn þarf einfaldlega að breyta um lífshætti. Það gengur ekki að halda áfram á þessari endalausu braut neysluhyggjunnar sem krefst sífellt meira af náttúrunni og sífelldum ágangi á náttúruauðlindir okkar. Hins vegar þarf auðvitað að þróa visthæfar leiðir til að við getum lifað sómasamlegu lífi en í sæmilegri sátt við náttúruna. Ekki er tími til að fara nánar út í það en ég meina það alveg af innsta hjartans grunni að við þurfum að íhuga breytingar á lífsháttum okkar. Það væri ágætt að heyra það ef hæstv. ráðherra hefur einhverjar hugmyndir í því efni. Ég held að þarna þurfi sameiginlegt átak. En umræður og mikil fræðsla þyrfti náttúrlega að koma til áður en að því kæmi þannig að fólk gerði sér hreinlega grein fyrir því að það verði að fórna einhverju vegna þessa mikla vanda. Þetta þarf að ræða af fullri alvöru.

Ég hlustaði með athygli á það sem fjallað hefur verið um hér þ.e. um afstöðu stjórnvalda og áherslur í þessum umræðum. Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í máli hæstv. ráðherra hvernig staðan væri núna. Það stendur t.d. í skýrslunni að íslensk stjórnvöld hafi ekki sett fram neina tillögu um losunarmörk eða tekið afstöðu til fyrirliggjandi tillagna. Ég spyr hvort við séum eitthvað nær því núna. Með hvaða veganesti fer nefndin sem fer til Kyoto eftir aðeins fáeina daga? Minnt er á afstöðu ýmissa ríkja og ljóst er að

það er ýmislegt sem krefst skýringa. (Forseti hringir.) Því miður áttaði ég mig ekki á að tíminn liði svona fljótt. Ég hafði í huga fleiri spurningar en þær verða að koma fram síðar í umræðunni.

[17:34]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir fagna umræðunni um þetta mikilvæga mál hér á Alþingi. Ég held að enginn vafi sé á því að þetta er eitt alstærsta mál sem Íslendingar og aðrar þjóðir heimsins hafa staðið frammi fyrir á alþjóðlegum vettvangi mjög lengi. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að auðvitað verða Íslendingar að taka þátt í þessu samstarfi. Þeir hafa þar hagsmuna að gæta og verða að leggja sitt af mörkum til að minnka þá losun sem á sér stað í heiminum.

Sérstaða okkar er hins vegar mikil og við hljótum að krefjast þess í þeim samningum sem fara fram um þessi mál að okkar sérstaða sé virt og við fáum tækifæri til að nýta auðlindir okkar með hagkvæmum hætti m.a. til að minnka útblástur í heiminum.

Um það bil $^1/_3$ af þeim útblæstri sem er hér á landi er vegna samgangna, um það bil $^1/_3$ vegna fiskveiða og $^1/_3$ vegna iðnaðar, landbúnaðar og annarra atriða. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að við verðum að taka á okkur minnkun að því er varðar bæði samgöngur og fiskveiðar. Það ættum við að geta gert t.d. hvað varðar fiskveiðarnar. Ef hér verður áfram rekin hagkvæm og skynsamleg sjávarútvegsstefna þannig að flotinn fari minnkandi og fiskstofnar stækki, þá liggur ljóst fyrir að minni orku þarf til að ná í fiskinn.

Að því er varðar samgöngurnar eru vandamálin vissulega mikil. Við erum að bæta okkar samgöngukerfi og auka mjög samgöngur á landi. Uppi eru metnaðarfull áform um að bæta það enn meir á næstu árum og áratugum sem byggðirnar kalla á og mun óneitanlega kalla á meiri samgöngur. Að þessu leyti erum við öðruvísi stödd en ýmsar aðrar iðnaðarþjóðir t.d. í Evrópu, sem hafa þegar byggt upp hagkvæmt samgöngukerfi. En þessar þjóðir hafa hins vegar miklu meiri möguleika á að nota járnbrautir, sérstaklega rafknúnar járnbrautir og minnka þannig losun.

En sérstaða okkar er kannski mest vegna þess að við eigum mikið af endurnýjanlegum orkulindum sem við höfum notað að tiltölulega litlu leyti. Mér er ekki kunnugt um nokkurt annað land í Evrópu sem býr við slíka sérstöðu. Okkar krafa hlýtur að vera sú að við getum nýtt þessar orkulindir til að byggja upp efnahagslífið og til þess að leggja þær fram í þeim tilgangi að minnka útblástur í heiminum. Það er óumdeilanlegt að hagkvæmt er á heimsvísu að svo sé gert. Ég held að ef Ísland væri t.d. aðili að Evrópusambandinu þá væri það eitt af því sem Evrópusambandið hefur lagt áherslu á í sinni stefnumótun að allar slíkar orkulindir væru nýttar.

Vegna ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um að ég hafi lýst því yfir að Íslendingar ættu ekki að taka neinn þátt í þessu, þá er það ekki rétt eða ég hef kannski misskilið hann. (**HG:** Það sagði ég aldrei.) Þá hef ég misskilið hann. Það sem ég hef sagt og ég vona að okkur geti borið saman um að sé óásættanlegt er að við getum ekki nýtt okkar hagkvæmu orkulindir m.a. til stóriðju. Við vitum að þær orkulindir sem t.d. eru á Austurlandi verða ekki nýttar eins og við sjáum myndina fyrir okkur í dag nema stóriðja komi til. Nema að leiða það rafmagn sem þar væri hægt að virkja í gegnum sæstrengi til Evrópu þannig að Evrópumenn gætu nýtt þá orku til þess m.a. að hún kæmi í staðinn fyrir aðra orku þar og minnkaði útblástur á meginlandinu. Þetta finnst mér vera óásættanlegt.

Nýjasta álver sem reist hefur verið er í Suður-Afríku og það nýtir kolarafmagn. Þetta álver á að framleiða rúmlega 460 þús. tonn af áli á ári hverju og heildarlosun vegna álversins er tæplega þreföld heildarlosun Íslendinga á koldíoxíði árið 1995. Er þetta sanngjarnt? Er það sanngjarnt og í þágu heimsbyggðarinnar að slíkt sé gert? Er ekki eðlilegra að þetta sama ál sé framleitt með rafmagni á Íslandi? Ef álverið í Straumsvík sem framleiðir 162 þús. tonn af áli væri t.d. knúið með raforku, framleitt með kolum, þá væri það svipað og öll losun Íslendinga var á árinu 1995. Mér finnst eðlilegt að við Íslendingar gerum þær kröfur að þessari ónýttu orku sé haldið utan við.

Vera má að einhverjir séu þeirrar skoðunar að við eigum alls ekki að fara út í neina stóriðju. Mér heyrðist það á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann væri þeirrar skoðunar og boðaði þar mikla stefnumörkun Alþfl. og mikla stefnubreytingu. Þetta er kannski það eina sem komið hefur út úr sameiningarviðræðunum til að koma til móts við einhverja úr öðrum flokkum. Við ættum bara að taka upp þá stefnu. (Gripið fram í.) Það gæti t.d. verið í Kvennalistanum. Kvennalistinn hefur haft þá opinberu stefnu að vera andvígur stóriðju eftir því sem ég hef skilið. — Já, þetta er þá staðfest hér. Þetta eru mikil tíðindi. Ég er hræddur um að fyrrv. iðnrh., sem var ötull talsmaður stóriðju og hefur nú yfirgefið stjórnmálin, væri ekki sammála þessari nýju stefnu Alþfl. En þetta eru kannski mestu pólitísku tíðindi sem hafa komið fram á Alþingi í dag, að Alþfl. hafi gjörsamlega snúið við í þessu efni. Ég hefði nú haldið að í flestum flokkum þyrfti þetta að gerast á stórum fundum þar sem margir væru komnir saman.

Við Íslendingar verðum einfaldlega að vera menn til að halda fram okkar sérstöðu og fara þess á leit að tillit sé tekið til hennar en ekki hlaupa á eftir öllu sem Evrópusambandið og Bandaríkjamenn segja í þessu efni. Mér kemur á óvart ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill í einu og öllu hlíta því sem Evrópusambandið segir í þessum efnum. Þeir eru búnir að koma sér saman um mismun á milli ríkja innan Evrópusambandsins, að það sé allt í lagi að mismuna á milli ríkja í Evrópusambandinu en hins vegar eigi ekki að taka tillit til mismunandi aðstæðna annarra ríkja. Það er ýmislegt sem er tekið út úr í undirbúningi þessa máls. Það er t.d. ekki gert ráð fyrir að flugið verði þar með eða samgöngur á milli landa og ekki verði tekið tillit til fraktflutningaskipa. Það liggur alveg fyrir að menn eru að gera ýmsar undanþágur sem henta ýmsum ríkjum betur en öðrum. Evrópusambandið getur m.a. lagt á sig töluvert í þessu máli vegna þess að það er vitað mál að Austur-Evrópuríkin og Mið-Evrópuríkin munu ganga í Evrópusambandið og þar er mikið hreinsunarstarf fyrir höndum þannig að menn fá stóra kvóta til að vinna úr á þeim vettvangi. Þannig stendur ekki á fyrir Íslendingum. Eigum við að kyngja því þegjandi að íslenskar orkulindir skuli ekki nýttar í þágu stóriðju vegna þess að það hentar ekki stefnumörkun einhverra annarra ríkja? Þetta fannst mér vera mikil tíðindi og nauðsynlegt að ræða af mikilli alvöru á Alþingi.

Ég geri mér grein fyrir því að við erum með mjög mikilvægt mál hér í höndunum, bæði út frá hagsmunum Íslendinga og líka út frá hagsmunum heimsbyggðarinnar. Við erum að ræða hér um gerð á skuldbindandi samningi sem þjóðréttarlega er skuldbindandi fyrir Ísland. Jafnvel þótt hann verði

ekki undirritaður alveg á næstunni, þá tek ég undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það kemur dagur eftir þennan dag og það verður haldið áfram að vinna að þessu máli alveg eins og unnið var t.d. að hafréttarsáttmálanum. Það tók langan tíma og Íslendingar voru fljótir til að samþykkja hann. En það er fyrst núna sem iðnríkin eru að staðfesta hann og töldu sér henta að vera með í þeim samningi þannig að jafnvel þótt Íslendingar standi ekki að slíkum samningi alveg í upphafi, þá má búast við því að það komi að því að Íslendingar verði að taka þátt í honum á einn eða anna hátt. Þess vegna er mjög mikilvægt að samningurinn sé strax í upphafi hagkvæmur Íslendingum og tillit sé tekið til okkar aðstæðna.

Fram hefur farið mikil vinna í þessu máli nú að undanförnu á vegum margra ráðuneyta og utanrrn. kemur að málinu vegna þess að hér er um undirbúning á máli að ræða sem snertir þjóðréttarlega bindandi samning og Alþingi þarf að lokum að samþykkja slíkan samning. Þess vegna er mikilvægt að þingmenn setji sig mjög vel inn í það hvað hér er að gerast og hvort menn séu tilbúnir þegar fram líða stundir að skrifa upp á bindandi samning um það að við getum ekki nýtt endurnýjanlegar orkulindir á Íslandi m.a. til stóriðju. Það er mjög stór ákvörðun. Það er ekki nóg að einhverri skoðun sé kastað fram eins sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði hér áðan.

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða sé mjög mikilvæg. Hún er mjög mikilvæg fyrir ríkisstjórnina um þessar mundir vegna þess að menn sitja við það að marka samningsumboð og stefnu Íslendinga á fundinum í Kyoto. Það er margt orðið ljóst í því sambandi og alveg ljóst að við verðum allmikið á okkur að leggja. En það er líka nauðsynlegt að það sé skýrt hvað við teljum að verði að standa utan við þennan samning og hvar við teljum að við myndum slíka sérstöðu að ekki verði komist hjá því að taka tillit til þess. Að mínu mati er það fyrst og fremst varðandi endurnýjanlega orkugjafa sem á að geta verið framlag okkar í þessu máli og við hljótum að stefna að því að fá þá sérstöðu virta í þessum samningi.

[17:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur verið spurt að því í umræðunni hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í málinu og það er auðvitað brýnt að það skýrist hér í dag hver stefnan sé. Ég hef skilið hæstv. umhvrh. þannig að hann stefni mjög ákveðið að því að vera þátttakandi í samningi sem gæti orðið til fyrir lok ársins eða fljótlega upp úr því. En hér kemur hæstv. utanrrh. með allt annan tón inn í umræðuna. Hæstv. utanrrh. er farinn að láta liggja að því hér að Íslendingar taki ekki þátt í þessu máli alveg í upphafi. Það les ég út úr orðum hæstv. ráðherra sem féllu nánast á þessa leið. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. tali skýrt. Er hæstv. ráðherra að segja það að sú stefna sem þessar samningaviðræður virðast vera að taka fullnægi ekki óskum Íslendinga, það sé ekki nægilegt til þess að við notum afl okkar eins og kostur er í samningaviðræðunum til þess að fá atriði færð í áttina að okkar óskum eða hvort við einfaldlega ætlum að standa utan við og segja: Við skrifum ekkert undir, og treysta á það að einhvern tíma síðar verði aðstæður heppilegri fyrir okkur í þeim efnum? Ég er ekki viss um að það sé skynsamleg samningsstefna sem hér er verið að boða. Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra tali þannig að ekki verði neitt misskilið í þessum efnum.

Ég held að það sé ekki rétt mat hjá hæstv. ráðherra á stöðunni að Íslendingar geti vænst þess að þeir verði bara teknir út fyrir varðandi endurnýjanlegar orkulindir. Það vill svo til að fleiri eiga sem betur fer líka orkulindir. En það er það sem ráðherrann virðist vera að segja og hefur reyndar sagt áður. Það er þess vegna sem ég var að leiða getum að því að þar kvæði við annan tón en hjá samflokksmanni og samráðherra hæstv. utanrrh.

[17:50]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þjónar það hagsmunum Íslendinga að vera með í því að undirrita þennan samning og það ber að stefna að því að við getum tekið þátt í því. En við getum hins vegar ekki skrifað undir hvað sem er. Væri það t.d. heppilegt að við skrifuðum undir bindandi samning í þessu efni sem yrði síðan kolfelldur á Alþingi sem gæti vissulega komið upp? Við verðum að vita hvað við erum að gera í þessum efnum og gera okkur grein fyrir því að við erum að skuldbinda þetta þjóðfélag til mjög langs tíma og taka alvarlegar ákvarðanir.

Það má vel vera að við eigum engan annan kost en að standa að einhverju sem hin iðnríkin koma sér saman um, t.d. Bandaríkjamenn og Evrópusambandið sem er okkur óhagstætt en þeim hagstætt, að við verðum beinlínis þvingaðir til þess á einn eða annan hátt. En við hljótum eins og málin standa núna að vinna fyrst og fremst að því að ná hagkvæmri stöðu fyrir Ísland, hagkvæmum samningi fyrir Ísland. Ef svo er ekki, þá er ekkert hægt að fullyrða um það á þessu stigi hvað við gerum nema menn séu nánast tilbúnir til þess að samþykkja hvað sem er. Það er alls ekki ljóst hver staða málsins nákvæmlega er. Það er hægt að vera með ýmsar getgátur í því sambandi. En á þessu stigi er ekki rétt að vera með neinar fullyrðingar um það. Að mínu mati er langbest að meta stöðuna eftir að fundurinn í Kyoto er liðinn því að ég á ekki von á því að menn nái svo langt þar að það komi til undirritunar. En það er alveg ljóst eins og hv. þm. hefur hér sagt að það kemur dagur eftir þennan dag og unnið verður áfram að málinu eftir að þeirri ráðstefnu lýkur.

[17:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrist hljóðið í hæstv. utanrrh. vera þannig að möguleikar hæstv. umhvrh. minnki til þess að fylgja eftir af afli þeirri stefnu sem hann hefur verið að reyna að leggja og undirbyggja verði fram haldið. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni efnislega á þá leið að þessum orkulindum, þessari ónýttu orku verði að halda utan við. Þetta eru hugmyndir um à la carte eins og sagt er. Það er að geta valið af matseðli fyrir Ísland. Ég held líka að sýn hæstv. ráðherra í sambandi við nýtingu orku á Íslandi sé úrelt, sé ekki þannig að það sé keppikefli til framtíðar að binda þetta allt í ál fram á miðja næstu öld eða svo eins og virðist vera stefnan hjá hæstv. ráðherra eða a.m.k. hjá hæstv. iðnrh., binda þetta allt í ál. Ég held að við eigum að reyna að koma okkur að því verki að reyna að móta hér sjálfbæra orkustefnu, reyna að fara ekki hraðar í nýtingu þessara ágætu orkulinda okkar þannig að það loki á svigrúm þjóðarinnar í framtíðinni til þess m.a., þegar möguleikar leyfa, að framleiða hér það eldsneyti sem við þurfum og að nýta raforku í okkar samgöngum, bæði á bíla og í eimlestum. Það á að vera á dagskrá nú þegar í rauninni að skoða möguleika á að leggja rafbraut til Keflavíkur og kannski austur á Höfn í Hornafirði og nýta til þess okkar orku og draga þannig

úr losun á koltvíoxíði, nota orkulindirnar þannig en ekki eins og stefnt er að með 720 þúsund tonna álbræðslu sem hugmyndin er að troða inn á Austurland, 720 þúsund tonna álbræðslu sem tæki hátt í helminginn af því vatnsafli sem er líklegt að við höfum til ráðstöfunar eftir aldamótin með viðunandi tilliti til umhverfismála varðandi virkjanir.

[17:55]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að tala um að staðsetja 720 þúsund tonna álver á Austurlandi eða eins og hv. þm. orðaði svo ósmekklega, að troða því þar inn. Það er verið að tala um 240 þúsund tonna álver og möguleika á stækkun. (**HG:** Hefur ráðherrann ekki lesið svör hæstv. iðnrh.?) Möguleika á stækkun en 240 þús. tonn í upphafi. Það má vel vera að þeir tímar komi að hægt verði að reka með ávinningi járnbraut sem gengur austur á Höfn í Hornafirði, en það er a.m.k. ljóst að það verður þá að byggja upp atvinnulíf í fjórðungnum til þess að það eigi að vera gjörlegt og það þarf líka mikið að koma til til að hagkvæmt verði að reka járnbrautarlest á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, en sá tími kemur örugglega. En þetta er ekki nokkuð sem við sjáum. Við sjáum ekki heldur fram á hagkvæmni vetnisframleiðslu alveg á næstunni þannig að jafnvel þótt menn horfi mjög langt inn í framtíðina, þá er það því miður þannig að ef á að nýta þessa orku nú alveg á næstunni og jafnvel næstu áratugum, þá er m.a. ál þar einna hagkvæmast. Og það hlýtur að vera hagkvæmara að framleiða slíka afurð hér á landi en t.d. í Suður-Afríku með kolum.

Að því er varðar stefnumótun ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. kom einnig inn á, þá hefur ríkisstjórnin haft náið samráð í þessu máli og er að vinna að málinu og það þarf ekkert að óttast það, hæstv. umhvrh. mun hafa skýrt samningsumboð Íslands á þessari ráðstefnu. Það mun liggja fyrir.

[17:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gleðiefni að heyra að hæstv. umhvrh. mun hafa skýrt samningsumboð þegar hann fer fyrir hönd ríkisstjórnarinnar til Kyoto. Ræða öll þess ágæta ráðherra hneig nefnilega að ákveðinni niðurstöðu, að við ættum að hlíta þeirri niðurstöðu. En það hefur hins vegar komið fram í máli hæstv. utanrrh. og reyndar inngripi hæstv. iðnrh. fyrr í dag, að hæstv. umhvrh. er klemmdur á milli þeirra. Hans raunverulega stefna, sem liggur þó milli línanna í þessu plaggi, nær ekki að brjótast fram.

Herra forseti. Ég kom nú ekki upp af þeim sökum heldur til þess að segja að það getur vel verið að hæstv. utanrrh. þyki sem málstaður hans fari hér heldur halloka í umræðunum. En það gefur honum ekkert leyfi til þess að afbaka skoðanir annarra eða jafnvel búa þær til. Hæstv. utanrrh. spurði í tengslum við ræðu mína hvort menn ættu að kyngja því þegjandi að sérstaðan yrði ekki metin. Talsverður hluti af minni ræðu, herra forseti, fór einmitt í að draga fram að við hefðum þrenns konar sérstöðu og vitaskuld ættum við að freista þess að reyna að fá hana metna eins og hægt væri. Það væri eðli samninga, sagði ég, að menn reyndu að fara eins langt eins og mótaðilinn getur sætt sig við. En ég bætti því við að það er líka eðli samninga að menn hlíti niðurstöðunni.

Hæstv. utanrrh. taldi það söguleg tíðindi að ég hefði haldið því hér fram að það þyrfti að endurskoða stóriðjustefnuna og m.a. stóriðjustefnu Alþfl. Hæstv. utanrrh. ætti þá e.t.v. að vera meira í þinginu. Ég hef sagt þetta tvisvar sinnum áður hérna. Það þýðir ekkert að vísa til fyrrv. hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar í þessu efni. Þá voru allt aðrar aðstæður uppi. Ég vek eftirtekt á því að í þessari skýrslu kemur t.d. fram að á milli 1990 og 1995 dróst losun gróðurhúsalofttegunda saman um 3,5%. Látum vera þó að svo hefði ekki verið. Ég stend frammi fyrir þeirri staðreynd að hæstv. umhvrh. hefur lagt fram plagg sem sýnir að við munum fara tugum prósentna fram úr þeim mörkum sem við höfðum reynt að miða okkur við.

Það liggur líka fyrir að hæstv. iðnrh. hefur lagt hér fram plagg sem boðar stóriðju sem mun næstum því tvöfalda núverandi losun. Er nema von að menn staldri við og leyfi sér þann munað að hugsa upp á nýtt? Hæstv. utanrrh. ætti stundum að gera það líka.

[17:59]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði við umræðuna og ég skrifaði það niður eftir honum, að stóriðjustefnan væri gjaldþrota. (**ÖS:** Já og ég endurtók það.) Mér fannst það mikið sagt. Hann er í raun og veru að halda því fram að við eigum ekki að stefna að neinni stóriðju hér á Íslandi á næstunni. Mér finnst það vera mikil tíðindi. Ef það er skoðun Alþfl. eða jafnaðarmannaflokksins að svo eigi að verða, þá ætti þessi sami flokkur kannski að fara að venja sig á það að ræða málin með þeim hætti að það hafi einhverjar afleiðingar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem er þingmaður jafnaðarmannaflokksins, kom hér upp í dag og sagði aftur og aftur og aftur: „Ætla menn að láta það duga að ellilífeyrisþegar fái ekki meira?“ Hvers konar hneyksli ... (**ÖS:** Hvað kemur það gróðurhúsalofttegundum ...?) Kemur það ekki atvinnuuppbyggingu við? Heldur hv. þm. að það sé nóg að gefa út dagblöð eða hvað? Það væri t.d. hægt að spara mjög mikið í sambandi við pappírsframleiðslu og mundi hafa jákvæð áhrif ef blöð væru minnkuð. (**ÖS:** Það kemur allt til greina.) Það kemur allt til greina, já. En hv. þm. og Alþfl. verður að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að vera á móti öllu sem hnígur að verðmætasköpun en síðan eigi alltaf að vera hægt að eyða peningum hinum megin. Ég hélt að hv. þm. gerði sér grein fyrir þessum einföldu sannindum þannig að ég vil nú hvetja hann til þess að fara þá að æfa sig hinum megin. Hann getur ekki bara verið á móti því að skapa meiri verðmæti. Hann verður þá að fara sætta sig við það og boða það í sínum flokki að menn verða að búa sig undir verulegan niðurskurð tekna í framtíðinni og niðurskurð á fjárlögum.

[18:02]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 271. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 341.

Greiðslur langlegusjúklinga, 280. mál, fsp. GHelg, þskj. 350.

Rannsóknarnefnd sjóslysa, 278. mál, fsp. LB, þskj. 348.

Skattaleg meðferð lífeyrisiðgjalda sjálfstæðra atvinnurekenda, 276. mál, fsp. ÖS og ÁRJ, þskj. 346.

Starfsleyfi atvinnubifreiðastjóra, 273. mál, fsp. GL, þskj. 343.

Úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands, 270. mál, þáltill. AK, þskj. 339.

Vörugjald, 277. mál, frv. KPál o.fl., þskj. 347.

[18:03]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag hefur auðvitað byggst á þeirri ágætu skýrslugjöf sem umhvrh. hefur lagt fyrir þingið og þeirri vinnu allri sem hann hefur staðið fyrir í ráðuneyti sínu. Það hefur auðvitað lagt grunninn að umræðunni þó að kannski hafi menn eðlilega kosið að skoða jaðarsvið umræðunnar meira heldur en megininntakið og undirbúninginn að því máli sem á að taka á dagskrá í næsta mánuði austur í Japan. Menn hafa spurst fyrir um stefnu ríkisstjórnarinnar og talið að hún lægi ekki fyrir. Ég tel að það hafi ótvírætt komið fram af hálfu umhvrh. og af minni hálfu og annarra ráðherra í tengslum við stefnuræðu og önnur slík tækifæri hver stefnan í þessum málaflokki er.

Á hinn bóginn er það jafnrétt að Ísland hefur ekki, þrátt fyrir þá stefnumörkun, nokkru sinni afsalað sér ákvörðunarrétti til loka málsins í hendur annarra þjóða. — Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur nú vikið af fundinum. Hann lét mig vita að hann þyrfti að gera það og ég ætla þess vegna ekki að fjalla um ræðu hans að öðru leyti en því að segja að hann virtist telja það hið alvarlegasta mál ef Ísland eitt ríkja ætlaði ekki fyrir fram að lýsa því yfir að það yrði skuldbundið og mundi skrifa undir niðurstöðu þessarar ráðstefnu í Kyoto, ef hún verður, algjörlega óháð því hvort fulltrúum þjóðarinnar líkaði betur eða verr við niðurstöðuna. Ekkert ríki hefur gefið til kynna, svo mér sé kunnugt a.m.k., að það muni skrifa undir þá niðurstöðu sem kann að verða, algjörlega óháð því hvernig hún verður. Og hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði eins og það væri eiginlega glórulaust óhappaverk að vilja skoða niðurstöðuna áður en frá henni verði gengið, rétt eins og hagsmunir þjóða kæmu hvergi að málinu. Hér væri eingöngu um að ræða óskeikular vísindalegar forsendur sem allir hlytu að beygja sig fyrir. En svo er ekki og allir sem að málinu koma vita að það eru ekki óskeikular vísindalegar forsendur sem lagðar eru til grundvallar. Við vitum reyndar öll að þær spár og þær kenningar sem uppi eru um þessi efni eru umdeildar. Fæstir telja sig geta fram hjá þeim litið þó að hægt sé að benda á að fyrr hafi menn spáð miklum erfiðleikum, bæði varðandi matvælaframleiðslu, varðandi olíubirgðir þjóða o.s.frv. og varðandi mannfjölgun sem hafi framreiknuð átt að koma öllu í endalok á tilteknum tíma, meira að segja tíma sem nú er liðinn. Menn þekkja slíkar spár. Þær hafa ekki reynst réttar en þær gefa hins vegar hvorki einar sér né saman tilefni til þess að gera lítið úr þeim vísindalegu forsendum sem menn þykjast þó hafa um þau vandamál sem við blasa. Það gerum við ekki hér á Íslandi. Það gerir ríkisstjórnin auðvitað ekki.

Það dettur engum í hug að baráttan í þessum efnum, hvorki til vinnings né taps, endi hér á landi. Engum kemur til hugar að baráttan endi hér. Hæstv. utanrrh. benti á að aðeins eitt rafrænt álver með kolum gerði sama ógagn í þessum efnum og öll starfsemi sem á við hér á landi sem segir heilmikla sögu um smæð þeirra andrúmslegu skemmdarverka sem við þó vinnum.

Hagsmunir koma nefnilega við sögu og allar þjóðir áskilja sér rétt að beita þessum hagsmunum fyrir sig, ekki bara vísundunum. Um það má auðvitað nefna fjölmörg dæmi eins og umhvrh. gerði og utanrrh. hefur gert. Hvaða vísindi eru það þegar menn eru að hugsa um loftslag og lofthjúp og skaðsamar lofttegundir að ákveða að allt flug sé bara ekki með, öll farskip séu ekki með? Hvaða vísindi eru það? Það eru a.m.k. vísindi sem lofthjúpurinn kann ekki að meta, býst ég við. En að fiskiskip á hinn bóginn skuli öll talin með þó að auðvitað sé hægt að færa rök fyrir því að þau stunda tiltekna matvælaframleiðslu sem mundi kannski að magni til að kosta miklu meiri útblásturseiginleika heldur en sú starfsemi öll.

Hvaða vísindi eru á bak við það að líta á Evrópu sem eina heild en ekki önnur svæði í veröldinni? Og þegar þannig stendur til að mynda á í Þýskalandi eftir sameiningu að þar er fjöldinn allur af verksmiðjum sem er ónýtur og sjálfgefið að leggja niður, hvaða vísindi eru það þá að láta það ekki koma lofthjúpnum til góða? Af hverjum á það að koma Portúgal til góða? Hvaða vísindi eru á bak við það? Engin vísindi, bara hagsmunir og ekkert annað en hagsmunir. Og það er til slíkra hagsmuna sem við viljum líka í okkar litla landi, þar sem baráttan mun hvorki vinnast né tapast, að tekið sé tillit.

Og hvaða vísindi eru nú það sem ýta undir það með reglum að menn fari að stunda framleiðslu í stærri stíl en áður með kjarnorku af því að það er heilsusamlegt fyrir lofthjúpinn? En eru ekki einhver önnur vandamál með kjarnorkuna sem eru umhverfisleg líka? Hvar liggja vísindin þar? Það er skammgóður vermir á þeim vísindum að hluta til. Og að koma hér og láta eins og við einir þjóða högum okkur með óábyrgum hætti, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði hér áðan, er því algjörlega fráleitt.

Með þessum orðum mun ég ekki draga úr því sem við höfum líka sett fram opinberlega, ráðherrarnir, þó að minna sé eftir því tekið, að við teldum afskaplega mótdrægt okkur og illa viðunandi ef mál mundu skipast með þeim hætti að við teldum okkur knúna til að standa utan við. Það er ekki ákjósanlegur kostur og fjarri því eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. og hæstv. umhvrh. Það er fjarri því að við teldum það vera eftirsóknarverðan kost. En við teljum okkur hafa góðan málstað að verja eins og fram hefur komið og við viljum að til þess málstaðar sé tekið tillit.

Við höfum sagt og við skrifum undir það að ráðstefna á heimsvísu sé skynsamleg, nauðsynleg og tímabær vegna þess að umhverfismál eiga ekki nein landamæri og sérstaklega ekki mál af því tagi sem við ræðum hér. En við teljum að fullyrðing af því tagi eigi þá að ganga í báðar áttir. Við teljum að það eigi þá til að mynda að nýtast okkur og umræðunni að menn gangi frekar til verks varðandi endurnýjanlega, hreina orkugjafa til framleiðslu efna sem nauðsynleg teljast mannkyni ef menn gera það með öðrum hætti. Við teljum að það eigi að líta til svigrúms af því tagi. Og við teljum einnig að það verði að huga að fortíðinni hvað þetta allt varðar og framtíðarmöguleikunum eins og möguleika á bindingunni. Það er nefnilega þannig, svo að ég ítreki það, herra forseti, að það er engin þjóð sem til þessa leiks gengur með bundnar hendur fyrir fram. Það er engin þjóð sem hefur lýst yfir: Við skulum undirrita þetta hvernig sem fer, hvað sem þið hinir gerið. Þannig koma sjálfstæðar þjóðir ekki fram, hvorki smáar né stórar. Og í aðdraganda málsins eru það stóru þjóðirnar sem hefur tekist að laga vísindalegu sjónarmiðin að sínum þörfum og við hljótum að hafa þar mál fram að færa. Það hefur ekkert með það að gera að við séum ekki heilir í afstöðu okkar til þess að hér sé um vandamál að ræða sem þjóðir heims eiga að taka höndum saman um, ekki kannski að leysa af því að það er nú hægara sagt en gert, en að minnka áhættuna á, draga úr áhættunni sem virðist samkvæmt flestum vísindalegum rökum vera töluverð og jafnvel í versta falli ógnvænleg. Um þetta er þó deilt. Þau orð okkar um að þannig gætu mál skipast að þau væru okkur

svo óhagstæð að við yrðum að láta hjá líða að taka þátt í lokaframgangi slíkra skjala hafa því ekkert með vilja okkar til þess að taka sameiginlega á þessu vandamáli að gera. Ég andmæli því.

[18:13]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málflutningur hæstv. forsrh. hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum og einnig það sem hér kom fram þar sem verið er að fjalla um þann grunn sem menn byggja á, þ.e. vísindalega grunn eða niðurstöðu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur reynt að leggja mat á þetta. Mér finnst í raun ekki við hæfi að gera það að deiluefni í þessu samhengi. Annaðhvort erum við á þessum grunni eða ekki, þ.e. tökum það fyrir gott og gilt en séum ekki að gera það út af fyrir sig tortryggilegt. Og hæstv. forsrh. hefur hér og áður dregið inn í þetta ýmislegt sem kallað hefur verið heimsendaspá og þess háttar og segir: Það hefur ekkert gengið fram í þessum efnum. Ég vildi mjög gjarnan taka þátt í umræðu við hæstv. forsrh. um þá sýn til mála sem menn hafa dregið upp á síðustu áratugum, m.a. varðandi fólksfjölgun í heiminum og auðlindir o.s.frv. Ég held að það hafi enginn, ekki Rómarklúbburinn 1972 þegar hann gaf út sitt merka rit, verið að spá því að menn yrðu komnir í þrot núna og það væri komið eins og Þórbergur óttaðist, það var 1993 ef ég man rétt sem sprengjan mikla átti að verða eða endalokin eins og hann túlkaði það í bréfi til Láru, sérfræðinga sína á þeim tíma. Það held ég að sé ekki rétt hjá hæstv. forsrh.

Og að blanda saman þeirri stefnu sem Evrópusambandið hefur tekið upp gagnvart aðildarríkjum sínum að beita mismunun þar, þá má út af fyrir sig segja að það sé viss ósamkvæmni í því að hafna sveigjanleika en hafa sveigjanleika innbyrðis. En þeir eru þó í þessu bandalagi og þeir hafa kosið það um leið og þeir hafa þrátt fyrir allt lagt róttækustu tillöguna á borðið (Forseti hringir.) um heildarsamdrátt eftir árið 2000, 2005, 2010. Það er gert, en mismunað vissulega. Það eru engin vísindi, það kemur ekki þessu máli við í vísindalegu samhengi (Forseti hringir.) eins og skilja mátti hæstv. forsrh.

Ég spyr að lokum hæstv. forsrh.: Hvað er það í samningsgrundvellinum og í framlagi íslenskra sendimanna í viðræðum að undanförnu sem segir að það eigi að undanskilja endurnýjanlegar orkulindir Íslendinga? Ég hef ekki lesið það út með skýrum hætti.

[18:16]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Með orðum mínum áðan var ég ekki að leitast við að gera þann grundvöll sem á er byggt tortryggilegan. Ég var eingöngu að vekja athygli á því sem einn af hv. þingmönnum hér virtist gera að úrslitaatriði að það væri nánast forkastanlegt að Íslendingar litu til einhverra hagsmuna í þessu sambandi, eins og hann sagði þegar hann lét ónefndan mann fá mikið hikstakast í húsi í Helsinki og gerbreytti stefnu Alþfl., og það væri eitthvað sérstakt fyrir okkur. Ég taldi alveg rétt að færa ákveðin rök fyrir því, að þessu gefna tilefni, að menn viðurkenna vandamálið, kjósa að viðurkenna vandamálagrundvöllinn en þeir reyna jafnframt að finna lausnir sem henta þeirra efnahag, þeirra atvinnustigi og þeirra aðstæðum eins og ég nefndi varðandi Þýskaland. Þar eru heppilegar aðstæður vegna þess að þar er sjálfgefið að af munu leggjast alls konar verksmiðjur sem stóðu fyrir eiturgufuspýjum út í andrúmsloftið í stórum stíl. Og í staðinn fyrir að nota það í þágu andrúmsloftsins er það notað í þágu annarra sem ekki standa jafn vel að vígi.

Hvað sem segja má um kosti og galla Evrópusambandsins, þá tel ég að þau ríki sem þar eru aðilar og hafa myndað bandalag, eigi ekki auðveldara með að kljást við vandann heldur en önnur ríki. Ég er hreinlega ósammála því. Við Íslendingar getum væntanlega óskað eftir því að frekar verði farið eftir fermetrum, stærð og umfangi lofthjúpsins fyrir ofan okkur og ég býst við að Rússar mundu gera það ef aðstæður þeirra væru þannig.

[18:18]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef kannski ekki orðað það nógu skýrt í lok míns máls en hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningunni: Ætla Íslendingar að gera það að ófrávíkjanlegu atriði í sambandi við þessa samninga að endurnýjanleg orka sem við ráðum yfir verði tekin út fyrir sviga í þessum efnum og við höfum þar nánast fríspil? Ég held að það sé ekki alveg rétt hugsað. Ég tek undir með hæstv. forsrh. að auðvitað eigum við ekki að gefa okkur það fyrir fram að við ætlum að vera með skilyrðislaust, það dettur mér ekki í hug að segja hér og nú. En spurningin er um meginstefnuna og hvernig við nálgumst þetta. Og þá er spurningin sem sagt þessi: Hefur það verið svo? Ég hef ekki lesið það út úr plöggum samningamanna og ég leyfði mér að líta inn á fund í Bonn þar sem þessi mál voru til umræðu á dögunum á vegum Sameinuðu þjóðanna og kynnti mér framlag Íslands í þeirri umræðu. Ég las það ekki af þeim pappírum sem þar voru lagðir fram. Því finnst mér nauðsynlegt að hæstv. forsrh. og eftir atvikum aðrir ráðherrar, skýri hér hvort það hafi verið sett fram sem skilyrði af Íslands hálfu eða sem nálgun málsins að þetta fáist alveg ákveðið með þessum hætti. Ég gæti margt sagt um það sjónarmið. Ég held að við þurfum að gæta okkur á því að við erum ekki einir á báti. Margir búa sem betur fer yfir vatnsorkulindum og jarðvarma og sveigjanleiki í samningnum, sem virðist vera viðurkenndur samkvæmt þeim textum sem fyrir liggja, gefur möguleika á því á ákveðnum tíma að ná þar kannski ákveðnum ávinningi fyrir þá sem búa að slíku. Mér finnst út af fyrir sig mikilsvert að það náist fram en það þýðir augljóslega, og á það legg ég áherslu, að það verður að skoða sinn gang í sambandi við stóriðjupólitíkina hér eins og ríkisstjórnin og hæstv. iðnrh. hafa lagt hana fyrir. En það er nú einu sinni svo að þetta fæst ekki ókeypis. Sú barátta sem hér er um að ræða, að bregðast við þessum stórfellda vanda sem við trúum að sé þarna, verður ekki án fórna og það verður að vega það og meta í þessu samhengi.

[18:20]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Með sama hætti og ég hef sagt að við ætlum ekki að lýsa því yfir fyrir fram að við mundum undirrita þennan sáttmála hvað sem á dyndi og hv. þm. hefur sagt að hann sé sammála þeim meginsjónarmiðum, hef ég ekki sett fram neina úrslitakosti af okkar hálfu, við höfum ekki gert það. Það liggur fyrir og það er rétt mat hjá honum. En við hljótum að meta samninginn í heild, hvernig hann horfir við okkur, hvort sanngirni hefur verið sýnd við gerð samningsins og ef hann verður undirritaður, núna í Kyoto eða síðar sem ég mundi heldur vænta, þurfum við að skoða þá málamiðlun í heild út frá okkar hagsmunum með sama hætti og aðrar þjóðir láta sína hagsmuni hafa áhrif á niðurstöðuna.

[18:21]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Mig langar til að benda á tvö atriði í þessari umræðu um mjög mikilvægt málefni. Í fyrsta lagi að þó það sé hárrétt, eins og hér hefur komið fram, að ekki hafi verið vísindalega sýnt fram á það enn svo óyggjandi sé, að loftslag og lofthjúpur jarðar hafi orðið fyrir áhrifum af gróðurhúsalofttegundum þá hafa fjölmargar vísbendingar komið fram um að svo sé. Þó ekki liggi enn ljóst fyrir hverjar afleiðingarnar verða ef lofthjúpurinn hefur þegar orðið fyrir áhrifum þá fjölgar vísbendingunum svo ekki er skynsamlegt annað en að taka fullt mark á þeim. Ég vil benda á að í umræðunni í dag hefur enginn mótmælt því að tekið verði fullt mark á þessum vísbendingum með þeim annmörkum sem þó eru á þeim.

Í öðru lagi langar mig að undirstrika að það er nauðsynlegt að tengja umræðuna um áhrif gróðurhúsalofttegunda á lofthjúpinn almennum umhverfismálum vegna þess að þar eru raunveruleg og sterk tengsl á milli. Krafan um sveigjanleikann sem komið hefur fram í tengslum við hugmyndir manna um niðurstöðu Kyoto-fundarins eru að sjálfsögðu mjög tengdar hagsmunum eins og fram hefur komið og það er fyllilega eðlilegt. En það er hins vegar mikilsvert að menn átti sig á því að á sama hátt og þær eru tengdar hagsmunum, þá geta þær einmitt verið tengdar lausn ákveðinna umhverfismála.

Við skulum taka dæmi um þetta. Það er ljóst að Evrópusambandið hefur áhuga á því að skapa sér ákveðið svigrúm til að versla með kvóta, útblásturskvóta innan stærra Evrópusambands. Í dag hefur einnig komið fram að áherslur þingmanna Evrópuþingsins á þessu sviði eru svolítið aðrar en ráðherraráðsins. Þegar maður ræðir þessi mál við einstaka þingmenn Evrópuþingsins eins og ég hef gert, þá er ljóst að þeir vilja skapa sér meira svigrúm heldur en gert er ráð fyrir í hugmyndum Evrópusambandsins.

Á hverju byggist þetta? Þetta byggist m.a. á því að ríki Mið- og Austur-Evrópu búa við þannig orkunýtingu og orkukerfi að með því að bæta þar úr með nýrri tækni og fjárfestingum, þá er hægt að koma mjög verulega til móts við orkuþörf þessara ríkja en einnig orkuþörf Vestur-Evrópuríkja að vissu leyti. Þannig er það mikilvægt frá umhverfissjónarmiði Mið- og Austur-Evrópuríkja að þessi hagsmunatengsl verði mikil. Einmitt þau rök sem komið hafa fram hjá þingmönnum Evrópuþingsins fyrir því að sveigjanleikinn verði meiri og nái jafnvel út fyrir Evrópusambandið, lúta að efnahagsástandinu í Mið- og Austur-Evrópu.

Það vill svo til að áform t.d. Rússa eru ekki eingöngu að bæta orkunýtinguna með þeim hætti að þeir geti ráðið bót á þeim gífurlega umhverfisvanda sem léleg nýtingu á orkulindum Rússlands er. Það er ekki svo að þeir setji sér markið ekki hærra. Í þeirra augum er orkan aðalútflutningsatvinnugrein Rússa og sú sem mun skapa þeim tekjur á komandi árum meðan þeir eru að byggja sinn efnahag upp en efnahagur þeirra er nánast í rúst. Ég hef bent á það áður að af 89 héruðum í Rússlandi eru færri 10 sem leggja eitthvað til fjárlaganna, hin eru þiggjendur og þessi 8–10 héruð eru öll nema Moskva, olíu- og gasframleiðsluhéruð. Rússar hafa ekki áform um það að nota nýja tækni til að skapa stöðugleika í sinni olíuframleiðslu, þvert á móti. Þeir hafa gífurleg áform um að auka þessa framleiðslu og það er vel hugsanlegt að tengsl geti orðið á milli fjárfestinga aðila innan Evrópusambandsins. Jafnvel gætu bein fjárframlög Evrópusambandsins til orkumála, orkukerfa og orkuvinnslu í Rússlandi að orðið til þess að menn skapi þar möguleika á viðskiptum með útblásturskvóta. Það er einn af þeim möguleikum sem hefur komið fram í þessari umræðu.

Uppbygging orkukerfisins í Rússlandi er svo brýn að Rússar hafa sjálfir, og raunar fengið það staðfest af utanaðkomandi aðilum, metið það svo að þeir þurfi að verja á árunum 2001–2005 um það bil 30 milljörðum dollara til þess að gera þessa atvinnugrein þannig úr garði að hún geti komið efnahagslífi Rússlands til góða. Og hverra hagsmuna eigum við að gæta í þessu sambandi? Við eigum einmitt óbeinna hagsmuna að gæta í þessu vegna þess að staða Rússa til þess að taka á sínum kjarnorkuvandamálum sem skapar verulega áhættu fyrir okkur byggist á því að þeir nái árangri í efnahagsmálum sínum. Rússland er ekki þess umkomið í dag að taka af neinni festu og alvöru á sínum kjarnorkuöryggismálum sem eru sameiginleg vandamál þeirra og okkar og allra þjóða sem búa á norðurslóðum.

Því er nauðsynlegt að menn átti sig á því að sveigjanleiki niðurstöðunnar í Kyoto verður að vera mikill. Það er mjög mikils virði að niðurstaðan verði ekki aðeins um formleg atriði heldur um framkvæmanlega hluti. Þess vegna tel ég að þessi sjónarmið — að niðurstaðan verði fyrst og fremst heildinni til hagsbóta — séu grundvallarsjónarmið sem mikilsvert er að um náist víðtæk samstaða. Þetta vildi ég láta koma hér fram þar sem mér finnst stundum að umræðan sé of takmörkuð við það vandamál sem útblástur gróðurhúsalofttegunda er. Umræðan á að sjálfsögðu að taka tillit til umhverfis- og efnahagsmála í víðu samhengi og þeirra tengsla sem eru á milli málaflokkanna tveggja en þau tengsl eru bein.

[18:29]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta voru athyglisverðar hugleiðingar hjá hv. þm. sem aðallega var að skoða tengsl Evrópusambandsins við Austur-Evrópu í orkumálum. Hann er að reyna að njörva þau niður og samningsbinda með því sem kallað er orkusáttmáli Evrópu sem hv. þm. þekkir og Ísland er hluti af svo merkilegt sem það nú er, a.m.k. fyrsta þætti sem er frágenginn gagnvart Alþingi Íslendinga. Tilefni samningsins af hálfu Evrópusambandsins var að mínu viti að ná tökum á orkulindum í austri í framtíðinni, a.m.k. að opna möguleika til þess að geta ausið úr þeim brunnum. Á sinn hátt er þetta svolítið svipað því sem gerðist fyrr á öldinni þó beitt væri öðrum tækjum og óhugnanlegri. En tengslin við kjarnorkustefnuna, vegna þess að það var nefnt hér fyrr í umræðunni og sérstaklega af hv. þm., eru auðvitað ekki byggð með beinum hætti inn í þetta mál og kannski erfitt að sjá hvernig það á að gerast. Mér finnst nú umhugsunarefni að hv. þm. tekur þann þátt alveg sérstaklega fyrir .

En ég tek undir með hv. þm. að þar er auðvitað um að ræða orkuframleiðslu sem ekki getur talist sjálfbær. Þeir sem leggja hvað þyngsta áherslu á umhverfissjónarmið, upp á framtíð mannkyns og á það að ná tökum á gróðurhúsaáhrifunum, þeir reyna að beita sér með sama hætti gegn kjarnorkuvánni sem ég geri síður en svo lítið úr og þeirri hættu sem m.a. stafar af lélegum búnaði í kringum orkuver í austurvegi en hann er aðeins hluti af þessu. Úrgangurinn er það sem minna mun á sig um alla framtíð.

[18:32]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvenns konar svör við þessari athugasemd. Fyrir það fyrsta er orkusáttmáli Evrópu ekki fyrst og fremst hugsaður til þess að Vestur-Evrópuríkin geti komist yfir orkulindir Rússa. Það er mikil einföldun á því flókna máli. Hugmyndin var sett fram í orkusáttmála Evrópu og síðan í samningnum sem var byggður á honum sem við erum aðilar að en höfum ekki fullgilt enn þá. Hún er sú að búa til sameiginlegan orkumarkað í Evrópu, fyrst og fremst til að styrkja efnahagslega uppbyggingu Austur-Evrópuríkjanna, og þar á meðal Rússlands, og gera þeim þar með kleift að fást við gífurlegan umhverfisvanda sem flokkast undir að vera sameiginlegt umhverfisvandamál með öllum Evrópuþjóðum.

Tilefni hugleiðinga minna var fyrst og fremst að benda á það í umræðunni að ef niðurstaðan í Kyoto verður mjög ósveigjanleg og skapar ekki skilyrði fyrir því að hægt sé að taka tillit til útblástursaðstæðna í Evrópu í heild og jafnvel að hafa þar skipti á kvótum mundi það orka neikvætt á umhverfismálin í heild þó að menn gætu kannski fært rök fyrir því að það væri jákvæður árangur ef litið væri til gróðurhúsalofttegunda eingöngu. En ég tel að það sé mjög mikilsvert að hv. þm., sem talaði síðast og gerði athugasemd við ræðu mína, líti á þetta í samhengi og geri sér grein fyrir því að þessi mál eru öll tengd.

[18:33]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki hef ég á móti því að við reynum að skoða þetta í heildarsamhengi, síður en svo. Varðandi markmiðin að baki orkusáttmála Evrópu erum við kannski ekki á einu máli hvað knúði þann vagn. Ég er ekki sannfærður um skýringu hv. þm. en það má liggja til hliðar. Viðfangsefnið er alþjóðasamningur varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og meðan þetta er ekki tekið saman hefur það út af fyrir sig ekki mikið praktískt gildi þó við veltum vöngum yfir þessu samhengi sem ég er alveg tilbúinn að ræða og hv. þm. hefur nefnt.

[18:34]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það varpi einna bestu ljósi á það hve fullyrðing hv. þm. um tilgang orkusáttmála Evrópu eða hve skilningur hans er í raun og veru takmarkaður að gassölufyrirtæki í Vestur-Evrópu óttast fátt eins mikið og hvaða áhrif orkusamningur Evrópu muni hafa á gasiðnaðinn í Vestur-Evrópu og þau fyrirtæki sem þar starfa vegna þess hve rússneska fyrirtækið Gasprom hefur yfirgnæfandi sterka stöðu á þessum markaði ef tekst að búa til heildarorkumarkað fyrir Evrópuríkin. Hagsmunir Vestur-Evrópuríkjanna eru því ekki eins augljósir á öllum sviðum þessa samnings og hv. þm. vildi vera láta.

[18:36]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)**:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði það aðallega að umtalsefni í ræðu sinni áðan að gera einstökum ráðherrum upp skoðanir. Ég veit ekki á hverju hv. þm. byggði þær skoðanir en eitt af því sem hv. þm. heimfærði upp á málflutning minn í þessu máli var það að ég óskaði þess helst að engin niðurstaða yrði af þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir og þeim fundi sem haldinn verður í Japan í desember. Þetta er alrangt því það hefur margoft komið fram af minni hálfu að ég tel mikilvægt að samningurinn sé gerður og hann sé gerður sem fyrst. En eins og hefur komið fram hjá mörgum aðilum sem hafa talað er ekki hægt að skrifa undir hvað sem er í þessum efnum. Ég held að þar séu ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sammála ef ég hef skilið orð hans rétt hér áðan í andsvari við hæstv. forsrh.

Þegar menn velta fyrir sér sérstöðu okkar og hvaða möguleika við höfum til þess að halda fram sérstöðu okkar í þessum efnum þá held ég að mjög mikilvægt sé að við horfum aðeins til baka og til þeirrar fortíðar sem við eigum vegna þess að við höfum verið í fararbroddi í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á undanförnum áratugum á meðan aðrar þjóðir hafa lítið sinnt þeim hlutum. Þá vil ég vitna til þess að þegar orkukreppan skall á, í lok árs 1973, gengum við mjög hratt og örugglega til verks við að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar. Það birtist í því að við höfum að nýta jarðvarmann og hlutur jarðvarmans í húshitun hefur aukist úr 50% árið 1973 í rúmlega 90% núna á árinu 1997. Sú stefna sem fylgt var í kjölfar olíukreppunnar á áttunda áratugnum fólst m.a. í því að við fórum að nýta innlendar orkulindir okkar til húshitunar í staðinn fyrir olíu og með þeim árangri sem ég hef gert grein fyrir. Við höfum í raun og veru verið í fararbroddi í þessum efnum á undanförnum árum.

Sá árangur sem af þessu varð er náttúrlega ekki bara til þess að draga úr gróðurhúsalofttegundunum og útblæstri þeirra heldur hefur hann líka orðið til þess að draga verulega úr útstreymi á gjaldeyri og draga úr skuldasöfnun okkar erlendis. Þarna fóru efnahagslegu markmiðin saman við þau hnattrænu markmið sem við settum okkur.

Við erum eiginlega í svipaðri stöðu núna og óvirki alkóhólistinn. Við höfum verið að taka okkur tak og höfum verið þurr í meira en 20 ár en núna koma gömlu drykkjufélagarnir og eru að átta sig á því hvert vandamálið er. Þeir vilja takast á við vandamálið en þá vilja þeir endilega draga okkur með líka, þann aðila sem hefur kannski þjóða mest gert af því í heiminum að takast á við vandamálið. Sú staða sem við erum búnir að skapa okkur á undanförnum 20 árum hlýtur við þessar aðstæður að skapa okkur ákveðið svigrúm til þess að óska eftir því að tekið sé tillit til þeirra aðstæðna sem við búum hér við, þ.e. að ráða yfir miklu magni af endurnýjanlegum orkulindum.

Í Dagskrá 21. aldarinnar, sem er eitt þeirra skjala sem samþykkt voru á Ríó-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992, var lögð sérstök áhersla á þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi að hlutur endurnýjanlegra orkulinda verði aukinn í orkubúskapi heimsins. Í öðru lagi að ríki heims vinni saman að lausn á hnattrænum vandamálum. Í þriðja lagi að ríki sem hafa yfir endurnýjanlegum orkulindum að ráða miðli þeim til ríkja sem ekki ráða yfir slíkum orkulindum. Þetta eru allt saman markmið í Dagskrá 21. aldarinnar sem henta okkur mjög vel og samræmast mjög vel þeim markmiðum sem við erum að setja okkur.

Lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er að koma í veg fyrir hættulegar breytingar á loftslagi af mannavöldum og það er í fullu samræmi við ákvæði samningsins þess vegna að stuðla að því að orkufrek framleiðsla iðnvarnings fari fram þar sem notuð er endurnýjanleg orka þannig að losun gróðurhúsaáhrifanna verði sem minnst. Þess vegna tel ég enn frekar að við eigum að geta óskað eftir því að tekið sé tillit til þess í samningaviðræðunum að við höfum sérstöðu í þessum efnum.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi af og frá að við gætum gengið fram með þennan málstað vegna þess að ekki væri hægt að taka tillit til hans. Af hverju skyldi ekki vera hægt

að taka tillit til þess málstaðar sem við viljum berjast fyrir eins og ýmislegs annars sem aðrar þjóðir leggja inn með sér í umræðuna? Á meðan eru menn að tala um að stór hluti, það er kannski of djúpt í árinni tekið að segja stór hluti, af þeim sviðum þar sem vitað er að útblástur gróðurhúsalofttegunda er mjög mikill eigi alls ekki að falla undir þennan samning eins og alþjóðasiglingar í flutningum og alþjóðaflug. Svo er líka verið að tala um að stór hluti þjóða heims falli einfaldlega alls ekki undir samninginn. Er þá eitthvað óeðlilegt þó við leggjum upp með það inn í viðræðurnar að hægt sé að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem við viljum leggja áherslu vegna þess að þau sjónarmið koma heim og saman við þá heildarhagsmuni sem við erum að berjast fyrir, þ.e. að ná til þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegundanna?

En af því hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom margoft inn á það að stefna ríkisstjórnarinnar væri óskýr í þessum efnum þá er hún það alls ekki, ráðherrar ríkisstjórnarinnar ganga algjörlega í takt í þessum efnum. Umræðan átti hins vegar að verða til þess að varpa ljósi á vilja þingsins að einhverju leyti til þessa stóra hagsmunamáls. Því miður hefur þátttaka hv. þm. í umræðunni um þetta mál verið frekar fyrirferðarlítil. Hún hefði mátt vera meiri vegna þess að auðvitað er mjög mikilvægt fyrir þá menn sem standa í þessum samningum og starfa þar í umboði ríkisstjórnarinnar að vita hver vilji þingsins er. Því miður örlaði heldur ekki á afstöðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hver hann teldi að ættu að vera þau meginsamningsmarkmið sem leggja ætti upp með og meginhluti af ræðu hans fór í það að gera einstökum ráðherrum upp skoðanir í þessum efnum.

En stefna Íslands er skýr og það er enginn tvískinnungur þar. Okkar meginkrafa er að þegar ákvörðun verður tekin skuli hún gera ráð fyrir minnkandi losun á hnattræna vísu á öllum þeim efnum sem teljast til gróðurhúsalofttegunda og að áætlanir taki til allra landa jarðarinnar. Að þessu tilskildu er það einkum þrennt sem við viljum setja á oddinn.

Í fyrsta lagi að viðurkenndar verði breytilegar aðstæður einstakra ríkja og skuldbindingar verði mismunandi þegar markmiðin eru sett. Þannig verði t.d. tekið tillit til þeirra aðgerða sem þegar hefur verið gripið til við að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum eins og ég kom inn á áðan, að menn horfi til fortíðarinnar í þessum efnum og þess hvað þjóðirnar hafa verið að gera á undanförnum árum. Þá verði sérstaklega viðurkennd sérstaða tengd möguleikum ríkja til nýtingar á endurnýjanlegum orkulindum sem komið geti í staðinn fyrir orkuframleiðslu annars staðar sem byggir á jarðefnaeldsneyti svo sem kolum og olíu. Þetta er alveg skýrt.

Í öðru lagi verði heimilt að mæta skuldbindingum með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda í gróðri. T.d. með stórfelldri trjárækt eða annarri ræktun sem viðurkennt er að hefur alþjóðleg áhrif í þessu sambandi. Slíkar heimildir liggja ekki fyrir nú eins og hv. þm. kom hér inn á. En það sem kom mér á óvart var að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hafnaði þessu áðan í umræðunum. Væri einkennilegt ef sá hv. þm. ætti að halda á hagsmunum Íslands í þessari umræðu og þessum samningum.

Þriðja atriðið er að litið verði til notkunar á öllum gastegundum sem teljast til gróðurhúsalofttegunda en ekki einungis hluta þeirra eins og Evrópusambandið t.d. vill. Það er tvískinnungur þegar menn eru að tala um og setja fram metnaðarfull markmið um að hverju skuli stefnt í lækkun á útblæstri en á sama tíma ætla einstakar þjóðir að loka sig af og segja: „Þetta er okkar heimur við ætlum að skipta þessum hlutum á milli okkar." Og segja um leið: „Það eru bara ákveðnar tegundir gróðurhúsalofttegunda sem eiga að falla undir þennan samning." Það er auðvitað hráskinnsleikur að koma svona fram. Við Íslendingar göngum inn í þessa samninga og höfum tekið þátt í þessum samningum með alveg skýra afstöðu, skýr markmið til samninga og við munum verða fylgja þeim samningum eftir. En það er auðvitað útilokað að segja til á þessari stundu hvort þessi markmið okkar nást fram. Þess vegna er ekki nokkur einasta leið að lýsa því yfir, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætlaðist til að yrði gert, að menn ætluðu að ganga frá þessum samningum alveg sama hvað það mundi kosta.

[18:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef með athygli lesið það sem hæstv. iðnrh. hefur skrifað um þessi efni, bæði ræðu sem hann flutti í Orkustofnun 24. október og síðan grein í Morgunblaðinu. Mér finnst að ýmislegt sem þar er sagt bendi ekki til að öflugur stuðningur sé hjá hæstv. ráðherra við þau samningsmarkmið sem hæstv. umhvrh. hefur lagt áherslu á. Sé þetta hins vegar misskilningur þá eru það kannski upplýsingar sem vert er að taka eftir við þessa umræðu.

Ég hef farið yfir þá texta sem hafa verið lagðir inn í umræðurnar af Íslands hálfu nú, m.a. í Bonn og hæstv. umhvrh. hefur veitt mér aðgang að því sem þar hefur komið fram að mati samningamanna. Ég fæ ekki séð að þar séu sett ákvæði sem varða nýtingu umhverfisvænna orkulinda eða endurnýjanlegra orkulinda þannig fram að það gefi tilefni til þess að við Íslendingar þurfum að hrökkva þar frá. Ég les allt aðrar áherslur út úr máli hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. að þessu leyti, þ.e. að þeir vilji ganga miklu harðar fram en nokkrar líkur eru á að mínu mati að hægt verði að ná fram í þessum samningum, þ.e. að Ísland hafi nokkurn veginn sjálfdæmi í sambandi við sínar endurnýjanlegu orkulindir og nýtingu þeirra. Mér sýnist að inn í samningstextana, sem er að sjálfsögðu engin niðurstaða, sé að koma sveigjanleiki sem geti gefið möguleika til nýtingar í framtíðinni fyrir Íslendinga en augljóslega ekki á þeirri hraðferð sem hæstv. iðnrh. hefur verið að keppa að.

Það mætti hafa nokkur orð um það, virðulegur forseti, en það er ekki tími til þess hér og nú.

[18:50]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli lesa af athygli og hlusta af athygli á það sem fram kemur hjá mér í þessum málum. Hafi hv. þm. gert það þá tel ég ekki ástæðu til fyrir hv. þm. að draga þá ályktanir sem hann dró hér í einu af sínum andsvörum við umræðuna fyrr í dag um afstöðu mína til þessa máls.

Ég hef fyrr í umræðunni farið yfir þau meginmarkmið sem við setjum okkur og eiga að vera okkar meginsamningsmarkmið. Um þau er enginn ágreiningur í ríkisstjórninni. Að halda öðru fram er í þeim tilgangi gert að reyna að skapa tortryggni. En það er alveg skýr samhljómur í málflutningi ráðherra ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Ég hef hins vegar lagt áherslu á það og tel að við eigum að ganga fram með það á þeim fundum sem fram undan eru að við höfum sérstöðu í þessum málum og að við eigum að óska eftir því að aðrar þjóðir séu tilbúnar til þess að taka tillit til okkar sérstöðu sem snýr að nýtingu á endurnýjanlegum orkulindum.

Það er ekkert óeðlilegt að menn gangi fram strax í upphafi samninga með þau meginmarkmið. Það er ekki skynsamlegt að halda þannig á í samningum að gefa sér fyrir fram að ekki sé hægt að fara fram með þau meginmarkmið sem menn vilja leggja áherslu á og eru hagsmunamál Íslands í þessu sambandi vegna þess að það vilji enginn hlusta á þau. Ef menn treysta sér ekki til að bera þau markmið fram af því að það vilji enginn hlusta á þau þá mun enginn hlusta því þau koma aldrei fram.

[18:52]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég hef vaxandi áhyggjur af eftir því sem ég heyri í fleiri ráðherrum hér er að þeir eru að koma hér inn með kröfur og samningsmarkmið sem ríkisstjórnin hefur ekki lagt inn í þessar viðræður sem hafa átt sér stað lengi og hafa verið að þróast stig af stigi. Fundurinn í Bonn á dögunum var aðeins einn þáttur í þessari þróun. Hæstv. iðnrh. hefði betur látið í sér heyra fyrr og sett sig inn í málin fyrr og komið fram með þær áherslur sem hann vildi séð hafa. Það sama gildir um hæstv. forsrh. eins og ég hef bent á í þessari umræðu. Í grein hæstv. iðnrh. í Morgunblaðinu 12. nóvember — hún er nú ekki eldri en svo — tekur hann undir mat ýmissa um að erfitt verði, ef ekki útilokað, að ná samningum um þessi mál í Kyoto hvað svo sem það nú endurspeglar. Hann segir að vísu „því miður", við skulum trúa því. En þar segir líka undir lok þeirrar greinar, með leyfi forseta:

„Niðurstaða þeirra samningaviðræðna, sem fram fóru í Bonn á dögunum og á að ljúka í Kyoto í desember, á ekki, og má ekki, koma í veg fyrir að endurnýjanlegar orkulindir séu nýttar til efnahagslegra framfara, hvorki á Íslandi né í öðrum löndum."

Ef hæstv. ráðherra ætlar að standa á þessari kröfu sinni og heimta að það verði tekið inn í samningsumboð Íslendinga á ráðstefnunni í Kyoto þá held ég að það fari svo, eins og hann er að láta liggja að, að ekki verði skrifað undir mikið af Íslands hálfu eða málið gangi upp gagnvart okkur. Ég tel að hæstv. ráðherra meti hlutina rangt í þessum efnum. Það sama kemur fram hjá hæstv. utanrrh. í þessari umræðu og af þessu hef ég miklar áhyggjur. Það skiptir máli að Ísland gangi fram með samræmdar kröfur og þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á því hafi traust bakland en ekki það að hæstv. ráðherrar séu að kalla inn í þessa umræðu nú á síðustu vikum nýjar og nýjar kröfur og heimta að breytt verði um stefnu í þessum málum.

[18:55]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í þingræðu fyrr í haust að mér sýndist að því miður gæti það orðið niðurstaðan að ekki yrði hægt að ganga frá samningum í Japan í desember. Ég held að það sé líka niðurstaðan og mér finnst það miður vegna þess að þó menn komist mjög langt að ég hygg í þeim viðræðum að ná niðurstöðu þá verði ekki skrifað undir samninga og eftir því sem ég veit best hafa þjóðir heims komist að þeirri niðurstöðu að það verði ekki gert en menn muni ná mjög langt í þessum viðræðum og það þurfi viðbótarfund til þannig að menn tali sig niður á sameiginlega niðurstöðu.

Ég stend við það sem hv. þm. vitnaði í úr grein minni í Morgunblaðinu. Það má ekki gerast og það á ekki að gerast að samningurinn leiði til þess að ekki verði hægt að nýta endurnýjanlegar orkulindir til atvinnuuppbyggingar og efnahagslegra framfara. Ef það gerist þá gengur samningurinn þvert á þau meginmarkmið sem menn eru að setja sér með þessum samningi.

[18:56]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. lét sér sæma að snúa út úr orðum mínum áðan. Ég studdi þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að veita 450 millj. kr. til landgræðslu og skógræktar og ég hef ekki talað gegn skógrækt eða landgræðslu. Það sem ég sagði var að það þyrfti mjög mikið til til þess að það munaði eitthvað um þær aðgerðir til að takmarka virkilega og binda útblásturinn og auka upptöku koltvíoxíðs úr andrúmslofti. Ég sagði að til þess þyrfti þá væntanlega að klæða þetta land skógi milli fjalls og fjöru og það væri ekki sú framtíðarsýn sem ég hefði fyrir landið.

En úr því að ég er komin hér er kannski ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh. Hann minnti á þau þrjú áhersluatriði sem stjórnvöld hafa farið með í þessar viðræður, þ.e. að aðgerðir til að binda kolefni í jörðu og gróðri verði metnar jafngildar aðgerðum til að draga úr losun, tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sérstaklega ríkja sem mæta orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum og hæstv. iðnrh. lagði mikla áherslu á og í þriðja lagi að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkja til að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa vegna iðnaðarframleiðslu, jafnvel þótt framleiðsluferlið auki losun staðbundið. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Ef ekki verður gengið að þessum áhersluatriðum hver verða þá viðbrögð samninganefndar Íslands í þessum viðræðum? Ætla Íslendingar að snúa upp á sig og neita að vera með eða geta þeir sætt sig við að ekki verði tekið tillit til einhvers af þessum þremur áhersluatriðum?

[18:59]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að falla í það sama far og ég tel að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi fallið í við þessa umræðu og ég var að gagnrýna, þ.e. að gera mönnum upp skoðanir. Mér þykir miður ef ég hef snúið út úr ummælum hv. þm. Ég skildi hv. þm. þannig við umræðuna að hv. þm. fyndist það ekki koma til álita að vera með það markmið að geta notað bindinguna í gróðri vegna þess að það þyrfti svo mikið til að það mundi ekki borga sig. Mér þykir það miður ef ég hef rangtúlkað orð hv. þm. og biðst velvirðingar á því.

Á þessu stigi tel ég ekki skynsamlegt og ég held að það hafi komið ágætlega fram við þessa umræðu, að gefa sér áður en menn leggja af stað að ekki náist samkomulag og ekki verði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem við leggjum upp með. Ef við gefum okkur að svo verði ekki þá held ég að flestir muni nú telja að fyrir litlu sé að berjast á þessum vettvangi, þ.e. ef það er fyrir fram gefið af okkar hálfu að við munum engu ná fram og séum þá þegar búnin að móta okkar afstöðu um það til hvaða aðgerða verði þá gripið.

Niðurstaðan af þessum samningum hlýtur að ráða því hver næstu skref verða af okkar hálfu. Við skulum bíða og sjá hver niðurstaðan verður og taka síðan ákvörðun um það til hvaða aðgerða við grípum í framhaldi af því.

[19:01]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en mér finnst rétt samt að mæla hér nokkur orð öðruvísi en í formi andsvara sem tengjast þessu máli. Ég neita því ekki að ég hef verulegar áhyggjur af stöðu málsins og

mér finnst, þrátt fyrir viðleitni hjá hæstv. ráðherrum til þess að draga úr áhyggjum og reyna að plástra þá rifnu mynd sem birst hefur að undanförnu af ríkisstjórn Íslands í málinu, að áfram sé ástæða til þess að bera nokkurn ugg í brjósti. Mér sýnist það nokkuð ljóst að hluti af ríkisstjórninni og mér sýnist allt of stór hluti af ríkisstjórninni, sé að reyna að grípa inn í þetta mál á mjög hæpnum forsendum þegar komið er að átakapunkti og hugsanlegri ögurstund í sambandi við lagalega skuldbindandi samning. Þá hef ég í huga þau orð sem fallið hafa frá hæstv. forsrh., utanrrh. og hæstv. iðnrh.

Það þýðir ekki að halda því fram af hálfu t.d. hæstv. iðnrh. sem er hér enn við umræðuna – hinir hæstv. ráðherrar hafa vikið af fundi að því er ég best fæ séð — að hér sé um samfellu að ræða í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar og þau sjónarmið sem þeir eru að setja inn í málið núna hafi verið þar frá upphafi samningaferilsins. Mér sýnist að þarna sé verið að grípa inn í af hálfu þeirra hæstv. ráðherra sem vilja ríghalda í þau sjónarmið sem fram komu í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í nóvember 1995 og vörðuðu samninginn sem kenndur er við Ríó, þ.e. samninginn sem við staðfestum 1993 þess efnis að við ætluðum að skila hér ekki hærri mörkum árið 2000 heldur en voru 1990.

Ég er einfaldlega að vitna til þeirra skoðana sem fram voru settar þarna varðandi samninginn eins og hann lítur út núna, þann samning sem við höfum staðfest um að ríkisstjórnin áskilji sér rétt til þess að hagnýta endurnýjanlegar orkulindir til iðnaðaruppbyggingar óháð því hversu mikið iðnaðurinn losaði af gróðurhúsalofttegundum. Þetta var þessi áætlun ríkisstjórnarinnar, skynsamleg eða hitt þó heldur, eins og þetta var sett fram. Fyrr má nú rota en dauðrota að ætla að fara að taka það allt út fyrir sviga og það sýnir sig á hversu hálum ís menn eru í slíku. Ég vil út af fyrir sig ekki segja að menn geti ekki haft rétt til þess að gera ákveðna fyrirvara og þeir geti haft sitt að segja á þeirri stundu sem þeir eru gerðir á meðan samningurinn er óbreyttur. En svo mikið er víst að hæstv. umhvrh. hefur ekki treyst sér til þess í bókhaldi Íslands gagnvart samningnum eða útreikningum að halda þessari stefnu til streitu. Hæstv. umhvrh. tekur með, svo sem eðlilegt er, virðulegur forseti, þann vöxt í losun á gróðurhúsalofttegundum sem stafar af nýjum samningum m.a., bæði gömlum og nýjum samningum í stóriðju sem þegar eru farnir að virka, eins og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, í spásögn sinni varðandi stöðuna árið 2000 og síðar og tekur einnig tillit til þeirrar losunar sem kemur frá stóriðju sem samið hefur verið um uppi á Grundartanga. Mér sýnist að hæstv. iðnrh. með stuðningi hæstv. utanrrh. ætli sér að reyna nú að á síðustu stigum samningaferlisins að knýja þessa stefnu fram sem grundvöll og segja: „Ef við fáum þetta ekki, þá erum við ekki með.“ Þetta eru ekki vinnubrögð sem eru vænleg til árangurs hafi þetta verið sjónarmið hjá viðkomandi ráðherrum. Ég held að þeir hafi sofið og ekki tekið málið alvarlega frekar en ýmsir aðrir fyrir tveimur árum eða svo í framhaldi af þeim grundvelli lagður var í Berlín og í framhaldi af því að mörkuð var stefna af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hvað sem segja má um þau sjónarmið almenns eðlis sem hægt er að taka undir ef við erum að líta á heiminn sem heild í sambandi við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í samanburði við jarðefnaeldsneyti, þá gerast málin nú ekki svona. Þau eru ekki það einföld að við getum litið á það sem sjálfsagða hluti eða líkur á því að við getum fengið afgreiðslu út frá slíkum sjónarmiðum í þeirri stöðu sem málin eru stödd nú. Það er um svo marga þætti að ræða og það eru nú einu sinni ríki heimsins og efnahagsheildir, ríkjasambönd, sem eru að taka á þessu máli samningslega. Ég held að það verði seint að við getum náð fram með séróskir af þessum toga eins og þarna er verið að tala fyrir að svo miklu leyti sem þær hafa möguleika til þess að komast inn í alþjóðlegt samkomulag því þá verða þær að vera hluti af kerfi sem hugsanlega getur virkað þannig í framtíðinni að þeir sem hafa stöðu til þess að framleiða orku án þess að bæta gróðurhúsalofttegundum í lofthjúpinn hafi styrkari stöðu en aðrir og það er ekkert nema gott um það að segja.

Virðulegur forseti. Spurningin um orkunýtingu, uppbyggingu stóriðju hér í landinu kom til tals fyrr í umræðunni og hæstv. utanrrh. var að færa niður stærð þeirrar álbræðslu á Austurlandi sem hæstv. iðnrh. er að reyna að leggja grunninn að og var að tala þar um 240 þúsund tonna álbræðslu á sama tíma og fyrir Alþingi liggur rammi varðandi hámarksstærð þeirrar bræðslu samkvæmt svari frá hæstv. iðnrh. um að þar sé samningsaðili að óska eftir því að hafa svigrúm til þess að stækka slíka bræðslu í þremur áföngum upp í 720 þús. tonn. Með þeim áformum, virðulegur forseti, þyrfti orku sem svarar til alls vatnsaflsins sem rennur frá norðanverðum Vatnajökli í jökulánum þar og nægði ekki til. Menn eru að tala um orku til ráðstöfunar sem nemur 10–11 teravatttímum á sama tíma og við framleiðum nú í dag röska 5 teravatttíma á síðasta ári og erum að gera ráð fyrir því að sú tala geti hækkað í 9 teravatttíma eða svo í kringum aldamótin. Menn eru að tala um viðbót í orkuframleiðslu, ofan í þetta eina fyrirtæki ef það yrði að veruleika, sem svarar til meira en fer í orku sem í heild yrði framleitt á Íslandi upp úr árinu 2000 og meira en helmingi meira en framleitt var á Íslandi samtals á síðasta ári. Losun á gróðurhúsalofttegundum frá þessu eina fyrirtæki er sem nemur um 1,5 millj. tonna. Þetta eru áætlanirnar sem hæstv. iðnrh. hefur í huga þegar hann er að tala í samhengi Kyoto-samninganna. Það er ekki lokað leiðum á þessi áform sem hann hefur uppi. Burt séð frá því, virðulegur forseti, hvort við værum að ræða hér um alþjóðasamning varðandi gróðurhúsalofttegundir, þá væri hér óskynsamleg stefna á ferðinni til framtíðar litið. Ég tengi það því út af fyrir sig eitt ekki saman við þessa umræðu hér þó að það sé hins vegar nátengt vegna losunar slíkra fyrirtækja.

Ég sé ástæðu til þess, með leyfi virðulegs forseta, að lesa hér upp á Alþingi ályktun sem send var út í þessum mánuði frá Náttúruverndarráði sem er stofnun sem starfar að því að veita hæstv. umhvrh. og stjórnvöldum ráðgjöf, vegna þess að hún varðar þau efni sem við erum að ræða hér, bæði beint og óbeint:

„Fyrr á þessu ári voru kynntar tillögur um svæðisskipulag á miðhálendi Íslands sem íslensk stjórnvöld hafa látið vinna. Þar birtast áætlanir um framtíðarnýtingu þessa stórbrotna landsvæðis til ársins 2015. Miðhálendi Íslands hefur að geyma ýmsar merkustu náttúruperlur landsins og þar eru því miklir hagsmunir allra landsmanna í húfi. Samvinnunefnd um svæðisskipulag hálendisins og skipulagsstjóri ríkisins hafa auglýst tillögurnar og boðið þjóðinni að tjá sig um þær og skila athugasemdum við þær nú í haust.

Á sama tíma vinna íslensk stjórnvöld að því að bjóða fjölmörgum erlendum stóriðjuhöldum íslensk fallvötn, orkulindir og land undir virkjanir og orkufrekan iðnað. Meðal þeirra eru fallvötn sem alls ekki er gert ráð fyrir að virkja í tillögum að svæðisskipulagi. Enda myndu sumar þeirra virkjana stórspilla eða eyðileggja um alla framtíð einstæð-

ar náttúruperlur, sem aldrei verður sátt um að fórna fyrir skammtímahagsmuni.

Þrátt fyrir gjörbreytt viðhorf til umhverfismála og alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga virðist skýrsla iðnaðarráðuneytisins: „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku" frá árinu 1994 enn í fullu gildi, en þar er gerð grein fyrir „öllum helstu möguleikum sem fyrir hendi eru til að nýta vatnsaflið og háhitasvæði landsins til raforkuvinnslu." Þótt þar sé viðurkennt að ekki hafi verið tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða er gefið í skyn að jafnvel innan þjóðgarða og friðlýstra svæða megi virkja.

„Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju" 1997 svo og upplýsingar frá Markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis sýna gífurlegar framkvæmdir sem eru á undirbúnings- eða umræðustigi á sviði orkufreks iðnaðar á Íslandi á næstu árum. Stefnan sem þar kemur fram er í mótsögn við undirritaða alþjóðasamninga.

Í nýútgefinni skýrslu umhverfisráðherra: „Ísland og loftslagsbreytingar af mannavöldum" er gert ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi muni aukast um 40% til ársins 2025 ef einungis er miðað við þegar samþykkta stóriðju. Skuldbindingar Íslendinga hljóða hins vegar upp á að árið 2000 verði losun okkar á gróðurhúsalofttegundum, einkum koltvísýringi, út í andrúmsloftið ekki meiri en hún var árið 1990. Tilgangur laga um náttúruvernd frá 1996 er enn fremur sá að vernda heilsusamlegt umhverfi og annan náttúruauð: „... að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft."

Á meðan „Svæðisskipulag 2015" á miðhálendi Íslands er óafgreitt telur Náttúruverndarráð óeðlilegt að staðið sé í samningaviðræðum við erlenda stóriðjuaðila um orkufrekan iðnað og virkjanir á miðhálendinu. Skilaboð stjórnvalda samræmast hvorki eðlilegum vinnubrögðum né fyrrnefndum alþjóðlegum skuldbindingum. Þá samræmast þau enn síður þeirri framtíðarvon og markmiði að spilla ekki náttúrugæðum og veikja með því hina hreinu ímynd Íslands sem er svo þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustu og þá ekki síður fyrir matvælaframleiðslu.

Ráðið bendir á að þótt enn sé töluvert til af óbeislaðri vatnsorku í landinu, sem samkomulag gæti náðst um að nýta á arðbæran hátt á ókomnum árum, þá er hún ekki óendanleg. Þjóðin mun vonandi nýta sér þessa auðlind smám saman á skynsamlegan hátt með það í huga að auðlindin endist okkur og niðjum okkar um ókomna framtíð og án þess að skaða náttúruauð Íslendinga.

Náttúruverndarráð hvetur stjórnvöld og landsmenn alla til að standa vörð um landið sitt, náttúru þess og framtíð, og að vinna í samræmi við sáttmála og samþykktir um sjálfbæra þróun og varðveislu andrúmsloftsins; skapa nýja, háleitari og arðbærari framtíðarsýn en stóriðju byggða á mengun andrúmslofts og eyðileggingu á náttúruminjum og náttúruperlum Íslands.

Fyrir hönd Náttúruverndarráðs. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, formaður."

Ég sá ástæðu til þess, virðulegur forseti, að nýta tíma minn hér til þess að koma þessari ályktun á framfæri við þingheim. Mér finnst að hún hafi farið óþarflega lágt á undanförnum dögum síðan hún var samþykkt og mér finnst að hún sé verðmætt innlegg inn í þá umræðu sem hér fer fram.

[19:16]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er merkilegt að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, skuli við þessar umræður og við þær aðstæður sem núna eru á Austurlandi þegar menn verða varir við mikinn fólksflótta þaðan, hafa mestu áhyggjurnar af að hugsanlega geti orðið þar um stóraukna atvinnuuppbyggingu að ræða. Það er merkilegt að hv. þm. þess kjördæmis skuli lýsa því yfir við þessa umræðu að þar liggi mestu áhyggjurnar. Það kann hins vegar að fara svo, því miður, eins og oft hefur farið að mörg hafa tækifærin verið til að gera stóriðjusamninga en allt of oft hefur það gerst að okkur hefur ekki tekist að ná samningum. Það gæti auðvitað farið svo að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni yrði að ósk sinni í þeim efnum, að ekki tækjust samningar um byggingu álvers á Reyðarfirði, samningar við Norsk Hydro um byggingu fyrirtækisins. En það væru auðvitað kaldar kveðjur frá hv. þm. til Austfirðinga við þær kringumstæður sem þar eru nú, á sama tíma og sveitarfélög eru að sameinast til að styrkja stöðu sína til að vera betur í stakk búin til að byggja upp atvinnulífið og skapa þar betri aðstæður fyrir fólkið til að búa við.

En til að leiðrétta hv. þm. og undirstrika að í fyrsta áfanga í þeim fyrirætlunum sem núna eru í samningaviðræðunum við Norsk Hydro er gert ráð fyrir 240 þús. tonna álveri og það gæti tekið til starfa árið 2005. Annar áfangi er síðan gert ráð fyrir (Forseti hringir.) að verði jafnstór og sá fyrsti, og tæki til starfa árið 2010 og þriðji áfangi gæti síðan komið til en engar tímasetningar eru í þeim efnum og í umræðunni um loftslagsbreytingasamninginn (Forseti hringir.) eru menn fyrst núna að hugsa til ársins 2010.

[19:19]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa staðfest það, sem raunar liggur fyrir í þingskjölum, að ramminn um þá álbræðslu, sem ríkisstjórnin er að reyna að ná samningum um við Norsk Hydro, er um allt að 720 þús. tonn, sem mundi nýta yfir tíu teravattstundir í orku, sem er meira en samanlögð notkun Íslands upp úr aldamótum, og er þá stóriðja meðtalin. Þetta liggur fyrir.

En jafnframt liggur fyrir að það er ekkert einskorðað við Austurland að fyrirtækið ætti að rísa þar heldur hefur hæstv. ráðherra opnað fyrir aðra möguleika eins og tíðkað hefur verið og stendur í því, rétt eins fyrrv. hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson, að láta landshlutana bítast um trosið.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um spurninguna um atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, þá er vandalítið mál fyrir mig að svara hæstv. ráðherra. Heldur hæstv. ráðherra að lausnin á atvinnuvanda á Austurlandi eða annars staðar á Íslandi sé sú að reisa hér stóriðjuver og það sé þjóðráðið til lausnar á atvinnuvanda með hinni gífurlegu fjárfestingu og þeim fáu störfum sem það skapar? Ég tala nú ekki um það ef Austfirðingum væri ætlað að leggja til vatnsaflið, sem vel gæti orðið ef þessir draumar rættust, og það yrði síðan flutt suður á Keilisnes, teljandi á fingrum annarrar handar þau störf sem fylgja rekstri orkuveranna eftir að búið væri að beisla viðkomandi fallvötn. Að þetta sé sýn í atvinnumálum Íslendinga til framtíðar og binda landið samningum (Forseti hringir.) til kannski hálfrar aldar, sem tengdir eru áliðju, er ekki þjóðráð. Ég tala um þessi mál og leyfi mér að gera það með tilliti til landsins alls og að sjálfsögðu einnig til Austurlands.

[19:21]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ef af þessum stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi yrði, þá er það ekkert bjargráð fyrir fjórðunginn. Það er hins vegar viðbót við það atvinnulíf sem þar er nú. En það er auðvitað ekki hægt fyrir hv. þingmenn að tala ávallt þannig að ekki megi taka við þessu, það eigi bara að gera eitthvað annað. Þeir hv. þingmenn, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, verða þá að benda á bjargráðið sem menn eru alltaf að tala um — að bjargráðið sé í öðru en í stóriðjunni. Hvar er bjargráðið sem hv. þm. vill færa Austfirðingum? Menn verða að tala skýrt í þessum efnum. Það þýðir ekki alltaf að segja: Nei, ég er á móti, ég er á móti. Menn verða þá að hafa hugmyndir um það hvað annað skuli gert til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

[19:22]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér öðru sinni í þessari umræðu að segja: Fyrr má nú rota en dauðrota. Fyrr má nú vera hvort menn reisa fyrirtæki sem byggir á orku eða hvort menn reisa 720 þús. tonna álbræðslu. Það liggur kannski eitthvað þar á milli og það gæti nú verið að mögulegt væri að nýta orkulindir í landinu, þar á meðal á Austurlandi, í eitthvað sem félli skaplegar að byggð og aðstæðum en þau ósköp sem menn eru að tala um hér.

Menn eiga að benda á eitthvað annað. Það er það sem hæstv. ráðherra segir. Það er vafalaust ósköp þægilegt að leika sér að stóriðjuhugmyndum af þessu tagi. En liggja ekki málin þannig að við eigum að ýta undir fjölþætta atvinnuþróun og beita til þess ráðum sem við höfum til örvunar slíkrar nýsköpunar? (**Iðnrh.:** Þetta er liður í því.) Þetta er liður í því, 720 þús. tonna álbræðsla. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Það er mjög merkilegt í raun að fá þetta hér en það sem mestu máli skiptir fyrir Austurland sem aðra landsbyggð er auðvitað ríkisstjórn og stjórnarstefna sem leyfir sér þann munað að fjalla um landsmálin út frá hagsmunum landsins í heild en ekki að ofurselja landið blindum markaðsöflum, og ekki bara landið, heldur út á við einnig þannig að ráðin eru tekin af stjórnmálamönnum og allt aðrir sem í blindum krafti (Forseti hringir.) fjármagnsins ráða ferðinni í reynd. Það er stefna núv. ríkisstjórnar og raunar þeirrar sem áður sat með stuðningi Alþfl.

[19:24]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um þetta mikilvæga mál. Ég tel að það hafi verið afar þýðingarmikið að taka það til umræðu og ég þakka fyrir þau orð sem hv. þingmenn hafa látið falla um þá skýrslugerð sem umhvrh. og umhvrn. hefur beitt sér fyrir að leggja fyrir þingið, og eins þá skýrslu sem er allítarlegri og hefur verið dreift víða og allur almenningur á aðgang að. Vissulega veitir ekki af að menn kynni sér þetta mál betur en gert hefur verið á undanförnum mánuðum eða missirum. Tíminn er sannarlega að hlaupa frá okkur hvað það varðar að átta okkur á því hvernig við getum staðið að þeim samningum sem væntanlega og vonandi verða gerðir um að draga úr losun svokallaðra gróðurhúsalofttegunda.

Út af þeirri umræðu sem hefur verið nokkuð áberandi, að annaðhvort sé ágreiningur innan ríkisstjórnar eða að stefna ríkisstjórnarinnar sé ekki skýr í þessu efni, vil ég ítreka og undirstrika að það kom mjög ítarlega fram í ræðu minni áðan að eftir Berlínarfundinn í apríl 1995, þar sem segir að taka beri tillit til mismunandi upphafsstöðu ríkja og hvernig þau hafi nú þegar tekið á þeim vanda við uppbyggingu hagkerfis og á auðlindagrunni, þörfinni fyrir að viðhalda sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum hvers og eins ríkis, að eftir þennan fund, og að teknu tilliti til þessa boðskapar frá þeim fundi eða því sem stundum hefur verið kallað Berlínarumboðið, lagði ég fyrir ríkisstjórnina að við tækjum virkan þátt í þessum viðræðum og reyndum að hafa áhrif á stefnumótunina, reyndum að láta okkar sjónarmið og skoðanir koma þar ítarlega fram eins og hér hefur verið tíundað í umræðunni og ég gerði grein fyrir í upphafsræðu minni og reyndar líka komið fram bæði hjá hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum. Mig langar, með leyfi forseta, að taka af allan vafa í þessu efni og lesa þá tillögu sem ég lagði fyrir ríkisstjórnina 4. ágúst 1995 og hún samþykkti á fundi sínum 11. ágúst, nokkrum dögum seinna, og byggir á þeirri ákvörðun eða tillögu, að við tökum þátt í starfinu. Hún var í sex töluliðum og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi. Að ákvæðum núverandi samnings verði ekki breytt en ný skuldbindingarákvæði til að styrkja samninginn komi fram í bókun við hann.

Í öðru lagi. Að væntanleg bókun og nýjar skuldbindingar taki til allra gróðurhúsalofttegunda en ekki einvörðungu koltvíoxíðs.

Í þriðja lagi. Að töluleg markmið um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda miðist á fyrsta stigi við núverandi hlutdeild hreinna orkugjafa í orkunotkun viðkomandi lands í stað tiltekins viðmiðunarárs. Til dæmis það ríki sem nú þegar aflar 20–30% af heildarorkuþörf frá hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum yrði undanþegið frekari aðgerðum þar til önnur vestræn ríki hefðu almennt náð sama marki.

Í fjórða lagi. Að vinna að því að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkjanna til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa vegna iðnaðarframleiðslu jafnvel þótt framleiðsluferlin yrku losun gróðurhúsalofttegunda staðbundið, enda komin af stað í framleiðslu sem hefði meiri losun í alþjóðlegu samhengi. Á sama hátt verði það metið jákvætt ef ríki stuðlar að útflutningi á orku sem framleidd er með hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum.

Í fimmta lagi. Að aðgerðir sem auka gróður og binda þar með aukið kolefni í jörðu verði metnar jafngildar aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Í sjötta lagi. Þau ríki sem sýna fram á að þau geti ekki, miðað við þá tækni sem í boði er, dregið frekar úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda verði undanþegin tölulegum ákvæðum þar að lútandi."

Þetta voru þær tillögur sem ég lagði fyrir ríkisstjórnina og byggðar eru á tillögum fulltrúa frá þeim ráðuneytum sem mest höfðu þá komið að þessu og hafa komið að málinu síðar, iðnrn., sjútvrn., landbrn., samgrn. og utanrrn. auk umhvrn. Auðvitað hafa áherslur breyst nokkuð miðað við þennan upplestur eða upptalningu og skýrst nánar hvar áhersluatriðin væru, hvað væri hugsanlegt og vænlegt að ná fram af þessum hugmyndum okkar og við höfum einbeitt okkur að því.

Varðandi það sem síðan hefur komið fram hér og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi m.a. og vitnaði til fundargerðar eða minnispunkta sem sendinefndin, sem var á síðasta samninganefndarfundinum í Bonn, hefur látið frá sér fara, að kannski megi ekki lesa beint út úr okkar tillögum

að við höfum lagt áherslu á að endurnýjanlegum orkugjöfum, sem við höfum beitt til nýrra iðnaðarferla eða nýtt til þess, yrði haldið utan við, þá höfum við í tillögum okkar og þeirri tillögu sem þar var lögð fyrir og útskýrð, lagt sérstaka áherslu á að taka tillit til þessara endurnýjanlegu orkugjafa og hlutfall iðnaðarferla í útblæstrinum og sett inn í jöfnu með öðrum stærðum eða breytum eða hvað við viljum nú kalla það þegar við fjöllum um uppsetningu dæma, t.d. fólksfjölda af því að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði einnig um hvernig við hefðum hugsað okkur að láta það hjálpa okkur í málinu. Það gerir það ef tillit fæst tekið til ástandsins eins og það er í dag af því að íbúafjölgun er meiri hér en hjá sumum öðrum þessara þjóða, sem við erum að glíma við í hinum svokallaða Annex I ríkjahópi. Við þurfum ekki þess vegna að grípa til sérstakra fjölgunaraðgerðaráðstafana til að láta það telja, en það getur svo verið sératriði út af fyrir sig að velta fyrir sér en ég ætla ekki að eyða tíma í það á þessum fundi.

Ég vil líka láta það koma fram, hæstv. forseti, að við höfum að sjálfsögðu fylgt leiðbeiningum vísindanefndarinnar um bókhald þegar við stillum upp þessu dæmi og reiknum út hvernig þessar gróðurhúsalofttegundir telja hér hjá okkur. Og í skýrslu til skrifstofu samningsins hefur verið tekið skýrt fram að markmið ríkisstjórnarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda miðist við að halda nýrri stóriðju fyrir utan. Þetta sjónarmið er einnig vel skýrt í skýrslu nefndar samningsins, sem fór yfir skýrslugjöf íslenskra stjórnvalda, þannig að þetta hefur komið fram og við höfum haldið þessu til haga.

Það má kannski einnig nefna hér að þótt það sé e.t.v. ekki háleitt markmið þá er það þó svo, og betra heldur en hjá sumum öðrum aðildarríkjum samningsins, að allt bendir til þess að ríkisstjórnin muni ná þeim markmiðum sínum að losun gróðurhúsalofttegundanna, að teknu tilliti til bindingar eins og við höfum lagt mikla áherslu á að væri hluti af málinu, verði ekki meiri hér árið 2000 en árið 1990 ef nýrri stóriðju er haldið fyrir utan. Við Íslendingar höfum þannig víða haldið þessu sjónarmiði til haga og náð að þessu leyti til betri árangri en mörg önnur aðildarríki samningsins, sem hafa alls ekki getað staðið við þetta markmið þótt þau væru ekki að bæta við sig nýjum stóriðjukostum.

Hæstv. forseti. Í ljósi þessa og þess sem hefur komið fram hér í umræðunum og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti m.a. á að nokkuð hafi miðað í Bonn leyfi ég mér nokkra bjartsýni hvað varðar samningaferlið og niðurstöður á Kyoto-fundinum og að sjálfsögðu það að við getum orðið aðilar að samningnum. Ég leyfi mér að telja það nauðsynlegt eins og ég gerði ítarlega grein fyrir í ræðu minni í upphafi og veit að það er vilji íslenskra stjórnvalda, um það er engin vafi. Það er sameiginleg áhersla og vilji ríkisstjórnarinnar að við séum aðilar að þessum samningi. En það hefur margsinnis komið fram hjá mér og það þarf ekki að vitna til neinna nýrra ummæla og ekki annarra ráðherra í því efni, að við verðum auðvitað að meta stöðuna þegar við sjáum hvernig þetta lítur út, þegar við sjáum hvernig Kyoto-fundurinn fer og hver verður hin endanlega tillaga sem þar kemur fram, og sjá hvernig okkur tekst að standa við þetta. Vonandi getum við orðið aðilar að samningnum. Það er alveg skýrt í mínum huga.

Það er hins vegar rétt að ítreka það og undirstrika að sérstaða okkar er auðvitað mjög mikil í þessu máli. Við eigum erfitt með að beita sömu aðferðum og aðrar þjóðir hafa gert.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði ofurlítið um t.d. útreikning og áhrif. Ég hef því miður ekki ítarlegar upplýsingar fyrir framan mig til að gefa henni varðandi kostnaðartölur og áhrif af hugsanlegum aðgerðum. Þó hefur mér verið bent á að athuganir sem gerðar hafa verið af OECD gætu bent til þess að þjóðhagslegur kostnaður af því að binda losun OECD-ríkjanna við árið 1990 geti reyndar orðið á bili allt frá því að vera 0,5% aukning af vergri landsframleiðslu, þannig að það getur hjá sumum ríkjum endað í einhverjum hagnaði eða hagsbót, og í að vera allt að 2% fall í vergri landsframleiðslu. Byggir þetta þá á því að allra hagkvæmustu leiða sé leitað.

Líka má benda á það sem ESB hefur sett sér, og við sumir hér í umræðunum höfum sagt að sé svolítill tvískinnungur, að ætla að ná 15% losun innan sambandsins í heild en leyfa sér síðan að skipta því mjög á milli þjóða og taka ekki tillit til þess að aðrar þjóðir geti náð einhverjum slíkum samningum. Það munu vera litlar 800 milljónir tonna sem Evrópusambandið ætlar sér að skera niður með þessum 15%, en gerir það líka á þann hátt, og það hefur verið kynnt í skýrslu sem Evrópusambandið hefur sett fram á Evrópuþinginu, að veruleg hagkvæmni er fólgin í að dreifa losuninni á einstök ríki sambandsins. Með þeim hætti benda athuganir ESB til þess að takast megi að ná þessum árangri, þessum mikla samdrætti, án verulegs tilkostnaðar. Það er alveg ljóst að 15% hjá okkur yrðu okkur miklu erfiðari og kostnaðarsamari heldur en virðist vera þarna. Það undirstrikar líka að það er hagkvæmt þegar á heildina er litið að fleiri þjóðir fái að takast á við þetta sameiginlega heldur en að setja fastákveðin losunarmörk á hverja einstaka þjóð.

Ég vil líka draga fram, í ljósi þessara stóru talna, að við erum örsmá í þessu og ég minni á það aftur að við erum að tala um 2,7 eða 3 milljónir tonna á móti þessu sem ég nefndi hér — bara samdrátturinn í Evrópusambandinu er 800 milljónir tonna. Og við erum að tala um 0,01% af losun í heiminum, 1% miðað við Norðurlöndin og við erum undir OECD-ríkjunum. Okkur finnst því ljóst að margt sé erfitt í þessu.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spyr hvað sé verið að gera og segir að sér finnist þær aðgerðir ekki vera mjög metnaðarfullar sem koma fram í skýrslunni og það sem verið er að vinna að. Það er auðvitað ljóst að við höfum ekki verið að fást við þetta lengi. Við erum að þessu núna, þetta er verkefni sem er í fullum gangi. Það er ekki langt síðan þessar nefndir voru settar af stað til þess að framfylgja markmiðunum. Og vegna þess að menn hafa kannski ekki verið nægjanlega meðvitaðir um hvað væri fram undan í þessu hafa menn kannski ekki heldur verið nægjanlega röggsamir að fara af stað að leita þeirra leiða sem tiltækar eru og verða sannarlega ekki auðveldar fyrir okkur. Ég hygg að við verðum, eins og ég hef reyndar áður sagt og kemur fram í skýrslunni, að taka tillit til þessara þátta í öllum okkar atvinnugreinum og samgöngur og sjávarútvegur verði að vera aðilar að því. Það er ekki hægt að líta svo á að neinn einn verði undanskilinn í þessu.

Það má svona rétt til gamans velta því fyrir sér af því einhver hv. þm. nefndi rafbraut til Keflavíkur, ég held að það hafi verið hv. 4. þm. Austurl., (**HG:** Og Hafnar í Hornafirði.) já, og Hafnar í Hornafirði, ég veit ekki hvort það er eins hagkvæmt, en ég get vel ímyndað mér það. Núna, þegar við ætlum að fara að takast á við það að tvöfalda Reykjanesbrautina — ég veit ekki hve fljótt en það er mikið í umræðunni — væri þá ekki vert að skoða það til samanburðar að setja

rafbraut til Keflavíkur og velta því fyrir sér hvort það sé ekki einn þátturinn sem við verðum að horfast í augu við? Það eru staðreyndir að við verðum að takast á við þetta verkefni í samgöngunum og í umferðinni ekki síður en í svo mörgum öðrum greinum þjóðfélagsins.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er að renna út. Ég hef sjálfsagt ekki svarað þeim fyrirspurnum sem kann að hafa verið beint til mín, það var kannski ekki mjög mikið af þeim beinlínis. En ég vil aftur þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og veit að þetta er ekki síðasta orðið í umræðunni (Forseti hringir.) en ríkisstjórnin mun á næstu dögum setjast niður til að búa til það samningsumboð sem ég vonast til að umhvrh. fái að fara með á þennan mikilvæga fund í Kyoto.

[19:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra nefndi þá samþykkt sem gerð hefði verið árið 1995 í þessu efni. Ég hef litið svo til að eins og haldið hefur verið á þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og einstakra ráðuneyta hafi í rauninni verið samfella í þessu máli nánast frá fundi til fundar með fulltrúum frá þeim ráðuneytum sem þetta snertir kannski hvað mest, þannig að það þurfi ekki á næstu dögum að fara að ganga frá einhverju nýju samningsumboði fyrir samningamenn Íslands í Kyoto. Það finnst mér dálítið sérkennilegt. Auðvitað er mjög eðlilegt að staðan sé metin að loknum fundinum í Bonn en ég ætla að vona að menn fari ekki að snúa við í miðri á, nema þá séu einhverjar alveg sérstakar aðstæður sem bjóði að svo sé gert og erfitt að meta það fyrir fram. Og ég vara mjög við því, í ljósi þeirra áherslna sem hér hafa komið fram frá einstökum ráðherrum öðrum en hæstv. umhvrh., að farið verði að búa þar til einhver ný skilyrði, leita að einhverju nýju vaði, sem eins og hæstv. iðnrh. orðaði það og einnig hæstv. utanrrh., að öllum líkindum væri það ekki erindið fyrir Íslendinga í Kyoto að undirrita þar samning ef ekki yrði fallist á kröfur okkar varðandi endurnýjanlegar orkulindir.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi um þátt annarra þá er það hárrétt og ég vil koma þeirri áherslu að hér að mér finnst að það hafi gengið allt of seint og allt of hægt að fá ráðuneyti eins og ráðuneyti samgöngumála og sjávarútvegsmála til þess að taka alvarlega á þessum málum (Forseti hringir.) og líta á nauðsynina að gæta hagsmuna sinna í þessari samfellu. Langháværasta raustin þarna hefur verið frá iðnrn.

[19:43]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja út af þessu að auðvitað munum við halda okkur áfram við þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur þegar sett fram í þessari vinnu og undirbúningi að fundahöldum öllum. Það samningsumboð sem samninganefndarmenn okkar hafa verið með tel ég að hafi verið alveg skýrt og þegar ég segi að ríkisstjórnin muni á næstu dögum setja saman það samningsumboð sem umhvrh. fer með þá byggir það auðvitað á þeim grunni sem við höfum lagt, þeim fyrirvörum sem við höfum sett og þeim forsendum sem við höfum gefið okkur. Ég á hins vegar við það að við sjáum á þeim drögum sem fyrir liggja að enn þá er óskaplega margt óleyst og óljóst. Og þá hljóta menn að verða að meta hvernig við bregðumst við ef þetta fer svona eða hinsegin, hvað næst inn af þeim þáttum sem við höfum væntingar um eftir seinasta samninganefndarfund en því miður eru margir valkostir við nánast hverja grein í samningsdrögunum eins og þau líta út í augnablikinu. Það er því margt óljóst.

Mig langar aðeins að segja út af því sem hv. þm. nefndi um hlutverk annarra að þáttur þeirra hefur auðvitað verið of lítill. Þó vil ég minna á bréf sem ég fékk fyrir fáum dögum síðan með ályktun frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og jafnframt það að ég hef ítrekað átt fund með fulltrúum atvinnulífsins sem hafa bæði sýnt og lýst vilja til þess að takast á við þetta, ekki síst í sjávarútvegi. Það má nefna, þó að ekki sé það um loftslagsbreytingamálið, að forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa á undanförnum fundum samtaka sjávarútvegsins lýst miklum áhuga á að fjalla meira um umhverfismál heldur en þeir hafa gert upp á síðkastið. Það finnst mér vera merki (Forseti hringir.) um þá breytingu sem almennt er í þjóðfélaginu í viðhorfum til umhverfismála.

[19:45]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Undir lok þessarar umræðu kemur í hug að vissulega hefði verið æskilegt að fyrir Alþingi lægi ályktun, þáltill., um þessi stóru mál sem dræg̨ju upp stöðuna og hefði verið prófsteinn á vilja þingsins. Ég hreyfði þeirri hugmynd í umhvn. fyrir nokkrum vikum hvort við ættum ekki að gera það að okkar verkefni í nefndinni að fara yfir þau mál með tilliti til þess að leggja eitthvað til málanna. Það var ekki brugðist við því. Ég hreyfði því þar sem hugmynd. Formaður nefndarinnar er ekki viðstaddur núna og kannski ekki bestu aðstæður til að taka þannig á máli. En það hefði vissulega verið æskilegt að Alþingi hefði haft fyrir framan sig nokkra megindrætti sem veganesti af hálfu þingsins inn í þetta geysilega stóra mál. Það er fagnaðarefni að atvinnulífið, sem aðrir, er að taka við sér og átta sig á því hvað hér er raunverulega á ferðinni og hvað er í húfi. Það gildir auðvitað um allar greinar.

Þar sem minnst var á hinn stóra þátt samgöngumála þá er margt í þróun nú upp á síðkastið sem hefur gengið í raun alveg gegn því sem ástæða væri til að reyna að ná fram. Ég talaði í fullri alvöru um þær hugmyndir sem ég varpaði fram um að nota rafmagnið á láglendinu sunnan lands og suðvestan lands og minni á þær lestir þungaflutningabifreiða sem keyra eftir veikburða vegakerfi og flytja hráefni landshlutanna á milli. Ætli það væri nú ekki munur að geta rennt þessu á rafbraut fyrir innlendri orku eftir Suðurlandi og Suðvesturlandi og leggja svifbraut yfir Skeiðarársand (Forseti hringir.) þannig að menn yrðu tilbúnir að mæta þar hugsanlegum náttúruhamförum með betra móti en verið hefur. Það er eitthvað slíkt sem við verðum að hafa sem framtíðarsýn og skapa sjálfbæra orkustefnu. (Forseti hringir.) Það er hvetjandi og við eigum að taka þannig á málum en ekki (Forseti hringir.) að hlaða undir meira og minna úreltar hugmyndir í sambandi við orkunýtingu.

[19:47]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að við þurfum að taka á fjölmörgum þáttum og beita öllum tiltækum ráðum ef við eigum að geta staðið okkur í þessu efni, sem við viljum og verðum að gera. Einn þátturinn enn — af því að hv. þm. var að tala um vöruflutninga — og við höfum ekki talað um er sú breyting sem orðið hefur á vöruflutningum hjá okkur að undanförnu, að færa vöruflutningana af sjó upp á land. Það er e.t.v. ekki merkilegur boðskapur að koma með rétt

þegar menn hafa verið að þróa flutninga í þá áttina, að segja að kannski sé ástæða til að fara með þá aftur í hina áttina og flytja vöruflutningana í einhverjum mæli aftur út á sjóinn. En þó er það svo að ég hygg að menn þurfi bara að taka ýmsa þætti aftur upp til nýrrar hugsunar og velta mörgum steinum við í því efni.

Af því að ég hef enn örlítinn tíma, hæstv. forseti, langar mig að skjóta inn viðbót í sambandi við þær hugmyndir og aðgerðir Evrópusambandsins um þann 15% samdrátt sem þeir telja sig geta komist í gegnum með þessu samstarfi margra þjóða án verulegs tilkostnaðar, að sérstaða okkar er hins vegar svo mikil að jafnvel þó að við reyndum að gera nánast allt eða taka upp allar þær tillögur og öll þau atriði sem Evrópusambandið er að leggja til til að ná þessum 15%, þá mundi það nánast ekki þýða neitt fyrir okkur. Það mundi nánast ekki gefa okkur nokkurn samdrátt eða nokkurn sparnað í losun gróðurhúsalofttegundanna. Svona eru nú aðstæðurnar misjafnar og eins og ég hef margbent á eru okkar aðstæður afar sérstakar.

[19:49]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir þessar skýrslur og þau svör sem hann gaf í sínu máli. Mér þótti vænt um að heyra að mér fannst örla á bjartsýni í máli hans áðan um að einhver niðurstaða verði af þessum fundi í Kyoto.

Mig langar til að nefna örfá atriði. Það hefur haft nokkurt vægi í umræðunni það skilyrði eða það áhersluatriði hjá íslenskum stjórnvöldum að taka mengandi stóriðju út fyrir sviga á þeirri forsendu að við nýtum endurnýjanlegar orkulindir. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann meti líkurnar á því að fallist verði á þetta áhersluatriði.

Í öðru lagi hefur æ ofan í æ komið fram að menn líta til þess möguleika að hægt sé að koma á einhvers konar kvótaskiptum, skipta á mengunarkvótum. Ég spyr hæstv. ráðherra, ekki síst með tilliti til þess sem hann sagði þegar hann kom í ræðustólinn áðan, hvaða ríki hæstv. ráðherra álíti að væru hugsanlega tilbúin til að versla með losunarkvóta. Varla finnum við slíkt ríki í Evrópu með hliðsjón af því hvernig staðan er þar.

Í þriðja lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort menn ræði það ekkert í öllum þessum viðræðum að mannkynið þurfi að breyta lífsháttum og að það sé eitt af þeim atriðum sem menn verði að taka með í reikninginn.

[19:51]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um bjartsýnina um samkomulag í Kyoto. Það er ljóst að ef samkomulag næst ekki þar, þá verður ekki langt í að menn setjist niður í aðra lotu. Það er því enginn, sem á annað borð vill taka þátt í þessu, laus við umræðuna. Hún heldur auðvitað áfram og það er algjörlega skýrt að við Íslendingar þurfum að halda áfram að vinna í okkar málum og að taka vonandi áfram þátt í þessu samningaferli af fullum krafti.

Ég á mjög erfitt með að meta það á þessu stigi hvernig menn líta á þær hugmyndir sem við höfum sett fram um að menn horfi til þeirra kosta sem endurnýjanleg orka hefur umfram aðra orkugjafa í sambandi við iðnaðarferlin. Við höfum haldið þessu til streitu og bent á þetta. Því er ekki að neita að það viðhorf kemur fram bæði í Ríó-samningnum sjálfum og Berlínarumboðinu einnig, að það skuli taka tillit til hreinna orkugjafa eða endurnýjanlegra orkugjafa. Við höfum ekki síst á þeirri forsendu talið okkur hafa — ég veit ekki hvort við eigum að segja fullan rétt eða að minnsta kosti fulla ástæðu til að halda okkur við það sjónarmið.

Það er kannski ekki auðvelt að benda á einstök tilvik varðandi kvótaskiptin þar sem þau gætu skipt máli. Þó væri hægt að ímynda sér að einhverjir aðilar hvort sem það væru fyrirtæki, stórfyrirtæki, bílaframleiðendur eða aðrir sem þyrftu að breyta til, draga úr losun eða mengun eða einhverju slíku, væru tilbúnir til að eiga viðskipti á þennan hátt milli landa eða við þau ríki eða þá aðila (Forseti hringir.) sem geta framleitt vöru eða rekið starfsemi (Forseti hringir.) með hreinum orkugjöfum.

Hæstv. forseti. Tíminn er nú hlaupinn en um breytta lífshætti vísa ég til þess sem ég sagði áðan, að ég teldi að ábyggilega þyrfti í hugsun manna að velta við ýmsum steinum til að finna nýjar aðferðir til að bregðast við þeim (Forseti hringir.) viðfangsefnum sem við okkur blasa.

Út af dagskrá voru tekin 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:55.

---

## 27. FUNDUR

þriðjudaginn 18. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 249. mál, þskj. 294. — 1. umr.
2. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
3. Framhaldsskólar, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
4. Almannatryggingar, frv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.
5. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
6. Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
7. Náttúruvernd, frv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
9. Landgræðsla, frv., 83. mál, þskj. 83. — 1. umr.
10. Goethe-stofnunin í Reykjavík, þáltill., 256. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, 279. mál, fsp. HjÁ, þskj. 349.

Þjónustugjöld fjármálastofnana, 281. mál, fsp. ÖS, þskj. 351.

## *Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.*

Stjfrv., 249. mál (heildarlög). — Þskj. 294.

[13:34]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en frumvarpið er að finna á þingskjali 294 og er það 249. mál þingsins.

Þetta er í annað skipti sem ég mæli fyrir frumvarpinu, en niðurstaðan síðastliðið vor var að fresta afgreiðslu málsins til þessa þings. Frá fyrstu gerð hefur frumvarpið tekið umtalsverðum breytingum í samræmi við tillögur annars vegar efnahags- og viðskiptanefndar og hins vegar starfshóps sem vann að málinu í sumar og lauk endanlega störfum í síðasta mánuði. Niðurstaða starfshópsins byggðist á ákveðinni málamiðlun um tiltekin umdeild atriði, en fullyrða má að almenn sátt ríki um flest mikilvægustu efnisatriðin.

Lífeyrismál og starfsemi lífeyrssjóða er mikilvægur málaflokkur sem í raun hefur ekki fengið verðuga athygli né umfjöllun hér á landi fyrr en á síðustu missirum. Skyldutrygging lífeyrisréttinda hefur bein áhrif á fjárhag hvers einasta manns því sem næst frá vöggu til grafar. Áfram þarf að byggja upp og styrkja innviði þess kerfis sem lögunum er ætlað að ná til. Gagnger endurskoðun almannatryggingalaganna er aðkallandi og mikilvægt er að bregðast tímanlega við fyrirsjáanlegum breytingum á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Fyrirhuguð lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eru meðal mikilvægustu stoða þess velferðarkerfis sem við ætlum að búa íslensku þjóðinni á 21. öldinni.

Án viðeigandi ráðstafana stefna lífeyristryggingakerfi hins opinbera víða um heim í greiðsluþrot. Almennt eru þau byggð upp sem gegnumstreymiskerfi og því fólki sem er á vinnumarkaði á hverjum tíma er þess vegna ætlað að gefa eftir hluta af launum sínum til að standa undir nauðsynlegum lífeyrisgreiðslum til þeirra sem eru utan vinnumarkaðarins.

Reynslan hefur leitt í ljós alvarlega brotalöm á því fyrirkomulagi að byggja lífeyriskerfi heillar þjóðar á gegnumstreymi eða beinni tilfærslu fjármuna frá einni kynslóð til annarrar. Kerfið tryggir heldur ekki æskilegt samband milli þess sem einstaklingarnir leggja fram og taka út, sá og uppskera.

Svo að dæmi séu tekin sýna framreikningar á vegum OECD að árleg útgjöld hins opinbera vegna lífeyrisgreiðslna munu að óbreyttu vera komin yfir 16% af vergri landsframleiðslu árið 2030 í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu. Til samanburðar má geta þess að hér á landi er gert ráð fyrir að útgjöld til lífeyristrygginga almannatryggingakerfisins nemi um 17 milljörðum á næsta ári eða um 3% af vergri landsframleiðslu.

Fyrir utan að hafa treyst um of á opinbera tilfærslu milli kynslóða má rekja lífeyrisvandann til mikilla breytinga á aldurssamsetningu flestra þjóða, þar sem dregur úr fæðingartíðni á sama tíma og lífsævin lengist.

Árið 2030 er gert ráð fyrir að hlutfallslega verði þeir jarðarbúar sem eru 65 ára og eldri, tvöfalt fleiri en í dag. Gera má ráð fyrir að Íslendingum 65 ára og eldri fjölgi úr 11% í 19% af mannfjölda til ársins 2030.

Afleiðing þessarar þróunar er sú að færri og færri á vinnualdri verða á bak við hvern aldraðan. Árið 1995 voru 65 ára og eldri um 20% íbúa á aldrinum 15 til 64 ára í flestum svokölluðum iðnríkjum. Framreikningar sýna að í flestum ríkjunum verður þetta hlutfall orðið um eða yfir 40% árið 2030. Hér á landi var þetta hlutfall 17,4% árið 1995 og verður samkvæmt framreikningi orðið 30,1% árið 2030.

Framangreindar tölur sýna að mörg ríki standa frammi fyrir miklum vanda þar sem þau hafa fyrst og fremst treyst á gegnumstreymiskerfi í lífeyrismálum. Fyrir okkur Íslendinga virðist vandinn á hinn bóginn vel viðráðanlegur. Það er þó háð því að okkur takist að treysta það kerfi, sem við höfum þegar byggt og berum gæfu til að halda uppbyggingarstarfinu áfram. Okkur ber að nýta til fulls hagstæða aldurssamsetningu þjóðarinnar og þá staðreynd að aðilum vinnumarkaðarins tókst með samningum árið 1969 að leggja grunn að fyrirmyndarlífeyriskerfi.

Þrátt fyrir að staða okkar Íslendinga sé hagstæð í samanburði við aðrar þjóðir kallar úrlausnarefnið á stefnufestu og árvekni. Það er ekki nema einn og hálfur áratugur síðan flest benti til þess að markmið íslenska lífeyriskerfisins mundu ekki nást og þar með að við stæðum í sömu sporum í lífeyrismálunum og flestar aðrar þjóðir. Fjárhagsstaða lífeyrissjóða sem starfa án ábyrgðar launagreiðanda hefur gjörbreyst á undanförnum árum og samstaða hefur náðst um að byggja upp lífeyrissjóði opinberra starfsmanna sem söfnunarsjóði. Ekki eru nema átta ár síðan forveri minn í starfi tók þátt í því að skerða lögboðið atvinnurekandaframlag ríkisins til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna með þeim rökum að sjóðurinn væri í raun gegnumstreymissjóður.

Á undanförnum árum hafa margar þjóðir gripið til róttækra aðgerða í lífeyrismálum. Árið 1994 gaf Alþjóðabankinn út skýrslu þar sem gerð var grein fyrir nokkrum áhersluatriðum. Í skýrslunni var eindregið hvatt til þess að þjóðir heims þróuðu lífeyriskerfi sín og byggðu þau upp á þremur meginstoðum. Í fyrsta lagi á almannatryggingum hins opinbera sem væru nokkurs konar öryggisnet og ætlað að draga úr fátækt, í öðru lagi á skyldutryggingu sem frjáls félög önnuðust og byggði alfarið á sjóðsöfnun og í þriðja lagi á frjálsum lífeyrissparnaði. Margar þjóðir hafa unnið að endurskoðun og framgangi lífeyrismála sinna á þessum grundvelli. Frumvarp það sem hér er mælt fyrir byggir einnig í öllum aðalatriðum á sömu hugmyndum og lagðar voru til grundvallar tillögum Alþjóðabankans.

Í mörgum löndum er svigrúm til kerfisbreytinga mjög takmarkað þar sem öldruðum hefur þegar fjölgað hlutfallslega mikið og litlu hefur verið safnað í sjóði á undanförnum árum. Þess vegna hefur fyrst og fremst verið reynt að lagfæra þau kerfi sem fyrir eru. Tryggingaiðgjöld hafa verið hækkuð, lífeyrisgreiðslur skertar, ellilífeyrisaldur hækkaður og samband milli iðgjalda og réttinda aukið svo helstu atriði séu nefnd.

Í Svíþjóð, svo dæmi sé tekið, voru umtalsverðar breytingar samþykktar á lífeyriskerfinu árið 1994 og var gert ráð fyrir að þær tækju að fullu gildi á 20 árum. Sænska kerfið hefur fram til þessa tilheyrt opinbera almannatryggingakerfinu. Það hefur verið byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og fjármagnað með sköttum og skyldutryggingariðgjöldum. Ákveðin sjóðsmyndun hefur þó átt sér stað, en hún var fyrst og fremst hugsuð til sveiflujöfnunar milli ára.

Frá og með árinu 1999 er ætlunin að 16,5% af launum renni til kerfisins sem skyldutryggingariðgjald. Til viðbótar er síðan gert ráð fyrir að 2% iðgjald fari til einstaklingsbundins lífeyrissparnaðar. Strangt tekið eru það einungis þessi 2% sem falla undir skilgreiningu Alþjóðabankans á annarri stoð

lífeyriskerfisins, þ.e. fara til sjóðsöfnunar á grundvelli þess að beint samband sé milli innborgunar og réttinda. Þröng staða lífeyriskerfisins í Svíþjóð endurspeglast einnig í því að ekki virðist svigrúm til að láta kerfisbreytinguna ná til þriðju stoðarinnar, þ.e. frjálsa lífeyrissparnaðarins.

Í nýlegri skýrslu Evrópusambandsins um lífeyriskerfið og innri markað sambandsins kemur fram að flest aðildarríkin hafa gripið til aðgerða til að verja meginmarkmið lífeyristrygginga hins opinbera og þar með velferðarkerfisins. Fyrir sambandið í heild er áætlað að 88% af útborguðum lífeyri komi frá hinu opinbera og falli undir fyrstu stoð lífeyriskerfisins samkvæmt skilgreiningu Alþjóðabankans. Til að dæmið gangi upp og hægt verði að tryggja einstaklingum viðunandi lífeyri til frambúðar er á hinn bóginn reiknað með að í auknum mæli verði treyst á sjóðsöfnun og hinar tvær stoðir kerfisins.

Þær þjóðir Evrópusambandsins sem náð hafa bestum árangri við uppbyggingu sjóðsöfnunarkerfa utan ríkisgeirans eru Hollendingar og Bretar. Þar er til dæmis áætlað að um 30% útborgaðs lífeyris komi frá öðrum aðilum en ríkinu. Sjóðsmyndun í Hollandi er áætluð samsvara um 90% af vergri landsframleiðslu og í Bretlandi um 80% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar er áætlað að hér á landi megi rekja 40% af útborguðum lífeyri til lífeyrissjóðanna og að eignir þeirra svari til 60% af vergri landsframleiðslu.

Hvort sem litið er til einstaklingsins eða þjóðfélagsins hefur aukinn langtímasparnaður mikla þýðingu. Hann gerir okkur kleift að efla atvinnulífið, draga úr erlendri skuldasöfnun og þróa frjálsa fjármagnsflutninga til og frá landinu. Um leið og æskilegt er að fá inn í landið erlent áhættufjármagn er einnig mikilvægt að íslensk fyrirtæki hafi bolmagn til að fjárfesta í útlöndum. Með alþjóðlegum fjárfestingum flyst þekking og reynsla milli landa og tryggir æskilega áhættudreifingu.

Eins og nú horfir í efnahagsmálum okkar Íslendinga er einnig afar mikilvægt að langtímasparnaður aukist. Þannig má draga úr þenslu og neikvæðum áhrifum viðskiptahalla. Aðhald í ríkisfjármálum og öflug uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins eru mikilsverðir þættir í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að treysta forsendur áframhaldandi hagsældar.

Lífeyrissjóðakerfið mun fyrirsjáanlega gegna lykilhlutverki í auknum langtímasparnaði á næstu áratugum. Framreikningar sýna að næstu 40 árin má gera ráð fyrir að tekjur þeirra verði meiri en útborgaður lífeyrir. Þannig er gert ráð fyrir að árið 2040 samsvari samanlögð eign þeirra a.m.k. 150% af vergri landsframleiðslu sem þýðir á milli 750–800 milljarðar í dag.

Í nútímahagkerfi þar sem verkaskiptingin verður stöðugt meiri og flóknari gegnir þróaður peninga- og verðbréfamarkaður mikilvægu hlutverki. Lífeyrissjóðum er ætlað að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og því ljóst að aukinn lífeyrissparnaður mun á næstu árum gera íslenska verðbréfamarkaðnum kleift að ná fullum þroska. Öflugur verðbréfamarkaður er forsenda framsækins atvinnulífs og mun gegna lykilhlutverki í atvinnusköpun á 21. öldinni.

Íbúðarhúsnæði landsmanna er takmarkaður stofn til veðsetningar og ríkissjóður er farinn að greiða niður skuldir sínar. Í auknum mæli munu því lífeyrissjóðirnar leggja fé til atvinnulífsins og fjárfesta í erlendum skuldabréfum. Einnig er líklegt að nýir fjárfestingarkostir komi á markaðinn. Þannig má sjá fyrir að fjármálastofnanir og einkaaðilar fjármagni og annist í auknum mæli mannvirki sem fram að þessu hefur verið í verkahring ríkisins að annast, svo sem orkumannvirki, samgöngumannvirki og húsnæði sem hið opinbera þarf á að halda.

Langtímasparnaður er að sjálfsögðu ekki síður mikilvægur frá sjónarhóli einstaklingsins. Hugmyndir og væntingar ungs fólks um elliárin eru margbreytilegar og þar með einnig áherslan á fjárhagsafkomu líðandi stundar og í framtíðinni. Miðstýrt gegnumstreymiskerfi er lítt sveigjanlegt og tekur því lítið tillit til einstaklingsbundinna óska og þarfa.

Í stuttu máli eykst efnahagslegt sjálfstæði okkar eftir því sem langtímasparnaður verður meiri. Aukinn langtímasparnaður styrkir frelsi einstaklinganna og leiðir bæði til hagsældar og farsældar.

Í ljósi þess að tekist hefur almenn sátt um þetta frumvarp markar það óneitanlega mikilvæg tímamót. Málefni lífeyrssjóða hafa verið lengi í deiglunni og verið til umfjöllunar í stjórnskipuðum nefndum nær samfellt í meira en 20 ár, eða allar götur frá árinu 1976.

Núverandi löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og málefni lífeyrissjóða er frá 1980, en að stofni til frá árinu 1974. Hún er vægast sagt óburðug og fyrir löngu orðin óviðunandi með hliðsjón af umsvifum og mikilvægi lífeyriskerfisins. Til dæmis er í henni sett jafnaðarmerki milli skyldutryggingar og skylduaðildar að lífeyrissjóði, inntak skyldutryggingarinnar er hvergi skilgreint, né er að finna ákvæði um lífeyrissjóðina sem fjármálastofnanir.

Þrátt fyrir mikilvægi frumvarpsins og langan aðdraganda er eðlilegt að líta á afgreiðslu þess sem áfanga fremur en endastöð. Fjölmörg atriði frumvarpsins eru vissulega þess eðlis að vænta má að þau standi óhögguð um langa framtíð enda hefur náðst um þau víðtæk samstaða. Önnur atriði eru á hinn bóginn umdeild og byggja á ákveðinni málamiðlun bæði með tilliti til hagsmuna og hugsjóna. Þessi atriði verða því áfram til umfjöllunar á næstu árum. Þar fyrir utan munu ytri aðstæður fyrr en síðar knýja á um breytingar í þessum málaflokki eins og öðrum.

Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem náðst hefur um frumvarpið var fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að hækka frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda og iðgjalda vegna lífeyrissparnaðar í 6% hjá einstaklingum. Í dag er skattfrestun lífeyrissparnaðar þannig háttað að samningsbundin lífeyrissjóðsiðgjöld atvinnurekenda eru almennt frádráttarbær eins og annar launakostnaður, en frádráttarheimild einstaklinga er takmörkuð við 4% af iðgjaldsstofni. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða eru skattfrjálsar en útborgaður lífeyrir er á hinn bóginn skattlagður eins og um laun sé að ræða.

Í kjölfar þessa frumvarps verða lagðar til breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Ekki verða gerðar breytingar á skattalegri meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda atvinnurekenda, en svigrúm einstaklinga til skattfrestunar aukið eins og áður segir. Þannig er ætlunin að gefa þeim kost á að hækka samningsbundnar greiðslur sem falla undir skyldutryggingarhugtakið eða eftir atvikum að verja viðbótariðgjaldi til frjáls lífeyrissparnaðar. Til hans verða gerðar sömu formkröfur og til þess lífeyrissparnaðar sem fellur undir skyldutrygginguna samanber II. kafla frumvarpsins. Einnig þarf að tryggja að vextir og aðrar fjármagnstekjur af þessum sparnaði svo og útborgun hans fái sömu skattalegu meðferð og nú er viðhöfð gagnvart lífeyrissjóðum og útborguðum lífeyri.

Með ákvæðum frumvarpsins um lífeyrissparnað og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um skattalega meðferð lífeyrisið-

gjalda hefur verið lagður grunnur að þriðju stoð lífeyriskerfisins eins og Alþjóðabankinn skilgreinir hana. Stefnt er að nauðsynlegum breytingum á skattalögunum fyrir áramót og að þær taki gildi 1. janúar 1999.

Eins og ég gat um hér að framan hefur náðst almenn sátt um fjölmörg mikilvæg atriði frumvarpsins. Þau atriði sem ég vil nefna í þessu sambandi eru:

Í fyrsta lagi: Frumvarpið byggir á sjóðsöfnun og fullt jafnvægi er milli eigna og skuldbindinga.

Í öðru lagi: Tryggingaverndin er þríþætt, þ.e. greiðsla lífeyris vegna elli til æviloka og eftir atvikum vegna örorku eða andláts.

Í þriðja lagi: Valfrelsi er í uppbyggingu tryggingaverndarinnar, hvað varðar innborgun iðgjalds, fyrirkomulag réttindaávinnslu og það hvenær taka lífeyris er hafin.

Í fjórða lagi: Fjárvörslumarkmið eru skýr, þ.e. fjárfesting í verðbréfum og hámarksávöxtun með tilliti til áhættu.

Í fimmta lagi: Eftirlit er öflugt, víðtæk upplýsingaskylda og nauðsynleg úrræði til eftirfylgni ef á þarf að halda.

Um hvert þessara atriða er hægt að fjalla í löngu máli. Sjóðsöfnunin og krafan um viðvarandi jafnvægi milli eigna og skuldbindinga er þó annað tveggja atriða sem ég vil gera hér að sérstöku umtalsefni. Breytingar á lögum um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna fyrir tæpu ári skiptu tvímælalaust sköpum fyrir þá sátt sem hefur náðst um þessa mikilvægu forsendu íslenska lífeyriskerfisins. Það er grundvallaratriði og forsenda sveigjanleika á vinnumarkaði að sjóðsöfnun eigi sér stað hjá öllum lífeyrissjóðum.

Hitt atriðið sem ég vil gera að sérstöku umtalsefni lýtur að fjárvörslu sjóðanna. Samkvæmt frumvarpinu munu sjóðirnir starfa samkvæmt ströngum reglum. Tilgangur reglnanna er tvíþættur: Annars vegar að tryggja að sjóðirnir hámarki ávöxtun eigna með tilliti til áhættu og hins vegar að koma í veg fyrir að þeir leiðist út í óskylda atvinnustarfsemi.

Sumum kann að þykja að í þessu efni í ákvæðum frumvarpsins sé nokkuð langt gengið, en þá ber að hafa í huga stærð sjóðanna og þá staðreynd að flestir sjóðfélagar hafa einungis með óbeinum hætti enn sem komið er áhrif á stjórn sjóðanna.

Svo nokkur dæmi séu tekin er ótvíræðu fjárvörslumarkmiði og afmörkun á starfseminni ætlað að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir:

í fyrsta lagi niðurgreiði lán til sjóðfélaga,

í öðru lagi fjárfesti í þeim tilgangi að halda uppi atvinnu eða til að tryggja samkeppni og lágt vöruverð,

í þriðja lagi niðurgreiði ferðir til sólarlanda fyrir ellilífeyrisþega,

í fjórða lagi fjárfesti í fyrirtækjum sem sjóðfélagar vinna hjá í þeim tilgangi að framfylgja ákveðinni starfsmannastefnu.

Oft hefur verið þrýst á einstaka lífeyrissjóði í framangreindum tilgangi, þannig að markmiðssetning af þessum toga er ekki út í hött.

Nokkur mikilvæg atriði frumvarpsins byggja á málamiðlun og vil ég nefna þrjú atriði í því sambandi:

1. Ákvörðun aðildar að lífeyrissjóði og skipan stjórna.

2. Skilgreiningu lágmarkstryggingaverndarinnar.

3. Fyrirkomulag eftirlits með því að lögboðin iðgjöld til skyldutryggingar lífeyrisréttinda séu innt af hendi.

Þegar ákvæði 2. greinar frumvarpsins sem kveður á um aðild að lífeyrissjóði er tekið til umræðu er mikilvægt að hafa núverandi ákvæði um lífeyrissjóðsaðild til hliðsjónar og hvernig það kom til á sínum tíma. Því má ekki gleyma að lögboðin skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði lagði grunn að nauðsynlegri sátt milli kynslóða þegar almenna lífeyrissjóðakerfið var innleitt fyrir tæpum 30 árum. Án hennar hefði óhjákvæmileg tilfærsla fjármuna milli kynslóða, þ.e. frá þeim sem voru að byrja sinn starfsferil til þeirra sem eldri voru, ekki verið möguleg án víðtækra ríkisafskipta.

Ákvæði frumvarpsins ganga út frá því að skipan skyldutryggingar lífeyrisréttinda sé málefni sem aðilar vinnumarkaðarins eiga að semja um í kjarasamningum. Þar á meðal sé þeim frjálst að semja um aðild að lífeyrissjóði fyrir sína félagsmenn. Breytingin frá gildandi lögum takmarkar á hinn bóginn umboð þeirra við þá sem sem eiga aðild að kjarasamningnum eða byggja starfskjör sín á honum, t.d. með skírskotun til hans í ráðningarsamningi.

Breytingin treystir þannig stöðu lífeyrissjóðanna sem sjálfstæðra stofnana og félaga sem staðið er að með frjálsum samningum. Um leið dregur úr mikilvægi þess að ákveða með lögum hvernig skipa skuli stjórnir sjóðanna. Æskilegt er að samningsaðilar og aðrir aðstandendur sjóðanna leiði sjálfir þessi mál til lykta og fái ráðrúm til að bregðast við framkominni gagnrýni.

Lágmarkstryggingaverndlífeyrissjóðaeins og hún er skilgreind í 4. grein frumvarpsins er lykilhugtak með hliðsjón af meginmarkmiðum lífeyriskerfisins. Fjölmörg atriði sem tengjast þessari skilgreiningu hljóta því eðli máls samkvæmt að vera til umfjöllunar á næstu árum.

Ýmislegt mælir með því lágmarkstryggingaverndin verði útfærð nánar en gert er í frumvarpinu. Til dæmis mælir margt með því að hún innihaldi ekki einungis ákveðið iðgjald heldur einnig tiltekin réttindaverðmæti. Eftir að verðmæti lífeyrisréttinda hafa náð ákveðnu marki mætti þannig hugsa sér að einstaklingum væri heimilt að ráðstafa öllu iðgjaldi til viðbótartryggingaverndar.

Annað umdeilt atriði sem tengist lágmarkstryggingaverndinni eru mismunandi áherslur varðandi félagsleg markmið lífeyriskerfisins. Á meðan sumir vilja alfarið byggja kerfið upp á einstaklingsbundnu tryggingamati vilja aðrir ganga mjög langt í tilfærslu fjármuna milli ákveðinna hópa. Í því sambandi má nefna tilfærslu milli starfsstétta, frá körlum til kvenna, frá ógiftum til giftra, frá þeim sem borga af háum launum til þeirra sem borga af lágum launum o.s.frv. Mikilvægt er að umræða um þessa þætti haldi áfram. Mín skoðun er á hinn bóginn sú að löggjafinn eigi að varðveita sem mestan sveigjanleika fyrir sjóðina og aðstandendur þeirra til að setja sér markmið af þessum toga á eigin forsendum.

Ákvæði 6. greinar frumvarpsins um eftirlit Ríkisskattstjóra með því að iðgjald verði greitt vegna hvers manns, sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til, krefst vandasamrar útfærslu. Ástæðan er ekki síst sá margbreytileiki sem gert er ráð fyrir í lífeyriskerfinu og að takmörk eru fyrir því hvað réttlætanlegt er að ganga langt í öflun upplýsinga og innheimtuaðgerðum. Um leið og það er í almannaþágu að skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé framfylgt má aldrei gleymast að tryggingin er fyrst og fremst í þágu þess sem hún er innt af hendi fyrir. Of mikil opinber afskipti geta beinlínis verið skaðleg.

Á það hefur verið bent að eftirlit og innheimta af þeim toga sem frumvarpið gerir ráð fyrir samrýmist illa þeim verkefnum sem skattkerfinu hefur verið ætlað að sinna fram að þessu. Ég óska því eftir að efnahags- og viðskiptanefnd skoði

þennan þátt gaumgæfilega. Æskilegt væri að búa þannig um hnútana að lífeyrissjóðirnir sjálfir gætu annast nauðsynlegt eftirlit með aðstoð skattyfirvalda og hefðu beinan hag af því að taka við og þar með innheimta lögbundið lágmarksiðgjald.

Í þessu sambandi mætti spyrja hvers vegna ég hafi ekki beitt mér fyrir breytingum á frv. Ég tel ekki ástæðu til þess. Það er hægt að búa við það sem er í frv. Ég tel hins vegar mjög æskilegt að nefndin skoði rækilega þennan sérstaka þátt og athugi hvort ekki væri hægt að koma því fyrir sem þar er um að ræða öðruvísi en frv. gerir ráð fyrir. Í því máli er talsverður fyrirvari því að þetta tekur ekki gildi fyrr en eftir að lögin taka að fullu gildi sem er ekki fyrr en eftir eitt og hálft ár.

Virðulegi forseti. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða taki gildi 1. júlí á næsta ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfandi lífeyrissjóðir fái eftir það eitt ár til að laga starfsemi sína að ákvæðum laganna. Einnig taka ákvæði um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna ekki gildi fyrr en 1. maí 1999.

Lögin munu kalla á umtalsverðar breytingar hjá mörgum aðilum. Róttækastar eru þær breytingar sem lífeyrissjóðir sveitarfélaganna þurfa að gera. Á sambærilegan hátt þarf einnig, svo dæmi sé tekið, að ljúka endurskoðun á fyrirkomulagi lífeyrisréttinda alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara. Í framhaldi af samþykkt laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins fyrir ári síðan hófst undirbúningur að þessum breytingum, en samkvæmt því frumvarpi sem hér er mælt fyrir þarf aðlöguninni að vera lokið fyrir mitt ár 1999 og taka gildi, að mínu mati, við upphaf nýs kjörtímabils.

Séreignarsjóðir þurfa að uppfylla skilyrði laganna um lágmarkstryggingaverndina og þar með að bjóða upp á nauðsynlega samtryggingu svo að sjóðfélagar geti eftir atvikum notið viðunandi örorkulífeyris og ellilífeyris til æviloka. Flestir séreignarsjóðir eru þegar farnir að bjóða tryggingavernd af þessum toga, en með lögunum má gera ráð fyrir að vægi þessa þáttar í starfsemi þeirra aukist.

Varðandi lífeyrissjóðina sjálfa má benda á nokkur atriði. Þannig felur frumvarpið í sér nýja skilgreiningu á iðgjaldsstofni og kallar það á aðlögun hjá flestum sjóðunum. Jafnframt er sjóðunum gert að tilgreina þá lágmarkstryggingavernd sem þeir ætla að veita og þar með það iðgjald sem þarf til að standa undir henni. Lífeyrissjóðirnir þurfa um leið að ákveða hvort sjóðfélagarnir fái rétt til þess að ráðstafa hluta heildariðgjaldsins til viðbótartryggingaverndar. Einnig hvort þeir ætla að bjóða sjóðfélögum sínum upp á þann möguleika að samþætta lágmarkstryggingaverndina með séreign og samtryggingu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, en þar er kveðið á um að endurskoða skuli lögin árið 2001. Stefnt skuli þá að breytingum á lögunum, komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið sjóðfélögum sínum upp á fleiri valmöguleika en nú tíðkast í samsetningu lífeyrisréttinda sinna. Þetta er þýðingarmikið ákvæði sem lýsir stefnunni í frumvarpinu.

Ákvæði frumvarpsins um jafnvægi milli eigna og skuldbindinga er mjög afdráttarlaust og kallar án efa á breytingar hjá ýmsum sjóðum. Síðast en ekki síst má gera ráð fyrir, þótt ekki sé kveðið á um það í frumvarpinu, að breytt starfsumhverfi sjóðanna flýti nauðsynlegri endurskoðun af þeirra hálfu á reglum um ávinnslu réttinda.

Fyrir utan lífeyrissjóðina er öðrum fjármálastofnunum sem tilgreindar eru í 8. gr. frumvarpsins nú heimilað að taka við lífeyrisiðgjöldum með samningum um viðbótartryggingavernd. Þetta mun án efa kalla fram aukna fjölbreytni og bætta þjónustu í lífeyriskerfinu. Ég er sannfærður um að þetta á eftir að efla áhuga almennings á lífeyrismálum. Aukin samkeppni mun þannig verða til þess að opna augu margra fyrir mikilvægi langtímasparnaðar og þeim hagsmunum sem í húfi eru fyrir okkur bæði sem einstaklinga og þjóð.

Setning laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er löngu orðin tímabær og mun tryggja nauðsynlega umgjörð og þá festu sem hvort tveggja eru forsendur fyrir heilbrigðu og traustu viðskiptaumhverfi. Með þeim er jafnframt lagður grundvöllur til aðgerða á öðrum sviðum í þeim tilgangi að tryggja betur en nú er hagsmuni aldraðra og sátt milli kynslóða.

Endurskoðun lífeyristrygginga almannatryggingakerfisins er orðin afar brýn. Endurskoða þarf samspil þeirra og lífeyrissjóðakerfisins, en einnig verkaskiptinguna milli þeirra og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Jafnframt þarf að huga vel að samspili lífeyrisgreiðslna almannatrygginga og þeirri þjónustu sem hið opinbera niðurgreiðir. Það vill oft gleymast í umræðu um þessi mál að niðurgreidd þjónusta af ýmsu tagi er valkostur við beinan fjárstuðning hins opinbera. Einnig gegnir umönnunar- og heilbrigðisþjónusta hins opinbera stóru hlutverki í þeirri afkomutryggingu sem íslenska velferðarkerfið veitir og kemur oft í staðinn fyrir beinar lífeyrisgreiðslur.

Sérstaklega þarf að huga að tekjutengingu lífeyristrygginga almannatryggingakerfisins og innleiða á ný sveigjanlegan ellilífeyrisaldur. Vert er að hafa í huga að frá upphafi almannatryggingakerfisins 1937 til ársins 1992 var ellilífeyrir hafður breytilegur eftir aldri lífeyrisþegans þegar taka lífeyrisins var hafin. Í byrjun var hann hafður breytilegur eftir aldri lífeyrisþegans á bilinu 67 til 71 árs en síðar var einu ári bætt við. Sveigjanlegur ellilífeyrisaldur er einnig mikilvægt markmið í því ljósi að frá því að almannatryggingalögin voru sett hafa lífslíkur karla við fæðingu aukist um 16 ár og kvenna um 15 ár.

Við endurskoðun almannatryggingalaganna er einnig vert að huga að mögulegum leiðum til að styrkja hinn eiginlega tryggingaþátt umfram það sem nú er gert og efla þannig sambandið milli innborgunar og réttinda. Þetta er eitt af því sem Svíar hafa hugað sérstaklega að við uppstokkun sænska lífeyriskerfisins, en þar er gert ráð fyrir að allir á vinnualdri greiði af tekjum sínum til kerfisins, en jafnframt að ríkissjóður greiði iðgjald fyrir þá sem af einhverjum ástæðum eru tekjulausir.

Í allri umræðu um málefni aldraðra má það ekki gleymast að aldraðir eru ekki afmarkaður einsleitur hópur. Eins og meðal ungs fólks er starfsorka aldraðra breytileg, svo og óskir, þarfir og áhugamál. Okkur væri öllum hollt að hafa oftar í huga þá staðreynd að öldrun hefst ekki þegar einhverju tilbúnu aldursmarki er náð. Þeirri bábilju þarf að eyða að fjöldi starfa sé einhver föst stærð. Við eigum að gefa eldra fólki kost á að starfa áfram og líta fremur á hvaða gagn einstaklingar geta gert í atvinnulífinu en að spyrja um aldur þeirra.

Á Nýja-Sjálandi verður frá og með 1. febrúar 1999 bannað að segja fólki upp starfi vegna þess að það hafi náð tilteknum aldri. Uppsögn eða tilfærsla í starfi verður einungis heimil á grundvelli efnislegra ástæðna. Eðlilegt er að huga vel að

þessu atriði hér á landi og yfirfara lagaákvæði sem takmarka rétt manna til vinnu vegna aldurs, t.d. lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með framangreindum hætti og öðrum tiltækum aðgerðum þarf að styrkja stöðu þeirra sem eldri eru. Almennt þarf að auka sveigjanleika og svigrúm á vinnumarkaði þannig að hár starfsaldur, starfshlé vegna endurmenntunar, ráðning í hlutastarf og tímabundið hlé á atvinnuþátttöku vegna barna eða sjúkra, séu allt eðlilegir þættir í lífshlaupi sérhvers manns.

Virðulegi forseti. Pólitísk umræða í velferðarríkjunum mun á næstu árum í auknum mæli snúast um viðbrögð við breyttri aldurssamsetningu. Á vettvangi stjórnmálanna hérlendis verður einnig að fara fram opinská umræða um hvernig sætta megi ólík sjónarmið milli aldurshópa og tryggja aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði. Við megum ekki taka velferðina að láni og eigum að byggja upp öflugt lífeyriskerfi á grundvelli sömu hugmynda og lágu að baki tillögum Alþjóðabankans árið 1994.

Það eru sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar allrar að efla lífeyriskerfi grundvallað á sjóðsöfnun, hvetja til frjáls langtímasparnaðar og virkrar atvinnuþátttöku óháð aldri. Með samþykkt þessa frumvarps verður stigið stórt skref í þessa átt, stuðlað að sátt milli kynslóða og lagður grunnur að farsælu þjóðlífi á 21. öldinni.

Virðulegi forseti. Að lokinni 1. umr. geri ég tillögu um að málið verði sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:04]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í brtt. hv. efh.- og viðskn. á síðasta vori segir svo, með leyfi forseta:

„Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlögum eða kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda en ella ráðningarsamningum."

Í fyrirliggjandi frv. segir um þetta atriði:

„Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer að öðru leyti eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa."

Nú er spurning mín til hæstv. fjmrh. eftirfarandi: Hvað þýðir þetta síðasta? Dæmi: Kona starfar sem þýðandi á lögmannsskrifstofu hér í bæ. Það er ágreiningur um hvort hún eigi að borga í Lífeyrissjóð verslunarmanna. Vinnuveitendasambandið og Verslunarmannafélagið ákveða einhliða að semja um þetta ákveðna starfssvið. Geta þeir þá ákveðið að þessi manneskja borgi í Lífeyrissjóð verslunarmanna? Því hér stendur að taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs þá megi manneskjan velja. En ef kjarasamningar einhverra aðila úti í þjóðfélaginu taka til viðkomandi starfssviðs þá skal hann greiða í viðkomandi lífeyrissjóð. Geta sem sagt einhverjir aðilar úti í bæ ákveðið hvort þessi viðkomandi manneskja borgi í ákveðinn lífeyrissjóð?

[14:06]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt þeirra atriða sem mest var til umræðu í þeirri nefnd sem starfaði í sumar og reyndar ákaflega mikið líka í efh.- og viðskn. á síðasta vetri og um það hefur náðst niðurstaða sem að sjálfsögðu er málamiðlun. Án þess að ég fari að skýra hér við 1. umr. nákvæmlega hvað felst í ákvæðinu fyrir manni sem á sæti í nefndinni þá vil ég einungis endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni að hugmyndin er sú að kjarasamningarnir gilda. Þeir sem taka laun samkvæmt kjarasamningum þar sem tiltekið er í hvaða lífeyrissjóð menn eiga að greiða, verða að vera í þeim tiltekna lífeyrissjóði. Ef tekið er fram í ráðningarsamningi að viðkomandi aðili taki laun samkvæmt tilteknum kjarasamningi og skírskotað til hans er viðkomandi aðili bundinn ellegar ræður ráðningarsamningur og í skriflegum ráðningarsamningi er tiltekið, samkvæmt laganna hljóðan, um aðild að lífeyrissjóði eins og tekið er fram í 2. mgr. 2. gr. í lokin.

Þetta varð niðurstaðan. Ég get ekki skýrt þetta öðruvísi en ég hef sagt hér. Þetta er málamiðlun sem þýðir að kjarasamningarnir eru grundvallarsamningarnir um þetta mál. Sé ekki skírskotað til þeirra eða starfað á grundvelli þeirra þá hafa menn frelsi og það frelsi mun þá væntanlega birtast í ráðningarsamningi viðkomandi manns. Öðruvísi, virðulegi forseti, vil ég ekki svara þessu við 1. umr.

[14:08]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því hvort aðilar kjarasamninga og jafnvel einhverjir aðilar úti í bæ geti gert kjarasamning um ákveðið starfssvið. Ég nefndi dæmi um þýðanda á lögmannsstofu sem mér er ekki kunnugt um að heyri undir neitt starfssvið kjarasamninga. Geta t.d. VR og Vinnuveitendasambandið, af því þá langar til þess að þessi manneskja greiði í Lífeyrissjóð verslunarmanna, þar sem þessir aðilar tilnefna báðir menn í stjórn, ákveðið að búa til kjarasamning um þetta starfssvið? Þarna stendur að taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs þá megi velja annars eigi launþegi að vera í lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

[14:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skil þetta rétt þá er það þannig að ef viðkomandi aðili sem dæmi var tekið af, þýðandi á lögmannsstofu, er ekki í viðkomandi verkalýðsfélagi þá getur hann látið taka fram í ráðningarsamningi við sinn vinnuveitanda í hvaða lífeyrissjóð hann ætli sér að greiða. Það er samningur á milli þeirra. (**Gripið fram í:** Það er ekki það sem Pétur átti við.) Þá hef ég bara ekki skilið hv. þm. En ég vænti þess að við þurfum ekki að taka langan tíma í þetta hérna vegna þess að hv. þm. er í nefndinni og getur fengið svör þar við sínum fyrirspurnum og rætt málið þar við alla þá sem að samningu frv. hafa unnið. Ég vænti þess að það verði gert en að hérna sé ekki farið alveg ofan í einstök atriði með tilteknum dæmum upp á hvert starfsheiti fyrir sig.

[14:10]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég leyfi mér að blanda mér í síðustu orðaskipti þá skil ég spurningu hv. þm. þannig að svarið við henni sé: Já. Að hægt sé að gera kjarasamning sem um leið hafi áhrif á lífeyrisaðild viðkomandi, það hljóti að vera þannig og Vinnuveitendasambandið eða aðrir aðilar geti gert þann samning.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs í andsvari, herra forseti, vegna þess að hæstv. fjmrh. mælti fyrir stjfrv. sem er í raun og veru kjarasamningur, víðtækur kjarasamningur sem mjög víðtæk sátt er um í þjóðfélaginu og hefur verið unnið að mjög lengi. Margt bendir til þess að um þennan samning geti

verið mjög víðtæk sátt víða, m.a. hér í þessari stofnun, fyrir utan það að maður óttast það að vísu að eins og venjulega muni Sjálfstfl. þversum reyna að tefja þetta mál og jafnvel stöðva það eins og gerst hefur með hvert þjóðþrifamálið á fætur öðru í tíð núverandi ríkisstjórnar þegar stjórnarandstaðan hefur orðið að hlaupa undir bagga með ríkisstjórninni til að kom í gegn málum af því að Sjálfstfl. þversum setti sig þversum í málin.

Ég kvaddi mér hljóðs í andsvari þó fyrst og fremst, herra forseti, vegna þess að hæstv. fjmrh. hvatti til þess í framsöguræðu sinni, sem er mjög óvenjulegt, að hv. efh.- og viðskn. kannaði sérstaklega að breyta tilteknu mjög mikilvægu atriði í frv., því atriði sem lýtur að því hvernig farið er með innheimtu á lífeyrisiðgjöldunum, þ.e. 10%, þar sem fyrir liggur að verkalýðshreyfingin sem aðili að málinu telur það einn helsta kost málsins að gert er ráð fyrir að innheimtan fari í gegnum opinber kerfi og að þannig verði hægt að fylgjast með innheimtunni á vegum hins almenna skatteftirlits í landinu. Ég verð að segja alveg eins og er að það kom mér mjög á óvart að hæstv. fjmrh., í sjálfri framsögu málsins, skuli hvetja til þess að breyta þessu sem er ein af þýðingarmestu efnislegu forsendunum fyrir því að verkalýðshreyfingin gerði samkomulag um þá tegund máls sem hér liggur fyrir.

[14:12]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góð orð um frv. Ég ætlaði mér ekki að rifja upp að hv. þm. ásamt ýmsum þingmönnum stjórnarandstöðunnar hefði stór orð um það við upphaf þingsins að það mál sem hér er til umræðu yrði stærsta og harðasta pólitíska deilumálið á yfirstandandi þingi. Það yrði styrjöld á þinginu vegna þessa máls. Það sem hefur hins vegar gerst er að menn hafa náð niðurstöðu í málinu, menn hafa náð málamiðlun sem ég tel vera vel ásættanlega og það ríkir kyrrð um þetta mjög svo mikilvæga mál. Og ef okkur tekst í vetur að koma þessu máli í gegnum þingið, sem ég á fulla von á, þá tel ég að tekið sé eitt allra stærsta skrefið í velferðarmálum Íslendinga.

Varðandi það sem ég minntist á um innheimtuna þá benti ég hv. nefnd á að full ástæða væri til þess að fara betur í saumana á þessu ákvæði vegna þess að þegar málið er gaumgæfilega skoðað þá er nokkuð erfitt fyrir ríkisskattstjóra að sjá um innheimtuna eins og þegar skattar eru innheimtir. Til þess liggja ýmsar og gildar ástæður sem ég hef ekki tíma til að fara út í hér. Aðalatriðið er þetta: Skattstjóri hlýtur að eiga að fylgjast með því hverjir greiða og þar með er kominn upplýsingagrunnur um það hverjir greiða ekki lögmæt gjöld. Það er grunnurinn. Spurningin er hins vegar sú hvort menn séu tilbúnir til þess að láta skattyfirvöld eltast við einstaklinga eins og hér er gert ráð fyrir eins og um skattskuldir sé að ræða eða hvort eðlilegra sé að t.d. lífeyrissjóðirnir sjálfir myndi með sér bandalag, einhvers konar stofnun, sem sæi um slíka innheimtu á grundvelli upplýsinga frá ríkisskattstjóraembættinu. Ég bað nefndina um að kanna þetta rækilega. Við höfum rætt þetta við skattstjórana og fjmrn. er tilbúið til þess að ræða þetta við nefndarmenn. Í þessu felst ekkert það sem hv. þm.ýjaði að, að verið væri að ganga á bak orða sinna eða sinna ekki málamiðluninni.

[14:14]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú satt að segja að hér sé ekki um neitt smámál að ræða. Þannig liggur málið að verkalýðshreyfingin og aðrir aðilar vinnumarkaðarins sömdu um það mál sem hér liggur fyrir. Ein mikilvægasta forsenda þess var sú að skatteftirlitið kæmi að innheimtu og eftirliti með greiðslu á iðgjaldinu. Í framsögu sinni fyrir þessu máli byrjar hæstv. fjmrh. á að segja: „Ég teldi nú að rétt væri að breyta þessu vegna þess að þetta getur verið erfitt fyrir skattstjórana og ég hef rætt þetta við þá.“ Hefur hann rætt þetta t.d. við aðra sem með málið eiga að fara, þ.e. eigendur lífeyrissjóðanna? Hefur hann rætt þetta við þá? Það rétta í málinu er að hann hefði átt að byrja á því að ræða þetta við verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur í staðinn fyrir að kasta málinu hérna inn eins og hann gerði í ræðu sinni áðan, sem ég tel að sé mjög alvarlegt og geti orðið til þess að spilla fyrir málinu sem ég vona að verði ekki vegna þess að ég styð málið.

Það ýtir undir tortryggni manns í máli af þessu tagi þegar Sjálfstfl. hefur aftur og aftur sett sig þversum í málum eins og þessu án þess að ég fari að nefna einstök dæmi í þessum efnum. Þess vegna tel ég, herra forseti, að það verði að liggja alveg skýrt fyrir hvort hæstv. fjmrh.sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að málið fari í gegnum þingið eins og hann flytur það eða er hann að biðja um að málið líti öðruvísi út?

[14:16]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal lesa það sem ég sagði í framsöguræðu minni, það var svona, með leyfi forseta:

„Ég óska því eftir að efnahags- og viðskiptanefnd skoði þennan þátt gaumgæfilega.“

Það sem skiptir máli er þetta. Frv. er flutt óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Það liggur þannig fyrir. Ég er að vekja athygli á því að eftir að frv. var samið kom í ljós að það gætu verið tormerki á að ríkisskattstjóri gæti innheimt lífeyrisiðgjöldin hjá einstaklingunum eins og hér er lagt til. Ég bið menn um að skoða það. Að sjálfsögðu mun nefndin skoða það og það munu stjórnarflokkarnir sjá um í samstarfi við verkalýðshreyfinguna og launagreiðendur í landinu. En málflutningur hv. þm. minnir mig á það þegar menn týna glæpnum. Ég minni á það að hann var í hópi þeirra sem allra hæst höfðu við upphaf þingsins, um það að þetta væri nú stærsta deilumálið í vetur. Nú þegar komin er kyrrð á, þegar menn hafa náð samningnum og málamiðlun liggur fyrir, tínir hv. þm. fjöður af götu sinni og reynir að breyta henni í hænu.

[14:18]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í vor var skilið við það frv. sem hér er til umræðu og það málefni í mikilli ósátt, í ósátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu og í ósætti við aðila vinnumarkaðarins. Stefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist þá í bréfaskriftum hæstv. fjmrh. til efh.- og viðskn. og afgreiðsla meiri hluta nefndarinnar á málinu benti til þess að stefndi í ein stórfelldustu átök sem við höfum séð hér hin síðari missiri. Herra forseti. Með stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún lagði upp í vor þegar hún afgreiddi málið inn í sumarið, inn í nefndina þá var hún að breyta skipulagi á vinnumarkaðnum í grundvallaratriðum.

Hæstv. fjmrh. undrast núna af hverju sátt virðist ríkja um þetta mál. Ástæðan er einföld. Í sumar var unnið að málinu. Að þeirri vinnu komu verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur sameiginlega, eins og var sl. vetur og þeir höfðu sitt fram. Þetta álit sem hér kemur fram í frumvarpsformi borið fram

af hæstv. fjmrh. og hann fagnar, er breyting á afstöðu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta efh.- og viðskn. frá því í vor. Það er ástæðan, herra forseti, fyrir að sátt getur orðið um þetta mál vegna þess að í meginatriðum er fallist á þá gagnrýni og þær ábendingar sem við í stjórnarandstöðunni ásamt aðilum vinnumarkaðarins, sérstaklega verkalýðshreyfinginnar, lögðum fram og tekið tillit til þeirra við þetta frv.

Frv. sjálft er vitaskuld viðamikið og fjallar um heildarlöggjöf um lífeyrismál. Ekki er aðeins fjallað um réttindi heldur líka skilyrði lífeyrissjóðarekstrar. Ákvæði eru sett um starfsleyfi, um rekstur og eftirlit lífeyrissjóða auk þess sem fjallað er um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, endurskoðun og margt fleira varðandi lífeyrissjóðina. Þetta er löngu tímabær löggjöf og það er fagnaðarefni öllum hér sem oft hafa komið að endurskoðun lífeyrismála að það skyldi takast að ná utan um alla þessa þætti. Þeir voru hins vegar ekki ágreiningsefnið í vor og það er heldur ekki ágreiningsefni, herra forseti, að íslenska lífeyrissjóðakerfið ber af kerfum nágrannalandanna. Þetta kerfi sem byggir á skyldutryggingu, sjóðsöfnun og samtryggingu hefur reynst vel, ekki einungis í að skapa fjármuni til greiðslu ellilífeyris og örorkulífeyris hér á landi heldur einnig í því að ríkt hefur sátt um þetta mál, bæði hjá aðilum vinnumarkaðarins og fólkinu í landinu sem nýtur kerfisins.

Síðari ár hafa lífeyrissjóðir sameinast. Þeir hafa orðið sterkari og eiga nú flestir vel fyrir skuldbindingum sínum og samkvæmt mati alþjóðlegra stofnana þykir íslenska lífeyrissjóðakerfið standa einna best af lífeyrissjóðakerfum í Evrópu.

Ekki má heldur gleyma því að lífeyrissjóðakerfið er uppspretta sparnaðar hér á landi, sparnaðar sem á að standa undir fjárfestingum og eiginlega eina almennilega uppspretta sparnaðar hér og það er hins vegar áhyggjuefni. En þá er enn meiri ástæða til þess að ekki sé hróflað við grundvallaratriðum í þessu kerfi sem reynst hefur vel til að auka sparnað.

Í lífeyrissjóðakerfi okkar hafa sameignarsjóðirnir og samábyrgð verið grundvallaratriði. Sjóðfélagar öðlast réttindi til ellilífeyris til æviloka, svo og til örorku- og fjölskyldulífeyris. Það er meginatriðið í okkar kerfi. Hins vegar höfum við séreignarsjóði sem byggja á allt öðru kerfi þar sem menn leggja fyrir og taka út innstæðu sína á tilteknu árabili. Þessi kerfi hafa þróast hlið við hlið en það er mjög mikilvægt og m.a. snerust átökin í vor um að grunnurinn í lífeyrissjóðakerfinu væri samtryggingarkerfið en síðan væri hægt að byggja ofan á það viðbótarsparnað eftir tilteknum reglum. Í vor var oft vegið að þessu kerfi og rætt um að auka valfrelsi eins og það var kallað á þeim tíma. Það var hins vegar misskilningur vegna þess að um leið og einstaklingarnir fá að velja milli lífeyrissjóða, munu lífeyrissjóðirnir velja milli sjóðfélaga. Það þýðir að þeir sem eru í áhættusamari störfum eins og sjómenn eða lifa lengur eins og konur hefðu þurft að borga meira fyrir sambærileg réttindi. Að mati okkar í stjórnarandstöðunni og að mati verkalýðshreyfingarinnar er slíkt gersamlega óviðunandi og vegur að rótum þessa kerfis.

Upplegg ríkisstjórnarinnar var hins vegar að reyna að brjóta eða setja skörð í þetta samtryggingarkerfi, breyta leikreglum hér á vinnumarkaði og gera einstaklingsbundnum ráðningarsamningum hátt undir höfði á kostnað almennra kjarasamninga og það var alvarlegast í þessum efnum. Í vor og sumar var verið að takast á um hvort verkalýðshreyfingin mætti koma að samningum um kaup og kjör sem sameinað afl til kjarasamninga eða hvort við ættum að fara hægt og rólega yfir í ameríska og japanskt kerfi á vinnumarkaði þar sem einstaklingsbundnir kjarasamningar ráða ríkjum og samheldni launþega er ekki fyrir hendi. Um þetta snerust deilurnar í vor og þess vegna, herra forseti, var þetta mál algert grundvallarstefnumál stjórnarandstöðu og stjórnar fram að framlagningu þessa frv. Niðurstöðurnar lágu ekki fyrir fyrr en ríkisstjórnin bakkaði með sín efnisatriði.

Aðaldeiluefnin frá liðnu vori endurspeglast hér í nokkrum greinum frv., þ.e. í fyrsta lagi í 2. gr. frv. sem fjallar um aðildarskylduna þar sem skýrt er dregið fram forræði kjarasamninga við lífeyrissjóðsskylduna og lífeyrissjóðsvalið, forræði kjarasamninga umfram allt. En við heyrðum hér, herra forseti, rétt áðan hjá einum helsta sérfræðingi ríkisstjórnarflokkanna að hann ætlar sér að taka upp gamla deilumálið aftur. Hann ætlar að taka upp deilurnar eins og við skildum við þær í vor og veri hann velkominn í þann slag ef svo ber undir. Við í stjórnarandstöðunni erum ekki feimnir við það að fara aftur í átök við hv. þm. Pétur H. Blöndal og þá sem hugsa líkt og hann vegna þessa frv. En það þarf þá að koma í ljós, herra forseti, hver stuðningur ríkisstjórnarinnar er við þetta frv. Eins og menn muna frá í vor var það stjórnarandstaðan sem reyndi að fá stjórnarfrv. samþykkt en það voru stjórnarliðarnir sem vildu breyta stjfrv. bæði til að rústa lífeyrissjóðakerfinu og breyta skipulagi á vinnumarkaði. Stjórnarandstaðan varði stjfrv. meðan stjórnin hljóp frá því og skildi við það í óvissu. E.t.v. ætla þingmenn Sjálfstfl. að endurtaka sama leikinn. Það verður að koma í ljós.

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en 2. gr. um aðildina sé í góðu lagi miðað við ábendingar stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar frá því í vor og þá vinnu sem unnin var hér í sumar. Hins vegar má benda á mjög mikilvægt atriði varðandi skýringar við 2. gr. Þar hefði e.t.v. þurft að koma skýrar fram að lífeyrissjóðirnir veita hóptryggingu og skilgreina hópinn eftir þeim kjarasamningum sem í gildi eru. Vafalítið væri sú skýring við 2. gr. til bóta.

Í 4. gr. er kveðið á um lágmarkstryggingavernd. Það var mikið deilumál í vor að við vildum að 10% ein sér yrðu grundvallarsamtrygging. Hér er hins vegar farin önnur leið. Það verður að horfast í augu við það að skilgreind er lágmarkstryggingavernd, hækkuð að vísu úr 50% upp í 56%. Þetta þýðir að hægt væri að láta hluta af 10% iðgjaldinu vera sem séreign viðkomandi einstaklings ef, og það er mikilvægt, viðkomandi lífeyrissjóður gerir um það tillögur. Það er í valdi lífeyrissjóðsins að gera slíkar tillögur. Þeir munu vafalítið gera það ef þeir telja það skynsamlegt.

Þetta mál snýst um peninga, herra forseti. Þetta mál og deilurnar um það snúast fyrst og fremst um peninga. Það eru 300 milljarðar í lífeyrissjóðunum núna. Eftir 40 ár verða 750 milljarðar í þeim, 450 milljörðum meira, fjórföld fjárlög íslenska ríkisins. Það er ekkert skrýtið að reynt sé að gera atlögu að þessu fé, komast í það, ávaxta það, fara höndum um það. Það er ekkert skrýtið, herra forseti, að fjáraflafyrirtæki og fjármálafyrirtæki Sjálfstfl. hafa látið eins og griðungar til að komast í þennan sparnað landsmanna. Þetta snýst um mikla peninga. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna eru nú rúmir 60 milljarðar, herra forseti, um helmingur af íslensku fjárlögunum eins og við stilltum þeim upp hér áður. Hér er því um að ræða gífurlega fjárhagslega hagsmuni. Hins vegar er komin sátt í útfærslu málsins sem felst í því að lífeyrissjóðirnir, samtryggingasjóðirnir, hafa heimild til að stofna viðbótarlífeyrissjóðsdeildir hjá sér og taka við við-

bótarsparnaði. Það er gott og blessað. Grundvöllurinn er þó í lagi, það er samtrygging, það er lágmarkstryggingavernd sem hefði mátt vera hærri og verður e.t.v. hægt að þoka upp á við á næstu árum. Þá er hægt að spyrja sig: Hvernig stóð á því að ríkisstjórnin gaf eftir? Hvernig stóð á því að fjármálaráðherrar gáfu eftir í sambandi við þetta mál? Ástæðan er einföld.

Það er kynnt í frv. — ég held að hæstv. fjmrh. hafi ekki gert grein fyrir því — að það eigi að leggja fram sérstakt frv. um að ekki verði einungis 4% framlag í lífeyrissjóð frádráttarbær frá skatti heldur 6%. Sá sem á fjármagn getur því núna tekið 2% af tekjum sínum, lagt í lífeyrissjóð — þeir sem hafa efni á því — og dregið það frá skattskyldum tekjum. Það var ástæðan fyrir því að fjármálaöflin féllust á þetta því að þetta eru verulegir peningar og þetta eru líka góðir möguleikar fyrir þá sem efni hafa á viðbótarlífeyrissparnaði. Þess vegna, herra forseti, féllust þeir á þetta og fóru ekki í þessa styrjöld sem við vorum búnir að boða, stjórnarandstæðingar og verkalýðshreyfingin, um þetta frv. Tekjutap ríkissjóðs í þessu efni liggur á bilinu 1–2 milljarðar. Það er erfitt að spá um það. Það fer eftir því hve margir munu nýta sér þennan viðbótarsparnað.

Ég tel, herra forseti, að það sé af hinu góða að reyna að örva sparnað í þjóðfélaginu. Ég hefði hins vegar kosið að það hefði verið gert með því að fella það inn í samtrygginguna, auka lágmarkstryggingaverndina, auka hana úr þessum 56%, leita samkomulags um hvort hægt væri að borga meira inn í lífeyrissjóðina og tryggja þannig enn betur hag eldra fólks. Þannig, herra forseti, hefði ég viljað ráðstafa þessum peningum ríkissjóðs en ekki til gjafa til þeirra sem nóg hafa milli handanna og geta keypt sér þennan viðbótarsparnað því ekki á ég von á því að þorri launafólks leggi aukalega fyrir 2% vegna þess að hann hafi svo mikið milli handanna. Þetta var ástæðan fyrir því að menn féllust á kröfur aðila vinnumarkaðarins um útfærslu á þessu frv.

Í 14. gr. frv. eru nýmæli sem þarf að ræða nokkuð betur. Þar er kveðið á um að skipta lífeyrissjóðsgreiðslum milli hjóna, þ.e. að maki fá aðild að lífeyrissjóðsgreiðslu, en svo er líka kveðið á um að hægt sé að gera sérstakan samning þannig að maki fái lífeyrissjóðsréttindin sem sinn hlut við fráfall maka. Þetta er sett upp þannig að hægt er að gera um þetta sérstakan samning. Ég held að hér sé góð hugsun á ferðinni. En þegar ég skoða þetta þá held ég að fara þurfi svolítið betur yfir þetta mál. Þetta er í sjálfu sér ekki einfalt. Þetta á að gilda meðan sambúð er. Þetta er hálfgerður samningur og fellur niður við hjúskapar- og sambúðarslit. Ég átta mig þó ekki á í frv. hvernig fer ef ágreiningur er um það efni eins og alltaf getur gerst og mál dregist. Þetta er atriði sem nefndin mun vafalítið kanna. Sömuleiðis, að sjö árum áður en taka lífeyris getur hafist sé hægt að skipta með sér lífeyrisréttindunum. Ég spyr mig einnig í þessu, þó ég skilji hugsunina og virði hana, hvort menn geti ekki – og menn virðast ekki geta það — sagt þessum samningi upp sem er gerður milli hjóna. Ég spyr mig hvort hægt sé að gera slíkan samning sem sé óuppsegjanlegur af beggja hálfu. Ég er ekki að segja að þetta sé ekki framkvæmanlegt heldur held ég að menn verði að skoða þetta vandlega því þetta er mjög mikilvæg réttarbót fyrir sambúðarfólk og hjón og er að fikrast áfram í þessa átt. Þetta var ekki inni í upprunalega frv. Þetta eru þættir sem menn hafa verið að þróa í sumar. Ég held að það sé af hinu góða að reyna að skoða þessa þætti með jákvæðum huga. En það breytir því þó ekki að útfærsla á því þarf að vera mjög skýr.

Vitaskuld skiptir samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða máli, t.d. í vaxandi hlutverki lífeyrissjóða varðandi greiðslu ellilífeyris og e.t.v. þá minnkun almannatryggingakerfisins sem meira einbeitti sér þá að félagslegri aðstoð og örorkulífeyri. Þetta jafnvægi þarf að vera stöðugt til umræðu hjá okkur og þetta frv., eins og það liggur fyrir, skapar ágætan grundvöll fyrir þetta mál. Meginþættir í þessu eru að náðst hefur sátt um málið. Þingflokkur jafnaðarmanna og ég vænti aðrir stjórnarandstæðingar, munu greiða fyrir að málið fái vandaða en hraða afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Meginatriðið er að sjónarmið okkar frá því í vor varðandi uppstokkun og gjörbreytingu bæði á vinnumarkaði og lífeyrissjóðakerfi var tekið til greina, atlögu gegn því hefur verið hrundið og það endurspeglast í þessu frv. að sjónarmið stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar náðu fram að ganga. Fyrst svo er eigum við líka að fagna því frv. sem hér er til umræðu og fagna því að loksins hilli undir heildarlöggjöf um lífeyrismál eftir áratugabil.

[14:37]

**Útbýting þingskjala:**

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 282. mál, fsp. HG, þskj. 353.

Upplýsingagjöf fyrirtækja á hlutabréfamarkaði, 283. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 354.

[14:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að því máli sem við hæstv. fjmrh. áttum í orðaskiptum um áðan um innheimtuþáttinn og skattkerfið í því sambandi og segja að ég tel út af fyrir sig að þetta mál liggi þannig að ef samkomulag næst á milli aðila málsins um að breyta því, þá breyti menn því. Ef menn sjá að það þurfi að leiðrétta einstök atriði, hvort sem það er þetta sem hæstv. fjmrh. nefndi eða það sem lýtur að réttindum sambúðarfólks og meðferð þess í ákvæðum frv., þá breyta menn því. En það sem ég var að leggja áherslu á var að menn geta tæplega gert sér vonir um að breyta neinu í þessu frv. nema um það verði samkomulag.

Í öðru lagi vil, ég áður en ég kem að meginmáli mínu, segja að það er alveg ljóst að það var ætlunin, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson benti á áðan, hjá fjársterkum aðilum hjá þjóðfélaginu að sölsa undir sig lífeyrissjóðapeningana. Það var ætlun þeirra. Ætlun þeirra var að sölsa undir sig ævisparnað gamla fólksins, þessa 300 milljarða kr. Það var ætlunin. Ætlunin var að taka þessa peninga inn í hið almenna peningamálabrask í landinu og það er ekkert skrýtið að aðaltalsmaður þessara afla hér á Alþingi, hv. þm. Pétur Blöndal, stökkvi upp eins og særður fugl í hvert skipti sem á að koma við hagsmuni þessara aðila, m.a. í þessu frv. Ég tel að það mæli hins vegar með frv. að hann bregst við því eins og hann gerir.

Ég tel að það sé líka rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson benti á að ástæða þess að samkomulag náðist var sú að ákveðið var að taka 2% aukalega í sparnað. Það er alveg ljóst og það var í raun og veru verið að segja við þessa aðila: „Með því að taka þessi 2% inn, þá getið þið gert ykkur vonir um að ná sem því svarar inn í ykkar kerfi.“ En auðvitað geta lífeyrissjóðakerfin keppt um þessi 2% líka. Mér finnst að málin snúist ekki um það hvort menn eru sammála eða ósammála því að það eigi að auka rétt til skattfrjáls sparnaðar í landinu. Ég hygg að allir séu sammála því. En spurningin er kannski sú hvort það eigi endilega að byrja þarna. Það

hefur dálítið slæman svip að mínu mati þegar ríkisstjórnin, svo að segja, slettir í kringum sig milljörðum til þess að leysa flókin vandamál í stað þess að taka á þeim eins og þau eru. En ég segi það hins vegar sem mína skoðun að ég tel að það sé jákvætt að auka sparnað, bæði í þessum 2% og í frv. líka sem ég kem svo nánar að síðar.

Ég vil segja það líka, herra forseti, að mér finnst að frv. eins og það liggur hér fyrir sé jákvæð heimild um að það sé tiltekið jafnvægi í landinu, tiltekið valdapólitískt jafnvægi þrátt fyrir allt. Það er ekki þannig að stjórnarflokkarnir, þó þeir hafi þennan sterka meiri hluta hér á Alþingi, fari fram með hvað sem þeim sýnist. Svo er ekki. Það er bersýnilegt að um er að ræða valdajafnvægi úti í þjóðfélaginu sem aðilar eins og t.d. Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið vilja virða. Og mér finnst það mjög mikilvægt að horft sé til þess að þetta valdajafnvægi sé viðurkennt vegna þess að þó að menn líti að sjálfsögðu stórt á hlutverk Alþingis, þá er það þrátt fyrir allt þannig að Alþingi er þegar upp er staðið líka niðurstaða af umhverfi sínu. Og umhverfið segir að með lífeyrismálin sérstaklega eigi að fara eins og hér er gerð tillaga um og það er fagnaðarefni. Ég tel því að að mörgu leyti sé þetta frv. niðurstaða af því sem úr þessum ræðustól var hér fyrrum stundum kallað jafnvægi stéttanna. Ég tel að þrátt fyrir allt sé það til þó svo stjórnarflokkarnir hafi þennan gríðarlega meiri hluta á Alþingi.

Ég vil síðan víkja almennt að málinu, herra forseti, og byrja á því að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með að hafa talað fyrir þessu frv. Ég er algerlega sammála honum um að þetta markar mikilvæg þáttaskil í meðferð velferðarmála á Íslandi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og að hann geti verið stoltur af því, bæði sem ráðherra og einstaklingur, að hafa átt hluta að því að þróa þessi mál áfram. Þó að við höfum oft verið ósammála um einstök atriði þessara mála þá tel ég að það sé mjög merkilegt ef það liggur fyrir eftir hans feril hér að þessi lög hafi verið staðfest, þ.e. bæði þetta frv. og eins lögin um lífeyrismál ríkisstarfsmanna. Það tel ég að sé mjög mikilvægt. Það væri algerlega fráleitt að horfa fram hjá því og ósanngjarnt að taka það ekki beinlínis fram í þessari stöðu. Þetta mál er nefnilega mjög flókið og það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði áðan að það eru liðin ein 20 ár síðan menn byrjuðu á því að reyna að fara yfir þessa hluti. Þegar lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lögin um starfskjör launafólks voru sett þegar ég var heilbr.- og trmrh. fyrir allmörgum árum, þá settum við niður gríðarlega fjölmennar nefndir til að ná sátt í lífeyrismálunum. Það gekk ekki. Fyrst og fremst var það reyndar vegna þess að ég tel að við höfum haft of mikið undir og reyndum að ná á einu bretti bæði almennu lífeyrissjóðamálunum og ríkislífeyrissjóðamálunum í eina lokaða heildarlöggjöf. Það var augljóst mál eftir þessa tilraun okkar að það gekk ekki og þá reyndu menn að fara aðrar leiðir.

Áður en ég vík að aðdraganda málsins frekar vil ég segja að nokkur atriði standa upp úr varðandi þetta frv. efnislega.

Fyrsta atriðið er að frv. er sameiginleg niðurstaða og því samningur og Alþingi breytir ekki svona samningi nema aðilar samningsins taki þátt í þeirri breytingu. Þetta er atriði númer eitt og þetta tel ég jákvætt. Það er ekki verið að knýja hérna fram mál þvert á vilja verkalýðshreyfingarinnar eins og gerðist í vinnulöggjafarmálinu og það er jákvæður þáttur að mínu mati.

Í öðru lagi tel ég að mikilvægt sé að frv. nær í grundvallaratriðum til alls lífeyriskerfisins.

Ég tel síðan mjög mikilvægt og úrslitamál að þetta frv. og forsendur þess byggjast á samtryggingu en ekki einstaklingstryggingu. Tryggingaverndin getur þó verið samsett eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. en hver lífeyrissjóður og stjórn hans ræður samsetningunni.

Í fjórða lagi tel ég það úrslitaatriði og mikilvægt í þessu samhengi að aðild að lífeyrissjóði er áfram hluti af umsömdum kjörum og í raun og veru er málið þar með á forræði kjarasamninga.

Í fimmta lagi tel ég að það mikilvægt atriði að ákveðið er að iðgjaldsinnheimtan verði hluti af opinberu innheimtukerfi. Mér finnst það skipta mjög miklu máli til að sæmilega sé séð fyrir þeim hlutum og ég tel það mikilvægt að 10% eru negld í frv.

Ég tel það líka mikilvægt og mjög skynsamlegt að miða við tiltekið hlutfall af launum, þ.e. 56%, og að nefna það í frv. Ég tel að þar með sé búið að finna ákveðið gólf sem almenna lífeyrissjóðakerfið glímir við að tryggja og síðan mætti hugsa sér að ríkið eða aðrir aðilar komi til skjalanna með viðbætur þannig að menn fái 70–80% eða svo af launum sínum í ellilífeyri þegar þeir láta af störfum. Ég held að það sé það sem menn eiga að miða við, að fólk geti í grófum dráttum miðað við 70–80% af launum sínum í ellilífeyri þegar það lætur af störfum, hvenær svo sem það er.

Í sjötta lagi tel ég að það sé mikilvægt ákvæði í frv. að sjóðfélagi getur jafnað lífeyrisrétti sínum til maka eins og gert er ráð fyrir í 13. og 14. gr. frv. Það er mjög mikilvægt. Tekið er fram í frv. að það eigi að taka gildi 1. maí 1999, ef ég man rétt, þannig að það er góður tími til að skoða málið. En mér sýnist að ákvæðin séu ekki nægilega sterk eins og þau eru í frv. núna og það þurfi að skoða aðeins betur en það er nógur tími til þess og þarf ekkert að ljúka því núna samhliða afgreiðslu þessa frv. Það má alveg hugsa sér að þetta ákvæði verði skoðað á næsta þingi og þarnæsta því að þetta tekur ekki gildi fyrr en 1. maí 1999.

Í sjöunda lagi tel ég það jákvætt við málið að það felur í sér almennt aukinn langtímasparnað í þjóðfélaginu. Það er eitt það brýnasta sem við Íslendingar þurfum að horfa á í stjórn okkar efnahagsmála, að tryggja almennt aukinn langtímasparnað þjóðarinnar og skapa til þess aðstæður bæði í lífeyri, sköttum og öðru eftir því sem kleift er miðað við aðrar skyldur og önnur verkefni sem við þurfum að nota peningana í bæði sem stjórnvöld og sem einstaklingarnir þurfa að nota peningana í sjálfir.

Ég vil víkja aðeins almennt að aðdraganda þessa máls og segja að þegar ég hugsa um almennu lífeyrissjóðina kemur mér eiginlega fyrst í hug einn einstaklingur, sem átti sæti á Alþingi um nokkurn tíma og var í forustu verkalýðshreyfingarinnar um nokkurt skeið, og það er Eðvarð Sigurðsson, formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Það var gríðarlega erfitt mál að semja um lífeyrissjóðina og myndun þeirra á árinu 1969. Af hverju var það erfitt? Það var vegna þess að þá var um að ræða mikið atvinnuleysi í þjóðfélaginu og mikla svartsýni. Það var landflótti, fólk flýði land til að leita sér að vinnu. Það þurfti mikinn sannfæringarkraft til þess að segja á fundum í verkalýðsfélögunum: Við verðum að taka fyrst eitt, svo tvö, svo þrjú, svo 4% af kaupi og leggja til hliðar til elliáranna. Og það voru miklar deilur um það í sumum verkalýðsfélögum hvort þetta væri rétt og baráttufundir, eins og þeir voru kallaðir, voru haldnir á Hótel Borg meira og minna á móti þessari uppsöfnunarhugsun sem

verkalýðshreyfingin af framsýni þeirra tíma tók á sig að setja inn í lífeyrissjóðakerfið.

Þetta var auðvitað gert vegna þess að árið 1969 voru ellilaun eingöngu frá almannatryggingum og voru þau um 17% af atvinnutekjum verkamanns. Það er eins og 12 þús. kr. í dag. Núna er það þannig að ellilífeyrir frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum eru milli 68–70% af atvinnutekjum verkamanns fyrir skatt eins og þau eru að jafnaði. Af þessum tölum sést hvað það hefur orðið gríðarleg framför í þessu efni þó að bæta þurfi mjög miklu við og laga mjög margt. Ástæðan fyrir þeirri framför og viðbót er sú að menn hafa náttúrlega safnað í lífeyrissjóði. En ástæðan er líka sú að hér hafa verið ofurvextir alveg frá 1980 og það er náttúrlega ekki eðlilegt að vera með kerfi sem hefur þurft á því að halda að byggja sig upp með 7% raunvöxtum að meðaltali t.d. á árunum 1992–1996. Og það er alveg augljóst mál að lífeyriskerfið getur ekki miðað við að það byggi á 7% raunávöxtun á sínu eigin fé til næstu ára eða áratuga. Það gengur ekki þannig.

Það er kannski fróðlegt að rifja það upp hér fyrir einhvern í þessum sal að þegar Ólafslögin voru sett 1979, þá var það af mörgum talin dálítið vafasöm efnahagsleg löggjöf á ýmsum sviðum, m.a. mér. Þar voru ákvæði um heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga á nýjan leik. Þeim ákvæðum hefur oft verið bölvað, mjög oft verið bölvað. Það var hins vegar mín skoðun þá í samráði við félaga mína í forustu verkalýðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna að það væri lífsnauðsyn fyrir lífeyrissparnaðinn í landinu og ellilífeyrinn að heimila þessa verðtryggingu á þeim tíma. Og ég er sannfærður um að ef þetta hefði ekki verið gert þarna og tekin um það ákvörðun, þá hefðu menn staðið hrikalega illa með lífeyrissjóðakerfið. Ég er því þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allt kvalræðið og erfiðleikana sem allar þessar vísitölubindingar á fjárskuldbindingum hafa haft í för með sér sé hitt alveg ljóst að þetta muni koma öldruðum og öryrkjum sem skipta við lífeyrissjóðina í framtíðinni mjög til góða. Ég tel reyndar að ábyrg afstaða verkalýðshreyfingarinnar til lífeyrissjóðanna hafi ráðið úrslitum um það að hún samþykkti heimildina til verðtryggingar fjárskuldbindinga eins og hún var ákveðin á sínum tíma.

Ég bendi síðan á það, herra forseti, að lífeyrissjóðirnir hafa þrátt fyrir allt notið vaxandi vinsælda, trausts og stuðnings. Þeir sem hafa veitt þar forustu hafa farið vel með þann trúnað sem þeim hefur verið falinn. Um er að ræða gríðarlega fjármuni og það þarf að búa þeim eðlilegan lagaramma. Aðilar og eigendur sjóðanna hljóta að ráða innihaldinu í meginatriðum. Það er síðan okkar að skapa þann ramma að svo miklu leyti sem lög þarf til. Ég er með öðrum orðum ekki að mæla fyrir einhverri gífurlegri opinberri forsjá í þessum málum. Ég tel hins vegar að stjórnarflokkarnir og aðallega Sjálfstfl. þversum hafi beitt sér fyrir því að ríkið hlutaðist til um þennan frjálsa sparnað gamla fólksins í landinu með óeðlilegum hætti. Þar hafi verið um það að ræða að þessir aðilar hafi viljað ganga mjög langt í ríkisforsjá gagnvart lífeyrissjóðakerfinu eins og oft er þegar Sjálfstfl. er að tala fyrir þá aðila sem hann vill sjá um hagsmunina fyrir.

Ég vil leggja fyrir hæstv. fjmrh. tvær spurningar. Sú fyrri lýtur að ákvæði til bráðabirgða II. Hvað þýðir þetta ákvæði eiginlega? Þetta er greinilega eitt af þeim óskiljanlegu ákvæðum sem er flókið að átta sig á og hann fór fáum orðum um það í ræðu sinni. Þar er gert ráð fyrir því að fjmrh. skuli „láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika ... Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. skal fjmrh. láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist."

Þetta er fín latína, munkalatína, hefði einhver sagt, herra, forseti. En ég hefði viljað átta mig á því hvað hæstv. fjmrh. sér í þessum texta og hvernig hann túlkar hann því að ég tel að orð hans séu mikilvæg í þeim efnum og vil þess vegna inna eftir þeim án þess að fara neitt frekar út í það sjálfur hvernig ég skil þennan texta.

Í öðru lagi spyr ég hann: Hvað um þessi 2%? Hvernig hugsar hann sér skattfrelsi þessara 2%? Hvað sér hann fyrir sér sem tekjutap ríkissjóðs t.d. í þeim efnum, og hvenær gerir hann ráð fyrir að þetta mál komi inn í þingið? Svo ótrúlegt sem það er þá eru líklega ekki eftir nema 2–3 heilar vinnuvikur í þinginu fram að hátíðum að vegna nefndavikunnar.

Ég vil, á þeim örfáu mínútum sem ég á eftir, vekja athygli á því sem mér finnst skipta mestu máli í framhaldinu. Það er mikilvægt að lögfesta þetta mál. Í framhaldi af því þarf að taka á almannatryggingakerfinu og samspili þess við lífeyrissjóðina. Það er alveg fráleitt ástand í þeim efnum eins og það er núna af því að lífeyrisaðildin er skattlögð svo gróft í gegnum tekjutryggingu almannatryggingakerfisins. Núna er það þannig að grunnlífeyrir einstaklings er 14.541 kr. á mánuði. Full tekjutrygging er 26.754 kr. á mánuði. Samtals hefur þessi einstaklingur 41.295 kr. á mánuði. Segjum að hann fái úr lífeyrissjóði 28.000 á mánuði, þá heldur hann því samkvæmt þeim reglum sem nú eru í gildi að frádregnum sköttum sem koma á þessar 70.000 kr. Segjum hins vegar að þessi einstaklingur fái 10.000 á mánuði í viðbót úr lífeyrissjóði og fari upp í 38.000 úr 28.000 Hvað gerist þá? Þá gerist það að hann borgar rúmar 4.000 í skatta af þessari viðbót og síðan skerðist tekjutryggingin hjá viðkomandi um 4.425 kr. á mánuði. Með öðrum orðum, jaðarskatturinn eða jaðarskattaáhrifin á þessum 10 þús. kalli hjá viðkomandi einstaklingi, sem er með milli 70–80 þús. kr. á mánuði, eru hve mikil? Það eru 80% skattar sem eru teknir af lífeyrissparnaði þessa manns, sem lagði fyrir af kannski litlum launum sínum af margra áratuga starfi. Þetta er algerlega fráleitt, herra forseti. Það sem veldur óvinsældum lífeyriskerfisins eru þessir hlutir. Ég tel að í framhaldi af þessu og þeirri afgreiðslu, sem hér er gerð tillaga um og ég vona að verði að lögum, finnst mér það mikilvægast að taka á þessu atriði þannig að við hættum að skattleggja lífeyri gamla fólksins með 80% eins og gert er í dag.

[14:57]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi skal ég gefa örstutta skýringu á ákvæði til bráðabirgða II. Í þessu máli var lagt af stað með það að auka valfrelsi þeirra sem vilja leggja fyrir í formi lífeyrissparnaðar. Í starfinu öllu kom fram að það var vilji allra að svo gæti orðið í framtíðinni, jafnt þeirra sem staðið hafa að almenna lífeyrissjóðakerfinu og hinna sem hafa verið í svokölluðu frjálsu kerfi. Þar sem nú er ljóst, verði þetta frv. að lögum, að lífeyrissjóðir hafa heimildir til að gera lífeyrissparnaðinn fjölbreyttari, þá var samþykkt að láta þetta ákvæði standa í lögunum til þess að sýna svo ekki fari á milli mála hjá neinum í hvaða átt menn vilja að

löggjöfin breytist. Ég held að ekki sé hægt að svara þessu öðruvísi á þessari stundu.

Varðandi 2% þá er gert ráð fyrir að frv. komi fram innan tíðar og þau lög taki gildi 1. janúar 1999. Ég vek athygli á því að í raun tekur þetta kerfi sem við erum að ræða um ekki fullt gildi fyrr en á miðju ári 1999. Ef af þessu verður, sem ég vænti fastlega, þá þýðir þetta um það bil 0,8% lækkun í skatthlutfalli ef allir taka þátt í því að hækka sig úr 4 upp í 6%.

Ég vil að lokum taka undir með hv. þm. að breyta þarf tekjutengingum lífeyrisbótakerfisins, en ég minni hins vegar á að í staðinn þarf þá að finna aðferð til að beina þeim fjármunum sem þar eru til staðar til þeirra sem allra verst eru settir og hafa ekki átt þess kost að greiða í lífeyrissjóði eða fá tekjur frá öðrum. Að allra síðustu, herra forseti, vil ég þakka hv. þm. fyrir góð orð í minn garð.

[15:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Mér fannst, eins og mig grunaði, að varðandi hina almennu yfirlýsingu um ákvæði til bráðabirgða, þá þýði hún ekki mjög mikið vegna þess að það hljóti að vera Alþingi á þeim tíma sem gefur þessu innihald. Eins og ég skil þetta er hér um að ræða frómar óskir sem segja ósköp lítið eins og þær standa núna.

[15:00]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að rífast um þessa litlu grein. Ég vek athygli á því að þetta var ekki samningur eingöngu á milli stjórnarflokkanna og aðila á vinnumarkaði. Að þessu kom hópur manna sem hefur um árabil lagt fyrir fjármuni annars staðar en hjá almennu lífeyrissjóðunum og þeir sem komu fyrir þeirra hönd að þessu starfi lögðu mikið á sig til þess að ná þessari málamiðlun og hún hefur mikla þýðingu fyrir þá því að nú er þessum sjóðum skylt að vera með skyldutryggingu sem ekki hefur verið hingað til og ég býst við því að í raun og veru sé það sá hópur sem kannski mest leggur á sig til þess að ná þeirri niðurstöðu sem hér er fengin.

En það var forsenda af hálfu þessara aðila að kerfið þróaðist í ákveðnar brautir sem allir tóku undir að væri æskilegt. Þess vegna segir í lok þessarar greinar: „... skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp ...", þannig að hægt sé að uppfylla markmiðið."

Sjóðunum er, með öðrum orðum, treyst til þess að gera þetta. En ef svo illa tækist til að markmið laganna næðist ekki, þá hvílir sú skylda á fjmrh., hvort sem sá sem hér stendur verður þá fjmrh. — ég held að þetta sé ekki fyrr en snemma á næstu öld — eða einhver annar hafi tekið við af honum, þá ber honum skylda til þess að leggja fram frv. um þetta efni í samráði við hagsmunaaðila.

[15:02]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þetta þannig að ef svo ólíklega vildi til að einhver annar maður væri orðinn fjmrh. í byrjun næstu aldar, þá gæti hann út af fyrir sig verið nauðbeygður til þess að láta semja frv. en það er ekki þar með sagt að Alþingi samþykki það. Það stendur ekkert um það í þessu þannig að ég tel að þetta ákvæði segi ósköp lítið.

Varðandi almannatryggingarnar sem hæstv. fjmrh. nefndi í andsvari við mig hér áðan og samspil þeirra og lífeyrismálanna, þá vil ég bara segja að mér finnst að í framhaldi af samningi um lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, um almennu lífeyrissjóðina, ættu menn að fara í að reyna að ná víðtækri þjóðfélagslegri sátt um almannatryggingakerfið og tengingu þess við lífeyriskerfið. Það á ekki að gerast með einhliða valdbeitingu að ofan, frá Alþingi, og það segi ég fyrst og fremst vegna þess að samningsaðilar þar eru kannski óljósari en í hinum tveimur málunum sem ég nefndi áðan.

[15:03]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Hér hafa farið fram einkar athyglisverðar umræður. Ef ég ætti að draga saman í einni til tveimur setningum ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar, þá væri það einhvern veginn á þessa leið: „Miklir menn erum við, Hrólfur minn" eða „sáuð þið hvernig ég tók hann". Kjarninn í málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar var sá að alls ekki mætti breyta ríkisstjórnarfrv. og hann hrósar hæstv. fjmrh. í hástert fyrir frv. (Gripið fram í.) (**Fjmrh.:** Og þótti þeim síðarnefnda lofið gott.) þannig að óhætt er að segja að góður andi ríki í þeim umræðum sem hér fara fram.

Það væri mikil ósanngirni að halda öðru fram en því að frv. sé mikið breytt frá því frv. sem við sáum á hv. síðasta þingi. Breytingarnar felast að mínu mati aðallega í fjórum atriðum. Það er í fyrsta lagi að ekki er lengur gert ráð fyrir skilyrðislausri aðild að lífeyrissjóðum aðila vinnumarkaðarins. Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að þeir sem ekki eiga aðild að kjarasamningi eða taka laun eftir kjarasamningi hafi val um það í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að séreign geti verið útgangspunktur í tryggingaverndinni. Eftir sem áður er um að ræða lágmarkssamtrygging en að séreignarsjóðirnir eins og við þekkjum þá geti starfað áfram með lágmarksbreytingum.

Í þriðja lagi er svo atriðið sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni í ræðu sinni áðan og það er að lífeyrissjóðir aðila vinnumarkaðarins, svo ég skilgreini það nánar, eru siðferðislega skuldbundnir til þess að bjóða upp á valkosti í lífeyrismálunum. Það þýðir að samkeppni mun komast á á milli lífeyrissjóðanna um viðbótartryggingaverndina og ekki bara milli lífeyrissjóðanna heldur á milli þeirra aðila annarra sem frv. heimilar að taki að sér að bjóða upp á viðbótartryggingaverndina. Þessi siðferðislega skylda helgast af bráðabirgðaákvæði II þar sem fram kemur að markmið frv. sé að auka valfrelsi í lífeyrissjóðsmálum og að fjmrh. sé skylt, ef það markmið nái ekki fram að ganga, að leggja fram frv. árið 2001 í þá áttina að þeim markmiðum verði náð. Það getur svo sem vel verið að önnur sjónarmið verði uppi á Alþingi þá. Það fáum við ekki séð fyrir. En siðferðislega skyldan er fyrir hendi og skylda fjmrh. til þess að bregðast við ef lífeyrissjóðir aðila vinnumarkaðarins bregðast þessari skyldu, er klárlega fyrir hendi.

Fjórða atriðið sem ég vildi nefna sem er kannski ekki beinlínis hluti af þessu frv. en er samt sem áður hluti af þessu heildarmáli og það er aukinn skattfrádráttur vegna lífeyrisiðgjalda eða hluta launamanns þannig að sá hluti geti verið 6% en ekki 4% og að þeim hluta geti launamaður ráðstafað að vild til þess lífeyrissjóðs eða þess aðila sem taka má við viðbótartryggingavernd sem hann velur.

Þessi atriði sem ég hef hér nefnt koma aðallega fram í 2., 3., 4., 8., 9. og 10. gr. frv. auk bráðabirgðaákvæðis II. Mér þykir auðvitað sárt að 2. gr., sem fjallar um aðild að lífeyrissjóðum, skuli ekki veita fullt valfrelsi um lífeyrissjóði eins

og ég ásamt félögum mínum hef lagt til í flutningi þingmála á hv. Alþingi. Það fer hins vegar ekkert á milli mála að hér er um opnun að ræða frá því sem nú er og frá því sem lagt var til í frv. á síðasta hv. þingi og því ekki annað en ástæða til þess að fagna því. En mikið vildi ég að það hefði verið meiri opnun. Ég er sannfærður um að það hefði orðið þjóðfélaginu öllu til hagsbóta ef opnunin hefði verið meiri en þar er ráð fyrir gert. Og ef einhver möguleiki væri á að breyta einhverju í frv. þá mundi ég helst óska þess að það væri í þessari grein þannig að valfrelsið yrði algert og að afskipti ríkisvaldsins sem hv. þm. Svavar Gestsson var að gagnrýna að Sjálfstfl. stæði fyrir, væru í þá áttina að raunverulegu valfrelsi yrði komið á og að launamenn væru frelsaðir undan forsjárhyggju verkalýðsrekenda.

3., 4., 8., 9. og 10. gr. fjalla um lágmarkstryggingaverndina og viðbótartryggingavernd sem hægt er að bjóða upp á. Ég hef heyrt á sumum að þeir hafi litið svo á að það sé skylda lífeyrissjóðanna að þeir bjóði upp á þetta valfrelsi, að þeir skilgreini lágmarksverndina og bjóði viðbótartryggingaverndina. Að mínu mati er þessi skylda fyrst og fremst siðferðisleg og helgast m.a. af bráðabirgðaákvæði II. Það er hins vegar alveg ljóst að hyggist lífeyrissjóður bjóða upp á valfrelsið og skilgreina lágmarkstryggingavernd, þá hefur launamaður valfrelsi um það hvert hann ráðstafar þessum hluta upp á 10% sem vantar þegar lágmarkstryggingaverndin hefur verið reiknuð út og það er afar mikilvægt því að það þýðir að heildarniðurstaðan í breytingunum á okkar lífeyrissjóðakerfi er þá sú að allt að 2% gætu verið til valfrjálsrar ráðstöfunar sem viðbótartryggingavernd vegna skilgreininga á lágmarkstryggingavernd. Síðan er 2% viðbótarframlagið af hluta launamanns jafnframt til frjálsrar ráðstöfunar þannig að 4% af 12% eru til frjálsrar ráðstöfunar til lífeyrissjóða eða séreignarsjóða þeirra sem heimild hafa til að starfa samkvæmt frv. Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði því að það mun auka samkeppnina og auka aðhaldið í lífeyrissjóðamálunum og væntanlega í framtíðinni auka ávöxtunina sem sjóðirnir fá umbjóðendum sínum til handa og jafnframt draga úr rekstrarkostnaði sjóðanna því að eins og við vitum, er sá kostnaður langt umfram það sem nauðsynlegt þarf að vera.

Mér sýnist því að í frv. sé stigið skref fram á við til aukins frelsis í lífeyrissjóðamálum þótt ég vildi gjarnan hafa séð skrefið vera miklu stærra. Boltinn er að mínu mati hjá sjóðunum og hjá fólkinu sem greiðir í sjóðina. Það getur skilgreint sig út úr sjóðunum með því hvar það velur að starfa og í hvers konar og í hvaða verkalýðsfélögum það kýs að starfa og sjóðirnir geta veitt sínum umbjóðendum umtalsvert valfrelsi. Ég lít hins vegar ekki á þetta sem neinn endapunk í þróuninni. Ég lít á þetta sem eitt skref í áttina að endapunktinum og mun halda áfram baráttu minni fyrir auknu valfrelsi. Ég mun styðja þetta frv. og greiða því atkvæði, en mun þó hafa fyrirvara um 2. gr. frv. því að ég treysti mér ekki til þess að greiða atkvæði með því að launamenn séu skyldaðir til að greiða í sjóði með kjarasamningi. Ég tel að þar eigi að gilda fullt frelsi en að mikilvægt sé að fagna þessum áfanga, mikilvægt að á frelsið og samkeppnina verði reynt og þeir sem reka verkalýðsfélögin og þeir sem reka lífeyrissjóðina sjái það svart á hvítu að þeim stendur engin ógn af valfrelsinu. Meðan þeir standa sig í stykkinu, þurfa þeir ekki að hafa áhyggjur af því að fólk gangi unnvörpum úr verkalýðsfélögunum eða þá að fólk gangi unnvörpum úr lífeyrissjóðunum. Þeir munu átta sig á því að það mun verða sjóðunum og verkalýðsfélögunum til styrktar að bjóða launamönnum, umbjóðendum sínum, upp á valfrelsi í lífeyrismálum.

[15:15]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir aðeins betri skýringu á ummælum hv. þm. varðandi 2. gr. Skildi ég hann rétt að hann styddi ekki 2. gr. eins og hún liggur fyrir í frv., svo að það sé þá alveg ljóst að hverju menn ganga? Það hefur verið skýrt hvernig frv. er lagt fram sem niðurstaða nefndar sem vann hér í sumar og það er lagt fram sem stjfrv. Ég ætla ekki að tala um hvort það njóti þingmeirihluta eða eitthvað þess háttar. Það er ekki það sem ég er að spyrja um heldur einfaldlega á þessu stigi málsins hvort það sé rétt skilið hjá mér að hv. þm. styðji ekki 2. gr. eins og hún liggur fyrir í frv.

[15:15]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það átti að vera skýrt í ræðu minni áðan að ég mun styðja þetta frv. með þeim fyrirvara að ég treysti mér ekki til þess að styðja 2. gr. þar sem kjarasamningur skyldar launamenn til þess að greiða í tiltekinn lífeyrissjóð og veitir þeim ekki frelsi til þess að velja. Að öðru leyti mun ég styðja frv. Ég tel að það sé til bóta á því kerfi sem við búum við og ég held, eins og kom fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni, að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að það sé ekki nægur meiri hluti í þinginu fyrir þessu frv. því að eins og ég nefndi áðan í ræðu minni var það var inntak ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar að það mætti alls ekki breyta þessu frv. og það yrði að fara í gegnum þingið eins og það er lagt fram. Þess vegna mun ég ekki leitast við að breyta því, en samvisku minnar vegna treysti ég mér ekki til að styðja þessa grein.

[15:17]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir skýr svör. Það er alveg ljóst af þessu að frv. nýtur stuðnings hv. þm. nema hvað varðar 2. gr. Það hefur verið gefið í skyn fyrr í umræðunni og kemur e.t.v. betur fram síðar að hugsanlega eru aðrir þingmenn Sjálfstfl. með sömu áhyggjur varðandi 2. gr.

Ég vil einungis nefna að það var 2. gr. sem var mesta deiluefnið í vor. Hugsanlega er að byrja sambærilegur ágreiningur aftur innan þingsins varðandi þetta frv. Hins vegar er alveg ljóst að frv. var sett í vinnufarveg í sumar að tillögu fjmrh. og náðist samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og fjmrn. varðandi þetta frv. Stjórnarandstaðan hefur lýst því yfir og ég lýsti því sérstaklega yfir í ræðu minni að þarna hefði verið tekið tillit til sjónarmiða verkalýðshreyfingarinnar og okkar og ég heyri alveg að það staðfestir afstaða þingmannsins sem er ósammála mér í grundvallaratriðum gagnvart 2. gr. að það er rétt metið að sjónarmið okkar hafi náð fram að ganga. Það eina sem ég vil segja á þessu stigi málsins er að vekja athygli á að hugsanlega stefnir í sams konar feril og var hér í vor varðandi þetta frv. ef gerð verður atlaga að breytingum. Hins vegar vil ég undirstrika að hv. þm. lýsti því skilmerkilega yfir að hann styddi aðrar greinar frv. og að hann mundi í sjálfu sér ekki hafa frumkvæði að breytingum þó svo að hann mundi ekki styðja þessa tilteknu grein. Ég skildi hann alls ekki svo að hann ætlaði að hafa sig sérstaklega í frammi varðandi breytingar á þessu en ég vek athygli á því að þetta er svolítið svipuð staða og kom upp við 1. umr. um málið í vor.

[15:19]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasta ræða hv. þm. Ágústs Einarssonar bar svolítinn keim af fyrstu ræðu hans í dag, „sjáið þið hvernig ég tók hann". Hins vegar held ég að það sé ekki rétt hjá honum að þessi umræða beri keim af umræðunni frá því í vor. Ef hann sest nú niður og ber saman útskriftina á ræðu minni í dag og ræðu minni í vor, þá mun hann sjá að um allt annan tón er að ræða, enda er frv. stórkostlega breytt frá því sem var. En það atriði sem ég hef nefnt, 2. gr., er grundvallaratriði í mínum huga sem mér finnst ekki hægt að víkja frá og því verður svo að vera eins og ég hef lýst. Ég mun ekki hafa sjálfur frumkvæði að því að breytingar verði gerðar á þessu en eins og ég sagði í ræðu minni, þá væri það atriði sem ég mundi helst vilja breyta ef ég mætti velja eitt atriði sem ætti að breyta í frv. Þar sem hann á sæti í hv. nefnd sem fjallar um frv. er honum velkomið að taka málstað minn upp og flytja í nefndina ef hann vill og ég mundi þá styðja hann hér í þingsalnum á eftir.

[15:20]

**Útbýting þingskjals:**

Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, 266. mál, þáltill. EOK og StG, þskj. 334.

[15:20]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Við höfum heyrt fróðlegar umræður um málið sem liggur fyrir. Ég fyrir mitt leyti vil gera grein fyrir afstöðu minni vegna þess að hún kom fram á fyrra þingi þegar við ræddum sambærilegt frv. sem ég gerði allnokkrar athugasemdir við.

Ég vil meta að verðleikum það starf sem hefur verið unnið á þeim tíma sem umliðinn er. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á frv. Nokkuð víðtæk sátt hefur tekist og ég tel að í þessu frv. sé betra jafnvægi skapað með ákvæðum frv. um rétt og stöðu hinna ýmsu aðila sem bjóða þeim aðilum ávöxtun sem vilja spara til lífeyris. Ég vil þó gera grein fyrir því sjónarmiði mínu að ég tel að við séum ekki að fjalla um einhverja aðila sem eru aðgreindir frá öðrum á fjármálamarkaði. Ég er til að mynda gjörsamlega ósammála hv. þm. Svavari Gestssyni sem sagði sem svo að einhverjir aðrir aðilar sem ávaxta sparifé landsmanna væru með þá fjármuni í braski.

Ég verð að viðurkenna að ég tel ekki að bankar landsmanna ástundi yfirleitt brask og mér sýnist, ef við lítum á ávöxtunarárangur hinna ýmsu verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja, að mörg þeirra hafi náð betri endurheimtu og betri ávöxtun en margir hinna eldri lífeyrissjóða og jafnvel þótt einungis sé miðað við sama tímabil.

Ég hygg að við séum öll sammála um mikilvægi lífeyristrygginga og sparnaðar einstaklinganna sjálfra sem vilja vera ábyrgir með sínum eigin hætti og sínum eigin aðgerðum fyrir efnahag sínum þegar líður að ævikvöldi og starfsævi er lokið.

Við undirgengumst það fyrir allnokkrum árum í flestum stéttarfélögum landsmanna að viðhafa sameiginlega tryggingu lífeyrisréttinda. Með frumkvæði launþegasamtakanna á þeim tíma var farið út í algjört nýmæli á Íslandi og ég hygg að það sé rétt sem hermt er í greinargerð með frv. að ýmsar grannþjóðir okkar hafi tekið þetta tiltæki íslenskra launþegasamtaka sér til fyrirmyndar, einkum nú síðari árin þegar það er að reynast hafa verið góð hugmynd. En það er rétt að geta þess að alllangan tíma var fjármálamarkaði landsmanna þannig varið að öll ávöxtun reyndist vera neikvæð, hvort sem talað var um lífeyrissparnað eða það fé sem ávaxtað var í bönkum eða öðrum sjóðum og það tímabil varð til þess að hér festi rætur alvarleg vantrú á sparnaði yfirleitt.

Ég tek undir mikilvægi lífeyristryggingar og vil virða og meta skoðanir þeirra launþegasamtaka sem hafa haft uppi þá sannfæringu og skoðun að samtrygging þessara réttinda sé jafnmikilvæg. Hins vegar er ég líka þeirrar skoðunar að við eigum að viðhalda og tryggja valfrelsi, til að mynda að meta þannig að lífeyrissjóðirnir, sem við höfum oft kallað lögbundna og verða nú ekki lengur hinir einu lögbundnu lífeyrissjóðir, en hinir eldri lífeyrissjóðir sem urðu um tíma lögbundnir náðu aldrei að bjóða öllum landsmönnum lífeyristryggingar. Fjölmargir og fjölmennir hópar urðu að leita sér leiða til að ávaxta lífeyrissparnað sinn með öðrum hætti utan þessara sjóða án þess að fá þar aðgang. Þeir sem buðu þeim hópum sparnaðarleið náðu betri árangri á nokkrum umliðnum árum. Þeir hafa til að mynda orðið fyrir alvarlegri gagnrýni og misskilningi við umræðu á hinu háa Alþingi á sl. vetri og vori þegar þeir voru gagnrýndir fyrir að vilja tryggja aðeins hluta af sínu ævikvöldi og geta síðan leitað fjár á sameiginlegri tryggingu annarra sem ég tel að sé alvarlegur misskilningur og gagnrýni á misskilningi byggð.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að valfrelsi einstaklinga sem vilja tryggja lífeyri sinn og þeirra aðila sem bjóða þeim þær leiðir verði tryggt. Það er betur tryggt í þessu frv. en hinu fyrra en samt sem áður er það enn svo að aðrir aðilar en beinir lífeyrissjóðir hafa ekki sama rétt til að ávaxta lífeyrissparnað þó að þeir hafi sýnt og sannað að þeir séu með jafngóðan árangur og jafnvel betri í ávöxtun sparnaðar yfirleitt og geti vegna stjórnar sinnar og eftirlits fyllilega annað því og sinnt því að ávaxta lífeyrissparnað þeirra sem við þá vilja skipta. Hér á ég við banka og sparisjóði, verðbréfafyrirtæki og tryggingafélög. Það er ekki gert ráð fyrir því að þessir aðilar, sem eru ekki lífeyrissjóðir, fái sama rétt til að stunda ávöxtun þessa sparnaðar. Ég hefði gjarnan viljað sjá þeirra stöðu jafnsterka og hinna, þ.e. lífeyrissjóðanna.

Ég er sammála því sem fram hefur komið að ákvæðin um lágmarkstryggingavernd eru mikilvæg og gefa möguleika á því að þróa í framtíðinni þá löggjöf sem hér er hafið máls á með þessu frv. og væntanlega gefur það þann kost í framtíðinni að tryggja réttarstöðu og jafna stöðu hinna ýmsu sparnaðarforma. Þó verð ég að hafa þann fyrirvara við ákvæðið um skylduaðild sem kemur fram í 2. gr. frv. að ég tel að það sem þar er kveðið á um kjarasamninga geti stangast á við það sem við höfum oft kallað neikvæðan félagsrétt. Við verðum að viðurkenna að það er svo með réttu að mörg stéttarfélög gera kjarasamning fyrir einstaklinga sem eru ekki félagsmenn, ýmist vegna þess að þeir hafa hafnað þeim möguleika eða félögin veita þeim hann ekki. Mér finnst ekki með öllu réttmætt, herra forseti, að það sama eigi að gilda um lífeyrissparnað þeirra einstaklinga, þeir verði skyldaðir til að setja fé í og ávaxta það í sjóði sem þeir hafa eingöngu þá aðild að og enga aðra, fá ekkert um stjórn að segja, fá ekkert um árangur að meta. Þar kem ég að öðru atriði sem ég vil gera að ábersluefni í máli mínu. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að sjóðfélagar, sem eru einu raunverulegu eigendur þessa sparifjár, eigi rétt til þess að velja sjóðunum stjórn sem þeir eiga aðild að og fái þannig að fjalla um árangur, um stjórn og stefnu sjóðsins sem þeir eiga. Þeir eiga sitt ævikvöld og sinn hag þegar starfsævi er lokið undir frammistöðu þeirra sem stjórna þessum sjóði. Þeir sem

stjórna þessum sjóði eiga hann kannski undir einhverjum enn öðrum sjóði og allténT er sú staða uppi í dag.

Ég tel eðlilegt, herra forseti, að úr þeim ákvæðum sem eru í frv. um fjárfestingarstefnu verði dregin nokkur atriði sem ég tel að geti, með því að takmarka rétt stjórnenda sjóðanna til að ákveða fjárfestingar og velja um ávöxtunarleiðir, valdið því að þeir ná ekki bestum árangri vegna þess að þeim er ekki heimilað að velja þá bestu. Ég skil ekki hvers vegna við eigum að gera menn ábyrga en síðan að neita þeim um að fara eftir sinni ákvörðun og velja og ákveða að sínu eigin mati. Mér finnst það ekki í samræmi við það að gera menn ábyrga fyrir árangri eða frammistöðu.

Ég er sannfærður um að margir stjórnendur þessara sjóða geta vel hugsað sér að vera að öllu leyti ábyrgir fyrir ávöxtunarstefnu þeirra og fjárfestingarstefnu og að sjóðfélagarnir meti rétt eins og aðrir hvernig frammistaða þeirra er. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að lífeyrissjóðir af öllu tagi verði að sæta eftirliti, ekki eingöngu bankaeftirlits, heldur einnig eftirlits út frá tryggingafræðilegum forsendum þannig að tryggingafræðilegar skuldbindingar þeirra verði metnar á hverjum tíma. Þannig tel ég að þessir aðilar eigi að sæta eftirliti út frá fleiri sjónarhornum heldur en bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki sem ekki ávaxta lífeyrissparnað, sem ekki stunda ávöxtun sparnaðar sem er lagður fyrir á tryggingalegum forsendum.

Ég tel líka, herra forseti, þegar við metum hina skattalegu hlið þessara mála, að við eigum að endurskoða í framtíðinni í kjölfarið á þessu máli skattalega stöðu nokkurra frjálsra lífeyrissjóða sem svo eru nefndir í dag, sem fólk leggur lífeyrissparnað sinn í en fær ekki frádreginn frá skattskyldum tekjum á þeim tíma, en þess eru dæmi þegar það fólk tekur út þennan sparnað að hann verði skattskyldur sem tekjur. Þetta eru fingurbrjótar í löggjöf sem við eigum að leita uppi og afnema.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja aftur áherslu á þau atriði sem ég hef nefnt. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að veita þeim sem ávaxta lífeyrissparnað landsmanna strangt eftirlit út frá tryggingafræðilegum forsendum og forsendum bankaeftirlitsins þar sem þeir ávaxta almennan sparnað. Ég tel að valfrelsi bæði þeirra sem spara og hinna sem bjóða sparnaðarleiðir fyrir lífeyrissparnað þurfi að vera opið og að þar skuli ekki gera upp á milli aðila eftir því hvort þeir heita lífeyrissjóðir eða eitthvað annað. Ég tel að þar þurfi að styrkja rétt þeirra sem eru ekki lífeyrissjóðir í dag en hafa samt sem áður fulla getu til að ávaxta sparnað. Ég tel að bein aðild sjóðfélaga að stjórnun, stefnumótun og mati á árangri og frammistöðu sé nauðsynleg og það sé einungis í samræmi við hina raunverulegu og endanlegu ábyrgð sjóðfélaganna sem eiga undir þessari frammistöðu.

Ég tel, herra forseti, að við þurfum að breyta nokkrum atriðum. Ég er ekki alveg viss um að ég muni bera fram tillögur um þessi efni. Mér er kunnugt um að það mun koma fram tillaga um beina aðild sjóðfélaga að stjórnarkjöri og ég mun taka þátt í að fylgja þeirri tillögu fram með mínu atkvæði. Þó að ég hafi fyrirvara við ákvæði 2. gr. um stöðu kjarasamninga er ég ekki endanlega viss hvort ég greiði henni mótatkvæði eða hvort ég muni sitja hjá. En ég er smeykur um að þar séum við að brjóta í bága við skuldbindingar sem við höfum undirgengist og við köllum neikvæðan félagsrétt, réttindi til að hafna aðild.

[15:32]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú gerist það að tveir þingmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu koma hér og lýsa yfir fyrirvara við sömu greinina, þ.e. við 2. gr. sem er grundvallargrein frv. Hv. þm. ræddi reyndar nokkra aðra þætti sem honum fannst að mættu fara betur og ætla ég í sjálfu sér ekkert að fara í efnislega umræðu um þau atriði, hann rökstuddi mál sitt vel. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að þetta er orðin dálítið óvanaleg staða. Þeir þingmenn Sjálfstfl. sem hafa komið hér upp hafa lýst yfir fyrirvara, hlutleysi og jafnvel andstöðu við tiltekna þætti stjfrv. Ég hef rakið tilurð frv. sem hefur væntanlega verið rætt í þingflokkum stjórnarliða, þar á meðal í þingflokki Sjálfstfl., og ég er í sjálfu sér ekki að draga í efa þingmeirihluta eða neitt þess háttar. Ég kýs hins vegar, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á því að þingmenn Sjálfstfl. eru mjög óánægðir með tiltekinn þátt, jafnvel þó að þeir viti hvernig þetta frv. er til orðið og þekki forsöguna mætavel. Ég ítreka aftur þá skoðun mína að hérna stefnir hugsanlega í átök um þingmálið. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það á þessum tímapunkti. Hv. þm. boðaði ekkert slíkt í sjálfu sér í ræðu sinni, en þetta er vitaskuld umhugsunarefni fyrir okkur stjórnarandstæðinga, verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins og fjmrh. að umræðan skuli þróast á svo neikvæðan hátt hvað viðkemur grundvallaratriðum í frv. ríkisstjórnarinnar.

[15:35]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Árið 1974 voru samþykkt lög frá Alþingi með eftirfarandi ákvæði: „Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.“ Það var ekki orð um það hvaða réttindi lífeyrissjóðirnir ættu að veita, ekki orð um það hvort þeir gætu staðið við réttindi og ekki orð um það hvort einhver ætti að hafa eftirlit með því að þeir gætu staðið við þau. Þetta er ein makalausasta lagasetning sem mér er kunnugt um, þar sem stór hluti þjóðarinnar var skyldaður til að borga í lífeyrissjóði hvort sem hann væri í viðkomandi verkalýðsfélagi eða hjá viðkomandi vinnuveitanda sem átti aðild að viðkomandi lífeyrissjóði.

Þessi lög voru sett vegna þess að í kjarasamningunum 1969 var samið um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningi en hann hafði ákaflega lítil áhrif. Það voru mjög fáir sem gengu í lífeyrissjóðina sem þá voru starfandi og settir á stofn vegna kjarasamninganna. Það var bara ekki almennur vilji fyrir því og til að ná fólkinu inn í lífeyrissjóðina var þetta ákvæði sett í lög. Því var náð fram að Alþingi setti svona lög. Eftir það fjölgaði verulega í lífeyrissjóðunum.

Það vill nú svo til að ég starfaði hjá lífeyrissjóði á þessum tíma og það var ákaflega auðvelt, á grundvelli þessara laga, að senda lögfræðing í fyrirtæki, sem ekki átti aðild að Vinnuveitendasambandinu, til að ná í iðgjald af starfsmanni sem ekki átti aðild að verkalýðsfélagi, því „öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.“ Það var bara starfsstéttin sem ákvarðaði aðild en ekki það hvort menn væru í stéttarfélagi eða vinnuveitandinn í Vinnuveitendasambandinu.

Staða íslensks lífeyriskerfis var ákaflega döpur um 1980. Þá hafði geisað óðaverðbólga og sjóðirnir voru allir gjörsamlega gjaldþrota. Að segja það að verkalýðsfélögin eða aðilar vinnumarkaðarins hafi komið á góðu kerfi er ekki rétt. Í fyrsta lagi var það löggjafinn sem kom aðildinni á og síðan

var það löggjafinn sem kom verðtryggingu á. Og það er verðtryggingin og hinir gífurlega háu vextir sem hafa bætt stöðu lífeyrissjóðanna. Ég vil ekki segja að þetta sé eitthvað sem hafi orðið til úr engu. Þetta hefur fengist með geysilegum þjáningum fjölda skuldara sem tóku lán hjá almennu lífeyrissjóðunum með 2,5% vöxtum sem voru hækkaðir upp í 10% raunvexti á tímabili. Þetta bætti stöðu lífeyrissjóðanna. Þetta hefur gert íslenska lífeyriskerfið svona öflugt. En skuldararnir hafa orðið að bera byrðarnar. Það eru þeir sem eru að þola ótöluleg gjaldþrot og harmleiki í fjölskyldum í landinu.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum um er mjög þarft. Það fyllir upp í lögin frá 1974. Það eru engin lög til um lífeyrissjóði á Íslandi nema mjög veikburða lög frá 1981, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Annars er ekkert til, ekkert til um þessa gífurlegu fjármuni sem á grundvelli þeirrar aðildarskyldu frá 1974 hafa hlaðist upp í lífeyrissjóðunum — yfir 300 milljarðar. Það eru engin lög til um þetta. Það er því mjög þarft og nauðsynlegt og brýnt að um þetta séu sett lög og lagafrv. sem við fjöllum um í dag tekur einmitt á þeim atriðum hvaða réttindi lífeyrissjóðirnir eigi að veita. Loksins eftir 23 ár er tekið á því hvaða réttindi fólkið á að fá fyrir skylduna að vera í lífeyrissjóði. Það er líka tekið á starfsleyfi lífeyrissjóðanna, rekstri þeirra og fjárreiðum. Og tekið er á innra og ytra eftirliti. Þannig að lögin eru mjög þörf og mjög brýn. Það er tekið á því að eignir og skuldbindingar standist á þannig að sjóðirnir séu ekki að lofa upp í ermina á sér eins og var 1980 þegar þeir voru orðnir gjaldþrota.

Við ræddum þetta frv. í vor og þá urðu mikil átök um það. Það frv. sem nú liggur fyrir er að mörgu leyti betra. Það er búið að skerpa á skilgreiningum, búið er að fara í gegnum það eina umferð í viðbót og búið er að laga mikið af vankröntum og lélegum skilgreiningum sem voru í fyrra frv. þannig að það er að því leyti betra.

Herra forseti. Mönnum hefur orðið tíðrætt um 2. gr. og það er eðlilegt. Í henni liggja völdin. Málið er miklu frekar valdabarátta en eitthvað annað. Þetta er spurning um það hver á að ráðskast með 300 og yfir 300 milljarða af þvinguðu sparifé landsmanna. Það er ekki þannig að þetta hafi orðið einhvern veginn til vegna þess að landsmenn vildu það — þeir voru skyldaðir til þess með lögum.

Ókostirnir við þetta frv. má segja að séu fjögur atriði. Það er í fyrsta lagi aðildin. Það er ljóst að það samningaferli sem fór í gang sl. vor, og er þáttur í þessari valdabaráttu, fól í sér að aðilar vinnumarkaðarins vildu halda þeirri stöðu sem þeir hafa haft frá 1974. Þeir vildu halda henni, þeir tilnefna nefnilega stjórnir sjóðanna og í því eru fólgin geysileg völd og má segja að bæði Vinnuveitendasambandið og sérstaklega verkalýðshreyfingin noti þetta sem bakhjarl, þetta er hennar hryggur — lífeyrissjóðirnir, það fjármagn sem þar er bundið.

Í 2. gr. stendur: „Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer að öðru leyti eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, ...“ Það þýðir nákvæmlega það, eins og ég kom inn á áðan, að ef þessum aðilum dettur í hug að semja um lágmarkskjör í einhverri starfsgrein þá skal viðkomandi starfsmaður fara inn í viðkomandi lífeyrissjóð hvort sem hann vill eða ekki og hvort sem hann er í stéttarfélagi eða ekki, það kemur málinu ekki við. Ef þeir hafa samið um lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein þá skulu menn inn í viðkomandi lífeyrissjóði og skiptir ekki máli hvort fyrirtækið er í Vinnuveitendasambandinu eða launþeginn í verkalýðsfélagi. Þarna er sem sagt verið að skylda aðila A og aðila B inn í lífeyrissjóð sem þeir eiga engan þátt í. (**Gripið fram í:** Og af hverju er verið að því?) Það er, hv. þm., vegna valdabaráttunnar. Vegna þess að þetta hefur verið svona frá lögunum 1974, þar sem „öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.“ Það hefur gefið mönnum þessi völd og menn vilja halda í þetta ákvæði nánast óbreytt og um það snýst málið. Þetta er heila málið. Það er þessi 2. gr., um hana snýst allt heila málið.

Eins og hv. þm. hafa eflaust heyrt er ég ekki hrifinn af þessu ákvæði og ég efast um að ég muni ljá því atkvæði mitt. En það eru ókostir við fleiri atriði. Það eru í fyrsta lagi þau atriði sem ekki eru nefnd og það er stjórnunin. Ekki er talað um stjórnunina í frv. Í 30. gr. stendur reyndar, með leyfi forseta:

„Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti.“ Aldeilis réttindi. Þeir mega ræða þetta og þeir mega meira að segja koma með tillögu en atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Og þá munu menn uppgötva það undarlega fyrirbæri, eins og menn voru að skrifa um í blöðunum fyrir stuttu, að þeir mæta á ársfund og þar eru málin rædd, svo draga sig einhverjir herrar til baka og kjósa stjórn — einhverjir fulltrúar stéttarfélagsins kjósa stjórn, og fulltrúar vinnuveitenda á fundinum tilkynna hverjir vinnuveitendurnir hafi ákveðið að skuli vera í stjórn. Þetta er lýðræðið.

Ég mun flytja brtt. um þetta, eins og ég gerði síðasta vor, þ.e. að sjóðfélagarnir kjósi sér stjórn — bara með lýðræðislegri kosningu. Mér þætti gaman að sjá þá hv. þm. sem hafa á móti því.

Það sem vantar einnig í frv., og ekki er rætt, er samspil við almannatryggingar. Menn hafa komið hér inn á þær skerðingar sem þar er um að ræða. Það sem vantar inn í það kerfi allt saman er að gert sé ráð fyrir því að menn hafi borgað í lífeyrissjóð frá 1980, eftir að skyldað var, ekki bara launþegar heldur allir, sjálfstæðir atvinnurekendur líka. Auðvitað á að reikna með því að menn hafi borgað í lífeyrissjóð og ákvarða mönnum lífeyri eins og þeir hefðu borgað í lífeyrissjóð og það kæmi þá til frádráttar lífeyri frá almannatryggingum. Og gera ráð fyrir að menn hafi farið að lögum ef þetta yrði gert. Þá er allur þessi vandi sem menn eru að tala um, skerðingar hjá almannatryggingum og allt það — að sjálfsögðu dottinn upp fyrir. (**KÁ:** Og á hverju á fólk að lifa?) Menn áttu að leggja fyrir og svo hefur fólk auk þess félagslega hjálp sveitarfélaganna. (Gripið fram í.) Því er vísað yfir á ríkisvaldið núna.

En það sem vantar líka, og það er fjórða atriðið, er að skilgreina hver á allt þetta fé. Í lífeyrissjóðunum eru núna, eins og ég gat um áðan, 317 milljarðar og enginn veit hver á þá. (**SvG:** Einar Oddur veit það.) Ég mun flytja brtt. um það að lýst verði yfir að þetta fé sé eign sjóðfélaganna og engra annarra. Vegna þess að þeir einir eiga réttindin sem eru í þessum lífeyrissjóðum og ég ætla ekki að endurtaka umræðuna frá síðasta ári um húsbóndaréttinn og hvernig hann hvarf, um húsbóndaskylduna og hvernig sú skylda hvarf með lagasetningunni 1974, og vísa til umræðunnar í fyrra.

Í þessu frv. er margt ágætt eins og ég gat um áðan og ber að nefna það sem ég hef ekki nefnt enn þá og það er skipting réttinda á milli hjóna og sambúðarfólks sem er af hinu góða.

Ég tel því að mjög margt sé jákvætt í þessu. En nokkur atriði vantar, eins og ég gat um, og ég mun flytja brtt. þar um. Einnig hef ég fyrirvara um 2. gr.

Herra forseti. Ég má til með að tala um afstöðu þeirra tveggja stjórnarandstæðinga sem hér hafa tekið til máls. Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði: Aðilar vinnumarkaðarins höfðu sitt fram. Gegn hverjum höfðu aðilar vinnumarkaðarins sitt fram? (**Gripið fram í:** Gegn ríkisstjórninni.) Gegn meiri hluta Alþingis. Gegn 40 þingmönnum á Alþingi. Hvað er hv. þm. eiginlega að segja? Vilji kjósenda, sem kemur fram í valdahlutföllum á Alþingi, skal sko ekki ráða heldur eru það aðilar vinnumarkaðarins sem höfðu sitt fram og þingmaðurinn hlakkar yfir því og finnst það ágætt mál. Ég er nú frekar dapur yfir því. Ég hef margoft bent á að því miður sé öll veigameiri lagasetning frá hinu háa Alþingi ákvörðuð utan Alþingis. Það er nánast engin lagasetning, sem þingmenn hafa samið sjálfir, samþykkt. Á einhverjum tíma hefur Alþingi framselt völdin til aðila utan Alþingis og ég efast um að þeir hafi mátt það. Ég efast um að stjórnarskráin leyfi slíkt valdaframsal eins og kemur fram í þessu frv. sem aðilar vinnumarkaðarins eru búnir að breyta í sína þágu í sumar og stjórnarandstaðan tekur undir fagnandi.

Ég held að hv. þm. Ágúst Einarsson hafi líka verið að tala um griðunga sem sæktu í hið mikla fé. Hvernig er það, hvaða griðungar eru í þessu fé núna? Hver er það sem fer núna með þetta fé? Er það fólk sem er kosið af eigendum fjárins? (**Gripið fram í:** ASÍ.) Einmitt, það er hárrétt hjá hv. þm., það eru aðilar vinnumarkaðarins sem ákvarða stjórnir þessara lífeyrissjóða og fara með þetta feiknamikla fé. (**Gripið fram í:** Og eru þeir griðungar?) Það skyldi nú ekki vera að þeir séu griðungar — já, og kannski ekki verri og ekki betri en þeir griðungar sem hv. þm. óttaðist eða sagði að sæktust í þetta.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði: Samningum verður ekki breytt. Hvað var hv. þm. að segja? Hann var að segja það að löggjafarsamkunda þjóðarinnar hefði ekki áhrif. Hún hefði ekki um lagafrv. að segja. Ég bara spyr: Til hvers er Alþingi eiginlega ef samningum verður ekki breytt? Ef meiri hluti alþingismanna ákveður að breyta þessu lagafrv. þá gera þeir það, og það verður að lögum. Svo er fyrir mælt í stjórnarskránni.

Herra forseti. Þetta frv. er að mörgu leyti nauðsynlegt og þarft. Það er svo nauðsynlegt að ég mun styðja það þrátt fyrir þá miklu vankanta sem eru á því í 2. gr. Ég mun flytja brtt., sem ég vænti að hv. þm. muni samþykkja, varðandi eign lífeyrissjóðanna og annað varðandi kosningu stjórna lífeyrissjóðanna, að það verði sjóðfélagar sem kjósi stjórnir lífeyrissjóðanna og hafi bein áhrif á stjórnirnar. Það hefur ekki tekist sem skyldi að auka valfrelsi í lífeyrissjóðunum, þ.e menn geta ekki farið úr lífeyrissjóðnum sínum ef þeim líkar illa við ráðstöfun fjárins. Það hefur ekki tekist vegna 2. gr. og áhrifa verkalýðshreyfingarinnar og þá er enn þá brýnna, fyrst ekki má kjósa með fótunum að kosið verði með höndunum.

[15:51]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var tíðrætt um harmleiki fortíðarinnar og hvernig þeir hefðu orðið til þess að efla lífeyrissjóðina, ef ég skildi hann rétt, með háum vöxtum og fleiru. Ég lít svo á að með þessu frv. og þeirri stefnu sem hér er verið að framfylgja sé verið að koma í veg fyrir harmleiki framtíðarinnar. Það er ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. að þetta frv. sé ekki í samhengi við almannatryggingakerfið því það er alveg ljóst að því meir og betur sem lífeyriskerfið virkar og fleiri fá hærri upphæðir greiddar úr lífeyrissjóðunum því minna verður álagið á almannatryggingakerfið. Það er þannig í dag, eins og hv. þm. veit, að lífeyrisgreiðslur valda nú þegar töluverðum skerðingum í almannatryggingakerfinu þannig að menn eru auðvitað að reyna að stilla þessu saman þó ég sé reyndar þeirrar skoðunar að gengið hafi verið fulllangt í skerðingum. Við hljótum að hugsa um það, hv. þm., á hverju fólk eigi að lifa. Það er hlutverk samfélagsins og tryggt í stjórnarskrá að koma eigi fólki til aðstoðar sem ekki getur séð fyrir sér sjálft. Þess vegna er það hlutverk ríkisvaldsins, að mínum dómi — það má svo sem deila um skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hvað þetta varðar — en þarna á að koma til aðstoðar og ekki er hægt að refsa fólki fyrir það að hafa ekki greitt í lífeyrissjóði strax upp úr 1980. Þá voru aðrar aðstæður og eflaust margt sem olli því að ákveðinn hópur greiddi ekki í lífeyrissjóðina.

Það var fleira í máli hv. þm. sem ég hefði viljað koma inn á eins og það sem lýtur að stjórn. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að auðvitað eiga sjóðfélagar að eiga sem beinasta aðild að því að kjósa í stjórn. En það hlýtur að vera ákvörðun hvers sjóðs og félaga hans (Forseti hringir.) hvernig staðið er að stjórnarkjöri. Þetta eru sjálfstæðir sjóðir.

[15:54]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi samhengið við almannatryggingar þá eru þær skerðingar sem þar eiga sér stað með ólíkindum flóknar. Það fólk sem hefur farið að lögum og borgað í 20 ár í lífeyrissjóð ber ákaflega lítið úr býtum fyrir að hafa borgað í hann og launagreiðendur þess, 10% af launum í 20 ár, þ.e. tvenn árslaun. Það ber ákaflega lítið úr býtum miðað við þá sem komu sér hjá því að borga í lífeyrissjóð og keyptu spariskírteini og mynduðu eignir annars staðar fyrir þetta fé og selja svo þær eignir í dag og lifa praktuglega og fá óskertan lífeyri frá almannatryggingum. Það er þetta misrétti sem er á fullu í dag. Að segja að ekki sé hægt að refsa fólki sem hefur komið sér hjá því að borga í lífeyrissjóði, þrátt fyrir mjög skýr lagaákvæði, og myndað eignir oft og tíðum og gert það meðvitað vegna þess að það vissi um þessa skerðingu almannatrygginga — það er ekki hægt. Við erum með ákvæði í lögum um að sveitarfélögin taki þá upp á arma sína sem lenda mjög illa út úr þessu.

Varðandi lýðræðið í lífeyrissjóðunum og að það skuli vera ákvörðun hvers sjóðs eða þeirra sem setja reglugerðir fyrir viðkomandi sjóð er nefnilega ekki rétt vegna þess að aðildin að sjóðunum er ekki sjálfráð. Fólkið getur ekki ákveðið að ganga í lífeyrissjóð, það er skikkað í lífeyrissjóð. (Gripið fram í.) Og meðan sett eru lög sem skikka fólk til að borga í lífeyrissjóð þá hlýtur löggjafinn að gæta þess að viðkomandi hafi einhver áhrif á stjórn þessa lífeyrissjóðs. Ef ekki væri um það að ræða að skylda menn í lífeyrissjóð og menn gætu valið það þá þyrfti ekki svona ákvæði. En fyrst löggjafinn er að þvinga stóran hluta þjóðarinnar í lífeyrissjóði þá hlýtur hann að gæta þess að fólkið hafi einhver áhrif á það fé sem þar myndast og fólkið á sjálft.

[15:56]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort honum sé ekki ljóst hverjir eru fjölmennastir í þeim hópi sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóði. Heldur hv. þm. að það séu verðbréfaeigendur

og þeir sem hafa verið að fjárfesta í atvinnulífinu og í spariбréfum og öðru slíku? Það eru fyrst og fremst konur. Konur eru langsamlega stærsti hópurinn. Konur sem voru í hálfri vinnu eða unnu ekki utan heimilis. Þær eru langsamlega stærsti hópurinn sem fær greiðslur frá almannatryggingum. Og sem betur fer, hv. þm., þá mun draga úr því jafnt og þétt, eftir því sem sá hópur kemur inn sem hefur unnið meira og minna fullan vinnudag og greitt í lífeyrissjóði. Þannig að þetta vandamál verður sem betur fer bráðum meira og minna úr sögunni. Ég veit heldur ekki betur en að búið sé með lögum að eignatengja og tekjutengja, að vísu koma fjármagnseignir að takmörkuðu leyti til skerðingar, en það er þó búið að tengja þarna nokkuð og mætti kannski ganga lengra í því hjá þeim sem hafa miklar tekjur af eignum sínum. Þarna hefur löggjafinn gripið inn í og mér finnst að þingmaðurinn þyrfti að kynna sér þetta betur. Honum verður mjög starsýnt á eigendur verðbréfa og hann þekkir vel til í viðskiptaheiminum en þetta er nú, held ég, og ég veit reyndar að þetta er miklu minni hópur heldur en t.d. konur sem ekki unnu utan heimilis.

[15:58]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá árinu 1974, eftir að Alþingi ákveður að allt vinnandi fólk skuli borga í lífeyrissjóð, þá eru þeir sem ættu heima í almannatryggingakerfinu, í mínum huga, fólkið sem er tekjulaust, það eru konur, sem í sífellt minna mæli eru eingöngu heima, það eru fangar, það eru sjúklingar, öryrkjar og aðrir slíkir sem eru ekki á vinnumarkaði og eru ekki þar af leiðandi skyldaðir til að borga í lífeyrissjóð. Það eru slíkir aðilar sem eiga að fá bætur frá almannatryggingum núorðið en engir aðrir. Það sem ég vil hreinlega gera ráð fyrir er að allir sem hafa haft tekjur hafi öðlast lífeyrisréttindi út á þær tekjur en hinir sem voru tekjulausir fái að sjálfsögðu lífeyri frá almannatryggingum eins og er í dag. En ekki að maður eða kona sem hefur komið sér hjá því að borga í lífeyrissjóð geti fengið óskertan lífeyri frá almannatryggingum og jafnvel gengið á eignir á sama tíma.

[15:59]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum að hv. 16. þm. Reykv. var kosinn inn á Alþingi til þess að ráða yfir lífeyrissjóðunum. Hann gefur ekki mikið fyrir það þó að eigendur lífeyrissjóðanna séu launafólk í landinu og atvinnuekendur og hafi gert samning um það. Hann var kosinn hingað inn til að ráða yfir þeim og honum finnst það vera frekleg móðgun við sig ef nokkrum þingmanni dettur í hug að benda honum á að það eru þessir aðilar sem hafa myndað samning sem er grunnur lífeyrissjóðanna. Hann aftur á móti telur að við séum hérna í þessari stofnun til þess að setja reglur ofan í hausinn á félögum og eigendum lífeyrissjóðanna, ekki bara um það hvernig fara á með peningana heldur líka um kosningar til stjórna og ráða og annars innra fyrirkomulags þessara sjóða. Þetta er ótrúlegt stjórnlyndi, herra forseti.

Í tilefni af þessum orðum hans og ummælum hans að öðru leyti og annarra sjálfstæðismanna, þá hlýt ég að spyrja: Styður Sjálfstfl. þetta frv.? Var hæstv. fjmrh. að flytja hérna framsöguræðu á vegum stjórnarandstöðunnar? Er þetta sem sagt stjórnarandstöðufrv. en ekki stjfrv.? Vegna þess að hér hafa þrír menn talað frá Sjálfstfl. þversum núna að undanförnu, þrír þingmenn og þeir eru allir í raun og veru á móti þessu máli. Það er því óhjákvæmilegt að það fáist upp gefið hvort hér sé um það að ræða að Sjálfstfl. ætli aftur að svíkja þá samstöðu sem skapast hefur úti í þjóðfélaginu um þetta mál, hvort aftur eigi að gera tilraun til að stoppa málið eins og þeir gerðu í vor. Er það svo að verkalýðshreyfingin í landinu og atvinnurekendur geti ekki samið við Sjálfstfl. af því að uppreisnaraðilar í þingflokki Sjálfstfl. eins og hv. þm. Pétur Blöndal neiti alltaf að taka tillit til þess sem gerist utan veggja þessa húss, hann sé svo stjórnlyndur að hann vilji ráða öllu sem lagt er hér fram og aldrei megi taka tillit til annarra? Það er ótrúlegt að hlusta á þessa ólýðræðislegu afstöðu sem birtist í máli þessa þingmanns hér aftur og aftur vegna þess að hlutirnir eru þannig að auðvitað geta þingmenn breytt, auðvitað getur Alþingi breytt, enda náist um það samkomulag við aðila þá sem í hlut eiga. Þannig stendur þetta mál og gagnvart því lýðræði umhverfisins verður þingmaðurinn líka að læra að beygja sig.

[16:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf að endurtaka enn einu sinni að sú mikla aðildaraukning sem varð í lífeyrissjóðunum varð ekki 1969. Hún varð 1974 þegar stjórnir og starfsmenn lífeyrissjóðanna gátu sent lögfræðinga inn í fyrirtæki til að innheimta iðgjöld af fólki sem ekki var í stéttarfélögum, hjá þeim fyrirtækjum sem ekki voru í Vinnuveitendasambandinu. Þá varð mikil aukning á félagatölunni með aðstoð löggjafans. Þar sem löggjafinn hefur komið þessu kerfi á með þessum hætti og valdið þessari gífurlega miklu uppsöfnun fjármagns, þá er að sjálfsögðu eðlilegt að löggjafinn gæti hagsmuna þeirra sem hann er að skylda til að borga í lífeyrissjóð.

Stjórnlyndi mitt sem hv. þm. gat um er nú ekki meira en það að ég ætla að leyfa blessuðu fólkinu, sjóðfélögunum í lífeyrissjóðunum, að kjósa sér stjórn, nema hvað? Hver skyldi eiga að kjósa stjórn til að fara með fjöregg þessa fólks sem er ellilífeyririnn? Hver skyldi eiga að ráðskast með það fé sem þetta fólk er svo gífurlega háð í ellinni, hvernig fjárfest er, í hvaða hlutabréfum keypt er, hverjir eru í stjórn o.s.frv.? Hver skyldi eiga með það að gera aðrir en sjóðfélagarnir sjálfir? Það er nú allt stjórnlyndið hjá mér þannig að ég vísa bara til þess að Alþingi setti lögin 1974 og 1980 sem skylduðu alla vinnandi Íslendinga til að borga í lífeyrissjóð. Og mér finnst mjög eðlilegt að í kjölfarið fylgi að Alþingi ákvarði að það fólk sem er skyldað til að borga í lífeyrissjóð hafi eitthvað um það að segja hvernig farið er með fjármuni þess.

[16:04]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn með hv. þm. er sá að hann vill svipta verkalýðshreyfinguna samningsrétti. Hann vill banna verkalýðshreyfingunni að semja við atvinnurekendur í landinu um fyrirkomulag á stjórnun sjóða eins og þeirra sem hér er um að ræða, lífeyrissjóðanna. Það er alveg ofboðslegt að svona seint á þessari öld skuli koma upp raddir á Alþingi sem heimta að verkalýðshreyfingin verði svipt samningsfrelsi, en það er hv. þm. að segja og ekkert annað af því að hann vill ekki sætta sig við hina samningsbundnu eðlilegu niðurstöðu sem verður til úti á hinum almenna vinnumarkaði í landinu. Af því að þetta frv. eins og það liggur fyrir núna er samningur. Þannig er það.

Auðvitað hefur aftur og aftur komið fyrir að þessi virðulega stofnun hefur fallist á slíkar niðurstöður sem hafa orkað tvímælis. En menn hafa þó gert það m.a. í nafni almennra aðstæðna, t.d. í efnahagslífinu á hverjum tíma.

Varðandi svo það sem hann tönnlast á aftur og aftur að þetta hafi ekki gerst nema vegna þess að það voru sett lög 1974. Af hverju voru lögin um starfskjör launafólks sett? Hver var þá félmrh.? Ætli það hafi verið Hannibal Valdimarsson eða ætli það hafi verið Björn Jónsson? Úr hvaða starfi komu þeir í félmrn.? Báðir höfðu áður verið forsetar Alþýðusambandsins og af hverju fluttu þeir frumvörp um þetta mál? Af því að þeir höfðu gert um það samning við Vinnuveitendasamband Íslands þannig að hér var um það að ræða að gerður var samningur um þessa hluti. Og hv. þm. þolir ekki að hér er Alþingi að burðast við að reyna að standa við samninga sem eru gerðir úti í þjóðfélaginu.

[16:05]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan upplýsa hv. þm. af hverju lögin voru sett. Það var vegna þess að kjarasamningarnir 1969 virkuðu ekki. Fólkið gekk ekkert í lífeyrissjóðina. Til þess að ná fólkinu inn í lífeyrissjóðina, þessi endalausa forsjárhyggja, menn skyldu tryggja sig í ellinni hvort sem þeir vildu eða ekki, fékk Björn Jónsson þetta frv. samþykkt. Þetta makalausa frv. sem er einstætt í veraldarsögunni, sem segir að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Og ekki er eitt orð um það hvort sjóðirnir gætu staðið við réttindi sín, hvort það væri eitthvert eftirlit með þeim o.s.frv. Ekki orð um það. Þetta er bara ein setning, þar sem hálf þjóðin er skyldug til að borga inn í eitthvert kerfi sem enginn veit hvernig á að vera. Þetta er nú allt og sumt. Það er þessi lagasetning sem hefur valdið því gífurlega fjármagni sem hefur safnast í lífeyrissjóðunum og það er þessi lagasetning sem Alþingi hefur sett sem á þátt í því að lífeyriskerfið er eins og það er nú. Það sem vantar inn í þetta frv. sem hér er fyrirliggjandi er um eftirlit og annað slíkt og að sjóðfélagarnir hafi eitthvað um þetta fé að segja. Þetta er það sem vantar inn í frv. Ég flyt brtt. um það og ég geri ráð fyrir því að hv. þm. muni styðja það. Eða er hann á móti því að sjóðfélagi hafi áhrif á sína eigin eign?

[16:07]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil við upphaf þessarar umræðu lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Ég fagna því að það skuli hafa náðst samkomulag þeirra aðila sem sátu yfir þessu verki í sumar því ég tel að hér sé um afar mikilvægt mál að ræða, mál sem varðar framtíð okkar allra mjög miklu. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað að undanförnu um skulda- og skattbyrði framtíðarinnar, er ljóst að með þessu frv. og með því að koma á samkomulagi um það hvernig lífeyrissjóðakerfið skuli rekið, er verið að tryggja það að smátt og smátt verði þunganum létt af almannatryggingakerfinu eftir því sem lífeyrissjóðirnir koma þar meira og meira inn í en það gefur kost á því sem er mikið og þarft verk, að endurskoða almannatryggingakerfið, gera það einfaldara og gagnsærra og sjá til þess að það þjóni fyrst og fremst þeim sem þurfa á aðstoð að halda.

Mér fannst afar athyglisverð röksemd koma fram á ráðstefnu hæstv. fjmrh. um kynslóðareikninga eða sátt milli kynslóða. Þar kom formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna í pontu og ítrekaði skoðanir sínar um valfrelsi, að það ætti að vera valfrelsi í lífeyrissjóðunum. Jafnframt því býsnaðist hún yfir skuldabyrði og skattaþunga sem biði komandi kynslóða. Einn af forustumönnum lífeyrissjóðanna var þarna staddur og benti henni á að því betur sem við tryggjum lífeyrissjóðina, því meiri sem samtryggingin er, því léttari verður skattbyrði framtíðarinnar. Þetta finnst mér mjög athyglisverð staðreynd sem vekur athygli á því hve brýnt er að þetta kerfi virki vel og starfi vel.

Auðvitað er þetta frv. ekkert fullkomið. Lífeyrissjóðirnir eru ekki fullkomnir og rekstur þeirra ekki heldur og menn þurfa eflaust að skoða ýmislegt eftir því sem tíminn líður. Ég efast ekkert um að þróunin verður í þá átt að sameina lífeyrissjóðina enn frekar en orðið er. Menn hafa verið að leita leiða til að hagræða og reka þá betur og menn eru að leita leiða til að ávaxta fjármagnið o.s.frv. þannig að það er aldrei neitt kerfi fullkomið. En hér er vissulega verið að stíga spor í rétta átt.

Ég get í sjálfu sér tekið undir að það er ákveðin spurning í ljósi ákvæða um félagafrelsi og mannréttindi hversu langt sé hægt að ganga í að skylda fólk sem hvorki er félagar í stéttarfélögum eða bundið af kjarasamningum til aðildar að lífeyrissjóðum. En ég held að það væri mjög auðvelt að rökstyðja það að hér krefst almannahagur þess að góðri skikkan sé komið á málið. Hér er verið að skylda fólk til aðildar að lífeyrissjóðum vegna þess að það er augljóst að það er almannahagur, það er hagur samfélagsins til lengri tíma litið. En ég geri mér alveg ljóst að hægt er að togast á um þetta út frá lagasjónarmiðum.

Ég vakti athygli á þessu atriði í fyrra. En eftir því sem ég hef kynnt mér þetta mál betur og áttað mig á því hvað fram undan er í okkar almannatryggingamálum, sérstaklega hvað varðar fjölgun aldraða, þá er ég algerlega sannfærð um að hér er verið að stíga rétt skref. Og eins og ég nefndi áðan, fagna ég því að samkomulag náðist um þetta.

Málflutningur hv. þm. Péturs Blöndals er býsna sérstæður í þessu máli og kannski er ekki vert að vera að eyða miklum tíma í hann. Það er rétt sem hann segir að lífeyrissjóðirnir hafa mikið vald. En þeir eru líka ákveðið mótvægi í fjárfestingum. Þeir eru ákveðið mótvægi við einkaaðila og á bak við þá er gífurlegur fjöldi fólks. Það hlýtur að gefa auga leið að ef þessir sjóðir ekki sinna sínu starfi, fjárfesta vel og ávaxta fjármagnið eins og kostur er, þá hljóta menn að rísa upp og krefjast breytinga þannig að ég held að þeir sem óttast þetta mikla vald lífeyrissjóðanna hafi nú óþarfa áhyggjur.

Hv. þm. talaði um þessa gífurlegu uppsöfnun fjármagns. Auðvitað er mikið fjármagn þarna á ferð. En það er líka verið að safna fé til framtíðar og það er óþarfi að líta það tortryggnisaugum. Hver sjóður hlýtur að ákveða hvernig hann hagar sinni stjórn og hvaða samþykktir eru lagðar fyrir ársfundi sjóðsins. Fólk er félagar í þessum sjóðum og getur mætt á aðlfundi en það kann að vera að erfitt reynist að ná þar fram breytingum. Ég þekki það ekki sjálf. Þó ég eigi aðild að nokkrum lífeyrissjóðum, þá verð ég að viðurkenna að ég hef aldrei mætt þar á aðalfundi. Ég fer kannski að gera það. Ég kannast ekki við að við alþingismenn höfum nokkrum sinnum verið boðaðir á fund í okkar lífeyrissjóði og væri kannski tími til kominn að við fengjum eitthvert yfirlit yfir stöðuna þar.

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til þess að hafa mörg orð um þetta frv. en ég vil sérstaklega fagna því ákvæði sem varðar sjóðfélaga og maka, þ.e. ákvæði 14. gr. þar sem sjóðfélagi getur gert ákveðinn samning við maka sinn um skiptingu lífeyrisréttinda. Ég held að þetta sé mikið hagsmunamál fyrir konur. Ég þekki sjálf nokkur dæmi þess að konur hafi farið afar illa út úr skilnaði, sérstaklega eftir langt

hjónaband. En hér er um samning að ræða milli hjóna og ég held að um mikla réttarbót sé að ræða.

Ég ætla ekki að ræða frekar atriði frv. Ég fæ ekki betur séð en hér sé verið að koma á að hluta til nokkru valfrelsi hvað varðar umframsparnað og það hlýtur að vera mjög mikilvægt að þessu kerfi sé ekki raskað og að menn stígi þá svona lítil og nett skref í því að auka sveigjanleikann. Það sem skiptir öllu máli er að tryggja að sjóðirnir verði færir um að greiða fólki góðan lífeyri, hvort sem um er að ræða örorku-, sjúkdóma- eða ellilífeyri. Það er tilgangurinn. Það skiptir meginmáli og umgjörðin verður að vera þannig að það takist.

[16:16]

**Útbýting þingskjals:**

Risnu-, bifreiða- og ferðakostnaður Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka, 32. mál, svar viðskrh., þskj. 340.

[16:16]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að láta þess getið að síðasti hv. ræðumaður hélt eiginlega þá ræðu sem ég hefði viljað halda þannig að ég þarf ekki að hafa langt mál. En ég kem þó hér upp sem þingmaður Framsfl. til að láta þess getið að ég styð þetta frv. í öllum aðalatriðum. Ég vil þó ekki á þessari stundu skrifa undir að ekki geti komið til þess að gerðar verði einhverjar breytingar á frv. í hv. efh.- og viðskn. Ég get ómögulega tekið undir þau orð sem hér hafa fallið, og ég hlýt eiginlega að mótmæla þeim, að hv. Alþingi sem fer með löggjafarvaldið hafi ekki það vald áfram. Það mátti nánast skilja hv. 8. þm. Reykv. þannig að það væri bara hægt að gera samning um þetta út í bæ. Ég spyr: Var þá nokkur ástæða til að setja lög? Auðvitað höfum við það vald á hv. Alþingi að setja lög, en það er ákaflega mikils virði að það verði gert í samvinnu og nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins þar sem þetta mál skiptir þá verulegu máli og snýr náttúrlega að þeirra hagsmunum. En þó er það nú svo, og það hefur verið komið inn á það í þessari umræðu, að Jón og Gunna sem eru einhvers staðar á vinnumarkaði og greiða í lífeyrissjóð hafa kannski ekki alltaf mikið tækifæri til að koma að þessu máli. Það er ekki alveg útilokað að hugsa sér að þjóðkjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi séu fulltrúar þessara einstaklinga ekki síður en forsvarsmenn þeirra í viðkomandi lífeyrissjóði.

En með því að leggja frv. fram sem raun ber vitni erum við náttúrlega að ná ákveðinni málamiðlun. Ég er engin öfgamanneskja og yfirleitt styð ég að náð sé málamiðlunum eins og miðjumönnum er lagið. Hér er félagsleg hugsun höfð að leiðarljósi og ákveðin samtrygging, en engu að síður einstaklingsbundinn sparnaður, sérstaklega hvað varðar viðbótarsparnaðinn. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því að það útspil ríkisstjórnarinnar að hækka frádráttarbærni upp í 6% hjá einstaklingum hafi ráðið úrslitum um að þarna náðist samkomulag. Nefndin skilar frá sér einu áliti í málinu. Þess vegna fannst mér það sérkennilegt fyrst að þetta er samkomulag og aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingin, taldi þetta einhvers virði í þessu starfi, að þá skyldi hv. 11. þm. Reykn., sem talaði fyrr í umræðunni, gera lítið úr þessu ákvæði og telja að það komi aðeins þeim sem ríkir eru til góða. Fyrst verkalýðshreyfingin taldi þetta einhvers virði þá er það vel og hlýtur þá að vera þeirra skjólstæðingum í hag.

Ég legg áherslu á að það er mikilvægt að hér er tekið á því að makar hafa verið illa settir í þessu kerfi fram til þessa. Nú er komin tillaga um breytingar þar á með því að makar fái aðild að réttindum með sérstökum samningum. Eins er í frv. frekara ákvæði um að allir séu með og það er vel. Nokkur misbrestur hefur verið á því að fólk hafi greitt í lífeyrissjóð og við verðum að gera okkur vonir um að með þessu frv. og samþykkt þess verði þau mál færð til betri vegar. Auðvitað erum við að fjalla um gríðarlega hagsmuni og mikla fjármuni. Þess vegna er eðlilegt að mismunandi skoðanir séu uppi um það hvernig málum skuli háttað. En eins og þetta frv. er fram komið þá lýsi ég ánægju með það fyrir hönd okkar framsóknarmanna og vonast til að það verði að lögum áður en mjög langt um líður.

[16:21]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. um að ég hafi talið að það væri lokað fyrir breytingar á málinu. Mér fannst að hv. þm. væri að gefa í skyn að við værum læst inni í einhverja lokaða múra. Því vil ég skýra sjónarmið mín sem eru þessi: Aðilar málsins gerðu samning. Hann liggur hér fyrir. Fjmrh. mælir fyrir þeim samningi. Stjórnarflokkarnir hafa samþykkt þann samning. Fyrst málið er þannig þá segir sig sjálft að þeim samningi verður ekki breytt nema allir aðilar málsins séu sáttir við það. Ef málinu er breytt í andstöðu við aðila málsins þá er verið að rjúfa samninginn, er verið að rjúfa sáttina. Það sem ég var að segja við talsmenn Sjálfstæðisflokksins fyrr í dag var að ég teldi að það væri óskynsamlegt af þeim að gera ráð fyrir að skynsamlegt væri að rjúfa þessa sátt. Ég skildi hv. þm. þannig að hún væri þeirrar skoðunar að það ætti ekki að rjúfa þessa sátt. Þar með erum við sammála. Þar með er það athyglisvert og ég óska henni til hamingju með það að hún er fyrsti þingmaður stjórnarliðsins í dag fyrir utan hæstv. fjmrh. sem talar með málinu.

[16:22]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að koma fram með tillögur sem rjúfa þessa sátt. Ég vil bara halda því til haga að Alþingi fer með löggjafarvaldið og við megum ekki tala eins og það skipti ekki máli. Auðvitað verður þessu frv. ekki breytt að verulegu leyti í efh.- og viðskn. Ég hef ekki trú á því. Ég vil samt að það sé ekki útilokað að svo verði gert og þess vegna vildi ég ítreka þetta. Mér varð dálítið illt við að heyra hv. 8. þm. Reykv., sem hefur mikla starfsreynslu í hv. Alþingi, tala af slíkum þunga um að löggjafarþingið ætti bara helst ekkert að koma að þessu máli.

[16:23]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ótrúlega framsóknarlegur útúrsnúningur. Það sem ég var ósköp einfaldlega að segja var að hér liggur fyrir samningur aðila úti í þjóðfélaginu og ríkisstjórnarflokkanna. Ég er að segja: Menn breyta þeim samningi ekki nema gerður verði samningur um breytingarnar. Ef menn ætla að breyta honum án þess þá væri verið að rjúfa sáttina. Ég spyr hv. þm. úr því hún heldur þessu svona til haga aftur og aftur: Er hún að boða að það eigi að knýja fram breytingar á þessum samningi, þessu frv., í blóra við þá aðila sem hafa stofnað til þessa samkomulags úti í þjóðfélaginu? Er hún að gera lítið úr þeim með þessu endalausa tali um að Alþingi megi ekki beygja sig fyrir aðilum úti í þjóðfélaginu? Ég veit ekki betur en að þessir aðilar úti í þjóðfélaginu sem alltaf er verið að tala um hér í þessum ræðustól með fyrirlitningu aftur og aftur séu m.a.

kjósendur okkar allra sem hér erum. Ég skil því ekki þessa uppsetningu.

Hitt er mér svo ljóst og var áður en hv. þm. veitti andsvar við ræðu minni að Alþingi hefur löggjafarvaldið.

[16:25]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það mikill heiður ef mér hefur tekist að koma með framsóknarlegan útúrsnúning. Þingmenn annarra flokka hafa verið flinkari í slíku hefur mér fundist fram að þessu.

Auðvitað mun ég ekki knýja fram neinar breytingar. Ég er bara að halda þessu litla en þó stóra atriði til haga, að það er Alþingi sem fer með löggjafarvaldið og við getum breytt frv. En ég skal alveg taka undir það með hv. þm. að það yrði þá gert í ósátt, nema um það yrði að ræða að samkomulag næðist um einhverjar breytingar eins og oft er þegar nefnd fær mál til umfjöllunar, að það koma fram gallar á máli. Hv. þm. tók undir það fyrr í þessari umræðu að það mætti vel vera að þarna þyrfti að breyta einhverjum atriðum.

[16:26]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Þetta frv. sem nú liggur fyrir er sannarlega fagnaðarefni. Á fyrra þingi þegar samsvarandi frv. var lagt fram kom fram mikil gagnrýni úti í þjóðfélaginu, sérstaklega frá þeim sem höfðu rekið og staðið fyrir séreignarlífeyrissjóðum. Þeim þótti með þeirri gerð frv. sem var lögð fram þá að mjög væri að sér vegið og tilveru sinni allri. Um þetta urðu þó nokkrar deilur á síðasta þingi eins og hv. þm. muna eflaust. Um það var að ræða að reyna að varðveita þann viðbótarsparnað sem sannarlega á sér stað með séreignarlífeyrissjóðunum án þess að skerða hina almennu lífeyrissjóði og án þess að skerða þá samhjálp sem þeir hafa sem grundvallaratriði.

Ég tel að með því frv. sem nú liggur fyrir hafi tekist mjög mikilvæg sátt. Vegna þess að það sem veikast er í okkar efnahagslífi er sparnaðurinn og allt sem við getum bætt þar við er af hinu góða. Meginsparnaðurinn í þjóðfélaginu er í lífeyrissjóðunum og allt sem við getum bætt við hann, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að geti átt sér stað, er af hinu góða. Við skulum fagna því og standa vel að því.

Það er nú svo með þessa lífeyrissjóði að þeir voru í upphafi og eru enn þá hluti af kjarasamningum. Það var eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins, eftir að þeir höfðu verið í gangi í fjögur til fimm ár, bæðu um lögfestingu lífeyrissjóðanna til að tryggja að allir tækju þátt í þessum sameiginlega sparnaði vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru náttúrlega fyrst og fremst tæki okkar til að koma í veg fyrir skattlagningu í framtíðinni. Alþjóðlegar stofnanir sem hafa skoðað Ísland og íslensk efnahagsmál og velt fyrir sér hvernig staða okkar er í heilbrigðismálum og efnahagsmálum hafa einmitt borið mikið lof á þessa skipan okkar. Mér er kunnugt um að t.d. danski vinnumarkaðurinn, bæði verkalýðsarmurinn og atvinnurekendur, hafa mjög hin síðari ár verið að kynna sér hið íslenska fyrirkomulag til að taka upp slíkt í Danmörku. Þeir hafa talið það svo til fyrirmyndar.

Við getum því verið mjög stolt af því kerfi sem er í gangi á Íslandi og það er mjög gott til þess að vita ef okkur tekst að koma á löggjöf sem sátt er um, sem verður til að styrkja þetta enn þá frekar.

Við vitum af íslenskum peningamarkaði að bankar á Íslandi eru taldir þeir dýrustu í Vestur-Evrópu. Hins vegar er rekstur lífeyrissjóðanna á Íslandi sá ódýrasti sem þekkist. Við höfum því enga ástæðu til að efast um þessa sjóði. Sú sátt sem hér á sér stað og getið er um í þessu frv. og frv. er byggt á, er mjög mikilvæg. Mjög margvísleg atriði koma þar fram sem ég ætla ekki að rekja. Þó er sérstök ástæða til að tala um réttindi hjóna. Einn af frumkvöðlum og baráttumönnum lífeyrissjóðanna, Guðmundur H. Garðarsson fyrrv. þingmaður, var oft með þetta mál á þingi í mörg ár, þ.e. að reyna að bæta réttarstöðu hjóna í lífeyrismálum. Nú virðist þetta baráttumál hans vera í höfn með þeirri skipan sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég tel, herra forseti, að rétt sé að segja úr þessum ræðustól að nefndin sem var skipuð í vor til að fara yfir þessi mál og freista þess að ná um þau víðtæku samkomulagi hefur unnið mjög merkt og gott starf. Ég held að það fari ekkert milli mála að formaður nefndarinnar og formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, á mjög mikla þökk fyrir að svo giftusamlega tókst til. Það hefðu orðið mikil vandræði fyrir okkur öll, fyrir þingið og þjóðina alla, ef miklar deilur hefðu komið upp um svo viðkvæm mál sem lífeyrissjóðsmálin eru. Það er mikil þörf á því að um þau sé sæmileg sátt og friður.

Ég tel rétt að geta þess út af ummælum hv. þm. Svavars Gestssonar að það er alveg víst að stjórnarflokkarnir styðja þetta frv. af mikilli einurð. Þó einn og einn maður kunni að hafa einhver sérsjónarmið þá breytir það engu þar um að þetta frv. verður stutt.

[16:31]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegur forseti. Ég býst við að senn sé liðið að lokum þessarar fyrstu umræðu um þetta mikilvæga mál. Ég vil nota það tækifæri sem hér gefst til að þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu. Það kemur mér ekkert á óvart að vissir þingmenn hafi fyrirvara um einstakar greinar frv. En ég er þess fullviss að hjá öllum stjórnmálaflokkum ríkir mikil eindrægni um að þetta frv. verði að lögum sem allra fyrst enda er hér um að ræða gífurlega mikilvægan áfanga þótt ekki sé þetta endastöð eins og áður er getið.

Við erum að ræða hér um langtímasjónarmið, um langtímasparnað, um það að mynda sjóð til að fólk sem kemst á fullorðinsár geti haft nokkurt öryggi. Þetta er dálítið nýtt fyrir okkur að hugsa til langs tíma. Í raun og veru er umræðan hér í dag afrakstur þess að okkur tókst fyrr á þessum áratug, stjórnvöldum og aðilum á vinnumarkaði, að ná samkomulagi sem leitt hefur til þess að verðbólgan hefur nánast horfið. Það hefur gert það að verkum að menn geta núna horft miklu lengra fram í tímann. Landslagið hefur breyst og sú þoka sem var yfir öllu meðan verðbólgan ruglaði okkur í ríminu er ekki lengur.

Það sem við ræðum hér í dag er liður í undirbúningsstarfsemi. Okkur tekst núna, það er er nýtt, að horfa lengra fram í tímann og erum ekki bundin af viðkomandi kjörtímabili. Eftir því sem umræður hafa orðið hér í dag er það ætlun okkar allra að sjá til þess að við nýtum það einstæða tækifæri sem við höfum til að byggja ofan á mjög gott lífeyriskerfi, gera það enn betra og nota tækifærið nú þegar aldurssamsetning þjóðarinnar er með þeim hætti sem hún er. Íslenska þjóðin er yngri en aðrar þjóðir sem við keppum við og við eigum að nota tækifærið nú til þess að koma í veg fyrir að við stöndum frammi fyrir álíka vandamálum og ýmsir nágrannar okkar gera nú þegar. Ekki þarf annað en að líta

til annarra þjóða á Norðurlöndum sem hafa átt í erfiðleikum með sitt velferðarkerfi. Á hverjum degi heyrum við fréttir frá Þýskalandi um að þar sé verið að hækka skatta til að standa undir gegnumstreymiskerfinu og á Ítalíu um þessar mundir er stjórnarkreppan fyrst og fremst vegna þess að menn koma sér ekki saman um hvernig taka skuli á lífeyrismálum þjóðarinnar. Við eigum að forðast þetta. Við höfum tækifæri til þess og mér sýnist umræðan í dag benda til að á þessu sé almennur skilningur.

Umræðan hefur eðlilega snúist um það að nokkru leyti hvernig hægt sé að samræma lífeyrissjóðakerfið og lífeyrisbótakerfið. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að nauðsynlegt er á allra næstu tímum að fara yfir lífeyrisbótakerfið og taka þar mikilvægar ákvarðanir, m.a. ákvarðanir sem lúta að svokölluðum tekjutengingum. Tekjutengingar hljóta alltaf að verða í því kerfi, einfaldlega vegna þess að þar ætlum við okkur að beina fjármununum til þeirra aðila sem ekki hafa af einhverjum ástæðum getað lagt fjármuni til hliðar. Það þýðir að við ætlum að koma í veg fyrir að hinir sem átt hafa kost á að leggja fé til hliðar og spara á starfsævinni, fái fjármagn í sama mæli. Fyrir vikið hljótum við ávallt að sitja uppi með jaðaráhrif í þessu kerfi. En það þýðir ekki að það kerfi sem nú er við lýði sé óbreytanlegt. Ég tek heils hugar undir það sem menn hafa sagt hér að næsta stórverkefnið í þessum málum hlýtur að vera að takast á við það kerfi og samræma þessi mál. Að því máli þurfa að koma m.a. þeir aðilar sem fjölluðu um mál það sem hér er til umræðu í aðdraganda þess.

Að mínu viti skiptir miklu máli að við útbúum þjóðfélag þar sem sem allra flestir geta verið þátttakendur. Ég held að það skipti miklu máli að viðhalda þeirri hugsun sem er í lífeyrissjóðakerfinu að fólk geti á starfsævinni lagt til hliðar fjármuni sem nýtast alla ævina. Þannig að á grundvelli eigin ákvarðana og eigin sparnaðar geti fólk lifað mannsæmandi lífi, tekið fullan þátt í þjóðfélaginu, þar með verið skattgreiðendur til æviloka og lagt til þjóðfélagsins en ekki einungis verið þiggjendur. Okkur ber að sjálfsögðu að sjá til þess að þeir sem verst eru settir og minnst hafa handa á milli fái fjármuni úr sameiginlegum sjóðum en við eigum einnig að sjá til þess, m.a. með því að haga skattalögum þannig að allir fullfrískir menn geti og vilji leggja til hliðar fjármuni til þess að þeir standi betur að vígi þegar kvöldar á þeirra ævi.

Ég vona að niðurstaðan verði sú að frv. eigi greiða leið í gegnum þingið og vil þakka hv. þm. fyrir þær undirtektir sem komið hafa fram við fyrstu umræðu málsins. Auðvitað hlýtur hv. nefnd að kanna frv. rækilega, en það er allflókið, stórt og viðamikið, og hafa samband við þá aðila sem komu að starfinu. Ég tel að þetta frv. sé liður í þeirri viðleitni að ná sátt milli kynslóða hér á landi. Ég vænti þess að hv. nefnd rannsaki málið fljótt og vel þannig að hægt verði að samþykkja frv. sem lög, helst fyrir næstu áramót þannig að sjóðirnir og aðrir sem þurfa að leggja á sig nokkra undirbúningsvinnu geti hafist handa sem allra fyrst og verið tilbúnir þegar á þarf að halda. En eins og frv. gerir ráð fyrir þá mun það taka gildi í áföngum og að síðustu 1. maí 1999.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framhaldsskólar, 1. umr.*

Frv. SJóh og SvG, 42. mál (innritunar- og efnisgjöld). — Þskj. 42.

[16:39]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér er hv. þm. Svavar Gestsson.

Í frv. er lagt til að 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna falli brott og í öðru lagi að lögin öðlist þegar gildi.

Í greinargerð með frv. stendur:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að 2. og 3. mgr. 7. gr. laga um framhaldsskóla falli brott. Í 2. mgr. 7. gr. er kveðið á um að skólanefnd ákveði upphæð innritunar- og efnisgjalda sem nemendum er gert að greiða við upphaf hverrar námsannar eða skólaárs. Er annars vegar um að ræða innritunargjald, sem er þjónustugjald vegna kostnaðar við kennsluefni og pappír, og hins vegar efnisgjald sem innheimt er af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efniskostnaðar við efni sem skólinn lætur nemendunum í té. Er kveðið á um það í núgildandi lögum að innritunargjald megi aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári, en efnisgjald aldrei hærra en 12.500 kr. á önn.

Í 3. mgr. 7. gr. er að finna reglur um sérstakt endurinnritunargjald sem framhaldsskólum er heimilt að innheimta af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og gera lögin ráð fyrir því að upphæð gjaldsins miðist við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu á síðustu önn.

Í frumvarpi þessu er þó gert ráð fyrir að ákvæði síðari málsgreinar 10. gr. haldi gildi sínu, en þar er fjallað um gjöld til nemendasjóða."

Þegar ný framhaldsskólalög voru samþykkt vorið 1996, voru lögfest innritunargjöld í framhaldsskóla en þau voru ætluð til að standa straum af kostnaði vegna kennsluefnis og pappírs sem skólinn lætur nemendum í té án sérstakst endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Í lögunum var tiltekið að upphæðin mætti aldrei fara yfir 6.000 kr. á önn, þ.e. 12.000 kr. á ári. Þegar lögin voru sett var þessu ákvæði ákaft mótmælt hér í þingsölum og talið að það stríddi gegn jafnrétti til náms. Ekki geta öll ungmenni fengið hjálp frá foreldrum en heimilin á Íslandi standa mörg illa eins og hér hefur verið rætt. Það er t.d. einsýnt að erfitt er fyrir meðalsauðfjárbónda sem hefur samkvæmt nýjustu upplýsingum um 600–700 þús. kr. í árstekjur að kosta börn sín til náms. Því miður eru margir foreldrar nú í góðærinu sem búa við slík kjör svo ótrúlegt sem það kann að vera ef miðað er við þann velmegunarsöng sem ráðamenn þjóðarinnar kyrja nú með viðlaginu hagvöxtur og kaupmáttaraukning. Ástæðulaust er að mismuna ungmennum eftir efnahag heimila með slíkum flötum skólagjöldum sem eru mjög íþyngjandi fyrir tekjulág heimili þó þau efnameiri finni lítt fyrir þeim. En því miður er það svo að í mörgum tilfellum hafa ungmenni á þessum aldri mjög litlar sumartekjur svo oftast munu það vera foreldrarnir sem þurfa að reiða gjöldin fram.

Hæstv. menntmrh. er hins vegar aðdáandi skólagjalda og nægir í því efni að benda á nýlega grein um skólagjöld í háskóla sem hann birti á internetinu enda er gert ráð fyrir því í nýju frv. til háskólalaga sem liggur fyrir Alþingi að skólinn geti lagt aukin gjöld á nemendur til að mæta útgjöldum. Þótti nú ýmsum að nóg væri að gert í skólagjaldainnheimtu í þeirri stofnun.

Aðeins rúm 50% af hverjum árgangi á Íslandi ljúka einhvers konar framhaldsnámi og aukið atvinnuleysi ungs fólks er vaxandi vandamál. Ráðamenn eru alltaf að lýsa því yfir að menntun þjóðarinnar sé besta fjárfesting okkar til nýrrar aldar. Hvers vegna þá að lögfesta alls konar hremmingar yfir ungt fólk sem er að reyna að stunda framhaldsskólanám, að gera því erfitt fyrir og jafnvel hrekja úr skólanámi? Eitt það versta sem hæstv. ríkisstjórn lét sér detta í hug í fyrra var að leggja til, í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum, að tekin yrðu upp svokölluð endurinnritunargjöld, öðru nafni fallskattar. Þetta átti að gera að sérstakri tekjulind fyrir framhaldsskólana í þeim hremmingum sem þeir gengu í gegnum í einum niðurskurðarfaraldrinum en þá var meiningin að lækka framlög til þeirra um 200 milljónir. Að vísu var hörfað með 40 millj. af því samkvæmt þeirri sérstöku hernaðarkúnst sem hæstv. ríkisstjórn hefur tileinkað sér eins og dæmin sanna. Heilar 32 millj. kr. ráðgerði hæstv. ríkisstjórn þannig að hafa í tekjur vegna ungmenna sem lentu í erfiðleikum í námi. Er það einhver ógeðfeldasta tekjuöflunarleið sem sögur fara af. Hæstv. menntmrh. hefur lýst þessari skattlagningu sem leið til að bæta skipulag og auka samkeppni.

Að vísu rétt er að það er að því óhagræði við skipulag skólastarfs ef nemendur innrita sig í greinar sem þeir síðan hætta í í miðjum klíðum. En á því þarf að taka með aukinni námsráðgjöf og stuðningi við þá sem lenda í námserfiðleikum en ekki slíkum niðurlægjandi refsiaðgerðum sem fallskatturinn er. Ýmislegt getur búið að baki lélegu gengi í námi svo sem tilfinningar og félagslegar aðstæður sem taka þarf markvisst á af fagfólki. Auknar álögur á námsörðugleika koma verst við þá er síst skyldi og eru síst fallnar til að koma í veg fyrir það mikla brottfall út framhaldsskólum sem vissulega er mikið vandamál hér á landi.

Í svari menntmrh. við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um innheimtu endurinnritunargjalds kom fram að af þeim 32 millj. sem hæstv. ráðherra ætlaði að hafa upp úr innheimtu endurinnritunargjalda á síðasta ári hafa nú í október aðeins innheimst rúmar 6 millj. svo fallskatturinn ætlar ekki að reynast sú tekjulind sem ráðgert var í fyrra, hverjar sem ástæðurnar eru og er það vel.

Enn er ónefndur hér einn þátturinn af þessum sérstöku sköttum sem lagðir eru á nemendur í framhaldsskólum en það eru efnisgjöldin sem voru sett inn í lögin á sl. hausti, að því er sagt var hér, vegna sérstakrar beiðni frá skólastjórum framhaldskóla. Ég trúi því nú tæplega að þeir hafi verið mjög margir sem fóru fram á þetta. En staðreyndin er sú að þetta var sett inn í lög frá Alþingi og eru nú innheimt efnisgjöld, oft jafnaðargjöld, af öllum nemendum sem stunda einhvers konar fagnám í framhaldsskólum. Þessi gjöld hafa ekki komið í veg fyrir að jafnframt séu innheimtar háar upphæðir af nemendum í ákveðnum greinum. Ég er hér t.d. með reikning frá einum nemanda sem var að byrja í hárgreiðslu og þurfti að borga 40 þús. kr fyrir sérstaka kistu, sem er skilyrði að eiga til að geta stundað nám í því fagi. Auk þess þurfti hann að sjálfsögðu að borga efnisgjöld og innritunargjöld í skólann.

Ég verð að segja að mér finnst að það þurfi að athuga þessi mál miklu nánar. Það er ekki sæmandi, þegar mjög áríðandi er að við aukum hlutfall íslenskra nema sem ljúka prófum úr framhaldsskólum, að við séum að setja íþyngjandi skatta á framhaldsskólanema sem hugsanlega gætu valdið því að einhverjir þeirra yrðu að hætta námi.

Ég legg svo til, að lokinni þessari umræðu, að frv. verði vísað til hv. menntmn.

[16:48]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Nú háttar þannig til hér í salnum að ef gengið yrði til atkvæða þá yrðu skólagjöldin felld. Það vill þannig til að þingmenn Alþb. og óháðra eru í yfirgnæfandi meiri hluta í salnum og mundu örugglega njóta góðs stuðnings þess ágæta manns sem nú situr á forsetastóli þannig að ef kjósendur tryggja það að hlutföllin verði eftir næstu kosningar eins og þau eru hér í salnum núna þá erum við laus við þessi gjöld. Svo einfalt er nú það. (Gripið fram í.) Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mundi örugglega slást í lið með okkur því honum yrði leyft það ef hann gæti gert málið upp við sína eigin samvisku.

Herra forseti. Þau mál sem hér er hreyft í þessu litla frv. hafa verið heilmikið pólitískt deilumál um nokkurt skeið, á þessum áratug eða frá og með 1991 þegar byrjað var að leggja á skólagjöld í framhaldsskólum. Það var fyrst í tíð síðustu ríkisstjórnar, undir forustu páv. hæstv. menntmrh., Ólafs G. Einarssonar, sem ákveðið var að leggja á nokkur skólagjöld í framhaldsskólum og síðan hefur í tíð núv. hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar, verið haldið áfram á sömu braut og gjöldum bætt við, þó sérstaklega þessum margumtalaða fallskatti sem er satt að segja alveg ótrúlegt fyrirbæri og væri kannski ástæða til að segja frá á alþjóðlegum vettvangi því hann er þvílíkt undur. Hann sýnir svo mikið hugmyndaflug. Þetta er skattur sem leggst á áföll nemenda þannig að ef fólk verður fyrir því að falla þá borgar það skatt. Ef það stafar t.d. af því að viðkomandi eigi við einhverja erfiðleika að etja, t.d. á heimili sínu — fátækt eða félagslega erfiðleika og falli þess vegna, þá kemur á þá skattur. Ekki er nóg að lenda í hremmingunum heima hjá sér heldur þurfa menn í viðbót að borga skatt fyrir það. Þannig er þetta sérstakur erfiðleikaskattur. Til viðbótar við það kemur þetta náttúrlega helst fyrir þá nemendur sem eiga að einhverju leyti það erfitt að þeir falla á prófi þó allar aðstæður séu að öðru leyti eðlilegar, t.d. nemendur sem eiga við lesblindu að stríða, þá er lagður á þessi sérstaki skattur, erfiðleikaskattur á nemendur í framhaldsskóla, eins og það sé ekki nógu erfitt að vera lesblindur eða að eiga við örðugleika af því taginu að etja. Hér er því auðvitað um alveg ótrúlegan naglaskap að ræða, ég hygg að það sé varla til á byggðu bóli dæmi um skattstofn sem eins vitlaus og þessi því allt snýr á haus. Yfirleitt eru skattar lagðir á einhver tiltekin verðmæti eða tiltekinn ávinning en þessi skattur er í raun og veru lagður á erfiðleika, lagður á fötlun, lagður á fátækt, lagður á félagslega erfiðleika. Þannig að þetta er nokkurn veginn vitlausasti og ranglátasti skattur sem hefur verið fundinn upp nú um árabil á Íslandi og er þá langt til jafnað, herra forseti. Fyrir utan það þá er þessi skattur með þeim endemum gerður að það er varla hægt að innheimta hann né setja um hann reglugerð — það tók ráðherrann marga mánuði að þvæla saman reglugerð um þennan skatt og að lokum kom einhver óskapnaður í Stjórnartíðindum, sem eiginlega enginn maður skildi, og menn voru að klóra sér í höfðinu yfir í framhaldsskólunum fram eftir öllu sumri hvernig ætti að skilja. Það endaði með að menn skildu eitthvað af þessu og niðurstaðan er sú að það er búið að innheimta þennan fallskatt. Það kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. áðan. Eru það ekki 6 milljónir? Og hvað er gert ráð fyrir að innheimta í fallskattinn á árinu 1997? Eru það ekki 32 milljónir?

Auðvitað er bersýnilegt að þetta er óframkvæmanlegt, fyrir utan hvað það er vitlaust, og því auðvitað alveg sjálfsagt mál að fella þetta út. Þess vegna styðst frv. sem hér er flutt, og hv. þm. mælti fyrir áðan, ekki aðeins við almenna réttlætiskennd og skynsamlega menntamálastefnu heldur styðst það líka við skynsamlega stefnu í skattamálum vegna þess að það á ekki að leggja á svo vitlausa skatta að það sé ekki hægt að innheimta þá. Það mundi t.d. hæstv. fjmrh., ef hann sæti hérna, taka undir með mér. Forsenda þess að skattar séu af viti er að hægt sé að rukka þá inn.

Í annan stað er hér auðvitað komið að vissu grundvallarmáli í íslenskum stjórnmálum, þ.e. hvort leggja eigi skatta á nemendur í skólum. Á yfirleitt að gera það eins og gert er hérna?

Á 13. landsfundi Alþb. sem haldinn var um næstsíðustu helgi var samþykkt mjög ítarleg ályktun í menntamálum þar sem við sláum því algjörlega föstu að það eigi ekki að leggja á skatta eða skólagjöld í framhaldsskólum með þeim hætti sem gert hefur verið á þessu og síðasta kjörtímabili. Rökin fyrir því eru margþætt og við segjum reyndar líka að í viðbót við fjármuni til skólakerfisins á næstu árum á Íslandi eigi fyrst og fremst að ganga til þess að efla verkmenntanámið og það eigi að vera forgangsliður. Það þýðir auðvitað að sú viðbót hlyti að einhverju leyti að fara til þess að greiða niður þann efniskostnað og námsgjöld sem fólk er að borga í verknáminu í framhaldsskólum.

Við stöndum núna frammi fyrir því á Íslandi að 50% af hverjum árgangi, eins og hv. þm. sagði áðan, ljúka framhaldsskólaprófi. Í Þýskalandi hefur það verið þannig um 30–40 ára skeið að það eru um 90% af hverjum árgangi sem ljúka einhvers konar starfsnámi eða framhaldsnámi. Þar er ekki alltaf um að ræða fjögurra ára nám. Stundum er um að ræða eins árs nám eða tveggja eða þriggja ára nám og þar er hægt að velja á milli margvíslegra stuttra starfsbrauta — námsbrauta í framhaldsskólum þess lands. Í raun og veru er eitt brýnasta framfaramál á Íslandi sem hægt er að hugsa sér að efla þetta nám og skapa aðstæður til þess að það fari helst enginn sem býr við venjulegar aðstæður út í lífið öðruvísi en að hafa verkþjálfun og verkmenntun af einhverju tagi. Því er það skoðun Alþb., og var staðfest á þessum landsfundi okkar um daginn, að þetta sé sérstakt forgangsefni, verkefni sem við hlytum að leggja áherslu á. Þess vegna er þetta frv. í raun og veru flutt í beinum tengslum við okkar almennu stefnumótun í Alþb. og í samræmi við það sem við höfum áður sagt í þessum efnum.

Ég teldi sem sagt einlægast, herra forseti, að frv. yrði þegar í stað borið undir atkvæði því það eru enn þá betri hlutföll í salnum núna en þegar ég byrjaði ræðu mína. Nú eru þingmenn Alþb. og óháðra hér sex, einn frá Alþfl. og síðan einn úr Sjálfstfl. og því er augljóst að við höfum meiri hluta þannig að ef það væri hægt að kýla þetta frá með eðlilegum hætti eins og gerist í mörgum þingum þá gætum við losnað við þessa skatta núna á eftir. Það verður sennilega ekki þannig, herra forseti, og þess vegna styð ég tillögu fyrsta flm. um að málið fari fyrst til menntmn. og vonandi verður þingið svona vel skipað þegar það kemur þaðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 43.

[16:56]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 43 frv. til laga um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Meðflutningsmenn með mér að þessu frv. eru hv. þm. Kristján Pálsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Vilhjálmur Egilsson.

1. gr. hljóðar svo:

„1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi, skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.

b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.

c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.

d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir m.a. svo:

„Á seinni árum hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í sínum rekstri skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Fá þessir sjómenn laun sín greidd frá hinu íslenska skipafélagi, greiða skatta og skyldur hérlendis og njóta sjómannaafsláttar, sbr. b-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, til jafns á við sjómenn á skipum skráðum á Íslandi.

Í a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna er kveðið á um að launþegar sem starfa hér á landi séu slysatryggðir. Starf um borð í íslensku skipi, þ.e. skipi skráðu hérlendis, eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessu ákvæði. Í kjölfar hins hörmulega slyss þegar Dísarfell fórst í mars sl. kom í ljós að íslenskir sjómenn sem starfa um borð í skipum sem sigla undir erlendum fána en eru eigi að síður í þjónustu íslenskra skipafélaga hafa engan lagalegan rétt til slysatrygginga, þrátt fyrir að þeir greiði skatta af launum sínum til íslenska ríkisins. Hér er á ferðinni augljós mismunun sem byggist eingöngu á því hvort starfsmanni íslensks skipafélags er gert að sigla á íslenskum skipum félagsins eða þeim sem skráð eru annars staðar í heiminum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna að sjómenn sem starfa á skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi séu slysatryggðir á sama hátt og þeir starfsbræður þeirra sem starfa á skipum

skráðum á Íslandi. Það leiðir af ákvæðum a-liðar 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna að til þess að vera slysatryggður samkvæmt þessum lið þarf sjómaður að fá laun sín greidd af íslenskri útgerð. Í þeim tilvikum sem íslenskt skipafélag leigir erlent skip með áhöfn sem fær laun sín greidd erlendis frá er ekki uppfyllt ákvæði laganna um að störf sjómanns um borð í íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi jafngildi störfum launþega sem starfa á Íslandi, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna. Hugtakið íslenskt skipafélag getur eftir því sem við á tekið bæði til kaupskipa- og fiskiskipaútgerða, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri."

Herra forseti. Ekki fyrir löngu birtist í Lögbirtingablaðinu svo hljóðandi auglýsing frá Tryggingastofnun ríkisins sem ég vil, með leyfi forseta, vitna til. Auglýsingin hljóðar svo:

„Tilkynning frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins mun ekki greiða slysabætur vegna slysa á sjómönnum á hentifánaskipum sem eiga sér stað eftir 31. des. 1997. Með hentifánaskipum er átt við skip sem skráð eru erlendis en gerð út af íslenskum aðilum. Vísað er til ítarlegrar greinargerðar Tryggingastofnunar ríkisins sem birtist í einu dagblaðanna þann 12. júní 1997.

Reykjavík, 23. sept. 1997."

Í þessari tilvitnuðu grein sem birtist í dagblaði 12. júní 1997 segir svo, með leyfi forseta um slysatryggingu samkvæmt III. kafla almannatryggingalaga. Íslensk skip.

„Samkvæmt 24. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, eru launþegar sem starfa hér á landi slysatryggðir. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi.

Við skilgreiningu á hugtakinu „íslenskt skip" verður m.a. að horfa til 11. gr. almannatryggingalaganna, sem kveður á um rétt til ellilífeyris, og hefur verið breytt á þann veg að réttur sjómanna til ellilífeyris frá 60 ára aldri miðast við lögskráningu í tiltekinn tíma á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum." — Það á við hentifánaskipin. — „Slík breyting var hins vegar ekki gerð á 24. gr. laganna varðandi slysatryggingu og hlýtur því að verða að túlka ákvæðið svo að einungis sé átt við skip sem skráð eru hér landi. Réttur sjómanna til sjómannaellilífeyris samkvæmt almannatryggingalögum er þannig víðtækari en réttur til slysabóta samkvæmt sömu lögum. Enn fremur má benda á að samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, er íslenskt skip hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána. Því er ótvírætt að sjómenn er starfa um borð í hentifánaskipum geta ekki talist slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögunum."

Það er enginn smáhópur. Af rúmlega 20 skipum eru aðeins fjögur skip skráð undir íslenskum fána þannig að meginhluti íslenskrar farmannastéttar er samkvæmt þessari skilgreiningu frá og með næstu áramótum ekki innan laga Tryggingastofnunar hvað áhrærir slysabætur. Síðan segir, herra forseti, í auglýsingunni frá Tryggingastofnun ríkisins um tryggingagjald:

„Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. almannatryggingalaga skulu útgjöld slysatrygginga borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Á fjárlögum er þó sérstaklega ákveðið framlag til að standa straum af kostnaði vegna sjúklingatryggingar og slysatryggingar íþróttamanna.

Um tryggingagjald gilda lög nr. 113/1990. Í 1. gr. laganna segir að launagreiðendur skuli inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögunum. Gjaldið skuli innheimt samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lagt á með opinberum gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Tekjum af tryggingagjaldi skal ráðstafa þannig að Atvinnuleysistryggingasjóður fái í sinn hlut 0,5% og Vinnueftirlit ríkisins 0,08%. Það sem eftir stendur rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatryggginga. Því eru tengsl tryggingagjalds og slysatrygginga óbein, tryggingagjaldið sem slíkt er ekki iðgjald af slysatryggingu heldur hefur það verið skilgreint sem skattur.

Meginreglan varðandi sjómenn sem starfa á skipum, er sigla undir fána aðildarríkis EES-samningsins, er sú að þeir eiga að tryggja sig í fánalandinu. Ef sjómaður hins vegar þiggur laun frá íslenskum aðila (með aðsetur á Íslandi) þá er hann sjúkra-, slysa- og lífeyristryggður hér á landi þó svo skipið sigli undir fána annars aðildarríkis. Sjómenn á hentifánaskipum geta því verið slysatryggðir hér á landi svo framarlega sem þeir þiggja laun frá íslenskum aðila og skipið siglir undir fána aðildarríkis EES-samningsins."

Hér hefur greinilega orðið á einhver misbrestur í túlkun Tryggingastofnunar ríkisins því að athyglisvert er að í auglýsingunni tala þeir um sérstök hentifánaskip en vilja þó ekki flokka þau undir þau skip sem sigla undir fána EES-svæðisins. Ég vek sérstaka athygli á síðustu málsgrein þessarar greinar þar sem talað er um EES-svæðið og Tryggingastofnun segir: „Sjómenn á hentifánaskipum geta því verið slysatryggðir hér á landi svo framarlega sem þeir þiggja laun frá íslenskum aðila og skipið siglir undir fána aðildarríkis EES-samningsins." En það er nú svo í skilgreiningu frá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu að ekkert skip siglir undir fána EES. (Gripið fram í.) Þeir eru ekki skilgreindir sem hentifánaskip þannig að hér hafa orðið einhver mistök og misskilningur þeirra aðila sem koma að málinu. En það er nú ekki stóra málið. Síðan segir áfram í auglýsingu Tryggingastofnunar ríkisins:

„Í mars sl. tilkynnti Eimskipafélag Íslands um slys á sjómanni um borð í ms. Altona sem skráð er í Antiqua. Í kjölfar sérstakrar lögfræðilegrar skoðunar sem þetta mál fékk vegna nýlegra breytinga á starfsháttum í slysatryggingadeild var bótaskyldu synjað í ljósi ofangreindra staðreynda. Í maí var tveimur sams konar málum vegna ms. Dísarfells síðan synjað."

Síðan segir í greinargerðinni frá Tryggingastofnunni:

„Könnun á sjómálum í slysatryggingadeild. Eftir að synjun deildarinnar í Dísarfellsmálunum komst í hámæli og fulltrúar Eimskipafélags Íslands og Samskipa höfðu fullyrt að greiddar hefðu verið slysabætur í málum sjómanna á hentifánaskipum var ákveðið að fara ofan í kjölinn á afgreiðslu sjómála í slysatryggingadeild. Skoðuð voru tilkynnt sjóslysamál árið 1994–1996.

1996 voru tilkynnt samtals 434 sjómál. Í sex málum voru skip skráð erlendis, þar af voru bætur greiddar í þremur málum. Í hinum þremur málunum var ekki krafist bóta.

1995 voru tilkynnt samtals 459 sjómál. Í 12 málum voru skip skráð erlendis, þar af voru bætur greiddar í átta málum. Í hinum fjórum málunum var ekki krafist bóta.

1994 voru tilkynnt samtals 486 sjómál. Í 13 málum voru skip skráð erlendis, þar af voru bætur greiddar í fimm málum. Í hinum átta málunum var ekki krafist bóta.

Í öllum tilvikunum sem um ræðir hafði verið gengið úr skugga um að laun sjómanna væri gefin upp til skatts hér á landi.

Ofangreind könnun í tilkynntum sjóslysamálum síðustu þriggja ára leiddi í ljós að bætur hafa áður verið afgreiddar athugasemdalaust vegna slysa sjómanna á hentifánaskipum hafi laun þeirra verið greidd hér á landi.

Forráðamenn Eimskips munu hafa fengið upplýsingar um það frá starfsfólki slysatryggingadeildar að sjómenn á hentifánaskipum væru slysatryggðir ef laun þeirra hefðu verið gefin upp til skatts hér á landi og hefðu slík mál verið afgreidd athugasemdalaust. Því má telja að forráðamenn skipafélaganna hafi verið í góðri trú og ekki mátt ætla annað en slík mál yrðu áfram afgreidd eins og tíðkast hafði undanfarin ár. Samkvæmt 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, skal gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við úrlausn mála, þ.e. að lík mál skulu afgreidd á líkan hátt. Einnig verður að gæta meðalhófs sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga, þ.e. að íþyngjandi ákvörðun skuli aðeins tekin þegar lögmætu markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með öðru og vægara móti. Stjórnvaldi er heimilt að afturkalla ákvörðun sína að eigin frumkvæði þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila, sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga."

Herra forseti. Hér hefur lögmaður Tryggingastofnunar ríkisins samið álitsgerð varðandi það mál sem upp kom þegar Tryggingastofnun ríkisins benti aðilum útgerðarkaupskipa hér á landi á þá staðreynd að ekki gætti samræmis í lögum hvað áhrærði skattalega meðferð hins svokallaða sjómannaafsláttar né heldur ellilífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

Áfram segir svo í greinargerð Tryggingastofnunar ríkisins um mögulegar leiðir í málum hentifánaskipa:

„Í fyrsta lagi er unnt að breyta lögum standi vilji löggjafans til þess. Í öðru lagi er tryggingaráði veitt heimild í 2. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga til að verða við beiðni íslensks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess sem erlendis starfa. Heimild þessa mætti hugsanlega túlka á þann veg að hún næði einnig yfir sjómenn á hentifánaskipum sem þiggja laun frá íslenskum aðilum.

Að lokum mætti hugsa sér þá lausn að þau skipafélög sem kjósa að skrá skip sín erlendis þurfi einfaldlega að tryggja sjómenn á þeim skipum hjá vátryggingafélögunum."

Í niðurstöðunni frá Tryggingastofnun segir:

„Tryggingastofnun ríkisins telur að samkvæmt gildandi rétti sé ekki heimilt að greiða slysabætur vegna sjómanna er slasast við vinnu sína um borð í skipum sem skráð eru erlendis (að undanskildum ákveðnum tilvikum varðandi EES-svæðið eins og áður hefur komið fram)" — og þá talað um hentifána. — „Til að svo væri unnt þyrfti lagabreytingu til eða sérstaka ákvörðun tryggingaráðs skv. 2. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga, en vegna þess sem áður er rakið skal veitt undanþága fram til næstu áramóta."

Herra forseti. Það er af þessu tilefni sem frv. er flutt. Það er til þess að þeir sjómenn sem starfa á skipum undir hentifána, sem íslenskar kaupskipaútgerðir hafa tekið á leigu um stundarsakir, séu jafnir fyrir lögum eins og kollegar þeirra á skipum sem sigla undir íslenskum fánum. Vissulega væri æskilegast að til þessa máls þyrfti ekki að koma. Nauðsynlegt væri að tryggja það frekar að öll skip sem væru í þjónustu íslenskrar kaupskipaútgerðar væru undir íslenskum fána. Um það hef ég þegar flutt annað frv. til breytinga á lögum er varða stimpilgjöld en það er að gefnu tilefni en framkvæmdastjóri Sambands ísl. kaupskipaútgerða hefur lýst því yfir fyrir þeirra hönd að ýmsar álögur á skráningu skipa hér á landi séu með slíkum ólíkindum að hvergi þekkist annars staðar á Norðurlöndunum og m.a. getið þess að stimpilgjöld væru þar einn af meginþáttunum.

Herra forseti. Ég legg þetta mál hér til 2. umr. og að lokinni umræðunni legg ég til að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[17:14]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það er nokkur vandi að semja lög og til þess skyldu menn vanda verk sitt. Mér finnst það slæmt og harma að sex hv. þm. Sjálfstfl. skuli senda frá sér frv. til laga sem að mestu leyti byggjast á staðlausum stöfum. Mér þykir fyrir því að þurfa að segja þetta hreint eins og það er.

Sú breyting sem hv. þm. eru að leggja hér til í lögum um slysatryggingu, sem er 24. gr. almannatrygginga, er að þeir sem tryggðir eru til viðbótar við launþega sem starfa hér á landi að undanskildum, eins og segir í lögunum, með leyfi hæstv. forseta: „... erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi," — þetta er breyting, hæstv. forseti, sem þingmenn leggja til — „skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið."

Í grg. er vísað til hins hörmulega slyss þegar Dísarfell fórst og harmað að þeir sjómenn sem þar fórust hafi ekki verið slysatryggðir þrátt fyrir það að þeir hafi greitt skatta af launum sínum til íslenska ríkisins. Það kemur málinu ekkert við af því það hefur aldrei verið neitt skilyrði neins staðar í þessum lögum að menn hafi greitt skatta til íslenska ríkisins. Það eru nefnilega ekki einstaklingarnir sem greiða þessa slysatryggingu heldur er það atvinnurekandinn sem greiðir hana. Ástæðurnar fyrir þessari sorglegu niðurstöðu með sjómennina á Dísarfelli voru þær að ekki var um íslenskt skipafélag að ræða. Og hv. þm. hefðu getað komist að raun um að það hlaut að vera erlent skipafélag, á pappírnum a.m.k., sem rak Dísarfellið. Því í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, stendur í 1. gr., og ég ætla ekki Eimskipafélagi Íslands eða Samskipum að brjóta þau lög:

„Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna. Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það."

Það getur þess vegna ekki hafa verið Eimskipafélag Íslands eða Samskip sem áttu Dísarfellið. Eitthvert dótturfyrirtæki þeirra erlent hefur á pappírnum átt skipið og þess vegna voru sjómennirnir þar ekki tryggðir. Svo einfalt er það. Menn verða því ævinlega, þegar einum lögum er breytt að líta til annarra, þeirra laga sem um mál fjalla. Í 24. gr. almannatryggingalaganna eru öll tvímæli tekin af um það hverjir eru tryggðir vegna slysa við vinnu sína. Það eru sem sagt launþegar sem starfa hér á landi o.s.frv. eins og ég hef áður rakið. Síðan segir áfram í 1. gr. laga um skráningu skipa.

„1. Íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.

2. Íslenska lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila, b. Eru í eigu

erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%."

Ég er næstum því viss um að með þessu fylgist ekki nokkur maður. Málið er að þarna eru búin til pappírsfyrirtæki sem reka þessi skip sem eru mönnuð næstum því af farmannastéttinni eins og hún leggur sig og til viðbótar erlendum sjómönnum.

Ég veit hvað hv. þm. mun segja við þessu. Farið hefur verið fram á það við Tryggingastofnun ríkisins, sem því miður — og ég verð bara að játa það — hafði afgreitt rangt nokkrar umsóknir um slysatryggingar vegna vanþekkingar þeirra starfsmanna sem þar um fjölluðu og verða menn auðvitað ekki endurkrafnir um það, en það á ekki að réttlæta að vitleysunni verði haldið áfram. Sannleikurinn er sá að það er útilokað að Eimskipafélag Íslands og Samskip geti beðið um að fá að greiða af sjómönnum sem eru á erlendu skipi. Þetta getur ekki gengið. Auðvitað er engin lausn til á þessu máli, hæstv. forseti, önnur en sú að íslensk skip séu skráð á Íslandi. En ég er sannfærð um að það verður ekki auðsótt mál vegna þess að með því að flagga skipunum út til einhverra eyja í Kyrrahafi eða hvar sem það nú er, er hægt að losna við að greiða tryggingagjöld af áhöfninni, alls kyns skatta og skyldur og mér er stórlega til efs að menn greiði fulla skatta hér heima af þeim skipum út en það er önnur saga.

En það sem er siðlausast í öllu þessu máli er að þegar ég spurði deildarstjóra slysatrygginga- og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins að því í dag hvort hann gerði sér ljóst að með frv. væri ekki verið einungis að tryggja Íslendingana um borð í þessum skipum heldur auðvitað alla áhöfnina enda stendur ekkert um það hvorki í frv. sem hér er til umræðu né í öðrum lögum, að gera skuli upp á milli manna í sömu skipshöfn. Ég fékk skýringuna strax. Ójú, það er nefnilega hugmyndin. Eimskipafélagið og Samskip — hin íslensku skipafélög, ætla að borga tryggingagjald af Íslendingunum, hinir mega róa vegna þess að þeir þiggja laun af hinu raunverulega skipafélagi sem rekur skipið á einhverjum eyjum í Kyrrahafi. Ég vil spyrja forustumann íslenskra sjómanna, hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, hvort hann leggi blessun sína yfir það að látið verði viðgangast að greidd séu tryggingagjöld af Íslendingunum um borð í þessum útflögguðu skipum en ekki öðrum áhafnarmeðlimum. Því trúi ég ekki. Auk þess sem ég held að það sé fullkomlega ólöglegt. Ég vil spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, af því ég veit að hann veit þetta betur en ég: Getur sama skipið verið rekið af tveim skipafélögum hvort í sínu landinu, þar sem kannski tveir, þrír yfirmenn eru launþegar hjá hinum íslenska hluta en afgangurinn af áhöfninni er ráðinn af erlendu fyrirtæki á eyju í Kyrrahafi eða einhvers staðar á grísku eyjunum eða hvar sem þessi skip eru nú skráð? Þetta getur auðvitað ekki gengið. Og ég get ekki séð að þetta frv. geti náð fram að ganga nema lögum nr. 115 frá 1985, um skráningu skipa, verði breytt því í þeim lögum segir m.a. að háar og þungar refsingar liggi við því að gefa ekki upp rétt þjóðerni skipa o.s.frv. Auðvitað er verið að svíkja og fara á bak við þessi lög um skráningu skipa með því að erlend dótturfyrirtæki greiða mönnum frá Filippseyjum eða Kína laun eða ódýru vinnuafli einhvers staðar að úr heiminum, en síðan eru yfirmenn á skipinu á launaskrá hjá íslensku skipafélögum á Íslandi. Ég ítreka þetta við hv. þm., sem hefur talið sig vera í forsvari fyrir sjómenn, getur hann sætt sig við annað eins og þetta? Því auðvitað eru þetta bara svik, þetta er að fara á bak við lögin.

Það er stórlega vandræðalegt að Tryggingastofnun ríkisins skuli þurfa að auglýsa að hún muni hætta að gera vitleysur 1. janúar 1998. Það er þó kannski betra seint en aldrei. Og það vill nú svo til að þau slys eru ekki mjög mörg sem hafa verið tilkynnt — og af hverju skyldi það nú vera? Það skyldi þó aldrei vera vegna þess að það hafa mestan part verið fátækir sjómenn frá Filippseyjum og öðrum vanþróuðum löndum sem hafa slasast um borð í þessum skipum og þá hefur ekki verið beðið um neinar slysatryggingar. Það hefur nefnilega enginn haft áhuga á því. Hafi þeir látist hefur lítt verið hirt um að þeir sjómenn kynnu að hafa átt fjölskyldur heima sem áreiðanlega eru ver settar heldur en hvaða íslensk fjölskylda sem væri. Þetta er nefnilega ekki falleg saga, hæstv. forseti, og allt þetta mál satt að segja með mestu endemum.

Í stuttu máli sagt hefur það enga þýðingu í þessu máli hvort menn greiða skatta af launum sínum eða ekki. Að menn greiði skatta til síns eigins lands hefur aldrei verið skilyrði fyrir því að vera slysatryggður vegna þess að slysatryggingin er, eins og hv. þm. rakti áðan, greidd af atvinnurekendum. Það fé er sett í sérstakan sjóð sem ekki gengur eingöngu til að bæta slys á launþegum, sem betur fer, heldur er hann líka nýttur af ríkissjóði — og það má kannski deila um hvort það er réttlætanlegt, en sem betur fer hefur ekki verið þörf fyrir alla þá peninga til að bæta fyrir vinnuslys og ekki skal harma það. Þetta eru þess vegna engin rök og ætti að strikast út úr grg. frv.

Síðan segir í seinni hluta grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim tilvikum sem íslenskt skipafélag leigir erlent skip með áhöfn sem fær laun sín greidd erlendis frá er ekki uppfyllt ákvæði laganna um að störf sjómanns um borð í íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi jafngildi störfum launþega sem starfa á Íslandi." Þetta þýðir ósköp einfaldlega á mannamáli að sé skipið leigt eingöngu með útlendingum, sé einfaldlega leigt með áhöfn, þá er skýrt tekið fram að þetta eigi ekki við um þá áhöfn. Og af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að þessir menn eru að vinna hjá erlendu fyrirtæki og almannatryggingalögin ná ekki yfir það og frv. hv. þm. bjargar engu um það því þar segir „skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi". Þau virðulegu fyrirtæki, Eimskip og Samskip, eru með á sínum snærum ótal fyrirtæki sem heita hinum og þessum nöfnum, í hinum og þessum löndum, og það eru ekki íslensk fyrirtæki. Ég vil endurtaka, af því ég hef smám saman lært að segja oftar en einu sinni það sem þarf að segja — ég held að það sé stundum nauðsynlegt — að það er lögskylda. Hér segir, með leyfi forseta: „Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það."

Ég vænti að það eigi við bæði Samskip og Eimskip. Þess vegna var Dísarfellið ekki íslenskt skip. Það var hvorki rekið af Eimskipafélaginu né Samskipum. Og það var harmsaga þeirra sem misstu sína nánustu í því sjóslysi.

Ég veit því ekki hvernig hægt er að bjarga hv. flm., sem eru sex hv. þm. Sjálfstfl. og allir nokkuð vel kunnugir sjómennsku og sjósókn, út úr þessu vandræðamáli. Þó að frv. yrði að lögum — ég vona að hv. alþingismenn hugsi sig tvisvar um áður en þeir samþykkja það óbreytt — þyrfti að vinna í ýmsu fleiru áður en málinu væri bjargað. Málið er ósköp einfalt: Launþegar sem starfa erlendis hjá erlendum fyrirtækjum eru ekki slysatryggðir á Íslandi. Og það getur

heldur ekki verið að einhver hluti áhafna slíkra skipa geti orðið slysatryggður hér á landi en aðrir ekki. Það segir sig sjálft. Þannig að mér sýnist að þetta mál sé hið versta og rökin, satt að segja, fyrir frv. gjörsamlega út í hött.

Það breytir bara ekki nokkrum sköpuðum hlut hvort menn telja fram til skatts á Íslandi þó þeir séu á þessum skipum. Aðalatriðið er hjá hvers konar fyrirtæki þeir vinna og það þarf að vera íslenskt sem þessi skip „per definition" eru ekki. Ég held að eina leiðin væri þá, ef menn vilja það, sem ég tek fram að ég vil ekki, að þessi skip fái að skilgreina sig á annan hátt.

Það að hv. þm. kvað annað gilda um skip sem sigldu undir hentifána landa innan Evrópusambandsins er nú einfaldlega broslegt vegna þess að auðvitað eru engin slík skip. Þar yrðu menn að haga sér eins og menn gera meðal siðaðra manna að greiða skatta og skyldur af sínu starfsfólki, borga fólki laun sem hægt er að lifa af, slysatryggja það og annað slíkt. Auðvitað er tilgangurinn með þessari útflöggun sá, því miður, að fara með fólk á þann veg sem við viljum ekki og græða peninga á því, svo einfalt er það. Ég vildi óska þess að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem ég efast ekki um að gengur gott eitt til með þessu frv., hugsaði sinn gang mjög vandlega áður en þetta mál yrði keyrt í gegnum nefnd án þess að menn athuguðu vel hvað þeir eru að gera. Þarna rekur sig hvað á annars horn og væri engum til sóma yrði það samþykkt. Ég á ekki von á að við, hv. íslenskir þingmenn, séum tilbúnir til þess að samþykkja að með smávegis bellibrögðum geti þessi stóru flutningafyrirtæki slysatryggt yfirmenn sína á þeim skipum sem flaggað hefur verið út, sem eru næstum öll skip þeirra, en ekki áhöfnin sjálf sem er frá öðrum ríkjum sem ekki þekkja slíkar tryggingar og virðist litlu skipta hvort særast eða deyja því lítið hefur verið sótt um slysatryggingar handa þeim.

Ég vil því, hæstv. forseti, leggja til að sú hv. nefnd, allshn. á ég von á að (**Gripið fram í:** Heilbr.- og trn.) ég bið afsökunar, hv. heilbr.- og trn., sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði vel bæði lög um skráningu skipa og lög um almannatryggingar áður en rokið verður í að samþykkja þetta. Menn láta stundum glepjast af góðmennsku sinni eins og gerðist í þessu tilviki og það er svo sem ósköp eðlilegt þegar svona hörmungar dynja yfir, en það má auðvitað ekki verða til þess að lög sem eru nokkuð skýr séu flækt á þann hátt að enginn botni neitt í neinu og sú stofnun sem fer með stærstan hluta almannafjár í landinu þurfi að auglýsa að frá næstu áramótum muni hún ekki gera sömu vitleysuna og hún er búin að gera á undanförnum árum. Ég held að við verðum að vanda okkur mjög vel svo það komi aldrei til þess aftur.

[17:34]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég hefði nú haldið að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefði talað hér af meiri þekkingu og reynslu með það í huga að hv. þm. var upplýsingafulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins í mörg ár.

Þingmaðurinn byrjaði á því að tala um það að frv. þetta sé nánast staðlausir stafir. Málið er að þetta frv. hef ég borið undir lögfræðinga Tryggingastofnunar. Þeir telja að með því orðalagi sem þar er séu aðilar þeir, þ.e. íslenskir farmenn á erlendum skipum, komnir undir tryggingavernd Tryggingastofnunar ríkisins. Í máli sínu um erlendar áhafnir á skipum í þjónustu íslenskrar útgerðar er það svo að á öllum skipum sem þessar útgerðir hafa í þjónustu sinni er a.m.k. einn íslenskur farmaður og það er svokallaður „supercargo", sá sem gegnir því starfi að fylgjast með lestun og losun vöru í viðkomandi skip.

Í annan stað eru til margs konar leigusamningar sem snerta kaupskip. Það eru til svokallaðir þurrleigusamningar, þ.e. þá er skipið tekið á leigu af hálfu íslenskrar kaupskipaútgerðar án áhafnar. Eins er til að áhöfnin sé blönduð. Þingmaðurinn talaði sífellt um að erlend dótturfyrirtæki væru með þessi skip. Ég kannast ekki við það. Gott væri að fá það gefið upp hvaða dótturfyrirtæki Eimskipafélagsins og Samskipa eru með þessi erlendu skip. Hvaða fyrirtæki eru það? Það væri gott fyrir íslenska farmannastétt að fá það uppgefið. Þingmaðurinn virðist vita meira um það heldur en fulltrúar farmanna hér á landi, bæði Farmannasambandsins, Vélstjórafélagsins og Sjómannasambandsins. Málið er það að á sumum skipum eru yfirmenn erlendir, hásetar íslenskir eða hvort tveggja hluti háseta íslenskir og hluti yfirmanna íslenskir. Það er þekkt fyrirbrigði og viðurkennt af Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu að þar sem skip sigla undir svokölluðum hentifána sé hluti áhafnar undir samningum Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins og hluti áhafnar undir þeim kjarasamningum sem þeir viðurkenna þó að þeir séu hinir eiginlegu kjarasamningar ITF eða Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins og bendi ég á það sem oft hefur komið upp varðandi þau skip sem Eimskip og Samskip hafa verið með á leigu. Nýlegt dæmi hjá Samskipum er að á einu skipi hafa hásetar verið undir dönskum kjarasamningum. En sjómannasamtökin hér hafa verið að vinna að því að þessir aðilar, þessi hluti áhafnarinnar verði undir íslenskum kjarasamningum. Við það er ekkert að athuga vegna þess að þetta er nánast alþjóðlegt vinnuumhverfi, eitt kaupskip svo víða sem það kemur við, í fjölbreytilegum flutningum og jafnvel með blandaða áhöfn margra þjóða.

Það sem hér er verið að gera, svo menn átti sig nú á því, er að með tilvísun til þess sem áður hefur gerst, bæði hvað varðar sjómannaafsláttinn og þau lög sem breytt var vegna réttar til töku ellilífeyris frá 60 ára aldri. Þar var miðað við lögskráningu í tiltekinn tíma á íslenskt skip eða skip sem gert er út af íslenskum aðilum. Þau skip sem hér er verið að fjalla um eru flest gerð út af Íslendingum. Þar eru þó undantekningar á, skip sem koma hér og lesta t.d. mjöl eða lýsi og eru kannski bara í leigu í þeirri einu ferð að ströndum landsins til að versla eins og ég gat hér um áðan. Þannig að þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir talar um að í þessu frv. séu staðlausir stafir og hún hafi mikla samúð með þeim sjálfstæðismönnum sem flytja þetta frv., þá höfðar hún til máltilfinningarinnar en ekki skynseminnar en það er hennar mál. En það sem fyrst og fremst er verið að leggja til er að Íslendingar um borð í skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum, njóti sama réttar og íslenskir launþegar, enda þiggja þeir laun sem samið er um á grundvelli íslenskra kjarasamninga.

Varðandi það sem hún kom hér inn á í sambandi við skattamálin þá geri ég mér það alveg ljóst — en ég er ansi hræddur um það hins vegar að það séu margir sem ekki átta sig á þeim ákvæðum laganna — að á þetta er ekki litið sem gjald heldur er það tengt tryggingagjaldi og slysatryggingu óbeint, þ.e. tryggingagjaldið sem slíkt er iðgjald af slysatryggingu. En þetta er skilgreint sem skattur og ég held að margir hafi feilað sig á því.

Að lokum, herra forseti, hér er verið að flytja frv. um það, fyrst og fremst, að tryggja íslenskum farmönnum eða

íslenskum sjómönnum á skipum undir erlendum fána sem eru í leigusiglingum fyrir íslenskar kaupskipaútgerðir, sama rétt og farmönnum á íslenskum kaupskipum.

[17:41]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Okkur gengur ofurlítið erfiðlega stundum, hv. 10. þm. Reykv. og mér, að skilja hvort annað en með þolinmæðinni held ég nú að það ætti að takast. Skip sem eru í leigu. Ef íslensku skipafélögin leigja skip, þá er það skip í eigu útlendinga og þar er þetta mál ekkert á dagskrá. Þó að Íslendingar kynnu að vinna um borð í þeim skipum, þá geta þeir ekki verið tryggðir þar um borð. Ellilífeyrir kemur þessu máli heldur ekkert við og sannleikurinn er sá að þann tíma sem íslenskir sjómenn vinna hjá fyrirtæki, skráðu erlendis, eru þeir í störfum erlendis. Svo einfalt er það. Það er ekki af því að ég vilji ekki tryggja betur kjör þeirra góðu sjómanna sem eru á þessum skipum. Það skelfilega er að þeir gera sér kannski ekki alveg ljóst hvernig þeirra staða er eins og raunar kom skýrt í ljós þegar Dísarfellið fórst á síðasta ári. Menn virtust ekki hafa hugmynd um hver staða þeirra væri. Eftir stendur að hafi stóru skipafélögin hér greitt einhverjum hluta sinna manna laun eins og þeir væru á íslensku skipi, þá hafa þeir í raun og veru að farið á bak við lagaskyldu sína því að skip í eign íslenskra lögaðila með heimili hér, skal vera skráð á Íslandi. Ég vona að hv. þm. skilji það sem ég er að segja. Þeir geta ekki bæði sleppt og haldið. Ef þeir gera út skip sem á heima á Íslandi, þá er það íslenskt skip með íslenskum fána. Ef þeir gera út erlent skip undir erlendum fána, þá er það skip skráð annars staðar, enda heyra þau skip undir lögsögu þeirra landa. Ég vil minna hv. þm. á að hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson svaraði því alveg kórrétt einhvern tíma þegar slíkt skip var fært til hafnar í Noregi, að það væri ekki sitt mál þar sem þar væri um að ræða skip undir erlendum fána. Það var hárrétt hjá honum. Hann skildi greinilega um hvað það mál snerist þannig að þetta mál er ekki eins einfalt og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson heldur að það sé.

Ég er ansi hrædd um að það eigi eftir að vefjast nokkuð fyrir Tryggingastofnun ríkisins að framkvæma lagaákvæði það sem hv. þm. er að leggja til. Ég held að það þurfi að skoða það miklu betur. Ég vona svo sannarlega að við tökum ekki þátt í þeim ljóta leik hér uppi á Íslandi að hirða hvergi um kjör skipverja sem eru á skipum sem vissulega eru í eigu íslenskra aðila þó að þeir þykist ekki eiga þau og skrái þau einhvers staðar annars staðar. Og ég vona svo sannarlega að sjómannasamtökin hér á Íslandi telji sig ekki vera laus allra mála gagnvart þeim mönnum sem eru á þessum skipum, réttlausir í alla staði og launalitlir.

Ég vil spyrja hv. þm.: Hvað heldur hann að Borgþór Kjærnested hafi verið að gera fyrir hönd sinna samtaka, Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins, þegar hann hefur verið að fara um borð í þessi skip þar sem sjómönnum hefur verið bannað að tala við blaðamenn. Þetta eru þrælar en ekki launþegar. Það getur vel verið að einhverjir Íslendingar séu svo langt leiddir að þeim sé alveg sama um að slíkt fólk sé að afla tekna fyrir íslenskt samfélag. Ég vona svo sannarlega ekki.

Ég vildi bara benda á þessa skafanka án þess að ég sé að væna hv. þingmenn um að vilja ekki allt hið besta með þessu frv. Ég get heldur ekki ímyndað mér að Eimskip og Samskip séu að brjóta lög með því að skrá skipin erlendis en haga sér eins og þau séu hér heima. Ég get ekki ímyndað mér það þannig að ég verð að gera ráð fyrir að þessi skip séu rekin af einhverjum skúffufyrirtækjum sem heita eitthvað annað en Samskip og Eimskipafélag Íslands. Ef svo er ekki, þá þarf að bara senda pólitíið á kontórana því að þá eru þessi góðu félög að brjóta lög. Hér stangast á lög nr. 115/1985, um skráningu skipa. Og Siglingamálastofnun Íslands ætti svo sannarlega að kanna hvort það er ekki rétt hjá mér að þetta hljóti að vera svona.

Hæstv. forseti. Ég skal svo sem ekki vera að eyða meiri tíma í þetta. Þó að hv. þm. hafi áhyggjur af vanþekkingu minni á þessu máli þá er ég jafnsannfærð um að ég þekki þetta mál allvel, varð enda til þess að þetta mál komst á dagskrá þegar Dísarfellið fórst vegna þess að mér var fullkomlega ljóst að það gat ekki staðist að þessir menn væru slysatryggðir hér. Og það var, guð veit, ekki vegna þess að ég vildi hafa þetta fólk ótryggt. Ég tók þátt í að gera þarna undantekningu á afgreiðslu Tryggingastofnunar sem í raun og veru hafði enga stoð í lögum og við gerðum okkur öll grein fyrir því. Þess vegna er nú til komin auglýsing Tryggingastofnunar.

Ég vona, hæstv. forseti, að sjómannasamtökin, skipafélögin, Tryggingastofnun ríkisins og Alþingi allt geti fundið á þessu einhverja lausn sem er mannsæmandi fyrir alla aðila.

[17:47]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Lokaorð hv. þm. voru einmitt um það að finna lausn á þessu máli sem allir gætu sætt sig við og það var einmitt það sem ég gerði með því að leita til Tryggingastofnunar ríkisins með frv. eins og það hefur verið lagt fyrir hið háa Alþingi. Þar eru menn á einu máli um að það nái þeim tilgangi sem ætlast er til. Í fyrsta lagi vegna þess að í alþjóðlegum leigusamningum sem við þekkjum bæði varðandi flugvélar og skip, þá er það algengt að aðilar taka á leigu skip í svokallaða þurrleigu, án áhafnar, og skipið er undir erlendum fána. En vegna þess sem ég gat um áðan og hef flutt frv. um, stimpilgjöld og annan kostnað sem er af íslenskum kaupskipum versus enginn af flugvélum, að ef sams konar kostnaður væri og er á kaupskipum við skráningu flugvéla hér á landi, þá væri allur Atlantaflotinn ekki undir íslenskum fána og sennilega fæstar þotur Flugleiða. En það er annað mál.

En það sem ég vildi koma inn á er fyrst og fremst það sem hv. þm. sagði um að íslensk sjómannasamtök hirtu ekkert um kjör erlendra aðila. Það er af og frá. Hún nefndi Borgþór Kjærnested. Hann er fulltrúi Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins og fylgist með því að aðilar á þeim erlendu leiguskipum sem koma hér í tímaleigu eða þurrleigu njóti ekki lakari kjara en Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur samið um. Í mörgum tilfellum eru kjör íslenskra farmanna sem betur fer betri en þeirra aðila sem sigla undir samningi Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins.

En það var athyglisvert hins vegar að heyra þingmanninn tala um að menn hefðu ekki haft hugmynd um stöðuna. Þegar lögunum var breytt varðandi greiðslu ellilífeyris frá 60 ára aldri, þar sem miðast við lögskráningu, var þeim breytt í þá veru að menn á skipum undir erlendum fána, á skipum íslenskrar útgerðar í leigu, mundu ávinna sér sams konar rétt til ellilífeyris, eins og verið er að flytja hér með þessu frv. Fordæmið er því til. Það var sett hér nýlega, en því miður

sást mönnum yfir að gera þá breytingu á almannatryggingalögunum sem við erum að leggja til núna.

[17:51]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé nú ekki mikið gagn í því að halda þessari umræðu áfram, enda hef ég ekki leyfi til þess lengur. En ég vil benda hv. þm. á að þetta er gersamlega ósambærilegt, leiguflugvélar Flugleiða og það sem við höfum verið að tala um, skip undir erlendum hentifánum. En ég vil aðeins minna hv. þm. á að ekki var nú mikil reisn yfir samstöðu sjómanna heimsins þegar Víkartindur fórst þar sem menn voru keyrðir út á flugvöll næstum því með hauspoka svo að blaðamenn næðu ekki til þeirra. Af hverju skyldi það hafa verið og hverjir voru það sem keyrðu þá? Ég ætla ekki að svara því. Ég held að hv. þm. viti það. Þetta er auðvitað allt til minnkunar fyrir okkur öll.

Niðurstaða þessa máls getur aldrei orðið nema ein svo að sómi sé að og það er að skipafélögin hætti að sigla undir erlendum hentifánum.

[17:52]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði hér síðast að draumastaða sjómannastéttarinnar á Íslandi er sú að öll skip sem sigla að og frá landinu væru undir íslenskum fána. En þá komum við að því máli sem þingmaðurinn vildi gera lítið úr og það er sá mismunur sem er á milli tveggja aðila sem eru í samkeppni út um heim, aðrir í háloftunum, hinir á hafinu, en það eru skráningargjöldin sem ég var að tala um áðan vegna þess að þau eru svo óheyrilega há gagnvart íslenskri kaupskipaútgerð að hún hefur ekki áhuga á því að skrá skipin hér. Ég er ekki að bera í bætifláka fyrir það en sömu lög ættu að gilda um þessa tvo aðila, þ.e. að enginn kostnaður væri af því að skrá skip á Íslandi eins og er með flugflota Íslendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:53]

**Útbýting þingskjala:**

Starfsemi kauphalla, 285. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 356.
Verðbréfaviðskipti, 286. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 357.

## *Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

[17:53]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin skal skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1998."

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður gæti ráðstafað allt að 7 dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess eru í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga vegna fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna sinna. Hið opinbera veitir enga fjárhagsstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna en því er öðruvísi háttað á hinum Norðurlöndunum.

Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar auknar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns þegar það veikist alvarlega en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna. Umönnunarbætur eru nú greiddar vegna 2.000 barna, þar af eru um 500 langveik börn. Má einnig benda á að þegar meðferð barna t.d. með krabbamein lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist hafi getað hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegu lífi eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því um lága greiðslu að ræða, en þarna verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.

Rétt foreldra vegna veikinda barna er ekki hægt að flytja milli ára, t.d. ef barn hefur ekki verið veikt í tvö ár en er svo veikt í 14 daga í einu. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri og sjö daga rétturinn á ári tekur til allra barna foreldranna. Á hinum Norðurlöndunum nær hann ýmist til 16 eða 18 ára aldurs en 13 ára aldurs hér og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð.

Ljóst er að stuðningur hins opinbera er enginn vegna launataps aðstandenda sjúkra barna ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Kjarasamningar veita líka óverulegan rétt borið saman við hin Norðurlöndin. Munurinn á rétti á fjarveru vegna veikinda barna hér á landi og hinum Norðurlöndunum er svo sláandi að nauðsynlegt er að brjóta þetta mál til mergjar og leita leiða til að tryggja betur réttindi barna í veikindum til að njóta umönnunar foreldra sinna.

Þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna á Norðurlöndum kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr. Þannig hafa foreldrar íslenskra barna nánast hverfandi rétt samanborið við rétt foreldra á hinum Norðurlöndum.

Á Íslandi eru einungis greiddir sjö veikindadagar að hámarki, eins og áður hefur komið fram, fyrir börn undir 13 ára aldri án tillits til alvarleika sjúkdómsins, fjölda barna eða hjúskaparstöðu.

Í Svíþjóð eru greidd 90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn til 16 ára aldurs.

Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í allt að 90 daga á ári til beggja foreldra ef nauðsyn krefur og lengur vegna langsjúkra barna.

Í Noregi eru greiddir 780 veikindadagar, þar af 100% í laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert

barn til 16 ára aldurs. Fyrir liggur í Noregi að auka þann rétt enn frekar.

Í Danmörku eru greidd 90% af launum annars foreldris meðan á meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barn eftir að meðferð lýkur. Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna er greidd til 18 ára aldurs.

Á hinum Norðurlöndunum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Hér á landi er stuðningur hins opinbera enginn vegna launataps aðstandenda sjúkra barna ef undan eru skildar umönnunarbæturnar.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að flytja þetta mál inn á þing og fylgja því eftir og farið sé ofan í hversu mikill mismunur er á aðbúnaði og rétti foreldra vegna veikinda barna sinna. Það kemur fram í töflum með þessari till. til þál. hver mismunurinn er og líka, herra forseti, hvað við verjum miklu minna almennt til málefna barna hér á landi en annars staðar og er þá sama hvort litið er til barna, aldraða eða öryrkja. Við verjum hlutfallslega miklu minna en aðrar þjóðir í þá velferðarmálaflokka. Og það er einmitt athyglisvert þegar við erum að tala um veik börn og hve lítinn rétt þau hafa að á Íslandi eru þó hlutfallslega miklu fleiri börn en annars staðar á Norðurlöndum, og er það sláandi mikill munur, en síðan eru útgjöld á íbúa sem hlutfall af landsframleiðslu langlægst hér á landi. Það er um 42 þús. hér á íbúa meðan það er frá 72 upp í 87 þús. kr. á hinum Norðurlöndunum.

Það er sama, virðulegi forseti, hvar borið er niður. Við tölum stundum um mikla útþenslu á velferðarkerfinu en þegar grannt er skoðað, þá erum við þar langt að baki hinum Norðurlandaþjóðunum hvernig við búum að börnum, öldruðum og öryrkjum.

Það er ástæða til að minna á það að þingflokkur jafnaðarmanna hefur á þessu þingi flutt fjölda mála sem með einum eða öðrum hætti lúta að því að bæta hag barna í þjóðfélaginu og er það í samræmi við þá þáltill. sem var samþykkt á síðasta þingi um að marka opinbera fjölskyldustefnu.

Virðulegi forseti. Þó að þeirri stefnu sjái víða stað í málefnum stjórnarandstöðunnar, þá sér þess ekki stað í flutningi frumvarpa frá ríkisstjórninni að hún ætli sér að fylgja eftir þeirri stefnu sem hún fékk samþykkta á þingi um að marka opinbera fjölskyldustefnu. Ég held að alveg ljóst sé, virðulegi forseti, nema annað komi í ljós, að ríkisstjórnin ætlar að hafa þá ályktun, sem var samþykkt á Alþingi um mörkun opinberrar fjölskyldustefnu, sem pappírsplagg í skúfunni og ég er sannfærð um að engin breyting verður þar á fyrr en jafnaðarmenn og félagshyggjufólk hafa tekið við stjórnartaumunum í Stjórnarráðinu.

Ég vil í lokin, vegna þeirrar tillögu sem ég mæli fyrir, benda á að tilskipun Evrópusambandsins frá 30. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof, hlýtur einnig að koma til skoðunar í því sambandi þegar skoðaður er réttur foreldra vegna veikinda barna. Þar eru gerðar lágmarkskröfur um foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum.

Tilskipunin lýtur í meginatriðum að rétti foreldra til foreldraorlofs en samkvæmt rammasamningnum er tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum skýrt þannig, með leyfi forseta:

„Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða réttarvenjur, þegar um óviðráðanlegar fjölskylduaðstæður er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi."

Þannig tekur þetta ákvæði tilskipunarinnar til fjölskylduábyrgðar af öllum sviðum, t.d. veikinda barna, og á að tryggja að börn geti í veikindum notið umönnunar foreldra sinna. Tilskipunin felur í sér sjálfstæðan rétt foreldris til orlofs/foreldraorlofs í þrjá mánuði vegna hvers barns sem hægt sé að taka til allt að átta ára aldurs barnsins.

Enn fremur kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. júní 1998 eða fullvissa sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag lögfest þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef á þarf að halda vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Herra forseti. Á þessa tilskipun er hér bent því að hún hlýtur að koma sérstaklega til skoðunar hér á landi, bæði vegna framkvæmdar á foreldraorlofi og rétti barns til umönnunar foreldra sinna í veikindum og rétti foreldra til leyfis frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Herra forseti. Það hefði auðvitað verið full ástæða til að hæstv. félmrh. væri viðstaddur þessa umræðu til að heyra hvort í undirbúningi sé á hans vegum eða ráðuneytis hans að framfylgja þessari tilskipun.

Herra forseti. Ég ætla ekki hafa fleiri orð um þessa tillögu en vona að hún fái góða umfjöllun í þeirri nefnd sem tekur hana til umræðu og að hún komi aftur til þingsins þannig að við fáum að greiða um hana atkvæði. Að lokum er mér nokkur vandi á höndum um til hvaða nefndar eigi að vísa þessu máli sem gæti verið bæði heilbr.- og trn. eða félmn. en að athuguðu máli vil ég gera tillögu um að vísa málinu til heilbr.- og trn. en mundi óska eftir því þegar hæstv. forseti ber málið undir atkvæði að minni ósk verði komið á framfæri um að heilbr.- og trn. leiti umsagnar félmn. um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Goethe-stofnunin í Reykjavík, fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 256. mál. — Þskj. 313.

[18:05]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um Goethe-stofnunina í Reykjavík. Við erum tíu flm. að þessu máli, tveir frá hverjum þingflokki og ásamt mér eru flm. hv. þingmenn Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Svavar Gestsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi telur mikilvægt fyrir áframhaldandi góð samskipti Íslands og Þýskalands að útibú Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík verði starfrækt áfram og ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir því við þýsk stjórnvöld að svo geti orðið. Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi."

Með tillögunni er lýst eindregnum vilja þingsins til að menningarsamskipti Íslands og Þýskalands verði styrkt í stað þess að dregið verði úr þeim. Í því sambandi telja flutningsmenn afar mikilvægt að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram en beina jafnframt þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að þau stuðli að því að aukin verði kynning á Íslandi og íslenskri menningu í Þýskalandi. Þannig er í tillögu þessari um gagnkvæma áskorun að ræða til stjórnvalda landanna að styrkja menningartengslin sem vissulega hafa einnig áhrif á önnur samskipti. Það er mat þeirra sem til þekkja að miklir möguleikar séu fyrir hendi í Þýskalandi til að glæða enn frekar áhuga á Íslandi og íslenskri menningu og auka þannig góð samskipti þjóðanna. Ég leyfi mér að fullyrða, virðulegur forseti, að óvíða erlendis séu slíkir möguleikar og jafngóður jarðvegur til að kynna með árangri íslenska menningu og má færa fyrir því margvísleg rök. Það sýnir sig m.a. að þegar boðið er upp á menningarviðburði þarlendis á íslenskri menningu eru þeir yfirleitt vel sóttir þannig jafnvel að undrum sætir.

Það var verulegt áfall fyrir okkur sem viljum hvetja til aukinna samskipta Íslands og Þýskalands þegar kunngerð var í september sl. ákvörðun þýskra stjórnvalda að loka útibúi Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík ásamt átta öðrum hliðstæðum stofnunum. Yfirleitt er þar um að ræða Goethe-stofnanir þar sem fleiri en ein eru í sama landi. Þetta á m.a. við þau útibú sem fyrirhugað er að loka annars staðar á Norðurlöndum. Komi þessi ákvörðun þýsku ríkisstjórnarinnar til framkvæmda yrði Ísland hins vegar eina Evrópulandið þar sem engin slík miðstöð yrði til staðar og að sjálfsögðu eitt Norðurlanda sem þannig væri ástatt um. Það er mat þeirra sem til þekkja og átt hafa samskipti við stofnunina í Reykjavík að lokun hennar yrði til óbætanlegs tjóns fyrir menningartengsl Íslands og Þýskalands þó að auðvitað verði reynt að vinna úr þeirri stöðu sem skapast mundi ef þessi ákvörðun nær fram að ganga og verður að veruleika.

Saga Goethe-stofnunarinnar á Íslandi spannar yfir tímabilið frá 1976 þegar útibú var opnað hér. Það hefur því verið starfrækt í fulla tvo áratugi og verið miðstöð fyrir þýsk-íslensk menningartengsl fyrir utan það að á vegum stofnunarinnar er rekið mjög myndarlegt gagnasafn, bókasafn að meginstofni, með yfir 6.000 titlum og þar er margvísleg upplýsingastarfsemi rekin varðandi Þýskaland. Það er því mjög að vonum að margvísleg mótmæli hafi komið fram hérlendis vegna fyrirhugaðrar lokunar útibúsins og staðfesta þau í raun þau miklu og góðu tengsl sem í krafti þessarar stofnunar hafa skapast við þá sem mestan áhuga hafa á Þýskalandi, þýskri menningu og tungu. 32 þekktir einstaklingar úr menningar- og viðskiptalífi hafa sent frá sér andmæli. Nær allir þýskukennarar landsins mótmæltu og allir stúdentar í þýskunámi við Háskóla Íslands. Þá hafa og legið frammi á nokkrum stöðum til undirskriftar mótmælalistar fyrir almenning og höfðu í þessum mánuði, þann 10. nóvember, um 2.300 manns ritað á þá nöfn sín. Ég tel að þær undirskriftir sýni það eitt með öðru hvern hljómgrunn þessi stofnun hefur hérlendis.

Þess ber einnig að geta að íslensk stjórnvöld hafa komið áhyggjum sínum á framfæri við þýsk stjórnvöld. Það gerði hæstv. utanrrh. við fyrsta tækifæri þegar frétt um þetta barst með því að ræða við starfsbróður sinn í New York um málið og leita eftir því að þessi mál yrðu athuguð nánar. Það eru vissulega mikil vonbrigði að fyrstu viðbrögð af hálfu þýsku ríkisstjórnarinnar voru ekki með þeim hætti sem við vonuðumst eftir og það virðist sem erfitt geti reynst að fá þeirri ákvörðun breytt sem tekin hefur verið af þýsku ríkisstjórninni um þetta efni en þó er það von okkar flutningsmanna málsins og allra þeirra sem hafa látið sig þetta skipta og telja það mikilsvert að menningartengsl Íslands og Þýskalands styrkist en veikist ekki, að þessi ákvörðun verði endurskoðuð og að henni verði ekki hrundið í framkvæmd án þess að nánari skoðun mála fari fram.

Ég vil geta þess, virðulegur forseti, að hingað til lands kom fyrir skömmu forstöðumaður Goethe-stofnunarinnar í Stokkhólmi sem hefur með höndum samræmingu á starfsemi Goethe-stofnana á Norðurlöndum að gera og ræddi hér við ýmsa. Tilefni heimsóknar hans var fyrst og fremst að athuga stöðu mála með tilliti til þess að þessi ákvörðun næði fram að ganga, en auðvitað var komið á framfæri við þennan ágæta fulltrúa áhyggjum Íslendinga sem hann ræddi við og mér er kunnugt um að það var bæði af hálfu talsmanna utanrrn. og sjálfur átti ég kost á að ræða við hann. Það fór ekki dult að hann, sem og aðrir sem starfa hjá Goethe-stofnuninni og ég hef heyrt til, telja að þetta sé ekki rétt ákvörðun. Um það má lesa m.a. í viðtali við Christoph Werr, en svo heitir forstöðumaðurinn í Stokkhólmi, í Morgunblaðinu 4. nóvember 1997 og það kom öllum á vegum stofnunarinnar vissulega í opna skjöldu að brugðið skyldi á þetta ráð í sparnaðarviðleitni og með breyttum áherslum sem liggja þar að baki á samskiptum við umheiminn.

Ég vil leggja á það áherslu, virðulegur forseti, að tillaga þessi er af okkur flutningsmönnum lögð fram bæði í alvöru en í fullri vinsemd og með fullri virðingu fyrir rétti þýskra stjórnvalda til að taka ákvarðanir um samskipti sín við önnur lönd, þar á meðal við Ísland, en við teljum það í raun skyldu okkar að koma á framfæri áhyggjum okkar út af þessu máli og óskum og teljum að eðlilegt sé að slíkt komi fram og sýni í raun breiða pólitíska samstöðu á Íslandi að því er varðar mat á þessari stöðu.

Ég legg að lokum áherslu, virðulegur forseti, á síðasta hluta þessarar tillögu þar sem við hvetjum eigin stjórnvöld til að auka kynningu af sinni hálfu á íslenskri menningu í Þýskalandi því að það skiptir auðvitað ekki minna máli að á því máli verði tekið.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn. þingsins.

[18:15]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna tillögunni og færa hv. 1. flm. þakkir fyrir að hafa haft frumkvæði að tillögugerðinni og hafa fengið þingmenn úr öllum þingflokkum til að vera meðflutningsmenn. Ég held að mjög brýnt sé að afstaða Alþingis komi fram varðandi það að Goethe-stofnuninni verði ekki lokað. Að mínu mati er ekki góð stefna hjá þessum vinaþjóðum að loka stofnuninni sem hefur verið ákveðinn miðpunktur menningarlegra samskipta eins og Goethe-stofnunin er víðs vegar um heiminn. Alþingi Íslendinga hefur haft sérstaklega góð samskipti við þýska sambandsþingið og til skamms tíma var starfandi samstarfsnefnd þessara þinga. Fjölmargar heimsóknir þýskra þingmanna hingað til lands og heimsóknir íslenskra þingmanna til Þýskalands hafa verið báðum þjóðþingum verðmætt tilefni til umræðu og samskipta.

Ekki er vafamál að Goethe-stofnunin er ekki bara til að kynna þýska menningu heldur hjálpar hún til við að kynna íslenska menningu í Þýskalandi eða á þýsku málsvæði og

stuðlar þannig að góðum, eðlilegum og heilbrigðum menningarlegum samskiptum. Sömuleiðis hefur Goethe-stofnunin verið fjölmörgum íslenskum námsmönnum til aðstoðar og reyndar þýskum námsmönnum til aðstoðar hér þannig að ekkert nema jákvætt er um starfsemi þessarar stofnunar að segja.

Það eru veruleg vonbrigði, herra forseti, ef þjóðverjar láta verða af því að loka þessari stofnun. Þá yrðum við eina landið án Goethe-stofnunar því að alls staðar þar sem verið er að loka í sparnaðaraðgerðum er verið að loka stofnunum þar sem fleiri en ein er í landinu. Ég teldi því rétt, herra forseti, eins og hv. flm. hefur lagt áherslu á, að málinu verði hraðað í gegnum þingið þannig að við fáum tækifæri til að greiða fljótt atkvæði um þetta svo að vilji Alþingis komi skýrt fram og hæstv. utanrrh. geti tekið málið upp á þeim vettvangi sem tillagan gerir ráð fyrir.

[18:18]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir það mál sem hér er flutt og ég vona svo sannarlega að það geti stuðlað að endurskoðun ákvörðunar þýskra stjórnvalda í þessu efni þannig að Goethe-stofnunin geti starfað áfram. Ekki þarf að orðlengja hversu mikilvægu hlutverki hún hefur gegnt hér á landi síðustu tvo áratugi eins og kemur glögglega fram í greinargerð með tillögunni. Mér finnst líka ástæða til þess að taka undir þakkir til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir að hafa haft frumkvæði að því að taka málið upp á þinginu. Ég vænti þess að stuðningur sé við það að meðferð þess sé hraðað. Ég tek einnig undir að utanrrh. brást skjótt við og tillöguflutningurinn er vissulega stuðningur við það sem hann hefur gert og ég vona að við getum jafnvel fjallað um tillöguna aftur fyrir jól.

[18:20]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa talað um málið og stutt tillöguna. Hv. síðasti ræðumaður er einn af meðflutningsmönnum hennar, annar á skrá yfir meðflytjendur. Ég tel það mjög mikilvægt sem kom fram í máli þeirra beggja sem töluðu á eftir mér að málið fái góðan framgang í þinginu og ég er raunar sannfærður um að svo verði í ljósi þess hversu víðtæk samstaða er um málið.

Mér láðist að geta þess í framsögu, sem vert er að leggja áherslu á, að það er ekki aðeins hér á Íslandi sem áhyggjur hafa komið fram um þetta efni. Eins og tekið er fram í greinargerð með tillögunni var þingmannasendinefnd frá Bundestag í heimsókn um miðjan októbermánuð og kynnti sér m.a. þau mál sem þá voru komin á dagskrá. Hún sendi fréttatilkynningu frá sér 16. okt. sl. og þar komu mjög eindregin sjónarmið fram þar sem ákvörðunin var gagnrýnd og þeim viðbrögðum lýst sem sendinefndin hafði orðið vör við hér á Íslandi að því er varðaði fyrirhugaða ákvörðun um lokun stofnunarinnar. Af þingmannanna hálfu var boðað að þeir mundu reyna að beita sér innan þingsins til þess að fá þessa ákvörðun endurskoðaða. Þarna var um að ræða þingmenn frá mörgum þingflokkunum í Bundestag, stærstu flokkunum, og undir formennsku Angelika Beer þingmanns frá Græningjum, sem veitir forstöðu þeirri nefnd sem fer með samskipti við skandinavísku ríkin. Í henni eru nú ekki færri en um 115 skráðir þingmenn, sem þátttakendur í þeim hópi, og hafa þeir vafalaust fengið vitneskju um stöðu mála.

Ég ítreka þakkir mínar og jafnframt vonir um að málið komi tiltölulega fljótt á ný til þingsins að lokinni athugun hv. utanrmn. þannig að vilji okkar í þessum efnum liggi skýrt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 51. mál. — Þskj. 51.

[18:23]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa. Hér er um endurflutning á máli að ræða frá síðasta þingi, og er því rétt að vísa í rétt mál, þetta er 51. mál þingsins.

Tillagan var flutt tiltölulega seint á þinginu en fékk þó nokkra umfjöllun. Efni tillögunnar er óbreytt frá því sem var á síðasta þingi og ég leyfi mér að lesa tillögutextann sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar verði kynntar Alþingi á haustþingi 1998." Þessari dagsetningu var eðlilega nokkuð breytt frá því sem var á síðasta þingi þar sem tillagan er endurflutt nú.

Það efni, sem hér er á ferðinni, er afar brýnt að mati flutningsmanns og ég vil að það komi fram að viðbrögð við tillögunni voru óvenjumikil og báru vott um að mörgum er ljóst í hvað stefnir í málinu og hversu brýnt er að á því verði tekið. Ég vil leyfa mér að vitna til fáeinna viðbragða sem komu m.a. fram í umsögnum til hæstv. landbn. þingsins. Umhvn. fjallaði um málið og var einhuga í að beina því til landbn. sem leitaði álits umhvn. um tillöguna. Í umsögn frá 2. maí segir: „Nefndin tekur undir nauðsyn þess að leitað sé leiða til að takmarka fjölda hrossa og fyrirbyggja landskemmdir af völdum hrossabeitar." Þarna var um eindreginn stuðning að ræða og Landssamband hestamannafélaga sendi umsögn 30. apríl 1997 til landbn. Alþingis. Hún er stutt og ég leyfi mér að lesa hana, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssambands hestamanna hefur rætt tillöguna og telur rétt að gera úttekt, könnun á stöðu mála, m.a. að leggja mat á stöðuna í markaðsmálum. Stjórnin telur efnislega rétt að úttektin sé gerð á vegum landbúnaðar- og umhverfisráðuneyta." Þetta var umsögn frá Landssambandi hestamannafélaga.

Skógrækt ríkisins sendi umsögn 30. apríl 1997 til Alþingis og mælir með að þáltill. verði samþykkt. Sama sjónarmið kom fram hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða sem sendi umsögn um tillöguna og frá Landgræðslu ríkisins var tekið undir nauðsyn þess að fjalla um leiðir til að takmarka fjölgun hrossa og fyrirbyggja landskemmdir af völdum hrossabeitar ásamt nokkrum ábendingum.

Frá Bændasamtökum Íslands kom allítarleg umsögn þar sem er að finna stuðning við frekari úttekt á málinu en vísað til þess að e.t.v. sé ekki þörf á beinum lagabreytingum til þess að ná árangri í þessu. Umsögnin er frá 2. maí og ég les hana ekki í heild sinni en leyfi mér að nefna þessi áhersluatriði úr umsögninni. Það gerðist raunar rétt eftir að

tillagan kom fram að dagblaðið Dagur–Tíminn leitaði til nokkurra valinkunnra manna eftir áliti á þessu, þar á meðal til formanns Bændasamtaka Íslands. Þetta er 9. apríl 1997 og ég leyfi mér að vitna til viðbragða sem þar komu fram hjá Ara Teitssyni, með leyfi forseta: „Ég er sammála því að fækka beri hrossum sem enginn arður er af. Þar á ég við hross sem hvorki eru nýtt til reiðmennsku né kjötframleiðslu. Þeim þarf að fækka. Menn eru að átta sig á því að slík hross hafa slæm áhrif á viðhorf til hrossaræktar og hestamennsku og ekki síður á umræðu um meðferð og nýtingu á landi."

Frá Sigurbirni Bárðarsyni hestamanni komu svipuð viðhorf fram. Ég leyfi mér að vitna í örstutt svar við spurningu blaðsins: „Já, ég er sammála því." — Þ.e. að fækka beri hrossum í landinu —. „Það er allt of mikið um að verið sé að lífsetja hross sem engu skila okkur, hvorki útflutningstekjum af reiðhrossum og eins kjötafurðum þar sem markaðir fyrir hrossakjöt hafa ekki verið sem skyldi fyrir hendi. Töluverður hluti af þessum lífhrossum eru alls ekki reiðhross."

Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, og öllum þekktur fyrir farsæl afskipti af þessum málum sem varða landnot og m.a. mat á ásetningi, segir, með leyfi forseta: „Já, ég er sammála því að grisja eigi úr stofninum hross sem hvorki skila arði né ánægju. Ég veit ekki hve mikið hrossum þarf að fækka en almennt er viðurkennt að svo þurfi að vera."

Frá hv. þm. Guðna Ágústssyni var einnig að finna svar í sama blaði. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til ummæla hv. þm. sem er jafnframt formaður landbn. þingsins: „Já, hrossastofninn í landinu er of stór og það skaðar hann ekki þó hrossum fækki um 25–30%. Ég verð var við vaxandi ólgu, ekki síst vegna manna sem hafa komið sér upp stórstóði á jörðum sem ekki bera það og valda í staðinn ágangi hjá nágrönnum. Mikilvæg er skynsamleg landnýting sem býr í eðli góðra bænda." Þetta skilmerkilega svar hv. formanns landbn. er verðmætt inn í samhengi málsins.

Virðulegur forseti. Ég vil nefna fund sem Dýraverndunarfélag Reykjavíkur og Dýraverndarsamband Íslands höfðu forgöngu um, 2. maí 1997, um þetta mál og með sérstakri skírskotun til þessarar tillögu og þeirra upplýsinga sem þar komu fram. Þar höfðu margir framsögu um málið og almennt var, vil ég fullyrða, stuðningur við það að á þessum málum yrði tekið, vissulega með mismunandi áherslum eftir því frá hvaða sjónarhóli var talað, en það komu fram áhyggjur manna og ágætar ábendingar. Ég vil nefna sérstaklega ábendingu frá Ólafi Dýrmundssyni á fundi sem haldinn var á Hótel Örk 23. maí 1997 þess efnis að ákveði væru að finna í lögum sem gerðu kleift að taka á þessum málum, m.a. með reglugerðum. Að minnsta kosti væri að hluta til slík úrræði að finna. Vísað var til, samkvæmt minnismiða sem ég á frá þessum fundi, að sárlega vantaði tvær reglugerðir samkvæmt lögum um búfjárhald. Þar var nefnt hrossahald og meðferð hrossa, samkvæmt 7. gr. laga um búfjárhald, þar sem vantaði skýrari reglur um aðbúnað hrossa, skjól, húsakost og meðferð, en slík mál falli oft saman. Líka var vísað til reglugerðar sem þyrfti að setja eða útfæra um búfjáreftirlit, forðagæslu, og rammalög þar að lútandi gerðu ráð fyrir reglugerðum.

Ýmislegt er því vafalaust hægt að gera á grundvelli gildandi laga Það þyrfti þess vegna að fara fram mat í framhaldi af því ef tillaga þessi fær brautargengi í þinginu, að slík heildarathugun fari fram eins og efni tillögunnar raunar gerir ráð fyrir.

Í tillögunni er að finna upplýsingar sem eru sóttar í ágætis gögn sem hafa komið fram varðandi stöðu þessara mála. Þar er sérstaklega vísað til hinnar víðtæku könnunar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins á jarðvegsrofi, en skýrsla um það kom út í febrúar 1997, og síðan mat sömu stofnana á ástandi hrossahaga. Og eftir að tillagan var lögð fram, eða um það leyti, kom fram bæklingur sem heitir Hrossahagar — aðferð til að meta ástand lands, gefið út í maí af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins, þar sem er að finna leiðbeiningar, mikið í myndrænu formi, um það hvernig með tiltölulega skjótum hætti er unnt að bregðast við og meta stöðu bithaga með tilliti til álags. Það er því af miklu að taka til að fjalla um þessi efni, og verðmætar upplýsingar sem liggja fyrir, þó hitt sé einnig ljóst að rannsóknin þarf að halda áfram til þess að fá myndina sem skýrasta. Við höfum þegar upplýsingar sem eiga að gera það kleift að taka á þeim málum og það getur auðvitað ekki gengið, virðulegur forseti, að þetta þróist stjórnlaust eins og verið hefur um alllangt skeið. Talan 80 þúsund hross, í landi þar sem aðeins voru um 30 þúsund 1970, talar skýru máli.

Í fylgiskjali IV með tillögunni er að finna vísbendingu um það hvert stefni, að óbreyttu, varðandi fjölda hrossa í landinu. Þar er súlurit sem vísar mjög bratt upp þannig að fyrsta verkefnið er auðvitað að stöðva sig af í og leita síðan aðgerða til þess að fækka og laga hrossahald að ástandi lands þannig að um forsvaranlega búskaparhætti sé að ræða.

Ég hef eingöngu fjallað um hrossabeit og takmörkun á fjölda hrossa eins og efni tillögunnar gefur tilefni til. Auðvitað mætti margt segja varðandi aðra þætti. Það hefur orðið breyting á að því er varðar sauðfjárræktina vegna fækkunar, sem er fyrst og fremst tilkomin af markaðsástæðum, en hins vegar vantar stjórntækin þar einnig til að stýra þróun, ef svo fer sem kannski er ekkert útilokað vegna bættrar stöðu í sauðfjárrækt að hún aukist á ný og þá þurfa menn auðvitað að leita leiða til þess að eðlileg landnot og fjöldi búfjárins haldist í hendur.

Ég er þess fullviss, virðulegur forseti, að hv. landbn., sem ég legg til að fái þetta mál á ný til meðferðar, geti e.t.v. ekki á löngum tíma tekið afstöðu til málsins þannig að það komi til þingsins til afgreiðslu. Ég treysti því að á Alþingi sé að finna mikinn skilning að á þessu þurfi að taka og hæstv. landbrh. fái veganesti frá þinginu til þess að auðvelda hæstv. ráðherra að taka á málinu. Ég efast alls ekki um góðan hug hæstv. ráðherra til þess að svo megi verða enda gegnir sami ráðherra starfi umhvrh. sem kunnugt er þannig að hæg eru heimatökin að þessu leyti. Ég taldi hins vegar rétt að orða tillöguna með þessum hætti vegna þess að ráðuneytin eru aðskilin og hvort með sitt verksvið.

[18:36]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. flm. þeirrar tillögu, sem hér er til umfjöllunar, þá er það vissulega rétt að menn hafa miklar áhyggjur af því hvert stefnir í sambandi við hrossaeign eða hrossafjölda í landinu og út af því hvernig þróunin hefur verið. Í tilvitnunum hjá hv. þm., bæði í umsagnir um samsvarandi tillögu frá síðasta þingi svo og ummæli úr blöðum, er ljóst að margir deila þessari skoðun með flm. og ég er einn af þeim.

Ég vil aðeins í tilefni af þessari umræðu segja frá því og láta það koma fram að ég hef á undanförnum vikum og mánuðum átt viðræður við fulltrúa samtaka hestamanna í landinu og átt með þeim góða fundi þar sem þessi mál hafa

verið til umræðu, bæði Félag hrossabænda, Landssamband hestamanna og samband, sem ég þori varla að nefna nafnið á, því ég er svo hræddur um að fara ekki rétt með en það er íþróttasamband hestamanna eða hestaíþróttasamband — ég þori ekki alveg að fara með nafnið rétt, en öll þessi samtök og forsvarsmenn þeirra hafa lýst hliðstæðum áhyggjum yfir þessari þróun og þeirri ímynd sem hestamennska og hrossahald í landinu er því miður að fá út af þessari miklu fjölgun og þeim vanda sem skapast sums staðar. Ég vil út af fyrir sig undirstrika það að víða er hrossabeit í góðu lagi og fjöldi þessara ágætu hestamanna og hrossabænda hefur fullan skilning á því að það beri að fara svo með landið að það þoli þá beit sem á það er sett. En sums staðar er því miður málum ekki svo vel komið. Ég hef átt viðræður við forsvarsmenn Landgræðslu ríkisins um þessi mál og hvernig hægt sé að taka á þeim. Ég held að það sé almennt álit manna að 80 þúsund hross, eins og hér er sett fram í greinargerðinni að kunni að vera í landinu — meira að segja hef ég heyrt hærri tölur en hef það ekki nákvæmlega, ég hef heyrt það álit að 50–60 þúsund hross sé fyllilega nægjanlegt til þess að viðhalda góðu hrossakyni hér.

Ég vil líka undirstrika það álit mitt að ég held að við eigum fyrst og fremst að hugsa um hestamennskunna í þeim tilgangi að hafa reiðhross og nota hross í þeim tilgangi, en það er vaxandi áhugamennska hjá fjölda landsmanna að eiga hross sér til ánægju, útivistar og tómstunda, en líta ekki á hrossahaldið sem búgrein í þeim skilningi að nauðsynlegt sé að vera með kjötframleiðslu. Auðvitað er ég ekki að segja að það eigi ekki við að einhverju leyti og ekki megi huga að slíkum markaði ef hann er fyrir hendi. Ef hann gefur viðunandi tekjur ber að nýta slíka möguleika eftir því sem landgæði þola og bændastéttinni veitir sannarlega ekki af að nýta alla sína tekjumöguleika. En því miður hefur þróunin á kjötmarkaði verið sú að við misstum bærilegan markað í Japan, þó að hann sé aðeins að koma upp aftur. Einhver markaður mun nú vera fyrir hrossakjöt á Ítalíu og leitað hefur verið markaða víðar, m.a. í Frakklandi. Þetta er þó allt saman í litlum mæli. En m.a. vegna hrunsins í Japan, eða ég hygg að það sé m.a. vegna þess, hefur hrossum fjölgað meira en menn höfðu þó e.t.v. að öðru leyti gert ráð fyrir.

Ég vil einnig segja frá því að við fórum í sumar mjög ítarlega yfir þau ákvæði í lögum sem gefa heimildir til að taka á málum þar sem hrossabeit er talin vandamál og við höfum reyndar verið með í undirbúningi að undanförnu, í samráði og samstarfi við Landgræðsluna, ítarlega skoðun á því hvar sé þörf að grípa inn í vegna þess að ástand sé óviðunandi og verði að taka á málinu. Það eru örlítið skiptar skoðanir um það hversu haldgóð núgildandi lög séu í því efni en ég hef lýst þeim vilja mínum, bæði við Landgræðsluna og við starfsmenn mína í landbrn., að ég vilji láta á það reyna. Ef svo færi að gildandi lög séu ekki nægjanlega haldgóð til að takast á við ástandið þar sem það er verst þá verður bara að breyta þeim lögum þannig að við höfum í höndunum möguleika á að taka á vandanum þar sem ástandið er orðið óviðunandi.

Það er auðvitað ekki skemmtilegt og getur ekki verið markmið að stjórna öllu í okkar ágæta landi með einhverjum kvótum og þurfa að setja takmarkanir á fleiri og fleiri þætti í þjóðfélagsgerð okkar og hegðan eins og það að takmarka fjölda hrossa með einhvers konar kvótasetningu. Ég býst við að fyrst og fremst sé átt við það í tillögutextanum að hafa heimildir til að takmarka fjölda hrossa á ákveðnum svæðum og geta beitt aðgerðum til að koma í veg fyrir það að of mörg hross gangi á of litlu eða þröngu landi eða landi sem ekki þolir viðkomandi fjölda hrossa eða þá beit og beitarálag sem þeim fylgir. Það sé sú aðferð sem við þurfum fyrst og fremst að huga að, og að því leytinu til er ég fylgjandi því efni sem kemur fram í till. til þál., eins og hún er sett fram, að nauðsynlegt er að taka á málunum. Sjálfsagt eru í einhverjum tilvikum þau tækifæri fyrir hendi og yfirvöld landbúnaðar- og umhverfismála hafa kannski ekki verið nægjanlega fylgin sér eða ákveðin í að fylgja því eftir en ég ítreka að þetta hefur þó verið í skoðun á undanförnum vikum og í undirbúningi er að grípa til aðgerða þar sem við teljum að sé algjörlega brýnt.

Allra seinast vil ég nefna að ég tel að það rit sem hv. framsögumaður vitnaði til áðan, Hrossahagar — aðferðir til að meta ástand lands, sé gott rit og nýtilegt til þess að viðhafa áróður og kynningu í þessu efni og með góðum stuðningi þeirra manna, sem fylla samtök hestamanna, trúi ég því að hægt sé að beita slíkum aðferðum og er það auðvitað miklu betra ráð, að fá menn til að virða umhverfi sitt, landið, og nýtingarmöguleika, frekar en að þurfa að beita valdi ef hjá því er komist.

[18:44]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég met það mikils við hæstv. landbrh. að koma hér til að ræða málið seint á degi og mjög gott að fá þær upplýsingar, sem fram hafa komið, inn í samhengi þessa máls sem nú fer til þingnefndar.

Ég heyri á hæstv. ráðherra að hann hefur þegar velt þessu máli fyrir sér og athugað mögulegar leiðir. Ég tek undir það að auðvitað þarf að skoða báða kosti — að nýta gildandi lagaákvæði en hika ekki við að setja ný ákvæði til að styrkja stöðuna ef reynist á því þörf við athugun málsins. Ég vænti þess að tillagan, samþykkt af hv. Alþingi eftir athugun hv. landbn., geti orðið góður stuðningur við framkvæmdarvaldið í þessum málum og hæstv. landb.- og umhvrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Náttúruvernd, 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 73. mál (landslagsvernd). — Þskj. 73.

[18:46]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Það mál sem ég mæli fyrir, frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, hefur komið fram a.m.k. tvisvar áður á Alþingi. Það var fyrst flutt á 119. þingi, ef ég man rétt, og hefur tvívegis farið til hv. umhvn. til athugunar en ekki hlotið afgreiðslu.

Efni frv. varðar tillögu um víðtækari ákvæði varðandi landslagsvernd en er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd og styrkingu á ákvæðum að því er varðar efnistöku og efnisnám þannig að þau mál yrðu færð til annars og betri vegar en nú er. Efnistaka sem gerð er á grundvelli gildandi lagaákvæða, sem er afar veik, er einn af hinum lökustu þáttum í umgengni okkar við landið.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að rekja efni þessa máls á nýjan leik. Ég hef þegar mælt fyrir málinu á fyrri þingum og farið í gegnum stöðu mála og einstaka þætti frv. og ég vona

að hæstv. forseti virði mér það að fara ekki að rekja það í einstökum atriðum. En ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á að fram hafa komið umsagnir við málið til þingnefndar og samþykktir verið gerðar um þetta efni. Það er aðeins ein sem ég ætla að leyfa mér að vitna til, sem er ályktun níunda náttúruverndarþings sem haldið var í Reykjavík 31. jan. og 1. febr. 1997, sem ályktaði svo, með leyfi forseta: „Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996. Níunda náttúruverndarþing styður fram komið frumvarp, nr. 529, [sem er það númer sem málið sem hér er mælt fyrir hafði þá] til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996." Ályktunin barst umhvn. Alþingis með sérstöku bréfi frá Náttúruverndarráði.

Ég hafði vissulega vænst þess, virðulegur forseti, að málið fengi efnislega afgreiðslu í þingnefnd og kæmi aftur fyrir þingið í ljósi þess hversu brýnt málið er. Það hefur farið svo að ekki hefur verið unnið í málinu í raun af hálfu hv. umhvn. umfram það að leita álits og verið vísað til þess að lög um náttúruvernd væru í heildarendurskoðun á vegum hæstv. umhvrh. Mér er kunnugt um að svo er og nokkuð um liðið síðan slíkt starf fór af stað. Ég hef ekki frétt af því hvar það er statt en ég vænti þess að málið fái frekari athugun af hálfu hv. umhvn. Ég treysti því jafnframt að málið hafi borist fyrir nefnd hæstv. umhvrh., sem er að störfum, þannig að sú vinna sem liggur að baki í málinu skili sér með einhverjum hætti til þingsins og þær lagabætur sem gerð er tillaga um.

Ég tek að endingu fram, virðulegur forseti, að við undirbúning málsins var haft samband við opinberar stofnanir eins og þáverandi Náttúruverndarráð og Skipulag ríkisins, og raunar fleiri aðila sem leitað var til í sambandi við mótun þeirra tillagna sem gengu inn í frv. Ég tel að eftir atvikum hafi verið allvel vandað til þeirra tillagna sem hér liggja fyrir. Ég legg svo til að frv. gangi til hv. umhvn.

[18:50]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða mikið efnislega um frv. sem er til umræðu. Eins og kom fram hjá hv. frsm. höfum við áður rætt málið hér á þingi og ég hef líka lýst því yfir við þá umræðu að ástæða sé til þess og nauðsynlegt að taka frekar á þáttum sem varða efnistöku eða efnisnám og námavinnslu í lögum um náttúruvernd og að því leytinu til lýst stuðningi mínum við efnisatriði þess frv. sem liggur fyrir þinginu einu sinni enn.

Það er vissulega rétt hjá hv. frsm. að ég hef áður vísað til þess að lög um náttúruvernd séu í heildarendurskoðun. Ég leyfi mér reyndar að gera það einu sinni enn í tengslum við umræðu um frv. án þess að í því felist að kastað sé nokkurri rýrð á frv. eða efnisatriði þess. Að störfum er nefnd sem vinnur að heildarendurskoðununni. Samkvæmt erindisbréfi hennar átti hún að hafa lokið störfum sínum nú fyrir komandi áramót, þ.e. á árinu 1997. Formaður nefndarinnar er reyndar aðstoðarmaður umhvrh. þannig að það eru hæg heimatökin að fylgjast með framgangi þessa nefndarstarfs og mér er ljóst að því mun vart ljúka fyrir áramót eins og erindisbréfið hljóðaði þó upp á. Vonir eru til þess að það geti samt orðið fljótlega eftir áramót eða á þessum vetri. Ég geri mér enn þá vonir um að hægt verði að leggja nýtt frv. að lögum um náttúruvernd fyrir það þing sem nú situr þó það verði ekki fyrr en á vorþingi og þá er varla líklegt að slíkt frv. yrði gert að lögum á því þingi en nauðsynlegt væri, eða a.m.k. mjög ánægjulegt, að geta sýnt það hér á þinginu.

Ég vil líka segja frá því að mér er einnig kunnugt um að nefndin hefur tekið þau frv. sem hafa komið fyrir þing og hafa fjallað um mál sem tengjast náttúruvernd, þar á meðal þetta frv., eða frv. hliðstætt þessu sem er til umræðu, og tekið það til meðferðar í starfi sínu, og tekið tillit til efnisatriða sem þar eru sett fram í þeirri heildarendurskoðun sem í gangi er. Ég mæli enn þá með því að menn líti heildstætt á málið og nýti sér þá vinnu sem lögð hefur verið í frv. sem þetta og önnur sem kunna hugsanlega að vera af svipuðum toga, þ.e. fjalla um málaflokkinn og eru mikilvæg gögn og þýðingarmikil og gott innlegg í þá umfjöllun og þá heildarendurskoðun sem á sér stað í endurskoðunarnefndinni. Ég ítreka það að ég vona að það gefist tækifæri til þess að sýna afrakstur þeirrar vinnu fyrir þinglok í vor.

[18:54]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að afgreiðsla þessa máls dragist. Ég hef oft varað við því sjónarmiði að ætla sér að treysta á heildarendurskoðun viðkomandi lagabálka þegar frv. koma fram sem þokkaleg samstaða er um að feli í sér lagabætur. Það er eiginlega spurning um aðferðir og viðhorf til þess sem kemur fram á Alþingi. Ég er ekki að kveinka mér sem flm. þessa máls sérstaklega heldur að lýsa almennu viðhorfi sem mér finnst að hefði verið farsælt að væri ekki ríkjandi eins og raun ber vitni þannig að þingið tæki málin í áföngum og eftir því sem brýnt verður talið.

Ég met það vissulega ef sú stjórnskipaða nefnd, sem starfar að málinu, lítur á þær tillögur sem liggja fyrir um leið og ég vænti þess að hv. umhvn. taki á málinu í vetur. Það liggur ekki ýkjamikið fyrir nefndinni enn sem komið er af málum frá hæstv. ríkisstjórn þannig að ráðrúm ætti að vera til þess og þá hugsanlega í samráði við þá nefnd sem er að störfum á vegum hæstv. umhvrh. og ítreka að málið gangi til hv. umhvn. að umræðu lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Landgræðsla, 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 83. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 83.

[18:56]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir, 83. mál þingsins, er frv. til laga um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum, flutt af þeim sem hér talar ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Efni þessa frv. hefur áður verið kynnt á þingi þar sem frv. hefur raunar þegar komið fram á 118. þingi og verið endurflutt síðan en ekki hlotið afgreiðslu. Málið hefur verið til athugunar hjá hv. landbn. þingsins og fengið þar nokkra skoðun, að mér er kunnugt, en ekki borist frá nefndinni.

Efni frv. er að settar verði lagastoðir til að byggja á við reglur, sérstaklega varðandi notkun plantna og einstakra plöntutegunda í landgræðslu, og raunar gerð tillaga um að breyta 1. gr. laganna um landgræðslu til þess að renna styrkari stoðum undir þær tillögur sem lagðar eru fram um reglur um innflutning plantna og not innfluttra plantna í landgræðslustarfi.

Í bráðabirgðaákvæðum með lögunum er að finna ákvæði um að leggja skuli mat á tegundir sem þegar eru teknar til notkunar þannig að það komi einnig til skoðunar. Í seinna ákvæði til bráðbirgða er gerð tillaga um að landbrh. í samráði umhvrh. skipi nefnd til að endurskoða lögin um landgræðslu í heild sinni og að lagt verði fram frv. til nýrra laga um það sem kallað er í frv. gróður- og jarðvegsvernd og landgræðsla fyrir lok ársins 1998. Allt er þetta rökstutt í greinargerð með frv., sem er allítarleg, og m.a. fjallað um efnisþætti sem þyrftu að koma til athugunar varðandi nýja löggjöf um gróðurvernd og landgræðslu út frá þeim mjög svo breyttu viðhorfum sem ríkja frá því að löggjöfin var fyrst sett 1965 og í raun aldrei verið lagt í heildarendurskoðun þeirra laga síðan. Auðvitað er sú löggjöf orðin úrelt í raun og viðhorf hafa breyst og upplýsingar og rannsóknir vísa að mörgu leyti til annarra átta en fyrirmæli laganna segja til um. Þarna er því um brýnt mál að ræða.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara í mikla efnisumræðu um málið þar sem það hefur verið kynnt áður. Ég minni þó á að við flutningsmenn höfum leitast við að breyta eða koma fram með nýjar ábendingar í greinargerð frá ári til árs eftir því sem nýjar upplýsingar hafa komið fram, m.a. að því er varðar ábendingar um þætti inn í nýja löggjöf, endurskoðaða löggjöf á sviði gróðurverndar. Og þá með það í huga að haldnar hafa verið ráðstefnur um þessi mál. Hér kom t.d. sérstakur ráðgjafi frá Ástralíu fyrir stjórnvöld eða Landgræðslu ríkisins, ég man ekki hver hafði frumkvæði að því, og flutti erindi um viðhorf í því landi til löggjafar og starfsaðferða. Það var mjög verðmætt innlegg.

Ég hef oft heyrt hin síðari ár væntingar hæstv. ráðherra, ég held að það eigi lengri sögu en núv. hæstv. landb.- og umhvrh., að menn ætluðu sér að gera atrennu að því að endurskoða lögin. En þetta gengur afar hægt og ég tel tæplega vansalaust, svo ég hagi orðum mínum varlega í þessum efnum, að á svo mikilvægu sviði skuli ekki vera unnið hraðar. Hvað varðar efnisþáttinn um notkun einstakra innfluttra plantna í landgræðslu má ekki dragast að settar verði reglur og ég tel að öll umræða, rannsóknir og samþykktir, þar á meðal alþjóðasamþykktir, styðji þá stefnu sem lögð er fram með frv. Ég er ekki að segja að þar megi ekki eitthvað til betri vegar færa að bestu manna yfirsýn þegar fjallað verður um málið. Ég vísa þá til þess að við endurmótun á frv. hefur m.a. verið tekið tillit til umsagna frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem kom með gildar ábendingar inn í málið fyrir einu og hálfu ári eða svo. Gerð var breyting þegar málið var lagt fram á síðasta þingi, þá var það tekið inn í málið til þess að halda því til haga sem flm. töldu alveg réttmætt.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að vekja upp umræður um þau miklu álitamál sem eru uppi en lýsi þó verulegum áhyggjum í sambandi við stöðu mála, vinnubrögð af hálfu opinberra stofnana í þessum málum þar sem mikið skortir á að þeirrar varúðar sé gætt sem skylt ætti að vera í sambandi við náttúru landsins. Ég óttast mjög að það eigi eftir að sýna sig að sá vandi, sem við erum að safna í með heldur ógætilegu framferði okkar í sambandi við þessi efni, eigi eftir að magnast og menn eigi eftir að standa frammi fyrir því áður en langur tími líður að vandamálið er stórfellt. Það verður mjög erfitt og kostnaðarsamt fyrir þjóðina að breyta þar til og færa það til annars og betri vegar sem hefur farið aflaga í þessum efnum.

Þessar almennu ábendingar leyfi ég mér að leggja fyrir án þess að fara út í einstaka efnisþætti. Nokkuð má lesa út úr fylgigögnum með málinu um reynsluna eins og hún liggur nú fyrir, áhyggjur vísindamanna og rannsóknaraðila um þessi efni. Mér er fullkunnugt um að skoðanir eru allnokkuð skiptar hjá mönnum í þessum efnum en mér finnst að ekki sé alltaf gætt fræðilegra sjónarmiða heldur blandist inn í þau efni rök af öðrum toga og, að mínu mati, oft ekki nægilega vel grunduð án þess að það verði rakið hér frekar.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að hv. landbn. þingsins fari vel yfir efni frv. og vissulega er von mín og flm. að við fáum að sjá það aftur á þessu þingi í þeim búningi sem hv. landbn. telur rétt að skila málinu í aftur til þingsins að yfirveguðu ráði.

[19:04]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt. Ég ætla ekki frekar en hv. frsm. og 1. flm. þessa lagafrv. að fara í ítarlega efnisumfjöllum um frv. Það hefur áður komið fram í svipuðum búningi þó hér séu reyndar nýjar áherslur. Eins og hv. flm. gerði grein fyrir er fyllri grg. með frv. sem ég hef ekki gefið mér tíma til að fara yfir eða bera saman við eldri þingskjöl. Þar sem hv. þm. lét að því liggja að löngu tímabært væri að endurskoða lög um landgræðslu og að nokkur seinagangur væri á því hjá stjórnvöldum að hefja það starf vil ég geta þess að landbrn. hefur rætt það og farið yfir hvernig beri að taka á málefnum Landgræðslunnar. Ég hygg að reyndar megi segja um þá stofnun, og þau lög sem í gildi eru, að stofnunin hafi unnið mikið og gott starf á undanförnum árum og áratugum því eins og menn kannski vita er stofnunin 90 ára gömul á þessu ári og mun nú í vikulokin minnast þess afmælis.

Það er rétt að margt breytist í tímans rás. Taka þarf á málum bæði í ljósi nýrrar þekkingar, nýrra athafna og nýrra viðhorfa til málefna er tengjast landgræðslu og sjálfsagt er af ýmsum ástæðum tími til kominn að líta á lögin. En það sem ég ætlaði aðallega að greina frá er að við höfum rætt það í landbrn. að setja á laggirnar stefnumótunarvinnu í sambandi við landgræðsluna. Reyndar var hugað að því að setja frekar á fót nokkuð víðtæka nefnd til þess að fjalla um stefnumótun í landgræðslu og taka síðan upp úr því ákvörðun um það hvort og með hvaða hætti þyrfti að breyta lögum um þessa starfsemi. Þetta hefur ekki enn þá komist formlega á laggirnar en er enn í vinnslu eða undirbúningi af minni hálfu. Í leiðinni má geta þess að í ráðuneytinu er tilbúið frv. til nýrra laga um skógrækt þó að það sé ekki það sem hér er til umræðu, en ég vonast til þess að geta sýnt það í hv. þingi áður en langt um líður.

Allra seinast vil ég greina frá því að á vegum landbrh. er að störfum nefnd sem er að fjalla um notkun innfluttra plantna. Ég veit að sú nefnd hefur starfað mikið að undanförnu og m.a. einnig stuðst í vinnu sinni við þau frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur áður lagt fyrir þingið og haft þau til hliðsjónar í nefndarstarfi sínu. Enda þótt taka megi undir þær athugasemdir sem hv. þm. setti fram í umræðu um næsta dagskrárlið á undan, að þingið eigi að fá frið til þess að vinna að frv. og þingmálum sem eru lögð fram af hv. þm. án sérstakra afskipta — að ég tali nú ekki um tafa — af hálfu framkvæmdarvaldsins er það þó oft svo að frv. sem eru lögð fram af hv. þm. hreyfa við eða ýta við framkvæmdarvaldinu á einn eða annan hátt og leiða þannig óbeint til þess að tekið er á ýmsum atriðum sem bent er á hér á þingi. Ég vildi láta það koma fram að nefndin er að störfum og ég á von á því að áður en langt líður skili hún tillögum sínum til ráðherra.

[19:09]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir upplýsingar um hvað er á döfinni í ráðuneyti hans um þessi efni sem tengjast því máli sem ég mælti fyrir. Fyrir utan reglur sem er beint efni frv. er ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laga um gróðurvernd og landgræðslu og jarðvegsvernd því að allir þessir þættir eru nefndir í tillögutextanum sem liggur fyrir. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að þessi mál dragist úr hömlu og hefði viljað sjá fyrir þinginu, og þó fyrr hefði verið, beinar tillögur um nýja löggjöf á þessu sviði. En ekki er að fást um það sem liðið er, spurningin er um framtíðina og af þessu kjörtímabili lifir ekki nema rösklega árið ef litið er til möguleika þingsins til starfa, kosningar eru samkvæmt lögum vorið 1999. Auðvitað er alltaf hætt við því ef ekki tekst að koma fram löggjöf og lagabótum undir viðkomandi ríkisstjórn að mál tefjist enn frekar. Þetta er mjög tilfinnanlegt á svo stóru og viðkvæmu sviði sem um er að ræða.

Virðulegur forseti. Án þess að fara út í frekari efnisumræðu um þetta leyfi ég mér þó að nefna það, með sérstakri tilvísan til þess að nú gegnir sami ráðherrann starfi bæði landbrh. og umhvrh., að við þær aðstæður ætti að vera tækifæri til þess að taka þessi mál allverulega nýjum og ferskari tökum en líklegt er að náist fram ef þessir málaflokkar eru í ólíkum höndum. Þá er ég sérstaklega að hugsa til þess að það þyrfti að færa hina almennu vöktun þessara mála og yfirstjórn verndunarþáttarins að því er varðar gróðurríki landsins og jarðveg í landinu undir umhvrn. en að halda nýtingarþáttunum undir viðkomandi fagráðuneyti eða viðkomandi atvinnuvegaráðuneyti. Það er kjarninn í þeirri nýju sýn til mála sem ég hefði viljað sjá, virðulegur forseti, í þessum málaflokki, og þá að sjálfsögðu einnig það sem við köllum skógrækt í löggjöf, að einnig væri tekið á því út frá þessu sjónarhorni og með sérstöku tilliti til þess að skógvernd er mikilvægur þáttur í almennri gróðurvernd í landinu og skógrækt er nú þegar hluti af umsvifum bænda í búskap fyrir utan það sem ríkisstofnunin Skógrækt ríkisins gegnir. Hugur minn er vissulega ekki sá að ganga þannig til verka að verið sé að taka hluta af því sem telst landbúnaður og búskapur bænda frá viðkomandi atvinnuvegaráðuneyti. Það er alls ekki minn hugur, það á heima undir viðkomandi fagráðuneyti samkvæmt skipulagi, samkvæmt almennum reglum sem móta þarf í sambandi við gróðurvernd og jarðvegsvernd almennt í landinu. Þessu vildi ég leyfa mér að koma á framfæri, virðulegur forseti, þar sem hæstv. ráðherra beggja málaflokka er meðal okkar og bið um vinsamlega umhugsun um þennan stóra þátt.

Virðulegur forseti. Ég sé fyrir mér að undir umhvrn. verði til stofnun sem beri heitið Gróðurvernd ríkisins rétt eins og við höfum Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins. Gróðurvernd ríkisins væri sá aðili sem fyrir hönd umhvrn. fjalli um og fari með þá vinnu sem eðlilegt er að stofnun sinni á þessu sviði út frá mjög almennum forsendum — auðlindaforsendum, eftirlitsforsendum, almennri setningu reglna en aðrir þættir sem varða bein not samkvæmt gerðu skipulagi heyri að sjálfsögðu undir viðkomandi ráðuneyti atvinnumála, landbúnaðarráðuneytið í þessu tilviki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:14.

---

# 28. FUNDUR

miðvikudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til umhverfisráðherra:*

1. Förgun mómoldar og húsdýraáburðar, fsp. HjÁ, 104. mál, þskj. 104.
2. Losun koldíoxíðs í andrúmsloft, fsp. HjÁ, 232. mál, þskj. 265.

*Til landbúnaðarráðherra:*

3. Landbrot af völdum Þjórsár, fsp. GÁ, 240. mál, þskj. 279.

*Til viðskiptaráðherra:*

4. Biðlauna- og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna, fsp. GHelg, 106. mál, þskj. 106.

*Til dómsmálaráðherra:*

5. Umferðaröryggismál, fsp. HjálmJ, 181. mál, þskj. 181.
6. Framkvæmd áfengislaga, fsp. SvG, 233. mál, þskj. 266.
7. Lokun vínveitingastaða, fsp. SvG, 234. mál, þskj. 267.

*Til samgönguráðherra:*

8. Hvíldar- og þjónustustaðir fyrir ökumenn flutningabifreiða, fsp. HjálmJ, 182. mál, þskj. 182.
9. Reiðvegir fyrir hestafólk, fsp. HjÁ, 191. mál, þskj. 193.
10. Starfsstöð Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu, fsp. ÍGP, 205. mál, þskj. 214.

*Til fjármálaráðherra:*

11. Þungaskattur, fsp. GL, 272. mál, þskj. 342.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Lögskráning sjómanna, 289. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 361.

Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, 287. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 358.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 359.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 193. mál, svar sjútvrh., þskj. 310.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu. Í dag kl. 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um rekstrargrundvöll landvinnslu í samkeppni við sjóvinnslu um borð í frystiskipum. Málshefjandi er Guðni Ágústsson. Sjútvrh. Þorsteinn Pálsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og mun standa í allt að hálfa klukkustund.

## *Förgun mómoldar og húsdýraáburðar.*

Fsp. HjÁ, 104. mál. — Þskj. 104.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Eitt meginvandamál íslensku þjóðarinnar er uppfok og eyðing jarðvegs. Þrátt fyrir mikla sókn gegn þessari vá hefur heldur miðað hægt. Vandamálið er mikið en ein ástæða þess hversu hægt hefur gengið virðist vera skortur á stefnumörkun eða allténtnógu skýrri stefnumörkun á þessu sviði.

Samtímis því sem við fylgjumst með stórum svæðum verða örfoka með viðeigandi óþægindum og hættu, þá erum við samhliða að eyða efnum sem vel má nýta til skilvirkrar uppgræðslu. Þannig er, herra forseti, að í landnámi Ingólfs Arnarsonar er talið að fargað sé um 72 þúsund tonnum af lífrænum úrgangi frá búrekstri og húsdýrahaldi og tæpum 50 þúsund tonnum af öðrum lífrænum úrgangi. Og það sem meira er, vitað er að stærstur hluti af úrgangi á stórum svína- og hænsnabúum fer beint í sjóinn. Þetta er athyglisvert. Þarna er verið að taka verðmæti og láta þau valda mengun í hafi í stað þess að nýta efnið til uppgræðslu. Þetta er í rauninni skammarlegt.

Í annan stað vil ég nefna að um 70 þúsund tonn af mómold eru árlega talin falla til vegna mannvirkjagerðar á landnámi Ingólfs Arnarsonar einu. Drjúgum hluta af þeirri mómold er fargað með ýmsum hætti. Þannig er talið að upp úr framkvæmdum við Ártúnsbrekku hafi komið um 57 þúsund rúmmetrar af jarðvegi sem fór til uppfyllingar á landi.

Herra forseti. Þetta geta vart talist búhyggindi. Hér er um að ræða gífurlega mikil og í rauninni ómetanleg verðmæti sem ekki eru nýtt en þess í stað látin valda skaða. Hér er afskaplega brýnt að móta skýra stefnu. Á þessu þarf að taka.

Samtökin Gróður fyrir fólk hafa lagt fram metnaðarfulla og í rauninni ódýra áætlun um það hvernig nýta megi þessi verðmætu efni í stað þess að spilla þeim og láta þau valda skaða. Þess vegna spyr ég hæstv. umhvrh. hvort hann muni beita sér fyrir stefnumörkun á þessu sviði.

[13:36]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur borið fram fyrirspurn um það hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir förgun mómoldar og húsdýraáburðar. Eins og hann gat um í framsögu fyrir sinni fyrirspurn er um að ræða mál sem vissulega er þörf á að taka á og sannarlega rétt að eitt af stóru eða erfiðu viðfangsefnum okkar í sambandi við umhverfismál á Íslandi er einmitt eyðing jarðvegs, uppfok og eyðing lands. Það er rétt að benda á að í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, sem ber heitið Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, eru sett fram tiltekin markmið eða forgangsröð um meðhöndlun alls úrgangs og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að draga úr magni úrgangs. Að endurnota og endurnýta það sem mögulegt er og farga því sem afgangs er á þann veg að það skaði umhverfið sem minnst."

Hér er auðvitað það markmið sett fyrst að reyna að minnka umfang alls úrgangs og endurnýta það sem mögulegt er, endurvinna eða nota á annan hátt þannig að það sem endanlega þarf að farga sé sem allra minnst.

Þá er í framkvæmdaáætluninni sérstaklega fjallað um endurnýtingu lífræns úrgangs og kveðið á um að samstarfshópur á vegum umhvrn. og landbrn. vinni að því að finna not fyrir afurðir lífræns úrgangs og er nú þegar unnið að því. Í framhaldi af þessu má segja að mikilvægt sé fyrir stjórnvöld og þá auðvitað umhvrn. ásamt öðrum ráðuneytum þar sem það á við, t.d. landbrn. og kannski í einhverjum tilvikum iðnrn. eða sjútvrn. sem kæmu að útfærslu þessa markmiðs og einnig með sveitarfélögum þar sem framkvæmdir eru ekki síst á vegum sveitarfélaga og þau ábyrg fyrir ýmsum þáttum sem varða umhverfismálin, svo sem einhvers konar úrgangi og sorpi, að allir þessir aðilar beiti sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir förgun mómoldar og finna leiðir til að nýta húsdýraáburðinn í auknum mæli í sátt við umhverfið. Nú er hann nýttur víða á búum en mörg dæmi eru um að svo er ekki eins og hv. þm. gerði grein fyrir í sínu máli áðan.

Í aprílmánuði sl. skipaði ég starfshóp til að vinna að leiðbeiningum um meðferð úrgangs. Hópurinn mun skila af sér á fyrri hluta næsta árs. Í hópnum er fjallað ítarlega um förgun húsdýraáburðar. Í niðurstöðum hans munu koma fram upplýsingar um magn áburðarefna frá hverri búfjártegund, heppilegar geymslur fyrir búfjáráburð, áburðarmagn til dreifingar á mismunandi land og aðferðir og dreifingartíma búfjáráburðar. Þetta hef ég rætt um við formann nefndarinnar.

Í síðasta mánuði skipaði ég síðan starfshóp sem hefur það hlutverk að leita leiða til að auka nýtingu pappírsúrgangs sem til verður hér á landi. Starfshópurinn skal í því sambandi einnig skoða möguleika á því að nota annan úrgang sem til fellur hér á landi í þeim tilgangi að auka nýtingu eða nýtingarmöguleika á pappírnum. Hér er átt við ýmsan lífrænan úrgang, sem hugsanlegt væri að blanda með einhverju móti saman við pappírinn, t.d. frá svína- og hænsnabúum, sem nýta mætti síðan til uppgræðslu og kemur Landgræðslan að þessu verkefni einnig með okkur. Ég vænti þess að fá niðurstöðu frá þessum starfshópi fyrir áramót.

Sorphirðumál eru hins vegar eins og hv. þingmenn vita verkefni sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um meðferð úrgangsins. Til dæmis er förgun garðaúrgangs og mómoldar bönnuð og þannig stuðlað að því að nýtanleg efni verði ekki að úrgangi en ég ítreka að ég tel að þetta sé sameiginlegt verkefni sem allir aðilar þurfa að taka á og nokkuð er þegar í gangi á þessu sviði.

[13:40]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð fyrirspurn sem hér var sett fram og vonandi að vinna þeirrar nefndar sem ráðherra greindi okkur frá verði til þess að vel verði staðið að málum varðandi förgun mómoldar og húsdýraáburðar. Við þingmenn Reykjaness vorum að koma frá Hafnarfirði þar sem við vorum í heimsókn og þar var hálfgert neyðaróp til okkar um ástandið í Krýsuvík vegna lausagöngu búfjár. Við þingmenn höfum af og til reynt að taka á því máli vegna gróðureyðingar og landbrots í landnámi Ingólfs og reynt að ná samstöðu um það. Það hefur ekki tekist. Hins vegar hefur fjöldi einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja bundist samtökum um að græða upp landið og kallar sig Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Það er mjög mikilvægt að saman verði leitast við að stöðva jarðvegseyðingu og bæta landgræðslu á þann hátt sem samtökin hafa sett (Forseti hringir.) sér markmið um m.a., virðulegi forseti, að nýta þann úrgang sem til fellur. Það er góð leið sem þar hefur verið valin og vonandi að eftir þessu verði jafnframt farið út um (Forseti hringir.) land. Ég treysti því að ráðherra styðji við bakið á

þessum góðu samtökum um að nýta úrgang (Forseti hringir.) og gróðurmold til þess að bæta landið eins og samtökin beita sér fyrir.

[13:42]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að koma með þessa athyglisverðu ábendingu þar sem í raun og veru er hægt að skapa verðmæti úr afurð sem ekki hefur verið nýtt til fullnustu. Þess eru dæmi að hreppar eru að stofna byggðasamlög, t.d. Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og Eyjafjallahreppar, þar sem verið er að kaupa vél til jarðvegsgerðar eða svokallaða composting-vél. Skógræktin á Mógilsá hefur einnig verið í fararbroddi hvað þetta varðar. Landsvæði er nýtt á Markarfljótsaurum í samvinnu við Austur-Landeyjahrepp, Hvolhrepp og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Einnig má nefna að eigendur svepparæktarfyrirtækisins á Flúðum nýta húsdýraáburð og hálm til þess arna og þar fellur einnig mjög mikið til af lífrænum efnum sem vert er að nýta. Þetta getum við nýtt allt saman í lífrænni framleiðslu. En ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm.

[13:43]

**Guðmundur Lárusson:**

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna fyrirspurn hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Í hans kjördæmi er stærsti hluti framleiðslu svína og kjúklinga í landinu. Þessi bú eru yfirleitt reist þar sem ekki er land í kring. Þetta eru einungis býli sem eru á mjög litlu landsvæði og úrgangur frá þeim fer í sumum tilfellum í sjóinn, sem er algerlega óviðunandi. Þess vegna er það verðugt verkefni fyrir hæstv. umhvrh. að beita sér fyrir því að í aðbúnaðar- og umhverfisreglugerð fyrir slík bú sé kveðið á um að bannað sé að farga úrgangi með þessum hætti og gera það að skilyrði að öllum úrgangi frá þessum búum verði varið til landgræðslu.

Það er rétt að geta þess í þessu sambandi að sum bú hafa einmitt haft forgöngu um að nýta land til uppgræðslu og ber að fagna því og ég held að mjög skynsamlegt sé að aðrir fylgi í kjölfarið.

[13:44]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir skýr svör sem og þeim hv. þingmönnum sem tóku til máls og lögðu hér orð í belg. Ég vil um leið fagna skipan þeirra nefnda sem hæstv. umhvrh. greindi frá og treysti því að nefndastarf það skili jákvæðum árangri og ég treysti umhvrh. til að fylgja þeim tillögum eftir.

Hins vegar er rétt að taka fram sem hæstv. ráðherra nefndi að m.a. þyrfti að fjalla um þessi mál þannig að þau efni sem hér um ræðir valdi sem minnstum skaða. Ég held að mikilvægt sé að undirstrika að ekki á einungis að líta á þetta frá skaðasjónarmiði heldur að hafa í huga að hér er um gífurleg verðmæti að ræða sem hægt er að nýta til að græða upp land okkar. Ég vil jafnframt nefna það við hæstv. ráðherra að hann beini því til nefnda sinna að fjalla ekki eingöngu um úrgang, húsdýraáburð og annað því um líkt heldur einnig um mómold. Ég heyrði ekki í máli hæstv. ráðherra að nefndunum væri sérstaklega ætlað að fjalla um afdrif mómoldar sem fellur til þegar unnið er að mannvirkjum. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að beina því til nefndanna.

Ljóst er að ýmis kostnaður fylgir aðgerðum á þessu sviði til að gera þau efni sem hér um ræðir að verðmætum. Samtökin Gróður fyrir fólk hefur m.a. bent á að í útboðsskilmála Vegagerðar vegna vegalagningar megi setja ákvæði um að mómold skuli komið fyrir á stöðum til uppræktar. Hér hefur verið nefnd gjaldtaka vegna stóru búanna til að koma úrgangi fyrir á réttum stöðum og þar fram eftir götunum. Þetta eru í sjálfu sér engin ný sannindi því í Njálu er haft eftir Njáli að aka skuli skarni á hóla. Þetta er það sem málið snýst um og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að fylgja þessu eftir, jafnvel með lagasetningu um bann við förgun á mómold og þeim efnum sem hér um ræðir.

[13:47]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál og ágætar ábendingar frá þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls auk fyrirspyrjanda um það hvernig bregðast megi við ýmsum þáttum. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minnti okkur enn einu sinni á það verkefni sem hefur staðið nokkurn tíma, að reyna að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár á Reykjanesi en hefur reyndar þrátt fyrir góðan vilja ýmissa og töluverða vinnu ekki gengið. Ég hef a.m.k. lýst áhuga mínum og vilja til að stuðla að ásættanlegri lausn málsins og heiti á alla sem geta lagt því máli lið að þeir haldi áfram að vinna að því verkefni. Ég hef átt gott samstarf við fólk sem starfar undir yfirskriftinni Gróður fyrir fólk og vona að framhald verði á því samstarfi því að ég held að víða sé verk að vinna og mikið vinnuafl og kraftur býr í því fólki sem vill beita sér á þessum sviðum.

Hv. þm. Guðmundur Lárusson minnti okkur á að þó að við búum ekki við álíka vanda eins og sum nágrannalöndin okkar varðandi úrgang frá landbúnaði, ég nefni t.d. Holland, þá er þetta að verða áhyggjuefni hjá stærstu búunum, alifugla- og svínabúunum, og verður að taka á málunum þar. Kannski má gera það með reglugerð eins og hv. þm. minnti á. Ég hef það því miður ekki fyrir framan mig þannig að ég geti svarað því nákvæmlega hvernig það lítur út eða hvort bregðast mætti öðruvísi við en gert hefur verið. Ég ítreka að á vegum landbrn. og umhvrn. sameiginlega eru starfandi nefndir sem vinna að þeim verkefnum sem fjallað er um í þessari fyrirspurn.

[13:49]

**Útbýting þingskjals:**

Húsaleigubætur, 290. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 362.

## *Losun koldíoxíðs í andrúmsloft.*

Fsp. HjÁ, 232. mál. — Þskj. 265.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Um heim allan hefur farið fram á síðustu missirum mikil umræða um umhverfismál, ekki síst um losun efna í andrúmsloftið. Það er skiljanlegt að sú umræða skuli fara fram því að umhverfisáhrif vegna losunar loftefna í andrúmsloftið er farin að ógna, segja margir, tilverunni og framtíðinni. Veður gerast válynd, breytingar á veðurkerfum eru farin að ógna lífríki jarðar. Þetta tengist umræðu um væntanlega Kyoto-ráðstefnu þar sem þjóðir heims munu reyna að koma sér saman um aðgerðir gegn þessari vá.

Ég tel, herra forseti, að Íslendingar hafi í raun stigið stærra skref en nokkur önnur þjóð á þessu sviði á árunum 1950–1980. Lengst af þessari öld hefur aðalorkugjafi Íslendinga til hitunar húsa verið kol og olía. Þannig hygg ég að margir muni eftir kolakrananum í Reykjavíkurhöfn og

fjallháum kolabingjum og miklum innflutningi á olíu til að hita upp hús og brennslu þessara orkugjafa með tilheyrandi mengun í andrúmsloftið. Það þarf ekki mikla speki til að ályktа um þá mengun sem þessir orkugjafar ollu.

Enn er það svo að flestar þjóðir heimsins hita hús sín með svonefndum svörtum orkugjöfum, þ.e. kolum og olíu. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hversu mikilvæg skref við Íslendingar stigum með hitaveituvæðingunni. Það er afskaplega dýrmætt fyrir okkur að geta ráðið við nýtingu vistvænnar orku eins og við sýndum þegar við ákváðum að leggja hitaveitu í hús okkar. Auðvitað réð þar mestu að við höfðum til þess djörfungina, pólitískan vilja og síðast en ekki síst menntun og færni íslensks tæknifólks.

Mjög fróðlegt væri, herra forseti, að vita hvaða áhrif þessi hitaveituvæðing hefur haft og því varpa ég þeirri fyrirspurn til hæstv. umhvrh. hvaða breytingar urðu á losun koldíoxíðs í andrúmsloftið við Ísland á árunum 1950–1980 í kjölfar þess að hitaveita leysti olíu- og kolakyndingu af hólmi.

[13:52]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu að menn velti fyrir sér og ræði um loftslagsbreytingar þessa dagana vegna þess að eins og kom fram á hv. þingi fyrir tveim dögum standa fyrir dyrum mikilvæg fundahöld um þessi mál á alþjóðlegum vettvangi sem við Íslendingar þurfum auðvitað að taka þátt í og höfum reyndar gert í sambandi við undirbúninginn. Eitt af því sem hefur komið fram í þeirri umræðu er hversu okkar staða er sérstæð að því leytinu til að við höfum þegar tekist á við mörg af þeim vandamálum og verkefnum sem aðrar þjóðir eiga algerlega eftir að takast á við, þ.e. að nýta endurnýjanlega orkugjafa til að draga úr mengun andrúmsloftsins og losun gróðurhúsalofttegundanna svokölluðu. Þar sem viðmiðunarárið við þá samningagerð er yfirleitt talið vera 1990, og það ár sem samningurinn mun ganga út frá, og hversu þjóðum tekst að breyta til eftir þann tíma, þá verður fróðlegt að velta fyrir sér hvað við Íslendingar vorum búnir að gera fyrir þann tíma eins og hv. fyrirspyrjandi bað einmitt um.

Samkvæmt upplýsingum sem umhvrn. hefur fengið frá Orkustofnun, þá samsvaraði nýting jarðhita árið 1950 til notkunar á um það bil 72 þúsund tonnum af olíu og árið 1970 var þessi nýting jarðhita farin að svara til um 242 þúsund tonnum af olíu. Mismunur þessara talna gefur til kynna að hitaveita hafi komið í stað um það bil 170 þúsund tonna af olíu sem ella hefði verið nýtt til húshitunar og þá leitt til losunar á um 540 þúsund tonnum af koldíoxíði á ári.

Tölur um olíunotkun ná aftur til ársins 1972 og það ár var olíunotkun vegna húshitunar og sundlauga tæp 153 þúsund tonn og vegna raforkuvinnslu tæp 11 þúsund tonn. Útstreymi koldíoxíðs vegna þessarar eldsneytisbrennslu er áætlað að hafi verið um 520 þúsund tonn.

Árið 1982 var olíunotkun vegna húshitunar og sundlauga um 33.500 tonn og vegna raforku 2.300 tonn, útstreymi koldíoxíðs vegna þessarar brennslu hefði getað verið rúm 100 þúsund tonn. Árið 1992 var olíunotkun vegna húshitunar og sundlauga komin niður í 12.600 tonn og vegna raforkuvinnslu 1.300 tonn og útstreymi koldíoxíðs vegna þessarar brennslu hefði verið áætlað innan við 50 þúsund tonn. Á þessum tölum sést hversu gríðarleg breyting hefur orðið í þessum efnum hjá okkur fyrir árið 1990. Má því segja að frá árinu 1950 megi leiða líkur að því að með tilkomu hitaveitu eða húshitunar með rafmagni hafi dregið úr losun koldíoxíðs um u.þ.b. eina milljón tonna fram til ársins 1992 ef við miðum við það ár. Til samanburðar má síðan geta þess að það eru u.þ.b. 2,7 millj. tonna sem heildarlosunin er talin hafa verið hjá okkur á seinasta ári, þriðjungur frá samgöngum, þriðjungur frá fiskveiðiflotanum og þriðjungur frá stóriðju og annarri atvinnustarfsemi.

Aukið útstreymi koldíoxíðs er einnig ofurlítið vegna notkunar jarðhitavirkjananna og ekki rétt að vera að undanskilja það og má nefna það hér líka. Lætur nærri að sú losun sé talin vera um 80 þúsund tonn á ári.

[13:57]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Í svari hæstv. ráðherra komu fram athyglisverðar tölur um það hversu mikilvæg skref Íslendingar stigu á því tímabili sem hér er til umræðu frá 1950–1980 með því að nýta hitaveitu, vistvænan orkugjafa, í stað kola og olíu. Það þýðir og staðfestir að Íslendingar hafa stigið afskaplega mikilvægt og merkilegt skref, líklega stærra skref en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Þess vegna hlýtur það auðvitað að skjóta nokkuð skökku við ef sú aðgerð mun veikja í raun samningsstöðu okkar vegna samningsferlisins og lokasamningsins í Kyoto þar sem viðmiðunarár vegna skuldbindinga eru í raun eftir aðalátak okkar við hitaveituvæðinguna.

Herra forseti. Ég efa það ekki að í árdaga hitaveituvæðingar hafi heyrst ýmsar úrtöluraddir og raddir efasemda. Til allrar hamingju urðu þær raddir ekki ráðandi heldur framsýn sjónarmið með þeim afleiðingum að hitaveitan er komin til þess að vera.

Það má einnig velta fyrir sér óbeinu framlagi Íslendinga til nýtingar vistvænna orkugjafa með því að við höfum flutt út hugvitið þar sem íslenskir vísindamenn og fræðimenn kenna öðrum þjóðum að nýta sér hinn vistvæna orkugjafa. En nú ríður á, herra forseti. Við höfum stigið fyrsta skrefið og nú ríður á að stíga næstu skref. Ég held því fram að við stöndum í rauninni í svipuðum sporum núna og 1950 þegar við ákváðum að leggja út í að hitaveituvæða heimili okkar.

Koltvíildi er mest frá bílum og fiskiskipum. Við eigum að halda þess vegna áfram á þeirri braut sem var mörkuð með hitaveituvæðingunni. Nú er að ráðast á syndir okkar þar sem þær eru mestar. Það er annars vegar vegna útblásturs frá bílum og hins vegar frá fiskiskipum. Yfirlýsing ríkisstjórnar þar um liggur fyrir og því vil ég hvetja hæstv. umhvrh. og hæstv. ríkisstjórn til að stíga jafndjörf skref við vetnisvæðingu og við hitaveituvæðingu.

[13:59]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir hvatningarorð hv. fyrirspyrjanda í lok ræðu sinnar til stjórnvalda og kannski ekki síður til þeirra aðila sem reka atvinnuvegi okkar, þ.e. bæði samgönguþáttinn og kannski ekki síður sjávarútveginn. Þeir aðilar þurfa auðvitað að taka á þessum málum með okkur og sameiginlega. Ég veit að það er fullur vilji til þess hjá atvinnulífinu. Ég hef átt fjölmarga fundi með fulltrúum atvinnulífs. Í dag er verið að halda fund sem fjallar um þessar loftslagsbreytingar að frumkvæði Verkfræðingafélagsins og Framtíðarstofnunar og þema fundarins er: Hvað getur atvinnulífið gert? Hvernig getur atvinnulífið brugðist við? Mönnum er auðvitað að verða það mjög vel ljóst í atvinnulífinu að umgengnin við umhverfið skiptir verulegu máli um

viðhorf almennings til viðkomandi atvinnugreina. Það skiptir síðan verulegu máli fyrir okkur á alþjóðavettvangi hvernig við tökumst á við okkar mál í samstarfi við aðrar þjóðir. Hér verða allir að leggjast á eitt við að reyna að taka sem best á þessum málum. Við eigum auðvitað mikla möguleika enn í að nýta endurnýjanlega orkugjafa og okkur er sárt um það að láta setja okkur stólinn fyrir dyrnar í því efni. Við hljótum þess vegna að halda því mjög á lofti í sambandi við þessa alþjóðlegu samninga sem í gangi eru og getum þá vitnað til þess sem við höfum verið að gera á undanförnum árum og áratugum. En því miður hefur verið nokkuð erfitt að halda þeim málflutningi svo hátt að við höfum náð að fá stuðning eða samþykki annarra þjóða í því efni og það er einmitt það viðfangsefni eða vandamál sem við glímum við núna, en við verðum auðvitað líka að leita allra leiða í sambandi við þá atvinnuvegi sem enn þá nýta olíu og aðra orkugjafa sem menga meira en þeir endurnýjanlegu.

### *Landbrot af völdum Þjórsár.*

Fsp. GÁ, 240. mál. — Þskj. 279.

[14:02]

**Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Með tilkomu virkjana í Þjórsá og Tungnaá á undanförnum árum er ljóst að vetrarrennsli Þjórsár í byggð hefur aukist verulega. Það er viðhorf margra hlutaðeigandi landeigenda á bökkum Þjórsár að landbrot hafi aukist og þá sérstaklega að vetrarlagi. Þá myndast oft ísstíflur og Þjórsá bólgnar upp og flæmist þá gjarnan út úr farvegi sínum. Hætta á landskemmdum vex því við aukið rennsli.

Heilt bæjarhverfi á vesturbakka Þjórsár býr nú við vaxandi ógn af völdum Þjórsár. Það sannaði flóð í fyrravetur. Mér sýnist brýnt að hækka veginn og styrkja að Egilsstöðum og Egilsstaðakoti. Enn fremur verði að gera leiðigarð sem beinir Þjórsá frá vesturbakkanum og bæjunum í Mjósundi, Forsæti og Ferjunesi.

Því er ekki að leyna að eftir að þetta vatnsrennsli jókst brýtur Þjórsá víðar land, svo sem á Skeiðum og auðvitað er það svo sem betur fer að Landsvirkjun hefur tekið þátt í varnaraðgerðum gegnum tíðina. En ég hef áhyggjur af því sem bæði er að gerast á hálendinu og því aukna vatnsmagni sem stefnt er á að fari um farveginn og að af því stafi hætta. Því vil ég vekja athygli á þessu máli og gera kröfu um að þeir sem að málinu koma verði leiddir saman og mörkuð verði stefna.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. landbrh. eftirfarandi spurninga:

Er til heildarúttekt á landbroti af völdum Þjórsár síðan virkjanir hófust?

Hefur Landsvirkjun kostað aðgerðir til varnar landbroti við Þjórsá?

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum til að koma í veg fyrir frekara landbrot á bökkum Þjórsár í byggð og til að fyrirbyggja að Þjórsá flæmist að vetri um byggð í Villingaholtshreppi, eins og ég gat um áður?

[14:04]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 279 hefur hv. alþm. Guðni Ágústsson beint til mín fyrirspurn sem varðar landbrot af völdum Þjórsár. Leitað var upplýsinga af hálfu landbrn. hjá Landgræðslu ríkisins og Landsvirkjun en þessar stofnanir þekkja tvímælalaust best til þessara mála.

Fyrsti liður fyrirspurnarinnar var: Er til heildarúttekt á landbroti af völdum Þjórsár síðan virkjanir hófust?

Samkvæmt upplýsingum þessara stofnana hefur ekki verið gerð heildarúttekt á landbroti af völdum Þjórsár síðan virkjanir og miðlanir þar voru teknar í notkun. Hins vegar hefur Landsvirkjun gert nákvæmar mælingar á bökkum árinnar á árunum 1985 og 1996 til að geta metið breytingar á landbroti. Einnig hefur Landsvirkjun gert samanburð á landbroti samkvæmt loftmyndum sem teknar voru á árunum 1945, 1960 og 1978 og borið þær saman við mælingar. Þessi samanburður leiddi í ljós 1985 að ekki hafði orðið nein teljandi breyting á landbroti eftir að virkjanirnar tóku til starfa. Um næstu áramót munu liggja fyrir niðurstöður mælinga frá 1996 en þá ætti að koma í ljós hvaða áhrif hinir fjölmörgu varnargarðar við ána hafa haft til að stöðva landbrot.

Landsvirkjun hefur á undanförnum 13 árum fylgst reglulega með landbroti á viðkvæmum stöðum á bökkum árinnar. Einnig hefur fyrirtækið fylgst með og mælt breytingar á strandlínu suðurstrandarinnar nærri Þjórsárósum. Þær athuganir hafa leitt í ljós að á síðustu 20 árum hafa litlar breytingar orðið á strandlínunni í heild þó svo að áramunur sé verulegur á henni. Ljóst er að ítarleg úttekt á landbroti meðfram ánni og breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum yrði mjög kostnaðarsöm.

Annar liður fyrirspurnarinnar var: Hefur Landsvirkjun kostað aðgerðir til varnar landbrotinu?

Landsvirkjun hefur ásamt Landgræðslu ríkisins kostað byggingu 30 varnargarða í Þjórsá sem reistir voru á árunum 1985–1993. Þessir garðar eru á Skeiðum, í Villingaholtshreppi, í Holta- og Landsveit. Heildarframlag fyrirtækisins til byggingar garðanna nemur á núverandi verðlagi um 7 millj. kr. á tímabilinu frá 1985–1995 auk minni háttar vinnuframlags með umsjón með gerð garðanna.

Þriðji liður spurningarinnar var: Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum til að koma í veg fyrir frekara landbrot á bökkum Þjórsár í byggð?

Því er til að svara samkvæmt upplýsingum frá stofnununum að Landgræðslan ber ábyrgð á fyrirhleðslum í ám lögum samkvæmt. Af hálfu stofnunarinnar eru ekki fyrirhugaðar neinar sérstakar aðgerðir á næsta ári aðrar en venjubundið viðhald þeirra garða sem fyrir eru. Landgræðslan telur hins vegar brýnt að verja land á nokkrum stöðum í Skeiða- og Villingaholtshreppi og í Holta- og Landsveit. Til þessa eru ekki neinar fjárveitingar. Landsvirkjun hefur heldur ekki gert áætlun um aðgerðir til að koma í veg fyrir frekara landbrot Þjórsár í byggð. Eins og hér hefur komið fram hefur fyrirtækið haft auga með þeim stöðum á bökkum árinnar þar sem rennsli veldur landbroti og gert þar viðeigandi ráðstafanir til að stöðva landbrot í samstarfi við Landgræðsluna.

Síðari liður þriðju fyrirspurnarinnar var: Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum til að fyrirbyggja að Þjórsá flæmist að vetri um byggð í Villingaholtshreppi?

Hér er um það að ræða að Þjórsá rennur milli hárra bakka frá Urriðafossi niður fyrir bæinn Egilsstaði. Á þessum kafla gerist það oft að vetri til að mjög mikil vatnsborðshækkun verður vegna ísmyndunar. Neðan við Egilsstaði breiðir áin úr sér bæði til austurs og til vesturs í átt að Villingaholti. Á liðnum vetri rann Þjórsá yfir veginn milli Egilsstaða og Mjósyndis eins og raunar hefur gerst nokkrum sinnum áður í

manna minnum. Í kjölfar þess hafa aðstæður á svæðinu verið skoðaðar í því skyni að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að áin grafi í sundur vegina á þessum köflum og valdi skaða í nágrenninu.

Að mati Landsvirkjunar er heppilegasta varnaraðgerðin til að koma í veg fyrir slíka atburði sú að hækka verulega veginn milli Villingaholts og Egilsstaða þannig að hann komi í veg fyrir að vatn flæmist um lægðina á milli þessara bæja. Hið sama gildir um svæðið milli Villingaholts og Mjósyndis. Þar þarf að hækka veginn á stuttum kafla til að varna þar rennsli úr farvegi árinnar.

Loks má geta þess að til er áætlun hjá Landsvirkjun um gerð sérstaks leiðigarðs efst á flatlendinu neðan Egilsstaða til að beina rennsli árinnar frá framangreindum stöðum þar sem borið hefur á því að áin fari úr farvegi sínum. Mikil óvissa ríkir hins vegar um það hvort bygging slíks garðs nægði til að koma í veg fyrir slíka atburði. Að mati landgræðslustjóra er afar brýnt að fjármagna sem fyrst aðgerðir til að koma í veg fyrir að Þjórsá flæmist að vetri um byggð í Villingaholtshreppi. Til þess þarf hins vegar meiri fjármuni en árlega eru áætlaðir á fjárlögum til fyrirhleðslna í landinu öllu og yrði löggjafinn að taka á því máli sérstaklega.

[14:10]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu mikla og vaxandi vandamáli við Þjórsá. Landbrot er að verða alvarlegt vandamál við Þjórsá og víðar á Suðurlandi. Mér finnst sýnt að Landsvirkjun komi að þessu máli því ljóst er að virkjanir á hálendinu valda þessum breytingum sem orðið hafa við Þjórsá.

Landbrotið er einnig þekkt víðar á Suðurlandi, t.d. við Markarfljót og Klifanda og við verðum að verja meiri peningum til landvarna. Við vinnum stöðugt að landgræðslu sem er mjög jákvætt að sjálfsögðu. Þar hafa fyrirtæki komið til hjálpar. En hér er líka upplagt verkefni, vil ég meina, fyrir fyrirtæki að koma að, þ.e. að verja það land sem ræktað hefur verið því að landbrot er vaxandi vandamál á þessu svæði.

[14:11]

**Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svör hans og þær upplýsingar sem hann hér kom með. Þrír aðilar þurfa að koma að þessu verki, Landgræðslan, Landsvirkjun og Vegagerðin þannig að mikilvægt er að leiða þessi miklu fyrirtæki áfram. Ég held að það hafi komið fram í áliti Landgræðslunnar að þessa ógnun sem a.m.k. mannabyggð stafar af því að Þjórsá flæmist úr sínum farvegi, er einfalt að leysa með vegagerð á tvo vegu, þ.e. að hækka veginn og styrkja að Egilsstöðum og Egilsstaðakoti og síðan niður að Mjósyndi. Þá væru menn búnir að bægja þeirri vá frá. Þarna væri ekkert óeðlilegt að Landsvirkjun kæmi að og síðan nefndi hæstv. ráðherra leiðigarð sem einnig kæmi til greina.

Ég held að þetta mál þoli enga bið og menn þurfa að taka á því. Við þingmenn höfum auðvitað rætt þetta við þessar stofnanir og munum gera það áfram. Við væntum þess, sem hér kom fram, að hið háa Alþingi verji vaxandi fjármagni til þess að verjast landbroti því að það er bæði á Suðurlandi og sjálfsagt víðar vaxandi vandamál og í það varnarstarf fara of litlir peningar.

Ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, og þakka hæstv. ráðherra hans svör.

## *Biðlauna- og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna.*

Fsp. GHelg, 106. mál. — Þskj. 106.

[14:14]

**Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 106 hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

Telur ráðherra það samrýmast 72. gr. stjórnarskrárinnar að mikilvægur þáttur í lögkjörum starfsmanna ríkisbankanna, svo sem réttur til biðlauna, sé skertur eins og gert var með lögum nr. 50/1997 eða réttur ríkisstarfsmanna til biðlauna eins og gert var með lögum nr. 70/1996?

Telur ráðherra vafa leika á að áunninn lífeyrisréttur starfsmanna ríkisbankanna þar til hlutafélögin um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands voru stofnuð verði ríkistryggður?

Hæstv. forseti. Þegar ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru sett árið 1996, lög nr. 70, féllu úr gildi lög nr. 34/1954. Með hinni nýju lagasetningu var biðlaunaréttur hinn sami og áður, 6–12 mánuðir eftir starfstíma nema starfsmaður hafi hafnað sambærilegri stöðu hjá ríkinu. En sú meginbreyting var gerð með hinum nýju lögum að nú missir hann einnig biðlaunarétt hafi hann hafnað starfi hjá öðrum aðila, sbr. 1. mgr. 34. gr. laganna.

Í 2. mgr. 34. gr. er einnig að finna ákvæði um að biðlaun falli niður hefji maður störf hjá öðrum aðila en ríkinu á biðlaunatímanum. Það er því ljóst að biðlaunaréttur opinberra starfsmanna hefur verið þrengdur til muna með lagasetningu þessari án þess að nokkuð kæmi í staðinn.

Í dómi hæstaréttar árið 1990, bls. 452, er það gert að áhersluatriði að 6–12 mánaða biðlaunaréttur starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum nr. 34/1954 sé svo sérstaks eðlis, vegna þess að um sé að ræða starfsmenn ríkisins og svo mikilvægur þáttur í lögkjörum þeirra, að honum verði jafnað til eignarréttar í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar, lög nr. 33/1944, með síðari breytingum. Þar segir að eignarréttur sé friðhelgur og engan megi skylda til að láta eign sína af hendi nema almannaþörf krefji. Til þess þurfi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Ekki verður séð hver sú umbun var.

Þegar rekstrarformi ríkisbankanna var breytt í hlutafélög með lögunum nr. 50/1997 var svo kveðið á að með biðlaunarétt starfsmanna þeirra skuli fara eins og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna segja til um. Og til þess kynni leikurinn m.a. að hafa verið gerður því að um er að ræða 3.300 starfsmenn ríkisbankanna og þá þegar ljóst að breytingar voru yfirvofandi í ríkisbönkunum. Til þess að bíta höfuðið af skömminni voru starfsmenn bankanna síðan látnir undirrita afsal biðlaunaréttar í umsókn sinni um starf hjá hinu breytta fyrirtæki og áttu menn líklega fárra kosta völ ef þeir hugðust halda starfi sínu.

Þá eru ákvæði í nýju lögunum um að ríkistrygging verði áfram á áunnum lífeyrisrétti bankastarfsmanna og þó nú væri. En í 11. gr. laganna segir þó: „... ef ekki nást á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun.“ Og mér þætti gaman að heyra hvað er átt við með þessari setningu.

Ég mun taka til máls aftur, hæstv. forseti, og læt þetta nægja í bili þar sem tíminn er þrotinn.

[14:17]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 106 hefur hv. þm. Guðrún Helgadóttir borið fram eftirfarandi spurningar til mín:

Í fyrsta lagi: Telur ráðherra það samrýmast 72. gr. stjórnarskrárinnar að mikilvægur þáttur í lögkjörum starfsmanna ríkisbankanna, svo sem réttur til biðlauna, sé skertur eins og gert var með lögum nr. 50/1997 eða réttur ríkisstarfsmanna til biðlauna eins og gert var með lögum nr. 70/1996?

Það er mat mitt að með lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., hafi réttarstaða starfsmanna verið tryggð. Í 8. gr. laganna segir að allir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands ísl. bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga skuli eiga kost á sambærilegu starfi hjá viðkomandi hlutafélagabanka við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Jafnframt segir að starfsmaður ríkisviðskiptabankanna sem taki við starfi hjá viðkomandi hlutafélagabanka skuli njóta sömu kjara og réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Réttur starfsmanna til launa hjá ríkisviðskiptabanka fellur niður er hann tekur við starfinu.

Hinn 27. júní sl. skrifuðu bankastjórar hvors banka öllum starfsmönnum bréf þar sem þeim var tilkynnt um hin lögmætu starfslok hjá viðkomandi ríkisviðskiptabanka og boðið starf hjá nýjum hlutafélagabanka. Í því sambandi var hverjum starfsmanni gefinn kostur á að skrifa undir yfirlýsingu þar sem viðkomandi staðfesti að hann hefði ákveðið að taka sambærilegu starfi hjá viðkomandi hlutafélagabanka og hann gegndi hjá ríkisviðskiptabankanum við yfirtökuna í samræmi við fyrrgreint bréf og lög nr. 50/1997.

Ekki hefur verið staðfest fyrir dómstólum að bankastarfsmenn eigi rétt til biðlauna sem almennir ríkisstarfsmenn. Til að taka af allan vafa um hvernig með slíkan rétt færi ef hann yrði viðurkenndur er hins vegar kveðið á um um biðlaunarétt sem kunni að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um hugsanlegan biðlaunarétt er því alfarið vísað til almennra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það frv. var til umfjöllunar hér í þinginu og hlaut nákvæma umfjöllun. Ég lít svo á að við afgreiðslu frv. hafi verið gætt að sjónarmiðum um vernd eignarréttar og ákvæði þess metin svo að ekki væri um skerðingu á slíkum réttindum að ræða.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra vafa leika á að áunninn lífeyrisréttur starfsmanna ríkisbankanna þar til hlutafélögin um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands voru stofnuð verði ríkistryggður?

Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997 segir að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra er tekinn yfir af viðkomandi hlutafélagi og til staðar eru samkvæmt reglugerðum eftirlaunasjóðanna eins og þær eru við yfirtökuna. Hins vegar er í ákvæðinu einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að samningar takist um aðra tilhögun.

Á síðustu missirum hafa verið í undirbúningi breytingar á reglugerðum eftirlaunasjóða bankanna. Hugmyndirnar hafa í stórum dráttum verið þær að gefa starfsmönnum í framtíðinni kost á að ávinna sér rétt í blönduðu kerfi stigasjóðs og séreignarsjóðs. Jafnframt hafa hugmyndirnar falið í sér að bankarnir greiddu sjóðnum áfallnar skuldbindingar samkvæmt mati tryggingafræðinga. Þar með væru bankarnir búnir að gera upp við eftirlaunasjóðina og ábyrgð þeirra á þessum skuldbindingum því ekki lengur fyrir hendi. Í því fælist einnig að ábyrgð ríkissjóðs vegna skuldbindinganna væri þar með fallin niður.

Sjóðsfélagar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka hafa þegar samþykkt breytingar á reglugerð sjóðsins í samræmi við þær hugmyndir sem hér var lýst áðan. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef eru breytingar á vegum Eftirlaunasjóðs Búnaðarbanka enn í vinnslu, en eru í sama farvegi og þær breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka.

Ég vil taka fram að vinna við breytingar á reglugerðum eftirlaunasjóðanna hefur verið að frumkvæði starfsmannanna sjálfra og er í þeim skilningi ótengd stofnun hlutafélaga um bankana. Það hefur hins vegar verið mat mitt að umræddar breytingar séu af hinu góða fyrir alla, jafnt sjóðfélaga, bankana og ríkissjóð.

[14:23]

**Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það fór sem mig uggði að ég held að hér séu starfsmenn Landsbanka og Búnaðarbanka að láta fara illa með sig. Það er alveg ljóst að þetta fólk er farið að vinna hjá öðruvísi fyrirtæki sem getur þess utan breyst hvenær sem mönnum sýnist svo. Og ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, sem ég vona að ég hafi gert, en ég mun að sjálfsögðu fá ræðu hans skrifaða, þá sýnist mér að það sé raunar ekki tryggt að ríkið sé í ábyrgð um allan aldur fyrir áunnum rétti þar til bankarnir urðu hlutafélög. Nú vona ég að ég hafi ekki misskilið. En þarna er greinilega verið að semja um eitthvað annað.

Það er alveg rétt að í vinnslu eru reglugerðir fyrir hvorn sjóðinn fyrir sig. Ég held hér á drögum að reglugerð um Lífeyrissjóð bankamanna. Mér sýnist eftir því sem ég best veit að sú reglugerð sé ekki komin út hjá ráðuneytinu, því síður í Stjórnartíðindum. En hér held ég að það fari ekkert á milli mála að verið er að fara aftan að þessum starfsmönnum.

Nú er það alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, svo furðulegt sem það nú er, að starfsmenn virðast hafa meira og minna samþykkt þetta. Að vísu hef ég fengið þær upplýsingar að fundir hafi verið afar fámennir og stórar ákvarðanir teknar af ótrúlega litlum hluta þeirra 3.300 starfsmanna sem hjá bönkunum vinna. En það er jafnljóst að fólk var auðvitað mjög uggandi um sinn hag, óttaðist að fá ekki starf sitt aftur og taldi sig áreiðanlega neytt til að gangast meira og minna inn á það sem hér var í bígerð.

Ég lýsi því yfir, hæstv. forseti, að ég tel að því miður hafi ég fengið önnur svör við fyrirspurn minni en ég var að vona. Ég held að þarna hafi verið tekinn í fyrsta lagi mikilvægur réttur af starfsmönnum til biðlauna og í öðru lagi að það sé hreinlega ekki tryggt að ríkið beri ábyrgð á þeim lífeyrissjóðsréttindum sem þetta fólk hafði aflað sér áður en bankarnir voru einkavæddir.

[14:26]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan í minni fyrri ræðu, þá hefur ríkið aldrei viðurkennt þennan biðlaunarétt. Sé hann hins vegar til staðar, þá vísast á lög, eins og ég sagði hér áðan, nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. gerði athugasemd við og snýr að skuldbindingu ríkissjóðs á eftirlaunasjóðunum, þá segir í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997, um Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf., með leyfi forseta:

„Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af" viðkomandi hlutafélagi „og til staðar eru samkvæmt reglugerðum eftirlaunasjóðanna eins og þær eru ..." við yfirtökuna.

Þetta er alveg skýrt. Ábyrgðin er þarna til staðar, til þessa tilsetta tíma.

Í undirbúningi hafa síðan verið, eins og ég lýsti áðan, breytingar á reglugerðum sjóðanna. Annars vegar er búið að breyta reglugerðinni um Eftirlaunasjóð Landsbankans og Seðlabankans. Sú breyting var samþykkt af starfsmönnum viðkomandi stofnana á sérstökum fundi sem þar var haldinn með mjög góðum undirbúningi. Ég tel að mjög vel hafi verið vandað til alls þess undirbúnings af bæði Landsbankanum og Seðlabankanum og umræða er í gangi meðal starfsmanna Búnaðarbankans um sambærilegar breytingar. Þær hafa ekki verið samþykktar. Ég tel að þar hafi líka verið vel til þess undirbúnings alls vandað, þ.e. hver einstakur starfsmaður hefur verið reiknaður út þannig að menn sjá nákvæmlega hvaða rétt þeir hafa og hvaða réttindi þeir geta haft með því að velja milli deilda.

[14:28]

**Útbýting þingskjals:**

Tekjuhópar undir skattleysismörkum, 102. mál, svar fjmrh., þskj. 360.

## *Umferðaröryggismál.*

Fsp. HjálmJ, 181. mál. — Þskj. 181.

[14:28]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég er hér með umferðaröryggisáætlun 1997–2001 sem dreift var í þinginu í vor. Þetta er áhugavert plagg og hið vandaðasta. Við lestur vöknuðu ýmsar spurningar um framgang þessarar áætlunar sem mig langaði til þess að beina til hæstv. dóms- og kirkjumrh., en þær eru svohljóðandi:

Hefur ráðherra skipað starfshóp um verkaskiptingu og samstarf ráðuneyta til þess að tryggja betur skilvirka framkvæmd umferðaröryggismála?

Hefur skráning slysa verið samræmd milli Umferðarráðs, lögreglu og sjúkrastofnana?

Hafa skýrslur opinberra aðila sem vinna að umferðaröryggismálum skilað sér til dómsmálaráðuneytisins?

Er fyrirhugað að lögleiða notkun hjólreiðahjálma fyrir alla án tillits til aldurs?

Hvað líður heildarendurskoðun á innheimtukerfi sekta fyrir umferðarlagabrot?

Hvenær má búast við því að „Umferðaröryggisáætlun 1997–2001" verði rædd á Alþingi?

Herra forseti. Umferðarmál varða alla og það skiptir miklu að umferðin í þéttbýli og í dreifbýli sé greið og örugg. Eins og við hins vegar vitum er hún það ekki alltaf. Slys, þjáningar og sorg er hlutskipti margra í þjóðfélaginu vegna þess að umferðin gengur ekki sem skyldi. Nánast daglega bætast einhverjir í þann hóp sem á um sárt að binda vegna slysfara í umferðinni. Fyrir utan dauðsföllin sem auðvitað eru þyngri en tárum taki bera margir þess sár um ævilöng ár sem var aðeins augnablik að gerast í óhappi í bíl eða annarri umferð.

Undanfarinn áratug hafa á bilinu 10–24 Íslendingar látist í umferðinni á ári fyrir utan allt líkamstjón þeirra sem lifa skertir eftir slys. Þetta er auðvitað aðalatriðið, en hitt er líka að slysin kosta samfélagið 10–13 milljarða á ári.

Herra forseti. Umferðarslysin eru ekki náttúrulögmál og þeim er hægt að afstýra. Það sýnir reynsla okkar og annarra þjóða. Gott forvarnastarf er afar mikilvægt og margt er vel gert þótt margt sé ógert. Mig langar til þess að vekja athygli á umferðarátaki sem stendur yfir þessa dagana á Sauðárkróki. Þar stendur umferðaröryggisnefnd Sauðárkróks að átakinu í samvinnu við lögreglu, tryggingafélögin og Umferðarráð og auðvitað í samvinnu við vegfarendur og bæjarbúa alla. Þarna hygg ég vera á ferðinni gott dæmi um viðleitni til að ná árangri. Kjörorðið er: Betri umferð, betri bær. Ég vænti þess að fleiri taki þetta svo upp, en umferðaröryggisnefndir hafa verið stofnaðar um allt land og þeim er ætlað að gangast fyrir auknu samstarfi um bætta umferðarmenningu.

[14:32]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningu hv. þm. er það að segja að sú nefnd sem þar er spurt um hefur ekki enn verið skipuð en ég vænti þess að það verði gert að höfðu nánara samráði við samgrh. Á hinn bóginn hefur þriggja manna nefnd verið skipuð, eða þriggja manna starfshópur, sem m.a. á að gera árlega skýrslu til ráðherra um framkvæmd umferðaröryggisáætlunarinnar og gera tillögur um ný verkefni og hafa samskipti við þá sem að umferðaröryggismálum koma og samræma aðgerðir í þeim efnum í samræmi við þá tillögu sem Alþingi hefur samþykkt.

Varðandi aðra fyrirspurnina er það að segja að samræmd skráning Umferðarráðs, sjúkrastofnana og tryggingafélaga hefur ekki átt sér stað. Skráning Umferðarráðs á umferðarslysum byggir á skýrslum lögreglu. Vegagerðin og aðrir veghaldarar fá upplýsingar frá Umferðarráði um slysatölur. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur slysaskráningu og flestar sjúkrastofnanir í landinu. Yfirlæknirinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem um þessi mál fjallar hefur haft umsjón með gerð forrits til að staðla slysaskráningar sjúkrastofnana. Viðræður eru nú í gangi á milli Umferðarráðs og Sjúkrahúss Reykjavíkur um hvernig megi bera saman slysaskráningu stofnananna og bæta þær upplýsingar sem til eru í dag. En vandamál á slíkum samanburði eru varðandi trúnaðarupplýsingar og tengingu við staðsetningu skráðra slysa. Á næsta ári kemur væntanlega í ljós hvort unnt verður að samræma þessa skráningu að fullu.

Um þriðju spurninguna er það að segja að í þáltill. um aukið umferðaröryggi er hvatt til þess að öll sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 geri eigin umferðaröryggisáætlun og einnig aðrir aðilar sem vinna að umferðaröryggismálum. Um 80 aðilar sendu inn áætlun fyrir árið 1997 og var það í raun betri árangur en búist hafði verið við fyrir fram.

Um fjórðu spurninguna er það að segja að eins og kunnugt er var notkun hjólreiðahjálma fyrir börn sem eru yngri en 15 ára sett í reglugerð nú í haust. Þessar reglur fengu

góðar viðtökur og í sérstakri könnun sem Umferðarráð hefur látið gera hefur komið fram að 68% svarenda voru hlynntir því að almenn ákvæði fyrir alla aldurshópa yrðu sett um notkun hjólreiðahjálma. Þegar frekari reynsla er fengin af framkvæmd þeirrar reglugerðar sem sett hefur verið verður tekin ákvörðun um hvort viðtækari reglugerðarsetning af þessu tagi kemur til álita.

Varðandi fimmtu spurninguna um innheimtukerfi sekta vegna umferðarlagabrota er það að segja að þegar umræður hófust um kaup á notkun á umferðarmyndavélum var nauðsynlegt að endurskoða innheimtukerfið með það í huga að fjöldi sekta vegna umferðarlagabrota mundi aukast. Einnig var tekið til athugunar hvernig einfalda mætti sektarinnheimtuna til að bæta árangur og afköst lögreglunnar.

Snemma á síðasta ári skipaði ég nefnd sem skilaði skýrslu með tillögum að leiðum að bæta núverandi úrræði til sektarinnheimtu. Alþingi samþykkti í vor breytingar á umferðarlögum að tillögu nefndarinnar og ákvæðum um vararefsingu var bætt í hegningarlögin. Verið er að vinna að miðlægu mála- og innheimtukerfi á vegum embættis ríkislögreglustjóra og dómsmrn. Kerfið mun sjá um málaskrá, innheimtu og punktakerfi hjá öllum lögregluembættum í landinu. Einnig er verið að íhuga frekari tillögur um breytingar á umferðarlögum til að einfalda innheimtuferlið og tryggja að öll umferðarlagabrot verði innheimt, en það er að sjálfsögðu mikið réttlætismál að jafnræði ríki í þeim efnum. Nýja innheimtukerfið verður tekið í notkun 1. janúar á næsta ári.

Varðandi sjöttu spurninguna sem lýtur að því hvenær umferðaröryggisáætlun verði rædd á Alþingi, þá er rétt að minna á að ekki vannst tími til að ræða skýrsluna sem lögð var fram á síðasta þingi, en vonir standa til þess að ný skýrsla verði lögð fyrir þetta þing í byrjun næsta árs og geti þá komið til umræðu á grundvelli þeirra þingskapareglna sem um það gilda.

[14:37]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. dómsmrh. Í þeim kom fram að unnið er að því að koma áætluninni í framkvæmd og margt er í undirbúningi til þess að auka umferðaröryggi í landinu og það er vel.

Hafa menn t.d. hugleitt það að umferðarslysin eru eitt mesta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar? Ég átti tal við landlækni um daginn um þetta og hann sagði mér að að undanskildum bólusetningum vegna ýmissa sjúkdóma skilaði ekkert forvarnastarf betri árangri en aukið umferðaröryggi. Ég vil bæta við: Og betri meðvitund í umferðinni. Ég segi: Betri meðvitund og betur vakandi hugur, því að sofandaháttur og skeytingarleysi er hvergi hættulegra en undir stýri.

Fjármunir sem varið er til umferðaröryggis skila sér margfalt til baka, reynslan sýnir það, svo aðeins sé litið á fjárhagslegan þátt þessa máls. Umferðarmál snúast um fólk og allir eiga rétt á því að geta ferðast öruggir í umferðinni og allir bera ábyrgð á því að öryggið í umferðinni vaxi.

Herra forseti. Ég hygg að við ættum að hætta að líta á slys og dauðsföll eins og lögmál, einhvers konar toll sem bílaumferðin taki. Frekar ber að horfa til þess að gott forvarnastarf skilar sér eins og bólusetning gegn sjúkdómum sem áður voru landlægir en eru nánast úr sögunni. Með öflugra starfi með þátttöku alls almennings í bættri umferðarmenningu hættum við að heyra svona oft þessar lamandi fréttir af hörmulegum umferðarslysum í samfélagi okkar. Væri forvitnilegt einnig að heyra meira um það fjallað hvort mögulegt væri að lögreglan fengi bónus fyrir að sinna betur sínu starfi. Það var sagt hér á þingi um daginn að hætta væri á því, ef lögreglan fengi bónus fyrir að sekta, að henni væri sigað á almenning. Ég segi nú bara að þeir hafa ekki þurft þessa hvatningu í Húnavatnssýslu til þess að vinna vinnuna sína og halda öllu til haga þannig að menn ækju þar löglega.

## *Lokun vínveitingastaða.*

Fsp. SvG, 234. mál. — Þskj. 267.

[14:40]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Á þskj. 267, 234. mál þingsins, hef ég leyft mér að bera fram til hæstv. dómsmrh. fyrirspurn um skilyrði til lokunar vínveitingastaða. Fyrirspurnin er á þessa leið:

Hve oft hefur lögreglan fellt niður vínveitingaleyfi, sbr. 4. mgr. 12. gr. áfengislaga, nr. 82/1969?

Hvenær er gert ráð fyrir að endurskoðun áfengislaga ljúki, m.a. með tilliti til útgáfu vínveitingaleyfa á veitingahúsum og til þess að lögreglan geti sett strangari skilyrði fyrir opnun veitingastaða sem hafa brotið settar reglur?

Í 12. gr. áfengislaganna er þessi málsgrein, með leyfi forseta:

„Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi."

Það er þessi grein sem ég spyr um og flyt reyndar líka aðra fyrirspurn sem kemur á dagskrá síðar á fundinum. Tilefnin eru ærin.

Það má segja að marga sólarhringa á ári sé ástandið þannig í miðborg Reykjavíkur sem vill svo til að er líka höfuðstaður landsins, að mannlíf er í verulegri hættu vegna þess að á þessu svæði eru allt of margir veitingastaðir og allt of lítið er gert til að fylgja starfsemi þeirra eftir þannig að eðlilegum settum reglum sé fylgt. Ég er þar ekki, herra forseti, að tala um að veitingastarfsemi eða starfsemi af því tagi sé bundin í strangari viðjar og fjötra en önnur starfsemi í landinu. Það sem ég er að biðja og tala um er að þessi starfsemi verði í eins góðu sambýli við annað mannlíf í höfuðstað Íslands og mögulegt er. Svo er ekki þannig núna.

Það er alveg augljóst mál að fjöldi fólks er að flýja miðborgina vegna þess ástands sem hér er, af því að fólk getur ekki sofið á nóttunni langtímum saman út af hávaða, af því að þeir staðir sem hér er um að ræða hafa það fyrir sið sumir að opna út upp úr miðnættinu þannig að hávaðinn berst hömlulítið um borgina á þeim tíma sem síst skyldi.

Veruleikinn er líka sá að talið er að ýmsar opinberar stofnanir á svæðinu séu jafnvel í hættu þegar verst lætur og fólk hefur það við orð í lesendabréfum sem hafa birst í blöðum landsins að þegar verst lætur á sunnudagsmorgnum þegar fólk vill fara í gönguferðir með börnin sín hér út úr íbúðum á miðbæjarsvæðinu, þá þurfi fólk helst að vera í vaðstígvélum vegna þess að viðskilnaðurinn eftir næturnar sé slíkur að ekki sé búandi við þessi skilyrði. Af þessum

ástæðum, herra forseti, og fleirum hef ég leyft mér að bera fram þessa fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Ég beini aðallega athyglinni að endurskoðun áfengislaganna og er að fara fram á að settar verði skýrar reglur sem lögreglan geti starfað eftir með eðlilegum hætti í sátt við borgarana.

[14:44]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við fyrsta lið fyrirspurnarinnar er það að segja að á síðustu tveimur árum hefur þessu úrræði samkvæmt 4. mgr. 12. gr. áfengislaganna verið beitt 14 sinnum á landinu öllu, fimm sinnum í Reykjavík, fjórum sinnum á Akureyri, þrisvar sinnum í Vestmannaeyjum og tvisvar sinnum á Ísafirði. En það skal tekið fram að hingað til hafa lögreglustjórar lítið notað heimildina í 4. mgr. 12. gr. áfengislaganna til að binda leyfin skilyrðum, heldur hafa þeir sett skilyrði þessi í skemmtanaleyfinu. Það kemur fram í svörum sumra lögreglustjóra til ráðuneytisins að svipting skemmtanaleyfa hafi því verið mun tíðari en svipting áfengisleyfa. Þá kemur fram að lögreglustjórar hafa svipt staði vínveitingaleyfi á grundvelli annarra greina áfengislaga eins og t.d. 4. mgr. 20. gr. er fjallar um lágmarksaldur gesta.

Um annan lið fyrirspurnarinnar er það að segja að það er rétt sem þar kemur fram að staðið hefur yfir endurskoðun á áfengislögunum og ég vænti þess að því starfi verði lokið í næsta mánuði og unnt verði að koma inn í þingið frv. að breytingum á áfengislögunum annaðhvort fyrir jól eða þá í byrjun þings eftir áramót. En að því er stefnt af hálfu ráðuneytisins að endurskoðunarstarfinu ljúki í næsta mánuði.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir svörin. Það er greinilegt að lögregluyfirvöld reyna að beita þeim úrræðum sem eru í áfengislögum. Vandinn er hins vegar sá að fjöldi veitingastaða er orðinn svo yfirþyrmandi að þeir fjórir eftirlitsmenn með þessum stöðum sem eru starfandi t.d. hér í Reykjavík, en staðirnir eru núna þó nokkuð á annað hundrað, komast ekki yfir sín verk.

Það er líka þannig, herra forseti, eins og menn þekkja að eftirlitsaðilar eru óhæfilega margir vegna þess að þeir sem þurfa að hafa eftirlit með þessum stöðum eru ekki bara eftirlitsmennirnir sjálfir heldur eru það líka aðilar eins og t.d. heilbrigðiseftirlitið, vinnueftirlitið, lögreglan og fleiri og fleiri og þessir aðilar starfa mjög lítið saman. Yfirmenn lögreglunnar kvarta sáran yfir því að þessir eftirlitsaðilar séu allt of margir, þeir séu allt of dreifðir og það sé þannig, þegar kemur t.d. að heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík, að þar sé ekki um að ræða nægilegar fjárveitingar til þess að starfsmenn þess komist út á kvöldin og nóttunni þegar þeir þyrftu helst að vera að störfum að líta til með þessum stöðum. Reglurnar eru sem sagt flóknar.

Í tengslum við fyrirspurn mína, um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, þá vil ég samt spyrja hann: Hver er hans skoðun á því, og mun hann láta það koma fram í frv. til breytinga á áfengislögum, hver á að ráða? Eru það sveitarstjórnaryfirvöld sem eiga að ráða úrslitum í þessu efni eða eru það lögregluyfirvöld, vegna þess að staðreyndin er sú að óskýr valdmörk og pappírsþvælingur á milli óteljandi stofnana eru kannski einn meginvandinn í þessu máli.

Ég ber því fram þessa fyrirspurn, herra forseti, um leið og ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör hér áðan.

[14:48]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Af skiljanlegum ástæðum get ég ekki fjallað um efnisatriði þeirrar endurskoðunar sem nú fer fram, enda er henni ekki lokið. Ég get aðeins að gefnu þessu tilefni lagt áherslu á það af minni hálfu að vitaskuld verður vald lögreglunnar í þessu efni ekki skert. Hún hefur almennt löggæsluvald og ber almenna ábyrgð í þessu efni. En ég tel að þarna þurfi að skerpa valdmörk og færa meira vald yfir til sveitarstjórnanna sjálfra, a.m.k. í hinum stærri sveitarfélögum þar sem sveitarfélögin hafa sérfræðiþekkingu á að skipa til að taka ýmsar ákvarðanir í þessum efnum.

## *Framkvæmd áfengislaga.*

Fsp. SvG, 233. mál. — Þskj. 266.

[14:49]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Á þskj. 266 flyt ég fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um framkvæmd áfengislaga. Fyrirspurnin er á þessa leið:

Hverjir skipa þá þriggja manna nefnd sem á samkvæmt áfengislögum að úrskurða um hvort vínveitingastaður er fyrsta flokks, sbr. 2. mgr. 12. gr. áfengislaga, nr. 82/1969?

Hverjar eru starfsreglur nefndarinnar í aðalatriðum?

Telur ráðherra að allir vínveitingastaðir séu fyrsta flokks, sbr. 1. mgr. sömu greinar?

Ástæðan til þess að ég nota hérna orðin fyrsta flokks, herra forseti, er sú að í 1. mgr. 12. gr. áfengislaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga."

Þess vegna er spurningin orðuð svona og er í beinum tengslum við þá spurningu sem var rædd hér síðast til hæstv. dómsmrh. um endurskoðun áfengislaganna. Ég vil nota þetta tækifæri til að vísa einnig aðeins til þeirrar umræðu og segja að ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hann skyldi lýsa þeirri skoðun sinni að sveitarfélögin ættu að hafa afgerandi vald í málum af þessu tagi þó að hitt sé hins vegar ljóst að hið almenna löggæsluvald lögreglunnar verður ekki skert eða flutt til annars stjórnvalds en ríkisins eins og okkar löggæslumálum er háttað. Það mundi ekki bæta nokkurn skapaðan hlut að vera að þvæla hinni almennu löggæslu á milli aðila.

Hins vegar mun það vera þannig og ég vil bera um það fyrirspurn fram til hæstv. dómsmrh.: Er það rétt að lögreglan hafi núna færri úrræði til þess að beita veitingastaði viðurlögum en hún hafði fyrir fáeinum árum? Mér hefur verið tjáð af yfirmönnum í lögreglunni að nú sé þessu þannig háttað að ekki sé lengur hægt að svipta stað vínveitingaleyfi um næstu helgi eftir þá helgi sem staðurinn hefur verið talinn brotlegur við lög og reglur. Lögreglumenn og yfirmenn í lögreglunni segja mér að þetta úrræði, að geta svipt vínveitingastað vínveitingaleyfi um næstu helgi á eftir, hafi verið mikið notað og það hafi verið mjög virkt og það hafi hjálpað mjög mikið og væri bestu agaviðurlögin sem hugsast gætu í þessu efni. En þeir hafa jafnframt tjáð mér að þeir hafi verið sviptir þessum heimildum. Og ég vil skjóta því hér inn í sem

viðbótarfyrirspurn: Er þetta rétt og af hverju var það gert?

[14:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Varðandi þá munnlegu fyrirspurn sem hér kom fram og ekki er á hinu prentaða þingskjali, þá skal ég ekki alveg fullyrða um hver staðan er í þessu efni, en það kæmi mér ekki á óvart að þarna væri vísað til nýrra lögbundinna reglna í stjórnsýslulögum um andmælarétt. En ég þori ekki að fullyrða að það séu þau sjónarmið sem viðmælendur hv. þm. hafa haft í frammi, en eðlilegt er að skoða það.

Varðandi þær fyrirspurnir sem hér liggja fyrir, þá er það að segja um fyrstu fyrirspurnina að formaður nefndarinnar er Þórhallur Halldórsson, fyrrv. forstöðumaður, skipaður af dómsmrh. án tilnefningar, Sigrún Sturludóttir tilnefnd af Áfengisvarnaráði og Einar Olgeirsson hótelstjóri, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Önnur spurningin var um hlutverk nefndarinnar, en það felst í því að meta hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Við mat þetta kannar nefndin húsakynni veitingastaðarins sem í hlut á og búnað hans og eins hvort veitingastaðurinn hafi á boðstólum mat og fjölbreytt úrval óáfengra drykkja.

Þær kröfur sem nefndin gerir koma fram í sérstökum leiðbeiningum fyrir umsækjendur um leyfi fyrir veitingastaði til áfengisveitinga sem er birt opinbert plagg og þingmenn eiga aðgang að. Nú er ekki tími til að lesa það hér upp í heilu lagi en það væri einnig hægt, ef vilji væri fyrir hendi, að svara ef fyrirspurn kæmi fram um að birta það með skriflegu svari við fyrirspurn. En þær almennu viðmiðanir sem stuðst er við í bréfinu byggja á ákvæðum áfengislaganna sjálfra.

Þriðja fyrirspurnin lýtur að því hvort ráðherra telji að allir vínveitingastaðir séu fyrsta flokks. Um það er að segja að samkvæmt lögunum er það ekki í verkahring ráðherra að leggja á það mat heldur umræddrar nefndar og fyrir þá sök hefur hvorki ráðherrann né ráðuneytið gert sérstaka úttekt á því umfram þær niðurstöður sem fyrir liggja í mati nefndarinnar. Niðurstöðum þeirrar nefndar er hins vegar hægt að skjóta með stjórnsýslukæru til ráðuneytisins ef ágreiningur er um þær.

[14:55]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hreyfir hér mikilvægu máli sem vissulega er tímabært að ræða um að taka málin nýjum tökum. Hann spurði t.d. um það hvort allir vínveitingastaðir væru fyrsta flokks, en ekki má veita öðrum vínveitingaleyfi, og hvað þá væri átt við. Ég sat í áfengisvarnanefnd úti á landi um alllangt skeið og mér fannst lögin þannig vaxin að útilokað væri að komast fram hjá því að veita leyfin eða heimila vínsölu. Nefndin hefði því eiginlega ekki átt að heita áfengisvarnanefnd heldur frekar vínveitinganefnd því að hún átti engan kost á öðru en að heimila sölu.

Herra forseti. Áfengismálin eru í ólestri á Íslandi þótt hvergi í heiminum sé meira um þau fjallað, hvergi fari fleiri í meðferð vegna áfengissýki o.s.frv. Getur ekki verið, með fullri virðingu fyrir SÁÁ og öllum þeim sem vinna að áfengisvörnum og bættri vínmenningu, að við þurfum alvarlega að endurskoða áfengisstefnuna, áfengisvarnirnar, vínsöluna, útivist unglinga og hvað eina sem snertir þessi alvarlegu mál?

[14:56]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég held að það sé kannski aðalatriðið sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vék aðeins að hér áðan, að reynt verði að festa hér á lögbók landsins ákvæði sem eru sanngjörn, skýr og gagnsæ. Lögin eins og þau eru núna eru úrelt og ógagnsæ og flókin og skila ekki árangri, það er alveg ljóst. Ég held að það skipti þess vegna mjög miklu máli að ákvæðum áfengislaga verði sem fyrst breytt þannig að hægt verði að setja niður einhverjar reglur og semja um fyrirkomulag þessara mála að siðaðra manna hætti.

Ég veit að hv. þm. sem hafa vanið komur sínar í gleðiborgir nágrannalandanna, eins og t.d. Kaupmannahöfn, á síðkvöldum og nóttum eða t.d. til New York, svo að ég nefni dæmi um aðra heimsborg sem er engu minni en Reykjavík, sé ljóst að þar er hægt að hafa skemmtistarfsemi fram eftir nóttum án þess að það trufli umhverfi að nokkru leyti. Við búum við afbrigðilega slæmt ástand í þessu efni og það er alveg óþarfi að hafa þetta svona. Þessar fyrirspurnir voru bornar fram því ég vildi koma málinu hér á dagskrá og mér þykir vænt um að undirtektir hæstv. dómsmrh. voru skýrar og góðar í þessum efnum.

Varðandi það atriði sem ég spurði um áðan, að lögreglan gæti ekki lengur svipt veitingastaði vínveitingaleyfum um næstu helgi á eftir þá helgi sem þeir hafa gerst brotlegir, þá hygg ég að það sér rétt hjá hæstv. ráðherra að menn hafi borið þetta fyrir sig á grundvelli andmælaréttar stjórnsýslulaga og það hafi verið samtök veitingahúsaeigenda sem beittu þrýstingi í þessum efnum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það háskalegt ef menn geta beitt þrýstingi af þessu tagi til þess að koma í veg fyrir að atvinnustarfsemi eins og þessi sé í sátt við umhverfi sitt í sjálfum höfuðstað landsins.

Ég þakka að öðru leyti fyrir ágæta umræðu sem hér hefur farið fram.

## *Hvíldar- og þjónustustaðir fyrir ökumenn flutningabifreiða.*

Fsp. HjálmJ, 182. mál. — Þskj. 182.

[14:59]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgrh. svo hljóðandi:

Eru fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð „útskota" (hvíldar- og þjónustustaða) fyrir flutningabifreiðar við helstu þjóðvegi landsins?

Herra forseti. Ég tel mikið öryggis- og hagsmunamál allra vegfarenda um þjóðvegi landsins að með vissu millibili séu hvíldar- og þjónustustaðir eða áningarstaðir fyrir þá sem aka langferðabifreiðum, einkum þar sem umferð er mest. Svo er komið að flutningar á sjó sem áður voru á hafnirnar hafa færst á þjóðvegina að mestu leyti. Þannig hefur þungaflutningaumferðin aukist gífurlega á helstu þjóðvegum landsins.

Ökumenn flutningabifreiða á löngum leiðum þurfa hvíld og þeim er raunar skylt að nema staðar og hvílast samkvæmt EES-reglunum. Á vissum stöðum þurfa þeir svo að keðja bílana þegar svo ber undir. En hætta skapast bæði fyrir þá

og aðra. Þeir hafa ekki möguleika á að nema staðar nema á akreininni á þjóðveginum. Gerð áningarstaða hefur verið talsverð nú undanfarið. Ég hef séð, mér til ánægju í sumar og enn fram á haustið, að verið er að vinna að slíku. Mér þætti því forvitnilegt að heyra það frá hæstv. samgrh. hversu margir þessir staðir eru nú og hvort fyrirhugað sé að gera sérstakt átak þannig að þeir verði staðsettir með vissu millibili alls staðar eða við alla helstu þjóðvegi í landinu.

[15:01]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég er fullkomlega sammála efnislega því sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda um mikilvægi þess að komið verði fyrir áningar- og keðjunarstöðum þar sem við á. Vegagerðin svarar fyrirspurninni svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegagerðin hefur komið upp aðstöðu fyrir langferðabifreiðarstjóra á nokkrum stöðum á landinu þar sem ökumenn geta hvílst eða sett keðjur á bifreiðar sínar á vetrum. Þessir staðir eru ýmist fullbúnir eða fyrirhugaðir, þó ekki síðar en á næsta ári. Hér á eftir verða taldir upp þessir áningar- og keðjunarstaðir sem eru samtals 24 að tölu.

Fullbúnir áningarstaðir, svefnstaðir og keðjunarstaðir: Freysnes í Öræfasveit, Lómagnúpur við Skeiðarársand, Kirkjubæjarklaustur, Langasker á Mýrdalssandi, við vegamót Skeiðavegar og hringvegar, Fiskilækur í Melasveit, Vegamót á Snæfellsnesi, við vegamót Stykkishólmsvegar og Snæfellsnesvegar á Snæfellsnesi, Ögurnes í Ísafjarðardjúpi, Staðarskáli í Hrútafirði, Víðihlíð í Víðidal, Svartárhorn í Langadal, Vallhólmi í Skagafirði, austan Fremrakots ...“ (**Gripið fram í:** Kota.) Kota, já. Það segir Davíð Stefánsson:

Það er annað að kveðja í Kotum
en komast í Bakkasel.

„austan Fremrakots í Norðurárdal í Skagafirði, Þernunes í Reyðarfirði, sunnan Breiðdalsvíkur.

Fullbúnir keðjunarstaðir, ekki svefnstaðir: Krókalækir í Borgarfirði við Holtavörðuheiði, norðan Bakkasels í Öxnadal.

Fyrirhugaðir áningar- og keðjunarstaðir teknir í notkun í síðasta lagi 1998: Skammt austan Jökulsár á Sólheimasandi, Arnarbæli í Norðurárdal, Borgarfirði, Biskupsháls á Mývatnsöræfum, austan Almannaskarðs í Austur-Skaftafellssýslu.

Fyrirhugaður keðjunarstaður, ekki svefnstaður: Hraunhöfn í Staðarsveit á Snæfellsnesi.“

[15:03]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þau voru skýr og ljós. Verið er að vinna að því að koma upp fleiri keðjunar- og áningarstöðum. Þeir eru 24 núna. Þetta kom fram og er gott til þess að hugsa að öryggið vex. Ég veit að við deilum þeirri skoðun sameiginlega, ég og hæstv. samgrh., að eitt brýnasta öryggismálið í umferðinni á þjóðvegum landsins sé að breikka einbreiðu brýrnar. Þar er slysahætta mikil. En þegar flutningabílar þurfa að stansa á akrein vegar, þá er hann þar með orðinn einbreiður.

Sá tiltölulega litli tilkostnaður sem gerð áningar- og svefnstaða hefur í för með sér skilar sér fyllilega í meira umferðaröryggi og hagræði fyrir þá sem aka um vegi landsins.

Og af því að ég átti einu sinni heima í Svartárdal rétt við rætur Botnastaðabrekkunnar þar sem ég sá flutningabílana ævinlega stansa áður en þeir fóru upp á fjallið, því þá stoppuðu þeir til þess að keðja, þá dettur mér í hug í framhaldi af því að hæstv. ráðherra vitnaði í Davíð Stefánsson, að hann orti líka:

Við erum á leið fram Langadal
en leggjum senn á fjallið.

## *Reiðvegir fyrir hestafólk.*

Fsp. HjÁ, 191. mál. — Þskj. 193.

[15:05]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja hestamönnum greiða leið á ferðum sínum um landið. Lengi vel var íslenski hesturinn kallaður þarfasti þjónninn enda mikilvægasta samgöngutækið á landi hér lendis. Síðan breyttist það með tilkomu bíla. En eftir stóð afskaplega sterk menning, má segja, meðal þjóðarinnar. Hestaíþróttin og hestamennska hefur ávallt verið stunduð.

Á síðustu árum hefur áhugi almennings, ekki síst fjölskyldna, verið að aukast verulega á því að stunda hestamennsku. Þá er einnig vert að benda á að upp er að vaxa afskaplega öflug atvinnugrein innan ferðaþjónustunnar sem snýr að skipulegum hestaferðum með íslenska og ekki síst erlenda ferðamenn.

Vandinn er hins vegar sá, herra forseti, að hestamenn eiga sífellt minnkandi möguleika á því að ferðast um landið sem óneitanlega er einn megintilgangur hestamennsku. Vegna þess mikilvæga hlutverks sem hesturinn gegndi er ég nefndi hér áðan, þá er söguleg hefð fyrir reiðvegum víða um landið til þess að hestamenn komist leiðar sinnar. Nú hefur hins vegar á síðustu árum orðið þar veruleg breyting á og er í rauninni margt sem veldur.

Annars vegar má nefna að vegir fyrir bílaumferð hafa verið lagðir og víða yfir hefðbundna gamla reiðvegi án þess að endurnýja hina síðari. Í annan stað hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum að einstaklingar festi kaup á jörðum án þess að stunda þar hefðbundinn reglulegan búskap, en eiga til að girða jarðir sínar og banna umferð um þær jarðir og þar með í rauninni að loka reiðvegum sem löng söguleg hefð er fyrir. Vegna þessa er að skapast mikil hætta. Þetta þýðir t.d. að við rekstur í vorhaga þurfi menn að beina stóðum sínum á vegi þar sem mikil bílaumferð er. Það skapar mikla slysahættu. Þá er mér kunnugt um að fyrirtæki eru beinlínis að tapa viðskiptum þar sem þau geta ekki skipulagt hestaferðir eftir þessum hefðbundnu reiðvegum og aðgengi um uppsveitir og upp á miðhálendið er truflað. Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir breytingum á þessu sviði.

[15:08]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Vegamálastjóri svarar fyrirspurninni svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 17. gr. vegalaga, nr. 45/1994, segir að í vegáætlun skuli veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Hins vegar eru reiðvegir ekki teknir upp í ákveðinn vegflokk og því ljóst að ekki er um þjóðvegi að ræða samkvæmt skilningi vegalaga enda eru þeir settir undir þann kafla vegalaga sem ber yfirskriftina: Almennir vegir og einkavegir.

Reiðvegir lúta því ekki forræði Vegagerðarinnar hvað veghald varðar og eru ekki á valdi ráðherra með sama hætti og þjóðvegir.

Svo sem ráð er fyrir gert í tilvitnaðri lagagrein er fé veitt til reiðvega í vegáætlun, sem dæmi: 10 millj. kr. á árinu 1996 og 11 millj. kr. á þessu ári. Fjárhæðir þessar hafa verið svipaðar eða lægri á undanförnum árum og hvergi nærri dugað til. Því hefur verið ákveðið að gera tillögu um að hækka þessar fjárhæðir á næstu árum og raunar hefur nú þegar verið ákveðið með fjáraukalögum að hækka framlög þessa árs um tæpan helming, þ.e. um 10 millj. kr. þannig að heildarframlagið í ár verði 21 millj. kr.

Sá háttur hefur verið hafður á varðandi framkvæmd þessara mála að Landssamband hestamannafélaga hefur skipt framlögum til einstakra hestamannafélaga og Vegagerðin síðan greitt samkvæmt framlögðum reikningum. Unnið hefur verið á undanförnum árum að þeirri áætlun um reiðvegi sem nefnd er í 17. gr. vegalaga og er sú vinna nú langt komin. Hefur þessi vinna farið fram að mestu á vegum Landssambands hestamannafélaga í samráði við Vegagerðina.

Því miður er það allt of víða svo að reiðleiðir ligga fram með þjóðvegum og umferð hesta og hestamanna þannig óvarin fyrir umferð bifreiða. Þessi umferð fer í raun engan veginn saman og skapar þetta fyrirkomulag mikla hættu, bæði fyrir bifreiðaumferð og umferð hestamanna. Því er mun æskilegra að aðskilja þessa umferð svo sem sums staðar hefur verið gert, m.a. með því að nota aflagða vegi undir umferð hestamanna og einnig með því að leggja nýjar reiðleiðir. En til þess að svo megi verða þarf atbeini sveitarstjórna að koma til m.a. af skipulagslegum ástæðum og raunar má leiða rök að því að sveitarfélög ættu í auknum mæli að taka þessi mál til sín og sjá um framkvæmd þeirra í samvinnu við hestamannafélög.

Svo sem að framan var getið hefur auknu fjármagni verið veitt til reiðvegagerðar á þessu ári og fyrirhugað er að veita auknu fjármagni til þessa liðar á næstu árum. Einnig hefur farið fram áætlunargerð um reiðvegi í samvinnu við Landssamband hestamannafélaga. Frekari aðgerðir eru ekki fyrirhugaðar að svo komnu en ítrekuð sú skoðun að sveitarfélög ættu í auknum mæli að koma að þessum málum og sjá til þess að færar reiðleiðir væru um héruð fjarri hættu þjóðveganna."

Herra forseti. Ég vil svo bæta við það sem hér segir í fyrsta lagi að meðan ég var landbrh. lét ég vinna skýrslu sem gæti verið til leiðbeiningar um það hvernig skipuleggja ætti reiðvegi um hálendi landsins. Ég hef jafnframt átt fundi um þessi mál með fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga og Sigurgeiri Þorgeirssyni — á ég að segja forstjóra Bændasamtakanna eða búnaðarmálastjóra. Ætli hann sé ekki forstjóri Bændasamtakanna — og jafnframt með sveitarstjórnarmönnum.

Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að gefa reiðvegum meiri gaum í framtíðinni en verið hefur. Við verðum varir við að í sumum byggðarlögum hefur komið upp ágreiningur milli jarðeigenda og hestamanna. Það liggur líka fyrir að þegar nýir vegir hafa verið lagðir, kannski á nýjum stöðum, þá hefur þess ekki verið gætt að reyna að varðveita gömlu þjóðvegina fyrir hestamenn. Ég hygg að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt sé að taka þessi mál öll upp í víðu samhengi og hafa verið lögð drög að því að svo verði gert.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti væntir þess að líta megi á þetta sem svar hæstv. ráðherra en ekki bara vegamálastjóra.)

Ég bætti nú við.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Það gerði ráðherrann líka.)

[15:13]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. samgrh. að ég hygg að þessi mál séu komin á þann stað að það þurfi að taka þau upp í víðu samhengi. Hér er um mjög stórt mál að ræða, hestaferðir. Það er atvinna, það er íþrótt og það er afþreying stærri og stærri hluta þjóðarinnar að ferðast um landið og þá verða öryggismálin og umferðarmálin hvað mann og hest varðar að vera í lagi.

Ég vil segja við þessa umræðu að ég verð þess var með nýrri kynslóð sem er að kaupa sér jarðir að hún virðir kannski ekki þær reglur sem gilt hafa um ferðir um landið. Þess vegna hygg ég að að lýsa þurfi kvöð inn á bújarðir til að vernda gamlar rekstrar- og reiðleiðir. Þar liggja þúsund ára leiðir reiðmannsins um landið. Þaðan heyrist hófadynur kynslóðanna sem fóru hér um og ég tel að það eigi að vera kvöð á bújörðunum að reiðleiðum verður að halda opnum.

Ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, og tel mjög mikilvægt að taka þessi mál upp hér á Alþingi í heild sinni.

[15:15]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Mér finnst gæta ákveðins misskilnings í þessari umræðu og hann er sá að reiðmenn séu eitthvað réttlægri en önnur umferð um þjóðvegi. Þess vegna tel ég að þegar Vegagerðin eyðileggur gamla reiðleið með því að leggja hraðbraut yfir hana eða með því að malbika leiðina þannig að hún verður óreiðfær, þá beri henni að leggja aðra leið sem er fær ríðandi ferðamönnum, annaðhvort samhliða eða í þeirri fjarlægð að hún sé sambærileg hinni eldri reiðleið.

Þeir fjármunir sem hafa verið lagðir í sérstaka reiðvegáætlun eru það litlir að þeir munu engan veginn duga til þess að leysa þann vanda sem víða er uppi í þessum efnum. Þess vegna hefur það verið skoðun mín að engin leið sé að leysa þetta öðruvísi en að taka til þess fjármuni af hinu almenna vegafé og það hafa þingmannahópar hinna ýmsu kjördæma reyndar gert.

[15:16]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör sem og þeim þingmönnum sem tóku til máls í umræðunni. Ég vil fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu ráðherrans að þessum málum þurfi að gefa sérstakan gaum og það hlýtur, eins og fram hefur komið hér, að koma til kasta þingsins að fjalla um þetta með þeim drögum sem ráðherra kynnti að lægju nú fyrir.

Ég vil einnig fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra um hækkun á framlögum til reiðvega. Ég vil og taka undir með fögnuði yfirlýsingu hæstv. ráðherra um nauðsyn þess að skilja að reiðvegi og aðra vegi, þ.e. vegi fyrir bílaumferð. Auk þess vil ég fagna því samstarfi sem ráðherra nefndi að hann hefði átt við samtök hestamanna.

Ég tel að aðgengi hestafólks um landið snerti þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi ætti skýr stefnumörkun að koma fram þegar drögin er ráðherra kynnti hér áðan verða kynnt, þ.e. um rétt reiðmanna til þess að ferðast um landið.

Í annan stað snertir það Vegagerðina eins og hér hefur verið bent á. Það liggur fyrir að með því að leggja reiðvegi jafnóðum og Vegagerðin leggur aðra vegi er mun ódýrara en ráðast í reiðvegagerð alveg sérstaklega. Því er það spurning hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að það vinnulag

verði tekið upp hjá Vegagerðinni þegar hún neyðist til að eyðileggja þúsund ára gamla reiðvegi.

Að lokum vil ég taka mjög undir það, sem nauðsynlegan þátt til að auka þetta aðgengi, að leggja kvöð á býli þar sem hefðbundnir reiðvegir liggja um að þeir skulu verða opnir almenningi til umferðar.

[15:18]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Mér þykir ánægjulegt að heyra að þingmenn hafi mikinn áhuga á því að fé sé lagt til reiðvega til þess að hestamenn komist frekar leiðar sinnar á reiðskjótum sínum.

Ég er nú raunar þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að leggja verulegt fé fram til þess að greiða fyrir því að umferðin sé örugg og hestamenn komist leiðar sinnar. Það er á valdi sveitarfélaganna að ákveða hvar hesthúsin eru. Þau velja þeim stað og ákveða leiðir þaðan. Sveitarfélögin ráða einnig afréttarlöndum og öðru slíku Á hinn bóginn er rétt að á undangengnum áratug hefur þess ekki verið gætt sem skyldi, um leið og hraðbrautir hafa verið lagðar, að halda hinum gömlu vegum opnum og greiðfærum fyrir hestamenn og er nauðsynlegt að taka upp viðræður um þau efni. Um leið vil ég leggja áherslu á að það er mikið öryggismál fyrir alla vegfarendur að þessi mál séu í fullkomnu lagi.

Ég man nú ekki eftir því að Vegagerðin standi mikið í því að breyta þúsund ára gömlum reiðvegum í hraðbrautir, en vel má vera að það finnist einhvers staðar ef vel er að gáð.

## *Starfsstöð Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu.*

Fsp. ÍGP, 205. mál. — Þskj. 214.

[15:20]

**Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):**

Herra forseti. Síðla í júní sl. boðuðu forsvarsmenn Vegagerðarinnar þingmenn Suðurlands til skyndifundar með litlum fyrirvara, svo stuttum að einungis þrír af sex þingmönnum gátu mætt. Erindið var fyrirvaralaus tilkynning um að innan árs yrði starfsstöð Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu lögð niður. Engin skrifleg rök eða útreikningar hafa verið kynntir vegna þessarar ákvörðunar.

Í svari við skriflegri fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. á þskj. 213 kemur fram að rekstrarkostnaður stöðvarinnar nam einungis 7,4 millj. árið 1996. Í sama svari kemur einnig fram að samanlagðir vegir í Rangárvallasýslu eru um 1.100 km. Til samanburðar er hringvegurinn tæplega 1.400 km. Einungis 182 km eru lagðir bundnu slitlagi en um 900 km eru malarvegir og þurfa því mikils viðhalds við.

Í fáum sýslum eru lengri og fjölfarnari landvegir eða fjallvegir eða tæplega 400 km. Nefna má Fjallabaksleið nyrðri, Fjallabaksleið syðri, leiðir að virkjunum, Þórsmerkurleið og margar fleiri leiðir. Öll umferð og flutningar hafa farið eftir vegakerfinu því að Rangárvallasýsla er hafnlaus sýsla. Þrátt fyrir mikla umferð um flugvelli á fastalandinu á Suðurlandi eru flugvellirnir ófullkomnir.

Í starfsstöðinni í Rangárvallasýslu eru sex ársverk og það munar um minna í 3.200 manna sýslu. Fjölmargir hafa mótmælt þessum gerræðislegu og órökstuddu ákvörðunum og lýst áhyggjum sínum, ekki síst út frá öryggissjónarmiðum, og ég vonast til þess að hæstv. samgrh. hafi fengið þau mótmæli sem eru m.a. frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, héraðsnefnd Rangæinga, Verkalýðsfélagi Rangæinga og hreppsnefndum og atvinnumálanefndum Hvolhrepps og Rangárvallahrepps. Ég spyr því hæstv. samgrh.:

Er ráðherra samþykkur fyrirhugaðri niðurlagningu starfsstöðvar Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu?

Hvaða rök liggja að baki ákvörðuninni? Eru þau fjárhags-, skipulags- eða stjórnunarlegs eðlis?

Hver er áætlaður sparnaður Vegagerðarinnar vegna lokunar starfsstöðvarinnar? Hvernig hyggst stofnunin ná honum og hvernig verður því fé varið? Er von til þess að því fé verði hugsanlega varið til vegagerðar á Suðurlandi? Hvert er áætlað söluverð áhaldahússins á Hvolsvelli?

Hver er heildarstefna Vegagerðarinnar varðandi lokun starfsstöðva annars staðar á landinu? Og þá spyr ég um framtíðarsýn, ekki hvað hefur verið gert.

[15:24]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Þar sem daglegur rekstur fellur undir vegamálastjóra og hann ber ábyrgð á honum þá hlaut ég að óska eftir því að fá svör hans við viðkomandi spurningum sem ég mun hér skýra frá í svari. Svar við fyrstu fyrirspurninni er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurlagning þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvolsvelli er hluti af hagræðingu í almennum rekstri stofnunarinnar sem stjórnendum hennar ber að sinna og bera ábyrgð á í samræmi við vegamál."

Önnur spurningin er: Hvaða rök liggja að baki ákvörðuninni? Eru þau fjárhags-, skipulags- eða stjórnunarlegs eðlis? Um það segir Vegagerðin, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæður þess að þjónustustöðinni á Hvolsvelli er lokað eru bæði fjárhags- og skipulagslegar eins og nánar verður vikið að í svörum við spurningum 3 og 4.

Spurning 3 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver er áætlaður sparnaður Vegagerðarinnar vegna lokunar starfsstöðvarinnar? Hvernig hyggst stofnunin ná honum og hvernig verður því fé varið? Hvert er áætlað söluverð áhaldahússins á Hvolsvelli?"

Svar, með leyfi hæstv. forseta:

„Beinn rekstrarkostnaður þjónustustöðvarinnar á Hvolsvelli var 7,4 millj. kr. árið 1996 og er áætlaður 8,1 millj. kr. í rekstraráætlun fyrir þetta ár. Þessi upphæð ætti að sparast að mestu leyti. Til viðbótar ætti að nást betri nýting á tækjum Vegagerðarinnar á Selfossi og í Vík. Ef miðað er við reynslu Vegagerðarinnar af útboðum ætti einnig að nást fram einhver sparnaður með því að bjóða út hluta þeirrar starfsemi sem sinnt hefur verið frá þjónustumiðstöðinni á Hvolsvelli. Áformað er að gera tilraun með slíkt útboð. Tekið skal fram að sparnaður sá sem fjallað var um hér að framan næst ekki í einu vetfangi við það að leggja þjónustumiðstöðina niður, en til lengri tíma litið virðist raunhæft að gera sér vonir um að hann geti numið a.m.k. 8–10 millj. kr. á ári.

Aðgerðir þær sem hér er fjallað um eru hluti af þeirri almennu stefnu Vegagerðarinnar að haga rekstri á eins hagkvæman hátt og unnt er jafnframt því sem vegfarendum er veitt eins góð þjónusta og fjárhagur leyfir hverju sinni. Ráðstöfun sparnaðar vegna sérstakra aðgerða hefur yfirleitt ekki verið bundin við tiltekin verkefni og það hefur heldur ekki verið gert hér. Söluverð áhaldahússins á Hvolsvelli hefur ekki verið áætlað en brunabótamat þess er um 17,7 millj. kr."

Þá er spurt: Hver er heildarstefna Vegagerðarinnar varðandi lokun starfsstöðva annars staðar en á Suðurlandi. Vegagerðin svarar því svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsemi Vegagerðarinnar hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og áratugum. Áður beindist starfsemin einkum að nýframkvæmdum og viðhaldi. Almenn þjónusta kom þar á eftir. Verkefnum stýrðu margir verkstjórar og voru svæði þeirra yfirleitt smá. Fyrir 15–20 árum var farið að bjóða nýframkvæmdir út í verulegum mæli og urðu á tiltölulega fáum árum þau umskipti að langflestar og þar á meðal allar stærri nýframkvæmdir, fóru í útboð. Í framhaldi af útboðum nýframkvæmda var farið að bjóða út viðhaldsverkefni.

Þróunin var svipuð og er nú svo komið að meginhluti slíkra verkefna, þar á meðal öll hin stærri, eru boðin út. Þá er einnig farið að bjóða út hluta þjónustuverkefna. Hefur þar fram til þessa einkum verið um vetrarþjónustu, snjómokstur, að ræða. Horfur eru á að framhald verði á þessari þróun og er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um útboð á verkefnum á vegum ríkisstofnana. Þessi þróun hefur haft í för með sér verulega fækkun verkstjóra og annarra fastra starfsmanna Vegagerðarinnar jafnframt því sem vinnusvæði hafa stækkað.

Jafnframt fyrrgreindum breytingum hefur vegakerfið tekið miklum framförum. Vegalengdir hafa styst og ferðatími þó enn meir. Þessi atriði hafa kallað á breytingar á starfsemi Vegagerðarinnar til viðbótar við þau atriði sem fyrr voru talin. Hluti af þessum breytingum er fækkun þjónustusvæða og vinnuflokka. Meðal þjónustustöðva sem lagðar hafa verið niður á liðnum árum má nefna Akranes, Þingeyri, Flateyri og Blönduós. Um næstkomandi áramót er áformað að hætta rekstri járnsmiðju í Reykjavík, trésmiðju í Reykjavík og efnisvinnsluflokks malara á Akureyri auk þjónustumiðstöðvar á Hvolsvelli. Áfram verður unnið að því að starfsemi Vegagerðarinnar verði hagað á sem hagkvæmastan hátt eftir því sem vegakerfið breytist og í samræmi við þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni."

Við þetta vil ég svo bæta að eftir að Ólafsfjarðargöng voru fullbúin var lagt niður starf starfsmanns Vegagerðarinnar í Ólafsfirði. Ég vil líka bæta því við að ég hef falið flugmálastjóra og vegamálastjóra að gera áætlun um að þessar stofnanir báðar standi að þeim stöðvum sem eru í sambandi við Vegagerðina og flugvöllinn, Vopnafirði, Þórshöfn og Hólmavík.

[15:29]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Hér er hreyft atvinnu- og tilfinningamáli. Þetta finnst mér vera sett fram af mikilli hörku af hálfu Vegagerðarinnar og óvænt og ógrunduð ályktun. Það hefur ekkert það nýtt gerst í vegamálum, hæstv. samgrh., á Suðurlandi sem styður þessa ákvörðun. Þar hafa engin jarðgöng komið eða neitt slíkt eins og hæstv. ráðherra rakti fyrir norðan. Rangárvallasýsla býr við mikil séreinkenni og þar eru mikil stórfljót og þar er jafnan von á náttúruhamförum o.s.frv. þannig að þar er mjög mikilvægt að staðsetja öflugan her tækja og manna sem eru tilbúnir við þær aðstæður. Þess vegna finnst mér þessi ákvörðun Vegagerðarinnar, sem hæstv. ráðherra styður hér, svona spark út í loftið, lítt grundað. Ég lýsi öndverðri skoðun og tel að þessi mál þurfi þá að taka upp í allt öðru samhengi og ná samstöðu um slíkt með heimamönnum. En þetta vekur deilur og illindi í héraði, hæstv. forseti, sem er ekki af því góða.

[15:31]

**Guðmundur Lárusson:**

Herra forseti. Það er svolítið sérkennilegt að hlusta á hæstv. samgrh. lesa upp úr skýrslum frá sínum undirmönnum og gera þau orð að sínum. Sérkennilegast fannst mér samt að heyra hæstv. ráðherra svara fyrstu spurningu hv. þm. í þessum efnum.

En ég held að hæstv. ráðherra verði að svara þessu miklu skýrar: Hafa störf þessara starfsstöðvar á Hvolsvelli verið einskis virði og einskis metin? Kemur enginn aukakostnaður á móti þeim kostnaði sem er talað um að spara þarna? Ég trúi því ekki, herra forseti, að það sé skoðun hæstv. ráðherra að svo sé og því hefði ég mjög gjarnan viljað að starfsmenn þessarar starfsstöðvar á Hvolsvelli hefðu hlýtt á mál hæstv. ráðherra hér því að slíka lítilsvirðingu hef ég sjaldan heyrt í garð vinnandi manna eins og þarna.

Auðvitað er ekki lausnin sú, og málið er ekki svo einfalt, að leggja þetta niður og segja að þar með hafi allir þeir fjármunir sem hafa farið til þessa verkefnis, fjármunir sem eru ekki mjög miklir, sparast. Auðvitað kemur annar kostnaður þarna á móti. Það ber að hafa í huga.

[15:32]

**Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):**

Herra forseti. Afstaða þessa skelegga ráðherra kemur mér mjög á óvart. Ég var að spyrja ráðherrann um afstöðu hans til þessara mála. Hann les upp úr svari Vegagerðarinnar og segir að þeir beri alla ábyrgð á málinu. Ráðherrann ber ábyrgð á Vegagerðinni. Það er alveg ljóst. Það er ráðherrann og ég var að spyrja um afstöðu hans.

Það vantar enn þá öll rök í þessi mál. Það vantar allar tölur. Ég spurði um heildarstefnu. Hvar er framtíðarstefna Vegagerðarinnar í þessum málum? Það er verið að tala um fortíðina. Það er ekki verið að tala um daginn í dag.

Þetta er mjög furðulegt á þeirri forsendu að í Rangárvallasýslu er engin höfn. Allir flutningar fara landleiðina. Það er alveg ljóst. Og það annað sem vekur líka furðu mína. Ég sat á fundi hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga ekki alls fyrir löngu þar sem þessi mál bar á góma. Þar sagði flokksbróðir hæstv. ráðherra, hv. 3. þm. Suðurl., að þetta mál yrði tekið til sérstakrar skoðunar og lýsti því þar yfir að þessu máli yrði frestað í það minnsta um fimm ár eða svo. Það kemur hvergi fram í afstöðu ráðherrans og þess vegna spyr ég: Hvaðan hefur þessi hv. þm., flokksbróðir ráðherrans, þær upplýsingar?

[15:34]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Eins og fram kom í svari Vegagerðarinnar hér áðan — ég hafði ekki tíma til þess að bæta þar við áðan og mun gera það nú — er lögð áhersla á að halda uppi sömu þjónustu og áður. Þess vegna er það að ekki er við því að búast að þessi störf hverfi öll sem talað er um. En á hin bóginn má velta því fyrir sér ef horft er til Suðurlands sem heildar hvort hv. þingmenn Sunnlendinga telji að nauðsynlegt sé að þjónustustöðvar Vegagerðarinnar séu á öllum þessum þrem stöðum, Selfossi, Hvolsvelli og Vík í Mýrdal eftir að samgöngur eru orðnar jafngóðar og raun ber vitni. Það má vera að það sé álitamál hvort leggja hefði átt niður t.d. þjónustustöðina í Vík í Mýrdal eða hvort vilji hv. þingmanna hefði staðið til þess að færa vegagerðina á Selfossi til Hvolsvallar. En hitt held ég að menn viti og þingmenn geri sér grein fyrir, að hverju sinni sem fjallað er um vegáætlun hér í þinginu, þá velta menn því fyrir sér hvort

ekki megi lækka rekstrarkostnað Vegagerðarinnar og hefur svo löngum verið raunar að þingmenn hafa verið viljugri að leggja niður störf eða draga úr rekstrarkostnaði við vegagerð og vegaþjónustu í öðrum kjördæmum en sínu eigin.

Eins og ég las upp áðan er verið að tala um að draga úr starfsemi Vegagerðarinnar víðar en á Suðurlandi og eins og ég tók fram áðan er ég á hinum afskekktustu stöðum, á Vopnafirði, á Þórshöfn og á Hólmavík að tala um það og hef falið þeim það, vegamálastjóra og flugmálastjóra, að athuga hvort ekki sé þar hægt að spara líka (Gripið fram í.) með því að þessar tvær stofnanir vinni saman. Ég tel þess vegna að það sé höfuðskylda samgrh. á hverjum tíma að reyna að sjá til þess að viðunandi og góðri þjónustu sé haldið uppi en um leið sé reynt að draga úr rekstrarkostnaði jafnvel þó það sé nálægt manni sjálfum.

## *Þungaskattur.*

Fsp. GL, 272. mál. — Þskj. 342.

[15:37]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Lárusson):**

Herra forseti. Á þskj. 272 beini ég eftirfarandi fyrirspurn til fjmrh. um þungaskatt:

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, í samræmi við niðurstöðu samkeppnisráðs í september sl. þess efnis að lögin mismuni atvinnubifreiðastjórum og raski samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis?

Ástæða fyrir þessari fyrirspurn er sú að í janúar sl. sendu Landssamband vörubifreiðastjóra, Trausti, Félag sendibifreiðastjóra og Frami, Félag leigubifreiðastjóra, Samkeppnisstofnun erindi þar sem óskað er eftir úrskurði stofnunarinnar um það hvort tilteknar greinar laga nr. 3/1987, um þungaskatt, væru í anda samkeppnislaga.

Rökstuðningur félaganna er í tvennu lagi. Í fyrsta lagi var óskað eftir áliti á því ákvæði laganna að dísilbifreiðar sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt gjaldmæli skuli greiða 30% hærri þungaskatt en sambærilegar dísilbifreiðar sem nýttar eru í sams konar atvinnurekstri. Eini sjáanlegi munurinn á milli þessara bíla er sá að annar flokkurinn hefur gjaldmæli, hinn ekki.

Í öðru lagi var óskað eftir áliti á því ákvæði laganna sem kveður á um að veita skuli stighækkandi afslátt á þungaskatti sem innheimtur er af akstri vöruflutningabifreiða samkvæmt ökumæli eftir því hve mikið bifreiðunum er ekið.

Í úrskurði samkeppnisráðs kemur fram að ráðið telur að ofangreint ákvæði þungaskattslaga brjóti í bága við 1. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð álítur að umrætt ákvæði í núgildandi lögum til fjáröflunar vegagerðar miðað við núgildandi samkeppnis- og markaðsaðstæður hafi hamlandi áhrif á samkeppni. Samkeppnisráð fellst ekki á þau rök fjmrn. að ekki taki því að breyta núgildandi lögum þar sem ljóst sé að innheimta þungaskatts muni gjörbreytast í náinni framtíð. Þvert á móti segir í úrskurðinum:

„Á meðan lög nr. 3/1987 eru í gildi óbreytt telur samkeppnisráð að verið sé að mismuna atvinnubifreiðastjórum og raska innbyrðis samkeppnisstöðu þeirra."

Það er í þessu umhverfi sem sendibifreiðarstjórar, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, eru að keppa. Hluti þeirra hefur hætt hjá stöðvunum og hafa farið út í einkarekstur. Þar með geta þeir tekið gjaldmælinn úr þegar þeir eru að vinna fyrir ákveðin fyrirtæki og greiða þar af leiðandi 30% lægri þungaskatt. Er eðlilegt, herra forseti, að slíkt umhverfi sé bjóðandi vinnandi fólki? Þess vegna er þessi fyrirspurn hér fram lögð. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. skýri frá því hér að hann muni beita sér fyrir því að breyta lögunum þannig að allir þeir sem eru að vinna á þessum nótum vinni við hliðstæð skilyrði.

[15:40]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom greinilega hjá hv. fyrirspyrjanda, þá gaf samkeppnisráð út álit dagsett 2. september vegna erindis félaga leigu-, sendi- og vörubifreiðastjóra varðandi ákvæði í lögum um fjáröflun til vegagerðarinnar. Eins og hv. fyrirspyrjandi rakti í sínum málflutningi þá kemst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að í tveimur atriðum sé um að ræða ákvæði í lögunum sem hafi hamlandi áhrif á samkeppni. Þar er annars vegar um að ræða ákvæði í a-lið 4. gr. sem kveður á um 30% hærra fast gjald þungaskatts á atvinnubifreiðar sem hafa gjaldmæli, þ.e. leigu- og sendibifreiðar, en aðrar. Hins vegar er það ákvæði í b-lið 4. gr. laganna sem kveður á um lækkun þungaskatts vöruflutningabifreiða eftir því hve bifreiðunum er mikið ekið og talið að það dragi úr samkeppnishæfni sambærilegra atvinnubifreiða til að þjóna sama markaði, svo og möguleikum nýrra keppinauta á markaðnum.

Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði að samkeppnisráð beinir því til fjmrh. að hann hlutist til um að leiðrétta umrædda stöðu mála með breytingum á núgildandi lögum eða með því að flýta gildistöku laga nr. 34/1995, um olíugjald. Það eru tvö atriði sem bent er á.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að lög um olíugjald taka gildi 1. janúar 1999. Alþingi hefur tvívegis, jafnvel þrívegis á undanförnum árum fjallað um það mál og nú eru að störfum tvær nefndir sem ætlað er að undirbúa upptöku olíugjalds þar sem gjaldfrjáls olía skal vera lituð. Ábending samkeppnisráðs um að flýta gildistöku olíugjalds er þar m.a. til umfjöllunar. Það er ætlun mín að starfi þessara nefnda geti lokið núna skömmu eftir næstu mánaðamót, alla vega fyrir áramót, enda er starf þeirra vel á veg komið og það er stefnt að því að frv. verði tilbúið fyrir áramót.

Hvað varðar endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, þá tel ég að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess hvort þeim verði breytt fyrr en olíugjaldsnefndin hefur skilað tillögum sínum. Við vitum að það er nokkur andstaða við þessar breytingar frá vissum hópi þeirra sem hagsmuna hafa að gæta. Við höfum átt viðræður við hagsmunaaðila og erum að reyna að ná lendingu í þessum málum sem sem flestir gætu við unað. Í því sambandi tel ég að horfa þurfi til annarra landa þar sem annars vegar er um að ræða olíugjald í eldsneytinu sjálfu og hins vegar einhverjar álögur á þyngstu bílana sem slíta vegunum miklu meira en sem nemur muninum á eyðslu þeirra á eldsneyti. Þannig er þessu víðast komið fyrir.

Ég vil að allra síðustu, virðulegi forseti, benda á, ráðuneytinu eða löggjafanum til málsbótar, það er kannski frekar löggjafanum því að þetta var sett í lög 1997, að ákvæðin sem samkeppnisráð telur að skerði samkeppnisstöðu bifreiðastjóra hafa verið lengi til staðar, í tíu ár ef ekki lengur og það var ekki talin ástæða til að endurskoða þau þegar miklar breytingar voru gerðar á lögunum árið 1996 og málin þá rædd við fjöldamarga aðila.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti: Strax í næsta mánuði liggur fyrir frv. Á grundvelli þess frv. geta menn áttað sig á því hvort hægt er að flýta breytingunni yfir í olíugjald. Ég hef vissar efasemdir um að það sé hægt og þá fyrst verður hægt að taka afstöðu til þess hvort breyta eigi lögunum frá 1987, en eins og sakir standa er það a.m.k. ljóst að stefna löggjafans og framkvæmdarvaldsins er að viðunandi breyting eigi sér stað í síðasta lagi um áramótin 1988/1989.

[15:45]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Lárusson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið að svo miklu leyti sem hægt er að tala um svar því að þeir sem hafa fylgst með umræðunni um breytingu á innheimtu þungaskatts vita að þeirri ákvörðun hefur verið frestað æ ofan í æ og þess vegna eru ekki miklar líkur á því að sú löggjöf verði tilbúin á næstu mánuðum. Þess vegna mega sendibílstjórar búast við því, eftir svari hæstv. ráðherra að dæma, að áfram ríki styrjaldarástand á götum Reykjavíkurborgar allt næsta ár sem er algerlega óviðunandi. Og það er raunverulega óviðunandi að lögunum skuli ekki vera breytt þannig að öll tvímæli verði tekin af um það að allir aðilar sitji við sama borð eins og segir í úrskurði samkeppnisstofnunar.

Ef niðurstaðan er hins vegar sú að lögum verður ekki breytt, þá er ekkert annað fyrir sendibílstjóra að gera en að taka upp siði starfsbræðra sinna í Frakklandi og mæta hér fyrir utan Alþingishúsið og liggja á flautunni þangað til lögunum hefur verið breytt.

[15:46]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Ég skil vel áhyggjur hv. fyrirspyrjanda. Þetta er mál sem við þekkjum afskaplega vel sem fjöllum um það og satt að segja hafði ég gert mér sjálfur vonir um að hægt yrði að festa í lög ákvæði sem dygðu núna um þessi áramót, en eins og hv. fyrirspyrjandi sagði réttilega þá var lögunum frestað af praktískum ástæðum. Þetta á sér sögulegar skýringar vegna þess að þegar fyrst var farið af stað að sinna þessu máli, þá var gert ráð fyrir því að endurgreiðsluleiðin yrði farin. En um það leyti sem menn voru að ná niðurstöðu í því máli kom í ljós að Danir höfðu ákveðið að breyta hjá sér yfir í olíulitun og það byggðist á nýrri tækni. Síðan frestaðist það í Danmörku og það er líklega ekki fyrr en núna 1. desember sem það verður tekið upp í Danmörku en menn hafa fylgst mjög vel með breytingunum þar. Þetta hefur frestað því að þessar eðlilegu breytingar gætu átt sér stað.

Á sama tíma hefur það gerst að ýmsir þeir sem gagnrýndu fyrra kerfi á grundvelli þess að innheimtur væru slæmar hafa bent á að þungaskatturinn heimtist miklu betur inn núna en áður og þess vegna hafa þeir sagt að það kannski ætti ekki að breyta núverandi kerfi og það flækir málið að sjálfsögðu.

Breytingar á lögunum frá 1987 eru ekkert einfaldar. Við verðum að gæta að því að þarna er um að ræða mikilvægan en jafnframt viðkvæman tekjustofn Vegagerðarinnar. Ég held að það væri affarasælast að við stefndum að því að gera þessar viðunandi breytingar um önnur áramót. Það er rúmt ár. Ég held að menn hljóti að geta lifað við það.

Varðandi það hvort bílstjórar ætli sér að taka upp hætti Frakka og leika fyrir okkur flautukonsert hérna fyrir utan Alþingishúsið, þá út af fyrir sig er ekkert við því að segja ef menn telja að það skili einhverjum árangri. Falleg músik lætur oft vel í eyrum. En það sem þó skiptir alltaf mestu máli er að árangur og niðurstaða verði viðunandi fyrir sem flesta.

[15:48]

**Útbýting þingskjals:**

Fangelsi og fangavist, 291. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 363.

***Umræður utan dagskrár.***

Rekstrargrundvöllur landvinnslu í samkeppni við sjóvinnslu um borð í frystiskipum.

[15:49]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Íslenskur sjávarútvegur hefur gengið í gegnum mikla þróun á síðustu árum. Sjávarútvegurinn er markaðssækinn og er að keppa við og að því besta sem gerist í veröldinni. Nú koma stjórnvöld að sjávarútvegi aðeins með því að skapa þeim sem starfa í sjávarútvegi hagstætt starfsumhverfi og tryggja sterka samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlendum mörkuðum. Hitt er svo spurning dagsins: Mismuna lög og reglur einstökum greinum og aðferðum innan fiskvinnslunnar, hæstv. sjútvrh.?

Íslensk fiskvinnsla býr við þær aðstæður að hún verður að hámarka sinn arð og enginn kemur til hjálpar í taprekstri. Því mun útgerðin leita þangað sem arðsvon er og færa sig úr taprekstri bíði önnur arðbærari grein handan við hornið. Byggðastefna eða atvinnusköpun fyrir íbúa þorpsins er af þessum sökum víkjandi.

Stjórnmálamenn hafa gjarnan haldið því fram að landvinnslan og vaxandi fullvinnsla sé okkar stóriðja og þar séu sóknarfæri. Í dag er óvissa yfir störfum og mannlífi í margri sjávarbyggð vegna þess að landvinnslan á í rerkstrarerfiðleikum og á hana hallar miðað við frystitogaravæðingu seinni ára. Nú er landvinnsla rekin með tapi og á í vök að verjast.

Margt er hægt að gera til að rétta hlut landvinnslunnar og jafna hana miðað við sjóvinnslu. Sjóvinnslan vigtar allt eftir á eða að aflokinni vinnslu. Hún hefur því tök á að velja það sem unnið er og þarf ekki að eyða tíma og fjármunum í að reyna að gera mat úr lélegu hráefni. Þetta segja kunnugir að þýði allt að 20% búbót fyrir sjóvinnsluna. Ef sjóvinnslunni yrði gert skylt að vigta upp úr sjó eins og landvinnslan eða landvinnslan fengi að vigta eftir á, væri kominn jöfnuður á hvað þetta snertir.

Fyrir liggur að frystiskip geta valið sér hráefni. Ein leið væri að ísfiskskip sem landa óunnum fiski til vinnslu innan lands fái ívilnun þannig að einungis t.d. 80% af aflanum teljist til notaðs aflamarks. Hráefnisverð vegur 60–65% í kostnaði landvinnslunnar. Þess vegna ber að fara yfir hvernig hægt er að jafna aðstöðumun við hráefniskaupin. Hver er skoðun hæstv. sjútvrh. í þessu efni?

Landvinnslan notar innlenda vistvæna orku, sjóvinnslan innflutta dísilolíu sem síðar veldur mikilli mengun. Landvinnslan er atvinnuskapandi stóriðja og ætti að fá raforku á sambærilegum kjörum og erlendir aðilar í stóriðju. Starfsmenn sjóvinnslunnar fá sérstakan skattafslátt, sjómannaafslátt, en starfsfólk landvinnslunnar ekki. Landvinnslan nýtir yfirleitt allt hráefnið, gerir mat úr öllum aukaafurðum, hryggjum, hausum, þunnildum, lifur og fleiru. Talsverð atvinnustarfsemi er í kringum hausaþurrkun, lifrarniðurlagningu, hrognavinnslu og fleira. Enn fremur gengur frystihús í

landi frá öllum úrgangi en sjóvinnslan hefur hafið sem sinn gám. Mestöllum aukaafurðum frá sjóvinnslu er hent í hafið aftur. Var þó búið að samþykkja frá Alþingi að vinnsluskip kæmu með allt að landi. Hvenær verður þeirri ákvörðun snúið til baka, hæstv. sjútvrh.?

Þá má einnig minnast á eftirlitsþáttinn hvað sjóvinnsluna varðar. Sjóvinnsla býr við meiri sveigjanleika en landvinnsla og á erfitt með að endurskipuleggja vinnutíma og hefðir. Þarna þarf að ná samstöðu með starfsfólki og verkalýðshreyfingunni sem er flókið ferli.

Fiskvinnsla í landi þarf aðgang að fjármagni, ekki síst styrkjum og áhættufjármagni vegna rannsókna og vöruþróunar, markaðsmála og nýsköpunar. Hefur landvinnslan einhverja möguleika á slíkri fyrirgreiðslu? En þar keppir hún við ríkisstyrktan sjávarútveg í Evrópu sem ætlar að verja hundruðum milljarða í uppbyggingu fiskvinnslu á næsta áratug.

Ég vil að lokum hvetja hæstv. sjútvrh. til að meta þær bláköldu staðreyndir sem blasa við í landvinnslu. Búferlaflutningar frá sjávarþorpi kosta milljarða og framtíðarhagsmunir okkar liggja í vinnslu sjávarafurða í landvinnslu og frekari þróun á því sviði. Ýmsar breytingar sem ég hef hér bent á mundu breyta starfsaðstöðu landvinnslunnar og efla hana sem stóriðju í matvælaframleiðslu en fyrst og fremst efla mikilvægar sjávarbyggðir til framfara.

Gleði og gróði dagsins í dag getur verið harmur og tap morgundagsins. Við vitum á hvaða leið heimurinn er. Hann stefnir frá sóun og mengun yfir í öld þar sem arðbær þróun og vistvæn hugsun verður mælistika næstu aldar. Landvinnslan verður að ná sér upp. Það hallar á hana og ný stefnumörkun þolir enga bið.

[15:54]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég minni á að árið 1992 voru sett sérstök lög á Alþingi um fullvinnsluskip. Hluti af þeirri löggjöf fól í sér að frá og með 1. september 1996 átti að gera kröfu til þess að þau ynnu allan afla um borð. Þetta stranga ákvæði var gagnrýnt af ýmsum með tilliti til þess að menn töldu að ótækt væri að setja með lögum reglur sem skylduðu menn til þess að vinna afla með tapi. Við endurskoðun laganna var því lagt til að dregið yrði úr og fallið frá þessari kröfu og sú breyting var gerð hér á Alþingi í einu hljóði vorið 1996 og þar á meðal með samþykki hv. þm.

Af hálfu ráðuneytisins var hins vegar ákveðið að skipa sérstakan starfshóp til þess að kanna og meta hvort munur sé á raunnýtingu um borð í fullvinnsluskipum og þeirri nýtingu sem mælist við reglubundna sýnatöku og lögð er til grundvallar við útreikninga á nýtingu aflaheimilda fullvinnsluskipanna. Það er rétt hjá hv. ræðumanni að það skiptir mjög miklu máli að þær aðferðir sem við notum við að mæla afla frystiskipanna séu réttar því ef annað kemur á daginn þá er óeðlilegur mismunur á milli sjóvinnslu og landvinnslu. Skipaður var sérstakur starfshópur til að fara yfir þessi mál og hann lét Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gera sérstaka skýrslu. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu nú í haust þar sem lagt var til að áfram yrði byggt á þeim nýtingarstuðlum sem stuðst hefur verið við fram til þessa, en allt eftirlit stórkostlega aukið. Hópurinn lagði þannig til að ráðnir yrðu sérstakir eftirlitsmenn til að fylgjast með fullvinnsluskipum og eftirlitsmenn fari a.m.k. einu sinni á ári um borð í hvert skip og að í frekari mæli sé vakað yfir gögnum þannig að unnt sé að athuga skip sem skera sig úr og að auka eftirlit með sýnatöku.

Ráðuneytið hefur gefið Fiskistofu fyrirmæli um að auka eftirlitið og að því er stefnt að eftirlitsmenn verði a.m.k. í 1–2 veiðiferðum í hverju einasta skipi, að vinnu við vigtunarreglugerð sem hefur verið í endurskoðun verði hraðað og sérstaklega verði tekin út í þeirri vinnu sá kafli sem lýtur að vigtun afla og reikniaðferðum um borð í fullvinnsluskipum og að skoðaðar verði reglur um ísingarstuðla sem hafa verið notaðir við útreikning eða bakreikning á afla frystiskipanna. Þetta verkefni hefur verið vandlega unnið í þessum starfshóp og á grundvelli skýrslu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og stefnt er að því að þetta aukna eftirlit komi til framkvæmda um næstu áramót.

Það er rétt að taka það fram hér hver breytingin hefur orðið í vinnslu fullvinnsluskipanna á undanförnum árum. Það er mjög mismunandi eftir tegundum og ef litið er á hlut vinnsluskipa í löndunum afla af Íslandsmiðum, þá höfðu fullvinnsluskipin 12,8% af þorskvinnslunni 1990 en 14,9% árið 1996. Ef við horfum á ýsuna þá hefur aukningin verið heldur meiri, úr 13,8% í 19,8%. Ufsavinnslan hefur hins vegar minnkað úr 17,4% í 11,6%. Karfavinnslan hefur aukist úr 19,2% í 32% og grálúðuvinnslan úr 33% í 59%.

Meginbreytingarnar verða á árunum 1990–1993. Síðan 1993 hafa orðið tiltölulega litlar breytingar. Árið 1993 unnu frystiskipin eða fullvinnsluskipin 14,5% af þorskveiðiheimildunum en 14,9% 1996 þannig að tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á allra síðustu árum.

[15:59]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að hefja umræðuna. Hér er vissulega um stórmál að ræða og alls ekki einfalt eins og fram kom bæði hjá hv. málshefjanda og hæstv. sjútvrh. Hér er um að ræða mál, þ.e. aðstöðumunur landvinnslu gagnvart sjóvinnslu, sem snertir hagsmuni einstakra byggðarlaga, afkomu heillar atvinnugreinar, samkeppnisstöðu hennar, með öðrum orðum þjóðarhagsmuni.

Málshefjandi reifaði helstu þætti sem nefndir hafa verið varðandi þennan samanburð og skulu þeir ekki ítrekaðir frekar. En ég tek undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni að hlutverk stjórnvalda er að skapa aðstöðu fyrir atvinnulífið.

Þá vek ég athygli á því sem hv. þm. varpaði hér fram og ég heyrði ekki hæstv. ráðherra svara. Það er um þá leið að gefa landvinnslunni kost á að fá um það bil 20% afla án þess að það dragist frá aflaheimildum, til þess að jafna aðstöðu. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta er hugmynd sem er afskaplega viðkvæm og umdeild, en fróðlegt væri að heyra afstöðu hæstv. ráðherra til hennar.

Í framhaldi af því hefði ég viljað nefna sömu forsendur varðandi undirmálsfisk, en gera að sérstöku umtalsefni hið svokallaða úrkast. Í umræðu um sjávarútvegsmál heyrast háværar raddir um úrkast fisks, ekki bara fisks heldur aukaafurða frá frystitogurum, án þess að sannanir í sjálfu sér liggi þar á bak við. En raddirnar eru háværar. Útgerðarmenn segja að ekki sé hagkvæmt fyrir útgerðina að nýta þessar aukaafurðir. En það má spyrja fyrir hvern það sé hagkvæmt því að samtímis er að vaxa hér upp fullvinnsla. Markaður fyrir herta hausa hefur farið mjög vaxandi í kjölfar þess að úr rættist hjá loðdýraræktinni. Spurningin er því sú hvort ekki megi skylda frystitogara, og herða reglur varðandi þá, til að koma með allan afla að landi.

[16:02]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Vissulega er aðstöðumunur á milli fullvinnsluskipanna annars vegar og landvinnslunnar hins vegar en sá aðstöðumunur þarf ekki endilega í öllum tilvikum að vera af óeðlilegum orsökum. Í fyrsta lagi er sú fjárfesting sem liggur í vélum og tækjum fullvinnsluskips í nýtingu allan þann tíma sem skipið er úti á sjó en það má teljast gott ef vélar frystihúss í landi eru í nýtingu að jafnaði átta tíma á sólarhring.

Í öðru lagi er nýtingarhlutfallið, af eðlilegum ástæðum, þegar hægt er að verka og vinna fiskinn um leið og hann kemur eða fljótlega eftir að hann kemur um borð, miklu hærra en ef þarf að ísa fiskinn og taka hann síðan upp eftir að komið er í land.

Í þriðja lagi er launakostnaður á sjó tengdur tekjum því laun eru greidd eftir hlutaskiptareglum í vinnslu úti á sjó en ekki í landi. Þetta eru m.a. þær ástæður sem liggja fyrir því að það kann að vera hagkvæmara að verka afla um borð en að vinna hann í landi.

En ég vildi spyrja hæstv. sjútvrh. vegna þess að strandveiðiflotinn er undirstaða landvinnslunnar því það er fyrst og fremst hann sem skilar hráefninu að landi og stendur því undir hráefnisvinnslu í landi og vitað er að ýmsar þjóðir t.d. eins og Evrópubandalagsþjóðirnar eru nú að vinna að því að styrkja þennan strandveiðiflota vegna mikilvægis hans fyrir landvinnsluna og atvinnulífið í landi: Telur hæstv. sjútvrh. að það komi til greina að endurskoða lög um stjórn fiskveiða t.d. með því að gera ráð fyrir því að strandveiðiflotinn fái sérstakan aðgang að miðunum, t.d. allt að 30–50 mílur og að gert sé ráð fyrir því að strandveiðiflotinn hafi þar einhvern forgangsrétt umfram aðra? Eða getur hann skýrt frá því hvort hann hafi nokkrar ráðagerðir á borðinu hjá sér núna um að styrkja stöðu strandveiðiflotans vegna mikilvægis þess flota fyrir landvinnsluna og fyrir atvinnulíf í landinu?

[16:04]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Það er að sönnu áhyggjuefni hversu hnignun landvinnslunnar hefur verið hröð á síðustu árum og á það við í flestum þéttbýlisstöðum landsins.

Þegar ástæður þessa eru skoðaðar kemur margt til. Þar ber hæst að mínu áliti að rekstur frystihúsanna hefur ekki skilað arði. Það er meginatriðið. Það sem ræður því og hefur valdið þessari óheillaþróun varðandi landvinnsluna er mjög hækkað hráefnisverð sem hefur hækkað rekstrarkostnað vinnslunnar í þeim þættinum um 40–50% á síðustu tíu árum. Hvernig laga á þennan hluta vinnslunnar er svo flóknara mál og er ekki hægt að gera nema með einu móti í dag og það er að lækka hráefnisverðið aftur og það gerum við ekki nema með því að lækka laun sjómanna. Við erum því í mikilli sjálfheldu með það hvernig við ætlum að vinna upp landvinnsluna nema það komi innan frá eða frá landvinnslunni sjálfri með hagkvæmari rekstri og bættri markaðssetningu.

Það hefur að sjálfsögðu orðið mikil þróun í þeim efnum og þá fyrst og fremst í því að sérhæfa vinnsluna og að flytja meira af unninni vöru ófrosinni með flugi á markað. Það hefur reynst afskaplega vel og það er spurning, finnst mér, hvort ráðuneytið ætti að kanna þær leiðir betur hvort hægt sé að auka útflutning á ferskum fiski enn frekar en orðið hefur fram að þessu. Ég hygg að ef skoðuð eru fiskvinnsluhús á Suðurnesjum, þá hafa þau vaxið einna mest sem hafa getað í vinnslu sinni einbeitt sér á ferskfiskmarkaðinn.

[16:07]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Það er nauðsyn að varpa ljósi á þær aðferðir að einhverju leyti sem notaðar eru við fiskveiðar á Íslandi og fiskiðnað.

Ég vil aðeins benda á að af þeim afla sem frystiskipin okkar draga úr sjó, ef miðað er við þorsk, þá eru um það bil 60% hent í sjó aftur þannig að frystiskip sem landar 300 tonnum af þorskflökum hefur hent á sjöunda hundrað tonna af einhvers konar hráefni aftur í sjóinn, þar af a.m.k. 200–300 tonnum af nýtanlegu hráefni. Þá er komið að því máli að það er alvarlegur skortur á þorskhausum til vinnslu í landi og sá skortur er svo mikill að verið er að kanna möguleika á flutningi á þorskhausum frá Bretlandi til Íslands til vinnslu. Mér finnst þetta ekki geta gengið. T.d. var verið að flytja smáufsa frá Danmörku til vinnslu á Íslandi og síðan aftur út til Danmerkur til sölu. Það getur vel verið að við séum í góðum málum, en ég tel að það þurfi að skoða þetta vel.

Það eru til markaðir fyrir þetta hráefni sem ég er að tala um. Það vantar bara hráefnið. Ég er ekkert í þessari ræðu minni að leggjast sérstaklega gegn frystitogurum en ég fagna þessari umræðu um málið, um sjóvinnslu versus landvinnslu.

Ég vil spyrja: Hefur hæstv. ráðherra upplýsingar um mengun frá frystitogurum á hvert veitt tonn á móti mengun frá smábátum á hvert veitt tonn? Ég tel að það sé athyglisvert í ljósi sögunnar.

[16:09]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp þó að ekki sé tími eða möguleikar til þess að ræða það til hlítar. Staðreyndin er sú að við stöndum frammi fyrir mjög óæskilegri þróun hvað varðar hina svokölluðu landvinnslu.

Hins vegar ber á það að líta að okkur Íslendingum er lífsnauðsynlegt að nýta auðlindir sjávarins þannig að það sé gert af sem allra mestri hagkvæmni. Verðum við einnig að líta til þess sem er mikilvægt að við nýtjum sjávarauðlindirnar þar sem það er hagkvæmast og þá er ég fyrst og fremst að líta til þess að nýta auðlindir við ströndina, botnsjávardýr og annað á strandveiðiflota.

Síðan vil ég nefna í þriðja lagi að við eigum mjög mikið undir því að nýta sjávarauðlindirnar þannig að við getum byggt landið allt, að við getum haldið áfram að styrkja eða a.m.k. verja sjávarbyggðirnar allt í kringum landið og gera það með því að þær geti nýtt auðlindirnar. En þetta er hins vegar ekki auðvelt eða einfalt mál og þróunin hefur verið sú að landvinnsla sem hefur staðið undir atvinnulífinu í mörgum sjávarbyggðum hefur átt undir högg að sækja.

Við sjáum það m.a. á þskj. sem hér hefur verið dreift að frá árinu 1994, hafa verið úrelt á fimmta hundrað skip sem hafa verið mikilvæg undirstaða öflunar hráefnis fyrir landvinnsluna. Landvinnslan stenst ekki samkeppni miðað við þær aðstæður sem stóru togurunum sem vinna sinn afla úti á sjó er sköpuð í dag. Af þeirri ástæðum þurfum við að stokka upp spilin og ég fagna því þess vegna að þessi umræða skuli vera hafin hér. Hins vegar sakna ég þess að ekkert hefur enn þá komið fram í þessari umræðu sem getur leitt til nokkurrar lausnar á þeim vanda landvinnslunnar sem við stöndum frammi fyrir.

[16:12]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að hefja þessa umræðu og hæstv. sjútvrh. að svara þeim spurningum sem bornar eru fram, þá verð ég að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni um að mér finnst að umræða af þessu tagi, svo mikivæg sem hún er, sé oft ákaflega fátæk að úrræðum. Ég upplifi þessa umræðu sem er ekki ný í þessari virðulegu stofnun þannig að menn geri sér grein fyrir þessum mikla vanda, menn átti sig á því að hér sé um það að ræða að heilu byggðirnar séu að leggjast í auðn vegna þess að atvinnugrundvöllurinn er að hverfa. Frystihúsin eru mörg á bullandi hausnum og eiga við rekstrarörðugleika að etja, eru ekki samkeppnisfær við sjóvinnsluna. En staðan er þannig að menn eru ekki tilbúnir til þess að segja nákvæmlega hvað á að gera í staðinn. Ég tel að sú mikilvæga umræða sem hér er hafin sé hluti af hinni stóru umræðu um sjávarútvegsmálin. Ég tel að það sé mikilvægt að svara þessu máli með því að styrkja stöðu strandveiðanna eins og við alþýðubandalagsmenn höfum reyndar flutt sérstakt frv. um undir forustu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að við höfum lagt fram ein fjögur frv. um breytingar á fiskveiðistjórnuninni og sjávarútvegslöggjöfinni sem öll mundu hafa það í för með sér að tekið væri skýrt og ákveðið á ýmsum þeim vandamálum sem hér er hreyft þó þau væru ekki nærri öll leyst í þeim frv. frekar en annars staðar. Og ég vil skýra frá því að við munum óska eftir því að um þau mál fari fram sérstök umræða strax að lokinni nefndavikunni þannig að hér verði tekin dálítil lota um sjávarútvegsmálin og reynt að leiða þá umræðu til efnislegra lykta því að umræða af þessu tagi má ekki bara vera orð. Menn þurfa að tala um hluti sem er hægt að líta á sem efnislega niðurstöðu og lausn og svör við þeim hrikalega vanda sem landvinnslan á við að stríða.

[16:14]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er margt búið að koma fram í umræðunni en það er einkum eitt atriði sem mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh. um og það eru sögusagnir um að ein ástæðan fyrir mun hærra nýtingarhlutfalli úti á sjó sé sú að ekki séu gefnar upp réttar aflatölur og þar af leiðandi sé nýtingarhlutfallið mun hærra þar upp gefið heldur en er í raun. Ég spyr hvort hann telji að þetta sé rétt og hvort honum finnist forsvaranlegt að þetta sé notað til þess að pína verkafólk í frystihúsum til þess að sætta sig við lág laun og jafnvel að vinna á vöktum, ég tala nú ekki um það að öll atvinnutækifæri kvenna í frystihúsum um allt land eru að leggjast af.

[16:15]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum þessa umræðu og hæstv. ráðherra svör hans. Ég vil segja við þessa umræðu að frystiskipin mega græða og þau eiga að græða. Það þarf ekkert að leggjast í vörn yfir því þó að ég hér í þessari málsókn minni hafi tekið það fyrir að bera saman samkeppnisstöðu þessara greina, landvinnslunnar og sjóvinnslunnar, það er eðlilegt, og benda á þann mismun sem ríki á milli þeirra. Hæstv. sjútvrh. þarf ekki að leggjast í þessa vörn. Hann þarf að vera eins og blóm á velli sem lætur sólskinið baða sig, sér ný úrræði og hlustar á fólkið sem er að benda honum á leiðir. (**Gripið fram í:** Heyr.)

Í þessari umræðu var bent á margar leiðir. Ég gerði það í minni framsöguræðu. Ég vil hafa það á hreinu. Frystiskipin mega græða fyrir mér en þau mega ekki stela allri landvinnslunni og taka alla vinnsluna frá fólkinu í landinu. Við verðum að styrkja landvinnsluna og það eru mörg úrræði til þess, hæstv. sjútvrh.

Hér sagði hv. þm. Sturla Böðvarsson að að stokka þyrfti upp spilin og er hann flokksbróðir hæstv. sjútvrh. Ég tek undir það. En hann sagði það rangt að ekkert hefði komið fram við þessa umræðu. Við þessa umræðu komu fram ýmsar ábendingar. En við leysum ekki þetta stóra mál í þessari umræðu. Við verðum að gera kröfur til þess að hæstv. sjútvrh. leggist ekki alltaf í eilífa vörn. Hann verður að sækja líka með fólkinu sem býr í landi og í sjávarbyggðunum. Hann verður að taka á með því. Það eru margar leiðir. Ég nefndi nokkrar leiðir og spurði hann álits. Hann svaraði því ekki því hann var allan tímann að verja frystiskipin sem ég var ekkert að ráðast á. Þau mega græða fyrir mér eins og ég er búinn að segja hér margoft og eiga að græða því að þar liggja menn eins og langhundar lengi í hafi. En ég geri kröfu til þess að á þessari stundu þegar landvinnslan er í vörn, á í vök að verjast og er á undanhaldi, þá geri hæstv. sjútvrh. það að setjast yfir þessi mál og fá marga aðila til sín, hlusta og móta nýja framtíðarstefnu sem er mikilvæg vegna þeirrar þróunar sem nú á sér stað.

[16:18]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvað gaf hv. fyrirspyrjanda tilefni til þess að æsa sig svona í lokin. Ég taldi mig ekki hafa gefið honum tilefni til þess að fara svona upp á háa c-ið. Ég vona alla vega að hann hafi ekki fyrst við það þó að hér væru sagðar einfaldar staðreyndir um hlut frystitogaranna og það er mjög mikilvægt að menn hafi staðreyndir fyrir framan sig.

Í skýrslu fiskvinnslunefndar sem birt var sl. vor kemur mjög skýrt fram að á undanförnum árum, fram á árið 1996, hafði hlutur fullvinnsluskipanna aukist, en ekki á kostnað landvinnslunnar heldur vegna þess að minna hefur verið flutt út af óunnum fiski. Landvinnslan hafði haldið sama hlutfalli og áður í vinnslu fisks. Frystiskipin höfðu aukið hlutfallið en á kostnað minni útflutnings á óunnum fiski. Ég las hér svo staðreyndir um það hvernig þetta hefur breyst í einstökum tegundum, tiltölulega lítið í þorski en mikið í karfa og á því eru eðlilegar skýringar. Ég vona að hv. þm. sé ekki að hlaupa upp á háa c vegna þess að svona einfaldar staðreyndir eru sagðar um þetta mál. Auðvitað skiptir miklu máli að tryggt sé að samkeppnisskilyrðin séu eðlileg.

Ég óskaði nýlega eftir því af hálfu Þjóðhagsstofnunar að hún gerði grein fyrir afkomumismun og helstu ástæðum afkomumismunar í landvinnslu og sjóvinnslu. Afkomumunurinn hefur minnkað. 1993 var rúmlega 10% hagnaður af frystiskipum en tæplega 2% tap af ísfiskveiðum og vinnslu. Núna er tap ísfiskveiða og vinnslu tæplega 3% (Forseti hringir.) en hagnaður frystiskipanna 2,3%. Þjóhagsstofnun gerir nokkra grein fyrir helstu ástæðum þessa. Herra forseti. Því miður er ekki hægt að vitna til þess hér en þar eru ýmis atriði svo sem mismunandi launakostnaður og ýmis önnur rekstrarleg aðstaða. Ég vara menn við því að halda að stjórnmálaleg stýring á því hvernig menn sækja sjóinn leysi vanda fiskvinnslunnar. Það er fyrst og fremst ávísun á það að gera þann vanda meiri en hann er í dag.

[16:21]

**Útbýting þingskjala:**

Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, 284. mál, þáltill. ÁÞ o.fl., þskj. 355.

Veiting ríkisborgararéttar, 292. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 364.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

## 29. FUNDUR

miðvikudaginn 19. nóv.,
að loknum 28. fundi.

**Dagskrá:**

1. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 249. mál, þskj. 294. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Framhaldsskólar, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 43. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Náttúruvernd, frv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Landgræðsla, frv., 83. mál, þskj. 83. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Goethe-stofnunin í Reykjavík, þáltill., 256. mál, þskj. 313. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

### *Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 249. mál (heildarlög). — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Framhaldsskólar, frh. 1. umr.*

Frv. SJóh og SvG, 42. mál (innritunar- og efnisgjöld). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Almannatryggingar, frh. 1. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HG, 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

### *Náttúruvernd, frh. 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 73. mál (landslagsvernd). — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Landgræðsla, frh. 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 83. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Goethe-stofnunin í Reykjavík, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG o.fl., 256. mál. — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:27.

---

## 30. FUNDUR

fimmtudaginn 20. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 248. mál, þskj. 293. — 1. umr.
2. Framtíðarskipan raforkumála, stjtill., 227. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
3. Starfsemi kauphalla, stjfrv., 285. mál, þskj. 356. — 1. umr.
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands, þáltill., 270. mál, þskj. 339. — Fyrri umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

**Fjarvistarleyfi:**

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v. [10:32]

**Útbýting þingskjala:**

Afkoma elli- og örorkulífeyrisþega, 294. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 366.

Endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington, 297. mál, fsp. GÁS, þskj. 369.

Gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf., 299. mál, fsp. GÁS, þskj. 371.

Minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum, 296. mál, fsp. ÁE, þskj. 368.

Nýbygging sendiráðs Íslands í Berlín, 298. mál, fsp. GÁS, þskj. 370.

Uppsagnir sérfræðilækna, 295. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 367.

Vistunarvandi aldraðra, 293. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 365.

***Tilkynning um dagskrá.***

[10:33]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess að um kl. 13.30 fer fram atkvæðagreiðsla og önnur aftur síðdegis. Ég vil minna á að í komandi viku verða einvörðungu nefndastörf og mikilvægt er að koma málum til nefnda í lok þessa þingdags.

Forseti vill enn fremur tilkynna að hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, hefur óskað eftir að flytja þingheimi tilkynningu.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.

[10:33]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sagt mig úr þingflokki Samtaka um kvennalista. Ég er ein þeirra kvenna sem upphaflega settust niður sumarið 1981 til að ræða hvort sérframboð kvenna til sveitarstjórna og síðar Alþingis væri fær leið til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Við komumst að þeirri niðurstöðu eftir langar og strangar umræður að það bæri að feta í fótspor Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Ingibjargar H. Bjarnason frá fyrstu áratugum aldarinnar og bjóða fram lista kvenna.

Við sem ræddum saman vildum tryggja að sjónarmið kvenna kæmust að þar sem ráðum er ráðið til þess fyrst og fremst að breyta áherslum, bæta stöðu kvenna og barna í þágu samfélagsins alls og breyta samfélaginu í átt til meiri jöfnuðar og réttlætis.

Kvennalistinn hefur átt fulltrúa á Alþingi í rúm 14 ár og hefur að mínum dómi haft veruleg áhrif bæði hvað varðar fjölgun kvenna á þingi og einnig málefni. Ég var varaþingkona á fyrsta kjörtímabilinu og hef nú setið á þingi fyrir Reykjavík í sex og hálft ár. Ég hef átt afar góða samvinnu við þingmenn stjórnarandstöðunnar allan þennan tíma, enda höfum við átt samleið í mjög mörgum málum og staðið þétt saman í baráttu við oft óbilgjarna ríkisstjórn. Samvinna er þó eitt, samruni annað.

Ég mun áfram tilheyra stjórnarandstöðunni og óska eftir góðu samstarfi við hana sem og aðra þingmenn en ég mun taka afstöðu út frá málefnum eins og ég hef ávallt gert.

Það er mér þungbært að ganga út úr húsi Kvennalistans eftir svo langa sambúð en það er um leið mikill léttir að ljúka þessum kafla lífs míns eftir erfitt lokaskeið. Ég hef eytt ómældum tíma og orku í starf mitt innan Kvennalistans og það hefur oft kostar persónulegar fórnir. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að vandlega íhuguðu máli að ég eigi ekki annarra kosta völ en að segja skilið við Kvennalistann.

Ég var kosin á þing sem fulltrúi hreyfingar sem, eins og segir í stefnuskrá Kvennalistans, er hvorki til hægri né vinstri og því ný vídd í íslenskum stjórnmálum. Ég var kjörin til að vera fulltrúi hreyfingar sem varð til sem andófsafl gegn gamla flokkakerfinu og vildi umbylta því, ekki samsamast því. Ég var kjörin til að tala máli kvenfrelsis, jöfnuðar, réttlætis, valddreifingar og lýðræðis. Ég var kjörin til að vera fulltrúi þeirra sem spyrja gagnrýninna spurninga, skoða og skilgreina upp á nýtt út frá sjónarhóli kvenna, þeirra sem ekki taka viðteknar hugmyndir góðar og gildar án frekari skoðunar.

Meiri hluti fulltrúa á landsfundi Kvennalistans um síðustu helgi samþykkti grundvallarstefnubreytingu sem ég er ósátt við. Hún er að mínum dómi söguleg mistök. Fundurinn samþykkti að stilla sér upp við hlið svokallaðra vinstri flokka í þeim viðræðum sem fram undan eru um málefnagrundvöll. Það er sjálfsagt að einstaklingar innan Kvennalistans

gangi til liðs við gömlu flokkana kjósi þeir það, en það er ekki réttlætanlegt að mínum dómi að draga heila hreyfingu sem samanstendur af konum úr ýmsum áttum og með mismunandi lífsskoðanir inn í bandalag þeirra flokka sem nú skilgreina sig til vinstri hvað sem það svo þýðir. Við sameinuðumst á sínum tíma í kvennabaráttu og hún er hvorki til vinstri né hægri, hvað þá að hún verði skilgreind sem félagshyggja. Ég treysti mér ekki til að tala máli þessa nýja meiri hluta og ég get ekki setið hjá. Það er ekki minn stíll.

Sá Kvennalisti sem ég var kjörinn fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kýs því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til hvað sem síðar verður.

Hæstv. forseti. Nú á ég mig sjálf.

### *Umræður utan dagskrár.*

Framkvæmd ráðherra í ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar á 12. gr. jafnréttislaga.

[10:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í upphafi vil ég taka fram að tímasetning þessarar utandagskrárumræðu var ákveðin með nokkrum fyrirvara og því er hún ótengd þeim tíðindum sem hv. þingkona Kristín Ástgeirsdóttir tjáði þingflokknum í gær og þingheimi nú.

Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár um brot ráðherra í ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar á 12. gr. jafnréttislaganna. Í kjölfar tveggja fyrirspurna minna hér á Alþingi og skriflegra svara við þeim er nauðsynlegt að vekja athygli á því hvernig til tekst við framkvæmd jafnréttislaganna. Fyrst spurði ég um hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytanna í tíð núverand ríkisstjórnar, samanber 12. gr. jafnréttislaganna, en þar segir m.a.:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“

Í svarinu kemur fram að að meðaltali eru 23% konur í nefndum og ráðum sem núverandi ráðherrar hafa skipað og þar kemur félmrn. áberandi best út með 40% konur og heilbrrn. næstbest með 35%. Versta útkoman var í nefndum skipuðum af ráðherrum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytanna þar sem konur voru 2–5% nefndarmanna.

Í framhaldi af þessu svari og því að menntmrh. skipaði aðeins tvær konur í 11 manna Rannsóknarráð skrifaði ég opið bréf til menntmrh. til að varpa ljósi á hvers vegna það gengur svo seint að koma áðurnefndri lagagrein í framkvæmd. Í svargrein sinni í Morgunblaðinu 23. ágúst viðurkennir ráðherrann að hafa ekki farið að lögum þegar hann bað um tilnefningar í Rannsóknarráð. Orðrétt segir ráðherrann:

„Hins vegar var ekki vitnað í ákvæði 12. greinar jafnréttislaganna í bréfum, þrátt fyrir lagafyrirmæli um það.“

Í framhaldi af svargrein minni frá 11. september lagði ég fram fyrirspurn á þskj. 34 til að kanna hvort hér er um einstakt lögbrot að ræða eða hvort fleiri ráðherrar hefðu gerst brotlegir við jafnréttislögin. Orðrétt spurði ég: Hve oft hefur verið minnt á 12. gr. jafnréttislaganna frá því að hún var lögtekin árið 1991 í bréfum einstakra ráðherra þar sem óskað er tilnefningar í stjórnir, ráð og nefndir?

Í svarinu er staðfest orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í svörum ráðuneyta kemur fram að yfirleitt hefur ekki verið minnt á 12. gr. jafnréttislaga í þeim bréfum ráðuneyta þar sem óskað er eftir tilnefningum í ráð, stjórnir og nefndir. Á þessu eru hins vegar undantekningar. Félagsmálaráðuneyti hefur á því tímabili sem um er spurt 173 sinnum minnt á umrædda grein og umhverfisráðuneyti hefur 12 sinnum á sama tímabili minnt á lagagreinina. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti minnti á hana í 21 skipti á árinu 1995.“

Þetta bendir tvímælalaust til að langflestir ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að honum sjálfum meðtöldum hafi brotið umrædda lagagrein. Ástandið er skást hjá félmrh., enda er hlutfall kvenna hæst í nefndum félmrn. en svarið útilokar ekki að þeir hafi einnig brotið lagagreinina og þyrfti að kanna til hlítar.

Þá kemur fram í svarinu að ráðuneytin hyggjast stuðla að því með virkari hætti að jafna hlutföll kynja í nefndum og ráðum m.a. með því að vitna til umræddrar lagagreinar eins og lögbundið er. Af þessu tilefni óska ég eftir skýringum félmrh. sem ég bið að vera hér viðstaddan. Hann er ábyrgur fyrir framkvæmd jafnréttislaganna og ég óska eftir skýringum hans á því að eftirlitið með framkvæmd laganna er ekki betra en það er.

Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh. eða hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Vita ráðherrarnir til þess að ráðuneytin hafi þegar tekið upp breytt vinnubrögð og farið að 12. gr. jafnréttislaganna? Ef ekki, eru áformaðar aðgerðir í því sambandi?

2. Hvernig skýrir forsrh. það að ráðuneyti hans hafa, með undantekningum þó, almennt ekki farið eftir þessari lagagrein?

3. Telur hæstv. forsrh. þessar staðreyndir gefa tilefni til að endurskoða jafnréttislögin eða framkvæmd þeirra?

4. Samkvæmt 22. gr. jafnréttislaganna er sá sem brýtur jafnréttislögin af ásettu ráði eða vanrækslu skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Telur hæstv. forsrh. réttmætt að bæta íslenskum konum það tjón sem hlotist hefur af því að nefnd lagagrein hefur ekki verið virt? Það má auðveldlega færa rök fyrir því að brot á 12. gr. jafnréttislaganna hafa haft áhrif á völd kvenna, atvinnu og laun.

[10:43]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Hv. þm. hefur gert grein fyrir þessu máli eins og það liggur fyrir. Auðvitað er það hárétt sem hv. þm. nefndi að þetta tiltekna ákvæði í lögum hefur nánast verið án notkunar eða notkunarlítið og vissulega er það ekki neitt einsdæmi. Það úir og grúir af lagafyrirmælum, frómum óskum víða í lögum, sem ekki er sinnt. Það verður að viðurkenna það eins og það er og hægt að nefna þúsundir dæma um slíkt.

Í þessu tilviki liggur fyrir að þetta tiltekna ákvæði hefur ekki verið notað. Hvers vegna það hefur ekki gert get ég út af fyrir sig ekki svarað vegna þess að þar eiga margir aðilar hlut að máli, ekki einhver ráðuneyti. Það kemur fram í svarinu sem hv. málshefjandi nefndi nú ekki að sama gildir um stofnanir ríkisins eftir því sem best verður vitað og stofnanir sveitarfélaganna að þetta ákvæði hefur lítið verið notað. Ein skýringin kann þó að vera sú og kemur fram í svari eins ráðuneytisins sem þó hefur staðið sig vel eða svona sæmilega í þessum efnum. Þeir segja, talsmenn þess ráðuneytis, að ekki verði séð að þar sem minnt hafi verið á þetta ákvæði hafi það haft nokkra þýðingu. Þeir sjá ekki að það hafi leitt til þess að tilnefningar hafi komið fremur um

konur eftir en áður. Það má vel vera að ráðuneytin hafi talið að þetta sé eitt af þeim ákvæðum sem ekki hafi út af fyrir sig verulega þýðingu eða verulega merkingu.

Að öðru leyti er eingöngu hægt að svara fyrirspurn þingmannsins, að þessu gefna tilefni, að vitanlega verður sérstaklega áréttað við ráðuneytið að þetta ákvæði sé til staðar og það beri að virða eins og önnur lagaákvæði eftir því sem frekast er unnt.

[10:46]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu. Félmrn. hefur minnt á þetta ákvæði í bréfum sínum. Ég þori ekki að fullyrða að það hafi ævinlega verið gert, það kann að hafa fallið niður en þá af vangá því það er ásetningur minn að þetta fylgi öllum beiðnum um tilnefningar. Ég vitna til 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en í henni segir, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. . .“

Rétt er að benda á að þó að greinin sé þannig orðuð eru áhöld um hvort hún geti staðist. Mér finnst ekki eðlilegt að stjórnvöld krefjist þess að félagasamtök skuli haga nefndaskipun sinni með tilteknum hætti. Það hlýtur að orka tvímælis að stjórnvöld íhlutist þannig í störf félagasamtaka. Frjáls félagasamtök í hinum vestræna heimi eru hornsteinn lýðræðisins.

Það liggur ljóst fyrir að eins og greinin er núna tryggir hún ekki jafnan hlut kynjanna í nefndum því að oftast eiga tilnefningaraðilar að tilnefna einn fulltrúa og hafa engar upplýsingar um það, a.m.k. í mörgum tilvikum hvernig tilnefnt er í nefndina frá öðrum tilnefningaraðilum. Ef tilnefningaraðilunum væri hins vegar skylt að tilnefna eina konu og einn karl, og það hef ég iðulega beðið um, getur sá sem skipar nefndina valið að hún nái þannig tilætluðum árangri.

Ég hef iðulega staðið frammi fyrir þeim vanda að þegar mér hafa borist tilnefningar og ég fæ bara að velja einn í nefndina, þá hafa tilnefningarnar verið mjög einsleitar, einungis annað kynið og stundum hef ég fallið í þá freistni að slást í hópinn og tilnefna t.d. konu þar sem einungis voru konur tilnefndar í nefnd.

Ég hef verið að láta athuga það undanfarið hvort ástæða sé til að breyta jafnréttislögunum eða taka þau til endurskoðunar. Nú er viðurkennt að við búum við einhver bestu jafnréttislög í heimi en þar eru ákvæði sem ég tel að sé ástæða til þess að skoða vandlega hvort ekki þurfi að breyta. Ég ætla að setja vinnu í gang og hún er reyndar komin að nokkru leyti í gang við að endurskoða jafnréttislögin og vænti þess að með vorinu, hugsanlega í vor eða næsta haust, muni ég leggja fram breytingar á jafnréttislögunum.

Ég stóð fyrir ráðstefnu snemma árs 1996 í Borgartúni með fulltrúum ráðuneytanna og m.a. til þess að kynna og undirstrika 12. gr. jafnréttislaganna. Ráðstefnan var mjög vel sótt. Mig minnir að það hafi verið á annað hundrað manns úr ráðuneytunum sem sóttu ráðstefnuna og hún tókst að mínu mati mjög vel. Ég átti von á því að eftir þetta yrðu nokkur þáttaskil því að allir sem boðaðir voru mættu til ráðstefnunnar.

Herra forseti. Að lokum vil ég geta þess að ég hef sent ráðuneytunum bréf til að minna á þessa 12. gr. og er tilbúinn að árétta það bréflega áður en langt um líður.

[10:49]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Á Íslandi á jafnrétti karla og kvenna að vera tryggt ef litið er til formlegra réttinda. Sú mismunun sem viðgengst byggir oft á fordómum sem gerir það að verkum að mannréttindi eru brotin á fólki á hverjum degi en einmitt vegna þess að hér er um brot á mannréttindum að ræða verðum við að taka þessa mismunun mjög alvarlega, annað er ósæmandi.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum gerði alls 18 athugasemdir við skýrslu Íslands til nefndarinnar á síðasta ári. Nefndin lagði m.a. til að ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja að konur skipuðu stöður þar sem ákvarðanir eru teknar og taki að sér forustuhlutverk hvar sem er í atvinnulífinu, einnig að ríkisstjórnin legði enn meiri áherslu á að byggja upp starfsemi til að vinna gegn hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna með skipulögðu fræðslustarfi. Nefndin mæltist til þess að jafnréttisfræðsla og fræðsla um mannréttindamál yrðu gerð að skyldunámsefni í íslenskum skólum. Það er dapurlegt að ekki er hirt um að uppfylla hin formlegu réttindi og að íslenskum ráðamönnum skuli þykja svo sjálfsagt að brjóta þau lög sem um ræðir.

Hin góða staða félmrn. hvað varðar jafnt hlutfall kynjanna í nefndum helgast af því að þar hafa setið meðvitaðar konur. Það er ábending um að auðvitað þarf fleiri meðvitaðar konur í ríkisstjórn Íslands og á þá staði þar sem ráðum er ráðið til að mannréttindi verði virt og til að mark verði tekið á lögum og þeim mannréttindaskuldbindingum sem við skrifum upp á til að sýnast þjóð meðal þjóða. Karlarnir hafa því miður, herra forseti, sannað vanhæfi sitt gagnvart þeirri skyldu.

[10:52]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég minni á það að fyrir þinginu liggur fyrirspurn sem ég hef flutt til hæstv. félmrh. um endurskoðun jafnréttislaga. Ég hafði vænst þess að það mál yrði tekið fyrir með þinglegum hætti en málið sem rætt er varðar eina grein jafnréttislaga, nr. 12 sem er sannarlega þess virði að rædd sé á Alþingi. Umræðan er því af mjög gildu tilefni. Ég undrast það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál að vera að afsaka það því að þessi lagagrein, 12. greinin, hefur ekki verið virt. Það er auðvitað með öllu óviðunandi. Að mínu mati er tekið skýrt til orða í þessari lagagrein að í stjórnum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar þar sem því verður við komið og skal ávallt á það minnt fortakslaust. Það er fortakslaust í lögunum og það gengur ekki að menn séu að líta á lagafyrirmæli sem frómar óskir og alveg sérstaklega á það við um opinbera aðila, ríki og sveitarfélög. Mér finnst það ekki hljóma vel á hv. Alþingi að verið sé með réttlætingar af þeim toga sem hafa komið fram um þetta efni.

Sjálfur átti ég sæti í þeirri nefnd sem endurskoðaði síðast lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Þetta var eitt af þeim nýju úrræðum sem þar var lagt til. Vissulega þurfa mörg fleiri til að koma. Það á ekki að fara eftir kynferði ráðherra hvort þeir virða lög. Ég get ekki tekið undir slík sjónarmið þó að ég hvetji eindregið til þess að við gerum allt sem verða má til að jafna stöðu kynjanna í sambandi við samfélagið í heild og úrræði af þeim toga sem kveðið er á um í jafnréttislögum eru góð og gild og þeim ber að framfylgja.

[10:54]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Samkvæmt tölum er hlutfall kvenna í nefndum á vegum ríkisins einungis 23% sem er afar lágt en í gildandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er sagt að hlutur kvenna í lok árins 1997, þ.e. ársins í ár, eigi að vera 30%. Við erum því langt frá því að ná markmiði okkar. Maður spyr sjálfan sig hvernig í ósköpunum við ætlum að ná því markmiði ef við reynum ekki einu sinni að fara eftir gildandi lagabókstaf.

Hins vegar má sjá ýmislegt jákvætt af þessum tölum og hægt er að benda á að hæstv. félmrh. hefur náð 40% hlutfalli í nefndum sínum en maður getur svo sem sagt að það hlyti að sjálfsögðu að vera. Þetta er ráðuneyti sem fer með jafnréttismál. En það er jákvætt að hæstv. heilbrrh. hefur náð 35% hlutfalli, trúlega er það hærra samkvæmt nýjustu tölum, en þar er hægt að benda á að það er kona sem stýrir því ráðuneyti og ég held að það hafi skilað sér.

Hjá hæstv. forsrh. kom fram að bent hafi verið á að tilmæli um jafnt hlufall kynjanna hafi ekki alltaf skilað sér. Þetta finnst mér afar skrýtið að draga hér fram. Ég nefni að félmrn. hefur oftast minnt á að það eigi að tilnefna konur og karla og þar er skorið hæst þannig að maður skyldi ætla að þetta hafi skilað sér að verulegu leyti. Það er alveg ljóst að dropinn holar steininn og mjög brýnt er að í hvert einasta skipti verði minnt á að tilnefna eigi bæði konur og karla í nefndir og ráð vegna þess að vettvangur nefnda er mjög mikilvægur fyrir konur sem vilja hasla sér völl í stjórnmálum. Maður sér að konur sem hafa verið í nefndum hafa skilað sér inn í sveitarstjórnir og það sem meira er, helmingur kvenna, sem hafa skilað sér inn á Alþingi, hefur starfað í sveitarstjórnum en hlutfallið hjá körlum er miklu lægra. Það er brýnt að konur verði sýnilegar alls staðar í stjórnmálum. Þær skila sér þannig upp á toppinn.

[10:57]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það var mikill áfangasigur í íslenskri kvennabaráttu þegar lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna voru sett fyrir rúmlega 20 árum. Margir aðrir slíkir áfangar hafa fylgt á eftir, lagasetningar, ályktanir Alþingis, staðfesting alþjóðasamþykkta af ýmsu tagi sem allar stefna í þá einu átt að tryggja sjálfsögð mannréttindi, tryggja jafna stöðu kynjanna. En orð og efndir eru sitt hvað eins og dæmin sanna á svo augljósan hátt og eins og komið hefur fram í umræðunni. Ástæðan er einfaldlega skortur á pólitískum vilja.

Mörg fleiri dæmi mætti nefna en hafa verið rakin. Ég nefni eitt: Þingkonur í öllum þingflokkum hafa t.d. ítrekað reynt að styðja við bakið á konum í íþróttahreyfingunni. Við höfum fengið samþykktar ályktanir um könnun á stöðu kvenna á þeim vettvangi og aðgerðir til að rétta hlut þeirra, m.a. með því að tryggja að þær væru ekki afskiptar við úthlutun opinbers fjár.

Í svari við fyrirspurn minni um þetta efni nýlega kemur í ljós að vilja skortir af hálfu ráðherra að setja það skilyrði fyrir framlögum til íþrótta að þau skiptust hlutfallslega jafnt milli kynja sem væri eðlilegt með tilliti til lagasetningar um jafna stöðu kynjanna.

Mig furðar á því hvernig hæstv. forsrh. virðist láta sér í léttu rúmi liggja þá staðreynd að 12. gr. jafnréttislaganna skuli hafa verið svo lítils virt sem raun ber vitni en batnandi mönnum er best að lifa og vonandi hefur yfirlýsing hans áðan úrbætur í för með sér og vilji hæstv. félmrh. virðist ljós.

Herra forseti. Við höfum heil ósköp af lögum og samþykktum um þessi efni. Helsta viðfangsefni íslenskrar kvennabaráttu nú er að þrýsta á um framkvæmd skjalfestrar stefnu um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna.

[10:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Bara til að taka af allan vafa, ef hann væri í einhvers huga, þá vil ég taka fram út af orðum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að ég er ekki meðvituð kona, bara svo að það sé hreint. Ég er hins vegar meðvitaður um jafnrétti og ég reyni að hafa það í huga þegar ég skipa í nefndir. Eins og kom fram og hefur reyndar verið vitnað til í máli hv. málshefjanda þá hefur verið 40% hlutfall kvenna í þeim nefndum sem ég hef skipað sem félmrh. þegar talið var í fyrravetur eða fyrravor.

Eftir örfáa daga vænti ég þess að leggja fyrir þingið endurskoðaða jafnréttisáætlun. Mjög mikil vinna hefur verið lögð í þessa jafnréttisáætlun. Ég hafði farið ásamt með formanni Jafnréttisráðs og framkvæmdarstjóra Jafnréttisráðs og fólki úr félmrn. á fundi í öllum kjördæmum landsins til þess að ræða endurskoðun jafnréttisáætlunarinnar eða undirbúa hana til þess að safna hugmyndum sem víðast af landinu og til þess að víkka umræðuna, til þess að reyna að koma af stað umræðu um þennan mikilvæga málaflokk hvarvetna um land. Ég held að það hafi tekist, þessir fundir tókust yfirleitt vel og ég vænti þess að ný jafnréttisáætlun beri þess merki að undirbúningsvinnan var unnin. Ég vænti þess, herra forseti, að í vetur getum við á grundvelli jafnréttisáætlunar við meðferð málsins hér á landi átt líflegar umræður um þann málaflokk og gagnlegar og málefnalegar.

Ég hef enn fremur reynt að sækja þá fundi sem jafnréttisráðherrar á Norðurlöndum hafa efnt til og reyndar farið til Eystrasaltslanda sem fulltrúi norrænna jafnréttisráðherra. Afar fróðlegt hefur verið að vinna að þessum málaflokki og kynnast þeim sjónarmiðum sem þar hafa verið á baugi og alltaf víkkar sjóndeildarhringurinn svolítið við hvern slíkan fund.

[11:02]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherrum fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að ráðherrarnir fyrirhuga að bæta ráð sitt að þessu leyti og jafnframt að forsrh. viðurkennir að lagagreinin sé brotin og segir að það sé ekkert einsdæmi. Ég spyr hv. þingheim: Til hvers er verið að setja lög ef ráðherrar ríkisstjórna telja allt í lagi að brjóta þau? Og ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég saknaði þess úr svari hæstv. forsrh. að heyra hvort hann ætlar að bæta konum upp þennan vangáning. Eða er þetta kannski af ásettu ráði?

Þessi umræða sýnir mjög glöggt veikleika núgildandi jafnréttislaga og veikleikana í framkvæmd þeirra. Eina ráðuneytið sem almennt virðist fara eftir þessari grein sem er til umræðu er jafnréttisráðuneytið sjálft. En lítil merki eru um það að önnur ráðuneyti virði þetta ákvæði jafnréttislaga. Þessi framkvæmd sýnir glöggt að ríkisstjórnin hefur ekki tileinkað sér þá stefnu í jafnréttismálum sem kallast samþætting og íslenska ríkisstjórnin er þegar orðin aðili að í gegnum samþykktir EES og norrænu ráðherranefndarinnar. Sú stefna gengur út á að samþætta jafnréttismálin inn í öll

ráðuneyti og málaflokka í stað þess að einangra þau í einu ráðuneyti.

Við kvennalistakonur erum nýkomnar af landsfundi þar sem þessi stefna var borin saman við núgildandi jafnréttislög og munum við beita okkur fyrir því að jafnréttislöggjöfin verði styrkt þannig að eftirlitsstofnun fái vald svipað og Samkeppnisstofnun hefur nú. Hér á landi er pólitískur vilji fyrir samkeppni en því miður virðist skorta allan pólitískan vilja hjá þessari ríkisstjórn fyrir jafnrétti kynjanna þrátt fyrir fögur fyrirheit. Og ekki virðist vanþörf á að taka landsföður Íslands á jafnréttisnámskeið eins og gert hefur verið í Svíþjóð með góðum árangri.

Herra forseti. Eftir situr samt sú spurning hvernig það má vera að heilu ríkisstjórnirnar komast upp með að brjóta lög og hvað beri að gera þegar slíkt er upplýst. Ég vil að lokum spyrja hæstv. forsrh. hvað honum finnst um það að rannsóknarnefndir verði skipaðar í svona tilfellum eða að lögum um ráðherraábyrgð verði beitt.

[11:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Þó að það sé sagt úr þessum ræðustól að fjölmörg dæmi séu þess að lagabókstafnum sé ekki fylgt, þá felst ekki í þeim staðreyndalýsingum yfirlýsing af minni hálfu eða annarra að menn telji það allt í lagi. Þetta eru bara staðreyndir sem eru þekktar og hafa verið ræddar hér oft á þessum stað. Hvað segja menn um lög um bann við tóbaksauglýsingum og áfengisauglýsingum? Þetta er brotið alla daga meira og minna. (**GGuðbj:** Ekki ráðherrar.) Ég skal ekki segja um það hvort þeir brjóta lögin. (Gripið fram í.) Ég lýsti þeim staðreyndum að eftir fjölmörgum lagabókstöfum væri ekki farið. En hér í þinginu, fyrst það er nefnt, þá er víst að lögum um hvíldartíma er ekki haldið uppi. Og það eru þó lög, ekki höldum við þeim uppi. Í stjórnarskránni sjálfri segir reyndar að ráðherrar megi tala eins oft og þeir kjósa. Það er brotið með þingskapalögum, þannig að það er til fullt af dæmum um slíkt. Ég er ekki að mæla því bót þó að maður lýsi þessum staðreyndum. Það er fjöldinn allur af lagafyrirmælum og ég gæti sjálfsagt verið í allan dag að telja upp slík lagafyrirmæli sem eru brotin. Það er ekki gott. En það er heldur ekki gott að setja í lög fyrirmæli sem eru þess eðlis að erfitt er að halda þeim uppi. Ég er ekki að segja að þetta tiltekna ákvæði sé þess eðlis og má ekki rangtúlka orð mín að þessu leyti til.

Ef Kvennalistinn til að mynda fengi beiðni um tilnefningar þar sem helst jafnmargar konur og karlar ættu að vera og búið væri að tilnefna nánast eintómar konur, mundi Kvennalistinn tilnefna karl? Ég hef efasemdir um það. Ég býst við að Kvennalistinn mundi brjóta lögin og tilnefna konu. En svona eru dæmin til.

Varðandi skaðabótaákvæði sérstaklega sem nefnt var þá tel ég að það eigi ekki við. Um það hvort draga eigi ráðherra fyrir landsdóm af þessu tilefni, þá verður þingmaðurinn að gera það upp við sig sjálfur.

## *Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293.

[11:07]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Í frv. er lögð til sú breyting á ákvæðum laganna að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði hinn sami og embættistími þess ráðherra sem skipar þá.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er kjörtímabil stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva hið sama og sveitarstjórna. Í stjórnunum sitja fimm fulltrúar, þar af eru þrír kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn tilnefndur af starfsmönnum. Formaður stjórnar er því eini fulltrúinn í stjórninni sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar.

Allur rekstrarkostnaður sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er sem kunnugt er greiddur af ríkinu, svo og 85% af stofnkostnaði. Þrátt fyrir þetta er meiri hluti stjórnanna tilnefndur af sveitarstjórn sem ber ekki fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum. Það er því mjög mikilvægt fyrir ráðherra að geta sjálfur valið þennan trúnaðarmann sinn í stjórnina.

Gert er ráð fyrir því að fyrrgreind breyting taki gildi 1. júní nk., þ.e. að loknum sveitarstjórnarkosningum. Núverandi formenn munu því sitja út sinn skipunartíma. Þá mun heilbrrh. eftir sem áður skipa stjórn sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva að loknum sveitarstjórnarkosningum í vor.

Verði frv. að lögum verður hins vegar sú breyting að skipunartíma þeirra formanna sem heilbrrh. skipar í vor lýkur þegar embættistíma ráðherra lýkur. Sá heilbrrh. sem við tekur að loknum næstu alþingiskosningum mun því fá tækifæri til þess að velja sjálfur formenn stjórnanna.

Með flutningi þessa frv. er núverandi heilbrrh. því að búa í haginn fyrir þann heilbrrh. sem við tekur eftir næstu alþingiskosningar og þá sem á eftir koma. Hér er um að ræða mjög einfalda og sjálfsagða breytingu og ég tel óþarfa að hafa um hana fleiri orð. Ég vænti þess að frv. hljóti jákvæðar undirtektir og verði afgreitt á þessu þingi.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr. að lokinni umræðu hér.

[11:09]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er fallega gert af hæstv. heilbrrh. að hugsa til eftirmanna sinna. Satt að segja talar ráðherrann eins og hún sé um það bil að hverfa úr embætti. Ég vona að ekkert slíkt liggi að baki því að ég a.m.k. vil hafa hana sem lengst í því embætti sem hún gegnir núna.

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að lýsa stuðningi við þetta frv. Við höfum áður átt í nokkrum deilum um þetta ég og hæstv. ráðherra vegna þess að hún hefur freistað þess tvisvar sinnum að koma þessari breytingu í gegn með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég og minn þingflokkur höfum lagst alfarið gegn þeirri framkvæmd mála. Við höfum bent á að það sé út í hött að gera slíkar breytingar sem eru varanlegar og eiga því samkvæmt eðli bandormsins ekki heima í slíku frv. Við höfum hins vegar sagt að kæmi þessi breyting fram sem sérstakt frv. þá mundum við styðja hana.

Í frv. felst að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva fylgir nánast ráðherratímanum. Það er eðlilegt. Þetta er eini trúnaðarmaður sem ráðherrann hefur

í stjórnum þeirra stofnana og það er nauðsynlegt, eins og heilbrigðiskerfið er byggt upp núna, að ráðherrann geti haft stuðning þeirra til að framkvæma þær breytingar sem hann beitir sér fyrir.

Því hefur stundum verið haldið fram að sú staða sem nú er uppi, að þarna eru stjórnarformenn sem ekki eru skipaðir af þeim ráðherra sem situr, hafi komið í veg fyrir að hægt sé að fylgja stefnunni. Það hefur aldrei verið hægt að benda á dæmi um það utan kannski eitt. En ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera svona og þetta kerfi sem hérna er lagt til eigi að gilda sem víðast í hinni opinberu stjórnsýslu. Og ég mun beita mér fyrir því að heilbr.- og trn. afgreiði þetta mál fljótt og vel til þess að vilji ráðherrans geti orðið að lögum.

[11:12]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þegar fyrrv. heilbrrh. nokkur tók við störfum og hitti formenn stjórna heilsugæslustöðva að máli, þá hafði hann við orð: Er ég á fundi í Framsfl. en forveri hans hafði verið framsóknarmaður og hafði þá skipað eiginlega alla formennina eftir flokksskírteinum. Eftirmaðurinn sá að við svo búið mátti ekki lengur standa og skipti um alla formennina og losaði sig við alla þessa framsóknarmenn og setti náttúrlega sína flokksmenn þar sem því var viðkomið. Það gekk yfirleitt mjög vel, þó voru til landsvæði þar sem verulegur hörgull var á flokksmönnum viðkomandi ráðherra þannig að niðurstaðan varð sú sums staðar að hann neyddist til að seilast inn í aðra flokka m.a. Alþb. til að reyna að leysa þessi vandamál og tókst oft vel.

Þetta nefni ég hér, herra forseti, vegna þess að mér finnst öll þessi nálgun óeðlileg, algerlega óeðlileg. Ég tel að sumar nefndir og ráð hjá ríkinu séu þannig að eðlilegt sé að það sé tryggt að ráðherrar geti séð til þess að þeirra stefna að því er varðar fjármál nái fram að ganga. En þegar hlutirnir eru settir upp þannig að það sem skipti meginmáli sé hinn pólitíski litur viðkomandi nefndarformanna, það er algerlega óeðlilegt sjónarmið, sérstaklega í heilbrigðismálum og ég vísa því algerlega á bug.

Ég tel hins vegar eftir atvikum miðað við aðdraganda þessa máls enga ástæðu til að leggja stein í götu þess eins og það liggur fyrir vegna þess að það á út af fyrir sig ekki að taka gildi fyrr en eftir langan tíma. Ég teldi þó að til greina kæmi og vil benda hv. formanni heilbrn. og hæstv. ráðherra á það að taka fram hvaða kostum stjórnarformemnn þurfi að vera búnir þannig að það sé ekki skilyrðislaust skilið svo að þeir þurfi að vera í viðkomandi stjórnmálaflokki heldur sé talað um það beinlínis. Þeir þurfa að þekkja til heilbrigðismála, hafa þekkingu á heilbrigðismálum, rekstri þeirra eða annarri starfsemi og ég bendi á þann möguleika að frv. verði hreinlega breytt þannig að æskilegt sé að ráðherra hafi það til hliðsjónar að um verði að ræða menn sem þekkja eitthvað til heilbrigðismála númer eitt, tvö og þrjú áður en gengið er frá skipan manna í þessi störf.

[11:14]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna um frv. Ég heyri að menn eru í megindráttum sammála um að það hlýtur að teljast eðlilegt að heilbrrh. eigi einn fulltrúa í þessum stóru stjórnum sjúkrastofnana.

Það kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar að ríkja þyrftu viss fagleg sjónarmið og þekking á rekstri og auðvitað hljóta menn að velja slíka aðila til formennsku. En ég tel mjög mikilvægt að þessi breyting eigi sér stað. Þó svo ekki hafi orðið nein stórvandræði af þessu, þá er mikilvægt að heilbrrh. þekki til síns formanns og eigi greiðan aðgang að honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framtíðarskipan raforkumála, fyrri umr.*

Stjtill., 227. mál. — Þskj. 259.

[11:16]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála á þskj. 259. Tillagan byggir að verulegu leyti á starfi tveggja nefnda sem ég skipaði á síðasta ári og skiluðu af sér það sama ár. Önnur var viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Að tillögu nefndarinnar hafa eigendur Landsvirkjunar samþykkt breytingu á sameignarsamningi um fyrirtækið. Jafnframt hefur lögum um fyrirtækið verið breytt í ljósi tillagna nefndarinnar.

Hin var ráðgjafarnefnd fulltrúa orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins og skyldi hún vera ráðherra til ráðgjafar við endurskoðun löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Síðan nefndirnar luku störfum hefur verið unnið að því í iðnrn. að móta tillögu um framtíðarskipan raforkumála sem byggir í öllum meginatriðum á niðurstöðu nefndanna.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að raforkulög voru sett fyrir rúmlega 50 árum. Þau lög mörkuðu tímamót í rafvæðingu landsins. Með þeim fékk ríkið einkarétt á að virkja og reka raforkuver og tók jafnframt að sér dreifingu raforkunnar á þeim svæðum þar sem ekki voru til staðar rafveitur í eigu sveitarfélaga.

Önnur straumhvörf urðu á sjöunda áratugnum með stórefldri nýtingu orkulindanna til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og heildarendurskoðunar á skipan raforkumála. Við þessa endurskoðun voru raforkulögin felld úr gildi með setningu orkulaga jafnframt því sem Landsvirkjun var stofnuð með lögum frá Alþingi.

Fullyrða má að núverandi skipan raforkumála hafi reynst vel. Raforkukerfið stendur á traustum grunni, er tæknilega mjög gott og notendur búa við mikið afhendingaröryggi. Þá má nefna að raforkunotkun á mann hér á landi stefnir óðfluga í að verða hin mesta í heimi. Raforkuverð er vel viðunandi samanborið við nágrannalönd þrátt fyrir að landið sé fámennt og strjálbýlt. Þá er hlutur endurnýjanlegrar orku hærri en í öðrum löndum og loftmengun vegna orkuvinnslu er óveruleg.

Þrátt fyrir góðan árangur þarfnast þriggja áratuga orkulöggjöf endurskoðunar sem tekur mið af breyttum aðstæðum. Þáltill. gengur út á að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Samkeppni verður hins vegar ekki komið á í einni svipan. Í tillögunni er gert ráð fyrir að það gerist í vel skipulögðum áföngum sem taka mið af sérkennum íslenska raforkumarkaðarins. Hvatinn að endurskipulagningu raforkukerfisins er ferns konar.

Í fyrsta lagi hafa ný viðhorf verið að ryðja sér til rúms í viðskiptum með raforku víða um heim. Gamalgróin viðhorf um að hið opinbera hafi óhjákvæmilegu lykilhlutverki

að gegna á öllum sviðum raforkumarkaðarins hafa verið að breytast.

Í öðru lagi hefur Evrópusambandið samþykkt tilskipun um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir raforku. Þessi tilskipun mun væntanlega kalla á breytingar á löggjöf hér á landi.

Í þriðja lagi ríkir ekki nægjanleg sátt um núverandi kerfi. Einstaka framleiðendur telja sig geta framleitt raforku á lægra verði en þeir kaupa hana á frá Landsvirkjun. Jafnframt því geta nokkrar rafveitur sveitarfélaga ekki keypt raforku beint af Landsvirkjun heldur þurfa að nota Rarik sem millilið.

Í fjórða lagi kalla gríðarmiklir möguleikar Íslendinga á frekari nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar á nýja hugsun. Sterk rök hníga að því að skynsamlegt geti verið fyrir Íslendinga að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann. Vík ég nú að hverju þessara atriða fyrir sig.

Almenn viðhorf í flestum löndum heims eru að markaðsbúskapur sé hagkvæmasta hagskipulagið sem þekkist og því þurfi markaðsbresti af einu eða öðru tagi til að réttlæta opinber afskipti. Frá upphafi rafvæðingar hefur því verið haldið fram að raforka hafi þá eiginleika sem kalla á opinber afskipti. Ekki megi taka áhættu varðandi afhendingaröryggi og tryggja þurfi öllum notendum raforku. Því sé raforkumarkaðurinn sérstakur og þarfnist verndar.

Andstætt þessu sjónarmiði kemur markaðsviðhorfið, þ.e. það beri að fylgja meginreglum um markaðsbúskap í viðskiptum með raforku ekkert síður en á öðrum mörkuðum. Raforka hafi að vísu ýmsa séreiginleika en eigi samt að meðhöndlast á sama hátt og aðrir orkugjafar. Samkeppnismarkaðir hafa sannað að þeir sjái okkur fyrir lífsnauðsynjum með meira öryggi og gæðum en gerist með miðstýringu.

Skemmst er frá því að segja að skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Sem dæmi um lönd sem hafa innleitt samkeppni á raforkumarkaði eru Bretland, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Bandaríkin, Nýja-Sjáland og Chile. Mörg önnur lönd eins og Holland, Austurríki, Grikkland, Írland og Portúgal hafa stigið fyrstu skrefin í átt að samkeppni á þessum markaði. Reynslan hefur víðast hvar verið mjög góð enda þótt víða séu skoðanir skiptar um árangur af samkeppninni.

Tillaga sú sem hér er til umræðu miðar að því að færa sér í nyt þessi nýju sjónarmið hér á landi. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu er þar höfuðatriði ásamt því að gera vinnslu raforkusölu frjálsa í áföngum.

Önnur rök fyrir endurskipulagningu raforkukerfisins koma til vegna nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku. Tilskipunin tekur að hluta mið af þeim nýju viðhorfum sem ég ræddi á undan. Evrópusambandinu þykir brýnt að koma á innri markaði með rafmagn, m.a. til að efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja, en verð á raforku til iðnaðarnota í Evrópusambandinu er um þriðjungi hærra en í Bandaríkjunum. Hornsteinar tilskipunarinnar eru afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, m.a. bókhaldslegur aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu og frelsi tiltekinna orkukaupenda til beinna viðskipta við orkuframleiðendur. Samkvæmt tilskipuninni geta ríki valið á milli útboðs og leyfisveitinga þegar ný orkuver eru reist. Skilyrði sem til grundvallar liggja skulu vera gagnsæ, birt opinberlega og mega ekki mismuna umsækjendum.

Þriðju rökin fyrir breyttu raforkukerfi er að ekki er nægjanleg eining um núverandi kerfi. Landsvirkjun hefur mjög víðtækum skyldum að gegna í núverandi kerfi, selur á sama verði um land allt og á að tryggja að með viðunandi öryggi sé nægjanleg orka tiltæk til að mæta orkuþörfinni á hverjum tíma án þess þó að hafa einkarétt til raforkuvinnslu. Orkufyrirtæki, einkum Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Rarik, hafa viljað auka sína framleiðsu þar er þau telja sig geta framleitt orku með minni tilkostnaði er nemur söluverði Landsvirkjunar.

Í núverandi kerfi gengur vart upp að veita einstökum framleiðendum leyfi til að virkja fyrir sinn markað. Þeir landsmenn sem nytu ekki ávinnings af þessum nýju virkjunum þyrftu því að bera þyngri byrðar en áður, þ.e. greiða reikninginn fyrir hina öru rafvæðingu landsins á undanförnum áratugum. Í nýju kerfi gefst hins vegar svigrúm fyrir einstaka framleiðendur til að framleiða orku inn á meginflutningskerfið. Því hagkvæmari sem virkjunin er, þeim mun meiri hagnaður af raforkusölunni. Ekki er þó hægt að búast við skjótum ávinningi af nýju kerfi þó breytingar á fyrirkomulagi meginflutningskerfisins gefi vissulega færi á að innleiða samkeppni milli framleiðenda. Landsvirkjun er skuldsett fyrirtæki vegna örrar rafvæðingar landsins. Veita þarf fyrirtækinu eðlilegt svigrúm til að greiða þennan kostnað niður áður en samkeppni verður komið á að fullu.

Í niðurstöðu eigendanefndar Landsvirkjunar, sem endurspeglast í breyttum sameignarsamningi eigenda fyrirtækisins, er gengið út frá þeirri meginforsendu að staða Landsvirkjunar verði í aðalatriðum óbreytt hvað varðar orkusölu til almenningsveitna næstu 10 árin. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja 2–3% raunlækkun á verði raforku til almennings á árunum 2001–2010.

Fleiri ókostir núverandi skipulags eru oft nefndir. Sem dæmi má nefna vandkvæði rafveitna nokkurra sveitarfélaga sem tengjast ekki meginflutningskerfi Landsvirkjunar. Þessar rafveitur kaupa því raforku í heildsölu af Rarik sem aftur kaupir megnið af raforku sinni frá Landsvirkjun. Þessu mætti breyta með breyttu fyrirkomulagi meginflutningskerfisins. Allt ber þetta að sama brunni. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu er forsenda fyrir samkeppni í viðskiptum með raforku.

Hlutverk meginflutningskerfisins í raforkukerfinu er mjög mikilvægt og fjölþætt. Það mun væntanlega taka við mörgum verkefnum Landsvirkjunar eins og að tryggja lágmarksframboð raforku og verðjöfnun. Í tillögunni er við það miðað að nú þegar verði hafist handa við að kanna tæknilegar og fjárhagslegar forsendur fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku.

Fjórðu rökin sem ég færi fyrir breyttu skipulagi raforkumála felst í þeim miklu tækifærum sem við Íslendingar eigum í nýtingu orkulindanna. Á síðustu tveimur árum hafa verið stigin mikilvæg skref í átt að hagkvæmari nýtingu auðlindarinnar. Þeir þrír samningar sem gerðir hafa verið eru hagstæðir fyrir þjóðarbúið og orkufyrirtækin. Þeir skapa fjölbreyttara atvinnulíf og flytja inn erlent fjármagn, tækniþekkingu og hundruð nýrra hálaunastarfa. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar batnar einnig og fyrirtækið er því betur í stakk búið að lækka orkuverð til almenningsveitna.

Hugmyndir um stóriðju, sem eru nú til umræðu, kalla á miklar og kostnaðarsamar orkuframkvæmdir. Eðlilegt er að bæði orkuframkvæmdirnar og iðjuverin, sem nýta orkuna, standist arðsemiskröfu markaðarins með sama hætti og aðr-

ar fjárfestingar. Í því sambandi má hugsa sér að virkjanir verði á vegum sjálfstæðra hlutafélaga án beinnar ábyrgðar Landsvirkjunar eða eigenda hennar og jafnvel að leitað verði samstarfs við innlenda og erlenda áhættufjárfesta um fjárfestingar í orkuvinnslu vegna raforkusölu til nýrrar stóriðju.

Tillagan sem liggur fyrir miðar einmitt að því að kannaðar verði leiðir til að fá meira eigið fé inn í greinina, m.a. með því að gera arðkröfu til þess fjármagns sem bundið er í henni.

Herra forseti. Flest rök hníga að því að skynsamlegt sé að feta sig á braut frjálsra viðskipta með raforku. Hversu hratt skuli stíga þau skref er hins vegar erfiðara að segja til um. Að mínu mati er ráðlegt að kanna rækilega alla þætti áður en breytingar eru ákveðnar og stilla þeim í hóf í byrjun.

Ástæðurnar fyrir því að fara varlega í byrjun eru margþættar. Þar má m.a. nefna viðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem varðandi framboð raforku og verðlagningu hennar. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Að þessu þarf að hyggja um mótun framtíðarstefnu fyrir íslenskan raforkubúskap. Nauðsynlegt er að veita Landsvirkjun og öðrum raforkuframleiðendum það svigrúm sem þarf til að laga sig að breyttum aðstæðum. Vandamálin sem við er að etja eru þó langt í frá óyfirstíganleg.

Raforkukerfið hér á landi er vissulega lítið í samanburði við kerfi nágrannalandanna en engin ástæða er til að ætla að samkeppni geti ekki þrifist á markaði af þessari stærð. Benda má á að samkepppni á raforkumarkaði hefur verið hvað árangursríkust í litlum löndum eins og á Nýja-Sjálandi.

Mörg álitamál munu koma upp og ekki er öllum spurningum svarað. Í tillögunni er ekki hugað að eignarrétti á orkulindum en stjfrv. er að vænta sem bregða mun birtu á sjónarmið stjórnvalda í þeim efnum. Einnig verður að leggja áherslu á að umhverfismál eru og verða nátengd nýtingu orkulindanna.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að kannaðir verði kostir og gallar þess að tengja raforkukerfið við meginland Evrópu út frá íslenskum hagsmunum. Sú könnun þarf að ná til tæknilegra, fjárhagslegra og umhverfislegra þátta. Ég tel mikilvægt að slík könnun fari fram samhliða endurskipulagningu raforkukerfisins.

Tillagan miðar að því að strax verði hafist handa við undirbúning skipulagsbreytinganna. Mikilvægasta skrefið sem strax verður stigið er að kanna tæknilegar og fjárhagslegar forsendur á breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið. Breytt fyrirkomulag flutnings er forsenda fyrir að samkeppni geti myndast í viðskiptum með raforku.

Herra forseti. Að aflokinni fyrri umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. iðnn.

[11:30]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni býsna stórt mál og væri ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort rammi þingskapa sé ekki of þröngur um mál af þessu tagi. Hér er á ferðinni mál sem mér finnst að eigi að jafna til skýrslna þannig að tíminn sé þá tvöfaldur á við það sem gerist og gengur í venjulegum þingsályktunartillögum. Þetta segi ég ekki til að gagnrýna neinn sem hér er heldur bara til að minna á þetta mál í tengslum við endurskoðun þingskapa sem er óhjákvæmilegt að verði farið í.

Herra forseti. Ég ætlaði mér að vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við tillöguna og fyrst að nefna það að mér finnst tillagan veik. Mér finnst tillagan ekki mjög öflugt skjal eins og hún lítur hér út. Út af fyrir sig vil ég líka segja að ég er tilbúinn fyrir mitt leyti og af hálfu þingflokks okkar til þess að vinna að því að bæta tillöguna í hv. iðnn. en það eru mjög veigamikil atriði sem vantar í hana. Það er alveg ótrúlegt að það skuli vera flutt till. til þál. um framtíðarskipun raforkumála án þess að nefna tvö tiltekin grundvallaratriði sem eru hvergi nefnd þannig að orð sé á gerandi.

Hið fyrra er að hvergi er farið út í að rekja umhverfisforsendur orkunýtingar og það er gamaldags nálgun í orkumálum að ræða um orkumál öðruvísi en að taka sérstaklega á umhverfisforsendun orkunýtingar bæði vistvænum, mengunarlausum orkugjöfum, málum eins og því hvernig á hugsanlega að nýta vetni og vindorku í framtíðinni. Hér er engin áhersla á að draga úr notkun lífræns eldsneytis og engin áhersla á að verðlagning orkunnar endurspegli allan kostnað, líka umhverfiskostnaðinn til skemmri eða lengri tíma. Þessa sakna ég úr tillögunni og um það gæti ég farið mörgum fleiri orðum en geri ekki.

Hitt atriðið sem ég tel að sé sérstaklega alvarlegt að vera ekki með í tillögunni er áherslan á jöfnun orkuverðs. Það er ótrúlegt að það skuli gerast, sérstaklega með hliðsjón af því hvað orkuverðlagsmálin er alltaf veigammikill þáttur orkuumræðunnar á Íslandi, ekki síst núna þessa dagana. Hvergi er minnst á verðjöfnun raforku í þessum pappír. Það er mjög merkilegt með hliðsjón af þeirri stöðu sem nú er, t.d. vegna þess að einmitt í dag eða gær er verið að tilkynna verulega hækkun á töxtum Landsvirkjunar. Það er bersýnilegt að sú hækkun á öll að fara til þess að uppfylla kröfur eigenda samkomulagsins um það að eigið fé Landsvirkjunar skili tilteknum arði. Hægt er að halda því fram að ef ekki kæmu til þessar kröfur eigenda samkomulagsins þá þyrfti orkuverðshækkunin ekki að eiga sér stað. Ég vil gera það að hluta af mínu máli í umræðunni að skora á hæstv. iðnrh. að knýja Landsvirkjun til að taka þessa hækkunarákvörðun til baka af því að engin rekstrarleg rök eru fyrir henni. Það eru engin rök fyrir henni önnur en þau að það þurfi núna að uppfylla ákvæði þessa eigendasamkomulags. Ég tel með hliðsjón af þessu og öðru að ótrúverðugt sé að flytja till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála, og tala ekki um umhverfismál, tala ekki um jöfnun orkukostnaðar, tala ekki um neitt annað en samkeppni sem hlýtur að þýða það hvað sem menn segja um samkeppni að öðru leyti að það verði misjafnt orkuverð í landinu því að samkeppnin byggist á því að orkuverð sé misjafnt.

Í þriðja lagi verð ég að segja það í framhaldi af þessu, herra forseti, að ég tel að grundvallarpólitíkin í tillögunni sé slæm að því er varðar þessa einhliða samkeppnisáherslu.

Ég tel hins vegar sjálfsagt mál og það er stefna Alþb. og hefur lengi verið að það eigi að vinna að skipulagslegum aðskilnaði vinnslu, flutnings og dreifingar. Það er út af fyrir sig mál sem við erum tilbúin til þess að taka á og vinna að að verði orðað í texta tillögunnar. Ég tel að tillagan sé að mörgu leyti almenn og kannski meinlaus því að ein og sér breytir hún sáralitlu. Hæstv. iðnrh. á samkvæmt tillöguni að yfirfara rekstrarform orkufyrirtækja. Hann á að láta fara fram könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið. Hann þarf að móta skilyrði fyrir veitingu virkjanaleyfa án þess að það sé neitt skilgreint nánar og ég botna satt að segja

ekkert í því orðalagi hvað er átt við með því hvers lags skilyrði getur ráðherra mótað. Hann getur engin skilyrði mótað. Sá eini sem getur mótað skilyrði í málinu er Alþingi eins og allir vita sem sitja í þessum sal. Ráðherrann á að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og allt í góðu með það. Hann á að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu. Mér finnst að það eigi að kanna þessa hluti. Mér finnst að það eigi að kanna fjármögnunarhliðina, arðshliðina og allt það, fara mjög rækilega yfir þá hluti og ég hef ekkert við það að athuga að menn kanni það.

Síðan kemur síðasti punkturinn. Ráðherrann á að gefa þinginu skýrslu um framgang málsins eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn eftir að hann hefur látið af embætti, þ.e. árið 2000. Það er í raun allt sem stendur í tillögunni og ég segi eins og er að síðastnefnda ákvæðið er það langmeinlausasta vegna þess að það skiptir sáralitlu máli.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það þurfi mjög mikla vinnu að leggja í tillöguna í hv. iðnn. og ég endurtek það af hálfu þingflokks Alþb. og óháðra að við munum gera það sem við getum í þeim efnum.

Alþb. ályktaði ítarlega um umhverfismál á landsfundi sínum núna nýlega og þar hvetur Alþb. til þess að fylgt verði sjálfbærri stefnu í orkunýtingarmálum og við mat á virkjunarkostum verði ósnortin náttúra metin til verðmæta. Efla þarf grunnrannsóknir á náttúru Íslands, m.a. til þess að tryggja að mat á umhverfisáhrifum geti farið skilvirkt fram. Eins og segir í ályktuninni varar landsfundurinn við stórfelldum áformum um virkjanir á hálendi Íslands og lagningu háspennulína og annarra orkudreifingarkerfa. Fundurinn hvetur til varfærni í framkvæmdum og til virðingar við náttúru landsins, krefst þess að alþjóðlegir samningar verði virtir, leggur áherslu á jöfnun orkuverðs sem grundvallaratriði stefnu sinnar í verðlagsmálum raforku. Fundurinn leggur til að raforku verði skipt upp þannig að orkusala til stóriðju verði algerlega skilin frá orkusölu til almenningsveitna og að snúið verði af þeirri braut að hinn almenni raforkunotandi greiði niður orkuverð fyrir stóriðjuna. Þessir þættir, herra forseti, skipta mjög miklu máli í sambandi við meðferð málsins og við munum halda þeim til haga við meðferð málsins í hv. iðnn.

Að lokum þetta um tillöguna, herra forseti. Það vantar tvö úrslitaatriði í hana, þ.e. umhverfisforsendurnar og jöfnunarverðsforsendurnar. Útilokað er að ná samkomulagi um tillögu eða ályktun Alþingis um skipulag raforkumála öðruvísi en á þessum þáttum sé tekið. Í tilefni af þessu, herra forseti, skora ég á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að Landsvirkjun afturkalli strax í dag þá ákvörðun um hækkun sem tilkynnt hefur verið núna í gær og í fyrradag.

[11:39]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ hér á eftir tækifæri til þess að svara hv. þm. því sem snýr að umhverfismálunum og þeim hækkunum sem núna eru að eiga sér stað hjá Landsvirkjun. Í raun er það þannig að hv. þm. þekkir þá forsögu örlítið betur en sá sem hér stendur.

Eitt er mjög mikilvægt. Það er þegar hv. þingmenn koma og vilja láta taka sig alvarlega í umræðunni að ekki sé farið með slíkar fullyrðingar eins og gert var varðandi orkujöfnunina að ekki sé minnst á það í tillögunni. Þá er um tvennt að ræða: Annaðhvort ætlar hv. þm. að fara með blekkingaleik inn í umræðuna eða hv. þm. hefur ekki lesið þáltill. Verð ég þá að benda hv. þm. á það að neðst á bls. 4 segir einfaldlega, með leyfi forseta: „Í þessu sambandi má benda á að við gerð gjaldskrár má sjá til þess að meginflutningskerfið eða Landsnetið taki við því hlutverki sem Landsvirkjun hefur nú varðandi jöfnun orkuverðs."

Með öðrum orðum, gengið er út frá því sama og er í núverandi skipulagi fyrir utan það að með breyttu fyrirkomulagi gefst enn frekar tækifæri í gegnum Landsnetið að ganga enn lengra til jöfnunar orkuverðs í landinu en nú er gert og hafa þær reglur sem þar yrði farið eftir miklu skýrari en menn eru með í dag.

[11:41]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja kann ég ekki að meta þennan skæting sem kemur einlægt upp hjá hæstv. iðnrh. þegar við erum að tala um orkumál. Auðvitað er það þannig með þann þingmann sem hér stendur að hann vill láta taka sig alvarlega og það geri ég ráð fyrir því að ráðherrann vilji líka, málið snýst ekki um það.

Veruleikinn er sá að í tillögunni sjálfri er hvergi minnst á jöfnun orkuverðs. Í tillögunni sjálfri er hvergi minnst á jöfnun orkuverðs sem forsendu endurskipulagningar raforkumála á Íslandi. Það er hvergi minnst á það einu einasta orði og þó að hann geti fundið einhverja aukasetningu í greinargerðinni neðst á bls. 4 breytir það engu í málinu að jöfnun orkuverðs er aukaatriði að mati hæstv. iðnrh. í þessu máli. Það er mjög alvarlegur hlutur. Ég er ekki að segja að hæstv. iðnrh. sé þar með endilega á móti því að taka upp jöfnun orkuverðs og ég er ekki heldur að segja að hann vilji ekki láta taka sig alvarlega og ég er heldur ekki að segja að hann vilji ekki beita sér fyrir því þegar kemur að meðferð málsins í iðnn. að jöfnun orkuverðs verði tekin upp sem markmið endurskipulagningarinnar. En ég er að segja að í tillögunni eins og hún kemur fram frá stjórnarflokkunum er ekki minnst á þetta mál. Það er líka ljóst, herra forseti, af öllu uppleggi málsins að misjafnt orkuverð er undirstaða hugmyndafræðinnar því að það er talað um samkeppni og aftur samkeppni í fimmtu hverri línu sem þýðir að orkuverðið verður að vera misjafnt. Hverjir ætli verði þá látnir borga hátt orkuverð og hverjir lágt? Auðvitað liggur það í augum uppi þannig að hugmyndafræði sem hér er verið að setja fram í tillögunni bendir til þess að ráðherrann vilji að orkuverð verði misjafnt en ég áskil honum fyrir hans hönd allan rétt til þess að það verði tekið á málinu við meðferð málsins í hv. iðnn. en eins og málið liggur hér fyrir er þetta hreinræktuð hægri pólitík í orkumálum og ekkert annað.

[11:43]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. sé með till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála. Hún liggur fyrir á þskj. 259 og það sem ég var að vitna í er í þáltill. í greinargerð hennar og þær áherslur koma þar fram sem iðnrh. og ríkisstjórnin vill hafa í þessum efnum.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á í fyrri ræðu sinni um hækkun orkuverðs Landsvirkjunar er alveg hárrétt hjá hv. þm. að gengið er út frá því þegar sameignarsamningur Landsvirkjunar verður endurskoðaður milli Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkisins að orkuverð mundi hækka í samræmi við verðhækkanir fram til ársins 2000 þannig að

þær héldust óbreyttar að raungildi. En síðan lækki þær að raungildi árið 2001–2010 um 2–3%. Í samræmi við þetta markmið hækkaði Landsvirkjun gjaldskrá sína um 3,2% 1. apríl 1997 sem svarar til hækkunar á meðalverðlagi 1996 til ársins 1997 á mælikvarða byggingarvísitölu.

Hverjir skyldu hafa tekið þátt í þessari afgreiðslu, 3,2% hækkuninni? Á þeim fundi var hv. þm. Svavar Gestsson og greiddi atkvæði með hækkuninni, auðvitað í samræmi við samkomulagið sem búið var að gera og þannig stóð þingmaðurinn að því að virða samkomulagið. Af því að hv. þm. er nú kominn út úr stjórn Landsvirkjunar er orðið forgangsverkefni að nú eigi að brjóta það allt saman niður og snúa hlutunum við. Hv. þm. stóð að 3,2% hækkun orkuverðs á vegum Landsvirkjunar fyrir 1. apríl 1997.

[11:45]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það þannig að í till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála, sem hefur verið lögð fyrir 122. löggjafarþing og er 227. mál á þskj. 259, er hvergi nefnd jöfnun orkuverðs. Það er hvergi nefnd sú stefna að stuðla eigi að jöfnun orkuverðs. Það þarf að fara aftur neðst á bls. 4 í grg. til að finna það að menn ætli að leitast við af fremsta megni, einhvern tímann, að reyna að koma á jöfnun orkuverðs. Þannig er alveg ljóst að grg. liggur ekki hér fyrir sem tillaga og texti í grg. er aldrei borinn upp á Alþingi. Auðvitað mætti hugsa sér að flytja texta úr grg. í tillögu en ráðherrann gerir ekki þessa tillögu til Alþingis. Hann gerir það ekki. Hann gerir bara tillögu um að verðlag á raforku lúti samkeppnis- og markaðslögmálum og punktur — það er það eina sem stendur í þessu skjali.

Varðandi hækkun Landsvirkjunar þá vil ég bara segja að ég tel óhjákvæmilegt að Landsvirkjun verði rekin til baka með þessa hækkun, fyrst og fremst vegna þess að Landsvirkun á með þessu að standa við ákvæði eigendasamkomulagsins. Hún er ekki að gera neitt annað. Ég var andvígur þessu samkomulagi, eins og menn vita og muna sem hér eru í salnum. Ég tel að það eigi í raun og veru að hafna því eins og staðan er í dag. Það er eins og blaut tuska framan í andlit landsmanna að knýja fram þessa hækkun. Á sama tíma og Landsvirkjun er á aðalfundum sínum að monta sig af milljarðahagnaði á hún ekki að hækka verð á raforku. Það á ekki að gera það með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. er að verja hér á þessum fundi. (**Gripið fram í:** Þú greiddir atkvæði með.) Það er rangt. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er rangt.

[11:47]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að hér er stórt mál á ferðinni og ræðutími naumt skammtaður. Við eigum hins vegar báðir sæti í hv. iðnn. og eigum sjálfsagt eftir að leggja þar mikla vinnu í þetta mál. Að mínu áliti er löngu tímabært að marka stefnu um framtíðarskipan orkumála og í þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu eru lagðar línurnar um það hvernig sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu á raforku. Við höfum búið við það hér á landi að þau fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru að mestu leyti í opinberri eigu og einnig rannsóknastofnanir á þessu sviði. Fyrirtækin eru ýmist alfarið í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða þá fyrirtæki sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga.

Hæstv. iðnrh. minntist í ræðu sinni á nefnd sem hann skipaði á síðasta ári til að vera ráðuneytinu til aðstoðar um endurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu á orku. Ég átti sæti í þessari nefnd en í henni sátu 18 manns tilnefndir af öllum þingflokkum, orkufyrirtækjum, sveitarfélögum og öðrum aðilum, þar á meðal aðilum vinnumarkaðarins. Nefndin komst að sameiginlegri niðurstöðu sem er út af fyrir sig merkilegt því þarna voru fulltrúar mjög ólíkra aðila. Nefndin kannaði nokkuð hvernig skipan raforkumála hefur þróast í öðrum löndum og er skemmst frá því að segja að þar hafa víða orðið miklar breytingar á undanförnum árum. Undantekningarlítið eru þessar breytingar sama eðlis, þó að þær miðist auðvitað við aðstæður á hverjum stað, en meginþema þessara breytinga er að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Með þessu hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. Við þetta hafa hefðbundin viðhorf til raforkumála breyst. Löngum hefur það verið viðtekin skoðun að hið opinbera yrði að gegna lykilhlutverki á öllum sviðum þeirra og að markaðslausnir ættu ekki við, m.a. vegna einkaréttarstarfsemi af þessu tagi. En þær aðferðir sem þróast hafa á undanförnum árum til að virkja markaðsöflun varðandi vinnslu og sölu raforku hafa reynst vel og þeirri skoðun vaxið mjög fylgi að samkeppni skili að jafnaði meiri árangri í vinnslu og sölu heldur en einkaréttur.

Skoðun orkunefndarinnar var að þó einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda þá sé vandratað á skynsamlega áfanga að settu marki og því ráðlegt að stilla í hóf breytingum í byrjun og endurmeta frekar stöðuna eftir hvern áfanga. Byrja skal á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja vinnslu, flutning, dreifingu og sölu. Í framhaldi af því sé nauðsynlegt að búa svo um hnúta að samkeppni geti þróast eðlilega varðandi vinnslu og sölu. Eftirlitskerfið verði eflt á sviðum einkaréttar, þ.e. flutnings og dreifingar. Nefndarmenn voru sammála um það að aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu væru forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum með raforku og að slíkur aðskilnaður verði augljóslega fyrsta skrefið í átt að nýskipan raforkumála hér á landi. Því mælti nefndin með því að þetta skref verði stigið sem fyrst og taldi reyndar einnig að aðskilnaður í bókhaldi þessara þátta verði innan skamms lágmarkskrafa samkvæmt samningum Íslendinga um EES.

Í skýrslu orkunefndarinnar er fjallað um raforkusölu og með hvaða hætti nefndin leggur til að kaup og sala raforku verði gefin frjáls. Þar er bent á að til að byrja með verði það líklega aðeins stærstu iðnfyrirtækin sem muni njóta góðs af samkeppni í raforkusölu og í þeim löndum sem lengst eru komin í endurskipulagningu raforkukerfisins sé samkeppni í sölu til smárra notenda vart byrjuð svo neinu nemi. Enn sem komið er telst það vart svara kostnaði fyrir smánotendur að skipta um söluaðila vegna þess búnaðar sem notendur verða að hafa. Bent er á að það gæti þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að vernda smánotendur gegn því að byrðar sem stórnotendur létta af sér með samkeppninni verði lagðar á þá.

Í minnisatriðum sem Jakob Björnsson, fyrrv. orkumálastjóri, lét fylgja með skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Það mun ekki dæmalaust erlendis frá að meira og minna föstum kostnaði sem rafveita situr uppi með þegar hún kemur í samkeppnisumhverfi í raforkusölu sé dreift á þá notendur sem eftir sitja þegar hinir, sem kost eiga á ódýrari raforku annars staðar, hafa beint viðskiptum sínum frá rafveitunni á staðnum. Slíkt hefur eðlilega vakið hörð viðbrögð sumsstað-

ar. Það er ekki einasta ósanngjarnt frá jafnræðissjónarmiði að rafveita fari þannig að heldur getur það skipt sköpum fyrir framgang hugmyndarinnar um samkeppni í raforkusölu að smánotendur telji ekki hagsmunum sínum ógnað með samkeppninni og rísi af þeim sökum öndverðir gegn henni."

Ég vil taka undir þessi varnaðarorð Jakobs en þetta þarf að skoða vel í iðnn. því auðvitað má þessi breyting á skipan orkusölunnar ekki verða til þess að þyngja byrðar smærri notenda. Þvert á móti þarf að leggja áherslu á að jafna orkuverð landsmanna sem í dag búa við ótrúlegan verðmun á raforku og ég verð nú að taka undir mótmæli hv. þm. Svavars Gestssonar við þeirri gjaldskrárhækkun sem Landsvirkjun hefur boðað og mun auka verðmun á raforku þó ekki sé á bætandi.

Höfuðmarkmiðið með nýskipan raforkumála hlýtur að vera að finna leiðir til að framleiða rafmagn á sem ódýrastan hátt fyrir neytendur. Með þáltill. þeirri sem hér er til umræðu og hæstv. iðnrh. mælti fyrir fylgir tímaáætlun um framgang þeirra verkefna sem hæstv. iðnrh. verða falin með samþykkt tillögunnar og það finnst sjálfsagt mörgum að þetta mætti ganga hraðar. Þær raddir komu fram í orkunefndinni, sem starfaði á síðasta ári og ég nefndi áðan, að þetta þyrfti að ganga hraðar fyrir sig. Ég tel að að verði að líta á það að hér er um mjög róttækar breytingar að ræða sem hljóta að þurfa nokkurn undirbúning og aðdraganda. Ráð er gert fyrir að sá þáttur þessara breytinga sem mjög margir leggja áherslu á og bíða eftir, þ.e. stofnun landsnets, komi til framkvæmda á tímabilinu 2001–2003 eða eftir fjögur til sex ár og þá samhliða breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun. Á sama tíma verði raforkufyrirtækjum sem ríkið á eignarhlut í breytt í hlutafélög. Mér finnst eðlilegt að þessar viðamiklu breytingar komi til framkvæmda á nokkrum árum. Það hefur gefist vel á öðrum sviðum á undanförnum árum að framkvæma stórar breytingar í áföngum, t.d. þegar komið var á frelsi í fjármagnsviðskiptum, það var gert í áföngum og ég held að það sé affarasælla en að afgreiða slík mál í einum hvelli.

Þessi tillaga fer nú til umfjöllunar í iðnn. og það er vissulega margt sem þarf að huga að en á heildina litið þá sýnist mér að hér sé um jákvæða tillögu að ræða.

[11:55]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. nefndi það í ræðu sinni að gott samkomulag hefði orðið í þessari stóru orkustefnunefnd — held ég að hún hafi heitið. Ég vil bara halda því til haga hér af því ég gat ekki komið því að í ræðu minni áðan að fulltrúi Alþb. í þessari nefnd gerði veigamiklar athugasemdir við nefndarálitið og var ekki sammála því. Í lok greinargerðar hans segir svo, með leyfi forseta: „Eins og fram kemur í ofanrituðu er ég óánægður með ýmsar áherslur í skýrslunni eða skort á þeim, en tel þó að um margt séu tillögur nefndarinnar til bóta. Einkum á það við tillögurnar um aðskilnað vinnslu, flutnings og dreifingar, sem ég styð eindregið. Ég vil þó leggja áherslu á að engar mikilvægar ákvarðanir verði teknar um breytingar á raforkukerfinu fyrr en að betur athuguðu máli og sýnist liggja beint við að nú þegar verði hafist handa um vandaða úttekt, hagkvæmniathugun, á raforkumálum á Íslandi." En hún hefur ekki farið fram. Það hefur ekki farið fram sérstök hagkvæmniúttekt á raforkumálum á Íslandi, svo ótrúlegt sem það nú er, sem hefði auðvitað átt að vera inngangur að þessu máli.

Þessu vildi ég halda hér til haga án þess að ég sé að mótmæla neinu af því sem hv. þm. sagði en vildi nefna þetta mál af því að fulltrúi Alþb. í nefndinni gerði þessa athugasemd. Og síðan það að hann gagnrýnir alveg sérstaklega að í skýrslu orkustefnunefndar er lítið tekið á verðjöfnunarmálum eins og segir í bókun hans. Í skýrslu orkustefnunefndar eru verðjöfnunarmál strax sett til hliðar þó að skýrt sé kveðið á um það í erindisbréfi nefndarinnar frá hæstv. iðnrh. að fjallað skuli um jöfnun orkuverðs. Í raun og veru er það mjög grunsamlegt að frá erindisbréfi hæstv. iðnrh. til þessarar þáltill. er nokkuð langur vegur, í nokkrum mánuðum eða jafnvel örfáum missirum. Í upphafi nefnir hann jöfnun orkuverðs sem mikilvægt atriði en niðurstaðan er sú að nú er hún ekki talin mikilvæg — hugmyndin um jöfnun orkuverðs.

Athugasemd mín lýtur aðallega að því atriði í ræðu hv. þm. að ég vildi koma því á framfæri að það var ekki fullt samkomulag í þeirri nefnd sem hér var um að ræða.

[11:58]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að nefndin hefði komist að sameiginlegri niðurstöðu og ég taldi það út af fyrir sig merkilegt því þarna hefðu jú verið samankomnir fulltrúar mjög ólíkra aðila. Hv. þm. Svavar Gestsson dregur í efa að samkomulag nefndarinnar hafi verið eins gott og ég vil vera láta en ég ætla þá að leyfa mér að lesa hér smákafla úr bréfi til hæstv. iðnrh. 9. október 1996 sem nefndin skrifaði öll undir, en þar segir, með leyfi forseta: „Skýrsla nefndarinnar fylgir hér með. Nefndarmenn eru í aðalatriðum sammála um þær meginlínur í framtíðarskipan orkumála sem lýst er í skýrslunni þótt áherslumunur sé milli þeirra um útfærsluatriði. Í því sambandi áskilja nefndarmenn sér rétt til að skila til ráðherra nánari skýringum á hugmyndum sínum og áherslum, m.a. um verðjöfnun, umhverfissjónarmið, auðlindastefnu og fleira." Þennan rétt notfærði sér sennilega u.þ.b. helmingur nefndarmanna, sendi ráðherra ágætar greinargerðir með skoðunum sínum en eftir stendur að nefndin stóð sameiginlega að þeirri niðurstöðu sem birt var í skýrslunni og eins og hér segir — nefndarmenn voru sammála um þær meginlínur sem þar koma fram.

[11:59]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að vinnubrögð formanns nefndarinnar í þessu máli, Þórðar Friðjónssonar, hafi verið óeðlileg. Hann hafi knúið menn til þess að ganga frá þessu nefndaráliti með óvenjulegu móti. M.a. var það þannig að fulltrúa Alþb., sem sendi inn sérstaka greinargerð í málinu, var neitað um að birta hana með upphaflegu greinargerðinni. Það er afskaplega óvenjulegt og ólýðræðislegt.

Þetta vildi ég benda á þó það sé rétt sem hv. þm. las upp úr plagginu. Og það er nokkuð merkilegt að það er hvergi um það talað að til séu önnur sjónarmið í orkumálum í aðdraganda þessa máls og þeim eru ekki gerð þau skil sem ætti að gera, m.a. með því að birta þessi álit eins og eðlilegt væri og halda sérstaklega til haga. Aðalatriðið er að ég tel að vinnubrögð formanns nefndarinnar hafi verið óeðlileg að þessu leyti vegna þess að hæstv. iðnrh. knúði það fram að álitinu væri lokað og það gefið út án þess að menn fengju að leggja gögn sín þar inn í upphafi. Þannig er í raun og veru verið að gefa ranga mynd af því sem kom út úr nefndinni. Það er óheppilegt að vinna með þeim hætti. Það er ólýðræðislegt. Það er valdbeitingarlegt.

[12:01]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að formaður þessarar nefndar hafi beitt óeðlilegum eða ólýðræðislegum vinnubrögðum og tel að hann hafi haldið afskaplega vel utan um starf nefndarinnar. Hann var í mjög góðu sambandi við nefndarmenn og lagði áherslu á að sjónarmið manna kæmu fram, ræddi mikið við menn utan funda um hvað þeim fyndist og hvernig þeir vildu hafa þetta og ég tel að hann hafi skilað góðu verki. Í skýrslu nefndarinnar koma fram allar þær greinargerðir og athugasemdir sem einstakir nefndarmenn kusu að senda hæstv. ráðherra. Það var ekki farið í neinar felur með þær. Þær eru allar birtar í þessari skýrslu, hver einasta þannig að ég er ekki sammála málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar. Mér finnst hann eiginlega vera að gefa í skyn að fulltrúi Alþb. í nefndinni hafi ekki vitað hvað hann var að skrifa undir en það var alls ekki svo. Allir nefndarmenn voru fyllilega meðvitaðir um það og gerðu sér grein fyrir að þeir voru í meginatriðum sammála, í aðalatriðum eins og stendur í skýrslunni, en kusu að koma einstökum sjónarmiðum á framfæri með öðrum hætti til hæstv. ráðherra og öll þau sjónarmið eru birt í skýrslu nefndarinnar.

[12:02]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég fagna framlagningu þessarar þáltill. Ég tel að þetta sé mjög stórt framfaraskref og get engan veginn verið sammála hv. þm. Svavari Gestssyni að þetta sé eitthvert málamyndasmáplagg. Ég vil benda á það og leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta, að í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skal unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til *stórra notenda*."

Ef þetta er ekki stórmál, þá veit ég ekki hvað er stórmál. Þarna er verið að koma á samkeppni í þessum stóra geira atvinnulífsins og ég vil benda á að ef litið er á eignir allra raforkufyrirtækja og orkufyrirtækja í landinu, þá eru það um 150 milljarðar kr. Það er meira eða af svipaðri stærðargráðu og öll útgerð í landinu og hún hefur hingað til ekki verið talin neitt smámál. Og allur þessi geiri, allir þessir 150 milljarðar í eignum hafa verið í ríkisforsjá eða í opinberri forsjá algerlega, gersamlega án samkeppni, gersamlega án allra nútímavinnubragða í atvinnulífi þannig að þetta er ekkert smámál sem við erum að ræða um.

Ég fagna einnig framlagningu þessarar þáltill. vegna þess að hún var forsenda þess að ég studdi frv. um Landsvirkjun á síðasta þingi og setti þetta sem forsendu fyrir þeim stuðningi og er mjög ánægður með að þetta skuli nú komið fram.

Herra forseti. Sú tímaáætlun sem hér er gert ráð fyrir á síðu 6 og 7 er nokkuð rúm og að mínu mati kannski allt of rúm. Ég hefði viljað hafa hana sneggri. Ég er það óþolinmóður að ég get ekki fyrir hönd þjóðarinnar, má segja, beðið til ársins 2009 eftir því að þessi markaður komist í gagnið. Ég sé ekkert að því að menn gefi möguleika á því að þessi áætlun gangi hraðar fram, t.d. með því að orða hana þannig að í stað orðanna 1999–2000 standi: eigi síðar en 2000. Það er mjög lítil breyting og ef þróunin skyldi verða örari og hraðari vegna breytinga annars staðar frá, jafnvel frá útlöndum, þá hafi menn möguleika á því að klára það skref sem þarna um ræðir fyrir árið 1999 ef þörf krefur.

Mér finnst líka að ekki aðeins þurfi að skilja að vinnslu og flutning bókhaldslega séð í starfsemi Landsvirkjunar heldur líka einstakar orkuframleiðslueiningar, þ.e. Búrfell verði skilgreint sérstaklega og aðgreint sem ákveðin rekstrareining með það að leiðarljósi að sjálfsögðu að Búrfelli verði síðan breytt í Búrfell hf. sem verði selt og Búrfell hf. verði þá bara fyrirtæki sem framleiðir raforku og hefur heimild til þess að dæla því inn á þetta net sem verður í eigu ríkisins, eins og ég séð þetta. Þetta er nefnilega nokkuð svipað og vegakerfið. Við byggjum upp vegakerfi sem ríkið á og þar mega allir keyra um. Menn borga ákveðið bensíngjald gegnum bensínið og borga fyrir notkunina á vegakerfinu. Eins mætti gera með netið í Landsvirkjun, þar borga menn ákveðið „bensíngjald" fyrir að flytja raforku frá einum stað til annars og þannig kemur fram samkeppni.

Varðandi þá umræðu sem varð áðan um verðmyndunina, það mun að sjálfsögðu myndast dagsverð og næturverð og það munu myndast árstíðarbundin verð, hærra verð á veturna þegar vantar vatn og lægra verð á sumrin. Það mun leiða til þess að menn munu búa til rafgeyma, þeir sem hafa hug á því, dæla vatni upp í Hvalvatn eða eitthvað slíkt og dæla því upp á nóttunni og taka það niður á daginn. Þetta kerfi býður upp á slíkar skynsamlegar leiðir. Ef menn vilja niðurgreiða raforku, þá er enginn vandi að gera það, nákvæmlega eins og hægt er að niðurgreiða bensínverð á þjóðvegunum þannig að breytilegt verð kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að verðjafna á milli landshluta.

Herra forseti. Við þurfum einnig að horfa á fleiri þætti, ekki bara á raforkuna. Við þurfum líka að horfa á fjarskiptin og ljósleiðarann. Í mínum huga er ljósleiðarinn nákvæmlega sama vegakerfið og það kerfi sem við erum að tala um, eins og hefðbundna vegakerfið í sambandi við flutning á upplýsingum. Það er mjög óeðlilegt eins og kerfið er í dag að Póstur og sími eigi ljósleiðarann sem hann er svo að selja til samkeppnisaðila sinna. Það er mjög óeðlilegt að hann sé að nota ljósleiðarann sjálfur með því að fá úthlutað þar sjónvarpsrásum í samkeppni við sína eigin viðskiptamenn. Auðvitað á ljósleiðarinn að vera í eigu ríkisins eða einhvers sjálfstæðs fyrirtækis, sem tryggt er að sé óháð, og Póstur og sími og allir aðrir geti svo sett inn á hann upplýsingar og tappað af honum annars staðar og borgað fyrir það ákveðið „bensíngjald" sem yrði þá verulega lágt því að hann er mjög arðbær.

Sama gildir um fjármagnsmarkaðinn. Hann er líka allur reifaður í viðjar ríkisins. Hann er allur á vegum ríkisins. Þar mætti hafa t.d. greiðslumiðlun eða greiðslujöfnunina, þ.e. Reiknistofu bankanna. Hún gæti verið í eigu ríkisins eða undir hörðu eftirliti ríkisins. En síðan gætu allir sem vildu dæla þar inn upplýsingum, greiðslum og taka greiðslur út verið einkaaðilar. Þessi hugsun sem hér kemur fram og er mjög merkileg mætti útfæra víðar.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að taka undir að þetta er mjög merkt skref sem við erum að taka í átt til samkeppni í þessum feiknastóra hluta efnahagslífsins. Það er mín trú og þeirra sem trúa á samkeppni að þetta muni leiða til þess að verðlagning verði lægri, það verði meiri og betri þjónusta og þetta sé þjóðhagslega mjög hagkvæmt skref.

[12:09]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Ég vil taka skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar að hér sé að koma fram mjög merkilegt mál. Við eigum eftir að leggja í það mjög mikla vinnu á næstu mánuðum og jafnvel missirum þó þegar hafi verið lögð mikil vinna í undirbúning málsins eins og það kemur fyrir nú og í starfi þeirrar nefndar sem undirbjó tillögur og ábendingar sem voru grundvöllur að því starfi.

Herra forseti. Orkulindir Íslands eru meðal þeirra auðlinda sem við sem þjóð höfum talið okkar stærstu framtíðarvonir. Við höfum lengi rætt það í okkar hóp, bæði þingmenn, aðilar í atvinnulífi, skólamenn og fleiri að með starfsemi ýmiss konar iðnaðar sem byggi á nýtingu innlendrar orku sem bæði verði tiltölulega ódýr og því vel samkeppnisfær og miklu minna mengandi en önnur orka sem fæst í grannlöndum okkar. Í þessu verði fólgin framtíð íslensks vinnuafls, þekkingar og hugmyndaauðgi. Því miður, herra forseti, hafa þessar vonir ekki allar gengið eftir enn sem komið er. Ég vil leyfa mér að líta svo á að hér hafi ríkt, vegna miðstýringar í orkustarfsemi, tiltölulega fábreyttar hugmyndir um það til hvers eigi að grípa, hvert eigi að leita að orkukaupendum og til iðnþróunar. Ég tel að eitt besta dæmið sé árangur risans í orkumálum okkar, Landsvirkjunar og markaðsskrifstofu hennar og ráðuneytisins, sem er nánast einhæfing á orkusölu til álvera í þeirri stóriðju sem er í dag en aðeins eitt fyrirtæki er annað en álver enn sem komið er. Önnur orkufyrirtæki miklu minni og með miklu takmarkaðri heimildir hafa reynst miklu ákveðnari og eindregnari í að leita annarra leiða og annarra iðngreina. Það er styrkur við hugmyndir þeirra fyrirtækja en sýnir veikleika hugmynda hins stóra. Þau hafa skoðað iðngreinar sem eru sennilega salt og pipar áliðnaðarins, því að sterkasta vinnslan úr áli sem hráefni er vinnsla sem byggist á því að blanda það öðrum málmum. Þess vegna hljótum við að spyrja okkur aftur og aftur: Hvers vegna hefur Landsvirkjun sýnt t.d. magnesíumframleiðslu mjög takmarkaðan áhuga sem er þó auðvitað hrós og rós í barm annarra fyrirtækja að hafa leitað þeirra leiða? Ég held að ástæðan sé einfaldlega sú að miðstýringu fylgi það að fáar hugmyndir fái að blómstra eða það geti verið afleiðing hennar.

Ég held að með þessu þingmáli, herra forseti, sé farið inn á algerlega nýja leið sem muni leyfa mörgum hugmyndum að koma fram í dagsljósið og verða framkvæmdar, miklu fleiri en kerfið í dag gefur möguleika til og býður upp á.

Ég verð líka að viðurkenna, herra forseti, að á sínum tíma varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum með skipan orkunefndar sem hér hefur verið nefnd, því að þegar við lítum yfir þá fulltrúa sem störfuðu í nefndinni úr starfsgreininni, orkuvinnslu, orkusölu, þá eru þar tveir fulltrúar beint úr greininni, annar er fulltrúi Landsvirkjunar, hinn er fulltrúi allra hinna fyrirtækja. Það verður að geta þess að önnur fyrirtæki sem ganga kannski næst Landsvirkjun að stærð en eru þó hreinir dvergar samanborið við hana höfðu ekki fulltrúa í þessari nefnd. Þar má telja orkufyrirtæki sem hafa lagt fram og unnið að fleiri hugmyndum en Landsvirkjun til að nýta orku og selja orku og skapa þannig verðmæti. Þetta olli mér vonbrigðum. Ég hef hins vegar ekki orðið fyrir vonbrigðum með niðurstöður af nefndarstarfinu sem slíku, en þó verður líka að viðurkennast að nokkrar af þeim niðurstöðum eru ekki beinskeyttar tillögur. Fáeinar ábendingar eru um atriði sem síðar eigi eftir að vinna úr og jafnvel að velja um og hafna.

Það var öllu verra, herra forseti, sem síðar gerðist að niðurstöður eigendanefndar Landsvirkjunar, sem svo er nefnd, stönguðust á við niðurstöður orkunefndar en þó voru þær fyrr teknar til úrvinnslu í okkar stjórnkerfi og á hinu háa Alþingi. Við verðum að búa við það að hafa sett okkur sjálfir slíkan þröskuld ef þröskuldur reynist.

Með þeirri opnun sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði hygg ég að hafi skapast raunveruleg skilyrði til þess að opna orkustarfsemina sem slíka fyrir miklu fleiri fjárfestum en hafa starfað í honum fram að þessu, þ.e. öðrum en ríki og sveitarfélögum. Raunar hygg ég að orkufyrirtæki muni við framtíðarátök í stórvirkjunum, jafnvel smávirkjunum hafa þörf fyrir aðra fjárfesta en ríki og sveitarfélög.

Þegar við lítum til baka yfir það hvernig eigið fé í núverandi orkufyrirtækjum hefur byggst upp má raunar líta svo á að það hafi ekki byggst upp fyrir framlag þeirra sem vildu taka beint áhættu af starfseminni í byrjun heldur af verði kaupendanna. Ég held að byrjunarframlög úr ríkissjóði eða sumum sjóðum sveitarfélaga til núverandi orkufyrirtækja séu mjög takmörkuð. Það eigið fé sem er í þeim í dag hefur byggst upp með arði af orkusölunni, þ.e. af greiðslum orkukaupendanna.

Ég tel mikilvægt að þessi fyrirtæki fái að bregða á svipað ráð og gerst hefur í öðrum atvinnugreinum, t.d. í sjávarútvegi, að fá raunverulegt áhættufjármagn þeirra sem vilja leggja í fjárfestingu í byrjun og fá af henni arð síðar þegar árangur og uppskera fæst. Til þess þurfa núverandi orkufyrirtæki, bæði þau smáu eins og hið stóra, að fá að þróast. Þau sem eru staðbundin þurfa að mega reyna fyrir sér um þær hagkvæmu virkjanir sem þau hafa haft uppi fyrirætlanir um, þó smáar séu, og fá heimildir til þess að leita eftir markaði utan þeirra svæða sem þau starfa á í dag. Engin þeirra hafa þessar heimildir í dag. Mörg þeirra hafa fitjað upp á fyrirætlunum um smærri en vissulega hagkvæmar virkjanir sem ekki hafa fengist heimildir fyrir vegna þess að risinn þarf að hafa þennan litla markað. Þá röksemd heyrum við aftur og aftur en ef við lítum á samanburðinn og hlutfallið af því sem um er að ræða hljótum við að sjá að öll stóriðjan er í dag viðskiptavinur Landsvirkjunar einnar. Stóriðjan notar meiri orku en allur almenningsmarkaðurinn og aðrar atvinnugreinar á Íslandi. En litlu fyrirtækin mega ekki eins og kerfið er í dag hasla sér völl í meiri viðskiptum hvort heldur er við stóriðjuna eða við almenna markaðinn vegna þess að það gæti skert möguleika hins stóra. Hver er ástæðan?

Ég hygg, herra forseti, að ástæðan liggi í því sem sagt hefur verið af forustumönnum annarra orkufyrirtækja en Landsvirkjunar en mér sýnist að Landsvirkjunarmenn hafi ekki getað hrundið með rökstuðningi að fjárfestingarkostnaður Landsvirkjunar er langt yfir raunverulegum arði virkjananna. Þess vegna þarf Landsvirkjun að standa í vegi fyrir því að önnur orkufyrirtæki hafi fengið heimildir til að nýta hagkvæmari og nærtækari virkjunarkosti. Þetta þykir mér mjög miður.

Herra forseti. Fáein orð að lokum eða mælist forseti til að þingmaðurinn taki til máls síðar í umræðunni?

(**Forseti** (GÁS): Ef það eru orðfá orð.)

Ég þakka, herra forseti. Ég er tilbúinn til þess að leggja ásamt öðrum hv. þingmönnum í iðnn. þá vinnu í málið sem þarf til að það megi fram ganga á þinginu. Ég er viss um að það á eftir að leggja fram mikla vinnu. Ég vænti þess að

við náum þeim árangri að orkustarfsemi, virkjanir, sala og flutningur verði hér virk samkeppni. Ég tel að aðskilja þurfi flutninginn frá virkjunum. Þá geta virkjunarfyrirtækin keppt um að selja þessa vöru til þeirra sem vilja kaupa.

[12:19]

**Guðmundur Lárusson:**

Herra forseti. Hér er mjög stórt mál á ferð og því eðlilegt að menn vilji fjalla nokkuð um það því að ný stefna hlýtur að hafa bæði kosti og galla og ekki er hægt að leggja slíka stefnu fram án þess að gera sér grein fyrir bæði kostum og göllum hennar. Kostir stefnunnar eru augljóslega þeir að eðlileg samkeppni hlýtur að vera af hinu góða og það er sjálfsagt og eðlilegt að slík samkeppni eigi sér stað en samkeppnin hefur líka sína fylgifiska og þá fylgifiska eigum við að viðurkenna og við eigum ekkert að reyna að halda öðru fram en að einhverjir fylgifiskar séu með slíkri stefnu. Mér finnst því beinlínis rangt af hæstv. iðnrh. að halda því fram að þar sé verið að tala um jöfnun orkuverðs. Auðvitað er misjafnt orkuverð fylgifiskur þessarar einkaðaðildar og eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði er ekki eitt einasta orð um jöfnun orkuverðs í þáltill. sjálfri. Ég get ekki skilið þau orð sem standa neðst á bls. 4 öðruvísi en svo, með leyfi herra forseta, en að móta þurfi stefnu um hvort verðjöfnun á raforku skuli eiga sér stað.

Í þessu sambandi má benda á að við gerð gjaldskrár má sjá til þess að meginflutningskerfið eða landsnetið taki við því hlutverki sem Landsvirkjun hefur. Það segir ekkert um að verðjöfnun á orkuverði til neytandans skuli eiga sér stað, alls ekki, enda er þetta sjálfsagður og eðlilegur fylgifiskur blindrar samkeppni. Með sama hætti finnst mér að ekki sé hægt að leggja fram slíka stefnu örðuvísi en að gera sér grein fyrir því að þegar búið er að einkavæða bæði virkjanir og dreifinet þarf að sjálfsögðu að hugsa það mál alveg upp á nýtt gagnvart landeigendum. Bæði er það varðandi árnar og vötnin sem eru virkjuð og eins löndin sem línurnar liggja um. Ekki er lengur hægt að tala um að verið sé að virkja í þágu þjóðarinnar þegar einkafyrirtæki eiga hlut að máli og þess vegna verður að ræða sérstaklega hvernig staðið verði að samningum og framkomu við landeigendur þar sem virkjun er reist eða þar sem línur liggja um land þeirra. Það er alveg ljóst að þá duga ekki lengur þau bolabrögð sem Landsvirkjun beitir landeigendur núna gagnvart lagningu línu sem þekkt er orðið.

Ekki er heldur hægt að móta framtíðarstefnu um raforkumál án þess að fjalla mjög ítarlega um umhverfisþáttinn og þess sakna ég mjög úr plagginu að það er nánast ekki vikið neinu orði að umhverfismálum.

Þessa þætti, herra forseti, vildi ég gera að umtalsefni því að ég tel útilokað annað en að þeir þurfi að koma fram við umræðuna og vænti þess að í næstu framtíð þegar verður farið að móta þessa stefnu nánar verði tekið tillit til þessara þátta.

[12:23]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er athyglisvert þegar rætt er þetta mikla mál sem fjallar um framtíðarskipan raforkumála og er eitt af stærri málum ríkisstjórnarinnar á þessum vetri hversu lítil þátttakan er í umræðum, bæði af hálfu stjórnarflokka og stjórnarandstöðu og ekki hvað síst hve fáir eru viðstaddir umræðuna. Ég velti því fyrir mér hvaða ályktun megi draga af þessu og hef svo sem ekki einhlíta skýringu sem ég gæti sagt að ég trúi að sé hin eina rétta en mér finnst þetta bera vott um að áhuginn á málinu er lítill í herbúðum stjórnarinnar, af hvaða ástæðum sem það kann að vera.

Ég verð að segja að ég er ekki á þeirri skoðun að málið sé þannig að menn eigi að láta það fram hjá sér fara án þess að hafa skoðun á því og láta hana koma fram. Ég tel þetta vera mjög stórt mál sem getur breytt miklu til framtíðar litið, breytt bæði núverandi fyrirkomulagi og breytingarnar geta farið á báða vegu, á þann veg að menn geta haft ávinning af þeim og menn geta líka haft veruleg óþægindi af breytingunni. Miðað við framlagningu plaggsins er ávinningurinn að mínu mati líklegastur á þéttbýlinu á suðvesturhorni landsins en óþægindin sem málinu fylgja er líklegast að komi fram á landsbyggðinni.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að framsetning og stefnumörkun í málinu skuli ekki vera betur mörkuð þannig að litið sé til hagsmuna allra. Því miður er í hverjum málaflokknum á fætur öðrum horft of mikið á hagsmuni meiri hlutans og í of litlum mæli horft á hagsmuni heildarinnar. Þetta er því miður mjög áberandi í mörgum málum. Þjóðfélagið er í raun og veru tvískipt, það er annars vegar þessi mikla búseta hér við Faxaflóa sem skapar að mörgu leyti mjög góð skilyrði fyrir því að gangvirki markaðsþjóðfélagsins eigi við og kostirnir komi fram gagnvart íbúum sem hér eru og dreifbýli þar fyrir utan þar sem tiltölulega fáir búa þar, bæði sem hlutfall af þjóðinni og fáir íbúar á ferkílómetra. Þar gilda ekki þessi lögmál nema mjög takmarkað. Oftast nær eru menn við löggjöf eða stefnumörkun að glíma við það að hafa eitt fyrirkomulag fyrir alla þegar aðstæður eru þannig að það á mjög illa við. Þetta bið ég menn að hafa í huga við vinnu málsins í þinginu.

Fram til þessa hafa menn byggt orkumálastefnuna upp á heildarhagsmunum og rekið því mjög miðstýrða stefnu til þess að tryggja að unnt sé að dreifa ávinningnum til allra án tillits til búsetu. Það fyrirkomulag hefur haft sína kosti sem er engin ástæða til annars en að draga hér fram og minna á þó að ekki hafi tekist að öllu leyti eins og ýtrustu óskir voru um. Það að hverfa frá því að líta á það sem aðalatriði málsins að tryggja örugga afhendingu raforku hvar sem er og tryggja gæði hennar og tryggja sem jafnast verð sem hafa verið helstu markmiðin, að hverfa frá því að nokkru leyti yfir í önnur markmið sem eru arður af fjárfestingu og samkeppni hefur í för með sér verulegar breytingar. Þær breytingar eru ekki að öllu leyti til bóta og ég vil minna á það hér. Menn þurfa m.a. að gæta að því að taki menn upp þessa nýju stefnu sem ég er ekki að öllu leyti ósammála, þá spyr ég: Hvernig ætla menn að halda að einhverju leyti fram hinum markmiðunum? Við gætum breytt spurningunni: Að hve miklu leyti ætla menn að kasta hinum gömlu markmiðum? Ætla menn að hætta því að byggja upp raforkudreifingarkerfi sem nái til allra og ekki bara með einfasa rafmagn heldur þrífasa rafmagn? Ætla menn að hverfa frá því? Ætla menn að slaka á kröfum um afhendingaröryggið? Ætla menn að slaka á kröfum um sem jafnast orkuverð? Að hve miklu leyti ætla menn að víkja frá þessum markmiðum? Hvernig ætla menn að bregðast við þessum markmiðum sem eru óhjákvæmileg, a.m.k. að einhverju leyti, með því að taka strikið yfir í samkeppnina og arðgreiðslurnar, hvernig ætla menn þá að mæta hinum óæskilegu áhrifum sem því fylgir? Maður spyr sig að því.

Það ræður afstöðu hvort maður telur breytingarnar í heild vera til bóta og maður gæti stutt eða ekki því að við hljótum að líta til þess hvernig hagur allra er í málinu, hvort hann er til bóta eða ekki. Það er ekki nægilegt markmið að mínu

viti að meiri hluti landsmanna njóti góðs af ávinningnum ef einhver minni hluti fer halloka út úr breytingunni. Mér finnst mjög miður að frumkvöðlar í þessari stefnubreytingu skuli vera Reykjavíkurborg að leggja áherslu á kröfuna um arðinn. Mér finnst það mjög miður og tel hlut Reykjavíkurborgar í málinu ekki vera góðan og hef svo sem gert grein fyrir því áður í umræðu um orkumál.

En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um breytingar sem yrðu í kjölfar þess að tillagan yrði samþykkt og sérstaklega 1. tölulið hennar um að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í og meta markaðsvirði þeirra o.s.frv. með það að markmiði að samræma arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið þeirra. Hvaða áhrif hefur þessi stefnumörkun á rekstur Orkubús Vestfjarða? Er hæstv. iðnrh. að boða hækkun gjaldskrár á töxtum Orkubús Vestfjarða sem er nauðsynlegt til þess að skila þeim hagnaði sem þarna á að stefna að?

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. iðnrh.: Er hann tilbúinn til þess að ríkið kaupi eignarhlut sveitarfélaga úr Orkubúi Vestfjarða þannig að ríki eigi allt fyrirtækið sem ég tel vera nauðsynlegt til þess að ná fram breytingum á rekstri þess fyrirtækis og markmiðum eins og lýst er í tillögunni?

[12:32]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Við erum að ræða eitt þýðingarmesta viðfangsefni íslenskra stjórnmála, Alþingis og stjórnvalda, þ.e. framtíðarskipan raforkumála vegna þess að þær orkulindir sem við eigum eftir að mestu ónýttar eru að svipuðu verðgildi ef skoðað er líklegt verðlag á sölu orku frá virkjanavegg eins og allur fiskurinn í íslenskri efnahagslögsögu. Það skýtur því heldur skökku við, herra forseti, að skipan mála á Alþingi skuli vera með þeim hætti að þingmönnum er ætlað að ræða þessi mikilvægu mál í átta mínútna ræðutíma. Ég vildi gjarnan skjóta því til hæstv. forseta hvort ekki væri ástæða til fyrir forsætisnefnd að skoða betur hvort ekki væri hægt að gefa Alþingi greiðari tíma til að ræða jafnmikilvæg mál en þær átta mínútur sem menn hafa hér til umráða sem þýða það að menn komast ekki einu sinni að kjarna málsins, hvað þá heldur að þeir hafi tíma til þess að ræða hann.

Þær athugasemdir sem ég hef við þetta mál eru í fyrsta lagi formið. Hæstv. ráðherra leggur fyrir Alþingi till. til þál. þar sem hann óskar eftir að Alþingi skori á sig að gera það sem hann ætlar sér að gera. Svona málatilbúnaður finnst mér vera út í hött, þ.e. að ráðherra hefur einhverja tiltekna stefnu sem hann ætlar sér að vinna eftir og ráðherra leiti síðan til Alþingis og biðji Alþingi um að skora á sig að framfylgja þeirri stefnu sem hann hvort sem er ætlar sér að framkvæma. Slík áskorun hefur nákvæmlega ekkert gildi og enn síður þegar um er að ræða jafnlosaralegan texta eins og finnst í þessari þáltill. þar sem hægt er að túlka hverja grein nánast með þeim hætti sem ráðherra kýs auk þess sem afgreiðsla Alþingis á þáltill. hefur nákvæmlega ekkert gildi. Það hvorki skuldbindur Alþingi til þess að samþykkja þau frumvörp sem fram verða lögð á Alþingi af hálfu hæstv. ráðherra og hann túlkar að séu í samræmi við einhvern vilja Alþingis í þáltill. né heldur bindur það framkvæmdarvaldið því að hæstv. ráðherra getur þrátt fyrir slíka samþykkt hagað sér í skipulagsmálum eins og honum dettur í hug, svo maður tali nú ekki um þá ráðherra sem eiga eftir að taka við af honum. Formið á málinu, þ.e. hvernig það er flutt til Alþingis, finnst mér vera út í hött. Það hefði verið nær að hæstv. ráðherra gerði Alþingi grein fyrir þeim hugmyndum í skýrslu eða hvítbók sem hann hefur um breytingu á framtíðarskipan raforkumála og menn gætu síðan rætt við hann um þá skýrslu. Það væri eðlilegri málsmeðferð að mínu mati.

Í öðru lagi sagði ég áðan um einstök efnisatriði að margt í þessari tillögu væri mjög óskýrt, þ.e. hún skýrir ekki fyrir Alþingi hver er afstaða ráðherrans gagnvart mörgum lykilspurningum sem upp koma. Ef við lítum t.d. á lið 5, þá segir svo, með leyfi forseta:

„Að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og undirbúa að í samningum um nýja stóriðju verði laðað fram aukið eigið fé til vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ber að túlka þá víðtæku heimild, sem þarna er leitað eftir, svo að hæstv. ráðherra telji sig vera búinn að fá heimild Alþingis til þess að hefja nú þegar viðræður við erlenda aðila sem kannski hafa áhuga á því að fjárfesta í stóriðju hér á landi, þeir tækju þátt í því eða kannski sjái alfarið um virkjanir sem þarf að framkvæma vegna stóriðjuáforma? Telur hæstv. ráðherra að Alþingi sé að veita sér heimild til þess með þeirri samþykkt sem hæstv. ráðherra mundi ella leggja fram í formi lagafrv. við eðlilegar aðstæður?

Þá eru mörg fleiri þýðingarmikil atriði óskýrð í þáltill., t.d. það atriði að þegar tilskipun Evrópusambandsins um skipan raforkumála tekur gildi, þá hefur hæstv. ráðherra um tvær leiðir að velja sem hann þarf að fá staðfestingu á hjá Alþingi. Annars vegar sú leið að hann skilgreini raforkuþörf landsins til einhverra ára, 10 ára skulum við segja, og ákveði síðan að bjóða út virkjanaheimildir í samræmi við þessa skilgreininginu þannig að þau fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði hafi jafnan rétt til að keppa á þeim útboðsmarkaði um að byggja og reka raforkuvirki. Þetta er önnur leiðin sem hæstv. ráðherra getur valið.

Hin leiðin er sú að lýsa markaðinn opinn, gera ekki út af fyrir sig neinar staðfestar raforkuspár heldur segja einfaldlega: Öllum þeim fyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði er heimilt að virkja fallvötn á Íslandi á eigin áhættu án frekari afskipta ríkisins. Í greinargerð með tillögunni eru nefndar báðar þessar útfærsluaðferðir en í tillögunni er ekki tekin afstaða til annarrar hvorrar útfærslunnar og því segi ég að ástæða væri til þess að hæstv. ráðherra greindi frá a.m.k. sinni skoðun á því eftir hvorri leiðinni hann hyggst undirbúa frv. til að leggja fyrir Alþingi.

Þá er líka ástæða til að benda á að það er ekki gert ráð fyrir því í þáltill. að við þessar nýju samkeppnisaðstæður um virkjanir fallvatna á Íslandi komi nein greiðsla frá virkjunaraðilum til þjóðarinnar fyrir nýtingu auðlinda í hennar eigu, þ.e. það er ekki neitt í þáltill. sem segir til um það hvort hæstv. ráðherra hyggst framkvæma málið með þeim hætti í heimi frjálsrar og opinnar samkeppni um raforkuvirkjun á Íslandi að gert sé ráð fyrir því að þjóðin fái í sinn hlut einhverja hlutdeild af þeim arði sem myndast við nýtingu þeirrar sameiginlegu auðlindar í formi einhvers konar auðlindagjalds fyrir raforku.

Þá má einnig víkja að því að mjög óskýr ákvæði eru í þáltill. um umhverfismál en eitt af því þýðingarmesta sem þarf að gera í nánustu framtíð er að gera áætlun eða áform um með hvaða hætti skuli virkja nýtanlegt vatnsafl á Íslandi og taka ákvörðun um það hvaða almennu reglur skuli gilda um hvenær umhverfisaðstæður komi í veg fyrir að tæknilega

nýtanleg vatnsorka verði virkjuð og hvenær ekki. Þess sakna ég í þessari tillögu.

Þá má nefna að ekki eru gefin nein fyrirheit um það í tillögunni sjálfri eða því lýst hvernig eigi að tryggja verðjöfnun á raforku eftir að búið er að skilja í sundur, eins og ég tel rétt að gera, söluna til neytenda og flutning um landsnet. Það er að vísu sagt í grg. með tillögunni að þau verðjöfnunarmál yrði þá væntanlega að leysa á grundvelli landsnetsins þannig að verðjöfnunarhlutverkið væri þess, en því er ekkert nánar lýst hvernig það yrði framkvæmt eða hvernig sú verðjöfnun yrði tryggð.

Þá mætti einnig spyrja ráðherra sérstaklega um málefni sæstrengs sem vikið er að seint í þáltill. en, virðulegi forseti, þessar átta mínútur eru búnar þannig að á þessum tíma, átta mínútum, hef ég neyðst til þess að drepa á aðeins örfáum atriðum í þessu stóra máli sem full ástæða væri til að gefa meiri tíma en gefinn er hér við þessa umræðu.

[12:41]

**Útbýting þingskjals:**

Goethe-stofnunin í Reykjavík, 256. mál, nál. utanrmn., þskj. 372; brtt. utanrmn., þskj. 373.

[12:41]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Áður en ég vík að þeim einstöku atriðum sem hafa komið fram við þessa umræðu vil ég þakka fyrir umræðuna og þær jákvæðu undirtektir sem ég tel að hún hafi að mörgu leyti fengið. Það er alveg rétt að vitaskuld er mörgum spurningum ósvarað og ég vonast til að hv. iðnn. Alþingis taki tillöguna til rækilegrar umfjöllunar því hún er ekki það fullkomin í mínum huga að ekki megi neinar breytingar á henni gera. En til þess að halda öllum staðreyndum til haga, af því að ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson vill hafa sannleikann að leiðarljósi og af því að hv. þm. neitaði því áðan við lok máls síns úr þessum ræðustóli að hann hefði neitt komið að því að taka þátt í hækkun raforkuverðs hjá Landsvirkjun um 3,2%, þá eru bara staðreyndirnar aðrar hvað sem hv. þm. segir og skjalfestar staðreyndir eru til staðar í þessu máli.

Mánudaginn 25. nóvember 1996 var haldinn fundur í stjórn Landsvirkjunar. Samkvæmt fundargerð þess fundar var þar mættur hv. þm. Svavar Gestsson. 3. mál á dagskrá þess fundar var tillaga frá forstjóra Landsvirkjunar sem hljóðar svo:

„Með vísan til umsagnar Þjóðhagsstofnunar í bréfi sínu til Landsvirkjunar dags. 4. nóvember 1996 er lagt til að stjórnin samþykki að gjaldskrá Landsvirkjunar hækki um 3,2% hinn 1. apríl 1997. Þessi hækkun er miðuð við áætlun Þjóðhagsstofnunar um þörfina fyrir gjaldskrárbreytingu í hátt við almennar verðlagsbreytingar milli áranna 1996 og 1997. Breytist forsendur þessarar áætlunar þegar líður á árið 1997 verði þörfin fyrir hækkun gjaldskrárinnar endurskoðuð."

Þetta þýddi að Landsvirkjun var ekki að hækka gjaldskrána á þessum tíma nákvæmlega eins og hækkun byggingarvísitölu hafði orðið heldur talsvert mikið minna. Menn töldu þá í stjórninni að þessi hækkun gæti hugsanlega þurft að verða meiri. Því þyrfti að taka þetta til endurskoðunar og þá gengið út frá því að þetta þyrfti að hækka. Síðan segir í fundargerðinni:

„Stjórnin samþykkti einróma tillögur forstjóra" og undir þessa fundargerð skrifar hv. þm. Svavar Gestsson sem þá sat í stjórn Landsvirkjunar. Staðreyndirnar tala því í þessu máli og hafi hv. þm. viljað beita sér raunverulega fyrir því að þessar hækkanir gengju ekki fram á þessum tíma, sem eru mun meiri en þær hækkanir sem nú eiga sér stað, hefði hv. þm. getað nýtt tækifærið sem hann hafði sem stjórnarformaður til þess.

Varðandi þau efnislegu atriði sem hér hefur verið vikið að í þessari umfjöllun vil ég fyrst koma að skýrslunni og nefndarstarfinu af því að það var gert að umtalsefni áðan. Fram kemur í skýrslu nefndarinnar sem skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka, fulltrúum sveitarfélaga, fulltrúum orkufyrirtækjanna, að samkomulag varð um meginlínur. Meginlínurnar eru þær að innleiða samkeppni í áföngum í orkubúskapinn. Um þetta meginatriði náðist samkomulag. Síðan voru einstakir nefndarmenn sem vildu fá að gera athugasemdir, lýsa nánar hvernig þeir vildu útfæra einstaka þætti málsins og það gafst nefndarmönnum tækifæri á að gera. Þær athugasemdir fylgja þeirri skýrslu sem iðnrn. gaf út og þær athugasemdir fylgja þessari þáltill. Það er óréttmætt af hálfu hv. þm. Svavars Geststsonar að vera að ásaka fjarstadda menn. Hér eru óeðlileg vinnubrögð í þessu máli. Ég tel að formaður nefndarinnar, Þórður Friðjónsson, hafi staðið sig afskaplega vel, enda kom það fram í þeirri umræðu að einn hv. alþm. sem tók þátt í þessu starfi bar formanninum góða sögu um það hvernig hann hefði haldið á nefndarstarfinu. Ég tek undir það og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanninum og öllum þeim mönnum sem tóku þátt í þessu nefndarstarfi fyrir vel unnin störf. Ég tel að þarna hafi náðst skynsamleg niðurstaða. Það getur hins vegar alltaf verið deiluatriði hversu langt á að ganga í því að útfæra einstaka hluti.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði umhverfismálin að umræðuefni og taldi ekki nógu skýrt að orði kveðið í þeim efnum hér. Ég get alveg tekið undir það. Það er eins og í mjög mörgu öðru, að kveða hefði mátt skýrar að orði í þessari till. til þál. Hún er ekki fullkomin eins og ég sagði áðan. Hún er hins vegar stefnumótun sem er að stórum hluta útfærð en þó ekki að öllu leyti. Hún er stefnumótun ríkisstjórnarinnar fram til ársins 2010 um það hvernig menn vilji sjá fyrir sér breytingar í orkumálum. Hvorki á þessum sviðum né öðrum hafa aðrar ríkisstjórnir lagt til jafnskýra stefnu í einstökum málaflokkum. Ég hélt að það væri vilji þingsins að fá að vita afstöðu ríkisstjórnarinnar. Á sínum tíma var margoft kvartað undan því úr þessum ræðustóli að ekki lægi fyrir nógu skýr afstaða ríkisvaldsins í málefnum orkufyrirtækjanna og þess minnist ég frá umræðunni um Landsvirkjun.

Hvað umhverfismálin snertir þá eru í gildi lög um mat á umhverfisáhrifum og orkugeirinn þarf að fara eftir því, a.m.k. allar nýjar virkjanir. Það gildir aðallega um þær virkjanir sem var tekin ákvörðun um áður en þau lög tóku gildi. Orkulindir okkar eru sem betur fer endurnýjanlegar og þar af leiðandi eru þær grænar orkulindir þannig að við erum ekki að fást við þessi vandamál sem snúa að umhverfismálum í jafnríkum mæli og aðrar þjóðir. Þeirri spurningu er hins vegar ekki svarað hversu langt skuli ganga í nýtingu orkulindanna og hversu hratt menn vilja ganga fram í þeim efnum. Mín afstaða er alveg skýr. Við eigum að nýta orkulindirnar til atvinnuuppbyggingar í landinu og til efnahagslegra framfara til þess að geta hér á komandi árum bætt lífskjörin og staðið undir þeim efnahagslegu framförum sem við viljum færa öllum Íslendingum.

Varðandi jöfnun orkuverðs þá ætla ég ekki að deila um það hvað er í þáltill. og hvað er ekki. Öll þau skjöl og gögn sem fylgja þáltill. eru hluti af henni. Þar kemur fram afstaða

ráðuneytisins og afstaða þeirra einstaklinga sem tóku þátt í nefndarstarfinu. Þar er gert ráð fyrir að svipað fyrirkomulag og nú er í gildi varðandi orkuverðsjöfnunina verði tekið upp. Ég tel hins vegar að það verði hægt að ganga lengra til jöfnunar orkuverðs ef þessu skipulagi verður komið á. Í fyrsta lagi mun samkeppnin um að komast með sína framleiðslu inn á landsnetið, samkeppnin milli raforkuframleiðendanna, leiða til þess að orkuverð lækkar. Samkeppnin mun leiða til þess að orkuverðið lækkar. Það verður til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Ekki er talað um að landsnetið verði í eigu einkaaðila heldur geti það orðið í eigu ríkisins. Eins og lýst er yfir í þessari tillögu á það að hafa sama hlutverk og Landsvirkjun hefur í dag. Í gegnum landsnetið gefst síðan tækifæri til að nota þær aðferðir, sem pólitísk samstaða verður um á hverjum tíma, til að jafna orkuverðið til allra landsmanna Að mínu viti gefast þarna betri tækifæri en við höfum í dag til að ná fram jöfnun orkuverðs. Jafnframt er um mun skýrari leið til jöfnunar orkuverðs að ræða en við búum við í dag og það tel ég vera mikilvægt. Í gegnum flutningskerfi sem landsnetið tel ég að við getum náð fram jöfnun orkuverðs.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hvað fyrsti liður þáltill. þýddi. „Að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eigarhlut í og meta markaðsvirði þeirra með það að markmiði að samræma arðgjafar- og afgreiðslumarkmið þeirra, m.a. með hliðsjón af breytingum á sameignarsamningi um Landsvirkjun sem gerðar voru á árinu 1996." Staðreyndin er sú, a.m.k. gagnvart öllum þeim fyrirtækjum sem heyra undir iðnrn., að eigandinn, ríkið í þessu tilfelli, hefur aldrei mótað skýra afstöðu og stefnu um hver þau markmið séu sem þessi fyrirtæki eigi að hafa. Ég tek gott dæmi af Sementsverksmiðju ríkisins sem Alþfl. beitti sér fyrir að breyta í hlutafélag. Skýr afstaða eigandans um til hvers væri ætlast af stjórnendum þess fyrirtækis kom aldrei fram, engin arðgjafar- né arðgreiðslumarkmið. Sama gilti um Landsvirkjun.

Landsvirkjun er fyrsta fyrirtækið á þessu sviði þar sem eru sett skýr arðgreiðslu- og arðgjafarmarkmið sem fyrirtækið á að uppfylla og mun uppfylla. Við ætlum að halda áfram á þessari braut. Álíka vinna er í gangi gagnvart Orkubúi Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja og Rafmagnsveitum ríkisins. Í fullri samvinnu við stjórnendur þessara fyrirtækja er að fara fram úttekt á markaðsverði þeirra. Á grundvelli þess munu menn síðan gera kröfur til arðgjafar- og arðgreiðslumarkmiða. Ein undantekning frá þessu eru Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrirtækið var ekki metið, heldur skelltu menn fram einhverri flatri prósentu og sögðu: Þetta arðgreiðslumarkmið á fyrirtækið að uppfylla. Engar kannanir lágu að baki því hvort þetta væri nokkurn tíma hægt að uppfylla, enda er það nú að koma í ljós að þetta var gert að óyfirveguðu ráði í upphafi árs 1995, ég veit að fyrrv. hæstv. iðnrh. kannast við það, og fyrirtækið stendur ekki undir þessum markmiðum. Þess vegna er þessi endurskoðun sem nú fer fram á því fyrirtæki og menn þurfa þá að setja sér raunhæf arðgreiðslu- arðgjafarmarkmið.

Staðreyndin er hins vegar sú að í kjölfar þessa verður hægara fyrir stjórnendur fyrirtækjanna að starfa og stjórnina alla. Það er vitað til hvers er ætlast. Fyrirtækin vita hvaða skilyrði þau eiga að uppfylla og ef ég man rétt, þá er það svo að sveitarfélögin á Vestfjörðum, eigendur Orkubús Vestfjarða, hafa óskað eftir því að geta fengið greiddan arð af sínum fyrirtækjum. Ég er ekki nákvæmleg með þau bréf hér fyrir framan mig en ég held að ég sé ekki að fara með rangt mál með því að segja að þaðan hafi komið óskir um að það fyrirtæki skili eigendum sínum arði. Ég man það vegna þess að ég átti ágætan fund fyrir fáeinum dögum með fulltrúum eins sveitarfélagsins á Vestfjörðum, út af Orkubúi Vestfjarða, þar sem þær kröfur voru uppi frá Vesturbyggð að þeir gætu fengið arð út úr fyrirtækinu. Á það hefur ekki verið fallist. Af því að hv. þm. spyr hvort það komi til greina að ríkið kaupi Orkubú Vestfjarða, þá hefur ekki verið samstaða um það milli sveitarfélaganna á Vestfjörðum sem eiga 60% í fyrirtækinu, að ríkið kaupi fyrirtækið. Það hafa heldur ekki komið óskir frá ríkinu um að kaupa fyrirtækið. Hins vegar hafa borist óskir frá einstökum sveitarfélögum fyrir vestan um að ríkið kaupi eignarhlut þeirra í Orkubúinu. Við því hefur ekki enn þá fengist svar en mun kannað sérstaklega á næstu vikum og mánuðum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði formið að umtalsefni og ég get í sjálfu sér tekið undir það að það má velta því fyrir sér hvaða form hefði verið heppilegast. Þáltill. var niðurstaðan. Tíminn er minni til þeirrar umræðu en um skýrslu. Það er vilji okkar að fá þessa till. til þál. samþykkta hér frá Alþingi. Á grundvelli hennar verður auðveldara að vinna og stefna af Alþingis hálfu í þessum málaflokki ákveðin.

Af því að hv. þm. spurði hvort ég liti svo á að með ákvæðum í þáltill. væri verið að veita iðnrh. heimild til að gefa út virkjanaleyfi, ef ég hef skilið hv. þm. rétt, þá er það alveg klárt að svo er ekki. Á grundvelli þessarar þáltill. er ekki hægt að segja: Nú hefur verið veitt leyfi til þess að tilteknir virkjanakostir verði dregnir fram og Alþingi hafi heimilað slíkt og í kjölfar þess þarf síðan iðnrh. að gefa út virkjanaleyfi. Það er af og frá. Slíkt þyrfti að koma til sérstakrar umfjöllunar á Alþingi ef eftir slíku væri leitað.

Hins vegar er alveg klárt að iðnrh. þarf ekki heimild Alþingis til þess að hefja viðræður við erlenda fjárfesta um hugsanlega uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi og það veit ég að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson man frá því að hann sat í stól iðnrh. Þá er sama hvort um er að ræða þátttöku þeirra í byggingu orkuvera eða iðnfyrirtækja þar sem aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu hafa heimild, frá og með síðustu áramótum, til þess að fjárfesta í virkjunum á Íslandi í kjölfar samþykktar okkar á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og það veit ég að hv. þm. þekkir mjög vel.

[12:58]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. lét svo um mælt hér áðan vegna umræðu um verðjöfnun og raforku að öll gögn sem fylgi tillögunni séu hluti af henni sjálfri og þá á hann við greinargerðina. Þetta hef ég aldrei heyrt áður og er nú búinn að sitja á Alþingi nokkuð lengi. Greinargerð er ekki lögð fyrir til samþykktar. Greinargerð er ekki hluti af tillögu. Það sem stendur í greinargerð með tillögu sem síðar er samþykkt skoðast ekki samþykkt af Alþingi. Það er aðeins tillagan sjálf sem er afgreidd á Alþingi en ekki þau gögn sem henni fylgja. Þess vegna er nauðsynlegt að ákvæði m.a. um verðjöfnun á raforku komi inn í tillgr. vegna þess að það er ekki að finna aukatekið orð um slíka hluti í tillgr. sjálfri og er fráleitt að vísa til þess að um það sé fjallað í greinargerð. Þannig er með fjölmörg önnur atriði þannig að vilji hæstv. iðnrh. fá þessa tillögu samþykkta og líta svo á að hún túlki einhverja stefnu Alþingis, þá þarf hæstv. iðnn. að umskrifa tillöguna.

[13:00]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aldrei ætlun mín að þingið færi að leggja blessun sína yfir öll þau fylgiskjöl sem þáltill. fylgja. En ég held að það sé ekki deila milli mín og hv. þm. um það að þessi gögn eru partur af því þskj. sem er lagt fram. Ég hef síður en svo á móti því og það kom fram í upphafsorðum mínum í seinni ræðu minni að ég óskaði eftir því að iðnn. Alþingis tæki málið til skoðunar. Vilji menn bæta inn einhverjum atriðum í beinu tillögugreinina, sem ég vonast til þess að við fáum samþykkta á þinginu, er það síður en svo gegn vilja mínum og þætti mér best að sjá skýr ákvæði um jöfnun orkuverðs. Mér sýnist því að við hv. þm. séum alveg sammála í þessum efnum.

[13:01]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs vegna þess að hæstv. iðnrh. hafi sagt að greinargerð þáltill. væri hluti af þingskjalinu. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að hæstv. iðnrh. sagði að öll gögn sem fylgdu þáltill. væru hluti af henni. Hann hefur leiðrétt sjálfur það sem hann sagði og segir réttilega: Svo er ekki. Þau atriði sem er ekki minnst á í tillgr. sjálfri eins og verðjöfnunargjald verða ekki afgreidd með því að þeirra sé getið í greinargerð. Ef hæstv. iðnrh. vill endilega fá einhvern skýran texta frá iðnn. verður iðnn. að leggja fyrir allt annan texta en hæstv. iðnrh. hefur lagt fyrir Alþingi núna.

[13:02]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þetta er það eina sem vefst fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni varðandi þetta stóra mál þá er ég afskaplega feginn því. Þegar menn horfa til baka velta þeir fyrir sér hvort þar sé ekki um lagafrv. að ræða en þegar menn leita skýringa á því hvað menn hafi nákvæmlega ætlast fyrir með tilteknum frumvörpum sem hér hafa verið lögð til grundvallar, þá er leitað skýringa í greinargerðunum og skýringum með einstökum greinum. Sama munu menn auðvitað líka gera varðandi þáltill. verði hún samþykkt en albest er ef menn eru sammála um að styrkja þau ákvæði sem þar eru að menn nái saman um það í iðnn.

[13:03]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa lengi verið nokkuð skýr markmið sem stjórnendur Orkubús Vestfjarða hafa haft að leiðarljósi í starfi sínu. Í fyrsta lagi að selja raforkuna á sama verði á öllu starfssvæði Orkubúsins. Í öðru lagi að auka öryggi í afhendingu á raforku og því hefur miklu fjármagni verið varið í að endurbyggja línur og koma upp varaafli. Í þriðja lagi að arður af rekstri fyrirtækisins verði tekinn út í gegnum gjaldskrána með því að hafa gjaldskrána sem því nemur lægri í stað þess að innheimta arðinn og dreifa honum út.

Ljóst er að ríkið hefur hugmyndir um að breyta í þessum efnum með því að gera kröfu um arðgjöf og arðgreiðslur á grundvelli markaðsvirðis fyrirtækisins. Þá erum við komin inn í nýtt umhverfi hvað varðar eigendahóp Orkubús Vestfjarða. Reyndar hafa líka heyrst raddir frá einstökum sveitarfélögum sem eru farin að gera kröfur um fjármagn til sín þó að fyrst og fremst hafi þær kröfur verið í formi þess að selja eignarhlut sinn og innleysa þannig þá fjármuni sem stjórnendur sveitarfélaganna sem þetta hafa lagt fram telja að sé hlutur þeirra. Þetta hvort tveggja segir okkur að viðhorfin eru að breytast meðal eigenda Orkubúsins og við þurfum því að bregðast við því.

Því til viðbótar er mjög erfið fjárhagsleg staða allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Enda þótt ekki hafi verið enn sem komið er almenn krafa um það af hálfu sveitarfélagahópsins, þá hafa menn hugleitt hvort unnt væri að selja eignarhlut sinn en hann nemur samkvæmt bókfærðu verði nokkuð á þriðja milljarð kr.

[13:05]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á síðasta aðalfundi Orkubús Vestfjarða fyrir árið 1996 lá fyrir tillaga frá Vesturbyggð sem miðaði að því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag með það fyrir augum að geta selt hlutabréfin eða hluta þeirra til ríkisins, Landsvirkjunar, Rariks, almennra hlutabréfasjóða eða fjárfesta. Þetta var tillaga frá einu sveitarfélaginu sem er í kringum 15% eigandi að fyrirtækinu. Ég geri mér grein fyrir því og mun leggja áherslu á það að menn setji ekki þær kröfur fram sem munu leiða til þess að endurmatið á fyrirtækinu og þær arðgreiðslur og arðgjafarmarkmið sem þar munu verða sett muni þurfa að hækka gjaldskrána því að þarna er um mjög viðkvæma hluti að ræða. En ekki er óeðlilegt að þessi úttekt fari fram á fyrirtækinu. Því verði mótuð ákveðin stefna af hálfu eigendanna sem er ríkið og öll sveitarfélögin á þessu svæði þannig að skýrt sé eftir hverju stjórnendurnir eiga að fara við rekstur fyrirtækisins.

[13:06]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ljóst er að samstaða virðist vera áfram um það að breytingar sem menn hafa uppi eða hugmyndir um breytingar eigi ekki að leiða til gjaldskrárhækkunar. Það er rétt að það liggi alveg skýrt fyrir að það er ekki vilji eða ætlun eigenda, hvorki ríkis né sveitarfélaga. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að staðfesta það fyrir sitt leyti.

Í dag er rekstrarreikningur Orkubúsins gerður upp með umtalsverðu tapi en það byggist á því mati sem menn nota í dag á afskriftum eigna fyrirtækisins, einkum virkjana. Leidd hafa verið leidd að því nokkuð gild rök að afskriftirnar séu miklu meiri en nemur úreldingu þeirra af notkun á ári hverju, bæði þar sem lífaldur eða endingartíminn er miklu meiri en sem nemur þeim tíma sem afskriftarprósentan grundvallast á og hinu að virkjunum og dreifikerfi er mjög vel við haldið hvert ár og allur sá viðhaldskostnaður er færður í gegnum rekstrarreikning. Menn hafa fært að því rök að væri tekið tillit til þess þá væri um að ræða mjög arðbæran rekstur að óbreyttri gjaldskrá. Það gefur fyrirtækinu töluvert verðgildi ef þær forsendur, sem ég er að rekja að menn hafi rökstutt, eigi töluvert til síns máls, þá er rekstur fyrirtækisins með töluverðum hagnaði og þá er þetta áhugavert fyrirtæki fyrir fjárfesta eða ríkissjóð að eiga. Mér finnst að það gæti komið vel til álita að ríkissjóður eignist fyrirtækið allt til þess að auðvelda mönnum að hrinda í framkvæmd breytingum á orkustefnu ríkissjóðs. Mér sýnist málið liggja þannig og þess vegna finnst mér að menn eigi ekki að loka neinum dyrum í þeim efnum að taka upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um kaup ríkissjóðs á hlut sveitarfélaganna í Orkubúinu.

[Fundarhlé. — 13:09]

[13:43]

**Útbýting þingskjals:**
Breytingar á skattalögum, 301. mál, fsp. HjÁ, þskj. 375.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 13:43.

---

## 31. FUNDUR

fimmtudaginn 20. nóv.,
að loknum 30. fundi.

**Dagskrá:**
1. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 248. mál, þskj. 293. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framtíðarskipan raforkumála, stjtill., 227. mál, þskj. 259. — Frh. fyrri umr.
3. Starfsemi kauphalla, stjfrv., 285. mál, þskj. 356. — 1. umr.
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357. — 1. umr.
5. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 291. mál, þskj. 363. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Goethe-stofnunin í Reykjavík, þáltill., 256. mál, þskj. 313, nál. 372, brtt. 373. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
7. Úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands, þáltill., 270. mál, þskj. 339. — Fyrri umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:45]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs um atkvæðaskýringu er sú að hér er um stjfrv. að ræða sem þarf að koma fyrir og ástæðulaust er að gera neinar athugasemdir við að fái þinglega meðferð hið skjótasta. Hér er um að ræða svokallaða samfélagslega þjónustu, samkvæmt lögunum um fangelsi og fangavist. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að það hefur legið mjög lengi fyrir að framlengja þyrfti ákvæði þessara laga. Nú stöndum við bersýnilega frammi fyrir því, eins og oft er á allra síðustu vikum þings fyrir hátíðar, að verið er að hrúga inn stjfrv. sem hefði verið hægt að flytja fyrir löngu. Ég gagnrýni vinnubrögð bæði í þessu máli og eins í frv. um heilbrigðisþjónustu sem var tekið fyrir í morgun. Jafnframt spyr ég hæstv. forseta hvort þess er að vænta að ríkisstjórnin eigi eftir að koma með mörg stjfrv. í viðbót sem hún muni óska eftir afgreiðslu á á næstu dögum, að nefndavikunni lokinni.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 372 og 373. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[13:48]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**
Vegna fyrirspurnar frá hv. 8. þm. Reykv. sem fram kom fyrr í atkvæðagreiðslunni þá getur forseti því miður ekki gefið upplýsingar um það hvað í vændum er af málum til umfjöllunar í þinginu þannig að þær upplýsingar verða að bíða betri tíma.

### *Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Framtíðarskipan raforkumála, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 227. mál. — Þskj. 259.

[13:50]

**Svavar Gestsson:**
Herra forseti. Í morgun fór fram umræða um till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála og gagnrýni okkar á þessa tillögu hefur að mínu mati verið aðallega þríþætt. Í fyrsta lagi sú að í tillögunni er ekkert fjallað um umhverfisforsendur orkunýtingar, þ.e. sjálfbæra orkunýtingarstefnu eins og mætti kalla hana. Í öðru lagi er ekki fjallað á neinn hátt í tillögunni um jöfnun orkuverðs sem við teljum vera grundvallaratriði í nálgun þessara mála, þ.e. að menn miði við það að verðlag á raforku verði sem jafnast. Í þriðja lagi hefur verið bent á það af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að tillagan sé með þeim hætti að ekkert sé í henni sem ráðherrann geti ekki gert og tekið ákvörðun um án atbeina Alþingis. Hér um það að ræða að ráðherrann leggur fram tillögu til Alþingis um að skora á sama ráðherra að gera það sem hann þó getur gert án tillögunnar. Hæstv. iðnrh. hefur ekki mótmælt þessum ábendingum og hefur tekið undir það að eðlilegt sé að hv. iðnn. taki þessa tillögu til rækilegrar skoðunar og það er alveg augljóst mál, eins og þegar hefur komið fram hjá talsmönnum tveggja þingflokka, að tillagan getur ekki farið í gegnum þingið óbreytt. Það verður að breyta henni. Það hefur líka komið fram, m.a. í máli hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, að stjórnarliðar leggja mikla áherslu á það að jöfnun orkuverðs verði eitt af þeim meginmarkmiðum sem við verði miðað við endurskipulagningu raforkumála og raforkukerfisins í landinu.

Herra forseti. Ég vil fara yfir nokkur efnisatriði sem ég teldi að ættu að vera í tillögu af þessu tagi. Í fyrsta lagi að tryggja að við raforkuframleiðslu verði alltaf valin sú leið sem er hagstæðust fyrir umhverfið, þ.e. sjálfbær orkunýtingarstefna. Í öðru lagi að verðjöfnun verði grundvallaratriði allra ákvarðana í orkumálum. Í þriðja lagi að verð á raforku

á Íslandi verði eins lágt og kostur er og helst lægra en gerist í grannlöndum okkar. Með þessu er ég að segja að við eigum að hagnýta okkur þá kosti sem orkubúskapurinn getur skapað fyrir batnandi lífskjör á Íslandi. Íslendingar búa fjarri markaði við erfið náttúrufarsskilyrði að mörgu leyti. Eitt af því sem gæti bætt upp þessi erfiðu náttúrufarsskilyrði Íslendinga er hagstætt verð á orku og orkulindirnar. Í fjórða lagi að verð á raforku til stóriðju verði alltaf látið bera umhverfiskostnað af stóriðjunni. Í fimmta lagi að verð til almennings verði aldrei látið bera kostnað af orkusölu til stóriðju og að það verði tryggt í skipulagi orkumála að um verulegt afhendingaröryggi verði að ræða, ekki minna en það sem nú er. Síðan að nýttir verði vistvænir mengunarlausir orkugjafar fremur en lífrænt eldsneyti þar sem þess er kostur og að allt verði gert sem unnt er til þess að spara orku.

Um alla þessa þætti á að vera hægt að ná samstöðu í þessari stofnun. Ég tel að við stöndum frammi fyrir það miklum breytingum í orkumálum á næstu árum og áratugum að skynsamlegt sé að reyna að ná eins víðtækri samstöðu og mögulegt er um markmiðsetningu næstu ára og áratuga.

Ég tel að tillagan, eins og hún liggur fyrir frá hæstv. iðnaðar- og orkumálaráðherra dugi engan veginn í þessum efnum af því þar vantar bæði verðjöfnun á raforku og þar vantar líka umhverfisþáttinn inn í myndina. En vafalaust má fara yfir málið í hv. iðnn. með hliðsjón af því að menn reyni að knýja fram breytingar í átt við það sem við höfum verið að tala um í morgun.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, og bæta því við það sem ég sagði í morgun um einstök atriði um þessa tillögu en ætla síðan að víkja að ýmsum öðrum atriðum og fyrst því að aftur og aftur hefur hæstv. iðnrh. haldið því fram að Alþingi ætti að taka afstöðu til greinargerðarinnar. Reyndar tók hann þannig til orða í morgun að Alþingi hlyti að taka afstöðu til allra gagna í málinu sem væru hluti af þáltill. Þar með væri allt þingskjalið hluti af tillögunni. Eins og kunnugt er það ekki svo. Hæstv. ráðherra hefur verið svo vinsamlegur að leiðrétta sig í þessum efnum og hefur viðurkennt að þetta sé rangt hjá sér, og ég þakka honum fyrir það, og hefur jafnframt bent á að eitthvað af þeim atriðum sem hann vill gjarnan hafa í till. en eru í grg. mætti flytja í till. Ég tek undir það, ég tel að eigi að flytja þau atriði inn í till. Ég segi hins vegar að þau ákvæði sem eru í grg. um verðjöfnun, neðst á bls. 4, eru of veik. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Samhliða undirbúningi að breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið þarf að móta stefnu um hvort verðjöfnun á raforku skuli eiga sér stað innan meginflutningskerfisins eða utan þess. Í þessu sambandi má benda á að við gerð gjaldskrár má sjá til þess að meginflutningskerfið eða Landsnetið taki við því hlutverki sem Landsvirkjun hefur nú varðandi jöfnun orkuverðs."

Ég er þeirrar skoðunar að um sé að ræða allt of óljósa nálgun á þessu máli og þess vegna verði að kveða miklu skýrar að orði í hinni endanlegu afgreiðslu Alþingis á málinu en gerð er tillaga um og kemur fram í þessari grg. sem er samt ekki hluti af tillögunni og fer því víðs fjarri.

Í annan stað vík ég svo að því sem hæstv. iðnrh. dró inn í myndina, þ.e. hækkun raforkuverðs frá Landsvirkjun — nú er Landsvirkun að hækka eins og menn vita. Landsvirkjun er aðallega að hækka til þess að geta borgað eigendum arð. Hún er ekki að hækka af neinum öðrum ástæðum. Ef þessi arðkrafa væri ekki komin á Landsvirkjun eins og ákveðið var í fyrra þyrfti ekki að hækka. Afstaða mín, og fleiri manna í þessum sal í stjórn Landsvirkunar, var sú að það ætti að hefja verðlækkunarferlið fyrr en árið 2000 eða 2001. Við vorum þeirrar skoðunar að ekki væri ástæða til að bíða eftir því til aldamóta að hefja raunverðslækkun á raforku. Það var hins vegar afstaða ráðherrans að knýja það fram að með þessum eigendasamningum væri Landsvirkjun nauðbeygð til þess eftir ákvörðun Alþingis, í lögum sem voru samþykkt í fyrra — og við greiddum sum atkvæði á móti, a.m.k. ég — að Alþingi setti Landsvirkjun í þá bóndabeygju að neyðast til að hækka. Fyrri hækkanir sem voru ákveðnar í minni tíð í stjórn Landsvirkjunar með samhljóða atkvæðum — þar er um að ræða eina hækkun. Hún var ákveðin eftir mjög ítarlega yfirferð á grundvelli þeirra forsendna sem lágu fyrir að mati Þjóðhagsstofnunar og þar var ekki um það að ræða að menn væru að uppfylla kröfur eigendasamkomulagsins um verðhækkanir. Það er því útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að draga það inn í þetta mál. Ég endurtek áskorun mína á hann að knýja Landsvirkjun til að kalla til baka þá verðhækkun sem Landsvirkjun hefur verið að tilkynna síðustu sólarhringana.

[13:59]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur til að undirstrika það sem rétt er í þessum efnum þá er það svo að sú ákvörðun Landsvirkjunar að hækka orkuverð núna um 1,7% 1. jan. nk. byggist á því samkomulagi sem á sínum tíma var gert á milli eigenda fyrirtækisins og grundvallast á ákveðnum arðkröfum og arðgjafarmarkmiðum. Það lá líka fyrir þegar ákvörðun um gjaldskrárhækkun var tekin 1. apríl 1997, og hv. þm. Svavar Gestsson samþykkti, að þessi markmið lágu þá líka fyrir. Það er því alveg eins komið og nákvæmlega sömu rök liggja að baki þeim hækkunum sem núna eru að eiga sér stað um næstu áramót og þeim hækkunum sem ákveðið var að tækju gildi 1. apríl 1997. Þær eru til þess að halda í við verðlagsþróun og það er það sem Alþingi samþykkti með því að samþykkja það eigendasamkomulag sem gert var. Árin 2001–2010 er síðan gert ráð fyrir því að verðlækkun að raunvirði muni eiga sér stað hjá Landsvirkjun að meðaltali 2–3% á ári.

[14:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur þegar á þessum degi étið það ofan í sig að greinargerð sé hluti af þáltill. Það er fagnaðarefni. Núna hefur hann viðurkennt að sú hækkunarákvörðun sem Landsvirkjun er nú að tilkynna sé óhjákvæmileg niðurstaða af þessu eigendasamkomulagi sem við gagnrýndum harðlega á síðasta þingi. Þannig er ljóst að hér er um að ræða hækkun á raforku í landinu til þess að uppfylla ákvæði eigendasamkomulagsins. Það liggur fyrir. Ég mótmæli því í samræmi við þá afstöðu sem ég og Alþb. hafði á síðasta þingi og ég tel að ráðherra geti vel á grundvelli góðrar afkomu Landsvirkjunar og annarra aðstæðna knúið fyrirtækið til að falla frá þessari hækkun. Hún er óhæfa eins og hún er.

[14:01]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilgangurinn með þessu andsvari mínu var fyrst og fremst að rifja það upp fyrir hv. þm. Svavari Geststsyni enn og aftur að hann stóð að hækkuninni hjá Landsvirkjun sem tók gildi 1. apríl 1997 og var 3,2%. En hv. þm. mótmælti því úr þessum ræðustóli hér áðan að hann hefði nokkurs staðar komið nærri. Hann ætlaði með öðrum

orðum að skjóta sér undan ábyrgð eins og vanalega.

[14:02]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir einkar hlý orð í minn garð eins og venjulega af hans hálfu og hef engu við þetta að bæta. Geðvonskan sýndi að hann er rökþrota í þessu máli og það er hans vandamál en ekki mitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:02]

**Útbýting þingskjala:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 304. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 378.

Stjórn fiskveiða, 303. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 377.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 302. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 376.

## *Starfsemi kauphalla, 1. umr.*

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 356.

[14:03]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem samið var af nefnd sem ég skipaði í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 11 frá árinu 1993, um Verðbréfaþing Íslands, eins og þeim lögum var breytt með lögum nr. 22 frá 28. mars 1996. Í þeim lögum samþykkti Alþingi að nefnd skyldi falið að vinna að heildarendurskoðun laganna með það að markmiði að afnema einkarétt Verðbréfaþings Íslands á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997. Í samræmi við stefnumörkun Alþingis um að afnema skuli einkarétt Verðbréfaþings Íslands á verðbréfaþingsstarfsemi, er í frv. lagt til að sett verði almenn löggjöf um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Jafnframt verði Verðbréfaþingi Íslands veittur frestur til aðlögunar á ákvæðum frv. til 1. júlí 1999.

Afnám einkaréttar er almennt í samræmi við þá stefnumörkun sem fylgt hefur verið hér á landi af ýmsum ríkjum Evrópu á undanförnum árum. Öllum eru vel kunnugir meginkostir frjálsrar samkeppni en nefna má að henni fylgja t.d. aukið aðhald frá markaðnum. Auk þess sjást þess merki á þeim sviðum sem færð eru undir almenna samkeppni að meiri hvati er til þess að nýjungar og framfarir eigi sér stað heldur en þar sem engin er samkeppnin. Þróunin á jafnt við á sviði verðbréfaviðskipta sem og á öðrum sviðum viðskiptalífsins.

Afnám einkaréttar á starfsemi Verðbréfaþings Íslands leiðir til þess að nauðsynlegt er að sett verði í lög almenn ákvæði um starfsemi kauphalla eins og gert er ráð fyrir í frv.

Í almennri löggjöf um kauphallir þykir einnig nauðsynlegt að gera tillögur um reglur sem setja skal um skipulega tilboðsmarkaði þar sem viðskipti fara fram með verðbréf sem ekki hafa verið skráð í kauphöllum. Í frv. er því gerð tillaga um hvaða reglur skuli gilda um starfsemi slíkra markaða, veitingu starfsleyfa til þeirra og eftirlit.

Ákvæði um skipulag tilboðsmarkaða eru nýmæli í löggjöf hér á landi. Einnig er nýmæli að í frv. er að finna ákvæði um svonefnd yfirtökutilboð, þ.e. að einn aðili eignist sem nemur 33,3% úr atkvæðisrétti eða samsvarandi hlut úr félagi sem hefur verið opinberlega skráð í kauphöll.

Auk þeirra meginatriða sem ég hef hér rakið, þá eru ýmis ákvæði gildandi réttar gerð skýrari, t.d. ákvæði sem varða upplýsingaskyldu útgefinna verðbréfa sem hafa verið tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, svo og ákvæði um skýrslugjöf og tilkynningar á þeim viðskiptum sem eiga sér stað í skipulegum verðbréfamörkuðum með milligöngu innlendra aðila. Ég vil þá, með leyfi forseta, gera grein fyrir meginákvæðum frv.

Frv. skiptist í 14 kafla sem hafa að geyma alls 42 greinar auk tveggja ákvæða til bráðabirgða. Í frv. er jafnframt að finna ítarlegar athugasemdir um þær breytingar sem hér er gerð tillaga um.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði svo sem skilgreiningar, ákvæði um veitingu starfsleyfis, stjórn, framkvæmdastjórn og aðra starfsmenn þeirra fyrirtækja sem frv. tekur til. Ákvæði þessa kafla taka mjög mið af sambærilegum ákvæðum sem gilda nú þegar um starfsemi fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, t.d. ákvæðum laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Í II. kafla eru ákvæði um kauphöll og hlutverk hennar en undir starfsemi hennar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa á sér stað í samræmi við þær lágmarkskröfur sem gerðar eru um slíka skráningu. Hér má nefna að ýmsar lágmarkskröfur hafa verið gerðar um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll í tilskipun Evrópusambandsins er gildir um það efni og er hluti af EES-samningnum. Kauphöll væri því skylt að fara eftir slíkum ákvæðum þegar ákvörðun er tekin um skráningu verðbréfa í kauphöllinni. Verði frv. þetta að lögum mun kauphöll jafnframt verða heimilt að stunda aðra starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana. Eðlilegt er að kauphöll geti nýtt aðstöðu sína og sérhæfingu, t.d. með því að stunda viðskipti með önnur verðbréf en þau sem fullnægja reglum sem gerðar eru til þess að taka megi verðbréf til opinberrar skráningar í kauphöllum.

Í III. kafla er að finna ákvæði um kauphallaraðila, umsókn um aðild að kauphöll og aðild að samning sem skylt er að gera við stjórn kauphallar. Hér er lagt til að sömu aðilum sé heimil aðild að kauphöll eins og verið hefur hjá Verðbréfaþingi Íslands. Jafnframt eru sett ítarleg ákvæði varðandi aðildarumsókn að kauphöll og málsmeðferð í því sambandi. Loks er lagt til að aðilar að kauphöll undirriti skriflegan samning um aðild sína að henni. Í slíkan samning verði að setja ákvæði um kostnað sem fylgir aðild, upplýsingaskyldu kauphallar, tölvutengingar og önnur tæknileg atriði, svo og ákvæði um afleiðingar þess að brjóta samninginn.

IV. kafli frv. ber heitið Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Í þessum kafla er að finna þau helstu skilyrði sem slíkar skráningar þurfa að uppfylla til þess að unnt sé að hefja viðskipti með verðbréf í kauphöll. Stjórn kauphallar ber að setja nánari reglur um þetta efni en þær skulu ávallt uppfylla þær skuldbindingar sem leiðir af alþjóðasamningum sem Ísland hefur gengið að, sbr. t.d. ákvæði EES-samningsins og þær tilskipanir Evrópusambandsins sem gilda um þetta efni. Reglur sem stjórn kaupanda samþykkir um opinbera skráningu verðbréfa skulu staðfestar og birtar í B-deild stjórnartíðinda. Í kaflanum eru einnig nánari ákvæði en nú er að finna í gildandi lögum um niðurfellingu skráningar og tímabundna stöðvun viðskipta.

Í V. kafla er nýmæli sem er ákvæði um yfirtökutilboð.

Hér er lagt til að sett verði í lög ákvæði sem gilda um yfirtökutilboð í félagi sem hefur verið opinberlega skráð í kauphöll. Í mörg ár hefur staðið til að taka til endurskoðunar ákvæði gildandi réttar um yfirtökutilboð. Í því sambandi má vísa til ályktunar Alþingis um það sama efni sem gerð var 19. mars 1992. Ýmis ríki Evrópu hafa smátt og smátt sett reglur í löggjöf sína um þetta efni, t.d. Danmörk og Frakkland. Flestöll ríki sem aðild eiga að Evrópusambandinu beita slíkum reglum, annaðhvort á grundvelli settra laga eða samkvæmt ólögfestum reglum sem gilda í evrópskum kauphöllum. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur enn ekki náðst full samstaða um að setja tilskipun um þetta efni, en margt bendir þó til að svo fari áður en langt um líður. Verði sú tillaga sem hér er gerð um yfirtökutilboð samþykkt mun Ísland bætast í hóp þeirra EES-ríkja sem sett hafa í lög ákvæði um þetta áður en slíkt verður beinlínis skylt samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins.

Samkvæmt ákvæðum 19. gr. frv. er kveðið svo á að hafi aðili eignast beint eða óbeint 33,3% atkvæðisréttar eða samsvarandi hluta hlutafjár í félagi sem hefur verið opinberlega skráð í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum og gilda samkvæmt tilboði þessu sem yfirtekur félagið. Í 1.–4. tölul. 19. gr. frv. er að finna nánari ákvæði um hvenær um yfirtöku félags getur verið að ræða. Þeim sem hefur yfirtekið félag sem skráð hefur verið í kauphöll er skylt að virða opinbert tilboðseftirlit samkvæmt ákvæðum 20. gr. frv. Þar skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar svo hluthafar og ráðgjafar geti metið hvort taka eigi tilboðinu eða ekki. Að baki ákvæðinu búa þýðingarmikil rök um vernd fjárfesta og er það mikilvægt nýmæli í löggjöf hér á landi.

Í VI. kafla eru ákvæði um viðskipta- og upplýsingakerfi kauphallar. Ákvæði þessa kafla eru efnislega nánast þau sömu og er að finna í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Í VII. kafla er kveðið á um upplýsingaskyldu sem hvílir á útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöllum. Meginreglan er sú að útgefendum ber skylda til að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um atriði sem máli skipta og geta haft áhrif á verðbréfin, sbr. 24. gr. frv. Jafnframt er í kaflanum kveðið á um skyldur hlutafélaga sem skráð eru í kauphöll til þess að tilkynna til kauphallar ef heildareign félagsins á eign hlutabréfanna nær 5% og 10%, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir þau mörk.

Á Íslandi hefur skort reglur sem kveða á um upplýsingar sem birta skal þegar aflað er eða verulegum eignarhlut er ráðstafað í félagi sem opinberlega hefur verið skráð í kauphöll. Slík regla hefur oft verið nefnd flöggunarregla. Í 26. gr. frv. er gerð tillaga um að settar verði í íslenska löggjöf reglur um þetta efni og ber eiganda í hlutafélagi samkvæmt þeim að tilkynna þegar atkvæðisréttur eða nafnverð hlutafjár nær þeim mörkum sem talin eru upp í 2. mgr.

Þá er í þessum kafla að finna ákvæði er veita kauphöll ótvíræða heimild til þess að veita upplýsingar og vinna að ýmiss konar hagtölugerð. Loks má nefna að í 29. gr. eru ákvæði sem hingað til hafa gilt um skýrslugjöf markaðsaðila vegna þeirra viðskipta með verðbréf sem eru á verðbréfamarkaðnum og þeir hafa átt þátt í að gera.

Í VIII. kafla eru ákvæði um starfsábyrgðir kauphallar. Rétt þykir að leggja til að kauphöll sem starfar eftir ákvæðum frv. skuli ávallt hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem viðskiptamaður kann að verða fyrir og rakið er til gáleysis í starfsemi kauphallar eða starfsmanna hennar. Slíkri vátryggingu er ætlað að bæta tjón sem nemur allt að 10 millj. kr. og allt að 30 millj. innan hvers tryggingarárs.

Í IX. kafla frv. eru ákvæði um skipulagða tilboðsmarkaði og starfsemi þeirra. Hingað til hafa ekki verið í lögum nein ákvæði um starfsemi skipulagðra verðbréfamarkaða ef frá eru talin ákvæði gildandi laga nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Þrátt fyrir það hefur á undaförnum árum þróast hér á landi starfsemi sem hefur orðið þekkt undir heitinu „Opni tilboðsmarkaðurinn". Þar hafa farið fram viðskipti með verðbréf sem ekki hafa verið opinberlega skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Verði ákvæði þessa frv. að lögum skapast möguleikar á því að slíkir tilboðsmarkaðir afli sér starfsleyfis og fellur þá starfsemi þeirra undir eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Nauðsynlegt er að í lögunum sé slík starfsemi skilgreind og settar lágmarkskröfur varðandi starfsemina. Á slíkan markað munu t.d. sækja ýmis minni fyrirtæki sem vilja sækja aukið hlutafé til almennings, en eru ekki í stakk búin til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um opinbera skráningu í kauphöll, t.d. varðandi lágmarksstærð og dreifingu hlutafjár. Samkvæmt ákvæðum frv. er unnt að veita hlutafélagi starfsleyfi til að reka tilboðsmarkað sem eingöngu telst falla undir skipulag tilboðsmarkaðar. Kauphöll er þó heimilt, eins og ég gat um hér áðan, að starfrækja slíkan markað, enda sé þess getið í starfsleyfi hennar að markaðurinn sé skýrt aðgreindur frá kauphöllinni.

Í X. kafla þótti nauðsynlegt að afmarka verðbréfaviðskipti sem falla utan viðskipta við kauphöll eða í skipulögðum tilboðsmarkaði og er óþarfi að rekja þau ákvæði þau sérstaklega.

Í XI. kafla eru ákvæði um eftirlit, eftirlit með ákvæðum frv. er falið bankaeftirlitinu eins og tíðkast hefur varðandi eftirlit á fjármagnsmarkaði.

Í XII. kafla eru ákvæði um afturköllun starfsleyfis. Í meginráttum eru hér svipuð ákvæði og nú eru í gildi um eftirlit með þeim sem starfa á fjármagnsmarkaðnum.

Í XIII. kafla eru ákvæði um þagnarskyldu og skil ársreikninga þeirra félaga sem starfsleyfi hljóta samkvæmt ákvæðum frv. og eru þau ákvæði svipuð og tíðkast hefur í sambærilegum lögum um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Í XIV. kafla eru ákvæði um gildistöku frv. og er í því sambandi vísað til ákvæðis til bráðabirgða. Eins og ég gat um í upphafi, þá er með frv. þessu lagt til að einkaréttur verði afnuminn af starfsemi Verðbréfaþings Íslands og almenn löggjöf sett um slíka starfsemi. Hér er um þess háttar breytingu að ræða að nauðsynlegt er að gefa Verðbréfaþinginu frest til aðlögunar að breyttri löggjöf. Lagt er til að það fái aðlögunarfrest til 1. júlí 1999 en jafnframt falli gildandi ákvæði í lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, ekki að öllu leyti úr gildi fyrr en það hefur lokið hlutverki sínu og stofnuð hefur verið innlend kauphöll í samræmi við ákvæði þessa frv.

Í ákvæðum til bráðabirgða er hið fyrsta lagt til að hið fyrsta eftir gildistöku laganna verði nefnd falið að heyja undirbúning að stofnun hlutafélags sem hafi það að markmiði að starfrækja kauphöll og taka við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands. Öll framangreind ákvæði miða að því að ekki verði stefnt í tvísýnu þessa eina skipulega verðbréfamarkaðar sem starfræktur er hér á landi vegna breytinga á lögum sem um starfsemina gilda. Jafnframt er tekið fram að Verðbréfaþingi Íslands sé heimilt að

starfsræja skipulegan tilboðsmarkað í samræmi við ákvæði IX. og X. kafla frv. en það mun flýta fyrir framþróun í starfsemi þess og auðvelda aðlögun að ákvæðum þessa frv.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frv. og legg til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Verðbréfaviðskipti, 1. umr.*

Stjfrv., 286. mál. — Þskj. 357.

[14:16]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Frv. er flutt í tengslum við frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulag tilboðsmarkaða sem ég mælti áðan fyrir.

Frv. er einungis þrjár greinar. Í 1. gr. er lagt til að gerð verði nauðsynleg orðalagsbreyting á a-lið 10. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Í 2. gr. frv. er tillaga gerð um að samræma ákvæði sem er að finna í 1. tölul. 3. gr. í samsvarandi ákvæði í frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Um er að ræða ákvæði sem fjalla um lágmarkshlutafé verðbréfafyrirtækja.

Loks er í 3. gr. lagt til að ákvæði IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti sem fjalla um meðferð trúnaðarupplýsinga skuli ekki taka til þeirra viðskipta sem fram fara með verðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands heldur skulu þau framvegis taka til allra verðbréfasviðskipta sem fara fram á verðbréfamarkaðnum. Mikilvægt er að ákvæði um þetta, eins og innherjaviðskipti, gildi um öll viðskipti sem eiga sér stað á verðbréfamarkaðnum og er þetta þýðingarmikið atriði til þess að viðskipti á verðbréfamarkaði njóti fullkomins trausts af hálfu fjárfesta.

Herra forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um meginefni frv. og legg til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands, fyrri umr.*

Þáltill. AK, 270. mál. — Þskj. 339.

[14:19]

**Flm. (Arnþrúður Karlsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 339 um úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands og gerð áætlunar til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Jafnframt verði gerð a.m.k. fimm ára áætlun til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans.“

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa forráðamenn Háskóla Íslands leitað til Alþingis og óskað eftir auknu fjárframlagi til handa háskólanum vegna verulegs fjárskorts sem hafi haft lamandi áhrif á starfsemi skólans undanfarið. Hafa menn af því verulegar áhyggjur að ekki verði unnt að halda úti eðlilegri skólastarfsemi ef ekki verði brugðist við hið fyrsta. Það er í raun óþarft að fjölyrða um slæm áhrif þess að stærsta háskólastofnun landsins búi við alvarlegan fjárskort.

Vissulega hafa margir þættir áhrif á þessa slæmu stöðu, t.d. samningsbundnar launahækkanir. Að mati forráðamanna háskólans stendur fjárskortur eftirfarandi þáttum fyrir þrifum svo sem kennslu í tölvunarfræðum, rannsóknanámi, bóka- og tímaritakaupum, endurmenntunarnámi og síðast en ekki síst sé erfitt að ráða til háskólans hæft starfsfólk vegna launakjara.

Í alþjóðasamhengi byggist samkeppnisstaðan á góðri menntun. Nýsköpun er gríðarleg á nánast öllum sviðum og hraðinn eftir því. Meðal annars þess vegna er kennsla í tölvunarfræðum mjög mikilvæg fyrir nútímaþjóðfélag. Við Háskóla Íslands eru þrjár kennarastöður í tölvunarfræðum en tveir kennarar af þremur eru í launalausu frí og starfa úti á hinum frjálsa markaði eingöngu vegna þeirra launa sem í boði eru hjá háskólanum. Það gefur því auga leið að erfitt er að halda úti kennslu á þessu sviði ásamt því að tölvubúnaður hlýtur að kosta sitt.

Svipaða sögu er að segja um kennara í sjúkraþjálfun. Þar hafa verið lausar þrjár kennarastöður sl. 10 ár og þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hefur ekki tekist að fá sjúkraþjálfara til kennslu sem uppfyllir tiltekin skilyrði eftir því sem fæst upplýst hjá háskólanum. Sú staðreynd að launakjör háskólakennara eru svo fráfælandi vegna harðnandi samkeppni úti á hinum almenna markaði er auðvitað háalvarlegt mál sem verður að bregðast við hið fyrsta. Það er þó sök sér ef fólk helst við hér innan lands en mun alvarlegri er sú staðreynd að fólk leitar út fyrir landsteinana í æ ríkara mæli og sest að erlendis beinlínis vegna launa og jafnframt vegna aðstöðuleysis hér.

Ásamt tölvunarnáminu er helsti vaxtarbrodur Háskóla Íslands endurmenntunarnámið við Endurmenntunarstofnun þar sem nú eru um 9 þúsund manns við nám á kvöldin. Þarna hefur orðið veruleg aukning eða um þúsund nemendur á ári allra síðustu árin. Þarna er um að ræða nám sem stendur yfir í tvær og upp í fimm annir og sýnir aðsóknin best þörfina fyrir símenntun en flestir nemendur, sem eru í þessu öldunganámi, eru í starfi að deginum til. Þetta segir manni líka það að þótt fólk hafi lokið hinu hefðbundna háskólanámi, þá dugir það e.t.v. ekki nema í 10 ár og fólk á það á hættu að staðna í tilteknu fagi því heimsumhverfið er stöðugum breytingum undirorpið svo sem ljóst er.

Aukinn nemendafjöldi við Háskóla Íslands hlýtur að kalla á aukið fjármagn. Í dagskólanum eru nú um 5.700 manns og 9 þúsund manns í öldunganámi eins og ég sagði áðan. Þetta kallar á aukin kaup á tækjum og ekki hvað síst bókum og tímaritum en á því sviði mun vera verulegur skortur.

Nemendur búa við þær aðstæður að stöðugt fleiri námskeið þarf að fella saman vegna aðstöðuleysis og gerir það kennsluna ekki eins markvissa. Skortur á fjármagni gerir það líka að verkum að námsframboð verður af skornum skammti og gerir nemendum erfitt fyrir um val að skyldunámskeiðum loknum.

Í greinargerðinni með tillögunni er þess einnig getið að gerð verði a.m.k. fimm ára áætlun til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans. Það er svo að háskólanám

tekur almennt þrjú til sex ár og ekki er hægt að vísa nemendum frá ef þeir á annað borð eru komnir inn. Þess vegna er mjög mikilvægt að náms- og starfsumhverfið sé með þeim hætti að þar ríki stöðugleiki og bæði nemendur og kennarar viti með vissu hvers sé að vænta og auðvitað er mjög slæmt að breyta áætlunum með tilliti til þessa. Í þessu tilliti er vert að nefna rannsóknanámið sérstaklega, en eins og staðan er í dag þurfa flestir að fara utan ef þeir hyggja á framhaldsháskólamenntun svo sem doktorsnám.

Í greinargerðinni vitna ég einnig til skýrslu OECD, með leyfi forseta, sem byggir á tölum frá Hagsýslu ríkisins en vert er að hafa í huga að skýrslan sem mun vera sú nýjasta er frá árinu 1993. Bæði hæstv. núv. og fyrrv. menntmrh. hafa ýmislegt gert til að breyta þeirri slæmu stöðu sem við vorum í þá þegar Íslendingar vörðu aðeins 0,7% af þjóðartekjum til háskólamenntunar miðað við 2,5% hjá Bandaríkjamönnum. Þar skipum við okkur á bekk með Tyrkjum, Japönum, Hollendingum og Ítölum en auðvitað hefði verið eðlilegra að við stæðum jafnfætis í menntun í þeim löndum sem við gjarnan sækjum framhaldsnám til, svo sem hinna Norðurlandanna, Bretlands og Bandaríkjanna. Vissulega er ég að miða við milljónaþjóðfélög og þar af leiðandi er kannski ekki ástæða til að ætla að við getum komið okkur upp jafnfyrirferðarmiklu háskólakerfi og þar er, en það er ljóst að við getum lagað stöðuna verulega svo að við verðum samkeppnisfær. Það eiga að vera til fjármunir til þess að gera þetta. Við erum mjög ofarlega á skalanum yfir ríkustu þjóðir heims og við erum alveg örugglega hamingjusamasta þjóð heims þannig að í mínum huga er þetta aðeins spurning um pólitíska vilja.

Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. bregðist skjótt við fjárhagsvanda Háskóla Íslands og leiti leiða til þess að mið verði tekið af launaþróun utan háskólans til þess að koma í veg fyrir flótta kennara frá skólanum og ljóst er að það verður að finna lausn á þessum vanda og því er tillagan lögð fram.

Ég hins vegar vil að endingu vara við því að lausnin verði fundin með því að setja á sérstök skólagjöld á nemendur við Háskóla Íslands. Ég vísa þessari tillögu til hv. menntmn.

[14:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir efni tillögunnar sem fjallar um fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Ég tek einnig undir rökstuðning hv. þm. og þá sveltistefnu sem háskólinn þarf að búa við og hv. þm. lýsti. Þetta eru tímabær orð og þetta var líka tímabær ádrepa hv. þm. Framsfl. á ríkisstjórnina.

[14:28]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að hreyfa fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Staðreyndin er sú að niðurskurður á framlögum til Háskóla Íslands nemur núna frá árinu 1991 til ársins 1997 um 700 millj. kr. á sambærilegu verðlagi sem samsvarar því að einn kennaraháskóli hafi verið skorinn niður. Það er ótrúlegur niðurskurður á þessari stofnun og það er líka ótrúlegt langlundargeð sem Háskóli Íslands hefur sýnt stjórnvöldum á þessum tíma. Því er ekkert óeðlilegt að það mál sé tekið hér upp þó að það sé að vísu óvenjulegt að stjórnarþingmaður taki málið upp með þeim hætti sem hér gerist á sama tíma og verið er að afgreiða mál í fjárln. og í menntmn.

Staðan er núna sú að háskólann vantar samkvæmt upplýsingum háskólarektors á þriðja hundrað millj. kr. Það er bersýnilegt að háskólinn stendur frammi fyrir mjög alvarlegri tilvistarkreppu vegna þess að verið er að skera niður til hans fjármuni og vegna þess að á sama tíma er verið að reyna að knýja fram grundvallarbreytingar á stjórnskipulagi háskólans sem sæta mjög mikilli gagnrýni í háskólanum. Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að stjórnkerfisbreytingarnar séu meingallaðar að flestöllu leyti. Háskóla Íslands er haldið í bóndabeygju af stjórnvöldum og menntmrh. og fjmrh. í þessu máli þar sem annars vegar er peningavandi og hins vegar er um að ræða kröfur um gerbreytt stjórnkerfi. Háskóli Íslands hefur búið við það stjórnkerfi alveg frá upphafi með örfáum undantekningum að litið hefur verið á hann eins og lýðveldi, svo að segja sjálfstæða stofnun, sem starfaði eftir þeim lögum sem sett eru á hverjum tíma en reglugerðin um háskólann hefur verið afbrigðileg og einstök í íslenska stjórnkerfinu. Engin önnur reglugerð er staðfest á ríkisráðsfundi en þannig er það með reglugerðina um Háskóla Íslands og það er til að undirstrika að hér sé um að ræða sérstakan pappír sem hafi sérstaka stöðu.

Nú sýnist mér á öllum tilraunum menntmrh. að verið sé að veikja þetta sterka sjálfstæði háskólans með því að gera háskólarektor að embættismanni og skera niður framlög til háskólans á sama tíma og verið er að tala um að leggja á skólagjöld eins og eru reyndar uppi hugmyndir um í háskólafrv. sem við erum með til meðferðar í hv. menntmn. Það er því vegið að Háskóla Íslands úr mörgum áttum og honum veitir ekki af liðsmönnum hvaðan svo sem þeir koma og ég held að það sé gott að þeir verði bara sem allra flestir, m.a. úr stjórnarflokkunum. Ég vona að tillaga hv. þm. sé til marks um það að aðrir þingmenn stjórnarflokkanna munu koma á eftir henni og styðja hana í því að halda uppi málstað Háskóla Íslands.

[14:31]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka flm., hv. þm. Arnþrúði Karlsdóttur, fyrir að flytja till. til þál. um úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands og gerð áætlunar til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans.

Við sem sitjum í menntmn. höfum hlýtt á fulltrúa háskólans lýsa ástandinu og mér fannst fyrsti flm. lýsa þessu mjög vel áðan og ætla ekki að endurtaka það. Það er mikil hætta á að missa gott starfsfólk frá háskólanum vegna lágra launa og þessi sveltistefna heldur þróun háskólans í ákveðinni spennitreyju sem verður að breyta.

Þetta er þriðja mitt þing í röð og mér finnst athyglisvert að sjá hvernig hlutirnir endurtaka sig. Það er alveg sama með Háskóla Íslands og spítalana að þegar komið er að hausti vantar nokkur hundruð milljónir og einungis 50–60 eru settar upp í og áfram herðist spennitreyjan.

Flutningsmaður vitnaði áðan í skýrslu OECD, sem ég hef sjálf vitnað nokkrum sinnum til, og þar er mjög sláandi að sjá hvað við erum aftarlega á merinni varðandi fjárveitingar til háskólastarfsemi. Þetta er verulegt áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að við erum núna u.þ.b. að lögfesta rammalöggjöf um háskólastigið þar sem stofna á marga nýja háskóla á Íslandi. Reyndar gerir það frv. ráð fyrir því að ekki verði allir þeir nýju háskólar, sem eiga að koma til, rannsóknaháskólar sem eru vissulega mun dýrari og eru kannski samkvæmt sumra skilgreiningu hinir einu sönnu háskólar. Reynslan sýnir okkur bæði frá Bretlandi, Svíþjóð og í flestum ná-

grannalöndum að háskólar, sem byrja sem kennsluháskólar, þrýsta á um að fá sömu réttindi og sams konar starfsemi og eiginlegir akademískir háskólar.

Ég hef verið stuðningsmaður þess að Kennaraháskóli Íslands, og þá hinn nýi uppeldisháskóli, verði rannsóknaháskóli og styð þann skóla í kröfum sínum um bætt kjör. Ég hef einnig verið stuðningsmaður Háskólans á Akureyri og tel að hann gegni mjög mikilvægu hlutverki en þessi þróun má ekki verða til þess að enn eigi að herða að Háskóla Íslands. Ég tek undir orð hv. flm. áðan um að við erum meðal ríkustu þjóða heims, ef miðað er við þjóðartekjur á mann, og við eigum að leggja mun meira til æðri menntunar, ekki síst núna þegar atvinnulíf okkar er allt of einhæft og byggist allt of mikið á einni auðlind en ekki á hugarkrafti og því sem menntun veitir fólki. Þess vegna vil ég taka undir efni tillögunnar. Ég held að það sé óskaplega mikilvægt að gerð verði áætlun til langframa þannig að háskólinn geti skipulagt sig til lengri tíma en eins árs í senn og að það verði mögulegt að byggja upp framhaldsnám, eins og stefna háskólans er núna, ekki síst vegna þess að það er lífakkeri rannsókna og tryggir að kennarar haldi sér við og að raunveruleg akademísk starfsemi eigi sér stað.

Ég tek einnig undir orð flm. um skólagjöld. Þessi umræða hefur verið nokkuð í gangi á milli hæstv. menntmrh. og forsvarsmanna háskólans. Það var mjög athyglisvert þegar núv. rektor var kjörinn að þá lýsti hann því yfir að hann væri mótfallinn skólagjöldum. Menntmrh. lýsir því yfir að það frv. sem liggi nú fyrir til háskólalaga segi ekkert um skólagjöld, reyndar er heimild fyrir að setja slík gjöld á en síðan getur hvor vísað á annan. Rektorinn segir: Ef við fáum ekki meiri pening verðum við að leggja á skólagjöld og ráðherrann segir: Ef þið fáið ekki meiri pening leggið þið bara á skólagjöld. Það er því ekki nema von að stúdentar séu orðnir þreyttir á umræðunni. Það hefur verið reynslan hér, þegar skráningargjöldin voru sett á, þ.e. hækkuð úr 5 þús. kr. í 37 eða 40 þús. kr., að það kom ekki fram í auknum fjárveitingum til Háskóla Íslands heldur var dregið úr fjárveitingunum sem því nam. Sama hefur gerst í Bretlandi þar sem skólagjöld hafa verið, þetta hefur gerst sem nauðvörn vegna þess að skólarnir hafa verið í svelti. Menntmrh. hefur sagt á Alþingi að í skýrslu OECD sé mælt með skólagjöldum sem leið fyrir háskólastigið til þess að fá aukið fé. Það er nefnt þar en vissulega er aðalatriðið að aukið fé fari til háskólans.

Ég tel mjög mikilvægt að jafnrétti til náms verði áfram sem virkast í landinu og að við eflum Lánasjóð íslenskra námsmanna og einnig er ég flm. að tillögu um styrktarsjóð fyrir efnilega námsmenn. Með öðrum orðum held ég að við Íslendingar verðum að hugsa verulega mikið um að efla háskólastig okkar. Tillagan getur orðið liður í því og kannski um leið áminning um, þar sem varaþingmaður Framsfl. flytur hana, að stefnan sem núv. stjórnvöld reka varðandi málefni Háskóla Íslands og háskólastigsins er ekki nógu góð. Vonandi verður þáltill. samþykkt þannig að fyrir liggi stefnumörkun sem býr Háskóla Íslands betri framtíð.

[14:39]

**Flm. (Arnþrúður Karlsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa sýnt málinu skilingsríkar undirtektir. Hv. þm. Svavar Gestsson velti því fyrir sér út af hverju stjórnarliði kæmi með till. til þál. af þessum toga einmitt nú þegar menn væru nokkurn veginn að leggja síðustu hönd á gerð fjárlaga.

Því er til að svara að ég er nýkomin inn á þing, búin að vera hálfan mánuð. Það er rétt hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að ég er varamaður og þetta kann að koma fólki sérkennilega fyrir sjónir en málið er það að mér er hvellbrugðið. Fólki finnst það kannski ekki þar sem það verður vart við að sama sagan endutaki sig ár eftir ár, fólk komi á hverju hausti. Ég vissi ekki betur en að Háskóli Íslands væri bæði æðsta og stærsta menntastofnun þjóðarinnar í stærsta byggðarlagi landsins. Mér finnst ömurlegt til þess að vita að forráðamenn háskólans skuli þurfa, hver á fætur öðrum, að koma með þá bón að fá að halda úti eðlilegri starfsemi. Ég endurtek að mér var hvellbrugðið að sjá þetta og ég leyni því ekki að ég óttast hvernig lausnin verður. Ég varaði við því áðan að lögð yrðu á skólagjöld og ég ítreka að ég vara við þeirri lausn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fangelsi og fangavist, 1. umr.*

Stjfrv., 291. mál (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta). — Þskj. 363.

[14:42]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist.

Meginefni frv. er þríþætt. Lagt er til að ákvæðum laganna verði breytt svo að ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum færist frá Fangelsismálastofnun til heilbr.- og trmrn., að starfrækja megi gæsluvarðhaldsdeildir í afplánunarfangelsum og að ákvæði laga um samfélagsþjónustu verði felld inn í lögin um fangelsi og fangavist auk nokkurra efnisbreytinga á þeim ákvæðum.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 2. gr. laga um fangelsi og fangavist verði breytt svo að heilbrigðisþjónusta verði ekki lengur talin meðal sérstakra verkefna Fangelsismálastofnunar heldur tilgreint að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, að heilbr.- og trmrn. sjái um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Breytingar þær sem lagðar eru til byggja á áliti nefndar sem heilbr.- og trmrh. skipaði í október 1995 til að fara yfir skipulag heilbrigðisþjónustu við fanga.

Þá er í 2. og 3. gr. frv. lagðar til breytingar á 4. og 7. gr. laganna sem taldar eru nauðsynlegar í kjölfar þess að gæsluvarðhaldsfangelsið í Síðumúla var lagt niður. En gæsluvarðhaldsfangar eru nú vistaðir í afplánunarfangelsum. Síðumúlafangelsið var eina fangelsi landsins sem féll undir skilgreiningu laga um gæsluvarðhaldsfangelsi. Nokkuð þótti skorta á að aðbúnaður fanga væri fullnægjandi í fangelsinu auk þess sem nýting þess var orðin léleg. Fangelsinu var því lokað um mitt síðasta ár en gæsluvarðhaldsfangar hafa síðan verið vistaðir í Hegningarhúsinu í Reykjavík og á Litla-Hrauni.

Með vísan til þessa fyrirkomulags er lagt til að heimilt verði að starfrækja gæsluvarðhaldsdeildir í afplánunarfangelsum og að vista megi gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Meginákvæði frv. lúta hins vegar að samfélagsþjónustu, samanber ákvæði 4. og 5. gr. þess. Lög um samfélagsþjónustu, nr. 55/1994, öðluðust gildi 1. júlí 1995 en var markaður

gildistími til 31. des. 1997. Við samþykkt laganna var litið svo á að um tilraun væri að ræða. Sú tilraun þykir hafa gefist vel og er lagt til að áfram verði í lögum ákvæði um þetta refsivörsluúrræði.

Samfélagsþjónusta var fyrst tekin upp sem viðurlög við afbrotum í Bretlandi árið 1973. Eftir það hefur þetta úrræði verið tekið upp í sífellt fleiri löndum í Vestur-Evrópur og á Norðurlöndum ýmist sem sjálfstæð refsitegund eða sem skilyrði í tengslum við skilorðsbundinn dóm. Hér á landi hefur samfélagsþjónusta verið virt sem fyrirkomulag fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma. Ef litið er til framkvæmdar þessa fullnustuúrræðis höfðu Fangelsismálastofnun í maímánuði sl. borist 132 umsóknir um samfélagsþjónustu frá upphafi. Í 95% tilvika var um að ræða umsóknir frá dómþolum sem brotið höfðu gegn ákvæðum umferðarlaga. Samþykktar umsóknir voru 84, þar af 17 þar sem dómþolar bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins. Skilorðsrof hafa aðeins verið sex.

Fangelsismálastofnun hefur reynst vandkvæðalítið að útvega samfélagsþjónum hentuga vinnustaði og hefur þeim hvarvetna verið vel tekið. Miðað hefur verið við að þau störf sem komi til greina séu fyrst og fremst aðstoðarstörf hjá opinberum stofnunum, stofnunum sem njóta opinberra styrkja eða félagasamtökum. Verkefni hafa verið margs konar, t.d. þrif, viðhaldsvinna og umönnun og aðstoð við félagsstörf ungmenna og aldraðra, geðfatlaðra og annarra fatlaðra. Til marks um hve vel hefur gengið má geta þess að nokkrum dómþolum hefur verið boðin vinna að samfélagsþjónustunni lokinni og einnig eru dæmi þess að þeir hafi haldið áfram í sjálfboðavinnu.

Frv. byggir á þeirri forsendu að samfélagsþjónusta sé ekki tegund refsingar heldur sé um að ræða fyrirkomulag fullnustu á tilteknum óskilorðsbundnum refsivistardómum. Því er lagt til að ákvæðum um samfélagsþjónustu verði skipað í lög um fangelsi og fangavist svo sem er um önnur meginákvæði um fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma. Með vísan til fenginnar reynslu er lagt til að gildissvið samfélagsþjónustu verði rýmkað og þannig verði heimilt að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundinni refsivist. Gert er ráð fyrir að af þessu leiði að dómum sem fullnustaðir verða með samfélagsþjónustu fjölgi um um það bil þriðjung eða um 25 dóma á ári.

Þá er lagt til að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um samfélagsþjónustu í stað samfélagsþjónustunefndar sem verið hefur. Rök fyrir þeirri tillögu er þau helst að í reynd metur nefndin aðeins það skilyrði hvort viðkomandi teljist hæfur til samfélagsþjónustu en önnur skilyrði eru hlutlæg. Framkvæmd hefur verið svo háttað að Fangelsismálastofnun hefur undirbúið tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu mála og hefur nefndin án undantekninga fallist á tillögur stofnunarinnar. Það þykir því horfa til skilvirkari málsmeðferðar að Fangelsismálastofnun taki þessar ákvarðanir. Þá verður ekki séð að ákvarðanir um samfélagsþjónustu séu veigameiri eða flóknari en aðrar ákvarðanir er varða fullnustu dóms svo sem ákvarðanir um reynslulausn. Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar eru endanlegar samkvæmt gildandi lögum. Það leiðir hins vegar af almennum reglum stjórnsýsluréttar að ákvarðanir sem Fangelsismálastofnun tekur um samfélagsþjónustu má kæra til dómsmrh. Sú tilhögun horfir því til aukinnar réttarverndar fyrir umsækjendur um samfélagsþjónustu og samfélagsþjóna sem hlut eiga að máli. Gert er ráð fyrir að náðunarnefnd láti ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar Fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu. En það er sami háttur og hafður hefur verið á um afgreiðslu mála vegna reynslulausnar og náðunarbeiðni.

Herra forseti. Ég hef rakið í meginatriðum efni frv. þessa og gert grein fyrir markmiðum þess. Megintillögur frv. lúta að tilhögun samfélagsþjónustu. Mikið hefur verið rætt og ritað um stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu. Hefur sú stefna verið ríkjandi í þeim löndum sem næst okkur eru að draga beri úr notkun óskilorðsbundinna refsivistar eins og unnt er. Vel þykir hafa tekist til með samfélagsþjónustu á því reynslutímabili sem er nú um það bil að ljúka. Því er lagt til að ákvæðið um þetta fullnustuúrræði verði áfram í lögum með þeim efnisbreytingum sem ég hef nú reifað. En þar sem ákvæðin um samfélagsþjónustu falla úr gildi frá og með næstu áramótum er mjög mikilvægt að Alþingi geti fjallað um frv. og tekið afstöðu til þess fyrir áramót sé vilji fyrir því á hinu háa Alþingi eins og hér er lagt til að þessu úrræði verði fram haldið í löggjöf með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vænti þess að góð samstaða geti tekist um þá málsmeðferð í hv. þingnefnd.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég fagna mjög því frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt og tel að samfélagsþjónusta, sem fjallað er um í frv., sé mjög mikilvægur þáttur í fullnustu refsivistar utan fangelsis.

Ég held að flestir séu sammála þeirri stefnu sem fylgt hefur verið að gera fullnustu refsidómanna mannúðlegri, t.d. með vinnuskyldu og menntunarmöguleikum fanga og meðferðarúrræðum í lok refsivistar, t.d. í áfengismálum og refsifullnustu utan fangelsis eins og á vegum Verndar og ekki síst samfélagsþjónustunnar sem var tekin upp fyrir tveimur til þremur árum. Þegar lagt er mat á varnaðaráhrif refsinga og hvort þróa eigi áfram í meira mæli refsifullnustu utan fangelsis er mikilvægt að ítarleg athugun og úttekt á fullnustu refsingar liggi fyrir og ekki síst hvort telja megi fullnustu utan fangelsis hafa sérstök varnaðaráhrif umfram það að afplána refsivist að fullu í fangelsi.

Ég tek eftir því að í grg. með frv. kemur fram að nauðsynlegt væri að kanna þá reynslu sem fengist hefur af samfélagsþjónustu. Ég tel að nokkuð skorti að gerð sé könnun á fullnustu refsidóma utan fangelsis og bera það saman við fullnustu innan fangelsis og ég tel að það hafi ekki verið gert nægjanlega, ekki heldur varðandi samfélagsþjónustuna. Ég spyr hæstv. ráðherra um mat hans á því hvort hann telji ekki nauðsynlegt að athugun fari fram á fullnustudómum utan fangelsis samanborið við fullnustu refsinga innan fangelsis og hvort fullnusta utan fangelsis hafi sérstök varnaðaráhrif umfram það að afplána refsivist að fullu í fangelsi. Ég held að mjög mikilvægt sé að við höfum eitthvert slíkt mat vegna þess að ég tel að þróunin hljóti að vera sú að við leggjum meiri áherslu á það, að undangengnu mati á því, að þróa áfram refsifullnustu utan fangelsis. Ég held að þegar borin er saman refsifullnusta utan fangelsis og innan hljóti langtímafangelsisdómur frekar að brjóta fangann niður og herða hann á móti samfélaginu en að hafa tilætluð varnaðaráhrif sem ætla má að fullnusta utan fangelsis hafi frekar.

Frv. fjallar um að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist með samfélagsþjónustu í

stað þriggja áður og að tryggja betur heilbrigðisþjónustu fyrir fanga. Ég fagna þessu mjög og tel til mikilla bóta en gert er ráð fyrir breytingum á almannatryggingalöggjöfinni í frv. sem tryggir að fangar njóti sjúkratrygginga samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvaða áhrif þessi lenging hefur að mega fullnusta dóma sem eru sex mánuðir eða minna með samfélagsþjónustu.

Í skýringum hæstv. ráðherra með frv. kemur fram að þegar litið er á þau brot sem framin hafa verið og hverjir það eru sem hafa fengið að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu að þá er helst um að ræða umferðalagabrot eða í 95% tilvika. Ég spyr hæstv. ráðherra, þegar við erum að framlengja þetta í sex mánaða dóma hvort hægt sé að sjá það eða leggja mat á það eða hvort það hafi verið gert, hvaða brotaflokkar eða refsidómar það væru helst sem bættust við með því að lengja samfélagsþjónustu eða þeir sem geti notað samfélagsþjónustuna, þ.e. þeir sem hafa fengið refsingar sem eru sex mánuðir eða styttri. Mun það breyta mynstri þeirra afbrota sem hægt er að fullnusta innan samfélagsþjónustunnar?

Síðan var eitt sem kom mér nokkuð á óvart við lestur frv. sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir en hefur verið varðandi samfélagsþjónustuna, að miðað er við að 40 klst. vinna í samfélagsþjónustu svari eins mánaðar refsivist, þ.e. 40 klst. vinna samsvarar þá viku vinnu eins og hún er almennt skilgreind. Ég hélt satt að segja að þeir sem fengju að fullnusta dóm sinn með samfélagsþjónustu hefðu vinnuskyldu í þrjá mánuði en ekki eins og þarna virðist vera að það sé bara ein vika í hverjum mánuði. Það kom mér satt að segja nokkuð á óvart. En hér er verið að bæta við þennan hámarksfjölda sem nú 120 klst., sem virðist ekki vera í framkvæmd með þeim hætti, upp í 240 klst. Ég spyr þá: Ef það er almenna reglan að 40 klst. samsvari eins mánaðar refsivist getur ráðherrann þá skýrt hvað liggi að baki því mati að hér sé um 40 klst. eða einnar viku vinnu að ræða sem samsvarar eins mánaðar refsivist?

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og ég mun fyrir mitt leyti leggja áherslu á hraða umfjöllun í nefndinni enda eru okkur sett ákveðin tímamörk því ný lög eiga að taka gildi um næstu áramót. En ég ítreka spurningar mínar til ráðherra sem ég tel ástæðulaust að endurtaka nema ef ég fæ ekki svör við þeim í umræðunni.

[14:56]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. vék að sjónarmiðum varðandi varnaðaráhrif refsinga og samfélagsþjónustu. Nú er það svo að refsing byggir á margþættum sjónarmiðum, varnaðarsjónarmiðum sem er vissulega mjög veigamikill þáttur í refsingum en einnig koma þar til önnur sjónarmið eins og réttmætt endurgjald fyrir það afbrot sem viðkomandi maður hefur framið gagnvart einstaklingum eða samfélaginu og mjög vandasamt er að greina þarna á milli. Ég býst við því að býsna vandasamt sé að greina á milli hvort samfélagsþjónusta af þessu tagi hefur meiri eða minni varnaðaráhrif en eiginleg frelsissvipting í fangelsi. Ætla mætti að frelsissviptingin hefði meiri varnaðaráhrif en þar getur komið á móti að slík lokun frá hinu frjálsa samfélagi veki upp aðrar og neikvæðari kenndir hjá þeim sem í hlut eiga. Allt eru þetta atriði sem út af fyrir sig er erfitt að alhæfa um og geta líka verið mjög einstaklingsbundin. Aðalatriðið í þessu tilviki, sem við erum að fjalla um hér, er að þetta úrræði þykir hafa gefist vel varðandi þá sem hafa hlotið vægar refsingar en þó brotið af sér og í þeim mæli að til dóms um frelsissviptingu hefur komið. Það er alltaf gagnlegt að auka rannsóknir á þessu sviði lögfræðinnar eins og öðrum og reyndar má segja að þetta svið tengist líka öðrum félagsfræðigreinum og ég tek undir með hv. þm. að frekari rannsóknir á því sviði geti verið áhugaverðar.

Hvaða dómar eru líklegir til þess að leiða til fullnustu samkvæmt reglum um samfélagsþjónustu eftir að hún hefur verið lengd upp í sex mánuði er ekki gott um að segja. Fram til þessa hafa þetta fyrst og fremst verið brot gegn umferðarlögum og ég geri ráð fyrir því að uppistaðan í samfélagsþjónustu verði áfram varðandi brot á umferðarlögum en þó er ekki hægt að útiloka að þar komi fleiri dómar inn en á því hafa ekki verið gerðar sérstakar rannsóknir eða athuganir. Það verður reynslan ein að leiða í ljós.

Þá spurði hv. þm. hvað hefði ráðið þessari 40 klukkustunda viðmiðun. Þar er fyrst og fremst byggt á reynslu annarra þjóða og skírskotunar til þess. Þetta kann að vera mismunandi frá einni þjóð til annarrar en í meginatriðum held ég að segja megi að þarna sé verið að skírskota til þess sem aðrar þjóðir hafa mótað eða þeirrar reynslu sem aðrar þjóðir hafa mótað við framkvæmd þessa úrræðis.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum ítreka þakklæti fyrir góðar undirtektar við málið og vona að það fái góða meðferð í hv. nefnd en jafnframt skjótan framgang.

[15:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin sem mér fannst að mestu fullnægjandi og mér fannst koma fram skilningur hjá hæstv. ráðherra um að æskilegt væri að fyrir lægju ítarlegri rannsóknir en gerðar hafa verið hingað til að baki áhrifum á fullnustu refsidóma. Ég tel mjög brýnt að slík athugun fari fram og að fagaðilar leggi á hlutlausan hátt mat á það miðað við þá reynslu sem við höfum af fullnustu utan fangelsis samborið við að afplána refsivist innan fangelsis.

Hæstv. ráðherra bendir á að við höfum tekið mið af því sem gerist í öðrum löndum varðandi það að miða 40 klukkustunda vinnuskyldu við eins mánaðar refsdóm. Gott og vel. Það er svar út af fyrir sig en ég hygg að við munum fara nánar ofan í það við umfjöllun um málið í allshn. þannig að ég læt mér í bili, herra forseti, nægja þessa skýringu en þakka að öðru leyti hæstv. ráðherra fyrir þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:02]

**Útbýting þingskjala:**

Bifreiðakostnaður bankanna, 306. mál, fsp. JóhS, þskj. 380.

Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, 300. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 374.

Eftirlit með raforkuvirkjum, 305. mál, fsp. ÖJ, þskj. 379.

### *Goethe-stofnunin í Reykjavík, síðari umr.*

Þáltill. HG o.fl., 256. mál. — Þskj. 313, nál. 372, brtt. 373.

[15:03]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við till. til þál. um Goethe-stofnunina í Reykjavík frá utanrmn. og geri grein fyrir nefndaráliti á þskj. 372.

Brtt. sem hv. utanrmn. flytur hér er svohljóðandi:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, með hliðsjón af hinum góðu samskiptum Íslands og Þýskalands, að lýsa yfir stuðningi við þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til þýskra stjórnvalda að tryggja að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram.

Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi.

Í nefndaráliti hv. utanrmn. um þetta mál kemur fram að nefndin hefur fjallað um tillöguna. Hún fékk á sinn fund Helga Ágústsson ráðuneytisstjóra og Guðna Bragason frá utanrrn. Ríkisstjórnin hefur haft samband við þýsk stjórnvöld í því skyni að fá þau til að endurskoða ákvörðun að loka Goethe-stofnuninni í Reykjavík. Utanrrh. hefur m.a. sent hinum þýska starfsbróður sínum bréf þar að lútandi. Nefndin styður þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar. Breytingartillaga nefndarinnar lýtur að þessu orðalagi en er ekki efnisleg.

Hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson gerir fyrirvara um málið sem felst í því að hann telur eðlilegt að á sama tíma og íslensk stjórnvöld þrýsta á um að þýsk stjórnvöld haldi áfram rekstri Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík lýsi þau sig jafnframt reiðubúin til að taka þátt í þeim kostnaði sem af því hlýst.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytinu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit rita Geir H. Haarde formaður, Tómas Ingi Olrich frsm., Össur Skarphéðinsson, Siv Friðleifsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason, Svavar Gestsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara, og Kristín Ástgeirsdóttir.

Herra forseti. Það hefur verið gott samstarf um mennta- og menningarmál milli Þjóðverja og Íslendinga. Byggist þetta samstarf á margvíslegum forsendum en ekki síst á þeirri forsendu að þjóðirnar eiga sameiginlegan menningararf og er framlag íslenskrar miðaldamenningar til samgermanskra menningarverðmæta jafnframt einn af mikilvægustu þáttunum í íslenskri þjóðmenningu. Mikill fjöldi Íslendinga hefur sótt menntun sína til Þýskalands og tengsl þjóðanna hafa ekki síst orðin náin af þeim sökum. Þýskaland er eitt af þeim ríkjum þar sem mestur áhugi er á Íslandi og Íslendingum og sýna í raun upplýsingar um vægi þýskra ferðamanna á Íslandi ljóslega þennan mikla áhuga.

Það er ljóst og hefur komið fram á fundum utanrmn. að áform um að loka Goethe-stofnuninni eru ekki byggð á því að vægi menningartengsla Íslands og Þýskalands sé nú með einhverjum hætti talin vera minna en verið hefur. Nauðsynlegt er að huga að því með hvaða hætti þessum menningartengslum verði best þjónað og að báðir aðilar leggist á eitt um að rækta sameiginlegan menningararf. Ef menningarsamstarf þjóðanna verður endurskoðað er það álit utanrmn. að samstarfið beri að efla.

Í þáltill., ef samþykkt verður, lýsir Alþigi þeim vilja sínum að af hálfu Íslands verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýsklandi. Felur sú viljayfirlýsing það í sér að menningartengsl Íslands og Þýskalands beri að styrkja.

[15:08]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. talsmanni utanrmn., Tómasi Inga Olrich, fyrir þá framsögðu sem hann hefur flutt fyrir hönd nefndarinnar og tek undir þau sjónarmið sem fylgdu í ræðu hans um nauðsynina á því að styrkja menningartengsl Íslands og Þýskalands.

Ég vil jafnframt þakka hv. utanrmn. fyrir góða og skjóta vinnu í málinu varðandi tillöguna um Goethe-stofnunina í Reykjavík. Ég mæli þar örugglega fyrir munn okkar flutningsmanna níu, annarra auk mín sem fluttu þetta mál inn í þingið. Ég tel að afgreiðsla utanrmn. beri vott um þann hug sem býr að baki væntanlegri samþykkt þingsins í málinu og tel afar mikilvægt að það skuli koma fram svo ljóst og skjótt og hér hefur orðið með áliti hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framtíðarskipan raforkumála, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 227. mál. — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

### *Starfsemi kauphalla, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 286. mál. — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 291. mál (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta). — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands, frh. fyrri umr.***

Þáltill. AK, 270. mál. — Þskj. 339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Goethe-stofnunin í Reykjavík, frh. síðari umr.***

Þáltill. HG o.fl., 256. mál. — Þskj. 313, nál. 372, brtt. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Brtt. 373 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, AK, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, ÓE, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, KÁ, KPál, LB, MS, MF, PP, RA, RG, SJS, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 381).

Fundi slitið kl. 15:20.

# 32. FUNDUR

þriðjudaginn 2. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 292. mál, þskj. 364. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 345. — 1. umr.
5. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 376. — 1. umr.
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 377. — 1. umr.
7. Stjórn fiskveiða, frv., 189. mál, þskj. 191. — 1. umr.
8. Skipting afnotaréttar nytjastofna á Íslandsmiðum, þáltill., 254. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
9. Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv., 263. mál, þskj. 330. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

## *Minning Björgvins Jónssonar.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Björgvin Jónsson, framkvæmdastjóri og fyrrverandi alþingismaður, andaðist erlendis sunnudaginn 23. nóvember sl. Hann var sjötíu og tveggja ára.

Björgvin Jónsson var fæddur á Hofi á Eyrarbakka 15. nóvember 1925. Foreldrar hans voru hjónin Jón Björgvin Stefánsson verslunarmaður og Hansína Ásta Jóhannsdóttir húsmóðir. Hann lauk prófi frá Héraðsskólanum á Laugarvatni 1944 og prófi frá Samvinnuskólanum í Reykjavík 1946. Starfsmaður við Kaupfélag Árnesinga á Selfossi var hann 1947–1952 og síðan kaupfélagsstjóri Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði 1952–1963. Eftir það starfaði hann við rekstur útgerðar og fiskverkunar sunnan lands. Hann var stofnandi og framkvæmdastjóri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Glettings 1957–1990 og útgerðarfyrirtækisins Húnarastar frá 1973.

Björgvin Jónsson var í bæjarstjórn Seyðisfjarðar og bæjarráði 1954–1961 og hann var í stjórn fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækja á Seyðisfirði. Vararæðismaður Noregs á Austurlandi var hann 1958–1963. Hann var fulltrúi á fiskiþingi fyrir Reykjavík 1970–1991, sat í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1973–1976 og 1987–1989 og í stjórn Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda 1974–1992. Í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins var hann 1986–1988 og hann var einn af stofnendum og stjórnarformaður Fiskimjölsverksmiðjunnar Óslands á Höfn í Hornafirði frá 1993.

Auk þess sem hér hefur verið talið var hann í stjórn ýmissa hagsmuna- og áhugafélaga.

Við alþingiskosningarnar 1956 var Björgvin Jónsson í kjöri á Seyðisfirði fyrir Framsfl., hlaut kosningu og var síðan endurkjörinn í fyrri kosningunum 1959. Í síðari kosningunum 1959 var hann kjörinn varaþingmaður Austurlandskjördæmis og tók sæti á Alþingi um tíma vorið 1960. Hann átti því sæti á fimm þingum alls.

Björgvin Jónsson sat á Alþingi síðustu ár einmenningskjördæmanna. Hann var í efri deild, stuðningsmaður ríkisstjórnar lengst af, og starfaði í sjávarútvegs-, iðnaðar- og samgöngunefndum deildarinnar. Seta hans í þingnefndum bendir til þeirra málaflokka sem áhugi hans beindist að.

Á Seyðisfirði hófust störf hans að útgerð og fiskvinnslu og bæjarfélagið naut framtaks hans til eflingar atvinnulífinu þar. Rekstri útgerðar og fiskvinnslu helgaði hann síðan ævistarf sitt, dugmikill, árvakur og forsjáll. Þekking hans á fiskveiðimálum leiddi til þess að hann var kvaddur til starfa í nefndum og stjórnum ýmissa samtaka. Á þeim sviðum nutu margir víðtækrar þekkingar hans og hollráða.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Björgvins Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

## *Tilkynning um formennsku í þingflokki.*

[13:37]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist hér með að Guðný Guðbjörnsdóttir hefur tekið við formennsku þingflokks Kvennalistans eftir úrsögn Kristínar Ástgeirsdóttur úr samtökunum.

Virðingarfyllst,
f.h. þingflokks Kvennalistans.
Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra."

[13:37]

**Útbýting þingskjala:**

Gjald af kvikmyndasýningum, 244. mál, svar menntmrh., þskj. 387.

Hlutfall útskrifaðra kennara við kennslu, 259. mál, svar menntmrh., þskj. 388.

Lágmarkslaun, 307. mál, frv. GE o.fl., þskj. 382.

Ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum, 121. mál, svar umhvrh., þskj. 384.

Stofnmat nytjafiska á Íslandsmiðum og við Noreg, 253. mál, svar sjútvrh., þskj. 389.

Tímareikningur á Íslandi, 309. mál, frv. VE o.fl., þskj. 386.

Veitingahús með vínveitingaleyfi, 208. mál, svar dómsmrh., þskj. 352.

***Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.***

*Tenging bóta almannatrygginga við laun.*

[13:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. nánari frétta af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tengja lífeyrisgreiðslur á nýjan leik með við launaþróun eða laun eða launavísitölu. Fréttir af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafa verið nokkuð véfréttarlegar svo ekki sé fastara að orði kveðið. Hér er auðvitað stórmál á ferð og eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn geri sem fyrst skýra grein fyrir því hvað í ákvörðun hennar er fólgið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta í fyrsta lagi feli í sér viðurkenningu á því að afnám launatengingar lífeyrisgreiðslna og atvinnuleysisbóta undir lok ársins 1995 hafi verið mistök og hvort hæstv. ríkisstjórn sé með þessari ákvörðun að viðurkenna og leiðrétta mistökin. Í öðru lagi hvernig þessari tengingu verði háttað. Verður um að ræða fasta lögbundna tengingu? Hvernig verður viðmiðunin? Verða bæturnar framreiknaðar og uppreiknaðar frá því sem þær voru á árinu 1995 eða verður um aðra viðmiðun að ræða? Verða allar lífeyrisgreiðslur tengdar eða aðeins sumar?

Loks vil ég spyrja hvort sambærilegra breytinga sé að vænta eða hvort það felist í ákvörðun ríkisstjórnarinnar að sams konar breytingar verði gerðar hvað atvinnuleysisbætur snertir, hvort þær verði einnig tengdar beint eða á annan hátt við launavísitölu eða launaþróun.

[13:41]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Í svokölluðum bandormi ríkisstjórnarinnar sem hæstv. forsrh. mun mæla fyrir er að finna ýmsar ráðstafanir sem grípa þarf til svo fjárlög standist samkvæmt fjárlagafrv. Eins og hv. alþm. muna, þá þurfti að breyta almannatryggingalögunum því í þeim var að finna bráðabirgðaákvæði sem gilti til loka þessa árs. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú varðandi tryggingabætur almannatryggingakerfisins að þær hækki í framtíðinni samkvæmt ákvæðum fjárlaga en þó með viðmiðun í almenna launaþróun í landinu. Síðan er tekið fram, ef ég man þetta rétt, ég hef þetta ekki við höndina, að þróunin skuli aldrei vera lakari en nemur verðlagsþróun. Það þýðir að ef það gerist að laun þróist ekki með sama hætti og verðlag heldur lakar, þá er miðað við verðlagið. Þetta eru megindrættirnir í lagagreininni. Að sjálfsögðu er miðað við að lögin taki gildi frá næstu áramótum þannig að viðmiðunin, ef svo á að kalla, er frá næstu áramótum. En ég vil taka það fram að hækkun almannatryggingabótanna að undanförnu hefur verið meiri en sem hækkun almennra launa. Það þarf að undirstrika. Og þessi viðmiðun mun ná til allra bóta almannatryggingakerfisins en ekki til atvinnuleysistryggingabóta, að því er ég best veit.

[13:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin en hlýt jafnframt að lýsa því yfir að ég óttast að sá grunur minn hafi verið staðfestur í svörum hæstv. fjmh. um að hér sé á ferðinni afar loðin aðferð. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði að þetta skyldi hækka samkvæmt niðurstöðu fjárlaga hverju sinni en þó taka mið af launavísitölu. Þó er það ekki bundið og jafnframt að útkoma lífeyrisþeganna skuli aldrei vera lakari en sem nemur verðlagsþróun á hverjum tíma. Þetta þarf ekki að segja mjög mikið, nema síður sé, en staðfestir þann ótta að það sé einmitt ekki ætlunin að tryggja lífeyrisþegunum sambærilegar kjarabætur og öðrum í landinu.

Nú háttar svo til að menn eru að gera sér vonir um að launaþróunin verði hagstæðari en verðlagsþróunin. Ætlunin var að semja um raunaukningu kaupmáttar á gildistíma núverandi kjarasamninga og þess vegna þyrftu lífeyrisbreytingarnar að fylgja þeirri þróun en ekki bara verðlaginu.

[13:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið mun lagt fram frv. um þetta efni nú í vikunni og þá sjá menn þetta hvernig þessu er komið. En ég vil taka það skýrt fram og það kom fram í máli mínu að hækkunin að undanförnu hefur verið meiri en nemur launaþróuninni. Það þarf að undirstrika.

Í öðru lagi er það ekki rétt ályktun hjá hv. þm. að þetta væri eitthvað loðið. Í lagagreininni er alveg skýrt að ákvörðunin er í fjárlögum og viðmiðunin er sótt í almenna launaþróun. Ef það gerist, eins og t.d. gerðist á árunum 1988, 1989 og 1990 en þau ár þekkir hv. þm. afar vel því að þá sat hann í ríkisstjórn, að verðlagið hækkar meira en laun þá mun viðmiðunin verða í verðlaginu. Þannig er það algerlega rangt sem hv. þm. sagði þegar hann hélt að þetta væri einhver loðinmolla.

[13:45]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta skýrist auðvitað betur þegar bandormur hæstv. forsrh. kemur, sem vonandi verður nú bráðum því ekki fer að veita af að líta á þá hluti — kominn desember. Í öðru lagi kýs ég að túlka svör hæstv. forsrh., nei fjmrh. — það er nú víst óþarfi að titla hæstv. ráðherra sem forsrh. þó hann sé gjarnan talinn eins konar yfirfagráðherra — þannig að ekki standi til að tengja atvinnuleysisbætur. Um það tjáði hæstv. ráðherra sig ekki en ég geri ráð fyrir að hann hefði látið það koma fram ef til stæði að tengja þær með sama hætti. Í þriðja lagi er náttúrlega ódýrt hjá hæstv. ráðherra að tala um að lífeyrisgreiðslurnar hafi að undanförnu hækkað meira en laun, eftir skerðingarnar sem á þeim voru orðnar frá 1995, það verður auðvitað að taka tímabilið í heild sinni. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort lífeyrisþegum yrðu tryggðar fullar framreiknaðar upphæðir frá 1995. Ég held, herra forseti, að því miður sé hér leiksýning á ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hefur talið nauðsynlegt að grípa til einhverra aðgerða til að lægja öldur og minnka þann þrýsting sem á stjórninni hefur verið að undanförnu vegna réttmætrar reiði lífeyrisþega yfir þeim breytingum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert.

[13:47]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðurlegi forseti. Á árum áður þegar kjarasamningar voru gerðir var gjarnan gripið til svokallaðra eingreiðslna til þess að kalla fram hækkun á lífeyri fyrir þá sem höfðu annaðhvort lág laun eða lifðu nær eingöngu á tryggingabótum. Þetta hefur auðvitað breyst eftir að taxtarnir breyttust. Það kom skýrt fram í máli mínu að viðmiðunin er ekki í atvinnuleysistryggingabótunum. Ég sagði það í upphafsræðu minni og það gat ekki farið fram hjá nokkrum manni. Það stendur heldur ekki til að reyna að reikna út hver breytingin

hefur verið annaðhvort frá 1995 eða 1970 eða einhverju öðru ártali. Breytingin tekur gildi frá og með áramótum, frá þeim tíma tekur viðmiðunin gildi og miðað verður við að setja í fjárlög upphæð sem nemur þeirri viðmiðun. Svo að það sé nú alveg skýrt þá er ætlunin að almannatryggingabætur hækki á næsta ári með sama hætti og laun hækka í landinu.

*Kostnaður við löggæslu.*

[13:48]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Úti á landsbyggðinni er algengt að félagasamtök svo sem ungmennafélög, íþróttafélög eða kvenfélög, svo dæmi séu nefnd, efni til skemmtana til fjáröflunarstarfsemi félaganna. Þá greiða félagasamtökin skemmtanaleyfi eða sérstakan löggæslukostnað ef um dansleiki eða útihátíðir er að ræða, allt frá 5.000 kr. fyrir skemmtanaleyfi og 9.000 kr. fyrir hvern starfandi löggæslumann. ÍBV, íþróttafélag, greiðir 1.500–1.800 þús. kr. í löggæslukostnað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Svipaða sögu er að segja um löggæslukostnað á landsmótum hestamanna og öðrum sumarhátíðum. Kostnaður þessi er mjög íþyngjandi fyrir félögin.

Í miðbæ höfuðborgarinnar eru 90 veitingastaðir sem rúma um 11.000 manns. Flestir þessara staða loka á sama tíma um helgar. Þá fyllist miðbærinn af fólki en löggæslukostnaðurinn lendir ekki á samkomuhöldurum heldur almenningi í landinu. Hér er því um ákveðið ósamræmi að ræða varðandi gjaldtöku. Hyggst dómsmrh. beita sér fyrir breytingum hvað þetta varðar og ef svo er á hvern hátt?

[13:50]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að lögreglustjórar geti innheimt aukakostnað sem verður vegna löggæslu í tengslum við skemmtanir ef löggæsla er meiri en venjulegt er. Vissulega getur falist mismunun í þessu á milli lögregluumdæma þar sem eru margir löggæslumenn og auðvelt að takast á við sérstök viðfangsefni sem koma upp og hinna þar sem eru fáir löggæslumenn og útilokað að takast á við stór verkefni eins og stórar útihátíðir nema með viðbótarlöggæslu. Í þeim tilvikum gera lögin ráð fyrir því að viðkomandi lögreglustjóri geti innheimt greiðslu fyrir löggæslukostnaði hjá þeim sem fyrir skemmtun standa.

Það er ekki vandalaust að gera breytingar hér á. Það hefur verið skoðað með ýmsu móti og mjög mikilvægt að reyna að tryggja samræmda framkvæmd þessara lagaákvæða en útilokað að gera breytingar hér á nema með lögum. En jafnvel þó menn litu til þess þá stöndum við frammi fyrir því að í litlum löggæsluumdæmum verður aldrei hægt að áætla fyrir svo miklum kostnaði sem einstakar útihátíðir geta haft í för með sér.

[13:52]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið. Hins vegar fannst mér ekki koma nógu skýrt fram í svari hæstv. ráðherra hvort mögulegt væri að breyta þessu vegna þess að, eins og kom fram í fyrirspurn minni, þá er um ákveðna mismunun að ræða sem við ræðum ákaflega sjaldan. Þegar við berum saman höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina gleymast þættir eins og þessir. Í nýrri skýrslu Byggðastofnunar, sem kynnt var í gær varðandi landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið, kemur einmitt fram að menningarlíf á landsbyggðinni líður m.a. fyrir þetta — að við erum að borga þarna kostnað sem ekki er lagður á hér á höfuðborgarsvæðinu. Og eins og kom skýrt fram í fyrirspurn minni þá er oft og tíðum um fjáröflun að ræða fyrir félagasamtök sem hefur síðan ómæld áhrif í viðkomandi byggðarlögum. Þess vegna hvet ég hæstv. dómsmrh. til að taka þetta til gaumgæfilegrar athugunar og breyta lögunum.

*Framkvæmd laga um réttindi sjúklinga.*

[13:53]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Síðasta vor voru samþykkt á þinginu lög um réttindi sjúklinga. Í þeim lögum segir að markmið þeirra sé að „tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi ...“ Sjúklingur á „rétt á þjónustu sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á“. Síðan er talað um í 17. gr. að heilbrigðisstarfsmaður skuli „gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til ...“ Og í 22. gr. er kveðið á um það að „áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur úrræði eftir því sem unnt er“.

Ég get ekki séð annað en að verið sé að brjóta þessi lög á sjúklingum miðað við þá þjónustu sem boðið er upp á sérgreinasjúkrahúsunum í Reykjavík. Þar vil ég sérstaklega nefna bráðasjúklinga á sérgreinasjúkrahúsunum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem landlæknir gaf heilbr.- og trn. Alþingis í vikunni er „aðbúnaður bráðasjúklinga á sérgreinasjúkrahúsum í Reykjavík [er] óviðunandi. Fleiri athuganir hafa leitt í ljós að í lok vakta vistast sem svarar heilli legudeild á göngum, skotum og jafnvel baðherbergjum. Ítarleg rannsókn leiddi í ljós að fjórði hver sjúklingur vistast við slíkar aðstæður. Oft er hér um verulega veikt fólk að ræða sem liggur með vökva og blóðgjafir og þarfnast veigamikilla rannsókna og hjúkrunar. Á göngum er mikil umferð svo mikið veikir sjúklingar fá ekki ró né svefnfrið. Fer ekki milli mála að slíkt umhverfi er ekki bjóðandi veiku fólki. Miklar kvartanir berast frá heilbrigðisstarfsfólki vegna þess að margir sjúklingar eru útskrifaðir of fljótt.“ Síðan er sýnt fram á með línuriti hversu mjög endurinnlagnir hafa aukist (Forseti hringir.) á bráðasjúkrahúsunum. — Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er búinn.) Fólk fær ekki heimahlynningu þó það sé útskrifað og landlæknir kemst að þeirri niðurstöðu að verið sé að brjóta þessi lög á sjúklingum. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hvernig hyggst hann bregðast við svo lög verði ekki brotin á sjúklingum á þessum sjúkrahúsum?

[13:56]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom hér inn á lög um réttindi sjúklinga sem voru samþykkt á Alþingi í fyrra. Þetta er mjög mikilvæg lagasetning og ég tel að þetta sé með mikilvægari lagasetningum sem hafa verið samþykktar og það er allt gert til að fullnægja þeim lagabókstaf.

Hv. þm. sagði að það kæmi fyrir að sjúklingar lægju úti á gangi og þess vegna hefðu þeir ekki þann frið sem nauðsynlegt er. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að oft eftir bráðavaktir eru sjúklingar úti á gangi en það er ekki nema til skamms tíma í einu, sem betur fer. Því að, eins og ég segi, allt er gert til þess að sjúklingurinn fái sitt pláss en það getur komið fyrir á bráðavöktum að allt að 20 sjúklingar leggist inn og það er ekki fyrirséð.

En hvað erum við að gera til að fullnægja lögum um réttindi sjúklinga? Það er ýmislegt sem við gerum. Með byggingu Barnaspítala Hringsins erum við að fullnægja þeim lögum sem við höfum samþykkt um það að foreldrar geti verið með börnum sínum á sjúkrahúsi. Með nýrri líknardeild erum við einnig að auka rými fyrir sjúklinga og bæta úr þeirri þörf sem fyrir er að sjúklingar geti haft meira næði og persónulegt umhverfi.

[13:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Vissulega er lagasetning um réttindi sjúklinga mikilvæg en það er lágmark að þessi lög sem nýlega hafa verið sett, þau voru sett síðasta vor, séu ekki brotin. Nú er ljóst, a.m.k. að mati landlæknis, að verið er að brjóta þau lög daglega miðað við þá þjónustu sem boðið er upp á á sérgreinasjúkrahúsunum. Í lok vakta er á við heila legudeild liggjandi á göngum. Það er ekki sú þjónusta sem talað er um í lögum um réttindi sjúklinga sem boðið er upp á á göngunum. Og að fjórði hver sjúklingur sem kemur inn á bráðavaktirnar skuli leggjast inn á gang er auðvitað ekki samkvæmt lögunum sem við samþykktum í vor. Við segjum einmitt í þeirri lagasetningu að það eigi alls ekki að bjóða upp á þetta. Telur hæstv. ráðherra að það sé eðlilegt og að það sé samkvæmt lögunum að fólk fái þessa þjónustu veitta á göngum fyrir almannasjónum eða að það fái ekki heimahlynningu tryggða þegar það er útskrifað af sjúkrahúsunum? Ég óska eftir svari við þessu, herra forseti.

[13:59]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi heimahlynningu þá hefur hún aukist mjög á undanförnum árum. Heimahjúkrun hefur aukist og hlynning sem t.d. Krabbameinsfélagið veitir en almannatryggingakerfið greiðir. Verið er að bjóða í auknum mæli upp á sérhæfða hjúkrun heima og sólarhringshjúkrun þannig að hún hefur aukist verulega. Auðvitað er það ekki það sem við stefnum að, að sjúklingar liggi á göngum, enda er reynt að sporna gegn því með ýmsum hætti eins og ég sagði áðan. Það er verið að byggja upp einmitt til þess.

[14:00]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta eru ekki svör við þeim spurningum sem ég spurði. Auðvitað hefur heimahjúkrun og heimahlynning aukist vegna þess að fólk er útskrifað af sjúkrahúsunum æ veikara. Það kemur fram í þessari skýrslu landlæknis. Það kemur líka fram að verið er að brjóta þessi lög daglega. Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera í málinu? Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það að vera útskrifað án þess að fá þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum um réttindi sjúklinga. Það er ekki boðlegt og það er ekki boðlegt að við séum að setja hér lög sem síðan þykir sjálfsagt að brjóta nokkrum mánuðum eftir að við setjum þau. Ég kalla eftir því: Hvað á að gera í ástandinu á bráðavöktum sérgreinasjúkrahúsanna? Hvað hyggst ráðherrann gera í málinu þegar fjórði hver sjúklingur liggur á göngum og menn eru endurinnlagðir trekk í trekk og mikil aukning hefur verið á því að sjúklingar komi í endurinnlagnir eftir að hafa verið útskrifaðir? Það er auðvitað vegna þess að ekki er búið að lækna þá þegar þeir eru sendir út af sjúkrahúsunum. Ég kalla eftir svörum og því hvað ráðherra hyggst gera í þessum málum.

[14:01]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það er verið að auka þjónustuna á öllum sviðum. Það er verið að fjölga hjúkrunarrýmum t.d. Það er verið að undirbúa byggingu barnaspítala. Það er verið að undirbúa byggingu líknardeildar. Það er verið að auka heimahjúkrun. Þetta eru svörin við spurningum hv. þm.

*Sala á Pósti og síma hf.*

[14:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. samgrh. Er það ásetningur hæstv. ráðherra að beita sér fyrir sölu á Pósti og síma hf. þvert á yfirlýsingar sem hann sjálfur gaf þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag, yfirlýsingar sem hann gaf bæði hér á Alþingi en einnig annars staðar á opinberum vettvangi? Hér segir hann t.d. í blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins."

Þetta er orðrétt tilvitnun í ummæli hæstv. ráðherra og afdráttarlausara og skýrara getur afstaðan vart orðið.

Það er eitt að vera þeirrar skoðunar að selja eigi Póst og síma. Annað er að fara með blekkingar í þessu máli. Hvað er það sem raunverulega vakir fyrir hæstv. samgrh. og hver er afstaða ríkisstjórnarinnar? Hefur þetta verið rætt í ríkisstjórn og standa báðir ríkisstjórnarflokkarnir og allir ráðherrar einhuga að þessari ákvörðun?

[14:03]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Mér er mjög ljúft að svara þessari fyrirspurn sem er mjög kærkomin. Ég er þeirrar skoðunar að enginn vafi sé á því að á síðustu vikum hafi komið mjög í ljós að fyrirtæki sem rekið er alfarið í eigu ríkisins hafi ekki forsendur til að standa sig í harðri samkeppni og allra síst í grein sem er alþjóðleg. Fjarskipti eru alþjóðleg og ekki bundin við landamæri þannig að við hljótum að tala um heimsmarkað þegar við tölum um samkeppni á fjarskiptamarkaði. Af þeim sökum hef ég talið bráðnauðsynlegt að kannað sé hvaða kostir fylgi því að endurskoða þá ákvörðun að Landsíminn verði ekki alfarið í eigu ríkisins. Hv. þm. mismælti sig hér áðan — það kemur nú kannski fyrir fleiri en mig — þegar hann talaði um að ég hefði viljað selja Póst og síma hf. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt verður Pósti og síma hf. skipt upp um næstu áramót. Landsíminn hf. mun annast fjarskiptasviðið. Ég er með það í athugun og hef lýst þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að slíkt fyrirtæki geti keppt á sömu forsendum og önnur sambærileg fyrirtæki, það verði að byggja á trausti og trúnaði og af þeim sökum hljóti fyrri ákvarðanir mínar að koma til endurskoðunar.

Ég þakka hv. þm. fyrir að beina þessari fyrirspurn til mín hér í sölum Alþingis til þess að svar mitt afdráttarlaust geti komið fram.

[14:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég mun sjá til þess að hæstv. samgrh. fái fleiri tækifæri til að þakka mér fyrir að vekja máls á þessu.

Hann talaði um traust og trúnað. Hann segir að nú sé hann þeirrar skoðunar að selja eigi símann. Hér lýsti hann því yfir á Alþingi þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag að ekki stæði til að selja hlutaféð. Er hæstv. samgrh. ekki þeirrar skoðunar að ráðherrum beri að segja satt og rétt frá og efla þannig traust og trúnað á stjórnmálamönnum? Hann virðist ekki starfa í anda þessa í þessu máli.

Hann lýsti því yfir opinberlega fyrir fáeinum dögum að breyting á Pósti og síma í hlutafélag hefði af sinni hálfu verið hugsuð sem millileikur, það hefði verið millileikur. Og nú hvet ég alþingismenn og fjölmiðla og alla sem láta sig heiðarleika í stjórnmálum nokkru skipta að rifja upp ummæli hæstv. ráðherra í þessu máli þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag.

[14:07]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Nú er fyrirspurnin komin á persónulegar nótur og má raunar segja að það sé svo sem í lagi líka. Ég hélt kannski að reynt yrði reynt að halda þeim á efnislegum nótum í þetta skipti.

Auðvitað hljóta allir stjórnmálamenn að endurskoða fyrri afstöðu sína til mála, hvort sem þau eru stór eða mikil, oftar en kannski verður vart við það að oftar en ekki eru ástæður til þess að standa við hina fyrri skoðun. Á hinn bóginn hygg ég að hv. þm. viti það vel að ef við horfum til þeirra öru breytinga sem eru á fjarskiptasviði þá stendur naumast nokkur hlutur kyrr og ég hygg að það séu fleiri en við Íslendingar að endurskoða afstöðu sína til símafyrirtækis og fjarskiptafyrirtækis um þessar mundir. Ég hygg líka að hv. þm. verði að viðurkenna að inn í þessa mynd kemur m.a. hvaða starfsskilyrði og rekstrarskilyrði hlutafélag sem er alfarið í eigu ríkisins hefur í nútímasamkeppnisumhverfi hér á landi og hefur hv. þm. raunar vikið að þeim þætti málsins þó ekki hafi það verið á Alþingi.

[14:08]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég lái engum manni að skipta um skoðun ef hann hefur fyrir því rök og ef aðstæður breytast þannig að ástæða er til að taka upp aðra stefnu og breytta. Það sem ég er að gagnrýna eru blekkingar sem eru hafðar í frammi. Ráðherrann lýsti því yfir í fréttum útvarpsins ekki alls fyrir löngu að hlutafélagavæðing Pósts og síma hefði verið hugsuð sem millileikur og ef þetta er rétt, þá var hann að blekkja Alþingi á sínum tíma þegar hann sagði að ekki stæði til að selja fyrirtækið. En nú segir hann að þetta hafi verið hugsað sem millileikur. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í framhaldinu: Stendur til að selja Póst og síma til útlanda? Sá háttur hefur verið hafður á víðast hvar þar sem póst- og símafyrirtækin, símafyrirtækin sérstaklega, hafa verið einkavædd að menn hafa tekið þetta skref fyrir skref. Fyrst er stofnununni breytt í hlutafélag og þjóðinni sagt að ekki standi til að selja. (Forseti hringir.) Síðan er næsta skref að ekki eigi að selja fyrirtækið til útlanda. En að sjálfsögðu endar það þar eins og nú hefur gerst með danska símann sem er kominn í meirihlutaeign Ameríkana.

[14:10]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Hv. þm. varð það aftur á að mismæla sig og ekkert er við því að segja. Það er kannski nokkuð algengt að það gerist hér í þingsölum. Ég hef ekki talað um það að selja póstinn og vil leiðrétta það enn einu sinni, enda hygg ég að hv. þm. hafi ekki meint það svo.

Það sem á hinn bóginn er ljóst að minni hyggju er að við hljótum að velta því fyrir okkur hvernig við getum í framtíðinni og í hinu erfiða samkeppnisumhverfi sem síminn, er treyst atvinnuöryggi þess fólks sem þar starfar, treyst það að þetta sterka fyrirtæki geti áfram verið, ég vil segja flaggskip okkar Íslendinga á fjarskiptasviði. Við hljótum að líta til annarra sambærilegra fyrirtækja þegar við veltum þessu fyrir okkur. Núna á næstu mánuðum er nýr samkeppnisaðili að hasla sér völl hér á landi, Íslenska farsímafélagið, sem er að stofni til í eigu erlends aðila. Þeirri erlendu samkeppni verður að mæta og ég vil minna á að fulltrúar þess fyrirtækis eru þegar farnir áð leita hófanna hjá fjárfestum hér á landi, hjá sterkum fyrirtækjum, um að þeir kaupi hlutabréf í Hinu íslenska farsímafélagi til þess að reyna að tryggja sér viðskipti þeirra til frambúðar auðvitað á kostnað íslenska símafyrirtækisins, Landssímans.

## *Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.*

Stjfrv., 292. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 364.

[14:12]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Á þskj. 364 er flutt frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 26 nafngreindum einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur með lögum. Tillögurnar eru í samræmi við þær reglur sem allshn. hefur stuðst við og að venju er þetta fyrra frv. sem flutt verður á þessu þingi. Reikna má með því að á vorþingi verði síðan lagt að nýju fyrir frv. til þess að afgreiða þær umsóknir sem þá liggja fyrir.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 345.

[14:13]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér breytingu á endurnýjunarreglum fiskiskipa. Frv. var samið á vegum starfshóps sem ég setti á fót í janúar sl. Starfshópnum var falið að gera tillögur um breytingar á endurnýjunarreglum fiskiskipa m.a. til samræmingar á þeim reglum sem gilda annars vegar um breytingar og hins vegar um nýsmíði. Þá var starfshópnum falið að leggja mat á kosti þess og galla að heimila almennt ákveðna stækkun skipa við endurnýjun án þess að sami rúmmetrafjöldi væri tekinn úr rekstri, þar á meðal hugsanleg áhrif á umgengni við nytjastofna sjávar og þróun fiskvinnslu.

Enn fremur átti starfshópurinn að huga að reglum um meðferð endurnýjunar heimilda, t.d. varðandi tímabundna geymslu og í sambandi við ýmis áhrif endurnýjunar á úthlutun aflaheimilda á grundvelli veiðireynslu. Í starfshópinn voru skipaðir Ari Edwald, aðstoðarmaður ráðherra, sem var formaður hópsins, útgerðarmennirnir Gunnar E. Hafsteinsson og Sigurður Einarsson og alþingismennirnir Einar Oddur Kristjánsson, Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson. Ritari starfshópsins var Auðunn Ágústsson.

Frv. sem hér er lagt fram er efnislega samhljóða þeim tillögum sem starfshópurinn skilaði sjútvrh. en gerðar hafa verið nokkrar breytingar varðandi uppsetningu og orðalag í þeim tilgangi að gera frv. skýrara. Í frv. eru lagðar til tvær meginbreytingar frá núgildandi reglum.

Í 2. mgr. frv. er lagt til að heimilt verði að endurnýja skip með þeim hætti að skip það sem veiðileyfið fær sé stærra í rúmmetrum talið en skip það sem veiðileyfið lætur. Heimildin er takmörkuð við skip sem hafa haft leyfi til að veiða með aflamarki í a.m.k. sjö ár. Þá er möguleg stækkun takmörkuð við 100 m að viðbættum 25% af rúmmetrafjölda þess skips er veiðileyfið lætur. Skip það er veiðileyfið fær má þó aldrei vera meira en 60% stærra en skip það sem veiðileyfið lætur. Rétt er að leggja áherslu á að ef skip stækkar meir en stækkunarreglan gerir ráð fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að kaupa viðbótarrúmlestir með sama hætti og verið hefur og kemur þá rúmlest á móti rúmlest. Þá er enn fremur rétt að leggja á það áherslu að þótt stækkunarreglan eigi aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa er ekkert því til fyrirstöðu að veiðileyfi þess skips sem viðbótarrúmlestir lætur sé skipt á fleiri en eina stækkun, en það veiðileyfi yrði þá ekki sjálft grundvöllur fyrir stækkun. Ávallt er horft til þess skips sem veiðileyfi er flutt frá þegar einstök tilvik eru metin og þess veiðileyfis sem þar er um að ræða. Fyrirmynd þessarar reglu er að miklu leyti að finna í reglugerð sem gilti fram til 1. sept. 1991 en er nú talið nauðsynlegt að stækkunarheimildin komi fram í lögunum sjálfum.

Í 3. mgr. frv. er lagt til að sú regla sem gildir um stækkun skipa sem stunda veiðar með aflamarki taki einnig til breytinga á slíkum skipum en sérreglur þar um verði felldar úr gildi. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þeim útgerðum sem rétt hafa til stækkunar samkvæmt gildandi sérreglum og lagt er til að felldar verði úr gildi sé veittur ákveðinn aðlögunartími. Skilyrðin í bráðabirgðaákvæðinu eru hefðbundin og í samræmi við það sem tíðkast hefur þegar reglum af þessu tagi hefur verið breytt.

Í 5. mgr. frv. er enn fremur lagt til að rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa á milli skipa eða vegna stækkana falli niður en slíkt ákvæði var áður að finna í reglugerð.

Varðandi áhrif endurnýjunar á úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflareynslu er talið að framkvæmanlegt sé að miða áfram við hlutfallslega skiptingu veiðileyfis og var ekki talin þörf á að lagabreytingar taki til þessa þáttar. Þá er ekki talið nauðsynlegt að setja reglur um geymslu rúmmetra.

Skoðanir manna um endurnýjunarreglur fiskiskipa eru og hafa verið mjög skiptar. Óhætt er að segja að starfshópurinn, sem skipaður var til að gera tillögur um þetta málefni, endurspeglaði hinar ólíku skoðanir stjórnmálamanna og hagsmunaaðila í þessu efni. Sumir telja flotastýringu með einum eða öðrum hætti mjög mikilvægt tæki við fiskveiðistjórnun en aðrir eru þeirrar skoðunar að stjórnkerfi á borð við aflahlutdeildarkerfi það sem er í gildi á Íslandi sé fullnægjandi og því ekki þörf á slíkum fjárfestingarhömlum. Óhætt er að fullyrða að sú hagræðing sem fylgt hefur aflahlutdeildarkerfinu hafi leitt til þess að takmarkanir á flotastærð skipta minna máli en áður og endurspeglast í þeirri staðreynd að rúmmetraverð hefur farið mjög lækkandi að undanförnu, m.a. vegna aukins framboðs í þeim efnum. Hagkvæmniástæður eru þó enn því í vegi að víkja alveg frá þessum reglum. Má í því sambandi benda á hugsanlega hættu á auknum þrýstingi fyrir hærri heildaraflaákvörðun og ýmis eftirlitsvandamál en skip sem ekki hafa aflaheimildir í samræmi við afkastagetu geta skapað aukna hættu á brottkasti og/eða löndun fram hjá vigt. Í ljósi þeirra ólíku sjónarmiða sem meðlimir starfshópsins stóðu fyrir er það vissulega ánægjulegt að samkomulag skyldi hafa tekist um þær tillögur sem hér eru lagðar fram í frumvarpsformi fyrir Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[14:19]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er vissulega spor í rétta átt. Þær endurnýjunarreglur sem nú eru í gildi hafa staðið í vegi fyrir eðlilegri endurnýjun flotans og þá ekki síst vertíðarbátanna sem eru að eldast og hverfa einn af öðrum. Margir útgerðarmenn minni báta hafa áhuga á að byggja nýja báta og þá örlítið stærri en hafa ekki treyst sér til þess vegna þeirra reglna sem í gildi eru. Þetta á ekki síður við um loðnuflotann sem er orðinn mjög gamall og á margan hátt úreltur. Þar hafa menn brugðist við þeim reglum með endalausum endurbótum, dýrum endurbótum á þessum gömlu skipum sem eftir sem áður eru gömul og á margan hátt úrelt og þarna vantar auðvitað ný og betri skip. Ég held að þessar reglur séu hreinn óþarfi meðan við búum við það fiskveiðistjórnarkerfi að hverju skipi er úthlutað upp á kíló hvað það má veiða af hverri fisktegund, þá sé ég ekki að miðstýringu þurfi á þessu sviði.

Það kemur fram í greinargerðinni að þessar reglur séu til komnar vegna hættu á auknum þrýstingi fyrir ákvörðun um aukinn heildarafla og eins hins að koma í veg fyrir brottkast á fiski. Mér finnst satt að segja að þetta séu ekki fullgild rök og skil það svo sem vel að ágreiningur hafi verið í nefndinni en ég held að stíga eigi skrefið til fulls. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ekki sé ástæða til að stíga skrefið til fulls og afnema þessar reglur með öllu.

[14:21]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ugglaust kemur að því í fyllingu tímans að unnt verði að afnema þessar reglur. Ég tel hins vegar að það sé mjög mikils um vert að tekist hefur samkomulag í þeim hópi sem um þetta fjallaði. Eins og fram kom komu að því starfi bæði stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar með alveg gjörólík viðhorf í þessum efnum og náðu þessu samkomulagi. Ég held að það sé mikils um vert að reyna að fylgja því eftir og ánægjulegt að mínu mati að það skyldi hafa tekist. Því legg ég til að því verði fylgt eftir hér með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir og ég vona að Alþingi geti fallist á og vissulega koma til móts við sjónarmið hv. þm.

[14:22]

**Útbýting þingskjala:**

Íslenskur ríkisborgararéttur, 311. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 391.

Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 312. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 392.

[14:23]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir orð hv. 4. þm. Vesturl. um það að þessi lög þarf að úrelda. Það kemur að því alveg örugglega í fyllingu tímans að þau verða aflögð.

Mig langar að leggja inn örfá orð í þessu máli sem fjallar um úreldingu og endurnýjunarreglur fiskiskipa. Meginrökin fyrir þessu frv. eru að veiðitakmarkanir aflahlutdeildarkerfisins eru nægilegar og menn eiga sjálfir að bera ábyrgð á áætlunum um rekstrarhæfi fjárfestinga sinna. Brottfall sérstaks endurnýjunarkostnaðar á að greiða fyrir endurnýjun flotans með nýrri, öruggari og fullkomnari skipum þar sem aðstaða er til betri hráefnismeðferðar og vöruvöndunar og auk þess betri aðbúnaður fyrir sjómenn. Það var og það skal viðurkennt hér að á sínum tíma var þörf fyrir stífar reglur varðandi stækkun fiskiskipa við endurnýjun þeirra, en verulega breytt viðhorf eru orðin varðandi ýmsar tegundir fiskiskipa til þess að nútímaskip geti gegnt því hlutverki sem til er ætlast og í flestum tilvikum er um að ræða aukna þörf á rými vegna meðferðar afla og vegna aðbúnaðar skipverja svo nokkuð sé nefnt.

Við endurnýjun skipa í flokki skipa fyrir uppsjávarveiðar á þetta einkum við. Ég vil almennt taka undir þetta frv. en tel eðlilegt, og vil koma því hér að, að þær útgerðir sem hafa stækkað skip sín eða keypt ný á þessu ári megi ráðstafa þeim rúmmetrum sem samkvæmt þessu frv. hefðu verið ónauðsynleg fjárfesting. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann vilji beita sér fyrir þessari breytingu og að hún verði gerð í meðferð hv. sjútvn. Alþingis.

[14:25]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hef hvatt til þess mörg undanfarin ár að reglur um úreldingu fiskiskipa eða endurnýjunarreglur yrðu endurskoðaðar. Ég hef reyndar flutt um það frumvörp á undangengnum tveimur eða þremur þingum að í fyrsta lagi yrðu þessar reglur rýmkaðar með ákveðnum skilyrtum hætti og í öðru lagi að heildarfyrirkomulag þessara mála verði tekið til endurskoðunar og mótuð um það framtíðarstefna hvort og þá með hvaða hætti slíkar reglur skuli yfirleitt vera við lýði. Að sjálfsögðu fagnaði ég því þarf af leiðandi þegar fréttist að hæstv. sjútvrh. hefði skipað starfshóp til að fara ofan í þessi mál, en að sama skapi verð ég að segja að mér eru það nokkur vonbrigði hversu rýr eftirtekjan er því hér er í raun og veru á ferðinni ákaflega veigalítil breyting, að mínu mati, miðað við það sem við mátti búast. Það sem er þó verra er að málið er á engan hátt gert upp. Það er á engan hátt kveðið upp úr um það hvernig skuli farið með þessi mál til lengri framtíðar litið. Það er mikill ókostur vegna þess að það er afar slæmt þegar í hlut á langtímafjárfesting af því tagi sem endurnýjun á stórum og dýrum fiskiskipum er, þá skuli ríkja nokkur minnsta óvissa um ákveðna grundvallarþætti undir slíkri fjárfestingu eins og úreldingarreglurnar að sjálfsögðu eru.

Af hverju segi ég þetta, herra forseti? Ég segi það m.a. vegna þess að það vakir í sjálfu málinu, kemur fram í greinargerð og kom reyndar fram í orðaskiptum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar og hæstv. sjútvrh. áðan að menn reikna í raun og veru með að einhvern tímann í framtíðinni, eftir einhver x ár verði þetta sennilega aflagt en samt á að halda í þetta og það með ekki merkilegri rökstuðningi en þeim sem hér kemur fram, að það gæti hugsanlega skapað einhvern þrýsting á stjórnvöld um að auka aflaheimildir ef skipastóllinn stækkaði án þess að reglur af þessu tagi virkuðu þar hamlandi á. Það er að mínu mati ekki mjög góð niðurstaða, herra forseti, að hafa svona mál áfram hangandi í hálfgerðri óvissu. Hér er að vísu stigið visst skref sem er að sjálfsögðu í rétta átt vegna þess að þarna er viðurkennt að fullkomlega óraunhæft er að gera þær kröfur við endurnýjun fiskiskipa, t.d. þegar endurnýjað er kannski 30 ára gamalt skip eða eitthvað því um líkt að rúmmetratalan haldist óbreytt vegna þess að kröfur dagsins í dag hvað varðar aðbúnað mannskaps, vinnsluaðstöðu um borð, útbúnað til meðferðar hráefnis og margt fleira eru gerbreyttar og á engan hátt sambærilegar við það sem var fyrir 20–30 eða þaðan af fleiri árum. Þetta er mönnum sem betur fer loksins orðið ljóst og niðurstaðan er þá sú að stíga þarna visst skref en er slumpað á að þetta megi aukast um 25% og þó aðeins meira hlutfallslega þegar minni skip eiga í hlut vegna þess að ákvæðið um 100 m verkar að sjálfsögðu þannig að það eykur stækkunarmöguleika minni skipa, en þó geta þau aldrei orðið meira en 60% stærri en það skip sem veiðileyfi lætur. Þessi niðurstaða er að mínu mati sem sagt stórgölluð, sérstaklega hvað það snertir að málið er ekki gert upp, óvissan verður því við lýði áfram og ekki dregur úr henni þegar sá sem fyrir málinu mælir, hæstv. sjútvrh., gefur það beinlínis í skyn að þetta regluverk ekki mjög langlíft.

Í greinargerð nefndarinnar, sem vann að málinu fyrir hæstv. ráðherra, kemur fram á bls. 9 í frv. að nefndarmenn líta á það skref sem samstaða varð um í nefndinni sem tímabundna aðgerð. Það kemur fram, með leyfi forseta, en þar segir: „Með hliðsjón af þessu varð samstaða um það í nefndinni að leggja til að það skref yrði stigið nú að heimila tiltekna stækkun allra skipa ...“ o.s.frv. Hér er greinilega gefið í skyn að meira geti orðið á döfinni innan tíðar.

Þetta, herra forseti, tel ég að sé kannski meginágalli málsins. En ég er jafnframt ekki mjög sannfærður um að sú efnisbreyting sem hér er á ferðinni sé að öllu leyti vel hugsuð. Hún er til að mynda ekki bundin við neina raunverulega þætti sem réttlæta eða rökstyðja það að rúmmálsaukning verði í skipum. Í þeim frumvörpum sem ég hef lagt til hef ég verið með þá hugmynd að tekið yrði mið af því hvaða breytingar fælust í endurnýjuninni hvað varðaði skilgreinda þætti í skipunum, svo sem aðbúnað fyrir áhöfn og/eða rúmmálsaukningu sem væri nauðsynleg vegna bættrar meðferðar hráefnis. Um þetta væri að sjálfsögðu hægt að setja vissa staðla og nota þannig að rúmmálsaukningin eða stækkunin tæki mið af einhverjum skilgreindum efnislegum þáttum en væri ekki bara hlutfallstala út í loftið þar sem eitt gengi yfir alla, jafnt væri á komið fyrir alla þannig að til að mynda skip sem kemur í stað eldra skips þar sem engin breyting verður á aðstöðu fyrir áhöfn, þar sem engin breyting verður á geymslu hráefnis eða afurða, eingöngu er um afkastaaukningu í formi t.d. rúmmálsaukningar að ræða ef svo má að orði komast, fær sömu stækkunarmöguleika og skip sem fyrst og fremst er endurnýjað og felur í sér breytingar sem tengjast þáttum

af þessu tagi eða þá að um nýja vinnsluhætti um borð eða annað því um líkt er að ræða.

Ég tel líka að það sé nokkuð harkalegt þegar þessi rýmkun er sett hér inn hvað varðar skip á aflamarki, að þá skuli haldið í þá reglu að þegar krókabátar eru endurnýjaðir skuli rúmmálið ekki bara standa í stað heldur minnka um helming við hverja endurnýjun. Það á sem sagt að minnka þann flota við hverja endurnýjun um helming en hinn fær leyfi til að aukast sem þessu nemur.

Loks er ekki tekið á þeim ágalla þessa kerfis sem gerir það afar óþjált og að sumu leyti ósanngjarnt, að rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa falla niður. Af þessu getur verið verulegt óhagræði þegar um minni skip er að ræða og erfitt er að finna veiðiskip, eitt eða fleiri á móti, sem er svipað af stærð og það sem kemur nýtt og getur hreinlega valdið því, t.d. að þegar um er að ræða endurnýjun á minni bátum, aflamarksbátum, að það geti skapað meiri háttar vandamál og verulega ósanngjarna reglu að ekki skuli þá einhvern veginn vera hægt að geyma eða nýta þá rúmmetra sem ekki ganga upp í hið nýja skip. Þetta er eðli málsins samkvæmt síður vandamál þegar um mjög stór skip er að ræða og safnað er saman rúmmetrum úr fleiri minni fiskiskipum því þá er oftast hægt að finna samsetningu sem gerir það að verkum að lokum að rúmmetratalan nýtist nokkuð.

Hugmyndir hafa líka verið uppi um það að menn gætu beinlínis haft einhvers konar rúmmetrabanka þar sem þessi eining, þessi fótur undir sókninni, væri geymd og að sjálfsögðu mundi það vera mikið hagræði fyrir þá sem í hlut eiga.

Þetta kerfi er einnig mjög óþjált þegar að því kemur, sem gerist æ algengara, að skip eru að færast milli lögsögu ríkja eða íslensk fiskiskip fá tímabundin verkefni erlendis, fara undir erlendan fána og nýta þar af leiðandi ekki rúmmál sitt eða veiðiheimild tímabundið innan íslensku lögsögunnar. Menn hafa talið að það væri jákvætt og til bóta að auðvelda íslenskri útgerð að nýta sér slíka möguleika að fara tímabundið eða varanlega í verkefni erlendis og það er alveg ljóst að reglugerðarverkefni af þessu tagi er ekki sérlega þjált eða hvetjandi í því sambandi.

Í það heila tekið, herra forseti, þá er röksemdafærslan fyrir því að viðhalda þessu móverki afar veik svo ekki sé fastar að orði kveðið, afar veik. Það er satt best að segja lakara, svo maður taki nú mjög hógværlega til orða, að ekki skyldi nást niðurstaða í þessu máli sem mótaði ákveðna framtíðarstefnu þar sem þetta mál væri gert upp jafnvel þó svo niðurstaðan hefði orðið sú að afnema þetta í áföngum á þó nokkuð löngum tíma. Þá hefði framtíðið verið vörðuð og menn vissu að hverju þeir gengju þegar fjárfestingar af þessu tagi eiga í hlut. Þetta boðar sem sagt óljósa framtíð um að einhverjum reglum af þessu tagi verði við haldið til hliðar við aflamarks- eða aflahlutdeildarkerfið um einhver ár, þó e.t.v. ekki mjög mörg. Og í ljósi þess hversu stórar fjárhæðir geta verið á ferðinni þegar um stærri fiskiskip er að ræða, þá er þetta að mínu mati heldur slök niðurstaða, herra forseti.

[14:35]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið mismæli hjá hv. þm. þegar hann orðaði það á þann veg að gildandi reglur útilokuðu það að menn stækkuðu skip umfram þá rúmmetra sem fyrir eru því að að sjálfsögðu eru menn alveg frjálsir að því að stækka skip sín meir en þau skip sem þeir hafa fyrir. En þá verða þeir að kaupa rúmmetra þar á móti. Það hefur með öðrum orðum verið lagt á útgerðarmenn að taka þannig þátt í því að hraða þróuninni að betra jafnvægi á milli sóknargetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofnanna og sá kostnaður hefur að hluta til verið lagður á útgerðarmennina með reglum af þessu tagi. Menn hafa því getað tekið slíkar ákvarðanir. En það hefur kostað útgerðina ákveðna fjármuni. Á því er auðvitað mjög veigamikill munur. Ég vildi að þetta væri alveg skýrt vegna framhalds umræðunnar, herra forseti.

[14:37]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við kunnum þetta báðir nokkuð vel, ég og hæstv. sjútvrh. og það er enginn misskilningur hér á ferðinni. Mér er að sjálfsögðu ljóst að sá möguleiki er og hefur verið fyrir hendi að menn safni saman rúmmetrum úr ýmsum áttum og kaupi þetta af nágrönnum sínum og þar með er í raun og veru búið að gera þessa rúmmetra, eins og allir vita, að verðmætum. Þessi skrýtna eining, rúmmetrarnir í íslenska fiskiskipaflotanum, er orðin viðbótargullmyntfótur undir kerfinu til viðbótar við framseljanlegt aflamark, og hefur tekið á sig sjálfstætt verðgildi og verðmætið á þessari einingu fór í háar hæðir um tíma þegar best lét. En á hvaða verðmæti í raun þetta ávísar er svo hins vegar annað mál, eða hvað? Er það ekki þannig, herra forseti?

Ég var að vísa til þess í mínu máli sem menn geta gert á grundvelli endurnýjunar eigin skipakosts og þar er ljóst að þetta hefur verið þannig að þar hefur þetta gilt einn á móti einum, en nú er leyfð þó þessi rýmkun. Ef menn hins vegar ætla að stækka meira þá verða þeir að ná sér í rúmmetra annars staðar frá. Það er mér vel ljóst að er áfram möguleiki eins og verið hefur.

[14:38]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti vill tilkynna að þingflokksformenn stjórnarflokkanna hafa óskað eftir hálfrar stundar hléi á þingfundinum og hyggst forseti verða við þeirri beiðni og gera hlé á fundinum milli kl. 16.30 og 17.00. Þetta vill forseti tilkynna strax ef aðrir þingflokkar vilja nýta sér þennan tíma til fundahalda.

[14:38]

**Einar Oddur Kristjánsson**:

Herra forseti. Eins og kom fram í framsögu hæstv. sjútvrh. þá er frv. sem hér liggur fyrir niðurstaða starfshóps sem ráðherrann skipaði í fyrravetur. Þessi starfshópur er að leita eftir mismunandi sjónarmiðum manna. Það dylst engum sem þekkir til þessara hluta og hópurinn leitaðist við að ná ákveðnu samkomulagi til að skila ráðherranum. Ég sé ekki, þó svo standi í nefndaráliti okkar að menn hafi orðið sammála um að stíga eitthvert skref nú, að það gefi ástæðu til að ætla að hér sé um meiri bráðabirgðahugsun að ræða en almennt í lagafrv. Ég held að lagafrumvörp hljóti að vera börn síns tíma og standi meðan pólitískur vilji er fyrir því að hafa lögin þannig. Þau geta ekki staðið neitt lengur. Ef pólitískur vilji er til að breyta lögum þá breytast þau þannig að þetta frv. er ekkert meira út í óvissuna en önnur stjfrv. sem flutt eru.

Ég er þess viss að frá upphafi þegar aflakvótakerfið var sett á, þá voru settar líka á takmarkanir um flotastærð og ég man ekki betur en það hafi verið hlutfallið 1:0,7 þannig að það sem menn eru að leggja til núna og menn kalla rýmkun

er þá frekar í þá veru að hér sé verið að falla mjög nálægt því hlutfalli sem var áður notað eða frá upphafi. Menn skulu ekki gleyma því heldur að í lagafrv. er gert ráð fyrir því að reglan frá 1986 falli út þannig að ekki er eingöngu um rýmkun að ræða heldur er verið að fella út atriði þar sem menn gátu endurnýjað alveg hindrunarlaust. Að dómi nefndarinnar gat það verið mikið innlegg í þetta mál að menn færu að leika þá leiki að fara fram hjá reglunni um aldur skipanna 1986 og endursmíða skip þannig að það var talið skynsemdarákvæði að fella alla undir sama hatt eins og gert var ráð fyrir í þessu frv.

Nú hafa menn áður deilt um það hvort yfirleitt sé rétt að vera með einhverja stjórn á flotanum en ég held að það sé viðhorf manna um allan heim þar sem er reynt að hafa einhverja vitræna stjórnun á sjávarútvegi, að þá liggi það fyrir að stjórn á stærð og afkastagetu flotans er það sem menn horfa mjög á. Sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagsins hefur fjallað um þetta oft, frú Bonino, og margsinnis mælt fyrir því að svo lengi sem Evrópa geti ekki náð um það einhverri reglu að takmarka afkastagetu flotans verði seint nokkurt vit í þeirra stjórnunaraðferðum. Ég held að það sýni sig bara best að það hefur verið ástæða til að gera þetta. Við höfum verið að minnka afköstin. Við höfum gert það vitandi vits. Þetta hefur verið þannig nákvæmlega að menn hafa verið að kaupa hver af öðrum. Menn eru að kaupa út verðmæti og kaupa þau hver af öðrum þegar þeir eru kaupa þessa rúmmetra þannig að þetta hefur átt sitt verð alveg eins og aflakvótinn hefur átt sitt verð, óskilgreint, þannig að enginn ætlar að segja hvers vegna. En það er bara rétt verð því að markaðurinn hefur kallað á þetta verð. Ef við værum komnir í jafnvægi með flotann og hefðum enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur af þessum afköstum, þá mundi líka verðið fara niður í núll. Þá yrði ekkert verð á markaðnum, á frjálsum markaði, þannig að þetta skapast af sjálfu sér. Verðið fer nú mjög lækkandi eins og menn kannski vita og því er ástæða til þess að ætla að við séum að nálgast eitthvað sem markaðurinn lítur á sem jafnvægisástand þannig að þetta er að gerast af sjálfu sér og þessi breyting sem hér á sér stað er eðlileg að okkar dómi vegna þess að við töldum rétt að vera ekki að skilgreina nákvæmlega hvað það ætti að vera sem menn væru að stækka eða minnka. Ef við hefðum viljað fara út í þá sálma, þá eru til nú þegar og hafa verið til í mörg, mörg ár hjá tæknideild Fiskifélags Íslands uppreiknaðir afkastastuðlar fyrir skip. En menn hafa ekki viljað fara út í þá sálma hér og nú þó að menn hafi notað hluta af þeim stuðlum í frv. sem samþykkt var í fyrravor um nýtingu landhelginnar. Það var því kostur sem menn ætluðu sér ekkert að fara út í, að fara nákvæmlega að taka til hvaða hluti skips varð að stækka og hvað ekki heldur litu menn þannig á að það væri eðlilegt miðað við tækniframfarir að miða bara við eitthvert ákveðið hlutfall.

Það er svo líka með smábátana sem menn hafa komið hér inn á, með krókabátana, að ég vil minna á það, herra forseti, að það var ekki fyrr en vorið 1995 sem voru settar takmarkanir á krókabáta. Þeir höfðu haft frjálst leyfi til stækkunar að koma inn í bátaflotann sem var til mikilla vandræða vegna þess að með stöðugri fjölgun smábátanna var verið að þrengja mjög að lífsrými þeirra sem fyrir voru. Ég held að það skref sem við stigum vorið 1995 þegar við stoppuðum þá fjölgun hafi verið algert lykilatriði til þess að tryggja þeim afkomu. Hefði það ekki verið gert, þá væri engin leið til þess að horfa framan í það að þeir menn sem eiga þessa útgerð ættu einhverrar afkomu von þannig að það er eðlilegt í þessu tilfelli af okkar hálfu að hafa reglurnar svona, óbreyttar gagnvart krókabátum, því það má vissulega benda á að þeir sem róa á þorskaflahámarki eru náttúrlega með frjálsa sókn í aðra fiskistofna þannig að það var ekki talin ástæða til þess að breyta því neitt. Við erum með annað frv. hér í gangi þar sem menn gera ráð fyrir því að koma til móts við þær kröfur að finna smábátunum stað og ég þykist vita það að þingið mun styðja þær tillögur mjög einarðlega. En í þeim er líka gert ráð fyrir því að halda áfram að úrelda smábáta sem er mjög nauðsynlegt til þess að reyna að finna jafnvægi þar líka.

Ég tel að þessar aðferðir sem við Íslendingar notum jafnframt kerfinu við stjórn fiskveiðanna, flotastýringu, séu lífsnauðsynlegar, ekki hvað síst með tilliti til þeirra vandræða sem við vitum að nágrannar okkar í Evrópu eiga með sinn gríðarlega stóra flota sem þeir ráða ekkert við. Við vitum að samskiptin aukast og eru vaxandi og þá er þetta sá varnagli sem við höfum fyrir því að menn geta ekki flaggað hér inn endalaust undir íslenskum fána. Það eru vandræði sem við munum aldrei ráða við. Þessi stjórnun hefur komið sér vel. Það hefur ekkert annað gerst en að menn hafa verið að greiða hver öðrum. Greinin hefur ekkert verið að láta neina peninga frá sér í gegnum árin sem við höfum haft þetta kerfi þó menn hafi verið að greiða hver öðrum og þannig hafa þeir sem hafa talið sig vera kannski með bestu útgerðirnar verið tilbúnir til þess að standa fyrir því að endurnýja og búa til ný og tæknivæddari skip. Þetta hefur greitt fyrir þeirri minnkun flotans sem er okkur lífsnauðsynleg þannig að við séum í jafnvægi með þessar fjárfestingar sem sannarlega voru komnar mjög langt frá því að vera í samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna á Íslandsmiðum.

Þetta frv., herra forseti, er þannig að mínu mati lagt fram ekkert út í óvissuna. Það er ekkert sem segir í þessu frv. annað en í öðrum lagasetningum. Það stendur svo lengi sem vilji er fyrir því á þingi að hafa þau lög þannig og ég á von á því að menn muni ekki hverfa frá því nokkurn tíma að hafa stjórn á flotanum vegna þess að markaðurinn mun sjá fyrir þessu jafnvægi sjálfur. Verðið fer þá niður í ekki neitt þegar þetta er í jafnvægi þannig að það er alveg óþarfi að vera að hafa áhyggjur af því að afnema þessi lög.

[14:48]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gengur vasklega fram í vörninni fyrir afrakstri nefndarstarfsins. Það er hv. þm. nokkuð skylt því að hann sat í nefndinni og telur að þetta sé svo sem ekki verra né betra og alls ekki verra heldur en önnur frumvörp sem flutt hafa verið um þessi mál og óvissan ekki meiri. Það má til sanns vegar færa en eru ekki endilega rök fyrir því að ekki hefði verið betra að gera málið upp, útkljá það hvort keyra eigi þessi tvö takmörkunarkerfi hlið við hlið inn í framtíðina, annars vegar aflatakmörkunarkerfið og hins vegar rúmmetratakmörkunarkerfið. Ég geri miklar athugasemdir við það og hef enga sannfæringu fyrir að skynsamlegt sé að byggja á því til framtíðar.

Að nauðsynlegt sé að hafa einhverjar rúmmetratakmarkanir eða flotastýringu, svo menn finni nú á þetta hátíðlegt orð, vegna þess að annars mundum við lenda í sambærilegum ógöngum með of stóran flota og t.d. ýmsar aðrar Evrópuþjóðir hafa gert, tel ég alls ekki frambærilega röksemd vegna þess að hinir risastóru flotar Evrópuríkjanna eru byggðir upp við allt aðrar aðstæður. Þá voru fyrst og fremst sóknartakmarkanir notaðar ef einhverjar takmarkanir voru

yfirleitt við lýði í þeim löndum. Þar er að hluta um að ræða gamla úthafsveiðiflota sem eru orðnir verkefnalausir vegna útfærslna landhelgi og vegna þess að menn hafa verið hraktir af fjarlægum miðum og eru þar af leiðandi ósambærilegir við flota ríkja sem byggja á sóknartakmörkunum eða voru áður umsvifamiklir í úthafsútgerð. Hér er aflastýringarkerfi með kostum þess og göllum. Að sjálfsögðu er það ekki fullkomið. Á því þarf að gera breytingar og á því er hægt að gera breytingar til að gera það miklu betra en ég hef þá trú á íslenskum útgerðarmönnum, öfugt við hv. þm., að ég sé enga hættu í því að íslenskir útgerðarmenn fari að hrúga hér inn allt of stórum skipaflota til þess að láta hann liggja verkefnalausan. Ég tel bara enga hættu á því.

[14:50]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég ætlaði að það lægi alveg fyrir að þetta mundi leita jafnvægis af sjálfu sér vegna þess að ef enginn vill borga neitt fyrir rúmmetrana, þá gerir hann það ekki. Þá er ekkert verð á rúmmetrunum og jafnvægi á hlutunum þannig að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því. Ég tel að þetta frv. sé nákvæmlega eins og önnur frumvörp. Það er verið að gera tillögur um það að setja lög og lögin gilda svo lengi sem pólitískur vilji er fyrir því að hafa lögin þannig. Í þessu er engin sérstök takmörkun umfram annað, það er alveg jafnmikið uppgjör í þessu frv. og öðrum. Það gildir bara meðan lögin standa. Hér er því ekki um það að ræða að verið sé með sérstaklega óljósa hluti. Það er ekkert óljósara en hvað annað sem við setjum í lög. Við ætlum að hafa þetta kerfi. Það er pólitískur vilji fyrir því að hafa stýringarkerfi á flotanum jafnframt því kerfi sem við höfum við stjórn fiskveiða þannig að hér er enginn munur á. Íslenski flotinn varð of stór á þeim tímum að ekki var takmörkun á flotanum og hverjir mótmæltu stækkuninni mest. Hverjir voru það? Það voru útgerðarmenn sem mótmæltu stækkuninni. Árum saman gerði aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna samþykkt um að mótmæla og krefjast þess af stjórnvöldum að takmarka stærð flotans. Árum saman gerðu þeir það vegna þess að þeir vildu varðveita lífsrými sitt. En alltaf voru nýir og nýir aðilar að koma inn. Útvegsmenn voru að mótmæla því. Þeir voru alveg vissir um að þeir væru ekki að stækka flotann, það voru aðrir að gera. Þess vegna voru þeir alltaf að gera þessar samþykktir.

Herra forseti. Þetta mál mun leita síns jafnvægis sjálft.

[14:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir fræðsluna. Mér er nú betur ljóst en áður að þetta er lagafrv. alveg eins og önnur lagafrv. og það mun sem sagt vera hugsun flutningsmanna að því verði hægt að breyta síðar á öldinni eða jafnvel á næstu öld. Þetta sé ekki borg á bjargi reist þannig að hugsanlega sé hægt að gera á þessu breytingar og það eru auðvitað mjög mikilsverðar upplýsingar.

Mín gagnrýni, herra forseti, lýtur að því og ég vona að hv. þm. skilji að þrátt fyrir það skref sem hér er stigið þá er málið ekki gert upp. Í þessari niðurstöðu felst ekki skýr framtíðarstefnumótun. Það er alveg ljóst. Það bíður, það er í óvissu. Og orð sem hér hafa fallið og vísa til ákveðinna hluta í greinargerð eða fylgiskjali með frv. gefa óvissu framtíðarinnar til kynna. Þetta er ekki heppilegt og ég bendi á það hér. Auðvitað er aldrei hægt að ganga frá hlutum af þessu tagi í eitt skipti fyrir öll. Öll mannanna verk eru þannig að þau koma til skoðunar og lagasetning ekkert síður en annað. En það er betra að reyna að hafa hlutina eins skýra og mögulegt er, sérstaklega þegar um svona þætti er að ræða sem koma inn í mat manna t.d. á ákvörðunum um miklar fjárfestingar. Þetta veit ég að hv. þm. er mér alveg hjartanlega sammála um. En að burðast með þetta takmörkunarkerfi, rúmmetrana, til viðbótar við aflatakmörkunarkerfið og hið fjölþætta og samsetta stjórnunar- og stýringarkerfi sem felst í löggjöfinni að öðru leyti, landhelgislínur, veiðarfæratakmarkanir og fjölmargt fleira. Menn gleyma oft í umræðum um þessi mál að fiskveiðistjórnunin og takmörkunin er fjölþætt og samsett úr mörgu. Mér hefði fundist til einföldunar, herra forseti, að þetta hefði mátt hverfa út úr myndinni.

[14:55]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig gera þetta eins skýrt og mér væri unnt. Þetta lagafrv. er eins og öll önnur lagafrumvörp. Við skulum segja sem svo að frv. væri um það að afnema reglurnar. Gætum við þá komið og sagt: Þetta er óljóst vegna þess að kannski á næsta ári eða næstu öld kemur einhver sem setur nýjar reglur sem eru öðruvísi? Nei, það gengur ekki. Allir vita að lagasetning hlýtur að vera eins og orðanna hljóðan, að þegar menn hafa sett lög þá gilda þau. Þó í greinargerð sem starfshópurinn lét frá sér fara standi að nú hafi orðið samkomulag þeirra sem unnu í nefndinni, þá gefur það auga leið að það voru menn með ólík sjónarmið sem voru skipaðir í starfshópinn þannig að þetta á ekki að gefa nein fyrirmæli eða tilefni til að álykta að hér sé um meiri bráðabirgðalagasetningu að ræða en í lagasetningu almennt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 376.

## *og*

## *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 377.

[14:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða en ákvæði frv. varða breytingar á reglum um veiðar smábáta. Aðallega snúa ákvæði frv. að lagfæringum á reglum um veiðar svonefndra krókabáta sem stunda veiðar samkvæmt 6. gr. fiskveiðistjórnarlaga og eru minni en sex brúttótonn að stærð. Ákvæði til bráðabirgða II tekur þó einnig til aflamarksbáta minni en tíu brúttórúmlestir að stærð en 3. mgr. þess ákvæðis varðar útdeilingu til þessara báta á 320 lesta þorskveiðiheimildum sem teknar eru út úr krókakerfinu. Mikil samstaða er um það meðal útgerðarmanna smábáta að ráðstafanir séu gerðar í þágu þessara báta í kvótakerfinu þar sem þeir hafa margir farið hvað verst út úr þróun síðustu ára og hefðu margir getað hugsað sér að ganga lengra en hér eru gerðar tillögur um.

Ég mæli hér einnig fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem flutt er samhliða fyrrnefndu frv. Tilboð um úreldingarstyrk sem nemur 80% af matsverði báts gegn afsali á krókaleyfi og endurnýjunarrétti er mikilvægur hluti þeirrar niðurstöðu sem lögð er fram í þessum frumvörpum og ætlað að koma sérstaklega til móts við þá í sóknardagakerfinu sem búa við erfiðastar rekstraraðstæður, t.d. vegna skuldastöðu og lítillar veiðireynslu.

Breytingar á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða sem varða veiðar smábáta voru síðast gerðar með lögum, nr. 105 19. júní 1996 eins og fram kemur í athugasemdum með frv. því sem hér er flutt. Frv. sem þá varð að lögum var niðurstaða umfangsmikilla viðræðna milli sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda og fól í sér róttækar breytingar á starfsumhverfi krókabátaútgerða sem ætlað var að einfalda reglur og auðvelda þennan atvinnurekstur án þess að hvika frá því að afla þessara báta yrði haldið innan viðmiðana um heildarafla.

Frv. sem hér er flutt felur í sér tillögu um ákveðnar breytingar á gildandi lögum sem aðallega er ætlað að auðvelda krókabátum, sem nú stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, að laga rekstur sinn að þeim þorskveiðiheimildum sem til ráðstöfunar eru. Þær tillögur að breytingum sem hér eru settar fram hafa mótast í viðræðum Landssambands smábátaeigenda og ráðuneytisins á undanförnum mánuðum og er fullt samkomulag milli þessara aðila um að flytja þær tillögur sem frv. felur í sér.

Ein veigamesta breytingin sem fólst í lögum nr. 105/1996 var að sú 21.500 lesta heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta sem þá gilti var tengd hlutfallslega við heildarafla í þorski miðað við 155.000 lesta þorskafla fiskveiðiársins 1995/1996. Varð heildarþorskaflaviðmiðunin eftir það 13,9% af heildarafla þorsks, þó ekki minni en 21.500 lestir miðað við óslægðan fisk. Vegna hækkunar heildarafla í þorski hefur þessi hlutfallstenging þegar leitt til þess að sameiginlegur hámarksþorskafli krókabáta hefur aukist úr 21.500 lestum í 30.302 lestir, eða um meira en 40%, og enn frekari aukningu heimilda er spáð á næstu árum ef spár um vöxt þorskstofnsins ganga eftir.

Má minna á að veiðiheimildir krókabáta höfðu áður verið auknar með lögum frá 1994 er viðmiðunin var hækkuð úr 2.896 þorskígildislestum, miðað við úthlutað aflamark 1994/1995, í 20.170 þorskígildislestir og var þá varðandi síðari töluna miðað við meðalafla fiskveiðiáranna sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992. Einnig voru veiðiheimildir krókabáta rýmkaðar með lögum nr. 83/1995 sem gáfu frjálsar, varðandi aflaviðmiðun, aðrar veiðar þessara báta en þorskveiðar.

Til frekari upplýsingar um framtíðarafla krókabáta má nefna að ef markmiðið um uppbyggingu þorskstofnsins gengur eftir, um veiðistofn upp á 1,5 millj. lesta og árlega veiði upp á nálega 350.000 lestir, þá færi hlutfallstengingin í þessum útgerðarhópi, sem telur um 850 báta, nálægt 50.000 lesta þorskafla. Ég leyfi mér að fullyrða að framtíðarrekstrarhorfur smábátaflota Íslendinga hafi ekki á seinni tímum verið bjartari eða öruggari en einmitt nú vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á þeim lögum sem um þessar veiðar gilda.

Samkvæmt lögum nr. 105/1996, sem samþykkt voru í fyrravor, gafst eigendum krókabáta kostur á því að velja um tvær meginleiðir fyrir 1. júlí 1996, annars vegar hvort þeir stunduðu veiðar með einstaklingsbundnu þorskaflahámarki sem byggðist á eigin aflareynslu tveggja bestu áranna af almanaksárunum 1992, 1993 eða 1994, eða hins vegar hvort þeir stunduðu veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga í öðrum af tveimur veiðihópum, með handfærum eingöngu eða handfærum og línu. Ráðast sóknardagar í hvorum hópi á sameiginlegu þorskaflahámarki allra báta sem hvorn hóp völdu og meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs.

Niðurstaða valsins 1. júlí 1996 var sú að tæp 54% krókabáta, þ.e. 561 bátur, með rúm 82% af veiðireynslu bátanna á viðmiðunarárunum, völdu þorskaflahámark. Tæp 28% bátanna, eða 291 bátur, með um 10% veiðireynslunnar, völdu sóknardaga með handfærum, en rúm 18% bátanna, eða 192 bátar, með rúm 7% veiðireynslunnar, völdu sóknardaga með línu og handfærum.

Síðan valið fór fram 1. júlí 1996 hefur krókabátum fækkað um 193. Þar af greiddi Þróunarsjóður sjávarútvegsins úreldingarstyrki vegna 166 báta, en alls hefur Þróunarsjóður greitt styrki vegna 190 krókabáta samtals að fjárhæð 498,5 millj. kr. frá 1. júlí 1996. Hefur mest fækkun orðið í þorskaflahámarkinu. Þar hefur bátum fækkað um 152 eða um rúm 27%. Þorskaflahámarksbátar eru nú 409, handfærabátar eru 277 og handfæra- og línubátar eru 165. Hækkun aflaheimilda og fækkun báta, m.a. fyrir tilstilli Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, hefur leitt til þess að þeir krókabátar sem stunda veiðar með þorskaflahámarki hafa nú allrúmar veiðiheimildir. Bátar í þeim hópi hafa að meðaltali 63 lesta þorskveiðiheimild hver, en þessir bátar eru frjálsir að sókn í aðrar tegundir en þorsk. Meðalveiðiheimild þessara báta eftir valið 1. júlí 1996 var nálægt 35 lestum þannig að þarna hefur orðið mjög veruleg aukning.

Frá 1. júlí 1996 hefur sóknardagabátum hins vegar aðeins fækkað um 41. Þar af hafa verið greiddir styrkir úr Þróunarsjóði vegna 30 báta í þessum tveimur veiðikerfum. Það vekur nokkra athygli að sóknardagabátum skuli ekki hafa fækkað meira en raun ber vitni, þrátt fyrir 80% úreldingarstyrk, þar sem meðalþorskveiðiheimild í hvorum sóknardagahópnum er miklu minni en í þorskaflahámarkinu, eða um 13 lestir á hvern bát. Er samanlögð þorskveiðiheimild beggja sóknardagakerfanna um 5.000 lestir, miðað við óslægðan fisk, á fiskveiðiárinu 1997/1998. Á síðasta fiskveiðiári var afli þessara báta hins vegar um 20.000 lestir af þorski og hefur það leitt til þess að leyfðir sóknardagar þessara báta á yfirstandandi fiskveiðiári eru aðeins 26 fyrir báta sem veiða með handfærum eingöngu og 20 fyrir báta sem veiða með línu og handfærum. Það er fyrst og fremst vegna þessarar þróunar hjá sóknardagabátunum sem ástæða er talin til að gera tillögur um ákveðnar breytingar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að eigendur krókabáta, sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, geti endurskoðað val sitt fyrir 1. febrúar 1998 og er búist við að eigendur margra sóknardagabáta muni nýta sér þann möguleika. Samkvæmt því sem lagt er til er aðeins útilokað að fara úr þorskaflahámarki yfir í sóknardagakerfi þannig að heimilt er t.d. að fara úr línu- og handfæraveiðihópnum yfir í handfæri eingöngu en reiknað er með að flestir velji að stunda veiðar með þorskaflahámarki. Hafa margir eigendur krókabáta sýnt þessum möguleika áhuga og ljóst er af tölum Fiskistofu að fáir bátar hafa hafið veiðar á róðrardögum það sem af er þessu fiskveiðiári.

Jafnframt heimild til endurvals er eins og áður sagði lagt til í frv. um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að heimild til að veita 80% úreldingarstyrk vegna

sóknardagabáta verði endurvakin frá gildistöku laganna frá 1. apríl 1998.

Einnig er lagt til í þessu frv. það nýmæli að krókabát á sóknardögum megi alltaf flytja án veiðiheimilda yfir í þorskaflahámark, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá eftir í sóknardagakerfinu sem báturinn fer úr. Getur þetta orðið til þess að endurnýjun báta í þorskaflahámarkskerfinu stuðli að fækkun sóknardagabáta.

Þá er lagt til að þau skilyrði fyrir framsali þorskaflahámarks frá báti séu felld niður, að allt sé flutt af bátnum, veiðileyfi fellt niður og endurnýjunarrétti afsalað. Varanlegt þorskaflahámark yrði því skiptanlegt og framseljanlegt milli báta í þorskaflahámarkskerfinu. Hins vegar er lagt til að framsal á úthlutuðu þorskaflahámarki innan hvers fiskveiðiárs verði takmarkað við 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki og er það gert að ósk Landssambands smábátaeigenda. Þessi rýmkun á heimild til framsals kæmi örugglega til með að auðvelda mönnum með tiltölulega lága aflaviðmiðun að flytja sig yfir í þorskaflahámarkið. Í þorskaflahámarkinu er nú talsverður hópur báta með verulegar veiðiheimildir, og því líklegt að framboð verði á veiðiheimildum, ekki síst þegar frekari aukning verður á heildarafla þorsks á næstu árum.

Landssamband smábátaeigenda hefur í viðræðum við ráðuneytið, bæði nú og í aðdragandanum að setningu laga nr. 105/1996, lagt mikla áherslu á ósk um fastan lágmarksdagafjölda til handa krókabátum á sóknardögum. Ráðuneytið hefur hins vegar hafnað því að lágmarksfjöldi sóknardaga sé ákveðinn án tengsla við þann afla sem sú ákvörðun fæli í sér. Stjórnvöld geta ekki afsalað sér endanlega möguleikanum til að stjórna fiskveiðum með hliðsjón af aflamagni. Fiskveiðistjórnun miðast við að halda heildarafla innan ákveðinna marka og sóknareiningarnar eru afleidd stærð sem miðar að því að ná markmiðum um tiltekinn afla. Ekki er hægt að ákveða sóknareiningarnar þannig að heildaraflinn verði augljóslega utan þeirra viðmiðunarmarka sem lögin segja til um, miðað við fyrirliggjandi reynslu um afla og sóknareiningu, hver sem þau viðmiðunarmörk um heildarafla annars væru.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem endurval og endurnýjun úreldingartilboðs fela í sér á veiðimynstri krókabáta, og að teknu tilliti til ýmissa smærri þátta, svo sem afla þeirra báta á síðasta fiskveiðiári sem þegar hafa verið teknir úr rekstri og ónýttra heimilda í þorskaflahámarkskerfinu, þykir þó vera verjanlegt að leggja til í þessu frv. að sóknardagar fyrir fiskveiðiárið 1997/1998 verði 40 fyrir báta sem veiða með handfærum eingöngu en 32 handfæradagar fyrir báta sem veiða með línu og handfærum.

Með frv. er lagt til að þeim 500 lestum af þorski sem Byggðastofnun hefur úthlutað árlega frá fiskveiðiárinu 1995/1996 verði skipt á milli þorskaflahámarks bátanna sem notið hafa þessarar úthlutunar, sem fái 180 lestir, og smábáta á aflamarki undir 10 brúttórúmlestum að stærð, sem fái 320 lestir. Félög smábátaeigenda um allt land og aðalfundur Landssambands smábátaeigenda hafa ályktað um að þessum 500 lestum ætti að úthluta til smábáta á aflamarki, m.a. vegna þess að aukning aflaheimilda hjá þorskaflahámarksbátum hefur gert það að verkum að þeir hafa nú meiri aflaheimildir en á viðmiðunarárunum og því ekki lengur um neina skerðingu að ræða. Fyrst og fremst hafa þessi viðhorf byggst á því að þessir bátar hafa almennt farið mun verr út úr þróun síðustu ára en aðrir smábátar. Mun það vera næsta ágreiningslaust. Á móti hefur legið það sjónarmið að úthlutað hafi verið til þorskaflahámarksbáta í ákveðnum byggðarlögum sem eru sérstaklega háð smábátaútgerð og úthlutunin hafi skipt máli fyrir þau byggðarlög. Samkvæmt því sem þessi tillaga gerir ráð fyrir verða þeir bátar, sem notið hafa úthlutunar og hafa allt að 80 lesta þorskaflahámark, um það bil jafnsettir í þorskveiðiheimildum eftir úthlutun yfirstandandi fiskveiðiárs og þeir voru eftir úthlutun á síðasta fiskveiðiári. Aukning aflaheimilda almennt vegur með öðrum orðum upp skerta viðbótarúthlutun. Er það raunar svo að þeir bátar sem uppfyllt hafa skilyrði Byggðastofnunar, á milli 50 og 60 bátar, höfðu um 48 lestir að meðaltali sem þorskaflahámark fiskveiðiárið 1995/1996 en munu samkvæmt fyrirliggjandi spá hafa um 80 lestir eftir þessa 180 lesta viðbótarúthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári en nú er um varanlega úthlutun að ræða. Á fyrra árinu sem hér er nefnt var það meira en helmingur bátanna sem höfðu minna en 50 lesta heimild en nú væri það innan við fimmtungur. Þetta segir í raun meira en mörg orð um þróun veiðiheimilda þessara báta og sýnir svo ekki verður um villst að tilefnið sem varð til þessara sérstöku aðgerða hefur minnkað verulega.

Eins og að framan var getið er samhliða þessu frv. flutt frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Að fenginni reynslu má ætla að styrkur vegna hvers báts geti numið nálægt 3,5 millj. kr. Ekki er hægt að gera sér nákvæmlega í hugarlund hversu margir muni nýta sér þetta tilboð auk þess svigrúms sem Þróunarsjóður kann að hafa, en lagt er til að veitt verði sérstök lántökuheimild upp á allt að 200 millj. kr. í þessu skyni. Þessum úreldingarreglum, ásamt með heimild til endurvals og rýmri heimilda til framsals á þorskaflahámarki, er ætlað að stuðla áfram að þeirri aðlögun afkastagetu krókabátaflotans að veiðiheimildum sem hefur átt sér stað og nauðsynleg er ef starfsumhverfi þessa útgerðarforms á að vera lífvænlegt fyrir þá sem munu hafa atvinnu af krókaveiðum í framtíðinni.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir aðalatriðum þessara tveggja frv. sem hér liggja fyrir og legg til að þeim verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[15:14]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í d-lið 1. gr. frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir því að bátar sem stunda veiðar samkvæmt sóknardögum megi færa sig yfir í þorskaflahámarkskerfið en að reiknað þorskaflahámark viðkomandi báta verði eftir í sóknardagakerfinu, ef ég skil frv. rétt. Þess vegna spyr ég til upplýsingar: Bátur sem fer yfir í aflahámarkskerfið fær þá væntanlega úthlutað því aflahámarki sem honum ber. Mun það verða til þess að skerða aðra báta sem eru í því kerfi eða hvaðan munu þær heimildir koma? Mér finnst þetta óljóst í frv., alla vega hef ég ekki séð skýringar á því og þess vegna spyr ég hæstv. sjútvrh.

[15:14]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt að þeir bátar sem flytja sig úr róðrardagakerfinu yfir í þorskaflahámarkskerfið flytja þá veiðireynslu sem þeir höfðu á viðmiðunarárunum og sú veiðiheimild flyst þá úr sóknardagapottinum yfir í þorskaflahámarkspottinn. Það eru alveg skýrar reglur um þetta í frv.

[15:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er nú komið að þeim árlega atburði hér á Alþingi að málefni smábátanna fá enn eina bráðabirgðalækninguna ef svo má að orði komast. Þetta hefur að vísu stundum borið upp á vorin. Nú er svo seint í rassinn gripið að verið er að gera ráðstafanir sem eiga að verða virkar innan þegar hafins fiskveiðiárs vegna þeirrar stöðu sem uppi er, sérstaklega hvað varðar smábáta sem stunda krókaveiðar og var auðvitað löngu fyrir séð að verða mundi. Við því var varað bæði sl. vor, vorið þar áður og vorið 1995 að sá frágangur þeirra mála, sem þá og í öll skiptin síðan hefur verið ákvarðaður af meiri hluta hins háa Alþingis, gæti ekki annað en falið í sér tímabundna ráðstöfun og vandamálin hlytu að koma til kasta Alþingis á nýjan leik þegar að ári. Þetta hefur gengið eftir í öll skiptin og því miður, herra forseti, er óhjákvæmilegt að fara með þá framtíðarspá nú að enn einu sinni muni þetta gerast að ári vegna þess að enn einu sinni er um bráðabirgðaákvörðun eða bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Það kemur skýrast fram í frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða í ákvæði til bráðabirgða I en þar eru festir róðrardagar handfæra- og handfæra- og línubáta á þegar höfnu fiskveiðiári við 40 daga fyrir handfærabátana og 32 fyrir handfæra- og línubátana. Þetta er gert vegna þess að þegar til kastanna kom treystu menn sér að sjálfsögðu ekki til að standa frammi fyrir þeirri miklu fækkun róðrardaga sem ella hefði orðið úr um 84 dögum, ef ég man rétt, á síðasta fiskveiðiári niður í 20 annars vegar og 26 hins vegar. Hér er því lagt til með ákvæði til bráðabirgða, sem gilda á aðeins þetta fiskveiðiár, að þessi mikli niðurskurður gangi að hluta til baka en þó ekki nema að hluta til. Ekkert er sagt um það hvað skal síðan taka við á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1998. Leiði veiðar til þess að hlutfallslegur afli umfram það sem til skiptanna er í pottinum verði í krafti þessara sóknardaga með svipuðum hætti og hann var á síðasta fiskveiðiári, hvað ætla menn þá að gera? Ætla menn þá að flytja upp á nýtt frv. með ákvæði til bráðabirgða sem bætir við einhverjum dögum á fiskveiðiárinu 1998/1999 o.s.frv. koll af kolli eða hvað? Vissulega er það góðra gjalda vert og ég er stuðningsmaður þess að úr hinni miklu skerðingu róðrardaga sé dregið og hefði reyndar talið að úr því að farið er af stað á annað borð hefði átt að ganga nokkuð lengra og skapa sæmilega lífvænlegt umhverfi fyrir þennan hluta smábátaflotans á fiskveiðiárinu en langvænlegast hefði að sjálfsögðu verið að búa til varanlega reglu sem tryggði einhvern lágmarksdagafjölda. Á móti hefði mín vegna mjög gjarnan mátt setja þak á t.d. þann afla sem handfæra- og línuhópurinn gæti tekið og reyndar vísa ég í því sambandi til frv. sem ég ásamt fleiri hv. þm. hef flutt um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum þar sem tekið er á þessum málum með þeim hætti.

En meginniðurstaðan, herra forseti, þegar farið er yfir þessi ósköp, sem sá frumskógur stjórnkerfa fyrir smábátaútgerð á Íslandi er orðinn, er náttúrlega þessi, herra forseti. Þetta kerfi þarf að stokka upp í heild sinni. Það er náttúrlega gersamlega fráleitt að ætla til frambúðar að baksa með ferfalt stjórnkerfi fyrir þennan minnsta hluta flotans, báta undir 10 lestum að stærð. Það væri, herra forseti, fróðlegt að vita hverjir aðrir en innvígðir átta sig á því hvernig þessi frumskógur er orðinn og vita þá staðreynd að við lýði er sem sagt ferns konar fyrirkomulag hvað varðar sjósókn þessa voðalega flota til að verja þorskstofninn eða fiskana í sjónum fyrir áganginum af sókn smábátanna. Niðurstaðan hlýtur að verða sú líka vegna þess, herra forseti, að þetta er ekki aðeins flókið og þetta leiðir ekki aðeins af sér vandræðagang af því tagi sem við höfum orðið vitni að á Alþingi undanfarin ár, heldur fyrst og fremst vegna þess að þetta kerfi felur í sér mikla mismunun. Það er innbyggt í þetta kerfi gríðarlega misjöfn aðstaða manna grundvölluð á vali á undanförnum árum trekk í trekk, á þvinguðu vali sem mönnum var gert að framkvæma 1990 og 1995 og svo á enn einu sinni að opna fyrir val og enn einu sinni eru aðstæðurnar þannig að menn velja annars vegar einhverjar aflatakmarkanir á móti fullkominni óvissu með það sem biði þeirra ef þeir halda áfram í sóknartakmarkandi kerfi. Þannig eru aðstæðurnar og hafa verið í öll skiptin, að menn hafi í raun og veru verið settir upp við vegg og látnir velja um fyrirkomulag sem hefur síðan haft afgerandi áhrif á útkomu þeirra í bullandi óvissu um það hvað biði þeirra. Það versta er svo að sjálfsögðu það að síðan hafa leikreglurnar ekki verið framkvæmdar eins og til stóð heldur hefur þeim trekk í trekk verið breytt. Ef einhvern tíma verður á komandi árum svo kjarkmikill sagnfræðingur uppi á Íslandi eða námsmaður við háskólastofnun sem treystir sér til að fara ofan í saumana á þeirri sögu frá því að takmarkanir á sókn eða fjölda smábáta hófust á árunum 1985–1986 eða 1986–1987 og skrifar hana alla saman, þá held ég að ýmsum mundi koma á óvart það sem út úr henni kæmi og þá auðvitað fyrst og síðast sú harkalega mismunun sem þetta kerfi hefur leitt yfir annars sambærilega setta aðila, þ.e. þá sem áttu smábát og reyndu að lifa af því að sækja sjó á litlum fiskibáti.

Ráðstafanirnar sem eru lagðar til eru út af fyrir sig viðleitni eins og hefur verið á ferðinni nokkur undanfarin ár til að stoppa í verstu götin og draga eitthvað úr þessu óréttlæti. Hér er enn á ferðinni ákveðin viðleitni til að koma eitthvað til móts við hinn gleymda flota sem tvímælalaust verst fór út úr þessum takmörkunum öllum, þ.e. smábátana sem völdu aflamark 1990, og sátu síðan lengst af uppi með óbætta skerðinguna á þorskaflamarkinu á sama tíma og aðrir gátu í sóknarkerfi bætt verulega sína stöðu.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að langvænlegasta fyrirkomulagið væri takmarkandi kerfi af mjög hliðstæðum toga við það sem þorskaflahámarksfyrirkomulagið er. Það væri um að ræða tiltölulega frjálsa sókn þessa flota, e.t.v. með einhverri stýringu með hliðsjón af veiðarfærum sem byggði á óframseljanlegu hámarki hvað þorskveiðarnar snertir og að sjálfsögðu ætti allur flotinn að vera í slíku samræmdu kerfi. Það er góðra gjalda vert að þorskaflahámarkið er núna viðurkenning á því að setja girðingu eða lag í útgerðina þannig að veiðiréttindin færist ekki upp fyrir þá stærð sem þar er á ferðinni og haldist innan hópsins. Hitt verð ég að segja að það er miklu síður gleðiefni að framsals- og jafnvel leigumöguleikarnir eru núna að vakna til lífsins í því kerfi þannig að það er að taka á sig æ ríkari einkenni venjulegs kvótakerfis eða aflamarkskerfisins með framsalsmöguleikum og jafnvel leigumöguleikum, að vísu innan hópsins. Ég get ekki sagt, sem mikill andstæðingur þess að menn megi leigja frá sér afnotaréttinn án þess að nota hann sjálfir, að ég sé hrifinn af því þó að ég skilji út af fyrir sig rökin fyrir að gera það en þau eru m.a. að sumir þessara báta fengu á grundvelli aflareynslu sinnar á viðmiðunarárum krókabátanna svo ríflega úthlutun og/eða hafa bætt það miklu við sig með viðskiptum að þeir eiga orðið í vandræðum með að ná sínum hlut. Það hefur skapað þrýsting á að þeir gætu að einhverju leyti leigt rétt-

indin frá sér. Mér finnst siðferðislegur grundvöllur þeirrar leigustarfsemi í ljósi þess hvernig réttindin eru til komin hjá þessum hópi — að þau eru áunnin á sama tíma og aðrir urðu að sæta skerðingu að fullu — vera nokkuð hæpin svo ekki sé meira sagt. Reyndar má segja það um allt leigukerfið í aflamarkskerfinu eða fiskveiðistjórnarkerfinu að siðferðislegur grundvöllur þess er að mínu mati afar hæpinn því að fiskveiðirétturinn á að vera afnotaréttur og eðli málsins samkvæmt eiga menn fyrst og fremst að nýta hann sjálfir eða láta hann öðrum eftir og þá ekki fyrir endurgjald. Það hefur allan tímann, herra forseti, verið mín skoðun að þetta stingi einna mest í augu hvað varðar spurningar um siðferðislegan grundvöll eða réttlæti sem margir taka sér í munn um þessar mundir í sambandi við stjórnkerfi fiskveiða. Það ber að gera skýran greinarmun á annars vegar varanlegu framsali þeirra sem hætta í sjávarútvegi og láta öðrum réttindin eftir þó endurgjald komi fyrir eða þó að það gerist í viðskiptum og hinu að menn geti ár eftir ár vegna hinnar vægu nýtingarkröfu leigt eða fénýtt veiðiréttinn, afnotaréttinn með því að láta aðra nota hann fyrir sig.

Um ákvæðin um Þróunarsjóðinn, herra forseti, vil ég segja að út af fyrir sig er eðlilegt að þau ákvæði séu vakin til lífsins á nýjan leik úr því að farið er í aðgerðir af því tagi sem hér eru undir, þ.e. að endurval er opnað, að vísu aðeins í aðra áttina, að þeir sem eru á sóknartakmörkunum eða róðrardögunum geti fært sig yfir í þorskaflahámarkið, þá sé jafnframt við þær aðstæður opnaður sá möguleiki að menn geti úrelt báta. En ég hef efasemdir um að prósentan sem hér er sett inn dugi til þess að menn telji sér almennt fært að velja þann kost. Það kom á daginn að í raun var staða þeirra sem gátu annars vegar fengið 60% af húftryggingaverðmæti bátanna og hins vegar ráðstafað veiðiréttinum í þorskaflahámarkskerfinu mun hagstæðari eða betri en hinna sem eingöngu höfðu bátsverðmæti til að úrelda og engan veiðirétt sökum þess að þeir voru í krókakerfinu. Ég held að nær væri að þetta hlutfall væri 90% eða jafnvel 100% af tryggingaverðmætinu til þess að menn almennt teldu sér það færa leið, að fara þó ekki væri nema nokkurn veginn eignalausir út úr því að úrelda báta sína. Þetta á að sjálfsögðu augljóslega við þegar um er að ræða dýr tæki sem mikið hefur verið lagt í að útbúa á undanförnum missirum. Almennt verður staða þeirra sem núna standa frammi fyrir því að taka þá ákvörðun hvort þeir eigi að færa sig á milli kerfa eða halda áfram í óvissunni vond en þó langverst þegar í hlut eiga ungir menn með nýja eða dýra báta sem sjá ekki rekstrargrundvöll í þeim takmörkuðu veiðiheimildum sem þeir fengju í þorskaflahámarkinu á grundvelli sinnar veiðireynslu. Eiga þeir að fara inn í það og hefja þar leiguhark og berjast þar um þrátt fyrir að afkoman sem þar blasir við sé mjög erfið eða eiga þeir að halda áfram í kapphlaupinu á þessu ári og í framtíðinni? Ég bið menn að hugleiða augnablik í hvaða aðstæður við erum að dæma þá einstaklinga sem þurfa að taka þessar ákvarðanir. Er einhver hér í salnum, herra forseti, sem vildi upplifa sjálfan sig í þessari stöðu, að þurfa að taka afdrifaríkar ákvarðanir um framtíð sína og kannski afkomu og fjölskyldu sinnar við aðstæður af þessu tagi? Það er það sem löggjafinn er að ætlast til. Við alþingismenn eigum að velta því aðeins fyrir okkur og skiptir mig þá engu þó að svo eigi að heita að hér sé á ferðinni eitthvert samkomulag við samtök smábátasjómanna. Það leysir alþingismenn ekki undan þeirri siðferðislegu skyldu og þeirri samviskuspurningu að fara vandlega yfir það við lagasetningu af þessu tagi hvort þetta eru yfir höfuð boðlegar aðstæður sem við erum að dæma menn í. Er ekki nóg komið, herra forseti?

Hafa menn ekkert lært af því sem gerðist í kjölfar hins þvingaða valds árið 1990 og aftur 1995? Það er a.m.k. svo með undirritaðan að þá verður mér sjaldan jafnsvarafátt eins og þegar ég stend frammi fyrir því á fundum í sjávarútvegsbyggðarlögum vítt og breitt um landið að ræða við þá menn sem hlið við hlið tóku mismunandi ákvarðanir á þessum tíma og hafa síðan verið mjög misjafnt settir eftir það. Það á að vera til eitthvað, herra forseti, í stjórnsýsluréttinum sem heitir jafnræðisregla og ég er hræddur um að hún hafi stundum farið fyrir lítið í ljósi þess sem hefur leitt af endurtekinni lagasetningu hvað varðar málefni smábáta og þessa endurvals eða þvingaða vals sem þar hefur átt sér stað.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, hvað varðar breytingarnar í ákvæðum til bráðabirgða um meðferð jöfnunarpottsins sem þar á í hlut, þ.e. ákvæði til bráðabirgða II í frv. á þskj. 377, fiskveiðistjórnarlögunum, að ég held að sú breyting sé í sjálfu sér eðlileg eða sú viðleitni sem þar er á ferðinni, að nýta með öðrum hætti og ganga þá varanlega frá þessum 500 lestum sem settar voru inn til ákvörðunar eða úthlutunar á grundvelli ákvarðana Byggðastofnunar og í fyrsta sinn á fiskveiðiárinu 1995 og 1996. Hins vegar verður eins og jafnan að spyrja sig að því hvort þau viðmiðunarmörk eða meðferð þessara veiðiheimilda sem þarna eru sett séu vel ígrunduð. Það liggur í hlutarins eðli að þarna er t.d. verið að gera býsna mikinn mun á aðilum sem t.d. eru samtals með 60 þorskígildislestir og hinna sem lenda þar rétt fyrir neðan. Það er auðvitað gallinn á því að velja öll viðmiðunarmörk af þessu tagi að einhverjir verða fyrir barðinu á þeim beinlínis með því að liggja öðru hvoru megin rétt við mörkin. Þar hefði að mínu mati mátt skoða t.d. aðferðir af því tagi að láta þetta í tonnum talið halda sér eða nota það sem stundum í kjarasamningum er kallað krónutölureglan en ekki hlutfallsreglan eða prósentureglan og láta það gilda til þess að draga úr þeirri mismunun sem ella verður milli þeirra sem lenda rétt niður fyrir annars vegar og rétt upp fyrir mörkin hins vegar. Mönnum kann að finnast að þarna sé nú bitamunur en ekki fjár á ferðinni, þ.e. 2,5 lestir af þorski. En það er bara þó nokkuð þegar að því kemur að um er að ræða tekjur, kannski að miklu leyti nettóviðbótartekjur, til þeirra sem hafa allan fastan kostnað fyrir hendi og geta sótt sér þennan viðbótarafla og lagt hann inn.

Ég a.m.k., herra forseti, vil hafa fyrirvara á um þennan þátt málsins og reyndar fleira í þessu sambandi, dagafjöldann hjá sóknarbátunum og annað sem ég tel ástæðu til að fara betur og rækilegar ofan í saumana á. Það væri að sjálfsögðu æskilegt að tími ynnist til að gera útreikninga og láta einfaldlega reikna út dæmi þannig að menn gætu glöggvað sig á því hvernig þetta kemur út fyrir hvern og einn. Á hinn bóginn ber brýna nauðsyn til að afgreiða þessi mál vegna þeirrar óvissu sem hangir yfir mönnum eins og málin standa og vegna þess að við erum komin langt inn á það fiskveiðiár sem þessar breytingar eiga að taka til sem er auðvitað hin hraklegasta útkoma, að vera með þessi mál í höndunum þegar komið er langt inn á fiskveiðiárið og menn bíða í landi með sín atvinnutæki og hafa ekki treyst sér til þess að nota þau vegna þessarar óvissu sem yfir hefur legið.

Að síðustu, herra forseti, verð ég svo að segja að ég er bjartsýnismaður og bind þar af leiðandi enn þá vonir við það að að lokum renni upp sú gleðilega tíð á Alþingi að frumvörp af þessu tagi þurfi ekki að vera árlegur viðburður og árlegt

viðfangsefni okkar þingmanna að glíma við þessi ósköp. Menn reyni að koma sér í þær aðstæður að taka varanlega á þessum málum og útkljá þau í eitt skipti fyrir öll. Hér er ekki lengur orðið um það stóra hluti að ræða, hvort heldur í fjölda, sókn eða álagi á fiskstofnana, að okkur eigi að vera ofvaxið að klára þetta mál sómasamlega og koma þokkalegum starfsgrundvelli undir smábátaútgerðina, það sem eftir er af henni og ekki hefur þegar verið leyst úr, þannig að um þetta geti skapast friður og stöðugleiki til frambúðar litið.

[15:35]

**Útbýting þingskjals:**

Rafmagnseftirlit og raffangaeftirlit, 261. mál, svar viðskrh., þskj. 385.

[15:36]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Frv. um breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum, mun vera til orðið í framhaldi af viðræðum sjútvrn. við Landssamband smábátaeigenda, viðræðum þar sem fyrst og fremst var reynt að finna leiðir til að mæta þeim mikla vanda sem smábátamenn á dagatakmörkunum standa frammi fyrir. Vandi þessara útgerðarmanna, þ.e. krókabáta á dagatakmörkunum var fyrirsjáanlegur þegar þessi lög voru sett. Ég benti einmitt á það í umræðum á Alþingi vorið 1995 þegar verið var að breyta lögum um stjórn fiskveiða og krókaleyfunum var skipt upp í dagatakmarkanir og þorskaflahámark, að sá vandi væri fyrirsjáanlegur að eigendur þeirra báta sem höfðu mesta veiðireynslu og gátu fengið kvóta upp á kannski 40–50 tonn eða þaðan af meira, mundu velja þorskaflahámarkið en eftir sætu svo nokkur hundruð bátar sem áttu litla veiðireynslu og færu því á dagatakmarkanir þar sem allt of margir mundu bítast um allt of lítinn afla.

Þetta hefur gengið eftir og á síðasta fiskveiðiári veiddu þessir bátar það mikið að það hefði komið til stórskerðingar á næsta ári, það mikillar að þessir bátar hefðu kannski ekki mátt stunda sjó nema eitthvað innan við 20 daga. En því sagði ég það vorið 1995 og segi það enn að það var verið að eyðileggja krókaleyfiskerfið með þeim breytingum sem voru gerðar á því þá fyrir tveimur árum. Gamla krókaleyfiskerfið hafði þann höfuðkost að þar komu menn með allan fisk að landi og gerðu úr honum verðmæti. Þar er enginn hvati til að henda fiski og það finnst mér krókaleyfiskerfið hafa umfram aðrar aðferðir í fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég vil taka undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er með ólíkindum að við skulum vera búnir að búa til ferfalt stjórnkerfi fyrir þessa litlu báta undir sex tonnum. Ég tek undir það með honum að frjáls sókn með króka á þessum bátum með óframseljanlegum heimildum væri besta aðferðin til að stýra þessum veiðum.

Það er tvennt í þessu frv. sem ég hef miklar efasemdir um og er reyndar andvígur. Það er í fyrsta lagi það sem segir í c-lið 1. gr. um framsal aflaheimilda. Ég er því algerlega andvígur að innleiða kvótabraskið í smábátaútgerðina og held að reynslan sé ekki það góð af því í útgerðinni sem býr við frjálst framsal aflaheimilda í dag að ástæða sé til að útvíkka það og færa það inn í smábátakerfið. Ég held að þetta framsal hafi skapað það mikla togstreitu milli sjómanna og útgerðarmanna og það mikla andúð þjóðarinnar á fiskveiðistjórnuninni að ekki sé á það bætandi. Þess má geta að framsalið jókst í fyrra um 120% í tonnum talið milli ára og milli 50–60% ef miðað er við þorskígildi. Sama mun auðvitað gerast ef þetta fer inn í smábátaútgerðina, þá munu menn smáþróa framsalið þar eins og í stærri flotanum og þetta endar með því að verða óskapnaður sem enginn ræður við.

Annað atriði sem ég er ekki sáttur við í frv. er ákvæði til bráðabirgða II þar sem 180 lesta kvótaúthlutun til þeirra byggðarlaga sem Byggðastofnun úthlutaði til á fiskveiðiári er ráðgerð. Þetta kemur í stað bráðabirgðaákvæðis í gildandi lögum um stjórn fiskveiða þar sem segir, með leyfi forseta:

„Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti."

Þegar Byggðastofnun ætlaði að fara að vinna eftir þessu ákvæði laganna þá kom í ljós að ekkert byggðarlag uppfyllti þessi skilyrði. Mér fannst eðlilegast í þeirri stöðu að Byggðastofnun skilaði þessu verkefni af sér vegna þess að ekki var hægt að framfylgja lögunum eins og stóð í lagatextanum. Í stað þess var búin til reikniregla í Byggðastofnun þar sem 500 tonnunum var úthlutað til þeirra byggðarlaga sem komu næst ákvörðun laganna.

Ég hef reyndar oft bent á það áður hér á Alþingi að úthlutun Byggðastofnunar sé ekki í samræmi við gildandi lög og mér finnst það reyndar viðurkennt hér með því að fella út gamla lagatextann og setja inn bráðabirgðaákvæði um að úthluta til þeirra byggðarlaga sem Byggðastofnun úthlutaði til árlega. En ég vil segja það að mér finnst þessi Byggðastofnunarkvóti óþarfur vegna þess að sáralítið hefur verið veitt af honum. Ef ég man rétt, þá hefur um $^1/_3$ verið notaður af þessum kvóta, $^2/_3$ hafa verið óveiddir í lok fiskveiðiársins. Þess vegna finnst mér eðlilegast að úthluta þessum 500 tonna kvóta að fullu og úthluta honum þá til smábáta á aflamarki og ekki skipta þessu eins og hér er gert ráð fyrir í 180 tonn annars vegar til þessara byggðarlaga og 320 til báta á aflahámarki.

Ég vil minna á það í leiðinni að þessir smábátar á aflamarki eru sennilega þeir sem hafa farið verst allra út úr fiskveiðistjórnarkerfinu á undanförnum árum og það er reyndar staðfest í umsögnum félaga smábátaeigenda sem er vitnað í í athugasemdum með þessu frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Félög smábátaeigenda um allt land og aðalfundir LS hafa ályktað um það að þessum 500 lestum ætti að úthluta til smábáta á aflamarki, m.a. vegna þess að aukning aflaheimilda hjá þorskaflahámarksbátum hefur gert það að verkum að þeir hafa nú meiri aflaheimildir en á viðmiðunarárunum og því ekki lengur um neina skerðingu að ræða. Fyrst og fremst hafa þessi viðhorf byggst á því að þessir bátar hafi almennt farið mun verr út úr þróun síðustu ára en aðrir smábátar. Mun það vera næsta ágreiningslaust. Á móti hefur legið það sjónarmið að úthlutað hafi verið til þorskaflahámarksbáta í ákveðnum byggðarlögum sem séu sérstaklega háð smábátaútgerð og úthlutunin hafi skipt máli fyrir þau byggðarlög."

Þetta finnst mér einfaldlega ekki standast með tilliti til þess sem ég sagði áðan, að þessar heimildir hafa nánast ekkert verið notaðar. Þær hafa verið notaðar sennilega að hámarki að $^1/_3$. Þess vegna er þetta ekki rökrétt og ég teldi eðlilegast að úthluta þessum 500 tonnum eins og Félag smábátaeigenda og aðalfundir Landssambands smábátaeigenda hafa ályktað um, þ.e. til litlu aflamarksbátanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en ég vona að hv. sjútvn. muni skoða vel þessa tvo þætti sem ég nefndi, þ.e. annars vegar að taka upp framsal á þessum kvóta og hins vegar úthlutun á Byggðastofnunarkvótanum.

[15:44]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það var dálítið fróðlegt áðan að hlýða á skoðanaskipti hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem sá síðarnefndi kallaði eftir ákveðinni framtíðarsýn eða framtíðarstefnu í þessum málaflokki en hinn svaraði því til að lög giltu aðeins á meðan þau giltu, á meðan pólitískur vilji væri til þess að þau giltu og að þangað til þau væru felld úr gildi eða breytt, þá giltu þau. Þetta voru grundvallarsjónarmiðin í þeim skoðanaskiptum. Það er árviss viðburður að ræða einhvern uppskurð eða uppstokkun á stjórn veiða smábáta.

Það frv. sem við ræðum hér er niðurstaða viðræðna ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda. Það er lenska hér á Alþingi að þegar hagsmunaaðilar komast að samkomulagi við ráðuneytið, þá fikti Alþingi ekki mikið í því frv. og ég geri varla ráð fyrir að svo verði nú. Þó vil ég, virðulegi forseti, vekja athygli á tveimur þáttum í þessu máli sem stinga örlítið í augu. Í fyrsta lagi er það sem segir í almennum athugasemdum með frv. og hv. þm. Magnús Stefánsson spurði hæstv. sjútvrh. um áðan. En það var ekki gott að átta sig á því hvort hæstv. sjútvrh. væri með á nótunum um hvað málið snerist. Á bls. 4 í athugasemdunum segir, með leyfi forseta:

„Einnig er lagt til í þessu frumvarpi það nýmæli að króka-bát á sóknardögum megi alltaf flytja án veiðiheimilda yfir í þorskaflahámark, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá eftir í sóknardagakerfinu sem báturinn fer úr. Getur þetta orðið til þess að endurnýjun báta í þorskaflahámarkskerfinu stuðli að fækkun sóknardagabáta."

Ég fæ ekki skilið þetta öðruvísi en svo, virðulegi forseti, að ef til þess kemur að slíkir bátar skipta um og fara yfir á þorskaflahámark en skilja eftir í sóknardagakerfinu sínar veiðiheimildir, þá hljóta þeir að vera að éta af þeim sem þar eru fyrir. Ég get a.m.k. ekki skilið það öðruvísi en svo ef veiðiheimildir verða eftir í einu af þessum fjórum fiskveiðistjórnarkerfum sem nauðsynleg eru til þess að stjórna fiskveiðum smábáta. Alla vega held ég að nauðsynlegt sé að hæstv. sjútvrh. skýri þetta frekar því að í frv. eru á ferðinni tvær leiðir. Annars vegar er að menn geti endurskoðað val sitt fyrir 1. febrúar 1998 og síðan er hin leiðin að menn geti alltaf farið af sóknardagakerfi yfir í þorskaflahámark og það er sá þáttur sem er verið að spyrja um, þ.e. seinni þátturinn. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. skýri þetta frekar en hann hefur gert.

Hitt atriðið sem ég vil vekja sérstaka athygli á er að hér er vitaskuld verið að auka framsals- og leiguréttindi á aflaheimildum. Það er með öðrum orðum verið að færa það atriði sem helst er gagnrýnt í aflamarkskerfinu inn í þetta stjórnkerfi af meiri þunga en verið hefur og nú eru felld niður þau skilyrði fyrir framsali þorskaflahámarks að veiðileyfi sé fellt niður og endurnýjunarrétti afsalað þannig að varanlegt þorskaflahámark yrði því skiptanlegt og framseljanlegt milli báta í þorskaflahámarkskerfinu.

Annað atriði sem ég vil einnig vekja athygli á í þessu sambandi er að heimild til þess að framselja úthlutuðu þorskaflahámarki innan hvers fiskveiðiárs verði takmörkuð við 30% í staðinn fyrir 20% eins og nú er. Af hverju er þetta gert? Hvar er hægt að finna röksemdafærslu fyrir þessu í frv.? Hana er hvergi að finna. Jú, það er gert að ósk Landssambands smábátaeigenda. Ekki er um frekari rökstuðning að ræða í frv. og því erfitt að draga af því einhverjar sérstakar ályktanir aðrar en þær að verið er að færa þessa braskmöguleika úr aflamarkskerfinu yfir í þetta kerfi.

Það er annar angi af þessu sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu og er einmitt að gerast þessa dagana og hefur verið að gerast undanfarna mánuði og það er að fjársterkir aðilar eru að kaupa upp í stórum stíl þessa smábáta í þeirri von að smám saman muni sú þróun verða í þessu kerfi líkt og í aflamarkskerfinu að hægt verði að framselja og leigja þær aflaheimildir sem eru á hverjum bát. Miðað við það hvernig þróunin hefur verið í aflamarkskerfinu hvað stærri bátana varðar, þá telja menn þetta líklega þróun í þessu og muni væntanlega skila verulegum arði þegar fram líða stundir og menn geta farið að braska með þetta eins og nú viðgengst í aflamarkskerfinu. Það er því spurning og full ástæða til að velta því fyrir sér í ljósi þeirrar röksemdafærslu sem menn jafnan hafa sett fram fyrir sérstöðu smábátanna — sem er sú að þarna sé um að ræða einstakling, eiganda báts, sem stundar umhverfisvænar veiðar sem skipta miklu máli fyrir minni staðina úti á landi — hvort ekki sé ástæða til að fara hér svipaða leið og mér skilst að menn hafi farið í Noregi, þ.e. að veiðileyfi á þessa báta séu takmörkuð við það að eigendur stundi a.m.k. veiðar á 50% af þeim tíma sem skipið eða báturinn er á sjó. Ég held að það sé full ástæða til að skoða einhverja slíka hluti í því skyni að reyna að koma í veg fyrir að jafnmikil óánægja verði með stjórnun á smábátunum og nú er með stjórnun á aflamarksbátunum stóru.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég taka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan þegar hann lagði til að fenginn yrði sagnfræðingur eða einhver góður nemandi í háskólanum til þess að rannsaka hvernig þetta kerfi hefur breyst í gegnum tíðina. En ég er voðalega hræddur um, virðulegi forseti, að einum manni yrði það meira en ævistarf að upplýsa, rannsaka og skýra þær breytingar sem orðið hafa á stjórnkerfi smábáta.

[15:52]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil með öfráum orðum fagna því frv. sem hér liggur fyrir sem ég held að sé mjög mikilvægt til að tryggja stöðu þessa bátaflota sem gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í atvinnusköpun víða um landið og ekki síst á vestanverðu landinu í heild, m.a. á Vestfjörðum. Það hefur þróast þannig á undanförnum missirum eftir að nýtt fiskveiðistjórnarkerfi fyrir smábáta leit dagsins ljós að vegna aðstæðna þar hafa þessir bátar verið að safnast þangað þar sem segja má að sóknarmöguleikar þeirra séu betri og nálægðin við miðin fer virkilega að skipta máli. Það er enginn vafi á því að þetta kerfi hefur á vissan hátt verið að festa sig í sessi.

Ég held að það sé ekkert óeðlilegt og alls ekki til þess að hafa um það sérstök orð þó við komum nokkrum sinnum að því að þróa þetta kerfi einhvern veginn. Reynslan færir okkur heim sanninn um að oft og tíðum þarf að taka hluti til endurskoðunar og það er ekkert óeðlilegt að við endurskoðum svo flókna lagasetningu sem lög um stjórn fiskveiða eru sem taka til smábáta. Þar er um að ræða mjög margvíslega hagsmuni og margvísleg álitamál og ég tel að það sé fráleitt

að stilla málinu þannig upp að hér sé um að ræða einhvern sérkennilegan flöt þó við komum að því oftar en einu sinni að endurskoða þennan veigamikla þátt.

Ég vek athygli á því að við höfum haft við lýði almenn lög um stjórn fiskveiða sem voru sett á árinu 1983 en tóku gildi árið 1984. Ég veit ekki hversu oft frv. hafa litið dagsins ljós sem hafa tekið til þess. Það er einfaldlega svo nú að um það kerfi er bullandi ágreiningur og við munum sjá á þessu þingi og næstu þingum frv. sem lúta að breytingum á gildandi fiskveiðistjórnarlögum vegna þess einfaldlega að hér er um að ræða mjög flókið mál og mikið álitamál svo það er ekkert óeðlilegt við að menn taki til við að endurskoða þessa lagasetningu eins og aðrar lagasetningar í landinu. Ég held að það sé bara til bóta að menn skoði þessi mál sem oftast til að reyna að finna þá leið sem vænlegust er og menn geta orðið sáttir um.

Virðulegi forseti. Athyglisverðast í þessari umræðu um fiskveiðistjórn smábáta er einmitt sú staðreynd að við erum komin langan veg frá þeim mikla ágreiningi sem uppi var í þjóðfélaginu um þetta fiskveiðistjórnarkerfi og við sáum birtast við endurskoðunina á síðasta kjörtímabili og eins í upphafi þessa kjörtímabils þar sem í ljós kom bæði mikil andstaða hjá eigendum smábátanna og eins meðal útvegsmanna sem töldu að hér væri um að ræða atlögu að fiskveiðistjórnarkerfinu í heild. Ég tel rétt að vekja athygli á því að á sínum tíma lýsti formaður Landssambands ísl. útvegsmanna því yfir að hann hugleiddi að hann og hans samtök snerust gegn núverandi fiskveiðistjórnarkerfi vegna þeirra róttæku breytinga sem gerðar voru á sínum tíma með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem tóku sérstaklega til málefna smábáta.

Nú er hins vegar ljóst að miklu meiri sátt er um það fyrirkomulag sem hefur tekist að þróa og miklu meiri sátt um þær breytingar sem hér er verið að leggja til þó að auðvitað sýnist að einhverju leyti sitt hverjum. Þó er engu að síður staðreynd að mun meiri sátt er um þetta mál núna en var fyrir nokkrum árum. Og það er út af fyrir sig býsna mikill árangur.

Ég held að þegar við skoðum af sanngirni þetta kerfi sem byggir á þorskaflahámarkinu, þá sé ljóst að það hefur í meginatriðum reynst mjög vel. Það hefur skapað nýja möguleika fyrir útgerðarmenn smábáta og sjómenn þeirra. En það sem ég held að skipti kannski mestu máli er að þetta kerfi hefur verið mjög mikilvæg vörn, nauðvörn skulum við segja, fyrir þær byggðir sem hafa verið að missa kvóta, tapa aflamarki. Fyrir nokkrum árum stóðum við ráðþrota frammi fyrir þeim mikla vanda — og erum að sjálfsögðu ekki búnir að leysa hann — sem skapaðist í ýmsum sjávarplássum þegar þau voru að missa kvóta sinn. Menn höfðu í sjálfu sér ekki mikla möguleika til að bregðast við þessu. Þá var bent á að jafnvel þótt til þess kæmi, sem nú er að gerast, að þorskveiðiheimildirnar mundu aukast, þá mundi það ekki gagnast þeim byggðum sem hefðu misst sinn kvóta. Með þeim breytingum sem síðast voru gerðar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem ákveðið var að tengja afla smábátanna við tiltekið hlutfall í þorskinum, 13,9%, var hins vegar búið að búa til aðferð sem tryggði það að þessi hluti bátaflotans, útgerðarinnar, nyti væntanlegrar aukningar í þorskveiðiheimildum á næstu árum, gagnstætt því sem hafði verið í gildandi lögum og var auðvitað mikil björgun og aðstoð við þau byggðarlög sem byggja orðið gríðarlega mikið á útgerð smábáta.

Það hefur líka verið að koma í ljós að þetta hefur skilað miklum afla inn á þau svæði þar sem þessi bátaútgerð hefur verið að þróast. Ég vek athygli á því sem dæmi að þegar við skoðum afla sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárið 1995–1996 annars vegar og 1996–1997 hins vegar þá kemur í ljós að þorskafli sem landað var á Vestfjörðum á þessum tíma jókst um heil 5.000 tonn hjá krókaleyfisbátum, um heil 5.000 tonn. Hann fór úr 8.400 tonnum í 13.400 tonn á sama tíma og þorskur sem landað var af aflamarksbátum, kvótabátum, dróst saman úr rúmlega 17.900 tonnum í 15.200 tonn. Þannig að þessi landshluti sem hefur lent í miklum erfiðleikum vegna minnkandi þorskveiðiheimilda gat að nokkru leyti bætt upp hjá sér þetta mikla tap. Við sjáum því að þetta hefur skilað býsna miklu, ekki bara fyrir einstakar útgerðir, ekki bara fyrir einstaka sjómenn, heldur sérstaklega fyrir þau landsvæði og ýmis þau byggðarlög sem hafa orðið verst úti í hinum harða heimi kvótakerfisins. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt að við reynum að verja þetta kerfi eins og við teljum skynsamlegast og gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja stöðu þessa kerfis.

Það var ljóst eins og fram kom að kominn var upp mikill vandi hjá þeim bátum sem höfðu valið sér dagakerfi. Hér er verið að opna fyrir að þeir geti á eðlilegan hátt fengið að velja upp á nýtt, kannski í ljósi þeirrar góðu reynslu sem hefur fengist á þorskaflahámarkskerfinu sem hefur sýnt okkur að ýmsir þessara báta geta lifað af við mun lægra þorskaflahámark en menn töldu í upphafi. Það hefur komið á daginn t.d. á Vestfjörðum að vegna aðstæðna þar hafa menn getað lifað af við mun minna þorskaflahámark en menn töldu í upphafi.

Umræðan um þennan svokallaða Byggðastofnunarpott hefur aðeins komið til tals. Ég verð að játa að ég hef verið mikill talsmaður þess kerfis og tel það ágætiskerfi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það gafst vel t.d. á stöðum eins og Súgandafirði og á Tálknafirði. Ég var þess vegna dálítið hikandi þegar menn voru að ræða það að færa þennan pott algjörlega inn í aflakvótakerfið til minni bátanna sem hafa verið að fiska í kvóta. Ég tel hins vegar að hér hafi fengist viðunandi niðurstaða. Þessum heimildum er að hluta til úthlutað til báta sem sannarlega hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum. En í öðru lagi er líka verið að tryggja stöðu þeirra báta á þorskaflahámarki í byggðarlögum sem hafa orðið fyrir mikilli skerðingu. Við skulum ekki gleyma því að hugsunin á bak við þessa úthlutun var ekki sú að bæta upp einstökum útgerðum heldur fyrst og fremst sú að styrkja þær byggðir sem höfðu orðið fyrir mestum skakkaföllum vegna minnkandi úthlutunar á þorskkvótum til smábáta. Það voru skilgreindar byggðir og auðvelt er að sýna fram á það með rökum að þetta skilaði þessum byggðarlögum verulegri aflaaukningu. Ég get tekið sem dæmi sjómenn á Súgandafirði sem fengu þarna 10–12 tonn á vori og gátu nýtt þau til að róa fyrir ýsu sem hefur fiskast ágætlega undanfarin tvö ár á Súgandafirði sem sést best á því að Súgfirðingar hafa verið að landa, ef ég man rétt, 400 tonnum af ýsu á hvoru fiskveiðiárinu 1995/1996 og 1996/1997. Það var auðvitað ómetanlegt fyrir þá að hafa þorskinn með því eins og við vitum þá þarf þorsk sem meðafla til að tryggja möguleikann á að sækja í ýsuna. Ég held því að þetta kerfi hafi komið sér mjög vel fyrir þennan hluta bátaflotans. Með því sem nú er verið að gera verður þorskaflahámarksgrunnurinn sem þeir fá hækkaður sem þessu nemur. Það skilar sér vonandi enn þá betur þegar þorskaflaheimildirnar aukast sem allir sjá að muni gerast í ljósi þeirrar miklu aflaaukningar á hverja

sóknareiningu sem hefur orðið á þessu fiskveiðiári og hefur komið mjög greinilega fram í grunnslóðarfiskinum.

Virðulegi forseti. Þetta voru svona almennar hugleiðingar út af þessu frv. Ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilvæga niðurstöðu sem muni treysta betur en áður útgerðarflokk þennan, smábátaútgerðina sem er orðin svo mikilvæg fyrir byggðir landsins. Þess vegna held ég að út af fyrir sig sé fagnaðarefni að þetta frv. er komið fram og treysti því að það fái farsæla og góða niðurstöðu í þinginu. Það er ljóst að eftir því sem líður á þetta fiskveiðiár verður óvissan meiri. Þess vegna er það rétt sem hefur komið fram að það er mikilvægt að þetta mál fái hraða og góða meðferð í sjútvn. þingsins.

[16:03]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Einars Kr. Guðfinnssonar að hann fagnaði mjög frv. En í gegnum tíðina hefur andstaða við kvótakerfið með öllum göllum þess, braski o.s.frv., helst komið frá Vestfjörðum. En hitt er alveg ljóst að hér er verið að reyna að tryggja það að sem flestir krókabátar séu í kvótakerfi smábátanna. Ég held að það væri eðlilegt að hv. þm. gerðu þá a.m.k. þingi og þjóð grein fyrir því hvort þeir séu fallnir frá þeirri skoðun sinni að kvótakerfið sé ekki fyrir byggðirnar eða bátana heldur hitt að *þeir séu gengnir í björg með hæstv. sjútvrh. og fallnir frá* þeirri andstöðu sem þeir hafa sýnt kvótakerfinu í gegnum tíðina. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram því að hv. þm. fagnaði mjög fram komnu frv. sem hefur það skýrt að markmiði að tryggja og festa í sessi kvótakerfi smábátanna.

[16:04]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mínar skoðanir á stjórn fiskveiða hafa í sjálfu sér ekki verið að breytast neitt og ég held að það sé mikill útúrsnúningur hjá hv. þm. að halda því fram að hér sé verið að festa í sessi kvótakerfi fyrir smábáta. Þvert á móti er um að ræða kerfi sem felur í sér mikla möguleika á frjálsri sókn. Það sem hefur fyrst og fremst verið gildi þessa kerfis er sú staðreynd að möguleikar manna til þess að njóta nálægðarinnar við miðin hafa verið að festast í sessi.

Út af fyrir sig er það rétt að þarna er verið að setja upp þak á afla í einni tegund, þ.e. þorskinum. Það er sú aðferð sem menn hafa oft og tíðum hugsað sér sem lausn í ýmsum fiskveiðistjórnarkerfum. Það breytir hins vegar ekki að því þetta kerfi gerir það að verkum að þær útgerðir sem eru næst miðunum, alveg eins og smábátaútgerðin er t.d. á Vestfjörðum, nýtur þess í auknum afla eins og ég rakti áðan. Það er auðvitað megingildi þessa fiskveiðistjórnarkerfis fyrir smábátana. Þetta er vissulega sóknartengt kerfi þó það feli í sér þorskaflahámark. Þetta er sóknartengt kerfi sem skilað hefur gríðarlegri aflaaukningu fyrir smábátana og hefur nýst sérstaklega vel þeim byggðarlögum sem hafa staðið lakast en eru hins vegar nærri gjöfulum miðum og við höfum séð það gerast í kerfinu síðan það var sett á laggirnar. Staða þessara báta hefur fyrst og fremst verið að styrkjast á þeim stöðum sem liggja best við gjöfulum þorskveiðimiðum og gjöfulum miðum að öðru leyti. Það hefur kannski skapað forskot ýmissa byggðarlaga, þ.e. hvort þau hafa haft möguleika á því að sækja í aðrar fisktegundir. Við höfum séð það gerast á vestanverðu landinu að vegna nálægðarinnar við steinbítsmið og ýsumið á sumrin, hafa þessi byggðarlög hafa verið að rétta úr kútnum að þessu leyti.

[16:07]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er það einmitt kjarni málsins sem hv. þm. kom að hér að lokum. Það er nefnilega engin trygging fyrir því að þær byggðir sem næst eru miðunum njóti þess. Þegar búið er að innleiða inn í þetta kerfi að það sé hægt að selja varanlega aflaheimildirnar, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, og eins hægt að leigja þær brott. Í þeim efnum er því ekki öruggt að viðkomandi aflaheimildir verði áfram eins og hingað til hjá þeim byggðarlögum sem næst eru miðunum hverju sinni. Það er aldeilis ekki og kannski er það þess vegna að ég undrast mjög hve ánægður hv. þm. er með það frv. sem hér liggur fyrir.

[16:08]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að hv. þm. hefur áttað sig á því að ekkert er öruggt undir sólinni og það ætti kannski ekki að koma á óvart, a.m.k. ekki öðrum hv. þm. Fiskveiðistjórn hlýtur eða á a.m.k. að hafa það að markmiði að treysta að þær byggðir sem eru nálægt gjöfulum fiskimiðum geti notið þeirrar nálægðar. Það, virðulegi forseti, tel ég vera höfuðkost þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við höfum verið að innleiða í smábátahópinn, að skapa slíkt forskot fyrir þessar byggðir. Það er ómótmælanlegt vegna þess að það er stutt tölum. Tölurnar sem ég rakti áðan um það hvernig staðir á vestanverðu landinu hafa verið að rétta úr kútnum vegna þess að þeir hafi getað notað þetta forskot sem nálægðin við miðin færir þeim, sýna okkur að þetta kerfi gefur miklu fleiri sóknarfæri en aflamarkskerfi með framseljanlegum aflakvótum. Hið hefðbundna aflamarkskerfi þar sem nánast hver einasti tittur er settur í kvóta hefur gert það að verkum að þessar byggðir standa núna höllum fæti. Þess vegna, virðulegi forseti, er það þannig að þó menn geti deilt um það hvað menn vilja kalla þetta kerfi, þá er það algert aukaatriði. Aðalatriðið er það að þetta kerfi býr til ný verðmæti á stöðum þar sem menn voru að tapa möguleikunum til þess að geta sótt sjóinn.

[16:09]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór hér nokkrum orðum um Byggðastofnunarpottinn svokallaða og minnti á að í fyrsta lagi væri úthlutun úr honum sennilega á skjön við laganna hljóðan og í öðru lagi að þessi pottur hefði ekki nýst, þessi kvóti ekki verið nýttur nema að litlum hluta. Hv. þm. Einar Guðfinnsson var þessu ekki sammála í ræðu sinni og taldi að Byggðastofnunarpotturinn hefði gefist vel eins og hann orðaði það. En ég get ekki séð hvernig hann fær þá niðurstöðu meðan fyrir liggur að um það bil 70% af þessari úthlutun, þessum kvóta, voru óveidd í lok fiskveiðiársins. Stærstur hluti þessarar úthlutunar lenti á Vestfjörðum og það kom fram í máli hv. þm. að þorskafli sem landað var úr smábátum hefði aukist um 5.000 tonn á Vestfjörðum á fiskveiðiárinu. Það finnst mér enn ýta undir tilgangsleysi Byggðastofnunarúthlutunarinnar.

[16:10]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalatriðið varðandi þessa úthlutun Byggðastofnunar er hvort eitthvað af þessari úthlutun hafi fallið dautt niður. Mér er ekki kunnugt um að nokkurt einasta tonn hafi fallið niður. Menn höfðu geymslurétt í þessu kerfi eins og í aflamarkskerfinu og gátu þess vegna nýtt sér það

þegar að úthlutun kom og töluvert var liðið á fiskveiðiárið að eiga þarna viðbótarheimildir sem hafa síðan nýst.

Mér er ekki kunnugt um að neitt af þessu hafi fallið niður. Þetta hefur nýst mönnum fullkomlega og alveg prýðilega. Ef ég tek dæmi af svæði þar sem ég þekki mjög vel til, þá var það þannig að þegar töluvert var farið að líða á árið stóðu menn frammi fyrir því að höggva mjög mikið í þorskaflahámarkið sitt. Þá drógu menn úr sókninni, reyndu að beina henni yfir í aðrar tegundir og sem betur fer tókst það mjög vel sumarið 1996. Þannig gátu menn farið miklu sparlegar með þorskaflahámarkið sitt og áttu þess vegna þorskaflahámark til góða þegar nýtt fiskveiðiár hófst, en því lauk núna fyrir rúmum tveimur mánuðum. Því get ég ekki verið sammála hv. þm. um að þetta út af fyrir sig sýni fánýti þessa Byggðastofnunarpotts sem kenndur er við bæinn Seljavelli heldur tel ég að þetta hafi skilað ýmsum byggðarlögum verulega mikilli aflaaukningu. Eins og ég sagði áðan er það einkanlega vegna þess að sum þessara byggðarlaga eru svo vel sett að þaðan er hægt að sækja í aðrar tegundir og það hafa menn gert af miklum dugnaði og útsjónarsemi. Því er mikilvægt að árétta að hvert einasta tonn sem kom inn í þessi byggðarlög, hart leikin af kvótaniðurskurði og kvótamissi, var mjög þýðingarmikið.

[16:13]

**Útbýting þingskjala:**

Einkahlutafélög, 148. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 396.

Hlutafélög, 147. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 395.

Virðisaukaskattur, 98. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 393; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 394.

[16:13]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Þá er komið að því að skrifa nýjan kafla í sögunni um smábátaútgerð á Íslandi. Þegar síðasti kafli var skrifaður vorið 1996 var mikil umræða um þær leiðir sem þá var tekist á um og síðan urðu að lögum og ýmsir vöruðu við því að þær leiðir mundu ekki skila mönnum í þá átt sem ætlað væri. Við afgreiðslu þeirra laga var einnig tekið skýrt fram af hæstv. sjútvrh. og fleirum að frekari breytingar yrðu ekki gerðar á þessum lögum. En hver hefur síðan reynslan verið af þeim lögum sem voru sett á síðasta ári? Hún hefur verið sú að það sem menn vöruðu við við setningu laganna hefur nokkurn veginn gengið eftir. Veiðin í sóknardagakerfinu hefur orðið mun meiri heldur en heimilt hefur verið og þar er fyrst og fremst um að kenna, kannski er ekki rétt að orða það þannig, en orsökin er fyrst og fremst sú línuveiði sem á sér stað í þessum bátaflokki. Þessi mikli afli hefur síðan valdið því að róðrardögum verður fækkað en nú er hins vegar verið að bregðast við því með því að fjölga þeim umfram það sem lögin gerðu ráð fyrir.

Þegar fjallað er um afla einstakra báta er rétt að skoða það sem fram kemur í grg. með frv. að í þessum sóknardagakerfum, þ.e. annars vegar handfærakerfinu og hins vegar línu- og handfærakerfinu, er gert ráð fyrir 5 þúsund tonnum af þorski. Til samanburðar má geta þess, eins og fram kemur í grg. frv., að meðaltal aflahámarksbáta eða meðalafli þeirra er 63 tonn. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu kemur m.a. fram að 57 bátar sem stunduðu veiðar í línu- og handfærakerfinu fiskuðu meira en 80 lestir af þorski sem segir þá sögu hvað um mikinn afla er að ræða í þessu kerfi þar sem línuveiðar eru annars vegar. Ég held að ég fari rétt með að dæmi eru um einstaka báta sem hafa fiskað um eða yfir 200 lestir af þorski á síðasta fiskveiðiári. Þetta sýnir fram á það hversu ómarkviss sú veiðistýring er og hvers konar mismunun á sér þar stað. Ef við skoðum síðan hvernig reynslan hefur orðið í því aflahámarkskerfi sem tekið var upp á sl. ári, þá tel ég af samtölum við smábátaútgerðarmenn, að sú reynsla hafi orðið nokkuð góð og menn séu tiltölulega sáttir við það fyrirkomulag sem þar gildir.

Frv. sem hér er til umræðu byggir á svonefndu samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda. Ég held að í ljósi reynslunnar beri að fara varlega með þetta orð, samkomulag, vegna þess að reynslan sýnir að ekki líður langur tími frá því að slíkt samkomulag er gert þar til menn hefjast aftur handa við frekari breytingar. Ég tel að svo muni einnig verða að þessu sinni þannig að óvissan mun halda áfram í þessu efni. Í frv. er fyrst og fremst um að ræða nokkur atriði. Þau eru að útgerðarmenn geta valið upp á nýtt og gert ráð fyrir fjölgun sóknardaga frá því sem ætti að verða samkvæmt gildandi lögum. Síðan er tekin upp sú nýjung sem felst í því að þeir útgerðarmenn sem gera út samkvæmt aflahámarki geta farið að leigja frá sér aflaheimildir. Loks er sú breyting, sem hér hefur verið rædd um 500 tonna aflaheimildirnar, sem Byggðastofnun hefur úthlutað. Þetta eru helstu atriði sem koma fram í frv.

Þegar þetta frv. kom til umræðu í þingflokki Framsfl. þá lýsti ég þar ákveðnum fyrirvörum við frv. Fyrst og fremst felast þeir fyrirvarar í því að ég tel að hér sé ekki um neina lausn að ræða í þessum málum. Hagur þeirra báta sem áfram munu gera út samkvæmt sóknardögum mun ekki batna við þetta og ég tel að ekki verði langt þangað til við þurfum að fjalla um þeirra mál upp á nýtt. Ég tel því að ekki sé um að ræða lausn fyrir þann flokk sem þar fellur undir.

Áfram er gert ráð fyrir því að einstakir bátar geti stundað línuveiðar samkvæmt sóknardögum. Samkvæmt reynslunni held ég að bóka megi að þeir bátar munu fiska töluvert langt umfram það sem þeim er ætlað samkvæmt úthlutuðum heimildum og ég held að það sé hlutur sem eigi að koma í veg fyrir.

Það hefur komið fram í samtölum við útgerðarmenn, sem hafa gert út samkvæmt aflahámarkskerfinu, að þeir eru misjafnlega sáttir við þetta, telja jafnvel aftan að sér komið miðað við það sem gerðist á síðasta ári og vitna gjarnan til þess að þeir bátar sem hafa fiskað samkvæmt sóknardögum hafa aflað miklum mun meira en þeim var ætlað. Einnig lýsa þessir aðilar ótta sínum gagnvart því að þeir bátar sem færast yfir í aflahámark munu ganga á hlutdeild þeirra sem fyrir eru í þeim potti. Ég held að mjög mikilvægt sé að skýra það nákvæmlega hvernig þetta mun koma út til þess að eyða væntanlega þeim ótta sem þarna kemur fram og mjög mikilvægt er að hæstv. sjútvrh. komi nákvæmar inn á það.

Síðan er ákveðið um framsal á 30% aflaheimilda í aflahámarkinu. Ég held að það sé ekki í samræmi við það sem lagt var upp með í fyrra og ég vil taka undir þau orð sem hér hafa komið fram varðandi það atriði. Ég hef miklar efasemdir um að rétt sé að opna fyrir þetta.

Ef ég vík að þeim 500 tonnum af þorski sem Byggðastofnun hefur úthlutað, þá er ég þeirrar skoðunar að í því efni hefði frekar átt að líta til þess bátaflokks, sem við gjarnan nefnum gleymda flotann, þ.e. minnstu aflamarksbátanna sem hafa farið verulega illa út úr þróun mála síðustu árin og er sá bátaflokkur sem þarf líklega einna helst á lagfæringum að halda. Ég tel að fyrst farið var að hreyfa við þessum 500

tonna potti Byggðastofnunar, þá hefði kannski átt að líta fremur til þessa svonefnda gleymda flota í því tilefni.

Herra forseti. Það er auðvelt að gagnrýna það sem fram kemur. Menn verða auðvitað að koma með einhverjar tillögur á móti og ég vil leyfa mér að koma því hér á framfæri að ég hef verið þeirrar skoðunar að sóknardagafyrirkomulagið er eitthvað sem ég tel að sé ekki það sem við eigum að búa við. Hins vegar held ég að ganga ætti þá leið að bjóða mönnum upp á að stunda handfæraveiðar, svonefnt skak sem við þekkjum svo vel úr mæltu máli, og þær veiðar væru eins frjálsar og mögulegt væri, þó með t.d. tímatakmörkunum eftir árstímum. Þannig höldum við þá hefð sem hér hefur ríkt áratugum og öldum saman, að viðhalda handfæraveiðum, skakinu. Þeir sem hins vegar kjósa að stunda línuveiðar og ekki vilja una þeim skilmálum sem gilda um handfæraveiðar féllu undir aflahámarkið. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að reynslan hafi verið orðin nokkuð góð af því fyrirkomulagi og útgerðarmenn hafi verið nokkuð ánægðir með það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um frv. Við höfum að sjálfsögðu ýmsar skoðanir á þessum málum. Þetta eru þannig málefni, grundvallarmál, að eðlilegt er að mjög skiptar skoðanir séu um þau mál. Ég held hins vegar að löngu sé orðið tímabært að koma hreinum línum í málefni smábátaútgerðarinnar. Því miður, eins og ég sagði í upphafinu, þá tel ég þetta frv. ekki hníga að því þannig að hluti útgerðarmanna smábátaútgerðarinnar mun lifa áfram í óvissu og ákveðnum hringlandahætti með þau mál en ég vona hins vegar að okkur takist sem allra fyrst að koma hreinum línum í þetta málefni.

[16:23]

**Útbýting þingskjals:**

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 407.

[16:23]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og jákvæðar undirtektir margra hv. þingmanna undir meginefni frv. og vilja til að afgreiða málið skjótt fyrir jólaleyfi. Eins og fram hefur komið í umræðunni skiptir það mjög miklu máli að Alþingi geti tekið afstöðu til frv. á þessum tíma þannig að efnisákvæði þess komi að notum þegar á þessu fiskveiðiári.

Frv. byggir á því samkomulagi sem varð milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda í fyrra og þeirri löggjöf sem sett var á grundvelli þess. Hér er fyrst og fremst verið að laga aðstæður ákveðinna hópa innan smábátakerfisins að þeim heildarramma sem þá var ákveðinn. Menn spyrja vissulega sem svo: Getur þessi vandi ekki komið upp aftur? Koma menn ekki aftur og enn á ný með breytingar af þessu tagi? Í því sambandi ætla ég aðeins að minna á að ég sé ekki að menn hafi það svigrúm sem menn hafa hér að gefa mönnum aftur kost á endurvali og ég sé ekki að föng séu á því í þriðja sinn að gefa mönnum kost á úreldingartilboðum. Ég held því að menn verði að reikna með að hér sé verið að slá utan um þá þróun sem mörkuð var með löggjöfinni í fyrra en mjög eðlilegt í því samstarfi sem tekist hefur við Landssamband smábátaeigenda að auðvelda aðlögun ákveðinna hópa að þeim ramma sem þar var ákveðinn.

Það er vissulega svo að við höfum aukið mjög svigrúm smábátaflotans við veiðar hér við land og heimildir hans hafa stóraukist, um 40% bara á tveimur síðustu fiskveiðiárum. Ef við horfum til Noregs samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið þaðan, þá eru menn þar að tala um 4.500 báta sem hafa leyfi til að veiða 40 þúsund lestir úr 600–700 þúsund lesta stofni þegar við erum að tala um 30 þúsund lestir fyrir 850 báta úr rúmlega 200 þúsund lesta veiði. Þær ákvarðanir sem við höfum tekið í þessu efni sýnast því vera miklu rýmri heldur en til að mynda Norðmenn hafa gert að þessu leyti.

Auðvitað er það rétt sem hér hefur komið fram að fyrirsjáanlegt var að þeir sem veldu róðrardagakerfið mundu lenda í erfiðleikum og á það var rækilega bent og því vakti það nokkra undrun að fleiri skyldu ekki hafa valið þorskaflahámarkið. Ég hygg að flestir sem vinna í greininni á þeim grundvelli séu tiltölulega ánægðir og sáttir við þá skipan og þess vegna er það mat manna að mun fleiri muni nú velja þorskaflahámarkið, enda gefur það mönnum aukið frelsi til þess að stýra sjálfir sínum eigin veiðum. Ákvarðanirnar sem verið er að taka um framsal byggjast á samþykktum Landssambands smábáteigenda og samkomulagi við þá. Það er verið að opna fyrir varanlegt framsal og takmarkað leiguframsal, eins og fram kemur í frv. Þetta eru mjög mikilvægir þættir til að gefa mönnum svigrúm til að leysa innbyrðis vanda í kerfinu og örugglega mikilvæg forsenda fyrir þá sem hafa áhuga á því að fara úr róðrardagakerfinu yfir í þorskaflahámarkskerfið þannig að það geti gengið greiðlega fyrir sig. Þess vegna þótti okkur eðlilegt að taka tillit til þeirra óska sem fram komu frá smábátaeigendum.

Vegna þeirra spurninga sem hafa komið fram frá hv. 6. þm. Suðurl. og hv. 3. þm. Vesturl. er rétt að vekja athygli á því að ákvæði frv. sem gera ráð fyrir endurvali úr róðrardagakerfinu yfir í þorskaflahámarkið koma fram í ákvæði til bráðabirgða. Það efnisatriði, sem verið er að fjalla um í d-lið 1. gr., lýtur ekki að endurvalinu, það lýtur að heimildum til þess að breyta endurnýjunarreglunum. Það hafa verið alveg fastar girðingar á milli þessara tveggja kerfa. Eftir þessa breytingu geta menn endurnýjað bát í þorskaflahámarkinu með báti úr róðrardagakerfinu. Þar eru margir bátar sem eru tiltölulega nýrri og um margt betri en fjölmargir bátar í þorskaflahámarkskerfinu og með þessu móti sýnist okkur að hægt sé að rýmka fyrir endurnýjun báta í þorskaflahámarkinu og greiða fyrir hagræðingu innan róðrardagakerfisins. Hér er sem sagt ekki um að ræða efnisatriði sem lúta að flutningi á milli kerfanna heldur einvörðungu spurning um að breyta endurnýjunarreglunum. Þess vegna hefur þetta ákvæði í d-lið 1. gr. engin áhrif á veiðirétt manna heldur er einvörðungu verið að fjalla um endurnýjunarreglur.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá vikið að flestum þeim atriðum sem hafa komið fram í umræðunni og ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þingmanna sem tekið hafa þátt í henni í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:30]

[17:02]

**Útbýting þingskjala:**

Bifreiðahlunnindi hreyfihamlaðra, 320. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 404.

Dánarbætur almannatrygginga, 319. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 403.

Fullgilding samþykktar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 317. mál, fsp. RG, þskj. 401.

Hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga, 315. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 399.

Kjör starfsmanna Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs, 318. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 402.

Laxveiðiferðir stjórnenda bankanna, 316. mál, fsp. JóhS, þskj. 400.

Lögbundin skólaganga barna og unglinga, 322. mál, fsp. ÖJ, þskj. 406.

Vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega, 314. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 398.

Virðisaukaskattur af barnafatnaði, 321. mál, fsp. GHall, þskj. 405.

Þróun lyfjaverðs, 313. mál, fsp. GÁS, þskj. 397.

## *Skipting afnotaréttar nytjastofna á Íslandsmiðum, fyrri umr.*

Þáltill. PHB, 254. mál. — Þskj. 299.

[17:04]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að skipta árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landsins. Enn fremur verði kannaðir kostir og gallar annarra mögulegra leiða sem tryggja varanlegt eignarhald þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Forsætisráðherra hafi forgöngu um að gera þessa könnun og henni verði lokið í mars 1998."

Herra forseti. Ég vil eindregið benda á að hér er lagt til að kannaðir verði kostir og gallar þessarar hugmyndar eða annarra betri, ekkert annað, kostir og gallar.

Öll umræða um auðlindagjald og veiðileyfagjald er mjög loðin. Út og suður ræða menn um ýmsar tegundir af veiðileyfagjaldi eða auðlindagjaldi. Oftast nær skal það renna til ríkisins. Hér er í fyrsta sinn að mínu mati, lögð fram vel útfærð tillaga sem ekki byggir á skattlagningu. Ég undirstrika að hér er ekki um skatt að ræða. — Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. sjútvrh. gæti verið viðstaddur.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess.)

Herra forseti. Í stjórnmálayfirlýsingu síðasta landsfundar Sjálfstfl. segir svo, með leyfi forseta:

„Þar skal það öðru fremur haft að leiðarljósi að stjórnvöld eiga einungis að tryggja stöðugt umhverfi og gott athafnarými atvinnulífs og einkaframtaks, en ekki að hlutast með öðrum hætti til um starfsemi á frjálsum markaði."

Varðandi veiðar í fiskveiðilögsögunni þá brýtur nauðsyn lög. Það er nauðsynlegt að ríkisvaldið setji reglur en það á ekki að gera meira. Samkvæmt þessari ályktun landsfundarins á ríkisvaldið að vera eins fyrirferðarlítið og hægt er. Því get ég ekki fallist á að á auðlindina verði lagður skattur sem renni til ríkisvaldsins.

Hér er aftur á móti lögð fram tillaga um að þessi eign eða greiðsla fyrir veiðiheimildir renni til íbúa landsins, þ.e. til einstaklinga. Það er í samræmi við stefnu flokksins.

Enn fremur segir í stjórnmálayfirlýsingu landsfundar Sjálfstfl.:

„Í stefnu Sjálfstfl. í efnahags- og atvinnumálum er frelsi til athafna og framtak einstaklinga lagt til grundvallar. Kappkostað er að efla markaðsbúskap og nýta kosti samkeppninnar enda er það vísasta leiðin til að tryggja grósku og aukna velmegun." Frelsi til athafna og framtak einstaklingsins er ekki tryggt með núv. eignarhaldi á veiðiheimildum. Hvorki er um markaðsbúskap né samkeppni að ræða þar sem nýir aðilar geta ekki komið inn í kerfið þar sem það kostar 76 þús. kr. að fá leyfi til að veiða eitt tonn af þorski. Það kostar um 750 þús. kr. að fá að veiða eitt tonn af þorski varanlega. Þar af leiðandi er ekki um að ræða að hér ríki markaðsbúskapur eða samkeppni. Þannig er núverandi kerfi veiðistjórnunar ekki í samræmi við stjórnmálaályktun landsfundar Sjálfstfl.

Í ályktun síðasta landsfundar Sjálfstfl. um sjávarútvegsmál segir svo, með leyfi forseta:

„Sjósókn og fiskveiðar hafa verið helstu undirstöður batnandi lífskjara íslensku þjóðarinnar á þessari öld. Stefnan í sjávarútvegsmálum hlýtur því að hafa að höfuðmarkmiði að afkoma heimilanna í landinu verði sem best í bráð og lengd. Til þess þarf að tryggja eftir föngum að arðsemi fiskstofnanna verði sem mest og í þágu þjóðarinnar allrar, enda eru fiskstofnarnir í hafinu sameign hennar. Auðlindum sjávar þarf að skila óskemmdum til komandi kynslóða."

Þetta voru ályktanir landsfundar Sjálfstfl. sem marka þeim ágæta flokki stefnu.

Í upplýsingariti ríkisstjórnarinnar, Áfangar á réttri leið, segir svo með leyfi forseta:

„Meginmarkmið sjávarútvegsstefnunnar eru: Að tryggja og viðhalda hámarksafrakstri til handa íslensku þjóðinni af ábyrgri nýtingu allra auðlinda hafsins."

Svo mörg voru þau orð. Þetta markmið Sjálfstfl. og ríkisstjórnarinnar er ekki tryggt, herra forseti, með núverandi kerfi eignarhalds á þessari auðlind þjóðarinnar. Sama skoðun hefur komið fram hjá Markúsi Möller hagfræðingi. Ef veiðiheimildirnar eru einkaeign einstaklinga sem þeir geta ráðstafað að vild munu þjóðarhagsmunir eðlilega víkja fyrir hagsmunum þessara einstaklinga þegar þeir taka ákvarðanir.

Þetta höfum við séð gerast nýverið. Mikið magn af kvóta var selt frá Suðurnesjum til Akureyrar og stór hluti af aflaheimildum Vestfirðinga er kominn undir yfirstjórn fyrirtækis á Akureyri. Ekkert í núv. kerfi kemur í veg fyrir að yfirstjórn þessara veiðiheimilda færist hvert á land sem er, jafnvel til útlanda og þá að sjálfsögðu í hendur íslenskra fyrirtækja sem þar starfa alþjóðlega. Fólk mun stofna fyrirtæki sem uppfylla öll formskilyrði. Til þess eru lögfræðingar.

Ég hef ekki á móti því að íslensk fyrirtæki hasli sér völl erlendis, alls ekki. Ég tel það jafnvel af hinu góða. Þau mega bara ekki taka með sér auðlindina sem við höfum barist fyrir í mörgum landhelgisstríðum. Það er enginn munur á íslensku fyrirtæki sem starfar alþjóðlega og erlendu fyrirtæki sem starfar alþjóðlega. Þau láta sína eigin hagsmuni ganga fyrir hagsmunum t.d. íslensku þjóðarinnar. Það er eðlilegt.

Ef við ákveðum að halda áfram með núverandi kerfi á eignarhaldi þurfum við að gera það með opnum augum, sjáandi það sem fram fer, að fiskstofnarnir við strendur landsins eru ekki lengur auðlind þjóðarinnar. Spyrja má hvort auðlind þjóðar geti nokkurn tímann verið í eigu einstaklinga?

Herra forseti. Tillaga sú sem ég legg hér fram hefur verið kölluð kommúnistaplagg og ekki í heiðursskyni. Þó er hún eins langt frá því að vera kommúnismi og hægt er. Tillagan byggist á séreign einstaklinga og markaðsvæðingu sem sumt vinstra fólk mundi kalla brask. Hvernig getur það þá verið

séreign? Jú, ef maður ákveður að breyta íbúð sinni í próventusamning, þ.e. hann selur t.d. tryggingafélagi íbúðina og fær að búa í henni leigufrítt til æviloka og fær jafnframt lífeyri. Þetta er þekkt form. Þá breytir hann einni eign í aðra eign. Þannig er próventusamningurinn eign, nákvæmlega eins og íbúðin var áður. Þetta er séreign. Á sama hátt er hlutdeild Íslendinga í veiðiheimildum allra landsmanna. Hlutdeild hvers Íslendings í veiðiheimildinni er séreign einstaklingsins. Þannig að eignarhugtakið er algjörlega klárt. Hér er verið að tala um séreign einstaklinga.

Markaðsvæðingin fælist í því að hver íbúi landsins mundi reyna að selja sinn hlut hæsta verði. Þannig að allir Íslendingar tækju þátt í markaði um þessa hluti sem sumir kalla brask, aðallega vinstri menn. Þetta er alþýðukapítalismi. Þessi tillaga er því alþýðukapítalismi í samræmi við stefnu Margrétar Thatcher hinnar bresku og er þar af leiðandi í samræmi við stefnu margra í mínum flokki.

Í þessu sambandi vil ég vitna til prófessors Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar. Í bók sinni Hádegisverður er aldrei ókeypis segir hann svo á síðu 257, með leyfi forseta:

„Setjum svo, að olía finnist skyndilega fyrir ströndum landsins eða gull í Vatnajökli. Þá mætti vissulega stofna almenningshlutafélag, sem hlyti óskoraðan eignarrétt til olíunnar eða gullsins, og senda öllum íslenskum ríkisborgurum hlutabréf í þessu félagi í pósti."

Hann vitnar til breska hagfræðingsins Samúels Brittans sem hafi lagt til að þessi háttur verði hafður á um olíu þá sem „Bretar" eigi í Norðursjó. Hvaða Bretar? Ríkið eða fólkið? Ef breskur almenningur á olíuna þá er eðlilegt, finnst Brittan, að hann fái sjálfur að njóta afrakstursins. Hér er akkúrat þetta lagt til. Að íslenskur almenningur, einstaklingar, fái að njóta þessarar auðlindar sem skyndilega hefur orðið til.

Í ofangreindri bók prófessors Hannesar Hólmsteins segir enn fremur: „Móse veitti öllum gyðingum einmitt jafnan hlut í manna, því er féll af himnum ofan í eyðimerkurgöngunni forðum" og lýkur hér með tilvitnun í prófessor Hannes Hólmstein Gissurarson.

Þau verðmæti sem við erum að fjalla um, þ.e. verðmæti veiðiheimilda mynduðust skyndilega þegar aðgangur að auðlindinni var takmarkaður. Þá fyrst urðu til verðmæti, þá féll manna af himnum. Við erum því að fjalla um nákvæmlega það sama og prófessor Hannes gat um. Ef gull finnst skyndilega, ef einhver verðmæti finnast skyndilega, þá á að dreifa því til fólksins.

Herra forseti. Úthlutunin sem við erum að fjalla um var tilviljunarkennd og það truflar réttlætiskennd fólksins. Hæstv. sjútvrh. sagði svo á aðalfundi LÍÚ:

„Trúlega hafa ekki jafnfáir sjómenn, útvegsmenn, fiskverkafólk og fiskverkendur lagt jafnmikið af mörgum til jafnmargra á jafnskömmum tíma eins og eftir að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var innleitt."

Það var nefnilega það. Hvernig var svo auðlindinni útdeilt, hvernig var fjármununum útdeilt? Hvað fengu sjómenn, skipstjórar sem lögðu sitt af mörkum? Hvað fékk fiskverkafólkið? Nei, þeir útgerðarmenn sem af tilviljun gerðu út á þessum þremur árum, 1981–1983, fengu allan arðinn. Engan arð fengu þeir útgerðarmenn sem höfðu gert út áður og engan arð fengu þeir skipstjórar sem þó sóttu aflann. Í ræðu sinni sagði hæstv. sjútvrh. enn fremur á aðalfundi LÍÚ:

„Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að skattheimta af þessu tagi mundi fela í sér mestu fjármagnsflutninga af landsbyggðinni til Reykjavíkursvæðisins í sögu landsins." Þetta er hárrétt hjá hæstv. sjútvrh. Það er nefnilega þannig að sérhver aukning á skattheimtu eykur báknið í Reykjavík og skekkir stöðuna í byggð landsins. Ef lagður yrði skattur á auðlindina þá mundi þessi skattlagning skekkja jafnvægi í byggð landsins en hugmynd mín, sem gengur út á það að auka ekki báknið, mun ekki skekkja kerfið. Það er meira að segja þannig að mitt kerfi mun verða mikil markaðsvæðing og það mun lækka verðið á kvótanum sem kæmi landsbyggðinni til góða. Það má rökstyðja að þegar kerfið væri allt komið á eftir 20 ár og t.d. Grandi þyrfti að borga fullt verð fyrir allan fisk sem hann veiðir gætu þeir ekki borgað meira en 20–30 kr. á kg nema fara að skila tapi sem þeir háu herrar kæra sig ekki um. Útgerðin almennt mun því ekki borga meira fyrir kvótann en gefur að meðaltali í hagnað og miðað við núverandi ástand er það 20–30 kr. á kg. Þá gætu nýir menn byrjað úti á landsbyggðinni og keypt kvóta til þess að veiða. Þá eru þeir ekki í samkeppni við aðila sem hafa fengið kvótann gefins.

Herra forseti. Sumir hafa sagt: Þetta er sérviskulegt. Jú, skemmtileg tillaga en gersamlega óframkvæmanleg. Til þess að svara því vil ég lýsa kerfinu. Gert er ráð fyrir 20 ára aðlögun til þess að koma ekki í bakið á þeim útgerðarmönnum sem hafa nýverið keypt kvóta eða eru að rísa upp úr skuldum. Sumir hafa sagt að tíminn sé of langur en ég er ekki sammála.

Herra forseti. Ég get ekki farið nánar út í lýsinguna þar sem tíma mínum er lokið en ég mun fara á mælendaskrá aftur og ljúka ræðunni.

[17:19]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem er til umræðu fjallar um nefndarskipun, að kanna kosti og galla þess að úthluta árlegum afnotarétti milli allra íbúa landsins og hv. þm. Pétur H. Blöndal rakti áðan rökstuðning fyrir tillögunni. Hugmyndin er nátengd aðferðafræðinni og umræðunni um veiðileyfagjald vegna þess að þetta byggir á því ákvæði í lögum að fiskimið eru þjóðareign. Eins og hv. Alþingi er kunnugt höfum við jafnaðarmenn lagt fram tillögu um veiðileyfagjald sem felst í því að Alþingi lýsi því yfir að taka skuli upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Hugmyndin að baki er svipuð og kemur fram í tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndal, þ.e. sú staðreynd að fiskimiðin eru sameiginleg og óeðlilegt að beinn arður af þeim renni einungis til þess fámenna hóps sem fær afnotaréttinn árlega hverju sinni eins og núverandi kerfi byggir á. Það er almannavaldið sem skapaði skilyrði fyrir fiskveiðiarðinum. Fiskveiðiarður er hagnaður í sjávarútvegi við fiskveiðar og skapaði þessi skilyrði með því að úthluta útgerðarmönnum veiðiheimildir og takmarka aðgang að auðlindinni. Með þessu er einni stétt manna tryggð verðmæti sem þeir í gjafakvótakerfi ríkisstjórnarflokkanna fá afhent ókeypis. Aðrir sem vilja hefja útgerð verða að kaupa eða leigja veiðiheimildir af þessum útgerðarmönnum. Þetta er það sem málið snýst um og liggur ljóst fyrir að fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi kerfi. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á háu verði. Þessi viðskipti eru hins vegar öll án þess að almenningur fái nokkuð í sinn hlut vegna þess að veiðiheimildum er úthlutað án endurgjalds. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun að hafa þetta kerfi með þeim hætti sem hér er en í tillögu okkar jafnaðarmanna leggjum við til þrjár leiðir við útfærslu á veiðileyfagjaldi. Það er í fyrsta lagi að hægt er að leggja á árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Þetta er einfaldast í framkvæmd. Í öðru

lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði. Þetta hefur einkum verið nefnt síðustu vikurnar í tengslum við norsk-íslenska síldarstofninn en þessi aðferð gæti verið hentug þar. Í þriðja lagi er, eins og segir í tillögu okkar, hægt að dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna og leyfa þeim að versla með þær þannig að útgerðarmenn kaupa þær á markaði í líkingu við hlutafjármarkað til að þeir geti haldið til veiða.

Þetta er einmitt sú aðferð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal útfærir síðan nákvæmar í tillögu sinni þó svo tillagan sjálf gangi út á að skoða kosti og galla útfærslunnar. Benda má á að fleiri hafa lagt til þá útfærslu á að koma arðinum til þjóðarinnar sem er náttúrlega meginatriðið í hugmyndafræði okkar sem tölum fyrir veiðileyfagjaldi, þ.e. að koma arði af sameiginlegri auðlind á einfaldan hátt til þjóðarinnar. Gróska, sem eru ungliðasamgöng á vinstri væng, hafa lagt til að dreifa árlega 20% af veiðiheimildum meðal allra landsmanna þannig að á fimm árum rynni það allt til fólksins svipað og lagt er til í tillögunni þó að dreifingin verði öðruvísi.

Vegna þess að hv. flm. verður stundum tíðrætt um að veiðileyfagjald sé skattlagning tek ég sérstaklega fram að það er rangt. Við segjum í tillögu okkar að það eigi að leggja á veiðileyfagjald, þ.e. útgerðarmenn greiði veiðileyfagjald fyrir heimildirnar að fara til veiða. Þær tekjur fari síðan til að lækka aðra skatta einstaklinga. Þetta höfum við sagt skilmerkilega nógu oft þannig að hér er ekki um að ræða aukna skattlagningu á almenning, þvert á móti. Hér væri almenningur að nýta sér arð af auðlind sinni með því að greiða lægri skatta til samfélagsins. Vitaskuld má hugsa sér aðra útfærslu eins og að taka gjald fyrir veiðileyfi og nýta til að lækka erlendar skuldir þjóðarinnar, einmitt eins og Norðmenn gerðu með olíuhagnað sinn en þeir lögðu þar á auðlindagjald.

Vitaskuld er mikilvægt að menn hafi í huga að um er að ræða víðtæka hugmyndafræði sem tengist gjaldtöku á auðlindir og við viljum leggja á með nákvæmlega sambærilegum hætti gjald á aðrar auðlindir eins og rafmagn, vatnsorku og fleira. Það sem gerðist nú um helgina eru hins vegar tíðindi, að hin pólitíska andstaða Sjálfstfl., sem hefur verið í forsvari fyrir andstæðingum veiðileyfagjalds, er að bila í vörn sinni. Þeir eru farnir að leggja á flótta frá efni sínu og hafa ljáð máls á veiðileyfagjaldi þótt sú útfærsla sem forsrh. lagði til sé aldeilis fráleit, þ.e. að sjávarútvegurinn og útgerðarmenn greiði einungis 1 milljarð í þeim kostnaði sem orðinn er vegna sjávarútvegs. Hins vegar er um að ræða fyrstu viðurkenningu á réttmæti þessarar hugmyndar og það er mjög mikilvægt að fylgismenn veiðileyfagjalds reki nú flóttann en geri það á forsendum okkar stuðningsmanna veiðileyfagjalds en ekki á forsendum Sjálfstfl. og Framsfl. og LÍÚ.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að viðurkenning er að nást fram á þessu réttmæti að leggja á gjald fyrir sameiginlegar auðlindir en vitaskuld verður útfærslan að vera með þeim hætti að skynsemi sé í því að hinn raunverulegi arður renni til fólksins í landinu. Með vaxandi hagnaði í sjávarútvegi getur veiðileyfagjald tryggt að skattar á almenning í landinu, t.d. tekjuskattur einstaklinga, lækki verulega og um það snýst málið. Það er að eigandi að fiskimiðunum er almenningur, borgararnir, ekki fámenn stétt útgerðarmanna og það þarf að tryggja aðkomu almennings með þessum arði. Það verður best gert með veiðileyfagjaldi. Það má alveg hugsa sér þessa útfærslu eins og þingmaðurinn leggur fram með að dreifa veiðiheimildum til allra landsmanna. Það er ein af þeim hugmyndum sem við jafnaðarmenn höfum talað fyrir þannig að sjónarmið skarast ekki og ég bendi einnig á hugmyndafræði Grósku í þessu sambandi. Aðalmálið er að fylgja því fast eftir, herra forseti, að almenningur fái réttmætan arð af auðlind sinni og gjafakvótakerfi ríkisstjórnarflokkanna verði afnumið.

[17:27]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Þegar menn líta til baka síðar meir og rifja upp málflutning stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna í þessu mikla deilumáli, þegar reynsla hefur fengist af álagningu veiðileyfagjalda ef við búum áfram við lokað kerfi, þá spái ég því að menn muni gjarnan rifja upp þá valkosti sem voru einkum kynntir. Þá munu menn hugsanlega líta til þessarar tillögu með nokkuð jákvæðum huga. Mér fannst afar fróðlegt í ljósi þess að flokkur minn hefur nú í rúman áratug barist fyrir þessu máli, og þá sérstaklega síðustu 5–6 árin, að heyra ræðu hv. flm. og frsm. Péturs Blöndals. Mér finnst líka afar athyglisvert að þegar umræðan fer fram sé enginn ráðherra í núverandi ríkisstjórn viðstaddur. Hæstv. sjútvrh., flokksbróðir flutningsmanns, sýnir honum ekki þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna, hvað þá heldur hæstv. forsrh. sem nýlega sá þó ástæðu til, sem hann gerir afar sjaldan, að tjá sig um málið. Að öðru leyti fer umræðan fram nokkurn veginn fyrir tómum þingsal, þ.e. að undanskildum fjórum hv. þingmönnum í efh.- og viðskn. sem hér eru staddir. Mér fannst fróðlegt þegar hv. frsm. vísaði til landsfundarsamþykktar Sjálfstfl. og lýsti þeirri skoðun sinni að núverandi kerfi sem við búum við að óbreyttu sé ekki í samræmi við stefnu flokksins og færði þau rök fyrir máli sínu að hann væri að koma fram með tillögu að útfærslu og lausnum út frá almannahagsmunum og út frá markaðssjónarmiðum í einhverju stærsta hagsmunamáli sem nú er tekist á um. Hv. þm. sagði að tillaga sín væri í samræmi við grundvallarsjónarmið flokksins eins og þau eru kynnt, a.m.k. á tyllidögum, en þess sér ekki mörg merki að þeir sem eiga að bera fram sjálfstæðisstefnuna úr valdasessi í ríkisstjórnum geri það út frá þessum grundvallarsjónarmiðum.

Það var auðheyrt, bæði af málflutningi hv. þm. sem og af tillögunni sjálfri, að hv. þm. skilur kjarna þessa máls og það er mikið ánægjuefni þar sem þeim skilningi er yfirleitt mjög áfátt þegar talsmenn Sjálfstfl. tjá sig um málið. Kjarni þessa máls er að sjálfsögðu sá að Alþingi — löggjafarsamkoman — hefur í nafni fiskverndarsjónarmiða lokað aðganginum að auðlindinni og tekið upp skömmtunarkerfi. Veiðiheimildum er úthlutað ókeypis til valins hóps manna og það er rétt hjá hv. þm. að sú úthlutun er tilviljunarkennd og felur í sér mismunun. Jafnframt er kerfið þannig uppbyggt að veiðiheimildirnar, á fárra höndum, eru að sjálfsögðu orðin fémæti og þau fá markaðsverð og það markaðsverð er í þessu lokaða kerfi býsna hátt. Þeim sem fá gjafakvótana er heimilt að víxla þeim, skipta þeim, selja þá á markaði, leigja þá á markaði og smám saman er að byggjast upp ansi þversagnafullt kerfi þar sem þetta verður að flóknu og erfiðu úrlausnarefni í löggjöf, dómstólameðhöndlun og skattaframkvæmd því að jafnframt eru heimildir til þess að afskrifa þessa endurnýjanlegu heimild út frá skattasjónarmiðum fyrir utan það að þessi fémæti ganga að erfðum og eru orðin deiluefni í hjónaskilnaðarmálum.

Kjarni málsins er með öðrum orðum sá að Alþingi Íslendinga hefur með löggjöf, skömmtunarkerfi, búið til einokunargróða. Sá einokunargróði á ekkert skylt við venjulega

arðsemi vel rekinna fyrirtækja. Hann er einfaldlega búinn til með því að loka aðgangnum að auðlindinni og hefði það ekki verið gert hefði fiskveiðiarðinum, sem myndast við þessi skilyrði, með aukinni sókn, ótakmarkaðri sókn, verið sólundað í almenning eins og við þekkjum náttúrlega af langri sögu. En í stað þess að sólunda fiskveiðiarðinum í of mikla sókn og of mikinn tilkostnað er honum úthlutað til tiltölulega fárra og arðurinn sem þannig myndast — einokunargróðinn, rennur ekki til þjóðarinnar heldur fárra útvalinna. Þau rök sem menn hafa reynt að bera fyrir sig um það að þetta megi leysa með almennri skattalöggjöf hafa ekki staðist, og staðreyndir staðfesta að stærstu fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi sem njóta helst arðsins af þessu greiða afar litla skatta.

Hv. þm. Ágúst Einarsson vék að því að nú seinustu dægrin er eins og brostið hafi á ákveðinn flótti í liði þeirra sem hingað til hafa undir engum kringumstæðum léð máls á því að viðurkenna staðreyndir í þessu máli eða fallast með nokkrum hætti á réttmæti hagfræðilegra röksemda fyrir því að koma þessum einokunararði með einni eða annarri aðferð til almennings. Fyrst hafi menn neitað tilvist málsins, menn hafa harðneitað því að staðreyndirnar væru eins og hér hefur verið lýst. Nú ber hins vegar svo við að undanhaldið er hafið. Hver aðilinn á fætur öðrum er nú farinn að viðurkenna réttmæti þessara grundvallarsjónarmiða, jafnvel þótt þeir geri það með nokkurri tregðu og vísi framkvæmdinni á einhvern óvissan tíma í framtíðinni. Ágætt dæmi um þetta er skýrsla Verslunarráðsins og umræðan sem orðið hefur í framhaldi af því. Meira að segja harðvítugasti málsvari núverandi einokunargróða, formaður eða framkvæmdastjóri í LÍÚ, hefur látið fara frá sér ummæli á þá leið að við viss skilyrði, einhvern tíma í óvissri framtíð, væri hugsanlegt að fallast á slíkt gjald. Hæstv. forsrh., sem á seinasta landsfundi Sjálfstfl. fór hamförum í þessu máli, hefur einnig látið orð falla á þá leið að ef gjaldtakan væri nógu lítil og yrði tekin upp einhvern tímann síðar, þá væri nú lítið mál að ná sátt í þessu máli. Meira að segja hæstv. sjútvrh. sem flutt hefur marga eldmessuna gegn þessu máli er farinn að taka undir. Þannig eru að því leyti nokkur skil að verða í málinu. Menn eru hættir að berja höfðinu við steininn, hættir að neita staðreyndum. (Forseti hringir.) Og í þeim skilningi séð er kannski í framtíðinni kominn tími til að við ræðum fyrst og fremst um — ekki grundvallarrökin, hagfræði- og réttlætisrökin — heldur um útfærsluna.

Og ég vil, virðulegi forseti, einfaldlega nota þennan tíma til þess að segja að þessi tillaga hv. þm., Péturs Blöndals, er mjög þarft og virðingarvert innlegg í þá umræðu.

[17:36]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég held áfram máli mínu þar sem frá var horfið. Þær 15 mínútur sem þingmönnum eru skammtaðar við framsögu fyrir þáltill. geta oft á tíðum reynst mjög knappar þegar um er að ræða viðamikið mál.

Eins og ég gat um áðan hafa sumir sagt að þetta sé sérviskuleg, jafnvel skemmtileg tillaga en algerlega óframkvæmanleg. Og ég ætla að lýsa því hvernig ég sé þetta fyrir mér.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 20 ára aðlögun og það er til þess að gæta réttlætis gagnvart þeim sem nýverið hafa keypt varanlega kvóta á 800 kr. kílóið eða 800 þús. kr. tonnið og eins til að mæta þeim gífurlega hallarekstri sem verið hefur hjá útgerðinni fyrir upptöku þessa kerfis. Einnig er gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem stunda nýsköpun og finna nýja fiskveiðistofna megi njóta þess í 20 ár frá þeim tíma sem aðgangur að þeim stofnum er takmarkaður. Þannig er hvatt til nýsköpunar í þessu kerfi.

Þessi 20 ár eru hugsuð sem langtímaafskriftatími eða afskriftatími á langtímaeignum og ætti að gefa útgerðarmönnum og lánardrottnum þeirra tíma til að aðlaga skuldir útgerðanna sem eru umtalsverðar. Margir hafa sagt að þetta sé of langur tími. Og það er greinilegt af umræðunni sem hér fór fram áðan, að Gróska ætlar að gera þetta á fimm árum, að það verður einhver slagur um hvað eigi að gera þetta á löngum tíma. Ég tel hins vegar að það sé mjög brýnt að gera þetta á nægilega löngum tíma svo það komi ekki illa við útgerðina og til þess að ná sátt um málið.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að selja megi árlegar fiskveiðileyfiheimildir þrjú ár fram í tímann, þ.e. leigukvóta megi selja þrjú ár fram í tímann. Þetta er gert til þess að ná fram ákveðinni markaðsvæðingu og ef kerfið væri komið í gang um næstu áramót þá fengi fólk ávísun upp á 1:270.000, hver íbúi landsins, af veiðiheimildum fiskveiðiársins sem hefst 1. september árið 2000 og stendur til ágústloka 2001. Þessar ávísanir á hluta af fiskveiðiheimildum þessa fiskveiðiárs gæti fólk selt þá þegar. Sumir munu geyma þær og aðrir munu selja þær. Stofnaðir verða kvótasjóðir. Það veit ég að mun alveg örugglega gerast miðað við þekkingu mína á verðbréfamarkaðnum. Kvótasjóðirnir munu kaupa þessar ávísanir á veiðihlutdeildir, geyma þær og versla sín á milli þar til að því kemur að útdeila hlutdeild í þorski og ýsu. Það er gert rétt áður en fiskveiðiárið hefst og þá munu þeir breyta þessum ávísunum í kíló af þorski og ýsu sem má veiða á umræddu fiskveiðiári. Svo munu þeir selja þessar veiðiheimildir í kílóum eða tonnum af þorski og ýsu og karfa, mánuð fyrir mánuð, út fiskveiðiárið og dreifa sölunni á þessum fiskveiðiheimildum þannig að verðið haldist nokkuð stöðugt.

Ef einhver býst við því að verðið hækki undir lok fiskveiðiársins þá mun hinn sami kaupa fiskveiðiheimildir í byrjun ársins og selja þær svo í lok ársins. Þetta mun leiða til þess að verðið verði mjög stöðugt allan tímann. Verðið tekur í fyrsta lagi mið af því hve miklu megi búast við að leyft verði að veiða þar til það liggur fyrir, þá mun það taka mið af markaðsverði erlendis og öðrum þáttum sem geta valdið verðhækkun eða verðlækkun á kvótanum. Einstakir útgerðarmenn geta síðan keypt veiðiheimildir eftir hendinni, hvenær sem er. Þetta verður samfelldur markaður eins og við þekkjum með húsbréfin. Við getum hvenær sem er keypt húsbréf í dag og við getum selt húsbréf hvenær sem er. Verðbréfa- og fjármagnsmarkaðurinn sér til þess og fjármagnar kerfið. Útgerðarmenn geta jafnvel keypt kvóta eftir að þeir koma með aflann í land. Það er vel hægt að hugsa sér þá útfærslu að krókabátar gætu veitt eins og þeir vildu og borguðu þegar þeir kæmu í land. Þetta væri hugsanleg útfærsla. Þannig mun fjármagnsmarkaðurinn taka yfir fjármögnunarþáttinn. Þeir útgerðarmenn sem vilja tryggja sig fram í tímann geta keypt veiðiheimildir allt að þremur árum fram í tímann. Þetta sýnir hvernig kerfið vinnur.

Þeir sem trúa á mátt markaðarins, eins og minn ágæti flokkur gerir, vita að verð mun haldast mjög stöðugt (Gripið fram í.) og reynsla mín af verðbréfamarkaði segir mér að slík markaðsvæðing aflaheimilda sé mjög lítið mál. Það er ekkert mál að koma þessu á.

Verðið á veiðiheimildunum færi eftir hag útgerðarinnar. Útgerðin mundi borga það verð, hún mundi gera tilboð í veiðiheimildirnar og bjóða það verð sem að meðaltali gefur henni hagnað, annað væri della. Og það lýsir mikilli vantrú á forstöðumenn útgerðarfyrirtækja að gera ráð fyrir því að þeir muni bjóða meira fyrir veiðiheimildirnar en svo að það gefi þeim hagnað. Ég skil ekki slíka vantrú. Það er tómt mál að tala um það að eigið fé fyrirtækjanna verði tekið burt því þau munu að meðaltali skila hagnaði og þau best reknu munu skila góðum hagnaði. Þau verst reknu skila að sjálfsögðu tapi og fara á hausinn. En það er gangur atvinnulífsins.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um öfund, ágirnd og lýðskrum í sambandi við þetta mál. Oft er það þannig þegar barist er fyrir réttlætismálum að þá er sagt: Þetta helgast bara af öfund o.s.frv. Ég geri ráð fyrir því að aðallinn á miðöldum hafi notað þau rök að lýðurinn, sem var réttlaus, hefði bara öfundað hann af öllum forréttindunum. Þetta er nákvæmlega það sama. Það eru engin rök að segja að almenningur í landinu öfundi útgerðarmenn. Ég held að hann, almennt, öfundi ekki útgerðarmenn. Hann öfundar ekki þá sem gengur vel í viðskiptum, menn sem taka áhættu — og tapa stundum og græða stundum — menn öfunda ekki yfir slíku. En menn þola ekki óréttinn sem felst í því að einhverjir skuli tilviljunarkennt fá úthlutað eftir á, eftir að þeir voru búnir að loka árinu. Þeir voru búnir að reka fyrirtæki sín miðað við þær aðstæður sem þeir máttu eiga von á og þá allt í einu, mörgum árum seinna, fá þeir happdrættisvinning. Það skilja menn ekki af því að það máttu ekki allir taka þátt í happdrættinu.

Herra forseti. Kostir og gallar kerfisins sem hér er lagt til að skoðaðir verði eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er það bundið við íbúa landsins. Það má vel hugsa sér að t.d. útlendingar öðlist þennan rétt eftir fimm ára búsetu í landinu. Það er mjög mikilvægt að þetta komi inn, tryggt sé að það séu íbúar landsins sem selji þessar veiðiheimildir í frumsölu og arðurinn renni þannig til íbúa landsins. Við háðum landhelgisstríð, mörg hver, til þess að ná fram því markmiði að þessar aulindir yrðu þjóðarinnar eða þeirra sem búa á Íslandi. Og þetta kerfi tryggir markmið ríkisstjórnar og Sjálfstfl. eins og ég las hér upp í fyrri ræðu minni.

Eins og segir í ályktun um sjávarútvegsmál á landsfundi Sjálfstfl.: „Til þess þarf að trygga eftir föngum að arðsemi fiskstofnanna verði sem mest og í þágu þjóðarinnar allrar, enda eru fiskstofnarnir í hafinu sameign hennar.“ Þetta er markmið Sjálfstfl. og því er náð með þessu því að í frumsölu veiðiheimildanna eru það íbúar landsins sem selja.

Í öðru lagi komumst við hjá flókinni og krampakenndri lagasetningu. Við höfum staðið að lögum um fjárfestingar útlendinga í atvinnurekstri og reynt að hindra að útlendingar — það er eitthvert fyrirbæri — komist inn í þessa auðlind þjóðarinnar með alls konar furðulegum, mjög flóknum og hamlandi lögum.

Ég nefni lögin um veðsetningu sem hafa staðið í hálsinum á mönnum mjög lengi. Ég nefni reglur um afskriftir og fleira. Allt eru menn að reyna að gera til að halda þessari auðlind í eigu þjóðarinnar en tekst illa og ekki.

Þetta kerfi er ekki tilviljunarkennt, það er þriðji punkturinn. Þetta kerfi sem hér er lagt til er ekki tilviljunarkennt. Það eru ekki einhverjir sem fá það einhvern tíma heldur þeir Íslendingar eða það fólk sem býr á Íslandi sem fær úthlutunina og engir aðrir. Það er engin tilviljun fólgin í því.

Í fjórða lagi eykur þessi tillaga ekki ríkisumsvif. Á því er reginmunur, að mínu mati, og því að vera sífellt að auka báknið, sífellt að auka peningastrauminn í gegnum ríkissjóð eins og menn hafa bent á. Ég tel að einmitt aukningin á bákninu skaði landsbyggðina langmest því að báknið er hér í Reykjavík.

Í fimmta lagi má benda á það að börn og gamalmenni, öryrkjar og aðrir slíkir fái veiðiheimildir eins og aðrir og það mun minnka þörf þeirra fyrir stuðning af hendi ríkisins. Það mun minnka þörf fyrir barnabætur, það mun minnka þörf á örorkulífeyri og ellilífeyri frá hendi ríkisins. Þetta mun verða um 50 þús. kr. á ári þegar kerfið er komið í jafnvægi og þegar veiðiheimildirnar verða komnar niður í um 30 kr. á kíló.

Í sjötta lagi gefur þessi hugmynd möguleika á að taka upp flatan skatt vegna þess að ekki er lengur þörf á að hafa félagslegt atriði inni í tekjuskattinum. Ekki er lengur þörf á því að hafa persónuafslátt og annað slíkt vegna þess að hver Íslendingur fær þarna forgjöf.

Í sjöunda lagi er um að ræða gífurlega markaðsvæðingu kvótans. Það er verið að gera alla Íslendinga virka á verðbréfamarkaði. Það er jákvætt frá mínu sjónarhorni og ég geri ráð fyrir að flestir í mínum flokki muni geta stutt það.

Í áttunda lagi verður sveiflujöfnunin, sem iðnaðurinn hefur kvartað svo mikið undan, hjá heimilunum. Þegar vel árar í útgerð, þá munu útgerðirnar geta borgað hátt verð fyrir aflaheimildirnar og þá fá heimilin mikla peninga, fjölskyldur geta farið í ferðalag og keypt sér nýjan bíl en þegar illa árar, þá á að láta það vera. Þar verði sveiflujöfnunin.

Þetta kerfi mun bæta samkeppnisstöðu Íslands þar sem íslensk fyrirtæki vita að starfsmenn þeirra fá forgjöf við það eitt að starfa á Íslandi og þegar fyrirtæki keppa um starfsfólk við önnur fyrirtæki í útlöndum, þá mun þetta hafa mikið að segja.

Í tíunda lagi getur útgerðin keypt kvóta hvenær sem er og hún ræður verðinu, útgerðin sjálf ræður verðinu. Þess vegna er þetta markaður. Og það er hugsanlegt að öll vandræðin sem við höfum átt við, hv. þingmenn, með krókaleyfisbáta séu leyst vegna þess að þeir munu hreinlega kaupa kvóta, aflaheimildir, eins og allir aðrir, og geta vel gert það því að ég hef grun um það að smábátaútgerð sé mjög arðbær.

Herra forseti. Fyrsta skrefið í átt að þessari tillögu gæti verið að nota veiðiheimildir í norsk-íslensku síldinni. Þetta hafa sumir hv. þingmenn lagt til og gæti verið fyrsta skref og þannig mildað enn frekar álögur á útgerðina.

Herra forseti. Fjármálalegar afleiðingar þessa kerfis eru þær að fjármálamarkaðurinn mun að sjálfsögðu jafna sveiflur á verði og að ekki verði miklar breytingar á verði ávísana frá degi til dags eða frá mánuði til mánaðar innan fiskveiðiársins. Það er fráleitt sem fram hefur komið t.d. hjá hæstv. sjútvrh. að aðallega ríkir geti keypt kvótann. Þeir geta ekki keypt kvótann því að þeir yrðu að kaupa hann á hverju einasta ári aftur og aftur og þeir mundu sprengja upp verðið. Hvað ættu þeir að gera við aflaheimildirnar? Þeir yrðu að veiða þær og til þess þurfa þeir aðstoð væntanlega Íslendinga þannig að það getur enginn ríkur aðili keypt allan kvótann. Það er fráleitt.

Fyrsta kastið er gert ráð fyrir að fyrstu þrjú árin fari út, þ.e. 5%, 10% og 15%, þ.e. fyrsta árið fari út, 30% sem eru til sölu og ef gert er ráð fyrir að helmingur þeirra sem fengi mundi selja, þá eru það u.þ.b. 3,5 milljarðar sem það mundi krefjast. Ekki af útgerðinni heldur af fjármálamarkaðnum.

Það er fjármálamarkaðurinn sem mundi fjármagna þetta og hann fer létt með það.

Þegar kerfið verður komið í fullan gang geri ég ráð fyrir að um verði að ræða 11–12 milljarða miðað við það að verðið verði 30 kr. á kg og það muni gefa hverjum einstaklingi um 45 þús. kr. á ári. Í tillögunni er enn fremur bent á að sömu aðferð megi nota við aðrar auðlindir, eins og orkulindir og hálendið þegar takmarka þarf aðgang í þær auðlindir. Það er þannig í dag að öllum er hleypt inn í hálendið. Allir mega virkja sem geta vegna þess að það er minni eftirspurn en framboð eftir raforku. Það hefur gengið illa hjá okkur að selja raforkuna þannig að við erum ekki komnir í þá stöðu.

Aðalkostur þessarar hugmyndar er markaðsvæðing og ég vil benda á að hér er eingöngu verið að leggja til að kanna kosti og galla ákveðinnar tillögu.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 17:52.

---

## 33. FUNDUR

miðvikudaginn 3. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til samgönguráðherra:*

1. Póstburðargjöld, fsp. JóhS, 267. mál, þskj. 335.

*Til viðskiptaráðherra:*

2. Áhrif fríðindatilboða á verðlagningu vöru og þjónustu, fsp. JóhS, 268. mál, þskj. 336.

3. Upplýsingagjöf fyrirtækja á hlutabréfamarkaði, fsp. ÁRÁ, 283. mál, þskj. 354.

*Til heilbrigðisráðherra:*

4. Greiðslur langlegusjúklinga til sjúkrastofnana, fsp. GHelg, 280. mál, þskj. 350.

5. Uppsagnir sérfræðilækna, fsp. ÁÞ, 295. mál, þskj. 367.

*Til fjármálaráðherra:*

6. Breytingar á skattalögum, fsp. HjÁ, 301. mál, þskj. 375.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps.
Erindi frá Félagi eldri borgara á Siglufirði.
Erindi frá Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum.
Erindi frá Félagi aldraðra á Akureyri.
Erindi frá Félagi eldri borgara á Álftanesi.
Erindi frá Félagi eldri borgara á Ísafirði.
Erindi frá Öldrunarráði Íslands.
Erindi frá Fiskifélagi Íslands.

[13:32]

**Útbýting þingskjals:**

Ábyrgðarmenn, 310. mál, frv. LB o.fl., þskj. 390.

***Póstburðargjöld.***

Fsp. JóhS, 267. mál. — Þskj. 335.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Nýverið eða hinn 1. október var gjaldskrá póstþjónustunnar hækkuð fyrir innrituð blöð og tímarit innan lands, þar með talið fréttabréf, bæklingar og þess háttar og var hækkunin á bilinu 53–144%. Að auki voru tekin upp tvö gjaldsvæði fyrir þessa póstþjónustu, annars vegar innan svæðis og hins vegar utan svæðis, en allt að 40% verðmunur er á gjaldskrá milli svæða. Hér er um að ræða stefnubreytingu frá því sem verið hefur, að taka upp tvö gjaldskrársvæði sem nauðsynlegt er að hæstv. samgrh. skýri. Með því að taka upp tvö gjaldskrársvæði er verið að skattleggja landsbyggðina sérstaklega enda lendir stærsti hluti félagspósts í þessari hækkun sem og blöð og tímarit send af Reykjavíkursvæðinu út á landsbyggðina. Þetta virðist ganga þvert á þá stefnu sem ætla má að Alþingi hefði viljað fylgja, að jafna kostnað við póst- og símaþjónustuna í landinu. Hækkunin á gjaldskránni fyrir innrituð blöð og tímarit keyrir líka úr hófi fram og virðist allt ganga eftir sem spáð var þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag, að það mundi leiða til hækkana á gjaldskrá fyrir póstþjónustuna.

Hæstv. ráðherra getur varla skýlt sér á bak við það að hér sé um samkeppnispóst að ræða sem ekki megi niðurgreiða með almennum pósti. Geri ráðherrann það er nauðsynlegt að hann sýni fram á það hvaða fyrirtæki eru í samkeppni við Póst og síma um dreifingu á merktum pósti eins og ýmiss konar félagspósti og blöðum og tímaritum sem merkt eru á nafn. Ég vil halda því fram að í skjóli einokunar sé Póstur og sími að hækka gjaldskrána úr öllu hófi eða um allt að 144% og fyrr en seinna mun þessi hækkun með einum eða öðrum hætti lenda á neytendum. Eina samkeppnin sem Póstur og sími er í eru ómerktar fjöldasendingar, svonefndur ruslpóstur, en það er einmitt athyglisvert að þeir sem keppa um þær póstsendingar við Póst og síma, eins og fyrirtækið Póstdreifing, eru með gjaldskrá fyrir þessar ómerktu fjöldasendingar sem er helmingi lægri en hjá Pósti og síma.

Ég vil líka benda á að þessi hækkun mun lenda með fullum þunga á ýmsum félagspósti. Ég bendi á að póstburðargjöld fyrir fréttabréf sem Landssamtök eldri borgara hafa sent út sex sinnum á ári var 960 þús. á ári fyrir gjaldskrárbreytinguna en 1.800 þús. eftir þessa gjaldskrárhækkun. Landssambandið er með til ráðstöfunar á ári 2.300 þús. Þetta er því þungur baggi og er að sliga afkomu samtakanna. Þess vegna hef ég beint fyrirspurn til hæstv. samgrh. um póstburðargjöld og spyr hvaða ástæður liggi að baki því að taka upp tvö gjaldskrársvæði póstburðargjalda blaða og tímarita innan lands, þar með talið fréttabréfa og bæklinga, frá og með 1. október sl. Hver verður verðmismunur á póstburðargjöldum milli gjaldsvæða eftir þá breytingu? Hve mikil var gjaldskrárhækkunin á framangreindum póstburðargjöldum og hve mikil hefur hún verið sl. 15 mánuði? Hvaða forsendur liggja að baki hækkuninni? Og í fjórða lagi: Hver verður tekjuauki póstþjónustunnar við þessa gjaldskrárbreytingu?

[13:36]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Þar sem Póstur og sími er hlutafélag þótti mér eðlilegt að vísa fyrirspurninni til hlutafélagsins og les ég hér svar forstjóra þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til bréfs yðar, dags. 17. nóvember 1997, upplýsist eftirfarandi vegna fyrirspurnar til samgrh. um póstburðargjöld, sbr. þskj. nr. 335.

Forsaga málsins. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/1995, um póst utan einkaréttar, segir í ákvörðunarorði: „Skal þess gætt að póstþjónusta sem háð er einkarétti greiði ekki niður kostnað við aðra póstþjónustu."

Í framhaldi af þessum ákvörðunarorðum gaf samgrn. út reglugerð nr. 627/1996, þar sem felld voru úr gildi ákvæði um sérstakar reglur um innritun blaða og tímarita. Einnig var felld úr gildi sérstök gjaldskrá sem gilti fyrir innrituð blöð og tímarit og viðbótarafslætti eftir útgáfuaðila og efnisinnihaldi.

Í 18. gr. laga um póstþjónustu, nr. 142/1996, segir m.a.: „Gjaldskrár fyrir grunnpóstþjónustu [þar með talin blöð og tímarit] skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þær skulu vera gagnsæjar og í samræmi við jafnræðisreglur."

Pósti og síma hf. var þar með bannað að greiða niður burðargjöld fyrir blöð og tímarit með tekjum af einkaréttarþjónustu og því kom til hækkun á þeirri gjaldskrá þann 1. október sl.

1. Ástæður tveggja gjaldsvæða. Eins og mælst er til í fyrrgreindum ákvörðunarorðum samkeppnisráðs nr. 8/1995 og lögum um póstþjónustu, nr. 142/1996, var við mótun gjaldskrár fyrir blöð og tímarit, sem er þjónusta utan einkaréttar, leitast við að taka mið af raunkostnaði við dreifinguna og jafna sem best óeðlilegan mun á milli gjaldskrár fyrir blöð og tímarit og gjaldskrár fyrir almennan bréfapóst.

Þá er í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 42/1996 mælt fyrir um dreifiskyldu Pósts og síma hf. á grunnpóstþjónustu í samkeppni, þar með talið dreifingu blaða og tímarita. Samkvæmt henni er mælst til um að Póstur og sími „dreifi pósti fyrir Póstdreifingu ehf. á stöðum sem falla innan dreifbýlispóstnúmera samkvæmt skilgreiningu Pósts og síma frá október 1996 og á stöðum sem falla undir þéttbýlispóstnúmer þar sem eru færri en 500 heimili. Skal Póst- og símamálastofnunin (síðar Póstur og sími hf.) inna þessa þjónustu af hendi, komi um það ósk frá Póstdreifingu ehf., á sömu kjörum og gegn sömu skilmálum og sá hluti póstþjónustu Pósts og síma nýtur sem starfar í samkeppni."

Raunkostnaður við dreifingu fer að miklu leyti eftir þeim vegalengdum sem um er að ræða. Því þótti eðlilegt að hafa gjaldskrána tvískipta, þ.e. að hafa gjaldskrá fyrir dreifingu innan ákveðinna byggðarlaga ódýrari en dreifingu milli svæða. Mismunur á milli gjaldsvæða liggur því fyrst og fremst í hærri flutningskostnaði á milli svæða."

Ég vil skjóta því hér inn í, hæstv. forseti, að meðan við sátum saman í ríkisstjórn, ég og hv. þm. frú Jóhanna Sigurðardóttir, kom frv. til nýrra samkeppnislega fram, borið fram af einum af ráðherrum Alþfl. Ef ég man rétt var ég eini ráðherrann sem lét uppi efasemdir um hvernig þessi nýju samkeppnislög mundu verka, m.a. á fyrirtæki eins og Póst og síma, en þeir tóku andköf, ráðherrar Alþfl., yfir því hversu góð lögin yrðu. En við sjáum hér m.a. afleiðingar þess að samkeppnislöggjöfin var sett jafnströng og raun ber vitni með þeim afleiðingum sem hv. þm. frú Jóhanna Sigurðardóttir lýsti svo vel hér áðan í mjög hnitmiðuðu máli. Og sný ég mér aftur að bréfi forstjóra Pósts og síma, með leyfi hæstv. forseta:

„2. Verðmismunur á gjöldum fyrir blöð og tímarit innan svæða og á milli svæða. Gjald fyrir dreifingu á 250 g blaði eða tímariti er 24,75 kr. innan svæðis en 33 kr. þegar sent er milli svæða. Mismunurinn er breytilegur eftir þyngdarflokkum. Hann er frá 6,50 til 9 kr.

3. Hve mikil var hækkunin 1. október sl.? Sem dæmi um umfang hækkunarinnar má nefna að almennt verð á dreifingu á 250 g blaði eða tímariti var 17,50 kr. en frá því var veittur helmingsafsláttur af burðargjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð sem landssamtök stéttarfélaga gáfu út og blöð sem fjölluðu um stjórnmál, en fjórðungsafsláttur fyrir tímarit og blöð sem fjölluðu sérstaklega um bókmenntir og trúmál."

Nú er tíminn senn á þrotum. Ég mun lesa niðurlag bréfsins í síðari ræðutíma mínum, herra forseti.

[13:41]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Þegar þingmenn leggja fyrirspurnir fyrir ráðherra er tilgangurinn yfirleitt sá að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra til viðkomandi málefnis en ekki að hlusta á ráðherrann lesa upp skýringar eða afstöðu forstjóra eða forstöðumanns viðkomandi stofnunar. Ég er auðvitað að leita eftir því hvort hæstv. ráðherra telji eðlilegt að gjaldskrá fyrir póstburðargjöld hækki um 53–144%. Ég spyr hann hvort hann telji það eðlilegt. Telur ráðherrann hæstv. eðlilegt að fara allt í einu að taka upp tvö gjaldskrársvæði fyrir póstþjónustuna með þeim afleiðingum að póstburðargjöld héðan og út á landsbyggðina verða dýrari? Þetta er landsbyggðarskattur. Telur ráðherrann það virkilega eðlilegt? Hefur ráðherrann gert sér grein fyrir hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir ýmsan félagspóst eins og ég nefndi, t.d. hjá Landssamtökum aldraða sem þurfa nú að greiða helmingi meira fyrir sinn félagspóst en þau gerðu áður? Þau greiddu 960 þús. á ári fyrir félagspóst, þ.e. að senda fréttabréf sem voru sex að tölu á ári til sinna félagsmanna en þurfa nú að greiða um 1.800 þús. af ráðstöfunarfé sem er 2.300 þús. Gerir ráðherrann sér grein fyrir afleiðingunum?

Mér finnst ráðherrann ekki geta skýlt sér á bak við það að hér sé um einhvern samkeppnispóst að ræða og spyr um það hvar sé samkeppni að því er varðar hækkun á þessum póstburðargjöldum. Það er engin samkeppni þegar um er að ræða merktan póst á nafn. Þá er ekki nein samkeppni. Það er fyrst og fremst þegar um er að ræða ómerktan póst og ég hélt því fram, og spyr hvort ráðherrann hafi kynnt sér það, að þeir sem standa þar í samkeppni við Póst og síma bjóða þá þjónustu á helmingi lægra verði en Póstur og sími gerir.

[13:43]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Mig langar til að gera stutta athugasemd við það að hæstv. ráðherra svarar hér spurningu sem beint er til hans með því að lesa upp svar frá fyrirtæki því sem spurningin fjallar um. Auðvitað ber hæstv. ráðherra ábyrgð á þessum málaflokki og um leið á þeirri hækkun sem hefur orðið á póstburðargjöldum og getur ekkert verið að firra sig þeirri ábyrgð með því að vísa til svara frá því fyrirtæki sem fjallar um þessi mál. Ég minnist þess að gerð var athugasemd úr forsetastóli við þetta síðast þegar hæstv. samgrh. beitti þessari aðferð í fyrirspurn.

En af því að hann talaði hér um að raunkostnaður og síðan hæfilegur hagnaður mynduðu verð á póstburðargjöldunum þá vildi ég gjarnan fá svör við því hjá hæstv. ráðherra, þar sem hann á eftir að lesa upp afganginn af svarinu frá því fyrirtæki sem sér um póstþjónustuna, og ég óska eftir því að fá upplýsingar um hvað hæstv. ráðherra telji vera hæfilegan hagnað. Og hversu hátt hlutfall er það af póstburðargjöldum?

[13:45]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Mér er nokkur vandi á höndum. Annars vegar er ég að velta fyrir mér hvort ég eigi að svara þeirri skriflegu fyrirspurn sem fyrir liggur eða hvort ég eigi að svara þeim spurningum sem hv. fyrirspyrjanda liggur á hjarta. Nú hygg ég að það sé rétt að ég svari hinni skriflegu fyrirspurn fyrst. Ég vil á hinn bóginn leiðrétta það þegar hv. þm. segir að ekki sé samkeppni í því að dreifa tímaritum og blöðum. Það er mikil samkeppni í því og Póstdreifing hefur m.a. verið að dreifa tímaritum sem eru merkt einstaklingum og fyrirtækjum og af þeim sökum hygg ég að kæra Póstdreifingar til Samkeppnisstofnunar hafi verið runnin.

Svo ég haldi áfram bréfi forstjóra Pósts og síma, herra forseti — en spurningar eru um tölulegar upplýsingar og annað þvílíkt en ekki um skoðanir ráðherra. Ég hefði auðvitað haft miklu meiri ánægju af því að ræða pólitík við hv. þm., póstpólitík, símapólitík og annað þar fram eftir götunum. En þá eiga þingmenn að spyrja þannig í þingskjali en ekki með spurningum eins og hér liggja fyrir — þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Burðargjald fyrir 250 g blað eða tímarit er nú innan svæðis 24,75 kr. og 33 kr. ef sent er milli svæða. Afsláttarkjörum hefur einnig verið breytt og er nú veittur afsláttur frá fyrrgreindu verði eftir heildarviðskiptum en ekki útgáfuaðila og efnisinnihaldi eins og áður.

Hækkun á almennri gjaldskrá er breytileg eftir þyngd, á bilinu 3,8% til 77,7% þegar dreift er innan svæðis, en á bilinu 24,1% til 150% þegar sent er milli svæða ef ekki er tekið tillit til afsláttarkjara.

Hækkunin grundvallast á úttekt á raunkostnaði við flutning, flokkun og dreifingu á blöðum og tímaritum og er gerð til að mæta ákvæðum samkeppnisyfirvalda eins og áður segir.

Þá hækkuðu öll póstburðargjöld, þar með talin gjöld fyrir blöð og tímarit, um 15% 1. júní 1996.

4. Tekjuauki póstþjónustunnar við breytingu á gjaldskrá fyrir blöð og tímarit. Tekjuaukning póstsins vegna þessarar gjaldskrárbreytingar er áætluð um það bil 130 millj. kr. á ári miðað við óbreytt magn sem jafngildir þeirri niðurgreiðslu á þjónustunni sem óbreytt gjaldskrá hefði haft í för með sér." Og veit ég þá að hv. fyrirspyrjandi er upplýstari en áður.

[13:48]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Eins og hv. þm. er kunnugt gildir sú regla að fyrirspyrjandi má einungis (**Gripið fram í:** Fyrirspyrjandi má tala tvisvar.) tala tvisvar og hún hefur þegar talað tvisvar. Aðrir geta beðið um að gera stutta athugasemd og það var leyft hér áðan. En ég vil taka fram í því sambandi, og það er kannski það sem veldur misskilningnum, að æskilegt er og á raunar að vera regla að aðrir þingmenn sem taka þátt í slíkri umræðu kveðji sér hljóðs áður en fyrirspyrjandi og ráðherra tala í seinna sinnið.

## *Áhrif fríðindatilboða á verðlagningu vöru og þjónustu.*

Fsp. JóhS, 268. mál. — Þskj. 336.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Á undanförnum missirum og árum hefur færst í vöxt að fyrirtæki bjóði ýmis afsláttarkjör og fríðindatilboð eins og frípunkta til að laða að sér viðskiptavini. Í skýrslu samkeppnisráðs, um stjórn og eignatengsl í íslensku atvinnulífi sem kom út fyrir nokkrum árum er einmitt fjallað um samkeppnistakmarkanir og markaðsyfirráð. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú hætta er alltaf fyrir hendi að markaðsráðandi fyrirtæki sem ekki nýtur aðhalds samkeppninnar verði óhagkvæmt í rekstri um lengri tíma eða nái miklum hagnaði með því að verðleggja framleiðsluvörur sínar hærra en ella, hvort tveggja með óæskilegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið. Jafnframt hefur reynslan sýnt að fyrirtæki hneigjast til að reyna að halda markaðsráðandi stöðu sinni og halda keppinautum frá með ýmsum hætti. Samkeppnislög hafa því yfirleitt að geyma ákvæði sem ætlað er að stemma stigu við misnotkun markaðsyfirráða. Misnotkun getur lýst sér með ýmsum öðrum hætti en of háu verði. Sígilt dæmi um misnotkun markaðsyfirráða er að lækka verð vöru eða jafnvel selja vöru undir kostnaðarverði til að koma keppinaut á kné sem hefur ekki fjármuni til að gera slíkt hið sama."

Þá kemur fram að fyrirtæki beiti oft sérstökum afsláttarkjörum og flóknum afsláttarreglum þar sem þeir sem sýna viðskiptatryggð njóti sérstakra kjara umfram aðra. Þetta er undir kaflanum um markaðsyfirráð og samkeppnistakmarkanir.

Það er einnig ástæða til þess að benda á að nýlega kom fram í einum fjölmiðli að punktasöfnun valdi hækkunum flugfargjalda innan lands og talað er um fargjaldahækkun um þúsundir króna. Þar er því beinlínis haldið fram að þessi punktasöfnun hafi áhrif í þá veru að hækka flugfargjöld innan lands.

Maður veltir því þá fyrir sér með afsláttarkjör eða fríðindatilboð, t.d. frípunkta sem ekki allir geta nýtt, hvort þeir sem ekki geta nýtt sér þessa frípunkta greiði fyrir þá með hærra verði á vöru og þjónustu, eins og t.d. er haldið fram hér í þessu blaði. Því hef ég talið ástæðu til þess að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga:

Hafa afsláttarkjör, fríðindatilboð (t.d. frípunktar), samræmdir viðskiptaskilmálar og þess háttar samningar hjá fyrirtækjum og stofnunum í atvinnu- og viðskiptalífi haft skaðleg áhrif á samkeppni og stuðlað að hærra verði á vöru og þjónustu til neytenda?

Hefur Samkeppnisstofnun kannað sérstaklega hvort framangreind fríðindatilboð og samræmdir viðskiptaskilmálar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga?

[13:52]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 336 hefur hv. 13. þm. Reykv. Jóhanna Sigurðardóttir beint til mín tveimur spurningum um áhrif fríðindatilboða á verðlagningu vöru og þjónustu. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: „Hafa afsláttarkjör, fríðindatilboð (t.d. frípunktar), samræmdir viðskiptaskilmálar og þess háttar

samningar hjá fyrirtækjum og stofnunum í atvinnu- og viðskiptalífi haft skaðleg áhrif samkeppni og stuðlað að hærra verði á vöru og þjónustu til neytenda?"

Ekki hefur verið sýnt fram á, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum, að ýmiss konar fríðindatilboð hafi almennt skaðleg áhrif á samkeppni eða leiði til hærra vöruverðs. Samræmdir viðskiptaskilmálar keppinauta eru hins vegar skaðlegir samkeppni enda er í samkeppnislögum lagt bann við samráði og samstilltum aðgerðum fyrirtækja sem starfa á sama sölustigi og þar með á sama markaði þegar þeim er m.a. ætlað að hafa áhrif á verð, afslátt eða álagningu. Samræmdar aðgerðir hvað þetta áhrærir eru bannaðar hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi. Samvinna af þeim toga sem hér um ræðir þykir vera með alvarlegustu samkeppnishindrunum og er því bönnuð samkvæmt samkeppnisreglum langflestra landa. Skaði slíkrar samvinnu getur m.a. falist í hærra verði á vöru og þjónustu en ella mundi verða.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hefur Samkeppnisstofnun kannað sérstaklega hvort framangreind fríðindatilboð og samræmdir viðskiptaskilmálar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga?"

Samkeppnisstofnun fer með viðskiptaskilmála greiðslukortafyrirtækja, samanber 37. gr. samkeppnislaganna. Þannig hefur stofnunin yfirfarið skilmála vildarkorts Visa og Flugleiða og sérkort Stöðvar 2. Þá hefur stofnunin einnig yfirfarið skilmála Fríkorts og Safnkorts Esso. Ýmsar athugasemdir hafa verið gerðar við einstök atriði í skilmálum greiðslukortafyrirtækjanna og hafa fyrirtækin alltaf farið að þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið. Skilmálarnir eru ekki samræmdir gagnvart korthöfum en mjög áþekkir þar sem um sambærileg atriði er að ræða. Fulltrúar Samkeppnisstofnunar tóku þátt í vinnuhópi á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um svokallað tryggðarkerfi. Útgangspunkturinn í þeirri vinnu var sá að hafa neytendasjónarmið að leiðarljósi. Skýrsla þessa vinnuhóps er nú í prentun og kemur út fljótlega og mun verða fróðlegt gagn í innlegg þessarar umræðu.

Í kjölfar þeirrar vinnu sem fram fór í vinnuhópnum hafa umboðsmenn neytenda á öðrum Norðurlöndum sett leiðbeinandi reglur um markaðssetningu tryggðarkerfa. Þær reglur segja t.d. til um að ávinningi verði að vera hægt að breyta í peninga hvenær sem er og að skýrt eigi að koma fram hver verðmæti ávinningsins eða punktanna séu áður en kaupin fara fram. Samkeppnisráð setur væntanlega sambærilegar reglur fljótlega hér á landi með heimild í 30. gr. samkeppnislaganna.

Að mati Samkeppnisstofnunar verður ekki séð á þessu stigi að í skilmálum og kjörum fríkorta eða annarra tryggðarkorta felist samræmd viðskiptakjör sem bönnuð eru samkvæmt samkeppnislögum enda starfa þau fyrirtæki sem að einstökum tryggðarkerfum standa ekki á sömu mörkuðum. Ekki hefur verið kannað til hlítar að öðru leyti af Samkeppnisstofnun hvort fríðindakort eða annars konar tryggðarkerfi kunni að vera skaðleg samkeppni. Umræða hefur farið fram erlendis um samkeppnisleg áhrif, t.d. tryggðarkerfa flugfélaga, að því er best er vitað án þess að niðurstaða hafi fengist eða gripið hafi verið til íhlutunar vegna þeirra. Íslensk samkeppnisyfirvöld munu fylgjast með allri slíkri umræðu.

[13:56]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör við fsp. minni og kom ýmislegt áhugavert þar fram. Ráðherrann heldur því fram að ekki hafi verið sýnt fram á að ýmiss konar fríðindatilboð hafi áhrif í þá veru að hækka verð á vöru og þjónustu til neytenda. Hann bendir jafnframt á að Samkeppnisstofnun hafi gert ýmsar athugasemdir við skilmálana. En hefur það verið sérstaklega kannað hvort þessir frípunktar eða fríðindatilboð hafi haft áhrif á verð á vöru og þjónustu til neytenda? Mér fannst koma fram síðar í máli ráðherra að það hafi t.d. ekki verið kannað sérstaklega hvort þetta hafi haft skaðleg áhrif og þá væntanlega á verð á vöru og þjónustu. Mun ráðherra eða réttara sagt Samkeppnisstofnun beita sér fyrir því að þetta verði kannað sérstaklega?

Ég spyr líka um samræmda viðskiptaskilmála og þess háttar samninga hjá fyrirtækjum og stofnunum í atvinnu- og viðskiptalífi. Ráðherrann ræddi sérstaklega um það sem mjög alvarlegt brot á samkeppnislögum ef slíkt viðgengist. Hefur sérstaklega verið farið ofan í þann þátt sem snýr að samræmdum viðskiptaskilmálum og sambærilegum samningum hjá fyrirtækjum og stofnunum í atvinnu- og viðskiptalífi, hvort það viðgangist hér? Ég spyr um þetta tvennt.

Ráðherra upplýsti einnig að umboðsmenn neytenda hafi beitt sér fyrir því að settar hafi verið reglur hér um fríðindakerfi og ég fagna því sem fram kom í máli ráðherrans að Samkeppnisstofnun muni þá beita sér fyrir því að slíkar reglur verði einnig settar hér.

[13:58]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan er það mat Samkeppnisstofnunar að slík fríðindakort geti haft skaðvænleg áhrif á samkeppni og geti hugsanlega leitt til hærra verðs. En ákveðnar forsendur þurfa þá að vera til staðar að mati stofnunarinnar, annars vegar þær að fyrirtækin starfi á sambærilegum markaði og séu í öðru lagi með leiðbeinandi aðgerðir og samræmda skilmála sem muni leiða til þess að verð á vöru og þjónustu sé hærra en ella. Eins og kom fram hefur Samkeppnisstofnun yfirfarið skilmála allra þeirra aðila sem eru með fríkort á þessum markaði, gert athugasemdir við einstaka skilmála og í öllum tilfellum hafa útgefendur þessara fríkorta eða frípunktakorta farið að athugasemdum Samkeppnisstofnunar. Þannig að það er mat stofnunarinnar að traustir skilmálar liggi þarna að baki núna enda er um það að ræða að þeir sem gefið hafa út slík kort starfi ekki á sama markaði eins og hér er. En eins og kom líka fram í svari mínu þá mun Samkeppnisstofnun fylgjast með hver framvindan verður, fylgjast með og hafa eftirlit með þessum fríkortum sem hún hefur heimild til, þ.e. stofnunin, á grundvelli samkeppnislaganna. Ég held að ekki sé hægt að kanna á þessu stigi hvort útgáfa korta eins og þessara hafi leitt til hærra vöruverðs vegna þess að kortin eru gefin út af þeim aðilum sem ekki eru starfandi nákvæmlega á sama markaðnum.

## *Upplýsingagjöf fyrirtækja á hlutabréfamarkaði.*

Fsp. ÁRÁ, 283. mál. — Þskj. 354.

[14:00]

**Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum, ekki aðeins haustmánuðum, heldur og fyrr á þessu ári, hafa orðið nokkrar umræður um verðbréfamarkað, ekki síst um þann hluta hans sem við köllum markað með hlutabréf. Ástæður þeirrar umræðu hafa birst í inntaki þeirra, þ.e. ýmsum þeim sem á þessum markaði starfa sýnist ástæða til að fyrirtæki sem bjóða hlutabréf sín þar gefi upplýsingar með skemmra millibili en nú er gert ráð fyrir. Í síðasta mánuði kom fram skoðun eins þeirra manna sem starfa á þessum markaði og stjórna fyrirtæki sem er stór aðili að þessum viðskiptum. Það hlýtur að vekja athygli að þær kröfur sem gerðar eru til þessara fyrirtækja er ekki að finna í lögum eða reglum útgefnum af framkvæmdarvaldinu eða ráðuneytinu heldur einungis reglum sem gefnar eru út af Verðbréfaþingi Íslands sem starfar eftir sérstökum lögum. Þau lög eru nú til sérstakrar endurskoðunar, m.a. af þess eigin hálfu og að hluta til með það að meginmarkmiði að breyta lögunum á þann veg að fleiri aðilar en það eitt megi starfrækja slíkar viðskiptahallir, kauphallir, eða hvað sem við viljum nefna þær. En það hefur vakið athygli mína, herra forseti, að á þessu efni sem ég hef nefnt er ekki tekið í þeim frv. sem þegar hafa komið fram og því legg ég fyrir hæstv. viðskrh. fsp. á þskj. 354, eins og þar segir, með leyfi forseta:

Hvaða kröfur eru gerðar og af hverjum til fyrirtækja á hlutabréfamarkaði varðandi upplýsingar um hag og afkomu á nýliðnu tímabili, svo og um áætlanir um afkomu á yfirstandandi tímabili og í næstu framtíð? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þess verði krafist að fyrirtækin veiti þessar upplýsingar eftir hvern ársfjórðung?

[14:02]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 354 hefur hv. þm. Árni R. Árnason beint til mín fsp. um upplýsingagjöf fyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Fyrirspurninni má skipta í tvennt. Annars vegar er fyrri hluti: Hvaða kröfur eru gerðar og af hverjum til fyrirtækja á hlutabréfamarkaði varðandi upplýsingar um hag og afkomu á nýliðnu tímabili, svo og um áætlanir um afkomu á yfirstandandi tímabili og í næstu framtíð?

Hlutafélögum sem fengið hafa hlutabréf sín skráð á Verðbréfaþingi Íslands ber að tilkynna án tafar til Verðbréfaþings um allar ákvarðanir eða atvik sem að mati þess geta haft veruleg áhrif á aðstæður þess og mat hlutabréfamarkaðarins á því. Sama á við þegar félag er móðurfélag og ákvarðanir eða atvik varðandi dótturfélag hafa áhrif á aðstæður samstæðunnar. Hlutafélögin þurfa fyrir skráningu á Verðbréfaþingi að leggja fram ársreikning þriggja sl. reikningsára. Ef liðnir eru meira en níu mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal að auki leggja fram hluta ársreiknings sem nær til að minnsta kosti sex mánaða þar á eftir.

Í nýjum reglum Verðbréfaþings, sem taka munu gildi í desember, er frestur þessi styttur í sex mánuði frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir. Þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur stjórn Verðbréfaþings við skráningu óskað eftir frekari upplýsingum, svo sem um eigin niðurstöðu rekstrar og greiðsluáætlana.

Þegar hlutafélag hefur hlotið skráningu á Verðbréfaþingi er því skylt að skila Verðbréfaþingi endurskoðuðum ársreikningi ásamt skýrslu stjórnar um leið og hann er aðgengilegur hluthöfum félagsins en þó í síðasta lagi innan fjögurra mánaða frá lokun reikningsársins. Í nýjum reglum Verðbréfaþingsins, sem taka munu gildi í desember, er þessi frestur styttur í þrjá mánuði.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þess verði krafist að fyrirtækin veiti þessar upplýsingar eftir hvern ársfjórðung?

Nýlega hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulag að tilboðsmarkaði. Í frv. er gerð tillaga um reglur er varða opinbera skráningu á verðbréfum, þar með talin hlutabréf, og upplýsingaskylda útgefenda þeirra bréfa verði hert verulega frá því sem nú gildir. Auk þess er í frv. gert ráð fyrir að skipulegir tilboðsmarkaðir eins og opni tilboðsmarkaðurinn skuli afla sér starfsleyfis og vera undir opinberu eftirliti. Það mun stuðla að því að auka öryggi fjárfesta. Þess er að vænta þegar viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöllum fara að mestu leyti fram á skipulögðum tilboðsmörkuðum og í samræmi við þær reglur sem stjórnendur hans setja, þar á meðal um upplýsingaskyldu útgefenda. Þá verði fjárfestum tryggður mun betri aðgangur að upplýsingum en hingað til hefur verið gert á opna tilboðsmarkaðnum. Hins vegar verður að telja að vafasamt sé hvort skylda eigi aðila frekar en gert er og gert hefur verið í lögum, samanber frv. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, til þess að veita upplýsingarnar oftar til hluthafanna. Hér togast á sjónarmið um það hvort það kunni að vera fyllilega eðlilegt að skylda ekki öll hlutafélög til að veita upplýsingar með stuttu millibili. Það gat t.d. verið óeðlilegt að skylda félag til að veita upplýsingar óháð eðli rekstrarins en t.d. ýmiss konar atvinnustarfsemi er sveiflugjarnari í atvinnurekstrinum en önnur. Annar rekstur er ef til vill ekki eins sveiflugjarn og því eðlilegt og auðvelt fyrir slíkt félag að skuldbinda sig til þess að veita upplýsingar oftar en tíðkast í öðrum eðlisólíkum rekstri. Hér verður markaðurinn og fjárfestar að meta hvort telja verði upplýsingagjöfina fullnægjandi eða ekki. Ekki verður séð að það sé sjálfgefið að slík skylda sé aukin frá því sem nú þekkist. Meiri og tíðari upplýsingagjöf er t.d. skilyrði fyrir skráningu í kauphöll og er dæmi um kosti þess að fjárfest sé í verðbréfum sem þar eru skráð ef fjárfestar vilja gera meiri kröfu til upplýsingagjafar en tíðkast hefur t.d. varðandi fyrirtæki sem selja hlutabréf sín eða önnur verðbréf á öðrum hlutum verðbréfamarkaðarins.

[14:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég tók eftir að hæstv. ráðherra talaði um nýjar reglur sem muni taka gildi í desember hjá Verðbréfaþingi Íslands og þess vegna langaði mig að spyrja hæstv. ráðherra og vona að hann geti svarað því hvort þær reglur feli í sér einhverja kröfu um upplýsingagjöf um eignatengsl og eignabreytingar eigenda og stjórnenda fyrirtækja á hlutum í viðkomandi fyrirtækjum. Einnig um laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækjanna. Nú veit ég að þetta eru kröfur sem gerðar eru víða á öðrum verðbréfamörkuðum svo sem í Bandaríkjunum og einnig er það að aukast mjög í Evrópu. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. ráðherra, ef hann hefur tök á því, gefi okkur upplýsingar um það hvort þess konar reglur verði inni í þessum nýju reglum Verðbréfaþings sem taka gildi í desember.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. þau svör sem hann veitti við fyrirspurninni. En ég vil þó taka fram að mér virðist, eftir að hafa virt fyrir mér inntak þeirra umræðna sem orðið hafa um þetta efni, að þar sé heldur ekki á hinn bóginn einsýnt að kröfur sem ég innti eftir í síðari hluta fyrirspurnarinnar verði settar fram og muni skila árangri. Ég tel til að mynda ljóst að slíkar kröfur, gerðar til fyrirtækja sem hafa góð upplýsingakerfi, hafa bókhald allt í góðu lagi, þar sem ákvarðanir eru að öllu jöfnu teknar á grundvelli góðra upplýsinga hafi ekki mikinn kostnaðarauka fyrir slík fyrirtæki að leggja þær upplýsingar fram á verðbréfamarkaði þar sem verslað er með hlutabréf í þeim. Hins vegar tel ég miklu skipta að á þessum markaði nái að ríkja betri stöðugleiki en birst hefur á þessu ári og að þeir sem þar starfa með sparifé sitt og annarra teljist starfa við meira öryggi en nú er. Ég tek undir þau orð ráðherrans að það skipti miklu að öryggi fjárfesta sé með góðu móti. Ég tel að þetta efni muni bæta öryggi þeirra og þess vegna skapa meiri stöðugleika en ríkt hefur á þessum markaði.

[14:09]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. um þróun á hlutabréfamarkaði það sem af er en við verðum að hafa í huga að þessi markaður er mjög ungur og hafa verið á honum miklar sveiflur á þeim tíma sem hann hefur starfað. Þá er það svo að þessar sveiflur hafa mjög komið fram og menn hafa verið að fjárfesta þar í áhættusamri starfsemi oft og tíðum.

Skýrar reglur eru mjög mikilvægar og reglulegar upplýsingar gegna mjög mikilvægu hlutverki einmitt til fjárfestanna í því sambandi. Ég held að þegar fram líða stundir muni það verða mikilvægt samkeppnisatriði á þessum markaði hversu nákvæm upplýsingagjöf þeirra aðila sem verða á markaðnum er. Hversu reglulega hún er veitt og hversu oft upplýsingarnar berast inn á markaðinn frá viðkomandi aðilum. Ég held að þetta verði samkeppnisatriði þegar fram líða stundir gagnvart fjárfestunum. Fjárfestar verði frekar tilbúnir til að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum sem eru með reglulega upplýsingagjöf og nákvæma og um leið að hún berist mjög hratt inn á markaðinn.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurði hvort í þessum nýju reglum sem tækju gildi á Verðbréfaþinginu í desember væru um auknar kröfur að ræða frá því sem nú er. Reglurnar ganga fyrst og fremst út á það að tíminn er styttur í sex mánuði í desember. Varðandi upplýsingar um eignatengsl og laun stjórnenda þessara fyrirtækja, sem hv. þm. spurði um, er það svo að þessar upplýsingar liggja allar fyrir, ýmist á Verðbréfaþinginu eða varðandi eignatengslin í hlutafélagaskrá sem dæmi. En upplýsingar um launakjör liggja fyrir á Verðbréfaþinginu vegna þess að skila þarf inn ársreikningum þessara fyrirtækja á Verðbréfaþingi. Allar þessar meginupplýsingar um stjórnunarkostnað og þann kostnað sem hér hefur oft verið til umræðu á þingi undanfarnar vikur og mánuði, svo sem ferðakostnað, risnukostnað og hvaða kostnað sem er sem þarna er um að ræða, kemur allt mjög skýrt fram í ársreikningum fyrirtækja. Ársreikningalögin, virðulegur forseti, gera ráð fyrir að þessi kostnaður sé sundurliðaður og það er gert.

## *Greiðslur langlegusjúklinga til sjúkrastofnana.*

Fsp. GHelg, 280. mál. — Þskj. 350.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 350 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um greiðslur langlegusjúklinga til sjúkrastofnana. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hverjir verða að greiða af eigin tekjum (eða eftirlaunum) sjúkrahúsvist þegar vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði eða það sem á vantar t.d. þegar bætur almannatrygginga, ef einhverjar eru, hafa verið látnar renna til sjúkrahússins?

2. Á hvaða stofnunum gildir þessi regla og hver er meðalupphæð á mánuði á þeim stofnunum sem fá þessar greiðslur?

3. Hvað er sjúklingi ætlað til ráðstöfunar, a. fyrir sjálfan sig, b. fyrir maka sem býr áfram á eigin heimili?

4. Gildir þetta fyrirkomulag fyrir alla aldursflokka?

Hæstv. forseti. Í 34. gr. laga um almannatryggingar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið fæðingarstofnunum, sbr. þó 35. og 39. gr. eða ákvæði sérlaga. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir."

Tilvísun í 32., 35. og 39. gr. fjallar um önnur atriði en hér er spurt um og skiptir þar af leiðandi ekki máli. Það sem hér skiptir máli er að öllum Íslendingum skal tryggð sjúkrahúsvist sé hennar þörf að ráði læknis.

Um langt skeið hafa bætur almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyrir, fallið niður þegar samfelld sjúkrahúsvist hefur varað lengur en fjóra mánuði. Aðrar tekjur bótaþegans hafa verið látnar óáreittar. Á almennum dvalarheimilum greiddu menn fyrir vistina af öðrum tekjum, en héldu ákveðnum hluta þeirra eða fengu svokallaða vasapeninga ef engar tekjur voru, og greiddi þá Tryggingastofnun það sem á vantaði vistgjaldið. Færu menn á sjúkradeildir slíkra stofnana héldu menn öðrum tekjum en bótum almannatrygginga þar sem þeir tilheyrðu þá sjúkratryggingunni.

Með lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, varð sú breyting að vistmenn skyldu einnig greiða af öðrum tekjum sínum dvöl á sjúkradeildum, vísast vegna þess að talsvert bar á að umræddar dvalarstofnanir sæktu fast að vistmenn yrðu metnir sem hjúkrunarsjúklingar þar sem greiðslur voru þannig hærri. Voru dæmi um að vistmenn væru á almennri vist en metnir sem sjúklingar án þess að sýnilegt væri að þeir nytu hjúkrunar.

Með reglugerð nr. 47/1990 er sjúklingum yfir 67 ára aldri, sem vistast á langlegudeildum almennra sjúkrahúsa, gert að greiða fyrir dvölina með öðrum tekjum en bótum almannatrygginga, og eru þar með ellilífeyrisþegar orðnir eini hópurinn í landinu sem greiðir fyrir sjúkrahúsvist sína.

Þess vegna hef ég lagt fram þessar fyrirspurnir til að heyra það frá hæstv. ráðherra sjálfum hvort hann telji eðlilega að farið.

[14:16]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spyr: Hverjir verða að greiða af eigin tekjum (eða eftirlaunum)

sjúkrahúsvist þegar vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði eða það sem á vantar t.d. þegar bætur almannatrygginga, ef einhverjar eru, hafa verið látnar renna til sjúkrahússins? Svarið er að ef elli- og örorkulífeyrisþegi dvelur lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir, undanfarna 24 mánuði, samanber lög um almannatryggingar, nr. 117/1993. Langlegusjúklingar 67 ára og eldri taka þátt í dvalarkostnaði sínum af eigin tekjum þegar þeir hafa legið 120 daga síðustu 24 mánuði í hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Þá kemur önnur spurningin: Á hvaða stofnunum gildir þessi regla og hver er meðalupphæð á mánuði á þeim stofnunum sem fá þessar greiðslur? Á öllum daggjaldastofnunum og stofnunum á föstum fjárlögum gildir þessi regla. Misjafnt er hversu háar upphæðir langlegusjúklingar greiða en sem dæmi má nefna að á Hrafnistu í Hafnarfirði dvelja nú 146 langlegusjúklingar í hjúkrunarrými, 54 taka þátt í dvalargjöldum sínum og meðalupphæð sem þeir greiða á mánuði er 20.028 kr. Á Eir í Reykjavík dvelja nú 102 langlegusjúklingar í hjúkrunarrými, 41 tekur þátt í dvalargjöldum og meðalupphæð sem þeir greiða á mánuði er 38.150 kr. Á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum dvelja nú 23 langlegusjúklingar í hjúkrunarrými, 4 taka þátt í dvalargjöldum sínum og meðalupphæð sem þeir greiða á mánuði er 31.215 kr. Á Sjúkrahúsi Sauðárkróks dvelja nú 45 hjúkrunarsjúklingar í hjúkrunarrými, 6 taka þátt í dvalargjöldum og meðalupphæð sem þeir greiða á mánuði er 26.617 kr.

Þriðja spurningin er: Hvað er sjúklingi ætlað til ráðstöfunar fyrir sjálfan sig og í öðru lagi fyrir maka sem býr áfram á eigin heimili? Einstaklingur má halda eftir af tekjum sínum 22.570 kr. á mánuði frá 1. sept. 1997, samanber lög um málefni aldraðra, nr. 82/1989, og reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða með síðari breytingum. Hefur þessi fjárhæð hækkað um rúmlega 1.000 krónur frá gildistöku nýrrar reglugerðar í september.

Í öðru lagi. Eigi langlegusjúklingur maka, þá skiptast tekjur langlegusjúklings jafnt á milli hans og makans eftir að staðgreiðsluskattar hafa verið dregnir frá áður en til útreiknings dvalarkostnaðar kemur. Hafi langlegusjúklingur að lokinni skiptingu meira en 22.570 kr. á mánuði þarf hann að taka þátt í kostnaði vegna dvalarinnar með þeim tekjum sem umfram eru, þó aldrei meira en sem nemur upphæð dvalarkostnaðar á dvalarheimili fyrir aldraða sem er í dag 90.824 kr. á mánuði, samanber lög um málefni aldraðra frá 1989 og reglugerð frá 1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða með síðari breytingum.

Að lokum spyr hv. þm.: Gildir þetta fyrirkomulag fyrir alla aldursflokka? Svarið er: Aðeins þeir sem eru 67 ára og eldri taka þátt í dvalargjöldum sínum. Bætur örorkulífeyrisþega falla niður ef þeir dveljast lengur en fjóra mánuði á sjúkrastofnun.

[14:21]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Mig langar að þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir að koma þessu máli til umræðu í þinginu með þessari fyrirspurn og vil vekja athygli á því að það eru aldraðir sem greiða fyrir vist sína á sjúkrastofnunum og vistheimilum einir Íslendinga. Mig langar til að vekja athygli á því hvað þetta er niðurlægjandi og smánarlegt ástand þeirra sem lenda í því að missa heilsuna og þurfa að dvelja á þessum aldri á sjúkrastofnunum og vistheimilum. Greiðslur til þeirra eru einnig tekjutengdar, bæði almannatryggingabæturnar og sömuleiðis vasapeningarnir sem fólki er boðið upp á. Og ég nefni dæmi: Aldraður sjúklingur sem var rithöfundur fær lesna eftir sig sögu í útvarpið. Greitt er fyrir það síðari hluta árs. Næsta ár á eftir, eftir að skattframtalið er komið fram, þá er farið að skerða annaðhvort vasapeningana eða rukkun kemur til hjúkrunarheimilisins þar sem verður að endurgreiða (Forseti hringir.) hluta af þessari greiðslu. Næstum því ári síðar skerðast þessar smánarbætur, ef ég nefni t.d. vasapeningana sem eru rúmlega 11 þús. kr., umfram 3 þús. kr. (Forseti hringir.) um 65%, 65 kr. af hverjum 100 kr. eru teknar til baka. Ég spyr hæstv. ráðherra: Stendur ekki til að taka á hinum óréttlátu jaðarsköttum á þennan hóp?

[14:23]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það eru mjög mikilvægar upplýsingar sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur kallað eftir og mjög mikilvægt að við förum ofan í hvað þetta þýðir. Ég vildi óska að þingmaðurinn hefði líka spurt um hvaða dæmi væru um hæstu greiðslur einstaklings vegna þess að sláandi er að sjá meðaltöl frá 20 þús. kr. og upp í 30–40 þús. Ég hef nefnilega heyrt dæmi upp í allt að 100 þús. kr. í greiðslur á mánuði á slíkri stofnun og það er mjög alvarlegt.

Að öðru leyti vil ég líka nefna að þingflokkur jafnaðarmanna hefur lagt fram till. til þál. um að bæta réttarstöðu íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sólarhringsstofnunum og vistheimilum einmitt til að láta gera greinarmun á eðlilegum framfærslukostnaði einstaklings sem hver og einn ber ábyrgð á og þjónustu og umönnun sem viðkomandi þarf á að halda vegna líkamlegs eða andlegs ástands út frá því sjónarmiði að tekjur eru teknar og viðkomandi skilinn eftir með vasapening sem sviptir fólk sjálfstæði og sjálfsvirðingu.

[14:24]

***Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):***

Hæstv. forseti. Þetta efni hefði þurft miklu lengri tíma en möguleiki er á í fyrirspurnaformi. Það alvarlega í þessu máli er að þeir einir sem eru 67 ára og eldri njóta ekki ókeypis sjúkrahúsvistar. Ég reyndar hélt þegar ég bar fram þessa fyrirspurn að búið væri að finna leiðir fram hjá þessu með því að stofna svokallaðar öldrunardeildir einstakra sjúkrahúsa, svo sem Landakots sem nú er orðin öldrunardeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þetta er ekki svo. Það eru ósköp einfaldlega öll sjúkrahús, sem eru á föstum fjárlögum, sem taka þetta gjald hvort sem þau hafa svokallaðar öldrunardeildir eða ekki. Það er alltaf verið að útvíkka þetta. Það sem er skelfilegast af þessu öllu er að þeir sjúklingar innan við 67 ára aldur — og um það kann ég dæmi — sem eru svo ógæfusamir að þurfa að lenda inni á svokallaðri öldrunardeild vegna sjúkleika, og á það sérstaklega við um alzheimer-sjúklinga vegna þess að aðrir kostir gefast ekki, þó að þeir séu ekki orðnir 67 ára eru þeir líka látnir borga fyrir sig af því að það heitir að þeir séu á öldrunardeild.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, hæstv. forseti og hæstv. ráðherra, að hér séu brotin lög á fólki og ég mun kæra einstakt tilvik um þetta til tryggingaráðs mjög fljótlega eða sjá um að það verði kært.

Ég held líka að það geti vel verið að verið sé að brjóta stjórnarskrána með því að láta suma Íslendinga greiða fyrir

sig sjúkrahúsvist og aðra ekki. Oftast er náttúrlega um eignaupptöku á áunnum lífeyrissjóðsgreiðslum að ræða. Auk þess held ég, hæstv. forseti, að lögin um málefni aldraðra veiti ekki lagastoð fyrir þeirri reglugerð sem gefin var út árið 1990. Þar er nefnilega talað um þjónustustig fyrir aldraða og þau eru bara tvö. (Forseti hringir.) Það eru almenn dvalarheimili og hjúkrunardeildir en það er ekkert talað um sjúkrahús. Það er talað um að slíkar deildir — ég er rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, — skuli eftir því sem hægt er vera í nágrenni við sjúkrahús (Forseti hringir.) en það er ekki stafkrókur um að reka eigi elliheimili inni á sjúkrahúsunum. Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að hér séu bæði brotin lög og stjórnarskrá.

[14:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Við erum að ræða lög frá 1993 sem farið er eftir, og enginn þekkir þetta betur en hv. síðasti ræðumaður og hv. næstsíðasti ræðumaður, sem báðir hafa unnið hjá Tryggingastofnun um langt árabil og vita nákvæmlega hvernig þessum málum hefur verið háttað í gegnum tíðina. En það sem ég vil segja í þessu sambandi þegar menn tala um réttlæti, þá verða menn auðvitað að reikna út hvað það kostar fyrir eldri einstakling að dvelja heima og hvað það kostar fyrir eldri einstakling að dvelja á dvalarheimili þar sem hann fær alla þjónustu á staðnum, þjónustu sem einstaklingurinn þarf sjálfur að greiða ef hann dveldi heima. Ég býst við að þegar þessi lög og reglur voru settar á sínum tíma hafi það verið reiknað út, en nú heyri ég að þeir sem á sínum tíma settu þau lög eru nú að koma með þáltill. um að þeir ætli að endurskoða þann kostnað sem hlýst af því að dvelja heima og síðan á dvalarheimili. En það sem skiptir máli núna er að lög um málefni aldraðra eru í endurskoðun og sú vinna er á lokastigi og er þetta sérstaklega tekið fyrir. En ég veit að það verður samt ekki svo að dvalarkostnaður verði þeim algerlega að kostnaðarlausu sem hafa tekjur, en þeir sem ekki hafa tekjur greiða að sjálfsögðu ekki fyrir dvalarkostnað.

## *Uppsagnir sérfræðilækna.*

Fsp. ÁÞ, 295. mál. — Þskj. 367.

[14:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á undanförnum vikum hafa uppsagnir sérfræðilækna á samningum við Tryggingastofnun ríkisins lent á sjúklingum af miklum þunga. Nú hafa 88 sérfræðilæknar sagt upp samningum og hafa 57 uppsagnir tekið gildi. Uppsagnir 14 lækna til viðbótar taka gildi 1. janúar nk. Lítið virðist miða í samkomulagsátt og breytir nýgerður kjarasamningur við sjúkrahúslækna litlu þar um. Þetta er haft eftir fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur í frétt Morgunblaðsins um málið í dag. Ljóst er að þessi staða er orðin sjúklingum mjög erfið. Fyrir heimsókn til sérfræðings getur kostnaður numið frá 3 þús. kr. upp í tugi þúsunda, allt eftir eðli meðferðar. Nú starfar t.d. hvorki háls-, nef- og eyrnalæknar né bæklunarlæknar fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þvagfæraskurðlæknar landsins hafa allir nema tveir sagt upp samningum við stofnunina. Þetta ástand leggst þyngst á elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa úr litlu að spila. Ein heimsókn til sérfræðings getur jafnvel kostað þá allar ráðstöfunartekjur eins mánaðar. Við bætist að nýverið var sú breyting gerð á reglum Tryggingastofnunar að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa að taka þátt í að greiða hluta kostnaðar sjúkra- og iðjuþjálfunar. Þannig er ljóst að þeir sem hafa eingöngu til ráðstöfunar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eiga í verulegum vanda við að standa straum af lækniskostnaði. Afsláttarkort Tryggingastofnunar ríkisins nýtast þeim að sjálfsögu ekki í þessari stöðu.

Að sögn lækna er mikið um það að sjúklingar úr röðum lífeyrisþega þurfi að biðja um greiðslufrest eða hreinlega, sem nokkuð er orðið um, að læknar fella greiðslu niður vegna fátæktar sjúklinga sinna.

Barnafjölskyldur eru einnig í miklum vanda í þessari kjaradeilu. Aðgerð á eyrum, t.d. vegna eyrnabólgu, getur kostað allt að 12 þús. kr. Kostnaður sem fjölskyldan áður slapp að stærstum hluta við að greiða sjálf. Nú leggst þessi kostnaður alfarið á barnafjölskyldur.

Það er óraunsætt að halda því fram, eins og hæstv. heilbrrh. hefur gert hér á Alþingi, að sjúkrahúsin geti tekið við þeirri þjónustu sem sérfræðilæknar á stofum veita. Skipulag bráðasjúkrahúsanna hefur breyst mikið á undanförnum árum þannig að niðurskurður og aðstöðuleysi í kjölfarið gera möguleika þeirra til að bæta við sig þessum verkefnum að engu. Eðli utanspítalaþjónustu sérfræðilækna er líka þannig að hún verður ekki flutt aftur inn á sjúkrahúsin í einu vetfangi.

Virðulegi forseti. Í svari ráðherra hér á Alþingi fyrr í haust kom fram að ekki væri lagaheimild fyrir endurgreiðslu. Því er nú þeirri spurningu beint til ráðherrans hvort hún hyggist beita sér fyrir því að koma á lagaheimild fyrir endurgreiðslu lækniskostnaðar sem elli- og örorkulífeyrisþegar og barnafjölskyldur þurfa nú að greiða vegna yfirstandandi kjaradeilu sérfræðilækna.

[14:33]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi fyrstu spurningu hv. þm. þá er það þannig að í 36. gr. laga um almannatryggingar er heimild fyrir Tryggingastofnun til að taka þátt í kostnaði vegna læknishjálpar utan sjúkrahúsa takmörkuð við að í gildi sé samningur við viðkomandi lækni. Samningur við viðkomandi lækni þarf sem sagt að vera í gildi. Því er svar mitt við fyrirspurn hv. þm. að það er ekki hægt að sveigja lög og reglur í takt við kjaradeilur.

Réttilega kom fram hjá hv. þm. að 56 sérfræðilæknar af 400 hafa sagt upp samningi við Tryggingastofnun. Staðan er nú sú að þeir hafa ákveðið, þrátt fyrir það að samningur sé enn í gildi, að hætta að vinna fyrir Tryggingastofnun. Uppsögn samninga er þeim að sjálfsögðu heimil en því fylgir jafnframt að Tryggingastofnun er ekki heimilt að taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna þeirrar læknishjálpar. Hér er Tryggingastofnun í þeirri stöðu að læknarnir hafa ákveðið að hætta að vinna fyrir almannatryggingakerfið. Læknarnir taka hins vegar áfram á móti sjúklingum á stofum sínum, innheimta gjald sem þeir ákveða sjálfir og vita að Tryggingastofnun er óheimilt að taka þátt í kostnaði sjúklings.

Samningaviðræður við lækna eru í gangi en þær viðræður ganga allt of hægt. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ég á þó von á því að niðurstöður séu á næsta leiti. Hvort nýgerðir kjarasamningar milli ríkissjóðs, borgar og sjúkrahúslækna hafa þar einhver áhrif er erfitt að segja á þessari stundu. En ég get deilt áhyggjum mínum með hv. þm. varðandi þá einstaklinga sem leita læknishjálpar og lenda í þeirri stöðu

að þurfa að greiða mun meira fyrir læknishjálp en verið hefur. Um getur verið að ræða verulegar upphæðir fyrir fólk sem í mörgum tilvikum er illa statt. En ég endurtek: Ekki er hægt að sveigja lög og reglur að kjaradeilum. Það veit ég að hv. þm. skilur mætavel. Það er nauðsynlegt fyrir heilbrigðiskerfið og sjúklingarnir eiga kröfu til að Tryggingastofnun og læknarnir nái samningum hið fyrsta.

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr einnig hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að hægt verði að draga umræddа hækkun sérfræðilækniskostnaðar frá skatti. Í núgildandi skattalögum eru ákvæði þess efnis að einstaklingar geta sótt um lækkun á tekjuskatti vegna mikilla útgjalda, m.a. vegna sjúkdóma. Ég tel vafalaust að einhverjir einstaklingar geti fengið einhverja lækkun á sköttum með þessari leið en hlýt að benda á að um hana gilda ákveðnar reglur sem eru talsvert stífar að því er varðar tekjumörk og fleira. Sama gildir um endurgreiðslur Tryggingastofnunar vegna mikils lækn is- og lyfjakostnaðar.

Hv. þm. sagði hér áðan að ekki væri hægt að ætlast til þess að sjúkrahúsin tækju við þeim sjúklingum sem þyrftu á aðgerðum að halda, en við verðum að ætla að sjúkrahúsin geri það. Hv. þm. sagði að um svo mikinn niðurskurð væri að ræða að það væri ekki hægt. Ef við berum saman undanfarin ár, þá er aukið fjármagn til heilbrigðis- og tryggingamála sem betur fer og um það hljótum við að vera sammála.

Við höfum líka bent sjúklingum á það að nýta heilsugæsluna meira en verið hefur á meðan á þessu ástandi stendur og fara til þeirra lækna sem eru enn á samningi hjá Tryggingastofnun. En á meðan á þessum kjaradeilum stendur eru vissir erfiðleikar og þeir bitna því miður á þeim sem síst skyldi.

[14:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er verið að mismuna sjúklingum eftir því hvaða sjúkdómur hrjáir þá. Eins og kom hér fram hjá fyrirspyrjanda eru nánast allir læknar, t.d. í þvagfæraskurðlækningum búnir að segja upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins þannig að þeir sem þurfa að sækja til þeirra þurfa að greiða fullt fyrir. Og það er ljóst að menn eru ekki lengur með þá tryggingu sem þeir borguðu fyrir með sköttunum sínum. Þeir tryggingaskilmálar standa ekki meðan þeir fá ekki lengur greitt fyrir hluta Tryggingastofnunar að læknisverkinu. Hjá Tryggingastofnun eru reglur, bæði um hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu og einnig reglur um endurgreiðslu vegna læknis- og lyfjakostnaðar vegna mikilla útgjalda. Auðvitað er hægt að breyta þessum reglum ef menn hafa áhuga á því. Ef ástandið er svo í heilbrigðiskerfinu að lagaákvæði Tryggingastofnunar eða almannatrygginga eru túlkuð þannig að þau stangist á við lög um heilbrigðisþjónustu, þá á auðvitað að breyta þeim lögum þannig að þau standist.

[14:39]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er með öllu óþolandi hversu mjög hefur dregist á langinn að leysa deilu Tryggingastofnunar og sérfræðinganna. Hæstv. ráðherra kemur hingað og segir núna að hún vonist til þess að senn verði lausn í augsýn. Hvað hefur hún sagt það oft? Hún hefur aftur og aftur komið hingað og sagt að nú sé líklegt að það sé að bresta á samningur.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði líka að hún deildi áhyggjum hv. fyrirspyrjanda út af þeim sjúklingum sem þurfa, eins og hún sagði, að greiða núna fullan sérfræðikostnað. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hún þá engar áhyggjur af þeim sem komast ekki einu sinni til sérfræðinganna vegna þess að að er til fólk sem hefur ekki peninga til þess að greiða þetta? Barnmargar fjölskyldur, fátækt fólk á Íslandi hefur ekki efni á að borga það gjald sem sérfræðingarnir setja upp og þess vegna er það að gerast núna í fyrsta skipti að það er að koma vísir að stéttskiptri heilbrigðisþjónustu í landinu þar sem þeir sem hafa efni á geta farið og keypt sér þjónustu sérfræðinga en fátækt fólk getur það ekki. Hingað til hefur ríkt sátt um það með öllum stjórnmálaflokkum að við viljum ekki svoleiðis heilbrigðiskerfi. Þetta er ekki það Ísland sem við viljum í dag og ég er sannfærður um að þetta er heldur ekki það Ísland sem hæstv. ráðherra vill en óafvitandi er það að skapast undir hennar stjórn.

[14:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ráðherrann nefnir enn á ný að aukið fjármagn sé til heilbrigðisþjónustunnar. Hvað ætli við höfum heyrt þetta oft? Ekki bara á þessu kjörtímabili heldur líka áður vegna þess að það eru aukin útgjöld, fleiri aldraðir og þyngri greiðslur m.a. til aldraðra o.s.frv. Útgjöldin aukast vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þar með er ekki aukin þjónusta í heilbrigðiskerfinu. Það er ekki hægt að sveigja lög og reglur að kjaradeilu, segir ráðherra og vonar að kjaradeilu ljúki. Ég trúi ekki mínum eigin eyrum og ég hugsa: Hvernig ræður hefði ráðherrann flutt í þessu máli væri hún enn óbreyttur þingmaður eins og á síðasta kjörtímabili og er ég þá að hugsa tvö og hálft ár eða svo til baka til nokkurra ræðna sem þá voru fluttar úr þessum ræðustól.

Vegna fyrirspurnanna hreyfði aðstoðarmaður ráðherrans því á Stöð 2 að það væri ekki óhugsandi að heimild fengist til að þessi kostnaður yrði frádráttarbær frá skatti. Við erum ekki að finna upp á því. En við spyrjum að því hvort ráðherrann hyggist beita sér fyrir að breyta lögum eða reglum á þann veg að fólkið fái endurgreidda þá hækkun á sérfræðiþjónustu sem það þarf að bera. Og spyrja má: Hve mikið sparast í heilbrigðiskerfinu hjá Tryggingastofnun út af þessari deilu? Hvert á sá sparnaður að renna? Á hann ekki að koma því fólki til góða sem ber nú alfarið kostnað af útgjöldunum? Og það má líka nefna hvað það kostar nú að fara til þessara sérfræðinga. Ég er hér með nokkur dæmi, virðulegi forseti, þær tölur eru: 3.500, 9.500, 12.000, 17.000 og upp í 40.000. Svo segir bara ráðherrann: Ég vona að deilan leysist. Ekki orð um það þó búið sé að spyrja um þetta oft áður, ekki orð um það sem ráðherrann hyggst gera til þess að bæta úr fyrir þetta fólk, fyrir það bágstadda fólk sem ber þennan þunga. Ég trúi ekki mínum eigin eyrum.

[14:43]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér hafa stór orð verið látin falla en mig langar að spyrja hv. þingmenn sem hér komu upp áðan hvort þeim finnist að læknar eigi alfarið að ráða því sjálfir hvað þeir rukka inn og Tryggingastofnun eða heilbrigðisþjónustunni sem greiðir þessa þjónustu komi það ekkert við. Eiga læknarnir að ráða því alfarið sjálfir? Um það snýst málið. Ég trúi ekki að það sé nokkur þingmaður hér sem segi að Tryggingastofnun eigi alfarið að fara að vilja læknanna varðandi það efni. Þá fyrst yrði hér mikið misrétti í heilbrigðisþjónustunni. Við erum að koma í veg fyrir að þetta misrétti skapist. Og þó ég viðurkenni hér fúslega að þetta sé erfitt ástand fyrir marga einstaklinga sem þurfa að leita til þeirra sérfræðinga sem hafa sagt upp samningi, þá eigum við þá leið að vísa

þessum sjúklingum inn á sjúkrahúsið því það gerum við. Við verðum að gera það á meðan á þessari deilu stendur. Þetta mál snýst um að við getum ekki látið læknana ráða þeim töxtum sem upp eru settir. Kjölfestan í tryggingarmálum er sú að sjúklingurinn sé tryggður en þá þurfa líka læknarnir að vera á samningi hjá Tryggingastofnun. (**RG:** Ég óska eftir að bera af mér sakir.)

[14:45]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Fleiri hafa ekki hvatt sér hljóðs og er fyrirspurninni svarað. Ég tel eðlilegast og rétt að menn kveðji sér hljóðs eftir að fyrirspurnatímanum er lokið og beri þá af sér sakir en ekki í miðjum fyrirspurnatímanum.

## *Breytingar á skattalögum.*

Fsp. HjÁ, 301. mál. — Þskj. 375.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Í umræðum síðustu missiri virðist skilningur á gildi rannsókna og mennta fara vaxandi a.m.k. í orði. Að baki þeim skilningi virðist liggja sú sýn að framfarir í efnahagslífi og í mannlífi öllu verði varla nema menntastig þjóðarinnar hækki með auknum rannsóknum og endurmenntun. Þær eru uppspretta nýjunga og framfara. Nú liggur hins vegar fyrir að framlög til rannsókna hérlendis eru með því lægsta sem þekkist innan ríkja OECD, einkum hvað varðar framlög atvinnulífsins til rannsókna og endurmenntunar. Þar skipum við okkur, herra forseti, á gamalkunnan bekk með þjóðum eins og Mexíkó, Grikklandi, Tyrklandi og Portúgal. Þetta eru tvímælalaust þau ríki sem almennt eru talin standa á brauðfótum hvað varðar framfarir og efnahagslíf. Á hinn bóginn má benda á ríki á borð við Bandaríki Norður-Ameríku, Þýskaland, Japan og Norðurlönd þar sem framlög fyrirtækja á hinum almenna vinnumarkaði eru til muna hærri en nemur framlögum hins opinbera til rannsókna og endurmenntunar. Þarna er vísbending um að á okkur halli og ekki sé mikil von um stórstígar framfarir á Íslandi meðan ekki verður úr bætt. Það er væntanlega af þeim sökum, herra forseti, sem Rannsóknarráð Íslands eða Rannís sendi ráðherrum menntamála og fjármála bréf, dagsett 9. júlí sl., með drögum að frv. um breytingar á skattalögum, breytingum sem fela í sér hvatningu fyrir fyrirtækin í landinu til að leggja fé til rannsókna og endurmenntunar. Drögum þessum og bréfi fylgir ítarleg greinargerð með samanburði við önnur ríki.

Í þessari greinargerð kemur m.a. fram að með því að veita fyrirtækjum aukalegt álag til skattafrádráttar á kostnað vegna rannsókna og endurmenntunar geti það orðið hvati til að leggja fé í þessa mikilvægu þætti nýsköpunar. Þetta er nauðsynlegt ekki bara vegna framfara heldur og vegna samkeppnisstöðu okkar gagnvart helstu nágranna- og samkeppnisríkjum. Þetta er með öðrum orðum eitt mesta hagsmunamál fyrir framfarir í efnahagslífi okkar.

Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hyggist bregðast við þessu bréfi og hvort hann muni leggja fram frv. um breytingar á skattalögum vegna rannsókna, þróunarstarfs og starfsmenntunar í fyrirtækjum eins og Rannís leggur til í umræddu bréfi.

[14:49]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegur forseti. Í bréfi Rannsóknarráðs, sem vísað er til, kemur fram það markmið að skattafsláttur sé notaður til þess að treysta betur samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þetta er reyndar gamall kunningi. Á sínum tíma sat ég í stjórn Rannsóknarráðs um árabil og þá var þessi aðferð mjög til umræðu. Hún er hins vegar umdeild.

Mörg undanfarin ár hefur það meginsjónarmið verið ríkjandi í skattamálum bæði hér á landi og erlendis, að skattlagning skuli vera almenn og sem mest án undanþágna en fremur beri að freista þess að lækka jaðarskatta jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Þetta sjónarmið hefur með áþreifanlegum hætti skilað sér í lækkun tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja hér á landi, og samræmingu tryggingagjalds og breikkun virðisaukaskattstofns svo nokkuð sé nefnt. Með lækkun skatta og ýmsum öðrum aðgerðum hefur ríkisstjórnin þannig stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins eins og glöggt kemur fram í ýmsum alþjóðlegum athugunum á þessu sviði. Ég tel ekki ástæðu til, á þessari stundu, að víkja frá þessum meginviðhorfum. Hins vegar hef ég komið sjónarmiðum Rannsóknarráðs á framfæri við nefnd sem ég hef nýverið skipað undir formennsku Geirs H. Haarde alþm. en í nefndinni á m.a. sæti Valgerður Sverrisdóttir, hv. þm. Framsfl.

Tillögur Rannsóknarráðs eru fleiri en hv. fyrirspyrjandi nefndi, bæði um að draga starfsmenntun frá og eins einkaleyfi og fá sérstakan frádrátt út á slík atriði.

Nefndinni, sem ég nefndi áðan, er ætlað að skoða þróunina í skattamálum hér á landi og erlendis og leggja grunn að stefnumörkun á æskilegum breytingum á skattkerfinu þannig að hún örvi hagvöxt og stuðli að aukinni atvinnu.

Á skattafsláttarleiðinni eru ýmsir augljósir ókostir. Í fyrsta lagi er það skilgreiningarvandi eins og Rannís-menn reyndar viðurkenna og kemur fram í plöggum þeirra. Ef tekinn er upp sérstakur skattafsláttur þarf að skilgreina nákvæmlega þann hluta starfsemi sem talinn er falla að þeim markmiðum sem afslátturinn miðar að, hvað eru rannsóknir og hvað er þróun. Ég ætla ekki að reyna að svara því hér en ég bendi á að meðal OECD-ríkja er vaxandi áhugi á athugunum á því sem kalla mætti óáþreifanlegar fjárfestingar eða á ensku: intangible investments. Eftir því sem handafl víkur fyrir hugviti í atvinnulífinu ber meira á slíkum fjárfestingum. Óáþreifanlegar fjárfestingar felast m.a. í rannsóknum og hvers konar þróunarstarfi, þjálfun og þekkingaröflun starfsmanna, markaðssetningu og hugbúnaði. Ef skilgreina á rannsóknir og þróun sérstaklega hlýtur að mega spyrja t.d. hvernig skilgreina beri þróunarstarf og kaup á vélbúnaði margra hugbúnaðarfyrirtækja, tilraunir útvegsfyrirtækja með nýjar veiðar, símenntun starfsmanna o.s.frv. Skilgreining á rannsóknum og þróun er afar vandmeðfarin og kann að leiða okkur í ógöngur.

Annað atriði sem ég tel ástæðu til að benda á er að því hærri sem tekjuskattur fyrirtækja er þeim mun meiri líkur eru á að ef boðið er upp á skattafslætti vegna rannsókna aukist umfang rannsókna í bókhaldi fyrirtækja en kannski ekki í raun og veru. Allt verði talið til sem hugsanlega geti fallið undir skilgreininguna. Þannig verði til fleiri störf hjá endurskoðunarfyrirtækjum og skattstofum sem eðlilega þurfa að fylgjast með því að rétt sé staðið að málum. Eftir situr hins vegar götótt skattkerfi og minna svigrúm til að lækka skatthlutfallið sem er stóra stefnumálið.

Loks vil ég nefna, virðulegi forseti, að í athugun sem gerð var á meðal sænskra fyrirtækja á árinu 1990 voru forsvarsmenn rannsóknadeilda lítilla og stórra fyrirtækja inntir álits á ólíkum tegundum rannsóknarstyrkja. Svarendur virtust ekki telja að skattafslættir væru ákjósanlegustu leiðir sem ríkið gæti farið til að stuðla að aukningu á rannsóknum þróunarverkefna. Í samtölum við svarendur kom fram að almenn skattfríðindi næðu til svo margra aðila að líklegt væri að þau yrðu ekki nægjanlega umfangsmikil til að skipta verulegu máli fyrir einstök fyrirtæki. Það er alveg ljóst að ýmsir telja þessa aðferð hins vegar mikilvæga og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að full ástæða er til að gefa því gaum hvernig við förum að til þess að örva rannsóknir og þróunarstarfsemi í íslenskum fyrirtækjum. Það má ekki skilja orð mín þannig að ég sé á móti því að það sé gert þótt ég hafi ekki tiltrú á þeirri leið sem hérna er nefnd sérstaklega. Ég held að það sem skipti mestu máli sé að stjórnvöld beiti sér fyrir aðgerðum sem séu til þess fallnar að opna fyrirtæki fyrir fjármagni frá nýsköpunar- og áhættufjárfestum eins og víðast gerist erlendis. Leiðir sem líkjast helst því sem gerist á einkamarkaði hljóta að vera ákjósanlegar. Á þær má líta sem ágætan undirbúning fyrirtækja undir það að fara á hlutabréfamarkað og styrkja hluthafabakland sitt.

Virðulegi forseti. Ég læt þetta nægja sem svar við þessari mikilvægu spurningu hv. fyrirspyrjanda.

[14:55]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr svör. Í fyrsta lagi hlýt ég að taka undir með hæstv. ráðherra að lækkun skatta almennt til einstaklinga og fyrirtækja sé meginregla og meginmarkmið. Hins vegar kann okkur að greina á um það. Ég tel að það eitt og sér sé ekki nægjanlegt eins og dæmin sanna í þeirri ágætu greinargerð sem fylgir umræddu bréfi frá Rannís til hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra velti því réttilega upp að mörkin á milli þess hvað eru rannsóknir og hvað er þróunarstarf kunni að vera óljós. Hins vegar kemur fram í umræddri greinargerð frá Rannís að það telur sig sjálft geta haft eftirlit með því enda er það hlutverk Rannís að greina og skilgreina hvað er rannsóknarverkefni, hvað er þróunarstarf og þar fram eftir götunum, og er líklega enginn betur til þess fallinn en einmitt Rannís. Ég held að vert sé að huga að því og nú hlýtur hæstv. fjmrh. ávallt að hugsa um ríkiskassann, það er hans hlutverk, en við verðum sífellt að líta á það að þó að einhver skammtímakostnaður kunni að hljótast af skattafslætti vegna rannsókna þá ber að líta á það sem fjárfestingu sem til lengri tíma skilar sér jafnvel margfalt inn í ríkissjóð.

Ég ítreka stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum. Framlag atvinnulífsins til rannsókna er hér með því lægsta sem þekkist innan OECD og þess vegna er brýnt að grípa til aðgerða. Rannís bendir á mjög hentuga leið sem ég tek undir. Ég bendi einnig á að hér er ekki einungis um skoðun Rannís að ræða. Undir sjónarmið þeirra taka bæði ASÍ og VSÍ. Með öðrum orðum vinnumarkaðurinn sjálfur og Rannís hafa lagt fram ágæta stefnu. Nú vantar hina pólitísku ákvörðun og vil ég brýna hæstv. ráðherra að bregðast vel við.

[14:57]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil enn á ný þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég er sammála honum um að nauðsynlegt er fyrir okkur að örva rannsóknir og þróunarstarfsemi í fyrirtækjum. Það kemur mér ekki á óvart þegar minnst er á það að VSÍ og ASÍ hafi stutt hugmyndina einfaldlega vegna þess að þannig var farið að Rannís-menn fóru til þessara aðila, lögðu hugmyndina fyrir og leyfðu þeim síðan að bæta við hugmyndina þannig að í pakkanum er ekki eingöngu verið að tala um það sem hv. þm. nefndi heldur er líka gert ráð fyrir því að eins sé farið með starfsmenntun hjá fyrirtækinu, hvað svo sem starfsmenntun er. Ég hef nú reynslu af því sem viðsemjandi opinberra starfsmanna að horfa á það hvað menn kalla starfsmenntun. Það er, held ég, ekki alltaf alveg nákvæmlega starfsmenntun. Og síðan til viðbótar að líka eigi að vera hægt draga frá með sama hætti öflun einkaleyfis og hönnunarverndar. Þetta segir mér einungis eitt þ.e. að allir eru tilbúnir til að gera út á skattkerfið og fá frádrátt og segja að það muni örva tiltekna starfsemi. Þá svarar ríkið venjulega þannig á móti: Við þurfum að fá meiri tekjur og einu tekjurnar sem við getum fengið er að hækka tekjurnar af viðkomandi aðilum á móti, þ.e. hækka skatthlutföllin. Það verður aftur til þess að menn munu freista þess að reyna að ná sem allra mestu út úr skattkerfinu hinum megin frá — hlutföllin hækka og frádráttum fjölgar. Það var af þessari ástæðu fyrst og fremst sem á sínum tíma var gjörbreytt um kerfi og sagt: Hættum þessum frádráttarleiðum, förum frekar í það að lækka hlutföllin. Og sú stefna er enn við lýði. Það þýðir hins vegar ekki að hverfa eigi frá því að hugsa um þetta. Ég vek athygli á því að nýjar hugmyndir hjá OECD eru þær að taka þennan óáþreifanlega kostnað, intangible investment, eins og þeir kalla svo, og afskrifa hann hugsanlega eins og steinsteypuna því í nútímaþjóðfélagi leggja fyrirtækin miklu meira upp úr öðruvísi eignum, t.d. í mannauði, heldur en nokkurn tímann upp úr steinsteypu og eignum sem Íslendingar (Forseti hringir.) þekkja einar sem eignir. Um það getum við verið sammála að það sé mál sem við þurfum að taka á og leysa, en ekki, a.m.k. um sinn, með skattafslætti sem þarna er lagt til.

***Um fundarstjórn.***

Ummæli ráðherra.

[15:00]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs við umræðu um 5. dagskrármálið og óskaði eftir að bera af sér sakir. Forseti vill láta þess getið að vegna þess að slík umræða er sérstök, sjálfstæð umræða sem um gilda (**ÖS:** Sérstakar sakir.) sérstakar reglur þá þótti forseta eðlilegra að slík umræða færi fram eftir að fyrirspurnum væri svarað.

[15:01]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu vill sú sem hér stendur lúta fundarstjórn forseta þó ef til vill hefði verið eðlilegra að bregðast við strax að lokinni umræðu um fyrirspurnina. Já, ég óskaði eftir að bera af mér sakir þegar ráðherrann lét þau orð falla að hér féllu stór orð. Það er nefnilega ekki rétt. Það féllu engin stór orð hjá mér þó mér væri þungt í lund út af svörum ráðherrans. Og það að láta orð falla um stéttskipt þjóðfélag eru ekki stór orð þar sem það er alveg ljóst að sú staða er komin upp að sumir geta sótt læknishjálp og aðrir geta það ekki sökum kostnaðar. Það er hins vegar ekki þetta sem ég ætla að ræða né fara í efnislega umræðu, virðulegi

forseti, um fyrirspurn sem þegar hefur verið rædd, heldur hitt að þetta gerist nokkuð oft að það er stjórnarliðinn, ráðherrann, sem hefur síðasta orðið. Og þá er það vandasamt fyrir viðkomandi að láta ekki þau orð falla að eftir sitji spurning til stjórnarandstöðuþingmannsins sem ekki má koma upp aftur. Það gerðist t.d. hér áðan að spurt var: „Vill stjórnarandstaðan það virkilega að læknar ráði greiðslunum? Á að fara eftir læknunum og láta þá stjórna?"

Virðulegi forseti. Ég hlýt að bregðast við þessu. Að sjálfsögðu ekki. Við erum ekki hér að tala um lækna sem eigi að ráða. Hér erum við að ræða pólitík. Við erum að ræða þá pólitík hvernig stjórnvöld bregðast við vanda þegna sinna. Hvernig stjórnvöld bregðast við þegar þegnarnir sem standa undir heilbrigðiskerfinu með sköttum sínum og skyldum og treysta á Tryggingastofnun ríkisins, standa frammi fyrir því að hún er afvopnuð, ekki í nokkra daga, ekki í nokkrar vikur, heldur mánuðum saman sem gerir það að verkum að fólk, láglaunafólk og illa statt fólk, öryrkjar, aldraðir og fátækir, getur ekkert gert annað en annaðhvort að taka lán eða biðja læknirinn að gefa sér eða láta það vera að sækja sér læknishjálp. Þetta er pólitíkin sem við erum að ræða um. Við erum ekki að ræða um að læknar eigi að ráða. Þeir eiga ekki að ráða. Það á enginn að fá að eyðileggja almannatryggingakerfið sem við höfum byggt upp. Enginn.

[15:03]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér er hafin ný umræða um málið. En það var örugglega ekki það sem forseti ætlaðist til þegar hann gaf orðið um að bera af sér sakir.

Já, ég sagði hér áðan að það hafi fallið stór orð. Ef það er nægilegt til þess að hefja umræðu upp á nýtt þá þarf nú varlega að fara í þingsal.

[15:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég dreg það alveg sérstaklega fram þar sem ég kallaði eftir því að koma hér í ræðustól undir liðnum að bera af sér sakir, að megingagnrýni mín er á það að þegar við erum með fyrirspurnir, og gjarnan gildir þetta líka um utandagskrárumræður, þá er það svo að ef sá sem svarar síðastur eða sá sem svarar eins og ráðherrann nú, kemur með spurningar eða gerir okkur upp skoðanir þá eigum við ekki möguleika á að bera það af okkur eða svara því. Þess vegna kalla ég þetta að bera af mér sakir.

Fundi slitið kl. 15:05.

---

## 34. FUNDUR

miðvikudaginn 3. des.,
að loknum 33. fundi.

**Dagskrá:**

1. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 292. mál, þskj. 364. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 345. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 377. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 376. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Skipting afnotaréttar nytjastofna á Íslandsmiðum, þáltill., 254. mál, þskj. 299. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

### *Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 292. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Skipting afnotaréttar nytjastofna á Íslandsmiðum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. PHB, 254. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 15:15]

[18:30]

**Útbýting þingskjala:**

Búnaðargjald, 333. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 419.

Landafundir Íslendinga, 12. mál, nál. utanrmn., þskj. 412.

Lífeyrissjóður bænda, 327. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 413.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 330. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 416.

Skipulags- og byggingarlög, 332. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 418.

Spilliefnagjald, 331. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 417.

Tekjuskattur og eignarskattur, 328. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 414.

Vörugjald af ökutækjum, 329. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 415.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

## 35. FUNDUR

fimmtudaginn 4. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla félagsmálaráðherra um réttindi fatlaðra.
2. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, stjfrv., 287. mál, þskj. 358. — 1. umr.
3. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 362. — 1. umr.
4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 289. mál, þskj. 361. — 1. umr.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 98. mál, þskj. 98, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
6. Hlutafélög, stjfrv., 147. mál, þskj. 147, nál. 395. — 2. umr.
7. Einkahlutafélög, stjfrv., 148. mál, þskj. 148, nál. 396. — 2. umr.
8. Landafundir Íslendinga, þáltill., 12. mál, þskj. 12, nál. 412. — Síðari umr.
9. Spilliefnagjald, stjfrv., 331. mál, þskj. 417. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
10. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 418. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Búnaðargjald, stjfrv., 333. mál, þskj. 419. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

***Tilkynning um dagskrá.***

[10:32]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess að kl. 13.30 er áformuð umræða utan dagskrár um breiðband Pósts og síma hf. Málshefjandi er Guðmundur Árni Stefánsson. Samgrh. Halldór Blöndal verður til andsvara og fer umræðan fram samkvæmt 50. gr. þingskapa og mun því standa í allt að hálfa klukkustund.

***Skýrsla félagsmálaráðherra um réttindi fatlaðra.***

[10:32]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Ráðherra hefur óskað eftir því að útbýtt væri á borð þingmanna skýrslu Sameinuðu þjóðanna um meginreglur um jafna þátttöku fatlaðra. Það er samkomulag milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar og verður hún með eftirfarandi sniði: Félmrh. fylgir skýrslunni úr hlaði og hefur 10 mínútur. Síðan tala fulltrúar þingflokka og hafa hver um sig sex mínútur. Hv. 14. þm. Reykv. hefur þrjár mínútur og við lok umræðunnar hefur félmrh. fjórar mínútur.

[10:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Fyrst af öllu þakka ég fyrir að fá tækifæri til þess að kynna skýrslu Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra. Ég fékk ósk frá Öryrkjabandalaginu um að kynna skýrsluna á alþjóðadegi fatlaðra sem var í gær. Því miður var ekki hægt að koma því við í dagskrá þingsins í gær en ég er þakklátur fyrir að fá tækifæri til þess að fara nokkrum orðum um skýrsluna og vekja athygli hv. þingmanna á þessu merkilega málefni.

Skýrslan eða þessar grundvallarreglur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sent út til leiðbeiningar fyrir aðildarríkin eru í þremur köflum og er skipt í 22 reglur. Fyrsta reglan er sú að vekja athygli á málefninu. Önnur reglan fjallar um læknaþjónustu og þar er aðildarríkjunum skylt að tryggja fötluðum góða læknaþjónustu. Ástæða til að nefna það hér hvernig staðan er hjá okkur á Íslandi í að uppfylla reglurnar. Við höfum sett á stofn greiningarstöðina. Þar fer fram mjög merkileg starfsemi og þverfagleg, reynt að greina sem allra fyrst ef börnum er áfátt og ég held að þar sé mjög vel unnið og stöðugt verið að bæta við þá starfsemi, nú síðast varðandi einhverfa þar sem fenginn hefur verið sérfræðingur að því málefni. Síðan eigum við sem betur fer góðar heilsugæslustöðvar og þær eiga að sinna frumgreiningunni.

Þriðja reglan fjallar um endurhæfingu og fjallar um að aðildarríkin hafa skyldu til að tryggja að í boði sé endurhæfingarþjónusta handa fötluðum svo þeir megi ná sem mestu sjálfstæði og bestu athafnastigi. Við stöndum sæmilega hvað varðar læknisfræðilega endurhæfingu. Við höfum Grensásdeild og Reykjalund og á stofnunum um heilbrigðisþjónustu fer líka fram marktæk endurhæfing og samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra er því málefni einnig sinnt.

Fjórða reglan er um stoðþjónustu og að aðildarríkin ættu að tryggja þróun og framboð stoðþjónustu með tilliti til hjálpartækja fyrir fatlaða eða til að hjálpa þeim að auka sjálfstæði sitt í daglegu lífi og ná fram rétti sínum. Hér er einnig staðið vel að verki. Við höfum Hjálpartækjabankann og Tryggingastofnun tekur mikinn þátt í kostnaði þar af og hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins á Smiðjuvegi. Þá vil ég líka geta um stórmerkilega framleiðslu Össurar hf. á gervilimum sem hefur vakið heimsathygli og var merkilegt framlag okkar til hjálparstarfs í ríkjum fyrrum Júgóslavíu.

Fimmta reglan er um aðgengi. Aðildarríkin skyldu gera sér grein fyrir almennu mikilvægi aðgengis hvað snertir jöfnun tækifæra á öllum sviðum samfélagsins. Aðildarríkin skyldu a) stofna til framkvæmdaáætlunar í því skyni er geri umhverfið aðgengilegt fyrir fólk með fötlun af ýmsu tagi og b) gera ráðstafanir til að veita aðgang að upplýsingum.

Það fer svo þegar maður talar um aðgengismál í þessu húsi að maður hlýtur að fyrirverða sig því að aðgengi er ekki viðunandi hér en við því er ekki gott að gera eins og menn vita. Við höfum gert samning við sveitarfélögin um aðgengismál fatlaðra og þessi samningur var undirritaður í febrúar á þessu ári. Síðan höfum við ný lög um bygginga- og skipulagsmál sem taka gildi 1. jan. nk. Bæði þessi samningur og eins lögin eiga að vera spor fram á við í þessu efni. Við höfum einnig ferðaþjónustu fatlaðra hjá sveitarfélögunum.

Síðan er um aðgengi að upplýsingum. Við höfum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og við höfum túlkaþjónustu. Sjónvarpið birtir fréttir á táknmáli og Tryggingastofnun styrkir textasíma.

Sjötta reglan fjallar um menntun og að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og almennum skólum. Þau skyldu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og við höfum fylgt þeirri stefnu að hafa samskipan í almenna skóla og það er með því mesta sem þekkist. Við höfum náð þegar best lætur mjög góðum árangri. Ég vil nefna það að Ísland fékk fyrstu verðlaun frá Evrópusambandinu í sambandi við Helíos-samstarfsáætlunina fyrir blöndun fatlaðra nemenda í almennum skóla. Það var Lundarskóli á Akureyri sem fékk þessa viðurkenningu. Það voru gullverðlaun. Silfurverðlaun, fyrir aðbúnað heyrnarlausra, hlaut Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Sjöunda reglan fjallar um atvinnu. Aðildarríkin skyldu viðurkenna þá meginreglu að gera verður fötluðum kleift að njóta mannréttinda, einkum á sviði atvinnumála. Jafnframt í borgum, bæjum og til sveita skulu þeir njóta jafnréttis til arðbærs og launaðs starfs á vinnumarkaði.

Við höfum nýlega sett lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Svæðisvinnumiðlunum, sem er verið að koma upp, er skylt að sinna þessu verkefni og fatlaðir eiga þar sama rétt og aðrir. Framkvæmdasjóður fatlaðra leggur einnig fé til aðgengismála á vinnustöðum og nokkrir atvinnurekendur hafa sýnt mjög lofsvert framtak í að hafa fatlaða í vinnu. Í landinu eru 15 verndaðir vinnustaðir sem njóta framlaga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og starfsþjálfun fatlaðra í Hátúni 10d er mjög merkileg starfsemi.

Áttunda reglan er um tekjutryggingu og almannatryggingar. Aðildarríkin bera ábyrgð á að sjá fötluðum fyrir almannatryggingum og tekjutryggingu. Ég hygg að almannatryggingalöggjöfin hér sé nokkuð góð og skapi nauðsynlegt öryggisnet. Í bandormi, sem verður væntanlega ræddur á allra næstu dögum, er ákvæði um styrkta tengingu við launaþróun og verðlagsþróun í landinu.

Níunda reglan er um fjölskyldulíf og mannlega reisn. Aðildarríkin skulu stuðla að því að fötluðum sé kleift að taka virkan þátt í fjölskyldulífi, þau skulu tryggja réttindi fatlaðra til mannlegrar reisnar og tryggja að fötlun sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir. Það má geta þess að við höfum mjög skýr ákvæði í íslensku stjórnarskránni og við höfum líka lög um málefni fatlaðra og fjölskylduþjónustu.

Tíunda reglan fjallar um menningu. Aðildarríkin tryggja að fötluðum sé gert kleift að vera hluti af og taka þátt í menningarviðburðum á jafnréttisgrundvelli. Við veitum liðveislu til þess að fatlaðir geti notið menningar og afþreyingar. Ég vil líka nefna stórmerkilega starfsemi sem fer fram í Ásgarði þar sem fatlaðir sinna bæði menningarstarfi og handverki, listiðnaði. Eins hefur leikhópur fatlaðra, sem heitir Perlan, hlotið mikla viðurkenningu.

Ellefta reglan er um tómstundir og íþróttir. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að fatlaðir hafi sömu tækifæri og aðrir hvað varðar skemmtanir og íþróttir. Íþróttasamband fatlaðra hefur starfað af miklum þrótti og árangur fatlaðra Íslendinga á Ólympíuleikum fatlaðra hefur vakið heimsathygli.

Tólfta reglan fjallar um trúariðkanir. Það málefni er á verksviði kirkjunnar. Ég vil geta þess að heyrnarlausir hafa sérstakan prest.

Þrettánda reglan fjallar um upplýsingar og rannsóknir. Það stendur yfir mjög ítarleg könnun á aðstöðu fatlaðra í úttektarhópi sem er að störfum á vegum félmrn. og ég vænti þess að niðurstaða liggi fyrir um árangur. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Nú er tíminn búinn. Það er að vísu eftir að nefna nokkrar reglur, ég var bara kominn að fjórtándu reglu, en ég verð að hlíta tímamörkum og e.t.v. gefst mér tækifæri í lokaorðum til þess að fara yfir það sem eftir er.

[10:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á alþjóðaþingi Sameinuðu þjóðanna í október 1992 fór fram sérstök umræða sem markaði endalok áratugs fatlaðra. Þar var samþykkt ályktun þess efnis að 3. des. skyldi helgaður umræðu um málefni fatlaðra og er hans nú minnst víða um heim. Í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eru stjórnvöld í aðildarríkjunum sérstaklega hvött til þess að nota alþjóðadaginn til að varpa ljósi á hversu dýrmætt það er hverju samfélagi að fatlaðir og fjölskyldur þeirra séu þátttakendur á sem flestum sviðum þjóðlífsins og mannréttindanefnd samtakanna hvetur til þess að fatlaðir njóti allra grundvallarmannréttinda og jafnréttis og taki fullan þátt í samfélaginu.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar ræddu um hver árangurinn hefði orðið af áratugi fatlaðra sem þá var að ljúka voru flestir sammála um að hann hefði gegnt mikilvægu hlutverki og

skilað verulegum árangri í þá átt að gera þjóðir heims meðvitaðar um stöðu fatlaðra og þau bágu lífskjör sem þeir búa við. Nú væri hins vegar þörf á viðamiklum aðgerðum ef jafna ætti kjörin. Kjörorð Sameinuðu þjóðanna er: Eitt samfélag fyrir alla. Að gera samfélagið aðgengilegt fyrir alla, stefna að því að koma á samfélagi sem er laust við mismunun og fordóma, samfélagi sem mætir þörfum allra þegna sinna og endurspeglar þátttöku allra.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna voru samþykktar meginreglur til jöfnunar tækifæra fyrir fólk með fötlun sem hér var fylgt úr hlaði af félmrh. Það er einstaklega ánægjulegt að minna á að meginreglurnar voru kynntar og um þær fjallað í fyrsta sinn á alþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra sem haldin var hér á landi árið 1994. Sú ráðstefna var haldin að tilstuðlan hagsmunasamtaka fatlaðra með stuðningi páv. félmrh. og utanrrh., þeirra Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Meginreglurnar leggja ekki lagaskyldur á herðar ríkisstjórnum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna en þær skuldbinda engu að síður bæði siðferðilega og pólitískt. Hagsmunasamtök fatlaðra um allan heim vænta þess að reglurnar séu undanfari alþjóðalaga sem öðlist stöðu alþjóðasáttmála líkt og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Þær endurspegla viðhorf sem hafa náð að festast í sessi á síðustu áratugum um að þjónusta og lífsskilyrði fatlaðra skuli vera í anda samskipunar í stað aðgreiningar. Að horfið skuli frá ölmusuhugsun til jafnréttishugsunar. Þær staðfesta enn fremur þá hugsun að málefni fatlaðra séu mannréttindamál og rétt þeirra til fullrar þátttöku jafnréttis og lífsgæða. Í reglunum er enn fremur að finna nýja skilgreiningu á fötlun sem tekur til hins nána samhengis sem er á milli þeirra hindrana, aðstæðna í umhverfi og viðhorfum, sem koma í veg fyrir fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu.

Mörg framfaraspor hafa vissulega verið stigin hér á landi til að jafna stöðu fatlaðra á við ófatlaða á síðustu áratugum. Þrátt fyrir það eru verkefni enn næg enda var staðan slæm þegar loks var hafist handa. Nægir að nefna aðstæður fórnarlamba slysa sem margir búa við óviðunandi og ómanneskjulegar aðstæður á sjúkrahúsum. Þessu fólki má ekki gleyma. Við megum heldur ekki gleyma íbúum sólarhringsstofanana, svo sem Kópavogshælis, sem enn bíður eftir því að efnt verði loforð um betri aðstæður. Jöfn tækifæri fatlaðra til menntunar, atvinnu, mannsæmandi lífskjara og afkomu í samræmi við markmið meginreglna og laga Sameinuðu þjóðanna er langt í frá náð.

Ýmis teikn á lofti sýna okkur að full þörf er á að halda uppi varnarbaráttu fyrir áunnum réttindum fatlaðra. Hversu hratt aðstæður þeirra síðan munu breytast til hins betra veltur á vilja stjórnvalda hverju sinni til að fjárfesta í velferð þeirra. Nú sem endranær er mikið undir því komið hversu vel hagsmunasamtökum fatlaðra tekst að beina sjónum almennings og stjórnvalda að sanngjörnum kröfum um hlutdeild í gæðum samfélagsins. Það er líka mikilvægt að fatlaðir, börn og fullorðnir, séu þátttakendur í samfélaginu því þannig breytast viðhorfin hraðar í jákvæða átt.

Vandi margra fatlaðra hér á landi er enn mikill borið saman við kjör ófatlaðra og vandséð að þau verði leyst með skjótum hætti nema með samstilltu átaki sem byggt er á vel skilgreindum áætlunum og fjármagni. Það ættu að vera yfirstíganleg markmið í samfélagi eins og okkar sem býr yfir auði sem nægir okkur öllum sé honum réttlátlega skipt. Í dag er talið að um 500 milljónir fatlaðra séu í heiminum. Þar af eru um 160 milljónir börn. Aðeins um 1% fatlaðra nýtur frumþjónustu á sviði heilbrigðis- og menntamála. Um 70% allra fatlaðra búa í þróunarlöndunum þar sem ástandinu verður vart með orðum lýst. Á árinu 1993 varði ríkisstjórnin 5 millj. kr. til stuðnings hagsmunabaráttu fatlaðra í Eystrasaltsríkjunum og þetta framtak skilaði góðum árangri í áþreifanlegum úrræðum hjá þessum vinaþjóðum okkar. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja ríkisstjórnina til að halda áfram á þeirri braut.

Sérstakt fagnaðarefni er að umboðsmaður fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum, Bengt Lindquist, fyrrv. félagsmálaráðherra Svíþjóðar, skuli sækja Ísland heim í næstu viku. Hann mun fjalla um meginreglurnar á ráðstefnu, eiga fund með forseta Íslands og heimsækja Alþingi í boði forseta Alþingis. Þess má vænta að koma hans verði okkur hvatning til að taka höndum saman um átak til að ná markmiðum meginreglna Sameinuðu þjóðanna.

Það er von mín, virðulegi forseti, að umræða um málefni fatlaðra verði árviss á degi fatlaðra hér á Alþingi sem og í samfélaginu öllu enda mikilvægt að alþingismenn og þjóðin öll sé upplýst reglulega um ástand mála og hvaða úrbóta er þörf.

[10:51]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra fjallar um nánast alla þætti lífsferils fatlaðra og réttindi þeirra. Grunntónninn er að fatlaðir séu borgarar með sömu réttindi og skyldur og aðrir og það réttlæti ráðstafanir til að ryðja úr vegi öllum hindrunum fyrir fullri þátttöku í samfélaginu. Það er því eftirtektarvert að fyrsta reglan skuli vera um skyldu aðildarríkjanna til að vekja athygli samfélagsins á málefnum fatlaðra. Slíkar áherslur hljóta að benda til að ástæða sé til að ætla að m.a. huglægar hindranir séu fyrir fullri þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Hér á landi er í gildi réttindalöggjöf um málefni fatlaðra. Markmið þeirra laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Í 2. gr. laganna er skilgreining á því hverjir eiga rétt á umræddri þjónustu. Greinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum."

Að þessu töldu er greinilegt að þarfir fatlaðra fyrir þjónustu hljóta að vera mjög mismunandi. Því er rétt að reyna að átta sig á því hvort ekki sé réttara að fara þá leið sem Danir fara en hún er að samþætta réttindi fatlaðra inn í almenn lög eftir því sem þörf er á en það á nú þegar við um mikið af íslenskri löggjöf.

Einn þeirra annmarka sem fram hafa komið við framkvæmd núgildandi laga er að mikið af þjónustu við fatlaða er veitt af mörgum rekstraraðilum. Þetta gerir þjónustuna óhagkvæma. Fyrirkomulagið kemur í veg fyrir að til verði samhent, skilvirk og öflug fag- og ráðgjafarþjónusta sem leiðir skipulag þjónustunnar. Fjármagnið skiptist því á of margar hendur. Hagkvæmni stærðarinnar nýtist ekki, kerfið virkar flókið og í sumum tilvikum næstum fjandsamlegt þeim sem á þarf að halda. Af þeim sökum meðal annars hefur verið ákveðið að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga frá ríki. Að því verkefni er unnið með þátttöku ráðuneyta,

sveitarfélaga, stjórnmálaflokka, hagsmunasamtaka fatlaðra og fagaðila. Stefnt er að því að lög um málefni fatlaðra verði felld inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og þau taki gildi 1. janúar 1999.

Með flutningi málaflokksins til sveitarfélaganna hefur verið mótuð sú stefna að flytja þjónustuna nær þeim sem eiga að njóta hennar og gera hana þannig aðgengilegri og skilvirkari. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaganna og samþætting við aðra félagsþjónustu þeirra ætti að leiða til samhæfingar og samnýtingar þjónustukerfa, t.d. á sviði skóla- og samgöngumála. Ljóst er að sameining og stækkun sveitarfélaga er af hinu góða þegar tekið skal við verkefnum frá ríkinu, en þar sem það er ekki fyrir hendi þá þurfa hin smærri sveitarfélög að sameinast um félagsþjónustu á stærra svæði til þess að tryggja starfhæfa þjónustueiningu sem tryggi m.a. ráðgjafarþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra. Við lagasetningu verður að leitast við að hafa sem flest ákvæðanna almenn og einvörðungu miðuð við þjónustuþörf. Eins þarf að huga vel að eftirlitsskyldu og kvörtunarferli. Rétt er að leggja áherslu á að hagsmunafélög fatlaðra eru nauðsynlegur þáttur í réttindagæslu og upplýsingagjöf um málefni fatlaðra.

Menntunarmál fatlaðra eru einn af grunnþáttum jafnrar þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Á undanförnum árum hefur verið unnið að heildarendurskoðun á löggjöf á öllum sviðum skólamála. Í nýrri löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hefur þess sérstaklega verið gætt að taka tillit til þarfa fatlaðra. T.d. er 19. gr. framhaldsskólalaganna svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum."

Í samræmi við þetta hefur verið unnið að því að koma til móts við ýmsar sérþarfir fatlaðra nemenda, t.d. býðst nú þroskaheftum nemendum a.m.k. tveggja ára skipulegt nám sem verið er að þróa. Á síðasta landsfundi Sjálfstfl. var lögð sérstök áhersla á mikilvægi þjónustu við fatlaða. Einnig var ályktað um að unnið verði markvisst að því að íslenska táknmálið verði sem fyrst viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og fyrsta tungumál þeirra.

Ég vil taka það fram að lokum að mín skoðun er að það sé rétt skref að flytja málaflokkinn til sveitarfélaganna. Ég treysti þeim fullkomlega til að takast á við verkefnið. Við eigum hins vegar að nota þetta tækifæri til að lagfæra þá galla sem nú eru á löggjöfinni og framkvæmd hennar og minnast þess að þjónustuna á að miða við þarfir einstaklinganna en ekki stofnananna.

[10:57]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er mikilvægt að ræða hér um skýrslu Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra. Og það er mikilvægt að fara yfir grundvallaratriðin í málefnum fatlaðra hér í þessari stofnun en það verður auðvitað að gæta þess að umræðan um málefnið breytist ekki í almennt tal og frómar óskir sem við eigum öll innan í okkur en breyta engu ef við fylgjum þeim ekki eftir í veruleikanum. Mér finnst það oft vera vandinn við umræður af því tagi sem hér eru að hefjast að menn eru almennt séð góðir en gera ekki grein fyrir því hvernig þeir ætla að fara að því. Ég er ekki að segja þetta til að gagnrýna neinn þeirra sem þegar hafa talað hér í þessari umræðu en ég minni á að dagskrárliðurinn heitir: Skýrsla um réttindi fatlaðra. Með öðrum orðum — okkur er ætlað að fjalla hér um réttindi fatlaðra almennt — og kannski í okkar landi sérstaklega. Hvernig standa þau mál í dag? Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, í þessari umræðu að ræða um kjaramál fatlaðra. Þessi umræða er markleysa ef ekki er rætt um kjaramál fatlaðra. Umræðan er markleysa ef ekki er á það minnt að laun fatlaðra, öryrkja, eru komin niður fyrir lágmarkslaun og lengra niður fyrir lágmarkslaun um næstu áramót en þau hafa verið um langt árabil af því það tókst að bisa kauptöxtum upp í u.þ.b. 70 þúsund kall frá og með næstu áramótum. Um þetta á að tala og það á að segja það — og ég segi það af okkar hálfu að við teljum að það eigi að lyfta launum fatlaðra þannig að þau séu nær lágmarkslaunum en þau eru í dag. Um þetta á að tala.

Á þessum degi á líka að tala um það, herra forseti, að það stendur ekki til að miða laun fatlaðra við laun á almennum vinnumarkaði þrátt fyrir bandormsfrv. sem rætt verður seinna í dag. Það stendur ekki til. Það er blekking. Ríkisstjórnin er að reyna að plata fatlaða og aldraða með því ákvæði í frv. um efnahagsráðstafanir sem hér liggur fyrir. Í því stendur ekkert annað en að það eigi að hafa hliðsjón af launaþróun í landinu og ákvörðunin eigi að vera í samræmi við fjárlög hverju sinni. Þetta dugir ekki. Og um þetta á að tala.

Á þessum degi á í öðru lagi að tala um það, herra forseti, að ákvörðun hefur verið tekin um að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna frá og með 1. janúar 1999.

Að mínu mati á hins vegar að tala um það á þessum degi, að ljóst er að þetta er mjög erfitt verkefni. Það er ljóst að mörg sveitarfélög, t.d. Reykjavík, hafa sett spurningarmerki við það að þetta sé hægt vegna þess að það er flókið mál og erfitt að skrifa réttindamál fatlaðra eins og þau heyra undir félmrn. öll inn í lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hér er um að ræða mikið verkefni sem ekki hefur verið leyst og það er greinilegt að ríkjandi er vantrú meðal allra sveitarstjórnarmanna í landinu á því að þetta geti gengið upp.

Á þessum degi á í þriðja lagi að tala um húsnæðisvandamál fatlaðra sem núna þurfa, til að mynda á þessu svæði, að skrá sig á biðlista — til hve langs tíma? Hvað er biðlistinn langur í Reykjavík eftir húsnæði fyrir fatlaða og öryrkja? Hann er þrjú ár. Um þetta á að tala.

Það á í fjórða lagi að tala um margs konar ráðstafanir og ákvarðanir stjórnvalda sem hafa orðið til þess á undanförnum missirum að skerða réttaröryggi fatlaðra í landinu og allra þeirra sem þurfa að skipta við hina félagslegu þjónustu. Um þetta á að tala. Þetta er innihald en ekki bara form og umbúðir. Og það á líka að tala um það, eins og minnt var á hér í gær, að farið er að rukka öryrkja sem eru lagðir inn á sjúkrastofnanir. Það er farið að rukka öryrkja, það er farið að leggja sérstakan sjúklingaskatt á öryrkja og það er einmitt rætt á degi fatlaðra í þessum sal að frumkvæði hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Um þetta á að tala og það á líka að tala um menntunarmál fatlaðra sem eru t.d. þannig að greinilegt er að menntmrn. sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum að því er varðar börn í leikskólum með þroskafrávik

og líka er greinilegt að menntmrn. sinnir ekki skyldum sínum þegar um er að ræða ákveðna fötlun barna þar sem þeim er hent á milli stofnana og umdæma í fullkominni óvissu. Um þetta verður að tala líka.

Markmiðið með umræðunni um málefni fatlaðra er bara eitt: Það er jafnrétti. Fatlaðir hafa aldrei beðið um forréttindi. Fatlaðir hafa bara beðið um jafnrétti fyrir fatlaða í samfélaginu og okkar áherslur eiga fyrst og fremst að beinast að því að komast eins nálægt því og mögulegt er að tryggja þeim jafnrétti. Það eru til peningar. Það er alltaf verið að svara fötluðum og öðrum með því að það séu ekki til peningar. Fréttir komu um það í sjónvarpinu í gærkvöldi að byggja ætti og væri verið að byggja 64.000 m verslunarhúsnæði hér í grenndinni, hér á þessu svæði þar sem maður skyldi nú ætla að væri nóg fyrir á næstu árum. Það eru bersýnilega til peningar þegar tekin er ákvörðun um að leggja 10–15 milljarða kr. í að byggja verslunarhúsnæði þar sem nóg er fyrir. Spurningin í þessu efni er þess vegna ekki um hjartagæsku, ekki um gott hugarþel heldur um pólitík. Eru menn tilbúnir til þess að skerða frelsi fjármagnsins í staðinn fyrir að halda þannig á málum, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, að tryggja frelsi fjármagnsins og borga það með ófrelsi fatlaðra, biðlistum fatlaðra eftir þjónustu? Hér er spurning um pólitík og ekkert annað. Þingflokkur Alþb. og óháðra lýsir eindregnum stuðningi við baráttu fatlaðra.

[11:04]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þó að réttindabarátta fatlaðra sé að sjálfsögðu daglegt viðfangsefni er vel til fundið að helga þeirri baráttu einn ákveðinn dag. Það hvetur ófatlaða til að íhuga stöðu fatlaðra sérstaklega á þessum degi og átta sig á hvar skórinn kreppir helst, velta fyrir sér hvað áunnist hefur og hver brýnustu viðfangsefnin eru. Þess vegna er rétt að hafa í heiðri alþjóðadag fatlaðra sem á sér nú fimm ára sögu.

Samtök fatlaðra hafa notað þennan dag vel. Þau hafa notað hann til að benda á það sem vel hefur verið gert, t.d. í atvinnumálum fatlaðra, í aðgengi að opinberum stofnunum o.s.frv. en einnig til að vekja athygli á nauðsynlegum úrbótum og þeir hafa haft erindi sem erfiði eins og t.d. með lyftuna í umhvrn.

Hæstv. félmrh. hefur flutt okkur skýrslu og opnað þessa umræðu um meginreglur Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra í daglegu samfélagi. Það hlýtur að hafa verið honum að mörgu leyti erfitt miðað við stöðuna nú og allt það sem ólokið er til að jafna metin. Reglur Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku, eins og það er orðað, er okkur mikilvægur leiðarvísir. Vissulega má segja að margt hafi áunnist frá þeim tíma þegar ófatlaðir meðhöndluðu fatlað fólk almennt og yfir höfuð eins og óhreinu börnin hennar Evu, en því miður má segja að svo sé í sumum tilvikum enn. Viðhorfin hafa breyst fyrst og fremst vegna ötullar baráttu samtaka fatlaðra sjálfra, en það skortir víða enn á skilning margra á því sem gera þarf til þess að fötluðum sé kleift að taka þátt í lífi og starfi eftir því sem hugur þeirra og geta stendur til.

Nú stendur til að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna og það held ég að sé rétt stefna. Ég er þeirrar skoðunar að almennt sé betra að hafa forræði hvers konar þjónustu sem næst þeim sem þurfa á henni að halda en slíkan tilflutning verður að undirbúa vel og vandlega og hann verður að vera í góðri sátt allra aðila. Það eru mörg vandamál óleyst í því efni þótt aðeins ár sé til stefnu hvað varðar húsnæðismál, menntamál, atvinnumál og margt fleira og yfir þessi mál þarf að fara lið fyrir lið og tryggja að sveitarfélögin hafi tök á að sinna þeim af meiri metnaði og myndarskap en ríkið hefur hingað til gert. Ég verð að segja alveg eins og er að mér líst illa á undirbúning málsins. Það styð ég m.a. með tilvísun í frv. til fjárlaga á næsta ári.

Húsnæðismál fatlaðra hafa haft nokkurn forgang í uppbyggingu þjónustu á undanförnum árum og til þess að tryggja fjármagn til þeirra hluta höfum við Framkvæmdasjóð fatlaðra sem lögum samkvæmt á að fá til sín óskiptar tekjur Erfðafjársjóðs í viðbót við framlag ríkisins. Við þekkjum þá sögu hvernig staðið hefur verið við lögin í þessu efni síðustu árin, bæði með því að skerða tekjur sjóðsins og einnig með því að taka af framkvæmdafé til rekstrar. Þetta hefur margsinnis verið rætt og gagnrýnt í sölum Alþingis og utan þeirra.

Á næsta ári áformar ríkisstjórn Íslands hins vegar með stuðning mikils meiri hluta þingmanna á bak við sig að skerða lögbundið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um heilar 235 millj. kr. og er nú von að margur spyrji: Hverjum á að nýtast marglofað góðæri til lands og sjávar? Hvað er svo miklu brýnna í húsnæðismálum landsmanna að klípa þurfi þetta fjármagn af Framkvæmdasjóði fatlaðra?

Kannski er ekki úr vegi að benda á brýna þörf sendiráðanna í þessu sambandi. Það er nefnilega talsvert hærri upphæð sem fer til bygginga og viðhalds sendiráða okkar erlendis en hér er verið að klípa af því fjármagni sem Alþingi taldi sig vera að tryggja til húsnæðismála fatlaðra með lagasetningu þar um fyrir nokkrum árum.

Auðvitað mætti nefna mörg önnur dæmi til hliðsjónar og alltaf má deila um forgangsmál í þessu efni sem öðrum. En það svíður sárt ekki síst með tilliti til batnandi efnahags þjóðarinnar að meiri hluti Alþingis skuli sætta sig við slíkar tillögur. Þörfin er svo mikil og neyðin er svo mikil í búsetumálum fatlaðra, sérstaklega í Reykjavík og á Reykjanesi þar sem hundruð fatlaðra einstaklinga eru á biðlistum eftir húsnæði og fjölmargir þeirra eru á neyðarbiðlistum sem þýðir að núverandi heimilisaðstæður þeirra eru þannig að úrlausn þolir enga bið. Þetta er okkar stærsti vandi nú og við getum leyst hann. Þetta er spurning um vilja og forgangsröðun verkefna.

Annað sem ég vil sérstaklega benda á eru menntunarmál fatlaðra. Það er þjóðinni til skammar að ekki sé betur að málum staðið í þeim efnum en dæmin sanna og mig undraði hvað hæstv. ráðherra taldi ástandið gott. Réttur fatlaðra er ekki minni en ófatlaðra í þessu efni. Réttur þeirra er nákvæmlega hinn sami en þeir hafa ekki notið þess réttar til fulls. Yfir þetta allt þarf að fara og gera þær úrbætur sem gera þarf. Það þarf stórátak, svo mikið er víst, bæði á grunnskólastigi en ekki síður hvað varðar framhaldsmenntun. Og nákvæmlega þessa dagana erum við minnt á alvarlega mismunun sem fatlaðir hafa orðið fyrir á báðum þessum skólastigum. Mér finnst satt að segja engin ástæða til að lofa einstaka skóla fyrir að veita sjálfsagða þjónustu en úr hinu þarf að bæta þar sem réttur er brotinn.

Margt fleira mætti nefna sem úr þarf að bæta, t.d. í sambandi við endurhæfingu. Við höfum Grensás og Reykjalund, sagði hæstv. ráðherra. En Grensásdeildin er t.d. ekki nýtt nema að hálfu vegna fjárskorts.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi um kjaramál fatlaðra og þar var ekkert ofmælt, en tíminn leyfir ekki fleiri orð um það efni að þessu sinni, herra forseti. Þróunin er vonandi á réttri braut þótt hraðar mætti ganga. Það er mikið rætt um aðgengi

fatlaðra, aðgengi að öllum þáttum nútímasamfélags. Þetta mál þarf ríkari forgang. Þetta er spurning um aðgengi að lífinu sjálfu, fatlaðra sem ófatlaðra.

[11:10]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti, eins og segir í lögunum. Þegar kemur að stöðu fatlaðra í okkar samfélagi hygg ég að segja megi að því miður njóti þeir ekki jafnréttis í hvívetna þó að víða sé þeirra getið í lögum.

Það hefur vakið athygli mína við yfirferð frv. til fjárlaga hversu gífurlega mikið starf er unnið hér á landi í þágu fatlaðra, bæði þeirra sem eru líkamlega fatlaðir og andlega fatlaðir eða jafnvel þótt hvort tveggja sé. Hér er ógrynni félaga, styrktarfélaga og félaga aðstandenda fatlaðra og öryrkja. Það vekur hjá mér þá spurningu hvort ekki megi betur gera, hvort ekki sé hægt að sameina og nýta kraftana miklu betur en nú er gert. Að vísu á stofnun félaga sér oft þann tilgang að vekja athygli á málefnum sérstakra hópa, og veitir ekki af, en þegar jafnbrýn þörf er í okkar samfélagi og við sjáum allt í kringum okkur að bæta kjör fatlaðra, þá spyr maður sig hvort ekki væri ástæða til að sameina kraftana enn betur.

Í því samhengi vil ég vekja athygli á því hve öryrkjum hefur fjölgað mikið hér á landi á undanförnum árum. Það hefur orðið mikil fjölgun öryrkja. Sérstaklega hefur konum fjölgað í þeim hópi sem vekur upp spurningar um það hvers konar fötlun liggi þar að baki eða hvað það er sem gerir fólk óvinnufært. Þetta er til skoðunar hjá Tryggingastofnun ríkisins en þetta tengist stöðu fatlaðra á margvíslegan hátt, húsnæðismálum, atvinnumálum og öðru því sem komið hefur verið inn á í þessari umræðu og virkilega þarf að taka á.

Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns er það einkum á höfuðborgarsvæðinu sem skortir mjög á húsnæði og þar eru langir biðlistar og ég hygg að brýnast sé að taka á þeim málum.

Hæstv. forseti. Það er líka mjög mikilvægt að tala ekki um fatlaða og öryrkja sem einsleitan hóp heldur að skoða hina mismunandi hópa, skoða konur sér, karla sér, líkamlega fötlun annars vegar, andlega fötlun hins vegar ef maður ætlar að fá nákvæma mynd af því hver þörfin er og að lokum, hæstv. forseti, vil ég skora á hæstv. ráðherra að gera nú rækilega úttekt á því hvernig stefnu Sameinuðu þjóðanna er framfylgt á Íslandi og hvað má betur fara þannig að við getum bætt okkur og stuðlað að raunverulegu jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra hér í okkar samfélagi.

[11:14]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það var mér mjög ljúft að standa fyrir henni. Þetta er þarft málefni að ræða og ástæða til að ræða það. Staðan hér er tiltölulega góð í alþjóðlegu samhengi og það mun sannast enn betur þegar Helíos-skýrslan, sem kemur út í desember, kemur á borð okkar. Það er að vísu margt sem við getum bætt og við eigum að hjálpast að við að gera það því að eins og hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, sagði, þá erum við öll svo afskaplega góð.

Ég fagna því að þó þessari umræðu ljúki hér í þingsölum í dag þá er henni ekki lokið í þjóðfélaginu. Á næstu dögum mun verða umræða úti í þjóðfélaginu um þessi efni. Hingað er að koma Bengt Lindquist sem sem hefur yfirumsjón með þessu verkefni hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég fagna því að fá að hitta hann og mun snæða með honum kvöldverð á mánudaginn kemur. Vegna komu hans verður hér örugglega áframhaldandi umræða.

Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, fór hér mikinn að vanda og hafði nóga peninga eins og venjulega. Ég vil bera til baka það sem hann sagði um kjaramál fatlaðra. Í bandormsfrv., ef að lögum verður, er tvöföld trygging., 9. gr. í bandorminum hljóðar svona:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“ Það er að segja ef launaþróunin fylgir ekki þróun neysluverðs þá er trygging fyrir því að bæturnar hækki samkvæmt hærri mælikvarðanum.

Hv. þm. var með nokkrar úrtölur vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna sem ákveðið er með lögum að verði 1. janúar 1999. Sveitarfélögin óskuðu eftir að fá þetta málefni. Samtök fatlaðra mæltu með því að málið yrði fært. Það er ekki að frumkvæði ríkisins sem við erum að þessu. Ég viðurkenni það að málefni fatlaðra fara betur hjá sveitarfélögunum og ég vitna til þeirrar reynslu sem þegar er fengin. Á Norðurlandi eystra í Vestmannaeyjum og Hornafirði eru málefni fatlaðra alfarið komin til sveitarfélaganna. Á öllum þessum stöðum held ég að það sé enginn vafi um að málefnunum sé betur sinnt þar en hjá ríkinu. Varðandi fjármagn til málefna fatlaðra í fjárlögum þá er 7% raunaukning til málaflokksins í fjárlagafrv. sem nú er til afgreiðslu hér á þinginu.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég átti eftir að minnast á nokkrar af reglunum. Það er um löggjöfina. Við erum að samþætta lögin um málefni fatlaðra og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og ég held að það sé spor í rétta átt og í anda þess sem menn vilja — að fatlaðir séu meðhöndlaðir með sama hætti og aðrir borgarar. (Forseti hringir.) Ég átti eftir að minnast á efnahagsstefnuna, samtök fatlaðra og fjalla um þjálfun starfsfólks. Ég nefni lottópeningana sem Öryrkjabandalagið fær og vil nefna það hér að félmrn. hefur staðið fyrir 14 námskeiðum til þjálfunar starfsfólks.

Því miður gefst mér ekki lengri tími en ég þakka enn og aftur fyrir þessa umræðu, herra forseti.

## *Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, 1. umr.*

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 358.

[11:19]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt eiga sér stað á þessum mánuðum sameiningar sveitarfélaga. Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa sérstakri ánægju minni með hve vel hefur miðað í því efni. Fólkið hefur fundið það sjálft að skynsamlegt sé að sameinast og sameining hefur þegar verið samþykkt í allmörgum sveitarfélögum og umræður og atkvæðagreiðslur fara fram á þó nokkrum stöðum til viðbótar fyrir vorið.

Þegar sveitarfélög sameinast yfir kjördæmamörk þá þarf að flytja um það sérstakt lagafrv. eða setja um það sérstök lög og því er ég hér kominn með frv. til laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg skulu sameinuð."

Og 2. gr. frv. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar."

Þessi sameining fer fram á grundvelli atkvæðagreiðslu sem fór fram 21. júní 1997 en þar var samþykkt í báðum sveitarfélögum að sameinast. Í framhaldi af því hafa hreppsnefnd Kjalarneshrepps og borgarstjórn Reykjavíkurborgar tekið ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna o.fl., samanber 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986.

Kjalarneshreppur er í Kjósarsýslu og samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar er Kjósarsýsla í Reykjaneskjördæmi. Ég hef hér í höndum álitsgerð frá embætti ríkislögmanns þar sem fjallað er um hvort breyta þurfi stjórnarskrá vegna sameiningar sveitarfélaga sem eru í sínu kjördæmi hvort. Í niðurlagsorðum segir svo, með leyfi forseta:

„Sameining sveitarfélaga sem eru sitt í hvoru kjördæminu breytir því ekki að íbúar hinna sameinuðu sveitarfélaga tilheyra eftir sem áður því alþingiskjördæmi sem þeir áður gerðu. Atbeini stjórnarskrárgjafans þarf því aðeins til að koma að menn telji æskilegt að breyta kjördæmaskipaninni jafnframt til samræmis. Samkvæmt framanrituðu teljum við að almenni löggjafinn geti kveðið á um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu án atbeina stjórnarskrárgjafans. Til að taka af öll tvímæli má í lögum um slíka sameiningu taka fram, eins og áður hefur verið gert í löggjöf, að sú sameining hafi ekki áhrif á gildandi kjördæmaskipun." Þetta var tilvitnun í álitsgerð frá embætti ríkislögmanns.

Ég vil hins vegar láta þá skoðun í ljósi að ég tel næsta líklegt og nánast sjálfsagt að þegar stjórnarskrárbreyting verður gerð, vegna breytingar á kosningalögum, sem væntanlega verður fyrir lok þessa kjörtímabils, þ.e. að við aðrar alþingiskosningar hér frá verði kosið eftir nýjum kosningalögum og nýjum stjórnarskrárákvæðum. Þá tel ég það einboðið að Kjalarnes flytjist í Reykjavíkurkjördæmi. Annað fyndist mér vera óeðlilegt. En sú skipan sem nú er lagt upp með, til bráðabirgða, getur gengið.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál en vænti þess, að lokinni þessari umræðu, að frv. verði vísað til hv. félmn.

[11:24]

**Ólafur G. Einarsson:**

Herra forseti. Ætlun mín er ekki að leggja stein í götu þessa frv. með því sem ég kann að segja hér á eftir. Ef Alþingi vill haga málum eins og hér er lagt til þá sætti ég mig við það en ég segi hins vegar strax að mér þykir slík skipan vandræðalausn og hef ákveðnar efasemdir um að rétt sé staðið að málum. Það sem ég nefni hér á eftir er sett fram til þess að hvetja hv. félmn., sem væntanlega fær frv. til athugunar, til að kanna málið rækilega og svara þeim spurningum sem hljóta að vakna í sambandi við þetta frv.

Frumvarpið er í sjálfu sér afar einfalt. Það er aðeins tvær greinar eins og hæstv. félmrh. hefur rakið. Fyrri greinin er um sameiningu hinna tveggja ólíku sveitarfélaga, Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborgar. Ég ætla ekki að gera neitt mál úr þeirri ætlan sem meiri hluti þeirra sem þátt tóku í hvoru sveitarfélaginu um sig, í almennri atkvæðagreiðslu, hafa samþykkt. Að sjálfsögðu er það þeirra mál og er nú leitað eftir að staðfest verði með lögum frá Alþingi eins og gera verður ef þessi samþykkt íbúanna á að fá eitthvert gildi. Ég hef hins vegar mínar skoðanir á því máli og ég get strax sagt að ég tel það ekkert ótvírætt að sú sé heppilegust skipan sveitarstjórnarumdæma að langstærsta sveitarfélagi landsins verði sköpuð sérstök skilyrði til þess að vaxa öðrum meira yfir höfuð en nokkru sinni fyrr. Ég tel það ekki sjálfsagt mál.

Um hagsmuni Kjalnesinga í þessu samhengi ætla ég heldur ekki að ræða nú. Ég segi bara að þessi leið út úr þeirra vanda er ekki hin eina sem kann að vera fær til að tryggja framtíð þess sveitarfélags. En íbúarnir hafa valið þetta og ég ætla ekki, eins og ég segi, að leggja stein í götu þeirra. En nóg um þetta.

Sameiningarmál sveitarfélaga hafa verið mjög ofarlega á baugi að undanförnu og ég hygg að það hafi allt verið í rétta átt sem þar hefur átt sér stað, hin smæstu sveitarfélög hafa verið að sameinast og minni sveitarfélög að sameinast hinum stærri. Það hefur verið rétt þróun en vandamálin í skipan sveitarstjórnarmála hafa ekki verið hér á höfuðborgarsvæðinu. Þau hafa einmitt verið út um land, meðal hinna fámennari sveitarfélaga. Smæð sveitarfélaga hefur ekki verið vandamál á höfuðborgarsvæðinu þar sem sveitarfélögin eru yfirleitt nægilega stór til þess að sinna þeim viðfangsefnum sem þeim eru ætluð. Ég undanskil þá að sjálfsögðu sveitarfélög eins og Kjalarneshrepp þar sem búa einungis um það bil 500 manns.

Hæstv. ráðherra vitnaði hér til greinargerðar fyrrv. ríkislögmanns frá því í september 1993. Ég hef þessa greinargerð undir höndum og á henni virðist 2. gr. í frv. hæstv. ráðherra fyrst og fremst byggjast, þ.e. að samþykkt frv. hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Ég ætla ekkert að fara að rekja þessa greinargerð ríkislögmanns en hins vegar hlýt ég að segja að mér finnst hún ekki vera mjög vandlega unnið plagg, mér finnst það ekki. Í henni eru atriði sem má vissulega deila um. Ríkislögmaður rekur ýmislegt sem áður hefur gerst í sambandi við breytingu á kjördæmamörkum vegna sameiningar sveitarfélaga. Og það vill nú svo til að þau dæmi sem við höfum, og þau eru nokkuð mörg, þar sem breytt hefur verið lögsagnarumdæmismörkum sveitarfélaga vegna stækkunar eða sameiningar, eru öll á einn veg.

Það hefur enginn látið sér detta í hug að það væri verið að fremja stjórnarskrárbrot sem mér sýnist hins vegar að menn ætli ef þessi 2. gr. frv. verði ekki samþykkt. En ég kannast ekki við í fyrri dæmum að slíkt ákvæði hafi verið í frv. eða löggjöf. Ég hef ekki fundið slíkt dæmi. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna stjórnarskrárbrot nú fyrst þetta ákvæði verður ekki í löggjöfinni fyrst það hefur ekki verið áður? Við höfum mörg hliðstæð dæmi. Ég get rakið þau nokkur. Ríkislögmaður hefur tekið dæmi, t.d. frá 1954 þegar Akureyrarbær var sérstakt kjördæmi, einmenningskjördæmi, en Eyjafjarðarsýsla annað kjördæmi, tvímenningskjördæmi, og hluti Glæsibæjarhrepps, Glerárþorp og ýmsar jarðir þar í grennd voru sameinaðar Akureyri. Þá talaði enginn um stjórnarskrárbrot og íbúarnir voru ósköp einfaldlega fluttir, sennilega fyrir atbeina Hagstofunnar, á kjörskrá í Akureyrarkjördæmi. Þetta er allt saman rakið, en ríkislögmaður segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við höfum efasemdir um réttmæti þeirrar framkvæmdar." Svona eru fleiri dæmi í greinargerð ríkislögmanns sem segir þó að þessi túlkun hans sé ekki hafin yfir allan vafa.

Ég ætla ekki að fara að rekja þessa greinargerð neitt nánar. Ég hef aðeins sagt að mér þyki hún ekki vera nægilega vandlega unnið plagg. Ég skal taka önnur dæmi. Það er vísað til gildandi sveitarstjórnarlaga frá 1986 þar sem segir: „Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum." Þetta er að sjálfsögðu vitað og hefur aldrei verið gert öðruvísi en með lögum. Svo segir í athugasemdum sem fylgdu þessari grein frv., að sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma geti raskað kjördæmaskipan og verði því ekki ákveðin nema með lögum. Síðan er vísað til handbókar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 1986 þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Væntanlega mundi tilflutningur stórra sveitarfélaga á milli kjördæma mæta andstöðu á Alþingi en öðru máli gegnir um sameiningu fámennra sveitahreppa eða hluta þeirra yfir kjördæmismörk."

Svo segir í niðurstöðu ríkislögmanns, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum að í framanröktum athugasemdum og skýringum í handbók felist ónákvæmni eða misskilningur." Síðan byggir ríkislögmaður niðurstöðu sína á álitinu á því sem áður hefur gerst. Mér þykir þetta ekki vandlega unnið. Fleira mætti nefna sem ég ætla hins vegar ekki að eyða tímanum í.

Hafi menn grunsemdir um að ef þetta ákvæði 2. gr. verði ekki samþykkt þá sé verið að brjóta stjórnarskrána, þ.e. þá verði Kjalarneshreppur einfaldlega hluti af Reykjavíkurkjördæmi, ekki bara Reykjavíkurborg, heldur Reykjavíkurkjördæmi í alþingiskosningum, þá má eins velta því fyrir sér hvort verið sé að brjóta stjórnarskrána með því að gera það ekki þegar þessi sveitarfélög eru orðin eitt. Í stjórnarskránni segir í 31. gr., með leyfi hæstv. forseta, þar sem talin eru upp kjördæmin, í 1. tölul. upptalningarinnar:

„Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurkjördæmi. Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi." Þar eru taldir upp kaupstaðirnir og sýslurnar tvær.

Allar breytingar sem hafa verið gerðar, og þær hafa flestar orðið einmitt milli Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, að einni undanskilinni, hafa verið á kostnað sveitarfélaganna hér í kring, Seltjarnarness, Kópavogs og Mosfellsbæjar. Allt hefur það orðið til að stækka Reykjavíkurkjördæmi, segi ég, vegna þess að í öllum tilvikum hafa íbúar viðkomandi sveitarfélaga verið færðir á íbúaskrá Reykjavíkur og fengið kosningarrétt þar, líka í alþingiskosningum, ekki bara í sveitarstjórnarkosningum. Þess vegna vaknar spurningin alveg á sama hátt hvort almenni löggjafinn geti ýtt stjórnarskrárákvæðinu út af borðinu þegar Reykjavíkurborg stækkar — ég man ekki hvort það var samþykkt í atkvæðagreiðslunni, en mig minnir það nú, að nafnið skyldi áfram vera Reykjavík en ekki Kjalarvík eða eitthvað svoleiðis. Ég geng út frá því að það sé rétt munað hjá mér að nafnið verði Reykjavík áfram (**Gripið fram í:** Eða Reykjanes.) eða Reykjanes.

Það má líka spyrja við þessa breytingu hvort gamli Kjalarneshreppurinn, sem er þá væntanlega orðinn hverfi í Reykjavík, er enn þá í Kjósarsýslu? Það er kannski auðvelt að svara því játandi að hann sé áfram í Kjósarsýslu. En mér finnst þetta enn kalla á frekari athugun á því hvað verið er að gera hérna. Hæstv. ráðherra sagði í lok ræðu sinnar, sem ég vissi nú ekki, að ætlunin væri að samþykkja eitthvað sem væri bara til bráðabirgða. Það er ekkert getið um það. Við gerum ráð fyrir að sá tími renni upp að kjördæmaskipaninni verði breytt en við vitum ekkert hvenær það verður. Menn hafa vonað það allt of lengi. En það hefur ekki orðið og við sjáum ekki nákvæmlega hvenær sá tími rennur upp. Þess vegna vakna enn þá fleiri spurningar í þessu sambandi. Ef Reykjavíkurborg færi eftir sameininguna að beina í mjög svo auknum mæli byggðinni upp á Kjalarnes verða íbúarnir þar í Reykjaneskjördæmi. Þingmenn Reyknesinga ættu kannski að þakka fyrir sig að önnur sveitarfélög utan Reykjaneskjördæmis beini íbúaflaumnum inn í Reykjaneskjördæmi og Reyknesingar hljóta að fá fleiri þingmenn út á það. Við fengum einn þingmann til viðbótar í síðustu kosningum frá Norðurl. e., vegna íbúaflutninga, og slíkar breytingar hlytu að halda áfram. Ætla t.d. þingmenn Reykv. eða Reykjavíkurborg að una því? Ætla þeir aðilar að vinna að slíkri skipan mála? Það kæmi mér á óvart. Þetta er svona eitt með öðru sem hefur vakið upp spurningar í mínum huga og ég er að færa þær fram hér til þess að vekja athygli hv. félmn. á þessu. Ég segi enn og aftur: Það hafa oft verið gerðar breytingar en ég ætla ekkert að fullyrða um að það hafi verið lögformlega staðið að verki en það hefur samt aldrei verið dregið í efa fyrr en þá kannski núna. Ég nefni síðustu stóru breytinguna milli Reykjavíkur og þáverandi Gullbringu- og Kjósarsýslukjördæmis frá 1943 þegar lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Elliðavatn og Hólmur í þáverandi Seltjarnarneshreppi sem og spilda úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi, jarðirnar Grafarholt, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaðir, Lambhagi, Reynisvatn og jarðarhlutinn Hólmsheiði, allt í Mosfellshreppi. Allt fór þetta undir Reykjavíkurkjördæmi og enginn lét sér detta í hug að hér væri verið að fremja stjórnarskrárbrot. Ég hef minnst á breytingar á lögsagnarumdæmismörkum Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu og mörg fleiri dæmi mætti nefna.

Ég hef þessar efasemdir líka vegna þess að ég er í hjarta mínu á móti stækkun kjördæmanna. Ég er það. Ekki síst stækkun stærsta kjördæmisins Reykjavíkurkjördæmis. En ég vil hins vegar ekki standa í vegi fyrir því ef þessi sameining milli Kjalarneshrepps og Reykjavíkurkjördæmis verður samþykkt að þetta hverfi úr Reykjavík, núverandi Kjalarneshreppur, falli þá undir Reykjavíkurkjördæmi. Mér finnst það miklu eðlilegra en að sá hluti verði áfram í Reykjaneskjördæmi. Mér finnst ekki eðlilegt að sveitarfélag skiptist á milli tveggja kjördæma nema við gjörbreytum þá kjördæmaskipaninni. Ég get vel séð fyrir mér að Reykjavík yrði nokkur einmenningskjördæmi eða tvímenningskjördæmi en ekki við núverandi skipan. (Gripið fram í.) Minnsta að flatarmáli. Það er áreiðanlega rétt hjá hv. þm.

Ég held að þessi lög gangi ekki og ég get út af fyrir sig lýst ánægju minni með að heyra hjá hæstv. félmrh. að þetta sé bráðabirgðalausn. Það breytir málinu dálítið. En ég held að hæstv. félmrh. geti ekki sagt okkur hversu lengi bráðabirgðalausnin muni standa. Gjarnan vildi ég fá svarið.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð en ítreka að orð mín eru ekki sögð til að leggja stein í götu málsins heldur eingöngu til að hvetja hv. félmn. og auðvitað þingið í heild til að athuga þetta mál sem vandlegast.

[11:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta frv. er stutt, það er tvær línur:

1. gr. Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg skulu sameinuð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

Greinargerðin er líka stutt. Ég ætla að nefna þrjár setningar úr greinargerðinni.

„Kjalarneshreppur er í Kjósarsýslu og skv. 31. stjórnarskrárinnar er Kjósarsýsla í Reykjaneskjördæmi ...

Skipting kjördæma er eins og áður segir ákveðin í 31. gr. stjórnarskrárinnar og er þar um tiltekna landfræðilega afmörkun að ræða ... Því er talið rétt að taka skýrt fram að frumvarp þetta, ef það verður að lögum, hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar."

Þetta er mjög rökrétt framsetning þegar við lesum þessar þrjár setningar eins og þær eru settar fram. En það sem er rökrétt getur virkað mjög undarlegt og þetta frv. virkar þannig á mig. Því get ég, virðulegi forseti, tekið undir með 1. þm. Reykn. sem setti fram efasemdir við framsetningu frv. og vangaveltur hans um þessa sérkennilegu stöðu, nema hvað varðar stækkun kjördæma. Þar er ég á annarri skoðun.

Það má velta fyrir sér þeirri stöðu sem er komin upp í samanburði við það sem áður hefur gerst. Þarf ég ekki að orðlengja um þau tilfelli sem Ólafur G. Einarsson ræddi. En mig langar að draga fram það sem gerðist á sínum tíma í heimabæ mínum, Kópavogi.

Þegar Reykjavíkurborg skipulagði Seljahverfið var það óvart skipulagt inn í Kópavog. Þegar skipulagið lá fyrir, ég held að það hafi verið um það bil sem átti að fara að úthluta lóðum, áttuðu menn sig á því að 33–34 hektarar af þessu skipulagssvæði voru í Kópavogi. Nú voru góð ráð dýr og auðvitað leystu þessi sveitarfélög þennan vanda sín í milli. Hann var leystur þannig að Reykjavík fékk þessa 33–34 hektara og Kópavogur fékk annað land af svipaðri stærð þar sem nú er svokallað Smiðjuhverfi. Að vísu er það ekki með mjög mörgum íbúum vegna þess að það er atvinnusvæði í Kópavogi. Þetta þýðir að þeir íbúar í hluta Seljahverfis sem búa á þessum 33–34 hekturum, hefðu ef stækkun sveitarfélagsins Reykjavík hefði verið skilgreind þá á sama hátt og þetta frv. ætlar nú að skilgreina stöðuna Reykjavík/Kjalarnes, þar með átt að tilheyra Reykjanesi áfram og þessi hluti Seljahverfis ætti að tilheyra Reykjanesi. Er þetta ekki rökrétt, virðulegu þingmenn? Ég spyr.

Auðvitað finnst okkur þetta fráleitt og auðvitað var það svo á þeim tíma að gengið var frá mörkum og Reykjavík var stækkuð inn í Kópavog og Kópavogur var stækkaður inn í Reykjavík. Gengið var frá mörkum og Reykjavík er Reykjavík og Kópavogur er Kópavogur og Kópavogur er í Reykjaneskjördæmi

Þegar við drögum fram eitthvað sem þegar hefur gerst og er rökrétt fyrir okkur í dag og berum það saman við það sem nú á að gerast þá er það fráleit hugsun að Kjalnesingar verði Reykvíkingar, séu í Reykjaneskjördæmi og kjósi til Alþingis í Reykjanesi en til borgarstjórnar í Reykjavík. Ég á fremur von á því að mönnum muni a.m.k. fljótlega finnast þetta annarleg og óviðunandi hugsun. Það er vegna þess að fólk samsamar sig sínu sveitarfélagi og það vill samsama sig sínu sveitarfélagi á allan hátt. Ég reikna því með að fólk vilji leita til þingmanna sinnar borgar þegar fram líða stundir en ekki nágrannanna. Þetta frv. og vandinn sem félmrh. virðist hafa staðið frammi fyrir segir okkur líka að eins og við stöndum frammi fyrir kjördæmaskipaninni þá er er vandi að bregðast við hverju sinni. Við það má bæta, allavega geri ég það frá eigin brjósti, að kjördæmaskipan er úrelt. Hins vegar er engin samstaða um það, ef kjördæmaskipan yrði breytt, hvað taka skuli við þó að ýmsar hugmyndir hafi verið ræddar, bæði hvað varðar kosningalöggjöf og hugsanlega breytingu á kjördæmaskipan.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna, virðulegi forseti, að þessi vandi mundi ekki vera fyrir hendi ef stefnumál okkar um að gera landið að einu kjördæmi væri komið til framkvæmda. Þá værum við ekki að velta því fyrir okkur í hvaða kjördæmi Kjalarnes lægi og þar með værum við þingmenn allra núverandi kjördæma. Hlutverk flokkanna væri að skipa á sína lista þannig að sátt væri um, setja í trygg sæti einstaklinga miðað við áherslur flokkanna, hvort heldur er miðað við hlutfall landsbyggðar á listunum í samanburði við höfuðborgarsvæðið eða annað sem mér er jafnvel enn þá hugstæðara, jafnan hlut kvenna og karla á listum.

Auðvitað erum við ekki hér til að ræða um kjördæmaskipan og það hvarflar ekki að mér að dvelja við það en ekki er hægt annað en nefna það þegar við stöndum frammi fyrir því að sveitarfélög eru að sameinast um allt land. Vissulega er það mest innan kjördæmanna á hverjum stað. En við hljótum að horfast í augu við að þær breytingar sem eru að verða og þessi meðvitaða hugsun um allt land, líka sveitarstjórnarmannanna, þó þeir hafi oft verið þyngstir í taumi að sameinast um verkefni, að sameinast landfræðilega sem hugsanlega gæti brotið í bága við kjördæmamörk. Þessi hreyfing sem er á sameiningu um allt land mun hitta okkur fyrir fyrr en síðar í fleiri tilfellum en þessu, það er alveg ljóst. Og við þingmenn hljótum að spyrja okkur að því hvað við ætlum að gera og hvernig við eigum að bregðast við.

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. mælti fyrir þessu frv. og vísaði í skýrslu Gunnlaugs Claessens, hæstv. félmrh. leiðrétti mig ef ég hef rangt fyrir mér en ég stend í þeirri meiningu að þetta sé hugsanlega skýrsla sem kallað var eftir 1989, að þetta sé sem sagt skýrsla frá fyrri tímum í ráðuneytinu og ekkert um það að segja. En þetta er svo viðkvæmt mál og svo sérstakt að ég mundi telja það mjög eðlilegt að kalla eftir álitum manna. Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að félmn. hljóti að kalla eftir áliti núverandi ríkislögmanns þegar þetta mál kemur til kasta félmn. Núverandi ríkislögmaður þekkir afar vel til, ekki síst vegna áralangrar veru hans í stjórn Sambands sveitarfélaga og í gegnum árin hefur hann komið að gerð sveitarstjórnarlaganna og hann hefur komið að velflestum álitamálum sem á þeim árum hafa komið upp milli sveitarfélaga og milli sveitarfélaga og ríkis. Hann þekkir ákaflega vel þessi mál, ekki síst málefni þessa svæðis. Þess vegna finnst mér það einsýnt að við munum kalla eftir áliti hans sem og annarra. Vegna þess sem á eftir að koma, hlýtur þetta frv. að vera fordæmisgefandi bæði fyrir það hvernig löggjafinn eða ríkisvaldið ætlar að halda á málum þegar sveitarfélög sameinast og mörk kjördæma riðlast þar með og hvernig Alþingi ætlar að taka á málum. Það getur ekki verið að Alþingi ætli að gera eitt í dag og annað á morgun. Þess vegna hvílir það á okkur að reyna að horfa til framtíðar, reyna að gera okkur grein fyrir því að aðstæður eru að breytast og sveitarfélög á hreyfingu fram og til baka, þess vegna yfir kjördæmamörk. Við verðum að sjá það fyrir okkur að ef þetta mál verður að lögum og kjördæmamörkum verður ekki breytt og þar með ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, þá hljótum við að vera að segja við sveitarfélög landsins: Elskurnar mínar, sameinist þið og þess vegna yfir kjördæmismörk. En munið það að íbúarnir, þó þeir verði bara 15 eða 20, munu eiga heima í næsta kjördæmi. Þetta er okkar vandi og þetta hljótum við í félmn. að skoða.

[11:51]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað að mér þykir kostulegt ef menn eiga að kjósa í einu kjördæmi til Alþingis en í öðru í sveitarstjórnarkosningum. Ég vil hins vegar spyrja af hverju þetta er svo flókið. Menn vitna í stjórnarskrána, hæstv. forseti, og þar segir ekkert annað í 31. gr. þar sem upp eru talin kjördæmin, en: „Til Reykjaneskjördæmis teljast" og þar segir m.a. „Kjósarsýsla." Ég spyr þess vegna hv. þm., sem ég veit að hefur þó nokkra þekkingu á þessum málum: Er ekki hægt að líta svo á að þegar Kjalarneshreppur hefur sameinast Reykjavík, þá sé hann ekki lengur í Kjósarsýslu heldur hluti af Reykjavík? Eftir stendur Kjósarsýsla á sínum stað og ég spyr þess vegna: Er nauðsynlegt að standa fyrir einhverjum lagabreytingum af þessu tilefni? Ég dreg það satt að segja í efa, misskilji ég ekki hlutina alvarlega.

[11:53]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá eru lagagreinarnar einfaldar og skýrar og þær þrjár setningar sem ég las úr greinargerðinni rökréttar þar til maður fer að velta málinu fyrir sér og gera þau flókin eins og þingmaðurinn vísaði til. Ég tek alveg undir það og ég ætla að vona að Kjósarsýsla verði á sínum stað þrátt fyrir það að Reykjavík og Kjalarnes sameinst. Þetta lítur hins vegar út fyrir að vera lögfræðilegt atriði sem virkar mjög undarlega á mig miðað við þá yfirlýsingu sem fyrrverandi ríkislögmaður gaf og miðað við framsögu félmrh. Mér finnst ankannalegt að Reykjavík eigi ekki að vera öll í Reykjavíkurkjördæmi. Mér finnst það eðlilegt úr því að menn ákveða þetta, að Kjalarnes verði í Reykjavík og Reykjavíkurkjördæmi og ég hef það á tilfinningunni að það þyrfti ekki að vera flókið en það skýrist væntanlega þegar við förum að kalla til okkar alla þá lögfróðu aðila sem við hljótum að leita til við úrvinnslu þessa litla en flókna frv.

[11:54]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir athugasemdir mínar því að auðvitað koma upp vandamál sem alltaf verða óleysanleg ef Reykjavík verður ekki í heilu lagi sem kjördæmi. Það væri gaman að hugsa sér hvernig hv. fjárln. afgreiðir fjárlög varðandi Reykjavík og þennan undarlega hluta hennar sem á að verða áfram í öðru kjördæmi. Ég held að þetta gangi ekki og jafnvel þó virðulegur ríkislögmaður hafi þær skoðanir sem hann lýsir í greinargerð sinni, þá leyfi ég mér að draga í efa að þær áhyggjur séu eins gildar og hann telur og ég vil biðja hv. félmn. að kanna hvort málið sé bara ekki svo einfalt að Kjalarneshreppur gangi úr Kjósarsýslu. Eftir stendur sú góða sýsla og er auðvitað hluti af sínu kjördæmi áfram, en Reykjavík hlýtur, held ég, að þurfa að hanga saman, bæði sem sveitarfélag og kjördæmi og ég vil leggja á það mikla áherslu að menn klúðri þessu ekki.

[11:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það má vera gamansamur og segja sem svo: Komið öll til mín. Við í Reykjanesi tökum gjarnan til okkar hin ýmsu svæði sem að öðru leyti eiga að tilheyra Reykjavík og það væri bara gaman ef íbúar í Seljahverfi og íbúar á Kjalarnesi kysu okkur þingmenn Reykjaness. En ég skil áhyggjur þingmanns Reykjavíkur í því samhengi.

Ég mun kalla eftir því í félmn. að það verði skoðað hvað gerðist og hvernig það var gert þegar t.d. Seljahverfið varð til og varð Reykjavík, eðlilega og væntanlega án mikilla átaka. Skoða mætti hvort þar sé fordæmi og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að við fáum sem allra skýrasta mynd af því hvaða leið er hægt að fara í þessu máli.

[11:57]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tel að hérna sé komið prýðilegt umræðuefni fyrir okkur að brjóta heilann um og velta fyrir okkur. Vandi okkar stafar aðallega af því að stjórnarskráin er ekki nægilega skýr í þessum málum. Það er vandinn. Það er ekki skýrt samhengi á milli stjórnarskrárákvæða um sveitarfélög og kjördæmi í stjórnarskránni eins og hún er og í stjórnarskránni eru kjördæmin mörkuð eftir lögsagnarumdæmum, þ.e. kaupstöðum og sýslum en ekki eftir sveitarfélögum. Það gerir málið flókið. Ef sveitarfélögin væru talin upp í stjórnarskránni og eitt sveitarfélag mundi ákveða að sameinast öðru, þá hygg ég að við stæðum ekki í þessari umræðu nema við hefðum í stjórnarskránni beinlínis ákvæði um það að kjördæmamörkin væru föst og sveitarfélög, hvort sem væru íbúar eða svæði, yrðu ekki flutt á milli kjördæma nema með stjórnarskrárbreytingu og það er út af fyrir sig hægt að gera.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég sakna þess mjög að ekki skuli vera ljóst hvort við okkur þingmönnum Reykvíkinga blasir að verða þingmenn Kjalarness eða ekki. Ég var farinn að hlakka mikið til þess og ég tel að Reykjavík batni mjög verulega við það að ná þannig tengslum við dreifbýlið eins og þarna er um að ræða og ég fagna því. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst hæstv. félmrh. vera kannski nokkur vorkunn í þessu máli. Það liggur aðeins ein opinber greinargerð fyrir um þetta mál og það er greinargerð ríkislögmanns.

Ríkislögmaður er auðvitað ekki dómari. Hann fjallar um mál, hann gefur út álitsgerð. Þetta er ekki úrskurður. Og ég er ekki viss um það t.d. að núverandi ríkislögmaður mundi fella sama úrskurð eða skrifa sams konar álitsgerð og Gunnlaugur Claessen gerði, en núverandi ríkislögmaður er Jón G. Tómasson eins og menn þekkja, fyrrv. forustumaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Mér finnst að þetta mál sé með þeim hætti að við getum velt því fyrir okkur hvort það er nauðsynlegt að afgreiða alþingiskosningaþátt þessa frv. núna í ágreiningi, eins og málum er háttað. Þó það væri æskilegra að mínu mati, þá er í raun og veru umhugsunarvert hvort ekki þarf að kalla til fleiri aðila en ríkislögmann og ég vil leggja á það áherslu að menn leggist yfir þetta með nákvæmni, mér liggur við að segja smámunasemi, og skoði málin í þaula vegna þess að svona á ekki að þurfa að afgreiða í miklu stríði, sérstaklega ekki á milli viðkomandi byggðarlaga. Mér finnst það ekki hafa góðan svip og þætti skárra ef hægt væri að komast hjá því að þetta mál endaði sem einhverjar deilur milli Reykvíkinga og Reyknesinga. Þá vildi ég frekar ýta málinu til hliðar eða fresta því um sinn og biðja um vandaðri úttektir á því.

Ég vil hins vegar segja út af lokaorðum hæstv. félmrh. að ég get ekki litið þannig á að um væri að ræða bráðabirgðalausn með skírskotun til breytinga á kjördæmaskipuninni. Sú breyting hefur ekki verið samþykkt þannig að ekki er hægt að horfa á þetta nema sem endanlega afgreiðslu að svo miklu leyti sem þetta mál varðar og að svo miklu leyti sem þennan löggjafa varðar sem situr að störfum akkúrat um þessar mundir.

Mér finnst hins vegar að alþingismenn eigi að setja sér það í máli af þessu tagi að vera mjög nákvæmir í því að fylgja stjórnarskránni. Menn eiga að ganga mjög langt í því að fylgja stjórnarskránni. Hvað þetta mál varðar getur verið álitamál hvað það er að fylgja stjórnarskránni, en mér finnst mikilvægt atriði að menn gefi sér í fyrsta lagi að stjórnarskránni skuli fylgja. Það er það sem mér finnst hæstv. félmrh. í raun vera að leggja til, þ.e. að hann, sem hluti af framkvæmdarvaldinu, geti ekki gert neitt annað en fylgt álitsgerð sem byggist fyrst og fremst á hinum stjórnarskrárbundnu forsendum málsins.

Ég vil svo víkja almennt að málinu og segja að miklu gleggri umdæmalöggjöf þyrfti að vera hér til. Í frv. er t.d. ekki tekið á lögsagnarumdæmamálum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að lögsagnarumdæmamörk séu óbreytt. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja annað en að öll þessi mál eru að verða býsna ruglingsleg vegna þess að ekki er tekið á öllum þáttum, þ.e. sveitarfélagamörkum, kjördæmamörkum, lögsagnarumdæmamörkum og í raun og veru öllum mörkum. Og það að nefna tilfærslur á landskikum á milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna í samanburði við þetta finnst mér ekki alveg rétt að gera vegna þess að hér er um að ræða sveitarfélag sem hefur tiltekna og aðra stöðu skilgreinda í stjórnarskránni heldur en þegar menn gera samninga um einhvers konar makaskipti á löndum.

Ég man vel eftir því þegar sameiningarumræðan gekk hér yfir fyrir nokkrum árum, þá sögðu íbúar í Árneshreppi á Ströndum: Það er langbest fyrir okkur að sameinast Reykjavík. Í rauninni hefðu þeir getað tekið ákvörðun um að sameinast Reykjavík sem sveitarfélag. En það sjá hins vegar allir að það hefði verið fráleitt að ... (**Gripið fram í:** Með samþykki Reykvíkinga.) Með samþykki Reykvíkinga væntanlega. En ég tel að það hefði verið fráleitt að slá því um leið föstu að þeir hættu að vera Vestfirðingar þegar kosið yrði til Alþingis.

Spurningin er um það hvort stjórnarskrárgjafinn þarf ekki að velta því fyrir sér hvort þessir hlutir þurfi ekki að vera skýrari. Nú getur þetta alveg verið á hinn veginn. Menn mega ekki bara horfa á þetta þannig að það sé Reykjavík sem geti hugsanlega bætt við sig. Í rauninni gætu önnur umdæmi, önnur kjördæmi, gert það líka. Í sjálfu sér mætti hugsa sér að þessir hlutir væru t.d. þannig, segjum að því varðar Kjósarsýslu, að bæði Kjósin og Kjalarnesið samþykktu að sameinast, segjum Reykjavík, þá stæði í rauninni ekkert eftir af Kjósarsýslu annað en nafnið sem þó er meiningarlaust af því að hún er ekki stjórnsýslueining lengur. Af slíkum vangaveltum sjá menn að þessir hlutir eru miklu flóknari en þeir kunna að virðast í fljótu bragði.

Ég held að það sé rétt hjá mér, út af orðum hæstv. forseta Alþingis áðan, að ekkert hliðstætt dæmi sé til um að reynt hafi á þetta eftir 1959. Ég man alla vega ekki eftir því. Ég man eftir umræðum t.d. í minni sveit vestra að menn hafi verið að velta því fyrir sér að sameinast milli sýsluumdæma en það hefur ekkert gerst í því máli. Menn hafa verið að tala t.d. um stöðu Skógarstrandar á sínum tíma, hvort hún ætti hugsanlega að sameinast Dalabyggð eða Stykkishólmi. Menn hafa verið að velta fyrir sér stöðu ýmissa annarra byggðarlaga og hafa verið að tala um stöðu Flateyjar á Breiðafirði og fleira og fleira. En ég held að engin svona ákvörðun í sveitarfélögum hafi orðið til, ef ég man rétt. Þar af leiðandi er þetta nýtt vandamál sem kemur upp og er í sjálfu sér eðlilegt að menn velti því mjög rækilega fyrir sér.

Ég veit ekki betur en að borgarlögmaður sé andvígur því sjónarmiði sem fram kemur hjá hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn. Mér skilst að það sé svo. Og sjálfsagt er að skoða sjónarmið hans og allra annarra í þessu máli, Reykjavíkurborgar og allra annarra. En mér finnst aðalatriðið vera það að við reynum að fara í saumana á þessu máli í smáatriðum. Mér finnst ekki vera tilefni til að kjósa sérnefnd í málið sem væri þó umhugsunarvert vegna þess hversu málið er flókið og tekur yfir miklu víðara svið en venjulegt sveitarstjórnarmál, ef svo mætti segja. Ég legg á það áherslu að sem flestir verði kallaðir til.

Ég get ekki litið þannig á að ákvæði 2. gr. feli í sér stjórnarskrárbrot. Mér fannst hæstv. forseti Alþingis láta aðeins að því liggja áðan að ákvæði 2. gr. væri alveg á jaðrinum að henta miðað við stjórnarskrána eins og hún er. Þá hefði þetta náttúrlega átt að vera frv. til laga um breytingu á stjórnarskipunarlögum en ekki um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar. Ég held að þetta mál sé dálítið á gráu svæði en fyrir mitt leyti, ef ég ætti að segja eitthvað um málið á þessari stundu, þá mundi ég komast að mjög svipaðri niðurstöðu og ríkislögmaður, þó ég verði að segja að mér gest ekki að öllu leyti að því hvernig fjallað er um málið í greinargerð hans í einstökum atriðum og ég get tekið undir þær athugasemdir við þá greinargerð sem fram komu hjá hæstv. forseta Alþingis.

[12:07]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man eftir einu dæmi eftir 1959 um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum sveitarfélaga yfir kjördæmamörk. Það er frá 1978 þegar breytt var mörkum milli Seltjarnarneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Það var í fullu samkomulagi milli sveitarfélaganna. Ég veit satt að segja ekki hversu margt fólk fluttist á milli en það skiptir ekki máli. Það er auðvitað landsvæðið sem við erum að ræða um þegar við erum að tala um breytingu á mörkum kjördæma. En með þeirri löggjöf voru eyjarnar Akurey, Viðey og Engey lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Ég held að þá hafi enginn búið á þeim eyjum. Jafnframt var samið um breytingar á mörkum sveitarfélaganna við Eiði á Seltjarnarnesi þannig að verulegur hluti lands Eiðis gekk til Seltjarnarneskaupstaðar á móti. Þannig að þetta er dæmi og enginn talaði þá um stjórnarskrárbrot.

Ég lét nú kannski ekki beint að því liggja að ákvæði 2. gr. eins og hún er í frv. væri stjórnarskrárbrot. Hún gæti hins vegar verið það ef frv. væri fylgt eftir eftir að það yrði að lögum og lögsagnarumdæmismörk Reykjavíkurborgar yrðu færð út sem næmi Kjalarneshreppi. Þá getum við alveg eins rætt það hvort stjórnarskráin, eins og hún er orðuð, ráði ekki þarna. Reykjavíkurkjördæmi er Reykjavík, eins og hún er þá orðin, og þar með væri ákvæðum stjórnarskrárinnar fullnægt.

[12:09]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa ábendingu. Ég ætla hins vegar að vekja athygli á því að í þessu dæmi sem hann nefndi var ekki um að ræða heilt sveitarfélag og íbúa heils sveitarfélags sem að undangenginni atkvæðagreiðslu ákvað að sameinast sveitarfélagi í öðru kjördæmi. Það er kannski munurinn. Ég held að ekkert annað dæmi sé til um það.

Varðandi mörkin þá finnst mér það mikilvægt innlegg í þetta mál, sem ég kom ekki að í ræðu minni áðan, að

stjórnarskrárgjafinn hefur fjórum sinnum frá 1934 fest mörk kjördæma í stjórnarskránni. Það var ekki þannig áður. Til 1934 var þetta í kosningalögum en samkvæmt stjórnarskrárbreytingunni 1934, 1942, 1959 og svo 1983, í öllum tilvikum festu menn þessi umdæmi. Ástæðan var aðallega sú að menn töldu að nauðsynlegt væri að kveða skýrt á um þessa hluti til þess að menn væru ekki að breyta mikilvægum grundvallarþáttum stjórnsýslunnar með einfaldri lagasetningu á þingi. Ég tel því að Alþingi eigi að vera afskaplega nákvæmt, að ég segi ekki íhaldssamt að því er það varðar að túlka þessi ákvæði stjórnarskrárinnar eins og önnur.

[12:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið afar fróðlegt að hlusta á umræðurnar í morgun og þetta er merkilegt mál sem við erum að fjalla um. Ég get fullvissað hv. 8. þm. Reykv. og aðra sem tekið hafa til máls um að þetta mál mun að sjálfsögðu fá mjög vandlega skoðun í félmn. Ég get sagt það að ég hef mjög miklar efasemdir um hvort þetta frv. standist stjórnarskrána yfir höfuð. Það er stjórnarskráin sem er æðri, um það er ekki nokkur vafi. Það þarf ekki annað en að lesa 31. gr. stjórnarskrárinnar, eins og menn hafa reyndar gert á undan mér, til að sjá hver vandinn er. Annars vegar er kjördæmið Reykjavíkurkjördæmi skilgreint. Til þess telst Reykjavík. Hins vegar er Reykjaneskjördæmi skilgreint þar sem Kjósarsýsla er upp talin. Og eins og við vitum tilheyrir Kjalarnesið Kjósarsýslunni. Þarna er því vandfarið meðalhófið og ég held að hvernig sem á það er litið þá sé þetta mikið túlkunaratriði. Það vekur upp þá spurningu sem hv. 8. þm. Reykv. kom inn á í lokin um það hvort eðlilegt er að festa kjördæmaskipanina svona rækilega niður, eins og gert er í stjórnarskránni, að þegar samþykktir eru gerðar á við þá að sameina Reykjavík og Kjalarneshrepp þá skulum við lenda í þeim vanda að mikið mál er að breyta kjördæmamörkum. Það má velta því fyrir sér og væri fróðlegt að fara ofan í það hvaða rök lágu fyrir því á sínum tíma. Árið 1934 og árin þar á undan áttu sér stað gríðarlegar deilur um kjördæmaskipan og um vægi atkvæða og fleira slíkt m.a. með frægu þingrofi 1931 og endanlegu samkomulagi, sem Framsfl. var nú lítt hrifinn af og barðist mjög gegn. Það væri fróðlegt að rifja upp hver rökin voru fyrir því að setja þessa kjördæmaskipan í sjálfa stjórnarskrána og hvernig það er í öðrum löndum, hvort menn ríghalda svona í kjördæmamörkin. Það hlýtur að vera öllum ljóst að stokka þarf upp kjördæmaskipanina þó mikil tregða sé til þess. Sem dæmi þá hefur mér alltaf þótt staða Seltjarnarneskaupstaðar úti á Nesi afar sérkennileg — reyndar hét allt svæðið áður Seltjarnarneshreppur en það er búið að skera hann endalaust niður. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn í landvinningahugleiðingum?) Hv. þm. má túlka það eins og hann vill. En það má líka hugsa sér og skoða þá hugmynd að skipta Reykjavík upp í fleiri kjördæmi þótt ég sé fyrir fram ekkert spennt fyrir þeirri hugmynd. En það má velta fyrir sér ýmsum möguleikum til að jafna kjördæmin og flytja mörkin.

Þetta eru allt saman hlutir sem þarf að skoða rækilega og reyna að finna lausn á þeim vanda sem er við að glíma. Ég get tekið undir með hæstv. forseta þingsins að enginn veit hvenær niðurstaða fæst í kjördæmamálin og breytingar á kosningalögunum þó að nú sé nefnd að störfum. Það getur dregist von úr viti. Það hefur a.m.k. gengið mjög treglega á undanförnum árum að knýja fram einhverjar raunverulegar og stórar breytingar og menn hafa mjög mismunandi skoðanir á því hvað beri að gera í því og hvaða leiðir eigi að fara. Eins og frv. lítur út orkar það mjög tvímælis og þarf að fá fleiri greinargerðir til þess að fá úr því skorið og auðvitað er það Alþingi sem á endanum kveður upp úr.

Lögsagnarmörk eru athyglisvert atriði. Ef lögsagnarmörkin verða ekki færð út þannig að sveitarfélagið Reykjavík verður í tveimur lögsagnarumdæmum, hvaða afleiðingar hefur það? Hver er þá orðinn sá ávinningur íbúanna, t.d. að hafa sameiginlega löggæslu og geta leitað til dómstólanna í Reykjavík o.s.frv.? Hvað þýðir þetta allt saman? Maður hlýtur að velta því fyrir sér. Skoðun mín er sú að hið eðlilega hefði verið að geta um leið breytt skilgreiningunni á Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta, hæstv. forseti. Ég vil í lokin víkja að því hversu ánægjulegt það er að horfa upp á þá þróun sem við höfum verið að sjá á undanförnum vikum og mánuðum að sveitarfélög hafa sameinast. Ég var á sínum tíma ekki ánægð með hvernig gengið var fram í því máli þegar nánast átti að ýta eða þvinga sveitarfélögin inn í sameiningu. Mér fannst ekki nógu vel að þeim málum staðið, enda var sameiningin mjög víða felld, en þróunin hefur svo orðið sú að sveitarfélögunum fækkar mjög og þau stækka. Ég held að allir hljóti að sjá það og viðurkenna að það eflir sveitarfélögin og ef þau eiga að vera fær um að sinna lögbundnu hlutverki sínu og að tryggja íbúunum góða þjónustu verða þau að sameinast og standa saman að sínum verkefnum. Ef eitthvað getur dregið úr þeim mikla flutningi fólks sem átt hefur sér stað til höfuðborgarsvæðisins og á sér margvíslegar orsakir eins og kannanir að undanförnu hafa leitt í ljós, þá eru það auðvitað sterkari og öflugri einingar. En það verður að koma í ljós hver þróunin verður og það er ljóst að Reykjavík hefur takmarkað land. Kannski má nýta það land sem Reykjavík hefur betur. Mönnum vex í augum stærð og umfang þess sveitarfélags en þetta er nú einu sinni höfuðborgin og það skiptir máli að hún sé sem öflugust sem best stjórnað.

En enn og aftur, hæstv. forseti. Þetta mál mun verða að fá rækilega skoðun og hér er mál sem ýtir á það að niðurstaða fáist hjá þeirri nefnd sem nú er að skoða skipan kjördæmanna og kosningalögin.

[12:19]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Oft verða lítil mál uppspretta að nokkuð löngum og drjúgum umræðum og svo ætlar að verða að þessu sinni að eitt minnsta frv. eða stysta frv. á þessu haustþingi kallar fram þó nokkuð miklar umræður, a.m.k. miðað við það sem við höfum átt að venjast á þessu hausti en ekki verður sagt um þinghaldið að það hafi verið mjög kröftugt enn sem komið er.

Mér finnst nú aðalatriðið við afgreiðslu þessa máls að Alþingi afgreiði það í góðu samræmi við málið eins og það var lagt upp fyrir íbúa fyrir kosningar um sameiningu sveitarfélaga og málin lágu þannig fyrir og voru útskýrð á þann veg að þessi tvö sveitarfélög gætu sameinast vandræðalaust. Þyrfti þó lagasetningu til að staðfesta sameininguna en það yrði eftir sem áður í tveimur kjördæmum. Þannig var málið kynnt og fyrir því voru álitsgerðir sem stuðst var við þegar þetta álit var mótað. Alþingi á að mínu viti því að hafa eins og kostur er hliðsjón af þessu uppleggi málsins. Auðvitað verður að athuga málið í nefnd og gæta að því hvort það samræmist stjórnarskrá en að því gefnu að svo sé, þá tel ég

ekki ástæðu til annars en málið verði afgreitt eins og það lá fyrir og var kynnt fyrir þessar kosningar.

Spurningin um það hvort þetta samræmist stjórnarskrá eða öllu heldur hvort það sé andstætt stjórnarskránni að Reykjavík sé í tveimur kjördæmum er athyglisverð og er rétt að menn skoði það vandlega. Þessi spurning getur komið upp síðar og í öðrum tilvikum sem stinga meira í augu en þetta. Þá er nauðsynlegt að sem fyrst sé athugað hér á Alþingi hvernig Alþingi líti á slíka sameiningu þannig að hér á Alþingi komi viðhorf manna fram tímanlega, áður en dregur til þeirra tíðinda að sveitarfélög í óskyldum kjördæmum sameinist eins og kann að gerast í náinni framtíð. Það er a.m.k. ekki mjög fjarlægur draumur að slík tilvik verði fleiri en orðið er.

Ég hef svo sem ekki eitt svar við því hvort þetta er andstætt stjórnarskránni eða ekki. Ég tek eftir því að stjórnarskráin fjallar lítið um sveitarfélög og þegar fjallað er um lýðveldið, þ.e. þann hluta hugtaksins sem lýtur að ríkinu, er hugtakið sveitarfélag ekki mikið undirliggjandi. Það bendir til þess að þarna sé um tvö óskyld hugtök að ræða og af því leiðir að ekkert er sjálfgefið eða ekkert samhengi milli þessara tveggja stjórnsýslustiga, annars vegar ríkisins eða lýðveldisins og hins vegar sveitarfélaganna. Það þýðir t.d. að ekkert þarf að vera óeðlilegt við það að menn kjósi á einum stað í einhverju ákveðnu sveitarfélagi sem er þá innan tiltekins kjördæmis en síðan þegar kosið er til alþingiskosninga eigi menn kosningarrétt í öðru kjördæmi af því einfaldlega að sveitarfélag er ekki hugtak sem skiptir sköpum í þessu.

Það má líka benda á það að *stjórnarskráin setur ekkert* skilyrði í þá veru að sveitarfélag skuli vera allt í sama kjördæminu. Það er ekki einu sinni neitt um það að sveitarfélag þurfi að verða eitt kjördæmi. Þvert á móti má álykta út frá því sem stendur í stjórnarskránni að það sé fullkomlega eðlilegt að sveitarfélagi sé skipt upp í fleiri en eitt kjördæmi. Það væri að mínu mati ekkert andstætt stjórnarskránni þótt eitt og sama sveitarfélagið væri í fleiri en einu kjördæmi þannig að sambandið milli sveitarfélags og kjördæmis er ekki um að ræða að mínu viti. Ég sé ekki að það sé atriði sem menn ættu að leggja til grundvallar við mat á málinu.

Það sem mér finnst þó fremur styðja það sjónarmið að Reykjavík ætti að vera í einu kjördæmi er það ákvæði sem fjallar um skiptingu landsins í kjördæmi. Það gengur út frá skiptingu ríkisvaldsins. Það gengur ekki út frá sveitarfélagaskipaninni. Þegar upp eru talin þau nöfn sem tilheyra hverju og einu kjördæmi er í raun ekki verið að telja upp nöfn á sveitarfélögum. Það er verið að telja upp nöfn á sýslum annars vegar og kaupstöðum hins vegar en hvort tveggja voru stjórnsýslueiningar ríkisvaldsins. Ef við förum t.d. yfir Reykjaneskjördæmi þá var það Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður o.s.frv. Sýslumenn eða bæjarfógetar voru yfir sýslum og kaupstöðum þannig að ég skil þessa upptalningu sem upptalningu á ríkisvaldinu. Það er verið að skipta því en ekki upptalningu eftir sveitarfélögum. Þetta finnst mér þó fremur styðja að Reykjavík ætti að vera eitt lögregluumdæmi. Mér finnst að menn gætu fært það fram sem rök fyrir því sjónarmiði að Reykjavík ætti að vera innan sama kjördæmis.

Síðan vil ég segja aðeins um málið til viðbótar að ég er á þeirri skoðun, svo að ég undirstriki það, að ekkert andmælir því að sveitarfélögum sé skipt upp milli kjördæma og jafnvel að kjördæmi séu hluti af sveitarfélögunum. Það er einfaldlega ákvörðunaratriði Alþingis hvernig menn skipa þessum málum gagnvart lýðveldinu Íslandi. Mér finnst hugtakið sveitarfélag vera óskylt því máli og menn þurfi ekki og eigi ekki að hugsa út frá því þegar þeir skipa þessum málum. Vandamálið sem menn eru hins vegar að vitna til er að sumu leyti tilbúið út af öðru máli, út af áhuga einstakra ráðherra á sínum tíma á því að ná fram sameiningu sveitarfélaga, þá var gengið svo langt að túlka lög um sveitarfélög á þann veg að sveitarfélög þyrftu ekki að vera *samanhangandi eining* og vitna til þess að hvergi í sveitarstjórnarlögum væri tekið fram að svo mætti ekki vera. Sú lögskýring var notuð til að samþykkja sameiningu sveitarfélaga sem voru landfræðilega aðskilin eins og t.d. Borgarbyggð uppi í Borgarfirði og fleiri má nefna. Eitt dæmið er Reykjavík. (**Gripið fram í:** Vesturbyggð.) Og Vesturbyggð er annað dæmi. Mér fannst alltaf vera mjög hæpið að fara inn á þá braut að túlka sveitarstjórnarlögin með þessum hætti því að það mundi leiða til vandræðaástands og skýring mín á þessum vangaveltum er að menn jafna þarna á milli og segja: Úr því að sveitarfélög geta verið sundurlaus getur þetta haft áhrif á það hvernig kjördæmin eru skipuð og þar af leiðandi getur Reykjavík verið í tveimur kjördæmum. Allur þessi ferill og þetta mikla kapp sem hljóp í ákveðna ráðherra fyrir nokkrum árum til þess að sýna einhvern árangur af miklu streði hefur orðið til þess að gera málið hálfvandræðalegt. Ef menn hefðu ekki farið inn á þessa braut að samþykkja sameiningu sundurlausra sveitarfélaga væri þetta frv. ekki hér á borðum því að það hefði einfaldlega aldrei verið samþykkt að þessi sveitarfélög mættu sameinast.

*Mér finnst raunar fráleitt að heimila sameiningu sveitar*félaga sem liggja ekki saman. Við megum ekki leiðast út í gömlu þrætuna sem við þekkjum frá þjóðveldisöld þegar menn höfðu goðorðin gömlu og goðorðsmenn kepptust við að kalla til og ná til sín nýjum þingmönnum með löndum þeirra og síðan lágu goðorðin út og suður. Einn og sami goðorðsmaðurinn gat átt ítök í ólíkum landsfjórðungum. Þetta endaði allt með upplausn og skelfingu. Við heyrðum það á ræðum manna hér áðan að þeir sem tóku til máls og hafa tekið til máls fram til þessa eru þingmenn þeirra kjördæma sem í hlut eiga, Reykjavíkur og Reykjaness, og hvor hópur um sig togar í sína hagsmuni. Þingmenn Reykvíkinga eru mjög hallir undir að Reykjavík geti stækkað og teygt sig yfir í önnur kjördæmi og stækkað svo sitt kjördæmi á eftir. Menn sjá það strax að þessi leið, að heimila sameiningu sundurlausra sveitarfélaga, leiðir til togstreitu um skipan kjördæmanna rétt eins og áður fyrr að *mikil togstreita* var uppi um skipun goðorða þó að ég ætli ekki að halda því fram að menn fari að skipa málum eins og þá gerðist.

Ég held að sjónarmið manna um hvernig eigi að skipa kjördæmum, þ.e. hvernig á að skipa málum varðandi val fulltrúa inn á Alþingi, eigi að vera alveg sjálfstætt og alveg óbundið því hvernig menn skipa landinu í sveitarfélög. Ég legg áherslu á að aðalatriðið sé að menn skilji þetta að og hvað varðar það mál má auðvitað segja margt og setja fram sjónarmið í þeim efnum. Aðalatriðið hvað það varðar er að styrkleiki þeirra sé sem jafnastur. Það er afleitt að búa við kerfi þar sem styrkleiki kjördæma er mjög ójafn því að það er kerfi sem er vilhallt sterkasta kjördæminu. Það er að mínu viti engin tilviljun að byggðaþróun hefur verið afleit og hvað verst á síðustu 10 árum. Það er það tímabil sem við höfum búið við kerfi þar sem við styrktum öflugasta kjördæmið enn meira en áður var með kosningalagabreytingunni og stjórnarskrárbreytingunni 1983 sem tók gildi 1987. Það væri fróðlegt athugunarefni fyrir fræðimenn á þessu sviði, sem

eiga að rannsaka þróunina hér í þjóðfélaginu að athuga samhengið þarna á milli, mismunandi afl kjördæma annars vegar og byggðaþróun hins vegar. Ég held því fram að þarna sé verulegt samband á milli og það hafi gefist landsbyggðinni afar illa að hafa eitt kjördæmi sem hefur svo mikið afl og sérstaklega þegar það er í ljósi þess að næstöflugasta kjördæmið er svo utan um það. En ekki meira um það enda er það óskylt mál þessu um það hvort þetta frv. um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar megi verða að lögum og það er mitt sjónarmið að það sé ekkert sem mæli því gegn að þessi tvö sveitarfélög verði sameinuð í eitt en ég tel hins vegar að það leiði ekki af því að þau þurfi að vera í sama kjördæmi.

[12:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist eftir þessa ræðu hv. þm. Hér er um mjög mikilsverða umræðu að ræða að mínu mati. En að tala um að þetta sé einhvers konar togstreita á milli Reykjavíkur og Reykjaness er alveg furðuleg umræða að mínum dómi og að tala um að breyting á kjördæmaskipan, að Reykjavík sé orðin öflugasta kjördæmið skýri byggðaþróunina í landinu finnst mér alveg með eindæmum. Ef vægi atkvæða er metið í Reykjavík miðað við Vestfirði, ef við tökum þau kjördæmi sem dæmi, þá er þessi umræða alveg stórfurðuleg.

Það sem um er að ræða og mér finnst mjög athyglisvert er þessi spurning hvort fólk geti kosið til sveitarstjórna í einu kjördæmi og til Alþingis í öðru. Það er t.d. ekkert formlega því til fyrirstöðu að Ísafjarðarkaupstaður, ef við tökum þessi dæmi, sameinist Reykjavík. Það gæti alveg gerst. Það sýnir okkur í rauninni fáránleika þessarar umræðu og hvert hún getur leitt vegna þess að sameining sveitarfélaga er möguleg óháð því hvort þau liggja saman landfræðilega. Það þarf að taka á þessu og nú starfar sérstök nefnd að þeim málum, sem ég reyndar á sæti í. Ég held að mjög mikilvægt sé að við greinum á milli þess hvort við erum að tala um stærð kjördæma, byggðastefnu og vægi atkvæða annars vegar eða hvort við erum að tala um það kjarnaatriði sem hér er til umræðu, þ.e. hvort fólk geti kosið til sveitarstjórna í einu kjördæmi og til alþingis í öðru.

[12:36]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg ótvírætt á þeirri skoðun að samhengi sé á milli mismunandi styrkleika kjördæma og byggðaþróunar. Við skulum líta aðeins á Reykjavíkurkjördæmi með sína 19 þingmenn og skoða hver styrkur þess er á Alþingi en það er Alþingi sem setur leikreglurnar í þjóðfélaginu og auðvitað hljóta leikreglurnar að ráða því hvernig þróunin verður. Við skulum ekki gleyma því t.d. svo ég nefni eitt dæmi sem kemur upp í hugann um leikreglur sem Alþingi setti varðandi einsetningu grunnskóla.

Alþingi ákvað að grunnskólar skyldu verða einsetnir og menn komust að því að það væri sumum sveitarfélögum svo erfitt að þau þyrftu sérstakan ríkisstuðning til að það mætti ná fram að ganga. Leikreglur voru samdar sem færðu þeim sveitarfélögum sérstakan fjárhagsstuðning frá ríkinu umfram almennar tekjur sem öll sveitarfélög hafa til að standa undir verkefninu. Og hvaða sveitarfélög voru það sem fengu þennan stuðning? Það voru stóru sveitarfélögin og fyrst og fremst Reykjavíkurborg. Er það ekki stefnumörkun? Hefur það ekki áhrif á það hvernig menn geta staðið að sínum málum þegar menn semja leikreglurnar vilhallar fyrir stærsta sveitarfélagið? Það er ekki fráleitt að það hafi áhrif á byggðaþróunina, herra forseti.

Við skulum líta aðeins á stöðu þingmanna í Reykjavíkurkjördæmi. Lítum á stærsta flokk landsins sem hefur flesta þingmenn í Reykjavík. Hvernig er staða þingmanna þess flokks í Reykjavík? Fyrsti þingmaðurinn er ráðherra, annar þingmaðurinn er ráðherra, þriðji þingmaðurinn er ráðherra og fjórði þingmaðurinn er biðráðherra og formaður þingflokks. Og hvað með þingmenn sama flokks, Sjálfstfl., úti á landsbyggðinni? Hvar eru þeir? Hvaða áhrif hafa þeir samanborið við þetta? Við getum farið yfir í Alþfl. sem dæmi eins og ríkisstjórnin sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat í. Þar voru þrír ráðherrar frá Alþfl. og þeir voru allir úr Reykjavíkurkjördæmi. Þetta er auðvitað alveg skýr staðfesting á því að styrkleiki kjördæma hefur mikið að segja í þessum efnum.

[12:39]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað segir hv. þm. um það ef Reykjavík hefði verið fjögur kjördæmi en ekki eitt? Er staðan þá einhver önnur? Eða ef Vestfirðir, Vesturland og Norðurl. e. hefðu verið eitt kjördæmi. Auðvitað hlýtur fjöldi þingmanna að einhverju leyti fara eftir íbúafjöldanum á staðnum ef hv. þm. er með einhvers konar lýðræðishugsjón í huganum. Hvort Reykjavík er skipt upp í fjögur lítil kjördæmi með hlutfallslega færri þingmenn eða hvort dreifbýliskjördæmunum er skipt upp í færri eða fleiri getur að mínu viti ekki verið aðalatriðið í þessu máli. Fjöldinn sem býr á svæðinu hlýtur að endurspegla fjölda þingmanna og það ætti að mínu mati að vera mun eðlilegra samband þar á milli en nú er.

[12:40]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í grundvallaratriðum algerlega ósammála hv. þm. sem vill stíga skrefið lengra í þá átt að gera eitt kjördæmi miklu öflugra en önnur, sem vill gera miklu meira, vill að þingmenn Reykvíkinga verði fleiri og þingmenn landsbyggðarinnar færri en nú er. Ég set fram það sjónarmið að kjördæmin þurfi að vera þannig útbúin og markalínur þannig dregnar að þingmannafjöldi þeirra sé sem jafnastur í þeim öllum. Það er það sem skiptir máli, að þingmannahóparnir hafi svipað afl í þessari stofnun. Það er afleitt ef þeir hafa misjafnt afl þannig að einn hópurinn verði miklu öflugri en aðrir. Það leiðir til þess að það hallar á. Ég er því í grundvallaratriðum ósammála þingmanninum og ég er ekki einn um það.

Ég nefni sem dæmi stjórnskipanina í Bandaríkjunum. Þar er tvískipt vægi atkvæða. Annars vegar er fulltrúadeild þar sem fjöldi fulltrúa úr hverju fylki ræðst af íbúafjölda og hins vegar öldungadeild þar sem hvert fylki hefur tvo þingmenn óháð íbúafjölda. Ætlar hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir að halda því fram að ekki sé lýðræði í Bandaríkjunum af því að vægi atkvæða er ekki jafnt í öldungadeildinni? Ætlar hv. þm. að halda því fram að Bandaríkin séu ólýðræðislegt ríki? Ég á eftir að heyra hv. þm. koma hér upp og segja það. Það væri fróðleg yfirlýsing frá hv. þm. ef hún héldi því fram að ríki eins og Bandaríkin væri ekki lýðræðislegt heldur ólýðræðislegt, svo ég tali nú ekki um annað ríki, Bretland, þar sem fer ekki mikið fyrir vægi atkvæða í einmenningskjördæmakerfinu.

[12:42]

**Útbýting þingskjala:**

Rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, 308. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 383.

Starfsumhverfi og framtíðarmöguleikar fiskvinnslunnar, 326. mál, fsp. HjÁ, þskj. 411.

[12:42]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Ég tel að þau skoðanaskipti sem áttu sér stað nú síðast séu eilítið til hliðar við kjarna þess máls sem verið er að ræða, þ.e. það frv. sem er á dagskrá og varðar sameiningu tveggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Kjalarneshrepps.

Í umræðunni hefur glöggt komið fram, að ég tel, að þessi sameining er ekki alveg vandalaust mál. Menn hafa bent á hver þessi vandi er. Vandinn er sá að stjórnarskrárgjafinn árið 1959 gat ekki séð fyrir breytingar af þessu tagi. Reykjavík er eina sveitarfélagið, eina lögsagnarumdæmið sem jafnframt er kjördæmi í þingkosningum og það ber að mínum dómi að taka ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmamörkin bókstaflega. Þess vegna hef ég svipaðar efasemdir um 2. gr. frv. og ýmsir aðrir ræðumenn hér í dag. Ég tel að það sé ekki einboðið að sú leið sem lögð er til í frv. standist. Ég tel að það sé alls ekki augljóst mál að sú leið sem hæstv. félmrh. leggur til sé rétt eða hún standist þau ákvæði sem 31. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir.

Þetta þarf að athuga mjög gaumgæfilega í þingnefndinni, jafnvel með aðstoð fleiri þingnefnda eins og allshn. sem hefur verið að líta á svipaða hluti. En það er heldur ekki auðvelt að fullyrða á hinn bóginn að rétta leiðin sé að sameina þetta í einu alþingiskjördæmi. Þó hallast ég að því að það sé rétta leiðin og ég hygg að vilji kjósenda í sameiningarkosningunum á síðasta sumri hafi stefnt í þá átt. Að minnsta kosti gekk ég til þeirra kosninga og ráðstafaði mínu atkvæði á þeirri forsendu.

Reyndar skal ég ekki fullyrða hvað fór í milli sveitarfélaganna eða fulltrúa þeirra í þessu efni og mér finnst það reyndar skipta máli hver þeirra ásetningur var og að afla þurfi upplýsinga um það frá Reykjavíkurborg og samningamönnum hennar og Kjalarneshrepps út frá hverju var gengið í þessu efni. En eins og stjórnarskráin er að þessu leyti orðuð sýnist mér það blasa við að Kjalarneshreppur — eins og einhver sagði í umræðunni áðan — íbúar hans tilheyra ekki lengur Kjósarsýslu að þessu leyti til heldur Reykjavíkurborg.

Það má vel vera að þetta mál sé þess eðlis að einhver dragi í efa að Alþingi sem löggjafi geti tekið ákvarðanir sem að einhverra dómi eru á svig við ætlun stjórnarskrárgjafans árið 1959 og þá verða menn að bera það undir dómstóla ef menn telja á sér brotið í því efni. Það er reyndar vandséð hvaða aðilar ættu að bera fram slíka kröfu eða bera slíkt mál fyrir dómstóla. Ég hygg því að Alþingi verði að axla ábyrgðina í þessu þangað til einhver kjósandi teldi á sér brotið og ákvæði að bera slíkt mál undir dómstóla.

Auðvitað má nefna í dæmaskyni alls kyns öfgakennd dæmi eða tilfelli um sameiningu sveitarfélaga víðs vegar á landinu, landfræðilega aðskilin sveitarfélög, sem varpa enn frekara ljósi á þá staðreynd, sem ég tel vera, að ákvæðin í stjórnarskránni um umdæma- og kjördæmamörk eru ekki nógu skýr eins og mál hafa þróast og líta út í dag árið 1997. Þar er þá komin enn ríkari og frekari ástæða til að takast á við það mál, kjördæmaskipanina og það sem henni tilheyrir, en þau atriði sem menn taka venjulega sem ástæður fyrir því að glíma við það viðfangsefni. Þetta er vissulega ein ástæða til viðbótar til þess að taka á kjördæmamálinu og kjördæmamörkunum.

Ég vil nefna það til viðbótar sem dæmi um hversu óeðlilegt það er að ætla að hafa kjósendur í sveitarfélaginu Reykjavík í tveimur alþingiskjördæmum, að það er hlutverk sveitarstjórna að gera kjörskrár fyrir bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosningar. Það er því mjög ankannalegt að sveitarstjórnin í hinu nýja sveitarfélagi, nýja sameinaða sveitarfélagi, sem væntanlega mun heita Reykjavík áfram, annist jafnframt gerð kjörskrár fyrir alþingiskosningar á svæði sem er að hluta til í öðru kjördæmi þó að það svæði sé jafnframt innan sveitarfélagsins. Þetta kalla ég ankannalega stöðu, svo maður tali nú ekki um það vandamál sem skapast með þann litla hluta kjósenda sem flokkaður er sem óstaðsettur í kjördæmi og menn kannast við úr Austurbæjarskólanum í kjördeild númer eitt, óstaðsettir í Reykjavík. Hvað á að gera við slíka kjósendur? Hvort eiga þeir þá að kjósa í alþingiskjördæminu Reykjavík eða í Reykjaneskjördæmi? Á hvorn staðinn á að setja slíka kjósendur sem ekki er vitað hvar raunverulega búa? Þetta er praktískt mál og sjálfsagt verður það ekki gríðarlega erfitt úrlausnar, en það gæti valdið ágreiningi og gæti haft áhrif á úrslit kosninga ef litlu munar. Þetta má nefna til viðbótar því hversu óeðlilegt það er í rauninni að ætla að skipta sveitarfélagi með þessum hætti milli tveggja alþingiskjördæma.

Mér finnast því rökin í málinu hníga að því að aðferð sú sem félmrh. stingur upp á sé ekki hin rétta. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því hvers vegna hann leggur hana til. Ég hef lesið álitsgerð ríkislögmanns frá 1993 um þetta en vek athygli á því að í henni segir jafnframt að um þetta megi deila og það er það sem við erum að gera hér. Við erum ekki sannfærð um að þetta sé rétt. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja í frekari vinnu í málinu og ekki er fullnægjandi að mínum dómi að segja að hér sé einungis um að ræða ákvæði til bráðabirgða, þ.e. til bráðabirgða í þeim skilningi að þetta sé til skamms tíma. Það vitum við ekkert um og þetta er ekki formlegt bráðabirgðaákvæði heldur ótímabundið og við vitum ekki hvenær niðurstaða fæst í hið stærra mál sem varðar skiptingu landsins í kjördæmi í stærra samhengi og ráðherra vék að í sinni framsöguræðu. Ég tel því að varhugavert sé að samþykkja þetta frv. eins og það er, 2. gr. þess. Ég tel að þingið eigi að taka sér tíma til að fara rækilega yfir það og kalla til helstu sérfræðinga í málinu. Síðan verður að kveða upp úr með þetta því ekki má koma í veg fyrir að Kjalarneshreppur og Reykjavíkurborg geti sameinast eins og vilji íbúanna stendur til að gerist núna. Það má ekki koma í veg fyrir það með deilum um þetta atriði.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Þetta er mjög athyglisvert mál. Þetta er óvenjulegt vandamál sem við stöndum frammi fyrir og skemmtilegt að fást við en gríðarlega mikilvægt að málið leysist farsællega og náttúrlega án þess að til málaferla komi um valdsvið löggjafans gagnvart vilja stjórnarskrárgjafans 1959.

[12:52]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að honum þykir það ankannalegt að sveitarfélag sé í tveimur kjördæmum og færði nokkur rök fyrir því sjónarmiði sínu. Og eins hinu að líka væri ankannalegt að sameina sveitarfélög sem væru á ólíkum stöðum á landinu. Ég vil því spyrja hv. þm.

hvort hann telji þá að núgildandi lög heimili sameiningu sveitarfélaga á þennan veg. Hvort hann telji að heimilt sé að sameina t.d., eins og nefnt hefur verið, Árneshrepp á Ströndum og Reykjavík. Ég vil líka spyrja hann hvort hann telji að það sé æskilegt. Ef hann er þeirrar skoðunar sem hann hefur lýst, þá hlýtur hann að vera þeirrar skoðunar að sameining sveitarfélaga sem ekki liggja saman sé óeðlileg. Með öðrum orðum að óeðlilegt hafi verið að leggja til að sameina Reykjavík og Kjalarneshrepp svo dæmi sé nefnt.

[12:53]

**Geir H. Haarde** *(andsvar)*:

Ég tel, herra forseti, að þegar hafi verið vakin athygli á því í umræðunni að lögin eins og þau eru núna banna í sjálfu sér enga tiltekna tegund af sameiningu jafnvel þó að landfræðilegar fjarlægðir milli slíkra sveitarfélaga gætu verið miklar. Það á þá jafnt við um Árneshrepp eða Ísafjarðarkaupstað, sem bæði hafa verið nefnd í umræðunni í dag. Bæði þessi sveitarfélög gætu fræðilega séð sameinast Reykjavík ef vilji kjósenda á báðum stöðum stæði til þess. Ég held hins vegar að ekkert vit sé í því, það væri ekki rökrétt að gera það. Það á hins vegar allt annað við um Reykjavík og Kjalarnes. Fyrir því máli voru margar og góðar röksemdir sem ástæðulaust er að rekja hérna. En umræðan í heild og þessi dæmi sem nú voru nefnd sýna kannski það að lögin eru ekki gallalaus. Við þurfum að taka á því máli í sameiningu um leið og við endurskoðum kjördæmaskipanina og þessi gömlu umdæmamörk sem nú eru orðin það gömul og úrelt að þau eru farin að verða okkur fjötur um fót og þvælast fyrir því að framfaramál, eins og við erum að tala um, geti náð fram að ganga erfiðleika- og trafalalaust.

[12:55]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í meginatriðum sammála hv. þm. Ég tel vandamálið í rauninni liggja í sveitarstjórnarlögunum. Ég tel að það sé vandamálið. Það er orsökin fyrir því að þetta vandamál kemur upp. Ef menn hefðu girt fyrir það í sveitarstjórnarlögunum að þetta gæti komið upp, að menn færu að sameina sundurliggjandi sveitarfélög, þá værum við ekki að glíma við þetta vandamál hvað varðar kjördæmaskipanina. Ég held að við ættum — af því að þingið mun fjalla um ný sveitarstjórnarlög á þessu þingi — að taka það mál með í umræðunni og afgreiðslu á þessu máli þannig að við girðum þá fyrir að nýju sveitarstjórnarlögin hafi sama annmarka og þau sem nú gilda og framkalla þessa sérkennilegu stöðu sem menn eru í.

Ég tel hins vegar að óskynsamlegt hafi verið að bera fram tillöguna um sameiningu Kjalarness og Reykjavíkurborgar, eins og reyndar er nú komið á daginn, af því að það skapar vandamál sem menn hafa ekki séð út úr að leysa. Ef menn geta lagt til að sameina Reykjavík og Kjalarnes og telja það eðlilegt, þá er líka eðlilegt að sameina Reykjavík og Akranes eða Reykjavík og Keflavík. Þar er alveg nákvæmlega sama landfræðilega afstaða þannig að það að leyfa sér að fara út í að segja að eðlilegt sé að sameina Reykjavík og Kjalarnes leiðir líka til þess að menn lenda í ógöngum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

***Umræður utan dagskrár.***

Breiðband Pósts og síma hf.

[13:33]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Póstur og sími hf., fyrirtæki allra landsmanna, hefur nokkuð verið til umræðu síðustu vikurnar og ekki að ástæðulausu. Gífurlegar gjaldskrárhækkanir fyrirtækisins gagnvart símnotendum fyrir nokkrum vikum vöktu mikla reiði meðal landsmanna og forsvarsmenn fyrirtækisins, samgrh. og ríkisstjórnin öll, sáu sitt óvænna og drógu í land. Ekki nóg þó en það er önnur saga.

Það mál sem ég geri að umtalsefni er þó vissulega náskylt hinum hneykslanlegu hækkunum á símgjöldum landsmanna um daginn. Á sama tíma og þetta fyrirtæki landsmanna allra herðir klærnar og hækkar álögur á landsmenn þá stendur það fyrir gífurlegum fjárfestingum vítt og breitt um landið. Þær fjárfestingar sem ég geri að umtalsefni hafa verið nefndar breiðbandsvæðing. Þar eru engir smáaurar á ferð. Talað er um 5 milljarða fjárfestingu á næstu 3–4 árum — engir smáaurar, eins og tveir til þrír barnaspítalar svo einhver samanburður sé tekinn. Það mætti líka lækka eitthvað símagjaldskrána alræmdu verulega með aðeins litlum hluta þessara fjármuna. En eru þessi verkefni ekki brýn og knýjandi? Er ekki þörfin hrópandi? Verður hægt og er hægt að bíða með þessa netvæðingu, breiðbandsvæðingu, sem í hlutföstu formi má skilgreina sem heimtaugar á hvert einasta heimili í landinu með endabúnaði frá fyrirliggjandi grunnneti, ljósleiðaranum, sem þegar er kominn vítt og breitt um landið? Um þessa þörf er verulega efast hjá sérfræðingum. Nægir þar að nefna Sigfús Björnsson, prófessor í rafmagns- og tölvufræðum við Háskóla Íslands, sem hefur sett fjölmörg spurningarmerki við þessa fjárfestingarpólitík og hefur í blaðagreinum haldið því fram að möguleikar okkar með fyrirliggjandi tækni, svokallað samnet, séu langt í frá fullnýttir. Aðrir hafa enn fremur á það bent að þráðlaus boðskipti séu á fljúgandi ferð og séu framtíðin ekki síður en kaplar og þræðir í jörðu. Þess vegna má spyrja: Hvers vegna þessi gífurlega fjárfesting? Og svo hitt: Hverjir eiga að borga og hvernig? Það er auðvitað almenningur í landinu, það gefur auga leið. En kemur almenningur til með að þurfa að borga þessa fjárfestingu með hækkaðri gjaldskrá á símnotendur? Eða eiga væntanlegir áskrifendur þessarar margmiðlunar sjónvarps og útvarpsefnis og fleira að kosta hana að fullu og öllu, og með hvaða hætti þá?

Nú hefur ljósleiðarinn í kringum landið verið greiddur af almenningi en að þriðjungi þó af Atlantshafsbandalaginu og er í eigu ríkissjóðs. Aðgangurinn að þessum ljósleiðara hefur fram undir þetta verið seldur eftir kílómetragjaldi. Því lengri leið því hærra verð. Er það hugmynd hæstv. samgrh. að breiðbandið lúti sömu lögmálum þannig að dreifðari byggðir þurfi að borga meira en fólkið í þéttbýlinu þar sem mest allt þetta efni sem sent verður út verður til á höfðuborgarsvæðinu? Eða á að gilda sama verð alls staðar á landinu samanber landið eitt gjaldsvæði í símamálum? Og svo hitt sem er auðvitað grundvallarspurning í þessu: Er það eðlilegt að eigandi grunnnetsins, Póstur og sími hf., sem selur handhöfum sjónvarps og útvarpsefnis sé jafnframt í samkeppni við þessa sömu aðila með dreifingu eigin efnis og sölu á því í áskrift? Eru það eðlilegir samkeppnishættir?

Á mjög gagnlegum fundi sem samgn. þingsins átti með forsvarsmönnum breiðbandsins í gær var m.a. lýst framtíðarhugmyndum Pósts og síma hf. í þessum efnum. Þar segir

m.a. í minnisblaði sem okkur var afhent og ég les, með leyfi forseta:

„Rétthafar efnis og sjónvarpsstöðvar koma undir regnhlíf BB [þ.e. breiðbandsins] og gera dreifingarsamning. Hann innifelur dreifingu efnis, aðgang að myndlykli, áskriftarinnheimtu og bilanaþjónustu. Einnig hlutdeild í markaðskynningu og sölu áskrifta."

Hvað þýðir þetta í mæltu máli? Að Póstur og sími hf. ætlar að vera allt í senn, allt í kringum borðið, sjá um þetta allt? Er þetta hugmynd samgrh. að miðstýra svona gjörsamlega allri dreifingu margmiðlunar? Ég veit ekki af hverju það er nafnið — ekki Halldór Blöndal — heldur Marteinn Mosdal kemur upp í hugann í þessum efnum. Það er auðvitað í fullkominni andstæðu við yfirlýsta stefnu hæstv. samgrh., sem hefur talað um það hér aftur og aftur að hann vilji fara í hina áttina og selja þetta fyrirtæki allra landsmanna í bitum og bútum til lysthafa. Þannig að þetta rekst hvað á annars horn.

Því spyr ég, virðulegi forseti: Hefur samgrh. — sem er ekki frægur fyrir staðfestu frá einum degi til annars — (Forseti hringir.) hætt við fyrirætlanir sínar um sölu á þessu fyrirtæki? Eða ætlar hann hugsanlega að selja fyrirtækið og þar með (Forseti hringir.) grunnnetið, ljósleiðarakerfið og breiðbandið, til hugsanlegra hagsmunaaðila sem munu þar með hafa tangarhald á (Forseti hringir.) miðlun alls efnis til þorra landsmanna í næstu og lengri framtíð?

(**Forseti** (ÓE)**:** Nú biður forseti hv. þm. um að gæta tímamarka, biður um það strax í upphafi. Það eru það margir á mælendaskrá og þessi umræða stendur ekki nema í 30 mínútur.)

[13:39]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég get ómögulega neitað því að þegar kemur að því að svara hv. þm. þá dettur manni stundum í hug að maður sé fremur í sporum Marteins Mosdals en að ráðherra komi upp til að svara spurningum alvörugefins þingmanns sem hefur undirbúið sig vel áður en hann tekur til máls. Svo er mér farið núna að mér finnst einhvern veginn að kannski væri það rétt hjá hv. þm. að Marteinn Mosdal væri betur til þess fallinn að svara honum og eiga við hann orðastað en ég. Það má kannski spyrja hæstv. forseta hvort í þessu samhengi sé rétt að segja háttvirtur Marteinn Mosdal. En að þessu slepptu ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður hv. þm. og hæstv. ráðherra að gæta hófs í orðavali og samlíkingum.)

Herra forseti. Ég hef nú einungis verið að reyna að skilja samlíkingar hv. þm. og væri kannski rétt að hæstv. forseti hjálpaði mér til þess.

Eins og vænta mátti gætir mikils misskilnings hjá hv. þm. þegar hann ræðir um málefni Landsímans og ekki í fyrsta skipti. Það sem um er að ræða er það að við Íslendingar höfum lagt ljósleiðara hringinn í kringum landið og á síðasta áratug þegar ég, sem formaður menntmn. Nd. var að berjast fyrir því að útvarp yrði frjálst hér á landi, man ég eftir að formaður menntmn. efri deildar, sem á þeim tíma var hv. þm. Eiður Guðnason, hafði miklar áhyggjur af því hvernig færi fyrir ljósleiðaranum og skildist mér alltaf á þeim manni í þann tíð og ýmsum forustumönnum Alþfl. að þeim væri í mun að koma ljósleiðaranum í jörðu til að nota hann. En nú heyrist mér á hv. þm. að hann vilji helst hafa ljósleiðarann í jörðu án þess að nota hann. Geyma hann, jarða hann, eins og búið er að jarða nafn Alþýðuflokksins. En hugmyndin er auðvitað ekki sú að hafa ljósleiðarann þarna án þess að nota hann heldur er hugmyndin sú að reyna að koma á hann umferð. Við erum að horfa til framtíðarinnar vegna þess að breiðbandið er framtíðin. Það er framtíðin vegna þess að við lifum í upplýsingaþjóðfélagi og flestir Íslendingar eru sammála um að nauðsynlegt sé að koma með sem ódýrustum hætti upplýsingum og afþreyingu inn á hvert einasta heimili á landinu.

Eins og sakir standa núna þegar við tölum til dæmis bara um sjónvarpið þá hafa sjónvarpsrásir gengið kaupum og sölum. Mér var sagt fyrir tveim dögum af manni í útvarpsrekstri, sem ekki á sjónvarpsrás, að fyrir nokkrum árum hefði sjónvarpsrás kostað 100 millj. kr. sem viðkomandi félag fékk ókeypis úthlutað frá ríkinu. Við höfum hér tvö sjónvörp, Ríkissjónvarpið og Stöð 2. Í raun og veru einoka þessi sjónvörp aðganginn að fólki hér á landi. Af því að það er ekki auðvelt með öðrum hætti að koma sjónvarpsefni og fréttum til manna. Við erum þess vegna að tala um hvorki meira né minna en skoðanafrelsi. Það sem einu sinni var kallað prentfrelsi en heitir núna fjölmiðlafrelsi. Að fólk um allt land eigi þess kost með nokkru öryggi að geta horft á fjölmiðil, fréttir frá sjónvarpsstöð, sem ekki er í fákeppni heldur verður að sætta sig við að vera í almennri, opinberri samkeppni. Það erum við að gera með því að taka breiðbandið í notkun. Við erum að gefa fleiri aðilum kost á að reka sjónvarpsstöðvar og fréttastöðvar.

Ef við víkjum að því sem hv. þm. sagði að Póstur og sími ætlaði í samkeppni með eigið efni, þá er þetta algjörlega úr lausu lofti gripið og hefur ekki komið til umræðu. Á hinn bóginn er það auðvitað skylda Landsímans að koma umferð á ljósleiðarann til þess að hægt sé að lækka símgjöldin í landinu, til þess að hægt sé að auka fjölbreytni þess efnis sem kemur inn á heimilin. Og lögum samkvæmt og samkvæmt reglum Evrópusambandsins er ekki heimilt að stöðva eða setja hömlur fyrir viðstöðulausu endurvarpi á sjónvarpi ef samningar takast við handhafa efnisins. Það hefur þess vegna aldrei komið til greina að Póstur og sími færi í sjálfstæða starfsemi að þessu leyti. Ég mun, herra forseti, í síðari ræðu minni víkja að eðli þess rekstrar sem breiðbandið er. Þetta eru flókin efni og ekki við því að búast að hægt sé að gera því öllu skil á fimm mínútum.

[13:45]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega stóru og miklu máli sem í rauninni snýst um tvennt. Það snýst annars vegar um sjónavarpsútsendingar og aðgang að breiðbandinu eins og hér var reifað hjá hv. fyrirspyrjanda, þ.e. prinsippið um það hvort Póstur og sími skuli standa í slíkum rekstri og tel ég reyndar að hæstv. ráðherra hafi svarað því. En ég vil gera sérstaklega að umræðuefni hið svonefnda breiðband eða ljósleiðara. Það hefur komið fram að þessi upplýsingahraðbraut 21. aldar hafi verið grafin í jörðu og á hana skuli nú hleypa umferð. Það væri fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra hver er áætlaður kostnaður við að leggja upplýsingahraðbrautina inn á hvert heimili, annars vegar kostnaður Pósts og síma og hins vegar kostnaður heimila. Þar er vissulega um gífurlega stórar upphæðir að ræða og væri fróðlegt að heyra tölur um það frá hæstv. ráðherra. Jafnframt vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það geti verið sem haldið hefur verið fram, m.a. af lærðum mönnum á þessu sviði, að ákvörðunin um að grafa upplýsingahraðbrautina niður sé í rauninni úrelt tækni þar sem við blasi að innan fárra ára muni þéttriðið net

í geimnum annast þessa dreifingu á hagkvæmari, einfaldari og skilvirkari hátt. Ef svo er þá er það mikið umhugsunarefni vegna þess að hér er um miklar upphæðir að ræða og væri fróðlegt að heyra svör hæstv. ráðherra við því.

[13:47]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Það er létt verk að gagnrýna Póst og síma um þessar mundir og ég hef gert það óspart. Í kjölfar þeirrar einkavæðingar sem átt hefur sér stað hafa komið upp mjög margir ámælisverðir hlutir. En það ber líka að þakka það sem vel er gert og án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr því sem fram kom hér hjá frummælanda áðan, þ.e. þeim álitamálum sem hann vakti máls á, þá finnst mér að lagning ljósleiðarans um landið og uppsetning breiðbandsins sé lofsvert framtak af hálfu Landsímans. Ég tel að ljósleiðarakerfið og breiðbandið sé að verða mjög mikilvægt þjóðvegakerfi og muni skapa miklu meiri gæði á þessu sviði og öruggari flutningsleiðir en kostur er á með þráðlausum boðskiptum þannig að þessu fylgja greinilega líka miklir kostir. En eins og ég segi: Einkavæðing Pósts og síma flækir þetta mál gríðarlega og skapar fjöldamörg vandamál og auðvitað væri eðlilegast að þetta þjóðvegakerfi væri sannanlega og örugglega á hendi ríkisins, á hendi almannavaldsins. Það er kjarni málsins. Hitt verður, held ég, aðalvandamálið að uppbyggingin gengur í raun og veru allt of hægt. Það mun koma í ljós eftir tvö, þrjú ár að enn er eftir að koma þessu þjóðvegakerfi til helmings landsmanna. Þá mun sem sagt helmingur landsmanna njóta ákveðinna forréttinda, að eiga afnot að þessu kerfi, en hinir eru út undan. Og það verður æpt á Landsímann og það verður æpt á okkur stjórnmálamenn að hraða lagningu þessa kerfis þannig að allir landsmenn sitji við sama borð. Þetta verður vandamálið.

[13:49]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Íslendingum munu bjóðast í náinni framtíð bestu fáanlegir kostir til gagnaflutninga. Upplýsingahraðbraut framtíðarinnar verður okkur opin um breiðbandsvæðingu sem nýtir sér ljósleiðara og tryggir meiri flutningsgetu, tryggir hærri gæði og meira öryggi en önnur flutningskerfi sem hægt er að bjóða upp á nú. Áætlanir þessar sem ég hef hér greint frá eru að talsverðu leyti nú þegar komnar í framkvæmd. Þær bera vott um mikla framsýni, framsýni sem ber að þakka en ekki að gagnrýna. Ég held að það sé athyglisvert, þegar menn velta fyrir sér möguleikunum um það hvort eigi að nota loftlínurnar eða kapalinn, að Microsoft-fyrirtækið undir stjórn Bill Gates hefur tröllatrú á því að breiðbandsflutningar um kapalkerfi séu breiðstræti framtíðarinnar. Og samkvæmt upplýsingum úr nýjasta hefti The Economist hefur Microsoft-fyrirtækið fjárfest fyrir 1 milljarð dollara í Comcast, fjórða stærsta kapalkerfi heimsins.

Ég held að það sé rétt að við fáum svar við því hvort hv. málshefjandi, Guðmundur Árni Stefánsson, er hér í raun og veru að leggjast gegn breiðbandsvæðingunni, hvort hann er að leggjast gegn því að þau áform sem hafin voru með því að leggja ljósleiðara um landið og verður lokið með því að tengja þennan ljósleiðara inn á hvert heimili og bjóða upp á raunverulega breiðbandsvæðingu inn á hvert einasta heimili, hvort hann er á mót þessu eða ekki. Ég hygg að ef þessi frammámaður Alþfl. vill koma í veg fyrir að t.d. hans eigið sveitarfélag verði tengt þá er tæknilega hægt að gera það, ef menn vilja virkilega standa gegn þessum framförum. En þarna er verið að bjóða öllum Íslendingum upp á ótrúlega góðan kost til að taka þátt í þessari breiðbandsvæðingu upplýsingahraðbrautarinnar.

[13:51]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra skilur ekki um hvað þetta mál snýst. Menn trúa því að það sé framtíðarlausn í breiðbandi, hliðrænu kerfi, eins og Póstur og sími er að fara í. En því miður er þetta hliðræna kerfi úrelt kerfi. Það er talið að fjarskipti muni í frekari mæli fara um þráðlaus kerfi í háloftunum um gervitungl og einnig hefur þróunin í gömlu símkerfunum orðið það ör að flutningsgeta þeirra hefur aukist til muna. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna Póstur og sími er að fara í þessa vafasömu fjárfestingu. Það er búið að byggja upp mjög gott stafrænt símkerfi hér undanfarin 14 ár og það hefur þróast út í samnetið sem flytur m.a. tölvugögn. Við Íslendingar höfum einnig byggt upp okkar eigið sjónvarpskerfi sem er um ljósleiðarann og örbylgjukerfi. Engu að síður skal breiðbandið í hvert hús í landinu, fyrir milljarða, á kostnað símnotenda. Þjónusta sem Póstur og sími er að bjóða um bandið er sú sama og Fjölvarp Íslenska útvarpsfélagsins er þegar að bjóða. Það er framboð sem virðist hafa fullnægt markaðnum. Hvað er það sem kallar á aðra leið til að fá þessar erlendu stöðvar inn á heimili landsmanna? Þær fást um þau kerfi sem við höfum nú þegar. Við höfum ljósleiðara milli allra símstöðva í Reykjavík og koparvír frá stöðvunum inn í húsin okkar og þessar leiðir verður hægt að nota til sömu flutninga og breiðbandið á að þjóna. Hér eru stjórnvöld sem sagt að koma upp tvöföldu kerfi. Er hér á ferðinni gæluverkefni einhverra í fyrirtækinu eða e.t.v. hæstv. ráðherra? Þetta er 20 ára gömul hliðræn tækni, hún er gamaldags og að verða úrelt. Hvers vegna er verið að byggja braut fyrir gamla Ford þegar vegakerfið fyrir hann er fyrir í landinu og þotu- og geimöld er gengin í garð? Ný tækni er handan við hornið í þessum málum. Við eigum að staldra við því tækninni fleygir mjög hratt fram.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Póstur og sími segist hafa tengt breiðbandið í 20 þúsund heimili á Íslandi fyrir hálfan milljarð króna. Erlendir sérfræðingar segja (Forseti hringir.) svona tengingu við 20 þúsund heimili kosta ekki minna en 3,5 milljarða. Ég legg til að Póstur og sími, fyrst þeir geta lagt þetta svona ódýrt, herra forseti, að þeir fari í að leggja

(**Forseti** (ÓE)**:** Tíminn er búinn.)

breiðband erlendis og noti hagnaðinn (Forseti hringir.) til tækniframfara hér á landi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti var nú búinn að biðja hv. þingmenn að gæta tímamarka þannig að allir kæmust að.)

[13:54]

**Arnþrúður Karlsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að opna umræðu um breiðbandið. Það sem einkum vekur athygli mína eru þær óljósu upplýsingar um hvernig rekstrarfyrirkomulagið er hugsað með tilkomu breiðbandsins. Er hér um að ræða tímabæra fjárfestingu og hvar á að taka þá fjármuni sem þetta mannvirki kemur til með að kosta? Mér finnst að það vanti alfarið í þessa umræðu. Sömuleiðis hvort hér sé verið að stofna fjölmiðlafyrirtæki í eigu ríkisins sem endurvarpar a.m.k. 24 sjónvarpsrásum í samkeppni við aðra á markaðnum. Hvað segir Samkeppnisstofnun um þessa framkvæmd eða hefur yfir höfuð ekkert verið leitað til hennar? Ég hef verulegar áhyggjur af því hvert framhaldið verður af þessari staðreynd

um hlutfélag Pósts og síma. Enn er það svo að hlutafélagið er í eigu þjóðarinnar en ég óttast að í vændum séu tillögur um að einkaaðilar komi þar að og geti einhvern veginn keypt sig inn í þessa þjóðareign, og ég endurtek, inn í þessa þjóðareign.

Langstærsti hluti útgjalda Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2 er leigugjald af ljósleiðara Pósts og síma og það gefur því auga leið að það er of fjárfrek framkvæmd til þess að allir sitji við sama borð. Verðlag á auðvitað ekki að vera háð fjarlægðum og það hefði jafnvel verið hægt að koma til móts við landsmenn með mun ódýrari hætti. Ef það verður staðreyndin að einkaaðilar komi þarna að þá hlýtur maður að spyrja sig hverjir koma til með að ráða mestu um afnotagjaldið sem fólk greiðir t.d. af Ríkisútvarpinu. Verða það e.t.v. hluthafarnir? Þá vaknar auðvitað sú spurning hvort það standist lög að ríkisvaldið framselji slíka lögbundna gjaldtöku til einkaaðila. (Forseti hringir.) Það er verið að gefa fleirum kost á því að senda út efni og það er auðvitað gott út af fyrir sig en ég hefði talið eðlilegra að hlutafélag Pósts og síma hefði fengið afnotarétt af þessari þjóðareign og þar með setið við sama borð og aðrir.

[13:56]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Þessi umræða um breiðbandið er fyrir margra hluta sakir nokkuð merkileg því að mér hefur fundist koma fram í henni töluverð vanþekking og misskilningur sem ég því miður hef nú ekki tíma til að fara yfir hér og svara. En breiðbandið er auðvitað hluti af upplýsingahraðbrautinni sem felst í fjarskiptakerfinu í landinu og breiðbandið kemur til viðbótar núverandi kerfi svo ég svari nú einhverju af því sem fram hefur komið hér. Breiðbandið gefur möguleika á dreifingu upplýsinga í gegnum síma, t.d. á myndsíma, á tölvugögnum ásamt sjónvarps- og útvarpssendingum sem eru náttúrlega ekki aðalmálið í þessu efni heldur er þetta einn af þeim möguleikum sem gefast.

Það er rétt sem fram hefur komið að þessi uppbygging kostar mikla fjármuni. En hún gefur líka mjög mikla möguleika. Hún færir þjóðina miklu framar á þessu sviði en við erum í dag. Menn greinir auðvitað á um hvaða tækni skuli nota í þessu efni. Hér hefur verið bent á dreifingu um loftið, ef við getum sagt sem svo. (**Gripið fram í:** Gervitungl.) Já, gervitungl og hins vegar kapalvæðingu, en það er sú leið sem hefur orðið ofan á hjá Pósti og síma. Og það eru æ fleiri þeirrar skoðunar að það sé framtíðin sem felst m.a. í betri gæðum.

Herra forseti. Ein stærsta spurningin í þessu efni, í mínum huga, felst í því hvort eðlilegt sé að breiðbandsþjónusta Póst og síma, eða Landsímans eftir áramót, sé á sömu hendi og grunnnetið eða hvort skilja beri þarna á milli og þjónustan verði algerlega í sérstöku fyrirtæki. Ég tel þetta mjög áleitna spurningu sem svara þurfi hið allra fyrsta og tel þetta kannski eitt af stærri málum í þessu efni.

[13:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það kemur æ betur í ljós að einkavæðing Pósts og síma var illa grunduð og vanhugsuð aðgerð. Einkum var vanhugsað að gera ekki strax í byrjun greinarmun á annars vegar þjónustuþætti stofnunarinnar og hins vegar grunnnetinu, umferðaræðum fjarskiptanna.

Ég var og er þeirrar skoðunar að grunnnetið eigi að vera í eigu ríkisins og að því marki sem samkeppni kemur til sögunnar á þessu sviði þá eigi ríkið að ráða grunnnetinu og tryggja, eftir atvikum, jafnan aðgang að því. Ég spurði hæstv. samgrh. á sínum tíma þegar breytingarnar á Pósti og síma voru hér til meðferðar, hvort grunnnetið yrði selt ef farið yrði út í einkavæðingu stofnunarinnar. Þá svaraði hæstv. ráðherra þannig að ekki stæði til að selja Póst og síma en ég tók það samt þannig að hæstv. ráðherra neitaði því ekki að ef til slíks kæmi þá yrði grunnnetið skilið að og yrði áfram í eigu ríkisins. Ég endurtek að gefnu tilefni spurningu mína til hæstv. ráðherra: Verður það tryggt í framtíðinni, verði farið út í einkavæðingu á Landsímanum, að grunnetið verði áfram í höndum ríkisins?

Varðandi fjárfestingu í breiðbandinu eða annarri uppbyggingu af því tagi þá þarf að sjálfsögðu að vanda vel til allra ákvarðana um slíkt, þar með talið og ekki síst tæknilega. Mínar efasemdir í þessu efni lúta ekki að því hvort rétt sé eða ekki að farið sé út í þessa uppbyggingu heldur eingöngu að hinu, hvort hér sé verið að velja tæknilega besta kostinn. Þar þarf auðvitað að skoða þróun mála, þar með talið bæði gervihnattasendingar og eins nýja tækni um að flytja slík boð um rafþræði. En hitt skulu menn varast, að gera þau mistök að leggjast gegn fjárfestingunni sem slíkri eða uppbyggingu af þessu tagi. Hvar stæðum við í dag ef Póstur og sími hefði á undanförnum árum ekki verið það öfluga fyrirtæki sem það hefur verið og getað byggt upp þau nútímalegu fjarskipti sem við þó njótum? (Forseti hringir.) Menn skulu varast að falla í þá gryfju að frysta allt fast í þessum efnum og færa okkur aftur á bak í tímanum.

[14:01]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Maður veltir því dálítið fyrir sér eftir að hv. þm. hafa átt orðræðu við hæstv. samgrh. hvaða tilgangi það þjóni. Hann virðist hvorki botna upp né niður í því sem verið er að tala um og virðist vera á allt annarri bylgjulengd og þyrfti nú Póstur og sími hf. að taka hæstv. ráðherra í tíma og tengja hann þannig að hægt sé að eiga orðastað við hann á vitrænan hátt.

Gripið er til þess gamalkunna ráðs að segja að þeir sem gagnrýna séu á móti upplýsingabyltingunni, þeir vilji ekki koma sjónvarpsefni út til landsmanna. Hvers konar firra og þvæla er þetta? Ég rakti hér áðan að Sigfús Björnsson, óháður fræðimaður á þessu sviði, hefði á það bent að með tilteknum ráðum mætti þétta fyrirliggjandi net þannig að það mætti stórauka notkun á því. Auðvitað viljum við upplýsingabyltinguna út um landið allt. En ég spyr að gefnu tilefni, af því að hæstv. ráðherra nefndi hér í umræðunni að það eigi að nota þennan ljósleiðara en ekki grafa hann í jörðu: Hver eru skilaboð frá hinum dreifðari byggðum einmitt varðandi þann þátt og þá gjaldskrárstefnu sem Póstur og sími og hæstv. samgrh. hafa fylgt í þeim efnum? Þeir geta ekki notað þennan ljósleiðara vegna þess að kílómetragjaldið er svo hátt. Þannig að öðruvísi mér áður brá og líttu í eigin barm, hæstv. ráðherra.

Ég segi það eitt, virðulegur forseti, að auðvitað á grunnnetið í lengri framtíð að vera í eigu þjóðarinnar allrar. Það kemur auðvitað ekki til álita að við seljum þann þátt og getum þar með falið vald í hendur einkaaðilum til að ráðstafa því með beinum aðgerðum og með gjaldskrárstefnu til hinna og þessara eftir efnum og ástæðum. Þá er tjáningarfrelsinu hætta búin. En hæstv. ráðherra svarar því ekki einu orði hér hvernig öll þessi uppbygging, þessi miðstýrða uppbygging, samræmist því sem hann sagði í fyrradag um að selja þetta

fyrirtæki út og suður. Er því að undra, virðulegi forseti, þótt þessi nýja lína ráðherrans um að Póstur og sími hf. eigi að vera miðstýrt apparat og þjónusta allt landið sé í stíl við margnefndan Martein Mosdal, virðulegi forseti?

[14:03]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég hef heyrt þá tölu að það hafi kostað um 25 þús. kr. á heimili það sem komið er af ljósleiðara á einstaka staði. Menn gera sér ekki grein fyrir hvað það kunni að kosta í famtíðinni, kannski 50 þús. kr. á heimili, kannski 60 þús. Það liggur ekki fyrir áætlun um það og ég þori ekki að nefna tölur um það.

Það sem hefur komið hér fram er í fyrsta lagi það hvort við eigum áfram að leggja fram verulegt fé til uppbyggingar og fjárfestingar í Landsímanum. Ýmsir þingmenn hafa tekið af mér ómakið og sagt að forsendan fyrir því að hægt sé að reka nútímalegt fjarskiptafyrirtæki sé auðvitað að það leggi verulegt fé til fjárfestingar enda breytingar mjög örar á þessu sviði og raunar talið að arðsemi þurfi að vera ekki minni en 15% í þessum rekstri ef horft er til þess sem skrifað er um þessi efni í erlendum ritum.

Ef við á hinn bóginn veltum því fyrir okkur hvers konar fyrirbæri þessi breiðbandsþjónusta er þá hefur það mál verið rætt og er verið að ræða það við Samkeppnisstofnun. Þess vegna verður auðvitað vandlega gætt að hvergi sé gengið lengra en heimilt er. Það er alveg skýrt kveðið á um það bæði í íslenskum lögum og eins í þeim samþykktum sem við höfum undirgengist hjá Evrópska efnahagssvæðinu að allir skuli eiga rétt á því að komast að breiðbandinu eða ljósleiðaranum með sömu kjörum. Þannig að þó að Landsíminn kjósi að opna fyrir eða greiða fyrir því að litlar útvarpsstöðvar eða aðrir geti komist inn á breiðbandið þá þýðir það ekki að þeir geti boðið þar betri kjör en aðrir sem veita sams konar þjónustu. Það eru skýr ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað og það er alveg skýrt að Fjarskiptastofnunin íslenska og einnig erlendar muni fylgja því vel eftir að ekki sé um neinn undandrátt eða sviksemi að ræða í þessum efnum enda hefur sú ekki verið hugsunin. Það sem verið er að reyna að gera er að það er verið að koma boltanum af stað, opna fyrir breiðbandið, þennan miðil sem þjóðin bíður eftir, ekki aðeins hér á landi heldur einnig í nálægum löndum. Þegar við erum að tala um gervihnetti og berum saman við Ísland þá gleymum við því gjarnan að erlendis eru kapalkerfi frá gamalli tíð. Það var hins vegar bannað að leggja slík kapalkerfi hér á landi þó einn eigandi slíks kerfis hafi á sínum tíma borgað virðisaukaskatt af hinum ólöglega rekstri kapalkerfisins og ég man ekki betur en að páv. fjmrh., sem var þó mætur maður, hafi vel tekið við þeim peningum.

Að síðustu vil ég segja að áðan heyrði ég fólk vera að tala um það þegar við vorum að berjast fyrir frelsi í sjónvarpsrekstri. Þá vorum við ekki að hugsa um að einokunin færðist af einni hönd á tvær. Ég var ekki að berjast hér í þinginu fyrir fákeppni þegar ég var að berjast fyrir því að opna fyrir samkeppni í sjónvarpsrekstri. Ég vildi að mörgum aðilum yrði frjálst að koma af stað að slíkum rekstri. Breiðbandið opnar fyrir slíkan möguleika og gerir okkur Íslendinga frjálsa í þessu tilliti.

[14:07]

**Útbýting þingskjals:**

Gjaldþrotaskipti, 325. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 410.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 9.–11. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, AK, ÁJ, ÁRJ, EgJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

30 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MF, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég greiði atkvæði með þessum afbrigðum en vil hins vegar segja að það er alveg ótrúlegt sleifarlag í framlagningu mála af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þessa dagana. Það hefur ekkert verið að gera hér í allt haust í vinnu við stjórnarfrv. af neinu tagi vegna þess að ríkisstjórnin hefur í raun og veru engu komið frá sér. En núna, þegar örfáir dagar eru til jóla, þá eru menn að ryðja hér inn frumvörpum sem bersýnilega verða að verða að lögum fyrir áramót. Hvers slags eiginlega vinnubrögð eru þetta? T.d. í umhvrn. og í landbrn. er um að ræða í öllum tilvikum mál sem hefur legið fyrir í allt heila haust að yrði að taka hérna fyrir. Hvers slags vinnubrögð eru þetta í fjmrn.? Ég sé ekki betur en að núna áðan hafi hæstv. fjmrh. verið að láta dreifa hér skattafrv. með leiðréttingaratriðum þar sem komið er inn á mál sem hefur legið fyrir í allt heila haust að þyrfti að taka hérna fyrir. Þetta eru endemis vinnubrögð, herra forseti. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna liðlegheita stjórnarandstöðunnar að þessir hlutir fá þó þrátt fyrir allt að halda áfram með þessum hætti. En ég mótmæli þessu og ég hvet til þess að hæstv. ráðherrar taki á þessum málum og að hæstv. forseti Alþingis setji þessum ráðherrum reglur þannig að menn komi eðlilega fram við Alþingi eins og Alþingi á skilið.

[14:09]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti mun beita sér fyrir því hér eftir sem hingað til að frumvörp sem ríkisstjórnin leggur fram, og aðrir sem þurfa að fá afgreiðslu fyrir tiltekinn tíma, komi fram í tæka tíð. Forseti sér líka ástæðu til að þakka þingmönnum og stjórnarandstöðunni ekkert síður fyrir að greiða fyrir framgangi mála.

## *Lögskráning sjómanna, 1. umr.*

Stjfrv., 289. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 361.

[14:11]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

Með frv. er lagt til að fresturinn sem sjómönnum var veittur til að sækja öryggisfræðslunámskeið verði framlengdur um eitt ár eða til ársloka 1998.

Árið 1994 urðu tímamót í öryggismálum sjómanna þegar lögfest var öryggisfræðsla fyrir sjómenn. Samkvæmt lögunum var yfirlýsing um að skipverji hefði hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan sambærilegan hátt gerð að skilyrði fyrir lögskráningu sjómanna. Skipstjórnarmönnum var veittur frestur til 31. desember 1995 til að fullnægja ákvæðinu, en öðrum skipverjum til 31. desember 1996. Nýliðar um borð höfðu sex mánaða frest til að sækja þessi námskeið. Frestirnir voru upphaflega byggðir á áætlun Slysavarnaskólans, en þá var talið að um 800 sjómenn hefðu ekki fengið slíka fræðslu.

Þegar leið að lokum þessa frests var ljóst að þrátt fyrir aðlögunartímann hafði töluverður hópur skipstjórnarmanna ekki enn lokið öryggisfræðslunáminu. Námskeið Slysavarnaskólans voru fullbókuð út árið og því var talið rétt að fresta gildistökunni um ár. Sagan endurtók sig árið eftir og lagði skólastjóri Slysavarnaskólans þá til að fresturinn yrði enn framlengdur um eitt ár, til ársloka 1997.

Nú þegar líður að lokum frestsins liggur fyrir að áætlunin hefur ekki staðist því enn eiga margir sjómenn ólokið lögbundinni öryggisfræðslu.

Með frumvarpinu er því lagt til að sjómönnum verði enn veittur frestur, til 31. desember á næsta ári, til að sækja öryggisfræðslunámskeið en með ströngum skilyrðum eins og fram kemur í frumvarpinu.

Skilyrðið er fyrst og fremst það að þeir sjómenn sem enn hafa ekki sótt öryggisfræðslunámskeið skrái sig fyrir árslok á námskeið. Lagt er til að undirbúningur og framkvæmd laganna verði eins og lýst er í greinargerð sem fylgir frv. Siglingaráð hefur samþykkt að mæla með að þessi frestur verði samþykktur.

Auk þess er með frv. lagt til að ráðherra verði heimilað að setja reglur um endurmenntun sjómanna á þessu sviði. Með því að krefjast endurmenntunar sjómanna má tvímælalaust viðhalda og efla öryggisvitund meðal þeirra og þar með auka öryggi um borð í skipum og stuðla að fækkun slysa um borð í fiskiskipum sem eru allt of mörg og kalla á að við reynum að leita allra leiða sem færar eru til þess að draga úr þeim og fækka þeim.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn. Ég bið hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, afsökunar á því hversu seint þetta frv. er fram komið úr því að það þarf afgreiðslu fyrir áramót. En það er einfalt í sniðum og ég vonast til að samgn. geti afgreitt frv. fljótt og vel.

[14:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er að sönnu mjög miður að enn einu sinni skuli þurfa að framlengja þennan frest. En sjálfsagt er það rétt sem hér kom fram í máli hæstv. ráðherra og liggur í fylgiskjölum með þessu frv. að það sé ekki um annað að ræða en að horfast í augu við þær staðreyndir að allt of mikill fjöldi sjómanna á enn eftir að sækja námskeiðin til að unnt sé eða raunhæft að hverfa frá því að veita þessa undanþágu eða lengja þennan aðlögunartíma, eða nánar tiltekið rúmlega 800 sjómenn þegar þeir hafa lokið námskeiðunum sem þau sækja nú eða eiga eftir að gera fram að áramótum.

Það sem ég vil hins vegar gera að umtalsefni í þessu sambandi, herra forseti, er hin hliðin að málinu, sem snýr að aðbúnaðinum að Slysavarnaskólanum. Ég veit ekki betur en að þar kreppi mjög að með nauðsynlegan tækjakost og á ég þá fyrst og fremst við skipið sem þar er notað sem kennsluaðstaða og tæki. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því í tengslum við þessa breytingu og lengdan aðlögunartíma hvort allir íslenskir sjómenn hafi lokið þessum tilskildu námskeiðum eða fengið þessa bráðnauðsynlegu fræðslu sem æ ofan æ sannar sig að vera bráðnauðsynleg og bjarga mannslífum, hvort tekið hafi verið á stöðu Slysavarnaskólans og hvort það verði tryggt með fullnægjandi hætti, hvað varðar fjárveitingar og aðstöðu, að skólinn geti með sóma rækt sitt hlutverk, bæði tekið við öllum þeim fjölda sem eftir á að ljúka grunnnámskeiðum til þess að allir starfandi sjómenn hafi gert það og líka hvað framtíðina snertir því það er væntanlega ekki ætlunin að láta þar við sitja heldur efla skólann og láta hann vera sífellt að, veita þá endurþjálfun og endurmenntun og taka nýja sjómenn hvers tíma til skólunar. Inn í þetta hafa m.a. komið hugmyndir um að skólinn fái nýtt skip sem losnar á næsta ári, þ.e. bílferjuna Akraborg, og mér finnst rétt að nota þetta tækifæri, herra forseti, eðlilega, að inna hæstv. ráðherra eftir þessu.

[14:17]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég fékk nú í vikunni í hendur álitsgerð frá Slysavarnafélagi Íslands þar sem sú er niðurstaðan að það sé mjög góður kostur að Akraborgin verði notuð fyrir Slysavarnaskóla sjómanna. Þessi mál eru nú í athugun og í dag mun ég hitta Sigurð Ringsted skipaverkfræðing og biðja hann að fara yfir málið fyrir ráðuneytið.

[14:17]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þessar hugmyndir og ég vona að hæstv. ráðherra geti hraðað vinnunni að þessu máli þannig að það liggi fyrir, helst fyrir áramót, og þar með verði einnig hægt að taka mið af því hvað fjárveitingar snertir eða fjárhagslegar hliðar málsins, að tryggja með þessum hætti aðstöðu og framtíðaraðbúnað að Slysavarnaskóla sjómanna.

[14:18]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, hefur því miður of oft verið flutt hér á hinu háa Alþingi og vonandi er þetta í síðasta sinn enda má segja að það sé nánast ætlan löggjafans að svo verði. Hitt er annað mál sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á og það er að í 1. gr. segir svo, í a-lið, með leyfi forseta:

„7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 31. desember 1998 til að fullnægja ákvæði þessu.“

Ég velti svolítið fyrir mér hvernig framkvæmdin gæti best orðið á þessu vegna þess að menn þurfa að skrá sig núna og það er einn mánuður til stefnu fyrir þá sem ekki hafa farið í Slysavarnaskólann. Við sjáum það því miður hve illa hefur gengið að fá marga sjómenn til þess að fara í Slysavarnaskólann, svo nauðsynlegur sem hann er. Ágæti þeirrar kennslu sem sjómenn hljóta þar hefur margsýnt sig og sannað. Því vildi ég leggja áherslu á að ráðuneytið mundi beita sér fyrir því ásamt sjómannasamtökunum að minna nú rækilega á að þetta frv. verði ekki flutt aftur þannig að

um áramótin 1998/1999 verði allir sjómenn búnir að fara í Slysavarnaskólann.

Ég verð að segja að það er til vansa fyrir sjómannastéttina að hafa ekki staðið betur að verki en raun ber vitni. Því miður eru allt of margir sem ekki hafa farið í Slysavarnaskólann. Ég veit að Slysavarnaskólanum hefur vaxið ásmegin og hann fengið meiri vigt í umræðunni meðal sjómanna um öryggismál. Og ég heiti á sjómenn að taka nú duglega á þessu máli og leysa okkur sem hér sitjum á Alþingi undan þeim vanda að vera sífellt með einhverjar björgunaraðgerðir hér í landi en það eru einmitt þeir sem eiga að hugsa mjög um þær sem snúa að sjó.

Í annan stað vildi ég aðeins koma inn á það sem hér var rætt varðandi Slysavarnaskólann sjálfan og þann aðbúnað sem þar er. Oft hefur verið rætt um það og óneitanlega hefur það oft komið upp í huga mér hvort nauðsynlegt sé að hafa þennan skóla fljótandi, hvort ekki sé möguleiki á því að hafa hann á landi nálægt sjó. En í viðræðum við skólastjóra Slysavarnaskólans í öryggisnefnd þingmanna sem hefur verið kosin til þess að skoða hina miklu slysatíðni sjómanna — við ræddum einmitt við skólastjóra Slysavarnaskólans í gær um þetta mál — að þá virðist svo vera að vegna mikils búnaðar meðfylgjandi kennslunni sé eðlilegt að skólinn sé fljótandi eins og nú hefur verið um mörg undanfarin ár. Hitt er svo annað vandamál sem skólastjóri Slysavarnaskólans kom inn á, en það er að skipið Sæbjörg, sem nú er notað til kennslu, er orðið mjög úr sér gengið og vægast sagt í því ástandi að varla er við unandi fyrir þá sem þangað sækja fræðslu. Því vildi ég taka undir spurningu hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, þ.e. fyrirspurn og athugasemdir hans hér og fagna að vísu því svari sem fram kom hjá hæstv. ráðherra. Það er vissulega full þörf á og nauðsynlegt að nú á allra næstu vikum verði tekin ákvörðun um framtíðarskipan þessa skóla svo mjög vel sem hann hefur reynst sjómannastéttinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 358.

[14:23]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. sé á næstu grösum og svo er. Um þetta mál, herra forseti, vil ég segja, þó það sé kannski ekki svo stórt í sjálfu sér þó tvö nágrannasveitarfélög sameinist eins og hér á í hlut, þ.e. Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg, að þá vekur það upp ýmsar spurningar, býsna mikilsverðar, og eins og þegar hefur komið fram í umræðunni getur mönnum sýnst sitt hverjum um málið.

Ég er þeirrar skoðunar, og hef alla tíð verið að vilji íbúanna hvað snertir ákvarðanir um sín nærmálefni, þar með talið hvernig þeir skipa sér í sveitarfélög, sé sá hornsteinn sem eigi að byggja allt á. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt t.d. að ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga gerist á sjálfstæðum forsendum íbúa sveitarfélaganna sjálfra. Þannig var ég að sama skapi og hef alltaf verið algerlega andvígur hugmyndum um lögþvingun á þessu sviði og ég held að reynslan sýni einnig að það að ætla að miðstýra þessu eða stjórna ofan frá með fyrirskipunum í of ríkum mæli hafi gefist illa.

Margir, og ég þar á meðal, vöruðu við því þegar þáv. hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, gekk fram með miklu kappi á síðasta kjörtímabili og hugðist sameina meira og minna öll sveitarfélög í landinu, spáðu ekki vel fyrir þeirri tilraun. Reynslan varð líka sú að sú aðferð gekk ekki upp ósköp einfaldlega vegna þess að fólkið kolfelldi þær sameiningar nánast út um allt land. Niðurstaðan var sem sagt sú að menn vildu gera þetta sjálfir og ráða því og hafa það á sínum eigin forsendum þar á meðal og auðvitað ekki síst hvernig tillögurnar sem bornar væru upp til atkvæða á hverju svæði, væru úr garði gerðar. Nú hins vegar, þegar ekki hefur verið í gangi atrenna ofan frá eða miðstýrð, eru miklir hlutir að gerast í þessum efnum og jafnvel sameiningar að eiga sér stað, mjög hliðstæðar þeim sem voru kolfelldar á fyrra kjörtímabili. Þetta færir mér heim sanninn um að rétta leiðin sé að láta hlutina þróast eðlilega og gerast á sjálfstæðum forsendum og samkvæmt vilja íbúanna sjálfra.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, hvort löggjafinn hyggist hafa umgjörðina þannig að hvað sem er geti gerst í þessum efnum. Þetta mál vekur fyrst og fremst upp spurningar um það í mínum huga hvort það sé skynsamlegt að láta skipan landsins í sveitarstjórnir gerast algjörlega tilviljanakennt, hafa það algjörlega opið að þær tillögur sem bornar eru upp til atkvæða geti verið nánast hvernig sem vera skal. Ég velti því æ meir fyrir mér hvort ekki sé misráðið að ekki þurfi eftir sem áður — þrátt fyrir það sem ég hef sagt um vilja íbúanna og sjálfstæða þróun í þessum efnum — að liggja fyrir tiltekinn rammi og tiltekin skilyrði sem uppfyllt séu þegar kosið er um slíka hluti. Og hvernig gæti það verið, herra forseti? Jú, það gæti sem best verið þannig að þrátt fyrir að menn hefðu mikið svigrúm og mikið ráðrúm til þess að velja sér sjálfir tillögur, gagnvart hverjum vilji íbúanna væri kannaður, þá lægi samt sem áður fyrir tiltekinn rammi. Tillögurnar yrðu að falla að ákveðnum skilyrðum sem sett væru svo sem eins og þeim að sveitarfélögin væru aðliggjandi eða að sveitarfélög þau þar sem kosið væri um sameiningu, mynduðu einhverja eðlilega landfræðilega eða samskiptalega heild.

Ég spyr mig að því — þó það hafi meira verið sett hér fram, ég vil nú ekki segja, til gamans heldur sem dæmi — hvað gæti gerst, ef sveitarfélög á fjarlægum landshornum tækju upp á því að vilja sameinast og bera það undir íbúa sína. Hvað t.d. með hrepp í Norður-Múlasýslu, ef mönnum í Skeggjastaðahreppi dytti nú allt í einu í hug að sameinast Kópavogi, ef fyrrverandi söfnuður eins af núverandi sóknarprestum í Kópavogi vildi bara fylgja prestinum og legði til að hann yrði sameinaður Kópavogi? Hvað með það? Finnst mönnum það þá vera hlutur sem er skynsamlegur og á að ganga svo langt að leyfa skipan landsins í sveitarstjórnarstig að ráðast jafnvel af algerlega tilviljanakenndum forsendum af þessu tagi? Það er ekki hægt að útiloka það vegna, t.d. vandamála í samskiptum nágrannasveitarfélaga, að eitt sveitarfélag vilji frekar, við getum kallað það af innanhéraðsástæðum, sameinast stórum en fjarlægum kaupstað heldur en sínum næstu nágrönnum. Þetta getur vel komið upp og þá er spurningin: Eru menn tilbúnir til þess að taka áhættuna af því eða vilja menn að þetta sé þannig að lögum, að næstum að segja hvað sem er geti gerst í þessum efnum jafnvel þó það sé fyrst og fremst fræðilegur möguleiki? Spurningin er ekki, að mínu mati, að meta líkurnar á því að eitthvað slíkt

gerist heldur þessi: Vill Alþingi eða löggjafinn láta það vera fræðilegan möguleika að slíkir hlutir gerist? Dæmið sem hér um ræðir, Kjalarneshreppur og Reykjavíkurborg, er að því leyti alveg gilt í þessum efnum að þarna ákveða tvö sveitarfélög, yfir kjördæmamörk, að sameinast. Það skapar síðan ýmis lögformleg álitamál eða stjórnsýsluleg álitamál sem hér hefur verið velt upp í umræðunni. Mér sýnist frágangur málsins af hálfu hæstv. félmrh. alls ekki vera vel hugsaður eða fullhugsaður hvað varðar t.d. síðari grein frv., um alþingiskosningarnar, og það álitamál hvort íbúar hins nýja sveitarfélags eiga að tilheyra sama kjördæminu eða tveimur.

Það er ekki heldur, að mér sýnist, gengið frá því hvað verður þá um lögsögumörk eða lögsagnarumdæmisálitamál. T.d. er ekki tekið á spurningunni um það hvort hugtakið sýsla hefur hér orðið eitthvert sjálfstætt gildi eða ekki. Sýslurnar eru að miklu leyti aflagðar sem slíkar. Sýslunefndir eru ekki starfandi með því hlutverki sem áður var heldur einhvers konar héraðsnefndir og samstarf sveitarfélaga er á öðrum grunn.

Út af fyrir sig, herra forseti, er kannski ekki mikið annað að gera úr því sem komið er í þessu einstaka tilviki en að afgreiða frv. af þessu tagi, alla vega 1. gr. því að a.m.k. er ég ekki talsmaður þess að Alþingi fari að leggja stein í götu vilja þessara íbúa í Reykjavík og á Kjalarnesi til að sameinast. Þetta eru að vísu ekki landfræðilega aðliggjandi sveitarfélög, a.m.k. ekki enn sem komið er, nema þá yfir sjó. Það þarf að stökkva yfir sveitarfélag í Mosfellssveit til að tengja þau saman nema farin sé blauta leiðin fram hjá meginlandinu sem er svo sem hægt. En fyrir því eru fordæmi. Til að mynda er Tálknafjörður eins og eyja í hinu nýja sveitarfélagi, Vesturbyggð, ef ég veit rétt nema það kann að vera svo að á háfjöllum tengist svæðið við Arnarfjörð Patreksfirði þannig að ég sé það ekki endilega sem fordæmi til þess að staldra þarna við þó að þessi sveitarfélög liggi ekki beint landtengd, jafnvel ekki heldur þó að þau séu í sitt hvoru kjördæminu, þó að það veki auðvitað viðbótarálitamál vegna þess að það kann vel að vera að landfræðilega væri heppilegra að sameina í vissum tilvikum sveitarfélög sem liggja á kjördæmamörkum. Ég gæti þar tekið sem dæmi sveitarfélög í Strandasýslu og í Vestur-Húnavatnssýslu. Það er að mörgu leyti landfræðilega miklu eðlilegra að sveitarfélög við Hrútafjörð sameinist en kannski sveitarfélög í Strandasýslu eða við Hrútafjörð sameinist öðrum norðar eða sunnar á Vestfjörðum. Sama mætti segja um norðausturhorn landsins. Kjördæmamörkin eiga í mínum huga ekki endilega að vera heilög í þeim skilningi að ekki geti verið efnislega skynsamlegt að sameina sveitarfélög yfir þau. En spurningin er: Er nokkur glóra í því að ganga ekki frá því lagalega hvernig slíkt þá gerist, til að mynda hvað verður um kjörgengi íbúanna, hvaða kjördæmi skulu þeir tilheyra o.s.frv.?

Menn gefa sér hér að þetta sé sameining við höfuðborgina einfaldlega í þeim skilningi að enginn vafi leiki á því að spurningin sé um hvort íbúarnir verði í tveimur kjördæmum eða þá allir í Reykjavík, ekki öfugt. Mönnum hefur ekki dottið í hug að íbúarnir færist allir yfir í Reykjaneskjördæmi við þessa breytingu heyrist mér miðað við umræðuna. Sömuleiðis virðist mér menn gefa sér að nafnið verði Reykjavík en ekki t.d. Kjalarnes eða Faxaflóabyggð eða eitthvað annað álíka fallegt. Menn eru alltaf að hnoða þessum viðhengjum aftan við ágæt nöfn, -byggð, -bær, -kaupstaður og hvað það nú er.

Hitt er svo annað mál að það er höfuðborgin sjálf sem í hlut á og hún er að mörgu leyti mjög sérstætt sveitarfélag þó það hafi að vísu aldrei almennilega fengist viðurkennt í íslenskum lögum og íslensku skipulagi. Af einhverjum furðulegum ástæðum hafa menn ekki eins og víðast hvar annars staðar fengist til þess að láta höfuðborgina njóta eða hafa þá sérstöðu sem að mörgu leyti er eðlilegt að höfuðborgir hafi svo að ég tali nú ekki um þegar í hlut á ekki aðeins höfuðborg heldur langstærsta sveitarfélag í landinu og lang öflugasta sveitarfélag í landinu.

Þetta sveitarfélag hefur líka þá sérstöðu að vera jafnframt kjördæmi og það tengist þessu máli sem við hér ræðum, að annað sveitarfélagið er hluti af kjördæmi þar sem mörg sveitarfélög eiga í hlut en hitt er kjördæmi fyrir í sjálfu sér.

Mín meginniðurstaða, herra forseti, er sú að þetta mál þarfnist miklu meiri skoðunar og þá ekki endilega í tengslum við það hvort nauðsynlegt er að afgreiða að einhverju eða öllu leyti þetta frv. heldur málið sem slíkt upp á framtíðina litið. Ég held að mjög óskynsamlegt sé að staldra ekki við og velta rækilega fyrir sér hvort nauðsynlegt er að gera breytingar á sveitarstjórnarlögum og jafnvel kosningalögum og hugsanlega þar af leiðandi síðar stjórnarskrá sem gangi frá vafatilvikum eða álitamálum af þessu tagi sem kunna að koma upp. Menn eru greinilega ekki undir það búnir að hlutir af þessu tagi geti gerst, hafa eðlilega kannski ekki séð þá fyrir því að framan af þessari öld og langt fram undir síðustu áratugi var þróunin nánast öll í þá átt að sveitarfélögum var að fjölga í landinu, verið var að skipta upp sveitarfélögum, búa til sjálfstæð sveitarfélög úr vaxandi þéttbýliskjörnum, en nú er þróunin öll á hinn veginn.

Ég tel að að setja þurfi í gang vandaða vinnu til að fara yfir þau álitamál sem hér er velt upp í tengslum við þetta mál og vonum seinna. Og ég vil leyfa mér að stinga upp á því við hæstv. félmrh. að hæstv. ráðherra skipi þverpólitíska nefnd með fulltrúum allra flokka ekki ósvipað því og gjarnan hefur verið gert þegar unnið hefur verið að kjördæmabreytingum og kosningalagabreytingum og er auðvitað alveg einboðið að vinna að með þverpólitíska samstöðu að leiðarljósi. Í þessa nefnd gætu auk fulltrúa þingflokka komið aðilar frá sveitarfélögunum og fleiri og þar verði ekki síst farið yfir það hvort ekki sé nauðsynlegt að reyna að lögfesta einhver skilyrði eða ramma inn í hvern tillögur eða kosningar um sameiningu sveitarfélaga verði þrátt fyrir allt að falla þannig að í framtíðinni verði skipan sveitarstjórnarstigins a.m.k. ekki hvað fræðilegu hliðina snertir algjörlega tilviljanakennd eða gæti orðið það heldur byggi hún á einhverjum skilgreindum viðmiðunum sem allar tillögur verði að uppfylla sem gengið er til kosninga um.

[14:37]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta tiltekna litla frv. en þetta er mjög merkilegt mál og því ástæða til að ég segi skoðun mína á því. Ég er efnislega alveg sammála síðasta ræðumanni um að þetta sé flókið viðfangsefni og alls ekki augljóst að sú niðurstaða sem hér er lögð til í 2. gr. frv. sé sú eina og rétta og sú sem best samræmist stjórnarskránni. Mér virðist að alveg eins megi færa rök fyrir hinu gagnstæða eins og komið hefur fram í ræðum annarra þingmanna, þ.e. að alls ekki er augljóst hvort telja beri Kjalarnes með Reykjavíkurkjördæmi eftir sameininguna eða með Reykjaneskjördæmi. Og ef það verður gert eins og einhver benti hér á að miða ætti við kjördæmaskipunina frá 1959, þá

má spyrja hvort Reykjavíkurkjördæmi sé núna rétt skilgreint og er spurning hvort það samræmist stjórnarskránni.

Ég vil vegna orða hv. síðasta ræðumanns um sérstaka nefnd aftur minna á að þegar er starfandi nefnd um kjördæmaskipan og kosningalög þar sem fulltrúar þingflokkanna sitja og þar er þessi umræða í fullum gangi og var síðast fundur í fyrradag. Það er alveg ljóst að þetta er mun flóknara mál heldur en svo að það verði útkljáð hér. En ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að fleiri komi inn í svona umræðu, t.d. fulltrúar frá sveitarfélögum.

Mjög svipuð umræða á sér líka stað í allshn. vegna dómstólafrv. þar sem er verið að opna á ytri mörk héraðsdómstólanna samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir þannig að í þessu ljósi eru tvær spurningar í mínum huga, hæstv. félmrh. Í fyrsta lagi: Er nauðsynlegt að hafa 2. gr. frv. eins og hún er? Er ekki nóg að hafa 1. gr. frv.: „Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg skulu sameinuð" og síðan hljóði 2. gr. svo: Lög þessi öðlast þegar gildi? Ef það er í lagi, þá gefst tími til að ákvarða í þessari eða annarri nefnd hvernig þessum málum verður best fyrir komið því það þarf að skoða þessi mál í heild. Ég tel því að það yrði langfarsælasta lausnin að sleppa ákvæðinu í 2. gr. frv., taka ekki afstöðu til þess núna þannig að ekki þurfi að vera að koma upp einhverju bráðabirgðafyrirkomulagi sem hugsanlega yrði breytt síðar. Ef þetta er ekki mögulegt þá tel ég eðlilegt, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að sá háttur verði hafður á þangað til lokaskipan þessara mála verður útrædd að farið verði að því sem um var rætt við íbúana þegar þeir kusu að sameinast. Þessar spurningar hljóta að hafa komið upp í þeim umræðum og eðlilegt má telja að sú skipan verði lögfest til bráðabirgða a.m.k.

Ég vil að lokum ítreka að eitt er að fjalla efnislega um þetta frv., þ.e. það hvort sveitarfélag geti kosið í einu kjördæmi í sveitarstjórnarkosningum og öðru í alþingiskosningum og annað að ræða um sambandið á milli byggðastefnu eða stærðar og styrkleika kjördæma eins og hér var gert fyrr í umræðunni, hvað þá að ræða vægi atkvæða og hvað sé lýðræðislegt í þeim efnum. En vegna spurningar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem því miður er ekki í salnum núna — en hann spurði mig fyrr í umræðunni hvort ég væri þeirrar skoðunar að lýðræðið í Bandaríkjunum væri ekki nógu gott vegna þess að þar eru annars vegar einmenningskjördæmi í fulltrúadeildinni og hins vegar hefur hvert fylki jafnmarga fulltrúa — þá er ég þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að einmenningskjördæmi séu ekki besta lýðræðislega fyrirkomulagið. Ég held að það fyrirkomulag sem við höfum hér á hlutfallskosningum endurspegli betur vilja fólksins. En ef hér væru tvær deildir þá fyndist mér þetta ekki óhugsandi skipan, þ.e. að annars vegar endurspeglaðist fjöldi í gegnum einmenningskjördæmi og hins vegar í gegnum landsvæði eins og sýslur eða kjördæmi. Mér er ekki alveg ljóst hvaða eining er sambærilegust við fylki í Bandaríkjunum. Slíkt kerfi er ekki ólýðræðislegt að mínu mati. Hitt er annað mál að kerfið í Bandaríkjunum kallar fram aðeins 40–60% kosningaþátttöku. Það getur að mínu mati ekki verið hið fullkomna lýðræði. Það er mín skoðun og ég vil láta hana koma hér fram aftur, að misvægi atkvæða sé of mikið hér á landi og að það beri að leiðrétta. En það er hins vegar algerlega ótengt því máli sem hér er til umræðu.

[14:43]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um 2. gr. þessa frv. hefur verið um margt fróðleg og athyglisverð og lýtur að ýmsum áleitnum spurningum. Ekki er ágreiningur um, ef ég skil rétt, að eðlilegt sé að Alþingi staðfesti þá sameiningu sveitarfélaga sem ákveðin var í atkvæðagreiðslu í báðum sveitarfélögunum þannig að sú ákvörðun nái fram að ganga. Mönnum sýnist hins vegar sitt hverjum um það hvernig eigi að skipa sveitarfélögum, sem þannig hafa sameinast, í kjördæmi þar sem svo stendur á að þau voru og hafa verið hvort í sínu kjördæminu.

Frá mínum bæjardyrum séð er þetta þó ekki áleitin spurning. Mér sýnist alveg augljóst að kjördæmamörkum verður ekki breytt nema með breytingu á stjórnarskrá. Kjördæmamörkin eru býsna fastákveðin í stjórnarskránni þar sem talin eru upp sýslufélög og kaupstaðir sem mynda hvert kjördæmi. Sýslurnar samanstanda af hreppum og þegar horft er til þess til hvaða landsvæðis sýsla tekur, þá verða menn að horfa til þess hvernig það mál leit út þegar stjórnarskrárákvæðið var sett. Það er að mínu mati eðlileg og rökrétt túlkun á stjórnarskránni og verður ekki hnikað til nema með beinni breytingu á stjórnarskrá.

Við gætum stillt upp mörgum fróðlegum dæmum. Ef til að mynda þessi tvö sveitarfélög sem við erum hér að tala um hefðu tekið ákvörðun um það að sveitarfélagið hið sameinaða skyldi framvegis heita Kjalarneshreppur, hvaða aðstöðu hefðu menn þá verið í? Telja menn að þá hefði Reykjaneskjördæmi stækkað svo að stærsta kjördæmi landsins væri þá komið inn í Reykjaneskjördæmi? Ég hygg að það væri með öllu óeðlilegt. Ef Reykjavík kysi að sameinast sveitarfélagi norður í landi eða austur á landi, telja menn að með einfaldri atkvæðagreiðslu í þessum tveimur sveitarfélögum væri unnt að raska stjórnarskrárbundinni kjördæmaskipun og sveitarfélag á Norðurlandi eða Austurlandi sem ákvæði að sameinast Reykjavík mundi segja sig úr viðkomandi kjördæmi? Það held ég að sé alveg augljóst að gæti ekki gerst. Þess vegna er að mínu mati sú skipan sem hér er gert ráð fyrir fullkomlega eðlileg og í samræmi við stjórnarskrá landsins og óþarfi að setja á langar deilur um þetta efni. Hitt kann svo vel að vera að menn vilji breyta stjórnarskránni og koma við meiri sveigjanleika í stjórnarskránni varðandi það hvernig kjördæmin eru fastákveðin. En það er allt annar handleggur. Í þessu efni verða menn að ganga út frá því hvernig stjórnarskráin er í dag og hvað menn voru að ákveða hér á hinu háa Alþingi þegar þau stjórnarskrárákvæði voru sett. Atkvæðagreiðslur í einstökum sveitarfélögum geta ekki að mínu mati breytt þeirri niðurstöðu.

[14:47]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði að sjálfsögðu þá skoðun hæstv. dómsmrh. að kjördæmamörkum verði ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu. En samkvæmt þessari skoðun hæstv. ráðherra hljóta lög að hafa verið brotin í hvert sinn sem sveitarfélagamörkum var breytt yfir kjördæmamörk og nefnd hafa verið mörg dæmi þess.

Það var nú einhvern tíma sagt úr þessum ræðustól af ágætum þingmanni, ég held að ég muni það orðrétt: „Að sjálfsögðu er mér ljóst að lög breyta því ekki að alltaf er hægt að brjóta þau." Það er sjálfsagt ekki hægt að setja lög sem banna mönnum að brjóta þau, jafnvel ekki að binda það í stjórnarskrá. Ef menn brjóta lög og það kemst upp, þá er venjan að sækja menn til saka. Ég er að velta því fyrir mér hvern á að kæra og hverjum á að refsa. Er það hæstv.

núv. dómsmrh.? Dómsmrh. á hverjum tíma ber nú ábyrgð á kjörskránni t.d. Eru það embættismennirnir eða hverjir?

Það er annars býsna alvarlegt mál ef þetta hefur farið fram hjá mönnum allan þennan tíma. Ég er í hópi þeirra sem vil gæta þess mjög vandlega að brjóta ekki lög og alls ekki stjórnarskrána. En ég hef hins vegar fyllst efasemdum hvernig eigi að fara með þetta mál og hef lýst því í mínum málflutningi hér að ég telji þetta alls ekki eins einfalt og sumir vilja vera láta.

[14:49]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að dæma um það hér hvernig málum hefur vikið við þegar hlutar úr einstökum sveitarfélögum hafa verið færðir til eins og sem hv. 1. þm. Reykn. getur hér um. En að vísu eru aðrar aðstæður þar sem um hluta sveitarfélaga er að ræða eða þegar sveitarfélög eru lögð niður í heilu lagi. Ég held að það verði ekki fram hjá því horft að sýsla samanstendur af tilteknum hreppum og það verður að horfa til þess hverjar þessar aðstæður voru þegar stjórnarskráin var sett. Allt annað gæti leitt til gjörbreytinga á stjórnarskrá og kjördæmaskipun með einföldum atkvæðagreiðslum í sveitarfélögum. Ég held að þegar menn horfa til þessa, þá sé í raun ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu um þetta en að kjördæmamörkunum verður ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu.

[14:51]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti út af fyrir sig alveg fallist á þessa skoðun að kjördæmamörkum verði ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu. En það þvælist dálítið fyrir mér hversu oft þetta hefur gerst, líka eftir stjórnarskrárbreytinguna 1934. Það er að vísu, ef ég man rétt, ekkert dæmi um að flytja heilt sveitarfélag yfir kjördæmamörk yfir í annað. Ég man ekki hvernig það var en ég held að það hafi verið hluti úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði sem var færður til Akureyrar. Það er kannski stærsta skrefið sem hefur verið stigið, svona fyrir utan þetta sem við erum að tala um hér í dag. En þetta hefur sem sagt gerst ítrekað og enginn hefur sagt neitt. Það má kannski segja að batnandi mönnum sé best að lifa ef menn eru búnir að átta sig á því núna að það megi ekki gera þetta svona. Þá innsiglum við það væntanlega þegar við göngum frá þessu frv.

[14:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. 1. þm. Reykn. horfir til þessara fordæma þar sem hluti úr sveitarfélögum hefur verið færður til og það þvælist svolítið fyrir honum með tilliti til þess sem menn eru að leggja til að verði ákveðið nú. Það mundi hins vegar þvælast enn þá meira fyrir mér ef menn kæmust að annarri niðurstöðu en hér er verið að leggja til í þessu frv. og síðan kæmi það upp að Akureyrarbær tæki ákvörðun um það í atkvæðagreiðslu að sameinast Reykjavík. Ætla menn þá að segja að íbúar í þeim tveimur sveitarfélögum hefðu vald til þess að breyta kjördæmaskipuninni þvert á stjórnarskrána? Það mundi þvælast enn þá meira fyrir mér. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að menn komist hér að skýrri og ákveðinni niðurstöðu og ég held að hún geti varla verið á annan veg, eins og stjórnarskráin er orðuð, en að hún verði að gilda í þessu efni.

[14:54]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er sannarlega á ferðinni vandræðamál og geri ég þar glöggan greinarmun á 1. og 2. gr. þessa frv. sem hæstv. félmrh. hefur hér mælt fyrir. Raunar er það ekki nema síðari hluti 2. gr. sem horfir til vandræða því að ég hygg að engin álitamál séu uppi um 1. gr. frv. og raunar ekki heldur um fyrri hluta 2. gr., þ.e. þann hluta sem lýtur að gildistöku þessa lagafrv. Hins vegar er skylt skeggið hökunni og ljóst að 1. gr. frv., þ.e. sameining í þessu tilfelli Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborgar og sameining sveitarfélaga almennt mun sýnilega hafa veruleg áhrif á kjördæmaskipan í þingkosningum. Þess er að vænta og ég satt að segja vona það að vandamál af þessum toga yrðu kannski fleiri því að ég er mjög mikill stuðningsmaður þess að sveitarfélög í landinu sameinist og væri ástæða til þess einmitt á þessum tímapunkti í ljósi tíðinda síðustu vikna að hafa nokkur orð um það og rifja upp þegar þáv. hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir fór fyrir í þeirri stefnumörkun að freista þess að sameina sveitarfélög vítt og breitt um landið. Hún fékk viðtökur af ýmsum toga, m.a. hv. þm. í þessu húsi þar sem menn sáu ekki framtíðina liggja í þeirri stefnumörkun og því átaki öllu saman. Margir voru þeir raunar sem brostu í kampinn og bentu á, þegar fyrstu atkvæðagreiðslulotunni var lokið og hægt miðaði að, þetta hefðu þeir nú allt séð fyrir og lítil ástæða væri til að ætla að sameiningarhug væri að finna um landið vítt og breitt. En reynslan hefur sýnt okkur allt annað. Tíminn hefur unnið með þessu góða máli eins og öllum öðrum góðum málum og það er sérstaklega ástæða til að nota tækifærið og þakka hæstv. þáv. félmrh. fyrir atorku í þessum efnum. Nú erum við að uppskera, þó að síðar sé, eins og til var sáð á árum áður og ekki er allt búið enn.

Ég sagði að þetta væri vandræðamál og að mörgu leyti upplýsandi og skemmtileg umræða sem hér hefur farið fram um hinar ýmsu hliðar sem upp geta komið þegar sveitarfélög sameinast þvert á kjördæmamörk eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá eða eins og við höfum átt þeim að venjast.

Menn hafa hér lýst tveimur viðhorfum til þessa og ég ætla ekki að endurtaka þá röksemdafærslu sem menn hafa hér sitt á hvað viðrað, en vil þó segja það strax að mér sýnist einsýnt, virðulegi forseti, að þessi síðari þáttur frv., sem lýtur að skipan kjördæma við alþingiskosningar, fari til sérnefndar í þinginu því að þó að þessi mál séu skyld eins og ég rakti hér áðan þá eru viðfangsefnin gjörsamlega ólík. Það viðfangsefni sem við erum að ræða hér einkanlega og umræðan hefur snúist um, þ.e. áhrif sameiningar sveitarfélaga á stjórnarskrá og skipan kjördæmamarka við alþingiskosningar, er dæmigert mál sem sérnefnd á að taka fyrir og er raunar getið um það í þingsköpum að álitamálum sem lúta að stjórnarskrá beri að vísa til sérnefndar. Með þessu er ég ekki að bera brigður á hæfi félmn. til þess að sýsla með þessi mál. En mér þykir hins vegar eðlilegt að rétt sé rétt og sérnefnd taki þennan þátt málsins til sérstakrar athugunar og úrlausnar ef hana er þá að finna.

Mér kæmi satt að segja ekki á óvart, virðulegi forseti, í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað að úr þessu máli verði tæpast leyst á þeim vettvangi sem hér er, þ.e. með almennri lagasetningu á hvorn veginn sem er því að ég get nokkurn veginn gefið mér það að þegar líður að þingkosningum sem væntanlega verða eigi síðar en í maí 1999, þá muni einhverjir þeirra kjósenda sem þarna eiga hlut að

máli, kjósenda í Kjalarneshreppi, koma til með að láta á það reyna með kjörskrárkæru sem gangi alla leið til Hæstaréttar hvoru megin hryggjar þeir eigi að liggja og þá gildir einu hvort menn fara þá leið sem hér er gerð tillaga um eða hina leiðina og túlki mál sem svo að um leið og Kjalarneshreppur er orðinn hluti af Reykjavík, þá megi líta svo á að hann verði hluti af Reykjavík eins og hún er skilgreind í 31. gr. stjórnarskrárinnar. Kannski er það bara einfaldlega svo að úr þessu vandamáli verður ekki leyst öðruvísi en með atbeina dómstóla. Það er út af fyrir sig lausn en á hinn bóginn, og það sem er veigaþyngst í þessu, er að á þessu viðfangsefni þurfum við að taka og þá er ég einfaldlega segja að við þurfum að skoða stjórnarskrána sérstaklega í þessu ljósi og kjördæmaskipanina sjálfa.

En aftur vil ég benda á að það leysir ekki þann vanda sem við blasir 1999 því að stjórnarskrárbreytingar munu eins og hæstv. forseti veit ekki taka gildi fyrr en að afloknum einum kosningum, þ.e. munu þá ekki gilda fyrr en við aðrar kosningar héðan í frá. Þetta verður því sannarlega vandamál sem menn þurfa að horfast í augu við þegar líða tekur nær kosningum og þá segi ég enn og aftur: Það er eiginlega nokkurn veginn sama hvernig almenn löggjöf verður afstillt í þeim efnum. Ég held að það sé mergurinn málsins og sá veruleiki sem við okkur blasir hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Ég held hins vegar, í ljósi umræðna um stjórnarskrána og kjördæmamörk í þeim efnum, að þetta sýni okkur fram á nauðsyn þess að við reynum að leita nýrra leiða til að stilla af kjördæmamörk og þá kemur mjög vel til álita að taka ákveðna þætti þeirra atriða út úr stjórnarskránni með stjórnarskrárbreytingu og færa þá undir almenna lagasetningu, þ.e. við gefum okkur að ákveðinn breytileiki geti orðið á slíkum kjördæmamörkum með sameiningu sveitarfélaga eða af öðrum ástæðum og þá kæmi hugsanlega til álita að slík lagasetning með breytt kjördæmamörk næði ekki fram að ganga nema með auknum atkvæðafjölda, $^2/_3$ hluta atkvæða í þinginu eða $^3/_4$ hluta atkvæða eftir efnum og ástæðum. En allt að einu sýnist mér ljóst að út úr þessari sjálfheldu verða menn að komast því sem betur fer, eins og ég sagði hér í upphafi, sjáum við ekki fyrir endann á þessari sameiningarhrinu. Hún mun halda áfram væntanlega til aldamóta og fram yfir þau þannig að mér finnst það álitamál sem menn eigi strax að fara að velta fyrir sér og venja sig við að hugsa um hvernig við getum lagfært stjórnarskrána í þessu samhengi.

Það er fyrirliggjandi og opinbert að stjórnmálaflokkarnir hafa sest að því verki. Ég vil ætla að alvara sé á ferðum og menn ætli sér að ljúka ákveðnum þáttum þess, endurbótum á annars ágætri stjórnarskrá og sérstaklega hvað varðar atkvæðavægi og atkvæðarétt og fleiri þætti sem að því lúta, þar á meðal þessum kjördæmamörkum sem eru hér til sérstakrar umræðu.

Hér hefur margsinnis verið vísað til samantektar og álitsgerðar ríkislögmanns — þáverandi ríkislögmanns nota bene því álitsgerð þessi er frá 1989 og það var Gunnlaugur Claessen þáverandi ríkislögmaður sem henni skilaði frá sér. Hún er auðvitað enginn stóridómur í þessum efnum og getur aldrei orðið það. Ég rifja það upp að í athugasemdum með lögum um sveitarfélög í landinu er að finna athugasemdir sem ganga í þveröfuga átt og ef ég man rétt þá var það Björn Friðfinnsson þáv. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sem gekk frá þeirri handbók og þeim athugasemdum sem þar var að finna. Margir fleiri komu að þeirri álitsgerð, menn sem þekkja sitthvað til laga og útlistana á þeim, þar á meðal núverandi ríkislögmaður, Jón G. Tómasson, sem var forustumaður í Sambandi ísl. sveitarfélaga á þeim árum sem þessi handbók og þessar athugasemdir voru gefnar út á prykk. Það var heil laganefnd, ef ég man rétt, sem vann þau lög. Meðal þeirra sem í henni sátu var einn hv. þm., af því að ég man það, Sturla Böðvarsson. Það hefði til að mynda verið mjög fróðlegt ef hann hefði lagt hér orð í belg vegna þess að þessi umræða var hafin strax þá við frv. að smíðum um gerð nýrra sveitarstjórnarlaga árið 1986 og þeirra athugasemda og þeirra skýringa sem við þau lög voru heft árið 1989. Það er ekki í fyrsta skipti nú sem menn kunna að átta sig á því að hér kunna að vera skiptar skoðanir um það hvernig túlka skal. Og til þess að detta inn í þennan hóp þá er það mín skoðun — en hún byggir auðvitað aðeins á minni tilfinningu og því að ég hef vegið og metið þau rök sem er að finna — að það megi líta þannig til að hluti af Kjósarsýslu hafi sameinast Reykjavík og sé þar með hluti af Reykjavík. Það sem eftir situr er eðlilega hluti af Reykjaneskjördæmi eins og stjórnarskráin kveður á um.

Menn þurfa að velta fyrir sér ýmsum munstrum í þessu sambandi. Ég held að enginn hafi til að mynda nefnt þann möguleika að þeir Kjósverjar sameinuðust upp í Hvalfjörð og það yrði lítið sem ekkert eftir af hinni gömlu Kjósarsýslu. En fræðilega væri hægt að halda því fram að þeir þarna efra væru komnir í þrjú kjördæmi, þ.e. Vesturl., Reykn. og Reykv. Það er kannski ekkert fjarlægari möguleiki en margur annar því að þeir Kjósverjar hafa eins og þekkt er sýnt því mikinn áhuga sem gerist norðanvert við Hvalfjörðinn og kannski að áhugi þeirra fari og akkur fari í auknum mæli þar upp eftir þannig að ýmsar undarlegar myndir geta birst í þessum efnum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti, en mér þykir einsýnt og ég vil láta það koma fram hér sem mína tillögu, að þessi viðkvæmi þáttur frv. fari til sérstakrar og sjálfstæðrar skoðunar hjá sérnefnd í þinginu sem um það mál fjalli og félmn. sem er auðvitað störfum hlaðinn í mikilvægum verkum sínum taki til umfjöllunar þann þátt mála sem að henni lýtur beint og lítill eða enginn ágreiningur er hér um og vænti þess að við getum a.m.k. þokast fram á veg með þeim vinnubrögðum þó að tilfinning segi mér að kannski leiði menn þetta alls ekki til lykta á yfirstandandi kjörtímabili heldur verðum við að sigla í gegnum komandi kosningar með úrskurð hæstaréttar sem leiðsögn. En í þeim kosningum sem þá fara í hönd einhvern tíma á næstu öld, hugsanlega örfáum mánuðum eftir næstu kosningar ef mönnum tekst að ganga frá stjórnarskrárbreytingu sem bragð er af hvað varðar kjördæmamörk og kosningavægi, vægi atkvæða, þá grípa menn vonandi til þess ráðs sem þekkt er, að aðrar kosningar fari fram þá fljótlega að afloknum þeim sem áformaðar eru árið 1999 þó að margir hér inni voni satt að segja að til þeirra komi miklum mun fyrr eins og hæstv. forseti veit.

[15:08]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki hafa mörg orð um þetta. Það er aðeins vegna þeirrar vissu hæstv. dómsmrh. áðan að ekki sé hægt að túlka stjórnarskrána öðruvísi en að það sé réttur skilningur sem er í frv. ráðherrans. Ég get ómögulega skilið það þannig og vil taka undir með síðasta ræðumanni og þeim sem hingað til hafa bent á að þetta sé ekki skýrt, því að í stjórnarskránni stendur að til Reykjavíkurkjördæmis

teljist Reykjavík. Og ef þessi sameining er samþykkt, þá er Kjalarneshreppur í Reykjavík. Og síðan stendur: „Reykjaneskjördæmi. Til þess teljast:" Síðan er upptalning og m.a. er þar Kjósarsýsla. Það má auðvitað halda því fram að Kjalarneshreppur sé nú í Kjósarsýslu. En Kjalarneshreppur verður það væntanlega ekki ef hann sameinast Reykjavík eða hvað? Og ef hann gerir það, þá er hann í hinu kjördæminu. Þetta er því alls ekki skýrt miðað við núverandi stjórnarskrá eins og hér hefur margoft komið fram. Hæstv. dómsmrh. benti á að miða eigi við ástandið eins og það var 1959. Hvar stendur að það verði að miða við eitthvað eins og það var þegar þetta er samið? Og ef svo er, hefur þá ekki eitthvað gerst síðan 1959 í þessum efnum sem ekki stenst stjórnarskrána? Ég man ekki eftir slíkum dæmum sjálf í augnablikinu en ég vil bara spyrja hæstv. dómsmrh. að þessu. Ég skil ekki að það sé hægt að líta á þetta sem einfaldan hlut. Þetta er flókið. Ég vil óska eftir því að hæstv. félmrh. beiti sér fyrir því að unnar verði nokkrar lærðar greinargerðir um þetta mál sem geta þá komið inn í hv. nefnd.

[15:10]

**Útbýting þingskjals:**

Afdrif mála vegna skyndiskoðana Landhelgisgæslu, 334. mál, fsp. GHall, þskj. 420.

[15:11]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm um það hvort málið er einfalt eða flókið. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta tiltölulega einfalt. Ég tel að ekki sé hægt að breyta kjördæmaskipun með atkvæðagreiðslu í sveitarfélögum, ekki heldur með því að breyta um nafn á sveitarfélögum. Hvað ef Reykvíkingar tækju ákvörðun um það að breyta um nafn á Reykjavík? Það mundi ekki breyta því að Reykjavík eins og hún er skilgreind nú yrði áfram sérstakt kjördæmi í samræmi við ákvörðun stjórnarskrárinnar. Íbúar í Reykjavík gætu ekki gert þar á breytingar með því einu að breyta nafni sveitarfélagsins. Þess vegna verða menn að horfa á það sem stjórnarskrárgjafinn var að ákveða þegar stjórnarskráin var sett. Annað getur ekki verið viðmiðun við kjördæmamörk. Að því leyti sýnist mér málið vera einfalt.

[15:12]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég er nokkuð hissa á því hvernig þessi umræða hefur þróast og hvað menn hafa getað gert sér úr þessari umræðu. Þegar ég mælti fyrir þessu máli í morgun sýndist mér að hér væri um sáraeinfalt mál að ræða sem allir væru kátir með. Ég átti von á því að þetta frv. fengi góðar viðtökur og 1. umr. yrði skjótt afgreidd. En reynslan hefur orðið önnur og ég er svo sem ekkert að telja eftir mér að hlusta á umræður um málið.

Það hafa einkum verið þingmenn Reykjaness sem hafa haft athugasemdir fram að færa og þá undir forustu 1. þm. kjördæmisins, hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem er náttúrlega sem kóngur í ríki sínu kannski eitthvað smávegis sár yfir því að ríkið sé skert (**Gripið fram í:** Nei, nei.) um einn hrepp. (Gripið fram í.) Ég vil nú samt hugga hv. þm. Reykn. Ég held að þeir þurfi ekki að óttast fólksskort í kjördæminu á næstunni þannig að þó að þarna séu 400 manns rúmlega að sameinast sveitarfélagi í öðru kjördæmi, þá er ekki ástæða fyrir þá að kvíða neinu með fólksfjöldaþróun í Reykjanesi. (**SvG:** Er ekki þingmaðurinn að óska eftir að ...?) Ég fyrir mitt leyti reiði mig á álit ríkislögmanns og ég er nákvæmlega sömu skoðunar og hæstv. dómsmrh. um það að sameiningarkosningar í sveitarfélagi færa það ekki til á milli kjördæma einar og sér. Ég er satt að segja hissa hvað menn hafa látið sig hafa það að draga í efa eða gera lítið úr því sem þeir kalla álit Gunnlaugs Claessens.

Nú veit ég ekki betur en að Gunnlaugur Claessen sé einn af okkar fremstu lögfræðingum og honum hefur verið falinn mikill trúnaður. Hann stendur ekki einn að þessu áliti. Það er undirritað af Sigrúnu Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni og Guðrúnu Margréti Árnadóttur hæstaréttarlögmanni ásamt með Gunnlaugi Claessen. Ég fyrir mitt leyti fyrirverð mig ekkert fyrir að reiða mig á þessa álitsgerð og það er svo fjarri lagi að ég óttist að við séum að brjóta stjórnarskrána með þessu máli. Ég vildi nú síst af öllu verða til þess. Ég tel að menn hafi stundum farið of frjálslega með túlkun stjórnarskrárinnar við lagasetningu á Alþingi og ég minnist dæma þar sem ég hef talið að hún hafi verið sett í meiri hættu en í þessu tilfelli.

Það er rétt að það komi fram að þessi álitsgerð er ekki unnin að minni beiðni heldur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem þá var félmrh. og hún er dagsett 28. september 1993 og lá fyrir í ráðuneytinu þegar ég kom þangað. Ég tel að það sé skynsamlegt að sameina þessi sveitarfélög og ég tel að það sé ekki heppilegt að þingmenn séu að að reyna að koma í veg fyrir það. Ef ég veit rétt þá bar málið þannig að að Kjalarneshreppur sem átti í verulegum fjárhagserfiðleikum leitaði eftir því við Reykjavíkurborg að taka upp viðræður um sameiningu við borgina. Því var tekið jákvætt og eftir að menn höfðu ræðst við var ákveðið að ganga til atkvæða um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga en ekki um það að breyta kjördæmamörkum. Það voru ekki greidd atkvæði um það í sumar þegar atkvæðagreiðslan fór fram.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, að hann dró í efa að skynsamlegt væri eða heppilegt að langstærsta sveitarfélaginu væru sköpuð útþensluskilyrði. Nú veit ég ekki hvort það er hugmynd þeirra hv. þm. Reykn. að hafa höfuðborgina í einhverri herkví. Ég vona að svo sé ekki og Reykjavík eigi út af fyrir sig að hafa vaxtarmöguleika eins og önnur sveitarfélög í landinu enda hefur Reykjavík stækkað töluvert á undanförnum árum. En það er mjög athyglisvert að í höfuðborginni býr núna mjög svipað hlutfall þjóðarinnar og bjó þar 1950. Þrátt fyrir mikinn vöxt borgarinnar þá er ekkert hærra hlutfall Íslendinga búsett hér. Á árunum upp úr stríði náðu Reykvíkingar því að verða um 40% þjóðarinnar og þeir eru það enn. Það hefur sveiflast á milli 38% og 40% þjóðarinnar sem hafa búið í höfuðborginni þannig að Reykjavík hefur út af fyrir sig ekkert vaxið neitt óeðlilega á landsvísu. Það er hins vegar miklu meiri fjölgun í nágrannasveitarfélögunum sem mörg hver voru mjög strjálbyggð eða varla til fyrir 50 árum.

Nú er spurning um hve heppilegt er að hafa sveitarfélög stór. Ég lít svo á að hér sé óheppileg byggðaþróun og hún er orðin mjög fágæt í veröldinni. Hvergi í kringum okkur er jafnstór hluti þjóðar búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Í Evrópu er það áreiðanlega hvergi nema í Lúxemborg sem að $^{2}/_{3}$ hlutar þjóðarinnar búi á svo litlum hluta landsins. Ég held að þetta sé óheppileg þróun, en það er ekki umræðuefni þessa fundar.

Spurningin er hver sé eðlileg stærð sveitarfélaga. Ég gæti vel séð Reykjavík fyrir mér enn þá stærri en hún er. Mér fyndist ekki nein goðgá og reyndar mjög eðlilegt að Seltjarnarnes og Mosfellsbær sameinuðust þessu sveitarfélagi. Ég sæi líka fyrir mér, og ég held að það væri mjög heppilegt, að

sameina sveitarfélögin hér suður undan í annað sveitarfélag, mjög öflugt sveitarfélag. Þar á ég við Kópavog, Bessastaðahrepp, Garðabæ og Hafnarfjörð. Ég hygg að þar gæti komið upp mjög öflugt sveitarfélag sem gæti skapað íbúum sínum góð skilyrði.

Varðandi flutning verkefna til sveitarfélaganna þá er mín reynsla sú að mörg sveitarfélög séu miklu metnaðarfyllri en Reykjavíkurborg að taka við verkefnum frá ríkinu. Ég mæli þar af nokkurri reynslu því ég er mjög áhugasamur um að flytja verkefni til sveitarfélaga ef þau á annað borð vilja taka við þeim. Reynslan er sú að mörg sveitarfélög eru miklu fúsari að taka við vandasömum og erfiðum verkefnum frá ríkinu en Reykjavík. Sumir embættismenn borgarinnar hafa ekki verulega löngun til að bæta verkefnum við borgarkerfið. Og það er kannski til eðlileg skýring. Starfsemin fer hér fram. Það er annað viðhorf úti í dreifbýlinu. Þessi störf eru unnin hér í Reykjavík og það er svo sem ekki verið að flytja þau neitt til. En ég lít svo á að það sé mikill akkur fyrir sveitarfélögin úti á landi að fá unnið í heimbyggð sem mest af þeim verkefnum sem vinna þarf í þágu íbúa sveitarfélagsins. Ég nefni t.d. flutning á málefnum fatlaðra sem var hér reyndar lítillega til umræðu í morgun í sambandi við annað mál. Á Norðurlandi eystra hafa sveitarfélögin tekið við þessu verkefni og þeim ferst það mjög vel úr hendi, á Hornafirði líka og í Vestmannaeyjum. Og alls staðar vekur það verulega ánægju og fjármunir nýtast betur.

Ég lét þess getið í framsögu minni að ég teldi að það væri ekki nema tímabundið ástand, ég held ég hafi notað orðið bráðabirgðalausn, að hafa Kjalnesingana í Reykjaneskjördæmi og ég byggi það á því að í stjórnarsáttmálanum er ákvæði um endurskoðun kosningalaga og þá væntanlega verður kjördæmaskipun líka tekin til endurskoðunar. Nú er búið að uppfylla hér um bil öll ákvæði stjórnarsáttmálans nema þetta og ég sé engar líkur á öðru en að því verði líka lokið á þessu kjörtímabili. Ég skal ekki spá um hver útkoman verður. En mér þykir mjög ósennilegt annað en að áður en gengið verður til næstu kosninga verði búið að gera breytingar á kosningalögunum. Til þess þarf stjórnarskrárbreytingu og þá er það kjörið viðfangsefni að taka afstöðu til þess hvort Kjalarnes yrði sameinað Reykjavíkurkjördæmi.

Menn hafa verið hér með dæmi um sameiningu sveitarfélaga, hluta úr Glæsibæjarhreppi sem var sameinaður Akureyri fyrir margt löngu og landspildur sem hafa verið lagðar undir Reykjavík og hafa velt sér upp úr þeim dæmum. En þessi dæmi henta illa. Það er ekki um sambærileg tilvik að ræða. Hér eru tvö sjálfstæð og meira að segja aðskilin sveitarfélög að sameinast og þau eru ekki einu sinni samliggjandi. Mér finnst að ekki sé hægt að jafna þessu við það þegar óbyggðar eyjar hér úti fyrir ströndinni voru færðar milli sveitarfélaga ellegar þá einhver hús á Eiðisgranda sem ég veit ekki hvað voru mörg.

Ég held að þetta sé skynsamleg sameining sem hér er lögð til og ég held að í mjög mörgum tilfellum sé sameining sveitarfélaga æskileg og heppileg. Ég er alfarið á móti því að lögþvinga sameiningu. Sveitarfélögum kemur til með að fækka um marga tugi á þessu kjörtímabili og ég tel að vinnubrögð mín hafi sannað sig í því efni. Ég vil ekki vera að setja neina stífa ramma. Menn hafa verið hér með hártoganir um að Árneshreppur og Reykjavík mundu sameinast. Ég held að það sé mjög lítil hætta á þeirri sameiningu, þ.e. að sameining við Árneshrepp yrði samþykkt í Reykjavík. Það gæti skeð að hún yrði samþykkt í Árneshreppi en Reykjavíkurborg yrði þá að fara að annast alla þjónustu í Árneshreppi eins og hér í borginni og ég á eftir að sjá það að Reykjavík tæki það að sér. Mér finnst meginatriðið að sameinuð sveitarfélög geti myndað félagslega heild og Reykjavík og Kjalarnes geta það.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvort 2. gr. frv. væri nauðsynleg. Ég var í nokkrum vafa um það. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég svara bara þessari spurningu. Ég var í vafa um það. Mér fannst það vera svo augljóst að þessi sameining breytti ekki kjördæmamörkum. En eftir að hafa haft samráð við forsrn. þá orðuðum við þessa grein eins og hún er í fr.

Herra forseti. Ég tel að það sé engin ástæða til þess að láta sérnefnd taka við þessu máli — hv. félmn. er fullkomlega fær um að fjalla um það — og það sé ástæðulaust að fresta þessu máli. Ég vænti þess að það fái framgang í þinginu.

[15:28]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að hefja neinar deilur við hæstv. ráðherra. Ég hóf þessa umræðu að ég held málefnalega og mér finnst hún hafa verið málefnaleg í alla staði. Allir sem hafa kvatt sér hér hljóðs hafa talað málefnalega um málið. En ég vil ekki láta mistúlka orð mín og ekki okkar Reyknesinga. Það vill nú svo til að við erum ekkert að horfa á eftir neinum kjósendum til Reykjavíkur með þessari breytingu. Hæstv. ráðherra ætlar einmitt að sjá til þess með einmitt 2. gr. frv. Ég vænti þess að borgaryfirvöld í Reykjavík sjái til þess að það komi mikill fjöldi íbúa til viðbótar í Reykjaneskjördæmi eftir að Reykjavíkurborg hefur fengið allt þetta land til að skipuleggja og þó hún eigi kannski ekki nema lítinn hluta af því núna. Það er því engin afbrýðisemi af okkar hálfu í sambandi við þetta mál, alls ekki. En við höfum haft ákveðnar efasemdir um vissa þætti þarna. Það má ekki túlka orð mín svo að ég vilji hafa höfuðborgina í einhverri herkví. Hún er umlukt öðrum sveitarfélögum og hafinu en hefur ævinlega fengið stækkunarmöguleika nánast eftir því sem hún hefur óskað. Ég taldi hins vegar að það væri íhugunarefni hvort það ætti að skapa langstærsta sveitarfélagi landsins skilyrði til þess að vaxa enn frekar og öðrum langtum meira yfir höfuð en nokkru sinni fyrr. Það taldi ég vafasamt.

Það hefur komið fram að ráðherrann lítur á þetta sem bráðabirgðaráðstöfun og það þótti mér vera nýtt í málinu. Hann reiknar sem sagt með að því verði breytt sem hann er að leggja til að nú verði lögfest. Svo hafa menn verið að velta sér upp úr dæmum. Það er ósanngjarnt að taka þannig til orða. Við höfum nefnt dæmi þar sem ekki hefur verið talað um stjórnarskrárbrot og spurningin er hvort menn megi bara brjóta stjórnarskrána pínulítið en ekki mikið.

[15:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað verður þróunin sú að við næstu stjórnarskrárbreytingu verða Kjalarnes og Reykjavík gerð að einu kjördæmi. Mér dettur ekki annað í hug. Ég reikna með að sú stjórnarskrárbreyting verði gerð áður en langt um líður. Ég geri ráð fyrir að hér verði samþykkt ný kosningalög áður en þessu kjörtímabili lýkur. En ég vil ekki bíða með eða fresta sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga þangað til. Mér finnst það ástæðulaust og trúi að hægt sé að leysa málið svona án þess að hrófla við kjördæmamörkum að sinni.

Til greina hefur komið að sameina víðar yfir kjördæmamörk. T.d. tók Bæjarhreppur í Strandasýslu þátt í sameiningarviðræðum við hreppana í Vestur-Húnavatnssýslu. Þeir í Bæjarhreppi drógu sig því miður út úr þeim sameiningarviðræðum. Ég sé nú eftir því. Ég hefði vel getað hugsað mér að þeir mynduðu félagslega heild og þeir eiga auðvelt með að mynda félagslega heild með Vestur-Húnvetningum. Ég hefði fagnað því að þeir yrðu kjósendur í Norðurl. v. En á hinn bóginn hefði ég ekki gert neina kröfu til þess og vel getað unað við að þeir héldu áfram að vera í Vestfjarðakjördæmi.

[15:33]

**Ólafur G. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst satt að segja að hæstv. ráðherra geti ekkert fullyrt um að sú breyting sem kann að verða á kjördæmaskipaninni, á grundvelli þeirrar vinnu sem nú fer fram, hljóti að leiða til þess að núv. Reykjavíkurkjördæmi og þessi hluti úr Reykjaneskjördæmi, þ.e. Kjalarneshreppurinn, verði eitt kjördæmi. Mér virðist hæstv. ráðherra fullyrða meira en hann hefur efni á. Það er algjörlega órætt hvernig breyta eigi kjördæmaskipuninni. Það hefur alla vega ekki verið rætt í mínum þingflokki. Mér er kunnugt um að nefnd er að störfum en að þetta sé niðurstaða sem liggi nú á borðinu kemur mér mjög á óvart.

[15:33]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg tvímælalaust rétt hjá hv. 1. þm. Reykn. að þessi niðurstaða liggur ekkert á borðinu. En hún væri mjög eðlileg og skynsamleg og ég hef þá trú á skynseminni að þetta verði niðurstaðan þrátt fyrir að ekki sé búið að ganga frá henni. Hins vegar fannst mér kenna þess í síðustu ræðu hv. 1. þm. Reykn. að hann væri dálítið gefinn fyrir að verja ríkið sitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Húsaleigubætur, 1. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 362.

[15:35]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsaleigubætur. Þegar upphaflegu lögin um húsaleigubætur voru sett þá var ákveði þar til bráðabirgða um að þau skyldu endurskoðuð fyrir árslok 1997. Það hefur verið gert.

Ég fékk það verkefni nefnd sem hóf störf 17. maí í fyrra. Í þeim starfshópi áttu sæti fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkur, og Karl Björnsson, bæjarstjóri á Selfossi. Fyrir hönd fjmrn. Arnar Jónsson stjórnsýslufræðingur. Fyrir hönd félmrn. Áslaug Friðriksdóttir deildarsérfræðingur, Elín Blöndal deildarstjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Í ágúst 1996 samþykkti ríkisstjórnin að leita eftir því að sveitarfélögin sæju alfarið um greiðslur húsaleigubóta. Þetta var samvinnuverkefni þó það væri ekki sérstaklega sjálfsagt samvinnuverkefni. Það er eðlilegra að sveitarfélögin sjái um ákveðna þætti ein og ríkið þá um aðra. Eftir viðræður okkar, fjmrh. annars vegar og formanns og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar, var gert samkomulag um að stefna að því að sveitarfélögin tækju alfarið við afgreiðslu húsaleigubóta um næstu áramót. Starfshópurinn tók mið af þessu í störfum sínum. Eftir viðræður formanns og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga við okkur hæstv. fjmrh., gerði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkt sem staðfesti þetta samkomulag.

Ég tel að þrátt fyrir að húsaleigubætur hafi verið umdeildar þegar þær voru teknar upp, þá hafi þær sannað gildi sitt. Þess vegna hef ég verið mjög fastur á því að halda áfram að hafa húsaleigubætur.

Breytingarnar sem eru í þessu frv. eru í fyrsta lagi þær að bæturnar verða alfarið á vegum sveitarfélaganna. Í öðru lagi að þær verða skylda í öllum sveitarfélögum. Í þriðja lagi að þær verða á öllu leiguhúsnæði, sama hvaða eignarform er á því, hvort heldur það eru bæjaríbúðir eða íbúðir í eigu sveitarfélaga eða einstaklinga.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni að skynsamlegt sé að húsaleigubæturnar séu á einni hendi en ekki samstarfsverkefni og þær eru eðlilega betur komnar hjá sveitarfélögunum en ríkinu. Í öðru lagi þá tel ég að það sé nauðsynlegt að þær séu greiddar í öllum sveitarfélögum. Sum sveitarfélög tóku því miður ekki upp húsaleigubætur strax. Ég tel að þau hafi unnið sér skaða með því. Afleiðingin var sú að námsfólk flutti lögheimili sitt til Reykjavíkur vegna þess að hér voru greiddar húsaleigubætur. Í minni heimabyggð, í Austur-Húnavatnssýslu, var einungis einn hreppur sem tók upp húsaleigubætur, Torfalækjarhreppur. Hann hafði framsýni til þess að taka upp húsaleigubætur. Íbúaþróun hefur verið hagstæðari þar en í öllum öðrum sveitahreppum í Austur-Húnavatnssýslu. Seinast þegar ég kynnti mér málið voru sjö námsmenn úr þessum hreppi við nám hér í Reykjavík og nutu húsaleigubóta sem Torfalækjarhreppur afgreiddi. Ég tel að þetta sé einn þátturinn í því að hamla gegn þeirri miklu byggðaröskun sem við höfum mátt búa við á undanförnum árum. Nú kann að vera að eitthvað af þessu fólki flytji suður eða úr sínu fæðingar- eða uppeldissveitarfélagi. En það er hins vegar ekki vonlaust að það komi til baka. Þar af leiðandi held ég að sveitarfélögin hafi gert sér skaða. Ég þekki mörg dæmi þess að námsmenn frá Akureyri sem farið hafa til náms í Reykjavík hafa flutt heimilisfang sitt beinlínis út af húsaleigubótum þar sem Akureyri greiddi ekki húsaleigubætur. Ég tel jafnframt að það sé eðlilegt að húsaleigubætur nái til alls leiguhúsnæðis. Það skapar jafnrétti og jafnvægi og mér finnst eðlilegt að einu gildi hvort viðkomandi leigi af sínu sveitarfélagi eða á einkamarkaði.

Ég tel að eitt af því sem okkur vantar í uppbyggingu okkar húsnæðiskerfis sé meira framboð af góðu leiguhúsnæði eða viðunandi leiguhúsnæði skulum við segja. Því miður eru margar fjölskyldur þannig staddar að þær binda sér óhæfilega erfiða bagga við að afla eigin húsnæðis. Þ.e. eignaríbúðastefnan, sem hér hefur verið alls ráðandi, hefur verið mörgum fjölskyldum þung í skauti og of stór hópur í þjóðfélaginu hefur bókstaflega ekki bolmagn til að fjárfesta í eigin húsnæði, vegna launakjara eða hverju því sem þar er um að kenna. Ég tel nauðsynlegt að hér sé nægilegt framboð af góðu leiguhúsnæði á hverjum tíma. Ég tel að það sé eitt af þeim brýnu verkefnum sem við þurfum að sinna í húsnæðismálum.

Í þessu sambandi var nokkuð rætt um skattalega meðferð húsaleigubóta. Af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga komu fram strangar óskir um það. Frv. fjallar með engu móti um skattalega meðferð enda væri ekki eðlilegt að skattaþátturinn

væri í þessu frv., hann er það ekki. Meðferð skatta heyrir formlega undir fjmrn. og mundi þá vera í frv. sem hæstv. fjmrh. flytti. Fjmrn. hafði á móti því að húsaleigubætur væru skattfrjálsar og bar því við að þetta mundi flækja kerfið og innheimtuna og opna óæskilegar glufur í skattkerfið. Niðurstaðan verður væntanlega sú og milli sveitarfélaganna og ríkisins er að komast á samkomulag um fjármálaleg samskipti á árinu. Ég vænti þess að það liggi fyrir strax eftir næstu helgi og einnig þess að húsaleigubæturnar verði skattlagðar en upphæðinni hins vegar skilað til sveitarfélaganna. Ríkið er þá ekki að hagnast á skattlagningu húsaleigubóta. Þessi leið hefur einn mjög áberandi kost í mínum huga. Nú er helmingur þeirra sem þiggja eða taka móti húsaleigubótum undir skattleysismörkum og þeir mundu ekki njóta neins góðs af skattfrelsinu, þar mundu einungis betur stæðir leigjendur njóta góðs af. Þannig að ég tel að sú leið sem ég vil fara í þessu sé betri.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég tel að þarna sé um mjög mikilvæga löggjöf að ræða. Húsaleigubætur eigum við að hafa til frambúðar. Hafa þær um allt land og láta sveitarfélögin stjórna þeim.

Ég óska mjög eindregið eftir því að frv. geti orðið að lögum fyrir áramót því að annars eru húsaleigubæturnar í uppnámi. Ég vil fara fram á það við hv. félmn. að hún hraði vinnu við frv. svo sem nokkur kostur er þannig að það geti orðið að lögum fyrir næstu áramót eða áður en þingi lýkur fyrir jól.

Ég geri tillögu um að frv. verði vísað til athugunar í hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

[15:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta húsaleigubótamál á sér alllanga sögu sem hæstv. ráðherra sleppti að vísu að mestu leyti að fara yfir, ef til vill tímans vegna og þó ef til vill vegna þess að hæstv. ráðherra hafi ekki endilega kært sig um að rifja upp áherslur Framsfl. í þessu máli frá fyrra kjörtímabili. Svo virðist sem framsóknarmönnum hafi nokkuð snúist hugur hvað varðar afstöðu til málsins frá þeirri gagnrýni sem þeir héldu uppi ásamt öðrum í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili, m.a. á það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði og að hluta til er fest í sessi með þessu frv.

Fyrst er til að taka að frágangur málsins á síðasta kjörtímabili var eitt reginklúður þannig að leitun er að mínu mati að öðru eins. Þar á ég fyrst og fremst við þann þátt málsins að húsaleigubæturnar voru ekki sjálfstæður réttur leigjendanna hvar sem þeir bjuggu á grundvelli þeirra ákvarðana sem teknar væru um ráðstöfun fjármuna í því skyni heldur háðir geðþóttavaldi sveitarstjórna á hverjum stað. En í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga um húsnæðisbætur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að íbúar sveitarfélags geti átt rétt til húsaleigubóta þarf að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubóta."

Málið var þannig sett upp að ríkið og sveitarfélögin ákváðu að greiða í sameiningu húsaleigubætur, þar af átti ríkið að endurgreiða sveitarfélögunum 60% kostnaðarins við húsaleigubæturnar en rétturinn var hins vegar í valdi sveitarstjórnanna. Einstakar sveitarstjórnir í landinu gátu með því að ákveða að greiða ekki húsaleigubætur svipt íbúa sína, leigjendur í viðkomandi sveitarfélagi, ekki bara greiðslunum frá sveitarfélaginu heldur líka ríkishlutanum. Þetta var og er og mun af öllum hugsandi mönnum sem betur gá að verða talið brot á öllum góðra manna lögum, reglum og siðum. Það er ekki hægt að komast fram hjá því að þetta gengur ekki. Það stenst ekki að rétti borgaranna í landinu hvað varðar fjárstuðning úr ríkissjóði til sambærilega settra borgara sé mismunað. Það gengur ekki. Að því leyti er framför fólgin í stjfrv. sem er til umræðu að rétturinn verður almennur og sjálfstæður. Í 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili."

Þetta er að sönnu mikil framför hvað það snertir að horfið er frá þessu mikla klúðri, þessu óréttlæti og þessari fráleitu afgreiðslu málsins sem varð á síðasta kjörtímabili að selja þennan rétt einstaklinganna í hendur geðþóttavaldi sveitarstjórna á hverjum stað. Þetta hefur jafnvel tekið á sig þær skrautlegu myndir að húsaleigubótaréttur hefur verið fyrir hendi í viðkomandi sveitarfélögum stundum og stundum ekki. Dæmi eru um sveitarstjórnir sem hafa stundum greitt húsaleigubætur og stundum ekki. Þannig hlyti það t.d. að verða ef þetta væri viðverandi fyrirkomulag og síðan skiptast á pólitískir meiri hlutar í viðkomandi sveitarfélögum. Stundum er meiri hluti við lýði sem er á móti húsaleigubótum en stundum ekki.

Herra forseti. Það er ómögulegt annað en að fara aðeins yfir þennan bakgrunn málsins og þetta mikla klúður sem verið hefur. Þetta gagnrýndu sveitastjórnarmenn. Þetta gagnrýndum við í stjórnarandstöðunni á síðasta kjörtímabili og þar á meðal hæstv. félmrh. eða að minnsta kosti flokksbræður hans og stóðu að nefndaráliti með minni hlutanum.

En þar var reyndar margt fleira tínt til, herra forseti. Þá kem ég að því sem er ekki jafngott við þetta frv. og horfir ekki til framfara. Það fyrsta sem ég vil segja er að frv. gerir ráð fyrir því að verkefnið færist alfarið til sveitarstjórnanna. Það held ég að sé ekki gott fyrirkomulag. Ég er þeirrar skoðunar eins og á síðasta kjörtímabili að stuðningur vegna húsnæðisöflunar fólks eigi að vera á sömu hendi og annar stuðningur þegar um er að ræða til að mynda vaxtabætur vegna fjárfestinga fólks í íbúðarhúsnæði. Hvers vegna skyldi ríkið annast þá hluti og hafa það innan skattkerfisins en sveitarfélögin sjá um húsaleigubæturnar? Ég held að það sé ekki heppilegt upp á samræmingu þessara mála. Vilji menn á annað borð reyna að stilla hlutina þannig af að stuðningur hins opinbera sé sambærilegur eða á einhverjum efnislegum rökum reistur hvað varðar þá sem eru að kaupa sér íbúð eða byggja húsnæði í fyrsta sinn og hinna sem velja þann kost að leigja þá verður það að vera á sömu hendi. Til lengri tíma litið mun það ekki ganga með neinu viti að mínu mati öðruvísi. Það er langeðlilegast að þetta sé allt innan skattkerfisins. Þar er þá hægt að taka á tekjutengingunni, þar er hægt að taka á samræmingunni og mér finnst það líka í raun og veru þannig, herra forseti, að þetta séu grundvallarþættir af því tagi sem eðlilegt sé að ríkið hafi með höndum.

Þá er líka rétt að draga athyglina að því, herra forseti, að hæstv. ráðherra í allri hógværð sinni, mælandi fyrir þessu frv. 4. des. 1997, fer fram á að málið verði afgreitt fyrir áramót. Við þær aðstæður að hann boðar vonandi samkomulag við sveitarfélögin eftir helgi um fjármálaleg samskipti og hugsanlega einhverja niðurstöðu í því hvernig farið verði með skattlagningu húsaleigubóta á næstunni. Samt á Alþingi vinsamlegast að drífa þetta í gegn núna fyrir Þorláksmessu. Auðvitað er alveg hrapallega að málunum staðið hjá hæstv. félmrh. Maður leyfir sér að spyrja, hæstv. forseti: Hvað hafa hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar yfirleitt verið að gera?

Eins og kom fram í orðaskiptum fyrr í dag hefur nánast ekkert verið að gera á Alþingi undanfarið. Það hefur nánast ekki verið einn einasti kvöldfundur og það er komið fram í desember og nefndir eiga að vera að störfum í næstu viku og þá verður fundarhlé og þá fyrst fara að koma frv. frá hæstv. ráðherrum. Flest þeirra eru þannig að það er brýnt að sögn hæstv. ráðherra að afgreiða þau fyrir áramót.

Varðandi tekjusamskiptin er það alveg ljóst að samkomulag við sveitarfélögin sem reyndar er af nokkuð sérkennilegum toga — það kemur fram í greinargerð með frv. að þetta samkomulag, þ.e. sem vísað er til á bls. 6 í greinargerðinni í athugasemdum við frv. um að það komi til greina að sveitarfélögin yfirtaki alfarið þetta verkefni að greiða húsaleigubætur — milli hverra? Milli félmrh., fjmrh. og formanns og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Með fullri virðingu fyrir þessum mætu mönnum og miklu valdamönnum í þjóðfélaginu, formanni annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar Sambands ísl. sveitarfélaga verð ég að segja að það bindur auðvitað ekki sveitarstjórnirnar í landinu. Ég veit ekki til þess að þær hafi framselt þessum mönnum réttinn til þess að ganga frá afdrifaríkum fjármálum af þessu tagi fyrir sína hönd. Það er líka þannig að grundvöllur þessa samkomulags, ef samkomulag skyldi kalla eða frágang málsins öllu heldur, á árinu 1994, var sá að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skyldi sjá um greiðslurnar frá ríki til sveitarfélaga vegna þessara hluta. Það hefur að sjálfsögðu alltaf verið hugsun sveitarfélaganna það ég best veit að þetta væri ekki nýtt íþyngjandi verkefni sem þau fengju á sínar herðar. Ég veit ekki til þess að það hafi verið ætlunin. Auðvitað þarf fyrst að liggja fyrir samkomulag um fjármálaleg samskipti þessara aðila áður en ríkið getur velt af sér verkefni af þessu tagi yfir á sveitarfélögin.

Eins er það, herra forseti, varðandi fjármálalega og skattalega hlið málsins að það er afar snautlegt svo ekki sé meira sagt hjá hæstv. félmrh. að þurfa að koma hér og viðurkenna að allt sé meira og minna í vindinum enn þá en hann vonist til að fá niðurstöðu í þessu sumu eftir helgi og öðru einhvern tímann seinna.

Aftur er ljóst að upphaf málsins skiptir heilmiklu, herra forseti. Á síðasta kjörtímabili var eitt af háleitum loforðum stjórnarsáttmálans að það skyldi taka upp húsaleigubætur. Af einhverjum ástæðum gekk ekki betur en svo með þetta mál að þáv. hæstv. félmrh. varð að sæta þeim afarkostum sem voru í boði af hálfu hæstv. þáv. og reyndar enn þá verandi fjmrh. að þetta yrði að verulegu leyti sett yfir á sveitarfélögin og frágangurinn yrði þetta klúðurslega samstarfsverkefni ríkis- og sveitarfélaga sem húsaleigubæturnar hafa verið hingað til. Auðvitað mætti nefna þar margt fleira sem var í skötulíki eins og til að mynda staða námsmanna í því kerfi. Það var alveg afleitur frágangur á því. Á það var þegar bent. Útkoman hefur orðið eins og raun ber vitni og menn óttuðust. Fjmrh. hæstv., þáv. og núv., Friðrik Sophusson, tímdi ósköp einfaldlega að borga meira en einhvern hluta af þessum bótum og auðvitað er líka ljóst að Sjálfstfl. hefur alltaf verið meira og minna á móti því að þessi réttarbót yrði tekin upp fyrir leigjendur í landinu. Það er mergurinn málsins. Eins og venjulega þegar rætt er um einhver félagsleg framfaramál af þessu tagi gufar Sjálfstfl. upp í þingsalnum. Nema það er hér aðeins eimur eftir af hv. þm. Pétri Blöndal sem er svo sem til bóta. Það væri meiri mannsbragur að því hjá sjálfstæðismönnum að gangast við að þeir hafa alltaf verið á móti þessu og vilja ekki svona félagsleg úrræði til handa leigjendum í landinu. Þeir sjá alltaf svart eða rautt eða hvað það nú er þegar slíkt er á dagskrá.

Það er engin afsökun, herra forseti, þó málið hafi verið í þessum hremmingum bæði á fyrra kjörtímabili og ef til vill einnig á þessu kjörtímabili úr því að Framsókn hefur ekki manndóm í sér til að koma því í farsæla frambúðarhöfn með því að taka þetta inn sem hluta af opinberum stuðningi ríkisvaldsins og samræma við vaxtabótakerfið og hafa sem hluta af tekjujöfnun og stuðningi af því tagi sem á heima fyrst og fremst í skattkerfinu. Það er engin afsökun í sjálfu sér að stytta sér leið í þessum efnum þó að eitt atriði sé vissulega til bóta í þessu eins og ég hef þegar farið yfir, þ.e. upphafsákvæði 3. gr.

Herra forseti. Mér er þar af leiðandi nokkur vandi á höndum að tjá mig efnislega hvað afstöðu snertir til þessa máls. Ég áskil mér að einhverju leyti rétt til að geyma það til betri tíma þegar málið hefur hlotið skoðun í nefnd sökum þess ósköp einfaldlega sem ég hef hér farið yfir að í málinu felst eitt stórt og veigamikið jákvætt atriði sem er það að gera þetta að sjálfstæðum og almennum rétti allra leigjenda í landinu, óháð því í hvaða sveitarfélagi þeir eru. Það er framför. En að hinu leytinu til er ég ósáttur við frágang málsins. Bæði hvernig að því er unnið af hálfu hæstv. félmrh., það kemur hér hálfkarað, það á eftir að ganga frá málinu við sveitarfélögin, og það er allt of seint á ferðinni. En líka vegna þess að ég hef enga sannfæringu fyrir að með þeim frágangi málsins að hafa þetta hjá sveitarfélögunum sé verið að búa því þann samastað sem farsælastur sé til framtíðar litið. Ég hefði viljað sjá þetta fara inn í skattkerfið eins og ég hef hér sagt og verða hluta af því.

[15:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í sambandi við húsaleigubótakerfið sem verið hefur við lýði í tvö eða þrjú ár að framkvæmdin hafi gengið mjög vel. Húsaleigubætur hafi sérstaklega gagnast láglaunahópum, lágtekjuhópum, og framkvæmdin hafi verið að mestu hnökralaus.

Hv. þm. nefndi það hér og gagnrýndi mjög að skilið hefði þannig verið við ákvæðið í síðasta frv. sem varð að lögum að það hefði verið á valdi sveitarfélaganna sjálfra hvort þau tækju upp húsaleigubætur eða ekki. Nú er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sá þingmaður sem hæst talar um að það eigi hér í þingsölum að fara að vilja Sambands ísl. sveitarfélaga og gæti ég dregið upp margar ræður, herra forseti, sem sýna fram á það að hv. þm. talar alltaf hér fyrir hönd sveitarfélaganna: „Farið að vilja sveitarfélaganna.“ Þess vegna spyr ég hv. þm. einnar spurningar: Hefði hv. þm. verið í mínum sporum sem félmrh. þegar lögin tóku gildi, hvort hefði þingmaðurinn gengið gegn sveitarfélögunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga og knúið málið þá í gegn í fullri andstöðu við sveitarfélögin sem ég efast um að honum hefði tekist eða látið málið liggja? Ég ákvað þann kost að lögfesta húsaleigubætur þar sem meirihlutavilji var fyrir því á Alþingi að ná fram áfanga í þessu máli, að lögfesta þessar réttarbætur fyrir lágtekjufólk, og það yrði þá tekið á því í næsta áfanga að þetta gengi yfir öll sveitarfélögin. En ég spyr hv. þm.: Hvað hefði hann gert í mínum sporum? Hefði hann látið málið liggja eða fallist á þann áfanga sem þá náðist?

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega svo fráleitur málflutningur hjá hv. þm. að ég óska eftir því að vera settur aftur á mælendaskrá og þarf svolítið lengri tíma en gefst í andsvari til að fara nógu rækilega yfir þetta mál.

Málið bar að sjálfsögðu ekki svona að eins og hæstv. fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, er að reyna að setja hér upp, að það hafi verið frá byrjun sérstök krafa sveitarfélaganna að svona yrði frá þessu máli gengið. Þannig kann ég ekki þá sögu. Það var þvert á móti algerlega öfugt. Það var þegar sú niðurstaða var fengin að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson var búinn að pína hæstv. þáv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur til þess að kyngja því að þetta verkefni yrði sett yfir á sveitarfélögin að verulegum hluta sem sveitarfélögin sögðu: „Já, en þá viljum við líka ráða því sjálf hvernig þetta verður gert." Og það var ekkert óeðlileg afstaða þeirra þegar svo var komið. En mér er ekki kunnugt um að sveitarfélögin í landinu hafi t.d. hafnað því fyrirkomulagi, ef það hefði verið í boði, að ríkið greiddi alfarið húsaleigubætur og væri með það verkefni. Ég kannast ekki við þær samþykktir.

Svo er það rangt hjá hv. þm. að ég standi hér ævinlega í ræðustól og tali sem málsvari Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er kolrangt. Ég tala mjög oft sem málsvari sveitarfélaganna á almennum forsendum. En það er ekki sama og að mæla öllu bót sem frá sambandi þeirra kemur og þaðan af síður frá stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra þó það sé ágætur hestamaður. Ég verð að segja það alveg eins og er að þó að þessir ágætu menn og Samband sveitarfélaganna og sveitarfélögin hafi oft rétt fyrir sér þá tek ég hiklaust afstöðu á móti þeim og með almennum réttindum borgaranna ef þetta rekst á, hiklaust. Og það er það sem ég hef gagnrýnt hér að menn seldu almenn réttindi borgaranna í landinu fyrir þennan graut, þessa málamiðlun sem þarna varð á sínum tíma, með því að gera réttindin valkvæð og háð geðþóttaákvörðun hverrar og einnar sveitarstjórnar. Það er alveg borin von að hv. þm. geti komið hér og haldið uppi nokkurri málsvörn fyrir þá niðurstöðu. Það er ekki hægt.

[16:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér datt auðvitað í hug að hv. þm. ætti engin svör við þeirri beinu spurningu sem ég lagði fyrir hann heldur yrði hér með alls konar útúrsnúninga og fullyrðingar sem engan veginn standast. Ég er alveg viss um að hv. þm. hefði í sporum mínum sem ráðherra tekið þann kostinn að lögfesta frv. á sínum tíma frekar en láta það liggja, enda hefur það sýnt sig að húsaleigubætur hafi náð yfir 80% af leigumarkaðnum.

Síðan er það alveg augljóst, herra forseti, að hv. þm. var nú aldrei allan tímann innan fjögurra veggja ráðuneytisins meðan ég var þar og gat því ekki hlustað á samtöl mín og hæstv. fjmrh. eða fulltrúa sveitarfélaganna. Það sem okkur greindi fyrst og fremst á, okkur hæstv. fjmrh., var skattlagning húsaleigubótanna en ekki fyrirkomulagið. Það var það fyrst og fremst og ég gæti dregið upp gögn máli mínu til stuðnings ef ég hefði tíma í það, að það voru sveitarfélögin og Samband ísl. sveitarfélaga sem lögðust gegn því að þetta ákvæði ætti að gilda um öll sveitarfélögin. Það var áskilið af þeirra hálfu að ef þau ættu að styðja málið í gegnum þingið, þá yrði þetta að vera valkvætt ákvæði fyrir sveitarfélögin þannig að sveitarfélögin hefðu sjálfdæmi um það hvort þau tækju upp húsaleigubætur eða ekki. Það er staðreynd þessa máls, herra forseti, og ítreka ég það að ég þekki nú hv. þm. það vel að hefði hann staðið í mínum sporum á þessum tíma, þá hefði hann ekki látið svo gott mál liggja, þó að það væri á því þessi stóri galli sem ég alveg viðurkenni, frekar en ná því ekki í gegn vegna þess og ég minni á það og það hefur komið fram í skýrslu sem Rannveig Guðmundsdóttir lét gera þegar hún var ráðherra að mig minnir, að þessi leið, húsaleigubætur, er besta leiðin um langan tíma sem farin hefur verið til þess að bæta kjör tekjulágra hópa í þjóðfélaginu.

[16:06]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með öllu ástæðulaust að blanda almennt gildi húsaleigubóta inn í þessa umræðu. Um það er ekki og hefur aldrei verið neinn ágreiningur og ég var jafnmikill baráttumaður fyrir því um langt árabil að taka upp húsaleigubætur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ég leyfi mér í allri hógværð að halda því hér fram.

Í öðru lagi verð ég að segja alveg eins og er að þegar hv. þm., hæstv. fyrrv. ráðherra, ber fram svona spurningu: „Hefði hv. þm. í mínum sporum tekið þennan kost", þá vil ég fá aðeins nánari lýsingu á því hvers konar nauðungarkostir voru þetta sem hæstv. fyrrv. félmrh. voru þá settir. Voru fallbyssukjaftarnir bara við brjóstið á hæstv. ráðherra? Þessu er lýst þannig að hæstv. ráðherra hafi átt líf sitt undir því að fallast á þessi ósköp. (Gripið fram í.) Það virðist vera, já. Ég spyr aftur að því: Hvers konar nauðungarkostir voru þetta? En ég skal svara hv. þm. alveg skýrt. Svarið er:: Nei. Ég hefði aldrei gert svo lítið úr mér sem ráðherra að fallast á þessa afgreiðslu málsins hvað varðar a.m.k. ríkishlutann í húsaleigubótunum. Og af hverju ekki? Af því að ég hefði ekki getað það samvisku minnar vegna. Ég er algjörlega sannfærður um að það er brot á jafnræðisreglunni og það er brot á öllum góðum stjórnsýsluvenjum að sveitarfélögin geti svipt íbúa sína einnig þeim hluta stuðningsins sem greiddur er af ríkissjóði. Það er dálítið merkilegt að einhver leigjandi í sveitarfélagi þar sem tekin var ákvörðun um að borga ekki húsaleigubætur skuli ekki hafa látið á þetta reyna með því að höfða mál og gera út af fyrir sig að mínu mati þá eðlilegu kröfu að hann fengi allar húsaleigubæturnar en þá varakröfu að hann fengi a.m.k. ríkishlutann þó að hann byggi í svo vondu sveitarfélagi að það hefði samþykkt að borga ekki húsaleigubætur, þar sem meiri hlutinn væri þannig saman settur. Ég hefði gaman af því að sjá hvernig það mál hefði farið fyrir dómstólum. A.m.k. er ég algjörlega sannfærður um, herra forseti, að hefði sá leigjandi ekki fengið beinlínis bæturnar greiddar og það þar með síðan orðið að prófmáli fyrir aðra, þá hefði stjórnsýslan fengið falleinkunn fyrir það að standa svona að málum. Það eitt er alveg víst. Ég tók eftir því að hv. þm. reyndi þrátt fyrir allt ekki að verja þessa efnislegu niðurstöðu.

[16:08]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að taka neitt aftur sem ég hef sagt um húsaleigubætur fyrr eða síðar. Ég er því sammála að frágangur málsins var klúður á sínum tíma en það var ekki eingöngu að kenna hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þáv. félmrh. Hún réði þessu ekki ein og það er ekki ástæða til þess að liggja henni á hálsi fyrir þessa lendingu sem þarna var jafnvel þótt hún væri klúður.

Það er verið að reyna að laga klúðrið núna. Nú eru húsaleigubæturnar á einni hendi, greiddar í öllum sveitarfélögum

og á allt leiguhúsnæði. Það er verið að færa þetta verkefni alfarið til sveitarfélaganna. Ríkið tekur við verkefnum á móti þannig að ekki er verið að hugsa um að snuða sveitarfélögin eða íþyngja þeim. Í samningunum eru verkefni færð sem sveitarfélögin greiða að hluta og að sjálfsögðu er þetta á jafnréttisgrundvelli. Ríkið tekur sem sagt við verkefnum sem sveitarfélögin hafa kostað á móti.

Hitt er rétt hjá hv. þm. að frv. er helst til seint fram komið af því að það þarf að verða að lögum fyrir jól. Til þess liggja þær orsakir að það var mjög hörð krafa forráðamanna Sambands ísl. sveitarfélaga að bæturnar yrðu skattfrjálsar. Um það varð ekki samkomulag. Önnur niðurstaða fékkst. Það tafði málið um þó nokkurn tíma. Það er alllangt síðan málið var lagt fram á Alþingi. Ég hef ekki fengið að tala fyrir því fyrr en núna. Þetta er skýringin á því að þetta er svona seint fram komið.

Ég vil taka það fram að ég tel að sveitarfélögin hafi skyldur varðandi húsnæðismál og það sé ekki óeðlilegt að sveitarfélögin annist þetta verkefni. Ég lít svo á að það sé samkomulag við sveitarfélögin, ekki bara formann og framkvæmdastjóra, hestamann og alþýðubandalagsmann ágætan. Stjórn sambandsins og fulltrúaráð stendur að þessu máli líka.

[16:11]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að málið hefur þróast áfram frá því að það samkomulag við framkvæmdastjóra og stjórnarformann sem vitnað er til í fylgiskjali með frv. var gert.

Í öðru lagi þakka ég hæstv. ráðherra fyrir að staðfesta það hér skýrt og afdráttarlaust að hann er sammála mér um að frágangur málsins á sínum tíma var klúður. Ég tek síðan undir með hæstv. ráðherra og það gerði ég í mínu máli, að það klúður er að sjálfsögðu ekki eingöngu hv. þm. og hæstv. fyrrv. ráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur að kenna. Mér er alveg ljós og nefndi reyndar sérstaklega hlut hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar og yfirfélagsmálaráðherra í því máli. Það er alveg ljóst að í þessu máli eins og mörgum öðrum var þar við ramman reip að draga að eiga við nískuna og þvergirðingsháttinn í hæstv. fjmrh. sem er ævinlega þversum, eins og þverplanki þegar einhver félagsleg réttindamál af þessu tagi eru á dagskrá. Það er alveg ljóst að þar var þungur róður. Það breytir hins vegar ekki hinu að frágangurinn á málinu var svona og hann var ekki bara slæmur vegna þess að þetta væri tæknilega ekki vel úr garði gert og ábótavant að ýmsu leyti heldur var hann — ja, ég verð að segja það, herra forseti, ég bara meina það í fullri alvöru — hann var og er stjórnsýslulegt hneyksli. Hann var ekkert annað. Það er alveg morgunljóst í mínum huga að þetta mundi ekki standast ef á þetta yrði látið reyna, að mismuna borgurunum svona.

Frv. er seint fram komið vegna þess að það hafi þurft að ná samkomulagi við sveitarfélögin. Já, já, það eru út af fyrir sig skiljanleg rök en ekki vel frambærileg vegna þess að mál af þessu tagi verður þá bara að leggja vinnu í og reyna að leysa. Og ef niðurstaðan verður svo sú að lokum að aðferðin verður að endurgreiða skatttekjurnar af húsaleigubótunum, þá jafngildir það því — er það ekki eða það á að gera það í reynd — að ekki væri um skattlagningu að ræða eða alla vega ekki íþyngingu sem því nemur, að skattur væri tekinn af þessu og þá er það niðurstaðan.

Sveitarfélög hafa að sjálfsögðu skyldum að gegna í húsnæðismálum, það er rétt. En það er ekki þar með sagt að þau eigi að annast stuðninginn hvað þetta húsnæði snertir en ríkið hvað eignarhúsnæðið snertir. Ég er ekki viss um að það sé góð skipting.

[16:13]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því alfarið að hæstv. fjmrh. sé með einhverja nísku eða þvergirðingsháttt. Hann er settur yfir ríkissjóð og það er hans skylda að halda utan um hann og honum þykir vænt um ríkissjóð. Honum þykir hins vegar ekkert vænna um ríkissjóð heldur en mér þó að hann sé í þessu starfi. Undirstaðan þess að við getum hér rekið sæmilegt þjóðfélag á sæmilega traustum grunni og skaffað borgurunum í landinu brúkleg lífskjör er sú að ríkisfjármál séu í sæmilegu lagi. Ég tel að hæstv. fjmrh. sé í fullum rétti að reyna að sýna aðhald alveg hreint eins og við hinir ráðherrarnir reynum að gera.

[16:14]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi rök eru alltaf á sínum stað ef á þarf að halda, þ.e. að vísa til þess að ríkissjóður eigi fáa vini eða það þurfi að passa upp á hag hans og allt í lagi með það. En ég er ekki viss um að allir átti sig á því varðandi það stóra og mikla réttlætismál að stuðningur opinberra aðila við húsnæðisöflun eða húsnæðiskostnað fólks sé á jafnræðisgrunni þannig að leigjendur njóti þar sambærilegs stuðnings og aðrir, hvað það hefur í raun og veru kostað lítið, hvað þessi mikla deila og þræta og þetta skak allt saman hefur snúist um tiltölulega litla fjármuni, a.m.k. úr ríkissjóði. Ég man ekki betur en þetta væri þannig upp sett og hafi verið að þessi tvö ár eða hvað það nú er sem húsaleigubætur hafa verið við lýði, tvö ár eða þrjú, að þak hafi verið á framlagi ríkissjóðs miðað við 200 millj. kr. og sú heimild jafnvel ekki einu sinni fullnýtt þannig að hér hafa ekki verið stórir fjármunir á ferð. Ég held að það sé góð regla fyrir fjmrh. sem vilja ná árangri, eða það kenndi mér hv. þm. Ragnar Arnalds, einn af forsetum þessa þings, að það væri mjög góð regla hjá fjmrh. að passa sérstaklega upp á stóru upphæðirnar ef hann ætlaði að ná árangri í rekstri ríkissjóðs, vera kannski frekar svona örlátari á ýmsa smálega hluti sem kostuðu ekki eins mikið, en vera sérstaklega vel á varðbergi þegar um væri að ræða mjög stórar fjárhæðir og mjög útgjaldafreka málaflokka. Þetta eru auðvitað bara einföld hyggindi. Hér eru ekki á ferðinni þannig fjármunir að þeir eigi mikið erindi inn í þetta stóra heildarsamhengi, afkomu ríkissjóðs, þar sem er þetta mikla réttlætismál að leigjendur fái þennan stuðning. Og ef við t.d. tökum þessi 20% sem ekki hafa fengið hann vegna þess að sveitarfélögin sem þeir búa í hafa ekki greitt húsaleigubætur, þá eru það orðnir svo hverfandi litlir fjármunir að það er hneyksli að menn skuli fara út í þá stjórnskipulegu ófæru sem menn hafa gert í þessu máli vegna svo lítilla fjármuna. Það er ekkert annað en hneyksli.

[16:16]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er tekið til umræðu er mikilvægt hagsmunamál fólks á leigumarkaði og ég tek undir það að húsaleigubætur hafa sannarlega sannað gildi sitt hafi einhver haft efasemdir um þær á þeim tíma sem þær voru lögfestar. En það er óviðunandi, virðulegi forseti, að mál sem þetta skuli koma til 1. umr. 16 dögum fyrir jólahlé og að þetta skuli vera mál sem á að taka gildi 1. janúar næstkomandi. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð og erfitt að halda því fram að það sé vegna þess að þurft hafi að ná samkomulagi. Ég ætla að koma að því síðar. Það sem

er mikilvægast við þetta frv. efnislega er að nú munu öll sveitarfélög greiða húsaleigubætur og ég fagna því. Það var sú framtíðarsýn sem maður hafði þegar húsaleigubætur voru lögfestar á sínum tíma og vitað að það yrði niðurstaðan þó því miður yrði að taka þessa millileið sem farin var.

Virðulegi forseti. Miðað við stöðuna í dag — vegna þess að eitt er frv. og efnistök þess og annað er umhverfið, þ.e. viðhorf þeirra sem eiga að taka við verkefninu og fjármagna það — verð ég að láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst það bíræfni af félmrh. að koma inn með frv. núna og segja skýringuna á því að það komi svo seint fram vera þá að þurft hafi að semja við sveitarfélögin, vitandi að þau mál eru í uppnámi og að engin niðurstaða er komin í samninga við sveitarfélögin um yfirtöku þessa máls. Það eru búnar að vera, eins og félmrh. veit en ekki er víst að þingmönnum sé það ljóst, viðræður milli ráðherra og sveitarfélaganna um verkaskiptingu vegna þessa frv. Eftir því sem ég fæ upplýst þá eru allir sammála um það, allir fulltrúar sveitarfélaganna sem að þessu máli hafa komið, að taka ekki við þessu verkefni nema það sé frágengið hvaða verkefni ríkið tekur á móti, þ.e. hver skuli verða verkefni sveitarfélaganna og hver verkefni ríkisins til að rétta af þann kostnað sem hlýst af yfirtöku sveitarfélaganna.

Þar hefur verið rætt um að sveitarfélögin taki auk húsaleigubótanna kostnaðinn af fötluðum börnum á leikskólum, að ríkið taki alfarið alla vinnumiðlun, eins og þegar er búið að áforma en ekki búið að flytja allan kostnaðinn, að e.t.v. taki ríkið stofnkostnað framhaldsskólanna sem er 40% kostnaður sveitarfélaganna og e.t.v. 15% stofnkostnað sjúkrahúsanna og meiri háttar viðhald, e.t.v. verði þessi leið leiðrétt í tekjustofnunum með lækkun á þóknun vegna útsvarsins.

En það sem upp úr stendur er að 4. desember, þegar þetta mál er flutt inn í þingið, þá er ekki ljóst hvernig á að skiptast á verkefnum. Það er ekki ljóst hvað ríkið tekur á móti þessum verkefnum og þess vegna er mjög erfitt að standa hér fullur gagnrýni, vita að maður eigi að fá þetta verkefni, vinna það vel á fáeinum dögum fyrir jól og skila því af sér frá félmn. ásamt öðrum málum sem þar bíða. Og skýringin er að það sé af því að þurft hafi að semja við sveitarfélögin og engin niðurstaða er í málinu á þeim degi sem mælt er fyrir því. Þetta eru, virðulegi forseti, vinnubrögð sem eru ekki þolandi.

Það má velta því fyrir sér vegna hvers sveitarfélögin eru svo upptekin af því að það sé fullkomlega frágengið hvaða verkefni ríkið taki á móti úr því að þau eru búin að fallast á að taka verkefnið húsaleigubætur alfarið til sín. Og vegna hvers ætli það sé? Jú, við sem erum í miklum tengslum við sveitarfélögin vitum nákvæmlega hvers vegna það er. Þetta er tortryggni út í ríkisvaldið og líka hin beiska reynsla. Við getum nefnt grunnskólann. Ráðherranum er fullkunnugt um að sveitarfélögum finnst að þau hafi borið skarðan hlut frá borði við yfirtöku grunnskólans. Var þá ekki búið að reikna allt fullkomlega út af beggja hálfu um kostnað grunnskólans? Það er það sem ríkið hefur bent á og hamrað á þegar sveitarfélögin kvarta undan grunnskólanum. Jú, það var búið að reikna það út en það sem sveitarfélögin vissu ekki, en við í þessum þingsal áttum að gera okkur alveg ljóst, var að búið var að halda niðri ýmsum útgjöldum varðandi grunnskólann í langan tíma þegar hann var fluttur yfir. Um leið og sveitarfélögin voru búin að taka við honum þá kom þrýstingurinn auðvitað af fullum þunga, þrýstingurinn um að öll verkefni sem oft á tíðum hafa fallið undir „þrátt-fyrir"-ákvæðin hér í þessum sal við gerð fjárhagsáætlunar, um að þau yrðu virk, enda er það það sem gerist, þegar verkefni sem varða fjölskylduna koma til sveitarfélaganna og fólkið hefur sterkari aðgang að þeim sem eiga um að véla, að þá leitar fólk eftir, á réttlætisgrundvelli að staðið sé við löggjöf og það sem mikilvægt er fyrir fjölskyldurnar, þ.e. einsetinn skóli, viðvera barna í skólanum, allt sem snýr að stuðningskennslu o.s.frv. Þetta er reynslan af grunnskólanum.

Við skulum ekki heldur gleyma því þar sem búið er að ákveða að málaflokkur fatlaðra fari til sveitarfélaganna, að þá er það alveg ljóst að það er ákveðinn ótti við það vegna þess að ríkið hefur líka notað þessa sömu aðferð varðandi málaflokk fatlaðra. Þar hefur verið dregið úr. Þar er erfðafjárskatturinn ekki látinn renna óskiptur eins og lög kveða á um til framkvæmdasjóðs. Um það bil þriðjungurinn af erfðafjárskattinum er settur í framkvæmdasjóð. Það er gert til þess að ekki verði byggð of mörg sambýli eða annað sem framkvæmdasjóðurinn á að standa undir til að ríkið þurfi ekki að taka að sér of mikinn rekstur í augnablikinu. Og hver á þá að sjá um það þegar þetta er komið yfir til sveitarfélaganna, að ári? Sveitarfélögin. En þá verður væntanlega reiknað út hver kostnaður ríkisins er af þessum málaflokki og deilt niður á sveitarfélögin, miðað við þunga, og sagt: „Þetta eru væntanlega tekjurnar sem þið þurfið." Þetta er staðreynd sem við hér í þessum sal eigum að vera meðvituð um og skilja vegna hvers þessi tortryggni er.

Annað sem mig langar að nefna um yfirtöku sveitarfélaganna núna og kostnaðinn sem þau munu bera er tilvitnun í þá bókun sem fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögðu til varðandi málið í þeirri skýrslu sem lögð var fram um húsaleigubæturnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú er vitað að ekki er um íbúðaleigumarkað að ræða í öllum sveitarfélögum. Af þeim sökum virðist ekki eðlilegt að deila út því fjármagni sem tekjutilflutningurinn frá ríki til allra sveitarfélaga gæfi, t.d. samkvæmt höfðatölu, óháð leigumarkaði og fjölda rétthafa bóta í hverju sveitarfélagi. Ef Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mundi áfram sinna lítið breyttu útdeilingarhlutverki vegna húsaleigubóta eftir breytingar er við því að búast að þær fjárhæðir sem kæmu frá ríkinu mundu deilast út á annan hátt en nú með tilliti til heildarupphæða, þar sem fjöldi bótaþega í sveitarfélögunum mun breytast mikið við það að allar leiguíbúðir verða gjaldgengar hvað varðar húsaleigubætur. Þannig er fyrirséð að núverandi 57% nettóhlutur ríkisins sem er sá sami til allra sveitarfélaga í dag miðað við útgreiddar bætur, muni breytast verulega milli sveitarfélaga."

Þannig er það líka, virðulegi forseti, í sambandi við verkefnatilflutning að þegar litið er t.d. á að ríkið taki að sér stofnkostnað framhaldsskólans þá léttir það ekki neinu af litlu sveitarfélögunum þar sem enginn framhaldsskóli er. Og ef ríkið ætlar að taka stofnkostnað sjúkrahúsanna og meiri háttar viðhald þá léttir það ekki útgjöldum af litlum sveitarfélögum þar sem ekki eru sjúkrahús. Þarna stendur væntanlega hnífurinn í kúnni varðandi þennan verkefnasamning ríkis og sveitarfélaga. Og þar þarf að skoða hvernig hægt er að koma til móts við öll sveitarfélög þannig að ákvæðið um húsaleigubætur, þar sem á annað borð er leiguíbúð að finna og einhver leigumarkaður, verði virkt í öllum sveitarfélögum landsins.

Hvað gerist svo þegar sveitarfélögin yfirtaka þetta að fullu? Hingað til hafa sveitarfélögin rekið félagslegt leiguhúsnæði og niðurgreitt leiguna úr sínum eigin sjóðum eftir ákveðnu kerfi sem ekki er endilega líkt frá einu sveitarfélagi

til annars. Nú munu þessar húsaleigubætur verða virkar gagnvart öllu húsnæði, hvort heldur er á almennum leigumarkaði eða í félagslega kerfinu. Það þýðir að í flestum sveitarfélögum landsins verður húsaleiga nú uppfærð. Það er mikil kerfisbreyting innan sveitarfélaganna sjálfra. Það er ákvörðun sem Reykjavíkurborg hefur þegar tekið fyrir nokkru síðan og það er ákvörðun sem mjög líklega verður tekin í öðrum sveitarfélögum sem reka eitthvert leiguhúsnæði að umfangi.

Í 4. gr. frv. er heimildarákvæði þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal taka ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert um fjárhæðir húsaleigubóta á næsta ári sem geta verið hærri en grunnfjárhæðir, sbr. 3. mgr."

Þetta er m.a. hugsað til þess að sveitarfélögin geti ráðið því hvort þau vilji vera með hærri húsaleigubætur en lagaákvæðin hér gefa fyrirmæli um.

Það vekur okkur líka til umhugsunar að frv. felur í sér mjög miklar skyldur og fyrirmæli til sveitarfélaganna. Það má velta því upp hvort þar séu of mikil fyrirmæli til sveitarfélaganna miðað við að ríkið er ekki að bera neinn kostnað lengur. Það var ekki óeðlilegt meðan ríkið bar 60% af kostnaði, en spyrja má hvort hér sé um of mikla fjarstýringu að ræða vegna þess að þarna er t.d. verið að heimila sveitarfélögunum að greiða meira. Og af hverju þurfa sveitarfélögin e.t.v. að greiða meira? Jú, það er vegna þess að annars mun húsaleigan hækka mjög mikið á því fólki sem er í félagslega húsnæðiskerfinu. Sumt af því fólki hefur verulega lágar tekjur og ef það fengi aðeins húsaleigubæturnar og ef það gerist sem þeir sem vinna með þessi mál hafa reiknað út, þ.e. að húsaleigubæturnar geti lyft lágtekjufólki upp fyrir skattleysismörkin og geri það að verkum að fólkið fær skatt á heildarupphæðina, þá verður lítið úr bótunum.

Þess vegna geta sveitarfélög með virðingu fyrir sjálfum sér og með félagslega hugsjón að leiðarljósi ekki leyft sér það að taka frv. eða lögin um húsaleigubætur, færa félagslegu húsaleiguna að markaðsverði og láta niðurgreiðslu húsaleigubótanna nægja. Svo einfalt er það mál. En það vekur okkur til umhugsunar um að það góða mál að hafa húsaleigubætur í öllum sveitarfélögum samfara því að húsaleigubætur nái til félagslegs húsnæðis kynni í einhverju sveitarfélagi að snúast upp í andhverfu sína og skapa þunga hjá lágtekjuheimilum í félagslegu leiguhúsnæði. Þessu finnst mér að við verðum að afstýra svo sem unnt er þótt ég geri mér grein fyrir því eins og ég hef áður sagt að það sé ekki verkefni Alþingis að segja sveitarfélögum alfarið fyrir. Um það hef ég margoft fjallað að þau eigi að hafa ákveðið sjálfræði. En þetta er hlutur sem er full ástæða til að hafa áhyggjur af.

Annað sem ég vil koma inn á og ráðherra nefndi sjálfur í framsögu sinni er þetta sem ég hef þegar drepið á, skattlagning húsaleigubótanna og reyndar framfærslunnar. Þetta tvennt eru atriði sem eru mjög gagnrýnd af sveitarfélögunum og voru sérstaklega nefnd á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna að væru óþurftarskattlagning, skattlagning húsaleigubóta og framfærslunnar. Með þetta er mikil óánægja. Ég hef þegar getið þess hvernig þetta getur virkað fyrir láglaunafjölskyldurnar sem lyftast upp yfir skattleysismörkin og líka er ástæða til þess að koma inn á athugasemd sem hefur verið hreyft af og til varðandi það að sveitarfélögin eru þá í raun að greiða í sambandi framfærsluna. Ef þau þurfa að greiða niður félagslega húsnæðið áfram og skattlagninguna sem kemur á húsaleigubæturnar hjá lágtekjufólki, þá hefur það verið nefnt að sveitarfélög fái það til baka vegna þess að lágtekjufólkið borgi yfirleitt ekki skatt en lágtekjufólkið borgi útsvar sem ríkið inni af hendi.

Þá er fróðlegt að grípa niður í upplýsingar frá Reykjavíkurborg sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram í greinargerð um hverjir borga skattinn af þeim sem hafa fengið húsaleigubætur. Þar kemur fram að af tæplega 30 millj kr. sem fara í bætur á mánuði fær borgin til baka 2,6 millj. kr. í útsvarstekjur en í sinn hlut fær ríkissjóður hins vegar rúmlega 5,5 millj. á mánuði. Þetta er merkilegt þegar litið er til þess að af 2.923 bótaþegum voru aðeins 283 með árstekjur um eða yfir 1,5 millj. sem byrja að skerða húsaleigubæturnar. Þetta segir okkur svolítið um þá leikfléttu sem fer í gang þegar við erum að koma með góða félagslega aðgerð eins og húsaleigubæturnar og þær mæta kannski skattleysistekjum og verið er að hækka á móti það sem áður var niðurgreitt. Þetta finnst mér ástæða til að við á Alþingi gerum okkur grein fyrir og félmn., sem mun fjalla um þetta frv. á allt of skömmum tíma, því að þó sum okkar þekki það og þó að innihald frv. sé mjög líkt að gerð og þau lög sem voru samþykkt á sínum tíma, er það svo að þegar verið er að gera svona kerfisbreytingu sem hittir annan þátt fyrir, sem er félagslega húsnæðiskerfið í stóru kaupstöðunum, þá verðum við að vanda mjög vel til verka.

Ég sagði áðan að húsaleigubæturnar hefðu sannað gildi sitt og það hefur komið hér fram. Ég fagna því að þetta frv. skuli leggja öllum sveitarfélögum þær skyldur á herðar að greiða húsaleigubætur. Mér hefur fundist það smánarblettur á sveitarfélagi mínu sem hafði stuðning við fjölskyldurnar í bænum og félagslega sýn að leiðarljósi um árabil að það hafi ekki verið greiddar húsaleigubætur og ég fagna því að það skui nú gert en finnst nokkur skömm að því fyrir bæjarfélagið að það skuli þurfa að koma skipun að ofan.

Ég sagði í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að það að öll sveitarfélög mundu greiða húsaleigubætur í fyllingu tímans hefði verið sú framtíðarsýn sem ég hafði þegar lögfestar voru húsaleigubætur og þegar það varð niðurstaðan að húsaleigubætur eins og húsnæðismálin væru til umfjöllunar heima í héraði. Það er sannfæring mín að þau eigi heima hjá sveitarfélögunum. Þetta er eitt af þeim nærverkefnum sem ég tel að þekkingin heima fyrir hafi mjög mikið að segja um og þess vegna held ég að þrátt fyrir að menn hafi haft efasemdir um það að þetta færi til sveitarfélaganna séu flestir komnir á þá skoðun. Ég harma að Steingrímur J. Sigfússon, sem talaði á undan mér, skuli ekki vera þeirrar skoðunar vegna þess að það er að mínu mati besta gjörðin að sem flest nærverkefni fjölskyldunnar verði hjá sveitarfélögunum. Af því að ég lét í ljós áhyggjur, virðulegi forseti, yfir því hvað mundi gerast hjá stóru sveitarfélögunum hlýt ég að geta þess af því að Reykjavík er kannski stærsti aðilinn varðandi félagslegt leiguhúsnæði að þar hefur borgarstjóri tilkynnt með bréfi til leigutaka í sambandi við þessar breytingar að við það sé miðað að öllum sem þurfa á félagslegri húsnæðisaðstoð að halda verði bætt sú hækkun sem verða kann á leigunni við kerfisbreytingu og ég fagna því.

[16:36]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér er nokkuð viðamikið mál á ferðinni sem ástæða er til að fara yfir rækilega og ég mun leitast við að fara yfir grundvöll málsins og forsögu þess að svo miklu leyti sem unnt er á þeim tíma sem til úthlutunar er. Þetta fyrirkomulag að greiða húsaleigubætur á sér ekki langa sögu en hins vegar nokkuð umdeilda þar sem mótfallið var á sín-

um tíma að ríkið ákvað að sveitarfélögin skyldu bera þennan kross og settu lög um það í trássi við vilja sveitarfélaganna og ákvörðuðu þar reglurnar í þessu kerfi.

Ég rifja upp að þegar gengið var frá þessu máli á sínum tíma í maímánuði 1994 lágu fyrir umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, svo og mörgum öðrum sveitarfélögum sem lögðust gegn því að málið yrði samþykkt, ekki vegna þess að þau lögðust gegn því að upp væru teknar húsaleigubætur. Í sjálfu sér væri samstaða um það, bæði meðal stjórnmálamanna og eins af hálfu sveitarstjórnarmanna en ósamkomulagið laut að því hvernig málið yrði úr garði gert. Sveitarfélögin mótmæltu því eðlilega að þeim væri falið þetta verkefni án þess að á móti því kæmu einhverjar tekjur til þess að standa undir þeim kostnaði.

Ég sat þá í félmn. og skilaði nefndaráliti um þetta mál á þskj. 1211, á 117. löggjafarþingi þar sem ég rakti afstöðu mína til málsins og birti í fskj. álit eða umsagnir nokkurra sveitarfélaga og Sambands ísl. sveitarfélaga að auki.

Ég vil rifja upp nokkur atriði úr þeim athugasemdum sem ég hafði við málið á þeim tíma. Ég er enn sömu skoðunar og þá að það hafi verið mjög óheppilegt fyrirkomulag að þvinga málið svona fram og gera þetta að verkefni beggja aðila, bæði ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega í ljósi þess hvernig frá því var gengið. Það kemur líka fram í greinargerð með því frv. sem við ræðum núna að um 35% landsmanna búa í sveitarfélögum sem ekki hafa tekið upp þetta kerfi sem þýðir að íbúar eða leigjendur í þeim sveitarfélögum eru sviptir þessum réttindum.

Ég lagði áherslu á það á sínum tíma að löggjöfin um þetta mál yrði réttindalöggjöf, að skýrt og skilyrðislaust yrði kveðið á um réttindi leigjenda til húsaleigubóta. Í öðru lagi að bæturnar yrðu greiddar beint frá ríkinu til leigjandans svipað og vaxtabætur eru nú. Bæturnar yrðu þar af leiðandi undanþegnar skattgreiðslum rétt eins og vaxtabætur og barnabætur og ég er enn þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag sé það besta sem völ er á til að tryggja réttindi leigjenda í þessum efnum. Ég er því ekki mjög hrifinn af því að feta slóðina áfram á þeirri braut sem verið hefur og hengja málið yfir til sveitarfélaganna vegna þess að það tryggir ekki samræmdan rétt um landið að þessu leyti. Þó er sú bragarbót gerð núna að sveitarfélögin eru öll skyldug til þess að greiða húsaleigubætur og tekið úr lögunum það ákvæði að þau geti valið hvort þau greiði það eða ekki en fjárhæðin er ekki samræmd. Það kann ekki góðri lukku að stýra að hafa mál með þessum hætti auk þess sem áfram verður tekin skattur af bótunum.

Þá eru enn í frv. nokkrir ágallar sem voru eða eru í núgildandi lögum sem mér finnst að þurfi að breyta. Þar vil ég nefna fáein atriði. Í fyrsta lagi er ég ósammála því að lögbinda valdsvið félagsmálanefnda sveitarfélaga í þessum málum. Þetta er verkefni sem með frv. og gildandi lögum er falið sveitarstjórnunum og það er óeðlilegt að mínu mati að ríkisvaldið eða Alþingi sé að setja löggjöf sem gengur fram hjá æðstu stjórn sveitarfélagsins, sveitarstjórninni, og felur ákvörðunarvald og framkvæmd laga undirnefnd sveitarstjórnarinnar. Það er mjög óeðlilegt fyrirkomulag að gera undirmenn að yfirmönnum í þessum skilningi og ég er algerlega andvígur því fyrirkomulagi að einstakar nefndir sveitarfélaga skuli hafa endanlegt ákvörðunarmál í málum sem þessum. Þetta gagnrýndi ég á sínum tíma þegar gildandi lög voru til umræðu og ég sé að þetta er óbreytt og ég gagnrýni það enn.

Í öðru lagi gagnrýni ég það líka og er ekki sammála því ákvæði í 3. gr. frv. sem er óbreytt frá gildandi lögum að námsmenn skuli þurfa að sækja um húsaleigubætur í það sveitarfélag sem þeir eiga lögheimili í þegar það er annað en það sveitarfélag sem námsmaðurinn stundar nám í. Ég bendi á að þau sveitarfélög þar sem eru framhaldsskólar eða jafnvel háskólar njóta verulegs af þeirri starfsemi. Margir starfsmenn skólans búa í viðkomandi sveitarfélögum og sveitarfélagið hefur af því tekjur og umsvif önnur í kringum skólastarfsemina leiða líka af sér verulegt hagræði fyrir þessi sveitarfélög sem skólinn er í. Hvers vegna á þá að leggja sérstaka skatta á þau sveitarfélög sem njóta ekki þessa hagræðis, hafa ekki framhaldsskóla og láta þau greiða sérstaklega inn í hin sveitarfélögin þar sem framhaldsskólinn eða háskólinn er? Það er greitt til nemendanna en greiðslan endar annaðhvort hjá sveitarfélaginu eins og lagt er til að opna fyrir með því að hægt sé að greiða húsaleigubætur til íbúa í eigu sveitarfélaganna eða það eru íbúar í sveitarfélögunum þar sem tekjurnar renna til þeirra á endanum því að húsaleigubæturnar renna auðvitað á endanum ekki til þess sem fær þær heldur til þess sem á íbúðina.

Stofnanir eins og framhaldsskólar og háskólar geta ekki verið alls staðar. Það þarf að velja þeim ákveðna staði sem er eðlilegt en mér finnst það ósanngjarnt þegar sveitarfélög sem njóta þessa vals af hálfu ríkisins og hafa af því mikið hagræði og tekjur, skuli fá viðbótarhagræði með þessu ákvæði. Ég tel eðlilegt að þar sem framhaldsskóli eða háskóli er í sveitarfélagi, geti sveitarfélagið greitt húsaleigubæturnar til námsmannsins. Mér finnst það bara eðlilegt og sanngjarnt fyrirkomulag.

Í þriðja lagi gagnrýni ég það að réttindin eru ekki endanlega ákveðin í lögunum eins og frv. sem við erum að fjalla um felur í sér en þar er áfram gert ráð fyrir því að það sé ákveðið í reglugerð hver fjárhæð bótanna á að vera og reglur um útreikning. Þetta eru réttindi sem eiga að vera bundin í lögum rétt eins og barnabætur og vaxtabætur og ég gagnrýni að ráð skuli gert fyrir því áfram eins og nú er í gildandi lögum.

Ég gagnrýni líka enn eitt atriðið í því frv. sem við erum að ræða sem er framsal á löggjafarvaldi Alþingis til Sambands ísl. sveitarfélaga. Þó að það séu merkileg samtök, góð og gegn, þá er stjórnskipun okkar bara þannig að Alþingi getur ekki framselt löggjafarvald þangað. Alþingi getur ákveðið og falið ráðherra að útfæra lögin með reglugerð. Það er hægt. En Alþingi getur ekki ákveðið að fela öðrum aðila íhlutunarrétt um það hvernig sú reglugerð á að líta út. Í 20. gr. er einmitt gert ráð fyrir að reglugerðarvald félmrh. sé takmarkað með því að fela honum að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og ég spyr og vænti þess að hæstv. félmrh. heyri mál mitt: Er þetta komið fram að kröfu Sambands ísl. sveitarfélaga? Er það þannig að sambandið treystir ekki ráðherranum til að setja reglugerðina? Þarf að setja í lagatexta ákvæði sem skyldar félmrh. til þess að hafa samráð við samtökin? Mér finnst í sjálfu sér eðlilegt og sjálfsagt að ráðherrann hafi samráð við hlutaðeigandi þegar hann setur reglugerð og ekki hvarflar að mér annað en svo hafi verið bæði hjá núv. félmrh. og öðrum. En ég spyr: Hvers vegna þarf að lögbinda það í þessu tilviki? Auk þess segi ég: Þetta getur ekki staðist. Við getum ekki framselt reglugerðarvaldið til annars aðila en ráðherrans eins.

Þá gagnrýni ég líka ákvæði í 14. gr. um að félmn. sveitarfélags sé heimilt að fella niður greiðslu bóta eða stöðva bótagreiðslur ef nefndin fær vitneskju um möguleg leigu-

vanskil leigjenda. Ég spyr: Hver er hugsunin á bak við þetta ákvæði? Eins og þetta er orðað, þá segir að sá sem fær húsaleigubæturnar á að ráðstafa þeim til þess sem á íbúðina. En á það að vera svo? Er það svo með barnabætur að það sé skilyrði fyrir útborgun þeirra að þeim sé ráðstafað í þarfir barna? Er það svo með vaxtabætur að það sé skilyrði fyrir útborgun þeirra að þeim sé ráðstafað til greiðslu vaxta af lánum vegna kaupa á húsnæði? Nei. Í þeim tilvikum er það ekki. Þess vegna á að svipta leigjanda húsaleigubótum þótt hann sé í vanskilum við eiganda íbúðarinnar. Er ekki einmitt þvert á móti ástæða til að halda þeim áfram því að hvers vegna ætti leigjandi að vera í vanskilum nema vegna fátæktar eða hann geti ekki staðið undir þessum greiðslum? Og þegar svo stendur á hjá fólki sem við teljum ástæðu til að styrkja með framlögum úr ríkissjóði eða sveitarsjóði vegna þess að það hefur ekki nóg fyrir sig að leggja, hvers vegna svipta það styrknum, þessum greiðslum sem ætlað er að bæta hag þess, þó það geti ekki staðið í skilum? Mér er ekki alveg ljóst hvers vegna þetta ákvæði er haft í þessu frv. að öðru leyti en því að það er í gildandi lögum og ég gagnrýndi þegar frv. til þeirra var hér til umræðu.

Þá bendi ég á eitt mjög einkennilegt og ankannalegt ákvæði í 14. gr. sem í sjálfu sér hefur enga þýðingu en er kannski spaugilegt. Svo það fari ekki á milli mála og sé alveg öruggt að sá sem greiðir húsaleigubæturnar verði ekki hlunnfarinn og látinn greiða meira en efni standa til, þá er skýrt og skilmerkilega tekið fram að við andlát leigjanda skuli réttur til húsaleigubóta falla niður. Og ég spyr: Hvernig má það öðruvísi vera, herra forseti? Ég geri ekki ráð fyrir að réttur til húsaleigubóta fylgi mönnum yfir, ég geri ekki ráð fyrir því, herra forseti. (**JóhS:** ... að taka það fram.) Hæstv. ráðherra hefur ekki þótt það alveg víst og talið öruggara að taka það fram í frv. að rétturinn fylgdi ekki. En þá er spurningin: Fylgir hann ekki á hvorn staðinn sem menn fara? Kannski gera gaman að þessu en mér finnst vera alger óþarfi og smekkleysa að setja þetta í frv. en geri svo sem ekki ráð fyrir því að það verði mikil brögð að því að þetta verði misnotað.

Herra forseti. Ég hef farið yfir nokkur atriði frv. og vil að lokum víkja að afstöðu Framsfl. sem kom fram þegar málið var hér til umræðu í maímánuði 1994. Í frhnál. minni hluta félmn., sem undirritað er af öllum þingmönnum þáverandi stjórnarandstöðuflokka, Framsfl., Kvennalista og Alþb., er afstöðu þeirra til málsins lýst. Í þessu frhnál. er það gagnrýnt að löggjöfin skuli vera þannig að ekki sé um almennan rétt að ræða og tekið fram að það þurfi að samræma rétt leigjanda til húsaleigubóta um land allt. Þá var alveg ljóst af málflutningi Framsfl. að hann lagðist gegn þessari útfærslu málsins og vildi eins og ég og fleiri að þetta væri verkefni ríkisins og löggjöfin þannig úr garði gerð að hún tryggði leigjendunum rétt og tryggði leigjendunum samræmdan rétt, óháð búsetu.

Tveir góðir og gegnir þingmenn Framsfl. skrifuðu undir þetta nefndarálit, hv. þm. Jón Kristjánsson og hæstv. núv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, og ég vek athygli á því að hæstv. félmrh. gengur gegn þessu áliti félaga sinna frá því í maímánuði 1994. Fróðlegt væri að fá skýringar félmrh. á því að stefna Framsfl. nær ekki fram að ganga í þessu máli. Hvers vegna það er svo að það er stefna Sjálfstfl. sem birtist í þessu lagafrv. sem Framsfl. er látinn flytja fyrir hönd Sjálfstfl. Mér finnst mjög kyndugt að Framsfl. skuli ganga til stjórnarsamstarfs á forsendum hins flokksins. Ég hélt að Framsfl. hefði þann pólitískan metnað að þegar hann tæki þátt í ríkisstjórn, þá gerði hann það á eigin forsendum og ráðherra flokksins framfylgdi í öllum meginatriðum stefnu síns flokks í þeim málaflokkum sem þeir fá í sinn hlut við stjórnarmynduna. Það hefur ekki hvarflað að mér annað en að við myndun núv. ríkisstjórnar hafi stefna Framsfl. í málaflokkum félmrn. náð fram að ganga svo að mig rekur eiginlega í rogastans að sjá hér gamla stefnu Sjálfstfl. ganga aftur í frv. Framsfl.

[16:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kemur í greinargerð þessa frv. hefur núverandi fyrirkomulag húsaleigubóta reynst vel sem mikilvægt úrræði fyrir tekjulága leigjendur til að standa undir kostnaði við leiguhúsnæði og hefur framkvæmd gildandi laga tekist vel, einnig af hálfu sveitarfélaganna. Það er ástæða til að nefna þetta hér við 1. umr. þessa máls en helstu rök sveitarfélaganna þegar frv. var til umræðu 1993 og 1994 voru að framkvæmdin yrði erfið og flókin. Á þeim tíma gerði Sjálfstfl. einnig sitt til að bregða fæti fyrir lögfestingu frv. um húsaleigubætur. Þessi afstaða sveitarfélanna og Sjálfstfl. leiddi til þess að ekki var hægt að ná frv. fram á þeim tíma nema því fylgdi sá stóri galli að það væri á valdi hvers og eins sveitarfélags að það greiddi húsaleigubætur. Framkvæmdin sem hefur gengið vel og snurðulaust fyrir sig sýnir að rökin sem þá var teflt fram voru á sandi byggð og því ber að fagna að frv. skuli komið fram sem sníðir af þann stóra galla sem verið hefur á lögunum.

Hinn gallinn á framkvæmd húsaleigubóta hefur verið sá að húsaleigubætur eru skattskyldar. Sjálfstfl. með fjmrh. í broddi fylkingar kom í veg fyrir að þær yrðu skattlausar líkt og vaxtabætur en þess í stað náðist samkomulag um að húsaleigubætur yrðu hækkaðar frá því sem ákveðið hafði verið um þá upphæð sem bótaþegar mundu greiða í skatt. Því fylgdi sá kostur að þeir sem voru undir skattleysismörkum greiddu þar af leiðandi engan skatt og voru betur settir eftir en áður.

Eins og frv. liggur fyrir nú hefur hæstv. félmrh. þrátt fyrir góðan vilja ekki náð því fram að húsaleigubætur væru lausar við skatta. Ég geri ráð fyrir að með sama hætti og 1994 sé þar við Sjálfstfl. og einkum fjmrh. að sakast. Ég vil fullvissa hæstv. félmrh. um að hann hefur örugglega stuðning allrar stjórnarandstöðunnar og mikils meiri hluta Alþingis um að húsaleigubætur verði án skatta.

Þegar ég var að glíma við þetta mál á sínum tíma, mat ég það meira að ná lagasetningunni fram sem fyrsta skrefi frekar en láta málið liggja. Nú verður ekki undan því vikist að knýja fram það að húsaleigubætur verði ekki skattlagðar. Fyrir því eru enn ríkari rök nú en 1994 að um það náist samstaða sem ég mun nú skýra frekar.

Ég heyri það að hæstv. ráðherra telur að samkomulag sé í augsýn um að húsaleigubætur verði skattaðar áfram en að upphæðinni sem skilað er inn til skattsins verði skilað aftur til sveitarfélaganna. Ég tel það óviðunandi niðurstöðu og alls óvíst að þær upphæðir skili sér aftur til leigjendanna eins og ég hygg að sé þá ætlunin.

Ég tel fulla ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af annarri meginbreytingu frv. frá gildandi lögum og það er sá þáttur að frv. gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá gildandi fyrirkomulagi að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga. Það hefur vissulega sína kosti, m.a. þann að þá yrði komið á samræmdu húsaleigubótakerfi fyrir allan leigumarkaðinn hvort sem um væri

að ræða félagslegar leiguíbúðir eða íbúðir á almenna markaðnum. En þessi breyting, eins og mér sýnist að eigi að framkvæma hana, getur þýtt að leiga hjá stórum hópi þeirra sem nú búa í leiguíbúðum sveitarfélaga getur hækkað um allt að 16 þús. kr. eftir greiðslu húsaleigubóta sem ekki verður bætt nema sveitarfélögin hvert fyrir sig taki ákvörðun um að bæta það sérstaklega. Hugsanlega verður þessi viðbótarkostnaður í leigu umfram húsaleigubætur bættur hjá sumum sveitarfélögunum en ekki öðrum. Allt er í óvissu um það hvort framkvæmdir verða þannig að verulega sé verið að þyngja húsnæðiskostnað hjá fjölda láglaunaheimila í landinu. Við erum þar að tala um heimili sem eru með undir 1 millj. kr. til framfærslu á ári eða kannski um 80 þús. kr. á mánuði. Málið er því í fullkominni óvissu á þessari stundu. Í fyrsta lagi af því að ekki hefur verið samið um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna þessara breytinga og í annan stað vegna óvissunnar um hvort húsaleigubætur verði skattlagðar áfram. Verði hins vegar ákveðið að skattleggja ekki húsaleigubætur þá hækkar húsnæðiskostnaður fjölda þeirra sem nú eru í leiguíbúðum sveitarfélaga engu að síður verulega frá því sem nú er eða á bilinu frá 4–10 þús. kr. á mánuði nema, enn og aftur, hvert og eitt sveitarfélag fyrir sig ákveði að bæta það sérstaklega umfram upphæð lögfestra húsaleigubóta sem ákveðin verði með reglugerð af ráðherra. Þetta eru stórir annmarkar á annars mjög góðu frv. sem ég hlýt að vekja athygli á og vil ég skýra þetta nánar.

Í áfangaskýrslu starfshóps um framtíð húsaleigubóta frá apríl 1997 kemur fram að gera megi ráð fyrir því að heildarniðurgreiðslur Reykjavíkurborgar vegna allra leiguíbúða getur numið allt að 240 millj. kr. á ári. Það mat er sett fram af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga að kostnaður við leiguíbúðir á öllu landinu umfram leigutekjur sé um 446 millj. kr. Þannig greiða sveitarfélögin niður leiguna í sínum leiguíbúðum um 446 millj. kr. Niðurgreiðslunni á nú að hætta, hækka leiguverð upp í raunkostnað en greiða húsaleigubætur í staðinn. Og ég vil vísa til bls. 13 í greinargerðinni en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef gengið er út frá því að fjórðungur þeirra sem nú búa í félagslegum leiguíbúðum sé með of háar tekjur til að þeir eigi rétt á húsaleigubótum er eðlilegt að miða við að viðbótarkostnaður við að fella allar félagslegar leiguíbúðir undir lög um húsleigubætur verði um 300 millj. kr. á ári en þá er miðað við að bæturnar séu undanþegnar skatti."

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Með öðrum orðum er reiknað með að fjórðungur þeirra sem nú búa í félagslegum leiguíbúðum falli ekki undir lög um húsaleigubætur eða að um 1.100 manns þurfi nú að greiða raunkostnað í leigu. Og hvað þýðir það? Algeng leiga í tveggja herbergja leiguíbúð hjá Reykjavíkurborg er nú um 12–14 þús. kr. Raunkostnaður vegna þessarar leiguíbúðar er 26–32 þús. kr. á mánuði. Útgjöld þessa fólks vegna leigukostnaðar mundi ríflega tvöfaldast. Hér er væntanlega verið að tala um hópinn sem hefur tekjur eitthvað umfram viðmiðunarmörk húsaleigubóta sem er frá 1,2 millj. kr. í 2,4 millj. kr. Engu að síður getur verið að ræða í mörgum tilvikum um hóp sem er verulega skuldsettur og á í miklum fjárhagserfiðleikum sem nú þarf að taka á sig helmingi hærri húsaleigu, ég vek athygli á því, helmingi hærri húsaleigu, eða allt að um 15 þús. kr. á mánuði. Vel getur því verið að þessi hópur, kannski nálægt 1.100 manns, sé jafnilla settur og þeir sem fá húsaleigubætur en í stefnir að þurfi nú að taka á sig tvöfalt hærri leigugreiðslur en þeir nú bera. Sumir mundu kannski segja: „Þetta eru einhverjir einstaklingar sem eru búnir að vera lengi inni í félagslega kerfinu, eru í góðum efnum og það þarf ekkert að greiða niður húsaleiguna hjá þeim." En það er ekki hægt að alhæfa slíkt yfir allan hópinn vegna þess að þetta getur verið að stórum hluta til einstaklingar eða fjölskyldur sem rétt skríða yfir tilskilin tekjumörk og af því að þeir gera það er niðurgreiðslunni á íbúðunum hjá þeim hætt, þeir fá engar húsaleigubætur og það þýðir, virðulegi forseti, að leigan hjá þeim verður tvöfölduð.

Ef nú er stefnt með þessu frv. að hætta niðurgreiðslum á leiguíbúðum og færa leiguna upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur, hvað þýðir það þá? Það mat er sett fram í skýrslu sem kom fram á vordögum að til þess að ná raunkostnaði við leiguíbúðir hjá Reykjavíkurborg þurfi húsaleiga að hækka um 78–91%. Auk þess sem fjórðungur leigutaka fellur hugsanlega út og fær hvorki niðurgreiðslu á húsaleigu né húsaleigubætur nema sveitarfélögin sjálf taki ákvörðun um annað, þá sýnist mér á dæmum sem ég hef undir höndum að í mörgum tilvikum verði einnig um að ræða að húsaleigubætur hjá þeim sem á annað borð eiga rétt á þeim, nái ekki að mæta að fullu niðurgreiðslu á leiguíbúðum sem nú verður hætt. Ég get tekið dæmi.

Einstætt foreldri með 780 þús. kr. árstekjur sem greiðir nú tæpar 15 þús. kr. í leigu vegna tveggja herbergja íbúðar, mun standa uppi með 9.700 meiri útgjöld á mánuði vegna leigu þrátt fyrir húsaleigubætur ef þær verða skattlagðar og aukin útgjöld upp á 4.400 kr. á mánuði ef þær verða ekki skattlagðar. Allt er það síðan háð ákvörðun hvers og eins sveitarfélags fyrir sig, þ.e. hvort það tekur ákvörðun um að þeir hópar sem nú fá niðurgreidda húsaleigu og eru innan viðmiðunarmarka verða jafnsettir á eftir.

Ég get tekið annað sláandi dæmi. Það er af mörgu að taka í þessu sem ég er hér með. Hér er einstaklingur sem er með árstekjur 990 þús. kr. rúmar. Hann greiðir núna í leigu 11.197 kr. Leigan á þessari íbúð verður nú færð upp í raunkostnað og verður þá 32.283 kr. Eftir að hann hefur fengið húsaleigubætur greiddar, stendur hann uppi með 16 þús. kr. mun frá því sem nú er — þó hann fái húsaleigubætur greiddar sem mér skilst að eigi að vera þær sömu á næsta ári og nú. Ef þær eru ekki skattlagðar, þá mun hann standa uppi með 12.600 kr. mun engu að síður, 12.600 kr. mun, hærri leigu sem hann þarf að greiða nema að sveitarfélögin, og það er alls óvíst, taki ákvörðun um að bæta honum upp þennan sérstaka mismun og það liggur ekkert fyrir um það. Vera má að Reykjavíkurborg geri það. En mun Akureyri gera það? Hvernig verður framkvæmdin á þessu?

Herra forseti. Við erum að fjalla hér um afkomu tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu, því að hverjir eru það sem hafa fengið húsaleigubætur? Nálega 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar og námsmenn. Og það er ekki boðlegt að skilja framkvæmdina eftir í óvissu eftir að lögin hafa verið samþykkt e.t.v. með þeim afleiðingum fyrir afkomu fjölda láglaunaheimila í landinu sem ég hef hér lýst, bæði að fjórðungur þeirra sem nú er í niðurgreiðsluhúsnæði dettur hreinlega út, fái ekki niðurgreitt húsnæði, fái ekki húsaleigubætur og þeir sem á annað borð fá húsaleigubætur gætu staðið eftir með aukin útgjöld, aukinn mun, og alls óvíst er hvort sveitarfélög bæti þeim það umfram það sem húsaleigubæturnar eiga að gera.

Herra forseti. Ég hvet til að þessi þáttur málsins verði skoðaður sérstaklega í félmn. Ég fæ ekki séð að það gangi að

skerða rauntekjur fjölda láglaunaheimila í landinu um 10–20 þús. kr. á mánuði sem er margföld sú fjárhæð sem fólk fékk í kjarabætur í nýliðnum kjarasamningum. Ég tek fram að með þessum orðum er ég ekki að gagnrýna félmrh. sérstaklega heldur einungis að vekja athygli á því að í framkvæmd gætu þessi lög þýtt verulega tekjuskerðingu hjá fjölda láglaunaheimila í landinu sem stjórnvöldum, sveitarfélögum og Alþingi, ber skylda til að koma í veg fyrir áður en frv. verður afgreitt. Lausnin á því máli hlýtur að vera sú að leysa þetta í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga þannig að hægt sé að greiða hærri húsaleigubætur en nú er gert og með skattfrelsi húsaleigubóta. En hver verður niðurstaða þess máls? Við vitum það hreinlega ekki vegna þess að það er nú skilið eftir í óvissu og uppnámi hvernig fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga verður háttað eftir þessa breytingu og hvernig sveitarfélögum verður bætt þetta.

Það hefur komið fram hjá fulltrúum sveitarfélaga að þeir telja á því verulegan mun hvort þetta verði bætt með beinum tekjutilfærslum yfir til sveitarfélaga eða hvort um verkefnatilflutning verði að ræða vegna yfirtöku sveitarfélaga á húsaleigubótakerfinu vegna þess að það getur verið erfitt að finna verkefni sem mun koma jafnt niður á sveitarfélögunum.

Ég vil minna á að þegar lögin um húsaleigubætur tóku gildi var gert ráð fyrir því að hlutur ríkisins í húsaleigubótum væri 400 millj. kr. en samkvæmt frv. og áliti fjmrn. sem fylgir með því er einungis gert ráð fyrir að hlutur ríkisins við þessa breytingu á lögunum verði um 200 millj. En þegar við lögðum upp með húsaleigubæturnar, þá átti ríkið að leggja fram 400 millj. kr. á ári. Nú er þetta komið niður í 200 millj. Samt erum við að víkka út húsaleigubótakerfið og taka inn í húsaleigubótakerfið félagslegar leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga. Það kostaði ekki svo lítið á sínum tíma að fá fjmrn. til að samþykkja að framlag ríkisins skyldi vera 400 millj. kr. á ári sem að vísu kostaði nokkra fækkun á félagslegum íbúðum, en samið var um tímabundna fækkun á þeim niður í 400 íbúðir árlega. En hver er staðan nú?

Í yfirliti frá fjmrn. með frv. er gert ráð fyrir að fastsetja framlagið í 200 millj. kr. og félagslegu íbúðirnar eru komnar niður í 170 á ári. Þessi skerðing á framlögum ríkisins til húsaleigubóta og fækkun á félagslegum eignaríbúðum um meira en helming gengur auðvitað ekki á sama tíma og verið er að útvíkka verulega húsaleigubæturnar og fella undir kerfið allar leiguíbúðir sveitarfélaga. Mér kæmi ekki á óvart þó sveitarfélögin muni mótmæla þessu harkalega og það gangi erfiðleika að semja við sveitarfélögin um niðurstöðu eins og ríkið er að bjóða þeim upp á vegna þess að auðvitað mun þetta bitna á þeim sem leigja íbúðir, auðvitað mun það gera það. Þeir gætu staðið uppi með það að þurfa að greiða helmingi hærri leigu en þeir gera nú.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því, eins og reyndar kemur fram í áliti fjmrn. með frv., að með því að færa leiguverð félagslegra íbúða upp í raunkostnað og auka skatttekjur ríkis og sveitarfélaga sem þá kemur til viðbótar þeirri skerðingu sem ég áðan nefndi aukast skatttekjur ríkisins um allt að 40 millj. kr. og útsvar til sveitarfélaganna um 25–30 millj. kr. Og vegna hvers? Vegna þess að láglaunafólk sem áður fékk mikið niðurgreidda íbúð en engar húsaleigubætur fær nú enga niðurgreiðslu en húsaleigubætur í staðinn sem það fer nú að greiða skatta af, nema það takist að breyta þeirri ákvörðun að greiða þurfi skatta af húsaleigubótunum. Ofan á þá skerðingu sem ég nefndi hér áðan þarf því það fólk sem hefur verið í leiguíbúðum sveitarfélaga og hefur fengið hana niðurgreidda, nú að þiggja húsaleigubætur í staðinn sem það þarf að greiða skatta af. Og það er einmitt þess vegna, eins og ég lýsti í upphafi míns máls, að það er brýnt að afgreiða samhliða þessu frv. ákvæði um skattfrelsi húsaleigubóta enda engin sanngirni í því að þeir sem eiga íbúðir fái skattfrjálsar 3.300 millj. í vaxtabætur en af 200–300 millj. kr. húsaleigubótum sem þeir verst settu í þjóðfélaginu fá, þurfi að greiða skatt. Maður spyr hvort jafnræðisregla skattalaga sé ekki brotin með þessu.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, fá fram álit félmrh. á hugsanlegri framkvæmd þessara laga sem ég hef hér lýst við það að færa leiguverð félagslegra íbúða upp í raunkostnað og spyr hvort hann deili með mér áhyggjum af því að hætta sé á tekjuskerðingu fjölda heimila við þessa breytingu nema til komi viðbótarframlag af hálfu ríkisins eða sveitarfélaga til að hækka verulega greiðslu húsaleigubóta umfram það sem verið hefur til að mæta því að hætt verði niðurgreiðslu á leiguíbúðum sveitarfélaga.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort við þessa breytingu verði hætt að taka tillit til húsaleigukostnaðar í tryggingakerfinu eins og nú er gert í sérstakri uppbót á tryggingabætur. Verulega stór hópur elli- og örorkulífeyrisþega fær sérstaka uppbót á sinn lífeyri m.a. vegna húsaleigukostnaðar. Mun ríkisvaldið líta svo á að fella eigi þennan þátt út úr tryggingakerfinu þegar sveitarfélögin taka alfarið yfir húsaleigubæturnar? Ef svo er þá mun málið líta enn verr út fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en ég hef áður lýst.

Ég vil spyrja um það sem kemur fram í 8. gr. frv. Í núgildandi lögum er talað um að tryggingabætur eigi ekki að hafa áhrif í þá veru að skerða húsaleigubætur en nú er þetta skýrt þannig að átt sé við bætur almannatrygginga. Samkvæmt samkomulagi því sem gert var 1994 átti hvorki að skerða rétt bótaþega Tryggingastofnunar til greiðslna né heldur barnabætur samkvæmt ákvæðum skattalaga. Ég spyr einkum um barnabæturnar. Þýðir þessi breyting að fellt hefur verið út orðið tryggingabætur en tekið upp orðið viðmiðun við bætur almannatrygginga að verið sé að fella niður að barnabætur hafi ekki áhrif á húsaleigubætur?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort bein afleiðing þess að fækka lánum til félagslegra eignaríbúða hljóti ekki að vera að fjölga þurfi verulega leiguíbúðum og ef svo er verður tekið tillit til þeirrar aukningar í því fjárhagslega uppgjöri sem nú fer fram milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytinga á húsaleigubótakerfinu þegar það flyst alfarið til sveitarfélaganna? Fækkun á félagslegum eignaríbúðum hlýtur að kalla á að fjölga þurfi stórlega leiguíbúðum sem þýðir meiri útgjöld vegna húsaleigubóta og verður tekið til þess í fjárhagslegu uppgjöri ríkis og sveitarfélaga. Nefna má einnig að þeir fólksflutningar sem eiga sér stað frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hljóta að kalla á fjölgun félagslegra íbúða, bæði leigu- og eignaríbúða. Hefur eitthvað verið hugað að þessum þætti nú við meðferð þessa máls?

Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir framlagningu þessa frv. og (Forseti hringir.) þann áfanga sem nú virðist vera í augsýn, að sveitarfélögin öll fari að greiða húsaleigubætur, þá vænti ég þess að hann hafi skilning á því að skoða þurfi vel, í meðförum þingsins, alla framkvæmd málsins og að hann leggi sitt af mörkum til að fjöldi heimila í landinu verði ekki verr settur eftir þessa lagasetningu en fyrir hana. Um það hljótum við að vera sammála.

[17:17]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég hef skilið hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur rétt þá sagði hún að fjórðungur þeirra sem njóta húsaleigu hjá Reykjavíkurborg félli út, fengi sem sagt ekki húsaleigubætur. Nú falla húsaleigubætur út við 212 þús. kr. samkvæmt þessum nýju reglum. Telur þingmaðurinn það vera lágar tekjur?

Í öðru lagi vegna spurningar um bætur almannatryggginga. Telur þingmaðurinn að þær krónur sem menn fá frá almannatryggingum séu öðruvísi en þær krónur sem menn fá t.d. með því að skúra?

[17:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer nú eftir því við hvað er miðað þegar talað er um 200 þús. kr. Það eru ekki litlar tekjur ef um einstakling er að ræða. En það eru litlar tekjur ef um er að ræða stóra fjölskyldu. Hv. þm. vitnaði í krónur, þ.e. hvort þær séu öðruvísi í almannatryggingakerfinu eða í gegnum húsaleigubætur. Það sem ég var að segja — og hv. þm. verður nú að skilja það sem ég er að segja — er að elli- og örorkulífeyrisþegar, þó þeir hafi fengið húsaleigubætur, hafa líka fengið húsaleigu bætta upp í gegnum sérstaka uppbót í almannatryggingakerfinu. Þetta eru þeir hópar sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Ef það á bara að ýta því út af borðinu sem þeir hafa fengið bætt í gegnum almannatryggingakerfið og það komi ekki til viðbótar því sem þeir fá í gegnum húsaleigubætur, þá er verið að skerða tekjur elli- og örorkulífeyrisþega. Er það ekki ljóst, hv. þm.?

[17:19]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sem sagt greinilegt að 212 þús. kr. eru lágar tekjur og svo er það líka greinilegt að það er ekki sama hvaðan krónan kemur. Mér finnst mjög óeðlilegt að það fólk sem ekki nýtur bóta og þarf hugsanlega að vinna mikið, skúra á kvöldin og annað slíkt, þ.e. að tekjurnar fyrir þá vinnu skuli taldar til tekna, en aðrar krónur sem koma frá almannatryggingum skuli ekki taldar til tekna. Mér alveg sama hvort þetta hafi verið svona hingað til. Mér finnst þetta óeðlilegt.

[17:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að hægt sé að túlka það af máli hv. þm. að honum finnist bara hreinlega ekkert að þó að fjórðungur fólks, 1.100 manns, sem hefur fengið niðurgreidda leigu í félagslega kerfinu, detti út sisona og að leigan hjá þessu fólki fari að tvöfaldast, (**PHB:** Hátekjufólk.) kannski úr 12–15 þús. kr. upp í 30–32 þús. kr. „Hátekjufólk", segir hv. þm. Hvernig getur hv. þm. fullyrt það að hér sé um hátekjufólk að ræða? Hér getur verið um að ræða fólk, fjölskyldur, barnmargar fjölskyldur, sem rétt skríður yfir þessi tekjumörk sem eru gagnvart húsaleigubótum og þeim sem fá íbúðir hjá borginni. Á virkilega með einu pennastriki að ýta þessum hóp í burtu og taka af fólkinu niðurgreiðsluna sem það hefur fengið með lágri leigu hjá sveitarfélögunum og láta það standa úti í kuldanum og að það fái engar húsaleigubætur. Um hvorki meira né minna en 15–20 þús. kr. skerðingu gæti verið að ræða hjá þessu fólki sem gæti verið fjórðungur af launum þess. Og ég er hrædd um að það heyrðist eitthvað í hv. þm. ef allt í einu yrði kippt upp úr vasa hans fjórðungi af þeim tekjum sem hann hefur.

[17:21]

**Útbýting þingskjals:**

Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, 279. mál, svar menntmrh., þskj. 408.

[17:21]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Styrkur hins opinbera til öflunar húsnæðis er í mjög mörgu og mismunandi formi. Það kemur eiginlega best fram í töflu á síðu 9 í frv., töflu B, sem sýnir okkur að einhverju leyti þann styrk sem veittur er. Hann er í fyrsta lagi í formi húsaleigubóta, svo eru það vaxtabæturnar, svo er það kostnaður vegna leiguíbúða í eigu hins opinbera og svo er það niðurgreiðsla lána í Byggingarsjóði verkamanna. Hér vantar inn í ábyrgðir vegna húsbréfakerfisins sem ríkissjóður veitir, ríkisábyrgð á öllum pakka húsbréfanna og það vantar líka inn í Byggingarsjóð ríkisins. Þannig að þetta er ekki allur pakkinn sem hið opinbera styrkir við öflun húsnæðis.

Þessir styrkir eru í mjög mörgu og mismunandi formi. Það eru í fyrsta lagi vaxtabætur sem eru háðar því að menn skuldi og borgi vexti. Svo eru það leigubætur sem eru háðar því að menn leigi, vaxtaniðurgreiðsla í félagslega kerfinu sem ekki nokkur leið er að henda reiður á og svo er það ríkisábyrgðin í húsbréfakerfinu. Ákaflega erfitt er að henda reiður á öllum þessum bótum. Það er ekki hægt að segja að þessi maður fái 10 þús. kall á mánuði, 20 þús., 50 þús. eða 100 þús. kall á mánuði. Það er mjög erfitt. (**KHG:** Það er ríkisábyrgð í bankakerfinu líka. Gleymdu því ekki.) Já, já.

Herra forseti. Afleiðingin af þessu er: Í fyrsta lagi skuldsetning heimila. Vaxtabótakerfið gerir ráð fyrir að menn skuldi. Þeir fá ekki vaxtabætur öðruvísi. Vaxtabæturnar miðast við 7% af því sem þeir skulda þannig að eftir því sem þeir skulda meira þeim mun meiri vaxtabætur geta þeir fengið. Og það eru meira að segja dæmi um það að hátekjufólk geti fengið vaxtabætur, fólk með mjög háar tekjur. Ég kem með dæmi um það á eftir. Auk þess skekkir þetta vexti. Það skiptir ekki máli fyrir fólk á vissu tekjubili og eignabili hvort það borgar 7% vexti eða 5% vexti. Það skiptir bara ekki máli. Ríkið borgar vextina í rauninni í gegnum vaxtabæturnar.

Önnur afleiðing er hækkun á verði félagslegra íbúða. Þar sem lán til félagslegra íbúða bera 1% vexti stundum þá skiptir minna máli hvað þær kosta. Þetta hefur valdið því að menn hafa bruðlað óhóflega í byggingu félagslegra íbúða. (**KÁ:** Bara sums staðar.) Bara sums staðar, já. En þær hafa sums staðar orðið mjög dýrar vegna þess að niðurgreiðsla vaxta veldur því að það skiptir ekki máli hvað þær kosta.

Afleiðingin af húsaleigubótakerfinu er dálítið merkileg, það er hækkun leigu. Alls staðar þar sem það hefur verið tekið upp erlendis hefur sýnt sig að leigan hefur hækkað. Ég ætla að nefna dæmi. Segjum að hv. þm. væru nú orðnir lágtekjufólk, fallnir af þingi, og stæðu til boða íbúðir í Fossvoginum, annars vegar Kópavogsmegin og hins vegar Reykjavíkurmegin. Íbúðin í Kópavoginum kostar 35 þús. kr. Þær eru nákvæmlega eins. Þær liggja nákvæmlega eins við félagslegri þjónustu. Það er nákvæmlega jafnlangt á vinnustað. Þetta eru algjörlega sambærilegar íbúðir, jafnstórar. Önnur kostar 35 þús. kr., sú í Kópavoginum, og hin kostar 50 þús. kr., sú í Reykjavík, en þar koma húsaleigubætur upp á 20 þús. kall. Hvora mundu hv. þm. velja? Að sjálfsögðu íbúðina í Reykjavík sem kostar 50 þús. kall af því hún kostar í reynd ekki nema 35 þús. kr. Hver skyldi nú fá húsaleigubæturnar? Að sjálfsögðu húseigandinn, sem leigir íbúðina á 50 þús. kall í staðinn fyrir að hann fær ekki nema

30 þús. kr. af íbúðinni hinum megin við mörkin. Þannig að það er hægt að færa rök fyrir því að húsaleigubætur hækki leigu og renni í vasa húseigenda. (**KHG:** Og vaxtabætur hækka vexti.) Já, vaxtabætur hækka vexti. Það er hárrétt og auka skuldsetningu. Og svo eru allir voðalega hissa á því að heimilin stórauka skuldsetningu sína. (**KHG:** Og barnabætur, hvað?) Þær geta fjölgað börnum og til þess eru þær oft og tíðum settar, t.d. í Þýskalandi. Í Þýskalandi var ákveðið að borga fyrir börn, þ.e. fæðingu barna, til þess að örva fæðingar. (**KÁ:** Þetta gildir nú ekki hér.) Nei, nei, sem betur fer gildir þetta ekki alveg hér.

Herra forseti. Tengingin við tekjur og eignir vantar algjörlega í frv. Það stendur ekkert í frv. sjálfu hvernig tengingu við tekjur og eignir skuli hagað. Það er reyndar sagt að 25% af eignum umfram 3 milljónir skuli líta á sem tekjur en ekki hvernig tekjurnar koma inn í húsaleigubæturnar. Það er aftur á móti falið í grg. um bráðabirgðaákvæði II, á síðu 17. Þar kemur í ljós að 2% af árstekjum dragast frá mánaðargreiðslu húsaleigubóta sem þýðir að 24% af árstekjum dragast frá árshúsaleigubótunum. Þetta eru einir hæstu jaðarskattar sem til eru, þ.e. ef tekjurnar fara yfir 125 þús. kr. á mánuði þá minnka húsaleigubæturnar um 240 kr. fyrir hvern þúsundkall sem fólk hefur meira í tekjur. Þetta eru náttúrlega geysilega miklir jaðarskattar. Og ég geri ráð fyrir að þessi útlistun í grg. á bráðabirgðarákvæðinu gefi mynd af því hvernig menn muni hugsa þetta í framtíðinni.

Það er dálítið merkilegt með tekjuákvæðin að tekjur barna undir 20 ára koma ekki inn í myndina, t.d. ef sonur fer á sjó og er hátekjumaður á skuttogara, þá koma þær tekjur ekki inn í tekjuhugtakið. Ég skil ekki af hverju. Eins ef maðurinn er í námi, þá má hann hafa tekjur nánast eins og hann vill með náminu, það kemur ekki inn tekjuhugtakið. Í andsvari áðan nefndi ég að bætur almannatrygginga, að þær krónur eru einhvern veginn heilagri en þær krónur sem menn fá fyrir að skúra gólf þannig að þær teljast ekki með. Þessar upphæðir deyja út við 212 þús. kr., þ.e. fólk sem er með meira en 212 þús. kr. á mánuði, þ.e. fjölskyldan, fær engar húsaleigubætur.

Síðan er það merkilegt með eignirnar. Ef meiningin er sú að hafa 24% jaðarskatt þarna og 25% af eignum umfram 3 milljónir teljist tekjur þá þýðir það að það er 6% eignarskattur af þeim hluta eigna sem fara yfir 3 milljónir sem þýðir að viðkomandi tapar eigninni á 17 árum. Þetta eru hæstu eignarskattar sem til eru sem mér er kunnugt um.

Herra forseti. Bæturnar sem koma fram í grg. um bráðabirgðaákvæði II eru nokkuð félagslegar en þó andsnúnar hjónabandinu. Þannig eru bæturnar t.d. 7 þús. kr. fyrir fjölskylduna, hvort sem það er einn aðili, einstætt foreldri eða hjón. Þau fá jafnmikið. Það virðist eiga að vera jafndýrt fyrir tvo að búa eins og einn. Síðan koma þarna 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað barn og 3.000 kr. fyrir hvert barn eftir það. En það verður ekkert barn eftir það vegna þess að þá eru menn komnir upp í hámarkið. Þannig að fjölskylda með fjögur börn fær hámarkið, 21 þús. kr., þ.e. jafnmikið og fjölskylda með þrjú börn. Þá geri ég ráð fyrir að menn séu með leigu yfir 45 þús. kr. Þannig verður það sennilega að minnsta kosti hjá stórum fjölskyldum. Menn fá 3 þús. kr. fyrir muninn á milli 20 þús. og 45 þús. kr. En 12% af þeirri leigufjárhæð kemur líka inn í bæturnar.

Ef við hugsum okkur að par ætli að fara að leigja íbúð þá margborgar sig fyrir þau að skilja og leigja hvort sína íbúðina því þá fengju þau hvort um sig 7 þús. kr. og svo geta þau skipt börnunum á milli sín. (**KÁ:** Það þarf að hafa dágóðar tekjur til þess að standa undir því.) Það má líka gera ýmislegt svona á pappírnum eins og hv. þm. er kannski kunnugt. Það er misnotkun á kerfinu. Það felst misnotkun á öllum kerfum í því þegar fólk þykist hafa skilið. Ef hv. þm. kannast ekki við það þá býr hún á einhverri annarri plánetu.

Frádrátturinn er aftur á móti mjög ófélagslegur. Hann er óháður stærð fjölskyldunnar. Hann er háður heildartekjum fjölskyldunnar. Nú er það þannig að þegar börn bætast við þá þarf fólk að vinna meira annaðhvort með því að skúra á kvöldin eða annað slíkt og tekjurnar aukast og þá eru bæturnar skertar um 24%. Bæturnar eru skertar jafnmikið fyrir litla fjölskyldu, þ.e. einstætt foreldri með barn, eins og fyrir stóra fjölskyldu, hjón með fjögur börn, sem gerir það að verkum að fólk sem er með sæmilega mikið af börnum og báðir aðilar vinnandi getur ekki fengið húsaleigubætur vegna þess að það verður að hafa sæmilegar tekjur til að ala önn fyrir allri þessari barnahjörð að frádrátturinn keyrir húsaleigubæturnar niður. Þetta finnst mér vera ófélagslegt. Auk þess er þetta andstætt hjónabandinu. Ég held að menn eigi frekar að stuðla að hjónabandinu en hitt.

Herra forseti. Ég hef reynt að bera þetta saman við vaxtabæturnar. Mér finnst mjög eðlilegt að þetta sé borið saman við vaxtabæturnar. Það er enginn samanburður á þessum tveim kerfum í þessu frv. Mér finnst það mjög mikilvægt. Það á hvorki að hvetja menn til þess að leigja né til þess að eiga. Ríkisvaldið á ekki að vera að garfa í því hvort menn vilji eignast íbúðir eða leigja þær. Alls ekki. En það er töluvert mikill munur á þessum tveimur kerfum.

Þá ætla ég að koma með dæmi um hátekjufólkið. Við skulum hugsa okkur hjón sem eru með 600 þús. kr. á mánuði og ég ætla að vona að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sambykki með mér að það séu nú tiltölulega háar tekjur. Hjón með 600 þús. kr., ég ætla að vona að það sé hátekjufólk. Þau skulda 9,5 millj. kr. og borga 650 þús. kr. á ári í vaxtagjöld sem eru 7% af þessari upphæð. 6% af tekjunum eru 432 þús. kr. þannig að þau fá mismuninn, 218 þús. kr. í vaxtabætur. Þetta hátekjufólk fær 218 þús. kr. í vaxtabætur eða 18 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk fær 18 þús. kr. á mánuði. Þannig er vaxtabótakerfið. Ef þau skulduðu minna, t.d. 6,5 milljónir þá fá þau ekki neitt. Og hvað skyldi gerast? Nú, þau auðvitað reyna að skulda, að sjálfsögðu, til að fá sínar vaxtabætur, 18 þús. kr. á mánuði. Þetta kerfi vaxtabóta er alveg handónýtt, hvetur menn til skulda og gerir fólk ónæmt fyrir upphæð vaxta og það er mjög skaðlegt.

Í vaxtabótakerfinu er mjög erfitt að sjá hvernig skerðingar koma til en þar er greinilegt að það er 6% skerðing af tekjum en 24% í húsaleigubótakerfinu. Það er því verulega miklu meiri skerðing í húsaleigubótakerfinu en vaxtabótakerfinu. Eign skerðir allt að 8% umfram 5 milljónir í vaxtabótakerfinu en 6% umfram 3 milljónir í húsaleigubótakerfinu, mjög gróft séð. Svo virðist því vera að vaxtabótakerfið sé að mörgu leyti hagstæðara en húsaleigubótakerfið.

Síðan er eitt kerfi í viðbót, þ.e. félagslega íbúðakerfið og það er það alvitlausasta vil ég fullyrða. Ef hjón með tvö börn eru með 205 þús. kr. á mánuði þá fá þau heila íbúð með mjög lágum vöxtum og helmingurinn af lánunum er gefinn með vaxtaniðurgreiðslu og sú gjöf er skattfrjáls. Menn geta fengið 4 milljónir gefnar á þann hátt, skattfrjálst, sem þýðir fyrir aðra sem þurfa að þéna þessar 4 milljónir u.þ.b. 7 milljónir fyrir skatt. Þetta er gefið sem forgjöf. En hjón sem eru með 210 þús. kr., þ.e. 5 þús. kr. meira, fá ekki

neitt. Þetta eru langhæstu jaðarskattar sem til eru en eru að sjálfsögðu háðir markaðsvöxtum á hverjum tíma af því þetta er vaxtaniðurgreiðsla.

Þetta var um húsnæðiskerfið á Íslandi og ekki er það einfalt. Það er ekki hægt að segja það.

Herra forseti. Í Reykjavík fá 3.300 fjölskyldur að meðaltali 10 þús. kr. á mánuði í húsnæðisbætur. Þetta kostar 250 milljónir — það kemur fram í grg. — eða 2.500 kr. á hvern íbúa Reykjavíkur eða 10 þús. kr. á allar fjögurra manna fjölskyldur í Reykjavík. Þetta er kostnaður við þetta kerfi og að sjálfsögðu verða menn að átta sig á því að einhverjir borga brúsann. Þetta er greitt af hinum sem ekki fá. Þannig að menn þurfa að hafa það í huga.

Svo er í þessu frv., sennilega frá gamalli tíð, furðuleg ákvæði eins og t.d. það að menn megi ekki leigja herbergi, það skal vera íbúð. Námsmenn mega t.d. ekki spara með því að leigja sér herbergi. Þeir skulu leigja sér íbúð. Þá fá þeir húsaleigubætur. Ég skil ekki af hverju og ég mun taka það upp í hv. félmn.

Svo er 15% álag ef menn misnota kerfið en það er ekkert talað um vexti þannig að ef menn bíða nógu lengi með að greiða þá getur það borgað sig.

Herra forseti. Ég mundi vilja sjá húsnæðiskerfi sem sameinar öll þessi kerfi. Húsnæðisstyrk sem væri kannski 15 þús. kr. á mánuði — þessar upphæðir sem ég nefni eru ekki vísindalega út fundnar en það þyrfti að reikna út — 15 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling, 27 þús. kr. á mánuði fyrir hjón, 4 þús. kr. á mánuði fyrir fyrsta barn og 3 þús. kr. fyrir öll börn sem koma á eftir og að þetta skerðist um t.d. 5% af öllum tekjum upp úr og niður úr, ekki þær sem eru yfir 125 þús. kr. Það yrði félagslega miklu réttlátara því sumt fólk er virkilega með mjög lágar tekjur. Síðan yrðu það t.d. 2% vegna eigna, allra eigna. Þannig fengjum við kerfi sem væri miklu réttlátara og það kerfi vildi ég sjá koma í staðinn fyrir vaxtabæturnar, í staðinn fyrir húsaleigubæturnar og í staðinn fyrir verkamannabústaði og allt félagslega húsnæðiskerfið. Og þessar bætur allar, þ.e. húsnæðisstyrkur, yrðu skilyrtar því að þær færu til greiðslu af lánum eða til greiðslu á húsaleigu þannig að fólk geti ekki fengið með annarri hendinni peninga frá hinu opinbera og skuldað jafnvel á hinum endanum hinu opinbera peninga eins og dæmi eru til um þar sem fólk í félagslega íbúðakerfinu hefur fengið vaxtabætur, hefur aldrei borgað neitt og er með allt í vanskilum en fær svo peninga til að fara í utanlandsferð. Það eru dæmi um þetta, því miður. (**KHG:** Það fær peninga en ekki endilega til þess að fara í ...) Nei, það fær peninga en peningarnir eru ekki ávísaðir á greiðslu af lánum eða greiðslu á leigu og mér finnst að það eigi að vera skilyrði í svona kerfum, þegar menn eru að byggja upp styrk til öflunar húsnæðis, að féð fari þá til þess húsnæðis sem á að styrkja og ekkert annað. Þetta eru mínar hugmyndir.

Herra forseti. Umræðan um það hvort þetta eigi að vera skattskylt eða ekki er að mínu mati umræða um það hver eru breiðu bökin. Ég sé engan mun á því að einhver sé að skúra og fái peninga fyrir það, 10 þús. kr. á mánuði, eða hvort hann fái vaxtabætur, 10 þús. kr. á mánuði. Ég sé engan mun á því. Ef þetta er breiða bakið sem fellur undir skattlagningu, þá á viðkomandi að borga af því skatt.

Það er svo aftur annað mál að það má vel vera að skattheimtan sé orðin allt of mikil og mönnum finnist þess vegna óeðlilegt að menn séu yfirleitt að borga skatta. Og kannski er persónuafslátturinn of hár, það skyldi ekki vera? Þannig að ég hugsa að vandamálið sé frekar hvað skattkerfið er orðið vitlaust en það að menn eigi að borga skatt af þessum tekjum sem þeir hafa eins og öllum öðrum.

[17:39]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var ég nú sammála öllu því sem fram kom í ræðu hv. þm. og sérstaklega finnst mér nálgun hans á félagslegri aðstoð vera stundum mjög sérkennileg, svo ekki sé nú meira sagt. Hins vegar vil ég segja að ég var sammála sumu af því sem þingmaðurinn hafði fram að færa og vildi gjarnan í þessu andsvari láta það koma fram. Ég er alveg sammála honum um að vaxtabótakerfið er óheppilegt fyrirkomulag til að dreifa aðstoð ríkisins til þeirra sem eru að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Það hefur sýnt sig við athugun á því hvernig það dreifist eftir tekjuhópum að hæstu fjárhæðirnar ganga til þeirra sem hafa hæstu tekjurnar og það er svo merkilegt að það eru þeir sem hafa hæstu tekjurnar sem safna mestu skuldunum. Lágtekjufólkið almennt virðist sníða sér betur stakk eftir vexti og hafa skuldir sínar innan þeirra marka sem það ræður við. Það leiðir af sér að vaxtabætur til þeirra verða lægri en hinna sem hafa hærri tekjur og leyfa sér að skuldir meira. Dreifingin er því óheppileg að mínu viti. Ég mundi mjög gjarnan vilja hafa kerfið þannig að dreifingin á vaxtabótunum væri meira fastákvörðuð í krónutölu. Það mundi þýða að hærra hlutfall af því fjármagni sem við verjum til þessa málaflokks renni til þeirra sem hafa lægri tekjur en er í dag. Ég tek því alveg undir þessar skoðanir þingmannsins og eins hitt, hvað varðar vaxtabætur, að ég tel nauðsynlegt að þeim verði varið beint til greiðslu á lánunum. Ég tel það mun heppilegra fyrirkomulag en hitt að það sé ótengt og þetta komi í raun og veru fram sem almennar tekjur viðkomandi sem fá vaxtabætur og hann ráðstafi því ekkert endilega til þess að greiða þá vexti sem eru forsenda bótanna.

[17:41]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Sú umræða sem orðið hefur um þetta frv. í dag sýnir að hér en engan veginn um einfalt mál að ræða þó að hugsunin í því kunni um margt að vera góð.

Ég vil eins og aðrir gagnrýna það hversu seint frv. kemur til umræðu. Það er að vísu nokkuð um liðið síðan það var lagt fram en það hefur ekki komist á dagskrá og greinilega er reiknað með því, samkvæmt gildistökuákvæðinu, að það verði að lögum fyrir 1. janúar 1998. Ég vildi gjarnan fá það upplýst við þessa umræðu frá hæstv. félmrh. hversu brýnt er að málinu ljúki fyrir áramót. Mér sýnist einfaldlega að hér sé um svo stórt mál að ræða að þær tvær vikur sem eftir lifa þingtímans muni vart duga þó að stíft verði fundað, en reyndar eru önnur brýn mál sem við erum að fást við í félmn. Eins og ég hef skilið stöðu málsins þá er ekki komið samkomulag við sveitarfélögin um það hvernig þessi yfirfærsla verður fjármögnuð þannig að ég vil biðja hæstv. félmrh. — því miður missti ég af framsöguræðu hans. Það kann að vera að þetta hafi komið fram, en ég bið þá forláts — að endurtaka það hversu brýnt það sé að þetta frv. verði að lögum 1. janúar og hvernig hangir það saman við það samkomulag sem nauðsynlega þarf að gera við sveitarfélögin.

Áður en ég vík að einstökum atriðum frv. vil ég velta vöngum yfir stöðu húsnæðismála hér á landi og því hvernig opinberir aðilar styrkja fólk, ýmist til húsnæðiskaupa eða til leigu. Niðurgreiðsla á vöxtum, húsnæðislán og húsaleigustyrkir hafa tíðkast, alla vega á Norðurlöndunum, um alllangt

skeið og litið hefur verið á slíka aðstoð og fyrirgreiðslu sem hluta af aðferð ríkisins til þess að jafna kjör fólksins í viðkomandi landi. En hér á landi var það svo til skamms tíma að nánast eingöngu þeir sem voru að kaupa húsnæði fengu aðstoð. Hér var lengi ríkjandi sú hugmynd að það væri nánast sáluhjálparatriði að fólk ætti húsnæði og ég hygg að það sjónarmið sé nokkurn veginn allsráðandi í samfélagi okkar.

Samt sem áður er að koma betur og betur í ljós að það eru býsna stórir hópar sem þurfa á leiguhúsnæði að halda og ekki síður hitt að sveitarfélögin, sérstaklega úti á landi og reyndar líka hér á höfuðborgarsvæðinu, þurfa að ráða yfir allnokkrum fjölda leiguíbúða. En verulegur skortur hefur verið á leiguhúsnæði, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Það hefur leitt til þess að öðru hvoru hefur leiga farið upp úr öllu valdi. Samkvæmt mínum upplýsingum þá var til skamms tíma sæmilegt jafnvægi hér á höfuðborgarsvæðinu. Sú efnahagskreppa sem samfélag okkar gekk í gegnum á tímabilinu 1991–1996, ef við gerum ráð fyrir að henni sé lokið í bili, varð til þess að framboð á leiguhúsnæði jókst og nokkuð var um að skrifstofuhúsnæði væri breytt í íbúðir eða menn færu að leigja húsnæði af ýmsu tagi í ríkari mæli en áður og framboð á leiguhúsnæði jókst. Mér er sagt að aftur sé komin nokkur spenna á markaðinn hér sem auðvitað vekur spurningar um hvernig eigi að bregðast við og hversu brýnt það er að tryggja aukið framboð á leiguhúsnæði. Hvernig eiga bæði ríkisvaldið og sveitarfélögin að koma inn í málið og tryggja byggingu leiguhúsnæðis?

Við umfjöllun um fjárlögin fyrir árið 1998 fórum við í hv. félmn. nokkuð ofan saumana á stöðu húsnæðismála, sérstaklega hvað varðar félagslega húsnæðiskerfið og auðvitað er ljóst að það mundi á margan hátt verða miklu hentugra fyrir sveitarfélögin að breyta félagslegum eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum í leiguhúsnæði eftir því sem þörf krefur. Þannig mundi sveigjanleikinn aukast og komið væri í veg fyrir að félagslegt húsnæði sé á uppsprengdu verði og þá mismunun sem felst í því að þeim sem eiga félagslegt húsnæði er tryggt að það seljist vegna kaupskyldu sveitarfélaganna meðan aðrir íbúar sveitarfélaga, og þá er ég auðvitað fyrst og fremst að hugsa um sveitarfélögin úti á landi þar sem mikið er um autt húsnæði, tapa í raun og veru miklum fjárhæðum vegna þess að þeirra húseignir eru nánast óseljanlegar. Allt hangir þetta saman, framboð á leiguhúsnæði, staðan í félagslega kerfinu og það mál sem hér er til umræðu, hvernig eigi að styrkja og styðja þá sem leigja. Það er auðvitað markmið þessa frv. og þeirra laga sem í gildi eru að jafna eða eins og hér segir í 1. gr., með leyfi forseta: „... draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum".

Í ljósi þeirrar staðreyndar að hér hefur ríkt sú stefna að allir ættu að eiga húsnæði þá hefur það verið þannig að það eru fyrst og fremst námsmenn og láglaunafólk sem er á leigumarkaði þó vissulega séu undantekningar á því. Auðvitað tengist það því atriði sem kemur fram í grg. að þegar sveitarfélögin verða skyldug til þess að taka upp húsaleigubætur þá er reiknað með því, eins og segir hér á bls. 10, með leyfi forseta: „Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hverfi frá beinni niðurgreiðslu félagslegs húsnæðis og greiði húsaleigubætur í staðinn." Maður spyr sig hvað þetta þýði. Hvað þýðir þetta fyrir þann hóp leigjenda sem hefur verið í niðurgreiddu húsnæði á vegum sveitarfélaganna? Ég þekki þetta aðallega héðan úr Reykjavík og veit að sá hópur sem fær leiguíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar er fyrst og fremst skjólstæðingar félagsmálastofnunar. Eftir því sem kostur er er síðan reynt að koma því fólki yfir í félagslega húsnæðiskerfið, ef viðkomandi ræður við þau kjör sem þar er boðið upp á, ef fólk nær greiðslumatinu eða er talið ráða við slík kaup. Þannig held ég að við hljótum að skoða alveg sérstaklega hvað í því felst að sveitarfélögin hætti að greiða niður íbúðir og greiði húsaleigubætur í staðinn.

Mér óar við þeim tölum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi hér í ræðu sinni því það getur auðvitað ekki verið tilgangurinn að kjör þeirra versni sem verst standa, þeirra sem hafa orðið að leita á náðir sveitarfélaganna. Auðvitað kunna að vera alls konar undantekningar þar á. Vissulega er ákveðinn hópur fólks sem reynir alltaf að spila á kerfið. Hv. þm. Pétur Blöndal virðist þekkja mikið af slíku fólki sem er mjög útsmogið og finnur allar smugur í kerfunum hver sem þau eru. En staðreyndin er sú að langstærsti hópurinn í húsnæði á vegum sveitarfélaganna er mjög illa staddur og sveitarfélögin hafa orðið að hlaupa undir bagga með. Þetta atriði finnst mér að þurfi að skoða alveg sérstakalega. Hvað þessi breyting þýðir fyrir leigendur og sérstaklega fyrir þennan hóp leigjenda.

Ég vil aðeins velta vöngum yfir því hvort það sé rétt að færa húsaleigubæturnar alfarið yfir til sveitarfélaganna og ég hlýt að spyrja hæstv. félmrh. hvaða rök séu fyrir því að aðstoð við þá sem eru að kaupa húsnæði kemur frá ríkinu en leigjendur eiga sitt undir sveitarfélögunum. Hvaða rök eru fyrir þessari skiptingu? Ef það er stefna ríkisvaldsins að greiða fyrir því að fólk hafi þak yfir höfuðið, hvort sem það er verið að kaupa eða leigja, hvaða rök eru fyrir því að skipta þessu með þessum hætti? Það getur út af fyrir sig verið stefnan, og er sú stefna sem er ríkjandi, að færa æ fleiri verkefni til sveitarfélaganna og að mörgu leyti er ég sammála því að það eigi betur við um ýmis verkefni, en ég er ekki sannfærð um að svo sé í þessu tilviki. Það sem skiptir þó meginmáli í þessu frv. er auðvitað sú breyting að þetta kerfi nái til allra sveitarfélaga vegna þess að það valfrelsi sem ríkt hefur leiðir til mismununar. Fólk hefur verið afar mismunandi sett eftir því hvar það hefur búið á landinu, og jafnvel eins og hér hefur komið fram, hafa húsaleigubætur verið greiddar í Reykjavík en ekki í Kópavogi, í sveitarfélögum hlið við hlið og þannig er það reyndar víðar.

Þær tölur sem birtar eru í frv. sýna að æ fleiri sveitarfélög hafa tekið upp húsaleigubætur en miðað við fjölda sveitarfélaga á landinu þá eru þau harla fá. Ég hygg þó, eins og tölurnar sýna, að það séu auðvitað stærstu sveitarfélögin sem hafa tekið upp húsaleigubætur enda þörfin væntanlega mest þar. Þannig er kostur þessa frv. sá að nú á kerfið að ná til allra sveitarfélaga undantekningarlaust. Þá tel ég það líka mikinn kost að bæturnar nái til alls íbúðarhúsnæðis í leigu, hvort sem um er að ræða húsnæði í eigu ríkisins, sveitarfélaganna eða á almennum markaði. Þó hef ég þann fyrirvara sem ég nefndi hér áðan um það hvernig þessi breyting kann að snerta þann hóp sem búið hefur í niðurgreiddu húsnæði á vegum sveitarfélaganna. Þannig finnst mér meginhugsunin í frv. vera til góðs en set spurningarmerki við yfirfærsluna til sveitarfélaganna og hvers vegna verið sé enn á ný að greina með þessum hætti á milli þeirra sem leigja og þeirra sem kaupa sér húsnæði.

Ég ætla að nefna hér nokkur atriði í frv. sem mér finnast þó ekki stórvægileg. Í fyrsta lagi nefni ég það atriði að binda í lögum að félagsmálanefndir sveitarfélaga annist afgreiðslu umsókna. Í 2. gr. stendur reyndar „að jafnaði" sem gefur þá væntanlega kost á því að hugsanlega geti aðrir aðilar

annast þetta. Ég velti því fyrir mér hvort það sé endilega eðilegra að þetta mál heyri undir félagsmálanefndir frekar en húsnæðisnefndir. Húsnæðisnefndir hafa með húsnæði á vegum sveitarfélaganna að gera og úthlutun þess og mér finnst rétt að velta því upp hvort rétt væri að þær tæku við þessu verkefni. Ég þekki það af eigin raun eftir setu í stjórn sem þá hét stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík að þar var farið býsna nákvæmlega ofan í kjör fólks, skattframtöl, greiðslugeta metin og annað slíkt. Í sjálfu sér er þannig ekkert sem gerir húsnæðisnefndir eitthvað vanhæfari en félagsmálanefndir til þess að fara ofan í þessi mál. Þetta er auðvitað með ýmsum hætti hjá sveitarfélögunum. Sums staðar eru þessi mál öll undir einum hatti. Og í raun og veru fyndist mér að þarna mætti vera sveigjanleiki og spurning hvort orðalagið í 2. gr. nær yfir það að sveitarfélögin geti í raun ákveðið hvort það er félagsmálanefndin eða húsnæðisnefndin sem annast þessi mál.

Annað atriði sem ég vil nefna hér er að ég tek undir það að öll meðferð umsókna og úthlutana og slíkt þarf að vera vönduð. En mér finnst samt að þetta sé nú býsna mikið kerfi. Fólk þarf að gera býsna margt til að fá þessar bætur. Það þarf að gera leigusamning og þinglýsa honum. Og ég spyr hvaða kostnað það hafi í för með sér fyrir viðkomandi. Þegar búið er að þinglýsa leigusamningi þá þarf að leggja hann fram ásamt ljósriti af skattframtölum, launaseðlum og öðrum gögnum sem tiltekin eru í reglugerð. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé ekki óþarflega flókinn umbúnaður um þessar bætur.

Áðan var bent á það, í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, að ekki væri nægjanlegt að leigja sér herbergi til þess að fá húsaleigubætur. Ég hygg nú að leiga fyrir eitt herbergi sé ekki það há, þó ég verði að viðurkenna að ég þekki það ekki nægilega, til þess að það gefi hreinlega kost á húsaleigubótum. Þetta eru auðvitað atriði sem hægt er að velta fyrir sér og skoða hvar mörkin eigi að liggja þarna á milli. Til eru býsna stór herbergi þar sem hægt væri að innrétta lítinn eldhúskrók. Og í 6. gr. segir — þetta er kannski fullnákvæmt — en þar segir, með leyfi forseta: „.... og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu."

Að það sé ígildi íbúðar. Kannski er hægt að túlka „séreldhús eða eldunaraðstöðu" að hún þurfi ekki að vera mjög afmörkuð.

Þetta eru ekki stórvægileg atriði, hæstv. forseti, en það þarf auðvitað að fara vel ofan í það hvernig svona skilgreiningar eru. Að þær séu ekki of þröngar og það sé ekki verið að sníða fólki of þröngan stakk í kringum þetta kerfi.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég þakka fyrir allar þær miklu og merkilegu upplýsingar sem koma fram í greinargerðinni. Mér finnst hún varpa skýru ljósi á stöðu þessara mála og ég vil þakka fyrir það því að það er of algengt hér að við fáum frumvörp sem segja og skýra harla lítið en hér er virkilega varpað ljósi á stöðu þessara mála með tölulegum upplýsingum og þróunin sýnd og mér finnst rétt að þakka fyrir það.

Að lokum, hæstv. forseti, er ég sátt við meginhugsun þessa frv. en set ákveðin spurningarmerki við einstaka þætti eins og hvort það sé í raun rétt stefna að færa þessi mál yfir til sveitarfélaganna og auðvitað þarf að skoða mjög rækilega hvaða áhrif þetta frv., verði það að lögum, hefur á hina ýmsu hópa leigjenda og stöðu þeirra.

[18:02]

**Útbýting þingskjals:**

Atvinnuleysistryggingar, 335. mál, fsp. RA, þskj. 422.

[18:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir lokaorð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur að ég er sáttur við meginhugsunina í þessu frv. Hér er margt sem á að færa í lög sem er eðlilegt og jákvætt að formi og innihaldi. Það hefur verið gagnrýnt að húsaleigubætur skuli ekki ná til landsins alls. Mörg sveitarfélög hafa ekki boðið upp á húsaleigubætur. Þær hafa einvörðungu náð til innan við 60% þegnanna og einnig er á það að líta að þær hafa ekki tekið til alls húsnæðiskerfisins, ekki til hins félagslega. Að sjálfsögðu er gott að það skuli lögleitt.

Hins vegar ber að líta á þetta mál í stærra samhengi og skoða samspil fleiri þátta, t.d. þann ásetning sveitarfélaga að markaðsvæða leigugjaldið í félagslegum leiguíbúðum, færa leiguna þar upp eins og ákvarðanir hafa þegar verið teknar um í ýmsum sveitarfélögum. Það þarf að skoða málið í því samhengi vegna þess að endanlega erum við náttúrlega að leita leiða til að bæta kjör leigjenda. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera markmiðið með þessum lagabreytingum. En sé það rétt, sem ég reyndar efast ekki um, því miður, sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í umræðunni, að kjör margra leigjenda og þar á meðal lágtekjufólks úr röðum leigjenda muni versna við þessar breytingar allar saman. Þá er ég ekki að horfa til frv. eins eða þessara fyrirhuguðu lagabreytinga heldur annarra ráðstafana einnig. Ef það er rétt að kjörin muni versna þá er ekki um annað að gera en fresta þessari framkvæmd. Þær ákvarðanir þurfa þá að taka til sveitarfélaganna einnig. Þau þyrftu einnig að endurskoða sínar ákvarðanir varðandi kjör leigjenda í félagslegu húsnæði.

Í greinargerð með þessu frv. kemur fram, eins og bent var á, að fjórðungur þeirra sem nú búa í félagslegum leiguíbúðum sé með of háar tekjur til að eiga rétt á húsaleigubótum. Hér er um að ræða um 500 einstaklinga. Ef fram fer sem horfir, að leigan verði hækkuð og keyrð upp, þá munu kjör þessa hóps versna. Þetta er alvarlegt en það sem er alvarlegra er að kjör lágtekjufólksins munu einnig versna og þar erum við að tala um mjög miklar upphæðir. Nefndar voru 15–16 þús. kr. í hverjum mánuði nema viðkomandi sveitarfélag geri ráðstafanir til að koma til móts við þessar fjölskyldur með einhverjum öðrum hætti. Það er að sjálfsögðu opin leið að þau geri það en fyrir því höfum við enga vissu. Við höfum enga vissu fyrir því að þau geri það og menn munu spyrja: Verður komið til móts við viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur í Reykjavík? Við vitum það ekki. E.t.v. yrði það gert. Hvað þá með önnur sveitarfélög? Mundu þau gera slíkt hið sama? Þessum spurningum er ósvarað og mér finnst ófært að ráðist sé í breytingar á lögum, meðan þessum spurningum er enn ósvarað. Mér finnst það ófært.

Það er ljóst að á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar verða þessi mál skoðuð í því nýja ljósi sem hér hefur verið varpað á þau í umræðunni hér í dag. Verkalýðshreyfingin hefur ályktað mjög eindregið í þá veru að húsaleigubætur yrðu teknar upp. Það hefur á liðnum árum verið gert mjög eindregið af hálfu BSRB og í seinni tíð hafa húsaleigubætur verið einarðlega studdar af hálfu Alþýðusambandsins. Á nýlegum sambandsstjórnarfundi ASÍ sem haldinn var 24. og

25. nóvember var ályktað um húsaleigubætur og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til laga um húsaleigubætur sem nú liggur fyrir Alþingi er tekið á tveimur mikilvægum atriðum til styrktar leigjendum. Annars vegar er öllum sveitarfélögum gert skylt að greiða húsaleigubætur og hins vegar að bæturnar nái til alls íbúðarhúsnæðis í leigu, án tillits til eignarforms þess. Þrátt fyrir þessar fyrirhuguðu lagabætur verða húsaleigubætur eftir sem áður skattlagðar sem lækkar raungildi bótanna umtalsvert en þó einkum hjá þeim tekjulægstu. Sambandsstjórnarfundur ASÍ skorar á Alþingi að taka inn í hið nýja frv. ákvæði um að húsaleigubætur verði eftirleiðis ekki skattlagðar."

Hér er vísað sérstaklega til hinna tekjulægstu. Ég er hræddur um að hnykkt hefði verið á þessari ályktun ef menn hefðu gert sér grein fyrir því samspili sem hér hefur verið rakið, að þessar breytingar kynnu að leiða til alvarlegrar kjaraskerðingar hjá tekjulágu fólki.

BSRB hefur einnig ályktað um húsaleigubætur. Á 38. þingi BSRB var eftirfarandi ályktað, með leyfi forseta:

„BSRB telur brýnt að ríki og sveitarfélög komist að niðurstöðu varðandi húsaleigubætur þannig að leigjendum verði ekki lengur mismunað eftir búsetu. Leigjendur í félagslega íbúðakerfinu eigi kost á húsaleigubótum og skattlagning þeirra verði afnumin."

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, þá hefur fyrra atriðinu í þessum ályktunum verið náð með þessu lagafrv. en þó að ekki sé við lagasmíðina sem slíka að sakast þá veldur samspilið á milli þessara breytinga annars vegar og ákvarðana í sveitarfélögum um að hækka leigu í félagslegu leiguhúsnæði upp í raunkostnað, útreiknaðan raunkostnað eftir einhverjum formúlum, alvarlegri tekjuskerðingu. Ég vil lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því á vettvangi samtaka launafólks að þessi mál verði nú þegar í stað tekin til rækilegrar skoðunar.

[18:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það að hv. síðasti ræðumaður tekur undir það sem fram kom í mínu máli hér áðan að skoða þurfi sérstaklega hvort stór hópur fólks í leiguíbúðum verði verr settur eftir að frv. þetta verður lögfest. Þetta fer, og ég ítreka það, auðvitað allt eftir framkvæmd sveitarfélaganna, hvort sveitarfélögin bæta þessu fólki upp mismun á húsaleigubótum og það sem skilur á milli varðandi raunkostnaðinn. Og mér finnst ekkert óeðlilegt, eins og hv. þm. nefndi hér áðan, að verkalýðshreyfingin skoði hvernig framkvæmdin á þessum þáttum verður vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur auðvitað látið sig kjör lágtekjufólks og fólks í leiguíbúðum miklu varða.

Ég nefndi áðan að um væri að ræða fjórðung þeirra sem nú búa í félagslegum leiguíbúðum sem hugsanlega detti út af því að þeir skríði yfir þessi tekjumörk og nefndi þar að um væri að ræða 1.100 manns. Ég vil nota þetta tækifæri og leiðrétta það. Hér er um að ræða 550 manns en ekki 1.100 manns og tók ég þar með bæði þá sem eru í félagslegum leiguíbúðum sveitarfélaga og eins þá sem fá húsaleigubætur en það eru ríflega 5.600 manns þannig að rétt skal vera rétt í þessu efni. Ef fjórðungur dettur út, það eru tæplega 2.400 leiguíbúðir, þá er um að ræða 550 manns eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi sem missti algerlega alla niðurgreiðslu, bæði að því er varðar niðurgreiðslu á íbúðunum sjálfum og fá ekki húsaleigubætur. En ég ítreka þakklæti minn til síðasta ræðumanns.

[18:12]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki verða til þess að draga þessa umræðu of mikið á langinn en um sumt finnst mér hún hafa verið býsna einsleit. Hún hefur öll verið í þá áttina að það teljist sjálfsagt og eðlilegt að löggjafinn og síðan framkvæmdarvaldið gefi forskrift, nákvæmlega upp á punkt og prik, hvernig félagslegri aðstoð sé háttað hjá einstökum sveitarfélögum. Ég hef allt aðra skoðun í þessum efnum og tel það enga frágangssök að málum sé skipað með mismunandi hætti í hinum ólíku sveitarfélögum. Mér finnst hins vegar furðulegt að þau orð heyrist hér úr þessum ræðustól að það teljist til geðþóttaákvarðana, eins og einn hv. þm. orðaði það fyrr í dag, þegar einstök sveitarfélög taka um það ákvörðun hvort og með hvaða hætti þau skulu styðja láglaunafólk í sínu sveitarfélagi.

Við tölum um það á hátíðarstundum gjarnan í þessum húsakynnum og raunar víðar að við viljum efla sjálfsforræði sveitarfélaga og styrkja þessa stjórnsýslueiningu í sessi, færa til hennar verkefni og láta sveitarstjórnarmenn standa undir nafni. En þegar til framkvæmdanna kemur, er það gjarnan þannig að sveitarfélögin í landinu og sveitarstjórnarmenn eru mataðir nákvæmlega á því hvernig þeir eigi að standa að sínum verkum. Ég var og er enn fylgjandi því grundvallarfyrirkomulagi sem var við lýði í húsaleigubótunum þar sem sveitarstjórnarmenn höfðu um það ákvörðunarvald hvort þeir teldu þetta bestu leiðina til að styrkja fólk sem ætti undir högg að sækja í sínu sveitarfélagi eða hvort það væri einhver önnur leið að fara eða hvort þeir hefðu yfirleitt áhyggjur af því fólki. Þetta eru nú einu sinni kjörnir fulltrúar fólksins í sveitarstjórnunum, á fjögurra ára fresti og ég treysti fólkinu fullkomlega til þess að kjósa rétt og velja fulltrúa sína í hverju sveitarfélagi fyrir sig og ég treysti sveitarstjórnarmönnum til þess að fara með fjárráð í viðkomandi sveitarfélagi.

Menn hafa nefnt það til að mynda að óþolandi mismunun hafi ríkt í þessu kerfi fyrir tilvist gildandi laga um húsnæðisbætur. Með öðrum orðum, þegar það er ekki orðið lögþvingað að sveitarfélög skuli greiða þessar bætur, þá hafi það verið mismunun gagnvart þegnunum vegna þess að ríkisvaldið hefði lagt til fé. Á bls. 9 í greinargerð með frv. er býsna athyglisverð og upplýsandi tafla um það í hvaða formi stuðningur hins opinbera er vegna íbúðarhúsnæðis fólks. Ef frá eru teknar vaxtabæturnar sem eru skattalegt atriði og ríkissjóður sannarlega stendur skil á, þá er þar um að ræða húsaleigubætur, þá er þar um að ræða kostnað vegna leiguíbúða í eigu hins opinbera, þ.e. óbein niðurgreiðsla og það eru fyrst og síðast og að langmestu leyti leiguíbúðir sveitarfélaga og í þriðja lagi niðurgreiðsla lána Byggingarsjóðs verkamanna vegna félagslegra íbúða. Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en að hvert sveitarfélag fyrir sig taki um það ákvörðun á ári hverju um hversu margar leiguíbúðir það sækir hjá Byggingarsjóði verkamanna. Yfirleitt er nú úthlutað færri en um er sótt en þó er það ekki algilt og sum sveitarfélög sækja ekki um neitt. Hvers konar mismunun er þar á ferðinni? Eigum við þá ekki að stíga þetta skref til fulls og setja hér ítarlega löggjöf um það að sveitarfélögum vítt og breitt um landið beri að byggja svo og svo margar leiguíbúðir fyrir fólk sem stendur höllum fæti og eins að nýta það fjármagn sem er til staðar í Byggingarsjóði verkamanna og því verði jafnað með löggjöf sem hefur áhrif vítt og breitt

um landið? Eigum við þá ekki fremur að hafa samræmi í þessari nálgun málsins en að taka hér einn þátt út?

Ég vil taka það skýrt fram að ég er mjög mikill talsmaður húsaleigubóta og tel þær snaran og mikilvægan þátt í því að létta fólki lífið sem hefur lágar tekjur og oft og tíðum mjög há útgjöld hlutfallslega og krónulega af leigugjöldum og kann ég mörg vond dæmi um það. Ég þekki líka býsna vel til þess hvernig menn reyna að beita einmitt leiguíbúðum til þess að mæta þessari þörf. Í því sveitarfélagi sem ég kem frá beittu menn því ráði og sóttu óhikað um stóra kvóta í því að skapa þennan valkost. En það voru önnur sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sem sinntu því bara engan veginn, höfðu bara engan áhuga á því að fá þetta fólk. Ég þarf ekkert að nefna þessi sveitarfélög. Menn vita nákvæmlega hver þau eru. Eigum við þá ekki að ganga skrefið til fulls og gera þessum sveitarfélögum skylt með lögþvingan að þau byggi svo og svo margar leiguíbúðir samkvæmt láni frá Byggingarsjóði ríkisins eða hafi tiltekið framboð af leiguíbúðum þannig að þau nýti einhvern veginn þá fjármuni sem hér er um að ræða? Mér er næst að halda að sum sveitarfélögin, kannski ekkert allt of langt hér frá okkur, komi til með að hafa býsna lítil útgjöld þó að um lögþvingan sé að ræða því að þau byggja bara sitt munstur þannig upp að það er ekki boðið upp á leiguíbúðir í þeim viðkomandi sveitarfélögum. Þau eru bara að kalla eftir allt öðru fólki þannig að auðvitað verður þessi mismunun ævinlega til staðar, virðulegi forseti og kannski á hún að vera það. Ég sé hérna suma hv. þm. sem sitja mér ekki fjarri sem búa einmitt í þannig sveitarfélögum. Það er ekki þeim að kenna. En þeir búa þar nú samt og það er út af fyrir sig ekkert að því að svona sé í pottinn búið og margir sveitarstjórnarmenn segja það bara fullum fetum. Mér er það til að mynda minnisstætt úr mínu fyrra starfi sem bæjarstjóri í Hafnarfirði þegar ég fékk til mín konu úr sveitarfélagi sem er ekki langt frá mínu sem var send af félagsmálayfirvöldum þar vegna þess að þeir sinntu ekki svona erfiðum málum, en þeir gerðu það í Hafnarfirði. Hvernig ætla menn að uppræta mismunun af þessum toga? Halda menn virkilega að hægt sé að steypa öll sveitarfélög í nákvæmlega sama mót með löggjöf frá hinu háa Alþingi? Dettur mönnum í hug að hægt sé að skipa málum hér í formi frumvarpa og lagasetninga þannig að sveitarfélögin og sveitarstjórnarmennirnir, íhaldið hér, kratarnir þar og kommarnir einhvers staðar fái engu um það ráðið hvers konar samfélag þeir ætla að byggja upp. Við eigum að gefa þeim tök og tækifæri á því og eigum að gæta þess og vara okkur dálítið á því að fara ekki langt inn á þessa slóð. Ég hef dálitlar áhyggjur af því að í þessu frv. gangi menn of langt.

Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi Íslendinga setji rammalöggjöf um þann vilja sinn að þessi valkostur sé til staðar samkvæmt ákveðnum skilgreindum leikreglum. En ég dreg í efa hvort skynsamlegt sé að menn fari niður í þann ramma upp á punkt og prik hverjir eigi að njóta og hverjir ekki. Og eins og fram hefur komið í þessum umræðum þá eru álitamál uppi um það hvort sveitarfélögin þurfi þá ekki á sértækan hátt að koma til móts og jafna þarna eitthvert bil sem kann að verða og það verður ævinlega og alltaf. Og hvar er þá jafnræðið? Hverju hefur þessi lagasetning okkar skilað hvað varðar hina jöfnu stöðu sveitarfélaga á landinu öllu? Eða er réttur fólks jafn til leiguhúsnæðis í Reykjavík og í kjördæmi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þar sem félagslegar íbúðir standa auðar svo tugum skiptir, svo hundruðum skiptir, á sama tíma og biðlistanir hér telja fleiri hundruð ef ekki þúsundir. Eru menn jafnsettir í þessum sveitarfélögum hvað varðar aðgengi að tiltölulega ódýrum og hentugum íbúðum fyrir þeirra fjölskyldur? Nei, auðvitað ekki. Ég er satt að segja hræddur um það að lagasetning af einum eða öðrum toga komi ekki til með að breyta því.

Virðulegi forseti. Þessar vangaveltur mínar má ekki túlka þannig að ég sé að leggjast gegn þessari leið einni, af mörgum, til þess að mæta tekjulágum fjölskyldum. En ég vil hins vegar biðja menn um að gaumgæfa það eilítið þegar menn taka sér þessa frasa í munn og ræða um að það þurfi að upphefja einhverja meinta mismunun milli hinna ólíku sveitarfélaga í landinu. Kjósendur sjálfir taka um það ákvörðun í sínum sveitarfélögum hvort þeir meti það meir að tekjulágu fólki sé tryggð mannsæmandi lífskjör, mannsæmandi íbúðarhúsnæði, eða hvort menn vilja eyða öllum peningunum í að fegra eða malbika. Það eru bara þeir valkostir sem uppi eru. Sveitarstjórnarmenn taka sínar ákvarðanir. Dómurinn verður kveðinn upp af hálfu kjósenda nákvæmlega eins og hér gildir um okkur þannig að við skulum ekki setja okkur, þó hér sé sannarlega um löggjafarsamkundu að ræða, niður í smáatriðastýringu vítt og breitt um landið. Ég er hræddur um að það séu ákveðin takmörk því meðfylgjandi og fagna ég svo andsvörum hér á eftir.

[18:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst ræða hv. þm. býsna athyglisverð og gott að sjónarmið sveitarfélaganna komi inn í þessa umræðu. Hv. þm. hefur reynslu af starfi þar. En ég er litlu nær um það hvað hann vill gera í nákvæmlega þessu máli. Það gilda lög um húsaleigubætur í landinu sem þýða það að sveitarfélögin hafa geta valið um það hvort þau greiða slíkar bætur eða ekki og við vitum, eins og hér kemur fram, að á þessu ári hafa 39 sveitarfélög greitt húsaleigubætur. Þau eru líklega eitthvað um 160 talsins. Það er reyndar erfitt að fylgjast með því þessar vikurnar hversu mörg sveitarfélög eru á landinu því að þeim fækkar stöðugt. Skildi ég það rétt að hv. þm. vildi þá hafa það kerfi áfram eða er hann að leggja til að það verði alfarið á valdi sveitarfélaganna sjálfra að ákveða hvort þau greiða húsaleigubætur og hvernig? Getur hv. þm. skýrt nánar hvaða leið hann vill fara í þessu máli?

[18:25]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski verið óskýr í tali. Já, í fyrsta lagi er ég þeirrar skoðunar að það sé ákaflega heppilegt fyrirkomulag að sveitarfélögin sjálf taki um það ákvörðun hvort þau ætli að greiða húsaleigubætur eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að kjósendur eigi heimtingu á að fá að vita og skynja hvar íhaldið er við völd og hvar það er ekki þannig að það sigli ekki undir fölsku flaggi og þurfi svo að baða sig í þeim sólargeislum sem héðan koma, með öðrum orðum að sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett hvernig og hvort þau ætli að styrkja tekjulágt fólk í sínu sveitarfélagi. Ég nefndi það áðan sem dæmi að þessi lagasetning mun engu breyta eða sáralitlu breyta um tiltekin sveitarfélög vegna þess einfaldlega að það er ekkert leiguhúsnæði þar að hafa og aldrei verið lögð á það áhersla. Og hverju eru menn þá bættari? Þetta eru auðvitað íhaldssveitarfélög sem ég er að nefna.

Mín skoðun er sú einfaldlega að við eigum að setja rammalöggjöf, almennar leikreglur um hvernig húsaleigubætur skulu greiddar í þeim sveitarfélögum sem það vilja og það kjósa og taka um það pólitíska ákvörðun.

[18:26]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði sjónarmið hv. þm. og finnst að það megi alveg skoða að færa valdið algjörlega til íbúa sveitarfélaganna þannig að þeir taki sjálfir ákvörðun um það hvernig þeirra félagslega aðstoð er. Það er hárrétt hjá þingmanninum að það er þannig í ýmsum sveitarfélögum, m.a. í nágrenni Reykjavíkur og við landamæri Reykjavíkur, að afar lítið framboð er á leiguhúsnæði og það hefur í raun og veru markvisst verið unnið að því að ýta í burtu öllum félagslegum vandamálum sem þar koma upp. En við getum spurt okkur hér eins og menn gerðu í gamla daga. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn tala skýrt.) Nú var hv. frammíkallandi að trufla mig. Það sem ég ætlaði að segja að lokum var það hvort stundum sé nú ekki nauðsynlegt að hafa vit fyrir íhaldinu.

[18:27]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal bara taka undir það síðasta en það breytir ekki minni skoðun.

[18:27]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vill tryggja sjálfstæði sveitarfélaga. Ég er honum sammála um það. En ég er hins vegar sammála því sjónarmiði sem kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að líta beri á þessa löggjöf og réttinn til húsaleigubóta sem réttindalöggjöf, sem löggjöf til að tryggja réttindi einstaklingsins og það eigi ekki að vera háð geðþóttavaldi sveitarstjórnanna hvort einstaklingarnir og fjölskyldurnar njóta þessara réttinda. Jafnvel þó við viljum að íhaldið sýni sitt rétta andlit þar sem það er við völd, þá viljum við jafnframt tryggja hag og rétt þeirra sem eru svo ólánssamir að búa við slíkt stjórnarfar. Ég vil líta á þennan rétt á svipaðan hátt og aðrar greiðslur í millifærslukerfinu sem eru til að jafna kjörin, t.d. barnabætur og húsnæðisbætur. Ég lít svo á að húsaleigubætur eigi að vera sams konar og húsnæðisbæturnar eða vaxtabæturnar öllu heldur, að þetta sé stuðningur við fólk sem er að afla sér húsnæðis og að ekki eigi að gera þann greinarmun sem hefur verið gerður eftir því hvaða eignarform fólk velur sér eða hafnar í. Sumir eiga ekki annarra kosta völ en að vera í leiguhúsnæði. Aðrir gera það að eigin vali. Þótt ég sé hv. þm. sammála um að að efla beri sjálfstæði sveitarfélaga þá er ég ósammála honum um að það eigi að taka til þessara réttinda.

[18:29]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef við erum að tala um grunnréttindi og réttindalöggjöf þá dugir ekki það eitt að skapa hér fjármagn til þess að greiða húsaleigubætur. Þá verður löggjöfin einnig að taka til þess að hæfilegt framboð sé af leiguhúsnæði fyrir þá sem það kjósa. Og hvernig ætlar hv. þm. að gera það? Það er ekki eingöngu nóg að segja: „Húsaleigubætur verða greiddar." En viðkomandi aðili sem vill gjarnan nota sér þennan valkost hvað varðar íbúðarhúsnæði getur það ekki vegna þess að framboðið er ekkert. Og þá á sama hátt, af því að við erum að tala hér um grunnréttindi sem ég skal fyllilega taka undir að mörgu leyti að hér er um að ræða, þá verðum við líka að láta það, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, ná yfir félagslega íbúðarhúsnæðið og gera sveitarfélögum þar, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, að hafa tiltekið framboð í félagslega íbúðakerfinu, af kaupleiguíbúðum, af verkamannabústöðum í gamla kerfinu, af almennum leigíbúðum á hendi sveitarfélaganna og af leiguíbúðum á almennum markaði. Þá skulum við líka fara alla leiðina í þessari leit okkar í því að tryggja rétt vinnandi fólks til þess að hafa fullnægjandi þak yfir höfuðið. Ég skal með glöðu geði taka þátt í tilraunum til þess. En á meðan það er ekki þá er dálítið erfitt að taka einn þátt út úr. Það eru mín viðmið. En maður lifandi, virðulegi forseti, ég skal fyrstur allra verða til þess að reyna að tryggja þennan grunnrétt fólks. En hann skal þá vera jafnaður um landið allt.

[18:31]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega að ítreka þá afstöðu mína að fólk eigi ekki að gjalda þess þótt Íhaldið, með stórum staf, sé við stjórn í sveitarfélögum. Það er rétt hjá hv. þm. að það er komið undir pólitískum viðhorfum á hverjum stað hvort ráðist er í félagslegar íbúðarbyggingar og hvert framboðið er. Hins vegar nýtur fólk húsaleigubóta og hefur einvörðungu verið að njóta húsaleigubóta í gegnum húsnæði á einkamarkaði. Þannig að mismunun er margföld. Meira hef ég í rauninni ekki að segja um þetta að sinni.

[18:32]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. þm. sagði hér áðan. Auðvitað geldur fólk þess alltaf þegar íhaldið er við stjórn, hvort sem það er í sveitarstjórnarpólitík eða í landsstjórninni. Það verður ekkert öðruvísi. Þó hér séum við sannarlega að ræða mál sem kannski er undantekning frá reglunni hjá þessari andfélagslegu ríkisstjórn sem er hér við lýði og við öll af vilja gerð til þess að sníða verstu agnúana af, þá eru grundvallarréttindi almennings í landinu of oft fyrir borð borin. Það er vegna þess að íhaldið er við stjórn, og hefur stundum allt of leiðitama með sér eins og nú er.

[18:33]

**Guðrún Helgadóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða mikið þjóðþrifamál sem varðar þúsundir landsmanna — húsaleigubætur. Menn hafa haldið hér margar góða ræður og en nú er staða fundarins orðin sú að þetta er bara eins og fundur í Alþb. þar sem nokkrir aðvífandi gestir hafa dottið inn. Og mér dettur nú í hug, hæstv. forseti, hvernig menn hafa talað hér um að koma vitinu fyrir íhaldið og talað um að íhaldið sýni sitt rétta andlit. Það er ekki gott að horfa framan í þau andlit hér því þau eru engin. Ég tel að síst af öllu sé nauðsynlegt að koma viti fyrir hæstv. forseta, sem ekki einu sinni getur varið félagshyggjuöflin í Garðabæ sökum starfa sinna sem forseti þingsins. Ég vildi mælast til þess, eða spyrja hæstv. forseta, hvort við megum ekki bara ræða þetta á fundi yfir kaffi, við félagshyggjufólkið, og leyfa hæstv. félmrh. sem hefur setið hér einn og yfirgefinn, án allra liðsmanna hvort sem er úr Framsfl. eða Sjálfstfl., að fara bara heim að borða. Við getum spjallað um þetta okkar á milli og vildi ég mælast til þess, hæstv. forseti, þar sem klukkan er farin að halla í sjö, að við stjórnarandstaðan hættum að spjalla saman hér. Það er ekki við neinn að ræða nema hæstv. félmrh. og mér sýnist hann ósköp einn og yfirgefinn hér á hinu háa Alþingi í augnablikinu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hefur heyrt þessar hugmyndir en hyggst nú halda áfram þessari umræðu og sér ekki betur en þeir sem tekið hafa til máls njóti bara vel þess sem þeir segja. Allt er þetta tekið upp á band og kemst vafalaust til skila.)

[18:35]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Jafnvel þó hér séu ekki margir stjórnarliðar staddir þá er ég ekkert einmana og finn mig alveg fullburðugan til þess að halda uppi málflutningi einsamall fyrir því ágæta máli sem hér er til umræðu. Ég er frekar stoltur af því en hitt og þarf enga hjálp við það.

Ég mótmæli því algerlega sem hér var sagt áðan að í ríkisstjórninni væru einhver andfélagsleg viðhorf ríkjandi. Það er nú síður en svo og þetta frv. er eitt af merkjum þess hve félagsleg viðhorf eiga þar upp á pallborðið.

Eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er ég talsmaður fyrir sjálfstæði sveitarfélaga en ég tel að réttmætt sé að gera greiðslu húsaleigubóta að skyldu og gefa sveitarfélögunum fyrirmæli um það í lögum. Mér fannst hv. þm. sanna það óbeint með tölu sinni um nágrannasveitarfélagið sem styggir frá sér fólkið að þrátt fyrir að sjálfstæði sveitarfélaga sé mikilvægt þá er ástæða til þess að hnippa í a.m.k. sum sveitarfélög svo þau sinni þessum málum betur hjá sér. Ég tel að þetta frv. gangi ekki of langt, eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánssonýjaði að, en þó vildi hann gera að skyldu að nágrannasveitarfélagið byggði meira af leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði. Mér finnst vera þversögn í þessu hjá honum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um markaðsvæðingu leigugjaldsins. Við getum ekki gefið sveitarfélögunum fyrirmæli um leigufjárhæðir. Það væri að grípa fram fyrir hendur þeirra. Við getum ekki skyldað þau til þess að leigja húsnæði á einhverju ákveðnu verði en ég minni á að íbúarnir í hverju sveitarfélagi eiga sinn félagslega rétt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og þeir eiga að geta sótt hann. Ef í hart fer geta þeir leitað til úrskurðarnefndar um félagsþjónustu, telji þeir sig fá ófullnægjandi afgreiðslu í sínu sveitarfélagi. Félagsmálastofnanir hafa ákveðnar skyldur við fólkið og ef sveitarfélagið keyrir upp leigu í ósæmilegum takti þá verður það auðvitað bara til þess að íþyngja félagsmálastofnun viðkomandi sveitarfélags þegar leigjendurnir hafa ekki fjármuni til þess að lifa af.

Ég tel að þetta með skattfrelsið hjálpi ekki hinum tekjulægstu. Þeir eru skattlausir hvort sem er. Þar af leiðir að mér geðjast ekki illa að þessari aðferð sem við hyggjumst nota núna. Út af fyrir sig er verið að sækja vatnið yfir lækinn — að borga skatt og borga hann svo til baka. Það að hafa húsaleigubætur skattfrjálsar hjálpar ekki hinum tekjulægstu, sem eru undir skattleysismörkum en það er hins vegar hjálp fyrir þá einstaklinga sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum.

Hv. 14. þm. Reykv. spurði hversu brýnt það væri að þetta frv. yrði að lögum fyrir áramót. Það er mjög brýnt því húsaleigubæturnar eru í vindinum ef þetta verður ekki að lögum. Skattaþátturinn er ekki í þessu frv., enda á hann ekki heima þar, þannig að ef gera þyrfti lagabreytingar út af skattamálum þá yrði það að vera flutt í öðru frv. af hæstv. fjmrh.

Ég á von á því að það náist samkomulag um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga núna um helgina. Ég er búinn að boða samráðsfund ríkis og sveitarfélaga á mánudaginn kemur kl. 9.30 og vænti þess að þá geti legið fyrir fullbúið samkomulag. Það er ekki mikið sem út af stendur. Við höfum verið að vinna í þessu baki brotnu undanfarið til að ná saman. Það er um mikil fjármálaleg samskipti að ræða og ég á von á því að við séum komnir það langt að þetta muni takast.

Það er rétt að hafa það í huga og ég viðurkenni að þetta frv. kemur of seint til umræðu, en það er rétt að upplýsa það að frv. fór úr ráðuneytinu einhvern fyrstu daganna í nóvember. Ég hef ekki nákvæma dagsetningu. Af sérstökum ástæðum kom það ekki til útbýtingar hér í Alþingi fyrr en 19. nóvember. Ég hef ekki fengið að mæla fyrir því fyrr en nú sem mér þykir mjög slæmt, því ég lagði mikla áherslu á að ég yrði að fá að tala fyrir þessu máli fyrir nefndavikuna svo menn lentu ekki í tímaþröng. Ég tel samt að hægt sé að afgreiða málið fyrir jól ef menn vilja.

Menn hafa verið að velta fyrir sér hvort ástæða væri til að hafa þetta verkefni á vegum sveitarfélaganna eða á vegum ríkisins. Stefnan er sú að reyna að hreinsa út þetta bix og skipta verkunum upp á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ríkið sjái þá um ákveðin verkefni en sveitarfélögin alfarið um önnur. Ríkið er að taka yfir viðhald og nýbyggingar á framhaldsskólunum, á sjúkrastofnununum og er búið að taka við vinnumiðlunum. Sveitarfélögin taka líka við verkefnum, kostnaði vegna fatlaðra barna í leikskólum og húsaleigubótunum. Ég tel að húsaleigubætur séu alveg dæmigert nærverkefni og engir séu betri en heimamenn á hverjum stað til að meta þörfina fyrir húsaleigubætur. Það á að vera meiri þekking og á að vera betri yfirsýn hjá sveitarstjórn. Ég tel einmitt að félagsmálanefndir, sem eins og segir í frv. er að jafnaði ætlað að annast þetta verkefni, séu best til þess fallnar. Sveitarfélögin eru ekki skyldug til þess arna, það er hægt að fela þetta húsnæðisnefnd. Ég tel hins vegar að það sé miklu eðlilegra að það sé félagsmálanefndin því hún á að vita allra gleggst um ástæður hinna verst settu. Mér finnst eðlilegt að það sé sá aðili sem hefur fingurinn á púlsinum sem um þetta fjallar. Hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, tók reyndar undir það að þetta væri dæmigert nærverkefni.

Út af því sem hv. 5. þm. Reykn. sagði vil ég taka fram að ég tel að grunnskólayfirfærslan hafi gengið vel og ríki og sveitarfélög hafi gert réttlátan samning. Ríkið borgaði eðlilega með grunnskólanum, sama hvað hver segir. Ríkið lagði fram fé með grunnskólanum til þess að reka hann síðasta árið sem ríkið rak hann og þar að auki til þess að standa undir kostnaði við lögbundin áform um einsetningu og fjölgun kennsludaga, til að standa undir launahækkun sem samið var um 1995 og ekki var komin til framkvæmda og til þess að standa undir launhækkun 1997 eins og aðrar stéttir fengju, þ.e. í takt við aðrar stéttir.

Til þess að standa undir þessu fá sveitarfélögin aukna hlutdeild í staðgreiðslunni. Í staðinn fyrir 9,20% verða þau búin að fá 12,04% eftir næstu áramót. Þau hafa 11,98% núna. Og þetta á að duga. Ég held að dæmið hafi verið gert eðlilega upp. Nú sömdu sveitarfélögin við kennara um hærri prósentuhækkun en aðrar stéttir fengu og það var þeirra mál. Þau sömdu sem sjálfstæðir samningsaðilar og það er ekki hægt að senda ríkinu bakreikning út af því. Einstakir skólar og skólar í einstökum sveitarfélögum verða leiðréttir eftir á ef um einhvern vanútreikning hefur verið að ræða og það er gert. Það er farið mjög vandlega ofan í þetta hjá jöfnununarsjóði og allir fá leiðréttingu ef þeir eiga rétt á henni. Hitt er svo annað mál að sum sveitarfélögin hafa tekið við þessu verkefni af miklum metnaði og kostað miklu meira til grunnskólans en þau gerðu. Settar hafa verið upp skólaskrifstofur sem taka við af fræðsluskrifstofum og veita miklu meiri þjónustu og það er bara á valdi sveitarfélaganna sjálfra.

Hv. 5. þm. Reykn. hafði áhyggjur af því að sum sveitar-

félög hefðu ekkert gagn af þessu með framhaldsskólana, þ.e. að ríkið yfirtæki þá. Nú veit ég það ekki nákvæmlega, en það er a.m.k. svo í mínu kjördæmi að öll sveitarfélögin, bæði stór og smá, eiga aðild að Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki og það kemur þeim öllum til góða ef af þeim er létt viðhaldi varðandi hann.

Hv. 5. þm. Vestf., Kristinn Gunnarsson, hafði áhyggjur af því að félmrh. hefði ekki nægilegt reglugerðavald. Ég hef ekki áhyggjur af því því eins og segir í frv. þá skal félmrh. setja reglugerðina og það er ekkert verið að taka það reglugerðavald af honum. En það er tekið fram í textanum að hann skuli hafa samráð við sveitarfélögin um málið. Það finnst mér vera eðlilegasti hlutur í heimi og mér mundi bara ekki detta í hug að setja reglugerð í trássi við sveitarfélögin um verkefni sem er komið til sveitarfélaganna. Það væri um annað ræða ef þetta væru verkefni sem ætti að kosta alfarið af ríkinu. Þá þættist ég kannski ekki endilega þurfa að leita sérstaklega álits sveitarfélaganna en úrslitavaldið er hjá ráðherra. (**KHG:** Af hverju þarf að skylda þig til að hafa samráð við ...) Ég tek það ekkert nærri mér þó þessar línur séu þarna í frumvarpsgreininni. Ég man ekki betur en að það sé svoleiðis í mörgum öðrum lögum að ráðherra skuli leita samráðs við viðkomandi aðila. Ég held að það sé alveg tryggt að þetta sé víðar. Í öllu falli finnst mér eðlilegt að það sé þarna.

Varðandi aðfinnslur hv. þm. um 14. gr. þá segir þar, með leyfi forseta:

„Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta eða stöðva bótagreiðslur ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda."

Húsaleigubætur eru til þess að hjálpa fólki til þess að komast í húsnæði en ekki veittar sem annars konar félagsleg aðstoð og mér finnst ekkert óeðlilegt við það þó að gert sé að skilyrði að fólkið sem tekur við húsaleigubótunum noti þær til þess að tryggja sér þak yfir höfuðið. Það er hugsunin með bótunum, ekki að það sé félagsleg aðstoð til annarra hluta. Hana þarf að taka með öðruvísi.

Varðandi þetta með andlát leigjandans þá hef ég ekki trú á því að nokkur taki húsaleigubæturnar með sér yfir um en það getur verið álitamál hvað á að borga húsaleigubætur lengi eftir að viðkomandi leigjandi er dáinn. Mér finnst ekkert óeðlilegt þó að þarna sé settur einhver tímafrestur.

Mér fannst nú hv. 13. þm. Reykv. mála skrattann á vegginn eins og einstöku sinnum áður. Ég hélt reyndar að hv. þm. yrði mjög ánægð með þetta frv. því raunverulega eru skornir af í því þeir agnúar sem voru á lögunum sem hún lagði fram. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að verða búinn. Tekjuhærri og ríkari íbúar sveitarfélaga geta fengið lækkun. Því er ekki að leyna. En það er ekki ástæða til að hjálpa þeim sérstaklega. Húsaleigubæturnar eru fyrir tekjulágt og eignalítið fólk, ekki fyrir þá sem eru betur settir. Þeir eiga að geta bjargað sér öðruvísi.

[18:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni um það hvort þessi breyting hefði áhrif á sérstaka uppbót í tryggingakerfinu þar sem tekið er tillit til verulegs húsaleigukostnaðar hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Hann svaraði ekki heldur spurningu um þær breytingar sem er verið að gera þar sem í stað orðsins tryggingabætur er talað um að átt sé við bætur almannatrygginga. Er verið að fella brott að barnabætur hafi áhrif til skerðingar á húsaleigubótum?

Mér komu satt að segja mjög á óvart orð hæstv. ráðherra hér áðan. Hann virðist engar áhyggjur hafa af því, hæstv. forseti, þó fjórðungur þeirra sem nú eru í leiguíbúðum hjá sveitarfélögum, 550 manns, falli bara brott úr kerfinu, fái hvorki niðurgreitt leiguhúsnæði né húsaleigubætur. Samt getur þetta verið stór hópur sem rétt skríður yfir tekjumörkin en það þarf allt í einu að standa uppi með að borga 15–20 þús. kr. hærri leigu. Ég er bara gáttuð, herra forseti, á hæstv. ráðherra. Auðvitað er hægt að breyta þessari stöðu og ráðherra getur haft áhrif á hana ef framlag til sveitarfélaganna við þessa breytingu verður ekki 200 milljónir eins og nú er áformað heldur 400 milljónir sem var samkomulag um þegar þetta kerfi fór af stað. Þá gætu sveitarfélögin bætt fólki upp þann mismun sem myndast nú.

Varðandi skattfrelsið, þá finnst mér það uppgjöf hjá hæstv. ráðherra þegar hann segir að það sé allt í lagi að þetta skuli vera skattskylt áfram. Ég nefndi það að fólk sem er með tekjur undir 900 þús. kr. sem er nú ekki tekjuhátt fólk, þarf að borga núna 16 þús. kr. í þennan mismun en mundi þurfa að borga 12 þús. ef tekjurnar væru ekki skattskyldar. Hér er því um verulegan mun að ræða. Það á ekki bara að horfa á þann hóp sem er undir skattfrelsismörkum heldur hinn sem er rétt fyrir ofan og er ekkert annað en lágtekjufólk. Fólk með 700 þús. til 1 milljón er ekkert annað en lágtekjufólk.

Í lokin, herra forseti. Það er ekki búið að ná neinu samkomulagi við sveitarfélögin. Það á að reyna að gera það í næstu viku. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ef ekki næst samkomulag við sveitarfélögin um þessi fjárhagslegu samskipti og um skattfrelsi bótanna, mun hæstv. ráðherra, þrátt fyrir það, knýja þetta frv. í gegnum þingið?

[18:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sökum tímaskort komst ég ekki til þess að svara því sem hv. 13. þm. Reykv. spurði mig um. Ég tel að ekki sé verið að skerða eða fella brott og það er ekki hugsunin í þessu. Sjálfsagt er að athuga það í nefndinni hvort frekari varnagla þurfi. Bætur almannatrygginga eiga ekki að skerða.

Ef 550 íbúar í leiguhúsnæði sveitarfélaga eru vel staðir þá er það gott. Þeir hafa væntanlega farið þar inn illa staðir. En sem betur fer getur ræst úr fyrir fólki og það er bara mjög gott og þá þarfnast það ekki sérstakrar hjálpar. Það er eðlilegra að beina aðstoðinni til þeirra sem virkilega þurfa á henni að halda.

Hv. þm. spurði hvort ég mundi knýja þetta frv. fram ef ekki næðist samkomulag um fjármálaleg samskipti. Ég tel að nú séu yfirgnæfandi líkur, sem betur fer, til þess að viðunandi samkomulag náist sem við getum gengið frá og ég treysti því að áður en 2. umr. fer fram um málið, verði það komið.

[18:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það virkilega svo að hæstv. félmrh. líti á fólk sem nú dettur kannski út úr kerfinu, 550 manns, sem vel stætt þó það kannski rétt skríði yfir tekjumörkin í húsaleigubótakerfinu hjá sveitarfélögum til þess að fá félagslegar leiguíbúðir? Hvaða tekjumörk erum við að tala um? Við erum að tala um 1,2 millj. í árstekjur og upp í 2,4 því þá fellur það niður. Við erum kannski að tala um fjögurra til sex manna fjölskyldur. Er það virkilega svo að hæstv. ráðherra telji að þetta sé vel stætt fólk, sem þurfi enga niðurgreiðslu

og hann hafi engar áhyggjur af þó að við framkvæmd þessara laga sé það sett út á kaldan klaka. Og að teknar séu frá þessu fólki bætur sem nema kannski 15–20 þús. kr., sem er kannski 20–25% af ráðstöfunartekjum þess á mánuði. Mér finnst þetta vægast sagt mjög sérkennilegur málflutningur og trúi varla mínum eigin eyrum ef ráðherrann telur þetta vera allt í lagi. Þá hef ég náttúrlega ekki miklar vonir til þess að ráðherrann beiti sér fyrir því að sveitarfélögin fái eðlileg framlög til sín við þessa breytingu sem ætti að lágmarki að vera 400 milljónir þegar verið er að víkka út kerfið. Það á að svelta þau og láta þau kannski ekki fá nema 200 milljónir. Og því sé ég ekki að þau verði í stakk búin til þess að bæta fólki upp þennan mismun.

Ég spái því, herra forseti — ég tala nú ekki um ef verkalýðshreyfingin fer að skoða þetta mál eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hér áðan — að það muni heyrast í fólki hér úti í þjóðfélaginu ef framkvæmdin verður eins og ég hef hér lýst, að það sé verið að rífa af fólki 15–20 þús. kr. á mánuði sem það hefur til framfærslu heimila sinna. Og að það komi þá ekki við kjör þessa fólks sem ráðherra segir hér að sé vel stætt og liggur í hans orðum að þurfi ekkert að hjálpa. Ja, svei.

[18:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að þeir þröskuldar sem eru í þessu húsaleigubótakerfi voru búnir til af hv. þm. sjálfum, þ.e. hv. 13. þm. Reykv., þegar hún var ráðherra. Þá þóttu henni þeir ... (**JóhS:** Þú hefðir getað breytt ...) Ég hefði getað breytt þeim. En þeir eru þarna fyrir tilverknað hv. þm. Og ef þeir voru passlegir meðan hún var ráðherra þá tel ég að það hljóti að hafa verið vel hugsað fyrir leigjendunum og það eigi vera sæmilega fyrir því séð.

Þessar 200 milljónir sem ætlaðar hafa verið frá ríkinu til húsaleigubóta hafa ekki gengið út enn þá. Ríkishlutinn í húsaleigubótunum hefur aldrei náð 200 milljónum. (**JóhS:** En nú er verið að víkka út kerfið.) Nú er verið að víkka út kerfið. Það hefur komið hér fram að það eru reyndar 80% leigjenda sem búnir eru að fá húsaleigubætur. Það víkkar út um 20% og það er séð fyrir því í þessu uppkasti að samkomulagi sem við erum að gera við sveitarfélögin.

[19:00]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef húsaleigubætur eru dæmigert nærverkefni, verkefni fyrir sveitarfélög eins og hæstv. félmrh. sagði, hvað þá um vaxtabætur? Og hvers vegna að gera þann greinarmun sem í raun er gerður á milli þeirrar aðstoðar við þá sem eru að afla sér húsnæðis? Ríkið ver yfir 3 milljörðum kr., 3.300 milljónum í vaxtabætur en þegar skattar hafa verið dregnir frá, aðeins rúmlega 200 milljónum í húsaleigubætur. Munurinn á fjárhæðum er mikill en í ofanálag kemur skattaleg mismunun, vaxtabæturnar eru undanþegnar skatti en húsaleigubæturnar ekki. Þetta er nokkuð sem hér hefur verið gagnrýnt en spurning mín er þessi: Hvers vegna á þetta þá ekki allt heima sem nærverkefni? Ég tel að þetta eigi allt að vera á hendi ríkisins.

Meginástæðan fyrir því að ég kom hingað upp er þessi: Hæstv. félmrh. lýsti því yfir áðan að fyrir dyrum stæðu viðræður við sveitarfélögin um þessi mál. Nú hefur komið fram að samspil þessara lagabreytinga og breytinga á húsaleigu hjá ýmsum sveitarfélögum gæti valdið því, þótt ekki sé við þessa lagasmíð sérstaklega að sakast þá ber engu að síður að skýra þessar breytingar í ljósi hennar, að tekjulágt fólk verði fyrir tekjuskerðingu upp á 10–15 þús. kr. á mánuði, þegar allur pakkinn er skoðaður. Þessu hefur verið haldið fram hér. Ef þetta reynist rétt, ætlar þá hæstv. félmrh. að endurskoða þessa lagasmíð í ljósi niðurstöðu þeirra viðræðna sem í hönd fara við Samband íslenskra sveitarfélaga eða þau sveitarfélög sem hann ætlar að ræða við á næstu dögum?

[19:02]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst töluverður munur á vaxtabótum og húsaleigubótum. Vaxtabæturnar eru t.d. greiddar eftir á og samkvæmt löngu gerðu skattframtali. Húsaleigubætur eru greiddar jafnóðum. Mér finnst að það sé alls ekki líku saman að jafna — vaxtabótum og húsaleigubótum. Ég tel reyndar að útgreiðsla vaxtabótanna sé mjög óeðlileg og óheppileg og það ætti að greiða þær með öðrum hætti, a.m.k. að oftar á árinu en einu sinni.

Viðræður við sveitarfélögin standa yfir. Og eins og ég er búinn að margtaka fram þá vænti ég þess að þeim verði lokið innan skamms.

Ég tel að það séu bara ágiskanir, væntanlega og vonandi úr lausu lofti gripnar sem hér hafa komið fram um einhverja verulega tekjuskerðingu. Tekjuskerðing verður a.m.k. ekki hjá tekjulægsta fólkinu og við getum þó huggað okkur við það. Ég ræð að vísu ekki við sveitarfélögin og get ekki gefið þeim fyrirmæli um það að þau skuli leigja á ákveðnu verði. Hér kom fram aldeilis furðuleg kenning um það að leigan væru 20 þús. kr. lægri í Kópavogi en í Reykjavík. Ég hef bæði búið í Kópavogi og Reykjavík og ég varð ekki var við að þessi mikli munur væri á leigufjárhæðum. Ég trúi því bara hreinlega ekki að íbúðir sem kosta 50 þús. kr. á mánuði hér í Reykjavík séu leigðar á 30 þús. kr. hinum megin við Fossvoginn.

[19:04]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að framkvæmdin er ólík varðandi greiðslu á vaxtabótum og húsaleigubótum en grunnhugsunin er hin sama. Við erum að styrkja fólk til að afla húsnæðis og spurningin er á herðum hvers það eigi að hvíla, hvort það eigi að vera sveitarfélög eða ríkið. Ég er á þeirri skoðun að það eigi að vera ríkið sem standi þar að baki og þetta eigi að vera réttur einstaklingsins og ekki komið undir búsetu hvernig hann er nýttur.

Það er ekki rétt hjá hæstv. félmrh., ef þær tölur sem hér voru settar fram í umræðu um málið, að tekjulægsta fólkið verði ekki fyrir skerðingu. Fyrir því voru færð rök og komið fram með tölur sem lutu að því að fólk í leiguhúsnæði, með undir einni milljón kr. í árstekjur, sem nú þyrfti að greiða raunvexti af þessu húsnæði, yrði fyrir tekjuskerðingu upp á 10–15 þús. kr. á mánuði nema viðkomandi sveitarfélög hlypu undir bagga með einhverjum öðrum hætti. Fyrir því höfum við ekki neina vissu og þess vegna er spurning mín: Mun hæstv. ráðherra taka þessi mál upp, og í þessu samhengi, í viðræðum við sveitarfélögin? Tilgangurinn með öllum þessum breytingum hlýtur að vera sá að bæta hag leigjenda og bæta sérstaklega hag þess fólks sem býr við lægstu kjörin og leigir jafnframt. Ef það kemur í ljós að þessu meginmarkmiði sé í hættu stefnt verður þá ekki þessi lagasmíð endurskoðuð og í framhaldi af henni þá væntanlega einnig fyrirhugaðar ráðstafanir sveitarfélaganna? Hæstv. félmrh.,

sem við skulum ætla að sé að hugsa um hag þessa fólks, verða þær ákvarðanir ekki endurskoðaðar?

[19:06]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða hér um húsaleigubætur og þær eru nærverkefni. Hvað varðar samspil húsaleigubótanna og hugsanlegra leigufjárhæða hjá einstökum sveitarfélögum þá get ég ekki ráðskast með sveitarstjórnirnar. Ég treysti því hins vegar að sveitarstjórnirnar hugsi sér ekki að fara að níðast á leigjendum. Og mér kæmi það mjög á óvart, sérstaklega á kosningaári, ef svo færi. En ég mun auðvitað fylgjast með þessari þróun, hvernig þessi markaður þróast. Auðvitað hlýt ég að fylgjast með því. Ég skal ekki segja til hvaða ráða maður mundi grípa ef eitthvað færi á skjön en ég sé ekki ástæðu til þess að óttast að það verði vegna þess að ég hef óbilandi traust á sveitarstjórnunum, tortryggi þær ekki. Ég tel að þess hafi gætt of mikið í þessari umræðu, mikils vantrausts á sveitarfélögunum, að það sé eitthvert takmark hjá þeim að rífa leiguna upp úr öllu valdi hjá þeim sem búa í íbúðum sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:08]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárfestingaráform í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, 336. mál, fsp. JóhS, þskj. 423.

Umferðarlög, 337. mál, fsp. TIO, þskj. 424.

## *Virðisaukaskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 98, nál. 393, brtt. 394.

[19:09]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. efh.- og viðskn. um 98. mál, um virðisaukaskatt.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum virðisaukaskattslaga um skattskyldu vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila. Frá 1. júlí þessa árs hafa gilt nýjar og strangari reglur um slíka sölu sem hafa sætt gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila. Hér eru þær reglur endurskoðaðar og þeim breytt þannig að heimildin sem nú tekur til endurgreiðslna til erlendra ferðamanna vegna kaupa á vörum hér á landi nær einnig til aðila sem eru búsettir erlendis.

Efh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt en það eru gerðar á því nokkrar veigamiklar breytingar. Í fyrsta lagi er í núgildandi lögum gert ráð fyrir því sem skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi í bókhaldi seljanda vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi kaupanda. Þetta ákvæði er fellt niður. Að mati nefndarinnar er um of ströng ákvæði að ræða og ekki sambærilegt við það sem gerist í öðrum löndum. Nefndin telur að önnur ákvæði í löggjöfinni tryggi nægjanlegt eftirlit með þessum þáttum. Einnig má geta þess að þeim ákvæðum skattalaga sem heimila skattyfirvöldum eðlilegt eftirlit með slíkri starfsemi er í engu breytt.

Í öðru lagi er gildistökuákvæði breytt í frv. Nýju reglurnar fólu í sér afdráttarlausari ákvæði um skattskyldu og ákvörðun hennar en áður höfðu gilt. Í ljósi þess að þessar reglur eru nú endurskoðaðar og það hefði valdið ruglingi bæði fyrir innlenda og erlenda aðila ef þær hefðu verið látnar gilda í örfáa mánuði, er lagt til að ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. frv., um sölu á þjónustu til erlendra aðila, verði afturvirkt og gildi frá 1. júlí 1997. Að öðru leyti leggur nefndin til að lögin öðlist þegar gildi með hefðbundnum hætti.

Efh.- og viðskn. flytur brtt. í þá átt sem ég lýsti á þskj. 394 og leggur til að frv. verði samþykkt með þessum brtt. Það er öll efh.- og viðskn. sem ritar undir þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hlutafélög, 2. umr.*

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 147, nál. 395.

[19:12]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn., á þskj. 395, um 147. mál sem er stjfrv. um hlutafélög.

Í frv. eru lagðar til breytingar á hlutafélagalögum, vegna athugasemdar Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laganna og félagsréttartilskipunarinnar en þær eru hluti af EES-samningnum.

Þetta eru einfaldar lagfæringar, tæknilegs eðlis, sem er nauðsynlegt að fella inn í löggjöf okkar.

Í öðru lagi er lagt til í frv. að samræma hlutafjárlöggjöfina fyrirhugaðri setningu laga um rafræna skráningu verðbréfa sem heimila rafræna útgáfu hlutabréfa. Það er fellt inn í þetta frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt en þó þannig að nefndin flytur tvær brtt. sem eru alfarið tæknilegs eðlis. Önnur er um prentvillu, að í stað orðsins handhafa komi hluthafa. Í öðru lagi var röng tilvísun í tiltekna lagagrein. Nefndin leggur til að þær brtt. verði samþykktar en frv. að öðru leyti samþykkt.

Að þessu nál. standa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Einkahlutafélög, 2. umr.*

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148, nál. 396.

[19:14]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. frá efh.- viðskn., um stjfrv. um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

Þetta er sambærilegt frv. við það sem ég gerði grein fyrir áðan, þ.e. um breytingu á lögum um hlutafélög. Löggjöfin um félagarekstur hér á landi er í tveimur lagabálkum, annars vegar löggjöf um hlutafélög og hins vegar löggjöf um einkahlutafélög. Til að gæta samræmis eru lagðar til sambærilegar breytingar og ég gerði grein fyrir áðan, þ.e. að tekið sé tillit til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og löggjöfin færð í þann búning sem svarar til EES-samningsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Landafundir Íslendinga, síðari umr.*

Þáltill. SvG, 12. mál. — Þskj. 12, nál. 412.

[19:15]

**Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Utanrmn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um að minnast landafunda Íslendinga sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur flutt hér.

Nefndin fékk á sinn fund til þess að ræða þessi mál tvo ráðuneytisstjóra, annars vegar Ólaf Davíðsson úr forsætisráðuneytinu og hins vegar Helga Ágústsson úr utanríkisráðuneytinu og aflaði sér með því upplýsinga um hvernig ætlunin er að standa að því að minnast þessara landafunda árið 2000 af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það er ljóst af þeim upplýsingum sem fram komu í nefndinni að ríkisstjórnin er með ýmislegt á prjónunum í því efni og m.a. mun ætlunin að setja sérstaka nefnd á laggirnar á næstunni til þess að sinna því máli af myndarskap.

Við í nefndinni fögnum því að vinna í þessu efni er hafin með þeim hætti sem raun ber vitni og teljum að það sem fram er komið í því máli sýni að ríkisstjórnin hyggst taka á þessu máli af myndarskap og reisn. Við teljum reyndar eðlilegt að það sé ríkisstjórnin sem hafi forgöngu í þessu máli þó eðlilega komi Alþingi að því í gegnum fjárveitingar og þess háttar og hugsanlega einnig á annan hátt þegar nær dregur.

Við segjum í nál. að við teljum, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu í máli ráðuneytisstjóranna, að þessi mál séu í eðlilegum farvegi nú þegar undir forustu ríkisstjórnarinnar. Við bendum á nokkur verkefni sem hugsanlegt sé að ráðast í. Auk þess að styðja kynningarverkefni af ýmsu tagi í Norður-Ameríku þá er bent á hugmyndir um endurreisn Eiríksbæjar í Dalasýslu og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi þar sem jafnframt er reyndar einnig Eiríksbær, þ.e. annar bær Eiríks, og enn fremur bendum við á áform um hugsanlegt Vínlandssafn í Búðardal, auk annarra verkefna og hugmynda sem nefndar hafa verið.

Í ljósi alls þessa og í ljósi þess hvernig þetta mál er á vegi statt leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar með þessari jákvæðu umsögn sem ég hef hér gert grein fyrir og látum málinu þar með lokið að sinni.

Undir nál. rita allir nefndarmenn sem viðstaddir voru fundinn og í ljósi umræðna áður í nefndinni á ég ekki von á því að þeir sem fjarverandi voru leggist gegn þessari afgreiðslu enda held ég að hér sé á ferðinni mál sem þingmenn allra flokka eigi að geta sameinast um.

[19:19]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. utanrmn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli, till. til þál. um að minnast landafunda Íslendinga. Tillagan var svona til upprifjunar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning að því að minnast landafunda Íslendinga árið 2000. Þess verði einnig minnst sérstaklega með viðeigandi hætti í Brattahlíð í Grænlandi og í Haukadal í Dalasýslu að Íslendingar námu land í Grænlandi með Eirík rauða í fararbroddi.

Forsætisráðuneytið hafi forustu um þessi verkefni.“

Tillögunni var vísað til hv. utanrmn. sem fékk á sinn fund, eins og fram kom í máli hv. þm. Geirs H. Haarde, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsrn., og Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra í utanrrn. Það kom fram að í rauninni er þegar hafinn að nokkru leyti sá undirbúningur sem tillagan gerði ráð fyrir og í máli ráðuneytisstjóra forsrn. voru nefnd margvísleg verkefni sem væri verið að fjalla um og hið sama er að segja um þær upplýsingar sem fram komu hjá ráðuneytisstjóra utanrrn. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt og við hæfi, að mínu mati, að tillagan sé afgreidd eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. að utanrmn. lýsir ánægju sinni með þann undirbúning sem þegar er hafinn og með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu í máli ráðuneytisstjóranna þá leggi nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, enda eru þau verk þegar hafin að nokkru leyti sem lögð eru til í tillögunni.

Í grg. nál. utanrmn. eru nefnd nokkur verkefni, en í áliti nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að styðja þarf kynningarverkefni í Norður-Ameríku en einnig má benda á hugmyndir um endurreisn Eiríksbæjar í Dalasýslu og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi og áform um Vínlandssafn í Búðardal, auk annarra verkefna og hugmynda.“

Ég ætla aðeins, herra forseti, að fara yfir þessi verkefni, hvernig ég tel þau standa í einstökum atriðum án þess að gera það í allt of löngu máli.

Að því er varðar spurninguna um samstarf við Bandaríkjamenn og jafnvel Kanadamenn um það hvernig landafundanna verður minnst í Norður-Ameríku, má segja að þær hugmyndir sem þar eru á döfinni eigi ekki síst rætur að rekja til heimsóknar forseta Íslands til Bandaríkjanna á sl. ári og reyndar víðar en til Bandaríkjanna, til Vesturheims, og sérstaklega kannski til undirtekta Bandaríkjaforseta undir þær hugmyndir sem forseti Íslands setti fram í viðtölum sínum við forseta Bandaríkjanna.

Mér er kunnugt um að utanrrn. hefur í huga að taka sérstaklega utan um þetta mál og sinna því sérstaklega með afgerandi hætti, án þess að ég telji út af fyrir sig rétt að greina frá því öllu nákvæmar í hverju það er fólgið. En það er ljóst að áhugi á málinu er mikill í utanrrn.

Að því er varðar endurreisn Eiríksbæjar í Dalasýslu og Vínlandssafn í Búðardal sem hér er nefnt, þá er þess að geta að erindi um þessi mál liggja fyrir fjárln. Alþingis nú vegna þess undirbúnings sem þegar hefur verið unninn í Dalasýslu í þessum efnum, og ég veit ekki betur en þar sé farið fram á einhverja fjármuni á árinu 1998 í þessu skyni. En hér er auðvitað um að ræða nokkurra ára verkefni þannig að engin ástæða er til að gera ráð fyrir því að því verði lokið á næsta ári. En ég hygg að þetta mál sé þegar til meðferðar í hv. fjárln.

Að því er varðar Grænlandsverkefnið eða Brattahlíðarverkefnið þá ætla ég aðeins að geta þess að til viðbótar við Þjóðhildarkirkjuna í Brattahlíð á Grænlandi sem hér er nefnd, hefur verið talað um að reisa þar á ný bæ sem líkist eins og kostur er hinum upphaflega bæ Eiríks rauða. Gert er ráð fyrir því að bæði þessi hús verði opnuð gestum og gangandi á árinu 2000. Mér hafa nú nýlega borist um það upplýsingar að formaður grænlensku landstjórnarinnar og grænlenska landstjórnin hafa ákveðið að beita sér sérstaklega í þessu verkefni, hafa ákveðið að setja í það fjármuni strax á árinu 1998, síðan 1999 og 2000. Og það er einnig um það að ræða að Færeyingar eru með það á dagskrá hjá sér hvernig þeir geti tengst þessu verkefni í Brattahlíð.

Málið liggur þannig að við gerum ráð fyrir því í næstu viku að fá nánari upplýsingar um stöðu þessara mála í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins, þar sem við munum fara yfir þetta í einstökum atriðum og ég reikna með

að í framhaldi af því munum við snúa okkur til réttra aðila um stuðning við það verkefni af hálfu Íslands á árunum 1998, 1999 og 2000.

Ég tel að staða málsins sé eðlileg og það er mikilvægt, að mínu mati, að utanrmn. hefur afgreitt málið eins og sem hér er gert. Það er stuðningur við vinnu fjárln. og það er stuðningur við vinnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Menn hafa rætt talsvert um að það verði nokkuð viðburðaríkt þetta ár, árið 2000, það verði eiginlega ekki þverfótað fyrir stórviðburðum, eins og kunnugt er, það verði kristnitökuhátíð, Reykjavík verður ein af níu menningarborgum Evrópu, það verða afmæli mikilvægra stofnana eins og t.d. Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sjálfsagt fleiri aðila. Það er sem sagt bersýnilegt að heilmikið verður um að vera á árinu 2000, hvort sem það er nú hið eiginlega aldamótaár eða ekki, sem á nú vonandi eftir að hefja miklar deilur um í þessari stofnun, ef ég þekki hana rétt, áður en öldin er öll, þ.e. hvort það er árið 2000 eða 2001. En alla vega er ljóst að með þessari afgreiðslu er verið að leggja af stað af hálfu Alþingis í því að taka sæmilega myndarlega á þessu verki og ég endurtek þakkir mínar til hv. utanrmn. fyrir það hvernig hún hefur afgreitt málið af sinni hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Spilliefnagjald, 1. umr.*

Stjfrv., 331. mál (hámark gjalds o.fl.). — Þskj. 417. [19:26]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald, sem 331. mál á þskj. 417.

Lög um spilliefnagjald tóku gildi árið 1996. Spilliefnanefnd sem starfar samkvæmt lögunum tók til starfa í fyrrahaust og hóf þegar undirbúning að framkvæmd laganna. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögunum skal stefnt að því að álagningu gjalda verði komið á í áföngum og að fullu í síðasta lagi árið 2000. Spilliefnanefnd gerði áætlun um framkvæmd álagningar á einstaka vöruflokka og hefur verið unnið eftir henni. Framkvæmd laganna hefur gengið vel og mun hraðar en þeir sem komu að undirbúningi laganna á sínum tíma þorðu að vona. Búið er að leggja spilliefnagjald á lífræn leysiefni, varnarefni, ísósyanöt en undir þann efnaflokk falla til dæmis kítti, frauðþensluefni o.fl., olíumálningu og litarefni, rafhlöður, rafgeyma og efnavörur í ljósmynda- og prentiðnaði. Unnið er að frjálsu samkomulagi vegna kælimiðla og olíuvara á vegum hlutaðeigandi atvinnugreina en í lögunum er kveðið á um að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé heimilt að semja um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna enda þjóni það markmiðum laganna. Er viðkomandi vara þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögunum. Ráðherra staðfestir slíka samninga að fengnum umsögnum spilliefnanefndar og Hollustuverndar ríkisins. Þessir samningar eru algerlega að frumkvæði hlutaðeigandi atvinnugreina.

Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er í lögum um spilliefnagjald átt við vörur, efni og umbúðir þeirra sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfi og tilgreindar eru í 6. gr. laganna. Þessi skilgreining á við hvort sem efnin er hrein eða hluti af öðrum efnum eða vörum.

Spilliefni eru skilgreind í mengunarvarnareglugerð. Samkvæmt henni eru spilliefni hvers kyns úrgangur sem inniheldur efni sem talin eru upp í fylgiskjali með reglugerðinni eða er mengaður af þeim í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu. Þau efni sem spilliefnalögin taka á þarf því að tilgreina í lista með mengunarvarnareglugerðinni.

Spilliefni eru alvarlegasti mengunarvaldurinn í landinu. Þessum efnum er því miður oft fargað á óviðunandi hátt og er þeim t.d. hent með almennu sorpi eða helt niður um niðurföll. Hætta sem stafar af spilliefnum er margvísleg og alvarleg. Markmið laga um spilliefnagjald er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefnanna með því að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurnýtingu eða eyðingu þeirra.

Með samþykki laganna 23. maí 1996 var lagður grunnur að skipulegri söfnun spilliefna um land allt og bættum skilum þeirra til móttökustöðva. Frá því að lögin öðluðust gildi eru merkjanleg aukin skil spilliefna. Til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku og meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefnanna er í lögunum kveðið á um að heimilt sé að leggja sérstakt gjald, spilliefnagjald, á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Um er að ræða þjónustugjald til að standa undir þeim kostnaði sem leiðir af meðhöndlun efnanna. Álagning gjaldsins byggir á mengunarbótareglunni sem í þessu tilfelli merkir að sá sem notar vörur sem verða að spilliefnum greiði fyrir förgun og eyðingu þeirra. Með tilkomu gjaldsins er þannig tryggt fjármagn til söfnunar, flutnings og förgunar eða endurnýtingar þessa úrgangs. Spilliefnagjald er lagt á við innflutning eða við framleiðslu ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Þegar spilliefnum er skilað til móttökustöðvar þarf sá sem skilar efnunum ekki að greiða fyrir þau eins og áður var, enda hafi spilliefnagjald verið lagt á viðkomandi vöru á fyrri stigum.

Spilliefnanefndin hefur unnið mikið og gott starf á því rúma ári sem hún hefur starfað. Í upphafi voru verkefni nefndarinnar einkum fólgin í því að skilgreina verkefni hennar, fjalla um reglugerðir um framkvæmdina, vöruflokka sem undir lögin falla, söfnun efnanna, flutning þeirra og förgun, endurnýtingu og eyðingu. Unnið var að álagninga- og greiðslukerfi svo og að skilgreiningum á helstu kostnaðarþáttum.

Nefndin hefur lagt áherslu á að hafa sem nánast samstarf við Ríkisbókhald, ríkistollstjóra og þá hagsmunaaðila sem spilliefnagjald varðar sérstaklega. Megineinkenni þess spilliefnagjaldakerfis sem nú er unnið að er að þjónustugjald skal koma á hvern efnaflokk, óháð öðrum flokkum. Við vinnslu frv. til laga um spilliefnagjald á sínum tíma var reynt að meta hve hátt gjaldið ætti að vera fyrir einstaka vöruflokka. Þá var fjallað um marga þætti sem voru lítt þekktir og margt var óljóst, eins og ég gerði grein fyrir þegar ég mælti fyrir því frv. á sínum tíma. Ekki lágu fyrir ábyggilegar upplýsingar um magn spilliefna hér á landi og ýmis atriði er vörðuðu kostnað voru óviss. Hefur því komið á daginn, eins og við var að búast, að nokkur atriði þarfnast lagfæringar.

Við framkvæmd laganna hefur komið fram að hámark gjaldsins sem kveðið er á um í lögunum er ekki nægjanlega hátt í öllum tilvikum og því er í þessu frv. lagt til að ákvæðum um hámark gjaldsins verði breytt og það hækkað fyrir tiltekna vöruflokka. Nefna má að spilliefnagjald hefur

verið lagt á málningu og leysiefni. Í lögunum er hámarkið of lágt og því nægir gjaldið einungis til að greiða hluta af þeim kostnaði sem til fellur. Þannig bera þeir sem skila þessum efnum enn beinan kostnað af því að skila þeim til móttökustöðvar. Jafnframt er í frv. lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar enda dregur það úr kostnaði við förgun þeirra. Hér má nefna sem dæmi vatnsmálningu og brúnsteinsrafhlöður. Eftir að spilliefnagjald á olíumálningu er komið að fullu til framkvæmda þarf ekkert að greiða við skil á henni til móttökustöðvar. Hins vegar þarf að greiða, miðað við óbreytt lög, gjald við skil á vatnsmálningu. Þetta getur leitt til þess að freistandi sé að blanda vatnsmálningu saman við olíumálningu til þess að komast hjá greiðslu. Gerist það verður framkvæmdin kostnaðarsamari þegar á heildina er litið. Því er lagt til að gjald á olíumálningu beri einnig uppi förgunarkostnað við vatnsmálningu. Einnig má nefna ýmis úrgangsefni sem blandast spilliefnum. Lagt er til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir meðhöndlun, urðun og eyðingu efna sem ekki teljast til spilliefna en blandast við þau. Hér má nefna ýmis ísogsefni, svo sem tvist, textíl og sag, enda séu þessi efni hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

Samkvæmt lögunum um spilliefnagjald er ábyrgðin hjá þeim sem hafa hagsmuna að gæta, að sjá til þess að þeir hlutir sem lögin fjalla um verði leystir vel af hendi og á sem hagkvæmastan hátt. Grunnforsenda laganna er að spilliefnagjald standi undir framkvæmdinni og um er að ræða gegnumstreymi. Sú breyting sem lögð er til í frv. hefur því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Fyrirhuguð tekjuhækkun er samsvarandi útgjaldaaukningunni.

Hér á eftir mun ég í stuttu máli fjalla um einstakar greinar frv. Í 1. gr. þess er lagt til að heimilt sé að greiða fyrir förgun annars úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist spilliefnum sem verið er að meðhöndla, enda þjóni það markmiðum laganna og dragi úr kostnaði við meðhöndlun og förgun efnanna sem greitt hefur verið af. Jafnframt er lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir förgun úrgagnsefna sem blandast spilliefnum við notkun. Sérstaklega er bent á að hér er einungis átt við úrgang sem blandast hefur spilliefnum við eðlilega notkun eða starfsemi. Hvorki er gert ráð fyrir að lögin nái yfir meðhöndlun eða förgun á olíumenguðum jarðvegi, né heldur að tekið sé á atvikum sem orsakast af slysum eða vangá.

Í 2. gr. er lögð til breyting á 2. mgr. 6. gr. laganna. Lagt er til að hámarksspilliefnagjald sem heimilt er að leggja á olíuvörur, þ.e. olíu eða brennsluolíu, verði allt að 20 kr. á hvert kg. Í gildandi lögum er hámarkið allt of lágt eða aðeins 1 kr. á kg. Ef þessu verður ekki breytt þá er ekki hægt að taka á þessum olíuvörum á grundvelli laganna. Lagt er til að á lífræn leysiefni verði heimilt að leggja allt að 3 kr. á hvert kg en upphæðin er nú 50 aurar og á ísósyanöt allt að 10 kr. á hvert kg en það er nú 1 kr. Þá er gerð tillaga um að hámark vegna málningar og litarefna verði hækkað í allt að 16 kr. á kg en nú eru lagðar 2,90 kr. á hvert kg og nægir það einungis til þess að greiða niður gjaldskrá móttökustöðvar eins og ég hef áður vikið að. Í tengslum við rafhlöður er bætt inn heimild til að leggja stykkjagjald á rafhlöður en hér er t.d. um að ræða hnapparafhlöður svokallaðar. Þá er lagt til að bætt verði inn nýjum vöruflokkum sem leggja skal spilliefnagjald á svo sem plöntu- og dýrafeiti og matarolíu og vörur sem innihalda kvikasilfur. Á plöntu- og dýrafeiti og matarolíu er lagt til að heimilt verði að leggja allt að 30 kr. á hvert kg. Á vörur sem innihalda kvikasilfur er lagt til að heimilt sé að leggja allt að 900 kr. á kg. Þar er t.d. átt við flúorljósarör, vörur notaðar á rannsóknastofum og ýmis mælitæki. Hvað plöntu- og dýrafeiti og matarolíu varðar þá er úrgangur vegna þessara efna ekki skilgreindur sem spilliefni þar sem um náttúruleg efni er að ræða. Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er, í lögunum um spilliefnagjald, átt við vörur sem tilgreindar eru í 6. gr. laganna. Plöntu- og dýrafeiti og matarolía fylgja hér að fenginni tillögu spilliefnanefndar, en fulltrúar Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni lögðu áherslu á það. Matarolíur og feiti og hafa valdið ýmsum vandkvæðum, t.d. í fráveitukerfum og þurfa sérstaka meðhöndlun. Auk þess er æskilegt, ef þessi efni eru í miklu magni, að þau berist aðgreind frá öðrum úrgangi til móttökustöðva þannig að þau valdi ekki vandræðum í hreinsikerfum urðunarstaðanna. Aðilar í veitingarekstri og matvælavinnslu hafa bent Samtökum iðnaðarins á að æskilegt geti verið að þessum efnum sé skilað sérstaklega inn og heimild sé í lögum til að leggja gjald á þessar vörur og því er tillagan flutt hér.

Loks er í 3. gr. lagðar til breytingar á uppgjörstímabili vegna innlendrar framleiðslu úr einum mánuði í þrjá mánuði þar sem einn mánuður er óeðlilega stutt tímabil.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. en vísa að öðru leyti til grg. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

Vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða, sérstaklega hvað varðar leiðréttingu á hámarki gjalda vegna vörutegunda sem þegar er búið að leggja spilliefnagjald á og ég hef hér talið upp og koma fram í frv. er afar mikilvægt að breytingin verði afgreidd sem lög frá Alþingi fyrir næstu áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 332. mál (byggingarnefndir, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 418.

[19:36]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir, um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og er 332. mál á þskj. 418, varðar nokkrar lagfæringar sem gera þarf á lögunum auk þess sem slæðst hafa inn í lögin villur sem nauðsynlegt er að leiðrétta, hvort tveggja áður en lögin öðlast gildi 1. janúar nk.

Ný skipulags- og byggingarlög voru samþykkt á Alþingi sl. vor og komu í stað tvennra laga, annars vegar skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum og hins vegar byggingarlaga, nr. 54/1978, með ýmsum breytingum. Lögin voru lengi í smíðum og frv. til sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var lagt fram nokkrum sinnum á Alþingi á árunum 1988–1996 að frv. náði loks fram að ganga. Eins og gefur að skilja þegar um er að ræða jafnviðamikinn málaflokk og skipulags- og byggingarmál var fljótlega hafist handa á vegum ráðuneytisins, skipulagsstjóra ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga við að kynna lögin

fyrir sveitarstjórnum, byggingarfulltrúum og öðrum tæknimönnum sveitarfélaganna og var það gert í samráði við hlutaðeigandi landshlutasamtök. Enn fremur var hafin vinna við gerð tveggja grundvallarreglugerða sem varðar framkvæmd laganna, annars vegar skipulagsreglugerðar og hins vegar byggingarreglugerðar auk minni reglugerða um störf sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt 8. gr., um prófanefnd samkvæmt 48. gr. og um skipulagsgjald samkvæmt 35. gr. Við þá vinnu og á fundum með fulltrúum sveitarfélaganna hefur komið í ljós að nauðsyn ber til að lagfæra nokkur atriði laganna áður en þau öðlast gildi. Lagfæringarnar snerta fyrst og fremst stjórnun innan málaflokksins, svo sem um valdsvið byggingarnefnda gagnvart sveitarstjórnum og um heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku vegna veittrar þjónustu, sérstaklega í tengslum við útgáfu svokallaðra framkvæmdaleyfa. Mun ég hér á eftir gera grein fyrir einstökum breytingum sem lagðar eru til í frv. að svo miklu leyti sem þær þarfnast skýringa.

Ekki er gert ráð fyrir því í nýjum skipulags- og byggingarlögum að hægt sé að fresta staðfestingu á svæðisskipulagi eins og þegar aðalskipulag á í hlut. Í 2. gr. frv. er því lagt til að sama regla gildi um frestun svæðisskipulags og aðalskipulags, enda verður þar að gæta samræmis, hafandi í huga að svæðisskipulag tveggja eða fleiri sveitarfélaga geymir í reynd aðalskipulag hvers sveitarfélags.

Í 5. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að aðalskipulag skuli endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fari um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða. Ég sé ekki ástæðu til þess að fyrirskipa málsmeðferð með þessum hætti, þ.e. kynningu nýs aðalskipulags fortakslaust á fjögurra ára fresti ef ekki er talin ástæða til að breyta skipulagi. Því er lagt til í 3. gr. frv. að kveðið verði á um að sveitarstjórn skuli, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Með þessu næst það fram sem stefnt var að, að nýjar sveitarstjórnir hefji störf með því að líta á aðalskipulag sveitarfélagsins, enda er það eitt áhrifaríkasta stjórntækið til þess að henda reiður á umhverfismálum í sveitarfélaginu.

Í 36. gr. nýrra laga er fjallað um mannvirki og byggingarleyfi. Í 2. mgr. kemur m.a. fram hvaða mannvirki séu undanþegin byggingarleyfi og eru brýr þar meðtaldar. Eðlilegt er að göngubrýr í þéttbýli verði byggingarleyfisskyldar og lúti sömu reglum og mannvirki almennt, enda ekki um akbrautir að ræða í skilningi vegalaga. Því er lagt til í 4. frv. að undanþágan gildi ekki um göngubrýr í þéttbýli. Einnig er lagt til að holræsi verði undanþegin byggingarleyfum með sama hætti og dreifi- og flutningakerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta.

Í 5. mgr. 39. gr. laganna er gert ráð fyrir að hægt sé að vísa ágreiningi milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls til umhvrh. til úrskurðar. Í þessu tilviki er rétt að benda á að samkvæmt nýju lögunum er byggingarnefndum ekki fengið sjálfstætt vald gagnvart sveitarstjórnum þar sem sveitarstjórnir bera einar ábyrgð á gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana auk þess sem þeim er ætlað að fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna. Byggingarnefndirnar heyra því undir sveitarstjórnir og verða að sætta sig við að þær geti breytt ákvörðunum þeirra eða gengið á svig við tillögur þeirra. Því gengur það ekki upp að ágreiningi milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar verði vísað til ráðherra auk þess sem umhvrh. er ekki ætlað úrskurðarvald samkvæmt lögunum heldur er úrskurðarvaldið í höndum sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. laganna. Því er lagt til í 5. gr. frv. að 5. mgr. 39. gr. verði felld niður.

Gjaldtökuheimildir vantar í 4. og 5. mgr. 42. gr. í tengslum við sérstakar úttektir og eftirlit og er því lagt til í 6. gr. frv. að byggingarfulltrúa sé heimilt, á kostnað byggjanda, að krefjast sérstaks eftirlitsgjalds þegar um byggingar meiri háttar mannvirkis er að ræða og með sama hætti, á kostnað byggjanda, að krefjast álagsprófunar á mannvirki til staðfestingar burðarþoli og virknisprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist.

Í 1. mgr. 48. gr. kemur fram að ráðherra eigi að löggilda þá sem eiga að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Aldrei var ætlunin að löggilda hönnuði vegna framkvæmdaleyfa enda engu slíku til að dreifa. Því er lagt til í 7. gr. frv. að felld verði úr 1. mgr. 48. gr. laganna ákvæði um löggildingu hönnuða vegna framkvæmdaleyfa. Einnig er lagt til að ráðherra skuli leita umsagna prófanefndar áður en löggilding er veitt en ekki aðeins viðkomandi fagfélags. Hlutverk prófanefndar er að skipuleggja námskeið til undirbúnings prófa, sem hönnuðir þurfa að sækja, fyrir þá sem sækja um löggildingu, sbr. 3. mgr. 48. gr. laganna. Æskilegt er að prófanefndin fjalli einnig um umsóknir með formlegum hætti áður en ráðherra gefur út löggildinguna. Því er í 7. gr. frv. lagt til að lokamálsliður 5. mgr. 48. gr. laganna kveði á um að ráðherra leiti umsagnar viðkomandi fagfélags og prófanefndar áður en löggilding er veitt.

Ekki er gert ráð fyrir því í nýju lögunum að hægt sé að taka gjöld vegna útgáfu framkvæmdaleyfa. Nauðsynlegt er að sveitarfélög geti innheimt framkvæmdaleyfisgjöld með sama hætti og byggingarleyfisgjöld og er því lagt til í 8. og 9. gr. frv. að í 53. og 55. gr. verði bætt ákvæðum er heimili slíkt.

Í 56. gr. nýrra laga, þar sem fjallað er um framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis, er ekki að finna nein þvingunarúrræði, liggi ekki fyrir framkvæmdaleyfi þar sem það á við, sbr. 27. gr. laganna. Því er nauðsynlegt að skjóta inn í 1. mgr. 56. gr. ákvæði er tekur á því ef ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi með sama hætti og ef ekki liggur fyrir byggingarleyfi, sbr. nánar 10. gr. frv.

Í 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í nýju lögunum er gert ráð fyrir því að skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skuli öðlast gildi um leið og lögin eða 1. janúar nk. Hér er um að ræða tvær stórar og viðamiklar reglugerðir sem ætlað er að að kveða nánar á um framkvæmd laganna. Komið hefur í ljós að ógjörningur er að ganga frá reglugerðunum á jafnstuttum tíma og raun ber vitni og því er lagt til í 12. gr. frv. að núverandi reglugerðir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við lögin þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar. Stefnt er að því að skipulagsreglugerð verði sett fljótlega eftir áramót eða í febrúar/marsmánuði nk. og byggingarreglugerð á miðju næsta ári eftir rækilegan undirbúning og kynningu. Þar til verður stuðst við núverandi reglugerðir en gefnar verða út leiðbeiningar á vegum ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar um þá þætti sem taka þarf tillit til vegna nýrra og breyttra laga. Þegar er hafinn undirbúningur að gerð slíkra leiðbeininga á vegum ráðuneytisins og skipulagsstjóra ríkisins í samvinnu við félag byggingarfulltrúa.

Sem kunnugt er eru starfandi nokkrar samvinnunefndir um svæðisskipulag, svo sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins og samvinnunefnd um svæðisskipulag Skagafjarðar en verkefnum þeirra er ekki lokið. Til þess að taka af allan vafa er lagt til í 12. gr. frv. að þessar nefndir starfi áfram eins og verið hefur en að um málsmeðferð bæði innan nefndanna og þegar kemur að umfjöllun um tillögur þeirra fari samkvæmt lögunum. Þannig verði svæðiskipulögin afgreidd samkvæmt nýju lögunum, sbr. 12. til og með 15. gr. laganna.

Hæstv. forseti. Í ráðuneytum umhverfis- og landbúnaðarmála svo og í fjölmiðlum að undanförnu hefur nokkuð verið rætt um framkvæmdaleyfi sem kveðið er á um í 27. gr. hinna nýju laga. Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt eru talin falla fortakslaust undir þau ákvæði sem þar eru um framkvæmdaleyfi.

Þetta eru mjög víðtæk ákvæði, gefa lítið sem ekkert svigrúm til þess að framkvæmdir sem við mundum almennt kalla minni háttar, geti farið fram án þess að framkvæmdaleyfa sé aflað. Svo er kveðið á um í lagagreininni að vart er hægt að skilgreina það nánar í reglugerð. Ég veit að hv. umhvn. mun fá athugasemdir um efni þessarar greinar þegar vitað er að komið er fram frv. um breytingu á lögunum og ég bið að umhvn. taki þessi mál til sérstakrar athugunar og hvort ekki megi skilgreina nánar hvað átt er við eða fá heimild til að kveða nánar á um það og útfærslu í reglugerð. Því er þessu beint til nefndarinnar en ekki gerð tillaga í frv. um að þetta ákvæði um framkvæmdaleyfin — og svo skýrt á kveðið um þau eins og gert er í lögunum — kom inn í meðferð hv. þingnefndar á frv. á síðasta þingi þannig að ég taldi eðlilegt að beina því til hv. nefndar að fjalla um þetta mál á ný ef það mætti með einhverjum hætti breyta þar orðalagi þannig að frekar sé viðunandi og hægt að framkvæma þetta þannig að ekki sé sett hér af stað allt of strangt og erfitt ferli um framkvæmdaleyfin eins og skilja má á lögunum, standi þau óbreytt.

Ég hef hér að framan rakið þær breytingar sem birtast í frv. þessu og þarfnast sérstakra skýringa við auk þessa seinasta atriðis sem ég talaði um, um framkvæmdaleyfin. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn. að lokinni þessari umræðu um leið og ég legg sérstaka áherslu á að nefndin hagi svo störfum sínum að þessar breytingar nái fram að ganga fyrir áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búnaðargjald, 1. umr.*

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 419.

[19:47]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 419 sem er mál nr. 333, flyt ég frv. til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frumvarp til laga um búnaðargjald varð að lögum frá Alþingi 26. maí sl. Þau lög gera ráð fyrir að við álagningu þinggjalda leggi skattstjórar búnaðargjald á gjaldstofn framleiðenda í landbúnaði og að gjaldið verði innheimt í staðgreiðslu á gjalddögum virðisaukaskatts. Í þessu felst að gjaldskyldir aðilar greiða staðgreiðslu af sama gjaldstofni og síðar kemur til álagningar.

Við undirbúning að framkvæmd laganna sem taka eiga gildi 1. janúar nk. hefur hins vegar komið í ljós að hagkvæmara yrði að tengja innheimtu búnaðargjaldsins við annað innheimtukerfi sem fyrir er, fremur en það sem mælt er fyrir um í lögunum. Hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna, svokallaðan hátekjuskatt, með tiltölulega litlum breytingum. Þetta hafði ekki verið kannað áður þar sem um mjög ólíka skatta er að ræða, en fyrst og fremst hafði verið litið til tengingar við innheimtukerfi vegna laga um virðisaukaskatt og laga um markaðsgjald.

Ekki er stefnt að breytingum á endanlegri álagningu búnaðargjaldsins. Skattstjórar mundu eftir sem áður leggja það á gjaldendur einu sinni á ári. Gert ráð fyrir að búnaðargjald verði innheimt árlega fyrir fram á fimm gjalddögum frá ágúst til desember á árinu næst á undan álagningarári. Við álagningu verði síðan gerður upp sá mismunur sem kann að koma fram á fyrirframgreiddu og álögðu búnaðargjaldi. Við sérstakar aðstæður geti gjaldandi sótt um lækkun á fyrirframgreiðslunni.

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm., sem reyndar eru nú ekki mjög margir í þingsalnum að þessu sinni, á ákvæði til bráðabirgða í frv. Þar er kveðið á um frávik frá framkvæmd fyrirframgreiðslu á árinu 1998 þar sem ekki er unnt að framfylgja ákvæði 4. gr. á fyrsta ári laganna þar sem gjaldstofn fyrra árs mun ekki liggja fyrir. Því er lagt til að miðað verði við gjaldstofn virðisaukaskattsveltu ársins 1997 í stað gjaldstofns búnaðargjaldsins. Gjaldstofn virðisaukaskattsins víkur frá gjaldstofni búnaðargjalds í tveimur tilvikum, annars vegar ef um er að ræða sölu varanlegra rekstrarfjármuna og hins vegar getur velta vegna annarra atvinnugreina en búrekstrar skv. 2. gr. laganna falist í veltu viðkomandi aðila. Af þessum sökum og vegna hugsanlegra breytinga á starfsemi er gert ráð fyrir að gjaldendur geti sótt um breytingu á fyrirframgreiðsluskyldu í þeim tilvikum þar sem framangreint á við í samræmi við ákvæði 4. gr. laganna.

Helstu kostir við þessa breytingu eru m.a. sparnaður við pappírs- og útsendingarkostnað, breytingar á hugbúnaði verða óverulegar, gjaldskyldir aðilar þurfa ekki að reikna eða ákvarða gjaldstofn sinn við hverja greiðslu, gjaldið skilar sér fyrr, nýta má innheimtukerfi sem fyrir er og minna þarf að hafa fyrir framkvæmdinni á skattstofum.

Helsti ókostur breytingarinnar er að horfið er frá því að miða fyrirframgreiðslu við samtímagjaldstofninn. Þá má nefna að frá sjónarhorni gjaldandans greiðist gjaldið fyrr en gildandi lög gera ráð fyrir, sækja þarf um lækkun ef veruleg breyting verður á gjaldstofni og nokkur óvissa verður um stofn fyrirframgreiðslunnar í fyrsta sinn.

Upphaflega var að því stefnt að gera innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði einfalda, örugga og ódýra. Við tæknilega útfærslu innheimtunnar hefur komið í ljós að hægt er að þjóna þessum sjónarmiðum enn betur en núgildandi lög gera ráð fyrir með því að breyta um innheimtuform eins og miðað er við í þessu frv. þar sem hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan hátekjuskatt manna með tiltölulega litlum breytingum. Þetta hafði ekki verið kannað áður vegna þess hvað hér er um ólíka skatta að ræða eins og ég gat um fyrr í framsögu minni. Kostir þessarar breytingar sem ég hef nú rakið þykja ótrvíræðir og því ekki verjandi annað en leggja til umræddra breytingar á lögunum. Þar sem

lögin eiga að taka gildi um næstu áramót er mjög brýnt að frv. þetta verði lögfest fyrir þann tíma.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. en vísa að öðru leyti til grg. með frv. Að lokinni þessar umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:52.

---

## 36. FUNDUR

föstudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, stjfrv., 287. mál, þskj. 358. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 362. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 289. mál, þskj. 361. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 98. mál, þskj. 98, nál. 393, brtt. 394. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutafélög, stjfrv., 147. mál, þskj. 147, nál. 395. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Einkahlutafélög, stjfrv., 148. mál, þskj. 148, nál. 396. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Landafundir Íslendinga, þáltill., 12. mál, þskj. 12, nál. 412. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Spilliefnagjald, stjfrv., 331. mál, þskj. 417. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 418. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Búnaðargjald, stjfrv., 333. mál, þskj. 419. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 311. mál, þskj. 391. — 1. umr.
12. Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 312. mál, þskj. 392. — 1. umr.
13. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359. — 1. umr.
14. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 304. mál, þskj. 378. — 1. umr.
15. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 327. mál, þskj. 413. — 1. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 328. mál, þskj. 414. — 1. umr.
17. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 415. — 1. umr.
18. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 416. — 1. umr.
19. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407. — 1. umr.
20. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég vegna annarra aðkallandi starfa get ekki setið lengur á Alþingi í forföllum Ólafs Arnar Haraldssonar, 11. þm. Reykv., fer ég fram á að 2. varaþm. Framsfl. í Reykv, Vigdís Hauksdóttir kaupmaður, taki nú sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Arnþrúður Karlsdóttir,
1. varaþm. Framsfl. í Reykv."

Vigdís Hauksdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[10:31]

**Útbýting þingskjals:**

Hjálmanotkun hestamanna, 324. mál, frv. KH o.fl., þskj. 409.

### *Íslenskur ríkisborgararéttur, 1. umr.*

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 391.

[10:32]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar veigamiklar breytingar á núgildandi lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Veigamestu breytinguna má telja þá sem lögð er til með breytingu á 2. gr. laganna en þar er lagt til að börn sem erlend ógift kona eignast með íslenskum ríkisborgara fái íslenskan ríkisborgararétt föðurins þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt, þ.e. ef barnið er fætt hér á landi öðlast það íslenskan ríkisborgararétt þegar fyrir liggur að faðir þess er íslenskur og barn sem fætt er erlendis getur öðlast íslenskan ríkisborgararétt að ósk íslensks föður þess þegar fullnægt er ákvæðum um faðerni þess.

Eins og ákvæði 2. gr. er í dag getur barn sem íslenskur ríkisborgari eignast með erlendri konu ekki fengið íslenskan ríkisborgararétt að lögum nema þau séu í hjónabandi. Þessi staða mála hefur sætt talsverðri gagnrýni af hálfu feðra sem ekki geta veitt börnum sínum fæddum utan hjónabands ríkisborgararétt sinn og sömuleiðis hefur þetta sætt gagnrýni af hálfu þeirra aðila sem gæta jafnréttismála.

Þá er lagt til í 3. gr. frv. að núgildandi 2. gr. a verði breytt þannig að auðveldara verði að afla íslensks ríkisfangs

fyrir ættleidd börn. Samkvæmt tillögunni er lagt til að nægjanlegt sé að annað þeirra hjóna sem ættleiða sé íslenskur ríkisborgari en ekki bæði eins og nú er. Eins er lagt til að það sé ekki skilyrði að ættleiðendur og barnið séu búsett hér á landi. Hins vegar er það skilyrði að ættleiðingin sé gerð með leyfi íslenskra stjórnvalda eða hljóti staðfestingu þeirra sé ættleiðing veitt erlendis. Þá er lagt til að miðað verði við að barnið sé yngra en 12 ára í stað þess að nú sé miðað við 7 ára aldur þess.

Í 4. gr. núgildandi laga er þeim sem öðlast hefur íslenskt ríkisfang við fæðingu en misst hefur ríkisfangið vegna töku erlends ríkisfangs heimilað að fá ríkisfangið að nýju með tilkynningu til dómsmrn. en þó því aðeins að hann sanni að hann missi við það erlenda ríkisfangið. Miðað við þá framkvæmd sem verið hefur verið veitingu ríkisborgararéttar með lögum til þeirra sem hafa haft íslenskan ríkisborgararétt og misst hann virðist ekki tilefni til að halda við þetta skilyrði. Er því lagt til að 2. málsl. 4. gr. falli niður.

Í 8. gr. laganna er ákvæði sem mælir svo fyrir að íslenskur ríkisborgari sem fæddur er erlendis og ekki uppfyllir tilgreind skilyrði um dvöl hér á landi missi íslenska ríkisfangið þegar hann verður 22 ára. Í ljós hefur komið að þetta ákvæði veldur því að þeir Íslendingar sem fæddir eru erlendis hafa margir hverjir lent í vandræðum sökum þess að íslenskur ríkisborgararéttur þeirra hafi fallinn niður án þess að þeir hafa haft tækifæri til þess að afla sér annars ríkisborgararéttar. Slíkt fyrirkomulag er andstætt þeirri meginreglu að maður missi ekki borgararétt án þess að hafa aflað sér annars. Því er lagt til að við 1. mgr. 8. gr. bætist ákvæði þess efnis að íslenska ríkisfangið falli ekki niður verði maður við það ríkisfangslaus.

Rétt er að geta þess hér að á vegum Evrópuráðsins hefur verið gerður samningur um ríkisborgararétt. Samningur þessi var lagður fram til undirritunar 6. nóvember sl. og var hann þá undirritaður af Íslands hálfu sem og hinna Norðurlandanna. Samningur þessi fjallar um meginreglur varðandi ríkisborgararétt og er þar m.a. kveðið á um að ríkisborgararétt megi ekki taka af mönnum verði þeir við það ríkisfangslausir. Þá er einnig ákvæði í þessum samningi sem miðar við að börn fái ríkisfang foreldra sinna án tillits til hjúskaparstöðu. Tillögur þær sem gerðar eru í 2. og 7. gr. frv. miða að því að auðvelda aðild Íslands að samningi þessum.

Þá er komið að annarri veigamestu breytingunni sem lögð er til með frv. en hana er að finna í 5. gr. en þar er lagt til að við lögin bætist ný grein þar sem dómsmrh. er heimilað að veita íslenskan ríkisborgararétt útlendingum sem um það sækja að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum. Hér er því lagt til að í stað þess að allar umsóknir útlendinga um íslenskan ríkisborgararétt séu afgreiddar með lögum um veitingu ríkisborgararéttarins verði ráðherra heimilað að afgreiða þær umsóknir sem uppfylla þau skilyrði sem Alþingi nú setur við veitingu ríkisborgararéttar. Þó er lögð til nokkur þrenging á sumum ákvæðanna frá því sem nú er.

Brtt. þessi byggist á þeirri breytingu sem gerð var á stjórnarskránni með 4. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, en þá var breytt ákvæði stjórnarskrárinnar um veitingu íslensks ríkisborgararéttar til útlendinga. Í stað þess að segja að útlendingi verði aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum var gerð sú breyting að nú segir að útlendingi verði aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. Í athugasemdum með frv. til stjórnskipulagabreytinga segir að þessi tillaga sé gerð með það fyrir augum að löggjafanum verði veitt svigrúm til að setja almenn lög um veitingu ríkisborgararéttar í stað þess að setja sérstök lög um að veita tilteknum einstaklingum ríkisborgararétt. Þar segir einnig að eftir þessu orðalagi hefði löggjafinn val um hvor leiðin yrði valin til að veita íslenskan ríkisborgararétt eða geti jafnvel ákveðið að báðum aðferðum verði beitt. Í samræmi við þetta orðalag athugasemdanna er lagt til að 6. gr. laganna verði efnislega óbreytt en orðalagi 1. mgr. breytt og lagt til að þar segi að Alþingi veiti ríkisborgararétt með lögum en í 6. gr. laganna segir: „Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.“ Samkvæmt þessum tillögum yrði þeim sem sækja um ríkisborgararétt veittur ríkisborgararéttur af hálfu ráðherra uppfylli þeir skilyrði laganna að öllu leyti en umsóknir þeirra sem ekki uppfylla skilyrðin verði lagðar fyrir Alþingi. Þannig má nefna sem dæmi að í frv. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti veitt ríkisborgararétt þeim sem hingað hafa komið sem flóttamenn og falla undir ákvæði alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna. Aðrir sem telja sig vera hér flóttamenn verða að leita til Alþingis með umsókn sína um íslenskan ríkisborgararétt.

Í 9. gr. frv. er lagt til að endurvakið verði bráðabirgðaákvæði sem sett var með lögum nr. 49/1982, um breyting á lögum um ríkisborgararétt þar sem íslenskum mæðrum barna sem fædd voru í hjónabandi þeirra með erlendum eiginmanni á tímabilinu 1. júlí 1964 til 1. júlí 1982 var heimilað að gefa yfirlýsingu um að þær óskuðu eftir að barnið fengi íslenskan ríkisborgararétt. Með greindum lögum var ákveðið að börn allra íslenskra mæðra öðluðust íslenskan ríkisborgararétt frá móður sinni þó svo að hún væri gift erlendum borgara. Frestur til að gefa slíka yfirlýsingu var til 30. júní 1985 og var ekki framlengdur eftir þann tíma. Það kom í ljós eftir að frestur rann út að allmargar mæður höfðu ekki frétt af þessu lagaákvæði. Hefur þetta vakið óánægju meðal þeirra og á síðasta ári kom slíkt mál til kasta kærunefndar Jafnréttisráðs sem taldi að Ísland hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum við takmörkun á þessari heimild og beindi þeim tilmælum til dómsmrn. að það beitti sér fyrir lagabreytingu sem leiðréttir þann mun sem er á réttarstöðu umræddra barna vegna kynferðis hins íslenska foreldris. Með tilliti til þess er lagt til að nú verði tekið í lögin ákvæði til bráðabirgða sem heimilar börnum sem fædd eru á framangreindu tímabili eða öðlast íslenskt ríkisfang frá móður sinni annaðhvort með því að hún gefi sjálf slíka yfirlýsingu sé barn innan 18 ára aldurs, en einnig að börn sem náð hafa 18 ára aldri geti sjálf gefið slíka yfirlýsingu enda fullnægi þau skilyrðum 8. gr. ríkisborgararéttarlaganna um rétt til að vera íslenskur ríkisborgari.

Herra forseti. Ég hef nú í aðalatriðum gert grein fyrir meginefni þessa lagafrv. og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[10:40]

**Útbýting þingskjals:**

Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, 258. mál, svar fjmrh., þskj. 421.

### *Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.*

Stjfrv., 312. mál (millifærsla gjalda). — Þskj. 392.

[10:41]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl, lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

Fjárhagsleg afkoma kirkjugarðanna hefur versnað verulega undanfarin missiri og hafa tekjur þeirra skerst um meira en 40% frá 1990 vegna lækkunar á kirkjugarðsgjöldum og afnámi aðstöðugjalds auk þess sem kirkjugarðslögin frá árinu 1993 skylda kirkjugarða til að greiða kostnað af prestsþjónustu við útfarir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að auka tekjur kirkjugarðanna.

Við árlega hækkun sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda skal leggja til grundvallar þá hækkun sem orðið hefur á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tvö næstliðin tekjuár á undan. Samanburður frá Þjóðhagsstofnun leiðir í ljós að þessi hækkun nam 6,3% á milli tekjuáranna 1995 og 1996. Ef hins vegar er tekið tillit til þess að iðgjöld til lífeyrissjóða verða í auknum mæli dregin frá tekjum til skatts mælist hækkun tekjuskattsstofnins 7,6%. Með frv. þessu er lagt til að sóknargjöld hækki um 6,3% en kirkjugarðsgjöld um 7,6% auk þess sem þau hækki um fjárhæð sem nemur 1,3% af hækkun sóknargjalda. Þannig er lagt til að sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld hækki mismikið án þess þó að heildarhækkun verði meiri en gildandi lög gera ráð fyrir. Með þessari breytingu verða tekjur kirkjugarða auknar um 15,3 millj.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma standa nú frammi fyrir því að þurfa að fjölga kirkjugörðum en slíku fylgir mikill stofnkostnaður. Til að draga úr fjárhagsvanda þeirra er lagt til að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma verði undanþegnir greiðslu lögboðins framlags í Kirkjugarðssjóð árin 1998 og 1999. Við þetta mun ráðstöfunarfé Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma aukast um 15 millj. hvort árið.

Þá er lagt til að sóknarnefndum verði gert að senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sína og að ákvæði laganna um sóknargjöld og kirkjugarðslaganna verði samhljóða í þeim efnum. Er einnig lagt til að Ríkisendurskoðun verði heimilt að kalla eftir upplýsingum og athuga gögn ef ástæða þykir til að kanna tiltekin atriði sérstaklega.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Um fundarstjórn.*

Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

[10:44]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Í frv. til sveitarstjórnarlaga, sem nú á að taka á dagskrá eru ákvæði til bráðabirgða sem gera ráð fyrir því að hálendi Íslands verði skipað innan staðarmarka sveitarfélaga fyrir 31. desember 1998, með öðrum orðum að nokkrum sveitarfélögum verði afhent stjórnsýsla á hálendi Íslands. Nú lagði hæstv. forsrh. fram frv. um þjóðlendur á þinginu í fyrra og væntanlega mun hann leggja það frv. aftur fram á þessu þingi. Ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. stangast algjörlega á við það frv. sem hæstv. forsrh. flutti og mun án efa flytja á þessu þingi. Ég tel, virðulegi forseti, að ekki sé unnt að ræða þetta stóra mál öðruvísi en svo að hæstv. forsrh. sé viðstaddur og ég fer þess á leit við forseta að umræðu um málið verði frestað þar til forsrh. getur verið viðstaddur, en það mun hann örugglega geta þegar lokið er ríkisstjórnarfundi sem nú stendur yfir.

Ég tel, virðulegi forseti, og ítreka það að þetta stóra mál er ekki hægt að ræða öðruvísi en að hæstv. forsrh., flutningsmaður þjóðlendufrv., sé viðstaddur.

[10:45]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það er rétt að ég upplýsi að á ríkisstjórnarfundi, sem ekki er lokið, er til meðferðar frv. um þjóðlendur og ég geri ráð fyrir að því verði vísað til þingflokka að loknum þeim ríkisstjórnarfundi þannig að það mál er væntanlegt innan örfárra daga.

Frv. það sem hér er á dagskrá brýtur í engu í bága við þjóðlendufrv. og er fullkomlega í samræmi við það. Ég get fallist á að þeirri dagsetningu sem þar er sett verði að breyta en það er tiltölulega lítið atriði og ég sé ekki efni séu til þess að fresta umræðu um málið.

[10:47]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Hæstv. forseti. Mér er auðvitað ekki kunnugt um efnisatriði þess frv. sem verið er að afgreiða frá ríkisstjórninni í dag. En það er alveg ljóst að efni þess frv. sem forsrh. lagði fram á síðasta þingi stangast á við ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. Ég ítreka ósk mína að málið verði ekki rætt fyrr en forsrh. getur verið viðstaddur. Það er mjög óeðlilegt, virðulegi forseti, að svo sé gert en í þessu ákvæði til bráðabirgða í frv. til sveitarstjórnarlaga er tekin afstaða sem gengur í berhögg við frv. um þjóðlendur eins og við alþm. sáum það síðast. Og ég ítreka beiðni um frestun.

[10:48]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. um að dokað verði við með umræðu um þetta stóra mál, frv. til laga um sveitarfélög, þangað til hæstv. forsrh. getur verið hér viðstaddur umræðuna. Það er mjög eðlileg ósk í ljósi þess ákvæðis til bráðabirgða sem er að finna í frv. sem hér á að taka á dagskrá. Við vitum auðvitað ekki hvernig frv. um þjóðlendur kann að líta út. Ríkisstjórnin hefur haft það til meðferðar en samkvæmt því sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh. þá er eftir að fjalla um það í þingflokkum og það er nú væntanlega ekki bara að stimpla mál ef að líkum lætur. En burt séð frá því er mjög æskilegt að hæstv. forsrh. sé við þessa umræðu sem hér fer fram vegna þess að það eru ákveðin tengsl milli þessara mála og sjálfsagt er að unnt sé að ræða við þann sem ber ábyrgð á væntanlegu frv. um þjóðlendur eða hvaða nafn sem það kann nú að bera.

Þetta vildi ég að fram kæmi, virðulegi forseti.

[10:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég á ekki von á því að þjóðlendufrv. taki miklum breytingum í þingflokkunum. Það var rætt ítarlega í þingflokkunum í fyrra. Þessi mál hafa þegar verið rædd í samhengi í þingflokki framsóknarmanna þannig að frv. um þjóðlendur er fljótafgreitt þar. Ég hef í höndum minnisblað

frá Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni sem var, ef ég man rétt, ritari þeirrar nefndar sem samdi frv. um þjóðlendur og gekk frá frv. í þeirri mynd sem það er nú. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér nokkrar málsgreinar úr þessu minnisblaði:

„Í frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignalanda, þjóðlendna og afrétta sem rætt var um á síðasta þingi er lagt til að sveitarfélögum verði fengin ákveðin verkefni um stjórnsýslu innan þjóðlendna, óháð því hvort sá hluti þjóðlendu telst afréttur. Í athugasemdum með frv. sagði að rétt væri að breyta ákvæðum sveitarstjórnarlaga og setja þar efnisreglur um hvernig beri að skipta svæðum í þjóðlendum, innan staðarmarka sveitarfélaga, þegar ekki verður byggt á afréttarnotum. Það er því ekki rétt sem haldið hefur verið fram í umræðum um þessi mál að sú tillaga í frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga að skipa hálendinu utan afrétta innan staðarmarka sveitarfélaga sé í ósamræmi við þjóðlendufrv."

Ég tel sem sagt að það sé fullkomið samræmi á milli þessara frumvarpa. Ég get fallist á að eðlilegt sé að óska eftir viðveru hæstv. forsrh. áður en þessari umræðu lýkur en tel að umræðan geti hafist þó að hæstv. forsrh. sé ekki kominn í salinn.

[10:51]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil nú mjög eindregið fara fram á það við hæstv. forseta að hann hlusti á þær óskir sem eru þegar komnar fram frá fulltrúum tveggja þingflokka. Hér er um að ræða mál sem verður að ræða í samhengi. Annað er ekki hægt. Hæstv. félmrh. upplýsti reyndar að þessi mál hefðu verið rædd saman í þingflokki Framsfl. og mér finnst afar sérkennilegt ef hann ætlar að beita sér gegn því að þingið ræði þessi mál í samhengi. Því hvet ég til þess að þessari umræðu verði frestað þangað til hæstv. forsrh. kemur hingað.

Í annan stað, herra forseti, vildi ég fá að bæta því við að nú er mér tjáð að boðaður sé fundur í efh.- og viðskn. kl. 11.30. Þar á að taka fyrir frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eitt stærsta mál þessa þings og frv. til laga um ríkisábyrgðir og stefnt er að afgreiðslu þess máls á sama tíma og fundir standa hér yfir. Ég mótmæli þessu. Ég tel að það sé algerlega fráleitt að halda fundi hér í þinginu á sama tíma og nefndarfundir eru eða öfugt. Annaðhvort verður að víkja, einnig á annasömum dögum, þannig að ég vil mótmæla því að fundað skuli í efh.- og viðskn. á sama tíma og hér er verið að ræða mikilsverð mál sem ýmsir fulltrúar flokkanna í efh.- og viðskn. þurfa að vera viðstaddir. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann tryggi að efh.- og viðskn. og formaður hennar beygi sig undir eðlilegt vinnuskipulag hér í þessari stofnun.

[10:53]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það verður enginn nefndarfundur haldinn meðan þingfundur stendur ef því er mótmælt. Það eru alveg ljósar reglur.

Forseti hefur hlýtt á þessi tilmæli og hyggst fresta fundi í 10 mínútur og biður þá sem hér hafa óskað eftir frestun og hæstv. ráðherra komi til fundar við sig inn í myndaherbergið.

[Fundarhlé. — 10:54]

## *Sveitarstjórnarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359.

[11:05]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Nefnd hefur verið að störfum við endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Í henni voru Jón Kristjánsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félmrn., Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félmrn. og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Einnig sat fundi nefndarinnar Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.

Mikil reynsla hefur fengist af framkvæmd sveitarstjórnarlaganna frá 1986 og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur. Sú reynsla er fyrst og fremst fengin frá sveitarfélögunum og félmrn. Nefndin komst að því að skynsamlegt væri að taka kosningakaflann út úr gömlu sveitarstjórnarlögunum, og hann hefur verið lagður fram sem sérstakt frv., að vísu með nokkrum viðbótum og dálítið breyttur og er það frv. nú til meðferðar í félmn.

Miðað við núgildandi sveitarstjórnarlög er breytt nokkuð skipulagi og uppröðun einstakra ákvæða en helstu efnislegu breytingarnar sem lagðar eru til í frv. frá núgildandi lögum eru þessar: Felldur er brott allur greinarmunur sem gerður er á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa. Þannig hafa öll sveitarfélög sömu stjórnsýslulegu stöðuna burt séð frá íbúafjölda. Ákvæði laganna eru rýmkuð varðandi nafngiftir sveitarfélaga sbr. 4. gr. og í tengslum við það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði heiti sveitarstjórna, byggðaráða og framkvæmdastjóra í samtökum sínum um stjórn og fundarsköp, sbr. 11. gr.

Í II. kafla frv. er leitast við að gera ákvæði varðandi sveitarstjórnarfundi skýrari, m.a. ákvæði varðandi auglýsingu fundanna, hæfi sveitarstjórnarmanna, tölvuskráningu fundargerða og varamenn í sveitarstjórnum.

Kaflanum um fjármál sveitarfélaga er breytt nokkuð í því skyni að samræma betur fjárhagslegt uppgjör sveitarfélaganna og skýra nánar hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna og setja fram úrræði svo að unnt sé að bregðast fyrr við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags ef sveitarstjórn hefur ekki um það frumkvæði. Einnig er felld brott heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar.

Nú er sannleikurinn sá, herra forseti, að mörg sveitarfélög hafa lent í miklum vanda út af ábyrgðarveitingum. Lánastofnanir hafa verið harðskeyttar að krefja um ábyrgð sveitarfélags og sveitarstjórnarmenn hafa í mörgum tilvikum látið undan þrýstingi. Nefndin varð sammála um að taka þennan kaleik frá sveitarstjórnarmönnum og það mun hafa verið gert í samráði eða eftir tilmælum sveitarstjórnanna sjálfra en á hinn bóginn varð nefndin einhuga um þetta atriði og því stendur það í þessu frv. Ég vil hins vegar biðja hv. félmn. að athuga þetta atriði gaumgæfilega, hvort ekki gæti verið óhjákvæmilegt að hafa einhverja smugu til þess að sveitarfélag gæti gengið í ábyrgð. Mér finnst ákvæðið eins og það er í frv. kannski óþarflega fortakslaust. En á hitt vil ég leggja áherslu að það ber að fara ákaflega varlega með ábyrgðir ef veittar eru.

Síðan er eitt atriði í frv. sem hefur orðið nokkurt fjaðrafok um. Það er lagt til að landið allt skiptist í sveitarfélög, ekki eingöngu byggðin og afréttir eins og er í gildandi sveitarstjórnarlögum frá 1986. Það er ekki einungis fjallað um þetta atriði í ákvæði til bráðabirgða heldur er það einnig samkvæmt 1. gr. Í sveitarstjórnarlögunum, nr. 58/1961, segir í 1. mgr. 1. gr.:

„Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar [félagsmálaráðuneytisins], samkvæmt því sem lög ákveða."

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er notað orðalagið „byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð." Um svæði utan byggðar er fjallað í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga og hljóðar ákvæðið svo:

„Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr." Samkvæmt gildandi lögum er því byggðinni í landinu skipað innan staðarmarka sveitarfélaga ásamt afréttum.

Nú er staðreyndin sú að hér um bil allt hálendið skiptist í afrétti að undanteknum jöklunum þannig að þessi fyrirhuguða breyting á sveitarstjórnarlögum færir sveitarfélögunum engin réttindi né leggur á þau skyldur sem þau hafa ekki nú þegar nema hvað jöklana varðar en það er hins vegar nauðsynlegt vegna vaxandi nýtingar jöklanna til ferðaþjónustu og ferðamennsku að þar sé einhver stjórnsýsla og einhver hafi skyldur til að framfylgja skipulags- og byggingarlögum og heilbrigðiseftirliti og að mínu mati er eðlilegast að fela það aðliggjandi sveitarfélögum. Ástæða er til að undirstrika að það er ekki á nokkurn hátt verið að færa sveitarfélögunum aukin réttindi eða umsvif hvað varðar eignarréttarlega stöðu eða umráð.

Eins og þegar hefur komið fram verður flutt stjfrv. um þjóðlendur á næstu dögum og efni þess er að lýsa hálendið eign ríkisins og þeir sem telja sig eiga þar lendur verða að sanna það fyrir dómi. Miðað við ríkjandi skoðanir hæstaréttardómaranna má búast við að mestallt hálendið verði lýst eign ríkisins. Einnig er væntanlegt stjfrv. um eignarhald á auðlindum í jörðu þar sem þjóðareign er rækilega ákveðin. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur verið að störfum og vinnuhópur undir forustu umhvrn. og með fulltrúum frá dóms- og kirkjumrn. og félmrn. fékk það hlutverk að skilgreina stjórnsýslumörk á milli einstakra sveitarfélaga en á nokkrum stöðum voru mörkin óljós eða ágreiningur um þau. Sá ágreiningur hefur nú verið leystur nema á einum stað, þ.e. í Þórsmörk, en vonir standa til að hann leysist áður en langt um líður. Lögð hefur verið fram tillaga um skipulag hálendisins. Sú tillaga hefur vakið deilur og það er reyndar ekki óeðlilegt því að hagsmunir eru margvíslegir. Virkjunaraðilar vilja sem rýmst réttindi til umsvifa. Ferðabisnessinn vill hafa sem mest svigrúm og náttúruverndarmenn vilja friða sem mest. En þær deilur snerta á engan hátt endurskoðun sveitarstjórnarlaganna.

Það er rétt að undirstrika að ný sveitarstjórnarlög hindra á engan hátt stofnun þjóðgarða á hálendinu enda eru allir núverandi þjóðgarðar og friðlönd innan staðarmarka sveitarfélaga. Ég tel að hálendi Íslands sé okkur ákaflega dýrmætt og þess vegna ber okkur að umgangast það með aðgát og virðingu. Þar hafa því miður verið unnin óbætanleg hervirki í sambandi við virkjanir og mannvirkjagerð og vonandi berum við gæfu til að forða slíkum slysum í framtíðinni og ég held að það sé mjög brýnt að sveitarstjórnarmönnum séu ljósar skyldur sínar og ábyrgð í þessu efni.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja þetta miklu meira. Frv. fylgir ítarleg greinargerð sem menn geta glöggvað sig á og ég tel að allar þær breytingar sem lagðar eru til séu mjög til bóta frá gildandi lögum. Það er mjög aðkallandi að rýmka ákvæðin um nafngiftir sveitarfélaga. Þær hafa jafnvel í einstökum tilfellum orðið til þess að fresta sameiningu sveitarfélaga eða torvelda sameiningu sveitarfélaga. Hér er farin miklu frjálslegri leið en er í núgildandi lögum og það tel ég vera mjög til bóta.

Ég ítreka enn fremur það sem ég sagði áðan um fjármálakaflann. Sem betur fer hafa flest sveitarfélög tekið sig mjög á á undanförnum 2–3 árum í fjármálastjórn og viðhorfið núna í flestum sveitarfélögum er allt annað en var 1955 þegar ég kom fyrst að þessum málum með þeim hætti sem verið hefur undanfarið. Fjárhagur fjölmargra sveitarfélaga hefur blómgast afar mikið og núverandi sveitarstjórnir hafa sýnt miklu meiri ábyrgðartilfinningu en áður var en þó má bæta um betur. Félmrn. hefur engin tök á því að grípa inn í þó illa sé að fara nema sveitarstjórn æski þess. Hér er fundinn lipurlegur farvegur til þess að stjórnvöld geti gripið inn í ef sveitarstjórn gætir ekki að sér og enn fremur eru miklu skýrari ákvæði um endurskoðun á sveitarstjórnarreikningum og samræmingu á þeim og kröfur um skil á reikningum og því um líkt. Hér er ekki lagt til að breyta lágmarksíbúatölu sveitarfélags. Hún er áfram 50. Þetta er nokkurt álitaefni en ég legg þó áherslu á að menn stilli sig að hækka þessa tölu. Sameining sveitarfélaga hefur gengið ákaflega vel undanfarna mánuði og ég tel að við megum ekki trufla þá þróun. Við höfum náð mjög miklum árangri. Fólkið sjálft finnur að það er skynsamlegra að þoka sér saman og reyna að mynda sterkari sveitarfélög, sterkari félagslegar einingar og þar af leiðir að sveitarfélögin hafa í miklum mæli sameinast. Þeim hefur fækkað um marga tugi síðan ég kom í félmrn. Ég hef varast að beita nokkrum þrýstingi. Við aðstoðum sveitarfélögin ef þau biðja um það við sameiningu. Skuldajöfnunarframlög eru greidd eins og verið hefur og þetta er allt á góðri leið. Þar sem íbúum hefur fækkað niður fyrir 50 þrjú ár í röð þá krefjumst við þess að viðkomandi sveitarfélög sameinist öðrum. Sannleikurinn er nú sá að þegar krafan kemur frá félmrn. hafa menn gjarnan viljað koma með einhverjar undanfærslur og það hefur ekki gengið neitt sérstaklega greitt að sameina þau sveitarfélög sem komin eru niður fyrir lágmarkið.

Það má geta þess til gamans og fróðleiks að þegar hreppaskipan var tekin upp á Íslandi, en það eru líklega ein þúsund ár síðan, var það skilyrði sett að í hreppi skyldu vera hið minnsta 20 bændur sem þingfararkaupi ættu að gegna. Það segir okkur það að í hverju sveitarfélagi skyldu a.m.k. vera 20 bændur sem greiddu eignarskatt eftir þeirra tíma skipulagi og þá má áætla að á hverju heimili hafi verið 5–10 manns, a.m.k. á þeim heimilum þar sem eignarskattur var greiddur og má gera ráð fyrir því að lágmarkskrafan þá um íbúafjölda hafi verið talsvert hærri en 50.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til félmn. til athugunar. Þetta mál þarf ekki að ganga fram fyrr en eftir jól en ég legg áherslu á að það verði sent til umsagnar sem víðast, sveitarfélögin í landinu

eða sveitarstjórnarmenn fái tækifæri til þess að gera athugasemdir við þennan gjörning og þar af leiðir að það er mjög mikilvægt að málið verði sent til umsagnar fyrir jól.

Varðandi gildistökuákvæðið með bráðabirgðaákvæðinu tel ég að því verði að sjálfsögðu að breyta þar sem málið verður ekki að lögum fyrr en eftir jól þó að þessi dagsetning hafi verið sett inn þegar verið var að skrifa frv. á sínum tíma.

Ég mun ekki orðlengja þetta meira, herra forseti, en eins og ég sagði legg ég til að málinu verði vísað til félmn.

[Fundarhlé. — 11:23]

[11:47]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma hingað því að ég þarf að koma til hans ákveðnum spurningum sem munu koma fram síðar í máli mínu. En það sem ég ætla fyrst að fjalla um í frv. þessu eru ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir því að stjórnsýsla á hálendi Íslands öllu og þar með talið á jöklum uppi eins og kom áðan fram hjá hæstv. félmrh. falli í hendur sveitarfélaga og er þar verið að ráðstafa stjórnsýslu á 40% landsins. Að mínu viti er það nokkuð undarleg lagasetning að taka svo stórt mál og gera það að ákvæði til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum. Ég sé ekki hvaða nauður rak hæstv. ráðherra til þess að halda þannig á málinu að setja þetta, sem er sennilega eitt stærsta mál sem hefur komið inn á þing er sveitarstjórnarmál varðar, í sérstakt bráðabirgðaákvæði í frv. Ég vil, herra forseti, gagnrýna þann málatilbúnað alveg sérstaklega fyrir utan efnistriði málsins sem ég kem að hér á eftir.

Eins og ég segi er þetta hluti af mjög stóru máli, þ.e. af eignarhaldi og umsýslu á hálendi Íslands. Það mál á sér langa sögu í þinginu því að það var að mig minnir í lok 7. áratugarins sem þáv. þingmaður úr Alþfl., Bragi Sigurjónsson, flutti fyrst inn á Alþingi till. til þál. um að almenningar og afréttarlönd utan eignarmarka einstaklinga yrði lýst alþjóðareign. Slíka tillögu hafa þingmenn Alþfl. flutt á mörgum þingum síðan í ýmsum myndum. Hún hefur aldrei náð samþykki þrátt fyrir að í a.m.k. tveimur dómum Hæstaréttar hafi verið skorað á Alþingi að setja lög sem tækju af öll tvímæli um það efni. Það var fyrst í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 þar sem fjallað var um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti en þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt á afréttinum í samræmi við afsal frá 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu eins og segir í dóminum orðrétt, með leyfi forseta:

„Að yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar sem eigi styðjist við önnur gögn nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa."

Hæstiréttur hefur aftur fjallað um sambærilegt mál, gerði það árið 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti. Í niðurstöðum Hæstaréttar segir orðrétt, með leyfi forseta að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni þó það hafi verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið" og er þá átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Hæstiréttur hefur því tvisvar kallað eftir því að Alþingi setti lög sem tækju á vafaatriðum í þessum efnum vegna þess að sú regla gildir ekki í íslensku réttarfari eins og t.d. í norsku að það sem enginn á eigi kóngurinn, þ.e. ríkið eigi það sem enginn geti sannað eignarrétt sinn á. Hæstiréttur hefur komist að annarri niðurstöðu hér á Íslandi, þ.e. að hvorki ríkið né einstaklingar geti gert þá eignarréttarkröfu sem gerðar hafa verið bæði varðandi Nýjabæjarafrétt og Landmannaafrétt og skorar á Alþingi að setja lög sem taki af þau tvímæli. Þrátt fyrir ítrekaðan tillöguflutning á Alþingi hefur Alþingi samt sem áður aldrei orðið við þeirri áskorun fyrr en fyrst í fyrra þegar hæstv. forsrh. lagði fram frv. á Alþingi sem samið var af nefnd, sem skipuð var að mig minnir árið 1984, þar sem tekin eru af öll tvímæli um þetta efni og tekin sú afstaða að land sem enginn geti sannað eignarrétt sinn á skuli teljast ríkiseign. Þetta er einhver merkasta lagasetning sem fram hefur komið á hinu háa Alþingi um langan tíma og er þess að vænta að hæstv. ráðherra flytji það frv. aftur á þessu þingi þó það sé ekki komið enn. Hins vegar varðar bráðabirgðaákvæðið í því frv. sem við erum að ræða nú þetta mál og hefði verið full ástæða til þess, herra forseti, að halda svo á málum af stjórn þingsins að þetta frv. yrði ekki rætt vegna bráðabirgðaákvæðisins fyrr en þjóðlendufrv. væri komið fram. Við stjórnarandstæðingar höfum ekki farið þess á leit en hins vegar höfum við farið þess á leit að hæstv. forsrh. komi til þess að svara nokkrum spurningum um málið því að það fer ekki hjá því að þetta hangir saman, bráðabirgðaákvæðið í frv. sem er til umræðu og hið stóra frv. hæstv. forsrh. um þjóðlendur.

Í Morgunblaðinu hefur dr. Gunnar G. Schram, prófessor í umgengnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands, m.a. fjallað um þessi mál. Hann segir orðrétt um þær ráðagerðir sem felast í frv. hæstv. félmrh., þ.e. ákvæði til bráðabirgða í því frv., með leyfi forseta:

„Kjarni þessara ráðagerða er sá að allt miðhálendið, sem nú er að mestu almenningur og einskis manns land, skuli hvað alla stjórnsýslu snertir falla undir nokkur af sveitarfélögum landsins. Hér er þeirri spurningu varpað fram hvort þetta sé skynsamleg stefna.

Miðhálendið er geysilega víðfeðmt, nær yfir rúmlega 40% af flatarmáli landsins eins og það er venjulega skilgreint. Þær náttúrugersemar og einstöku óbyggðir sem þar er að finna eru ein af mestu auðlindum landsins, þær eigindir sem gera Ísland svo einstakt í augum hins erlenda ferðamanns jafnt sem okkar Íslendinga. Mikill hluti miðhálendisins er hvorki í eigu ríkisins, sveitarfélaga né einstakra bænda, svo sem allmargir hæstaréttardómar hafa staðfest á undanförnum árum. Hér væri hin rétta stefna sú að lýsa því yfir í löggjöf að miðhálendið væri sameign þjóðarinnar allrar og þar með þær dýrmætu náttúruperlur sem þar er að finna. Samhliða ætti að gera meiri hluta þess að þjóðgarði sem tryggði að þar sæti í framtíðinni í öndvegi sjónarmið náttúruverndar og almannaréttar."

Þetta er nú verið að gera, þ.e. frv. hæstv. forsrh. um þjóðlendur tekur af tvímæli um eignarhaldið. Það fjallar um að ríkið, almannavaldið, skuli teljast eigandi hálendisins utan þeirra marka sem einstaklingar geta sannað eignarhald sitt á.

Frv. það sem félmrh. mælir fyrir fjallar ekki um eignarhaldið heldur um það hver skuli fara með skipulagsmál og stjórn skipulagsmála, þar á meðal náttúruverndar, umhverfisverndar, hver skuli sjá um að bregðast við ef almannavá verður á viðkomandi svæði o.s.frv. Gunnar G. Schram segir síðan í grein sinni, með leyfi forseta:

„Af þessum ástæðum felst mikið óréttlæti í þeirri fyrirætlan að útiloka mikinn meiri hluta þjóðarinnar frá öllum ákvörðunum um landnýtingu og stjórnsýslu á miðhálendinu. Það er gert með núverandi tillögum því þar munu engan hlut eiga að máli allir þeir sem búa á suðvesturhorni landsins,

auk Vestfirðinga. Auk þess má mjög draga í efa að þau 40 sveitarfélög sem ætluð eru öll völd á miðhálendinu séu í stakk búin til þess að fara með þá stjórnsýslu. Þar er ekki síst um að ræða ákvarðanir um skipulagsmál, byggingarmál og heilbrigðismál. Mörg þessara sveitarfélaga eru fámenn og hafa, þrátt fyrir góðan vilja, ekki yfir þeirri sérþekkingu á þessum sviðum að ráða sem nauðsynleg er og hér getur skipt sköpum. Auk þess býður þessi skipting 40% landsins greinilega upp á ágreining og deilur milli sveitarfélaganna innbyrðis um staðar- og valdmörk á miðhálendinu sem líklegar eru til að æra óstöðugan og standa allri starfsemi þar fyrir þrifum svo dæmin hafa raunar þegar sannað. Hér yrði með öðrum orðum ein helsta íþrótt Íslendinga, landamerkjadeilurnar, hafin í æðra veldi. Hætt er við að skynsamleg landnýtingarsjónarmið og náttúruvernd lytu þar í lægra haldi."

Ég held að það þurfi ekki mörgum orðum við það að bæta sem prófessorinn hefur hér sagt. Nákvæmlega þetta er að gerast. Með ákvæði til bráðabirgða í frv. hæstv. félmrh. er ekki verið að hnekkja því meginatriði í þjóðlendufrv. forsrh. að hálendi Íslands skuli teljast alþjóðareign. Það er verið að ganga á svig við það með því að gera ráð fyrir því að aðeins örfá sveitarfélög, sem mig minnir að hafi um 4% íbúa þjóðarinnar innan sinna vébanda, skuli fara með jafnmikilvæg mál og umdeild eins og umhverfismál, skipulagsmál og nýtingarmál. Hvað þetta varðar stangast það á við ákvæði í frv. hæstv. forsrh. eins og við sáum það í fyrra á Alþingi um þjóðlendur því þar er gert ráð fyrir því að meginstjórnsýsluhafinn sé aðeins einn, þ.e. forsrn. en hins vegar er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin komi inn í myndina þannig að það þurfi bráðabirgðaleyfi þeirra til nýtingar lands og landréttinda innan þjóðlendnanna.

Í greinargerð frv. sem lagt var fram í fyrra er þetta hins vegar skýrt svo að lagt er til að forræðaráðstöfun lands og landgæða innan þjóðlendna verði skipt milli forsrh. og sveitarfélaganna en fylgt sé þeirri stefnu að ekki sé ástæða til þess að forsrh. þurfi að koma að veitingu leyfa til skammtímaráðstöfunar á landi svo sem til eins sumars heldur eigi í því tilviki að vera nægilegt að fá leyfi viðkomandi sveitarstjórnar enda gert ráð fyrir því að forsrh. setji á grundvelli 2. mgr. 4. gr. almennar reglur um veitingu slíkra leyfa. Þannig er þetta útskýrt, virðulegi forseti, í greinargerð með þjóðlendufrv.

Ef hæstv. forsrh. flytur þjóðlendufrv. sitt óbreytt, eða mikið til óbreytt frá því sem hann flutti það í fyrra, er þar með auðséð að ákvæði því til bráðabirgða í frv. því sem við hér ræðum, um valdsvið sveitarstjórnanna á hálendi landsins annars vegar og ákvæði í þjóðlendufrv. hæstv. forsrh. um að forsrh. skuli fara með stjórnsýsluna að meiri hluta til, stangast á. Ákvæðin ganga ekki saman eins og frá þeim er gengið og því eru spurningar mínar til hæstv. forsrh. þessar:

1. Hvenær er þess að vænta að frv. um þjóðlendur verði lagt fram?

2. Verður þeim atriðum í þjóðlendufrv., þ.e. um að hálendi Íslands sem teljist alþjóðareign undir stjórn forsrh. eins og kveðið er á um í frv. sem okkur var sýnt í fyrra, með einhverjum hætti breytt? Ef svo er ekki, heldur standi eins og þau stóðu í fyrra, er þá ekki hæstv. forsrh. þeirrar skoðunar eins og ég að ákvæði til bráðabirgða í því frv. sem við ræðum nú stangist í verulegum atriðum á við þau efnisatriði sem ég lýsti áðan sem voru í frv. hæstv. forsrh. um þjóðlendur?

[12:00]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í dag að forsrh. mundi endurflytja frv. um þjóðlendur algjörlega óbreytt frá því sem það var lagt fram fyrir þingið í fyrra að öðru leyti en því að gildistökuákvæðum er breytt sem leiðir af eðli máls. Að öðru leyti verður frv. lagt fram strax eftir helgi algjörlega óbreytt.

Það er rétt að taka fram þannig að það sé ekki misskilið að þjóðlendufrv. byggir á því að landinu öllu sé skipt í sveitarfélög og slíkar línur séu dregnar þannig að það er engu að síður nauðsynlegt að það sé gert á einhvern tiltekinn hátt þannig að frv. um þjóðlendur, ef að lögum verður, fái notið sín. Ég tel mjög mikilvægt að frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, verði hér samferða frv. hæstv. félmrh. í gegnum þingið.

Það er mat þeirra lögmanna sem að samningu þjóðlendufrv. komu að það eigi ekki að þurfa að skarast að málin verði afgreidd. Nefndirnar munu þá bera frv. saman og fara yfir það sérstaklega. Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður sem hefur komið að málunum hefur gefið það álit að þau ákvæði sem eru innan frumvarpanna núna eigi ekki að þurfa að standa í vegi fyrir því að hvorutveggja málin megi fram ganga. Þetta þarf þá bara að skoðast nákvæmlega í þinginu.

Sveitarfélögunum eru eins og hv. þm. nefndi, falin ýmis verkefni, þrátt fyrir þjóðlendufrv., á vettvangi þeirra laga. En þar er þó í meginatriðum um að ræða forræði til bráðabirgða innan árs. Ef lengra er gengið þarf forsrn. að koma að málinu.

Þjóðlendufrv. byggist beinlínis á því að sveitarfélög og sveitarfélagamörk séu alls staðar til staðar í landinu. Til að mynda segir í 3. gr. þess frv. sem var kynnt í fyrra og verður lagt fram að nýju, með leyfi forseta:

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra."

Þannig að á því er byggt að sveitarfélagamörk séu til staðar á svæðinu öllu. Ég tel þetta frv. um þjóðlendur, sem ég ætla nú ekki að fara að mæla fyrir hér og brjóta þar með væntanlega þingsköpin, sé tímamótafrv. sem muni eyða þeirri óvissu, leysa úr málum sem Hæstiréttur, eins og hv. þm. gat um réttilega, hefur æ ofan í æ gert kröfu til að höggvið sé á, leysi afgerandi úr þeim vanda.

Málið hefur verið lengi í undirbúningi. Það var fyrirrennari minn, Steingrímur Hermannsson, sem beitti sér fyrir vinnu við þetta frv. og bestu menn hafa að því komið. Fyrst dr. Gaukur Jörundsson og eftir að hann hvarf til annarra starfa kom að málinu Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, nú hæstaréttardómari, Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka, Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, Allan Vagn Magnússon borgardómari, nú héraðsdómari. Að þessu máli hefur því verið unnið mjög faglega og á vandaðan hátt enda er málið afskaplega flókið eins og hefur komið í ljós svo greinilega í hinum fjölmörgu dómum og deilumálum sem fyrir rétti landsins hafa farið.

Þannig að frv. verður lagt fram óbreytt. Það er mat lögmannanna að það eigi ekki að þurfa að koma í veg fyrir að frv. félmrh. geti fengið eðlilega meðferð hér í þinginu.

[12:04]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir. Hann hefur nú tekið af öll tvímæli um að ákvæðin eins og þau standa í ákvæði til bráðabirgða í því frv. sem við erum nú að ræða standast ekki vegna þess að þau gera ráð fyrir því að sveitarfélögin, hvert á sínu svæði á hálendinu, fari með æðsta vald í skipulags- og stjórnunarmálum. Samkvæmt þjóðlendufrv. forsrh. er það einn aðili sem fer með þetta æðsta vald á öllu hálendi Íslands, þ.e. forsrh., einn og sami aðili. Það finnst mér mjög eðlilegt því þarna er um að ræða þjóðareign. Það er mjög eðlilegt að einn og sami aðili fari með stjórnsýsluvaldið á því svæði. Sveitarfélögin eru hins vegar samkvæmt þjóðlendufrv. undir vald forsrh. sett í þessum efnum, þ.e. þau eru ekki æðsta vald í stjórnsýslu á hálendinu heldur er forsrh. það. Þannig að ákvæði til bráðbirgða í frv. hæstv. félmrh. hvað þetta varðar standast ekki og það verður að breyta þeim til samræmis við frv. forsrh.

Í annan stað vek ég athygli á ummælum hæstv. forsrh. um að gert sé ráð fyrir því að Alþingi þurfi að fara í þessa samræmingarvinnu og afgreiða ekki frv. hæstv. félmrh. fyrr en jafnhliða hinu. Þá langar mig til að benda á að ekki er eðlilegt, að mínu viti, að félmn. Alþingis, þangað sem frv. félmrh. verður sent, fái þjóðlendufrv. til meðferðar heldur er það eðlilegt umfjöllunarefni allshn., að mínu viti. Ég ítreka að það hefur komið fram í máli forsrh. að ekki er stætt á að afgreiða ákvæði til bráðabirgða í frv. félmrh. eins og það liggur fyrir og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það.

[12:07]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég sé nú eftir hæstv. félmrh. á dyr úr salnum og kann því nú miðlungi vel að hafa ekki hæstv. félmrh. sem viðmælanda.

(**Forseti** (GÁS): Vill ekki hv. þm. þá gera hlé á ræðu sinni þar til hann kemur til salar?)

Jú, það er velkomið. Á ég að víkja úr ræðustól á meðan, virðulegur forseti.

(**Forseti** (GÁS): Hv. þm. getur haft þá aðferð sem hann kýs en klukkan verður stöðvuð.)

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Það eru auðvitað allnokkur tíðindi að slíkt frv. sé lagt fyrir þingið. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. sjálft en koma síðan að því atriði sem hér hefur verið rætt af hv. 4. þm. Vestf. og hæstv. forsrh. hefur komið að því máli.

Ég vil í upphafi segja að mér finnst að það sé góðra gjalda vert að hér er komin endurskoðun á sveitarstjórnarlögum og heildstætt frv. komið fyrir þingið um það efni. Ég hef nú ekki haft aðstæður til að fara rækilega yfir það svo sem vert væri vegna þess að ég hafði fjarvist vegna ferðar erlendis síðustu daga og var fyrst að sjá þetta frv. í morgun í þeim búningi sem það er hér rætt og hef þann fyrirvara varðandi málflutning minn að ég mun ekki geta komið að öllum sjónarmiðum sem ég vildi gera um málið. Sjálfur hef ég flutt þrívegis á undanförnum þingum frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögum sem snerta ýmis þau efni sem hér eru tekin inn í þessa endurskoðun á sveitarstjórnarlögum. Þau ákvæði snerta nafngiftir á sveitarfélögum og heiti á embættismönnum og oddvitum sveitarstjórna, ýmislegt af þeim toga sem ég taldi á þeim tíma að brýnt væri að fá breytingu á og hæstv. félmrh. tók undir það í máli sínu hér að æskilegt væri og brýnt að fá þá breytingu fram. Sjálfur flutti hæstv. ráðherra frv. einmitt um sama efnisatriði sem dagaði uppi á síðasta þingi þótt mitt frv. um hliðstætt efni lægi þá fyrir þannig að ekki er ágreiningur á milli okkar um þetta efni, virðulegur forseti, að þarna þurfi að gera breytingar á. Mér sýnist að frv. hafi að þessu leyti tekið inn flest þau atriði sem fram komu í frv. mínu sem félmn. þingsins hefur farið yfir og hefði sem hægast mátt lögfesta þegar á 120. þingi og spara sveitarstjórnum ýmsar hremmingar sem stafa af gildandi ákvæðum laga um heiti sveitarfélaga og fleira af þeim toga. Við skulum því vona að þetta stefni að einum ósi. Það er hins vegar dálítið athyglisvert varðandi málsmeðferð hér í þinginu að það skuli vera lítið með það gert þó að þingmenn séu að flytja hér mál inn í þingið sem í rauninni ríkir samstaða um og hljóta hina bestu umsögn og bestu meðferð eins og flest af því sem lagt var til í því frv. sem nú liggur fyrir félmn., þ.e. 26. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. En ekki skal ég sakast frekar um það efni.

Ég vil þó vekja athygli á því, virðulegur forseti, að um leið og með þessu frv. er aflétt þeim kvöðum sem eru í gildandi löggjöf að sveitarfélög skuli bera tiltekin heiti — það er sannarlega tími til kominn og hefði fyrr mátt vera — þá er samt ekki gætt fyllsta samræmis. — Og enn er hæstv. félmrh. hlaupinn úr þingsal, virðulegur forseti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti leggur til að sami háttur verði hafður á ef hv. þm. kýs svo.

Vil ég vekja, virðulegur forseti, athygli á 11. gr. frv. þar sem enn er að finna agnúa sem ég tel að þurfi að fjarlægja úr frv. sem kemur í veg fyrir þá heildarsamræmingu sem nefndin sem undirbjó frv. hefur staðið fyrir, þ.e. að rýmka til um rétt sveitarfélaga varðandi nafngiftir og að draga upp mynd af sveitarfélögum í landinu sem heildstæðu stjórnsýslustigi en ekki að vera að koma í veg fyrir þá sýn til mála með sérákvæðum um hreppa eða kaupstaði eða borgir og bæi, hvað menn vilja kalla þetta, út frá íbúafjölda. Það er stefna sem hægt er að taka undir, jákvæð stefna, en því er ekki fylgt eftir í 11. gr. frv. þar sem farið er að kveða á um í lögum samkvæmt þeirri tillögu sem þar má lesa um heiti sveitarstjórna með mismunandi hætti. Er nokkur ástæða, virðulegur forseti, og ég beini því einnig til hæstv. ráðherra, til þess að vera að lögbjóða um heiti sveitarstjórna sérstaklega eftir því hvort að talist hefur bær, hreppur eða eitthvað annað? Það er agnúi á þessu máli og því þarfa samræmingarstarfi sem nefndin hefur skilað af sér og hæstv. ráðherra hefur flutt hér inn. Er nokkur ástæða til þess að kveða á um í lögum að í Reykjavík — og hér stendur Reykjavíkurborg. Heitir hún ekki Reykjavík bara höfuðborgin hérna — nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn? Þarf að kveða á um slíkt í lögum? Þarf að kveða á um það í lögum að sveitarstjórnin nefnist bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn? Þetta er fáránlegt og alveg sérstaklega í ljósi þeirrar hreinsunar sem gerð hefur verið á öðrum sviðum varðandi þessi efni. Sveitarstjórnir er hið almenna sameinandi heiti fyrir sveitarstjórnir og annað á ekki að lögbjóða.

Árið 1986 þegar lög um sveitarstjórnir voru síðast endurskoðuð var ekki nógsamlega tekið tillit til þess greinarmunar sem var, þangað til, á sveitarfélögum vegna tilvistar sýslna í landinu sem þá voru afnumdar — þær voru afnumdar með þeirri lagabreytingu — Þá var hægt að stíga skrefið. Það var ekki gert og hér erum við að fikra okkur áfram til að draga upp heildarmynd af þessu stjórnsýslustigi.

Ég fagna því að í 14. gr. frv. er talað bara um oddvita sveitarstjórnar og að stöðuheiti oddvita sveitarstjórna megi ákveða í samþykktum stjórnar sveitarfélagsins. Það er gott. Það er ekki verið að flokka þetta eftir forseta borgarstjórnar eða bæjarstjórnar. Þetta er bara oddviti og það er ágætt nafn, fínt íslenskt heiti sem öllum er sómi af að bera. Það þarf ekkert meira til. En ef sveitarstjórnir svo kjósa að hengja eitthvað annað á sína starfsmenn þá geta þeir gert það í samþykktum. Þetta er rétt stefna.

Virðulegur forseti. Sama er að segja um framkvæmdastjóra sveitarfélags. Það er bara framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og það þarf ekki annað nafn á hann en framkvæmdastjóra og það er sameinandi fyrir allt stjórnsýslustigið. En ég sá, virðulegur forseti, í þessu frv. á einum stað að getið var sýslna og þá er reyndar komið að því atriði sem rétt er að fjalla nú um það sem ég á eftir í minni ræðu, þ.e. ákvæði til bráðabirgða sem hér hefur þegar nokkuð verið rætt. Þar er að finna mjög sérkennilegt ákvæði í ljósi þess að sýslur eru ekki lengur til í landinu þó að þær lifi góðu lífi í umræðum manna á meðal og jafnvel í málsmeðferð opinberra stofnana eins og Skipulags ríkisins og í þeirri tillögu að hálendisskipulagi sem liggur fyrir. Þar er flokkað eftir sýslum þó að sýslur séu ekki lengur til. Hér stendur í ákvæði til bráðabirgða:

„Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna."

Til hvers er verið að vísa? Á hverju er byggt? Hvar eru lagaleg ákvæði um sýslumörk? Sýslur eru ekki lengur til samkvæmt lögum. Sýslumenn eru embættismenn sem sitja á ákveðnum stað og bera heiti samkvæmt því. Það er enginn sýslumaður Gullbringusýslu til lengur, enda er búið að breyta umdæmamörkum frá því sem var meðan Gullbringusýsla var sýsla. Það er búið að breyta þeim. Það er búið að breyta sýslumörkum í Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu, — reyndar er ekki búið að breyta sýslumörkum heldur umdæmamörkum sýslumanna, vildi ég sagt hafa. Þannig eru hvergi til nein skilgreind sýslumörk í landinu og það er engin fastdregin afmörkun á milli umdæma sýslumanna nema að ráðuneyti dómsmála getur sjálfsagt farið með það svona eftir reglugerð gæti ég ímyndað mér, hvernig með skuli farið. Það er nauðsynlegt að þetta verði tekið til umræðu í nefndinni og ég hafði raunar ætlað mér, virðulegur forseti, að bera hér fram þinglega fyrirspurn til ráðherra varðandi sýslur og þessa notkun á heitum þeirra og tilvísun til þeirra því að það er held ég mál til komið að sé gert. Ég er ekkert á móti því að festar séu sýslur í landinu en þá á að gera það og ekki vera að hringla með það ef menn ætla að miða við slíka afmörkun. Nóg um það, virðulegur forseti.

Ákvæði til bráðabirgða sem hér hefur verið rætt og er greinilega umdeilt mál og ekkert óeðlilegt við það, það snýr að mjög stóru efni, efni sem hefur verið til umfjöllunar á Alþingi síðan 1990 og raunar miklu fyrr. Inn í þetta mál kemur spurningin um eignarráð yfir ákveðnum hlutum landsins, yfir hálendi landsins. Það er sérstakt viðfangsefni annað en viðfangsefni varðandi stjórnsýslumörk. Þó er það svo að vegna þess að af hálfu núv. ríkisstjórnar hafa komið fram mál og eru væntanleg mál inn í þingið sem snerta þetta, þá er mjög eðlilegt að á því sé vakin athygli. Það er alveg réttmætt sem hv. 4. þm. Vestf. hefur sagt að því leyti til, alveg réttmætt, að ekki er samræmi í málafylgjunni af hálfu hæstv. félmrh., og eins og hér hefur verið greint frá, af hálfu hæstv. forsrh. varðandi væntanlegt frv. um þjóðlendur og ég vil leyfa mér að segja, af hálfu hæstv. umhvrh. sem mun nú fjarri góðu gamni, að því er snertir skipulagslöggjöfina. Þarna stangast mál á og það er mjög nauðsynlegt að þingið fari yfir þessi mál í heild og skili frá sér skýrri löggjöf þannig að ekki leiki vafi á því hvers er hvað, hver hin almenna lagalega afmörkun er varðandi valdsvið og að hve miklu leyti valdsviðið tengist eignarhaldi þegar kemur til hálendisins. Þetta þarf að vera skýrt.

Ég vil þá aðeins koma að því, virðulegur forseti, hver eru hin almennu viðhorf að því leyti sem snertir yfirráðin og stjórnsýsluna sem við erum hér í raun að fjalla um með því að framlengja mörk sveitarfélaga inn til landsins og skipta einnig upp jöklum milli sveitarfélaga. Um þetta hefur Alþingi fjallað mörg undanfarin ár og flestir þeir þingmenn sem hér sitja hafa komið að því, virðulegur forseti, með einhverjum hætti, kannski ekki þeir sem eru nýkjörnir á þessu kjörtímabili. Og þá vísa ég til þess að árið 1990 starfaði á vegum fyrsta umhvrh. okkar í ríkisstjórn, Júlíusar Sólnes, sérstök nefnd sem hafði það verkefni að gera tillögur varðandi stjórnsýslumörk á hálendinu og varðandi afmörkun þess og hversu með skyldi farið. Þetta var kölluð hálendisnefnd. Hún skilaði af sér eftir allmarga fundi tillögu til umhvrn. þar sem það var meginefni að miðhálendi landsins yrði sérstök og sjálfstæð stjórnsýslueining, ekki viðfangsefni sveitarfélaga þannig séð þó ekki væri útilokað að sveitarfélög kæmu að stjórnsýslunni heildstætt. Úr því var ekki skorið. Á grundvelli þessa viðhorfs og þessara tillagna, virðulegur forseti — og nú held ég að það væri æskilegt að hv. 4. þm. Vestf. væri hér nærri, ég bið um að honum sé gert viðvart því að ég er að víkja aðeins að máli hans jafnframt um þessi efni — var flutt inn á þingið, 115. þing, frv. um skipulag á miðhálendi Íslands og það byggði á þessu meginsjónarmiði — þetta er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hin fyrri og umhvrh. var þá Eiður Guðnason þegar þetta er gert og hæstv. þáv. umhvrh. byggði á þessu meginsjónarmiði — miðhálendið sjálfstæð stjórnsýslueining. Þetta frv. var rætt hér í þinginu og menn geta kynnt sér þá umræðu. Hún var alllöng og mikil. Ég var með hana hérna. Og þá risu nú heldur betur úfar hér meðal manna og þá fór ekki mikið fyrir samstöðunni í þeirri ríkisstjórn því að upp risu, öndvert þessu meginsjónarmiði, þingmenn úr þáverandi ríkisstjórnarliði, sjálfstæðir þingmenn, og höfnuðu þessari leið eða lögðust mjög gegn henni og þingmenn úr Framsfl. sem sameinuðust með þeim á móti þessari stefnu og frv. komst aldrei einu sinni til nefndar ef ég man rétt. Ég held að umræðunni hafi verið frestað og frv. hafi aldrei til nefndar farið. Þetta mun vera á vorþingi 1992. Síðan bregður þáv. hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason á það ráð að kalla saman fulltrúa sveitarstjórna í landinu haustið 1992. Og hvernig skal orða það, virðulegur forseti, kurteislega. Hæstv. umhvrh. var kveðinn í kútinn eða lét kveða sig í kútinn á þeirri ráðstefnu og kom síðan inn í þingið með annað frv. til skipulags- og byggingarlaga sem byggði á stefnu þeirra sem höfðu náð saman í andstöðunni hér á Alþingi úr Framsfl. og Sjálfstfl. gegn þeirri stefnu að það yrði ein og sérstök stjórnsýslueining á miðhálendinu og farið yrði í þann farveg sem síðan hefur verð unnið eftir og lögfest var með sérstakri breytingu á skipulagslöggjöfinni, mál nr. 455 á þinginu 1992–1993, 116. þingi og það er umhvrh. úr Alþfl. í þáv. ríkisstjórn sem hefur forustu um þetta mál. Og frekar en það ástand héldi áfram að allt þróaðist

skipulagslaust á miðhálendi landsins og menn kæmust ekkert áfram með drög að skipulagi þar, þá urðu sammæli um það, í ljósi þess að lokað var leiðum af pólitískum meiri hluta á Alþingi fyrir sérstakri stjórnsýslueiningu á miðhálendinu, hopa í það víg frekar heldur en ekkert yrði að gert og allt þróaðist svona, að fallast á það með bráðabirgðaákvæði við skipulagslöggjöfina sem sú vinna að skipulagi miðhálendisins sem síðan var fylgt hefur farið eftir, skipulag sem nú liggur fyrir. Umsagnarfrestur rennur út 10. desember hafi menn gleymt því.

Og það er svolítið sérkennilegt, verð ég að segja, virðulegi forseti, að talsmenn Alþfl. hér á Alþingi — ber ég þó fulla virðingu fyrir grunnsjónarmiðinu því að það er hið sama eða svo taldi ég vera á sínum tíma eins og var hjá okkur alþýðubandalagsmönnum og við höfum fylgt sem meginsjónarmiði að það bæri að fara með miðhálendið sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu — skuli koma með það sem alveg sérstakt gagnrýnisefni hér í þingið að unnið skuli með þessum hætti sem umhvrh. bar hér fram og óskaði lögfestingar á á þeim tíma sem Alþfl. fór einnig með formennsku í umhvn. þingsins. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson var þar formaður.

(**Forseti** (GÁS): Ef forseti má ónáða hv. þm. (**HG:** Já, með ánægju.) andartak, ekki vegna þessarar ræðu hér heldur af því ég rek augun í það að klukka þingmannsins er stopp (**HG:** Þingmannsins? Nei. Hún gengur.) Klukkan í ræðustólnum hefur stöðvast. (**HG:** Forseta.) Nei, klukka forseta er ágæt líka. En ég vil vekja athygli þingmannsins á því að hann á þrjár og hálfa mínútu eftir af ræðutíma sínum og ber þá ekki að taka neitt mið af þeirri klukku sem er í ræðustól.)

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ábendinguna. Mín innbyggða klukka hafði sagt mér það nákvæmlega að þannig stæði á að það væri um það bil þrjár og hálf mínúta eftir og ég hafði einmitt byggt mál mitt upp samkvæmt því.

Virðulegur forseti. Þetta er staða málsins og mér finnst að það skorti mjög verulega á það í umræðu á Alþingi og í umræðunni úti í þjóðfélaginu að menn hafi gert sér grein fyrir því hvernig menn hafa verið að taka á málum hér á undanförnum árum allar götur síðan 1990 í sambandi við það efni sem hér liggur fyrir því að það er alveg ljóst að þegar hæstv. þáv. umhvrh., Eiður Guðnason, ber sitt frv. fram og það er lögfest þá er grunnhugsunin að baki, og það get ég sýnt fram á hér rækilega, sú að landinu verði skipt upp milli sveitarfélaga. Það er grunnhugsunin þar að baki. Annars hefði þetta skipulagsferli aldrei verið sett svona og það var beinlínis vísað til þess að væntanleg skipulagslöggjöf sem var lögfest hér á Alþingi tæki við þar sem heimildir skorti samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem lögfest var þarna. Þannig gengu menn frá þessu máli hér sl. vor með samþykkt á skipulags- og byggingarlögum Ef ég man rétt, var frá því gengið einróma hér á Alþingi. Menn verða að horfast í augu við það hvað við höfum verið að gera burt séð frá því þó við séum ekki sammála grundvallarstefnunni. Síðan kemur ríkisstjórnin með málið í þeim búningi sem hæstv. félmrh. leggur hér fyrir og það er sannarlega gagnrýni vert að ekki skuli fylgjast að frv. um þjóðlendur og þau frumvörp sem hér eru og að það skuli skarast, svo að ekki sé meira sagt, rekast á jafnvel í mikilvægum efnum, málsmeðferðin og skírskotun þess frv. sem hér er og þeirra ákvæða sem við þekkjum úr frv. um þjóðlendur á síðasta þingi. Það gerir það. Hvar er það tíðkanlegt að forsrh. geti gengið inn í skipulagsheimildir og kvaðir sveitarfélaga sem eru skýrar samkvæmt skipulagslögum og við höfum lögfest hér? Það verður að breyta skipulagslöggjöfinni að sjálfsögðu til samræmis ef það á að verða sjónarmiðið og sem mér sýnist að eigi hér stuðning margra og mér finnst alveg sjálfsagt að athugað verði.

Ég vara hins vegar við þeirri bjartsýni sem mér fannst koma fram í máli t.d. hv. 4. þm. Vestf. að allt miðhálendið verði í krafti hugsanlegra laga um þjóðlendur orðið að þjóðareign eða almenningseign. Vonandi sem mest, en ég er ekki búnn að sjá að það nái til þess og þá er eftir vandinn að greina á milli hvernig með skuli farið. En þessi málsmeðferð að forsrn. eigi að grípa inn í og sveitarstjórnir hafi aðeins heimild til ársins til ráðstöfunar og ellegar þurfi þær að leita til forsrn., ekki til ráðuneytis skipulagsmála er einkennileg. Það má vera til forsrn. eða þess sem fer með eignarrétt ríkisins, að leitað sé til þeirra. Þetta er satt að segja mjög kynlegur grautur sem verið er að leggja hér fyrir þingið.

Virðulegur forseti. Margt mætti fleira um þetta stóra mál segja. Það er auðvitað gífurlega þýðingarmikið að ná saman um hvernig með skuli farið varðandi skipulag á miðhálendinu. Það er gífurlega þýðingarmikið mál og við náðum því þó í sambandi við skipulagslöggjöfina að tryggja það að allur almenningur á Íslandi, og það var breyting frá því frv. sem hæstv. ráðherra bar hér fram, hvar sem hann byggi, hefði rétt til að gera athugasemdir við skipulagstillöguna um svæðisskipulag miðhálendisins. Vonandi hafa margir nýtt þann rétt og klukkan gengur til 10. desember ef menn vilja koma þar að athugasemdum.

[12:32]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. kom að tveimur atriðum sem ég vildi gera örlitla grein fyrir. Það er varðandi 11. gr., heiti sveitarstjórna. Það varð um þetta málamiðlun í þeirri nefnd sem undirbjó frv. og ég get sagt það alveg hreinskilnislega að málamiðlunin varð vegna þess hve mönnum er annt um heitið „borgarstjórn Reykjavíkur". Ég tel að nefndin verði að taka þetta til athugunar. Það var þá ekki farið í það úr því að samkomulag náðist ekki um að breyta ákvæðum um nöfn annarra sveitarstjórna. En ég tel sjálfsagt að þetta verði skoðað í nefndinni en hygg að þau sjónarmið munu koma inn að borgarstjórn Reykjavíkur haldi sínu nafni og það er það sem nefndin féllst á.

Varðandi sýslumörkin þá er það alveg rétt og ég gerði mér grein fyrir því að sýslur eru ekki lengur til og ef það er hægt að skýra þessi ákvæði í meðförum nefndarinnar, þá er gott eitt um það að segja. Það sem er átt við þarna eru umdæmamörk sýslumanna og þau fylgja víðast hvar gömlu sýslumörkunum en það er að sjálfsögðu hlutverk nefndarinnar sem fær þetta til meðferðar, félmn., að fara yfir þetta ákvæði og lesa það saman við þá löggjöf sem í gildi er.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í það stóra mál sem ræðumaður gerði hér að umræðuefni í meginhlutanum af sinni ræðu. Ég er hér á mælendaskrá á eftir og get þá gert grein fyrir minni afstöðu til þeirra mála.

[12:34]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl., Jóni Kristjánssyni, fyrir viðbrögðin. Ég skil það svo að það hafi fyrst og fremst verið talsmenn Reykjavíkur sem hafi viljað hafa lögtryggingu fyrir því að mega kallast borgarstjórn. Mér finnst það mikið efamál svo ekki sé meira sagt hvort það sé nauðsynlegt að undirbyggja slíkt með lögum frekar

en ýmislegt annað á sama tíma og menn eru að koma hér almennum ákvæðum á varðandi þessi heiti. „Orður og titlar og úrelt þing" segir einhvers staðar og mér finnst að menn þurfi að taka tillit til þess að það á ekki heima í löggjöf um sveitarstjórnir. Það er eitt stjórnsýslustig. Það á að vera eitt meginheiti fyrir hvern þátt máls og síðan heimildir fyrir þá sem vilja nota orður og titla eða sérnafngiftir sem byggja á hefð og ekkert er nema gott um að segja, ef menn vilja varðveita það. En það er ekki til að auka skilning á sveitarstjórnarstiginu. Það er nefnilega kostur að menn átti sig á því að Mjóifjörður og Reykjavík standa nákvæmlega jafnfætis að því er varðar stjórnsýsluna sem stjórnsýslustig, nákvæmlega jafnfætis.

Varðandi sýslumörkin þá var því vikið að mér á leið í ræðustól af vísum manni, virðulegur forseti, að sýslna væri getið í stjórnarskrá og auðvitað ber að skoða það. En það er margt mjög óljóst í meðferð varðandi sýslur og þær voru lagðar af með lögum, hafa ekki haft lagastoð síðan 1986 að mér sýnist.

[12:37]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta en ég vil taka það fram reyndar varðandi stöðu sveitarfélaganna eftir nýju frv. að nefndin leitaðist við í störfum sínum að afnema þann mismun sem er á sveitarfélögum eftir mannfjölda, þ.e. að sveitarfélögin séu jafnsett t.d. varðandi kosningadag og annað sem var misjafnt eftir mannfjölda í sveitarfélögum áður. Ég get sagt það sem mína skoðun að ég sætti mig ágætlega við að yfirstjórn í sveitarfélagi héti sveitarstjórn, en ég féllst á þetta ákvæði í ljósi þessara skýringa sem ég gaf áðan og vildi koma til móts við þau sjónarmið að halda nafninu borgarstjórn hér í Reykjavík þannig að ég hef skýrt afstöðu mína í þessu máli.

[12:38]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alveg rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. að það var stefna og vilji okkar alþýðuflokksmanna að hálendið yrði ein stjórnsýslueining og Eiður Guðnason umhvrh. lagði fram frv. í þá veru fyrir Alþingi. Það er líka rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. að það frv. hlaut ekki samþykki því að þingmeirihlutinn var gegn þeirri stefnu sem þar var mótuð. Og það er líka rétt hjá hv. þm. að páv. umhvrh. og páv. formaður umhvn. Gunnlaugur Stefánsson alþm. beittu sér fyrir því að reyna að leysa málið þannig að einhver skipulagsstjórn yrði á hálendinu. Þetta er allt saman rétt. Það sem hefur breyst er hins vegar það að með frv. forsrh. um þjóðlendur er ekki bara verið að sigla í höfn einu helsta baráttumáli Alþfl. um þrjá áratugi heldur er líka verið að taka af öll tvímæli um það að hálendið er ein skipulagsleg heild undir stjórn forsrh. og auðvitað fögnum við því þegar við fáum slíkt frv. í hendurnar sem staðfestir þá stefnu sem við alþýðuflokksmenn höfðum og umhvrh. okkar beitti sér fyrir en var ekki samþykkt hér á Alþingi á þeim tíma.

Verði hins vegar þjóðlendufrv. samþykkt, þá verður að sjálfsögðu að breyta öðrum lögum, sveitarstjórnarlögum og skipulagslögum til samræmis við það sem í þjóðlendufrv. segir um að líta beri á hálendið sem stjórnsýslueiningu undir stjórn eins ráðherra.

[12:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allt er á sínum stað sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um þetta efni nema kannski að því leyti til varðandi þjóðlendufrv. að þar er náttúrlega ekki ljóst og verður ekki ljóst um alllangan tíma þar til dómar hafa gengið eða þar til mál hafa skýrst varðandi eignarréttinn, hvar heimildir þess ráðherra byrja, hvort það er forsrh. eða annar ráðherra sem fer með það, þ.e. íhlutunarrétturinn varðandi skipulagsmál og þau ákvæði sem vikið er að í frv. um þjóðlendur eins og það lá fyrir þinginu í fyrra. Ég held að það geti orðið allsnúið efni að ganga frá skipulagsþættinum á meðan og það sé mjög brýnt að þingið vinni úr því máli þannig að það verði sem skýrast. Ég er sammála hv. þm., virðulegur forseti, um það að vonandi verður það sem stærsti hluti af hálendinu sem flokkast undir að vera þjóðlenda, þ.e. ríkiseign, og sú hefur verið stefna Alþb. sem hefur viljað koma ákvæðum um þau efni inn í lög og stjórnarskrá. En þetta er ekki fullljóst.

Eftir stendur líka að ákvæði frv. um þjóðlendur, eins og það var kynnt á síðasta þingi, er mjög sérkennilega fram sett í ýmsum efnum að því er snertir íhlutunina og samskipti sveitarstjórna sem þar eru nefndar — þar er jú stefnan að landinu sé skipt í sveitarfélög — og allsbjóðanda sem ræður yfir væntanlegum þjóðlendum.

[12:42]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú aðferð til að fá úrskurð um hvaða land skuli teljast ríkiseign, sem lögð er til í þjóðlendufrv., er sama aðferð og notuð var á sínum tíma í Noregi þegar sama mál var þar á dagskrá. Þetta er sama aðferð og við alþýðuflokksmenn lögðum til í okkar málatilbúnaði að yrði farin og reynslan frá Noregi er sú að í flestum tilvikum var það mjög skýrt hver væru mörk einkaeignarréttar og almannaeignarréttar. Það var úrskurðarnefnd sem fjallaði um þau mál en ekki dómstólar fyrr en í síðustu umferð og úrskurðarnefndinni tókst að leysa flestöll vandamál sem upp komu þannig að það er rétt hjá hv. þm. að eflaust verður eitthvað um það að dómstólar verði að skera úr, en það verður frekar undantekning en hitt ef miðað er við reynslu Norðmanna. Það verður því mjög skýrt mjög fljótlega, a.m.k. um meginefni þjóðlendufrv., þ.e. hvaða hálendissvæði verða skilgreind þjóðareign og þjóðlendur.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það er auðvitað meginatriði málsins sem markað er í þjóðlendufrv. að þarna er um að ræða tilraun til þess að koma þjóðareign yfir hálendið og þarna er ákvörðun um það að á hálendið skuli verða litið, þ.e. það hálendi sem telst þjóðareign, sem eitt skipulagssvæði undir yfirstjórn eins ráðherra.

[12:44]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við getum væntanlega sparað okkur langar orðræður varðandi frv. sem ekki liggur hér fyrir en væntanlega kemur fljótlega og þá efni til að ræða það. En ég vek athygli á því að málið er nú flóknara heldur en mér finnst hv. þm. túlka það m.a. samkvæmt frv. sem lá fyrir í fyrra þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisáðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum."

Þannig er þetta orðað í frv. frá því í fyrra og ég sé ekki út af fyrir sig að það sé nein kúvending í þessu frá þeirri meginstefnu sem liggur í skipulagslöggjöfinni og því frv. sem hér liggur fyrir. Því miður er það nú svo að þó að

verulegur hluti af miðhálendi Íslands yrði úrskurðaður ríkiseign og með þeim íhlutunarrétti og því valdi sem forsrh. eða einhver annar ráðherra — ég held að það ætti nú að vera umhvrh., ráðherra skipulagsmála — hefði, þá er langt frá því að tryggð séu þau sjónarmið sem margir bera fyrir brjósti, þ.e. verndunarsjónarmið, náttúruverndin og þau atriði. Það er mjög langt frá því, því miður, að tryggt sé það sjónarmið að þau þurfi að fylgjast að. Menn skulu hafa það ríkt í huga. Þess vegna skiptir máli að það skipulag sem nú er til umsagnar og þau sjónarmið mörg ágæt, verndunarsinnuð sjónarmið sem er að finna í þeirri tillögu, nái fram að ganga og menn styðji við þau á þessu stigi máls hvernig svo sem réttarstaðan verður síðar.

[12:46]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta frv. ber nokkuð sérkennilega að þar sem eitt helsta efni þess er falið í ákvæði til bráðabirgða en það ákvæði var lagt fram sem sérstakt þingmál á síðasta þingi. Í þessu ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að núgildandi sveitarfélagaskipan framlengist upp til jökla.

Það þarf að hafa skýrt í huga að í frv. er ekki á nokkurn hátt að kveða á um eignarhald á landi, ekki eignarhald sveitarfélaganna eða neitt þess háttar, heldur er kveðið á um í þessu tiltekna ákvæði að sveitarfélögin fari með viðamikið vald sem tengist þessum svæðum, fari með stjórnsýsluvald, m.a. á sviði skipulagsmála, umhverfismála, heilbrigðismála og fleiri þátta sem falla undir verkefni sveitarfélaga. Aðferðin í frv. er fráleit að mínu mati, herra forseti. Það er ekki eðlilegt að tiltölulega fámennur hópur þjóðarinnar fari með skipulagsmál, stjórnsýslu og ákveði reglur um nýtingu eða vernd þessa landsvæðis sem þjóðin telur til sameignar. Við erum að tala um 40% af Íslandi. Svæðið sem frv. tekur til er um það bil 40%, 42% svo að nákvæmt sé orðað. Að svo mikilvægir þættir fari algerlega í umsýslu um það bil 4% þjóðarinnar er ekki eðlilegt.

Það er ekki sanngjarnt að þessi fámenni hópur, þ.e. núverandi sveitarfélög, fái heimild til nýtingar sameiginlegs lands eins og felst í frv. Þetta er alveg sama aðferðin, herra forseti, og við höfum víða annars staðar í þjóðfélagi okkar, tengist t.d. umræðunni um fiskimið. Þar búum við við kerfi þar sem tiltölulega fáum er úthlutaður nýtingarréttur á sameign þjóðarinnar. Án þess að ég ætli að fara nánar út í það vil ég vekja sérstaka athygli á ákveðnu samhengi hér á milli.

Hæpið er að sveitarfélögin sem fá þetta aukna verkefni búi yfir þeirri sérþekkingu á sviði skipulagsmála, heilbrigðismála, byggingarmála, vistfræði, náttúruvernd, ferðamálum og mengunarmálum. Þetta er ekki sagt neikvætt gagnvart sveitarfélögum landsins en mörg þeirra sem fá það verkefni, sem lagt er upp með í frv., eru einfaldlega vegna smæðar, og jafnvel þó að þau sameinist og stækki nú eitthvað, ekki í stakk búin til að vinna að þessum málaflokki eins og vel væri.

Frv. tengist vitaskuld fyrirhugaðri löggjöf um þjóðlendur sem hefur verið nefnt en hæstv. forsrh. greindi frá því að það yrði lagt fram óbreytt á þessu þingi fyrir utan gildistökuákvæði. Kjarni þess frv. er að íslenska ríkið er lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, þ.e. í þeim hluta landsins sem er utan einkaeignar. Þetta er mjög mikilvæg löggjöf og er studd af okkur jafnaðarmönnum.

Þau landsvæði sem munu falla í flokk þjóðlendna hafa að stærstum hluta verið nýtt sem afréttur og sérstök nefnd verður skipuð sem á að skera úr um mörk.

Í þessu þjóðlendufrv. er kveðið á um að leyfi forsrh. þurfi til nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, svo og nýtingar hvers kyns jarðefna í þjóðlendum. Hann gefur leyfi til afnota á landi, til hagnýtingar á þessum réttindum. Sveitarstjórnir munu veita leyfi til nýtingar lands innan eins árs eða skemmri tíma, annars þarf leyfi forsrh. Þetta upplegg og þessi stefna var staðfest í orðum hæstv. forsrh. hér áðan. Það er alveg augljóst á þessu að hugsunin í þjóðlendufrv. og löggjöfin sem félmrh. er að mæla fyrir stangast á. Það var raunverulega staðfest í orðum hæstv. forsrh. áðan þegar hann dró upp meginþætti þjóðlendufrv. og greindi sérstaklega frá forræði forsrn. í þeim málaflokkum sem tengjast ákvæðinu til bráðabirgða. Það var augljóst af málum hæstv. forsrh. að hann túlkaði að sú stefna sem væri í þjóðlendufrv. gengi lengra en stefna ríkisstjórnarinnar og lagði meira að segja upp með það að nefndin yrði að sinna samræmi hér á milli.

Augljóst er að hæstv. forsrh. stóð ekki að baki félmrh. við túlkun á því frv. sem er til umræðu, þvert á móti. Ekki var hægt að skilja orð hæstv. forsrh. öðruvísi en svo að þessu frv. hæstv. félmrh. og annarri löggjöf verði breytt til að það samræmist frv. um þjóðlendur. Við erum eina ferðina enn, herra forseti, að upplifa það að forsrh. tekur frumkvæðið, tekur fram fyrir hendur á ráðherrum í ríkisstjórn sinni. Þetta fer að verða regla frekar en hitt. Auðvitað verðum við að bíða úrvinnslu málsins en ekki var hægt að skilja hæstv. forsrh. öðruvísi en svo yrði unnið að málinu.

Mjög sérkennilegt við þetta mál er líka að það skuli vera laumað inn í frv. í ákvæði til bráðabirgða. Þannig var, herra forseti, að þingflokkur Sjálfstfl. vissi ekki um þetta ákvæði í miðri viku að það væri inni í því frv. sem væri fyrirhugað að ræða hér í gær. Það kom greinilega fram í samtölum við þingmenn Sjálfstfl. og ráðandi menn í þeim þingflokki að þeir höfðu ekki áttað sig á þessu samhengi. Auðvitað er þetta mjög sérkennilegt mál og sýnir kannski betur en margt annað hvernig vinnubrögðum er háttað í ríkisstjórninni.

Það er líka mjög mikilvægt að hafa í huga skýringarnar við ákvæðum til bráðabirgða þar sem er vitnað mjög í samvinnunefnd sem hefur verið að vinna að þáttum í þessu skipulagi með hvaða hætti skuli vera staðið að þessu. Það má gagnrýna að þetta skuli vera byggt á framtíðarsýn fulltrúa 12 sveitarfélaga og $^2/_3$ hlutar þjóðarinnar koma ekki að því borði. Vitaskuld, herra forseti, er til vansa að menn ætli sér að kveða á um svo mikilvægan þátt eins og felst í hugmyndum félmrh. í ákvæði til bráðabirgða, að menn sýni þessu mikilvæga máli sem tengist 40% af landinu ekki meiri virðingu en svo við að búa því til betri lagaumgjörð en setja það í ákvæði til bráðabirgða. Þetta eru ekki góð vinnubrögð. Þessi frumvörp samrýmast ekki. Benda má á að samspil landnýtingar og náttúruverndar er náttúrlega hápólitískt mál sem snertir landið allt og því eðlilegt að mun fleiri komi að því máli en einungis er gert ráð fyrir hér.

Vitnað hefur verið til álitsgerðar Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns um að þessi frumvörp stangist ekki á og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í lagaflækjur en ég vil benda á að ekki ómerkari maður en t.d. prófessor dr. Gunnar G. Schram er gagnstæðrar skoðunar hvað varðar þessi tvö frumvörp. Þau stangast að mati hans á og í meginatriðum skiptir það kannski ekki höfuðmáli nema að því leyti að við þurfum að hafa ljósa stefnu um skipulagsmál og forræðismál á miðhálendinu. Þá er komið að, sem rifjað var upp, hinni

ágætu stefnu sem birtist í frv. sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi af þáv. umhvrh. Eiði Guðnasyni en þar var talað um að miðhálendið yrði sérstakt umdæmi að því er tekur til skipulagsmála og byggingarmála og það væri umhvrh. sem færi með yfirstjórn þeirra mála. Þessi stefna var mörkuð mjög skýrt og eins og hefur verið rakið, þá fékk hún ekki pólitískt brautargengi á þeim tíma. Að mínu mati er hún rétt eftir sem áður og það er einmitt út frá þessari hugsun sem þarf að vinna og útfæra frv. um þjóðlendur, að tryggja að miðhálendið sé sérstakt umdæmi. Hvort það sé þá fellt inn í sveitarstjórnarlögin sem sérstakt sveitarfélag og gildi um það sérstakar reglur er vitaskuld hægt að gera en það er þá önnur stefna en kemur hér fram í ákvæði til bráðabirgða því að það er alveg ljóst hver stefna hæstv. félmrh. í þeim efnum er. Hún er sú að framlengja ekki aðeins mörkin með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir heldur að sveitarfélögin fái það stjórnsýsluhlutverk sem þeim að öðru jöfnu eru tryggð í löggjöf. Það er sú stefna sem við erum að andmæla, erum á móti og finnst vera óskynsamleg og getum bent til stuðnings þess að þau ákvæði í þjóðlendufrv. ríkisstjórnarinnar eru miklu nær og reyndar byggð á gömlum hugmyndum okkar jafnaðarmanna. Það frv. er skynsamlega útfært vegna þess að það gerir ráð fyrir að forsrh. fari með yfirstjórn og setji reglur um nýtingu og verndun auðlinda miðhálendisins en jafnframt að staðbundin yfirvöld eins og sveitarfélög komi að málinu með skammtímaráðstafanir. Hér er lagt upp með ákveðið samstarf, ferli gagnvart þeim aðilum sem málið varðar því að vitaskuld, herra forseti, snýst þetta ekkert um það að rýra möguleika sveitarfélaganna að koma að málefnum sem tengjast nágrenni þeirra. Enginn er að tala um það heldur miklu frekar að leggja upp með skynsamlega stjórnsýslu á þessum stóru svæðum sem eru sameign þjóðarinnar.

Það væri e.t.v., herra forseti, hægt að varpa fram þeirri hugmynd vegna þess að ég dró samasemmerki milli þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar á miðhálendinu og annarra auðlinda sem eru í sameign, að það ætti e.t.v. að hugsa út frá því að hafa sérstakan stjórnsýsluaðila sem sé með málefni sameiginlegra auðlinda okkar. Það gæti þess vegna verið sérstakt ráðuneyti sem hefði umsjón og stjórnsýsluhlutverk á þáttum sem snerta miðhálendið. Það geta verið þættir sem snerta vatnsorku, jarðvarma og aðra slíka þætti og í því sambandi má benda á frumvörp okkar jafnaðarmanna sem voru lögð fram á síðasta þingi sem snerta útfærslu á virkjunum og öðrum sameiginlegum auðlindum í jörðu hvort sem það er jarðvarmi eða aðrir þættir.

Þetta ráðuneyti eða auðlindaráðuneyti, ef við köllum það svo, ætti þá vitaskuld að hafa umsjón með fiskimiðunum líka og ýmsum þeim náttúruperlum sem eru í eigu allrar þjóðarinnar. Það væri e.t.v. ekki fráleitt, herra forseti, að við hugsuðum okkur sérstakan stjórnsýsluaðila sem fyrir hönd landsmanna færi með allar þær auðlindir og skipulag þeirra og stjórnun þar sem þarf að gæta að sameign okkar. Þetta getur einnig tengst þeirri umræðu sem er vaxandi bæði hérlendis og erlendis varðandi gjaldtöku gagnvart auðlindum í umhverfismálum en slík hugsun gagnvart skattlagningu hins opinbera hefur fest rætur mjög víða erlendis og sú umræða er reyndar að hefjast hér.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður forláts. Við það var miðað að gera hlé á fundinum kl. 1 og að honum yrði fram haldið kl. 13.30 en þá hefst hann með atkvæðagreiðslu. Forseti telur hyggilegt að halda sig við tímann 13.30 þar sem þingheimi hefur verið tilkynnt um þá atkvæðagreiðslu. Nú liggur fyrir að tveir hv. þingmenn hafa beðið um andsvar við ræðu hv. þm. og vill forseti fara þess á leit við hv. þm. að hann fresti ræðu sinni og haldi áfram eftir atkvæðagreiðslu kl. 13.40.)

Það er sjálfsagt að verða við því, herra forseti.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

### *Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Húsaleigubætur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 289. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 98, nál. 393, brtt. 394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Brtt. 394,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 394,2 (ný 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

***Hlutafélög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 147, nál. 395.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. a í nál. 395 samþ. með 38 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. b í nál. 395 samþ. með 37 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

***Einkahlutafélög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148, nál. 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

***Landafundir Íslendinga, frh. síðari umr.***

Þáltill. SvG, 12. mál. — Þskj. 12, nál. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. í nál. 412 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 39 shlj. atkv.

***Spilliefnagjald, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 331. mál (hámark gjalds o.fl.). — Þskj. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 332. mál (byggingarnefndir, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Búnaðargjald, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 312. mál (millifærsla gjalda). — Þskj. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359.

[13:45]

**Ágúst Einarsson** (frh.):

Herra forseti. Ég var að ræða frv. félmrh., frv. til sveitarstjórnarlaga og einkum þann þátt sem snýr að miðhálendinu.

(**Forseti** (GÁS): Þeir þingmenn sem ætla að verða við umræðuna hafi hljóð, hinir fari og verði annars staðar.)

Í frv. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fái stjórnsýsluhlutverk á þessum hluta landsins sem er um 40% landsins alls. Að mínu mati er um að ræða óréttláta löggjöf vegna þess að stór hluti landsmanna kemur ekki að þessum málum, mjög svo mikilvægum þáttum þess og sveitarfélögin koma ekki til með að ráða við þetta verkefni svo að vel sé þannig að skynsamlegt væri að útfæra þetta á annan veg en gert er í frv. félmrh. og má benda á væntanlegt frv. um þjóðlendur sem finnur þessum málum mun betri farveg. Það er athyglisvert og kom ljóst fram í umræðunni í morgun að sjónarmið ráðherra ríkisstjórnarinnar, þ.e. hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., er mismunandi enda er nú augljóst að mati flestra sem hafa skoðað þessi mál að þau stangast beinlínis á í tilteknum ákvæðum. Að mínu mati væri brýnt að setja í stjórnarskrá ákvæði um að miðhálendið sé þjóðareign alveg eins og kveðið er á um í lögum um stjórn fiskveiða að fiskimiðin séu þjóðareign. Fyrr í ræðu minni varpaði ég fram

hugleiðingum um hvort við ættum ekki að hafa sérstakt auðlindaráðuneyti sem fer með málefni sameiginlegra auðlinda eins og miðhálendið, vatnsorku, jarðvarma og fiskimiðin og fyndi þessum málum stjórnsýslulega betri farveg en nú er. Útfærsla hæstv. félmrh. er að mínu mati ekki skynsamleg og ýmiss konar rök hafa verið færð fram gegn þessu. Málið er einnig í andstöðu við mjög marga utan þings eins og menn vita og ég á von á því, herra forseti, að það verði áframhald harðra skoðanaskipta um þetta ákvæði í frv. hæstv. félmrh.

[13:48]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við eitt atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykn. en það hefur verið hafður uppi prósentureikningur í þessum málum um að 40% landsins eigi að vera í umsjá fjögurra prósenta af íbúunum. Hér er verið að vitna til línu sem er dregin um hálendismörkin en þetta er í raun vinnulína sem samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hafði og hefur haft í verki sínu, en hún hefur unnið síðan 1993, en það er langt í frá að þetta sé lína utan um þau landsvæði sem geta heitið þjóðlendur. Innan við þessa línu eru jafnvel heimalönd sem hefur ekki verið umdeilt að séu það. Ég vara við svona alhæfingum í þessu máli, prósentureikningi sem á ekki við neitt að styðjast nema vinnulínu sem hefur verið dregin utan um starfið sem þessi samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hefur unnið í umboði allrar þjóðarinnar og samkvæmt lögum síðan 1993.

Ég mun síðan fjalla nánar um það vantraust í garð sveitarfélaganna í landinu sem kemur fram í orðum hv. ræðumanns.

[13:50]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er ekki sáttur við prósentureikninginn. Þannig er að miðhálendið er 40% af landinu og það er ekkert rangt í því. Það er hins vegar alveg ljóst að hluti af miðhálendinu er ekki utan eignarréttar. Hluti af miðhálendinu er í eign ýmissa aðila. Hins vegar nefndi hann ekki hina töluna sem hefur líka verið nefnd að um er að ræða 3–4% af landsmönnum sem fá yfirráðarétt á þessum svæðum, skipulagslegan yfirráðarétt.

Það er ekki vantraust, herra forseti, sem ég hef komið með á sveitarfélögin í landinu þegar ég gagnrýni frv. félmrh. Það er einfaldlega ekki skynsamleg aðferð að fela tiltölulega vanmáttugum sveitarfélögum svona mikil verkefni á stórum svæðum landsins. Það er ekki flóknara en það, herra forseti. Þau koma ekki til með að ráða við skipulagsvinnuna, við heilbrigðisvinnuna, við umhverfisvinnuna sem tengist þessum risastóru svæðum lands okkar. Það er meginmálið í málflutningi okkar. Þetta á að skipuleggja á annan hátt, t.d. að sett sé ein sérstök stjórnsýsluumgjörð um allt miðhálendið þannig að kveðið sé ótvírætt á um það eins og gert er reyndar í þjóðlendufrv., að svæði sem er utan núverandi eignarréttar verði eign ríkisins eða eign almennings. Það þarf að gera. Það á ekki að snúa umræðunni upp eina ferðina enn í baráttu á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Það er fráleitur málflutningur, herra forseti, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni.

[13:52]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig undrar dálítið orð hv. 11. þm. Reykn. þar sem hann segir að það eigi ekki að snúa þessu upp í baráttu dreifbýlis gegn þéttbýli eins og ég hafi verið að gera. Ég minntist ekkert á það. Ég tel að það eigi að skipa þessum málum í þágu allrar þjóðarinnar og þau frumvörp sem í vændum eru eigi að gera það, frv. um þjóðlendur og frv. um eignarrétt á auðlindum í jörðum og fleira. Það er þessi prósentureikningur sem hv. þm. er að æfa í ræðustól, eins talnaglöggur og hann er, sem snýr þessu upp í slíkt þrátefli sem mér finnst miður. Ég hef ekki minnst á dreifbýli eða þéttbýli. Ég tel að þetta sé vantraust á þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli og ég bendi á að meiri gerjun er í stjórnsýslu sveitarfélaga en í stjórnsýslu ríkisins. Sveitarfélögin eru að styrkjast og verða sterkt stjórnsýslustig og ríkisvaldið mætti gjarnan taka sér þann sóknarhug til fyrirmyndar. Þess vegna vil ég segja að ég skil ekki þegar hv. þm. segir í öðru orðinu að þetta sé ekki vantraust á sveitarfélögin og segir svo í hinu orðinu að þau séu ekki í stakk búin og vanbúin til að vinna að þessum málaflokkum.

[13:54]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil veg sveitarfélaga sem mestan. Ég vil gjarnan standa að því með öðrum að styrkja sveitarstjórnarstigið. Ég held að ekki þurfi að vera ágreiningur milli mín og hv. þm. Jóns Kristjánssonar um það efni. Hins vegar er ég að draga fram þau verkefni sem eru falin sveitarfélögunum með útfærslu frv. og ég bendi á að hægt er að lesa beint upp úr frv. athugasemd með ákvæðinu til bráðabirgða. Vinnuhópurinn sem hefur unnið með samvinnunefndinni um þetta hefur lagt ríka áherslu á að leyst verði úr stjórnsýslumálum á miðhálendi Íslands á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Það er alveg ljóst hver stefnumörkun hæstv. félmrh. er í þessum efnum.

Hins vegar er ég að segja að sérstaka stjórnsýsluumgjörð þarf um þetta mikla verkefni, þessa víðáttu og flóknu aðkomu að mörgum málum bæði hvað varðar skipulag, umhverfismál og heilbrigðismál á öllu þessu landsvæði. Þetta er það risavaxið verkefni að lítil sveitarfélög ráða einfaldlega ekki við það. Það er ekki vantraust á sveitarfélögin sem slík. Ég vil gjarnan taka þátt í að styrkja þau. Það er einfaldlega um það að ræða að þessi útfærsla leiðir til þess að ekki verði staðið eins skynsamlega og vel að málum sem tengjast miðhálendinu og hægt væri að gera. Það er ekki vantraust, herra forseti, á sveitarfélögin í landinu nema síður sé því að við skulum færa verkefnið til sveitarfélaga og við skulum þá færa tekjustofna til sveitarfélaga, en við verðum að gera það þannig að samræmi sé á milli þeirra verkefna sem þeim eru falin og getu þeirra til að taka við þeim verkefnum. Það er eðlileg aðferð í byggðamálum.

[13:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson fjallaði nokkuð í máli sínu um eignarréttarmál og nefndi Alþfl. í því sambandi. Það er rétt að Alþfl. hefur komið að þeim málum og haft sjónarmið sín þar. Alþb. hefur hins vegar gengið lengra í þessum efnum með því að leggja til beinar tillögur í tvo áratugi um það að eignarréttaryfirráð verði ákveðin með stjórnarskrá á svæðum sem menn tala almennt um sem miðhálendi landsins. Fyrir þinginu liggur sérstakt frv. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins flutt af Ragnari Arnalds og okkur fleiri þingmönnum Alþb. um þetta. Svipað frv. hefur margoft veri flutt í þinginu.

Hv. þm. nefndi þá hugsun að sérstakt auðlindaráðuneyti yrði stofnað. Það kemur vissulega til álita. Ég held hins vegar að það væri ráð áður en að því kæmi að setja á fót sérstaka

deild auðlindamála innan umhvrn. Það er ekki flókin aðgerð skipulagslega séð, auðlindadeild sem safnaði upplýsingum og héldi utan um rannsóknir á sameiginlegum auðlindum okkar, ekki síst lífrænum auðlindum okkar og færi með þau efni. Ég held að menn eigi að líta miklu meira til umhvrn. í þessum efnum, m.a. varðandi þjóðlendur og meðferð þjóðlendna. Ég er ekki hrifinn af þeirri hugsun að forsrh. landsins verði þar yfirbjóðandi og ég er ansi hræddur um að það bjóði upp á margháttaða togstreitu ef allt annar aðili en fer t.d. með skipulagsmál í landinu ætti að fara með málefni sem tengjast auðlindum væri að grípa inn í þar með ákvörðunum. Ég vara hv. þm. a.m.k. fyrir fram að setjast á sama hest og ríkisstjórnin í þessum málum, eða hæstv. forsrh., því að ég er ekki búinn að sjá að það frv. um þjóðlendur leysi efnin í öllum greinum og að því er þetta varðar.

[13:59]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er visslega rétt hjá hv. þm. að ýmsir hafa komið að umræðu um eignarréttarmál á liðnum áratugum, bæði alþýðuflokksmenn og alþýðubandalagsmenn. Hins vegar ber að hafa í huga að sá sem hreyfði þessum málum fyrstur var líklega Bragi heitinn Sigurjónsson, fyrrv. alþm. Það hillir undir að sum þeirra mála sem voru rædd fyrir áratugum séu að komast í höfn.

Hv. þm. ræddi að e.t.v. væri skynsamlegt að setja upp auðlindadeild innan umhvrn. og ég get alveg tekið undir þá hugmynd. Ég nefndi hins vegar auðlindaráðuneyti því að ég sé það miklu víðtækara heldur en bara þá þætti sem snúa að miðhálendi og umhverfismálum. Þetta væri ráðuneyti sem færi með málefni virkjana, jarðvarma, fiskimiðin og náttúruna almennt í landi okkar. Þetta væru verkefni sem væru tekin frá fjölmörgum ráðuneytum sem yrðu þá í umsjón eins ráðuneytis og einkenni allra þessara atriða er að þau eru í eign allrar þjóðarinnar. Þetta verðum við vitaskuld að hugleiða og ræða hvort það væri hægt að fikra sig áfram á þessari braut. Ég hef lýst yfir stuðningi við meginatriði í þjóðlendufrv. forsrh. og þá fyrst og fremst það ákvæði að kveðið sé upp úr um eignarrétt á landsvæðum sem eru utan eignar og það er mjög mikilvægt málefni. Það er vitaskuld matsatriðið hvort hæstv. forsrh. fari með þessi málefni. Ég held að það sé a.m.k. til bóta að einn aðili hafi umsjón um þessi mál. Hvort það er forsrh. eða einhver annar verðum að ræða þegar það frv. kemur fram en ég skrifa ekki upp á þjóðlendufrv. eins og það kemur fyrir en ég styð samt meginatriðið í 1. gr. þess sem fjallar um að kveða upp úr um eign á landsvæðum utan einkaeigna.

[14:01]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kannski ekki rétt að fara að deila um eignarrétt á hugmyndum í tengslum við þetta mál. Ég hugsa að það megi nú finna þess stað að Alþb. hafi flutt mál og það jafnvel fyrr en umræddur ágætur þingmaður Alþfl., 1979 líklega. Ég stend í þeirri trú áður hafi slíkt frv. verið lagt fram af hv. þm. Ragnari Arnalds. Það tengdist stjórnarskrá landsins, alveg hliðstætt, og það var því Alþb. sem kom fyrst inn með tillögur um að lífrænar auðlindir sjávar yrðu lýstar þjóðareign. Það er mál sem alþýðubandalagsþingmenn fluttu hér inn í þingið 1983 en Alþfl. hefur svona verið að reyna að slá eign sinni á.

En það er sama hvaðan gott getur og stuðningur kemur við góð málefni. Við skulum því ekki deila mikið um það. En ég ítreka að við verðum að skoða þessi efni, náttúrlega bæði þjóðlendufrv. og frv. félmrh. og skipulagslöggjöfina heildstætt. Ég vara við þeim málflutningi sem kemur fram hjá þingmönnum Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna eins og þingflokkurinn mun heita, virðulegur forseti, að fólki úti á landi sé ekki treystandi fyrir því að fara með mál. Og það er samkvæmt tillögum Alþfl. sem þessi tilhögun er á höfð þannig að þeir sem eru komnir inn í Alþfl. núna ættu að muna eftir því sem þeir taka við í þeim efnum. Þetta er ekki bara 4% því að ég tók eftir að fyrrv. formaður Alþfl. vildi fá umræðu um prósentuna. Ég hugsa að það verði talsvert meira eftir að sú sameining sveitarfélaga er gengin yfir sem hefur verið samþykkt núna að undanförnu. Skagafjörður í heild sinni kom ekki að þessu máli sem slíkur. Fljótsdalshérað að verulegu leyti, Vestur-Húnavatnssýsla og fleiri sveitarfélög, Austur-Skaftafellssýsla hafa verið að sameinast í sveitarfélög. Þessi prósenta hefur hækkað og það er meiri bakfiskur í vinnunni fram undan en verið hefur í þessum efnum. Við tryggðum þó með skipulagslöggjöfinni, sem reist er eftir forskrift Alþfl., aðgengi allra landsmanna að því skipulagi sem nú er til umsagnar um miðhálendi Íslands. Menn ættu að líta á þær tillögur og koma sínum sjónarmiðum á framfæri því að það mun væntanlega ganga eftir verði það mál unnið til enda.

[14:04]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ættum að geta orðið sammála um að jákvætt sé að þessi mál eru að þokast áfram hvað varðar eignarrétt á miðhálendi og annars staðar. Ég fagna öllum þeim skrefum sem hér hafa verið stigin á undanförnum áratugum, sama úr hvaða flokki tillögurnar hafa komið. Ég ætla ekkert að fara inn í einkaréttarumræðu hvað þann þátt varðar.

Hins vegar vil ég draga það fram að vitaskuld er stækkun sveitarfélaga jákvæð. Þau verða þá betur í stakk búin til að taka á sig fleiri verkefni. Meginþátturinn í gagnrýni minni hefur samt sem áður verið sá að hér er um að ræða slíkt verkefni að það sé óeðlilegt að fela það einstökum sveitarfélögum. Hér væri miklu betra að fara með sérstakt sveitarfélag í þeirri umsýslu og breyta engu þar stækkanir sem eru að verða á sveitarfélögum. Ég kann alþýðuflokkssöguna vel en eitthvað er hún mér ókunnug, að það hafi verið stefna Alþfl. hér fyrr á árum að vantreysta fólkinu til að sjá um þessi mál — það er rangtúlkun á stefnu flokksins og á ekki við í þessum efnum. Ég held að það sé meginatriði að þessu mikilvæga máli sé fundinn skynsamari farvegur en gert er ráð fyrir í frv. félmrh. Vitaskuld þarf að skoða önnur lög í þessu sambandi og ég veit að ég get treyst á liðsinni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar til að leggja sitthvað af viti til þeirrar umræðu.

[14:06]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og við mátti búast hefur umræðan í dag fyrst og fremst snúist um ákvæði til bráðabirgða, en við erum hér að fjalla um frv. sem er hvorki meira né minna en 105 greinar og fjallar um afar mikilvægt málefni. Því vil ég nú beina því til þeirra þingmanna sem eiga eftir að tala hér í dag, og ég vona að í þeirra hópi séu einhverjir hinna margreyndu sveitarstjórnarmanna sem er að finna hér á þinginu, að þeir taki til máls og komi sínum ábendingum á framfæri varðandi frv. Hér er um afar mikilvæga löggjöf að ræða.

Í því samhengi vil ég vekja athygli á því að fyrir nokkrum vikum var mælt fyrir frv. sem tengist þessu, frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna og það fór algerlega umræðulaust í gegnum 1. umr. Þar er svo sem við okkur að sakast í hv. félmn. Eitthvað vorum við ekki vakandi yfir málinu, hvað þá aðrir, en þar er að finna ýmis atriði sem hefði verið mjög brýnt að ræða og fá að heyra skoðanir þingmanna á. Þar vil ég í fyrsta lagi nefna það atriði hvort rétt og tímabært sé að veita fleiri útlendingum sem búsettir eru hér á landi rétt til að kjósa til sveitarstjórnar. Samkvæmt núgildandi lögum eru það einungis íbúar Norðurlandanna sem hafa þann rétt. Um þetta málefni hefur engin umræða átt sér stað, mér vitanlega, hér á landi en önnur ríki hafa á undanförnum árum verið að víkka út þennan rétt. Ég er þá ekki síst að hugsa til þess fólks sem er búsett hér á landi, jafnvel gift Íslendingum hefur veirð búsett hér um lengri tíma en heldur sínum ríkisborgararétti. Á Norðurlöndunum og víðar hefur þessi réttur verið víkkaður út.

Við höfum verið að ræða þetta í hv. félmn. Við höfum einnig verið að ræða um tímasetningar í þessu frv. varðandi það að utankjörstaðarkosningar hefjast löngu áður en framboðsfrestur rennur út. Ýmislegt er að finna í þessu frv. sem er býsna fornfálegt eins og það að nota beri dökk ritblý sem ávallt skuli vera vel ydduð. Síðast en ekki síst, hæstv. forseti, er í þessu frv. og reyndar tekið upp úr núgildandi lögum, ákvæði sem einnig er að finna í lögum um kosningar til Alþingis. Þar eru ákvæði um kosningaspjöll sem hafa verið þverbrotin á undanförnum árum ef ekki áratugum. Allt þetta hefði verið afar fróðlegt að ræða um hér við 1. umr. Því miður var það ekki gert og mér sýnist stefna í þetta sama hér að þetta frv. eða þessar 105 greinar fái litla umræðu í dag.

Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum þessa frv. áður en ég kem að ákvæði til bráðabirgða sem ég vil auðvitað ræða hér eins og aðrir. Ég vil vekja athygli á því að í 1. gr. þessa frv. er að finna breytingu sem tengist ákvæði til bráðabirgða þar sem segir: „Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð." Þarna hefur orðið ákveðin þróun. Í núgildandi lögum stendur „byggð" en þar á undan stóð „ríkið". Með þessari breytingu sem hér er að finna er verið að vísa til landsins alls, það á að skipta landinu öllu í sveitarfélög og þetta þarf auðvitað að skoða í samhengi.

Þá vil ég víkja að 6. gr. frv. og því atriði sem hæstv. félmrh. kom inn á í sinni ræðu varðandi lágmarksíbúatölu sveitarfélaga. Ég varð býsna undrandi þegar ég sá að þetta ákvæði stendur hér óbreytt, 50 íbúar. En ég get tekið undir og mér finnst það þess virði að velta fyrir sér hvort nokkur þörf sé á að breyta þessu. Þróunin er öll í þá átt að stækka sveitarfélögin en mér finnst samt að menn þurfi að velta því fyrir sér hvort það er eðlilegt að færa þessi mörk t.d. upp í 100. Hverju mundi það breyta? Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hefur á takteinum í hversu mörgum sveitarfélögum eru á bilinu 50–100 manns. Þetta eru atriði sem vert er að velta fyrir sér. Það kann vel að vera rétt að það breyti í raun og veru engu.

Ég er ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það megi ekki nota mismunandi heiti yfir bæjarstjórnir eða borgarstjórn eða hreppsnefndir og mér finnst það nú gera tungumál okkar heldur fátæklegra ef við hættum að greina þarna á milli eftir því sem fólk vill. Mér finnst vera ákveðinn virðuleikablær yfir heitinu „borgarstjórn Reykjavíkur", „borgarstjóri" og „borgarstjórn" þó ég sé yfirleitt ekki mjög hrifin af titlatogi en þarna greinir á milli stærða. Hreppshugtakið er auðvitað afar gamalt og í því felst nú orðið að þar er yfirleitt um fámennar byggðir að ræða þannig að mér finnst þetta ekki vera stórt atriði.

Þá er í 12. gr. frv. að finna atriði sem einnig er vert að skoða en það fjallar um það hvort lögbinda eigi, með þeim hætti sem þarna er gert og hefur verið gert, hver fjöldi sveitarstjórnarmanna skuli vera. Spurningin er hvort reglan ætti að vera eitthvað sveigjanlegri, þeim fjölgi um ákveðna tölu við ákveðna fjölgun íbúa eða eitthvað slíkt. Við munum eftir því hér í Reykjavík að á sínum tíma var samþykkt að fjölga borgarfulltrúum upp í 21, en síðan kom nýr meiri hluti og fækkaði borgarfulltrúunum aftur í 15 þannig að það var aðeins eitt kjörtímabil sem hér var 21 borgarfulltrúi. Það er afar merkilegt og sérkennilegt að fjöldi bæjarfulltrúa og síðan borgarfulltrúa í Reykjavík sé óbreyttur frá árinu 1908. Maður spyr hvað sé eðlilegt í þessu sambandi? Er eðlilegt að lögbinda þessa tölu með þessum hætti? Það er spurning, í litlum sveitarfélögum eins og segir hér í a-lið þar sem íbúar eru innan við 200, þá skulu vera þrír til fimm sveitarstjórnarmenn. Ég velti því fyrir mér hvort fimm manns eru ekki í raun og veru lágmark til þess að stjórn sveitarfélags sé með eðlilegum og lýðræðislegum hætti. Mér finnst þetta allt vera spurningar sem þarf að velta fyrir sér.

Þá kem ég að 19. gr. frv. þar sem fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna og mér finnst það mjög af hinu góða að tekin séu af öll tvímæli og það sé einfaldlega í lögum hvenær telja beri fulltrúa óhæfa, hvenær þeir eigi að víkja af fundum. Hv. þingmenn minnast þess eflaust að á undanförnum árum hafa komið upp slík mál sem vísað hefur verið til félmrn. til úrskurðar m.a. þar sem átt hafa í hlut skólastjórar og kennarar. Ef ég man rétt, þá snerist málið um það hvort þeir væru óhæfir til þess að fjalla um skólamál. Ég held að þarna sé um að ræða hluti sem eiga að vera skýrir en engar slíkar reglur eru til um þingmenn. Þeim er gert að gera það upp við samvisku sína hvenær þeir eru hæfir til setu á nefndafundum eða þingfundum.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vakti athygli mína á því, og hún kemur kannski inn á það í máli sínu á eftir, að það kann að vera erfitt að framfylgja 19. gr. í fámennum sveitarfélögum þar sem skyldleiki milli fólks er mikill og menn lenda kannski óhjákvæmilega í því að fjalla um málefni sem snerta skyldmenni eða aðra sem eru þeim nátengdir. Í litlu samfélagi getur verið erfitt að framkvæma þetta, en ég held að það hljóti alltaf að vera til góðs að þessi atriði séu sem skýrust.

Þá vil ég nefna 35. gr. frv. um þóknun og ferðakostnað. Í lögum er kveðið á um að skylt sé að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna. Ég vil vekja athygli á því að mér er sagt að það gangi æ verr að fá fólk til þess að bjóða sig fram til sveitarstjórna og að sveitarstjórnarmenn endist æ skemur. Það er mikil hreyfing, mikil endurnýjun og margir hafa bent á að þetta stafi m.a. af því að það er mikið og sívaxandi vinnuálag í sveitarstjórnunum. Mjög mikilvæg verkefni hafa verið færð yfir til sveitarstjórnanna en launin sem eru greidd fyrir þetta eru mjög mismunandi og víða hreinlega mjög léleg. Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti. Ég er ekki að leggja til að inn í lögin komi einhver lágmarkstala eða eitthvað slíkt. Ég held að sveitarstjórnirnar verði að ákveða þetta sjálfar en þarna er ákveðið vandræðaástand og nokkuð sem sveitarstjórnirnar þurfa að taka á því að eins og við höfum séð er sveitarstjórnarstigið að verða æ mikilvægara.

Þá vil ég víkja að 61. gr. þar sem er fjallað um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst orðalagið vera nokkuð óljóst. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir næstkomandi ár."

Í skýringu við greinina kemur fram að ætlunin er að stytta þann tíma sem sveitarstjórnir hafa og gengið er út frá því að búið sé að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir lok desember. Ég mundi skilja þessa grein þannig að það væri í rauninni nægilegt að leggja fram fjárhagsáætlun. En svo segir með skýringunni að hugsunin er að búið sé að samþykkja hana. Ég vil benda á að mér finnst þetta vera óskýrt orðalag og spurning hvort ekki eigi að breyta orðalaginu og segja: „Í lok desembermánaðar skal sveitarstjórn samþykkja fjárhagsáætlun." Ég spyr hæstv. félmrh.: Er einhver ákveðin hugsun á bak við þetta orðalag? Er verið að bjóða upp á einhvern sveigjanleika eða hvað? Mér finnst þetta ekki koma heim og saman.

Hæstv. forseti. Ég hef varið mestum hluta tíma míns í að ræða um einstakar greinar og mér finnst vera brýn þörf á því en ég ætla þá að víkja loks að ákvæði til bráðabirgða. Ég verð að segja að mér brá nokkuð í brún þegar ég sá þetta ákvæði því að mér finnst þetta mál, þ.e. hver fer með lögsögu og stjórnsýslu yfir miðhálendinu og öðrum óbyggðum svæðum mjög stórt og mikið mál.

Það er hárrétt sem fram kom í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að ákveðin þróun hefur orðið í þessum málum og á undanförnum vikum og mánuðum hefur eins og fram kemur í greinargerðinni nefnd verið að vinna að ýmsum úrlausnarefnum sem snerta hálendið, m.a. skilgreiningar á stjórnsýslumörkum á miðhálendinu. Eins og menn vita, hafa verið hér uppi margvísleg deilumál á undanförnum árum um hvar mörk liggja, um nýtingarrétt, eignarrétt og fleira. Ég get tekið undir að mér finnst brýnast að komið sé á stjórn þessara mála, það sé alveg ljóst hver ber ábyrgð en ég dreg mjög í efa og er ósátt við að þeim sveitarfélögum sem eiga land að hálendinu sé falin þessi stjórnsýsla. Ég hefði kosið að við færum aðra leið, að þessi sameign þjóðarinnar yrði undir sameiginlegri stjórn þó að ég sé ekki búin að hugsa mig nægilega vel í gegnum það hvernig það skuli gert. Mér finnst ekki felast í því neitt vantraust á viðkomandi sveitarfélög eða að þeim sé ekki treystandi fyrir þessu verkefni. Mér finnst þetta miklu frekar vera spurningin um það hvernig þetta fyrirkomulag á að vera en ég hlýt að spyrja mig hvort viðkomandi sveitarfélög hafi einfaldlega bolmagn til þess bæði að standa undir þeim kostnaði sem þessi verkefni kalla á, hvort þau hafi þá sérþekkingu, þann fjölda löggæslumanna o.s.frv. sem skipulag og eftirlit hálendisins mun kalla á. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að ef við ætlum að ná almennilegri stjórn á málefnum hálendisins mun það kosta peninga. Það gefur auga leið þannig að það eru mjög breytt viðhorf og mörg og mikil álitamál sem snerta nýtingu hálendisins, skipulag þess og nýtingarrétt. Um þetta hefur verið deilt og það hafa verið mikil blaðaskrif á undanförnum mánuðum. Síðast í gærkvöldi var haldinn fundur ýmissa náttúruverndarsamtaka sem sendu frá sér ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn telur farsælast að stofnaður verði þjóðgarður sem nær yfir allt miðhálendið og væri sameign þjóðarinnar allrar."

Síðan er í þessari ályktun komið á framfæri gagnrýni við tillögur þeirrar nefndar sem fjallaði um svæðisskipulag hálendisins.

Nú kann vel að vera að hægt sé að koma þessu heim og saman að sveitarstjórnir annist löggæslu og skipulag og tryggi heilsugæslu, eftirlit, umhverfisvernd og allt það sem sinna þarf heim og saman við það að gera miðhálendið að þjóðgarði en ég held að það sé afar langt í að það náist samkomulag um hvernig beri að skipuleggja þessi svæði og nýta þau. Það eru mismunandi skoðanir á því hversu langt eigi að ganga í umhverfisvernd, hversu langt eigi að ganga í virkjunarframkvæmdum o.s.frv. Þetta er einfaldlega mál sem þarf að fá góðan tíma og reyna að ná samkomulagi um. En eins og málið stendur núna hef ég miklar efasemdir um að rétt sé að viðkomandi sveitarstjórnir annist þau verkefni sem því fylgja að hafa stjórn miðhálendisins með höndum.

Við munum væntanlega skoða þetta rækilega í hv. félmn. og þetta mál mun væntanlega verða sent mjög víða til umsagnar og það er hið besta mál að um það verði mikil og góð umræða. En enn og aftur, hæstv. forseti, hefði verið áskjósanlegra að sérstaklega þetta mál hefði fengið sérstaka umfjöllun þannig að þingheimur reyndi nú að einbeita sér að hinum hluta frv., öllum þessum 105 greinum, og þeim umbótum og breytingum sem verið er að gera á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála. Það eru t.d. töluverðar breytingar á fjármálum og eftirliti með fjármálum sveitarfélaganna og hvernig ráðuneytið eigi að koma þar inn í og það skiptir máli að menn komi sjónarmiðum sínum á framfæri.

Hæstv. forseti. Ég tek undir frv. og efni þess í heild en hef mikinn fyrirvara varðandi ákvæði til bráðabirgða og ítreka efasemdir mínar um það fyrirkomulag sem er verið að festa enn ríkar í sessi verði þetta frv. að lögum með þessu ákvæði.

[14:26]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tilefni þess að ég bað um andsvar eru þau ummæli hv. þm. að ef frv. verður sniðið eins og það liggur fyrir og eins og ég hef tekið undir og reyndar flutt sérstakt mál um að einfalda jafnt ákvæði varðandi heiti sveitarfélaga og starfsmenn sveitarfélaga sé verið að gera íslenskt mál fátækara. Þetta er mikill misskilningur. Þvert á móti er verið að opna fyrir miklu meiri fjölbreytni og möguleika, bæði varðandi nafngiftir sveitarfélaga og ef svo vill, þá einnig stöðuheiti ef menn svo kjósa. Hins vegar er verið að reyna að draga lagarammann skýrt og gera hann tiltölulega einfaldan þannig að sá sem er í forsvari fyrir sveitarstjórn sé oddviti. Hvort menn kjósa síðan í samþykktum t.d. sveitarfélagsins og Reykjavíkur að kalla oddvitann borgarstjóra ætti að vera þeirra mál. Að vísu er gerð tillaga um að lögbjóða það hér. Ég vara við því. Eins um sveitarstjórann sem framkvæmdastjóra sveitarfélags, hvort hann heitir síðan samkvæmt samþykkt borgarstjóri eða bæjarstjóri eða eitthvað annað. Það er ekki ástæða til þess að vera að lögbjóða svona. Það hefur t.d. ekki verið gert í hreppunum gömlu. Það er ekki verið að lögbjóða að sá sem hefði það mikilvæga verkefni að hreinsa hunda bæri ákveðið starfsheiti svo að dæmi sé tekið. Það er ekki verið að lögbjóða það en menn hafa þessi starfsheiti eftir sem áður. Nú opnast möguleiki á því að lenda úr þeim vítahring í sambandi við nafngiftir sveitarfélags sem fylgdu gildandi lögum og voru að leiða menn í algerar ógöngur að þurfa að hengja aftan við nafn sveitarfélags ákveðnar endingar, kaupstaður eða bær, sem hefur því miður leitt til skrípanafna sem mörgum sveitarstjórnum líður illa að þurfa að bera þykist

ég vita. Nú geta menn valið miklu ríkara. Austur á landi standa menn frammi fyrir að velja nöfn á stærri sveitarfélög sameinuð á héraði og á fjörðum, hvort þeir kalla það í efra eða í neðra. Það gæti vel komið til greina að það verði teknar upp gamlar og gildar nafngiftir í þá veru þó að ég sé ekki að leggja neitt sérstakt til um það hér.

[14:29]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að ég hefði tekið skýrt fram í máli mínu að ég var að tala um 11. gr. þar sem talað er um heiti sveitarstjórna, ekki um nafngiftir sveitarfélaga. Ég er alveg sammála þingmanninum hvað það varðar að mér finnst að sveitastjórnir eigi einfaldlega að ákveða það sjálfar og íbúar að fá að kjósa um það hvaða nafn þeir vilja fá á sitt sveitarfélag. Ég var fremur að óttast að í máli þingmannsins fælist að verið væri að afnema svona fallegt heiti eins og hreppstjóri og menn notuðu eingöngu orðið sveitarstjórnarmaður og sveitarstjórn. En ég get í sjálfu sér tekið undir það. Það má velta vöngum yfir því hvort einhver nauðsyn er á að lögbinda þetta. Það er aftur annað mál og menn ganga svo sem oft allt of langt í lagasetningu hvað það varðar.

Auðvitað er það rétt sem hv. þm. segir að það sem skiptir máli er að ljóst sé hvert stjórnsýslustigið er og hvert er hlutverk sveitarstjórnar o.s.frv. Mér finnst þetta ekki vera stórvægilegt atriði en mér finnst bara sómi að því að við skulum kalla sveitarstjóra Reykjavíkur borgarstjóra og annars staðar eru sveitarstjórar eða bæjarstjórar o.s.frv. Mér finnst bara skemmtilegt að sem mest fjölbreytni sé í þessu en það kann að vera rétt að ekki sé nauðsynlegt að lögbinda þetta.

[14:31]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer miklu betur á því að lögbjóða þetta ekki. Síðan verða menn að ráða um sínar orður og titla og hafa fullt frelsi til þess. En mér finnst nú ekki lakara að bera heitið oddviti en forseti borgarstjórnar. Mér finnst oddviti miklu betra nafn. Borgarstjórn Reykjavíkur eða sveitarstjórn Reykjavíkur eins og er rétt að kalla hana, sveitarstjórn Reykjavíkur, fær ráðið því samkvæmt þeim hugmyndum sem ég hef flutt hér inn á Alþingi.

Varðandi hreppstjóra þá er kannski ekki alveg upplagt að bera það saman því að hreppstjórar voru ekki oddvitar sveitarstjórnar. Oddvitar sveitarstjórnar eru aðrir. Hreppstjórar voru armur framkvæmdarvaldsins eða dómsvaldsins undir sýslumönnum háðir sem er svo önnur saga.

Mig langar aðeins að nefna, virðulegur forseti, mál hv. þm. hér áðan varðandi hálendið sem menn eru að tala um og eiga þá við miðhálendið í samhengi þessarar umræðu hér, miðhálendið. En það er fleira hálendi en miðhálendið og menn skyldu hafa það í huga þegar þeir eru að ræða um skipulagsmálin að það er líka til Vestfjarðahálendi, býsna stórt. Það er líka til hálendi á Norðurlandi utan þess sem við köllum miðhálendi sem er Tröllaskagi eða svæðið milli Eyjafjarðar og Skjálfanda svo að dæmi sé tekið. Vilja menn fara að setja það undir sérstaka stjórn og undanþiggja það aðliggjandi sveitarfélögum? Hvað um Reykjanesskagann og hálendið um Bláfjöll og upp í Langjökul? Vilja menn undanþiggja það sveitarfélagayfirráðum hér? Menn skulu aðeins gæta sín í sambandi við samhengið í þessari umræðu áður en þeir fara að vísa alveg frá þeim skipulagshugmyndum sem hefur þó verið unnið eftir.

Málefnið um miðhálendið sem þjóðgarð er falleg hugsun og ágæt en talsvert óraunsæ. Ég hef varað fólk við þessu sem ég tel mig eiga góða samstöðu með, náttúruverndarfólk í landinu. Verið ekki að hamra það járn. Það gengur illa upp miðað við ýmislegt annað sem um er að ræða. En við skulum reyna að ná tökum á þessu og þar er skipulagslöggjöfin og skýrt skipulag einna vænlegast þó að við auðvitað eigum að reyna að mynda þjóðgarða sem víðast á miðhálendinu.

[14:34]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Þegar sú nefnd sem undirbjó þetta frv. kom til síns fyrsta fundar þá var spurningin: Hvaða nauður rekur til að breyta sveitarstjórnarlögum sem voru samþykkt árið 1986, núgildandi lögum. Það kom fljótlega í ljós við yfirferð þeirra laga að ýmislegt hafði breyst og ástæða til þess að skýra mörg ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem hefur verið síðasta áratuginn. Andi þessa frv. er sá að skýra ýmis ákvæði um stjórnsýslu sveitarfélaga sem þurfa skýringar við. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara nánar út í þau ákvæði enda hefur hæstv. félmrh. mælt fyrir frv. og rakið það. En þar var einnig ákveðið að afnema eins og kostur er mismun sveitarfélaganna eftir íbúafjölda sem núgildandi lög gera ráð fyrir og er það í takt við þá þróun sem verið hefur í landinu síðan.

Ég þarf ekki að rekja nöfn sveitarfélaga, nafngiftir hafa verið nokkuð til umræðu hér. En ítarlegur kafli í þessu frv. fjallar um fjármál sveitarfélaganna og í þeim kafla eru æðimiklar breytingar varðandi ábyrgðir sem gert er ráð fyrir að séu bannaðar, ábyrgðir fyrir þriðja aðila. Það eru ákvæði um að setja það í ákveðinn farveg þegar sveitarfélög lenda í fjárhagsvandræðum, þ.e. að þá sé hægt að grípa þar inn í. En reynslan hefur sýnt í nokkrum tilfellum að ákvæði þar um eru óljós.

Þetta er nokkuð viðamikið frv. þó að ákvæði til bráðabirgða hafi eiginlega eingöngu verið hér til umræðu í þessari umræðu það sem af er, að undanskildum síðasta ræðumanni sem rakti frv. nokkuð. Það er ekki rétt sem kom fram í umræðunni áðan að stjórnsýslumörk sveitarfélaga á hálendinu séu skilin eftir í ákvæði til bráðabirgða. Það er 1. gr. frv. sem fjallar um það mál og frv. hefst á því ákvæði þar sem segir að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Þessari 1. gr. eru síðan settar reglur um framhald þess máls í ljósi þeirrar atburðarásar sem verið hefur nú síðustu árin.

Vissulega tengjast þessi mál væntanlegum frumvörpum um þjóðlendur og eignarrétt á auðlindum í jörðu og fleira, en það er þó langt í frá að framlagning þeirra frv. komi í veg fyrir þá skipan sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Forsenda frv. um þjóðlendur er sú að landinu sé skipt í sveitarfélög og það er staðfest af formanni þeirrar nefndar sem vann það frv., sem er Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, að hann leggur áherslu á að óvissu sé eytt í þessu efni og að það sé forsenda frekari átaka í þessu máli og það sem hefur valdið misskilningi finnst mér og verið blandað allt of mikið inn í þessa umræðu, að sveitarstjórnarlögin fjalla um eignarrétt og yfirráð á hálendinu. Þau fjalla ekki um það. Þau fjalla um stjórnsýslu á hálendinu og yfirráð yfir stjórnsýslunni. Meiri hluti landsins og langmestur hluti núna skiptist í sveitarfélög. Þarna er aðeins um að ræða að skýra mörk sveitarfélaganna á jöklum og þeim stöðum inn til landsins þar sem þau eru óljós. Það er enginn ágreiningur um það, ef maður nefnir

Jökulsdalshrepp eystra sem dæmi, að hann nær inn að Vatnajökli. En mörk hreppsins aftur eru óljós þegar þangað kemur. Það er enginn ágreiningur um það að Reykjahlíðarhreppur nær inn til jökla o.s.frv. Það hefur enginn ágreiningur verið um þetta hingað til þannig að hér er ekki um eins mikla breytingu að ræða og eins mikla byltingu og látið er í veðri vaka í þeirri umræðu sem er um þetta mál. Það er verið að eyða óvissu um mörk sveitarfélaga á jöklum þar sem eru vaxandi mannaferðir og mannvirkjagerð og það þarf að hafa fullvissu um það hver á að fara með stjórnsýsluna á þeim svæðum.

Hér hefur verð rætt allmikið um getu sveitarfélaganna til að stjórna þessum málum og það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Austurl. rakti vel hér áðan að aðstaða sveitarfélaganna til að taka myndarlega á þessum málum gjörbreytist með stækkun þeirra. Þróunin er svo hraðfara núna varðandi styrk sveitarfélaganna og getu til að endurskipuleggja sína starfsemi að ég endurtek það sem ég sagði í andsvari áðan að þróunin og gerjunin á sveitarstjórnarstiginu er miklu hraðari en hjá ríkisvaldinu sem menn virðast treysta og bera alveg ofurtrú til þess að ríkisvaldið geri þetta miklu betur (**Gripið fram í:** Ertu að gagnrýna ...?) en sveitarfélögin í landinu. (**Gripið fram í:** Ertu að gagnrýna forsætisráðherrann?) Ég er að vara við ofurtrú á miðstýringu eins og þessi væntanlegi nýi jafnaðarmannaflokkur vill hafa. Það er sagt í öðru orðinu: „Við viljum færa sveitarfélögunum verkefni og treystum þeim mætavel til þess að fara með þau." Ég vann í ein þrjú ár undir stjórn fyrrv. félmrh. sem var fyrst í Alþfl. og síðan í Þjóðvaka undir þessum formerkjum, vann í nefnd á hennar vegum þar sem ofuráhersla var lögð á það að færa sveitarfélögunum meiri verkefni. Síðan koma sömu menn og segja: „Sveitarfélögunum er ekki treystandi til að fara með skipulagsmál eða stjórnsýslu ofan við 400 metra hæð eða öðrum megin við línu sem dregin er um landið." Ég næ engum botni í þennan málflutning. Ég held að sveitarfélögunum sé treystandi til að fara með þessa hluti.

Ég verð að leiðrétta hv. 14. þm. Reykv. sem hafði áhyggjur af löggæslunni í landinu. Sveitarfélögin fara ekki með löggæslu. Ríkisvaldið fer með löggæslu. Hins vegar eru löggæsluumdæmi í landinu og það er eðlilegt að hálendið falli undir það löggæsluumdæmi sem það tilheyrir. Það er langeðlilegasta skipan mála, en ekki að dregin sé lína þvert á öll náttúruleg mörk og einhver annar fari með lögsögu innan þeirrar ímynduðu línu. Mér finnst að æðimikill ruglingur sé í þessari umræðu. Hér er aðeins verið að skýra mörk sveitarfélaganna, eyða vafaatriðum um skipulag sem þegar er í gildi. En það hefur ekkert að gera með aðgang þjóðarinnar að hálendinu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að greiða fyrir honum, að fólk í þéttbýli eigi að hafa eins greiðan aðgang að náttúru landsins og náttúruperlum og unnt er og skynsamlegt er. Ég hef aldrei lagst gegn því og er talsmaður þess. Og náttúruverndarlöggjöfin, löggjöfin um þjóðlendur o.s.frv. á að stuðla að því. En ég vil ekki stefna þessu máli í einhver ímynduð átök milli dreifbýlis og þéttbýlis út af skipulagsmálum.

Núna er verið að vinna skipulagstillögur um miðhálendið í samstarfi allrar þjóðarinnar. Sú samvinnunefnd sem þar er að störfum hefur auglýst sínar tillögur og samkvæmt skipulagslögum á öll þjóðin rétt á því að gefa sínar umsagnir um það mál. Það svæðisskipulag sem þar er um að ræða hefur verið kynnt um allt land. Í skipulagslögum segir svo um þetta, með leyfi forseta:

„Þegar samvinnunefnd hefur gert tillögu að svæðisskipulagi skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna."

Vilji löggjafans er sá að öll þjóðin hafi aðgang að skipulagsmálum. Mér er alveg ljóst að það er skipulagsþátturinn í þessu sem er viðkvæmastur og hann hefur valdið þeim misskilningi að verið sé að útiloka 96% þjóðarinnar, ef ég nota prósentureikning hv. 11. þm. Reykn., frá áhrifum á skipulag miðhálendisins. Svo er ekki. Það er langt í frá að svo svo sé.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð að sinni. Ég legg á það mikla áherslu að þeirri óvissu sem nú er um stjórnsýslumörk á miðhálendinu verði eytt. Ég endurtek það að hér er verið að skýra og færa til nútímahorfs skipulag um stjórnsýslumörk sem þegar er í gildi að langmestu leyti. Ég tel mikilvægt að í framhaldi af þessari löggjöf komi í gildi löggjöf þar sem eignarréttur ríkisins á miðhálendinu er skýrður en það er ekki meiningin að ganga gegn eignarréttarákvæðum eins og kemur fram í þjóðlendufrv. sem var lagt fram í fyrra. Hins vegar er ég því fylgjandi að þessi mál séu skýrð. Ég er því fylgjandi að komið sé upp þjóðgörðum og ákveðin svæði friðuð sem eru náttúruperlur. Ég hef ekkert á móti því. Það verður að þræða hinn gullna meðalveg í þessu eins og í öðru. Þjóðgarðar verða auðvitað að vera í einhverju sveitarfélagi. Þjóðgarðar sem við erum með núna eins og í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli eru innan marka sveitarfélaga. Mér finnst að það sé allt annað mál og það kemur ekki eignarrétti eða stjórnsýslu innan þjóðgarðanna við og það getur alveg farið saman. Ég held að það sé grundvallaratriði að halda þessum þáttum aðskildum og blanda ekki saman hinni flóknu og erfiðu eignarréttarumræðu og umræðu um stjórnsýslu og stjórnsýslumörk. Það tengist að vissu leyti en þetta frv. og samþykkt þess kemur alls ekki í veg fyrir að þjóðlendufrv. nái fram að ganga þegar þar að kemur, án þess að ég ætli að fara að tjá mig eða ræða um það mál í smáatriðum sem ekki hefur komið fram á þessu hausti, en hér liggur fyrir frv. frá því á fyrra þingi.

Ég vona að þetta frv. verði rætt málefnalega og að umræðan um frv. sjálft kafni ekki alveg í umræðum um þetta bráðabirgðaákvæði þó að vissulega sé það afar mikilvægt. Ég dreg ekki dul á það. Ég geri mér alveg grein fyrir því að skiptar skoðanir eru um þetta. En mér finnst, eins og ég segi, að atriðum sem tengjast ekki nema lauslega sé algjörlega blandað þarna saman.

Aðeins að lokum. Það kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. fyrirspurn um það hvers vegna hefði verið haldið inni í frv. tölu um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi. Það var álit nefndarinnar sem samdi frv. að þróunin væri það hröð í sameiningu sveitarfélaga um þessar mundir án afskipta ríkisvaldsins að ekki væri ástæða til þess að fara að breyta með lögum þessum lágmarksíbúafjölda að sinni. Það kynni að verða óþarft og sannleikurinn er sá að það hefur gengið miklu hraðar að sameina sveitarfélög að frumkvæði heimamanna í sveitarfélögunum en þegar ríkið var með hamarinn yfir höfðinu á fólki í þessum efnum þannig að okkur þótti að þetta ákvæði mætti standa að sinni og við sjáum hver þróunin verður á næstu árum varðandi þetta.

[14:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson kvartaði hálfvegis undan því að umræðan snerist að litlu leyti um hinar 105

greinar þessa frv. en þeim mun meira um bráðabirgðaákvæðin. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. vegna þess að þar kemur fram mál sem varðar réttlætiskennd allra. Það er prinsippmál sem krefst mikillar umræðu og þess vegna hefði hann betur haft vit fyrir hæstv. félmrh. þegar hann ákvað að troða þessu þarna inn í bráðabirgðaákvæðið. Hvers vegna gerði hann það? Auðvitað til þess að reyna að draga úr þeirri umræðu sem óhjákvæmileg var. (**Gripið fram í:** Nýr tónn.)

Hins vegar, herra forseti, snýst þetta um réttlæti. Og í hverju felst þetta réttlæti? Það felst nákvæmlega í því sem hv. þm. sagði hérna áðan. Nú liggur fyrir að það á að koma fram frv., þjóðlendufrv. svokallaða, sem á að taka á eignarréttinum á miðhálendinu. Við öll eigum miðhálendið og við munum eiga það öll saman eftir að það hefur farið í gegnum þingið fyrir utan þau landsvæði þar sem einstaklingar eða einhverjir aðrir geta sannað eignarrétt sinn á. Með öðrum orðum, við eigum þetta. Réttlætið felst þess vegna í því að við sem eigum þetta komum öll að stjórn svæðisins. Þess vegna snýst málið ekki um það hvort sveitarfélögin hafi burði til þess að stjórna þessu heldur það hvort við sem eigum landið sem þarna liggur en eigum hins vegar ekki búsetu í sveitarfélagi sem liggur að því eigum að fá að koma að stjórnun þess. Það er réttlætismálið sem við erum að ræða hérna og ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að útiloka íbúa til að mynda Vestfjarða, Reykjavíkur og Reykjaness frá því að koma að stjórn miðhálendisins. Það er það sem við erum að ræða um hérna. Það er réttlætismálið sem skiptir máli og það er það sem hv. þm. ætti auðvitað að ræða hérna. Hvaða afstöðu hefur hann til þess? Öll hans ræða varðandi þetta snerist hins vegar um það hvort sveitarfélögin hefðu burði til þess að fara með stjórnsýsluna. Það er ekki spurningin heldur er það réttlátt að þessi sveitarfélög fari með það en hin sveitarfélögin, fjölmennustu sveitarfélög landsins fá ekki að koma að henni. (**Gripið fram í:** En Hornstrandir?)

[14:55]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða sýnir vel algjöran grundvallarmisskilning. Þjóðin öll á ýmsar eignir, t.d. hérna í Reykjavík. Þjóðin á Alþingishúsið, þjóðin á Þjóðleikhúsið, þjóðin á ýmislegt sem hefur verið byggt hér upp og jafnvel lönd hérna innan svæðisins. En þjóðin hefur engar kröfur gert til þess að eiga aðild að borgarstjórn Reykjavíkur til þess að stjórna þessum eignum. Þetta sýnir að málið fjallar ekkert um eignarrétt. Þetta fjallar aðeins um stjórnsýslu. Þetta er grundvallarmisskilningur hjá hv. þm.

Ég heyrði eftir hv. ræðumanni í blaðaviðtali um daginn ... (**ÖS:** Þú heyrðir ekki í blaðinu.) Ég las það í blaðaviðtali. Ég er svo vanur að hlusta á hv. þm. tala að ég mistalaði mig eins og algengt er í þessum ræðustól. Ég heyri svo oft í honum, segja setningu sem sýnir vel hvað hv. þm. blandar þessum málum saman. Hann sagði: „Það er verið að stela af okkur miðhálendinu eins og verið er að stela af okkur fiskimiðunum." Þetta sagði hv. þm. og þetta sýnir hvað þessi málflutningur er gjörsamlega út í hött því að það er ekki verið að setja nein ákvæði um eignarrétt á miðhálendinu í þessu frv.

[14:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var versta rökfærsla sem ég hef lengi heyrt frá hinum skynuga og hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Hann tók tvö dæmi, Alþingi Íslendinga og hann tók Þjóðleikhúsið. Bíðum nú við, hverjir stjórna þessu? Fólkið stjórnar Alþingi Íslendinga og fólkið stjórnar Þjóðleikhúsinu í gegnum kjörna fulltrúa sem þetta Alþingi kýs. Er þetta ekki alveg ljóst?

Hv. þm. segir: „Þetta varðar ekkert eignarrétt." Það liggur samt sem áður alveg ljóst fyrir að hér er að koma inn í þingið frv. sem gerir ráð fyrir því að þjóðin fái sameignarrétt að miðhálendinu. Og eiga menn ekki að fá að stýra því sem þeir eiga sjálfir? Að sjálfsögðu. Þetta er grundvallaratriðið. Þjóðin á miðhálendið saman eins og hún á saman fiskimiðin og hún á að fá að stjórna því. En stór hluti þjóðarinnar fær það ekki vegna þess að sá hluti þjóðarinnar á ekki aðild að þeim sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu. Þess vegna er hv. þm. að svipta t.d. mig og aðra íbúa í mínu kjördæmi og í Reykjanesi réttinum til þess að stjórna því sem þeir eiga.

[14:58]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það að þjóðin hefur enga kröfu gert um það að fara með skipulagsmál í Reykjavík þó að hún eigi hér ýmsar eignir. Og hún hefur ekkert fram yfir það að fá þar umsagnarrétt eins og aðrir þegar skipulag er ákveðið. Auðvitað getur verið stjórn yfir þjóðgörðum á miðhálendinu og þar geta einhverjir í nafni allrar þjóðarinnar stjórnað málum. En það breytir því ekkert að þessi þjóðgarður þarf að vera innan einhvers sveitarfélags eða ætlar hv. þm. að leggja það til að þjóðgarðar, hvar sem þeir eru, tilheyri ekki stjórnsýslu í viðkomandi sveitarfélagi? Ætlar hann að leggja það til að væntanlegur þjóðgarður á Snæfellsnesi sé utan sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. (**ÖS:** Hvað með þjóðgarðinn á Þingvöllum?) Þingvellir hafa sérstöðu hjá þessari þjóð eins og hv. þm. er kunnugt.

[15:00]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf að hafa í huga að sveitarfélögin fara ekki með stjórnsýslu á miðhálendinu. Þetta hefur hins vegar verið ágreiningsmál milli sveitarfélaga þar sem mörkin eru óljós og það er í sjálfu sér rétt sem hv. þm. segir. Þessi löggjöf og þessi útfærsla eins og er í frv. eyðir óvissu en hún eyðir henni á mjög ákveðinn hátt. Hún felur sveitarfélögunum stjórnsýsluvald á miðhálendinu og um það snýst deilan. Það hafa ekki verið almennar heimildir til stjórnsýsluvalds á miðhálendinu og það er meginatriðið í þessu máli.

Vitaskuld er það síðan pólitísk spurning hver á að fara með eignaryfirráðin á hálendinu. Þetta er alveg sambærilegt við aðrar sameiginlegar auðlindir eins og fiskimiðin umhverfis landið að þau eru eign allrar þjóðarinnar. Afnotaréttirnir er í höndum fárra. Við viljum ekki, herra forseti, að það sama gerist með miðhálendið og gerst hefur með fiskimiðin að þetta sé nýtt og í reynd slegið örfáum einstaklingum til eignar. Það má ekki gerast í þessu landi. Því er útfærsla okkar, að það sé eitt sveitarfélag sem sjái um þessi mál á miðhálendinu, mun skynsamlegri en að fara þá leið sem þetta ákvæði til bráðabirgða í frv. félmrh. gerir ráð fyrir.

[15:02]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að stjórnsýsluréttur sveitarfélaga væri ekki fyrir hendi á miðhálendinu eins og það er nú. Þetta er nú vafasöm fullyrðing. Ég veit t.d. ekki betur en að við löggæslu á miðhálendinu sé sótt til þeirra löggæslumanna í viðkomandi löggæsluumdæmi og viðkomandi sýslu eins og þær voru og um það sé ekkert deilt. En þessi mörk

eru óljós, (**Gripið fram í:** Er það hálendislögreglan?) það er staðreynd. Það væri væntanlega hálendislögregla. Ef það væri sérstakt sveitarfélag á miðhálendinu þá yrði að koma á fót hálendislögreglu. En ég tel miklu eðlilegra að löggæslumenn á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu annist þar löggæslu og ég veit ekki betur en þeir hafi gert það í flestum tilfellum. Hins vegar er ekki margt um þetta að segja. Það er haldið áfram að ræða þetta á þeim forsendum að þetta frv. kveði á um eignarrétt fárra á landinu. Það er náttúrlega alls ekki svo. Ef hv. þingmenn vildu lesa frv. þá er það náttúrlega ekki svo. Það er algerlega út í hött að útleggja þetta á þann hátt.

[15:04]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf að vera alveg ljóst í þessari umræðu að það felst meira í stjórnsýslu en löggæslumál. Til að mynda falla skipulagsmál undir stjórnsýslu. Sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir miðhálendinu og þessi deila snýst fyrst og fremst um það þó að það séu reyndar fleiri þættir í stjórnsýslu en skipulagsmál og löggæslumál. Þetta þarf að vera alveg skýrt í umræðunni. Með þessu frv. er verið að færa t.d. skipulagsmálin yfir til sveitarfélaganna þar sem þau hafa ekki verið áður. Og þetta er alveg sambærilegt við dæmið um fiskimiðin þar sem eignarhaldi á sameign þjóðarinnar er í reynd komið í hendur örfárra einstaklinga. Við viljum ekki að þjóðlendurnar fari með sambærilegum hætti í það að það verði örfáir einstaklingar, tiltölulega fáir einstaklingar, sem fari með allt vald á þessum svæðum. Það er engin sanngirni í því og ekkert réttlæti gagnvart fólkinu í þessu landi. Við ætlum ekki að fara að gera sömu mistökin tvisvar hvað varðar sameiginlegar eignir okkar landsmanna.

[15:05]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræður um fiskveiðimál í þessu sambandi og hef ekki tíma til þess í stuttu andsvari. Fullyrðingar hv. þm um skipulagsvald sveitarfélaganna á miðhálendinu eru mjög óljósar. Það er ljóst að sveitarfélögin hafa skipulagsvald t.d. á afréttum. Um það er ekki deilt og það er verið að skýra þessi ákvæði. Mér er fullljóst að þetta er umdeilt ákvæði, en menn mega ekki gleyma því að aðgangur þjóðarinnar að þessu máli er tryggður. Síðan er ljóst að það á að halda áfram og kveða nánar á um þjóðlendur og eignarrétt þeirra svæða sem ekki eru undir eignarréttarákvæðum þannig að meginatriði þessa máls liggja ljós fyrir.

Það kom reyndar fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. að hann var ósammála því að fela forsrn. yfirstjórn þessar mála, þjóðlendna og vildi fela það umhvrn. ef ég tók rétt eftir í ræðu hans. Það er sjónarmið út af fyrir sig en hins vegar breytir það ekki eðli málsins. Menn ætla sér að skýra stjórnsýslumörk og í framhaldi af því skýra eignarrétt almennings á miðhálendinu. Þessi grundvallaratriði verða menn að hafa í huga þegar menn ræða þetta mál.

[15:07]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð skondið að hlusta á þessa umræðu vegna þess að ef það er svo sem hér er sagt að sveitarfélögin hafi allan tímann haft skipulags- og byggingarmál á meginhluta miðhálendisins, afréttunum og þá spyr maður sig: Til hvers var verið að setja upp samvinnunefndina, svæðaskipulagið sem var verið að vinna núna? Til hvers var þá verið að taka valdið af sveitarfélögunum þegar það var gert. En það sem mín athugasemd átti að ganga út á var aðallega að hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að nú væri verið að vinna að skipulagi miðhálendisins í sátt og samlyndi. Það gætu allir gert athugasemdir og þetta væri allt í mjög góðum og fínum farvegi. Ég held að svo sé ekki. Þarna er samvinnunefnd. Þetta er allt gert á lagagrundvelli. Ég vil taka það fram, þannig að það er verið að gera þetta eftir lögum en ég held að rangt sé hvernig staðið er að þessu.

Þarna eru tólf menn í einni nefnd. Þeir eru allir frá sýslum eða héraðsnefndum, tólf menn með einsleitan bakgrunn. Þeir koma þarna af jaðri miðhálendisins, frá sveitarfélögunum þar, og eru að vinna að tillögunni. Þar liggur valdið. Valdið liggur þar sem tillagan er gerð. Síðan hafa nokkrir komið fyrir nefndina. Menn eru ósáttir, ferðamannageirinn er ósáttur, orkugeirinn er ósáttur og þeir telja að þeir hafi ekki fengið nógu góðan hljómgrunn fyrir sínum málflutningi þannig að ég tel að málið sé ekki í neinum sáttafarvegi. Ég get nefnt sem dæmi úr mínu eigin sveitarfélagi, Seltjarnarnesi, þar sem svona tillögur hafa verið búnar til, alveg galnar skipulagstillögur að mínu mati. Fram hefur farið skoðanakönnun. Meira en helmingur íbúa hafnar viðkomandi aðgerðum en samt er komið fram með þær. Það sýnir bara hve erfitt er að koma böndum á skipulagsmál svo að öllum líki vel. Hvað þá á miðhálendinu. Ég held að það sé ekki rétt að þessi mál séu öll í góðum farvegi í dag.

[15:09]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði reyndar sinni spurningu sjálf, um hvernig samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hefði verið til komin. Hún kom til vegna þess að menn sættust á það hér í Alþingi með löggjöf í framhaldi af frv. um skipulag miðhálendisins sem var hér í umræðu að setja málið í þennan farveg. (Gripið fram í.) Já, það hefur hv. 4. þm. Austurl. hrakið. En mér heyrist af ræðu hv. þm. að það sé engin trygging fyrir góðum skipulagstillögum að hin stóru sveitarfélög komi þar að, þegar hún lýsir þessum arfavitlausu tillögum hér á þessu svæði. Það virðist víða vera pottur brotinn. Hins vegar er ég ekki að segja með þessu að almenningur eigi ekki að hafa áhrif á skipulagið. Það á að tryggja að almenningur hafi þau. En að vantreysta fulltrúum héraðsnefnda í kringum allt land, bæði frá dreifbýli og þéttbýli til þess að leggja tillögurnar fyrir þjóðina er málflutningur sem ég skil ekki.

[15:11]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það er engin trygging fyrir því að vel sé að málum staðið þó að einhver stærri sveitarfélög eigi hlut að máli. Ég er hins vegar að reyna að draga það fram að valdið liggur þar sem fyrsta tillagan er gerð eins og hún er gerð núna hjá staðvinnunefndinni um svæðisskipulagið. Þar liggur valdið. Svo er það borið fram fyrir þjóðina er sagt. Þjóðin hefur takmarkaða kosti á að koma sínum sjónarmiðum til leiðar, því miður. Auðvitað gera menn athugasemdir. Félög og samtök munu gera athugasemdir fyrir 10. desember. Hugsanlega tekur samvinnunefndin eitthvert tillit til þeirra. Síðan er sagt: Og svo getur ráðherra að lokum staðfest. Ráðherrann verður í afar þröngri stöðu þegar búið er að vinna tillöguna til enda. Auðvitað lýkur henni einhvern tímann. Þá er ráðherrann í afar þröngri stöðu að hafna henni þannig að valdið liggur í höndum þess afls, þeirrar nefndar sem gerir frumtillöguna. Og að því er rangt staðið eins og

núna er, því miður, þó að það sé gert eftir lögum, að mínu mati ranglátum lögum.

[15:12]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekkert lítið úr því að samvinnunefnd á borð við þá sem leggur þessi mál upp hefur áhrif en hins vegar er það alveg eins og með þetta frv. Það gæti vel breyst í meðförunum þó að sú nefnd sem undirbjó það hafi lagt það svona fram. En mergur málsins er að mér sýnist málflutningurinn þannig að það sé náttúrulögmál að þeir sem sitji í slíkri nefnd og eigi heima einhvers staðar í jaðri miðhálendisins í kringum landið, hafi afstöðu andstæða þeim sem búa hér á þessu suðvesturhorni. Mér finnst ekki hægt að leggja málin svona upp. Um allt land er fólk sem ann náttúrunni. Um allt land er fólk sem vill ganga langt í því að ganga á náttúrugæði. Það er ekkert bundið við Reykjavík eða landsbyggðina þannig að ég átta mig ekki á þessari röksemdafærslu, að þetta þurfi að vera svo andstæð sjónarmið.

[15:14]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Herra forseti. Við erum að fjalla hér um afar flókið mál eins og alþjóð veit. Því miður hefur lítil umræða farið fram um það í þjóðfélaginu og það má segja að fólki sé ákveðin vorkunn. Þetta eru það flókin mál. Við erum nú að fjalla um frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem er fjallað um stjórnsýsluna. Við höfum einnig rætt um annað frv. sem er ekki búið að mæla fyrir enn þá, þjóðlendufrv., en þar er fjallað um eignarréttinn á miðhálendinu. Stundum hafa tvinnast inn í þessi mál umfjöllun um námuréttindi, hvernig eigi að nýta jarðhita o.s.frv. og svo dregst inn í þessa umræðu tillagan um svæðisskipulag á miðhálendinu, enn eitt málið, og einmitt nú í auglýsingu til 10. desember, þannig að það er afar flókið fyrir fólk að átta sig á öllum leiðunum til að nálgast málefni miðhálendisins.

Við erum að fjalla um mjög stóran lagabálk en ég ætla einungis að fjalla um 1. gr. þannig að ég verð að svekkja hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, formann félmn. Ég ætla ekki að fara í aðrar greinar þar sem mér liggur 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða frekar þungt á hjarta. Í lögum hefur verið það ákvæði að byggðin í landinu skyldi skiptast á milli sveitarfélaga en núna á að breyta þessu og það á að heita að landið allt skiptist milli sveitarfélaga. Hér eru gífurlega miklir hagsmunir í húfi að mínu mati. Talsvert vald felst í því að fara með stjórnsýslu á miðhálendinu og ákveða hvernig skipulags- og byggingarmálum verði háttað þannig að ekki er skrýtið þó að það sé tekist á um þetta mál í þinginu.

Það er rétt sem kom áðan fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að með frv. er verið að eyða vafaatriðum um skipulagsmálin en að mínu mati í ranga átt. Vafaatriðum er ekki eytt eins og æskilegt er. Það er alveg ljóst að skipulags- og byggingarmál miðhálendisins hafa verið í miklum ólestri. Samkvæmt könnun á ástandi byggingarmála á miðhálendinu eru um 370 byggingar á þessu svæði en einungis þriðjungur þeirra er með tilskilin byggingarleyfi og aðeins í 30% tilvika eru fráveitumál talin viðunandi. Níu af hverjum tíu þessara bygginga voru byggðar eftir 1960 og helmingur þessara húsa er í einkaeign. Af þessu má sjá að bygginga- og skipulagsmál á miðhálendinu hafa verið í miklum ólestri og auðvitað er rétt að taka á því.

Segja má að það sé mjög gott að hafa lögin eins og við höfum haft þau hingað til, þ.e. að byggðin í landinu skiptist á milli sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru þessar einingar meðfram ströndinni þar sem fólk býr í nánd við hvert annað. Það eru byggðakjarnar og innan þessara eininga geta menn rætt skipulags- og byggingarmál fram og til baka eins og eðlilegt er þannig að það er mjög eðlilegt að skipta byggðinni almennt á milli sveitarfélaganna.

Miðhálendið er allt annars eðlis og þar á allt annað við. Að mínu mati er ekki hægt að líkja þessu saman. Miðhálendið er víðátta. Það er ekki byggð í þeirri merkingu. Auðvitað eru einhverjir fjallaskálar þar en það er ekki þessi venjulega byggð, þetta er víðátta og það að skipta þessari víðáttu á milli 40 sveitarfélaga er að mínu mati mjög óeðlilegt. Þetta eru landslagsheildir, þetta eru jöklar, þetta eru hraunbreiður og sandar og það passar engan veginn að skipta þessari heild á milli 40 sveitarfélaga. Mér finnst hugmyndafræðin bera vott um skammsýni. Það er ekki eðlilegt að sneiða miðhálendið niður í 40 kökusneiðar. Það er mjög óeðlilegt að hugsa sér þetta sem rjómaköku sem maður skiptir í 40 sneiðar. Miklu skynsamlegra væri að fella skipulags- og byggingarmálin undir einn hatt. Sumir vilja að umhvrn. verði með þann hatt og má segja að það sé mjög eðlilegt að mörgu leyti. Þar eru skipulags- og byggingarmál fyrir og auðvitað er umhvrn. afskiptasamt gagnvart umhverfi og allir eru sammála um að umhverfismál á miðhálendinu séu mikilvæg. Hugsanlega væri hægt að hafa þennan hatt hjá forsrn., ég skal ekki segja. Í mínum huga er a.m.k. mjög æskilegt og nauðsynlegt að skipulags- og byggingarmál miðhálendisins falli undir eina einingu, eina nefnd, eitt vald.

Sumir hafa rætt um að þetta sé allt í lagi þar sem verið sé að sameina sveitarfélög og þessum 40 sveitarfélögum fækki. Ég er ekki sammála því. Þó að sveitarfélögin væru ekki nema fimm þá finnst mér þetta jafngallað. Miðhálendið er ein heild. Það á ekki að skipta heildinni í 40 parta, ekki í fimm, ekki í tvo. Þetta er ein heild.

Sumir hafa agnúast út í það að í þessum 40 sveitarfélögum búa einungis um 15 þúsund manns eða 4% þjóðarinnar. Allir hljóta að sjá að það er óæskilegt að svo fámennur hluti samfélagsins fari með svo mikið vald sem skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu eru. Auðvitað er það óæskilegt. Það væri æskilegra að öll þjóðin kæmi að því. Það eru þó ekki aðalrökin í mínum huga. Þó að öll þjóðin byggi í þessum 40 sveitarfélögum, hver einasti maður, 270 þúsund manns, þá er þetta jafnrangt í mínum huga. Það er jafnrangt að skipta miðhálendinu upp í 40 einingar.

Ég tel þessi sveitarfélög vera tiltölulega óburðug, því miður, en ég vil líka benda á það eins og ég gerði áðan að burðug sveitarfélög geta valdið miklum skipulagsslysum. Í mínu sveitarfélagi hefur t.d. stefnt í slíkt skipulagsslys. Þar hafa gilt úrelt sjónarmið, engin umhverfissjónarmið verið þar á lofti og afar erfitt hefur verið að vinda ofan af þeim vilja sem hefur ríkt hjá því sveitarfélagi þrátt fyrir skoðanakannanir þar sem meira en helmingur íbúa svaraði hvernig hann vildi hafa ákveðin skipulagsmál, þ.e. ekki byggja eitt einasta íbúðarhús í náttúruperlunni í kringum Nesstofu. Sveitarstjórnin samþykkti að þar yrðu byggð 24 hús enda þótt gengið hafi verið í hvert einasta hús til þess að safna undirskriftum og skrifuðu þúsund manns undir sem er eitthvað tæplega 30% af íbúum sveitarfélagsins. Samt var bara bakkað ofan í 13 hús þannig að maður sér hve valdið er ofboðslega sterkt hjá þeim aðila sem gerir fyrstu skipulagstillögur. Að mínu mati má segja að það bjóði hættunni heim að verulegu leyti að færa skipulags- og byggingarmál undir sveitarfélögin 40.

Ég er mjög sammála því að færa verkefni til sveitarfélaga og finnst það afar æskilegt. Núna er t.d. verið að ræða um að færa málefni fatlaðra. Að vísu er ekki ljóst að það takist, það er verið að skoða þar. Að öllum líkindum verðum við með A-sveitarfélög og B-sveitarfélög í landinu áður en við vitum af. Nokkur reynslusveitarfélög eru komin með málefni fatlaðra, t.d. Vestmannaeyjar, Höfn í Hornafirði og Akureyri. Þessi sveitarfélög munu örugglega ekki losa sig við málefni fatlaðra. Það gengur mjög vel hjá þeim og hæstv. félmrh. hefur sagt að það geti vel komið til greina að sum sveitarfélög taki málefni fatlaðra og önnur ekki þannig að við verðum þá með A- og B-sveitarfélög. En ég styð tilfærslu verkefna en ekki að færa skipulags- og byggingarmál miðhálendisins undir sveitarfélagastigið. Ákveðinn eðlismunur er þar á vegna þess að miðhálendið er þessi eina heild. Það má hugsa sér þetta sem eitt sveitarfélag án nokkurrar fastrar búsetu. Sumir hafa kallað það sveitarfélag Fjallahrepp hinn nýja en það væri þá skárra af því að það er ein heild.

Það hefur einnig verið rætt um samvinnunefndina, um svæðisskipulag miðhálendisins, sem er einmitt þessa dagana að leggja drög að svæðisskipulagi miðhálendisins og inn í þá umræðu hefur verið dregið að það sé rangt að miðhálendið sé 40% af flatarmáli Íslands. En það er alveg ljóst að sú tillaga sem samvinnunefnd svæðisskipulags er að gera dekkar eina heild og þar er slegið ákveðið stef. Samvinnunefndin á að halda sig inni á svæði og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta." Það má því segja að hér sé komið ágætis fordæmi fyrir því svæði sem var hægt að hugsa sér innan þessarar einingar, þessarar miðhálendiseiningar þannig að hér er ákveðið fordæmi. Að vísu hefur þessi nefnd unnið mjög ötullega að því að fá í gang vinnu við skiptingu miðhálendisins á milli sveitarfélaga og það hefur einmitt vinnuhópur verið í því og það er alveg ljóst að það er búið. Hæstv. ráðherra Páll Pétursson hefur t.d. ítrekað sagt að að langmestu leyti sé búið að skipta miðhálendinu í dag á milli sveitarfélaga. Í nefndinni er búið að ná sátt á milli sveitarfélaganna sem liggja að miðhálendinu og þó að við séum ekki búin að ákveða okkur nákvæmlega á hinu háa Alþingi hvernig þetta verður er búið að undirbúa jarðveginn, það er búið að skipta miðhálendinu á milli sveitarfélaganna. Ég held að það sé hugsanlega eitt svæði sem stendur út af þannig að það er mjög ankannalegt en menn eru greinilega að reyna að vinna sér tíma.

Í samvinnunefndinni eru nánast eingöngu sveitarstjórnarmenn, ekki alveg þó sem sveitarstjórnarmenn aðliggjandi sveitarfélaga og það má alveg gagnrýna það eins og ég gerði áðan í andsvari mínu. Þarna eru þó ákveðin mörk á milli heimalanda og afrétta sem er alveg hægt að skoða sem ný mörk á miðhálendinu. Hins vegar finnst mér að umræðan gangi of mikið út á tæknileg atriði eins og mörk, heimalandamörk, hvar liggja afréttir, hvar liggur þetta, hvar liggur hitt? Ég held að við ættum að reyna að hugsa þetta svolítið á öðrum grundvelli. Við eigum að láta skynsemina ráða. Við eigum að taka meginhluta miðhálendisins undir eina heild en binda okkur ekki svona fast í fortíðina. Við þurfum að horfa fram á veginn í þessu en ekki til baka.

Menn hafa líka notað það talsvert í umræðunni að afréttirnar séu undir sveitarfélögum og það stendur eitthvað á þá leið í frv. Þar er verið að vísa í 3. mgr. 3. gr. laga um sveitarfélögin, að áður fyrr hafi hvort eð er nánast öllu miðhálendinu verið skipt á milli sveitarfélaganna, þ.e. staðarmörkum. Maður spyr sjálfan sig: Hvaða réttlæti er í því þó að einhver búfénaður hafi verið settur í beit á ákveðnum svæðum? Er þar með sagt að það sé eðlilegt að skipulags- og byggingarmál á viðkomandi svæði tilheyri sveitarfélaginu þaðan sem búfénaðurinn kom? Ég sé ekki skynsemi í því.

Ég held að afar mikilvægt sé að við reynum að ná sátt í svo viðamiklu máli eins og skipulagsmál og byggingarmál miðhálendisins eru. Ég hef reynt að sjá fyrir mér einhverjar leiðir til þess og ég velti upp einni hugmynd sem væri ágætt ef hæstv. ráðherra gæti hugsað sér að svara. Er einhver möguleiki að taka skipulags- og byggingarmál út fyrir sviga, þ.e. þetta yrði þá eitthvert nýtt form, ef við skiptum miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna en tökum örugglega byggingar- og skipulagsmál út fyrir sviga? Löggæslan og hreinlætiseftirlitið gæti þá fallið undir sveitarfélögin þarna en skipulags- og byggingarmálin væru tekin út fyrir sviga. Þeim væri fyrir komið hjá einni nefnd undir einum hatti þar sem t.d. ferðamannageirinn, útivistargeirinn og þessir hagsmunaaðilar hafa meiri tök á að koma að málum.

Ég vil líka koma því á framfæri að ég hef verið sveitarstjórnarmaður í sjö ár og ég tel að hér sé ekki um neitt vantraust að ræða á sveitarfélögin, alls ekki. Sveitarfélögin hafa eðli málsins samkvæmt verið að skipa málum í byggð, þar er nándin en byggðin er ekki uppi á miðhálendinu. Það verkefni er allt annars eðlis. Það er mjög stórt verkefni þannig að ég tel að við eigum að hætta að tala um þetta mál eins og einhverja sérstaka baráttu á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Eðli málsins er allt öðruvísi. Við eigum að velja bestu leiðina en ekki þá næstbestu. Sjálfsagt verður næstbest að koma þessu fyrir hjá sveitarfélögunum.

Mig langar að sýna líka fram á að kjördæmið sem ég kem úr, Reykjanes, hefur látið sig þessi mál skipta. Kjördæmisþing framsóknarmanna sem var haldið fyrir stuttu ályktaði sérstaklega um þetta mál og þar var ekki minnst einu einasta orði á íbúatölur. En mig langar að lesa þessa ályktun hér, hæstv. forseti, sem kjördæmisþing framsóknarmanna í Reykjanesi ályktaði núna um daginn á þingi sínu en hún hljóðar svo:

„Kjördæmisþing framsóknarmanna á Reykjanesi hafnar því að skipta stjórnsýslu, þar á meðal skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins milli 40 sveitarfélaga. Miðhálendið er ein heild þar sem m.a. jöklar, hraun og sandar mynda landslagsheildir. Skynsamlegast er að miðhálendið verði eitt stjórnsýslusvæði."

Hér er ekkert minnst á mannfjöldann þó að það sé að sjálfsögðu æskilegt að sem stærstur hluti þjóðarinnar komi að skipulagsmálum á miðhálendinu. Hér er einungis verið að tala um að óæskilegt sé að vera að skipta miðhálendinu upp. Ég vil líka benda á það að á bak við þessa ályktun stendur stór hópur framsóknarmanna, 1/4 af því fylgi sem við fengum í síðustu kosningum þannig að mér finnst mjög mikilvægt að koma þessu á framfæri.

Ég vil að lokum segja af því að tími minn er að renna út að varðandi þetta frv. í heild þá líst mér ágætlega á það en ég get ekki stutt hugmyndina sem felst í 1. gr., þ.e. að skipta öllu landinu alveg inn í innsta punkt á milli sveitarfélaga. Það er ekki rétt framtíðarsýn í því. Ef við horfum 100 ár fram í tímann og setjum okkur í spor framtíðarmannsins er ég alveg sannfærð um það að augu manna opnast frekar fyrir því að það væri rétt að hafa þetta sem eina heild. Ég hef stutt mína menn í gegnum súrt og sætt hér í þinginu og við höfum

gert afar marga og góða og jákvæða hluti. Hins vegar tel ég að 1. gr. sé ekki rétt skref og ég get því miður ekki fellt mig við þá sýn og þá hugmyndafræði sem í henni felst.

[15:32]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er æskilegt í sambandi við þessa umræðu að menn túlki umbúðalaust sínar skoðanir og ég þakka hv. þm. fyrir það að koma með sín sjónarmið. Þau falla greinilega að þeirri umræðu og þeim tillögum sem fram voru lagðar hér við upphaf ferðar þegar Alþingi og framkvæmdarvaldið tóku sig til og reyndu að ná utan um skipulagsmál á miðhálendinu. Þá var sú tillaga uppi, sem ég gat um í máli mínu fyrr í dag, að gera miðhálendið að sérstöku skipulags- og stjórnsýslusvæði. Þessi tillaga var kveðin í kútinn hér á Alþingi veturinn 1991–1992. Fyrir því stóðu öðru fremur hluti af þáv. ríkisstjórnarliði úr Sjálfstfl. og Framsfl., ég segi nú ekki óskiptur og vil ekki fullyrða það en að meginhluta til, sem stöðvaði það stjfrv. sem hér lá þá fyrir og menn geta kynnt sér sem var um skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu.

Þá gerðist það sem var ekki nógu gott eftir á að hyggja alla vega, vona ég að mati Alþfl., að þeir hlupu undir bagga með þessum öflum og fluttu hér inn í þingið frv. eða breytingu á skipulagslögum sem var síðan lögfest. Auðvitað öllum ljós nauðsynin á að ná utan um þessi mál og spurningin var hvort menn ættu að láta þetta lönd og leið, láta málin dankast eins og þau voru hér í stórum stíl. Þingmaðurinn rakti hér hvernig stæði á með byggingarmál á miðhálendinu, ólöglegar byggingar í stórum stíl, allt sem laut að umferð o.s.frv., fyrir nú utan virkjunarmálin. Síðan hefur verið unnið að þessum málum. Hv. þm. greiddi atkvæði með öðrum á þingi, hygg ég, sl. vor í sambandi við frv. til skipulagslaga. Það var lögfest og tekur gildi núna um næstu áramót þar sem fyrirliggjandi stefna var byggð inn varðandi skipulagsferlið.

[15:35]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég að þingið hafi tekið ranga ávörðun þegar ákveðið var að setja málið í þann farveg sem það nú er í, þ.e. í samvinnunefndina um svæðisskipulagið. Ég er búin að lesa forsöguna að verulegu leyti. Það frv. sem Eiður Guðnason lagði fram á sínum tíma fellur mjög vel að þeim hugmyndum sem ég hef í dag um hvernig þessi mál eigi að vera, hvað réttast væri að gera. Eins og hér er búið að rekja var hins vegar ekki vilji til þess, það var enginn pólitískur vilji til þess, því miður. Því er alveg hugsanlegt að það hefði verið skárra í þeirri stöðu, í staðinn fyrir að gera ekki neitt, að setja málið þó í þann farveg sem það er í núna. Hugsanlega hefði það verið skárra, ég skal ekki leggja mat á það. Maður hefur alla vega heyrt þau rök. Vegna þess að skipulags- og byggingarmál voru í algerum ólestri uppi á miðhálendinu hefur þingmönnum sjálfsagt þótt þetta skárra. Ég held að við ættum að staldra við núna og reynda að gera okkar besta í því að vernda miðhálendið til framtíðar og það er ég að reyna að gera með ræðu minni. Ég reyni að segja nákvæmlega frá mínum skoðunum, en ég vil að þetta svæði sé ein heild og ég held að ef við lítum á allar hliðar, þá sé það það eina rétta. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir standa að þessu frv. og ég er með minni rödd hér að reyna að hafa einhver áhrif þar á. Ég skal ekki segja til um hvort það takist.

[15:37]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Áralagið breytist nú þessi árin og einnig í Framsfl. Það er alveg ljóst. En menn verða auðvitað að hafa forsögu málsins í huga þegar málin eru rædd. Ég tek mjög eindregið undir það sjónarmið hjá hv. þm. að skipulagsmál á þessu stóra svæði ber að varðveita heildstætt. Það er mjög brýnt að svo sé gert og ég held að menn ættu að athuga hvort ekki væri hægt að styrkja skipulagslöggjöfina að þessu leyti, varðandi sérstaka svæðisskipulagsmeðferð á miðhálendinu. Ég held að það sé hugsun sem reyna ætti að að festa í sessi þannig að það hrópi ekki hvað á annað í sambandi við tillögur og þróun mála á þessu svæði. En því miður er það er fleira en fögur hugsun um verndun og náttúruvernd á þessu svæði sem ríkir og það m.a. á vegum stjórnvalda, á vegum m.a. Framsfl. sem aðila að ríkisstjórn núna og þar á ég m.a. við þær stórfelldu hugmyndir um nýtingu vatnsafls, langt út yfir öll skynsamleg mörk og hv. þm. þyrfti nú að gefa gaum að.

[15:38]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það beri að vernda miðhálendið eða skipuleggja það heildstætt. Það má hugsa sér að setja þau mál í einhverja sérstaka skipulagsmeðferð heildstætt. Ég hefði talið mjög æskilegt að reyna að ná nýjum viðræðum um þessi mál við t.d. Samband ísl. sveitarfélaga af því að ég er viss um að Samband ísl. sveitarfélaga vill að það sé nokkuð góð samstaða um málið. Ég tel að hún sé ekki fyrir hendi í dag.

Ég hef reyndar rætt við ýmsa aðila þar innan dyra um einhverjar millilausnir og mér hefur heyrst að þar sé ákveðinn vilji til að skoða það. En annars tek ég undir með hv. þm.

[15:39]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur farið fram merkileg umræða og það vakti athygli mína hvaða tökum hv. þm. Siv Friðleifsdóttir tekur það mál sem hér er til umfjöllunar. Að vísu þarf ekki að koma á óvart að einhverjir þingmenn Framsfl. hafi uppi tilburði til aukinnar miðstýringar. Það á sínar skýringar e.t.v. Hins vegar kemur það mjög á óvart þegar hafðar eru uppi efasemdir eins og í ræðu hv. þm. um getu tiltekinna sveitarfélaga umfram önnur til að sinna skyldum sínum. Ég vildi gera athugasemd við það og spyrja hv. þm.: Hvenær verða sveitarfélög burðug til að sinna skyldum eins og skipulagsmálum? Það er mjög alvarlegt mál ef því er haldið fram hér á Alþingi að sveitarfélög hafi ekki burði til þess að vinna að skipulagi síns svæðis. Ég vildi þess vegna heyra skýringar og afstöðu þingmannsins til þessa álitaefnis.

Ég hafði ekki heyrt mikinn áhuga á miðhálendinu hér á höfuðborgarsvæðinu fyrr en menn tóku að ferðast þar um á fjórum stórum hjólum. Þá fyrst vaknar áhuginn og til hvers? Jú, hér sagði hv. þm.: Það er sjálfsagt að sveitarfélögin hafi kostnaðinn, sinni umsýslunni, jafnvel löggæslu á þessum svæðum en það eru aðrir sem eiga að koma til og skipuleggja nýtinguna. Ég tel þetta í hæsta máta óeðlilegt, herra forseti, og vil þess vegna heyra betur og skýrar afstöðu þingmannsins.

[15:41]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel vera um svo stórt mál að ræða þegar við ætlum að skipuleggja miðhálendið að það sé mjög óæskilegt að skipta því á milli þessara 40 sveitarfélaga. Það var megininntakið í minni ræðu. Út á það gengur þetta mál. Þetta er ein heild. Og þó sveitarfélögin væru burðugri. Þó þarna byggju allir landsmenn, hver einasti og sveitarfélögin væru færri, þó þau væru fimm, þá væri þetta samt rangt. Það er rangt að skipta miðhálendinu upp.

Varðandi það að höfuðborgarbúar væru að fara þarna upp á miðhálendið á fjórhjóladrifnum farartækjum og eitthvað slíkt, ég gef ekki mikið fyrir þannig röksemdir. En Íslendingar eru almennt að sækja miklu meira upp á miðhálendið en þeir hafa hingað til gert, það er alveg rétt. Áður var torsótt að fara þangað og fáir sem gerðu það, menn fóru frekar annað. En við erum að átta okkur á því æ betur hve mikil verðmæti felast í miðhálendinu og sækjum þangað meira. Ferðamenn sækja þangað einnig og það gerir málið enn þá mikilvægara. Þess vegna er enn þá nauðsynlegra að sátt sé um miðhálendismálið og það sé meiri breidd á bak við skipulagið þar. Það er engin breidd á bak við það að 12 aðilar úr héraðsnefndum sem liggja að miðhálendinu í dag séu að skipuleggja miðhálendið og hafi þar mest vald. Í því er engin breidd.

[15:43]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágæt ræða hjá hv. þm. og ég var sammála þingmanninum í nánast öllu sem hún sagði um að það er mjög mikilvægt að vanda alla vinnu við skipulag sem og „nýtingu" miðhálendisins. En deilan stendur um það hver eigi að bera ábyrgð á skipulaginu og ég fékk ekki svar við því hvenær sveitarfélag verður burðugt til þess að sinna þessari skyldu sinni.

Ég er sammála hv. þm. um að vanda þurfi mjög til þess að skipuleggja miðhálendið. Við erum að sameina sveitarfélög og hæstv. félmrh. hefur verið þvílíkur lukkunnar pamfíll að nú eru þau mál farin að ganga. Við höfum sameinað sveitarfélög til að gera þau öflugri, styrkari og hæfari til þess að sinna þessari skyldu. Það er aðalatriði málsins og ég er ekki tilbúinn að taka undir með hv. þm. um að ekki beri og ekki sé hægt að treysta sveitarfélögunum til þess að sinna þessu verki. Skipulagsmistök verða ekki og eru ekki neitt hlutfall af stærð eða íbúafjölda viðkomandi sveitarfélaga. Það er fjarri lagi. Í mörgum litlum sveitarfélögum hefur verið unnið vel og skynsamlega að skipulagsmálum og ég treysti þeim fullkomlega til þess.

[15:45]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er búin að vera sveitarstjórnarmaður í sjö ár eins og fram hefur komið og innihald minnar ræðu var ekki það að ég treysti ekki sveitarfélögunum, alls ekki. Hér er spurt: Hvenær verður sveitarfélag burðugt til þess að sinna skipulags- og byggingarmálum uppi á miðhálendinu? Það er spurningin? Það er ekkert einhlítt svar við því. Ég get ekki nefnt neina íbúatölu. Ég get ekki nefnt neina fjárhagstölu, þ.e. hvað hvert sveitarfélag á að hafa mikla veltu. Ég get ekki svarað því. Það er hins vegar alveg ljóst að það er ekki skynsemi í því að skipta miðhálendinu varðandi skipulags- og byggingarmál upp á milli 40 sveitarfélaga. Það er engin skynsemi að mínu mati á bak við það og þess vegna get ég ekki stutt þá hugmynd óháð því hvað sveitarfélögin eru mörg sem liggja þar að og óháð því hve margir búa þar.

[15:46]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. flutti hér merkilega ræðu að mínu viti. Hér talaði varaformaður félmn. Alþingis og ég sakna þess mjög að ekki skyldi hafa komið fram umfjöllun um fjölmörg önnur atriði sem koma fram í þessu frv. En ræða hv. þm. virkaði þannig á mig að í henni fælist mikil gagnrýni á sveitarstjórnir vítt og breitt um landið og ekki fannst mér laust við að það væri ákveðinn hroki í þeirra garð — ég verð bara að segja það eins og þetta virkaði á mig — og að þau væru nánast ófær um að sinna þessum skipulagsmálum. Meira að segja kom hv. þm. inn á vandamál í sínu sveitarfélagi, Seltjarnarnesi og hugsanlega mætti skilja það svo að það sveitarfélag væri ekki fullkomlega fært um að sinna skipulagsmálum.

Einnig fannst mér hv. þm. vilja gera breytingar á núverandi skipulagi mála. Landinu er nú skipt í sveitarfélög upp að jökulrótum. Er það rétt skilið hjá mér að hv. þm. vilji breyta núverandi skipulagi? Einnig vil ég spyrja: Er hv. þm. ekki þeirrar skoðunar í grundvallaratriðum að það eigi að skipta landinu öllu í sveitarfélög? Mér finnst vanta nákvæmar lýsingar á afstöðu hv. þm. í þessu máli.

[15:47]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér talaði þingmaðurinn Magnús Stefánsson sem er líka í félmn. eins og sú sem hér stendur. Hann hefur reyndar ekki talað í þessu máli en ætlar væntanlega að gera það fyrst það kemur svona opin gagnrýni á það að ég hef bara rætt um 1. gr. Það kom hins vegar mjög skýrt fram í ræðu minni að ég tók einungis þessa grein þar sem mér finnst hún vera langalvarlegust í þessu máli hérna. Að sjálfsögðu get ég svo sem tínt til fleiri greinar, en við munum fara yfir það mál í félmn. saman. Mér finnst mikilvægast fyrir mig að nota tímann hér til þess að útskýra sjónarmið mín af því að ég veit að þau ganga þvert á Framsfl. Þess vegna geri ég það hér að mínu meginmáli.

Það er ekki rétt sem kom fram hér að ég hefði verið að gagnrýna sveitarstjórnarstigið, alls ekki. Ég var hins vegar að draga fram að t.d. í mínu sveitarfélagi, Seltjarnarnesi, sem er frekar stórt sveitarfélag — þar búa 4.500 manns — hefur það sýnt sig eins og víðast annars staðar að þar sem frumtillögur verða til í skipulagsmálum í því valdi að mjög erfitt er að breyta þeim síðar, það er mjög erfitt.

Varðandi miðhálendið almennt og hvort skipta eigi því inn í miðju, þá svaraði ég því áðan mjög skilmerkilega að ég sé fyrir mér t.d. að við getum notað þá línu sem samvinnunefndin vinnur eftir í dag, þ.e. línu á milli heimalanda og afrétta. Það er hægt að nota hana. Og að þar fyrir innan, á meginhluta miðhálendisins, verði eitt vald, ekki sveitarfélögin 40 heldur eitt vald, sennilega undir umhvrh.Það væri sennilega best að eitt vald færi með þau skipulagsmál í heild.

[15:50]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir flutti hér mjög athyglisverða ræðu áðan. Hún skýrði frá því að hennar skoðun á málinu væri sú sama og kom fram í frv. Eiðs Guðnasonar þáv. umhvrh. sem ekki náði þingmeirihluta hér á Alþingi m.a. vegna þess að a.m.k. stór hluti af framsóknarmönnum

lagðist gegn þeirri lausn. Hv. þm. lýsti því réttilega að við þær aðstæður hefði reynst nauðsynlegt að finna einhverja leið til þess að halda áfram að þróa þá skipulagsvinnu sem þurfti að vinna. Sú leið var ekki besta leiðin en þó alla vega leið sem þokaði málunum áfram, og það er rétt hjá henni. Hins vegar liggur nú fyrir, eins og hún sagði sjálf, að fulltrúar 25% kjósenda Framsfl. eru nú komnir á þá skoðun að það eigi að hverfa til hins fyrra horfs, hverfa til þess horfs sem ekki var þingmeirihluti fyrir á Alþingi árið 1991–1992 og af því tilefni hef ég eina spurningu fyrir hana að leggja. Hv. þm. las upp úr samþykkt framsóknarmanna á Reykjanesi, fjórðungs kjósenda Framsfl., sem væntanlega hefur verið gerð einróma. Er hún þá ekki að mæla fyrir hönd beggja þingmanna flokksins úr kjördæminu þegar hún lýsir því yfir að hún sé ekki sammála þeirri leið sem hæstv. félmrh. hefur valið og telur hún ekki að líklegt sé að flokkssystkini hennar hlusti á raddir fjórðungs kjósenda flokksins?

[15:52]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom hér að mínar hugmyndir falla mjög vel að þeim hugmyndum sem Eiður Guðnason setti hér fram á sínum tíma.

Varðandi ályktun kjördæmisþings okkar framsóknarmanna á Reykjanesi, þá var þessi ályktun samþykkt einróma. Á staðnum var líka þingmaður okkar númer tvö og lagðist hann alls ekki gegn þessari samþykkt. Vel má vera að viðkomandi þingmaður taki hér til máls síðar í umræðunni, ég skal ekki segja. Hins vegar hef ég sérstaklega rætt þessi mál í þingflokki framsóknarmanna og skýrt frá mínum skoðunum. Ég stend ein að því að hafa sagt þar skýrum orðum að ég geti ekki stutt þessa leið sem við erum að fara núna. Ég hef sagt það mjög opinskátt eins og ég er að segja það hér núna úr þessum ræðustóli, en þetta mál hefur eigi að síður verið lagt fram í þessum búningi sem það er og ég held að það svari nú alveg fyrirspurn hv. þm.

[15:53]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

(**Gripið fram í:** Hvar er þingmaður númer tvö?) Virðulegi forseti. Það er þó alla vega ljóst að þingmaður númer eitt í Reykjaneskjördæmi er þessarar skoðunar og væntanlega fylgir þingmaður númer tvö skýlausri yfirlýsingu sinna eigin kjósenda þannig að tveir þingmenn Framsfl. eru þá væntanlega andvígir niðurstöðu hæstv. félmrh. Þetta er mjög forvitnilegt, sérstök staða, góð staða í málinu. Vera má að sá þingmeirihluti sem var fyrir leið félmrh. að því er virtist 1991–1992 sé snúinn yfir á leið okkar jafnaðarmanna sem þá hafði ekki þingfylgi og ber að fagna því.

[15:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Áður en lengra er haldið þá held ég að nauðsynlegt sé að taka fram að þetta frv. er stjfrv. Það er búið að samþykkja það í báðum stjórnarflokkunum. Þjóðlendufrv. sem hæstv. forsrh. kemur til með að mæla fyrir innan skamms verður líka stjfrv. og nýtur stuðnings beggja þingflokka stjórnarflokkanna. Einn þingmaður Framsfl. lýsti andstöðu við þetta frv. í þeim búningi sem það er, þegar málið var tekið fyrir til afgreiðslu í þingflokki framsóknarmanna.

Þessi frv. eru bæði prýðilega samræmanleg og byggja reyndar með vissum hætti á lögum sem hér voru samþykkt í fyrra um skipulagsmál, þ.e. á skipulags- og byggingarlögum. Þjóðlendufrv. fjallar um eignarrétt. 1. gr. þessa frv. sem hér er á dagskrá og bráðabirgðaákvæðið fjallar um stjórnsýslu og á þessu tvennu er munur. Það er ekkert óeðlilegt við það að forsrh. komi fram fyrir hönd þjóðarinnar, þ.e. eigenda þjóðlendnanna. Það er hlutverk sem forsrh. er fengið með þjóðlendufrv. þegar hann kemur fram sem fulltrúi almennings, þjóðarinnar sem væntanlega verður úrskurðuð eigandi að verulegum hluta hálendisins þannig að það er ekkert ósamræmi í því. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að forsrh. sé ætlað hlutverk ásamt með sveitarstjórnum og þetta skarast alls ekki eins og forsrh. tók ítarlega fram í morgun þegar hann tók hér til máls. Og það er rétt, herra forseti, að rifja það upp fyrir mönnum hvað hann sagði.

„Það er rétt að taka fram þannig að það sé ekki misskilið að þjóðlendufrv. byggir á því að landinu öllu sé skipt í sveitarfélög og slíkar línur séu dregnar þannig að það er engu að síður nauðsynlegt að það sé gert á einhvern tiltekinn hátt þannig að frv. um þjóðlendur, ef að lögum verður, fái notið sín. Ég tel mjög mikilvægt að frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, verði hér samferða frv. hæstv. félmrh. í gegnum þingið.

Það er mat þeirra lögmanna sem að samningu þjóðlendufrv. komu að það eigi ekki að þurfa að skarast að málin verði afgreidd."

Það er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fari með neins konar eignarrétt á almenningum eða afréttum nema þau geti sannað eignarrétt sinn á þeim og þá kemur til kasta forsrh. Það er það hlutverk sem honum er fengið. Ef sveitarfélögin eða einstaklingar geta ekki sannað eignarrétt sinn á einhverjum hlutum hálendisins, þá er það hlutverk forsrh. að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar.

Samkvæmt gildandi lögum skiptist byggðin í landinu og afréttirnar á milli sveitarfélaga. Þessi sveitarfélög fara nú þegar með stjórnsýsluvaldið bæði í byggð og á afréttum. Og ef við skoðum kort af landinu, þá sjáum við það að afréttirnar eru nánast allt sem ekki er hulið jökli. Viðbótin sem sveitarfélögunum er ætluð hér er fyrst og fremst jöklarnir. Það var ágreiningur á nokkrum stöðum milli einstakra sveitarfélaga hvar mörkin lægju og í það hefur verið lögð ágætisvinna að skera úr og draga línur sem samkomulag er um hvar mörk sveitarfélaga séu og það er einungis á einum stað á landinu þar sem ágreiningur er enn þá en ég vænti þess að sá ágreiningur leysist áður en mjög langt um líður, enda er það mjög brýnt.

Það kom hér fram hugmynd í frumvarpsformi frá páv. umhvrh. Eiði Guðnasyni um að breyta þessu skipulagi og setja hálendið allt undir sérstaka stjórn. Meiri hluti Alþingis hafnaði þeirri hugmynd að taka afréttina undan sveitarfélögunum og setja þá undir einhverja hreppsnefnd hálendisins. Ég hef ekki trú á því að sú viðhorfsbreyting hafi orðið hér á Alþingi síðan þetta var að það geti verið meiri hluti fyrir því að ráðast á sveitarfélögin og taka af þeim það stjórnsýsluvald sem þau hafa á hálendinu. Og það er rétt að taka það fram að Samband ísl. sveitarfélaga, hvort heldur eru fulltrúar af suðvesturhorninu, Vestfjörðum og alls staðar að af landinu styðja þá útfærslu sem hér er lögð til.

Svo er það með prósentureikninginn. Mér finnst óskemmtilegt að hlusta hér sýknt og heilagt á þá fyrirlitningu, þá vantrú á sveitarstjórnum á landsbyggðinni sem kemur fram í hverri ræðunni eftir aðra. Nú er rétt að taka það fram eins og hér hefur reyndar komið fram í ágætri ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar og reyndar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að sveitarfélögin hafa tekið breytingum og það eru ekki einungis 4% þjóðarinnar sem koma að þessu

eða fulltrúar 4% þjóðarinnar heldur miklu fleiri því að nú hafa sveitarfélög sem betur fer verið sameinuð í stórum stíl og innan skamms á þeim sveitarfélögum eftir að fækka til muna sem liggja að hálendinu. Þau eiga eftir að sameinast og þessar skákir sem hér hefur verið talað um í lítilsvirðingartón eiga eftir að stækka og þeim á eftir að fækka þannig að það er mjög ör þróun í þessu. Menn hafa hér fest sig við að tala um ákvæði til bráðabirgða og það hefur verið gert að aðalmáli þessa frv. í máli mjög margra ræðumanna. Auðvitað er ákvæðið til bráðabirgða bara viðhengi. Í 1. gr. segir og frv. hefst á þessu:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð."

Þetta eru upphafsorð frv. og bráðabirgðaákvæðið fjallar nánast bara um aðferðafræðina. Allt annað í þessu frv. hefur horfið í skuggann nema hjá einum tveimur ræðumönnum. Ég vil þakka formanni félmn. fyrir málefnalega yfirferð yfir frv. Ég var ekki sammála öllu sem hún sagði en það er greinilegt að hún hefur lesið frv. Hún hefur lesið það frá upphafi til enda og það hefur hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, að sjálfsögðu gert því hann var formaður þeirrar nefndar sem samdi málið eða stjórnaði endurskoðuninni og hann kann málið.

Varðandi þetta með hæfi sveitarstjórnarmanna sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir fjallaði um, þá er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta til þess að forðast að þurfa að liggja í endalausum úrskurðum um hver sé hæfur og hvenær við ákvarðanatöku í sveitarstjórnum.

Nú er rétt að minna á að með sameiningu sveitarfélaga stórfækkar sveitarstjórnarmönnum og ég get svo sem skotið því að í þessu sambandi að það er að vissu leyti eftirsjón að því. Ég tel að seta í sveitarstjórn sé býsna góður skóli jafnvel þó að það sé bara í lítilli hreppsnefnd. Ég sat sjálfur í sveitarstjórn í mínum hreppi áður en ég varð þingmaður. Ég lærði heilmikið á því. Og þessi félagsmálaskóli sem starf að sveitarstjórnarmálum hefur verið fjölda mörgum verður ekki til staðar eða aðgengilegur fyrir jafnmarga og verið hefur eftir að þessi stækkun sveitarfélaganna hefur komið til framkvæmda þannig að það er svona bakhliðin á peningnum.

Hugsunin á bak við ákvæðin um fjárhagsáætlanir er sú að fjárhagsáætlun sé afgreidd áður en á að fara eftir henni, þ.e. að hún liggi fyrir afgreidd um áramót þannig að á nýju ári sé strax hægt að fara að vinna eftir gildri fjárhagsáætlun.

Hér hefur verið talað um svæðisskipulag miðhálendisins og þá gagnrýni sem sú tillaga hefur hlotið. Ég verð að segja að ég tel að það sé þakkarvert að bæði orkugeirinn og ferðabisnessinn eru óánægðir með þessa tillögu því að ef annar þessara aðila með jafnandstæða hagsmuni og gagnstæðan málflutning, væri mjög ánægður, þá væri hér um bil gefið að það væri gengið stórlega á hluta hins þannig að ég held að það sé bara gott að báðir aðilar séu svona mátulega óánægðir.

Ég geri ekki ráð fyrir því að meiri hluti sé á Alþingi til þess að ráðast á sveitarfélögin og fara að taka af þeim stjórnsýsluvald á afréttum enda er það nokkuð byltingarkennd hugsun. Eignarréttur á miðhálendinu er til skoðunar. Þeirri skoðun lýkur ekki strax. Það er flókið og vandasamt verkefni og það verður ekki gert í einu vetfangi. Mig minnir að í þjóðlendufrv. sé hugmyndin að úrskurðarnefndin ljúki sínu starfi á fimm árum. Þá eru eftir hugsanlega einhver málaferli, einhver réttargangur áður en ljóst verður hvar eignarrétturinn liggur og ég tel að ómögulegt sé að bíða eftir því. Væntanlega eru þeir sem tala fyrir því að taka miðhálendið undir sérstaka stjórn ekki að fjalla þar um önnur svæði en þau sem eru almenningseign eða verða almenningseign. Væntanlega eru þeir ekki að tala um þær afréttir sem einstök sveitarfélög geta sannað eignarrétt sinn á eða einstaklingar sem líka getur komið til greina þannig að ég held að það að bíða með málið þangað til búið væri að finna út hver ætti hvað, sé mjög óheppilegt.

Ég tel út af fyrir sig að óeðlilegt sé að taka skipulags- og byggingarlög út fyrir sviga eins og hér kom fram tillaga um. Það er prýðilegt samræmi í frv. eins og þau eru núna við skipulags- og byggingarlögin. En ef það ætti að gera, þá verður það ekki gert í þessu frv. heldur yrði það gert með breytingu á nýlega samþykktum skipulags- og byggingarlögum sem reyndar taka ekki gildi fyrr en um næstu áramót.

Menn hafa talað um hvað þessir sveitarstjórnarmenn sem koma til með að hafa eitthvað að segja um skipulagsmál á hálendinu séu nú fáir og smáir. Auðvitað þurfa þeir að kaupa sérfræðiaðstoð. Auðvitað kaupa þeir sér sérfræðiaðstoð og væntanlega verður það úr þéttbýlinu á suðvesturhorninu að einhverju verulegu leyti þannig að ég býst ekki við að oddvitarnir sjálfir fari að semja skipulagstillögur á eldhúsborðinu. Það dettur mér ekki í hug.

[16:10]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram á fundinum að kjördæmissamtök framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi töldu sérstaka ástæðu til þess að taka þetta mál upp og álykta gegn stefnu hæstv. ráðherra og auðvitað gera menn það ekki að gamni sínu. En það ætti að verða til þess að hæstv. ráðherra væri það ljóst að jafnvel í hans flokki er ekki sátt um þetta mál. Hann segir að það sé af hinu góða að bæði orkugeirinn og ferðamálageirinn séu óánægðir með málið. Telur hann að það sé þá af því góða að kjördæmissamtök framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi séu líka óánægð með málið? Eru það meðmæli með málinu að mati hæstv. ráðherra?

Hæstv. ráðherra talaði áðan um það sem hæstv. forsrh. sagði í morgun. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að hæstv. forsrh. sagði í morgun að hann legði áherslu á að þjóðlendufrv. og þetta frv. yrðu samferða í gegnum þingið þannig að menn gætu samræmt þau. Hæstv. forsrh. leggur með öðrum orðum ekki til að frv. verði afgreitt sérstaklega eins og hæstv. félmrh. leggur það fram.

Í öðru lagi tók hæstv. forsrh. fram að í þjóðlendufrv. væri gert ráð fyrir því að vald sveitarfélaga í skipulagsmálum væri aðeins til bráðabirgða og að þeim væri ekki ætlað að taka ákvarðanir nema til bráðabirgða. Einnig minntist hann sérstaklega á að þær ákvarðanir væru við það miðaðar að þær stæðu ekki nema í eitt ár. Það liggur því alveg fyrir, herra forseti, hvaða skilaboð hæstv. forsrh. er að senda alþingismönnum.

[16:12]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þm. um að það hafa iðulega komið upp raddir innan Framsfl. sem ekki hafa verið nákvæmlega sammála því sem ég hef verið að segja eða gera. Ég hef bara búið við þetta í öll þessi ár og það er aldrei hægt að gera svo að öllum líki. En í þingflokki framsóknarmanna, og í umboði þess þingflokks starfa ég, var það samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu að þetta frv. færi fram sem stjfrv. Einn þingmaður gerði formlega

fyrirvara um stuðning sinn við málið og við því er ekkert að segja. Það hefur iðulega komið fyrir áður.

Ég get líka fullvissað hv. þm. um að það gengur ekki hnífurinn á milli okkar hæstv. forsrh. í þessu efni. Það liggur náttúrlega fyrir að þetta frv. verður ekki afgreitt fyrr en þjóðlendufrv. er líka komið til meðferðar á Alþingi því eins og hér hefur þegar margoft komið fram í dag, þá verður því dreift einhvern næstu daga og hugsanlega tekið til 1. umr. fyrir jól. En bæði þessi frumvörp verða til meðferðar á sama tíma í þinginu. Þau fara hins vegar ekki til sömu nefndar. Ég geri ráð fyrir því að þjóðlendufrv. fari til allshn. Þetta fer til félmn. Það sem forsrh. lagði til var að nefndirnar mundu þá bera frumvörpin saman og fara yfir þau sérstaklega og þar með sannfærast um það að frumvörpin skarist ekki þannig að ég sé ekki að þarna séu nein vandamál á ferðinni.

[16:14]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ánægjulegt að heyra að ekki gangi hnífur á milli hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. enda mætti nú fyrr vera. Hins vegar sagði hæstv. félmrh. réttilega frá því sem forsrh. beindi til Alþingis í morgun. Hann beindi því sérstaklega til Alþingis að þessi tvö mál, þjóðlendufrv. og frv. hæstv. ráðherra, yrðu samferða í gegnum þingið vegna þess að nauðsynlegt væri að skoða og samræma frumvörpin innbyrðis. Það er mergurinn málsins og sú yfirlýsing hæstv. forsrh. segir auðvitað sitthvað um skoðun hans á því hvort ástæða sé til að samræma þessi frumvörp eða ekki.

[16:15]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óþarfi fyrir hv. þm. að túlka orð hæstv. forsrh. Ég er með það sem hann sagði hér fyrir framan mig og vildi gjarnan fá að vitna beint til þess sem hæstv. forsrh. sagði:

„Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður sem hefur komið að málunum hefur gefið það álit að þau ákvæði sem eru innan frumvarpanna núna eigi ekki að þurfa að standa í vegi fyrir því að hvorutveggja málin megi fram ganga. Þetta þarf þá bara að skoðast nákvæmlega í þinginu."

Það liggur fyrir að vegna þeirra efasemdaradda sem hér hafa komið fram og þeirrar undarlegu kenningar að hér sé eitthvað sem skarist, þá þarf að skoða það í nefndunum og sannfærast um það að þetta skarist ekki.

[16:16]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. fullyrti í ræðu sinni hér áðan að það væri prýðilegt samræmi í þessum tveimur frumvörpum, þjóðlendufrv. hæstv. forsrh. og frv. félmrh. um sveitarstjórnarmálefni. Þessi fullyrðing er ekki rétt. Hæstv. ráðherra sagði: Þjóðlendufrv. fjallar um eignarrétt en mitt frv. fjallar um stjórnsýslu. Hæstv. ráðherra er stundum í þessum umræðum að bregða öðrum um að hafa ekki lesið frv. sitt. Nú spyr ég: Hefur hæstv. ráðherra ekki lesið þjóðlendufrv.? Í 3. gr. þess sem varðar kjarna málsins segir:

„Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum."

Þetta varðar nýtingarrétt, framkvæmdir, stjórnsýslu. Hver er þá réttur annarra? Hann er frávik og undantekning. Hér segir skýrum stöfum að til þess að nýta land og þjóðréttindi að öðru leyti en hér er búið að taka fram, það er búið að taka það mikilvægasta út, þá þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. En er það ótakmarkað? Nei, nei. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsrh.

Með öðrum orðum réttur annarra, sveitarstjórna, en um það snýst mál hæstv. félmrh., snýst í fyrsta lagi ekki um mikilvægustu nýtinguna, stjórnsýsluna, og í annan stað er hún takmörkuð við einhverjar minni háttar framkvæmdir sem taka innan við ár. Sú fullyrðing að annað frv. sé um eignarrétt en hitt um stjórnsýslu og framkvæmd er þess vegna augljóslega ekki rétt. Er ekki rétt að hæstv. ráðherra lesi þjóðlendufrv. betur?

[16:18]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hér með þjóðlendufrv. og þar stendur:

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra."

Það er afar eðlilegt að sveitarfélögin fari ekki að ráðstafa landi, ráðstafa þjóðlendu eða hluta af þjóðlendu öðruvísi en umboðsmaður eigendanna, þ.e. forsrh., komi að málinu.

[16:19]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp fór nú lítið fyrir þessu svari, hæstv. félmrh. Kjarni málsins er sá að þjóðlendufrv. er mikilvægt vegna þess að þar er verið að eyða óvissu um eignarhald á hálendinu og auðlindum þess, óvissu sem Alþingi hefur látið eiga sig árum og áratugum saman. Meginþráðurinn í því frumvarpi er skýr. Að skera úr um og eyða óvissu um eignarhald og reyndar um nýtingu og framkvæmd í öllum meginmálum. Hvað vakir fyrir hæstv. félmrh. þegar hann færir umdæmi sveitarfélaga upp í jökla? Með því er hann auðvitað að reyna að skapa óvissu um framkvæmdina. Tökum dæmi: Upp kemur stórt mál í þjóðfélaginu. Það getur varðað annaðhvort kröfur um meiri háttar nýtingu, við skulum segja á fallvötnum sem fæli í sér jarðrask, vegalagningu, línulagnir og tæki yfir málefni mjög margra sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru að sjálfsögðu ráðandi innan sinna marka um skipulagsmálefni en kannski væri líklegra en ekki að upp kæmi ágreiningur milli þeirra innbyrðis. Hvað væri verið að bjóða upp á? Boðið væri upp á fullkominn skipulagsglundroða og stjórnsýsluglundroða og heföbundnar íslenskar deilur um það hver eigi nú að ráða hverju. Að vísu er í þjóðlendufrv. kveðið á um það að forsrh. hafi á málum tök þannig að hann kveði úr um allt nema minni háttar framkvæmdir. En þá spyr maður: Til hvers er hæstv. félmrh. að þessu? Annars vegar er verið að reyna að eyða óvissu sem er mjög þarft mál. Hins vegar er viljandi eða óviljandi verið að að skapa óvissu og glundroða í stjórnsýslu landsins með ófyrirsjáanlega hættulegum afleiðingum.

[16:21]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aldeilis ekki verið að skapa glundroða en það er verið að eyða óvissu. Og ef hv. 9. þm. Reykv. hefði lesið skýringarnar við 3. gr. þá segir þar um 3. gr. í þjóðlendufrv.:

„Þegar þess er gætt að stærstur hluti þess lands sem fellur innan þjóðlendna hefur verið og verður væntanlega enn um sinn nýttur til upprekstrar og sveitarfélögin hafa hvert á sínu svæði farið með og sinnt um þessi landsvæði, enda hafa þau fallið innan stjórnsýslumarka þeirra í flestum tilvikum, er

lagt til að forræði á ráðstöfun lands og landsgæða innan þjóðlendna verði skipt milli forsætisráðherra og sveitarfélaganna. Ráðuneytinu og sveitarstjórn er í þessi efni ætlað að fara með þær heimildir sem annars væru í höndum landeigenda."

Þarna er sem sagt forsrh. í hlutverki landeigandans og það er ekki nema eðlileg skipun.

[16:23]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um nýtt frv. til sveitarstjórnarlaga sem felur það í sér að gildandi lög eru felld úr gildi og ný lög sett í þeirra stað að öllu leyti. Gildandi lög eru ekki gömul, þau eru síðan 1986, ekki nema 11 ára gömul. Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort ástæða er til að taka löggjöfina upp og endurskoða hana í heild sinni og jafnframt að velta því fyrir sér hvaða markmiðum við viljum ná með þessum lögum. Ég vil því aðeins beina umræðunni að athugunum á því hvernig gildandi löggjöf hafi reynst í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á þeim tíma sem lögin hafa verið í gildi og í samanburði við þau markmið sem menn settu sér.

Í þessum lögum er skilgreint hlutverk sveitarfélaga og líka hlutverk ráðuneytisins og ríkisins. Menn ætla sér með þessari löggjöf að setja ákveðnar reglur sem eiga að gagnast íbúum landsins alls hvar svo sem þeir búa því þeir eiga allir að vera í sveitarfélagi og það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvernig hefur tiltekist í þessum efnum. Höfum við náð þeim markmiðum sem við settum okkur með gildandi lögum, t.d. hvað varðar hlutverk sveitarfélaga og þýðingu þeirra? Hver hefur reynslan orðið af hlutverki ráðuneytisins í þessu máli og hvaða ný markmið setja menn sér í þessu frv., frábrugðin því sem eru í gildandi lögum?

Ef við lítum fyrst á sveitarfélögin þá má segja sem svo að á þessum tíma hafi þeim farið nokkuð fram. Það fer að vísu dálítið eftir því við hvað er átt. Að mínu mati hefur stjórnsýsla sveitarfélaganna lagast töluvert á þeim tíma sem lögin hafa verið í gildi og eitt af markmiðum laganna var að búa svo um hnútana að stjórnsýslan væri faglegri en verið hafði og samræmdari um land allt. Og ég held að komist verði að þeirri niðurstöðu þegar við metum þennan þátt að sveitarfélögunum hafi farið nokkuð fram að þessu leyti þó að ég verði að segja að mér finnst að mörgu leyti nokkuð langt í land með að þar sé um að ræða viðunandi stjórnsýslu. Reyndar má líka segja það um ríkisvaldið að stjórnsýslan þar er að mörgu leyti nokkuð vanþroska.

Þá er það næsta spurningin, um mat á sveitarfélögum. Hvernig hefur þeim tekist til að sinna þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin á tímabilinu? Þegar maður reynir að meta það þá er svarið greinilega að það hafi tekist mjög misjafnlega. Sveitarfélögin eru mjög misjöfn að styrk og getu og það endurspeglast í þessari löggjöf og annarri löggjöf sem lýtur að verkefnum og tekjustofnum sveitarfélaga þar sem gripið er til úrræða sem eiga að jafna getu sveitarfélaga á einstökum sviðum.

Nefna má að það þarf að vera með mjög viðamikinn sjóð til þess að jafna getu sveitarfélaga á fjárhagslega sviðinu, þ.e. með Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem er líklega að ríkissjóði frátöldum einn stærsti sjóður landsins en úr honum er úthlutað árlega um 2,5 milljörðum kr.

Annað sem bendir til að sveitarfélög séu mjög misvel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem á þau eru lögð eru m.a. deilur um það hvort verkefni eins og grunnskóli eigi að fara til sveitarfélaga. Þær deilur koma fyrst og fremst af því að menn benda á að mörg þeirra geti varla sinnt því verkefni sómasamlega ein og sér.

Annað dæmi um deilur af þessum toga eru skipulagsmálin sem hér hafa verið rædd töluvert mikið í dag þar sem sumir efast um að fámenn sveitarfélög geti sinnt skipulagsmálum á hálendinu eins og vera skyldi. Fleiri dæmi má nefna sem orsakast af þessari mismunandi stöðu sveitarfélaga þannig að það markmið að gera sveitarfélög sem jöfnust að getu hefur ekki náðst. Í þá veru hefur kannski gengið áleiðis með því að þeim hefur fækkað nokkuð á tímabilinu en því fer fjarri að nokkurt samræmi sé í getu sveitarfélaganna í dag. Og mun að líkindum verða langt frá því, jafnvel þótt þeim fækki verulega frá því sem nú er. Eftir sem áður verða til sveitarfélög sem eru tiltölulega fámenn og mjög viðlend og þannig strjálbýl og hafa augljóslega miklu minni getu heldur en þéttbýl sveitarfélög með tugi þúsunda íbúa.

Misjöfn geta sveitarfélaga, er til staðar. Í frv. því sem við ræðum nú er ekki að finna neitt sérstakt markmið að bæta úr að þessu leyti. Mér finnst það nokkurt metnaðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar að setja sér engin markmið í þessum efnum. Fyrir 11–12 árum þegar verið var að ræða sveitarstjórnarmál í aðdraganda þeirra laga sem nú gilda var mikið rætt um að jafna stöðu íbúanna að þessu leyti með því að koma á fót þriðja stjórnsýslustiginu. Sú umræða var nokkuð mikil á þeim tíma og einnig í umræðunni um lögin sem nú gilda þegar frv. til þeirra var til umfjöllunar á Alþingi. Því miður varð niðurstaðan sú að leggja til hliðar öll áform um að byggja stjórnsýslu yfir héruð og einblínt á að stækka sveitarfélögin. Að mínu viti hefur það augljóslega þann annmarka að menn ná ekki að jafna stöðu sveitarfélaganna nægilega mikið þannig að jafnvel þó bjartsýnustu áform gangi eftir í þessu efni þá verða menn víðs fjarri því að tryggja íbúunum sambærilega stjórnsýslu óháð búsetu. Að mínu mati er óhjákvæmilegt að taka upp víðtækari skilgreiningar til að byggja stjórnsýsluna sem yrði jafnsettari en nú er stefnt að með því að miða eingöngu á sveitarfélögin.

Með því að byggja stjórnsýsluna upp með þessum hætti verður líka hægt að draga úr þeim annmarka sem er í dag á skipulagi sveitarstjórna sem leiðir til þess að menn hafa mjög umsvifamikið millifærslukerfi í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fela honum að vissu marki að fjármagna verkefni sem sveitarfélögum er ofviða sumum hverjum. Þá er hægt að draga úr hlutverki þessa sjóðs og treysta í ríkari mæli á stjórnsýslueininguna, hvort sem við köllum hana sveitarfélag eða einhverju öðru nafni. Það er svo aftur minni háttar atriði.

Þegar við metum reynsluna af gildandi lögum, má segja að það veikburða samstarf sveitarfélaga á héraðsvísu sem í þeim er, hafi ekki tekist vel og ekki er ástæða til þess að binda vonir við að sú leið skili einhverjum árangri í þessa veru.

Þá leitar óneitanlega eitt atriði enn á hugann þegar maður veltir fyrir sér hvernig til hefur tekist með þessa skipan mála eins og ákveðið er í gildandi lögum og í meginatriðum er stefnt að því að hafa í þessu frv. að sveitarfélög hafa greinilega ekki haft þau færi á valdi sínu sem þurfti til þess að geta boðið íbúum sínum þau atvinnutækifæri og þjónustu sem þarf til þess að koma í veg fyrir mikla búferlaflutninga í landinu. Miklir búferlaflutningar innan lands eru í eðli sínu óæskilegir vegna kostnaðar, bæði fyrir einstaklingana og fyrir hið opinbera og vegna röskunar á högum manna sem hægt er að komast hjá ef hjá búferlaflutningum verður

komist. Það er því æskilegt markmið að byggja þetta þannig að menn geti svarað kröfum fólksins sem mest þar sem það er og dregið úr þörfinni á að menn flytji sig milli landshluta til að sækja þá þjónustu sem vantar hverju sinni eða þau atvinnutækifæri sem sóst er eftir.

Nú eru atvinnumál ekki nema að litlu leyti á verksviði sveitarstjórna en það verður að hafa í huga að breytingin á þessu tímabili hefur verið þannig að atvinnan eða störfin hafa færst úr frumframleiðslugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi, yfir til þjónustu bæði hjá einkageira og hinu opinbera. Það er alveg greinilegt að sveitarfélögin flest hver hafa ekki haft þá burði eða þau tök á málum að þau hafi getað veitt íbúum sínum þau störf sem sóst hefur verið eftir. Það hefur orsakað að miklu leyti þessa miklu búferlaflutninga. Því væri æskilegra að sveitarfélagastigið væri miklu öflugra þannig að það hefði á sínu forræði málaflokka þar sem þau störf eru sem sóst er eftir á þessu tímabili. Þar er ég einkum að tala um störf í opinberri þjónustu en þar hefur vöxturinn orðið mestur á þessu 10 ára tímabili í ársverkum og eftirspurn fólks eftir störfum hefur einkum beinst að þeim störfum. Ég tel því nauðsynlegt að í þessu frv. ætti að vera stóraukið valdsvið og verksvið þessa stjórnsýslustigs, það eigi að ná til miklu fleiri þátta í opinberri stjórnsýslu og efnahag en er í dag en sveitarfélagastigið er í dag einungis með um fjórðung til fimmtung af umsvifum hins opinbera en ríkið 75–80%. Á Norðurlöndunum er þetta hlutverk þannig að sveitarfélagastigið og millistjórnsýslustigið hefur verulega hærri hlut samanlagt en ríkisvaldið. Ég sakna þess og harma það að ekki skuli vera af hálfu ríkisstjórnarinnar nein áform um það að breyta í þessa veru. Segja má að alger kyrrstaða sé á þessu sviði, hugmyndafræðileg deyfð í þessum málaflokki og augljóst að ríkisstjórnin hefur enga tilburði til þess að reyna að hafa áhrif á þann fólksstraum sem er fyrirsjáanlegur á næstu árum innan lands og hefur verið í gangi á undanförnum árum. Það er mikið metnaðarleysi af hálfu ríkisstjórnar að hafa enga tilburði uppi í þessum efnum. Áfram er byggt á mjög miðstýrðu ríkisvaldi til að stjórna landinu og það er einmitt lykilatriði til að ráða bót á þessu sviði þannig að sveitarfélagastigið geti veitt íbúum sínum betri þjónustu og fjölbreyttari atvinnutækifæri að valdsviði þeirra og verksviði verði breytt. Það er alveg grundvallaratriði.

Þá vil ég víkja að hlutverki ráðuneytisins í gildandi lögum sem mér sýnist eiga í meginatriðum vera óbreytt í frv. Hlutverk ráðuneytisins í gildandi lögum er í fyrsta lagi eftirlitshlutverk með sveitarfélögum, að framkvæmd laga að nokkru leyti og úrskurða um mál, að kveða upp úrskurði í deilumálum sem upp kunna að koma milli sveitarfélagsins og íbúa þess.

Mér finnst misjafnlega hafa tiltekist hjá ráðuneytinu í hlutverki sínu. Úrskurðarþátturinn í því var framan af mjög bágborinn svo ekki sé fastar að orði kveðið en hann hefur heldur styrkst á seinni árum og þó að ég telji að það megi styrkja hann enn frekar og sé raunar nauðsynlegt vil ég þó segja að þetta hafi lagast. Það hefur gengið betur fyrir íbúana að fá niðurstöðu ráðuneytisins eða úrskurð þess í einstökum deilumálum. Hins vegar finnst mér það hlutverk félmrn. að fara með eftirlit með sveitarfélögunum hafa tekist afar illa til og mikið umhugsunarefni hvort rétt sé að hafa sama fyrirkomulag eða hvort ekki beri að setja strangari lagaákvæði sem leiði til þess að ráðuneytið sinni hlutverki sínu betur en verið hefur. Það er ákvæði í lögunum og frv. sem við ræðum núna um eftirlit ráðuneytisins með fjárhag sveitarfélagsins. Það á t.d. að grípa inn í þegar skuldir stefna fram úr ákveðnum mörkum og viðbrögð ráðuneytisins hafa verið mjög seinvirk í þessum efnum gegnum árin sem lýsir sér í því að upp hafa komið dæmi þar sem einstök sveitarfélög hafa farið með fjárhag sinn gersamlega á hvolf og ekki með nokkrum hætti getað ráðið við það að koma honum á réttan kjöl á nýjan leik og það var löngu ljóst í hvað stefndi án þess að ráðuneytið gripi í taumana og beitti þeim úrræðum sem það hefur. Það hefur að mínu viti verulega forðast að beita sér í þessum efnum. Á þessu þarf að verða breyting ef ráðuneytið á að fara með eftirlitshlutverkið áfram.

Það má líka nefna atriði eins og eftirlit með því að sveitarfélög geri þriggja ára áætlanir eða standi rétt að málum þegar þau ráðast í fjárfrekar framkvæmdir eins og kveðið er á um að eigi að gera í 65. gr. frv. og reyndar í gildandi lögum líka. Áður en ákvörðun er tekin á að liggja fyrir umsögn fróðra aðila um áhrif framkvæmdarinnar á fjárhag sveitarfélagsins og áætlun um það hvernig ráðið sé fram úr þessum kostnaði. Ekkert hefur verið farið eftir þessu. Þetta hefur verið fullkomlega gagnslaust ákvæði og marklaust af því að ráðuneytið hefur kosið að sniðganga það í raun. Eins líka ákvæðið um þriggja ára áætlun. Þetta eru dæmi um verkefni sem ráðuneytið hefur átt að fylgja en hefur ekki gert.

Ég get nefnt eitt enn sem er eftirlit með því að sveitarfélögin fari að lögum eins og lögum um vatnsgjald þar sem kveðið er á um það hvaða heimildir sveitarstjórn hefur til að innheimta gjald af þegnum sínum. Það er ljóst að þau hafa farið flest hver langt fram úr heimildum sínum ár eftir ár sem nemur hundruðum milljóna króna á hverju ári eftir að þessi lög voru sett og ráðuneytið hefur ekki haft afskipti af því. Það er eins og ráðuneytið líti ekki á það sem hlutverk sitt að gæta hagsmuna íbúanna í sveitarfélögunum. Mér virðist sem ráðuneytið líti fyrst og fremst á sig sem hagsmunagæsluaðila fyrir sveitarstjórnarmennina. Það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt að ráðuneytið og sveitarstjórnarmenn hafi mikil samskipti vegna eðlis málsins en það er ekki eðlilegt að ráðuneytið taki þá hagsmuni fram yfir hagsmuni íbúanna sem ráðuneytið á að gæta gagnvart sveitarstjórnunum eins og hvað varðar skattlagningu.

[16:43]

**Útbýting þingskjala:**

Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, 340. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 429.

Tekjuskattur og eignarskattur, 338. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 427.

Umferðarlög, 341. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 430.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 339. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 428.

[16:44]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Áður en þetta mál var tekið til umræðu óskaði formaður Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, eftir því að umræðan færi ekki fram nema hæstv. forsrh. væri kvaddur til. Ástæðan var sú að hæstv. forsrh. lagði fram á seinasta þingi frv. til laga um þjóðlendur. Sérstök ástæða var til að fá skýr svör frá forsrh. um hver væru áform hans og ríkisstjórnarinnar varðandi það mál. Hæstv. forseti varð vel við þeim tilmælum og fundi var frestað og kallað var á hæstv. forsrh. sem gaf yfirlýsingu.

Hann lýsti því yfir í fyrsta lagi að áform ríkisstjórnarinnar um að flytja þjóðlendufrv. væru óbreytt og í annan stað lýsti hann því yfir að það yrði flutt óbreytt eins og það var lagt

fram á síðasta þingi. Í svari sínu lagði hann líka áherslu á og vísaði til 3. gr. þjóðlendufrv. Það snertir annan kjarna þessa máls vegna þess að þar er að finna svör við því hvort þessi frumvörp séu samrýmanleg eða er ríkisstjórnin að gera eitt með hægri hendinni og annað með þeirri vinstri og veit nú hin vinstri ekki af því sem hin hægri gjörir.

Fyrst örfá orð um þjóðlendufrv. Árum og áratugum saman hefur ríkt réttaróvissa á Íslandi um gríðarlega mikilvægt mál, þ.e. um eignarrétt á hálendinu utan staðfestra og viðurkenndra eignarréttinda bújarða og heimalanda. Um þetta hafa gengið hver hæstaréttardómurinn á fætur öðrum og Hæstiréttur hefur raunar beinlínis óskað eftir því að Alþingi eyddi þessari réttaróvissu með því að setja lög og árétt-aði að til þess hefði Alþingi að sjálfsögðu fullar heimildir. Nefndir hafa verið að störfum og niðurstaðan er þetta frv. til laga um þjóðlendur sem má að vísu skoða sem tilraun til málamiðlunar en engu að síður er þar að finna ákveðin grundvallarsjónarmið. Og þau grundvallarsjónarmið eru þessi: Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar geta ekki fært sönnur á eignarrétt sinn fyrir dómi, þá verði hálendið, almenningar og afréttarlönd staðfest sem sameign þjóðarinnar. Þetta er tilraun til þess að eyða óvissu, til þess að kveða upp úr um það að hálendið sé sameign þjóðarinnar og þar með eytt þeim hugsunarhætti sem lengi hefur verið uppi að takmörkuð nýtingarréttindi eins og upprekstrarréttindi, beitiréttur eða veiðiréttur í vötnum sé ígildi staðfests eignarréttar sem ekki er.

Þá er spurningin þessi: Ef þjóðlendufrv. er eingöngu um eignarrétt eins og hæstv. félmrh. sagði er þá ekki allt í lagi þó hæstv. félmrh. flytji frv. um allt annað mál sem er útfærsla á mörkum sveitarfélaga inni á hálendinu og þar með inn á þjóðlendurnar?

Málið er ekki svona einfalt vegna þess að þjóðlendufrv. er ekki bara um eignarrétt. Það er líka um nýtingarrétt, ráðstöfunarrétt og þar með um stjórnsýslu og framkvæmdir. Kostur þjóðlendufrv. er sá að hann eyðir óvissu og frv. er í grundvallaratriðum skýrt. Helsti gallinn á frv. hæstv. félmrh. er að það er fullkomlega óljóst til hvers samþykki þess mun leiða í framkvæmd en þó má færa fyrir því veigamikil rök að það mun skapa nýja óvissu um framkvæmdir og nýtingar á hálendinu, þ.e. ef þetta frv. hæstv. félmrh. á annað borð heldur eitthvað og hefur einhverja merkingu.

Þjóðlendufrv. kveður á um að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem eru ekki háð einkaeignarrétti. Forsrh. fer með málefni þjóðlendna sem eru ekki lögð til annarra ráðuneyta með lögum. Hvaða lög gætu það verið? Það gætu t.d. verið sveitarstjórnarlög, það gætu verið skipulagslög eða einhver lög sem kveða á um að aðrir aðilar fari með stjórnsýslu í þjóðlöndum. Til þess nú að taka af meiri tvímæli um þetta, þá segir í 3. gr. þjóðlendufrv. sem er kjarni þessa máls:

„Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti."

Síðan kemur sú málsgrein. sem kveður á um valdsvið forsrn.:

„Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum."

Ég staldra hér við. Er það ekki það sem skiptir sköpum, vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni? Aftur: nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Er það áform hæstv. félmrh. að frv. hans eigi t.d. að vera þessi „önnur lög" og þannig skarist við eða takmarki þetta valdsvið forsrn.? Það mun að vísu ekki standast. Ráðherrar, þ.e. forsrh., er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum. Það er a.m.k. ljóst að ekki er verið að tala bara um eignarrétt, auðvitað er verið að tala um stjórnsýslu, því að stjórnsýsla er um heimildir bæði til stjórnvalda og annarra aðila um nýtingu á landi og landsréttindum.

Síðan kemur undanþáguákvæði í 3. mgr.:

„Til að nýta land- og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr." — þar sem búið er að taka út aðalatriðin sem eru skýr og heyra undir forsrn. — „þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar."

Þetta er með öðrum orðum mjög takmarkað, bæði hvaða málasvið og síðan er það raunverulega staðfestingarréttur. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsrh. Nú spyr ég, virðulegi forseti: Ef við erum að ræða um stórt mál, sem er nýting á auðlindum hálendisins, hvað erum við að tala um? Við erum að tala um fallvötn, við erum að tala um jarðhita, við erum að tala um nýtingu á orku, við erum að tala um mannvirkjagerð, við erum að tala um vegalagnir, við erum að tala um aðgengi almennings og t.d. ferðamanna og skipulag ferðamála og þá spyr ég: Eru þessi mál þess eðlis að einhver fari út í framkvæmdir eða mannvirki sem falla undir skilgreininguna að nýtingin sé til skemmri tíma en eins árs? Er þá ekki efnislega niðurstaðan sú að í þjóðlendufrv. sé gert ráð fyrir því að eignarhaldið á því sem er sannanlega einskis manns, það verður í ríkiseign og að framkvæmdin á því verði í stórum dráttum sú að forsrn. fari með málið nema í einhverjum hreinum aukaatriðum sem varða eitthvað? Hvað? Að byggja skúr sem á ekki að standa nema í eitt ár? Getur hæstv. félmrh. upplýst okkur um það hvaða rétt hann er að færa að eigin mati sveitarfélögunum til þess að gera hvað innan eins árs sem hefur varanlegt gildi innan eins árs?

Ástæða er til þess að spyrja vegna þess að einkum er borið við nauðsyn skipulagningar á hálendinu sem rök fyrir flutningi hæstv. félmrh. á frv. hans. Um hvað er það? Það er um það að segja um minni hluta sveitarfélaga í landinu sem eiga mörk að hálendinu og þar sem um 4% þjóðarinnar býr, að það eigi að færa mörk þeirra sveitarfélaga inn á hálendið og inn í þjóðlendurnar. Til hvers? Er það þá ekki hugsað til þess að færa þeim einhver völd og áhrif, til þess t.d. að þau ráði skipulagi og stjórnsýslu? Er þetta alveg skýrt? Kveður frv. á um það hvernig þessi mörk eigi að vera? Nei, nei. Það er auðvitað vitað að mikill ágreiningur er um það þegar farið er að framlengja þessi mörk inn í hálendið hvar þau liggja og deiluefni milli sveitarfélaga. Hvernig á að leysa það? Jú, það á að leysa með úrskurðum hæstv. félmrh.

Hins vegar er í þjóðlendufrv. sett upp annað úrskurðarferli, þ.e. um eignarréttarákvæðin þar sem óbyggðanefnd svokölluð á að starfa tiltekið árabil og kveða upp úr úrskurð um það hvað er í eign ríkisins og hvað er í eign einstakra aðila. En stöldrum aðeins við þessi réttindi sveitarfélaga sem hæstv. félmrh. telur sig vera að veita þeim. Hver eru þau? Er hægt að fá það upplýst hver þessi réttur sveitarfélaga á að vera? Ef hann er sannanlega ekki um nýtingu vatns- og jarðhita og ekki um námur og ekki jarðefni og ekki önnur

afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum og hann snýst ekki um nýtingu sem er heimiluð til lengri tíma en eins árs. — Annaðhvort er þetta bara vanhugsað rugl sem gildir þá um hið fornkveðna að þeim mun fleiri sem komið hafa að þessu máli þeim mun verr gefast góð ráð eða þá að hér liggur fiskur undir steini og ef hann er einhver og ef það er eitthvert innihald í þessu er alveg ljóst mál að það er árekstur við meginákvæði þjóðlendulaganna. Ef það er virkilega meining hæstv. ráðherra að hann sé að færa sveitarfélögunum veruleg stjórnsýsluvöld yfir hálendinu og hann er að segja það í öðru orðinu þegar hann segir að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að það þurfi að koma í veg fyrir það ófremdarástand sem þar gildir nú verður hann að svara því: Hvaða völd eru það sem hann er að færa sveitarfélögunum? Ef hann stendur í þeirri trú að sveitarfélögin fái með þessu frv. allar valdheimildir venjulegra sveitarfélaga samkvæmt skipulagslögum, sveitarstjórnarlögum og öðrum lögum, þ.e. þau eiga að ráða skipulagi, þau eiga að geta ráðið því hvaða vegir eru þar lagðir, hvaða mannvirki eru þar reist o.s.frv., þá er hann vissulega að efna til alveg gríðarlegrar óvissu og það er raunverulega kjarni málsins sem mér finnst að menn verði að taka afstöðu til og ég leyfi mér að taka dæmi.

Nýting auðlinda á hálendinu er alveg gríðarlega stórt mál sem varðar óumdeilanlega þjóðina alla og nær út fyrir öll sveitarmörk. Ef upp kemur stórt mál, nú skulum við gefa okkur það að hæstv. iðn- og viðskrh. sé að beita sér fyrir einhverju stóru máli sem varðar einmitt nýtingu vatns- eða jarðhitaréttinda eða námaréttinda á hálendinu sem er hins vegar svo stórt í sniðum að það kallar á t.d. byggingu á uppistöðulónum, það kallar á línulagnir, það kallar á vegalagnir, það kallar á mannvirkjagerð og það spannar svæði þar sem samkvæmt frv. hæstv. félmrh. er búið að færa sveitarfélagamörkin þannig að það eru kannski 12 eða 15 sveitarfélög sem koma að málinu. Hvernig stöndum við þá að stjórnsýslu? Er líklegt eða er ekki líklegt að upp kunni að koma mikill ágreiningur innbyrðis milli sveitarfélaga, andstæð sjónarmið í sveitarfélögum um hvað megi og hvað megi ekki, annaðhvort í nýtingu á réttindum eða þá kröfur um verndun á einhverjum náttúruperlum o.s.frv. ef sveitarstjórnarmenn trúa því virkilega að verið sé að færa þeim þessi völd og það er réttlætingin á frv. Hins vegar eru ákvæði þjóðlendufrv. um samræmda stjórnsýslu forsrn. í þessum málum. Er þá ekki hætt við því að við séum að efna til langdreginna deilna í hefðbundnum íslenskum stíl, landamæradeilna og landamerkjaþrætna sem verði eilíft úrskurðarefni dómstóla og komi raunverulega í veg fyrir skynsamlega niðurstöðu um heildarnýtingu út frá sjónarmiðum beggja, nýtingar og náttúruverndar? Ég fæ ekki betur séð en með þessu frv. sé fyrst og fremst verið að skapa óvissu og út frá því sjónarmiði séð sé þetta slys og það verði að koma í hlut Alþingis að forða þessu slysi.

Herra forseti. Hv. stjórnarliðar sumir hverjir, þeir sem hafa reynt að verja þetta mál, hafa fyrst og fremst gert það með því að tala í einum kór um að verið sé að sýna sveitarstjórnum landsins óvirðingu vegna þess að verið sé að vekja upp spurninguna um hvort þau ráði við stór mál eins og skipulagningu á meiri háttar mannvirkjum eða stjórnsýslu í tengslum við meiri háttar mannvirkjagerð eða nýtingu á hálendinu. Þetta er alrangt, málið snýst ekkert um það. Menn geta haft hvaða skoðun á því sem þeir vilja og auðvitað eru sveitarfélögin mjög misjafnlega stór og misjafnlega undir það búin að valda slíkum verkefnum. En málið bara snýst ekkert um það. Málið snýst um það hvort verið er að efna til meiri háttar deilna milli sveitarfélaga um það sem máli skiptir, hvernig ætlum við að nýta auðlindir hálendisins eða friða þær út frá heildarsjónarmiðum? Um það snýst málið og það er algerlega óþarfi og reyndar ekki sæmandi af sumum þingmönnum að gera öðrum það upp að þeir hafi eitthvert minna álit á sveitarstjórnarmönnum eða getu sveitarstjórna. Við höfum flest okkar starfað í sveitarstjórnum. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er góður skóli og gagnlegur í pólitík og stjórnsýslu en málið snýst bara ekkert um það. Svona undanbrögð benda til þess að málstaðurinn sé frekar veikur vegna þess að það er ekkert innihald í þessu. Það er sérstaklega t.d. alveg út í hött að vera að bera hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem hér hefur flutt gagnrýni á málflutning hæstv. ráðherra, það á brýn að hún láti fyrst og fremst stjórnast af einhverri forakt á sveitarstjórnum, manneskja sem hefur sjálf gegnt störfum í sveitarstjórn í sjö ár. Reyndar er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra líka að því er varðar afstöðu framsóknarþingmanna: Er það virkilega rétt að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sé sá eini sem hefur gert fyrirvara um afgreiðslu þessa máls í þingflokki Framsfl.? Vegna þess að eftir mínum heimildum eru þeir fleiri. Mér er t.d. sagt að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson séu meðal þeirra sem hafi gert fyrirvara um málflutninginn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Til þess að forðast slysið teldi ég nú ráðlegast að þessu bráðabirgðaákvæði sem er þarna eins og hortittur eða smyglgóss í frv. hæstv. félmrh. verði bara fleygt og í staðinn við hins vegar sett bráðabirgðaákvæði sem samrýmist þeim grundvallarsjónarmiðum og grundvallarreglum sem koma fram í miklu vandaðra frv. um þjóðlendurnar þannig að það sé alveg skýrt að Alþingi sé ekki að efna til þess óvinafagnaðar að upp kunni að koma í kjölfarið deilur innbyrðis milli sveitarfélaga eða milli sveitarfélaga og ríkisvalds eða milli náttúruverndarsinna og framkvæmdarsinna þannig að niðurstaðan verði sú ein að það verði algert stjórnleysi og glundroði varðandi þessi mál.

[17:01]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil að mörgu leyti taka undir lokaorð hv. 9. þm. Reykv. að í rauninni eru þessi mál í nokkru uppnámi, ekki vegna þess að í öllum atriðum stangist þau frv. á sem hér hafa aðallega verið til umræðu, þ.e. ákvæði þessa frv. og þjóðlendufrv., heldur vegna þess að greinilegt er að menn í þessari virðulegu stofnun skilja málin afar misjöfnum skilningi. Ég tel að það væri alveg fráleitt að afgreiða málin þannig að í fyrsta lagi væri þessu frv. vísað til félmn. með hefðubundnum hætti og hún látin fara yfir það eins og hvert annað sveitarstjórnarmál, sem þetta er ekki — þetta er ekki bara sveitarstjórnarmál, hinu málinu væri síðan vísað til allshn. með venjulegum hætti og hún fjallaði svo um það, og nefndirnar hefðu afar lítil samráð sín á milli um hlutina. Ég held að það eigi ekki að gera þetta svona. Ég held að þau umdeildu ákvæði, þessa frv. annars vegar og þjóðlendufrv. hins vegar, ættu hugsanlega að fara til sérnefndar þannig að horft væri á þessi mál í samhengi. Þá er ég ekki bara að hugsa um þessi ákvæði, ég er líka að hugsa um þau ákvæði skipulagslaga sem hér er um að ræða vegna þess að ég tel að um sé að ræða miklu víðtækari mál en svo að hægt sé að afgreiða þau á þann veg sem á að gera.

Ég get ekki tekið undir allt það sem hv. 9. þm. Reykv.

sagði um þessi mál í ræðu sinni áðan en ég tek þó undir lokaorð hans, að ekki á að stofna til óvissu og ófriðar á undirbúningsstigi þessa máls því þetta er svo stórt mál að það snertir grundvallarþætti í þjóðartilverunni og það á að reyna að afgreiða þessa hluti þannig að um þá geti verið eins góð sátt og mögulegt er. Ég vil líka vísa því á bug, og taka undir það með hv. 9. þm. Reykv., að allt tal um að gagnrýni á þetta ákvæði til bráðabirgða snúist um vantraust eða ekki vantraust á sveitarstjórnum. Þetta er nákvæmlega sama klisjan og var notuð á okkur, t.d. á mig og fleiri þingmenn, þegar við hreyfðum spurningum varðandi það hvort rétt væri að flytja skólana til sveitarfélaganna. Það sem það mál snerist um af okkar hálfu var það að við vildum tryggja að börnin í landinu fengju sæmilega örugga kennslu og uppfræðslu á jafnréttisgrundvelli í landinu öllu, þetta snerist ekkert um vantraust eða traust á sveitarfélögunum, það kemur málinu ekkert við. Ég vísa sem sagt á bug klisjum af því tagi, í þessu frv. líka, og segi alveg eins og er, herra forseti, mér finnst að við ættum að reyna að temja okkur það í umræðum um mál af þessum toga að fara í efnisatriðin eins og þau liggja fyrir, og við erum hér til þess að reyna að leysa mál. Við erum ekki hér til þess að bera klisjur hvert á annað.

Ég vil síðan víkja að aðalefni þessa frv. og segja það alveg eins og er að mér finnst að hæstv. félmrh., með því að setja inn ákvæði til bráðabirgða, setji sveitarstjórnarstigið í rauninni dálítið niður. Vegna þess að frv. um stjórn sveitarfélaganna fær enga umræðu hérna eins og það þyrfti þó að gera vegna þess að hæstv. ráðherra treður inn í það allt öðru deilumáli. Ég tek undir það sem fram hefur komið að því er varðar þá hluti sem snúa að sveitarfélögunum, þá finnst mér frv. metnaðarlaust og lágreist og hvergi er í rauninni tekið á neinum þeim meginvandamálum sem við er að fást varðandi stjórn sveitarfélaganna í landinu.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir einstök atriði í þessum sveitarfélagabálki. Ég tel hins vegar að það örli á gamaldags, lokaðri, ólýðræðislegri hugsun í frv. Það er t.d. opnað fyrir það í frv. að sveitarstjórn, sem þó er kannski ekki nema 11 manna, og verður að halda opna fundi samkvæmt sérstöku ákvæði í frv., geti deilt sér niður þar sem sjö menn eru í svokölluðu sérstöku byggðarráði sem heldur lokaða fundi. Hvergi er gert ráð fyrir að fastanefndir á vegum sveitarfélaganna geti haldið opna fundi sem væri þó eðlilegt í ýmsum tilvikum og opnað yrði fyrir. Ég tel með öðrum orðum að nútímaáherslur varðandi skipan sveitarstjórnarmála hafi ekki náð inn í þetta frv. eins og þyrfti að gera.

Það er líka stór spurning hvort menn gangi ekki að nokkru leyti of langt í að kveða á um fyrirkomulag einstakra atriða í frv. og ég bendi á að kveðið er á um það í 12. gr. frv. að sett verði þak á fjölda sveitarstjórnarmanna í hverju sveitarfélagi. Þetta finnst mér vera hlutur sem sveitarstjórnirnar og stjórnvöld í sveitarfélögunum eigi að taka á en ekki þurfi að hafa vit fyrir þeim eins og gert er í þessu ákvæði og í fjöldamörgum öðrum.

Ég vil líka víkja að einu minni háttar atriði sem vakti athygli mína og benti til þess að frv. væri kannski ekki að öllu leyti nógu vandað en gert er ráð fyrir því í 38. gr. eins og þar stendur í 4. mgr. að formaður byggðarráðs, þ.e. byggðarráða og borgarráðs í Reykjavík þar með, skuli valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Það hefur verið þannig í Reykjavík um mjög langt skeið að formaður borgarráðs hefur ekki endilega verið úr hópi kjörinna borgarráðsmanna og ég hygg að það hafi verið Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., sem innleiddi þetta fyrir allmörgum árum. Það hefur verið ágæt sátt um að framkvæmdastjórinn úr hópi borgarfulltrúa gæti verið formaður byggðarráðsins. Hér virðist hæstv. ráðherra vera með tillögu um að afnema þetta fyrirkomulag — eða hvað? Og ég spyr vegna þess að í grg., á bls. 33, segir: „Í 4. mgr. er hins vegar bætt við ákvæði um að formaður byggðarráðs skuli valinn úr hópi kjörinna fulltrúa í byggðarráði. Rétt er þó að taka skýrt fram að slíkt ákvæði telst ekki koma í veg fyrir að byggðarráð geti í einhverjum tilvikum falið öðrum fundarstjórn, t.d. framkvæmdastjóra." Með öðrum orðum, það stendur allt annað í grg. en í frv. sjálfu. Ég hef reyndar rekist á það í fáeinum tilvikum öðrum, sem ég hef ekki tíma til að tíunda í smáatriðum, að mér sýnist að menn hefðu kannski mátt gefa sér aðeins betri tíma við að fara yfir annars vegar texta grg. og hins vegar þau ákvæði sem eru í frumvarpstextanum sjálfum og gæti ég nefnt um það fleiri dæmi en geri ekki að sinni vegna tímaskorts.

Þá vil ég, herra forseti, víkja aðeins lauslega að ákvæðinu til bráðabirgða, og minna á það meginatriði í stefnu sem við alþýðubandalagsmenn höfum gjarnan fylgt í þessu máli, að við höfum talið að hálendið ætti að vera ein samfelld stjórnsýslueining. Um þetta mál var fjallað mjög rækilega í nefnd sem skipuð var af þáv. umhvrh., ég hygg Júlíusi Sólnes á sínum tíma, og í skýrslu umhvrh., um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála, sem var lögð fyrir 113. löggjafarþing, er mjög rækilega farið yfir þetta og ég bendi þeim þingmönnum sem vilja setja sig inn í málið á þetta gagn því þar er býsna vel farið yfir hlutina. Þeir sem stóðu að þeirri skýrslu og því nál. voru m.a., með leyfi forseta: Geir Gunnarsson frá Alþb., Héðinn Sverrisson frá Samtökum um jafnrétti og félagshyggju, Hjörleifur Guttormsson, Hulda Jensdóttir frá Borgaraflokki, Jóhannes Geir Sigurgeirsson frá Framsfl. og Sigfús Jónsson frá Alþfl. Niðurstaða þessara manna, og fleiri reyndar, var sú sem fram kemur í skýrslunni, á bls. 3, með leyfi forseta, og hljóðar svo:

„Afmörkun hálendis. Til þess að bæta úr því ástandi sem nú er í skipulags- og byggingarmálum kom fram sú hugmynd að framlengja mörk sveitarfélaga sem að hálendinu liggja þannig að landinu yrði öllu skipt í sveitarfélög. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf. Mjög erfitt yrði að ákveða út frá hvaða sjónarmiðum ætti að framlengja, enda mörkin milli sveitarfélaga víða óljós og umdeild. Ekki tæki betra við [segir nefndin] þegar kæmi að því að ákveða efri mörkin á öræfa- og jöklasvæðum. Hugmyndir hafa þá verið um það að undanskilja öræfa- og jöklasvæði í slíkri afmörkun en þá er vandamálið enn óleyst því alls konar framkvæmdir hafa farið fram á öræfa- og jöklasvæðum og er síst við því að búast að úr slíku dragi. Eina raunhæfa leiðin [segir svo hér] til að koma lagi á meðferð byggingar- og skipulagsmála á hálendinu virðist því sú að koma þessum málum undir heildarstjórn."

Þeir sem stóðu að þessu, eins og ég gat um áðan, voru menn úr öllum flokkum nema Sjálfstfl., þar á meðal Framsfl., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, fyrrv. hv. þm., og ég man ekki betur en að um þessa skýrslu væri mjög góð sátt í þáv. hæstv. ríkisstjórn, sem var undir forustu Framsfl. Síðan gerist það að þetta mál er flutt á Alþingi í sérstöku frv. sem heitir frumvarp til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands. Og þar sagði svo í 1. gr.

„Miðhálendi Íslands er sérstakt umdæmi að því er tekur til skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964,

með síðari breytingum, og byggingarmála samkvæmt byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, en með þeim frávikum sem greinir í þessum lögum."

Með öðrum orðum var í rauninni að myndast full sátt um það hvernig á stjórnsýslu þessa svæðis yrði tekið. Um þetta mál var fjallað, m.a. í þeirri nefnd sem ég nefndi áðan, en einnig í sérstakri nefnd sem umhvrh. skipaði í ágústmánuði 1991, þá annar umhverfisráðherra sem var væntanlega Eiður Guðnason ef ég man rétt, og í þeirri nefnd voru fimm menn og höfðu það hlutverk að semja frv. um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendinu og í henni voru: Árni Ragnar Árnason alþm., Árni Gunnarsson fyrrv. alþm., Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, og Páll Líndal ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Þessir menn, úr öllum flokkum og Sjálfstfl. til viðbótar, komast að þeirri niðurstöðu að gera tillögu um að miðhálendið verði allt eitt svæði. Því miður varð það þannig, þegar þetta mál kom til umræðu í þinginu, að menn fóru mikinn gegn því. Þar var fremstur í flokki núv. hæstv. félmrh. Það er ekki hægt að neita því. Hann fór þar langfremstur fyrir þeim mönnum sem réðust gegn þessu máli af öllu afli og notaði gríðarlega stór orð, jafnvel í samanburði við hann sjálfan, og er þá langt gengið, herra forseti.

Það var alveg greinilegt að hæstv. núv. félmrh. var gríðarlega mikið í mun að stoppa þetta. Af hverju ætli honum hafi verið svo mikið í mun að stoppa þetta? Jú, vegna þess að hann taldi í raun og veru að þetta skerti yfirráðamöguleika inni á hálendinu og hann vildi ekki hafa fyrirkomulagið sem þar var um að ræða. Hann vildi heldur að sveitarfélögin og þeir sem byggju næst þessu svæði gætu komið beinna að málinu en þarna var gert ráð fyrir.

Mér finnst því, herra forseti, í ljósi forsögunnar, athyglisvert að rifja upp hinar miklu ræður hans í málinu. Það ýtir undir að menn velti því fyrir sér og ég tel eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort þetta mál er í raun og veru bara sveitarstjórnarmál og sveitarmarkamál eða hvort menn séu í raun og veru að hreyfa hér mikið stærra máli, þ.e. að opna fyrir að þessi mál geti haft önnur áhrif á aðra hluti og þar með stangast á við önnur frumvörp eða lög sem liggja hér fyrir.

Ég vil í þessu sambandi segja það, herra forseti, að ég er alveg sammála því sjónarmiði sem fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrr í dag að best hefði verið að ljúka þessu máli með þeim hætti sem miðhálendisnefndin lagði til, ég tel að það hefði tvímælalaust verið best. Hitt er hins vegar ljóst að meiri hluti á Alþingi, einkum úr Framsfl. og Sjálfstfl., var ekki tilbúinn til þess að vinna hlutina svona. Þá er næsta spurning: Hvernig á að gera það? Niðurstaða Alþingis varð að draga sveitarfélagamörkin inn á hálendið eins og í grófum drættum er gert í bráðabirgðaákvæði þessa frv. Ég held að við verðum að kannast við þá forsögu okkar að við stóðum í raun og veru öll að þeirri málamiðlun. Það var reyndar undir forustu Kvennalistans í umhvn. Alþingis sem þessi niðurstaða fékkst út úr meðferð skipulagslaganna á sínum tíma og ég man ekki betur en við höfum öll „prinsipielt" greitt þessari niðurstöðu atkvæði þegar við vorum að fjalla um skipulagslögin á sl. vori.

En þá kemur hins hitt upp sem er alveg rétt og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fór mjög rækilega yfir áðan að á sama tíma eru menn með þetta þjóðlendufrv. til meðferðar í þinginu. Auðvitað verður að horfa á þessi mál í samhengi. Það er ekki hægt annað og þess vegna heyfði ég hugmyndinni um hugsanlega sérnefnd.

Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að mjög mikilvægt sé að ná lendingu í málinu þannig að óvissunni linni og það verði tekið á þessum málum með skipulegri hætti heldur en gert hefði verið. Ég tel að óvissunni linni ekki þó að sú leið verði farin sem hér var gerð tillaga um vegna þess að í einu veigamiklu atriði stangast þessi tvö frumvörp, annars vegar þetta og hins vegar þjóðlendufrv. á í veigamiklu atriði. Atriðið varðar það sem kallað er, minnir mig, í þjóðlendufrv. óbyggðaráð eða óbyggðanefnd þar sem gert er ráð fyrir því að hún geti í raun og veru fellt úrskurði og tekið ákvarðanir sem venjulega eru á vettvangi sveitarstjórna. Og það er alveg bersýnilegt að þessa hluti verður að lesa betur samana og vinna betur en gert hefur verið.

Ég vil líka segja það, herra forseti, að ég kann ekki að meta það og tek alveg undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að í raun og veru er nokkuð sérkennilegt að setja þjóðlendumálin undir forsrh. eins og þar er gert ráð fyrir og ég held að á því máli verði líka að taka. Þó forsrh. sé sterkur í þessu landi eins og alþjóð veit, getur hann ekki haft hér sömu stöðu og kóngurinn hefur í norsku lögunum. Það gengur ekki þó að sjálfsagt vildu einhverjir hylla hæstv. forsrh. til þeirrar tignar, þá liggur það bara ekki fyrir að kostur sé á slíku og ég tel að auðvitað eigi þessi mál að vera undir umhvrh. eins og þau eru sett fram.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða þá finnst mér að þar skorti verulega á upplýsingar með framlagningu frv. Ég hefði viljað sjá hvaða sveitarfélög er hér um að ræða. Ég hefði viljað sjá lista yfir það, skrá yfir það, helst kort þannig að það væri ljóst um hvaða byggðarlög væri verið að ræða.

Ég held að það væri líka nauðsynlegt að fá fram vangaveltur um það í frv., greinargerð lögfræðinga og annarra, hvaða áhrif þessar ákvarðanir gætu haft á þau verðmæti sem eru innan sveitarfélagamarkanna. Hvaða áhrif gæti þessi lagabinding haft á þau verðmæti, jarðir eða annað sem eru innan sveitarfélagamarkanna? Því að þó þessu, eins og bent hefur verið á, sé ekki ætlað að hafa áhrif á einkaeignarrétt og eignir inni á svæðinu, þá er ljóst að það getur verið þannig að skýari afmörkun hafi áhrif á eignir og eignamyndun að því er varðar einstaka þætti, jarðir, hlunnindi og jafnvel fleira.

Ég tel að þetta ákvæði frv. sé illa undirbúið til framlagningar hér og þó ekki kæmi annað til, þá ætti að skoða það mikið mikið betur heldur en gert hefur verið. Mér finnst satt að segja að vinnubrögð félmrh., að troða þessu inn sem ákvæði til bráðabirgða, vera fyrir neðan allar hellur. Það sýnir virðingarleysi við þingið, virðingarleysi við sveitarfélögin og eins að ætlunin var að koma ákvæðinu í gegn með býsna ódýrum hætti. Með hliðsjón af offorsinu sem hann beitti gegn miðhálendisfrv. á sínum tíma, vekur aðild hans á málinu tortryggni umfram það sem væri með aðra hæstv. ráðherra.

[17:21]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér er til umræðu er að mörgu leyti mjög merkilegt að mínu mati og þá sérstaklega þegar frv. sem væntanlegt er um þjóðlendur bætist við. Þá tel ég að hnýttir verði mjög margir lausir endar sem varða lögsögu og eignarhald í landinu öllu, ekki síst á hálendinu sem hingað til hefur verið óljóst mörgum og tímabært að taka á því og þó fyrr hefði verið.

Ég vil í ræðu minni fjalla nokkuð vítt um mál sem varða þetta frv. þannig að ég mun ekki einskorða mig við einn ákveðinn lið en vil þó byrja á þeim lið sem mesta athygli vekur hér en það er 1. gr. frv. Ég tel að þar sé tekið mjög eðlilega á málum með því að afmarka með lögum að sveitarfélögin skipuleggi og hafi stjórnsýslu yfir öllu landinu. Nauðsynlegt er að það sé skýrt í lögunum að sveitarfélögin hafi með þetta að gera því í mínum huga getur enginn annar gert það. Alla vega hefur fram að þessu enginn annar en sveitarfélögin skipulagt land til langs tíma og þá um leið uppbyggingu þess, nýtingu og umgengni um það svo vel fari. Á þetta hafa ýmis samtök eins og ferðamálasamtök og náttúruverndarsamtök bent og að mjög brýna nauðsyn bæri til að skerpa þau lög og reglur sem gilt hafa um þessi mál.

Ég held að það sem hér hefur komið fram, um að sveitarfélögin séu smá og vanhæf vegna fámennis að taka á því að skipuleggja land upp að miðpunkti hálendisins, séu engin rök. Ég hef ekki í alvöru heyrt það í þessari umræðu að menn taki undir þau sjónarmið að sveitarfélögin geti ekki stjórnað skipulagi hálendisins vegna smæðar sinnar. Þau hafa fram að þessu sýnt að þau geta sinnt þessu hlutverki og með aukinni ábyrgð sem á þau hefur verið lögð á undanförnum árum, hafa sveitarfélögin einmitt brugðist við með því að sameinast og þannig skapað stærri og sterkari heildir til þess að geta tekið á þeim miklu verkefnum sem til þeirra hefur verið beint á undanförnum árum. Að því leytinu held ég að sveitarfélögin hafi sjálf afsannað kenningar um að þeim væri ekki treystandi til þess að taka á þessu. Þvert á móti hafi þau sýnt að þau væru til þess fullfær.

Þar að auki er að sjálfsögðu um mjög flókin mál að ræða og varðar það þá skipulags- og byggingarlög þegar skipulagt er land. Þar hafa íbúar ákveðinn rétt, notendur og félagasamtök geta gert athugasemdir við skipulag sveitarfélaga. Það varðar ekki einungis íbúana sem eftir því eiga að fara heldur alla þá sem um það eiga að fjalla eða hlíta síðar. Ég held að við eigum ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þessum skipulagsþætti varðandi hálendið.

Ég held að menn misskilji þetta og gleymi líka að það eru fleiri svæði en miðhálendið sem mundu falla undir þjóðlendufrv. Þar erum við að tala um jökla. Ég tek tvö dæmi eins og Snæfellsjökul og Drangajökul sem í mínum huga og eftir því sem ég veit best eru ekki í eigu neinna sérstakra aðila. Sveitarfélögin sem liggja að Snæfellsjökli eiga lendur upp að rótum jökulsins og hafa um áratugi nýtt námur eins og vikurnámur alveg upp að rönd jökulsins. Jökulmörkin hafa síðan breyst þannig að landamerki sveitarfélaganna hafa breyst samkvæmt því. En jökullinn sem slíkur hefur að áliti sveitarstjórnarmanna verið almenningseign eða þjóðareign eins og menn hafa viljað kalla það. Ef við ætluðum að gera sérstakt sveitarfélag um miðhálendið, mannlaust sveitarfélag sem þá væri stjórnað frá ráðuneyti, þá værum við a.m.k. með tvö önnur mannlaus sveitarfélög sem væru þessir tveir jöklar, Snæfellsjökull og Drangajökull. Þannig að þá eru komin þrjú mannlaus sveitarfélög undir sérstökum stjórnsýsluákvæðum sem ég held að sé slæmt. Þess vegna tel ég að sveitarfélögin eigi að standa að því skipulagi sem varðar þessa hluta landsins eins og alla hina.

Það eru til ýmsar aðrar leiðir í spilinu sem ætti að skoða og ná sáttum um. Ég geri mér grein fyrir því að þéttbýlisbúum, hér á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu, finnst ekki réttlætanlegt að fámennir hreppar úti á landi ráði þessu. Auðvitað eru það sjónarmið og sjálfsagt að leita leiða til að taka tillit til þeirra. Ég hef ekki heyrt annað á forsvarsmönnum sveitarfélaga og samtökum sveitarfélaga en að þeir séu tilbúnir til þess með því að skipa ákveðna skipulagsnefnd sem yrði bara fyrir hálendið sjálft eða þau mörk sem teldust til þess svæðis sem ekki væri í eigu neins heldur sameign þjóðarinnar ef maður svo mætti orða það. Þar kæmu að þau sveitarfélög sem ættu lögum samkvæmt að hafa skipulag þar ásamt fulltrúum frá höfuðborgarsvæðinu. Þannig gætu komið inn fulltrúar frá Reykjavík og Reykjaneskjördæmum sem yrðu í ákveðinni skipulagsnefnd sem væri að sjálfsögðu skipuð meiri hluta fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem lægju að þessum svæðum. Ég tel að sveitarstjórnarmenn vilji reyna að ná sáttum við fólkið hér á höfuðborgarsvæðinu þannig að um þetta geti orðið friður. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn nái sátt um þetta mál.

Varðandi frv. um þjóðlendur þá er, eins og margoft hefur verið bent á, ekki búið að leggja það fram þó svo að það hafi fengið töluverða umræðu. Glöggur maður eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson heldur því fram að ekkert megi gera á hálendinu eftir að það frv. verði að lögum nema til eins árs. Í mínum skilningi lítur það mál þannig út að ekkert megi gera lengur en til eins árs nema með leyfi forsrh. Ef forsrh. gefur heimildir til að skipuleggja land með tilliti til notkunar til 20 ára þá sé það heimilt. Að vera með námurekstur til lengri tíma en eins árs og forsrh. hefur leyft námarekstur í 20 ár þá lít ég svo á að það sé leyfilegt. Ég held að þetta með eitt ár sé fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að þeir sem eigi ekki landið en hafa skipulagsrétt á því séu að misnota það. Og að öðru leyti sé þetta ekkert óeðlilegra en hvað annað sem hægt er að finna og gera tortryggilegt. Ég tel að þessi tvö mál hafi verið mjög snilldarlega vafin saman, þ.e. annars vegar að láta sveitarfélögin sjá um það skipulag sem þau hafa gert hingað til og færa það yfir jökulmörk og þar að auki að tryggja að eignarhaldið, þar sem það er óljóst í dag, verði í höndum þjóðarinnar og þannig verði hægt að skerpa þessar línur sem ég talaði um hér áðan og sætta þjóðina við þá nýtingu sem á hálendinu þarf að vera undir miklu meira skipulagi og eftirliti en verið hefur fram að þessu.

Herra forseti. Ég vil aðeins minnast á 6. gr. sem fjallar um nafngiftir sveitarfélaga. Það hefur verið töluverð íhaldssemi við nafngiftir, þ.e. síðasti liður í nafni sveitarfélaga, svo sem hreppur, sveit, kaupstaður eða borg í því eina tilfelli þar sem um það er að ræða. Byggð er reyndar komið inn líka. Það hefur vafist fyrir mönnum þegar um t.d. sameiningarmál hefur verið að ræða hvernig eigi að tengja menn við sveitarfélög öðruvísi en að hafa eitthvert samheiti. Í sameiningarumræðunum um Snæfellsbæ var kosið um nokkur nöfn og m.a. kom fram nafnið: Undir Jökli. Það vafðist töluvert fyrir mönnum hvernig ætti að heimfæra sig undir því heiti. „Ég á heima Undir Jökli." Undir jökli þýðir að þú getur átt heima hvar sem er í kringum jökulinn því það eru allir undir jökli í dag samkvæmt þeirri skilgreiningu orðsins. Þetta nær því ansi vítt um svæðið fyrir utan að það er erfitt samkvæmt lögunum að tengja Undir Jökli við bæ. Það gengur ekki upp málfræðilega að tengja þetta byggð, hér er fyrst og fremst verið að hugsa um þéttbýlismyndanir, eðlilegt er að þarna sé eitthvert samheiti þannig að menn átti sig á því hvar viðkomandi bær er í rauninni staðsettur eða hreppur eða byggð. Enda eru þetta gömul orð sem hafa tengst íslensku máli mörg hver í mjög langan tíma. Ég tel því að þarna sé í raun ágæt lausn þó eflaust mætti reyna að finna einhverja fleiri möguleika. En þá finnst mér sjálfsagt að taka það fram

í lögunum þannig að það sé nokkur festa í lagasetningu hvað þetta varðar.

Í 23. gr. er fjallað um fundargerðir og hvernig fundargerðir megi færa. Samkvæmt þeirri reglu sem nú er í gildi á að færa fundargerðir inn í fundargerðabók. Samkvæmt þessari grein á að heimila að fundargerðir séu færðar inn í tölvu, prentaðar út og undirritaðar samkvæmt því. Ég þekki það frá nokkrum sveitarfélögum að fundir eru teknir upp á segulband. Sums staðar er þetta reyndar sent beint út í útvarpi. Mér finnst ekkert að því að það sé leyfilegt að taka þetta upp á snældu og geyma það þannig þó svo það sé ekki undirritað. Oft hafa menn velkst í vafa um það hvort þetta væri leyfilegt. En þetta hefur þó verið gert. Mér fyndist að það mætti skoða frekar hvernig geymslu snældanna yrði hagað.

Í 24. gr. er talað um að varamenn komi inn eftir röð. Mér finnst gott að hafa það fast að varamenn komi eftir röð en séu ekki kallaðir inn holt og bolt, jafnvel síðasti maður á lista fyrst vegna þess að aðalmanninum datt það helst í hug og sá var á sama máli og aðalmaður í einhverjum ákveðnum málum. Það hefur oft skapað mikinn glundroða hefur mér fundist í pólitísku starfi og er að mörgu leyti algjör óþarfi enda sjálfsagt að fara að þessu eftir föstum reglum en ekki eftir tilfinningalífi einstakra bæjarfulltrúa og hvernig á stendur í bólið hjá þeim. Ég held að þetta sé gott atriði.

Í 73. gr. er eitt mikilvægt atriði sem varðar ábyrgðir sveitarfélaga. Það eru ekki mörg ár liðin síðan sveitarfélögum var bannað að veita sjálfskuldarábyrgðir. Það hafði verið notað mjög ótæpilega þannig að mörg sveitarfélög voru komin í mjög erfiða stöðu. Þá var því breytt þannig að sveitarfélögin máttu ekki veita annað en einfaldar ábyrgðir. Það hefur einnig verið gróflega misnotað í mörgum sveitarfélögum. Ég þekki dæmi þess að allt að 20% af tekjum sveitarfélags hafi farið til að greiða einfaldar ábyrgðir fyrir eitt einstakt fyrirtæki úti í bæ. Það hefur lengi verið samdóma álit mikils hluta sveitarstjórnarmanna að þetta ákvæði ætti að falla úti. Að takmarka þetta enn meir fyndist mér mjög athugandi og mikið álitamál hvort að heimila eigi ábyrgðir fyrir fyrirtækjum sveitarfélaga. Stofnanir sveitarfélaga sumar hverjar eiga fyrirtæki úti í bæ í hlutafélögum jafnvel og mér sýnist ekkert því til fyrirstöðu í frv. að hægt sé að ábyrgjast eitthvað sem sveitarstjórnirnar eiga eins og fyrirtæki. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að ganga alla leið núna og banna ábyrgðir sveitarfélaga nema sem varða stofnanir þeirra sjálfra og þar með taka þennan kaleik frá sveitarstjórnarmönnum sem hefur verið þeim dýrkeyptur í gegnum árin. Sveitarstjórnarmenn hafa oft lent í miklum vanda við að meta annars vegar pólitíska stöðu sína ef ekki yrði gengið að kröfum aðila um ábyrgðir og svo hins vegar að gæta þess að skuldbindingarnar lendi ekki á gjaldendum sjálfum sem í flestum tilfellum hafa ekkert um þetta að segja en hafa orðið að sitja uppi með sárt ennið. Þetta hefur oft verið réttlætt með mjög eðlilegum rökum, að mönnum hefur fundist, en þegar upp hefur verið staðið þá hefur því miður oftar en ekki farið illa og sveitarstjórnirnar setið uppi með það að hafa metið stöðuna rangt.

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. félmrh. hefur lýst því hér yfir að þetta mál verði af hans hálfu látið hafa þann framgang í hv. félmn. að þar verði allur sá tími notaður sem til þarf svo hægt sé að leita umsagna um það og bera saman við aðrar lagabreytingar sem eru í farvatninu. Það er einmitt það sem skiptir máli núna, að vanda sig. Af kynnum mínum við hæstv. félmrh. í öðrum málum sem hafa verið í vinnslu félmn. þá kvíði ég því ekki að við náum ekki samkomulagi um það frv. sem endanlega kemur fyrir þingið.

[17:41]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er nú býsna viðamikið mál og tekur á fjölmörgum þáttum sem ég ætla nú reyndar ekki að fjalla um, ekki svona grein fyrir grein. Ekki vegna þess að þær séu ekki þess verðar að fjalla um þær heldur eru flest atriðin þar að mínu mati nokkuð skýr og hefur reyndar verið nokkuð fjallað um þau, m.a. af hv. 14. þm. Reykv. sem er formaður félmn. og var ég mjög sammála ýmsu því sem hún benti á í sínu máli. Ég treysti hv. félmn. ágætlega til að fara yfir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. En það er auðvitað fyrst og fremst 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða sem vakið hefur áhuga minn og áhyggjur. Sú tilhögun sem þar er lögð til er mjög stórt og mikilvægt mál og raunar svo stórt og mikilvægt að ég hefði talið rétt að þjóðin öll hefði átt að fá tækifæri til að fjalla um það og taka afstöðu til þess. Þetta er að mínu mati dæmigert mál sem ætti að fara í þjóðaratkvæði. En því miður hefur ekki náðst samstaða um það á Alþingi að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslur þrátt fyrir tillögur frá ýmsum og á ýmsum tímum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um aðdraganda málsins og skiptar skoðanir sem þar hafa vegist á. Það er okkur flestum hér inni væntanlega vel kunnugt og hefur raunar verið rifjað upp í umræðunni. Því miður náðist ekki sátt um tillögu hv. fyrrv. umhvrh., Eiðs Guðnasonar, sem kom fram árið 1992 um það að miðhálendi Íslands yrði afmarkað frá heimalöndum, lýst sameign þjóðarinnar í heild sinni og sett undir eina skipulagsstjórn. Um þá ágætu tillögu náðist ekki sátt því miður og niðurstaðan varð sú sem við þekkjum, að sett var sérstök grein inn í skipulagslögin, grein sem kvað á um að sett yrði upp samvinnunefnd fulltrúa héraðsnefnda á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu og þessi nefnd skyldi gera tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Þessi niðurstaða hefur eðlilega sætt mikilli gagnrýni, einkum fulltrúa þess stóra hluta þjóðarinnar sem enga möguleika fékk þar með til íhlutunar eða áhrifa á meðan á þessu ferli hefur staðið og hvernig sú vinna hefur farið fram.

Það gegnir auðvitað allt öðru máli um þetta landsvæði en öll önnur. Miðhálendi Íslands hefur sérstöðu. Það hljóta allir að viðurkenna þó menn hafi reynt að draga úr því í umræðunni. Þetta landsvæði tekur yfir um þriðjung af öllu flatarmáli landsins og þar eru að miklu leyti hin óbyggðu víðerni sem land okkar býr yfir. Þar er sú auðlind sem er okkur hvað dýrmætust og má með sanni jafna til auðlindarinnar í hafinu umhverfis landið.

Það er reyndar ekki langt síðan menn fóru að átta sig á þeim verðmætum sem felast í náttúru landsins og ekki síst í þeim ósnortnu, eða kannski réttara sagt þeim lítt snortnu, víðernum sem áður vöktu fyrst og fremst óhug og töldust ekki til mikils nýt annars en ef hægt væri að beita á þau.

Auðvitað ferðuðust menn yfir þessar óbyggðir á milli landshluta, milli Norðurlands eða Norðurlands eystra og Suðurlands eða Suðvesturlandsins hins vegar, riðu t.d. til þings eða í verin. Um hálendið fóru menn ekki að nauðsynjalausu nema kannski stöku sérvitringar sem menn tóku ekki mikið mark á og meðhöndluðu einfaldlega sem slíka, hristu jafnvel bara höfuðið yfir þessum skringilegheitum eða í mesta lagi brostu í kampinn af umburðarlyndi. Nú er mörgum góðu heilli orðið ljóst hversu mikilvægt og verðmætt

svæði hér er um að ræða, hvort sem er til að njóta þess eða nýta það með öðrum hætti. Ég orða þetta svona vegna þess að njóta einhvers á fagurfræðilegan eða tilfinningalegan hátt er líka nýting að mínu mati. Hvort sem um er að ræða til vísindarannsókna eða ferðalaga, til orkuvinnslu eða til beitarnytja er hér um afar mikilvægt og verðmætt svæði að ræða. Eftir því sem mönnum eykst nú skilningur og hugi á þessu svæði og nýtingu þess þeim mun ljósara verður hversu nærri þessari auðlind hefur þegar verið gengið og hversu brýnt er að setja lög og reglur um svæðið og um umgengni um það. Þarna hefur ríkt stjórnleysi í skipulags- og byggingarmálum og afleiðingarnar eru m.a. vegarslóðar þvers og kruss um svæðið og mikill fjöldi óleyfilegra bygginga af öllum stærðum og gerðum. Þarna er að finna um 400 skála af ýmsu tagi og um helmingur þeirra er í einkaeign. Ekki nóg með það, heldur mun aðeins um þriðjungur þessara bygginga vera reistur samkvæmt byggingarleyfi og er þar ýmsu ábótavant í frágangi svo sem hreinlætisaðstöðu og fráveitu og miklar umbætur sem þyrftu að gera í því efni.

Þá er ekki ofsagt að umsvif í orkumálum hafa breytt ásýnd landsins. Orkuver og raflínur og uppbyggðir vegir sem oft fylgja með, miklar raflínur með þeim risamöstrum sem þeim tilheyra hafa breytt ásýnd stórra svæða og munu halda áfram að gera það ef orkugeirinn fær að fara sínu fram. Því eru ríkar ástæður fyrir því að við þurfum að koma böndum á þetta stjórnleysi og þessa þróun með samræmdum hætti. Við erum með þessa dýrmætu auðlind í höndunum og raunverulega framtíð þessarar auðlindar sem við höfum þó aðeins að láni frá afkomendum okkar.

Ábyrgð okkar er því mikil að marka þá stefnu sem dugir til að varðveita þessa auðlind fyrir allri ónauðsynlegri röskun því að röskun verður sjaldnast aftur tekin. Ég er algerlega sammála því og fylgjandi því að komið verði einhverjum böndum á stjórnleysi og skipulagsleysi sem ríkir á miðhálendi Íslands og það er auðvitað vilji okkar allra.

Tillaga hæstv. félmrh. er samkvæmt ákvæði 1. gr. og ákvæði til bráðbirgða að staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga verði framlengd inn til landsins og sama eigi að gilda jöklana. Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hefur tekið afstöðu til þessa fyrirkomulags sem hér er lagt til og miðað við skipan nefndarinnar kemur niðurstaðan ekki á óvart. Þeir taka undir þessa tillögu. Ég geri það ekki. Mér finnst niðurstaðan vond og ekki til þess fallin að halda þeirri heildarsýn sem er nauðsynleg í málefnum miðhálendisins. Að mínu mati er algert óráð að skipta þessu svæði í 40 reiti sem jafnmargir aðilar fái til umsýslu, að 40 aðilar móti hver með sínum hætti aðalskipulag og deiliskipulag hver á sínu svæði.

Hv. formaður nefndarinnar sem samdi þetta frv., hv. þm. Jón Kristjánsson, benti á það í máli sínu að landsmenn allir hefðu tækifæri til að gera athugasemdir við svæðisskipulag. Það er rétt. Allir hafa rétt til að gera athugasemdir en þeir koma ekki að ferli málsins fyrr en tillagan liggur á borðinu en það skiptir máli að þeir geta gert athugasemdir. En eftir að skipulagsrétturinn er kominn í hendur einstakra sveitarfélaga, margra sveitarfélaga, koma til aðalskipulag og deiliskipulag og þá verður ekki kallað eftir áliti þéttbýlisbúa eða annarra utan sveitarfélagamarkanna sem þarna ræðir um. Ég teldi hins vegar í hæsta máta eðlilegt að þessi sveitarfélög komi ákveðið að málum. — Er hæstv. félmrh. ekki viðstaddur umræðuna? (**Félmrh.:** Ég er hér.) Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra heyrði það að ég tel í hæsta máta eðlilegt að þessi sveitarfélög komi ákveðið að þessum málum, þ.e. þeim væri t.d. falin ákveðin verkefni á miðhálendinu í samræmi við þessa reitaskiptingu og að því leyti er gagnleg sú vinna sem hefur farið fram við að skipta þessu svæði upp eins og gert hefur verið. Með ákveðnum verkefnum er ég fyrst og fremst að hugsa um verkefni eins og heilbrigðiseftirlit og löggæslu. En eignarhald, yfirstjórn, skipulags- og byggingarstjórn þarf og á að vera á einni hendi.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að þessi skoðun er ekki byggð á vantrausti í garð þeirra sem byggja þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Ég vil að það komi skýrt fram. Ég get alveg hugsað mér að þar séu menn sem ég treysti til þess að fara með skipulagsmál á þessu svæði, en þá á öllu svæðinu.

Ég gef lítið fyrir vangaveltur og upphrópanir um þau 4% sem þar er um að ræða. Það er ekkert meginatriði í mínum huga heldur þessi kökusneiðaskipting. Meginatriðið er auðvitað að mörkuð sé stefna sem hægt er að búa við og ekki bara hægt að búa við heldur metnaðarfull stefna sem við getum verið stolt af og sem getur tryggt varfærnislega og sómasamlega nýtingu og umgengni um þetta mikilvæga svæði.

Það er skoðun mín að miðhálendi Íslands ætti að gera að friðlandi sem lúti sérstakri stjórn og sérstakri löggjöf með verndun náttúrunnar í fyrirrúmi en hvers konar nýting og mannvirkjagerð verði háð ströngu mati og skilyrðum um umhverfisvernd. Þar sem menn hafa í umræðunni í dag ítrekað minnst á Þingvelli til samanburðar og m.a. sagt að Þingvellir skipi ákveðinn sess í huga landsmanna, þá vil ég segja að hið sama gildir um miðhálendi Íslands í margra huga. Það hefðu menn t.d. heyrt ef þeir hefðu setið fund sem nokkur útivistar- og umhverfissamtök efndu til í gærkvöldi. Afstaða fundarmanna fór ekki milli mála en mest hreif mig afstaða eins af okkar ágætu listamönnum sem reyndi að lýsa þeim tilfinningum sem ráða því að við erum og verðum Íslendingar í hjarta okkar og sinni hvert svo sem örlögin bera okkur. Þar ræður saga þjóðarinnar, tunga, menning og ættarbönd, en ekki síður landið sjálft og náttúra þess, sérkenni landsins og víðáttan. Í landinu og víðáttum þess eigum við þá auðlind sem flestar aðrar þjóðir hafa bylt svo mjög og gjörnýtt og raskað að ekki verður um bætt. Miðhálendi Íslands er sameign þjóðarinnar allrar sem við berum sameiginlega ábyrgð á.

[17:57]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Mér vannst ekki tími til þess áðan að fara yfir öll þau atriði sem ég hefði kosið þannig að ég vil bæta við þar sem frá var horfið. Fyrst vil ég segja um hlutverk ráðuneytisins að það er í raun og veru þríþætt. Það fer í fyrsta lagi með framkvæmd laganna. Í öðru lagi annast það eftirlit með sveitarfélögum og í þriðja lagi sér það um að kveða upp úrskurði í ágreiningsefnum og deilumálum sem upp kunna að rísa út af lögunum.

Eins og ég gat um hefur mér þótt sá þáttur í starfi ráðuneytisins sem lýtur að úrskurðum fara batnandi með árunum. Hann hefur styrkst frekar en hitt. Hins vegar hefur mér þótt eftirlit ráðuneytisins vera mjög í skötulíki og einkennast af því að ráðuneytið virðist ekki treysta sér til þess að grípa til aðgerða gagnvart sveitarfélögum eins og áskilið er í lögum, hvort heldur um er að ræða aðgerðir sem þurfi að grípa til til þess að bregðast við versnandi fjárhag sveitarfélaga og eins eru ákvæði í gildandi lögum sem kveða á um hvernig fara

skuli að í þeim efnum og hvenær ráðuneytið eigi að bregðast við. Hefur mér þótt mjög á skorta að ráðuneytið sinnti þessu sómasamlega og við höfum því miður allnokkur dæmi um mjög erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem varð miklu verri en þurfti að verða vegna þess að ráðuneytið greip ekki í taumana eins og því bar.

Í þriðja lagi um framkvæmd laga styðst ráðuneytið mjög við Samband ísl. sveitarfélaga. Það er mjög náið samband milli ráðuneytisins og þessara samtaka sveitarstjórnarmanna um framkvæmd laga eins og í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðgefandi ferli um undirbúning að lagabreytingum eða úrvinnslu eða útfærslu á einstökum lögum. Mér finnst að þessir þættir fari ekki allir vel saman og ég tel nauðsynlegt að breyta hlutverki ráðuneytisins. Ég er að vísu á þeirri skoðun að ráðuneyti eigi fyrst og fremst að vera eftirlitsaðili. Þau eiga ekki að fara með mikið af beinni framkvæmd laga eða stjórnsýslu. Ráðuneyti eða ráðherra eiga fyrst og fremst að fara með eftirlit með þeim sem falin er framkvæmd laganna eða lögin fjalla um. Ég hefði því kosið að sjá breytingar í þá veru að draga úr framkvæmdaþætti ráðuneytisins, draga úr þessu nána samstarfi milli ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga sem ég tel að hái að mörgu leyti eftirlitshlutverki ráðuneytisins. Ég tel að ráðuneytið eigi að hafa eftirlitshlutverk og vera mjög öflugt á því sviði. Ég tel því t.d. að meðan Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er við lýði ætti að kjósa stjórn hans af Alþingi. Það væri tekið úr höndum ráðuneytisins og beinna hagsmunaaðila að fara með forræði málsins. Ég tel að það yrði mjög til bóta og vísa til samsvarandi ákvæða í öðrum lögum eins og um flugmál og fleira.

Ég tel líka eðlilegast að úrskurðarþátturinn sé sjálfstæður jafnvel þótt sá þáttur í starfi ráðuneytisins sé að mínu mati sá sem best hefur gengið. Og ég vil velta því upp hvort ekki væri rétt að gera úrskurðarþáttinn að sjálfstæðum dómstól, eins og tíðkast sums staðar í Evrópu, að hafa sérstakan stjórnsýsludómstól sem hægt er að snúa sér til með umkvartanir og kærur hvað varðar opinbera stjórnsýslu og ekki bara sveitarstjórnarstigið heldur líka ríkisvaldið. Ég teldi það efla mjög eftirlit með þessum aðilum og stöðu almennings gagnvart hinni opinberu stjórnsýslu að settur yrði á fót stjórnsýsludómstóll. Ég hygg að líka kæmi til greina að gera umboðsmann Alþingis að slíkum dómstól. Þetta vil ég nú nefna mönnum til umhugsunar um þetta atriði.

Ég bendi á að í lögum og þessu frv. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnarstigið starfi í raun á ábyrgð ríkisvaldsins sem felst í hlutverki ráðuneytisins með eftirlitinu og felst líka í því að sveitarfélög verða eigi gerð gjaldþrota. Ríkisvaldið gengur alltaf í ábyrgð fyrir skuldbindingum sveitarfélaga. Það er út af fyrir sig eðlilegt út frá þeirri hugsun að ríkisvaldið sé eitt og því beri að fara eins með það enda ljóst að ríkisvaldið verður ekki gert gjaldþrota eitt og sér og eðlilegt að ríkisvaldið beri ábyrgð á sveitarstjórnarstiginu. Þessi staða gerir það að verkum að ef menn eru ákveðnir í því að ríkisvaldið eigi að vera bakábyrgt fyrir starfsemi sveitarfélaganna hvað fjárhagsmál varðar þá verði ríkisvaldið að hafa eftirlit með þeim og ráðuneytið verði að fara með það eftirlit og það verði að vera mjög öflugt og miklu virkara en gert er ráð fyrir í frv. sem þó er nokkur endurbót frá gildandi lagaákvæðum.

Mér finnst ferlið vera fremur seinvirkt í frv. eins og það er lagt til og þó að eftirlitsnefndin sé framför frá því sem nú er þá eru möguleikar eftirlitsnefndarinnar til að grípa í taumana mjög takmarkaðir og í raun einvörðungu þeir að leggja fram tilmæli og síðan tillögur til ráðherra. Ég tel því að skilgreina verði hlutverk eftirlitsnefndar mun ákveðnar ef það á að styðjast við það fyrirkomulag og veita henni lagaúrræði til að grípa til aðgerða eins og kveður á um í 75. gr. frv. en þar vantar alveg hvaða aðgerða eftirlitsnefndin getur gripið til.

Þá finnst mér líka koma til greina að hverfa einfaldlega frá þessu fyrirkomulagi og mér finnst nokkur rök mæla með því að afnema ríkisábyrgðina af sveitarfélögunum og þau starfi á eigin ábyrgð og þau verði þá gerð gjaldþrota ef svo vill verkast. Það undirstrikar sjálfstæði sveitarfélaganna og að við ætlumst til þess að þau standi sig í sínu hlutverki. Þau verða líka sjálfstæðari gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er að mínu viti mjög nauðsynlegt að auka sjálfstæði sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu en ég fer ekki nánar yfir það því tíminn er of naumur til þess.

Ég vil í lokin, herra forseti, hlaupa yfir örfá atriði í frv. sem ég hef athugasemdir við. Það er fyrst í 19. gr. frv. þar sem fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna og að sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga séu vanhæfir til að fjalla um mál sem þeir hafa undirbúið þegar það kemur til sveitarstjórnar. Mér finnst það vera mikið álitaefni að menn verði vanhæfir við það eitt að fjalla um mál áður en það kemur til sveitarstjórnar en mér finnst ekki nein rök fyrir hinu og raunar fráleitt að gera undanþágu frá þessu ákvæði ef menn eru á annað borð á þeirri skoðun, að það að fjalla um mál í starfi sínu geri menn vanhæfa sem stjórnmálamenn í sveitarstjórn, þá finnst mér fráleitt að gera undanþágu varðandi þann embættismann sem fjallar um flest ef ekki öll mál áður en þau koma til sveitarstjórnar, þ.e. framkvæmdastjóra sveitarstjórnarinnar. Annaðhvort verður ákvæði að gilda um alla starfsmennina eða þá að endurskoða þurfi það.

Ég geri athugasemdir við ákvæði 12. gr. um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Þar sem svo háttar til að tiltölulega fáir sveitarstjórnarmenn eru þá hafa komið upp þau tilvik, og oftar en einu sinni, að einn flokkur hefur fengið meiri hluta sveitarstjórnarmanna út á minni hluta atkvæða og dæmi eru um að allt niður í 43% atkvæða hafi skilað mönnum meiri hluta í sveitarstjórn. Þetta er fullkomlega óeðlilegt ákvæði og ég tel að hafa verði jöfnunarákvæði eða ákvæði um jöfnunarfulltrúa í frv. eins og tíðkast sums staðar erlendis svo sem í Hamborg, svo ég nefni dæmi, þannig að þess sé ávallt gætt að meiri hluti í sveitarstjórn (Forseti hringir.) styðjist við meiri hluta atkvæða.

[18:07]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög en það eru nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að fá svör við frá hæstv. ráðherra. Auk þess eru nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að reifa sérstaklega, m.a. forsaga málsins. Jafnframt langar mig til að draga fram í ræðu minni það sem ég tel vera grundvallaratriði þess sem við erum að deila um. Ef hæstv. ráðherra mætti vera að því að hlýða á mál mitt þá vildi ég fyrst byrja á því að spyrja hann tveggja spurninga. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra í dag, og hann staðhæfði það beinlínis, að þetta frv. nyti stuðnings stjórnarflokkanna. Hann gat þess sérstaklega að í hans eigin flokki, Framsfl., hefðu allir utan einn lýst samþykki við frv. og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er það rétt sem hann sagði að einungis einn þingmaður Framsfl. hefði gert fyrirvara við frv. eða er það rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins

Hannibalssonar að ekki einn heldur fjórir þingmenn Framsfl. hefðu gert athugasemdir við frv.? Ef það er rétt, herra forseti, þá liggur það fyrir að verulega stór hluti af Framsfl. fylgir ekki málinu sem um er að ræða. Það sem hv. þm. hafa þá væntanlega gert athugasemdir við er hið sama og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerði í ræðu sinni í dag þar sem hún tók mjög einbeitta og skelegga afstöðu gegn bráðabirgðaákvæðinu og lýsti því hvernig hún telur að það komi ekki heim og saman við sannfæringu hennar að samþykkja það ákvæði. Þar talaði hv. þm. fyrir hönd íbúa þéttbýlisins og drap þar í rauninni á kjarna málsins vegna þess að hér er um að ræða réttlætismál sem snertir þá mjög fast.

Mig langar líka, herra forseti, að fá fram skilning hæstv. ráðherra á eðli þessa frv. Ég hlýddi á ræðu hans fyrr í dag og það sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni var eftirfarandi. Hann sagði að sveitarfélögin færu með stjórnsýsluvald í heimalöndum og almenningum þannig að í rauninni væri ekkert eftir nema jöklarnir. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Er það svo að bráðabirgðaákvæðið fjalli þá í rauninni einungis um það að draga mörk sveitarfélaganna inn eftir jöklunum? Er það í rauninni það sem bráðabirgðaákvæðið gengur út á? Ég tek fram, herra forseti, að ég er algjörlega ósammála þessari túlkun hæstv. ráðherra. En ef þetta er skoðun hæstv. ráðherra þá skil ég ekki til hvers hann er að hafa fyrir þessu öllu saman, ef það er það eitt sem skiptir máli.

Ég vil líka átelja, herra forseti, að farið sé með þessum hætti með þetta mikilvæga mál. Hér er um að ræða stórt og viðamikið frv. til sveitarstjórnarlaga og ég tel mjög óeðlilegt að þessar miklu breytingar, þ.e. breytingar á staðarmörkum sveitarfélaga, séu settar hér sem ákvæði til bráðabirgða við þennan mikla bálk. Ég tel auðvitað að hæstv. ráðherra sé að gera það vegna þess að hann er að reyna að draga úr umræðunni og deilunum sem það hlýtur að valda. Hvers vegna veldur það deilum, herra forseti? Vegna þess að þetta er réttlætismál fyrir þá sem búa hér á þéttbýlissvæðunum. Þeir eru í rauninni, samkvæmt þessu frv., útilokaðir frá því að hafa áhrif á stjórnsýslu miðhálendisins. Miðhálendið er stærsta perla Íslands. Það tekur 40% af flatarmáli landsins. Og það er í hæsta máta óeðilegt, herra forseti, að íbúar þessara fjölmennu svæða skuli ekki fá að koma að stjórnsýslu þess en það er það sem lagt er til með þessu frv.

Það liggur líka fyrir, herra forseti, að á næstunni munum við fá í þingið þjóðlendufrumvarpið svokallaða, nánast óbreytt frá því í fyrra, og ljóst að við það er mikið fylgi í flestum stjórnmálaflokkum. Þar er gert ráð fyrir að ríkið slái eign sinni á þau svæði sem enginn getur gert eignarréttartilkall til. Þar með er alveg ljóst að ríkið mun eignast þessi svæði og verða hinn lögformlegi eigandi. En hvað er ríkið? Það er auðvitað fólkið í landinu og það vill svo til að stór hluti þessa fólks býr hér á þéttbýlissvæðunum, býr í Reykjavík, býr í Reykjaneskjördæmi. Er ekki sanngjarnt að það fólk fái aðild að stjórn þessara svæða? Að sjálfsögðu er það svo. En með því að fara þá leið að einungis þau sveitarfélög sem beinlínis liggja eða eiga mörk að miðhálendinu fái að taka þátt í stjórninni, þá er verið að svipta okkur íbúa þéttbýlisins þeim frumburðarrétti sem við höfum eins og aðrir þegnar þessa lands til miðhálendisins. Og ég átel það, ég get ekki fallist á það. Mér er það mætavel ljóst að hæstv. ráðherra hefur aðra skoðun og ég virði það en hér er um grundvallarágreining að ræða.

Það er alveg ljóst að innan tíðar verður miðhálendið sameign þjóðarinnar samkvæmt lögum og þjóðin öll hlýtur að þurfa á einhvern hátt að koma að stjórn þess, í gegnum Alþingi eða með einhverjum öðrum hætti. En það er ekki hægt að fallast á það að einungis þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu fái að fara með þetta vald. Og því mótmæli ég fyrir mína hönd og míns stjórnmálaflokks.

Alþfl. hefur ákveðna sögu í þessu máli og hún hefur lítillega verið rakin í dag, og ég held að nauðsynlegt sé að menn fari aðeins yfir það mál. Fyrrv. umhvrh. Eiður Guðnason lagði á upphafsárum síðustu ríkisstjórnar fram frv. á þingi. Þar var gert ráð fyrir að sérstök stjórnarnefnd færi með skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu. Frá því er rétt að greina að þetta frv. var umdeilt. Það sætti harðri gagnrýni af hálfu sveitarfélaganna sem vildu sitja ein að þessu. Jafnframt kom upp ágreiningur innan samstarfsflokks Alþfl., Sjálfstfl., sem varð til þess að ekki náðist sátt um frv. Niðurstaðan var því sú að þáv. umhvrh. Eiður Guðnason lagði fram annað frv. sem gerði ráð fyrir því að sett yrði á stofn sérstök samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins. Það var tvennt sem sú samvinnunefnd átti að sjá um. Í fyrsta lagi átti hún að einbeita sér að því verkefni að skilgreina mörk miðhálendisins og síðan átti hún að vinda sér í skipulag þess. Það er hins vegar alveg klárt að sú nefnd vélaði ekkert um stjórnsýslu og ekkert um eignarhald. Það var alveg ljóst og ég ítreka það alveg sérstaklega, herra forseti, vegna þess að fram hefur komið í máli manna fyrr í dag að menn átelja Alþfl. fyrir að hafa farið þessa leið. Það var að vísu rétt að það var ráðherra Alþfl. sem lagði þetta mál fram en um það mál skapaðist alger sátt í þinginu.

Ég vek sérstaka athygli á því og mér þykir það verra að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er ekki viðstaddur en mál hans í dag var ekki hægt að skilja með öðrum hætti en þannig að hann væri í rauninni að ásaka Alþfl. fyrir að hafa hörfað frá stefnu sem hann taldi góða og sem við vorum sammála um, Alþfl. og ég held obbi Alþb. og örugglega ég og hv. þm., og í staðinn farið þá leið sem valin var með samvinnunefndinni. En það er nauðsynlegt að ítreka að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var líka sammála því. Hann átti meira að segja þátt í því í umhvn. þingsins að málinu var breytt svolítið. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til ræðu hv. þm. þegar málið var rætt við 2. umr. Þá sagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Því var það sammæli í nefndinni að stíga það skref sem hér er lagt til og taka undir þann farveg sem lagður var til og samstaða hafði tekist um með umhvrh. og fulltrúum sveitarstjórna sem umhvrn. leitaði samráðs við. Ég vænti þess að sá farvegur sem hér hefur verið markaður leiði til þess að innan ekki langs tíma verði mótuð tillaga að skipulagi miðhálendisins og að sú tillaga fái umsagnir af hálfu sveitarstjórna og síðan verði hægt að vinna markvisst áfram í málinu á grundvelli þeirra ákvarðana sem Alþingi síðar tekur..." Það er nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að ég gat ekki skilið mál hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar öðruvísi í dag en hann væri þeirrar skoðunar að það hefði verið eitthvert alveg sérstakt óhappaspor sem þáv. umhvrh. Eiður Guðnason tók. Hafi það verið þá var það skref stigið með öllum þingmönnum sem voru staddir í þessu þingi þá. Enginn greiddi atkvæði á móti því og einn af þeim sem greiddi atkvæði með því var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem sagði í ræðu sinni að hann vonaðist til þess að þetta yrði til þess að fram kæmi skipulagstillaga sem sveitarstjórnir gætu síðan sett skoðanir sínar fram við. Nákvæmlega þetta hefur gerst. Hafi þetta

verið óhappaskref er það óhappaskref sem þingið stóð allt að. Það var einfaldlega þannig, herra forseti, að samstaða skapaðist um þetta mál. Allir stjórnmálaflokkar áttu þátt í því, það var enginn einn stjórnmálamaður sem greiddi ekki atkvæði með þessari niðurstöðu.

Það er rétt að velta því fyrir sér af hverju menn urðu sammála um að stíga þetta skref. Þetta var sá sameiginlegi flötur sem lengst gekk. Menn stóðu frammi fyrir því að það var skipulagsleg óvissa á miðhálendinu. Menn voru þar að byggja skúra og kofa út um allt vegna þess að enginn hafði lögsögu yfir því. Það eru á sjöunda hundrað byggingar á miðhálendinu í dag og þeim hefur fjölgað á síðustu árum. Nákvæmlega þegar þetta mál var inni í þinginu stóðu m.a. deilur um bústaðaþyrpingu inn af Skjaldbreið sem þar var í nokkrum vexti og enginn gat komið nokkrum hömlum á. Menn horfðu fram á að þetta gæti gerst víðar og þess vegna ákváðu menn að stíga þetta skref til þess að það væri þó a.m.k. hægt að ná samkomulagi um það að koma einhvers konar skipulagi á miðhálendið til að það yrði ekki áfram þetta skipulagslega rugl. Þetta var t.d. obbinn í ræðu páv. formanns umhvn. Kristínar Einarsdóttur og hún mælti fyrir munn allrar nefndarinnar þegar hún sagði líka, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum."

Umhvn. varð sammála um þetta. Það var enginn sem mælti í mót þessu, enginn þeirra sem tóku til máls þannig að hér var um að ræða hið sameiginlega álit umhvn. Í því ljósi tel ég ósanngjarnt að koma núna og reyna að ásaka þá sem höfðu frumkvæði að því að finna þennan stærsta samkomulagsflöt í málinu og segja að það hafi leitt málið allt yfir á óheillaspor. Staðreyndin er einfaldlega sú að við stóðum frammi fyrir því að það varð með einhverjum hætti að koma böndum á skipulag miðhálendisins. Það voru uppi mismunandi skoðanir, menn náðu ekki öðru samkomulagi en þessu og allt þingið stóð að því og það tel ég, herra forseti, að sé afskaplega mikilvægt að menn rifji upp í tilefni þeirra umræðna sem urðu fyrr í dag.

[18:20]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson mótmælir því hástöfum að aðeins sveitarfélögin sem liggja að hálendinu komi til með að ráða einhverju um hálendið eða um það hverjir komi til með að hafa eitthvað með þau mál að gera sem að því snúa. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. hafi ekki almennilega skilið að þetta frv. gengur út á að skipuleggja hálendið. Það gengur ekki út á eignarrétt á hálendinu.

Frv. um þjóðlendur mun aftur á móti taka á því og þjóðlendufrv. gerir ráð fyrir því að öll lönd sem eru ekki í eigu einhverra í dag samkvæmt lögum verði eign ríkisins og þar með er það ríkið og fólkið í landinu sem verður eigendur að landinu. Því mun ekkert geta farið fram á þessum svæðum nema með samþykki eigendanna eða ríkisins og forsrh. í þessu tilfelli. Ég átta mig því ekki á því hvers vegna hv. þm. vill halda því fram að þarna sé enginn sem geti komið að nema sveitarfélögin sjálf, það er misskilningur.

[18:21]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er jafnan þakklátur þegar hv. þm. Kristján Pálsson reynir af skyggnu mannviti að leiða mig á réttari brautir. Hv. þm. heldur því fram að ég hafi ekki skilið það sem í þessu felst. Hvað felst í þessu? Með leyfi forseta, stendur í ákvæði til bráðabirgða:

„Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins."

Hvað þýðir það? Það þýðir einfaldlega að ég sem íbúi í Reykjavík og hv. þm. Kristján Pálsson við höfum ekki sama beina stjórnsýslulega valdið til þess að koma að málum miðhálendisins og íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu. Að þessu leyti til er ekki jafnstaða með okkur hv. þingmönnum og þeim sem búa í þeim sveitarfélögum og það sætti ég mig ekki við. Að þessu leyti koma orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar að kjarna málsins. Þetta er kjarni málsins. Um þetta stendur ágreiningurinn.

Ef íbúar þessara fjölmennu kjördæma eiga að vera beinir eigendur að landinu í gegnum ríkið eiga þeir líka að koma beint að stjórninni með nákvæmlega sama hætti og íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu. Þetta er kjarni málsins. Um þetta snýst ágreiningurinn. Þetta land, miðhálendið, verður sameign þjóðarinnar. En flokkur hv. þm. Kristjáns Pálssonar og e.t.v. hann sjálfur ætla að svipta hluta þjóðarinnar rétti til þess að stýra þessari sameign alveg eins og þeir hafa svipt þjóðina réttinum til þess að fara með eign sína í fiskstofnunum í sjónum.

[18:23]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er skynsamur maður og rökfastur en í þessu tilfelli finnst mér hann hafa farið heldur yfir mörkin því að honum sést algerlega yfir að hingað til hefur ekki verið nein stjórn á miðhálendinu. Eins og hann kom réttilega inn á áðan hafa verið byggðir víða skúrar og einhver mannvirki sem enginn hefur í raun gefið leyfi til að koma upp á þeim svæðum vegna þess að ekki hefur verið ljóst hver átti í rauninni að gefa heimildir til þess að þarna risi eitthvað. Nú er verið að taka á því að sveitarfélögin munu koma til með að skipuleggja þá byggð eða þá nýtingu sem á þessum svæðum eigi að vera til framtíðar.

Það er síðan handhafi eigenda, forsrh., sem mun koma til með að samþykkja og þá væntanlega breyta ef á þarf að halda því skipulagi sem sveitarstjórnirnar koma til með að leggja fyrir embætti hans. Ég tel að með þessu frv. sé verið einmitt að tryggja að allir íbúar landsins sem forsrh. hefur umboð fyrir hafi eitthvað um það að segja hvernig þessi mál verða unnin á næstu árum.

Ég sagði einnig áðan að það sem ég hefði heyrt frá forustumönnum sveitarfélaga væri í þá áttina að menn vildu reyna að draga úr tortryggni sem mér finnst að sé verið að reyna að koma upp út af því að sveitarfélög fari með skipulagið þarna, að þessi svæði sem munu falla undir þetta sem er miðhálendið og jöklar annars staðar eins og Snæfellsjökull og Drangajökull. Þar væru þau tilbúin til þess að skipa skipulagsnefnd sem í sætu fulltrúar sveitarfélaga sem hefðu stjórnsýslu á löndum innan þessara marka ásamt því að heimila eða fallast á það að fulltrúar frá sveitarfélögum eins og höfuðborgarsvæðinu sætu einnig í þeirri nefnd og gætu þá komið að skipulaginu á einhvern hátt. Ég tel að sveitarstjórnirnar séu tilbúnar til þess að leysa þetta til að komast hjá ágreiningi.

[18:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega sammála því sem hv. þm. segir. Sveitarstjórnir vilja meira að segja koma að málinu til þess að leysa þessi vandamál. En ég vil ekki að sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu komi einar að því. Hvers vegna? Vegna þess að ég óttast að hagsmunir þeirra séu aðrir en hagsmunir okkar sem búum hér á þéttbýlissvæðunum sem viljum hafa aðgang okkar að ósnortnu miðhálendi. Það sem hér um ræðir er ágreiningur milli mín og hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Stefna flokks míns liggur fyrir. Hún kom fram í því frv. sem Eiður Guðnason, þáv. umhvrh., lagði fram og gerði ráð fyrir því að það yrði ein sérstök stjórnarnefnd sem færi með skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu. Ég tel að það væri farsælast. Hv. þm. styður frv. sem gerir ráð fyrir því að 40 sveitarfélög deili valdinu með sér. Ég tel ekki að það sé farsælt.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kom með dæmi fyrr í dag sem ég tel að lýsi vel þeim ágreiningi sem getur komið upp þegar miklar framkvæmdir eru einhvers staðar á þessu svæði og mörg smá sveitarfélög þurfi að koma að því. Ég tel að þetta sé óheppilegt. Á hinn bóginn lít ég á þetta sem að hluta til sem eins konar mannréttindamál. Ég og þeir sem eru í sama kjördæmi og ég erum nú þegar með atkvæðisrétt sem er bara $^1/_4$ af vægi atkvæða sumra sem búa úti á landi. Ég vil og tel að það séu mannréttindi mín að ég fái sama atkvæðavægi. Ég tel líka að það séu mannréttindi mín og okkar sem búum hérna að við höfum sömu aðkomu að því að stjórna þessari dýrustu perlu Íslands eins og þeir sem eiga heima staðar í landinu.

[18:28]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég vildi nefna í framhaldi af ræðu hv. 15. þm. Reykv. var það sem hann sagði um málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem mér fannst vera á dálitlum misskilningi byggt. Það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að gera með máli sínu í dag var að rifja upp að Alþfl. er flokkur með fortíð í þessu máli eins og öðrum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti málið. Í fyrsta lagi var skipuð hálendisnefnd af hæstv. umhvrh. Júlíusi Sólnes á sínum tíma. Þessi nefnd skilaði skýrslu og um hana var fjallað hér í þinginu og aðilar að þeirri skýrslu voru menn úr öllum flokkum nema Sjálfstfl.

Síðan skipaði hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason aðra nefnd. Í henni voru menn úr mörgum flokkum, m.a. bæði Alþfl. og Sjálfstfl. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason var í þeirri nefnd. Niðurstaða hennar varð sú að gera tillögu um að það yrði sérstök stjórnsýslueining á miðhálendinu og það er sú stefna sem við alþýðubandalagsmenn viljum halda okkur við í málinu. Þannig stendur það að því er okkur varðar.

Hins vegar sagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og við sem áttum þá sæti á Alþingi og greiddum samhljóða atkvæði með málinu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á, að það er betra að skipa þessum málum einhvern veginn en engan veginn. Það var ekki vegna þess að við teldum þetta gott fyrirkomulag heldur vegna þess að við sögðum að það væri engin önnur leið sem menn féllust á. Þetta var samþykkt samhljóða atkvæðum í þinginu og hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason beygði sig fyrir þessum pólitíska meiri hluta sem allt í einu birtist úr stjórninni og stjórnarandstöðunni þar sem Sjálfstfl. og Framsókn sameinuðust í málinu.

Gagnrýni okkar núna á ákvæði til bráðabirgða stafar af því að við teljum að það eigi ekki að vera inni í þessu frv. Við teljum að í veigamiklu atriði að því er varðar óbyggðanefndina sérstaklega stangist frv. um þjóðlendur og þetta frv. á. Á því byggist okkar gagnrýni á þetta frv.

[18:30]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum fyrir mikla og eljusama þátttöku í þessari umræðu. Viðhorf manna hafa komið hér skýrt í ljós og þau eru nokkuð mismunandi. Sumum er ég sammála sem hér hafa talað og öðrum ekki.

Ég held að ég hafi verið búinn að svara flestum spurningum sem fram hafa komið í ræðu sem ég flutti fyrr í dag. Varðandi það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, þá fékk þriðja stjórnsýslustigið ekki hljómgrunn. Hann sagði að eftirlit ráðuneytisins með sveitarfélögunum hefði verið vanrækt. Ég kannast ekki við það. Ég tel að við höfum veitt eftirlit eftir því sem við höfðum heimildir til. En í þessu frv. eru sköpuð úrræði til miklu sterkara eftirlits, sérstaklega hvað varðar reikningsskil og hvað varðar það að grípa inn í þegar sveitarfélag er komið í fjárhagsvanda.

Eins og stendur, þá segja lögfræðingar mínir að samkvæmt gildandi lögum getum við ekki gripið fram fyrir hendurnar á löglega kjörinni sveitarstjórn nema hún gefi sig upp og það hefur ekki gerst í minni tíð.

Ég óska góðs samstarfs við sveitarstjórnirnar í landinu og hef reyndar átt því láni að fagna að hafa haft alveg sérlega gott samstarf við sveitarstjórnir í landinu þann tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu. En mér er það alveg ljóst að ég hef fyrst og fremst sem umboðsmaður almannavaldsins skyldur við íbúa sveitarfélagsins og m.a. þess vegna er komið inn í þetta frv. ákvæði sem takmarkar ábyrgðarveitingar sveitarfélaga til þriðja aðila og kannski, eins og ég sagði áður, fullstrangt að mínu mati. En sveitarstjórn getur með glannalegum fjármálaráðstöfunum bundið íbúum sveitarfélagsins óbærilega bagga til langrar framtíðar.

Það er komið samkomulag á milli sveitarfélaganna um hvar eigi að draga stjórnsýslumörkin og það er mjög mikilvægt og hefur verið talað um að við værum að færa sveitarfélögunum einhver sérstök réttindi. Við erum ekki að gera það nema á jöklunum. Það er einungis á jöklunum sem við erum að teygja þessar línur upp og það er nýlunda. En það tel ég að sé nauðsynlegt í stíl við annað sem verið er að gera. Það er orðin mikil ferðamennska á jöklunum þegar er farið að nota þá til útivistar sem ekki var gert. Það er alveg nýtt fyrir okkur og sveitarstjórnarstigið þarf að koma þar að. Það er ekki hægt að hafa einhvern hluta landsins sem einhvers konar einskismannsland. Óbyggðanefndin í þjóðlendufrv. hefur allt annað verkefni en sveitarstjórnirnar og það er mikill misskilningur að rugla því saman.

Hér hefur verið talað um að það vantaði kort með sveitarfélagamörkum í frv. eða í þskj. Ég mun hlutast til um að þetta kort verði lagt fram í hv. félmn. þannig að hægt sé að glöggva sig á þessu. Að vísu hafa sveitarfélagamörkin breyst mjög nýlega og eru óðum að breytast því sveitarfélögin eru að sameinast en menn eiga að geta glöggvað sig á hvaða svæði tilheyrir hverju sveitarfélagi þegar þar að kemur.

Hér hefur orðið mikil umræða um bráðabirgðaákvæðið. Ég átti von á að umræðan snerist um 1. gr. því 1. mgr. 1. gr. er það sem menn hafa verið að deila hér um. Bráðabirgðaákvæðið er einungis forskrift um aðferð. Í fyrsta lagi

til þess að skýra staðarmörkin. Það hefur verið undirbúið og samkomulag er nema á einum stað. Í öðru lagi, ef um varanlegan ágreining er að ræða, þá er forskrift um hvernig úrskurðarnefnd skuli skipuð til að höggva á hnútinn. Þetta kann að verða niðurstaðan varðandi Þórsmörk. Og í þriðja lagi eru í bráðabirgðaákvæðinu fyrirmæli um staðfestingu á stjórnsýslumörkunum. Öllum, (Forseti hringir.) herra forseti, bráðabirgðaákvæðum verður væntanlega fullnægt á fyrstu mánuðum eftir gildistökuna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði hér um frumburðarrétt. Það er hæstv. forsrh. sem kemur til með að fara með þennan frumburðarrétt á svæðinu. (**SvG:** Framsóknarflokksins.)

[18:36]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt með farið hjá hæstv. ráðherra þegar hann segir að þetta frv. feli raunverulega bara í sér að sveitarfélögin fái núna vald yfir jöklunum. Það er ekki rétt. Sveitarfélögin fara ekki með stjórnsýsluvald í almenningi. Það sem hefur verið ágreiningsefni víðar hefur tengst mörkum á sveitarfélögum. Með þessu frv. er hins vegar sveitarfélögum falið stjórnsýsluvald mun víðtækara en þau hafa haft áður sem m.a. snýr að skipulagsmálum, ekki einungis á jöklum, heldur á því sem kallað er almenningar. Réttarstaðan er sú að hálendi er núna einskismannsland. Ríkið hefur víðtæka heimild til að setja reglur um nýtingu þess. Heimildir sveitarfélaganna og íbúa þeirra innan hálendisins takmarkast við þröngar nýtingarheimildir, fyrst og fremst beitarafnot og veiðiréttindi sem upprekstraraðilum t.d. eru falin með lögum. Þessi svæði hafa aldrei verið skýrt afmörkuð frá eignarlögum og það er í sjálfu sér ekki tekið á því í þessu frv. Málið er því miklu víðtækara en hæstv. ráðherra lét að liggja í síðustu ræðu sinni og það á ekki að draga neitt úr því. Hér er um að ræða mjög mikilvægt vald á mjög víðtæku sviði og stóru landsvæði sem sveitarfélögum er falið með þessu frv. Svo hefur það hefur komið skýrt fram af hverju við gagnrýnum það að tiltölulega fámenn sveitarfélög fái svona mikið vald yfir sameign þjóðarinnar. Þetta ætti þá frekar, eins og við höfum nefnt, að fela sérstöku stjórnvaldi.

[18:38]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. Ágúst Einarsson les 3. mgr. 3. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, þá sér hann að sveitarfélögunum eru fengnar sömu heimildir í afréttum og í byggð. Ef hann athugar landakortið, þá sér hann að rétt að segja allt Ísland nema jöklarnir, tilheyrir einhverri afrétt. Það er ekkert einskismannsland, eða hér um bil ekkert, sem ekki er leitað á haustin.

[18:39]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg ljóst ákvæði sveitarstjórnarlaga hvað varðar afrétti eins og við þekkjum líka hér þó að eignarákvæði eða eignarstaða sé mjög víða óljós. Hins vegar tel ég ekki rétt að skilgreina allt miðhálendið sem annaðhvort afrétti eða jökla. Það er uppsetning hæstv. félmrh. sem hann gerir hér að umtalsefni. Ég lít svo á að þetta frv. — ég get að vísu ekki farið nema lítillega í það hér — feli í sér miklu meiri heimildir almennt til sveitarfélaga sérstaklega hvað varðar skipulagsmál en núgildandi lög og nái yfir víðtækara svæði en einungis jökla. Það er ekki rétt að það sé hægt að draga línuna eins og hæstv. ráðherra gerði hér með því að segja: „Allt miðhálendið skiptist í tvennt, þ.e. í jökla og afrétt."

[18:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Afrétt er það svæði sem smalað er og það er leitað á öllu auða landinu með einhverjum hætti. Þar af leiðandi tilheyrir hálendið að undanteknum jöklum einhverri afrétt. Það er ekki verið að færa á því svæði sveitarfélögunum nein réttindi sem þau hafa ekki. En ég vona að þessi umræða verði til þess að einstakar sveitarstjórnir taki við sér og sinni þeim skyldum sem þær hafa á hálendinu. Því miður hefur sums staðar verið misbrestur á því. (**Gripið fram í:** Hver smalar ...?)

[18:41]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins fara betur yfir þá fullyrðingu mína að ráðuneytið hafi vanrækt eftirlitshlutverk sitt. Ég vil benda á að því ber að fylgjast með fjárreiðum sveitarfélaga allt frá því fjárhagsáætlun er gerð. Það er ákveðið ferli og er lýst í lögunum hvernig eigi að standa að því í sveitarstjórn að taka ákvarðanir um fjárfrekar framkvæmdir. Síðan kemur ferli þegar sveitarfélag lendir í fjárþröng og loks þegar það er enn alvarlegra og það ræður ekki við stöðu sína og er skipuð yfir því fjárhaldsstjórn. Félmrh. er ætlað allt frá frumstigi og til loka að vera eftirlitsaðili á hverjum þætti, stig af stigi. Þetta hefur því miður verið mjög í skötulíki. Félmrn. hefur lítið gert til þess að gera kröfur á sveitarfélögin um að þriggja ára áætlun sé marktækt plagg. Það hefur ekki fylgst með því eða fylgt því eftir að ákvæði 77. gr. gildandi laga um hvernig standa eigi að því að taka ákvarðanir um fjárfrekar framkvæmdir, að því hafi verið framfylgt. Því hefur ekki verið framfylgt svo mér sé kunnugt um og það hefur ekki verið gripið í taumana í fjárhag sveitarfélaga jafnvel þótt bersýnilegt hafi verið að fjárhagur þeirra væri slíkur að þau gætu engan veginn ráðið við skuldbindingar sínar. Þarna hefur verið farið eftir mjúkri leið sem ráðuneytið hefur mótað í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga sem hefur haft það að markmiði að komast í lengstu lög hjá afskiptum ráðuneytisins. Og það hefur leitt það af sér að víða um land — ég vil helst ekki nefna dæmi um einstök sveitarfélög — hefur fjárhagurinn farið gjörsamlega úr böndunum sem hefur svo aftur komið niður á þjónustu við íbúana og því sem sveitarfélögin eiga að vinna.

[18:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þessa gagnrýni vil ég segja þetta: Þriggja ára áætlun er fögur áætlun og gott markmið. En það er ekkert endilega víst að það sé svo mikið að marka áætlun sem er gerð þrjú ár fram í tímann. Við vitum báðir hvernig fór með fimm ára áætlanir í Sovét og ég tala nú ekki um á verðbólgutímum sem sem betur fer eru nú að fjarlægjast okkur. Hvaða gagn hefði verið að þriggja ára áætlun í fjárreiðum sveitarfélaga þá?

Ég get viðurkennt að þarna hefði kannski mátt ganga lengra en við höfum gert.

Varðandi það að skila reikningum, þá höfum við gengið ríkt eftir því að sveitarfélögin hafi skilað reikningum. Það hefur hins vegar ekki gengið endilega andskotalaust því að sum sveitarfélög hafa borið því við að þau væru hjá endurskoðandanum og bókhaldararnir væru í önnum og það hefur verið trassagangur á þessu hjá einstöku sveitarfélagi og við höfum gripið til þess að hóta því og framkvæma tímabundið,

að stöðva framlög úr jöfnunarsjóði. Þá hafa þau nú venjulega druslað frá sér reikningunum.

Hins vegar höfum við ekki tækifæri, segja lögfræðingar ráðuneytisins mér, að grípa fram fyrir hendur sveitarfélaga ef þau gefa sig ekki upp sjálf eða leita ásjár ráðuneytisins. Samkvæmt gildandi lögum er reiknað með því að sveitarfélögin leiti ásjár ráðuneytisins, ráðuneytið hafi ekki frumkvæðið. Hitt get ég viðurkennt að er rétt hjá hv. þm. að Samband ísl. sveitarfélaga er mjög metnaðarfullt fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu og vill leggja vinnu í að reyna að hjálpa sveitarfélögunum til þess að ekki komi til þess að ráðuneytið fari að taka af þeim fjárráðin.

[18:46]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög nauðsynlegt að ráðuneyti sinni hlutverki sínu um eftirlit með fjárhag sveitarfélaga því að þegar hann fer úr böndum, þá líða íbúar sveitarfélagsins fyrir og það hefur því miður gerst og leitt af sér t.d. fólksfækkun umfram það sem annars hefði orðið.

Ég er hissa á hæstv. félmrh. að leggja til í frv. sínu að hafa áfram þriggja ára áætlun fyrst hann hefur ekki meiri trú á því plaggi en raun ber vitni og reyndar bætir hann um betur því að hann gerir ráð fyrir því að þessi þriggja ára áætlun verði fjögurra ára áætlun, þ.e. fjárhagsáætlun ársins og næstu þriggja ára þar á eftir, en í gildandi lögum er þetta þriggja ára áætlun aðeins tvö næstu ár á eftir gerð fjárhagsáætlunar.

Ég vil nefna sem dæmi það sem kom fram í fyrri ræðu minni í dag um sleifarlag félmrn. í eftirlitsskyldu sinni og það er um vatnsgjald. Það er vitað að innheimt er vatnsgjald af íbúunum um 200–300 millj. kr. á ári umfram það sem lög um vatnsgjald heimila. Þau lög heyra undir félmrh. og í svari sem ég er með hérna kemur skýrt fram að félmrn. vill ekki framfylgja þeim lögum.

[18:47]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. um að það þarf að vera eftirlit og það er einmitt meiningin með þessu frv. að styrkja stöðu okkar til að hafa það eftirlit.

Varðandi þriggja ára áætlanirnar þarf ekki að vitna til annars en t.d. vegáætlananna sem við erum að semja hér öðru hverju í þinginu. Við semjum vegáætlun til fjögurra ára. Ég man ekki eftir því þann tíma sem ég hef starfað hér og það eru orðin þó nokkuð mörg ár að ekki hafi þurft meira og minna að brjóta upp vegáætlun á hverju einasta ári.

[18:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vafalaust var það af einskærri tilviljun að hæstv. félmrh. gleymdi að svara léttvægri spurningu sem ég kom með fyrr í dag. Ég spurði í tilefni umræðnanna sem hér urðu í dag: Hvað hafa margir þingmenn Framsfl. fyrirvara við frv.? Það er nauðsynlegt að það komi hér fram. Hvað er mikill stuðningur við frv. í stjórnarliðinu? Einn hv. þm. Framsfl. hefur þegar lýst andstöðu við veigamikið atriði og því hefur verið haldið hér fram í umræðunum að þrír aðrir þingmenn úr þingflokki Framsfl. hafi gert fyrirvara við frv. Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni fyrr í dag að það væri einungis einn þingmanna í hans liði, hans flokki, sem hefði gert fyrirvara og því spyr ég hann: Getur það verið að hann hafi misminnt og þeir séu ekki einn heldur fjórir?

[18:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mig hafi ekki misminnt. Einn þingmaður, þ.e. hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, gerði formlegan fyrirvara og lét færa til bókar. Þrír þingmenn sem hér hafa verið nefndir, hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson (**Gripið fram í:** Heimskautafari.) sem nú er að nálgast suðurheimskautið — guð veri með honum á þeirri ferð — voru með vangaveltur um hvernig réttast væri að skipa þessum málum. En ef ég veit rétt, þá gerðu þeir ekki formlegan fyrirvara eða lögðust gegn framlagningu málsins eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerði.

[18:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að upplýsa þetta. Það hefur komið fram að það er einn þingmaður sem hefur gert skýran formlegan fyrirvara og þrír aðrir þingmenn Framsfl. hafa verið með efasemdir um frv. Það á að vísu eftir að koma í ljós hvort það sem hæstv. félmrh. kallar vangaveltur leiði til virkrar andstöðu hér í þingsölum. Við sjáum hverju fram vindur. Ég vona alla vega að það hafi ekki verið sterk andstaða við þetta frv. sem hrakti hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson á vit suðurskautsins.

[18:50]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé alls ekki af mínum völdum sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lagði upp í sína löngu ferð. Ég held að það hafi verið af einhverri annarri innri þrá sem hann lagði í þá ferð. Ég geri ráð fyrir því að við frekari meðferð málsins komi skýr afstaða þessara þingmanna í ljós og ég sannarlega vona það að þeir styðji þetta ágæta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–20. mál.

Fundi slitið kl. 18:51.

# 37. FUNDUR

mánudaginn 8. des.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 98. mál, þskj. 425. — 3. umr.
3. Hlutafélög, stjfrv., 147. mál, þskj. 426. — 3. umr.
4. Einkahlutafélög, stjfrv., 148. mál, þskj. 148. — 3. umr.
5. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 304. mál, þskj. 378. — 1. umr.
6. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 327. mál, þskj. 413. — 1. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 328. mál, þskj. 414. — 1. umr.
8. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 415. — 1. umr.
9. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 416. — 1. umr.
10. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 339. mál, þskj. 428. — 1. umr.
11. Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 429. — 1. umr.
12. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430. — 1. umr.
13. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

## *Virðisaukaskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 425.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hlutafélög, 3. umr.*

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 426.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Einkahlutafélög, 3. umr.*

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.*

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 378.

[15:05]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995. Helstu atriði þessa frv. eru eftirtalin:

1. Með frv. þessu er lögð til hækkun á aukatekjutöxtum ríkissjóðs í I.–III. kafla og VIII. kafla laganna en þetta eru dómsmálagjöld, gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumann, gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir og gjöld fyrir ýmis vottorð og leyfi sem eru á valdsviði dómsmrn. Þessi gjöld hafa staðið óbreytt í sex ár, frá gildistöku laganna árið 1991, en frá þeim tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13,5% og launavísitala um 24%.

Frv. gerir ráð fyrir að gjöldin hækki um 15% og er miðað við að hækkunin sé sem næst því að vera til jafns við hækkun verðlags sem orðið hefur frá gildistöku laganna. Hækkun þessari er stillt í hóf og er í því sambandi rétt að geta þess að rekstrarkostnaður héraðsdómstóla hefur hækkað um 21% frá árinu 1993 eftir aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds. Gert er ráð fyrir að hækkunin muni auka tekjur ríkissjóðs um 99 millj. kr., tæplega 100 millj. kr.

2. Þá er í öðru lagi lögð til breyting á V. kafla laganna um leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem nauðsynleg er vegna breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og leiðir til þess að verðbréfamiðlun verður framvegis einungis rekin sem verðbréfafyrirtæki. Enn fremur er lagt til að erlendum fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að veita þjónustu hér á landi verði gert að greiða fyrir leyfisbréf, enda verður að telja eðlilegt að jafnræði sé í gjaldtöku fyrir starfsleyfi innlendra og erlendra aðila.

Þá er lögð til breyting á leyfi fyrir áfengisveitingastað í stað þess að innheimta gjald fyrir leyfi til áfengisveitinga á bilinu 20.000–100.000 kr. eftir því til hve langs tíma leyfið er veitt eins og nú er. Lagt er til að það gildi annaðhvort til eins árs eða gildi til lengri tíma en árs en ekki lengur en til fjögurra ára. Jafnframt verður leyfisgjaldið hækkað þannig að gjald fyrir leyfi til eins árs verði 100 þús. kr. og leyfi til eins til fjögurra ára verði 200 þús. kr. Auk þess að greiða gjald fyrir áfengisveitingaleyfi greiða áfengisveitingastaðir nú eftirlitsgjald sem stendur undir kostnaði við eftirlit samkvæmt áfengislögum.

Nefnd um endurskoðun áfengislaga hefur lagt til að vín-eftirlit í núverandi mynd verði lagt niður og eftirlit með áfengisveitingum verði hluti af almennu starfi lögreglunnar. Sú hækkun á leyfi til áfengisveitingastaða sem hér er lögð til felur því einnig í sér eftirlitsgjald sem standi straum af kostnaði lögreglunnar við þetta eftirlit.

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að árétta að hér er um nokkra breytingu að ræða og annar þáttur þeirrar breytingar mun koma fram í frv. sem hæstv. dómsmrh. hyggst flytja innan tíðar um breytingar á áfengislögunum sjálfum þannig að hér er um að ræða tilfærslu í gjöldum. Það skýrir að nokkru leyti þá hækkun sem verður á leyfi fyrir áfengisveitingastað. Enda er hugmyndin að leyfið kosti eftirlit með

stöðunum. Telja verður þetta heppilegri aðferð en að vera með mörg mismunandi gjöld vegna starfseminnar og er þetta jafnframt til einföldunar í framkvæmd.

Í þriðja lagi er þess að geta að í frv. er lagt til að við VIII. kafla sem fjallar um ýmis vottorð og leyfi bætist tveir nýir töluliðir er varða annars vegar gjald fyrir leyfi til nafnbreytingar og í öðru lagi gjald fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt. Þetta bætist við VIII. kafla laganna.

Samkvæmt aukatekjulögum hefur verið innheimt gjald fyrir þessi leyfi og vottorð samkvæmt almennum ákvæðum laganna en æskilegt þykir að lögin geymi sérákvæði um þessi efni. Verið er að flytja til lagaákvæði.

Að lokum er lagt til að við lögin bætist nýr kafli sem fjallar um gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða. Samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfesti skipulagsskrá, nr. 19/1988, er dómsmrh. gert að staðfesta skipulagsskrár sjóða og sjálfseignarstofnana sé þess farið á leit að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt sömu lögum skal birta staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim í B-deild Stjórnartíðinda. Töluverð vinna hvílir á dómsmrn. við staðfestingu skipulagsskráa og hefur birting í Stjórnartíðindum eðlilega talsverðan kostnað í för með sér. Hingað til hefur ekkert gjald verið tekið fyrir þessa þjónustu, en það er talið eðlilegt að gjald sé lagt á hana svo sem tíðkast um aðra samsvarandi þjónustu ráðuneytisins og gerir frv. ráð fyrir að gjald fyrir staðfestingu á skipulagsskrám verði 5.000 kr. Enn fremur er lagt til að heimilað verði að krefja þá sem fá staðfesta skipulagsskrá um endurgreiðslu til ráðuneytisins vegna kostnaðar af birtingu skipulagsskrár í B-deild Stjórnartíðinda.

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er fjmrh. gert að staðfesta reglugerðir lífeyrissjóða. Reglugerðirnar eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda og hefur kostnaður við birtingu þeirra verið umtalsverður. Þykir rétt að lífeyrissjóðir beri sjálfir kostnað af birtingu reglugerða sem frá þeim koma og er því lagt til í frv. að lífeyrissjóðir endurgreiði fjmrn. kostnað af birtingu reglugerðar lífeyrissjóða í Stjórnartíðindum.

Ég vil aðeins geta þess að lokum að á sínum tíma voru þessar tekjur byggðar á ákvæðum í reglugerð sem gefin var út af fjmrn. en á árinu 1991 var aflað lagaheimilda. Tryggara þótti að afla lagaheimilda vegna stjórnarskrárbreytingar. Þær upphæðir sem hér er um að ræða hafa yfirleitt ekkert breyst frá þessum tíma þannig að búast má við að á nokkurra ára fresti þurfi til þess að koma að gera breytingar á fjárupphæðum laga af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:13]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs felur í sér verulegar hækkanir á dómsmálagjöldum sem ég geri hér einkum athugasemdir við. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er áætlað að fyrirhugaðar hækkanir muni gefa ríkissjóði tæpar 100 millj. kr. Hverjir eru það svo sem aðallega lenda í þessum hækkunum? Jú, það eru einkum heimili sem eru í verulegum fjárhagserfiðleikum og miklum vanskilum, menn jafnvel komnir með íbúðir sínar á nauðungarsölu. Ég hef fengið í hendur sundurliðun á þessum 100 millj. Þar kemur fram að hækkun t.d. vegna beiðna um nauðungarsölu er 24 millj kr. Þetta er hækkun á þeim pósti sem lendir að verulegu leyti á heimilum sem eru í miklum fjárhagserfiðleikum. Aðfarargjald á að hækka um 22 millj. þannig að samtals er hækkunin á aðfarargjöldum og gjöldum fyrir beiðni um nauðungarsölu um helmingurinn af hækkun á dómsmálagjöldunum.

Ég vil rifja upp, herra forseti, að ég flutti á síðasta þingi, ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Gísla S. Einarssyni till. til þál. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Einn þáttur í því var að dregið yrði úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga, svo sem stimpil- og þinglýsingargjalda og gjaldtöku við fjárnám, nauðungarsölu og virðisaukaskatt á innheimtukostnað lögmanna. Hækkun dómsmálagjalda sem hér er boðuð gengur þvert á þá tillögu sem þá var lögð til. Ljóst er að gjaldtaka ríkisins, m.a. þessi dómsmálagjöld, er skuldurum afar þungbær og getur haft úrslitaáhrif á það hvort fólk getur unnið bug á fjárhagserfiðleikum sínum. En til að forðast nauðungaruppboð þarf viðkomandi einstaklingur oft að greiða til ríkisins bæði í formi stimpil- og þinglýsingargjalda, réttargjalda og virðisaukaskatts tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna ofan á hinar eiginlegu skuldir og gjöld til lögmanna. Þannig er algengt að þóknun, kostnaður og álög á skuldir einstaklinga til ríkisins og innheimtuaðila geti þegar upp er staðið orðið mun hærri en höfuðstóll skuldarinnar. Slík innheimta verður oft til þess að brjóta niður einstakling sem þarf á öllu sínu að halda til að ráða fram úr erfiðleikunum.

Í þeirri tillögu sem við fluttum á síðasta þingi var sýnt fram á með ýmsum dæmum hvernig einmitt gjaldtaka ríkissjóðs og ýmis lögfræðikostnaður væri oft miklu hærri en höfuðstóllinn. Og nú, herra forseti, er fyrirhugað að hækka enn þessi gjöld með ákaflega skrýtnum rökstuðningi vægast sagt. Til þess er vitnað að rekstrarkostnaður héraðsdómstólanna hafi hækkað úr 281 millj. í 341 millj. kr. Hvað skyldi nú ríkissjóður hafa miklar tekjur vegna gjaldtöku og skattlagningar á skuldir einstaklinga? Það eru alveg gífurlegar fjárhæðir og vil ég rifja upp, herra forseti, að á 120. löggjafarþingi fékk ég svar frá hæstv. fjmrh. um gjaldtöku og skattlagningu á skuldir einstaklinga. Þar kom fram að stærsti liðurinn í því voru stimpilgjöld sem voru á árinu 1995 tæpir 2,3 milljarðar kr. og þó ekki sé verið að hækka þau hér, þá sýnist mér að í fjárlagafrv. sjálfu sé verið að hækka þetta um 130 millj. a.m.k. og spyr hæstv. ráðherra um hvort það sé ekki rétt að verið sé að hækka stimpilgjöldin í fjárlagafrv. um 130 millj.

Af þinglýsingargjaldtökunni árið 1995 hafði ríkið um 111 millj. í tekjur og það á að fara að hækka þinglýsingarnar um 17–18 millj. samkvæmt þessu yfirliti sem ég hef frá dómsmrn., þ.e. við sundurliðun á slíkum dómsmálagjöldum, þá eru þinglýsingarnar eða kostnaður vegna þeirra hækkaður um tæpar 18 millj. kr.

Gjald vegna beiðni um nauðungarsölu var 210 millj. á árinu 1995 og það á að hækka það núna samkvæmt þessu frv. um tæpar 25 millj. kr. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hefur hann enga matarholu að leita í nema þá verst stöddu í þjóðfélaginu? Þarf hann að hækka gjaldtöku á þeim sem eru í miklum vanskilum, jafnvel komnir svo tæpt fjárhagslega að vera með íbúðir sínar undir hamrinum? Þessari gjaldtöku mótmæli ég og sé ekki að rökstuðningur um hækkun á rekstri héraðsdómstólanna hafi neitt með þetta að segja enda hefur ríkið samkvæmt því svari sem ég vitnaði í um 2,7 milljarða í gjaldtöku og skattlagningu af skuldum einstaklinga og þá er

ótalinn virðisaukaskattur af starfsemi lögmanna sem fjmrn. gat ekki svarað mér um hvað gæfi ríkissjóði mikið í tekjur.

Ég taldi, herra forseti, fulla ástæðu undir þessari umræðu að vekja athygli á þessu og kannski rétt af því að þetta tengist mikið erfiðleikum heimilanna, sem á að fara að íþyngja enn meira, að rifja upp hvaða áhrif þær aðgerðir hafa haft sem ríkisstjórnin fór í þegar hún hafnaði því að fara út í greiðsluaðlögum sem Framsfl. hélt hæst á lofti í síðustu kosningum og fór í staðinn þá leið að leggja fram frv. til laga um réttaraðstoð einstaklinga og frv. sem lýtur að fjmrn., þ.e. að breyta lögum um tekju- og eignarskatt í þá veru að undir ákveðnum kringumstæðum verði heimilt að fella niður tekju- og eignarskatt hjá einstaklingum sem ættu í verulegum erfiðleikum. Hverju hefur þetta nú skilað, herra forseti, sem átti að bjarga heimilunum sem voru í miklum fjárhagserfiðleikum? Hve margir hafa fengið fyrirgreiðslu samkvæmt lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga? 47 einstaklingar hafa sótt um slíka aðstoð og 29 fengið. Það er nú allt og sumt. Og aðstoðin er um 250 þús. kr. sem hver og einn einstaklingur getur fengið vegna þessarar réttaraðstoðar. Því er haldið fram í mín eyru að þessi aðstoð dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði undirbúningsvinnu lögmanna sem aðstoða skuldara.

Þá er komið að lögunum um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti sem voru samþykkt sl. vor. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur ekkert erindi uppfyllt skilyrði laganna en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjmrh. skýrslu um málavöxtu. Fjmrh. er síðan heimilt að samþykkja nauðasamninga að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Það hefur enn enginn getað fengið aðstoð samkvæmt þessum lögum. Á það var einmitt bent þegar þetta mál var til umræðu að skilyrðin væru með þeim hætti að mjög fáir gætu nýtt sér þau þannig að eftir stendur að þau úrræði sem ríkisstjórnin hafði fyrir skuldugustu heimilin í landinu, skuldbreyting aldarinnar, eins og Framsfl. nefndi það í kosningabaráttunni, hefur nánast engu skilað fyrir þessi skuldugu heimili. Og enn á að bæta um betur í þessu frv. sem hér er til umræðu þegar hækka á dómsmálagjöldin um hundrað millj. kr. sem að stærstum hluta lendir á heimilunum sem eru í erfiðustu og verstu fjárhagsstöðunni.

Þetta er það sem hæstv. ríkisstjórn er að skila skuldurum landsins þ.e. að leggja fram frv. sem litlu eða engu hafa skilað þeim sem eru í vandræðum og síðan kemur frv. sem hækkar verulega dómsmálagjöldin og íþyngir þar með heimilunum og gerir þeim erfiðara fyrir að reyna að leysa úr sínum vandræðum og komast hjá nauðungarsölu. Þegar ég nefni að aðeins 29 manns hafi fengið aðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð við einstaklinga, þá er hægt að bera saman tölur um hversu margir einstaklingar voru úrskurðaðir gjaldþrota. Á árinu 1995 voru tæplega 700 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota og það er alveg ljóst, herra forseti, að sú leið sem hér er verið að fara þ.e. að hækka dómsmálagjöldin og gjaldtöku vegna nauðungarsölu, aðfarargerðar o.fl. hjálpar ekki þeim heimilum sem nú eru í þessari stöðu. Þess vegna mótmæli ég, herra forseti, því sem hér á að koma í gegn, þ.e. hækkun á dómsmálagjöldunum, og hvet til þess að þetta mál verði ítarlega skoðað í hv. efh.- og viðskn. sem fær það mál til umfjöllunar og bið um að leitað verði annarra leiða en níðast á þeim verst settu í þjóðfélaginu sem kannski standa frammi fyrir því þessa dagana og vikurnar að missa íbúðir sínar og heimili á uppboði.

[15:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég tók eftir því að óvenjulétt var yfir hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. um hækkun á ýmsum aukatekjum ríkissjóðs, enda ekki lítill búhnykkur á ferðinni fyrir hæstv. fjmrh. þar sem er hækkun á þeim vinsælu skattstofnum sem ganga undir því sérstaka safnheiti aukatekjur ríkissjóðs, svona viðbótartekjur eða tekjuauki. Þetta eru eins og kunnugt er, herra forseti, ýmiss konar gjöld eða skattar sem oft hafa verið taldir liggja á gráu svæði mitt á milli þess að vera greiðslur fyrir útlagðan kostnað eða þjónustugjöld sem réttlætanleg væru sem slík vegna kostnaðar sem af því hljótist að skrá tiltekin réttindi eða gefa út leyfi eða hvað það nú er sem þar er á ferðinni, og hins vegar að vera hreinn og beinn tekjustofn eða fjáröflunargjald fyrir ríkissjóð. Þessir skattar hafa stundum, með leyfi, verið kallaðir skítaskattar og verið misvinsælir á undanförnum árum.

Það er eins og mig minni að Sjálfstfl. hafi stundum haft þá stefnu að það ætti eiginlega að slá þetta allt saman af, þessi frumskógur af alls konar aukatekjum og smásköttum væri heldur til óþurftar. En það vefst samt sem áður ekki fyrir hæstv. fjmrh. að koma hér tiltölulega brosmildur af einhverjum ástæðum og mæla fyrir hækkun á þessum gjöldum, þar á meðal á dómsmálagjöldunum sem hv. 13. þm. Reykv. Jóhanna Sigurðardóttir fór ágætlega yfir áðan.

En það var II. kafli þessa frv., herra forseti, sem ég ætlaði aðallega að gera að umtalsefni þar sem í 9. gr. frv. er verið að fjalla um hækkun á leyfi, starfsleyfi eða leyfi fyrir rekstur áfengisveitingastaða en þó fremur þær breytingar sem vísað er til í grg. frv. hvað þetta varðar. Það er með nokkuð sérkennilegum hætti, herra forseti, að mínu mati svo ekki sé meira sagt. En þar segir að um sé að ræða hækkun á leyfi fyrir áfengisveitingastaði, en þar hafa verið tekin gjöld allt frá bilinu 20 og upp í 100 þús. kr. eftir því til hve langs tíma leyfið er veitt. Síðan segir:

„... og eru þær upphæðir að mati þeirra sem telja að herða þurfi skilyrði gagnvart leyfishöfum of lágar. Auk þess greiða áfengisveitingastaðir í Reykjavík sérstakt víneftirlitsgjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við eftirlit. Nefnd um endurskoðun áfengislaga hefur lagt til að víneftirlit í núverandi mynd verði lagt niður og eftirlit með áfengisveitingum verði hluti af almennu starfi lögreglunnar. Með tilliti til þess að almennt er ekki farið fram á sérstaka gjaldtöku vegna starfa lögreglunnar þykir óeðlilegt að krefjast sérstaks víneftirlitsgjalds eins og verið hefur. Því er lagt til að leyfi til áfengisveitinga verði hækkað þannig að í leyfisgjaldinu felist einnig eftirlitsgjald sem standi straum af kostnaði lögreglunnar við þetta eftirlit."

Þetta er alveg stórfurðulegur texti, herra forseti, svo ekki sé meira sagt. Í fyrsta lagi er þar til að taka að hér virðast vera á ferðinni tillögur nefndar sem ekki er nánar útskýrt í frv. hvar á vegi séu staddar. Hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið að gera þessar tillögur að sínum? Liggur fyrir niðurstaða um það í ríkisstjórninni? Að vísu boðaði hæstv. fjmrh. að frv. kynni að koma fram frá hæstv. dómsmrh.

Í öðru lagi er svo auðvitað það efnisatriði hvort menn telja skynsamlegt að leggja sérstakt eftirlit með starfrækslu áfengisveitingastaða niður. Er það niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar að það sé framfaraskref hvað varðar áfengispólitík

í landinu? Er hæstv. heilbrrh. dús við það, ef svo má að orði komast, herra forseti, að fara þannig að? Ég hélt að mat þeirra sem fylgst hafa með þeim málum væri frekar hitt að brýna nauðsyn bæri til að reyna að efla þetta eftirlit, sérstaklega eftir að breytingar voru gerðar á áfengislögum hvað varðar fyrirkomulag heildsöludreifingar með áfengi. Það er fullyrt af þeim sem til þekkja að mun erfiðara hafi orðið að fylgjast með því t.d. að ekki sé um smyglaðan varning að ræða í bland við löglegan á veitingastöðunum. Þannig var fullyrt í mín eyru að komið hefði í ljós við skattalegt eftirlit að einn af stærri vínveitingastöðum borgarinnar hefði selt eina flösku af vodka í júlímánuði sl. og það þótti furðanlega lítið af þeim miði miðað við önnur umsvif á staðnum. Það vakna að sjálfsögðu grunsemdir um að á ferðinni sé smyglað staðgengi vörunnar.

Eins og menn vita varð allt eftirlit mun torveldara með því að heildsöludreifingu á vegum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins var hætt eða opnað almennt fyrir að heildsalar gætu dreift vörunni og merkingar á flöskum aflagðar í því sambandi. Það virðist þar af leiðandi nokkuð sérkennilegt að í framhaldinu skuli hæstv. ríkisstjórn komast að þeirri niðurstöðu að rétt sé að leggja eftirlitið niður og fela það lögreglunni sem ég hélt að hefði nú alveg nóg að starfa og ætti nóg með sig. En svo kemur eiginlega rúsínan í pylsuendanum hvað röksemdafærsluna snertir, herra forseti, og ég held að ég verði að lesa þetta aftur, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess að almennt er ekki farið fram á sérstaka gjaldtöku vegna starfa lögreglunnar þykir óeðlilegt að krefjast sérstaks víneftirlitsgjalds eins og verið hefur."

Já, það á sem sagt ekki að halda aðgreindum þessum störfum lögreglunnar, að afla tekna til þeirra sérstaklega. Það er ekki hægt að lesa þennan texta öðruvísi en þannig að lögreglan eigi bara að fá almennar fjárveitingar til að sinna sínum störfum. En hvað er þá verið að fara í næstu setningu? Þar stendur:

„Því er lagt til að leyfi til áfengisveitinga verði hækkað þannig að í leyfisgjaldinu felist einnig eftirlitsgjald sem standi straum af kostnaði lögreglunnar við þetta eftirlit."

Þarna er fullyrt alveg hið gagnstæða. Ég held að Ragnar Reykás, sú merka persóna sem oft er vitnað til, yrði hreykinn af þessum texta. Hann hefði ekki getað gert þetta betur, að taka eina setningu og snúa merkingu hennar algjörlega við í næstu setningu og segja að hækkunin á leyfisgjaldinu eigi einmitt að vera að hluta til tekjustofn fyrir ríkið til að standa straum af auknum útgjöldum lögreglunnar í þessi efni. Er þetta nýr sérmerktur tekjustofn? Er ekki þarna verið að viðurkenna, herra forseti, að gjaldtakan í þessu sambandi sé þá ekki þjónustugjald, að þetta sé ekki greiðsla á raunverulegum útlögðum kostnaði vegna útgáfu vínveitingaleyfisins heldur í raun og veru tekjustofn fyrir ríkið og þá er þetta auðvitað ekkert annað en skattur og þá erum við komin á fulla ferð inn á þetta gráa svæði þar sem mörkin milli þjónustugjalda eða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði annars vegar og skattstofns eða fjáröflunargjalda fyrir ríkissjóð hins vegar eru orðin mjög óljós.

Ég tel sem sagt, herra forseti, þarna vera á mjög sérkennilegan og reyndar á gagnrýnisverðan hátt fjallað um þessa hluti. Í fyrsta lagi hefði ég að sjálfsögðu talið eðlilegt að frv. hæstv. dómsmrh. væri þá á undan, kæmi fram og um það yrði fjallað og það kæmi í ljós hvort vilji væri fyrir því á Alþingi að gera þá breytingu að fella niður sérstakt eftirlit með rekstri vínveitingastaða og þá kæmi væntanlega í ljóst hvort, sem ég út af fyrir sig dreg ekki í efa, þetta væri hluti af nýrri stefnu hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum sem hæstv. heilbrrh. væri aðili að. Í kjölfarið hefði verið eðlilegt að gera þá breytingu sem hæstv. fjmrh. er hér að leggja til. Mér finnst þetta bera að þinginu í algjörlega öfugri röð fyrir nú utan að röksemdafærslan er hér alveg stórbrotin svo ekki sé meira sagt og mótsagnakennd mjög.

Að síðustu, herra forseti, er nokkuð skondið atriði í 11. gr. frv. Þar er settur inn nýr kafli til að heimila að reyta svona pínulítið, svolitla aura, af þeim sem eru að sækja til ráðuneytanna um að fá staðfestar sínar skipulagsskrár og/eða lífeyrissjóðum sem birta sínar reglugerðir. Það þarf náttúrlega að passa að hægt sé að ná af þeim þannig að það er skotið inn heilli nýrri lagagrein, gott ef ekki bara kafla, nýjum XI. kafla sem á að heita Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða. Og það á að kosta heilar 5.000 kr. að fá þetta staðfest. En það sem er enn þá skrautlegra er að síðan segir:

„Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda."

Það er ekkert annað. Það á sem sagt að fara að velta kostnaðinum af útgáfu Stjórnartíðindanna yfir á einstaka aðila sem fá sitt efni birt þar. Þetta er alveg stórbrotið nýmæli hjá hæstv. fjmrh. og ég óska honum alveg sérstaklega til hamingju með hugkvæmnina á þessu sviði að vera að fara út á þá braut að koma kostnaðinum af útgáfu Stjórnartíðindanna yfir á einstaka aðila sem verða fyrir því að þeirra efni er þar birt eins og lög gera ráð fyrir. (Gripið fram í.) Þetta hlýtur að enda þannig að smátt og smátt komi hæstv. fjmrh. öllum kostnaðinum af Stjórnartíðindunum yfir á aðra. Ég sé ekki annað.

Ég spyr nú samt sem áður: Er ekki ástæða til að ætla að þetta verki heldur hamlandi á það sem er auðvitað hið mesta þjóðþrifamál að aðilar af þessu tagi komi því í verk eða þeir geri gangskör að því að fá staðfestar sínar skipulagsskrá? Það geta verið áhöld um það hvort þeim er það beinlínis skylt eða ekki og jafnvel þó svo sé að þeir eigi samkvæmt laganna bókstaf að afla staðfestingar á sinni skipulagsskrá, þá er ekki endilega víst að allir hafi komið því í verk. Og ég er ekki viss um að það sé til bóta í réttarfarslegu eða stjórnsýslulegu tilliti að vera með gjaldtöku eða ákvæði af þessu tagi sem gætu verkað þarna hamlandi fyrir utan að mér finnst nú smámunasemin vera orðin dálítið mikil í þessum efnum ef það á að fara að rukka menn fyrir það að efni af þessu tagi birtist í Stjórnartíðindunum, fyrir prentkostnaðinum eða hvað það er nú er.

Ég segi nú bara að lokum, herra forseti, að litlu verður Vöggur feginn. Og hvað kemur næst hjá hæstv. fjmrh. í þessum efnum? Fer hann ekki að rukka gestina í fjmrn. fyrir kaffi ef þeir skyldu fá það? (**Fjmrh.:** Góð hugmynd.)

[15:36]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Aðeins kannski örfá orð inn í þessa umræðu. Þetta frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs lætur kannski ekki mikið yfir sér og virðist í fljótu bragði vera eðlileg framkvæmd hækkana með tilliti til verðlags. En ég vil þó taka undir þau orð sem hér hafa fallið um það hverjir koma til með að bera þessi gjöld sem um er að ræða.

Í 1.–8. gr. er verið að leggja til 15% hækkun á dómsmálagjöldum og rökin eru að rekstrarkostnaður héraðsdómstóla

hafi hækkað um 21%. Það var gert ráð fyrir 100 millj. kr. tekjuauka af þessum völdum. Ég tel, herra forseti, að þessar hækkanir muni lítillega hafa áhrif á almennt verðlag. Það er eðlilegt, hæstv. fjmrh., að gera þeim aðilum sem að þessum rekstri standa að sýna aðhald og sparsemi og það er eðlilegra að hækkanir eins og hér um ræðir komi miklu jafnara inn, t.d. þegar hækkunar er þörf, um t.d. 5% í hvert sinn, í staðinn fyrir að fara í svona slumphækkanir á einhverju árabili eins og verið er að gera hér. Þessi vinnubrögð eru mér á móti skapi. Ég tel að þetta eigi að gerast öðruvísi. Og ég sé að hæstv. fjmrh. er sammála mér að þetta eigi að fylgja jafnara fram.

En þar að auki er settur inn, eins og hér kom fram áðan, nýr tekjuauki fyrir ríkissjóð. Þá er ég að vitna til bæði 9., 10. og 11. gr. þar sem um er að ræða í 11. gr. gjöld fyrir skipulagsskrár og birtingu reglugerða lífeyrissjóða. Ég býst svo sem við að þær hækkanir sem um er að ræða fari í gegn þó svo ég sé með þessar athugasemdir hér. En ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því að það er óeðlilegt að setja þetta inn á þennan veg og gera þetta með svo löngu millibili. Það á að miða við að þegar meðaltalshækkanir á neysluverðsvísitölu og launaverðsvísitölu eru 10%, þá ætti þetta að koma inn sem eðlileg hækkun. Þannig lít ég á þetta.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hverjar eru áætlaðar heildartekjur eða heildartekjuauki ríkissjóðs í tengslum við þetta frv.? Það er gert ráð fyrir 100 millj. kr. varðandi 1.–8. gr. En hver er heildin og á hverjum lenda þessi gjöld eða gjaldahækkanir, hæstv. fjmrh.?

Ég ætla að láta þetta nægja í umfjöllun um málið, en mér finnst óeðlilegt, herra forseti, hvernig þetta ber að. Það á að bera að þegar tilefni eru til eins og varðandi aðrar tekjur ríkissjóðs og gjöld sem á að greiða til ríkissjóðs á einhvern hátt.

[15:39]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að fjalla örlítið um hin svokölluðu dómsmálagjöld, en í því frv. sem hæstv. fjmrh. hefur nýverið mælt fyrir, um aukatekjur ríkissjóðs, kemur fram að ætlunin er að ná um það bil 100 millj. kr. tekjum í ríkissjóð vegna hækkana á dómsmálagjöldum og það er rökstutt eins og segir hér í greinargerð, virðulegi forseti, að:

„Frá árinu 1993 sem er fyrsta heila árið eftir aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds hefur rekstrarkostnaður héraðsdómstóla hækkað úr 281.000 þús. kr. í 341.000 þús. kr. árið 1996 ...“

Ég held, virðulegi forseti, að við deilum ekki um það hér að eitt af meginhlutverkum ríkisins er að reka dómstóla. Þetta er einn af þremur þáttum ríkisvaldsins og ég held að um það sé ekki deilt að þessi kostnaður á að sjálfsögðu að hvíla á ríkinu. Þess vegna er dálítið eftirtektarvert að skoða hvað ríkissjóður hafði í tekjur af dómsmálagjöldum fyrir árið 1996. En þar kemur fram að ríkissjóður hafði í tekjur 660 millj. kr. sem má leggja út þannig að ríkið hafi hagnast um sem nemur 320 millj. kr. á rekstri dómstóla í landinu. (**Gripið fram í:** Og lögbrotum.) Dómsmálagjöld eru sem sagt 320 millj. kr. hærri en kostnaður við að reka héraðsdómstólana. Ég segi það alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég gat ekki ímyndað mér að dómstólakerfið í landinu væri rekið sem einhvers konar hagnaðarfyrirtæki. Það er kannski 15% arðsemiskrafa á dómstólnum. Það skyldi þó ekki vera, eins og á Pósti og síma, að það sé um það bil 15% arðsemiskrafa. Ég held, virðulegi forseti, að rökstuðningur af þessu tagi sé aðeins til þess fallinn að gera það tortryggilegt þegar menn koma fram með slíkar tillögur.

Hverjir eru það svo sem borga þessi gjöld? Hverjir skyldu það nú vera? Það eru þeir sem eru að leita réttlætisins fyrir dómstólum. Það eru þeir sem greiða þessi gjöld. (**Gripið fram í:** Það er dýrt réttlætið.) Dýrt er nú réttlætið. Héraðsdómstólar í landinu eru reknir með 320 millj. kr. hagnaði sem er um það bil 100% arðsemi því að þetta er um það bil 100% umfram það sem héraðsdómstólarnir kosta þannig að það er nokkuð merkilegt sem hér kemur fram.

Ég held að réttlætisgjöld af þessu tagi hljóti að vera tímaskekkja og ef ríkissjóður er að leita sér tekna og leggja þetta á þá einstaklinga sem leita sér réttlætis fyrir dómstólum, þá held ég að það sé ríkinu hreinlega til vansa því þetta er einn af meginþáttum ríkisvaldsins og við hljótum að geta rekið þetta án þess að gera einhverja arðsemiskröfu á dómstólana. Og mér finnst hálfsorglegt, virðulegi forseti, að fjmrh. skuli vera að koma með þessar tillögur hér fram og rökstuddar þannig að rekstrarkostnaður héraðsdómstóla hafi hækkað um 21% á einhverju árabili. Þetta er sorglegt, virðulegi forseti, og ber ríkisstjórninni mjög slæmt vitni.

[15:43]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður sem hér hafa farið fram og vil nefna örfá atriði sem komið hafa fram í umræðunni, en að öðru leyti vísa ég til þeirrar vinnu sem á eftir að fara fram í hv. nefnd þegar þetta mál kemur þangað til meðferðar.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess varðandi stimpilgjöldin að gert er ráð fyrir því að stimpilgjöld sem nú eru í fjárlagafrv. flokkuð með eignarsköttun hækki í takt við umsvif í efnahagslífinu. Eins og segir í greinargerð með fjárlagafrv. þá er gert ráð fyrir að aukningin sé 200 millj. eða um það bil á milli ára. Það er bara nákvæmlega framreiknað. Það er gert ráð fyrir hver umsvifaaukningin sé og síðan eru skatttekjurnar af stimpilgjaldinu reiknaðir út frá því.

Það skal kannski sagt frá því hér að um nokkurra mánaða eða reyndar ára bil hefur verið reynt að ná fangs á því að breyta stimpilgjöldunum. Þetta er að mörgu leyti úreltur tekjustofn ríkisins og er að því leyti til ólíkur öðrum að þarna er um hreina skattheimtu að ræða í mörgum tilvikum og reyndar þannig að í sumum er hægt að komast hjá skattheimtunni með því að færa viðskiptin út fyrir íslensk landamæri. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta stimipilgjaldalögunum og það er í bígerð eins og ég hef áður sagt. En á því eru flóknar hliðar og eitt af því sem kannski blasir við mönnum þessa dagana er að hér á landi er verið að selja uppsöfnunarlífeyristryggingar og þar eru á ferðinni ýmis erlend fyrirtæki, þýsk og bresk fyrirtæki, fyrirtæki á borð við Allianz og Sun Life og fleiri slík og þessi fyrirtæki þurfa ekki að borga stimpilgjöld á meðan keppinautar þeirra íslenskir þurfa að borga samkvæmt lögunum stimpilgjald af sölu sams konar lífeyristrygginga. Þetta þarf auðvitað að laga með tilliti til nýrra viðskiptahátta.

Sömuleiðis þarf að laga það að upphæð ráði stimpilgjaldi en ekki líftími kröfu. Og ýmislegt fleira sem ég hirði ekki um að nefna hér og nú þarf auðvitað að breytast. Því hefur m.a. verið haldið fram að menn skrái ekki skip hér á landi vegna stimpilgjaldanna. Ég held að það sé kannski ofsagt en samt sem áður er það rétt að víða annars staðar eru stimpilgjöld af því sem gerist í viðskiptalífinu með öðrum hætti heldur

en hér og það má með sanni segja að í vissum tilvikum sé þar um að ræða hluti sem gera það að verkum að viðskipti færast úr landi.

Það er ekki alveg rétt sem sagt hefur verið hér og alls ekki, að þetta sé skattur á hina verst stöddu. Í mörgum tilvikum eru þau gjöld sem hér er verið að tala um, gjöld á stórfyrirtæki og í mörgum tilvikum á ríkið sjálft. Það gleymist nú oft að taka það fram að ríkið er einn umsvifamesti aðili þrátt fyrir allt og allt hér á landi og í dómskerfinu hygg ég að ríkið sé langsamlega mest áberandi í sókn og vörn og þegar um er að ræða dómsmálagjöldin, þá varð auðvitað stórkostleg hækkun á þeim útgjaldalið ríkisins á sínum tíma þegar breytingar voru gerðar á þeim málum í fullu samkomulagi, hélt ég, við alla, líka þá sem starfa í dómskerfinu. Þá kom í ljós og þótt ríkið fengi verulegar tekjur, þá kostaði þetta veruleg útgjöld fyrir ríkið því að það er ríkið sem gengur að fólki í stórum stíl eins og menn vita.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að auki að það hafi mistekist að koma fram áhugamálum, að mér skilst, annars stjórnarflokksins í gegnum lög um nauðasamninga annars vegar og niðurfellingu á tekju- og eignarskatti hins vegar. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Það eru ekki mjög margir sem hafa beðið um nauðasamninga. Ég segi nú sem betur fer. Þetta er mjög vandmeðfarin mál. En leiðin er opin og hún auðvitað þýðir að það þarf að fara eftir lögunum og í mörgum tilvikum er alls ekki réttlætanlegt að fara í nauðasamninga ef menn vilja halda í heiðri þá reglu sem er grundvallarregla í íslenskum rétti, jafnræðisregluna, því að það verður að vera hægt að gefa öllum kost á sömu úrræðunum.

Það sama á við niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til þeirra sem skulda gömul gjöld. Skrifað var bréf til allra þessara aðila og þeir hafa verið koma og spyrja hvort hægt sé að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þetta er líka vandmeðfarið mál en það má gera ráð fyrir því að þessi úrræði verði notuð frekar í framtíðinni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um að tvískinnungur væri í þessu frv. og hvað stangaðist á annars horn. Ég vil í fyrsta lagi segja að niðurstöðutölurnar í þessu frv. eru í samræmi við það sem hægt er að sjá í fjárlagafrv. Og ég vil taka það fram að Sjálfstfl. hefur verið þeirrar skoðunar að það eigi sem mest að greiða beint fyrir þjónustuna, það eigi að koma hlutum þannig fyrir að þeir sem njóta þjónustunnar greiði fyrir hana en það eigi sem minnst að koma fram í beinum sköttum. Við höfum margoft í þessum þingsal á hinu háa Alþingi rætt um það hvað séu þjónustugjöld og hvað séu skattar og ég viðurkenni það að sjálfsögðu að þarna er oft og tíðum grátt svæði á milli eins og kom fram hjá hv. þm.

Það má vel vera að það megi hæðast að greinargerðinni með 9. gr. frv. en ég held að fyrir þá a.m.k. sem vilja skilja greinina sé mjög auðvelt að sjá hvert verið er að fara. Það er verið að fara í þá átt að láta fyrirtækin greiða strax í upphafi þegar þau fá leyfi til áfengissölu fyrir það leyfi og fyrir það eftirlit sem á að hafa með þeim fyrirtækjum. Eins og kom fram hjá hv. þm., þá er það rétt að hugmyndin er að lögregla fari með þessi mál, ríkislögreglustjóraembættið hafi yfirumsjón með þessum málum og þá ekki einungis gagnvart þessum fyrirtækjum. Af því að hv. þm. nefndi önnur fyrirtæki til sögunnar, þ.e. þau fyrirtæki sem flytja inn áfengi en hafa ekki leyfi til smásölu, þá er einnig gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóraembættið fái meiri fjármuni til þess að fara ofan í hugsanleg slík brot og brot á skattalögum og sérstökum fjármunum verði varið til þess, auk þess sem hér er lagt til að viss hluti af fjármunum sem fást vegna leyfisgjaldsins fari til þessarar starfsemi. Mönnum þótti það hins vegar vera lakara að þurfa að innheimta þetta í mörgum lögum. Varðandi það hvort frv. kemur fram innan tíðar eða ekki, þá vil ég geta þess að frv. um breytingar á áfengislögunum hefur verið afgreitt úr ríkisstjórninni og ég á von á því að það geti komið fram innan tíðar. Og vegna þess að hv. þm. á sæti í hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar, þá getur hann haft auga á því jafnvel þó það frv. fari til annarrar nefndar, væntanlega til hv. allshn.

Svo það sem hv. þm. sagði um það hvort menn ættu að fara að borga fyrir kaffið í Arnarhvoli, þá er það út af fyrir sig góð hugmynd. Ég skráði hana að sjálfsögðu hjá mér eins og mér ber að gera þegar ég reyni að velta sköttum af skattgreiðendum og yfir þá sem njóta eldsins. Mér finnst það fyllilega koma til greina en ég byði nú ekki í það ef við mundum hér á hinu háa Alþingi láta menn borga fyrir það sem þeir segja hér í ræðustólnum, þ.e. eftir dálksentimetrum eða taka frumvörp þeirra öll og láta þá borga prentkostnaðinn því að þá er ég alveg viss um að hv. þm. sem hér á í hlut mundi ekki fá mikið útborgað í hverjum mánuði ef hann ætti að borga þetta sjálfur sem hann stendur fyrir hér á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Og enn síður hæstv. ráðherra.) Já og enn síður hæstv. ráðherra. Þeir eru í sama flokki hvað það snertir þó að skoðanir séu ólíkar.

Ef við víkjum síðan að ræðu hv. þm. Gísla Einarssonar þá vill svo til að ég veit að hann er ekki viðstaddur og kannski erfitt að svara beinlínis hans fyrirspurn. Hann tók undir margt af því sem hér hefur verið sagt af hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. En hann sagði líka það sem er alveg rétt að það er slæmt að þurfa láta líða svo langan tíma á milli breytinga á fjárhæðum að það þurfi að koma inn með frumvörp þar sem verið er að hækka um 15–20%. Það er betra að geta hækkað þessar fjárhæðir tíðar. Það líður of langur tími og satt að segja hefði fyrir svona 2–3 árum verið kominn tími á að færa upp fjárhæðir. Við gerum það oft hér á landi að fjárhæðir eru látnar bíða jafnvel í 10–20 ár og svo kannski verða byltingarkenndar hækkanir, oft hundruð prósentna, sem geta komið sér afar illa og ég tek bara undir það með hv. þm.

Varðandi það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, þá held ég að flest af því hafi komið fram. Hann talaði um dómstólana sem fyrirtæki sem skiluðu arði. Ég held nú að ekki sé hægt að líta þannig á og eins og ég hef áður sagt í minni ræðu, þá má ekki gleyma því að langsamlega stærsti viðskiptavinur dómstólanna er ríkissjóður sjálfur. Að öðru leyti ætla ég mér ekki þá dul að fara að kenna hv. þm. í dómstólafræðum því að hann er með splunkunýja og ágæta menntun í lögfræði.

[15:55]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð ekki vör við það í máli hæstv. ráðherra að hann hefði miklar áhyggjur af því að verið væri að hækka verulega gjaldtöku á skuldug heimili sem kannski standa frammi fyrir því að missa íbúðir sínar í gjaldþrot. Hæstv. ráðherra nefndi að hér væri kannski fyrst og fremst um að ræða gjaldtöku á stórfyrirtæki og ekki skal ég mótmæla því en engu að síður er hér um að ræða verulega hækkun á dómsmálagjöldum sem að stærstum hluta lenda á heimilum sem eru fjárhagslega mjög illa stödd og eru kannski komin með íbúðir sínar í gjaldþrot.

Ég nefndi sérstaklega aðfarargjald og gjald fyrir beiðni um nauðungarsölu sem nema 46–47 millj. af þessum 100 millj. sem hækkun dómsmálagjaldanna er. Ég nefndi líka þinglýsingargjöldin sem eiga að hækka um 17 millj. kr. sem koma illa við íbúðarkaupendur.

Ríkissjóður hefur nú vegna aðfarargjaldanna og gjalda fyrir beiðni um nauðungarsölu um 400–500 millj. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Gæti ráðherrann hugsað sér að skoða það sérstaklega, til þess að það gæti kannski orðið til samkomulags um þetta mál, að fella sérstaklega brott þessa hækkun á gjaldtöku varðandi aðfarargjöldin, gjöld fyrir beiðni um nauðungarsölu og þinglýsingargjöldin? Þarna værum við þá að fella út stærstu póstana sem koma verulega illa við heimili sem eru fjárhagslega verst stödd. Við værum því að sníða verulega agnúa af þessu frv. þannig að við mundum hlífa fólki við þessari gjaldtöku, „jólaglaðningi", sem á að fara að senda skuldugum heimilum.

Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji enga ástæðu til að breyta lögunum nýsettu frá því í vor um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem skilyrðin virðast vera það ströng að ekki nokkur maður í fjárhagserfiðleikum getur nýtt sér þau lög.

[15:57]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég segi nú bara að ég er tilbúinn til þess að skoða alla hluti en í því felst engin yfirlýsing um að eitthvert samkomulag geti náðst. Ég minni á að á árunum 1990 og 1991 þegar þessi gjöld voru sett á þá sátum við, a.m.k. að hluta til, saman í ríkisstjórn ég og hv. þm. og þá þóttu þessi gjöld vera svona sæmilega metin og það var samþykkt af þáv. ríkisstjórn. Hér er einungis verið að færa þetta upp til nýs verðlags en þó hvergi nærri því sem nemur hækkun launa á þessum tíma. Ég vil minna á að aðfarargjöldin og nauðungarsölugjöldin voru auðvitað sett á á sínum tíma og hækkuð til þess að fæla frá þá kröfuhafa sem vildu ganga að fólki án þess að það væri kannski nokkuð að hafa af þessu fólki eða lítið þannig að það eru tvær hliðar á þessu máli. Við megum ekki gleyma því. Það er ekki bara hægt að taka málið upp eins og þetta snúi eingöngu að þeim sem eru þolendur í þessu kerfi.

Varðandi nýsett lög um tekju- og eignarskatt þá er eðlilegt að miða við þá reynslu sem fæst af þeim lögum fyrstu árin. Það er ekki komin löng reynsla. Það verður kannski eftir 1–2 ár. Þá finnst mér eðlilegt að fjmrn. og Ríkisendurskoðun setjist yfir þessa löggjöf og kanni hver niðurstaðan hafi orðið og hvort ástæða sé til þess að breyta og hvernig breytingin ætti að vera án þess að við röskum grundvallarreglunni sem er jafnræðisreglan.

[15:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að hann telji kannski ástæðu til þess að fjmrn. og Ríkisendurskoðun setjist yfir þessi nýsettu lög frá því í vor og finni þá leiðir og úrræði sem gagnast betur en raun ber vitni að þau geri.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra útilokar ekki að skoða það — að vísu sagði hann: „án allra skuldbindinga" — að fella brott úr dómsmálagjöldunum og hækkun á þeim það sem snýr sérstaklega að skuldugum heimilum í landinu og hvet nefndarmenn í efh.- og viðskn. til þess að skoða það sérstaklega og veita athygli þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hann útiloki ekki að skoða það sérstaklega að fella niður þá gjaldtöku í dómsmálagjöldunum sem snýr sérstaklega að skuldugum heimilum.

Ég held að það væri mjög til bóta og til þess fallið að ná frekari sátt um frv. ef hæstv. ráðherra væri tilbúinn að skoða það sérstaklega í samráði við nefndina að fella þessa þætti brott enda hefur ríkið þegar verulegar tekjur af aðfarargjöldum og gjöldum vegna nauðungarsölu eða um 400–500 milljónir. Ég fullyrði og ráðherrann verður þá að svara, ef hann mótmælir því, að þessar 400–500 milljónir er langt umfram þann kostnað sem er af nauðungarsölum og aðfarargerðum.

Af því hæstv. ráðherra nefndi árið 1991, þegar sú sem hér stendur átti sæti í ríkisstjórn, þá var vissulega fjallað um hækkun á dómsmálagjöldum. Ég vona að hæstv. ráðherra muni að ég mótmælti því mjög harðlega þegar fara átti út í hækkun á dómsmálagjöldum. Ég gerði sérstaka grein fyrir því og kom með tillögur á móti í staðinn fyrir að fara þá leið að hækka gjaldtöku á skuldugum heimilum í landinu. Ég vildi halda þessu til haga fyrst hæstv. ráðherra sá ástæðu til þess að nefna þetta sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.*

Stjfrv., 327. mál (iðgjaldastofn og innheimta). — Þskj. 413.

[16:01]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á þessum lögum en þetta frv. er að finna á þskj. 413 og er 327. mál þingsins.

Lagafrumvarpið er samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs bænda í þeim tilgangi að breyta iðgjaldastofni sjóðsins og innheimtuformi. Enn fremur er tekið á örfáum atriðum í núgildandi lögum sjóðsins sem nauðsynlegt þykir að breyta.

Á seinni árum hefur orðið ljóst að iðgjaldastofn sjóðsins, þ.e. verð til framleiðenda búvöru, hefur smátt og smátt orðið óraunhæfur þar sem launaliðir hinna ýmsu framleiðslugreina eru misjafnir. Réttara þykir því að miða stofninn við greidd eða reiknuð laun í landbúnaði.

Lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, taka eiga gildi 1. jan. nk. Samkvæmt þeim lögum flyst innheimta allra gjalda sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur innheimt af bændum til innheimtumanna. Framleiðsluráð hefur séð um innheimtu iðgjalda fyrir Lífeyrissjóð bænda samhliða eigin innheimtu, en hefur nú sagt upp innheimtusamningi við sjóðinn og er það bein afleiðing af setningu laganna um búnaðargjald.

Í kjölfar uppsagnarinnar varð ljóst að huga þyrfti að öðrum innheimtuleiðum þar sem áframhaldandi innheimta samkvæmt gildandi lögum yrði illframkvæmanleg fyrir Lífeyrissjóð bænda.

Í frv. er því lagt til að iðgjaldi verði annars vegar haldið eftir af beingreiðslum og hins vegar innheimt samhliða innheimtu búnaðargjalds. Gert er ráð fyrir að iðgjaldið sem þannig innheimtist verði skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum frá því að það er greitt. Gert er ráð fyrir að

meginhluti iðgjaldanna verði innheimtur hjá Ríkisbókhaldi með afdrætti af beingreiðslum til mjólkur- og sauðfjárframleiðenda en innheimta iðgjalds af öðrum bændum fari fram hjá innheimtumönnum ríkissjóðs ásamt búnaðargjaldi. Þrátt fyrir þessa tilhögun verður Lífeyrissjóður bænda eigandi kröfunnar og mun því þurfa að innheimta þau iðgjöld sem lenda í vanskilum eftir því sem við á. Ákvæðið felur því ekki í sér skattlagningu í þágu Lífeyrissjóðs bænda.

Í 1. gr. frv. er fjallað um hvenær bændur og makar þeirra eiga aðild að sjóðnum. Lagt er til að sjóðsaðild taki til bænda sem reka bú sem einkahlutafélög eða í öðru lögformlegu búrekstrarformi og er þar um rýmkun að ræða. Þá er lögð til ný skilgreining á því við hvaða búrekstur sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda skuli miðuð. Er þar stuðst við atvinnugreinanúmer Hagstofunnar og er það sama skilgreiningin og í lögum um búnaðargjald. En þessir flokkar eru taldir upp á bls. 4 í frv.

Í 2. gr. eru lagðar til minni háttar breytingar á ákvæðum er snerta ávöxtun með einum eða öðrum hætti þar sem þau ákvæði þykja úrelt.

Í 3. gr. er fjallað um iðgjaldsstofninn og iðgjaldið og þar er lagt til að breyta ákvæðum er fjalla um iðgjöld og framlög vegna búvöruframleiðslu og innheimtu þeirra en jafnframt er röð málsgreina breytt í því skyni að gera greinina skýrari.

Ég hef fjallað hér um nýjan iðgjaldsstofn og nýjar innheimtuaðferðir og er því ekki ástæða til að fjölyrða frekar um það. Um greiðslu mótframlags er það að segja að framlag hefur verið á fjárlögum undanfarin ár vegna mótframlags til Lífeyrissjóðs bænda vegna bændaiðgjalda. Verði frv. að lögum verður framlag úr ríkissjóði eftir sem áður ákvarðað á fjárlögum og munu ákvæði frv. því ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Það er hins vegar ljóst að gera verður frekari breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda á næstu árum og þá verða menn að svara spurningum, sem eru kannski aðrar en þær sem hér er verið að fjalla um, eins og hvort eðlilegt sé að ríkið greiði bæði atvinnurekendaframlagið og launþegaframlagið til þessa sjóðs í greinum sem ríkið hefur í raun enga samningsaðild að. Það er alveg ljóst að ríkið er með samningsaðild annars vegar við sauðfjárbændur og hins vegar við mjólkurbændur og þess vegna þarf að taka tillit til þess í þeim samningum en það háttar þannig til í öðrum greinum að þar er sams konar samband á milli launþegans og atvinnurekandans, eins og er í mörgum öðrum greinum, og í raun er mjög óljóst hvar jaðarinn er á milli landbúnaðar og annarra atvinnugreina. En um þessi atriði er ekki fjallað í frv., það verður að bíða betri tíma.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja frá því að eftir að frv. var lagt fram á hinu háa Alþingi barst mér bréf frá stjórn Lífeyrissjóðs bænda þar sem bent var á að það þyrfti kannski að orða betur en gert er í frv. hluta af einni greininni. Ég vil að það komi fram við framsögu í málinu að það bréf hefur borist ráðuneytinu en því miður það seint að ekki var hægt að taka það inn í frv. en ég vænti þess að hv. nefnd taki við bréfinu og fjalli um það eins og um ósk ráðuneytisins væri að ræða um breytingar á þessu frv. Þetta mál fjallar um skilgreiningar sjóðfélaga og undanþágu frá skilyrðislausri aðild maka, sem var í fullu starfi, en ég hygg að það sé ekki neinum til gagns að fara frekar ofan í það mál. Það er mál sem er nánast tæknilegs eðlis en getur þó haft efnisleg áhrif og ástæða er til þess að minna hv. nefndarmenn á að þetta bréf mun verða sent til nefndarinnar til frekari meðferðar.

Ég leyfi mér síðan, virðulegi forseti, í lok máls míns að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 414.

[16:08]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Í frv. því sem ég mæli hér fyrir, sem er ekki langt, eru nokkur efnisatriði. Þetta er frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er 328. mál þingsins og er að finna á þskj. 414.

Í fyrsta lagi eru í frv. lagðar til breytingar sem snerta breytingar sem gerðar voru um síðustu áramót á viðmiðunargrundvelli verðleiðréttinga í skattskilum. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur er framsetningu breytt til þess að skýra núverandi lagatexta. Hagstofan er með tvær neysluvöruvísitölur og kann það að valda ruglingi þegar vísitala neysluverðs er nefnd án þess að hún sé aðgreind frá hinni sem er verðvísitala neysluvöruverðs vegna lánavísitölunnar.

Í öðru lagi eru ákvæði í þessu frv. sem rýmka heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Um er að ræða viðbótarfrádrátt allt að 2% af heildarlaunum. Breyting þessi er í samræmi við niðurstöðu sem varð í framhaldi af starfi nefndar er samdi frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en í því frv. er gert ráð fyrir að heimildir til skattfrádráttar vegna lífeyrisréttinda verði rýmkaðar. Hér er um það að ræða að launþeginn geti ekki einungis dregið frá 4% af launum, eins og hann getur nú, frá skatti heldur sé honum heimilt að bæta við 2% og því er síðan lýst í löggjöfinni hvernig nýta megi þennan rétt. Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að sú breyting, sem mun eiga sér stað verði þetta frv. samþykkt, um önnur áramót, átti sinn þátt í að leysa þann hnút sem kominn var í viðræður milli nokkurra aðila um lífeyrismálin.

Í þriðja lagi eru í þessu frv. smávægilegar leiðréttingar á barnabótaákvæði laganna. Þar er ekki heldur um efnislegar breytingar að ræða fremur en er snertir viðmiðunargrundvöllinn nema bætt er við ákvæði um heimild til þess að draga frá barnabótum hérlendis ofgreiddar barnabætur sem viðkomandi hefur fengið erlendis. Þetta er í samræmi við samstarf landa um þessi mál og sett inn í lögin þess vegna.

Í fjórða lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögunum um að einstaklingum með takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. laganna beri að greiða 20% í söluhagnað samkvæmt meginreglunni í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Hér er um að ræða að setja sömu reglu fyrir fjármagnstekjuskattinn og gildir um tekjuskatt og eignarskatt.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. en legg til að það verði afgreitt til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[16:12]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. Þetta eru fjögur atriði, þrjú minni háttar sem eru tæknilegs eðlis, ef má orða það svo, en eitt er veigamikið efnisatriði, þ.e. um

2% viðbótarfrádrátt af heildarlaunum. Þetta var aðferðin sem var notuð til að líma saman hina frægu lífeyrissjóðsnefnd hæstv. ráðherra í sumar og kemur náttúrlega fyrst og fremst þeim til góða sem hafa umframfjármagn í landinu og geta þá lagt fyrir meira til sparnaðar og fengið það frádráttarbært frá skatti. Spurning mín er hins vegar, herra forseti, hvað þýðir þetta mikið tekjutap fyrir ríkissjóð? Hvaða áætlanir liggja þar að baki? Það kemur fram í umsögn fjmrn. að þetta hafi ekki áhrif. Það er augljóslega rangt vegna þess að hér er tekjuskattsstofn lækkaður. En ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hve tekjutapið er raunverulega mikið og ég ætla þá að bera það saman við þær upplýsingar sem ég hef um málið.

[16:13]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki við höndina hve tekjutapið er mikið en ég bendi á að í umsögn fjmrn. er eingöngu verið að tala um útgjöld en ekki tekjutap og á því er gerður munur því samkvæmt lögum þarf að fjalla um útgjöld vegna frumvarpa en í raun og veru ætti tekjutapið að koma fram með öðrum hætti. Ég tel mjög óvíst hvert tekjutapið í raun verður. Það fer eftir því hve maður hefur langan tíma undir, þ.e. þegar 4% voru sett út á sínum tíma var talið að ef allir nytu þess, og það njóta nánast allir 4% núna því að það eru yfirleitt lágmarksiðgjaldagreiðslur hjá einstaklingi, þá jafngilti þetta u.þ.b. 1,8% í skattalækkun. Þegar um er að ræða 2% í viðbót ætti þetta að samsvara 0,8–0,9 prósentustigum í skattalækkun, og menn geta reiknað út frá því en þá er gert ráð fyrir því að allir nýti sér þessi 2%.

Ég tel að þetta muni gerast þannig að smám saman muni menn nýta sér þessi 2% til viðbótar. Þá verður að geta þess, virðulegi forseti, skattgreiðsla þessara peninga frestast því þegar þeir koma til útgreiðslu á sínum tíma þarf að borga af þeim skatt. Það er því dálítið erfitt að setja niður einhverja fasta tölu en mér kæmi ekki á óvart þótt það yrðu um 1.200 millj. kr. ef allir nýta sér þennan viðbótarfrádrátt. En málið er flóknara en svo því í dag er í raun og veru hægt að fara fram hjá þessu ákvæði með því að láta vinnuveitandann greiða þessi 2% og þá getur hann dregið þau frá skatti.

[16:16]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra nefndi hér tölu, 1.200 millj. sem væri tekjutap ríkissjóðs, þ.e. frestun. Nú er launasumman í landinu um 300 milljarðar. Þetta er allt hægt að reikna út með margvíslegum hætti. Sjálfur hef ég verið með töluna 1,5 milljarða eða 1,6 milljarða, það skiptir ekki öllu máli. Alla vega er meginatriðið í þessu að hér er um að ræða nokkuð háa upphæð sem ríkissjóður verður af um nokkuð langan tíma. Þetta var greinilega sett upp þannig til að friða þá aðila í umhverfi hæstv. fjmrh. sem knúðu mest á breytingar í lífeyrissjóðaumhverfinu. Þetta var gulrótin sem dugði til að fá þá til að fallast á málamiðlunartillögur í lífeyrissjóðanefndinni. Það eru reyndar skiptar skoðanir um það hvort þessi aðgerð út af fyrir sig muni örva sparnað eða ekki. Þegar þetta kemur til tekjuskattsgreiðslna síðar hjá aðilum, þá hafa náttúrlega myndast ákveðnar vaxtatekjur á þeim þætti. Það er þó alla vega ljóst og ber að hafa skýrt í huga að ríkissjóður er að leggja til þeirra sem betur mega sín í þessu þjóðfélagi 1,2–1,8 milljarða. Það eru gjafir fjmrh. með þessu frv. og þarf að láta koma skýrt fram að til eru fjármunir þegar svo ber undir.

[16:17]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki alveg jafneinfalt og hv. þm. Ágúst Einarsson, prófessor í hagfræði, vill vera láta. Það er hárrétt sem kom fram hjá honum að hér er um skattfrestun að ræða þannig að þessir peningar koma ekki inn fyrr en síðar. En þeir koma inn, við megum ekki gleyma því. Þeir koma meira að segja inn með þeim hætti að þeir vextir sem falla á þessa peninga eru síðan skattlagðir með þessum prósentum en ekki með prósentum eins og í fjármagnstekjuskattinum og á því er talsverður munur. Við megum ekki gleyma þessu.

Í þriðja lagi vil ég minna hv. þm. á að launagreiðandinn getur í dag greitt 20, 30–40% af launum í lífeyrissjóð og fengið það frádregið í sínum rekstri. Menn mega ekki gleyma þessu. Ríkið gengur á undan í þessum efnum með því að greiða 11,5% til þeirra starfsmanna sem eru í A-deild sjóðsins þannig að hér er ekki hægt að tala um gjafir til einhverra. Ástæðan fyrir því, og ég get sagt það hérna alveg einlæglega, að ég samþykkti þetta var sú fyrst og fremst að mér er kunnugt um, og það sjá allir vakandi menn, að í framtíðinni verðum við að leggja meira inn í lífeyrissjóðina hvort sem þeir eru frjálsir eða bundnir heldur en við höfum gert hingað til. Við sjáum dæmin m.a. frá Þýskalandi og ég nefni Þýskaland af því að ég veit að hv. þm. þekkir þar til. Það verður að leggja meira fram og ef vaxtastigið lækkar sem menn gera ráð fyrir, að það fari úr 6% niður í kannski 3,5% þegar til lengri tíma er litið, þá þarf að hækka þessar prósentur. Ég held að við séum nú að taka ákvörðun sem óhjákvæmilegt yrði að taka einhvern tíma í framtíðinni hvort sem var. Að því leyti var þetta kannski ekki eins mikil gjöf og hún sýnist, en hugsanlega varð hún samt til að leysa stórkostlegasta vanda sem við höfum staðið frammi fyrir á undanförnum mánuðum.

[16:20]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætla að nefna þrjú atriði í sambandi við lögin um tekju- og eignarskatt. Í fyrsta lagi það atriði sem rætt var hér síðast og ég held að hljóti að liggja þannig að verið er að gefa með úr ríkissjóði þó nokkuð háar upphæðir frá því sem ella hefði verið. Það hlýtur líka að vera réttlætanlegt að velta því fyrir sér hvort það er skynsamlegt að verja þessum peningum svona úr ríkissjóði eða einhvern veginn öðruvísi. Ég held að það sé ekkert borðleggjandi að þarna hafi menn hitt á einu réttu aðferðina úr því að ákvörðun var tekin um að verja hálfum til einum og hálfum milljarði kr. á ári með þeim hætti sem þarna er gerð tillaga um. Ég viðurkenni að út af fyrir sig er erfitt að áætla nákvæmlega hve mikið þetta verður þegar upp er staðið og málið er ekki þannig að það sé hægt að giska á þetta út frá launasummunni einni heldur þurfa menn að horfa á fleiri hluti í þjóðfélaginu.

Ég er líka þeirrar skoðunar almennt og ég vil láta það koma hér fram að ég tel að okkar mesti efnahagslegi vandi í þjóðfélaginu í dag sé of lítill sparnaður. Út frá því sjónarmiði gæti líka verið skynsamlegt að fara þá leið sem hér er valin og af okkar efnahagssérfræðingum er talið að í raun þyrfti sparnaður í landinu að vera allmörgum milljörðum meiri á ári en hann er. Þá erum við auðvitað fyrst og fremst að hugsa um framtíðina, þá sem taka við þessu efnahagskerfi eftir nokkur ár eða áratugi. Fyrir þá getur verið býsna skuggalegt að vera með jafnlítinn þjóðhagslegan sparnað og þann sem hér er um að ræða í dag. Hann mun enn vera í kringum 17%

sem er allt of lítið eða a.m.k. 3% of lítið miðað við það sem þeir telja sem þekkja best til.

Ég er ekki að gera lítið úr þeirri hugsun að menn reyni að ýta hér undir sparnað og geri það jafnvel með þessum hætti. Ég segi að samt sem áður sé ekki einboðið að þetta hafi verið eina skynsamlega leiðin. Auðvitað er umhugsunarvert að það eru nákvæmlega þeir sem hæst láta í sambandi við þessi lífeyrismál sem þarna eru greinilega að fá nokkurn ávinning. Það er alveg augljóst mál að þeir sem stóðu fyrir kröfugerð séreignarsjóðanna á hendur ríkinu eru þarna að fá peninga. Það er með vissum hætti verið að fóðra séreignaliðið með þessum fjármunum. Það er ekki hægt að neita því og það er auðvitað gagnrýnivert eins og þeir hlutir eru settir upp.

Eins er það umhugsunarvert að hagsýslan eða fjárlagaskrifstofa fjmrn. segir að þetta kosti ekki neitt. Ég hef alltaf staðið þá stofnun að því að áætla að allt kosti meira en það kostar, sérstaklega menntamál. Það kostar ævinlega meira en það kostar þegar verið er að reikna út kostnað í menntmrn. eða heilbrrn. En þegar reiknaðar eru út tilfærslur af þessu tagi er niðurstaða fjárlagaskrifstofunnar sú að áhrif þessarar breytingar eru talin óveruleg. Ég segi alveg eins og er að það er mikið álitamál hvort þessi skrifstofa er í raun og veru marktæk eftir þessa yfirlýsingu vegna þess að auðvitað er ekki hægt að taka svona til orða meðan skatttekjur ríkisins eru skornar niður um hundruð millj. kr. frá því sem ella væri.

Í öðru lagi ætlaði ég aðeins að víkja að 1. gr. og er ekkert að finna að henni nema að hún vekur mann til umhugsunar um það hversu lengi okkar skattkerfi á að vera eins vísitölubundið í uppsetningu og það er núna. Ég var í efh.- og viðskn. eða fjárhagsnefnd hér fyrr á öldinni, eins og ég orða það stundum, ásamt hæstv. núv. fjmrh. í árslok 1979, ef ég man rétt, undir forustu Matthíasar Á. Mathiesens þar sem verið var að laga skattkerfið að þessu ógnarlega verðbólgukerfi og það voru miklar slímusetur yfir þeim textum og tókst sumt vel og annað illa, ég held flest illa, þegar upp er staðið. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Velta menn því ekkert fyrir sér að losa tekjuskattslögin í raun og veru út úr þessu dæmi, þessum endalausu vísitöluviðmiðunum sem eru sem betur fer að verða meira og minna fornöld í okkar efnahagslífi? Ég vil í öðru lagi inna hæstv. ráðherra eftir því hvað er af þeim málum að frétta. Eru menn ekki að velta því fyrir sér?

Þriðja málið er ekki í frv. um tekju- og eignarskatt eins og það liggur hér fyrir en er þó hluti af lögunum um tekju- og eignarskatt. Þannig er að í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári lofaði ríkisstjórnin að lækka skatta um næstu áramót ég hygg um 1,9% og það er allt komið í lögin eins og þau liggja núna fyrir og voru afgreidd á síðasta þingi hygg ég. Nú munu hafa komið upp hugmyndir, eða hvað, um að minnka þessa lækkun þannig að hún verði ekki 1,9% heldur 1,5%. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara með stórar ræður um þetta mál að sinni en ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það er virkilega rétt að ríkisstjórnin sé með það í huga, nú tíu dögum áður en skattalækkunin á að taka gildi, að falla frá þessari skattalækkun og lækka skattana minna en ráðgert var.

Menn geta haft margvíslegar skoðanir á þessum skattalækkunum, margvíslegar skoðanir á því hvort það var skynsamlegt að setja hlutina svona upp eða ekki. Ég ætla ekkert að fjalla um að hér. En hitt ætla ég hins vegar að segja að það er umhugsunarvert þegar menn eru að breyta grundvallarþáttum kjarasamninganna með því að breyta atriði eins og þessu, ef það er rétt, núna svo að segja örfáum dögum fyrir hátíðir. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta er rétt eða hvort það sé þannig að lögfest skattalækkunaráform sem búið er að hæla sér mikið af, aðallega af hæstv. forsrh. sem alltaf er að hæla sér af þessum hlutum, hvort lögfest skattalækkunaráform koma til framkvæmda eða ekki. Er ríkisstjórnin með hugmyndir um að breyta því þannig að skattalækkunin verði ekki sú sem reiknað hefur verið með, m.a. af verkalýðshreyfingunni í tengslum við þá kjarasamninga sem hún gerði? Um þá kjarasamninga mætti ræða margt í þessu samhengi, ég ætla ekki að gera það frekar en ég spyr hæstv. fjmrh. þessara spurninga.

[16:27]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. að það er áreiðanlega of lítill sparnaður hér á landi. Það sést á tölum um sparnað að hann þyrfti að aukast svo við getum haldið því jafnvægi sem þó hefur haldist hér í efnahagsmálum á undanförnum árum.

Þó er einn þáttur þessa máls sem minnast ber á og það er að aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er með þeim hætti að ætla má að sparnaður aukist eftir svona 10–15 ár ef efnahagsleg hegðan fólks verður álíka á Íslandi og í nágrannalöndunum. Í ljós kemur að fólk á ákveðnum aldri sparar frekar, leggur frekar fyrir, en þeir sem yngstir eru. Auðvitað er ekkert hægt að spá um þetta en maður verður að binda vonir við að smám saman aukist sparnaður.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ef allir nytu þess sem hér er til umræðu, tveggja prósentustiga sem eru skattalækkun, þá væri þessi skattalækkun upp á 0,8–0,9%. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. er vaknaður og ég bíðst afsökunar á því að hafa valdið mönnum ónæði en við erum að tala hér um skattamál.

Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er eðlilegt að beita skattalögum til að ná fram auknum sparnaði. Það gera margar þjóðir en ég tek líka undir það sem hann sagði að það er ekki víst að þetta sé eina skynsamlega leiðin en hún er að því leyti skynsamleg í stöðunni að hún leysti tiltekið vandamál á þann hátt að ég held að flestir séu ánægðir með.

Í öðru lagi spurðist hv. þm. fyrir um það hvað liði endurskoðun á vísitöluákvæðum skattalaganna og ef ég man rétt, þá var samþykkt á síðasta þingi ályktun þessa efnis. Ég hygg að þar hafi verið að verki hv. þm. Ágúst Einarsson og fleiri, er það ekki rétt með farið? Ég sé á hv. þm. að svo er. Þar var gert ráð fyrir að farið yrði í þessa endurskoðun.

Í raun og veru er um séríslenskt fyrirbrigði að ræða. Menn tókust á við verðbólguna hér á landi með því að gera hana áhrifalausa í íslensku þjóðfélagi. Það var gert með alls konar með vísitölutengingum. Við höfum nú verið að hverfa frá þessum vísitölutengingum sem allra víðast. Það hefur gengið misvel eins og menn þekkja því að jafnvel sömu mennirnir sem krefjast þess að þetta fari út úr skattkerfinu heimta það kannski inn þegar um er að ræða bætur fullorðins fólks svo ég taki dæmi um það hvernig tvískinnungurinn getur verið í þessum efnum.

En til þess að svara fyrirspurninni vil ég segja frá því að verið er að ganga í það núna að setja af stað starf til að vinna þetta verkefni. Ég tek undir það með hv. þm. að kominn er tími til að endurskoða þetta séríslenska fyrirbæri, jafnvel þótt ýmsir hv. þm. og ráðherrar, sem störfuðu hér fyrr á öldinni, geti í raun og veru sagt að það sé kraftaverk sem þeir hafa komið inn í lög á sínum tíma. Vissulega gerðu þessar verð-

breytingafærslur okkur kleift að vinna við þau skilyrði sem við bjuggum við þegar verðbólgan var sem mest. Kosturinn frá fjmrn. séð við að gera þessa breytingu er að það má gera ráð fyrir að það væri hægt að lækka skatthlutföll um leið og breytingin ætti sér stað. En það er svo önnur saga sem sögð verður síðar þegar og ef frv. verður flutt um þetta efni.

Loks spurði hv. þm. um skattalækkun ríkisstjórnarinnar og áform um næstu áramót. Því er til að svara að í tengslum við kjarasamningana var ákveðið, og það var kynnt samningsaðilum, að lækka skatta á ákveðnu bili yfir samningstímabilið um 4%. Það var jafnframt tekið fram að það væri ætlast til þess að sveitarfélögin legðu fram sem næmi 500 millj. kr. annaðhvort í formi skattalækkunar eða með þeim hætti að taka á sig útgjöld sem væru útgjöld ríkisins. Strax var haft samband við sveitarfélögin og þau tóku vel í það að ræða þessa hugmynd en samþykktu þó ekki að taka á sig þessa byrði en sögðu að þau væru tilbúin til að ræða þetta með öðrum fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Einmitt þessa dagana er verið að ganga frá samkomulagi við sveitarfélögin. Það getur auðvitað gerst ef ekki næst samkomulag við sveitarfélögin um að þau leggi fram sinn hlut að það verða gerðar einhverjar breytingar á skattalögum þess vegna. Því get ég ekki svarað nákvæmlega á þessari stundu en ef á þyrfti að halda að fresta því þá kynni að vera að það þyrfti að hnika til sem samsvarar 0,4% á milli ára en lækkunin kæmi að sjálfsögðu fram á samningstímabilinu. Ég vil bara taka fram að akkúrat þessa stundina eru menn að ljúka samningum milli ríkis og sveitarfélaga og þetta ætti að verða ljóst síðar í dag eða jafnvel á morgun.

[16:33]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér eru að gerast stórpólitísk tíðindi. Hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að menn þurfi að kunna að hnika til, menn kunni að þurfa að hnika til áður lögbundnum og fyrirheitnum skattalækkunum sem voru sagðar vera forsendur kjarasamninga. Þær voru ekki forsendur kjarasamninga við opinbera starfsmenn, þær voru forsendur kjarasamninga við ASÍ. Því var marglýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu hæstv. fjmrh. að um væri að ræða forsendur kjarasamninga. Menn gengu út frá þessum skattabreytingum þegar gengið var til kjarasamninga fyrr á þessu ári. Nú er hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að til greina komi að svíkja þessi fyrirheit. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, þeim sem líta á þessi fyrirheit og þessar skattabreytingar, verið skýrt frá þeim áformum ríkisstjórnarinnar um að hún ætli að svíkja það sem áður var lofað?

Ég hef aldrei, hæstv. forseti, verið talsmaður skattalækkana, það hef ég ekki verið. En ég er talsmaður þess að menn standi við gefin fyrirheit og segi satt og rétt frá. Nú er þetta afgreitt eins og hvert annað minni háttar mál sem menn kunni að þurfa að hnika til þegar menn ætla að svíkja fyrirheit sem voru gefin í tengslum við síðustu kjarasamninga.

[16:35]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að þetta sem við erum að ræða núna var ekki liður í viðræðum við BSRB og forustu þess. Það er hárrétt. Þetta voru mál sem voru til viðræðu milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og ASÍ-forustunnar hins vegar. Ég vil einnig taka fram vegna þess að hv. þm. hefur stór orð og kallar að menn séu að svíkja fyrirheit að það eina sem hefur komið til umræðu í málinu er að það þurfi að fresta þætti sveitarfélaganna í málinu. Það lá fyrir og var kynnt ASÍ á sínum tíma að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að sveitarfélögin tækju þátt í verkefninu sem næmi um 500 millj. kr. eða svo og við mundum taka upp viðræður við sveitarfélögin. Þetta var forustumönnum ASÍ kunnugt um frá upphafi.

Við skulum gæta að okkur aðeins í þessu máli vegna þess að hér er um það að ræða að bæði sveitarfélögin og ríkið högnuðust á því að hægt var að gera kjarasamninga til langs tíma. Það var gert þannig að það var fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin komi að þessu máli. Ég vil að það komi fram. Ég vil einnig geta þess að í því frv. sem hér er til umræðu erum við að lækka skatta verulega til viðbótar eins og menn hafa réttilega bent á til að leggja drög að því að hægt sé að draga frá tekjum 2% til lífeyrissparnaðar í framtíðinni.

[16:37]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. fjmrh. breytir ekki innihaldi málsins og alvöru þess með því að tala sig út úr því á mjúkan og lágværan hátt. Þegar gengið var til kjarasamninga fyrr á árinu þá var það gert á grundvelli yfirlýsinga sem ríkisstjórnin hafði gefið um skattabreytingar. Þannig reiknuðu menn út útkomuna úr kjarasamningum. Á þann hátt er hægt að líta á skattabreytingarnar fyrirhuguðu sem forsendur kjarasamninga. Þetta benti hæstv. forsrh. á og hæstv. fjmrh. ítrekað úr þessum ræðustól. Nú er verið að lýsa því yfir að menn ætli að hnika til, eins og það er kallað, þegar þeir svíkja þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við síðustu kjarasamninga. Þetta er mjög mikið alvörumál sem hér er á ferðinni og menn afgreiða það ekki út af borðinu með því að reyna að ræða sig frá því á lágværum og mjúkum nótum.

[16:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég verð að taka undir það með hv. 17. þm. Reykv. að auðvitað eru býsna mikil tíðindi uppi. Það kemur fram að það á ekki að standa við ekki bara gefin almenn fyrirheit ríkisstjórnarinnar heldur lögfest, lögfest fyrirheit um tilteknar skattalækkanir frá og með áramótum 1998. Enginn maður hefur hælt sér eins af málinu og hæstv. forsrh. Aftur og aftur hefur hann haldið ræður um að ríkisstjórnin væri heldur betur að feta sig út úr skattaáþjáninni með því að lækka skatta stig af stigi. Síðan gerist það korteri fyrir áramót eða svo að það berst út kvittur um að ríkisstjórnin sé að velta því fyrir sér að hætta við að lækka skattana eins og fyrirheit voru gefin um. Á hvaða forsendum, herra forseti? Á þeim forsendum að sveitarfélögin vilji ekki standa við loforð ríkisstjórnarinnar. Sveitarfélögin höfðu aldrei verið aðilar að þessu loforði. Sveitarfélögin höfðu aldrei gefið loforðin. Sveitarfélögin í landinu mótmæltu strax túlkun ríkisstjórnarinnar og einhliða fyrirheitum hennar í þágu og fyrir hönd sveitarfélaganna. Það hefur því legið fyrir allan tímann að sveitarfélögin mundu aldrei taka þátt í málinu með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlaðist til. Það hefur legið fyrir allan tímann og það er ekkert nýtt í því. Ríkisstjórnin getur ekki afsakað sig með því að nú sé að koma upp einhver ný mál gagnvart sveitarfélögunum í þessu sambandi. Það hefur legið fyrir mjög lengi að þau mundu ekki taka þátt í þessum leiðangri.

Ríkisstjórnin mun hafa haldið fund með sveitarfélögunum í morgun til að fjalla um ýmis samskiptamál þessara

aðila, m.a. um húsaleigubætur trúi ég. Eða hvað? Það er mál sem liggur hér fyrir þinginu þar sem um er að ræða bullandi ágreining milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna. Þar er ríkisstjórnin líka að gefa loforð fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Nákvæmlega sama sagan er að endurtaka sig eins og gerst hefur í desembermánuði undanfarin ár að ríkisstjórnin gefur loforð fyrir hönd sveitarfélaganna og efnir til átaka við þau á síðustu vikum, mánuðum ársins og dögum ársins eins og gerðist á síðasta kjörtímabili þegar lögguskatturinn var lagður á og allt það fylgdi sem menn þekkja. Hér er nákvæmlega það sama upp á teningnum. Hér er um það að ræða að ríkisstjórnin stendur í átökum við sveitarfélögin og nú er staðan þannig að ríkisstjórnin ætlar að nota sér þau átök til að hætta við þá skattalækkun sem hún lofaði í kjarasamningunum á sl. vetri. Er ríkisstjórnin kannski með þessum yfirlýsingum sínum að segja að kauphækkanirnar fyrr á árinu hafi verið of miklar? Er hæstv. ríkisstjórn kannski að segja við verkalýðshreyfinguna að samningarnir um kaup og kjör, jafnvel fram á næstu öld, hafi falið í sér allt of miklar kauphækkanir? Er ríkisstjórnin með þessu að segja að þær kauphækkanir sem um hefur verið samið að undanförnu þar sem er um að ræða oft á tíðum tugi prósentna margfaldar hækkanir á við það sem samið var um á almennum vinnumarkaði? Er ríkisstjórnin að segja að þrátt fyrir þennan mun, þrátt fyrir þann veruleika sem síðan hefur komið fram þá þurfi enn þá að vega í þann knérunn að skerða kjör þess fólks sem var verið að semja við fyrr á árinu? Hvað er svo hæstv. ríkisstjórn að segja við sveitarfélögin núna rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar? Hvað er hún að segja? Hvað er hún að segja þó það liggi fyrir í yfirlýsingum, m.a. í lögum, að það eigi að hafa samráð við sveitarfélögin? Hvað er hún að segja gagnvart alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sjálfstæði sveitarfélaganna? Dettur henni í hug að hún komist upp með það áfram að gefa yfirlýsingar fyrir hönd sveitarfélaganna um að skerða tekjur þeirra, stöðu þeirra um hálfan milljarð kr. án þess að spyrja um hlutina?

Það er alveg augljóst mál, herra forseti, að hér er komið að verulegum tíðindum og ég tek undir það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði að málið snýst ekki um það hvort menn lækka skatta eða hækka þá. Málið snýst um að menn standi við orð sín og það sé þannig umhverfi í þjóðfélaginu að verkalýðshreyfingin í landinu geti treyst því að ríkisstjórnin leggi allt kapp á að tryggja að samningar séu framkvæmdir eins og gert var ráð fyrir og að forsendur kjarasamninga haldist.

Hæstv. fjmrh. kom áðan í svari við ræðu minni og hv. þm. Ögmundar Jónassonar og sagði: „Hnika til.“ Það á að hnika til hlutunum. Veruleikinn er sá, herra forseti, að annaðhvort standa menn við forsendur kjarasamninga hundrað prósent eða ekki. Það er ekkert til níutíu og fimm prósent eða níutíu og sex eða sjö í þeim efnum. Annaðhvort standa menn við hlutina eða ekki. Ef á að breyta þeim þá á að semja sig út úr þeim en ekki að gera það með einhliða ákvörðunum eða árásum af hálfu stjórnvalda. Þess vegna er hér algjörlega ólíðandi hlutur á ferðinni og það er ástæða til að mótmæla honum mjög harðlega. Það höfum við þegar gert og við munum halda því áfram þangað til niðurstaðan í þessum málum liggur fyrir.

[16:45]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því hér að leggja að jöfnu svokallaðan „lögguskatt“ og þær hugmyndir og áform um að sveitarstjórnirnar leggi til í skattalækkun eða með ámóta hætti fjármuni til þess að auka kaupmátt heimilanna í landinu. Það er ekki svo í þessu máli að ríkið sé að taka til sín fjármuni frá sveitarstjórnunum. Það stóð mjög nákvæmlega í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hugmyndin væri að sveitarstjórnirnar legðu fram í púkkið, það var niðurstaðan, og ég veit ekki betur en að fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafi talið mjög eðlilegt að það gerðist. Það er ekki heldur ríkisvaldið sem hefur haldið því fram að kjarasamningar hafi farið úr böndum, kjarasamningar á milli ríkisins annars vegar og starfsmanna þess eða kjarasamningar á milli aðila á vinnumarkaðinum. Hins vegar hafa sveitarstjórnirnar kvartað undan því að samningurinn við kennarana væri allt of dýr og hafa notað það m.a. sem ástæðu fyrir því að fara gegn þeim hugmyndum sem hér eru til umræðu. Það sem skiptir öllu máli, hver sem niðurstaðan verður og hún kemur nú alveg um þetta leyti, er að það er einungis verið að færa til innan samningstímabilsins og ef um tilfærslu verður að ræða þá verður hún um eins árs skeið um þau 0,4% sem við teljum að sveitarstjórnirnar eigi að leggja fram til þess að hægt sé að standa við þau áform sem lögð voru fram í upphafi kjarasamninganna, og mjög skýrlega var lýst yfir að sveitarstjórnirnar ættu að leggja fram samkvæmt þeim hugmyndum sem þá voru ræddar á milli aðila ríkisvaldsins annars vegar og forystuaðila Alþýðusambands Íslands hins vegar.

[16:47]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það sniðug hugmynd hjá ríkisstjórninni að ætlast til þess að sveitarfélögin lækki skattana sína, skeri niður framkvæmdir og standi þannig að málum að það verði til þess að auka kaupmátt. Ótrúlega frumleg ríkisstjórn, verð ég að segja, sem lætur sér detta þetta í hug. En þá hefði verið sniðugt hjá henni og skynsamlegt að nefna þetta við sveitarfélögin. Það láðist ríkisstjórninni að gera og það eru ekki mannasiðir í þjóðfélagi þar sem það er lögfest að ríkisstjórnin eigi að hafa samráð við sveitarfélögin. Veruleikinn er sá að niðurstaðan í þessum samningum var sett á blað og hún var tilkynnt opinberlega í fjölmiðlum og alls staðar án þess að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga. Um leið og þetta spurðist mótmælti formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga þessum vinnubrögðum í fjölmiðlum þannig að það hefur legið fyrir allan tímann, burt séð frá kennarasamningunum, að sveitarfélögin væru ekki tilbúin að taka þessa hluti á sig. Þess vegna er hreint skálkaskjól sem hæstv. ráðherra hleypur í þegar hann setur hlutina upp eins og hann gerði áðan. Veruleikinn er sá, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að ríkisstjórnin er að hlaupa frá lögfestu fyrirheiti sínu um að lækka skatta um 1,9% niður í 1,5%. Það er veruleikinn sem hér blasir við og það er ekki nokkur leið fyrir hæstv. ríkisstjórn að skjóta sér undan því. En í öðru lagi er veruleikinn líka sá að með þessu er hæstv. fjmrh. að segja við verkalýðshreyfinguna að hún verði að gjalda varhug við samningum við þessa ríkisstjórn framvegis í svo langan tíma. (Gripið fram í.) Það liggur þegar fyrir á fyrstu mánuðum þessa samnings, sem á að gilda í mörg ár, að það er hættulegt að semja við núverandi ríkisstjórn í svo langan tíma. Hún stendur ekki við orð sín á þessu sviði frekar en öðrum.

[16:49]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu var talað við sveitarstjórnarmenn um það leyti sem viðræður áttu sér stað á milli

ríkisstjórnarinnar og forustumanna ASÍ. Ég tók sjálfur þátt í því. Það er hins vegar alveg rétt að forustumenn sveitarfélaganna lýstu því yfir að þeir væru einungis tilbúnir til að tala um þetta atriði í tengslum við önnur fjárhagssamskiptamál ríkis og sveitarfélaga. Að því leytinu til er það rétt sem hv. þm. segir. Ríkisstjórnin og sveitarfélögin standa nú í viðræðum sem er að ljúka um þetta leyti. Á undanförnum árum hefur niðurstaðan alltaf verið samningur þannig að ríkisstjórnir sem ég hef setið í hafa ávallt gert samninga við sveitarfélögin þannig að það er ekki hægt að halda öðru fram. Svo botnaði hv. þm. ræðu sína með því að lýsa því yfir að ekki væri hægt fyrir launþega að treysta ríkisstjórninni. Það væri ekki hægt að semja við ríkisstjórnina um eitt eða neitt og menn ættu að gjalda varhug við því. Þetta leyfir hv. þm. sér að segja eftir að hafa setið í ríkisstjórn á sínum tíma sem með bráðabirgðalögum, á einni sumarnóttu, tók alla samninga úr sambandi. Heldur hv. þm. að þjóðin sé búin að gleyma þessu?

[16:50]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert, út af síðustu orðum hæstv. fjmrh., að velta því fyrir sér hvort það er virkilega þannig að núv. hæstv. fjmrh. sé að óska eftir verðbólgu og hann sakni þess að verðbólgan var kveðin í kútinn. Er hann að gagnrýna ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fyrir það að hún náði samkomulagi um það við launþegasamtökin í landinu, verkalýðssamtökin í landinu, að kveða niður verðbólguna? Eina árásarefni hæstv. fjmrh. á þá ríkisstjórn aftur og aftur úr þessum stól er einmitt þetta, að sú ríkisstjórn tók þá ákvörðun, sem var auðvitað óvinsæl á sínum tíma, að gera allt sem hægt var til þess að ná verðbólgunni niður. Veruleikinn er líka sá, herra forseti, að á bak við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar stóðu ekki aðeins flokkar hennar heldur einnig verulegur hluti samtaka launafólks í landinu. Það er veruleiki sem hæstv. fjmrh. má ekki gleyma þó svo að hann vilji það. Hann vill þyrla upp moldviðri í kringum þann veruleika að hann er að ganga á bak við lögfest fyrirheit gagnvart samtökum launafólks í landinu. Veruleikinn er auðvitað líka sá að það er ekki bara á þessu sviði sem ríkisstjórnin stendur í bullandi stríði við sveitarfélögin. Það á líka við um húsaleigubæturnar þar sem ríkisstjórnin hefur ekki komið hlutunum í þann farveg að telja megi eðlilegan. Veruleikinn er með öðrum orðum sá að þessi mál eru í uppnámi og það er þar af leiðandi rétt, sem ég sagði áðan, að reynslan sýnir nú þegar að það er ekki hægt fyrir samtök launafólks í þessu landi að gera samninga mörg ár fram í tímann við ríkisstjórnina sem nú situr af því henni er ekki treystandi. Það kemur strax í ljós í dag þó hæstv. fjmrh. kalli þetta „að hnika til" sem sumir kalla öðrum nöfnum.

[16:52]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér eru að gerast merkileg tíðindi. Ég hef fyrir framan mig þskj. 880, mál nr. 528 frá í vor. Það er frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þetta er stjfrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem var lagt fram í kjölfar samninganna í vor. Í þessu frv. segir m.a. í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Á fundi með forustumönnum stjórnarflokkanna lögðu formenn landssambandanna [þ.e. formenn landssambanda ASÍ] áherslu á að ríkisstjórnin tæki afstöðu til þessara tillagna [þ.e. tillögur í skattamálum] sem fyrst því að aðgerðir í skattamálum voru taldar geta haft úrslitaáhrif á kjarasamningaviðræðurnar." Þetta er sá tími þegar verið er að ljúka við kjarasamningagerðina.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir í þessu sama frv., orðrétt úr grg. ríkisstjórnarinnar með stjfrv., með leyfi forseta: „Síðar þann sama dag [þ.e. 10. mars 1997] kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um aðgerðir í skattamálum fyrir forustumönnum ASÍ. Þær hugmyndir eru í öllum meginatriðum samhljóða tillögunum í þessu frumvarpi að öðru leyti en því að ekki er að svo stöddu gerð tillaga um breytingar á vaxtabótakerfinu." Síðan segir:

„Í yfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er, eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag."

Þetta segir í grg. með stjfrv. sem hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, talaði fyrir. Síðar segir í þessari tillögu þegar rakin er ferillinn að tekjuskatturinn lækkaði um 1,1% 1. janúar 1997. Það var stjórnarandstaðan sem hjálpaði til við að greiða fyrir því máli í gegnum þingið. Næsta lækkun á að vera um næstu áramót, þá á tekjuskattshlutfallið að lækka um 1,9% til viðbótar. Það er þetta sem hæstv. fjmrh. er að svíkja. 1. janúar 1999 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1% til viðbótar. Þetta er ferillinn sem var settur upp af hæstv. ríkisstjórn núna í vor. Á grundvelli þessara skattalækkana voru kjarasamningarnir gerðir. Það er enginn fyrirvari í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að niðurstaða náist í viðræðum við sveitarfélögin því að sveitarfélögin mótmæltu sama dag að ríkisstjórnin væri að úthluta byrðum á þær herðar.

Ekkert í frv. ríkisstjórnarinnar, sem orðið er að lögum segir að fresta eigi hluta 1,9% skattalækkunarinnar um næstu áramót um þessi 0,4%. Ef ríkisstjórnin telur að hún eigi eitthvað ósamið við sveitarfélögin um þátttöku í gerð þessara kjarasamninga getur hún ekki gert annað en að láta núverandi lög standa, að 1,9% skattalækkun komi fram um þessi áramót, því það er eftir einn gjalddagi í viðbót sem er um þarnæstu áramót. Ef ríkisstjórnin telur sig geta með tíð og tíma komist að samkomulagi við sveitarfélögin þá hefur hún tíma til þess í eitt ár. En það sem hún er að gera núna, ef hún gerir þetta, eru bein svik á kjarasamningunum frá því í vor. Þetta eru bein svik, það er ekkert annað orð yfir það vegna þess að verkalýðshreyfingin skrifaði undir samningana og kynnti samningana í aðildarfélögum sínum.

Þetta var umdeilt, sem allir muna eftir. Lykilatriði í þeirri kynningu og því sem forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar lögðu undir, var að þetta kæmi allt til framkvæmda eins og samið var um, þ.e. að staðið yrði við samninga. Það kom aldrei neinn efi fram hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar sem áttu í mikilli baráttu, líka félagslega við hluta af baklandi sínu sem við þekkjum ósköp vel, þá óraði ekki fyrir því að þeir yrðu sviknir við útfærslu skattalækkananna rúmlega hálfu ári eftir að skrifað var undir kjarasamningana. Við skulum ekki gleyma því að þetta voru kjarasamningar sem gilda fram á næstu öld. Vitaskuld treystu menn því að samningar stæðust.

Herra forseti. Maður hefur séð margt af hálfu ríkisstjórnarinnar, hvað hún er blygðunarlaus í því að brjóta samkomulag þegar henni hentar en þetta er það ótrúlegasta. Ég man ekki eftir því, herra forseti, að hafa upplifað svo gróft brot á kjarasamningum sem voru gerðir undir forgöngu ríkisstjórn-

arinnar, voru tímamótasamningar sem þeir þökkuðu sér í bak og fyrir. Að það skuli vera nýtt þegar fyrsta ákvæðið kemur til framkvæmda því að hitt var afturvirkt frá 1. jan. 1997 sem við hjálpuðum þeim með, að fyrsta ákvæðið í skattalækkunarferlinum sé nýtt til að brjóta þessa kjarasamninga. Og kenna síðan sveitarfélögunum um það sem höfðu mótmælt allan tímann þátttöku í þessari skattalækkun, að þau ætli að hlunnfara launþega í landinu um skattalækkun upp á 0,4%. Það er fyrir neðan allar hellur, herra forseti. Ég hef ekki séð frv. sem hæstv. fjmrh. gaf til kynna að væri hugsanlega að koma inn í þingið en ég trúi ekki að ríkisstjórnin ætli að fara fram með þessum hætti.

Ég vil minna á annað, herra forseti. Í efh.- og viðskn. Alþingis, er núna verið að ganga frá afgreiðslu lífeyrissjóðfrv. Ég spyr hæstv. ráðherra, sem ég sé nú hvergi nálægan, kannski er hann að hlusta, vita ASÍ, aðilar vinnumarkaðarins, um þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar? Því þar stóðu aðilar vinnumarkaðarins saman, þeir áttu báðir aðild að þessum kjarasamningi og þeim skattalækkunarferli sem er verið að gera. Ef orð ríkisstjórnarinnar standa ekki lengur en hefur verið gefið í skyn þá þarf líka að skoða aðra þætti, sem tengjast aðilum vinnumarkaðarins, hvort líka sé setið á svikráðum á þeim vettvangi. Það er brýnt, herra forseti, að fá svar við þessum spurningum.

[17:01]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi tveimur mjög mikilvægum spurningum til hæstv. fjmrh. sem hann á ekki að komast undan að svara því það skiptir miklu máli hver svör hans eru. Ég ítreka óskir hv. síðasta ræðumanns til hæstv. ráðherra um að hann svari þeim spurningum sem hv. þm. Ágúst Einarsson lagði fyrir hann áður en þessari umræðu lýkur.

[17:01]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það lýsir svolítið virðingu hæstv. fjmrh. gagnvart þessu máli að þegar verið er að ræða uppfyllingu á hans eigin samningi, þegar gagnrýni er borin fram á málflutning hans, þá sér hann ástæðu til að fara úr þingsal og frá umræðunni. Hann fylgist ekkert með henni og veit ekki einu sinni hvaða spurningar eða hvaða gagnrýnisatriði eru lögð hér fram af hálfu stjórnarandstæðinga. Þetta lýsir e.t.v. betur en margt annað hvaða virðingu hæstv. fjmrh. ber gagnvart skoðunum annarra.

Ég lýsti því yfir, og ætla ekki að fara að endurtaka ræðu mína þó fjmrh. hefði vafalítið gott af því, að hér væri um að ræða svik og rakti frv. hæstv. ráðherra frá því sl. vor þar sem hvergi er möguleiki á því að breyta skattalækkuninni eins og hann gaf í skyn, þ.e. að falla frá 1,9% og fara með það ofan í 1,5% vegna hugsanlegs samnings við sveitarfélögin. Það er engin staða til að túlka þennan kjarasamning og skattalækkunarferlið á þann hátt. Hér er augljóst mál, herra forseti, að ráðherra og ríkisstjórn, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, er að byrja samningsferlið með því að uppfylla ekki grundvallaratriði samningsins.

Ég spurði hæstv. ráðherra m.a. hvort aðilum vinnumarkaðarins og þá sérstaklega verkalýðshreyfingunni væri kunnugt um þessi áform eða hugsanleg áform ríkisstjórnarinnar. Ég minnti einnig á í umræðunni að í efh.- og viðskn. væri stjórn og stjórnarandstaða að reyna að afgreiða í sátt og samlyndi með aðilum vinnumarkaðarins frv. um nýja lífeyrissjóðalöggjöf. Aðilar vinnumarkaðarins, sérstaklega verkalýðshreyfingin, hafði ekki þegar hún gekk frá málinu í vor neina ástæðu til að ætla að hún yrði svikin á þennan hátt vegna þess að enginn fyrirvari er í þessu máli og ef hæstv. ráðherra vill ná fram þessu 0,4% af hálfu sveitarfélaganna, þá sagði ég í umræðunni sem hann hlustaði ekki á að hann ætti að gera það árið eftir því að þar áttu skattarnir líka að lækka um eitt prósentustig en hann þarf og verður að standa við samninga. Það er ekki hægt annað jafnvel þó að löggjafarvaldið sé nú hjá meiri hluta ríkisstjórnarinnar, þá er ekki hægt að brjóta þessa kjarasamninga með því móti sem hér liggur fyrir. Mótmæli sveitarfélaganna lágu fyrir allan tímann.

Ég óska eftir að vita, herra forseti, hvort hæstv. fjmrh. ætlar að láta þetta ganga fram og leggja fram frv. um þetta efni að skattalækkunin verði einungis 1,5% um næstu áramót og hin spurningin hvort aðilar vinnumarkaðarins séu upplýstir um þessar hugrenningar hæstv. ríkisstjórnar.

[17:06]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Í frv. til laga sem hv. þm. var að minnast á segir, með leyfi forseta:

„Í yfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er, eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag.“

Þessu hef ég lýst hér áður og hefur komið fram í mínu máli að rætt var við sveitarfélögin og þau sögðust tilbúin til að ræða þessa hugmynd ásamt öðrum samskiptum á milli aðila. Ég ítreka það sem allir hafa sagt, þau kyngdu þessu ekki, það er alveg ljóst. Þær viðræður hafa farið fram alveg til þessa dags.

Vegna fyrirspurnarinnar um það hvort forustumönnum ASÍ sé kunnugt um þetta, þá vil ég að það komi fram að fulltrúa forustumanna ASÍ hefur verið sagt frá því hvernig staða málsins er, en hún er þannig að sveitarstjórnirnar hafa sagt að þær treysti sér ekki til að gera þetta, a.m.k ekki að svo komnu máli og þess vegna hafi ríkisstjórnin ekki getað á þessari stundu náð fram þeirri ætlan sinni í samningum við sveitarfélögin að þau legðu fram sem næmi 0,4%.

Það hefur líka margoft komið fram í þessu máli og þarf að ítreka enn að verið er að tala um 4% skattalækkun á kjarasamningstímabilinu. Við það verður að sjálfsögðu staðið og ég get endurtekið það fyrir hv. þm. Svavar Gestsson, þó að þessari lækkun yrði hnikað til.

Til viðbótar vil ég segja það að ekki var gert ráð fyrir því í samningum sem gerðir voru á almenna vinnumarkaðnum fyrr á þessu ári að hægt væri að draga 2% frá tekjum vegna lífeyrisiðgjalda en nú hefur ríkisstjórnin samþykkt það í ofanálag og það jafngildir líka meiri skattalækkun ef allir nota það heldur en hér er um að ræða sem gæti hnikast til, ef af því verður. Þegar á heildina er litið verða menn að skoða að á ferðinni er veruleg skattalækkun í prósentum, 4% plús 2% til viðbótar sem hægt er að draga frá tekjum þ.e. í lífeyrissjóðamálinu þannig að áfram er haldið á þeirri braut. Menn verða því að hafa það í huga að verið er að lækka stórkostlega skatta til þess annars vegar að kalla fram aukinn sparnað og hins vegar til að tryggja að heimilin í landinu fái þann kaupmátt tekna sem við vildum að fram gæti gengið.

Þetta er ljóst. Endanleg ákvörðun í þessu máli liggur ekki fyrir en aðilum hefur verið kynnt hver staða málsins er.

Það er líka ljóst og hv. þingmenn vita auðvitað — sumir gefa nú í skyn að þeir séu búnir að vera hér hálfa öldina þegar þeir tala um að eitthvað hafi gerst fyrr á öldinni — að til þess að svona mál geti gengið fram þarf að breyta lögum þannig að þetta mál hleypur ekkert fram hjá hv. þingmönnum. Þetta er hins vegar vandasamt mál sem ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir að þarf að ræða annars vegar við sveitarfélögin, sem ég vona að allir séu sammála um að þurfi að leggja í þetta púkk, og eins við þá aðila sem stóðu að þeim kjarasamningum sem gerðir voru og ég vona svo sannarlega að verði íslensku þjóðinni til gæfu og gengis á komandi árum. Það var mikilvægt að ná þessum samningum. Skattalækkunin var forsenda kjarasamninganna. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum. Það sem hins vegar hefur gerst og við stöndum frammi fyrir er að sveitarstjórnirnar hafa ekki fengist til þess enn á þessari stundu að samþykkja að leggja til þessarar skattalækkunar sem nemur um 0,4% í lækkun á staðgreiðslunni. (**KÁ:** Hvað mikið ... ?) Það er verið að tala um 500 millj. og stóð líka í skjalinu sem minnst hefur verið á. Þetta eru öll ósköpin. Þetta eru öll svikin. Það er þetta sem við erum að ræða um í dag og ég held að við verðum að átta okkur á því að þessir löngu kjarasamningar, sá stöðugleiki sem hér ríkir hlýtur að leiða til þess að ekki einungis ríkisvaldið heldur líka sveitarfélögin njóta gagns af niðurstöðunni. Þetta verðum við að hafa í huga. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin. Ef hún verður tekin þarf að (Forseti hringir.) leggja það fyrir Alþingi eins og allir hv. þingmenn vita.

Ég vona, virðulegi forseti, að það sem ég hef sagt svari þeim fyrirspurnum sem hv. þm. kom með og ég leyfi mér að segja að það hefur ekki verið háttur minn og mér finnst það ósanngjarnt að tala um það að ég sýni mönnum einhverja vanvirðingu þó ég hafi þurft mjög nauðsynlega að hlaupa hér innan húss á milli herbergja.

[17:12]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál snýst um það hvort samningar eigi að standa. Ég las upp, hæstv. fjmrh., úr frv. ríkisstjórnarinnar þar sem segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir að útsvör sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnaður í samráði við sveitarfélögin. Þetta er alveg skýrt. Ef niðurstaða er ekki komin milli fjmrn. og sveitarfélaganna, þá er ekki hægt, herra forseti, að láta það koma niður á samningsaðilunum og fresta skattalækkuninni, það er ekki hægt. Ef ágreiningur er milli sveitarfélaganna og fjmrn., við skulum segja að hann sé þó sveitarfélögin hafi mótmælt, þá getur það ekki komið niður á launafólki í landinu sem samþykkti kjarasamningana m.a. vegna þessara skattalækkana. Þetta gera menn einfaldlega ekki. Það er ekki hægt að láta þessa boðuðu skerðingu koma fram eins og fjmrh. er að lýsa. Og það að rifja upp einhver önnur atriði í skattamálum svo sem 2% iðgjaldið sem við vorum að ræða kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við, herra forseti. Þetta er mjög einfalt mál. Ef það eru deilur, þá átti að útkljá þær milli aðilanna sem eru að deila. Það átti ekki að láta launafólk í landinu bera þær byrðar. Það er ekki hægt að gera það og ég trúi því ekki að verkalýðshreyfingin, þó að henni hafi verið kynnt þetta, muni taka því þegjandi að forsendum sé breytt í kjarasamningum sem eigi að gilda fram á næstu öld. Í hvers konar bananalýðveldi erum við? Þegar löggjafinn sem fer með meiri hluta þingheims rýfur þá sátt sem gerð var í vor, eina mikilvægustu kjarasátt sem hefur verið gerð til margra ára og það komu allir að því og trúðu því að staðið yrði við það sem menn (Forseti hringir.) höfðu skrifað undir. Menn höfðu ekki nokkra ástæðu til að ætla annað. En ef ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með Friðrik Sophusson, (Forseti hringir.) hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar ætlar að grípa fyrsta tækifærið til að bregðast og ganga frá samningi, þá er það meira en ég átti von á frá hæstv. fjmrh.

[17:14]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú óþarfi að hafa þennan hávaða í þessu máli. Það lá fyrir strax frá upphafi eins og hv. þm. hefur viðurkennt að það stóð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir því að sveitarfélögin væru með. Í viðræðum á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og fulltrúa verkalýðssamtakanna hins vegar voru báðir aðilarnir sammála um það að þessi samningur væri svo merkilegur og mikilvægur að það væri fyllilega eðlilegt að sveitarfélögin í landinu legðu sitt í púkkið upp á 500 millj. þegar ljóst var að þessi skattalækkun kostaði þegar á allt er litið milli 4 og 5 milljarða.

Það er hins vegar alveg rétt að okkur hefur enn ekki tekist að fá sveitarfélögin í samningum til þess að samþykkja þetta. Þess vegna hefur einum af forustumönnum ASÍ verið sagt hver staða málsins er, það liggur fyrir. Ég tel að ríkisstjórnin hafi fyllilega hreinan skjöld og hún hefur að sjálfsögðu rætt við þann aðila sem við áttum samskipti við í tengslum við kjarasamningana. Það er ekkert verið að fela í þessu máli og ríkisstjórnin mun standa við það að á þessu samningstímabili verða skattarnir lækkaðir eins og til stóð. Það er ekkert verið að ganga á svig við það.

Þetta vildi ég að kæmi fram og ég vil líka að það komi fram að að sjálfsögðu mun verða rætt við alla aðila en eins og hv. þm. Ágúst Einarsson veit, þá var hugmyndin sú að sveitarstjórnirnar kæmu inn með þessa fjármuni. Það var ekkert falið hvorki fyrir þinginu né forustumönnum Alþýðusambandsins og í reynd vissu þeir og tóku þátt í því að beina þessum erindum til forráðamanna sveitarfélaganna og þeir hljóta þess vegna að hafa skilning á því ef lengri tíma þarf til að semja við sveitarfélögin í landinu til að þau geti keik staðið með því samkomulagi sem gert var á vinnumarkaðinum og er mikilvægt fyrir alla Íslendinga, líka þá sem starfa í sveitarfélögum.

[17:16]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginatriðið í þessu er að hæstv. fjmrh. getur ekki látið það koma niður á launafólki í landinu að hann nái ekki samningum við sveitarfélögin um fjármögnun á 0,4% sem var ósk ríkisstjórnarinnar. Það var ekki samningur milli sveitarfélaganna og ríkisstjórnarinnar heldur einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar að láta sveitarfélögin taka þátt í þessu. Ég skil ósköp vel að sveitarfélögin eru ekki sátt við það, þau eru á móti og ekki hafa náðst samningar. En að láta það koma fram gagnvart launafólki í landinu, herra forseti, það gengur ekki. Hæstv. fjmrh. má taka allan þann tíma sem hann telur sig þurfa í að semja við sveitarfélögin í landinu og reyna að ná út úr þeim þessum 500 millj. eða bara standa við yfirlýsingar sínar. En hann getur ekki, herra forseti, látið þetta koma fram með því að skerða skattalækkunina sem á að koma til framkvæmda eftir nokkra daga. Það er það sem

málið sýst um. Það er ólíðandi framkoma af hálfu ríkisvaldsins og alveg sama hver hefði verið í ríkisstjórn. Svona hluti er ekki hægt að gera. Hæstv. fjmrh. verður að klára samninga sína og hann hefur til þess tíma og hann getur hafa lækkað upphæðina árinu seinna ef það er málið eða fundið einhverja aðra útfærslu. Aðalmálið er: Ríkisvald, ríkisstjórn Íslands, þó að ég styðji hana ekki, er aðili að kjarasamningum sl. vor og henni ber að standa við öll þau loforð sem hún gaf því að þau voru gefin af meiri hluta á Alþingi. Það verður að virða þann vilja sem kom fram á Alþingi varðandi þessar skattalækkanir og allar forsendur sem lágu til grundvallar. Annað er ekki hægt. Þó að ég sé andstæðingur ríkisstjórnarinnar þá ber henni að standa við þá samninga sem hún hefur gert.

[17:19]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í yfirlýsingunni frá í vor og í öllum gögnum málsins stendur að útsvar eigi að lækka um 0,4% eða tekjuskattur eigi að lækka um samsvarandi tölu. Það stendur ekki í yfirlýsingunni að fallist sveitarfélögin ekki á þessi 0,4%, þá detti þau dauð niður. Í yfirlýsingunni lofar ríkisstjórnin því að tryggja þessi 0,4% burt séð frá afstöðu sveitarfélaganna. Það er ómerkilegt að mínu mati að ætla að skjóta sér á bak við það að sveitarfélögin neita að gera það sem ríkisstjórnin fyrirskipar þeim eins og um er að ræða í þessu máli. Ég held að nauðsynlegt sé að kalla hlutina réttum nöfnum í umræðunni og hafa þau orð sem rétt eru. Það er bersýnilegt að ríkisstjórn Íslands vill ganga á bak við þau fyrirheit sem hún gaf sjálf, ekki bara fyrir hönd sveitarfélaganna heldur líka fyrir hönd sjálfrar sín. Það ýtir undir að maður velti því fyrir sér hvort skynsamlegt er að gera samninga í mörg ár við ríkisstjórn sem í litlu bregst með þeim hætti sem hér er verið að tala um.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að þegar samningarnir voru gerðir fyrr á árinu þá velti ég því fyrir mér hvort það væri skynsamlegt að standa að öllu leyti að hlutunum eins og gert var í svo langan tíma og ég taldi og tel að tryggingarnar í þeim samningum hafi að mörgu leyti verið veikar. Því miður, herra forseti, verð ég að segja að mér finnst að þau svik sem eru í uppsiglingu bendi til þess að sú tortryggni hafi átt við rök að styðjast.

[17:20]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef svarað flestu því sem kom fram hjá hv. þm. í andsvörum eða ræðum fyrr í umræðunni en ég vil taka það fram að það er alveg skýrt sem segir í textanum. Það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar séu með. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að sveitarstjórnirnar séu með þannig að hægt sé að lækka útsvarið í staðgreiðslunni um 0,4%. Ef það tekst ekki þá verði tekjuskattarnir lækkaðir samsvarandi og fjármagnað með þeim hætti að það færist til útgjaldamegin hjá sveitarfélögunum. Ekki er verið að segja að annaðhvort ætli ríkisstjórnin að fjármagna þetta sjálf eða sveitarfélögin ætli að gera það. Það dettur auðvitað engum í hug. Það sem verið er að segja er að þetta gerist annaðhvort í gegnum útsvarið eða með millifærslu á verkefnum og þá mun tekjuskatturinn vera lækkaður á móti. Það sjá allir heilvita menn og var þannig rætt við sveitarstjórnirnar og það var rætt líka þannig við forustumenn ASÍ. Þessi nýi skilningur hv. þm. stenst engan veginn því að þarna var um tvo möguleika að ræða, annaðhvort að lækka útsvarið eða að lækka skattinn og láta þá sveitarfélögin bera einhver útgjöld sem ríkið ber núna upp á sömu fjárhæð. Svo einfalt var það og hefur alltaf verið rætt um það þegar hv. þm. er að finna upp nýjan skilning á þessum texta núna í dag.

[17:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er orðið nokkuð skrautlegt, verð ég að segja. Hæstv. fjmrh. vill ekki kannast við orðin í eigin texta. Í textanum stendur fullum fetum að annaðhvort lækki útsvarið eða tekjuskatturinn. Það stendur ekki í textanum að málið sé þannig að ef sveitarfélögin neiti þá fái fólkið í landinu ekki neitt.

Hið alvarlega í málinu er að það traust sem verkalýðshreyfingin í landinu hafði á ríkisstjórninni gagnvart þeim kjarasamningum sem gerðir voru til margra ára hefur ekki staðist og það fyrirheit sem hæstv. ríkisstjórn gaf einhliða fyrir hönd sveitarfélaganna var fráleitt að öllu leyti og eðlilegt að sveitarfélögin mótmæltu því af fullum krafti eins og þau gerðu. En að setja hlutina upp eins og hæstv. fjmrh. gerði, að hann geti hlaupið frá loforðinu af því að sveitarfélögin gerðu það, af því að sveitarfélögin þrjóskast við, af því að sveitarfélögin neita að gegna ráðherranum. Þvílík uppsetning mála, herra forseti.

[17:23]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að lesa hér, með leyfi forseta, texta sem er í frv. sem um er að ræða:

„Í yfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga sama dag.“

Svo mörg voru þau orð. Ég held að það þurfi mikinn stálvilja til þess að skilja þennan texta öðruvísi en hann er settur fram. Það sem við erum að fjalla um í dag er þetta:

Ríkisstjórnin tók að sér það hlutverk eftir viðræður við forustumenn ASÍ að ræða við sveitarfélögin um það hvernig hægt væri að koma hlut sveitarfélaganna fyrir. Þeim viðræðum er ekki lokið. Sú staða kann að koma upp að það þurfi þess vegna að fresta hluta af skattalækkunum milli ára. Sú staða hefur verið kynnt fulltrúa ASÍ. Þessi staða hefur verið rædd við sveitarfélögin. Enn hefur engin ákvörðun verið tekin en ég vona að eftir umræðurnar í dag á hinu háa Alþingi skilji menn hver staðan er og það sé a.m.k. ljósara en áður því að á næstu dögum verða menn að taka ákvörðun um þetta efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 98. mál (sala til útlendinga). — Þskj. 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, MF, SP, StB, TIO, VS, VH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 437).

***Hlutafélög, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 147. mál (EES-reglur). — Þskj. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, MF, SP, StB, TIO, VS, VH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 438).

***Einkahlutafélög, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 148. mál (EES-reglur). — Þskj. 148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:30]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JóhS, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁJ, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, GE, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, LB, MF, SighB, SP, StB, VS, VH, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 439).

***Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 378.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 327. mál (iðgjaldastofn og innheimta). — Þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:32]
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.***

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 415.

[17:32]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytinum. Frv. er 329. mál og er að finna á þskj. 415.

Í frv. eru lagðar til tvær breytingar á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Annars vegar er lagt til að vörugjald af dráttarbifreiðum og vélknúnum ökutækjum til sérstakra nota að heildarþyngd yfir 5 tonn lækki úr 30% í 15% og hins vegar að ökutæki sem knúin eru mengunarlausum orkugjafa verði undanþegin gjaldskyldu.

Síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi lög er kváðu á um lækkun vörugjalds af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd úr 30% í 15%. Þegar breytingin kom til framkvæmda kom í ljós að oft er illmögulegt að greina á milli slíkra ökutækja og dráttarbifreiða, svo og ýmissa ökutækja sem ætluð eru til sérstakra nota. Jafnframt hefur mismunandi gjaldtaka af vöruflutningabifreiðum annars vegar og dráttarbifreiðum og bifreiðum til sérstakra nota hins vegar þótt óheppileg með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Af þessum ástæðum er lagt til að vörugjald af dráttarbifreiðum og bifreiðum til sérstakra nota að heildarþyngd yfir 5 tonn verði lækkað úr 30% í 15%.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að skráðum eigendum dráttarbifreiða og ökutækja sem ætluð eru til sérstakra nota,

að heildarþyngd yfir 5 tonn, sem hafa annaðhvort verið tollafgreidd eða gjaldskyld aðvinnsla hefur verið framkvæmd á, á tímabilinu 22. maí 1997 og fram til gildistöku frv., verði greiddur helmingur af því vörugjaldi sem greitt var af ökutækjum, enda hafði verið greitt 30% vörugjald af því. Þessu ákvæði er ætlað að leiðrétta það misræmi sem fram kom í gjaldtöku af slíkum ökutækjum miðað við vöruflutningabifreiðar er vörugjald af vöruflutningabifreiðum að heildarþyngd yfir 5 tonn var lækkað úr 30% í 15% sl. vor.

Þar sem ég sé, virðulegi forseti, að hv. þingmenn þekkja frv. og hafa gaman af því tel ég ástæðulaust að fara frekari orðum um þennan þátt málsins en vil geta þess að í lokin er um að ræða alls óskylt efni í 2. gr. frv. Þar segir að með frv. sé lagt til að ökutæki sem knúin eru mengunarlausum orkugjafa verði undanþegin vörugjaldi. Það er eins gott að hæstv. samgrh. er ekki í salnum, hann mun ekki hlæja að þessu því að eins og allir vita eru vegir landsins fjármagnaðir með eldsneytinu sem er bensín og olía og ef mengunarlausum ökutækjum fjölgar mjög þá getum við hætt að leggja fram vegáætlun til margra ára. Þetta var nú sagt í gamni en þá hló náttúrlega enginn.

Virðulegi forseti. Þar sem hálfgerð þreyta er komin í mannskapinn á hinu háa Alþingi tel ég ástæðulaust að hafa þessa ræðu öllu lengri en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:36]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. sem virðist í sjálfu sér lítið og að því er virðist líka skemmtilegt af viðbrögðum hv. þm. að ræða, en ég vildi gera sérstaklega að umtalsefni 2. gr. frv., þá sem hæstv. fjmrh. vísaði til en hún orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá eru ökutæki sem eru eingöngu knúin mengunarlausum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin gjaldskyldu."

Ég vek sérstaka athygli á þessu því að með þessu er mörkuð afskaplega mikilvæg stefna, þ.e. þetta virðist við fyrstu sýn vera smámál en er í rauninni stórmál eins og hæstv. fjmrh.ýjaði reyndar að í skeytum sínum að hæstv. sagmrh.

Með þessu ákvæði er í rauninni verið að staðfesta þann vilja að nýta mengunarlausa og innlenda orkugjafa í samgöngutækjum þjóðarinnar. Þetta er með öðrum orðum hvatning til þess að nota vistvæn ökutæki og vistvæna orkugjafa og hlýtur að vera af hinu góða. Ef ákvæðið verður að lögum er verið að gera ökutækin sem eru mengunarlaus eða knúin mengunarlausum orkugjöfum samkeppnisfærari við hefðbundin ökutæki með hefðbundnum orkugjöfum.

Í þessu sambandi, herra forseti, er rétt að hafa í huga hvers vegna það er mikilvægt. Sú umræða hefur reyndar farið fram og er rétt að minna á það enn einu sinni að þriðjungur af gróðurhúsaáhrifum og gróðurhúsaútblæstri hérlendis stafar af ökutækjum. Þess vegna er mikilvægt að ráðast á þær syndir sem allra fyrst og með þessu ákvæði er verið að ýta undir nýtingu slíkra vistvænna orkugjafa.

Nú kunna einhverjir að spyrja sem svo hvort þetta sé raunhæft, hvort svokallaðir vetnisbílar eða bílar knúnir rafhreyfli verði algengir á götum landsins. Er því til að svara þó að vissulega heyrist úrtöluraddir og svartsýnisraddir að það er margt og flest sem bendir til þess að þróunin hjá bílaframleiðendum um heim allan sé svo hröð m.a. vegna ástands í umhverfismálum að slíkir bílar verði fjöldaframleiddir á allra næstu árum. Þannig liggur fyrir yfirlýsing frá Daimler Benz verksmiðjunum að strax árið 2004 muni þeir ætla sér að framleiða 40 þúsund bíla knúna vetni á svokölluðum efnarafölum eða „fuel cells" og strax árið eftir eða árið 2005 gera þeir ráð fyrir framleiðslu á 100 þúsund slíkum bílum. Svipaða sögu má rekja frá öðrum bílaframleiðendum sem segir okkur að það kann að vera mun styttra en margur hefur talið í nýtingu slíkra bifreiða hérlendis og því ber að taka fagnandi því ákvæði sem ég gerði að sérstöku umtalsefni í 2. gr. frv.

Þá vil ég jafnframt, herra forseti, benda á það að samkvæmt úttekt frá umhverfisráðuneyti Bresku Kolumbíu í Kanada kemur fram að árið 1995 störfuðu í Vancouver-borg um það bil 400 manns við framleiðslu á efnarafölum eða „fuel cells" en samkvæmt áætlun úr sömu skýrslu er gert ráð fyrir að árið 2005 eða 10 árum síðar verði 6.000 starfandi við þennan iðnað, þ.e. framleiðslu á efnarafölum. Það er breyting á 10 árum úr 400 manns upp í 6.000. Ástæða þess er ósköp einföld. Það er bílaiðnaðurinn sem kallar á efnarafala og hafa þegar verið gerðar pantanir hjá Kanadamönnum af heimsþekktum bílaframleiðendum. Þetta segir sitt um þróunina. Hún er mun hraðari en menn gerðu í raun ráð fyrir og ástæðan er einföld. Það er ástand umhverfisþáttar í heiminum í dag.

Herra forseti. Um leið og ég fagna þessu ákvæði leyfi ég mér að víkja að lokaorðum greinargerðinnar þar sem ég lýsi vonbrigðum. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurfellingin [þ.e. niðurfellingin á gjöldum, vörugjaldi á mengunarlausum bílum] nær samkvæmt orðalagi ákvæðisins ekki til ökutækja sem eru knúin bæði mengunarlausum og mengandi orkugjafa." Þessa lagaskýringu tel ég vera afskaplega varhugavert að hafa inni og mælist mjög eindregið til þess af hæstv. fjmrh. að hann fallist á það sjónarmið að þessi túlkun ætti að hverfa því að samkvæmt þessu ákvæði mundi það ekki gilda um svonefnda hybrid-bíla en núna 10. des. mun Toyota t.d. markaðssetja slíkan bíl hjá sér og árið 1999 munu a.m.k. fjórir stórir bílaframleiðendur hefja fjöldaframleiðslu á svonefndum hybrid-bílum. Skilgreiningin á þeim mun vera sú að þeir eru knúnir sprengivél en sú sprengivél framleiðir rafmagn sem knýr þá áfram og má segja að hér sé um að ræða millistig á milli bensínbíla og vetnisbíla sem taldir eru að leysi hinn hefðbundna sprengihreyfil af hólmi. Í ljósi þess að þessi tegund bíla er að koma á markað tel ég afskaplega mikilvægt að almenningur sé hvattur til þess að kaupa þá enda eyða þeir fjórfalt minna af eldsneyti en hefðbundnir bílar. Með því að láta þetta ákvæði gilda um hybrid-bíla er verið að lækka þá í kaupverði til almennings eða í söluverði um 500–600 þús. kr. og 500–600 þús. kr. lækkun á slíkum bílum hlýtur að vera hvatning til almennings um að fjárfesta í vistvænni bílum en almennt tíðkast. Ég ítreka að menn telja almennt að hybrid-bílarnir séu millistig þar til vetnisbílar leysi þá af hólmi og því teldi ég eðlilegt að þetta ákvæði yrði fellt niður og hefði viljað heyra viðbrögð hæstv. fjmrh. við því.

Ég ítreka að lokum, herra forseti, fögnuð yfir því sem fram kemur í 2. gr. um að vörugjöld af ökutækjum sem knúin eru mengunarlausum orkugjöfum verði felld niður. Þar með er verið að hvetja almenning til þess að fjárfesta í vistvænum ökutækjum og við leggjum okkar af mörkum til þess að draga úr gróðurhúsamengun hér á landi.

[17:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir með mér að mikilvægt sé að gera breytingar á vörugjöldum vegna bifreiða sem nota mengunarlausa orkugjafa. Ég hlustaði á hann lýsa því að á markaðinn væru komnir bílar sem notuðu hvort tveggja og mér finnst sjálfsagt að nefndin líti á það. Hins vegar eru vandamál í þessu vegna þess að við skattleggjum eldsneyti náttúrlega verulega og margir milljarðar á ári renna til vegagerðar sem er nauðsynleg til þess að hægt sé að nota þessi ökutæki.

Virðulegi forseti. Í andsvari mínu minni ég á að hugmyndin með breytingum á lögum er að hægt sé að kaupa inn dísilbíla og þá er ég að tala um dísilfjölskyldubíla, oft með vélum sem eyða minna eldsneyti og eru minna mengandi en þeir bílar sem við notum núna. Ég ætla ekki að spá um hver framþróunin verður. Ég víst við að það verði a.m.k. áratugur eða tveir þar til menn geta notað vetni. Mér er kunnugt um það að a.m.k. hjá Toyota sem er mjög framarlega í þessum efnum, ég þekki ekki sjónarmið Daimler Benz verksmiðjanna, en hjá Toyota, er talið að það verði yfirgnæfandi sprengjumótorar notaðir, a.m.k. næstu 20 árin, en upp frá því megi gera ráð fyrir því að menn færi sig yfir í nýtt eldsneyti. Þetta eru þær staðreyndir sem menn standa frammi fyrir í dag en eins og frv. kom fram var það auðvitað flutt til þess að koma til móts við óskir ýmissa sem benda á að við eigum að feta okkur áfram, gefa mönnum tækifæri á að kaupa slíkar bifreiðar og gefa Íslendingum jafnvel tækifæri til að smíða slíkar bifreiðar eins og dæmi eru um.

[17:47]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hæstv. fjmrh. benti á, að komi hér á markað bílar sem knúnir eru mengunarlausum orkugjöfum þá kann það að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs vegna vegagerðar. Hins vegar megum við ekki líta fram hjá því að líklega er miklu mikilvægara fyrir þjóðina í heild sinni að standa við alþjóðlegar skuldbindingar varðandi losun gróðurhúsaefna eins og hæstv. umhvrh. mun væntanlega lýsa yfir í dag í Kyoto og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. við setningu Alþingis í haust.

Ég leyfi mér hins vegar að draga mjög í efa þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., byggða á upplýsingum frá Toyota, um að nokkrir áratugir muni líða þar til vetnisbílar verði almennir. Ég tel mig hafa upplýsingar frá öðrum bílaframleiðendum, hvað svo sem Toyota líður, um að menn eru komnir mun lengra. Má þar nefna BMW, Daimler Benz, Chrysler og fleiri slíkar verksmiðjur sem eru komnar með tilraunabíla og byrjaðar að framleiða bíla knúna hreinu vetni í smáum stíl og eru í rauninni ekkert annað en rafmagnsbílar en orkugjafinn er vetnið. Þannig er full ástæða til þess fyrir hæstv. áhyggjusaman fjmrh. að taka fullt mið af því þar sem þessir bílar munu birtast hér og munu reyndar einhverjir vera á leið til landsins.

En ég vil ítreka það sem ég nefndi um hybrid-bíla. Það er sérstök skilgreining á bílum sem fara í fjöldaframleiðslu þegar árið 1999 og ég tel fulla ástæðu til þess að hv. efh.- og viðskn. taki það sjónarmið í umfjöllun sinni á þessu máli því að hybrid-bílarnir eru almennt taldir millistig hins hefðbundna sprengihreyfils og vetnisbíls.

[17:49]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir fróðlega ræðu. Það er ljóst að hann þekkir vel til þessara mála og hefur reyndar flutt hér ýmis þingmál sem varða vernd umhverfisins. Hins vegar er það svo að mjög sjaldan blaktir einhver týra á skari þessarar ríkisstjórnar þegar umhverfismál eru annars vegar. Auðvitað er stórmerkilegt að það skuli fyrst vera hjá hæstv. fjmrh. sem kemur vottur af skilningi á því að nauðsynlegt sé að breyta um stefnu þessarar ríkisstjórnar í umhverfismálum.

Ég kem hingað upp vegna þess að ég tel sjálfsagt að þakka það sem vel er gert. Sú tillaga, sem hæstv. ráðherra leggur hér fyrir þingið um að afnumin verði vörugjöld af þeim ökutækjum sem kannski er ekki hægt að kalla mengunarlaus eins og hv. þm. en menga sannarlega minna en önnur ökutæki, er lofsverð og það ber að þakka hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega. En þetta er nú ríkisstjórnin sem um þessar mundir fer um landið kynnir t.d. að setja eigi niður olíuhreinsistöð í Skagafirði. Hún boðar að það sé farsælt fyrir fiskimiðin og fyrir hina hreinu ímynd Íslands að hér vaði stór olíuskip um helstu fiskimið Íslendinga. Þetta er líka ríkisstjórnin sem hefur nýlega lagt fram þingskjal til kynningar á áformum í stóriðju og þar eru talin hvorki meira né minna en sjö stóriðjuver sem ríkisstjórnin vill gjarnan láta byggja hér á Íslandi. Í því þskj. kemur einnig fram að sum þeirra áforma séu það langt komin að gera megi ráð fyrir að á næstu missirum verði hægt að ráðast í framkvæmdir. Þetta er sem sagt ríkisstjórnin sem er búin að senda sína menn til Kyoto til að biðja allra náðarsamlegast um að fá leyfi til þess að menga meira á meðan það blasir við að fá lönd sem eiga jafnmikið á hættu og Ísland. Mitt í þessu myrkri er þess vegna gaman og gleðilegt að sjá það að hæstv. fjmrh. er skyndilega orðinn talsmaður framsækinnar umhverfisstefnu í ríkisstjórn Íslands.

Hvar er hæstv. umhvrh.? Hvar er hæstv. forsrh.? Er það virkilega svo að eina vottinn af framsækinni stefnu í þessum mikilvæga málaflokki sé að finna í fjmrn.? En það er hæstv. fjmrh. sem hefur vakið umræðu um umhverfismál með þessu máli. (**Gripið fram í:** Endar hann í Kyoto?) Ef hæstv. fjmrh. væri í Kyoto þá er ég viss um að frjáls og óháð dagblöð mundu ekki þurfa að skrifa leiðara um klaufana í Kyoto.

Eins og ég sagði, herra forseti, þá hefur hæstv. fjmrh. vakið þessa umræðu um umhverfisstefnu. Það sem hæstv. ráðherra er að leggja hér fram er auðvitað jákvæður vottur um framsýna umhverfisstefnu. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, í tengslum við það sem hann sagði áðan, hvort það sé fleira á döfinni í fjmrn. sem lýtur að þessu. Kemur það t.d. til greina að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að einhvers konar skattur verði lagður á útblástur samgöngutækja eða er einhvers konar vinna í gangi í ráðuneytinu sem miðar að því að safna upplýsingum um hvað aðrar þjóðir eru að gera og gæti orðið grunnur að breyttri skattastefnu íslenska ríkisins?

[17:53]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari við ræðu hv. þm. vil ég byrja á því að þakka honum hólið. Ég veit ekki hvort ég átti það að öllu leyti skilið. En varðandi fyrirspurn hans um það hvort búast mætti við frekari aðgerðum af hálfu fjmrn. vil ég láta koma fram að fjmrn. hefur átt í viðræðum við umhvrn. og kannski af meiri alvöru upp á síðkastið en stundum áður því

að hv. þm. er nú fyrrv. umhvrh. Jafnframt hefur fjmrn. tekið þátt í sameiginlegu starfi fjármálaráðuneyta á Norðurlöndum og fylgst með því sem þar er að gerast en þar eru þessi mál ofarlega á baugi. Sömuleiðis fylgjumst við auðvitað vel með umræðum innan OECD og annarra alþjóðlegra stofnana um þessi mál.

Eins og hv. þm. veit þá er nokkurt bil á milli sjónarmiða fjármálaráðuneyta og umhverfisráðuneyta á Norðurlöndum. Þær skýrslur sem hafa komið fram í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og nú síðast í Finnlandi sýna að menn eru alls ekki sammála um hvernig eigi að leggja á svokallaða græna skatta né til hvers þeir leiði. En við fylgjumst að sjálfsögðu með þessari umræðu og mín skoðun er sú að þess sé ekki lengi að bíða að á verði lagðir skattar hér á landi út frá öðrum sjónarmiðum heldur en nú er gert. Tekið verði tillit til þess hvort starfsemi mengar í stórum stíl eða ekki og þá tala ég um mengun í mjög víðtækri merkingu þess orðs.

Að síðustu minni ég á, virðulegi forseti, að auðvitað hafa verið tekin skref eins og t.d. með spilliefnagjaldi og öðrum slíkum gjöldum til þess að koma til móts við þær óskir sem fram hafa komið og til þess að breyta skattálögum ríkisins um leið og fjárhagurinn er tryggður úr þeim fjárhagslegu yfir í að ná fram því breytta hátterni sem við teljum nauðsynlegt til að lifa í mengunarlausu umhverfi á jörðinni í framtíðinni.

[17:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. vanmetur sjálfan sig ef hann telur að ég hafi hér hlaðið hann óverðskulduðu lofi. Ekki er hægt að benda á nema tvær tillögur af hálfu núv. ríkisstjórnar sem horfa til framfara í umhverfismálum að því verðar mengun og losun á skaðlegum lofttegundum. Þetta er önnur tillagan þannig að hann verðskuldar sannarlega lofið.

Ég er líka þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir að rifja hér upp að ágæt samvinna sem ég átti við hann meðan ég var umhvrh. leiddi til þess að hér var tekið upp spilliefnagjald og það hefur skilað góðum árangri. Hæstv. ráðherra sagði að hann og umhvrn. ættu í viðræðum af meiri alvöru nú en áður um takmörkun á losun skaðlegra efna. Ég velti fyrir mér: Er sama alvara af hálfu umhvrn. í þessum viðræðum? Ég dreg það í efa, herra forseti.

Ég fagna því líka að hæstv. fjmrh. hefur sagt það hér að í fjmrn. undir hans stjórn fari nú fram vinna þar sem verið er að safna upplýsingum, til að mynda um hvað nágrannaþjóðirnar eru að gera í þessum efnum. Það er auðvitað sögulegt að hæstv. fjmrh. hefur nú lýst því yfir að hann telji líklegt að á allra næstu árum verði teknir upp grænir skattar. Ég get því ekki annað en spurt hæstv. fjmrh.: Fyrst þessi pólitíska stefnumörkun liggur bersýnilega fyrir innan ráðuneytisins, hvers eðlis eru þessir grænu skattar sem hann hefur lýst yfir að líklegt sé að verði lagðir á á allra næstu missirum?

[17:58]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra skilning hv. þm. Össurar á þessu máli og einnig fróðlegt að heyra ánægjuhróp hans með störf fjmrh. og ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar fannst mér hv. þm. gera sig sekan um að fylgjast ekki nægjanlega vel með, hvorki í ræðum hér né fréttum, hvort heldur er í dagblöðum, þeim sem hafa komið út í dag eða á öldum ljósvakans því að þar hefur m.a. komið fram að hæstv. umhvrh. er staddur í Kyoto vegna þeirrar ráðstefnu sem þar er haldin. Það m.a. fram í máli mínu áðan að ég veit ekki betur en þar muni hæstv. umhvrh. lýsa yfir því sem fram kom í stefnuræðu ríkisstjórnar sem flutt var af hæstv. forsrh. að íslensk stjórnvöld hafi hug á því að nýta innlenda, vistvæna orkugjafa. Ég lít svo á að það sé liður í því sem er hér til umræðu, frv. um niðurfellingu vörugjalda af bílum sem nota mengunarlausa orkugjafa.

Í annan stað af því að hv. þm. var nokkuð tíðrætt um að sér fyndist ekki nægur kraftur eða áhugi einstakra ráðherra á þessu máli. Eins og hv. þm. á að vera kunnugt, þá skipaði hæstv. iðnrh. nefnd til að leita leiða til að nýta innlenda og vistvæna orkugjafa og vill svo til að sá sem hér stendur stýrir þeirri nefnd. Ég get upplýst hv. þm. um að þar fer fram mikið starf og eru innan þeirrar nefndar margir mætir einstaklingar en ég tel að það lýsi vilja í verki að hæstv. iðnrh. skipar slíka nefnd og sú nefnd mun væntanlega skila af sér fljótlega á nýju ári. Þar er verið að fjalla nákvæmlega um þau mál sem hafa verið til umræðu út frá þessu litla frv.

Einnig er, herra forseti, rétt að hafa í huga varðandi stóriðjuummæli hv. þm. að þar er ekki allt sem sýnist og minni ég á það sem fram hefur komið í þessum ræðustóli að t.d. magnesíumverksmiðja á Reykjanesi kann að minnka koldíoxíðsmengun í heiminum um hvorki meira né minna en tíu millj. tonn árlega.

[18:00]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sölva Helgasyni tókst líka að reikna barn í konu og þeir reikningar sem hv. þm. hefur hérna upp eru einskis virði. Það er auðvitað hægt að bera saman stóriðjuver sem sett er upp hér á Íslandi og t.d. stóriðjuver úti í heimi sem rekin eru fyrir kolum. Það eru bara engin stóriðjuver byggð lengur sem eru rekin fyrir kolum. Staðreyndin er einfaldlega sú, herra forseti, að mér er mætavel kunnur áhugi núverandi ríkisstjórnar á því að nýta innlenda vistvæna orkugjafa eins og hv. þm. kýs að kalla þá. Ég hef séð þennan áhuga birtast t.d. hér í þingskjali frá hæstv. iðnrh. sem hv. þm. hefði betur látið ónefndan í sambandi við umhverfisstefnu. Í því skjali er hæstv. ráðherra að lýsa þeirri skoðun sinni að hann telji að hér eigi að byggja stóriðjuver í hrönnum um allt land. Og ef maður leggur saman þá losun á koltvíildi sem kemur frá þeim stóriðjuverum sem þar eru nefnd þá er líklegt að hún fari yfir 3 milljónir tonna. Það er sömuleiðis mat hæstv. umhvrh. að árið 2000 verði öll losun Íslendinga á koltvíildi um 3 milljónir tonna. Með öðrum orðum er áhuga hæstv. iðnrh. á að nýta innlenda, vistvæna orkugjafa þannig háttað að líklegt er að hann leiði til þess, ef viljinn nær fram að ganga, að losun Íslendinga á þessum skaðlegu lofttegundum tvöfaldist.

Herra forseti. Hv. þm. þarf ekkert að hlaupa í bátana fyrir ráðherrana. Þeir eru færir um það sjálfir. Ég er alveg viss um og veit að hv. þm. hefur góðan vilja í þessum efnum og hann hefur haft hér frumkvæði að því að leggja fram mál sem horfa mjög til bóta í þessum efnum, þó ég sé kannski enn í hópi þeirra efasemdarmanna sem telja að áhersla hans t.d. á vetni muni ekki ganga nógu fljótt í fyllingu, eins og hv. þm. vildi og væri auðvitað æskilegt. Ég vildi óska að ég hefði rangt fyrir mér í þeim efnum en reynslan sýnir þá bara hversu miðar.

[18:03]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að okkur kunni að greina á, mig og hv. síðasta ræðumann. Ef ég man rétt þá lýsti hv. þm. Össur

Skarphéðinsson því hér yfir í umræðum ekki alls fyrir löngu að stóriðja ætti ekki rétt á sér yfir höfuð.

Ég tel það heldur ekki rétta túlkun hjá hv. þm. að í því skjali sem hann vitnaði til frá hæstv. iðnrh. komi fram vilji hæstv. iðnrh. til þess að, eins og hv. þm. orðaði það, fylla allt landið af stóriðju. Í því er kynning á þeim aðilum sem hafa sýnt áhuga á því að koma hingað til lands og reisa stóriðju, sannarlega stóriðju, en eins og dæmin sanna er ekki þar með sagt að þau stóriðjuver séu risin né heldur að þau verði öll reist hér. Þetta tel ég að sé mjög mikilvægt að komi fram, þ.e. að skilningur hv. þm. á því þingskjali sem hann vitnaði til eða vilja hæstv. iðnrh. sé ekki réttur.

Varðandi magnesíumverksmiðjuna þá ítreka ég í sambandi við þá útreikninga sem hv. þm. dró mjög í efa, að hér er ekki einungis um að það ræða hvaða orkugjafi er notaður þar heldur hitt, sem er vert að hafa í huga, að magnesíumverksmiðjunni, ef af verður, er ætlað að framleiða magnesíum í bílaiðnað. En magnesíum er mjög léttur málmur og leysa þau 50 þúsund tonn sem magnesíumverksmiðju á Reykjanesi er ætlað að framleiða af hólmi stál í heföbundnum bílum eins og þeir eru í dag. Og ásamt þeim vistvænu orkugjöfum sem notaðir verða, þá mun það leiða til þess sem ég nefndi áðan. Þannig að þetta var dálítil einföldum hjá hv. þm. Hins vegar veit ég að í grundvallaratriðum erum við sammála um markmið með nýtingu vistvænna orkugjafa.

[18:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila um magnesíum við hv. þm. Hjálmar Árnason og ég hygg að það sé rétt hjá honum að í grundvallaratriðum séum við sammála um hver á að stefna.

Ég kem hingað upp til þess að leiðrétta það sem hann sagði um ummæli mín varðandi stóriðju. Ég hef aldrei sagt að stóriðja sem slík ætti ekki rétt á sér. Það sem ég hef sagt úr þessum stóli var að stóriðjustefna þessarar ríkisstjórnar væri gjaldþrota og ég get gengið skrefi lengra. Ég tel að sú stóriðjustefna sem ég hef fylgt eigi ekki heldur rétt á sér. Hver er ástæðan fyrir því? Hún er náttúrlega sú að það blasir við núna sem menn gerðu sér ekki grein fyrir áður að alvarleiki þess vanda sem við er að glíma, þ.e. gróðurhúsaáhrifin, er miklu dýpri en menn skildu áður, heldur en ég t.d. skildi áður. Það blasir við að Ísland er eitt þeirra landa sem verða e.t.v. verst úti og þess vegna segi ég að við höfum siðferðilegri skuldbindingu að mæta gagnvart framtíðinni og því sagði ég einmitt í þeim umræðum að rétt væri að slá á frest öllum áformum um stóriðju.

Það er líka annað sem gerir það að verkum að ég er þessarar skoðunar. Ég tel að fundurinn í Kyoto og loftslagsbreytingarnar sem menn eru nú sem óðast að gera sér grein fyrir muni leiða til þess sem hæstv. fjmrh. var að lýsa sem framtíðarstefnu þessarar ríkisstjórnar, að það verði lagður á koltvíildisskattur. Hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að orkuverð í kjölfar Kyoto-fundarins, hvort sem menn ná lagalega bindandi samkomulagi eða ekki, mun hækka um allan heim og þess vegna ber Íslendingum núna að varast núna að festa sig í of miklum samningum um orkusölu til framtíðarinnar. Hvers vegna? Vegna þess að orkan á eftir að hækka í verði. Þá kann það t.d. að gerast að ýmis áform sem voru ekki eins fýsileg áður, eins og t.d. að selja orku um streng til útlanda, verði miklu arðvænlegri kostur en við töldum. Þess vegna held ég að það sé hættulegt af ríkisstjórninni að ætla að fara að selja erlendum stóriðjuverum íslenska raforku á tombóluprís. Í dag er Ísland eina landið þar sem hægt er að fá raforku til stóriðju á tombóluprís og þess vegna standa alþjóðleg stóriðjufyrirtæki í biðröðum til þess að ná tafestu hér á Íslandi. Og ég held að það sé rangt af okkur að hlaupa á boð þeirra.

[18:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér hefur nú hafist hin áhugaverðasta umræða um umhverfismál undir umræðu um vörugjald af ökutækjum. En hún á sér þá stoð að í 2. gr. er einmitt ákvæði um að heimila, eða reyndar ganga lengra og ákveða, að ekki skuli taka vörugjald af ökutækjum sem eru knúin orkugjöfum sem eru mengunarlausir, eins og þar er nú reyndar tekið til orða. Hins vegar hefur þetta frv. í sér fólgna ákveðna leiðréttingu eða lagfæringu, má segja, á breytingu á vörugjöldum af vörubifreiðum eða stærri flutningabifreiðum sem gerðar voru sl. vor og ekki tókust svo hönduglega sem skyldi. Þau ákvæði eru illframkvæmanleg eins og þau eru þannig að sú lagfæring sem 1. gr. frv. felur í sér er að mínu mati tvímælalaust nauðsynlegt. Reyndar vil ég láta það koma fram, herra forseti, að ég held að það þurfi að vinna enn frekar að því að fara yfir og samræma skattlagningu af umferðinni og af ökutækjum — það er þá ekki bara spurning um aðflutningsgjöld eða vörugjöld heldur líka notkunarskattana — og reyna að búa það þannig úr garði að þar sé í fyrsta lagi sæmilega sanngjörn skattlagning, hún eigi við efnisleg rök að styðjast, hún sé rökrétt miðað við aðstæður, hún mismuni ekki til að mynda einstökum rekstraraðilum í umferðinni — ég er þá til að mynda að hugsa um fólksflutningabifreiðar o.s.frv. — og að sjálfsögðu síðast en ekki síst er náttúrlega æskilegt að reyna að flétta inn í slíka vinnu nútímaleg viðhorf um umhverfismál.

Ég fagna svo, eins og fleiri ræðumenn hafa gert hér, ákvæði 2. gr. þó í litlu sé. Ég held rétt sé að hafa það í huga að hér er væntanlega ekki á ferðinni ákvæði sem a.m.k. fyrst í stað muni breyta miklu, herra forseti. Þó svo vel vildi kannski til að á næsta ári kæmu til landsins einn eða tveir rafbílar eða einhver ökutæki knúin því sem flokka mætti með góðum vilja sem mengunarlausa orkugjafa þá á ég ekki von á að það mundi hafa mikil áhrif á tekjuforsendur ríkissjóðs. Það er fyrst og fremst stefnumótunin sem er jákvæð af því hún vísar í rétta átt.

Ég lýsi mig alveg sammála því að löggjöfin sé þannig úr garði gerð að hún hvetji til notkunar ökutækja af þessu tagi. Hvaða afleiðingar sem síðan verða af því og hversu mikil áhrif það síðan hefur. Það er svo önnur saga. Á það hefur t.d. verið bent, og þess vegna var nú lögum breytt að þessu leyti í fyrra, að það var hlálegt að rafbíllinn sem má nú víst tala um í eintölu hér á landi skyldi vera skattlagður eins og raun bar vitni. Þess vegna urðu menn sammála um að eðlilegt væri að hafa heimild í lögunum til að fella niður vörugjöld af ökutækjum sem knúin væru rafhreyfli og flutt væru til landsins eða framleidd hér á landi í tilraunaskyni. Þannig er 5. tölul. 5. gr. gildandi laga. Og það sem hér er verið að gera er að útvíkka þetta mál þannig að það geti tekið til fleiri mengunarlausra orkugjafa og að þetta sé afdráttarlaust ákvæði í lögunum en ekki bara heimild í höndum ráðherra og það held ég að sé hið besta mál.

Ég held hins vegar að öllum hljóti að vera ljóst að ef til þess kæmi í framtíðinni að stór hluti af umferðinni færi að verða ökutæki af þessum toga þá hefði ríkissjóður væntanlega ekki eða Vegasjóður efni á því að undanþiggja þessa

umferð öllum sköttum, öllum gjöldum, vegna kostnaðar sem af umferðinni hlýst. Þá stæðu menn auðvitað frammi fyrri því einhvern tímann á komandi árum að finna hóflegt skattstig á umferð sem væri að þessu leyti til umhverfisvænni en önnur. Ég held reyndar að þar væri eðlilegast að stýringin færi fram í gegnum notkunargjöldin, í gegnum notkunarskatta og að þeir yrðu þá til muna lægri á umferð sem nýtti svona orkugjafa, eða með hinni aðferðinni sem er líka mikið til umræðu erlendis að skattlagningin sé í formi sérstakra umhverfisskatta á mengandi starfsemi þannig að til viðbótar þeim sköttum sem á umferðina og brennanlegt eldsneyti eru í dag og eru nú drjúgir, eða eitthvað um 24 milljarðar kr. ef allt er talið sem umferðin skilar samtals í ríkissjóð og Vegasjóð, kæmu þá alveg sérstakir viðbótarskattar sem tengdust losun gróðurhúsalofttegunda eða annarri mengun sem af brennanlegu eldsneyti hlýst. Það er t.d. alveg ljóst að það er ágalli í löggjöfinni eins og hún er í dag og í skattareglunum eins og þær eru í dag að það hefur verið beinlínis óhagkvæmt á Íslandi að nota dísilbíla. Það er auðvitað fráleitur frágangur á málinu. Það er mjög merkilegt og athyglisvert að á Íslandi eru t.d. fólksbifreiðar knúnar dísilhreyflum afar fátíðar. Það eru nánast ekki nema atvinnutæki, leigubílar, sem eru með slíka hreyfla sem er auðvitað mjög óheppilegt og slæmt. Það er engin deila um að æskilegt væri að stýra þróuninni í gagnstæða átt.

Það er sem sagt hið besta mál, eins og er mjög í tísku að segja um þessar mundir, að þarna er þó vísað í rétta átt þó í litlu sé í 2. gr. frv. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt: Ekki veitir nú af eftir frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í aðdraganda Kyoto-fundarins og framgöngu allri í því sambandi. Þegar svo þau ósköp bætast við að í þessari ríkisstjórn og í landinu gengur hæstv. iðnrh. laus. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi en þannig að hann gengur bara laus, veður um og býður álver hér og olíuhreinsunarstöð þar. Maður hefur varla hugkvæmni til að telja upp allar þær fabrikkur og allar þær sorabræðslur og hreinsistöðvar og hvað það nú er sem hæstv. iðnrh. er að reyna að troða upp á landsmenn. Og auðvitað er þetta í harkalegri mótsögn við allt sem aðrar þjóðir eru að reyna að gera um þessar mundir.

Reyndar finnst mér dálítið merkilegt að í allri þessari umræðu um stöðu okkar Íslendinga og orkubúskap og Kyotoráðstefnuna, að menn eru alltaf bundnir af því að ræða eingöngu uppruna orkunnar og hvort uppspretta orkunnar sem slíkrar, hvort orkugjafinn sé umhverfisvænn eða ekki en ræða hins vegar ekkert um það hvernig orkan er nýtt. Það sem Ísland þarf að gera er ekki bara að senda menn út um heiminn og vekja athygli á þeirri staðreynd að við eigum óbeislaða vagnsorku eða jarðvarmaorku heldur eigum við til viðbótar að móta okkur þá stefnu að nýta þessa orkugjafa með umhverfisvænum hætti. Ég vil bæta því við það sem hér var rætt áðan og m.a. hæstv. fyrrv. umhvrh., núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, að ég sé fyrir mér að beislun orkunnar í framtíðinni, ekki bara spurningu um að flytja hana kannski út um sæstreng í staðinn fyrir að selja hana í álbræðslur. Ég sé fyrir mér að Ísland eigi stórkostlegan möguleika til að taka forustu í orkubúskap heimsins á fyrri hluta næstu aldar með því að geta boðið upp á ekki bara umhverfisvænan orkugjafa heldur leggja líka áherslu á að nýting orkunnar verði í þágu umhverfisvænna viðhorfa, t.d. með því að hér verði framleitt vetni eða aðrir slíkar framtíðarorkugjafar sem kunna að leysa brennanlegt lífrænt eldsneyti af hólmi. Þá værum við virkilega að slá í gegn í þessum efnum ef við hættum þessari úreltu stóriðjustefnu að vera með menn á launum og reka áróðursbatterí sem auglýsa Ísland enn þann dag í dag sem paradís fyrir lága orku og litlar umhverfiskröfur og „minimum red tape" eins og þar er sagt, en snerum við blaðinu og segðum: Við ætlum ekki aðeins að nýta í þágu mannkyns þessa umhverfisvænu orkugjafa sem við eigum, orkuuppspretturnar, heldur móta þá pólitík að þeir verði nýttir þannig að það sé líka umhverfisvænt, svo sem með því að þróa eldsneyti sem ekki hafi í för með sér gróðurhúsaáhrif eða annað því um líkt.

Þá kemur að því aftur með umferðina og hversu líklegt sé til að mynda, sem menn hafa verið uppteknir af að ræða hér, að það styttist í að einkabíllinn færist yfir í það að nýta orkugjafa eins og rafmagn, vetni eða annað því um líkt. Ég hef vissar efasemdir um það. Í öllu falli held ég að það væri nær okkur í tímanum ef við beindum athyglinni að stærstu orkunotendunum, t.d íslenska flotanum og almenningssamgöngum. Ég er alveg sannfærður um að þar munu hinir umhverfisvænu orkumiðlar hefja innreið sína, enda eru ýmis tæknileg vandamál auðleystari þegar í hlut eiga stærri skip eða stór farartæki til almenningssamgangna en í litlum einkabílum. Svo að vitnað sé til Þjóðverja sem hafa að mörgu leyti forustu í þessum efnum, þá eru menn þar komnir langt á leið, eins og í Hamborg, að leysa tæknileg vandamál sem því fylgja að taka umhverfisvæna orkugjafa í notkun í almenningssamgöngum. Einkabíllinn verður væntanlega það síðasta í umferðinni sem almennt kemst yfir á slíka orkugjafa og þá verður það e.t.v. frekar alkóhólíðar, etanól, metanól eða alkóhól heldur en jafnvel vetni. Alkóhólsambönd ýmis kæmu þar jafnvel frekar til nota og er reyndar þegar nýtt, t.d í Brasilíu þar sem talsverður hluti bílaflotans er keyrður á þannig brennanlegu eldsneyti. (Gripið fram í.) Já, það eru náskyld efnasambönd þeim sem sumir láta renna niður um kverkar sínar á hátíðisdögum og hafa í sér talsverða orku eins og kunnugt er þegar þau hvarfast við loftið.

Þetta vildi ég nú leyfa mér að segja hér, herra forseti, úr því að umræðan var komin almennt inn á þessar brautir. Vegna takmarkana sem á þessu eru fyrir okkur Íslendinga og hvernig í ósköpunum við eigum að ná fram markmiðum um að draga úr þótt ekki sé nú talað um að stöðva aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda, þá er alveg augljóst mál að það langstærsta sem við höfum á okkar valdi að reyna að leysa væri eldsneytisnotkun flotans. Ef við gætum náð árangri í þeim efnum að stefna að vetnishverflum eða öðrum sambærilegum orkugjöfum sem leystu dísilmótora af hólmi í flotanum á komandi árum, þá væri það stórkostlegt mál fyrir Ísland. Þannig sköpuðust möguleikar til að færa þessi útgjöld inn í landið og nýta innlenda orku í þessum stóra þætti og í flotanum eru tæknileg vandamál öll miklu auðleystari. T.d. er þyngd þungbyggðra og málmmikilla hverfla ekki sama vandamál í flotanum, í stórum skipum, eins og hún er í litlum bílum.

Ég, herra forseti, lýsti stuðningi við 2. gr. Mér finnst reyndar að hyggilegt sé að beina því til góðra manna að velta fyrir sér orðalagi 2. gr. Það er kannski fulldjúpt í árinni tekið að hægt sé að tala um mengunarlausa orkugjafa í þessum efnum. Ef t.d. um rafhreyfil er að ræða sem notar rafhlöður, þá orkar það kannski tvímælis að taka þannig til orða að um algjörlega mengunarlausan orkugjafa sé að ræða. Það geta t.d. verið förgunarvandamál sem ganga úr sér í slíkum farartækjum þó að þau mengunarvandamál séu miklu minni en tengjast brennanlegu eldsneyti í bensínhreyfli t.d.

En þetta má allt saman líta á í þingnefnd eða annars staðar, herra forseti, og er minni háttar mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 416.

[18:21]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Þetta er bandormur, þ.e. sem sagt verið að breyta tvennum lögum en þó á samsvarandi hátt.

Annars vegar er tilgangur þessa frv. að gera launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga kleift að gera upp skuldbindingar sínar við sjóðina með því að greiða áfallnar skuldbindingar með skuldabréfum og að greiða viðbótariðgjöld til lúkningar á þeim skuldbindingum sem falla til ár hvert. Hins vegar er tilgangurinn að ryðja því braut að ríkisstofnanir greiði iðgjöld til B-deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga sem nálgast það að vera hin sömu og greitt væri af launum þeirra sem tryggðir eru í A-deild LSR. Með því næst sá árangur að gjaldfærður launakostnaður hverrar stofnunar er nær því að gefa rétta mynd en nú er og að eytt er því misræmi sem ella yrði á milli stofnana eftir því hvort starfsmenn eru að meira eða minna leyti í A-deild LSR.

Í umsögn um þetta frv. er á það bent að þeir fjármunir sem gengju til stofnana á þennan hátt eru til sem sérstakur liður í fjárlagafrv. og þess vegna mun þessi ráðstöfun ekki kosta meira en ráðgert er í fjárlagafrv.

Í lögum um LSR er heimild til handa sjóðnum að taka við skuldabréfum til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum launagreiðenda annarra en ríkisins. Hefur ákvæði þetta þegar verið notað til að gera upp skuldbindingar Pósts og síma hf. og Skýrr hf. og í undirbúningi er uppgjör vegna Sementsverksmiðjunnar hf. Uppgjör skuldbindinga þeirra stofnana sem ætlað er að starfa sem hlutafélög er nauðsynlegt. Það er jafnframt æskilegt fyrir aðrar stofnanir, einkum þær sem ætlað er að standa undir kostnaði við starfsemi sína að öllu eða verulegu leyti með eigin aflafé. Með frumvarpinu er lagt til að þessi heimild verði víkkuð og verði ekki lengur takmörkuð við aðra launagreiðendur en ríkið. Er einkum litið til þess að með þeirri breytingu verði unnt að gera upp skuldbindingar B-hluta stofnana og fyrirtækja í ríkiseigu.

Sú heimild sem ég hef þegar lýst er miðuð við uppgjör áfallinna skuldbindinga. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir heimild til að semja um að launagreiðendur geti losnað undan nýmyndun skuldbindinga með því að greiða viðbótariðgjald til sjóðanna. Auk þess að losna þannig undan óvissum skuldbindingum mun það leiða til þess að litlu skiptir fyrir þá í greiðslum hverju sinni hvort starfsmenn eru í A-deild LSR eða í eldra tryggingakerfi sjóðanna þar sem gera má ráð fyrir að heildariðgjöldin verði svipuð í báðum tilvikum. Rétt þykir hins vegar að lögbinda ekki viðbótariðgjaldið en gert er ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar eins og þegar áfallnar skuldbindingar eru gerðar upp.

Virðulegi forseti. Það mætti reyndar gera þetta með ýmsum öðrum hætti. Þetta er þó talin vera einfaldasta aðferðin og það er lagt til að þetta verði gert að lögum nú til þess að stofnanirnar geti lagt til lífeyrissjóðanna alveg burt séð frá því hvort starfsmenn eru í A- eða B-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og einnig að öðrum en þeim sem eru farnir út úr ríkisreikningi gefist kostur á að gera upp skuld sína við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með skuldabréfi, en það hefur gengið ágætlega að koma þeirri skipan á að undanförnu.

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:26]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Á síðasta löggjafarþingi samþykktum við lög sem skiptu Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í tvær deildir, A-deild og B-deild. Þá flutti ég brtt. sem gekk út á nákvæmlega það sama og hér er lagt til nema hún gekk lengra. Tilgangurinn með þeirri brtt. var sá að reikna út áfallna skuldbindingu vegna LSR, þ.e. B-deildarinnar og skipta henni á alla launagreiðendur sem inn í þá deild hafa greitt. Þannig yrði náð fram skyldu til þess að skipta þessu upp en ekki heimild eins og hér er talað um. Auk þess lagði ég til að reiknað yrði út iðgjald til bæði A- og B-deildar, raunverulegt iðgjald sem þarf að hafa til þess að deildirnar standi undir sér og þannig kæmi í ljós á hverju einasta ári hver hagur opinberra starfsmanna er af þeim lífeyrisréttindum sem þeim eru boðin. Hér er verið að tala um að viðbótariðgjald yrði 9,5% til viðbótar við 10%, þ.e. 19,5%. Það þýðir að það mætti hækka laun opinberra starfsmanna um rúmlega 8%, 8–9% ef þeir væru með venjuleg lífeyrisréttindi eins og fólk í almennu lífeyrissjóðunum. Það þýðir að opinberir starfsmenn eru að fórna einum mánaðarlaunum á ári alla starfsævina til þess að geta farið á lífeyri 65 ára. Ég veit ekki til þess að þeir hafi verið spurðir hvort þeir vilji þetta.

Það að skipta skuldbindingum á launagreiðendur er ákaflega flókið vegna þess að sami maðurinn gæti t.d. hafa unnið hjá ASÍ — þeir voru tryggðir hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins — hann gæti hafa unnið í sparisjóð sem borgar í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hann gæti hafa unnið hjá sveitarfélagi. Það er mjög flókið að skipta þessum réttindum upp á þessa launagreiðendur. En mín tillaga gekk út á að gera það og þvinga það fram. Mín tillaga gekk því töluvert lengra en þetta frv. og hún lokar dæminu. Þá erum við ekki með þetta hangandi yfir okkur óútreiknað í allt að 40–50 ár en það er tíminn sem nauðsynlegur er til þess að ganga frá B-deildinni.

B-deildin er meingölluð. Ég rakti það í umræðunni á síðasta þingi; eftirmannsreglan, 95 ára reglan, að menn greiða bara í 30 ár og síðan ekki söguna meir, akkúrat þegar þeir eru búnir að koma upp börnunum sínum og húsnæðinu, þá borga þeir ekki lengur iðgjald. 32 ár er það nýjasta, reyndar. Síðan greiða launagreiðendur verðbætur á lífeyri, þ.e. lífeyrissjóðurinn sjálfur borgar óverðtryggðan lífeyri og það er háð verðbólgu eða launahækkunum í framtíðinni hver er skuldbinding launagreiðendanna. Þetta er náttúrlega alveg ófært.

Nýir starfsmenn ríkisins ganga í A-deildina þannig að B-deildin mun deyja út og mér skilst að nokkur þúsund manns hafi gengið í A-deildina um næstliðna helgi og sú helgi hefur

sennilega kostað ríkissjóð hundrað millj. á klukkutímann, eða rúmlega það, en það á eftir að koma í ljós hvað það kostaði ríkissjóð.

En gallinn við eftirmannsregluna kom í ljós við kjarasamning kennara. Samkvæmt svari sem ég fékk við fyrirspurn eru kjarasamningar kennara, sem að jafnaði gáfu þeim 30% launahækkun, kostaður fyrir ríkissjóð sem er ekki aðili að kjarasamningunum. Sveitarfélögin og kennarasamtökin sömdu um laun en ríkissjóður borgar. Hann borgar hækkunina á lífeyri, bæði hjá þeim kennurum sem eru orðnir lífeyrisþegar, þeim kennurum sem eru hættir að vinna eða vinna einhvers staðar annars staðar úti í bæ. Réttindi þeirra hækkuðu líka og svo náttúrlega fyrir starfandi kennara. Ef við miðum við 30% launahækkun samkvæmt svarinu sem ég fékk kostuðu samningarnir ríkissjóð 7,5 milljarða. Þá er bara verið að tala um áunnin réttindi. Ef við tökum framreiknuð réttindi líka, þ.e. sem kennari mun afla sér með iðgjöldum, er verið að tala um 10,8 milljarða sem ríkissjóður borgar fyrir samninga sem hann átti ekki einu sinni aðild að. Þetta eru 2 millj. á hvern einasta starfandi kennara. Ef við tökum framreiknuð réttindi eru það 3 millj. á hvern einasta starfandi kennara. Þetta er afleiðingin af eftirmannsreglunni í B-deildinni og alveg meingölluð. Svona í „forbifarten" getur maður sagt að kjarasamningarnir við kennara höfðu þann leiða agnúa að mínu mati sem foreldri að börnin okkar fá ekki gramm meiri kennslu fyrir þessa samninga. Það voru meiri háttar mistök. Fyrir utan hvað þeir kostuðu ríkissjóð gífurlega mikið.

Ég á sæti í hv. efh. og viðskn. sem fær frv. til umfjöllunar þannig að ég mun leggja til að skrefið verði gengið til fulls og iðgjaldið fyrir A- og B-deild reiknað út þannig að opinberir starfsmenn viti hvaða laun þeir eru með gegnum lífeyrisréttindin og einnig verði áföllnum skuldbindingum, áunnum skuldbindingum, skipt á alla þá launagreiðendur sem hafa greitt til sjóðsins.

[18:32]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Pétur Blöndal, hv. 16. þm. Reykv., talaði um kjarasamninga kennara og þau ógurlegu aukaútgjöld sem þeir samningar hefðu fyrir ríkissjóð. Gekk hann þar út frá að laun kennara almennt hefðu hækkað um 30% á línuna. Því miður hafa miklar rangfærslur verið í fréttum af kjarasamningnum. Mér er mjög vel kunnugt um það að langflestir kennarar í landinu hækkuðu ekki um nein 30% með kjarasamningnum. Laun þeirra kunna að hafa hækkað um 30% í lok samningstímans en það gerðist ekki núna. Flestir voru að hækka sem svarar 3–4 þúsund krónum á mánuði. Það voru engin 30%. Ég vildi að þetta kæmi fram því að ég á mjög erfitt með að hlusta á þessar rangfærslur endurteknar í sífellu en það var ekki svona. Laun skólastjóra hækkuðu mest á samningstímanum og svo laun þeirra kennara sem eru alveg nýir í starfi. Einhvern veginn var fengin út meðaltalstalan 30% en hún á ekki við um laun þeirra kennara sem taka nú eftirlaun samkvæmt eftirmannsreglunni.

[18:33]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau laun sem samið var um á fjórum árum, að ég tel, þremur eða fjórum árum, eru fyrirséð. Það er vitað hvað launin munu hækka mikið, það þarf að reikna með því í skuldbindingum sjóðsins, sem mun taka yfir þessar launahækkanir á næstu þremur til fjórum árum. Það þarf að taka inn í skuldbindingar sjóðsins við útreikninga. Öll þau 20–30% sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir gat um eru tekin með. Menn hafa talað um 30%, sumir 20%. En vegna eftirmannsreglunnar veldur hækkun dagvinnulauna hækkun lífeyris en ekki hækkun heildarlauna. Það er það sem ég held að menn hafi verið að gera í samningunum, að taka aukasporslur inn í dagvinnulaunin og hækka þau sérstaklega. Þannig hækkar skuldbinding lífeyrissjóðsins sérstaklega vegna þess að skuldbindingar hans miðast við dagvinnulaun. Við erum að tala um geysilega tölu, og jafnvel þótt hækkunin væri ekki nema 20% eru þetta engu að síður margir milljarðar sem ríkissjóður þarf að taka á sig.

[18:35]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að það komi hér fram að það eru engar litlar upphæðir sem búið er að hafa af opinberum starfsmönnum á undanförnum árum þegar stöðugt hefur verið samið um einhverjar sérstakar útfærslur til launahækkana, hækkun á svonefndum sporslum, en ekki hafa verið hækkuð dagvinnulaun. Þetta hefur einmitt komið mjög hart niður á þeim sem hafa þurft að taka eftirlaun samkvæmt þessu kerfi. Þeir höfðu treyst því að geta lifað góðu lífi í ellinni vegna þess að þeir voru búnir að þreyja þorrann og góuna á launum ríkisstarfsmanna sem voru og hafa verið um langt skeið mun lægri en önnur laun í landinu. Það var alltaf fóðrað með því að þetta væri réttlætanlegt vegna þess að þeir hefðu svo góða samninga um eftirlaun. En svo var verið að fara endalaust í kringum þá ágætu samninga, með því að semja um aðrar hækkanir en hækkun á dagvinnulaunum.

[18:36]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ljóðurinn á eftirmannsreglunni sem segir að ekki sé hægt að hækka laun hjá vinnandi fólki nema að stórauka um leið skuldbindingu launagreiðandans vegna starfsmanna sem eru komnir á lífeyri. Ég veit ekki betur en kennarasamtökin sjálf hafi samið svona. Þau hafi komið með alls konar sporslur til að hækka ekki dagvinnulaunin, til að auka ekki lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og ná fram launum á annan hátt.

[18:37]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég byrja á að gera að umræðuefni staðhæfingar hv. þm. Péturs Blöndal og hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur. Ég tek undir ummæli þess síðarnefnda. Hv. þm. Pétur Blöndal telur að kennarastéttinni hafi verið að áskotnast mikil auðævi í nýgerðum kjarasamningum og mátti skilja á máli hans að það hefði væntanlega verið mikill gróði fyrir þjóðfélagið allt og sérstaklega Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ef unnt hefði verið að halda þessum launahækkunum eitthvað niðri, ég tala ekki um ef kjörin hefðu staðið í stað eða launin lækkað. Þá hefðu væntanlega allir hagnast. Ætli það sé ekki hagnaður fyrir þjóðfélagið ef það tekst að laga þessi laun eitthvað og mætti gera miklu meira en þegar hefur verið gert. Þótt ekki sé hugsað um annað en að einhverjir kennarar verði til að kenna börnum, unglingum og öðrum nemendum í framtíðinni.

Ég tek einnig undir það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði að það hefði verið ókostur við marga kjarasamninga liðinna ára og áratuga að ekki hefði verið samið um almennar taxtahækkanir í ríkari mæli en gert hefur verið vegna þess að lífeyrisþegarnir hafa verið hlunnfarnir.

Það er svo aftur alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að auðvitað þyddu slíkar launabreytingar auknar klyfjar á

lífeyrissjóðinn. Ein ástæðan fyrir því að menn vildu ráðast í þær breytingar sem gerðar voru á síðasta ári var einmitt sú að færa lífeyrissjóðinn inn í samtímann, nútímann og framtíðina, að því leyti að jafnan skyldu standast á greiðslur inn í sjóðinn og út úr sjóðnum. Menn stóðu í miklu stríði í þingsal og utan þings um hversu hátt iðgjaldið ætti að vera. Við sem vildum tryggja fullorðnu fólki, lífeyrisþegum, sæmilegan lífeyri vorum á því máli að þessar greiðslur ættu að vera í hærri kantinum. Þess vegna studdum við þær lagabreytingar sem gerðar voru.

Um lagabreytingarnar á síðasta ári náðist sæmileg sátt. Þó eru þar örfáar undantekningar. Ég minnist þess að hv. þm. Pétur Blöndal var á öndverðum meiði en meðal þorra þingmanna og í þjóðfélaginu almennt ríkti sæmileg sátt um breytingarnar. Sá skilningur var yfirlýstur af hálfu hæstv. fjmrh. að ekki yrði ráðist í lagabreytingar, breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nema að höfðu samráði við samtök þeirra. Þegar samtök launafólks innan opinbera geirans, sem eiga aðild að þessum lífeyrissjóði, óskuðu eftir lagabreytingu fyrr á þessu hausti, þess efnis að dagsetningunni 1. desember þar sem mönnum var gert skylt að færa sig milli deilda, A-deildar og B-deildar lífeyrissjóðsins, ef þeir á annað borð ætluðu að færa sig, yrði frestað þá neitaði hæstv. fjmrh. þessu staðfastlega og sagði að hann vildi ekki láta taka upp neinar greinar í lífeyrissjóðnum og báðir aðilar þyrftu þá að vera sammála um slíkt og að hann væri ekki á því máli.

Nú kemur hins vegar fram frumvarp til laga um breytingu á þessum sömu lífeyrislögum. Nú skal strax tekið fram að í þeim breytingum sem eru til umfjöllunar stendur ekki til að hreyfa við kjörum lífeyrisþega. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri við 1. umr. málsins og benda á þessi vinnubrögð og benda á að samtökum þeirra launamanna sem eiga aðild að þessum sjóði bárust drög að frumvarpinu með myndsendingu 3. desember og var boðað til fundar tveimur dögum síðar, 5. desember, að því er menn töldu þá, til þess að ræða þessar fyrirhuguðu lagabreytingar. Á þeim fundi var mönnum hins vegar kynnt að málið hefði þegar verið samþykkt í ríkisstjórn og komið til Alþingis.

Þetta lagafrumvarp á eftir að skoða nánar og sérstaklega þarf að líta á hvaða nauðsyn knýr fjmrh. og ríkisstjórn að leggja frumvarpið fram. Hvaða nauðsyn er á þessu frumvarpi yfirleitt. Talað er um uppgjörsmáta á skuldbindingum einstakra stofnana gagnvart sjóðnum en ég fæ a.m.k. ekki séð við fyrstu sýn að til þess að þær breytingar nái fram að ganga þurfi að gera breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins heldur snúi þetta fyrst og fremst að uppgjörsmáta stofnana. Síðan þarf að skoða rækilega hvaða áhrif það kynni að hafa á stofnanir, að knýja fjárvana stofnanir á borð við skóla, sjúkrahús og aðrar að inna greiðslur af hendi á annan hátt og hraðari en hefur verið. Eins og ég segi er það nokkuð sem þarf einfaldlega að skoða og setjast yfir. Á þessu stigi vildi ég fyrst og fremst vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. í málinu og benda á að þar er ekki samræmi í hlutunum þegar þetta frumvarp er uppi og hins vegar óskir sem komu frá samtökum launafólks um að gerðar yrðu breytingar á dagsetningunni 1. desember síðastliðnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:45]

**Útbýting þingskjala:**

Fjáraukalög 1997, 55. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 435; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 436.

Hlutafélög, 147. mál, þskj. 426.

Virðisaukaskattur, 98. mál, þskj. 425.

## *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 339. mál (skilgreining togveiðisvæða). — Þskj. 428.

[18:46]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í maí sl voru samþykkt á Alþingi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem koma til framkvæmda 1. janúar nk. Lög þessi leysa af hólmi nr. 81/1976.

Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru m.a. tilgreind þau svæði fiskveiðilandhelginni sem íslenskum skipum er heimilt að stunda togveiðar á og eru þau ákvæði í 5. gr. Við frekari útfærslu þessara togveiðisvæða á kortum hefur komið í ljóst að nokkrar misfellur hafa orðið sem nauðsynlegt er að bæta úr. Þau atriði sem hér um ræðir eru flest smávægileg og skýra sig sjálf. Rétt er þó að gera nánari grein fyrir því hvað felst í tveimur liðum þessa frv.

Í 2. lið er lagt til að austurmörk friðunarsvæðis fyrir Suðausturlandi markist af línu frá Stokksnesi en miðist ekki við Hvítinga. Á það skal bent að hér er ekki um breytingu að ræða frá lögum nr. 81/1976. Ekki stóð til að gera slíka breytingu með lögum nr. 79/1997 og var því hér um að ræða mistök í prentun.

Í 5. lið er lagt til að fellt verði úr gildi lögbundið bann við öllum veiðum milli meginlandsins og Vestmannaeyja á svæði þar sem rafstrengur og vatnslögn liggja til Eyja og enn fremur við sæsímastrenginn sem liggur frá Vestmannaeyjum til útlanda. Slíkt veiðibann var í lögum nr. 81/1976 og var áréttað í frv. sem var til umfjöllunar á síðasta vori. Hins vegar kom fram sú skoðun að eðlilegra væri að kveðið væri á um slík bönn í reglugerðum hverju sinni því slíkir strengir væru færðir úr stað og nýir lagðir. Því var því ákvæði bætt við 8. gr. frv. að ráðherra væri heimilt að banna notkun tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem slíkt væri talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir skemmdir á neðansjávarstrengjum. Hins vegar láðist að fella úr frv. ákvæði um lögbundið bann við öllum veiðum milli lands og Eyja og er því lagt til að svo verði gert.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir aðalatriðum í frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 340. mál (heildarlög). — Þskj. 429.

[18:49]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í mars 1992 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Með samþykkt þeirra laga var erlendum veiðiskipum veittur frjáls aðgangur að íslenskum höfnum til löndunar afla og til að sækja hingað þjónustu nema í þeim tilvikum sem þau stunduðu veiðar úr stofnum sem veiddust bæði utan og innan lögsögunnar, hefði ekki verið samið um nýtingu þeirra stofna.

Við framkvæmd laga nr. 13/1992 hefur komið í ljós að ástæða er til að kveða skýrar á um heimildir erlendra veiði- og vinnsluskipa til athafna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, m.a. með hliðsjón af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hjá alþjóðlegum stofnunum sem fjalla um stjórn fiskveiða á úthafinu. Þá þykir og nauðsynlegt að ákvarða skýrt um heimildir íslenskra stjórnvalda til setningar reglna um veiðar erlendra skipa sem heimildir fá til veiða innan fiskveiðilandhelginnar auk þess sem ástæða þykir til að setja frekari reglur um framkvæmd milliríkjasamninga og leyfisveitinga samkvæmt þeim. Þá eru í frv. þessu viðurlagaákvæði samræmd viðurlagaákvæðum annarra laga um stjórn fiskveiða sem öll hafa nýverið verið endurskoðuð og þeim breytt. Er í þessu sambandi vísað til athugasemda með frv. en rétt þykir þó að vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

Í 1. gr. er áréttað að íslenskum ríkisborgurum er einum heimilt að stunda veiðar og vinnslu sjávarafla í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, eftir breytingar sem gerðar voru á þeim lögum með lögum nr. 46/1996. Þó kemur hér til viðbótar að kveðið er skýrt á um skilyrði fyrir eignaraðild að vinnsluskipi sem vinnur afla í fiskveiðilandhelginni og eru þau hin sömu og sett eru fyrir rekstri fiskvinnslufyrirtækis sem í landi starfar og þykir það eðlileg ráðstöfun. Þá er gert ráð fyrir að eingöngu þeim skipum sem skráð eru íslensk sé heimilt að vinna afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um rétt erlendra veiði- og vinnsluskipa innan fiskveiðilandhelginnar og segir þar að þeim sé óheimilt að hafast þar við og þeim aðeins heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina að þau tilkynni um ferð sína til Landhelgisgæslunnar í samræmi við reglur þar að lútandi. Með þessu ákvæði er lagt til að settar verði öllu strangari reglur um veru erlendra veiði- og vinnsluskipa í fiskveiðilandhelginni en gilda samkvæmt núgildandi lögum nr. 13/1992. Í þeim lögum segir aðeins að erlendum veiði- og vinnsluskipum séu óheimilar veiðar og vinnsla í efnahagslögsögunni en ekki kveðið á um að aðrar athafnir þeirra hér við land. Með þeirri breytingu sem er lögð til yrði eftirlit með erlendum skipum markvissara og auðveldara en það er nú. Erlendum veiðiskipum væri því í raun óheimilt að hafast við innan fiskveiðilandhelginnar nema þau væru við veiðar eða vinnslu samkvæmt sérstökum milliríkjasamningum þar að lútandi eða væru á óslitinni siglingu um fiskveiðilandhelgina hvort sem þau væru á leið til hafnar hér á landi eða annars staðar. Verður ekki séð að ástæða sé til frekari heimilda fyrir veru erlendra veiði- og vinnsluskipa innan fiskveiðilandhelginnar.

Í 3. gr. þessa frv. er áréttað að erlendum veiðiskipum sé heimilt að leita hér þjónustu og landa afla. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem upp var tekin með lögum nr. 13/1992 og verður að telja að sú ákvörðun hafi reynst vel og leitt til aukinna viðskipta með sjávarafla auk þess sem erlend skip hafa í vaxandi mæli leitað hér ýmiss konar þjónustu. Í lögum nr. 13/1992 var sú undanþága gerð frá heimildum skipa til að leita til hafna hér að þeim var það ekki heimilt, veiddu þau úr fiskstofnum sem veiddust utan og innan lögsögunnar, hefði ekki verið samið um nýtingu þeirra stofna. Hins vegar voru frekari takmarkanir settar á heimildir erlendra skipa til að leita hafna hér á landi í 10. gr. laga nr. 51/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að felld verði í eina grein heildstæð ákvæði sem lúta að þeim tilvikum sem erlendum skipum er óheimilt að leita hafnar hér á landi og tæki það bann bæði til veiði- og vinnsluskipa. Í greininni er bann við því að þau skip sem stunda veiðar úr sameiginlegum nytjastofnun sem veiðast bæði utan og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi landi hér afla, umskipi eða sæki þjónustu hér landi, hafi ekki verið samið um nýtingu viðkomandi stofns. Sama gildir einnig stundi skip veiðar eða vinnslu sem brjóta í bága við samninga um nýtingu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að.

Í grein þessari er einnig gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að sama gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi enda sé Ísland aðili að honum. Með orðinu samningur er hér vísað til veiðistjórnunarstofnunar eða veiðistjórnunarfyrirkomulags eins og þau hugtök voru notuð í úthafsveiðisamningnum og er þetta ákvæði í samræmi við ákvæði hans.

Loks er ráðherra veitt í þessari grein almenn heimild til lokunar hafna fyrir erlendum veiði- og vinnsluskipum sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins. Hér er um almenna heimild að ræða sem þykir nauðsynleg vegna þeirra ófyrirséðu tilvika sem upp kunna að koma. Með frv. verður að telja að unnt sé að koma í veg fyrir að íslenskar hafnir verði notaðar til sóknar í stofna sem hafa ekki verið felldir undir veiðistjórn eða til sóknar í trássi við samninga um veiðistjórn. Taki þetta bæði til þeirra tilvika þegar veiðar væru stundaðar úr stofnum sem hefði ekki verið samið um stjórn á og eins til veiða skipa frá ríkjum sem óbundin eru af samningum eða veiðistjórn, hvort sem það væri vegna þess að viðkomandi ríki væri ekki aðili að viðkomandi samningi eða óbundið af honum af öðrum ástæðum.

Í 5. gr. frv. er sú meginregla mótuð að um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni gildi sömu reglur og um veiðar íslenska skipa þar enda hafi ekki verið um annað samið með milliríkjasamningi. Sérstaklega er það áréttað að þetta gildi um þau ákvæði laga og reglugerða sem lúta að veiðarfærum, friðunarsvæðum, veiðitíma, nýtingu fiskstofna og eftirliti með veiðum. Ákvæði þetta er bæði nauðsynlegt og eðlilegt en hins vegar er það svo að um veiðar erlendra skipa þarf í mörgum tilvikum að setja nokkrar sérreglur bæði vegna ákvæða í milliríkjasamningunum sjálfum og eins vegna þess að sérstakar kröfur þarf að gera til eftirlits með veiðum þeirra. Má í þessu efni nefna að hin erlendu skip landa yfirleitt afla sínum erlendis andstætt íslenskum skipum og kallar á annað eftirlit með veiðum þeirra af þeim sökum. Af

þessum ástæðum er í frv. gert ráð fyrir í 9. gr. að ráðherra sé heimilt að setja frekari reglur um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga og sé þá heimilt að gera nokkuð aðrar kröfur til erlendra skipa en almennt gilda um íslensk skip. Einnig er gert ráð fyrir í því í 7. gr. frv. að Fiskistofu sé heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar og útgerð skips greiði allan kostnað sem af veru þeirra um borð í skipinu hlýst.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði vísað að lokinni umræðunni til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umferðarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430.

[18:56]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Frv. sem ég mæli fyrir lýtur að tveimur breytingum á umferðarlögum. Annars vegar eru lagðar til breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns en hins vegar breytingar á slysatryggingunni.

Í fyrsta lagi er lagt til að hækkaðar verði vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja. Vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga hafa árlega tekið breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Umfram það verða þær hins vegar ekki hækkaðar án lagabreytinga. Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, og hækkun á margföldunarstuðli þeirra með lögum nr. 42/1996 hafa hámarksbætur hækkað verulega. Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga séu það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að jafnvel mjög óvænt tilvik leiði ekki til þess að bætur hrökkvi ekki fyrir tjóni svo og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Þessar breytingar einar sér eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á vátryggingariðgjöld. Samráð hefur verið haft við Vátryggingaeftirlitið vegna þessar hækkana.

Í öðru lagi eru lagðar til eftirfarandi breytingar á slysatryggingu ökumanns. Lagt er til að bótasvið slysatryggingar verði tengt bótasviði ábyrgðartryggingar með því að taka notkunarhugtak ábyrgðartryggingarinnar upp í reglur slysatryggingarinnar í því skyni að svipaðar reglur gildi að þessu leyti um farþega og ökumann. Þá er lagt til að tekin verði af öll tvímæli að slysatryggingin taki ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Loks er lagt til að slysatryggingin taki einnig til vátryggingartaka, þ.e. eiganda eða umráðamanns ökutækis sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis. En eins og er fellur vátryggingartaki, sem slasast með þessum hætti, ekki undir slysatrygginguna. Auk þess að lagt til að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar verði hækkuð og eiga þar við sömu rök og um hækkun vátryggingarfjárhæðar ábygðartryggingarinnar. Þessar breytingar eru einnig fluttar að höfðu samráði við Vátryggingaeftirlitið.

Tillögur um hækkun vátryggingarfjárhæða voru í frv. til breytinga á umferðarlögum á síðasta þingi. Þær tillögur voru felldar út úr frv. í meðförum þingsins. Þessar tillögur eru nú endurfluttar en fjárhæðir nokkuð hærri en þá, í samráði við Vátryggingaeftirlitið. Jafnframt eru lagðar til breytingar á slysatryggingu umferðarlaganna svo sem rakið hefur verið.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

## 38. FUNDUR

þriðjudaginn 9. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 416. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 339. mál, þskj. 428. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 429. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407. — 1. umr.
7. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 55, nál. 435 og 441, brtt. 436 og 442. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Fjáraukalög 1997, 55. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 441; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 442.

Fæðingarorlof, 343. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 443.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 342. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 431.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Fyrirhuguð frestun skattalækkunar.

[13:33]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins eru yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í gær að til greina komi að fresta lögbundinni skattalækkun um næstu mánaðamót og ég beini spurningum mínum til hæstv. forsrh.

Í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í vor var gert samkomulag milli launþegahreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar um að skattar yrðu lækkaðir um 4 prósentustig í áföngum. Það kom skýrt fram í frv. fyrir þeirri löggjöf í vor að enginn fyrirvari var af hálfu ríkisstjórnarinnar um að standa ekki við þá löggjöf þótt samningar næðust ekki við sveitarfélögin um 0,4% þátttöku í þeim lækkunum. Það hafa alltaf legið fyrir, herra forseti, mótmæli sveitarfélaganna við hinni einhliða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Launþegar greiddu kjarasamningunum atkvæði í góðri trú, enda voru skattalækkanirnar ein aðalástæðan fyrir því að þeir voru samþykktir en kjarasamningarnir voru til óvanalega langs tíma. Áform ríkisstjórnarinnar við að fresta hluta af skattalækkuninni með tilvísun til deilna við sveitarfélögin eru því hrein svik við launþega og hafa forustumenn þeirra kveðið mjög fast að orði. Það er gersamlega útilokað að launþegar gjaldi deilna ríkisvalds og sveitarfélaga en mér skilst að hæstv. forsrh. hafi sjálfur kynnt ASÍ þessi áform í gær.

Spurningar mínar til hæstv. forsrh. eru hvort og hvenær lagt verði fram frv. sem frestar hluta af skattalækkununum þótt yfirlýsingar liggi fyrir af hálfu launþegahreyfingarinnar að um svik á samningum sé að ræða.

Í öðru lagi. Hafa þau áform sem hæstv. fjmrh. kynnti í gær verið rædd við Framsfl. og kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna?

Ég minni á, herra forseti, að stjórnarandstaðan stóð að löggjöfinni um skattalækkanir í tengslum við kjarasamninga, enda var um forsendur kjarasamnings að ræða.

Herra forseti. Það er brýnt að skýr svör fáist við þessum spurningum vegna þess að stutt er til þingloka á þessu ári og slíkt frv. mun vafalítið hafa mikil áhrif á störf þingsins.

[13:35]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það var hermt rangt í upphafi orða hv. þm. Skattalækkun var ekki samkomulag við aðila vinnumarkaðarins eins og mönnum er kunnugt um. Alþýðusambandið vildi fara nokkuð aðra leið í skattalækkunarferlinu en ríkisstjórnin vildi fara þannig að að ríkisstjórnin bæri ein ábyrgð á þeirri skattalækkunaraðferð sem ákveðin var eins og menn muna, svo að það sé nú haft rétt sem forsenda málsins.

Í annan stað var ekki talað um að fresta þessari skattalækkun allri heldur aðeins hluta hennar eins og kom fram í gær að hefði verið athugað. Það er jafnframt rétt að menn átti sig á því að í tengslum við framlagningu málsins var sérstaklega tekið fram að gert væri ráð fyrir því að sveitarfélögin kæmu að $^1/_{10}$ að þessari lækkun, $^1/_{10}$ vegna þess að sveitarfélögin nytu góðs af hinum löngu kjarasamningum og þeim stöðugleika sem skapaðist í þjóðlífinu vegna þeirra og jafnframt tekið fram að ef það yrði ekki, þá yrði ríkið að bera þá lækkun en jafnframt yrði leitað eftir því að þeir fjármunir sem ríkið stæði þar með að skiluðu sér í viðskiptum ríkis og sveitarfélaga þannig að þetta lá allt saman fyrir. Það þótti því ekki óeðlilegt við þessar aðstæður þegar ekki hafði náðst samkomulag við sveitarfélögin m.a. vegna þess að kostnaður þeirra við gerð eigin kjarasamninga varð meiri en ætla hefði mátt af því að þeir voru ekki í samræmi við það sem áður hafði gerst á vinnumarkaði að þetta væri tekið til athugunar og skoðunar og rætt. Í dag hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og ég, átt fund með Alþýðusambandinu og forustu þess og munum við athuga málið á vettvangi ríkisstjórnarinnar í dag í framhaldi af þeim fundum og kynna niðurstöður okkur þegar líður á daginn.

[13:37]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er margt sem bendir til þess að áform ríkisstjórnarinnar um að brjóta lögin um tekju- og eignarskatt frá sl. vori, svíkja það sem þá var lögfest, svíkja það sem þá var lofað hafi átt að fara leynt. Þetta gerist ítrekað á þessum árstíma rétt fyrir jólin. Þá koma skerðingarfrumvörpin fram og það er þakkarvert að hv. þm. Svavar Gestsson skuli hafa vakið máls á þessu á Alþingi í gær, togað þessar upplýsingar upp úr hæstv. fjmrh. og þannig tryggt að umræða færi fram um þetta í tíma.

Hæstv. forseti. Ég vil benda á umfang þessa máls. Það snýst nefnilega ekki bara um skatta. Þegar allt kemur til alls eru skattaráðstafanir ríkisstjórnarinnar í fullkominni andstöðu við það sem verkalýðshreyfingin vildi, í fullkominni andstöðu við það sem verkalýðshreyfingin stefndi að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi reynt að láta líta svo út sem þetta væri í samráði við hana. Svo var ekki. Það er gróf fölsun eins og hæstv. forsrh. hefur nú viðurkennt og sagt. Verkalýðshreyfingin, landssamböndin innan ASÍ litu hins vegar á tekjuskattslækkunina sem forsendur sinna samninga. Þar væri komið það gólf sem miðað væri við þegar samið væri um kaupið. Ríkisstjórnin hamraði sjálf á þessu á sínum tíma. Þess vegna trúðu menn því ekki og trúa því vart enn að hún ætli að hlaupast frá þeim skuldbindingum sínum, ekki síst þegar menn hafa í huga við hvert góðæri við búum, góðæri sem hefur skilað 600 tekjuskattsmilljónum umfram það sem áður hafði verið áætlað í ríkissjóð, miklu meiri peningum en nú er talað svo snyrtilega um að hnika til eins og hæstv. fjmrh. sagði í gær.

Þetta mál snýst ekki um skattastefnu og ekki um neinar 500 millj. Þetta snýst um trúverðugleika í stjórnmálum og (Forseti hringir.) á því prófi falla ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hver um annan þveran og þeim nægir ekki að falla á því prófi hér á landi, þeir þurfa að fara alla leið til Kyoto í Japan til að falla þar á prófinu frammi (Forseti hringir.) fyrir allri heimsbyggðinni og það er áhyggjuefni fyrir Alþingi Íslendinga.

[13:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta mál er að sönnu harla alvarlegt og ótrúlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli láta sér detta í hug að ætla ekki að efna loforð sín að þessu leyti, jafnríkur hluti af niðurstöðum síðustu kjarasamninga og þetta sannanlega var og skipta þá tengslin í sjálfu sér ekki öllu máli. Það er alveg ljóst að kjarasamningar voru m.a. gerðir með þetta að leiðarljósi.

Ég var reyndar ekki einn af þeim sem var hrifinn af útfærslu á skattalækkun hæstv. ríkisstjórnar um flata lækkun af þessu tagi sem nýtist hátekjufólki best og þá reyndar barnlausu hátekjufólki eins og þetta var útfært en það er ekki það sem skiptir máli heldur grundvallaratriðið.

Það er annar þáttur þessa máls sem mér er líka nokkuð ofarlega í huga og það er framkoma hæstv. ríkisstjórnar við sveitarfélögin, þ.e. að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. virðast halda að hann hafi einnig yfir fjármunum sveitarfélaganna að segja. Þetta er sjálfstætt stjórnsýslustig, kosið er til þess sérstaklega og í gildi eru lög og alþjóðlegir sáttmálar sem eiga að tryggja sjálfstæði og óhæfi sveitarstjórnarstigsins til

þess m.a. að verja það fyrir fjármálaráðherrum eins og þeim sem þjóðin situr uppi með núna. Þessi samskipti geta ekki gengið svona til og þá skipta upphæðir ekki máli. Hvort það væru 5 kr. eða 500 millj. sem ríkisstjórnin ætlar sér einhliða að ráðskast með af fjármunum sveitarfélaganna skiptir ekki máli. Það er ósköp einfaldlega ekki þannig sem slík samskipti eiga að ganga fyrir sig á milli sjálfstæðra stjórnsýslustiga í landinu.

Einnig er framkoman við verkalýðshreyfinguna með endemum. Er það kannski vegna þess að nánast öll verkalýðshreyfingin hefur bundið hendur sínar til tveggja til þriggja ára sem ríkisstjórnin heldur að hún komist upp með framkomu af þessu tagi? Er það vegna þess að ríkisstjórnin veit að verkalýðshreyfingin er með hendurnar bundnar á bak aftur fram um aldamót sem hún ástundar framkomu af þessu tagi?

[13:42]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn gaf fyrirheit um skattalækkanir í tengslum við síðustu kjarasamninga. Jafnvel þótt ekki hafi tekist samkomulag um framkvæmdina, þá var fyrirheitið engu að síður gefið og aðilar vinnumarkaðarins og þá sérstaklega verkalýðshreyfingin tók tillit til þessa fyrirheits við frágang kjarasamninga. Varaforseti Alþýðusambands Íslands hefur upplýst um að hann hafi spurst sérstaklega fyrir um það hjá ríkisstjórninni hvað verða mundi ef sveitarfélögin féllust ekki á þetta samkomulag fyrir sitt leyti og hæstv. ríkisstjórn hafði svarað því til að hún mundi þá sjá til þess með öðrum hætti að skattalækkunin kæmi til framkvæmda þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur gefið afdráttarlaust fyrirheit.

Það eru gildandi lög í landinu, virðulegi forseti, sem kveða á um að þessi skattalækkun skuli taka gildi um næstu áramót og því verður ekki breytt nema að lög verði sett á Alþingi fyrir jólin á þeim fáu starfsdögum sem eftir lifa. Ef ríkisstjórnin ætlar að knýja það fram, þá setur hún að sjálfsögðu allt starf þingsins fram að jólum í uppnám. Þess vegna er nauðsynlegt að það komi fram sem allra fyrst hvort ríkisstjórnin hefur slíkar fyrirætlanir uppi. Við verðum að fá svar við því strax því ef ekki fæst svar við því, ef enn er gefið undir fótinn með að slíka lagabreytingu eigi að knýja fram á fáum dögum til jóla, þá sýnist mér ekki líklegt að ýmis stórmál svo sem fjárlagafrv. verði afgreidd á tilsettum tíma.

[13:44]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Með frv. ríkisstjórnarinnar í vor segir svo, með leyfi forseta:

„Í yfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er, eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag."

Það er alveg augljóst á þessum orðum hvað ríkisstjórnin ætlaði sér. Hún ætlaði að láta sveitarfélögin fjármagna 0,4% af þeirri skattalækkun sem nú er verið að tala um að fresta. Hvergi er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar talað um að ef samningar náist ekki við sveitarfélögin, þá lækki ríkisstjórnin einhliða skattalækkunaráform sín. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að falla frá þeim áformum einfaldlega vegna þess að hún hefur engan rétt í þessu máli. Hún hefur hvergi neinn rétt sem hún getur hengt skoðun sína á að koma svona aftan að launþegum eins og hún er að gera. Samningar eiga einfaldlega að standa. Hæstv. forsrh. gaf í skyn að hann mundi kynna niðurstöðu í málinu í dag. Þeir eru ekki jafnharðir í afstöðu málsins og í gær og ég vona að hin einbeitta afstaða verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar dugi til að knýja fram að þessi áform verði lögð á hilluna.

Hæstv. forsrh. svaraði ekki spurningu minni hvort þetta hefði verið kynnt í þingflokkum stjórnarliðanna. Mínar heimildir segja að svo hafi ekki verið og mér kæmi ekki á óvart þótt margir stjórnarliða sem stóðu að löggjöfinni í vor mundu hugsa sig um tvisvar áður en þeir greiddu því braut í þinginu að falla frá umsömdum skattalækkunum. Það er grundvallaratriði í þessu máli að trúnaður milli ríkisvalds og samningsaðila verði að ríkja við lokagerð kjarasamninga. Það er ekki hægt að ganga frá kjarasamningum með annarri afstöðu. Þetta var erfitt samningsferli og þess vegna eru áform ríkisstjórnarinnar enn þá lúalegri en væri við venjulegar aðstæður.

[13:47]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það var ein spurning sem hv. þm. Ágúst Einarsson beindi til ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. eða formælenda Framsfl. í ríkisstjórninni sem eru ekki viðstaddir þennan fund en hæstv. forsrh. hlýtur að geta svarað spurningunni. Henni hefur ekki verið svarað enn. Spurning var þessi: Höfðu stjórnarflokkarnir, þ.e. ráðherrar beggja flokka í ríkisstjórn, Framsfl. og Sjálfstfl., tekið ákvörðun um að flytja frv. af því tagi sem hæstv. fjmrh. sagði í gær að til stæði að flytja? Gaf hann þá yfirlýsingu í samráði við samráðherra sína í Framsfl.? Vissu þeir að hún mundi koma og þetta væri fyrirætlunin eða kom þetta þeim og þingmönnum Framsfl. á óvart?

[13:48]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. í gær að mál þetta hefði verið til athugunar hjá ríkisstjórninni og þá auðvitað hjá ríkisstjórninni allri og fer það ekkert á milli mála.

Vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan um að við vildum ganga gegn verkalýðshreyfingunni meðan hún væri með bundnar hendur, þá fer því auðvitað fjarri. Við áttum mjög góðan fund með forustu Alþýðusambandsins í dag, málefnalegan og einarðan fund. Ég tel að við höfum jafnframt, til að mynda þegar stórmál sem varða verkalýðshreyfinguna miklu eins og lífeyrissjóðsmálin hafa verið til umræðu, náð fram niðurstöðu sem hafi verið mjög ásættanleg fyrir verkalýðshreyfinguna. Óánægjan virðist meiri annars staðar en hjá henni varðandi þá niðurstöðu og kom reyndar fram, mér er óhætt að hafa það eftir í dag, á þessum fundi að verkalýðshreyfingin væri sérstaklega ánægð með það með hvaða hætti ríkisvaldið hefði gengið frá þeim málum og flaug það ekki að neinum að ríkisvaldið væri að notfæra sér það að samningar væru bundnir og beita verkalýðshreyfinguna einhverjum afarkostum í því þýðingarmikla máli.

Eins og ég hef áður sagt var þessi leið til athugunar vegna þeirrar sérstöku stöðu að peningar frá sveitarfélögunum hafa ekki skilað sér og það tekur lengri tíma að huga að því máli. Gert hefur verið samkomulag við sveitarfélögin og 6. liður samkomulagsins sem kynnt verður í dag gengur út á að aðilar eigi viðræður um þessi mál áfram. Því er ekki hafnað

af sveitarfélögunum að eiga viðræður um aðkomu þeirra að þessari skattalækkunarleið áfram. Það hefur verið kynnt í dag og við horfum auðvitað á þá niðurstöðu líka varðandi framhald málsins. Við munum kynna þá niðurstöðu þegar líður á daginn.

Auðvitað munum við horfa til allra sjónarmiða við þá niðurstöðu.

### *Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 339. mál (skilgreining togveiðisvæða). — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 340. mál (heildarlög). — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Umferðarlög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

[13:53]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill geta þess að brtt. á þskj. 442 við frv. til fjáraukalaga frá minni hluta fjárln. sem var útbýtt í upphafi fundarins getur því aðeins komið á dagskrá og til umræðu síðar á þessum fundi að veitt verði afbrigði og er þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 442. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

### *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 1. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 407.

[13:54]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Á sama hátt og á undanförnum árum hefur í frv. þetta verið safnað þeim lagabreytingum sem gjaldaáætlun fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til að leggja áherslu á þann samnefnara þeirra að stuðla að aðhaldi í ríkisútgjöldum og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum. Ég vil geta þess strax í upphafi að í þessu frv. er þó það nýmæli að í 12. gr. er jafnframt leitað eftir breytingu vegna tekjuáætlunar fjárlagafrv. Eftir slíkum breytingum hefur jafnan verið leitað með sérstökum tekjuöflunarfrv. en í ljósi þess að fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir viðameiri breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári þótti rétt að flytja þá brtt. í þessu frv. Að efni þeirrar breytingar kem ég síðar í ræðu minni.

Eitt af meginatriðum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að unnið verði að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er forsenda framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis. Ríkisstjórnin hefur fylgt þessum markmiðum dyggilega eftir og nú er árangurinn að koma í ljós.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington var nýlega hér á ferð til að gera sína reglubundnu úttekt á þjóðarbúskap Íslendinga og árangri ríkisstjórnar í stjórn efnahagsmála. Í úttekt þessari segir, með leyfi forseta:

„Árangur Íslands í efnahagsmálum á undanförnum árum hefur verið mjög góður. Uppgangur er í efnahagslífinu 5. árið í röð, hagvöxtur er enn mikill og á sama tíma helst verðbólgan lág. Þessi árangur sker sig með áberandi hætti frá tíðum sveiflum undanfarinna áratuga og ber að miklu leyti að þakka stefnu stöðugs gengis og úrbótum í ríkisfjármálum ásamt skipulagsumbótum sem hafa leitt til aukinnar hagkvæmni og skilvirkni gagnvart markaðsöflunum."

Þess ber að geta að skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa ávallt verið hreinskilnar í gagnrýni á íslensk stjórnvöld. Menn hafa tekið mark á þeim svo að það gefur þessari umsögn gjaldeyrissjóðsins enn meira gildi og enn meira vægi. Þessi skýrsla bendir einnig á ýmis verkefni sem fram undan eru í stjórn efnahagsmála. Bent er á að ríkisfjármálin ættu að bera meginþunga nauðsynlegrar aðlögunar að bættum efnahagsskilyrðum, að afkomubati ríkissjóðs þyrfti að vera meiri

en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Talið er að núverandi hagvaxtarskeið veiti færi á að skapa svigrúm til viðbragða þegar harðna fer í ári á ný. Loks er vikið að því að á undanförnum árum hafi Ísland náð töluverðum árangri í endurbótum á skipulagi efnahagsmála sem átt hafa drjúgan þátt í að auka hagkvæmni og aðlögunarhæfni efnahagslífsins. Áríðandi er að halda áfram endurbótum á þessu sviði í náinni framtíð.

Með öðrum orðum er árangurinn metinn svo að vel hafi tekist til í stjórn efnahagsmála hjá þessari ríkisstjórn en því er heldur ekki leynt að hagvöxtur og batnandi lífskjör skapa á ný vandamál á sviði efnahagsmála sem nú ber að takast á við. Það er í þessu ljósi sem líta ber á fjárlagafrv. Þar er gætt meira aðhalds en margir geta sætt sig við en það aðhald skapast fyrst og fremst af því að þjóðarbúskapurinn er í uppsveiflu og eftirspurn er að aukast. Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hlýtur því að beinast að því að koma í veg fyrir að uppsveiflan breytist í ofþenslu með afleiðingum sem okkur Íslendingum eru svo vel kunnar frá fyrri árum.

Allt frá árinu 1991 hefur verið unnið að því að styrkja og bæta vinnubrögð við gerð fjárlagafrv., jafnt við undirbúning þess í Stjórnarráðinu sem og við meðferð þess hér á hinu háa Alþingi. Meðal mikilvægustu ráðstafana í því skyni er að styrkja þær forsendur sem lagðar eru fjárlagafrv. til grundvallar. Af þeim sökum var horfið að því ráði að draga allar þær lagabreytingar sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir í eitt frv. sem Alþingi getur þá fjallað um í einu lagi. Með því móti er Alþingi gerð heildstæð grein fyrir þeim breytingum sem í því eru fólgnar og á þær er lagt mat um kostnað og tilfærslu fjármuna. Breytingar þær sem frv. gerir ráð fyrir eru færri nú en á undanförnum árum og fer raunar fækkandi ár frá ári.

Frv. þetta inniheldur aðeins 16 greinar að þessu sinni í samanburði við 27 greinar sams konar frv. í fyrra og 63 greinar árið þar áður. Kemur það bæði til af því að þörf á sérstökum ráðstöfunum er minni nú en oft áður en einnig gefur hér að líta árangur af því starfi sem hófst í hittiðfyrra. Það fólst í að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur allt of víða í íslenskri löggjöf, að binda í lög framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna ýmist með eða án sérstakra tekjustofna en á þann hátt var fjárveitingavald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kom. Slík ákvæði grafa undan áhrifum þess hagstjórnartækis sem stjórnarskráin færir Alþingi sem fjárstjórnarvaldi fjárlaga, tækis sem á að vera hægt að beita með virkum hætti við heildarhagstjórn þjóðarbúsins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap án þess að bjástra um leið við að skera niður lögmælt útgjöld og ná mörkuðum tekjustofnum að einhverju leyti í ríkissjóð með frumvörpum þeim er borið hafa sams konar heiti og það sem hér er mælt fyrir.

Ákvæði um lögmælt framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna er að vísu enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg og jafnvel æskileg innan ákveðinna marka t.d. þegar um er að ræða sérstök átaksverkefni. Slík framlög verða þó að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrv. gera kröfu til og til slíkra skerðinga ber ríkisstjórninni skylda til að leita þeirra heimilda sem stjórnskipun ríkisins gerir ráð fyrir.

Þetta nefni ég sérstaklega og kýs að gera sérstaka grein fyrir, herra forseti, vegna þess að í 23. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, felst ráðagerð um að ákvæðum í almennum lögum sem mæla fyrir um markaða tekjustofna eða lögbundin framlög verði innan fjárlagaársins breytt með fjárlögum einum saman. Ég viðurkenni að þessi framkvæmd kann að þykja hentug og þægilegri, ekki síst fyrir ríkisstjórnina, en hún sést heldur ekki fyrir um hvaða afleiðingar það getur haft að halda ekki skýra aðgreiningu almennra laga og fjárlaga. Hún þjónar ekki þeim hagsmunum almennings að eiga á hverjum tíma aðgang að skýrum og gegnsæjum réttarheimildum í þeim lögum sem héðan stafa og síðar í lagasafni.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar skal áætlun um tekjur og gjöld ríkisins gerð og samþykkt með lögum. Eftir að deildaskipting Alþingis var aflögð er sú lagasetning ekki lengur frábrugðin meðferð annarra lagafrv. í þinginu, samanber 12. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 56/1991. Sérstaða fjárlaganna felst hins vegar í því að stjórnarskrárákvæðið bindur efni þeirra við nefnda tekju- og útgjaldaáætlun ríkissjóðs. Áætlanir fjárlaga tilheyra þó ekki réttarkerfinu og þær eru ekki löggjafarmálefni í eðli sínu. Efnisinntak fjárlaga gerir jafnvel ekki kröfu til lagasetningar í sjálfu sér. Sú afmörkun sem í stjórnarskrárákvæðinu felst hefur því ávallt verið skýrð svo að hún setji því ákveðin takmörk hvaða ákvarðanir verði teknar með fjárlögum. Þannig var það ekki aðeins annar og það sem stundum hefur verið nefnt óvandaðri setningarháttur sem réði því að lögbundnum útgjöldum og tekjustofnum varð ekki breytt með fjárlögum eins og virðist hafa verið lagt lögfestingu nefndrar 23. gr. fjárreiðulaga til grundvallar heldur einnig og jafnvel miklu fremur sá áskilnaður sem stjórnarskráin gerir um efni þeirra. En af þeim áskilnaði hlýtur að leiða að fjárlög geta almennt ekki ráðstafað því sem gera þarf með lögum og ákvæðum almennra laga verður ekki breytt með fjárlögum.

Af þessum sökum hafa skerðingaráform þau sem boðuð voru í 6. gr. frv. verið flutt að nokkru breytt reyndar í þetta frv. og mun ég nú, herra forseti, víkja að einstökum ákvæðum þess eftir því sem ástæða er til en vísa að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frv. og umsagnar um áhrif þeirra á útgjöld ríkissjóðs sem birt er sem fylgiskjal með frv.

Greinum frv. er raðað eftir ráðuneytum í sömu röð og í fjárlagafrv. en ég mun hér haga greinargerð minni á þann hátt að fjalla í einu lagi um þau ákvæði sem eiga sér ákveðna efnislega samstöðu. Það er þó ef til vill nærtækast að byrja á hinum svokölluðu „þrátt-fyrir"-ákvæðum þar sem er lagt til að lögbundnir tekjustofnar taki tímabundinni skerðingu sem hér segir:

Í 1. gr. er lagt til að tekjur af sérstökum eignarskatti sem verja á til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana renni að hluta til í ríkissjóð, þ.e. 200 millj. kr. af þeim 515 millj. sem áætlað er að skatturinn skili.

Í 2. gr. er lagt til að framlag til sérstaks átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða verði á næsta ári skert um helming.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að um 235 millj. kr. af þeim 420 millj. sem áætlað er að erfðafjárskattur skili Framkvæmdasjóði fatlaðra á næsta ári renni í ríkissjóð. Jafnframt er lagt til að Framkvæmdasjóður greiði kostnað við félagslega hæfingu og endurhæfingu svo og kostnað við starfsemi stjórnarnefndar sjóðsins eins og verið hefur.

Í 13. gr. er lagt til að af mörkuðum tekjum til vegagerðar renni 1 milljarður og 64 millj. kr. í ríkissjóð.

Loks er í 15. gr. lagt til að af mörkuðum tekjum Brunamálastofnunar, brunavarnagjaldi, renni um 11 millj. í ríkissjóð á næsta ári.

Í 23. gr. laga nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1997, var í fyrsta skipti lagt á þá braut, sem mörgum kann að hafa þótt tímabært, að verja hluta tekna af flugvallargjaldi árið 1997 til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í 14. gr. frv. er lagt til að heimild til þess verði gerð varanleg eftir því sem Alþingi kann að ákveða á fjárlögum hverju sinni. En eins og ákvæðið er orðað getur það þó aldrei orðið nema að hluta.

Í frv. til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir að af tekjum af flugvallargjaldi verði 60 millj. kr. varið til flugstöðvarinnar.

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á síðasta þingi er gert ráð fyrir að svokallaðar svæðisvinnumiðlanir starfi á svæðum sem félmrh. ákveður að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Ekki þarf að fjölyrða um hversu veigamiklu hlutverki slík starfsemi gegnir á vinnumarkaði. En í ljósi þeirra hagsmuna sem atvinnuleysistryggingasjóðirnir eiga af starfrækslu þessara vinnumiðlana þykir eðlilegt að gera Alþingi kleift að verja hluta af mörkuðum tekjustofnum sjóðanna til reksturs þeirra eftir því sem ákveðið verður á fjárlögum hverju sinni. Til þess þarf að auka við lögbundið hlutverk sjóðanna með lögum eins og lagt er til í 5. og 6. gr. frv. og taka upp sérstaka heimild til að mæta kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana úr öðrum sjóðum en samneyslunnar í 7. gr.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin tímabundið með bráðabirgðaákvæði við lög um almannatryggingar í 34. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Bráðabirgðaákvæði þetta líður úr gildi um næstu áramót og mundi að óbreyttu færa ákvörðun um fjárhæð bóta almannatrygginga aftur í fyrra horf. En ýmsir hagsmunahópar hafa orðið til að benda á að tenging þeirra við almenna launataxta hafi ekki alltaf skilað bótaþegum sanngjarnri niðurstöðu í ljósi þeirra launahækkana sem orðið hafa á almennum vinnumarkaði. Af þessum sökum er í 9. gr. frv. lagt til að ákvæði bráðabirgðaákvæðisins um árlega endurskoðun á fjárhæð bótanna í tengslum við gerð fjárlaga verði fest varanlega í sessi. Jafnframt er í sömu grein lagt til að efnisregla bráðabirgðaákvæðisins um ákvörðun fjárhæðarinnar verði gerð varanleg í nokkuð breyttri mynd. Þannig er lagt til að ákvörðun bótanna taki mið af almennri þróun launa á fjárlagaárinu og leggi þá sömu forsendur og fjárlagafrv. því til grundvallar en jafnframt er lagt til að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um ef laun skyldu þróast með öðrum hætti en verðlag. Fjárhæðir frítekjumarka samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaga hljóta að fylgja þeim breytingum sem verða á fjárhæð bóta og almennra tekna lífeyrisþega. Þess vegna er eðlilegt að sú tenging verði tekin upp í 65. gr. laganna, sbr. 9. gr. frv., en heimild ráðherra til að breyta þeim með reglugerð í 2. mgr. 18. gr. laganna verði felld brott, sbr. 8. gr. frv.

Í 10. gr. frv. er lagt til að 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við almannatryggingalögin falli brott en í hans stað kemur varanlegt ákvæði um breytingar á bótum almannatrygginga og ákvörðun fjárhæðar þeirra sem ég hef þegar lýst.

Loks er í 11. gr. frv. bætt við nýjum tölulið við bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna til áréttingar á heimild ríkisstjórnarinnar til þeirra hækkana á bótafjárhæðum sem ákveðnar hafa verið á yfirstandandi ári. Að sjálfsögðu hefur jafnframt verið gert ráð fyrir þeim breytingum í frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár.

Loks eru í 12. gr. lagðar til nokkrar breytingar á hlutfalli tryggingagjalds af gjaldstofni. Þar er annars vegar um að ræða lækkun atvinnutryggingagjalds sem rennur til atvinnuleysistrygginga á grundvelli spár um minnkun atvinnuleysis og lækkun kostnaðar við sérstök átaksverkefni af þeim sökum. Nemur lækkunin 0,15% og á að draga úr útgjöldum launagreiðenda af þeim sökum um 400 millj. kr.

Í annan stað er lagt til að almennt tryggingagjald verði hækkað um 0,04% til að mæta 100 millj. kr. kostnaðarauka Tryggingastofnunar vegna áforma um að festa í lög sérstakan rétt feðra til fæðingarorlofs en heilbr.- og trmrh. hefur lagt fram frv. þess efnis á þingi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:09]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil strax í upphafi þessarar umræðu gera grein fyrir atriði sem lýtur að 2. gr. skerðingarákvæða þar sem ríkisstjórnin áformar að skera niður átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða um 12,5 millj. kr. Ég skora á forsrh. að draga til baka þetta áform og hafa upphæðina eins og hún var hér ákveðin af þingflokkum, þingflokksformönnum og 48 greiddum atkvæðum á þingi, ekki með því að láta 25 millj. kr. á ári renna til þessa verkefnis heldur voru áformaðar 50 millj. kr. á ári í fimm ár. Hugsunin núna eftir að þrjú ár eru liðin af verkefninu og aðeins 75 millj. hafa farið til verkefnisins þá á að skera þetta niður. Ég veit ekki hvers vegna. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvers vegna á að skera þetta verkefni niður? Er það vegna þess að ekki hefur orðið árangur af því starfi sem unnið hefur verið í þessu átaksverkefni?

Ástandið er þannig í landbúnaði að aðeins er að vakna veik von um að það náist að markaðssetja lambakjöt á erlendum mörkuðum vegna þeirra aðgerða sem þessir fjármunir hafa skilað, vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til með þessum fjármunum, fyrir utan það að gripið hefur verið til búháttabreytinga í mjög miklum mæli. Allt það sem er í gangi mun lokast af með þessum niðurskurðaraðgerðum. Það lokast af verkefni sem eru í gangi bæði hjá háskólanum og stofnunum landbúnaðarins sem byggjast á slíkum framlögum.

[14:12]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þeir fjármunir sem hafa verið veittir til þessa verkefnis hafi nýst margir hverjir ágætlega. Reyndar hafa nú ekki allar væntingar gengið eftir, fjarri því, eins og hv. þm. er kunnugt. En það er mat ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar og því er lagt til að þessi fjárhæð eigi að duga til að halda verkefninu áfram á næsta ári.

[14:12]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hvaða hluta af verkefninu ríkisstjórnin vill láta halda áfram með og hvaða hluta verkefnisins á að leggja til hliðar. Það hefur verið þannig að þeir sem að þessu starfa hafa ákveðið að stöðva fjárveitingar vegna þess að ekki er hægt að halda áfram með þau verkefni sem eru þó í gangi. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hvaða verk það eru sem hæstv. ríkisstjórn vill að sé haldið áfram með.

[14:13]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki efni til þess í andsvari að ég fari að gera grein fyrir þeim þáttum. Hins vegar gefst góður tími til að fara yfir þá þætti við meðferð nefndarinnar á máli þessu.

[14:13]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það er nú komið að hefðbundinni umræðu í tengslum við fjárlög, þ.e. þegar bandormurinn er lagður fram af hálfu hæstv. forsrh.

Bandormurinn er nú minni umfangs en oft áður og má skýra það með hinni nýju löggjöf um fjárreiður ríkisins sem voru afgreiddar á sl. vori og unnið hefur verið eftir við gerð fjárlaga en ákvæði þeirrar lagasetningar horfa allar til bóta. Það er hins vegar ýmislegt í þessu frv., herra forseti, sem vert er að ræða og markar stefnu og áhersluatriði ríkisstjórnarinnar. Þau áform í bandorminum voru kynnt í 6. gr. fjárlaga, þ.e. hvar skerðing ætti að koma fram á mörkuðum tekjustofnum. Bandormsfrumvörp hafa oft og tíðum einkennst af stefnumörkun og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Oft má, herra forseti, lesa út úr bandorminum þó ekki sé hann umfangsmikill hver stefna ríkisstjórnarinnar er í tilteknum málaflokkum.

Í 1. gr. þessa frv. er getið sérstaklega mikilvægs málaflokks sem er skerðing á lögbundnum tekjustofni um Þjóðarbókhlöðu, tekjustofni sem hefði skilað 515 millj. en einungis eru 315 millj. látnar renna í sitt lögbundna verkefni þannig að það eru 200 millj. teknar af þessum tekjustofni sem eru færðar í ríkissjóð. Vitaskuld hefði, herra forseti, verið tilefni að skoða þennan markaða tekjustofn á þann hátt að leggja betur til menntamála því að ekki hefði veitt af því og þá sérstaklega í tengslum við þætti Þjóðarbókhlöðunnar og bókasafna almennt á háskóla- og rannsóknarstigi.

Fyrir nokkru var upplýst í almennri umræðu að raunvísindadeild Háskóla Íslands væri hætt að geta keypt bækur. Þeir einbeita sér að því að reyna að halda áskriftum að tímaritum gangandi. Þetta er ekkert einsdæmi í menntakerfinu hvort sem er í háskóla eða annars staðar. Flestir alþingismenn þekkja stöðu Námsgagnastofnunar en allir sem hafa komið að menntamálum vita að ef ekki er séð vel fyrir gerð námsgagna og bóka verður ekki um að ræða neitt nám. Því miður er Þjóðarbókhlaðan þannig úr garði gerð fjárhagslega að hún hefur ekki getað verið með þann bókakost og þau tímarit sem eru nauðsynleg nútímaháskólastarfi. Þetta er einn svartasti bletturinn á menntastefnu okkar en af mörgu er reyndar að taka eins og þingmönnum er kunnugt. Þannig liggur fyrir að við sitjum býsna aftarlega í alþjóðlegum samanburði, einkum gagnvart nágrannalöndunum, hvað viðvíkur fjárframlögum til menntamála, mjög neðarlega hvað varðar háskólastigið. Allt ber þetta að þeirri sömu niðurstöðu að menntamál hafa ekki verið sett í neinn forgang af hálfu núv. ríkisstjórnar.

Ég tel, herra forseti, að ekki sé hægt að ganga frá þessum frumvörpum sem eru til umræðu hvort sem eru bandormsfrv. eða fjárlög án þess að myndarlega sé tekið á fjárframlögum til ritakaupa. Það væri sómi að því ef fjárln. gerði það vel vegna þess að þetta er farið að verða eitt alvarlegasta efnið í menntastefnu okkar.

Í 2. gr. þessa frv. er vikið að málefni sem hæstv. þm. Gísli Einarsson kom inn á í andsvari við hæstv. forsrh., þ.e. niðurskurður á lífrænni ræktun, farið er úr áætluðum 50 millj. og komið niður í 12,5, og var 25 millj. í fyrra, skorið niður um helming. Hér er vitaskuld um ákveðna forgangsröðun að ræða. Hér er vitaskuld um ákveðna stefnu að ræða og ég tel að þessi stefna sé röng. Við höfum átt í margvíslegum vandkvæðum með landbúnað okkar og væri hægt að setja á langa ræðu um þá hluti sem betur mættu fara í landbúnaði en þó hillti undir útfærslu á þáttum sem hefðu getað skilað sér þegar fram líða stundir. Þegar Alþingi er búið að gera stefnumarkandi ályktun um þau efni, ráðstafa til þess fjármunum, þá er það fyrsta verkefni ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. að skera þessa hugmynd niður við trog. Þarna sést vel stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar hvað viðvíkur nýjungum og nýjum hugmyndum í atvinnugrein sem á mjög undir högg að sækja. Þeir verja hins vegar kerfisbundið gamla fyrirkomulagið. Þar er engu hnikað til í þeirri vernd og skipulagningu hvort sem er á landbúnaði eða öðrum sviðum sem hefur mjög tafið eðlilegar endurbætur í þeirri og annarri atvinnugrein. Allt sem heyrir til nútímans og nýsköpunar er kastað umsvifalaust fyrir borð þrátt fyrir að Alþingi hafi ályktað á annan hátt.

Hefðbundnar skerðingar eru í 3. og 4. gr. frv. um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það sem lýtur að velferðarmálum og heilbrigðismálum, málefnum sjúkra, öryrkja og fatlaðra í þjóðfélaginu. Það hefur ekki verið hátt skrifað í stefnumörkun hjá ríkisstjórninni og endurspeglast það enn og aftur, herra forseti, í uppleggi bandormsfrv. Þar er skertur lögbundinn tekjustofn eina ferðina enn, nákvæmlega eins og þeir gerðu líka fyrir ári. Það sést ágætlega forgangsröðun og stefna ríkisstjórnarinnar út frá þessu litla lagafrv.

Eitt stærsta málið í þessu frv. tengist bótum úr almannatryggingakerfinu en það hefur verið deiluefni ekki milli einungis stjórnarliða og stjórnarandstæðinga heldur ekki hvað síst milli ríkisstjórnar og eldri borgara í landinu. Tenging, viðmiðun bóta úr almannatryggingakerfinu og þar með talið ellilífeyrir var afnuminn með löggjöf, með bráðabirgðaákvæði 1995 gegn mótmælum ekki einungis stjórnarandstöðunnar heldur fjölmennum samtökum eldri borgara en þeir eru núna um 27 þúsund talsins. Staða þeirra er misjöfn en það ber þó að hafa í huga að 20 þúsund af þessum eldri borgurum njóta tekjutryggingar þannig að ljóst má vera að þessi hópur hefur ekki úr of miklu að spila og mikilvægt er að tryggt sé öryggi þeirra gagnvart oft þeirra einu tekjum, þ.e. bótum úr almannatryggingakerfinu.

Afnámið sem ríkisstjórnin gerði 1995 fól það í sér að eldri borgarar voru ofurseldir geðþóttavaldi ríkisstjórnar hvers tíma. Það var meginbreytingin. Hætt var við þá viðmiðun sem var að tengja bætur úr almannatryggingakerfinu við launabreytingar en upphaflegt ákvæði var þannig að greiðslur úr almannatryggingum tækju sömu breytingum og vikukaup í almennri verkamannavinnu. Þannig voru ákvæðin um árabil og reyndust vel, ekki síst vegna þess að verkamannalaun hækkuðu oft meira í almennum kjarasamningum sem tekið var þá mið af þegar bætur úr almannatryggingakerfinu voru hækkaðar. Aðferðin sem ríkisstjórnin leggur hins vegar til orkar nokkuð tvímælis en það má geta þess að við í stjórnarandstöðunni börðumst hatramlega gegn þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á sínum tíma en öll ríkisstjórnin og þingmennirnir felldu tillögur okkar í nafnakalli á hinu háa Alþingi. Það er ekki fyrr en núna tæpum tveimur árum seinna að barátta eldri borgara, stjórnarandstæðinga og verkalýðshreyfingar er að bera árangur. Þeir hafa hopað í málinu og leggja núna til að bætur úr almannatrygginga-

kerfinu verði tengdar við launavísitölu eða launaþróun. Það er mikið álitamál hvort ekki hefði verið betra að leggja upp með aðferð okkar, þ.e. að taka gömlu viðmiðunina vegna þess að t.d. síðustu kjarasamningar leiddu til um 23% hækkunar á lægstu launum en almenn laun hækkuðu um 13%. Það er því mikið matsatriði hvort ekki hefði verið betra að hafa þá fyrri viðmiðun sem hefði þá þýtt einnig að bætur úr almannatryggingakerfinu væru nær lágmarkslaunum en er í dag. Ég er ekki viss um, herra forseti, að tengingin við launavísitöluna eins og lagt er upp með eigi eftir að reynast farsæl þegar fram líða stundir. Hins vegar er rétt að hafa í huga að sigur er unninn af hálfu eldri borgara og stjórnarandstöðunnar vegna þess að stefna ríkisstjórnarinnar um að það skuli vera geðþóttaákvörðun hverju sinni sem birtist í fjárlögum er brotin á bak aftur.

Þetta er eitt helsta ákvæðið í þessu frv. sem markar ákveðin tímamót í stefnu ríkisstjórnarinnar og aðrir þættir sem tengjast greiðslum úr almannatryggingakerfinu eru tengdir svipaðri hugmyndafræði, þ.e. að taka mið af launavísitölu og ekki lægra en verðlag hækkar hverju sinni. Er það vel að þarna sé komin trygging gagnvart eldri borgurum og öðrum og greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Það sem var alvarlegast, herra forseti, í uppleggi ríkisstjórnarinnar 1995 var það óöryggi og sú lítilsvirðing sem þessu fólki, sem á ekki í önnur hús að venda, var sýnd með þeirri útfærslu að menn þurftu að fara bónbjargarleiðina gagnvart hæstv. ríkisstjórn til að fá réttmætar leiðréttingar á bótum sínum. Vitaskuld er hægt að hafa fleiri orð um stöðu aldraðra hér á landi sem er eins og þekkist nú víða, bæði í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu og ekki vel fyrir komið en það verður að bíða betri tíma. Ég vil þó geta þess að við í þingflokki jafnaðarmanna höfum óskað eftir sérstakri skýrslu um stöðu aldraðra í samanburði við aðrar þjóðir þannig að hægt er að glöggva sig betur á þessu samhengi.

Annað sem er sérkennilegt í frv. er að þarna er gert ráð fyrir að skerða lögbundna tekjustofna Vegagerðarinnar um einn milljarð. Vitaskuld væri athyglisvert að frétta eitthvað frá hæstv. ríkisstjórn um fyrirætlanir í vegamálum, ekki hvað síst frá þeim stjórnarþingmönnum sem talað hafa hæst um þau efni undanfarna daga. Mér skilst, herra forseti, að vegáætlun sé núna til umræðu í þingflokkum stjórnarliðanna. Ég veit ekki hvort það er venja við þá umræðu sem hér er þar sem skertur er tekjustofn upp á einn milljarð að gerð sé grein fyrir fyrirætlun ríkisstjórnarinnar í vegamálum. Það er nokkuð skondið, herra forseti, að það berast fregnir af auknu átaki í vegamálum og á sama tíma erum við að ræða frv. um skerðingu á lögbundnum tekjustofnum um einn milljarð. Það er augljóst að ekki virðist vera um samræmi í stefnumörkun að ræða og væri athyglisvert að hæstv. samgrh. gæti upplýst þingheim nokkuð um fyrirætlanir í vegamálum þannig að stefna ríkisstjórnarinnar skýrðist hvað þau efni áhrærir en menn þurfa ekki að velkjast í vafa um að eina stefnan sé sú sem hér kemur fram, þ.e. niðurskurður á lögbundnum framlögum til vegagerðar um einn milljarð.

Herra forseti. Lagasetning hæstv. ríkisstjórnar er í samræmi við stefnu hennar að öðru leyti. Þetta var boðað í fjárlagafrv. Forgangsröðun og stefna ríkisstjórnarinnar kemur skýrt fram. Það eru rýrðir tekjustofnar í ákveðna málaflokka sem við í stjórnarandstöðunni berum fyrir brjósti. Það eru rýrðir tekjustofnar sem tengjast menntamálum. Það eru rýrðir tekjustofnar til endurskipulagningar í landbúnaði. Það eru rýrðir tekjustofnar til málefna fatlaðra. Það eru rýrðir tekjustofnar til vegagerðar. Ekki er nægjanlega góð útfærsla á bótagreiðslum til viðskiptavina almannatrygginga. Allt þetta, herra forseti, endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar sem við erum ósátt í grundvallaratriðum. Hins vegar kemur stefnan ekki á óvart. Þetta er í samræmi við fjárlagafrv. Þetta er í samræmi við það sem ríkisstjórnin lagði fram fyrir ári. Þetta er að mati okkar stjórnarandstæðinga vond stefna. Þetta er stefna sem kemur niður á þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu og við hefðum gjarnan viljað hafa þessa löggjöf með öðrum hætti en það verður víst að bíða þar til við höfum til þess vald á Alþingi.

[14:31]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að spyrja að því hvort einstakir hæstv. ráðherrar, sem eiga efnivið í þessu frv., þó að mér sé ljóst að það sé flutt af hæstv. forsrh., þar sem um bandorm er að ræða, verði að einhverju leyti viðstaddir. Mér er þá ofarlega í huga til að mynda hæstv. heilbrrh. og hæstv. samgrh. og jafnvel hæstv. félmrh. sem allir eiga hér mál við.

Það er eins og venjulega, herra forseti, þegar kemur fram í desembermánuð að eitt af okkar verkefnum er að ræða bandorm frá hæstv. ríkisstjórn um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Að vísu vakti hæstv. forsrh. athygli á þeirri gleðilegu staðreynd að hann væri nú með styttra móti og greinafjöldinn væri á niðurleið. Það er vissulega gleðileg þróun og vonandi gengur hún alla leið til enda þannig að innan fárra ára verði hér enginn bandormur á ferð og málum öðruvísi fyrir komið.

Ekki er nokkur vafi á því að ný lög um fjárreiður ríkisins hafa hér áhrif til bóta og frágangur og meðferð þessara mála er á réttri leið. Það breytir hins vegar ekki hinu, herra forseti, að margt vekur athygli í efni þessa frv., ekki síst í ljósi linnulausra yfirlýsinga hæstv. ríkisstjórnar um góðærið, um hversu glæsilega hafi til tekist á fyrri hluta kjörtímabilsins og hversu bjartar horfurnar séu. Einhver hefði þá látið sér detta í hug að það þyrfti alls engar ráðstafanir af þessu tagi, sultar- og niðurskurðarráðstafanir í hefðbundnum stíl. Þess meiri athygli vekur það að þrátt fyrir allt góðærið er gengið lengra í niðurskurði til margra brýnna verkefna en áður hefur verið gert, í þrengingunum miðjum. Nú er til að mynda þjarmað meira að Framkvæmdasjóði fatlaðra en nokkru sinni fyrr í sögunni. Og það er skorið meira niður af mörkuðum tekjum til vegagerðar en nokkru sinni fyrr. Maður hlýtur að spyrja sig: Þarf virkilega að gera þetta nú í miðju góðærinu og þrátt fyrir hinn glæsta árangur og hinar björtu horfur sem oddvitar stjórnarflokkanna boðuðu á sérstökum blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum ekki fyrir löngu síðan? Mér skilst að út hafi komið skrautrituð bók, gott ef ekki er, með gulldregnum kili þar sem lýst er hinum mikla árangri. Það hlýtur að koma undarlega fyrir sjónir fatlaðra t.d. eða þeirra sem veita forustu fyrir þeim málaflokki að sjá þessa útreið á framkvæmdasjóðnum sem hér er boðuð.

Ég vil segja einnig, herra forseti, að það er að mínu mati algjörlega óhugsandi að við ljúkum umfjöllun um þessi efnahagsmál, og í raun og veru þessari umræðu í dag eða á morgun eða nær henni lýkur, sem tengist fjáraukalögum eða ráðstöfunum í ríkisfjármálum, fyrr en niðurstaða er komin í því máli sem hér hefur í tvígang verið til umræðu, í gær og í dag, og varðar loforð hæstv. ríkisstjórnar um skattalækkanir í tengslum við gerð kjarasamninga. Það er óhjákvæmilegt að við fylgjumst með hvernig því máli lyktar ef niðurstöður fást í því í dag.

Þá vil ég snúa mér að efni bandormsins sérstaklega og fara þar grein af grein. Í fyrsta lagi er þar um að ræða hefðbundna, en þó sennilega heldur meiri en venjulega, skerðingu á framlögum til endurbóta menningarbygginga eins og það heitir nú. Vera kann að ekki séu svo knýjandi verkefni á því sviði akkúrat í augnablikinu að það sé réttlætanlegt að verja ekki meiri fjármunum en þarna eru á ferðinni í því sambandi. Ég verð þó að leyfa mér að segja að ég held að ærið oft hafi menn verið að spara eyrinn og kasta krónunni þegar menn hafa dregið úr hömlu að veita t.d. opinberu húsnæði eðlilega athygli og að það fengi fullnægjandi viðhald. Ætli það hafi ekki reynst t.d. lærdómurinn á Bessastöðum að það hafi mátt spara mikla fjármuni ef húsnæðið þar hefði fengið eðlilegt viðhald á undanförnum árum en ekki verið jafnhroðalega illa á sig komið þegar loksins var farið í að sinna því eins og raun ber vitni. Mér er ekki kunnugt um annað en að eitt af þeim stóru verkefnum sem fram undan eru á þessu sviði sé húsnæði Þjóðminjasafnsins og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ekki sé ærin þörf á að ráðstafa öllum þeim fjármunum sem menn telja mögulega hægt að veita til þess verkefnis í það verk og önnur slík á næstu árum.

Í öðru lagi hefur þegar verið komið inn á 2. gr. af öðrum ræðumönnum. Ég vil segja um það aðeins að litlu verður Vöggur feginn, að menn skuli telja það taka því, liggur mér við að segja, að reyta helminginn af þessu framlagi til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Það var ekki miklu til að skipta þar. En það á að helminga þetta framlag upp á 25 millj. kr. sem tekin var ákvörðun um að setja tímabundið til einhverra ára í átak á þessu sviði. (**Gripið fram í:** Fimm ára.) Til fimm ára. Og er nú dálítið annað en að skerða ótímasett lögbundið framlag eða markaðan tekjustofn. Hér er um sérstakt tímabundið átak að ræða sem átti að vera í takt við áherslur og pólitík á þessu sviði. Mér finnst það satt best að segja heldur nánasarlegt að geta ekki einu sinni látið þetta í friði og vera að reyta þarna af þessum lið 12,5 millj. kr.

Í þriðja lagi hef ég nefnt stöðu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því hvernig hlutföll eru orðin þar, að aðeins 185 millj. kr. af talsvert yfir 400 millj. sem eru þarna í tekjur af erfðafjárskatti á að ráðstafa til hefðbundinna framkvæmdaverkefna á sviði Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er komið langt niður fyrir helming af hinum mörkuðu tekjum sem þarna eiga að vera til ráðstöfunar. Nú er enginn vafi á því að Framkvæmdasjóður fatlaðra lyfti grettistaki á sínum tíma og það var gríðarleg framför í málefnum fatlaðra á fyrstu árunum eftir að sjóðurinn kom til sögunnar. Það kann að vera rétt og menn út af fyrir sig hafa ekki deilt um það, að á einhverju stigi málsins yrði uppbyggingin svo vel á veg komin að réttlætanlegt gæti verið að færa tekjur úr framkvæmdum yfir í rekstur. Það hefur gerst á fleiri sviðum, eins og ég veit t.d. að hæstv. samgrh. man eftir. Þegar uppbyggingu einhverra málaflokka er vel á veg komið, þá getur verið réttlætanleg áhersla að færa fé úr fjárfestingum yfir í rekstur því að það þarf að reka þær stofnanir sem búið er að byggja upp. En ég leyfi mér að fullyrða að nú er að síga á ógæfuhliðina á nýjan leik. Það er enginn vafi að Íslendingar eru til að mynda farnir að dragast aftur úr hinum Norðurlöndunum á nýjan leik hvað varðar aðbúnað að fötluðum. Við vorum auðvitað á hálfgerðu steinaldarstigi í þeim efnum þegar uppbyggingin fór af stað í kjölfar þess að Framkvæmdasjóður fatlaðra kom til sögunnar og þessi mál voru í hreinasta ólestri hér borið saman við t.d. hin Norðurlöndin. Það nægir að nefna aðgengismálin ein og sér í því sambandi. Þar hafa vissulega orðið framfarir en það er langt í land að þessum málum sé alls staðar sómasamlega fyrir komið á Íslandi og ég harma það að þessi hlutföll skuli vera orðin svona öfug eins og þau þarna eru, að það er orðinn mikill minni hluti fjárins sem rennur til eiginlegrar uppbyggingar og eiginlegra úrbóta. Mestur hlutinn rennur í reksturinn í reynd sem skattur í ríkissjóð.

Þá um 5.–7. gr. Þar er verið að fjalla um Atvinnuleysistryggingasjóð og nú væri æskilegt að hæstv. félmrh. væri hér til skoðanaskipta um þau mál eins og frammistaða hæstv. ráðherra hefur verið í þeim efnum. Herra forseti. Það er algerlega óhjákvæmilegt að fá hér á einhverju stigi málsins rækilega umræðu um frammistöðu hæstv. félmrh. í málefnum atvinnulausra og þar með talið líka hér hvernig farið er með Atvinnuleysistryggingasjóð.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið að hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh. boðuðu fjarvist meðan jarðarför færi fram og eru báðir væntanlegir, innan tíðar.)

Ég þakka hæstv. forseta. Mér er þetta ljóst og ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemdir við það þó að hæstv. ráðherrar eða aðrir þingmenn séu tímabundið fjarverandi af þessum sökum, enda er ég hér að tala um að við vel valið tækifæri gefist kostur á að ræða þetta mál við hæstv. félmrh. Að vísu er komin fram hér fyrirspurn þar sem spurst er fyrir um frammistöðu hæstv. ráðherra hvað varðar breytingar á lögum og reglum um atvinnuleysistryggingar á síðasta ári. Það hefur allt verið með miklum endemum. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. félmrh. sé hér að bera ákaflega skarðan hlut frá borði og þar með talið að í þessu frv. eru ekki neinar breytingar gerðar á þeirri viðmiðun atvinnuleysisbóta við launaþróun í landinu sem var aftengd með breytingunum 1996 og að hluta til eða a.m.k. að nafninu til er verið að setja hér inn til baka hvað varðar almannatryggingarnar. Þar er hæstv. félmrh. algerlega úti í kuldanum um sín mál og réttur atvinnulausra fyrir borð borinn umfram það sem er með aðra lífeyrisþega, ef marka má niðurstöðu þessa bandorms.

Þá, herra forseti, kem ég að 8.–11. gr. frv. sem að mínu mati eru langalvarlegustu ákvæði þessa máls vegna þeirra blekkinga sem uppi hafa verið hafðar í því máli. Þannig var að hæstv. ríkisstjórn, í nafni þess að afnema alla sjálfvirkni eins og það var kallað, ákvað á árinu 1995, og það kom til framkvæmda á árinu 1996, að tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin, en slík tenging hafði verið við lýði um langt árabil og hafði tryggt þessum hluta landsmanna sambærilegar kjarabætur og um sömdust á almennum vinnumarkaði fyrir tilteknar viðmiðunarstéttir. Þá fundu menn upp á því snjallræði í áróðursstríðinu að kalla þetta sjálfvirkni og þetta voðalega orð, þessi hryllilega „sjálfvirkni" var bara réttdræp þannig að það tókst með áróðursframsetningu að selja mönnum að þetta réttlætismál og þetta skynsamlega og sanngjarna fyrirkomulag, að lífeyrisþegarnir í landinu nytu kaupmáttaraukningar eða launaþróunar til jafns við aðra, væri alveg sérstakt vandamál af því að það héti sjálfvirkni og svoleiðis vilja menn ekki hafa núna í anda nýfrjálshyggjunnar. Og þá er auðvitað réttur atvinnulausra og réttur lífeyrisþega lítils virði samanborið við hið heilaga stríð gegn sjálfvirkninni. Það verður þá að hafa það þó það verði að fórna því á altari þeirrar orrustu. Og ríkisstjórnin böðlaði þessu í gegn hér við afgreiðslu mála fyrir jólaleyfi 1995.

Nú ber svo við að almenningur og sérstaklega þá auðvitað

lífeyrisþegar hafa ekki verið þeirrar sömu skoðunar að þetta væri svona skaðlegt. Fyrst og fremst hafa þeir þó verið þeirrar skoðunar að það sé sanngjarnt að þeir fái sinn hluta af góðærinu eins og aðrir og það hefur myndast mikill þrýstingur úti í þjóðfélaginu að þetta verði að leiðrétta. Og hann gengur svo langt þessi þrýstingur og samtök aldraðra að jafnvel eru hótanir um klofning og framboð við næstu alþingiskosningar og guð má vita hvað, að það hleypur hland fyrir hjartað á forustunni í Sjálfstfl., hún gerir menn út af örkinni til að stofna sérstök samtök aldraðra í þeim flokki og valdir menn eru settir þar í forustu til að hafa nú hlutina undir stjórn eins og sagt er og ríkisstjórnin gefur út þá yfirlýsingu að hún ætli að setja þessa tengingu í samband á nýjan leik. Það brýst út mikill fögnuður og leiddir eru fram mætir menn til þess að vitna um göfgi ríkisstjórnarinnar, að hún ætli nú að verða við þessum kröfum aldraðra. En hvað kemur svo á daginn þegar textinn birtist hér? Hvað kemur þá á daginn, herra forseti? Það kemur á daginn að þetta eru tómar blekkingar, ekkert annað en blekkingar vegna þess að þetta er ekki sett í samband. Það segir samkvæmt orðanna hljóðan hins vegar að það skuli taka mið af launaþróun. Það er nánast sama orðalagið og var í greinargerð með frv. sem breytingarnar voru í í desember 1995 þannig að í raun og veru er ekki verið að segja neitt nýtt þar. Menn skutu sér á bak við það að segja að þetta eigi ekki að vera sjálfvirk tenging en mun auðvitað taka mið af launaþróun og taka mið af breytingum í efnahagsmálum í landinu. Það var sagt 1995 þannig að hér er ekki verið að segja neitt nýtt. Síðan er að vísu sagt að þetta skuli þó þannig framkvæmt að lífeyririnn hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Það er rétt að fjalla um hlutina efnislega eins og þeir liggja fyrir, það er rétt. Í þessu gæti hugsanlega við vissar aðstæður falist ákveðin trygging en þá og því aðeins að umsamin laun, hækkun umsaminna launa í landinu sé undir verðlagsþróun, menn semji um kjararýrnun. Þess eru ekki mörg dæmi að það gerist. Það þarf að fara langt aftur til að finna slíka hluti og alla vega er ekki líklegt að reyna muni á þetta ákvæði ef launaþróunin verður eins og nú hefur verið samið um fram á byrjun næstu aldar og hlutirnir ganga eftir eins og fyrir er spáð. Þá er þetta ákvæði marklaust, út í bláinn, þó það gæti hugsanlega, fræðilega séð, falið í sér tryggingu.

En það er annað, herra forseti, í þessum blekkingum sem ég tel alvarlegra og það er að þveröfugt við það sem sagt er að með breytingunum nú sé verið að færa á nýjan leik til baka auknar tryggingar fyrir lífeyrisþega, þá er verið að aftengja sjálfvirka uppfærslu bóta með nýjum hætti. Það er gert með því að fara inn í tvær aðrar greinar í lögunum um almannatryggingar sem ekki var búið að hrófla við áður. Það eru frítekjumörkin í 17. gr. og meðlögin í 59. gr. Þannig að algjörlega öfugt við það sem ríkisstjórnin var að segja á dögunum í áróðursyfirlýsingu sinni, þá eru til viðbótar teknar af tryggingar sem ekki var hróflað við 1995. Það er gert með því eins og segir í athugasemdum um 8.–11. gr. að því sé „lagt til að 2. mgr. 18. gr. laganna falli brott". Hvað er 2. mgr. 18. gr. laganna, um almannatryggingar, laga nr. 117 frá 20. desember 1993, eins og þau eru víst númeruð núna? Jú, herra forseti, hún fjallar um öll frítekjumörkin, allar bótafjárhæðirnar í 17. gr. Í 2. mgr. 18. gr. segir:

„Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. september [sú breyting var gerð 1994] árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára."

Þetta tryggði sjálfvirkt að frítekjumörkin fylgdu bótahækkununum. Þetta ákvæði er tekið út núna. Og hvað kemur í staðinn? Ákvörðun um þetta sama atriði í hverju einustu fjárlögum. Með öðrum orðum ríkisstjórnin færir þetta yfir í geðþóttaákvörðun á hverju ári og svo eru menn að selja mönnum þetta og þar með talið lífeyrisþegunum í landinu sem aukna tryggingu. Þetta er þveröfugt. Þarna er verið að auka möguleika ríkisstjórnar eða meiri hlutans á hverju einasta ári til að valsa með þessar fjárhæðir og ákveða það samkvæmt geðþótta við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Og nákvæmlega sama er á ferðinni í 59. gr. en þar er þessu breytt þannig með breytingum á lagagrein sem kemur aftar, þ.e. 65. gr., og ég vek athygli á því að 59. gr. fjallar um barnsmeðlög og upphæðir bóta sem þar eru á ferðinni, en í 65. gr. segir:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum skv. 59. gr. í samræmi við það."

Þessar lagagreinar, 59. og 65., tryggðu sams konar sjálfvirka uppfærslu þessara bóta og allur lífeyririnn tók áður. Með öðrum orðum hér er verið að aftengja þá tryggingu sem ekki var hróflað við 1995 og auka svigrúm ríkisstjórnar og meiri hlutans hverju sinni til geðþóttaákvarðana í þessum efnum. Og hvað er það þá, herra forseti, annað en blekkingar að reyna að selja þetta samtökum aldraðra, öryrkja eða öðrum, sem þessar ráðstafanir voru kynntar fyrir, sem auknar tryggingar á nýjan leik í anda þess sem var fyrir breytingarnar 1995/1996? Það eru blekkingar, ekkert annað en blekkingar. Og það er miður að menn skyldu ekki athuga betur efni þessa máls áður en menn ruku upp til handa og fóta, sumir hverjir, og fögnuðu þessu sem einhverju jákvæðu skrefi. Það er því miður ekki neinu slíku til að dreifa. Þetta er í raun og veru fyrst og fremst áróðursleikur og flugeldasýning sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft þarna í frammi.

Að síðustu, herra forseti, er óhjákvæmilegt að gagnrýna mjög harðlega útkomu Vegagerðarinnar og þá miklu skerðingu á mörkuðum tekjum til vegamála sem er á ferðinni í 13. gr. frv. Nýtt Íslandsmet er slegið í því að taka yfir 1 milljarð kr. af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar og láta renna í ríkissjóð í miðju góðærinu og við þær aðstæður að hæstv. samgrh. er að baksast með vegáætlun einhvers staðar í skúmaskotum hér á bak við tjöld og hefur ekki komið henni fram og átti það þó að vera eitt af forgangsmálum. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi lofað að vegáætlun yrði eitt af fyrstu málum þessa þings og ég spurði hann að þessu snemma í október og þá sagði hann: Hún er alveg að koma. Nú er kominn 9. desember og af því heyrist að þessi vegáætlun sé í einhverjum hremmingum á bak við tjöld. (**Gripið fram í:** Árið er nú ekki búið.) Og áður en hún er komin fram eru einstakir hv. þm. stjórnarliðsins farnir að sverja hana af sér, meira að segja vígðir menn því hv. þm. séra Hjálmar Jónsson kom í útvarpið fyrir nokkrum dögum og þó algerlega hendur sínar af þeirri vegáætlun sem þó er ekki komin fram. Þannig er nú staðan í því máli. Við þær aðstæður (Forseti hringir.) fær hæstv. samgrh. það í andlitið að reita á af honum meira en 1 milljarð kr. af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar í ríkishítina á næsta ári. Þetta er hroðaleg útkoma, herra forseti, og það er von að hæstv. samgrh. sé dálítið ruglaður í ríminu þessa dagana. Ég verð að segja það.

[14:51]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Enn er komið að föstum lið hér á jólaföstu á hinu háa Alþingi sem er umræða um svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er rétt sem fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna, að sá bandormur sem er til umræðu er heldur rýrari en þeir hafa verið á undanförnum árum og þakka ber að ekki sé nú verið að krukka víðar í en gert er í þessu frv. En af ýmsu er þó að taka.

Eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi gaf ríkisstjórnin út afmælisrit í haust, Áfangar á réttri leið, þar sem er að finna fagrar lýsingar á verkum ríkisstjórnarinnar og ýmsum áformum hennar. Þegar ég sá þetta rit fyrst fannst mér menntamálakaflinn skera sig heldur betur úr og hólið þar vera heldur úr hófi fram en þar segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Metnaðarfull þróun skólastarfs á öllum menntunarstigum." En því miður, eins og við vitum, er víða pottur brotinn í menntakerfi okkar.

Ríkisstjórnin hrósar sér mjög í þessum bæklingi og tíundar að hagvöxtur sé meiri hér en í öðrum iðnríkjum, störfum fjölgi og atvinnuleysi minnki, ráðstöfunartekjur aukist og verið sé að gera umbætur í ríkisrekstri og fyrirheit um betri tíð o.s.frv. En þrátt fyrir það er enn haldið áfram að krukka í markaða tekjustofna og því miður þar sem síst skyldi.

Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum þessa frv. og vil fyrst ítreka það sem ég hef sagt á hverju einasta ári við þessa umræðu að þetta er afar neikvæð og slæm leið sem farin hefur verið um árabil að krukka með þessum hætti í markaða tekjustofna, svo ekki sé nú minnst á ákveðin loforð eða fyrirheit sem hafa verið gefin í ákveðnum málefnum. Enn eitt árið er krukkað í Þjóðarbókhlöðuskattinn og af honum eru teknar 200 millj. kr. sem renna í ríkissjóð. Það er eins með þennan tekjustofn og ýmislegt annað að hann átti að vera takmarkaður við nokkur ár en honum hefur verið við haldið. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gagnrýna það því ég tel að mikil þörf sé fyrir viðhald og endurbætur á menningarstofnunum þjóðarinnar. Það var okkur til háborinnar skammar hvernig að þeim málum var staðið svo árum og áratugum skipti með þeim afleiðingum að ýmsar menningarstofnanir voru orðnar mjög illa farnar sem hefur kostað þjóðarbúið stórfé.

Í frv. til fjárlaga á bls. 336 er gerð grein fyrir hvernig á að verja þessum 315 millj. kr. og vekur þær spurningar hvort menn séu ekki að dreifa þessum fjármunum um of og hvort það leiði ekki til þess að ýmsar endurbætur taki allt of langan tíma. Til dæmis hafa endurbætur staðið yfir á Þjóðminjasafni Íslands um árabil og því eru ætlaðar 85 millj. kr. til áframhaldandi endurbóta. Þjóðleikhúsið fær 60 millj. o.s.frv. Það vekur spurningar hjá mér hvort hér sé rétt stefna á ferðinni að dreifa þessu á þennan hátt og hvort ekki væri nær að einbeita sér frekar að ákveðnum verkefnum eins og gert var en kannski er skýringin sú að margar af þeim byggingum sem hér um ræðir þoli enga bið og reyndar er nú verið að ljúka við eitt og annað. En ég gagnrýni það, hæstv. forseti, að klipið skuli af þessari upphæð og spyr hvort ekki væri nær að breyta lögunum og breyta þessum tekjustofni eða hreinlega skilgreina hann upp á nýtt.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á niðurskurðinum til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Ég man ekki betur en þetta hafi verið eitt af þeim verkefnum sem mikið var til umræðu þegar verið var að ræða það hvernig bæri að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. Það varð að samkomulagi að styðja þetta verkefni á sérstakan hátt en hins vegar var Lýðveldissjóðurinn stofnaður sem veitir styrki til vísindaverkefna og til varðveislu íslenskrar tungu. Það er nú vægast sagt nánasarlegt að skera þá upphæð niður um helming, þetta fyrirheit, þetta átak sem átti að styðja og styrkja, og ég óska eins hv. þm. Gísli S. Einarsson eftir upplýsingum um það hvernig á þessu stendur. Er það svo að ekki sé þörf fyrir meira fé eða má lesa út úr þessu viðhorf og stefnu hæstv. ríkisstjórnar til þessa verkefnis?

Það eru einkum greinar 3–7 sem heyra undir okkur í hv. félmn. og sem við munum fá þar til meðferðar og snerta annars vegar málefni fatlaðra og hins vegar lög um atvinnuleysistryggingar, vinnumarkaðsaðgerðir og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Það sama gildir um erfðafjárskattinn og Þjóðarbókhlöðuskattinn að þarna er um verulega fjármuni að ræða sem meiningin var að verja til ákveðinna verkefna en það er eins og ríkisstjórnin geti aldrei séð þetta í friði. Það gerðist fyrst í fyrra að farið var að klípa verulega af erfðafjárskattinum og nota hluta hans til rekstrar í stað þess að peningarnir gengju til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Nú má um það deila hversu mikil þörf er fyrir framkvæmdir og hvernig beri að verja þeim peningum. Það kemur fram í frv. til fjárlaga að þrjú heimili fyrir fatlaða eru í byggingu, þrjú sambýli, en við vitum að sérstaklega í Reykjavík og á Reykjanesi er gífurleg þörf og langir biðlistar eftir plássum á sambýlum og því er engan veginn hægt að segja að ekki sé þörf fyrir þetta fé. En þetta er óþolandi, hæstv. forseti, að ganga fram með þessum hætti og skerða þetta fé. Það er þá miklu nær að breyta lögunum. Að breyta því hvernig ráðstafa skuli þeim peningum heldur en að klípa alltaf af með þessu móti og þetta er orðinn meiri hluti þess fjármagns sem telst til erfðafjárskatts sem rennur nú beint í ríkissjóð í stað þess að fara til uppbyggingar í málefnum fatlaðra. Þetta tengist bæði 3. og 4. gr. þessa frv.

Það eru ekki liðnir margir mánuðir, hæstv. forseti, síðan hér voru samþykkt ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir og um nýjan tryggingasjóð sjálfstætt starfandi fólks. Alveg er það nú makalaust að menn skuli svo koma hér örfáum mánuðum seinna og breyta lögum. Það er eins og menn hafi bara alveg gleymt því að það þyrfti að fjármagna þennan rekstur. Við stjórnarandstæðingar gagnrýndum það fyrst og fremst varðandi frv. um vinnumarkaðsaðgerðir hvílíku stjórnkerfi væri verið að koma þar á fót og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. var því spáð að rekstur hinnar nýju stofnunar, vinnumálastofnunar, mundi kosta á bilinu 190–215 millj. fyrsta árið en síðan 160–175 millj. kr. á ári. Þetta eru auðvitað verulegir fjármunir. Samt sem áður var sett í 22. gr. laganna, með leyfi forseta: „Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu." En þegar að því kemur að reiða þessa peninga fram úr ríkissjóði er það auðvitað ekki hægt og þá á að velta kostnaðinum yfir á atvinnulífið, þ.e. þeir peningar sem koma í gegnum tryggingagjaldið eiga að renna til rekstrar Vinnumálastofnunar og vinnumiðlana þó ekki sé skýrt hvernig það gangi fyrir sig. Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eiga að leggja af mörkum 100 millj. kr. Nú get ég vel séð það fyrir mér, hæstv. forseti, að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi verulega fjármuni til ráðstöfunar. Það er sem betur fer að draga úr atvinnuleysinu og þar af leiðandi eru verkefni sjóðsins nokkuð að breytast. Ég tel hann vera aflögufæran þó deila megi um hvort það sé verkefni hans að standa undir hinni nýju ríkisstofnun

en spurning mín snýr einkum að Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga. Hver á hlutur hans í þessum rekstri að vera? Það kemur ekkert fram um hve mikið af þessum 100 millj. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn á að reiða fram og hversu mikinn hluta Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga á að leggja fram. Ekki kemur það fram í þessum gögnum og ég spyr, hæstv. forseti: Hvernig er Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga í stakk búinn til að leggja þetta fé af mörkum? Nú er hæstv. félmrh. fjarri góðu gamni og ég held að ég hafi heyrt það rétt, hæstv. forseti, að hann væri erlendis.

(**Forseti** (RA)**:** Jú, það er rétt.)

Þar af leiðandi verður það að bíða þar til á fundum hv. efh.- og viðskn. eða félmn. að fá þetta upplýst hvernig þetta fyrirkomulag verði. En um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga segir í lögum, með leyfi forseta:

„Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum deilda hans."

Nú er spurningin: Hverjar eru tekjurnar? Hvernig er þessi sjóður staddur? (**Gripið fram í:** Hver er staðgengill?) Það er enginn hér til svara, hv. þm., þannig að þetta mál þarf að kanna rækilega. Og það var meira að segja talið svo tvísýnt um útkomu þessa sjóðs að það var sérstaklega tekið fram í lögunum. Með leyfi forseta, þá segir í 24. gr.:

„Ef sýnt þykir að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar."

Reyndar var því lýst í umræðum að ríkissjóður mundi hugsanlega hlaupa undir bagga ef til vandræða kæmi og í ljósi alls þessa spyr ég, hæstv. forseti: Hvernig er Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga í stakk búinn til þess að leggja hluta af þessum 100 millj. kr. inn í rekstur Vinnumálastofnunar og til svæðisvinnumiðlana. Það er svo annað mál að skoða hvernig allt þetta kerfi virkar sem hæstv. félmrh. var að koma á fót. Eins og hér hefur komið fram voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem við stjórnarandstæðingar þurfum nauðsynlega að fara að komast í og skoða hvaða afleiðingar þær hafa haft.

Í 12. gr. frv. sem hér er til umræðu er annars vegar verið að lækka tryggingagjaldið vegna minna atvinnuleysis og hins vegar hækka það örlítið til þess að standa undir fæðingarorlofi feðra.

Nú hefði mátt velta fyrir sér, hæstv. forseti, hvort skynsamlegt sé að lækka tryggingagjaldið og hvort ekki væri ráð að nýta þessar 400 millj. sem lækka skal um, enda kemur 100 millj kr. hækkun á móti, til lengingar fæðingarorlofs. Hér eru peningar sem runnið hafa í Atvinnuleysistryggingasjóð og þó ég sé ekki sérstaklega að mæla með hækkun tryggingagjalds og vildi reyndar gagnrýna hvernig að því er staðið gagnvart sjálfstætt starfandi einstaklingum, þá má nú spyrja hvort hér skjóti ekki skökku við miðað við aðrar þær skerðingar sem hér er að finna.

Hæstv. forseti. Ég hljóp yfir kaflann um almannatryggingar og í ljósi þess sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns um aðrar þær breytingar sem hér er verið að gera, að afnema eða breyta frítekjumarki og að hreyfa til meðlögin, þá áskil ég mér allan rétt til að skoða þessi ákvæði nánar og hvað þau þýða í raun og veru. Það er þó alla vega tryggt að aldraðir fá ekki minni hækkun á sínum bótum en nemur hækkun verðlags. En þetta þarf að skoða mjög rækilega og hvernig þetta tengist öðrum breytingum sem hér er verið að boða.

Þá eru hér einnig gamlir kunningjar. Enn er skertur tekjustofninn til vegagerðar, þ.e. hluti þeirra tekna er tekinn beint inn í ríkissjóð. Ef ég man rétt hefur þessi skerðing aldrei verið hærri og það vekur auðvitað þá spurningu hvort hér sé ein af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu. Hvað liggur hér að baki? Næg er þörfin og eins og hér hefur komið fram þá bíðum við hér eftir áætlun hæstv. samgrh. um það hvernig skuli staðið að vegaframkvæmdum á næstu árum.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef komið að er ýmislegt í þessu frv. sem skoða þarf betur. Það sem hér er verið að boða verður auðvitað að vera á ábyrgð þessarar ríkisstjórnar. Eins og ég hef rakið hef ég um árabil gagnrýnt þá aðferð sem valin er í svokölluðum bandormum hvað varðar þessar skerðingar og ég tel að það sé miklu réttari leið að breyta lögum og endurskilgreina þarfir og hugleiða það hvort markaðir tekjustofnar, eyrnamerktir tekjustofnar, eigi við í dag. Það er miklu betra að hafa þetta á hreinu og ákveða þá í fjárlögum þess árs hvaða fjármunum skuli varið til einstakra verkefna heldur en að gefa falskar vonir og vera alltaf að klípa af því sem áður var búið að lofa. Það hefur t.d. valdið fötluðum og aðstandendum þeirra miklum vonbrigðum hvernig staðið hefur verið að þessum skerðingum til framkvæmdasjóðsins því að þar er þörfin mikil.

Ég ítreka gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga á þær breytingar sem gerðar voru á lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlanir, vinnumarkaðsaðgerðir og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, enda er sýnt að hér verða menn aftur að lappa upp á þessi lög. Það kæmi mér ekki á óvart, herra forseti, þó ýmislegt kæmi í ljós á næstu árum um það hve erfitt er að framkvæma þessi lög um vinnumarkaðsaðgerðir og ég er enn þá á þeirri skoðun að það hafi ekki verið rétt skref að færa þennan málaflokk frá sveitarfélögunum til ríkisins. Ég verð að segja alveg eins og er að ég botna ekkert í stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar flutning á verkefnum ýmist til eða frá ríkisvaldinu og væri fróðlegt að fá það upplýst hver stefnan er. Það hafa staðið yfir viðræður við sveitarfélögin um tilflutning verkefna og upplýst hefur verið að ríkisstjórnin hefur orðið að bakka hvað varðar húsaleigubæturnar. Þær verða áfram greiddar úr ríkissjóði að hluta til vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag við sveitarfélögin um það fyrirkomulag sem ætlað var, þ.e. að flytja það alfarið yfir til sveitarfélaganna. Sannast að segja er þetta að verða hálfgerður hrærigrautur og við hljótum að kalla eftir umræðu um það á hinu háa Alþingi, hæstv. forseti, hver stefna ríkisstjórnarinnar er með tilflutning þessara verkefna.

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu verður að vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[15:12]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Það hlýtur að vera verkefni hins háa Alþingis að sjá til þess að fólkið í landinu þrífist sem best og jafnframt að móta stefnu til að svo megi verða og hafa yfirsýn til nokkurrar framtíðar um hvernig mál þróist. Það er nú öðru nær en svo sé hér. Það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að helst er svo að sjá sem hv. alþingismenn stjórnarflokkanna hafi ekki nokkra hugmynd um hvernig ástandið í okkar samfélagi er.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998 sem hæstv. forsrh. lagði fram 2. október 1997, sem sagt fyrir rúmlega tveimur mánuðum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Góðæri hefur ríkt í íslenskum þjóðarbúskap frá árinu 1994. Hagvöxtur hefur verið 3,6% að jafnaði á ári samanborið við 2,7% í iðnríkjunum í heild. Horfur eru einnig hagstæðar fyrir næstu ár. Spáð er 3,5% hagvexti 1998 og rúmlega 3% að jafnaði næstu árin þar á eftir. Áhrif vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum koma meðal annars fram í minnkandi atvinnuleysi. Þannig svaraði skráð atvinnuleysi til 4,3% af vinnuaflinu í fyrra í stað 5% í hittiðfyrra og á þessu ári er talið að það verði 3,9%. Talið er að atvinnuleysi hneigist áfram niður á við. Kannanir á fjölda lausra starfa gefa sömu mynd."

Síðan segir, hæstv. forseti:

„Þessi hagfelldu skilyrði í þjóðarbúskapnum hafa skilað mikilli aukningu kaupmáttar. Í fyrra jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 4,5% og á þessu ári stefnir í 5% aukningu hans. Talið er að kaupmáttaraukningin verði svipuð á næsta ári og á þessu. Þetta er nálega tvöfalt meiri aukning en gert er ráð fyrir að meðaltali í helstu viðskiptalöndum okkar. Hér að baki liggur að launaþróun verði í aðalatriðum í samræmi við niðurstöður kjarasamninga og verðbólga miðað við heilt ár verði að jafnaði ekki meiri en 2,5-3% á næstu missirum."

Í dagblaðinu Degi á laugardaginn var fréttaskýringarþáttur sem Friðrik Þór Guðmundsson skrifaði og hefur hann kannað hver þörf sé á aðstoð í þessu þjóðfélagi vegna jólahátíðarinnar sem í hönd fer. Greinin heitir „Gleðileg jól — með aðstoð" og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk heimili, sem þurfa félagslega aðstoð og þá ekki síst um jólin, skipta ekki lengur tugum, heldur mörgum hundruðum og einstaklingarnir um leið þúsundum. Þrátt fyrir vaxandi góðæri í efnahagslífinu virðist stór hluti þjóðarinnar hafa verið skilinn eftir í fátækt, veikindum og basli. Þetta fólk sér sig knúið til að leita sér aðstoðar til að sjá sér og sínum farborða — og á litla möguleika til að halda gleðileg jól nema fá mat og föt gefins."

Síðan segir í sömu grein, hæstv. forseti:

„Nokkur samtök eru með umfangsmikla aðstoð við fólk í vanda árið um kring og mikla aðstoðarútgerð fyrir jólin. Umfangsmesta aðstoðin felst í samvinnu Hjálparstofnunar kirkjunnar (HSK), Rauða kross Íslands og Caritas á íslandi (sem er félagsskapur kaþólikka). Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri HSK, segir í samtali við Dag að í fyrra hafi 1.250 manns í vanda leitað aðstoðar og þar af um 800 í desember eða um og fyrir jólin, en þá er aðstoð bundin við matarúthlutun.

„Það eru allar líkur á því að aðsóknin í aðstoð fyrir jólin verði síst minni í ár en í fyrra og jafnvel þvert á móti miðað við þær vísbendingar sem liggja þegar fyrir. Þetta kemur betur í ljós á næstu dögum, en því miður er þegar ljóst að ásóknin hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin. Það eru ekki síst öryrkjar og annað veikt fólk sem mest þurfa á aðstoð okkar að halda, enn fleiri en atvinnulaust fólk og einstæðir foreldrar," segir Jónas." Og stuttu síðar segir:

„Mæðrastyrksnefnd er ár hvert með mikla starfsemi fyrir jólin og þar þekkir Unnur Jónasdóttir hvern krók og kima. „Við opnuðum fyrir fataúthlutun á miðvikudag og aðsóknin var svo mikil að það var fullt út fyrir dyr. Matarúthlutun er ekki byrjuð, en síminn hringir samt stanslaust og þagnar ekki. Það virðist ætla að verða lítil breyting frá því í fyrra, en þá hafði aldrei verið eins mikið að gera við að úthluta mat fyrir jólin," segir Unnur."

Ég skal þá ekki vitna miklu frekar í þessa grein, hæstv. forseti, en síðar segir, einnig haft eftir Unni Jónasdóttur hjá mæðrastyrksnefnd, með leyfi forseta:

„Öryrkjar og veikt fólk býr við mikinn lyfjakostnað og læknisþjónustu sem aldrei hefur verið dýrari. Og margt fólk þarf að sætta sig við afar léleg laun, sem duga ekki fyrir nauðþurftum heimilisins. Það er mikill vandi í þjóðfélaginu."

Það er ljóst, hæstv. forseti, að það er ekki mikið samhengi milli þess sem Þjóðhagsstofnun upplýsir okkur um og þess raunveruleika sem það fólk sem vinnur við félagslega aðstoð í samfélaginu er að lýsa.

Við stöndum nú frammi fyrir því að afgreiða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998 og í hverju eru þær fólgnar? Jú, þær eru fyrst og fremst fólgnar í því að skerða framlög sem hugmyndir voru um að leggja fram í fjárlögum fyrir árið 1998. Og það er kannski dæmi um þá stjórnun sem fram fer í þessu landi að frá því að ný almannatryggingalög voru sett 1993 hefur þeim fimm sinnum verið breytt með lögum og síðan hafa verið gefnar út 28 auglýsingar og reglugerðir, 28 á þessum fjórum árum. Það verður að segjast eins og er að það lítur ekki út fyrir að menn hugsi langt inn í framtíðina þegar verið er að setja lög á hinu háa Alþingi. Þetta eru vinnubrögð sem eru svo langt fyrir neðan það sem sæmandi er að einhvern tíma verður þetta að stöðvast. Alþingismenn eru réttir til að setja sig inn í þau mál sem verið er að samþykkja hér. Það gera þeir ekki eins og dæmin sanna. Við erum að tala hér um ráðstafanir í ríkisfjármálum á næsta ári og hér eru örfáir hv. þingmenn sem sýna þann áhuga að taka þátt í umræðum, að ég tali nú ekki um að leggja það á sig að sitja hér og hlusta á málflutning manna.

Ég skal þá, hæstv. forseti, snúa mér að hinu eiginlega frv. og taka fram þær athugasemdir sem ég hef þar fram að færa. Þá er fyrst að taka að enn er lagður á fólk, og þá kannski einkum og sér í lagi það fólk sem á gamlar eignir, sérstakur eignarskattur og átti hann að verða til þess að byggja Þjóðarbókhlöðu fyrir Íslendinga sem þeir gáfu sér nú raunar sjálfir í afmælisgjöf árið 1974. En það er gamla sagan að þær tekjur skulu auðvitað ekki renna til Þjóðarbókhlöðunnar heldur skulu tekjur sjóðsins um fram 315 millj. kr. renna beint í ríkissjóð. Það er ekki talað um hvað ríkissjóður ætli að gera við þessa peninga. En grun hef ég um að það fé eigi ekki að fara til hins almenna manns í landinu.

Hv. þm. Gísli Einarsson minntist áðan á 2. gr. frv. um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Það kemur ekki á óvart að þar skal skerða um helming þær 25 millj. sem til þessara verkefna voru ætlaðar. Það er í samræmi við málflutning Íslendinga á ráðstefnunni í Kyoto þar sem sérstök áhersla er lögð á sérstöðu Íslendinga. Íslendingar hafa sérstöðu í heiminum. Þeir eiga að hafa sérstöðu við það að eitra og eyðileggja lífsskilyrði mannanna á þessari jörð og er ekki mikill sómi að þeim málflutningi.

Og enn skal klóra í erfðafjárskatt sem á að renna til málefna fatlaðra. Þar á að taka 235 millj. í ríkissjóð á meðan hundruð öryrkja og fatlaðs fólks bíða eftir að fá þak yfir höfuðið og vitaskuld hærri mánaðarlegar tekjur en þeir hafa nú sem alls ekki er hægt að lifa af og hafa menn auðvitað búið við það um langan tíma.

Framkvæmdasjóður fatlaðra skal enn og aftur greiða í æ meira mæli alls kyns kostnað sem aldrei var hugsað að hann rynni til þegar það frv. var upphaflega flutt og er sá sjóður ekki orðinn svipur hjá sjón varðandi uppbyggingu stofnana fyrir fatlaða.

5. gr. er eins og verið hefur að það er sí og æ verið að bæta verkefnum á Atvinnuleysistryggingasjóð og enn eiga menn að horfa á það að atvinnuleysisbætur séu langt undir fátækramörkum. Ég held að það sé einsdæmi í Evrópu að fólki sem ekki er hægt að útvega vinnu sé ætlað að lifa af launum sem ekki er hægt að framfleyta fjölskyldu á. Ég held að það sé algjört einsdæmi meðal Evrópuþjóða að ástandið sé þannig.

En ég ætla síðan að víkja að málefnum almannatrygginga og ég vona að mér endist tíminn til, hæstv. forseti. Þá er fyrst að nefna 8. gr. frv. en þar er ráðist í 18. gr. laganna. Og eins og reyndar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók fram áðan og benti á skal þar fella niður 2. mgr. 18. gr. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og það gerir ekkert til þótt það sé lesið aftur hafi einhverjir nýir hv. þm. bæst hér við:

„Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. september árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára."

En 17. gr. fjallar eins og kunnugt er um tekjutrygginguna. Þetta var sú tekjutrygging sem menn höfðu, sú trygging fyrir því að bæturnar fylgdu launaþróun í landinu. En nú skal hún tekin út og skal ég koma að því seinna hvernig menn hugsa sér að bæta það upp.

Í 9. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er ótrúlegt að bæði samtök aldraða og þjóðin í heild skuli hafa tekið mark á þeirri meginblekkingu sem höfð hefur verið í frammi, að þarna sé verið að koma til móts við kröfur bæði hinna öldruðu og verkalýðshreyfingarinnar, að bætur almannatrygginga séu launatengdar eins og þær voru. Það er svo langt í frá vegna þess að vísitala neysluverðs getur aldrei verið nein trygging fyrir því að laun á hinum almenna vinnumarkaði samkvæmt kjarasamningum og bætur almannatrygginga haldist í hendur eins og raunin var um langt árabil. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvar er góðærið? Af hverju er þjóðin núna svona fátæk að hún getur ekki leyft þessu fólki að njóta kjarasamninga? Er hagur okkar orðinn svona miklu verri? Við hljótum að óska eftir svari við því. Þetta var hægt í tvo áratugi og ég minnist þess ekki að þjóðin hafi verið að bugast undan því. En þessi svör fáum við auðvitað aldrei.

59. gr. fjallar um foreldri sem fá úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög samkvæmt 15. gr. barnalaga. Þetta er aðallega það fólk — oftast feður, en mæður stundum líka — sem getur ekki mögulega greitt meðlag með börnum sínum af einhverjum ástæðum. Þá er hægt að snúa sér til yfirvalda og fá úrskurðað meðlag og jafnframt fyrir börn yfir 18 ára aldri, ef þau eru sannanlega í námi. Síðan er á sama hátt hægt að sækja um fyrir barnsmæður framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði, hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði og kostnað vegna meðgöngu og fæðingar og ýmsan annan kostnað sem móðir eða framfærandi verður fyrir, stundum einnig vegna ferminga, og önnur slík útgjöld. En þessar bætur á að fara að ákveða samkvæmt vísitölu neysluverðs ár hvert.

Í 11. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1997 skal heimilt að hækka bætur almannatrygginga um allt að 6,6% umfram forsendur fjárlaga."

Það er auðvitað heimildarákvæði sem ríkisstjórninni er í sjálfsvald sett hvort hún notar eða notar ekki og öll vitum við að forsendur fjárlaga eru ekki það áreiðanlegasta sem við vildum byggja líf okkar á. Það höfum við séð of oft þannig að hér er ljótur blekkingarleikur hafður í frammi og nauðsynlegt að reyna að stöðva þessa þróun. Á undanförnum árum hafa látlaust verið skert kjör þeirra sem lægst eru launaðir í landinu, þ.e. aldraða og öryrkja, og fyrir nokkrum dögum benti ég á að aldraðir sjúklingar eru þeir einu sem greiða sína eigin sjúkrahúsvist, svo langt er seilst á meðan við hin getum fengið ókeypis sjúkrahúsvist eins og við höfum notið hingað til. Það verður sjálfsagt ekki lengi. En hinir öldruðu skulu greiða ef þeir eru orðnir langlegusjúklingar.

Lyfjakostnaður, læknishjálp og hvaðeina hefur snarhækkað á meðan meira og meira er tekið af þessu fólki og sú þróun hófst 1993 þegar ráðist var á sjálfan grunnlífeyrinn. En núna er ekkert látið í friði, eftirlaun manna skulu hverfa inn í sjúkrahúshítina ef menn eru svo óheppnir að verða langlegusjúklingar en þeir sem eftir sitja heima mega síðan vera allslausir þar sem eftirlaun hins sjúka eru horfin inn í sjúkrahúsvistina.

Ég held, hæstv. forseti, að ef hv. alþm. er einhver alvara með að reyna að stjórna þessu þjóðfélagi svo einhver sómi sé að, þá verði menn að taka sig saman í andlitinu og fara að hugsa, fara að lesa saman bullið sem borið er fyrir okkur á hverju ári, sem heitir þjóðhagsáætlun með einhverjum meðaltölum og prósentum sem er dembt yfir okkur. Þetta kemur fólkinu í landinu ekkert við. Við vitum að miklir fjármunir eru til í landinu, við erum forrík þjóð. Fjármunir þjóðarinnar eru bara ekki þar sem þeir eiga að vera og þeim er ekki skipt á milli þeirra sem hér búa heldur verður óréttlætið æ grófara með ári hverju. Eins og segir í viðtölum við þá sem eru að reyna að bjarga því sem bjargað verður í lífi þessa fólks sem ekkert hefur, verður bilið milli hinna ríku og fátæku bara breiðara og breiðara og ef einhverjir vilja kalla það góðæri þá er ég ekki í þeirra hópi, hæstv. forseti.

[15:32]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Í upphafi vil ég spyrja hvort ekki sé hægt að fá í salinn hv. formann þingflokks Sjálfstfl., hv. formann þingflokks Framsfl., hæstv. landbrh. og hæstv. félmrh. eða staðgengla þeirra ef þeir eru ekki viðlátnir af einhverjum ástæðum. Hvernig stendur það mál?

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður því miður að upplýsa að það stendur ekki býsna vel því að formenn þingflokka stjórnarflokkanna eru báðir með fjarvistarleyfi og sinna skyldustörfum erlendis. Það sama gildir um hæstv. félmrh. og hæstv. landbrh. Á hinn bóginn telur forseti víst að einhver flokksbróðir þeirra tveggja síðarnefndu gegni fyrir þá og mun leitast eftir því að fá þann hinn sama til fundarins.)

Ég óska eftir að tíminn verði stöðvaður á meðan verið er að athuga það mál.

(**Forseti** (GÁS): Það verður að sjálfsögðu orðið við því.)

Herra forseti. Á meðan get ég kannski fengið upplýsingar um það hjá forseta, að ef ég ætla að leggja fram brtt. við þetta

frv. sem er verið að ræða, frv. til laga um ráðstafnir í ríkisfjármálum, hvort það á við ef um sömu greinar er að ræða í fjárlagafrv., að leggja þurfi fram brtt. eða brottfallstillögu við bæði fjárlagafrv. og frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill ógjarnan svara þessu að óathuguðu máli en mun koma boðum til hv. þm. þegar tækifæri gefst.)

Þetta er mjög nauðsynlegt, herra forseti, að fá upplýsingar um slík tæknileg atriði, hvernig þau eiga að gerast, vegna þess að hér er um að ræða frv. til laga, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem um er að ræða sömu greinar í 6. gr. fjárlagafrv. þannig að þetta þarf að liggja skýrt fyrir hvernig á að fara með því ég hyggst leggja fram brtt., í báðum tilvikum ef nauðsyn ber til, varðandi 2. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég fagna því að sjá fyrsta varaforseta þingsins, hv. þm. Ragnar Arnalds, því ég hafði hugsað mér að óska eftir honum í salinn vegna þess máls sem ég ætla að ræða á eftir. Ég óska enn fremur eftir því, herra forseti, að þeir aðilar sem um er að ræða, og ég óskaði eftir að kæmu sem staðgenglar þeirra manna sem eru í svo miklum önnum erlendis, verði hér í salnum og hlýði á mál mitt vegna þess að þetta lýtur að samþykkt þingsins, sem gerð var fyrir þremur árum, til fimm ára og ég dreg í efa, herra forseti, að heimilt sé að vinna á þennan máta sem um er að ræða, og það á eftir að koma í ljós hvað þeir þingmenn sem stóðu að tillögunni sem varðar 2. gr., gera þegar borið verður upp hér að þessi grein verði felld út úr frv. til laga.

(**Forseti** (GÁS): Eins og forseti gat um áður hefur hann fullan skilning á þessum óskum hv. þm. Þegar eru uppi ráðstafanir um að kalla eftir staðgenglum nefndra hæstv. ráðherra og ég á von á þeim í hús fyrr en síðar. Forseti vill bjóða hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni og fá sér sæti á meðan og við hinkrum bara sameiginlega. Forseti vill upplýsa að hæstv. iðn.- og viðskrh. er á leiðinni. Hefur hv. þm. nokkur tök á því að hefja mál sitt og ræða aðra málaflokka á meðan svo er eða vill hann bíða?)

Herra forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni og byrja aðeins að ræða málið en síðan þarf hæstv. ráðherra að vera viðstaddur.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur skilning á því.)

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta eru sértækar ráðstafanir sem er árlegur viðburður. Það ber að fagna því að liðum hefur fækkað úr 63 í 16. Ég tel að það sé til bóta og vil láta það koma fram. En eins og þessi lagaheimild er notuð, ef menn ætla sér að nota hana, þá er að mínu viti gengið út yfir það sem telst eðlileg meðferð laga.

Ég vil gera að umræðuefni skerðingarákvæði 6. gr. sem getið er um í fjárlagafrv. og ber saman við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er þá í fyrsta lagi skerðingarákvæði sem varðar Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, að þær tekjur sem áttu að renna af eignarskatti til viðhalds og framkvæmda skuli renna í ríkissjóð, það er það fyrsta. Þar eru menn komnir að skerðingum sem ég dreg í efa að rétt sé að staðið.

Í öðru lagi er það sem ég mun gera helst að umræðuefni mínu. Það er 2. gr. frv. þar sem segir þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1995, um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skuli framlag ríkissjóðs á árinu 1998 ekki nema hærri fjárhæð en 12,5 millj. kr. Ég tel, herra forseti, að þarna sé verið að fara gegn mjög eðlilegum vinnubrögðum þar sem þetta var samþykkt sem hluti af þjóðargjöf Íslendinga til þessarar atvinnugreinar. Ég mun koma að því á eftir hvernig það varð til með tilstuðlan hv. þm. sem þá voru þingflokksformenn, og eru sumir enn þingflokksformenn. Ég tel að verið sé að brjóta gegn þeim og þinginu nema menn hafi til þess ríkar ástæður, sem ekki hefur fengist ein einasta skýring á, að menn ætli að draga saman eða skerða um helming það framlag sem til þess var ætlað. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn gangi svo langt eins og þeir ætla sér.

Það er ástæða til að ræða um 3. gr., sem gerð er grein fyrir í fjárlagafrv., þar sem er verið að skerða ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila þannig að tekjur af erfðafjárskatti sem eru umfram 185 millj. eigi að renna í ríkissjóð. Ætli það væri nú ekki nær, hæstv. heilbrrh., að eitthvað af þessum fjármunum sem þarna eru til staðar rynni til þess fólks sem er á vernduðum vinnustöðum og vinnur á sultarlaunum, og ef það kemst að þeim tekjumörkum sem kallast skattleysismörk þá verða skerðingar á bótum þess. Ætli sé ekki ástæða til þess að taka á því máli. Ég skora á hæstv. heilbrrh., sem er eini ráðherrann sem er viðstaddur í salnum núna, að framfylgja því að breyta kjörum þess fólks sem vinnur á vernduðum vinnustöðum, fatlaðs fólks sem má ekki fara upp fyrir ákveðin tekjumörk því þá skerðast bætur þess. Og að það skuli þekkjast að fólk sé að vinna fyrir 180 kr. á tímann, skili jafnvel alveg ágætum afköstum og hafi síðan ekkert sumarfrí, engar tryggingar og ekki nokkurn skapaðan hlut eins og annað fólk á vinnumarkaðnum.

Ég ætla að fara, herra forseti, nokkrum orðum um þau atriði sem lúta að 2. gr. Og nú spyr ég hvort staðgengill hæstv. landbrh. sé kominn í salinn.

(**Forseti** (GÁS): Það er hæstv. viðsk.- og iðnrh.)

Nú fer tími minn að skerðast, hæstv. forseti, vegna þess að ég þarf einar 16–17 mínútur til að ræða við hæstv. landbrh.

(**Forseti** (GÁS): Forseti stendur við gefin fyrirheit og biður því hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég óska eftir því að staðgengill hæstv. landbrh. hlýði á mál mitt þannig að hann eigi þess kost að svara þeim spurningum sem ég þarf að bera fram. Og til að gera hæstv. ráðherra grein fyrir því hvað er verið að ræða, þá er verið að ræða 2. gr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og 2. mgr. skerðingarákvæðis 6. gr. í fjárlögum.

Það er fyrst til að taka, herra forseti, að til þessa verkefnis var stofnað á mjög sérstakan máta. Á árinu 1994, á hátíðarári íslenska lýðveldisins, voru hugmyndir þáverandi þingflokksformanna að gera sérstakt átak til að minnast þessara tímamóta og það varð að ráði að setja 50 millj. kr. á ári í fimm ár til þess að rannsaka lífríkið í sjónum og 50 millj. kr. á ári vegna íslenskrar tungu. Þar að auki varð að samkomulagi milli formanna þáverandi þingflokka á þingi að þingflokksformenn flyttu tillögu sem laut að sérstöku átaksverkefni vegna lífrænnar og vistvænnar framleiðslu og aukinna gæða og hreinlætis varðandi matvæli. Á þessum grunni voru síðan sett lög 1995 og um hefur verið að ræða verkefni sem ætlað var að fengju 50 millj. á ári. 25 millj. kr. áttu að koma af sérstöku framlagi frá ríkisstjórn og 25 millj kr. var reiknað með að kæmi úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Um það er ekki að tala. Það hefur ekki verið þannig með þetta mál að fengist hafi framlag frá Framleiðnisjóði til þessara verkefna þó svo að Framleiðnisjóður hafi verið tilbúinn að láta fjármuni í alls konar ævintýraverkefni, m.a. í Litháen og til hrossabænda og til ýmissa aðila, hrossabænda þá sem eru

búsettir á mölinni og hafa verið að setja upp einhvers konar búskap í sveitum og til þeirra hafa runnið tugir milljóna. Og það væri gaman að vita frá hæstv. staðgengli landbrh. hver árangurinn hafi verið af því verkefni.

Þetta verkefni fól í sér að lög voru sett og eins og kemur fram um þetta verkefni sem gengur undir nafninu Áform, þá ber því að sinna ýmsum öðrum málefnum en þeim sem tengjast beint landbúnaði. Verkefnið hefur m.a. stuðlað að því að kynna fyrir sveitarstjórnum mikilvægi þess að taka upp sjálfbæra byggðastefnu eins og liggur núna fyrir mál á þingi um. Það liggur fyrir mál á þingi um sjálfbæra byggðastefnu og nú á þessu ári hefur verið lögð sérstök áhersla á að sjávarútvegur taki upp umhverfisvottun sem byggir á lögum um stjórnun veiða. Það hefur m.a. verið kannað á meðal vottunaraðila í Evrópu og Ameríku hvort þeir séu reiðubúnir að viðurkenna okkar lög og reglugerðir og sjávarútveg og að votta í sínum heimalöndum á okkar forsendum. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og sá sem hér stendur hefur flutt, með þingmönnum úr öllum flokkum, mál sem lýtur að því að tekin verði upp vottun allra framleiddra íslenskra matvæla. Þetta skiptir okkur miklu máli, ekki síst hvað varðar sjávarútveginn þar sem ekki er um að ræða auðlind sem hægt er að taka endalaust af, heldur verður að gera úr henni sem mest verðmæti. Þetta er lykilatriði í því sem ég er að ræða um m.a.

Það er rétt að vitna til ræðu hv. þm. Geirs H. Haardes sem ég hefði gjarnan viljað að staðgengill væri fyrir hér. En ég mun reyna að eiga orðastað við hv. þm. og þingflokksformann Sjálfstfl. Hann segir í flutningsræðu sinni fyrir málinu árið 1995, með leyfi forseta.

„En tilefni málsins er hins vegar það að þetta var eitt af þeim verkefnum sem til greina kom þegar valin voru mál til að styrkja í tengslum við þjóðargjöfina 17. júní sl. Þá var að vísu ekki samkomulag um að hafa þetta mál, framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, inni í þeim pakka ef svo mætti segja en samkomulag um að taka það upp að nýju að hausti. Niðurstaðan í því er þetta frv. sem nú liggur fyrir. En til samræmis við það sem ákveðið var um Lýðveldissjóð og þau verkefni sem hann fæst við var ákveðið að festa þarna ákveðna tölu sem færi til verkefna er tengdust fyrst og fremst landbúnaði og má segja að það sé til samræmis við þau framlög sem ákveðin voru í Lýðveldissjóð til verkefna tengdum sjávarútvegi og hafrannsóknum."

Þarna er um að ræða sérstaka þjóðargjöf sem hæstv. ríkisstjórn Íslands ætlar nú að taka af þjóðinni til baka, skerða um helming fyrir utan það að ekki hefur fengist frá þessum dálætissjóði ríkisstjórnarinnar, Framleiðnisjóði, framlag á móti í þeim verkefnum sem um hefur verið að ræða og hefur verið unnið við.

Það má til með að upplýsa hæstv. staðgengil landbrh. — Gott er að sjá hæstv. forsrh. og ég tala nú ekki um hæstv. samgrh. sem var á þeim tíma landbrh. og mælti fyrir því máli sem hér er um að ræða. (**Fjmrh.:** Vel og skörulega.) Til þessa verkefnis var stofnað af formönnum allra þingflokka. Það var lagt fram á 118. löggjafarþingi og þeir sem lögðu frumvarpið fram voru hv. þm. Geir Haarde, hv. þm. Finnur Ingólfsson og þáverandi formaður þingflokks Framsfl., hv. þáverandi þm. Sigbjörn Gunnarsson og hv. þm. Ragnar Arnalds, virðulegur varaforseti, og hv. þáverandi þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Markmið þessa verkefnis var að kanna hvort unnt væri að markaðssetja íslenskar afurðir erlendis á forsendum hollustu, hreinleika og gæða. Þetta hefur verið gert. Á þeim tæpum þremur árum sem þetta verkefni hefur verið í gangi hefur verið lögð mikil áhersla á að kanna markaðsmöguleika vottaðra afurða á erlendum mörkuðum. Þar liggja okkar tækifæri. Og hvað hefur svo gerst? Á sínum tíma var 2.500 tonna kjötfjall í landinu sem ekki var hægt að koma ofan í Íslendinga. Ríkisstjórn og hæstv. þáv. landbrh., sem nú er hæstv. samgrh., tók á þeim tíma þá ákvörðun að þetta kjöt skyldi flutt á Ameríkumarkað. Þegar síðan var skipuð stjórn yfir þessu verkefni var búið að taka ákvörðun um ráðstöfun 19 millj. af framlagi þess árs, 1996, til þessa verkefnis. Hver varð útkoman? Léleg, segja margir og margir segja: „Þetta verkefni á ekki rétt á sér vegna þessa." En hvað kom í ljós, hæstv. landbrh.? Það kom í ljós að Íslendingar kunnu ekki að slátra og pakka kjöti á erlendan markað samkvæmt óskum neytenda. Íslendingar kunnu ekki að koma þessu frá sér á þann hátt sem til þurfti. Það var flutt í allt of stórum kössum, í allt of stórum gámum og í röngum umbúðum. Það er ótrúlegt að þurfa að segja frá þessu.

En hver er svo árangurinn af þessum hrakföllum? Árangurinn er sá að nú eru flutt á Bandaríkjamarkað 5 tonn af kjöti í hverri einustu viku fyrir skilaverð upp á 240 kr. kg. Það getur vel verið að þetta finnist mörgum lakur árangur. En þetta er einhver besti árangur sem átt hefur sér stað með íslenskar landbúnaðarafurðir á erlendum markaði frá upphafi.

Hvað er verið að gera til viðbótar? Menn lærðu á þessu. Nú er lambakjöt flutt út til Danmerkur á 1.200 kr. kg, þ.e. 1.200 kr. er meðalverðið á kg út úr búð. Ég veit ekki nákvæmlega skilaverðið. Ef hæstv. landbrh. tekur sér það fyrir hendur að lesa þrjú síðustu bændablöð, þá er þar hver umsögnin á fætur annarri frá hagsmunaaðilum t.d. Kjötumboðsins. Þeir lýsa því að hefði ekki verið fyrir tilverknað þessa átaksverkefnis, þá hefði aldrei náðst markaðsstaða, hvorki í Bandaríkjunum né í Danmörku og ég nefni aðeins að litlu leyti það sem er verið að gera hjá KASK á Hornafirði. Á þeirra vegum eru nú fluttir út 12 þúsund skrokkar, á þriðja ári starfseminnar eftir að hafa byrjað með 2 þúsund skrokka, 12 þúsund skrokka, úrbeinaðir og fullunnin matvara með skilaverð upp á 233 kr. hvert kg. Það er ekki verið að flytja út bein heldur hreint kjöt og það er meira heldur en gert hefur verið hér frá upphafi. Þarna á átaksverkefnið aðild.

Markaðir hafa verið að stækka. Neytendur eru í auknum mæli að leita eftir vottuðum afurðum. Á hvaða forsendum? Forsendum sjálfbærrar þróunar. En á meðan það er vakning meðal Íslendinga og erlendra þjóða og eftirspurn eftir lífrænt ræktuðum afurðum, hvað gerir þá hæstv. ríkisstjórn Íslands undir forustu hæstv. forsrh., með tilstuðlan hæstv. landbrh. og auðvitað fyrir atbeina einhverra aðila sem starfa hjá landbrn.? Þeir leggja til að verkefnið, liðlega hálfnað, verði skorið niður um helming, um 12,5 millj. Það þýðir að þau verkefni, hæstv. landbrh., sem eru í gangi stoppa. Það er kannski rétt að rifja upp nokkuð af þeim verkefnum sem unnið hefur verið við. Það eru m.a. íslenskar lækningajurtir þar sem hefur náðst verulegur árangur og nú eru fluttar út íslenskar lækningajurtir. Unnið hefur verið við Alaskalúpínu, rannsóknir á vegum háskólans, háskólinn styrktur og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur verið styrkt í þessum verkefnum sem hafa skilað árangri. Lífræn ræktun í gróðurhúsum hefur verið stunduð í miklum mæli og sú tilraun sem kostar um það bil 3 millj. á ári og er framkvæmd af garðyrkjubændum í Laugarási fellur um sjálfa sig í miðjum klíðum með fjóra sérfræðinga sem hafa verið að fylgjast með

þessum möguleikum. Það er verið að klippa á þetta verkefni, hæstv. landbrh.

Lögð hefur verið stund á lífræna ræktun í Mýrdal. Hvað er verið að gera þar? Framleidd er lífrænt ræktuð mjólk og úr þeim afurðum er unnin jógúrt sem er seld — á hvaða verði? 33% hærra verði en almennt er selt í landinu og það er mikil eftirspurn. Þetta selst allt saman upp. Af hverju? Af því að þetta er vottuð lífræn vara sem um er að ræða og Íslendingar eru orðnir meðvitaðir um að þeir vilja hollustufæði.

Búið er að leggja fjármuni til að kanna möguleika lífrænnar ræktunar sauðfjár á Vestfjörðum. Lagðir hafa verið fjármunir í framleiðslu lífræns ræktaðs barnamats. Allt þetta ásamt 40 verkefnum í viðbót sem eru meira og minna í gangi er hæstv. ríkisstjórn að kippa niður og fella út og ég skora á hæstv. forsrh. að grípa nú inn í, taka 2. gr. þessa frv. og fella hana niður. Þá er málið laust.

Hvað hefur verið gert fleira? Bændaskólanum á Hvanneyri hefur verið hjálpað til þess að koma sér upp námsefni vegna lífrænnar og vistrænnar framleiðslu. Bændaskólinn á Hvanneyri endurvinnur lífrænan úrgang og öll byggðin þar í kring skilar sínum úrgangi í Bændaskólann á Hvanneyri og þar er gerður úr honum jarðvegur. Hvað þýðir þetta? Þar er umhverfisvænt samfélag á ferðinni. Búið er að leggja verulegt fjármagn í að kanna möguleika á lífrænni mjólkurframleiðslu annars staðar. Það hefur verið tekið þátt í sýningum í Þýskalandi og Danmörku. Fjármunir hafa verið lagðir í rannsóknir á fitusýrum og kjöti og þannig má lengi telja. Verið er að skoða möguleika á styðja bóndann á Neðra-Hálsi í Kjós vegna lífrænnar mjólkurframleiðslu. Þessi verkefni eru í þeirri stöðu núna að ef þetta fjármagn verður klippt af, þá er rúmlega helmingur verkefnisins farinn fyrir stapa. Ég spyr hæstv. iðnrh., staðgengil landbrh.: Hver eru þau verkefni sem átaksverkefninu er gert að sinna ef af ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður? Herra forseti. Ég óska eindregið eftir að fá svör við þeim spurningum. Hver eru þau verkefni, af þeim 40–50 verkefnum sem fyrir liggja, sem áform eru um að halda áfram með?

Herra forseti. Ég má til með að fara aðeins betur yfir málið um sölu á afurðum til Ameríku. Seld voru 160 tonn af kjöti í neytendapakkningum. Gerð var öflug kynning í 70–80 verslunum og þessi afurð var auglýst í blöðum í New York, m.a. í New York Times. Gefnir voru út uppskriftabæklingar og það kemur í ljós að Ameríkumarkaðurinn er afar flókinn og erfiður en staðreyndin er þessi: Á viku eru flutt út 5 tonn á mjög viðunandi verði og þetta er ein af örfáum ljósglætum í sauðfjárrækt á Íslandi sem hefur orðið fyrir 40% tekjuskerðingu á undanförnum árum. Það er ástæða til þess að fá svör um hvernig menn ætla sér að afgreiða þau mál sem ég spyr hér um.

Tilraunamarkaðssendingin leiddi til þess að kjötumboðið sem ég nefndi áðan hefur fundið aðila sem hafa reynst vel og það er ástæðan fyrir því að nú eru flutt þangað 5 tonn á viku og lítur út fyrir að verða vaxandi. Ameríkuverkefnið kenndi mönnum hvernig ætti að slátra, hvernig ætti að vinna kjötið, hvernig ætti að pakka því, í hvaða umbúðir og hvernig ætti að flytja það. Árangurinn af Ameríkuverkefninu sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til grundvallar fyrir því að skera þetta niður, er að skila sér í verulegri markaðsaukningu í Danmörku, Belgíu og á mun fleiri stöðum sem horfir vel fyrir. Þetta er það eina sem er lífvænlegt í sauðfjárræktinni og ég skora á hæstv. staðgengil landbrh. að svara hverjar hugmyndirnar séu. Á að halda við þann niðurskurð sem hér er boðaður eða ætla menn að fella hann út? Ég mun gera tillögu um það og væntanlega styðja þá allir þeir sem studdu þetta verkefni í upphafi, allir hv. þingmenn, að þetta verði fellt út. Um er að ræða 48 nafngreinda þingmenn sem sitja á þingi.

[16:10]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998 og tók hæstv. forsrh. fram í upphafi umræðunnar að þetta frv. væri nokkuð efnisminna, í því væru færri greinar en verið hefur undanfarin ár. Í sjálfu sér ber að fagna því en ég vil þó taka það fram að þó greinarnar séu ekki mjög margar, þá eru margar þeirra heldur illkynjaðar og mér finnst ástæða til að ræða sérstaklega hið viðsjárverðasta í þessu frv.

Ég vil fyrst taka til varðandi 1. gr. frv. sem tekur til sérstaks eignarskatts sem er lagður á samkvæmt lögum og á að ganga til endurbóta menningarbygginga. Áætlað er að tekjur af þessum sérstaka eignarskatti verði 515 millj. kr. á þessu ári. En lagt er til að af þessu renni um 200 millj. í ríkissjóð samanborið við 150 millj. samkvæmt fjárlögum 1997. Ég verð að segja að mér finnst ansi geyst farið þar sem við vitum að fjölmargar þeirra bygginga sem hér á við eru mjög illa á sig komnar og þarfnast mikils viðhalds. Það er slæmt til þess að vita nú í góðærinu að þessar fáu menningarbyggingar sem við Íslendingar eigum, eðli málsins samkvæmt eru þær ekki margar og ekki gamlar því það er ekki mjög langt síðan við fórum að byggja slík stórhýsi hér á landi, liggja undir skemmdum vegna þess að við getum ekki varið eðlilegum fjármunum til viðhalds. Ég verð að harma þetta, herra forseti, og vona að ákvæðið verði endurskoðað milli umræðna og meiri hluti af hinum áætluðu tekjum, af þessum sérstaka eignarskatti, muni renna til þessa viðhalds. Þegar bandormur eða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum var afgreitt í fyrra þá gagnrýndi ég þetta ákvæði einnig og taldi að þarna væri mjög naumt áætlað. Það hefur enda komið á daginn að nú er gert ráð fyrir því í fjárraukalögum að sérstakt framlag fari til þessara hluta vegna þess að auðvitað dugði þetta engan veginn. Það var fyrirsjáanlegt þá og er einnig fyrirsjáanlegt núna að mínu mati.

Hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, gerði sérstaklega að umtalsefni 2. gr. þessara ráðstafana sem kveður á um að styrkur upp á 25 millj. kr. sem varið hefur verið til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða verði skertur á næsta ári og ekki um eitthvert smáræði heldur verði hann helmingaður og framlagið sem áætlað var á þessu ári, 25 millj. kr., verði á næsta ári aðeins 12,5 millj.

Ég verð að segja að mér finnst þetta svolítið sérkennilegt úrræði nú í góðærinu þar sem margoft hefur komið fram, m.a. í máli síðasta hv. ræðumanns, að þessu fé var afskaplega vel varið. Þegar er farinn að koma í ljós árangur á erlendum mörkuðum af því starfi sem þarna var unnið. Ég vil einkum tiltaka að styrkurinn átti líka að taka til framleiðslu lífrænna afurða en það er einmitt sá þáttur þar sem gæti verið einn helsti vaxtarbroddur í íslenskum landbúnaði í næstu framtíð og ekki bara íslenskum því það er staðreynd að t.d. í Bandaríkjunum hefur neysla undanfarin 10 ár á lífrænt ræktuðum afurðum vaxið um 150%. Svipaðar tölur munu vera frá nágrannalöndum okkar. Eftirspurnin eftir þessum vottuðu lífrænt ræktuðu afurðum hefur vaxið margfalt umfram allt annað og einmitt á þessum tímapunkti ætlum við Íslendingar

að draga úr þessu litla framlagi, sem var þó ætlað til að styðja við þá viðleitni sem hér var í gangi. Þetta framlag var þó engan veginn nægilegt, hvað þá eftir að búið er að skera það niður um helming.

Ég undrast þessa ráðstöfun og ég vonast til að milli umræðna muni hæstv. ríkisstjórn endurskoða ákvörðunina og draga hana til baka. Ég held að þetta sé mun alvarlegra mál en fólk gerir sér grein fyrir. Nokkrir menn hér á landi hafa lagt á sig mjög mikið erfiði og fært miklar fórnir til að skipta yfir í lífræna ræktun. Ég heyrði viðtal við einn af þessum bændum og hann var spurður hvers vegna í ósköpunum hann stæði í þessu því að það er margra ára ferli frá því byrjað er að rækta og þangað til hægt er að fá stimpilinn að afurðirnar séu algjörlega hreinar samkvæmt ströngustu stöðlum. Hann svaraði því til að þetta væri auðvitað bilun. Mér finnst ekki gott til afspurnar ef það þarf að vera bilun á ferðinni þegar íslenskir bændur eru virkilega að reyna að þróa starfsaðferðir sínar til að gera eitthvað nýtt, eitthvað sem horfir til framtíðar.

Í 3. og 4. gr. frv. er enn einu sinni gert ráð fyrir að tekjur sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á samkvæmt lögum að fá af erfðafjárskatti verði skertar. Í þetta sinn er ætlað að 235 millj. kr. af skattinum renni í ríkissjóð og ekki er neitt tiltekið til hvers á að verja þeim milljónum. Hitt liggur fyrir að þörfin fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra er mikil og vaxandi og t.d. í Reykjavík og á Reykjanesi er langur biðlisti fatlaðra einstaklinga sem þurfa að komast á sambýli og margir tugir einstaklinga búa við mjög erfið skilyrði sem hafa verið flokkuð sem nánast neyðarástand. Á sama tíma er nú í góðærinu ráðgert að taka 235 milljónir af þessu lögbundna framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og flytja í ríkissjóð. Þar að auki er Framkvæmdasjóði fatlaðra ætlað að standa undir félagslegri hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar sem aldrei var ætlað í lögum þegar það var ákveðið að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefði tekjur af erfðafjárskatti.

Á síðasta þingi voru afgreidd á hinu háa Alþingi tvö umdeild frv. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Stjórnarandstaðan á Alþingi fór hamförum og reyndi að benda á atriði í þessum frv. sem við blasti að voru til óþurftar en eins og fyrri daginn fékkst litlu hnikað til hins betra og frv. voru bæði samþykkt á Alþingi af hinum gríðarlega þingmeirihluta sem hæstv. ríkisstjórn hefur hér í þingsölum. Hæstv. félmrh. bætti svo um betur þegar frv. höfðu verið samþykkt og setti nýja reglugerð um viðmiðun á vinnustundafjölda sem atvinnulaus maður þurfti að hafa unnið á síðasta ári til að njóta fullra bóta. Þessi vinnuviðmiðun er svo ströng að mér er sagt að menn þurfi ekki einasta að hafa unnið allt árið heldur jól og páska með til að fá viðurkenndar fullar bætur. Nú er svo komið að stór hluti þess fólks sem gengur atvinnulaust nýtur ekki einu sinni fullra atvinnuleysisbóta sem eru þó ekkert til að hrópa húrra fyrir hér á landi, eða mig minnir um 55 þús. kr. á mánuði. Sjá nú allir sjálfir að það er náttúrlega hvorki hægt að lifa eða deyja af slíkum fjárhæðum.

Nú eru gefin fyrirheit um að bótum almannatrygginga skuli breytt og þær skuli hækka til samræmis við þróun verðlags og kaupgjalds í landinu en sérstaklega er tekið fram að bætur atvinnuleysistrygginga eigi ekki að fylgja með í þessari þróun. Ég hlustaði á viðtal í útvarpi við hæstv. félmrh. á dögunum og þá sagði hann blákalt að ætlun ríkisstjórnarinnar væri að halda atvinnuleysistryggingabótum niðri svo fólk fyndi verulega fyrir því ef það þyrfti að lifa á atvinnuleysisbótum. Ég verð að segja að mér þóttu þetta nokkuð kaldar kveðjur til þeirra sem þurfa að sæta því hlutskipti. Sem betur fer eru þeir ekki eins margir í ár og í fyrra og hittiðfyrra en þeir eru samt margir. Ég vil sérstaklega benda á að það er afskaplega erfitt fyrir konur á miðjum aldri að finna vinnu, meira að segja þó menntaðar séu og góðir vinnukraftar með meðmæli frá öllum þeim sem hafa veitt þeim vinnu um ævina, ef þær af einhverjum ástæðum missa þá vinnu sem þær hafa haft. Ég þekki persónulega margar konur sem eiga um sárt að binda af þessum sökum. Mér finnst þessi ákvörðun, að láta fólk sem þarf að búa við atvinnuleysi finna sérstaklega fyrir því, vera fyrir neðan frostmark ef það má orða svo á hinu háa Alþingi.

Þær bætur sem á að gera á bótum almannatrygginga eru svo sem heldur ekki til að hrópa húrra fyrir. Það munu vera sérstakir ráðgjafar ríkisstjórnarinnar eftir því sem upplýst var fyrr á fundinum sem ráðlögðu henni að binda ekki bætur almannatrygginga við ákveðinn taxta verkamannalauna eins og áður hafði verið gert heldur taka upp þá viðmiðun sem hér er gert. Ég verð að segja að mér finnst þetta ekki nægilega traustvekjandi, sérstaklega þar sem við blasir að hefðu bæturnar verið tengdar aftur við taxta verkamannalauna eins og var um árabil þegar þær voru tengdar sérstökum töxtum Dagsbrúnar, mundu bætur almannatrygginga hækka mun meira en þær gera núna og hafa gert þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi hrósað sér mjög af sérstökum hækkunum sem hún telur sig hafa gert á þessum lið.

Ég minnist þess þegar aðgerðir í bandormi 1995 og 1996 voru ræddar hér að málsvarar ríkisstjórnarinnar réttlættu að þetta var tekið úr sambandi við kauptaxta Dagsbrúnar með því að þetta gæti orðið til þess að þeir gætu hækkað þessar bætur umtalsvert umfram laun í landinu. En það hefur sýnt sig að sú var aldrei ætlunin. Ég verð að harma að þetta skyldi í fyrsta lagi nokkurn tíma verið tekið úr tengslum við launataxta í landinu og í öðru lagi að núna í svokölluðu góðæri skuli ekki vera hægt að ná samkomulagi um að setja allar þessar bætur í samband aftur. Ég tel að það væri mun traustari ákvörðun en hér er verið að taka.

Margt neikvætt hefur verið sagt á fundinum en mig langar þó að tiltaka eitt atriði sem ég fagna sérstaklega í bandorminum. Það er ekki svo oft sem tækifæri gefst til þess en það er ákvæðið um að hækka tryggingagjald til þess að mæta kostnaðarauka af fæðingarorlofi feðra, og þó fyrr hefði verið, hæstv. forseti. Ég fagna sérstaklega þessu ákvæði í ráðstöfunum í ríkisfjármálum.

Að lokum minni ég á ákvæði í 13. gr. sem tiltekur að rúmur milljarður af lögboðnu fé til vegamála í landinu skuli renna í ríkissjóð en ekki er tiltekið náttúrlega frekar en fyrri daginn til hvaða verkefna. Ég verð að segja að ég veit ekki hvenær hefði verið ástæða til þess ef ekki núna, í þessu sérstaka góðæri sem ríkisstjórnin hefur gefið út sérstaka bók til að vegsama. Hvenær hefur verið önnur eins ástæða til að gera átak í vegamálum á Íslandi? En þessu tækifæri á að glutra niður og taka rúman milljarð af lögbundnu vegafé til annarra hluta. Ég harma þetta, herra forseti.

[16:29]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér eru á ferðinni gamlir kunningjar og flest þau atriði sem er að finna í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa sést áður í einu eða öðru formi. Satt er það sem hér hefur verið fullyrt að þetta frv. er minna að

umfangi nú en oft áður og er auðvitað engin furða. Það er hverju orði sannara sem hefur verið sagt að á tímum góðæris og efnahagslega styrkrar stöðu þjóðarbúsins gefur auga leið að menn hljóta að taka talsvert mið af því hverjar þarfirnar eru til þess að brjóta upp markaða tekjustofna ríkisins og verja fjármunum sem ella ættu að renna til skilgreindra hluta í ríkissjóð sjálfan. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, strax í upphafi að mér finnst þetta dálítið aumingjalegt frumvarp í þessu ljósi.

Ég hlustaði með mikilli athygli á ágæta ræðu hv. þm. Gísla Einarssonar til að mynda um einn tiltekinn þátt þessa frv. sem er að finna hér í 2. gr. og lýtur að framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Þetta er agalega aumingjalegt. Árið 1994, eins og hv. þm. rifjaði upp mjög ítarlega, var tekin um það ákvörðun sem síðan var fest í lög 1995 í góðri sátt í þinginu, að verja tilteknum fjármunum, 50 millj. kr. á ári hverju, til átaks í þessum efnum. Nú eru menn að skera þetta niður og framlag ríkissjóðs um helming og fara með það niður í 12,5 millj. kr. Ég hafði satt að segja trúað því að menn þyrftu ekki að vera í þessum tittlingaskít — fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti — í þessum efnum og ég er satt að segja mjög undrandi á því að menn skuli vera að svona hlutum og bíð þess með athygli að hæstv. viðsk.- og iðnrh. sem er hér í ýmissa manna hlutverki. Hann er utanrrh., hann er landbrh., hann er umhvrh. og ég veit ekki hvað og hvað. Hann er a.m.k. ekki heilbrrh. því að hæstv. heilbrrh. hefur setið hér, samviskusöm að vanda, og hlýtt á þessar umræður. En það er kannski minna sem maður heyrir til hennar í þessu frv. en oftast áður og er það út af fyrir sig fagnaðarefni. Þetta er svona lítið en dæmigert um þann anda sem svífur yfir vötnunum og birtist í 12,5 millj. kr. í meintum sparnaði sem á að renna í ríkissjóð vegna svikinna vilyrða og ákvarðana um markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Þetta segir meira en mörg orð.

Það hins vegar vekur athygli, virðulegur forseti, að frv. er ekki eingöngu „þrátt-fyrir"-frv. Inn í þennan bandorm, á einum þremur eða fjórum stöðum er laumað efnislegum og væntanlega varanlegum breytingum á gildandi lögum og það er auðvitað alvörumál og spurning sem kallar á hvort þessi vinnubrögð séu réttmæt, þ.e. að menn séu hér að gera viðvarandi efnisbreytingar á gildandi lögum í bandormi af þessum toga, bandormi sem hefur jafnan gengið hér undir nafninu „þrátt-fyrir"-bandormurinn.

5. gr. frv. vekur athygli þar sem verið er að gera efnisbreytingar á hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs og síðan, sem ég ætla að staldra hvað helst við hér, eru þær breytingar sem gerðar eru í 14. gr. á flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum. Hér er það fastákveðið og niðurnjörvað að tína út fjármuni úr flugmálaáætlun til þeirra mörkuðu tekjustofna sem þar er að finna og þessara stóru og miklu verkefna sem alls staðar bíða hringinn í kringum landið. Það þekkja auðvitað þeir þingmenn sem best hafa kynnt sér þau mál, hv. þm. á borð við Egil Jónsson, sem vita gjörla hvar skórinn kreppir í þeim efnum, að alvörumál er á ferðinni þó ekki sé kannski um háar upphæðir þar að ræða, 60 millj. kr. að þessu sinni sem á að taka úr þessum mörkuðu tekjustofnum sem eiga að fara til viðhalds og uppbyggingar flugvalla á landinu. Svo er þessi sama hæstv. ríkisstjórn að vandræðast með það með réttu að hún hafi ekki nein skýr markmið eða svör varðandi fólksflótta frá landsbyggðinni hingað á þéttbýlissvæðið.

Virðulegi forseti. Mér finnst einhver órói í salnum. Kann að vera að hæstv. ráðherrar eigi í einhverjum erfiðleikum utan þings? (**ÖS:** Sem innan þings.) Er Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, kannski eitthvað að gera þeim lífið leitt? (Gripið fram í.) Ég er ekkert að kalla sérstaklega eftir viðveru þeirra en ég finn og skynja að einhver órói er hér í salnum af ástæðum sem tengjast ekki beint ræðu minni. Ég held að það geti varla verið.

En ég var að segja að hér eru menn að tína 60 millj. kr. sem fram undir þetta og á síðari árum hafa runnið til uppbyggingar flugvalla hringinn í kringum landið og hafi skipt þar verulegu máli. En þessar 60 millj. kr., og það veit náttúrlega hæstv. fjmrh. mætavel, skipta ekki nokkrum sköpuðum hrærandi hlut í sambandi við afkomu Flugstöðvarinnar hvað varðar þær tilraunir að reyna að greiða upp þau áhvílandi lán sem þar er að finna. Maður sér í greinargerð með fjárlagafrv. að þess er getið með nokkru stolti að hæstv. fjmrh. hafi borgað þarna inn á 22 millj. dollara lánið sem er eitt af fleiri og það stóð til, og er sennilega búið núna, að ganga frá skuldbreytingu á öðrum áhvílandi lánum á Leifsstöðinni fyrir þessi áramót og vafalaust er hæstv. ráðherra búinn að klára það mál. Mér þætti því fróðlegt að vita hvort þetta sé ný matarhola, að tína 60 eða 40 eða 80 millj. kr. úr mörkuðum tekjustofnum til uppbyggingar flugvalla vítt og breitt um landið til þess að reyna eitthvað að kroppa í hin stóru og áhvílandi lán sem er að finna í henni Leifsstöð.

Fulltrúar flugmálastjórnar komu á fund samgn. um daginn og ég spurði þá hvort þetta mundi sköpum skipta og hverju þetta í raun breytti um stöðu flugvallarins og Leifsstöðvarinnar í næstu og lengri framtíð. Svarið var alveg skýrt. Þetta skiptir auðvitað engu máli. En andinn er alveg skýr í þessu og ljós. Hann er sá að menn ætla sér ekki að byggja upp með sama krafti og fyrr samgöngur vítt og breitt um landið og skiptir þá litlu máli hversu margar nefndirnar og rannsóknaraðilarnir eru eða skýrslurnar sem samdar verða um erfiða stöðu úti á landi þegar gjörðirnar eru svona því það er ekki eingöngu á vettvangi flugmálanna sem menn eru að tína fjármuni inn í ríkissjóð eða í einhverja stóra og mikla skuldasúpu suður í Leifsstöð heldur er það líka í vegamálunum. Og af því að hv. þm. Árni Mathiesen sem þekkir mætavel stöðu mála þarna suður frá stendur fyrir framan mig, þá væri fróðlegt að heyra til að mynda frá honum af því að hann er nú hv. 2. þm. Reykn., hvort hann telji þessar 60 millj. kr. sem á að tína af flugmálaáætlun, bjarga fjármálum Leifsstöðvarinnar til framtíðar. Er það markmiðið eða er þetta bara tilviljunarkennt með öllu og menn kroppa bara hér og kroppa þar eftir hendinni?

Ég leita líka eftir því að hjá almennum þingmönnum sem hafa sumir hverjir látið í sér heyra í fjölmiðlum og lýst yfir talsverðri óánægju með þessa ráðsmennsku og þessa framsetningu máls, bæði hvað varðar þennan stuld af flugmálaáætlun og einnig og ekki síður með þann gífurlega niðurskurð sem er að finna á vegáætlun. Því hlýt ég að spyrja beint hvort eitthvað sé að marka yfirlýsingar þessara þingmanna í fjölmiðlum, þingmanna á borð við Einar K. Guðfinnsson formann samgn. sem hefur talað digurbarkalega í þá veru að svona geti þetta ekki gengið fram. Og það er eins og mig minni líka að hv. þm. Egill Jónsson hafi gagnrýnt þetta með efnislegum rökum. Því hlýt ég að spyrja þráðbeint hvort þessir hv. þm. til að mynda og fleiri sem á hátíðisdögum í þinginu hafa talað um nauðsyn þess að efla hinar dreifðari byggðir með því m.a. að stórauka vegabætur og einnig flugumferð, ætli að láta þetta yfir sig ganga.

Ég minnist þess að við síðustu fjárlagagerð hlýddi ég hæstv. samgrh. yfir það hvort hann ætlaði að láta hæstv. fjmrh. beygja sig eins og hann gerði þá. Ég fékk auðvitað engin svör og mér sýnist því miður að öll döngun og allur kraftur vera úr þeim ágæta hæstv. samgrh. og þar sé litla fyrirstöðu að finna mikið lengur. Hann lætur þetta einfaldlega yfir sig ganga og þetta átak sem sannarlega var að finna, sérstaklega í vegabótum vítt og breitt um landið fyrr á þessum áratug, það er bara liðin tíð. Það eru bara afrek gærdagsins. Nú blasir allt annað við og ég spurði um það þá hvort þetta væru ný áhersluatriði að finna hjá samstarfsflokki Sjálfstfl. því að ég man ekki betur en þegar Alþfl. var í samstarfi við Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili að menn stæðu saman um að fara í kraftmikla uppbyggingu í vegamálum og reyna þannig að styrkja hinar dreifðari byggðir. En það er allur kraftur úr mönnum á yfirstandandi kjörtímabili þrátt fyrir allt góðærið sem menn hafa hér orð á sýknt og heilagt. Því hlýt ég að segja: Óð ég í villu og svima á síðasta ári þegar ég taldi þetta vera sök Framsfl. Er það bara svo að Sjálfstfl. hefur misst áhugann eftir að hæstv. ráðherra hefur misst máttinn í þessum málaflokki og látið hæstv. fjmrh. ganga yfir sig eða eru þingmenn Sjálfstfl. sjálfs, dreifbýlisþingmenn þá einkanlega sem hafa haldið ágætisræður um mikilvægi þess að efla byggðir hringinn í krinum landið, bara hættir? Láta þeir hæstv. fjmrh., sem nú er í símanum að ræða væntanlega við forsvarsmenn sveitarfélaga, ganga svona yfir sig á skítugum skónum? Öðruvísi mér áður brá. Ég trúi því satt að segja ekki fyrr en ég tek á því að þannig fari að menn ætli hér að segja: „Amen!“, við þessum niðurskurði sem hér er að finna. Ég bara neita að trúa því að vaskir þingmenn á borð við hv. þm. Egil Jónsson og formann samgn. ætli sér að guggna og leka niður í þessum efnum. Ég bara neita að trúa því.

Enn síður trúi ég því að þeir ætli að láta þetta verða varanlegan niðurskurð í flugmálaáætluninni, að það sé bara sjálfsagður hlutur inn í lengri framtíð og það eigi að vera bautasteinn þessara manna, að ekki skuli lengur byggja upp öflugar aðstæður fyrir flugumferð hringinn í kringum landið heldur eigi að nota þessa fjármuni til að borga í skuldahítina í Leifsstöð. Er það svo að menn hafi látið þetta yfir sig ganga og séu búnir að viðurkenna þessa staðreynd?

Virðulegi forseti. Á sama tíma og menn eru að gera þetta þá sjáum við hæstv. utanrrh. koma keikan í sjónvarpið eftir ríkisstjórnarfund þar sem þessi sama ríkisstjórn hefur samþykkt það að nú eigi að fara í viðamikla uppbyggingu þar syðra, á Keflavíkurflugvelli. Það er sannarlega uppbygging sem ég fagna og tel brýna nauðsyn á að gangi fram. En hverju svaraði hæstv. utanrrh. þegar hann var spurður: „Hvernig á nú að borga þennan brúsa?“ Jú, jú. Þá kom gamla svarið: „Stöðin á að standa undir þessu.“ En dettur mönnum í hug að Leifsstöðin standi undir einhverju þegar um það bil 500–600 millj. kr. af sjálfsaflafé hennar á hverju ári renna í ríkissjóð? Eru menn að reyna við þessa fjárlagagerð að vinda ofan af þessum hlutum og láta sjálfsaflafé Leifsstöðvarinnar renna til hennar sjálfrar? Nei, þvert á móti. Hér eru menn að festa það í sessi að þannig verði það ekki. Og hverjum dettur þá í hug að trúa því þegar hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., kemur í sjónvarp og segir: „5 milljarða fjarfesting á næstu fimm eða sjö árum, eða hvað það nú var, á auðvitað að greiðast af Fríhöfninni sjálfri.“ Nei, auðvitað rekst þarna hvað á annars horn og er málflutningur sem gengur ekki upp.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst þetta auðingjalegt plagg og ég átti satt að segja von á öðru, því að menn reyndu nú á tímum góðæris að nýta þessa uppsveiflu sem sannanlega er í okkar efnahagskerfi til þess að standa við fyrri fyrirætlanir um að markaðir tekjustofnar rynnu til þess að hreinsa upp gamlar syndir, rynnu til þess að borga Þjóðarbókhlöðuna, eitthvað að kroppa í það, rynnu til þess að borga hinar stóru skuldir sem íhaldið skildi eftir sig í Leifsstöðinni, reyndu svona aðeins að malda í móinn en hlypu ekki undan. En hér er allt venjubundið. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að auðvitað er það eðlilegt og sjálfsagt og getur ekki orðið á annan veg þegar kreppir að og menn þurfa að grípa til erfiðra ákvarðana á þrengingartímum, að skoða alla hluti og það hefur svo sannarlega verið gert. En nú erum við bara í allt öðru efnahagsástandi.

Virðulegi forseti. Einkunnin sem þetta plagg fær er að þetta er auðingjalegt.

[16:45]

**Gísli S. Einarsson** (frh.):

Herra forseti. Ég get ekki látið málinu lokið í þessari umferð án þess að gera að nokkru grein fyrir því sem átaksverkefnið hefur snúist um. Skýrsla hefur verið gerð um átaksverkefnið og henni hefur skilað til allra viðkomandi aðila sem hafa átt aðild að starfinu. Aldrei hefur verið farið fram yfir fjárheimildir sem menn hafa haft til umráða og samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar hefur ekki á nokkurn hátt verið misfarið með fé þannig að eitthvað sé til að finna að. Ég bið þingið um að skoða þær skýrslur og þau álit sem framkvæmdanefndin hefur látið frá sér fara og það sem um er að ræða. Ég má til með að gera grein fyrir því að það verður að halda áfram með rannsóknir RALA á lúpínu og belgjurtum vegna jarðvegsskipta. Það verður að halda áfram stuðningi við lífræna fóðuröflun hjá bændum í Mýrdal. Það er gert undir eftirliti RALA og er grunnforsendan fyrir því að hægt sé að taka upp lífrænan búskap í þeim mæli sem menn hafa verið að stefna að ljóst og leynt að 15–20% af íslenskum landbúnaði verður orðinn lífrænn árið 2003.

Unnið hefur verið að stuðningi við tilraunir með lífrænar varnir í grænmetisframleiðslu. Það verður að halda áfram með þetta verkefni og það verður að halda áfram rannsóknarverkefni í samráði við Vor sem er samtök bænda um lífræna ræktun. Síðan skiptir mjög miklu máli hvernig til tekst um haustfóðrun sláturlamba. Það er gert í samráði við markaðsfyrirtækin og RALA og enn þá er verið að athuga hvað hægt er að gera í sambandi við burðartíma. Að þessu hefur verkefnið komið ásamt og með því að í samráði við RALA þarf að gera rannsóknir á lífrænni fóðrun sauðfjár með tilliti til krafna sem er verið að gera við lífræna framleiðslu. Þetta eru grundvallaratriði og til þess að hægt sé að standa við það sem er verið að gera og þá samninga sem er í rauninni búið að gera við fjölda aðila sem vinna að þessum verkefnum þarf þær 25 millj. sem ætlað var í verkefnið. Það þarf ekki nema tvö ár í viðbót og þá er verkefninu lokið og þeim áformum sem sett voru. Búið verður að klára verkefnið og það er meira en hægt er að segja um fjölmörg önnur af þeim verkefnum sem sett hafa verið af stað. Menn halda bara áfram með þau endalaust.

Ég má til með, herra forseti, að vitna í að þrjú síðustu blöð Bændablaðsins núna en þar hefur mikið verið fjallað um lífrænan búskap. Undanfarið hafa bændur horft til að komast áfram með háafurðabúskap og losna við umhverfisvandamál framtíðarinnar á Íslandi. Til þess þurfum við að styðja þessi verkefni almennilega.

Ég nefndi áðan að ætlast var til þess í upphafi að Framleiðnisjóður legði 25 millj. á móti. Það hefur ekki gerst. Hingað til hafa farið 37 millj. í verkefnið. Það voru þrjú verkefni sem Framleiðnisjóður fékk til að leggja á móti í þessu átaksverkefni. Að sjálfsögðu hefur þurft að taka þátt í fundum og ráðstefnum. Framkvæmdanefndin hefur verið í samstarfi við Sólheima í Grímsnesi, við Skaftholt, Flúðir og Bændaskólann á Hvanneyri. Fulltrúar frá okkur hafa sótt fundi um lífræna framleiðslu víða um Evrópu og það hefur verið með góðum árangri.

Á döfinni er að stofna svonefnt smáeyjabandalag. Á fundi IFOAN sem haldinn var í Kaupmannahöfn var undirbúin stofnun samtaka smáeyja og við eigum að gæta að því að vera með í samfélagi smáeyja eða eybúa. Þar eigum við heima og við eigum að taka höndum saman við þá varðandi ýmiss konar aðgerðir í lífrænni ræktun. (**Gripið fram í:** Hverjir eru í þessu eyjabandalagi?) Það eru eyjar víða að, m.a. Færeyjar og Álandseyjar og þar til viðbótar koma ýmsar Miðjarðarhafseyjar sem við eigum alveg fyllilega samleið með. Einnig eigum við samleið með grísku eyjunum þó ekki séu nefndar fleiri eyjar.

Ég held að rétt sé að gera grein fyrir því að fóðurrækt var styrkt fyrir lífræna búfjárrækt fyrir 850 þús. kr. Það var veittur 1 millj. kr. styrkur fyrir kokkalandsliðið. Kannski má segja að það hafi verið bruðl en út úr því kom að menn lærðu erlendis að gera góðan íslenskan mat úr íslenskum sauðfjárafurðum. Styrkur að upphæð 400 þús. kr. hefur verið veittur til Háskóla Íslands vegna rannsókna á lúpínu sem er mjög nauðsynlegt. Einnig hafa Samtök garðyrkjubænda, Garðyrkjuskóli ríkisins og Bændaskólinn á Hvanneyri fengið um 530 þús. kr. í styrk og samtals eru styrkir sem eru í gangi upp á rúmar 8 millj. kr. Ef menn halda að verkefnishópurinn sé að bruðla með þessa fjármuni þá er það rangt. Eins og ég hef komið að áður hefur árangurinn verið sá að flytja út um það bil 5 tonn af lambakjöti á viku til Bandaríkjanna fyrir 244 kr. kg. Það er verið að flytja lambakjöt til Danmerkur. Áætlað er að það verði hátt í 200 tonn og þar er meðalverð 1.200 kr. íslenskar fyrir kg út úr búð og til Belgíu var áætlunin sem ég fékk í haust 12 þúsund skrokkar. Að þessu hefur verið unnið á undanförnum þremur árum og þetta er eini sjáanlegi almennilegi árangurinn af markaðssetningu á íslenskum landbúnaðarafurðunm á erlendum vettvangi. Ég vil nefna að Byggðastofnun kom að þessu máli og sú ágæta stofnun á þakkir skildar fyrir að hafa komið að því.

Menn hafa verið með draumóra um að koma íslenska hestinum á erlendan markað. Það eru draumórar vegna þess að menn hafa ekki staðið rétt að þessu og menn hafa heldur ekki verið að leita leiða þar sem er vonast eftir árangri. Litháen-verkefnið er dæmigert klúður þar sem 8 millj. kr. var skutlað út um gluggann og síðan sitja menn bara við Austurvöll og hafa það huggulegt og drekka kaffi eftir að vera búnir að sóa fjármunum íslenska ríkisins á þann máta sem gert var. Það eigum við ekki að gera. Við eigum ekki að styðja það sem er hafnað af öðrum virtum stórum stofnunum eins og þegar Litháen-verkefnið var í gangi.

[16:55]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er stundum svo þegar menn hafa haldið myndarlegar ræður að þær enda með stórslysi eins og henti hv. alþm. sem var að ljúka máli sínu. Hann segir að salan á íslenska hestinum erlendis séu einungis draumórar og tekur síðan slysið Litháen. Ég get tekið undir með honum að það var misheppnað ævintýri sem einhverjir menn fóru út í en það hafa orðið slys í fleiri atriðum. En ég er ósammála því að það séu draumórar að selja íslenska hestinn erlendis, þar held ég að við eigum gífurlega möguleika og það höfum við sannað í nokkra áratugi. Við höfum náð verulegum árangri. Tugir þúsunda af íslenska hestinum gleðja fjölskyldur um alla Evrópu. Við höfum náð verulegum árangri í Þýskalandi og við sjáum það best þegar hér fara fram hátíðir hestamanna eins og landsmótin, þá koma hingað mörg þúsund manns, oft allt að 4 þúsund erlendir gestir. Hingað koma árlega þúsundir erlendra hestamanna til þess að ferðast um landið þannig að þar höfum við náð miklum árangri. En við getum auðvitað náð enn lengra og því þurfum við að ráða við ákveðna hluti, markaðssetja hestinn svolítið með öðrum hætti. Þetta er fjölskylduhestur heimsins og á það eigum við að leggja áherslu. Ég tel að íslenskar sveitir og íslenskir hestamenn eigi nýja og mikla möguleika í sambandi við útflutning og markaðssetningu á hestinum sem er ein dýrmætasta afurð landsins.

[16:57]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson taldi að ég hafi skriplað á síðustu orðum mínum um íslenska hestinn. Ég má til með að sýna hv. þm. grein þar sem haft eftir dýralækni í Þýskalandi að peningum er hreinlega kastað út um gluggann. Hvað þýðir það? Hér er í greininni, með leyfi forseta, vitnað til þess að á síðasta ári voru flutt út 2.842 hross. Af þeim fóru 1.079 til Þýskalands.

Hvert er vandamálið sem er verið að fást við varðandi þennan útflutning? Það er hrossaexem. Hvers vegna myndast exemið? Það er vegna stungu flugna þar sem eggjahvítuefni sprautast í hrossin, sem þau þola ekki. Að þessum málum þarf að vinna með rannsóknum og við getum ekki haldið áfram í því horfi sem við erum nema með því að gerbreyta um stefnu. Ég legg til að hv. þm. kynni sér þau svör sem fyrir liggja þar sem undirritaður spurði hæstv. landbrh. um hrossaútflutning og kynningu á íslenska hestinum erlendis. Fyrirspurnin til landbrh. var um störf útflutnings- og markaðsnefndar og þar sem fyrir liggur svar hæstv. landbrh. um árangurinn af rekstri hestabúgarðs í Litháen. Í svarinu kemur fram að viðurkennt er að ekki hafi verið fylgst með nokkrum sköpuðum hlut af því sem hefur verið gert í ráðstöfun þeirra fjármuna í Litháen.

[16:59]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef heimurinn stöðvaðist við eitt slys. Ég ber enga ábyrgð og ætla ekki að verja þetta Litháen-slys sem varð. En dæmi er um að menn hafi sóað peningum og farið skakka leið. Við seljum um 3.000 hesta úr landinu á ári hverju og það skapar miklar tekjur og menn eiga von á að ná enn frekari árangri. Þá á ekki að koma og tína til eina slysið á ferlinum og telja sölu á íslenska hestinum erlendis bara draumóra.

Það er alveg rétt sem hv. þm. minntist á að við glímum við ákveðin vandamál. Þar er exemið eitt. En við megum ekki hlusta á það sem keppinautarnir segja. Það er barist við okkur á hinum þýska markaði og þess vegna er það náttúrlega stórmál fyrir vísindin að fjármagn verði sett í það að finna mótefni gegn exeminu. Moskitóflugan veldur exeminu og við þurfum að setja fjármagn í rannsóknir og ná t.d. samstöðu um það við þýskan háskóla að menn fari að vinna í þessu stóra verkefni. Ég held að það séu miklir

hagsmunir landbúnaðarins. Ég vil bara að lokum, hæstv. forseti, leggja á það áherslu að ég tel að við Íslendingar eigum mikla möguleika að markaðssetja íslenska fjölskylduhestinn og það eru sem betur fer íslenskir bændur og hestamenn að gera á mörgum sviðum.

[17:01]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikil er trú þín Guðni Ágústsson, hv. 2. þm. Suðurl. Það er ástæða til að ítreka við hv. þm. að ég hef í höndunum svar við fyrirspurn um hrossaútflutning og kynningu íslenska hestsins erlendis. Á sl. sex árum hafa 55 millj. 417 þús. 995 kr. verið settar í markaðssetningu íslenska hestsins erlendis. Það væri fróðlegt og ég skora á hv. þm. sem formann landbn. að skoða rækilega hvernig því fjármagni hefur verið varið. Hverjir hafa hlotið þessa styrki? Hvernig hefur þeim verið varið? Eru það íslenskir bændur sem hafa fengið að njóta þessara styrkja? Ég held, hv. formaður landbn., að það sé í hryggilega litlum mæli að þessir fjármunir hafi gengið til bænda eins og þeim var ætlað. Í svarinu segir að 55 millj. hafi verið varið til markaðssetningar og síðan er spurt um úthlutun Framleiðnisjóðs í þessu máli. Ég bið menn að kynna sér vel hvernig þetta liggur. Það er ástæða til að hafa efasemdir þó ég óski íslenska hestinum alls hins besta á erlendri grund. Ég vil ekki sjá hann eins og verið er að reyna gera núna, að blanda honum saman við eitthvert annað kyn og fá út úr því skrumskælingu eins og íslenski Paso-hesturinn virðist ætla að verða.

[17:03]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998 er ekki mjög stórt eða yfirgripsmikið miðað við mörg þau frv. sem flutt hafa verið um þessi mál á umliðnum árum. Engu að síður er full ástæða til að ræða sum efnisatriði og jafnvel ítarlega.

Áður en umræðurnar hófust upp úr hádeginu í umræðum utan dagskrár var sagt að fyrirætlun hæstv. ríkisstjórnar um að fresta boðuðum skattalækkunum sem taka eiga gildi um næst komandi áramót gæti haft áhrif á gang þingmála ef svo færi að ríkisstjórnin ætlaði að framfylgja þeim hugmyndum. Hæstv. forsrh. skýrði frá því við það tækifæri að síðar í dag væri að vænta niðurstöðu ríkisstjórnar í málinu. Umræðurnar um þetta litla frv. hafa nú staðið síðan og kann að vera að þeim sé ekki lokið og þær muni dragast eitthvað á langinn.

Áður en ég ræði efnisatriði þessa frv., ég mun e.t.v. nota síðari ræðutíma minn til að gera það, þá held ég að tímabært sé fyrir framhald málsins að leita frétta hjá hæstv. forsrh. um hvort einhver niðurstaða hafi orðið hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum skattamálum. Ég legg áherslu á að fá svar hæstv. forsrh. við þeirri spurningu og ætla því ekki að ræða frekar um þetta frv. að sinni.

[17:06]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom fyrr í dag var full ástæða til þess fyrir ríkisstjórnina að athuga það sérstaklega vegna afstöðu sveitarfélaganna hvort fresta bæri hluta af skattalækkunaráformum til næsta árs. Þetta mál hefur í dag verið til athugunar á vegum þriggja ráðherra ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og mín. Í ljósi þess að sú niðurstaða hefur náðst að mál þetta skuli vera á dagskrá samræðna sveitarfélaganna og ríkisins á næstunni og með hliðsjón af samtölum okkar við aðila vinnumarkaðarins þá teljum við ekki ástæðu til að setja fram með föstum hætti þá ákvörðun að fresta þessum þætti skattalækkunarinnar. Skattalækkunin verður þá í vor sú hin sama 1,9% og menn höfðu áður gert ráð fyrir.

Ástæða er til að taka það fram að ég tel að í samræðum við forustumenn Alþýðusambandsins í dag hafi komið fram að á þeim vettvangi sé góður skilningur á því að auðvitað ættu sveitarfélögin sem og ríkið að taka þátt í þessu skattalækkunarferli. Ég tel þýðingarmikið að sveitarfélögin samkvæmt samkomulagi við forustumenn þeirra vilji hafa þau mál á viðræðuvettvangi ríkis og sveitarfélaga. Þannig að það mun ekki koma fram tillaga um að þessum hluta skattalækkunarinnar verði frestað.

[17:07]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa athyglisverðu yfirlýsingu. Hæstv. ríkisstjórn hefur breytt þeirri ákvörðun sinni sem hæstv. fjmrh. sagði vera á dagskrá í gær, að fresta boðaðri skattalækkun sem átti að verða um áramótin. Það eru góð tíðindi og ég lýsi ánægju minni með þau. Hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að standa við samkomulagið sem gert var til hliðar við síðustu kjarasamninga eins og henni ber að gera. Ég tel því ekki, herra forseti, ástæðu til að ræða frekar um þetta frv. enda hafa stjórnarandstæðingar nú þegar komið að öllum efnisatriðum þess. Ég vil þó gera eitt atriði að umtalsefni er varðar 13. gr. frv. Við þingmenn höfum að undanförnu hlustað á fjölmiðla fjalla um langtímaáætlun í vegamálum sem er til umfjöllunar í stjórnarflokkunum sem eðlilegt er, herra forseti. Það er hins vegar mjög óeðlilegt að út af þeim fundum berist fréttir og yfirlýsingar einstakra þingmanna um efnisatriði í slíkri gjörð sem langtímaáætlunin er. Þeir lýsa yfir að þeir séu ýmist með eða á móti eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur gert, svo dæmi sé tekið, án þess að Alþingi hafi hugmynd um hvað verið er að fjalla. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Finnst honum þetta eðlileg og eftirbreytniverð meðferð málsins?

[17:09]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig finnst mér það ekki en því miður er það nú ekki óþekkt að mál berist út á meðan þau eru á umræðustigi. Það hefur gerst í ríkisstjórn á árum fyrr að mál á viðkvæmu umræðustigi hafa borist út og ekki verið til þess fallið að greiða fyrir slíkum málum. Auðvitað getur það einnig gerst í þingflokkum. Það er ekki æskilegt en samt verður að gæta hófs í því að múlbinda þingmenn þó þingflokksfundir eigi að halda. Ég vona að þó þetta hafi eitthvað verið rætt utan þingflokkanna þá spilli það ekki fyrir framgangi málsins, hvorki meðal stjórnarflokkanna né almennt hér í þinginu.

[17:10]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans en vil láta það koma fram, virðulegi forseti, að ég gagnrýni þær aðferðir sem menn hafa viðhaft í þessu sambandi og tel það mjög óeðlilegt að umræður um stór þingmál fari fram í fjölmiðlum án þess að fjölmargir alþingismenn hafi hugmynd um hvað verið er að ræða. Hvað þá um hvað einstakir stjórnarþingmenn eru að deila sín á milli í þeim efnum.

[17:11]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú lýst yfir því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að falla frá áformum um að brjóta

lögbundin loforð sín frá sl. hausti sem mörg sambönd innan Alþýðusambandsins litu á sem forsendur kjarasamninga. Þennan sigur ber að þakka viðbrögðum hér á Alþingi, stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar í landinu. En þetta minnir okkur á nauðsyn þess að vera vel á verði. Þær ráðstafanir sem voru í bígerð lýsa ákveðnu hugarfari gagnvart verkalýðshreyfingunni, sveitarfélögunum og Alþingi.

Það var þakkarvert að þessi mál skyldu upplýst hér á Alþingi í gær. Hv. þm. Svavar Gestsson þurfti að toga það með töngum upp úr hæstv. fjmrh. hvað til stæði að gera. Margt bendir til að þessi áform hafi átt að fara lágt, að menn hafi ætlað að gera slíkt hið sama og gert hefur verið undanfarin ár að koma með skerðingarfrv. undir jól svo lítið færi fyrir þeim og umræðan drukknaði í jólaundirbúningi þjóðarinnar. En sigur hefur unnist í þessu máli og hann ber að þakka viðbrögðum á Alþingi og í verkalýðshreyfingunni.

[17:13]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Út frá þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. þykir mér rétt að taka fram að ég fagna þessari ákvörðun. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar að falla frá þessum áformum. Vitaskuld væri hægt að segja að maður fagnaði því að hún hafi gefist upp við þessar fyrirætlanir. Látum það vera. Ég vil minna á að ég tók málið upp fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna fyrr á þessum fundi og spurði hæstv. forsrh. hvenær þetta yrði lagt fram og hann svaraði að það mundi skýrast frekar í dag. Ég held að það sé augljóst að hér var ríkisstjórnin á miklum villigötum. Það ber vitaskuld að fagna því að hún hafi séð ljósið. Þetta hefði ekki hafist nema vegna þess að stjórnarandstaðan tók þetta mál harkalega upp í gær og aftur í dag. Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar, mjög harkaleg, í dag og í gær urðu þess valdandi að ríkisstjórnin hörfaði frá þessu máli. Jafnframt má minna á að ég gat þess í upphafi þessa þingfundar að ef málið hefði verið látið ganga fram þá hefði það vafalítið kostað átök hér í þingstörfum það sem eftir lifir þingdaga fram að jólum. Sjálfsagt hefur allt þetta haft áhrif á að menn hafi horfið frá þessum áformum og augljóst að þarna hafði ríkisstjórnin alls ekki góðan málstað að verja. En það er jafnljóst að ef viðbrögðin hefðu ekki verið jafnharkaleg af hálfu stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar þá hefði ríkisstjórnin knúið fram þessa stefnu sína.

[17:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hafði hálfpartinn vænst þess að hæstv. ráðherrar, a.m.k. hæstv. forsrh. og jafnvel þeir hæstv. ráðherrar sem þetta mál varðar sérstaklega, til að mynda hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. samgrh., sýndu þessari umræðu þá virðingu að koma hér og svara þeim spurningum sem upp hafa verið bornar eða tjá sig um þær umræður sem hafa farið fram.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. forsrh. er á mælendaskrá.)

Ég þakka það en ég vil þá taka hér upp, herra forseti, af þessu tilefni og vona að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir, ein tvö efnisatriði þessa frv. á nýjan leik þar sem engin svör hafa borist við þeim spurningum og þeirri gagnrýni sem við höfum sett fram í umræðum, sérstaklega stjórnarandstæðingar. Það fyrra varðar þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir á lögum um almannatryggingar. Ég hélt því fram að þvert ofan í það sem boðað hefur verið og kynnt í fjölmiðlum og á fundum með hagsmunasamtökum, a.m.k. Samtökum aldraðra, þá gengju breytingarnar á lögum um almannatryggingar í þá átt að fella niður tengingar sem þar hafa verið og tryggt hagsmuni lífeyrisþega og barnafólks á tímum vaxandi launahækkana. Þær tengingar, sem ekki var hróflað við með breytingunum á almannatryggingalögunum í desember 1995 sem komu til framkvæmda á árinu 1996, í 18. og 65. gr. almannatryggingalaganna, er nú verið að taka út. Breytingarnar ganga því mun lengra í þá átt að afnema þær tryggingar sem lífeyrisþegar og barnafólk hefur haft í löggjöfinni, að það sæti við sama borð og almennir launamenn hvað kjör varðar. Það ætti í gegnum slíka tengingu að fá tryggingu fyrir því að fá í sinn hlut sambærilegan hluta af góðærinu, ef við tökum svo til orða, og aðrir launamenn hafa náð til sín í gegnum kjarasamninga samkvæmt tiltekinni viðmiðun. Þeirri túlkun minni hefur ekki verið mótmælt — þeirri túlkun minni á efnisatriðum breytinganna á 18. og 65. gr. almannatryggingalaganna. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom sömuleiðis inn á þessi atriði.

Um þetta var ekkert fjallað þegar málið var kynnt úti í þjóðfélaginu á dögunum og mönnum var sent það sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að taka til baka að einhverju leyti breytingarnar frá 1995 og setja lífeyrinn á nýjan leik að hluta til í samband við launaþróunina. Það kemur svo í ljós að það er allt saman í skötulíki, allt mjög loðið, talað um að taka mið af launaþróun. En hins vegar eru tryggingar, sem ekki var hróflað við í lögunum 1995, teknar úr sambandi. Meðlagsgreiðslur og frítekjumörkin í 17. gr. voru áfram tryggðar, menn hrófluðu ekki við þeim 1995, en það er hins vegar gert núna. Og það verður geðþóttaákvörðun við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni hvernig þær upphæðir eru stilltar og eru þetta þó ákaflega næmir hlutir hvað varðar kjör þessa hóps sem menn geta væntanlega verið sammála um að sé ekki ofhaldinn. Hvaða áhrif hafa frítekjumörkin? Það eru þau sem ráða því hvenær aðrar tekjur fara að skerða lífeyrinn, hvenær tekjutryggingin fer að skerðast og það skiptir auðvitað alveg sköpum fyrir afkomu þessa hóps hvar þau mörk liggja. Það hefur verið tryggt með ákvæðum 18. gr. að þau færðust upp sem næmi hækkun bótanna á hverjum tíma þannig að þau hlutföll héldust. Nú er opnað fyrir leið til að breyta þessu samhengi, rjúfa þetta samhengi, þannig að t.d. í gegnum ákvörðun um að hækka lífeyrinn um eitthvað tiltekið en ákvörðun á móti um að halda frítekjumarkinu niðri er hægt að skerða þetta og láta aðrar tekjur telja fyrr til skerðingar hjá lífeyrisþegum. Það er þetta sem verið er að gera. Það er beinlínis óheiðarlegt og blekkingar að menn skuli þá ekki koma hér og gera grein fyrir því hreint og klárt hvað þarna er á ferðinni. Sama á auðvitað við um meðlögin. Í rauninni er verið að tína út úr almannatryggingalöggjöfinni þær tryggingar sem þar hafa verið fyrir einstaka hópa, hverja á fætur annarri. Byrjað var á almenna lífeyrinum 1995 og nú eru frítekjumörkin og meðlögin tekin.

Mér hefði þótt við hæfi að hæstv. heilbr.- og trmrh. sýndi a.m.k. þessari umræðu þá virðingu að koma og taka þátt í henni og gefa sínar skýringar á því sem þarna er verið að gera. Hvaða stefna er þarna á ferðinni? Er þetta hin nýja stefna Framsfl. um „fólk í fyrirrúmi"? Er það með þeirri stefnu sem t.d. ellilífeyrisþegar, barnafólk og þeir sem fá meðlög, eru hafðir í fyrirrúmi hjá Framsfl., og nýja heilbrigðisstefnan á þeim bæ?

Varðandi samgöngumálin þá ber vel í veiði, ef svo má að orði komast í óeiginlegri merkingu, því hæstv. samgrh. er hér í salnum. Ég trúi því satt best að segja ekki að hæstv.

samgrh. ætli að sitja þegjandi undir þessari umræðu og reyna ekki að verja hendur sínar eftir þær ásakanir sem hann hefur mátt sæta, réttilega að mínu mati, fyrir það að láta fjmrh. fara þannig með sig að í miðju góðærinu, þegar tekjur ríkissjóðs hafa aukist um milljarða. Þegar tekjur af umferðinni hafa aukist verulega vegna aukins bílainnflutnings og aukinnar bensínsölu, þá ætlar hæstv. samgrh. að sætta sig við að fá minna en ekki meira í sinn hlut til framkvæmda í vegamálum. Hann ætlar að sætta sig við Íslandsmet í þjófnaði á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar á næsta ári, yfir 1.000 millj. kr. í staðinn fyrir að í fyrirliggjandi vegáætlun var gert ráð fyrir að sú skerðing mundi lækka en ekki hækka á næsta ári. Hún lækkaði úr 806 millj. kr. á verðlagi sl. árs niður í 646 millj. En hver er niðurstaðan þegar bandormsfrv. birtist? Nei, skerðingin á ekki að lækka, hún á ekki að standa í stað — hún á að aukast og fara í á annan milljarð króna. Við hvaða aðstæður? Við þær aðstæður að hæstv. samgrh. er að segja okkur að nú standi til að boða framtíðarstefnumótun í samgöngumálum og ný vegáætlun á grundvelli nýrrar langtímaáætlunar eigi að líta dagsins ljós og gilda á næsta ári. Er þetta þá upphafið á hinni nýju vegáætlun? Að hún leggur af stað, henni er ýtt úr vör við þær aðstæður að ríkissjóður hirðir meira af tekjunum en nokkru sinni fyrr — hinum mörkuðu tekjum til Vegagerðarinnar — og er hann þó að fá dálaglegan búhnykk sem nemur allri tekjuaukningunni af sköttum á umferðina í góðærinu. Það heita víst 24 milljarðar kr. sem heildarskattar á umferðina, vörugjöld af innflutningi á bifreiðum, þungaskattar, bensíngjöld og bifreiðagjöld og aðrir slíkir skattar, samtals telja. En Vegagerðin á að fá minna í sinn hlut á komandi ári og það er þá eins og menn hafi ekki heyrt minnst á að óánægja sé víða úti um landið um framgang samgöngumála. Hefur hæstv. ríkisstjórn ekki orðið eitthvað vör við það að farið væri að hitna dálítið í kolunum á landsbyggðinni vegna ástandsins í byggðamálum og þeirrar ofboðslegu byggðaröskunar sem í gangi er? Og hvað er það sem menn segja núna eitt, tvö og þrjú þegar þau mál ber á góma? Það eru bættar samgöngur, bættar samgöngur og bættar samgöngur. Er þetta svar ríkisstjórnarinnar á tímum meiri byggðaröskunar en nokkru sinni fyrr síðan verst lét á miðjum 9. áratugnum og á árum viðreisnarstjórnarinnar. Er það þetta? Að ríkissjóður þurfi þá við þessar aðstæður að hirða til sín meira en nokkru sinni fyrr af sköttunum af umferðinni. Niðurstaðan er því sú að til framkvæmda og rekstrar í vegamálum rennur minna en áður og það er í engu samræmi við vaxandi bílafjölda og vaxandi þörf, því menn skulu átta sig á því að þessi mikli tekjuauki sem leiðir af auknum bílainnflutningi og meiri umferð á vegunum kallar á framkvæmdir. Hann kallar á útgjöld til vegamála en ekki í ríkissjóð.

Eitt af því sem skilar stórauknum tekjum er t.d. auknir þungaskattar vegna aukinna flutninga á landi sem áður fóru fram á sjó og þeir þungaflutningar slíta vegunum mjög mikið. Þeir kalla á framkvæmdir til að auka burðarþol vega og brúa. Er þetta þá í samræmi við það? Að við þær aðstæður að umferðin þyngist, tekjurnar af henni aukast, þá eru fjárveitingarnar sem frá umferðinni renna inn í Vegasjóð til framkvæmda skornar niður? Þetta gengur auðvitað ekki upp, það sjá allir heilvita menn.

Það mætti nefna framkvæmdaþörfina á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar o.s.frv. Þetta er svo hrakleg niðurstaða að ég trúi því satt best að segja ekki enn að hæstv. samgrh., að landsbyggðarþingmenn stjórnarflokkanna og aðrir í þessari fjölskyldu, sem styður ríkisstjórnina séu svo miklir geðleysingjar að þeir láti þetta yfir sig ganga, ég verð að segja það alveg eins og er. Það er meira óskapa húsbóndavaldið sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa yfir þessum mönnum, ef þeir láta bjóða sér þetta.

[17:25]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Þetta hafa verið gagnlegar og góðar umræður og ekki farið jafnmikið á víð og dreif eins og gerst hefur áður með bandorminn vegna þess að hann er náttúrlega skaplegri í umfangi en hann hefur stundum verið áður og allt horfir það til bóta. Vonandi koma þeir tímar að við þurfum ekki mikið á slíkri lagasetningu að halda. Við munum hafa tækifæri síðar á þinginu til að fjalla ítarlega um vegáætlun og hugmyndir manna í þeim efnum. En staðreyndin er sú að á undanförnum sex, sjö árum hefur verið gert meira átak í vegagerð á landinu en löngum áður eða jafnvel nokkru sinni fyrr og lágu til þess góðar og gildar ástæður. Það þótti skynsamlegt að fara í mjög miklar framkvæmdir í vegagerð meðan kreppti að hér á landi vegna þess að þær hefðu holl og langvarandi jákvæð áhrif á efnahagsþróunina í landinu og væri fjárfesting sem kallaði ekki á rekstur heldur þvert á móti væri líkleg til að stuðla að öflugra atvinnulífi og ýta undir sparnað (Gripið fram í.) þegar fram í sækti. Það var að hluta til í hinni ríkisstjórninni og var síðan haldið áfram í þessari. Og allt var það mjög ánægjulegt eins og hv. frammíkallari hafði bersýnilega tilfinningu fyrir.

Varðandi það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um bætur almannatrygginga og þá tengingu sem ákveðin er nú, þá er það rétt hjá honum að forustumenn til að mynda Samtaka aldraðra hafa fagnað mjög þessari tengingu enda má segja að hún sé með tvöföldum lás. Viðmiðunin á að vera við laun en engu að síður er settur annar lás sem á að gæta þess ef svo vildi til, sem við skulum vona að verði ekki á næstu árum, að launin hækki minna en verðlag eins og hefur nú komið fyrir — það kom nú rækilega fyrir þegar hv. síðasti ræðumaður var í ríkisstjórn, eins og menn muna, þegar kaupmáttur launa féll harkalegar og meira en menn höfðu lengi þekkt dæmi um áður. En við slíkar aðstæður þá á samkvæmt ákvæðinu að gæta þess að þetta fólk sitji ekki eftir með skarðan hlut. Það mun því standa betur að vígi við slíkar aðstæður en launþegar í landinu þannig að ákvæðið er raunverulega með tvöföldum lás. Það er líka viðurkennt af þessum samtökum og öllum öðrum sem að málinu hafa komið að hin fyrri tenging var ekki gæfuleg vegna þess að í kjarasamningum var höfð hliðsjón af þeirri tengingu í gegnum árin. Þetta þekkja allir sem vilja þekkja til og þess var sérstaklega gætt að viðmiðunarflokkarnir hækkuðu ekki eins og annað til þess að áhrif þess flytu ekki inn í allt þjóðfélagið. Það getur vel verið að mönnum henti ekki að viðurkenna það. En þetta er samt staðreynd máls og menn eiga að viðurkenna staðreyndir, það er hollt fyrir alla, líka fyrir okkur þingmenn. En það er ekki rétt, það er einhver misskilningur hjá hv. þm., að við séum að mæta þessu með því að breyta með nýjum hætti öðrum hlutum tengdum þessu. Það er alls ekki svo, þvert á móti. Þó maður eigi nú ekki að vera að vitna í sjálfan sig þá er óhjákvæmilegt að vitna í það sem ég sagði hér fyrr um þetta atriði í ræðu, af því að það var sagt að um þetta hefði ekki verið talað. Þar er sagt, með leyfi forseta, ef þarf að endurvitna í ræðu sem var flutt hérna fyrir nokkrum klukkutímum:

„Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri

verkamannavinnu var afnumið tímabundið með bráðabirgðaákvæði með lögum um almannatryggingar í 34. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Bráðabirgðaákvæði þetta líður úr gildi um næstu áramót og mundi að óbreyttu færa ákvörðun um fjárhæð bóta almannatrygginga aftur í fyrra horf. En ýmsir hagsmunahópar hafa orðið til að benda á að tenging þeirra við almenna launataxta hafi ekki alltaf skilað bótaþegum sanngjarnri niðurstöðu í ljósi þeirra launahækkana sem orðið hafa á almennum vinnumarkaði. Af þessum sökum er í 9. gr. frv. lagt til að ákvæði bráðabirgðaákvæðisins um árlega endurskoðun á fjárhæð bótanna í tengslum við gerð fjárlaga verði fest varanlega í sessi. Jafnframt er í sömu grein lagt til að efnisregla bráðabirgðaákvæðisins um ákvörðun fjárhæðarinnar verði gerð varanleg í nokkuð breyttri mynd. Þannig er lagt til að ákvörðun bótanna taki mið af almennri þróun launa á fjárlagaárinu og leggi þá sömu forsendur og fjárlagafrv. því til grundvallar en jafnframt er lagt til að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um ef laun skyldu þróast með öðrum hætti en verðlag. Fjárhæðir frítekjumarka samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaga hljóta að fylgja þeim breytingum sem verða á fjárhæð bóta og almennra tekna lífeyrisþega. Þess vegna er eðlilegt að sú tenging verði tekin upp í 65. gr. laganna, sbr. 9. gr. frv., en heimild ráðherra til að breyta þeim með reglugerð í 2. mgr. 18. gr. laganna verði felld brott, sbr. 8. gr. frv."

Menn verða sem sagt að skoða 17. gr. til að skilja það sem er að gerast í 18. gr. Ef menn skoða það, sjá þeir að ætlunin er einmitt sú að láta þann tvöfalda lás sem gildir varðandi bæturnar einnig virka með sama hætti við þær tengingar sem ég var að fjalla um. Ég held því að misskilningur sé á ferðinni hjá hv. þm. og menn muni átta sig á þessu þegar yfir þetta verður farið í nefnd.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurðist fyrir um hlutdeild Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, og hver sú hlutdeild eigi að vera í rekstri svæðisvinnumiðlana. Það er ljóst að sú þátttaka verður nokkur, en auðvitað mjög lítil og ræðst það af hlutfallslegri stærð þeirra sem að því koma. Þá spurði hv. þm. hvort ekki væri tími til kominn að afnema algerlega lögbundin framlög markaðra tekjustofna til að slíkar tengingar skapi ekki falskar væntingar. Við höfum verið að vinna á þeirri braut, núv. og fyrrv. ríkisstjórn. Ég tel að það væri skynsamlegt og eðlilegt. Enn þá eimir nokkuð eftir af slíkum ákvæðum og ég tel að þingmenn eigi að hafa burði, vilja, getu og vitsmuni til að fjalla um þá þætti hverju sinni við ákvörðun fjárlaga, það eigi ekki að þrengja um of það vald sem þingheimi er fengið og skylt að fara með samkvæmt stjórnarskránni við afgreiðslu fjárlaga. Það eigi ekki að vera búið að binda það með öðrum hætti til langframa. Nógu mikið af útgjöldum ríkisins, eðli málsins samkvæmt, er óhjákvæmilega bundið við starfsmannafjölda, launasamninga þeirra og slíka framreikninga sem þingmenn geta sáralítið komið að. Aðrar slíkar bindingar eiga að vera í lágmarki. Eins og ég sagði í framsögu minni fyrr í dag, tel ég að í vissum tilvikum, til að mynda þegar menn eru að gera tiltekna, tímabundna, afmarkaða áfanga eða átök, þá kunni að vera réttlætanlegt að hafa slíkar tengingar, en ekki varanlegar og til eilífðarnóns. Það er ekki eðlilegt og þá skjóta menn sér undan því að vega og meta þau verkefni við önnur verkefni sem hafa komið upp síðar, eftir að hið mæta verkefni fékk forgang.

Ég tel jafnframt og vil nefna það að ástæða er til að nefndin sem fær frv. til meðferðar athugi sérstaklega að gera breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og fella þá niður lokamálslið 48. gr. þeirra laga. Ástæðan er sú að menn hafa náð ákveðnu samkomulagi um fyrirkomulag þessara atriða. Í þeim málslið er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna. Með frv. sem þannig yrði flutt, yrði slíkt ákvæði fellt niður og sveitarfélögunum gert að annast alfarið kostnað vegna vistunar fatlaðra forskólabarna. Þessi tillaga er í samræmi við lokaálit starfshóps frá 13. des. 1996 er menntmrn. skipaði til að fara yfir fyrirkomulag og endurgreiðslur ríkisins vegna fatlaðra barna í leikskólum og sem meginmáli skiptir, sameiginlega yfirlýsingu fjmrh., félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 13. des. 1996. Ég tel að þetta þurfi nefndin að athuga sérstaklega. Aðrir þættir hafa verið ræddir af öðrum og mun ég ekki fjalla um þá nánar.

[17:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt sem hæstv. forsrh. segir um vegamálin að við munum fá vegáætlun til skoðunar, vonandi einhvern tímann. Að vísu hefur dregist úr hömlu að loforð hæstv. samgrh. um að hún kæmi fram næði fram að ganga. Hitt er ljóst að að því leyti erum við að ræða vegáætlun að skerðing á hinum mörkuðu vegatekjum setur grunninn fyrir fjárveitingu til vegamála á næsta ári. Fjárlögin núna og skerðingarákvæðið í þessari grein búa til rammann. Það sem Alþingi fær til að fjalla um þegar eða ef einhver ræfill af vegáætlun kemur loksins frá hæstv. samgrh. verður árið 1998 þegar frágengið hvað framkvæmdafé snertir. Það er ljóst. Þess vegna er eðlilegt að þetta sé rætt hér. Það er dálítið merkilegt að hvorki hæstv. samgrh. né neinn einasti þingmaður stjórnarliðsins virðist hafa þann áhuga á málinu að hann blandi sér í umræður um það. Og þó er verið að ræða um frágang fjárveitinga til vegamála á næsta ári.

Varðandi almannatryggingarnar, þá er það alveg merkilegt að hæstv. forsrh. skuli gefa þeim frágangi það orðalag að þarna sé á ferðinni tvöfaldur lás. Ég myndi ekki vilja læsa hjólinu mínu með slíkum lás sem er svona galopinn. Það er að vísu rétt að þetta ákvæði sem tryggir tengingu lífeyrisins við verðlag er efnislegt, og við treystum því að það haldi. En hitt er galopið. Eða hvað þýðir að „taka mið af launaþróun?" Er hæstv. forsrh. tilbúinn að koma hér og segja að það þýði í skilningi hæstv. ráðherra að bæturnar skuli hækka alltaf eins og laun? Ef það þýðir eitthvað annað, þá er þetta opið. Síðan fullyrði ég að tengingin við skerðingarnar á 17. og 59. gr., þótt það sé lesið saman við 18. gr. og 65. gr., þýðir að opnun er í málinu þeim megin hvað varðar frítekjumarkið. (Forseti hringir.) Og þá spyr maður sig, ef ákvörðun er tekin um annars vegar að hækka bæturnar um eitthvað tiltekið en halda frítekjumarkinu eftir, það er líka opið. Orðalagið er þannig. Þetta þarf að sjálfsögðu að skoða betur í þingnefnd en svona virðist þetta vera samkvæmt orðanna hljóðan í frv.

[17:37]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki þennan skilning á ákvæðinu, en það þarf auðvitað að vera skýrt. Hv. þm. hefur færi á því í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar að fara yfir það. Viljinn liggur fyrir, hver hann á að vera. Ég tel að ákvæðið sé algerlega skýrt, en sjálfsagt er að fara yfir það og þá gerist

það í nefndinni. Það hefur ekkert upp á sig að þrátta um þann skilning hér. Ég býst við að meining okkar sé hins vegar hin sama. Og það er kannski meginatriðið að út úr þessu þingskjali komi það að meining okkar varðandi atriðið sé hin sama og þá verður bara að finna orðalag sem menn geta skilið sæmilega sáttir.

Ég verð að vekja athygli á því varðandi vegáætlunina að fyrir fáeinum mínútum eða svo var verið að finna að því sérstaklega að við værum að ræða vegáætlun á þessu stigi málsins í einhverjum þaula, af formanni Alþfl. hér í þingsalnum. Þetta rekur sig aðeins hvað á annars horn eins og gengur og gerist og vill gerast sérstaklega þegar við erum að ræða bandorm af þessu tagi, þótt hann sé ekki í eins mörgum liðum og bandormar fyrri daga. Ég vil halda því fram að sú vegáætlun, án þess ég ætli að ræða hana sérstaklega, sem hér verður rædd verði það sem menn kalla metnaðarfull vegáætlun. Ég vona að menn geti sannfærst um það þegar hún kemur fram.

[17:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað sem öðru líður er það enn sem komið er þannig að formaður Alþfl. talar ekki fyrir mína hönd í vegamálum. Ég skil hins vegar vel að hæstv. forsrh. kunni að hafa ruglast eitthvað í þessu, eins og umræður hafa gengið undanfarna mánuði í þeim efnum. Hitt er svo alvarlegra og meira mál í mínum huga — hvort við ræðum vegáætlun fyrr eða síðar breytir e.t.v. ekki öllu — að algerlega verði skýrt hver hinn pólitíski frágangur þessa máls varðandi tengingu lífeyris, frítekjumarka, meðlaga og annarra slíkra hluta í almannatryggingakerfinu við launaþróunina í landinu er. Ég fagna því að hæstv. forsrh. býður upp á að efh.- og viðskn. fari yfir það mál og reyni að leita að frágangi sem er þannig að hann sé skýr. Vonandi erum við sammála um að orðin beri í raun að skilja sem beina tengingu við launaþróunina, og það sé þá frekar frágangsmál að finna þar viðmiðun og annað því um líkt sem þurfi að setja niður. Þá mun það að sjálfsögðu ekki vefjast fyrir mönnum að ganga frá því í nál. eða breytingartexta að skilningur á þessu ákvæði verði gersamlega kristalstær og skýr. Ef við megum halda áfram og líta svo á að 70.000 kr. lágmarkslaunin sem verða við lýði frá næstu áramótum eða þar um bil, skuli vera í framtíðinni sú viðmiðun sem komi í staðinn fyrir tiltekna launataxta áður og við megum ganga þannig frá málinu fyrir áramótin, þá er ég mjög sáttur við það ef það væri sameiginlegur skilningur okkar forsrh. Ef ekki, þá er nauðsynlegt að fá málið á hreint og það verði algerlega skýrt hvað hér er á ferðinni. Ég vil auðvitað trúa því að á bak við þetta standi góður hugur. Það sem ég hef gagnrýnt er kynning málsins í fjölmiðlum og á fundum með hagsmunasamtökum. Ég taldi hana ekki í samræmi við innihaldið þegar betur var að gáð. En ef menn ná samkomulagi (Forseti hringir.) og eru sammála um þá pólitík sem hér skuli gilda í þessum efnum, þá er að vinda sér í það.

[17:41]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Því miður er viðmiðunargrein almannatryggingalaganna enn eitthvað að vefjast fyrir okkur, a.m.k. mér. Ég átta mig ekki alveg á því um hvað menn eru að tala. Í frv. er miðað við þrennt. Í fyrsta lagi stendur í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ekki einu sinni forsendur heldur í samræmi við fjárlög.

Í öðru lagi stendur að ákvörðun þeirri skuli taka mið af launaþróun. Launaþróun getur verið með ýmsu móti. Þegar kemur að hlutum eins og að meta launaþróun getur verið mismunandi hvað í rauninni kemur út úr því dæmi, hvort um er að ræða taxtaviðmiðun eða tekjuviðmiðun. Á því getur verið grundvallarmunur. Menn þekkja það frá undanförnum árum að geysilegur munur getur verið á því hvernig kaupmáttur ráðstöfunartekna þróast og kaupmáttur kauptekna.

Í þriðja lagi á að miða við að þetta hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þetta er eini öruggi punkturinn í dæminu og hann er mjög mikilsverður. Þá bendi ég á það sem hefur væntanlega verið gert hér áður, heyrist mér, í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er að á sama tíma á að fella niður tvær lykilgreinar í almannatryggingalögunum sem hafa verið snagarnir sem allar taxtabreytingar bóta almannatrygginga hafa verið hengdar á. Þessi ákvæði eiga að fara út, samkvæmt þessu frv. Annars vegar er það 2. mgr. 18. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta. „Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt árlega til samræmis við árlegar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára".

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að fella út ákvæði sem verið hafa í 65. gr. og eru gömlu ákvæðin, alveg frá því í alþýðutryggingalögunum, 1934 eða 1936, þar sem stendur:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum ..." Það að þetta tvennt er fellt út um leið og hitt er sett inn, gerir málið tortryggilegt. Ég held að óhjákvæmilegt sé að þessi setning og þetta ákvæði frv. verði endurskrifað og þá er ég aðallega að tala um fyrri málsliðinn. Ég segi líka, herra forseti, að meðan það er eins óljóst og það er núna og ef menn eru ekki tilbúnir til að endurskrifa það, þá hljóti ég fyrir mitt leyti að greiða atkvæði á móti því að fella niður 65. gr. og 2. mgr. 18. gr. vegna þess að það eru í raun þær læsingar sem verið hafa í lögum. Tvöföld læsing, eins hæstv. forsrh. kallaði það áðan. Ég mundi vilja hafa þær inni nema menn skrifi fyrri hlutann af 9. gr. þessa frv. öðruvísi. Ég tel að þau ummæli forustumanna samtaka aldraðra um að þessi mál væru komin í höfn og væru jafnvel öruggari núna en áður séu á misskilningi byggð og standist ekki. Vegna þess að það er alveg augljóslega þannig að ráðherrar eða ríkisstjórn eða þingmeirihluti hefur talsvert svigrúm til að hreyfa til breytingar eða hækkanir á bótum almannatrygginga eftir mörgum mismunandi viðmiðunum, eins og þetta er í frv. núna. Það getur hver maður séð sem hefur fengist við þessa texta, hvort sem það eru lagatextar eða reglugerðartextar, að bersýnilegt er að þarna geta menn lent í því að túlka hlutina á mismunandi hátt og það geti því orðið átök. Þess vegna tel ég það langhreinlegast að við reynum að orða þetta skýrt, nema menn vilji ekki segja það fullum fetum að bætur almannatrygginga eigi að þróast í samræmi við kauptaxtana. Það hefði ég í raun og veru viljað sjá, þannig að a.m.k. andinn, að teknu tilliti til breytinga í þjóðfélaginu á undanförnum árum og áratugum, í 65. gr. verði áfram inni ásamt því ákvæði sem hér um ræðir.

[17:46]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði nú farið efnislega eins og ég gat yfir þetta atriði sem hv. þm. nefndi sérstaklega og tel mig hafa skýrt það, a.m.k. eins og það horfir við mér hvernig það ákvæði er. Það er náttúrlega augljóst og ég hygg að hv. þm. hafi séð það hér í ræðustólnum, að við getum ekki haldið

okkur við óbreytta 65. gr. eftir aðrar orðalagsbreytingar. Það á hreinlega ekki lengur við. En látum það nú vera.

Ég tel að það sem menn eru að gera sé að færa tengingarnar að breytingunum sem gerðar eru í 9. gr. Þá er spurningin: Eru þær breytingar nægjanlegar á 9. gr.? Það hefur hv. þm. dregið í efa. Ég segi aftur á móti: Það er gott sem gamlir kveða og í þessu tilfelli hafa þessir gömlu réttara fyrir sér heldur en ungu mennirnir hér þó við séum farnir að gamlast nokkrir hér pínulítið.

Lásinn er tvöfaldur. Miðað er við að neysluvísitalan sé í lágmarki og síðan er viðmiðunin kaupið að auki. Tökum almennu lífeyrissjóðina sem dæmi. Þar er miðað eingöngu við neysluvísitöluna. Það verða að koma til sérstök ákvæði stjórnar lífeyrissjóðanna, eins og hefur gerst þegar þeim hefur vegnað betur, til þess að hækkunin sé meiri. Hjá lífeyrissjóðunum þar sem verkalýðshreyfingin ræður mestu er ekki miðað við launin. Þar er miðað við verðlagsvísitöluna. Við höfum þetta rýmra með þessari tengingu. Það á ekki að láta nægja að miða við neysluvísitöluna. Það á jafnframt að gæta þess að huga sérstaklega að og hafa viðmiðun á launaþróuninni og þá auðvitað er bara hægt að gera það þegar launaþróunin er vænlegri kostur en vísitala neysluverðs. Það gefur auga leið. Ég tel því að hér sé um tvöfaldan lás að ræða og ef ég ætti hjól sem ég á ekki, þá mundi ég treysta mér til þess að læsa því með slíkum lásum.

[17:48]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki hægt að líkja þessu við lífeyrissjóðina vegna þess að þeim er stjórnað af stjórnum lífeyrissjóðanna sem er samkomulagsfyrirbæri sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um. Ég held því að ekki sé hægt að miða þetta við það þannig að ég tel að í þessum efnum þurfi að ganga nákvæmar frá þessu. Ég er sammála hæstv. forsrh. um að ekki er hægt að nota óbreytta 65. gr. vegna þess að það er ekki lengur samið um taxtakaup eins og var gert hér áður þannig að það verður að finna eitthvert annað orðalag.

Ég hefði viljað negla þetta þannig að í fyrri hluta greinarinnar væri tekið afdráttarlaust af skarið um það við hvaða launaþróun eigi að miða. Ég tel að undir orðinu launaþróun, eins og það er hérna, geti falist margar mismunandi skírskotanir eins og við þekkjum frá undanförum árum. Eru menn að tala um kaup? Eru menn að tala um kaupmátt ráðstöfunartekna? Eru menn að tala um eitthvað annað. Ég held að þarna þurfi menn að kveða skýrar að orði og reyna að ná samkomulagi um það í hv. nefnd. Mér heyrist hugur manna standa til þess að það verði tiltekið við hvaða launaþróun á að miða og jafnvel þó að það væri aðeins t.d. í nefndarálit efh.- og viðskn., þá mundi ég telja það til verulegra bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjáraukalög 1997, 2. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 55, nál. 435 og 441, brtt. 436 og 442.

[17:51]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga árið 1997. Hér er um að ræða, samkvæmt venju, fyrra frumvarpið til fjáraukalaga þar sem leitað er eftir viðbótarheimildum til útgjalda. Hið seinna er uppgjörsfrumvarp sem venjulega er afgreitt á vorþingi. Þar sem nú lifa aðeins tvær vikur eftir af árinu ætti niðurstaðan nú að gefa allgóða mynd af því hvers má vænta með afkomu ríkissjóðs á árinu 1997.

Uppgjör ríkissjóðs á þessu ári er á greiðslugrunni en sem kunnugt er verða fjárlög 1998 sett upp á rekstrargrunni. Með þeim tillögum sem meiri hluti fjárln. flytur og fjallað hefur verið um í vinnu nefndarinnar er niðurstaðan sú að halli er á ríkissjóði á þessu ári um 1,9 milljarðar kr. Taka verður hins vegar tillit til þess þegar þessi útkoma er vegin og metin að leitað er eftir heimildum í fjáraukalagafrv. til að verja 4 milljörðum kr. til innlausnar spariskírteina og endurfjármögnunar sem mun spara ríkissjóði vaxtagjöld næstu árin, allt að 700 millj. kr. á ári.

Fjárln. hefur haft frv. til athugunar og leitað að venju skýringa hjá fagráðuneytum og fjmrn. varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Nefndin leitaði jafnframt eftir áliti Ríkisendurskoðunar á frumvarpinu. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri athugun á nokkrum málum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem ný útgjaldatilefni hafa komið fram.

Þar ber fyrst að nefna málefni sjúkrahúsanna en heilbrrn., ríkisstjórn og fjárln. hafa haft þau til sérstakrar umfjöllunar og gildir það bæði um fjáraukalögin og fjárlagafrv. fyrir árið 1998. Fjárhagsvandi sjúkrahúsa er mikill, hvort heldur eiga í hlut stærri sjúkrahús í Reykjavík og á Akureyri eða smærri sjúkrahús vítt og breitt um landið. Óskir hafa borist fjárln. sem sýna þetta. Ástæður þessa fjárhagsvanda eru af ýmsum toga, ónákvæmar rekstraráætlanir, mismunandi sterk stjórnun, starfsemi umfram fjárveitingar eða fjárhagserfiðleikar frá fyrri árum. Afstaða ríkisstjórnarinnar og heilbrrn. til þessa máls er sú að óhjákvæmilegt sé að ætla að nokkurt viðbótarfé á fjáraukalögum fyrir árið 1997 og á fjárlögum árið 1998 til málaflokksins, enda verði rekstur og skipulag á starfseminni bætt.

Fram hefur komið sú afstaða heilbrrn. og ríkisstjórnar að þessi málaflokkur njóti forgangs og sérstakrar umfjöllunar stjórnvalda árið 1998. Heilbrrn. hefur lagt til við ríkisstjórn að stýrinefnd, sem fái til þess víðtækt umboð, verði falið að fjalla um málefni sjúkrahúsanna allra. Að þessu starfi kæmu, auk heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, fulltrúar stærri og smærri sjúkrahúsa. Verkefni nefndarinnar eru að skilgreina starfssvið heilbrigðis- og sjúkrastofnana, semja um þá þjónustu sem skal veita og fjárframlög til hennar styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit og aðhald. Fjárln. hafa verið kynntar þessar hugmyndir og byggir meiri hluti nefndarinnar tillögur sínar á þeim. Heilbrrn. mun kynna fjárln. stöðu mála á hverjum tíma og tillögur nefndarinnar þegar þær liggja fyrir.

Ýmislegt hefur áunnist í rekstri sjúkrahúsanna á þessu ári. Til að mæta rekstrarvanda þeirra er lagt til að veittar verði 200 millj. kr. í sérstökum fjárlagalið. Jafnframt eru tillögur til meðferðar í fjárln. um að 300 millj. kr. til viðbótar verði ætlaðar á fjárlögum 1998 til reksturs sjúkrahúsanna. Að svo komnu máli verður fjárveitingu þeirri sem sótt er

um á fjáraukalögum ekki skipt á einstakar stofnanir fyrr en samningar hafa verið gerðir við þær.

Ríkisstjórnin hefur lagt til að 320 millj. kr. verði veittar til Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur á þessu ári, enda er það í samræmi við sérstakt samkomulag þar um á milli hlutaðeigandi aðila. Því lítur meiri hlutinn svo á að viðbótarfjárútvegun, þ.e. 200 millj. kr. skuli verja til þess að leysa úr fjárhagserfiðleikum annarra sjúkrahúsa, ýmissa sjúkrahúsa utan höfuðborgarsvæðisins þar sem rekstur hefur verið í jafnvægi til þessa en spáð er hallarekstri á þessu ári. Með þessu móti er verið að bæta 520 millj. kr. á árinu 1997 og 300 millj. kr. árið 1998 í rekstur sjúkrahúsanna og 80 millj. að auki á þessu ári í rekstur sjúkra- og daggjaldastofnana eða alls 900 millj. kr. á tveimur árum.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru af meiri hluta nefndarinnar. Þær liggja fyrir í nefndaráliti og eru eftirfarandi:

Lagt er til að framlag til Alþingis hækki um 41 millj. kr. og skiptist fjárhæðin á sex liði. Lagt er til að Alþingiskostnaður hækki um 15,8 millj. en þar af eru 9,3 millj. kr. vegna úrskurðar Kjaradóms. Enn fremur er lagt til að framlag til þingmála- og rekstrarskrifstofu hækki um 6,7 millj. kr., viðhaldsliðurinn um 11,5 millj. kr. vegna umfangsmikilla breytinga er voru gerðar á húsnæðisaðstöðu þingflokka og vegna lagfæringa á fasteignum Alþingis. Loks er lagt til að liðurinn tæki- og búnaður hækki um 4 millj. kr. og veittar verði 3 millj. kr. vegna skipulagningar í tengslum við undirbúning framkvæmda á Alþingisreit.

Gerð er tillaga um 8 millj. kr. hækkun fjárveitingar til Rannsóknarnámssjóðs. Árið 1993 tók ríkisstjórnin þá ákvörðun, í framhaldi af lagasetningu, að veita 8 millj. kr. til rannsóknartengds framhaldsnáms. Framlagið var í raun stofnframlag Rannsóknarnámssjóðs. Fjárveiting þessi hefur ekki verið afgreidd með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum til þessa.

Lagt er til að veita 4,5 millj. kr. til að ljúka úrbótum á húsnæði Hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Á þessu ári hafði skólinn rúmar 7,2 millj. kr. til ráðstöfunar til að lagfæra aðstöðu í kjallara skólahússins og byggja yfir svalir ásamt því að innrétta viðbótarherbergi og koma í veg fyrir leka. Heildarkostnaður er áætlaður 14,8 millj. kr.

Í ágúst 1996 tók utanrrn. formlega yfir mannvirki á Gufuskálum af varnarliðinu. Frá þeim tíma hefur utanrrn. borið formlega greiðsluskyldu vegna óhjákvæmilegs kostnaðar við rekstur mannvirkjanna og viðhald þeirra. Gjaldfallinn kostnaður til ársloka 1997 er talinn nema 17,4 millj kr. og er sótt um heimild til greiðslu hans.

Að undanförnu hefur verið unnið að gerð samnings við Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg um nýtingu á stórum hluta aðstöðunnar að Gufuskálum en þessi samtök hafa í hyggju að koma þar á fót þjálfunar- og fræðslumiðstöð. Stefnt er að því að ganga frá samningi fyrir lok þessa árs þannig að samtökin taki yfir rekstur flestra húseignanna í byrjun árs 1998.

Húsnæðismál sendiráðsins í London hafa verið í skoðun um nokkurra ára skeið en langtímaleigusamningur fyrir núverandi aðsetur rennur út eftir fimm ár. Er verulegur viðhaldskostnaður þegar fallinn á eignina sem íslenska ríkið er skuldbundið til að greiða hvort sem það leigir húsið áfram eða ekki enda eru ákvæði í samningnum sem kveður á um að skila beri húsinu í sama ástandi og það var þegar upphaflegur leigusamningur var gerður.

Framboð á fasteignum sem henta sem sendiráðsaðsetur er mjög takmarkað og verðlag hátt. Eftir ítarlega athugun embættismanna í utanrrn., fjmrn., Framkvæmdasýslu og sendiherrans í London með sérfræðilegri aðstoð fasteignamiðlara og verkfræðifyrirtækis þar í borg er niðurstaðan sú að hagkvæmasti kosturinn sé að endurnýja langtímaleigusamning fyrir núverandi bústað til 99 ára fyrir 1,78 millj. sterlingspund eða 214 millj. kr. Lauslega áætlað er talið að kostnaðurinn við endurnýjun samningsins nemi allt að 290 millj. kr. að meðtaldri viðgerð á húsinu, endurnýjun húsbúnaðar og leigu bráðabirgðahúsnæðis meðan á viðgerð stendur. (**SvG:** Er það fyrirframleiga í 100 ár?)

Þá er það Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Lagt er til að 3 millj. kr. verði veittar til Þróunarsamvinnustofnunar til að greiða áfallinn kostnað hennar vegna sjúkraflugs frá Afríku til Íslands með einn af starfsmönnum hennar sem var í bráðri lífshættu.

Þá er komið að landbrn. en þar er lagt til að veittar verði 7 millj. kr. til yfirdýralæknis vegna byggingar krufningarstofu við Tilraunastöðina að Keldum. Hún er mikið notuð af dýralæknum sem þar starfa enda er aðgangur að slíkri aðstöðu undirstaða greininga vegna búfjársjúkdómavarna.

Embætti yfirdýralæknis óskaði eftir fjárframlagi til að standa undir hluta embættisins við þessa byggingu. Þó að framkvæmdir séu á forræði tilraunastöðvarinnar er embætti yfirdýralæknis veitt þessi fjárveiting til þess að undirstrika skýran rétt starfsmanna embættisins á aðgengi að krufningarstofunni vegna vinnu við búfjársjúkdómavarnir.

Þá er komið að Jarðasjóði og Jarðeignum ríkisins, en farið er fram á 100 millj. kr. framlag til Jarðeigna ríkisins. Að öllu jöfnu eru eignakaup jarðeignanna viðskiptafærð þannig að þegar kemur til greiðslu vex skuld stofnunarinnar við ríkissjóð eftir því sem eignakaup eru umfram jarðasölu. Á undanförnum árum hefur safnast upp skuld á viðskiptareikningi Jarðasjóðs hjá ríkissjóði vegna jarðakaupa umfram jarðasölu og nemur sú skuld nú um 50 millj. kr. Óvíst er að jarðasala næstu ára muni jafna viðskiptaskuldina. Þá þurfa að eiga sér stað lögbundin kaup Jarðeigna ríkisins á eignum ábúenda á Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu sem keyptar voru á matsverði samkvæmt samningi frá mars 1991. Ætla má að skuldbinding jarðeignanna vegna þessara jarða sé um 100 millj. kr. en greiðslur fara ekki að fullu fram fyrr en samið hefur verið um ábúðarlok. Mikilvægt er að ábúðarlögum, nr. 64/1976, og lögum um Jarðasjóð, nr. 14/1997, verði breytt á þann veg að mat á eignum við ábúðarlok á ríkisjörðum taki mið af markaðsverði í stað þess mats sem nú er unnið eftir.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lagt er til að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði hækkað um 59 millj. kr. til viðbótar við þær 25 millj. kr. sem var gert ráð fyrir í frv. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að markaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi verið vanmetnar um 21 millj. kr. vegna ársins 1997. Þá fórst fyrir að gera ráð fyrir 38 millj. kr. lokauppgjöri vegna ársins 1996.

Þá er komið að Sjúkratryggingum en allmargar stofnanir heilbrrn. eiga við rekstrarerfiðleika að etja. Þar af eru níu stofnanir sem unnt er að koma á réttan kjöl með þjónustusamningi innan ramma fjárlagafrv. 1998. Til þess þarf 77,8 millj. kr. framlag í fjáraukalögum 1997 og er lagt til að orðið verði við því.

Þessar stofnanir eru: Hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn, hjúkrunarheimilið Hornbrekka á Ólafsfirði, hjúkrun-

arheimilið Hulduhlíð á Eskifirði, hjúkrunarheimilið Lundur á Hellu, hjúkrunarheimilið Sólvangur í Hafnarfirði, Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða á Reykjalundi, heilsugæslustöðin í Ólafsvík, heilsugæslustöðin í Laugarási og heilsugæslustöðin í Hafnarfirði.

Tekið skal fram að útborgun fjárveitinga í fjáraukalögum 1997 til framangreindra stofnana er háð því að náðst hafi samkomulag milli heilbrrn. og viðkomandi stofnunar um meginþætti þjónustusamnings, umfang rekstrar og fjárveitingar á árinu 1998. Áhersla er lögð á að því verði lokið á næstu dögum og vikum þannig að útborgun geti átt sér stað fyrir árslok 1997.

Ég hef nú þegar fjallað um þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til sjúkrahúsanna, um 200 millj. kr. Einnig er ætlunin að veita 4 millj. kr. til að endurgreiða að fullu skuld vegna D-álmu við sjúkrahús Suðurnesja til samræmis við samning þar um.

Þá er lagt til að veita aukafjárveitingu á rekstrarhagræðingarlið heilbrrn. en með henni verði ráðuneytinu heimilt að verja allt að 2 millj. kr. til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu Krýsuvíkursamtakanna, en málefni samtakanna hafa verið til meðferðar í fjárln. bæði vegna fjáraukalaga og fjárlagagerðar fyrir árið 1998.

Þá er komið að útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum en gerð er tillaga um 60 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta ýmsum útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum 6. gr. fjárlaga, en útgjöld vegna þeirra heimilda eru jafnan háð talsverðri óvissu við setningu fjárlaga.

Þá er komið að ýmsum verkefnum undir samgrn. Gert er ráð fyrir tillögu um 5 millj. kr. fjárveitingu til flugminjasafns að Hnjóti. Í frv. til fjárlaga er lagt til að millifæra 4,5 millj. kr. af fjárlagalið 472 Flugvellir vegna safnsins og er þetta viðbót við þá fjárhæð. Ætlunin er að ljúka uppsetningu á grind og klæðningu svonefnds Vatnagarðaflugskýlis sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Þá er komið að liðnum: Ýmis orkumál. Þar er kveðið á um að 50 millj. kr. verði veitt til niðurgreiðslu á rafhitun. Það er ætlunin að veita þetta fjármagn til að eyða þeirri hækkun húshitunarkostnaðar eða rafhitunar sem var boðuð og hefur verið boðuð um næstu áramót.

Lagt er til að 3,6 millj. kr. viðbótarframlag verði veitt til þess að aðstoða litlar hitaveitur úti á landi sem eru í skuld við ríkissjóð. Styrkur til þeirra nemi þá 8,4 millj. kr. alls, en áður var búið að veita 5 millj. kr. til þessa verkefnis í fjáraukalögum 1996 og færðist sú upphæð til þessa árs. Farið er fram á 3,4 millj. kr. viðbótarstyrk auk 0,2 millj. kr. kostnaðar við vinnslu þessa verkefnis.

Sett verður í fjáraukalög 5,3 millj. kr. framlag til tækniaðstoðarsjóðs Íslands við Endureisnar- og þróunarbanka Evrópu. Bankinn hefur gert samning við tvo íslenska rekstrarráðgjafa um gerð framkvæmdaáætlunar við endurskipulagningu öflugs sjávarútvegsfyrirtækis í Vladivostok í Rússlandi.

Þá leggur fjárln. til að veittar verði 3 millj. kr. á viðfangsefninu 139 Mengunarslys, undir umhvrn., vegna strands saltflutningsskipsins Eriks Boye árið 1992. Grípa þurfti til aðgerða til að koma í veg fyrir umhverfisskaða og féll kostnaður á heimamenn. Hluti útlagðs kostnaðar fékkst greiddur af útgerð skipsins en eftir standa um 3 millj. kr. og er lagt til að þessi upphæð verði gerð upp.

Þá er komið að liðnum: Veiðistjóri. Þar leggur meiri hluti fjárln. til að veittar verði 1,5 millj. kr. til veiðistjóra vegna refaveiða. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að ríkissjóður endurgreiðir fasta upphæð sem er annars vegar 3.500 kr. á hvern fullorðinn ref sem er veiddur og hins vegar 800 kr. á hvern yrðling. Greiðslur ríkissjóðs eru helmingur af þeim kostnaði sem greiða á þeim sem veiðir dýrið og eru fyrst og fremst miðaðar við það að greitt sé til skotveiðimanna sem viðkomandi sveitarfélag hefur gert samning við um veiðar og er greitt samkvæmt framlögðum skýrslum viðkomandi sveitarfélags. Með brtt. sinni leggur fjárln. til viðbót við núverandi fyrirkomulag til að koma til móts við sveitarfélög þar sem nauðsynlegt er talið að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir tjón af völdum refa. Ef fyrirséð er að kostnaður við veiðarnar verði viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega erfiður þá getur viðkomandi sveitarfélag leitað til embættis veiðistjóra áður en gripið er til aðgerða og farið fram á viðbótarþátttöku ríkisins í viðkomandi aðgerð. Eins og áður er sagt er lagt til að veita 1,5 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að mæta þessu.

Þá er lagt til að 1,5 millj. kr. verði veittar Náttúrufræðistofnun Íslands vegna greiðslu fyrir hugbúnaðarleyfi.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir helstu brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur til en þær liggja fyrir á sérstöku þskj. Niðurstaðan sem nú liggur fyrir sýnir að þegar frá er talinn kostnaður sem var stofnað til í þeim tilgangi að lækka fjármagnskostnað ríkisins í framtíðinni, og ég gerði grein fyrir í upphafi, er um 2 milljarða kr. rekstrarafgangur hjá ríkissjóði á greiðslugrunni. Lagt var upp með áætlun um tekjuafgang upp á 124,3 millj. kr. en auknar tekjur gera það að verkum að afkoman er betri sem þessu nemur.

Það var í ljósi þessarar stöðu sem var ákveðið að leita heimilda til skuldbreytingar upp á 4 milljarða kr. til þess að bæta afkomuna í framtíðinni. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessari mynd þegar endanleg afkomutala upp á 1.922 millj. kr. halla er skoðuð. Það er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut að halda rekstri ríkissjóðs í jafnvægi og minnka fjármagnskostnaðinn og skuldabyrðina. Ég mun þó ekki fjölyrða um það markmið að sinni. Önnur umræða fjárlaga er fram undan og þá verður fjallað nánar um framtíðina og áformin fyrir árið 1998 og tengsl ríkisfjármálanna við efnahagsþróunina.

[18:16]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 frá minni hluta fjárln. Nál. er á þskj. nr. 441. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs komust fulltrúar minni hlutans að þeirri niðurstöðu að tekjur ríkissjóðs væru vanáætlaðar um 1–2 milljarða kr. miðað við þær þjóðhagsforsendur sem fjárlagafrumvarpið byggðist á. Þá dró minni hlutinn í efa réttmæti þeirra forsendna og taldi þær ekki í neinu samræmi við þau umsvif og væntingar sem greina mátti í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Niðurstaðan samkvæmt þessu frumvarpi til fjáraukalaga er að tekjurnar voru vanáætlaðar um 4,7 milljarða kr. Rétt er að bæta því við að ástæðan er auðvitað sú að forsendur stóðust ekki eins og minni hlutinn benti réttilega á.

Minni hlutinn gagnrýndi harðlega ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á gjaldahlið fjárlaga 1997 og þá sérstaklega handahófskennd vinnubrögð við fjárveitingar og niðurskurð í heilbrigðismálum. Það var deginum ljósara að afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins jók aðeins vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans

í þeim efnum hafa reynst rétt. Sparnaðarhugmyndir voru fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður þessa frumvarps sýna þar sem tillögur þess og breytingartillögur meiri hlutans nema nær 2 milljörðum kr. sem veita á til hinna ýmsu liða innan heilbrigðiskerfisins. Og enn er stór hluti vandans óleystur.

Þetta frumvarp sýnir því og sannar að ekkert var ofsagt í nefndaráliti og ræðum fulltrúa minni hluta fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga. Niðurstöður minni hlutans reyndust nær sanni en niðurstöður meiri hlutans og er það ekki í fyrsta sinn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi 4,7 milljörðum kr. umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir og verði þannig 130,9 milljarðar kr. Niðurstaðan er að allir tekjustofnar aðrir en vaxtatekjur skila tekjum umfram áætlun, en sérstaka athygli vekur góð afkoma fyrirtækja sem skilar sér í auknum tekjusköttum þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu aukast þó gjöldin enn meira en tekjurnar, og breytingartillögur meiri hlutans við gjaldahlið þess nema 949,2 millj. kr. Að þeim samþykktum verður því niðurstaða fjárlagadæmisins halli upp á tæpa 2 milljarða kr. í stað 124,3 millj. kr. tekjuafgangs sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Eins og fram kemur í greinargerð skipta þar mestu áhrif vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina sem ákveðin var á árinu. Sú ráðstöfun mun hafa í för með sér lægri vaxtagjöld í framtíðinni og verður hún því að teljast skynsamleg til lengri tíma litið. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að markmiðið um hallalaus fjárlög næst ekki á þessu ári sem margir vilja kenna við góðæri.

Minni hlutinn hefur ýmislegt við þessi útgjöld að athuga og ekki síst hvernig þau eru ákveðin. Í flestum tilvikum eru þær ákvarðanir teknar við ríkisstjórnarborðið og ekki beðið eftir samþykki Alþingis án þess að séð verði að það hefði ekki verið gerlegt. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, en framkvæmdarvaldið hefur heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á. Þar getur verið um óviðráðanlegar orsakir að ræða, svo sem náttúruhamfarir eða önnur ófyrirsjáanleg tilvik. Ráðherrum ber tvímælalaust að fara sparlega með heimildir til aukafjárveitinga. Reyndin er talsvert önnur eins og margsinnis hefur verið gagnrýnt og um það má nefna mörg dæmi í frumvarpinu.

Herra forseti. Í nefndarálitinu er ekki farið nánar út í þessa sálma, en ég tíundaði nokkur dæmi þegar þetta frv. var til 1. umr. Ég get t.d. ekki séð að hægt sé að flokka bifreiðakaup undir náttúruhamfarir eða óviðráðanlegar orsakir. Heldur ekki undirbúning að 1000 ára afmæli kristnitöku, sem er nú nokkuð síðan vitað var um. Heldur ekki heimssýningu í Lissabon. Margt er hins vegar þess eðlis að eðlilegt og nauðsynlegt er að taka á því í fjáraukalögum og sumir þessir liðir bíða sannarlega ákvörðunar Alþingis eins og vera ber, þ.e. að þessar upphæðir hafa ekki þegar verið greiddar svo allrar sanngirni sé nú gætt. Svo er um ýmis tilvik þótt hin séu satt að segja miklu fleiri og stærri.

Fjárlaganefnd hefur rætt við ráðuneyti og stofnanir og leitað upplýsinga um stöðu stofnana og verkefna. Á sumu er tekið í brtt. meiri hlutans en öðru ekki. Minni hlutinn gagnrýnir m.a. að of lítið er tekið á vanda framhaldsskólanna sem í nokkrum tilvikum er verulegur. Framhaldsskólarnir hafa undanfarin ár mátt sæta miklum flötum niðurskurði, sem þeir hafa átt misjafnlega erfitt með að ráða við, og nú blasir við sú staðreynd að uppsafnaður halli framhaldsskólanna er orðinn vel á annað hundrað milljónir króna. Slíkur aðbúnaður er ekki í samræmi við hástemmdar yfirlýsingar um nauðsyn þess að búa vel að menntun til framtíðar.

Enn sem fyrr er þó stærstur vandinn í heilbrigðiskerfinu. Eftir margra ára sífelldar kröfur yfirvalda um hagræðingu og sparnað er vandinn orðinn slíkur í flestum greinum heilbrigðisþjónustunnar að ekkert minna en stórátak dugir til úrlausnar. Svo hart hefur verið gengið fram að varla fyrirfinnst lengur nokkur heilbrigðisstofnun sem nær því að vera innan ramma fjárlaga og segir sig sjálft að við svo búið má ekki standa. Fyrir liggur að uppsafnaður halli þriggja stærstu sjúkrahúsanna í landinu er samtals um 800 millj. kr. í lok þessa árs. Að auki eru flest hin sjúkrahúsanna með einhvern halla, allt frá 4 upp í 18 millj. kr. sem er að sjálfsögðu mjög erfið staða hjá minni stofnunum. Þá er ekki minna áhyggjuefni að viðhald húsa og endurnýjun tækja hefur lengi setið á hakanum. Ástandið í þeim efnum fer sífellt versnandi, og verður afar kostnaðarsamt að taka á þeim vanda. Sem dæmi má nefna Sjúkrahús Reykjavíkur sem er að verða háskalega illa farið þar sem viðhald hefur skort. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss er nær 400 millj. kr., en viðhald innan húss mun nema enn hærri upphæðum. Þannig mætti rekja fleiri dæmi því að víðast hvar blasir þörfin við og sums staðar er húsakosturinn í raun ekki boðlegur, hvorki sjúklingum né starfsfólki. Þetta er atriði sem hvílir væntanlega þungt á okkur öllum í fjárlaganefnd sem höfum séð aðstöðuna með eigin augum. Því miður er víða pottur brotinn, ótrúleg þrengsli og lélegar aðstæður, erfiðar fyrir starfsfólk og naumast boðlegar sjúklingum. Í sumum tilvikum verður ekki úr bætt nema með nýbyggingu en víða er þetta spurning um lagfæringar og eðlilegt viðhald. Langvarandi sparnaður í viðhaldi er óskynsamlegur og kemur fram í auknum kostnaði þegar til lengdar lætur. Minni hlutinn telur að gera þurfi áætlun til nokkurra ára um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir grotni ekki niður í hirðuleysi. Svo má raunar segja um ýmsar aðrar stofnanir sem ríkið ræður yfir en þarna er vandinn að mínu mati stærstur og brýnast að taka á.

Meiri hlutinn hefur ekki fallist á frekari fjárveitingar til stærstu sjúkrahúsanna en fram koma í frumvarpinu þrátt fyrir augljósa þörf og mikinn rekstrarvanda. Hins vegar er ætlunin að verja 200 millj. kr. til þess að taka á vanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en þeirra á meðal er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem er komið með 84 millj. kr. halla í lok þessa árs. Ég tek fram að það stendur að vísu ekki í nefndaráliti meiri hlutans og kom ekki fram í máli hv. formanns fjárln. áðan að þessi pottur, sem við höfum kallað svo, væri til að taka á vanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en ég spurði um þetta á fundi fjrln. með fulltrúum ráðuneytisins, og vænti þess að aðrir hv. nefndarmenn geti staðfest að því var svarað svo að 200 millj. kr. væru til að taka á vanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni. Hvað varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, og þann 84 millj. kr. halla sem blasir við nú í árslok, er um nýjan vanda að ræða, þar sem fjórðungssjúkrahúsinu hefur allt þar til á síðasta ári tekist að halda sig innan ramma fjárlaga, og hefur notið mikillar virðingar fyrir það. Tæmandi upplýsingar liggja ekki fyrir um stöðu sjúkra húsanna utan Reykjavíkur, en reynt verður að afla þeirra fyrir 3. umr. og meta hvort áætlað framlag dugi til að mæta vanda þeirra. Rekstrarhalli Ríkisspítalanna er kominn upp í 385 millj. kr. í lok þessa árs og halli Sjúkrahúss Reykjavíkur nemur 322 millj. kr. í árslok. Þessar hallatölur eru raunverulegar og ekki tilkomnar vegna óráðsíu. Það er

almennt viðurkennt að starfsfólk sjúkrahúsanna hefur lagt hart að sér og náð miklum árangri við erfiðar aðstæður á undanförnum 5–10 árum. Göngudeildarþjónusta hefur verið efld, aðgerðum hefur fjölgað, legutími styst, hjúkrunarþyngd aukist, sjúklingum fjölgað á hvern starfsmann og lyfjakostnaður sjúkrahúsa lækkað. Þennan árangur ber að viðurkenna og horfast í augu við að lengra verður ekki gengið án þess að illa bitni á þeim er síst skyldi, þ.e. sjúklingunum sjálfum. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að fjárþörf vegna hallareksturs þriggja stærstu sjúkrastofnananna í landinu verði mætt að fullu svo að þær geti byrjað nýtt ár með hreint borð.

Minni hlutinn leggur því fram nú við 2. umr. brtt. um framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna. Þessar tillögur eru á þskj. 442. Minni hlutinn áskilur sér einnig rétt til að styðja einstakar tillögur meiri hlutans til breytinga, en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frv. Undir nefndarálitið rita, auk mín, hv. þm. Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Ég hef lokið við að mæla fyrir þessu nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar og sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það. Nefndarálitið og brtt. á þskj. 442 segja allt um það hvar okkur finnst brýnast að taka til hendinni.

[18:30]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu síðasta ræðumanns vil ég koma að nokkrum atriðum varðandi það að hún taldi að viðhaldi væri mjög ábótavant á mörgum sjúkrahúsum. Það er rétt en einnig ber að geta þess sem gert hefur verið á mjög skömmum tíma. Ég minni á þær endurbætur sem gerðar hafa verið á Landakoti fyrir 120 milljónir á þessu yfirstandandi ári og gjörbreyta þar allri aðstöðu. Ég minni á að gjörgæslan á Ríkisspítölunum hefur verið endurbyggð. Skurðstofur á Landspítala hafa verið endurbyggðar og kvennadeildin endurbætt mjög. Tökum barnadeildina á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem er tveggja ára gömul deild og hjartadeild á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem var endurbyggð fyrir ári síðan. Ég held að menn verði að halda þessu til haga. Margt hefur verið gert. Ekki má gleyma endurbótum á sjúkrahúsum úti á landi og af því sessunautur hv. þm. kemur frá Norðurl. v. þá ætla ég að minna á það sem hefur verið gert þar. Á Hvammstanga hefur sjúkrahúsið nánast verið endurbyggt frá grunni. Á Blönduósi er ný langlegudeild og á Sauðárkróki er verið að endurbyggja endurhæfingu. Ég vil að þetta komi hér fram vegna þess að það mátti skilja svo að ekkert hefði verið gert. Fjármagn til sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur sem betur fer aukist. Það jókst árið 1996 og 1997 og áætlað að það aukist 1998. Við erum að tala um 600 milljónir á fjáraukalögum til heilbrigðismála og tillögur eru um 300 milljónir á fjárlögum fyrir utan það sem áður hefur verið lagt fram.

[18:33]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. sér svo sannarlega um að halda því til haga sem gert hefur verið. Það breytir því ekki að ástandið er mjög alvarlegt einmitt vegna þess að viðhald hefur verið látið drabbast niður. Það gengur ekki að koma hér og hæla sér af þessum málum eins og ástandið er. Til þurfa að koma viðhaldsframkvæmdir við Sjúkrahús Reykjavíkur, upp á meira en milljarð króna til þess að þar sé sæmilegt ástand. Brýnustu viðhaldsframkvæmdir á Landspítalanum eru metnar á 113 millj. kr. og svona mætti fara hringinn í kringum landið og ég hef ekki minni áhyggjur af ýmsum minni stöðum. Ég get nefnt Hólmavík sem dæmi og gæti raunar farið hringinn í kringum landið og bent á það sem þarf að gera. Það er staðreynd að þó eitthvað hafi nú verið gert, þó það nú væri, þá er ástandið mjög slæmt. Ég endurtek það sem fram kemur í nál. minni hlutans að þörf er á að gera áætlun um viðhald sjúkrastofnana í landinu.

[18:34]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg ekki úr því að víða er úrbóta þörf. En mér finnst rétt að halda því til haga sem vel er gert. Víða horfir til verulega bóta varðandi ýmsar sjúkrastofnanir. Og af því hv. þm. kom að því í ræðu sinni áðan að þrengslin væru mikil á þessum stofnunum þá er í fjárlögum næsta árs gert ráð fyrir að hafist verði handa við barnaspítala sem mun gjörbreyta ástandinu. Þá eykst rými mjög verulega á Ríkisspítölum þannig að menn sjá víða bjartara fram undan. Mér finnst rétt að vekja athygli á því að á næsta ári verður opnuð líknardeild sem er ný þjónusta og við það mun einnig aukast rými á sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu. Þetta finnst mér að megi koma fram hjá hv. þm. þegar þeir tala um ýmislegt sem að gera þarf úrbætur á. En það er búið að gera stórátak á stuttum tíma.

[18:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þjónar kannski engum tilgangi að við komum hér upp til skiptis, önnur segi að gert hafi verið átak og hin segi að gera þurfi átak. Ég verð því miður að hryggja hæstv. heilbrrh. með því að mér finnst það sem hún hefur verið að tíunda hér ekki lýsa neinu stórátaki. Þörfin er gríðarlega mikil, viðhald hefur verið látið drabbast niður og ég sný ekki aftur með það. Ég held að hæstv. heilbrrh. ætti að hlusta á það sem hér er sagt til varnaðar. Þegar hún gagnrýnir að ekki sé tíundað það sem vel er gert þá er augljóst að hún ætlar að sjá um þá hlið málanna. Það má ekki benda á að eitthvað vanti einhvers staðar í heilbrigðiskerfinu þá kemur hún upp, les þessa þulu og ég held að við séum farin að kunna hana bara ágætlega.

[18:37]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég fagna því sem vel hefur verið gert í heilbrigðiskerfinu en ég harma hvernig staðan er í þeim hryggilega líkama sem líkja mætti við hró, ekki eldri en hann er og þyrfti að gefa almennilega kröftuga vítamínssprautu. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um Ingibjörgu?)

Herra forseti. Ég tel rétt að vekja athygli á því að ég leyfði mér að láta vera að tala við 1. umr. um fjáraukalög. Af hverju skyldi það nú hafa verið? Jú, ég taldi það nægjanlegt að félagar mínir, í minni hluta fjárln., bentu á nokkrar staðreyndir um það hvernig tekju- og útgjaldaspá minni hluta fjárln. stóðst langtum betur en áætlanir reiknimeistara fjmrn. og hæstv. fjmrh. Það er þannig með svona mál þar sem allt kjöt vantar á beinin og kemur nú æ betur í ljós með röngum áherslum í heilbrigðismálastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég kalla það falsáætlanir, hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., að leggja fram tillögur um niðurskurð þegar menn vita að á annan milljarð vantaði í fyrra í fjárlög. Margsinnis var það sagt hér í þessum ræðustól, það var margsagt á fundum og því var mótmælt af hæstv. ráðherrum. Við þetta er ekki hægt að

búa. Menn eiga að viðurkenna staðreyndirnar og eins þau vandamál sem þarf að fást við. Ekki hefur strandað á minni hluta fjárln. eða stjórnarandstöðunni að vilja vinna í þessum málum.

Það er ekki hægt að skera niður þar sem fitulagið er horfið. Það var ekki tímabært að ræða þessi fjáraukalög eins og þau voru þegar þau voru lögð fram og ég tók ekki þátt í því vegna þess að þá þegar vissu menn að inn vantaði tillögur um 400–500 millj. Mín skoðun er sú, herra forseti, að vafasamt sé að leggja fram frv. og mæla fyrir þeim þegar hvert einasta mannsbarn veit að framlögð gögn standast ekki og eiga eftir að taka miklum breytingum í meðförum nefnda og Alþingis. Það hefur reyndar ávallt verið svo um fjáraukalagafrv. að það hefur tekið miklum breytingum og stundum hrikalegum breytingum. Kannski er ekki hægt að segja það nú þó við bætist liðlega tveir milljarðar. Liðlega tveir milljarðar bætast nú við frá 1. umr. til 2. umr. og eitthvað á eftir að koma í viðbót. Það hafa einhverjir samningar verið í gangi um launamál — er það ekki? Hafa ekki læknar, þroskaþjálfar og einhverjir fleiri aðilar verið að gera samninga um launamál? Ætli það eigi ekki eftir að breyta einhverju — ja, ég veit það ekki, örugglega um 300–500 milljónum. Ætli það eigi ekki eftir að bætast við. Mér finnst það trúlegt. Hvernig eru þessar breytingar gerðar? Þær eru þannig gerðar að fyrst ræðum við um fjáraukalögin eins og þau eru lögð fram þó þegar sé ljóst að þau atriði sem frv. fjallar um hefðu getað verið meðfylgjandi fjárlagafrv. Nú er ég að tala um fjárlagafrv. fyrir 1997. Þegar það var samþykkt lá þegar fyrir að upp á vantaði þær tillögur sem menn vissu að kæmu. Það er hluti af þeim tillögum sem við erum að ræða núna. Menn vissu nákvæmlega að það mundi vanta 500–800 milljónir til þess rétt að fleyta sér yfir árið. Þetta var 20. desember í fyrra, þetta var ljóst en samt vantaði þetta inn í frv. Hvers vegna? Vegna þess að það þarf að sýna góðar tölur, fá góða útkomu, hæstv. fjmrh. Það er málið. Afkoma ríkissjóðs var 1,2 milljörðum lakari en ætlað var. En mín skoðun er einfaldlega sú að þær heimildir sem verið er að gefa í fjáraukalögum eigi að falla niður séu þær ekki nýttar.

Ef ég ræði um þessa framkvæmd við gerð fjáraukalaga þá held ég að hún hafi verið að batna en þessar upplýsingar um hafnar og óhafnar heimildir gefa til kynna að það séu inni óhafnar heimildir upp á 1,1 milljarð. Ég tel hreinlega að þar sem ekki er búið að gera grein fyrir notkun á fjárlagatillögum þá eigi bara að fella þær niður. Það er einfalt mál.

Það er ástæða til að benda á að lántökur ríkissjóðs eru um 75% á árinu. Í fjárlögum var veitt heimild til lántöku að 12,5 milljörðum kr. Auknar lántökur eru vegna tekjuhalla upp á 1,2 milljarða kr. í auknar afborganir vegna tekinna lána, 4,6 milljarðar vegna innlausnar spariskírteina og því til viðbótar voru veitt lán til Húsnæðisstofnunar upp á 3,5 milljarða. Lánsfjárþörfin er því 22 milljarðar kr. í stað 12,5 milljarða. Mín skoðun er sú að allt þetta hafi verið fyrirsjáanlegt. Það var fyrirsjáanlegt í lok desember í fyrra að í stað 12,5 milljarða í lánsfjáráætlun þá þurfti í kringum 20 milljarða.

Þetta gátu menn séð strax og hefði auðvitað átt að vera í fjárlagafrv. En þá hefði myndin verið öðruvísi en menn vildu sýna hana og það er svo sem ekkert við því að segja. Ég vil bara kalla það feluleik af gamalli hefð en ekki af nauðsyn. Það væri ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að breyta þessum vinnubrögðum. Hið fyrirsjáanlega á að vera inni í fjárlagafrv. hvers árs. Og við umræðu sem á eftir að fara hér fram um fjárlög er fyrirsjáanlegt að það þarf að lágmarki, að setja 600–700 milljónir inn í heilbrigðiskerfið. Ég bara nefni það núna að síðla á næsta ári — við skulum segja í október — þá verður það komið í ljós að til viðbótar við þennan 300 milljóna pott sem verið er að gera tillögu um núna fyrir árið 1998, mun vanta 600–700 milljónir bara til að ná endum saman. Þetta veit ég að hv. formaður fjárln. gerir sér manna best ljóst vegna þess að síðan ég fór að vinna í fjárln. hafa aldrei legið fyrir gleggri upplýsingar um stöðu þessa málaflokks sem mestu ræður hjá okkur, þ.e. heilbrigðiskerfisins. Það er það sem mestu ræður. Það hafa aldrei verið betri eða meiri upplýsingar um stöðuna enda geta menn fjallað um hana alveg hiklaust og reiðilaust og ætti að geta verið sátt um það sem þarf að laga.

Ég vil vitna, með leyfi forseta, í athugasemdir Ríkisendurskoðunar til fjárln. um frv. til fjáraukalaga þar sem segir m.a. um gjöld:

„Fjárlög 1997 og frv. til fjáraukalaga veita gjaldaheimildir að fjárhæð 131,9 milljarðar kr.“ sem er 6,9 milljörðum hærri heimild en fjárlög 1997 áformuðu eða sem nemur 5,5% og það er veruleg tala í fjárlögum íslenska ríkisins. Til viðbótar er í frv. til fjáraukalaga annars vegar sótt um þá gjaldaheimild sem ég var að ræða um áðan að fjárhæð 1,1 milljarður kr. vegna flutnings frá fyrra ári og síðan er sótt um nýjar heimildir að fjárhæð 6,9 milljarðar kr. vegna ársins 1997. Af þessari upphæð er áætlað að flytja 1,1 milljarð kr. milli ára. Mér finnst það ekki rétt. Það á aðeins að flytja þær fjárheimildir milli ára sem útgjaldatilefni er til fyrir. Þar hygg ég að við getum verið sammála, ég og hv. formaður fjárln., ásamt og með flestum þeim sem hafa verið að sýsla um þessi mál.

Ég vitnaði í samanburð gjalda og um heimildir. Um er að ræða 6,3 milljarða 1. nóvember og þá voru ekki öll kurl komin til grafar. Það eru fróðlegir listar um þá aðila sem hafa ekki nýtt fjárheimildir og þá sem eru umfram og lagt er til að fái umframheimildir. Oft er um að ræða aðila sem höfðu gert grein fyrir fjárþörf við fjárlagagerð en var hafnað en fá síðan frammúrkeyrsluna bætta. Ég spyr: Er það þetta sem við eigum að vinna eftir? Það er fróðlegt að skoða hvaða stofnanir það eru sem sem eru með umframgreiðslur í lok september þegar eftir eru þrír mánuðir af árinu. Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu er komin 13% fram úr þá þegar. Það er hægt að skoða fleira. Í dómsmrn. er húsnæði og búnaður sýslumanna kominn í 110% 1. september. Það er líka fróðlegt að skoða að Vinnumálaskrifstofan var komin í 222%, rúmlega 100% fram yfir heimildir 1. september. Það er líka fróðlegt að sjá að ýmis lán ríkissjóðs og vextir sem ég var að fara yfir áðan eru komin í 105% 1. september. Það verður líka fróðlegt að sjá hver staðan er núna við áramót. Hana höfum við ekki. Ég vona satt að setja að þetta versni ekki mikið.

Fleiri eru með umframgreiðslur. Kvikmyndaskoðunin var í 135,9%, Listdansskólinn var í 150,4%, Veiðimálastofnun var í 176%, Fasteignir ríkissjóðs voru í 129% og Flugvellir í 226%. Svo er ýmislegt í þessu plaggi sem sýnir fram á að þetta voru stofnanir sem höfðu sótt eftir fjárveitingum en var hafnað og þegar árinu er lokið kemur í ljós að þær þurftu peningana til að standa undir því sem þeim var ætlað. Það er þetta sem er að og þarf að laga við fjárlagagerðina.

Herra forseti. Ég hef verið að ræða um fjáraukalög og það sem birtist í þeim. Það er fróðlegra hvað ekki er sagt og ljóst er að gífurlegur vandi er í heilbrigðiskerfinu. Fjárskortur er

að lágmarki 1,2 milljarðar. Rekstrarfjárvandi næsta árs er a.m.k. 600 millj. kr. og ég spái því að til viðbótar við þann pott upp á 300 millj. kr. þá þurfum við 600 millj. kr. Ég bið menn að hafa þetta hugfast því ég hygg að þetta verði alveg hárrétt. Viðhaldsþörfin í heilbrigðiskerfinu öllu er um það bil 1,5 milljarðar kr. Það er miðað við þær áætlanir um viðhald sem fjárln. hefur undir höndum. Eins og kom fram hjá hæstv. heilbrrh. er aðeins gert ráð fyrir 600 millj. til úrbóta. Lögð var fram 320 millj. leiðréttting og til viðbótar 80 millj. vegna ýmissa stofnana sem ég er ekki með til að telja upp en ég tel að þar hafi verið gengið til svokallaðra þjónustusamninga. Ég tek undir þá aðgerð og vona að menn séu að stíga þar rétt skref. Síðan koma til viðbótar 200 millj. sem er gert ráð fyrir í tillögum meiri hlutans. Alls var spáð fyrir 600 millj. kr., hæstv. heilbrrh., á síðasta hausti að vantaði og meira til. Það kemur líka í ljós. Ef tillögur minni hlutans eru skoðaðar kemur í ljós að 1,2 milljarðarnir sem ég nefndi oftar en einu sinni úr þessum ræðustól í fyrra var hárrétt tala. Í fyrra vantaði 1,2 milljarða og það var fyrir utan viðhald. Hvað er hún orðin núna?

Sjúkrahúsum á landinu, stórum og smáum, eru ætlaðar 200 millj. kr. til að fást við þann gífurlega vanda sem þau búa við vegna hallareksturs. Ég nefndi áðan að ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kjarasamningum sem hafa verið gerðir nýlega og það á eftir að leiðrétta. Ég vona að það verði gert fyrir utan þessar tölur sem ég hef verið að nefna og ég trúi að svo verði enda sé ég að hæstv. heilbrrh. tekur undir það og kinkar kolli.

Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni var ekkert af þessum hækkunum ófyrirséð við fjárlagagerð síðasta árs heldur er það vilji ríkisstjórnarinnar. Hver er hann? Hver skyldi vera vilji ríkisstjórnarinnar? Hvað er hægt að lesa út úr þessu? Það er verið að reka sveltistefnu gagnvart heilbrigðiskerfinu. Þess vegna er ég að segja að þessar gjörðir sem ég er að reyna að lýsa séu feluleikur til að geta sýnt á pappírum betri stöðu en hún raunverulega er. Alls er verið að hækka frv. vegna fjáraukalaga um 949,2 millj. til viðbótar við þær tölur sem ég hef áður nefnt. Útkoman úr þessu dæmi er 1.922,1 millj. í halla vegna ársins 1997. Þetta eru horfurnar. Ég tel að það vanti a.m.k. 500–600 millj. til að stoppa í það gat sem er núna vegna ársins 1997 til viðbótar við þær 200 millj. sem menn eru að láta einhverja stýrinefnd deila út og gera tillögur til hæstv. heilbrrh. sem á svo að blessast af fjárlaganefnd. Ég vil halda þessu til haga til að láta vita um að við erum með allar tölur og jafnvel fleiri tölur á borðinu en hæstv. heilbrrh. um þessi mál því heita má að við höfum fengið upplýsingar frá hverri einustu sveitarstjórn á landinu um lítinn og stóran vanda þeirra.

Þær tillögur sem ég hef verið að ræða staðfesta að fjármálastjórnin okkar er því miður óviss og laus í böndunum, ekki nema óraunveruleg fjármálastjórn nema að því leyti að segja má að rekin sé nokkurs konar sveltistefna. Heilbrigðiskerfislíkaminn er að verða hró sem þarf að gefa deyfilyf og er verið að gefa deyfilyf, eins konar morfín, svo hann hjari í stað þess að taka garminn í skipulega endurhæfingu eða fyrirbyggjandi viðhald. Kannski væri ágætt að nefna það fyrirbyggjandi viðhald. Það þarf vítamíngjöf, það þarf áætlun, hæstv. heilbrrh., til þriggja eða fjögurra ára svo hægt sé að herða skrokkinn. Hann er ekki gamall en hann hefur búið við ósæmileg kjör og svelti í of langan tíma og ekki síst síðustu árin vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnar hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar. Staðan er þannig að stóru spítalarnir í Reykjavík hafa efasemdir um að raunhæft sé að fara í sameiningu. Þetta kemur fram á pappírum. Miðað við núverandi ástand er fjárskortur hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur 471 millj. kr. miðað það sem áætlað er á næsta ári. Ef ég nefni Ríkisspítalana er hægt að taka kannski langtum stærri tölu en uppsöfnuð fjárvöntun Ríkisspítalanna verður í árslok 1998 872 millj. kr., þar af er uppsafnaður halli 385 millj. kr. Hvernig ætla menn að leysa þetta? Gert er ráð fyrir 520 millj. fyrir árið 1997 og síðan 80 millj. kr. vegna þjónustusamninga við hjúkrunarheimili og heilsugæslustöðvar. Það er alveg ágætt að það sé gert en heildarvandinn sem blasir við í rekstri, í viðhaldi og tækjakaupum í heilbrigðiskerfinu, hæstv. heilbrrh., nemur 2,6 milljörðum. Óleystur vandi er því nú við 2. umr. fjárlaga um 2 milljarðar en bráðavandinn er um það bil 1 milljarður ef reiknað er með að þær stofnanir sem hér er um að ræða geta dregið með sér mánaðarveltu. Kannski er ekki óvarlegt að reikna með því að stofnanir geti dregið með sér mánaðarveltu en um er að ræða 2 milljarða vanda og 1 milljarðs bráðavanda.

Allar stofnanir á landinu eru í einhverjum vanda. Þær sem hafa sloppið yfir árið 1997 horfa fram á halla á næsta ári. Ég get nefnt t.d. Sjúkrahúsið á Patreksfirði sem er með rekstrarvanda upp á hátt í sjöundu millj. og horfir í alvarlegan vanda ef ekki á að bæta úr þeirri neyð. Ég vona að það verði gert og bætt um betur á milli 2. og 3. umr. Ég treysti því að hæstv. heilbrrh. beiti sér fyrir því að setja fjármuni inn í kerfið milli umræðna þannig að komið verði í veg fyrir vandann sem við er að etja og fólksflóttann sem er í kerfinu. Ég nefni bara stöðuna eins og hún er. Á Grensásdeildinni er hluti af húsinu lokaður en á sama tíma ætla menn að fara af stað með endurhæfingarstöð suður í Kópavogi. Mér er sagt að ástæðan fyrir því að Grensásdeildin sé ekki rekin af fullum krafti sé að ekki sé hægt að ráða starfsfólk. Getur verið að það sé auðveldara að ráða starfsfólk suður í Fossvogi en á Grensásdeildina? Ég skil ekki þessar ráðstafanir. Ég skil sumar ráðstafanir engan veginn eins og verið er að gera tillögur um í þessu kerfi. Þess vegna legg ég til að menn fari heildstætt í þetta með einhverjum aðila sem gerir raunverulegar tillögur, ekki með nefnd fyrir hvern spítala og ótal nefndir og ráð út um allt kerfið sem eru með misvísandi tillögur. Það þarf að taka miklu betur á því.

[19:00]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einkum eitt atriði sem mér fannst gæta örlítils misskilnings á í ræðu hv. þm. Það var um launamálin en eins og honum er kunnugt erum við í fjárln. að fjalla um tillögur um aukin útgjöld vegna kjarasamninga, m.a. lækna og þroskaþjálfa fyrir næsta ár. Sá kostnaður fellur ekki til nema að mjög litlu leyti á þessu ári en vissulega er það rétt hjá hv. þm. að næsta ár munu verulegir fjármunir falla til vegna þessara mála.

Varðandi óhafnar heimildir er að venju tekin afstaða til þess í lokafjáraukalögum, hvaða heimildir stofnanir fá að draga með sér yfir á næsta ár. Vissulega er rétt ef heimildirnar eru ekki notaðar og ef það er mat fjmrn. og fjárln. að ekki sé þörf fyrir fjárveitingarnar þá á vissulega að fella þær niður en það geta auðvitað verið ástæður fyrir því að heimildir eru óhafnar.

Það er rétt að miklar upplýsingar liggja fyrir um heilbrigðiskerfið og við höfum reynt eftir föngum að kynna okkur ástand þeirra mála og að draga að okkur upplýsingar um ástandið í heilbrigðiskerfinu. Ég held að góður grund-

völlur sé fyrir því að ganga til samninga um þessi mál við sjúkrahúsin og það er gott fyrir báða aðila að semja um umfang starfseminnar þannig að það ljóst sé fyrir stofnanirnar (Forseti hringir.) að hverju þær ganga og ljóst hvað fjárveitingavaldið ætlar að láta í hverja stofnun.

[19:02]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég hef farið eitthvað geyst í ræðu minni um launamálin var þar vissulega átt við árið 1998 eins og formaður nefndi réttilega. Þar er um mikinn vanda að ræða sem ekki er farið að gera ráð fyrir. Þess vegna hlýtur það koma í fjárlagatillögum en ekki fjáraukalagatillögum og ekkert er óeðlilegt þó menn fari að blanda einhverju saman þegar vinnudagurinn er frá u.þ.b. kl. 8 á morgnana og fram til kl. 1 um nótt og svo byrjað aftur næsta morgun og það er sitthvað verið að ræða, fjárlög og fjáraukalög, og þá er nú kannski hætt við að eitthvað slái saman í viskustykkinu á manni. En við erum sammála um þau atriði sem lúta að óhöfnum tillögum og óhöfnum fjárveitingum. Ég tel að það eigi að fella það niður þar sem ekki er gerð grein fyrir útgjaldatilefni. Menn eiga ekki að hafa þann möguleika á stofnunum ár eftir ár til að flytja á milli til að geta ráðstafað þessu þegar þeim þóknast.

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég er ekki með langa ræðu um fjáraukalög er að það sem við erum að fjalla um eru gerðir hlutir og þess vegna er ekki ástæða til þess að halda langar ræður um þessi mál eins og þau eru. Það er þó lágmark að það sé staðfest, eins og hér hefur verið gert, að vandinn sem við erum að glíma við núna var fyrirséður að mestu leyti fyrir einu ári. Það er það sem skipti máli að þegar við afgreiddum fjárlög á síðasta ári að þá vantaði (Forseti hringir.) þær tölur, sem við erum að ræða núna, að mestu leyti inn.

[19:05]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra foreti. Ég vil aðeins bæta því við um óhafnar heimildir að ekki ber mikið á milli okkar hv. 5. þm. Vesturl. í þeim efnum. Það ber auðvitað að fella niður óhafnar heimildir ef ekki er ástæða fyrir því að hafa þær áfram. Hins vegar getur verið réttlætanlegt að færa heimildir á milli ára á þeim forsendum að stofnanir þurfi ekki að keppast við að eyða fjárheimildum sínum fyrir áramót vegna þess að þær fái ekki að færa til. Það þarf að ræða hinn gullna meðalveg í þessu eins og svo mörgu öðru.

Varðandi heilbrigðiskerfið er það alveg rétt að það er mikill vandi enda tók ég það fram í framsöguræðu minni en ég tel nauðsynlegt að fara samningaleiðina sem tillögurnar gera ráð fyrir enda sagði hv. 5. þm. Vesturl. að nauðsynlegt væri að taka heildstætt á málinu og ég tel að þær tillögur sem nú liggja fyrir beini málinu í þann farveg.

[19:06]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til 2. umr. frumvarp til fjáraukalaga íslenska ríkisins fyrir árið 1997. Upphaflega tillagan sem lá frammi til 1. umr. á dögunum gerði ráð fyrir auknum útgjöldum ríkisins umfram tekjur umfram það sem gert var ráð fyrir á fjárlögum 1997 að upphæð 1.097 millj. kr. En fljótlega varð ljóst að þar var mjög vanáætlað og er að mínu mati enn þó nærri 1 milljarður hafi bæst við frv. meðan það var í meðferð hjá hv. fjárln. bæði að frumkvæði ráðuneyta og hv. fjárln. Þó eru hvergi nærri öll kurl komin til grafar og hætt við að ýmsar stofnanir sem treysta á tekjur frá ríkinu verði áfram að dragast með uppsafnaðar skuldir svo nemur mjög íþyngjandi upphæðum.

Svo ég víki fyrst að stofnunum sem heyra undir menntmrn. þá blasir fyrst við vandi framhaldsskóla sem á undanförnum árum hafa mátt sæta allmiklum flötum niðurskurði sem þeir réðu ekki nándar nærri allir við og nú blasir við sú staðreynd að uppsafnaður halli framhaldsskóla frá undanförnum árum er á annað hundrað millj. kr., þ.e. 130 milljónir miðað við síðustu áramót sem var dregið af framlögum þessa árs og má því nærri geta að auðvitað réðu fæstir skólarnir við þá stöðu.

Á bls. 48 í frv. til fjáraukalaga er listi yfir stöðu nokkurra framhaldsskóla um sl. áramót og kemur þar fram að t.d. einn menntaskólanna í Reykjavík hafði þá keyrt fram úr um 23 millj. kr. Það geta verið fullkomlega eðlilegar ástæður fyrir þessari stöðu svo sem mikil veikindaforföll meðal starfsfólks skólans á undangengnu ári og fleira getur komið til. En mér sýnist eiga að ganga mjög skammt til að leysa fortíðarvandann hjá þessum ágætu stofnunum nú áður en þær taka upp nýtt kerfi til fjármögnunar á starfsemi sinni. Framvegis verður rekstrarkostnaður reiknaður út eftir svonefndu reiknilíkani sem ýmsir skólamenn hafa bundið miklar vonir við að muni bæta stöðu skólanna. Það er nefnilega aðeins lagt til í fjáraukalögum að búinn verði til 50 millj. kr. pottur sem ráðuneytið getur að geðþótta sínum úthlutað úr til þeirra sem best standa sig í að draga saman áfanga og draga úr námsframboði og minnka þannig gæði kennslunnar í skólunum, allt fyrir sparnaðinn. Það var ekki nákvæmlega þetta sem við þurftum á að halda í skólakerfi okkar, sem líður gróflega undir allt of mikilli miðstýringu, og því valfrelsi sem boðið var upp á í áfangaskólunum, og hefur vakið athygli víða um lönd, er nú ógnað í þeim skólum sem hafa lent í þessari afleitu stöðu. Þegar svo bætist við að hin nýju reiknilíkön, sem er nú verið að taka upp eins og ég ræddi áður, gera aðeins ráð fyrir greiðslum til skóla vegna þeirra nemenda sem taka próf en það tel ég einnig auka á hættuna að dregið verði úr valáföngum. Sérstaklega mun þetta koma illa út fyrir hina smærri áfangaskóla og vil ég t.d. nefna skólana á Húsavík, á Höfn í Hornafirði og fleiri slíka smærri skóla sem hafa staðið sig vel í að auka námsframboð úti á landsbyggðinni og við megum illa við að missa en það mun hins vegar gera þessa skóla að minna fýsilegum valkosti fyrir nemendur ef námsframboð þar verður mjög þröngt, býður ekki upp á nema brot af þeim sveigjanleika sem býðst í stærri skólum.

Á liðnum Menningarstofnanir er gert ráð fyrir að fjárheimild endurbótasjóðs menningarstofnana verði hækkuð um 33 millj. kr. eða sem nemur sömu upphæð og sérstakur eignarskattur skilar í ríkissjóðs umfram áætlun fjárlaga á þessu ári. Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári benti ég m.a. á að þessi liður væri mjög vanáætlaður og virðist það hafa komið á daginn þó eflaust hafi mikið verið látið ógert. Það er ekki vansalaust ef við látum þessar tiltölulega fáu menningarbyggingar hér á landi og flestar mjög nýbyggðar miðað við það sem þekkist hjá öðrum þjóðum hrynja yfir okkur vegna þess að viðhaldspeningarnir eru teknir í annað. Í þetta er áætlað að sérstakur eignarskattur renni en sá liður hefur síðan verið skertur verulega í hverjum einasta bandormi og virðist svo ætla að vera enn um sinn.

Á Háskóla Íslands er ekki minnst sérstaklega í fjáraukalagafrv. þó svo að forsvarsmenn háskólans telji sig hafa borið skarðan hlut frá borði að undanförnu og hafi borið sig illa,

m.a. í fjölmiðlum og í hátíðarræðum. Ég tel framtíð Háskóla Íslands tefld í tvísýnu með þeirri aðhaldsstefnu sem hefur verið fylgt. Þó er einn liður sem hafði fallið niður í fjárlögum en verið afgreiddur með lögum frá Alþingi 1993, 8 millj. kr., sem voru í raun stofnframlag rannsóknarnámssjóðs en af einhverjum ástæðum hafði fjárveitingin ekki verið afgreidd með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum til þessa og má segja að betra sé seint en aldrei.

Í utanríkismálakafla frv. vekur athygli að auk þess sem gert er ráð fyrir að verja töluverðum fjárhæðum til sendiherrabústaðanna í Washington og París er gert ráð fyrir 290 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta útgjöldum vegna húsnæðis sendiráðs Íslands í London. Af þeirri fjárhæð eru 230 millj. kr. vegna endurnýjunar á lóðasamningi sendiráðsins og 60 milljónir til viðhaldsframkvæmda. Þetta er hreint ótrúleg upphæð í umræddan lóðasamning og dettur manni ósjálfrátt í hug að e.t.v. mætti finna íslenska sendiráðinu í London, sem auðvitað er mjög mikilvæg stofnun, ekki skal hér dregið úr því, húsnæði á ódýrari stað og ætti það eftir sem áður að geta gegnt hlutverki sínu. Hv. formaður fjárln., 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, kom áðan með skýringar ráðuneytisins út af þessu atriði og taldi að eftir nákvæma athugun hefði ráðuneytið talið þetta besta kostinn í stöðunni. Ég verð að segja að ég á mjög erfitt með að trúa þeim skýringum, a.m.k. við fyrstu áheyrn — ég verð að fá að þreifa á því. Ég á mjög erfitt með að trúa því að það finnist ekki hagkvæmari lausn fyrir sendiráð Íslands í London en þetta. Við erum lítil þjóð og þurfum að gæta mikillar útsjónarsemi í utanríkisþjónustunni.

Það er í heilbrigðiskerfinu sem stærstur vandinn blasir við og þrátt fyrir að reyndar hafi verið nokkrar blóðgjafir, svo sem samkomulag stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík í haust, sem fylgdi umtalsvert fjármagn og svo þær 200 milljónir sem í fjáraukalögum er gert ráð fyrir að gangi upp í rekstrarvanda sjúkrahúsanna í landinu þá mun það duga skammt í þá hít sem blasir þar við en uppsafnaður halli þriggja stærstu sjúkrahúsanna í landinu er talinn munu nema um 800 millj. kr. í árslok.

Auk þess glíma flest önnur sjúkrahús í landinu við einhvern uppsafnaðan vanda og getur margra milljóna króna halli hjá lítilli sjúkrastofnun verið þungur baggi að bera. Þó er ekki gert ráð fyrir viðhaldi í þeim tölum sem hér hafa verið nefndar og er það þó ekki síður áhyggjuefni að þar hafa safnast upp verkefni í mörg ár og er úrlausn þeirra orðin mjög brýn. Aðeins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er áætlað að brýnasta viðhald utan húss muni kosta um 400 milljónir að ekki sé minnst á þau ósköp sem þarf að gera innan húss. Það er eiginlega krafa sem okkur finnst réttmæt og eðlileg að þær sjúkrastofnanir sem dauðveikt fólk leggst inn á haldi vatni og vindi en það mun ekki vera reyndin, t.d. á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Á sjúkrahúsum landsins er unnið mikið og gott starf sem við getum öll verið stolt af og starfsfólkið er margt hvert orðið langþreytt á að stöðugt er látið í það skína að einhver óráðsía sé í gangi og hægt sé að spara endalaust meira og meira. Það er skoðun mín að í flestu sé gætt ráðdeildar í rekstri sjúkrahúsa á Íslandi enda sýna samanburðartölur svo ekki verður um villst að sjúkrahúsin hér á landi eru ekki dýrari en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við heldur þvert á móti hagkvæmari.

Ég held að ekki verði undan því vikist lengur að taka heildstætt á vanda heilbrigðiskerfisins og ef það er ekki hægt að fá peninga til þess með öðru móti en hækka skatta þá þarf að hækka skatta. Það er t.d. sagt að skattar á fyrirtæki á Íslandi séu mun lægri en í nágrannalöndunum, e.t.v. má hugsa sér að hækka skatta á fyrirtæki og eyrnamerkja þá sérstaklega í þetta verkefni. Auðvitað þarf að gæta fyllsta aðhalds í rekstri og ég tel að það sé gert. Vegna þeirra vinnubragða sem hér er lagt til að verði viðhöfð varðandi þá nefnd fagaðila sem á af alvisku sinni að útdeila þeim fjármunum sem gert er ráð fyrir að gangi inn í sjúkrahúskerfið til að hjálpa stofnunum að rétta úr kútnum bæði í fjáraukalögum, þar eru 200 milljónir, og í fjárlögum næsta árs en þar eru 300 milljónir, þá set ég spurningarmerki við þau vinnubrögð sem ætlað er að viðhafa hér, að því er mér sýnist, til að þröngva sjúkrastofnunum til að grípa til tiltekinna aðgerða ef þau eiga að fá úthlutun. Með öðrum orðum svona æfing í hnjáliðamýkt sem við höfum stundum séð áður frá hæstv. ríkisstjórn. Allt of lítill pottur er búinn til og yfir hann settir nokkrir vitringar en á endanum ræður hæstv. ráðherra ferðinni. Þetta heitir að deila og drottna og mér finnst það ekki viðkunnanleg stjórnunaraðferð þótt hún virðist eiga miklum vinsældum að fagna um þessar mundir.

Að lokum vil ég svo minnast á það sem vel hefur verið gert og snertir mitt kjördæmi. Sólvangur er hjúkrunarheimili sem sinnir öldruðum hjúkrunarsjúklingum og hefur gegnum árin ávallt verið rekið innan ramma fjárlaga en á síðasta ári byrjaði það að safna halla og stefndi hann í 28 milljónir nú í árslok. Á þessu máli er tekið hér í frv. og ber að þakka það en þess má geta að Sólvangur hefur næstþyngstan stuðul umönnunar í landinu. Einnig hafa verið vanáætluð útgjöld Hleinar, heimilis fyrir heilaskaddaða, sem rekið er í tengslum við Reykjalund en þar er hjúkrunarþyngd einnig mikil og er útlit fyrir að uppsafnaður halli í árslok verði 15,5 milljónir og er áætlað að greiða hann upp og hækka rekstrargrunninn á næsta ári svo þar virðist vera komist fyrir horn og mér finnst þetta vera til fyrirmyndar og ég vildi sjá svona afgreiðslu á miklu fleiri stöðum.

Það ber að þakka það sem vel er gert og vissulega er tekið á ýmsum málum en maður hefði gjarnan viljað sjá það víðar í frv. sem liggur hér frammi til 2. umr.

[Fundarhlé. — 19:20]

[20:31]

**Útbýting þingskjala:**

Flutningur húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar, 345. mál, fsp. ÖS, þskj. 447.

Hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisbankanna, 344. mál, fsp. EKG, þskj. 446.

[20:31]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga vegna fjárlaga þessa árs og vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. og þær brtt. sem fluttar eru við frv.

Í fréttum Ríkisútvarpsins í kvöld var sagt frá því að lokahrina þingstarfa væri hafin og vakti fréttamaðurinn athygli á því að um mjög friðsælt þing væri að ræða og er vissulega ástæða til að taka undir það hér í kvöld að svo er. Það er ástæða til að þakka hv. þm. fyrir gott samstarf við það vandasama verk sem er að koma saman breytingartillögum við fjárlög, ég tala nú ekki um fjáraukalög.

En umræðan í dag og í kvöld lýsir ef til vill vel þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir í ríkisfjármálunum. Í

viðræðum hefur komið fram hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þeir hafa í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum krafist þess að skattalækkunaráform stjórnarflokkanna næðu fram að ganga, það ætti að standa við þau áform. Það er ánægjulegt að okkur stjórnarliðinu berist liðsinni frá stjórnarandstöðunni við að ná fram stefnumálum ríkisstjórnarinnar. En hvað þýðir þetta? Það þýðir auðvitað að ríkissjóður verður af tekjum, tekjur skerðast. Á sama hátt mótmælti stjórnarandstaðan áformum okkar um að lækka tiltekin framlög á grundvelli 6. gr. fjárlagafrv. og þess frv. sem hér liggur fyrir, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Um er að ræða svokölluð heimildarákvæði. Þetta þýddi, ef við yrðum við óskum og kröfum stjórnarandstöðunnar, aukin útgjöld hjá ríkissjóði. Síðast en ekki síst leggur stjórnarandstaðan fram brtt. við frv. til fjáraukalaga sem mundi leiða til útgjalda upp á 790 millj. kr. En á sama tíma er rætt um að ekki megi verða halli á ríkissjóði sem vissulega er ástæða til að taka undir og það hefur verið og er markmið okkar stjórnarliðsins.

Almenningur í landinu undrast þennan málflutning. Það er ástæða til að vekja athygli á honum við þessa umræðu. *Eins og ég sagði áður, herra forseti, gengur þetta ekki saman* og umræðurnar valda vandræðum margra við að skilja í hvaða átt er togað.

Það frv. og þær brtt. sem eru til umræðu fela í sér aukin útgjöld. *Fjárlög fyrir yfirstandandi ár gerðu ráð fyrir tekjuafgangi* á greiðslugrunni upp á 124 millj. kr. Samkvæmt frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir auknum tekjum upp á 4,7 milljarða kr. sem bæta stöðuna að sjálfsögðu og er afrakstur þess efnahagsbata sem vissulega hefur orðið í þjóðfélaginu. Hins vegar er um að ræða aukin rekstrarútgjöld upp á 2,9 milljarða til viðbótar þeim 4 milljörðum sem eru í auknum vaxtagjöldum vegna innköllunar á spariskírteinum ríkisins sem var nauðsynleg ráðstöfun til að endurskipuleggja lánsfjáröflun ríkisins og lækka vexti ríkissjóðs. Áætlaðar yfirfærslur sem verða heimilaðar til næsta árs eru 1,1 milljarður. Síðan eru brtt. meiri hluta fjárln., sem ég vil gera nokkuð að umtalsefni, upp á 949 millj. kr. Það verður því nokkur tekjuafgangur sem betur fer þegar litið er til þess hvað greitt er í vöxtum umfram það sem við höfðum áætlað og ég gat um áður.

Þau atriði sem ég vildi gera að umtalsefni eru að við gerum brtt. sem felur í sér 84 millj. kr. aukin framlög til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þarna er um að ræða uppgjör og ekki í raun sérstaka eða sjálfstæða ákvörðun um aukin framlög til jöfnunarsjóðsins heldur er um að ræða venjubundið uppgjörsmál. Í sambandi við þá brtt. vil ég gera að umtalsefni stöðu sveitarfélaganna. Staða sveitarfélaganna í landinu er vissulega mjög mismunandi. Ég vona að þessi viðbót í jöfnunarsjóðinn geti orðið til þess að þeim, sem fara með málefni sjóðsins, gefist færi á að taka á gagnvart þeim sveitarfélögum sem þurfa sérstaklega á því að halda. Nú er mér ekki ljóst hvernig stjórnendur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa hugsað sér að ráðstafa þessum fjármunum en eins og við þekkjum er um að ræða mismunandi framlög, tekjujöfnunarframlög og annað. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum hefur þróun í tekjum sveitarfélaganna orðið mjög mismunandi milli áranna 1996 og 1997. Áætlaður staðgreiðslustofn ársins 1997 er talinn hækka að meðaltali um 8,7% fyrir öll sveitarfélögin í landinu. Hækkunin hjá Reykjavíkurborg er 9,1% og væri ástæða til þess að hv. 12. þm. Reykv., sem hér er, eins og fyrri daginn og tekur þátt í umræðum, heyri þessa tölu vegna þess að tölurnar gefa vísbendingu um auknar tekjur milli ára. *Hins vegar er þetta er mjög mismunandi milli* sveitarfélaga. Í sveitarfélögunum á Reykjanesi t.d. hækkar þessi áætlaði staðgreiðslustofn, sem gefur vísbendingu um tekjur sveitarfélaganna, um 10,4% milli áranna 1996–1997. Í öðrum landshlutum, landsbyggðarkjördæmunum, er um mun minni hækkun að ræða. Það gefur augljósa vísbendingu um hversu mismunandi sveitarfélögin eru sett og ég vil vekja sérstaka athygli á því þegar ég ræði þessa brtt. sem varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Það mál sem hefur verið mest til umræðu í dag eins og fyrri daginn er málefni heilbrigðisstofnana. Í frv. til fjáraukalaga eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að bæta úr þeirri erfiðu stöðu sem sjúkrastofnanir hafa verið í. Gerðar eru tillögur um að Ríkisspítalarnir fái 154 millj. og Sjúkrahús Reykjavíkur 166 millj. kr. Það eru tillögur sem eru byggðar á samkomulagi sem var gert á milli ráðherra og borgarstjórans í Reykjavík, sem var afar mikilvægur samningur að mínu viti og mikilvæg tilraun til að ná tökum á því vandasama viðfangsefni sem rekstur spítalanna er.

Ég hlýt að vekja athygli á því að við höfum verið að auka fjármuni til heilbrigðiskerfisins, m.a. í því fjárlagafrv. sem *verður innan skamms til umfjöllunar. En samkvæmt þeim* brtt. sem meiri hluti fjárln. gerir til viðbótar því sem er í fjáraukalagafrv. er gert ráð fyrir, eins og hér hefur komið fram áður, að leggja tæplega 80 millj. í rekstur nokkurra hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva vítt og breitt um landið auk þess sem tillaga er um að leggja 200 millj. kr. til að koma til móts við uppsafnaðan vanda sjúkrastofnana utan höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að sérstök stýrinefnd fái það erfiða viðfangsefni að ganga til samninga við þessar sjúkrastofnanir og ná samkomulagi um rekstrarumsvif og úrbætur í rekstri þannig að þeir fjármunir sem þarna er um að ræða nýtist sem best.

Í umræðum í þjóðfélaginu og ekki síst á hinum pólitíska vettvangi er stöðugt og oftast talað um niðurskurð. Það er talað um niðurskurð á sjúkrastofnunum. Vissulega er vandinn við rekstur sjúkrastofnana ærinn, ég dreg ekki úr því. Við eigum við það að stríða að safnast hafa upp biðlistar vegna aðgerða sem erfitt er við að una. Engu að síður hefur verið gerð atlaga að því að draga úr þeim biðlistum með því að auka framlög til sjúkrastofnana en engu að síður verður að gera betur. Það er tilgangurinn með því ná öflugri tökum á rekstri sjúkrastofnana, að reyna að nýta fjármunina betur svo að meira verði úr og reyna að forgangsraða þannig að mikilvægustu verkefnunum megi sinna. Því nefni ég þetta að við í hv. fjárln. höfum upplýsingar undir höndum sem segja aðra sögu en þá að við höfum stöðugt verið að skera niður.

Samkvæmt upplýsingum um rekstur og þróun útgjalda spítalanna í Reykjavík þá hafa launaútgjöld hækkað á föstu verðlagi um 10,9% á árabilinu 1990–1996 og síðan hækkað frá þeim tíma. Lyfjakostnaður hefur lækkað um 8,8% sem er mjög mikilvægur árangur út af fyrir sig ef í því felst að lyf hafi lækkað en önnur rekstrarútgjöld hafa hækkað um tæp 4%. Samtals er þetta vegið meðaltal upp á 7,8% raunhækkun á þessu tímabili. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu vegna þess að stöðugt er talað um að við séum að skera niður. Menn gera ekki alltaf greinarmun á því að meiri fjármuni þurfi inn í kerfið og því að við séum að draga saman seglin.

Varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er svipaða sögu að segja. Að vísu er heldur minni raunhækkun á þessu tímabili, 6%, en hins vegar hefur niðurskurðurinn orðið á sjúkrastofnunum úti á landi. Þar er það þannig. Þetta vil ég draga fram því við liggjum oft undir ásökunum og átölum

út af því að ekki sé nóg að gert á stóru sjúkrahúsunum, sem auðvitað sinna mikilvægum verkefnum og ég undirstrika það. Staðreyndin er hins vegar sú að langflestar sjúkrastofnanir fyrir utan höfuðborgarsvæðið hafa fengið lægri framlög, svo verulega háum fjárhæðum nemur á þessu tímabili, nema einungis þær sjúkrastofnanir sem hafa verið að opna nýjar deildir eða auka sérstaklega starfsemi á grundvelli ákvarðana sem hafa verið teknar á Alþingi með byggingu þeirra stofnana.

Herra forseti. Þetta vildi ég draga sérstaklega fram. Það er nauðsynlegt að við gerum okkur glögga grein fyrir þessu viðfangsefni. Mat mitt er það að þær tillögur sem meiri hluti fjárln. leggur fram og fela í sér hækkun á framlögum til heilbrigðismála til viðbótar því sem kemur fram í fjáraukalagfrv. fyrir árið 1997, stuðli að verulegum umbótum og það sem er mikilvægast er að gert er ráð fyrir því að ná öflugri tökum á viðfangsefninu. Það er að sjálfsögðu af hinu góða og hljóta allir að fagna því.

Annað sem ég vildi nefna og gera að umtalsefni, herra forseti, er að meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að hækka framlög til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar. Þar er um að ræða 50 millj. kr. hækkun og það er til þess að vega upp þá fyrirsjáanlegu hækkun sem verður vegna ákvörðunar um gjaldskrárhækkun Landsvirkjunar. Við eigum við að etja verulega mikinn vanda vegna byggðaþróunar í landinu. Margt kemur þar til og er ekki hægt að finna eina ástæðu fyrir því en það fer ekkert á milli mála að meðal þess sem veldur tilflutningi fólks er að það leitast við að sækja þangað sem ódýrast er að lifa og þar vegur orkukostnaður heimilanna mjög þungt. Þess vegna hafa stjórnarflokkarnir lagt ríka áherslu á að reyna að draga úr orkukostnaði heimilanna og á undanförnum árum hafa verið settir töluverðir fjármunir í að lækka orkuverðið og það er gert með þessari tillögu.

Til að gefa hv. þm. aðeins hugmynd um hvað hér er um að ræða þá er það þannig að með Hitaveitu Reykjavíkur, sem er ein allra hagkvæmasta hitaveitan og feiknargott fyrirtæki sem sparar þjóðinni náttúrlega mikla fjármuni, mundi kostnaður við að hita upp 400 m hús í Reykjavík vera rúmar 52 þús. kr. á ári en mundi kosta 116 þús. kr. að kynda sama hús með olíu, og kostar á taxta Rariks, þeim niðurgreidda taxta, 86.700 kr. núna áður en nokkur hækkun hefði orðið. Þarna er um verulega mikinn mun að ræða og munar svo sannarlega um minna. Þess vegna hefur mjög víða verið reynt að ná í ódýrari orkugjafa og víða hefur það tekist úti um land og góðar og ódýrar hitaveitur eru reknar vítt og breitt um landið en vandi okkar hefur verið sá að raforkuverðið hefur ekki verið samkeppnishæft. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða og því gerir meiri hluti fjárln. þessa tillögu.

[20:52]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar rætt er um kostnað við sjúkrahúsin og fjárframlög til þeirra þá er það gjarnan gert án tillits til þess hvernig aðrir útgjaldaliðir í heilbrigðiskerfinu koma út. Sá niðurskurður sem hefur sannarlega átt sér stað á sjúkrahúsunum, þar sem sjúklingar eru látnir fara heim eftir stutta legu, biðlistar lengjast og menn bíða lengur eftir aðgerðum, þá kemur þessi sparnaður auðvitað fram á annan hátt. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að líta á útgjöld Tryggingastofnunar í heild og það er fljótlegt að sjá að kostnaður við útgjöld sjúkratrygginga æðir áfram, hækkar í sífellu vegna lyfjakostnaðar. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í frv. til fjárlaga: „Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 8.700 millj. kr. og aukast um 8,7% eða 700 millj. kr. í fjárlögum 1997." — Það eru nú hátt í 10% sem hv. þm. var að tala um. — „Þar af eru 330 millj. kr. verðbætur og 330 millj. kr. útgjöld umfram áætlun fjárlaga 1997. Helstu útgjöld umfram fjárlög árið 1997 eru 110 millj. kr. í lækniskostnað, 80 millj. kr. vegna sjúkraþjálfunar, 90 millj. kr. vegna ofáætlaðra sértekna, þar sem afsláttur af lyfjum féll að mestu niður frá síðustu áramótum. Loks stefnir lyfjakostnaður 50 millj. kr. umfram forsendur fjárlaga 1997." Ég held þess vegna og vil spyrja hv. þm. hvort ekki væri nær, þegar upp væri staðið, að reyna að rannsaka hvað þessi umbrot á sjúkrahúskerfinu, t.d. í Reykjavík, hafi haft í för með sér í sparnaði og líta þá til útgjalda Tryggingastofnunar ríkisins í heild.

[20:55]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. gat þess réttilega að gert er ráð fyrir töluvert auknum útgjöldum til tryggingamála. En ég var einungis að vekja athygli á útgjöldum til sjúkrahúsanna í Reykjavík í ræðu minni. Þar kom fram sú staðreynd að þar hefur ekki verið um niðurskurð að ræða heldur aukin raunútgjöld á tímabilinu 1990–1996. En vissulega hafa útgjöld tryggingakerfisins verið að aukast og það þekkjum við mjög vel af umfjöllun um fjárlög þessa árs, næsta árs og fyrri ára.

[20:56]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að minnast á var að það kemur auðvitað í sama stað niður hvar sparnaður eða eyðsla í heilbrigðiskerfinu og sjúkrahúskerfinu á sér stað. Það hefur einfaldlega sýnt sig að allt þetta brölt sem stjórnvald tróðu yfir höfuðið á sjúkrahúskerfinu hefur ekki haft neinn sparnað í för með sér og það er ósköp auðvelt að sanna það. Sá kostnaður sem kann að sparast kemur niður annars staðar og allt er þetta úr einum og sama sjóðnum. Ég hef ekki þær tölur núna hverju hefur verið veitt af fé til hagræðingar en það skiptir tugum ef ekki hundruðum milljóna. Ég held að þarna hafi verið farið afar vitlaust að og ekki hafi sparast neinar fjárhæðir við þetta og því síður hefur þjónustan batnað því þetta hefur auðvitað valdið miklum erfiðleikum hjá starfsfólki sjúkrahúsanna og ekkert haft í för með sér nema aukna eyðslu.

[20:57]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það með hv. 12. þm. Reykv. að ekki hafi orðið neinn árangur. Ég lít svo á að heljarmikill árangur hafi orðið í hagræðingu en hins vegar er alltaf spurning um hvernig til tekst þegar verið er að endurskipuleggja. En svo ég endurtaki aftur að inntakið í ræðu minni var að vekja athygli á því að við höfum verið að auka fjármuni til heilbrigðiskerfisins, við höfum ekki verið að skera niður. Vandi okkar liggur í því að við höfum ekki haft nægilega mikla fjármuni til þess að gera e.t.v. allt sem við hefðum þurft og viljað gera. Það er hið erfiða viðfangsefni. Einnig er það athyglisvert þegar kemur að þeirri umræðu í þinginu að leggja til stóraukin framlög í heilbrigðiskerfið, eins og við erum að fjalla um í dag bæði í brtt. hv. fjárln., þ.e. meiri hlutans, og einnig í frv. til fjáraukalaga eins og það liggur fyrir, þá fipast hv. stjórnarandstöðuþingmaður og fer að ræða um allt aðra hluti sem eru útgjöld almennt til tryggingakerfisins. Út af fyrir sig er það skiljanlegt en að öðru leyti get ég tekið undir með hv. þm. að hér er um mjög

erfitt og vandmeðfarið viðfangsefni að ræða og ég held að við skiljum það öll mætavel.

[20:59]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan ræða lítillega um fjárhagsvanda heilbrigðisþjónustunnar, einkum með tilliti til þess sem er að gerast í málum stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík en þó ætla ég að reyna að halda mig almennt við það hvernig við vinnum að málefnum heilbrigðisþjónustunnar.

Ég vil í upphafi vekja athygli á því og það ekki í fyrsta skipti hversu mér finnst umræða um jafnmikilvægan málaflokk eins og heilbrigðismál liggja oft hjá garði. En smærri hagsmunamál verða hins vegar að háværum umræðum. Mér finnst vera kominn tími til að Alþingi ræði um heilbrigðismál með meiri áherslu, stefnu og víðsýni en taki ekki flest mál upp í utandagskrárumræðum um afmörkuð efni eða eins og við gerum í dag og væntanlega um fjárlögin, í heildarumræðum um fjáraukalög og fjárlög. Það er þó ljóst að hv. Alþingi hefur ekki gefið formlegt samþykki sitt né rætt heilbrigðismál þannig að vilji þingsins sé skýr, að minnsta kosti hef ég ekki þá reynslu eftir mína setu á þingi. Hins vegar hefur af hálfu viðkomandi stjórnmálamanna og embættismanna verið unnið dyggilega að því að hlúa að þeirri stefnu sem þjóðin hefur að öllum líkindum ekki fylgt eða stutt samkvæmt könnunum undanfarinna ára um þessi mál meðal almennings. Þar hefur komið fram skýlaus vilji almennings um að heilbrigðisþjónusta eigi að njóta meiri forgangs. Hv. Alþingi hefur ekki látið í ljós skýran vilja sinn heldur hefur verið fjallað um heilbrigðismálin eins og ég minntist á áðan með eins konar plástrameðferð sem þykir nú ekki góð læknisfræði þegar um jafnaðþrengdan sjúkling er að ræða sem þessi málaflokkur er.

Enn ber frv. til fjáraukalaga merki þess að lítið hafi breyst í þessum efnum. Á sama tíma eykst miðstýring stjórnvalda og embættismanna. Gert er ráð fyrir því núna að leggja eigi til hliðar 200 millj. kr. í einn sjóð til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sjúkrahúsanna úti á landi. Þess ber þó að geta að uppsafnaður vandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík nemur nú rúmlega 400 millj. kr. og Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar rúmlega 84 millj. kr. Alls er um að ræða á þessum þremur stóru sjúkrahúsum um 500 millj. kr. í rekstrarvanda og á þá eftir að huga að öðrum sjúkrahúsum á landinu.

Ég vísa til komandi niðurstöðu fjárln. á fjárlögum ársins 1998 eins og vísað er til í nefndaráliti um frv. eða till. sem lagðar eru fram í dag þar sem áætlað er að leysa vanda allra sjúkrahúsa á landinu, eins og stendur í textanum. Þetta verður gert með því að leggja fjármagn í einn sjóð og þessi sjóður á að leysa vanda allra. Þá er spurt hvernig verði ráðstafað úr þessum sjóði. Fjármunum verður ráðstafað pólitískt með ákvörðun stjórnvalda, ekki formlegum vilja Alþingis, að því er virðist, hvað þá heldur þjóðarinnar. Nú skal stofna enn eina nefnd um nánustu framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ekki framtíðarmótun, nei, um nánustu framtíð. Hversu margar slíkar nefndir hafa starfað í einu eða öðru formi að slíkum málum? Hversu margar nefndir hafa fjallað um þau mál? Um sparnað, um heilbrigðisþjónustu í framtíðinni og svo framvegis? Forvitnilegt væri að fá svar heilbrrh. um fjölda þeirra nefnda sem starfað hafa, ekki í stjórnartíð hennar heldur fyrri stjórnar, og á undanförnum rúmum áratug. Forvitnilegt væri að fá svar heilbrrh. um fjölda nefndanna. Nefndin sem ætlast er til að fari í gang núna fær nafnið stýrinefnd. Kannski mætti nefna hana miðstýrinefnd? Varla, segir þá í áliti því þar eiga að koma fulltrúar með sérþekkingu á málefnum stærri og smærri sjúkrahúsa og skilgreina starfsvið einstakra heilbrigðisstofnana og semja um sérhverja þá þjónustu sem skal veita, styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit. Hér ætlar hv. Alþingi enn að opna dyrnar upp á gátt og gefa embættismönnum og sérfræðingum sem fram að þessu hafa mest og flest haft að segja um málaflokkinn, ekki bara tæknilegt heldur einnig pólitískt vald.

Hvað liggur svo bak við þá aðferð sem verið er að beita við úthlutun fjármagns? Ég spyr ekki eingöngu út frá hagsmunum Reykvíkinga heldur allra landsmanna en um helmingur sjúklinga á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík er ekki frá höfuðborgarsvæðinu heldur utan af landi eins og kallað er.

Ég vil halda því fram að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík séu þær stofnanir sem eru helst í skotmarki embættismanna. Embættismennirnir eru væntanlega líka sérfræðingarnir sem vísað er til enda eru þeir búnir að vinna dyggilega að þessum málum á undanförnum árum í Reykjavík og utan Reykjavíkur.

Ég hef oft á undanförnum árum, eins og flestir þekkja til, bent á nauðsyn þess að Alþingi hefði frumkvæði að umræðum um heilbrigðismál og mótaði stefnu þar um en umræðan hefur ekki farið lengra en í hástemmdar yfirlýsingar þegar allt er komið um kring og torfa fer að kyssa brott horfna heilbrigðisþjónustu, eins þegar Landakot og Borgarspítali voru orðnir nánast að veruleika.

Alþingi hefur í þeim umræðum sem fram hafa farið um starfsemi sjúkrahúsanna í Reykjavík stuðst við upplýsingar úr skýrslum ráðgjafa og sérfræðinga sem ráðnir hafa verið af stjórnvöldum og embættismönnum. Maður spyr í hvaða tilgangi. Er raunverulega verið að sýna fram á betri rekstrarmöguleika, þjónustugæði og afköst? Höfum við ekki sýnt fram á að afköst og gæði í íslenskri heilbrigðisþjónustu eru sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndunum?

Ég óska eftir því að Alþingi fái aðrar og nákvæmari tölur en þær sem við höfum verið með á undanförnum árum sem sýni okkur þá samsetningu sjúklinga sem er inni á sjúkrahúsunum, þá vinnu sem er í kringum hvern sjúkling fyrir sig, svo við getum farið að vinna vitrænna í þessum málum en verið hefur á undanförnum árum, og þegar ég segi vitrænna, er það að sjálfsögðu vitrænna að mínu mati.

Ég hvet til þess þegar við ræðum öðru sinni um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu og stefnumótun í heilbrigðisþjónustu að þá ræðum við ekki um sjóði eða potta sem við ætlum að nýta til að skamma úr í tóma sjóði sjúkrahúsanna — ef við nánast skömmtum ekki sjálf eða höfum ekki stefnu um á hinu háa Alþingi heldur viljum við og við munum ekki skammta frekara olnbogarými á þeim tíma til stjórnvalda eða embættismanna eða sérfræðinga ef við viljum hafa það svo — heldur að við tökum umræðuna upp með heildarsýn á þeim málum sem fram undan eru í heilbrigðismálum og við skoðum hlutina út frá því hvað þeir sem kusu okkur á þetta háa Alþingi vilja og við viljum gera sem fulltrúar almennings, við og bakhjarlar okkar, almenningur, viljum með þessi mál gera.

[21:07]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir talar jafnan af talsverðri þekkingu um þessi mál sem hér liggja undir sem lúta að verulegu leyti að heilbrigðismálum. Ég tók eftir því að hv. þm. kvartaði undan því að það skorti stefnu

um málefni sjúkrahúsanna og ég er henni sammála um það. Hún benti jafnframt á að gríðarlegar upphæðir standa út af, gríðarlegar upphæðir vantar til þess að sjúkrahúsin geti haldi uppi eðlilegri starfsemi. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur: Treystir hún sér til að standa að fjáraukalögum eins og þau líta út núna þegar fyrir liggur að ekki er gert ráð fyrir einni einustu krónu til sjúkrahúsanna í Reykjavík — sjúkrahúsanna sem hún hefur borið mjög fyrir brjósti, sjúkrahúsanna sem hún hefur haldið fjöldamargar ræður um nákvæmlega í þessum sal? Hv. þm. var reyndar með ákveðna tölu og sagði: Þetta er það sem vantar upp á. Ætlar þá hv. þm. að standa að samþykkt þessa frv.?

[21:09]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Ég vil gjarnan fá að svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Vera má að ég hafi á þeim skamma tíma, sem liðinn er frá því að fjárln. lagði frv. fram álit meiri hluta og minni hluta um framlög til heilbrigðismála, misskilið einhverja þætti. Í þeim upplýsingum sem ég kom með og mér sýndist vera er stefnan sú að á fjárlögum þessa árs og í þessum fjáraukalögum muni koma fram miklar umbætur til heilbrigðisþjónustunnar á komandi ári. Það er það sem ég treysti á. Hins vegar hvet ég allt hv. Alþingi og þá er ég ekki að beina orðum mínum einungis að samstarfsmönnum mínum í Framsfl. eða Sjálfstfl. heldur ekki síður til annarra þingmanna um að við tökum höndum saman og ræðum þessi mál á þeim grundvelli sem ég ræddi í ræðu minni. Þess vegna mun ég að sjálfsögðu standa að fjáraukalögunum. Hins vegar hvet ég menn til umræðna, ekki í utandagskrárumræðum heldur að fólk ræði heilbrigðismálin í heild sinni á næstunni. Það er það sem ég vildi gera, hæstv. forseti.

[21:11]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í umræðunum í kvöld en ég gat ekki orða bundist þegar ég fyrr á þessu kvöldi hlýddi á ræðu hæstv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. talaði eins og flest væri í góðu lagi í heilbrigðiskerfinu þegar staðreyndin er sú að heilbrigðiskerfið hefur sennilega aldrei verið í jafnlöku ástandi eins og núna. Því miður er staðreyndin sú að undir stjórn hæstv. heilbrrh. hefur mjög margt farið úr lagi.

Þetta er vandamál sem við stöndum öll frammi fyrir. Það er fjarri mér að ætla að það sé endilega vandi núv. ríkisstjórnar einnar að taka á málinu. Mér finnst hins vegar lítill mannsbragur á því að koma eins og hæstv. heilbrrh. gerir aftur og aftur og tína upp einhver smáatriði sem hún er að vinna hér og hvar þegar við blasir að ástandið er orðið verulega alvarlegt á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Ég tek þess vegna alveg undir það sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sagði áðan að menn þurfa auðvitað að gera eitthvað annað en setja stöðugt nýjar og nýjar nefndir í málið. Menn verða að fara að ræða þetta með tilliti til framtíðarinnar. Hvað ætla menn að gera? Hvað ætla menn t.d. að gera varðandi stóru sjúkrahúsin í Reykjavík? Aftur og aftur kemur fram að menn telja að verulegt hagræði væri að því að sameina þessi sjúkrahús.

Ég sjálfur hef í æ ríkari mæli hallast að því, bæði af fjárhagslegum orsökum og einnig faglegum sé rétt að íhuga hvort ekki eigi að steypa þessum tveimur stóru sjúkrahúsum saman. Það er nauðsynlegt að menn geri það af einhverju viti. Til þess að það sé hægt þarf málefnalega umræðu um kosti og galla þess. Sú umræða hefur t.d. aldrei farið fram á hinu háa Alþingi. Hæstv. heilbrrh. hefur ekki gert það síðustu árin svo ég viti til. Ég minnist þess ekki að hér hafi farið fram málefnaleg umræða um hvaða kostir fylgi því og hvaða gallar kunni að tengjast því að sameina stóru sjúkrahúsin. Hæstv. heilbrrh., sem á að hafa frumkvæði að umræðunni, hefur lítið lagt til þess. Ég bendi á að hæstv. ráðherra hefur til skamms tíma verið með tvær stefnur í því máli. Annars vegar heilsukjördæmin sem hún bar mjög fyrir brjósti og ræddi um í ein tvö ár að væri það sem hún ætlaði að koma í gegn á þessu kjörtímabili. Hún virðist nú hafa fallið frá því og ætlar í staðinn að freista þess að reyna að sameina spítalana á grundvelli skýrslu VSÓ. Ég tel að skýrslan, sem kom fram hjá VSÓ, verðskuldi fyllilega að menn ræði sameiningu spítalanna á þeim grundvelli. Ég er algjörlega klár á því að hægt er að finna að mörgu í henni. Bæði hafa læknar og aðrir sem tengjast sjúkrahúsunum fundið margt að skýrslunni. En ég hef lesið skýrsluna og ég get sagt að það er ýmislegt sem ég á erfitt með að trúa. En þegar virt ráðgjafafyrirtæki eins og þetta kemur og segir bókstaflega að hægt væri að hagræða sem nemur 520 ársverkum tel ég að það þurfi að fara fram umræða um það. Ég tel að sú umræða eigi vel heima innan þessara veggja. Hins vegar er líka alveg klárt að til þess að hægt sé að feta eða hnika því verki áfram þarf að ríkja sæmileg sátt um það mál. Það þarf að kveðja til það fólk sem vinnur á þessum spítölum sem þegar er í auknum mæli að vinna saman á ýmsum sviðum, það hefur komið aftur og aftur fram. En í staðinn eru vinnubrögðin þannig að þau eru alls ekki til þess fallin að hvetja þennan samruna, miklu fremur letja þau hann.

Ég tek sem dæmi Sjúkrahús Reykjavíkur sem auðvitað er nátengt Reykjavíkurborg og borgarstjórn Reykjavíkur. Þegar ríkisstjórnin féllst á samþykkt heilbrrh. um að fara í vinnuna á grundvelli ákveðinna niðurstaðna úr skýrslu VSÓ þá var það gert án þess að haft væri samband við Reykjavíkurborg. Þetta finnst mér vera ámælisverð vinnubrögð og mér finnst þess vegna þegar við höfum þetta gagn í höndunum sem getur hnikað þessu verki talsvert fram á við, að þá beri hæstv. ráðherra skylda til þess að vinna þannig að líklegt sé að einhver sátt náist um það. Ég tel hins vegar, eins og það verk fór af stað, að litlar líkur séu á því að nokkur niðurstaða komi í því máli. Og því miður er það þannig að við stöndum núna frammi fyrir sveitarstjórnarkosningum sem gera það að verkum að málið er viðkvæmt og enginn þorir að gera neitt. Og ári síðar er komið að þingkosningum og þá er það erfitt fyrir ýmsa aðra. Ég hefði talið æskilegt að reyna að fá miklu breiðari hóp til að vinna að þessu máli og fólk sem vinnur á báðum spítölunum.

Ég átti því láni að fagna að vera um daginn á fundi hjá Læknafélagi Íslands þar sem mér fannst koma fram miklu ríkari vilji til þess að kanna þessa leið heldur en ég hafði áður orðið var við og ég tel að ef hæstv. ráðherra hefði reynt að notfæra sér það þá hefði hún a.m.k. getað hnikað málinu betur áfram en núna. Mér sýnist það vera komið í strand.

Þegar hæstv. ráðherra kemur hér og talar eins og allt sé í lagi í heilbrigðisþjónustunni þá verðum við að gera okkur grein fyrir ákveðnum staðreyndum. Þessar staðreyndir eru eftirfarandi: Stóru spítalarnir hafa verið sveltir árum saman. Það er líka alveg ljóst í mínum huga og væri hægt að sýna fram á það að Sjúkrahús Reykjavíkur hefur borið skarðari hlut frá borði heldur en Ríkisspítalarnir. Það er mín skoðun. Mér finnst þetta allt saman lykta af því að verið sé að reyna svelta Sjúkrahús Reykjavíkur til sameiningar. Það finnst mér

einfaldlega vera röng aðferð. Þessi stöðugi niðurskurður hefur staðið yfir núna allar götur frá því í tíð fyrri ríkisstjórnar og ég dreg enga dul á það heldur. En við stöndum hins vegar frammi fyrir því núna að það er vaxandi góðæri í landinu og þá hefðu menn talið að hægt væri að snúa frá þessari braut. En í staðinn virðist skrúfan frekar vera hert. Við búum við það ástand núna á spítölunum að það er gríðarlegt álag á starfsfólki. Við erum í vaxandi mæli að missa frá okkur starfsfólk sem hefur mikla þjálfun, hefur mikla reynslu og er vel menntað vegna þess að menn hafa ekki lengur sálrænt úthald til þess að starfa við þessar aðstæður. Við vitum að það vantar á annan milljarð bara til þess að hægt sé að reka stóru spítalana í Reykjavík bærilega á næsta ári. Það kemur til að mynda fram í nál. frá meiri hluta fjárln. að þar gera menn sér grein fyrir því að fjárhagsvandi sjúkrahúsanna er mikill og það er lofsvert að meiri hlutinn segir það bókstaflega í sínu áliti, með leyfi forseta:

„Fjárhagsvandi sjúkrahúsa er mikill, hvort heldur eiga í hlut stærri sjúkrahús í Reykjavík og á Akureyri eða smærri sjúkrahús ...“

Síðan kemur að því undir öðrum lið að þar gægist fram hver vilji hv. fjárln. er. Þar segir einfaldlega að jafnframt verði í fjárlögunum 1998 ætlað fjármagn til þess að auðvelda lausn á vanda allra sjúkrahúsa í landinu. Þetta eru fögur orð. Þetta er góður vilji, en við höfum séð fjárlagafrv. og samkvæmt því vantar u.þ.b. 500 milljónir á annan spítalann og 400 á hinn. Andspænis þessu hlýtur maður að velta fyrir sér hvort það eigi virkilega að verða hlutskipti spítalanna enn eitt árið að vera ýtt út í enn frekari niðurskurð, enn frekari lokanir deilda og enn meira álag á starfsfólk sem hlýtur að leiða til þess fyrr en seinna að það verði að draga úr bráðnauðsynlegri þjónustu á þessum spítölum. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég sé þess þegar merki að kerfið er farið að trosna svo á saumunum að það er farið að leka.

Ég vek athygli á því að þegar við í heilbr.- og trn. fengum fulltrúa spítalanna til að ræða þessi mál þá bentu t.d. fulltrúar Ríkisspítalanna á það sem hæstv. heilbrrh. hefur alltaf neitað, að biðlistarnir hafa verið að lengjast. Þetta er ekki staðhæfing mín. Þetta er haft eftir fulltrúum Ríkisspítalanna í áliti sem meiri og minni hluti heilbrn. standa saman að. Þetta er ekki skoðun nefndarinnar. Þetta er sú skoðun sem kom fram hjá fulltrúum Ríkisspítalanna. Hvað þýðir það þegar biðlistarnir eru að lengjast eins og gerst hefur á allra síðustu árum? Það þýðir að menn eru teknir veikari en áður inn á spítalanna. Það þýðir að hlutfall bráðveikra sjúklinga eykst. Og það kemur einmitt fram að á síðustu árum hefur hlutfall bráðveikra sjúklinga aukist upp í 70%. Hvað þýðir það hins vegar? Hvað þýðir þetta álag á sjúkrahúsunum? Það þýðir að veltan í gegnum sjúkrahúsin er svo mikil, krafan um það að nýta sjúkrahúsplássin er svo mikil, að sjúklingarnir eru skemur á sjúkrahúsunum en áður og þeir fara út áður en þeir hafa náð fullri heilsu. Og hver er afleiðingin? Afleiðingin er sú að endurinnkomum stórfjölgar.

Í bréfi sem Ólafur Ólafsson landlæknir skrifaði hv. fjárln. kemur t.d. fram að á árunum 1986–1992 voru fjórir til tíu sjúklingar endurinnlagðir á hjartadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur á ári hverju áður en átta dagar voru liðnir frá útskrift. Nú eru þeir tæplega 80. Þetta hefur áttfaldast á nokkrum árum. Ef við lítum t.d. á lyflækningadeildina þá hefur þeim fjölgað á þessum sama tíma úr rúmum 60 á ári í 200 á ári.

Þetta eru mjög alvarlegar upplýsingar og þær ættu að gefa okkur öllum a.m.k. tilefni til að staldra við og spyrja hvort við séum ekki komin fulllangt í þessum niðurskurði. Ég segi þetta vegna þess að við erum að ræða hér m.a. um heilbrigðismál og ég vil nota þetta tækifæri til þess að segja að mér finnst að tími sé kominn til þess að stjórnarliðið og stjórnarandstaðan reyni einhvern veginn að vinna sig niður á stefnu til framtíðar um það hvað sé hægt að gera til að taka á þessum vanda vegna þess að ég geri mér alveg grein fyrir því að vandinn er svo mikill að jafnvel þó að ég kæmist skyndilega í ríkisstjórn á morgun þá mundi mér ekki takast að leysa hann. Ég held að höfum hérna frammi fyrir okkur einhvers konar skipulagsvanda innan heilbrigðiskerfisins sem er að verða að stóru faglegu vandamáli. Sú þróun sem við höfum séð á allra síðustu árum er í rauninni að búa til fleiri sjúklinga. Eftir því sem niðurskurðurinn er meiri á sjúkrahúsunum þá verða biðlistarnir lengri og þar af leiðir að þeir sem koma inn á spítalana eru í auknum mæli bráðveikt fólk og spítölunum liggur svo á að koma því út í samfélagið aftur að menn eru útskrifaðir áður en þeir hafa náð heilsu og það þýðir að þeir eru einfaldlega lagðir inn aftur. Þetta er eitthvað sem við hljótum að þurfa að skoða rækilega, herra forseti. Ég nota tækifærið til þess að vekja máls á þessu hérna vegna þess að mér finnst það ekki hægt af hæstv. heilbrrh. að koma hér aftur og aftur og tala eins og hún sé að vinna einhver stórkostleg afrek í heilbrigðisþjónustunni. Svo er einfaldlega ekki. Vitaskuld hefur hún góðan vilja og hún gerir sitt besta til þess að spila úr þeim fjármunum sem hún fær, en við stöndum bara frammi fyrir þeirri staðreynd að fjármunirnir sem eru reiddir fram til málaflokksins eru alls ekki nægir.

Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir spyr um stefnu. Ég spyr um stefnu. Og það er auðvitað eitt af því sem hæstv. heilbrrh. sætir gagnrýni fyrir, að hún hefur ekki lagt fram heildstæða stefnu í heilbrigðismálunum. Ég held að það sé partur af þessum vanda sem við erum alltaf að sjá aftur og aftur. Þetta er sama vandamálið. Við munum standa hérna á næsta ári að ræða nákvæmlega þessa sömu hluti vegna þess að stjórnvöld eru að ýta vandanum yfir á næsta ár. Þannig hefur þetta verið undanfarin ár. En það er ekki bara ég og það er ekki bara hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sem tala um skort á stefnu.

Hverjir eru það sem ættu að þekkja þetta gerst? Það eru auðvitað læknarnir. Og menn ættu að hlusta á þá og dómur þeirra er alveg skýr. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir þingheimi þær ályktanir sem bæði Læknafélag Íslands og Félag heimilislækna hafa sent frá sér fyrir tiltölulega skömmu. Það er ekki lengra síðan en í fyrri hluta september sem heilsugæslulæknar inntu hæstv. ráðherra eftir því hvort hún ætlaði sér að framkvæma þá stefnu sem hún hafði lagt fram til lausnar á mjög erfiðu verkfalli þeirra fyrir ári. Þegar þeir komu saman á fund í Borgarnesi 6. september þá var liðið liðlega ár frá því deilan var leyst, ekki síst á grundvelli ákveðinnar stefnu sem þar var lögð fram. En aðalfundur heimilislækna spurði: „Hvenær ætlar hæstv. ráðherra að framkvæma stefnuna?“ Og þeir bættu um betur og sögðu að ef það yrði ekki ráðist í að hrinda henni í framkvæmd innan skamms þá mundi heilsugæslan á landsbyggðinni hrynja. Þetta er ekki dómur minn. Þetta er dómur heilsugæslulæknanna.

Aðalfundur Læknafélags Íslands, sem yfirleitt hefur nú ekki verið stóryrt, samþykkti líka ályktun þar sem hann óskaði eftir stefnu vegna þess að það stappaði nærri upplausn innan heilbrigðiskerfisins. Ég held að við séum komin á þann punkt núna að við verðum að fá einhverja stefnu um

þetta. Ætlum við enn eitt árið að ýta þessum vanda fram á næsta ár og vita ekki hvernig við ætlum að taka á honum þá, vitandi að hann mun stækka og stækka alveg eins og þessar upphæðir sem við sjáum núna að vantar? Þær eru talsvert stærri en í fyrra og í fyrra voru þær stærri heldur en hitt árið. Svona vindur þetta upp á sig. Þess vegna segi ég að þetta er vandi okkar allra og einhvern veginn þurfa menn að ná samráði um það hvernig á að fara í að leysa þetta. Er ein lausnin sú til að mynda að reyna að sameina stóru spítalana á Reykjavíkursvæðinu? Ég held að það sé meira en einnar messu virði, alveg eins og París var forðum daga, að skoða það ofan í kjölinn. En hvar er vettvangurinn til þess að skoða það? Eru það ekki við þingmenn sem ættum að skoða það? Jú, við sitjum í fagnefndum en það er umhendis og jafnvel örðugt fyrir okkur vegna þess að við erum fyrst og fremst sett í nefndirnar til þess að véla um frv. og þáltill. sem koma frá þessu þingi og maður hefði vænst þess að fá e.t.v. þáltill. sem hefði að geyma stefnu í heilbrigðismálum til framtíðar til þess að Alþingi og fagnefndirnar, fjárln. og heilbr.- og trn., gætu fengið tækifæri til þess að fara í faglega umræðu um þetta mál. En það er það sem vantar. Og það mun vanta, herra forseti, meðan staðan er þannig að hæstv. heilbrrh. kemur hér í hverri umræðu sem um málaflokkinn er, og það liggur við að hún berji sér á brjóst, og segir að málið sé bara allt í góðu lagi af því hún er að gera alls konar sniðuga hluti úti um land og inni á spítölunum. Vandinn blasir samt sem áður við, ægistór, og stærri en áður og stefnuleysið verður stöðugt meira hrópandi.

[21:28]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að það þarf málefnalega umræðu um heilbrigðismál. Mér finnst satt að segja örlítið skorta á það hjá hv. formanni heilbr.- og trn. og fleirum því umræðan um heilbrigðismál, þegar ljóst er að framlag hefur verið aukið til þeirra síðustu sex árin og verið er að auka framlag um 600 milljónir á þessum fjáraukalögum og tillögur um 300 milljónir á næsta ári, snýst um niðurskurð. Mér er alveg ljóst að fjárþörfin er mikil enda stendur það í nál. meiri hluta fjáln. Hins vegar verð ég að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. formanns heilbr.- og trn. og ég vona að það hafi nú verið missögn að ekki væri króna í fjáraukalögunum til sjúkrahúsanna í Reykjavík því það eru 320 milljónir samkvæmt sérstökum samningi sem var gerður af rekstraraðilum þessa húss og undirskrifaður af borgarstjóranum í Reykjavík, fjmrh. og heilbrrh. þar var málið sett í þennan farveg.

Ég vildi nú ekki láta langt líða frá ræðu hv. formanns heilbr.- og trn. án þess að taka þetta fram, því ég vona að hann hafi mistalað sig um þetta eins og títt er í þessum ræðustól að hv. þingmenn mistala sig.

Varðandi heilsugæslulæknana, því það mál brennur nú auðvitað á Austurlandi, á mér til dæmis, þá eru mál þeirra í kjaranefnd eins og samið var um. Það hefur því miður dregist allt of lengi, óþolandi lengi, að hún skili áliti. En það er verið að byggja upp heilsugæslu hér í Reykjavík eins og var gert ráð fyrir í samningum við þá.

[21:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti, það kemur fyrir bestu menn að mistala sig, jafnvel misstíga sig í ræðustól, en það sem ég sagði og hv. þm. vitnaði til sagði ég nú ekki í þeirri ræðu sem hann var að veita andsvar við, heldur er hann kominn í andsvar við andsvar sem ég veitti hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur. Nákvæmlega út af þessu sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði, þá vil ég segja eftirfarandi: Það er rétt. Fjármagnið til heilbrigðiskerfisins er að aukast, á hverju ári, en vandinn eykst samt. Af hverju? Vegna þess að þjóðin eldist, henni fjölgar og ég gæti haldið svona áfram. Það sem ég var af veikum burðum að reyna að segja er að ég held að það þurfi á einhvern hátt að stokka upp þessa umræðu vegna þess að það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði að hún er orðin „stagneruð" og ófrjó. Hún felst í því að hann kemur upp og hrósar ríkisstjórninni og ég kem upp og ræðst á ríkisstjórnina. Vandinn heldur áfram að aukast og það sem vantar í þetta er einhver sýn. Ég er ekki að setja sökina alfarið á stjórnarliðana og ríkisstjórnina. En eitt af því sem ég var að reyna að segja áðan er að mér finnst að af hálfu framkvæmdarvaldsins vanti tilraun til að móta sýn og stefnu til lengri tíma. Mér finnst, eftir allar þær skýrslur sem hafa komið á síðustu missirum, sé kominn tími til að ríkisstjórnin reyni með einhverju móti að berja saman stefnu og leggja hana fyrir þingið til að þingið geti rætt hana, komið með sínar athugasemdir og til þess að fagnefndirnar geti t.d. farið í þessi stóru og erfiðu mál eins og hugmyndin um sameiningu sjúkrahúsanna er.

Ég held það sé nauðsynlegt að þingið komi einhvern veginn að því, en í dag er það lokað í einhverjum stýrinefndum sem stöku þingmenn fá aðgang að og sem meira að segja borgarstjórn Reykjavíkur þarf að slást fyrir að koma að þegar um er að ræða jafnveigamikið mál og Sjúkrahús Reykjavíkur er fyrir hana.

[21:33]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það þarf að fara fram umræða um stefnumörkun, verkaskiptingu sjúkrahúsa og það þarf að ganga í það verk að semja um umfang sjúkrahúsa, verkaskiptingu þeirra og það fjármagn sem á að fara til þeirra. Það er meiningin að setja kraft í þá vinnu og frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því.

Varðandi sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík þá er það alveg hárrrétt að um það þarf að fara fram umræða á vettvangi Alþingis í framhaldi af þeirri skýrslu sem kom þar um. Menn þurfa að vanda sig þeirri umræðu. Ég er þeirrar skoðunar að það verði ekki gert í einu vetfangi. Menn verða að vanda sig og fara í þá skynsamlegu verkaskiptingu og þá skynsamlegu samvinnu sem hægt er að taka upp nú þegar og taka síðan upp umræðu um það hvort skynsamlegt er að fara í sameiningu sjúkrahúsanna. Það er annar eigandi að Sjúkrahúsi Reykjavíkur og auðvitað þurfa ríki og borg að koma saman að þessu verkefni.

[21:34]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nákvæmlega þetta sem ég var að segja. Hv. þm. Jón Kristjánsson segir: „Það þarf að fá umræðu inn í þingið um þessi stóru mál, um stefnuna, til að mynda varðandi samþættingu sjúkrahúsanna." Ég held að það mál sé orðið það langdregið að nauðsynlegt sé orðið, ekki bara okkar stjórnmálamannanna vegna, heldur ekki síst vegna starfsfólks á sjúkrahúsum, að botn fáist í umræðuna. Það sé nauðsynlegt að draga fari að einhverri ákvörðun. Þau vinnubrögð sem hæstv. heilbrrh. hefur haft í málinu sem felast í því að rjúka með einhverja samþykkt inn í ríkisstjórn án þess að hafa samráð við annan eiganda annars sjúkrahússins, eru að sjálfsögðu ekki fallin til að auka, eigum við að segja, eindrægni um málið, herra forseti? Ég vil því fara þess á leit

við hv. þm. Jón Kristjánsson að hann tjáði þessa skoðun sem hann var með í ræðustóli mjög eindregið gagnvart hæstv. heilbrrh. Ég er viss um að hann gæti haft vit fyrir henni, því sannfæringarkraftur hans er talsverður, ef hann leggur á sig.

[21:36]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þótti hv. 15. þm. Reykv., formaður heilbr.- og trn., alveg ótrúlega kokhraustur í þessari umræðu þegar við lítum til þess að hann sagði að sjúkrahúsin væru svelt, að verið væri að svelta þau til sameiningar. Ef hægt er að tala um að einhvern tímann hafi verið gerð tilraun til að svelta sjúkrahús þá held ég það hafi nú verið í tíð hv. þingmanna Alþýðuflokksins í stóli heilbrrh. og við minnumst þess alveg sérstaklega frá árunum 1992 og 1993. Það var mjög erfitt að vera í ríkisstjórnarsamstarfi á þeirri tíð þegar verið var að draga saman seglin og breyta áherslum í sjúkrahúsarekstrinum, færa Landakot og Borgarspítalann saman. Þetta voru mjög erfiðar aðgerðir. Ég verð að viðurkenna að ég tel að það hafi komið fullharkalega og sennilega allt of harkalega niður á Borgarspítalanum. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. hvað það varðar. Hins vegar, þegar við lítum á sjúkrahúsin í heild, þá hefur verið um aukningu að ræða. Það hefur hallast verulega á og ég tel að líta þurfi til þess. Hins vegar má ekki gleyma einu. Hv. þm. nefnir það ekki. Við höfum verið að byggja upp hjúkrunarheimilakerfi um allt land, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum látið heilmikla fjármuni í hjúkrunarheimili og það skiptir mjög miklu máli. Aðalatriðið í þessari umræðu, herra forseti, er að meiri hluti fjárln. er að leggja fram brtt. sem byggja á því að við ætlum að stokka spilin upp á nýtt.

[21:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. rifjar það upp þegar Landakot og Borgarspítalinn voru sameinuð. Það var erfitt á þeim tíma. Ég er alveg sammála hv. þm. um það og það var talsvert sársaukafullt fyrir marga þá sem unnu t.d. á Landakoti. Nú eru menn í því, þegar nokkur ár eru liðin, að gera upp þessa reynslu. Ég er viss um að hv. þm. hefur eins og ég lesið greinar eftir mæta lækna sem störfuðu á Landakoti, sem lýsa því að þegar þeir horfa til baka þá hafi þessi sameining tekist mjög vel. Það er líka rétt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að líkast til var gengið fullharkalega að Borgarspítalanum. Ég ætla ekki hér að vera með einhverja sérstaka kokhreysti eins og hv. þm. segir. En mig langar að benda honum á að ein af þeim forsendum sem fyrri ríkisstjórn lagði fyrir þeirri sameiningu, voru framlög sem áttu að koma í tilteknar byggingar, m. a. skrifstofubyggingu og þjónustubyggingu við Sjúkrahús Reykjavíkur í Fossvogi, sem átti að kosta á þriðja hundrað millj. kr. Við höfum bent á það aftur og aftur, ár eftir ár, að það stendur upp á framkvæmdarvaldið að efna þetta loforð. Og þótt áhrif mín teygi sig bæði langt aftur og fram í tímann, herra forseti, þá er ekki hægt að ásaka mig eða mína venslamenn fyrir það að núverandi framkvæmdarvald hefur ekki staðið við þessi orð.

[21:39]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margt breyst og það er nú einhvern veginn þannig að það hafa verið að birtast stöðugt nýjar hugmyndir, nýjar tillögur um breyttar áherslur í endurskipulagningu sjúkrahúsakerfisins, þannig að hætt hefur verið við það í dag sem ákveðið var í gær. Ég held ekki að hægt sé að segja að við höfum svikist um, sérstaklega hvað varðar þessar byggingar við Borgarspítalann. Það sem ég held að skipti mjög miklu máli er að við þurfum að ganga mjög varlega til þess sem hv. þm. nefndi, þ.e. sameiningar sjúkrahúsa. Ég tel að við eigum að skoða alla möguleika til þess að okkur megi takast betur að reka þessar stofnanir. Þar tel ég að eigi að líta miklu frekar til sameiningar eininga, fremur en að hafa það sem einhver trúarbrögð að það eigi endilega að sameina og búa til eina sjúkrastofnun úr þessum stóru einingum. Hvers vegna, hv. þm., hæstv. forseti? Það er vegna þess að það hefur sýnt sig í þeim tölum sem fjárln. hefur fengið á sitt borð að hagkvæmni stærðarinnar kemur því miður ekki fram í sjúkrahúsarekstrinum á Íslandi og það er mikilvægt að átta sig á því.

[21:41]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend nú ekki hér í gervi Sáls sem var lostinn eldingunni og vissunni á leiðinni til Damaskus. Ég er enginn ofsatrúarmaður á þessa sameiningu. En ég ég sagði hins vegar að nauðsynlegt væri í ljósi þeirra upplýsinga sem komið hafa fram, eins og í skýrslu VSÓ, að fara í þessa umræðu. Það getur nefnilega vel verið að hv. þm. hafi rétt fyrir sér, að gera eigi þetta svona. En þingið þarf að geta komist að þessari umræðu einhvers staðar og það þarf að skapa vettvang fyrir hana. En það er ekki skapaður vettvangur fyrir hana. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. heilbrrh. heldur þessu máli frá þinginu. Hvers vegna? Vegna þess að hún er hrædd við kosningar, fyrst í sveitarstjórn og síðan í þinginu. Það er þess vegna sem þingið fær ekki að koma að þessu. En, herra forseti, lykilsetningin í máli hv. þm. var sú að það eru svo miklar breytingar núna, segir hann, í heilbrigðisgeiranum, að við erum í dag að hætta við það sem var ákveðið í gær. Staðfestir það ekki það sem ég er að segja um stefnuleysið? Ég ætla ekkert að „blammera" hæstv. heilbrrh. sérstaklega fyrir það, varaformaður fjárln. segir að verið er að hætta við það í dag sem var ákveðið í gær. Ég gæti ekki verið meira sammála honum. (**StB.:** Ég átti við það sem var ákveðið í Alþýðuflokknum.)

[21:42]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur margt verið rætt. Ræðum um stefnuna. Ræðum um héraðsstjórnirnar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., minntist á áðan. Er hann á móti eða með héraðsstjórnum? Ég hef lagt til að fækka stjórnum í heilbrigðisþjónustu og gera þær skilvirkari. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var í þeirri nefnd. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir var í þeirri nefnd. Hvað lögðu þau til í þeirri nefnd? Því svara þau sjálf. Staðreyndin er sú að við höfum verið að fækka stjórnum og gera þær skilvirkari. Við byrjuðum í Reykjavík. Hér er ein stjórn yfir heilsugæslunni. Síðan fórum við yfir til Vestfjarða og fækkuðum þar stjórnarmönnum í samvinnu við heimamenn og næsta stig er, í samvinnu við heimamenn á Austfjörðum, að fækka stjórnum og gera þær skilvirkari. Í dag eru einir 42 stjórnarmenn yfir heilbrigðisþjónustunni þar. Við erum að tala um að þeir verði sjö, og í samvinnu við það heimamenn leggja til. En ég hef ekki fengið aðstoð þessara hv. þm. sem hér töluðu um stefnuleysi áðan. Tölum um VSÓ-skýrsluna sem hér hefur verið til umræðu. Tölum um samhæfingu sjúkrahúsanna

á Reykjavíkursvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að við getum náð verulegum árangri með samhæfingu sjúkrahúsanna. (Gripið fram í.) Það höfum við sýnt t.d. með því að opna eina öldrunarlækningasjúkrahúsið á Landakoti fyrir bæði þessi stóru sjúkrahús. Þar höfum við sýnt árangur. Ég tel að við getum sýnt árangur varðandi fleiri einingar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að þessi ríkisstjórn væri að loka deildum. Er það rétt, hv. þm.? Við erum að opna deildir sem Alþýðuflokkurinn stóð fyrir að loka á sínum tíma. Ég nefni lýtalækningadeildina á Ríkisspítölum þessu til staðfestingar. Það hafa aldrei verið minni lokanir á sumartíma en á yfirstandandi ári. Þetta held ég að hv. formaður heilbr.- og trn. ætti að vita.

[21:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það ekki lágmarkskrafa sem hægt er að gera til hæstv. heilbrrh. að hún viti að minnsta kosti niðurstöðu grundvallarskýrslna og nefnda sem hún hefur sett á laggirnar? Hæstv. ráðherra innti mig eftir því hvað hefði komið út úr nefndinni sem fjallaði um heilsukjördæmin hennar. Getur það verið að hæstv. ráðherra viti það ekki sjálf? Mér skildist á máli hæstv. ráðherra að hún teldi til að mynda að ég hefði verið sammála þeirri niðurstöðu sem lá þar á borði en var aldrei formlega afgreidd. Það er rétt að fram komi að ég er henni algjörlega ósammála. Ég var algjörlega á móti þessum heilbrigðiskjördæmum. Ég er algjörlega á móti þeim og hef beðið eftir því í þrjú ár að fá tækifæri til að ræða það hér vegna þess að hæstv. heilbrrh. lofaði því aftur og aftur, barði sér á brjóst og sagði að þar kæmi stefnan fram. Ég er búinn að bíða eftir því í þrjú ár að fá að eiga orðastað við hana um þessa stefnu, en hún kemur aldrei fram. Hvers vegna? Vegna þess að heilbrigðisráðuneytið hefur ekki lengur trú á þessu. Vegna þess að nefndarmennirnir sumir sem um þetta fjölluðu urðu á endanum ekkert sammála þeirri stefnu sem hæstv. heilbrrh. lagði fyrir nefndina. Og dæmi um það hvað eitt rekur sig á annars horn þá er bersýnilegt að hæstv. heilbrrh. telur að þær hugmyndir sem hún lagði þar inn fari saman við niðurstöðu VSÓ-skýrslunnar. Hugmyndir hæstv. heilbrrh. gengu út á það að hafa eina stjórn í hverju kjördæmi. Hugmyndirnar í VSÓ-skýrslunni, meginhugmyndirnar, ganga út á að sameina sex spítala undir eina stjórn í þremur kjördæmum. Hvernig er þá hægt að hafa sérstaka stjórn í sérhverju þeirra kjördæma? Það sér hver maður að er ekki hægt. Þetta er ég búinn að reyna að benda hæstv. heilbrrh. á nokkrum sinnum, en það er eins og hún vilji ekki skilja þetta. Mér finnst það sé lágmark, herra forseti, að fyrst hæstv. heilbrrh. tekur þessar tvær nefndir og tvær skýrslur, og telur að það séu burðarásarnir í framtíðarstefnu hennar, að hún kunni þá glögg skil á þeim.

[21:47]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á ég að skilja hv. þm. þannig að hann sé á móti því að sameina stjórnir? Er hann á móti þeirri sameiningu sem hefur orðið á Vestfjörðum varðandi stjórnir heilbrigðisþjónustunnar? (Gripið fram í.) Er hann á móti þeim tillögum sem uppi eru um að sameina stjórnir heilbrigðisþjónustunnar á Austfjörðum? Var hann á móti sameiningunni sem var á Reykjavíkursvæðinu? Og það er alveg út í hött sem hv. þm. sagði áðan að þetta bryti í bága við þær hugmyndir sem koma upp í skýrslu VSÓ. Það er alveg út í hött vegna þess að skýrsla VSÓ gerir ráð fyrir því að hægt sé að gera þjónustusamninga við einstaka einingar. Ég held að þegar upp er staðið séum við ekki að rífast um stefnuleysi heldur mismunandi áherslur í stefnu.

[21:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti nú ekki von á því að niðurstaða þessarar umræðu yrði þessi. En hún er svona. Hæstv. heilbrrh. er enn þá með tvær stefnur uppi á borðinu í stærstu málum heilbrigðisþjónustunnar. Hæstv. heilbrrh. er enn þá uppi á borðinu með það sem hún kallar kjördæmastjórnirnar og líka þá niðurstöðu sem er hægt að lesa út úr skýrslu VSÓ. Þetta tvennt fer ekki saman. Það vita allir sem kynna sér þessi mál.

Af því hæstv. heilbrrh. spurði mig út í niðurstöðu þeirrar nefndar sem ég sat í, þá er rétt að fram komi að ég er á móti þeim meginhugmyndum sem hún lagði inn í farteski nefndarinnar og ég er á móti þeim meginhugmyndum sem virtust vera afurð nefndarinnar þegar hún var að ljúka störfum. En ég hef aldrei séð lokaskýrslu nefndarinnar. Ég veit ekki til að hún hafi verið undirrituð, að minnsta kosti aldrei af mér. Og ekki hefur verið óskað eftir mínu áliti sérstaklega á því. Það er ekki tími til að fara út í það. En ég tel t.d. að þær hugmyndir brjóti ákveðin grundvallarréttindi sjúklinga sem ég get ekki vikið frá.

[21:49]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um frágang ákveðinnar nefndar þar sem komu m.a. fram hugmyndir um héraðsstjórnir í héruðum landsins. Þessi nefnd lauk aldrei störfum. Hins vegar var gefið út plagg sem kom fram með samsuðu ýmissa hugmynda nefndarmanna til að skoða hug þeirra sem vinna í heilbrigðisþjónustunni og annarra sem tengdir eru heilbrigðisþjónustu. Þetta var hreinlega gert til þess að fara í eins konar hugarflug um það hvernig við viljum best koma að heilbrigðisþjónustunni. Hins vegar vil ég gjarnan beina máli mínu að ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég vil spyrja hvort skipulagsvandi sjúkrahúsanna í Reykjavík sé að verða að faglegu vandamáli og þá hvers konar faglegu. Er þetta ekki líka spurning um þjónustu við almenning, um aðstöðu og afstöðu almennings? Ég vil einnig spyrja hvort menn treysti því fyllilega að allt hafi komið fram í svokallaðri VSÓ-skýrslu sem erlendir ráðgjafar unnu að með VSÓ-mönnum — það voru erlendir sérfræðingar í heilbrigðismálum — hvort þessir sérfræðingar hafi haft nægilega þekkingu á íslenskum aðstæðum til að við gætum fyllilega komið fram með þá skýrslu og talað í nafni þeirrar skýrslu um þá stefnu sem við viljum hafa hérlendis í málefnum heilbrigðisþjónustunnar. Ég vil ítreka og benda á að við höfum staðist samanburð á flestum ef ekki öllum sviðum í heilbrigðismálum. Við höfum gert mjög góða hluti og aðhald og metnaður hefur verið okkar aðalsmerki, með samanburði að vissum hluta og samvinnu milli sjúkrahúsa. Þetta hefur hvatt fólk áfram gegnum tíðina og þess vegna hika ég þegar á að skella allri heilbrigðisþjónustu saman í eina heild.

[21:51]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sé það svo, eins og ýmsar skýrslur benda til, ég þori ekki að taka af skarið um það, eins og niðurstaða t.d. VSÓ-skýrslunnar bendir til að það sem kalla mætti óæskilegt skipulag í sjúkrahúsaþjónustunni hér á Íslandi tekur upp of mikið fjármagn á sama tíma og fjármagn skortir til að halda

úti æskilegri þjónustu, þá er rangt skipulag um leið orðið að faglegu vandamáli vegna þess að það kemur í veg fyrir að sjúkrahúsin geti haldið uppi þeim faglega „standard" sem þau eiga að gera. Ég held reyndar að við séum að komast á þau tímamót að það sé farið að draga þannig af sjúkrahúsunum að þau megni nánast ekki lengur að halda uppi þeim faglega „standard" sem þeim ber. Það held ég. Að því er varðar síðan það sem hv. þm. innti mig eftir og snerti einhverja erlenda sérfræðinga, þá treysti ég mér ekkert til að svara því. Ég hef lesið þessa skýrslu. Ýmislegt skil ég ekki í henni. Flest skil ég. Ég skil suma gagnrýnina sem fram hefur komið. En ég tel að megindrættir skýrslunnar séu það einhlítir að við getum ekki kastað henni. Við hljótum að þurfa að ræða málið á grundvelli þess þegar sérfræðingar, jafnvel þótt þeir séu danskir og kunni ekki skil á íslenskri heilbrigðisþjónustu, komast að því að hægt sé að hagræða sem nemur 520 ársverkum. Það er hreinlega út í hött að ætla að varpa því út í hafsauga.

[21:53]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég er sammála því að rekstrarástand í heilbrigðisþjónustu er að verða faglegt vandamál meðal þeirra sem veita sjúkrahúsþjónustuna, en á sama tíma er þetta líka að verða að stóru vandamáli meðal almennings, þ.e. aðgengi að þjónustu. Ég vil líka benda á að stefnan er ekki bara í höndum lækna, heldur í höndum annarra sem veita þjónustuna og sömuleiðis ætti hún að vera í höndum okkar sem fulltrúa almennings. Ég vil benda á í sambandi við þessa margnefndu VSÓ-skýrslu að þar erum við að ræða um sérfræðinga sem ekki hafa komið nálægt íslenskum heilbrigðismálum áður og þessir aðilar höfðu því miður ekki nægilega þekkingu á íslenskum aðstæðum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem embættismenn og stjórnvöld ráða erlenda sérfræðinga — ég minni á skýrslu sem lögð var hér fram fyrir um sjö árum síðan — sem skila inn skýrslu um íslensk mál, en þær upplýsingar sem þingmenn þurfa koma þar hvergi fram.

[21:54]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur þess að fleiri starfsstéttir en læknar hafi vit á þessum málum og eigi að koma að þeim. Það er alveg hárrétt. Það eru til að mynda hjúkrunarfræðingar. Það vill svo til að þeir hjúkrunarfræðingar sem tekið hafa til máls um VSÓ-skýrsluna hafa einmitt mjög eindregið lýst yfir samþykki við niðurstöður hennar. Það finnst mér nauðsynlegt að komi fram. Að öðru leyti vísa ég frá mér allri ábyrgð á þessum dönsku sérfræðingum og veit ekkert um þá skýrslu sem kom fyrir sjö árum.

[21:55]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja tímann, en mér finnst nauðsynlegt að nokkur atriði komi hér fram vegna þeirra umræðna sem hafa dunið yfir í kvöld.

Hér var rætt um að erlendir aðilar hafi verið fengnir til að taka út sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu. Ég vil minna á að VSÓ er alíslenskt fyrirtæki, þrátt fyrir að þeir fái ráðgjafa erlendis frá og ekkert er óeðlilegt við það. Rætt var um að embættismenn hafi sérstaklega fengið ráðgjafa. Þetta var rætt í ríkisstjórn og ríkisstjórnin hefur ákveðið að halda þessu starfi áfram og halda þessari samhæfingu áfram. Það eru því ekki einhverjir embættismenn úti í bæ sem ákveða slíkt, heldur ríkisstjórn Íslands. Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram. Auðvitað var þetta rammi sem var kynntur og sú skýrsla sem hér hefur verið til umræðu var kynnt heilbr.- og trn. og fjárln. Flestir fulltrúar þessara nefnda mættu á fund þar sem skýrslan var rædd nokkuð ítarlega og meiri hluti þeirra sem þar mættu vildi halda þessari vinnu áfram sem og hefur verið gert. Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram.

Mér finnst líka nauðsynlegt að ítreka að við erum að auka fjármagn til sjúkrahúsanna. Menn geta deilt um hvort það er nægilegt. Það er eðlilegt að deilt sé um það og eðlilegt að minnt sé á að fjármagn er aukið árin 1996, 1997 og 1998, og var ekki vanþörf á. Þetta er nauðsynlegt að komi fram.

Þegar við ræðum um héraðsstjórnirnar þá er líka nauðsynlegt að minna á að rétt er að nefndin skilaði aldrei endanlegu áliti. En það sem ég spurði menn um var hvort menn væru á móti þeirri samræmingu sem síðar hefur átt sér stað. Ég segi ekki að þeir ágætu þingmenn sem hér hafa talað hafi ekki viljað taka ábyrgð á því að taka svo stóra ákvörðun að fækka stjórnum eins og tillögur voru uppi um, en það var alltént ekki mikill áhugi í nefndinni á að ljúka þessum störfum. Það sem síðan hefur gerst hefur gerst heima í héruðum og við höfum dyggilega fylgt þeim tillögum sem þaðan hafa komið og ég tel að þær hafi verið verulega til bóta og að menn sjái að nauðsynlegt er að samræma þjónustuna á hverju svæði.

[21:58]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gerir enn að umræðuefni þá ágætu nefnd sem við hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sátum í og átti að véla um heilsukjördæmin. Inn í þá nefnd lagði hæstv. ráðherra ákveðnar hugmyndir sem bersýnilegt var að fulltrúar hennar áttu að keyra út og gera að stefnu sem átti að ljúka með skýrslu sem hæstv. ráðherra sagði einum fjórum eða fimm sinnum að yrði lögð hér fyrir þingið. Þessi nefnd lauk nánast störfum. Það voru að minnsta kosti tveir sem í upphafi höfðu miklar efasemdir. Það vorum við hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. En hvernig skyldi standa á því, herra forseti, að nefndin skilaði aldrei frá sér endanlegu áliti? Kynni að vera að þegar yfir lauk hafi það ekki verið bara tveir sem voru á móti þessum hugmyndum heldur væru fagmenn í nefndinni, úr geiranum, komnir á þá skoðun að þetta væri ekki nægilega gott?

Ég er algjörlega á móti þessum heilsustjórnum hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi vegna þess að þær auka kostnað talsvert. Í öðru lagi fólst líka í þessu að stýra átti þessu öllu meira og minna frá skrifborði ráðherrans. Þarna braust því fram ótrúleg miðstýringarárátta. Og í þriðja lagi skerti þetta alvarlega rétt sjúklinga til að leita þess sjúkrahúss og þess læknis sem þeir kjósa. Það var kannski í mínum augum langalvarlegast.

Ég spyr hæstv. heilbrrh. Hvernig í ósköpunum stendur á því að verið er að vinna eftir einhverjum óljósum hugmyndum víðs vegar um landið, en stefnan sem slík sem hún er að vinna eftir hefur aldrei komið inn í þingið? Hvernig stendur á því að þingið fékk ekki að ræða þessar hugmyndir hennar? Þetta voru grundvallarhugmyndir og þó ég sé þeim algjörlega andvígur þá tel ég að það hefði átt að ræða þær eins og hæstv. heilbrrh. lofaði aftur og aftur. En staðreyndin er sú að hún heyktist á því að koma með þetta inn vegna þess að það brast á flótti í hennar eigin liði. En nú er maður að heyra að þrátt fyrir allt er þetta stefnan og líka hin stefnan sem birtist VSÓ-skýrslunni.

[22:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. svaraði aldrei hvort hann væri á móti þeirri sameiningu sem orðið hefur á Vestfjörðum, hvort hann væri á móti þeirri sameiningu sem orðið hefur á Reykjavíkursvæðinu, hvort hann sé á móti þeirri sameiningu sem boðuð er á Austfjörðum. Það skiptir máli í þessari umræðu.

Tillögurnar gengu út á að færa vald heim í hérað og valfrelsi sjúklinganna var ekki heft. Stefnan var að gera héraðstjórnir skilvirkari en þær eru í dag og að því stefnum við enn. En hv. þm. getur verið á móti þeirri stefnu. Það kemur þá fram hér ef hann er á móti þeirri samhæfingu sem orðið hefur á þessum þremur stöðum.

[22:01]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan minnast á þessa ágætu ráðherraskipuðu nefnd um m.a. héraðsstjórnir og gera hvert orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að mínum í þeim efnum og þarf ekki að ræða það frekar. Ég frábið mér að ég hafi ekki haft áhuga á því að starfa að þeim málum.

Ég vil ekki gera lítið úr störfum eða þekkingu hins ágæta fyrirtækis VSÓ sem er alíslenskt eins og hæstv. heilbrrh. komst að orði. Hins vegar vil ég benda á það að út frá samtölum við þá starfsmenn VSÓ sem kynntu mér skýrsluna varð mér kunnugt um að þeir höfðu ekki unnið að heilbrigðismálum áður en þeir tóku verkefnið að sér. Því voru fengnir erlendir ráðgjafar. Ég tel hins vegar að það þurfi íslenskan aðila sem vinnur svona starf til að skýra séríslenskar aðstæður.

Ég vil líka benda á aðgerðir gagnvart sjúkrahúsunum í Reykjavík undanfarin ár sem leiða til þeirra breytinga sem ég ræddi um áður í tengslum við aðgerðir gegn Landakoti á sínum tíma. Ég vil ítreka að í raun og veru var það ekki fyrr en allt var komið um kring og torfan kyssti brotthvörfin, horfna þjónustu, að sameining Landakotsspítala varð pro forma að lögum.

[22:03]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef enn ekki fengið svar við þeirri spurningu sem ég lagði fram áðan, bæði til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og síðan til hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur um það hvort þau séu á móti þeirri samhæfingu sem hefur orðið á Vestförðum og Reykjavíkursvæðinu. Eru þau á móti þeim tillögum sem heimamenn hafa gert á Austfjörðum varðandi sameiningu stjórna? (**ÖS:** Sem var komið fram fyrir einu og hálfu ári og ekkert verið gert.)

[22:04]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað og hver er þessi samhæfing sem svo mikið er rædd hér á þingi? Er það sameining, er það samvinna eða er það einhvers konar laust samstarf? Hvað er samhæfing? Ég hef aldrei sagt mig vera á móti samstarfi eða samvinnu sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana hér á landi. Ég tel hins vegar að við verðum að gjalda varhug við ráðagerðum um fulla sameiningu stórra stofnana eins og Borgarspítala eða Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala eða Landspítala. Ég tel það vera mjög alvarlegt mál. Menn skulu gæta að því að ef að sameiningu kemur áður en Alþingi er búið að ræða til hlítar hvert við viljum stefna með heilbrigðisþjónustuna í framtíðinni þá verður ekki aftur snúið. Þess vegna er það alvörumál þegar rætt er um sameiningu sjúkrastofnana.

[22:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að fara með langt mál heldur aðeins að skýra út spurningu mína til hv. þm. Það hafa verið sameinaðar stjórnir á Vestfjörðum og tillögur eru um að sameina stjórnir á Austfjörðum. Stjórn hefur verið sameinuð á Reykjavíkursvæðinu varðandi heilsugæsluna. Er þingmaðurinn á móti því? En nefndin sem hv. þm. var í og aldrei lauk störfum gerði einmitt ráð fyrir því.

[22:05]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þeim umræðum sem hér hafa farið fram í kvöld. Það hefur verið mikið um fullyrðingar. T.d. er fullyrt að fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar hafi aukist og það er sett fram með þeim hætti að engu er líkara en fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar hafi aukist meira en til annarra þátta í þjóðfélaginu. Það væri fróðlegt að velta því fyrir sér hvort það er þannig, hvort fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar hafi t.d. aukist meira en hagvöxturinn á þessum síðustu árum. Það er ekki. Fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar hefur aukist minna en nemur hagvextinum. Greinilegt er að heilbrigðismálin eru að dragast aftur úr í þjóðarbúskap Íslendinga. Það er nokkuð umhugsunarvert.

Ef við berum heilbrigðismálin saman við ýmsa þætti eins og t.d. verslunarumsvif þá er ljóst að uppbygging í þágu verslunar hefur aukist meira en nemur vexti þjóðarframleiðslunnar, landsframleiðslunnar og þar af leiðandi miklu meira en heilbrigðismálin. Heilbrigðismálin sitja eftir og þegar að því kemur að stjórnvöld auka fjármuni einhvers staðar í samfélaginu þá hugsa menn býsna stórar hugsanir á vissum sviðum. Varla er til sá fjörður á Íslandi þar sem mönnum hefur ekki dottið í hug að setja niður a.m.k. olíuhreinsunarstöð ef ekki álver og þar fyrir utan hafa menn nýlega tekið ákvörðun um það í ríkisstjórninni að stækka flugstöðina í Keflavík upp á fleiri fleiri milljarða króna. En heilbrigðismálin sitja eftir. Enn svífur gamli niðurskurðarandinn yfir vötnunum þó að að sjálfsögðu sé hægt að benda á ýmislegt sem vel hefur verið gert.

Í þessu sambandi bendi ég hv. þm. á að heimsækja sjúkrahúsin í Reykjavík. Ég bendi hv. þm. á að ganga um Sjúkrahús Reykjavíkur, Borgarspítalann í Fossvogi og horfa á hann að utan. Ég bendi hv. þm. á að heimsækja Landspítalann. Ég bendi hv. þm. á að horfa á Landspítalann að utan, tengigangana gömlu sem enn eru þar við lýði, skoða tröppurnar og stigana og sjá hvernig búið er að þessari stofnun. Svo er rætt um viðhaldsfé upp á mjög lágar upphæðir. Það er augljóst mál, hvað sem öðru líður, að heilbrigðiskerfið er hornreka á Íslandi. Og ég er sannfærður um að hæstv. heilbrrh. er ekkert ánægður með þá stöðu sem heilbrigðiskerfið er í þó hún hafi að sjálfsögðu það hlutverk að berja í brestina. Það eru hennar örlög í þessu dæmi.

Af hverju eru endurkomur á Sjúkrahúsi Reykjavíkur mörgum, mörgum sinnum fleiri en þær voru fyrir fimm eða tíu árum? Af hverju ætli það sé þannig, herra forseti, að endurkomur eftir átta daga legu voru kannski fjórar eða fimm á Borgarspítalanum fyrir allmörgum árum en teljast

nú í hundruðum innan mánaðar frá því að fólk var útskrifað? Af hverju halda menn að svo sé? Það getur aðeins komið til vegna þess að fólk er núna útskrifað allt of snemma undir allt of mikilli pressu, rekstrarpressu, peningalegri pressu á spítölunum. Og af hverju ætli það sé þannig að í skýrslu um forgangsröðun í heilbrigðismálum frá opinberum aðilum *stendur að talsverður fjöldi sjúklinga sé ekki einasta* látinn liggja frammi á göngum og baðherbergjum heldur á skolherbergjum. Þetta stendur í skýrslu um forgangsröðun í heilbrigðismálum. Hvar erum við stödd, herra forseti, þegar svona stendur á?

Ég tel að í þessu efni væri í raun verra að umræðan snerist fyrst og fremst upp í að bera orð á hæstv. heilbrrh. *þann sem hér situr nú eða þá sem voru kannski allra næst á* undan honum. Ég held að ábyrgð Alþingis Íslendinga í þessu máli sé mikið, mikið meiri en svo að það sé við hæfi. Mér finnst að hv. fjárln. og forusta hennar sem hér hefur talað í kvöld, ekki hafa talað af mikilli ábyrgð um þessa hluti, ekki alltaf. Hér er um að ræða ákaflega alvarlegt mál, þ.e. að hér sé örugg heilbrigðisþjónusta þannig að fólk flýi örugglega ekki Ísland vegna þess að heilbrigðisþjónustan sé slök. Í raun er það sjálfstæðismál fyrir þjóðina að hér sé almennileg heilbrigðisþjónusta.

Mér finnst þessi dæmi um endurkomurnar og skolherbergin segja alveg nægilega mikið um það að við erum í mjög miklum vanda stödd. Tillögur ríkisstjórnarinnar núna um lagfæringar eru 200 millj. kr. að mér skilst í þessu fjáraukalagafrv. til landsbyggðarsjúkrahúsanna og þar á meðal FSA, ef ég skil þetta rétt, og 300 millj. á næsta ári til allra sjúkrahúsa til viðbótar við það sem stendur í fjárlagafrv. Sjálfsagt mætti segja að þetta sé betra en ekki neitt. En menn vita væntanlega hver vandinn er, ekki aðeins að mati þeirra stofnana sem hér er um að ræða heldur að mati allra sem vélað hafa með þessar tölur. Ég ætla að fara yfir þennan vanda, herra forseti.

Bæði ráðuneyti og Sjúkrahús Reykjavíkur meta það svo að uppsafnaður vandi Sjúkrahúss Reykjavíkur frá liðnum árum sé 178 millj. kr. Vegna ársins í ár er það skoðun Sjúkrahúss Reykjavíkur en að því er ég hygg hefur ekki verið tekið undir hana af ráðuneytinu né henni verið mótmælt með neinum rökum, að vandinn í ár sé upp á 144 millj. kr. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er jafnframt búist við að vandinn verði upp á 414 millj kr. á næsta ári. Sá talnagrunnur sem hér býr að baki er ekki gagnrýndur. Með öðrum orðum eru menn þarna að tala um í kringum 700 millj. kr. vanda hjá þessari einu stofnun. Veruleikinn er sá að það er búið að stofna til þessa kostnaðar að verulegu leyti. Þ.e. allt sem um er að ræða frá fyrri tíma 178 millj., 144 millj. kr. í ár. Ákvörunin um að eyða þessum peningum hefur verið tekin.

Ég veit alveg hvað hæstv. heilbrrh. mundi segja við þessu. Hún mundi segja að þegar samið var við Reykjavíkurborg og aðra aðila um rekstrargrundvöll þessa sjúkrahúss og annarra sl. sumar, *þá hafi verið gengið út frá öðrum talnagrunni* þannig að í raun og veru hafi vandinn í ár ekki verið 144 millj. kr. heldur enginn — núll, eftir þau framlög sem ákveðin voru í samningnum. Við þessu segir Sjúkrahús Reykjavíkur aftur á móti að varðandi þennan grunn sem gengið var út frá í samningnum, þá hafi menn í verið píndir og grættir til þess að skrifa upp á hann til að fá eitthvað. Þetta segja menn fullum fetum. Þetta segja menn á fundum með fulltrúum allra stjórnmálaflokka, m.a. formanna þingflokka stjórnarflokkanna sem haldinn var á Borgarspítalanum núna fyrir nokkrum vikum. Þar sögðu þeir að þetta hefði verið þannig að þeir hefðu neyðst til að skrifa undir að þessi grunnur væri réttur þó að þeir hefðu vitað og lagt fram tölur sem sýndu að þarna vantaði 144 millj. kr. í rekstur. Þá er ég ekki að tala um ástandið á gjörgæsludeildinni. Hér er um að ræða vanda upp á 700 millj. kr. eða svo.

*Hvernig er þetta svo hjá Ríkisspítölunum?* Ég ætla að fara yfir það líka. Ég hygg að heilbrrn. geri engar athugasemdir við talnagrunn Ríkisspítalanna. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvort svo sé. Ég hygg að svo sé ekki og ég vildi spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hún fallist á talnagrunn Ríkisspítalanna en hann hefur ekki verið gagnrýndur. Þá er ég ekki að tala um ýtrustu óskir Ríkisspítalanna heldur halla upp á 230 millj. kr. á síðasta ári. Uppsafnaði hallinn á Ríkisspítölunum er 230 millj. Hallinn í ár er upp á 155 millj. eftir samkomulagið og á næsta ári 487 millj. kr. Þetta er í raun og veru það sem Ríkisspítalarnir setja fram og sé það allt skoðað kemur í ljós að vandinn á næsta ári er að mati spítalanna 900 millj. kr. Heilbrrn. hefur ekki vefengt þennan vanda en forstöðumenn þessara stofnana hafa sagt: Ef fjárlagafrv. verður afgreitt eins og það liggur nú fyrir, þá verðum við að segja upp 400–500 manns á báðum spítölunum. Ljóst er að þær 300 millj. kr. sem eiga að fara á alla spítalana í landinu duga engan veginn í þessu dæmi.

Ég spyr hæstv. heilbrrh. og hv. formann fjárln. hvort þau geri sér grein fyrir því að þau eru að taka ákvörðun um að skipa forstöðumönnum þessara sjúkrahúsa að reka fólk í stórum stíl og loka stofnuninni og deildum. Gera þau sér grein fyrir því? Er það þannig að þingmenn stjórnarflokkanna gangi að þessu verki opnum augum? Vilja þau loka deildunum? Er það þannig að fjárlaganefndarmenn stjórnarflokkanna, eins og sá sem gengur hér í salinn, geri sér grein fyrir því að hann er með tillögur um að segja upp mörg hundruð manns á sjúkrahúsunum í Reykjavík og hann er að gera tillögur um að loka verulega stórum hluta spítalanna? Það er þannig. Ég reikna með því að hv. þingmenn reyni eins og fyrr að segja: Við erum nú að gera þetta og við erum nú að gera þetta. Ég reikna með því að það verði reynt að toga hlutina saman einhvern veginn á næstunni. Ég segi alveg eins og er, ég held að þetta sé miklu alvarlegri vandi en svo að menn geti leyft sér að kasta því á milli sín eins og við gerum oft og eins og þetta sé núverandi hæstv. heilbrrh. að kenna eða þeirri ágætu persónu sem þar situr núna. Málið er ekki þannig. Veruleikinn er sá að sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu kosta í fjárlögunum 14 milljarða, ég held 9–10 og í kringum 5, ef ég man rétt. Það er alveg augljóst mál að tilhliðrun upp á eitthvað talsvert innan við 300 millj. dugir engan veginn.

Herra forseti. Mér finnst líka skjóta skökku við þann veruleika sem við horfum svo framan í í þjóðfélaginu að öðru leyti. Það á að fara að stækka flugstöð fyrir milljarða. Það á að fara að byggja verslunarhúsnæði 640 þúsund fermetra fyrir 10–20 milljarða kr. (*Gripið fram í.*) Nei, þjóðfélagið, þetta eru peningar þjóðarinnar. Ég er alveg sannfærður um að ef þjóðin væri spurð mundi hún frekar vilja verja fjármununum til þess að tryggja heilbrigðisþjónustu sína en byggja upp þetta verslunarhúsnæði með þeim hætti sem er verið að gera. En látum það vera.

Veruleikinn er að minnsta kosti sá að heilbrigðisþjónustan og ástand hennar, grotnandi byggingar og vaxandi vantraust innan stofnananna eru í hróplegri mótsögn við góðærið mikla. Þess vegna finnst mér skylda okkar að reyna

að hjálpa hæstv. heilbrrh. eins og kostur er til þess að lyfta þessari mikilvægu undirstöðu þjóðfélagsins upp. Staðreyndin er sú að heilbrigðismálin eru ekki sá baggi á þjóðfélaginu sem alltaf er talað um. Heilbrigðismálin eru undirstöðuþáttur í þjóðfélaginu. Heilbrigðismálin eru ekkert sem menn eiga að skammast sín fyrir. Veruleikinn er sá að í siðaðra manna þjóðfélagi viljum við láta vel að veiku fólki og því sem þarf aðhlynningar við. Það er þannig. Það er spurning um hið almenna siðræna mat í stjórnmálastarfinu hvaða áherslu menn leggja á heilbrigðismálin.

Herra forseti. Ég tel með öðrum orðum að ég hafi sýnt fram á að þær tölur sem hv. fjárln. er að nefna í kvöld, örugglega í góðum hug, bæði í fjáraukalögum og fjárlögum á næsta ári, duga hvergi nærri. Ég er algerlega viss um ef verður reynt að fara af stað með þetta mun það gerast strax og kemur fram yfir áramótin að menn biðja um meiri peninga og smátt og smátt herðist sá hnútur og smátt og smátt verða skipaðar fleiri nefndir á milli stjórnvalda og sjúkrahúsanna og niðurstaðan verður sú einhvern tíma á árinu 1998 og þegar kemur fram á sumar að menn slaka á. Þannig hefur það verið ár eftir ár af því að fjárlagagrunnurinn sem menn hafa lagt í þessari stofnun hefur verið vitlaus.

Ég held hins vegar að hinn uppsafnaði langtímavandi sem við er að glíma á sjúkrahúsunum í landinu, vegna þess að þetta er engu betra í dreifbýlinu, muni koma okkur í koll af vaxandi þunga á næsta ári af því að fólk vill ekki sætta sig við að heilbrigðisþjónustan sé beygð meira niður á góðæristímunum en allt annað. Réttlætiskennd fólks segir: Þetta gengur ekki svona.

Herra forseti. Svo er því haldið fram að alltaf fari meiri og meiri fjármunir til heilbrigðismála. Það sé meira vesenið með þessi heilbrigðismál. Meiri bagginn, þessi heilbrigðismál. Ótrúlegar herferðir hafa verið farnar gegn heilbrigðisþjónustunni á undanförnum árum. Ég er ekki að segja að það sé í gangi núna en alltaf er verið að tala um það að heilbrigðismálin séu mikill baggi á þjóðinni. Ég ætla að fara yfir útgjöld til heilbrigðismála staðvirkt á mann í þúsundum króna á verðlagi ársins 1996.

Hvað kemur þá í ljós, herra forseti? Þá kemur í ljós að framlög til almennra sjúkrahúsa voru 73.500 kr. á mann 1988 en voru 1996 64.500 kr. á mann, höfðu með öðrum orðum lækkað verulega á átta ára bili. Við getum líka skoðað heilsugæsluna vegna þess að því er alltaf haldið fram að hún sé alltaf að þenjast út. Það er ekki. Ef við skoðum útgjöld til heilsugæslunnar staðvirkt á mann í þúsundum króna á verðlagi ársins 1996 er um að ræða lækkun úr 22.400 kr. á mann 1991 niður í 18.600 kr. á mann 1996. Ef við tökum svo öll opinber heilbrigðisútgjöld eins og þau leggja sig, og þá er búið að taka tillit til þess að lyfjaverð hefur hækkað og það er líka búið að taka tillit til þess að öldrunarþjónustan sem hæstv. ráðherra var að nota sem réttlætingu fyrir niðurskurðinum á sjúkrahúsin hefur tekið meira til sín, hvað hafa opinber heilbrigðisútgjöld þá breyst mikið á þessum tíma?

Árið 1989 voru opinber heilbrigðisútgjöld á mann 128.500 kr. en 1996 voru þau 123.100 kr. á mann. Það er því ljóst að heilbrigðisútgjöld staðvirkt á mann hafa ekki hækkað heldur lækkað þegar upp er staðið. Þetta er veruleiki sem birtist okkur í þessu riti á bls. 99 og getur hver maður séð. Þetta er svona. (**Heilbrrh.:** Frá 1996?) Þetta er frá 1996, já, það er rétt að síðan bætast við 1997 og 1998 og spurningin er hvort það er að einhverju leyti umfram verðlagsþróun. Ég hygg að það sé það í einhverjum tilvikum en ég hugsa að það nái því þó ekki að 1998 séu tölurnar, t.d. gagnvart fjárlagafrv., orðnar hærri en þær voru samanburðarárið sem ég er með.

Ég tek síðan, herra forseti, útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1993–1996 líka sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þá kemur það í ljós að framlög til heilbrigðismála 1993 voru 6,92% af vergri landsframleiðslu en þau voru 1994 6,82%, 1995 6,92%, 1996 6,84%. Ég hef auðvitað ekki 1997 og 1998 þó ég gæti út af fyrir sig giskað á það. En veruleikinn er sá að ekki er hægt að tala um að heilbrigðismálin hafi verið að gleypa stækkandi hluta af þjóðarframleiðslunni á þessum tíma, það er ekki þannig, þau hafa ekki verið að því. Þess vegna er rangt sem allir talsmenn stjórnarflokkanna hafa sagt í kvöld að heilbrigðismálin hafi alltaf verið að bæta við sig. (Gripið fram í.) Eftir 1996. Auðvitað eru þau eitthvað að bæta við sig en ég er algerlega sannfærður um að það er ekki þannig að heilbrigðismálin séu að sækja á aðra þætti í samfélaginu um þessar mundir, þvert á móti. Ég tel þess vegna brýna nauðsyn að auka talsvert, ekki mikið, við heilbrigðismálin og sérstaklega sjúkrahúsin.

Nú geta menn sagt sem svo: Já, þýðir nokkuð að vera að þessu? Er ekki alltaf verið að setja inn í heilbrigðismálin einhver hundruð milljóna á hverju einasta ári? Það má segja að það séu þrjár lotur á ári. Fyrsta lotan er þegar fjárlögin eru afgreidd. Við 2. umr. fjárlaga er alltaf bætt einhverju við. Önnur lotan er sumarið á eftir þegar niðurstaðan er sú að það verði að bæta við í fjáraukalög og þriðja lotan er þegar verið er að undirbúá fjárlagafrv. fyrir næsta ár þar á eftir innan ríkisstjórnar og stjórnarflokka. Þetta eru þrjár lotur á hverju einasta ári. Ég hygg að það sé raunar hægt að sýna fram á það að þær séu allar með þeim hætti að menn nái aldrei utan um vandann, stjórnvöld gefi dálítið eftir en ekki of mikið og ekki heldur nógu mikið til þess að menn nái utan um hlutina eins og þeir eru.

Ég held að þetta snúist þar af leiðandi um það að nálgast hlutina í grundvallaratriðum talsvert mikið öðruvísi en nú er gert. Áður en ég kem að því hvernig ég get ímyndað mér að þetta ætti að gerast, þá ætla ég líka að segja það að mér finnst stýrinefndirnar óeðlilegar og það er ekki vegna þess að ég sé kannski á móti því að hafa einhverja miðstýringu á þessum hlutum. Ég tel að það sé eiginlega spaugilegt þegar Sjálfstfl. sem er búinn að sitja lengur í ríkisstjórn en nokkur annar flokkur í heiminum liggur mér við að segja, þegar hann þykist vera á móti miðstýringu. Sjálfstfl. er eitthvert svakalegasta miðstýringargóss sem til er í heiminum þannig að það er nú eins og hvert annað grín. Sjálfstfl. vill alltaf miðstýringu. Það er eins og það er. Nei, en ég held hins vegar að það að taka út úr fjárlögunum 200 millj. eða 1.000 millj. eða hvað það var, eins og síðasta ríkisstjórn gerði einu sinni, ég held að hún hafi verið með flatan niðurskurð upp á 2% eða svo yfir línuna, tekið þar allt í sjóð og síðan úthlutað því aftur. Mig minnir að það hafi verið 2% en það voru kannski 5, þetta var satt að segja alveg ótrúlega vitlaust kerfi og erfitt, ógagnstætt og ólýðræðislegt af því að það var ómögulegt fyrir fjárln. eða þingmenn eða neinn að fylgjast með hvað var notað í málaflokkana. Á þessum árum var ég yfirskoðunarmaður ríkisreikninga og það var ekki nokkur leið að bera saman ríkisreikning og fjárlög vegna þess að tölurnar rímuðu hvergi. Það var alltaf einhver vilji, í þessu tilviki ráðherrans eða einhvers slíks, sem kom þarna á milli ákvörðunar Alþingis annars vegar og ríkisreikningsins hins vegar.

Ég sé alveg hvernig á að nota þessa stýrinefnd núna. Það á að nota hana til að dreifa peningum, ég held um 200 millj. kr., til sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur, 200 millj. Er það ekki?

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um eitt sem ég hef ekki áttað mig á. Það var tekin um ákvörðun það á síðasta þingi að skera niður landsbyggðarspítalana um 160 millj. Er það ekki rétt munað hjá mér? Síðan hættu menn við það að nokkru leyti og frestuðu því a.m.k. að hluta til. Hvernig ríma þessar 200 millj. við niðurskurðaráformin í fyrra? Eða rímar þetta alls ekki? Ég hefði gaman af að heyra hvernig hæstv. ráðherra útskýrir það. Ég þekki það mikið til í nokkrum spítölum úti á landi að ég veit að búið er að vera sannkallað eymdarástand þar vegna þess að þar er verið að reyna að spara þar sem alls ekki er hægt að spara. Verið er að segja upp fólki þar sem kannski ein manneskja er í stöðu og ráða hana svo aftur í 80% starf. Það er sparnaðurinn og fólk ræður ekki við þetta almennilega. Og svo er viðkomandi kannski að leysa verkefni í yfirtíð af því að þetta er ekki raunverulegur verkefnaniðurskurður heldur á þetta bara að vera launaniðurskurður. Það er út af fyrir sig gott ef menn hafa séð að þetta gengur ekki upp án gífurlegra skipulagsbreytinga á landsbyggðarsjúkrahúsunum sem enginn pólitískur vilji er fyrir í þessari stofnun, eins og er alla vega.

Mér gest ekki vel að því að einhver stýrinefnd uppi í ráðuneyti ákveði þetta, sletti 200 millj. hér og þar. Þetta er sú kíttispaðapólitík sem hæstv. forsrh. rekur. Það má aldrei sjá glufu í þjóðfélaginu án þess að hann komi með hálfan milljarð eða svo og sletti í glufurnar, eða jafnvel milljarð. Það er mjög athyglisvert að þegar hæstv. fjmrh. vill skera niður um 500 millj. og við skömmum hann fyrir það og hann stendur að því keikur einn daginn, þá kemur hæstv. forsrh. með þennan kíttispaða eða múrskeið og slettir upp í glufuna 500 millj. eins og ekkert sé. Það var eins í lífeyrismálinu. Þar var hann með um 2.000 millj. á múrskeiðinni.

Nú er þessi kíttispaðapólitík búin að halda innreið sína í heilbrigðismálin. Það eru 200 millj. sem á að sletta hér og þar eftir geðþótta þarna inni á Laugavegi. Ég kann ekki að meta þetta. Mér finnst þetta ólýðræðislegt líka og virðingarleysi við Alþingi eða hvað segir formaður fjárln. um það, sitjandi blessaður maðurinn, hv. þm. sem er hinn prýðilegasti í alla staði, nætur og daga yfir því að láta hlutina stemma og svo er allt í einu hægt að skilja 200 millj. eftir. Er það ekki bara svipað og sjúkrahúsin kosta í hans eigin kjördæmi samtals eða eitthvað álíka. Hvernig gengur þetta eiginlega upp miðað við viðhorf manna, þessi kíttispaðastefna eða spartlstefna sem á að fara að taka upp.

Ég held, herra forseti, að þetta sé vont gagnvart stofnunum og Alþingi því að þó að heilbrrh. sé eða væri a.m.k. fullkominn, þá getur alltaf farið svo að ráðherrann beiti sínum persónulega geðþótta þegar verið er að úthluta þeim peningum. Ég hef aldrei vitað nokkurn fullkominn mann í stól heilbrrh., þó þekki ég ýmsa. Ég held því að þetta sé ekki gott kerfi.

Þá vil ég aðeins koma að því, herra forseti, hvernig ég gæti séð þetta fyrir mér í örstuttu máli. Ég vil fyrst segja að hæstv. núv. heilbrrh. hefur gert heiðarlegar tilraunir til þess að ná utan um þennan vanda. Það er utan við þessa sali hér, hún hefur gert það. Ég tel að það komi bæði fram í forgangsröðunarnefnd þar sem verið er að reyna að glíma við hlutina. Ég verð þó að segja að mér finnst sú skýrsla kannski fullveik því þar er málunum raðað of lítið í forgangsröð. Ég vil að málunum sé raðað í forgangsröð og ég held að nauðsynlegt sé fyrir ráðherrann að hafa það þannig. Segjum að nýr ráðherra kæmi í heilbrrn. og vildi vita í hvaða röð ætti að fara í hlutina, þá væri gott að hafa slíka skýrslu í höndunum. Mér finnst skýrslan pínulítið veik en mér finnst hún samt mjög í áttina. Mér líkar það vel að fólk reyni að setja hlutina svona upp.

Hæstv. heilbrrh. hefur líka skipað nefnd um stefnumótun í heilbrigðismálum til lengri tíma þar sem meiningin er að forgangsraða verkefnum þar sem reynt er að tölusetja markmið í heilbrigðismálum að því er varðar ýmsa þætti hins mannlega vanda sem heilbrigðisþjónustan glímir við, í forvörnum líka og fleiru. Ég geri mér hugmyndir um að þarna gæti orðið um mikilvægan leiðarvísi að ræða. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það væri ekki í raun úrslitaatriði fyrir heilbrigðismálin að fjárlögin yrðu til margra ára. Ég er algerlega þeirrar skoðunar að ekki náist eðlilegar niðurstöður í heilbrigðismálunum öðruvísi en að fjárlögin verði til margra ára, fjárlagarammi til margra ára. Ég gæti séð fyrir mér að Alþingi tæki t.d. um það ákvörðun með einhverjum bindandi hætti — það er alltaf verið að tala um eitthvað bindandi núna í tengslum við Kyoto — að segja: Til heilbrigðismála á að fara þetta X hlutfall af ríkisútgjöldum eða þjóðarframleiðslu. Menn reyndu sem sagt að átta sig á þeim ramma og skoðuðu hann til lengri tíma. Náttúrlega mundi samdráttur í þjóðfélaginu hafa áhrif á þetta. Það mundi geta þýtt einhvern samdrátt. Þá stæðu menn frammi fyrir því og það eru pólitíkusarnir sem eiga að ákveða samdráttarforgangsröðina. Það á ekki að leggja það á starfslið heilbrigðisþjónustunnar. Það erum við sem eigum að gera það. Ef það verður einhver aukning, þá má auðvitað hugsa sér að einhver aukning verði í heilbrigðisþjónustunni líka.

Ég held að við ættum að setja okkur það markmið að hlutfall okkar til heilbrigðismála, svo ég nefni það, sé á svipuðum stað í röðinni og við erum í þjóðartekjum á mann innan OECD. Í þjóðartekjum á mann höfum við verið innan OECD á bilinu 7.–8. sæti. Við erum núna komin í 5. sæti í þjóðartekjum á mann innan OECD. Það er í raun óvenjuhátt á mjög löngu tímabili. Ég hygg að í heilbrigðismálum séum við þarna langt á eftir. Við vorum í 7., 8., 9. sæti í útgjöldum til heilbrigðismála innan OECD. Ég hygg að í tíð hæstv. heilbrrh. Sighvats Björgvinssonar hafi menn séð jafnvel Íslandi raðað aftar en ég held að aldrei verði þjóðarsátt um þetta mál öðruvísi en að við séum með svipuð útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu til heilbrigðismála og við erum með tekjur þannig að ef við erum í 5. sæti í tekjum, þá séum við kannski í 7. sæti í útgjöldum til heilbrigðismála en ekki öllu aftar. Ég held að best væri ef Alþingi gæti farið í þetta verk, ekki endilega heilbrn. eða fjárln. Það mætti hugsa sér að sérstök nefnd færi í það verk að gera tillögur um stefnumótun á þessu sviði eða öðru. Ég gæti séð það fyrir mér að veruleg alvara yrði lögð í þetta verkefni.

Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt að ég held að lausn á þessu máli felist ekki í því að við berum hvert annað orðum í þessum sal. Ég vil líka segja það að lokum, að tölurnar í fjáraukalagafrv. og fjárlagafrv., eins og þær hafa verið kynntar okkur, eru hættulega fjarri lagi. Ég held að ég hafi leitt rök að því að fækkun starfsmanna blasir við og út af fyrir sig er ekki rétt að fara þeim megin í málin fyrst og fremst því það þýðir auðvitað niðurskurð í þjónustu. Ég hygg að ef við lokum fjárlagadæminu svona séu menn að tala um fækkun starfsmanna á sjúkrahúsunum

og í heilbrigðisstofnununum í landinu um 300–400 manns. Það gengur ekki. Það er engin þjóðarsátt um stefnu, herra forseti.

[22:39]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. mjög góða og yfirgripsmikla ræðu. Við erum sammála um að fjármagn hafi aukist til heilbrigðismála frá 1996 og hefur farið stigvaxandi frá 1996 og það er ágætt. Við erum kannski ekki sammála um stýrinefndina. Ég tel að það hafi gefið góða raun á Reykjavíkursvæðinu að hafa stýrinefnd þar sem Reykjavíkurborg á sinn fulltrúa.

Það sem mér finnst alvarlegast í umræðunni og yfirlýsingum sem hér hafa komið fram eru þær yfirlýsingar að sjúklingar hafa legið á skolherbergi. Ef það er svo að einhver sjúklingur hefur legið á skolherbergi, þá vil ég vita nákvæmlega á hvaða stofnun það er. Mér er fullkunnugt um að sjúklingur hefur legið á gangi eftir bráðavaktir en ég hef ekki heyrt fyrr að sjúklingur hafi legið á skolherbergi og ég þarf að fá nánari upplýsingar um þessa alvarlegu yfirlýsingu.

[22:40]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hið síðasta sem er alveg rétt hjá hæstv. heilbrrh. að eru auðvitað hrikalegar upplýsingar og satt að segja dauðbrá mér þegar ég sá þetta. En ég ráðlegg hæstv. heilbrrh. að ræða við sína starfsmenn, þeir geta frætt hann um þetta mál. Ég kann satt að segja ekki við að hengja þessa stofnun upp hér. En ég gæti líka tilnefnt tiltölulega mjög traustan heimildarmann. Ég geri það ekki nú en mun gera það við hæstv. ráðherra utan þessa ræðustóls. En ég skil vel að henni skuli vera brugðið.

Varðandi framlögin til heilbrigðismála þá held ég að ekki hægt sé að neita því að stórhugur ríkir á öllum sviðum í íslenska þjóðfélaginu núna. Hann er ekki í heilbrigðismálum. Menn eru pínulítið vandræðalegir og skammast sín pínulítið fyrir heilbrigðismálin. Þar er þó margt verið að gera gott. En það er ekki verið að reisa nein merki, neina fána fyrir heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

Ég sýndi fram á það að útgjöld til heilbrigðismála staðvirkt á mann á föstu verðlagi á 5–7 ára bili hafa ekki hækkað. Ég hygg að ég gæti sýnt fram á það ef ég væri með þær tölur tiltækar, sem ég á einhvers staðar, að í raun sé búið að ná fram verulegum niðurskurði á spítölunum á Reykjavíkursvæðinu á 5–6 ára bili. Ég hygg að það sé hátt í milljarð kr. En ef ég man rétt, þá eru menn á þeim tíma um leið að taka þann kostnað út í aukinni hjúkrun annars staðar þannig að það er ekki nettóávinningur út af fyrir sig fyrir ríkissjóð heldur vísar hann í ákveðna átt. Ég held að alveg óhætt sé að segja það, herra forseti, eða það finnst mér alla vega, að ekki er eins mikill stórhugur í heilbrigðismálum og þegar kemur að stóriðjunni og flugstöðvunum og öllu því.

[22:43]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að ríkið er ekki í stórhug sínum að byggja upp verslanir og það vitum við bæði, hv. þm. og ég. Ég tel að töluverður stórhugur ríki varðandi heilbrigðisþjónustuna og við höfum mikinn metnað gagnvart þeirri þjónustu. Við getum sýnt það á ýmsum sviðum. Gangið t.d. um nýja hjartarannsóknardeild á Landspítalanum. Það ber vott um mikinn stórhug varðandi þjónustuna. En ég vil aftur koma að því sem ég sagði áðan að mér finnst það bera vott um of mikla yfirlýsingagleði varðandi heilbrigðisþjónustuna þegar menn fullyrða hér að sjúklingur hafi legið á skolherbergi. Svo mikið þykist ég þekkja til og vona að ég hafi rétt fyrir mér að það hafi aldrei gerst.

[22:44]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Ég kann nú ekki við þennan tón satt að segja, herra forseti. Ég læt ekki mana mig til þess að nefna þetta dæmi en ég gæti sýnt hæstv. heilbrrh. fram á þetta í skýrslu frá nefnd sem hún sjálf skipaði og gæti líka nefnt embættismann sem gæti gert henni grein fyrir þessu í smáatriðum. Ég kann ekki við þetta og tel að ég hafi ekki gefið tilefni til þess með málflutningi mínum áðan að hæstv. ráðherra setji málin upp með þeim hætti sem hún gerði núna.

Út af fyrir sig er það rétt að margt er reynt að gera. En það er enginn baráttuandi fyrir heilbrigðisþjónustunni á Íslandi í gangi. Menn þurfa ekki annað en horfa á grotnandi spítalana á Reykjavíkursvæðinu, horfa á gangana, horfa á flagnaða málninguna á húsunum. Menn þurfa ekki annað til að sjá að það er eitthvað annað en stórhugur sem einkennir stöðuna í dag í þessum efnum.

[22:45]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. flutti um margt athyglisverða ræðu. Ég vil aðeins koma að einu á þessu stigi. Hann minntist á þann sparnað sem var áætlaður á sjúkrahúsunum á landsbyggðinni, hvað hefði orðið af honum og þeim áformum sem nú eru uppi. Það var ætlunin að deila út 32 millj. á þessu ári á stofnanir en því hefur verið frestað og það hefur verið lagt til meðferðar í þá samninga sem fram undan eru. Þau heildarsparnaðaráform eru nú 80 millj. kr., 32 millj. á þessu ári og 50 millj. á næsta ári en það verður tekið til meðferðar þegar rætt verður við hverja stofnun.

Mér finnst hv. 8. þm. Reykv. vera í dálítið ófrjóum samanburðarfræðum við atvinnulífið varðandi verksmiðjur og flugstöðvar. Það eru einmitt slíkar framkvæmdir sem e.t.v. auka þjóðartekjurnar og auka það fjármagn sem hægt er að verja m.a. til heilbrigðismálanna í landinu en ég tek undir það með honum að ég skil ekki að þörf sé á að tvöfalda verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum og mér verður hugsað til þess þegar Vinnuveitendasambandið sendir okkur nótu niður í fjárln. um að halda þurfi utan um ríkisfjármálin, að þeir mættu nú gjarnan aðvara sína menn um það að ekki sé víst að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að setja verslun á hausinn í stórum stíl á höfuðborgarsvæðinu með því að fjárfesta á næstu árum (Forseti hringir.) fyrir milljarða í nýjum verslunarhöllum. Við getum verið sammála um það.

[22:47]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði áðan hvort heilbrigðsiþjónustan væri orðin hornreka á Íslandi. Það má kalla hlutina ýmsum nöfnum en ég er ekki sammála því að við getum tekið svo djúpt í árinni. Hins vegar verðum við að minnast þess, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að heilbrigðismálin hafa ekki verið til heildarumfjöllunar sem slík að því marki sem ég tel að þau hefðu átt að vera á undanförnum árum.

Við verðum líka að minnast þess, eins og ég sagði áðan, að þetta er ekki vandamál þessarar ríkisstjórnar eða ríkisstjórn-

arinnar þar á undan heldur vandamál margra ríkisstjórna fyrri ára ef við horfum aftur til sl. áratugar eða jafnvel áratuga.

Við skulum líka minnast þess að þau lög sem við í raun byggjum á í heilbrigðisþjónustunni í dag voru byggð á hugmyndum sem voru mest í umræðunni fyrir um 30 árum, 1967, 1968 og 1969. Þau lög og þær hugmyndir tóku gildi 1974. Umræður byrjuðu á Alþingi að mig minnir 1973. Við erum að kalla á stefnu í heilbrigðisþjónustunni miðað við það sem blasir við okkur í dag, það sem sjúklingar og faglegar framfarir kalla á í dag, hvað það er sem við viljum gera í heilbrigðisþjónustu og hvað það er sem við viljum ekki gera.

Ég furða mig líka á þeirri umræðu sem fram hefur farið í kvöld þar sem ítrekað hefur verið varpað fram af hæstv. heilbrrh. þeirri spurningu hvort hv. þm. Össur Skarphéðinsson og ég séum sammála sameiningu á yfirstjórn í heilsugæslu- þjónustu á Vestfjörðum og í Reykjavík. Ég get eiginlega ekki skilið hvað hæstv. heilbrrh. er að fara með því að bera saman epli og appelsínu nánast hvað snertir mannfjölda og þjónustumöguleika á þessum mismunandi svæðum sem annars vegar er fámennt og mjög fjöllótt og dreifbýlt og (Forseti hringir.) hins vegar mjög þéttbýlt svæði með margfalt fleiri íbúafjölda heldur en nokkurn tíma sá fjöldi sem er á Vestfjörðum svo ég frábið mér málflutning eins og þennan.

[22:50]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var kannski aðeins að svara öðrum ræðumönnum líka. Það er ágætt að slá margar flugur í einu og sama högginu en það sem sneri að mér var helst það að lögin um heilbrigðisþjónustu væru gömul. Já, þau eru það og það þarf að endurskoða þau. Hins vegar finnst mér grundvallaratriðin og markmiðin í lögunum um heilbrigðisþjónustu vera góð. Ég vil ekki fórna þeim satt að segja. Það er búið, mér liggur við að segja, að gera oft grín að þessum markmiðum í 1. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu en það eru göfug mannréttindamarkmið sem mér finnst að eigi að vera í slíkum lögum. Þar snýst málið einfaldlega ekki um að tryggja það kannski 100% að gera það sem þar er heldur leitast við af fremsta megni, eins og segir í einhverjum textum sem við lærðum sum þegar við vorum aðeins yngri en við erum núna, að ná þeim markmiðum sem þar eru sett. Ég held að málið snúist um það.

Ég held að það séu nokkur atriði sem eigi að byggja upp stefnuna í heilbrigðismálum. Í fyrsta lagi þær almennu þjónustukröfur sem við gerum hér á landi. Í öðru lagi hin alþjóðlega verkaskipting sem mun líka hafa áhrif á heilbrigðisþjónustuna á komandi árum. Í þriðja lagi fjármunirnir sem við viljum verja í verkefnið. Í fjórða lagi rannsóknir og menntun þess starfsfólks sem um er að ræða. Mér finnst t.d. að við ræðum of lítið um starfsfólk hér. Starfsfólkið í heilbrigðisþjónustunni er pískað áfram talsvert mikið, sérstaklega á spítlunum, og ég held að það sé að verða býsna alvarlegt mál. Svo ætla ég bara að segja að lokum í sambandi við sameiningu spítalanna. Mér finnst það vera afskaplegur lúxus að neita sér um að skoða þessa VSÓ-skýrslu. Mér finnst að ég sem þingmaður og fulltrúi skattgreiðenda líka hafi ekki efni á að segja: „Ég vil ekki nota þessa VSÓ-skýrslu.“ Því það er örugglega eitthvað í henni sem hægt er að læra af.

[22:52]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér eru til umræðu fjáraukalög fyrir árið 1997. Það má segja að ekki sé seinna vænna að taka þau til umfjöllunar ef þau eiga að ná afgreiðslu og verða virk innan ársins sem senn er liðið.

Frv. sem kom fram snemma á haustþinginu miðað við þingskjalsnúmer 55, þ.e. einhvern tímann í októbermánuði hefur það komið fram. Það breytir ekki því að samt hefur hv. fjárln. eða meiri hluti hennar séð sig knúinn til að leggja fram til viðbótar allmarga tugi brtt. þannig að eitthvað er nú enn þá um að menn keyri út af í eyðslu og þurfi á fyrirgreiðslu að halda þó að menn hafi verið að setja sér það undanfarin ár að bæta vinnubrögð við fjárlagagerð og útrýma aukafjárveitingum sem vondum sið. Það hafa verið teknar upp alls konar nýjar fínar reglur og sett lög og hvaðeina til að koma í veg fyrir að sá gamli plagsiður, að keyra ríkisreksturinn á síðari hluta ársins meira og minna á alls konar aukafjárveitingum, heyrði liðinni tíð. Meira að segja ráðherrar hafa fengið talsvert ríflega óskipta ráðstöfunarliði eða ráðstöfunarfé sem þeir eiga að hafa upp á að hlaupa til að mæta óvæntum uppákomum og minni háttar útgjöldum. En samt hefur ekki tekist að ná þessu betur saman en svo að hér eru allmikil útgjöld lögð til viðbótar, mæld í milljörðum, ef bæði frv. og brtt. eru lagðar saman.

Það sem er kannski athyglisverðast við útkomuna á árinu er hinn mikli tekjuauki ríkissjóðs sem er umtalsverður og mælir aukna þenslu og eyðslu í þjóðfélaginu en gjöldin hafa engu að síður aukist sem því nemur og jafnvel rúmlega það, því að niðurstaðan er halli á rekstri ríkisins ef svo heldur fram sem horfir á þessu ári. Að vísu koma inn í innlausnir spariskírteina og fleira slíkt sem þarf að hafa í huga en eftir stendur að ríkissjóður verður í góðærinu miðju rekinn með halla á árinu 1997 og er þó ekki endilega víst að öll kurl séu komin til grafar eins og kunnugt er. Þegar ríkisreikningur endanlega birtist fyrir árið 1997 kann hann að geyma enn einhverjar breytingar frá þessum áformum.

Hér hafa, herra forseti, aðallega upp á síðkastið í umræðunni a.m.k., heilbrigðismálin verið rædd og ég þarf ekki að endurtaka það sem þar hefur verið sagt. Ég tek undir það flest sem sagt hefur verið um vanda þess málaflokks og stóru sjúkrahúsanna og heilbrigðisstofnananna almennt, en ég vil sérstaklega gera að umtalsefni einn þátt þess máls og hann tók ég reyndar upp við 1. umr. málsins og það er staða Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég var ákaflega óánægður, satt best að segja stórhneykslaður á því hvernig staðið var að framlagningu fjáraukalagafrv. þar sem stóru sjúkrahúsin í Reykjavík fengu umtalsverða úrlausn sinna mála að sagt var á grundvelli samnings sem gerður hafði verið við þau um tiltekin atriði í rekstrinum á næsta ári eða næstu árum, en á sama tíma fékk Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri enga úrlausn sinna mála og var þó og er vandi þess um flest sambærilegur vanda stóru sjúkrahúsanna í Reykavík, enda eðli málsins samkvæmt við sambærilega hluti að glíma á öllum þessum stóru sérhæfðu deildaskiptum sjúkrahúsum í landinu. Þar hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri algerlega sérstöðu af öllum heilbrigðisstofnunum landsbyggðarinnar og er í eðli sínu hvað rekstur snertir miklu líkara stóru deildaskiptu sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér datt satt best að segja ekki annað í hug en að þegar brtt. kæmu frá meiri hlutanum yrði búið að bæta úr þessu og sómasamlega búið að

Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Ég tel að það sé ekki gert með þeim brtt. og ég leyfi mér að lýsa yfir megnustu óánægju með að þannig skuli eiga að fara með Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að það fái ekki á nokkurn hátt sambærilega meðferð og sjúkrastofnanirnar hér sem að eðli og umfangi eru helst sambærilegar heldur er því vísað á óskiptan lið sem síðan á eftir að útfæra hvernig verði skipt og ráðstafað til allra sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni ef ég hef skilið þetta rétt. Með öðrum orðum, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á að bítast um hlutdeild sína í hinum óskipta lið við aðrar sjúkrastofnanir á landsbyggðinni. Þetta er ekki mjög smekkleg uppsetning og ég er satt best að segja, herra forseti, að verða heldur leiður á þessum endalausu dúsuliðum sem settir eru alltaf upp í tengslum við vanda í rekstri stofnana í heilbrigðiskerfinu. Þetta er ósiður, hv. formaður fjárln. Það er ósiður að setja málin svona fram ár eftir ár vegna þess að verið er að búa til leiðindi, skapa spennu og setja menn síðan á hnén fyrir fram í samningaviðræðum við ráðuneytið um þessi mál. Af hverju getur fjárlagavaldið ekki ákveðið það að hvaða marki er komið til móts við vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og sett þá tölu inn í lög þannig að menn þurfi ekki að ganga fyrir Pontíus og Pílatus eins og einhverjir þurfalingar eftir að búið er að ákveða að setja fjárveitingar til að koma til móts við rekstrarvandann, en þá er gengið þannig frá því að því er ekki skipt eða ekki merkt þeim sem í raun þurfa að fá þessa peninga. Lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um það hver vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er? Svarið er jú. Ég efast um að aðrar stofnanir hafi sent öllu greinarbetri upplýsingar um sinn rekstur á undanförnum árum. Ég efast um að aðrar sambærilegar stofnanir hafi staðið sig öllu betur í að reka yfirleitt starfsemi sína innan ramma fjárlaga og gera skilmerkilega grein fyrir því um leið og þannig var komið í rekstrinum, að það var ekki lengur hægt miðað við þá þjónustu sem kröfur eru gerðar til um og fjárveitingavaldið og löggjafinn hefur reyndar heimilað sjúkrahúsinu að stofna til á undanförnum árum með því að ráða sérfræðinga á fleiri sviðum, fjölga aðgerðum og taka upp aukna þjónustu. En það hefur gleymst að sjá fyrir eðlilegum og nauðsynlegum fjárveitingum til að mæta þeim rekstri. Ég vona auðvitað að FSA nái út úr þessari skiptingu sanngjörnum hlut en mér finnst þetta mjög miður að menn skuli ekki geta klárað málin með eðlilegum hætti. Og vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akueyri er um margt það sérstaks eðlis að hann er ekki nema að hluta sammerktur hvað inntak og eðli snertir því sem við er að glíma á mörgum öðrum stofnunum á landsbyggðinni. Það er m.a. vegna þess að þar hefur þjónustan beinlínis verið aukin með pólitískum ákvörðunum á undanförnum missirum en því er ekki endilega til að dreifa á öllum öðrum stöðum þar sem eftir sem áður er við fjárhagsvanda að stríða.

Þessa sérstöðu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verða menn að viðurkenna ef menn ætla að verða sjálfum sér samkvæmir. Það hafa verið teknar á undanförnum árum pólitískar ákvarðanir um hlutverk þessarar stofnunar. Tekin var ákvörðun í tíð fyrri ríkisstjórnar um að hefja mikla byggingu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til að leysa úr húsnæðisþörf barnadeildar og fleiri deilda. Sú bygging er nú langt komin og verður vonandi tekin í notkun í lok næsta árs, þ.e. fyrsti hluti hennar. Á undanförnum nokkrum árum hafa verið heimilaðar nýjar stöður sérfræðinga á nýjum sviðum sérhæfðrar þjónustu með ákvörðunum á Alþingi sem teknar hafa verið af bæði fyrrv. og núv. ríkisstjórnum, meiri hlutum hennar og ég held reyndar studdar af öllum af því að menn hafa verið sammála um að þetta hlutverk stofnunarinnar væri mjög mikilvægt. Þetta ætti að verða ein af sérhæfðu og stóru sjúkrastofnununum í landinu sem verða efldar til að veita fullnægjandi heilbrigðisþjónustu fyrir landið á þessu svæði, á stóru upptökusvæði á Norð-Austurlandi og Vestfjörðum. Þarna eru menn enn fremur með í huga að þetta er eina stóra varasjúkrahúsið í landinu fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Hvernig stendur þá á því að ekki er hægt að ganga betur frá þessum málum en hér er gert? Ég spyr að því.

Að öðru leyti, herra forseti, tek ég svo undir að mikið skortir á að menn hafi viðurkennt þarfirnar í heilbrigðiskerfinu almennt, ætli menn að veita hér þá fyrsta flokks þjónustu sem þjóðin gerir kröfur um og pólitíkusar auðvitað átta sig á því að það er ekki vilji til annars í landinu en að halda uppi fyrsta flokks heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu og þá fara menn einhverjar fjallabaksleiðir til þess að reyna að komast undan því eftir sem áður að viðurkenna þörfina fyrir fjárveitingar sem er í þessum málaflokki. Það voru mjög umhugsunarverðar tölur sem komu fram áðan í máli hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, þegar það er framreiknað að núvirt framlag til heilbrigðismála á hvern landsmann hefur ekki aukist, það hefur heldur minnkað. Það er úr takti við allt sem er að gerast í þessari grein þar sem út um allan heim er viðurkennt að það er óleysanlegt viðfangsefni að taka inn þá möguleika sem ný tækni og framþróun læknavísindanna bjóða upp á, bæði ný lyf og ný lækningatæki og auknir möguleikar auk breyttrar aldurssamsetningar í samfélögunum, að láta þetta mætast öðruvísi en að menn séu tilbúnir til að leggja meira til þessa málaflokks. Þvert á móti held ég því fram að það sé með ólíkindum hvað íslensk heilbrigðismál eru þrátt fyrir allt rekin með hagkvæmum hætti þannig að það vekur aðdáun víða erlendis hvað t.d. tiltölulega lítil sjúkrahús eins og okkar stærstu sjúkrahús eru á erlendan mælikvarða geta þó gert. Það þarf ekki annað en velta fyrir sér t.d. þeim erfiðleikum sem hin gífurlega aukna sérhæfing í læknisfræði hefur í för með sér fyrir svona litlar stofnanir eins og við erum hér að tala um. Samt held ég að þarna hafi tekist ótrúlega vel til m.a. vegna þess og ekki síst vegna þess að starfsfólkið á þessu sviði leggur ótrúlega mikið á sig af því að þetta er öðrum þræði hugsjónastarf og menn eru bundnir af sínum starfsheiðri og eiðum sem honum fylgja við það að reyna að leysa sitt verk vel af hendi, jafnvel við ótrúlega erfiðar aðstæður. En vinnuálagið er orðið gífurlegt. Það er búið að draga mjög saman fjárveitingar undanfarin ár. Það er langt frá því að fullnægjandi endurnýjun á tækjakosti, svo að ekki sé talað um hörmulega bágborið viðhald á húsnæði, sé fyrir hendi. Og það er alveg nauðsynlegt, herra forseti, að menn horfist einhvern tíma í augu við þessar staðreyndir eins og þær liggja fyrir og fáist til að ræða þær yfirvegað og áreitnislaust og reyna að ná einhverju landi með þessi mál. Það er algjörlega ómögulegt að hafa þennan málaflokk alltaf meira og minna í upplausn eins og hann hefur því miður verið meira og minna í ein 5–6 ár ef ekki lengra aftur. Ég held að það þurfi að fara a.m.k. aftur á daga hv. þm. og hæstv. ráðherra Guðmundar Bjarnasonar til þess að finna sæmilegt jafnvægisástand í heilbrigðismálunum og var þar þó auðvitað við erfiðleika að glíma eins og endranær. Menn vita nú hver ósköpin gengu hér á á síðasta kjörtímabili. Það þarf ekki að fara yfir það. Það er best að hlífa mönnum við því að vera að rifja það mikið upp og svo hefur þetta gengið eins og raun ber vitni á þessu kjörtímabili að það hafa

verið endalausar þrengingar. Það hafa verið endalaus sparnaðaráform sem hafa verið ákveðin fyrir fram og ofan frá. Svo verður ekki neitt úr neinu. Á þetta hefur verið bent og niðurstaðan liggur alltaf eins fyrir. Menn neyðast til að veita aukafjárveitingar þegar sparnaðaráformin eru farin í vaskinn, hafa sáralitlu eða engu skilað öðru en óvissu og óánægju og núningi og erfiðleikum fyrir starfsfólk og stjórnendur. Þetta er gjörsamlega ómögulegt og óþolandi. Það verður að reyna að koma starfseminni á þessu sviði niður á sæmilega traustan grundvöll og í formi fjárveitinga sem eru samkvæmt skilgreindum markmiðum og þörfum að þessu leyti þannig að *menn vita að hverju þeir ganga* og þessum endalausa aukafjárveitingavandræðasparnaðarvítahring ljúki.

Herra forseti. Ég vil að lokum umfjöllunar um þetta mál spyrja hv. formann fjárln. eða þá þess vegna hæstv. heilbrrh.: Hvað er hægt að upplýsa á þessu stigi málsins um þá hlutdeild sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fær út úr þessum óskipta lið? Er hægt að segja eitthvað um það, upplýsa eitthvað um það hvaða úrlausn verður þar á ferðinni gagnvart þeim vanda sem menn standa þar frammi fyrir, uppsöfnuðum frá fyrra ári og því sem eru að myndast á þessu ári og samkvæmt beiðnum FSA mun þurfa einar 80–90 millj. til að leysa á fullnægjandi hátt.

Þá, herra forseti, hafði ég fyrst og fremst ætlað að ræða lítillega eitt annað atriði sem á við í þessu fjáraukalagafrv., fyrst og fremst vegna þess að það vakti mikla undrun mína þegar ég fór að fara yfir það mál, lesa saman annars vegar frv. og hins vegar brtt. meiri hlutans. Þetta undrunarefni, herra forseti, er utanrrn. Ég satt best að segja verð að játa að ég varð alveg forundrandi þegar ég fór að fara yfir það hver ósköpin hafa eiginlega gerst í fjárveitingamálum til utanrrn. á þessu ári og eru enn að gerast. Ég ætlaði ekki að trúa því að þetta litla ráðuneyti með ekki flóknari starfsemi en þar er á ferðinni skuli samtals eiga að fá um hálfan milljarð kr., næstum hálfan milljarð króna í aukafjárveitingar á árinu. Ég leyfi mér nú bara að spyrja, herra forseti: Hvers konar áætlunargerð var þar stunduð? Á hvaða sandi byggðu fjárveitingar til utanrrn. sem afgreiddar voru á Alþingi í desember í fyrra? Þetta eru nú meiri ósköpin. Auðvitað er það svo að sumir þessara liða sem hér eru eiga sér skýringar og ég tek það skýrt fram að ég er stuðningsmaður sumra þeirra. Ég vil t.d. taka það alveg skýrt fram að ég fagna því að Íslendingar hafa opnað sendiráð í Helsinki. Það hefði að vísu mátt bera öðruvísi að. (**Gripið fram í:** Út af hverju?) Út af því að ég held að það sé mikilvægt að við ljúkum því að koma upp sendiráði í því síðasta af Norðurlöndum, þar sem við höfðum ekki sendiráð fyrir. Það er sjálfsagt mál að við gerum það, höfum þar sendiráð, auk þess getur sendiráð Íslendinga í Helsinki vegna breytinga í stjórnmálum í þeim heimshluta, þjónað stórauknu hlutverki hvað varðar samskipti við Eystrasaltslöndin og austur á bóginn, við Eystrasaltið og jafnvel enn austar á bóginn. Ég er ekki að segja að það hefði endilega þurft að bera þannig að að þetta mun hafa gerst nánast bara sem ákvörðun innan ársins. Það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að það hefði borið að með hefðbundnum hætti og fyrir því hefðu verið fjárveitingar samkvæmt fjárlögum að opna slíkt sendiráð. En ég er stuðningsmaður þess engu að síður þó ég skrifi ekki endilega upp á þessa aðferð. Og sama mætti segja um ýmsa aðra smáliði sem þarna fá minni háttar viðbót eins og þróunarmál, alþjóðlegt hjálparstarf og annað því um líkt. En ýmislegt annað, vekur svo sannarlega fleiri spurningar.

Rekstur aðalskrifstofu utanrrn. á að fá rúmar 40 millj. kr. í aukafjárveitingum. Það munar um minna. Nú er þetta ekkert óskaplegt batterí að ég hélt. Og í hvað í ósköpunum fara 40 millj. í viðbót í þennan rekstur sem ekki var hægt að sjá fyrir? Jú, það er nú hægt að reyna að átta sig eitthvað á því með því að líta í greinargerðina og þá kemur í ljós að sjálfar skrautfjaðrirnar í hatti utanrrh. — hvað hétu þær nú aftur, heræfingarnar — varnaráætlana- og almannavarnaæfingarnar, Samvörður 7 *millj.* kr. og Norður-Víkingur 4 *millj.* kr. — þær gleymdust, þessar fínu miklu áætlanir sem hæstv. utanrrh. er búinn að hæla sér af út um allan heim og færði fram sem sérstök rök að hefðu vakið mikla aðdáun erlendis, þetta brölt hér uppi á miðhálendinu sem landsmenn urðu aðallega varir við af því það varð til óþurftar í túrismanum. En það gleymdist að gera ráð fyrir fjárveitingum og svo kostar þetta heilar 11 millj. kr. sem utanrrn. þarf að fá í aukafjárveitingar bara svona upp úr þurru allt í einu á haustdögum 1997.

Síðan er þarna ýmislegt fleira sem er mjög sérkennilegt að skuli ekki hafa verið gert ráð fyrir. Allt í einu þurfti að ganga frá deiliskipulagi á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og það þarf aukafjárveitingu í það og guð má vita hvað. Það meira að segja gleymdist að gera ráð fyrir því að það þyrfti að birta erlenda samninga í Stjórnartíðindunum og það þarf að fá aukafjárveitingu til þess o.s.frv. 40,4 millj. í aukafjárveitingu til að reka aðalskrifstofu utanrrn. Þetta er nú dálítið umhugsunarefni. Hver er fjármálastjóri þarna? Hver gerir áætlanir? Ég hélt að yfirmaðurinn væri endurskoðandi, einn af frægustu endurskoðendum landsins, sjálfur hæstv. utanrrh. Hvaða einkunn gæfi hann mönnum sem stæðu svona að málum ef hann væri enn prófdómari í Háskóla Íslands?

Ekki batnar það nú, herra forseti, þegar kemur að sendiráðunum. Guð minn góður! Sendiráðið í Washington, 5 millj. í viðbót í rekstur. Það gleymdist að gera ráð fyrir því að það þurfti að leigja húsnæði á meðan bústaðurinn væri óíbúðarhæfur o.s.frv. Og 95 *millj.* kr. í *stofnkostnað, aukafjárveiting.* Aukafjárveiting í sendiherrabústaðinn í Washington. Hann hefur ekki verið mikils virði. Það er enginn smáræðis kostnaður sem fylgir þessu litla sloti þarna í Washington. Þetta er vonandi ekki sundlaugin sem er farin að leka, hin fræga sem þjóðin stóð á öndinni út af fyrir nokkrum árum þegar þurfti að byggja sundlaug við bústaðinn í Washington af því að þar var svo mikill raki í lofti og heitt á sumrin eins og kunnugt er. Það er vonandi ekki sundlaugin sem hefur hrunið heldur eitthvað annað. 101 millj. er í aukafjárveitingar vegna sendiráða almennt og það fer mest í sendiráðið í Washington.

En þetta er ekki nóg, herra forseti. Nei, þetta er ekki nóg. Svo líða nokkrar vikur frá því að frv. kemur hér fram með *aukafjárveitingum til utanrrn. upp á 182,2 millj.* kr., þessa litla ráðuneytis og þá koma brtt. meiri hlutans og hvað er þar? Þar eru 310 millj. í viðbót í aukafjárveitingar til utanrrn. Það eru 17,4 millj. í ýmis verkefni og sendiráð Íslands í London fær 290 millj. Ég spyr að því, herra forseti: Hvernig stendur á því að þessa hluti ber þannig að að það uppgötvast allt í einu í október, nóvember eða desember, eða hvenær það nú er, að það vantar 290 millj. til að reka sendiráðið í London eða koma því yfir áramótin? Það getur ekki beðið eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998. Nei, það verður að koma sem aukafjárveiting í fjáraukalögum ársins 1997. (**Gripið fram í:** Það er búið að eyða því.) Það er kannski búið að eyða því. (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, menn eru ekki sammála um það í salnum hvort þessar krónur eru farnar eða ekki. En ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að

mig rak í rogastans að sjá hvernig þetta litla ráðuneyti, með þó ekki flóknari rekstur en það ætti að vera að reka nokkur sendiráð og einn lítinn kontór hér í Reykjavík, skuli þurfa næstum hálfan milljarð kr. í aukafjárveitingar á einu ári og menn depla ekki auga yfir þessu hér, fjárlaganefndarmenn og þeir sem sátu í fínum nefndum um fjárreiður ríkisins. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er alveg forundrandi, herra forseti.

Ég gerði það mér til gamans af svona vissum sögulegum áhuga að ég fór og skoðaði landbrn. sem er miklu stærra ráðuneyti með miklu útgjaldafrekari málaflokka á sínum herðum og var nú oft illa séð fyrir það að stundum þurfti aukafjárveitingar í blessað landbrn. eins og ræðumaður man mjög vel eftir af vissum ástæðum og það gátu verið heilmikil læti í kringum það þegar var verið að slást fyrir því að fá einhverja aura sem vantaði upp á útflutningsuppbætur eða eitthvað fyrr á öldinni, eins og hv. 8. þm. Reykv. mundi kannski orða það. En þá sá ég það mér til ánægju að landbrn. er ekki einu sinni hálfdrættingur á við utanrrn. í aukafjárveitingum. Það fær kannski svona þriðjung. Það er fyrst og fremst einn liður þar, af ástæðum sem eru vel skýrðar í greinargerð með með frv., sem fær nokkra hækkun. Það eru jarðamálin hjá landbrn. Þar er á ferðinni tala sem er ekki nema brot af því sem utanrrn. fær eða um $^1/_3$ líklega, herra forseti.

Ég ætla ekki að fara fram á það hér, herra forseti, að hæstv. utanrrh. komi til þessarar umræðu því að það er óhefðbundið að vera að biðja hæstv. utanrrh. að koma og ræða fjárlagamál. En utanrrn. er ráðuneyti eins og hvert annað ráðuneyti líka í þessum skilningi. Það er ekkert yfir önnur ráðuneyti hafið í þeim efnum. Það verður að reyna að vera innan ramma fjárlaga. Er það ekki? Það hefur enga sérstaka stöðu hvað varðar fjárreiður ríkisins. Er það? Nei, ég held ekki. Og þó að hæstv. utanrrh. sé mikið í útlöndum og það sé kannski erfitt fyrir hann að fylgjast með því svona dag frá degi hvernig reksturinn gengur á bænum, þá verður að gera sömu kröfu til hæstv. ráðherra og annarra um að þarna sé farið að settum leikreglum. Ég leyfi mér að lýsa svo vægt sé til orða tekið, herra forseti, mikilli undrun á þessu og geri það hér með og vona að ég hafi tekið þetta þannig fyrir að það hafi komist sæmilega til skila að hér er um nokkuð óvenjulegt frávik að ræða, svo ekki sé meira sagt, hjá þessu eina ráðuneyti.

Allra síðast spyr ég, herra forseti: Má kannski búast við því að við fáum svona eins og tvö sendiráð í hausinn á næsta ári? Það komi í ljós að allt sé ónýtt í New York eða Kaupmannahöfn og það kosti hundruð milljóna að koma þeim sendiráðum í lag á næsta ári og það verði líka að vera aukafjárveitingar? Er kannski ástæða til að fara þarna í úttekt á stöðu mála — heita það ekki stjórnsýsluúttektir — og eitthvað svoleiðis fínerí sem Ríkisendurskoðun er stundum sett í þegar mönnum ofbýður eitthvað sem gerist af þessu tagi? Ég spyr að því. Hefur hv. fjárln. velt því fyrir sér hvort þetta sé þannig frávik miðað við forsendur fjárlaga yfirstandandi árs að kannski sé ástæða til þess að Ríkisendurskoðun fari þarna í úttekt og fari ofan í saumana á því og kanni hvernig svona ósköp geta allt í einu komið upp.

Nú kann vel að vera að á þessu öllu séu efnislegar haldbærar skýringar og eitthvað var nefndur hér lóðaleigusamningur í London o.s.frv. til 99 ára og það getur verið að það sé ágæt fjárfesting. En ég spyr þá að því: Hafði enginn hugmynd um að hann væri útrunninn? Þarf það að koma mönnum gjörsamlega á óvart? Er eðlilegt að það uppgötvist í september eða í október eða nóvember og menn standi bara ráðþrota og verði að fá 290 millj. í aukafjárveitingu? Gat enginn séð þetta fyrir eða ástandið á bústaðnum í Washington o.s.frv.? Ekki trúum við því eitt augnablik, herra forseti, að það séu bara mannaskipti þar sem kosti öll þessi ósköp. Það getur ekki verið. Það hlýtur að vera sama hvað sendiherrann heitir sem situr þar. Ég hef ekki heyrt um það að síðasti sendiherra í Washington hafi beðið neitt heilsutjón af því að búa í húsinu þannig að ég spyr: Getur þetta virkilega hafa verið svo brýnt að allt þetta þurfi að vera aukafjárveitingar? Spyr sá sem ekki veit, herra forseti.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Aðrir ræðumenn hafa tekið prýðilega fyrir ýmsa aðra þætti þessa máls sem ástæða er til að fara hér yfir. Ég hef haldið mig fyrst og fremst við tvo þætti, þ.e. heilbrigðismálin og þá aðallega hvað varðar vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og vona að ég fái þar svör við spurningum mínum og svo hefur þessi stórfellda og undarlega frammúrkeyrsla eða útafkeyrsla eins og er til siðs að segja núna, útafkeyrsla utanrrn. í fjármálum á þessu ári, vakið athygli mína. Ég hef hér gagnrýnt hana og spurt þar ýmissa spurninga hvernig á þessum ósköpum skuli standa að utanrrn. hefur keyrt svona hressilega út af veginum og langt út í mýri eins og þessi fjáraukalög og breytingartillögur meiri hlutans bera með sér.

[23:20]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þá er uppsafnaður vandi þess á síðasta ári og á þessu ári 84 millj. kr. Fjórðungssjúkrahúsið hefur lagt fyrir fjárln. greinargóða skýrslu um mat sitt á því hvernig á þessu standi og ég tel að það sé góður grunnur til þess að gera samning við sjúkrahúsið þó þeir geti ekki sagt um endanlega tölu á þessu stigi. Hallinn er til kominn, eins og ég sagði, á síðasta ári og þessu en þetta sjúkrahús hefur verið vel rekið og innan fjárheimilda. Ég hygg að einhver skýring geti verið í því að það er rétt að veittar hafi verið heimildir fyrir nýjum stöðum lækna og aukið umfang í aðgerðum og það hafi verið vanmetið. Hins vegar er þetta mál sett í þann farveg sem ákveðinn var um sjúkrahúsin öll. Ég tel að það liggi fyrir góður grunnur til þess að taka þetta skjótt fyrir. Ég vil taka það fram að forráðamenn Sjúkrahússins á Akureyri hafa lagt á það mikla áherslu að vera innan fjárheimilda þannig að ég tel að það eigi að ganga í það að gera samning um umfang starfseminnar og meta hve miklar fjárhæðir þarf í ár og hvað starfsemin þarf til sín á næstu árum.

Ég vildi láta þetta koma fram í andsvari og skýri á eftir önnur atriði þegar ég tek til máls í lokin.

[23:22]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln., hv. 2. þm. Austurl., Jóni Kristjánssyni, fyrir þessi svör og sérstaklega kannski þann gæðastimpil eða það vottorð sem hann gaf hér upp á það að þau gögn sem frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafa komið séu greinargóð og gefi fullt tilefni til þess að komið sé til móts við vanda sjúkrahússins eins og hann birtist. Þó að hv. þm. treysti sér ekki til að nefna hér tölur þá gaf hann í skyn að það lægi allt fyrir sem þyrfti að liggja fyrir til þess að unnt væri að ganga frá þessum málum við Fjórðungssjúkrahúsið. Þá er að vísu eftir þetta samningatal sem hér er alltaf uppi nú orðið. Það er eins og það sé ekki hægt að veita bara fjárveitingar á fjárlögum á eðlilegan hátt til þessara stofnana rétt eins og annarra ríkisstofnana þannig

að þær geti bara rekið sig á þeim grunni, heldur þarf alltaf að ganga til einhverra samninga. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta finnst mér heldur hvimleitt. Það kann vel að vera að sú samningagerð verði í þannig góðum anda og ekki verði um neina nauðung að ræða af hálfu viðsemjendanna, við ráðuneyti, fjmrn. eða heilbrrn. eða hverjir sem það nú eru sem þar véla um. En ég verð að segja alveg eins og er að í ljósi reynslunnar er maður svolítið tortrygginn á þessa uppsetningu mála, þessa óskiptu liði og síðan þessar samningaviðræður einhvers staðar bak við lokuð tjöld.

Mun t.d. fjárln. fylgjast með því hvernig skipting þessa liðar verður og hafa hönd í bagga með því að það verði þá með sanngjörnum hætti spilað úr þessum fjármunum til þess að leysa vanda stofnana eins og FSA sem óumdeilt er að hafi staðið sig vel, að hafi fært fram alveg fullnægjandi skýringar og rök fyrir því hvers vegna þessi vandi hefur skapast? Mér finnst það skipta máli að slíkt liggi fyrir áður en Alþingi sleppir málunum frá sér.

[23:24]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa að fjárln. hefur lagt á það áherslu að fylgjast með framgangi þessara mála og það er tekið fram í nefndaráliti að fjárln. geti kallað eftir upplýsingum á hverjum tíma og að niðurstöður séu lagðar fyrir nefndina og þær tillögur sem hugsanlega verða gerðar, t.d. ef það kæmi upp að aukið fjármagn þyrfti til einstakra verkefna þá er fjárveitingavaldið hjá Alþingi. Það breytist ekki.

Varðandi samninga og þá stefnu, þá held ég að þeir þurfi ekki að vera af hinu vonda. Það getur verið gott fyrir báða að gera sér ljósa grein fyrir því hvað ákveðin starfsemi kostar, hversu mikið fjármagn þarf til þess að sinna ákveðinni þjónustu og ég tel að sú vinna sem lögð er í það geti skilað sér og alls ekki þurfi að vera neikvætt fyrir viðkomandi stofnun að taka þátt í slíku samningaferli. Ég legg á það áherslu að það á að ganga að þessu með jákvæðum hætti.

Varðandi utanrrn. þá hafa komið fram skýringar á þessum fjáraukaliðum. Ég leyni því ekkert að mér finnast þetta miklir peningar þegar við erum að berjast við nokkrar milljónir til hinna og þessara hluta. Hins vegar er það svo að hvert einasta skref í húsbyggingum í miðborgum erlendra stórborga kostar morðfjár. Það eru skýringar fyrir þessu í greinargerð fjáraukalaganna og ég get komið nánar að því á eftir. En ég vil taka það fram að stjórnsýsluendurskoðun á utanrrn. hefur nýlega verið gerð og sú skýrsla liggur fyrir og er áreiðanlega einhvers staðar í hillum hv. 4. þm. Norðurl. e. með öðrum skýrslum sem hafa komið frá þeirri stofnun.

[23:27]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins, vegna þess hluta ræðu hv. þm. þar sem hann fjallaði um kostnað við sendiráð, koma inn á nokkur atriði.

Hv. fjárln. fór að sjálfsögðu rækilega yfir öll þau erindi sem fyrir nefndina voru lögð varðandi kostnað vegna sendiráða. Ég lít nú svo til að það hafi gerst sem virðist hafa orðið í mjög mörgum tilvikum hjá okkur Íslendingum að viðhald bygginga hefur setið á hakanum og það er ekkert einsdæmi að það gerist hvað varðar byggingar sem eru sendiráðsbyggingar. Það hefur komið í ljós. Sérstaklega á það nú við um sendiráðið í Washington sem kostar mjög mikið að gera við. En síðan hittist þannig á að það hellast yfir viðfangsefni úr mjög mörgum áttum frá mörgum sendiráðum á sama tíma þannig að allt verður þetta nú æðistórkarlalegt vissulega og get ég tekið undir það. Hins vegar er á það að líta að þarna er um miklar eignir að ræða því að verðgildi þeirra helst að því er virðist allbærilega þar sem er um húseignir að ræða í þessum stórborgum. Því þarf að halda til haga. Hins vegar, varðandi sendiráðið í London, er þarna um mjög langan leigusamning að ræða og það var mat þeirra sem um þetta fjölluðu að vegna þess hversu mikið þyrfti að gera við sendiráðsbygginguna í London til þess að skila henni af sér og uppfylla þannig leigusamninga, að hagstæðast væri að endurnýja leigusamninginn og nýta þær viðgerðir sem þyrfti að vinna á húsinu.

[23:29]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig er það gott að fjárln. hefur farið rækilega yfir þetta mál og ég efa það ekki. Sjálfsagt er það svo að á þessu öllu saman séu skýringar. Ég gaf ekkert annað í skyn í mínu máli en að svo gæti verið og eins og hér kom fram hjá hv. ræðumanni að viðhald hafi verið lítið og mörg verkefni ber nú allt í einu upp á þetta sama ár og allt kostar þetta ósköpin öll og reiðinnar ósköp af peningum þegar um er að ræða fokdýrt húsnæði á miðsvæði í erlendum stórborgum.

En gagnrýni mín var ekki bara á það að þetta kostaði mikla peninga, sem það sannanlega gerir og allir viðurkenna, heldur líka á hitt, af hverju þetta þarf allt saman að bera upp á eins og óvænta atburði. Hvernig stendur á því að þetta skuli allt þurfa að vera aukafjárveitingar? Ég fékk í sjálfu sér engin svör við því. Þess þá heldur, ef um áratugalangan leigusamning er að ræða, ætti það þá að koma mönnum á óvart þegar hann er útrunninn? Það er það sem ég skil ekki og mér finnst fullkomin ástæða til að gagnrýna að þetta eru hlutir sem ber ekki að, hvað fjárlagagerðina eða fjárveitingarnar snertir, eins og æskilegt er, að menn hafi helst einhverra ára aðdraganda að því að ráðast í svona stórar fjárfestingar hvort sem heldur er um meiri háttar endurbætur á húsnæði að ræða, endurnýjun leigusamninga, kaup eða sala o.s.frv. Ég held að það sé ástæða til að láta fara yfir það hvernig ástandið er á þessu húsnæði í öðrum sendiráðum. Hvar eru leigusamningar að renna út? Hvar má búast við því að fá svona sprengjur í andlitið eða hnalla í hausinn á næstu árum þannig að menn þurfi ekki að standa hér uppi með tölur af þessari stærðargráðum í fjáraukalögum, hálfan milljað króna inn í þetta litla ráðuneyti? Þetta eru allt saman hlutir sem, ef eðlilega er að staðið, hafa komið upp á eftir að gengið var frá fjárlögum í desember í fyrra.

[23:32]

**Hjálmar Jónsson**:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka traust hæstv. forseta og vona að ég standi undir hans væntingum. Hér hafa hins vegar talað tveir höfuðsnillingar stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon og þá stendur maður náttúrlega með hattinn í hendinni og undrast mælsku þeirra og þekkingu. Eigi að síður tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um fjáraukalagafrv. og þá einkum um heilbrigðismálin eins og svo margir hafa gert hér á þessu kvöldi.

Hv. síðasti ræðumaður talaði reyndar um að Akureyringar hefðu þurft að ganga milli Pontíusar og Pílatusar. Líklega var hann að gera grín að mismæli einhvern tíma fyrr á öldinni, en þeir hefðu betur gert þetta fyrr, Akureyringar, t.d. áður en Pontíus Pílatus krossfesti Krist en það er nú annað mál. Þetta var að sjálfsögðu einn og sami maðurinn og ég held að fleira

þessu skylt hafi verið í máli hv. þm. en hann vildi vera láta, að upplausnin væri ekki svo mikil í heilbrigðismálunum og hann vildi meina.

Satt að segja er stefna í heilbrigðismálum fyrir hendi og hún er nokkuð skýr. Hún er sú að lækna sjúka og halda uppi öflugri heilsugæslu í landinu. Markmiðin hafa oft verið skýrð, síðast í prýðilegri skýrslu svonefndrar nefndar um forgangsröðun. Það er afar merkilegt plagg sem ég hvet menn til þess að kynna sér. Stefnan er skýr en útfærslan er kannski ekki klár í öllum atriðum, áherslur, umfang starfseminnar í hverri einingu, verkaskipting milli stofnana og fleira og fleira. Auðvitað eru þetta atriði sem taka breytingum svo sem eðlilegt er en stefnan sjálf og markmiðin hljóta að vera skýr og við skulum ekki gleyma þeim.

Heilbrigðismálin eru afar mikilvægt svið í þjónustu hins opinbera, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði, og einn af undirstöðuþáttunum í þjónustu ríkisins og í þjóðfélagskerfinu.

Margir hafa minnst á að verja þurfi meira fé til heilbrigðismála á fjáraukalögum. Það er rétt. Það er gert og það er boðað áfram. Vissulega má alltaf deila um upphæðina og hversu stór skref sé hægt að taka. Ég hef sjálfur áhyggjur af því, herra forseti, að vanta muni meira fé en til er lagt á fjáraukalögum núna og boðað er að verði á fjárlögum þegar þau verða lögð fram til 2. umr. með brtt. meiri hluta fjárln.

Á hinu vil ég vekja athygli að um er að ræða þáttaskil gagnvart sjúkrastofnunum í landinu, bæði í Reykavík og á landsbyggðinni og sú umbreyting var sannarlega orðin tímabær. Hún er skýr í fjáraukalagafrv. og eins og ég segi, meira er boðað. Niðurskurðartalið hjá fjölmiðlum og manna á meðal undanfarin missiri hefur vissulega haft slæm áhrif. Umræðan hefur líka haft slæm áhrif á heilsufarið í landinu, á einstaklingana og einnig á byggðarlögin vítt og breitt um landið. Niðurskurðarumræðan hefur valdið öryggisleysi sem ég vona að sé hér með lokið.

Það er nefnilega þannig að enda þótt hækkaðar séu fjárveitingar milli ára, nokkuð nú og mun meira í fjárlögum næsta árs, þá er búið að innprenta fólki að stofnanirnar séu sífellt skornar niður, meira og meira. Sannleikurinn er samt sá að framlög hafa hækkað og frekari hækkun er boðuð.

Fram kom í ræðu hv. varaformanns fjárln. að framlög hafa hækkað en ekki lækkað til heilbrigðismála og það vil ég undirstrika hér og árétta. Vissulega er rétt að í öllum ríkisrekstri þarf að spara og nýta fjármuni svo sem framast er kostur. En það hefur hins vegar verið þrengt um of að rekstri landsbyggðarsjúkrahúsanna. Ekkert vinnst við að þvinga sjúkrahúsin á landsbyggðinni til að láta af þjónustu sem þau hafa sinnt og geta með góðu móti sinnt til þess að auka strauminn á stóru hátæknihúsin. Ýmsar aðgerðir eru gerðar á landsbyggðarsjúkrahúsunum án þess að verið sé að taka frá hinum stóru eða ganga inn á þeirra verksvið. Um það hlýtur að geta ríkt sátt milli stofnana í heilbrigðiskerfinu, lítilla og stórra eininga, milli sjúkrahúsa í Reykjavík og sjúkrahúsa á landsbyggðinni, að verkaskipting sé slík að litlu húsin á landsbyggðinni sinni því sem þau með góðu móti geta sinnt en verkefnum sé ekki beint frá þeim og þau jafnvel skilin eftir verkminni. Á meðan sé fólk jafnvel lagt inn á skolin hér á sjúkrahúsunum eins og einn hv. þm. orðaði það fyrr í umræðunni.

Herra forseti. Margt hefur verið vel gert í heilbrigðismálum. Hæstv. heilbrrh. minntist á kjördæmi mitt í umræðunni fyrr í kvöld. Hún nefndi sjúkrahúsið á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki þar sem staðið hafa yfir framkvæmdir eða eru að fara í gang. Ég er ánægður með það að sem betur fer hefur margt lánast vel þó margt og fleira raunar sé ógert. En það sem vel er gert hefur horfið í skuggann af því að víðast hvar vantar svolítið upp á að endar nái saman í rekstri sjúkrahúsanna, jafnvel þó stjórnendur og starfslið allt sé allt af vilja gert til að ná settu marki. Nú vona ég, herra forseti, að betri tímar séu fram undan í þessum efnum, að rekstur heilbrigðisstofnananna í landinu geti náð jafnvægi. Fátt skiptir meira máli nú um stundir. Við skulum heldur ekki gleyma því, herra forseti, að við eigum vel menntaðar heilbrigðissléttir og það ætti að vera okkur til hróss sem þjóð. Mikilvægt er að búa þessum stéttum viðunandi starfsaðstöðu þannig að þjónusta þeirra við fólkið í landinu skili sem bestum árangri. En að sjálfsögðu þarf fyrst og fremst þjónustan við fólkið, aðbúnaðurinn gagnvart sjúklingunum að vera eins og best verður á kosið.

Herra forseti. Við tökum nú gott skref til bóta á heilbrigðiskerfinu og útlit er fyrir að heilbrigðisþjónustan verði traustari á næstu missirum.

[23:40]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir athyglisverða ræðu. Mig langar til að leggja fyrir hann eina spurningu í framhaldi af henni. Það kom fram í ræðu minni fyrr í kvöld að vandi stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu sem heilbrrn. hefur ekki mótmælt er upp á 900 millj. kr. á næsta ári og það er augljóst mál að þó að sjúkrahúsin fái eitthvað af þessum 300 millj. sem verið er að tala um að bæta við sjúkrahúsin í heild á næsta ári, þá stefnir í það að loka verði stórum hlutum þessara sjúkrahúsa á næsta ári. Gerir hv. þm. sér þetta ljóst? Er hann tilbúinn til þess að segja við stjórnendur stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík: Þið eigið að loka sjúkrahúsunum á næsta ári.

[23:41]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér ljóst að vandinn er mikill og ég lýsti áhyggjum mínum af því áðan að sú aukning sem fyrirhuguð er muni ekki duga en ég hygg að menn muni allir leggjast á eitt og leggja sig fram um að ná endum saman. Það kom fram í máli hæstv. heilbrrh. fyrr í kvöld að aldrei hefði verið eins lítið um sumarlokanir og á síðasta sumri. Ég endaði ræðu mína á því að reikna með því að vandinn mundi minnka en ekki vaxa vegna þess að við erum að auka allverulega fjárveitingar í þennan þátt heilbrigðiskerfisins.

[23:42]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú bara allt vitlaust hjá hv. þm. Hann áttar sig greinilega ekki á því að hann er að skipa þessum sjúkrahúsum að loka. Gerir hv. fjárln. sér ekki grein fyrir hvað hún er að gera? Eða eru menn orðnir svo lúnir í kvöld að þeir átti sig ekki á hlutunum?

Veruleikinn er sá að uppsafnaður, núverandi og næsta árs vandi sjúkrahúsanna hér á þessu svæði er 1.500 millj. kr. og það er ekki ágreiningur um upphæðir í þessu dæmi nema þá tölu að hallinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sé ekki 144 millj. á þessu ári heldur eitthvað minni að mati heilbrrn. Að öðru leyti er full samstaða um þessa tölu. Ef menn ætla sér að neita að horfast í augu við þennan veruleika, þá eru þeir að segja við fólkið sem vinnur á spítölunum: Lokið spítölunum. Þeir eru að segja við yfirmenn sjúkrahúsanna í Reykjavík:

Rekið fólkið, mörg hundruð manns úr vinnu. Af því að þetta gengur ekki. Og þetta er ekki spurning um að ná endum saman, leggja sig fram um og allt það. Hér duga ekki fallegu orðin lengur þó að þau dugi í öðrum ræðustólum en þessum.

[23:43]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur oft nefnt stórar tölur og talað um gífurlegan vanda og hefur talað þannig undanfarin ár þannig að það kemur mér ekkert á óvart þennan tíma sem ég hef hér verið.

Um rekstur stóru sjúkrahúsanna hér í Reykavík liggja fyrir samningar og á grundvelli þeirra samninga verður gengið í að leysa þessi mál í samkomulagi við fjárln.

[23:44]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)**:

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða um frv. til fjáraukalaga og ég vil bæta örfáum orðum í hana í tengslum við það sem komið hefur fram.

Hv. 8. þm. Reykv. ræddi nokkuð um forgang í ríkisútgjöldum og nauðsyn þess að gera fjárlög til lengri tíma heldur en eins árs í senn. Ég er honum að mörgu leyti sammála í þessu og sammála um að gera þyrfti áætlanir til lengri tíma, bæði í fjárlögum og eins sæi ég það fyrir mér að t.d. heilbrigðisstofnanirnar í landinu hefðu samninga til lengri tíma um ákveðinn grunn og ákveðnar rekstraráætlanir. Hlutverk þeirra væri skilgreint, þannig að þær vissu að hverju þær gengju og það er nauðsynlegt að vinna að því markmiði. Ég vona það að sá farvegur sem málið er sett í nú liggi inn í þá framtíð.

Ég ætla ekkert að fullyrða um niðurstöðuna og ég kem að því síðar. Það verður einnig rætt um þróunina frá 1988 og þróunina frá 1990 í útgjöldum til heilbrigðismála og annarra mála.

Ef litið er á útgjöld til hinna ýmsu málaflokka á þessu tímabili þá kemur í ljós að það eru einkum tveir málaflokkar sem útgjöld hafa lækkað verulega til á þessu sex ára tímabili. Það eru landbúnaðarmál og það eru útgjöld til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Útgjöld til heilbrigðiskerfisins, ef maður tekur það sérstaklega, hafa ekki hækkað verulega. Þó hafa þau heldur farið upp á við og það er viðurkennt að síðan 1996 hafa þau heldur farið upp á við. Hins vegar er annar þáttur sem heyrir undir heilbr.- og trn., tryggingakerfið. Þar hafa útgjöld hækkað verulega á þessu tímabili.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að segja með því að bótaþegar séu ofhaldnir af sínum bótum, það er langt í frá. Hins vegar hefur þeim fjölgað og þess vegna hefur þessi málaflokkur þanist verulega út. Þannig eru þessar stóru línur í þessu. En hins vegar sæi ég það fyrir mér og það tengist breytingu á þingsköpum, að tekin væri rammaumræða á vorin um fjárlög. Þá væru átök um það án þess að negla sig niður í einhverjar upphæðir í smáatriðum, hvað við eigum að verja miklu, t.d. í hlutfalli við þjóðarframleiðslu eða í hlutfalli við aðrar þjóðir, til hinna ýmsu málaflokka eins og hv. 8. þm. Reykv. minntist á áðan í ágætri ræðu. Ég get tekið undir margt af því sem hann sagði um þessa hluti.

Eins og kom fram í máli meirihlutamanna í fjárln. fyrr í kvöld, og reyndar kom það fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., þá hafa komið miklar upplýsingar inn til fjárln. um útgjaldaþróun sjúkrahúsa bæði á landsbyggð og í Reykjavík síðustu árin. Og það er alveg rétt og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um það mál sem hefur verið dreift í fjárln. að það hefur hallað á Sjúkrahús Reykjavíkur samanborið við Ríkisspítalana síðustu árin þó að varið sé ívið meira fjármagni til þess en fyrir sex árum þannig að ljóst er að það þarf að skoða þau mál gaumgæfilega.

Þegar tölurnar eru brotnar upp í launakostnað og annan rekstrarkostnað þá koma í ljós athyglisverðar tölur t.d. á landsbyggðinni. Launakostnaður hefur yfirleitt vaxið á þessu tímabili en annar rekstrarkostnaður dregist saman í langflestum tilfellum. Þetta segir að menn hafa verið að reyna að spara. Í öðrum rekstrarkostnaði er reynt að halda fólkinu og sama munstrið er í sjúkrahúsunum í Reykjavík. Það eru og liggja fyrir mjög mikið af upplýsingum um heilbrigðiskerfið. Ég held að það sé góður grunnur til að byggja á. En ég get tekið undir að nauðsynlegt er að eyða óvissu í þessum efnum. Ég skal engu spá um hvað þessar 300 millj. sem lagt er til að verði á fjárlögum næsta árs duga til þess að ganga frá samningum við öll sjúkrahúsin í landinu. Niðurstaða af því verður að koma í ljós þegar þeirri nefnd sem fer í það mál hefur miðað áfram í störfum sínum.

Eins og ég sagði áðan í andsvari hefur fjárln. lagt áherslu á, og ég held að meiri og minni hluti fjárln. séu sammála um það, að eiga aðkomu að þessu máli. Ekki það að ég sé þeirrar skoðunar að fulltrúi fjárln. eigi að sitja í þessum stýrihópi. Það hefur verið tekin sú stefna að hann eigi að vera faglegur og byggður upp af fagmönnum, en fjárln. þarf að hafa fullan rétt til þess að koma að þessu máli og fá upplýsingar hvenær sem vera skal og fá upplýsingar um niðurstöður þessarar vinnu og tillögur þegar þær liggja fyrir.

Við höfum auðvitað úr takmörkuðu fjármagni að spila og þrátt fyrir hið margumrædda góðæri eiga menn fullt í fangi miðað við þá útgjaldaþörf sem er víða, að halda það markmið að skila hallalausum fjárlögum fyrir árið 1998. Við höfum ekki viljað taka upp ný þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu og viljað forðast að fara þá leið. Ég held að það verði að reyna að nýta þá peninga sem þar eru inni sem best. Ég hef ekki látið þau orð falla að heilbrigðiskerfið í landinu sé ónýtt og vil ekki tala með lítilsvirðingu um það. Ég veit að það er unnið gott starf á þeim vettvangi. Við fjárlagavinnuna hefur fjárln. heimsótt bæði Borgarspítalann og Ríkisspítalana og séð með eigin augum, reyndar í stuttri heimsókn með viðræðum við fólk þar, hvaða verk þar er unnið. Þar er vissulega við mikinn vanda að etja og það þarf að fara yfir þau mál mjög grannt. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem þær staðhæfingar hafa verið sagðar við fjáraukaalaga- og fjárlagaumræðu hér í gegnum tíðina. Satt að segja er þessi bardagi búinn að standa nokkuð lengi og hann stóð ekki eingöngu í tíð núverandi ríkisstjórnar eins og réttilega hefur verið tekið fram hér. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir því í fjárln. að ástandið er alvarlegt og það þarf að komast að niðurstöðu um málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík, gera þar rekstraráætlanir einnig á grundvelli þeirra samninga sem hafa verið gerðir og reyna að gera rekstraráætlanir sem líkur eru á að standist og leggja til þeirra fé.

Eitt af vandamálunum í sjúkrahúsunum í Reykjavík er að svokallað fráflæði, eins og sagt er á fagmáli, er ekki nógu mikið og kenningar eru um það hjá fagmönnum að sjúklingar liggi á dýrari stöðum í kerfinu en æskilegt væri og að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum hér í borginni og sá samningur sem hefur verið gerður er einn þáttur í því. Það hefur verið gert í því verulegt átak en það þarf að gera betur.

Það hefur verið aukið mjög við aðgerðir. Ný tækni hefur verið tekin í notkun o.s.frv. Allt þetta kostar mikla fjármuni

og allt þetta verður til þess að það þarf að nýta fjármuni sem allra best, hafa verkaskiptinguna þannig að þeir nýtist sem best. Þess vegna hafa yfirvöld heilbrigðismála leitast við að líta sameiginlega á málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ég held að það verði vinna í framhaldi af VSÓ-skýrslunni og það verði að skoða til hlítar hvort skynsamlegt sé að sameina þessi stóru sjúkrahús. Ég held að við getum ekki leyft okkur annað en að skoða til hlítar hvort hægt er að bæta heilbrigðisþjónustuna með því frá því sem nú er. Þessi mál verður að ræða málefnalega enda veit ég að þingmenn eru tilbúnir til þess að gera það. Allir viljum við að heilbrigðisþjónustan sé öflug og viljum setja okkur markmið um það. En fjárhagsramminn setur okkur takmörk því að það er nú einu sinni svo að þó að ég sé eindregið þeirrar skoðunar að heilbrigðisþjónustan sé grundvallarþáttur velferðarkerfisins og opinberrar þjónustu, er svo margt fleira aðkallandi. Fjárþörfin er gríðarleg einnig í öðrum þáttum velferðarkerfisins eins og ég var að segja áðan um tryggingaþáttinn, þó ég taki það enn og aftur fram að það er langt frá því að ég sé að segja að lífið sé dans á rósum fyrir bótaþega. Því fer víðs fjarri. Þeim hefur fjölgað. Þess vegna vex útgjaldaþörfin þar hröðum skrefum.

Ég vonast til að sú skipan í heilbrigðismálum sem stefnan er sett á nú leiði til góðs, hún leiði til þess að verkefni verði skilgreind og samningar verði gerðir við sjúkrahúsin um grunn í þeirra starfsemi og helst til lengri tíma en eins árs þannig að forsvarsmenn þeirra stofnana viti að hverju þeir ganga. Mig dreymir um að komast áleiðis til þeirrar skipunar mála.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu. Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í fjárln., minni hluta fjárln. og meiri hlutanum, fyrir ágætt samstarf við vinnu að þessum málum það sem af er. Við eigum mikið starf fram undan en samstarf í nefndinni hefur verið málefnalegt og með ágætum og ber að þakka það.

[00:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er pínulítið verið að hækka framlög til sjúkrahúsanna. Hver er hækkunin til Ríkisspítalanna samkvæmt fjárlagafrv.? Hvað er það? Það eru 550 millj. vegna launa- og verðlagsbreytinga sem er algerlega óhjákvæmilegt nema menn vilji taka ákvörðun um að lækka sérstaklega launin á Ríkisspítölunum. Það er ekki hægt. Það eru 550 millj. vegna þess. Það eru 200 millj. af því að menn vilja byggja nýjan barnaspítala. Það er ekki vegna starfseminnar sjálfrar eins og hún er á Ríkisspítölunum. Og það eru í þriðja lagi 263 millj. sem verið er að hækka með framlagið til Ríkisspítalanna. Hvernig? Með því að flytja þvottahús Ríkisspítalanna af B-hluta yfir á A-hluta. Þannig fá menn 263 millj. í hækkun. Og ég segi alveg eins og er: Fyrir sjúklingana skiptir það engu máli hvort línið af þeim er þvegið í B-hluta eða A-hluta þannig að hér er dæmi um fullkomlega marklausar bókhaldsæfingar og þegar þessir hlutir eru brotnir niður, þá kemur í ljós að það gengur ekki að setja hlutina svona upp eins og meiri hlutinn er að reyna að gera.

Það sem hv. formaður fjárln. var hins vegar að segja hér áðan var mjög alvarlegur hlutur. Hann var að segja: „Ég geri mér grein fyrir þessum mikla vanda.“ Hann mótmælir ekki tölunum sem ég rakti áðan upp á 1,5 milljarða, „upp í þær setjum við 200–300 millj.“ Og hann sagði: „Við reynum að gera gott úr þessu og sjá til hvernig þetta gengur í samvinnu við stýrinefndina.“ Það er með öðrum orðum verið að búa til nýja hengingaról fyrir Ríkisspítalana og menn eiga að sjá til inn á árið 1998 án þess að tekið sé á nokkru einasta máli. Ég segi: Þetta er ábyrgðarlaus framkoma við sjúkrahúsin í Reykjavík sem meiri hluti fjárln. beitir sér hér fyrir.

[00:02]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að hluti hækkana til spítalanna er vegna launaútgjalda og það eru ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum því að til meðferðar eru í fjárln. upphæðir vegna kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir og varða sjúkrahúsin þannig að enn eiga eftir að koma til fjármunir vegna þess. En þetta eru auðvitað útgjöld fyrir ríkissjóð og þetta er útgjaldaþörf þó að hún fari til launa og gerir það að verkum að um þrengist í því að vera innan rammans.

Ég hef ekkert sagt um það að 1,5 milljarðar í fjárvöntun til sjúkrahúsanna sé endanleg tala og hef ekkert skrifað upp á það sem hv. 8. þm. Reykv. segir í því efni. Ég sagði aðeins að ég gerði mér það ljóst að þessi vandi væri verulega mikill og nauðsynlegt væri að ráðast gegn honum. Stjórnarandstaðan hefur haldið því hér fram að samningar fari þannig fram að hengingaról sé á hálsi annars samningsaðilans. Ég hygg að ekki þurfi að mála hlutina svo sterkum litum. Ég tel að það sé hlutverk okkar alþingismanna að gæta þess að ekki sé níðst á sjúkrahúsunum. Ég held að menn hafi alveg fullan viljan til þess og fullan vilja til að ræða slík mál á Alþingi.

Ég hef ekki trú á því að samningar þurfi að leiða til þess að annar samningsaðilinn verði hengdur. Það er langt í frá.

[00:04]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Gerir hv. formaður fjárln. sér grein fyrir því að ef hann afgreiðir fjárlagafrv. svona eins og það lítur út núna með þeim breytingum sem hann er að gera tillögur um og gerir á föstudaginn, þá mun það leiða til þess að annað tveggja gerist, að á næsta ári verður að samþykkja aukafjárveitingar til spítalanna í viðbót við þetta upp á 1.000 millj. kr. eða spítalarnir verða að loka. Það er augljóst mál að það er enginn annar kostur uppi.

Það sem hv. þm. er að segja er það að við setjum í þetta 300 millj. og það verður mynduð stýrinefnd. Hún hefur verið kölluð hér í kvöld miðstýrinefnd, stýrinefnd. Hún fer yfir málin. Hún metur stöðuna, ræðir málin, skoðar þau, veltir þeim fyrir sér, reiknar og það birtast fréttir út og suður um samning um þetta og könnun á hinu o.s.frv. Og menn segja í einum spítalanum: „Ég verð að loka þessu.“ Og öðrum spítala er sagt: „Ég verð að loka öðru.“ Fjárln. horfir á þessi mál og segir: „Það stóð nú aldrei til að menn færu að loka þessu því ég meinti það nú aldrei heldur var það eitthvað annað sem átti að gera.

Svona heldur skæklatogið áfram allt næsta ár. Og vita menn hvað þetta þýðir? Þetta þýðir það að verið er að brjóta niður móralinn í heilbrigðisþjónustunni, vekja öryggisleysi hjá því fólki sem starfar þar og þar af leiðandi fyrir þá þjónustu sem það á að veita. Mín spurning til hv. þm. er því að lokum þessi, um leið og ég þakka honum fyrir þau svör sem hann hefur veitt mér hér í kvöld: Gerir hann sér grein fyrir því að hann er að krefjast lokunar sjúkrahúsanna á næsta ári eða hann er að lofa þeim 1.000 milljónum aukalega á næsta ári?

[00:06]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hvorki að krefjast lokunar sjúkrahúsanna né lofa þeim 1.000 milljónum. Ég er að mæla fyrir tillögum um að hópur fagmanna setjist niður með forsvarsmönnum sjúkrahúsanna, fari yfir málefni sjúkrahúsanna, skilgreini þjónustustig þeirra (**SvG:** Skoði vandann.) og geri (**SvG:** Velti þessu fyrir sér.) rekstraráætlanir í sameiningu. (**SvG:** Já, já. Einmitt.) Ég er að halda ræðu. Ég þarf ekki neina hjálp frá hv. þm. til þess. (**SvG:** Skilgreina vandann.) (Forseti hringir.) Hann getur fengið orðið á eftir (**SvG:** Þingmaðurinn getur ...) ef svo vill verkast eða í fjárlagaumræðunni þannig (**Gripið fram í:** Við 3. umr.) að við erum ekki búnir að segja okkar síðasta orð. Hv. þm. vill negla fjárlaganefndarmenn á því að þeir séu að krefjast lokunar sjúkrahúsanna. Það er langt í frá að svo sé. Við erum ekki heldur að lofa 1.000 millj. eða 1.500 millj. kr. Við viljum fara yfir þau mál. Við viljum gera samkomulag um rekstur sjúkrahúsanna, helst til lengri tíma en eins árs. Mér mundi finnast best að forsvarsmenn sjúkrahúsanna vissu að hverju þeir gengju til lengri tíma en árs í senn og það er það fyrirkomulag sem ég vona að komi í framhaldi af þeim tillögum sem hér hafa verið gerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:09.

---

## 39. FUNDUR

miðvikudaginn 10. des.,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 55, nál. 435 og 441, brtt. 436 og 442. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

### *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Fjáraukalög 1997, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 55, nál. 435 og 441, brtt. 436 og 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:09]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 436,1–4 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 436,5 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VH, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:12]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Meiri hluti fjárln. leggur til 290 millj. kr. aukaframlag til sendiráðsins í London. Að þeirri tillögu sambykktri munu aukafjárveitingar til utanrrn. nema nær hálfum milljarði kr. Það er ótrúlega hátt hlutfall aukafjárveitinga til ráðuneytis sem hefur rúma 2 milljarða kr. á fjárlögum þessa árs. Að mati þeirrar sem hér stendur er margt annað brýnna eins og marka má af brtt. minni hlutans við þetta frv. Ég tel eðlilegt að meiri hlutinn beri einn og óstuddur ábyrgð á þessari ráðstöfun fjármuna og sit hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 436,6–10 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 442,1 felld með 26:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VH, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:13]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða hin fyrsta af þremur brtt. minni hluta fjárln. sem allar lúta að þeim vanda sem safnast hefur upp í heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum.

Það er einfaldlega staðreynd að uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna í landinu er orðinn um það bil einn milljarður kr. Þar af er halli þriggja stærstu sjúkrahúsanna í landinu nær 800 millj. kr. nú í árslok. Aðgerðir meiri hlutans duga engan veginn til að taka á þeim vanda.

Minni hluti fjárln. telur óhjákvæmilegt að fjárþörf vegna hallareksturs sjúkrahúsanna verði mætt að fullu svo að þau geti byrjað nýtt ár með hreint borð. Það sýnist best hvernig komið er í heilbrigðiskerfinu þegar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem allt þar til á síðasta ári hefur tekist að halda sig innan ramma fjárlaga er nú komið með 84 millj. kr. rekstrarhalla. Ég segi já við þessari tillögu.

[12:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að umtalsefni og þá mismunun sem fælist í að í frv. sjálfu væri annars vegar gert ráð fyrir því að koma nokkuð til móts við vanda stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu en þess sá í engu stað í frv. að ætlunin væri að mæta sambærilegum vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég tel að það sé langeðlilegast og hreinlegast að ganga beint frá því að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fái úrlausn sinna mála. Brtt. minni hlutans gengur út á það og ég segi því já.

[12:15]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ekki er ofmælt að það sé mikill vandi í heilbrigðiskerfinu. Fyrirsjáanlegur vandi ársins 1998 er um það bil 2 milljarðar. Hallinn er í raun yfir einn milljarður og ef allt sem búið er að gefa fjárln. upplýsingar um er tínt til þá er vandinn á annan milljarð. Ekki ætla ég að gera lítið úr því að það hafa verið settar 200 millj. inn til lagfæringar, en það er spurning á hvern hátt það er gert, hvernig verður farið með það fé og hverjir eiga að gera þá tillögu og hvernig. Fjárln. á aðeins að fá þær umsagnir og tillögur rétt til að leggja blessun sína yfir þær. Stíflan er nefnilega brostin í heilbrigðiskerfinu og upp koma vandamál eins og frá Akureyri, þegar allt í einu er eins og detti úr loftinu 84 millj. kr. vandi. Þetta er ekki þannig. Menn hafa verið að slást við eitthvað sem þeir réðu ekki við og þess vegna er þessi tillaga gerð sem ég samþykki.

[12:17]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Meiri hluti fjárln. leggur til að settar verði 600 millj. kr. í sjúkrahúsin á þessum fjáraukalögum, þar af 200 millj. kr. til að mæta vanda sjúkrahúsanna úti á landsbyggðinni og skipta því eftir tillögum stýrinefndar með samningum við sjúkrahúsin. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri mun koma inn í þennan vinnuferil og því greiði ég atkvæði á móti tillögunni og sömuleiðis á móti tillögu minni hlutans sem varðar sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu og kemur á eftir til atkvæða.

Brtt. 436,11 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VH, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁE, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:18]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Það er hægt að taka undir þessa tillögu. Þó er vandinn sem er til staðar á Sólvangi upp á 28 millj. Ég tel samt þegar ég skoða málið vel að hér sé vel gert og vil gjarnan að það heyrist líka þegar komið er nokkurn veginn að málunum eins og mögulegt er að leysa þau. Þess vegna kem ég upp og gef skýringu. Ég er hlynntur þessari tillögu en bendi jafnframt á að vandinn sem er til staðar á þessari stofnun er 28 millj.

Brtt. 442,2–3 felld með 28:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VH, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Uppsafnaður rekstrarhalli Ríkisspítalanna frá árinu 1995 til loka þessa árs nemur nú 385 millj. kr. Uppsafnaður rekstrarhalli Sjúkrahúss Reykjavíkur nemur nú í árslok 322 millj. kr. og vandinn vex óhjákvæmilega á næsta ári miðað við það frv. til fjárlaga sem kemur til afgreiðslu á næstu dögum.

Það er mat forsvarsmanna þessara sjúkrahúsa að samtals 900 millj. kr. vanti upp á þær tölur sem fram koma í fjárlagafrv. til rekstrar þessara tveggja sjúkrahúsa til að halda starfseminni í sama horfi á næsta ári eins og nú er. Það er mál til komið að losa um þá fjötra sem þessi sjúkrahús hafa verið lögð í og taka á vandanum sem blasa mun við í lok þessa árs. Ég segi já.

[12:20]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég styð tillöguna vegna þess að ef stefna meiri hlutans fer fram óbreytt eins og hún liggur fyrir í frv. er verið að taka ákvörðun um annað tveggja: Að loka stórum hlutum stóru sjúkrahúsanna á næsta ári, loka þeim, að segja upp mörg hundruð manns. Það er það sem meiri hlutinn er að taka ákvörðun um eða þá það að reka sömu sveltistefnuna á næsta ári og veita síðan hálfan til heilan milljarð í aukafjárveitingu til spítalanna í Reykjavík þegar kemur fram í ágúst/september árið 1998. Það eru útilokuð vinnubrögð að láta spítalana búa við þetta og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur meiri hlutanum og ég segi: Gerir hann sér grein fyrir því að með því að hafna þessum tillögum hér er hann að taka ákvörðun um að loka spítölunum? Gerir meiri hlutinn sér grein fyrir því? Gerir hver einasti þingmaður, sem hafnar þessum tillögum, sér grein fyrir því hvað hann er að gera?

Ég skora á þingmenn að fara betur yfir þessa hluti áður en kemur að afgreiðslu fjárlaganna vegna þess að það er stórkostlegt slys á velferðarkerfinu sem verður ef það gengur eftir sem meiri hlutinn er að knýja fram. Að sjálfsögðu styð ég þá tillögu sem liggur fyrir.

[12:21]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Það kom fram í ræðu minni í gær að það er sannkölluð sveltistefna sem hefur verið rekin um nokkurt skeið gagnvart heilbrigðiskerfinu. Ríkisstjórnin ber sér á brjóst þessa dagana og segir: Við settum 900 millj. í heilbrigðiskerfið. Vorum við ekki góðir strákar eða krakkar? (**Gripið fram í:** Og stelpur.) Og stelpur, við skulum taka undir það.

Úr þessum stóli í fyrra var predikað alveg nákvæmlega að 1.100–1.200 millj. vantaði inn í heilbrigðiskerfið á þessum tíma og það þyrfti að setja það inn. Það hefði þurft en ríkisstjórnin setur inn röskar 900 millj. og finnst að það hafi verið gert góðverk. Það er bara bráðasti vandinn sem er leystur enda horfir málið þannig við að það þarf að setja 1.200 millj. á sama tíma á næsta ári inn í fjárlögin til þess að halda rekstrinum gangandi og ekkert annað. Ef menn vita ekki um þetta ættu þeir að kynna sér betur þau plögg sem liggja fyrir hjá fjárln. og vandann sem er í heilbrigðiskerfinu.

Brtt. 436,12 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VH, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, KPál, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddur.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:23]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Svo hart hefur verið gengið fram í sveltistefnu yfirvalda að varla fyrirfinnst lengur nokkur einasta heilbrigðisstofnun á landinu sem nær því að vera innan ramma fjárlaga. Vandi minni sjúkrahúsanna vítt og breitt um landið er hlutfallslega jafnþungbær og hinna þriggja stærstu sem voru áðan til umfjöllunar. Með tillögunni er ætlunin að taka á vanda þeirra og af þeirri ástæðu styðja fulltrúar minni hlutans tillöguna. Við erum hins vegar ósátt við pottastefnu ríkisstjórnarinnar sem við þekkjum mætavel, bæði úr menntmrn. og heilbrrn., og felst í því að ýta vandanum á undan sér þar til hann er orðinn óviðráðanlegur, setja þá upp eins konar styrkjapott í ráðuneytinu og deila úr honum eftir einhverjum þeim reglum sem við vitum ekkert um á þessari stundu. En með tilliti til þess að hér á þó eitthvað að gera til lausnar þessa mikla vanda segi ég já.

[12:24]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tek undir þá afstöðu sem kemur fram hjá hv. 12. þm. Reykn. að styðja tillöguna. Tillagan er hins vegar vantraust á heilbrrn. Það er bersýnilegt að það á að taka völdin af heilbrrn. að því er varðar 200 millj. kr. á þessu ári og 300 á næsta ári og setja það í hendurnar á sérstakri stýrinefnd eins og það heitir. Það eru mjög óvenjuleg vinnubrögð og óeðlileg að mínu mati. Mér finnst að heilbrrn. eigi að fara með heilbrigðismálin í landinu.

Ég tel að tillagan sé hins vegar betri en ekkert að því er varðar sjúkrahúsin í dreifbýlinu en legg á það áherslu að alls staðar í þjóðfélaginu ríkir stórhugur um þessar mundir á mjög mörgum sviðum, öllum sviðum nema í heilbrigðismálum. Heilbrigðismálin eru áfram samkvæmt þeim afgreiðslum sem liggja fyrir tillögur um hornreka í íslenska þjóðfélaginu. Niðurskurðarmórallinn er yfir öllu heilbrigðiskerfinu og það er hryllilegur hlutur að horfa upp á í þessari afgreiðslu og væntanlegri afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1998.

[12:26]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég er kannski að endurtaka sjálfan mig að einhverju leyti en það sem mér finnst vanta varðandi þær tillögur sem er verið að gera er að það vantar heildstæðar tillögur um að leysa þann vanda sem fyrir liggur. Það á að gera tillögur út frá því að búið sé að skoða kerfið. Einhverjar nefndir inni á spítölunum eru að grauta í þessu, einhverjar nefndir skipaðar til að skoða landsbyggðarsjúkrahúsin, einhverjar nefndir til að gera tillögur um sameiningu og allt of margir fást við verk sem er ekki eins flókið eins og það lítur út fyrir að vera. Ef menn taka þau gögn sem fyrir liggja og gera tillögur út frá þeim er hægt að leysa málið. Til þess þarf 1,5 milljarða núna í dag, þá er hægt að leysa það mál sem blasir við sem vandi og til þess þurfa menn að taka á. 200 millj. potturinn gerir ekki neitt í þessu, 320 millj. sem eru meðfylgjandi í fjáraukalög gera heldur ekki neitt í þessu. Það er bara verið að stinga snuði upp í aðilana sem reka þær stofnanir og 80 millj. eru eina sem er hægt að mæla með sérstaklega.

Þingmaðurinn segir já.

[12:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

*Virðulegi forseti. Ég er ánægð að heyra að hv. þingmenn* samþykkja tillöguna. Við erum að samþykkja aukið fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar. Við erum að samþykkja tillögu um einn milljarð til viðbótar við það sem áður var ákveðið. Menn geta ekki talað á sama tíma um það að verið sé að skera niður þegar við erum að bæta milljarði við.

Hér hefur komið fram að það sé óeðlilegt að það séu stýrinefndir sem koma hér að. Það er mjög eðlilegt að svo sé. Það er mjög eðlilegt að gerðir séu samningar við sjúkrahúsin um reksturinn og ég held einmitt að við höfum góða reynslu af slíku. Hér hafa verið þriggja manna nefndir uppi sem hafa verulega sýnt að það borgar sig að fulltrúar úr ráðuneytinu vinni með forstjórum heilbrigðisstofnananna.

Brtt. 436,13–28 samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr. (liður 03-101 1.02) samþ. með 33:5 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, ÞorstP, ÖS.

**nei:** HG, KHG, SJóh, SJS, SvG.

4 þm. (GGuðbj, GHelg, JóhS, KH) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, KPál, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þegar hefur komið fram í atkvæðagreiðslunni að samtals eru aukafjárveitingabeiðnir utanrrn. samkvæmt frv. og brtt. meiri hlutans upp á tæpan hálfan milljarð kr. Hluti af vandanum kemur fram í liðnum Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa þar sem farið er fram á rúmlega 40

millj. kr. aukafjárveitingu. Þar er einn liður, liðurinn 1.02 Varnarmálaskrifstofa þar sem beðið er um 13,2 millj. og að uppistöðu til 11 millj. vegna þess að hinu háa ráðuneyti láðist að gera ráð fyrir útgjöldum vegna heræfinganna sem fóru fram í sumar, þ.e. beðið er um 7 millj. kr. vegna annarrar æfingarinnar og 4 millj. kr. vegna hinnar. Í ljósi þess hversu geysilegar aukafjárveitingar eru til ráðuneytisins tel ég ekki ósanngjarnt að ráðuneytið reyni að leysa þennan vanda sjálft. Með hliðsjón af mikilvægi æfinganna og hversu vinsælar og vel heppnaðar þær voru að mati ráðuneytisins reyni ráðuneytið að sjá fyrir þessu með því að herða sultarólina.

Einnig leyfi ég mér að leggja til að meiri hlutinn íhugi að setja stýrinefnd yfir varnarmálaskrifstofuna eins og verið er að gera með sjúkrahúsin. Ég tel ástæðulaust að samþykkja aukafjárveitinguna og mun greiða atkvæði gegn henni, herra forseti.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VH, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁS, GMS, HÁs, KPál, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddur.

3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 12:33.

---

## 40. FUNDUR

fimmtudaginn 11. des.,
kl. 5 síðdegis.

**Dagskrá:**

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

### *Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.*

[17:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Á dagskrá þessa fundar er eitt mál, tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 348. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 461.

Bjargráðasjóður, 185. mál, nál. félmn., þskj. 456.

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, 346. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 455.

Háskólar, 165. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 448; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 449.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 167. mál, nál. menntmn., þskj. 453; brtt. menntmn., þskj. 454.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 339. mál, nál. sjútvn., þskj. 459.

Vörugjald, 347. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 460.

[Fundarhlé. — 17:02]

[18:00]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 462; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 463.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 349. mál, frv. meiri hluta umhvn., þskj. 464.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

## 41. FUNDUR

föstudaginn 12. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 462 og 469, brtt. 463. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:33]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 469.

Skipulags- og byggingarlög, 332. mál, nál. umhvn., þskj. 465; brtt. umhvn., þskj. 466.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 249. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 457; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 458.

Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 312. mál, nál. allshn., þskj. 472.

Spilliefnagjald, 331. mál, nál. umhvn., þskj. 467; brtt. umhvn., þskj. 468.

### *Fjárlög 1998, 2. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 462 og 469, brtt. 463.

[10:35]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 er nú komið til 2. umr. og mæli ég fyrir áliti meiri hluta fjárln. sem fyrir liggur á þskj. 435.

Uppsetning fjárlagafrv. og frágangur er nú með öðrum hætti en áður var og kem ég nánar að því síðar.

Ríkisfjármál gegna miklu hagstjórnarhlutverki. Í meginatriðum felst það í að sporna við þenslu á uppgangstímum og örva efnahagslífið í lægð. Þannig getur stjórnun ríkisfjármála stuðlað að jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Enginn vafi er á því að slík jafnvægisstefna er besta leiðin til að efla hagvöxt og bæta lífskjör þegar til langs tíma er litið. Um þetta eru menn sammála.

Að undanförnu hefur ríkt góðæri í íslenskum þjóðarbúskap og horfur eru á að svo verði áfram enn um sinn. Hagvöxtur hefur verið örari en í grannlöndunum og lífskjör hafa batnað meira. Þessi hagfellda þróun hefur leitt til þess að þenslumerki hafa komið fram eins og gerist að jafnaði við svona aðstæður. Í ljósi þessa fer ekki á milli mála í hvaða átt er rétt að stefna í ríkisfjármálum þó menn geti greint á um hversu langt eigi að ganga. Aðhald er einfaldlega nauðsynlegt til að tryggja stöðugleikann í þjóðarbúskapnum og þar með hagstæð vaxtarskilyrði fyrir atvinnu og kaupmátt.

En fleira leggst til á sömu sveif. Miðað við þjóðhagshorfur eins og þær eru nú metnar er brýnt að efla þjóðhagslegan sparnað og draga úr skuldum þjóðarinnar við útlönd. Eina örugga leið stjórnvalda í þessum efnum er að bæta afkomu hins opinbera. Þannig má auka þjóðhagslegan sparnað og jafnframt eyða hallanum á viðskiptajöfnuði. Ég tel æskilegt að stefna að því að þjóðhagslegur sparnaður aukist í áföngum úr 16,5% af landsframleiðslu eins og hann er í nú í um 20%. Í því fælist að jafnaði afgangur af viðskiptajöfnuði og minnkun erlendra skulda. Slík langtímastefna er einnig knýjandi vegna þess að efnahags- og atvinnulíf hvarvetna í heiminum er stöðugt að taka á sig alþjóðlegri blæ. Alþjóðavæðing og gjaldmiðlasamruninn í Evrópu munu sem dæmi gera aukna kröfu til hagstjórnar hér á landi á næstu árum. Þetta mun einkum beinast að stjórn ríkisfjármála því svigrúmið til sjálfstæðrar peningastefnu er smám saman að minnka.

Í þessu sambandi má minna á að frændur okkar Norðmenn leggja mikla áherslu á að efla hagstjórnarhlutverk ríkisfjármálanna og búa þannig í haginn fyrir myntsamrunann og framhald alþjóðavæðingar á næstu árum. Svipaða braut þurfa Íslendingar að feta. Því afar brýnt að treysta stöðu ríkisfjármála í góðærinu og mynda svigrúm svo hægt sé að takast á við þá erfiðleika sem fylgja lakari þjóðhagslegum skilyrðum en nú eru. Augljóst er hversu mikilvægt er að afgreiða fjárlög fyrir 1998 með afgangi og stefna að vaxandi afgangi á næstu árum þar á eftir, a.m.k. ef spár um áframhaldandi góðæri ganga eftir. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna er skýrð í fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun. Þar er jafnframt tekið fram að leita þurfi leiða til að ná jafnvel betri árangri í opinberum fjármálum á næstu árum en þar eru lögð drög að. Stjórnarflokkarnir eru staðráðnir í að vinna að þessu markmiði og tefla ekki hagvexti og batnandi lífskjörum í tvísýnu.

Eitt af brýnustu verkefnum stjórnvalda um þessar mundir er að ráðast gegn viðskiptahallanum. Með þeim hætti verða erlendar skuldir þjóðarbúsins lækkaðar og grundvöllur skapaður fyrir batnandi efnahag. Það leikur ekki nokkur vafi á því að þeir peningar sem varið er í vaxtagreiðslur til erlendra fjármálastofnana væri betur komnir í uppbyggingu atvinnulífsins hér heima fyrir.

Tekjuafgangur ríkissjóðs er þáttur í því að minnka þjóðarútgjöldin og minnka viðskiptahallann. Með því er atvinnulífinu veitt meira svigrúm og útflutningstekjurnar auknar. Á því verður velferðarkerfið að byggjast.

Frv. það til fjárlaga sem hér liggur fyrir er hið fyrsta sem byggt er á nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. Með þeim lögum varð til heildstæð löggjöf sem nær til flestra þátta er snerta fjármál ríkissjóðs, þ.e. gerðar á framkvæmd fjárlaga, ríkisreiknings og lánsfjáröflun ríkissjóðs. Fjárreiðulögin komu í stað eldri löggjafar sem orðin var úrelt vegna aukinna og breyttra krafna varðandi upplýsingagjöf um ríkisfjármálin. Á sama tíma og reikningsskil fyrirtækja tóku margháttuðum breytingum voru ákvæðin um reikningsskil ríkisins óbreytt í grundvallaratriðum.

Í seinni tíð hefur það sjónarmið átt vaxandi fylgi að fagna að samræma beri opinber reikningsskil þeim almennu viðurkenndu reikningsskilareglum sem gilda um rekstur atvinnufyrirtækja. Hins vegar hefur verið litið svo á að ólíkt hlutverk og markmið þessara aðila útiloki fullt samræmi. Segja má að tilgangurinn með breytingum á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings hafi verið sá að gefa gleggri mynd af umsvifum ríkissjóðs og innleiða sömu reikningsskilareglur og almennt gilda um uppgjör fyrirtækja. Sem dæmi má nefna að framsetning fjárlaga á rekstrargrunni leiðir til þess að þegar er tekið fullt tillit til kostnaðar vegna ýmissa fjárskuldbindinga en svo var ekki samkvæmt eldri framsetningu. Með því móti tekst mun betur að sýna samhengið á milli ákvarðana um ríkisfjármál og þess kostnaðar sem þeim er samfara. Einnig fæst með þessu raunhæfari samanburður á milli fjárlaga og ríkisreiknings.

Í nýjum reikningsskilareglum ríkissjóðs felast breytingar á uppgjörsaðferðum, á flokkun tekna og gjalda og á skilgreiningu ríkisaðila. Fjárlögin eru nú sett fram á rekstrargrunni á sama hátt og ríkisreikningur í stað þess að sýna einungis greiðsluhreyfingar. Horfið er frá því að leggja fram sérstök lánsfjárlög en þess í stað eru lántökuábyrgðarheimildir ríkissjóðs felldar inn í fjárlögin. Slíkt er mjög eðlilegt í ljósi þess að lánsfjáröflun ríkissjóðs verður ekki með góðu móti skilin frá öðrum þáttum ríkisbúskaparins. Samkvæmt eldri lögum var stofnunum ríkisins skipt í A og B-hluta en nú bætist við C-hluti sem tekur til fjárreiðna sjóða í ríkiseign.

Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á tekjuhugtakinu, sérstaklega í því skyni að tryggja að allar skatttekjur séu tilgreindar sem slíkar og taldar fram til tekna hjá A-hluta ríkissjóðs. Ýmiss konar bótagreiðslur eru ekki lengur dregnar frá tekjum heldur færðar á gjaldahlið fjárlaga. Þess má geta að ný hugtök hafa verið innleidd til að mæla afkomu ríkissjóðs, tekjujöfnuður sem er mismunur tekna og gjalda og breyting á handbæru fé frá rekstri. Efnahagsreikningur ríkissjóðs breytist við að eignarhluti ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum er nú ávallt færður þar til eignar á raunvirði. Fram að þessu hefur nokkuð skort á samræmi við eignafærslu á stofnframlögum. Eignarhlutar hafa í mörgum tilfellum verið stórlega vanmetnir.

Eins og sjá má á fjárlagafrv. hafa ýmsar breytingar átt sér stað á efnisskipun þess. Frv. skiptist nú í sjö tölusettar greinar auk sundurliðana og séryfirlita. Í 1. gr. er rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs, í 2. gr. sjóðstreymi A-hluta, í 3. gr. yfirlit um fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta. Í 4. gr. er yfirlit um rekstur, fjárfestingar og lánahreyfingar lánastofnana í C-hluta. Í 5. gr. er að finna ákvæði um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir sem áður voru í lánsfjárlögum. Í 6. gr. eru skerðingarákvæði sem varða ákvæði annarra laga og loks geymir 7. gr. ýmis heimildarákvæði til handa fjmrh.

Frv. fylgja ýmsar sundurliðanir og séryfirlit. Það er m.a. gerð sundurliðuð grein fyrir fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs

til einstakra aðila. Þess má geta að sundurliðun eftir gjaldategundum er ekki lengur sýnd heldur er skiptingin nú alfarið eftir viðfangsefnum. Í öðrum sundurliðunum er að finna rekstraráætlun og sjóðstreymi fyrir ríkisfyrirtæki í B-hluta fjárlaga og lánastofnanir í C-hluta.

Í séryfirlitum er útgjöldum A-hluta ríkissjóðs skipt með ýmsum hætti, sérstaklega eftir málaflokkum og hagrænu eðli þeirra.

Breytingar þær sem hér hafa verið reifaðar eru mjög umfangsmiklar og ber að hafa í huga að ýmsar fjárhæðir í frv. eru þar af leiðandi ekki samanburðarhæfar við tölur fyrri ára.

Oft hefur viljað brenna við að umræðan um fjárlög og ríkisfjármálin í heild hafi ekki verið eins markviss og vönduð og æskilegt væri. Árangursrík skoðanaskipti um þessi mál hljóta hins vegar ævinlega að byggja á því að til staðar séu nákvæmar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs og horfur í rekstri hans. Þess er að vænta að með nýrri framsetningu fjárlaga þokist þau mál til betri vegar og alþingismenn, fjölmiðlar og allur almenningur eigi auðveldara með að glöggva sig á hvert stefnir í ríkisbúskapnum.

Fyrir 2. umr. fjárlaga hefur fjárln. einbeitt sér að því að fara yfir þau erindi sem henni hafa borist með viðtölum og skriflegum erindum ríkisstofnana, sveitarfélaga, og annarra samtaka í þjóðfélaginu. Tekin var afstaða til þorra þeirra erinda er nefndinni bárust og snerta útgjaldahliðina. Nokkur þeirra bíða þó 3. umr. auk umfjöllunar um B- og C-hluta fjárlaga, 5. gr. sem fjallar um lántöku, 6. gr. um skerðingarákvæði og markaða tekjustofna og 7. gr. sem áður var 6. gr. og geymir heimildarákvæðin.

Sú nýjung var nú tekin upp á svokölluðum safnliðum að úthlutun fjármagns til ýmiss konar félagasamtaka og ákveðinna verkefna var falin fagnefndum auk hefðbundinna umsagna fagnefnda um þætti sem tilheyrðu málefnasviði þeirra í frv. Þessi nýbreytni gafst í heildina vel og ég þakka nefndarmönnum í fagnefndum fyrir þá vinnu sem í þessa skiptingu var lögð, einkum formönnum þeirra sem stýrðu þeirri vinnu.

Hér er ekki um miklar fjárhæðir að ræða miðað við heildina en margir umsækjendur eru um hituna. Heyrst hefur sú skoðun að Alþingi ætti að framselja þessa úthlutun til ráðherra viðkomandi málaflokka. Ég tel hins vegar ekkert að því að þingmenn hafi þessi tengsl við hin ýmsu samtök á sviði menntunar, menningar, líknar- og heilbrigðismála, sem sækja m.a. um fé undir þessum málaflokki. Ljóst er þegar svo árar sem nú að það eru miklar væntingar í þjóðfélaginu um aukin ríkisútgjöld og að þær stofnanir og einstaklingar sem fá framlög úr ríkissjóði fái sinn hlut í góðærinu eins og það er orðað. Samneyslan er mælikvarði um það hvort velferðarkerfið er að veikjast eða styrkjast. Samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga mun aukast um 2,2% á yfirstandandi ári en um 3% næsta ár. Launaútgjöld eru stærsti þátturinn í þessu en einnig vaxa útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála hlutfallslega meira en önnur gjöld hins opinbera. Það er eðlileg þróun að svo sé.

Tekjur ríkissjóðs eru sá rammi sem afmarkar möguleika fjárln. og ríkisstjórnar á hverjum tíma til útgjalda. Stjórnarflokkarnir settu það takmark varðandi fjárlögin 1998 á síðasta vori að þau yrðu hallalaus og sú stefnumörkun hefur verið ítrekuð á síðari stigum. Þetta takmark er brýn nauðsyn vegna þess að ef skuldir verða ekki greiddar niður nú þegar tekjur eru í uppsveiflu, m.a. vegna aukinnar veltu og vaxandi fjárfestingar í þjóðfélaginu, er borin von að það takist þegar öðruvísi stendur á. Reglan er í fullu gildi eins og ég kom að í upphafi að ríkissjóður á að halda að sér höndum á tímum uppsveiflu en koma inn með aukin útgjöld í niðursveiflu. Til að ná þessu er nauðsynlegt að missa ekki sjónar af markmiðinu um að styrkja afkomuna þegar betur árar. Það þýðir að ekki er hægt að verða við öllum óskum sem fjárln. berast jafnvel þó þær séu vel rökstuddar og um hin þörfustu málefni.

Af og til kemur upp sú umræða hvort ekki sé svigrúm til að auka tekjur til að mæta útgjaldaþörfinni. Því er til að svara að skattalækkanir voru hluti af því ferli sem leiddi til víðtækari kjarasamninga til lengri tíma en áður og skemmst er að minnast þess að hugleiðingar um hvernig við ætti að bregðast þegar sveitarfélögin voru ekki tilbúin til að taka þátt í skattalækkunum leiddu til mjög harðra viðbragða launþegasamtakanna. Það er því tómt mál að tala um almennar skattahækkanir á almenning í landinu eða hækkun óbeinna skatta sem mundu setja markmið kjarasamninga úr skorðum.

Það er einnig ljóst að skattalegt umhverfi fyrirtækja hefur orðið til þess að efla hagvöxt og auka sóknarhug í atvinnulífinu og það er brýn nauðsyn. Skattahækkanir á fyrirtæki eru því heldur ekki upplagður kostur. Þessar staðreyndir hefur fjárln. horfst í augu við í starfi sínu og tekið mið af þeim ramma sem settur hefur verið. Tekjuhliðin mun verða til nánari umræðu við 3. umr. fjárlaganna þegar endanlegur uppreikningur hefur átt sér stað en samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur þegar aflað sér, eða meiri hluti hennar, er varlegt að gera ráð fyrir stórkostlegum tekjuauka fram yfir áætlanir.

Við þessar aðstæður er ekki mikið svigrúm til breytinga á útgjöldum enda voru þau útgjöld sem ákveðin voru af fjárln. um 350 millj. kr. auk 300 millj. kr. til heilbrigðismála og annarra útgjaldatilefna sem ákveðin voru í samráði við ríkisstjórn, samtals liðlega 1,5 milljarðar kr.

Í þessari þröngu stöðu markaði meiri hluti fjárln. þá stefnu að líta einkum til þriggja málaflokka auk heilbrigðismálanna. Í fyrsta lagi að efla rannsóknanám í háskólum og veita fjármagn í ritakaupasjóð Háskóla Íslands og koma til móts við beiðnir um aukna tæknivæðingu ýmissa skólastofnana. Í öðru lagi að hækka framlög til jöfnunar á námskostnaði og í þriðja lagi að hækka framlög til jöfnunar húshitunar en það var nýverið gert í fjáraukalögum við 2. umr.

Í fjáraukalögum fyrir árið 1997 og fjárlögum fyrir árið 1998 var ákveðið að veita viðbótarfjármagn til heilbrigðismála, þ.e. sjúkrahúsanna í landinu, sem nemur um 900 millj. kr. Af því er 500 millj. kr. óskipt, 200 millj. kr. á árinu 1997 og 300 millj. á árinu 1998. Ætlunin er að skipta upp þessu fé milli sjúkrahúsanna með því að stýrinefnd fagaðila vinni að því máli eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni við 2. umr. fjáraukalaga.

Skipun nefndarinnar er þáttur í því að setja það verkefni í forgang á næsta ári að fara yfir rekstur sjúkrahúsanna og rekstraráætlanir og semja um umfang rekstrarins og gera tillögur um fjárframlög til hans. Aðild fulltrúa sjúkrahúsanna að nefndinni á að tryggja að sjónarmið þeirra komi fram í vinnu hennar auk þess sem heilbrrn. og fjmrn. munu eiga fulltrúa sína í henni. Rétt er að undirstrika að þessi vinna er á vegum heilbrrn. svo sem lög mæla fyrir um. Staðhæfingar um að verið sé að draga úr valdi ráðherra og ráðuneytis eiga sér ekki stoð. Samningagerð við sjúkrahúsin er mikil nauðsyn bæði fyrir ríkissjóð og sjúkrahúsin sjálf. Nauðsyn ber til þess að fyrir liggi hvaða þjónustu á að veita og það

sé viðurkennt og mat sé lagt á kostnað við hana og fjármagn veitt til að standa undir henni. Engin áform eru um það af hálfu stjórnvalda að brjóta niður heilbrigðiskerfið. Þjónusta þess þarf að vera trygg í því velferðarþjóðfélagi sem við viljum hafa hérlendis. Hins vegar verður ekki komist hjá aðhaldi í þessum stóra málaflokki til þess að geta mætt auknum kostnaði og bættum kjörum heilbrigðisstarfsfólks, nýjungum í heilbrigðisþjónustu og lyfjum, viðhaldi stofnana og kaupum á hátæknibúnaði. Framlög til heilbrigðismála munu vart lækka á næstu árum og allt bendir til að þau fari vaxandi. Ef ekkert væri aðgert og aldrei litið á skipulag eða verkaskiptingu og allar beiðnir afgreiddar til fulls án skoðunar mundi fjárþörfin verða enn meiri. Þá fjármuni sem eru í þessum stóra málaflokki þarf að nýta sem best til að tryggja sem besta þjónustu til frambúðar.

Mjög miklar upplýsingar liggja fyrir um heilbrigðiskerfið, m.a. fyrir fjárln. að byggja á. Fjárln. hefur eftir föngum viðað að sér upplýsingum um sjúkrahúsin. Samkvæmt tölum frá Ríkisendurskoðun kemur í ljós að frá árinu 1990 hefur launakostnaður vaxið í heilbrigðiskerfinu en dregið úr öðrum kostnaði. Þetta á t.d. við um landsbyggðarsjúkrahúsin en sömu þróun má einnig greina í stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstur ýmissa félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem veita landsmönnum margvíslega þjónustu, sérstaklega á sviði heilbrigðismála, er kostaður af ríkissjóði. Ekki hafa gilt neinar ákveðnar reglur um starfsemi þessara aðila og greiðslur til þeirra úr ríkissjóði. Reyndar hefur staða þeirra gangvart ríkinu verið með ýmsu móti. Sumar hafa fengið fastar fjárveitingar samkvæmt fjárlögum á meðan aðrar hafa fengið greidd daggjöld frá Tryggingastofnun ríkisins eða aðra rekstrarstyrki. Til þess að koma samskiptum ríkisins við þessa aðila í fastari skorður var fyrir um tveimur árum hafist handa við gerð svokallaðra þjónustusamninga. Í slíkum samningum er kveðið á um að viðkomandi aðili sinni ákveðnum verkefnum eða þjónustu og fái til þess tiltekna fjárveitingu úr ríkissjóði. Enda þótt slíkir samningar hafi ef til vill aðallega þýðingu gagnvart sjálfseignarstofnunum og öðrum sjálfstæðum aðilum er fátt því til fyrirstöðu að gera einnig þjónustusamninga við ríkisstofnanir. Hugtakið samningsstjórnun hefur reyndar skotið upp kollinum í þessu samhengi. Með þjónustusamningum er leitast við að tengja fjárveitingar betur við verkefni og árangur stofnana. Jafnframt tryggja samningarnir stofnununum meiri vissu hvað varðar fjárveitingar sem þó eru reyndar háðar fyrirvara um samþykki Alþingis. Gera verður þá kröfu um þjónustusamninga að þeir tryggi að sá sem greiðir fyrir þjónustuna geti haft mótandi áhrif á hvernig hún er innt af hendi og um leið að þeir varðveiti eins og frekast má verða sjálfstæði og frumkvæði viðkomandi stofnana um atriði sem lúta að rekstrinum. Það kann í einhverjum tilvikum að reynast torvelt í framkvæmd að samræma þessi sjónarmið og hætt við að sitt sýnist hverjum í því efni.

Mikilvægt er að í þjónustusamningum séu fullnægjandi ákvæði um hvernig taka beri á ágreiningsmálum er upp kunna að koma milli samningsaðila. Réttarstaða málsaðila verður að vera ljós og þá ekki síður þeirra aðila sem njóta þjónustunnar. Í því sambandi er áríðandi að gerðar séu kröfur um að þjónustan uppfylli tilteknar gæðakröfur og allt eftirlit með framkvæmdinni sé eins og best verður á kosið. Það hlýtur jafnframt að vera grundvallaratriði þegar að því kemur að semja um tiltekna þjónustu að skýrt sé kveðið á um umfang hennar í samningum jafnframt þeim fjárveitingum sem renna eiga til stofnunarinnar. Það getur þess vegna ekki talist í samræmi við þá hugsun sem liggur til grundvallar þjónustusamningum að stofnanir leiti til fjárveitingavaldsins um auknar fjárheimildir vegna verkefna sem þegar var búið að veita fjármuni til. Hins vegar má vel hugsa sér að samið sé um breytilegt þjónustumagn og tiltekið einingarverð. Nefna má sem dæmi að ýmsar heilbrigðisstofnanir búa við þær aðstæður að geta ekki með góðu móti takmarkað eftirspurn eftir þjónustu sinni. Hætt er við að samningar sem kveða á um fast þjónustumagn og greiðslur henti slíkum stofnunum illa. Þess í stað væri komið til móts við þarfir þeirra með sveigjanlegum ákvæðum um magn þjónustu.

Ef rétt er að málum staðið við gerð þjónustusamninga eiga þeir að geta leitt til meiri stöðugleika og festu í rekstri stofnana sem fjármagnaðar eru af almannafé jafnframt því að tryggja betri nýtingu á þeim fjármunum sem renna til stofnananna. Síðast en ekki síst ættu slíkir samningar að stuðla að betur skilgreindum markmiðum og þjónustu til hagsbóta fyrir þá sem hennar njóta.

Ég mun hér á eftir gera grein fyrir brtt. þeim sem meiri hluti fjárln. flytur við frv. Áður en ég hefst handa við það vil ég sérstaklega geta um þá byltingu sem nýtt fjárlagakerfi fjmrn., sem er samtengt Alþingi, hefur í störfum nefndarinnar. Það auðveldar alla vinnu nefndarinnar og mun valda byltingu í upplýsingagjöf hennar þegar fram í sækir. Starfsmaður fjmrn., Nökkvi Bragason, hefur forritað þetta kerfi og unnið frábært starf sem ég færi honum bestu þakkir fyrir.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998 er sett fram á grundvelli laga um fjárreiður ríkissjóðs sem Alþingi afgreiddi sl. vor eins og áður hefur verið vikið að. Lögin kveða á um verulegar breytingar á framsetningu fjárlaga sem hefur haft áhrif á vinnu fjárlaganefndar. Þannig er frumvarpið sett fram á rekstrargrunni sem kveður m.a. á um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs á fjárlagaárinu en jafnframt er sýnd fjármögnun þeirra skuldbindinga. Þegar gerðar eru breytingartillögur við frumvarpið þarf því bæði að taka afstöðu til umfangs tiltekins verkefnis og fjármögnunar þess. Þá nær frumvarpið yfir fleiri þætti í ríkisfjármálum en áður þar sem lántökuheimildir verða hluti af fjárlögum í stað ákvæða í sérstökum lánsfjárlögum eins og verið hefur til þessa.

Fjármálaráðuneytið hefur í ljósi breyttrar framsetningar fjárlagafrumvarps smíðað nýtt fjárlagakerfi sem heldur utan um alla þætti fjárlagafrumvarps og allar breytingar sem gerðar eru við vinnslu fjárlagafrumvarpsins í ráðuneytum og ríkisstjórn. Fjárlagakerfið er það hönduglega sniðið að það nýtist fjárlaganefnd afar vel við að halda utan um öll erindi sem henni berast og þá afgreiðslu sem þau fá hjá nefndinni. Breytingartillögur, nefndarálit og efnisatriði í ræðuskrif er hægt að vinna jafnóðum. Afraksturinn er að finna á þingskjölum meiri hluta fjárlaganefndar.

Þetta nýja fyrirkomulag hefur auðveldað verulega alla frágangsvinnu meiri hlutans og létt undir með störfin.

Forsætisnefnd gerði tillögur um fjárveitingu á fjárlögum 1998 fyrir Alþingi og stofnanir þess við undirbúning fjárlaga og sendi þær forsrh. í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt fjárlagafrv. eru tillögur um fjárveitingar til Alþingis lægri en forsn. lagði til. Fjárhæðir þessar hafa verið teknar til endurskoðunar og er lagt til að framlag til Alþingis hækki alls um rúmlega 27 millj. kr. og er fjárhæðin að meginhluta ætluð til rekstrar. Einstakar tillögur eru skýrðar nánar í nefndaráliti.

Ráðgert er að á árinu 2000 verði þess minnst að 1000 ár eru liðin frá því Leifur Eiríksson fann Vínland. Í því skyni hefur verið ákveðið að skipa sérstaka landafundanefnd til að undirbúa þetta mál. Henni er ætlað að hefja störf á næsta ári og starfa til ársins 2000. Lagt er til að nefndinni verði veittar 14 millj. kr. til starfsemi sinnar á næsta ári. Nefndinni verður ráðinn framkvæmdastjóri og einn starfsmaður og stefnt er að því að starfrækja sérstaka skrifstofu fyrir nefndina frá byrjun næsta árs.

Lagt er til að framlag til Byggðastofnunar hækki um 12 milljónir og er hækkunin ætluð til stuðnings við atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, og með skiptingu á fjárlagalið stofnunarinnar er þessu verkefni markaður rammi upp á 65 millj. króna.

Lagt er til að framlög til rannsókna og endurmenntunar kennara í háskólum aukist samtals um 15 millj. kr. og skiptist fjárhæðin jafnt milli Háskólans á Akureyri, Tækniskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þetta er gert í þeim tilgangi að efla starf skólanna á þessum sviði og bæta gæði kennslunnar. Menntmrn. áformar að gera á næsta ári samninga við skólana um verkefni þeirra, m.a. á sviði rannsókna.

Á vegum Rannsóknarráðs Íslands var farið til Bandaríkjanna í október sl. Í skýrslu um ferðina er fjallað um nauðsyn þess að efla samskipti við Bandaríkin á sviði rannsókna og vísinda og bent á jákvæða reynslu af samskiptum við Evrópu á þessu sviði. Ætlunin er að undirbúa samskiptin m.a. með því að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu hér á landi, með þátttakendum frá Bandaríkjunum og Evrópu, til að ræða Norður-Atlantshafið með hliðsjón af loftslagsbreytingum.

Lagt er til að framlag til rannsóknanáms við Háskóla Íslands verði hækkað um 35 millj. kr. enda var áhersla lögð á þennan þátt í viðtölum háskólarekstors og forustu háskólans við fjárln. Sömuleiðis er varið 15 millj. kr. til eflingar ritakaupasjóðs, til þess að hann geti betur sinnt sínu mikilvæga hlutverki

Við Háskóla Íslands hefur verið unnið að þróun reiknilíkans sem að hluta til byggir á erlendri fyrirmynd. Líkanið á að sýna heildarfjárþörf Háskóla Íslands til rekstrar að gefnum ákveðnum forsendum um stærð nemendahópa, samsetningu náms o.s.frv. Þróunarvinnan hefur verið kynnt fyrir fjárln. og hyggst hún kynna sér líkanið nánar þegar það er fullgert.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um hækkun rekstrarframlags til Háskólans á Akureyri vegna nýs námsframboðs og gert ráð fyrir 3 millj. kr. til að hefja námið næsta haust. Samkvæmt áætlun skólans er gert ráð fyrir að rekstur þessarar nýju námsbrautar muni kosta um 10 millj. kr. á ársgrundvelli þegar öll þrjú námsárin eru komin í rekstur. Gert er ráð fyrir að endurnýja tæki og búnað fyrir um 2 millj. kr. á ári en í upphafi er talið að kaup á búnaði muni nema um 6 millj. kr.

Í erindi og málflutningi forsvarsmanna háskólans var lögð rík áhersla á nýbyggingu við skólann. Fjárln. telur ekki efni til að koma að því máli á þessu stigi en gerir ráð fyrir að taka málið til frekari umfjöllunar þegar menntmrn., Akureyrarbær og skólinn hafa náð samningum þar um.

Fjárln. leggur til að veita fé til uppbyggingar háskólanáms á Austurlandi. Háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi óskaði alls eftir rúmlega 16 millj. kr. fjárveitingu en fjárln. leggur til að veita um helming þess fjár til undirbúnings málsins. Rétt er að taka fram að ekki er fyrirhugað að koma á fót háskólastofnun heldur verði hér um að ræða miðstöð háskóla- og endurmenntunar á vegum Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og í tengslum við þá eða aðrar háskólastofnanir.

Liðurinn Framhaldsskólar, stofnkostnaður hækkar um 9 millj. kr. vegna undirbúnings að byggingu heimavistar við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, á Sauðárkróki, undirbúnings að byggingu bóknámsálmu við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og fjárveiting til Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Sundurliðun er sýnd á sérstöku yfirliti.

Liðurinn Jöfnun á námskostnaði hækkar um 50 millj. kr. Hækkunin er einkum ætluð þeim sem sækja nám fjarri heimabyggð og þurfa að leggja í umtalsverðan dvalar- og ferðakostnað. Mörgum heimilum er þetta um megn og hefur það leitt til þess að fjölskyldur hafa þurft flytja sig um set frá heimkynnum sínum. Hækkun dreifbýlisstyrkja er því liður í því að sporna gegn flótta af landsbyggðinni.

Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til Þjóðminjasafns um 10 millj. kr. til þriggja verkefna eins og fram kemur í nefndaráliti. Á Stóruborg undir Eyjafjöllum er fjárveiting ætluð til annast úrvinnslu umfangsmestu fornleifarannsóknar sem farið hefur fram hér á landi en þær fóru fram á árunum 1978–1990. Í Reykholti í Borgarfirði er gert ráð fyrir áframhaldandi fornleifarannsóknum en einnig viðgerð á Snorragöngum. Þess er vænst að rannsóknir á bæjarstæðinu gamla í Reykholti geti skilað okkur nýrri þekkingu á sögu staðarins sem er samofin afdrifaríkum atburðum í örlögum þjóðarinnar. Þá eru stundaðar fornleifarannsóknir að Neðra-Ási vegna kirkjurústa sem eru elstu kirkjuminjar sem fundist hafa á Íslandi og heimildir eru um í fornsögunum. Ekki er gerð tillaga um hvernig fénu skuli skipt á þessi þrjú verkefni heldur gert ráð fyrir að Þjóðminjaráð ráðstafi þeim eftir því hvernig verkunum miðar.

Fjárln. leggur til að veittar verði 7 millj. kr. til fornleifarannsókna og að endurgera bæ Eiríks rauða ásamt aðstöðu fyrir ferðamenn. Að auki er fyrirhugað að gera deiliskipulag á svæðinu í kringum Eiríksstaði og reisa minnisvarða um Leif heppna.

Til Ólympíunefndar Íslands eru veittar 3 millj. kr. vegna þátttöku í vetrarólympíuleikunum í Japan.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að heildartekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli mundu nema 363,3 millj. kr. Hins vegar var talið að Flugmálastjórn þyrfti ekki nema 279,7 millj. kr. til reksturs og stofnkostnaðar. Því var áformað að umframtekjurnar, 83,3 millj. kr., rynnu í ríkissjóð. Í grg. með fjárlfrv. var skýrt frá því að unnið væri að því á vegum utanrrn. og fjmrn. að endurskipuleggja fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar. Á grundvelli þeirrar athugunar er horfið frá því að tekjuafgangur Flugmálastjórnar renni í ríkissjóð og þess í stað lagt til að 28,8 millj. kr. verði varið til að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar við lífeyrissjóði en þær skuldir losa hálfan milljarð króna. Því til viðbótar er áformað að verja allt að 54,5 millj. kr. eða 15% af áætluðum tekjum af lendingargjöldum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í B-hluta, og er sú fjárhæð m.a. ætluð til greiðslu fyrir afnot af flughlöðum, tengivegum og til almenns rekstur stöðvarinnar. Á móti þykir rétt að fella niður sérstakt 15 millj. kr. framlag til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem lagt var til í fjárlagafrv.

Meiri hluti fjárln. leggur til 20 millj. kr. hækkun framlags til embættis ríkislögreglustjóra til að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Embættið fer með rannsókn flókinna efnahagsbrota fyrir landið allt þar sem hagkvæmt er að

slíkar sérhæfðar rannsóknir séu á einni hendi. Heildarfjöldi mála hefur meira en tvöfaldast síðustu árin og kærum frá skattrannsóknarstjóra hefur einnig fjölgað verulega. Í skattamálum sem nú eru til meðferðar er talið að vangreiddir skattar nemi um 200 millj. kr. Margvíslegum öðrum málum hefur fjölgað, t.d. tollsvikum og skjalafalsi. Þá hafa komið inn nýir málaflokkar sem snúast um brot á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, brot á löggjöf um verðbréfaviðskipti, ýmis afbrot tengd tölvum, mál tengd peningaþvætti o.fl. Framlagið verður nýtt til að ráða fjóra sérhæfða starfsmenn auk þess sem kaupa þarf sérfræðiþjónustu, sækja erlenda fundi vegna alþjóðaskuldbindinga o.fl.

Í fjárlögum þessa árs eru heimildir til að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöðvar á Blönduósi, á Hólmavík og í Ólafsvík en þær hafa ekki verið nýttar. Heimildir þessar eru einnig í frv. til fjárlaga. Fjárln. leggur til að stofnaður verði nýr liður á safnlið löggæslustofnana þar sem færðar verði 10 millj. kr. og eru þær ætlaðar til að hefja framkvæmdir við þessar stöðvar eða til greiðslu á hluta kaupverðs ef samningar nást þar um.

Lagt er til að fjölga um eina stöðu löggæslumanns við sýslumannsembættið á Seyðisfirði og verður lögreglumaðurinn staðsettur á Fljótsdalshéraði en dómsmálaráðuneytið hefur upplýst að fjölgun þar sé forgangsmál vegna fjölda fólks á bak við hverja stöðu lögreglu og víðáttu umdæmis lögreglunnar.

Frekari breytingar í skipulagi lögreglumála og áætlanir um fjölda lögreglumanna eru til meðferðar hjá ríkislögreglustjóra og dómsmrn. og tekur fjárln. afstöðu til þeirrar niðurstöðu þegar hún liggur fyrir.

Fjárln. leggur til að veitt verði fé til viðgerða á Dómkirkjunni en söfnuður hennar telur sig vanbúinn til að kosta þessar framkvæmdir. Dómkirkjan er ein af höfuðkirkjum landsins og hefur verið fordæmi fyrir slíkum fjárveitingum, t.d. til Hallgrímskirkju og Hóladómkirkju.

Við gerð frv. til fjárlaga hafði ekki verið unnin endanleg útfærsla á framlagi til byggingar nýrra sambýla fyrir fatlaða og voru þeir fjármunir sem til þess voru ætlaðir því færðir undir 07-700, Ný sambýli. Frá því að frumvarpið var lagt fram hefur tvennt gerst. Annars vegar hefur verið tekin ákvörðun um hvernig hagað verður uppbyggingu sambýla á næsta ári. Áformað er að af ofangreindri fjárhæð verði 24,9 millj. kr. varið til tveggja nýrra sambýla hjá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi. Þá verði 10,4 millj. kr. varið til nýs sambýlis á Akranesi. Loks verði 3,1 millj. kr. varið til reksturs nýs sambýlis á Sauðárkróki. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja til við Alþingi að veitt verði 20 millj. kr. framlag til þess að leysa brýnan vanda fjögurra tiltekinna einstaklinga með mikla sérhæfða þjónustuþörf sem ekki fellur að fullu beint undir almenna uppbyggingu í málaflokknum.

Fyrr í vikunni undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga sameiginlega yfirlýsingu vegna breytingar á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í samkomulaginu felast þrjú atriði sem hafa bein áhrif á kostnað. Í fyrsta lagi að sveitarfélögin taka alfarið að sér framkvæmd húsaleigubótakerfisins og að það verði fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með verkefninu færast 305 millj. kr. frá ríkinu. Í öðru lagi taka sveitarfélögin að sér að greiða allan kostnað vegna fatlaðra barna í leikskólum frá 1. jan. 1998 samtals að fjárhæð 95 millj. kr. Loks tekur ríkið yfir kostnað við vinnumiðlun í landinu samtals að fjárhæð 120 millj. kr. Til sveitarfélaga fara því verkefni sem kosta alls 400 millj. kr. en ríkið tekur yfir verkefni fyrir 120 millj. kr. Því þarf að bæta sveitarfélögunum upp 280 millj. kr. og er lagt til að það verði gert með því að setja þá fjárhæð á þennan nýja lið. Hreinn útgjaldaauki ríkissjóðs verður þó ekki nema 70 millj. kr. eftir að tekið hefur verið tillit til þess að 75 millj. kr., sem veitt hefur verið til fatlaðra forskólabarna hjá menntmrn., og 80 millj. kr., sem átti að veita til verkaskipta, eru felldar niður og að skatttekjur ríkisins aukast um 55 millj. kr. vegna þess að heimilt verður að greiða húsaleigubætur til þeirra sem leigja húsnæði í eigu sveitarfélaga og ríkis. Í samkomulaginu felst einnig að endurskoða ber fyrirkomulag húsnæðismála námsmanna í framhaldsskólum og skal henni vera lokið fyrir 1. júní 1998. Þá er frestað til næsta árs mati á beinum og óbeinum fjárhagslegum áhrifum sem sveitarfélögin verða fyrir vegna skattlagningar fjármagnstekna. Ganga skal frá endanlegu samkomulagi milli aðila og nauðsynlegum lagabreytingum fyrir 1. nóv. 1998. Loks var ákveðið að fram fari viðræður um þátttöku sveitarfélaga í skattalækkunum í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Undir liðnum Félagsmál og ýmis starfsemi er um ýmsar millifærslur að ræða á milli viðfangsefna, samanber tillögur frá félagsmálanefnd Alþingis. Liðurinn Sjómannaheimili er lækkaður um 600 þús. kr. og liðurinn Ýmis framlög er lækkaður um 9,5 millj. kr. sem er millifært á liðinn Félagasamtök, styrkir, alls 10,1 millj. kr.

Í byrjun vikunnar var lagt fram lagafrv. ríkisstjórnarinnar sem felur í sér þá breytingu að feður öðlist sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í tvær vikur og fái hlutfallslega sömu greiðslur og mæður í fæðingarorlofi. Rétturinn gildir fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns. Talið er að árlegur kostnaður lífeyristrygginga samfara þessu geti orðið allt að 100 millj. kr. ef allir sem rétt eiga nýta sér orlofið. Fyrstu árin má þó búast við eitthvað lægri fjárhæð. Gert er ráð fyrir að kostnaðinum verði mætt með hækkun á tryggingagjaldi.

Eins og ég nefndi í framsöguræðu minni við 2. umr. fjáraukalaga 1997 hafa fjárhagsvandræði sjúkrahúsa verið mikil að undanförnu. Ástæður vandans eru af ýmsum toga; ónákvæmar rekstraráætlanir, mismunandi traust stjórnun, starfsemi umfram fjárveitingar og uppsafnaðir fjárhagserfiðleikar. Fram hefur komið sú afstaða ríkisstjórnarinnar að þessi málaflokkur njóti forgangs og sérstakrar umfjöllunar árið 1998. Í því skyni er lagt til að 600 millj. kr. viðbótarfé komi til þessarar starfsemi í fjáraukalögum 1997 og 300 millj. kr. til viðbótar í fjárlögum 1998 og er hér gerð tillaga um þá viðbót. Hér er um verulegt fé að ræða sem ætti að auðvelda stjórnendum sjúkrahúsanna að ná böndum á rekstrinum.

Einnig kom fram hjá mér í áðurnefndri framsögu að heilbrrn. hefur lagt til við ríkisstjórn að stýrinefnd með víðtækt umboð fjalli um málefni sjúkrahúsanna allra. Verkefni nefndarinnar er að skilgreina starfssvið heilbrigðis- og sjúkrastofnana, semja um þá þjónustu sem skal veita og fjárframlög til hennar, treysta stjórnun þeirra og bæta eftirlit og aðhald. Fjárln. hafa verið kynntar þessar hugmyndir og byggir meiri hluti nefndarinnar fjárlagatillögur sínar á þeim. Heilbrrn. mun kynna fjárlaganefnd stöðu mála á hverjum tíma og tillögur og niðurstöður nefndarinnar þegar þær liggja fyrir.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til 12 millj. kr. hækkun til óskipts liðar daggjaldastofnana. Mörg hjúkrunarheimili

sem fá greiðslur samkvæmt daggjöldum eiga við rekstrarerfiðleika að etja. Það er vilji meiri hluta fjárln. að þetta fé verði nýtt til að ná þjónustusamningum við þessar stofnanir sem m.a. tryggi rekstrargrundvöll þeirra.

Forsvarsmenn Krýsuvíkursamtakanna komu á fund fjárln. og óskuðu eftir auknum fjárstuðningi við samtökin. Framlag til þeirra var áður sérgreint á fjárlögum en í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár hefur liðurinn breytt um heiti og er nú ekki sérmerktur samtökunum. Fjárln. gerir það að tillögu að liðurinn breyti aftur um heiti og fjárveitingin verði þar með sérmerkt Krýsuvíkurskólanum. Með þessu verður framlag til samtakanna það sama og í ár. Fjárln. hyggst skoða málefni samtakanna þegar fjárhagsleg endurskipulagning þeirra hefur farið fram. Við 2. umr. fjáraukalaga var samþykkt fjárveiting sem heimilar heilbrrn. til að greiða allt að 2 millj. kr. fyrir slíka endurskipulagningu.

Gert er ráð fyrir að heimild til liðarins Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum, atvinnuþróun og nýsköpun hækki um 80 millj. kr. sem ráðstafað verði til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem njóta ekki góðs af uppbyggingu stóriðju. Auglýst verði eftir umsóknum. Jafnframt verði skipaður starfshópur er vinni tillögur til ráðherra. Leitað verði umsagnar frá Atvinnuráðgjöf í landshlutum, Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Átaki til atvinnusköpunar. Úthlutað skal til verkefna sem best eru til fallin að stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Meginhersla er lögð á að veita styrki í samstarfi við stofnanir, sveitarstjórnir, fyrirtæki og frumkvöðla til verkefna sem eru talin líkleg til þess að skapa atvinnu og virðisauka á landsbyggðinni. Verkefnin geta tengst erlendri fjárfestingu þar sem leitast er í samvinnu við heimamenn að skapa fjárfestingarverkefni í vel afmörkuðum greinum sem hæfa aðstæðum á hverjum stað. Einnig má veita vöruþróunar- og markaðssetningarstyrki til fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni sem vinna að þróun hugmynda og framleiðslu á vegum atvinnufyrirtækja. Í fjárlögum ársins 1997 er heimild til að ráðstafa allt að 80 millj. kr. til sambærilegra verkefna.

Gerð er tillaga um 50 millj. kr. framlag til tveggja verkefna á vegum Fasteigna ríkisins. Í 6. gr. fjárlaga 1997 er heimild til þess að selja húsnæði skattstofu Suðurlands á Hellu og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn. Nú liggur fyrir að keypt verði nýbygging fyrir skattstofuna sem lokið verður á næsta ári. Þörf er á 35 millj. kr. til þess að hægt verði að festa kaup á húsnæðinu. Hitt verkefnið snýr að brunavörnum og öryggismálum Arnarhvols. Gerð hefur verið úttekt á þessum þáttum og talið er að þörf sé á 70–80 millj. kr. til að koma þeim í viðunandi horf. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir fari fram á þremur árum og mun rekstrarfélag Arnarhvols leggja til verksins 7 millj. kr. á ári. Afgangurinn verður fjármagnaður úr ríkissjóði, þar af 15 millj. kr. á árinu 1998.

Til stendur að byggja upp og reka þjálfunar- og fræðslumiðstöð í björgunarmálum að Gufuskálum og munu Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sjá um þann rekstur. Slysavarnafélagið og Landsbjörg munu nýta sér aðstöðuna að Gufuskálum fyrir æfingar björgunarsveitarmanna og til þjálfunar í einstökum greinum. Einnig mun aðstaðan verða nýtt til árlegra funda. Þá er fyrirhugað að nýta svæðið til reksturs þjálfunarbúða fyrir 14–18 ára unglinga yfir sumartímann. Í fjárlögum ársins 1997 er veitt 5 millj. kr. til verkefnisins og í frv. til fjárlaga 1998 er gert ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að leggja til að verkefnið verði eflt frekar og eykst fjárþörfin því á næsta ári. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður 65 millj. kr. á næstu fimm árum sem skiptist þannig að 15 millj. kr. fara til uppbyggingar á næstu tveimur árum og árlegur rekstrarkostnaður verður 10 millj. kr. Húseignirnar að Gufuskálum verða áfram í eigu utanríkisráðuneytis og landið í eigu Pósts og síma hf. Gerður verður samningur til fimm ára um réttindi og skyldur samningsaðila á samningstímanum.

Gerð er tillaga um 151 millj. kr. hækkun á framlagi til Vegagerðarinnar. Samkvæmt tillögu til þingsáætlunar um vegáætlun sem lögð hefur verið fyrir ríkisstjórn er gert ráð fyrir 3,5% hækkun á mörkuðum tekjustofnum vegáætlunar þann 1. júní 1998 sem talin er skila 151 millj. kr. auknum tekjum á því ári.

Árið 1997 var nýtt gjald lagt á til að afla tekna fyrir staðlaráð, svokallað staðlaráðsgjald. Tekjur af því voru áætlaðar 15 millj. kr. á því ári og var bætt við í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi ofan á 3,8 millj. kr. fast framlag. Á árinu 1998 eru þær áætlaðar 18,8 millj. kr. og er það eina fjárveitingin til staðlaráðs í fjárlagafrumvarpi 1998. Því er lagt til að hin upprunalega fasta fjárveiting, 3,8 millj. kr. haldi sér og bætist við tekjur af staðlaráðsgjaldi, þannig að heildarfjárveiting nemi 22,6 millj. kr.

Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun á framlagi til Hagstofu Íslands sem snertir tvö verkefni. Hið fyrra er endurnýjun á tölvukerfi þjóðskrár, fyrirtækjaskrár og hlutafélagaskrár sem unnið er að. Áætlað er að kostnaður við endurnýjunina geti numið allt að 30 millj. kr. og mun hann dreifast á nokkur ár. Hagstofan mun sjálf kosta fjárfestinguna að hluta, og er hér lagt til að framlag til þessa verkefnis nú verði 5 millj. kr. Síðara verkefnið snýr að öflun tölulegra upplýsinga um skóla- og menningarmál og úrvinnslu þeirra. Menntmrn. hefur gert samning við Hagstofuna um framkvæmdina sem áætlað er að kosti um 5 millj. kr. á ári og er lagt til að veita þá fjárhæð til þessa verkefnis.

Háskóli Íslands og nokkrar aðrar ríkisstofnanir hafa í heimsóknum til fjárlaganefndar gert athugasemdir við launabætur í frumvarpi til fjárlaga 1998. Af því tilefni skal gerð stutt grein fyrir því hvernig bæturnar eru reiknaðar út.

Launahækkanir samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrir miðjan september voru metnar af starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins og þeim sem komu að samningagerðinni. Matið fór fram á grundvelli upplýsinga um röðun starfsmanna fyrir og eftir samning. Laun á hverjum fjárlagalið í drögum að fjárlagafrv. voru síðan hækkuð sem nam meðalhækkun stéttarfélaganna miðað við vægi þeirra í launaútgjöldunum á viðkomandi lið. Með því reiknilíkani sem notað er endurspeglar hækkunin hjá hverri stofnun því afar vel skiptingu starfsfólks eftir stéttarfélögum og kjarabreytingar þeirra. Þetta er sama aðferð og var notuð við að reikna út launabætur í fjárlögum 1996 vegna kjarasamninga á árinu 1995 og þótti gefa góða raun.

Hvað varðar Háskóla Íslands sérstaklega skal upplýst að mat samninganefndarinnar á launahækkun Félags háskólakennara var borin undir háskólaritara og var samkomulag um niðurstöðuna. Skólinn, eins og reyndar fleiri stofnanir, hefur hins vegar talið sig þurfa aukið svigrúm til að hækka laun umfram það sem samningurinn leiðir beinlínis til. Áætlað var að laun prófessora hækkuðu í samræmi við samning Félags háskólakennara. Þá telur háskólinn að skólinn hafi ekki fengið fullar bætur vegna kjarasamninga sem voru gerðir á árinu 1995 og komu til framkvæmda 1. mars og 1. ágúst 1996.

Háskólanum hefur verið bent á að leggja fram útreikninga sína og munu menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið fara yfir þá útreikninga.

Hækkanir stéttarfélaga vegna kjarasamninga og launaákvarðana sem ekki lágu fyrir þegar fjárlagafrv. var lagt fram voru áætlaðar miðað við sambærileg félög. Síðan þá hafa verið gerðir kjarasamningar við nokkur félög. Helstu stéttarfélögin sem samið hefur verið við eru Landssamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag bókasafnsfræðinga, Félag íslenskra fræða, Félag þroskaþjálfa og Félag íslenskra leikskólakennarra. Kostnaðaráhrif vegna þessara samninga á næsta ári eru talin nema 117 millj. kr. umfram það sem þegar hefur verið áætlað í fjárlagafrv. Lagt er til að þeirri fjárhæð verði dreift á fjárlagaliði stofnana eins og nánar er sundurliðað á fylgiskjali sem fylgir brtt.

Áhrif kjarasamnings við lækna eru ekki meðtalin enda hefur félag þeirra ekki greitt atkvæði um samninginn.

Að lokum er rétt að geta þess að gerðar eru tillögur um breytingar á fjárreiðuframsetningu nokkurra fjárlagaliða sem ekki hafa áhrif á umsvif stofnana eða afkomu ríkissjóðs. Í nál. með brtt. meiri hluta fjárln. eru þessar breytingar skýrðar nánar. Fjárlagaliðirnir eru eftirfarandi: Myndlistarskóli Íslands, Forvarnasjóður, Tapaðar kröfur, Vegagerðin og Hagstofa Íslands.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. sem fjárln. leggur fram við 2. umr. fjárlaga og þær liggja frammi á þskj. *Heildarútgjaldaaukningin samkvæmt þeim* nemur 1.559,4 millj. kr. Þegar frá er dreginn hagnaður upp á 551,3 millj. kr., sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., er halli fjárlaganna nú eftir 2. umr. 1.038,1 millj. kr. Við 3. umr. þarf að gera upp dæmið og reikna upp áætlun um tekjuhliðina. Miðað við þær horfur sem nú eru um tekjuaukningu eru horfur á að það markmið náist að afgreiða hallalaus fjárlög annað árið í röð á rekstrargrunni. Það er betri afkoma en á fyrra ári en það er nauðsynlegt markmið að halda vel á málum milli 2. og 3. umr.

Fjárln. hefur í vinnu sinni nú tekist að ljúka afgreiðslu þorra erinda sem varða útgjaldatilefni fyrir 2. umr.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki og félögum mínum í fjárln. fyrir gott samstarf. Minni hlutanum þakka ég sérstaklega málefnalega umræðu og góðan starfsanda sem er afar mikilvægur þegar lengi er verið að og reynir á í flóknu og erfiðu verki og málefnaágreiningi um ýmis efni.

Ég færi sérstaklega þakkir þeim sem aðstoðað hafa nefndina í vinnu hennar og ber þá fyrst að nefna ritara fjárln. Sigurð Rúnar Sigurjónsson. Ragnheiður Sumarliðadóttir og Bentína Haraldsdóttir hafa veitt nefndinni ómetanlega aðstoð að venju. Án þeirra væri erfiðara að lifa þegar annríkið er mest. Einnig þakka ég öðru starfsfólki þingsins sem veitt hefur margháttaða aðstoð. Þá ber að þakka starfsmönnum fjmrn. og annarra ráðuneyta margháttuð samskipti og aðstoð og nefni ég þá sérstaklega til í fjmrn. Ásdísi Sigurjónsdóttur, Halldór Árnason og Nökkva Bragason. Þá vil ég einnig þakka ríkisendurskoðanda og starfsfólki hans margháttaða aðstoð við nefndina.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[11:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir skörulega ræðu og gleður mig að heyra það í niðurlagsorðum hans að greinilega ríkir góður andi í nefndinni þrátt fyrir að pólitískur ágreiningur kunni að vera nokkur.

Ég dreg það ekki í efa að nefndin hefur sett sig mjög vel inn í þau vandamál sem við er að etja. Þess vegna kom mér nokkuð á óvart þegar ég hlýddi á mál hv. þm. hvernig meiri hluti fjárln. hyggst taka á vandamálum stóru spítalanna í Reykjavík. Mér er kunnugt um að þau vandamál eru gríðarleg og ég veit að hv. þingmenn meiri hlutans gera sér grein fyrir því líka.

Hv. þm. lýsti því yfir að engin áform væru um að brjóta niður heilbrigðiskerfið af hálfu stjórnarinnar og ég er alveg viss um að það er fullkomlega rétt hjá honum. Það eru engin áform um það. En hann sagði líka, með leyfi forseta: „Þjónusta þess þarf að vera trygg."

Nú vitum við að álagið á þessum spítölum hefur aukist gríðarlega. Fjöldi sjúklinga hefur aukist, álag á starfsfólkið hefur aukist, gríðarlegur niðurskurður hefur verið á síðustu árum og við stöndum frammi fyrir því að þrátt fyrir þær aðgerðir sem meiri hlutinn hefur gripið til til að mynda við afgreiðslu fjáraukalaga og þrátt fyrir þá tillögu sem hér liggur fyrir um 300 millj. kr. óskiptan sjóð til sjúkrahúsanna í landinu, þá er það eigi að síður mat forsvarsmanna þriggja stærstu sjúkrahúsanna á landinu að það vanti um það bil 700–1.100 millj. til þess að hægt sé að halda uppi eðlilegum rekstri. Ég held því fram til að mynda að í því sjúkrahúsi sem tengist mínu kjördæmi, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sé búið að ganga það nálægt spítalanum á síðustu árum að útilokað sé að halda uppi óbreyttri þjónustu með því fjárframlagi sem spítalinn fær. Þess vegna spyr ég hv. þm.: Telur hann að þjónusta þess spítala sé áfram trygg miðað við þá meðhöndlun sem hann fær í þessum tillögum?

[11:33]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 2. umr. fjáraukalaga og nú í framsöguræðu minni hef ég þegar gert grein fyrir þeim áformum sem uppi eru um að fara yfir málefni sjúkrahúsanna og forgangsverkefni að gera það. Fulltrúar sjúkrahúsanna eiga að hafa fulla aðild að því verkefni. Fjárln. mun fylgjast með þeim störfum og fá tillögur þeirrar stýrinefndar sem ætlunin er að setja í þetta verk og fara yfir þær. Ég endutek að engin áform eru um að skera niður þjónustu á sjúkrahúsunum en takmarkið er að gera um hana samkomulag, fara yfir rekstraráætlanir sjúkrahúsanna, leggja tillögur fyrir eins fljótt og auðið er á næsta ári og niðurstöðunum mun fjárln. fylgjast með. 300 millj. er veruleg aukning til þessa málaflokks til viðbótar við þær aukafjárveitingar sem voru komnar en hins vegar eru ýmsar skipulagsbreytingar á döfinni í samræmi við samning þar um hjá sjúkrahúsunum í Reykjavík. Það er m.a. þeim sem verður að fylgjast með hvernig vindur fram og taka afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem þar liggur fyrir. Það getur auðvitað haft áhrif á fjárþörfina hvernig þeirri samningagerð reiðir af.

[11:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er skáld gott og ber gott skyn á rím og hann veit þess vegna að það rímar ekki að segja annars vegar að ekki eigi að skera niður þjónustuna á þessum spítala og hins vegar að koma í veg fyrir að spítalinn fái nægilegt fjármagn til að halda uppi þjónustu. Það þýðir ekki að koma hingað og tala enn einu sinni um enn eina nefndina. Hv. þm. sat í annarri stýrinefnd sem átti að fjalla um annan vanda spítalanna á síðasta ári. Hvað varð um þá nefnd? Hún hvarf, hún gufaði upp, það kom ekkert út úr henni. Ég á við þá nefnd sem átti að fjalla um vanda landsbyggðarsjúkrahúsanna, sem

átti að koma út sparnaði upp á 160 millj. sem í rauninni varð að fjárveitingu upp á 200 millj. í meðförum nefndarinnar.

Herra forseti. Ég spyr þess vegna hv. þm.: Ef athugun stýrinefndarinnar leiðir í ljós að verulegar fjárhæðir vantar, e.t.v. hundruð millj. til að hægt sé að reka þennan spítala, mun hún þá koma til fjárln. og óska eftir þeirri fjárveitingu? Og ef það gerist mun þá hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., beita sér fyrir því að sú fjárveiting fáist? Ef það gerist ekki óttast ég að niðurstaðan verði sú að segja þurfi upp 100–200 manns á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og það þurfi að loka deildum og ég óttast að burðarstoð spítalans, sem er bráðaþjónustan, muni bíða verulegan hnekki af og það er nokkuð sem rímar ekki miðað við það áform sem hv. þm. hefur lýst sem áformi ríkisstjórnarinnar þ.e. að skera ekki niður bráðnauðsynlega þjónustu. Ég spyr hv. þm.: Hvernig ætlar hann að leysa úr þessari þverstæðu?

[11:37]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort væntanleg stýrinefnd muni leggja tillögur fyrir fjárln. og hvort fjárln. muni verða við þeim tillögum. Að sjálfsögðu mun fjárln. hafa málefni sjúkrahúsanna til umræðu áfram og til meðferðar. Það hefur ætíð verið svo og ég er ekki svo bjartsýnn að ætla að það verði ekki á næsta ári. Hins vegar er ég ekki í færum til að segja til um það hvernig verður orðið við tillögum stýrinefndarinnar. Ég þarf að sjá þær tillögur áður en ég endurtek að þar eiga fulltrúar sjúkrahúsanna að eiga fullan aðgang að.

Varðandi stýrinefndina ef stýrinefnd skal kalla sem hv. þm. minntist á og fjallaði um sjúkrahúsin á landsbyggðinni, þá er það alveg rétt að sparnaði sjúkrahúsanna á landsbyggðinni er ekki deilt út á þessu ári. Það er ætlunin að fara sömu leið varðandi fjárveitingar til þeirra og ég endurtek að þessi málaflokkur á að hafa forgang á næsta ári og það á að styrkja starf ráðuneytisins að þessum málum. Þau áform eru enn þá uppi að sýna aðhald á landsbyggðarsjúkrahúsunum en sömuleiðis eru engin áform um það að skera niður þá þjónustu sem þar er heldur er ætlunin að fara yfir verkaskiptingu þeirra og skipulag (Forseti hringir.) og gera sér grein fyrir kostnaðinum við það umfang sem þeim er ætlað að hafa.

[11:39]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur flutt hina árlegu skýrslu sína og eins og í fyrra minnir þessi skýrsla mig á skýrslu framkvæmdastjóra meðalstórs bandarísks fyrirtækis, hlutafélags, enda veltan svipuð. Hér er verið að tala um alls konar framkvæmdir. Fyrst byrjaði hv. formaður fjárln. að tala um hvernig útsýnið væri fram á við fyrir fyrirtækið og síðan talaði hann um ýmis rekstraratriði. Til dæmis stendur til að gera upp torfbæ á Keldum í Rangárvallasýslu fyrir 3 millj. Það er það sem löggjafarsamkundan ætlar að gera. Síðan á að standa í landþurrkun fyrir 600 þús. Það á að rannsaka laxveiði fyrir 2,6 millj., það á að byggja löggustöðvar á Hólmavík, Ólafsvík og Blönduósi fyrir 10 millj. Þetta á sem sagt löggjafarsamkundan að gera.

Hjá sýslumanninum á Seyðisfirði á að ráða mann (Gripið fram í.) og svo á að leysa vandamál tveggja einstaklinga í málum fatlaðra fyrir 3,7 millj. — þetta er svona þar sem ég gríp niður, og að lokum á að mæla frjókorn fyrir 2,5 millj. (**Gripið fram í:** Það er mjög nauðsynlegt.) Það er mjög eðlilegt og mjög nauðsynlegt. En þetta eru verkefni framkvæmdarvaldsins, ekki löggjafarvaldsins.

Með því að taka að sér framkvæmdarvald er Alþingi að minnka ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Ég minni t.d. á heilbrigðismálin. Alþingi Íslendinga getur ekki gert kröfu til þess að heilbrrh. sé ábyrgur þar sem Alþingi er alltaf að kássast upp á hans verkefni. Á sama hátt er framkvæmdarvaldið að semja nánast öll lög sem Alþingi samþykkir. Það eru engin lög sem sett eru að frumkvæði Alþingis og ég spyr hv. formann fjárln. hvort hann telji þetta rétta þróun að löggjafarvaldið sé að kássast upp á framkvæmdarvaldið og að framkvæmdarvaldið sé að semja lög fyrir löggjafarvaldið.

[11:41]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 16. þm. Reykv. beindi þeirri spurningu til mín hvort ég telji það rétta þróun að löggjafarvaldið sé að blanda sér inn í verkefni framkvæmdarvaldsins. Ég vil minna á það að löggjafarvaldið hefur fjárveitingavaldið og ég tel það rétt að svo sé og það sem hann taldi upp í sinni ræðu er bara þjóðlífið í landinu. Ég tel rétt að löggjafarsamkundan hafi einhver tengsl við þjóðlífið í landinu. Ég tel rétt að svo sé og ég er ekki tilbúinn til þess að afsala fjárveitingavaldinu frá Alþingi. Ég hef aldrei litið á ríkisvaldið, hvorki framkvæmdarvald né löggjafarvald eins og ameríska hlutafélag og það er dálítið langt frá minni hugsun. Okkur hv. þm. greinir áreiðanlega á um torfbæ á Keldum o.s.frv. en það er þverskurður af þjóðlífinu í landinu sem löggjafarvaldið er að fást við með sínu fjárveitingavaldi. Það kemur auðvitað til greina að framselja hluta þess, einhverja þætti, til framkvæmdarvaldsins undir eftirliti Alþingis eins og oft hefur verið gert en ég er á móti því að Alþingi afsali sér fjárveitingavaldinu.

[11:43]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill munur á því að hafa fjárveitingavald og standa í framkvæmdum. Við getum að sjálfsögðu veitt vissar fjárveitingar til ráðherra til að gera eitt og annað. Og síðan framkvæma þeir og við höfum eftirlitsskyldu og við höfum fyrirspurnarrétt. Við getum spurt þá hvað þeir hafi gert, hvernig þeir hafi staðið að vissum málum. Hvernig stóðu þeir að heilbrigðismálum? Hvernig stóðu þeir að því að byggja torfbæ? Við eigum að spyrja að þessu. En að leggja fyrir í lögum að þetta eða hitt skuli gert, það skuli ráða fólk og reisa torfbæ. Það finnst mér ekki vera hlutverk löggjafarsamkundunnar.

[11:44]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég eiginlega átta mig ekki á því að jafntöluglöggur og greindur maður og hv. þm. er (**Gripið fram í:** Er hann það?) skuli ekki gera sér grein fyrir því að það er nákvæmlega þetta sem við erum að gera. Við erum að veita fjárveitingu til framkvæmdarvaldsins til að annast ákveðnar framkvæmdir og eigum að fylgjast með því að framkvæmdarvaldið annist þessar framkvæmdir á þann hátt sem Alþingi og fjárveitingavald leggur fyrir. Það er alveg nákvæmlega þetta sem við erum að gera.

Ég ætla ekki að fara með mitt lið í fjárln. til þess að byggja torfbæ á Keldum eða hafa verkstjórn þar. (**Gripið fram í:** Nú!) Það er menntmrh. og Þjóðminjasafn sem þessi mál heyra undir þegar Alþingi hefur veitt fjárveitingu til þess. Ég skil eiginlega ekkert í jafnglöggum manni og hv. 8. þm. Reykv. er að átta sig ekki á þessu samhengi og koma hér trekk í trekk upp í fjárlagaumræðunni til að endurtaka

ræðuna um amerísk hlutafélög sem hann hélt hér fyrir ári síðan. Ég vona að hann haldi hana ekki að ári liðnu.

[11:45]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 481, 482.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:47]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 481 og 482. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[11:48]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir nál. minni hluta fjárln.

Í fjárlögum hvers árs birtist stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Með fjárlögum leggur ríkisstjórnin meginlínur í efnahagsstjórn sem ráða miklu um fjárfestingu, verðbólgu, vaxtastig, viðskiptajöfnuð og gengi. Allt eru þetta þættir sem miklu máli skipta í afkomu almennings, svo ekki sé talað um skattlagningu og mikilvæga þjónustu sem ríkið hefur með höndum. Ríkisstjórn sem tekur hlutverk sitt alvarlega gætir þess í góðæri að safna fé til mögru áranna og það hefur ætíð þótt óskynsamlegt að ráðstafa öllu aflafé jafnóðum og það fellur til. Alvarlegasta meinsemd frv. er skortur á samfelldri og ábyrgri fjármálastjórn, enda hrannast upp óveðursblikur og óróleikamerki í íslensku efnahagslífi.

Efnahagsforsendur fjárlagafrv. byggja á þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998. Þannig er spáð að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 1998 eða um einu prósentustigi minni en spár fyrir þetta ár gera ráð fyrir. Til samanburðar er spáð 2,9% hagvexti í iðnríkjunum á næsta ári.

*Ýmis teikn eru á lofti um að þensla sé að myndast í* efnahagslífinu. Í inngangi að þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998 stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Þegar horft er fram á við eru brýnustu verkefnin í efnahagsmálum tvíþætt. Annars vegar að gæta þess að þensla myndist ekki því ef svo færi yrði stöðugleikanum stofnað í hættu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að margt bendir til þess að vöxtur efnahagsstefnunnar sé nálægt þeim mörkum sem samrýmast viðunandi verðlagsþróun. Hins vegar þarf að efla þjóðhagslegan sparnað með það að markmiði að nokkur afgangur verði á viðskiptajöfnuði þegar yfirstandandi fjárfestingu í stóriðju lýkur."

Ekki verður annað sagt en að Þjóðhagsstofnun sé að senda ríkisstjórninni nokkuð alvarlega áminningu með þessari tilvitnun.

Samsvarandi viðvörunarorð er að finna í nýlegri haustskýrslu Seðlabankans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslenskum þjóðarbúskap er ofþensluhættan meiri en samdráttarhættan."

Þenslumerki má sjá víða, m.a. í peningastærðum, þróun viðskiptajafnaðar og vaxandi spennu á vinnumarkaði. Alvarlegast er þó að verðbólgan virðist vera að taka sig upp á nýjan leik hér á landi. Þannig bendir nú allt til þess að hækkun vísitölu neysluverðs verði um eða yfir 3% milli áranna 1998/1997 samanborið við 2% milli áranna 1997/1996.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í eftirspurn og almennum umsvifum efnahagslífsins. Aðhald í útgjöldum ríkissjóðs er grundvallarforsenda þess að árangur náist í að minnka viðskiptahallann og þar með skuldasöfnun þjóðarbúsins. Ríkisfjármálastefnan þarf einnig að vera í takt við peningamálastefnuna til að árangur náist. Ef þess er ekki gætt er hætt við að víkja þurfi til hliðar markmiðinu um litla verðbólgu og gengisstöðugleika til að bæta viðskiptahalla og styrkja stöðu atvinnuveganna.

Fjárlagafrv. það sem hér liggur fyrir og aðgerðir undanfarinna mánaða sýna glöggt það stefnuleysi sem ríkir í fjárhagsmálefnum ríkissjóðs. Þannig hefur ekki tekist að skila ríkissjóði með viðunandi afgangi eins og nauðsynlegt er við núverandi aðstæður, m.a. til að vega upp á móti þensluáhrifum vegna kjarasamninga og skattalækkana. Ljóst er að tekjur ríkissjóðs hafa aukist gríðarlega á síðustu tveimur árum. Á sama tíma hafa hreinar skuldir ríkissjóðs aukist um ríflega 11 milljarða kr. samkvæmt fjárlagafrv. Tekjuaukanum hefur þannig augljóslega verið ráðstafað að verulegu leyti til aukinna útgjalda í stað þess að greiða niður skuldir. Síðustu tvö ár hafa einkennst af lausatökum í hagstjórn og eru því miður allt of mörg dæmi um slíkt í íslenskri hagsögu þegar vel árar.

Ég vil bæta því hér inn í nál. að á árunum 1994, 1995, 1996 og 1997, á fjögurra ára tímabili hafa tekjur ríkissjóðs aukist samanlagt um 44,2 milljarða kr. umfram það sem telja má eðlilega tekjuöflun í meðalárferði í þjóðarbúskapnum. Gjöldin hafa hins vegar aukist samsvarandi eða um 44,3 milljarða kr. Tekjuaukanum sem skapast hefur vegna efnahagsuppsveiflunnar hefur þannig alfarið verið ráðstafað til aukinna útgjalda. Þó ber að hafa í huga að hluti þessara gjalda er vegna sérstakra innlausna spariskírteina en þótt tekið sé tillit til þess er ljóst að langstærstum hluta tekjuaukans vegna uppsveiflunnar hefur verið ráðstafað í aukin útgjöld hjá ríkinu en ekki til greiðslu skulda.

Minni hlutinn telur orka tvímælis að ríkisstjórnin verji efnahagsbatanum til útgjalda í stað þess að greiða niður skuldir eins og eðlilegt má telja þegar góðæri ríkir. Við *núverandi aðstæður, þar sem miklar framkvæmdir eru fjár*magnaðar með erlendum lánum og mikilli einkaneyslu, er stöðugleikanum í efnahagsmálum ógnað og veruleg hætta á að verðbólgan fari af stað á nýjan leik. Benda má á í þessu sambandi að á næsta ári er gert ráð fyrir því að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 8%. Það gefur til kynna að spár um 5% aukningu einkaneyslu séu verulega vanmetnar. Saman fer að ríkissjóður og almenningur ráðstafar efnahagsbata sínum til nýrra útgjalda sem skapa mun mikinn þrýsting á stöðugleikann. Ekkert svigrúm er í ríkisfjármálum til þess að mæta áhrifum af minnkandi efnahagsumsvifum sem fer að bera á strax á næsta ári og munu koma fram með meiri þunga á árinu 1999. Á skömmum tíma gæti myndast umtalsverður halli á ríkissjóði og verðbólga vaxið verulega, ef ekkert verður aðhafst, og gætu afleiðingarnar orðið svipaðar og árið 1988.

Þessu til viðbótar vil ég bæta um þetta efni að minna má á að ýmis lagaákvæði hafa verið afnumin eða verulegalega skert sem stuðluðu að sparnaði bæði þvinguðum og valkvæðum. Fyrir fjórum árum voru afnumin lagaákvæði um skyldusparnað. Þá voru um 4.100 millj. kr. á skyldusparnaðareikningum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Fé þetta hefur að miklu leyti þegar verið greitt út og verður útgreiðslu þess nánast lokið í lok næsta árs. Sú ráðstöfun að

greiða út skyldusparnað án þess að taka inn nýjan á sama tíma hefur aukið einkaneyslu og dregið úr sparnaði. Auk þess hafa skattaívilnanir með húsnæðissparnaðarreikningum verið felldar úr gildi og skattafsláttur vegna hlutafjárkaupa fellur niður eftir tvö ár. Þessar aðgerðir hafa leitt til þess að dregið hefur út sparnaði og hafa verið skýr skilaboð frá stjórnvöldum til almennings að ekki eigi að spara. Telja verður að þessi almenna hvatning gegn sparnaði sem birtist í aðgerðum stjórnvalda ásamt eyðslustefnu í ríkisfjármálum sé höfuðorsökin fyrir því hversu hættulega lítill sparnaður er hér á landi.

Enn virðist ríkja það hugarfar að eyða beri efnahagslegum ávinningi svo fljótt sem verða má og helst áður en hann er í hendi. Ég tel að ekki megi vanmeta sálfræðileg áhrif af pólitískum aðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn eðlilegum og nauðsynlegum sparnaði. Enn óheppilegra er að á síðustu árum hefur ríkt sæmilegur efnahagslegur stöðugleiki eftir langt tímabil mikillar verðbólgu og ójafnvægis í efnahagsmálum. Einmitt á þessu tímabili hefði verið öllu öðru mikilvægara að hvetja til sparnaðar og ábyrgrar uppbyggingar í atvinnulífinu og vinna traust almennings á stjórn efnahagsmála.

Síðustu sex árin hafa því miður verið tímabil hinna glötuðu tækifæra og því miður óttast ég að afleiðingar af mistökum undanfarinna ára í efnahagsstjórn sem lýsa sér í lágum sparnaði og mikilli útgjaldaþenslu bæði hjá hinu opinbera og heimilunum muni verða vaxandi verðbólga og atvinnuleysi á næstu árum. Fram undan er tímabil sem mun ráða úrslitum um það hvort takist að varðveita efnahagslegan stöðugleika eða hann fjúki veg allrar veraldar. Vík ég þá aftur að nál.:

Skuldasöfnun heimilanna er að verða eitt stærsta efnahagsvandamál sem Íslendingar hafa átt við að glíma undanfarin ár. Sú eyðslustefna sem stjórnvöld hafa leitt undanfarin tvö til þrjú ár hefur stuðlað að svo litlum þjóðhagslegum sparnaði að Íslendingar eru í hópi verst settu þjóða í þessu sambandi.

Það eru sláandi tölur sem koma í ljós þegar litið er á skuldaþróunina. Þannig hafa skuldir heimilanna í hlutfalli við ráðstöfunartekjur aukist úr 117,3% á árinu 1993 í 132,8% á þessu ári samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands. Þá benda spár til þess að skuldir heimilanna muni nema um 374 milljörðum kr. í lok ársins 1997 og hafa þá aukist um rúmlega 26 milljarða kr. á árinu. Þegar skuldaaukning er orðin svona mikil að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til greiðslu þeirra er ljóst að alvarlegur vandi blasir við.

Algert stefnu- og úrræðaleysi ríkir af hálfu stjórnvalda varðandi fjárhagsmálefni heimilanna. Ríkisstjórnin heldur áfram að ýta undir óraunhæfar væntingar um framtíðartekjur sem leitt hefur til verulegs óróa á vinnumarkaði. Á meðan heldur skuldsetning heimilanna áfram. Minni hlutinn telur tímabært að stjórnvöld horfist í augu við þá staðreynd að róttækra aðgerða er þörf til að efla kerfisbundinn og frjálsan sparnað í landinu. Eftir þeim aðgerðum er kallað hér.

Ljóst er að sá hagvöxtur sem átt hefur sér stað hér á landi undanfarin ár hefur aðallega verið borinn uppi af þjóðarútgjöldum fremur en innlendri verðmætasköpun. Aðhaldsleysi í fjármálastjórn hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, hefur ýtt undir gegndarlausan innflutning og eyðslu. Það er til marks um þá þróun sem átt hefur sér stað að á næsta ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn við útlönd verði tæpir 19 milljarðar kr. samkvæmt þjóðhagsspá frv. Á árinu 1995 var hins vegar afgangur af viðskiptunum við útlönd sem nam tæpum 4 milljörðum kr. Á tveimur árum hefur því þessi staða versnað um 23 milljarða kr.

Það kemur ekki á óvart miðað við framangreindar tölur að erlendar skuldir fara vaxandi, enda er bein samsvörun á milli viðskiptahalla og skuldasöfnunar. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að erlendar skuldir muni aukast um 3,5% að raungildi á þessu ári. Það er þó alvarlegra að á næsta ári er búist við enn meiri aukningu eða 4,5%. Í fjárlagafrv. eru engar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að draga úr viðskiptahallanum og skuldasöfnun erlendis sem er orðið eitt brýnasta hagstjórnarmál hér á landi.

Lauslega má áætla að hækkun á skuldbindingum vegna lífeyrisgreiðslna opinberra starfsmanna nemi rúmum 10 milljörðum kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð eru 7,5 milljarðar kr. vegna áunninna réttinda og launahækkana sem ættu að færast á rekstrarreikning ríkissjóðs. Í fjárlagafrv. eru hins vegar einungis færðir um 3,8 milljarðar kr. Eftir standa því um 3,7 milljarðar kr. sem er hækkun skuldbindinga vegna launahækkana á árinu. Minni hlutinn telur að færa beri þessa fjárhæð til gjalda og vísar í því sambandi til skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1996.

Verður nú vikið að nokkrum þeim þáttum á gjaldahlið frv. sem miklu ráða um aðstæður og skilyrði almennings í landinu.

Góð heilbrigðisþjónusta er aðalsmerki þjóðar sem vill kenna sig við velferð og skiptir hvern einasta landsmann miklu. Brestir í þessum þætti velferðarkerfisins koma því þungt niður á heimilum landsmanna. Niðurskurður síðustu ára til heilbrigðismála hefur því valdið áhyggjum og ómældum erfiðleikum hjá stórum hópi fólks. Útgjöld í þessum málaflokki hafa ekki þróast í samræmi við kröfur um bætta heilbrigðisþjónustu, breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar, nýja þekkingu og tækni eða aukinn hagvöxt allra síðustu ára. Því til staðfestingar skal bent á að framlög til heilbrigðismála hafa aukist um tæplega 1,4% að jafnaði síðustu fjögur árin en á sama tíma hefur hagvöxtur aukist um 3,6% að jafnaði á ári.

Útgjöld til ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála nema nær 59 milljörðum kr. á næsta ári samkvæmt frv. sem er um það bil 38,6% allra útgjalda ríkisins á greiðslugrunni en 36,2% miðað við rekstrargrunn. Því er í sjálfu sér skiljanlegt að reynt sé að halda þétt utan um þennan mikilvæga en fjárfreka málaflokk. Ráðdeild og sparnaður er sígilt viðfangsefni á þessu sviði sem öðrum. Á hinn bóginn þarf að gæta lögbundins réttar landsmanna til bestu fáanlegrar heilbrigðisþjónustu. Aðgerðir stjórnvalda á undanförnum árum hafa verið ótrúlega handahófskenndar og bitnað bæði á notendum og starfsfólki á þessu sviði, sérstaklega sjúkrahúsþjónustunni.

Afgreiðsla fjárlaga þessa árs jók aðeins á vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa verið á rökum reist. Sparnaðarhugmyndir voru enn einu sinni fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður frv. til fjáraukalaga sýna glöggt, þar sem auka þarf framlögin á þessu ári um nær 2 milljarða kr. til ýmissa liða innan heilbrigðiskerfisins. Og enn er stór hluti vandans óleystur.

Svo hart hefur verið gengið fram í óraunhæfum sparnaði að varla fyrirfinnst lengur nokkur einasta heilbrigðisstofnun sem nær því að vera innan ramma fjárlaga og segir sig sjálft að við svo búið má ekki standa. Fyrir liggur að uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna í landinu er nú orðinn

samtals um það bil 1 milljarður kr. Þar af er halli stærstu sjúkrahúsanna, þ.e. Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, enn hartnær 400 millj. kr. í lok þessa árs þrátt fyrir 320 millj. kr. framlag á fjáraukalögum. Flest hin sjúkrahúsanna eru með einhvern halla í árslok, allt frá 4 upp í 84 millj. kr. Við 2. umr. fjáraukalaga var samþykkt sérstakt framlag að upphæð 200 millj. kr. sem ætlað er til að taka á rekstrarvanda sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur og ber að fagna því. Vonandi dugar það til en á það ber að líta að stærsta sjúkrahúsið í þeim hópi, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, er komið með 84 millj. kr. rekstrarhalla nú í árslok.

Þá er ekki minna áhyggjuefni að viðhald húsa og endurnýjun tækja hefur lengi setið á hakanum. Ástandið í þeim efnum fer sífellt versnandi og verður afar kostnaðarsamt að taka á þeim vanda. Sem dæmi má nefna að Sjúkrahús Reykjavíkur er að verða háskalega illa farið af viðhaldsskorti. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss er nær 400 millj. kr. en viðhald innan húss mun kosta enn hærri upphæðir. Þannig mætti rekja fleiri dæmi því víðast hvar blasir þörfin við og sums staðar er húsakosturinn í raun ekki boðlegur hvorki sjúklingum né starfsfólki. Langvarandi sparnaður í viðhaldi er óskynsamlegur og kemur fram í auknum kostnaði þegar til lengdar lætur. Minni hlutinn telur að gera þurfi áætlun til nokkurra ára um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir grotni ekki niður í hirðuleysi.

Allur þessi vandi liggur fyrir studdur gögnum og skýrslum frá stofnununum sjálfum og öðrum matsaðilum. Þessar hallatölur eru raunverulegar og ekki til komnar vegna óráðsíu. Það er almennt viðurkennt að starfsfólk sjúkrahúsanna hefur lagt hart að sér og náð miklum árangri við erfiðar aðstæður á undanförnum á 5–10 árum. Göngudeildarþjónusta hefur verið efld, aðgerðum hefur verið fjölgað, legutími styst og hjúkrunarþyngd hefur aukist, sjúklingum hefur fjölgað á hvern starfsmann og lyfjakostnaður sjúkrahúsa lækkað. Þennan árangur ber að viðurkenna og horfast í augu við að lengra verður ekki gengið án þess að illa bitni á þeim er síst skyldi, þ.e. sjúklingunum sjálfum.

Heilbrrn. og meiri hluti fjárln. hafa vissulega tekið á þessum vanda að hluta til með aukaframlögum á fjáraukalögum og sérstakri fjárveitingu að uphæð 300 millj. kr. á næsta ári sem skipta á milli sjúkrahúsanna samkvæmt samningum við stofnanir. Allt er betra en ekkert en eins og fyrr segir er vandinn miklu stærri en svo að þetta dugi til. Það er mat forsvarsmanna þriggja stærstu sjúkrahúsanna að það vanti samtals rúmlega 1 milljarð kr. upp á þær tölur sem fram koma í frv. til rekstrar þessara sjúkrahúsa til þess eins að halda starfseminni í sama horfi og nú er. Það blasir því ekkert annað við en minnkandi þjónusta ef ekki verður brugðist við af ábyrgð og sanngirni. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að taka almennilega til hendinni til þess að tryggja réttmæta heilbrigðisþjónustu og létta áhyggjum og erfiði af sjúkum og öldruðum og aðstandendum þeirra.

Víkur nú málinu að menntamálum. Það hefur lengi verið áhyggjuefni þeirra sem bera menntun þjóðarinnar fyrir brjósti að fjárveitingar til menntamála eru mjög naumar hér á landi miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Minni hluti menntmn. ítrekar það enn fremur í umsögn sinni til fjárln. og lýsir því þar að hér sé verið að reyna að halda úti skólakerfi fyrir allt of lítið fé miðað við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Staðan í skólum hvort sem litið er til þjónustu við nemendur, atvinnulífsins eða launakjara kennara stenst engan veginn samanburð við þau lönd sem við lítum til samkvæmt t.d. síðustu matsskýrslu OECD. Ef íslensk stjórnvöld bregðast ekki við með því að stórauka fjármagn til menntamála er alvarleg ástæða til að óttast um samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Fjárveitingar til háskólastigsins koma verst út í samanburði við önnur lönd í skýrslu OECD. Bent skal á að ef frv. til laga um háskóla verður samþykkt má búast við verulega auknum kröfum um fjárveitingar til allra skóla á háskólastigi.

Háskóli Íslands hefur mikla sérstöðu meðal íslenskra skóla. Forsvarsmenn skólans hafa lagt fyrir fjárln. mjög vel rökstuddar óskir um 230 millj. kr. hækkun framlaga frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Þar af töldu þeir nauðsynlegt að hækka launaliðinn um 100 millj. kr. vegna vanreiknaðra áhrifa kjarasamninga. Þeirri beiðni hefur verið hafnað af ráðuneytinu sem telur að áhrif kjarasamninga við háskólamenn séu þegar reiknuð inn í frv. Auk þess var beðið um aukið fjármagn til rannsóknastarfsemi, til kennslu- og vísindadeildar, alþjóðasamskipta, rannsóknanáms og ritakaupasjóðs. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að styðja betur við starfsemi háskólanna í landinu þar sem hugvit og þekking er sú auðlind sem rækta ber og virkja miklu betur en hingað til hefur verið gert. Á því grundvallast framtíð komandi kynslóða.

Undanfarið hefur verið unnið að samningu við framhaldsskólana um nýtt kerfi til að deila fjárveitingum á skólana. Þeim samningum er ekki að fullu lokið en ástæða er til að minna á að ef fjárveitingum er haldið niðri til framhaldsskólanna á þann hátt sem fram kemur í þessu frv. vænkast hagur skólanna ekki við það eitt að taka upp nýjar úthlutunarreglur. Sá vandi verður heldur ekki leystur með því að taka upp fallskatt eða önnur skólagjöld. Ástæða er til að skoða fjárveitingu til framhaldsskólanna með tilliti til þess að verið er að framkvæma ný lög.

Varðandi grunnskólastigið má minna á að fjölmörg sveitarfélög telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna og er það álit minni hlutans að fara eigi yfir það dæmi upp á nýtt með tilliti til þess sem fram hefur komið um auknar kröfur til skólanna. Mesti vandinn sem blasir við er þó hin alvarlega staða námsgagnagerðar, en það verkefni er í umsjá ríkisins. Lengi hefur framlag ríkisins til námsgagnagerðar miðað við hvern einstakan nemanda á grunnskólastigi verið margfalt lægra en í nágrannalöndunum, en nú hefur það einnig farið hraðminnkandi. Árið 1991 var framlag til námsgagnagerðar 6.480 kr. á nemanda en er nú komið niður í 5.060 kr. á nemanda. Á sama tíma eru gerðar kröfur um meira framboð og aukin gæði námsgagna og námsefnisformið tekur hröðum breytingum. Námsgagnastofnun sem ætlað er lykilhlutverk á þessu sviði samkvæmt lögum fór fram á 40 millj. kr. viðbótarframlag til að geta betur sinnt endurnýjun námsefnis í náttúrufræðigreinum, undirbúningi endurnýjunar námsefnis vegna nýrrar námskrár og til kynningar. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að taka tillit til óska stofnunarinnar og flytur reyndar brtt. til þess að verða við þeirri ósk um 40 millj. kr. hærri fjárveitingum.

Fyrirhugað er að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna eftir rúmt ár, og er allt gott um það að segja ef flutningurinn er vandlega undirbúinn í góðri sátt við sveitarfélögin. Þau mega ekki erfa óbættan allan þann vanda sem nú er til staðar. Enn er t.d. mikill vandi óleystur í húsnæðismálum fatlaðra og horfir ekki vel með lausnir þegar ríkisstjórnin

gengur ár eftir ár stórlega á lögbundinn tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Á næsta ári er ætlunin að taka 235 millj. kr. af þeim tekjustofni í ríkissjóð sbr. 3. tölulið 6. gr. frv. Er þó ljóst að full þörf er fyrir allt það fé til þess að stytta langa biðlista, einkum í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi, eftir sambýlum fyrir fatlaða. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessa ráðstöfun ríkisstjórnarinnar og leggur til að 3. töluliður 6. gr. frv. til fjárlaga verði felldur brott.

Um landbúnaðarmál er það að segja að minni hlutinn telur miður að ríkisstjórnin sjái sér ekki fært nú í góðærinu að veita meira fjármagn til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins en raun ber vitni vegna þess að starfsemi stofnunarinnar hefur á mörgum sviðum verið lykillinn að auknum framförum í landbúnaði á Íslandi á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna framfarir í kornrækt til fóðurgjafar. Þær gefa íslenskum bændum nú þegar nokkur sóknarfæri sem byggjast á niðurstöðum ræktunartilrauna á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Það mun vera samkvæmt samkomulagi við Bændasamtökin að lagt er til í frv. að framlag til þeirra hækki um 25 millj. kr. á milli ára. Hækkunin skýrist af því að lagt er til að þær 89 millj. kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt gildandi búvörusamningi verði veittar til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Landbn. Alþingis bendir á að þarna er einhliða verið að taka upp samning við sauðfjárbændur og nota fjármuni sem þeim eru ætlaðir samkvæmt samningnum til að leysa önnur uppsöfnuð vandamál. Þessi vandamál hefur í sjálfu sér dregist allt of lengi að leysa en erfitt er að sjá réttlætið í að þau séu leyst á kostnað sauðfjárbænda á sama tíma og ekki hefði verið vanþörf á sérstökum aðgerðum til styrktar þeim sem verst standa í þeim hópi.

Þá skal minnt á að í 2. tölulið 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að framlög til sérstaks átaksverkefnis til markaðssetningar og framleiðslu vistvænna og lífrænna afurða verði skert um helming frá því sem lög gera ráð fyrir. Þessi tillaga ber vott um vanþekkingu og skilningsleysi á mikilvægi slíks átaks til að lyfta undir nýjungar er til framfara horfa í landbúnaði. Minni hlutinn leggur til að 2. töluliður 6. gr. falli brott.

Umhverfismál vega æ þyngra í nútíma samfélagi eins og landsmenn hafa rækilega verið minntir á undanfarna daga. Það er því áhyggjuefni, hversu illa er búið að stofnunum á vegum umhvrn. sem af allt of veikum mætti þurfa að fást við sívaxandi verkefni.

Langverst er staða Hollustuverndar ríkisins sem glímir við mikinn vanda í mannahaldi og rekstri vegna aukinna verkefna, einkum vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga. Nægir að vísa til faglegrar úttektar Skipulags og stjórnunar ehf. frá ágúst 1996 um mannaflaþörf stofnunarinnar, en niðurstaða hennar var, að „alger lágmarksþörf" til aukningar væri 20,5 stöðugildi til að stofnunin gæti staðið undir þeirri starfsemi sem lög, reglur og samningar við erlend ríki gera ráð fyrir. Stofnunin fór fram á verulega hækkun framlags til þess að geta fjölgað í starfsliði. Þeirri beiðni til stuðnings má vísa til upplýsinga um kröfur af hálfu ESA vegna vanefnda á framkvæmd EES-samningsins sem íslensk stjórnvöld verða að bregðast við. Meiri hluti fjárln. kom aðeins að litlu leyti til móts við óskir um eflingu stofnunarinnar, og er ljóst að Hollustuvernd ríkisins er um megn að standa undir þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar, eins og nú er að henni búið.

Um aðrar stofnanir og verkefni á sviði umhverfismála er það að segja, að þau verða að fá aukinn stuðning á næstu árum, ef þessi málaflokkur á að fá það vægi sem hann þarf. Skilningur stjórnvalda í þeim efnum birtist ekki í þessu frv. til fjárlaga næsta árs. Þar verður t.d. ekki séð hvernig ráðuneytið ætlar að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þar duga engin vettlingatök, ef þjóðin ætlar sér sómasamlegan sess í samfélagi þjóðanna.

Samkvæmt 5. tölulið skerðingarákvæða í 6. gr. frv. skulu 1.064 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum til vegagerðar renna í ríkissjóð á næsta ári. Ljóst er að þessi skerðing mun hafa í för með sér um 6% lækkun framlaga til nýframkvæmda frá þeirri vegáætlun sem samþykkt var síðasta vor. Á það var bent í áliti samgn. við afgreiðslu fjárlaga síðasta árs að lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda næmi 18–19% á þessu ári. Því blasir við að enn frekari skerðing mun hafa veruleg áhrif á framkvæmdir í vegamálum og hlýtur að leiða til frestunar á ýmsum brýnum verkefnum um land allt. Minni hlutinn telur að þessum sífellda niðurskurði fjárveitinga til vegamála þurfi að linna og leggur til að 5. tölul. 6. gr. verði felldur brott.

Fjárln. hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frv. til þessa, og tekjuhlið þess bíður því 3. umr. Einnig er eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frv. og heimildargrein þess svo og nokkur önnur atriði.

Brtt. meiri hlutans nema rúmlega hálfum öðrum milljarði króna og styður minni hlutinn margar þeirra. Minni hlutinn flytur nokkrar brtt. við 2. umr. sem sýna þær áherslur, sem fulltrúar hans vilja ná fram í ráðstöfun ríkisteknanna. Minni hlutinn telur að tekjuhliðin sé vanáætluð um 1–1,5 milljarða kr. en hann mun að auki flytja tillögur til breytinga á tekjuhliðinni við 3. umr. m.a. um hækkun tryggingagjalds, ef tillögur minni hlutans um breytingar á gjaldahlið frv. verða samþykktar.

Undir þetta nál. skrifa auk frsm. Gísli S. Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Áður en ég vík að framkomnum brtt. frá minni hluta fjárln. vil ég aðeins víkja að öðru máli og gera grein fyrir því af minni hálfu en það er fjárhagur Byggingarsjóðs verkamanna. Fyrir sex árum voru teknar ákvarðanir sem áttu að treysta fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna til framtíðar. Gengið var út frá árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingarsjóðsins að fjárhæð 1.075 millj. kr. árið 1992 og við það miðað af hálfu ríkisstjórnarinnar að sú fjárhæð haldist að raungildi sem árlegt framlag til frambúðar eins og fram kom í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Forsendur um vexti af lántökum og útlánum sjóðsins hafa verið nærri lagi og því allar forsendur til þess að þau áform geti gengið eftir. Engu að síður var staða sjóðsins um síðustu áramót þannig að ef hann hefði verið gerður upp þá hefði vantað um 6.000 millj. kr. til þess að endar næðu saman. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við forsendurnar af sinni hálfu og hefur framlag ríkissjóðs verið lækkað ár frá ári og er nú lagt til að það verði einungis 275 millj. kr. á næsta ári í stað 1.308 millj. kr. sem framlagið þyrfti að vera ef standa ætti við fyrri áform og stefnumörkun frá árinu 1992. Samtals nema vanefndir ríkisstjórnarinnar tæpum 4.000 millj. kr. á þessum sex árum eða um 50,7% af framlögunum. Aðeins 49,3% af framlögunum hafa skilað sér á þessu tímabili. Af skerðingunni sem nemur tæpum 4.000 millj. kr. hefur um 73% eða um 2.900 millj. kr., og bið ég nú formann þingflokks Framsfl. að taka vel eftir, komið til þann tíma sem Framsfl.

hefur farið með félmrn. Þessar vanefndir ríkisstjórnarinnar hafa leitt til þess að nýjum framkvæmdalánum hefur fækkað úr 500, eins og átti að vera, niður í 180 og enn er áformað á næsta ári að fækka þeim og nú niður í 170. Spyrja má hvernig þessi niðurskurður samrýmist kosningayfirlýsingu Framsfl. um „fólk í fyrirrúmi". Víst er að fátækt fólk hefur ekki verið sérstaklega í fyrirrúmi við þessar aðgerðir.

Það má líka minna á áherslu Sjálfstfl. á vandaða fjármálastjórn og ásakanir í garð þeirrar ríkisstjórnar sem fór frá árið 1991 um fjármálasukk og fortíðarvanda. Hallinn á Byggingarsjóði verkamanna á næsta ári er ráðgerður 800 millj. kr. og um síðustu áramót vantaði um 6 milljarða eins og fyrr greinir til þess að gera sjóðinn upp. Áætla má því að við lok næsta árs nálgist þessi vandi Byggingarsjóðs verkamanna 8 milljarða kr. Hér er verið að búa til vaxandi vanda og e.t.v. mætti kalla hann fortíðarvanda framtíðarinnar. Ekki verður talið að sýnd sé ábyrgð í fjármálastjórn sjóðsins heldur þvert á móti er látið reka á reiðanum af fullkomnu ábyrgðarleysi og væri nú ekki úr vegi að forustumenn Sjálfstfl. kæmu hér upp og rifjuðu upp gömlu ræðurnar sínar um fortíðarvanda ýmissa sjóða og útskýrðu fyrir þingheimi vanda Byggingarsjóðs verkamanna sem þeir hafa búið til með vanefndum sínum og hvers vegna þeir gripu til þessa ráðs.

Herra forseti. Það er búið að dreifa nokkrum brtt. sem minni hlutinn mun flytja, aðrar koma fram síðar í þessari umræðu og enn aðrar við 3. umr. fjárlaganna, en samanlagt munu brtt. standa í járnum að því leytinu til að gert er ráð fyrir að afla tekna til jafnvægis við tillögur um ný útgjöld.

Ég vil aðeins fara yfir þær tillögur sem fram eru komnar af hálfu minni hluta fjárln. Fyrst eru þrjár brtt. á þskj. 482, við 6. gr. frv. sem er um skerðingarákvæði í ýmsum lögum. Þar hef ég þegar gert ráð fyrir tillögum minni hlutans um að fella niður fyrirhugaða skerðingu á mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar og fyrirhugaðri skerðingu á framlagi til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða sem á að vera 25 millj. kr. en er í frv. lagt til að verði 12,5 millj. kr. Það er eins og fyrr greinir 1.064 millj. kr. sem lagt er til að skerða markaða tekjustofna Vegagerðar og leggjum við til að þetta ákvæði falli brott og til vegamála verði varið þessum fjármunum. Í þriðja lagi leggur minni hlutinn til að 4. töluliður skerðingarákvæðanna falli brott en hann kveður á um að skerða það fé sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á að fá og nemur sú skerðing um 235 millj. kr.

Á þskj. 481 er að finna tíu brtt. sem minni hlutinn flytur við ýmsa málaflokka í fjárlagafrv.

Fyrsta tillaga er um Háskóla Íslands þar sem lagt er til að liðurinn Tölvu- og tækjakaup hækki um 80 millj. kr. og er það í samræmi við óskir sem fram komu frá forsvarsmönnum þeirrar stofnunar.

Önnur tillaga frá okkur er ranglega merkt í þskj. Framhaldsskólar, stofnkostnaður og bið ég forseta um að leiðrétta það. Hann á að heita Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Þar leggjum við til að liðurinn Tæki og búnaður hækki úr 23 millj. upp í 68 millj. eða um 45 millj. kr.

Þriðja tillaga er hækkun framlaga til Námsgagnastofnunar um 40 millj. sem ég hef áður gert grein fyrir.

Fjórða tillaga er varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem lagt er til að liðurinn Starfsmenntasjóður hækki úr 50 millj. upp í 85 millj. kr.

Fimmta tillaga er um sjúkratryggingar þar sem lagt er til að liðurinn Lækniskostnaður hækki um 100 millj. kr. og verði 2.100 millj.

Þá leggjum við til í sjötta lagi að framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hækki um 50 millj. kr. eða úr 1.554,5 millj. í 1.604,5 millj. kr.

Í sjöunda lagi leggjum við til að liðurinn 08-371, Ríkisspítalar, hækki um 300 millj. kr. sem skiptist þannig að liðurinn 1.01 Ríkisspítalar hækki um 200 millj. kr. og liðurinn 5.60 Stjórnarnefnd, viðhald hækki um 50 millj. kr. og liðurinn 6.01 verði 50 millj. kr. en ekki er gert ráð fyrir framlögum til hans í frv.

Í áttunda lagi er lagt til að fjárveitingar til Sjúkrahúss Reykjavíkur hækki um 350 millj. kr. sem skiptist þannig að liðurinn 1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur hækki um 200 millj. kr. og liðurinn 5.01 Viðhald hækki um 100 millj. kr. og liðurinn 6.01 Tæki og búnaður hækki um 50 millj. kr.

Í níunda lagi leggjum við til að liðurinn 08-380, Sjúkrahús á landsbyggðinni, hækki um 50 millj. kr.

Í tíunda lagi leggjum við til að liðurinn 10-211, Vegagerðin, hækki um 1.064 millj. kr. sem er sama fjárhæð og lagt er til í frv. að skerða tekjur Vegagerðarinnar. En við leggjum sem sé til að þetta fé renni til Vegagerðarinnar og verði varið til samgöngumála í kjördæmum.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir nál. minni hluta og þeim brtt. sem fram eru komnar. Síðar í umræðunni verður gerð grein fyrir öðrum brtt. sem við flytjum.

[12:34]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún er með ólíkindum sú þversögn sem kemur fram í málflutningi talsmanns stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu. Hv. þm. telur að verðbólgan sé komin á kreik og talar um lausatök í ríkisfjármálum. Hv. þm. gagnrýnir að tekjuaukinn sé allur nýttur til útgjalda í stað þess að borga niður skuldir en segir síðan í grg. að ekkert svigrúm sé til í ríkisfjármálum en kemur síðan og mælir fyrir tillögum upp á útgjöld sem nema 2,1 milljarði kr. Hvernig á að fjármagna það hjá ríkissjóði sem hefur ekkert svigrúm? Jú, það á að gera það með því að fullyrða að tekjurnar séu vanáætlaðar. Tekjur vanáætlaðar upp á 1–1,5 milljarða kr. Reynist það ekki rétt þá eigi að ganga í vasa atvinnulífsins og leggja á hækkaða skatta, auka tryggingagjaldið og ná þannig endum saman. Herra forseti. Er þetta boðlegur málflutningur? Ég segi: Hann er fjarri því. (**SvG:** Andsvarið var ekki boðlegt, það er rétt.)

[12:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst andsvarið vera heldur snemma á ferðinni því að ég gat um það að við flyttum brtt. við fjárlagafrv. bæði gjaldamegin og útgjaldamegin og að við legðum til að afla tekna fyrir þeim tillögum okkar sem auka útgjöld. Hins vegar eru ekki allar tillögur komnar fram eins og gengur í fjárlagavinnu sem er unnin í mikilli tímaþröng, auk þess sem tekjuhlið fjárlaganna er rædd við 3. umr. og við boðum brtt. okkar tekjumegin þar. Ég vísa því alveg á bug að einhver tvískinnungur sé í málflutningi okkar að þessu leyti.

Ég vil hins vegar upplýsa hv. þm. um að það er góðæri á Íslandi að sögn ríkisstjórnarinnar. Það góðæri kemur auðvitað fram m.a. í afkomutölum atvinnulífsins. Hví skyldu menn ekki mega hugleiða það og leggja til að atvinnulífið legði

fram einhverja fjármuni til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar við þær aðstæður þegar góðæri ríkir að þessu leytinu til? Gleymum því ekki að fyrir nokkrum árum þegar talið var að efnahagslægð væri í atvinnulífinu og mikið atvinnuleysi braust fram, var talið nauðsynlegt að létta sköttum af atvinnulífinu fyrir fjárhæð sem nemur um 4 milljörðum kr. og þeir voru færðir yfir á almenning. Nú er sú kreppa búin og komið góðæri og er þá ekki, herra forseti, rétt að einhver hluti af þessum 4 milljörðum fari til baka frá almenningi yfir til fyrirtækjanna?

[12:37]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. 5. þm. Vestf. að það er góð staða almennt og ég tek undir með honum að telja má að góðæri sé á Íslandi. Það er ekki nema vegna þess að okkur hefur tekist að snúa efnahagshjólunum við til hins betra. En þingmaðurinn nefndi að það ættu eftir koma tillögur. Það eru þá væntanlega tillögur um enn frekari útgjöld. Í nál. minni hluta fjárln. kemur fram í lokaorðum að tekjurnar til að mæta útgjaldatillögum stjórnarandstöðunnar eigi að koma með meiri tekjum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og tillögum meiri hluta fjárln. og með hækkun tryggingagjalds. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt að auka álögur á atvinnulífið og veikja möguleika atvinnulífsins að bæta kjör fólksins í landinu. Það er ekki sú leið sem við stjórnarsinnar viljum fara. Við viljum sjá vöxtinn og batann í atvinnulífinu með því að atvinnulífið geti greitt hærri skatta og þannig megi hagur ríkissjóðs batna og þannig getum við styrkt stöðu ríkisrekstrarins. Það er auðvitað hið mikilvæga verkefni okkar. Þess vegna tel ég að mikil þversögn sé í þeim málflutningi stjórnarandstöðunnar þegar hún leggur til að hækka útgjöld ríkissjós, sem hefur ekkert svigrúm, um 2,1 milljarð.

[12:39]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að benda á að tillögur meiri hluta fjárln. gera ráð fyrir að hækka ríkisútgjöldin um 1,5 milljarða kr. og megnið að þeim tillögum kemur frá ríkisstjórninni. Meiri hluti fjárln. verður því að leggja fjárlagafrv. fram til 2. umr. með 1.050 millj. kr. halla. Og ég spyr: Hvar ætlar meiri hlutinn að fá tekjur til að skila hallalausum fjárlögum? Ég spái því að þær tekjur muni koma fram í uppreiknuðum áhrifum af hagvexti. (**Gripið fram í:** Og engu öðru.) Eins og við bendum á í nál. okkar er hagvöxtur líklega vanmetinn og tekjur ríkissjóðs þar af leiðandi vanmetnar um 1 – 1,5 milljarða kr. Það er hins vegar ekki rétt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að við gerum ráð fyrir þeim tekjum til að fjármagna útgjaldahluta af brtt. minni hluta fjárln. Það er ekki rétt. Tekjuöflunartillögur minni hluta fjárln. eru til viðbótar við þessar vanáætluðu tekjur ríkissjóðs sem við teljum að þær séu.

[12:40]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. ræðumaður minntist á launamál Háskóla Íslands og ég vil í því sambandi aðeins endurtaka það sem ég sagði í framsöguræðu minni um þau að gert er ráð fyrir að háskólinn leggi fram útreikninga sína varðandi það hvað hann telur að vanti upp á í þeim efnum, að þeir verði lagðir fyrir og farið yfir þær tölur.

Varðandi þá stefnumörkun sem kemur fram í nál. minni hluta fjárln. þá er ljós munur á stefnu meiri hlutans og minni hlutans. Það er alveg rétt að aukinn hagvöxtur og það að hjólin eru farin að snúast í þjóðfélaginu og mikil atvinnuuppbygging og aukin velta mun væntanlega skila einhverjum umframtekjum. Hins vegar er alveg rétt að þversögnin er mikil þegar byrjað er á því að tala um slaka fjármálastjórn, öllu sé útdeilt, og síðan er lagt til að afla meiri tekna til að þenja út ríkisgeirann. Það finnst mér ekki bera vott um meiri ábyrga fjármálastjórn hjá minni hlutanum en hún er að ásaka meiri hlutann fyrir. Það þýðir náttúrlega þenslu í ríkisgeiranum, jafnvel þó tekna sé aflað. Síðan er lagt til að þær tekjur séu lagðar á atvinnulífið sem getur leitt til bakslags í atvinnulífinu og það skili ekki eins miklu inn í hagkerfið og það gerir núna. (Gripið fram í.)

[12:43]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hér hefur nokkuð verið fundið að því að minni hluti fjárln. leggur fram brtt. um ný útgjöld (**Gripið fram í:** Hógværar.) þá vil ég benda á að það þær eru ákaflega hógværar. Þær eru upp á rétt liðlega 1% af niðurstöðutölum fjárlaga. Það er nú ekki mikil útgjaldakrafa af hálfu minni hlutans að leggja fram tillögur um að hækka þau um rétt 1% og leggur auk þess fram tillögu til að afla tekna fyrir þeim. Það verður því ekki borið á minni hluta fjárln. að hann sýni ábyrgðarleysi að þessu leyti til. Ég vil hins vegar benda formanni fjárln. á að þenslan sem er hér í gangi, þessi mikli hagvöxtur, er ekki allur borinn uppi af verðmætasköpun, hann er að mestu leyti borinn uppi af því að fólk eyðir peningum og ríkissjóður eyðir peningum — svokallaður eyðsluhagvöxtur — og ríkissjóður fær miklar tekjur af því vegna skatta, bæði beinna og óbeinna. Það er þekkt að jafnvel í mikilli þenslu geti ríkissjóður staðið nokkuð sæmilega af því hann fær miklar tekjur. En þegar ríkissjóður eyðir öllum nýju tekjunum sínum í ný útgjöld, jafnharðan og þau falla til, þá hefur hann ekkert svigrúm þegar bakslag kemur í seglin. Og það mun auðvitað hægja á þessari þenslu fyrr eða síðar og þá munu tekjur ríkissjóðs hrapa niður um nokkra milljarða áður en menn vita af. Það verður ekki létt verk að taka útgjöldin niður um sömu fjárhæð á skömmum tíma eins og hv. formaður fjárln. veit mætavel af reynslu sinni frá fyrri tíð í þessum efnum.

[12:45]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hluti tekna ríkissjóðs er kominn til vegna mikillar veltu í þjóðfélaginu og vegna þess að það er aukinn kaupmáttur og aukin velta. Það færir ríkissjóði tekjur. Það sem ég átti við er að ég er ekki búinn að sjá að minni hluti fjárln. ætli að beita sér gegn þeim tillögum sem meiri hlutinn flutti. Það er ekki tilfellið. En þessar brtt. minni hlutans eru til viðbótar og til þess fallnar að þenja út ríkisgeirann. Ég er ekki að segja að þessar brtt. séu af hinu slæma. Þetta eru þörf verkefni sem æskilegt væri að geta sinnt. Eigi að síður horfðumst við í meiri hlutanum í augu við þann ramma tekjumegin sem fyrirsjáanlegur var án þess að leggja á ný gjöld og hugsanlega aukningu tekna sem við höfum litið á spá um. En minni hlutinn vill aftur auka tekjurnar enn meira, taka meira frá atvinnulífinu inn í ríkisgeirann. Mismunurinn á stefnunni er fólginn í því.

[12:46]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Minni hlutinn hefur og mun leggja til að fjármagna þær tillögur sem hann leggur fram til aukinna útgjalda. Það er alveg á hreinu. Það á eftir að fjármagna þann halla sem meiri hlutinn leggur til að verði á fjárlagafrv. og við væntum þess að meiri hlutinn leggi okkur lið við að finna tekjur til að fjármagna þennan halla sem meiri hlutinn gerir tillögu um. Við höfum ekki svo miklar áhyggjur af því að við njótum ekki stuðnings meiri hlutans við að finna leiðir til að brúa það bil. Við skulum leggjast í það verkefni. Við bendum á það í okkar nefndaráliti að trúlega séu tekjur ríkissjóðs vanáætlaðar þannig að í sjálfu sér megi vænta þess að jafnvægi sé á fjárlagafrv. að teknu tilliti til þess. En þá á að vísu eftir að taka tillit til þess að það þarf að færa tæpa 4 milljarða til útgjalda vegna nýrra lífeyrissjóðsskuldbindinga umfram það sem fært er í fjárlagafrv.

Ég vil svo að lokum segja, herra forseti, að á þenslutímum er það fyrst og fremst hlutverk ríkissjóðs að taka peninga úr umferð. Draga úr peningamagni í umferð. Það getur ríkissjóður gert með því að hækka skatta, leggja á sparnað eða sýna aðhald í sínum útgjöldum. Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar sparnaður er minnkaður og skattar lækkaðir á sama tíma miklar kauphækkanir eru. Það sjá allir sem horfa á efnahagsmál í almennu samhengi að allir þessir þættir geta ekki farið vel saman. Ríkisstjórnin er að keyra út af beinu brautinni í efnahagsmálum. Það er staðreynd málsins.

[12:49]

**Útbýting þingskjala:**

Fangelsi og fangavist, 291. mál, nál. allshn., þskj. 473.

Lögskráning sjómanna, 289. mál, nál. samgn., þskj. 470; brtt. samgn., þskj. 471.

Mistök við læknisverk, 159. mál, svar heilbrrh., þskj. 432.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, brtt. GE o.fl., þskj. 483.

Sala ríkiseigna, 31. mál, svar fjmrh., þskj. 445.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:32]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég óska eftir því að til verði kallaðir þingflokksformaður Sjálfstfl. og þingflokksformaður Framsfl. Ég get hafið ræðu mína en ég bið sérstaklega um um að þeir verði við. Það er ástæða til að vekja athygli á því, herra forseti, að ekki einn einasti ráðherra telur ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu frekar en vant er. Þeir leggja þetta á sína púlshesta sem eru reyndar ekkert síður í stjórnarandstöðu en stjórnarliðar í nefndum. Það er ástæða til að menn séu við. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. og viðskrh. fyrir að mæta í salinn. Ég á sérstaklega erindi við, herra forseti, og bið um að ráðstafanir verði gerðar til að undir minni ræðu verði viðstaddir hv. þm. ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur heyrt bón hv. þm. og vekur athygli á því að þingflokksformaður Framsfl., Valgerður Sverrisdóttir, er í húsinu og mun hann gera ráðstafanir til að hún hlýði kalli ræðumanns. Síðan hafa fregnir borist af því að þingflokksformaður sjálfstæðismanna, Geir H. Haarde, er á leið í húsið.)

Ég þakka fyrir, hæstv. forseti. Það er ótrúlegt að þurfa á hverju einasta ári að vekja máls á því, að almennt er ekki borin virðing fyrir störfum þingsins í neinu af hálfu ráðherra ríkisstjórnarinnar þótt svo hittist á að einn sé á staðnum. Ég átti viðræðu við þann hæstv. ráðherra um landbúnaðarmál fyrir skömmu síðan. Þá var hann staðgengill hæstv. landbrh. (**Gripið fram í:** Er enn.) og er kannski enn. Þá er kannski einmitt ástæða til að halda áfram þeirri ræðu, hæstv. landbrh. (**Gripið fram í:** Sitjandi landbrh.)

Það kom fram í máli manna áðan að menn voru að kvarta yfir kostnaðarsömum tillögum sem stjórnarandstaðan gerði um hækkun til ýmissra liða eins og gert er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Það liggur við að maður segi, herra forseti, að hækkun um innan við tvo og hálfan milljarð af 130 milljörðum séu of hóflegar kröfur fram settar. Ekki nóg með það. Gerð hefur verið grein fyrir að við munum leggja fram tillögur á móti í tekjuöflun þannig að ekki er verið að rasa um ráð fram. Það er meira en segja má um hv. meiri hluta fjárln. sem hefur gert tillögur um 1.054 millj. kr. halla án þess að gera í nokkru grein fyrir hvernig eigi að afla tekna á móti. Það er meira en segja má um þann meiri hluta sem situr í fjárln. og gerir tillögur um 1.500 millj. kr. halla.

Þótt ég hafi byrjað að ræða um að menn mæti ekki til að vera við fjárlagaumræðuna eftir það púl sem menn hafa lagt á sig til að afgreiða þessi mál á þann máta sem verið að gera, vil ég nú, herra forseti, þakka öllum þeim sem hafa veitt upplýsingar til fjárln. um stöðu mála að undanförnu. Og ég vil segja að oft og tíðum hafa störfin gengið þannig að þeir sem hafa komið til fjárln. hafa skilað greinargerðum um hin ýmsu mál með ótrúlega skömmum fyrirvara. Það er með ólíkindum hvað stofnanir og einstaklingar sem leitað hefur verið til eru liprir og leggja mikið á sig til að koma með upplýsingar um hin ýmsu mál sem til umfjöllunar eru.

Mig langar að nota þetta tækifæri, þótt óvenjulegt sé, til að þakka starfsmönnum þingsins fyrir mjög góða samvinnu og einstaka lipurð við alla upplýsingaöflun sem þurft hefur á að halda, oft með miklu hraði og stundum utan eðlilegs vinnutíma. Þótt venjan sé að við 3. umr. séu bornar fram þakkir, geri ég það núna því ég tel vera ríka ástæðu til. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Ríkisendurskoðun sem hefur aðstoðað okkur í fjárln. í formi vinnu og upplýsinga. Ég vil þakka fyrir gagnaöflun úr ráðuneytum eins og ég kom að áðan. Reyndar er það þó þannig að ráðuneytin eru ekki öll undir sama hatti með það hve greiðlega upplýsingar koma frá þeim og það er ástæða til að hafa orð á því. Mörg eru þannig að upplýsingar koma þegar um þær er beðið, en frá einstaka seint og þá óljósar upplýsingar.

Ég vil nefna það hér af því að þannig stendur á hjá undirrituðum að þessi dagur er hátíðardagur í mínu lífi, að undirritaður hefur braggast og fengið góðan viðurgerning hjá ágætum starfsmönnum úti í fjárln. Ég vil sérstaklega nefna þær Bentínu Jónsdóttur og Ragnheiði Sumarliðadóttur og vil þakka þeim fyrir gott viðurværi og þjónustu. Mér finnst ástæða til að nefna það hér. (**ÁRJ:** Hvaða dagur er í dag?) (**Gripið fram í:** Áttu afmæli?)

Sérstaklega fær ritari fjárln. þökk fyrir veitta aðstoð, fyrir veitta hjálp við útreikning og upplýsingar sem hafa nauðsynlegar verið. Það hittir svoleiðis á, herra forseti, að fjárlagaumræðan er nú að fara fram á hátíðisdegi í mínu lífi, í þriðja eða fjórða skiptið, ávallt 12. desember. Þess vegna finnst mér ástæða til að fara fram á það að í áætlun þingsins sé gert ráð fyrir því, meðan ég er hér, að fjárlagaumræðan

fari fram 12. desember. En þá fer ég líka fram á það, herra forseti, í leiðinni að orðið verði við ýmsum tilmælum og óskum minni hlutans varðandi fjárlög. (Gripið fram í.) (**ÁRJ:** Áttu afmæli í dag?)

Herra forseti. Oft og tíðum gerir fólk sér almennt ekki grein fyrir því að þrátt fyrir deilur um málefni og ýmis pólitísk atriði er Alþingi vinnustaður þar sem fólk vinnur samviskusamlega, að mínu mati, að því sem því er ætlað, bæði sem nefndarmenn og sem fulltrúar landsmanna. (**Gripið fram í:** En ráðherrar?)

Hvað sem mönnum kann að finnast um ýmsar smáuppákomur sem lúta að snöggum orðaskiptum eða að einhverjum verður á mismæli, eða vekur hlátur, þá eru þingmenn, að mínu mati, almennt vinnufélagar sem leysa það sem vera ber. (**Gripið fram í:** Er þetta hátíðarræða?)

Vík ég nú að fjárlagaumræðunni, herra forseti. Fjárlög við 2. umr. eru lögð fyrir með tekjuöflun sem nemur 163 milljörðum 484 millj. kr., en útgjaldahlið upp á 164 milljarða 550,3 millj. kr., sem þýðir að við 2. umr. er verið að leggja fram fjárlög með halla upp á 1 milljarð 45,8 millj. kr. Ég held í rauninni að það sé óviðunandi að svo sé í góðærinu. En það ber að gera grein fyrir því að meiri hluti fjárln. hefur ekki gert grein fyrir tekjuöflun og því er svo að við þessa umræðu er hallinn uppi á borðinu. Mér finnst ríkisstjórnin hafi ekki staðið sig. Mér finnst að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt sig í að vera vandanum vaxin.

Lít ég þá helst til þeirra mála sem eru undirstaða atvinnulífs okkar og undirstaða þjónustu okkar á Íslandi. Ég vil nefna fyrst skólana. Skólarnir eru grunnurinn að því að við eigum gott mannlíf á Íslandi. Ég vil nefna að möguleikarnir í heilbrigðiskerfinu eru líka grunnur að því að fólk geti átt gott mannlíf. Þess vegna verðum við að bregðast við þeim vanda sem nú er, bæði í heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu og efla það duglega. En við verðum að finna leiðir til að draga saman. Ég er ekki að segja að auka eigi útgjöld í samræmi við það sem tekjur aukast nema í þessum málaflokkum sérstaklega. Ég held því nefnilega fram, herra forseti, að unnt sé að skera ýmsa fitukeppi af sem hefur verið bent á að undanförnu.

Það er einnig ástæða til að skoða ýmsa risnupotta þjóðfélagsins þar sem þeir sem betur mega sín geta stungið rananum í risnuhunangið og nánast sogið óslitið til sín, herra forseti, og finnst það jafnvel eðlilegt og skilja ekki þegar verið er að fetta fingur út í slíkt, hvort sem það varðar bílafríðindi, ferðafríðindi, laxveiðifríðindi, dagpeningafríðindi, veislufríðindi, gjafafríðindi eða annað. Þarna er ástæða til að taka á. Það hefur komið fram að undanförnu að svo mikill lúxus finnst hjá minni hluta þessarar þjóðar að ástæða er til að gera alvarlega athugasemd við það og ég geri það hér með. Ég geri alvarlega athugasemd við það að ýmsir þjóðfélagshópar skuli vera þannig settir að þeir geti útdeilt sjálfum sér því að geta stungið rana sínum í þá risnupotta sem blasa við þeim.

Herra forseti. Hvað varðar brtt. meiri hluta fjárln. má segja að margir fá góða lausn sinna mála í þeim þótt misjafnt sé. Það fer ef til vill eftir því hver í hlut á. Flestar þessara tillagna mun ég styðja og er ástæða til að segja frá því. Þó er það svo að glöggir menn munu telja sig sjá fingraför einstakra fjárlaganefndarmanna á þessum tillögum. Ef til vill gerast hlutir á öllum tímum samt á þennan máta. Í sumum tilfellum gerist það vegna þess að einn þekkir betur til en annar.

Varðandi liðinn Ýmis framlög hefði ég viljað sjá betur gert í mörgum málum, en ætla ekki að fást um einstök mál. Ég tel það ekki við hæfi. Minni hluti fjárln. hefur gagnrýnt ómarkviss tök ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans varðandi stór mál svo sem heilbrigðismál, menntunarmál, samgöngumál og fleiri málaflokka. Minni hlutinn hefur gert grein fyrir tillögum um aukin útgjöld og er reiðubúinn til að gera tillögur um auknar tekjur þar á móti við 3. umr. þar sem hefð er fyrir að gera ráð fyrir jöfnun tekna og gjalda á jákvæðan máta. Þannig mun minni hlutinn skila sínum tillögum inn. Við höfum bent á ýmsa möguleika. Án þess að gera beina tillögu um það langar mig, herra forseti, benda á að niðurfelldar kröfur af hálfu ríkissjóðs nema milljörðum og hefur Ríkisendurskoðun gert alvarlega athugasemd um slíkt. Ég tel eðlilegt að menn sjái til þess að mönnum sé gert jafnt undir höfði með greiðslu skatta og skyldna. Mér þykir ekki mikið þó að minnsta kosti einn milljarður náist þar í tekjur. Ég vil benda meiri hlutanum á þessar leiðir og tek þar með undir með Ríkisendurskoðun. Eins er ástæða til að benda á að menn hafa rætt um að í neðanjarðarhagkerfinu, herra forseti, séu 11–14 milljarðar sem ekki koma til skila.

Búast má við að hægt sé að ná í einn til einn og hálfan milljarð af þessum 14 felumilljörðum í hagkerfinu. Ég bendi hv. formanni fjárln. og hæstv. viðskrh. á, úr því þeir eru staddir hér, að ástæða sé til að taka þarna á. Það er eðlilegt að biðja um að skilaboð komist til hæstv. fjmrh. sem lætur ekki svo lítið að koma inn fyrir þröskuld þessa húss meðan verið er að ræða fjárlög ríkisins. Ég þreytist ekki, herra forseti, við að áminna æðstu ráðamenn þessarar þjóðar. Þeir eiga að vera viðstaddir þessar umræður umfram allt annað. Mér finnst, herra forseti, til skammar, að þeir skuli ekki vera í húsinu. Ég mun nefna það nokkrum sinnum í ræðu minni.

Herra forseti. Ég gerði að sérstöku umræðuefni, við 1. umr. um ráðstöfun ríkisfjármála, þá ætlan ríkisstjórnar að minnka framlag til átaksverkefnis í framleiðslu og markaðssetningu á lífrænum og vistvænum matvælum. Vegna þess að þetta er undir 2. lið 6. gr. fjárlagafrv. get ég ekki látið vera að ræða þetta mál. Ég hafði vonast til að fá þau skilaboð frá formanni fjárln. að þessi aðgerð kæmi ekki til afgreiðslu við 2. umr., en þar sem þess var ekki getið í ræðu hans, sé ég mér ekki annað fært en ræða þetta mál. Þess vegna bað ég um að fá að ræða þetta við formenn þingflokkanna, hv. formenn Geir H. Haarde og Valgerði Sverrisdóttur. Ég fagna því að Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks jafnaðarmanna er hér einnig, því ég á við hana erindi í þessu máli.

Ég ætla að ræða um átaksverkefnið sem fjallað er um í 2. lið 6. gr. fjárlagafrv. Þar er og tillaga sem þessir hv. þm. áttu aðild að með atkvæðagreiðslu og reyndar var hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ekki þingflokksformaður Framsfl. en það var aftur hæstv. núv. iðnrh. sem nú gengur í salinn. Hann var þingflokksformaður Framsfl. þegar sú tillaga sem ég er að ræða um var gerð. Þá var samþykkt af 48 viðstöddum þm. að í fimm ár skyldi úthluta 25 millj. á ári vegna markaðsátaks við lífræna og vistvæna framleiðslu og vottunar íslenskra afurða. Ég verð að segja, herra forseti, að það er hreinlega til skammar ef hv. þm. sem ég hef nefnt hér, láta vaða svo yfir sínar tillögur á skítugum skónum að þetta framlag verði skorið niður. Vegna þessara fjármuna hefur náðst árangur þó ekki hafi verið farið að hugmyndum sem hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. gerði grein fyrir í ræðu. Þar gerðu m.a. þáverandi þingflokksformenn ríkisstjórnarflokkanna, ráð fyrir að 25

millj. kr. framlag kæmi úr Framleiðnisjóði á móti, þannig að framlagið yrði ekki 25 millj. kr. á ári, heldur 50 millj. á ári. Þetta áttu að vera 250 millj. kr. framlag í heildina en Framleiðnisjóður er ekki tilbúinn að fylgja þeim hugmyndum eftir enda eru þetta ekki lög heldur tilmæli. Aðeins í einu verkefni hefur Framleiðnisjóður verið tilbúinn að leggja fjármuni á móti í þessu verkefni. Það var þegar ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem þá var, tóku ákvörðun um að flytja lambakjötsfjall upp á 2.500 tonn til Bandaríkjanna. Málið var illa grundað en á því verkefni lærðu Íslendingar að þeir kunnu ekki að verka kjöt fyrir Ameríkumarkað og þeir kunnu ekki að pakka kjöti fyrir Ameríkumarkað. Þeir vissu ekkert hvaða umbúðir átti að nota. Þeir vissu ekki hvaða umbúðir átti að nota fyrir ýmist frosið kjöt eða ferskt kjöt. Þeir vissu heldur ekki hvernig flytja átti vöruna á ódýrastan máta frá Íslandi til Ameríku. Við höfum þó lært það á þessu verkefni og nú ganga þessir hlutir vel fyrir sig.

Hvað er svo að gerast á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn er að skera niður framlagið? *Hæstv. ríkisstjórn gerir það þótt* það sé á ábyrgð hæstv. landbrh. Hvað er að gerast í heiminum í kringum okkur? Hvað er að gerast hjá Norðmönnum? Jú, norska ríkisstjórnin hefur beitt sér sérstaklega fyrir því að öll matvæli úr landbúnaði verði vottuð af þeirra framleiðendum. Frá og með næsta vori á engin landbúnaðarvara fara frá Noregi í útflutning nema vottuð. Langt eigum við Íslendingar í land að ná því marki og lengra ef þetta verkefni verður lagt af. Ég treysti þingflokksformönnum sem hér eru til að beita sér fyrir því, við hv. ríkisstjórn, að þessi ætlan verði sett af og 2. liður 6. gr. verði felldur út úr tillögum sem ríkisstjórn hefur lagt fyrir Alþingi. Í Noregi er málum þannig háttað að afurðastöðvar munu ekki taka við framleiðslu frá bændum nema þeir séu vottaðir, komnir með viðurkennda búhætti. Við þurfum að fara að gá að okkur með þetta. Ég veit ekki hvort menn hafa tekið eftir því sem er að gerast með fiskinn okkar og finnst ástæða til að hv. þm. fylgist með því sem ég er að segja þeim nú. Á MTV-sjónvarpsstöðinni sem er í frjálsri útsendingu víða á Íslandi eru auglýsingar frá samtökunum World Wildlife Fund gegn fiskveiðum. Hvað haldið þið að þetta þýði? Þetta eru teiknimyndir þar sem maður gengur inn í verslun og nær sér í fisk og setur ofan í körfu. Þar á móti kemur net sem kippir manninum í burtu. Boðskapurinn er sá að fiskur sé vara sem fengin er með óeðlilegum hætti og þetta er bein árás á grundvallarafkomu okkar Íslendinga. Eini mótleikur okkar er að fá vottað að okkar fiskveiðistefna sé á eðlilegan máta. Með hverju er það gert? Með þeirri aðferð sem átaksverkefninu er ætlað að koma í gagnið. En á sama tíma ætlar ríkisstjórnin að skera þetta niður. Það er *eðlilegt, herra forseti, að ég berjist fyrir þessu. Ég veit að* hæstv. forseti er mér sammála mér um að þetta getur ekki gengið og á ekki yfir okkur að ganga. Það er rétt að nefna að í Svíþjóð eru menn komnir á sömu stefnu. Þar stefna menn á að 20% bændabýla verði lífræn, að öll þeirra vara verði vottuð og fari ekki úr landi öðruvísi. Þessu gerðu Svíar sér grein fyrir í tengslum við ESB. Þeir eru á hraðleið og við sitjum eftir. Ég tala nú ekki um ef þetta verkefni verður skorið niður eins og ætlun ríkisstjórnarinnar er að gera. Ég tek fram að innan næsta árs verða landbúnaðarafurðir ekki fluttar út frá Danmörku, Noregi eða Svíþjóð án þess að þær hafi verið vottaðar. Innan eins árs verða allar vörur að vera viðurkenndar. Þá þurfum við að fara að herða okkur. Hið sama gildir um innanlandsmarkað þeirra. Norðmenn segja að lengra sé í land hjá þeim varðandi innanlandsmarkaðinn en markaðinn erlendis.

Svo ég minnist á stefnumörkun í íslenskum landbúnaði. Hæstv. ríkisstjórn virðist ekki vita um það. Ég held að ástæða sé fyrir menn að líta eftir því sem þeir hafa verið settir yfir. Það er stefnt að því að allar landbúnaðarafurðir skuli vera vottaðar og einnig að beitilönd séu ekki ofnýtt. Setja skal fram leiðbeiningar um góða búskaparhætti. Þessar framkvæmdir hófust með átaksverkefninu og ég vil hæla þingflokksformönnum þáv. flokka, sem sátu á Alþingi 1995 sérstaklega fyrir það. Ég minni á að fjárhæðin var sett fram í tengslum við árið 1994, þjóðhátíð Íslendinga, þar sem við veittum sjálfum okkur 50 millj. vegna íslensks máls og 50 millj. til rannsókna í líffræðinu í hafinu umhverfis landið.

En þetta virta verkefni, á að skera niður. Ég skora enn á hæstv. ríkisstjórn, þótt hér sé aðeins einn hæstv. ráðherra viðstaddur, að við þessi áform verði hætt. Ég vil þakka hv. þingflokksformönnum Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir að hlýða á mál mitt.

Ég held að það sé rétt að menn viti að í blöðum undanfarið sem kannski berast ekki inn á öll heimili, þ.e. bændablöðum, eru upplýsingar um þann árangur sem hefur verið að nást, ekki bara í lambakjöti, ekki bara við ræktun eða framleiðslu mjólkur eða fisks heldur eru menn farnir að tala um að sauðfjárbúskapur á sumum svæðum miðað við vistræna ræktun sé undirstaða byggðar og þá rukka ég um og spyr: Hvar er byggðastefna hæstv. *ríkisstjórnar í sauðfjárbúskap?* Hver er hún? Er það að leggja hann af í því formi að skera niður þetta fjárframlag?

Ég ætla ekki að eyða okkar tíma, herra forseti, í það að lesa mikið upp úr þessum blöðum en ég bendi mönnum á þrjár síðustu útgáfur Bændablaðsins. Sú síðasta kom á mánudaginn var. Þar er ríkuleg umfjöllun um þessi mál og bændur eru orðnir mjög vel meðvitaðir um að þetta er eitt af því sem þeirra framtíðarsýn getur byggst á. Þess vegna trúi ég þessu ekki fyrr en ég tek á því. Ég lýsi því hér yfir af því að ég hef verið að sinna þessum verkefnum að litlu leyti að ég mun víkja úr þeirri stjórn sem er eina stjórnin sem ég hef sinnt á vegum Alþingis, verði þetta skorið af. Ég tel að ekki sé rými fyrir nema 1–2 menn við þessi störf eftir að þessi aðgerð verður framkvæmd enda kvaddi ég þá félaga nú í morgun sem ég hef verið að vinna með að þessum málum undanfarið og sagði þeim að ef svo færi eins og líti út að þetta framlag yrði skorið af, þá væri þetta síðasti fundur sem ég ætti með þeim.

Ég ætla að ljúka mínu máli með þessu, herra forseti. Ég mun ræða frekar fjárlagatillögur þegar þær koma til umræðu við 3. umr. Ég vil þakka þingflokksformönnum Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir að vera hér undir þessari ræðu minni um þessi sérstöku mál vegna þess að þetta snýr að þeirri framkvæmd sem gerð var þegar þingflokksformenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi 1995 fengu þessa tillögu samþykkta með 48 greiddum atkvæðum.

[14:02]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. ræðumanns sem ég vildi gera að umræðuefni í andsvari. Það var framlag til Áforms. Við höfum haft það mál til athugunar í fjárln. um sinn og við höfum ákveðið, þó að ég hafi ekki getið þess í framsöguræðu minni, að kanna milli 2. og 3. umr. hvort möguleikar eru til þess að verða við þessu og því höfum við ekki lokið afgreiðslu málsins. Ég vildi að það

kæmi fram í framhaldi af ræðu þeirri sem hv. þm. flutti hér áðan.

[14:03]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir þetta svar. Ég eygi þá enn von um að þarna sé möguleiki til að víkja af þeim vegi sem ríkisstjórnin er á og laga þar til, gera götu greiða fyrir þetta verkefni svo að því fái að ljúka.

Ég get sagt það hér að stefnt er að því að þetta verkefni verði lagt niður eftir fimm ár því að þá verði búið að ná þeim markmiðum sem þáltill. gerði ráð fyrir. Og ef svo er, ef ég fer þar með rétt mál, þá er virkilega vel að staðið og betur en með mjög mörg önnur mál sem til umræðu hafa verið.

Ég ætla ekki að gera annað en þakka formanni fjárln. fyrir að gefa þetta svar. Ég gaf ekki tilefni til mikilla orðaskipta í minni ræðu. Ég er vitandi vits að berjast fyrir ákveðnu máli og tel að það eigi sérstaklega rétt á sér með þeim tillögum sem ég geri ásamt mínum félögum og öll — ég tek það fram — öll stjórnarandstaðan stendur að brtt. minni hlutans við þessa umræðu.

[14:05]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar þar sem hann fjallaði um framlög til framleiðslu á vistrænum og lífrænum afurðum, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því þegar hann skorar á ríkisstjórnina að bregðast við, að þetta mál er fyrir Alþingi. Það er í meðförum þingsins og það þýðir ekki um þessar mundir þess vegna að kalla á hjálp ríkisstjórnarinnar því að hún fer ekki með málið eins og er.

Hins vegar hefur hv. formaður fjárln. lýst því í hvaða stöðu málið er og það er í fullkomlega eðlilegri stöðu. Þetta mál er nefnilega mjög sérstaklega staðsett í fjárlögum vegna þess að það er sem sérstakur liður á fjárlögum og síðan er sérstakt ákvæði, skerðingarákvæði, sem fjallar um málið, bæði í 6. gr. fjárlaga og svo einnig í ráðstöfunum um ríkisfjármál, bandormi, þannig að það er fullkomlega eðlilegt að málið sé ekki tekið til endanlegrar afgreiðslu fyrr en við 3. umr. vegna þess að eftir er að fjalla um 6. gr. fjárlaganna í fjárln. til enda og þess vegna er þetta í fullkomlega eðlilegri stöðu. Ég sé því ekki ástæðu til þess að hv. þm. sem á sæti í fjárln. setji út það spil sem hér er sett út.

[14:07]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er algjörlega ljóst hvernig gangur mála er í þessu. Ég inni þá eftir því hvort þær tillögur sem fyrir liggja aðrar varðandi 6. gr. í fjárlagafrv. séu dregnar allar til baka til 3. umr. Ég spyr um það jafnframt því að mér er alveg ljóst eins og hv. þm., varaformanni fjárln., hvernig málin ganga fyrir sig. En ég hef þá trú að atbeina þingsins þurfi eins og ég kom að áðan. Ég nefndi 48 þingmenn. Það er nefnilega þannig að þeir 48 þingmenn sem stóðu að þeim tillögum sem verið er að ræða um eru enn á þingi. En ég tel að það hafist nú kannski ekki nema ákalla svolítið hæstv. ríkisstjórn. Ég spyr hvort hv. varaformaður fjárln. sé að lýsa því yfir að þeir aðrir liðir undir 6. gr. sem tilheyra reyndar ráðstöfunum í ríkisfjármálum, komi ekki til atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga.

[14:08]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar þá er þetta mál að öðru leyti einnig svolítið sérstakt. Fram hafa komið sérstakar athugasemdir við það sem á ekki við um aðra þætti í 6. gr. fjárlaga þannig að ég vísa til þess.

[14:09]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Störf fjárln. hafa verið með nokkuð öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár að þessu sinni. Er það í eðlilegu framhaldi af nýrri löggjöf um fjárreiður ríkisins sem færa fleiri verkefni til fjárln. Fagnefndir hafa komið meira að vinnu með frv. með því að þeim var falið að skipta safnliðum og taka viðtöl vegna þeirra.

Erindi til fjárln. og viðtöl voru engu að síður mun fleiri en verið hefur. Ástæður þess eru vafalaust margar en mitt mat er að þar megi annars vegar sjá merki þeirrar grósku sem er í þjóðfélaginu, ekki síst í menningarmálum sem þá leiðir til aukinnar fjárþarfar og hins vegar margræddan vanda heilbrigðisstofnana, en fultrúar þeirra hafa gert fjárln. rækilega grein fyrir stöðu mála. Innan nefndar og ekki síst hjá meiri hlutanum hefur farið mikil vinna í að greina þá stöðu.

Það hefur viljað loða við okkur Íslendinga að vilja lítt úr þeim ráðum gera sem koma að utan. Með auknum samskiptum við aðrar þjóðir, ekki síst í tengslum við alþjóðastofnanir, er þessi hugsun að breytast. Engu að síður mætti ætla að styrkur okkar sem þjóðar liggi í geiglausri framgöngu gagnvart hinum stóru og vissunni fyrir því að möguleikar okkar liggi fyrst og fremst hjá traustum og öflugum einstaklingum sem búa við ysta haf og herðast í nálægð við náttúruöflin.

Því segi ég þetta hér við 2. umr. um fjárlög að umræður um ríkisfjármál okkar hafa verið að færast inn á nýtt og e.t.v. bætt og betra svið. Í umræðum um efnahagsmál er farið að bera árangur okkar saman við árangur annarra þjóða og það er viðurkennt að við getum þrátt fyrir smæðina borið okkur saman við nágranna okkar í Evrópu kinnroðalaust. Við höfum tileinkað okkur og tekið mark á þeim lærdómi sem aðrar þjóðir hafa dregið af viðureign við vaxandi ríkisútgjöld, flókna skattheimtu og takmarkaðan vilja til þess að gjalda þá skatta sem þarf að leggja á til þess að standa undir ríkisrekstrinum.

Gangverk efnahagslífsins er flókið samspil áhrifa frá atvinnulífinu og ríkisrekstrinum. Það er því mikilvægt að stjórn ríkisfjármála taki mið af stöðu og horfum í efnahagsumhverfinu. Gagnrýni á verk okkar stjórnmálamanna er æðioft á þann veg að við látum lítt með ytri aðstæður en tökum meira tillit til vilja kjósenda og væntinga þeirra. Eflaust er eitthvað til í þessu en samt má benda á mikinn og góðan árangur þrátt fyrir að einhver feilspor kunni að vera stigin hvað þetta varðar. Ég tel tvímælalaust að ábyrg afstaða stjórnarflokkanna í ríkisfjármálum hafi ekki síst leitt okkur á braut hagvaxtar og betri stöðu í þjóðarbúskapnum.

Árlega eiga fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins viðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda til þess að meta stöðu efnahagsmála eftir sjálfstæða athugun þeirra hér á landi. Í skýrslu sem dreift hefur verið til þingmanna kemur fram álit fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Árangur Íslands í efnahagsmálum á undanförnum árum hefur verið mjög góður. Uppgangur er í efnahagslífinu fimmta árið í röð, hagvöxtur er enn mikill og á sama tíma helst verðbólgan lág. Þessi árangur sker sig með áberandi hætti frá tíðum sveiflum undanfarandi áratuga og ber að miklu leyti að þakka stefnu stöðugs gengis og úrbótum í ríkisfjármálum ásamt skipulagsumbótum sem hafa leitt til

aukinnar hagkvæmni og skilvirkni gagnvart markaðsöflunum."

Þetta mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er mikilvæg viðurkenning á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og því umbótastarfi í ríkisrekstrinum sem unnið hefur verið að, bæði á vegum fjmrh. og Alþingis. Það skiptir okkur Íslendinga höfuðmáli að áfram verði unnið á sömu braut og hvergi slakað á þeirri viðleitni okkar að styrkja efnahaginn og nýta fjármuni vel á grundvelli vel skilgreindra markmiða um ríkisreksturinn. Þar gegna þjónustusamningar mikilvægu hlutverki í því að skilgreina og skapa yfirsýn um þau viðfangsefni sem ríkinu er ætlað að sinna.

Engu að síður er í mörg horn að líta og sitt hvað má betur gera. Þess verðum við vör í fjárln. hjá þeim fjölmörgu sem ganga á fund nefndarinnar og frá þeim sem nefndin kallar fyrir sig.

Fjárln. hefur haft fjárlagafrv. til meðferðar og meiri hluti nefndarinnar leggur fyrir þingið breytingartillögur ásamt nefndaráliti sem ég vil gera hér nokkuð að umtalsefni. Ekki liggja fyrir áætlanir um tekjur næsta árs. Um þær verður fjallað í 3. umr. En lauslegar áætlanir benda til þess að tekjur muni aukast nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Brtt. meiri hluta fjárln. fela í sér hækkun á gjaldahlið fjárlaga um um það bil 1,6 milljarða kr. og fyrir 3. umr. þarf að meta einhver erindi sem ekki eru afgreidd fyrir þessa umræðu eða munu koma fram við umfjöllun og skoðun eftir þessa umræðu.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 521 millj. í afgang á rekstrargrunni sem jafngildir því að afgangur verði um 3,5 milljarðar á greiðslugrunni. Þannig megi greiða niður skuldir um tæpa 5 milljarða kr. Þrátt fyrir mikla þörf fyrir útgjöld megum við ekki hvika frá því markmiði að skila ríkissjóði með afgangi.

Mér er það ljóst að mörgum mun þykja knappt skorinn stakkurinn. Aðrir munu telja að lækka ætti útgjöld. Þær raddir hafa m.a. heyrst frá Vinnuveitendasambandinu sem varar við auknum ríkisútgjöldum og tekur undir tillögur um að ríkissjóður verði rekinn með 5 milljarða afgangi á næsta ári. Vinnuveitendasambandið hefur ekki gert tillögur um niðurskurð svo að hönd sé á festandi. Hugmyndir um niðurskurð í ríkisrekstrinum um 5 milljarða kr. jafngilda því að hætta allri starfsemi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eða fella allar framkvæmdir í vegagerð og viðhaldi vega niður á næsta ári á öllum þjóðvegum landsins. Það má því ljóst vera að þær stærðir sem hér um ræðir eru þvílíkar að það verður að gefa sér enn nokkurn tíma til þess að auka afgang ríkissjóðs svo að skuldir ríkissjóðs lækki í jöfnum og ákveðnum áföngum eftir því sem hagur batnar en ekki eins og ýtrustu kröfur eru settar fram um. En ég get ekki fallist á þá kröfu vinnuveitenda að skera svo ótæpilega niður, tel það hvorki skynsamlegt né vera þörf á því eins og sakir standa.

Við þurfum áfram að vinna að arðbærum verkefnum sem bæta hag okkar til lengri og skemmri tíma. Engu að síður þarf að huga að varnaðarorðum þeirra sem hvetja til þess að haldið verði uppi öflugum vörnum gegn þenslu sem gæti leitt til verðbólgu. En ekkert bendir til þess að afgreiðsla fjárlaga leiði til óróleika eða muni valda spennu á vinnumarkaði.

Eins og jafnan hefur fjárln. tekið fjölmörg erindi til meðferðar. Nefndin leggur ríka áherslu á að fá tækifæri til þess að greina vel þau erindi sem berast og fara rækilega yfir stöðu ríkisstofnana. Ef gerð er tilraun til þess að meta stöðu ríkisrekstrarins í heild má segja að þrennt sé einkennandi:

Í fyrsta lagi er áberandi meiri agi í rekstri stofnana og metnaður og í raun samkeppni um að gott orðspor fari af starfseminni. Stjórnendur eru að mínu mati meira meðvitaðir um skyldur sínar og hlutverk.

Í öðru lagi er óróleiki innan sjúkrastofnana mjög mikill og það er alið á honum í pólitískum tilgangi, oft af mikilli ósanngirni og kröfuhörku. Það er mikið vandamál og auðveldar ekki það vandasama verkefni að ná tökum á rekstri í heilbrigðisgeiranum þannig að þekking læknisfræðinnar og hjúkrunarfræðinnar nýtist sem best.

Í þriðja lagi ríkir þrátt fyrir allt bjartsýni og fólkið í landinu treystir stjórnarflokkunum til þess að fara með þau mál sem varða velferð þess, menntun og framkvæmdir á öllum sviðum sem horfa til framfara. Það sýna skoðanakannanir svo ekki verður um villst. Það virðist ríkja góður skilningur á gangverki efnahagslífsins og að við höfum ekki annað til skiptanna en það sem við öflum. Og við stjórnmálamenn vitum og finnum að okkur er ætlað að vinna gegn hvers konar misrétti í þjóðfélaginu og er það vissulega vilji okkar.

Formaður fjárln. hefur farið yfir breytingartillögur þær sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt hér fram. Mun ég því ekki skýra þær en vil þess í stað vekja athygli á nokkrum þáttum sem meiri hlutinn hefur viljað leggja áherslu við afgreiðslu fjárlaga og mér heyrist að í sumum tilvikum muni minni hlutinn einnig styðja þær hugmyndir og tillögur.

Forseti Alþingis og forsætisnefnd hafa unnið að ýmsum umbótum í starfi þingsins. Því starfi hefur fylgt endurskipulagning á húsakosti og aðstöðu sem var og er vart boðleg. Aukin áhersla er lögð á störf nefnda hér í þinginu og leitast er við að skapa þeim skilyrði til þess að geta rækt hið mikilvæga hlutverk sitt. Með stofnun alþjóðasviðs og með því að styrkja nefndasviðið með fjölgun starfandi lögfræðinga sem nefndaritara hefur vinnuumhverfi þingmanna verið bætt. Með því eru þingmönnum sköpuð betri skilyrði til þess að vanda lagasetningu og taka þátt í flóknum verkefnum í þinginu og á alþjóðavettvangi. Þessar aðgerðir voru nauðsynlegar en hlutu hins vegar að leiða til einhverrar hækkunar á útgjöldum þingsins eins og kemur fram í tillögum meiri hluta fjárln. sem eru byggðar á umsögn forsætisnefndarinnar sem hefur leitað samráðs og samvinnu við formenn þingflokka varðandi rekstur þingsins.

Auðvitað verður í rekstri Alþingis að sýna aðhald og sparsemi og ber embættismönnum að gæta vel að öllum rekstri. Forseti þingsins og embættismenn hafa lagt fyrir fjárln. greinargerð sem skýrir þær hækkanir sem lagðar eru til. Er mikilvægt að um þær fari fram umræður í fjárln. og í þinginu líkt og með aðra þætti sem varða fjárlög.

Það hefur verið feimnismál þingmanna að ræða þá takmörkuðu aðstöðu sem hér er í þinginu. Að mínu mati er hún fullkomlega óboðleg, ekki síst hér í þinghúsinu, einkum hvað varðar vinnuaðstöðu utan þingsalar. Snýr það bæði að þingmönnum, ráðherrum og öðru starfsfólki sem má sæta því að vera hér vinnandi á göngunum svo ekki sé talað um þá sem kallaðir eru til fundar við þingmenn og ráðherra hér í þinghúsinu. Úrbætur í húsnæðismálum og bætt aðgengi að þinghúsinu eru verkefni sem verður að takast á við af festu og í ljósi þess að Alþingishúsið er og á að vera tákn íslenska lýðveldisins. Herra forseti. Um þetta mun ég ekki hafa fleiri orð að þessu sinni. Úr þessu verður að bæta. Það varðar sóma Alþingis.

Byggðamálin hafa mjög verið í umræðunni að undanförnu og ég gerði þau nokkuð að umræðuefni við 1. umr. fjárlaga.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var framlag til Byggðastofnunar hækkað vegna atvinnuráðgjafar í landshlutum. Sama er uppi á teningnum núna. Meiri hluti fjárln. vill áfram leggja áherslu á atvinnuráðgjöfina í landshlutunum. Með því vilja stjórnarflokkarnir undirstrika vilja sinn til þess að vinna skipulega að því að efla atvinnulífið í landsbyggðinni.

Háskóli Íslands, það flaggskip mennta og menningar í landinu, hefur verið nokkuð til umræðu fyrir þessa fjárlagagerð líkt og oft hefur gerst áður. Innan fjárln. kom fram ríkur skilningur á mikilvægi þess að bæta stöðu háskólans. Meiri hluti fjárln. gerir tillögur um 50 millj. kr. hækkun á framlögum til háskólans auk þess sem gerð er tillaga um hækkun til annarra háskólastofnana. Eru þessar tillögur í fullu samræmi við þær áherslur sem hæstv. menntmrh. hefur lagt gagnvart háskólanum. Í þeirri þröngu stöðu sem við erum í verður ekki gengið lengra að sinni, en unnið er að samningi milli Háskóla Íslands og menntmrn. sem mun auðvelda mat á fjárþörf og mun móta það starfsumhverfi sem háskólanum er ætlað.

Jöfnun námskostnaðar framhaldsskólanemenda er mikilvægur þáttur í því að skapa jafnrétti til náms í landinu. Í ljósi hættumerkja um byggðaröskun er gerð tillaga um verulega hækkun á dreifbýlisstyrk til nemenda í framhaldsskólum sem þurfa að sækja nám fjarri heimili og þurfa að greiða háar upphæðir bæði vegna dvalar- og ferðakostnaðar. Hækkunin er ríflega 50% eða 50 millj. kr.

Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er liður í því að færa valdið og ábyrgðina nær vettvangi. Nokkurt skref er stigið í þeim efnum við þessa fjárlagagerð með því að húsaleigubótakerfið er fært til sveitarfélaganna og öllum sveitarfélögum er gert að sinna því verkefni. Áfram er gert ráð fyrir frekari viðræðum samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið við sveitarfélögin. Að mínu mati verður að huga vel að næstu skrefum. Gæta verður þess að færsla verkefna mismuni ekki sveitarfélögum eða halli á þau svæði þar sem uppbygging er skammt á veg komin. Staða sveitarfélaganna er ærið misjöfn til þess að takast á við aukin verkefnin. Á það verður að líta og það má greina það vel þegar skoðuð er þróun staðgreiðslustofnsins milli áranna 1996 og 1997 sem gefur aðaltekjur sveitarfélaganna.

Rekstur sjúkrahúsa og daggjaldastofnana er trúlega erfiðasta viðfangsefni við afgreiðslu þessara fjárlaga eins og oft hefur áður verið. Daggjaldastofnanir hafa vakið athygli fjárln. á erfiðri stöðu sem m.a. stafar af mismunandi daggjöldum til þeirra. Gerð er tillaga af meiri hluta fjárln. um nokkrar úrbætur með því að hækka safnlið sem tilheyrir þessari starfsemi og gert er ráð fyrir því að auðvelda gerð þjónustusamninga við daggjaldastofnanir til þess að koma til móts við þær. Og ég vil undirstrika af þessu tilefni, herra forseti, að sérstaklega liggur það fyrir að Reykjalundur, sem er daggjaldastofnun, hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að etja og ekki síst vegna þess rekstrar er þessi tillaga flutt.

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég til þess sem kom svo mjög rækilega fram í ræðu hv. formanns fjárln. um þær aðgerðir sem lúta að sjúkrahúsum. Gert er ráð fyrir því að mynda einn pott sem í verða 300 millj. til þess að vinna úr þegar fyrirhuguð stýrinefnd hefur störf og leggur út í það erfiða viðfangsefni að greina vanda sjúkrastofnananna og gert er ráð fyrir því að gerðar verði tillögur um útdeilingu úr þessum potti. Það mun síðan koma til endanlegrar afgreiðslu í fjáraukalögum og varðar þá bæði pottinn sem er í fjáraukalögunum og hefur áður verið hér til umræðu og síðan þennan 300 millj. kr. pott sem varðar fjárlögin 1998. Fjárln. mun koma að því þegar þar að kemur og mun ég ekki hafa fleiri orð um það að þessu sinni.

Ég vil bara undirstrika það að vandi sjúkrastofnananna er mjög mikill. Það þarf að ganga til þess verks að semja við sjúkrahúsin og skoða þann rekstur mjög rækilega. Ég hef áður undirstrikað það að ég tel að það eigi ekki að ganga til þess verks gagnvart stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík með fyrir fram mótaðar skoðanir um sameiningu og eitt allsherjar risasjúkrahús heldur eigi að líta til verksins þannig að fremur eigi að sameina rekstrareiningar, sameina viðfangsefni og leyfa stofnunum, ef það þykir hagkvæmt, að starfa áfram í sitt hvoru lagi. Aðalatriðið er að ganga til þessa verks að endurskipuleggja sjúkrahúsakerfið án nokkurrar fyrir fram gefinnar niðurstöðu eða gera það á grundvelli einhverra fordóma og hef ég ekki fleiri orð um það. Vafalaust gefst gott tækifæri til að ræða þessi mál síðar.

Til þess að við getum, herra forseti, staðið undir heilbrigðis- og velferðarkerfinu og menntakerfinu og öllu því sem varðar ríkisstarfsemina, þá þurfum við að efla atvinnulífið. Þess vegna er það að meiri hluti fjárl. gerir tillögu um að á sérstakri heimildargrein verði gert ráð fyrir því að nýta 80 millj. kr. eins og gert er á þessu ári, en í heimildargrein fjárlaga ársins 1997 var gert ráð fyrir því að úthluta 80 millj. kr. til uppbyggingar atvinnulífs og atvinnusköpunar á þeim svæðum sem ekki njóta afraksturs stóriðjuuppbyggingar. Það er því lagt upp að nýju með þessa sömu hugmynd. Formaður fjárln. gerði ítarlega grein fyrir því hvernig framkvæmdin er hugsuð en gert er ráð fyrir því að á vegum iðnrn. verði settur upp starfshópur sem geri tillögur og vinni þær í samráði að fengnum tillögum frá atvinnuþróunarfélögum í landshlutunum og fleiri aðilum sem tengjast iðnrn. og úthlutunin verði byggð á slíkri faglegri umfjöllun. Á það vil ég leggja sérstaka áherslu.

Herra forseti. Ekki er hækkun á framlögum til vegagerðar frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Til meðferðar hjá stjórnarflokkunum er tillaga um vegáætlun til langs tíma. Ekki er færi eða aðstæður til þess að ræða þá tillögu hér enda er hún ekki komin á dagskrá þingsins. Engu að síður er mikilvægt að þjóðin og þingið geri sér grein fyrir þeim miklu breytingum sem eru að verða á kröfum um bættar samgöngur á landinu. Flutningar aukast stöðugt á landi og fjölgun ferðamanna kallar á betri vegi. Ef við ætlum að hagræða í sjúkrahúsakerfinu þá þurfum við bættar samgöngur. Ef við ætlum að nýta betur atvinnufyrirtækin og nýta betur auðlindir við strönd ina, þá verðum við að bæta vegina. Ef við ætlum að styrkja vaxtarsvæðin og byggðakjarna sem vörn gegn byggðaröskun þá verðum við að bæta vegakerfið í landinu. Hvað sem öllum vandamálum líður í heilbrigðiskerfinu og öðrum þáttum þjóðfélagsins þá verða mestu framfarirnar hjá okkur ef við getum fært byggðina saman með því að stytta vegalengdir með bættum samgöngum.

Aukin og bætt menntun, öflugir háskólar, auknar rannsóknir á auðlindum lands og sjávar og bættar samgöngur á landi eru lyklar okkar Íslendinga að nýrri öld. Þá lykla verðum við að nota og megum ekki láta vanda einstakra viðfangsefna bera okkur af þeirri leið sem við höfum markað okkur. Bættur efnahagur þjóðarinnar og aukinn sparnaður er grundvöllur þess að bæta hag eintaklinga og fjölskyldnanna í landinu.

[14:33]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á síðustu orðum hv. þm. Sturlu Böðvarssonar hvað varðar vegamál og samgöngumál. Þar erum við sammála eins og svo mjög margir landsbyggðarmenn og sennilega flestir þingmenn. Þess vegna gerum við tillögu um að áform um að skera frá markaða tekjustofna vegafjár séu látin falla niður. Ég vona að við fáum undirtektir við að þær 1.064 millj., sem ætlað er af mörkuðum tekjustofnum vegafjár, renni þá til vegagerðar. Þá mun sjást verulegur árangur í því máli sem hv. þm. gerði að umræðuefni.

Ég kom einnig upp til þess að taka undir með hv. þm. 2. þm. Vesturl. um vinnuaðstöðu þingmanna og starfsfólks. Það hefur reyndar verið tekið á þessum málum eins og okkur er öllum kunnugt þannig að á síðustu sex árum hefur aðstaða batnað og ber að þakka það. En þinginu er ætlað að ákvarða um þessi mál og við verðum að sjálfsögðu að meta þann hraða sem heppilegur er. Mig langar að það komi fram að ég tel forgangsverkefni að lagfæra vinnuaðstöðu nokkurra starfsmanna þingsins og ég vona að það verði fremst í forgangi og mun leggja mitt af mörkum til að svo megi verða.

Varðandi 300 millj. kr. pottinn í heilbrigðiskerfinu vil ég aðeins nefna það að tel að sú tillaga hefði átt að vera komin fram miklu fyrr og lá alltaf fyrir að það vantaði meira og en þessar 300 millj. Ég veit að hv. þm. Sturla Böðvarsson gerir sér grein fyrir því. Það vantar miklu meira fé. Ég er ekki að vanþakka þessa gjörð en ég hefði viljað sjá hana á borðum fjárln. því að það er einu sinni fjárln. sem á að gera tillögur en ekki að vera stimplunarstofnun fyrir einhverjar tillögur sem við fáum síðan inn eins og reiknað er með að verði.

[14:35]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal vakti athygli á í dag þá er náttúrlega verkefni okkar að setja lög. Með því að ákveða að sérstakir fjármunir fari til sjúkrastofnana verðum við hins vegar að gera ráð fyrir því að útdeilingin, tillögur um nýtingu þess fjármagns fari ekki úr höndum okkar heldur að við fáum þá bestu og hæfustu aðila til þess að gera tillögur, aðila sem þekkja sjúkrahúsareksturinn. Ég treysti mér ekki til þess að útdeila því nákvæmlega. M.a. þess vegna er sú aðferð viðhöfð að setja þennan 300 millj. kr. pott upp og eins og ég gat um áðan, þá fáum við það hins vegar til endanlegrar afgreiðslu. Ég tel því að þetta sé í fyllsta máta eðlileg aðferð en endalaust má deila um hvort þetta dugi. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það á þessu stigi en ég vil samt sem áður segja það og kannski að gefnu tilefni og af sérstökum ástæðum að ég tel eins og ég sagði í umræðu um fjáraukalagafrv. að of harkalega hafi verið gengið fram í kröfu um sparnað hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ég ætlast til þess að það verði metið og endurskoðað þegar gerðar verða tillögur um útdeilingar á þessum 300 millj kr. potti.

Ég tók fram að ekki er gerð tillaga um hækkun á framlögum til vegagerðar. Við ætlum að standa við þau framlög sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og ég vona að við náum merkum og góðum áföngum á grundvelli þess enda er í mörg horn að líta og við treystum okkur ekki til þess að setja meira fé til vegagerðar við þær aðstæður sem við búum við núna. Það mundi leiða til halla á ríkissjóði.

[14:37]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ósammála um þetta mál ég og hv. þm. Sturla Böðvarsson. Ég tel að markaðir tekjustofnar til ákveðinna verkefna eigi að falla til þeirra. Þess vegna gerir minni hlutinn tillögur um að fella niður 2. lið 6. gr., 4. lið 6. gr. sem lýtur að málefnum fatlaðra og 5. lið 6. gr. sem lýtur að skerðingu vegafjár til tekna ríkissjóðs. Það er þess vegna sem við leggjum tillöguna fram.

Varðandi hæfi okkar í fjárln. til þess að afgreiða þessi mál segi ég bara að sennilega hafa aldrei nokkurn tíma fyrr legið betri og gleggri upplýsingar fyrir um það sem gera þarf. Þess vegna erum við ekki alveg sammála um það, ég og v. þm. Sturla Böðvarsson, á hvern hátt þetta á að gerast.

Ég get hugsað mér að nefnd sé sett af stað sem tekur og skoðar heilbrigðiskerfið í heild sinni og komi með ábendingar um hvar mest kreppir að. Ég tek undir það sem kom fram um Sjúkrahús Reykjavíkur. Fjárln. skoðaði hvernig ástandið var þar og ég tek undir í því máli. Við sem fengum að sjá ástandið erum með tölulegar upplýsingar um hvert einasta atriði. Við hefðum getað með þessar 300 millj. gert úrbætur eins og skot, alveg um leið ef þetta hefði verið til ráðstöfunar og ég tel að þarna kreppi skórinn harðast að og þar erum við sammála, ég og hv. varaformaður fjárln.

[14:40]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað þýðir það að falla frá skerðingarákvæðum 6. gr.? Ef við föllum frá því erum við að auka hallann á ríkissjóði, ef við værum með halla, eða minnka afganginn. Út á það gengur málið. Við erum að færa til fjármuni á milli liða og draga úr útgjöldum. Hv. þm. talaði mjög mikið um sérstök framlög sem tengjast landbúnaði, þ.e. það er skerðing á framlögum til þess geira landbúnaðarins. Ef við föllum frá því, verðum við að taka það einhvers staðar annars staðar og hvar eigum við að taka það? Það er sá vandi sem við er að glíma.

Hvað varðar framlögin til þessara tilgreindu sjúkrastofnana er það náttúrlega þannig að við höfum fengið í formi fjárlagafrv. frá ríkisstjórninni tillögur um framlög til einstakra viðfangsefna, einstakra stofnana og síðan er þetta greint niður. Ég hef litið svo á að það væri að lokinni ítarlegri skoðun og ítarlegu mati á þörfum á hverjum stað. En um það eru deildar meiningar og ég nefndi sérstaklega Sjúkrahús Reykjavíkur. Ég held að það sé ekki skynsamlegt eins og hv. þm. var að nefna að fara að endurskoða allt heila heilbrigðis- og sjúkrahúsakerfið í landinu. Við eigum að ganga til þess verks og láta þann stýrihóp og ráðuneyti sem kom að þessu verki ganga fyrst að þeim stofnunum sem eiga í mestum vanda, reyna að komast að niðurstöðu og ná samningum um þá þjónustu sem þar á að leggja til og ákveða þá fjármuni og komast að niðurstöðu um hvaða fjármuni þeir eiga að fá til þess verks.

Ég vænti þess að það verk gangi vel fyrir sig og það takist að greiða með einhverjum hætti úr vanda sjúkrastofnana.

[14:42]

**Útbýting þingskjala:**

Lífeyrissjóður bænda, 327. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 475; brtt. efh.- og viðskn., þskj.

[14:42]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil eins og stundum áður byrja á því að þakka hv. meðnefndarmönnum mínum fyrir samstarf við alla þá vinnu sem liggur að baki því þingmáli sem hér er til umræðu. Allt hefur það samstarf verið með miklum ágætum þó að skoðanir séu eðlilega oft skiptar um einstök atriði, um áherslur, um markmið og leiðir. Það væri trúlega illbærilegt að starfa í þessari nefnd ef ekki legðu sig allir fram um góð samskipti og það tekst yfirleitt. En ekki síst vil ég þakka því góða starfsfólki sem alltaf er boðið og búið að létta okkur verkin, hvort sem við erum í meiri hluta eða minni hluta.

Áherslur minni hlutans í sambandi við þessa fjárlagagerð koma fram í ítarlegu nefndaráliti á þskj. 469 sem hv. frsm. nefndarálitsins hefur þegar farið yfir. Þar kemur fram rökstudd gagnrýni á fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar sem virðist ómarkviss og úr takt við þá þróun sem merkja má hér á landi og í kringum okkur.

Við bendum á þá alvarlegu staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki gætt þess í góðæri að safna fé til mögru áranna sem koma óhjákvæmilega. Það er jafnöruggt og að nótt fylgir degi heldur hefur auknu aflafé verið eytt jafnóðum og ekki enn náðst það markmið að ná hallalausum rekstri á ríkissjóði. Nú heyri ég fyrir mér gagnrýnisraddir fulltrúa meiri hlutans og þær hafa þegar komið fram í umræðunni sem segja lítið samræmi í málflutningi okkar þegar við gagnrýnum í öðru orðinu ríkisstjórnina og meiri hlutann fyrir að reka ríkissjóð með halla og í hinu orðinu viljum við hærri framlög til velferðarmála.

Hér er auðvitað ekki öll sagan sögð í þessu flókna dæmi. Þetta er spurning um áherslur og forgang, bæði hvað varðar tekjuöflun ríkisins og svo hitt hvernig þeim tekjum er varið.

Eins og fram kemur í lokaorðum nál. minni hlutans er það mat okkar að tekjuhlið frv. sé vanáætluð um 1–1,5 milljarða, og er reyndar ekki ólíklegt að meiri hlutinn viðurkenni það við endurskoðun tekjuáætlunar nú milli 2. og 3. umr. vegna þess að hann vill auðvitað sýna hallalausa niðurstöðu. Breytingartillögur meiri hlutans auka útgjöldin um rúmlega hálfan annan milljarð og hann vill mæta því með því að sýna auknar tekjur. Ég held að við verðum sammála um það mat. Ef minni hlutinn réði meiru um framkvæmd mála yrði farið skipulega í sparnað á öðrum liðum en þeim sem okkur finnst vanræktir en að auki teljum við góða möguleika á öflun meiri tekna. Það er t.d. staðreynd að atvinnulífið hefur notið verulegrar velvildar umfram almenning á síðustu árum. Hér hafa verið nefndir heilir fjórir milljarðar sem fluttir hafa verið af atvinnulífinu yfir á herðar almennings á síðustu árum og það er ekki spurning í mínum huga að fyrirtækin geta lagt meira af mörkum til samneyslunnar. Það væri því engin goðgá að hækka t.d. tryggingagjaldið.

Þá er það viðurkennd staðreynd og mat allra sérfróðra manna, og nú tek ég undir með hv. 5. þm. Vesturl. sem minntist á þetta atriði áðan, að a.m.k. 10–12 milljarðar kr. séu á sveimi í neðanjarðarhagkerfinu sem ekki nást inn í skattkerfið. Þeir munu auðvitað aldrei nást allir en þar verður að gera átak. Það verður að leggja meiri áherslu á að uppræta skattsvik og hvers konar undanskot sem eru allt of algeng. Það mun auðvitað kosta eitthvað meira fé. Það þarf að efla skatteftirlit og skattrannsóknir. Það kostar stundum peninga að afla peninga. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Það er hinn almenni launamaður, ríkisstarfsmenn og venjulegt launafólk sem bera meginþunga skattbyrða einstaklinga og það eru heiðarlega rekin fyrirtæki sem leggja sitt af mörkum. Það eru allt of margir sem standa utan við. Úr því að ég er að fullyrða um þetta þá held ég að ekki saki að fram komi að ég held að það séu fyrst og fremst í veitingaþjónustu, í skemmtiiðnaðinum og í viðgerðaþjónustu sem pottur er brotinn. Það eru allt of margir sem ekki greiða sanngjarnlega til samneyslunnar. Það eru líka til óheiðarlegir aðilar á ýmsum stöðum í þjóðfélaginu sem leika t.d. þann leik að hlaupast frá skyldum og sköttum og skipta um kennitölur eins og skítug föt og að þessari meinsemd í þjóðfélaginu þarf að ráðast.

Herra forseti. Í nál. koma fram áherslur minni hlutans í þeim þáttum sem við teljum varða mestu um aðstæður og lífsskilyrði almennings í landinu. Hv. þingmenn ættu að þekkja þessi áhersluatriði, þau hafa vitanlega komið fram áður og m.a. við afgreiðslu fjáraukalaga sem voru til 2. umr. fyrr í vikunni. Þar var meginþungi gagnrýni okkar á ástandið í heilbrigðismálunum.

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt stjórnvöld með hæstv. heilbrrh. í fararbroddi mjög harkalega á undanförnum árum fyrir aðgerðir þeirra og raunar einnig aðgerðaleysi, þ.e. aðgerðarleysi og vitlausar aðgerðir sem þar hafa komið við sögu. Þessi gagnrýni stjórnarandstöðunnar er nú að skila sér. Hún er að skila sér en það er svo mikill skaði skeður að ekki dugir minna en stórátak og þá á ég sérstaklega við í sjúkrahúsmálunum. Samkvæmt brtt. meiri hlutans og yfirlýsingum hans og hæstv. ráðherra á að taka að nokkru leyti á vanda sjúkrahúsanna, þ.e. fyrst og fremst á þeim rekstrarvanda sem þar er við að glíma. Handahófskennd vinnubrögð yfirvalda við nauðsynlegt aðhald, og ég ítreka það, við nauðsynlegt aðhald og sparnað hefur sett stjórnendur og starfsfólk sjúkrahúsanna í ótrúlega erfiða aðstöðu þar sem þau hafa ár eftir ár fengið á sig flatan niðurskurð án tillits til mismunandi aðstæðna. Það verður að segjast eins og er að í rauninni hefur náðst ótrúlegur árangur í auknum afköstum í þjónustu við sjúka og aldraða við þessar aðstæður og sýnir okkur auðvitað að það var talsverð sóun í kerfinu og ekki var nægur hvati til sparnaðar. Það fellst ég á.

Það hefur náðst mikill árangur í afköstum sem sýnir sig í því að göngudeildarþjónusta hefur verið efld, fyrst og fremst á stærstu sjúkrahúsunum, aðgerðum hefur fjölgað, legutíminn hefur styst, hjúkrunarþyngd aukist, sjúklingum fjölgað á hvern starfsmann og lyfjakostnaður sjúkrahúsanna hefur lækkað. Þennan árangur ber að viðurkenna en hann hefur líka kostað miklar fórnir. Hann hefur kostað aukið álag á starfsfólk og hann hefur kostað aukið álag á sjúklinga og aðstandendur. Biðlistar eru of langir. Fólk bíður oft sárþjáð eftir aðgerð, það kemur veikara inn til aðgerðar og það er sent fyrr heim. Það leiðir reyndar í mörgum tilvikum til þess að sjúklingar koma aftur inn á sjúkrahúsið vegna þess að þeir hafa verið sendir of snemma heim. Þetta atriði þarf að kanna betur. Þetta hefur verið fullyrt en það þarf að kanna betur við hvaða rök þær fullyrðingar styðjast. En ég tel að þetta séu réttar fullyrðingar. En hvað sem þessum árangri líður, vandinn í sjúkrahúsrekstrinum er gríðarlegur og á honum verður að taka. Það er svo margt sem skiptir máli í þessari þróun. Hækkun meðalaldurs hefur t.d. mikið að segja. Hann hefur hækkað um fimm ár á síðustu 25 árum.

Góð heilbrigðisþjónusta er aðalsmerki þjóðar sem vill kenna sig við velferð og skiptir hvern einasta landsmann miklu og menn verða að skilja að brestir í þessum þætti velferðarkerfisins koma þungt niður á heimilum landsmanna.

Niðurskurður síðustu ára til heilbrigðismála hefur því valdið ómældum erfiðleikum hjá stórum hópi fólks. Heilbrrh. og fulltrúar meiri hlutans hafa mótmælt því að um niðurskurð hafi verið að ræða. Ég skil ekki á hverju það er eiginlega byggt. Það er einfaldlega staðreynd að útgjöld í þeim málaflokki hafa ekki þróast í samræmi við kröfur um bætta heilbrigðisþjónustu og breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar, en eins og ég sagði áðan hefur meðalaldur fólks hækkað um fimm ár á síðasta aldarfjórðungi, síðustu 25 árum. Þekking og tækni hafa verið að breytast og eflast en það kostar líka peninga að nýta hana til aukinna hagsbóta fyrir sjúklinga og útgjöldin hafa ekki þróast í takt við aukinn hagvöxt allra síðustu ára.

Heilbrigðismálin eru mjög fjárfrekur málaflokkur, því er ekki að neita. Útgjöld til ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála nema nær 59 milljörðum á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. og það mun vera um það bil 38,6% allra útgjalda ríkisins á greiðslugrunni en 36,2% á rekstrargrunni. Það er því í sjálfu sér skiljanlegt að reynt sé að halda þétt utan um þennan mikilvæga en fjárfreka málaflokk. Ráðdeild og sparnaður er því sígilt viðfangsefni á þessu sviði sem öðrum. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gæta lögbundins réttar landsmanna til bestu fáanlegrar heilbrigðisþjónustu. Ég segi það enn og aftur að aðgerðir stjórnvalda á undanförnum árum hafa verið ótrúlega handahófskenndar og bitnað bæði á sjúklingum, öldruðum og aðstandendum og á starfsfólki á þessu sviði, sérstaklega í sjúkrahúsþjónustunni. Afgreiðsla fjárlaga þessa árs jók aðeins á vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa reynst rétt. Sparnaðarhugmyndir voru enn einn ganginn fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður frv. til fjáraukalaga sýna glöggt þar sem auka þarf framlögin til heilbrigðiskerfisins á þessu ári um nær 2 milljarða kr. til hinna ýmsu liða og enn er stór hluti vandans óleystur. Þessi eini milljarður sem sjúkrahúsin vantar til reksturs hefur þannig dregist á eftir í rekstrinum ár frá ári og ljóst er að taka verður myndarlega á því máli. Af þessum milljarði er halli stærstu sjúkrahúsanna, þ.e. Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur, enn nær 400 millj kr. í lok þessa árs þrátt fyrir 320 millj. kr. framlag á fjáraukalögum. Flest hin sjúkrahúsanna eru með einhvern halla í árslok allt frá 4 upp í 84 millj. kr.

Þannig er staðan sem stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt látlaust ár eftir ár og nú hefur sú gagnrýni borið árangur. Við 2. umr. fjáraukalaga var samþykkt sérstakt framlag að upphæð kr. 200 millj. sem ætlað er að taka á rekstrarvanda sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur og ber að fagna því. Vonandi dugir það til en á það ber að líta að stærsta sjúkrahúsið í þeim hópi, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, er komið 84 millj. kr. rekstrarhalla nú í árslok. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Starfsemi hefur þar verið að aukast og upplýst er að nú er breytt staða á þann veg að sjúklingar sem áður komu í talsverðum mæli að norðan til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík fá nú þjónustu fyrir norðan þannig að það kemur yfirleitt fram á þann veg við niðurskurð og sparnað að kostnaðurinn kemur fram annars staðar. Þetta er eitt dæmið um það. En það er ekki dæmi sem ber að harma í sjálfu sér að starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri aukist vegna þess að það þarf að hafa öflugt sjúkrahús á þessum stað á landinu.

Þá er það ekki minna áhyggjuefni að viðhald húsa og endurnýjun tækja hefur lengi setið á hakanum. Ástandið í þeim efnum fer sífellt versnandi og verður afar kostnaðarsamt að taka á þeim vanda. Sem dæmi má nefna Sjúkrahús Reykjavíkur sem er að verða háskalega illa farið af skorti á viðhaldi. Skýrsla liggur fyrir um ástandið þar og er áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss nær 400 millj. kr. og það ástand stafar af frostskemmdum. Það lekur meðfram gluggum og ástandið er að öllu leyti orðið mjög slæmt og viðhald innan húss mun ekki kosta minna þegar í það verður farið.

Þannig mætti rekja fleiri dæmi því að víðast hvar blasir þörfin við og úrbætur ganga því miður hægt. Sums staðar er húsakosturinn í raun ekki boðlegur, hvorki sjúklingum né starfsfólki. Ég segi það enn og aftur að langvarandi sparnaður í viðhaldi er óskynsamlegur. Hann kemur fram í auknum kostnaði þegar til lengdar lætur og það er illa farið með eigur ríkisins að halda þeim ekki við á sómasamlegan hátt. Þess vegna minni ég á það sem sagt var hér í umræðunni um fjáraukalögin að ég tel óhjákvæmilegt að gera áætlun á svipaðan hátt og gert var í sambandi við uppbyggingu á höfnum, flugvöllum og vegum, gera áætlun til nokkurra ára um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts sem einnig er orðinn víða úreltur og úr sér genginn svo að þessar stofnanir og starfsemi þar grotni ekki niður í hirðuleysi.

Allur þessi vandi liggur fyrir. Hann er studdur gögnum og skýrslum frá stofnununum sjálfum og öðrum matsaðilum og ég tek undir það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan að við höfum sjaldan haft jafnmiklar og greinargóðar upplýsingar til þess að átta okkur á ástandinu og núna. Þessar hallatölur og hallinn í rekstrinum er raunverulegur og hann er ekki tilkominn vegna óráðsíu. Það er almennt viðurkennt að starfsfólk sjúkrahúsanna hefur lagt hart að sér og náð miklum árangri við erfiðar aðstæður á undanförnum 5–10 árum. Menn kann auðvitað að greina á um þetta mat en það er óhugsandi að slíkar tölur sem nefndar hafa verið séu úr lausu lofti gripnar og þó að um lægri tölur væri að ræða, þá er þetta nógu alvarlegur vandi, jafnvel þó að við skærum þær hugmyndir niður um helming. Því til sönnunar vil ég nefna úr skýrslum t.d. upplýsingar um reksturinn hjá Ríkisspítölunum þar sem því er lýst hvernig framleiðni spítalans, eins og það er orðað, hefur aukist umtalsvert. Mér finnst nú reyndar ekki skemmtilegt að tala um framleiðni inni á sjúkrahúsum en svona er þetta nú orðað. Framleiðnin hefur aukist með styttingu legutíma og bættri tækni við aðgerðir en um leið er ýmislegt sem því fylgir eins og ég lýsti áðan svo sem aukið álag á starfsfólk þar sem sjúklingum á hvert stöðugildi hefur t.d. fjölgað um 22,8%. Sjúklingum hefur fjölgað um 17,3% frá árinu 1993 og meðalkostnaður á hvern sjúkling lækkað. Stöðugildum hefur fækkað um 4,4%. Heildarkostnaður hefur hins vegar hækkað um 2,9% á þessu tímabili vegna aukins umfangs spítalans. Stytting meðallegutíma hefur gert mögulegt að veita fleiri sjúklingum þjónustu. Bráðleiki sjúklinga á spítölunum, eins og það er orðað en bráðleiki er meiri veikindi í sjálfu sér, hefur aukist en það þýðir eins og segir hér að sjúklingar eru að meðaltali veikari en áður. Rekstrarformi hefur verið breytt á nokkrum deildum þannig að fimm daga deildir og dagdeildir hafa verið teknar í notkun og sjö daga deildum fækkað að sama skapi. Þá hafa deildir verið sameinaðar og kostnaðaraðhald hert á öllum stigum starfseminnar. Þetta er staðfest í greinargerð Ríkisendurskoðunar frá því í mars 1996.

Eins og segir hér hefur hlutfall bráðasjúklinga aukist ár frá ári úr 58% á árinu 1993 í 72% á þessu ári. Fleira mætti tína til. Meðal annars hefur ýmsum aðgerðum fjölgað verulega.

Þetta er að hluta til vegna þess að með nýrri og fullkomnari tækni í skurðlækningum er mögulegt að veita sjúklingum þjónustu sem ekki var hægt með gömlu tækninni og eftirspurnin hefur þannig aukist í rauninni eftir aðgerðum af því að þessi tækni gerir aðgerðina miklu léttari fyrir sjúklingana. Áður gengu sumir sjúklingar með sinn sjúkdóm árum saman af því að þeir treystu sér ekki í stóra skurðaðgerð.

Þannig mætti ýmislegt tína til en ég ætla ekki að tefja tímann með því. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði að heilbrrn. og meiri hluti fjárln. hafa vissulega tekið á þessum vanda. Það ber að viðurkenna og ekki síst með tilliti til þess að hæstv. heilbrrh. gagnrýndi það að ekki skyldi minnst á það sem vel er gert. Ég tel að við höfum gert það þó að gagnrýni okkar hafi verið hörð og ég geri það enn hér með. Það hefur verið tekið á þessu að hluta til með aukaframlögum á fjáraukalögum og sérstakri fjárveitingu að upphæð 300 millj. kr. sem er ætlað á fjárlög næsta árs og skipta á þeim á milli sjúkrahúsanna samkvæmt samningum við stofnanirnar. Þó að meira þyrfti til, þá er náttúrlega allt betra en ekkert. Það er mat forsvarsmanna þriggja stærstu sjúkrahúsanna að samtals vanti rúmlega 1 milljarð kr. upp á þær tölur sem koma fram í frv. til rekstrar þessara sjúkrahúsa til þess eins að halda starfseminni í því horfi sem nú er og þá er ekki reiknað með aukningu vegna nýrrar tækni eða auknum bráðleika eins og þróunin hefur í rauninni verið. Þess vegna blasir ekkert annað við en minnkandi þjónusta ef ekki verður brugðist við af meiri festu. Þess vegna er það niðurstaða minni hluta fjárln. að óhjákvæmilegt sé að taka almennilega til hendinni til að tryggja réttláta heilbrigðisþjónustu og létta áhyggjum og erfiði af sjúkum og öldruðum og aðstandendum þeirra því að þetta hefur bitnað verulega á heimilum landsins.

Herra forseti. Félagar mínir í minni hlutanum hafa gert og munu gera betri skil ýmsu því sem fram kemur af okkar hálfu í nál. og ég tel óþarft að eyða tíma þingsins í að endurtaka það. Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um umhverfismálin sem vega æ þyngra í nútímasamfélagi eins og landsmenn hafa rækilega verið minntir á undanfarna daga. Það er líklega mesti og mikilvægasti árangurinn af fundahaldinu í Kyoto sem allir í heiminum vita hvar er á jarðarkringlunni. Þar er nýlokið þeim marg- eða títtnefnda fundi þó mikið sé enn þá óunnið við úrvinnslu þeirra niðurstaðna sem fundurinn komst loksins að eftir miklar og greinilega ekki með öllu þrautalausar umræður. En mesti og mikilvægasti árangurinn er líklega sá að fundurinn og allt í kringum hann beindi sjónum heimsins að líklega stærsta og alvarlegasta vandamálinu sem við er að fást á heimsvísu í umhverfismálum. Á okkar kalda landi, sem er þó hlýrra en búast mætti við eftir hnattstöðu, eru hagsmunir í þessu máli slíkir að í raun hefðum við átt að fara með rökstuddar kröfur um mikinn samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda í stað þess að heimta sérstakt leyfi til að auka þann útblástur. En um þetta efni verður fjallað síðar hér á þessum stað, væntanlega eftir helgina eftir því sem heimildir mínar herma.

Það er auðvitað margt annað sem við er að fást hér á landi. Verkefnin eru óteljandi á sviði fræðslu, á sviði landverndar og uppgræðslu og hvers konar náttúruverndar. Það er því áhyggjuefni hversu illa er búið að stofnunum á vegum umhvrn. sem af allt of veikum mætti er að glíma við sívaxandi verkefni.

Stærsta áhyggjuefnið er staða Hollustuverndar ríkisins sem glímir við mikinn vanda í mannahaldi og rekstri vegna aukinna verkefna, einkum vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga. Um það efni nægir að vísa til faglegrar úttektar Skipulags og stjórnunar ehf. frá ágúst 1996 um mannaflaþörf stofnunarinnar en niðurstaða þeirrar úttektar var að alger lágmarksþörf, eins og það var orðað, væri fyrir aukningu um 20 og hálft stöðugildi til að stofnunin gæti staðið undir þeirri starfsemi sem lög, reglur og samningar við erlend ríki gera ráð fyrir. Stofnunin fór fram á verulega hækkun framlags nú í ár til að geta fjölgað í starfsliði. Þeirri beiðni til stuðnings má vísa til upplýsinga um kröfur af hálfu ESA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA, vegna vanefnda á framkvæmd EES-samningsins sem íslensk stjórnvöld verða að bregðast við. Meiri hlutinn kom aðeins að litlu leyti til móts við óskir um eflingu stofnunarinnar og það er deginum ljósara að Hollustuvernd ríkisins er um megn að standa undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar eins og nú er að henni búið.

Um aðrar stofnanir og verkefni á sviði umhverfismála er það að segja að þær verða að fá aukinn stuðning á næstu árum ef þessi málaflokkur á að fá það vægi sem honum ber. Skilningur stjórnvalda í þeim efnum birtist ekki í frv. til fjárlaga næsta árs. Þar verður t.d. ekki séð hvernig ráðuneytið ætlar að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þar duga engin vettlingatök ef þjóðin ætlar sér sómasamlegan sess í samfélagi þjóðanna. Ýmsar hugmyndir og beinar tillögur hafa komið fram um aðgerðir í skýrslum frá umhvrn. en engar hugmyndir um fjármagn eða tillögur fylgja þeim. Minni hlutinn leggur ekki til breytingar á framlagi á þessum málaflokki núna en leggur mikla áherslu á að stjórnvöld geri sér grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks og geri betur við hann en fram kemur í frv. og brtt. meiri hlutans sem minni hlutinn styður að sjálfsögðu.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Sú sem hér stendur er fulltrúi kvennapólitíska samtaka sem hafa það markmið að tryggja konum frelsi til að velja sér þann lífsfarveg sem þær kjósa, frelsi til að njóta hæfileika sinna í menntun og starfi, til þátttöku í félagsstörfum svo sem þingmennsku skulum við segja og menningarlífi og ekki síst að tryggja þeim möguleika til þess að sinna fjölskyldu- og heimilislífi meðfram því sem fyrr er talið. Í baráttunni fyrir öllum þessum sjálfsögðu þáttum hefur flestu þokað fram á við. Skilningur hefur aukist. Karlar, einkum reyndar af yngri kynslóðinni axla æ meiri ábyrgð innan fjölskyldu og heimilis og konur eru óragari við að krefjast réttar á eigin forsendum. Það er árangur sem ekki skal vanmetinn. Allt varðar þetta þjóðfélagið gríðarlega miklu vegna þess að það er hagur þjóðfélagsins í heild. Þetta er hagur okkar allra, kvenna, karla og barna og ekki síst atvinnulífsins í landinu. Það er hagur þess og okkar allra að hæfileikar og sértæk reynsla kvenna nýtist til fulls. Í því sambandi skiptir velferðarkerfið, heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta svo miklu máli. Þess vegna þarf að treysta stoðir velferðarkerfisins, ekki að riðla þeim. Þess vegna leggur Kvennalistinn alla áherslu nú á eflingu þessara þátta sem samfélag okkar hvílir á.

[15:17]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. sem ég vildi gera að umfjöllunarefni í andsvari. Hún ræddi um skattsvik og nauðsyn á að berjast gegn þeim. Ég tek undir að það er mikil nauðsyn en ég vil benda á og halda því til haga að í tillögum meiri hluta fjárln. er lagt til að 20 millj. í

viðbót verði lagt til ríkislögreglustjóra vegna efnahagsbrota og til að koma upp sérhæfðri deild við embættið í því efni, m.a. vegna þess að kærum frá ríkisskattstjóra hefur fjölgað og það er í kjölfar þess að tekið hefur verið verulega á í þessu efni. Ég er ekki með þessu að draga úr því að gera þurfi enn meira og mjög áríðandi að það sé gert en eigi að síður vildi ég halda því til haga að við erum að mæta þarna þörf í því efni.

Varðandi niðurskurðinn þá dró hv. þm. í efa að fullyrðingar okkar um aukin framlög til velferðarmála eigi við rök að styðjast en það er nú svo að framlög til tryggingakerfisins hafa hækkað um 4 milljarða frá árinu 1990 á verðlagi ársins 1997. Vissulega er það rétt að þjóðartekjurnar hafa aukist síðari árin, sem betur fer, því annars hefði stefnt í óefni. Ég vildi halda þessu til haga í andsvari ásamt því að vissulega koma umhverfismál mjög sterkt inn í umræðuna á næstu árum og er þörf á að mæta því.

[15:19]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir að bregðast við því sem ég hef sagt. Það er alveg rétt hjá honum sem ég hefði auðvitað átt að geta um í mínu máli að lögð er til 20 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til ríkislögreglustjóra til að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og því fagna ég og hefði átt að geta þess í minni ræðu. Ég styð að sjálfsögðu þessa aðgerð.

Hvað varðar framlögin til velferðarmálanna þá vil ég bara undirstrika það sem ég sagði áðan að þau framlög sem hafa farið til velferðarmála hafa ekki verið í takt við þá þróun sem hefur verið í þessum efnum. Aldurssamsetning þjóðarinnar er breytt, breytt og aukin tækni og ýmislegt fleira. Meðalaldur hefur hækkað um fimm ár síðustu 25 árin o.s.frv. þannig að þróunin í framlögum til þessara mála, sérstaklega í sjúkrahúsþjónustunni hefur ekki verið í takt við þá þróun. Sama má segja um þróunina í félagslegri þjónustu, t.d. í sambandi við þjónustu við fatlaða. Það hefur orðið nokkur fjölgun fatlaðra og breytt viðhorf til þess hvaða réttindi þeir hafa í þjóðfélaginu. Þeir hafa vitaskuld nákvæmlega sömu réttindi og ófatlaðir. Það er því mikið ógert í þjóðfélaginu sem við þurfum að sinna og það er þetta sem veldur því að við getum ekki sagt að þróun útgjalda í þessum málaflokki hafi verið á þann veg sem vænst hefði mátt.

[15:21]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber í rauninni ekkert mikið á milli okkar hv. 12. þm. Reykn. í þessum efnum. Ég hef oft sagt það í ræðum úr þessum ræðustól að hækkun tryggingageirans er auðvitað fyrir það að bótaþegum hefur fjölgað m.a. vegna breyttrar aldurssamsetningar og það mun halda áfram að verða svo á næstu árum. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur að hafa öflugt atvinnulíf og öfluga undirstöðu til að geta mætt þessum útgjöldum og öðrum sem eru vegna breytinga í þjóðfélaginu og m.a. varðandi umhverfismálin.

Ég man eftir því þegar verið var að berjast um það á Alþingi hálfan vetur hvort við ættum að stofna umhvrn. en umhvrn. er komið til að vera (**Gripið fram í:** Er það víst?) og það er með 2 milljarða í framlög á fjárlögum. Ýmis verkefni hafa verið til úrlausnar þar, spilliefnagjald, svo maður nefni einhver dæmi, endurvinnsla, sem er staðreynd nú en var ekki fyrir nokkrum árum. Í þessu eins og á svo mörgum öðrum sviðum verður meiri útgjaldaþörf á næstu árum. Hún mun vaxa spái ég vegna þess að auðvitað vilja menn taka á þessum málum og gera átak til þess og leggja okkar skerf af mörkum í baráttu gegn mengun umhverfisins. Það er alveg ljóst og þess vegna verður að hafa aðhald á sem flestum sviðum til þess að geta mætt hinum góðu málum sem við verðum að hafa framlög til á næstu árum.

[15:24]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í raun séum við ágætlega sammála eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. Hann sagði að ýmislegt þyrfti að gera í velferðarmálunum, tók undir það og hann sagði að við þyrftum öflugt atvinnulíf til að standa undir þeim kostnaði sem það hefur í för með sér. En ég vil líka minna á það að hið öfluga atvinnulíf þarf á því að halda að við séum með nægt framboð heilbrigðra og ánægðra einstaklinga í landinu. Það er ákaflega dýrt að fólk þurfi að bíða mánuðum og árum saman eftir nauðsynlegri aðgerð svo að því líði vel og geti gegnt því hlutverki sem það kýs og atvinnulífið þarf á að halda þannig að þetta styður hvað annað og er erfitt að segja hvort eigi að nefna á undan.

Hvað varðar umhverfismálin þá er hárrétt að ýmislegt er að gerast og af því að hv. þm. minntist á spilliefnagjaldið þá er það einmitt dæmi um það hvernig atvinnulífinu sjálfu er ætlað að taka á sig kostnað vegna þeirrar mengunar sem það veldur. Það ættum við að gera í fleiri greinum og við ættum að manna okkur upp í að skattleggja mengandi starfsemi meira en hingað til hefur verið gert til þess einmitt að standa undir þeim kostnaði sem af menguninni hlýst.

[15:26]

**Útbýting þingskjala:**

Dánarbætur, 351. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 485.

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SvanJ o.fl., þskj. 474, 477; brtt. LB o.fl., þskj. 478.

Nýjar starfsreglur viðskiptabankanna, 350. mál, fsp. JóhS, þskj. 484.

Veiting ríkisborgararéttar, 292. mál, nál. allshn., þskj. 479; brtt. allshn., þskj. 480.

[15:26]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. 2. umr. um frv. til fjárlaga fer nú fram. Þingmenn velta fyrir sér kostum og göllum frv. líkt og bókhaldarar velta fyrir sér debet- og kredittölum í bókhaldslistinni. Það er eins og einstaka stjórnarandstöðuþingmenn geri sér ekki grein fyrir að jafnvægi þarf að ríkja í tekju- og útgjaldaliðum í debet- og kreditdálkunum. Þannig er málflutningur þeirra gjarnan þó með ákveðnum skýrum undantekningum.

Formaður fjárln. fór yfir efnahagslegar forsendur þessa frv. Starf fjárln. hefur gengið vel en starfið er ærið. Það koma fjölmargir á fund nefndarinnar og flestir vilja fá peninga en margur fer reyndar bónleiður til búðar.

Formaður og varaformaður hafa stýrt nefndarstarfinu með miklum ágætum. Á sama hátt má segja að starfsmenn nefndarinnar hafi staðið sig einstaklega vel í afar erfiðu starfi. Fulltrúar minni hlutans hafa verið afar málefnalegir og sanngjarnir og hafa veitt okkur eðlilegt aðhald.

Upplýsingatækninni fleygir fram og hugvit mannsins og tölvutæknin kemur vel í ljós þegar við meðhöndlum þær upplýsingar sem við fáum í fjárln. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfi nefndarinnar tel ég að hafi að mörgu leyti tekist vel, þ.e. að fela fagnefndum að fara yfir ákveðna þætti fjárlagagerðarinnar.

Eitt af grundvallarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að ná tökum á ríkisfjármálum. Eftir því markmiði hefur fjárln.

kappkostað að starfa. Markmið ríkisstjórnarinnar er að leggja fram hallalaus fjárlög og bendir allt til þess að það takist.

Í dag ríkir stöðugleiki í efnahagsmálum. Þessi stöðugleiki kemur öllum vel, heimilum landsins og fyrirtækjunum. Það er aukin atvinna, atvinnuleysi hefur minnkað og stjórnarandstaðan er hætt að rukka framsóknarmenn um 12 þúsund störfin sem við hétum í síðustu kosningum. (**Gripið fram í:** Það er orðið svo þreytt.) Það er alveg rétt, hv. þm., að auðvitað er það þreytt vegna þess að hv. þm. veit, eins og við, að þetta mun takast. (**Gripið fram í:** Forseti veit það.) Það er lág verðbólga í landinu og það er aukinn kaupmáttur og kjarasamningar hafa verið gerðir fram yfir aldamót. Viðskiptahallinn virðist minni en búist var við og hagvöxtur er meiri en í nágrannalöndunum. Allt leiðir þetta til þess að hjól atvinnulífsins snúast nú hraðar en áður sem kemur sér vel fyrir alla.

Hallalaus fjárlög eru ekki síst fyrir framtíð þjóðarinnar og koma sér vel fyrir heimili landsins vegna þess að það sættir sig enginn við það til lengdar að við greiðum hvorki meira né minna en 16,2 milljarða í vexti vegna lántöku. Ímyndið þið ykkur hvernig við gætum varið þessum peningum á annan hátt. Til heilbrigðismála, til menntamála, til félagsmála, samgöngumála og á mörgum öðrum sviðum.

Hallalaus fjárlög styrkja velferðarkerfið vegna þess að það er alveg ljóst að velferðarkerfið verður ekki rekið með lántöku til lengdar. Enda sjáum við líka aukin framlög til heilbrigðis- og velferðarmála. Við sjáum einnig auknar fjárveitingar til menntamála þó að við getum gert enn betur í þeim efnum sem og flestum öðrum. Enn vantar meira fé, t.d. til samgöngumála, og það er líka nauðsynlegt að breyta úthlutunarreglum varðandi vegamál og það er eitt af framtíðarverkefnum okkar á Alþingi.

Það er framtíðarhugsun í fjárlagagerðinni. Við erum að styrkja rannsókna- og vísindastörf í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Íslendingum hefur oft verið núið því um nasir að við verjum ekki nógu miklum peningum til rannsókna- og vísindastarfa. Það er hárrétt en hér erum við að reyna að gera bragarbót þar á.

Við erum að efla tölvubúnað í sérskólum landsins. Það kemur fram í fjárveitingum, svo sem til Tækniskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskólans svo dæmi séu nefnd. Þetta skiptir heilmiklu máli og fyrir þinginu liggur frv. um uppeldisháskóla þar sem skiptir miklu máli að geta tengt þá fjóra skóla vel saman sem verða sameinaðir í uppeldisháskólanum og þess vegna skiptir tölvubúnaður fyrir þær stofnanir miklu máli.

Við erum að styrkja starf tilraunastjóra, t.d. í Garðyrkjuskóla ríkisins sem stýrir tilraunagróðurhúsum. Þetta nýtist öllum garðyrkjubændum á landinu. Suðurlandsskógaverkefni er sérstakur fjárlagaliður eins og Héraðsskógaverkefni og við erum einnig að styrkja skjólskógaverkefnið á Vestfjörðum og fjölmörg önnur gróðurverkefni. Allt eru þetta mjög jákvæð mál.

Við erum að auka þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Í dag verða opnuð tilboð vegna uppbyggingar Barnaspítala Hringsins. Við erum að byggja upp heilsugæslustöðvar í Reykjavík en uppbyggingu heilsugæslustöðva á landsbyggðinni er lokið að sinni. Gerðir hafa verið sérstakir þjónustusamningar við sjúkrastofnanir og fleiri samningar eru í burðarliðnum. Einnig er verið að vinna að slíkum þjónustusamningum í menntmrn. hvað framhaldsskólana varðar. Lagt er til að leggja í sérsakan pott peninga til að mæta hluta rekstrarvanda sjúkrahúsanna og skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir að náðst hefur verulegur árangur í hagræðingu í rekstri á sjúkrahúsum á landsbyggðinni eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir benti áðan á.

Í tillögum okkar erum við að stuðla að uppbyggingu nýrra sambýla, t.d. fyrir fatlaða á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og á Reykjanesi.

Á undanförnum árum hafa verið opnaðar náttúrustofur víðs vegar um land og í fjárlagatillögum þessa árs er gert ráð fyrir að koma á fót einni slíkri stofnun í Norðurlandi vestra og einnig er verið að styrkja náttúrusetrið á Kirkjubæjarklaustri sem nefnist Kirkjubæjarstofa.

Í fjárlagatillögum ársins 1998 og fjáraukatillögum 1997 er komið til móts við byggðasjónarmið. Jöfnun námskostnaðar hefur verið mikið baráttumál mitt og nokkurra annarra þingmanna. Mikill kostnaður foreldra utan af landi við að mennta börn sín leiðir til flutnings af landsbyggðinni. Í fjárlagatillögum ársins 1998 er gert ráð fyrir að auka þennan lið um 50 millj. þannig að hann verður í heild sinni 160 millj. Það er von mín að þetta komi ungu fólki utan af landsbyggðinni til góða þegar það er að sækja sér framhaldsmenntun.

Í fjáraukatillögum 1997 er gert ráð fyrir jöfnun húshitunarkostnaðar á köldum svæðum svo að 1,7% hækkun húshitunarkostnaðar komi ekki til framkvæmda. Í þennan lið þyrftum við að geta varið enn meiri peningum. Þessir tveir þættir hafa mjög mikil áhrif á byggðaþróun hér á landi.

Enn traustari stoðum er rennt undir störf atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni með auknu framlagi til Byggðastofnunar hvað þennan þátt varðar. Atvinnuráðgjafarnir hafa þegar sannað hvað þeir geta látið af sér leiða. Það vitum við Sunnlendingar. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands skiptir okkur gríðarlega miklu máli.

Ég get tekið undir orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur þegar hún talaði um skattsvik og neðanjarðarhagkerfi. Það er ein af meinsemdum hjá þjóð okkar. Bent hefur verið á að við höfum varið 20 millj. til viðbótar til þess að reyna að uppræta slíka starfsemi en það er full ástæða til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir skattsvik.

Ég vonast til þess að þegar fjárlagatillögur verða lagðar fram til 3. umr. verði aukin framlög til Áformsverkefnisins um lífræna ræktun. Lífræn og vistræn ræktun er framtíðin og ég vonast til þess að við berum gæfu til að veita aukið fé til þessa verkefnis. Ég vonast líka til þess að við getum útfært þá skuld sem er við bændur hvað jarðræktarframlög varðar. Talað er um að þar sé skuld upp undir 200 millj. og full ástæða til að standa við þær skuldbindingar. Ég vonast einnig til þess að við berum gæfu til þess að leggja meira fé til fyrirhleðslna en ár víðs vegar um land eru að brjóta niður hið ræktaða land og það er t.d. mjög mikið vandamál á Suðurlandi hvað Markarfljót varðar, Þjórsá, Klifanda, Skaftá og fleiri ár.

Þar sem fjárlög eru nú lögð fram á rekstrargrunni er ljóst að afkoma fjárlaga er mun betri en í fyrra og þegar á heildina er litið er árangur ríkisstjórnarinnar mikill. Það er framtíðarsýn í þessum fjárlögum og þau verða vonandi landi og þjóð til heilla.

[15:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að hallalaus fjárlög styrki velferðarkerfið. Það er einmitt velferðarkerfið sem hefur ver-

ið látið greiða fjárlagahallann. Það hefur verið skorið niður í velferðarmálum, í þjónustu við aldraða, við sjúklinga, aukin þjónustugjöld til þess að reyna að ná niður fjárlagahallanum. Ég efast um að sjúklingarnir á biðlistunum séu sammála hv. þm. í því að hallalaus fjárlög styrki velferðarkerfið. Þeir fá verri þjónustu. Sumir sjúklingar þurfa liggja á göngum spítalanna. Telur hv. þm. að þeir séu sáttir við það og telji það vera betra velferðarkerfi vegna þess að það séu hallalaus fjárlög? Fólki er þjónað mun verr vegna þess að þetta er alltaf meginmarkmiðið. Ekki er verið að hugsa um að velferðarkerfið standi undir nafni. Það er verið að vega að rótum þess og hvað sem öllum pottum og stýrinefndum líður er það ljóst að allt þetta pottastand, þó svo það sé gott svo langt sem það nær, dugir ekki til að velferðarkerfið standi undir því nafni sem velferðarkerfið á Norðurlöndum ætti að standa undir.

[15:39]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á því að velferðarkerfið skiptir okkur miklu máli, það er alveg ljóst. En við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, hv. þm., að við getum ekki rekið til lengdar velferðarkerfi okkar með lántökum. Hvað gerist þá? Þú getur bara horft í eigin pyngju ef þú eyðir meira en þú aflar, hvað gerist? (**Gripið fram í:** Þú ferð annað.) Þú ferð hugsanlega á annan stað en það er ekki þar með sagt (**ÖS:** Þú færð þér aðra vinnu.) Herra forseti. Þetta var góð ábending. Þetta minnir kannski á að kjör þingmanna eru ekkert sérlega góð og það er einstaka maður sem nælir sér í viðbótarstörf og það sýnir kannski hvað þeir eru útsjónarsamir. En ég er að vekja athygli á því að velferðarkerfið okkar verður ekki rekið með lántöku til lengdar. Hvað gerir það, hv. þm.? Það verður líka að benda á leiðir. Við sjáum það í starfi fjárln. að það koma til okkar hundruð manna fyrir ýmiss konar stofnanir og allir vilja fá ákveðna peninga. Auðvitað getum við ekki sinnt öllum þessum þörfum en við verjum nú meira til heilbrigðiskerfisins sem samt sem áður er heilmikið gagnrýnt. Við erum sífellt að auka þjónustuna þar. Sífellt fleiri njóta þjónustunnar og mjög margt hefur verið gert til að bæta þjónustuna og það tel ég af hinu góða.

[15:41]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um að fleiri njóti þjónustunnar. Það er svo vissulega rétt vegna þess að mun fleiri fara t.d. á spítalana en áður, gegnumstreymið er meira. Menn koma inn bráðveikir og eru útskrifaðir áður en þeir eru orðnir heilbrigðir. Þeir koma inn aftur. Það eru endurinnlagnir á sjúkrahúsi þannig að 70 af hverjum þúsund koma inn aftur innan 8 daga á ákveðnum deildum inni á sjúkrahúsunum. (Gripið fram í.) 75 af hverjum þúsund koma inn á deildirnar aftur innan 8 daga. Er þetta eðlilegt? Er það svona sem hv. þm. vill sjá velferðarkerfið? Það er lágmark að menn reki þokkalega þjónustu fyrir sjúka og aldraða og tryggi öryrkjum og öðrum þeim sem ekki geta séð sér farborða þokkalega framfærslu. Það er hægt að taka af annars staðar. *Við verum að láta velferðarkerfi okkar standa undir nafni.* (**ÍGP:** Hvar eigum við að taka?) Það er hægt að taka af ýmsu öðru. Hvernig er með risnuna? Hvernig er með ýmsa þætti í fjárlögunum sem hv. þm. ætti að þekkja eftir að hafa verið í fjárln.? (Gripið fram í.) Það er ekki á spítölunum. Það er ekki á *heilsugæslunum*. Það er ekki það sem á að taka og skera niður. Þar verðum við að veita þjónustuna. Skattpeningar okkar eiga að fara í að sinna almenningsþjónustu eins og þeirri.

[15:43]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. þm. um að það er mun meira gegnumstreymi á sjúkrahúsum en áður var. Það skyldi þó aldrei vera vegna þess að allt annarri tækni er beitt á sjúkrahúsum landsins nú en var fyrir svona 10–15 árum. Að vísu er ég ekki sérfræðingur í heilsugæslumálum, læknamálum eða þessum málaflokkum sem hv. þm. hefur nú tileinkað sér mjög sem er á vissan hátt afar gott. En við megum ekki gleyma því að tækninni hefur líka fleygt fram. Aðgerðirnar og allt tekur miklu styttri tíma en áður var og kannski er þess vegna meira gegnumstreymi í gegnum sjúkrahúsin en var fyrir 10–15 árum.

[15:44]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SighB o.fl., þskj. 486; brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 487; brtt. RG o.fl., þskj. 488, 490; brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 491; brtt. ÁE, þskj. 492.

[15:44]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Við fjárlagagerðina hugleiðir maður stundum hvað megi betur fara í sjálfri vinnunni. Með breytingunni á uppsetningu fjárlaga nú í haust urðu þau skýrari og auðvelda yfirsýn. Það höfum við fundið í vinnunni í fjárln. á undanförnum mánuðum.

Við þurfum að stíga fleiri skref sem væru til þess fallin að ýta undir langtímasjónarmið í fjármálum ríkisins. Það mætti t.d. gera með því að settir væru heildarrammar fyrir málaflokkana til 3–4 ára í senn eins og þekkist í sumum af nágrannalöndum okkar. Þannig gætum við betur tryggt ákveðna samfellu í rekstrinum. Þetta væri vissulega þörf að gera á sem flestum sviðum ríkisrekstrarins.

Varðandi orðaskipti þeirra tveggja hv. þm. sem tjáðu sig næstir á undan mér í svörum og andsvörum, vil ég geta þess varðandi velferðarkerfið að það liggur fyrir norræn skýrsla um að Íslendingar hafi staðið sig best Norðurlandaþjóðanna undanfarið í því að ná tökum á ríkisfjármálum. Jafnvægið í ríkisrekstrinum, hallalaus fjárlög gera það að verkum að nú getum við notað peninga sem annars hefðu farið í það að greiða vexti af erlendum skuldum inn í velferðarkerfið. Við höfum náð tökum á ríkisrekstrinum án þess að skerða velferðarkerfið. Þetta þarf að koma alveg skýrt fram og menn þurfa að vita þetta, jafnvel hv. þm., ef ég man nafnið, Ásta Ragnheiður *Jóhannesdóttir*.

Þegar við réttum úr kútnum og komumst upp úr efnahagslægðinni fyrir örfáum árum var það ein stétt sem sat einkum eftir. Það voru bændur. Landbúnaður hefur tekið á sig mestu byrðarnar af því að við næðum efnahagsbata og *þeirri framför sem enginn getur neitað að hefur orðið í* landinu.

Herra forseti. Í umræðunni hér á þessum degi hefur minni hluti fjárln. kvartað undan eyðslu og fjallar um þjóðhagshorfur og efnahagsstefnu ríkisstjórnar. Hann hefur talað um lausatök í hagstjórn, varað við útstreymi úr ríkissjóði, talað um eyðslustefnu, erlenda skuldasöfnun og viðskiptahalla. Orð sem hafa ekki heyrst alveg eins oft upp á síðkastið og áður var, með réttu. En seinni hlutinn í nefndaráliti þeirra fjallar um nauðsyn þess að verja meira fé til ýmissa málaflokka, svo sem heilbrigðismála, menntamála og til málefna fatlaðra. Það er hins vegar einmitt til þessara málaflokka sem

ríkisstjórnin og meiri hluti fjárlaganefndar gera tillögur um verulega hækkun.

Minni hluti í fjárlaganefnd vill einnig auka verulega fjármagn til umhverfismála, að ekki sé nú talað um vega- og samgöngumál og segir að niðurskurði þurfi að linna. Því er ég hjartanlega sammála.

Enginn af þeim málaflokkum sem eru nefndir er of haldinn. Full þörf væri á meira fjármagni í allt þetta. En hér þarf að spyrja: Hvaða peningar eru fyrir hendi til viðbótar til þess að verja í þessi mál? Aukningin í frumvarpinu á að ganga til heilbrigðismála, menntamála og málefna fatlaðra. Meiri hluti fjárlaganefndar gerir auk þess tillögur hér við 2. umr. með tilstyrk minni hlutans að nokkru leyti um framlög til nokkurra þátta með viðbótarútgjöld sem eru á sviði menntamála og til þess að jafna aðstöðu fólks í dreifbýli og þéttbýli. En þar er einkum tvennt bæði á fjáraukalögum og fjárlögum, 50 millj. kr. á fjáraukalögum til jöfnunar húshitunarkostnaðar og hins vegar 50 millj. til jöfnunar á námskostnaði eða aðstöðu til náms.

Það er varðandi þessa hækkun, herra forseti, sem meiri hluti fjárln. gerir tillögu um til jöfnunar á námskostnaði. Vissulega hafa svokallaðir dreifbýlisstyrkir komið að góðu gagni en þeir hafa verið allt of lágir. Talið er að á ári kosti menntun í framhaldsskóla 500, 600, 700 þús. á nemanda. Það er ekki hægt að finna mjög nákvæmar tölur í þessu en heimavistarkostnaður, bókakostnaður er umtalsverður og annað slíkt. Þessir styrkir eru ekki nema lítill hluti því miður og verða ekki nema lítill hluti þrátt fyrir það að 50 millj. komi til viðbótar. En ég vona vissulega að um þá upphæð muni. Stóra hagsmunamálið hefur verið það að auka möguleika fólks til framhaldsmenntunar úti um landið. Það er gífurlegt hagsmunamál að hafa sem bestan aðgang að framhaldsnámi. Auðvitað er brýnt að búa þannig um hnúta að fólk fái þann stuðning sem til þess þarf.

Íbúar landsbyggðarinnar verða að sjálfsögðu að njóta jafns réttar til náms á við höfuðborgarbúana. Eigi að síður þurfa margir að taka sig upp og það kostar fjárhæðir. Því miður finnast um það dæmi og ég þekki nokkur að fjölskyldum í dreifbýli reynist erfitt að kosta skólagöngu unglinganna. Tekjur af meðalstóru búi í sveit eru talsvert lægri en meðaltekjur í landinu og námsfólk á framhaldsskólastigi fær yfirleitt ekki uppgripavinnu yfir sumarið eins og áður var. Hörmulegt er til að vita að af þessum sökum hætti ungt fólk námi eða hrökklist frá því. Ég tel þó að þessi hækkun um 50 millj. muni koma að góðu gagni og að þeim fjármunum sé vel varið.

Ég get þess svo í leiðinni að samkvæmt könnun sem menntamálaráðuneytið lét fara fram er brýnasta verkefni í heimavistarmálum og í byggingum heimavista á landsbyggðinni á Sauðárkróki. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu til heimavistar og vona ég að sú upphafsfjárveiting móti það upphaf að hafist verði handa að formsatriðum loknum um stækkun heimavistar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki þegar á næsta ári.

Í þeirri miklu umræðu sem undanfarið hefur átt sér stað í landinu um byggðaröskun má það ekki gerast að fólk sé nánast knúið til þess að leita út úr byggðarlagi sínu til náms í framhaldsskóla vegna þess að ekki sé búin aðstaða í heimahéraði til þess að geta stundað skólanám. Þá erum við ekki að tryggja fólki jafna aðstöðu og jafnan rétt til náms heldur erum við fremur að reka fólksflóttann af landsbyggðinni hingað suður.

Herra forseti. Heilbrigðismálin taka drjúgan tíma í starfi fjárlaganefndar við fjárlagagerðina. Fjárlaganefnd hefur átt nú sem áður ágætt samstarf við fulltrúa þeirra málaflokka bæði stjórnendur sjúkrahúsanna og starfsfólks heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins. Það hefur komið fram, ekki síst í umræðunni um fjáraukalög um daginn, að vissulega þarf að auka fjármagn til rekstrar í sjúkrahúsunum og það er gert. Það er veruleg aukning nú milli ára og ný tök sem ég hygg að séu nauðsynleg með þessari svonefndu pottagerð að hún muni leiða til góðs, þ.e. að setja upp sjóði til að útdeila síðan í samkomulagi við sjúkrahúsin. Við tölum ekki lengur um niðurskurð heldur tölum við um að koma sjúkrahúsunum fyrir vind í rekstri þannig að þau safni ekki áfram skuldum heldur geti rekið skynsamlega hver sína einingu og það liggi fyrir hvaða starf eigi að fara fram á hverju sjúkrahúsi. Að verkaskiptingin sé skýr.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma að einum heilbrigðisvandanum og félagsvandanum í þjóðfélaginu sem fær ekki næga umræðu að mínum dómi á hinu háa Alþingi en oft úti í þjóðfélaginu. Það er áfengisvandinn. Þær leiðir sem Íslendingar hafa fundið til úrbóta eru um margt afar athyglisverðar. Við tókum upp fyrir tæpum þremur áratugum bandarískar aðferðir kenndar við Hazelden í Minnesota. Við höfum notað þær með allgóðum árangri á margan hátt. En vissulega má spyrja hvort ekki sé tímabært að endurskoða ýmsa þætti í áfengisvarnastefnunni hjá okkur. Starfsemi SÁÁ hefur reynst mjög mikilvæg. Ég vil nota tækifærið og óska þeim samtökum til hamingju með afmælið á þessu ári. Það hefur verið mikilvægt bæði einstaklingum og fjölskyldum það sem þessi samtök hafa áorkað. Hins vegar getur verið að í einhverjum tilfellum telji fólk að svo mikið öryggi sé í meðferð hér á Íslandi og árangur svo góður að það leiði til ábyrgðarleysis í meðferð með áfengi. Þannig getur hugsast að allt of auðveldur aðgangur að meðferð fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og fullyrðingar um góðan meðferðarárangur leiði af sér ábyrgðarleysi, bæði hjá almenningi og þeim sem misnota. Það sé með öðrum orðum alltaf hægt að fara í meðferð ef menn missi tökin á hlutunum. Það er ekki góðum meðferðaraðilum að kenna, fjarri því, heldur mætti almennt viðhorf til þessara mála breytast. Ég varpa þessu aðeins fram til umhugsunar og hvet til þess að menn beri saman hluti sem eru sambærilegir. Ég hugsa til þeirra sem þurfa að bíða, ekki bara mánuði heldur árum saman eftir aðgerð. Það væri gott ef alls staðar í heilbrigðiskerfinu væri svo góð og greið leið til bóta og hjá þeim sem eiga við áfengisvanda að stríða.

Því vildi ég varpa því fram til umhugsunar þegar einstaklingur fer í meðferð, kannski í tugi skipta, hvort ekki væri ástæða til að gefa tækifæri þeim sem bíða þjáðir árum saman á biðlistum að fá sitt tækifæri fyrr. Væri ekki rétt að gefa þeim tækifæri fyrr og stuðla þannig að því að biðlistarnir styttist.

Herra forseti. Það þarf að verja meira fé til heilbrigðismála og það er verið að gera og verður vafalaust enn frekar á næstunni.

[15:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. um að full ástæða væri til að stytta biðtíma og ég er á þeirri skoðun að það þurfi að setja hámarksbið eftir aðgerðum hér á landi eins og hefur verið gert í nágrannalöndum. En vegna ummæla hv.

þm. í upphafi ræðu sinnar um orðaskipti mín og hv. 4. þm. Suðurl. hér áðan þar sem síðasti ræðumaður vitnaði í skýrslur um árangur Íslendinga við fjárlagagerð, og er gleðilegt að mönnum skuli ganga vel við fjárlagagerðina hér á landi, þá gagnrýndi ég að þar skuli árangrinum náð vegna þess að það er alltaf verið að höggva og vega að velferðarkerfinu. Vegna þess að hv. þm. var að vitna í skýrslur, herra forseti, langar mig til að vitna í aðra skýrslu sem er skýrsla landlæknis til fjárl.- og heilbrn. Alþingis en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt úttekt Þjóðhagsstofnunar hafa útgjöld okkar til heilbrigðismála metin sem hlutfall af vergri landsframleiðslu farið lækkandi á árunum 1988–1997 miðað við fjárlögin sem við erum nú að afgreiða og er áætlað að Ísland sé í 14.–16. sæti meðal Evrópuþjóða ef tekið er tillit til þess að útgjöld vegna elli- og hjúkrunarheimila falla undir heilbrigðismál á Íslandi en undir félagsmál meðal flestra annarra þjóða."

Við erum sem sagt í 14.–16. sæti í framlögum til heilbrigðismála.

[16:00]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að við næðum árangri í efnahagsstjórnun á Íslandi án þess að skerða velferðarkerfið. Við erum einmitt að styrkja kerfið og það sést m.a. í því að það er raunhækkun í útgjöldum til heilbrigðismála í landinu.

[16:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson velti hér vöngum yfir áfengisvandanum og mér fundust þessar vangaveltur hans vera athyglisverðar og eiga fullkomlega rétt á sér. Hann velti því t.d. upp hvort það gæti verið að of greiður aðgangur að meðferðarstofnunum yki áfengisbölið. Mér finnst að umræður af þessu tagi eigi rétt á sér en ég er þó ósammála þessari skoðun hv. þm. Ég hef sjálfur svolitla nasasjón af starfsemi þessara meðferðarstofnana og ég hef séð þær gera kraftaverk á fólki, jafnvel ungu fólki í nánasta nágrenni mínu. Ég held að það sé ekki hægt að gera því skóna, eins og mér fannst hv. þm. gera, að greiður aðgangur að þessum stofnunum yrði til þess að menn yrðu frekar kærulausir í meðferð áfengis- og vímuefna.

Ég held þvert á móti að það sem við erum að horfa fram á í þessum efnum sé að samfélagið er að trosna á saumunum. Ég held að vandi þeirrar aldar sem við munum nú senn byrja verði fyrst og fremst fíkniefnavandinn. Sú svakalega þróun sem við sjáum í ofneyslu vímuefna birtist í því að ofneyslan er alltaf að færast neðar og neðar í aldursflokkana. Við sjáum það á aldursdreifingunni í þessum meðferðarstofnunum sem hv. þm. gat um að því miður er það staðreynd að meðalaldurinn er alltaf að lækka og við, foreldrar og aðrir stöndum ráðþrota gagnvart þessu. Þó að þessi umræða eigi rétt á sér þá tek ég vara fyrir því að beinlínis halda því fram að of greiður aðgangur að þessum stofnunum geti aukið þetta böl. Ég held þvert á móti að þessi greiði aðgangur hafi bjargað fjölmörgum fjölskyldna.

[16:03]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessi viðbrögð og vil nú árétta það, eins og ég hélt að hefði komið mjög skýrt fram í mínu máli, að ég er ekki að halla á meðferðaraðilana og þá sem sinna þessum málum og hafa gert það vel. Ég hélt að það hefði komið skýrt fram í minni ræðu. Það sem ég vildi geta um var aðallega almennt kæruleysi. Það er svo auðvelt að komast í meðferð. Það er hægt að laga hlutina hvenær sem er en það er ekki hægt. Ég þekki þessi mál allvel líka eins og hv. þm. og ég hef sannarlega séð mörg kraftaverk gerast gegnum starf þessara meðferðaraðila. En ég var að hvetja til þess áðan að umræðan um áfengismál og áfengisvarnir og sérstaklega vímuefnavarnir komist á annað stig þannig að hugsunarhátturinn verði sá að við vinnum bug á vandamálunum, sérstaklega gagnvart ungu fólki, eftir því sem framast er kostur. Aðferðir til þess hafa ekki vrið fullnægjandi hingað til.

[16:05]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hér hefur staðið umræða lengi dags um fjárlagafrv. og sitt sýnist eðlilega hverjum. Hv. þm. Hjálmar Jónsson gat þess í upphafi máls síns að honum þætti sem of mikið bæri á því sem stjórnarandstaðan talaði um óráðsíu og um of slælega stjórn ríkisfjármála. Ég held nú satt að segja, miðað við það sem ég hef hlustað á hér í dag, að þetta sé ekki það sem hefur verið áberandi í máli stjórnarandstöðunnar.

Stjórnarandstaðan gerir sér hins vegar grein fyrir því að við búum núna við eitt mesta góðæri sem hefur rekið á fjörur Íslands. Það vill svo gæfulega til að við höfum úr meira fjármagni að spila en oft áður og þess vegna er eðlilegt, þegar meira er til skiptanna, að menn deili um það hvernig eigi að verja fjármagninu.

Ég held, herra forseti, að ríkisfjármálin séu bærilega stödd og ég held að ekkert þurfi að kvarta undan því. Ég held að þróun þeirra sé jákvæð og á góðri leið. Ef það er eitthvað sem mætti e.t.v. óttast til framtíðar, þá er það að þau þenslumerki sem við sjáum í efnahagslífinu muni leiða til þess að ríkisfjármálin fari úr böndum. Það er nú einfaldlega svo. Ég sem stjórnarandstæðingur hika ekkert við að segja að það hefði verið æskilegt á þessum tímamótum ef við hefðum getað skapað meira svigrúm til að greiða niður erlendar skuldir. Það er einfaldlega hárrétt sem hv. þm. Hjálmar Jónsson og fleiri hafa sagt hér í dag að eftir því sem við skuldum minna í útlöndum, þá borgum við minni vexti og þá er meira til skiptanna hér heima. Það er eftir miklu að slægjast ef okkur tekst að ná því takmarki.

Ég gat þess, herra forseti, að það væru merki um þenslu. Það er sem betur fer þannig að kaupmáttaraukning hefur orðið og það er líklegt að hér verði betra atvinnuástand þegar fram í sækir. Þetta er allt af hinu góða. Þetta stafar af því að lagður hefur verið grunnur að styrkri stjórn ríkisfjármála. Það er einfaldlega þannig að þegar illa árar og þjóðfélög ganga í gegnum kreppu eins og gerðist á síðasta kjörtímabili, þá fara þau líka oft í gegnum mjög nauðsynlega hreinsun. Eitt af því sem Alþfl. tók þátt í þegar hann var í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili var að leiðrétta vissar kompásskekkjur. Það var auðvitað mjög erfitt og oft og tíðum var afskaplega erfitt að vera stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar. En menn tóku á sig þann kross. Ég er þeirrar skoðunar að partur af velgengni þjóðfélagsins í dag eigi rætur að rekja til þessara verka. Af því er svo sem hægt að miklast í dag þó að það hafi verið erfitt meðan á þeim stóð.

Í annan stað er það alveg ljóst að það árar óvanalega vel. Það góðæri sem við sjáum erlendis er að flytjast líka til Íslands, ekki síst vegna þess frelsis sem er í viðskiptum á öllum sviðum, frelsis sem Alþfl. tók þátt í að koma á hér á síðasta kjörtímabili. Það er einmitt þetta frelsi sem gerir það

að verkum að þegar góðæri sprettur fram hérlendis, þá sitrar það miklu fyrr hingað í formi aukinna viðskipta og hækkandi verðs á vörum okkar gagnvart útlöndum.

Árferði til sjávarins hefur líka verið með allra besta móti. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að það hafi verið jafngóður gangur áður. Það má að hluta til rekja til kvótakerfis sem Alþfl. tók líka þátt í að setja á þó umdeilt sé. En að stærstum hluta eru það árstíðarsveiflur sem valda þessu. Ég segi þetta ekki, herra forseti, til þess að rýra þau verk sem núv. ríkisstjórn hefur unnið. Henni hefur tekist alveg þokkalega upp við mjög góðar aðstæður en auðvitað hlýt ég að segja að það væri í hæsta máta óeðlilegt ef menn skiluðu ekki hallalausum fjárlögum við þessar aðstæður. Satt að segja viðurkenni ég það að ég öfunda pínulítið líka hv. stjórnarliða af því að geta hér og hvar skvett svolitlum peningum til ýmissa málefna sem öll eru af hinu góða. (**GHelg:** ... að styðja það.) Ég mun líka styðja það sem vel er gert, hv. þm., eins og sást m.a. á atkvæðagreiðslu minni við fjáraukalög á dögunum.

Þegar við stöndum frammi fyrir því að við höfum aukið fjármagn, þá verða menn að velta því fyrir sér hvernig á að verja þessu fjármagni og það sem ég ætla að gera að umræðuefni mínu, herra forseti, eru heilbrigðismálin.

Við stöndum frammi fyrir vanda í heilbrigðismálunum. Við höfum gert það um nokkurra ára skeið og það sem vantar á er að koma fram bærilegri stefnu í heilbrigðismálunum. Það er ekki bara ég eða stjórnarandstaðan heldur líka stöku menn úr liði hv. stjórnarþingmanna sem halda þessu fram og gjörvallar heilbrigðisstéttirnar. Það sem þær kvarta undan þegar þær mætast á fundum sínum er stefnuleysið í heilbrigðismálum. Og þetta stefnuleysi er þeim mun alvarlegra sem það blasir við að vandinn í heilbrigðismálum mun ekki minnka. Það er einfaldlega þannig að alls staðar í löndum sem eru á svipuðu þróunarstigi og við, eykst þessi vandi frekar en hitt. Það stafar að stórum hluta af því að hlutfall roskinna er alltaf að aukast. Ný tækni gerir líka kleift að lækna og lina þjáningar betur en áður. En hún kostar líka meiri peninga. Annað sem tengist þessu er að starfsfólk verður stöðugt sérhæfðara og þar af leiðandi hækkar launakostnaður þess. Ísland á líka við sérstök vandamál að glíma sem má kalla séríslensk. Við erum lítil þjóð í strjálbýlu landi og fámennið gerir það að verkum að erfiðara er og kostnaðarsamara fyrir okkur að reka okkar heilbrigðisþjónustu vegna þess að allir flokkar eru sammála um að byggja hana á jafnræði þegnanna eftir því sem kostur er, óháð búsetu og það kostar einfaldlega talsvert af fjármagni.

Það eru líka ýmsar skekkjur innan okkar kerfis. Það eykur kostnaðinn hér á landi, samkvæmt því sem maður les í skýrslum erlendra sérfræðinga frá OECD, að um það bil helmingi fleiri einstaklingar 65 ára og eldri hér á landi eru vistaðir á stofnunum en í þeim löndum sem við berum okkur oft saman við. Það eykur kostnaðinn umfram aðrar þjóðir og auðvitað er þarna um að ræða kompásskekkju sem hægt væri að sporna við eða leiðrétta með því að eyða meira fjármagni í heimaþjónustu. En við höfum aldrei borið gæfu til þess að eyða peningum í verkefni á borð við þetta. Við getum aldrei sparað til langs tíma vegna þess að við erum alltaf að bjarga okkur frá degi til dags og það er kannski enn ríkara einkenni þessarar ríkisstjórnar en annarra sem setið hafa. Það er miklu meira áberandi í fari hæstv. heilbrrh. að hún er stöðugt að bjarga málum frá degi til dags í staðinn fyrir að búa til stefnu sem sparar og hagræðir til framtíðar. Það er alveg ljóst að á Íslandi munu heilbrigðisútgjöldin vaxa á næstu árum sakir þessara hluta sem ég nefndi áðan.

Launakostnaður heilbrigðisstéttanna á Íslandi hefur í samanburði við aðrar stéttir verið lægri og gerir að verkum að kostnaður við heilbrigðisþjónustuna á Íslandi hefur löngum verið ívið minni en meðal annarra sambærilegra þjóða vegna þess að við erum að greiða heilbrigðisstéttunum tiltölulega lægri laun. Við sáum það t.d. á milli 1980 og 1990 að þá var launahlutfall þeirra 97% af landsmeðaltali í upphafi áratugarins en þegar leið að lokum hans var það komið niður í 89%. Þessu er alveg öfugt farið hjá öðrum þjóðum. Þetta þýðir að núna á þessum síðustu tímum þegar vinnumarkaður heilbrigðisstéttanna er orðinn alþjóðlegur, þá er óhjákvæmilegt, ef við ætlum okkur að halda í þetta fólk, fjárfestinguna sem við höfum sett í það formi menntunar, reynslu, starfsþekkingar, þá verðum við að greiða því hærri laun. Nákvæmlega það hefur verið að gerast allra síðustu missiri. Launakostnaður heilbrigðisstéttanna er að aukast og hann mun aukast á næstu árum ef við ætlum að standast þessa samkeppni.

Það er líka alveg ljóst að Íslendingar eru að eldast. Meðalaldur er að hækka og þeim fjölgar sem munu ná 67 ára aldri og hærri og það eitt í sjálfu sér eykur heilbrigðisútgjöldin. Það er líka ljóst að við munum halda áfram að þurfa að greiða aukinn kostnað vegna nýrra lyfja og nýrrar tækni. Og þetta gerir það að verkum að kostnaðurinn mun aukast. Við stöndum því frammi fyrir talsvert miklum vanda. Ég get ekki hér í dag, herra forseti, sagt hvernig ég mundi leysa hann algjörlega. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn reyni einhvern veginn að ná tökum á honum, menn freisti þess að móta stefnu til langs tíma. En það er það sem vantar algjörlega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Menn voru þó að burðast við það í síðustu ríkisstjórn við litlar vinsældir að setja fram stefnu sem átti að duga til langs tíma.

Hæstv. heilbrrh. hefur kastað flestu því fyrir róða sem menn voru byrjaðir á þá og það er eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson orðaði í umræðum fyrr í vikunni: „Menn eru að hætta því í dag sem þeir byrjuðu á í gær." Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til þess að þegar aðalfundur Læknafélagsins kom saman fyrir nokkrum vikum, þá samþykkti hann ályktun þar sem hann átaldi upplausn í heilbrigðiskerfinu vegna þess að það vantaði stefnu og hann átaldi harðlega stefnuleysið. Það sama gerðu heilsugæslulæknar þegar þeir komu saman. Þá sögu þeir í ályktun sinni, með leyfi forseta:

„Enn ríkir ringulreið í heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Til ófremdarástands horfir nú víða í dreifbýlinu þar sem aðgerðarleysi ráðuneytisins og neikvæð afstaða starfsmanna þess gagnvart heimilislækningum hefur átt þátt í að riðla því styrka ástandi sem þar hefur ríkt. Ef ekkert af því sem ráðuneytið vildi sumarið 1996 fer að líta dagsins ljóst, þá ber að óttast um framtíð íslenskrar heilsugæslu."

Þetta er dómur þeirra sem vinna undir núverandi heilbrrh. Þeir fordæma í hrönnum stefnuleysið.

Við höfum líka, herra forseti, í tengslum við fjárlagagerð þessa árs og fyrra árs orðið vör við þennan hringlandahátt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Mig langar, herra forseti, áður en ég held lengra, að rifja það upp að við stóðum hér allan síðasta vetur í stórfelldu stríði, stjórn og stjórnarandstaða, stundum innbyrðis en stundum nánast sameinuð gegn hæstv. heilbrrh. og sú styrjöld varðaði niðurskurð á landsbyggðarsjúkrahúsunum. Muna menn eftir því starfi? Muna menn eftir því? Kannski að hv. þm. Jón Kristjánsson muni eftir því vegna

þess að hann góðu heilli átti drjúgan þátt í því að svæfa það mál. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn rifji það aðeins upp til þess að undirstrika vinnubrögðin af hálfu heilbrrn. Það mál byrjaði með því að hæstv. heilbrrh. fékk þá flugu í höfuðið að mögulegt væri að spara 320 millj. kr. á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar. Það hefur enginn maður getað svarað því hvaðan hæstv. ráðherra kom sú fluga í koll. Ríkisstjórnin hafði hins vegar vit fyrir ráðherra og kom þeirri tölu niður í 160 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1997 sagði svo hæstv. heilbrrh. að hún ráðgerði, eins og segir í frv., með leyfi forseta: „að hagræða í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni á næstu árum." 160 millj. voru sem sagt aðeins byrjunin á mikilli hagræðingu sem hæstv. ráðherra taldi að væri mögulegt að ná fram. Hún sagði jafnframt í textanum sem hún lét hæstv. fjmrh. í té inn í fjárlagafrv. að hún hefði látið framkvæma sérstaka könnun á högum landsbyggðarsjúkrahúsanna. Stjórnarandstaðan innti eftir þessari könnun í fyrra. Sú könnun kom aldrei fram en niðurstaða hæstv. ráðherra var þessi, með leyfi forseta:

„Athugunin leiddi í ljós að ná má fram verulegum sparnaði með breyttu fyrirkomulagi og er fyrirhugað að hrinda breytingunum í framkvæmd í áföngum á næstu 2–3 árum. Áformað er að fyrstu aðgerðir feli í sér 160 millj. kr. sparnað á árinu 1997."

Herra forseti. Samkvæmt þessari áætlun hæstv. ráðherra í fyrra ættum við núna að vera stödd í miðju sparnaðarferli sem beindist að því að finna 160 millj. kr. á landsbyggðarsjúkrahúsunum. Þá sem þekktu til málanna rak í rogastans. Menn könnuðust einfaldlega ekki við þann möguleika að þetta væri hægt. Það urðu mikil viðbrögð í þinginu og ég minnist þess að þau urðu líka veruleg innan stjórnarliðsins. Ég minnist bæði kjarnyrta yfirlýsinga hv. þm. Hjámars Jónssonar hér á þinginu, á fundum og í fjölmiðlum. Ég minnist þess ekki að nokkur einasti maður hafi mælt þessu bót fyrir utan hv. þm. og varaformann heilbrn., Siv Friðleifsdóttur.

Þegar málið kom til fjárln. þar sem sitja skynsamir menn sem kunna um að véla, þá sáu menn eðlilega að þetta var einfaldlega ekki gerlegt. Það var ekki hægt að vinna þetta og menn fengu því þá framgengt að 160 millj. kr. sparnaði var dreift á þrjú ár. Þá var sett sérstök nefnd í þetta. Í henni sátu hv. þm. Jón Kristjánsson, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og fleiri. Þessi nefnd átti í fyrstu að gera tillögu um sparnað á 60 millj. kr. á einu ári. Í meðförum hennar breyttust 60 millj. kr. snarlega í 31,8 millj kr. sem átti að spara á þessu ári. Þegar fyrir þá gengu hver á fætur öðrum forsvarsmenn sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, þá fóru að renna tvær grímur á sparnaðarnefndina. Þá kom einfaldlega í ljós að flestar þessara stofnana voru reknar með halla. Þá kölluðu menn í fjárln. eftir skýrslu um stöðu þessara sjúkrahúsa og það kom í ljós að samanlagður halli þeirra stofnana sem óskað var eftir að yrði skoðaður og í þeim hópi voru flest þeirra sjúkrahúsa sem átti að skera niður, var 386 millj. kr. Þetta sýndi nú hversu vandlega hæstv. ráðherra undirbjó þennan sparnað. Það voru einfaldlega engin tök á því að ná þessum sparnaði.

Við vitum framhaldið, herra forseti. Þess sparnaður sem fór úr 320 millj. niður í 160 millj. og svo niður í 31,8 millj., er gufaður upp. Það er einfaldlega dómur fjárln. að þetta sé ógerlegt. Og ekki bara það. Á grundvelli þessarar stöðuskýrslu sem nefndarmenn fengu gerðist það að fjárln. blöskraði svo ástandið að hún lagði til að við afgreiðslu fjáraukalaga yrðu settar 200 millj kr. til þess að bæta rekstrarstöðu þessara sjúkrahúsa. Það er að sönnu jákvætt, herra forseti. En ég nefni þetta hérna til að sýna að það virðist sem í þessu tiltekna máli hafi ekki bara ríkt hringlandaháttur hjá heilbrrn. heldur helber vitleysa. Það er einfaldlega eins og menn hafi ekki gert sér nokkra einustu grein fyrir því út í hvað þeir voru að ana. Sparnaður sem átti að vera 160 millj. endaði með því að hv. fjárln. sá sig tilneydda til þess að leggja til samþykkt á sérstakri 200 millj. kr. fjárveitingu. Ég spyr, herra forseti: Ef þetta er forsmekkurinn að vinnubrögðunum, þá skil ég það sem á eftir hefur gengið. Þá skil ég stöðu og skilning hæstv. ráðherra á fjárskorti sjúkrahúsanna stóru í Reykjavík. Þetta dæmi nefni ég þó lítið sé og varði einungis á annað hundrað millj., herra forseti, til þess að skjóta stoðum undir þá fullyrðingu mína að vinnubrögð heilbrrn. mótist ekki af neinni langtímastefnu. Þau mótast varla af stefnu til næsta árs og þegar fram koma gagngerar tillögur frá ráðuneytinu, þá standast þær svo illa að fjárln. sér sig tilneydda til þess að snúa þeim algerlega við. Þetta eru ámælisverð vinnubrögð, herra forseti, en þau koma ekki lengur á óvart.

Það er spurning hvernig menn eiga að verja fjármagni skattborgaranna. Við Íslendingar höfum litið svo á að við búum við velferðarkerfi og gildasti þátturinn í því þéttriðna öryggisneti sem stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa sameiginlega riðið í kringum þjóðfélagið er heilbrigðiskerfið. Íslenska heilbrigðiskerfið er giska gott. Framleiðni innan þess er verulega há. Það hefur komið fram í samanburði erlendra sérfræðinga að miðað við það fjármagn sem fer til kerfisins, þá skilar það ótrúlega drjúgum árangri. Við höfum hins vegar gengið mjög hart að þessu kerfi á allra síðustu árum.

Það má segja að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík séu gleggsta dæmið um það. Ég er þeirrar skoðunar að búið sé að skera svo hastarlega niður þar að ekki sé hægt að ganga lengra. Ég er líka þeirrar skoðunar að það fjárlagafrv. sem hérna liggur fyrir og þær tillögur sem hv. fjárln. hefur lagt fram dugi einfaldlega ekki. Þá stend ég frammi fyrir eftirfarandi spurningu: Vil ég ganga frekar á velferðarkerfið eða vil ég eyða meira fjármagni í það? Það er eðlilegt að ég svari þinginu þeirri spurningu.

Ég er þeirrar skoðunar að ef það er eitthvað sem er réttlætanlegt að eyða fé skattborgaranna í, þá er það heilbrigðisþjónustan. Hún er eitt af því sem gerir það að verkum að það er gott að vera Íslendingur. Íslendingar almennt upplifa öryggi af því að búa við þetta séríslenska velferðarkerfi sem á ekki sinn líka. En þessi niðurskurður hefur leitt til þess að saumarnir, herra forseti, eru farnir að rakna upp.

Ég vek athygli á því að það embætti sem á að fylgjast með framvindu heilbrigðiskerfisins og sem á að gefa þinginu upplýsingar um stöðu þess, landlæknisembættið, hefur sent okkur heldur nöturlega skýrslu sem um þetta vélum í fagnefnd þingsins. Í skýrslu frá landlækni kemur fram að niðurskurðurinn hefur leitt til þess að vinnuálag starfsfólks á stóru sjúkrahúsunum hefur aukist gríðarlega. Þetta hefur sérstaklega komið niður á bráðadeildunum og leitt til þess að fjarvistir starfsmanna hafa aukist þar eftir deildum um 50–100%. Þegar gerð var skoðanakönnun á því hvað ylli þessum fjarvistum, þá segir landlæknir að í 70% tilvika reki starfsmenn þessar fjarvistir til streitu og til þreytu, með öðrum orðum til kringumstæðna sem við höfum búið til. Herra forseti. Nógu erfitt er ástandið en ég held að það sé ekki hægt og það megi ekki gera það verra. En það er það sem ég held að verði niðurstaðan af þessu fjárlagafrv.

Landlæknir sagði jafnframt í skýrslu sinni að athuganir hans hefðu leitt í ljós að í lok vakta vistist sem svarar heil legudeild á göngum, í skotum og jafnvel á baðherbergjum. Samkvæmt ítarlegri rannsókn, svo að ég noti orðalag landlæknis, þá vistast fjórði hver sjúklingur við slíkar aðstæður. Hér er oft um að ræða verulega veikt fólk, fólk sem liggur með vökva og blóðgjafir, þarfnast veigamikilla rannsókna og hjúkrunar. Og landlæknir segir í skýrslu sinni, með leyfi herra forseta:

„Á göngum er mikil umferð svo mikið veikir sjúklingar fá ekki ró né svefnfrið. Fer ekki milli mála að slíkt umhverfi er ekki bjóðandi veiku fólki. Miklar kvartanir berast frá heilbrigðisstarfsfólki vegna þess að margir sjúklingar eru útskrifaðir of fljótt."

Þetta er ekki fögur lýsing en hún versnar þegar líður á skýrsluna, herra forseti. Þar segir líka, með leyfi forseta:

„Iðulega eru t.d. eldri sjúklingar útskrifaðir án þess að tryggt sé að þeir fái viðunandi heimahlynningu."

Nú er það þannig, herra forseti, að við samþykktum í fyrra lög um réttindi sjúklinga sem banna að útskrifa sjúklinga við þessar kringumstæður og hinn rökvísi landlæknir dregur eðlilega rökrétta ályktun af þessu ástandi vegna þess að hann segir í niðurlagi þessa kafla, með leyfi forseta:

„Nýleg lög frá Alþingi eru því þverbrotin daglega."

Ég les upp þessa skýrslu ekki til þess að berja á ríkisstjórninni eða öðrum heldur til þess að draga það fram hvernig staðan er. Andspænis þessu hljóta menn að reyna að skilgreina afleiðingar þessa fjárlagafrv. sem við erum núna að véla um.

Hvað þýðir það þegar niðurskurðurinn er orðinn svona mikill, þegar biðlistarnir frekar lengjast heldur en hitt? Það þýðir t.d. að þeim sem eru bráðveikir fjölgar meðal þeirra sem koma á sjúkrahúsin. Út af þessu ástandi, út af biðlistunum, út af því hve þeir eru langir, þá leiðir biðin einfaldlega til þess að mönnum elnar mein sitt, þeir verða bráðsjúkir og þá fyrst komast þeir á spítala. Herra forseti. Þessi staða leiðir með öðrum orðum til þess að hlutfall bráðveikra eykst. Staðan er einfaldlega þannig ef maður tekur t.d. lyflækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og fer tíu ár aftur í tímann, að þá sjáum við að fjöldi endurinnlagna á þessari deild var tólf sjúklingar á hverjar 1.000. Í dag hefur þetta margfaldast. 1995 voru þetta orðnir 75 sjúklingar á hverja þúsund. Niðurskurðurinn hefur leitt til þess að verið er að útskrifa fólk á meðan það er veikt, áður en það hefur hlotið bót meina sinna og fyrir vikið kemur það aftur og aftur á spítalann vegna þess að það nær einfaldlega ekki fullum bata sökum þess að það er sent heim til sín áður en það er orðið nægilega heilt heilsu.

Andspænis þessu mikla álagi, þessum vistunum sjúklinga á göngum, lögbrotum ríkisstjórnarinnar, þá hljótum við að meta hvernig staðan er í dag, hvernig er líklegt að hún verði. Hv. stjórnarliðar hafa komið hérna og bent á það eðlilega að talsvert mikið af fjármagni hefur verið sett inn í kerfið. Þeir benda á fjármagn sem kom á fjáraukalögum og þeir benda á það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson kallaði pottagaldur. Hann lauk sérstöku lofsorði á þá nýju aðferð sem hæstv. heilbrrh. hefur fundið upp með góðri aðstoð fjárln. og felst í því að búa til potta. Einn 300 millj. kr. pottur á að duga til að elda góðgerðarsúpu handa öllum spítölunum á landinu. En staðan er einfaldlega sú að þegar allir pottagaldrar hæstv. ríkisstjórnar eru upp taldir og öll súpan etin, þá stöndum við samt sem áður frammi fyrir því að á þessum þremur stóru sjúkrahúsum er vandinn fast að milljarði. Auðvitað geta hv. stjórnarliðar hrósað sér af því að þeir hafi slengt talsverðum fjármunum inn í þetta og ég lasta það alls ekki. Ég vanþakka það síður en svo. En það dugir ekki einu sinni nema rétt ríflega til að vinna upp halla síðustu ára. Þegar búið er t.d. að útdeila því sem kom á fjáraukalögum til stóru sjúkrahúsanna, þá eru enn þá eftir frá síðustu árum um það bil 140 millj. á öðrum spítalanum og líklega í kringum 155 millj. á hinum spítalanum. Þetta er einfaldlega vandi sem við glímum öll við. En þetta er eigi að síður staðreynd.

Á Ríkisspítölunum slæ ég á að líklega vanti 300–400 millj. Ég tel það. Sjúkrahús Reykjavíkur er þó miklu verr statt og ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst varla sæmandi sú meðferð sem Sjúkrahús Reykjavíkur hefur hlotið hjá fjárveitingavaldinu. Það er alveg ljóst þegar við horfum aftur í tímann að það hefur farið miklu verr út en Ríkisspítalarnir. Ef við lítum á heildartekjur sjúkrahúsanna í Reykjavík og skoðum hvernig þær hafa þróast frá 1988, þá kemur í ljós að heildartekjur Ríkisspítalanna hafa minnkað sem svarar frá 1988–1997 um 1,71%. En rýrnunin er 11,71% hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem bendir nú sterklega til þess að Sjúkrahús Reykjavíkur beri verulega skarðan hlut frá borði. Ef við lítum á framlag hins opinbera til þessara sjúkrahúsa, þá hefur það frá 1988–1997 aukist hjá Ríkisspítölunum um 3,5% en rýrnað hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur um 8,64%.

Ég minnist þess líka, herra forseti, að það urðu miklar deilur hér á síðasta kjörtímabili vegna þess að páv. ríkisstjórn fór í að sameina spítala og mönnum sýndist sitt hverjum. Sumir sögðu að það ætti að sameina aðra spítala. Aðrir sögðu að þessi sameining mundi ekki ganga upp. Nú höfum við reynsluna og reynslan er sú að jafnvel þeir sem voru mest á móti henni á sínum tíma telja að hún hafi lukkast vel.

En hvernig höfum við staðið við þau loforð sem framkvæmdarvaldið gaf þessum sjúkrahúsum við sameininguna? Eitt af því sem var lofað var að byggð yrði sérstök þjónustubygging í Fossvogi sem var talin algjörlega nauðsynleg vegna þessarar sameiningar. Þetta var loforð. Þetta er það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson notaði sem tilefni til þess að segja: „Við hættum við þá ákvörðun í dag sem við tókum í gær", í umræðu hér fyrr í vikunni. Herra forseti. Ég tel sem sagt að Sjúkrahús Reykjavíkur hafi borið miklu skarðari hlut frá borði en Ríkisspítalarnir og ég á mjög erfitt með að skilja þessa framkomu gagnvart sjúkrahúsinu. Ég held að staða þess núna sé líka miklu verri.

Það væri hægt að hlaupa á nokkrum tölum. Ég tel að það vanti inn í reksturinn, bara til þess að hann geti verið á því sama stigi og hann var á síðasta ári, sennilega 400 millj. kr. Það er líka ljóst að gríðarlegar upphæðir vantar í viðhald. Einungis viðhald utan húss á Sjúkrahúsi Reykjavíkur kostar sennilega 400 millj. Það vantar sennilega 400 millj. í tækjakaup líka bara til þess að það mætti segja að sjúkrahúsið yrði bærilega búið að endurnýjuðum tækjum. Og það vantar um það bil 360 millj. í stofnkostnað. Ég er hér að fara með tölur sem má lesa úr fjárlagabeiðni sjúkrahússins.

Nú geri ég mér grein fyrir því að þar er um að ræða ákveðinn óskalista og auðvitað þarf fjárlagavaldið jafnan að stemma talsvert af þær óskir sem koma fram. En ég held að það hljóti samt, herra forseti, að vera algert lágmark að við stöndum við þau fyrirheit sem við höfum gefið þjóðinni. Við höfum, stjórn og stjórnarandstaða, gefið þjóðinni þau fyrirheit að hún búi við jafntrygga þjónustu í heilbrigðismálum á komandi ári og á hinu liðna. Hv. þm. Jón Kristjánsson

ítrekaði þetta loforð fyrir hönd stjórnarinnar í framsögu sinni fyrr í dag. En það blasir við að þessi mikilvæga burðarstoð í heilbrigðiskerfinu á Íslandi, Sjúkrahús Reykjavíkur, riðar. Þarna vantar inn hundruð milljóna og ég fullyrði það, herra forseti, að ef ekki verður tekið einhvern veginn á þessu, þá þýðir það bara eitt. Þá þýðir það einfaldlega að ríkisstjórnin knýr þá sem fara með stjórn spítalans til þess að segja upp svona 200 manns og loka a.m.k. tveimur deildum.

Í fjárlagafrv. kemur fram, herra forseti, að sá samningur sem gerður var milli fjmrn., heilbrrn. og Reykjavíkurborgar er túlkaður þannig af hálfu fjmrn. að öll sú eyðsla sem umfram fjárlögin er verður á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Þetta var að vísu setning sem fjmrn. á sínum tíma vildi fá inn í samninginn en Reykjavíkurborg féllst ekki á. Í staðinn var hún þá sett inn í fjárlagafrv. í formi greinargerðar þannig að það er alveg ljóst að að samþykktu þessu fjárlagafrv. er þingið í rauninni búið að setja þennan kross á Reykjavíkurborg. *Það þýðir einfaldlega að hæstv. heilbrrh. sem neyðist* til þess að standa frammi fyrir því, e.t.v. á allra næstu dögum, að þessu frv. samþykktu, að taka ábyrgðina á því að segja upp um það bil 200 manns á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og loka tveimur mikilvægum deildum. Og um leið og það gerist er búið að brjóta loforðið sem hv. þm. Jón Kristjánsson gaf fyrir hönd stjórnarinnar hér í morgun, að heilbrigðisþjónusta íbúanna yrði jafntrygg á næsta ári og hún var á því síðasta.

[16:37]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. kom víða við í ræðu sinni en það er eitt atriði sem ég vildi koma til skila í andsvari svo að það misskiljist ekki. Halli þeirra 12 landsbyggðarsjúkrahúsa sem voru til meðferðar varðandi minnkun útgjalda upp á 160 millj. á sínum tíma og 80 millj. síðar, er ekki 384 millj. Þar var um 12 sjúkrahús að ræða og til viðbótar er halli á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri nýtilkominn upp á 84 millj. og hallatölur fyrir sjúkrahúsin hér í nágrenni höfuðborgarinnar sem voru ekki inn í þessari úttekt.

Hv. þm. lýsti því að allt það starf hefði verið unnið fyrir gýg. (**ÖS:** Það sagði ég ekki.) Ég biðst afsökunar á því ef ég hef misskilið það. Það er langt frá því að svo sé. Það hafa verið gerðir margir góðir hlutir á þessum sjúkrahúsum og farið þar yfir málin. Hins vegar er ætlunin að framhaldið sé í höndum þeirrar stýrinefndar sem er ætlunin að skipa og sú úttekt sem verður gerð og þeir samningar sem verða gerðir við sjúkrahúsin, ráði framhaldinu.

Varðandi Sjúkrahús Reykjavíkur, þá vil ég endurtaka það sem reyndar kom fram í ræðu varaformanns fjárln. að áríðandi er að strax verði hafist handa við að yfirfara mál þess af stýrihópnum vegna þess að það er ljóst og ég hef sagt það áður við umræðuna um fjáraukalögin að þar er verulegur vandi. Það þarf að bregðast við því og fara yfir þau mál sem allra fyrst.

[16:39]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þessi yfirlýsing hv. þm. Jóns Kristjánssonar um Sjúkrahús Reykjavíkur sé mjög mikilvæg. Hann ítrekar það hér sem hann mun hafa sagt í sinni ræðu í morgun, þó það hafi farið fram hjá mér, að hann gerir sér grein fyrir því að vandi sjúkrahússins sé mikill. Hann segir jafnframt að nauðsynlegt sé að fara skjóta yfirferð yfir málefni sjúkrahússins til þess að hægt sé að reyna með einhverju móti að ráða niðurlögum þessa vanda.

Auðvitað er ég dálítið undrandi á að heyra þetta vegna þess að hv. fjárln. hefur unnið sitt starf mjög vel. Hún hefur kvatt til alla þá sem m.a. þetta mál varðar og hún veit nákvæmlega hvernig staðan er. Ég held ekki að enn ein yfirferðin skili nokkru um það. Hv. þm. Jón Kristjánsson og allir hinir í fjárln. vita hver vandinn er. Það getur vel verið að menn geti deilt um einhverjar 100 eða 150 millj. þar en það er ljóst að vandinn er svo gígantískur að það verður að loka deildum og það verður væntanlega að ráðast í það tiltölulega fjótlega og þar með að segja upp nokkrum fjölda fólks ef ekki verður gripið til einhvers konar ráðstafana mjög snemma. Ég velti því fyrir mér af hverju hv. fjárln. ætli þá að skoða þetta mál í janúar eða febrúar þegar það er ljóst hver vandinn er núna. Hvers vegna taka menn ekki á þessu við þessa fjárlagagerð og aflétta þar með óvissunni um framtíð spítalans?

Að því er varðar síðan það sem ég sagði um landsbyggðarsjúkrahúsin, þá var það þannig eins og hv. þm. mun sjá ef hann les ræðu mína síðar að ég sagðist telja að flest landsbyggðarsjúkrahúsanna 12 hefðu verið inni í þessu. Ég veit að þetta náði ekki til allra. Ég veit t.d. að Sjúkrahúsið á Akranesi með talsverðan halla er ekki þar inni. Sjúkrahúsið á Selfossi sem skyndilega dúkkar upp með talsverðan halla er ekki inni og ég held ekki heldur sjúkrahúsið í Keflavík þannig að líkast til er heildartalan meiri en 386 millj. Það skiptir ekki máli í þessu í sjálfu sér.

[16:41]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að það hafa komið miklar upplýsingar um sjúkrahúsin til fjárln. og það eru miklar upplýsingar fyrirliggjandi um stöðu sjúkrahúsanna. Hins vegar er ekki með öllu ljóst hvernig samningur sem gerður var milli heilbrrn., fjmrn. og Reykjavíkurborgar annars vegar og sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hins hvegar, gengur fram. Það verður að koma í ljós. En ég endurtek að það þolir ekki bið að komast að niðurstöðu í þessu máli og gera samninga um umfang starfseminnar þannig að þjónustan sé tryggð.

Ég endurtek þá yfirlýsingu og hef reyndar sagt það áður í umræðunni um fjáraukalögin á sínum tíma og nefndi þetta í ræðu minni í morgun.

[16:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það týrir enn á skari skilnings hjá hv. þm. Ég fagna því að hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, segir að það þoli enga bið að kanna þegar í stað möguleg viðbrögð við vanda Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það er söguleg yfirlýsing og skiptir miklu máli.

Hv. þm. orðaði sitt mál þannig, eða ég dró þá ályktun af því, að það sem út af ber er að kanna stöðu samningsins milli Reykjavíkurborgar, fjmrn. og heilbrrn. Það liggur líka alveg fyrir hvernig sá samningur hefur verið útfærður. Til er bréf um það sem er m.a. í vörslu fjárln. Ég vil líka upplýsa hv. þm. um að hann hefði sennilega gott af því að lesa bréf frá 7. september sem Kristján Erlendsson, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., og Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður skrifuðu sínum yfirboðurum. Þar kemur alveg skýrt fram álit þeirra á því hvernig þessi staða er og hvernig þeir telja á þeim tímapunkti að fjárlögin horfi við rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það er ekki fagur lestur, herra forseti.

[16:44]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur nú verið talsverð lífsreynsla að hlusta á ræðu hv. 15. þm. Reykv. Ég sat á skrifstofu minni hérna örskammt frá þegar hv. þm. hóf mál sitt og ég verð að játa að það rifjuðust upp svona gamlir og góðir dagar þegar við hv. þm. vorum að verjast spjótalögum páv. stjórnarandstöðu sem réðist að páv. ríkisstjórn fyrir allt of mikinn niðurskurð í ríkisfjármálum og velferðarmálum. Hv. þm. hóf mál sitt þannig að mér fannst eins og hann stæði í þeim gömlu og góðu sporum. Hann talaði af mikilli ábyrgð, hvatti til þess að menn færu gætilega með ríkisins fé, hafði helst áhyggjur af því að í góðæriskastinu hefðu menn einna helst beitt ríkisfjármálin fullmiklum lausatökum og ekki gætt sín í útgjöldunum og þess háttar.

Þegar ég var hins vegar kominn hingað út í þinghúsið sem er ekkert mjög löng leið, þá var hv. þm. farinn að flytja aðra ræðu. Mér er hins vegar tjáð að þetta sé hin sama ræða. Hv. þm. talaði þá að vísu ágætlega fyrir því að aukin yrðu útgjöld til stærsta og útgjaldafrekasta málaflokksins, þ.e. heilbrigðismála og flutti fyrir því býsna sannfærandi rök sem ég ætla út af fyrir sig ekkert að fara yfir. Hv. þm. opnaði hins vegar ekki munninn í röksemdafærslunni fyrir minna en svona nokkur hundruð millj. kr. í hvert skipti, þ.e. 400 millj. þarna og 300 þarna og 500 þarna og eitthvað svoleiðis. (Gripið fram í.) Án þess að ég legði það nú saman nákvæmlega, hv. þm., þá sýndist mér að talan væri a.m.k. ekki langt frá milljarðinum, svona kannski milli 1 og 2 milljarðar þannig að ég verð að játa það, virðulegi forseti, að það var dálítið mikil lífsreynsla að hlusta á svona tvær ræður hvor í sína áttina frá einum og sama hv. þm. og í einni og sömu ræðunni.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt að þungavigtarmaður eins og hv. 15. þm. Reykv. og formaður heilbr.- og trmn. tali þannig að ábyrgt megi teljast, ekki síst þegar við erum að fjalla um svona mikilvægt mál eins og útgjöld eru til heilbrigðismála.

[16:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að æska hv. þm. sé farin að týnast og hann hafi þess vegna verið talsvert lengur á leiðinni á milli húsa en hann vill vera láta. En staðreyndin er sú að ég færði fyrir því siðferðileg rök að því er ég taldi hvers vegna afstaða mín, þrátt fyrir inngang ræðu minnar hlyti að verða sú að ekki væri annað hægt en láta aukið fjármagn til þessa málaflokks miðað við þann vanda sem við blasti og þau loforð sem m.a. hv. þm. Jón Kristjánsson gaf hér í dag um heilbrigðisþjónustuna. Ég færði fyrir því rök að á síðustu áratugum hefði með samþykki allra flokka byggst upp velferðarkerfi sem þjóðfélagið almennt samþykkti. Ég dró þá ályktun af þeirri stöðu sem blasir við Sjúkrahúsi Reykjavíkur, reyndar stóru spítölunum, að ef þetta fjárlagafrv. næði fram að ganga í þeirri mynd sem það er núna, þá væri verið að rjúfa þá sátt. Og ég taldi mig færa siðferðileg rök fyrir því að það væri mjög óæskilegt að það gerðist. En það getur auðvitað verið að hv. þm. vilji frekar stunda einhvers konar orðfræðilega akróbatík frekar en taka þátt í málefnalegri umræðu og mér er alveg sama um það.

[16:47]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó rétt sé hjá hv. þm. að ég sé nokkuð að hníga að miðjum aldri þá held ég að vegalengdin úr Blöndalshúsi yfir í þinghúsið sé ekki lengri en svo að jafnvel þó ég færi hægt yfir gæti það talist nokkuð afrek að hv. þm. skipti svona algerlega um skoðun á ekki lengri leið, frá því að vera rétt eins og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson á góðum degi í það að vera venjulegur kröfupólitíkus eins og hv. þm. var orðinn í seinni ræðu sinni.

Ég var ekkert út af fyrir sig að deila við hv. þm. um efnisatriði málsins. Ég vakti athygli á því að hans kröfur hefðu hlaupið á 500–600 millj. kr. og helst ekki lægra í hvert skipti sem hv. þm. nefndi eitthvað sem vantaði. Ég taldi ástæðu til þess að vekja athygli á því vegna þess að hv. þm. er formaður heilbr.- og trn. og má glöggt vita um þessi mál. Það er fremur langur vegur frá því að tala eins og hæstv. fjmrh. á góðum degi og hvetja til aukins niðurskurðar á flestum sviðum og snúast svo í það á tveimur mínútum að vera talsmaður stóraukinna útgjalda, helst upp á marga milljarða kr. umfram það sem fjárlögin gera ráð fyrir.

[16:49]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég hlusta á ræðu hv. þm. þá velti ég fyrir mér hvort leið hans úr Blöndalshúsi hingað yfir í þingið hafi ekki legið úr Café París hér handan Austurvallar því að mér sýnist málflutningur hans bera þess merki að hann telji að hann sé staddur á málfundi í menntaskóla sem áratugir eru síðan hann var staddur á síðast frekar en í alvarlegri umræðu um heilbrigðismál.

Hér er um að ræða prinsippmál. Mín ræða laut að því að nauðsynlegt væri að gæta aðhalds og menn þyrftu alltaf að gæta aðhalds. Síðan færði ég fyrir því rök að jafnvel þrátt fyrir þá ríku nauðsyn væri staðan í heilbrigðiskerfinu þannig að það væri ekki hægt annað en huga að vanda þessa málaflokks.

Hver voru viðbrögð t.d. hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln.? Hann kom hér tvisvar upp og ítrekaði það að vandinn væri mikill og þegar yrði að grípa á honum. Því þykir mér sýnt að hv. þm. Jón Kristjánsson taki málefnalegar á þessu og skilji þetta miklu betur en drengirnir að vestan þrátt fyrir vilja þeirra til þess að koma hérna og vera sniðugir á kostnað Sjúkrahúss Reykjavíkur og þeirra spítala sem allir vita að standa frammi fyrir gríðarlega miklum vanda. Ef það er vilji Sjálfstfl. að nota umræðu um fjárhagsvanda Sjúkrahúss Reykjavíkur til þess að fara á einhverjum grínaktugum kostum þá er það allt í lagi mín vegna. Ég get a.m.k. tekið þátt í að hlýða á hv. þm. En við sem tökum með festu og alvöru á þessum málum hljótum auðvitað að hugsa okkur tvisvar um áður en við leggjum til þátttöku í slíkum orðaleik.

[16:50]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði reyndar um pottagerð en ekki pottagaldur en hv. þm., síðasti ræðumaður greip orðið þannig. Ég vek athygli hv. þm. á því að stefnubreyting hefur orðið gagnvart sjúkrahúsunum og vek alveg sérstaka athygli á því að nú er ekki talað niðurskurð heldur um að bætt verði við tölurnar frá fjárlagafrv. Það er ekki niðurskurður heldur verður verulega bætt við eins og oft hefur komið fram í þessari umræðu.

Það er rétt hjá honum niðurskurðaráformin í fyrra voru afar óheppileg. Þau komu reyndar ekki til framkvæmda nema að verulega litlu leyti. En sjálf umræðan var slæm og hafði skaðvænleg áhrif í byggðum landsins. Hún var ómakleg í garð margra góðra stjórnenda sem höfðu rekið fyrirtæki sín og stofnanir allvel. En það hlýtur að geta tekist sátt um að landsbyggðarsjúkrahúsin sinni þeirri þjónustu sem þau geta með góðu móti annast en hátæknihúsin hér og á Akureyri sinni hinum flóknari og vandasamari verkum en séu ekki að taka þjónustuna af sjúkrahúsum í smærri byggðum.

[16:52]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Hjálmari Jónssyni að þessi umræða var afskaplega óheppileg. Hún var þó ekki að öllu leyti ófarsæl vegna þess að hún leiddi til þess að menn fóru í að gera úttekt á stöðu m.a. þessara sjúkrahúsa og komust að því að hún var miklu miklu verri en heilbrrn. gerði sér grein fyrir og það leiddi til þess að fjárln. gerði tillögu um 200 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum til þess að leiðrétta það. Það kom þó jákvætt út úr því.

Hv. þm. sagði að óskandi væri að sátt tækist um að sjúkrahúsin á landsbyggðinni gætu sinnt ákveðnum verkum en hátæknisjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu öðrum og flóknari verkefnum. Ég tek undir þessa ósk. En til að hægt sé að koma slíku í framkvæmd, þá þurfum við að hafa stefnu í þessum málum og við þurfum að móta stefnuna í sameiningu hér á Alþingi. Við förum með fjárlagavaldið og þess vegna skiptir það mjög miklu máli að við fáum tækifæri til þess að ræða þessi mál. Sem formaður heilbrn. hef ég aftur og aftur komið hingað og kvarta sárlega undan því að þingið fái aldrei tækifæri til þess að ræða stefnu í sjúkrahúsmálum. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. heilbrrh. tekur alltaf á sig hring fram hjá þinginu. Ég nefni t.d. skýrslu VSÓ. Hvað sem mönnum finnst um þá skýrslu, þá fólst í henni vísir að stefnu. Hún var alla vega þess virði að menn ræddu hana. En hvað var gert við það mál? Það var afgreitt utan þingsins. Það var sett í nefnd sem þingmenn komast ekki að. Umræðan sem ætti með réttu að vera hérna innan veggja þingsins fer fram á einhverjum kontórum í fjármála- og heilbrigðisráðuneytum. Hv. þm. Hjálmar Jónsson fær ekki að taka þátt í henni nema hann sé í náðinni hjá hæstv. heilbrrh.

En af því að hv. þm. Gísli S. Einarsson á afmæli í dag, þá langar mig til þess að óska honum til hamingju með afmælið.

[16:54]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir góðar óskir til hv. þm. Gísla S. Einarssonar og vona að það komi fram í málflutningi hans það sem eftir er dagsins að hann á afmæli í dag.

Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að vitleysan getur komist á það alvarlegt stig í vissum málum að allar leiðir hljóti að verða til bóta. Ég skal ekki tala um hversu mikil vitleysan var í heilbrigðiskerfinu en í öllu falli er stefnan nú í rétta átt.

[16:55]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. og formaður heilbr.- og trn. flutti hér athyglisverða ræðu. Hins vegar komu mér mjög mikið á óvart fullyrðingar hv. þm. um að fyrir dyrum stæðu stórfelldar lokanir sjúkrahúsa. Hvers vegna skyldi það koma mér á óvart? Jú, vegna þess að 12. september sl. gerðu borgarstjórinn í Reykjavík og heilbrrh. og fjmrh. samning um rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna. Línur voru lagðar um hvernig standa ætti að rekstri þessara sjúkrahúsa til áramóta. Í fjáraukalögum sem afgreidd verða á næstu dögum eru settar inn 320 millj. til að hlaupa undir bagga á þessu ári. (**Gripið fram í:** Dugar það?) Niðurstaðan hjá þeim aðilum var að það dygði. Annars hefði borgarstjórinn í Reykjavík væntanlega ekki skrifað undir þennan samning. Ég ætlast til þess.

Hv. þm. nefndi að þróun kostnaðar hjá þessum sjúkrahúsum hefði verið með svipuðum hætti. Ég tel ástæðu til að nefna það vegna þess að fjárln. hefur undir höndum ágæta skýrslu frá Ríkisendurskoðun þar sem segir að tímabilið 1990–1996 hafi framlög hækkað. Raunbreytingin hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur er 1,3% frá 1990 til ársins 1996. Inni í því er vel að merkja mikil lækkun lyfjakostnaðar. Sú lækkun hefur áhrif á heildarútgjaldaþróunina og ætti að hafa orðið til þess að aðrir þættir hefðu úr meiru að spila.

Í seinni ræðunni minni mun ég svo fjalla um Ríkisspítalana.

[16:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reiknaði sem betur fer ekki sjálfur þær tölur sem ég fór með áðan heldur eru þær teknar úr úttekt Þjóðhagsstofnunar. Þær komu sem sagt frá Þjóðhagsstofnun en ekki frá þingflokki jafnaðarmanna eða öðrum. Opinberir sérfræðingar hafa reiknað þetta.

Hv. þm. gat þess að hann ræki í rogastans yfir því að það kynni að þurfa að grípa til stórfelldra uppsagna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur vegna þess að fyrir lægi samkomulag frá 12. september. En lykilorðið í því samkomulagi sagði hann sjálfur. Að samkomulagið næði til áramóta. Ég er að tala um fjárlagafrv. fyrir næsta ár og ef þessi mikli halli verður staðfestur með fjárlagafrv., þá er nauðsynlegt fyrir sjúkrahúsið að grípa til ráðstöfunar fyrir næsta ár. Ég get ekki ímyndað mér að fólki verði sagt upp til þess að það hætti fyrir áramót, enda er það ómögulegt. Að því er talsverður aðdragandi en ég fullyrði hins vegar að ef það verður ekki undinn bráður bugur að því að leysa þennan vanda, þá verður sennilega nauðsynlegt að segja upp 200 manns. Þetta er ekki aðeins mínar eigin skoðanir. Þetta kom fram í máli forsvarsmanna sjúkrahússins á fundi heilbrn. fyrir skömmu.

[16:59]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil geta þess og vekja athygli á því að í fjárlagafrv. eru framlög til þessara sjúkrahúsa hækkuð og í brtt. frá hv. fjárln. er gert ráð fyrir enn frekari hækkun. Auðvitað þarf að skoða stöðuna í því ljósi.

En varðandi þróun útgjalda hjá Ríkisspítölunum ber að athuga að hún var frá árinu 1990–1996 upp á 12,3% raunaukningu. Samhliða varð veruleg lækkun lyfjakostnaðar þannig að raunaukning til launa og annarra starfsemi er enn þá meiri.

Hv. 15. þm. Reykv., formaður heilbr.- og trn., gat þess í ræðu sinni að sjúkrahúskostnaður lágur vegna þess að laun í heilbrigðiskerfinu væru lág. Í þessari sömu skýrslu kemur fram að þróun launakostnaðar á stöðugildi í þessum sjúkrahúsum er þannig á spítölunum í Reykjavík að um er að ræða 20,5% hækkun launakostnaðar á stöðugildi. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu, yfir 20% hækkun á tímabilinu.

[17:00]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tölur þær sem hv. þm. fór með um þróun launa á stöðugildi helgast auðvitað af því að stöðurnar eru ekki fullmannaðar og þarna er um að ræða mikla yfirvinnu. Í ræðu minni var ég að tala um og bera saman hlutfall launakostnaðar innan heilbrigðiskerfisins hér á landi og erlendis. Ég sagði að sú breyting væri nú á að vinnumarkaður þessara starfsstétta væri að verða alþjóðlegur og þá mun launakostnaður vegna þeirra mun aukast. Á allra síðustu mánuðum höfum við séð að þessi þróun er þegar farin af stað.

Að öðru leyti, herra forseti, talar hv. þm. hér talsvert um Sjúkrahús Reykjavíkur og vanda þess og af ræðu hans mætti halda að hann teldi ekki um verulega mikinn vanda að ræða. (**StB:** Það kom fram í ræðu minni...) Já, ég hlustaði á hana líka. En ég hef þá bara eina spurningu til hv. þm. Getur hann fullyrt úr þessum ræðustól að það muni ekki koma til neinna lokana á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á næsta ári? Getur hann fullyrt að ef sýnt yrði fram á þann vanda sem ég hef talað um hérna, þá mundi fjárln. hlutast til um að úr honum yrði bætt?

[17:02]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 489; brtt. KH og GGuðbj, þskj. 495.

[17:02]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggja fyrir til 2. umr. fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1998. Eins og önnur fjárlagafrumvörp bera þau vitni um raunverulega stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem í hlut á. Þessi fjárlög eru mikil um sig og munu hafa víðtæk áhrif á efnahagslífið í landinu og þar með allt þjóðlífið, ekki síst afkomu almennings. Það sem mér finnst helst á skorta í sambandi við þetta frv. er heildarsýn. Mér finnst ekki alveg rökrétt hvaða liðir fá betri undirtektir en aðrir og frv. bera þess nokkur merki.

Samkvæmt þjóðhagsáætlun fyrir 1998 er reiknað með að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 1998 eða nokkru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Samkvæmt sömu áætlun eru ýmis teikn á lofti um að þensla sé að myndast í efnahagslífinu eða a.m.k. sé vöxtur efnahagsstarfseminnar á ystu mörkum þess sem samrýmist viðunandi verðlagsþróun.

Eitt alvarlegasta merkið sem nú er sýnilegt er að verðbólgan virðist hafa farið af stað á nýjan leik og hækkun vísitölu neysluverðs verði um það bil 1% meiri milli ára nú en verið hefur undanfarin ár. Við slíkar aðstæður segja fræðin að nú þurfi að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum. En þá verður að athuga hvar beri að gæta aðhalds og jafnframt varast að það komi niður á veiku fólki eða menntastefnu þjóðarinnar. Menntun þjóðarinnar er okkar mikilvægasta fjárfesting til framtíðar og þar megum við síst beita tillitslausum sparnaði þó auðvitað þurfum við þar sem annars staðar að gæta aðhalds og viðhafa gott eftirlit. Ég tel einnig að sama eigi að gilda um heilbrigðismál. Þar eigum við að veita sjúkum og þurfandi þá bestu hjálp sem völ er á og berjast fyrir því að ávallt séu úrræði fyrir veikt fólk og það þurfi ekki að vera í langan tíma á biðlistum meðan heilu sjúkradeildirnar eru lokaðar vegna rekstrarfjárskorts. Ég tel, herra forseti, að af slíku sé vafasamur sparnaður fyrir þjóðfélagið.

Á sama tíma og við blasir að ráðstöfunartekjur heimilanna eru taldar aukast um 8% á næsta ári veldur það miklum áhyggjum að skuldir heimilanna virðast jafnframt aukast. Það virðist ætla að verða eitt stærsta efnahagsvandamál sem Íslendingar hafa átt við að glíma undanfarin ár. Þannig hafa skuldir heimilanna aukist í það að vera 132% í hlutfalli við ráðstöfunartekjur á þessu ári. Ekki þarf mikinn hagspeking til að sjá að slíkt getur ekki gengið, enda eiga fjölmörg heimili við mikil vandræði að etja. Erfiðast er að fólk er í mörgum tilfellum að reyna að bjarga sér frá mánuði til mánaðar á fokdýrum neyslulánum til að endar nái saman því afborganir af lánum taka mestallar útborgaðar tekjur. Þetta er allt uppáskrifað af nánustu ættingjum og vinum og fólk er í stöðugri andlegri nauð að draga fram lífið með þessi ósköp á bakinu.

Mér finnst undarlega hljótt um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, til hvaða ráða hún ætlar að grípa í þessu sambandi. Sérstaklega er það sérkennilegt í ljósi þeirrar staðreyndar að annar stjórnarflokkurinn rakaði að sér atkvæðum í síðustu kosningabaráttu vegna þess að hann lofaði aðgerðum í málefnum þessa hóps. Fyrir þeim úrræðum hefur heldur lítið farið svo ekki sé meira sagt.

Þegar verið er að greiða út vaxtabætur hef ég stundum hugsað um hvort ekki ætti að vera í boði hvetjandi úrræði til að fá fólk til að leggja bæturnar inn á móti skuldunum í stað þess að greiða þær út í hönd sem verkar mjög neysluhvetjandi.

Mestu vonbrigðin við frv. hljóta þó að vera með úrlausn heilbrigðismála en í þeim málaflokki hefur ástandið verið að versna með ári hverju nokkur undanfarin ár og ávallt borið við slæmu ástandi efnahagsmála. Ýmsir töldu að nú yrði neytt færis í góðærinu, þeir veiku og hrjáðu látnir njóta efnahagsbatans og hagur þeirra réttur á ný. Því miður er það ekki reyndin samkvæmt þessu frv. Ég sé ekki betur en vinna fjárln. á þessu ári hafi gert vandann í heilbrigðiskerfinu umtalsvert meiri. Þær sparnaðarhugmyndir sem útfæra átti á landsbyggðinni hafa aðeins leitt til þess að vandinn magnaðist og þurfti á fjáraukalögum að setja 200 millj. í pott. Úr honum er sérstökum spekingum ætlað að útdeila en þessar 200 millj. og 300 millj. til viðbótar á árinu 1998 í sama úrlausnapottinum eru aðeins dropi í hafið á móti þeim vanda sem við blasir. Nú í árslok er t.d. halli FSA eins 84 millj. og fjárvöntun stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík um 400 millj. og þann bagga blýþungan virðist þeim vera ætlað að bera inn í framtíðina. Inni í þessum tölum er ekki reiknað viðhaldsfé sem víða er þó brýn þörf fyrir. Húsakosturinn t.d. á deildum þar sem bráðveikt fólk liggur í gjörgæslu er ekki boðlegur. Þar að auki vil ég vara sérstaklega við slíkum pottalausnum. Þær hafa það í för með sér að pottverjar sem að stærstum hluta eru valdir af heilbrrn. hafa í hendi sér líf og framtíð þeirra stofnana er keyrt hafa fram úr og geta þvingað þá inn í hvers konar skipulagsbreytingar en eins og dæmin sanna hafa þær ekki allar verið jafndjúphugsaðar. Í sumum tilfellum hafa þær verið andstæðar vilja forráðamanna og starfsfólks viðkomandi stofnana og veikt þann starfsanda sem þarf að vera góður þegar staðan er erfið.

Forsjármenn sjúkrahúsanna meta það svo að inn í rekstur sjúkrahúsanna í landinu vanti um það bil einn milljarð til viðbótar því sem er í frv. Þá er einungis miðað við að hægt sé að halda starfseminni óbreyttri frá því sem nú er. Við bætist að vandi landlæknisembættisins sem lítið hefur verið ræddur í þessari umræðu er umtalsverður. Þeir komu á fund hv. fjárln. með mikil vandræði sem safnast hafa fyrir á undanförnum árum. Fjárveitingar til stofnunarinnar hafa alls ekki nægt og enn hefur úrlausn þeirra mála ekki litið dagsins

ljós . Ég er hissa á stöðunni og spyr sjálfa mig: Gæti það verið vegna þess að landlæknir hefur stundum lýst ástandinu í heilbrigðiskerfinu þannig að óþægilegt sé fyrir ráðandi öfl í landinu?

Það verður að segjast eins og er að stefna ríkisstjórnarinnar í fjáraukalögum virðist vera sú að skerða þjónustuna. Verði ekki brugðist við í þessu máli milli umræðna þá blasa við mikil vandræði.

Nú fara nokkrum orðum um þann kafla frv. sem fjallar um menntamál.

Þeir sem héldu að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að framkvæma þá yfirlýstu stefnu beggja ríkisstjórnarflokkanna í góðærinu að bæta ástandið í menntamálunum hljóta að hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með það fjárlagafrv. sem lagt var fram á haustdögum. Það hefur lengi verið áhyggjuefni þeirra sem bera menntun þjóðarinnar fyrir brjósti að fjárveitingar til menntamála eru mjög naumar hér á landi miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndum. Minni hluti menntmn. Alþingis ítrekar í umsögn sinni til fjárln. að verið sé að reyna að halda úti skólakerfi fyrir allt of lítið fé miðað sambærileg lönd. Staðan í skólum hvort sem litið er til þjónustu við nemendur, atvinnulífsins eða launakjara kennara stenst engan veginn samanburð við þau lönd sem við berum okkur saman við samkvæmt t.d. síðustu matsskýrslu OECD. Ef íslensk stjórnvöld bregðst ekki við með því að stórauka fjármagn til menntamála er ástæða til að óttast alvarlega um samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Fjárveitingar til háskólastigsins koma verst út borið saman við önnur lönd í skýrslu OECD.

Bent skal á að þegar frv. til laga um háskóla hefur verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi eins og margt bendir til að verði á næstu dögum má búast við vaxandi kröfum um fjárveitingar til allra skóla háskólastigi. Sams konar þróun erlendis bendir til að þeir háskólar sem verst eru settir hvað snertir rannsóknir og aðstöðu geri smám saman svipaðar kröfur og þeir sem besta aðstöðu hafa.

Háskóli Íslands hefur mikla sérstöðu meðal íslenskra skóla og fer ekki vel út úr fjárveitingum í fyrirliggjandi fjárlagafrv. Forsjármenn skólans hafa lagt fyrir fjárln. vel rökstuddar óskir um að fjárveitingar til stofnunarinnar verði hækkaðar um 230 millj. kr. frá því sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Þar af verði launaliður einn sér hækkaður um 100 millj. vegna vanreiknaðra áhrifa launahækkana. Hækkun á launaliðnum hefur verið alfarið hafnað af ráðuneytinu. Telja þeir að áhrif launahækkana séu þegar reiknuð inn í fjárveitingar. En af þeim 131 millj. sem beðið var um voru 15 millj. til rannsóknarstarfsemi, til reksturs fasteigna 4 millj., til rannsóknarnáms 43 millj. og ritakaupasjóðs 20 millj. Þess í stað er aðeins lagt til að veittar verði 35 millj. í rannsóknarnám og 15 millj. til ritakaupasjóðs. Háskólinn á Akureyri fer fram á 70 millj. í viðbótarfjárveitingu en fær samtals 9 millj.

Kennaraháskólinn stendur nú á tímamótum. Til stendur að sameina hann þremur öðrum skólum sem færast þar með á háskólastig. Farið er fram á að fjárveiting til skólans verði hækkuð um 39,5 millj. kr. en hann fær 8 millj. Aðrir skólar fá svipaða afgreiðslu. Tækniskóli Íslands, sem lagði fram mjög vandað og rökstutt erindi þar sem farið er fram á að fjárveitingar til skólans verði hækkaðar um 66 millj. kr., fær 5 millj. frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Auk þess er lagt til að skólans verði minnst við útdeilingu sérstaks stofnkostnaðarframlags upp á 15 millj. vegna fyrirhugaðra tækjakaupa.

Undanfarið hefur verið unnið að samningum við framhaldsskólana um nýtt kerfi til að beina fjárveitingum til skólanna. Ástæða er til að minna á að ef fjárveitingum til framhaldsskólanna er haldið niðri með þeim hætti sem fram kemur í þessu fjárlagafrv. þá vinnur tölvan aðeins úr því sem hún hefur úr að moða og vænkast hagur skólanna ekki við það eitt að taka upp nýjar úthlutunarreglur. Sá vandi verður heldur ekki leystur með því að taka upp fallskatt eða önnur skólagjöld. Ástæða er til að skoða fjárveitingu til framhaldsskólanna með tilliti til þess að nú er verið að framkvæma ný lög um framhaldsskóla í landinu.

Varðandi grunnskólastigið má minna á að fjölmörg sveitarfélög telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna og er það álit minni hluta fjárln. að fara eigi yfir það dæmi upp á nýtt með tilliti til þess sem fram hefur komið um auknar kröfur til skólanna. En mesti vandinn sem blasir við grunnskólastiginu varðandi þann hluta sem ríkissjóður á að sjá um er hin alvarlega staða námsgagnagerðar fyrir þetta skólastig. Lengi hefur framlag ríkisins til námsgagnagerðar verið margfalt lægra en í nágrannalöndunum. En nú hefur það einnig farið hraðminnkandi miðað við hvern einstakan nemanda á grunnskólastigi eða frá því að vera 6.480 kr. á nemanda árið 1991 niður í 5.060 kr. á næsta ári. Á sama tíma eru gerðar kröfur um meira framboð og aukin gæði námsgagna og námsefnisformið tekur hröðum breytingum.

Námsgagnastofnun er ætlað lykilhlutverk á þessu sviði samkvæmt lögum og fór fram á mikla aukafjárveitingu til að geta betur sinnt endurnýjun námsefnis í náttúrufræðigreinum, undirbúningi og endurnýjun námsefnis vegna nýrrar námskrár og kynningar. Minni hlutinn ber fram tillögur um að komið verði til móts við þessa beiðni stofnunarinnar að hluta til.

Minni hlutinn telur einnig brýnt að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála verði gert kleift að vinna úr gögnum sem liggja fyrir um rannsóknir á íslensku skólakerfi. Það er marklaust að vera með upphrópanir um gæði skólanna ef ekki fást fjármunir til að þær rannsóknaniðurstöður sem liggja fyrir nýtist við að bæta skólastarfið. Því miður er ekki gert ráð fyrir neinni viðbótarfjárveitingu hvorki til Námsgagnastofnunar né Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála nú við 2. umr. þótt þörfin sé brýn.

Breytingartillögur gera ráð fyrir 50 millj. kr. fjárframlagi til jöfnunar á námskostnaði og er það nokkur bót en dugir skammt fyrir þá nemendur sem bera mikinn aukakostnað vegna þess að þeir geta ekki stundað nám í sinni heimabyggð. Framlög til ýmissa menningarmála eru einnig skorin við nögl í frv. og það svo mjög að ástæða er til að hafa áhyggjur af að ýmsar stofnanir geti ekki sinnt því hlutverki sem gert er ráð fyrir. Má þar benda á Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn. Slíkar stofnanir bera heldur skarðan hlut frá borði í fyrirliggjandi fjárlagafrv. Það ber að líta á fjárveitingar til menningarmála með það í huga að ýmislegt bendir til að fólk meti búsetuskilyrði ekki hvað síst með tilliti til þeirra möguleika sem gefast til þátttöku í menningu og listum.

Ég vil aðeins koma að Framkvæmdasjóði fatlaðra. Málefni fatlaðra á að flytja til sveitarfélaganna eftir rúmt ár og verður manni um og ó þegar litið er til þess hve gífurlega stór vandinn er og hversu ríkisvaldið dregur lappirnar í þessu máli í stað þess að leggja kapp á að skila af sér blómlegu búi í þessum málum til sveitarfélaganna. Enn á ný er í frv. gengið á markaðan tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra þrátt fyrir

að þörfin fyrir úrlausnir sé mjög brýn. Á þessu ári er ætlað að taka 235 millj. af tekjustofni framkvæmdasjóðsins. Minni hlutinn leggur til að 3. tölul. 6. gr. sem gerir ráð fyrir þessari skerðingu falli brott.

Nú vil ég aðeins fjalla um þann kafla frv. sem lýtur að landbúnaðarmálum.

Heildarútgjöld landbrn. fyrir árið 1998 eru áætluð um 8 milljarðar 632 millj. kr. á rekstrargruni. Þegar áætlaðar þjónustutekjur að fjárhæð 504 millj. hafa verið dregnar frá reynast heildargjöldin vera áætluð 8 milljarðar 128 millj. kr. Þar af koma rúmir 7 milljarðar úr ríkissjóði og 1,09 milljarðar með hlutdeild í ríkistekjum. Breytingar sem liggja fyrir við 2. umr. gera ráð fyrir að útgjöld ráðuneytisins hækki um 12,1 millj.

Minni hluti fjárln. telur miður að ríkisstjórnin sjái sér ekki fært nú í góðærinu að veita meira fjármagn til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins en raun ber vitni. Rannsóknastarfsemi RALA hefur á undanförnum árum á mörgum sviðum veitt lykil að auknum framförum í landbúnaði á Íslandi. Má nefna sem eitt dæmi að framfarir í kornrækt til fóðurgjafar á undanförnum árum sem gefa íslenskum bændum nú þegar nokkur sóknarfæri byggjast á niðurstöðum úr ræktunartilraunum á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Margt fleira mætti telja fram sem dæmi um það stórmerka rannsóknastarf sem unnið er á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Einnig mætti nefna mikil slys sem urðu á síðasta áratug þegar stórfé var veitt til uppbyggingar í fiskeldi og loðdýrarækt án þess að nægar forrannsóknir hefðu farið fram. Það hefur löngum gengið erfiðlega hér á landi að fá yfirvöld til að skilja að vísindarannsóknir borga sig. Þær gefa hreinlega beinharða peninga þegar til lengri tíma er litið. Í skammsýni hefur oft verið hlaupið yfir það stig og ætlað að spara í rannsóknum. Slíkt mun aldrei gefa góða raun.

Við erum heppnir með það, Íslendingar, að þrátt fyrir að ekki hafi verið búið að rannsóknum sem skyldi hér á landi þá eigum við marga vísindamenn á heimsmælikvarða og mörg þau verkefni sem hér hefur verið eða er verið að vinna að hafa vakið alþjóðlega athygli. Og mörg önnur eiga skilið og munu kannski fá miklu meiri athygli en þau hafa fengið hingað til. Má þar benda á rannsóknir og tilraunir með bóluefni gegn visnu í sauðfé. En það smitefni sem veldur henni er talið náskylt HIV-veirunni sem veldur alnæmi og sumir segja að sá árangur sem Margrét Guðnadóttir prófessor hefur náð með bólusetningu gegn visnu sé það lengsta sem komist hefur verið í heiminum áleiðis til þess að finna bóluefni gegn alnæmi.

Íslenska ríkið hefur þó ekki lagt mikið fé til þessara rannsókna af einhverjum ástæðum. Menn viðhafa fögur orð og fyrirheit á tyllidögum en þegar til kastanna kemur treysta ríkisstjórnir landsins enn varlega á að framfarir í vísindum verði í askana látnar eins og fjárveitingar til þessarar vísindastofnunar á Keldum er skýrt dæmi um.

Bændaskólarnir og Garðyrkjuskólinn á Reykjum eru heldur ekki of sælir af þeim framlögum sem þeim eru ætluð. Þó tók steininn úr þar sem í fjárlagafrv. hafði ekki verið gert ráð fyrir að ráðinn yrði tilraunastjóri í tilraunagróðurhús sem verið er að ljúka við að byggja á Reykjum. Heimild hafði verið veitt til að ráða mann sem kominn var hingað til lands frá Svíþjóð með allt sitt en þá var engin fjárveiting í fjárlagafrv. Úr því hefur nú sem betur fer verið bætt þar sem veitt er 2,5 millj. kr. í brtt. við 2. umr. til þessa liðs. Samkvæmt því sem forsvarsmenn skólans tjáðu fjárln. vantar samt enn töluvert fjármagn til að sá tilraunarekstur geti hafist.

Það mun vera samkvæmt samkomulagi við Bændasamtökin að lagt er til í frv. að framlag til þeirra hækki um 25 millj. kr. milli ára. Hækkunin skýrist af því að lagt er til að þær 89 millj. kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt núgildandi búvörusamningi verði veittar til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Fróðlegt verður að fylgjast með hvert þessir peningar renna í raun. Landbn. Alþingis bendir á að þarna er einhliða verið að taka upp samning við sauðfjárbændur og nota fjármuni sem þeim eru ætlaðir samkvæmt samningnum til að leysa önnur uppsöfnuð vandamál. Þessi vandamál hefur í sjálfu sér dregist allt of lengi að leysa en erfitt er að sjá réttlætið í að þau séu leyst á kostnað sauðfjárbænda á sama tíma og ekki hefði verið vanþörf á sérstökum aðgerðum til styrktar þeim sem verst standa í þeirra hópi.

Það verður að teljast umdeilanlegt atriði að telja til tekna og gjalda ríkissjóðs þó að hann hafi innheimturéttinn — Búnaðarsjóð upp á 187, lánasjóð upp á 147 millj. og Framleiðsluráð upp á 39 millj. kr. Þessir sjóðir eru fjármagnaðir með búnaðargjaldi sem er 2,65% á framleiðsluvörur landbúnaðarins og raunar má segja það sama um verðskerðingargjöld sem Framleiðsluráð innheimtir samkvæmt lögum, t.d. af útflutningi kindakjöts.

Að lokum skal minnt á að í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að framlög til sérstaks átaksverkefnis til markaðssetningar og framleiðslu vistvænna og lífrænna afurða verði skert um helming frá því sem lög gera ráð fyrir. Verður að átelja þá vanþekkingu á mikilvægi slíks átaks til að lyfta undir nýjungar er til framfara horfa í landbúnaði sem þessi tillaga sýnir. Í engri grein landbúnaðar hefur orðið önnur eins aukning á eftirspurn eftir afurðum eins og í lífræna geiranum. Má nefna að í Bandaríkjunum jókst sala lífrænna afurða um 150% á síðustu 10 árum. Svipað hefur verið uppi á teningnum í Vestur-Evrópu. Þessar afurðir seljast að jafnaði á 20–30% hærra verði en hefðbundnar landbúnaðarafurðir svo til mikils er að vinna að sá hluti bænda, sem vill leggja á sig allar þær píslir sem fylgja því að skipta yfir í lífræna ræktun, fái einhvern stuðning bæði til að skipta um búlag og ekki síður til markaðssetningar. Ég undrast þá skammsýni sem lýsir sér í þessum tillögum sem koma fram í frv. Reyndar vil ég taka fram að fram hefur komið í umræðum í dag hjá hv. 2. þm. Austurl. og formanni fjárln., Jóni Kristjánssyni, að meiri hluti hv. fjárln. vill reyna að fá fram einhverja bót á þeim málum milli umræðna og er það vel og raunar þó fyrr hefði verið.

Ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um kaflann sem lýtur að vegamálum. Í frv., nánar tiltekið í 6. gr. skerðingarákvæða, er lagt til að framlög til vegamála verði skert um 1 milljarð og 64 millj. sem muni renna beint í ríkissjóð af mörkuðum tekjustofnum til vegamála á komandi ári. Þetta þýðir að sú vegáætlun sem lá fyrir er þar með hrunin og hlýtur þessi ákvörðun að leiða til mikilla vandræða úti um land. Hún er sérstaklega undarleg í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram í landinu undanfarnar vikur vegna nýlegrar könnunar sem virðist sýna að sá fólksstraumur sem hefur verið úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins á undanförnum árum muni halda áfram. Ein af höfuðástæðunum sem fólk gefur upp er ástandið í samgöngumálum á landsbyggðinni. Þessi ákvörðun hlýtur að vera mjög til vitnis um þann hug sem stjórnarflokkarnir bera til málefna dreifbýlisins á hinu

háa Alþingi. Undrast nú ýmsir að þeir sem áður vildu láta líta á sig sem sérstaka málsvara dreifbýlis hér á hinu háa Alþingi og eru nú í ríkisstjórn skuli ekki bíta í skjaldarrendur og hnekkja þessari fyrirætlan.

Meiri hlutinn leggur fram á sérstöku þingskjali margar brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998. Njóta þær margar hverjar stuðnings okkar minnihlutamanna. Einnig flytjum við margar brtt. við frv. Við teljum að tekjuhlið frv. sé vanáætluð um 1–1,5 milljarða og munum auk þess flytja breytingar við tekjuhlið frv. við 3. umr. ef tillögur okkar um breytingar á gjaldahlið frv. verða samþykktar.

[17:30]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, ræddi um menntamál og framlög til þeirra. Hún lýsti vonbrigðum sínum með þau. Ég bendi á að þó að við höfum ekki getað afgreitt allar tillögur um hækkunarbeiðnir til menntamála til fulls þá gerum verulegt átak í þeim málum. Nefni ég þar fjárveitingar til háskólans og jöfnun á námskostnaði og fleiri atriði.

Varðandi launamál háskólans vil ég taka fram að eins og kom fram í ræðu minni í morgun hef ég kallað eftir upplýsingum frá fjmrn. um þann þátt eins og hv. þm. man að við gerðum í nefndinni. Það ber í milli að háskólinn telur að hann hafi ekki fengið fullar bætur samkvæmt kjarasamningum sem voru gerðir á árinu 1995 og komu til framkvæmda 1. mars og 1. ágúst 1996. Háskólanum hefur verið bent á að leggja fram útreikninga sína varðandi þetta og mun þá verða farið yfir þá útreikninga í fjmrn. og menntmrn. Þannig að þetta er mál sem er til meðferðar. Ég vil láta það koma fram við þessa umræðu í andsvari.

[17:31]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl., formaður fjárln., Jón Kristjánsson, telur og vill ítreka að fjárveitingar til menntamála séu þó heldur skárri í þessu fjárlagafrv. en þær hafa verið á undanförnum árum. Mikill ertu nú munur en þó ertu nú ekki nema munur, er stundum sagt. Þegar grannt er skoðað og við tökum tillit til t.d. nemendafjölgunar í þeim skólum sem þarna er um að ræða þá er í rauninni um ákaflega litla, kannski í sumum tilfellum enga aukningu á fjárveitingum að ræða.

Ég ítreka það sem hv. þm. Jón Kristjánsson veit náttúrlega eins vel og ég að forsvarsmenn háskólans komu á okkar fund og lýstu því þar að þeir yrðu að fá framlög á fjárlögum hækkuð um 230 millj. kr. til að geta haldið rekstri háskólans óbreyttum. Þar af 100 millj. sem þeir töldu sig ekki hafa fengið bættar vegna kjarasamninga 1995. Þarna bar í milli og fulltrúi fjmrn. mótmælti þessu á fundi með fjárln. En það gleður mig að hv. formaður fjárln. hefur ítrekað það við fjmrn. að farið verði yfir þessa útreikninga með forsvarsmönnum háskólans.

[17:33]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að textinn í ræðu minni er saminn í samráði við fjmrn. og ég ítreka að ætlunin er að fara yfir þessa útreikninga.

Í öðru lagi varðandi háskólann þá kom það fram í þeirra erindum að reiknilíkan er í vinnslu og sú þróunarvinna er alllangt komin eða er á lokastigi. Það kom einnig fram í ræðu minni í morgun að yfir þá útreikninga verður að fara þegar endanleg niðurstaða í því máli liggur fyrir. Þess vegna töldum við rétt að taka til greina rannsóknanámið sem forsvarsmenn háskólans settu í forgang. Þeir tjáðu okkur að það væri fyrsta mál sem þeir settu á oddinn.

Í öðru lagi er skemmst að minnast umræðna um ritakaupasjóðinn þar sem mjög erfitt ástand var og við vildum koma til móts við að styrkja stofnunina sem menntastofnun. Auðvitað hefði verið æskilegt að sinna miklu fleiri erindum í menntamálum og öðrum málum að sjálfsögðu. En sá rammi sem er viðurkenndur bæði af meiri og minni hluta — það þarf ekki annað en hlusta á ræður minni hlutans til að heyra að þeir telja svigrúmið ekki ótakmarkað. Það er nú þess vegna sem við sinnum ekki öllum beiðnum að fullu.

[17:36]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gleður mig eins og ég sagði áðan að hér liggur fyrir ótvíræð yfirlýsing frá hv. formanni fjárln. um að farið verði yfir launamáladæmið með forsvarsmönnum háskólans. Ég hef trú á að þeir hafi rök fyrir sínu máli með þær 100 millj. sem þeir telji sig vanta og það fáist niðurstaða í það mál sem allir geti vel við unað.

Mig langar aðeins að fara nokkrum orðum um það sem hann minntist á með reiknilíkan sem fyrirhugað er að taka upp til að reikna út nauðsynlegar fjárveitingar til háskólans hverju sinni. Ég veit að margir skólamenn binda afskaplega miklar vonir við þessi reiknilíkön. En ég vil ítreka það sem ég sagði í ræðu minni að slíkar tölvur moða aðeins úr því sem þær eru mataðar á. Það getur alveg eins verið að skólar, sem úthlutað er samkvæmt reiknilíkani, fari illa út úr fjárveitingum eins og þeir sem úthlutað yrði samkvæmt gömlu aðferðinni. Nú eru í meðferð Alþingis frv. til laga um háskóla. Ég ber mikinn ugg í brjósti þegar ég sé að skornar eru niður fjárveitingar til háskólans með þeim hætti sem hér er gert vegna þess að ég óttast að það verði til þess að farið verði að innheimta skólagjöld til að eiga fyrir útgjöldum í háskólanum. Sérstaklega er ástæða til að óttast það þar sem hæstv. menntmrh. hefur lýst sig samþykkan slíkum aðferðum. Ég held að það yrði mjög til hins verra í íslensku skólakerfi ef skólagjöld yrðu tekin upp. Varðandi ritakaupasjóðinn vil ég ítreka (Forseti hringir.) að ég er mjög ánægð með að framlagið til ritakaupasjóðs háskólans skyldi hækkað að þessu sinni.

[17:38]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SvG, þskj. 499; brtt. SvG og SvanJ, þskj. 500; brtt. SvG og MF, þskj. 501; brtt. SJS, þskj. 502; brtt. KHG, þskj. 503; brtt. KHG og SvG, þskj. 504; brtt. SvG og KHG, þskj. 505; brtt. HG, þskj. 506; brtt. SvG og GHelg, þskj. 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 474, 477–478, 486–492, 495, 499–506 og 508. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[17:42]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég ætla mér að ítreka skoðanir mínar um fjárhagsvanda heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til þess sem er að gerast í málefnum sjúkrahúsa, einkum stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Enn vil ég vekja athygli á því og það ekki í fyrsta skipti hversu mér finnst umræða um jafnmikilvægan málaflokk og heilbrigðismál liggja oft hjá garði en smærri og afmarkaðri hagsmunamál verða hins vegar að háværum umræðum í þingsal. Umræður um heilbrigðismál, áherslur, framtíðarsýn og stefnu hafa lítið heyrst á hinu háa Alþingi. Það er löngu kominn tími til að taka umræður um þennan stóra og viðkvæma málaflokk til sérstakrar meðferðar og láta hann ekki takmarkast við upphrópunarviðbrögð í utandagskrárumræðum eða í heildarumræðum eins og ég sagði hér í fyrrakvöld við umræður um fjáraukalög þar sem heilbrigðismál skjóta upp kollinum sem hluti af margbrotnum umræðum og hverfa þar af leiðandi oft í þeirri hít.

Umræður á hv. Alþingi hafa ekki leitt til samþykkis á heildarstefnu í heilbrigðismálum. Það er ekki hægt að segja að vilji Alþingis sé skýr í þessum málum hvað þá heldur í málefnum stóru sjúkrahúsanna. Þeirra afdrif hafa gífurleg áhrif á uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í framtíðinni. Hins vegar, eins og ég hef áður sagt, hefur af hálfu viðkomandi stjórnvalda og embættismanna verið unnið dyggilega að því að hlúa að þeirri stefnu sem þjóðin hefur ekki fylgt eða stutt samkvæmt þeim könnunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. En í þeim könnunum hefur komið fram skýlaus vilji almennings um að heilbrigðisþjónusta eigi að njóta meiri forgangs.

Hv. Alþingi hefur ekki látið í ljós skýran vilja sinn eins og ég hef ítrekað bent á heldur hefur verið fjallað um heilbrigðismálin með plástrameðferðinni eins og ég vil kalla hana, þ.e. í utandagskrárumræðum að miklu leyti, og það þykir ekki góð læknisfræði þegar um þann sjúkling er að ræða sem þessi málaflokkur er.

Fram til þessa ber umræðan um fjárlög og fjáraukalög nú í vikunni merki um slík vinnubrögð gagnvart heilbrigðisþjónustunni. Á sama tíma eykst miðstýring stjórnvalds og embættismanna. Samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir því að leggja eigi til hliðar 200 millj. kr. í einn sjóð eða pott til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Þeim fjármunum er í sjálfu sér unnt að fagna þar sem sjúkrahús landsbyggðarinnar hafa orðið að vísa frá sér ýmsum verkefnum sem þau eru fær um að sinna en hafa ekki haft bolmagn til vegna fjárþurrðar. Framkvæmd úthlutunar er hins vegar umdeilanleg eins og ég vil víkja að á eftir.

Fyrst vil ég geta þess að uppsafnaður vandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík var, þegar samningur ríkis og borgar var gerður í september, þá þegar kominn upp í 455 millj. kr. Þá voru ekki öll kurl komin til grafar enda var áætlunin byggð á áætlunum spítalanna í ársbyrjun að því er mér er tjáð af starfsfólki spítalanna. Sú áætlun fyrir árið 1997 var byggð á samkomulagi fjmrh. og borgarstjóra í Reykjavík í ágúst 1996 en ekki út frá rekstrartölum á árinu 1996. Síðan var samningurinn í september sl. að miklu leyti byggður á forsendum ársgamals samkomulags og þess sparnaðar sem áætlaður var á þeim tíma í stað þess að styðjast við rauntölur sem hefði t.d. verið hægt að notast við, t.d. miðað við hálfsársuppgjör í júní sl. Þá er ekki að furða að mikið beri á milli. Við erum að ræða um meira en ársgamlar forsendur að ýmsu leyti þó ekki sé hægt að telja það samt sem áður fyllilega þær forsendur þar sem í raun var líka tekið talsvert tillit til þess hvernig reksturinn hefur gengið á því tímabili. Samningur ríkis og borgar í septembermánuði sl. kveður síðan á um sparnað stóru sjúkrahúsanna upp á 205 millj. árið 1998 og 255 millj. árið 1999 sem kemur þá til umfjöllunar í umræðu um fjárlög á næsta ári.

Nú fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. var fyrir séð að fjárvöntun stóru sjúkrahúsanna í Reykjvík næmi um 900 millj. kr., þ.e. 487 milljónum vegna Ríkisspítala og 414 milljónum vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Tillaga fjárln. um 300 millj. kr. sérstakan nýjan lið til fjárveitinga sem lagt yrði í sjóð eða pott til allra, og ég endurtek allra sjúkrahúsa á landinu, mun því ná skammt til að bæta rekstrarstöðu stóru sjúkrahúsanna. Þótt þær kæmu allar til þeirra sjúkrahúsa vantar enn um 600 millj. kr. og jafnvel þótt sparnaðartillögur samkvæmt samningi ríkis og borgar gangi eftir vantar enn rúmlega 400 millj. kr.

Greinilegt er að finna verður aðra og betri lausn á vanda sjúkrahúsanna ef ekki á að draga seglin verulega saman. Sjúkrahúsin úti á landi gætu hugsanlega tekið eitthvað af verkefnum en þá með sérfjárveitingu en ekki úr 300 millj. kr. pottinum sem ég nefndi hér fyrr. Sú lausn er hins vegar skammvinn því lækningar á stóru sjúkrahúsunum eru í dag mjög flóknar, mannafla- og tækjafrekar og ekki ætlaðar öðrum en háþróuðum stofnunum. Það er því fyrir séð að starfsemi stóru sjúkrahúsanna mun að miklu leyti verða óbreytt eða dragast saman frá því sem nú er. Verkefni sem færð yrðu til minni sjúkrahúsa mundu nefnilega að sjálfsögðu létta byrðina og ekki síður ef hjúkrunaraðstaða fengist fyrir þá hjúkrunarsjúklinga sem þar eru nú.

Við skulum hafa í huga að með slíkum tilfæringum verður aukið rými á stóru sjúkrahúsunum sem verður að sjálfsögðu þrýst á að fylla með öðrum og dýrari sjúklingum sem nú eru á biðlistum þeirra sjúkrahúsa. Við skulum líka hafa það í huga að reynslan hefur sýnt að eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur aukist með fjölgun landsmanna, auknu hlutfalli eldra fólks, meiri kröfum til betri líðanar yfir æviskeiðið o.s.frv. Því er nauðsynlegt fyrir okkur að marka okkur stefnu í heilbrigðismálum og ræða opinskátt um skipulag og stefnu þeirra og forgangsröðun. Skýrsla um forgangsröðun var unnin af heilbrrn. og hefur nýlega verið kynnt en það þarf að ræða þessi mál á hinu háa Alþingi af meira innsæi og gefa því meiri tíma en mér finnst hafa verið gert á undanförnum árum með allri virðingu fyrir Alþingi og mínum ágætu félögum sem þar starfa. Nauðsynlegt er að taka þessa skýrslu um forgangsröðun inn í umræðu um stefnu- og skipulagsmál heilbrigðisþjónustunnar.

Eins og ég minntist á er 300 millj. kr. á nýjum fjárlagalið ætlað að leysa vanda allra, og ég endurtek aftur, allra sjúkrahúsa á landinu og samkvæmt fjáraukalögum skal leysa uppsafnaðan vanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni um 200 millj. kr. Þessar upphæðir verða líklega lagðar í sinn pottinn hvor og þessir pottar eiga enn að leysa vanda allra. Þá er spurt: Hvernig verður ráðstöfun úr þessum sjóðum? Jú, fjármununum verður ráðstafað pólitískt, skulum við segja, með ákvörðun embættismanna eða stjórnvalda, alla vega sérfræðinganefndar, ekki með formlegum vilja Alþingis sem hefur ekki fjallað um þessi mál nema í þessum umræðum hér, sem sagt um heildarstefnu í heilbrigðismálum. Nú á að stofna enn eina nefnd um nánustu framtíð heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi, ekki framtíðarmótun, nei — nánustu framtíð. Ég spyr aftur, eins og ég spurði í fyrrakvöld í umræðum um fjáraukalögin, hversu margar slíkar nefndir hafa starfað í einu eða öðru formi á undanförnum árum? Ef heilbrrh. kæmi í salinn væri afskaplega forvitnilegt að fá þar svar um eða með öðrum hætti þannig að þjóð viti.

Þessi nefnd skal heita stýrinefnd eins og við sjáum í fjárlögum og annars staðar. En ég sagði í fyrrakvöld og ég segi aftur: Mætti hún ekki gjarnan heita sínu sanna nafni sem er miðstýrinefnd. Varla, segir í áliti, því þar eiga að koma að fulltrúar með sérþekkingu á málefnum stærri og smærri sjúkrahúsa og skilgreina starfssvið einstakra heilbrigðisstofnana, semja við sérhverja um þá þjónustu sem veita skal og styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit. Nú hef ég ekki fullvissu um hvernig þessi mál munu endanlega skipast en að því er mér skilst mun nefndin skipuð þrem fulltrúum úr fjmrn. og heilbrrn. — allir embættismenn og í fullu starfi þar í dag sem að sjálfsögðu taka mið af vilja stjórnvalda í þessum efnum. Alþingi fær ekki og hefur ekki sagt sitt þar um. Heilbrrn. ætlar sem sagt að fá til nefndarmenn utan ráðuneytis jafnt sem innan til að sinna hinu mikilvæga máli, þ.e. að deila og drottna yfir fjármunum til sjúkrahússreksturs á Íslandi á árinu 1998.

Þar sem ég bý yfir svolítilli reynslu í þessum málum er mér hreint út sagt óskiljanlegt hvernig hægt er að ætlast til þess að nefnd þriggja manna, sem eru í fullu starfi annars staðar, getur sinnt þessu verkefni. Nú ætlar hv. Alþingi enn að opna dyrnar upp á gátt, eins og ég sagði áðan, og gefa embættismönnum og sérfræðingum sem fram að þessu hafa mest og flestallt um þennan málaflokk að segja, ákvörðunarvaldið, ekki bara tæknilega heldur líka pólitískt. Og ég spyr aftur: Hvers vegna? Hvað liggur að baki? Ég spyr ekki aðeins út frá hagsmunum okkar Reykvíkinga heldur allra landsmanna því það er aldrei of oft sagt að helmingur þeirra sjúklinga sem liggja á þessum stóru sjúkrahúsum yfir árið er ekki af höfuðborgarsvæðinu heldur annars staðar frá. Þannig er þetta hagsmunamál ekki bara hagsmunamál höfuðborgarsvæðisins heldur ekki síður landsbyggðarinnar allrar.

Ég vil halda því fram að stóru sjúkrahúsin séu hvað helst í þessu skotmarki sem verið er að vinna að í dag. Alþingi hefur í þeim umræðum sem fram hafa farið um starfsemi sjúkrahúsanna stuðst við upplýsingar úr skýrslum ráðgjafa og sérfræðinga sem hafa verið ráðnir af stjórnvöldum og með aðstoð embættismanna. Og maður spyr sig til hvers voru þessar skýrslur gerðar og hver átti í raun og veru að vera ákveðinn endapunktur í þessum skýrslum? Ég segi þetta að gefnu tilefni vegna reynslu minnar þar af þó ég vilji ekki veikja eða fara illa með þá skýrslu sem nýverið hefur komið út frá VSÓ vil ég spyrja þessarar spurningar. Er í raun og veru verið að sýna fram á betri rekstrarmöguleika? Er verið að sýna fram á aukin þjónustugæði eða er verið að sýna fram á afköst eða hagræðingu? Höfum við ekki sýnt fram á að afköst og gæði íslenskrar heilbrigðisþjónustu eru fyllilega sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndunum? Ég vil aftur spyrja: Það skyldi þó ekki vera að við gætum fengið aðrar tölur og hlutlausari, ef þær eru til, en þær sem okkur hafa verið sendar af stjórnvöldum og embættismönnum lands okkar eða erindrekum þeirra? Ég vil aftur með fullri virðingu fyrir þeirri vinnu sem lögð hefur verið fram af VSÓ-skrifstofunni segja að þær niðurstöður að unnt verði með viðeigandi breytingum að spara á sjötta hundrað stöðugildi á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík með þeim breytingum sem lagðar eru til, eru vægast sagt ótrúverðugar að mínu áliti, settar fram á þann hátt sem þær hafa verið sérstaklega í umræðu manna á meðal. Þessi stöðugildi hverfa nefnilega ekki, þau fara yfir til hjúkrunarheimilanna, sem sjúklingunum verður væntanlega vísað til og vonandi vísað til, og í þau erfiðu verkefni sem bætast við stóru sjúkrahúsin þegar minni sjúkrahús og hjúkrunarheimili hafa tekið við þeim sjúklingum sem þau geta sinnt.

Í ráðstöfunum stjórnvalda síðastliðinna áratuga — ég ítreka það sem ég sagði áður að þetta er ekki vandamál líðandi stundar heldur langtímavandamál sem við höfum verið með í háa herrans tíð — hefur verið búið í haginn fyrir stórbreytingar á heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það eru breytingar sem hefur aðeins átt eftir að rita niður á pappír í formi frumvarpa á Alþingi eða reglugerða frá ráðuneyti. Ég vil leggja áherslu á að alþingismenn eiga brátt ekki kost á því að snúa þeim breytingum til baka og það verður því að taka á. Alþingi á kröfu til að fá betri upplýsingar, upplýsingar sem ekki eru litaðar pólitískum eða fagpólitískum vilja sérfræðinga um heilbrigðisþjónustu, sem hefur því miður á stundum endurspeglað um of valdabrölt, vil ég kalla það svo, innan heilbrigðisgeirans. Upplýsingar til Alþingis verða að sýna hlutlaust hver þróunin hefur verið og hver staðan er á hverjum tíma. Síðan eiga hv. alþm. að ræða heilbrigðismál í heild sinni og draga ályktanir sínar. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að við höfum ítrekað verið með stóru atvinnuvegina í langri dagskrá en þegar um jafnviðamikið mál er að ræða og mál sem tekur jafnstóran bita af fjárlögum sem Alþingi samþykkir ár hvert er full ástæða til þess að eyða góðum tíma í umræðu um stefnumótun og framtíðarsýn í þessum málaflokki.

Ég hef eins og mínir ágætu félagar vita, hæstv. forseti, ítrekað bent á nauðsyn þess á undanförnum árum að Alþingi hefði frumkvæði um heilbrigðismál og mótaði stefnu þar um. Umræðan hefur ekki farið lengra en í hástemmdar yfirlýsingar og þegar allt hefur verið komið í kring og torfan fer kyssa — við skulum ekki segja neitt meir — brotthorfna heilbrigðisþjónustu eða alla vega form á heilbrigðisþjónustu, samanber dæmið þegar Landakot og Borgarspítali voru sameinuð, þá hefur lítið verið hægt að gera við því inni á þingi vegna þess að tæknilega er búið að ganga frá öllum endum. Við höfum séð það gerast að það eina sem hefur blasað við í þinginu er að búið er að taka ákvörðun og þingið hefur hugsanlega ekki fengið það yfirlit sem nauðsynlegt er til að sjá hvað er að gerast í þessum geira.

Með þessum aðferðum sem við erum að samþykkja núna, ef það verður samþykkt um sjóði eða potta sem við notum miðstýrt til að skammta í tóma sjóði sjúkrahúsanna, enn frekara olnbogarými embættismanna eða sérfræðinga og stjórnvalda ef menn vilja hafa það svo.

Ég beini einkanlega athygli þingheims að því sem nú heyrist frá heilbrrn. að sameina eigi stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Ekkert og ég endurtek ekkert hefur komið fram tölulega sem sýnir svart á hvítu að slík sameining muni til frambúðar spara eða draga úr útgjöldum okkar til heilbrigðisþjónustu. Þvert á móti má leiða að því getum að þar verði dregið úr metnaði hvað snertir gæti þjónustunnar, jafnvel hagræðingu til langs tíma litið eða aðhaldi í sparnaði. Hvað verður um valfrelsið, það er að segja ef við ætlum að reyna að byggja upp ákveðið valfrelsi í þessari þjónustu? Hvað verður síðan um framhaldið í framtíðinni um samanburð eða sjálfsgagnrýni? Ekki förum við að bera saman rekstrarkostnað eins stórs spítala við spítala sem hefur jafnmikið umfang, t.d. í Skotlandi eða Norðurlöndunum? Það eru bara allt önnur hlutföll sem gilda í ársreikningum þeirra þannig að auðvelt sé að gera samanburð þar á.

Hins vegar bendi ég enn og aftur á það að aðgerðir síðustu

ára og tillögur stjórnvalda eru þannig að þessi sjúkrahús eru nánast að komast að því marki að samþykkt Alþingis verði að þau renni saman innan mjög skamms tíma. Ég spyr hvort það er þetta sem þingheimur vill, án þess að þingheimur sé búinn að fjalla um þetta á þann hátt sem hann getur best gert því ég hef mikla trú á þingheimi.

Svo spyr ég aftur: Hvað verður sameinað næst? Verða það minni sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu? Það hefur heyrst. Verður það Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem verður komið undir hattinn þarna líka? Ekki ólíklegt. Aðgerðir síðustu ára benda til að stefna stjórnvalda og ráðgjafa sé eindregið miðstýring á heilbrigðisþjónustuna um allt land og þetta hef ég fyrir löngu heyrt, ekki bara eftir að ég settist inn á hið háa Alþingi heldur hefur þetta verið í pípunum árum saman. Vonandi fer fólk að átta sig á því að 10 ára hugmyndir um rekstur heilbrigðisstofnana eru kannski ekki beinlínis í gildi í dag.

Að lokum: Alþingi verður að hafa meiri afskipti og auka til muna umræður um heilbrigðismál, heildarstefnu, hagræðingu, aðgerðir og forgangsröðun. Alþingi verður að fá upplýsingar sem tengjast ekki þeim hugmyndum sem uppi hafa verið á síðastliðnum áratug og eru eins og ég sagði áðan margar í takt við tímann.

Á tímum mikilla þjóðfélagsbreytinga, flutninga á milli landshluta, tækni- og samgöngubreytinga er nauðsynlegt að hafa yfirgripsmikla framtíðarsýn sem setur ekki eðlilegri þróun stólinn fyrir dyrnar. Ég held því fram að sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík sé ekki tímabær. Ekki hefur verið sýnt fram á hagræðingu, aukin gæði, minni kostnað eða bætta þjónustu með því einu að sameina þessi sjúkrahús.

Að lokum aftur í tengslum við stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Ef þau verða sameinuð á næstunni verður það ekki aftur tekið. Framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustunni hefur þó ekki sést og því getur sameining orðið afdrífarík og kostað okkur mun meira en að rjúka til án stefnu nú á næstu árum. Miðstýring með starfsmönnum eða sérfræðingum stjórnvalda er ekki til þess fallin að leysa úr vanda heilbrigðisþjónustu í anda við vilja almennings eða vilja fulltrúa hans. Og pro forma samþykki af hálfu Alþingis um stórbreytingar á framkvæmd í heilbrigðisþjónustunni er heldur ekki hægt að una við til lengdar. Slíkt hæfir ekki virðingu Alþingis. Á næstu árum þarf að leggja stefnuna þannig að það verði tryggður viðunandi fjárhagur fyrir sjúkrahúsin í Reykjavík, ég segi viðunandi að mati þingsins og landsmanna sem við á hinu háa Alþingi erum fulltrúar fyrir. Það þarf líka að vera með þeirri hagræðingu sem best er hægt að ná og með framtíðarsýn í huga. Þar þarf Alþingi að sjálfsögðu að koma að. Alþingi verður nefnilega að fara að vinna að þessum efnum sem öðrum í takt við tímann.

[18:06]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá málflutningur sem hér er viðhafður af einum hv. þm. sem tilheyrir stjórnarliðinu hlýtur að vekja athygli. Ég tel að úr þessum ræðustóli hafi oft og tíðum fallið harðir dómar í garð hæstv. heilbrrh. eða þess stefnuleysis sem ríkir hjá hæstv. ríkisstjórn í heilbrigðismálum en hér hefur þó fallið einhver sá harðasti dómur sem um getur í þessari umræðu um stefnuna í heilbrigðismálum, dómur um getuleysi, um stefnuleysi stjórnvalda sem horfast ekki í augu við raunverulega stöðu heilbrigðiskerfisins, of mikið vald framkvæmdarvaldsins, of mikið vald embættismanna og að enginn viti hvert stefnir og að svör fáist ekki. Svör fáist ekki frá framkvæmdarvaldinu, svör fáist ekki frá hæstv. heilbrrh., framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu er ekki til, segir hv. þm. Það eru mjög alvarlegar ásakanir, fullyrðingar þess efnis að við á hv. Alþingi fáum ekki hlutlausar upplýsingar um stöðu einstakra heilbrigðisstofnana. Það er mjög alvarlegur dómur. Alþingi á kröfu á því að við fáum hlutlausar upplýsingar en hér hefur m.a. verið getum að því leitt að þær upplýsingar sem eru í skýrslum, sem unnar eru af ákveðinni verkfræðiskrifstofu, byggist á pólitískum vilja eða fagpólitískum vilja. Þetta hlýtur, hæstv. forseti, að vera túlkað sem hreint vantraust á hæstv. heilbrrh. og á þá stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur í heilbrigðismálum.

[18:09]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins drepa á það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði. Ég bendi á það að ég tel ástandið í heilbrigðismálunum vera vanda sem hefur ekki verið tekið á, eins og ég hef sagt áður, ekki bara á þessu kjörtímabili heldur árum eða áratugum saman. Ég hef fylgst með þessum málaflokki í 30 ár og mér finnst í eins og ég sagði í fyrrakvöld að við höfum verið að vinna eftir 30 ára gamalli umræðu og 25 ára gömlum lögum sem voru stefnumótandi fyrir ástandið sem ríkti í heilbrigðisþjónustu á þeim tíma, þ.e. fyrir 30 árum, en við höfum ekki tekið ferska aðlögun að því sem hefur verið að gerast á undanförnum árum. Ég er sammála því að Alþingi á að fá hlutlausar upplýsingar og ég efast ekki um að þessi ágæta ráðgjafarskrifstofa VSÓ hafi verið með réttar upplýsingar. En spurningin er sú, hvaða upplýsingar hafði hún ekki með höndum, hver hefur tilfinning hennar verið fyrir íslenskum markaði í heilbrigðisþjónustu og hvernig ætlum við Íslendingar að skoða möguleika á heilbrigðisþjónustu í framtíðinni, hvort við eigum fyrir utan eitt stórt sjúkrahús að reiða okkur eingöngu á nágrannasjúkrahús í nágrannalöndum. En ég ber fulla virðingu fyrir því starfi sem VSÓ hefur unnið og ég vil ekki að menn haldi að ég sé að níða það starf niður.

Ég ítreka það að mér finnst, eins og í mörgum öðrum málum á undanförnum árum og áratugum — ekki bara í heilbrigðismálum heldur annars staðar — að þingmenn mættu vera virkari og embættismenn hefðu kannski minna vægi í framsetningu mála.

[18:11]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. að vissulega mættu þingmenn almennt vera virkari í umræðu um heilbrigðismál en í sjálfu sér breyttist ekkert við þetta svar vegna þess að hv. þm. segir að 30 ára gömul viðhorf ráði ferðinni í heilbrigðismálum, 30 ára gömul eða jafnvel eldri — næstum því jafnaldra hæstv. heilbrrh. — að viðhorfin séu það gömul sem ráði ferðinni í dag. Þetta er mjög harður dómur og ég endurtek að þetta er mjög harður dómur yfir verkum ríkisstjórnarinnar. Hann er harður en þetta er dómur sem við í stjórnarandstöðunni getum tekið undir og höfum reyndar oft verið með mjög svipaðan málflutning.

[18:12]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svör hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Eins og ég sagði ítrekað í ræðu minni kalla ég á samstarf og umræður þingheims alls bæði í stjórnarandstöðu sem stuðningsfólks stjórnarinnar til að leysa úr

málum heilbrigðisþjónustunnar og virkja markvisst umræðu um þessi mál með framtíðarsýn í huga.

[18:12]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér hafa farið fram ágætar umræður í tengslum við þetta frv. og eins í frv. til fjáraukalaga um heilbrigðismál og ég ætla að bæta nokkrum orðum þar við í framhaldi af þeim umræðum vegna nýrra upplýsinga sem ég fékk í dag frá Þjóðhagsstofnun um framlög til heilbrigðismála. Hv. formaður og hv. varaformaður fjárln. hafa haldið því fram að framlög til heilbrigðismála hafi stöðugt verið að hækka á undanförnum árum og hæstv. heilbrrh. fullyrti það reyndar líka. Ég var þá með fyrir framan mig tölur upp úr ritinu Þjóðarbúskapurinn þar sem sýnt er fram á að tölur voru að lækka til ársins 1996 og þá var fullyrt af talsmönnum ríkisstjórnarinnar — ég man ekki alveg hverjir það voru — að þær hefðu hækkað síðan, þ.e. 1997, og væru að hækka 1998. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun í dag er þetta ekki rétt.

Ef við skoðum heilbrigðismál staðvirkt á mann á verðlagi ársins 1996 þá náðu framlög hámarki á árinu 1991 þegar þau voru 129.200 kr. á mann á verðlagi ársins 1996. Á árinu 1997 eru þessi útgjöld 119.900 kr. Þau hafa lækkað í raunstærðum um verulegar fjárhæðir eða u.þ.b. 9% frá árinu 1991. Þetta er því gríðarleg lækkun. Er þessi lækkun öll í tíð hæstv. fyrrv. heilbrrh. Sighvats Björgvinssonar eða hefur þetta verið að gerast núna á síðustu árum? Svarið er: Veruleg lækkun átti sér stað í tíð hans en lækkunin hefur haldið áfram í tíð núv. hæstv. heilbrrh. og þá er ég ekki að tala um að heilbrigðismálin eigi að taka meira til sín. Ég er bara að tala um það að heilbrigðismálin fái það sama. Hafa þau fengið það sama? Nei, þau hafa fengið minna samkvæmt þessum nýju tölum frá Þjóðhagsstofnun sem mér bárust fyrir fáeinum klukkutímum.

Veruleikinn lítur þannig út að á árinu 1997 eru framlög til heilbrigðismála staðvirkt á mann í þús. kr. á verðlagi ársins 1996 komin niður fyrir það sem þau voru 1987. Árið 1987 voru þessi útgjöld 120.800 kr. á mann á verðlagi ársins 1996 en í ár 119.900 kr. Nú er við það að bæta til þess að vera 100% nákvæmur í þessu efni að þessar tölur eru miðaðar við fjárlög og fjáraukalagafrv. Frá því að það var flutt hefur verið bætt við upphæðum, að ég hygg, í kringum 500 millj. kr. Miðað við þær tölur er það væntanlega þannig að hverjar 500 milljónir eru u.þ.b. 0,5% í þessum stærðum sem ég er með hér. Á árinu 1997 er því samt sem áður þannig, þrátt fyrir þessa hækkun í fjáraukalagafrv., um að ræða lækkun frá árinu 1996. Það er því beinlínis rangt sem hæstv. heilbrrh. hefur haldið fram og talsmenn fjárln. örugglega vegna þess að þeir höfðu ekki annað í höndunum, að framlögin hafi verið að hækka. Þau hafa stöðugt verið að lækka í tíð núv. ríkisstjórnar og það er auðvitað einkar merkilegt með hliðsjón af því að það er Framsfl. sem fer með heilbrrn. og gagnrýndi mjög harkalega fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem ég hygg að hafi verið tveir, ef ég man rétt, í síðustu ríkisstjórn.

Þetta eru alveg sláandi tölur. Það er ekki svo að menn séu að fara fram á að heilbrigðismálin auki við sig. Auðvitað er það alveg rétt sem allir hafa sagt hér að það verður að hafa stjórn á þeim málum. Það er líka hægt að halda því fram að heilbrigðismálin gætu að mörgu leyti verið ódýrari. Ég tel t.d. að yfirlæknastéttin á Íslandi sé þjóðfélaginu ákaflega dýr og vald hennar hrikalegt. Og þegar kemur að því að spara í heilbrigðismálum þá rekast menn gjarnan á þessa gangakeisara sem eiga ganga í spítölum og ráða þar lögum og lofum og enginn kemur neinum vörnum við, ekki heldur umboðsmenn skattgreiðenda sem við erum eða fulltrúar okkar. Veruleikinn er engu að síður sá að þessar tölur staðfesta það sem ég var að reyna að segja fyrir fáeinum dögum, að heilbrigðismálin eru enn þá hornreka í kerfinu. Það er alls staðar annars staðar stórhugur á Íslandi að því er margs konar uppbyggingu varðar. Heilbrigðismálin eru enn þá hornreka og það gengur ekki, herra forseti. Ég dreg þessar tölur fram vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt fyrir heilbrrn. að geta teflt þessum tölum fram andspænis fjmrn. eða fjárveitingavaldinu, fjárln. og okkur sem hér sitjum.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og bæta svo öðru atriði við. Hver er hlutur heilbrigðismála? Hefur hann verið að vaxa eða minnka eða hvernig hefur það þróast í þjóðartekjunum? Þjóðhagsstofnun skoðaði það líka fyrir mig. Samkvæmt þeim gögnum sem nú liggja fyrir er niðurstaðan sú að útgjöld til heilbrigðismála árið 1996 voru 6,84% af vergri landsframleiðslu. Í ár eru þau 6,55% af vergri landsframleiðslu og á næsta ári samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru þau 6,53% af vergri landsframleiðslu. Ef inn í þetta væru teknar þær tölur sem nú liggja fyrir í brtt. meiri hluta fjárln. þá hygg ég að hægt sé að segja að hlutfallið á næsta ári yrði svipað og í ár. Það er ekki um hækkun að ræða á næsta ári en bæði árin, í ár og á næsta ári er um verulega lækkun í hlutfalli að ræða frá því sem var á síðasta ári. Sem sé, herra forseti, heilbrigðismálin hafa ekki haldið sínu frá þeim verulega hlutfallslega niðurskurði sem átti sér stað eftir 1991. Eins og sést á þessu grafi hér þá hafa þau ekki haldið sínu. Hlutfall þeirra hefur verið að lækka. Það er ekki skynsamlegt, sérstaklega þegar staðan er þannig núna að þjóðartekjur okkar á mann eru þær fimmtu hæstu í heimi. Ég hygg að það séu mjög mörg ár, kannski ein 12–14 ár, síðan Ísland var jafnofarlega á tekjuskalanum innan OECD. Við komumst hærra einu sinni eða tvisvar en það er mjög langt síðan við höfum verið þetta há. Þess vegna eru engin rök lengur fyrir því, hafi þau einhvern tíma verið til og sjálfsagt hafa þau einhvern tíma verið til, að halda heilbrigðismálunum eins mikið niðri og gert er enn þá.

Í öðru lagi er það svo þannig, herra forseti, að forsendur fjárlagafrv. og brtt. meiri hluta fjárln. standast ekki. Það er blekking sem hv. formaður fjárln., sá ágæti maður, hefur hér upp aftur og aftur, að þjónustan verði óbreytt á næsta ári með þessum peningum. Hún getur ekki verið óbreytt. Það getur ekki gerst vegna þess að það er ekki hægt að borga fyrir þá þjónustu að óbreyttu. Auðvitað geta menn verið að taka ákvörðun um að minnka þjónustuna og það er út af fyrir sig hlutur sem menn eiga þá bara að ræða. En þá eiga menn líka að segja satt og segja: „Við erum að minnka þjónustuna.“ Formaður hv. fjárln. segir hins vegar aftur og aftur: „Þjónustan verður óbreytt.“ En veruleikinn er sá að það getur ekki gerst. Veruleikinn er sá, herra forseti, að með þeirri afgreiðslu á heilbrigðismálunum í fjárlagafrv. núna er verið að taka ákvörðun um hvort skerða eigi þjónustuna, loka spítaladeildum og segja upp fólki eða að setja eins og milljarð inn í spítalana í aukafjárlögum á árinu 1998. Það er annað hvort sem verið er að gera. Ef það er vísvitandi svo að það sé síðari leiðin sem menn stefna á þá eru menn að blekkja sjálfa sig.

Að því er varðar fjárlagafrv. þá segir það ekki sannleikann. Það skilur eftir útistandandi í þjóðfélaginu útgjaldavanda upp á 1 eða 2 milljarða kr. að því er spítalana varðar og sennilega upp á á nokkur hundruð millj. kr. að því er menntakerfið

varðar. Og það er dálítið umhugsunarefni þegar hv. formaður fjárln. segir svo áðan í andsvari við hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að málefni háskólans verði skoðuð á næsta ári. Það er verið að segja af forustu fjárln. að ekkert sé að marka fjárlögin, það þurfi allt næsta ár að tína saman sprek hér og þar til þess að þau gangi upp og væntanlega að flytja síðan haustið 1998 fjáraukalagafrv. upp á fleiri milljarða króna.

Sjúkrahús Reykjavíkur hefur borið á góma nokkuð hér í sambandi við þessa umræðu. Þar hefur verið gefin út í dag greinargerð, sem send er öllum alþingismönnum, dagsett 12. des. 1997, og er býsna fróðleg. Þar er farið yfir allar tölur í þessu máli og rakið hvað í raun og veru vantar og svo segir hér að lokum, með leyfi forseta, um stöðuna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Það er nákvæmlega það sama og ég var að segja fyrir nokkrum kvöldum. Það er þetta:

„Þá liggur fyrir að í frumvarpi til fjárlaga vantar samanlagt til sjúkrahúsanna í Reykjavík 900 millj. kr. miðað við að rekstur 1998 verði sambærilegur við árið 1997."

Þetta eru tölur sem við þekkjum, þ.e. að samanlagt á árinu 1998 þá vanti um 900 millj. kr. miðað við að reksturinn verði sambærilegur við það sem er á þessu ári. Síðan segir:

„Fyrirsjáanlegt er að sjúkrahúsin í Reykjavík munu um komandi áramót standa frammi fyrir niðurskurði kostnaðar sem nemur a.m.k. þessari upphæð þar sem áætluð viðbótarfjárveiting í fjárlagafrumvarpinu og breytingatillögur meiri hlutans, 300 millj. kr. eða minna, þar sem mun hærri upphæð þarf til að mæta uppsöfnuðum halla. Ekki þarf að taka fram að slík kostnaðarlækkun hefur í för með sér stórfelldan niðurskurð á þjónustu. Fjárvöntunin sem snýr að Sjúkrahúsi Reykjavíkur mun leiða til þess að leggja þarf niður um það bil 100 sjúkrarúm af rúmum 500 rúmum spítalans og fækka ársverkum um u.þ.b. 200."

Sjúkrahús Reykjavíkur segir með öðrum orðum að núna fyrir áramótin verði að segja upp um 200 manns og taka ákvörðun um að loka spítaladeildum með u.þ.b. 100 sjúkrarúmum, þ.e. fimmtungnum af öllum sjúkrarúmum Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Það sjá það allir, herra forseti — eða hvað? — að þetta gengur ekki. Hér er einn talsmaður meiri hlutans í fjárln., varaformaðurinn og fleiri, en hann heiðrar okkur með nærveru sinni sem ég þakka sérstaklega. Það væri gaman að hafa t.d. heilbrrh. hér stundum sem hefur ekki sést í þessari umræðu. Þó snýst hún öll um heilbrigðismál. En heilbrrh. er ekki hérna. Ég spyr þá hv. varaformann fjárln. og aðra fulltrúa meiri hlutans sem hér eru: Gera þeir sér grein fyrir þessu? Geta þeir vefengt þessar tölur Sjúkrahúss Reykjavíkur að miðað við óbreytt framlög þýði frv. að loka þurfi deildum með 100 sjúkrarúmum frá og með áramótum og fækka ársverkum um 200? Ég stórefa það, herra forseti, að menn geti mótmælt þessu með rökum. Ef svo er þá er það gott, en þá vil ég heyra þau. Ég vil heyra þau rök meiri hlutans fyrir því að hann skuli ætla sér að bjóða spítölunum í Reykjavík upp á þessi ósköp sem verið er að gera tillögur um.

Síðan segir í greinargerð Sjúkrahúss Reykjavíkur sem mér barst áðan, með leyfi forseta:

„Til viðbótar við ofangreinda fjárþörf vegna rekstrar sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur skortur á fé til húsnæðiskaupa og tækjakaupa. Minnt er á ítrekaðar beiðnir Sjúkrahúss Reykjavíkur um fjárveitingar til þess að taka á alvarlegu ástandi húsnæðis og tækjabúnaðar sjúkrahússins. Á þeim vanda er hvorki tekið í frumvarpi til fjárlaga né í þeim áætlunum um breytingar á Alþingi sem frést hefur af."

Með greinargerð Sjúkrahúss Reykjavíkur eru síðan birtar mjög fróðlegar töflur um fjárvöntun sjúkrahúsanna í Reykjavík á verðlagi hvers árs, sem ég vona að fjárlaganefndarmenn fái eða hafi fengið. Síðan er farið yfir málin með nokkuð ítarlegum samanburði til ársins 1990 þar sem kemur t.d. fram að talsvert mikið hefur sparast í sjúkrahúsrekstrinum á Reykjavíkursvæðinu. Það eru tölur sem ég ætla ekki að fara yfir. Síðan er birt hér niðurstaða, vaktaskýrsla af bráðavakt Sjúkrahúss Reykjavíkur 8. og 9. desember. Ég ætla að lesa niðurstöðuna, herra forseti, þar segir:

„Að kvöldi þriðjudagsins er hjartadeildin yfirfull af fólki. Þar eru mörg rúm á gangi á deild A-7 og slysadeild er yfirfull, bæði sjúkravakt og gæsludeild."

Í þessari skýrslu segir enn fremur um stöðuna á lyfjadeild, bara eftir þennan sólarhring milli 8. og 9. desember, með leyfi forseta:

„Yfirfullt var á mánudeginum, bæði á A-6 og A-7. Um kvöldið voru þrír sjúklingar á gangi á A-7 og fjórir sjúklingar á gangi á A-6. Aðfaranótt þriðjudags þurfti að færa á milli sviða til að alvarleg teppa myndaðist ekki í húsinu og rétt tókst að afstýra því. Að kvöldi þriðjudags voru enn tveir mjög veikir sjúklingar á gangi A-7. Opnuð höfðu verið fjögur viðbótarrúm á gangi A-6 og mannað þar aukalega til að geta tekið við auknu álagi. Þetta kostaði tvær aukavaktir hjúkrunarfræðinga á allar vaktir frá mánudegi til þriðjudagskvölds. Með þessu tókst að afstýra algerri kreppu á lyflækningasviði."

Hjartadeild var stútfull kl. 19 á þriðjudagskvöld, bæði almenni gangurinn og sjálf gjörgæslan. Gjörgæsludeildin var að öðru leyti í þokkalegu jafnvægi, fjórir inni á gjörgæslunni og verið að útskrifa af vöknun á deildirnar.

Skurðdeild, bæði deild A-5 og deild B-6 voru tæpt mannaðar á þriðjudagskvöldinu og nóttin leit þannig út á A-5 að þar yrði einungis einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði á vakt. Á báðum deildum var aðeins eitt laust pláss.

Hér er um að ræða skýrslu sem send var hjúkrunarforstjóranum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Sigríði Snæbjörnsdóttur, 10. desember sl., þ.e. fyrir fáeinum sólarhringum og lýsir vakt hjúkrunarframkvæmdastjóra á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eina nótt.

Þetta er engin skreytni, engin yfirborðsorð fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Þetta er ekki nógu gott, herra forseti. Það er alveg ástæðulaust að setja þetta mál þannig upp að hér séu menn að rífast hástöfum um þessa hluti milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég tel að málið snúist ekkert um það og að nauðsynlegt sé að ríða málið upp úr þeim farvegi. Ég er hundrað prósent sannfærður um að þessar hugmyndir um 300 millj. kr. aukalega á næsta ári undir stýrinefndinni duga ekki neitt. Ég lít á þessa umræðu fyrst og fremst þannig að við séum ekki með henni að ráðast á hæstv. heilbrrh. Ég lít þannig á að við séum að hjálpa hæstv. heilbrrh. Ég tel það vera skyldu mína sem stjórnarandstæðings í þessari umræðu að koma upplýsingum á framfæri ef það mætti verða til þess að ríða heilbrigðismálin aðeins upp úr þeim vanda sem hér blasir við. Ég tel reyndar líka að heilbrigðismálin gjaldi fyrir það að þau eru að sumu leyti rekin í bandalagi við aðra starfsemi sem er að nokkru leyti óskyld, þ.e. tryggingastarfsemina, sem tekur milljarðatugi. Og svo er alltaf sagt: „Heilbrrn. tekur 50 milljarða." En þannig er það ekki. Heilbrrn. tekur miklu minna en heilbrrn. Trmrn. er aftur á móti

ellilífeyrisráðuneytið sem tekur til sín náttúrlega mjög mikla fjármuni þannig að ég held að að nokkru leyti sé heilbrrn. að gjalda fyrir þessar hræðilega háu tölur. Þær eru vissulega háar og við eigum að vanda okkur við að halda utan um það og ekki að hleypa þessu öllu af stað. En ég segi alveg eins og er, herra forseti: Ég mundi í sporum meiri hlutans sem ber á þessu ábyrgð hafa miklar áhyggjur af því sem verið er að leggja upp með vegna þess að ég tel að það sé allt of takmarkað.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja í örstuttu máli að örfáum breytingartillögum sem ég flyt hér ásamt fleirum. Fyrst varðandi hjúkrunarmál aldraðra í Reykjavík þar sem ég geri tillögu um ákveðið upphafsátak. Það er auðvitað hluti af vanda sjúkrahúsanna. Á sjúkrahúsunum í Reykjavík eru núna 70 aldraðir sem ættu að vera á hjúkrunarheimilum samkvæmt nýjustu tölum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, 70 manns. Kostnaðurinn við að hafa þetta fólk inni á sjúkrahúsum er tvisvar sinnum hærri en að hafa það inni á hjúkrunarheimilum þannig að það er hrein peningasóun að hafa þetta eins og það er í dag. Ástæðan er einfaldlega sú að þetta fólk á hvergi höfði sínu að halla. Það eru ekki til hjúkrunarheimili og það er ekki aðstaða heima hjá þessu fólki. Það má segja að það sé til skammar hvernig þeim málum er háttað hjá okkur hér, sérstaklega á þéttbýlissvæðinu, og þess vegna flyt ég þessa tillögu um sérstakt átak að því er varðar hjúkrunarvanda aldraðra í Reykjavík. Ég tek það fram að flm. að þessari tillögu um hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík er ásamt mér Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Í annan stað ætla ég að nefna litla tillögu sem ég flyt um lítils háttar hækkun á framlaginu til samtakanna Heimili og skóli. Ég held satt að segja að það sé eitt það besta sem hefur gerst í menntamálum um langt skeið, þ.e. hvað þessi samtök hafa verið virk. Mér er auðvitað kunnugt um að oft hafa verið deilur og mismunandi sjónarmið annars vegar af þeirra hálfu og hins vegar af kennara hálfu. Mér finnst samt að það skipti miklu máli að foreldrarnir séu virkir í þessu efni og hafi áhuga á skólum. Foreldrar eiga að vera forvitnir um skóla og það á að kvitta fyrir það að þessi samtök eru til og þau hafa reynt að opna áhuga á skólastarfi í landinu.

Þá flyt ég ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur litla tillögu um lítils háttar hækkun á framlagi til Landssambands eldri borgara. Í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir að veita í það 300 þús. kr. Tillaga okkar hv. þm., Margrétar Frímannsdóttur gengur út á að þetta verði 1,5 millj. kr., sem er nú ekki mikil upphæð satt að segja og ég fer fram á að hv. meiri hluti velti því fyrir sér hvort hægt er að skoða þau mál ögn betur.

Loks flyt ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur litla tillögu um lítils háttar framlag til undirbúnings íþróttahússbyggingar við Menntaskólann í Hamrahlíð. Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá hv. formanni fjárln. mun það vera svo að sú upphæð sem inn á framhaldsskólastofnkostnaði er merkt Menntaskólinn í Hamrahlíð sé ætluð til íþróttahúss. Eða hvað? Með hliðsjón af því að það sé þannig sem ég vænti að verði staðfest, þá mundi ég draga tillöguna til baka. (Gripið fram í.) Hæstv. menntmrh. staðfestir það. Þar með kemur tillagan væntanlega ekki til atkvæða.

Hæstv. forseti. Ég hef hér farið aðallega yfir stöðuna í heilbrigðismálum og tel mig hafa sýnt fram á að heilbrigðismálin eru enn hornreka í þjóðfélaginu. Góðærið hefur gleymt heilbrigðismálunum en það kemur vonandi þangað líka. Ég hef lagt áherslu á að hér væri um að ræða verkefni sem við ættum að fara í að reyna að leysa saman. Ég hef sagt það og endurtek að ég er alveg sannfærður um að ef fjárlagafrv. verður afgreitt svona þá eru menn að biðja um milljarð á næsta ári í fjáraukalögum. Það er ekki skynsamlegt að fara þá leið. Það er miklu nær að horfa á hlutina eins og þeir eru og ganga í verkið. Ég veit það út af fyrir sig og ég get alveg skilið þau sjónarmið sem vafalaust eru að einhverju leyti uppi hjá meiri hlutanum, að það að setja peninga í þessa starfsemi eins og aðra án þess að á málum sé sérstaklega tekið á skipulegan hátt getur stundum orkað tvímælis. Ég held hins vegar að það sé alveg augljóst mál að stjórnvöld, ríkisstjórnin og heilbrrn., ráða ekkert við heilbrigðismálin eins og staðan er núna, bókstaflega ekki neitt. Þess vegna legg ég mikið kapp á og hef gert í þessari ræðu minni og um fjáraukalög að reyna að sýna fram á það hér að þetta er alvöruvandi. Þetta er ekki vandi til að pexa um heldur vandi til að leysa. Það er aðalatriðið.

Herra forseti. Ég vísa, að því er varðar menntamálin sérstaklega að lokum, til ræðu hv. 8. þm. Reykn. og einnig þess sem fram kom í ræðum talsmanna minni hlutans í hv. fjárln. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka minni hlutanum í fjárln. fyrir góðar ræður og gott nál. Ég vil einnig leyfa mér að þakka meiri hlutanum fyrir tvö atriði. Það eru annars vegar tillögur um að setja í gang sérstaka vinnu við að undirbúa það að minnst verði landafundanna. Ég vil einnig þakka sérstaklega fyrir það að í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir því að efla rannsóknir og framkvæmdir að því er varðar það framtak sem Dalamenn hafa sérstaklega beitt sér fyrir á Eiríksstöðum og jafnvel víðar í Dalasýslu til að minnast þess að Eiríkur rauði lagði af stað þaðan árið 986 eins og við vitum alveg nákvæmlega, væntanlega í júní. Ég veit ekki alveg hvenær. Fyrir þetta vil ég þakka því það á að þakka það sem vel er gert og ég vil þakka hv. meiri hluta fyrir það sérstaklega.

Aðalefni máls mín eru heilbrigðismálin og ég tel að þau séu mjög illa afgreidd enn þá og í stóralvarlegu ástandi og tel mig hafa sýnt fram á að þau eru enn þá hornreka í íslenska þjóðfélaginu.

[18:38]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að það sé mjög frjó umræða um heilbrigðismálin að deila um það hver þróunin hafi verið í útgjöldum til heilbrigðismálanna og hversu hátt hlutfall af þjóðarútgjöldum þar sé um að ræða o.s.frv., heldur að aðalatriðið sé hvort þeir fjármunir sem við höfum til ráðstöfunar dugi og nýtist vel.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði þeirrar spurningar hvort hægt væri að fullyrða að ekki yrði um lokanir að ræða hjá sjúkrahúsunum í Reykjavík ef ekkert yrði að gert og fjármunir ekki auknir frá því sem nú liggur fyrir. Ég treysti mér ekki til að fullyrða neitt um það. Auðvitað vekja athygli þær upplýsingar sem liggja fyrir í bréfi til okkar í dag frá forsvarsmönnum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Að vísu eru margar af þeim upplýsingum sem þar eru reiddar fram upplýsingar sem hafa verið lagðar fyrir okkur þingmenn í fjárln. þannig að þær koma okkur ekkert á óvart.

En það sem ég vildi segja vegna ræðu hv. þm. er að samkvæmt fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir, þá er um að ræða hækkun á milli ára hjá Ríkisspítölunum um 9,8% og 6,5% hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Auk þess erum við að fjalla um frekari viðbætur inn í þennan rekstur. En það sem mér finnst aðalatriðið í þessu máli og snúa að okkur þingmönnum er

að 12. sept. sl. skrifaði borgarstjórinn í Reykjavík ásamt heilbrrh. og fjmrh. undir samkomulag sem gerði ráð fyrir því að hægt yrði að taka á þessum málum og gert var ráð fyrir því að sérstök aukafjárveiting kæmi upp á 320 millj. kr. Ég geri þá kröfu til þessara aðila að þeir hafi áttað sig á því 12. september að það blasti ekki við að það þyrfti að loka í stórum stíl deildum á sjúkrahúsunum hérna í Reykjavík.

[18:41]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki þessa tölu, 9,8% hækkun til Ríkisspítalanna. Hvernig er hún til komin? Hún er þannig til komin að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 550 millj. kr. vegna leiðréttingar á launum og kostnaði. Væntanlega gera menn ekki ráð fyrir því að fólk á Ríkisspítölunum hafi lægra kaup en annars staðar. Þess vegna er það bara sjálfsögð almenn verðlagsleiðrétting.

Í öðru lagi er um það að ræða að tekin hefur verið ákvörðun um að byggja barnaspítala. Það eru 200 millj. kr.

Í þriðja lagi er um það að ræða að Þvottahús Ríkisspítalanna er flutt af B-hluta yfir á A-hluta og það breytir auðvitað engu fyrir sjúklingana á Ríkisspítölunum hvort línið er þvegið í A-hluta eða B-hluta. Það eru 230–240 millj. kr. af þessari tölu, 9,8%, þannig að hér er ekki um neina aukningu að ræða sem marktæk er. Þess vegna finnst mér þetta vera hrein blekkingartilraun af hálfu fjmrn. því hún segir ekki neitt.

Hv. þm. heldur því ekki lengur fram að það sé verið að hækka til heilbrigðismálanna. En því var haldið fram hér fyrir nokkrum dögum. Því er ekki lengur haldið fram vegna þess að það eru alveg óyggjandi tölulegar staðreyndir frá Þjóðhagsstofnun um að svo er ekki. Það er út af fyrir sig afgreidd deila og það er gott. Væntanlega er þar með viðspyrna til að halda áfram að sækja aðeins áleiðis og upp á við fyrir heilbrrn. Hitt finnst mér aðalatriðið í ræðu hans og það er hvernig hann meðhöndlar samkomulagið frá 12. september. Það finnst mér ósanngjarnt. Vegna hvers? Vegna þess að í því var gert ráð fyrir margháttuðum aðgerðum vegna ársins 1998 og þar með minni kostnaði það ár sem ekki hefur verið farið í og ekki hefur verið gripið til, m.a. af því að heilbrrn. hefur ekki staðið sig. Á þá að senda spítölunum reikninginn fyrir það að heilbrrn. stendur ekki við samkomulag sem það hefur sjálft gert?

[18:44]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að nefna aftur þennan samanburð vegna þess að hv. 8. þm. Reykv. heldur honum áfram. Ég leyfi mér að efast um að við getum ekki treyst tölum frá Ríkisendurskoðun. Ég vil einnig nefna að þær tölur sem við höfum fengið frá Ríkisendurskoðun sýna að raunútgjöldin til þessara sjúkrastofnana hafa verið að hækka. Hins vegar hefur náðst árangur og lyfjakostnaður hefur lækkað, en raunútgjöldin hafa hækkað. Ég held að það sé ekki mjög skynsamleg umræða að vera að rífast um hvaða vísitölu við notum. Þjóðhagsstofnun notar eina leið til uppfærslu og Ríkisendurskoðun aðra leið til uppfærslu. Þetta er náttúrlega ómögulegt.

En vegna þess sem hv. þm. sagði um það að þetta séu reikningskúnstir og það sé verið að færa inn þvottahús o.s.frv., þá ætla ég ekki að mótmæla því vegna þess að ég get ekki fullyrt neitt um það. En staðreyndin er hins vegar sú að gert var samkomulag milli þessara aðila. Ef ekki er staðið við það samkomulag þá þarf auðvitað að taka það upp. Það sem við gerum ráð fyrir að verði gert með tillögum meiri hluta fjárln. er að þetta samkomulag verði tekið upp og gert nýtt samkomulag sem nýti sér þær viðbótarfjárveitingar sem við erum að fjalla um hér og nú í þessari umræðu.

[18:44]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til að þakka hv. varaformanni fjárln. fyrir að segja upp þessu samkomulagi. Það var það sem hann var að gera. Hann var að lýsa því yfir að fjárln. og meiri hlutinn á Alþingi væri tilbúinn til að fara í að endurskoða þetta samkomulag. Það vita það allir núna, núna, frá og með þessari stundu, fyrir einni mínútu, að þetta samkomulag stenst ekki. Af því m.a. að það hefur ekki verið unnið að þeim verkum og því endurskipulagi í heilbrigðismálum hér á þéttbýlissvæðinu sem heilbrrn. lofaði að láta gera en hefur ekki staðið við. Þannig að ég tel að það sé ... (**StB:** Hefur borgin staðið við sitt?) Borgin hefur staðið við sitt að fullu í þessu máli. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm. fyrir að segja: „Þetta samkomulag verður að taka upp." Það er mikið mál og það er mikil frétt fyrir forustu og starfsmenn Ríkisspítalanna og Borgarspítalans og Landakots að fá yfirlýsingar um það núna við 2. umr. fjárlaga. Betra er seint en aldrei, herra forseti.

[18:45]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sínum augum lítur hver silfrið. Hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði áðan í upplýsingar sem hann hefur fengið frá Borgarspítalanum þar sem lýst var því að loka þyrfti fimmtungi eða 100 rúmum og fækka ársverkum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hann sagði að það væri sá mælikvarði sem ætti að nota til þess að sýna fram á samdrátt vegna fjárveitinga til Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Fyrir 30 árum þegar það frv. var samþykkt um heilbrigðismál sem við vinnum nú eftir var mælikvarðinn á umfang og afköst sjúkrahúa, rúm eða rúmafjöldi. Í dag er hvorki rétt að nota þann mælikvarða sem heitir rúm né tala um að loka 100 rúmum eða slíku. Umfang sjúkrahúsa og starfsvettvangur sjúkrahúsa felst í margfalt fleiru en að sinna sjúklingum sem eru rúmliggjandi. Þess vegna spyr ég: Af hverju að nota þennan mælikvarða? Hvers vegna er verið að hrópa: „Úlfur úlfur", eða hvað er verið að gera? Er það vegna þess að almenningur og kannski við hér inni á þingi skynjum ekki að umfang sjúkrahúsa er ekki bara rúm? Það felst í margfalt fleiri atriðum.

Ég vil gjarnan benda á þetta fyrir þá umræðu sem væntanlega verður hér eftir áramótin um heilbrigðismál vegna þess að við verðum að líta hlutlaust á upplýsingar sem við fáum í hendurnar og með tilliti til þess hvað borið er fram fyrir okkar í málflutningi af þessu tagi.

[18:47]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið snýst kannski ekkert um það að mæla afköst sjúkrahúsa í rúmum lengur. Það er liðin tíð. Ég hygg að veruleikinn sé bara sá að Borgarspítalinn eða Sjúkrahús Reykjavíkur telur að það geti ekki gert neitt annað en að loka deildum með rúmum vegna þess að Sjúkrahús Reykjavíkur er eitt virkasta, ef ekki virkasta, sjúkrahús landsins. Þar er langmest gegnumstreymi af sjúklingum og hvers kyns heilbrigðisvandamálum af margvíslegu tagi miðað við alla spítala í landinu. Sjúkrahús Reykjavíkur getur ekki sagt:

„Við lokum á bráðaþjónustuna.“ Það hlýtur að taka á þessum vanda ef það er dæmt til að loka og meiri hlutinn er núna að dæma Sjúkrahús Reykjavíkur til að loka eða að lofa meiri pening á næsta ári eins og var verið að gefa í skyn áðan í andsvari hv. 2. þm. Vesturl. vegna þess að það verði að taka samkomulagið upp frá í haust því það standist ekki. Það eru náttúrlega nokkuð mikil tíðindi. En það er þá spurning hvort ekki væri skynsamlegra að leiðrétta grundvöll fjárlagafrv. við 3. umr. frekar en að halda áfram með þetta sem núna er viðurkennt af öllum, líka meiri hlutanum, að stenst ekki.

[18:48]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal vera fyrst til að viðurkenna gífurleg afköst, ekki bara Sjúkrahúss Reykjavíkur heldur Landspítalans einnig. En ég ítreka að þingmenn verða að horfa gagnrýnum augum á framsetningu þeirra upplýsinga sem þeir fá í hendurnar til þess að hægt sé að ræða málefnalega þessi mál innan þings.

[18:49]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega sammála hv. þm. um að það á að horfa gagnrýnum augum á þessa hluti.

Hin gagnrýnu augu mín segja, að því er varðar Sjúkrahús Reykjavíkur, að um sé að ræða uppsafnaðan vanda og vanda á næsta ári eins og þetta lítur út núna upp á 700 millj. kr. mínus eitthvað innan við 300 millj. kr. Það er alveg ljóst að Sjúkrahús Reykjavíkur fær ekki þessar 300 millj. kr., nema eitthvert brot af þeim. Ég held að það hljóti að liggja þannig þannig að það er augljóst mál að mín gagnrýnu augu segja, og ég veit þingmannsins líka, að vandi Sjúkrahúss Reykjavíkur er einhvers staðar í kringum hálfan milljarð eins og staðan er nú. Menn skulu bara horfast í augu við það eins og það er.

[18:50]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veitti því athygli að hv. 8. þm. Reykv. notaði mikið af tíma sínum hér til að ræða um vandamál heilbrigðisþjónustunnar. Hann var ekki fyrsti stjórnarandstöðuþingmaðurinn hér í dag sem fyrst og fremst talar um heilbrigðisþjónustu.

Sannleikurinn er sá, herra forseti, að það er náttúrlega minnstur vandi að nota óendanlega mikla peninga í þennan málaflokk og það er mjög til siðs við afgreiðslu fjárlaga að koma hér með yfirboð og segja: „Nei, þetta er ekki nóg. Það þarf meira hér og það þarf meira þar.“ Þetta er alveg rétt. Það er hægt að auka kostnað við heilbrigðisþjónustuna gríðarlega í þessu landi eins og öðrum. En staðreyndin er sú að við stöndum vel að vígi í heilbrigðismálum, betur en flestar aðrar þjóðir heims og við erum eins og allar aðrar þjóðir að reyna að halda utan um þessa hluti til að hafa jafnvægi á þessum málum. Við erum tiltölulega háir miðað við verga landsframleiðslu við notkun peninga í heilbrigðisþjónustuna.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að heilbrigðisstéttir hafa gagnrýnt það mjög að það skorti langtímastefnumörkun í heilbrigðismálum. Ég held að það sé rétt. Og ég held að það sem Alþingi gæti gert í því væri að reyna að breyta þessari umræðu. Hún er yfirleitt alltaf einhvern veginn þannig að allt sé undir brot og slit. Ókunnugir gætu haldið að hér lægju sjúkir menn og sorgmæddir, slasaðir og illa farnir á vegum úti. Svo rosaleg er lýsingin á því þegar verið er að segja frá ástandi í heilbrigðismálum. Ég held að við gætum gert mikið gagn með því að hafa þessa umræðu miklu hlutlægari, reyna að átta okkur á því hvernig eigi að greiða þennan kostnað, hvernig við getum orðið til aðstoðar í því að gera enn betur því það er verið að gera vel á Íslandi. En eflaust er hægt að gera miklu betur og við eigum að hjálpa hinum góðu heilbrigðisstéttum með því að tala um þetta hlutlægt og reyna að átta okkur á því hvernig við getum orðið að liði.

[18:52]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einmitt það sem umræðan hefur gengið hér út á að menn hafa verið að reyna að tala sig niður á hinn tölulega grundvöll. En hv. þm. tekur ekki þátt í því. Hann kemur hér inn eins og vígahnöttur og stekkur upp í ræðustólinn, ræðst að ræðumönnum fyrir málefnalegar ræður, upplýsingar um málin.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ræðuhöld eins og hans hér áðan leysa engan vanda. Það er alveg á hreinu. Að bera mönnum ævinlega það á brýn að þeir séu með yfirboð þegar verið er að tala um vandann eins og hann er. Hver er hann? Hann er sá að hér á þessu svæði eru starfrækt sjúkrahús þar sem vantar, eins og fjárlagafrv. lítur út, í kringum 1–1,5 milljarða kr. ef þau eiga ekki að loka verulegum hluta af starfsemi sinni. Gerir þingmaðurinn sér grein fyrir því að ef hann stendur að frv. eins og það lítur út, þá er hann að segja: Það verður að henda fólki út af þessum sjúkrahúsum, bæði sjúklingum og starfsliði í stórum stíl á næsta ári. Það er þannig. Það liggur þannig. Það er ekki uppfinning vondra manna. Ég held að það sé nauðsynlegt líka, herra forseti, að átta sig á því að það er ekki þannig að Íslendingar séu háir miðað við landsframleiðslu á mann í útgjöldum til heilbrigðismála. Það er liðin tíð. Hv. þm. veit það kannski ekki að Íslendingar eru númer fimm í tekjum á mann innan OECD en sennilega númer tíu í útgjöldum til heilbrigðismála þannig að það er augljóst mál að heilbrigðismálin hafa dregist stórkostlega aftur úr. Ég skora á hv. þm. að setja sig inn í málin með skýrari hætti en mér fannst hann hafa gert hér áðan.

[18:54]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess að geta orðið að liði í heilbrigðismálunum þarf pólitíkin, stjórnmálamenn og ríkisstjórnir að koma til og hjálpa og það þarf að byrja á því að spyrja einnar grundvallarspurningar, spyrja að því hver þörfin sé í heilbrigðismálum. Ef við reyndum að átta okkur á því hver þörfin er þá gætum við komið á hlutlægan hátt og orðið að liði við að reyna að meta það hvað þarf af peningum. Það er á engan annan hátt sem við getum orðið að liði. Þessarar spurningar er ekki spurt. Sjúkrahúsin á Íslandi eru fullkomlega sambærileg að öllu leyti við sjúkrahúsin í nágrannalöndunum. Það er ekki hægt að segja það með nokkrum sanni að þau séu dýrari. Það er heldur ekki hægt að segja að við séum að gera aðgerðir hér ódýrari en aðrir. Við eigum að koma og hjálpa hinum góðu heilbrigðisstéttum með því að reyna að átta okkur á því hvað Íslendingar þurfa. Við erum tiltölulega ung þjóð og allur samanburður í kostnaði miðað við verga landsframleiðslu þarf að taka mið af því að um unga þjóð sé að ræða. Menn skulu átta sig á því líka í samanburði við OECD-ríkin að Bandaríkin og Kanada eru svo rosalega há í þessum samanburði að það ruglar þetta allt saman, enda eru þau með allt annað heilbrigðiskerfi en við. En ef við ætlum að bera það saman við Evrópu þá stendur þetta svona. Við

erum tiltölulega mjög háir miðað við að þetta er ung þjóð.

[18:55]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið snýst ekkert um það sem hv. þm. var að tala um. (**EOK:** Jú.) Málið snýst um það að hvergi í heiminum nema á Íslandi eru sjúklingar geymdir úti á göngum í stórum stíl. Hvergi í heiminum nema á Íslandi er það þannig að sjúklingar séu geymdir í skolherbergjum eins og á Íslandi. (**Gripið fram í:** Og salernum.) Og hvergi í heiminum (Gripið fram í.) er það þannig nema á Ísland að það liggur fyrir að gjörgæsludeildir halda hvorki vatni né vindum. Það verður að loka þeim vegna þess að það rignir inn í þær. Þannig er veruleikinn í dag, herra forseti, sem hv. þm. þyrfti að kynna sér.

[18:56]

**Útbýting þingskjala:**

Félagsleg aðstoð, 352. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 496.

Ríkisábyrgðir, 99. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 493; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 494.

Stjórn fiskveiða, 275. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 497; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 498.

[Fundarhlé. — 18:57]

[20:31]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. LB og JóhS, þskj. 509; brtt. JóhS, þskj. 512.

[20:32]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við getum öll verið sammála um að efnahagslegur stöðugleiki er frumforsenda þess að lífskjör í landinu geti haldið áfram að batna. Það er því afar áríðandi að fjárlögin verði afgreidd með afgangi. En við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar við erum að tala um afgang á fjárlögum nú þá er það töluvert betri árangur en þegar við töluðum um þetta á síðasta ári vegna þess að nú er fjárlagafrv. lagt fram í formi rekstrargrunns en ekki greiðslugrunns eins og var. Það er um 3,5 milljarða munur á greiðslugrunni og rekstrargrunni í fjárlagafrv.

Fjárln. hefur í vinnu sinni tekið afstöðu til mikils fjölda mála sem hafa borist til nefndarinnar. Nefndin hefur einnig átt viðtöl við forstöðumenn stofnana og sveitarstjórnarmenn. Einnig hafa fulltrúar ráðuneyta skýrt einstaka liði í fjárbeiðnum sinna ráðuneyta.

Nefndin hefur tekið til afgreiðslu flest þeirra erinda sem borist hafa. Þó eru nokkur erindi sem verða að bíða til 3. umr. Það á einnig við um tekjuhlið frv. en eins og fram kemur í brtt. meiri hluta fjárln. þá leggur hún til samtals 1.567 millj. kr. hækkun í frv. Ýmsar vísbendingar eru hins vegar um að forsendur fyrir tekjuhlið frv. hafi breyst nokkuð frá því að það var lagt fram. Hækkanir á tekjuhliðinni munu því koma á móti en það mun fjárln. skoða á milli 2. og 3. umr.

Með afgreiðslu sinni á þessum brtt. nú fyrir 2. umr. er meiri hluti fjárln. að leggja nokkrar megináherslur og vil ég þá fyrst og fremst nefna að rannsóknanámssjóður Háskóla Íslands hefur verið hækkaður mjög verulega og sýnir áherslur fjárln. og óskir um að efla rannsóknanámið mjög verulega.

Einnig hefur fjárln. lagt til að ritakaupasjóður háskólans verði hækkaður og er það m.a. vegna eindreginna óska frá Háskóla Íslands.

Meiri hluti fjárln. hefur einnig lagt til að liðurinn Jöfnun á námskostnaði hækki um 50 millj. kr. Þarna er verið að leggja til að hækkað verði framlag til jöfnunar á námskostnaði framhaldsskólanema á landsbyggðinni. Kemur það einkum til góða þeim er sækja nám fjarri heimabyggð. Þetta eru auðvitað áherslur sem fjárln. leggur vegna þess hversu óskaplega dýrt það er fyrir landsbyggðarfólk og heimili á landsbyggðinni að senda börn sín til mennta. Það eru því eðlilegar áherslur þar sem framhaldsskólanámið er byggt upp á ákveðnum stöðum á landinu, að nemendum sem búa fjarri þeim stöðum verði gert það léttbærara að sækja sér menntun.

Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað að undanförnu um byggðamál hefur það skýrlega komið í ljós að einn af þeim þáttum sem valda því að fólk flytur sig til með búsetu í landinu er hversu dýrt og erfitt það er fyrir heimilin á landsbyggðinni að senda börn sín burt til náms. Það eru því mjög eðlilegar áherslur að komið verði til móts við þennan mikla kostnað með því að leggja aukið fé til jöfnunar námskostnaði.

Annar er sá þáttur sem hefur reynst íbúum á landsbyggðinni vera ákaflega dýr en það er húshitunarkostnaðurinn. Meiri hluti fjárln. lagði því til að liðurinn Jöfnun húshitunarkostnaðar í fjáraukalögum verði hækkaður um 50 millj. kr. Það er reyndar skoðun mín að enn verði að gera betur til að réttlæti verði náð.

Auðlindir landsins skiptast að þessu leyti nokkuð misjafnlega því að svo vill til að Landsvirkjun hefur einokun á virkjunarkostum landsins og selur öðrum dreififyrirtækjum orkuna samkvæmt því fyrirkomulagi. Eins og fram kemur í áliti iðnn. en iðnn. segir í áliti sínu um fjárlagafrv., með leyfi forseta:

„Í máli fulltrúa Rafmagnsveitna ríkisins (Rarik) kom fram að Rarik kaupir raforku af Landsvirkjun og greiðir fyrir hana um 50% hærra verð en langtímajaðarkostnaður Landsvirkjunar er metinn á. Á næstu árum eru horfur á að Hitaveita Suðurnesja og Reykjavíkurborg framleiði raforku í nýjum virkjunum. Þetta leiðir til þess miðað við óbreytta stöðu að fyrirtækið verður enn frekar háð verðlagningu Landsvirkjunar. Um næstu áramót mun Landsvirkjun hækka gjaldskrá sína um 1,7%. Slíkt hið sama mun Rarik þurfa að gera en á sama tíma stefnir Rafmagnsveita Reykjavíkur að lækkun gjaldskrár um 2%. Því er ljóst að Rarik verður að lækka kostnað við orkuöflun verulega ef unnt á að vera að halda orkuverði niðri á landsbyggðinni. Þá hefur, í úttekt sem gerð var á vegum Hagvangs og Viðskiptafræðistofnunar Háskólans, sjónum verið beint að félagslegum þætti í rekstri og framkvæmdum Rariks sem skýrist m.a. af þjónustuskyldu fyrirtækisins við strjálbýl svæði. Verkefni tengd þessu eru þess eðlis að þau geta ekki borið uppi eðlilega ávöxtunarkröfu af því fjármagni sem í þeim þarf að binda. Í dag eru framlög til þessa þáttar endurgreiðsla 65% af arðgreiðslum þeim sem fyrirtækið greiðir í ríkissjóð og er það vegna endurnýjunar dreifikerfa í sveitum. Fulltrúar Rariks telja þetta ekki nægilegt og benda á mikilvægi þess að viðurkenning verði fengin á tilvist þessara verkefna þannig að markaður verði varanlegur tekjustofn fyrir þau, einnig að sett verði upp reikniregla til að meta stærð félagslegs þáttar í einstökum verkefnum. Nefndin vekur athygli á þessum atriðum er tengjast starfsemi Rariks og minnir á mikilvægi jöfnunar orkukostnaðar í landinu."

Undir álit iðnn. skrifa allir hv. alþingismenn sem eiga sæti í iðnn.

Hæstv. forseti. Með tillögum fjárln. verður komist hjá umræddri hækkun en nauðsynlegt er að huga að öðrum tillögum sem fram koma í álitinu.

Við fjárlagagerðina nú hefur verið beitt nýjum aðferðum í menntmrn. til þess að ákveða fjárframlög til framhaldsskóla. Þetta nýja reiknilíkan er nú í þróun. Það skiptir mjög miklu máli að vel takist til við gerð þess. Í framtíðinni verði þannig hægt að byggja á slíku reiknilíkani og framhaldsskólarnir geti þá gert ráð fyrir því í rekstri sínum hvaða fjárframlög þeir hafa til að reka skólana. Einnig verður að gera ráð fyrir mismunandi rekstrarkostnaði í húsakosti framhaldsskólanna. Bæði er þar mismunandi viðhaldsþörf og ekki síður sá fasti kostnaður sem þarf til reksturs skólans, svo sem ferðakostnaður og einnig orkukostnaður og fleira sem tengist því, t.d. hvers konar húsakosti framhaldsskólarnir hafa yfir að ráða.

Það er alveg ótvírætt að framhaldsskólarnir í landshlutunum hafa mikil áhrif á að það takist að snúa við þeirri byggðaþróun sem hefur verið svo erfið sem raun ber vitni að undanförnu. Það skiptir gífurlega miklu máli að vel takist til í þróun þeirra og uppbyggingu.

Á Austurlandi hefur verið starfandi nefnd á vegum Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) sem hefur hugað að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi. Nefndin hefur komist að því að rétt sé að gera tilraun til að koma á stofn miðstöð háskólanáms og endurmenntunar í landshlutanum. Nefndin fór fram á fjárveitingar að upphæð samtals 16 millj. kr., annars vegar til þess að kaupa búnað til kennslu með gagnvirku sjónvarpi og hins vegar til að ráða starfsmann til undirbúnings miðstöðvarinnar.

Meiri hluti fjárln. ákvað að koma til móts við þetta framsækna verkefni með því að leggja til 8 millj. kr. Það er ljóst að víða er áhugi á að vel takist til með þetta verkefni og þróun þess verði með þeim hætti að hægt verði að nýta þá reynslu sem menn afla sér til að byggja upp sams konar nám í öðrum landsfjórðungum og er þá sérstaklega horft til Vestfjarða þar sem ekkert háskólanám er í boði frekar en á Austurlandi. Það er alveg nauðsynlegt að þetta verkefni verði unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og báðir þessir skólar hafa í rauninni sýnt verkefninu mikinn áhuga.

Það er nauðsynlegt að unnið verði tiltölulega hratt, stigin verði ákveðin og örugg skref til að byggja upp þetta nám. Háskólanám og endurmenntun verði byggð upp með fyllstu fagleg markmið í huga. Ef vel tekst til að byggja upp nám á háskólastigi og styrkja framhaldsnám og símenntun má öruggt telja að þeim Austfirðingum fjölgi sem leggi stund á framhaldsnám og háskólanám, bæði heima og erlendis. Þá er ljóst að slík miðstöð mun tengjast erlendum háskólum og gerir því fólki á Austurlandi kleift að ná sér í menntun víða að úr heiminum.

Þetta skiptir miklu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni, eykur þjónustu, styrkir stöðu framhaldsskólans og síðast en ekki síst gerir það ákjósanlegra að setjast að og búa á landsbyggðinni. Það er einlæg von mín að vel takist til með þetta verkefni og reynsluna af því megi nýta sem víðast.

Eins og fram hefur komið í umræðum í dag hefur vandi sjúkrahúsanna í landinu hvort sem er hinna stærri eða hinna smærri verið mjög til umræðu hjá nefndinni. Fjárln. hefur kynnt sér þau mál og niðurstaðan er eins og menn þekkja að í fjáraukalögum var lagt til að farið yrði — fyrir utan það reyndar sem kom fram í frv. um vanda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík — fram á 200 millj. kr. til þess að fást við vanda landsbyggðarsjúkrahúsanna og sérstaklega til að gera upp þann halla sem þar hefur safnast fyrir á undanförnum árum. Fjárln. leggur síðan til 300 millj. kr. fjárveitingu til að fást við rekstrarvanda allra sjúkrahúsanna í landinu. Tillögur eru um að stýrinefnd komi að verkefninu sem fái þá víðtækt umboð til þess að fjalla um málefni sjúkrahúsanna og geti unnið upp þjónustusamninga þar sem verði m.a. skilgreint starfssvið einstakra heilbrigðisstofnana og samið við sérhverja þeirra um þá þjónustu sem veita skal og fjárframlög til stofnananna. Slíkir þjónustusamningar ættu að styrkja mjög stjórnun stofnananna og auðveldara ætti að vera að hafa eftirlit og aðhald með rekstri þeirra.

Það er hins vegar ljóst að þetta verkefni er mjög stórt og engan veginn hægt að ætlast til að því verði lokið á mjög skömmum tíma því eins og við þekkjum er vandinn til mjög margra ára. Það er hins vegar nauðsynlegt að stýrinefndin hafi það að leiðarljósi að byrja að fjalla um þær stofnanir þar sem vandinn er hvað mestur þannig að komist verði hjá uppsögnum eða lokun einstakra deilda.

Við búum við góða heilbrigðisþjónustu. Það kemur m.a. fram í skýrslu VSÓ þar sem, með leyfi forseta, segir um faglega hæfni:

„Gæði íslenskrar heilbrigðisþjónustu eru mikil og skarar Ísland fram úr öðrum þjóðum í meðferð sumra sjúkdóma. Fagfólk í heilbrigðisstétt sækir sérfræðimenntun sína til margra landa sem endurspeglast í einstakri færni við að tileinka sér fljótt nýjungar í tækni og meðferð sjúklinga."

En þar segir jafnframt um fjárhagsleg atriði, með leyfi forseta:

„Margir veikleikar eru við fjármögnun í heilbrigðiskerfinu. Launakerfi sérfræðinga er mjög flókið og ekki auðskilið. Sjúklingar eru ekki hvattir til að nýta sér hagkvæmustu leiðina til lækninga sinna sjúkdóma. Stjórnendur stofnana eru ekki hvattir til að tryggja í fyrsta lagi að sjúklingar séu skoðaðir og meðhöndlaðir á sem skilvirkastan hátt og í öðru lagi að nýting á fjármagni og þekking í heilbrigðiskerfinu sé sem best."

Þetta segir eitthvað um þann mikla stjórnunarvanda sem er í heilbrigðiskerfinu í heild. Við þessu þarf að bregðast og það er ætlun fjárln. að það verði gert með þeim hætti sem fyrr greinir.

Hæstv. forseti. Ég ætla að minnast aðeins á tvö atriði til viðbótar. Það er í fyrsta lagi lögreglumál en til fjárln. bárust mörg erindi þar sem óskað var eftir því að veitt yrði meira fjármagn til löggæsluverkefna. Það er hins vegar mat ríkislögreglustjóra að mesta þörfin væri fyrir fjölgun starfa við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði og ákveðið var að leggja til fjármagn til einnar stöðu lögreglumanns sem staðsettur yrði á Fljótsdalshéraði.

Staðan á Fljótsdalshéraði er sú að einungis eru þar starfandi tveir lögreglumenn í hinu víðfeðma héraði með yfir 3.000 manna byggð. Á Fljótsdalshéraði er mikil umferð m.a. ferðamanna. Þegar þessi staða lögreglumanns er komin þá eru 1.000 manns í stað 1.500 á bak við hvern lögreglumann en meðaltal er 300–500 manns á bak við hvern lögreglumann í landinu.

Ég vil einnig minna á að ástandið á Vopnafirði. Þar er einn lögreglumaður með 1.000 manna svæði þannig að ljóst er að vandinn er enn þá mjög mikill.

Að síðustu eilítið um vegamálin. Það er ljóst að leggja þarf til í þessu fjárlagafrv. að af mörkuðum tekjustofnum til

vegamála skuli settur rúmur milljarður í ríkissjóð. Með tilliti til stöðu ríkisfjármálanna reyndist það nauðsynlegt eins og nú stendur. Við skulum minnast þess að verkefnin í vegagerð í landinu eru gífurleg. Við hljótum því að stefna að því að allar markaðar tekjur í Vegasjóð fari til uppbyggingar vegakerfisins. Verkefnin eru stór og æpandi og ég get nefnt það að á Austurlandi er talið að til brýnustu verkefna þurfi 8–9 milljarða á næstu árum. Brýnustu verkefnin á landinu öllu eru talin vera 35–40 milljarðar og það er því ljóst að á Austurlandi er mjög stór hluti þeirra verkefna sem talin eru brýnust á landinu. Ég ætla þó ekki að gera lítið úr þörfum á framkvæmdum í öðrum kjördæmum. Við vitum að um allt land brenna á mjög stór verkefni og nauðsynlegt er að leggja í þau verulegt fé á næstu árum.

Hæstv. forseti. Verkefni fjárln. eru ærin fyrir 3. umr. Það er ástæða til að þakka minni hluta fjárln. gott samstarf og ábyrg vinnubrögð og ég veit að svo verður áfram.

[20:48]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við höfum verið að ræða þetta fjárlagafrv. lengi dags, byrjuðum kl. 10.30 í morgun og nú vantar klukkuna 10 mínútur í 9 að kvöldi og ég verð að segja að þar sem ég hef fylgst með umræðunni í allan dag, þá hefur það vakið furðu mína að það er hending ef ráðherra úr þessari ríkisstjórn hefur sést í salnum. Ég gagnrýni það þar sem þetta er mjög mikilvæg umræða sem við erum að fara í gegnum og ég hefði talið það eðlilegt að ráðherrar í ríkisstjórninni fylgdust með því sem menn hafa að segja um fjárlagafrv. Þó svo að formaður fjárln. og fjárlaganefndarmenn hafi af og til verið viðstaddir og að mestu margir hverjir í salnum eru þetta mál sem full ástæða er til að ráðherrar sinni og hlusti á.

Það sem ég mun reifa í ræðu minni eru mál sem hér hafa verið þó nokkuð mikið til umræðu og kannski ekki óeðlilega. Það eru heilbrigðismálin, það er ástandið á sjúkrahúsunum og síðan samgöngumálin. Ég mun afmarka mig við þá málaflokka sem heyra undir þær nefndir sem ég sit í í þinginu en engu að síður mun ég koma inn á fleiri málaflokka sem ég tel ástæðu til að minnast á.

Mig langar til að byrja á því að ræða aðeins um stefnuleysið í heilbrigðismálum. Mér finnst afleitt að ekki skuli hafa verið meiri stefnumörkun í heilbrigðismálum á þessu kjörtímabili. Það virðist vera nokkurs konar hentistefna eða handahófskennd vinnubrögð sem ég tel að þurfi að bæta. Heilmikil vinna hefur verið unnin undanfarið í nefndum og ég nefni sérstaklega nefnd sem ég tók þátt í að vinna með sem er forgangsröðunarnefnd hæstv. heilbrrh. og þar hefur verið unnin vönduð og mikil stefnumótunarvinna sem ég hefði talið að þyrfti að koma í framkvæmd en ég mun víkja að því síðar.

Úr því að ég er farin að tala um heilbrigðismálin er full ástæða til þess að minnast á þau misvísandi skilaboð sem berast til almennings, annars vegar frá yfirvöldum og hins vegar frá heilbrigðisþjónustunni og þá á ég sérstaklega við það sem snýr að sjúkrahúsunum.

Í nýlegu riti sem ríkisstjórnin sendi frá sér á kostnað skattborgara sem ber heitið „Áfangar í starfi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks" er m.a. fjallað um heilbrigðisþjónustuna í einum kafla. Þar er talað um róttækar aðgerðir til að bæta þjónustu sjúkrahúsanna og í þeim kafla er þessi setning: „Verulegur árangur hefur náðst í hagræðingu og bættri þjónustu við sjúklinga." Þetta stendur í riti ríkisstjórnarinnar sem var sent til landsmanna. Þau skilaboð koma sem sagt frá ríkisstjórninni.

Á sama tíma og við heyrum af því að fjöldi sjúklinga liggur á göngum, það þurfi að leggja sjúklinga inn á salerni, inn á skolherbergi og víða á sjúkrahúsum þar sem sjúklingar eiga alls ekki að vera. Aldrei hafa verið fleiri endurinnritanir á sjúkrahúsin og eins og ég sagði í andsvari í dag hefur komið fram hjá landlækni að 75 af hverjum þúsund sjúklingum sem koma inn á ákveðnar deildir á sjúkrahúsunum koma aftur inn á sjúkrahúsin innan átta daga og þar eru ekki taldir með sjúklingar utan af landi sem lenda þá innan átta daga inn á sjúkrahúsum úti á landi. Þetta er mjög alvarleg staðreynd. Fólk kemur inn á sjúkrahúsin mun veikara en áður og það er útskrifað áður en það nær fullum bata. Eins og komið hefur fram og segir m.a. í skýrslu landlæknis eru sjúklingar sendir heim án þess að búið sé að tryggja þeim viðunandi heimahlynningu. Þetta ástand og þjónusta er brot á lögum sem voru sett í vor um réttindi sjúklinga. Ég leyfi mér að efast um öryggi þeirra sjúklinga sem liggja á nokkrum deildum þar sem gangarnir eru jafnvel tepptir dögum, vikum og mánuðum saman.

Hvað með brunaeftirlit á sjúkrahúsunum? Fullnægja þessi sjúkrahús skilyrðum um brunavarnir þegar gangar eru dögum saman fullir af sjúkrarúmum með fársjúku fólki? Ég er viss um að svo er ekki og ég tel fulla ástæðu til þess að menn skoði það hvort öryggisskilyrðum er fullnægt þegar ástandið er svona. Hvað með náttúruhamfarir, jarðskjálfta og annað þegar gangarnir eru tepptir eftir bráðavaktirnar á stóru sjúkrahúsunum?

Ég var að tala um misvísandi skilaboð frá heilbrigðiskerfinu annars vegar og stjórnvöldum eða ráðuneytinu hins vegar og auðvitað veltir maður fyrir sér hvar við erum eiginlega stödd. Annars vegar er þessi hryggðarmynd og hins vegar þessi glansmynd í riti ríkisstjórnarinnar.

Í umræðunni um fjáraukalögin var að sjálfsögðu mikið talað um heilbrigðismálin og þar kom hæstv. heilbrrh. inn í umræðuna og talaði um hvað allt væri gott, það væri hægt að setja milljarð í viðbót og 200 millj. kr. pott fyrir áramót og 300 millj. kr. pott eftir áramót. Enginn veit hver fær úrlausn, hvaða stofnanir fá úr þessum pottum. Það þarf vissulega ansi kröftugan pottasleiki til þess að hægt sé að leysa málið með þessu pottastandi öllu saman heldur betur. (**Gripið fram í:** Heldurðu að hann sé kominn?) Það fer að líða að því að jólasveinarnir mæti í bæinn. Hvað veit maður hvað gerist. (**JónK:** Hann fer að koma.) Hann fer að koma, segir formaður fjárln. Hann ætlar kannski að koma hérna með einhvern jólaglaðning áður en fjárlögin verða afgreidd þannig að ástandið verði ekki eins og það lítur út fyrir í þeim gögnum sem við höfum til umfjöllunar.

Það er alveg ljóst að það mun vanta hundruð millj. upp á til þess að hægt verði að reka sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu, Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana þannig að ekki sé verið að brjóta lög á sjúklingum dag eftir dag. Því miður verða brotin lög á sjúklingum nema eitthvað verði að gert. Mig langar til að gagnrýna þau vinnubrögð sem stjórnvöld hafa viðhaft í heilbrigðismálum.

Stjórnendur sjúkrahúsanna hafa um árabil getað illa sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað, sérstaklega eftir að fjárlagafrv. hefur komið fram með tug- og hundrað millj. kr. gati því að allur tíminn fer hjá þeim í að finna leiðir til sparnaðar og niðurskurðar til þess að þeir fái aukafjárveitingar til að brúa bilið síðar á árinu. Yfirleitt eru sett þau skilyrði ef sú

fjárveiting á að fást að viðunandi sparnaðaraðgerðir verði að koma á móti og það á stofnunum sem menn telja vera búið að *vinda til síðasta dropa*. Þetta er svokölluð þumalskrúfuaðferð sem er notuð á sjúkrahússtarfsfólk ár eftir ár.

Ég nefndi nefnd þá sem sett var á laggirnar fyrir þessa fjárlagagerð, nefnd þá sem átti að vinna að tillögum um sparnað á stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu, þriggja manna nefnd fulltrúa fjmrh., heilbrrh. og borgarstjórans í Reykjavík. *Sú nefnd vann ötullega í 8 eða 9 mánuði* og að loknu því verki komst hún að þeirri niðurstöðu að unnt væri að spara 205 millj. — og reyndar voru miklar efasemdir um að þessi niðurstaða væri raunhæf — 205 millj. eftir nefndarvinnuna í 8–9 mánuði. Hvað gerist síðan? Síðan kemur fjárlagafrv. og þá hefði maður kannski haldið að það væri byggt á vinnu nefndarinnar, það væri vöntun upp á 205 millj. eins og nefndin var búin að finna út að hægt væri að spara. Nei. Það voru ekki 205 millj. Það voru 800 millj. sem vantaði upp á að hægt væri að reka þessi sjúkrahús sómasamlega. Ég leyfi mér að efast um að sómasamlega sé rétta orðið því auðvitað er búið að þrengja svo að þessum sjúkrahúsum að það er ekki sómasamlegt hvernig búið hefur verið að þeim. Og þó að allir pottar ráðherrans færu til stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu dygði það ekki til þess að reka þar sómasamlega þjónustu fyrir alla landsmenn. Ég ítreka að þessi sjúkrahús sinna öllum landsmönnum. Það er ekki eins og þetta sé eitthvað kjördæmabundið. Þetta er þjónusta fyrir alla landsmenn þar sem sjúrahúsin eru. Nú stöndum við frammi fyrir því að enn er fjárvöntun, enn er gat og nú á leikurinn með þumalskrúfuna að fara að byrja aftur. Reyndar gladdi það mig í umræðunni í dag að svo virðist sem fjárlaganefndarmenn hafi gert sér grein fyrir því hve vandinn er mikill. Í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., kom fram að það yrði að taka á þessum málum og ég fagna því að menn skuli gera sér grein fyrir því því að það ríkir algert ófremdarástand og sérstaklega á bráðadeildunum.

Við höfum rætt heilmikið um viðhald á húsnæði á sjúkrahúsunum. Það hefur legið nánast algerlega niðri. Húsnæði í eigu ríkisins og borgarinnar er að drabbast niður og í umræðunum hefur ítrekað komið fram að ákveðnar deildir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur halda hvorki vatni né vindum og þarna vantar hundruð millj. til þess að bæta úr ástandinu. Þetta ástand sem ríkir á sjúkrahúsunum, það að sjúklingarnir komast ekki inn nema mjög mikið veikir og eru útskrifaðir áður en þeir eru búnir að ná bata, er náttúrlega alls ekki viðunandi og landsmenn eiga ekki að láta bjóða sér þetta. Ég velti því fyrir mér, hvað ætlar Framsfl. að láta bjóða sér þetta lengi, hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln.? Ætlar hann að láta fara svona með sig í ríkisstjórninni að láta fjmrn. stjórna þessu ástandi? Ætla þeir að láta hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ná sér í fleiri punkta rétt fyrir kosningar þegar hann kemur og plástrar eða slær á fingur vegna ástandsins? Er það það sem menn í Framsfl. eru að bíða eftir? Ég bara spyr.

Allur þessi sparnaður og niðurskurður og samdráttur í þjónustunni á sjúkrahúsunum hefur átt sér stað án þess að viðunandi úrræðum hafi verið komið upp samhliða þjónustunni og ef viðunandi úrræðum er ekki komið upp er erfitt að hagræða á sjúkrahúsunum.

Ég vil t.d. nefna hjúkrunarrýmin. Þeim hefur ekki verið fjölgað sem skyldi þó svo því hafi verið lofað að sjúkrahúsin fengju forgang inn á hjúkrunarheimilin. Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þörfin er mest, þar sem þarf tilfinnanlega að koma upp hjúkrunarrýmum til þess að rýma út af sjúkrahúsunum í ódýrari úrræði, þar er ástandið þannig að tæp 400 manns bíða eftir hjúkrunarrýmum og í byrjun vetrar kom fram að um 90 hjúkrunarsjúklingar hefðu verið á sjúkrahúsunum í rýmum sem voru ekki í samræmi við þjónustuþörf þeirra. Vegna þess að ég er að tala um þjónustuheimilin og hjúkrunarrýmin finnst mér mjög sérkennileg forgangsröðun ríkja í heilbrrn.

Samkvæmt línuriti sem ég er með yfir hjúkrunarrýmin kemur fram að miðað við hverja 100 íbúa 70 ára og eldri á Íslandi eru þau flest á Suðurlandi, þau eru 25 á hverja 100 íbúa yfir sjötugt á Suðurlandi og það er bara fínt. Það er fínt að ástandið er svona gott á Suðurlandi. Það er líka næstum því svona gott á Vesturlandi. En í Reykjavík þar sem hundruð manna bíða eftir plássi eru þau 10 á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri. Þegar óskað hefur verið eftir því að fjölga hjúkrunarrýmum, nei, þá eru dregnar lappirnar þó svo að talað hafi verið um það þegar Skógarbær var opnaður í Reykjavík að hægt væri í samstarfi við Reykjavíkurdeild Rauða krossins að fjölga hjúkrunarrýmum undir sömu stjórn þá hefur það ekki verið heimilað en eftur á móti er búið að leyfa fjölgun stofnanarýma fyrir aldraða á Suðurlandi. Þar voru teknar skóflustungur á dögunum þannig að manni finnst þetta dálítið sérkennileg forgangsröðun hjá ríkisstjórninni í þessum málaflokki, sérstaklega þegar menn vita að þetta kemur í veg fyrir að hægt er að hagræða á stóru sjúkrahúsunum.

Ég vil nefna í þessu sambandi að við höfum lagt fram brtt. við fjárlögin til þess að bregðast við þessum vanda sem er 30 millj. kr. aukafjárveiting til að leggja í hjúkrunarheimili á Reykjavíkursvæðinu. Ég leyfi mér að velta því fyrir mér hvort þetta muni nokkuð lagast fyrr en landið verður eitt kjördæmi eða atkvæðavægið verður jafnað út. Það er vert að spyrja sig að því.

Mig langar aðeins líka til þess að víkja að biðlistunum. Hæstv. heilbrrh. er reyndar ekki hér og ekki nokkur einasti ráðherra til að hlusta á þetta en hæstv. heilbrrh. hefur talað um að mikið átak hafi verið gert í biðlistamálum. Auðvitað hefur verið reynt að sporna við sífelldri fjölgun fólks á biðlistum en þeir hafa ekki minnkað samkvæmt upplýsingum frá landlækni. Biðlistar hafa ekki styst en þeir hafa heldur ekki lengst. Enn þá bíða þúsundir eftir aðgerðum og ég er sannfærð um að það verða að koma inn sérstakar fjárveitingar til þess að stytta biðlistana og það þarf að setja reglur um hámarksbið. Sú nefnd sem ég nefndi í upphafi máls míns um forgangsröðun telur að það sé nauðsynlegt að setja reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og hún verði ekki lengri en 3–6 mánuðir og ég held að það verði að setja slíkar reglur. Það er ekki boðlegt að leggja það á sjúklinga. Það er kostnaðarsamt, það er erfitt, þetta er álag á fjölskyldurnar. Það getur haft varanlegar afleiðingar á fjárhag einstaklinga að bíða og við verðum að bregðast við því með einhverjum hætti, bæði með aukafjárveitingum til að stytta biðlistana og setja reglur um hámarksbið.

Ég talaði um úrræði til þess að unnt væri að hagræða á sjúkrahúsunum. Ég nefni sjúklingahótel sem er leið sem margir fara í löndunum í kringum okkur og reyndar víða í heilbrigðiskerfinu. Ef það á að útskrifa sjúklinga af sjúkrahúsum æ veikari eins og gerist nú, áður en þeir eru búnir að ná sér, þá verða að vera til staðar sjúklingahótel þar sem hægt er að sinna þessum sjúklingum sem er náttúrlega mun ódýrari kostur. En það verður að vera þannig að það sé aðgengilegt frá sjúkrahúsunum eins og þessi sjúklingahótel eru í öðrum löndum. Það má nefna það að Bretar hafa talið

að sjúklingahótel sem úrræði geti lækkað kostnað við sérgreinadeildir um 10–15% og Norðmenn eru að fara þessa leið í auknum mæli. Þeir eru að byggja 30–40 sjúklingahótel við sjúkrahús í Noregi.

Auðvitað má benda á ýmsar aðrar leiðir sem reyndar er verið að fara sem betur fer. Það er nú ekki allt tómt svartnætti þó að ástandið sé slæmt í þessum málum. Það er auðvitað verið að vinna að málum eins og líknardeild og sjúkrahúsum tengdri heimaþjónustu sem er af hinu góða og ég fagna því. En það dugar bara ekki til. Það þarf að taka mun betur á.

Mig langar líka til að nefna umönnunargreiðslur sem ég hef verið óþreytt við að tala um í þinginu en það er að aðstandendum sjúklinga sé greitt til að annast þá heima. Ég er sannfærð um að það mun vera ódýr kostur og mannúðlegur að gera fólki kleift að annast sína nánustu heima ef þeir eru sjúkir. Þá þyrfti oft að koma til heimaþjónusta til viðbótar eins og heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta. En allar tillögur um slíkt hafa verið ræddar hér, síðan settar í nefnd og svæfðar þar þannig að það er ekki áhugi einu sinni á því að leita þessara leiða.

Menn hafa líka verið að tala um ýmsa hagræðingu eins og sameiningu sjúkrahúsa. Ég tel að það sé mál sem þurfi að ræða málefnalega og sú umræða þarf auðvitað að fara fram í þinginu og taka faglega á því máli en ég er ósátt við það sem er að gerast í sjúkrahúsmálunum og eins og verið sé að svelta þessi stóru sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu til sameiningar.

Ýmislegt sem hefur komið fram hér er kjörið til þess að ræða í sambandi við sameiningarumræðuna, t.d. VSÓ-skýrslan. Hún er ágætt innlegg í þá umræðu, umræðu sem er nauðsynleg.

Mig langar líka til að koma inn á annað sem er afleiðingarnar af fjársvelti sjúkrahúsanna. Það er ekki eðlileg endurnýjun á tækjabúnaði. Eins og ástandið hefur verið undanfarið hefur um það bil 1% af fjárframlögum til sjúkrahúsanna farið til endurnýjunar á tækjum og það er langt fyrir neðan það sem eðlilegt getur talist. Almenn viðhorf í heilbrigðisþjónustu erlendis er að það þurfi að fara a.m.k. 3–5% í endurnýjun tækja og það er það hlutfall sem nágrannaþjóðir okkar miða við og ég held að það verði að gera átak í að endurnýja tæki á sjúkrahúsunum því að það er auðvitað forsenda fyrir því að þjónustan geti orðið hagkvæmari og ódýrari að menn séu með sæmilegan og öruggan tækjakost. Að vera með úrelt og löngu útrunnin tæki eru náttúrlega ekki vinnubrögð sem eiga að líðast og það veldur bæði starfsmönnum og sjúklingum óöryggi.

Það má líka nefna rannsóknir og upplýsingastarf. Það hefur komið fram hjá landlækni þegar hann hefur komið á fund heilbr.- og trn. og höfum verið að óska eftir ákveðnum upplýsingum bæði um sjúkrahúsin og heilbrigðismálin að hann hefur safnað miklum upplýsingum um þessi mál sem er gott en fjárveitingar vantar til þess að vinna úr þeim þannig að það hægt sé að byggja á þessum upplýsingum meira við ákvarðanir og það þarf auðvitað að sinna því rannsóknarstarfi.

Það kemur líka fram í vinnu forgangsröðunarhópsins að það þurfi að koma skýrt fram þegar menn fara út í nýjar fjárfestingar hvað þær munu kosta og það þarf líka að koma fram hvaða afleiðingar það hefur fyrir þann rekstur sem fyrir er. Menn eru að fara út í að byggja nýjar stofnanir og á sama tíma er verið að svelta starfsemi sem er í gangi og hún er að drabbast niður. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta er forgangsröðunin að láta það sem fyrir er drabbast niður og að ekki sé hægt að reka þokkalega þær stofnanir sem fyrir eru en síðan að byggja sér minnismerki með því að reisa nýjar stofnanir. Það er ekki þar með sagt að ég sé á móti því og ef menn hafa efni á því að fara út í slíkt þá mun ég svo sannarlega styðja það. En þetta eru auðvitað vangaveltur sem eiga fyllilega rétt á sér.

Mig langar líka aðeins að koma inn á heilsugæsluna í Reykjavík. Það kom fram í umræðunni um fjáraukalögin að 45 millj. kr. halli heilsugæslunnar verður greiddur í ár og næsta ár sem er gott. Mikill halli hefur safnast upp vegna þeirrar auknu þjónustu, m.a. heimahjúkrunar, sem heilsugæslan hefur þurft að sinna, en ég vil gjarnan spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson: Hvað með kostnaðinn við að breyta heimahjúkruninni þannig að hún verði öll út frá heilsugæslustöðvunum? Ég get ekki séð það í fjárlagafrv. að það eigi að kosta nokkurn skapaðan hlut að flytja hana út á heilsugæslustöðvarnar frá Heilsuverndarstöðinni. Ég velti því fyrir mér hvort menn haldi að það kosti ekki neitt að flytja heimahjúkrunina út á heilsugæslustöðvarnar. Auðvitað kostar það. Það kostar aukinn tækjabúnað, það kostar jafnvel fleiri stöðugildi o.s.frv. Á þetta að koma sem halli og síðan inn á fjáraukalögum? Er það meiningin?

Ég tek undir það sem hefur komið fram í umræðunni í dag að það þarf að útbúa fjárhagsáætlun til fleiri ára til þess að það sé hægt að ná betri árangri í rekstri sjúkrahúsanna. Ég get tekið undir það sem rætt var áðan án þess að ég fari að endurtaka þá umræðu alla og heyrði það hér á fjárlaganefndarmönnum að þeir væru á því og það er gott.

Ég hef nefnt að sjúkrarúmum hefur verið fækkað og fólk er sent veikara heim og kemur veikara inn á sjúkrahúsin. Það felur auðvitað í sér að inni á sjúkrahúsunum eru alltaf dýrari sjúklingar, fólk sem þarf mikla umönnun og það kallar á hærri fjárveitingar því að menn eru með veikara fólk en áður inni á sjúkrahúsunum. Hjúkrunarþyngdin hefur aukist og fjárveitingar taka ekki mið af eðli þjónustunnar.

Mig langar til þess að minnast aðeins á að menn hafa verið að tala um, sérstaklega stjórnarliðar, að alltaf sé verið að setja meiri og meiri peninga í heilbrigðisþjónustuna. Það kom reyndar fram fyrir kvöldverðarhlé hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að Þjóðhagsstofnun hefur reiknað það út að verið er að setja sífellt minni peninga til heilbrigðisþjónustunnar. Ég er líka með tölur hér frá Þjóðhagsstofnun sem sýna að verið sé að minnka þessi framlög. Ef við horfum t.d. á sjúkrahúsreksturinn voru fjárveitingar árið 1988 til sjúkrahúsanna 73.500 kr. á mann hér á landi, ef við tökum fjárveitingar á mann. Síðan hefur fólki fjölgað. Árið 1996 er þessi tala 64.500 á mann þannig að miðað við fjárveitingar á hvern einstakling hefur hún lækkað um 9 þúsund kr. á mann á tímabili frá 1988–1996. Það er sem sagt verið að veita þarna mun fleira fólki þjónustu fyrir minna fé því að landsmönnum hefur auðvitað fjölgað á þessu tímabili. Fjármagn til sjúkrahúsanna hefur því ekki aukist heldur minnkað miðað við fólksfjölda.

Það má líka benda á það eins og ég minntist reyndar á fyrr í dag að sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa fjárveitingar og útgjöld hins opinbera til heilbrigðsmála farið lækkandi. Ég nefni aftur árið 1988. Þá voru fjárveitingarnar 4,30% en eru núna árið 1996 3,58% þannig að við erum að setja minni peninga í heilbrigðisþjónustuna miðað við landsframleiðslu. Samkvæmt þessu er Ísland í 14.–16. sæti meðal Evrópuríkja árið 1997 ef tekið er tillit til þess að útgjöld vegna elli- og hjúkrunarheimila fellur undir heilbrigðismál á

Íslandi en félagsmál hjá öðrum þjóðum. Við erum í 14.–16. sæti hvað þetta varðar.

Það er annað sem ég hef miklar áhyggjur af vegna þessa ástands á sjúkrahúsunum og það er atgervisflóttinn. Við erum þegar farin að verða vör við hann. Við erum að missa menntafólk og sérfræðinga okkar úr landi og ég tel að það sé bæði vegna þessa aukna vinnuálags og niðurskurðarins sem er þarna, þ.e. að álagið sem fylgir þessu ástandi á sjúkrahúsunum sé orsökin. Hvað gerum við ef við missum okkar besta fólk úr landi? Hvert snúum við okkur þá? Ef við værum með fjárveitingar eins og voru 1988, ef við miðum við fólksfjölda, mundi muna þarna hátt í 2 milljarða og jafnvel aðeins yfir það. Af því að okkur hefur verið tíðrætt um sjúklinga sem eru sendir heim of snemma áður en búið er að lækna þá, þá blöskrar manni þegar maður heyrir af því að það sé verið að senda fólk heim og jafnvel sé verið að útskrifa það með opin sár eftir uppskurði 2–3 dögum eftir aðgerðir. Maður trúir því varla þegar heilbrigðisstarfsfólk segir sögur af slíku. Þá veltir maður því fyrir sér hvort ekki þurfi að setja reglur eða einhverja viðmiðun um það hvenær menn eru hæfir til útskriftar alveg eins og menn eru með vistunarmat um það hvenær menn geta talist eiga rétt á hjúkrunarrýmum. Við verðum að sjá til þess að hægt sé að búa þannig að þessum stofnunum að þær geti sinnt þeim sem þurfa nauðsynlega á þjónustu að halda.

Á dögunum var frétt í sjónvarpinu um það hvernig þessum málum væri háttað og þar var borið saman afskrift um bankana árið 1995 og mér fannst alveg ótrúlegt að heyra þessa frétt. Þá var afskrift útlána Landsbankans 1,9 milljarðar sem voru 53% af heildarafskriftum viðskiptabankanna það ár. Í sambandi við það var nefndur til samanburðar uppsafnaður halli Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur sem stefndi í árslok 1998 að vera 1,6 milljarðar kr. Þetta var samkvæmt fréttum í Ríkisútvarpinu, sjónvarpi og auðvitað er ástæða til þess að staldra aðeins við þegar maður heyrir svona tíðindi.

Ég hef aðeins minnst á forgangsröðunarnefndina sem skilaði af sér skýrslu nú á dögunum og ég ætla að vona að heilbrrh. hafi þor og dug til að fylgja þeirri stefnumörkun eftir. Það bara verður að koma skikk á þessa hluti.

Ég ætla að nota hluta af tíma mínum til að fjalla aðeins um vegamálin. Eins og menn sáu í bandorminum svokallaða, frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar til vegamála, 1 milljarður og 64 millj. kr., fari í ríkissjóð. Nú er vegáætlun ekki komin inn í þingið þannig að við stjórnarandstæðingar höfum ekki séð hvað er á döfinni á þeim bæ, en ekki er hægt að líða það þegar skattar á ökutæki og eldsneyti eru það háir, eins og þeir eru, að þeir fari ekki í þá mörkuðu tekjustofna sem þeim er ætlað, enda hefur minni hluti fjárln. farið fram á það að þessar upphæðir skili sér til vegamála og vegamálin fái sína mörkuðu tekjustofna. Ástandið í vegamálum bæði á landsbyggðinni og ekkert síður í þéttbýlinu kallar á það að þessir fjármunir komi til þess sem þeim er ætlað.

Ég minni á einbreiðar brýr, einn helsta slysavald í umferðinni úti um land. Á hringveginum einum eru enn þá 116 einbreiðar brýr. Vissulega er ætlað til þess einhverjum fjármunum að fækka þeim en það er bara alls ekki nóg og við skulum horfa til þeirra hörmulegu slysa sem hafa orðið undanfarið vegna þessa ástands. Hefði þessi milljarður og 64 millj. ekki dugað nokkuð langt í að laga það ástand og koma í veg fyrir þær hörmungar sem hafa skapast af þessum vegum og þessum brúm?

Ég vil líka nefna annað mál sem við teljum að þurfi að koma meira fjármagn til og það er tvöföldun Reykjanesbrautar. Það er verk sem þarf að halda áfram. Þetta er þjóðbrautin hingað til landsins frá útlöndum, þjóðbrautin hingað til höfuðborgarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum er gert ráð fyrir að ferðamönnum muni fjölga. Það á að stækka Leifsstöð umtalsvert og ef menn ætla að láta allt haldast í hendur er nauðsynlegt að taka til hendinni hvað varðar tvöföldun Reykjanesbrautar.

Fyrst við erum að tala um vegamálin vil ég nefna fleiri atriði. Núna erum við með óttalega vesældar- og vandræðalega vegáætlun sem mönnum tókst ekki að samþykkja nema til tveggja ára síðast. Inni á henni er t.d. ekki framkvæmd sem er í Reykjavík sem er breikkun Gullinbrúar sem hefur ekki verið hægt að hefja framkvæmdir við. Þar er ófremdarástand eins og menn þekkja sem hafa verið á ferðinni úr Grafarvogi eða í Grafarvog á annatímum. Þar er allt saman stopp og alls ekki boðlegt á þeirri leið. Í því sambandi vil ég einnig nefna annan veg sem nauðsynlegt er að hefja framkvæmdir á sem er Sundabrautin. Hún er einnig með allt of lágar fjárveitingar. Þar á að setja í ár og næsta ár 10 millj. en þyrfti auðvitað að vera miklu stærri fjárveiting. Öll umferð inn í höfuðborgina og jafnvel milli hverfa í borginni þegar Kjalarnes er nú orðinn hluti af Reykjavík þarf að fara um Mosfellsbæ. Umferðin þar hefur aukist mjög mikið. Um Vesturlandsveg, milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur, fara um 15 þús. bílar á dag. Það er gert ráð fyrir að íbúafjöldi hér á svæðinu muni aukast mjög mikið. Menn vita auðvitað hvernig ástandið er, að flóttinn af landsbyggðinni er hingað til höfuðborgarsvæðisins. Það er ekki hægt að bjóða Reykvíkingum upp á það sí og æ að skera niður vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Í umferðarmálum innan Reykjavíkur eru miklir erfiðleikar, sérstaklega að því er snýr bæði að umferðinni í Grafarvogi um Gullinbrú og vestur eftir. Þær fjárveitingar sem settar hafa verið í Sundabrautina árin 1996, 1997 og 1998, sem eru um 22 millj. kr. eru náttúrlega ekki nema upp í nös á ketti. Eins er talað um að verið sé að stytta leiðina upp á Akranes um með Hvalfjarðargöngunum. Auðvitað þarf að koma til móts við það með bættu vegakerfi til höfuðborgarinnar.

Vegna þess að ég er að ræða vegamálin langar mig að gagnrýna aðeins vinnubrögð við fjárlagagerðina og vegamálin. Við höfum fjallað um það í samgn. hverjir skuli hljóta styrki vegna vetrarsamgangna og völuflutninga. Í ljós kom að af 38 úthlutunum bárust aðeins sjö umsóknir. Síðan fer það eftir kjördæmapoti hverjir fá styrki úr þessum sjóðum. Ég velti því fyrir mér hvort ákveðnar byggðir, ákveðnir staðir, geti verið eins og fastir áskrifendur að fjárlögum. Fái sjálfkrafa greiðslur. Auðvitað á það ekki að vera þannig. Það á að auglýsa þessa styrki og menn eiga að rökstyðja hvernig þeir nýttu styrkinn árið áður, séra minn, hv. þm. Hjálmar Jónsson. Það á auðvitað að auglýsa þessa styrki og vera með fagleg vinnubrögð. Maður trúir því ekki fyrr en maður kemst að raun um að það sé unnið svona við þetta. Úthluta 38 styrkjum þegar aðeins sjö umsóknir berast. Ég held að menn þurfi nú aðeins að hugsa sinn gang. (Gripið fram í.) Ég er að fjalla um fjárveitingar til vetrarsamgangna hér eða áskrift að þeim og spyr hvort mönnum þyki þetta eðlilegt.

Mig langar aðeins að koma að öðru máli. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn á móti vetrarsamgöngum?) Nei, alls ekki. En ég tel að menn eigi að gera grein fyrir því hvernig þeir hafa ráðstafað því fé sem þeir hafa fengið úr ríkissjóði og

sæki síðan um með rökstuddum umsóknum. (**Gripið fram í:** Það er fljótgert ... menn mokuðu snjó.) Það er ekki alls staðar snjór þar sem þessar úthlutanir komu til. Það veit ég. Látum umræðunni um vegamálin lokið.

Ég ætla að snúa mér aðeins að flugmálunum. Hluta af mörkuðum tekjustofnum til framkvæmda á flugvöllum hefur samkvæmt bandormi verið ráðstafað til að borga niður skuldir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég sætti mig ekki við það á meðan ástandið á Reykjavíkurflugvelli er eins og það er. Framkvæmdum þar hefur aftur og aftur verið frestað. Í upphafi þessa kjörtímabils áttu á annað hundrað millj. að fara í að hefja framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll sem er hættulegur við vissar aðstæður. Erlendir flugmenn eru farnir að sniðganga völlinn vegna ástandsins á honum. Óhöpp hafa orðið og tjón vegna þess hvernig ástandið er. Við höfum fengið erindi frá ýmsum byggðarlögum vítt um land þar sem þess er krafist að farið verði í að bæta ástandið á vellinum. Þetta er ekki bara hagsmunamál Reykvíkinga. Þetta er hagsmunamál allra Íslendinga. Hér er um aðalflugvöll landsins að ræða. Það er ekki boðlegt að teknar séu 60 millj. kr. af mörkuðum tekjustofnum meðan endalaust er dregið að hefja framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli. Í brtt. höfum við lagt til að þessar 60 millj. kr. sem ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar ætla í að borga niður skuldir Leifsstöðvar fari í að bæta ástandið á Reykjavíkurflugvelli. Auðvitað þarf að borga skuldir við Leifsstöð. En það á ekki að taka það af framkvæmdafé við flugvelli.

Ég ætlaði að minnast aðeins á málefni fatlaðra. Komið hafa fram hörð mótmæli vegna þess að tekið er af mörkuðum tekjustofnum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég tek heils hugar undir þau mótmæli. Það á ekki að eiga sér stað. Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni hóp fatlaðra sem hefur verið afskiptur með þjónustu af því að hann hætti að fá þjónustu frá heilbrigðisstofnunum. Það eru einhverfir. Það eru einhverf börn og einhverfir einstaklingar. Fyrir um það bil ári hættu þeir að fá þjónustu hjá heilbrigðisstofnunum og félmrn. tók við þjónustu þessa hóps í gegnum Greiningarstöðina. Sem betur fer er nú nokkur fjárveiting til að sinna þessum hópi og á fjárlögum kemur fram að Greiningarstöðin fær 7 millj. kr. til að sinna þessum hópi. En með þessari litlu fjárveitingu er aðeins hægt að sinna þeim sem nýbúið er að greina, þeim yngstu og mest fötluðu. Það vantar alveg þjónustu í formi ráðgjafar og eftirfylgdar, t.d. fyrir einhverfa á unglingsaldri og eldri. Það vantar algjörlega þjónustu fyrir þá sem greinast með asperger-heilkenni. Þeir fá ekki neina þjónustu. Fólki sem greinist með þessa fötlun á eftir að fjölga vegna þess að þekking á fötluninni hefur aukist og komin eru betri greiningartæki. Við höfum þess vegna lagt til að það komi aukafjárveiting upp á 5 millj. kr. til Greiningarstöðvar ríkisins vegna þessa hóps. Það er ekki hægt að láta þennan hóp fatlaðra vera afskiptan ár eftir ár. Þeir verða að fá þjónustu. Það getur orðið dýrt fyrir samfélagið seinna ef þessi hópur verður áfram án heildstæðrar þjónustu.

Nefnd sem skoðaði þörf þessa hóps fyrir þjónustu fyrir nokkrum árum komst að því að 10 millj. kr. þyrfti til að geta sinnt öllum einhverfum. Þess vegna ætti þessi viðbótarfjárveiting sem við leggjum til að duga til þess að veita þokkalega þjónustu þeim einhverfum sem ekki hafa fengið þjónustu. Ég skora á hv. formann fjárln. að skoða hvort ekki séu einhvers staðar 5 millj. kr. smuga til að bjarga þessum hópi og foreldrum þeirra einstaklinga sem ekki fá þjónustu. Auðvitað þyrfti þetta að vera meira en 5 millj. því það vantar ýmis úrræði. Það vantar t.d. sumarúrræði fyrir þessi börn og 5 millj. mundu ekki duga til þar. En ég tel að það verði að bæta úr ástandinu hvað þennan hóp varðar.

Auðvitað mætti tína til fleiri hópa sem maður hefur verulegar áhyggjur af. Hv. fjárlaganefndarmaður ætlar greinilega að sinna þeim sem ég mun nefna hér. Ég skal ekki lengja ræðu mína mikið en engu að síður treysti ég hv. þm. Hjálmari Jónssyni til að sjá til þess að ekki verði skorið meira niður og saumað að þeim sem sinna heilbrigðismálum, t.d. geðsjúkum. Að deildum verði ekki lokað þannig að þeir fái ekki þá þjónustu sem þeir þurfa. Nóg er búið að skerða þar. Mig langar til að minnast aðeins á aldraða og öryrkja sem búa við mikið óöryggi. Ég minni sérstaklega á það sem lagt eru til í frv. með fjárlögunum þar sem fara á að tengja bæturnar launaþróun, að sögn stjórnvalda, sem er ákaflega loðið og sérkennilegt ákvæði. Ég vona að menn skoði það áður en samþykkt verður til að menn viti nokkurn veginn hvað þeir eru að gera þar. Ég vil minna á að samkvæmt samningum eiga lágmarkslaun um áramótin að verða 70 þús. kr. En miðað við þá hækkun sem menn ætla lífeyrisþegum þá verða hæstu bætur þeirra sem búa einir ekki nema 61 þús. kr. Þeir sem eru með óskertar bætur, hæstu bætur, og búa einir. Á sama tíma eru menn sammála um að lágmarkslaun skuli vera 70 þús. kr. Ég minni á að fjöldi lífeyrisþega er undir þessum 61 þús. kr.

Svo ég minnist aðeins á atvinnulausa þá hefur því ekki verið sinnt að atvinnuleysisbætur fylgi launaþróun eða verðlagsþróun.

Svona í lokin af því ég hef verið hér í (**Gripið fram í:** Klukkutíma.) klukkutíma, það er rétt hjá hv. þm. Ég áskil mér rétt til að taka til máls aftur. En ég vil minna á að það er tillaga hér frá frá þingflokki jafnaðarmanna, um að Samkeppnisstofnun fái aukafjárveitingu. Ekki veitir af samkvæmt nýjustu fréttum í kvöld þar sem hæstv. samgrh. er enn að fá tilmæli um að hann sé að brjóta samkeppnislög með embættisfærslum sínum. (**Gripið fram í:** Hvað heitir hann?) Það er spurning. En meðan embættisfærslur á þeim bæ eru eins og þær eru, þá veitir ekki af að Samkeppnisstofnun fái aukafjárveitingu til að sinna sínum verkum.

[21:44]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, nefndi tölur í ræðu sinni og vitnaði til sömu heimilda og hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, hefur gert hér í dag.

Oft er erfitt að átta sig á staðreyndum þegar farið er með talnabálka. Hv. þm. fullyrti hér að framlög til heilbrigðismála færu minnkandi og vitnaði til þess að sem hlutfall af vergri landsframleiðslu væri um lækkun að ræða. En skoðum málið aðeins nánar. Á því tímabili sem um ræðir þá er landsframleiðslan að aukast, hv. 8. þm. Reykv., þannig að mælt í þeim mælikvarða ... (**SvG:** Er það þér að þakka eða hvað?) Já. Það er mjög ánægjulegt að hv. þm. skuli vekja athygli á þessu — þá eru framlögin að aukast vegna þess að landsframleiðslan er að aukast. Þetta þyrfti hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir að athuga og fara betur ofan í þetta áður en reynt er að skjóta sér á bak við það að hlutfall fari lækkandi.

Annað vildi ég nefna sem hv. þm. fór einnig með. Hann vakti athygli á því að það væri mjög óeðlilegt að hjúkrunarheimilum væri að fjölga á Suðurlandi og þau væru alveg ótrúlega mörg á Vesturlandi. En hvað er þarna að gerast? Jú, á Suðurlandi er það þannig að í Hveragerði er Ás, svo

er Kumbaravogur og þessi hjúkrunarheimili þjóna fólki af öllu landinu. Er eitthvað óeðlilegt við það? Ég segi nei. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að hjúkrunarheimili séu tiltölulega mörg miðað við íbúa á þessu svæði þegar um það er að ræða að verið er að þjóna öllu landinu eða fólki alls staðar að af landinu.

Sama er að segja um Vesturland. Fellsendi er þar rekinn af geðdeild Ríkisspítalanna og hefur áhrif á þetta hlutfall þannig að það er mjög nauðsynlegt að fara varlega með tölur og nota þær til þess að draga ályktanir.

[21:46]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vitnaði hér, af því við erum að tala um tölur, bara í upplýsingar beint frá Þjóðhagsstofnun og ef landsframleiðsla hefur aukist, þá teldi ég að framlög til heilbrigðismála ættu einnig að aukast.

Vegna umræðunnar um hjúkrunarheimilin, þá var ég ekkert að býsnast yfir því að sæmilega væri staðið að málum varðandi hjúkrunarmál á Suðurlandi og Vesturlandi. Það er bara gott. En mér finnst sérkennilegt þegar þörfin er svona mikil í Reykjavík að þá skuli vera heimiluð fjölgun á þeim stöðum þar sem ástandið er best en ekki gert neitt í máli þar sem það er verst eins og í Reykjavík. Hv. þm. talar um að verið sé að þjóna öllu landinu. Það er alveg rétt. Aftur á móti sætti ég mig ekki við það eins og hefur gerst hér að aldraðir, sjúkir og umönnunarþurfi Reykvíkingar sem varla hafa farið út fyrir bæjarmörkin meðan þeir voru hressir og heilbrigðir séu sendir hreppaflutningum eins og t.d. á Kumbaravog til að eyða þar síðustu ævidögunum. Ég veit dæmi þess að fólk hefur ekki einu sinni getað heimsótt sína nánustu sem hafa verið fluttir þangað. Þetta fólk á að fá að vera á hjúkrunarheimilum hér nálægt sínum nánustu þannig að hægt sé að heimsækja það og sinna því. En það skal enginn halda því fram að ég hafi verið að harma að það sé gott ástand á Suðurlandi og Vesturlandi í þessum málum. Það er bara í fínu lagi. En ég vil að ástandið sé gott hér á höfuðborgarsvæðinu.

[21:48]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki nokkrar athugasemdir við það hverjir eru á einstöku hjúkrunarheimilum. Þessi þjónusta er mjög mikilvæg og auðvitað eiga vistmenn að vera þar sem þeir kjósa að vera. Hv. þm. leggur út af því að það séu svo mörg hjúkrunarheimili á Suðurlandi og á Vesturlandi og það sé ámælisvert að ekki séu mörg hjúkrunarheimilí í Reykjavík. Það kann vel að vera og ég veit um það raunar að þau eru of fá. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þm. á því að verið er að setja 300 millj. á þessu ári til viðbótar í rekstur hjúkrunarheimila sem er mjög mikilvægt og langstærstur hluti þess fer í hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hér er mest fjölgunin. Hér hafa verið opnuð ný hjúkrunarheimili eins og í Skógarbæ og þess vegna er þetta svona.

Hins vegar eru gerðar heilmiklar kröfur til sveitarfélaga um dvalarheimili fyrir aldraða og þjónustu við aldraða og þess er að vænta að það öfluga samfélag sem hér er á höfuðborgarsvæðinu gangi e.t.v. feti framar en aðrir, ekki síst vegna þess að það hafa komið fjöldahreyfingar í lið með sveitarfélögunum hér á höfuðborgarsvæðinu, svo sem DAS, til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni og gera það með miklum myndarbrag.

[21:50]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að félagasamtök hafa komið hér til liðs til að sinna hjúkrunarmálunum. Engu að síður er bið eftir hjúkrunarplássum. Hátt í 400 manns bíða eftir hjúkrunarplássum í Reykjavík. Það er staðreynd, hv. þm. Það er staðreynd, alveg sama hvað öllum tölum líður.

Vegna umræðunnar um framlögin til heilbrigðismála þá er ég er með tölurnar svartar á hvítu fyrir framan mig, upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um að hlutdeild til heilbrigðismála lækkar frá 1995 úr 6,9% í 6,5%. (**StB:** Það er rétt. Ég var að segja ...) Ég er að segja að það hafi minnkað og það er staðreynd. Það hefur minnkað sem munar tveimur milljörðum. Sú er minnkunin á hlutdeildinni. Það eru staðreyndir og það er eins gott að hafa þessa hluti á hreinu, hv. varaformaður fjárln.

[21:51]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. kvartaði yfir því að engin stefnumörkun væri í heilbrigðismálum. Í næsta orðinu segir þingmaðurinn að hún hafi tekið þátt í afar vandaðri stefnumótunarvinnu í heilbrigðismálum. Þar er vissulega um að ræða stefnumörkun í heilbrigðismálum. Sú stefna hefur verið mótuð að efla forvarnir, auka samvinnu og skýra verkaskiptingu sjúkrahúsa. Það hefur verið mörkuð sú stefna að byggja barnaspítala. Það hefur verið mörkuð sú stefna að halda áfram uppbyggingu á heilsugæslustöðvunum í Reykjavík og þannig mætti lengi telja.

Hv. 18. þm. Reykv. beindi til mín spurningu um flutning á heimahjúkrun úr Heilsuverndarstöðinni út á heilsugæslustöðvar. Ég reikna með því að hægt verði að sinna slíkum hagræðingaraðgerðum af óskiptum lið sem heitir, Heilsugæslustöðvar, almennt. Það er óskiptur liður sem er til ýmissa verkefna.

Varðandi vetrarsamgöngur og vöruflutninga og vinnubrögð við þann málaflokk, þá get ég ekki svarað fyrir það því það er hefð svo lengi sem menn muna að samgn. hefur skipt þessum styrkjum og við fjárlaganefndarmenn höfum ekki haft afskipti af því nema við höfum samþykkt þá skiptingu þegar hún hefur komið til okkar. Við höfum hækkað þennan lið örlítið núna vegna flugsamgangna við afskekkta staði samkvæmt beiðni frá samgn. þannig að ég hef ekki meira um það að segja.

Varðandi Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkurflugvöll þá get ég tekið undir það að ég er baráttumaður fyrir því að byggja upp Reykjavíkurflugvöll. Sem betur fer er búið að setja það mál í farveg. Það er alveg rétt að landsbyggðarmenn eru baráttumenn fyrir þeirri uppbyggingu en ekki eru allir Reykvíkingar jafnmikir baráttumenn fyrir því, verð ég að segja.

[21:54]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um stefnuleysið í heilbrrn. þá er það rétt að það var unnin stefnumörkun í nefnd á vegum heilbrrn. En sú stefnumótun hefur ekki komið nokkurs staðar fram í vinnubrögðum í ráðuneytinu. Ég var að hvetja til þess að menn tækju nú á sig rögg og framkvæmdu eitthvað af því sem var samþykkt í þessari nefnd og kæmu einhverju af því í framkvæmd sem menn í nefndinni lögðu til. Það hefur ekkert verið gert í því enn þá. Ég bara vona að hæstv. ráðherra taki á sig rögg eins og ég sagði áðan og geri eitthvað í þessum málum og vinni í framhaldi af þeirri

stefnumörkun sem var unnin í nefndinni. Það væri ágætis mál og löngu brýnt. Ég benti á ýmsa þætti sem þyrftu að koma þar til framkvæmda t.d. biðlistana, t.d. tækjakaupin og fleira sem ég nefndi í ræðu minni sem er mjög mikilvægt að verði tekið á í heilbrigðiskerfinu. Ég vil segja að það var vissulega góð vinna sem var unnin í þessari fjölmennu nefnd og ég vona að sú vinna hafi ekki verið unnin fyrir gýg.

[21:55]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um að unnið hafi verið vel í þessari nefnd og ég efast ekkert um að hv. þm. hafi lagt þar gott til. Það er auðvitað nauðsynlegt að leggja þá vinnu til grundvallar stefnumótun í heilbrigðismálum. Ég er þess fullviss að það verður gert. Við erum að setja aukna fjármuni í heilbrigðiskerfið. Það er vissulega mikil útgjaldaþörf þar og kallar margt að, en þess vegna er nauðsynlegt að leggja góða stefnumótunarvinnu til grundvallar.

Ég veit að ekki er langt síðan þessi ágæta nefnd skilaði áliti og ég er þess alveg fullviss að heilbrrh. mun leggja þessa vinnu til grundvallar í sinni stefnumótun og fylgja henni fram í ríkisstjórn og reyna að fá samstöðu um hana og ég hygg að svo muni verða.

Varðandi biðlista sem hafa verið til umræðu hér, þá er rétt að það er slæmt að hafa langa biðlista í heilbrigðiskerfinu. Þeir hafa ekki lengst og í einstaka greinum hafa þeir styrkst, eins og t.d. í bæklunaraðgerðum þar sem sjúkrahús utan Reykjavíkur hafa unnið gott starf í því, t.d. á Akranesi og Akureyri. Ef til vill þarf að skoða líka hvort hægt er að auka sérhæfingu sjúkrahúsa úti á landi og nýta þá aðstöðu sem þar er og létta á hér á höfuðborgarsvæðinu t.d. með samvinnu við sérfræðinga á stóru sjúkrahúsunum. Það eru ýmsir möguleikar í þessum efnum ef vel er að staðið.

[21:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla hægt að munnhöggvast við hv. þm. Jón Kristjánsson. Hann er svo vel meinandi að það er verst að hann skuli ekki vera ráðherra. Ég er alveg sannfærð um að hann væri búinn að taka á öllum þessum málum sem ég var að kvarta yfir að ekki hefði verið tekið á hjá ríkisstjórninni. En einu svaraði hann mér ekki sem ég spurði um áðan og það er um þjónustuna við einhverfa, þennan hóp fatlaðra, einhverfa og einstaklinga með asperger-heilkenni sem ekki hafa fengið þjónustu í lengri tíma. Það er mjög áríðandi að þeir fái þjónustu ef ekki á að stefna í óefni. Ég taldi að það þyrfti kannski 5 millj. kr. til þess að það væri hægt að koma þessu í þokkalegt horf. Ég spurði hv. formann fjárln. hvort hann sæi sér fært að leysa úr því máli. Það er tillaga hér í þinginu um að þarna komi viðbótarfjárveiting. Ég spyr hv. formann fjárln.: Telur hann að hann sé aflögufær um 5 millj. til þessa hóps fatlaðra sem hefur verið án þjónustu nú í þó nokkurn tíma?

[22:00]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til að spyrja hæstv. forseta að því hvort gerð hafi verið breyting á þingsköpunum nú alveg nýverið. Ég hef hér þingsköp frá 1993 og ég varð þess var að hér í umræðu áðan var ekki fylgt þeirri reglu sem 54. gr. þingskapanna markar um það hvernig ræðumenn ávarpa eða hvert ræðumenn víkja ræðu sinni. Svo að ég vitni í þingsköpin segir hér, með leyfi forseta: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

Ég er ekki að víkja til síðustu orðaskipta hér, virðulegur forseti, heldur nokkru sem tengist þessari umræðu svolítið fyrr. Ég tók svo eftir að einum fimm sinnum hefði verið vikið frá þessari reglu og í eitt skipti með að mér fannst heldur ósmekklegum hætti.

[22:01]

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Forseti upplýsir að engar breytingar hafa verið gerðar á þessu atriði þingskapa. Iðulega hefur forseti verið að tönnlast á þessu atriði hér á haustþingi að brýna menn til að fara að þingsköpum. En því er ekki að leyna að það er erfitt að halda hv. þingmönnum við þetta efni og er talsvert vandamál finnst mér í þinginu þannig að ég þakka hv. þm. fyrir þessa áminningu og mun forseti flytja þetta inn á forsætisnefndarfund á mánudaginn kemur.

[22:02]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir undirtektirnar. Mér finnst að það sé nauðsynlegt að þingið í rauninni kveði skýrt á um hvaða reglur eigi að gilda og reyni að fylgja sínum reglum. Ef forsætisnefnd metur það að breyta þurfi þingsköpum, þá þarf auðvitað að leggja það fyrir þingið.

Mönnum finnst kannski að hér sé um algert aukaatriði að ræða og meinbægni að vera að nefna þetta, virðulegur forseti, og ég kannast við það að forsetar þingsins eru öðru hvoru að minna okkur á þetta. Ég tek það skýrt fram að það má vel vera að sá sem hér talar hafi gert sig sekan um það að fylgja ekki þessari reglu. Það getur alltaf hent. En í raun lít ég svo til að með þessu sé verið að skjóta ákveðnum skildi fyrir orðaskipti manna þannig að þau verði ekki óeðlilega persónuleg og ekki verði um það að ræða að þingmenn séu beinlínis að munnhöggvast og sem kannski verður þá óvægnara en ella og sem setur svona leiðinlegri blæ á umræðu í þinginu. Og það er, finnst mér, regla sem er rétt að reyna að varðveita, þ.e. þessa gömlu hefð og það var nú ástæðan fyrir því að ég sá ástæðu til að nefna þetta. Ég er ekki frá því að það sæki á þegar haldnir eru kvöldfundir eða þegar líður á dag að regla þessi sé ekki í heiðri höfð.

[22:03]

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Forseti vill enn og aftur þakka hv. þm. fyrir þessa áminningu og finnur sig sekan að því leyti að stundum þreytist maður á því að vera að gera eilífar athugasemdir. En því miður er það dálítið áberandi að mönnum er ekki tamt að fara að þingsköpum hvað þetta varðar og var þetta því þörf ádrepa.

[22:04]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SJóh, þskj. 516, 517; brtt. KHG og ÖJ, þskj. 521.

Markaðssetning íslenskra landbúnaðarvara erlendis, 89. mál, svar landbrh., þskj. 444.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 149. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 513; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 514.

Vörugjald af ökutækjum, 329. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 515.

[22:06]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hv. fjárln. hefur fjallað um fjárlögin og að vanda er þar tekið á fjöldamörgum smáatriðum og hækka útgjöld ríkisins um 1,6 milljarða í meðförum hennar eða um 1% af niðurstöðutölu fjárlaga.

Ég gat þess í andsvari við hv. formann nefndarinnar fyrr í dag að ég teldi það ekki hlutverk löggjafarsamkundunnar að standa í þvílíkum framkvæmdum eins og brtt. nefndarinnar bera með sér. T.d. get ég ómögulegt séð að það sé hlutverk Alþingis að setja lög um að það eigi að setja 0,6 millj. kr. í landþurrkun á Suðurlandi. Þetta er hreint framkvæmdaratriði svo sem eins og margt annað, t.d. að ráða fólk og gera eitt og annað. Þetta er ekki hlutverk löggjafarsamkundunnar.

Í kjölfar þess sögðu nokkrir við mig að löggjafarsamkundan væri með fjárveitingavald og þetta væri hluti af fjárveitingavaldinu. Þá hafa menn illilega misskilið það hugtak eða alla vega hef ég misskilið það. Mér finnst nefnilega að löggjafarsamkundan eigi að setja framkvæmdarvaldinu markmið og veita henni fjármagn til þess að standa við þessi markmið og ef ekki er staðið við markmiðin, þá á löggjafarsamkundan að gera athugasemdir við framkvæmdina og ef illa tekst til að kjósa þá nýja ríkisstjórn eða velja nýja ríkisstjórn. Svona lít ég á samspilið. (**SvG:** Góð hugmynd út af fyrir sig að kjósa nýja ríkisstjórn.) En það virðist komið í tísku hérna að löggjafarvaldið er á bólakafi í framkvæmdum og framkvæmdarvaldið er á bólakafi í að setja lög því að þeir dæla til okkar lögum, ráðherrarnir, sem við eigum að endurskoða og samþykkja. Stundum megum við ekki breyta stafkrók, sérstaklega þegar ASÍ eða Vinnuveitendasambandið hafa staðið að samningu viðkomandi lagafrv.

Þetta er svona svipað og ef maður sendir ungling í skóla. Landsbyggðarþingmenn þekkja það eflaust. Unglingur er sendur í skóla og hann fær ákveðna fjárveitingu í hverjum mánuði. En það er ekki þar með sagt að honum sé sagt að hann eigi að fara þrisvar í bíó og kaupa svo og svo mikið af karamellum. Ó nei. Hann á að skila þeim markmiðum sem sett eru til náms, þ.e. koma heim með próf og standa sig vel í námi og fara ekki í sollinn. Það er það sem foreldrarnir leggja honum til sem veganesti. En þeir eru ekki að standa í því að kássast upp á með einstök framkvæmdaratriði, hvernig hann fer að því að ná þessum markmiðum.

Það er svo líka önnur saga að um leið og löggjafinn fer að standa í framkvæmdum, þá ber framkvæmdaaðilinn ekki ábyrgð á viðkomandi framkvæmd. Þegar löggjafarvaldið fer að skipta sér of mikið t.d. af heilbrigðismálum og setja reddingar hér og þar, þá ber ríkisstjórnin ekki lengur ábyrgð á þeim málum. Það leiðir af sjálfu sér að of mikil afskipti löggjafarvaldsins draga úr ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Það þýðir ekkert fyrir alþingismenn að spyrja: Af hverju er framkvæmdin svona þegar þeir hafa ákveðið það sjálfir? Þetta kom einmitt fram í umræðunni áðan, þ.e. að það er formaður fjárln. sem stendur hér og svarar fyrir alls konar gerðir sem í reynd eru gerðir framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Hver er stefna fjárln.? Hver er stefna fjárveitingavaldsins, þ.e. Alþingis? Hvar viljum við setja okkar peninga? Hvernig sjáum við þjóðfélag okkar eftir 20–40 ár? Hvað á t.d. að setja mikið í menntamál? Hvað á t.d. að setja mikið í heilbrigðismál? Hver er það í rauninni sem ræður þessu, herra forseti? Það eru þeir sem fara fram úr fjárlögum. Þeir ráða því. Þeir sem fara fram úr fjárlögum ráða því hvað fjárveitingavaldið setur mikla peninga í viðkomandi verkefni. Það er engin stefna. Það er ekki sagt: Við ætlum að mennta þjóðina því að það er mikilvægt fyrir þjóðina í framtíðinni að hún sé vel menntuð. Það er ekki sagt. Það er heldur ekki sagt að við viljum setja svona mikla peninga í heilbrigðismál og ekki krónu meir. Það er ekki sagt, heldur er sagt: Það er svo og svo mikil þörf þarna megin og þess vegna skal settur meiri peningur í það. En stefnan er engin.

Ég held að það sé mjög hættulegt fyrir þjóðina ef hún missir allt sitt besta fólk úr landi eða á kannski ekkert gott fólk af því að það er allt ómenntað, en allir eru voðalega heilbrigðir.

Herra forseti. Í fjárlagafrv. og í umfjöllun fjárln. vantar lífeyrisskuldbindingar að miklu leyti. Þær hafa vaxið óðfluga og það er tekin sú stefna að hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna launahækkana og vegna verðlags skuli fært yfir á efnahagsreikning eins og hjá fyrirtækjum en áunnin hækkun skuli færð til gjalda, 3,8 milljarðar af 10,5. Það eru ákveðin rök fyrir þessu. En þá þurfa menn líka að skoða ávöxtunarkröfuna sem notuð er við útreikningana á lífeyrisskuldbindingunum. Þar er gert ráð fyrir 2% í dag. En þar sem launin hækka miklu meira en verðlag þessa stundina, þá er sú ávöxtunarkrafa orðin mjög hæpin og það þyrfti hugsanlegt að lækka hana niður í 1% eða jafnvel niður í 0% og þá stóraukast skuldbindingarnar þannig að menn þurfa að hafa samræmi þarna á. Auk þess var nýlega gerður kjarasamningur við kennara sem eykur þessa skuldbindingu ríkissjóðs. Þó að kennarar semji við sveitarfélögin, aukast skuldbindingar ríkissjóðs um 7,5 milljarða á samningstímanum. Og það liggur fyrir hvernig þetta verður þannig að skuldbindingin er þegar fallin til. Og þetta er ekki inni í fjárlagafrv. Þetta hefur ekkert verið rætt í fjárln. Mér finnst mjög brýnt að Alþingi átti sig á þeim gífurlegu lífeyrisskuldbindingum sem eru að hrannast upp við sjóndeildarhringinn og fara vaxandi.

Herra forseti. Eitt sinn vann ég hjá Síldarverksmiðjum ríkisins og þá var viðkvæðið alltaf hreint ef maður var að slugsa í vinnunni: „Þetta er allt í lagi, ríkið borgar.“ Þetta var mjög ríkt hjá fólki. Ég var þarna unglingur og ég fór að velta fyrir mér, herra forseti, hvað þetta þýddi eiginlega, hvað þetta ríki væri, guð almáttugur eða eitthvað svoleiðis. Eftir smátíma og nokkra umhugsun og yfirlegu þá áttaði ég mig á því að ríkið væri ekkert annað en ég og allir hinir Íslendingarnir þannig að menn voru alltaf að segja að ég ætti að borga, ég og allir hinir. Þetta er ákaflega ríkt með mönnum, jafnvel enn í dag, að það er ríkið sem á borga. Það er einhver svona guð almáttugur. Stundum er hann óskiljanlega nískur eins og menn heyra hérna á ræðum þingmanna. Hann vill ekki gera þetta og hitt, góð mál, allt góð mál. En stundum er þetta ríki örlátt og það er hægt að láta það gera hitt og þetta fyrir mann. En hver er þetta ríki? Það eru að sjálfsögðu við.

Mér finnst ánægjulegt að það er í vaxandi mæli farið að skína í gegn hjá hv. þm. að ekki sé hægt að reka ríkissjóð eins og einhverja óþekkta stærð, hann verði að skila afgangi, það sé ekki hægt að reka hann með halla. Þetta er að koma í ljós. Og þrátt fyrir það að hér rigni núna inn — ég hef ekki haldið tölu á því – öllum breytingartillögunum sem allar eru til þess að auka útgjöld, allar, hver einasta, þá heyri ég sífellt meira í gegn að menn vilja samt hafa ríkissjóð góðan, þ.e. hallalausan.

Staða ríkissjóðs hefur batnað mjög mikið á undangengnum árum, verulega mikið og það er mikið ánægjuefni og ber að þakka hæstv. fjmrh. það, þó að hann sé nú ekki viðstaddur umræðuna, og hugsanlega fjárln. að einhverju leyti. Við

skulum gera okkur grein fyrir því, hv. þingmenn, að það er mjög erfitt að standa á bremsunni þegar vel gengur. Það þarf mjög sterk bein til að þola góða daga. Það má kannski segja að það sé afrek að ná ríkissjóði hallalausum. Hins vegar lít ég þannig á að eins og dæmið er lagt fyrir okkur núna, þá séu fjármál ríkisins, fjárlögin, algjörlega óviðunandi. Nú er mikið góðæri. Það gengur vel. Ríkið ætlar að selja eignir fyrir nærri 2 milljarða og samt er kominn 1 milljarður í halla. Reyndar á eftir að taka tekjurnar inn sem hugsanlega bæta þetta eitthvað, en samt mun afgangi fjárlaga verða haldið uppi með sölu ríkisfyrirtækja eða ríkiseigna og það er ekki nægilega gott.

Hvað er hægt að gera? Það er hægt að draga saman útgjöld eða auka tekjur. Ég held að það að auka tekjur sé ákaflega hæpið vegna þess að Ísland er komið í samkeppni við erlend lönd um vinnuafl, um unga fólkið okkar og við verðum að fara að huga að því að við getum ekki rekið ríkissjóð með halla og myndað miklar vaxtagreiðslur. Nú má segja að nánast allur tekjuskattur einstaklinga fari í að borga vexti af skuldum ríkissjóðs, þ.e. halla ríkissjóðs undangenginna ára. Þetta finnst mér ekki ganga upp. Við megum ekki hegða okkur svona gagnvart unga fólkinu. Við megum ekki hegða okkur svona gagnvart framtíðinni. Að sjálfsögðu verðum við að ná því marki að reka ríkissjóð hallalausan og án þess að selja eignir. Það ætti að vera markmið okkar.

Herra forseti. Það er oft munur á því að skilja og trúa. Menn skilja það að ekki má reka ríkissjóð með halla en þeir trúa því ekki. Menn skilja að það sé ekki í lagi að safna erlendum skuldum en menn trúa því ekki og þeir vinna öðruvísi, þeir hugsa öðruvísi. Þeir gera sífelldar kröfur á ríkissjóð án þess að átta sig á því að þeir séu um leið að krefjast þess að ríkissjóður sé rekinn með halla. Þetta þurfa hv. þm. að hafa í huga þegar kemur að afgreiðslu fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að standa að því?) Já, ég mun standa að fjárlagafrv., hv. þm. vegna þess að ... (**Gripið fram í:** Ertu á móti öllu?) Herra forseti. Það er verið að púa mig hérna.

(**Forseti** (GÁ): Forseti biður um hljóð í þingsal.)

Eins og ég gat um, herra forseti, þá er munurinn að skilja og trúa sá að menn geta skilið hlutina og vitað að ekki megi gera þetta og hitt en þeir trúa því ekki og hegða sér ekki í samræmi við það. Ég held að það sé mjög mikilvægt að á milli 2. og 3. umr. taki fjárln. sig til og reyni eins og hún mögulega getur að skera enn frekar niður.

Það er eitt sem ég vilda hafa rætt, herra forseti, og það eru opinberar framkvæmdir. Nú eru geysilega miklar framkvæmdir í gangi í landinu, erlendar fjárfestingar í stórum stíl og það er fyrirséð, það er vitað, hvenær þær eru búnar. Það verður árið 1999 sem þessar framkvæmdir klárast. Og hvað þá? Á sama tíma erum við með óbreytta framkvæmd ríkissjóðs bæði í vegamálum og flugmálum og í nánast öllum málum alls staðar. Þar er ríkið að keppa við þessar framkvæmdir í orkuverum og að sjálfsögðu er mannskapurinn kátur. Fólk er ráðið og vélar keyptar og allt fer á fleygiferð og það fer að vanta fólk og það er skortur á fólki. En hvað gerist árið 2000? Þá sitja verktakarnir uppi með allt of stóran vélakost, of mikinn mannskap og allt í einu kemur atvinnuleysi. Ég hefði gaman af að vita hvort þetta hafi verið rætt í fjárln. Hvort menn hafi ekki hugað að því að taka svo sem eins og helminginn af vegáætluninni og flytja hana til ársins 2000, bara eitilharðir og kaldir og sagt: Það er þjóðhagsleg nauðsyn að taka hluta af framkvæmdunum á næsta ári og flytja til ársins 2000 vegna þess að þá vantar framkvæmdir. Ég get ekki séð að þá verði komið nýtt álver til að fylla upp í þetta gat. Það er því ákaflega óskynsamlega hvernig að málum er staðið með framkvæmdagleði ríkis og sveitarfélaga. Menn keppast við að framkvæma núna í samkeppni við þá erlendu aðila sem eru að fjárfesta hérna. Ég ætla ekki að nefna þær framkvæmdir sem eru í gangi. Þær eru svo margar að ég kæmist ekki yfir það. En árið 2000 er ekki neitt og hvað ætla hv. þm. að gera þá?

[22:20]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi afskipti löggjafarvalds af framkvæmdarvaldi og afskipti framkvæmdarvalds af löggjafarvaldi. Við höfum heyrt þetta allt áður frá hv. þm. en þessi málflutningur hans er nú orðinn, satt best að segja, herra forseti, nokkuð þreytandi einfaldlega vegna þess að hann er hluti af ríkisstjórnarmeirihlutanum. Alþingi fer með fjárveitingavaldið og ég vil gjarnan fá að vita, herra forseti, hvar tillögur og áherslur þingmannins eru. Vill hann verja minna til menntamála? Vill hann verja minna til heilbrigðismála? Mun hann leggja fram tillögu um niðurskurð til vegamála upp á 3,5 milljarða, eins og hann sagði hér áðan? Kemur fram tillaga til atkvæðagreiðslu á morgun um það? Stendur hv. þm. einhvern tíma við þau orð sem hann segir hér í þessum ræðustól? Það er ósköp gott fyrir Sjálfstfl. að flagga hv. þm. Pétri H. Blöndal hér öðru hvoru, svona í stjórnarandstöðu, þ.e. manninum sem greiðir atkvæði í nær hverju einasta máli með ríkisstjórninni. Þá er betra að hv. þm. segi sig í andstöðu við ríkisstjórnina. Ég fagna því ef hann vill standa að því með okkur að bera fram vantraust á ríkisstjórnina eins og hann ræddi hér um að ætti gera ef hún stæði sig ekki í stykkinu varðandi eftirlit með ýmsum þáttum. Hann tekur oft dæmi um það að víða sé pottur brotinn. Ég býð hann velkominn að skrifa upp á tillögu með okkur stjórnarandstæðingum um það efni. Maður verður að láta margt yfir sig ganga og allt í lagi með það í pólitískri umræðu en ég er satt best að segja, herra forseti, búinn að fá dálítið nóg af þessum málflutningi hv. þm. þó svo ég virði skoðanir hans mjög mikið og hafi átt við hann gott samstarf. En þetta er ekki mjög uppbyggilegur og heiðarlegur málflutningur sem hér er hafður í frammi.

[22:22]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að ég gagnrýni hlutina, þá er ég aðallega að gagnrýna hv. Alþingi sjálft, hvernig það stendur t.d. að fjárlagagerð. Það er ég að gagnrýna. Ég gagnrýni að það sé að taka ábyrgðina af framkvæmdarvaldinu.

Um það hvort ég hafi komið með einhverja tillögu um að minnka halla ríkissjóðs. Já, ég hef gert það. Ég hef komið með tillögu um það að fella niður sjómannaafslátt sem kostar ríkissjóð 1,6 milljarða á ári. Og ég man ekki eftir að hv. þm. hafi tekið undir það. Ég hef líka margoft sagt að ég vildi sjá meiri og þyngri áherslu á menntamál vegna þess að ég tel að það sé þjóðinni lífsnauðsyn á þessari öld upplýsinga og menntunar að hafa vel menntað fólk, vel menntaða unglinga sem yrðu menntaðir eins og mögulegt er. Ég hef lagt fram þáltill., sem kostar reyndar heilmikla peninga, um að tölvuvæða allt menntakerfið. Báðar þessar tillögur eru til umfjöllunar í nefnd. Ef þær yrðu samþykktar þá vegast þær nokkurn veginn á og gefa ríkissjóði sömu tekjur og þær kosta en breyta áherslum, hv. þm., þannig að ég tel mig ekki algerlega hafa verið aðgerðalausan í að ná fram þessum

markmiðum. En ég var aðallega að gagnrýna hv. Alþingi sjálft.

[22:24]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert sérstaklega málefnaleg umræða þegar einn þingmaður kemur og gagnrýnir Alþingi sjálft fyrir vinnubrögð. Hv. þm. er hluti af stjórnarliðinu. Hann á að láta skoðanir sínar koma þannig fram að þær endurspeglist í stjórnarstefnunni. Það væru hin réttu vinnubrögð. Hann segist gagnrýna Alþingi fyrir vinnubrögð við fjárlagagerð. Ég bendi á hina merku löggjöf um fjárreiður ríkisins sem við stóðum reyndar öll sameiginlega að og er mjög mikil endurbót á vinnu varðandi fjárlög ríkisins. Mér finnst þetta ekkert sanngjarn málflutningur. Hv. þm. talar hér um að hann vilji menntatillögur og tölvutillögur. Gott og vel. Þá kemur í ljós í fyrramálið hvernig hann greiðir atkvæði með tillögum okkar stjórnarandstæðinga sem eru um það að auka fjárveitingar til háskólans, sérstaklega til tölvumála, eyrnamerkt í anda þingmannsins. Sjáum nú á morgun hvernig hann greiðir atkvæði, hvort hann greiðir atkvæði með stjórninni eða með stjórnarandstæðingunum, eftir sannfæringu sinni eða gerir eins og hann gerir hvað eftir annað, að hopa frá málinu eftir að hafa gagnrýnt það eins yfirborðskennt og honum hættir til í þessum ræðustól.

[22:25]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vill endilega að ég sé hluti af stjórnarliðinu og að sjálfsögðu er ég það og styð hæstv. ríkisstjórn. En að ég skuli þurfa hlíta einu og öllu, eins og hv. þm. vill hafa það, get ég ekki fallist á. Ég held nefnilega að þingmenn eigi allir að hafa sjálfstæða skoðun á hlutum og að sjálfsögðu styðja þau mál sem þeir kæra sig um og vega þar og meta hagsmuni hver fyrir sig.

Varðandi það hvort ég samþykki og styðji þær tillögur sem stjórnarandstaðan er með um aukafjárveitingar til háskólans þá er það þannig, eins og ég gat um í ræðu minni, að ég tel það lífsspursmál að halda ríkissjóði hallalausum og ég get ekki stutt frekari útgjöld en menn hafa komist að niðurstöðu um, heldur en tillögur fjárln. gera ráð fyrir. Ég bara get það ekki. Ég get ekki komið með útgjöld án þess að koma með tekjur á móti. (**ÁE:** Við erum með tekjutillögu. Viltu hana líka?) Ef ég er sammála þeim tekjutillögum þá getur það komið til greina. En ég efast um að ég sé sammála þeim því þær eru eflaust einhvern veginn úr lausu lofti gripnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:29]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 509, 512, 516, 517 og 521. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[22:30]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. 2. umr. fjárlaga gefur alltaf tilefni til þess að ræða ýmsa þætti sem snerta fjárlagagerðina og einstakar tillögur. Ég ætla að reyna að takmarka mig fyrst og fremst við það svið sem ég hef komið nálægt varðandi fjárlagagerðina að þessu sinni, þ.e. það sem snýr að umhverfisnefnd þingsins og umhverfismálum og það sem varðar tillögur í fjárlagafrv. þar að lútandi. En áður en ég kem að því vildi ég nefna fáein atriði sem ég sé ástæðu til að víkja að auk þessa.

Fyrst af öllu eru það ný vinnubrögð að því er varðar fjárlagagerðina og samskipti við aðrar fastanefndir þingsins sem upp voru tekin á þessu þingi að tilmælum forsrn. þingsins, þ.e. skiptingu svonefndra safnliða sem hv. formaður fjárln. vék að í framsöguræðu sinni í morgun. Þar er vissulega um nýmæli að ræða og ég tel af þeirri reynslu sem fékkst nú þurfi kannski að gæta svolítið að öðrum vinnubrögðum á næstunni eða framvegis varðandi þessi efni.

Það er sannarlega hið besta mál að aðrar fastanefndir en fjárln. komi að fjárlagagerðinni með öflugri hætti en verið hefur. Það var ágætt nýmæli sem upp var tekið á sínum tíma að tryggja meiri breidd í vinnu að fjárlagagerðinni og tengja þingnefndir aðrar en fjárln. við fjárlagagerðina. Þetta var í framhaldi af breytingu á þingsköpum 1991 og ef til vill var hugmyndin þá — ég segi ef til vill vegna þess að ég hef ekki sérstaklega athugað það nú en mig minnir að hugmyndir hafi verið um það að þetta yrði meira og öflugra en gerst hefur síðan. Ég er ekki að kenna neinum sérstökum um, síst af öllu fjárln., að því hafi ekki verið framfylgt. Ég held að nokkuð skorti á að fjárlagafrv. sé af hálfu hæstv. fjmrh. lagt fyrir þingið í þeim búningi að auðvelt sé að tryggja afskipti fagnefnda eða annarra fastanefnda þingsins að fjárlagagerðinni með þeim hætti sem æskilegt væri.

Ég sakna þess mjög í sambandi við fjárlagafrv. og er hér vissulega, virðulegi forseti, um að ræða mál sem hefði verið ástæða til að ræða við 1. umr. fjárlaganna en ég leyfi mér að fara nokkrum orðum um þetta hér við 2. umr. Það vantar mikið á að stefnumörkun eða vísir að stefnumörkun fylgi af hálfu hæstv. fjmrh. með fjárlagafrv. tengt grg. þess. Það má finna ágæt dæmi þess á þingum nágrannalandanna í sambandi við fjárlagafrumvörp að þar eru mál lögð fyrir með allt öðrum og skilmerkilegri hætti en hér gerist þar sem veitt er yfirlit yfir stefnumörkun viðkomandi ríkisstjórnar til viðkomandi mála og áherslur hennar skýrðar um leið í sambandi við það fjárlagafrumvarp sem fram er lagt. Það er ekki gert hér og hefur ekki verið nema með mjög almennum hætti í grg. með fjárlagafrv. og ég lýsi eftir því að reynt verði að bæta þar úr. Ég hef vikið að þessu efni í sérstöku áliti sem ég lét fylgja af minni hálfu, virðulegi forseti, til fjárln. sem ég vík að á eftir og snertir m.a. safnliðina og skiptingu þeirra en líka þessa almennu áherslu.

Ég kynntist því fyrir allnokkrum árum í Noregi hvernig þar er t.d. haldið á stefnumörkun varðandi umhverfismál í tengslum við fjárlagagerð. Þar fylgir fjárlögunum eða fylgdi, ég hef ekki kannað það sérstaklega varðandi þetta fjárlagaár þar í landi eða síðasta en þetta er ekki fyrir löngu síðan, þá fylgdi fjárlagafrumvarpinu mjög greinargott yfirlit um stefnu viðkomandi ríkisstjórnar í umhverfismálum og sérstakt fylgirit, fyrir utan hina almennu greinargerð með fjárlagafrumvarpinu, sem kallað var græn bók þar sem voru skráð og færðar upp fjárveitingar til einstakra verkefna, ekki aðeins á vegum umhverfisráðuneytis Noregs heldur varðandi framlög á vegum annarra ráðuneyta sem auðvitað eiga og eru í einhverjum mæli að sinna því sem flokkast undir umhverfismál. Þannig fær þingið og þeir sem um málin fjalla mjög skýra mynd af viðkomandi sviði og hvert verið er að fara á viðkomandi sviði.

Við getum tekið annað svið, virðulegur forseti, sem hér hefur verið mikið rætt á þessum fundi í sambandi við fyrirliggjandi fjárlagafrv. þ.e. heilbrigðismálin. Mér finnst að afar mikið skorti á að sá málaflokkur hafi verið lagður fyrir þingið í tengslum við fjárlagafrv. sem vert væri. Hið sama gildir

auðvitað um menntamál og önnur málasvið. Það gæfi þinginu og fjárln. þingsins og viðkomandi öðrum fastanefndum, sem við köllum stundum fagnefndir, miklu betri möguleika til að fjalla um mál og leggja mál fyrir þingið. Þetta varðar ekki síður almenning utan þings þannig að menn fái sæmilegan skilning á viðkomandi máli, málasviði og stöðu þess.

Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, að einhver viðbrögð af hálfu talsmanna fjárln. yrðu við þeim hugleiðingum sem ég hef reifað í máli mínu. Mér finnst skipta miklu máli að í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. þessa árs komi fram hugmyndir og vísbendingar um það sem gæti horft til betri vegar varðandi fjárlagagerð. Ég nefndi það í mínum þingflokki þar sem við fengum embættismenn, virðulegur forseti, frá fjmrn. til að skýra breytta uppsetningu fjárlagafrv. Þar var þetta mál svolítið rætt við þá hina sömu. Þar var m.a. fært til málsbóta fyrir það að grg. fjárlagafrv. er að sumu leyti enn þá rýrara en verið hefur á undanförnum árum, að farið hafi svo mikil vinna í hið breytta form fjárlaganna, hinn breytta grundvöll sem hér hefur verið lagður og ekkert er nema gott um það að segja. Vissulega hljóta menn að taka eitthvert tillit til þess að kannski er ekki efni til að taka stórt á þegar verið er að breyta svo þýðingarmiklum þáttum. En þetta varðar framtíðina og skiptir að mínu mati mjög miklu varðandi uppsetningu fjárlagafrv.

Ég ætla þá að víkja aðeins frekar að hinum svonefndu safnliðum og leyfi mér að vitna til þess sem hv. formaður fjárln. sagði í morgun samkvæmt handriti sem mér var afhent af hans ræðu en ég kom aðeins of seint til þingfundar af sérstökum ástæðum í morgun, virðulegur forseti. Ég leyfi mér að vitna í þetta:

„Sú nýjung var nú tekin upp að svokölluðum safnliðum með úthlutun fjármagns til ýmiss konar félagasamtaka og ákveðinna verkefna var falið fagnefndum auk hefðbundinna umsagna fagnefnda um þætti sem tilheyrðu málefnasviði þeirra í frv. Þessi nýbreytni gafst í heildina vel og ég þakka nefndarmönnum í fagnefndum fyrir þá vinnu sem í þessa skiptingu var lögð, ...

Hér er ekki um miklar fjárhæðir að ræða miðað við heildina en margir umsækjendur eru um hituna. Heyrst hefur sú skoðun að Alþingi ætti að framselja þessa úthlutun til ráðherra viðkomandi málaflokka. Ég tel hins vegar" — það er hv. formaður fjárln. sem verið er að vitna til — „ekkert að því að þingmenn hafi þessi tengsl við hin ýmsu samtök á sviði menntunar, menningar, líknar- og heilbrigðismála, sem sækja m.a. um fé undir þessum málaflokki."

Ég hef undir höndum það bréf sem sent var til formanns fjárln. 21. október 1997. Þar kemur skýrt fram hver áformin voru í þessum efnum. Mér sýnist að í heldur mikið sé lagt og á kannski heldur óskýrum forsendum að þessu sinni og málið sé óþarflega seint upp tekið gagnvart fjárlagavinnunni og íhuga þurfi hvernig með skuli farið og hvernig á skuli tekið við næstu fjárlagagerð. Vert er að hafa í huga að ekki er um háar fjárhæðir að ræða oft og tíðum. Varðandi umhvn. þingsins sem ég starfa í, þá held ég að safnliðurinn sem svo er merktur í frv. nemi 10 millj. kr. og hafi verið skertur verulega frá síðasta ári eða úr 18 millj. Þetta er sagt eftir minni, virðulegur forseti. Það lá í rauninni ekkert fyrir af umsóknum nema ein, í hæsta lagi tvær, í þennan safnlið og það varð niðurstaða meiri hluta í fjárln. sem skilaði áliti að ekki væri rétt að skipta safnliðum, það væri ekki rétt að taka á þeirri einu eða tveimur umsóknum sem fyrir lágu varðandi fé úr þessum safnlið eða til þingsins. Það var ekki ósk um úthlutun úr safnlið sérstaklega heldur bara almennt erindi sem sent hafði verið fjárln. um tiltekna fjárveitingu. Auðvitað var nefndinni nokkur vandi á höndum og spurning vaknaði að sjálfsögðu: Á að fara að gera tillögur um það sem á vantar þannig að nefndin taki upp úr sínum hatti tillögur frá eigin brjósti til að deila út þessum safnlið. Þetta varð ekki niðurstaðan. Ég taldi rétt og lét það koma fram í sérstöku áliti mínu til fjárln. að verða við þeirri ósk sem fyrir lá í þessu efni þó að ég tæki einnig undir efasemdir um málsmeðferðina almennt séð og er að skýra mín sjónarmið að þessu leyti hvað þetta varðar. Ég held að það sem hv. formaður fjárln. sagði, virðulegur forseti, í sinni framsögu að þó að það sé ágæt hugsun sem þar kemur fram, þá er mjög erfitt að verða við henni hér og nú á þessum tíma vegna þess að almenningur utan þings veit ekkert um þessi breyttu vinnubrögð, veit ekkert um að þarna sé matarholu hugsanlega að finna. Ég er alveg sannfærður um að ef og eftir að vitneskja berst um það, þá mun ekki skorta umsóknir um fjárveitingar því að þörfin er auðvitað mjög víða.

Það er annað atriði sem snertir almenning í sambandi við þetta stóra mál sem við ræðum hér, fjárlagagerð. Það er spurningin um miðlun upplýsinga af hálfu Stjórnarráðsins, af hálfu fjmrn., um möguleika almennings og almannasamtaka til að leita eftir framlögum af ríkisins hálfu, að reglurnar þar að lútandi séu skýrar, leikreglurnar sem ljósastar og hvert eigi að beina erindum. Mér er kunnugt um að um þetta efni ríkir mikil óvissa, lítil þekking úti í samfélaginu og það er mjög tilviljunum háð hverjir kunna að bera sig eftir björginni og geri það á þá leið sem líkleg er til árangurs. Þarna finnst mér að þurfi að gæta samræmis, þarna þurfi að miðla upplýsingum til almennings með auglýsingum. Mér er vissulega kunnugt um að þetta er gert í vissum tilvikum að auglýst er í blöðum eftir slíku eða eitthvað sem tengist þessu. Ég hef ekki sett mig sérstaklega inn í það en mér er þó kunnugt um að það hafi verið gert m.a. varðandi viðtöl við fjárln. þannig að það á að liggja fyrir.

Virðulegur forseti. Til að gera langa sögu stutta að þessu leyti, þá ætla ég að leyfa mér að vitna til þeirrar álitsgerðar sem ég lét fylgja sérálíti mínu um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 sem minni hluti umhvn. Það er prentað sem fskj. með áliti meiri hluta fjárln. og ég held að tryggara sé að vitna beint í það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undirritaður, sem skipar minni hluta umhverfisnefndar, vekur athygli á afar alvarlegri stöðu" — og þá kem ég líka að umhverfismálunum og hef það sem formála fyrir ýmsu því sem á eftir kemur og ég ætlaði að gera að meginmáli hér — „sem er að skapast í umhverfismálum hérlendis, m.a. vegna allsendis ónógra fjárveitinga árum saman til stofnana og verkefna á vegum umhverfisráðuneytis. Sá vandi sem af þessu hlýst hleður utan á sig og niðurstaðan birtist í versnandi ástandi umhverfismála hér á landi á mörgum sviðum. Í fjárlagafrumvarpi er engin tilraun gerð til að varpa ljósi á stöðu eða fjárþörf umhverfismála hérlendis. Þarf ekki að leita lengra en til Noregs til góðra fyrirmynda um undirbúning fjárlagagerðar á þessu sviði þar sem að jafnaði fylgir sérstök „græn bók" með fjárlagafrumvarpi. Eru þar og í greinargerð með norska fjárlagafrumvarpinu dregnar fram fjárveitingar og tillögur vegna næsta árs til umhverfismála óháð því hvaða ráðuneyti fer með og fjármagnar einstaka þætti. Er þetta borið saman við stefnu og áherslur stjórnvalda og fæst þannig sæmileg heildarmynd sem sýnir hvert stefnir um málaflokkinn af hálfu stjórnvalda og fjárveitingavalds.

Enga slíka viðleitni er að finna í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998. Er þar raunar um augljósa afturför að ræða frá frumvörpum síðustu ára og var þó ekki úr háum söðli að detta. Greinargerð með frumvarpinu að því er varðar umhverfisráðuneytið er í brotum og einskis samræmis gætt. Hlaupið er yfir stórar stofnanir án þess að nokkuð sé um þær fjallað, Hollustuverndar ríkisins t.d. í engu getið í greinargerð! Ekki er hirt um að gefa heildstæðan samanburð á framlögum milli ára.

Af hálfu umhverfisnefndar var leitast við að afla upplýsinga frá umhverfisráðuneyti og stofnunum þess til að fylla í eyðurnar. Það tókst þó ekki nema að nokkru leyti á þeim skamma tíma sem nefndin hafði til að fjalla um frumvarpið. Yfirsýn umhverfisráðuneytis yfir málefni stofnana þess, fjárveitingar sem annað, virðist enn lakari en áður og er m.a. borið við breyttri tilhögun við fjárlagagerð og auknu sjálfræði stofnana um ráðstöfun fjármagns. Á sama tíma og stjórnvöld víða erlendis gera sér ljósari en áður þá staðreynd að sporna verður við sívaxandi mengun og annarri umhverfisvá er flest látið reka á reiðanum hérlendis. Við þessar aðstæður ætti umhverfisnefnd Alþingis að setja fram skýrar kröfur um úrbætur og aukið fjármagn þar sem þörfin er brýnust. Meiri hluti nefndarinnar kaus ekki að standa þannig að máli heldur setur fram álit sem lítið gagn er að fyrir málaflokkinn og fjárlaganefnd.

Undirritaður kemst ekki hjá því að vekja athygli á hversu óheppilegt það er" — hér kemur nýr þáttur, virðulegur forseti, sem gott væri einnig að fá viðbrögð við — „fyrir vinnulag fagnefnda, sem að tillögum forsætisnefndar er nú ætlað aukið hlutverk með skiptingu svo nefndra safnliða, að í nefndunum skuli sitja fulltrúar sem jafnframt eiga sæti í fjárlaganefnd þingsins. Ljóst er að þingsköp hamla ekki slíkri tilhögun, en ástæða væri til að breyta þeim og tryggja að þeir sem í fjárlaganefnd sitja hverju sinni skuli ekki kosnir í aðrar fastanefndir þingsins. Væri slíkt eflaust einnig til bóta fyrir vinnu og verklag fjárlaganefndar."

Virðulegur forseti. Ég tek skýrt fram að hér er á engan hátt verið að víkja að einstaklingum eða þeim sem lúta þeirri reglu sem nú er uppi, að sjálfsögðu ekki, heldur er eingöngu um ábendingu almenns eðlis að ræða. Ég læt tilvitnun í álitið lokið en því fylgja nokkrar beinar tillögur og ábendingar er snerta einstaka liði fjárlagafrv. að því er varðar umhvrn. Um það efni má segja að á sumu af því var tekið af hálfu hv. fjárln. og orðið við óskum sem auðvitað komu víða að og lágu fyrir hv. fjárln. þó að ég væri að minna á það sérstaklega í mínu áliti. Ég nefndi fyrst af öllu Hollustuvernd ríkisins og geri á sérstöku þskj. brtt. við fjárveitingu til þeirrar stofnunar. Ég kem kannski nánar að því á eftir efnislega. Það var lítils háttar hækkun á framlagi vegna tiltekins verkefnis, mig minnir varðandi loftgæðin, loftgæðatilskipun Evrópusambandsins, tengt því sem hv. fjárln. leggur til nú við 2. umr. en það er svo afar langt frá því að svara þeim þörfum sem uppi eru í sambandi við þessa stofnun.

Um ýmsa aðra liði er um tillögur að ræða frá meiri hluta fjárln. eins og til Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Landmælinga Íslands, sem ég nefndi í mínu sérálíti og allt er það góðra gjalda vert sem til rétts vegar horfir í þeim efnum og vil ég ekki draga úr því. Það sama gildir um rannsóknarstöðina á Kvískerjum svo að dæmi séu tekin þar sem um er að ræða tillögu ekki ósvipaða því og nefnd var í þessu áliti.

Virðulegur forseti. Ég veit að það efni sem ég vék að varðandi setu fjárlaganefndarmanna í öðrum nefndum þingsins, þá er að sjálfsögðu um álitamál að ræða en ég tel að þetta sé samt þýðingarmikið mál, að afstaða verði tekin til þess og leita þar breytinga.

Það háttar svo til, virðulegur forseti, að í umhvn. þingsins nú um stundir, svo dæmi sé tekið, sitja ekki færri en fjórir fulltrúar sem jafnframt eiga sæti í fjárln. þingsins og hefur orðið að haga störfum nefndarinnar með nokkru tilliti til þess í samkomulagi við forustu í fjárln. Það fer auðvitað ekkert hjá því, virðulegur forseti, að umfjöllun fagnefndar þar sem hátt í helmingur fulltrúa á sæti í fjárln. sjálfri, hlýtur að hafa áhrif á umfjöllunina þar sem viðkomandi aðilar telja sig hafa möguleika á því að beita sér í fjárln. með sínar áherslur, koma fram með þær þar varðandi það atriði sem ég hef nefnt sérstaklega, skiptingu safnliða, og fram koma tillögur um að skipta ekki því litla sem sótt er um, þá er alveg ljóst að svigrúm er síðan til þess að fjalla um það mál í fjárln. Þetta getur átt við um ýmsa fleiri þætti þó að ekki sé um sama atriði að ræða. Ég tel því að þetta sé mál sem brýnt er í raun að fá rætt og af því að virðulegur aðalforseti þingsins stýrir hér fundi, sem ég fagna, óska ég eftir að þetta efni, reynslan varðandi safnliðina, verði tekin til frekari umræðu í samráði við fjárln. sem og spurningin um það hvort eðlilegt og rétt sé að þeir sem sæti eiga í fjárln. þingsins eigi jafnframt sæti í öðrum fastanefndum. Ætla ég þá ekki að orðlengja það atriði frekar.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að víkja að brtt. sem ég stend að og heimild er til að ræða, og ég vona að ég hafi hér undir höndum, þ.e. brtt. við frv. til fjárlaga á þskj. 506. Ég ætla að gera grein fyrir þeim tillögum sem þar er að finna og ástæðunni fyrir tillöguflutningnum í aðalatriðum. Ég fylgi því sem fram kemur á þskj. Þetta eru fimm tölusett atriði með undirliðum og kem þá fyrst að tillögu sem varðar sjútvrn., nánar tiltekið Hafrannsóknastofnun, þar sem gerð er tillaga af minni hálfu að veitt verði fé að upphæð 25,3 millj. kr. til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Þessi tillaga sem þykir kannski nokkuð stór í sniðum er flutt hér með vísan til fyrirliggjandi till. til þál. um sama efni og sem ég er flutningsmaður að, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að gera Hafrannsóknastofnun kleift að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Til verkefnisins verði veitt afmörkuð fjárveiting næstu þrjú ár með hliðsjón af áætlun frá stofnuninni. Með þessari till. til þál., sem ekki er enn komin til nefndar, er að finna greinargerð sem Hafrannsóknastofnun tók saman að beiðni flutningsmanns. Það er bæði efnisleg greinargerð en einnig áætlun um fjárveitingu til slíks átaksverkefnis, skipt á þrjú ár. Sú tillaga sem ég hef tekið hér upp til að minna á þetta mál tekur beinlínis mið af þessari skiptingu og áætlun Hafrannsóknastofnunar til þessa verkefnis. Ég skil það auðvitað mætavel, virðulegur forseti, að fjárln. hefur ekki haft ástæðu til að fjalla um þetta sérstaklega. Ég mun ekki láta reyna á þetta efni í atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga þannig að nefndinni gefst tækifæri til að skoða málið til 3. umr. ef vilji er til þess. En hér er um að ræða verkefni sem hvað heildina snertir er röskar 60 millj. kr. á þremur árum til þessa mjög svo mikilvæga verkefnis, sem er umgengni við hafsbotninn og áhrifin á lífsskilyrði og uppeldisskilyrði þeirra tegunda sem þar dafna og þar eiga heima og verða fyrir gífurlegu raski vegna veiða á okkar miðum, botnvörpuveiðanna sérstaklega. Ekki meira um þessa tillögu sérstaklega.

Kem ég þá að öðrum lið sem er um ýmis verkefni hjá samgrn. Þar er gerð tillaga um að veittar verði 20 millj. kr. vegna rafknúinna farartækja. Hér er ekki hugmyndin að skjóta saman, virðulegur forseti, í bifreið fyrir ráðherra eða starfsmenn ráðuneytis eins og kannski mætti álykta af texta tillögunnar þó að það gæti auðvitað verið álitaefni og gæti haft sitt gildi að þar væri sýnt fram á notagildi rafknúinna farartækja, heldur er haft í huga að samgrn. beiti sér fyrir rannsóknum og úttekt á stöðu þessara mála og möguleikum í þessum efnum. Það er skammt að leita ástæðna til að taka þetta mál upp sérstaklega við þessa fjárlagagerð þar sem eru þeir samningar sem ég vænti að hæstv. umhvrh. hafi sett fangamark sitt undir eða menn í hans umboði austur í Kyoto í Japan fyrir fáum sólarhringum, og kalla á það að við breytum til í ýmsum efnum og reynum að nýta okkar eigin orkulindir eins og völ er á til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi tillaga tengist vissulega því máli og þeirri hugsun að nýta innlendar orkulindir til samgangna. Hér er ekki eingöngu um að ræða möguleika á rafknúnum bifreiðum sem eru þegar til staðar í einhverjum mæli og þar sem tækni fleygir fram, heldur er einnig sú hugsun að til álita gæti komið að koma hér upp járnbrautum, sem við köllum svo, í einhverju formi, sporvögnum eða farartækjum á teinum knúðum rafmagni. Ég held að full ástæða sé til þess, virðulegur forseti, að þau mál séu gaumgæfð og nokkru fjármagni sé varið í því skyni þegar á næsta ári. Það eru uppi tillögur, er mér kunnugt um, um að bæta samgöngur t.d. til Keflavíkur með tvöföldun Reykjanesbrautar. Það er ekkert óeðlileg áhersla borin fram af þingmönnum þess kjördæmis en allir þekkja nú málið og geta haft á því skoðun. En er það úr vegi, virðulegur forseti, að athuga og það sem fyrst hvort það sé raunhæfur kostur og skynsamlegt með tilliti til margs að leggja sporvagn, leggja spor og koma upp rafknúnum samgöngum í járnbraut til Keflavíkur, í gegnum byggðarlögin á leiðinni, til þess að draga úr umferð einkabíla og létta á þeirri umferð sem fer fram á Reykjanesbrautinni. Ég bið um að hugmynd af þessu tagi sé ekki tekin svo að verið sé að stefna þessu gegn einhverju. Mér eru fyllilega ljós rökin fyrir því að bæta aðstæður á Reykjanesbraut sem er slysagildra eins og dæmin sanna og auðvitað full þörf á að leita úrbóta. Þetta er nefnt hér sérstaklega vegna þess að þarna er tiltölulega fjölfarin umferðaræð og ekki löng auk þess sem þörfin á úrbótum er augljós. Það sama mætti auðvitað segja um ýmis önnur svæði.

Nú fer mjög í vöxt að flytja vörur á landi, ekki aðeins varning til sölu í verslunum heldur hráefni af ýmsum toga landshorna á milli, m.a. fisk til úrvinnslu. Það hlýtur að hafa áhrif á forsendur og möguleika til að leita annarra úrræða en að flytja þetta á vöruflutningabílum með þeirri mengun og orkueyðslu sem því fylgir. Ég vek athygli á að t.d. leiðin austur á Höfn í Hornafirði er að mestu á sléttu landi, aðeins smáhaft sem auðvelt er að bora í gegnum, milli Dyrhólahverfis og Víkur í Mýrdal. Annars er þetta allt á sléttu landi. Það hlýtur að koma að því að lagt verði spor í kringum landið áður en langt um líður og aðrir hættir en nú tíðkast í við flutninga, ekki síst á varningi og þungaflutningum.

Þá kem ég, virðulegur forseti, að tölul. 3 í þessari brtt. Ég ætla að fara orðum um fjóra liði.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á tillögu um að veittir verði til náttúrugripasafna á landsbyggðinni styrkir að upphæð 5 millj.kr. Hér er um að ræða óskipta upphæð. Hún fjallar um stuðning við náttúrugripasöfn utan höfuðborgarinnar, því hér í höfuðstaðnum er um að ræða náttúrugripasafn sem rekið er af hinu opinbera. Víða á landsbyggðinni eru náttúrugripasöfn og ég hef tekið eftir því að undanfarin ár hefur verið veitt fjárveiting til eins náttúrugripasafns sérstaklega og nú hefur hún verið hækkuð um 1 millj. Ég á við náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum. Það er vafalaust góðra gjalda vert og ástæða til að styðja við þá merku starfsemi, en ég hlýt að spyrja: Er þarna verið með einhverja sérreglu að því er varðar þessa stofnun, en láta aðrar sitja án stuðnings ríkisins? Mér er ekki kunnugt um að fyrir liggi opinber samningur milli rekstraraðila safnsins í Vestmannaeyjum og ríkisins, um fastan stuðning samkvæmt fjárlögum. Ég hygg þetta sé í þriðja sinn sem liður er sérmerktur að þessu leyti. Ég vakti athygli á því síðast, ekki með tillögu um það að dregið verði í land með þennan stuðning við Vestmannaeyjar, heldur með vísan til þess að auðvitað verði að vera einhver jafnræðisregla í gildi ef teknar eru upp fastar fjárveitingar með þessum hætti. Í umhverfisnefnd fékk ég frá ráðuneytinu þær skýringar að þetta hefði upphaflega verið samþykkt á Alþingi en síðan hafi ráðuneytið sérmerkt þetta vegna þess að Alþingi hefði samþykkt þetta einu sinni. Ég er ekki sáttur við þessa framsetningu og hef því flutt hér tillögu um óskiptan lið að upphæð 5 millj. kr. sem hliðstæð söfn á landsbyggðinni gætu sótt til. Skipting þeirra yrði ráðin af fjárln. þingsins á grundvelli umsókna og mjög gjarnan að fengnu áliti frá umhverfisnefnd þingsins. Engin skuldbinding þarf að fylgja því að nota allan liðinn ef ekki þykja rök fyrir umsóknum. Ég vænti þess að litið verði á þessa tillögu í ljósi þess sem hér er mælt.

Virðulegi forseti. Hér er tillaga um fjárveitingu til félags sem kallar sig Félag um verndun hálendis Austurlands, 1 millj. kr. Félagið sótti um stuðning til fjárln. þingsins með erindi 7. október sl. Nú kann að vera að brugðist hafi verið við þessu efni. Mér gafst ekki tími til að fara yfir alla framsögu formanns fjárln. að þessu leyti, en það skýrist þá hér á eftir. Tillagan fylgdi frá fjárln. til umhvn. og var reyndar eina tillagan sem þangað kom. Ég studdi í mínu áliti þessa fjárveitingu en meiri hluti umhvn. tók ekki afstöðu og lagði til að liðurinn yrði óskiptur. Þar með var málum aftur vísað til fjárln. Mér þótti leitt að þetta varð niðurstaðan. Áður var verulega rúmt um í þessu efni og verði farið fylgja þessa reglu er auðvitað eðlilegt að viðkomandi fagnefnd taki afstöðu til umsóknar. Ég ætla ekki að lesa hér erindi félagsins en það ber fram skýr rök fyrir ósk sinni. Ég vona að á það verði litið af velvilja, hafi málið ekki þegar verið sett í farveg eins og vera kann. Ég gat ekki fylgst með í upphafi þessa fundar, skilagrein frá form. fjárln.

Virðulegi forseti. Hér er tillaga merkt „Þjóðgarðar á miðhálendinu, undirbúningur", að upphæð 5 millj. kr. til ýmissa verkefna á vegum umhvrn. Ástæða þessarar tillögu er sú að flutningsmaður hennar telur skynsamlegt og raunar aðkallandi að hafist verði handa um að afmarka og undirbúa friðlýsingu stórra hluta af miðhálendi Íslands með það að markmiði að gera hluta miðhálendisins að þjóðgörðum. Ég gæti varið talsverðu máli í þetta efni. Ég ætla ekki að gera það hér og nú en get vísað til þess að í umsögn til skipulags ríkisins eða samvinnunefndar um svæðisskipulag á miðhálendinu 10. desember sl. hef ég gert grein fyrir þessu efni. Þar ber ég fram óskir um að í framhaldi af auglýsingu eftir athugasemdum verði á svæðisskipulagi miðhálendisins tekið í athugun að koma upp nokkrum þjóðgörðum á miðhálendinu. Þar mundu jöklarnir á svæðinu mynda kjarnann. Á

jöklana yrði litið sem hluta væntanlegra þjóðgarða og síðan lagt til þeirra svæði utan jöklanna. Þar eru stór svæði tengd jöklunum sem sumpart eru nú þegar undir friðun samkvæmt náttúruverndarlögum eða samkvæmt tillögu svæðisnefndarinnar sem skilað hefur sínu áliti. Í þessum tillögum skortir á að gefið sé til kynna hvernig tekið verði á málinu. Mjög margir í landinu hafa óskað eftir að miðhálendið verði lýst þjóðgarður og stundum einfalda menn málið með því að segja allt miðhálendið. Ég hef sagt m.a. úr þessum ræðustól að tillaga sé ekki raunsæ ein og sér, þó hugsjónin á bak við sé góðra gjalda verð. Þegar eru komin allveruleg áform um framkvæmdir á þessu svæði af ýmsum toga og svæðisskipulagsnefndin hefur tekið tillit til þess í sínum tillögum og gert ráð fyrir ákveðnum mannvirkjabeltum sem liggi þvert norður-suður, meðal annars um miðhálendið. En mikið er eftir af landi þar enn, og jöklarnir eru augljóslega almenningar, væntanlega að öllu leyti, þó ég hafi ekki farið yfir þetta mál sérstaklega. Auðvelt ætti að vera að telja þá til þjóðgarða og mörg aðliggjandi svæði þeirra og ná þannig tökum á verkefninu. Á því er mikil þörf. Ég geri raunar ráð fyrir, virðulegi forseti, að flytja mál um þetta efni á þingi áður en langt um líður. Sú hugsun sem að baki liggur ætti þá að vera þinginu ljósari. Slík tillaga gæti legið fyrir öðru hvoru megin hátíðanna.

Þá er hér hér tillaga um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun. Það er tillaga um fjárveitingu upp á 5 millj. kr. Hún tengist tillögu sem verið hefur til meðferðar í umhvn. þingsins og er þar nú öðru sinni. Ég geri ráð fyrir, virðulegi forseti, að hún verði afgreidd frá nefndinni innan skamms svo sem um hefur verið talað í umhvn. Fyrir liggur minnisblað frá umhvrn. sem tekur undir að eðlilegt sé að hún verði samþykkt sem ályktun þingsins og æskilegt væri að með fylgdi fjárveiting til að auðvelda ráðuneytinu stuðning við þetta mál: áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun. Í því sambandi er nefnd upphæðin 3–5 millj. kr. Þetta er bakgrunnur tillögunnar.

Töluliður 4 á brtt. er um Náttúruvernd ríkisins, tillaga um þjóðgarða og friðlýst svæði, um fjárveitingu sem nemur 15 millj. kr. til viðbótar við þjóðgarða og friðlýst svæði og nægir af minni hálfu, virðulegi forseti, að vísa til erinda frá Náttúruvernd ríkisins um þetta efni, þeirra sem við í umhvn. þingsins fengum aðgang að á undirbúningsstigi fjárlagagerðar, og erinda sem bárust fjárln. 12. nóvember sl. um ýmis brýn verkefni á vegum Náttúruverndar ríkisins. Meiri hluti fjárln. gerir nú tillögur um smávegis viðbætur til Náttúruverndar ríkisins. Því miður tel ég það allsendis ófullnægjandi og leyfi mér því að leggja til hækkun frá fjárlagafrv. sem nemur 15 millj. kr.

Kem ég þá, virðulegi forseti, að síðasta liðnum á þskj. 506 sem er um fjárveitingu til Hollustuverndar ríkisins. Efni væri til að ræða það mál en ég ætla að spara mér að fara mörgum orðum um þessa tillögu því fyrir liggur í þinginu sérstakt frv. sem varðar m.a. þessa stofnun og þá mun það mál rætt. En ég vísa til margítrekaðra erinda, sem snerta Hollustuvernd ríkisins, þar á meðal erinda til umhvrn. frá 21. apríl 1997, vegna frv. til fjárlaga. Ég leyfi mér að nefna, með leyfi forseta, að þar segir meðal annars: „Í þessum tillögum er aukning ríkisframlags til starfseminnar rúm 61 millj. kr.“ Þannig er beiðni stofnunarinnar sl. vor til ráðuneytisins.

Það er síðan rökstutt, m.a. með þörf fyrir auknum mannafla. Stórar greinargerðir liggja að baki um þörfina fyrir slíkt og þetta efni er síðan ítrekað í erindi til fjárln. þingsins 10. nóv. sl. þar sem óskað er leiðréttingar frá fjárlagafrv. Tillagan sem ég flyt, sem rúmar samkvæmt hugsun minni einnig þær 10 millj. sem fjárln. hefur nú lagt til að verði komið fram sem hækkun vegna sérstaks verkefnis á vegum Hollustuverndar, er að heildarupphæðin, viðbótin við fjárlögin, verði 50 millj. kr. Það svarar til þess að hægt að sé ráða til starfa fimm starfsmenn eða bæta við fimm stöðugildum og smávegis til viðbótar sem er rétt til þess að verða við allra brýnstu þörf sem er í raun metin sem svartalágmark sem svo er kallað, 20 stöðugildi hjá stofnuninni. Ef öllu réttlæti væri framfylgt og gert ráð fyrir að stofnunin gæti sinnt lögboðnum verkefnum sómasamlega þá voru tillögur stjórnskipaðrar nefndar sem starfaði á vegum umhvrn. í hittiðfyrra og vísað var til við þáverandi fjárlagagerð. Það voru tillögur upp á um 60 stöðugildi sem mætti kannski þrengja niður í 40 og svo var óskað eftir því, það var algert svartalágmark, það voru 20,5 stöðugildi. Ekkert af þessu hefur síðan gengið eftir síðan. Nú er verið að leggja til breytingar á högum þessarar stofnunar sem leiða engan veginn til að draga úr þessari þörf sem slíkri en þær breytingar verða væntanlega ræddar innan tíðar í þinginu.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að koma á framfæri við þingið og fjárln. sérstaklega alvarlegri viðvörun af minni hálfu varðandi þessa stöðu. Hér er um að ræða þá stofnun í landinu sem er ætlað að sinna eftirliti og vöktum varðandi mengun og standa að fjölþættu starfi sem lýtur að því fyrir utan það að tengja Ísland þeirri laga- og réttarþróun sem fram fer innan hins Evrópska efnahagssvæðis sem við erum aðilar að og hefur aukið gífurlega starfsálag í stofnuninni.

Virðulegur forseti. Ég hef reynt að gera grein fyrir breytingartillögum sem ég flyt við fjárlagafrv. Ég tek undir þær áherslur sem koma fram hjá minni hluta fjárln. um frv. Ég tek sérstaklega undir brtt. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Svavar Gestsson flytja á þskj. 504 um aukið framlag til niðurgreiðslu á rafhitun til að jafna húshitunarkostnað. Ég þakka fjárln. og meiri hluta hennar fyrir margar og góðar skynsamlegar tillögur sem hún hefur borið fram og liggja fyrir við umræðuna. Ég ætla ekki að lengja tímann með því að fara í þau efnisatriði. Þar er margt sem horfir til góðs vegar í þeim efnum og ánægjulegt er að sjá margt af þeim tillögum sem þar eru sem ég mun vissulega styðja þegar þær koma til afgreiðslu og horfa til rétts vegar. Það er gott fólk, virðulegur forseti, sem starfar í fjárln. og leggur sig fram um störfin. Það tel ég alveg auðsætt og af kynnum af vinnu þeirra og ég vona að við náum að afgreiða frv. með gerðum breytingum og að litið verði til þeirra tillagna sem minni hluti í þinginu og einstakir þingmenn flytja.

[23:19]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði í athyglisverðri ræðu hv. 4. þm. Austurl. sem ég vildi koma inn á í stuttu andsvari. Það er um vinnu fjárln., vinnu við safnliðina, þingsköpin. Margt athyglisvert kom fram hjá hv. þm. um þau efni.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að fara yfir reynsluna af úthlutun safnliða, sett um það ákveðnar reglur að hækkun safnliða ætti að sækja um bréflega eða skriflega til fjárln. en það þarf að fara yfir þessa reynslu. Sömuleiðis hefur fjárln. kynnt sér fjárlagagerð á Norðurlöndum og fór hluti nefndarinnar m.a. sérstaka ferð til þess til sænska þingsins sem er að breyta fjárlagagerð sinni mjög mikið. Það er alveg rétt að það væri skýrara og greinarbetra að hafa með hverjum málaflokki inngang um stefnuna í viðkomandi málaflokki.

Ýmsar fleiri úrbætur mætti gera, t.d. að ræða forgangsröð í ríkisfjármálum á vorþingi. Það kæmi alveg til greina og auðvitað þarf að vinna í framhaldi af þessu og þá í tengslum við breytingar á þingsköpum. Það er ekki verk fjárln. einnar að þróa þessa vinnu heldur að sjálfsögðu forsætisnefndar þingsins og þingsins alls. Ég tek undir að þægilegra væri fyrir formann fjárln. og aðra nefndarmenn ef þeir sætu bara í fjárln. en þetta allt saman yrði að taka til athugunar í vinnu við breytt þingsköp.

[23:21]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir frá hv. formanni fjárln. við ábendingar mínar. Mér er alveg ljóst að ekki verður tekið á þessu máli nema með eðlilegum upptökum í þinginu þar sem bæði forsætisnefnd þingsins hlýtur að hafa forustuna um þau efni í samvinnu við viðkomandi þingnefndir og þá sérstaklega fjárln. þingsins að því er varðar þessi efni.

Það almenna mál sem ég vakti athygli á um setu manna í þingnefndum er bæði vegna þess vinnuálags sem því fylgir og þeirra sérstöku aðstæðna sem setu í fjárln. fylgja en einnig vegna þess að það er svona getur það skapað óeðlilega togstreitu eða óeðlilegar aðstæður ef fastanefndir þingsins gerast í vaxandi mæli beinir aðilar að fjárlagagerðinni og menn eru tvískiptir eða margskiptir hvernig þeir koma að því í sambandi við þau efni.

[23:23]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þau tvö nefndarálit sem eru einkum til umræðu, álit meiri hluta og minni hluta, og breytingartillögur meiri hluta fjárln. sýna okkur eina mjög athyglisverða staðreynd. Breytingartillögur meiri hluta fjárln. eru upp á 1,6 milljarða sem er um það bil 1% af fjárlögunum. Þessi tala er ekki óalgang í meðförum þingsins, að það stendur eftir 99% af fjárlagafrv. eins og það er lagt fram. Það eru gerðar óverulegar breytingar í meðförum þingsins þótt nokkrar tilfærslur séu auk þessarar upphæðar.

Meginefni frv. er að það verði afgreitt með hálfs milljarðs kr. afgangi samkvæmt frv. en eftir 2. umr. verður hallinn væntanlega um einn milljarður. Síðan verður endurmetin tekjuáætlun, ekki verða lagðir á neinir nýir skattar að því er ég best veit, og hin endurmetna tekjuáætlun skilar væntanlega í kringum 1,5 milljörðum. Við erum því komnir aftur með upphafsstöðuna, afgang upp á hálfan milljarð. Þessi hálfi milljarður er fenginn þannig að meginhluti þeirrar upphæðar er vegna eignasölu en látum það nú vera. En það er ljóst af þessu, herra forseti, að fjárlagaafgreiðsla okkar og kannski fjárlagagerðin er ekkert sérstaklega markverð áætlun. Hún er að vísu mun betri en var á árum áður en samt sem áður er nokkurt áhyggjuefni að Alþingi kemur ekki í reynd mjög mikið að þessum heildarstærðum heldur fyrst og fremst framkvæmdarvaldið í formi frv. eins og það er lagt fram.

Ég sé sérstaka ástæðu til þess að draga þetta fram vegna þess að við viljum oft gleyma því að við 2. umr. fjárlaga eigum við að líta einkum til frv. sjálfs, stefnunnar sem er í því en ekki að gera að meginatriði, þó að merkilegar séu, breytingartillögur meiri hluta fjárln. Við megum ekki missa sjónar af því hvað fjárlagafrv. hefur raunverulega í för með sér.

Að mínu mati er ekki um að ræða góð fjárlög sem hér verða afgreidd og þau eru ekki skynsamleg í þeirri hagsveiflu sem við búum við núna. Ég hugsa að flestir hagfræðingar sem vilja leggja mat á þessa stöðu þjóðarbúsins og skoða fjárlögin væru sammála mér í því að fjárlögin ættu við þessar aðstæður að líta öðruvísi út. Þau ættu að vinna betur gegn þeirri þenslu sem er núna í hagkerfinu. Þetta er allt saman matsatriði en þessi fjárlög bera þess glöggt vitni að ekki eru mjög föst tök á efnahagsstjórnuninni og þótt á ábyrgð ríkisstjórnar sé eru þetta ekki óalgeng vinnubrögð hjá okkur þó að ytri aðstæður séu okkur hagstæðar.

Hins vegar er ýmislegt sem er áhyggjuefni í þessari stöðu og birtist í fjárlagafrv. og fjárlögunum, einkum skuldasöfnun heimilanna og mjög mikill viðskiptahalli. Viðskiptahallinn leiðir til erlendrar skuldaaukningar og þetta fjárlagafrv. og afgreiðsla meiri hluta fjárln. breytir engu um að sett verður á næsta ári nýtt met í erlendum skuldum þjóðarbúsins. Þetta er áhyggjuefni og þetta þyrfti að draga mun skýrar fram í stjórnmálaumræðunni.

Því er sömuleiðis ekki haldið nægjanlega til haga við erum með tiltölulega lítil opinber umsvif hér á landi sem endurspeglast í miklum kerfisvanda, einkum á tveimur sviðum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, þ.e. í menntamálum og velferðarmálum.

Það er mjög athyglisvert, herra forseti, að skoða tölur yfir útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, þ.e. hversu mikið við verjum af verðmætasköpuninni í þessa málaflokka. Þá kemur í ljós að við þyrftum að tvöfalda útgjöld okkar eða framlög til aldraðra og öryrkja. Þessi tvöföldun þýddi um það bil 30 milljarða kr. aukningu í þennan málaflokk. Sömuleiðis þyrfti að hækka fjárveitingar um eina 8 milljarða til fjölskyldna og barnafólks til að við værum sambærilegir við hin Norðurlöndin. Nú þarf að hafa í huga að velferðarkerfið og félagskerfið á Norðurlöndunum er mun umfangsmeira en hér á landi en þetta segir okkur samt að við erum töluvert fyrir neðan þá almennu velferð sem við berum okkur oft saman við.

Ég vil vera sanngjarn í þessari ræðu og geta þess að útgjöld okkar til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru mjög svipuð og á hinum Norðurlöndunum. Það er dálítið athyglisvert miðað við þá umræðu sem hér hefur verið, en dregur samt vegna þess að heilbrigðismálin okkar eru ekki í góðu lagi, en það er e.t.v. fyrst og fremst vegna þess að áherslur okkar í heilbrigðismálum eru ekki réttar. Við höfum til að mynda mjög dýra öldrunarþjónustu hér á landi borið saman við nágrannalöndin. Við erum greinilega með rangt upp byggt kerfi á mörgum sviðum í heilbrigðismálum okkar og höfum ekki borið gæfu til að vinna úr því. Þetta hefur verið gagnrýnt harðlega í umræðunni, ekki einungis af stjórnarandstæðingum okkar en ég vil þó nefna hvassa og málefnalega gagnrýni af hálfu jafnaðarþingmannanna Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og Össurar Skarphéðinssonar. Ég vil einnig draga fram ályktanir og málflutning hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur sem er að því er ég best veit, herra forseti, eini þingmaðurinn sem er sérmenntaður á sviði sjúkrahúsrekstrar og hún kallaði fyrst og fremst eftir stefnumarkandi umræðu um heilbrigðismál og ég tek undir það.

Það verður sömuleiðis að draga fram, og endurspeglar það á engan hátt í tillögum meiri hluta fjárln., þá staðreynd að íslenskt fyrirtækjaumhverfi býr við mikla skattaparadís. Skattar fyrirtækja eða framlag fyrirtækja til sameiginlegra þarfa eða útgjalda eru minni hér á landi en annars staðar. Ríkisstjórnin hefur kosið þá stefnu að hafa mjög lága skatta á

fyrirtæki og vonast til að hagvöxtur og aukin atvinna vinnist upp með því. Það er rétt að sumu leyti en að sumu leyti er það líka rangt vegna þess að þær skattaívilnanir og skattafslættir sem eru í íslensku hagkerfi meira en er annars staðar skekkja í reynd samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við búum við margvíslega veikleika í atvinnurekstrinum, sem kemur m.a. fram í lítilli framleiðni fyrirtækja, mjög löngum vinnutíma, litlum framlögum til rannsóknar- og þróunarmála og mikilli fákeppni. Reyndar er skýring á fákeppninni að hluta til vegna smæðar markaða. En allt þetta dregur sig saman í það að við höfum ekki búið atvinnufyrirtækjunum þau ströngu skilyrði sem samkeppnin og markaðskerfið hefur búið fyrirtækjum í nágrannalöndunum. Við eigum að hafa áhyggjur af þessu vegna þess að ekki er hægt að sætta sig við að almenningur í landinu verði að vinna yfir 30% lengri vinnutíma til að hafa sambærileg lífskjör og eru í nágrannalöndunum og síðan auka við skuldir sínar til að framfleyta sér í uppsveiflu. Í hagkerfinu er að mörgu leyti rangt gefið hvað þennan þátt varðar en þetta er ekkert annað en stjórnarstefnan sem ég er andvígur sem endurspeglast þarna mjög skýrt.

Annar þáttur sem við höfum dregist aftur úr í hefur verið gerður að umtalsefni og er ekki tekið á með neinum sómasamlegum tillögum í tillögum meiri hluta fjárln. eru menntamálin. Það vantar u.þ.b. 10 milljarða til að við stöndum jafnfætis nágrannalöndunum hvað þann þátt varðar. Ég er nú ekki að biðja um þá alla, einn, tveir og þrír, en samt sem áður sýnir þessi stærðargráða okkur hvað við höfum dregist aftur úr. Ungt fólk mun hverfa héðan meira til útlanda á næstu árum ef ekki verður brugðist við. Við sjáum að það hefði þurft að leggja meira í þennan þátt en gert er, sérstaklega hvað varðar æðri menntun og tæknikennslu.

Ég vil þó geta sérstaklega um einn merkan áfanga í menntakerfi okkar vegna þess að hann var að gerast í dag. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að nota aðeins af tíma mínum til að fjalla um það. Það er stofnun viðskiptaháskóla sem ég tel að hafi verið mjög merkur áfangi í menntakerfi okkar og ég flyt hamingjuóskir mínar úr þessum ræðustól til aðstandenda þess skóla. Ég er sannfærður um að þetta mun skapa hér fjölbreytni í vali nemenda í menntamálum og það er mikil þörf fyrir viðskiptamenntaða einstaklinga. Mér er málið nokkuð skylt þar sem ég er, reyndar í leyfi, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og þekki slíka kennslu og menntun þannig nokkuð af eigin raun. Ég tel þetta mjög jákvætt skref sem þarna hefur verið stigið. Ég vil hins vegar vekja athygli á því og það á að vekja til umhugsunar að ríkisvaldið greiðir allt þetta skólastarf, sama hvort það er nýr skóli og hvort hann er rekinn af sjálfseignarstofnunum eða í ríkisstofnunarfarvegi eins og Háskóli Íslands er. Þá er nokkuð athyglisvert að bera það saman sem skólastjóri hins nýja skóla sagði í sjónvarpi í kvöld að kostnaður ríkisins á hvern nemanda mundi nema u.þ.b. 300 þús. kr. Nú þekki ég nefnilega tölurnar á hvern nemanda í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og þar eru útgjöld ríkisins 120 þúsund á ári. Það er því gert ráð fyrir að hinn nýi skóli fái meira en 2,5 sinnum meira framlag úr ríkissjóði til að mennta nemendur sína. Ég á vitaskuld von á því að þetta leiði til þess að fjárveitingar til einmitt þessa hefðbundna viðskiptafræðináms við Háskóla Íslands muni væntanlega aukast auk þess sem samkeppni á þessu sviði knýr fram betri rekstur hjá báðum aðilum og ég lít á þetta sem jákvæðan þátt. Ég vil draga sérstaklega fram að menn verða að láta ríkisvaldið, sem bryddar upp á nýjungum og styður nýjungar á þessu sviði sem öðrum, gæta alltaf að samræmi þannig að hvorki samkeppnisstaða né möguleiki einstakra stofnana raskist til að gera það sem ríkisvaldið ætlast til fyrir fjármuni sína. Ég sé sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þessu um leið og ég fagna þessu nýja skrefi í menntamálum okkar Íslendinga.

Heilbrigðismálin hafa verið gagnrýnd eins og ég nefndi, dýr öldrunarþjónusta, langir biðlistar og ýmislegt sem tengist þeim málum og hefur verið farið yfir þau hér af öðrum. Ég vil hins vegar, herra forseti, gera vinnubrögð varðandi fjárlagafrv. í þinginu aðeins að umtalsefni. Mér finnst að okkur hafi ekki enn þá tekist nægjanlega vel að vinna úr hinni nýju löggjöf um fjárreiður ríkisins. Við þurfum að endurskoða þingsköpin hvað þennan þátt varðar. Nú er tekjuhlið fjárlaga öll unnin í fjárln. og þó ég viti að þar séu hinir bestu menn sem kunna vel til verka þá voru þessi mál áður unnin í efh.- og viðskn. og var líka mjög ágætt fyrirkomulag. Ég hefði kosið, herra forseti, en mér skilst að tillögur séu um það vinna að því máli, að efh.- og viðskn. og fjárln. yrðu sameinaðar, þ.e. að búin yrði til ein nefnd. Ég teldi það vera mjög æskilegt og síðan yrði sérstök þingnefnd með atvinnu- og viðskiptamál sem tæki þá við verkefnum sem tengjast viðskiptaráðuneytinu og atvinnuvegaráðuneytunum. Ég held að slík skipting og fækkun nefnda væri mjög af hinu góða og ég veit að hæstv. forseti er að vinna að þessum málum með formönnum þingflokka og mun vafalítið kynna tillögur um slík og önnur efni. Ég dreg þetta fram, herra forseti, vegna þess að það er brýnt að taka á vinnubrögðum í þinginu í kjölfar hinna nýju laga um fjárreiður ríkisins. Við höfum ekki gert það, þetta hefur svo sem allt gengið vel við afgreiðslu fjárlagafrv. núna, undir styrkri stjórn þeirra manna sem fara með ráðin í fjárln., þ.e. hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Þetta hefur allt verið í góðu lagi og vinnubrögð að því er ég best veit öll til fyrirmyndar en það breytir því ekki að fjárreiðufrv. gefur Alþingi mun betri tækifæri og tæki til að koma mun skýrar að vinnu við fjárlagagerðina og umfjöllun um fjárlagafrv., m.a. í eftirlitshlutverki gagnvart framkvæmdarvaldinu og við nýtum ekki öll þau tækifæri og þann anda og stefnu sem felst í því frv. Allt tekur þetta sinn tíma en ég tel brýnt, herra forseti, að unnið verði að því þannig að á næsta ári mundum við geta haft enn betri vinnubrögð varðandi þetta langmikilvægasta frv. þingsins.

Ég vil, herra forseti, aðeins drepa á nokkrar tillögur sem við í þingflokki jafnaðarmanna flytjum. Við erum vitaskuld aðilar að sameiginlegum tillöguflutningi stjórnarandstöðunnar sem hefur verið gerð ágætlega grein fyrir af þeim hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur. Ég ætla ekkert að víkja að þeim tillögum en nefni nokkrar sem við í þingflokki jafnaðarmanna flytjum. Einstakir þingmenn munu gera betur grein fyrir þeim á morgun, bæði við atkvæðagreiðslur og e.t.v. verða einhverjar af þeim dregnar til baka til 3. umr. og ræddar betur þá en ég tel rétt, herra forseti, að geta meginatriða í nokkrum þeirra. Það er m.a. tillaga frá mér þar sem gert er ráð fyrir að auka framlag til stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um 2 milljónir og er það brýnt verkefni í ljósi þeirra handrita sem sú stofnun varðveitir og stöðu málsins eins og þekkt er úr fréttum. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni flytja tillögu um að hækka framlög til hjúkrunarheimila í Reykjavík og

það er brýnt mál og aðkallandi. Sömuleiðis flyta hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir tillögu um að hækka framlög til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um 5 milljónir, þ.e. til meðferðar einhverfra. Það er brýn tillaga sem vert er að samþykkja. Sömuleiðis er flutt af sérfræðingum okkar sem tengjast samgöngumálum, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Össuri Skarphéðinssyni tillaga um að auka framlög til Reykjavíkurflugvallar um 60 milljónir en eins og rakið hefur verið í umræðunni er staða þess flugvallar alveg með eindæmum og vonandi verða ekki slys vegna ástandsins. Þetta væri mjög brýnt að taka upp af hálfu Alþingis.

Þingmenn okkar úr Reykjanesi, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Ágúst Einarsson, flytja tillögu um að þegar á næsta ári verði hafinn undirbúningur að tvöföldun Reykjanesbrautar en þetta mál hefur lengi verið eitt af stefnumálum okkar jafnaðarmanna og brýnt er að koma því á dagskrá með afgerandi hætti í fjárlögum næsta ár. Fjórir hv. þm. úr okkar röðum, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson og Svanfríður Jónasdóttir, flytja tillögu um að auka framlög til tvöföldunar einbreiðra brúa. Það er nýr liður upp á 65 milljónir. Hér er augljóst hver ætlunin er. Það er að gera átak í því að einbreiðar brýr sem eru víða um land verði tvöfaldaðar eins fljótt og unnt er. Við höfum horft upp á allt of mörg dauðaslys á þessum vegum til að við getum látið svo við búið. Þetta tel ég vera brýnt mál að samþykkja, herra forseti. Við leggjum til sérstakt framlag í baráttu gegn fíkniefnavandanum, vaxandi vandamáli hérlendis. Þessi tillaga er borin fram af þeim hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, Ágústi Einarssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Þar er lagt til að auka framlög um 17 milljónir en þetta er farið að verða vaxandi vandamál í umhverfi okkar og ber að taka á með þessum eða líkum hætti.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson leggja til að aukin verði framlög til Samkeppnisstofnunar um tæpar 18 milljónir en hlutverk hennar er vaxandi í þjóðlífi okkar og það þarf að skapa henni betri fjárhagslega stöðu eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur oft vikið að í ræðustól. Sömuleiðis er lagt til af þeim hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, Lúðvíki Bergvinssyni og Sighvati Björgvinssyni aukaframlag til skattrannsóknarstjóra ríkisins um 10 milljónir en allur þingheimur veit að það er málaflokkur sem vert er að leggja meiri áherslu á og mörg mál bíða þar úrlausnar sem ekki er komist að vegna fjárskorts. Sömuleiðis leggja fram hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ásamt þeim hv. þm. Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur tillögu um að auka til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um 5 milljónir. Það er mjög brýnt mál í ljósi stöðu okkar í menntamálum, sjálfsögð tillaga, herra forseti, að nái fram að ganga og er borin fram af þeim fulltrúum okkar í stjórnarandstöðunni sem gleggsta þekkingu hafa á menntamálum. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Jóhanna Sigurðardóttir leggja til að aukin verði framlög í sambandi við neyðarsímsvörun, þáttur sem er mjög mikilvægur og þar er ýmis pottur brotinn eins og vakin hefur verð athygli á í þessum ræðustól.

Að lokum, herra forseti, er tillaga frá Jóhönnu Sigurðardóttur um fæðingarorlof feðra, að það verði aukið og lagt meira fé til þess. Eins og ég gat um áður, herra forseti, munu einstakir þingmenn gera betur grein fyrir tillögum sínum. Ég taldi rétt þó að sumt hafi reyndar þegar komið fram í umræðunni, að fara um þær nokkrum orðum þannig að það lægi skýrt fyrir þingheimi hvernig þetta væri hugsað. Ég vil geta þess að við höfum vitaskuld tillögur um útgjaldaminnkun og tekjuaukningu til að fjármagna allar tillögurnar ef þær verða samþykktar sem vonandi verður ef stjórnarliðar veita okkur aðstoð við að láta þær ná fram að ganga.

Herra forseti. Ég vil draga sérstaklega fram það sem ég hef áður nefnt, þ.e. stöðu okkar gagnvart öldruðum og öryrkjum í samanburði við nágrannalöndin og einkum út frá þeirri baráttu sem þeir hafa þurft að heyja við óvinveitta ríkisstjórn undanfarna mánuði. Ég tel að nú komi stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar hvað skýrast fram, ógeðfelld að mínu mati gagnvart þessu fólki sem á ekki í mörg hús að venda. Þó náðum við í stjórnarandstöðunni því fram að tengja bætur úr almannatryggingakerfinu að nokkru leyti aftur við launaþróun eins og við höfum barist fyrir ásamt fulltrúum eldri borgara um nokkur missiri. Brýnt var að það mál næði fram að ganga en samkvæmt þeim samanburðartölum sem ég nefndi erum við enn langt á eftir.

Ég vil að lokum geta þess, herra forseti, að fjárlögin eru ekki góð í þeim skilningi. Þetta eru þenslufjárlög. Undir kraumar verðbólga. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er að fara úr böndum. Það er hins vegar erfitt að vera með kassöndruhróp nú þegar jólin nálgast og enginn sér neitt nema góðærið fram undan. Ég hef áhyggjur, herra forseti, af nokkrum þáttum af efnahagslífi þessarar þjóðar eins og ég hef reynt að draga hér fram. Ekki er allt gull sem glóir. Skrautsýning sú sem þessi hæstv. ríkisstjórn dregur upp í fjárlögunum og þeim tillögum sem hún stendur að ásamt meiri hluta fjárln. er ekki byggð á eins traustum grunni og menn vilja vera láta.

[23:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn er að mæla fyrir tveimur litlum brtt. sem ég hef leyft mér að leggja fram og eru á þskj. 502. Maður gæti hugsað sér að flytja brtt. við margt í þessu frv. Fjölmörg þörf mál fá ekki þá úrlausn sem maður gjarnan vildi sjá í frv. sjálfu í byrjun, þrátt fyrir brtt. meiri hlutans sem væntanlega njóta hér tilskilins stuðnings á Alþingi og verða samþykktar ef að líkum lætur. Ég er að sjálfsögðu stuðningsmaður breytingartillagna minni hlutans sem minni hlutinn flytur sameiginlega.

Auðvitað er ýmislegt sem maður gæti hugsað sér að styðja hjá meiri hlutanum, en ekki verður hvaðeina eins og hverjum og einum líkar. Sennilega yrðu seint samin þau fjárlög sem allir væru ánægðir með, bæði útgjalda- og teknamegin. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að þó mikið sé talað um góðæri og alveg óskaplega mikið þegar svo ber undir, þegar ríkisstjórnin heldur blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum þá stendur góðærið alveg upp úr skýjum. Hins vegar er minna talað um tilraunir til að réttlæta niðurskurð eða naumar fjárveitingar til heilbrigðismála, menntamála og fleiri brýnna verkefna eða skerðingu á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar. Í því sambandi er góðærið ekki notað sérstaklega sem rökstuðningur. Jafnvel þó það sé góðæri og tekjur ríkissjóðs hafi aukist, þá þarf að sjálfsögðu að gæta aðhalds. Mér er það alveg jafnljóst og hverjum öðrum.

Ég verð að vísu að segja, alveg eins og ég hef margsagt á undanförnum 2–3 missirum, að mér finnist hæstv. ríkisstjórn ekki halda að öllu leyti þannig á málum við efnahagsstjórnina að ég gæti talið það skynsamlegt. Ég tel til

að mynda að það hefði ekki átt að grípa til jafnflatrar og almennrar skattalækkunar, sérstaklega ekki á hátekjufólk né hagnað fyrirtækja, eins og ríkisstjórnin hefur gert. Við þessar aðstæður hefði verið hyggilegra að halda meiri tekjum inni, bæði til að mæta brýnni og uppsafnaðri þörf í ýmsum geirum velferðarkerfisins en einnig til þess að reka ríkissjóð með raunverulegum afgangi og greiða niður skuldir.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og keynískrar hyggju, ef svo má að orði komast, að skynsamlegt sé og óhjákvæmilegt sé að beita ríkissjóði og tekjuöflunartækjum hans að nokkru leyti sem hagstjórnar- og sveiflujöfnunartækjum. Þá gefur auga leið að á góðæristímum þarf að reka ríkissjóð með afgangi og greiða niður skuldir. Þá þarf að taka fé úr umferð ef svo má að orði komast, hvetja til sparnaðar svo eitthvað sé upp á að hlaupa þegar harðnar á dalnum. Ég tel með alveg sömu rökum réttlætanlegt og óumflýjanlegt að ríkissjóður væri að einhverju leyti þátttakandi í erfiðleikunum og niðursveiflu áranna 1988–1993 og fullkomlega réttlætanlegt út frá efnahagslegum og hagstjórnarlegum sjónarmiðum að reka hann með einhverjum halla.

Þær tillögur, herra forseti, sem ég ætlaði að mæla fyrir eru tvær. Þær varða fjárveitingar til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Háskólans á Akureyri. Ég mun koma nánar að þeim hér á eftir en vildi fyrst nefna nokkur atriði sem ég flyt að vísu ekki breytingartillögur við en þyrfti þó að koma inn á. Þar er reyndar málaflokkur sem flestir, ef ekki allir, ræðumenn hér í umræðunum hafa eitthvað drepið á. Það eru að sjálfsögðu heilbrigðismálin og staðan í þeim efnum. Ég þarf ekki að endurtaka það sem þar hefur verið sagt um fjárþörfina og um það óraunsæi sem einkennir tilraunir meiri hlutans og hæstv. ríkisstjórnar til að skálda saman niðurstöður í þessum málaflokki. Vitandi þó að ekki mun halda á komandi ári og væntanlega þurfi að grípa til aukafjárveitinga og reddinga rétt eins og á þessu ári og hinu síðasta.

Efst í huga mér þegar ég velti þessu fyrir mér almennt eru þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru verið að innleiða í öllum þeim geirum samfélagsins eða velferðarkerfisins. Hún er að dulbúa niðurskurð sinn, dulbúa atlöguna að velferðarkerfinu með því að færa velferðarstigið í landinu niður. Að sjálfsögðu er hæstv. ríkisstjórn og reyndar einnig fyrri ríkisstjórn, ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili, ekki að gera neitt annað en að færa velferðarstig þjóðfélagsins niður. Þetta er hins vegar gert með ýmsum hætti, t.d. með því að dulbúa það eða færa í nýjan búning kerfisbreytinga og skipulagsbreytinga af einhverju tagi.

Hver er aðferð hæstv. ríkisstjórnar nú sem og að verulegu leyti á síðasta ári í þessu sambandi? Jú hún er ósköp einföld og hefur áður verið lýst en það má vel fara með þá vísu einu sinni enn: Byrjað er með því að fyrirskipa niðurskurð og sparnað, beint eða óbeint í formi þess að fjárveitingar eru beinlínis skornar niður eða það er ekki ætlað fyrir fyrirsjáanlegum og augljósum útgjöldum á komandi árum. Síðan horfast menn í augu við að ekki verði spítalarnir eða skólarnir reknir með þessum hætti. Ljóst er að 5 eða 10% vantar upp á raunverulegt rekstrarfé samkvæmt þörfum. Þá er búinn til pottur sem er svona um það bil $^1/_3$ af nauðsynlegum fjárveitingum. Potturinn er þannig úr garði gerður að hann er sameiginlegur fyrir fjölda stofnana, fyrir öll sjúkrahúsin á landsbyggðinni, fyrir alla framhaldsskólana og því um líkt. Síðan er aðferðin sú að menn eru keyptir til að sætta sig við niðurskurðinn og þrengingarnar með því að hygla þeim úr pottinum, aurum sem þeir verða þá sjálfsagt að koma og biðja um í allri sinni auðmýkt og menn þykjast kannski hafa sloppið vel og komist vel frá hlutunum með því að fá helmingin af því sem átti að taka af þeim til baka í gegnum slíka ölmusupotta.

Það versta við aðferðir ríkisstjórnarinnar er kannski ekki endilega að viðkomandi stofnanir fái ekki raunverulega það sem þær þurfa til að reka sína starfsemi sómasamlega. Ekki er hægt að halda uppi þeirri þjónustu sem vera ætti, gæði menntunar eða heilsugæslu dragast niður á við. Það versta eru auðvitað stjórnunarhættirnir og samskiptahættir sem þarna er verið að innleiða. Ekki vantar að þessu séu valin fín nöfn. Ég veit ekki hvort ég hef náð því alveg rétt, herra forseti. Ég held að þetta hafi heitið núna síðast árangurs- og stýrinefndir og árangursstjórnunarsamningar. Getur það ekki verið, hv. formaður fjárln., að það sé nýjasta orðið á þumalskrúfuaðferðum, sem eru auðvitað gamla góða þumalskrúfan þegar allt kemur til alls, búin að fá á sig hin fínu heiti: Árangursstjórnunarsamningar, stjórnunarsamningar og stýrinefndir.

En það er athyglisvert, herra forseti, að sjá hvar stjórnin kýs að setja upp stýrinefndir og hvar ekki. Ég spurði að því í umræðu um fjáraukalög um daginn af hverju ekki væri sett stýrinefnd á utanrrn. eða t.d. varnarmálaskrifstofuna. Hún er svo úti á þekju að hún gleymir sínum eigin heræfingum og þarf að koma skríðandi í desembermánuði og biðja um aukafjárveitingar til að borga upp heræfingar frá því í sumar. Ekki er sett stýrinefnd á hið háa utanrrn. Þó það sé að fara hálfan milljarð fram úr fjárlögum á yfirstandandi ári þarf enga stýrinefnd þar. Nei, en stýrinefndum er þrælað upp þegar verið er að dulbúa niðurskurðinn á heilbrigðisnefndum á landsbyggðinni. Þá er fínt að kalla það árangursstjórnunarsamning, stýrinefndir, úttektir og tilsjónarmenn. — Já, hvar eru nú tilsjónarmennirnir? Þeir eru alveg gleymdir. Var það í fyrra eða hittiðfyrra sem það hét tilsjónarmenn? Jú, það var um það bil þá. Ég á við, herra forseti, hvað á svona kjaftæði og rugl að þýða? Af hverju horfast menn bara ekki í augu við hlutina eins og þeir eru og kalla þá réttum nöfnum? Það er einfaldlega verið að dulbúa niðurskurðinn, þær þrengingar sem velferðarkerfið er látið búa við. Pólitíkin um þessar mundir er að eitt helsta vandamál okkar séu útgjöldin til skóla og heilbrigðismála, er það ekki? Miðað við áherslur þær sem hér eru hlýtur svo að vera. En svo ganga menn lausir annars staðar. Hvað er búið að eyða í iðnrn. og stóriðjuvitleysu? Hve marga tugi milljarða á hverju ári, kostar reksturinn á öllu markaðsbatteríinu og mönnunum á flandri út um allar jarðir að auglýsa Ísland sem paradís fyrir erlenda stóriðju þar sem sé lágt raforkuverð og litlar kröfur gerðar til umhverfisverndar o.s.frv. Það kostar sitt en þarf engar stýrinefndir þar. Þar eru bara aukafjárveitingar eftir þörfum af því að það er ekki vandamál þar þó að menn fari fram úr fjárlögum. Ekki virðist það heldur mikið vandamál þó að menn fari hálfan milljarð fram úr fjárlögum í hinu litla utanrrn. Þar þarf enga stýrinefnd, engan árangursstjórnunarsamning á utanrrh., enga tilsjónarmenn með varnarmálaskrifstofunni. Nei. En ef lítið sjúkrahús á landsbyggðinni lendir í því að fara nokkrar milljónir fram úr, þá skal setja þar tilsjónarmann og árangursstjórnunarsamning og fínerí.

Auðvitað er þetta harla dapurlegt, herra forseti, og á nátt-úrlega ekkert að láta menn komast upp með það. Aðeins geðleysi og aumingjaskapur í umræðunni kæmi í veg fyrir að hægt væri að fletta ofan af þessum staðreyndum og láta

þær liggja fyrir, nokkurn veginn eins og þær eru. Menn koma hér og belgja sig út af þeim mikla árangri sem þeir hafi náð og talað fjálglega um byggðavandann og um hann kemur ein skýrsla á dag. Menn eru alveg gapandi hissa á fólksflóttanum til Reykjavíkur. Þingmenn stjórnarliðsins á landsbyggðinni skilja jafnvel ekkert í þessu, rjúkandi hissa og klóra sér í kollinum en svo skera þeir vegáætlun niður um milljarð. Það er ekki í neinu samhengi við byggðavandann, nei, nei, nei. Þrengingarnar í heilbrigðismálunum á landsbyggðinni eru ekki í neinu samhengi við byggðavandann. Þar hafa fjölmörg læknishéruð verið gerð mannlaus af því að menn hafa skorið niður starfskjör héraðslækna í dreifbýlinu, tekið af þeim staðaruppbætur og rýrt þannig starfskjör þeirra að þeir sjá sér ekki fært að sitja í sínum embættum. Gamalgrónir héraðslæknar á landsbyggðinni, t.d. í kjördæmi hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., hafa sárnauðugir flúið sín héruð eftir margra ára og jafnvel áratuga setu þar. Ég þekki suma þessa menn persónulega. Hvers vegna flýja þeir stöður sínar? Þeir gera það m.a. í mótmælaskyni við þá lítilsvirðingu sem störfum þeirra hefur verið sýnd og hvernig komið hefur verið fram við þá síðustu eitt til þrjú árin með því að reyta af þeim hluta þeirra staðbundnu réttinda og kjara sem þeim hafði tekist að ná í á undangengnum árum.

Þessi pottaaðferð, þessi pottablómarækt hjá ríkisstjórninni að setja alla peninga í potta er, herra forseti, svo ekki sé fastar að orði kveðið ákaflega ógeðfelld. Stjórnunarstíllinn og hugsunin sem þar liggur á bak við er mér a.m.k. ekki að skapi. Af hverju er ekki hægt að láta hlutina vera á sæmilega hreinlegum grunni gagnvart þessum rekstri eins og öðrum? Er ekki alltaf verið að tala um að menn vilji innleiða nýjar aðferðir með ábyrgð stjórnenda og samsama sig meira einkarekstrinum eða fyrirtækjarekstri varðandi árangur í opinberum rekstri? Halda menn að það sé þá gert svona? Halda menn að þetta sé vænleg aðferð til árangurs? Að brjóta stjórnendur í opinberum rekstri niður með því að halda þeim í bullandi óvissu um það á hverju einasta ári hvað þeir fái til síns rekstrar með því að láta þá þurfa að koma knékrjúpandi til að biðja um hluta af þeim fjármunum, sem fyrir liggur að þarf í rekstur þeirra, og búið er að ákveða að þeir fái en þeir skulu samt koma skríðandi til hinna háu ráðuneyta til að sækja einhvern hluta af því.

Hvernig er grunnurinn í fjárlagafrv. gagnvart skólunum? Menntmrh. ætlar að halda eftir nokkrum prósentum af árlegum rekstrarfjárveitingum til skólanna sem skólastjórarnir eða -stjórnendurnir eiga síðan að koma skríðandi upp í ráðuneytið til að sækja. Hvað er verið að gera með þessu? Það er auðvitað verið að breyta þeim samskiptum á þann veg að það gengur ekki upp, fyrir utan það að Alþingi er í raun að afsala sér fjárveitingavaldinu að verulegu leyti með þessu vegna þess að það eru auðvitað síðustu krónurnar í rekstrinum sem skipta mestu máli og völdin liggja sérstaklega í því að halda utan um þær. Ef Alþingi hættir að skammta nema 90–95% af því sem þarf til rekstrarins og lætur ráðherrana hafa meira og minna sjálfdæmi um afganginn, þá færast mestöll völdin þangað því að það er auðvitað það sem upp á vantar til að klára dæmið sem setur stjórnendurna í þá stöðu gagnvart ráðuneytinu sem raun ber vitni. Ég er ekki viss um að hinir háu herrar sem ráða ferðinni hjá stjórnarliðinu á Alþingi, og telja sig væntanlega þingræðissinna, hafi hugsað alveg til enda hvert þetta muni að lokum leiða, m.a. hvað varðar valdahlutföll og samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Kempurnar sem hér eru, núverandi sitjandi forseti og hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, — finnst þeim þetta framför miðað við stöðu Alþingis og fjárln. að ganga svona frá hlutunum? Finnst mönnum það virkilega? Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, hvort menn hafi í rólegheitum velt því almennilega fyrir sér út á hvaða leið þeir eru að halda með þessu.

Auðvitað er það svo, herra forseti, eins og rækilega hefur komið fram að heilbrigðismálin sem málaflokkur eru náttúrlega í hinu hörmulegasta ástandi. Þau eru nánast í upplausn. Mönnum finnst að þetta sé of mikið sagt. Ég hef tekið eftir því að hæstv. heilbrrh. verður ætíð mjög hvumpinn þegar svona er tekið til orða. En staðreyndin er nú sú að þegar svipast var um og litið yfir stöðu heilbrigðismála fyrir nokkrum vikum, þó að þar hafi vonandi að einhverju leyti óvissu verið eytt með samningum t.d. við lækna sem að vísu á eftir að samþykkja, það best ég veit, þá var nánast allt í upplausn sem gat verið í upplausn. Rekstur stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, Akureyri og víðar, menn vita hvernig það mál stóð og stendur, fjárvöntun upp á hundruð milljóna og stjórnendur vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Hvernig stóð með lækna? Jú, kjarasamningar við þá voru meira og minna lausir og landflótti skollinn á. Hvernig gekk með sérfræðinga? Engir samningar við þá og eru ekki enn. Er það ekki þannig að enn þá er bullandi óvissa um hvað menn fá endurgreitt af þeim reikningum frá sérfræðingum sem þeir hafa verið að leggja út fyrir undanfarnar vikur og mánuði? Við vitum hvernig það gengur. Hvernig var ástandið í heilbrigðismálunum á landsbyggðinni? Fjölmörg læknishéruð auð og gífurlegir erfiðleikar í rekstri sjúkrastofnana og minni sjúkrahúsa úti um allt land o.s.frv. svo ekki sé minnst á ástandið í ráðuneytinu sjálfu. Og svo finnst mönnum það skrýtið og sérkennilegt, nöldur og leiðindi að stjórnarandstaðan skuli draga athyglina að því hvernig komið er í þessum málaflokki. Eðlilega segi ég, þeim sem fylgst hafa með þróun mála í heilbrigðismálum á Íslandi sl. 5–7 ár, hefur ekki dulist að hverju stefndi. Það þarf ekki að þekkja margt starfsfólk, hjúkrunarfólk, sjúkraliða, lækna eða aðra, sem á þeim vettvangi starfa, til að vita hvernig andrúmsloftið hefur verið að breytast til hins verra á undanförnum missirum og árum, hvernig vinnuálagið hefur verið að aukast og hvernig óánægjan hefur verið að gerjast á þessu sviði.

Ég held að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem af ýmsum ástæðum og skiljanlega hefur nokkuð lent inn í þessa umræðu allt frá því að verið var að ræða hér fjáraukalög, 1. umr., og ég gerði það að umtalsefni hversu fráleitur frágangur eða framkoman við fjórðungssjúkrahúsið þá var þar sem á grundvelli einhverra samninga sem gerðir höfðu verið, að sögn, milli borgarinnar og stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, var þó um talsverða lagfæringu á þeirra málum að ræða, en fjórðungssjúkrahúsið fékk ekkert, sem var og er meira og minna í sambærilegum vanda.

Ég held, herra forseti, að það hvernig sigið hefur á ógæfuhliðina í rekstri þeirrar ágætu stofnunar, sem hér hefur ítrekað fengið hæstu einkunn fyrir ráðdeildarsemi og góðan rekstur á undanförnum árum, ætti að verða mönnum umhugsunarefni. Er það ekki nokkuð góður mælikvarði á það hvernig komið er þegar þær stofnanir sem hafa staðið upp úr hvað varðar aðhaldssemi og ráðdeild í rekstri undanfarin ár ráða ekki lengur við stöðuna og lenda í sjálfheldu með sín mál? Ég held það, enda er það í sjálfu sér viðurkennt og hefur ekki verið á móti mælt hér að þar standa menn frammi fyrir bláköldum staðreyndunum, að leggja verður að einhverju

leyti meira fé til þeirrar starfsemi ef menn ætla að halda henni úti eins og kröfur eru gerðar um. Það er mergurinn málsins.

Þetta er ekkert flóknara en það, herra forseti, að fyrir liggur úti um allan heim, að þær þjóðir sem ætla sér að njóta góðs af framförum læknavísindanna hvað snertir framfarir í lyfjagerð, lækningatækjum, aðgerðafræði og öðru slíku, verða að láta auknar fjárveitingar jafnframt fylgja. Þetta verður að fara saman. Það er ekki hægt að fá annað án hins, það gerist ekki því að þessi tækni kostar sitt. Hún kostar fjárfestingar í tækjum, lyfjagjöf, húsnæði og öðrum búnaði, og síðast en ekki síst í menntun og sérhæfingu starfsfólks, kannski einkum þar. Þegar upp er staðið er það e.t.v. sá þáttur sem Íslendingar eru að vanmeta mest um þessar mundir, að við munum ekki ná að halda í horfinu og verða jafnframarlega í sérhæfðri og háþróaðri heilbrigðisþjónustu á komandi árum eins og okkur hefur tekist að vera eða tókst a.m.k. að verða um ákveðið árabil nema við getum jafnframt orðið þátttakendur í þeirri þróun sem er í gangi, er á bullandi ferð úti um allan heim þar sem háþróuð læknavísindi eru til staðar, að starfsfólkið verður menntaðra og menntaðra og sérhæfir sig meira og meira. *Það mun að vísu verða okkur erfitt hvað við* erum fámenn þjóð og lítil eining ef svo má að orði komast, jafnvel þó við sameinuðum það sem menn kalla hér í umræðunni stóru sjúkrahúsin í Reykavík. Það er dálítið athyglisvert og mér liggur við að segja fyndið að alltaf er talað um stóru sjúkrahúsin í Reykjavík eins og þau séu óvenjulega stór og leitun að öðru eins. En staðreyndin er náttúrlega sú, herra forseti, að þó að við sameinuðum þau, þá væru þau með allra minnstu stóru sérhæfðu nútímasjúkrahúsum á Norðurlöndum. Það er þannig. Þau væru í hópi þeirra allra minnstu. Það væru helst sjúkrahús á nyrstu svæðunum, t.d. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem væru þá sambærileg að stærð, þ.e. sjúkrahús sem reyna að halda úti fullkomlega deildaskiptri og sérhæfðri læknisþjónustu. Okkur er hollt, held ég, að hafa þær staðreyndir í huga þegar við erum að ræða þessa hluti og þá e.t.v. kemur á daginn að deilurnar sem hér standa eru að hluta til ekki reistar á réttum forsendum.

Menn eru að rífast um hluti sem eru kannski undir röngum formerkjum. Við eigum fyrst og fremst að byrja á því í umræðunni að spyrja okkur þeirra grundvallarspurninga hvort við Íslendingar ætlum að reyna að halda uppi heilbrigðisþjónustu hér á landi sem er í fararbroddi og jafngóð, helst betri, og best gerist í nágrannalöndunum sem við viljum bera okkur saman við.

Ef svarið er já, a.m.k. hvað varðar allar almennar greinar læknavísinda, þá verðum við auðvitað að sætta okkur við hvað þetta kostar. Við getum ekki fyrst tekið ákvörðun um það fyrra og sagt já við því, en neitað síðan að horfast í augu við að það þýði þá breyttar áherslur að einhverju leyti í okkar fjármálum. Við verðum að láta þennan málaflokk taka meira til sín. Og hvað er merkilegt við það þó að þannig breytingar séu að gerast? Það tala sumir um það eins og heimsendir sé í nánd ef hlutdeild málaflokks af þessu tagi er vaxandi á einhverju tímabili t.d. sem hlutfall af þjóðartekjum eða sem hlutfall af ríkisútgjöldum. En eru menn með því að segja að einhver gömul hlutföll aftan úr grárri forneskju eigi endilega við í nútímanum eða þau eigi að haldast um aldur og ævi? Nei, auðvitað ekki.

Staðreyndin er auðvitað sú að heilbrigðismálin allt frá grunnheilsugæslu og til sérhæfðrar læknaþjónustu yfir í umönnun við aldraða, fatlaða eða aðra slíka, er ósköp einfaldlega málaflokkur sem er alltaf að verða stærri og stærri hluti af þeirri daglegu og almennu velferð sem velmegunarríki heimsins byggja á og gera kröfur til. Aðrir málaflokkar að sama skapi þurfa þá kannski minna til sín.

Herra forseti. Ég er ekki sáttur við þann frágang sem hv. fjárln. hefur sýnt almennt séð hvað heilbrigðismálin snertir. Ég vil aftur koma sérstaklega að málefnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Mér fannst það hrakleg niðurstaða sem að lokum var lögð til af meiri hlutanum að fela vanda fjórðungssjúkrahússins í raun og veru inni í einhverjum potti sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á síðan að fara að fljúgast á um við hin landsbyggðarsjúkrahúsin. Og kemur þá upp einn ein hliðin á þessum pottablómamálum, þessu pottablómaveseni ríkisstjórnarinnar að í raun er verið að etja mönnum saman, aðilum sem vilja vera samherjar og vilja að sjálfsögðu ekki standa í innbyrðis togstreitu og spennu. En þetta hlýtur að skapa þannig andrúmsloft þegar búinn er til 200 millj. kr. pottur og það eiga öll sjúkrahús, utan Reykjavíkur, að fá úr þeim potti, togast á um einhverja fjármuni úr þeim potti beint eða óbeint í gegnum ráðuneytið að vísu sem millilið, til þess að brúa vanda sem er tvöfaldur eða þrefaldur að stærð. Þetta eru afar ógeðfeld vinnubrögð, herra forseti, svo ekki sé meira sagt. Ég hefði talið lágmark að fjórðungssjúkrahúsið hefði fengið a.m.k. 70–80 millj. til að mæta þeim uppsafnaða vanda sem þar blasir við á þessu ári og hinu síðasta. Það kann að vera að út úr þessum potti hafist upphæð sem slagar upp í það. En hvers vegna í ósköpunum var þá ekki hægt að ganga frá því hvaða hlutdeild það fengi í þessum efnum?

Ég geri að sjálfsögðu ekki lítið úr vanda annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Ég get nefnt sjúkrahúsið á Húsavík og Fjórðungssjúkrahús Austurlands í Neskaupstað sem er auðvitað ákaflega mikilvæg stofnun fyrir það svæði. En heila málið er það, herra forseti, að rekstur á þeim grunni sem menn á þessum stöðum hafa búið við undanfarin ár gengur auðvitað ekki upp til lengdar. Það skemmir innan frá og út í frá að búa þannig um hlutina. Á næsta ári held ég að lágmark væri að grunnur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri yrði hækkaður um a.m.k. 50 millj. kr. Ég tek því svo sannarlega undir brtt. minni hlutans þar um sem flutt er á þskj. 481, ef ég man rétt.

Herra forseti. Þá eru okkur orð um vegamálin. Það er fyrst og fremst til að halda því til haga hér í umræðunni þannig að það sé enn einu sinni sagt að útkoman í þeim efnum er *náttúrlega með hreinum ólíkindum. Útreiðin á hæstv.* samgrh. Halldóri Blöndal er náttúrlega þvílík að leitun er á öðru eins, að einn ráðherra skuli vera flengdur svo og rassskelltur eins og hæstv. samgrh. af samráðherrum sínum og auðvitað stjórnarmeirihlutanum sem ber ábyrgð á þessu öllu saman og að menn skuli hýða sjálfa sig svona endalaust með hrísi eins og þarna er verið að gera. Ég skil bara ekkert í því, herra forseti, hvað vakir fyrir hv. þm. stjórnarliðsins, t.d. á landsbyggðinni, hvort þetta er einhver sjálfspíningarhvöt eða árátta. Hvers vegna langar hv. þm. Jón Kristjánsson svona austur á land í jólaleyfið með það í farteskinu að meira en milljarði króna verði stolið af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar á næsta ári? Meira en nokkru sinni fyrr í sögunni og er þó ferill hæstv. ráðherra Halldórs Blöndals býsna ljótur. En nú verður sett Íslandsmet, enn eitt Íslandsmetið í þessu, í miðju góðærinu. Það er nú ekki eins og þörfin hafi gufað upp allt í einu fyrir vegabætur. Það er grenjað á meiri framkvæmdir, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki

síður á landsbyggðinni og einkum þar. Hvernig getur þetta þá orðið niðurstaðan? Hvernig getur þetta gerst — í miðjum umræðum sem á nýjan leik hafa gosið upp um byggðavanda þar sem liggja fyrir fínar skýrslur, sumar vel unnar og góðar, eins og skýrsla Stefáns Ólafssonar, um að það eru ekki síst samgöngurnar sem í nútímanum verða alltaf mikilvægari og mikilvægari, sem eru ein af undirrótum og meginorsökum þessa byggðavanda. Og fólk nefnir það yfirleitt númer eitt, tvö og þrjú, þegar spurt er um hvað sé hægt að gera, að það sé að bæta aðstæður byggðanna og fólksins í þessu tilliti — að bæta samgöngurnar. Maður skyldi þá aldeilis ætla þegar þetta fer allt saman, hin mikla umræða um byggðaröskunina og byggðaröskunin sjálf eins og hún er, þörfin fyrir úrbætur í vegamálunum og góðærið með auknum tekjum og auknum mörkuðum tekjum til vegagerðar, þá skuli því öllu vera stolið og rúmlega það. Ég kalla það ekkert annað en stuld á hinum mörkuðu tekjum Vegagerðarinnar, því við skulum athuga það að ríkissjóður er að fá dálaglegan búhnykk í formi þess sem hann fær sjálfkrafa í skatttekjum af umferðinni — bróðurpartinn, eins og nú er komið. Að þá skuli fara á annan milljarð króna út úr þeim brýna framkvæmdaflokki, það skil ég ekki. Mér er alveg ómögulegt að skilja hvernig það gat orðið hin pólitíska niðurstaða eða niðurstaða sem a.m.k. stefnir í og að hv. þm. stjórnarliðsins, hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll og allir aðstandendur hennar skuli ætla sér með þetta veganesti inn í umræðurnar um nýja vegáætlun til 10 eða 12 ára, sem við að vísu heyrum fyrst og fremst draugasögur af hér í þinginu vegna þess að ekki hefur tekist samkomulag um að leggja hana fram, að sögn. Hún er einhvers staðar í hrakningum milli þingflokka stjórnarliðsins og innan þeirra.

En halda menn, herra forseti, að það verði mjög trúverðugt þegar fara á að segja mönnum, seinna á líftíma þessarar nýju vegáætlunar, að þá eigi að spýta í lófana ef upphafið verður svona? Ef upphafið verður verulegur niðurskurður frá þó gildandi vegáætlun og var hún þó hrein hörmung. Og ef upphafið á fyrsta ári hinnar nýju vegáætlunar verður meiri þjófnaður á tekjum Vegasjóðs en nokkru sinni fyrr í sögunni. Halda menn að það verði létt verk að sannfæra fólk um að samt standi til að gera bragarbót? Upphafið lofar ekki góðu, það verður a.m.k. seint sagt. Ef svona gengur í góðærinu, sem ríkisstjórnin gefur út litprentaða bæklinga um með reglulegu millibili, sjálfshólsbæklinga, í hinu skjalfesta góðæri ríkisstjórnarinnar, þá verði létt verk að sannfæra menn um að hvað sem tautar og raular á komandi árum muni verða gert betur ef skyldi harðna á dalnum á nýjan leik í efnahagsmálum undir aldamótin. Ætli einhverjum gæti þá ekki dottið í hug að þá verði nú ekki léttara að draga úr skerðingunni á hinum mörkuðu tekjum og auka þessi framlög?

Nei, þetta er harla dapurlegt, herra forseti, og manni verður stundum á að ætla að tengingar hafi einhvers staðar rofnað í þessum efnum öllum saman eða vírarnir hafi krossast vegna þess að niðurstaðan er algerlega, fullkomlega óskiljanleg. Hún er óskiljanleg út frá efnislegum forsendum og aðstæðum í málinu og hún er fullkomlega óskiljanleg pólitískt séð. Það er ekki glóra í henni frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að mjög skynsamlegur kostur þjóðhagslega séð væri að auka almennar vegaframkvæmdir og sérstaklega í þeim landshlutum sem fjærstir eru þenslusvæðinu á höfuðborgarsvæðinu. Það er alveg borðleggjandi og ég blæs á þau rök að slíkt væri einhver skaðlegur þensluvaldur meðan allt gengur laust á höfuðborgarsvæðinu og fjárfestingarnar eru gífurlegar bæði í einkageiranum en líka fyrir tilstilli opinberra aðila og yfir því hafa menn þó að segja.

Herra forseti. Kannski á þetta eftir að reynast erfið fæðing hjá stjórnarliðinu. Ég læt mér detta í hug að m.a. þessar fæðingarhríðir, þessi rosalega tangarfæðing vegáætlunar, sem hæstv. ráðherra lofaði í byrjun þings og marglofaði síðan í október og nóvember, viti hugsanlega á að stjórnarflokkunum reynist erfitt að koma þessu fram, og þá það. Þá tökum við því auðvitað ef þarna gætu hugsanlega orðið einhverjar úrbætur.

Áður en ég skil við vegamálin og málefni landsbyggðarinnar ætla ég að víkja að fyrri brtt. minni á þskj. 502. Það er brtt. við liðinn 02-210 Háskólinn á Akureyri. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja það til í allri vinsemd að Háskólinn á Akureyri fá sérmerktan lið til stofnkostnaðar á næsta ári. Mér finnst ákaflega snautlegt og metnaðarlítið, herra forseti, og skaði að ekki skuli vera ein einasta sála hér úr því ágæta kjördæmi þar sem háskólinn hefur aðsetur þó hann sé auðvitað málefni okkar allra, að þetta góða mál, sem menn hafa nú yfirleitt náð að sameinast mjög vel um og hefur verið eitt af því ánægjulega sem menn hafa getað bent á að væri að gerast, bæði á sviði menningar- og menntunarmála, æðri menntunar, og líka í byggðalegu tilliti, er ákvörðunin um uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri. Nú liggur það fyrir, samkvæmt ákvörðunum sem stjórnvöld hafa blessað í bak og fyrir og stutt, að háskólinn hefur flutt á nýtt svæði og fengið byggingar til afnota sem háskólinn er að taka í gagnið á Sólborg, svonefndu Sólborgarsvæði, ákaflega fallegu og heppilegu, vel staðsettu svæði nálægt miðpunkti Akureyrarkaupstaðar. Hinir dugmiklu stjórnendur sem þar ráða ríkjum hafa auðvitað stórhuga áform um uppbyggingu háskólans á þessu fallega háskólasvæði, sem ég leyfi mér að fullyrða að verði fallegasti háskólakampur á norðuhveli jarðar þegar það verður fullfrágengið og er þá langt til jafnað. Þeir eru þegar með áætlanir um umtalsverðar framkvæmdir sem er mjög brýnt fyrir alla þróun stofnunarinnar að hægt verði að hefjast handa um sem fyrst vegna þess að núverandi ástand er háskólanum mjög erfitt, að vera með starfsemina dreifða á mörgum stöðum. Slíkur er hugur heimamanna í þessu máli sem endurtekið hafa lagt mikið af mörkum, bæði bæjaryfirvöld, sveitarfélög á svæðinu og einkafyrirtæki og má þá t.d. nefna þegar Kaupfélag Eyfirðinga lagði til húsnæði um skeið undir sjávarútvegsdeild háskólans á sínum tíma.

Nú er Akureyrarkaupstaður tilbúinn að fjármagna byggingu rannsóknarhúss gegn endurgreiðslu með tilteknum hætti á síðari tíma. En það er í sjálfu sér, herra forseti, sjálfstætt mál sem auðvitað á að klára tafarlaust og mér er eiginlega alveg óskiljanlegt hvernig menn geta gaufast við það vikum og mánuðum saman að klára slíkt mál. Eftir stendur það að háskólinn sjálfur þarf tafarlaust að komast af stað með sín byggingaáform og það er óeðlilegt, herra forseti, að í ljósi þeirra aðstæðna, svo ekki sé nú talað um hversu metnaðarlaust það er að ekki skuli koma liður inn undir formerkjum Háskólans á Akureyri sjálfs þar sem hann fær tiltekna stofnkostnaðarfjárveitingu. Það er fullkomlega metnaðarlaust. Mér er að vísu ljóst að í óskiptum lið er vísað í, samkvæmt grg. fjárlagafrv., að til undirbúnings skuli renna um 25 millj. en það er samkvæmt orðanna hljóðan eitthvað sem heitir undirbúningsfjárveiting og gefur enga beina vísun um það að framkvæmdir sem slíkar eða stofnkostnaður

sem slíkur sé hér með heimilaður af hálfu Alþingis, eins og auðvitað á að gera.

Ég hef þess vegna leyft mér að leggja hér fram, herra forseti, að háskólinn fái tiltekna merkta fjárhæð, 40 millj. kr., og mér finnst það ekki ofílagt. Ég held að það væri ákaflega skynsamleg og sniðug pólitísk aðgerð af meiri hlutanum að samþykkja þetta eða eitthvað í þessa veru. Og satt best að segja verð ég að vísa til þess aftur — ég er kannski að verða kominn illilega úr takti við það sem eitthvert vit er í að gera í pólitík — en einhvern tíma hefði maður nú látið sér detta í hug að það væri sniðugt af ríkisstjórn og meiri hlutanum að sýna svolítinn myndarskap í jafnröktu máli og þetta er, sem er í raun og veru jafnóumdeilt eins og það, að byggja upp og efla starfsemi Háskólans á Akureyri sem ég hygg að flestir ef ekki allir núorðið taki undir sem hið besta mál, eins og mjög er í tísku að segja um þessar mundir.

Herra forseti. Ég vil í öllu falli leggja þessa tillögu fram og vekja athygli á henni og stöðu Háskólans á Akureyri í leiðinni. Ég vonast til þess að einhverjum árangri megi ná í þessu máli og megi það verða til þess að auðvelda mönnum það þá er ég meira en tilbúinn að kalla þessa tillögu aftur frekar en að hún gangi hér til atkvæða og taka þá áhættu að hún verði felld, það þætti mér sannarlega miður. En það kemur þá á daginn, herra forseti, hvernig viðrar í þeim efnum.

Að lokum, herra forseti, hef ég samkvæmt venju leyft mér að leggja fram brtt. um nokkra hækkun á framlögum til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég hef baksað við það býsna mörg ár, oft og lengi, að reyna að fá einhverja umræðu einhvern veginn í ósköpunum í gang, einhvern skilning á því að þessi frammistaða okkar Íslendinga hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu er fyrir neðan allar hellur. Hún gengur ekki. Hún er enn þá verri en í Kyoto. Hún er þvílík niðurlæging fyrir þessa ríku þjóð, sem er víst samkvæmt mælingum bestu manna u.þ.b. fimmta ríkasta þjóð í heimi í augnablikinu hvað varðar þjóðartekjur á mann og þar fram eftir götunum og vilja þó sumir meira að segja efast um að rétt sé mælt. Margir halda því fram að í reynd séu Íslendingar enn þá betur settir og samkvæmt öðrum mælikvörðum erum við oft í annaðhvort fyrsta eða öðru sæti, (**GÁ** : Hvað er þá að?) þegar lífsgæði af ýmsu tagi eru reiknuð. Já, ég skal segja hv. þm. Guðna Ágústssyni hvað er að. Það sem er að er að við leggjum skammarlega nánasarlega lítið af mörkum til okkar minnstu bræðra, eins og stundum var sagt á Íslandi hér áður fyrr. Kannski kannast hv. þm. við slíkt orðalag úr uppvexti sínum. Það er nefnilega þannig að frammistaða Íslands, hvað það snertir að leggja sitt af mörkum með eðlilegum hætti, hlutfallslega að sjálfsögðu, það er verið að tala um það, en ekki að við leggjum til stærri fjárhæðir en milljónaþjóðir eða neitt þvíumlíkt. Nei, að við leggjum hlutfallslega, miðað við okkar ríkidæmi, eitthvað sambærilegt af mörkum og aðrar þjóðir í okkar velmegunarhópi gera. En það gerum við ekki. Við erum neðan við allt sem neðarlega er á þeim lista. Við leggjum jafnlítið eða jafnvel minna af mörkum í þessum efnum og nokkur af ríkjunum sem flokkuð eru sjálf sem þróunarlönd. Skást settu löndin, sem eru flokkuð sem þróunarlönd, eru að reyna að veita t.d. bágstöddum nágrannaríkjum aðstoð og sum hver ráðstafa í það svipuðu eða jafnvel hærra hlutfalli sinna þjóðartekna en við gerum. (**GÁ:** Hvað leggur þingmaðurinn til?) Ég hef lagt til, nánast hvert einasta ár á Alþingi í bráðum 15 ár, að við hækkum þessi framlög. Ég hef prófað ýmsar leiðir í þeim efnum. Og núna liggur fyrir Alþingi frv., líklega í annað eða þriðja sinn, sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, um að farið verði út í sjálfstæða tekjuöflun megi það frekar verða til þess að við náum þessum framlögum eitthvað upp. Það var prófað á síðasta áratug að samþykkja ákveðna áætlun um hækkun slíkra framlaga í áföngum með beinum fjárveitingum á fjárlögum á nokkurra ára bili og það fór allt í vaskinn.

Það voru ekki ómerkari kempur en núverandi seðlabankastjóri og þáv. hæstv. forsrh. ef ég man rétt, Steingrímur Hermannsson, sem var einn af forgöngumönnunum í því máli og ég leyfi mér að segja, að Alþingi hafi einróma líklega á árinu 1985 eða svo samþykkt slíka áætlun og næstu ár á eftir lækkuðu framlögin og voru með því lægsta sem þau hafa nokkurn tíma verið, 1988, við stjórnarskiptin þá. Sú ríkisstjórn sem þá tók við völdum og stjórnaði landinu í verstu kreppu sem við höfum gengið í gegnum um langt árabil hækkaði að vísu þessi framlög hvert einasta ár, en nú hefur aftur sigið á ógæfuhliðina. Ég legg þess vegna til, herra forseti, að þetta framlag verði hækkað um 50 millj. kr. Til vara gæti ég vísað í þær tillögur sem eru í frv. því sem ég nefndi og liggur fyrir þinginu og kveður á um að þessar fjárveitingar verði hækkaðar í áföngum á næstu árum, annars vegar með beinum framlögum á fjárlögum og hins vegar með sjálfstæðri tekjuöflun sem verði í formi þess að leggja sérstakt álag á tekjuskatt lögaðila og hátekjuskatt einstaklinga. Það er a.m.k. tilraunarinnar virði, herra forseti, finnst mér að reyna að fá menn til einhverrar umhugsunar um þessi efni með tillöguflutningi af þessu tagi.

Aftur má minna á það að ef okkur gengur ekkert að koma þessu upp á við í miðju góðærinu, hvenær ætli það heppnist þá? Ætli menn muni þá ekki nota það sem rök fyrir því, að nú sé þröngt í búi og erfitt að breyta einhverju í þessu ef aftur fer að halla undan fæti í þeim efnum, þ.e. á efnahagslegu hliðinni sem við a.m.k. vonum að verði ekki?

Það var lengi þannig, herra forseti, að Íslendingar skömmuðust sín svo mikið fyrir frammistöðu sína í þessum efnum að þeir reyndu að komast undan því að vera hafðir með í yfirliti Efnahags- og framfarastofnunarinnar um framlög aðildarríkja til þróunarsamvinnu. Það var á árabili sem Íslendingar duttu alltaf út úr þeim skýrslum og það var erfitt stundum að fá almennilegar upplýsingar um það hvar við stæðum vegna þess að þetta vandamál eða leyndarmál var falið. Frammistaðan þótti svo skammarleg að menn reyndu að fela það á alþjóðavettvangi hvernig þetta mál stóð. Auðvitað er það ekki hægt sem betur fer, þá komumst við ekki upp með slíkt, og nú skipar Ísland þennan vafasama heiðurssess að leggja langminnst af mörkum nánast allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar og náttúrlega langminnst miðað við það hvar við erum á velmegunarskalanum í þeim hópi. Það getur vel verið að mönnum finnist það allt í lagi. Það getur vel verið eða a.m.k. ímynda ég mér að sömu mönnum, sem finnst ekkert tiltökumál að fara til Kyoto og hafa það eina erindi þangað að reyna að biðja um undanþágu til þess að menga jörðina sem allra mest, finnist líka allt í lagi að Ísland verði frægt að endemum fyrir það að leggja ekkert af mörkum sem heitið getur til þróunarsamvinnu í heiminum, til að hjálpa fátækustu ríkjum heims. Það getur vel verið að það sé bara þannig og þá er best að menn horfist í augu við það og segi að þannig vilji þeir hafa það. Það ber að vísu að taka fram, hvað almenning snertir, að þá er þessu ekki svo farið. Almenningur sýnir það ítrekað með frjálsum söfnunum, með miklum stuðningi við hjálparstofnanir að

hér er mikill vilji fyrir því að leggja sitt af mörkum. Ég hygg að miðað við alþjóðlegan samanburð sé Ísland alveg þokkalega statt hvað það snertir, að hjálparstofnanir og frjáls félagasamtök ýmis safni hátt upp í það hlutfall sem samþykkt Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir. Það er þannig hugsað svo þingmenn hafi það í huga að hjálparstofnanir og félagasamtök leggi af mörkum kannski sem nemi um 0,3% af landsframleiðslu en opinberir aðilar sjái þá um afganginn, þ.e. 0,7% sem á vantar til að fylla upp í þetta eina prósent sem viðmiðunin er. Ég leyfi mér að giska á að framlög Rauða krossins, Hjálparstofnunar kirkjunnar og fjölmargra bæði nýrra og eldri frjálsra félagasamtaka og klúbba leggi samtals fram fjárhæðir sem fari a.m.k. einhvers staðar á bilinu frá 0,2–0,3%. Það er ekki frammistaða sem nein þörf er á að skammast sín fyrir, þ.e. frjáls framlög almennings. Það bendir þá fyrst og fremst til þess að ekki sé samræmi milli vilja almennings í landinu í þessum efnum og þeirra sem ráðið hafa ferðinni í stjórnmálunum og haft meiri hlutann á Alþingi, að það er fyrst og fremst okkar hlutur sem eftir liggur sem hér höfum starfað. Það eru mér nokkur vonbrigði, herra forseti, satt best að segja, sem kom hingað ungur og áhugasamur maður fyrir býsna löngu síðan og átti mér það m.a. sem hugsjóna- og baráttumál að reyna að leggja mitt af mörkum að bæta eitthvað úr þessari skammarlegu stöðu okkar, en ég hef ekki haft meira erindi en þetta enn þá sem komið er a.m.k. (Gripið fram í.) sem sennilega þýðir að ég verð að sitja hérna lengi enn til þess að halda áfram að vinna að því máli.

[00:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir tveimur brtt. sem ég er 1. flm. að. Fyrri tillagan lýtur að niðurgreiðslu á rafhitun og er lagt til að niðurgreiðslur verði auknar um 60 millj. kr., hækki úr 437 millj. kr. í 497 millj. kr. Á næsta ári er áætlað að tekjur ríkissjóðs vegna arðgreiðslu af eignarhaldi ríkissjóðs í Landsvirkjun nemi 120 millj. kr. og er lagt til að helmingnum af þessum tekjum verði varið til þess að lækka orkureikning þeirra sem búa við hæst orkuverð. Ríkissjóður greiðir niður um 1,38 kr. á kwst., allt að 30 þús. á ári. Auk þess veitir Landsvirkjun afslátt að fjárhæð 47 aurum á kwst. svo samtals nemur niðurgreiðslan um 1,85 kr. á kwst. til 7.900 notenda.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér má ætla að kostnaður ríkissjóðs við að greiða niður um 1,85 kr. 10 þús. kwst. til viðbótar nemi um 60 millj. kr. á ári. Er þá ekki gert ráð fyrir að Landsvirkjun taki þátt í niðurgreiðslunum en ef svo er, þá gæti hlutur ríkissjóðs verið um 45 millj. kr. Til ársins 1990 voru greiddar niður 40 þús. kwst. á ári en þá var þeim fækkað í 30 þús. Tillagan gerir því ráð fyrir að færa niðurgreiðslurnar til fyrra horfs.

Athuganir sem gerðar hafa verið benda til þess að notkun á köldum svæðum eins og norðanverðum Vestfjörðum séu um 40 þús. kwst. á ári en frekari rannsóknir þarf þó að gera ef fullyrða á að þetta sé sú tala sem rétt er.

Algengt er í 20 ára gömlu húsi að 45–50 þús. kwst. þurfi á ári og er athyglisvert að skoða kostnaðinn við að kynda slíkt hús á Vestfjörðum. Af fyrstu 30 þús. kwst. nemur kostnaðurinn um 54 þús. kr. á ári en af 15–20 þús. kwst. sem eru umfram 30 þús. kwst. er kostnaðurinn um 67 þús. kr. 50–60% fleiri kwst. hækka reikninginn um 125%. Greinilegt er að orkunotkun á bilinu 30–40 þús. kwst. er mjög dýr fyrir húseigendur sem flestir nota orku að þessu marki. Gripið var til lækkunar á sínum tíma undir þeim formerkjum að hvetja húseigendur til orkusparandi aðgerða. Staðreyndin er sú að kostnaður við þær er svo mikill að ekki er ráðist í þær nema í nýbyggingum en lítið hefur verið byggt á þessum köldu landsvæðum og húsnæðið að miklu leyti byggt þegar aðrar kröfur voru gerðar um einangrun en nú er. Húsnæðið er heldur ekki orðið það gamalt að komið sé að endurbótum á því. Niðurstaðan verður því að lækkunin á niðurgreiddum kwst. úr 40 þús. í 30 þús. hefur komið fram sem bein hækkun á orkureikningum.

Síðari tillöguna sem ég mæli fyrir er að finna á þskj. 503. Þar er lagt til að hækka fjárveitingar til stofnkostnaðar hjá Ríkisspítölum um 5,2 millj. kr. til að standa straum af tækjakaupum vegna tveggja verkefna á sviði fjarlækninga. Annars vegar er 3 millj. kr. til kaupa á fjarfundabúnaði til flutnings á mynd úr ómskoðun fyrir meðgöngurannsókn milli Landspítala og Sjúkrahúss Suðurlands. Hins vegar er gert ráð fyrir 2,2 millj. kr. til kaupa á myndfundabúnaði við sjúkrahúsin á Patreksfirði og Seyðisfirði. Ráðgert er að koma á samstarfi milli þeirra og Landspítalans um ráðgjöf vegna geðlækninga en Landspítalinn mun leggja til sinn búnað.

Fjarlækningar er nýtt form lækninga sem er að ryðja sér til rúms í kjölfar nýrrar tækni í fjarskiptum. Fyrir nokkru er hafin uppbygging þjónustu vegna sendinga í röntgenmyndum. Er búnaður til slíks á Landspítalnum, í Neskaupstað, í Vestmanneyjum, í Stykkishólmi og á Sauðárkróki og fljótlega bætast við Egilsstaðir og Höfn í Hornafirði. Fjárln. styrkti með framlagi á fjárlögum 1994 einkafyrirtæki til þess að þróa og hanna búnað til slíkra nota. Er lagt til að útvíkka þjónustuna til ómskoðunar og geðlækninga.

Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur eru þátttakendur í samstarfsverkefni nokkurra Evrópulanda vegna fjarlækninga fyrir bráðalækningar, m.a. fyrir sjómenn. Þessi staðreynd hlýtur að hvetja íslensk stjórnvöld til að nýta sér þessa tækni til að bæta þjónustu sjúkrahúsa hér á landi og er því þessi tillaga lögð fram. Umrædd verkefni mundu hefjast á næsta ári og þjónusta með fjarlækningum á þessum sviðum yrði hafin að loknu tveggja ára tímabili.

Að lokum má upplýsa að áform erum um að beita fjarlækningum á fleiri sviðum og má þar nefna húðskoðanir, háls-, nef- og eyrnaskoðun og hjartalækningar.

Herra forseti. Þessar tvær tillögur sem ég hef lagt hér fram á þskj. 503 og 504 liggja hér fyrir og ég vænti þess að þær muni hljóta brautargengi á þessu þingi.

[00:43]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 495 sem er flutt af hv. þingkonu Guðnýju Guðbjörnsdóttur auk mín. Tillagan er um framlag til Félags einstæðra foreldra, nýjan lið sem í felst styrkur til endurbóta á húsnæði upp á 9 millj. kr. og vil ég nú aðeins skýra tillöguna.

Félag einstæðra foreldra var stofnað í nóvember 1969 og voru stofnfélagar þá 300 talsins en frá stofnun hafa um 5.000 félagar látið skrá sig í félagið og í dag eru félagar um 1.200. Markmið félagsins er að vinna að hagsmunamálum einstæðra foreldra og barna þeirra, gæta réttar þeirra gagnvart stjórnvöldum og öðrum sem með mál þeirra fara og á allan hátt að vinna að því að bæta uppeldisstöðu þeirra barna sem ekki njóta samvista við báða foreldra.

Í dag eru einstæðir foreldrar um það bil 11 þús., þ.e. foreldrar sem fara með forsjá barna sinna. Um það bil 35% einstæðra foreldra halda ekki sjálfstætt heimili vegna þess

að fjárhagsástæður leyfa það ekki. Aðeins helmingur þeirra einstæðu foreldra sem halda sjálfstætt heimili búa í eigin húsnæði. Hinn helmingurinn þarf því að reiða sig á leigumarkaðinn. Það er vitað að fjárhagsstaða einstæðra foreldra, sér í lagi þeirra sem litla eða enga menntun hafa, er með því sem verst gerist í þjóðfélaginu. Félagar í Félagi einstæðra foreldra koma yfirleitt úr þessum tekjulægsta hópi og eru húsnæðismálin brýnasta vandamál þeirra. Þetta eru auðvitað engin ný sannindi, enda hefur Félag einstæðra foreldra allt frá stofnun félagsins lagt sérstaka áherslu á húsnæðimsálin í starfsemi sinni.

Félagið hefur rekið neyðar- og bráðabirgðahúsnæði fyrir einstæða foreldra og börn þeirra í Skeljanesi 6, en það húsnæði var keypt árið 1976, og Öldugötu 11 í Reykjavík. Það húsnæði var keypt árið 1986 og er hægt að hýsa 21 fjölskyldu í einu. Í húsunum eru litlar íbúðir og herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Íbúðirnar eru alltaf fullsetnar og eru um $^2/_3$ hlutar umsækjenda á biðlista hverju sinni.

Um síðustu áramót voru 379 umsóknir eftir almennu félagslegu húsnæði og er biðtíminn 2–3 ár. Félag einstæðra foreldra finnur mikið fyrir þessu því að sífellt verður erfiðara að losa íbúðirnar sem það hefur til ráðstöfunar fyrir nýja umsækjendur. Húsnæðið er hugsað sem neyðarhúsnæði, enda allur aðbúnaður miðaður við það. Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur í auknum mæli vísað umsækjendum sínum á biðlista til félagsins og hefur samstarf við stofnunina verið gott. Það hefur auðvitað verið á óskalista Félags einstæðra foreldra að kaupa nýtt húsnæði til að mæta þörf þeirra sem enga úrlausn fá. Ástand húsanna er hins vegar slíkt að allir slíkir draumar verða að bíða um sinn. Ástand margra íbúða er þannig að húsnæðið uppfyllir vart þær kröfur sem heilbrigðiseftirlitið gerir til mannabústaða almennt. Nú er af óhjákvæmilegri nauðsyn hafin viðgerð á húsunum og Félag einstæðra foreldra neyddist til að slá til þess bankalán. En félagið treystir sér ekki í meira en algerar lágmarksviðgerðir til þess að húsnæðið teljist íbúðarhæft. Fyrir hendi er úttekt á ástandi húsanna og kostnaðaráætlun og í samræmi við hana fór Félag einstæðra foreldra fram á 10 millj kr. til reksturs og til bráðnauðsynlegs viðhalds. Það voru sem sagt 10 millj. kr. í beiðni félagsins til fjárln.

Hv. félmn. fékk þetta erindi til umfjöllunar og varð myndarlega við óskum félagsins um framlag til rekstursins. Það samþykkti eina millj. kr. til reksturs félagsins en vísaði erindinu um styrk til viðgerða á húsnæðinu aftur til fjárln. þar sem sú upphæð sem á þurfti að halda rúmaðist engan veginn innan þess liðar sem hv. félmn. hafði til skiptanna.

Þingkonur Kvennalistans telja augljóst að félagið þurfi á myndarlegri fjárveitingu að halda svo að hægt sé að standa straum af viðgerðarkostnaði húsanna. Það er nauðsynlegt svo að Félag einstæðra foreldra geti veitt húsnæðislausum fjölskyldum áframhaldandi þjónustu. Það skal tekið fram að af öllum þeim íbúum sem búið hafa í húsunum hefur um það bil fjórðungur komið utan af landi eða erlendis frá og eins og fram hefur komið hefur aðsóknin verið langt umfram framboð. Við þingkonur Kvennalistans reyndum við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1997 að fá samþykkta tillögu á hv. Alþingi um tímabundið framlag til Félags einstæðra foreldra vegna þessara bráðnauðsynlegu viðgerða. Því miður hafnaði hv. Alþingi þessari tillögu en áfram skal mennina reyna og því flytjum við hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir tillögu um 9 millj. kr. framlag til Félags einstæðra foreldra í þessu skyni og ég vona að hv. Alþingi taki tillit til þessarar bráðnauðsynlegu beiðni.

[00:50]

**Útbýting þingskjala:**

Fæðingarorlof, 343. mál, brtt. JóhS og ÖS, þskj. 520.

Tekjuskattur og eignarskattur, 328. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 518; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 519.

[00:50]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er orðið nokkuð áliðið nætur og ekki margt um manninn í þingsal en mannval ágætt engu að síður því á meðal annarra eru hér formaður og varaformaður fjárln. Mig langar til að byrja á því að fjalla örlítið um fjárlagafrv. og nýmæli sem þar er að finna.

Þau fjárlög sem eru til umræðu eru athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Frv. er með breyttu sniði frá því sem áður var. Það er sett fram á rekstrargrunni sem kallaður er, en ekki greiðslugrunni eins og áður hefur tíðkast. Þetta er í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins sem voru samþykkt fyrr á þessu ári en því hefur verið haldið fram að kostir þessarar framsetningar séu þeir að betra yfirlit fáist yfir tekjur og gjöld, skattheimtan og tekjujöfnun verði sýnilegri. Þessi bókhaldsmáti gerir og ráð fyrir því að allar skuldbindingar verði sýnilegar, þar með taldar lífeyrisskuldbindingar sem nú er stofnað til og eru til framtíðar. Samfara þessu eru ýmsar breytingar gerðar. Þar á meðal eru markaðir tekjustofnar B-hlutastofnana á borð við Ríkisútvarp og sjóða ýmissa, Þróunarsjóðs sjávarútvegs og ýmissa sjóða landbúnaðarins, tekjustofnar þeirra eru skilgreindir sem tekjur ríkissjóðs en þessar tekjur færast síðan sem tilfærsluútgjöld frá ríkissjóði til þessara stofnana. Þetta kann að vera allt til að gera hlutina sýnilegri en ég vil benda á eina pólitíska þýðingu þessara breytinga.

Fram til þessa hafa menn litið svo á að Ríkisútvarpið, svo að dæmi sé tekið, sé sjálfstætt. Menn hafa haft á orði þar á bæ að stofnunin fái ekki krónu úr ríkissjóði, hún afli sinna tekna með auglýsingum og fái afnotagjöld frá hlustendum. Nú er þessi tími liðinn. Hún er á framfæri ríkissjóðs samkvæmt skilgreiningum fjárlagafrv. Hið sama gildir um þá sjóði sem ég nefndi og eru fjármagnaðir með framlögum frá sjávarútvegi annars vegar, sjóði sjávarútvegsins, og frá landbúnaðinum hins vegar. Í þeim skilningi hefur verið litið á þá sem sjálfstæða sjóði en nú með þessum breytingum eru þeir á framfæri ríkissjóðs. Þetta kann að skipta ekki ýkja miklu máli í augum margra en ég vil benda á þá pólitísku þýðingu sem þetta kann að hafa og til þess er nú leikurinn gerður af hálfu þeirra sem nú róa að því öllum árum að umskapa þjóðfélagið. Það kunna að vera ýmsir kostir við þessa framsetningu. Ef sú yrði raunin í framtíðinni að allar sértekjur og öll þjónustugjöld yrðu skilgreind og skráð í fjárlögum — þannig er það nú enn að alla vega lögboðin þjónustugjöld eða þau gjöld sem eiga sér einhverja stoð í lögum er að finna í fjárlögum — þá held ég að þegar fram líða stundir og ef eimreið hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar dyggilega knúin áfram af kyndurum Framsfl. verður ekki stöðvuð, ef hún nær sínum leiðarenda, þá eigi eftir að verða breyting á þessu, spái ég. Hugmyndafræði frjálshyggjumanna í Sjálfstfl. gengur út á að keyra ríkisútgjöldin niður, hafa þau öll sýnileg og til sýnis en þjónustugjöld og sértekjur stofnana verði dulin í framtíðinni. En hitt skal allt vera til sýnis, sérstaklega þegar sjúkir og fatlaðir eiga í hlut, samanber hinn ósmekklega

vasabækling ríkisstjórnarinnar um fjárlögin, vasafjárlögin sem svo voru nefnd en þar var rækilega tíundað hvað fatlað fólk kostaði samfélagið. Það var reyndar hugsun sem gengur þvert á það sem boðað hefur verið af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Hér var sérstakur talsmaður fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum fyrr í vikunni til að fjalla um reglur Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra. Ég minnist þess ekki að hann hafi verið spurður sérstaklega um vasafjárlög ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar en mér segir svo hugur að sá bæklingur hefði ekki verið honum að skapi því inntakið í boðskap þessa manns — Bengt Lindquist hét hann — var að manneskjurnar væru ólíkar en ættu kröfu á því að búa við áþekk réttindi og allar við mannréttindi. Tilkostnaðurinn við að rétta hlut fatlaðra væri ekki byrðar sem samfélagið bæri þeirra vegna, þ.e. hinna fötluðu, heldur sjálfs sín vegna. Það vildi láta líta á sig sem mannréttindasamfélag. En í vasaútgáfu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hins vegar er rækilega tíundað hvað hinir fötluðu kosti samfélagið og eru þeir skilgreindir sem byrðar á því samfélagi.

Það sem ég er að leggja áherslu á er að hugmyndafræði frjálshyggjumanna gengur út á að keyra ríkisútgjöld niður, hafa þar allt sýnilegt og til sýnis nema, og það held ég að sé fyrirheitna landið, þjónustugjöldin, álögur sem verða til innan stofnana. Þar er stefnt að því að gera allt ósýnilegt. Þjónustugjöldin eiga að vera á valdi einstakra stofnana og við sjáum frumdrögin að þessu í fjárlagafrv. Þar er talað um skólagjöld. Það á að vísu enn að setja reglur fyrir skólana um skólagjöld, ólík skólagjöld eiga að koma þar til sögunnar. Það er verið að undirbúa sjálfstæði stofnana að þessu leyti að innheimta gjöldin meðan þau eru lögboðin. Þá er þau að finna í fjárlagafrv. og opinberum textum. En þegar fram líða stundir verður horfið frá því. Það er minn spádómur, ef þessi stefna nær fram að ganga. Og til þess að formúlan gangi síðan endanlega upp, þá er búið til nýtt launakerfi þar sem forstöðumenn geta ráðstafað fjármunum sem skapast með sértekjum eða með því að reka fólk, með því að fækka fólki. Þeim fjármunum eiga þeir að geta ráðstafað að eigin vild, jafnvel til launahækkana og þannig er verið að byggja inn í sjálft kerfið, innviði hverrar stofnunar, hvata til þess að koma á þjónustugjöldum. Í allri hugmyndafræði og framsetningu ríkisstjórnarinnar og þar með þessu fjárlagafrv. er unnið að því að skapa þetta kerfi. Þetta vildi ég segja um hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar. Mér finnst afskaplega sorglegt hlutskipti fyrir Framsfl. sem er um margt ágætur flokkur og nýtur stuðnings margra ágætra félagshyggjumanna, að sá flokkur skuli gerast kyndarasveit í járnbrautarlest Sjálfstfl. Reyndar er hlutskipti Framsfl. dapurlegt fyrir margra hluta sakir nú þessa dagana.

Þeir láta sér ekki nægja að standa hér fyrir fjárlagafrv. þar sem þeir telja sig vera að gera mjög góða hluti með því að færa allt hér á snyrtilegan hátt í debet og kredit, telja að hér snúist allir hlutir um snyrtilegt bókhald á meðan þeir eru að reisa undirstöður fyrir markaðsvæðingu velferðarþjónustunnar.

Annað mætti nefna og það er sú stefna sem þeir reka í iðnaðarmálum. Menn virðast miður sín yfir því að hafa ekki náð meiri árangri í Kyoto. Ég skildi ekki betur á talsmanni ríkisstjórnarinnar sem talaði til þjóðarinnar í Ríkisútvarpinu í morgun en að hann teldi að árangurinn hefði mátt vera meiri og átti þá við að Íslendingar hefðu þurft að geta fengið leyfi til að menga meira. Það er verst að þarna var ekki talsmaður iðnrh. á ferðinni, en sá ágæti maður virðist sjá fátt annað í framtíðinni hér á landi en koma upp sem allra flestum álverum og olíuhreinsistöðvum. Sá sem talaði var talsmaður umhvrh. sem maður hefði haldið að ætti að halda uppi málstað umhverfisverndar. Þetta var nú eiginlega svona innskot þar sem farið var að ræða um hugmyndafræði þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr. Ég mun koma að henni síðar, enda má segja að fjárlagafrv. hverju sinni birti raunsannasta mynd af stefnu og hugmyndafræði hverrar ríkisstjórnar.

Það sem einkennir þetta fjárlagafrv. öðru fremur er það efnahagsumhverfi sem við hrærumst í og á ég þar einkum við það góðæri sem efnahagslífið býr við og vísa ég þar fyrst og fremst til fjármagns- og stórfyrirtækja sem búa við svo góðan hag að þess þekkjast fá dæmi í síðari tíma sögu, enda leggst allt á eitt, mjög hagstæð ytri skilyrði og ríkisstjórn sem er klæðskerasaumuð fyrir fjármagn og stórfyrirtæki en þeim mun óhagstæðari fyrir launafólk, þeim mun óhagstæðari fyrir aldraða, öryrkja og atvinnulausa. En alla þessa hópa hefur ríkisstjórnin valið sem sérstaka skotspóna sína. En fyrst að góðærinu og hvernig það hefur skilað sér í ríkissjóð.

Það er áætlað að á þessu ári verði tekjur ríkissjóðs 4,7 milljörðum meiri en samþykkt fjárlög fyrir 1997 gerðu ráð fyrir, enda hagvöxtur miklum mun meiri en gert var ráð fyrir haustið 1996. Þá var spáð hagvexti upp á 2,5% en hann virðist ætla að reynast verða 4,5%, enda hefur afkoma ríkissjóðs batnað að sama skapi. Afkoma fyrirtækja hefur verið mun betri en áætlað var og gert er ráð fyrir að tekjuskattar fyrirtækja skili um 5,3 milljörðum á þessu ári í stað 4,55 eða 750 millj. meira en fjárlögin höfðu gert ráð fyrir. Eignarskattar skila 200 millj. meiri tekjum en fjárlög 1997 gerðu ráð fyrir og koma um $^2/_3$ hlutar þeirrar upphæðar frá fyrirtækjunum og þannig mætti áfram telja. Þannig má gera ráð fyrir 600 tekjuskattsmilljónum umfram það sem ætlað var og fleiri stærðir mætti nefna.

Í hagvaxtarspá fyrir komandi ár er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,5% en ekki má gleyma því að yfirleitt hefur Þjóðhagsstofnun og þeir sem spá fyrir um hagvöxt verið í varfærnari kantinum, yfirleitt verið með lægri prósentu en reyndin hefur orðið. Oft hefur þetta verið, grunar mann, í tengslum við kjarasamninga. Þá er eins og stofnanir þjóðfélagsins leggist á eitt um að telja kjarkinn úr launaþjóðinni með því að setja fram svartar spár. Ég veit ekki hvort það blandast eitthvað inn í það núna að fyrir dyrum standa samningar við sjómenn og svo náttúrlega þarf að sannfæra þjóðina um nauðsyn þess að koma hér upp fleiri álverum og olíuhreinsistöðvum o.s.frv. Spáin er sem sagt upp á 3,5% sem er þó mikill hagvöxtur og talsvert meiri en spáð er í iðnríkjum á næsta ári þannig að við erum að tala um talsverðan hagvöxt.

Það er samdóma álit manna að veruleg hætta sé á þenslu hér í efnahagslífinu sem er áhyggjuefni launafólki sem er með bundna samninga í mörgum tilvikum fram yfir næstu aldamót. Og þá skiptir mjög miklu máli að hafa bönd á verðbólgunni, að koma í veg fyrir þenslu og menn ræða það að sjálfsögðu hvernig það verði gert. Þar þarf tvennt að koma til að mínum dómi, mjög strangt verðlagseftirlit þar sem öll þjóðin þarf að leggjast á eitt um að reyna að halda aftur af verðsprengingum og þar þurfa að sjálfsögðu einnig að koma til varfærnislegar fjárfestingar og skynsamlegar. Íslendingar hafa verið óvarkárir oft á liðnum árum í þeim efnum og má minna á í því sambandi að á þenslutímum reistu Reykvíkingar stórhýsi á borð við Ráðhús og Perlu en drógu síðan saman seglin þegar kreppti að. Að sjálfsögðu átti þetta að vera á hinn veginn. Sem sagt, við þurfum á verðlagseftirliti

og verðlagsaðhaldi að halda þar sem öll þjóðin leggst á eitt og við þurfum skynsamlega fjárfestingarstefnu.

Við vitum hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram í þeim efnum. Á meðan verkalýðshreyfing og Neytendasamtök sameinast um verðlagseftirlit til að halda aftur af verðhækkunum og verðsprengingum, þá gekk nú Póstur og sími hf. fram fyrir skjöldu undir merkjum samgrh. og keyrði upp verðlag á póst- og símgjöldum, svo maður nefni nú fræga dæmið, og síðan hafa ríkisstjórn og ráðamenn dásamað frumkvæði Seðlabankans um að stuðla að vaxtahækkun. Þetta telja menn að verði til þess að slá á þenslu, fólk neiti sér um að taka lán. Ég bendi hins vegar á að skuldir heimilanna eru nú áætlaðar 374 milljarðar kr. Þessar skuldir hafa aukist verulega. Þannig hafa skuldir heimilanna í hlutfalli við ráðstöfunartekjur aukist úr 117,3% á árinu 1993 í 132,8% á þessu ári samkvæmt áætlun Seðlabankans. Þetta var ekki ýkjamikil hækkun sem Seðlabankinn gekkst fyrir nú á dögunum, 0,03% minnir mig að það hafi verið, en ef haft er í huga að við búum núna við mjög háa vexti og ef litið er á verðtryggð skuldabréfalán, þá liggja þau núna í 9% sem er mjög hátt. Árið 1990 var prósentustigið 8%. Þarna marar einu prósentustigi. Það voru gerðar tilraunir undir árslok 1993 með samræmdu átaki að keyra vextina niður. Það tókst að keyra þá niður um á annað prósent með samræmdu átaki, með handafli. Menn sameinuðust um það til hagsbóta fyrir atvinnulíf og heimili en það varði ekki lengi. Fjármagnskostnaðurinn, vaxtakostnaðurinn var aftur látinn æða upp á við, var hleypt lausum. Og nú er hann sem sagt einu prósentustigi hærri en hann var 1990 og nú er ég að tala um verðtryggð skuldabréfalán. Þá var hann 8% en núna 9%. Hvað skyldi þetta eina prósentustig þýða þegar menn eru núna að tala um það á léttvægum nótum sem sjálfsagða efnahagsráðstöfun að keyra upp vexti til að slá á þensluna? Hvað skyldi það þýða þegar við erum að tala um eitt prósentustig þegar skuldir heimilanna nema 374 milljörðum kr.? Við erum að tala þar um tæpa 4 milljarða, 4 þúsund milljónir króna sem verið er að velta yfir á heimilin í landinu með vaxtahækkunum og þetta er eina úrræði ríkisstjórnarinnar til að slá á þensluna. Eina úrræðið sem ríkisstjórnin hefur til að slá á þensluna er að keyra upp vextina. Og þegar þjóðin er að reyna að sameinast í verðlagsmálum, þegar verkalýðshreyfingin og Neytendasamtökin eru að sameinast um að reyna að halda verðlagi niðri með ströngu verðlagseftirliti, þá gengur ríkisstjórnin, þá gengur hæstv. samgrh. fram. Hann hefur forgöngu um það að láta Póst og síma keyra upp símgjöld og póstburðargjöld um tugi prósentna og það er ekki fyrr en þjóðin hefur sameinast um það í mótmælum að ríkisstjórnin treystir sér ekki til annars en að afturkalla hluta af þessum verðhækkunum. Við erum með öðrum orðum að tala um hættu á þenslu í þjóðfélaginu og ég er að benda á hvert framlag ríkisstjórnarinnar hefur verið til að slá á þensluna. Það hefur annars vegar verið þetta sem gengur reyndar í gagnstæða átt, að reyna að keyra verðlag upp og síðan hefur hún talið eina úrræðið vera það sem Seðlabankinn hefur haft forgöngu um, að keyra upp vextina. Ég ítreka það að vaxtastigið á Íslandi er hættulega hátt. Það er einu prósentustigi hærra en það var árið 1990. Og ef við færum það yfir á skuldabagga heimilanna, hvað það þýðir á einu ári? Þá erum við að tala um tæpar 4.000 millj. sem er velt yfir á heimilin í landinu og þetta hefur Seðlabanki Íslands forgöngu um að gera og er klappaður upp hvað eftir annað af ríkisstjórn Íslands. Menn óttast sem sagt þenslu í þjóðfélaginu.

Hér fyrr í kvöld hefur verið fjallað um ýmsa þætti fjárlagafrv. og menn hafa þar talað um mjög misvísandi málflutning. Þessi misvísandi málflutningur kemur ekki aðeins fram hér í þingsölum, annars vegar frá stjórnarliði og hins vegar stjórnarandstæðingum. Hann kemur einnig fram í fjölmiðlunum. Í fréttum sjónvarpsins var verið að klippa á borða, opna sjúkrahús, ársfundir spítala, allt með miklum glans og þannig mætti skilja á málflutningi talsmanna ríkisstjórnarinnar á hv. Alþingi að allt væri í himnalagi.

Hins vegar eru þeir sem vilja velferðarþjónustunni vel og ég efast nú reyndar ekkert um að allir geri það þó að ég gagnrýni ráðstafanir þeirra. Í málflutningi sínum draga þeir upp mynd sem þeir reyna að fegra vegna þess að inni á þessum stofnunum, inni á sjúkrahúsunum og inni í skólunum, er ekki verið að klippa á neina borða. Það er að vísu unnið mjög vel og unnið mikið þrekvirki í mörgum tilvikum. Inni á sjúkrahúsum landsins fer fram mikið og gott starf og þar hafa orðið miklar framfarir á liðnum árum og áratugum enda búum við við eitt besta heilbrigðiskerfi í heiminum. Rannsóknir og athuganir sem hafa verið gerðar hér á vegum OECD t.d. hafa sýnt fram á að við búum við mjög gott heilbrigðiskerfi þar sem við nýtum fjármunina mjög vel. En það virðist líka vera helsta áhyggjuefni ríkisstjórnarinnar. Það er helsta áhyggjuefni ríkisstjórnarinnar ef hægt er að sýna fram á að við stöndum sæmilega samanborið við aðrar þjóðir og þá þurfum við endilega að skera það niður. Það er einmitt það sem verið er að gera. Það er verið að þrengja mjög alvarlega að velferðarþjónustunni í landinu og sérstaklega heilbrigðisþjónustunni, reyndar menntakerfinu einnig. Það kemur t.d. fram þegar litið er á fjárvöntun sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi ítarlega í máli sínu áðan um vanda sjúkrahússins á Akureyri. Hann vék að vanda sjúkrahúsanna víða á landsbyggðinni. Hann vék einnig að vanda heilbrigðiskerfisins í Reykavík en tók sérstaklega fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Í Reykjavík er það svo að samtals nemur halli frá fyrri árum 408 millj. kr. Áætlaður halli 1997 er tæpar 300 milljónir. Áætlaður halli 1998 er 901 milljón. Samtals erum við að tala hér um rúma 1,5 milljarða. Við alþingismenn höfum hér undir höndum gögn frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem þessar staðreyndir og tölur eru tíundaðar og það hefur komið fram í málflutningi forráðamanna þar á bæ að verði ekkert að gert þá þýði þetta að loka þurfi 100 rúmum. Það er verið að tala um að menn þurfi að losa sig við 200 ársverk. Hið sama á við um Landspítalann. Hvað erum við að tala um þegar við segjum 200 ársverk? Við erum að tala um að það þurfi að segja upp 400 einstaklingum. Við erum að tala um það. Svo segja menn að þetta sé allt í himnalagi og rýna ofan í einhverjar prósentutölur og reyna að blekkja þjóðina og telja mönnum trú um að allt sé í himnalagi, að ástæða sé til að vera klippandi á borða út og suður, að allt sé þetta í himnalagi. Það er það ekki.

Þetta kemur fram í gögnum sem okkur hafa borist frá sjúkrahúsunum. Þar kemur fram hversu alvarlegt ástandið er. Það var lesið upp úr þessum gögnum við umræðu hér fyrr í kvöld. Ég hlýddi á þá umræðu og ég hélt sannast sagna að það væri verið að lesa upp úr frásögn af neyðarástandi einhvers staðar, jarðskjálftum eða harðvítugum vinnudeilum eða einhverju slíku. Ég hélt það. Ég stóð í þeirri trú. En auðvitað var það rétt. Það var verið að lýsa neyðarástandi. Það var verið að vitna hér í minnisgögn starfsmanna Sjúkra-

húss Reykjavíkur þar sem segir að fólk liggi á göngum og starfsfólk geti ekki sinnt sjúklingum.

Í kaflanum um öldrun í skýrslu vakthafandi starfsmanns, með leyfi forseta. Ég les upp úr þessari skýrslu:

„Á B-4 eru einungis 20 rúm opin og þau voru full á mánudag og þriðjudag. Lagt var í eitt umframrúm aðfaranótt þriðjudags þar sem um neyð var að ræða."

Starfsfólkið er að lýsa neyðarástandi. En það er eins og ríkisstjórninni komi þetta ekki við. En henni kemur annars konar neyð við og þar er skilningurinn miklu meiri. Hann kom t.d. fram í fjáraukalögum þegar framlög til utanríkismála voru aukin um 170 milljónir vegna opnunar nýrra sendiráða og viðhalds á fasteignum. Hér er líka að finna í brtt. meiri hluta fjárln. við fjárlagafrv. að 290 milljónir fara til að mæta útgjöldum vegna sendiráðs Íslands í London. Ég efast ekkert um að það þurfi að gera við sendiráðið í London. En það þarf líka að gera við Borgarspítalann. Á sama tíma og það er fullur skilningur á þörfinni á því að bæta sendiráðin í London og í Washington og opna sendiráð hér og út og suður þá er minni skilningur á því að bæta þurfi húsnæði Borgarspítalans. En viðhald þeirra bygginga hefur lengi setið á hakanum og ljóst er að það verður mjög kostnaðarsamt að taka á þeim vanda.

Ástandinu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er lýst sem mjög alvarlegu. Sagt er að Sjúkrahús Reykjavíkur sé háskalega illa farið af viðhaldsskorti. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss er nærri 400 millj. kr. en viðhald innan húss mun kosta enn hærri upphæðir. Það er sem sagt mikil og brýn þörf á því að laga viðhaldið á sjúkrahúsunum og dæmi eru þess að leki sé þar í húsum og horfi til mikilla vandræða. Á þessu er enginn skilningur. En þegar þarf að laga sendiráð, þegar þarf að gera fínt fyrir sendiráðin og sendiherrana og partíin, þá er fullur skilningur. En á öldrunardeildunum eða gagnvart fötluðum eða gagnvart atvinnulausum, hvað skyldi mönnum helst detta í hug þar? Jú, það má ekki hafa atvinnuleysisbætur það háar að fólk hætti að nenna að vinna. Þannig er boðskapurinn. Þetta hefur verið boðskapurinn frá ríkisstjórninni undanfarna daga. Og ekki má láta fé af hendi rakna til sjúkrahúsanna eða til aldraðra eða til að bæta úr neyðarástandi aldraðra á sjúkrahúsunum eins og kemur fram í þeirri skýrslu sem ég var að vitna til. En sendiráðin, partístaðirnir fyrir fína fólkið, það þarf að hafa þá í góðu standi. Ég efast ekkert um að það þurfi að laga þetta húsnæði. En ég efast stórlega um að þetta sé rétt forgangsröðun. Ég efast stórlega um það. Ég hefði kosið að menn hefðu látið þessa peninga frekar renna til öldrunardeildanna eða til fatlaðra sem verið er að skerða eða til atvinnulausra sem þeir eru líka að skerða. En þetta sýnir hug ríkisstjórnarinnar og hvernig hún forgangsraðar. Ég held að þegar við skoðum þessi fjárlög þá veki eitt kannski mesta athygli og það er hve þetta er allt handahófskennt. Það er reyndar ekkert nýmæli. Svo hefur verið í langan tíma. Verið er að henda fram að áramótum 10 milljónum til viðbótar hér og þar og 100 milljónir koma til sögunnar á síðustu mínútunum. Þetta er handahófskennt til þess að bjarga neyðarástandi þar sem neyðin er mest, þó menn skilji náttúrlega neyðina best í sendiráðunum. Þannig eru menn jafnan að taka á einhverjum aðsteðjandi vanda sem er svo alvarlegur að það verður ekki undan því vikist að gera eitthvað í málunum, í stað þess sem við þyrftum að gera, þ.e. að fjárfesta til framtíðar. Þetta er reyndar nokkuð sem menn hafa talað um og ég efast ekkert um að menn vildu gjarnan gera, hvar í flokki sem þeir standa flestir, vegna þess að við vitum það líka að frjálshyggjumennirnir, hægri mennirnir sem njóta dyggilegs stuðnings Framsfl., vilja náttúrlega svelta þetta kerfi allt inn í einkavæðingu. Það vitum við. En ég geri þá kröfu til annarra sem eru ekki á því máli og það held ég að eigi við um einhverja ágæta sjálfstæðismenn og marga framsóknarmenn, að þeir reyni að hugsa þetta mál á annan hátt og reyni að fjárfesta til framtíðar.

Þannig hefur verið bent á það t.d. að með því að fjárfesta í svokölluðum sjúkrahótelum þá sé hægt að draga úr heilbrigðiskostnaði þegar fram líða stundir. Og það er engin tilviljun að við höfum lagt hér fram frv., nokkrir þingmenn Alþb. og óháðra, um tannlæknakostnað. Það eru ásamt mér hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Það liggur fyrir þinginu frv. um að auka framlag hins opinbera til tannlæknakostnaðar um 265 millj. kr. og þetta er sett fram núna í brtt. sem við höfum lagt fram við fjárlögin, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og ég, en það er til samræmis við það frv. sem ég vitnaði til áðan. Og til hvers er þetta sett fram? Ég ætla að vitna í niðurlagsorð grg. sem fylgir frv. okkar um þessar breytingar, með leyfi forseta:

„Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Það eitt að bæta tannheilsu og efla vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir.

Að öllu óbreyttu má hins vegar gera ráð fyrir því að þær breytingar sem hér eru lagðar til mundu, að mati yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins, hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun að upphæð 263,7 millj. kr."

Til samræmis við þetta höfum við lagt fram þessa brtt., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og ég, þar sem við leggjum til að tilkostnaður ríkisins við tannlækningar verði aukinn um 265 millj. kr.

Ég nefni þetta sem dæmi um fjárfestingu sem mjög miklar og sterkar líkur eru til að mundu skila sér í sparnaði þegar fram líða stundir. Á þessu eru nefnilega ýmsar aðrar hliðar. Á þessu sviði hófust miklar skerðingar upp úr 1991. Frá árinu 1992 var framlag hins opinbera til tannlækninga skert stórlega og þá var byrjað að setja á alls kyns komugjöld á heilsugæslustöðvar. Starfsfólk á heilsugæslustöðvum var tekið í námskeið í kostnaðarvitund. Það var sett á námskeið til að læra á sjóðsvélar og hvernig ætti að fara að því að rukka sjúklinga. Hér má minna á það að við höfum lagt fram frv. á Alþingi sem enn hefur ekki komið til umræðu, nokkrir þingmenn Alþb. og óháðra, þar sem við leggjum til þessi komugjöld á heilsugæslustöðvarnar verði afnumin. Ég nefni þetta því til stuðnings að það verði reynt að fjárfesta hér til framtíðar. Ég nefndi þar viðhaldskostnað bygginga, húsnæðismála og ýmsa þætti heilbrigðismála sem gæti orðið til að spara peninga þegar fram líða stundir. Menn hafa bent á það varðandi viðhaldið, eins og ég gat um áðan, að láti menn opinberar byggingar grotna niður eins og gert er, þá verður það mjög dýrt þegar fram líða stundir.

Það væri ástæða til að víkja að ýmsum öðrum liðum í þessu fjárlagafrv., vekja máls á því og mótmæla því að enn eina ferðina er gengið stórlega á lögbundinn tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ætlunin er að taka 235 millj. kr. af þeim tekjustofni í ríkissjóð. Reyndar verð ég að segja að mér finnst það sérstakt áhyggjuefni hvernig horfir með

þann málaflokk almennt. Mér finnst mikið áhyggjuefni að sá málaflokkur skuli fluttur yfir til sveitarfélaganna. Ég held að í þessu efni sem ýmsum öðrum séum við fyrst og fremst að apa eftir útlendingum. Það er nefnilega þannig í Evrópu að þar er það í tísku að færa verkefni almennt til sveitarfélaganna. Íslenskir embættismenn og pólitíkusar fara á fundi í Strassborg, Brussel og víðar og á fundunum er verið að segja frá því að þar í álfu sé einmitt verið að gera þetta, að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

En það er eitt sem gleymist. Eitt smáatriði gleymist. Sveitarfélögin í Evrópu eru miklu stærri en á Íslandi. Sveitarfélögin mörg eru meira að segja margfalt fjölmennari en öll íslenska þjóðin. Þessu gleyma menn en muna það eitt að formið var þetta að færa útgjöld frá ríki til sveitarfélaga. Það er í tísku í Evrópu að færa alla liði til sveitarfélaganna, skólanna, fatlaða, og því hljótum við að gera það sama á Íslandi. En það bara gleymist að einingarnar eru allt aðrar. Síðan vakna menn upp við það að menn hafa skert réttindi fólks með þessum flutningum. Í rauninni má einu gilda hvort það heitir ríki eða sveitarfélag sem á að fjármagna þessa starfsemi. Málið er að það verði gert sómasamlega. Og það er stórkostleg hætta á því að með þessum tilflutningi öllum verði réttindi fólks skert, að þá gerist það. Þess vegna finnst mér það vera áhyggjuefni sem er að gerast í þessum málefnum.

En vilji ríkisstjórnarinnar og afstaða finnst mér þó koma átakanlegast fram í stefnu hennar gagnvart atvinnulausum, lífeyrisþegum og öryrkjum. Og blekkingarnar þar eru verstar finnst mér. Það sem menn eru að gefa í skyn stöðugt er að menn ætli að passa upp á þessa hópa. Það urðu miklar deilur á sínum tíma þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar afnam eða skar á þá tengingu sem hafði verið á milli bótanna í tryggingakerfinu og launataxta. Menn bentu á það af hálfu stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingin benti á það og Samtök aldraðra og öryrkja bentu á það, allir bentu á að það, að sú hætta væri fyrir hendi að þetta mundi skerða kjör þessara hópa.

Nú er stigið skref í áttina. Það skal viðurkennt. Nú er sagt að kjörin eigi ekki að versna miðað við verðlagsþróun, aldrei fara neðar en verðlagsþróun — þannig skil ég dæmið — aldrei að verða lakari en verðlagsþróun. Það getur verið betra en ekki lakara en verðlagsþróun. Þetta er gólfið. Og það er mjög líklegt að þetta verði gólfið og þetta verði veruleikinn. Síðan segja menn: Nú getur það gerst — og menn hafa haldið því fram að það hafi gerst — að verðlagsþróun verði betri og hagstæðari en launaþróun og þá þýðir það það að kjör þessara hópa batni, verði betri en þau hefðu ella orðið. Þetta hefur verið sagt. Þetta hefur verið staðhæft. En hver er veruleikinn í þessu?

Veruleikinn er sá að menn voru að taka þessar vísitölur úr sambandi við launataxta sem hækkar langt umfram almenna launaþróun. Það er veruleikinn. Þegar menn koma lægstu launatöxtunum upp í 70 þús. kr., hvar verða þessar bætur þá? Staðreyndin er sú að menn eru að skerða kjör þessara hópa þó þeir láti líta út fyrir að annað sé upp á teningnum. Það er staðreyndin. (**ÖS:** Hvað ætlar BSRB að gera í þessu máli?) Það er staðreyndin, hv. þm. og ritstjóri DV, að ríkisstjórnin er að skerða kjör þessara hópa og það er alvarlegt og alvarlegastar eru blekkingarnar, þær blekkingar sem eru hafðar í frammi. Það er látið líta svo út að verið sé að standa vörð um kjör þessa fólks. Það er ekki verið að gera það. Það er búið til kerfi sem skerðir kjörin. Og ef það er ekki meiningin að skerða kjörin, hvað er þá því til fyrirstöðu að binda kjörin við launataxtann? (**ÖS:** Hvað ætlar BSRB að gera í þessu máli?) BSRB, Alþýðusambandið og reyndar öll samtök launafólks á Íslandi hafa mótmælt þessum skerðingum og krafist þess að kjör öryrkja, lífeyrisþega og atvinnulausra verði tengd launataxta á ný og þar hefur tilraunin verið sú og það er tilraunin í samfélaginu almennt að reyna að reisa kaupmátt kauptaxtans við. Hvað þýðir það? Það þýðir að hann hækki umfram verðlagsþróun, (**ÖS:** Hárrétt. Gott mál.) umfram *þá þróun sem ríkisstjórnin* ætlar að binda þessa hópa við. Markmiðið í samfélaginu, markmiðið í hreyfingu launafólks er að reisa þennan taxta við, láta hann þróast hraðar upp á við en verðlagið sem ríkisstjórnin ætlar öryrkjum að hvíla á. Það er gólfið sem er ætlað þeim. Enda hefur hæstv. félmrh. sagt núna á síðustu dögum að það sé eðlilegt og sjálfsagt og meira að segja réttlætismál og keppikefli að atvinnuleysisbætur séu lægri en lægstu kauptaxtar þannig að þær séu hvati til þess (**ÖS:** Allsherjarverkfall.) að atvinnulausir menn taki vinnu sem þeim býðst.

Hér er verið að ganga út frá því að atvinnulaust fólk sé atvinnulaust að eigin vali, langi til að vera atvinnulaust. Ég held að það sé leitun á þeim einstaklingum sem hér eru atvinnulausir og ekki vilja vinna. Og það sem alvarlegast er þegar litið er á kjör atvinnulauss fólks er það mikla tekjuhrun, tekjutap sem það hefur orðið fyrir því það er ekki nóg með að það missi vinnu sína heldur er það nú svo að þrátt fyrir allt, þótt yfirvinna sé að dragast saman og kunni að dragast enn meira saman á komandi árum, þá búum við enn í yfirvinnuþjóðfélagi og hinn atvinnulausi er ekki bara að missa fastakaupið. Hann er að missa bónusana og yfirvinnuna sem hann hafði þannig að það er um umtalsvert hrap að ræða. Og ef við tökum lægstu taxtana, t.d. í fiskvinnslunni, þá hefur fólk þar almennt talsvert umfram þá í alls kyns bónusum. En viðmiðunin er hins vegar þessi lági taxti og nú virðist það vera sérstakt keppikefli að koma atvinnulausu fólki undir þennan taxta.

Hvaða peningaupphæðir skyldum við vera að tala um? Hvaða peningaupphæðir skyldum við vera að tala um sem *menn eru að hneykslast svona óskaplega yfir? Hverjar skyldu* vera atvinnuleysisbæturnar nú um stundir? Hvaða peninga erum við að tala um sem á að reyna að halda í lágmarki? Það eru 57.339 kr. á mánuði. Það lifir ekki nokkur einasti maður af þessum peningum þannig að mér finnst það vera mikið áhyggjuefni ef ríkisstjórnin ætlar ekki að gera eitthvað marktækt í þessum málum og krafan er að sjálfsögðu sú að þessar bætur allar verði látnar þróast með því sem best gerist í þróun launataxtans og það hefur verið markmið kjarasamninga að undanförnu að reisa þessa lægstu taxta við. Menn hafa sett markið um næstu áramót að koma þeim upp í 70 þús. kr. og það er lágmark að þessir taxtar fari upp að sama skapi og er þó allt of lítið.

Að lokum nokkur orð um Atvinnuleysistryggingasjóð sem nú er skertur að því leyti — það er eiginlega tvennt sem er að gerast — tryggingagjaldið er að lækka, tekjustofninn er að dragast saman og talað er um að það sé eðlilegt þar sem atvinnuleysi sé heldur á niðurleið. Engu að síður erum við að tala um þúsundir Íslendinga sem eru án atvinnu, 5.000 Íslendinga sem eru án atvinnu. Það er verið að draga úr tekjum þessa sjóðs með því að lækka tryggingagjaldið. En á sama tíma er verið að setja auknar byrðar á sjóðinn. Þannig eru teknir núna út úr Atvinnuleysistryggingasjóði peningar til þess að fjármagna svæðisvinnumiðlanir. Í gildandi lögum er

gert ráð fyrir því og í frv. og í öllum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar fram til þessa, að þetta yrði fjármagnað úr ríkissjóði, að svæðisvinnumiðlanir yrðu fjármagnaðar úr ríkissjóði. En nú á að taka þessa peninga úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Menn eru að tala þar um 100 millj.

Við skulum ekki gleyma því að auk þess sem menn eru að skerða tekjur sjóðsins og skapa honum aukin útgjöld þá var á síðasta ári settur sá baggi á sjóðina að fjármagna starfsmenntunarsjóð. Atvinnusjóður kvenna er tekinn úr Atvinnuleysistryggingasjóði líka. En við skulum líka muna að samkvæmt lagabreytingu sem gerð var er ríkissjóður lagalega ekki lengur ábyrgur fyrir sjóðnum. Það er gert ráð fyrir því að þar verði sjóðsmyndun og sjóðurinn verði sjálfstæður. Hann á að vera sjálfbær. Honum er búið slíkt lagaumhverfi. En um leið eru stjórnvöld að herða að honum með þessum hætti. Það er mjög mikilvægt að þetta verði ekki gert og þetta verði endurskoðað. Ég vil líka leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt varðandi lögin um vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumiðlanir og allar þær stofnanir sem þessum lögum tengjast, að þar verði myndarlega að verki staðið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að þó í þessum nýju lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sé að finna ýmislegt sem sé gagnrýnivert, og við höfum gagnrýnt það hér á Alþingi, þá er að finna í þessum lögum mjög mikilvæga réttarbót. Ýmislegt horfir til mikilla framfara þar ef rétt er að málum staðið. Þar er margt sem er mjög gott. Ég vil enda mitt mál á þeim jákvæðu nótum að við eigum, í stjórn og stjórnarandstöðu, að reyna að búa að þessum nýju stofnunum, Vinnumálastofnun og svæðisvinnumiðlunum, vel og myndarlega, rausnarlega, úr ríkissjóði. Við eigum ekki að gera það eins og ríkisstjórnin hefur lagt til og lagt er til með þessu fjárlagafrv., að kreista þessa peninga út úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Við eigum að láta ríkissjóð fjármagna þetta eins og gert var ráð fyrir. Við eigum að gera það og standa myndarlega að verki. Takmarkið á að vera, og það á að vera okkur öllum keppikefli, að útrýma atvinnuleysi á Íslandi.

[01:48]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Það mun nú vera komið að lokum 2. umr. um fjárlagafrv., álits meiri og minni hluta fjárln. þar um. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hefur verið hér í dag. Hún hefur verið málefnaleg og komið víða við.

Það má segja að sú mynd sem við blasir eftir umræðuna sé á þann veg að hér liggja fyrir tillögur frá stjórnarandstöðunni um 3 milljarða kr. útgjöld til viðbótar við þá 1,5 milljarða sem meiri hluti fjárln. leggur til og stjórnarandstaðan vill afla aukinna tekna frá atvinnulífinu til að jafna þennan mun.

Hér hafa verið haldnar ágætar ræður um hættuna á þenslu og verðbólgu og um háa vexti o.s.frv., af stjórnarandstöðunni. Jafnframt hefur verið fundið að því að of lítið fjármagn væri veitt til ýmissa þjóðþrifamála. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að rekja það. Það er alveg ljóst að við höfum það tæki sem ríkisfjármálin eru í höndunum til að sporna við þenslu og til að sporna við vaxtahækkunum, en til þess verðum við að reka ríkissjóð í jafnvægi. Það verður að halda vel á spöðunum til þess á milli 2. og 3. umr. Það á eftir að ræða um tekjuhlið fjárlaga við 3. umr. og afar áríðandi er að halda því markmiði að reka ríkissjóð hallalausan. Það veldur miklum umskiptum í íslenskum efnahagsmálum og styrkir velferðarkerfið til frambúðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:51.

---

## 42. FUNDUR

laugardaginn 13. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 462 og 469, brtt. 463, 474, 477, 478, 481, 482, 486, 487, 488, 489, 490, 491, 492, 495, 499, 500, 501, 502, 503, 504, 505, 506, 508, 509, 512, 516, 517 og 521. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 292. mál, þskj. 364, nál. 479, brtt. 480. — 2. umr.
3. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 291. mál, þskj. 363, nál. 473. — 2. umr.
4. Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 312. mál, þskj. 392, nál. 472. — 2. umr.
5. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 289. mál, þskj. 361, nál. 470, brtt. 471. — 2. umr.
6. Bjargráðasjóður, stjfrv., 185. mál, þskj. 185, nál. 456. — 2. umr.
7. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 339. mál, þskj. 428, nál. 459. — 2. umr.
8. Spilliefnagjald, stjfrv., 331. mál, þskj. 417, nál. 467, brtt. 468. — 2. umr.
9. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 418, nál. 465, brtt. 466. — 2. umr.
10. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 99, nál. 493, brtt. 494. — 2. umr.
11. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 327. mál, þskj. 413, nál. 475, brtt. 476. — 2. umr.
12. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 149. mál, þskj. 149, nál. 513, brtt. 514. — 2. umr.
13. Fæðingarorlof, stjfrv., 343. mál, þskj. 443. — 1. umr.
14. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 461. — 1. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 338. mál, þskj. 427. — 1. umr.
16. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 460. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

[10:32]

**Útbýting þingskjals:**

Málefni aldraðra, 353. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 507.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.*

Stjfrv., 292. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 364, nál. 479, brtt. 480.

[10:33]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar á þingskjali 479, um frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar, og breytingartillögum á þingskjali 480.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir þær 135 umsóknir um ríkisborgararétt sem nefndinni bárust í því skyni að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 á 118. löggjafarþingi. Síðan fjallaði öll nefndin um umsóknirnar á tveimur fundum.

Við afgreiðslu á frumvarpinu hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisborgararéttar. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frumvarpið um ríkisborgararétt verður afgreitt á vorþingi, en þá koma óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 83 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fangelsi og fangavist, 2. umr.*

Stjfrv., 291. mál (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta). — Þskj. 363, nál. 473.

[10:34]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum allsherjarnefndar á þingskjali 473, um frumvarp til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til viðræðna við sig ýmsa gesti. Þá bárust nefndinni nokkur erindi um málið.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að gera í kjölfar þess að gæsluvarðhaldsfangelsið við Síðumúla var lagt niður og í framhaldi af því hafin vistun gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum. Loks er lagt til að ákvæði laga um samfélagsþjónustu verði felld inn í lögin um fangelsi og fangavist auk þess sem nokkrar efnisbreytingar eru lagðar til á ákvæðum um samfélagsþjónustu. Er m.a. lagt til að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu en nú er hámarkið þriggja mánaða refsivist. Þá er lagt til að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um samfélagsþjónustu í stað samfélagsþjónustunefndar, að skilorðsrof verði meðhöndlað á svipaðan hátt og agaviðurlög í fangelsum og að ákvæði verði sett í lögin um veitingu reynslulausnar ef hluti refsivistarinnar hefur verið fullnustaður með samfélagsþjónustu.

Í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar kom fram að fullnusta refsivistar með samfélagsþjónustu hefur reynst vel. Nefndin er því sammála um að rétt sé að festa ákvæði um samfélagsþjónustu varanlega í lög en lögum um samfélagsþjónustu var í upphafi markaður takmarkaður gildistími og falla þau sjálfkrafa úr gildi um næstu áramót.

Í erindum sem nefndinni bárust um málið er bent á nokkur atriði sem talin er þörf á að breyta í löggjöf um fangelsi og fékk nefndin þær upplýsingar frá dómsmálaráðuneytinu að heildarendurskoðun á lögum um fanga og fangavist stæði fyrir dyrum.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um 6. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á 51. gr. almannatryggingalaganna þannig að skýrt sé kveðið á um að fangar séu sjúkratryggðir samkvæmt almennum reglum um sjúkratryggingar. Nefndin telur að ákvæðið sé nauðsynlegt til að hnykkja á því að sjúkratryggingar almannatrygginga skuli standa straum af sjúkrakostnaði, en ágreiningur hefur verið um það á undanförnum árum hverjum beri að greiða sjúkrakostnað fanga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingum. Annars vegar er lagt til að f-liður 4. gr. falli brott, en hann er talinn óþarfur. Í ákvæðinu er kveðið á um það að ákvarðanir Fangelsismálastofnunar séu kæranlegar til dómsmálaráðherra. Þar sem að allar ákvarðanir Fangelsismálastofnunar sæta kæru til dómsmálaráðherra þykir ekki þörf á að taka slíkt sérstaklega fram. Hins vegar er lögð til smávægileg orðalagsbreyting við 2. mgr. 6. gr.

Undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni R. Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristján Pálsson, Guðrún Helgadóttir og Hjálmar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 2. umr.*

Stjfrv., 312. mál (millifærsla gjalda). — Þskj. 392, nál. 472.

[10:38]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum allsherjarnefndar á þingskjali 472 um frumvarp til laga um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

Nefndin fjallaði um málið og fékk m.a. til fundar við sig gesti vegna þess frá dómsmálaráðuneytinu, Kirkjugörðum Reykjavíkur, Samtökum sóknarnefnda og Kirkjugarðasjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að sóknargjöld hækki um 6,3% frá fyrra ári, eða minna en núgildandi lög gera ráð fyrir, en að kirkjugarðsgjöld hækki um 7,6% auk þess sem þau hækki sem nemur 1,3% hækkun sóknargjalda. Er þessi innbyrðis tilfærsla gerð til að tryggja megi kirkjugörðum aukið fjármagn til að geta sinnt lögboðnum verkefnum sínum. Hækkun sóknar- og kirkjugarðsgjalda hefur ekki áhrif til hækkunar á skatta eða gjöld almennings, heldur er um að ræða innbyrðis tilfærslu, enda um sömu heildarupphæð að ræða. Sérstakri eftirlitsnefnd er ætlað að fylgjast með

afkomu kirkjugarðanna á næstunni og gera tillögur til ráðuneytis um framhald málsins. Allsherjarnefnd telur að skoða beri framtíðarfyrirkomulag þessara mála í framhaldinu.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis verði undanþegnir því í tvö ár að greiða framlag til Kirkjugarðasjóðs. Þá er lagt til að Ríkisendurskoðun fái heimild til að kanna ársreikninga og gögn varðandi sóknargjöld, en slík heimild gildir nú fyrir kirkjugarða.

Nefndin leggur til eina formbreytingu á frumvarpinu og felst hún í því að ákvæði 4. gr. verði bráðabirgðaákvæði, en ekki sett inn í megintexta laganna. Þykir nefndinni þetta eðlilegt þar sem ákvæðinu er ætlaður takmarkaður gildistími.

Nefndin í heild stendur að afgreiðslu málsins, en Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[10:41]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni allshn. skrifaði ég undir það nál. sem hér er til umræðu með fyrirvara og hyggst gera grein fyrir því hvers vegna í stuttu máli.

Fljótt á litið er til umræðu lítið frv. um breytingu á lögum um sóknargjöld, um kirkjugarða, kirkjusóknir o.fl. Eins og kom fram hjá framsögumanni er með frv. fyrst og fremst verið að flytja til fjármuni frá sóknarnefndum til kirkjugarða þannig að í stað þess að bæði verði 7,6% af meðaltalstekjuskatti landsmanna verði sóknargjöldin 6,3% og kirkjugarðsgjaldið 11,9%.

Ég tek fram að ég er algjörlega sammála hliðrun á sóknargjöldum til kirkjugjaldsgjalda miðað við þau rök sem hafa komið fram í nefndinni og í greinargerð. Hér er um leiðréttingu að ræða þar sem tekjur kirkjugarðanna virðast hafa verið skertar óhóflega á undanförnum árum. En ég tek undir það sem kemur fram í áliti allshn. að það sé mikilvægt að framtíðarfyrirkomulag þessara mála verði endurskoðað.

Ástæðan fyrir því að ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara er sú að ég hefði kosið að um leið og frv. var afgreitt hefði réttmæti þessa tekjustofns til sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda verið skoðað. Með því að uppfæra allar upphæðir í samræmi við tekjuskattsaukningu eins og mælt er fyrir í skattalögum má skilja það sem svo að allshn. sé hugsanlega að leggja blessun sína yfir að þetta sé eðlilegasta fyrirkomulagið á innheimtu og upphæðum sóknar- og kirkjugarðsgjalda.

Hæstv. forseti. Ég set spurningarmerki við að það sé sjálfsagt að þessi gjöld fari eftir veltunni í þjóðfélaginu. Ég tel að það mætti færa rök fyrir hinu gagnstæða og þegar harðnar á dalnum þá sé jafnvel meiri þörf fyrir starf sóknarnefnda og hugsanlega kirkjugarða líka. Ég er því ekki sannfærð um að þessi sjálfkrafa hækkun á sóknargjöldum með auknum tekjusköttum sé eðlileg.

Annað atriði sem ég vil benda á er að margir aðrir aðilar í þjóðfélaginu, t.d. Háskóli Íslands, mundu vafalítið þiggja það að þeirra tekjur yrðu efldar með þessum hætti í hvert skipti sem veltuaukning verður í þjóðfélaginu.

Það er annað atriði sem kemur fram í þessu frv. og það er að Kirkjugarðasjóður nýtur góðs af þessum tekjustofni og hann mun verða skertur árið 1998 og 1999 vegna þess að Kirkjugarðar Reykjavíkur þurfa ekki að greiða til hans þessi tvö ár vegna sérstakra aðstæðna sem þar ríkja. Ég er alveg sammála þeirri ráðstöfun. Kirkjugarðasjóður veitir töluvert mikla styrki til framkvæmda við kirkjugarða og samkvæmt yfirliti sl. árs voru margar umsóknir í Kirkjugarðasjóð afgreiddar þannig að veittir voru mun hærri styrkir en beðið var um. Ég hef oft fylgt eftir umsóknum í Vísindasjóði þar sem yfirleitt er verið að biðja um upphæðir sem eru mun hærri en hægt er að veita, en ekki öfugt. Þetta er annað merki um að ástæða sé til að skoða þennan tekjustofn og mér finnst því ekki rétt að láta þetta litla frv. fara fram án þess að vekja athygli á því að ég tel rétt að skoða þennan tekjustofn sem sóknargjöldin eru. Ég vek athygli þingheims á því að sóknar- og kirkjugarðsgjöld voru 1,5 milljarðar á sl. ári eða 1.532 milljónir og með sjálfkrafa hækkun sem kemur vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu þá hækka þessi gjöld um 116 milljónir eða í 1.648 milljónir.

Hæstv. forseti. Þetta er ástæðan fyrir því að ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Ég vildi vekja athygli þingheims á þessu atriði. Það kom einnig fram í nefndinni að kirkjunnar menn og fleiri vilja gjarnan að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað. Ég vona að það verði gert í hv. efh.- og viðskn. þegar þar að kemur.

[10:47]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara varðandi það frv. sem liggur fyrir um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Í sjálfu sér er um að ræða tilfærslu á milli kirkjugarða annars vegar og sókna hins vegar og út af fyrir sig er ég ekkert andvíg því hvernig það hlutfall skiptist. Það er hins vegar kannski meiri spurning hvort lögin frá 1987, um sóknargjöld, nr. 91/1987, þarfnist ekki bráðlega endurskoðunar. Það varð auðvitað mikil bylting hjá sóknum landsins þegar þau lög voru sett en það er jafnframt ljóst að feiknalegir fjármunir renna núna til kirkjusóknanna. Þá má spyrja sig hvort ekki sé ástæða til að endurskoða þessar upphæðir miðað við að nú hafa fjölmargar sóknir staðið í miklum framkvæmdum og margt hefur verið fært til betri vegar og á einhverjum tímapunkti væri kannski ástæða til að forgangsraða á annan hátt í samfélaginu. Þetta er ekki sagt af neinum óvilja til kirkjusóknanna heldur held ég að það sé hreinlega skynsemisatriði að kanna þessi mál nokkru frekar.

Ég er heldur ekkert andvíg 4. gr. frv., sem nefndin breytti raunar í ákvæði til bráðabirgða, að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis verði undanþegnir greiðslu framlags til Kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999. Hins vegar fer ekki á milli mála að hér er auðvitað verið að hækka sóknargjöld. Þau hækka sjálfkrafa miðað við aukna veltu í samfélaginu og hér er orðið um að ræða allmikla peninga sem eru 1,6 milljarðar. Nú er það svo að kostnaður kirkjugarðanna hlýtur að hafa minnkað verulega þegar útfararþjónusta var aðskilin að mestu leyti frá kirkjugörðunum og það kostar núna um 10 þús. kr. að taka gröf í kirkjugarði en hirðing garðanna nemur hins vegar um 30–40%.

Mér finnst líka ástæða til að staldra við að með reglugerð frá 1994 var kirkjugörðum gert skylt að greiða prestskostnað vegna útfara. Áður höfðu aðstandendur greitt þennan kostnað sem nemur nú um 12 þús. kr. vegna hverrar útfarar. Mér finnst það ekki vera verkefni kirkjugarðanna að greiða þessa upphæð og gæti séð fyrir mér breytingu á því. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til að upplýsa að það hefur komið í ljós að með því að svokölluð samkeppni er hafin um útfararþjónustu þá hefur það gerst að útfararkostnaður hefur aukist um 40% og það finnst mér ástæða til að hugsa aðeins um.

Það er svo komið að það kostar líklega um eða yfir 200.000 kr. að jarða manneskju og um langt skeið hefur það verið svo að fátækt fólk hefur getað sótt til verkalýðsfélags sín um styrk til útfararkostnaðar. Eftir að þessi frjálsa samkeppni hófst í útfararþjónustu er svo komið að verkalýðsfélögin, stéttarfélögin, veita þennan styrk orðið sjálfkrafa vegna þess að það er mörgum venjulegum fjölskyldum ofviða að greiða þann gífurlega kostnað sem orðinn er við útfararþjónustu. Þetta vildi ég einfaldlega upplýsa hv. þingheim um því ég er ekki viss um að fólk viti það almennt og þetta er kannski það sem fólki er erfiðast að kvarta yfir. Það má segja að samkeppni sé góð og gild við vissar aðstæður en grun hef ég um að fólk sé ekki hlaupandi milli fyrirtækja til að leita eftir tilboðum til að annast útför ástvina sinna. Ég held að það sé ekki það sem fólk er best meðvitað um hvað varðar kostnað.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti skal ég ekki tefja afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði um úthlutanir á styrkjum og lánum úr Kirkjugarðasjóði. Það er afar ánægjulegt að sjá lista þar sem aðilar fá miklu meira en þeir biðja um. Það er sjaldgæft við úthlutun á fjármunum. Ég endurtek það sem ég hef sagt hér, ég tel að kominn sé tími til að endurskoða lög um sóknargjöld og væri kannski ástæða til að fá einhvern tíma yfirlit frá hæstv. kirkjumrh. um hvernig þetta fé, sem sóknargjöldin hafa skilað, hefur nýst því að það er fróðlegt að sjá hvort fjárþörfin hefur ekki minnkað eitthvað, a.m.k. hjá þeim sóknum sem hafa byggt myndarleg félagsheimili og aðstaða öll er orðin til hins betra, sem ber auðvitað að fagna. Við erum einu sinni í þeirri stöðu að við verðum að deila út fjármunum landsmanna þannig að öll svið samfélagsins fái sitt og þá er auðvitað spurning um að forgangsraða og ég held að það gæti verið kominn tími til að líta aðeins nánar á forgangsröðun varðandi þessi útgjöld.

[10:54]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað af athygli á þá þingmenn sem hafa talað við 2. umr. um þetta mál, um breytingu á lögum um sóknargjöld og framlög til kirkjugarða, og get tekið undir margt af því sem hefur komið fram og vil gjarnan með nokkrum orðum leggja sjónarmið inn í umræðuna og benda á það sem mér finnst óeðlilegt varðandi þetta frv. og afgreiðslu þess. Ég get tekið undir það sem hefur komið fram um forgangsröðun og ég tek líka undir að greinilegt er að það var mjög nauðsynlegt að taka á málum kirkjugarða. Þau mál eiga að vera í lagi í þjóðfélagi eins og okkar og þess vegna finnst mér að það hafi verði ánægjulegt og mjög þýðingarmikið að ráðherra tekur þá ákvörðun að auka tekjur kirkjugarðanna og líka að taka tillit til Reykjavíkurprófastsdæmis.

Á þessu svæði verður mesta sprengingin, ef maður notar það orð, á öllum sviðum. Hér er útþensla mest hvað varðar íbúafjölda og að sjálfsögðu hefur það haft þau áhrif að öll áform kirkjugarða prófastsdæmisins verður stöðugt að endurskoða vegna þess að þörf fyrir meira rými og að brjóta meira land fyrir kirkjugarða er meiri en menn héldu kannski fyrir fáum árum. Þess vegna verður að taka sómasamlega á þessum málum og mér sýnist að það sé gert hér hvað varðar kirkjugarðana með auknum tekjum kirkjugarðanna almennt og svo þessu sérstaka tilliti sem tekið er til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis um að sleppa við að greiða í sjóðinn þannig að tekjur þeirra eða fjárhagsstaða eykst um 15 millj. kr. hvort þessara tveggja ára.

Þá eru það sóknargjöldin. Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram, hvort það eigi að vera sjálfvirkni í því hvernig framlög til sóknarnefnda og safnaðarstarfs eru eða með með hvaða hætti það er þá tek ég undir að það eigi að skoða það hvort á einum stað er sjálfvirk hækkun og á öðrum stöðum ekki þar sem við vildum sjá hana. En þá komum við að því að kirkjunni, þó við ræðum oft um það hvort hún sé nógu sjálfstæð eða ekki, er ætlað að sjá um ákveðna þætti. Í takt við það sem ég hef áður sagt varðandi kirkjugarðana þá hefur það líka gerst, ekki síst á þessu svæði og í nágrannasveitarfélögum að kirkjur hafa verið byggðar á liðnum árum og standa undir safnaðarstarfi og standa undir greiðslum af þungum lánum eða verið er að kaupa ný orgel eða annað sem þurfa hefur þótt til að reka öflugt safnaðarstarf að mati þeirra sem um halda þá gerist það auðvitað að þeir sem með þau mál véla líta á hvaða lög þeir búa við. Þeir búa við að tekjur þeirra eiga að hækka samkvæmt ákveðnum lagabókstaf og auðvitað gerist það að menn fara bæði í fjárútlát og gera samkomulag, t.d. við banka varðandi afborganir, miðað við þær tekjur sem þeir búast við á fá og hafa kannski ráðist í framkvæmdir miðað við að eitthvert sérstakt fjármagn komi. Þetta er ekkert óeðlilega staða og það er staða sem við, löggjafinn, höfum skapað með því að setja þessi lög.

Því segi ég þetta að það hefur verð gagnrýnt harkalega í mín eyru af einmitt þeim sem búa við þessar aðstæður, hafa verið að koma upp kirkjum eftir langan undirbúning, hafa að einhverju leyti stofnað til skulda vegna slíkra hluta en vilja geta rekið safnaðarstarf og hafa búist við að sóknargjöldin hækkuðu meira. Það er ekki óeðlilegt að þetta fólk spyrji af hverju það sé svo að þegar á að taka á málum kirkjugarðanna sé ákveðið að skerða tekjur safnaðanna eða skerða sóknargjöldin og af hverju taki þá löggjafinn þessa ákvörðun. Það fær mann til að hugsa um hvort ekki væri eðlilegra að slá þessu saman og gera sóknirnar, sem standa að einu prófastsdæmi, ábyrgar að einhverju leyti fyrir því hvað eigi að fara til sóknanna og hvað eigi að fara til kirkjugarðanna. Af hverju á löggjafinn að vera að standa í því að á einhverju tímabili detti ráðherra og löggjafa, af því við fylgjum þessu eftir, í hug að láta meira renna til sóknarnefnda og safnaðarstarfs en til kirkjugarðanna?

Einn góðan veðurdag, eftir því sem mér skilst, ég sit ekki í allshn. og hef ekki tekið þátt í umfjöllun um þetta mál, þá gerist það að kirkjugarðarnir fara að standa illa og þá á að flytja fjármagn frá sóknarnefndunum yfir til kirkjugarðanna. Satt best að segja, óháð því um hvaða tölur er að ræða eða upphæðir, er þetta fremur óeðlilegt af okkur. Við sitjum hér fyrir jólin og erum að færa fjármagn í miklum mæli á milli að nokkru leyti óskyldra þátta. Því þó þetta snúi hvort tveggja að mikilvægum þáttum eins og kirkjunni sem sinnir hátíðarstarfi og sálusorgun og að sjálfsögðu þeim hluta greftrunar sem snýr að kirkjunni og svo kirkjugarðarnir sem við taka, þá eru þetta samt ólíkir þættir með sérstaka tekjustofna og það er fremur óeðlilegt að við séum eftir einhverjum geðþótta að flytja þarna á milli. Þetta vil ég benda á og taka þar með undir að þessi mál séu skoðuð til framtíðar hvernig með eigi að fara.

Ég geri mér grein fyrir því að þegar nefndin fjallaði um málið þá kallaði hún til aðila frá Samtökum sóknarnefnda og þeir aðilar leggjast ekki gegn því að þarna sé flutt á milli að þessu sinni. En ég vil að það komi fram að þetta hefur hins vegar verið gagnrýnt við mig úr ákveðnum sóknum sem benda á að þetta sé ekki svona einfalt og mjög erfitt

sé að búa við það að eiga samkvæmt lögum að fá hækkun þar sem lögð eru til grundvallar hækkun sem orðið hefur á meðaltekjuskattsstofni næstliðin tvö tekjuár á undan.

Virðulegi forseti. Ég tek undir að við skulum skoða þessi mál og við skulum taka það alvarlega þegar við erum að búa til það umhverfi sem einhverjum er ætlað að starfa í og sá trúir því að hann eigi að fá einhverjar tekjur árlega, eða hvernig sem það er, og svo kippum við því til baka. Við erum með góða æfingu í því. Ég þarf ekki annað en að minna á öll „þrátt-fyrir"-ákvæðin sem hér eru afgreidd og voru kannski allmörg þar til fyrir u.þ.b. tveimur árum þegar í einu vettvangi voru slík „þrátt-fyrir"-ákvæði tekin lögbundið af, ég held um 30–40 lagabreytingar í mjög mikilvægum lögum, endanlega aftengd afskiptum Alþingis. Það er svo sem ekki eins og við þyrftum ekki að líta í eigin barm á mörgum sviðum.

Ég vildi leggja þessi orð inn í umræðuna og vekja athygli á því hvernig við högum okkur stundum gagnvart þeim sem eiga að sjá um sterka sjálfstæða þætti sem eru mikilvægir í okkar þjóðfélagi.

[11:03]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir flest það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Það er tvennt sem ég vildi leggja áherslu á að þó að vissulega hafi orðið sprenging, ef maður má orða svo, í störfum Kirkjugarða Reykjavíkur þá skulum við heldur ekki gleyma því að litlu sóknirnar úti á landi, þar sem eru gamlir kirkjugarðar og kannski jarðsett er mjög sjaldan, eru auðvitað ekki síður í vandræðum með að halda sínum görðum við og ég tek undir það með hv. þm. að það er auðvitað sómi að því að hafa þennan síðasta hvílustað okkar snyrtilegan og vel hirtan. Við skulum því ekki gleyma því að ástæðan fyrir þeim breytingum á hlutfalli kirkjugarðanna er ekki síður til þess að hlúa að litlu kirkjugörðunum víða um landið.

Hæstv. forseti. Það er dálítið sérkennilegt að þessi þáttur samfélagsins geti treyst því að verði hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga sem nú er talinn hafa verið um 7% á árinu 1997 — nú kemur í ljós að það er líklega 7,6% — að þá hækki gjöldin um sömu prósentu. Ég hygg að ýmis svið þjóðfélagsins þættust góð ef þau gætu treyst slíku framlagi hvenær sem velta eykst í samfélaginu. En að öðru leyti styð ég að sjálfsögðu þetta frv. og vil leggja á það áherslu að hið háa Alþingi skoði við tækifæri lög um sóknargjöld.

[11:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek alveg undir það sem þingmaðurinn benti á og er ekki með ræðu minni að mæla með því að einhver prósentutala eða eitthvert hlutfall eigi endilega að vera tengt tekjuskattstofni, eins og hér er gert, en ég bendi á að þegar við höfum sett það í lög þá er fremur óeðlilegt að fara svo að valta á milli ólíkra þátta innan þess þar sem þessir tveir aðilar, kirkjugarðarnir og sóknarnefndirnar, hafa átt að fá sína hefðbundnu hækkun, að við förum þá með einhverjum hætti að flytja hlutföllin á milli.

Ég vil líka benda á það, af því ég tek undir það með hv. þm. að skoða þarf stöðu kirkjugarðanna úti á landi, að mér hefur verið sagt að mjög erfitt sé fyrir Kirkjugarðasjóð að þetta 15 millj. kr. framlag kemur ekki frá Reykjavíkurprófastsdæmi. Þarna er verið að laga eitthvað með prósentum en sjóðurinn sá þarf sannarlega á því að halda. Ég veit að það er erfitt, sérstaklega þegar ríkisstjórn hefur sett sér þau mörk sem þessi hefur að halda niðri fjárlagarammanum hvað sem það kostar, og þess vegna sér maður hvergi forgangsröðun eða einhvern sérstakan skilning á þörfum og ætla ég þá ekkert að bera þetta saman við aðra þætti sem okkur finnst mjög mikilvægir að gefinn sé forgangur. Það er mjög erfitt þegar alls staðar er haldið í og ekki er hægt að líta fram hjá því að ákveðnir þættir verða í svelti að einhverjum árum liðnum eins og nú hefur gerst.

[11:07]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)**:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað vil ég koma að nokkrum athugasemdum. Það er rétt, eins og bent hefur verið á, að við fengum fjölda gesta á fund allshn. út af þessu máli og það er talið upp í nál. hverjir það voru, m.a. eru það Þórsteinn Ragnarsson frá Kirkjugörðum Reykjavíkur, Sigurjón Pétursson, Eggert Hauksson og Guðmundur Einarsson frá Samtökum sóknarnefnda, Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður Kirkjugarðasjóðs, og Björn Ástmundsson, formaður sóknarnefndar Lágafellskirkju. Þessir gestir mæltu allir með samþykkt frv. þannig að ekki kom fram neinn ágreiningur hvað störf okkar í allshn. snertir varðandi þetta mál. Það er bara verið að fjalla um innbyrðis tilfærslu á þessum gjöldum en ekki um fyrirkomulag þeirra almennt eins og sumir hv. þm. hafa rætt um. Það var einfaldlega ekki verkefni okkar í allshn. að fjalla almennt um þessi mál heldur einungis þetta frv. En ég vil fá að skýra aðeins betur innihald frv. með því að vitna til athugasemda sem við fengum sendar frá dóms- og kirkjumrn. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að fá að vitna til þess sem þar kemur fram:

„Sóknargjald var á síðasta ári 376,52 kr. á mánuði og kirkjugarðsgjald var 146,63 kr. Miðað við núverandi lög hækka gjöldin um 7,6% og verða 405,14 kr. annars vegar og 157,77 kr. hins vegar. Sóknar- og kirkjugarðsgjöld verða miðað við núverandi lög 1.648 þús. kr. á yfirstandandi ári. Lagafrumvarpið gerir ráð fyrir að sóknargjöld hækki minna en óbreytt lög hefðu í för með sér eða um 6,3%. Í staðinn hækka kirkjugarðsgjöld meira. Eftir sem áður verða sóknar- og kirkjugarðsgjöld 1.648 þús. kr. samtals.

Hækkun sóknar- og kirkjugarðsgjalda hefur engin áhrif á skatta eða gjöld almennings. Þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp þá voru sóknar- og kirkjugarðsgjöld reiknuð inn í staðgreiðsluprósentu. Þar með féll niður „nefskattur" vegna þessa. Gjöldin eru í raun ekki til gagnvart almenningi þar sem hann greiðir ekki þessi gjöld. Ríkissjóður skilar hins vegar þessum gjöldum fyrir hvern þann einstakling sem er 16 ára og eldri óháð því hvort viðkomandi einstaklingur greiði tekjuskatt eða ekki. Núverandi lög svo og lagafrumvörp snúa aðeins að því hve miklar tekjur sóknir og kirkjugarðar hafa af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Hækkun gjaldanna snýr þannig aðeins að útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara mála en ekki útgjöldum almennings."

Það má auðvitað orða þetta öðruvísi en það sem er aðalatriði og frv. mælir fyrir um kemur skýrt fram í þessum athugasemdum. Það kemur líka fram bæði í nál. og athugasemdum með frv. að sérstakri eftirlitsnefnd verði ætlað að fylgjast með afkomu kirkjugarðanna á allra næstu árum og hún muni gera tillögu til ráðuneytis um hvort rétt sé að hækkunin verði varanleg eða hvort rétt sé að færa kirkjugarðsgjald til fyrra horfs og allshn. tekur undir þörf slíkrar skoðunar.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis og það er vissulega rétt að

mörg stór verkefni blasa þar við. Þess vegna er sú breyting lögð til að þeir verði tímabundið undanþegnir því að greiða 8% lögboðið framlag í Kirkjugarðasjóð árið 1998 og 1999 til að draga úr fjárhagsvanda þeirra. Þetta er sem sé tímabundið miðað við tvö ár. Við þetta mun ráðstöfunarfé Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis aukast um 15 millj. kr. hvort árið. Þessi ráðstöfnun samrýmist því meginmarkmiði Kirkjugarðasjóðs að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur þeirra hrökkva ekki fyrir útgjöldum.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara láta þessar athugasemdir koma fram en að öðru leyti tek ég undir orð hv. þm. að sjálfsagt sé að fylgjast með þróun mála í þessu sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lögskráning sjómanna, 2. umr.*

Stjfrv., 289. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 361, nál. 470, brtt. 471.

[11:12]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 470 ásamt brtt. á þskj. 471, um frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér frestun á gildistöku þess skilyrðis fyrir lögskráningu sjómanna að þeir hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum hætti. Eins og menn þekkja er gert ráð fyrir því samkvæmt lögum að forsenda fyrir því að sjómenn fái lögskráningu er að þeir hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðru móti. Það hefur hins vegar komið á daginn að ekki hefur verið hægt að anna því að halda nægilega mörg námskeið til þess að menn gætu farið í gegnum skólann. Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs tvisvar sinnum á hv. Alþingi að breyta lögunum eitt ár í senn þannig að ráðrúm gæfist til að ljúka þessum námskeiðum. Þetta hefur hins vegar ekki reynst nægilegur tími þrátt fyrir að námskeiðin hafi verið mjög vel sótt og vel skipulögð. Þess vegna er nú enn lagt til að fresta þessu gildistökuákvæði, þó með mun strangari skilyrðum en áður.

Samkvæmt frumvarpinu er skipstjórnarmönnum og öðrum skipverjum veittur frestur til 31. desember 1998 til þess fullnægja skilyrðinu hafi þeir skráð sig á námskeið fyrir 1. janúar 1998. Fram kom við meðferð málsins að um 940 sjómenn hafi nú þegar skráð sig á öryggisfræðslunámskeið Slysavarnaskóla sjómanna og er það að mati forráðamanna skólans nær allir þeir sem enn eiga eftir að sækja slíkt námskeið. Ljóst er hins vegar að ekki verður hægt að ljúka námskeiðahaldi vegna þessara umsækjenda fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 1999 vegna þess einfaldlega að þetta er svo stór hópur að skólinn annar því ekki að ljúka þessu fyrr en þá. Með hliðsjón af því er nefndin sammála því að veita skuli þennan viðbótarfrest en leggur til að hann verði framlengdur til 1. apríl 1999 svo tryggt sé að allir sem hyggjast sækja slík öryggisfræðslunámskeið eigi kost á því. Jafnframt telur nefndin eðlilegt, þar sem hér er um að ræða ákvæði sem einungis á að standa í ákveðinn tíma, að þetta frestunarákvæði verði gert að bráðabirgðaákvæði við lögin þannig að það falli niður þegar frestinum lýkur.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita auk formanns og framsögmanns hv. þm. Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds og Árni Johnsen.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bjargráðasjóður, 2. umr.*

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 185, nál. 456.

[11:15]

**Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 456, um frv. til laga um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Lillý Baldursdóttur og Birgi Blöndal frá félagsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Bjargráðasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði með lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Í stað hlutdeildar Bjargráðasjóðs í búnaðarmálasjóðsgjaldi kemur hlutdeild í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laganna og viðauka við þau. Hér er einungis um að ræða lagfæringu vegna laga um búnaðargjald sem felur ekki í sér efnislega breytingu á lögunum.

Félagsmálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir þetta nál. skrifar öll nefndin, þ.e. Kristín Ástgeirsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ögmundur Jónasson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 339. mál (skilgreining togveiðisvæða). — Þskj. 428, nál. 459.

[11:17]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. við frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þessi lagasetning, sem er næsta ný af nálinni eins og menn heyra á þessu ártali, var afgreidd á Alþingi í maí sl. Þá fór fram heildarendurskoðun á lagaákvæðum um veiðar í fiskveiðilandhelginni og áttu þær breytingar að koma til framkvæmda 1. jan. nk. Það hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera lítils háttar lagfæringar á ákvæðum laganna. Sumpart er þar um leiðréttingu á prentvillum að ræða en í öðrum tilvikum minni háttar breytingar eða nákvæmari lýsingu, aðallega á staðsetningu friðaðra hólfa eða svæða sem frv. felur í sér. Að baki frv. lá mikil og ítarleg vinna og allgóð sátt hefur tekist um endurskoðun á fyrirkomulagi

þessara mála sem verður að teljast afar mikilvægt þar sem hér er um mjög mikilvæga undirstöðu undir leikreglur innan fiskveiðilandhelginnar að ræða.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fór yfir lagfæringarnar með fulltrúum sjútvrn., ráðuneytisstjóra, Árna Kolbeinssyni, Kristínu Haraldsdóttur og Jóni B. Jónassyni sem mest hefur unnið að þessu máli innan ráðuneytisins og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara í einstökum atriðum yfir efni málsins að öðru leyti. Eins og áður sagði er þar fyrst og fremst um lagfæringar og nákvæmari staðsetningar að ræða, leiðréttingu á hnitum eða stefnumiðum í einstöku tilvikum. Þó má segja að í 2. og 5. tölul. 1. gr. felist nokkrar efnisbreytingar. Í fyrra tilvikinu sökum þess að þau mistök voru gerð að miðað var við Hvíting en ekki Stokksnes þegar friðaða svæðið á því svæði var afmarkað. Það var ekki ætlunin að gera neina breytingu á stærð þessa hólfs með lögunum síðasta vor og er hér verið að lagfæra þetta enda í raun um prentvillu að ræða. Í seinna tilvikinu er fellt niður úr lögunum bann við veiðum á ákveðnu svæði við Vestmannaeyjar, þ.e. í hólfinu þar sem strengirnir liggja milli lands og Eyja. Það er til samræmis við það sem gert var í löggjöfinni að öðru leyti en ætlunin er að slík friðun verði framvegis í reglugerð en ekki samkvæmt ákvæðum í lögum og mun sjútvrh. gefa út ákvæði þar að lútandi í reglugerð. En einnig í þessu tilviki er ekki ætlunin að gera neina efnisbreytingu á því fyrirkomulagi sem við lýði hefur verið.

Herra forseti. Sjútvn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:21]

**Útbýting þingskjals:**

Skipulags- og byggingarlög, 332. mál, brtt. HG, þskj. 522.

## *Spilliefnagjald, 2. umr.*

Stjfrv., 331. mál (hámark gjalds o.fl.). — Þskj. 417, nál. 467, brtt. 468.

[11:21]

**Frsm. umhvn. (Gísli S. Einarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

Þessi lög voru samþykkt á síðasta þingi og hefur komið í ljós að ákveðin atriði þarf að laga og er verið að mæla fyrir því hér.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum um hámark spilliefnagjalds og það hækkað fyrir tiltekna vöruflokka. Hámarkið í lögunum er of lágt og álagt gjald nægir einungis til þess að greiða hluta af kostnaði sem til fellur, þannig að þeir sem skila spilliefnum til móttökustöðvar bera enn beinan kostnað af því. Í frumvarpinu er lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða meðhöndlun og förgun úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist viðkomandi spilliefnum, enda dragi það úr kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna. Loks eru lagðar til breytingar á uppgjörstímabili vegna innlendrar framleiðslu úr einum mánuði í þrjá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu atriði breytingartillagnanna eru:

1. Lögð er til breyting á 3. gr. laganna þess efnis að ráðherra ákveði laun nefndarmanna í spilliefnanefnd, en eðlilegra þykir að ákvörðun sem þessi sé á valdi og ábyrgð ráðherra en ekki nefndarinnar eins og hefur verið til þessa.

2. Lagt er til að fyrri efnismálsliður 1. gr. falli brott, en þar er kveðið á um heimild til þess að greiða förgun annars úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist spilliefnum. Á grundvelli ákvæðis þessa var m.a. ætlunin að láta gjald á olíumálningu bera uppi förgunarkostnað við vatnsmálningu. Umhverfisnefnd telur að slíkt ákvæði samrýmist ekki tilgangi og anda laganna og leggur til að það falli brott.

3. Loks er lagt til að ákvæði 6. tölul. 2. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að spilliefnagjald skuli lagt á plöntu- og dýrafeiti og matarolíu, en úrgangur þessara efna hefur ekki verið skilgreindur sem spilliefni og í lögunum segir að aðeins sé heimilt að leggja spilliefnagjald á slík efni sem verða að spilliefnum.

Allir nefndarmenn eru samþykkir álitinu. Sérstaklega er tekið fram að Hjörleifur Guttormsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins sem kom til af því að flugi var frestað þegar þetta mál var til afgreiðslu.

Þeir sem undirrita þetta skjal eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Tómas Ingi Olrich, Kristín Halldórsdóttir, Kristján Pálsson, Vigdís Hauksdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Aðeins um þetta mál frekar. Það eru nokkrar deilur út af ákveðnum efnum sem er spurning um hvort þurfi að vera skilagjald á. Það eru m.a. olíusíur úr bílum og hjólbarðar, en ef á þeim væri skilagjald þá mundu þessi efni koma betur til skila og hverfa úr umhverfinu. Það býður upp á ákveðna hættu þegar þarf að leggja út í mikla vinnu við söfnun þessara efna í fyrirtækjum þannig að það þyrfti að skoða ákveðna hluti í þessum málum. Eins má ræða um ísogsefni sem verða hreinlega að spilliefnum vegna þess sem þau taka til sín svo sem tvistur og ýmislegt annað.

Herra forseti. Ég hef ekki fleira um þetta mál að segja og legg til að það fari til afgreiðslu við 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ríkisábyrgðir, 2. umr.*

Stjfrv., 99. mál (heildarlög). — Þskj. 99, nál. 493, brtt. 494.

[11:26]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leggur til breytingar á frv. sem eru í þremur liðum.

Fyrsta brtt. er sú að bætt verði við 2. gr. ákvæði um að í frv. skuli liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs á mati á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði þegar ríkisábyrgð er veitt.

Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Annars vegar er lagt til að auk almennra viðskiptaskulda skuli eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar undanþegnar ábyrgðargjaldi því sem bankar,

lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta eða hafa notið ábyrgðar ríkissjóðs skulu greiða.

Enn fremur er lögð til breyting sem er tilvísanabreyting.

Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.*

Stjfrv., 327. mál (iðgjaldastofn og innheimta). — Þskj. 413, nál. 475, brtt. 476.

[11:28]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til breytingar á frv. í þremur liðum sem koma fram á þskj. 476.

Í fyrsta lagi er breyting á því að mökum bænda, sem eru ekki formlega talir aðilar að búrekstri en stunda þó ekki aðra vinnu og greiða því ekki í annan lífeyrissjóð, er tryggð aðild að Lífeyrissjóði bænda. Jafnframt er þeim mökum bænda sem nú stunda aðra vinnu og eru í öðrum lífeyrisjóðum tryggð undanþága frá aðild að sjóðnum.

Í öðru lagi er lagt til að felld verði brott ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna en þar segir að ef árlegar tekjur Lífeyrissjóðs bænda hrökkva ekki fyrir ársútgjöldum hans sé Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem vantar. Þetta er fellt niður.

Í þriðja lagi eru lagðar til tvær breytingar á 3. gr. frv. Annars vegar er lagt til að ákvæði um hámarksiðgjöld sjóðfélaga ár hvert verði fellt brott. Hins vegar er lagt til að þeim sjóðfélögum sem greiða iðgjöld af búrekstri til sjóðsins sé heimilt, en ekki skylt, að greiða iðgjöld til sjóðsins af öðrum atvinnutekjum vegna starfa sem veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

[11:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég rita undir nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara varðandi ákveðna þætti þessa máls. Þeir lúta jafnt að almennum aðstæðum í kringum málið og vissum efnisþáttum sem í því felast eða í breytingum meiri hluta nefndarinnar. Alþingi er einmitt þessa dagana að fjalla um og afgreiðir vonandi heildarlöggjöf um málefni lífeyrissjóða, rammalöggjöf sem málefni allra lífeyrissjóða og allur lífeyrissparnaður í landinu á að falla undir. Það liggur í hlutarins eðli að í kjölfar þeirrar lagasetningar verður þörf á endurskoðun ýmissa lagaákvæða í sérlögum um lífeyrissjóði. Má þar nefna Lífeyrissjóð bænda og ýmsa fleiri sjóði sem hafa byggt á sérlögum að einhverju leyti og heppilegast hefði að sjálfsögðu verið að mínu mati ef unnt hefði verið að ljúka þeirri vinnu og þeirri lagasetningu og fara svo með skipulegum hætti í að skoða málefni einstakra lífeyrissjóða og hvaða breytingar hin nýja löggjöf hefur í för með sér á lögum sem um þá gilda, ef slíku er til að dreifa, ellegar samþykktum þeirra og reglum um þá. Svo er og um Lífeyrissjóð bænda að ljóst er að endurskoða verður margt í lögunum um sjóðinn og starfsemi hans í kjölfar hinna nýju lagasetningar en reyndar einnig af ýmsum öðrum ástæðum. Þar má nefna sambúð lífeyrissjóðsins við landbúnaðargeirann og hluti eins og þá að lögbundið hefur verið að ávaxta hann í einum tilteknum banka. Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði ákveðnum skyldum að gegna gagnvart lífeyrissjóðnum o.s.frv. Nú eru þetta allt saman hlutir sem eru eða hafa tekið breytingum.

Varðandi efnisatriði frv. og þær brtt. sem lagðar eru til vil ég sérstaklega nefna breytingar á 3. gr. og lýsa ákveðnum fyrirvara varðandi annað af tveimur atriðum sem þar eru til umfjöllunar. Þar er breytt nokkuð orðalagi hvað varðar aðild bænda með tekjur af annarri starfemi að sjóðnum. Það eitt af þeim atriðum sem nauðsynlegt verður að skoða í kjölfar almennu lagasetningarinnar hvernig staða bænda verður í slíkum tilvikum hvað varðar iðgjöld af annarri tekjuöflun en þeirri sem til landbúnaðarins heyrir og fellur þá eðlilega undir Lífeyrissjóð bænda. Bændur eru einnig í þessu tilviki stétt eða starfshópur sem ekki er kannski að öllu leyti auðvelt að skilgreina með venjubundnum hætti. Það má um það deila hvort þeir skuli frekar teljast sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, einyrkjar í sinni grein eða að starf þeirra, starfskjör og aðstæður séu eðli málsins samkvæmt meira í ætt við það sem gildir um launamenn og segja má að hvort tveggja sé að nokkru leyti. Ég hefði þar af leiðandi talið, herra forseti, að heppilegast hefði verið að hrófla ekki við þeim ákvæðum sem þar hafa gilt varðandi aðild að Lífeyrissjóði bænda en taka þau mál, sem ég viðurkenni að þarf að fara yfir, inn í heildarendurskoðun á málefnum lífeyrissjóðsins í kjölfar þess þegar Alþingi hefur sett hina nýju lífeyrissjóðalöggjöf.

Með þessum fyrirvörum, herra forseti, get ég stutt þær breytingar sem hér eru lagðar til og horfa til bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Rafræn eignarskráning verðbréfa, 2. umr.*

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 149, nál. 513, brtt. 514.

[11:35]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og leggur til breytingar á frv. sem eru í 19 liðum.

Í 1. lið brtt. er lögð til breyting á skilgreiningu á eignarskráningu í 2. gr. frv.

Í 2. lið er lagt til að 2. mgr. 7. gr. verði felld brott.

Í 3. lið er lögð er til sú breyting á 8. gr. að vísun til endurskoðenda er færð til í upptalningu þeirra sem óheimilt er að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar.

Þá er lögð er til sú breyting á 9. gr. að gert er ráð fyrir því að verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki undirritaður án fyrirvara skuli hann gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart.

Lagðar eru til þær breytingar á 10. gr. að annars vegar er bætt við nýjum tölulið þannig að Lánasýsla ríkisins fái auk þeirra sem taldir eru upp í greininni heimild til milligöngu um eignarskáningu í verðbréfamiðstöð. Hins vegar er

lagt til að heimild fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði ekki takmörkuð við fyrirtæki sem hafa heimildir til fjárvörslu.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 11. gr. um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um skráða eigendur hlutdeildarskírteina verði gert skýrara.

Það er lagt er til að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. verði breytt en þar segir að í reglugerð sem ráðherra setur sé heimilt að ákveða heimildir verðbréfamiðstöðvar til gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau. Breytingin miðar að því að einungis verði heimilt í slíkri reglugerð að kveða á um heimildir verðbréfamiðstöðvar til að ákvarða fyrirkomulag gjaldtöku enda er að mati nefndarinnar óeðlilegt að ráðherra stjórni verðlagningu á þjónustu einkafyrirtækis.

Það er lögð til breyting á orðalagi 2. mgr. 14. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 15. gr. Annars vegar er lagt til að orðið nettun verði fellt brott úr 1. mgr. sem segir að Seðlabanki Íslands taki við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annist efndalok (nettun). Óeðlilegt þykir að kveða á um eina tiltekna aðferð í ákvæðinu við efndalok viðskipta, þ.e. nettun eða jöfnun greiðslna. Hins vegar er lagt til að Verðbréfaþing Íslands eigi aðild að samráðsnefnd þeirri sem getið er um í greininni en hún er einnig skipuð fulltrúum verðbréfamiðstöðva og Seðlabankans.

Lagt er til að 2. mgr. 16. gr. verði breytt í samræmi við breytingar sem hafa verið gerðar að framan.

Það eru lagðar eru til tvær breytingar á 2. mgr. 20. gr. Annars vegar er lagt til að skýrt sé að verðbréfamiðstöð sé einungis heimilt að hafa milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda, að ósk hans, til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hins vegar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 3. málsl. Þá er lagt til að 34. gr. frv. verði 3. mgr. 20. gr. þar sem nefndin telur réttara að ákvæðið tilheyri IV. kafla frv.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 22., 31. og 32. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 25. gr. Annars vegar orðalagsbreyting á fyrri málslið 1. mgr. Nefndin telur óeðlilegt að ráðherra setji reglur um greiðslu kostnaðar og að það sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast, t.d. mál sem farið er með fyrir samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 27. gr. að fjögurra vikna frestur sá sem aðilar máls skv. 26. gr. hafa til að bera úrskurð úrskurðarnefndar skv. 25. gr. undir dómstóla hefjist við það tímamark er úrskurður hefur verið tilkynntur.

Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. 29. gr.

Lagt er til að við 30. gr. verði bætt nýrri málsgrein þar sem kveðið verði á um að stefna megi verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun sameiginlega til greiðslu skaðabóta þegar ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóni.

Lögð er til sú breyting að 34. gr. verði felld brott.

Enn fremur er lagt til að breytingar verði gerðar á ákvæðum til bráðabirgða I og II. Þær miða að því að láta skýrt koma fram að eigandi áþreifanlegs verðbréfs verði ekki skyldaður til að láta eignarskrá eignarréttindi sín yfir verðbréfi með rafrænum hætti heldur sé um valkost að ræða.

Loks bendir nefndin á að ýmis dæmi í almennum athugasemdum með frv., er varða starfsemi verðbréfamiðstöðva, virðast takmarkast við þrengri skýringu á ákvæðum frv. en efni standa til samkvæmt skýru orðalagi lagagreina þess.

Með þessum breytingum, hæstv. forseti, leggur efh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:40]

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Einkaleyfi, 153. mál, nál. iðnn., þskj. 510; brtt. iðnn., þskj. 511.

Endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington, 297. mál, svar utanrrh., þskj. 433.

Fjáraukalög 1997, 55. mál, þskj. 450.

### *Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 292. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 364, nál. 479, brtt. 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Brtt. 480 (ný 1. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 291. mál (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta). — Þskj. 363, nál. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 473 samþ. með 58 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 473 samþ. með 58 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

### *Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 289. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 361, nál. 470, brtt. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Brtt. 471,1 samþ. með 59 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 471,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Bjargráðasjóður, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 185, nál. 456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 339. mál (skilgreining togveiðisvæða). — Þskj. 428, nál. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GHelg, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

### *Spilliefnagjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 331. mál (hámark gjalds o.fl.). — Þskj. 417, nál. 467, brtt. 468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Brtt. 468,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 468,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 468,3 samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

### *Ríkisábyrgðir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 99. mál (heildarlög). — Þskj. 99, nál. 493, brtt. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 494,1 samþ. með 59 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 494,2 samþ. með 57 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 494,3 samþ. með 59 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 327. mál (iðgjaldastofn og innheimta). — Þskj. 413, nál. 475, brtt. 476.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Brtt. 476,1 samþ. með 59 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 476,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 476,3 samþ. með 59 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
4.–5. gr. (verða 5.–6. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Rafræn eignarskráning verðbréfa, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 149, nál. 513, brtt. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GÁS, HÁs, IP, JBH, LB) fjarstaddir.

Brtt. 514,1 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, HÁs, IP, JBH, LB) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, DO, HÁs, IP, JBH, LB, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 514,2–19 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, DO, HÁs, IP, JBH, LB, SighB) fjarstaddir.

3.–37. gr. (verða 3.–36. gr.) og ákv. til brb. I og II, svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, LB, SighB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:59]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og menn hafa kannski tekið eftir þá hef ég setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu og tel mér skylt að gefa skýringu á því. Hún er einfaldlega þessi: Ég veit ekkert um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef hins vegar grun um að það sé afar mikilvægt. Mér hefur ekki gefist tími til þess að skoða það vel. Mér er ekki grunlaust um að svo kunni að vera um fleiri hér inni en alla vega skal ég gangast við því að um þetta veit ég ekki neitt og get því ekki greitt um það atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JóhS, JBH, LB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

## *Fjárlög 1998, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 462 og 469, brtt. 463, 474, 477, 478, 481, 482, 486, 487, 488, 489, 490, 491, 492, 495, 499, 500, 501, 502, 503, 504, 505, 506, 508, 509, 512, 516, 517 og 521.

[14:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en atkvæðagreiðslan hefst er rétt að skýra frá tilhögun atkvæðagreiðslunnar en hún er að nokkru leyti öðruvísi en var í fyrra vegna þess að framsetning fjárlagafrv. er nú með nýju sniði eins og kunnugt er.

Fyrst verða greidd atkvæði um sundurliðanir sem merktar eru 1–4 í frv. og eru meginbálkur þess, á bls. 77–273 í frv. Fyrirferðamest er sundurliðun 2 sem er samhljóða því sem áður var kallað 4. gr. fjárlagafrv. og eru allar breytingartillögur við 2. umr. nema ein við þessa sundurliðun 2, um fjármál ríkisaðila í A-hluta. Sundurliðun 1 sem fyrsta atkvæðagreiðslan snýst um svarar til þess sem áður var 3. gr., tekjugrein frv., en sundurliðun 3 og 4 svara til 5. gr. Þetta fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar helgast af því að breytingar á sundurliðunum hafa áhrif á sumar lagagreinar frv.

Síðan verða greidd atkvæði um lagagreinarnar, 1.–7. gr., og loks um séryfirlit 1–3 sem eru ekki sjálfstæðar heimildir heldur yfirlitstöflur en eru engu að síður hluti lagatextans. Það er á bls. 274–280 í frv.

Eins og þingmenn hafa séð er uppsetning breytingartillagna líka öðruvísi en áður. Nú eru þrír töludálkar. Sá fyrsti sýnir þá tölu sem er í frv., næsti breytingu á fjárhæð og sá þriðji, lengst til hægri, sýnir nýja tillögu. Ástæða er til að vekja athygli á þessu vegna þess að yfirskriftin yfir dálkana er ekki í atkvæðagreiðsluskjalinu sem þingmenn hafa á borðum sínum. Að öðru leyti er reynt að haga atkvæðagreiðslunni eins og þingmenn eiga að venjast. Þannig eru hinir svokölluðu safnliðir, sem nefndir þingsins hafa verið að skipta, og heita raunar sérstök yfirlit II í breytingartillögunum, bornir upp með viðkomandi fjárlagalið eins og verið hefur.

Þessum skýringum hefur verið dreift á borð hv. þingmanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við þingflokksformenn höfum lagt mikla áherslu á að eiga gott samráð við forseta vorn hverju sinni um það sem á döfinni er í þinginu. Við höfum líka lagt mikla áherslu á það að gera breytingar á þingsköpum og annað sem horfir til betri vegar varðandi störf þingsins. Þetta mál, að vera með atkvæðagreiðsluna með öðru sniði en venjulega og lýtur auðvitað að breyttri uppsetningu frv., er eflaust til mikilla bóta. En athugasemd mín lýtur að því að um þetta hefðum við átt að fá að vita fyrr. Það hefði verið full ástæða til að ræða við þingflokksformenn um að nú yrði atkvæðagreiðslan með öðru formi og uppsetning öðruvísi.

Hvers vegna segi ég þetta? Það er vegna þess að venjulega höfum við haldið þingflokksfundi klukkustund fyrir atkvæðagreiðsluna til að fara yfir atkvæðagreiðsluskjalið, samræma ýmislegt í málflutningi okkar og átta okkur á stöðunni. Ég boðaði þingflokksfund í gær á þessum sama tíma, kl. hálf eitt í dag. Þá kemur í ljós að varðandi þetta stóra

mál, stærsta mál hvers vetrar, fjárlög ríkisins, er uppsetning nú öðruvísi og við hefðum e.t.v. kosið að fara betur í frumvarpstextann sjálfan því oft er það svo að við þingmenn ætlum að gera athugasemdir við annað en brtt. okkar eða meiri hlutans. Þess vegna þykir mér miður, virðulegi forseti, að það skuli vera fyrst nú þegar við erum komin í atkvæðagreiðsluna að við fáum að vita um breytta uppsetningu og geri þessa athugasemd ef vera kynni að við þyrftum að biðja um hlé vegna einhvers sem upp kemur.

[14:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur heyrt þessa athugasemd og harmar það að hafa ekki gert þingflokksmönnum nægilega glögga grein fyrir þessu áður en atkvæðagreiðsluskjalinu var dreift til þingmanna í morgun en forseti vonar að atkvæðagreiðsluskjalið sé nægilega skýrt. En ef eitthvað kemur upp á sem þarfnast skýringar er sjálfsagt að taka það til athugunar meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjÁ, JBH, KHG, MF, RA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Um þennan lið er það að segja að ekkert liggur fyrir frá meiri hlutanum í fjárln. um tekjuöflun. Ég vek athygli á því að lagt er til að á milli umræðna sé um að ræða 1,5 milljarða í halla á fjárlögum sem er mjög óeðlilegt. Það er reyndar mjög óeðlilegt að ekki skuli liggja fyrir nokkur skapaður hlutur um tekjuöflun ríkisins þegar umræðan hefst. Ég held að við þurfum að breyta þessu. Það er verið að gera tilraun til betri vinnu við fjárlagaafgreiðsluna og ég lýsi enn yfir ánægju minni með þær breytingar sem eru að verða varðandi fjárreiður ríkisins en þetta er óeðlilegt. Ég mælist til þess að þessu vinnulagi verði breytt. Það verði farið að fjalla um tekjuöflun ríkisins strax fyrir 2. umr.

[14:08]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Það kann að sýnast eðlileg ábending sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er nú svo að við erum að samþykkja fyrst og fremst útgjaldaáætlunarbreytingar sem eru ákveðnar en það snýr þannig að tekjuhliðinni að hún getur verið að breytast alveg fram eftir desembermánuði þannig að í stað þess að vera að breyta tölunum tvisvar, fyrst í 2. umr. og síðan við þá 3. hefur verið ákveðið, og þannig hefur verið farið að á síðustu áratugum, að tekjubreytingarnar koma inn í 3. umr. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að að sjálfsögðu gera menn sér nokkurn veginn í hugarlund hvernig breytingarnar kynnu að verða og mér er kunnugt um að fjárln. hefur haft þær upplýsingar þó þær séu kannski ekki nákvæmar og geti ekki orðið nákvæmar fyrr en milli 2. og 3. umr. Þar er ekki verið að tala um beinar tölur heldur um nokkurn veginn tölurnar sem gætu legið fyrir eins og hv. þm. benti reyndar sjálfur á.

Brtt. 463,1–4 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 481,1 felld með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, RA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Í mjög vel rökstuddu plaggi sem forsvarsmenn Háskóla Íslands lögðu fyrir fjárln. fóru þeir fram á 130 millj. kr. í viðbótarframlög til háskólans svo að hann gæti hvað varðar aðbúnað staðist samanburð við sambærilegar stofnanir erlendis. Þessu erindi var ekki svarað nema að hluta og því leggjum við minnihlutamenn til í tillögunni að til tölvu- og tækjakaupa í Háskóla Íslands verði sérstaklega veitt 80 millj. Þingmaðurinn segir já.

Brtt. 492 kölluð aftur.

Brtt. 463,5 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 502,1 kölluð aftur.

Brtt. 463,6 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:13]

***Gísli S. Einarsson:***

Herra forseti. Eins og sést hef ég greitt atkvæði með málinu en um er að ræða að það var lögð fram mjög góð rökskýring fyrir beiðni Tækniskóla Íslands og þess vegna gerði minni hluti fjárln. tillögu sem ég vísa til sem er á þskj. 481, 2. tölul., þar er um 45 millj. kr. sérstakt framlag að ræða til Kennaraháskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Þarna er um þó mun meiri fjármuni að ræða og stuðst við beiðni þessara aðila. Ég tel að Alþingi eigi að sjá sóma sinn í því að styðja þá tillögu sem liggur fyrir frá minni hlutanum.

Brtt. 500 felld með 36:23 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Um næstu áramót eru að gerast mjög merkileg tíðindi í menntunarmálum á uppeldissviði og umönnunarsviði í landinu. Fjórir skólar eru að sameinast, þ.e. Íþróttakennaraskólinn, Kennaraháskólinn, Fósturskólinn og Þroskaþjálfaskólinn og það hefur náðst í hv. menntmn. mjög góð samstaða um þetta mál. Hér flytjum við tveir þingmenn tillögu um að greiða fyrir þessu nýja samstarfi fjögurra skóla með því að ríkissjóður ákveði að leggja fram 20 millj. kr. til tækjakaupa og endurskipulagningar. Við lítum á þetta sem það merkilegt átak sem þarna er að eiga sér stað að ástæða sé til þess að Alþingi samþykki sérstaka fjárveitingu í þessu skyni sem eins konar tannfé handa hinum nýja skóla sem tekur til starfa frá og með næstu áramótum.

Brtt. 463,7 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 474 kölluð aftur.

Brtt. 463,8–9 og sérst. yfirlit II,1 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 481,2 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 463,10 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 508 kölluð aftur.

Brtt. 463,11–12 og sérst. yfirlit II,2 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (ÁE, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, DO, EOK, HÁs, JóhS, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 481,3 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:19]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Lengi hefur verið til vansa hversu naumt hefur verið skorið fé sem Námsgagnastofnun hefur verið ætlað til að gegna hlutverki sínu. Eftir alla þá umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu að undanförnu um að bæta skólastarf, og þar hlýtur Námsgagnastofnun að gegna veigamiklu hlutverki, leggjum við til að fjárveitingar til stofnunarinnar verði auknar um 40 millj. Ég segi já.

[14:20]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Framlag til Námsgagnastofnunar byggir á framlagi á hvern nemanda. Það framlag er nú rúmlega 5.000 kr. en var t.d. um 6.500 árið 1991. Á sama tíma hafa verið gerðar auknar kröfur um framboð og gæði námsefnis. Framlög til námsefnisgerðar eru í engu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til árangurs í skólastarfinu. Við því verður að bregðast. Annað er fráleitt, ekki síst í ljósi þeirra orða sem voru látin falla á síðasta vetri við umræðu um svokallaða TIMSS-rannsókn. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 463,13 samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

**nei:** ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 463,14–18 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, ÍGP, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 463, sérst. yfirlit II,3 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (ÁE, ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég styð þennan lið en ég vil gera sérstaka athugasemd vegna Vesturfarasetursins á Hofsósi þar sem sótt var um 11 millj. kr. framlag og aðeins orðið við 1,2 millj. Þarna er um mjög sérstætt mál að ræða, mikið framlag hefur komið frá heimamönnum til setursins. Ég tel að það sé mjög

ómyndarlega staðið að málinu og hefði viljað sjá 5 millj. til þessa sérstaka liðar sem heldur utan um Vesturfarasögu íslensku þjóðarinnar. Ég vil gera grein fyrir því að þarna er ekki nógu vel tekið á.

Brtt. 463, sérst. yfirlit II,4 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 463,19.a samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hækkun á framlagi til Kvikmyndasjóðs Íslands um 2,1 millj. kr. eða 1% frá fjárlagafrv. Ríkisvaldið á hins vegar að mínu mati að leggja mun meira fé í Kvikmyndasjóð. Nýjustu rannsóknir á kvikmyndaiðnaði sýna að ríkisvaldið fær allt og meira til til baka af því fjármagni sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð og þá er ótalinn sá ávinningur sem ríkisvaldið hefur vegna ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs eingöngu vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenskar kvikmyndir eða þátt í sjónvarpi eru yfir 400 millj. kr. á ári.

Kvikmyndaiðnaður er umfangsmikil og arðbær atvinnugrein og ég boða við þessa atkvæðagreiðslu tillögu við 3. umr. fjárlaga um að auka framlagið verulega þegar tekjuáætlun liggur fyrir. Ég hvet þingheim til að íhuga þetta mál vandlega og styðja þá tillögu þegar hún kemur síðar fram.

Brtt. 463,19.b–463,23 og sérst. yfirlit II,5–8 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, DO, EKG, HÁs, JBH, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 499 kölluð aftur.

Brtt. 463, sérst. yfirlit II,9 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (ÁE, ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, RG) fjarstaddir.

Brtt. 463,24 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, DO, EKG, HÁs, JBH, SighB, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 463,25–26 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 502,2 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:31]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Brtt. þessi gengur út á að gera lítils háttar hækkun á skammarlega lágu framlagi okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu á þann hátt að grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar verði hækkað um 50 millj. kr. Eins og hv. alþm. er vafalaust kunnugt, þá hefur frammistaða Íslands að þessu leyti verið mikið hneykslunarefni og til álitshnekkis fyrir land og þjóð um langt árabil, að við ein mesta velmegunarþjóð heimsins, höfum lagt langtum minna af mörkum til þróunarhjálpar og þróunarsamvinnu en aðrar sambærilegar þjóðir. Að vísu er ljóst að þessi 50 millj. kr. hækkun mundi ekki draga langt til að koma hlutfallinu upp í það sem það þyrfti að vera eða 0,7% af landsframleiðslu eins og velmegunarríkin hafa samþykkt að leggja af mörkum en mundi þó vísa í rétta átt. Ég trúi ekki öðru en hv. alþm. treysti sér til að styðja þessa hógværu tillögu í góðærinu.

[14:32]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Við Íslendingar gumum okkur gjarnan af því að við séum í hópi 10 efnuðustu þjóða heims og lifum við lífskjör sem fáar þjóðir í veröldinni ná jafngóðum. Samt sem áður er það rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að við getum okkur það orð á alþjóðavettvangi að leggja einna minnst allra þjóða til þróunaraðstoðar. Það er smánarblettur á okkur Íslendingum sem hrósum okkur gjarnan af ríkidæmi okkar hve við stöndum illa að verki í því máli. Því mun ég greiða atkvæði með þessari tillögu.

Brtt. 463,27–32 og sérst. yfirlit II,10–11 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 463,33 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, DO, FI, HÁs, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 463,34–35 samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 506,1 kölluð aftur.

Brtt. 463,36 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
2 þm. (ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 509 kölluð aftur.

Brtt. 463,37 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, GMS, HÁs, JBH, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:37]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. var upphaflega gert ráð fyrir því að hátt á sjötta tug milljóna yrði innheimtur sem sérstakur nefskattur á símnotendur í þágu einkavinavæðingar fhaldsins. Tillagan sem hér um ræðir er að því leyti til bóta að lækka á þessa fjárhæð um helming. Við greiðum ekki atkvæði.

Brtt. 463,38–46 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÁE) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, LB, PHB) fjarstaddir.

Brtt. 490 kölluð aftur.

Brtt. 463,47–48 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, DO, GGuðbj, HÁs, JBH, SJS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þegar húsaleigubótakerfið fór af stað var samkomulag um að ríkissjóður legði fram 400 millj. kr. Nú er áformað að framlög ríkisins verði 280 millj. kr. á næsta ári. Þó er verið að skylda öll sveitarfélög til að greiða húsaleigubætur auk þess sem stefnt er að því að færa leigu í félagslegum íbúðum eða leiguíbúðum upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur. Við þessa breytingu þurfa sveitarfélögin að leggja fram verulegar fjárhæðir umfram greiðslu húsaleigubóta til að leigjendur verði jafnsettir á eftir. Verði það ekki gert getur leiga hækkað um allt að 20 þús. kr. hjá þeim sem búa í leiguíbúðum sveitarfélaga. Það framlag ríkisins sem hér er verið að greiða atkvæði um tryggir ekki að leigjendur verði jafnsettir og áður. Ég greiði ekki atkvæði.

[14:39]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er afstaða okkar alþýðubandalagsmanna að greiðsla húsaleigubóta eigi að vera hjá ríkisvaldinu rétt eins og greiðsla barnabóta. Það er nauðsynlegt til að tryggja samræmdan rétt allra leigjenda um land allt og því sitjum við hjá við þessa tillögu.

[14:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Samkomulagið við Samband ísl. sveitarfélaga um fyrirkomulag húsaleigubóta er ágætt. Þær 400 millj. sem upphaflega voru ráðgerðar í húsaleigubætur þurfti aldrei að nota. Mest hafa um 200 millj. gengið út í þessi verkefni frá ríkinu. Samkomulagið er staðreynd, gott samkomulag og viðunandi fyrir bæði ríki og sveitarfélög um fyrirkomulag húsaleigubóta. Hér er um dæmigert nærverkefni að ræða og eðlilegra að það sé hjá sveitarfélögum en ríkinu.

Brtt. 481,4 felld með 36:23 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GHall*, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á tyllidögum er talað um að menntun sé fjárfesting. Í fjárlögum þessarar ríkisstjórnar sér þess ekki stað. Að hafa Starfsmenntasjóð undir Atvinnuleysistryggingasjóði er röng hugsun. Við eigum að bjóða upp á virka endurmenntun og starfsþjálfun til nýrra starfa fyrir þá sem minnsta menntun hafa. Fullorðinsfræðsla er greidd af fullorðnum. Verkafólk og aðrir með lægstu tekjur eiga verst með

að missa tekjur og það er fjarlægast fyrirtækjum að greiða endurmenntun fyrir það fólk.

Við eigum að tryggja að vinnuafl verði frjálst og óbundið fyrirtækjum með því að koma á námsleyfum. Brjótast út úr því ríkjandi hugarfari að vinnudýrið sé mælikvarði á láglaunafólk. Menntum alla, ekki bara suma, með sterkum starfsmenntasjóði. Þess vegna leggjum við til hækkun á framlögum til hans.

Brtt. 495 kölluð aftur.
Brtt. 463,49 og sérst. yfirlit II,12 samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 501 kölluð aftur.

Brtt. 463,50–51 og sérst. yfirlit II,13–14 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁJ, DO, GHelg, HÁs, JBH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:44]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í langflestum tilvikum greiðir stjórnarandstaðan atkvæði með úthlutun safnliða þó deildar meiningar séu um hvernig þeim skuli fyrir komið. Mig langar til þess að vekja athygli á því að oft sér maður einkennilega þætti inni á þessum safnliðum og virðist vera svolítið ruglingskennt undir hvaða ráðuneyti þeir flokkast. Í 12. lið eru framlög til Verndar, fangahjálpar sem ég styð að sjálfsögðu að fái framlög, en Vernd starfar samt sem áður í samstarfi við Fangelsismálastofnun. Því væri eðlilegra að þessi liður heyrði undir dómsmálin heldur en félagsmálin þar sem um fastan samning er að ræða.

Brtt. 512 felld með 36:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, DO, GuðjG, HÁs, JBH, LB, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þessi tillaga felur í sér að fæðingarorlof feðra verði einn mánuður í stað tveggja vikna eins og ríkisstjórnin áformar en á dagskrá fundarins á eftir atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. er frv. heilbrrh. þar að lútandi. Þá mun ég skýra nánar nauðsyn þess að fæðingarorlof feðra verði ekki styttra en einn mánuður í fyrsta áfanga. Ég segi já.

Brtt. 463,52 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, GÁS, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, LB) fjarstaddir.

Brtt. 481,5 kölluð aftur.

Brtt. 521 felld með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek eftir því að menn eru að sjálfsögðu búnir að greiða atkvæði áður en atkvæðaskýring er gefin. Menn þurfa ekki að hlusta á nein rök, menn fara bara eftir *tilskipunum frá ríkisstjórninni. Þetta er umhugsunarefni.*

Fyrir Alþingi liggur frv. til laga, hæstv. forseti, þar sem gert er ráð fyrir að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlæknakostnað, en þess eru dæmi síðan farið var að skerða framlög til þessa málaflokks fyrr á þessum áratug að efnalítið fólk, lífeyrisþegar og öryrkjar, hafi ekki tök á því að leita sér lækninga á þessu sviði. Með breytingum í umræddu frv. yrði dregið úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum. En *í umræddu frv. er einnig gert ráð fyrir breytingum á aldursviðmiðunum unglinga barnafólki í hag.* Aukið framlag til þessa málaflokks sem hér er verið að leggja til mundi stórlega draga úr tilkostnaði skattborgara þegar fram líða stundir.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vekur athygli á því vegna orða hv. þm. að umræðunni er lokið og þingmenn gera grein fyrir atkvæði sínu þegar þeir koma í ræðustól.)

Brtt. 463,53 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÁE) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JóhS, JBH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 516 felld með 36:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, DO, EOK, HÁs, JóhS, JBH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:49]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Í vinnu fjárln. kom fram að fjárhagsvandræði landlæknisembættisins eru umtalsverð. Þrátt fyrir beiðni þar að lútandi var ekki talið unnt að verða við því að hækka framlög til landlæknisembættisins. Ég segi já við tillögunni.

[14:50]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það hefur komið fram í vinnunni í heilbr.- og trn. að vegna fjárskorts hjá landlækni hefur ekki verið hægt að vinna úr mikilvægum upplýsingum sem hafa safnast til landlæknisembættisins, sem þörf er að byggja á þegar vinna við heilbrigðis- og tryggingamálin er til umræðu og þegar verið er að taka ákvarðanir. Ég tel því mjög mikilvægt að það verði staðið betur að fjárveitingum til landlæknisembættisins. Ég segi já.

Brtt. 517 kölluð aftur.

Brtt. 481,6 felld með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:51]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri allt fram á síðasta ár tekist að haga rekstrinum í samræmi við fjárveitingar Alþingis. Nú hefur fjárhagsstaða þess hins vegar snúist á verri veg. Það hefur orðið mikil aukning í þjónustu sjúkrahússins, enda búa um 40 þúsund manns á þjónustusvæði þess og hin síðari ár hefur sjúkrahúsið annast æ fleiri sjúklinga sem áður fóru til stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Af þeim sökum og vegna niðurskurðar heilbrrn. hin síðari ár er halli FSA kominn í 84 millj. kr. nú í árslok. Það er nauðsynlegt að auka fjárveitingar til sjúkrahússins á næsta ári. Þar sem vandinn er ekki leystur í frv. eða breytingartillögum meiri hlutans telur minni hlutinn nauðsynlegt að hækka framlagið til FSA um a.m.k. þessar 50 millj. kr. Ég segi að sjálfsögðu já.

[14:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er alveg óumdeilt að það þarf meiri fjármuni til reksturs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Umfang starfseminnar hefur aukist og það hefur verið tekin upp ný starfsemi, ráðnir nýir sérfræðingar. Allt hefur þetta verið gert á grundvelli ákvarðana og með vitund og vilja og samþykki löggjafarvaldsins og ráðuneytis. Það er þess vegna neðan við allar hellur að stofnunin skuli vera sett í það ár eftir ár að fá ekki fullnægjandi fjárveitingar til að standa undir þeim rekstri sem búið er að ákveða að þar skuli fara fram.

Afgreiðsla hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á málefnum Fjórðungssjúkrahússins hvað fjáraukalög snertir var til skammar og áframhaldið verður áfram til skammar ef það á að loka hér fjárlögunum þannig að það er fyrir séð umtalsverð fjárvöntun vegna rekstrarins á næsta ári sem er þó samstaða um að skuli fara fram á stofnuninni. Þetta er afgreiðsla sem er Alþingi ekki sæmandi. 50 millj. kr. hækkun mundi bæta verulega úr og ég vona að þingmenn styðji þá sjálfsögðu tillögu.

[14:54]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur ekki verið niðurskurður til Sjúkrahússins á Akureyri en þar hefur verið mjög aukin starfsemi. Við munum skoða Sjúkrahús Akureyrar sérstaklega í nefndinni sem mun fara af stað með þær 300 millj. sem við höfum í potti vegna þess aukna starfs sem þar er.

Brtt. 463,54–55 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, DO, FI, GMS, HÁs, JBH, PP, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 481,7.a felld með 37:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GHelg, GE, GÁS, GGuðbj.

**nei:** HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, VH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, ÓE.

4 þm. (JBH, ÁJ, DO, HÁs) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðu um fjáraukalög og fjárlög hafa málefni spítalanna verið sett í ákveðinn farveg með fjárveitingum í tvennu lagi í þessum lagagreinum með stýrinefnd til þess að fara yfir málefni spítalanna og gera við þá samkomulag um fjárveitingar. Í ljósi þess greiði ég atkvæði gegn tillögunni og segi nei.

[14:57]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Eins og margsinnis hefur komið fram er vandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu slíkur að sú upphæð sem á að setja í sérstakan pott, 300 millj. kr., dugir engan veginn til þess að rétta stöðu þeirra. Þess vegna segi ég að sjálfsögðu já.

[14:58]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Upplýsingar hafa komið fram um það að ef fjárlögin verða afgreidd eins og tillögur liggja nú fyrir um verður að loka frá og með næstu áramótum 200 sjúkrarúmum og segja upp 400 manns í vinnu á spítölunum í Reykjavík. Það er algerlega óyggjandi upplýsingar og meiri

hlutinn hefur ekki mótmælt því. Það liggur líka fyrir samkvæmt upplýsingum sem komu frá Þjóðhagsstofnun í gær að framlögin til heilbrigðismála í heild eru í stöðnun og hlutfall til heilbrigðismála af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkandi. Allt þetta er til marks um að heilbrigðismálin eru út undan í þessari ríkisstjórn hvernig sem það er skoðað. Það er stórhættulegt, herra forseti. Þess vegna er tillagan flutt hér að því er varðar Ríkisspítalana. Ég segi já.

[15:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Áætlaður halli sjúkrahúsanna bæði frá fyrri árum og þessu ári er á annan milljarð kr., 700 millj. fyrir sjúkrahúsin hér í Reykjavík og um 500 millj. fyrir sjúkrahúsin á landsbyggðinni. Í lok næsta árs verður þessi uppsafnaði vandi um 3 milljarðar kr. Sú rýmkun sem hér er lögð til er tilraun til þess að fá ríkisstjórnina til að sýna örlitla viðleitni til að viðurkenna staðreyndir vegna þess að tilkostnaðurinn sem þessir fjármunir eiga að standa straum af er löngu fallinn. Hann er þegar kominn í skuld og reyndar er skuldin miklu stærri en þessu nemur.

Nú er í tísku að tala um að allt eigi að vera sýnilegt og það er talað um fjárreiður ríkisins, að bókhaldið sé sett upp á ákjósanlegan máta. En það er ekki nóg að hafa flott bókhald ef það gengur ekki upp. Ég segi já.

[15:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það hefur verið ömurlegt að fylgjast með málflutningi hv. stjórnarliða varðandi þetta tiltekna atriði. Það hefur komið fram í ræðum þeirra í þinginu að þeir hafa gögn frá forsvarsmönnum spítalanna sem segja það klárt og kvitt að það er gríðarlega mikill halli, það vantar mikið af peningum og ekkert af því sem stjórnarandstaðan hefur sagt hefur verið hrakið. Þeir peningar sem eiga að koma í gegnum pottagaldur hv. formanns fjárln. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar nægja engan veginn til þess að leysa vanda sjúkrahúsanna. Ég segi þess vegna, herra forseti, að sú tillaga sem liggur fyrir er mjög skynsamleg, hún er hófleg. Eina leiðin til þess að létta þennan vanda er að samþykkja hana og þess vegna segi ég já.

[15:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Eins og kom fram í umræðunni í gær um fjárlögin er stærsti vandinn í samfélaginu ástandið á stóru sjúkrahúsunum. Það liggur fyrir að það vantar a.m.k. 900 millj. kr. ef ætti að reka þau eins og árið í ár, ef ætti að reka sjúkrahúsin árið 1998 eins og í ár. Og eins og þau eru rekin í ár er verið að brjóta lög sem við samþykktum í haust á sjúklingum með þeirri þjónustu sem þar er veitt og það er ekki boðlegt. Þess vegna segi ég já við þessari tillögu.

Brtt. 463,56 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:05]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég styð að sjálfsögðu að Ríkisspítalarnir fái 25 millj. kr. hækkun með þessari brtt. en ég harma tilefnið sem er það að til stendur að leggja niður meðferðarheimilið á Kleifarvegi fyrir geðveik börn sem Borgarspítalinn eða Sjúkrahús Reykjavíkur hefur rekið og sameina það barnageðdeildinni á Dalbraut. Ég held að afar illa sé að verki staðið og skaði heimilinu að Kleifarvegi. Hús þetta var á sínum tíma gefið sérstaklega til þessarar starfsemi. Þar hafa dvalist 6–7 börn í einu og rekstrarkostnaður við það hefur verið um 23 millj. á ári sem er afar góður rekstur. Árangur hefur verið dæmalaus enda starfslið þar með ágætum. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem verið er að fást við í heilbrigðiskerfinu sem kemur engum til góða. Ég er á móti þessari aðgerð en mér er ljóst að kominn er samningur milli Reykjavíkurborgar og ríkisins og ég ætla ekki að setja mig á móti því að Ríkipsspítalarnir fái 25 millj. kr. Þeir hafa nóg að gera við það en ég harma tilefnið.

[15:06]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er eina innlegg meiri hlutans í alla umræðuna um vanda stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og er í raun engin hækkun heldur tilfærsla um 25 millj. kr. til Ríkisspítalanna vegna tilflutnings á rekstri Kleifarvegsheimilisins sem á að flytja frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og liður þess sjúkrahúss er síðan lækkaður um sömu upphæð. Það er nú allur skilningurinn og rausnin.

Ég mun styðja þessa tillögu með tilliti til þess verkefnis sem þar um ræðir en að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn tillögu nr. 57 um lækkun á móti til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Því veitir sannarlega ekki af þeirri upphæð.

[15:07]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um algert sýndarframlag að ræða sem mun engu breyta um möguleika Ríkisspítalanna til að veita þá lögbundnu þjónustu sem þeim er ætlað. Þær niðurstöðutölur sem þar munu birtast eru hrein og klár ávísun á upplausn og erfiðleika á komandi fjárhagsári. Ég vil ekki vera þátttakandi í slíku þó að ég fagni í sjálfu sér hverri krónu sem til viðbótar kemur til þessa rekstrar, þá er hér langt í frá nægilegt fjármagn á ferð og niðurstöðutölur engan veginn viðunandi. Á því tek ég enga ábyrgð og greiði ekki atkvæði.

[15:08]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að minna á að verið er að auka fjármagn til heilbrigðismála á þessu ári og næsta ári um 1 milljarð umfram það sem var lagt fram í fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. við 1. umr. Mér finnst rétt að minna á það hér og sérstaklega þegar menn ræða um að verið sé að leggja niður Kleifarvegsheimilið, þá er eingöngu verið að flytja stjórnina yfir á Dalbraut og það er samkomulagsatriði sem er búið að ræða um í nokkurn tíma og fullt samkomulag um. Ég minni á þetta um að auka fjármagn til heilbrigðismála og það er óeðlilegt að tala um lokanir fleiri deilda á sama tíma sem við erum að auka fjármagnið.

[15:09]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er að gerast ítrekað í atkvæðagreiðslunni þegar óskað er skýringa að þingmenn og í raun ráðherrar koma inn í umræðuna eða biðja um orðið eftir að

einn eða tveir hafa talað. Hér er greinilega haldið rangt á máli varðandi stjórn fundarins að þessu leyti. Það verður að tryggja að þeir sem ætla að skýra atkvæði sitt biðji um það þegar í upphafi þannig að ljóst sé hverjir ætla að gera það en hér verði ekki efnt til umræðna. Ég var að hugsa um að biðja um orðið á eftir hæstv. heilbrrh. til að láta reyna á þetta en þetta gengur að sjálfsögðu ekki. Þetta er gegn þingsköpum.

(**Forseti** (ÓE): Þetta er réttmæt athugasemd frá hv. þm. og forseti hvetur hv. þingmenn til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu en hefja ekki umræðu að nýju um mál sem umræðu er lokið um.)

Brtt. 481,7.b–d felld með 37:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

6 þm. (ÁJ, DO, GHelg, HÁs, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 503 felld með 36:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

6 þm. (ÁJ, DO, EOK, HÁs, JBH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 481,8.a felld með 37:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GHelg, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ.

**nei:** EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, VH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, ÓE.

4 þm. (DO, HÁs, JBH, ÁJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:12]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Í öllum gögnum sem hafa borist til fjárln. liggur fyrir að gífurlegur vandi blasir við hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Uppsafnaður halli fyrri ára er um 700 millj. og það vantar til sjúkrahúsanna í Reykjavík um 900 millj. til rekstrar á næsta ári. Ég skora á ykkur, ágætu þingmenn stjórnarmeirihlutans: Styðjið þið þessa tillögu. Þá gerið þið vel. Ef þið farið gegn henni eins og er þegar byrjað að koma í ljós eruð þið að skerða möguleika til að halda við heilbrigðiskerfinu eins og nauðsynlegt er. Annars blasa við lokanir samkvæmt öllum gögnum. Þingmaðurinn segir já.

[15:14]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Flestir þingmenn sem töluðu í umræðunni í gær og langt fram á nótt viðurkenndu að Sjúkrahús Reykjavíkur hefði farið sérstaklega illa út úr fjárveitingum liðinna ára, verst allra sjúkrahúsa á landinu. Samt segja þessir sömu þingmenn nei við tillögunni. Ég segi að sjálfsögðu já.

[15:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég dreg það satt að segja mjög í efa að þingmenn geri sér almennt ljóst hvað hér er að gerast. Hér á að taka ákvörðun um að loka 100 rúmum á Borgarspítalanum frá og með næstu áramótum. Verið er að taka ákvörðun um að segja upp 200 starfsmönnum Borgarspítalans. Gera menn sér ljóst að þetta er nákvæmlega svona? Þeir sem telja að þeir geti sloppið með eitthvað annað eru að gefa í skyn að þeir ætli að reyna að knýja fram aukafjárveitingu á næsta ári fyrir Borgarspítalann upp á hálfan til heilan milljarð króna. Augljóst er að í tillögunni eins og hún liggur fyrir frá ríkisstjórninni mun Borgarspítalinn að verulegu leyti þurfa að draga niður sína starfsemi og loka. Ég lýsi ábyrgð á hendur stjórarflokkunum í þessu efni um leið og ég styð þá tillögu sem hér liggur fyrir og segi já.

[15:17]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Við umræður um þetta mál í gær komu fram tvær mjög mikilvægar yfirlýsingar frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln. Hann lýsti því ítrekað yfir að hann gerði sér grein fyrir að vandi sjúkrahússins væri mjög mikill og jafnframt því að nauðsynlegt yrði að taka á þeim vanda þegar ákveðinni skoðun yrði lokið í byrjun næsta árs. Þetta er mjög mikilvægt.

Eigi að síður blasir við að ef ekki koma meiri peningar til spítalans núna á allra næstu vikum, þá á yfirstjórn spítalans engra kosta völ annarra en grípa til uppsagna. Þar með liggur fyrir að segja þarf upp 200 manns. Ég segi því já við þessari tillögu en undirstrika að þær uppsagnir verða á ábyrgð hæstv. heilbrrh.

[15:18]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Vandi Sjúkrahúss Reykjavíkur er stærsti vandinn í heilbrigðismálum okkar. Herra forseti. Ég skora á hv. þingmenn að samþykkja þessa tillögu. Þótt hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., hafi talað um það í umræðunni í gær að tekið yrði að einhverju leyti á þessum vanda og menn geri sér grein fyrir honum, þá dugar þetta ekki til. 100 af 500 sjúkrarúmum spítalans verður lokað nú eftir áramótin og ársverkum fækkað um 200 ef ekki verður samþykkt viðbótarfjárveiting. Kröftugustu pottasleikjar duga ekki. Þó allir pottar ráðherrans færu til Sjúkrahúss Reykjavíkur, þá dygði það ekki til þess að bæta ástandið. Við verðum að leggja til viðbótarfjárveitingu. Ég segi já.

Brtt. 463,57 samþ. með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH, LB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:20]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Þó að meðferðarheimilið við Kleifarveg flytjist til Dalbrautar tel ég ekki ástæðu til að lækka framlög til Sjúkrahúss Reykjavíkur og segi því að sjálfsögðu nei.

[15:20]

**Gísli S. Einarsson:**

Hávirðulegur forseti. Svo ég geri grein fyrir því sem er að gerast í þinginu tel ég rétt að leggja áherslu á að átakspunktarnir liggja í heilbrigðismálunum sem við ræðum nú. Þar er stríðið milli virðulegra þingmanna og ég vil árétta að átakspunktarnir eru þarna. Ég segi nei við tillögu um að skerða framlög til þessa vistheimilis um 25 millj. þó svo það sé fært á milli stofnana.

[15:21]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa það í huga sem kemur mjög glöggt fram í þessari atkvæðagreiðslu að skurðpunktur átakanna í tengslum við þessa fjárlagaafgreiðslu liggur í heilbrigðismálunum. Það er nauðsynlegt að láta það koma skýrt fram og ég vil taka undir það sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði í þessum efnum.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri, herra forseti, til þess að mótmæla sérstaklega því sem hæstv. heilbrrh. sagði hér áðan um raunaukningu til heilbrigðismála upp á einn milljarð kr. á tveimur árum. Það er rangt. Staðreyndin er sú að framlögin til heilbrigðismála á þessu og næsta ári eru lægri en þau hafa nokkru sinni verið hvernig sem það er mælt í 5 eða 10 ár. Það er veruleikinn, herra forseti.

Brtt. 481,8.b–d felld með 34:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, EOK, FI, HÁs, JBH, LB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 463,58 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, DO, HÁs, JBH) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:23]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir því að veita á næsta ári 300 millj. kr. til að koma til móts við þann vanda sem um er að ræða hjá sjúkrahúsum í landinu. Hvað varðar Reykjavíkursjúkrahúsin ein er þessi vandi um 900 millj. kr. og sá vandi er viðurkenndur. Meiri hlutinn hefur ekki sýnt fram á að það séu rangar tölur. Því er augljóst að um er að ræða fjárhæðir sem eru fjarri öllu lagi og duga engan veginn hvorki til að taka á vanda sjúkrahúsa í Reykjavík né annars staðar í landinu. Talan er fráleit.

Í öðru lagi eru vinnubrögðin við þetta mál fyrir neðan allar hellur. Ég tel að með þessum vinnubrögðum sé meiri hluti fjárln. að lýsa vantrausti á heilbrrn. og ég tel í raun að þar sé óeðlilega að hlutunum staðið. Ég greiði því ekki atkvæði um þessa tillögu eins og hún lítur út hér.

[15:24]

***Kristín Halldórsdóttir:***

Herra forseti. Meiri hlutinn hefur fellt allar hinar raunsæju og vel rökstuddu tillögur minni hlutans um hækkun framlaga til sjúkrahúsanna. En hér kemur einn potturinn eins og nú er siður í ráðuneytinu. Með tilliti til vandans sem við er að fást er þessi tillaga satt að segja eins og upp í nös á ketti og þó segja megi að allt sé betra en ekkert, þá kýs ég að sitja hjá.

[15:25]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka þátt í þeirri grautargerð sem hér er í staðið. Ljóst er að þeir fjármunir sem hér er ráðstafað í tiltekinn pott eru engan veginn nægilegir. Á hinn bóginn er þetta ávísun á baráttu milli hjúkrunarstofnana og sjúkrahúsa vítt og breitt um landið um þær fáu krónur sem til ráðstöfunar eru. Verklagið er mér ekki að skapi. Vandinn liggur algerlega ljós fyrir og hv. þingmönnum er ekkert að vanbúnaði að taka ákvarðanir um hvert þessir fjármunir eigi að renna og í hve miklum mæli. Það á ekki að vísa til stýrinefndar eða einhverrar sérnefndar ráðuneytisins. Ég vil ekki að þessi vinnubrögð séu ástunduð.

[15:26]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að hafa þessar 300 millj. óskiptar vegna þess hve mikilvægt er að fara með framkvæmdastjórum þessara sjúkrahúsa í það hvernig haga skal málum til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að hafa þessar 300 millj. kr. óskiptar. Ég segi já og það mun koma fram að þessar 300 millj. munu nýtast og við munum sýna fram á að með meiri samvinnu sjúkrahúsanna náum við árangri.

[15:27]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Stofnun stýrinefndarinnar felur í sér að Sjálfstfl. hefur fengið því framgengt að búið er að taka út úr heilbrrn. mótun stefnu um sjúkrahúsamál framtíðarinnar. Eins og staðan er held ég að það sé jákvætt. Ég held að það sé farsælt. Eigi að síður nægja þær 300 millj. sem fylgja þessari aðgerð engan veginn til að leysa þennan vanda. Ég leggst ekki gegn þeim en get heldur ekki stutt hversu skammt ríkisstjórnin stígur.

Brtt. 481,9 felld með 34:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, LMR, MF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 463,59 og sérst. yfirlit II,15 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 486 felld með 34:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, LMR, MF, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:29]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að afgreiða tillögu um 17 millj. aukaframlag til vímuefnavarna. Við höfum talað fyrir því að auka hlutverk heilsugæslustöðva í þessum efnum og leitast sé við að finna börn og ungmenni sem eiga við áfengis- og vímuvanda að stríða. Fræðsla skal taka mið af sérstökum hópum t.d. ungmennum sem horfið hafa frá skyldunámi, foreldrum og forráðamönnum barna og unglinga, barnshafandi konum, stjórnendum farartækja o.s.frv. Við mælumst til að það sé sameiginlegt hlutverk aðila heima í héraði. Mikilvægt er að taka á þessum málum, mjög mikilvægt að unnið sé að þeim á heimaslóð. Ég treysti því að þessi tillaga fái stuðning.

Brtt. 463,60–61 og sérst. yfirlit II,16 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, DO, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, JBH, MF, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:30]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er af því að ég veit að hæstv. forseta er annt um hvernig menn afgreiða tillögur, þá vildi ég áður en þessi tillaga er afgreidd benda honum á að liðurinn hljóðar svo:

„Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Við 1.58 Vistun áfengis- og vímuefna sjúklinga."

Það mætti halda að hérna væri verið að gera ráð fyrir vistun áfengis og vímuefna sem sjúklingar eiga en ekki vistun áfengis- og vímuefnasjúklinga. Ég vildi biðja virðulegan forseta að leiðrétta þetta því að þetta er svona heldur ankannalegt orðalag.

(**Forseti** (ÓE): Tillagan gengur út á að breyta þessu, ef hv. þm. hefur yfirsést það. „Liðurinn orðast svo: 1.58 Krýsuvíkurskóli." Það er verið að leiðrétta þetta með tillögunni.)

Brtt. 505 felld með 34:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, MF, RG, SP, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 491 felld með 35:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, LB, MF, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það vantar tilfinnanlega hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Reykjavík. Ef við miðum við rými á landinu öllu þá eru í Reykjavík 10 hjúkrunarrými fyrir hverja 100 íbúa yfir 70 ára. Til samanburðar eru þau 25 á hverja 100 íbúa yfir sjötugt á Suðurlandi og 23 á Vesturlandi. Það eru á fjórða hundrað sem bíða eftir húkrunarrýmum. Þetta er nauðsynlegt úrræði til að geta hagrætt á sjúkrahúsunum stóru í Reykjavík. Við leggjum hér til 30 millj. til þess að taka á þeim mikla vanda sem ríkir í hjúkrunarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi já.

Brtt. 463,62–66 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 477 felld með 34:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, FI, GÁ, HÁs, JBH, LB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:35]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Formaður fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, hefur í fjölmiðlum gert lítið úr þeim hugmyndum stjórnarandstöðunnar að sækja meiri tekjur í ríkissjóð með betri og virkari innheimtuaðgerðum, að slíkir peningar væru sýnd veiði en ekki gefin. En hið sama á auðvitað við um allar þær tekjur sem ríkissjóður ætlar sér að ná á næsta ári. Það er ekki króna komin í kassann og hæstv. fjmrh. treystir sér ekki einu sinni til að segja okkur hversu margar þær muni verða. En þær koma auðvitað ef viðeigandi aðferðum er beitt.

Hið sama á við um skattsvikin og neðanjarðarhagkerfið. Til þess næst ekki ef menn ekki reyna. Okkur er full alvara og leggjum því til aukið fjármagn til embættis skattrannsóknarstjóra. Um það snýst þessi tillaga. Ég segi já.

Brtt. 463,67–74 og sérst. yfirlit II,17 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁJ, DO, FI, GÁ, HÁs, JBH, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:36]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Í sérstöku yfirliti II er liður sem ber heitið Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Ég styð þessa styrki til vetrarsamgangna og vöruflutninga en ég vil að það komi fram hér að það þurfi að bæta vinnubrögðin í að úthluta þessum styrkjum. Ég tel óeðlilegt að ákveðnir staðir séu fastir áskrifendur að fjárlögum. Það er lágmark að þessir styrkir séu auglýstir og síðan verði með umsóknum gerð grein fyrir því hvernig fjárveitingar frá fyrra ári hafa verið nýttar. Í þessu tilfelli er verið að veita fé á yfir 37 staði styrki en það komu aðeins sjö umsóknir. Þetta var til umræðu í nefndinni og menn voru á því að það þyrfti að bæta vinnubrögðin við þetta. Ég vil geta þess hér að ég tel nauðsynlegt að svona styrkir séu auglýstir áður en úthlutanir fara fram. En ég styð þetta engu að síður að þessu sinni.

Brtt. 506,2 kölluð aftur.

Brtt. 463,75 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 488 felld með 35:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

7 þm. (ÁJ, DO, GÁ, GGuðbj, HÁs, JBH, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:39]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þessi tillaga er borin fram af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og mér og gengur út á það að varið verði fé á fjárlögum á næsta ári, 23 millj. kr., til undirbúnings tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Við teljum brýnt að mörkuð verði við þessa fjárlagagerð skýr afstaða þingsins og stuðningur gagnvart þessari brýnu og skynsamlegu framkvæmd.

[15:39]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um táknrænt framlag að ræða fyrst og síðast og reynir nú á, virðulegi forseti, hvort hv. þm. margir hverjir geti staðið við hin stóru orð í gegnum árin eða hvort þau séu aðeins gaspur á hátíðarstundum. Ég segi vitaskuld já.

Brtt. 487 felld með 35:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

7 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:40]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta er tillaga um að til viðbótar komi 65 millj. kr. fjárveiting vegna tvöföldunar einbreiðra brúa. Á þessum fjárlögum rennur einn milljarður og 64 millj. af mörkuðum tekjustofnum til vegamála beint í ríkissjóð aftur. Skattar af ökutækjum og eldsneyti eru miklir hér á landi og við teljum eðlilegt að þessar fjárveitingar fari til þess sem þær eru ætlaðar. Á hringveginum eru enn þá 116 einbreiðar brýr. Þetta eru skelfilegir slysavaldar og slysagildrur um vegakerfið okkar og fjölmargar einbreiðar brýr eru einnig á tengivegum við hringveginn. Við teljum að það þurfi að flýta því að tvöfalda þessar brýr og leggjum þess vegna fram þessa brtt. Ég segi já.

Brtt. 481,10 felld með 35:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GHelg, GE.

**nei:** GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, VH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, ÓE.

6 þm. (GÁ, HÁs, JBH, ÞorstP, ÁJ, DO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:42]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er lagt til að náð verði til baka þeirri skerðingu sem er að finna í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Í áliti samgn. sem umbeðið var af hálfu fjárln. var samgn. einhuga, stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, um að lýsa óánægju sinni með þessa skerðingu. Ég mun vitaskuld eins og aðrir fylgjast grannt með því hvort þeir hv. samgöngunefndarmenn sem skrifuðu undir þetta fskj. með tillögu meiri hlutans þar sem sérstakri óánægju er lýst með þennan niðurskurð, ætli að vera samvisku sinni trúir þegar kemur að þessari atkvæðagreiðslu eða hvort þeir ætli að láta kúska sig og beygja. Ég segi vitaskuld já.

[15:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við þingmenn í kjördæmum fáum það hlutverk að setjast niður og skoða hvernig best sé varið vegafé hverju sinni. Okkar kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, hefur það verkefni að sjá til þess að allir höfuðborgarbúar komist út úr höfuðborginni og allir sem á þurfa að halda komist skikkanlega á flugvöllinn.

Við höfum haft áhyggjur af því að ýmislegt sem þarf að gerast í okkar kjördæmi t.d. verði ekki gert nema með sérstöku fjármagni vegna þess hve vegafé er takmarkað. Auðvitað hefur ekki fengist sérstakt fjármagn en nú gerist það líka að svo stórfelld skerðing er á vegafé að hefðbundin verkefni nást varla, hvað þá heldur að hægt sé að horfa til framtíðar og gera eitthvað í framtíðinni í brýnum málum. Það er ekki að undra að tillögur okkar hér áðan um undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar væri felld. En ég hef áhyggjur af því, virðulegi forseti, hvernig horfir í samgöngumálum með því hugarfari sem ríkir hjá ríkisstjórninni. Ég segi já.

[15:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á það að Vegasjóður haldi sínum mörkuðu tekjum, hann haldi sinni hlutdeild í þeim tekjum sem skattar, aðflutningsgjöld, þungaskattur og bensíngjöld af umferðinni gefa. En nú bregður svo undarlega við í miðju góðærinu að það á að skerða þessar tekjur um meira en 1 milljarð króna. Þetta er auðvitað ofboðsleg niðurstaða. Hún er ofboðsleg vegna þess að það er mikil og hrópandi þörf á þessar framkvæmdir um allt land og einnig hér á höfuðborgarsvæðinu og hún er einnig ekki síst svakaleg meðferð á hæstv. samgrh. Hún er eins og pólitísk minningarathöfn um feril hæstv. samgrh., þessi hrikalega niðurstaða að hæstv. ráðherra skuli sjá á eftir sínum málaflokki svona grátt leiknum hér í afgreiðslu fjárlagafrv.

Það er algjörlega óhjákvæmilegt að það fáist fram einhver úrlausn í þessum efnum, herra forseti, ef vegáætlun á næsta ári á að geta orðið þannig að nokkur leið verði að una við það og eðlilegt og sjálfsagt er að samþykkja þessa tillögu um að Vegasjóður haldi sínum hlut í skatttekjum af umferðinni. Ég segi já.

[15:48]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Eins og komið hefur fram þá eru hér markaðir tekjustofnar til vegamála sem lagt er til að haldist. Það hefur verið niðurskurður á vegáætlun ár hvert undanfarið. Nú er langtímaáætlun til umræðu í stjórnarflokkunum eftir því sem maður heyrir í fréttum. Hver ætli trúi slíkum áætlunum þegar svona er staðið að verki meðan góðæri ríkir hér í efnahagsmálum. Ástandið er víða slæmt eins og hefur komið fram, t.d. fjöldi einbreiðra brúa. Ástandið er mjög erfitt á þéttbýlissvæðunum samanber Reykjanesbrautina, Sundabrautina, Gullinbrú og fleira. Ég styð heils hugar að vegamálin fái sína mörkuðu tekjustofna. Ég segi já.

[15:50]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Á borðum hv. þingmanna liggja tugir breytingartillagna frá stjórnarandstöðunni við fjárlagafrv. Þessar tillögur eiga það allar sammerkt að þar eru lögð til aukin ríkisútgjöld á næsta ári, samtals upp á um það bil 3 milljarða kr. Auðvitað væri gaman að geta samþykkt þessar tillögur sem flestar fjalla um hin ágætustu mál svo sem það mál sem hér er til afgreiðslu. En yrðu þessar tillögur samþykktar mundi það leiða til þess að ríkissjóður yrði rekinn með milljarða halla á næsta ári. Að því vil ég ekki standa og greiði því atkvæði gegn þessari tillögu sem og öðrum brtt. vinstri flokkanna.

Brtt. 463,76 og sérst. yfirlit II,18–20, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 489 felld með 34:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, IP, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:52]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er gerð tillaga um að skila til baka þeim 60 millj. sem teknar eru út úr flugmálaáætlun til uppbyggingar flugvalla vítt og breitt um landið. Þeim 60 millj. er samkvæmt tillögum stjórnarliða varið til þess að greiða að hluta skuldahítina í Leifsstöð. Það er engan veginn viðunandi að framkvæmdafé til flugvalla fari til þeirra hluta, enda aldrei ráðgert. Hér er með öðrum orðum þessi kúrs leiðréttur og það sérstaklega eyrnamerkt að það bráða og brýna verkefni sem eru endurbætur á flugvellinum í Reykjavík geti hafist strax á næsta áro. Ég segi því já.

[15:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli hafa dregist úr hömlu. Áætlunum um framkvæmdir þar hefur verið frestað aftur og aftur. Nú er verið að taka af framkvæmdafé til flugvalla til þess að borga skuldir Leifsstöðvar. Við teljum að sjálfsögðu að borga eigi þær skuldir en það á ekki að taka það af framkvæmdafé flugvallanna.

Á Reykjavíkurflugvelli er ófremdarástand. Erlendir flugmenn eru farnir að sniðganga flugvöllinn. Við fáum ítrekað bréf frá landsbyggðinni um að það verði ráðist í að laga flugvöllinn þannig að hann verði öruggur. Þarna er um slysagildru að ræða. Við viljum að tekið verði á málefnum Reykjavíkurflugvallar fljótt. Ég segi já.

Brtt. 463,77 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 504 felld með 33:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, EKG*, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, IP, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 463,78–79 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

3 þm. (ÁE, ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, IP, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 478 kölluð aftur.

Brtt. 463,80–81 og sérst. yfirlit II,21 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 506,3 kölluð aftur.

Brtt. 463,82 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 506,4 felld með 33:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.
9 þm. (ÁJ, DO, FI, GÁ, HÁs, JBH, MS, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 506,5 felld með 35:19 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.
2 þm. (GÁS, MF) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:57]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðlegur forseti. Hollustuvernd ríkisins er sú stofnun á Íslandi sem á að vakta og fylgjast með mengun í landinu. Þessi stofnun hefur verið um árabil í fjársvelti og tillögur frá stofnuninni námu óskum um 61 millj. kr. á sl. vori við undirbúning fjárlagagerðar. Þessari stofnun er jafnframt ætlað að fylgjast með alþjóðasamningum og skuldbindingum Íslands m.a. vegna EES-samningsins. Þar standa spjótin á íslenskum stjórnvöldum vegna vanefnda, sumpart vegna þess að stofnunin fær ekki annað sínum verkefnum. Ég tel hér um mjög brýna tillögu að ræða.

Brtt. 463,83–88 samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 463, sérst. yfirlit I samþ. með 55 shlj. atkv.

Liður 01-190 1.15 samþ. með 34:13 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.
**nei:** GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
8 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Sá liður sem við höfum óskað eftir sérstakri atkvæðagreiðslu um í fjárlagafrv. er liðurinn 1.15 undir Ýmis verkefni forsætisráðuneytisins. Þar á að verja 15 millj. kr. til að halda áfram einkavæðingartrúboði hæstv. ríkisstjórnar. Eins og fram hefur komið á undanförnum mánuðum hafa þessir fjármunir aðallega farið í áróðursstarfsemi. Þeir hafa farið í veisluhöld í Perlunni og þeir hafa farið í að gefa út ákaflega skrautlega og vandaða bæklinga til áróðurs í þessu efni, í svo hörðum kápum að það mætti rota með þeim mann. Við sjáum ekki, herra forseti, að ástæða sé til að verja peningum í þetta trúboð. Við teljum að frjálshyggjan geti borgað fyrir sig sjálf og ástæðulaust sé að ráðstafa skattpeningum almennings með þessum ósmekklega hætti sem þarna hefur verið gert. Við erum þess fullvissir að menn geta fundið skynsamleg not fyrir þessar 15 millj. kr. sem þarna er auðveldlega hægt að spara. Þetta er þannig einnig af okkar hálfu ákveðið framlag til þess að fjármunir finnist innan ramma fjárlaganna til þess að sinna þörfum málefnum.

[16:03]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég man ekki eftir neinum fjárlögum í tíð þessar ríkisstjórnar að ekki væru ætlaðar milljónir á milljónir ofan til þess að standa straum af kostnaði við einkavæðingarsveit ríkisstjórnarinnar. Núna eru það 15 millj. og eflaust verða það fleiri milljónir eða milljónatugir í næstu fjáraukalögum og síðan fjárlögum og þannig mun það ganga áfram á meðan þjóðin situr uppi með þessa ríkisstjórn. Auðvitað má til sanns vegar færa að þörf er á þessum peningum til að standa straum af þóknunum og öllum veisluhöldunum, nú síðast dýrindis boði í Perlunni. Þar var heiðursgestur Vaclav Klaus, sá hinn sami og undanfarna daga hefur verið á forsíðum heimsblaðanna í tengslum við spillingu. Og hver var sú spilling? Að sjálfsögðu einkavæðing. Það kemur að sjálfsögðu að því að menn þurfa að greiða fyrir mistökin og menn þurfa að greiða fyrir öll veisluhöldin því að það er alveg rétt hjá hugmyndafræðingi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hugmyndafræðingi ráðherranna sem hér sitja að hádegisverðurinn er aldrei ókeypis. (Forseti hringir.) Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson sá ástæðu til að skrifa heila bók um efnið. Það sem verst er er að skattborgarinn verður að greiða fyrir þetta nauðugur viljugur og við erum að reyna að koma í veg fyrir að hann þurfi þess.

Liður 07-272 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við hafa framlög til Byggingarsjóðs verkamanna verið skert um hundruð millj. kr. Fyrir liggur álit Ríkisendurskoðunar um að svo mikil skerðing á framlögum stefni Byggingarsjóði verkamanna beint í gjaldþrot. Í áliti meiri hluta félmn. til fjárln. er tekið undir þetta álit Ríkisendurskoðunar en þar segir:

„Meiri hluti nefndarinnar bendir á að fram hafi komið að verði ekki gripið til ráðstafana stefnir í þrot sjóðsins."

Því verður fróðlegt að sjá hvernig stjórnarliðar í félmn. greiða nú atkvæði. Ríkisstjórnin og stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á því gjaldþroti sjóðsins sem að óbreyttu blasir við. Ég greiði ekki atkvæði.

Liður 07-795 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Á tveimur árum hefur ríkisstjórnin skert lögbundin framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um hátt í 500 millj. kr. Hér er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur en það eru hefðbundin vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar. Stjórnarandstæðingar munu flytja breytingartillögur við fjárlagafrv. um að snúa þessari þróun við þannig að hagur sjóðsins og þar með fatlaðra verði tryggður eins og lög gera ráð fyrir. Stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á þessari skerðingu á lögbundnu framlagi til sjóðsins. Ég greiði ekki atkvæði.

[16:07]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Sú breyting hefur orðið að nú er Framkvæmdasjóði fatlaðra einungis varið til framkvæmda eða næstum einungis en áður var verulegu fé úr Framkvæmdasjóði varið til rekstrar. En það sem máli skiptir í þessu efni er það að miðað við framlög fjárlaga þessa árs, þ.e. 1997 hækka framlög til málefna fatlaðra um 409 millj. eða um 17,6% frá árinu sem er að líða til næsta árs. Af þessum 409 millj. eru 184 millj. hrein aukning vegna nýrrar starfsemi eða sem svarar 7,9% raunaukning á milli ára.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 og 4 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta og fjármál lánastofnana í C-hluta) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

**nei:** GE*.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, EgJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GuðjG, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, RG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Við þessa grein við fjárlagasamþykktina var í fyrra lögð ofuráhersla á að fá heimild til að selja Sementsverksmiðjuna. Þar ætlaði hæstv. fjmrh. að ná sér í nokkur hundruð millj. Eftir yfirferð á því máli hefur komið í ljós að ef af sölu verður, þá er um 115 millj. að ræða hugsanlega

sem ríkissjóður gæti fengið í sinn hlut vegna þessa verkefnis. Ég vek athygli hv. þm. á þessu máli vegna þess að það er engin akkur í þeim möguleika að selja þetta fyrirtæki og það er ekki eftir nokkru að slægjast hjá ríkissjóði að fara í þá einkavæðingu sem þarna er fyrirhuguð.

Séryfirlit 1–3 (málaflokkar gjalda í A-hluta, hagræn skipting gjalda í A-hluta 1998 og markaðar tekjur og lögbundin framlög 1998) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, DO, GuðjG, GÁ, HÁs, ÍGP, JBH, RG, SighB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:13]

[16:32]

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlit með raforkuvirkjum, 305. mál, svar viðskrh., þskj. 440.

Háskólar, 165. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 528; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 529.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 249. mál, brtt. PHB og GMS, þskj. 525, 526, 527.

Stjórn fiskveiða, 303. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 524.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 302. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 523.

## *Fæðingarorlof, 1. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 443.

[16:33]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof. Frv. felur í sér það nýmæli að feðrum verði veittur tveggja vikna sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs, þ.e. án þess að réttur móður skerðist að sama skapi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Frv. kveður á um breytingar á tvennum lögum: Annars vegar lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, og hins vegar lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Rétt er að undirstrika þegar í upphafi að auk réttar til greiðslna í fæðingarorlofi hér á landi á grundvelli framangreindra laga gilda sérstakar reglur um opinbera starfsmenn og starfsmenn banka. Reglur varðandi þá hópa byggjast auk lagafyrirmæla á ákvæðum í reglugerð, reglum og kjarasamningum. Löggjöf um rétt til fæðingarorlofs hér á landi hefur eðli málsins samkvæmt tekið stakkaskiptum frá því að lög voru fyrst sett á þessu sviði og lögin hafa breyst verulega á undanförnum 10 árum. Á því tímabili hefur fæðingarorlof verið lengt úr þremur mánuðum í sex mánuði, aukinn hefur verið réttur foreldra sem ættleiða börn og taka börn í fóstur og réttur vegna fjölbura- og fyrirburafæðinga, réttur vegna veikinda barna og í þeim tilvikum er barn fæðist andvana eða fósturlát verður.

Í frv. þessu er lagt til að stigið verði enn eitt skref til að bæta réttarstöðu barna og foreldra þeirra. Um er að ræða mikilvægt skref í jafnréttisátt og skref sem er í takt við þróun sem á sér stað í þjóðfélagi okkar og víða um heim.

Það er mér sérstakt ánægjuefni að fylgja slíku máli úr hlaði. Samþykktar hafa verið reglur sem tryggja feðrum sem eru opinberir starfsmenn tveggja vikna fæðingarorlof samkvæmt nánari tilteknum skilyrðum. Þær reglur koma til framkvæmda 1. jan. nk. og er því sjálfsagt réttlætismál að tryggja rétt annarra feðra og fjölskyldna þeirra að þessu leyti, þ.e. þeirra sem ekki teljast til opinberra starfsmanna. Enn mikilvægara er þó að leggja áherslu á að með breytingunni er börnum tryggður réttur til samvista við föður sinn. Fyrir liggur að góð tengslamyndun við foreldra á fyrstu æviárum er eitt mikilvægasta veganesti bæði fyrir börn og foreldra. Þetta er því mikilvægt skref í þá átt að hlúa betur að fjölskyldunni sem í nútímaþjóðfélagi gefst allt of sjaldan tækifæri til að vera samvistum á heimilum sínum.

Frv. gerir sem fyrr segir ráð fyrir sjálfstæðum rétt feðra til fæðingarorlofs í samtals tvær vikur. Fæðingarorlofið má taka hvenær sem er á fyrstu átta vikum eftir fæðingu eða heimkomu barns. Með heimkomu barns er bæði átt við heimkomu barns af fæðingarstofnun og heimkomu bars sem er ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur. Mikilvægt þykir að binda töku fæðingarorlofs við fyrstu vikurnar sem barnið er á heimilinu, m.a. vegna þess að mikilvægt er að sem fyrst myndist góð tengsl milli föður og barns. Um er að ræða sjálfstæðan rétt föður þannig að notfæri hann sér ekki réttinn fellur hann niður. Hann getur ekki fært yfir til móður til lengingar fæðingarorlofs hennar.

Réttur til fæðingarorlofs er háður því að faðir sé í hjúskap eða skráðri sambúð með móður barnsins við upphaf töku fæðingarorlofs, enda er erfitt að tryggja að faðir sem ekki er í hjúskap eða sambúð með móður geti nýtt sér fæðingarorlofstíma til samvista við barnið.

Greiðslur til feðra eru samkvæmt frv. þessu hlutfallslega þær sömu og til mæðra sem fá fæðingarorlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna breytinganna verði um 100 millj. kr. miðað við að 90–95% karlmanna nýti sér tveggna vikna fæðingarorlof og fái fulla greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir því að greiðslur á grundvelli ákvæða frv. verði fjármagnaðar með hækkun tryggingagjalds eins og fram kemur í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég hef nú stiklað á þeim meginatriðum sem í frv. felast. Þetta er í sjálfu sér einföld breyting þótt hún sé mikivæg og ég tel því ekki ástæðu til að lengja frekar mál mitt.

Ég vænti þess að frv. þetta hljóti jákvæðar undirtektir og verði afgreitt þannig að það geti komið til framkvæmda þegar í upphafi næsta árs og þannig verði tryggður réttur allra feðra að þessu leyti en ekki einungis réttur opinberra starfsmanna.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[16:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég fagna því frv. sem hæstv. heilbrrh. mælir fyrir um rétt feðra til fæðingarorlofs þó hér sé allt of skammt gengið eins og ég kom reyndar inn á í atkvæðaskýringu við fjárlagafrv. áðan. Það er svo að ég hygg að fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokka á þingi hafi flutt tillögur eða frumvörp er lúta að því að feðrum verði tryggt fæðingarorlof enda er það sanngjarnt réttlætismál.

Þótt feður hafi átt kost á að taka hluta af fæðingarorlofi móður þá eru einungis örfáir sem hafa nýtt sér það eða á bilinu 10–17 feður á ári. Þess vegna er þetta mál mjög brýnt en hér er allt of skammt gengið vegna þess að ég tel að hér sé á ferðinni kannski eitt stærsta jafnréttismál sem við fjöllum um, að gera feðrum fært að vera með börnum sínum. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir barnið heldur einnig til að breyta viðhorfum til jafnréttismála því að jafnrétti á heimilum hlýtur að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaðinum. Þess vegna erum við að fjalla um eitt stærsta jafnréttismálið.

Hæstv. ráðherra nefndi að áætlað væri að 90–95% karla gætu nýtt sér þetta fæðingarorlof og það kostaði um 100 millj. kr. Samkvæmt fjárlagatillögunum fær ráðherrann ekki nema 75 millj. kr. til þessa verkefnis þannig að ég geri ekki ráð fyrir að þetta kosti ekki nema 75 millj. kr. Engu að síður dreg ég í efa að svo margir muni nýta sér fæðingarorlofið þó þeir gjarnan vildu vegna þess að hér er um mismun að ræða gagnvart feðrum á almennum vinnumarkaði og feðrum hjá hinu opinbera. Hæstv. fjmrh. hefur nýlega breytt reglugerð sem tryggja á feðrum hjá hinu opinbera fæðingarorlof. Þeir fá óskert dagvinnulaun auk helmings af meðaltalsyfirvinnu og vaktaálagi greitt þannig að þeir hafa miklu meiri möguleika til að nýta sér þennan rétt en feður á almenna vinnumarkaðinum. Þó að þeir hafi nú með þessu frv. ef að lögum verður fengið sjálfstæðan rétt í tvær vikur, þá fá þeir einungis greiðslu sem nemur fæðingarorlofi sem greitt er af Tryggingastofnun ríkisins sem í tvær vikur væri sennilega um 30 þús. kr. Maður getur gert sér í hugarlund hvort faðir sem hefur margfalt meiri tekjur á vinnumarkaðinum hafi yfirleitt möguleika til að nýta sér þennan rétt. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er í bígerð að endurskoða í heild lögin um fæðingarorlof, þ.e. í þá veru að tryggja aukinn rétt til fæðingarorlofs, lengingu á fæðingarorlofi í 12 mánuði eins og liggur fyrir frv. sem hv. þm. Guðný Gubjörnsdóttir er 1. flm. að? Er eitthvað slíkt í undirbúningi af hálfu ráðherrans? Er endurskoðunarnefnd í gangi til þess að enduskoða lögin um fæðingarorlof? Þá er ég að tala um að lengja fæðingarorlof. Er fyrirhugað eitthvað breytt fyrirkomulag á fjármögnun fæðingarorlofs eins og er m.a. lagt til í frv. því sem ég nefndi áðan? Ég tel mjög brýnt að breyta fyrirkomulaginu á fjármögnun þannig að þetta komi úr sameiginlegum pottum sem atvinnurekendur greiða til þess að konur og karlar sem taka fæðingarorlof séu ekki sett í þá stöðu að það geti bitnað á vinnu þeirra eða stöðu ef þeir taka fæðingarorlof.

Ég nefndi áðan að vegna þess að hér er einungis um að ræða bætur almannatrygginga en ekki það að feður haldi sínum launum, þá gæti það leitt til þess í raun og sanni að ekki væru margir sem gætu nýtt sér þennan rétt. Annars staðar á Norðurlöndunum hafa feður hins vegar mikið nýtt sér þennan rétt og það kemur fram í frv. hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og fleiri að um 50–80% hafa nýtt sér réttinn og það er vegna þess að í flestum tilvikum halda þeir launum sínum eða verulegum hluta þeirra.

Mér finnst orðið tímabært að skilgreina fæðingarorlof. Fyrir hvað er það? Eru þetta bætur sem hið opinbera greiðir vegna fæðingar barns eða eigum við að líta á þetta sem ígildi taps á vinnulaunum? Ég held að við hljótum að líta á þetta sem ígildi vinnulauna eða taps á vinnulaunum sem á að bæta að fullu þannig að foreldrar geti verið hjá börnum sínum.

Ég nefni frv. sem hæstv. ráðherra kom inn á í máli sínu sem var samþykkt í fyrra þar var raunverulega viðurkennt með því að það beri að tryggja lengra fæðingarorlof vegna fjölburafæðinga, sjúkleika barns eða veikinda móður. Mig undrar nokkuð að hæstv. ráðherra hafi ekki litið á það atriði þegar hún undirbjó þetta frv. að þegar um er að ræða fjölburafæðingar verði föður gert kleift með sama hætti og móður var gert með lögunum í fyrra að vera lengur með barni sínu en þessar tvær vikur.

Ég hef ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni leyft mér að dreifa hér brtt. við þetta frv. sem lýtur að því að bæta ákveðnu ákvæði við frv. sem ég ætla að mæla fyrir við 2. umr. þessa máls. Þetta er kynnt við 1. umr. svo að nefndin sem fær þetta til skoðunar geti tekið það sérstaklega til athugunar að faðir eigi rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð ef um er að ræða fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Hér er alls ekki um mikil útgjöld að ræða, herra forseti. Ég hef leyft mér að kanna hve mikil útgjöld er um að ræða með því að fara í frv. hæstv. heilbrrh. frá síðasta þingi. Þar má sjá að þegar fjölburafæðingar, alvarlegur sjúkleiki barns eða veikindi móður eiga sér stað, þá hefur hún rétt til lengra fæðingarorlofs sem getur numið allt að 12 mánuðum. Í greinargerð með því frv. er yfirlit um tvíbura- og þríburafæðingar. Þær ná hámarki á árinu 1995. Hér er 10 ára tímabil tiltekið. Þar er um að ræða 81 tvíburafæðingu árið 1995 og tvær þríburafæðingar. Þegar það er skoðað og einnig metið að í vissu tilviki gæti barn reynst alvarlega sjúkt, þá mundi þetta í mesta lagi þýða um 3 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Þetta eru aðeins 3 millj. sem það kostar. Ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson teljum mjög brýnt að bæta við þessi ákvæði til að tryggja rétt föðurins þegar um er að ræða fjölburafæðingar. Faðirinn hefði þá rétt á lengra fæðingarorlofi, þ.e. einum mánuði í stað tveggja vikna. Og ég hygg að hæstv. ráðherra hafi yfirsést þetta við samningu þessa frv. og sé öll af vilja gerð til að bæta hér úr og muni ekki leggjast gegn því að þessu verði breytt í meðförum þingsins. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh. sérstaklega um afstöðu hennar til þess að bætt verði inn í frv. ákvæði til að tryggja aukinn rétt feðra til fæðingarorlofs þegar fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður ber að. Ég ítreka að hér er aðeins um að ræða 3 millj. kr.

Ég tel að það væri stuðningur fyrir því hér á þinginu og mun auðvitað skoða það við 3. umr. fjárlaga að breyting sem tryggir að 3 millj. kr. fari til viðbótar til Tryggingastofnunar ríkisins svo hægt sé að auka rétt feðra í þeim tilvikum sem ég hér nefndi.

Herra forseti. Ég harma mjög að hér áðan við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. skyldi felld tillaga um að feður hefðu rétt til eins mánaðar fæðingarorlofs sem ég tel algert lágmark. Tvær vikur er allt of stuttur tími og ég teldi það áfanga á réttri leið ef við værum að samþykkja hér eins mánaðar fæðingarorlof. Í stjórnarandstöðunni höfum við lagt til að feður hefðu þriggja mánaða fæðingarorlof.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja þetta frekar þó stórt mál sé á ferðinni og hægt að hafa um

langt mál. Ég ítreka spurningu mína til ráðherra um hvort það sé almenn endurskoðun í gangi á lögum um fæðingarorlof. Hvert er markmiðið með þeirri endurskoðun ef svo er? Megum við vænta þess að fram komi stjfrv. á þessu kjörtímabili sem tryggi lengri rétt til fæðingarorlofs heldur en sex mánuði og tveggja vikna fæðingarorlofs föður? Megum við vænta þess að fyrirkomulaginu á fjármögnun fæðingarorlofs verði breytt? Megum við vænta þess að reynt verði að samræma fæðingarorlof á almenna vinnumarkaðinum hinu opinbera þannig að foreldrum verði tryggð óskert laun í fæðingarorlofi?

Í lokin, herra forseti, ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra um afstöðu hennar til þeirrar tillögu sem ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson höfum hér lagt fram. Ég held það sé sjálfsögð og eðlileg og réttmæt breyting á því frv. sem við fjöllum hér um.

[16:50]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á 120. og 121. löggjafarþingi fluttu hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon till. til þál. um fæðingarorlof feðra. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns."

Ég hlýt því að lýsa yfir sérstakri ánægju okkar með að ríkisstjórnin hefur nú lagt fram frv. til laga sem er í fullu samræmi við þá þáltill. sem þarna var flutt. Þó ekki hafi verið vilji hjá meiri hluta Alþingis eða meiri hluta heilbr.- og trn. til að afgreiða tillöguna á sínum tíma þá flytur ríkisstjórnin nú samhljóða tillögu. Sama má sjá á öðru frv. sem er hér á dagskrá í dag. Kannski er það til þess að eigna sér heiður, ef í boði er, fyrir að flytja slík mál og fá þau samþykkt á hv. Alþingi.

Samt vakna ákveðnar spurningar. Á síðasta þingi samþykktum við breytingu á lagaákvæðinu um fæðingarorlof. Þar var m.a. heimild til föður til að fara í fæðingarorlof við upphaf ferðar þegar foreldri sækir barn til ættleiðingar.

Í frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram var þessi réttur bundinn móðurinni en í meðförum nefndarinnar var þessu breytt. Þá var ákvæðum í 3. og 7. gr. laganna breytt á þann hátt að ættleiðandi foreldri væri heimilt að hefja fæðingarorlof við upphaf ferðar þar sem sú staða gæti komið upp að ættleiðandi móðir kæmist ekki til að sækja barnið, t.d. vegna sjúkleika eins og segir í nefndaráliti heilbr.- og trn. við afgreiðslu þessa máls.

Ég hlýt að líta þannig á að þau ákvæði þessa frv. sem hér eru á ferðinni skerði ekki rétt föður til töku fæðingarorlofs jafnvel þó faðirinn sæki barn við ættleiðingu, einfaldlega vegna þess að í frumvarpstextanum segir mjög skýrt: „Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns." Hér segir eftir heimkomuna og ég vildi beina til hæstv. ráðherra hvort það er ekki fullkomlega rétt skilið að í þeim tilvikum sem faðir fer og sækir barn til ættleiðingar, þá eigi hann rétt á ákveðnum greiðslum. Þær greiðslur komi þá hugsanlega til frádráttar af heildarfæðingarorlofi móður eins og talað var um á síðasta þingi en hann geti engu að síður hafið töku fæðingarorlofs við heimkomu barnsins, sem sagt bætt við hálfum mánuði. Ég vil vita hvort þessi réttur hans sé skýr. Bæði í 1. gr. og síðan aftur í 4. gr. þessa frv. kemur fram að það sé eftir heimkomu. Ég vildi fá það alveg á hreint að þarna sé ekki um það að ræða að þurfi faðir að fara í langferð til þess að sækja barn, ferð sem getur tekið hugsanlega meira en hálfan mánuð, þá sé hann ekki búinn að eyða þeim rétti sem hér er lagt til að hann hafi.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra um önnur atriði sem heilbr.- og trn. lagði áherslu á að hæstv. ráðherra skoðaði sérstaklega. Þau koma fram í nefndaráliti þar sem segir:

„Þá mælist nefndin til þess að við endurskoðun reglugerðar um fæðingarorlof verði sérstaklega skoðuð tilvik eins og þegar stutt er á milli fæðingar barna vegna framlengds fæðingarorlofs eða fyrirburafæðinga með það fyrir augum að greiðslur skerðist ekki."

Mjög rík áhersla var lögð á að þessi þáttur yrði skoðaður af lögfræðingum heilbrrn. í vinnu nefndarinnar á síðasta þingi. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að sú endurskoðun hafi átt sér stað né að þeim reglum sem voru í gildi hafi verið breytt á nokkrun hátt. Í það minnsta hafa þeir sem sóttu þennan rétt sinn eftir síðustu áramót og fengu að mínu mati loforð um að tekið yrði á þessu, hafa ekki fengið neina leiðréttingu sinna mála.

En fyrst og fremst vil ég spyrja hæstv. ráðherra um þennan rétt feðra, hvort ekki er ótvírætt að þessi réttur sé eftir heimkomu barns og við ættleiðingu t.d. breyti engu þótt faðirinn fari og sæki barnið. Hefst taka fæðingarorlofs við upphaf ferðar eins og segir í nefndaráliti og lögunum eins og Alþingi gekk frá þeim á sínum tíma.

[16:57]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því að frv. því um breytingu á lagaákvæðum um fæðingarorlof sem hér er til umræðu, var breytt í þinginu fyrir nokkrum dögum. Fyrir meira en mánuði síðan dreifði sú sem hér stendur frv. hér í þinginu sem enn er ekki komið til 1. umr. Þetta er enn eitt dæmið sem sýnir mismuninn á framgöngu stjórnarþingmála hér í þinginu og þingmannamála. Frv. sem ég nefndi flytjum við kvennalistakonur ásamt fulltrúum úr stjórnarandstöðuflokkunum.

Samt sem áður vil ég fagna því litla hænufeti sem fram kemur í því frv. sem hér er til umræðu, um leið ég geri athugasemdir við þann hátt sem ríkisstjórnin hefur á. Tekið er eitt og eitt stutt skref í einu og í því sambandi vil ég minna á þær breytingar sem gerðar voru á vorþingi 1997 þegar smávægilegar lagfæringar voru gerðar á réttarstöðu fleirburaforeldra.

Frv. það sem hér er til umræðu er athyglisvert vegna þess að með því er verið að koma lagastoð undir fréttatilkynningu sem fjmrh. sendi frá sér fyrir nokkrum mánuðum. Svo virtist alla vega í fyrstu. Fjmrh. sagði með tilkynningu nr. 13/1997 að hann hygðist greiða tveggja vikna fæðingarorlof til feðra. (**JóhS:** Það var til opinberra starfsmanna. Þetta er almenni markaðurinn.) Þetta er almenni markaðurinn. Er það alveg óskylt? (**JóhS:** Já.) Ég vildi gjarnan spyrja heilbrrh. að því hvort þarna sé samband á milli því að ég taldi að þetta væri bæði fyrir almenna markaðinn og ríkisgeirann. Ég vil spyrja ráðherrann hvort það er misskilningur hjá mér. Það er gott að þetta á við almenna markaðinn, sé það alveg hrein viðbót. Þó er athyglisvert að þarna kemur fram sami mismunurinn á fjármögnun fæðingarorlofs ríkisstarfsmanna. Sú fjármögnun sem hér er lögð til er eingöngu fæðingarstyrkur og dagpeningar en samkvæmt tilkynningu ráðuneytisins var átt við full laun eins og ríkisstarfsmenn hafa. Þannig virðist ætlunin að halda þessum mismun áfram.

Þetta frv. og það sem hæstv. heilbrrh. kom með á síðasta þingi sýna mér að það er mjög mikilvægt að við stjórnarandstöðuþingmenn flytjum þingmál eins og t.d. um fæðingarorlof. Við kvennalistakonur höfum komið með mál hér allt frá 1983 um fæðingarorlof og á árunum 1983–1987 fluttu kvennalistakonur í þrígang frumvörp um að lengja fæðingarorlof úr þremur mánuðum í sex. Það fékkst ekki samþykkt. En árið 1987 samþykkti ríkisstjórnin hins vegar að lengja orlofið í sex mánuði. Síðan lögðum við kvennalistakonur á árunum 1990–1994 fram frumvörp um að lengja fæðingarorlofið í níu mánuði og núna síðast höfum við lagt til að það verði lengt í 12 mánuði. En engin slík áform hafa sést hjá ríkisstjórninni enn þá og fróðlegt verður að vita hvort von er á þeim.

Eins má benda á að árið 1993–1994 lagði Jóhanna Sigurðardóttir fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof þar sem m.a. átti að huga að rétti feðra og lengingu fæðingarorlofs í áföngum. Árin 1995 og 1996 lögðu Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon fram tillögu til þingsályktunar um tveggja vikna fæðinarorlof feðra á launum. Árið 1995 lagði sú sem hér stendur og fleiri kvennalistakonur fram tillögu til þingsályktunar um fæðingarorlof. Þar voru lagðar til verulegar breytingar á fæðingarorlofslögunum með eftirfarandi markmið í huga auk þess sem hér er lagt til að feður fái fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns. M.a. var mælst til þess að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði, að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði, að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali, að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu, að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri og aðrir, greiði í og að allir fái því jafnari greiðslur út úr honum sem samsvari launum á vinnumarkaði.

Það frv. sem við kvennalistakonur ásamt fleiri stjórnarandstöðuþingmönnum höfum nú lagt fram tekur á öllum þessum atriðum og það eru mikil vonbrigði að ekki skuli gerð nein tilraun hér til þess að stokka upp þessa fjármögnun því að það er alveg ljóst að það er grundvallaratriði að laun fólks séu ekki skert í fæðingarorlofi. Ég tel að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir feður og það verður mjög fróðlegt að athuga hve margir feður koma til með að nýta sér þetta tveggja vikna fæðingarorlof sem bundið er við fyrstu vikurnar í ævi barnsins sem er mjög gott mál svo langt sem það nær. En þetta kostar feður verulega launaskerðingu. Þetta þýðir að þeir verða á um það bil 60 þús. kr. mánaðarlaunum, u.þ.b. 30–40 þúsund fyrir þessar tvær vikur sem auðvitað er veruleg tekjuskerðing fyrir flesta feður á almennum vinnumarkaði. Ég tel að þetta kerfi gangi hreinlega ekki upp, allra síst ef það á að gefa feðrum raunverulega sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs umfram þessar tvær vikur, þá sýnir reynslan erlendis frá að feður taka eingöngu þetta orlof ef það er skilyrt við þá, þ.e. það falli niður nema þeir taki það sjálfir og þá hafa greiðslurnar veruleg áhrif á það hvort þeir nýta þennan rétt eða ekki. Það eru mér mikil vonbrigði að hér skuli tekið svona lítið skref. Það eru aðeins tvær vikur og það er engin uppstokkun á fjármögnuninni. Það mun áfram vera mismunun á milli launþega úti á almennum vinnumarkaði og ríkisstarfsmanna. En ég tel að fólk eigi að fá, eins og kemur fram í okkar frv., full laun í fæðingarorlofi.

Hæstv. forseti. Ég mun bíða með að ræða efnislega þetta mál þangað til frv. okkar kvennalistakvenna kemur til umræðu. Þetta frv. er eitt lítið skref og ég fagna því vissulega. Að lokum spyr ég hæstv. heilbrrh. hvort ekki standi til að gera róttækari breytingar á lögum um fæðingarorlof, breytingar í þá átt að lengja fæðingarorlofið, að veita feðrum a.m.k. þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og að stíga þau skref sem gera það mögulegt að fólk fái full laun í fæðingarorlofi.

[17:07]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Eins og aðrir sem hér hafa talað, þá fagna ég því að þetta frv. hefur komið fram frá hæstv. heilbrrh. Eins og rakið hefur verið hafa allir þingflokkar stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum léð þessu máli stuðning. Þingmenn allra þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram mál sem að þessu hníga á síðustu árum og loksins hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur núna hlýtt því kalli og lagt fram þetta frv. Það er auðvitað hægt að deila um það hvort þarna sé gengið nægilega langt. Eins og kom fram hjá hv. þm. þá telja sumir að æskilegt væri að stíga stærra skref og menn ræða til að mynda um þrjá mánuði í því samhengi.

Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það. En ég vek samt sem áður athygli hv. þingmanna á því að hér er verið að brjóta ísinn. Þetta er áfangi og ég vek sérstaka athygli á því að karlanefnd Jafnréttisráðs hefur lagt fram stefnu í þessu máli. Þar er því lýst yfir að lágmarksáfangi sé að stofna sjálfstæðan tveggja vikna rétt feðra til fæðingarorlofs. Með þessu frv. er verið að fullnægja því og ég segi að á þessu stigi er það verulega mikilvægt.

Ég eins og fleiri er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að stofna slíkan rétt sjálfstætt fyrir feður. Eins og ég hef rakið í allmörgum ræðum sem tengjast þessum málum frá síðustu þingum, þá tel ég að þetta sé eitt það mikilvægasta sem við getum gert til að auka jafnstöðu kynjanna. Ég held að þegar feður, sérstaklega ungir feður, eru hvattir til þess að taka á þennan hátt virkan þátt í uppeldi barna sinna alveg frá fæðingu, þá skapi það öðruvísi og nýjan skilning hjá þeim. Það leiðir til þess, held ég, að þegar þeir byrja á því að taka þátt í uppeldi barna sinna svona um það bil alveg frá fæðingu, þá skapist öðruvísi tengsl milli þeirra og barnsins og þeir verða miklu fúsari til þess að taka að sér það uppeldishlutverk sem hefur í allt of ríkum mæli, þeim jafnvel til nokkurs skaða, legið á herðum móðurinnar.

Þeir ágallar sem kunna að vera á þessu frv. verða auðvitað til skoðunar í heilbr.- og trn. Á því er hins vegar sá ljóður að frv. sem hæstv. ráðherra leggur fram felur í sér dagsetninguna 1. janúar á næsta ári, þ.e. hæstv. ráðherra leggur á það mikla áherslu að frv. verði afgreitt á örfáum dögum í gegnum þingið. Það hefur komið fram hjá hv. þm. sem hafa tekið til máls að nauðsynlegt er að skoða ýmsa anga á þessu máli og því verð ég að segja að mjög knappur tími er til stefnu. Og þó að frv. sé hið besta þá verð ég að segja að mér finnst það æðislæmt verklag hjá hæstv. ráðherra að hafa ekki komið með þetta fram miklu fyrr.

Samt sem áður er ljóst að þetta er framfaraspor. Í 1. gr. frv. er í fyrsta skipti verið að stofna sjálfstæðan rétt feðra til að taka fæðingarorlof. Tvær vikur kunna að vera lítið skref en það er gegnumbrot í málinu.

Í öðru lagi felur frv. líka í sér ákveðna framför eins og kemur fram í 3. gr. þar sem er gert ráð fyrir miklu meiri

sveigjanleika í rétti föður til þess að taka fæðingarorlof. Áður var það þannig að foreldrar gátu skipt fæðingarorlofinu, en móðirin varð jafnan að taka fyrsta mánuðinn áður en faðir gat hafið töku slíks orlofs. Við í hv. heilbr.- og trn. breyttum þessu að vísu í einu sérstöku tilviki í fyrra þegar við gerðum ættleiðandi feðrum vegna sérstakra aðstæðna kleift að hefja töku fæðingarorlofs þegar þeir þurftu að ferðast til útlanda til þess að sækja börn. Þetta tel ég að hafi verið mikilvægt skref sem hv. heilbr.- og trn. steig í fyrra og nú hefur hæstv. ráðherra stigið enn lengra skref og raunverulega botið upp þetta þrönga ákvæði sem áður ríkti. Þetta tel ég vera gott og tel nauðsynlegt að það komi fram að það er ekki bara ein meginbreyting í þessu frv. heldur eru þær tvær.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég mun reyna að haga störfum heilbr.- og trn. þannig að hægt verði að afgreiða frv. í tíma, en eftir því sem mér skilst þá höfum við ekki nema næstu viku. Yfirleitt hefur venjan verið sú þegar mál af þessu tagi koma til kasta fagnefndar að þá eru þau send út til umsagnar. Það gefur auga leið að það verður ekki hægt núna. En það mun eigi að síður verða nauðsynlegt að kanna þetta mál mjög rækilega, fá til fundar við nefndina fulltrúa ýmissa þeirra stofnana sem hafa látið þetta mál til sín taka og það verður síðan að ráðast hvort það tekst að afgreiða málið fyrir áramót. Sannarlega væri það æskilegt en það er ekki alveg útilokað að það takist ekki vegna þess að hér hefur þegar verið bent á ýmsa fleti sem þarf að skoða mjög ítarlega.

[17:13]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum hérna um frv. sem er mjög gott mál, mjög gott skref í áttina til þess að laga t.d. jafnrétti kynjanna, og þar með jafnrétti fólks, og eins til þess að koma á betri fjölskyldustefnu. Ég hef margoft nefnt það að fæðingarorlof er einn af þáttunum sem valda því að laun karla og kvenna eru mismunandi. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá umræðu hér. En gagnvart atvinnurekanda er karlmaður sem ekki fer í fæðingarorlof ódýrari kostur miðað við sömu laun en kona.

Frá sjónarhorni fjölskyldunnar er náttúrlega mjög mikilvægt fyrir fjölskylduna að feðurnir kynnist börnunum sínum og börnin feðrunum og frá sjónarhorni feðranna er mjög mikilvægt að þeir kynnist börnum sínum og myndi við þau tengsl þannig að þetta er mjög jákvætt að mörgu leyti. Gallinn við þetta, eins og hingað til, er að fæðingarorlof er óháð tekjum, bæturnar eru tekjuóháðar. Auðvitað eiga menn að stefna að því að gera þetta tekjuháð þannig að meiri hvati sé fyrir fólk til þess að taka fæðingarorlof sem er náttúrlega ekkert orlof í sjálfu sér en þannig að börnin fái betur að kynnast báðum foreldrum sínum.

Fjölskyldustefna okkar er þannig í dag að báðir foreldrar vinna yfirleitt. Það er orðin reglan. Afi og amma vinna líka og hið gamla fyrirkomulag er liðið undir lok. En við höfum ekki brugðist við sem skyldi. Það sem vantar inn í er tíminn frá fæðingu barnsins til 2–3 ára aldurs þar til það að mínu mati er orðið hæft til þess að fara í leikskólann eða í gæslu. Að mínu mati er eins árs gamalt barn ekki nægilega gamalt til að fara í gæslu, engan veginn. Það er ekki undir það búið og þarna vantar lausnir í þjóðfélagið sem eru horfnar. Þær voru í lagi meðan annað foreldrið var heima hérna áður fyrr og sérstaklega þegar afi og amma voru heima líka. Nú er þetta gjörbreytt, en við höfum ekki brugðist við. Við erum að senda þessi grey í leikskóla og í vinnu í rauninni þegar þau eru alls ekki undir það búin. Ég hef upplifað stöður á leikskólum þar sem tveggja eða eins árs gamalt barn grætur heilu dagana vegna þess að það er ekki undir það búið að fara að heiman.

Hér þurfa menn að leita að nýjum lausnum og nýjar lausnir gætu fólgist í því að endurskipuleggja atvinnulífið upp á nýtt þannig að foreldrar vinni á vöktum, þannig að annað þeirra byrji kl. átta og vinni til eitt og þá taki hitt við og vinni til sex. Þetta yrðu tvískiptar vaktir. En þetta þýðir algjöra endurskipulagningu á þjóðfélaginu og atvinnulífinu og mundi vera mjög fjölskylduvænt. Það má jafnvel búast við því að með því að festa styttri vinnutíma sem væri fimm tímar á dag fyrir hvort foreldri, þá mundu þau jafnvel afkasta jafnmiklu og á átta tímum. Það yrði miklu minni þörf á leikskólum og þeir kosta lifandis býsn. Það kostar sennilega um 40 þúsund kr. að hafa barnið á mánuði á leikskóla og sá kostnaður félli niður og mætti greiða hann til foreldranna til að brúa þann tekjumissi sem þau verða fyrir við það að vinna svona á vöktum. En það sem þarf aðallega til er að atvinnulífið geti brugðist við þessu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Frv. er bæði til þess fallið að bæta jafnréttið og bæta stöðu fjölskyldunnar. En ég vildi geta þess, herra forseti, að Alþingi mætti nú vera fjölskylduvænna um þessar mundir en það er.

[17:17]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Á undanförnum þingum höfum við flutt till. til þál., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur, þar sem segir að Alþingi skuli stefna að því að endurskoða lög um fæðingarorlof þar sem feðrum verði tryggður sjálfstæður réttur og eru þar nefndar tvær vikur. Aðrir þingmenn hafa lagt fram tillögur svipaðs efnis og sumar sem ganga enn lengra. Ég nefni þar Kvennalistann í því sambandi. Ég tel að hér sé að koma fram árangurinn af þessari áralöngu baráttu og ég vil sérstaklega fagna því skrefi sem er stigið með þessu lagafrv.

Það er mjög mikilvægt að tryggja barni rétt til samvista við föður, ekki aðeins móður, á fyrsta æviskeiðinu. Það er réttur barnsins að fá að mynda náin tengsl við báða foreldra sína á fyrstu dögum og vikum ævi sinnar. Fram til þessa hafa feður verið afskiptir hvað varðar samskipti við börn sín og liggja til þess margar skýringar. Með tveggja vikna orlofi eftir fæðingu er stuðlað að því að fjölskyldan geti verið saman. Ég leyfi mér nú að lýsa yfir ákveðnum efasemdum um þær hugmyndir sem fram komu hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal um vaktaskipti fjölskyldunnar nema komin sé fram ný kenning um að þannig megi halda fjölskyldunni saman að fjölskyldumeðlimir sjáist aldrei. Ég held að það eigi að reyna að stuðla að því að fjölskyldan geti öll verið samvistum. Hér er verið að stíga fyrsta skrefið í þá áttina. Ég held líka að hér sé um mjög mikilvægt jafnréttismál að ræða. Hér er ekki aðeins um að tefla rétt barnsins heldur kemur jafnrétti kynjanna hér mjög við sögu.

Það er ekkert undarlegt í rauninni að fyrirtæki, sérstaklega lítil fyrirtæki sem standa höllum fæti, skuli spyrja þegar verið er að ráða fólk hvaða skuldbindingar sé þar með verið að takast á herðar og það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að það hefur verið meiri áhætta fyrir fyrirtækin, ef svo má að orði komast, að ráða konur á barneignaaldri til starfa. Með því að jafna þennan rétt er dregið úr þessari áhættu og þar með er stuðlað að jafnrétti kynjanna. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr við umræðuna að réttindin eru mismunandi sem opinberir starfsmenn búa við annars vegar og fólk á almennum launamarkaði hins vegar. Ég tek undir það sem fram kom í hennar máli að það sé mikilvægt að reyna að jafna þennan mun upp á við, ekki með því að skerða kjörin hjá þeim sem hafa þau ívið betri, heldur með því bæta kjör allra og jafna þannig aðstöðuna.

Hvernig er vænlegast að gera þetta? Ég hef trú á því að það þurfi að taka þessi mál öll upp frá grunni og til gagngerrar endurskoðunar. Ástæðan er þessi. Í seinni tíð er verið að gera fjárhag hverrar stofnunar sjálfstæðan. Hver stofnun er orðin sjálfstæð fjárhagsleg eining sem þarf að standa skil á öllum sínum skyldum og skuldbindingum. Nú er ekki lengur hægt að vísa á ríkissjóð í því efni heldur verður hún að horfa inn á við að þessu leyti og þar er hún komin í sömu stöðu og litla fyrirtækið, litla eða stóra eftir atvikum eftir því hvað stofnunin er stór. Og þá fer hún að spyrja eins og fyrirtækið hefur hingað til spurt: Hver er áhættan af því að ráða starfsmanninn til starfa? Ef um er að ræða konur á barneignaraldri þá er það staðreynd að áhættan er meiri en þegar verið er að ráða karlmenn. Þetta er staðreynd. Með þessu nýja fyrirkomulagi í ríkisrekstrinum, sjálfstæði stofnana, er því verið að skapa hættu á auknu kynjamisrétti á vettvangi þar sem það var ekki áður við lýði.

Hvernig á að bregðast við þessu? Hér hafa verið settar fram tillögur. Ég vil nefna það að þær tillögur hafa komið frá BSRB, þær tillögur hafa komið frá Kvennalistanum og víðar sem ganga út á það að myndaður verði sameiginlegur sjóður, fæðingarorlofssjóður sem greitt yrði til af hálfu allra hvort sem er á einkamarkaði eða hjá hinu opinbera. Úr þessum sjóði yrði fæðingarorlofið síðan fjármagnað og þá hvort sem um er að ræða konur eða karla. Ég held nefnilega að mjög brýnt sé að endurskoða þessi mál öll fyrst út frá þessu sjónarhorni og út frá þeirri hugsun að við komum til með að styrkja stöðu barnsins og fjölskyldunnar en huga jafnframt að jafnrétti kynjanna.

Ég vil að lokum ítreka ánægju mína með að þetta frv. skuli vera komið fram á Alþingi. Ég tel að hér sé verið að stíga mjög mikilvægt framfaraspor og ég held að við félagar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem fluttum þáltill. sem hér er síðan endurflutt í formi stjfrv., getum bara sæmilega við unað og munum fagnandi greiða þessu frv. okkar atkvæði.

[17:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær jákvæðu umræður sem hér hafa farið fram um málið. Ég heyri það að menn ætla að reyna að afgreiða þetta fyrir jól og það er mikilvægt því að þá tekur þetta frv. gildi sem lög 1. janúar. Ég veit að það er knappur tími en miðað við þessar jákvæðu umræðu ætti það að nást.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði nokkurra spurninga um frv. og þá fyrst og fremst hvort í gang færi endurskoðunarnefnd varðandi heildarlöggjöf um fæðingarorlof. Slík nefnd hefur verið í gangi. Hún er ekki í gangi um þessar mundir. Hún hefur verið í gangi og út úr þeirri vinnu komu breytingar sem ég lagði fram í þinginu í fyrra og voru samþykktar um lengingu orlofs fyrir fjölburaforeldra og varðandi veikindi móður og barns. En endurskoðunarnefndin komst ekki að samkomulagi nú frekar en áður um það að jafna rétt til fæðingarorlofs, en það er mikilvægast að jafna rétt foreldra til fæðingarorlofs.

Hv. þm. spurði líka hvort til greina kæmi í meðförum nefndarinnar að bæta inn í þetta frv. sömu ákvæðum og eru í fæðingarorlofsfrv. varðandi mæður, um að feður gætu fengið lengra frí ef um fjölburðafæðingu væri að ræða eða veikindi barns. Ég tel að nefndin eigi að skoða það og við eigum að skoða kostnaðaráhrifin af því. Við rennum dálítið blint í sjóinn varðandi kostnaðinn af því frv. sem ég hef lagt hér fram. Við reiknum með að það kosti um 100 millj. miðað við það að 92–95% feðra tækju þetta orlof. Aðeins reynslan sem getur skorið úr um það hversu margir feður taka slíkt orlof. En ég tel að sú tillaga sem hér kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur komi vel til greina og ég satt að segja hef verið feimin sjálf að leggja fram þessa tillögu því ég er nýorðin tvíburaamma og það hefði kannski þótt hagsmunapot ef ég hefði komið með þá tillögu.

Varðandi þær fyrirspurnir sem komu fram hjá Margréti Frímannsdóttur um reglugerðarbreytingar sem hér voru til umræðu þegar hið fyrra fæðingarorlofsfrv. var samþykkt, þá er það þannig að það eru tilbúin drög að reglugerð sem eru til umsagnar í Tryggingastofnun og ég á von á því að Tryggingastofnun svari okkur innan tíðar.

Varðandi önnur ákvæði er lagatextinn mjög skýr og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las textann og skildi hann eins og hann er þannig að það þarf ekki að hafa um það fleiri orð.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvaða feður fengju þetta orlof. Það eru feður á almenna markaðnum. Menn hafa rætt um að þetta væri ekki há upphæð sem feður fengju í fæðingarorlofi. Þetta er sama upphæð og mæður fá þannig að um nákvæmlega sömu kjör er að ræða. En þetta er aðeins hálfur mánuður. Það er skref í rétta átt og sérhver ferð hefst á einu skrefi. Ég tel mjög mikilvægt að við samþykkjum þetta frv. fyrir jól eins og ég sagði hér áðan svo að þetta skref sé tekið að fullu þannig að við getum stigið það næsta.

[17:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því hversu jákvætt hæstv. heilbrrh. tekur í tillögu mína um að bæta því inn í þetta frv. að sé um að ræða fjölburafæðingar, sjúkleika barns eða veikindi móður, þá verði réttur föður til fæðingarorlofs einn mánuður. Ég vænti þess að heilbr.- og trn. taki þessa tillögu til skoðunar og vona að jákvætt verði mælt með tillögunni þegar málið kemur til 2. umr.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi ekki að óttast kostnað af þessu. Ég held að hann sé ekki nema 2–3 millj. og því er líka við að bæta að það eru áformaðar 75 millj. í þetta feðrafæðingarorlof sem er hálfur mánuður. En ég óttast og spyr hæstv. ráðherra hvort hún sé ekki sama sinnis að tiltölulega fáir feður sjái sér kleift að taka fæðingarorlof þegar þeir fá einungis það sem ráð er fyrir gert úr almannatryggingum eða um 66 þús. kr. á mánuði. Það eru 33 þús. kr. sem feður fengju og yrðu kannski af verulegum tekjum og móðirin jafnvel líka. Ég held að að feður muni ekki fyllilega geta nýtt sér þetta fæðingarorlof fyrr en það er búið að jafna þessar greiðslur þannig að feður fái óskert laun á vinnumarkaðnum með sama hætti og mæður fá óskert laun í fæðingarorlofi.

Hæstv. ráðherra sagði að akkúrat núna væri ekkert í gangi varðandi endurskoðun á fæðingarorlofinu eða löggjöfinni. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með það að ekki skuli vera í gangi nein heildarendurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfinni

og spyr hæstv. ráðherra hvort hún vilji ekki endurnýja þessa nefnd og þá með aðild stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan hefur mjög margt fram að færa í málinu og eins og fram hefur komið hefur verið lagt fram frv. eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir lýsti hér áðan.

[17:34]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði hvort ég hefði ekki áhyggjur af því að fáir feður mundu nýta þá heimild sem hér er veitt. Aðeins reynslan getur skorið úr um það. Eins og ég sagði áðan er þetta skref í rétta átt og varðandi endurskoðun á heildarlöggjöfinni, þá erum við að undirbúa slíkan vinnuhóp. Við höfum áður reynt þetta eins og ég sagði í fyrri ræðu minni og oft átt nóg með að finna jafnræðisflöt varðandi vinnumarkaðinn. Ég mun hugleiða hvort það mundi á þessu stigi málsins bæta að stjórnarandstaðan kæmi inn í það mál.

[17:35]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög skynsamlegt hjá hæstv. ráðherra að hún ætli að hugleiða hvort ekki sé rétt að stjórnarandstaðan eigi aðild að heildarendurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfinni. Mér skilst að sú nefnd sem hæstv. ráðherra var með að störfum til að endurskoða fæðingarorlofslöggjöfina hafi ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ég veit ekki til þess að stjórnarandstaðan hafi átt sæti í þeirri nefnd. Ég held að það væri tilraunarinnar virði hjá hæstv. ráðherra að reyna að ná breiðri pólitískri samstöðu um framtíðarfyrirkomulag fæðingarorlofs með því að tryggja aðild allra stjórnmálaflokka að þeirri heildarendurskoðun. Ég vona að hæstv. ráðherra fari að setja af stað aðra tilraun til slíkrar endurskoðunar og hvet hæstv. ráðherra til að gera þá tilraun að stjórnarandstaðan komi að þessu borði. Stjórnarandstaðan hefur margt skynsamlegt fram að færa í því efni og mjög brýnt að um mál eins og fæðingarorlof og framtíðarfyrirkomulag ríki breið pólitísk samstaða á hv. þingi.

[17:36]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum varðandi réttarstöðu þeirra sem eignast hafa börn með stuttu millibili, vegna framlengds fæðingarorlofs eða fyrirburafæðinga. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort sú breyting sem verið er að gera á reglugerðinni verði afturvirk þannig að hún gildi frá 1. janúar 1997 eins og um var talað í heilbr.- og trn. Jafnframt langar mig til þess að beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort eitthvað hafi verið tekið á þeim breytingum sem urðu á réttarstöðu fólks sem flytur búferlum á milli Norðurlandanna. Upp hafa komið mál þess efnis að foreldrar hafi ekki átt rétt til töku fæðingarorlofs, hvorki hér á landi né í landi sem þeir hafa búið í. Ég hef áður borið fram fyrirspurn um þetta mál hér á þingi og fékk þá m.a. þær upplýsingar að á fundi ráðherra Norðurlandanna 14. nóvember 1990 hefði það verið sagt að félagsleg réttindi Norðurlandabúa ættu alls eki að skerðast þó farið væri í víðtæka samningagerð meðal Evrópulandanna. Raunin varð hins vegar sú að skerðingin er til staðar. Hefur ráðuneytið eitthvað sérstaklega kannað hvernig þarna mætti bæta úr? Mér er kunnugt um að þessi mál koma upp aftur og aftur, m.a. nú í sumar. Gott væri að fá að heyra frá ráðherra hvort þarna hefur orðið einhver breyting á eða hvort ráðuneytið er að kanna þetta. Annars vil ég ítreka þakkir mínar til ráðherrans fyrir að taka upp þáltill. sem þeir fluttu hér hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon og gera hana að sinni. Vonandi verður hún að lögum sem allra fyrst.

[17:39]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingar á þeim ákvæðum sem hv. þm. nefndi áðan varðandi þá foreldra sem hafa flust út og ekki átt rétt, hvorki hér né erlendis. Frv. liggur á borðum þingmanna og ég átti von á að geta mælt fyrir því í dag en það verður að bíða betri tíma.

Okkur er kunnugt um þau vandamál sem hafa skapast og því er nauðsynlegt að réttarstaða þessa fólks verði tryggð. Svo verður gert með þessu frv. ef að lögum verður.

Varðandi gildistöku reglugerðarinnar sem hv. þm. kom inn á áðan líka þá er ekki búið að taka afstöðu til þess frá hvaða tíma sú reglugerð gildi.

[17:40]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, höfum við ekki tekið þetta frv. til umræðu enn þá. En mun það fela það í sér að þeir sem hafa verið án réttar til fæðingarorlofs á undanförnum tveimur til þremur árum muni njóta þess? Þau tilvik hafa komið upp og leitað hefur verið til ráðuneytis eða til Tryggingastofnunar varðandi úrbætur. Mun þetta verða afturvirkt þannig að þau njóti réttar síns þó seint sé.

[17:40]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá foreldra sem ekki hafa fengið fæðingarorlof þá hefur Tryggingastofnun reynt að koma til móts við þá eins og reglur heimila og hafa gert það á ýmsa vegu. Því er ekki hægt að svara þessari spurningu með já eða nei vegna þess að þegar hefur verið leyst úr vanda margra.

[17:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka til máls og ég vona að mál mitt heyrist þó ég sé hér í mikilli samkeppni við Coca Cola fyrirtækið sem er að dreifa karamellum hérna fyrir utan Alþingishúsið og varð þess valdandi að við þurftum að gera hlé á þingfundi fyrir skömmu.

Ég vil taka undir þær hugmyndir sem fram komu af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að mikilvægt sé að skapa breiða samstöðu um endurskoðun á fæðingarorlofsmálunum. Hún lagði til að stjórn og stjórnarandstaða kæmu að því máli og svo að sjálfsögðu einnig hlutaðeigandi hagsmunasamtök. Þá kæmu samtök launafólks að þessum málum og það er lykilatriði vegna þess að á undanförnum missirum hafa opinberir starfsmenn átt í mikilli baráttu við að verja fæðingarorlofsrétt sinn. Reynt hefur verið að hafa þau réttindi af opinberum starfsmönnum. Mikilvægt er að við þessa endurskoðun verði jafnað upp á við eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði ríka áherslu á í sínu máli. Þegar leitað verður eftir samstöðu við þessa endurskoðun þá þarf að gera það í reynd.

Ein lítil spurning til hæstv. ráðherra. Nú er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. janúar. Hefur það verið hugleitt hvort þessi réttur komi þá til með að ná til fjölskyldna sem

eignuðust börn sín í desembermánuði? Talað er um að faðirinn þurfi að notfæra sinn rétt einhvern tíma á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu eða heimkomu barns. Tekur þessi réttur til feðra sem hafa eignast sín börn fyrir áramót?

En í lokin vil ég að nýju lýsa ánægju minni með þetta frv. Þó ekki sé stigið mjög stórt skref, þá er það stórt að því leyti að hér er verið að marka tímamót. Þegar hefur hæstv. fjmrh. kynnt að þessi réttindi nái til opinbera geirans og það er fagnaðarefni. Í Reykjavíkurborg hefur sama skref verið stigið. Þar hefur ákvörðun verið tekin um þetta efni en allt er þetta árangur af áralangri baráttu fjölmargra sem stuðlað hafa að þessum réttindum. Þegar við höfum samþykkt þessi lög þá liggja hér þegar fyrir önnur frv. um að bæta þennan rétt og treysta hann.

[17:44]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar áðan þó að þau hafi vissulega valdið vonbrigðum. Frá hendi ríkisstjórnarinnar virðist ekki vera í sjónmáli nein meiri háttar uppstokkun á lögunum um fæðingarorlof. Ég vil einnig fagna góðum undirtektum ráðherrans við því að stjórnarandstaðan gæti komið að endurskoðun á núgildandi fyrirkomulagi fæðingarorlofs. Ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að verulegur vinnusparnaður geti orðið af því, þar sem við í stjórnarandstöðunni höfum kynnt okkur þessi mál mjög vel og höfum lagt gífurlega vinnu í það frv. sem nú liggur fyrir þinginu og bíður umræðu.

Ég skildi hæstv. heilbrrh. svo að þetta frv. nái eingöngu til feðra á almennum vinnumarkaði og vitnaði í ræðu minni til fréttatilkynningar hæstv. fjmrh., nr. 13/1997. Ég vil þá nota tækifærið hér fyrst hæstv. fjmrh. er í salnum og spyrja hann hvort það sé réttur skilningur að enga lagastoð þurfi fyrir hans tilkynningu. Er þetta bara kjarasamningsatriði eða tilkynningaratriði af hans hálfu? Ef svo er, hvernig er þá með réttarstöðu annarra feðra, t.d. bankamanna? Hvernig er þeirra réttarstaða nú ef þetta á við almenna vinnumarkaðinn og tilkynning fjmrh. á við ríkisstarfsmenn, hvernig er þá með t.d. bankamenn sem hafa sérstök kjör að þessu leyti?

Einnig vil ég, fyrst hæstv. fjmrh. er hér staddur, spyrja hann hvort hann sé þeirrar skoðunar að stefna beri að kerfisbreytingu þar sem fólk fái full laun í fæðingarorlofi og því beri að lengja fæðingarorlof og þennan sjálfstæða rétt feðra um meira en tvær vikur.

[17:47]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi tek ég fram vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. að ég tel eðlilegt að fæðingarorlof sé sem mest samræmt. Eiginlega er ekki hægt að komast hjá því að svo verði gert á næstu árum því að reglurnar eru mjög mismunandi og það sem flækir málið er að það er auðvitað engin trygging fyrir því að opinberir starfsmenn séu giftir innbyrðis eða þeir sem starfa úti á almenna markaðnum séu giftir innbyrðis. Það er sem betur fer þannig í þjóðfélagi okkar að fólk skipast ekki í hjúskaparstöðu eftir atvinnu. Þess vegna held ég að það sé enn brýnna að samræma þessar reglur. Hvort það verður gert með þeim hætti að allir hafi ígildi launa eða hlutfall að launum eða greiðslu sem tekur mið af einhverju öðru er kannski ekki aðalatriði málsins frá mínum sjónarhóli heldur hitt að það sé reynt að ná samræmi í þetta.

Við hjá ríkinu töldum að það þyrfti ekki frekari lagastoð en er í lögum nú til þess að koma á þessu feðraorlofi. Þetta er einhliða tilkynning og það er ætlun ríkisvaldsins að stofnanirnar geti greitt þetta fyrir þá feður sem þar starfa og það er átt við þá sem eru í störfum hjá ríkinu alveg burt séð frá því í hvaða félögum þeir eru. Hins vegar er fæðingarorlof hjá opinberum starfsmönnum öðruvísi því að það nær samkvæmt lögum og samningum og reglugerð einungis til kvenna. Sá er munurinn.

Varðandi bankastarfsmenn vil ég að endingu að það komi fram að þeir eru ekki opinberir starfsmenn eða ríkisstarfsmenn í skilningi laganna. Það þarf að gá að því hvernig samningar þeirra eru eða hvort sérsamningar gilda á milli einstaklinga úr þeirra röðum og þeirra sem eru atvinnurekendur bankastarfsmanna. Það getur reyndar átt við um fleiri stéttir.

[17:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Varðandi þá skoðun hans að það sé allt að því smekksatriði hvort fólk fái full laun í fæðingarorlofi eða þetta verði jafnað á annan hátt, sem sé meginmarkmið hans og hæstv. heilbrrh., þá er það einfaldlega reyndin að þetta er einn meginvandinn með tilliti til launamunar kynjanna. Alls staðar erlendis þar sem greiðslur í fæðingarorlofi nálgast ekki laun skapar það mismunun því að konur hafa ekkert val, þær taka eðlilega fæðingarorlof. Þær hafa líkamlega sjálfar meiri þörf fyrir það og vegna barnsins en feður taka ekki fæðingarorlof nema orlofsgreiðslur nálgist þeirra laun. Það gengur auðvitað ekki að feður fái full laun og konur fái greiðslur eins og tíðkast hjá Tryggingastofnun núna. Þær greiðslur sem eru í boði núna fyrir feður eru þær sömu og mæður fá en miðað við þann launamun sem er á kynjunum verður meira hrap í launum feðra en mæðra. Ég held að eina leiðin sé að tengja þetta við laun og ég vil gjarnan heyra skoðun hæstv. fjmrh. á því sem hefur mikið haft sig í frammi varðandi jafnréttismál.

[17:52]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki hægt í örstuttu samtali okkar undir liðnum andsvar að ræða þetta ofan í kjölinn. Ég ræddi hvergi um smekksatriði í þessu sambandi, það voru orð hv. þm. heldur sagði ég að það þyrfti að samræma þetta. Þegar sagt er að samræma þurfi fæðingarorlofið þýðir það ekki nauðsynlega að allir séu með sömu krónutöluna og það þarf ekki heldur að þýða að það séu allir sem taka mið af launum. Ég tel að menn þurfi að ræða þetta. Ég hlustaði af athygli á sjónarmið formanns BSRB sem er jafnframt þingmaður. Það kann vel að vera að lausnin sé fólgin í því að menn borgi í eina púllíu og síðan séu settar reglur af einhverjum aðilum sameiginlega ef þetta er hluti af kjörum manna og viðurkennt sem hluti af kjörum manna hvernig á að greiða úr slíkum sjóði. Aðalatriðið í því sem ég var að segja er að það er óþolandi til lengdar að opinberir starfsmenn hafi aðrar og annars konar viðmiðun en þeir sem starfa úti á markaðnum. Hvor aðferðin er réttari skal ég ekkert um segja. Vandamálin hér á landi við að miða við laun er að laun eru að stærri hluta til hér á landi, a.m.k. hjá opinberum starfsmönnum og líka úti á markaðnum, yfirvinna heldur en gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Það veldur einnig vandræðum þegar við berum okkur saman við önnur ríki. En ég held að það sé útilokað, virðulegi forseti, að ræða þetta

mál til hlítar á laugardagskvöldi undir liðnum andsvör. Þetta er mál sem hefur verið til skoðunar árum ef ekki áratugum saman og verður að finna lausn á einhverjum öðrum og hentugri tíma en þessum.

[17:54]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör og vil jafnframt hvetja hann til þess að kynna sér frv. okkar kvennalistakvenna og fleiri stjórnarandstöðuþingmanna sem liggur fyrir þinginu og hefur því miður ekki fengist rætt enn. Þar leggjum við til að stofnaður verði svokallaður fæðingarorlofssjóður sem allir greiði í, bæði ríkisstarfsmenn sem aðrir atvinnurekendur og hjón til samans fái greitt út samsvarandi 12 mánaða fullum launum. Síðan yrði ráðherra að ákveða nákvæmlega að hve miklu leyti yfirvinna kæmi inn í mat á því hvað telst vera full laun. Ég tel að það hljóti að koma að því að slík kerfisbreyting muni eiga sér stað og ég fagna því að ég heyri ekki andmæli við slíku, hvorki frá hæstv. heilbrrh. né fjmrh. og ég vona svo sannarlega að það náist samstaða meðal þingmanna, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, að fara í almennilega uppstokkun á fæðingarorlofinu, bæði lengingu þess og launafyrirkomulagi og að réttur feðra til fæðingarorlofs verði styrktur enn frekar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 338. mál (sala og fyrning aflahlutdeildar). — Þskj. 427.

[17:55]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. er 338. mál og er að finna á þskj. 427. Í frv. eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í þeim tilgangi að kveða skýrt á um skattalega meðferð ófyrnanlegra réttinda, svo sem aflaheimilda í sjávarútvegi og sambærilegra réttinda.

Ég vil taka fram, virðulegi forseti, að fyrir þinginu liggur annað frv. sama efnis en þó ekki samhljóða heldur um sama efni. Það er frv. sem er 77. mál þingsins og flm. er Kristinn H. Gunnarsson. Í því frv. er stefnt til sömu áttar og gert er í þessu frv.

Aðdraganda þessara breytinga má rekja til ágreinings um það hvernig færa má keypta aflahlutdeild til gjalda í rekstri. Úr þeim ágreiningi var skorið með dómi Hæstaréttar Íslands 18. nóv. 1993 í málinu Hrönn hf. gegn fjmrh. Var það niðurstaða réttarins að heimilt væri að færa keypta aflahlutdeild til gjalda eins og um væri að ræða fyrnanlega eign samkvæmt lögunum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Niðurstaða þessi var í samræmi við afstöðu úrskurðaraðila í skattkerfinu að því leyti að heimilt væri að gjaldfæra stofnkostnað vegna kaupa á aflahlutdeild.

Ágreiningur var um það á hve löngum tíma heimilt væri að dreifa gjaldfærslunni. Embætti ríkisskattstjóra hafði talið að afskrifa mætti þennan stofnkostnað með sama hætti og skip, þ.e. á 10–20 árum eins og afskriftareglur eru nú. Taldi ríkisskattstjóri að þar sem aflahlutdeild tengdist skipi væri eðlilegt að um fyrningu á kaupverði hennar giltu sömu reglur og um skip gilda. Úrskurður þáverandi ríkisskattanefndar, nú yfirskattanefndar, var hins vegar sá að heimilt væri að gjaldfæra kaupverð aflaheimilda að fullu sem rekstrarkostnað á kaupárinu. Niðurstaða nefndarinnar byggðist fyrst og fremst á því að í lögum væri ekki til að dreifa neinum sérstökum ákvæðum um meðferð aflaheimilda í skattskilum og það er kannski kjarni málsins fyrir dómstólum og yfirskattanefnd.

Þegar álitamálið kom síðan til kasta dómstóla ákvað fjmrh. að gerð yrði krafa um að litið yrði á aflaheimildir sem ófyrnanleg réttindi. Fyrir dómstólunum var því gerð sú aðalkrafa að synja bæri um gjaldfærslu stofnkostnaðarins. Þeirri kröfu var hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur 3. júní 1993 og þar kveðið á um að heimilt væri að gjaldfæra stofnkostnað vegna kaupa á aflahlutdeildinni á fimm árum. Þessi úrskurður var síðan staðfestur af Hæstarétti 18. nóv. 1993. Niðurstaða Hæstaréttar og skattyfirvalda var byggð á túlkun á ákvæðum laga nr. 81, m.a. með þeim rökum að ekki væri í þeim lögum að finna ákvæði sem kveða berum orðum á um skattalega meðferð veiðiheimilda.

Í forsendum hins staðfesta héraðsdóms er þess getið að réttindi þessi séu í sjálfu sér ekki eyðanleg verðmæti og er tekið undir það í niðurstöðum Hæstaréttar. Meðal annars með tilvísun til óvissu um fégildi aflaheimilda fyrir kaupin er það niðurstaða dómstólanna að jafna kaupum á aflahlutdeild á réttindum sem tilgreind eru í 4. tölul. 32. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en þar er um að ræða keyptan eignarrétt á hugverkum, svo sem höfundarétti, útgáfurétti, rétti til einkaleyfis og vörumerkis. Einn dómari Hæstaréttar taldi að ekki ætti að heimila fyrningu vegna stofnkostnaðar keyptrar aflahlutdeildar.

Sammerkt með forsendum fyrir úrskurðum skattyfirvalda og niðurstöðum dómstóla er að vitnað er til skorts á beinum ákvæðum í lögum um tekju- og eignarskatt sem reisa má niðurstöðu á og er það eitt vísbending um þörf á því að löggjafarvaldið setji skýrar reglur í þessum efnum í samræmi við meginreglur skattalaga.

Þótt dómur Hæstaréttar hafi skorið úr um túlkun gildandi laga hefur það þótt vera álitamál hvort niðurstaða sé eðlileg með tilliti til þeirrar meginreglu skattalaganna að til rekstrarkostnaðar skuli aðeins telja þann kostnað sem lagt er í vegna viðkomandi atvinnustarfsemi og gengur til að afla tekna. Samkvæmt þeirri reglu skal einungis gjaldfæra stofnkostnað eigna í samræmi við þá verðmætarýrnun sem hlýst af notkun þeirra við framleiðsluna. Á það hefur verið bent að lítil rök standi til þess að ætla að verðmæti aflahlutdeildar rýrni við notkun. Reynslan hefur verið sú að verð aflahlutdeildar hefur farið hækkandi frá því að framsal á þeim hófst. Verðmæti aflahlutdeildar í hendi þeirra sem það hafa keypt hefur því ekki rýrnað heldur farið vaxandi. Skattaleg meðferð er hins vegar sú að kaupverð aflahlutdeildar hefur verið gjaldfært að hluta eða alveg. Skattskyldar rekstrartekjur hafa þannig verið lækkaðar án þess að um hafi verið að ræða raunverulegan kostnað. Á sama hátt hefur bókfærð eign verið lækkuð á sama tíma og verðgildi hennar hefur aukist.

Þá hafa menn ekki verið á einu máli um þau rök að óvissa um varanleika fiskveiðistjórnarkerfisins réttlæti fyrningu keyptrar aflahlutdeildar. Bent hefur verið á að óvissa í þessu efni komi væntanlega fram í verði aflahlutdeildanna og að óvissa af einhverju tagi tengist flestum eignum, einnig ófyrnanlegum eignum án þess að það verði tilefni til afskriftar. Í tengslum við ýmsar ráðstafanir og athuganir í sjávarútvegsmálum, sem sjútvrh. beitti sér fyrir í árslok

1996, fyrir um ári, beindi hann þeim tilmælum til fjmrh. að skattaleg meðferð keyptrar aflahlutdeildar og hliðstæðra réttinda yrðu tekin til athugunar. Í framhaldi skipaði ráðherra með bréfi, dags. 27. febr. 1997, fyrr á þessu ári nefnd til að fjalla um málið og semja lagafrv. til að koma breytingum samkvæmt tillögum sínum til framkvæmda. Hefur nefndin samþykkt frv. þetta en í nefndinni sátu Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af sjútvrh., Friðleifur Jóhannsson forstöðumaður, tilnefndur af ríkisskattstjóra, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, tilnefndur af fjmrh. sem formaður nefndarinnar, og Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af viðskrh., en ritarar nefndarinnar voru Friðgeir Sigurðsson lögfræðingur við embætti ríkisskattstjóra og Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur í fjmrn.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að margt mælir með því að breyta núgildandi reglum í þessum efnum á þann veg að keypt aflahlutdeild verði ekki frádráttarbær frá rekstrartekjum og verði með hana farið að flestu leyti eins og ófyrnanlegar eignir, svo sem lönd og lóðir.

Nefndin lagði enn fremur til að kveðið yrði beint á um að hagnaður af sölu aflahlutdeildar sé skattskyldur og að um ákvörðun þessa hagnaðar yrðu settar nánari reglur og þess þá m.a. gætt að skipti á aflahlutdeildum og breytingu á samsetningu þeirra verði ekki hindruð af skattalegum ástæðum. Þá lagði nefndin einnig til að sett yrðu ákvæði um lagaskil þar sem kveðið yrði á um með hvaða hætti núverandi fyrirkomulag verði lagt af. Felur tillaga nefndarinnar í sér að fyrning vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku laganna verði lækkuð í áföngum og það frv. sem mælt er fyrir er samið af nefndinni. Ég ætla ekki að fara ítarlega í hugsanlegar spurningar um afturvirkni. Um það er fjallað í greinargerðinni og komist þar að ákveðinni tiltekinni niðurstöðu og ég vek athygli á því að í nefndinni eru fremstu skattasérfræðingar og lögfræðingar í þessum efnum.

Helstu efnisatriði frv. eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi er í meginatriðum verið að bæta í lögin um tekjuskatt og eignarskatt beinu ákvæði sem kveður á um að ekki sé heimilt að fyrna stofnkostnað við kaup á réttindum sem rýrna ekki vegna notkunar. Er þetta í samræmi við þá reglu í 32. gr. laganna sem heimilar fyrningar á eyðanlegum náttúruauðæfum og rétt til nýtingar á þeim. Ákvæði þetta er almenns eðlis og tekur til allra slíkra réttinda svo fremi að ekki sé kveðið beint á um annað í lögum. Til skýringar á hinu almenna ákvæði og til þess að taka af allan vafa um gildi þess með tilliti til þeirra dóma sem fallið hafa um skattalega meðferð aflahlutdeilda er í lögunum tekið fram að um þær fari samkvæmt þessu ákvæði. Af hagkvæmnisástæðum, sem er nánar gerð grein fyrir í greinargerð, er þó gert ráð fyrir að um kaup á svokölluðum rúmmálsréttindum verði skattalega farið með á sama hátt og kaup á skipum. Við breyttar aðstæður í þessum viðskiptum kæmi til álita að fella þetta frávik niður.

Þrátt fyrir þetta bann við fyrningu stofnkostnaðar við kaup á þeim réttindum sem um ræðir í lögum er gert ráð fyrir að við þær aðstæður að réttindi falli niður, t.d. vegna þess að fiskveiðistjórnarkerfi verði breytt, verði heimilað að gjaldfæra kostnað við kaup á þeim.

Í öðru lagi er kveðið á um skattskyldu hagnaðar af sölu aflahlutdeildar. Hvað skattskylduna sjálfa snertir er ekki um að ræða breytingu frá því sem nú er en lögfest eru ákvæði um með hvaða hætti söluhagnaðurinn er reiknaður. Er það að mestu í samræmi við almennar reglur í þeim efnum en þó gert ráð fyrir að unnt verði að breyta samsetningu aflaheimilda með kaupum eða skiptum án þess að það hafi þær skattalegu afleiðingar að söluhagnaður verði skattskyldur nema að því leyti sem sala heimilda er umfram kaup á þeim. Í þessu efni skal vakin athygli á því að skipti á aflaheimildum ber samkvæmt ákvæðum skattalaganna að meðhöndla eins og um kaup og sölu með því verði sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum. Þetta er undirstrikað að þessi lagaákvæði sem til stendur að samþykkja hafa ekki áhrif á þær hagræðingaraðgerðir sem fara fram hjá útgerðum að versla með mismunandi fisktegundir og skipta eftir því sem þannig stendur á svo fremi sem verðmætin eru þau sömu sem ganga til og frá aðila.

Í þriðja lagi er kveðið á um hvernig bókfæra skal keypta aflahlutdeild sem eign. Er í því efni miðað við stofnverðið að frádregnum fyrningum sem að sjálfsögðu á einungis við um þær fyrningar sem heimilar voru fyrir gildistöku laganna eða eru það samkvæmt gildistökuákvæði þeirra.

Í fjórða lagi er í lögunum er ákvæði um að vegna kaupa á aflaheimildum fyrir gildistöku laganna verði núverandi afskriftareglur afnumdar í áföngum.

Framangreint efni kemur fram í einstökum greinum frv. með eftirfarandi hætti:

Í 1. gr. frv. er lagt til að ákvæði um skattlagningu hagnaðar af sölu á réttindum sem um ræðir í 2. gr. frv., svo sem aflahlutdeild og öðrum hliðstæðum réttindum í sjávarútvegi, verði fært undir 14. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þar sem er að finna almennu ákvæðin um skattlagningu söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna. Rétt þykir að vera með sérákvæði um þessi réttindi í 14. gr. þar sem fram að þessu hefur verið litið á aflahlutdeild sem fyrnanlega eign og eins er nauðsynlegt að geta tekið tillit til fyrninga þegar um er að ræða sölu á aflahlutdeild sem keypt er fyrir gildistöku laga þessara.

Í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. frv. er kveðið á um að hagnað af sölu ófyrnanlegra réttinda skuli almennt telja til tekna á söluári. En í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frv. er að finna skilgreiningu á hagnaði af sölu ófyrnanlegra réttinda og í 2. mgr. 1. gr. frv. er ákvæði sem felur í sér frávik frá 1. mgr. 1. gr. frv. um að söluhagnaður ófyrnanlegra réttinda verði skattlagður að fullu á söluári. Er hér um að ræða frestunarákvæði sem felur í sér að stofnverð sambærilegra réttinda sem keypt er á sama tíma er lækkað sem nemur söluhagnaði þeirra réttinda sem seld voru þannig að það verður ekki fyrr en við sölu þeirra að söluhagnaður verður reiknaður af þeim hluta.

Í 1. mgr. 2. gr. frv. er lagt til að við lögin bætist ný grein með yfirskriftinni ófyrnanleg réttindi. Ákvæði greinarinnar eru almenn í þeim skilningi að þau taka til allra keyptra réttinda sem rýrna ekki við notkun. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að óheimilt er að fyrna keypta aflahlutdeild.

Í 2. mgr. 2. gr. eru tilgreind ein frávik frá almennu reglunni í 1. mgr. 2. gr. þar sem kveðið er á um að keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni, svokölluð rúmmálsréttindi, skuli talin með hinu keypta skipi og falli þar með undir fyrningarreglur sem gilda um skip. Þetta er undantekning. Meginrökin fyrir þessu fráviki eru að í viðskiptum með fiskiskip er í flestum tilvikum ekki gerður greinarmunur á kaupverði skips og rúmmálsréttinda og eru verðmæti þessara réttinda ekki metin sérstaklega við ákvörðun á verði skipa. Viðskipti með rúmmálsréttindi eru lítil og er því vafasamt að leggja þau fáu viðskipti til grundvallar við mat á markaðsverði þeirra.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að keypt aflahlutdeild og önnur sambærileg réttindi verði metin til eignarskatts á bókfærðu verði þeirra hverju sinni. Í 1. mgr. 4. gr. frv. er lagt til að afnema í áföngum núgildandi heimildir til fyrningar. Er gert ráð fyrir að á næstu þremur árum eftir gildistöku laganna verði heimildir til fyrningar af stofnkostnaði vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistökuna lækkaður í áföngum og rekstraraðilum heimiluð allt að 45% fyrning á árunum 1998 til ársins 2000. Í síðari málslið greinarinnar er miðað við að þeim sem selt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laganna og hafa frestað skattlagningu söluhagnaðarins verði heimilt að fara með söluhagnaðinn skv. 13. gr. laganna. Ítarlega er fjallað um þetta efni frv. í greinargerð og því ekki ástæða til að rekja einstök atriði frekar en benda frekar hv. alþm. á að lesa greinargerðina, bæði hina almennu og þó einkum þá sem kemur fram í athugasemdum við einstakar greinar.

Herra forseti. Þótt tilefni þessa frv. hafi verið hvernig skattaleg meðferð keyptra aflaheimilda hefur þróast eins og rakið er í greinargerð með frv. er efni þess almenns eðlis. Með öðrum orðum er ekki verið að taka eingöngu á aflaheimildum. Með því eru færð í lagabúning ákvæði um ófyrnanleg réttindi sem eru í fullu samræmi við grundvallarreglur skattalaganna. Má því segja að með frv. sé verið að færa skattalega meðferð keyptra aflaheimilda og annarra sambærilegra réttinda til samræmis við það sem almennt og eðlilegt er samkvæmt skattalögunum. Í greinargerðinni er vitnað til þess sem segir um þessi mál í öðrum löndum. Ef ég man rétt er vitnað þar til Noregs, Nýja-Sjálands og einhverra annrra landa, líklega Bretlands ef ég man rétt, a.m.k. hinna tveggja. Þar segir að þar sé farið með þessi réttindi með sama hætti og gert er ráð fyrir að verði gert eftir að þetta er samþykkt hér. Það er rétt hjá mér, það er Noregur, Bretland og Nýja-Sjáland.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðulaust að fjalla frekar á þessu stigi málsins um frv. en vænti þess að það fái umfjöllun í hv. nefnd sem er efh.- og viðskn. þingsins og ég geri tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og þeirrar hv. nefndar.

[18:13]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér er afar athyglisvert þingmál til umræðu sem hefur verið boðað um hríð og beðið eftir að ríkisstjórnin legði það fram um nokkurt skeið. Eins og hæstv. fjmrh. vék að í upphafi framsögu sinnar hefur legið fyrir þinginu frá því í haust frv. að nokkru leyti um sama efni og þetta stjfrv. lýtur að og frv. var reyndar lagt fram fyrst á síðasta þingi, í maímánuði sl. Ég hef aðeins borið saman efnistökin eða innihald þessara tveggja frv. og það sem er eins í þeim báðum eru eftirfarandi atriði sem eru meginatriði málsins.

Í fyrsta lagi eru réttindin sem frv. eiga að taka til skilgreind í þeim báðum og kveða á um að þau réttindi verði eigi fyrnd. Þá er skilgreint í báðum frv. hver söluhagnaðurinn er og kveðið á um að það eigi að tekjufæra hann á söluári og að fullu. Þessi ákvæði eru nákvæmlega eins í báðum frumvörpunum. Hins vegar eru fleiri atriði í báðum frumvörpunum og þau eru ólík. Það er því rétt að fara aðeins yfir það svo að mönnum sé ljóst að það er ekki sama efnisinnihald í þessum tveimur frumvörpum þegar að er gáð.

Það sem er ólíkt er meðferðin á eignfærslu kaupverðsins eða stofnverðsins á réttindunum sem keypt eru. Í frv. ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að það beri að færa þetta kaupverð til eignar og greiða af þeim eignarskatt. Það er alveg þveröfugt á við ákvæðið í mínu frv. þar sem einmitt er kveðið á um að þessi verðmæti verði eigi færð til eignar og ekki greiddur af þeim eignarskattur. Fyrir því er það sjónarmið af minni hálfu að staðfesta eða ítreka þann vilja löggjöfans að þessi réttindi verði ekki skilgreind sem eign þess sem í hendi hefur. Það er því um gjörólíka nálgun að þessu leytinu til og ég velti því fyrir mér hvaða áhrif þessi breyting sem frv. ríkisstjórnarinnar leggur til um eignfærslu réttindanna hefur á mat lögmanna á því hvort hætta sé á að eignin fari að falla undir ákvæði stjórnarskrárinnar sem skilgreinir eign og hvort það geti verið að ekki verði hægt að taka af mönnum þessi réttindi nema bætur komi fyrir. Það er einmitt það sem við viljum forðast eða ég a.m.k. trúi því, að allir þingmenn hafi verið þeirrar skoðunar og séu þeirrar skoðunar að forðast beri nokkuð það í lagasetningu í málinu sem dregur málið lengra í þá áttina að einhver vafi leiki á því að unnt sé að breyta lögum án þess að þurfa að bæta mönnum meintan eignamissi. Ég vil beina því til hv. efh.- og viðskn. að láta gera fyrir sig lögfræðilegar álitsgerðir um þetta efni þ.e. hvort sú tillaga í frv. ríkisstjórnarinnar, að færa slík réttindi sem eign í skilningi skattalaga, leiði af sér auknar líkur á því að um verði að ræða eign í skilningi stjórnarskrárinnar og njóti því stjórnarskrárvarinna réttinda. Ég legg áherslu á það sjónarmið að löggjafinn geri ekkert sem dragi málið í þá áttina. En ég óttast að þetta geti einmitt styrkt sjónarmið þeirra sem óttast að málið sé á þeirri leið. Það væri a.m.k. nauðsynlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar og talsmanns hennar í málinu að fá yfirlýsingu fjmrh. um hvernig hann skilur þetta ákvæði, hvað það hefur í för með sér að skilgreina þessi réttindi sem eign í skilningi skattalaganna og hvaða áhrif það hefur að skilgreina þá eign í skilningi stjórnarskrárinnar. Þetta er gerólíkt í frv. tveimur og skiptir verulega miklu máli.

Annað sem er ólíkt í frv. er að í mínu frv. eru afnumdar strax allar heimildir til afskrifta á keyptum réttindum. Hins vegar er það ekki í frv. ríkisstjórnarinnar heldur beinlínis kveðið á um það að þær heimildir til almennra fyrninga keyptra réttinda gildi í þrjú ár í viðbót. Þótt fyrningaprósentan sé lækkuð ár frá ári er engu síður kveðið á um það að veita þarna veigamikla undanþágu frá hinu almenna ákvæði laganna um bann við fyrningum þessara réttinda.

Í öðru lagi eru ýmsar heimildir opnar í frv. ríkisstjórnarinnar til að beita fyrningum aðrar en sú sem ég hef þegar getið. Þar vil ég nefna fyrst heimild til að færa niður kaupverð réttinda um sem nemur söluhagnaði af áður seldum réttindum. Þetta er almennt undanþáguákvæði ótímabundið þannig að skattaðili getur komist undan því og hjá því svo lengi sem hann kýs að greiða tekjuskatt af söluhagnaði með þessu móti.

Í öðru lagi gilda heimildir skattalaga um frestun eða dreifingu á söluhagnaði um þann söluhagnað í frv. ríkisstjórnarinnar, en í mínu frv. er tekið fyrir það og meðferð söluhagnaðar af þessum réttindum er ákveðin sérstaklega og öðruvísi en almennt gerist í skattalögum og kveðið á um að engar heimildir séu um frestun eða dreifingu. Þetta ákvæði skiptir líka verulegu máli og er mjög ólíkt því sem ríkisstjórnin hefur hér kynnt.

Í þriðja lagi er undanþága eða heimild til þess að fyrna keypt réttindi sett inn í frv. ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um að færa megi til gjalda verðmæti þessara réttinda verði þau af skattaðila tekin eða þau réttindi falli niður eins og gæti gerst ef lögin yrðu afnumin og sett önnur lög eða

aðrar breytingar gerðar sem hefðu þessi áhrif. Þetta er satt að segja mjög víðtæk heimild til að tefja kaupverð réttinda til rekstrarkostnaðar þegar svona stendur á. Að öllu samanlögðu eru mjög rúmar heimildir og mjög margar undanþágur frá hinu almenna ákvæði laganna um að ekki eigi að fyrna réttindin.

Í mínum huga hefur það alltaf verið meginmarkmiðið, fyrir utan það að varðveita réttindin á þann hátt að þau verði ekki eign í skilningi stjórnarskrárinnar, að gæta þess með lagabreytingunni að draga úr verðmæti þeirra réttinda, a.m.k. að löggjöfin sé ekki að auka þau sérstaklega eins og löggjöfin gerir með því að heimila mönnum að afskrifa réttindi og færa kaupverðið sem rekstrarkostnað sem leiðir síðan af sér að menn komast hjá skattgreiðslum í ríkissjóð. Þegar málið er rakið til baka þá hafa skattareglurnar áhrif á að hækka verðmæti réttindanna og með því að taka fyrir þær leiðir mun væntanlega verðmæti þeirra lækka. Af minni hálfu hefur það verið aðalkeppikefli málsins að lækka verðmæti þessara réttinda sem ég tel vera eitt það allra brýnasta í breytingum á þessu fyrirkomulagi sem við búum við varðandi stjórn fiskveiða.

Ef ég reyni að meta áhrif frv. ríkisstjórnarinnar á verðmæti veiðiheimilda, þá sýnist mér ekki mjög líklegt að áhrifin verði þau að lækka verð þeirra svo að einhverju muni. Til þess eru heimildirnar allt of rúmar til að telja að lokum þetta kaupverð til gjalda í rekstrarreikningi fyrirtækjanna. Mér sýnist því að þau ákvæði í frv. ríkisstjórnarinnar, sem eru frábrugðin þeim ákvæðum sem er að finna í mínu frv., leiði til þess að menn ná ekki þeim árangri sem ég a.m.k. hef stefnt að með því að flytja þetta mál.

Ég hef líka dálitlar efasemdir um það ákvæði að heimila skipti á aflaheimildum án þess að telja það til söluhagnaðar eða láta reikna það út á þann hátt. Ég skil í sjálfu sér hvað átt er við og við fyrstu sýn virðist það vera eðlilegur gangur en ég hef við frekari hugsun á þessu atriði frv. fyllst nokkrum efasemdum um það og sé fyrir mér að þessa leið geti menn notað til þess að komast hjá því að söluhagnaður verði sýnilegur. Ég hvet hv. efh.- og viðskn. til að athuga þetta ákvæði frv. alveg sérstaklega einmitt með það í huga hvort þarna kunni að vera leið fyrir skattaðila að komast hjá skattgreiðslu en það er í sjálfu sér eðlileg hugsun og viðbrögð þeirra sem eru í atvinnurekstri að haga honum þannig að þeir lágmarki skattgreiðslur sínar á hverju tíma. Því leita menn að leiðum í löggjöf sem þeir búa við á hverjum tíma sem skilar þeim lægri sköttum en annars.

Herra forseti. Það er svo sem ekki margt til viðbótar sem ég hef um málið að segja á þessu stigi að öðru leyti en því að mér finnst að þau atriði sem eru frábrugðin mínu frv. geri stjfrv. ekki eins gott og annars ætti að vera. Það eru of mörg ákvæði sem draga úr gildi þeirrar ákvörðunar að heimila ekki lengur fyrningar á keyptum réttindum sem frv. fjallar um. Ég hef því nokkrar efasemdir um að málið leiði til þess gagns sem því er ætlað þegar upp er staðið og ég hef sérstakar efasemdir um það ákvæði að kveða á um að telja þessi réttindi til eignar og láta borga af þeim eignarskatt. Ég vil segja varðandi rökin fyrir því að heimila þurfi afskriftir á þessum réttindum næstu þrjú ár til þess að gefa mönnum aðlögun að gildandi fyrirkomulagi, að ég tek ekki undir þau rök að um sé að ræða hættu á að afturvirkar breytingar eða breytingar á löggjöf sem menn búa við í dag leiði til verulegrar breytingar á rekstrarumhverfi þeirra. Ég bendi á að engin lagaákvæði gilda um þetta efni í dag. Það er því ekki um það að ræða að löggjafinn sé núna að gera breytingar á einhverjum tilteknum lögum sem um málið hafa gilt. Það gilda einfaldlega engin lagaákvæði um það og framkvæmdin í dag styðst við skilning Hæstaréttar á lögunum en ekki að í þeim sé að finna einhver bein ákvæði um að svo skuli fara með, eins og menn hafa gert í reynd. Ég tek því ekki undir það að gefa þurfi aðlögunartíma af þessum sökum. Þvert á móti tel ég öll rök hníga að því að láta breytinguna taka þegar gildi og veita engar undanþágur frá henni.

Herra forseti. Ég vil svo benda á galla á málfari frv. sem ég tel að geti skipt máli, en talað er um varanlega aflahlutdeild í 2. gr. frv. Samkvæmt mínum skilningi er ekki til neitt sem heitir varanleg aflahlutdeild. Aflahlutdeild er skilgreind í lögunum um stjórn fiskveiða og er í raun réttindi sem fela í sér ákveðinn hlut af heildarmagni sem veiða má hverju sinni úr tilteknum fiskstofni. Síðan ræðst það af því hversu mikið má veiða í heildina úr viðkomandi fiskstofni ár hvert hvað þessi hlutdeild gefur mörg tonn af sér á hverju fiskveiðiári og það er kallað aflamark þannig að hugtökin sem til eru í lögunum um stjórn fiskveiða eru aflamark og aflahlutdeild. Varanleg aflahlutdeild væri þá væntanlega eitthvert annað hugtak en aflahlutdeild. Og hvaða hugtak væri það þá? Ég get ekki séð neitt annað en að menn hljóti að túlka það sem svo að varanleg hlutdeild væri eitthvað sem menn hefðu varanlega í hendi og ef menn teldu sig hafa eitthvað varanlegt í hendi, verður væntanlega erfiðara fyrir Alþingi að taka það af. Ég legg til að efh.- og viðskn. taki út úr frumvarpstextanum orðið varanleg.

Herra forseti. Ég hef þá farið yfir frv. ríkisstjórnarinnar og borið það saman við ákvæði í mínu frv. og ég vek athygli á því að veruleg frávik eru eins og ég hef rakið og vil þó nefna eitt til viðbótar sem ég hygg að ég hafi gleymt þegar ég fór yfir þessi atriði. Það er að í mínu frv. er kveðið sérstaklega á um það að tap af sölu aflahlutdeildar sé eigi heimilt að færa til rekstrargjalda en það er hins vegar heimilt í frv. ríkisstjórnarinnar. Þetta atriði mun skipta miklu máli og hafa vaxandi þýðingu á komandi árum ef svo fer sem vænta má að með vaxandi leyfðum heildarafla lækki verð á heimildunum eitthvað og þá fer að myndast tap af sölu veiðiheimilda sem skattaðili hefur keypt á fyrri tímum á hærra verði en hann fær á þeim tíma sem hann selur. Þetta er enn ein opnunin fyrir það að koma kaupverði að lokum í gegnum rekstrarreikning og þegar opnanirnar eru orðnar svona margar eins og raun ber vitni þá eru líkurnar á því að frv. frá ríkisstjórninni hafi þau árif að lækka verðið orðnar mjög litlar og ég hef miklar efasemdir um að stjfrv. leiði til þess markmiðs sem ég hef sett fram sem einn helsta tilgang lagasetningar að draga úr þessum miklu verðmætum sem eru þarna á ferðinni.

[18:33]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að fara yfir bæði frumvörpin og skýra þau út. Það gefst ekki tækifæri hér til þess að fara í öll atriði sem hann nefndi. Ég vil þó taka fram að þegar rætt er um eignfærslu í stjfrv., þá má ekki koma upp sú pólitíska viðkvæmni að þetta hafi eitthvað með það að gera hvort miðin séu þjóðareign, einkaeign eða eitthvað þess háttar. Í skattalegum skilningi verður að færa þetta til eignar og menn sjá náttúrlega alveg í hendi sér hvað mundi gerast ef þetta ætti ekki að færast til eignar en svo gætu menn keypt kvótann með peningum úr rekstri, þá mundi auðvitað

eignarskattsstofninn lækka og þar með skattarnir lækka ef við færum þá leiðina.

Til þess að benda hv. þingmönnum á ágæta grein um eign og hve eign er flókið hugtak og sérstaklega að því er tengist kvótanum, þá vil ég benda á grein í nýútkomnu tímariti lögfræðinga þar sem Skúli Magnússon lögfræðingur fer mjög vandlega yfir þennan þátt málsins og reyndar aðra. Ég bendi á að ef kerfið er tekið upp og fellur niður og það er undirstrikað hjá þeim sem sömdu frv., þá má gjaldfæra þessi réttindi og það bendir til þess að menn hafa það í huga að kerfið verði ekki til eilífðarnóns þannig að það er verið að undirstrika það. Niðurstaðan ef þetta frv. verður samþykkt er auðvitað sú að fyrirtæki muni bera hærri skatta. Það hlýtur að gleðja suma. Það eru minni fyrningar, meiri tekjur fyrir fyrirtækin, eignarskattsstofninn verður annar og ég spái því að þau réttindi sem hér er verið að ræða um, heimildirnar, muni lækka í verði. Ég minni á að hér er verið að fara í sömu átt og við höfum verið að gera að undanförnu og bendi á tryggingagjöldin og yfirfæranlegt tap.

Loks vil ég nefna að auðvitað þurfa að vera undanþágur, a.m.k. að nokkru leyti vegna afturvirknisjónarmiðanna sem vel er gerð grein fyrir í frv. Því miður, virðulegi forseti, sé ég að ég kemst ekki lengra áfram. En þetta vildi ég nefna á þessu stigi málsins vegna þess að mér er kunnugt um að hv. þm. getur ekki verið hér við framhald umræðunnar.

[18:36]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef farið yfir sjónarmið mitt varðandi þau sjónarmið sem sett hafa verið um afturvirkni og af því leiðir að nauðsynlegt sé að hafa þessar undanþágur sem ráðherra gat um. Ég ítreka bara mitt sjónarmið í þeim efnum, að þau eigi ekki við þar sem ekki er um nein lagaákvæði að ræða sem við erum að breyta. Við erum einfaldlega að setja í fyrsta sinn ákvæði um hvernig með skuli fara.

Ég vona að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér í því að verð á aflaheimildum muni lækka verði þetta stjfrv. að lögum. Ég vona líka að það leiði til þess að ríkissjóður hafi meiri tekjur af atvinnurekstrinum en hann hefur haft hingað til með því að loka fyrir þá leið að færa kaupverðið á réttindunum gegnum rekstrarreikning og spara sér þannig skattgreiðslur. En ég er ekki sammála mati hans á áhrifum frv. eins og ég rakti.

En mig langaði að ítreka spurningu mína til ráðherrans um mat hans á því hvaða áhrif það hefur á ákvæði stjórnarskrárinnar sem kveður á um að eign megi ekki af mönnum taka nema bætur komi fyrir. Þegar er verið að lögfesta það að þessi réttindi séu eign í skilningi skattalaga þá er löggjafinn búinn að segja að um eign sé að ræða og mig langar að fá álit ráðherrans á því hvort hann telji að þessi ákvörðun löggjafans, ef samþykkt verður, leiði til þess að það verði meiri líkur en nú eru á því að dómstólar muni kveða upp þann dóm að bætur verði að koma fyrir ef lögin verði felld úr gildi.

[18:38]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé varla hægt að fara hér í fræðilegar umræður um það mál sem hv. þm. ræddi hérna síðast. Ég tel að í raun og veru hafi þetta enga úrslitaþýðingu fyrir það hvort kvótinn, aflaheimildin sé talin eign og varin af eignarréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég get ekki alveg fullkomlega útilokað það en ég bendi á að fræðimenn hafa verið að skrifa um þessi efni. Ég sagði frá grein sem ég hef nýlega lesið eftir Skúla Magnússon lögfræðing og ég veit að Sigurður Líndal prófessor hefur skrifað um þetta, gerði það fyrir nefnd þingsins á sínum tíma og ræddi þar um eignina og hvort réttindi á borð við þessi væru varin af stjórnarskránni. Og það kemur í ljós að slík réttindi geta verið varin af stjórnarskránni án þess að þau séu tiltekin nákvæmlega í lögum. Ég vil einnig minna á að eign er ekki neitt ótvírætt hugtak. Eign getur verið fólgin í ýmsu. Það er bara spurningin um afstöðu þess sem getur nýtt sér viðkomandi hluti sem geta verið réttindi eða fasteignir eða hvað annað sem hefur virði á markaði og er miklu flóknara samband en menn gera sér almennt grein fyrir.

Um það hvort síðan stjórnarskrárákvæði sem segir að menn skuli fá bætur fyrir ef af er tekið, þá vil ég bara vísa til þessarar greinar en jafnframt segja frá því að prófessor Þorgeir Örlygsson hefur fjallað um þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu m.a. að ef kerfið breytist vegna þess að umráðaaðilinn, ríkið, ákveður að fara öðruvísi að með auðlindina sem fulltrúi þjóðarinnar, þegar ríkið kemur fram sem fulltrúi þjóðarinnar, þá eigi útgerðin ekki rétt á bótum þess vegna. En ég hvet menn til þess að lesa þessar fræðilegu ritgerðir sem liggja nú þegar fyrir um þetta mál.

[18:40]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast við þessar álitsgerðir sem ráðherrann vitnar til nema álitsgerð Skúla Magnússonar sem ég hef ekki kynnt mér. Ég er alveg sammála niðurstöðu Þorgeirs Örlygssonar og hún fellur alveg að þeim sjónarmiðum sem ég hef haft í málinu til þessa, þ.e. að staða löggjafarinnar um stjórn fiskveiða er sú að Alþingi getur breytt löggjöfinni hvenær sem er og gert hvaða breytingar sem það kýs án þess að þurfa að greiða útgerðarmönnum bætur fyrir, ef réttindi þeirra verða skert eða afnumin. Ég vil því að löggjafinn haldi stöðunni þannig áfram að við séum ekki að setja lög sem geta leitt til þess að við breytum stöðunni, þessari stöðu sem ég tel að málið sé í og eigi að vera í.

Ég spyr svo grannt eftir afstöðu ráðherrans um áhrifin af því að kveða upp úr með það í löggjöf, eins og hann leggur til, að kvóti, skulum við segja, sé eign í skilningi skattalaga vegna þess að ef til þess kemur að dómstólar þurfi að fara að túlka þessa löggjöf, sem yrði ef frv. verður að lögum, eða aðrir sem þurfa að útfæra löggjöfina, þá verður auðvitað að byrja á því að leita eftir því hvað löggjafinn var að meina. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að framsögumaður málsins, sem er hæstv. fjmrh., tali alveg skýrt um hver hans meining er með frv. Ég tel að það þurfi að koma hér fram í umræðunni um málið alveg skýr yfirlýsing ráðherrans um það að þetta frv., að hans mati, leiði ekki til þess að ákvæði stjórnarskrárinnar muni eiga við.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 14. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 18:43.

# 43. FUNDUR

mánudaginn 15. des.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 1 (með áorðn. breyt. á þskj. 463). — 3. umr.
3. Fæðingarorlof, stjfrv., 343. mál, þskj. 443. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Söknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 312. mál, þskj. 392, nál. 472. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 99. mál, þskj. 99 (með áorðn. breyt. á þskj. 494). — 3. umr.
6. Rafræn eignarskráning verðbréfa, stjfrv., 149. mál, þskj. 149 (með áorðn. breyt. á þskj. 514). — 3. umr.
7. Bjargráðasjóður, stjfrv., 185. mál, þskj. 185. — 3. umr.
8. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 289. mál, þskj. 361 (með áorðn. breyt. á þskj. 471). — 3. umr.
9. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 291. mál, þskj. 363 (með áorðn. breyt. á þskj. 473). — 3. umr.
10. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 292. mál, þskj. 364 (með áorðn. breyt. á þskj. 480). — 3. umr.
11. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 327. mál, þskj. 413 (með áorðn. breyt. á þskj. 476). — 3. umr.
12. Spilliefnagjald, stjfrv., 331. mál, þskj. 417 (með áorðn. breyt. á þskj. 468). — 3. umr.
13. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 339. mál, þskj. 428. — 3. umr.
14. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 418, nál. 465, brtt. 466 og 522. — 2. umr.
15. Einkaleyfi, stjfrv., 153. mál, þskj. 153, nál. 510, brtt. 511. — 2. umr.
16. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 165, nál. 448 og 528, brtt. 449 og 529. — 2. umr.
17. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 167, nál. 453, brtt. 454. — 2. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 338. mál, þskj. 427. — Frh. 1. umr.
19. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 460. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[15:04]

**Útbýting þingskjala:**

Fangelsi og fangavist, 291. mál, þskj. 531.
Lífeyrissjóður bænda, 327. mál, þskj. 535.
Lögskráning sjómanna, 289. mál, þskj. 532.
Rafræn eignarskráning verðbréfa, 149. mál, þskj. 536.
Ríkisábyrgðir, 99. mál, þskj. 534.
Spilliefnagjald, 331. mál, þskj. 533.
Veiting ríkisborgararéttar, 292. mál, þskj. 530.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Fjarvera forsætisráðherra við atkvæðagreiðslu um fjárlög.*

[15:06]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. forsrh. vegna fjarveru hæstv. ráðherra við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. eftir 2. umr. sl. laugardag.

Nú er það svo að í 53. gr. laga um þingsköp Alþingis stendur:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Í 64. gr. þingskapa segir enn fremur, en sú grein fjallar um atkvæðagreiðslur og hvenær fundir Alþingis séu ályktunarhæfir:

„Skylt er þingmanni að vera viðstaddur og taka þátt í atkvæðagreiðslu nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem m.a. fjarvistaskrá og skriflegar atkvæðagreiðslur á laugardaginn sýna voru fjórir hv. þm. fjarverandi. Þar af höfðu tveir fjarvistarleyfi, þ.e. hæstv. utanrrh. og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Nú vill svo til að fjölmiðlar greina frá því, ef rétt er með farið, hvað kunni að hafa valdið fjarveru þeirra tveggja sem eftir eru. Samkvæmt fregnum í Degi var fjöllistamaðurinn Árni Johnsen — þar mun vera átt við hv. þm. Árna Johnsen — staddur úti í Stórhöfða í átta vindstigum að hlýða á tónlist. En samkvæmt fjölmiðlum var einnig annar maður fjarstaddur af skyldu tilefni, hæstv. forsrh. var samkvæmt listadálki Morgunblaðsins að lesa úr smásagnasafni sínu, Nokkrir góðir dagar án Guðnýjar, á Gráa kettinum, Hverfisgötu 16a, laugardaginn 13. des. kl. 15. Með fullri virðingu (Forseti hringir.) fyrir hvoru tveggja, ritstörfum hæstv. forsrh. og Gráa kettinum, þá undrar þetta mig nokkuð og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Var þetta tilefni þess að hæstv. forsrh. (Forseti hringir.) gat ekki sinnt þingskyldum sínum sl. laugardag og var fjarverandi alla atkvæðagreiðsluna um fjárlög sem fór hér fram?

[15:08]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ósköp var þetta smátt í sniðum. Mér finnst sjálfsagt að halda mér við aga í þingsalnum ef það verður meginregla að þannig verði fylgst með öðrum mönnum. Ég veit að hv. þm. er eins og grár köttur í ræðustólnum að öðru jöfnu en ég skal svo sannarlega halda mér til aga ef hið sama verður gert við aðra menn. En þetta var mjög smátt í sniðum.

[15:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég get ekki sagt að mér hafi komið tónninn í málefnalegu svari hæstv. forsrh. mjög á óvart. Það vill svo til að mér er kunnugt um að margir hv. þm. þurftu að gera ýmsar breytingar á högum sínum til að geta verið viðstaddir atkvæðagreiðsluna sem fram fór hér og tók hartnær þrjár klukkustundir. Menn urðu að sjálfsögðu að færa til hluti sem þeir höfðu ætlað sér að nýta þennan tíma til eins og við er að búast þegar svo er komið í störfum þingsins að hér er mikið annríki og menn verða að búast við því að vera viðstaddir nánast allan sólarhringinn.

Ég leyfi mér að segja að það sé í hæsta máta óviðeigandi að hæstv. forsrh. skuli sýna þinginu, þingræðinu, og þá kannski ekki síður sinni eigin ríkisstjórn og fjárlagafrv. hennar, þessa virðingu með þeim hætti að láta þjóðina horfa upp á það að hann taki það fram yfir að lesa upp úr smásagnasafni sínu á einhverjum gráum ketti úti í bæ og vera ekki viðstaddur atkvæðagreiðslu við fjárlagafrv. þegar allir að undanskildum fjórum þingmönnum, og þar af tveir sem höfðu fjarvist og ég hygg a.m.k. í öðru (Forseti hringir.) tilvikinu séu þar á ferðinni skýringar sem allir taka undir, þ.e. af fjölskylduástæðum, mæta þó þetta vel að hér var nánast fullmætt nema með þessum tveimur undantekningum. Það er umhugsunarefni fyrir Sjálfstfl. að báðir þingmennirnir sem hafa ekki fyrir því að biðja um fjarvistarleyfi skuli sýna þinginu þessa lítilsvirðingu.

*Nýtt hlutverk Seðlabankans.*

[15:10]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Í fjölmiðlum um helgina mátti heyra viðtöl við seðlabankastjóra, Steingrím Hermannsson, fyrrv. forsrh. og fyrrv. formann Framsfl., þar sem hann lýsti hugmyndum sínum um þróun mála í íslensku samfélagi. Þar sagði hann m.a. að þróunin væri öll á þann veg að völd og áhrif og auður færðist hægt og bítandi á æ færri hendur. Og raunar gekk hann svo langt að vísa til þess að kapítalisminn væri dauður eins og kommúnisminn. Hann viðraði jafnframt þær hugmyndir að Seðlabankinn gæti í auknum mæli komið til skjalanna og snúið þeirri öfugþróun við sem stæði nú yfir hjá núv. ríkisstjórn og lýsti m.a. þeim hugmyndum sínum að Seðlabankinn gæti stuðlað að því að vaxtastuðullinn yrði tvískiptur og það yrðu lægri vextir almennt til þess að almenningur gæti eignast hlutdeild í fyrirtækjum o.s.frv. Nú hef ég orðrétt, virðulegi forseti, eftir seðlabankastjóra: „... og færu þá náttúrlega í gegnum viðskiptabankana og þeir lánuðu til slíkra hluta og í raun og veru tækju veð eins og þeir sögðu í framtíðarhagnaði fyrirtækjanna með vissa ábyrgð Seðlabanka á bak við í sambandi við vextina." Seðlabankastjóri lýsti því jafnframt yfir að þetta gæti gengið mjög auðveldlega hér heima og ekki síst í ljósi þess að ríkisstjórnin hygðist nú einkavæða og selja hluta úr Pósti og síma og síðan viðskiptabönkunum. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. viðskrh. hvort þessar hugmyndir seðlabankastjóra og fyrrv. forsrh. og fyrrv. formanns Framsfl. séu honum að skapi og hvort hann hafi rætt þessar hugmyndir við Steingrím og hvort seðlabankastjóri sé að lýsa hinni nýju stjórnarstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og þá kannski einkanlega áhersluatriðum Framsfl. í þessum efnum.

[15:12]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það hefur verið áhersluatriði hjá ríkisstjórninni að greitt yrði fyrir því að einstaklingar gætu eignast hlut í þeim fyrirtækjum sem þeir starfa hjá. Nokkur dæmi má nefna, sem ég veit að hv. þm. er mjög vel kunnugt um, þar sem einkavæðingarnefnd hefur beinlínis beitt sér fyrir því að starfsfólk viðkomandi fyrirtækja nýtur sérkjara við að eignast hlut í viðkomandi fyrirtæki. Ég tek undir þetta og ég tek líka undir að það er mikilvægt að hægt sé að koma fyrir dreifðri eignaraðild að fyrirtækjum sem ríkið er að selja hlut sinn í. En hitt get ég fullvissað hv. þm. um að það er ekki á dagskrá að Seðlabankinn fari að eignast hlut í fyrirtækjum.

[15:13]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. viðskrh. Mér var það nokkuð ljóst, enda skildi ég ekki seðlabankastjóra á þann veg að hann reiknaði með því að Seðlabankinn kæmi með beinum hætti inn í viðskipti af þessum toga en eins og ég las áðan þá lýsti hann hugmyndum sem hann hafði heyrt á ráðstefnu erlendis og hann tók undir að Seðlabankinn gæti með beinum hætti ábyrgst kaup almennings á hlutabréfum í fyrirtækjum sem ríkið setti á markað. Ég vil árétta: Er það leið sem hæstv. viðskrh. sér fyrir sér að gæti gengið hér heima? Með öðrum orðum að allur almenningur í landinu ætti þess hugsanlega kost að kaupa hlut í viðskiptabönkunum og hugsanlega Pósti og síma, svo ég nefni nú tvö stór ríkisfyrirtæki sem menn hafa verið að ræða í þessu samhengi, á hugsanlega 5% vöxtum — af því það er tala sem seðlabankastjóri nefndi í einu þessara viðtala — og að Seðlabankinn væri síðan með bakábyrgð á skuldbindingum almennings og þannig væri tryggð mjög breið eignaraðild. Eins og seðlabankastjóri áréttaði margoft í þessum viðtölum væri þannig komið í veg fyrir að „einhverjir haldnir græðgi" hrifsi það ekki allt saman smám saman til sín og þá á seðlabankastjóri væntanlega við bankana og Póst og síma. Mér finnst þetta fyllilega athugliverðar hugmyndir og ég fagna því satt að segja að hæstv. viðskrh. skuli taka undir í meginatriðum þessar hugmyndir flokksbróður síns og félaga hér frá árum áður.

[15:15]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég held að fullyrða megi að einkenni fyrir íslenska hlutabréfamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn í heild sinni sé að þátttaka almennings í atvinnurekstri er meiri hér en í mörgum þeim löndum sem við horfum til. Það hefur m.a. komið til vegna þess að stjórnvöld hafa skapað þær aðstæður með því að gefa almenningi aukin tækifæri til þess að geta eignast hlut í fyrirtækjum. Það áhersluatriði kemur m.a. fram í reglum á vegum einkavæðingarnefndar að einstaklingum í starfi hjá fyrirtæki verði gefinn kostur á að eignast hlut í viðkomandi fyrirtæki jafnframt því að eignaraðild sé dreift. Ég vil undirstrika þetta áhersluatriði af okkar hálfu en að Seðlabankinn fari að eignast hlut í fyrirtækjum eða bera ábyrgð á slíku kemur ekki til greina af minni hálfu.

[15:16]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Örstutt að lyktum. Mun hæstv. viðskrh. eiga orðastað við seðlabankastjóra um þessi atriði og fá nánari útlistun á þeim?

*Eldneytisgjald á Keflavíkurflugvelli.*

[15:17]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgrh. vegna álits Samkeppnisstofnunar sem lagt var fram sl. föstudag og varðaði meinta mismunum í greiðslu eldsneytisgjalda á Keflavíkurflugvelli.

Í fyrsta lagi kvartaði umboðsmaður Cargolux vegna þess að bandarísk flugfélög njóti fríðinda hér á landi sem flugfélög frá Lúxemborg og öðrum EES-ríkjum njóti ekki. Í öðru lagi

var kvartað yfir því að reglurnar um eldsneytisgjald hefðu þau áhrif að Flugleiðir geti í krafti stöðu sinnar á markaðnum keypt eldsneyti beint og komist hjá því að greiða umrætt gjald.

Niðurstaða samkeppnisráðs um bæði atriðin hljóðar svo, með leyfi forseta: „Með því að innheimta eldsneytisgjald af Cargolux en ekki Flugleiðum eru stjórnvöld að raska samkeppni í áætlunarflugi til Norður-Ameríku. Lagaákvæði eða framkvæmd þeirra sem veita tilteknum keppinautum forréttindi eða ríkisstuðning fara þvert gegn tilgangi og markmiðum samkeppnislaga, samanber 1. gr. þeirra laga.“ Hvað seinna atriðið varðar segir Samkeppnisstofnun sem svo: „Vegna mikilla umsvifa í flugi frá Keflavíkurflugvelli og eignarhalds á grunnmannvirkjum eru Flugleiðir í raun eini aðilinn sem getur flutt inn eigið eldsneyti og notið þar með undanþágu frá greiðslu eldsneytisgjalds. Þessi skipan mála m.a. raskar samkeppni í áætlanaflugi frá Íslandi til Evrópu og takmarkar aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Verður í reynd að líta svo á að þessi undanþága frá eldsneytisgjaldi, sem aðeins nýtist Flugleiðum, feli í sér ríkisstuðning sem fari þvert gegn tilgangi og markmiði samkeppnislaga. Jafnframt er þessi aðstaða til þess fallin að efla markaðsráðandi stöðu Flugleiða.“

Í beiðni Cargolux kemur fram að þetta atriði getur jafnvel verið forsenda þess að þeir geti áfram haldið uppi samkeppni í fragtflutningum til landsins og því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort og þá hvernig hann hyggist bregðast við tilmælum Samkeppnisstofnunar.

[15:19]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Þessi mál og þessi niðurstaða Samkeppnisstofnunar eru í athugum hjá lögfræðingum samgrn.

[15:20]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Þetta var stutt og laggott svar hjá hæstv. samgrh. og augljóst að hann treystir sér ekki til frekari umræðna um þetta. En það er náttúrlega umhugsunarefni, virðilegi forseti, ef fyrirspurnir til ráðherra fara í þann farveg að þeir séu hér með stæla og uppskafningshátt og svari ekki nokkru sem til þeirra er beint og geðsveiflur ráðherra eru þvílíkar að þeir virða viðkomandi þingmenn ekki svars. Ég held að full ástæða sé til þess, virðulegi forseti, að benda ráðherrum á að svara því sem til þeirra er beint. Við urðum vitni að merkilegu svari hæstv. forsrh. áðan og ekki er þetta síðra. Ég endurtek því fyrirspurnina til samgrh.: Hyggst hann bregðast við þessu áliti og hvernig hyggst hann gera það? Ekki er nema um tvennt að ræða. Annars vegar að fara að áliti Samkeppnisstofnunar ellegar skjóta þessu máli til dómstóla. Það kæmi mér ekkert á óvart að samgrh. færi að reka mál fyrir Flugleiðir fyrir dómstólum.

[15:21]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Hv. þm. er mjög vel að sér í þingsköpum og hefur oft verið hér með þarfar áminningar. Því finnst mér svolítið skrýtið að þurfa að benda honum á að honum býðst að leggja fram fyrirspurn til ráðherra með þinglegum hætti. Ég hef hins vegar fullkomlega svarað þeirri fyrirspurn sem hann beindi til mín. Annað er útúrsnúningur. Hann spurði mig hvernig ég mundi bregðast við. Ég svaraði því að málið væri til athugunar hjá lögfræðingum samgrn. sem er fyrsta skrefið. Það er fullkomlega eðlilegt svar á þessu stigi málsins.

[15:22]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. samgrh. held ég að rétt sé að vekja sérstaka athygli á því að hér er um að ræða dagskrárlið á vegum þingsins, þar sem við getum, samkvæmt þingsköpum, beint fyrirspurnum til hæstv. ráðherra. Hér er því algerlega um þinglega meðferð á þessari fyrirspurn að ræða þó ráðherra gæfi annað í skyn.

[15:22]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég bjóst ekki við að ástæða væri til að koma þrisvar sinnum upp út af jafnskýru máli og hér liggur fyrir. Svar mitt var glöggt og greinilegt. Ég lýsti nákvæmlega hvernig málið er statt þannig að hv. þm. hefur fengið fullnægjandi svar.

### *Fjárlög 1998, 3. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 537.

[15:23]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Þó frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 sé tekið á dagskrá, samkvæmt ákvæðum þingskapa, þá hefur fjárln. ekki lokið athugun sinni á frv. Því legg ég til, herra forseti, að ég fái að fresta ræðu minni, og jafnframt að umræðunni verði frestað til þess tíma sem forseti telur hagkvæman fyrir frekari umræðu um málið.

[15:23]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Fram hefur komið beiðni um að fresta umræðunni og verður orðið við henni. Umræðunni er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

[15:24]

**Útbýting þingskjala:**

Framhaldsskólar, 355. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 542.

Leiklistarlög, 356. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 543.

Rafræn eignarskráning verðbréfa, 149. mál, brtt. VE, þskj. 539.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 539. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

### *Fæðingarorlof, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 443.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 312. mál (millifærsla gjalda). — Þskj. 392, nál. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 472 samþ. með 41 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

***Ríkisábyrgðir, 3. umr.***

Stjfrv., 99. mál (heildarlög). — Þskj. 534.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, ÖS.
15 þm. (ÁRJ, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 545).

***Bjargráðasjóður, 3. umr.***

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 185.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
14 þm. (ÁRJ, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 547).

***Lögskráning sjómanna, 3. umr.***

Stjfrv., 289. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 532.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
14 þm. (ÁRJ, FI, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 548).

***Fangelsi og fangavist, 3. umr.***

Stjfrv., 291. mál (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta). — Þskj. 531.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 549).

***Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.***

Stjfrv., 292. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 530.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

### *Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.*

Stjfrv., 327. mál (iðgjaldastofn og innheimta). — Þskj. 535.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 551).

### *Spilliefnagjald, 3. umr.*

Stjfrv., 331. mál (hámark gjalds o.fl.). — Þskj. 533.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 552).

### *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 339. mál (skilgreining togveiðisvæða). — Þskj. 428.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
13 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 553).

### *Rafræn eignarskráning verðbréfa, 3. umr.*

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 536, brtt. 539.

[15:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég flyt hér brtt. í þremur liðum við þetta frv. við 3. umr. og ástæðan er sú að við nánari lestur á frv. hafa komið í ljós smávillur í sambandi við tilvísanir sem þarf að lagfæra. Ég held að ekki sé ástæða til að rekja það sérstaklega en ég óska eindregið eftir því að þessar tillögur verði samþykktar þannig að betur megi fara í frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Brtt. 539 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
14 þm. (ÁRJ, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, PP, RG, SJóh, SP, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 546).

### *Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 332. mál (byggingarnefndir, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 418, nál. 465, brtt. 466 og 522.

[15:39]

**Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breyting á skipulags- og byggingarlögum. Frumvarpið var til ítarlegrar umfjöllunar á síðasta ári, stórt og viðamikið frv. upp á yfir 60 greinar og brtt. við frv. voru þá fleiri en greinarnar voru sjálfar. Ráð var fyrir því gert í frv. að lögin tækju gildi 1. janúar nk. Frá því lögin voru samþykkt hafa komið fram nokkrar athugasemdir um hluti sem betur mættu fara. Flest hefur það verið smávægilegt en rétt þótti að lagfæra það áður en lögin tækju gildi, 1. janúar nk., fyrst við höfum tíma og rúm til þess.

Nefndin fékk á sinn fund þá Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhvrn., og Hjörleif Kvaran frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til minni háttar breytingar á frv. og lúta þær að lagfæringum á ákvæðum laganna sem ég nefndi áðan.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem greint er frá á sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er um að ræða orðalagsbreytingar sem lagðar eru til við 3., 6. og 7. gr. frv.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 27. gr. laganna um framkvæmdaleyfi. Lúta þær annars vegar að því að lagt er til að ákvæðið nái aðeins til meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, en ekki allra framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið. Hins vegar er lagt til að felld verði úr ákvæðinu vísun til skógræktar og landgræðslu og verði því einkum ætlað að ná til breytinga á landi með t.d. jarðvegi eða efnistöku. Einnig er lagt til í breytingum við þessa grein að sett verði inn reglugerðarákvæði þannig að ráðherra geti útfært frekar á hvern hátt verður farið með framkvæmd á útgáfu framkvæmdaleyfa.

Með því að fella út úr ákvæðinu vísun í skógrækt og landgræðslu og með orðunum „einkum ætlað að ná til breytinga á landi með t.d. jarðvegi eða efnistöku" er meiri hluti nefndarinnar að leggja áherslu á að hann telur skógræktar- og landgræðsluaðgerðir til þess að endurheimta náttúruleg gæði lands eða friðun lands sem leiðir til aukins náttúrulegs gróðurfars ekki til meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið eða breyta ásýnd lands.

Að öðru leyti ætlast nefndin til þess að hæstv. ráðherra skilgreini nánar í reglugerð hvað teljist til meiri háttar framkvæmda sem hafi áhrif á umhverfi og breyti ásýnd lands. Auk þess er rétt að geta þess að í 27. gr. eins og hún var samþykkt síðasta vor er jafnframt gert ráð fyrir því að úrskurðarnefndin, sem á að úrskurða um deilumál samkvæmt lögunum, úrskurði um það hvað eru meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd lands.

Loks leggur meiri hluti nefndarinnar til breytingu við 12. gr. frv. þess efnis að nýjar skipulags- og byggingarreglugerðir verði settar á grundvelli laganna í síðasta lagi 1. júlí 1998, en í ljós hefur komið að þær reglugerðir sem setja á geta ekki verið tilbúnar fyrir 1. janúar nk. Það er mjög mikilvægt að þær sjái dagsins ljós sem allra fyrst og því ákvað meiri hluti nefndarinnar að leggja til að setja eindaga um það hvenær þær reglugerðir ættu að sjá dagsins ljós svo vel geti orðið.

Að öðru leyti leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem gerð er grein fyrir í þingskjalinu og ég hef rakið.

[15:44]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við ræðum hér afgreiðslu hv. umhvn. á frv. um breyting á skipulags- og byggingarlögum, sem sett voru í fyrra. Nefndin hefur fjallað um þetta á nokkrum fundum og ekki er ágreiningur af minni hálfu nema við eitt atriði í tillögum nefndarinnar, þ.e. varðandi breytingar á 27. gr. og þá aðeins að hluta til. Ég átti þátt í að móta þær tillögur sem þarna voru að öðru leyti en af sérstökum ástæðum gat ég ekki verið við lokaafgreiðslu málsins þar sem gert hafði verið ráð fyrir nánara sammæli um breytingar varðandi 27. gr. áður en til afgreiðslu kæmi. Það kom mér því nokkuð í opna skjöldu að málið væri afgreitt úr nefnd á umræddum fundi. Þetta er nú 2. umr. málsins sem hér er en til þess að skýra afstöðu mína þá taldi ég rétt að leggja inn brtt. við málið við 2. umr. þannig að afstaða mín væri ljós til þessa efnis sem snertir 27. gr., um framkvæmdaleyfi.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að þegar lögin um skipulags- og byggingarlög voru sett og afgreidd á Alþingi hafði farið fram mjög mikið starf í umhvn. varðandi frv. og hv. framsögumaður nefndi áðan að viðamiklar brtt. hefðu komið fram við frv. og er það ekki ofmælt. Sú grein sem hér er rætt um, 27. gr., var ásamt öðrum brtt. nefndarinnar samþykkt, ég held bara í einu lagi á Alþingi síðasta vor, enda tókst gott sammæli í nefndinni um þessi efni og var forsenda fyrir því að þessi löggjöf var afgreidd þá. Ég hafði því vænst þess að leitast yrði við að hafa sama hátt á nú þegar kæmi til breyting á lögunum sem lýst var fyrst og fremst sem tæknilegum breytingum og minni háttar atriðum sem í ljós hefðu komið á þeim tíma sem liðinn er og komið hafa upp vegna kynningar á lögunum og að ekki yrði farið í að gera breytingar sem ágreiningur væri um í nefndinni. Nú er ég ekki að segja að það geti ekki komið til greina hér sem endranær en ég hefði talið það æskilegt að við mótun löggjafar af þessu tagi væri reynt að hafa sem víðtækast sammæli um afgreiðsluna.

Í nál. umhvn. á síðasta þingi, á þskj. 1167 sem er nál. um frv. til skipulags- og byggingarlaga upp á 33 tölusettar blaðsíður, segir um 27. gr., með leyfi forseta:

„Með 27. gr. er lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um framkvæmdaleyfi. Á það við um framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi og hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess. Falla skógrækt, landgræðsla og efnistaka til dæmis þarna undir. Framkvæmdir þessar þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og fara skal um þær eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir eru ekki hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess."

Þetta var sameiginlegt álit hv. nefndar á síðasta þingi og engar greinar uppi, það ég man, að undanskilja bæri einhverja sérstaka framkvæmdaþætti sem féllu undir skilgreiningu laganna frá þessum ákvæðum um framkvæmdaleyfin. Nú hefur það komið upp í framhaldinu að ýmsir aðilar gerðu athugasemdir við það ákvæði 27. gr. að allar framkvæmdir skyldu skilgreindar með þessum hætti og það er ekki undrunarefni. Það er auðvitað mjög víðtækt, fortakslaust ákvæði sem getur e.t.v. orðið til þess að æra óstöðugan að ætla að fella allar framkvæmdir undir þetta, þó nefndin hafi lagt þetta til og Alþingi samþykkt. Meginbreytingin sem við erum að gera á 27. gr. varðar þetta, og það er enginn ágreiningur við þann sem hér talar að við breytum þessu. Með því að setja inn „meiri háttar framkvæmdir" eftirlátum við framkvæmdarvaldinu ákveðið svigrúm til túlkunar, það er alveg ljóst, og tökum þá áhættu og opnum fyrir reglugerðarheimild varðandi þessa lagagrein sérstaklega. Og ég styð það að þannig sé haldið á máli.

En hér komu upp önnur atriði og ég vil nefna þau draugagang, virðulegur forseti, því góða nafni, vegna þess að farið er að taka inn í þessar tillögur af hálfu meiri hluta hv. nefndar önnur atriði sem stangast á við þá almennu afgreiðslu sem fram fór á síðasta þingi. Og viðleitni í þá veru, bæði í brtt. og nál., að undanskilja framkvæmdaleyfi, meiri háttar framkvæmdir á sviði landgræðslu og skógræktar — eða þannig eru tillögur meiri hluta nefndarinnar sem hér liggja fyrir túlkaðar af sumum, alla vega flutningsmönnum. Það er þó ekki einhlítt hvernig sú túlkun fellur ef ég leyfi mér að lesa í mál manna sem undir þetta nál. hv. umhvn. skrifa, þá er sú túlkun ekki einhlít eða sammæli um hana í raun. Ég tel

það mjög vafasamt, svo ekki sé meira sagt, að kasta þessu máli hér út í afgreiðslu við 2. umr. málsins með svo óljósum skilningi af hálfu nefndarinnar og vissulega er það svo að það er ekki fortakslaust kveðið á um þetta efni í tillögunum. Það stendur ekki undanskilja skal meiri háttar framkvæmdir á verksviði skógræktar og landgræðslu framkvæmdaleyfi, — það stendur ekki. En í tillögunum er tilvísunin í landgræðslu og skógrækt hins vegar tekin út. Síðan segir í nál, með leyfi forseta, þar sem um þetta er fjallað, ég leyfi mér að lesa 2. tölul. í nál.:

„Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 27. gr. laganna um framkvæmdaleyfi. Lúta þær annars vegar að því að lagt er til að ákvæðið nái aðeins til meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, en ekki allra framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið. Hins vegar er lagt til að felld verði úr ákvæðinu vísun í skógrækt og landgræðslu og verði ákvæðinu einkum ætlað að ná til breytinga á landi með t.d. jarðvegi eða efnistöku. Loks er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við ákvæðið þess efnis að landgræðslu- og skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir."

Síðasta málsgreinin þarna er ekki nein nýmæli í rauninni og að því leytinu sýnist mér þarflaust að taka hana inn en ég hef ekkert á móti því að hún sé sett á viðeigandi stað í löggjöfina og hef lagt til að þetta ákvæði um landgræðslu- og skógræktaráætlanir verði sett á viðeigandi stað inn í 9. gr. laganna sem fjalla um skipulagsskyldu og skipulagsáætlanir og tel að það sé ekki óeðlilegt að setja þessa tilvísun þar inn.

Virðulegur forseti. Hvað á nú hæstv. umhvrh. að gera? Ég leyfi mér að beina þeim óskum til hæstv. forseta að ráðherrann sé viðstaddur því ég er að vísa í þann vanda sem við framkvæmdarvaldinu blasir, að þessum ákvæðum samþykktum. Það eru hér sem sagt mjög óskýr fyrirmæli að þessu leyti af hálfu meiri hluta nefndarinnar og ég tel það ekki farsælt að þannig sé haldið á máli. Þetta varðar málatilbúnaðinn eins og hann liggur fyrir í nál. og brtt. meiri hlutans á þskj. 466. Síðan kemur spurningin um efnisþáttinn. Á að undanskilja meiri háttar framkvæmdir sem breyta sannarlega ásýnd lands eins og landgræðsla og skógrækt? Á að undanskilja slíkar framkvæmdir framkvæmdaleyfi af hálfu sveitarfélaga? Það er spurning sem sjálfsagt er að velta fyrir sér. Ég svara þeirri spurningu neitandi. Ég tel að það væri mjög óeðlilegt að undanskilja meiri háttar framkvæmdir á þessu sviði, framkvæmdir sem byggja á áætlunum sem þarf að fella að skipulagi eins og eðlilegt er. Það er óeðlilegt að undanskilja þær framkvæmdaleyfi. Það hefur ekkert, virðulegur forseti, að gera með tilfinningalega afstöðu eða mat á því hvort almennt séu slíkar framkvæmdir taldar jákvæðar eða neikvæðar á mælikvarða góðs og ills, sem ég held að menn þurfi að gæta sín á að reiða ekki fram í allt of ríkum mæli þegar við setjum lög, að við séum að taka afstöðu til góðs og ills í þeim efnum. Menn hljóta t.d. að spyrja: Er efnistaka ótvírætt af hinu illa í þessu samhengi? Ja, hún er kannski ill nauðsyn. Það mætti e.t.v. segja að hún sé ill nauðsyn en ótvírætt er hún nauðsyn. Það er eðlilegt að við því sé brugðist og vel á haldið því það er sannarlega ekki sama hvernig að því er staðið. En að halda eftir tilvísun í efnistöku og jarðvegsflutning eða hvernig sem það nú er orðað, — breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, sem er nú svolítið skrýtið orðalag. Það eru væntanlega fyllingar, landfylling eða tilfærsla á jarðvegi. Kannski falla skurðirnir og framræslan undir það, það er tilfærsla á jarðvegi. Að það sé lýsandi dæmi um það sem sé meiri háttar framkvæmd sem eigi að falla undir slíkt, það er ótvírætt ein af slíkum framkvæmdum en þær eru margar, og það á m.a. við um áberandi framkvæmdir eins og á sviði orkumála, raflínulagnir, vegalagnir o.s.frv. sem ekki eru beinlínis háðar byggingarleyfum. En meginforsendan sem þarna er verið að leggja fram sem mælikvarða eru framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfi og breyta ásýnd þess. Það er aðalatriðið. Það er mælikvarðinn sem við eigum að leggja á þetta. Breytir viðkomandi framkvæmd ásýnd lands? Hefur hún áhrif á umhverfið til þess eða í þá veru? Þá á að fara að settum reglum sem lúta að því að þær breytingar fari sem best úr hendi. Þess vegna á að setja meiri háttar framkvæmdir á sviði landgræðslu og skógræktar undir framkvæmdaleyfi rétt eins og aðrar slíkar sem breyta ásýnd lands.

Spurt er, eðlilega: Er ekki nóg að þetta falli undir skipulag, sem er nú farið að tíðka og vonandi er meginregla og verður regla sem verður í heiðri höfð, og jafnvel að fella þetta undir, eins og orðað er í tillögum og liggur í raun í heimildum, að slíkar meiri háttar framkvæmdir á sviði landgræðslu og skógræktar lúti ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum? Það er allt á sínum stað og þarf að vera meginregla þó að menn hafi verið að reyna að komast undan því. Það er mjög einkennileg viðleitni hjá opinberum stofnunum eins og Skógrækt ríkisins og Landgræðslunni að reyna að fylgja ekki almennum reglum varðandi sínar framkvæmdir.

Það hafa verið slík viðbrögð að mér finnst þau nánast óskiljanleg. Það hefur ekkert með málefnið að gera sem slíkt. Það er aðeins til þess að koma í veg fyrir að fella slíkar aðgerðir, að jafnaði ágætar aðgerðir, undan almennu mati í sambandi við hvernig með skuli fara. Einnig af þeim sökum finnst mér að hugsunin að fella þetta undan framkvæmdaleyfum sé ekki á réttum stað. En þá er það kannski eitt aðalatriðið sem snýr að framkvæmdaleyfinu; hvað er unnið með því? Ég bið hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, að leggja við hlustir í sambandi við þetta atriði sérstaklega, að með því að fella þetta undir leyfisveitingu sveitarfélaga er jafnframt tryggt að sveitarfélögin líti á það sem verkefni sitt að fylgjast með framkvæmdinni. Að sjálfsögðu að bera saman að ekkert fari milli mála varðandi skipulagið sem þarf að liggja fyrir að því sé fylgt. En jafnframt er sveitarfélagið að taka á sig þá kvöð að fylgjast með framkvæmdinni og þeir starfsmenn sveitarfélagsins sem annast slíkt að það verði verkefni þeirra. Það tel ég skipta mjög miklu efnislegu máli í þessu samhengi. Það væri afar ófarsælt ef þetta væri ekki fellt að almennri málsmeðferð af hálfu sveitarstjórna. Það er ekki verið að fara fram á mikið. Það er verið að nefna að þetta kosti einhverja peninga. Hér er um algert smáræði að ræða í samhengi við þann kostnað sem fellur til við meiri háttar framkvæmdir á þessu sviði. Ég bið menn að hafa í huga að við erum að tala um meiri háttar framkvæmdir og matið á gjaldskyldu fyrir slíkt leyfi fer yfirleitt eftir því. Það sem á að liggja til grundvallar er sú vinna sem leiðir af leyfinu og því sem því tilheyrir af hálfu sveitarfélagsins sem á ekki að jafnaði að þurfa að vera mikið að því er snertir þessar framkvæmdir þó einhver verði.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegur forseti. Ég tel að fyrir málaflokkinn sem er um að ræða, landgræðslu- og skógræktarmál, sé ekki aðeins æskilegt, það er beinlínis nauðsynlegt að mínu mati að farið sé með þessi mál að almennum reglum. Ég vara mjög eindregið við því þegar menn segja að þetta séu hundrað prósent góðar framkvæmdir hvernig svo sem

með er farið, þetta er bara af því bara að þetta eru góðar framkvæmdir þá eiga þær að liggja til hliðar. Ég gæti haft ýmis orð uppi um það sem fer úrskeiðis nú þegar í þessum málum og það getur leitt til mjög alvarlegra hluta ef ekki verður þar breyting á. Hér liggja mál fyrir þinginu þar sem gert er ráð fyrir að reynt verði að setja reglur um hvernig með skuli fara að því er snertir Landgræðsluna sérstaklega. Það varðar auðvitað skógræktina líka. Menn verða að fara að átta sig á því að þetta eru stórmál í umhverfislegu samhengi. Landeyðingin er stórmál en bæði uppgræðslan og endurheimtin er líka stórmál í umhverfislegu samhengi og varðar mjög miklu að þar sé eðlilega haldið á málum og tillit sé tekið til almennra sjónarmiða og alþjóðlegra skuldbindinga eins og verndunar fjölbreytileika lífríkis sem er sáttmáli sem við erum aðilar að og þarf að sjálfsögðu að taka með inn í reikninginn og verður væntanlega gert framvegis í sambandi við áætlanagerð á þessu sviði og tryggja þarf að eðlilega sé farið með framkvæmdina.

Ég bið um það, virðulegur forseti, að það verði alveg skýrt af hálfu löggjafans áður en þetta mál fer til lokaafgreiðslu hvort menn ætla að undanskilja meiri háttar framkvæmdir á sviði landgræðslu og skógræktar framkvæmdaleyfi og möguleika á að settar séu reglur þar að lútandi samkvæmt reglugerðarheimild ráðherra eða ekki.

[16:05]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, um þær breytingar sem eru til umræðu frá umhvn. og fjalla um útgáfu framkvæmdaleyfa vegna skógræktar og landgræðslu. Samkvæmt orðanna hljóðan í brtt. er ekkert sem segir að ekki eigi að liggja fyrir framkvæmdaleyfi ef um meiri háttar skógræktar- eða landgræðsluáform er að ræða af hálfu sveitarfélaga eða annarra aðila sem koma til með að fjalla um þau mál. Í mínum huga hefur alltaf verið svo að við erum ekki að tala um mjög takmörkuð áform einstaklinga í sínu landi eða skreytingar í sveitarfélögum eða eitthvað slíkt. Við erum ekkert að tala um minni háttar mál í þessu sambandi heldur um meiri háttar framkvæmdir sem samkvæmt eðli málsins þurfa að koma fram í skipulagi og um leið þarf að liggja fyrir einhver áætlun. Þar af leiðandi lít ég svo á að hún þurfi framkvæmdaleyfi af hálfu sveitarfélags og lögum samkvæmt að það framkvæmdaleyfi sé nýtt eða því fylgt eftir af hálfu viðkomandi sveitarfélaga eða ráðuneytis eftir því sem við á.

[16:07]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér talaði einn af þeim sem standa að nál. og kemur með þá túlkun á tillögu nefndarinnar að ekki eigi að undanskilja meiri háttar áætlanir á sviði landgræðslu og skógræktar framkvæmdaleyfi. Ég vona að það sem hv. þm. segir sé skilningur allra þeirra sem að nál. standa. En það er nauðsynlegt að það komi fram. Ég bið hv. talsmann nefndarinnar, framsögumann nefndarinnar, virðulegur forseti, að það komi fram af hálfu hans hver sé skilningurinn á bak við tillögurnar af hálfu nefndarinnar. Það er ekki fullnægjandi að mínu mati að einn af þeim sem rita undir nál. rita komi og lýsi skilningi sínum. Það þarf að vera alveg ljóst að þetta sé skilningur nefndarinnar og túlkun svo ráðherra geti stutt sig við það og sé ekki í einhverri þoku eða einhverju túlkunarstríði við aðila. Það er algjörlega óviðunandi staða fyrir hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, að vera í túlkunarstríði við fólk í landinu sem er að vinna að þessum málum. Því er brýnt að þetta sé ljóst og skýrt og ég þykist vita að hv. framsögumaður nefndarinnar komi og segi sitt ákveðna og skýra orð í þessu efni.

[16:09]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki til þess að mikill ágreiningur sé um þessa túlkun. Það er aftur á móti skilningur meiri hlutans að friðun lands og endurheimta á landi sé ekki háð þessum málum. Út af fyrir sig get ég tekið undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði áðan um þau atriði sem þurftu skýringar við af hans hálfu. Að öðru leyti þá lít ég svo á að þau framkvæmdaleyfi sem gefin eru út samkvæmt reglugerð frá ráðherra eigi ekki síður við um skógrækt en önnur áform þó svo að friðunaráform eða endurheimta lands sé þar undan skilin.

[16:10]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig ekki miklu við að bæta. En ég þakka fyrir þá yfirlýsingu sem liggur fyrir. Ég hefði talið nauðsynlegt að hv. talsmaður meiri hlutans sem talaði áðan, hv. 2. þm. Reykn., greindi frá skilningi meiri hlutans í þessu efni þannig að það sé alveg dagljóst. Ég get tekið undir þá túlkun sem hv. þm. Kristján Pálsson hafði uppi um þau efni. Ég sætti mig fyllilega við hana, um það stendur spurningin í þessu máli og fyrir framkvæmdarvaldið er alveg nauðsynlegt að hafa á hreinu hvað upp snýr að þessu leyti. Það er verulegur munur á því hvort gróður er látinn þróast að eigin lögmálum eða hvort um er að ræða beinar verklegar framkvæmdir á þessu sviði með aðfluttum tegundum o.s.frv., sem fylgir gjarnan skógræktar- og landgræðslustarfi.

[16:12]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að þegar lögin um skipulags- og byggingarmál voru sett í fyrra þá virðast hafa orðið einhver mistök á kynningu frv. þegar það var til umfjöllunar og í ljós hefur komið að allmargir sveitarstjórnarmenn, einkum og sér í lagi í dreifbýlissveitarfélögum, fengu frv. ekki til umsagnar og gátu ekki komið sjónarmiðum sínum á framfæri eins og gert hafði verið ráð fyrir þegar frv. var í vinnslu í þinginu. Frv. var vísað til Sambands ísl. sveitarfélaga en það hefur komið í ljós að allmörg sveitarfélög, einkum og sér í lagi af hinni smærri gerðinni, fengu ekki tækifæri til að kynna sér efni frv. og það berast æ fleiri athugasemdir við frv. og þar á meðal við það mál sem er til umræðu í dag sem varðar einkum og sér í lagi framkvæmdaleyfin.

Að vísu er ánægjulegt að heyra að umhverfisnefndarmenn virðast allir vera sammála um að ekki komi til greina að hafa 27. gr. laganna óbreytta þar sem segir að allar framkvæmdir sem áhrif hafi á umhverfið og breyti ásýnd þess, svo sem skógrækt og landgræðsla eða breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar."

Að sjálfsögðu er þar um að ræða fortakslausa afskiptasemi hins opinbera af hinum smæstu framkvæmdum sem lúta að því að umhverfi taki einhverjum breytingum. Það á við eins og lögin eru orðuð, smæstu skógræktarframkvæmdir

eða landgræðsluframkvæmdir. Ég sé ekki betur en að þar sem þetta er orðað svo hafi það einnig áhrif á það ef einstaklingur tekur þá ákvörðun að friða land. Það er ljóst að friðun lands getur orðið til þess að þar vaxi upp gróður sem breyti verulega ásýnd landsins.

*Nú er svo komið að í skógræktarreitum víða um landið* vaxa erlendar tegundir eins og lerki, stafafura og Alaskaösp. Þessar þrjár tegundir eru þegar byrjaðar að sá sér út og friði menn land þar sem þessar tegundir vaxa þá má gera ráð fyrir því að þær geti breitt úr sér og ef rýna má í þennan lagatexta eins og hann er í gildandi lögum þá má gera ráð fyrir því að allar framkvæmdir, þar á meðal friðun, heyri undir framkvæmdir sem þarf framkvæmdaleyfi til og þá hugsanlega, ef sett verður í lög að gjald megi taka fyrir slíkt framkvæmdaleyfi, að þá komi þar einnig til gjaldtaka.

Ég endurtek að það er ánægjulegt að menn skuli vera sammála um það í umhvn. að svona víðtækar framkvæmdaleyfisveitingar þjóni ekki neinum tilgangi. Að sjálfsögðu er framkvæmdaleyfið fyrst og fremst fólgið í því að tryggja það að stjórnvöld geti haft hönd í bagga með hvernig framkvæmdum verði hagað þannig að hagsmunum aðila, hvort sem um er að ræða félagasamtök, fyrirtæki eða einstaklinga, sé ekki stefnt í voða með framkvæmdinni. Það er ekki andi þessara laga, hygg ég, að auka svo afskiptasemi hins opinbera að hefta með öllu framkvæmdafrelsi einstaklinganna en þann skilning má þó leggja í lagatextann eins og hann er. Það er því augljóst að nauðsynlegt var að breyta þessu.

Það sem deilan stendur hins vegar um hér er hvort framkvæmdaleyfið eigi að ná til skógræktar- og landgræðsluframkvæmda og þá jafnframt hvernig eigi að skilja þá breytingu sem meiri hlutinn leggur til. Með ákvæðinu um framkvæmdaleyfi og gjaldtöku fyrir slíkt leyfi er verið að tryggja, eins og ég gat um áðan, eftirlit með framkvæmdum og það er verið að tryggja fjármögnun eftirlitsins. Að sjálfsögðu er kostnaður við slíkt eftirlit íþyngjandi fyrir framkvæmdaaðila en það verður að líta svo á að slíkur kostnaður sé í mörgum tilfellum eðlilegur hluti af framkvæmd. Það er hins vegar afar brýnt að til slíks kostnaðar sé ekki stofnað nema brýna nauðsyn beri til. Það fer að sjálfsögðu eftir eðli framkvæmdanna hversu brýn þessi nauðsyn er. Sumar framkvæmdir eru þess eðlis að framkvæmdaleyfi og sá kostnaður sem því fylgir getur ekki talist réttlætanlegur.

Eins og kunnugt er er mesta umhverfisvandamál sem þetta land hrjáir eyðing gróðurlendis og skóga. Á þeim vanda er tekið þótt ófullnægjandi sé í dag með starfsemi skógræktarfélaga, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og með framlagi fjölmargra einstaklinga og félagasamtaka. Eins og að líkum lætur hefur starf allra þessara aðila mikil áhrif á ásýnd landsins en tilgangur starfsins er einmitt sá að hafa hana, að vinna gegn þeirri líffræðilegu fábreytni og þeim spjöllum á ásýnd landsins sem eyðing gróðurlendis og búsvæða hefur haft í för með sér. Ég tel að miðað við það vandamál sem eyðing gróðurlendis er á Íslandi þá standi engin efni til þess að íþyngja þessum verkefnum með sérstöku framkvæmdaleyfi og gjaldtöku vegna eftirlits. Skógræktar- og landgræðsluáætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Eftirlit með framkvæmd skógræktaráætlana er eðlilegt að verði í höndum héraðsskógarvarða og umdæmisstjóra Skógræktar ríkisins. Ég tel ekki á nokkurn hátt eðlilegt að í þessum málaflokki verði komið á sérstökum eftirlitsiðnaði á vegum sveitarfélaga og þar með kostnaði sem framkvæmdaraðilinn á að bera. Og hverjir eru þessir framkvæmdaraðilar? Þeir eru að sjálfsögðu Skógrækt ríkisins, það geta verið einstakir skógabændur eða skógræktarfélög.

Ég tel að ekki hafi verið sýnt fram á það í þessari umræðu að hér sé ekki verið að stofna til verulegs kostnaðar. Það kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að kostir framkvæmdaleyfisins væru einmitt fólgnir í því að þar með væri tryggt að sveitarfélögin litu á það sem sitt verkefni að fylgjast með framkvæmdinni með sínum starfsmönnum. Það er augljóst mál að til þess að geta fylgst með framkvæmdum í skógrækt og landgræðslumálum þurfa sveitarfélögin að koma sér upp mannafla til að gera það og kostnaðurinn við það mun lenda á framkvæmdaraðilunum.

Hver er ástæðan fyrir því að ég tel óskynsamlegt að láta framkvæmdaleyfi af þessu tagi ná til skógræktar- og landgræðsluáætlana? Það er einfaldlega vegna þess að ég tel ekki að hægt sé að sýna fram á að þar séu hagsmunir í húfi sem ekki er hægt að tryggja með eftirliti á vegum Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Það er hægt að tryggja það að framkvæmdirnar séu fullkomlega eðlilegar og fari eðlilega fram með slíku innra eftirliti. Þegar komið er að framkvæmdum í skógræktar- og landgræðsluáætlunum er búið að fella þær inn í skipulagsmál, það er búið að fjalla sérstaklega um þær innan þeirra stofnana sem um það fjalla og þá skiptir framkvæmdaleyfið í sjálfu sér ekki öðru máli en því að koma að þessum eftirlitsaðilum sem verið er að leggja til hér að verði komið á fót og færa kostnaðinn við það eftirlit yfir á framkvæmdaraðilana. Og miðað við eðli þess verkefnis, sem hér er um að ræða, þá tel ég að ekki sé skynsamlegt að ráðast í það.

Ég vil einnig geta þess að ég sé ekki með góðu móti hvernig hægt er að framkvæma slíkt eftirlit. Við skulum segja sem svo að menn komist að þeirri niðurstöðu að það beri að friða stórt landsvæði og fyrirsjáanlegt er að það fellur undir meiri háttar verkefni og að verkefnið mun hafa veruleg áhrif á ásýnd landsins, þá þarf framkvæmdaleyfi til að koma samkvæmt þeim hugmyndum sem hér voru kynntar af fyrri ræðumanni. Framkvæmdaleyfið á að þjóna þeim tilgangi að það sé hægt að fylgjast með því að framkvæmdin sé eðlileg, framkvæmdin um friðunina, af því friðunin hefur áhrif á ásýnd landsins. Við erum komin hérna að nokkru aðalatriði málsins sem er að það er mjög erfitt að framkvæma eftirlit af þessu tagi. Það verður alltaf mjög huglægt mat sem menn geta lagt á mál af þessu tagi og það er afar erfitt að menn sjái fyrir sér fyrirmæli þeirra eftirlitsaðila sem hér er verið að tala um að koma upp, eftirlitsaðilar á framkvæmdir í skógrækt og landgræðslu, þ.e. hvaða fyrirmælum þeir eigi yfirleitt að hlýða.

Hér í þinginu hefur farið fram ítarleg umræða um það hvort það eigi að fella skógrækt og landgræðslu undir mat á umhverfisáhrifum. Um það höfum við, sá sem hér stendur og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, deilt oftar en einu sinni. Það verkfæri sem var komið inn í skipulagslögin til þess að íþyngja þessum framkvæmdum er grein á meiði ákveðinnar tilhneigingar sem verður vart víða, þ.e. að setja sem mestar hömlur á framkvæmdir af þessu tagi. Ég tel að full ástæða sé til þess að vera á varðbergi gagnvart þeim sem vilja setja sem mestar hömlur á þessar framkvæmdir. Ég lít svo á að þegar tekið er tillit til þess hvernig málið er lagt upp þá skýri nál. það að nokkru leyti hvers vegna hér er lagt til að fella landgræðslu- og skógræktaráætlanir út úr orðalagi textans eins og hann er í lögunum en setja það hins vegar inn sem

sérstaka málsgrein í 27. gr. Með þessu er verið að leggja drög að því að framkvæmdaleyfi þurfi ekki fyrir skógræktar- og landgræðsluáætlanir. Það er skilningur minn á þessu máli og ég vil ítreka hann hér.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka fram að ég held að meginvandamálið sem hér er verið að leysa sé það að breyta orðalaginu yfir í meiri háttar framkvæmdir, en ég vil leggja áherslu á að það skiptir miklu máli hvers konar framkvæmdir við erum að tala um. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um það áðan að af tilfinningaástæðum væru menn að flokka verkefni í góð verkefni og vond verkefni og vildi í þeim efnum kannski vekja spurningar um hvort það að opna malargryfjur væri í sjálfu sér vont verkefni. Ekki vil ég dæma um það. Það er sennilega hins vegar sameiginlegur skilningur okkar beggja, mín og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að malargryfjur sem opnaðar eru án tillits til umhverfisaðstæðna séu heilmikið vandamál og það sé fullkomin ástæða til þess að fylgjast vel með þeim og halda vel utan um slíkar framkvæmdir vegna þess að þær geta valdið umhverfisspjöllum. Það á ekki við um skógrækt og landgræðslu sem lúta að því að bæta umhverfisspjöll.

Og af því að hér var vitnað í lög um mat á umhverfisáhrifum þá sér þess nokkur merki í nýrri tilskipun Evrópusambandsins að þar eru menn byrjaðir að velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að beita lögum um mat á umhverfisáhrifum gegn öllum breytingum á umhverfinu eða hvort menn eigi að beita þessum lögum fyrst og fremst gegn neikvæðum breytingum á umhverfinu. Inn í þessa nýju tilskipun eru nú komin hugtök sem ekki voru þar áður þar sem fjallað er sérstaklega um það að beita skuli lögum um mat á umhverfisáhrifum til þess að koma í veg fyrir neikvæðar breytingar á umhverfinu. Þar sem eyðing gróðurlendis og fábreytni gróðurlendisins sem hefur orsakast af því er aðalvandamálið, þá er að sjálfsögðu ekki tilgangurinn hér á Íslandi með starfsemi Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar að valda umhverfisspjöllum. Þvert á móti er verið að reyna að bæta umhverfið, endurvekja mátt þess og megin og auka við fjölbreytileika, en ekki að gera lífríkið fábreytilegra. Það er ekki ástæða til þess að leggja sérstaka steina í götu þeirra sem að þessum verkefnum vinna né að búa til íþyngjandi reglur og fjármagnsútgjöld á sviði skipulagsmála til þess að gera þeim lífið leitt.

[16:28]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það mátti nú heyra á síðasta ræðumanni að það er ekki að tilefnislausu að ég er að óska eftir skýrari túlkun og skýringum á tillögum meiri hluta hv. umhvn. Hér liggja fyrir tvær algerlega ólíkar túlkanir á því hvað felst í tillögum nefndarinnar. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur sagt það sinn skilning á tillögum nefndarinnar sem hann ritar undir, virðulegur forseti, að framkvæmdaleyfi vegna skógræktar og landgræðslu eigi að vera reglan þegar um meiri háttar framkvæmdir sé að ræða og það sé það sem verið er að leggja hér til. Á sama tíma kemur annar hv. nefndarmaður sem ritar undir álit og segir, lauslega túlkað eins og ég tók niður orð þingmannsins: „Verið er að leggja drög að því að landgræðsla og skógræktaráætlanir falli ekki undir ákvæði um framkvæmdaleyfi.“ Þetta eru tvær andstæðar túlkanir. Það gengur ekki upp, virðulegur forseti, að þannig sé staðið að verki. Það er alveg útilokað og síðan er þar fyrir utan spurningin um mat manna á þessum þáttum, sem er síðan annað atriði. Þar er ég mjög andstæðrar skoðunar við síðasta hv. ræðumann sem taldi að það ætti að treysta hinum opinberu stofnunum, Landgræðslu og Skógrækt, fyrir því að stunda eigið innra eftirlit, eins og það er orðað, og að sveitarfélögin eigi ekki að koma nærri því. Þarna er náttúrlega að mínu mati seilst ansi langt til lokunnar og kemur fram í því sjónarmiði hv. þm. að menn þurfi engar áhyggjur að hafa út af þessu því það geti aldrei leitt til neins sem athugavert sé að græða upp land og stunda skógrækt.

[16:30]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur skilið mig rétt. Þetta var nákvæmlega það sem ég sagði. Ég er þeirrar skoðunar að það séu engin efni til að fara að efna til einhvers sérstaks eftirlitsiðnaðar með því að við framfylgjum umbótum á því sviði þar sem þörfin er mest.

[16:31]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er úr vöndu að ráða. Það var haldinn sérstakur fundur í umhvn. í morgun til að fara yfir þetta efni. Á þann fund kom skipulagsstjóri ríkisins, Stefán Thors, og svaraði fyrirspurnum. Það var von mín og vafalaust formanns nefndarinnar og fleiri að með þeim fundi væri hægt að ná saman um ásættanlegan texta í tillögu. Það hefur hins vegar engin breyting orðið á þessum textum. Hér liggja fyrir þær tillögur sem lágu fyrir sl. laugardag í þinginu um þetta efni. Ég ítreka það sem ég sagði að það verður að fara yfir þetta mál. Það verður að vera ljóst hvað felst í tillögum meiri hluta umhvn. í þessu máli. Ég hlýt að óska eftir því að umræðunni verði frestað þannig að allir nefndarmenn sem undirrita nál. verði hér viðstaddir, þar á meðal hv. þm. Gísli S. Einarsson sem nú er formaður umhvn. í fjarveru kjörins formanns nefndarinnar, sem og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem var hér þegar umræðan hófst. Ég óska eftir því að þessir þingmenn verði viðstaddir umræðuna og greini frá sínum sjónarmiðum. Við getum ekki hlaupið svona frá þessu máli.

Virðulegur forseti. Ég gæti, og mun gera það ef ástæða er til, rakið ýmis álitaefni sem eru að sjálfsögðu uppi í sambandi við landgræðslu og skógrækt þar sem menn þurfa að ganga fram af gætni og leyfa almenningi og kjörnum fulltrúum sveitarstjórna að koma sínum sjónarmiðum á framfæri því að álitaefnin eru það mörg. Við erum ekki þar með að segja að málstaðurinn sé ekki góður í almennu samhengi að stöðva landeyðingu og græða upp. Það er bara allt annað mál.

[16:33]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þann fund sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á áðan og þær skýringar sem skipulagsstjóri ríkisins gaf á þeim fundi, þá vil ég einungis taka það fram mjög skýrt að þær skýringar staðfestu einmitt þann skilning minn að þarna væri meiningin að koma upp á vegum sveitarfélaganna eftirlitsiðnaði sem væri settur til höfuðs skógræktarfélögum, skógræktaraðilum og landgræðslu. Og það þýðir ekkert annað en það að menn eru að tala um að koma upp sérhæfðu starfsliði sem á að sjá um að framkvæmdir við landgræðslu og skógrækt séu sveitarfélögunum að skapi. Svo ætla menn að halda því fram hér að um einhvern smávægilegan kostnað sé að ræða sem ekki muni bitna á framkvæmdaraðilunum. Það liggur alveg ljóst fyrir í þessu sambandi að verið er að búa þarna til eftirlitsiðnað sem mun

kosta stórfé. Þetta mun draga úr þeim krafti sem þjóðin hefur til að glíma við þetta vandamál.

[16:34]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er nú búinn að koma inn á hluta af því sem ég ætlaði að fá að ræða við hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég get engan veginn fallist á að þetta sé eðlilegt fyrirkomulag. Við setjum í dag mjög stórar fjárhæðir til landgræðslu og skógræktar sem vissulega er ánægjulegt, gott og þarft, en getur þó orðið umdeilanlegt þegar þeir sem taka við þessum fjárhæðum taka ákvarðanir um það hvaða verk eigi að vinna, hvernig þau skuli unnin, hver eigi að vinna þau og þegar verkinu er lokið þá sjái sami aðili um úttekt. Mér finnast þetta með öllu óeðlileg vinnubrögð. Hvort sem um er að ræða þessar tvær ríkisstofnanir eða aðrar stofnanir, þá finnst mér óeðlilegt að svona sé staðið að verki. Mér finnst líka óeðlilegt að einhverjum getum sé að því leitt að mat á umhverfisáhrifum sé beinlínis sett á til þess að verða þrándur í götu þessari starfsemi, þar sem umhverfismatið er fyrst og fremst hugsað til þess að við tökum réttari ákvarðanir með það í huga hver þróunin verður til framtíðar. Við vitum að margar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar af hálfu Skógræktar og Landgræðslu hafa verið umdeilanlegar svo ekki sé nú meira sagt og við vitum að í mörg ár lá ekkert fyrir um árangur þeirra aðgerða sem þar var farið í. Þetta kostar engu að síður stórar fjárhæðir og okkur ber skylda til að sjá til þess að þeim sé varið á sem skynsamlegastan máta og þá með framtíðina í huga og ekki síst á þessum dögum þegar við erum að tala um sjálfbæra þróun og viljum leggja okkar af mörkum til hennar.

[16:36]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að taka dæmi um hugsanleg framkvæmdaleyfi sem hér er verið að ræða. Tökum sem dæmi skógræktaráætlun sem umhvrh. telur ekki ástæðu til að fara með í mat á umhverfisáhrifum, það er skógræktaráætlun sem þarf að framkvæma. Þá sækir viðkomandi skógræktarfélag um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnarinnar. Hún þarf þá, til að uppfylla skyldur sínar, að setja sína sérfræðinga og sinn mannafla í að fylgjast með því að skógræktaráætlunin sé rétt framkvæmd. Með öðrum orðum er ekki verið að treysta skógræktarfélaginu til að framkvæma sína áætlun sjálft. Á hvaða forsendum á sveitarfélagið að dæma þetta, með leyfi að spyrja?

Við skulum hins vegar taka hitt dæmið sem er þó svolítið skiljanlegra. Ef ráðherrann tæki þá ákvörðun að setja málið í mat á umhverfisáhrifum og upp kæmi mat sem skilyrti framkvæmdina. Er þá rétt að setja upp einhvern eftirlitsiðnað til að ganga úr skugga um að framkvæmdaaðilarnir hlíti þessum fyrirmælum eða er hægt að treysta Skógrækt ríkisins til að fara eftir fyrirmælunum? Um það snýst málið. Því ef það er ekki hægt að treysta Skógrækt ríkisins eða Landgræðslunni til að fara eftir fyrirmælum í mati á umhverfisáhrifum þá þarf vissulega að koma upp einhverjum eftirlitsiðnaði með þeim kostnaði sem honum fylgir.

[16:38]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta snýst ekki um traust eða vantraust. Þetta snýst um það að farið sé að þeim reglum sem tryggja okkur sem allra best til framtíðar. Við erum með ríkisstofnanir í dag og ég hef ekki heyrt talað um vantraust, hvorki á stjórnum eða forstöðumönnum þeirra stofnana, þar sem um þetta eftirlit er að ræða og farið er að settum reglum og ekki hafa verið höfð nein stór orð um það af hálfu hv. stjórnarliða að þarna sé um að ræða einhvern eftirlitsiðnað sem eigi að afnema. Þvert á móti þá er núna virkt eftirlit með mjög mörgum stofnunum, séð um að farið sé að settum reglum. Mat á umhverfisáhrifum er jákvæð aðgerð. Það að því er fylgt eftir af aðilum sem ekki eru á kafi í framkvæmd eða ákvarðanatökunni sjálfri er líka mjög jákvætt.

[16:39]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður skaut sér undan því að svara því með hverju embættismenn sveitarfélaganna ættu yfirleitt að fylgjast ef lögum um mat á umhverfisáhrifum væri ekki beitt. Ef framkvæmd væri skógræktaráætlun á vegum skógræktarfélags og hún félli utan mats á umhverfisáhrifum, með hverju eiga embættismennirnir að fylgjast, með leyfi að spyrja?

Það er allt annars eðlis þegar menn eru að fylgjast með byggingarreglugerðum þar sem tekin er veruleg áhætta ef ekki er fylgt settum reglum. En við erum bara að tala um allt annað eðli málsins þarna (Gripið fram í.) og það er það sem mér finnst skýrt að þingmennirnir, og það gildir einnig um þann ágæta þingmann sem hér er að kalla fram í, reyni að skilja mismuninn sem er á þessu. Það er öðruvísi áhætta sem tekin er. Sú áhætta sem ég er að tala um í sambandi við skógræktaráætlunina er nánast engin. Það er fullkomlega hægt að treysta þessum stofnunum, embættismönnum Skógræktar ríkisins, héraðsskógavörðunum og umdæmisstjórunum, til þess að fylgjast með því að skógræktaráætlanir séu rétt framkvæmdar. Það er algjörlega ástæðulaust að vera að búa til þennan iðnað og varpa kostnaðinum af honum yfir á þá sem eru að vinna að þessu merka verkefni sem landgræðsla og skógrækt í landinu er.

[16:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið liggja hér fyrir gagnstæð sjónarmið varðandi túlkun á þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hluta umhvn. Svo háttar til að formaður nefndarinnar er ekki viðstaddur á fundi og hlýtur þó að koma til álita að nefndin fjalli um málið á einhvern hátt eða að minnsta kosti liggi fyrir sjónarmið frá formanni nefndarinnar. Ég hef innt framsögumann nefndarinnar eftir því, þ.e. þann sem tók við því hlutverki af hálfu formanns. Hann er skráður framsögumaður og formaður nefndarinnar, en kjörinn varaformaður. Ég hef ekki fengið neina túlkun af hálfu þess sem hljóp í skarðið, hv. þm. Árna M. Mathiesens. Nokkrir aðrir hv. þm. sem eiga sæti í nefndinni, þar á meðal hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, eru ekki viðstaddir þessa umræðu. Úr þessu máli verður ekki skorið eðlilega með yfirlýsingum einstakra nefndarmanna úr ræðustól. Það tek ég fram. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð að ganga þannig eftir skilningi á þinggögnum.

Þess vegna er það mitt sjónarmið og mín tillaga við hæstv. forseta að við frestum þessari umræðu um málið hér og nú til þess að hægt sé að gaumgæfa þessa sérkennilegu stöðu utan orðræðu hér á þinginu í beinu framhaldi af máli mínu hér. Það eru mín góðfúsleg tilmæli að þetta verði til athugunar.

[16:42]

**Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það má vissulega til sanns vegar færa að uppi séu mismunandi sjónarmið um hvernig þessum málum skuli háttað. Hins vegar leikur ekki neinn vafi á því að það er bara ein túlkun á áliti nefndarinnar, þ.e. eins og hún kemur fram í framsöguræðu framsögumanns. Það er það sem nefndarmenn hafa náð saman um þó það hafi verið mismunandi sjónarmið og menn hefðu viljað hafa hlutina öðruvísi. Það er ástæðulaust að draga í efa þá túlkun sem komið hefur fram hjá framsögumanni. Ég sé enga ástæðu til að fresta umræðunni. Þar sem mikil samstaða er um þessar breytingar eins og sést bæði á brtt. nefndarinnar og brtt. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þar sem afar lítið ber á milli, þá er ástæðulaust að fresta eða teygja á umræðunni lengur en sem nemur þeim tíma sem við höfum hér í dag og ætti að nægja.

[16:44]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tók ekki eftir því að í máli hv. framsögumanns nefndarinnar kæmi neitt fram um það sem skæri úr um það hvort verið væri að leggja til að áætlanir um meiri háttar landgræðslu- og skógræktarframkvæmdir væru samkvæmt skilningi nefndarinnar háðar framkvæmdaleyfi eða ekki. Ég tók ekki eftir því. Það er auðvitað ekki fært að afgreiða mál í hendur þingsins til atkvæðagreiðslu, hvað þá til framkvæmdarvaldsins, þegar það standa hér uppi gagnstæðar túlkanir frá þeim sem undirritað hafa nál. með brtt. Það bara gengur ekki upp. Tilmæli mín standa því óbreytt. Hér hefur engin yfirlýsing komið um það að taka málið til frekari skoðunar í þingnefnd milli umræðna. Það væri einn möguleikinn sem er hugsanlegur í þessu máli. En ég tel það vera fyrir neðan allar hellur að ætla að afgreiða málið frá þinginu eins og hér er lagt upp með af meiri hluta nefndar.

[16:45]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Forseti lætur þess getið að mælendaskrá er ekki tæmd enn og heldur því umræðan áfram og það mál sem hér hefur verið rætt verður nánar kannað.

[16:45]

**Ísólfur Gylfi Pálmason**:

Herra forseti. Á síðasta þingi samþykktum við lög um bygginga- og skipulagsmál og eins og hv. þingmenn muna voru hvorki meira né minna en 63 breytingar, ef ég man rétt, á þeim lagabálki. Það áttu sér stað ákveðin mistök við kynningu á lögunum og þess vegna teljum við, þeir fulltrúar sem stöndum að þeirri brtt. sem hér hefur verið kynnt svo ágætlega, að full ástæða sé til að breyta þessum lögum. Sjálfur tel ég meginmismun á malartekju og efnistöku annars vegar og skógrækt og landgræðslu hins vegar. Þetta eru ákaflega ólíkir málaflokkar og ég er mjög sammála hv. þm. Tómasi Inga Olrich þar sem hann sagði í ræðu sinni áðan að við værum í raun ekki að taka neina áhættu þegar um skógrækt væri að ræða. Við erum alls ekki komin að þeim tímapunkti á Íslandi. Við erum að tala um skógrækt og landgræðslu — við erum ekki að taka neina áhættu í þessum efnum — við erum fyrst og fremst að keppast við að gera landið okkar betur gróið og hlýlegra en það er í dag.

Eyðing gróðurlendis er eitt mesta umhverfisvandamál á Íslandi. Það hefur víða komið fram. Forseti Íslands hefur m.a. bent á þetta í ræðu og riti og um þetta erum við, held ég, flest sammála um. Það er í raun alveg óþarfi að leggja stein í götu þeirra sem vinna að uppgræðslumálum. Bændur er einir mestu landgræðslumenn landsins og vinna þar mjög gjarnan í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og það er mjög merkilegt að fylgjast með því samstarfi. Og á nákvæmlega sama hátt er óþarfi að leggja fjötra á þá þætti.

Það eru mörg skógræktarfélög víðs vegar um landið. Þau eru yfirleitt til þess að gera fátæk og við eigum að vera hvetjandi í starfi þeirra. Við eigum ekki að draga kraft og kjark úr þeim með því að vera með ákveðnar reglugerðir sem draga úr því að skógræktarfélögin geti unnið á frjálsum markaði. Á sama hátt vakna spurningar bænda ef þeir ætla að skipta eða breyta landnotkun, ef þeir breyta t.d. gróðurlendi í kartöflugarða eða kornræktarakra eða því um líkt. Það er engin ástæða til að þeir þurfi að fá einhver sérstök framkvæmdaleyfi til þess.

Við getum líka velt fyrir okkur þeirri spurningu hvað breytir ekki ásýnd landsins. Ef við friðum ákveðin landsvæði breytist auðvitað ásýnd þeirra landsvæða. Við sjáum líka hvernig landsvæði geta breyst með ofbeit og ég vil meina að ræktun hafi í nánast öllum tilfellum mjög jákvæð áhrif á ásýnd landsins.

Eitt af því sem við höfum líka velt fyrir okkur varðandi þessa lagasetningu er hið svokallaða deiliskipulag. Það þarf að vera alveg skýrt þegar hæstv. ráðherra gefur út reglugerð með þessum lögum að landeigendur sem fara fram á deiliskipulag á viðkomandi jörðum, t.d. vegna sumarbústaðabyggða eða þess háttar, að landeigendurnir sjálfir beri kostnað af slíku deiliskipulagi, þ.e. að sveitarfélögin geti innheimt hjá viðkomandi landeigendum þann kostnað sem til fellur.

Það eru líka til ýmsir öfgamenn þegar verið er að tala um ræktun lands og skógrækt. Ekki alls fyrir löngu hlustaði ég á mjög virtan vísindamann á Íslandi sem talaði m.a. um að t.d. af skógræktinni fyrir austan stafaði jarðyglan sem kom upp á síðasta sumri. Á nákvæmlega sama hátt getum við líka velt fyrir okkur, að ef við hefðum aldrei farið út í að rækta landið, þá hefði aldrei komið grasmaðkur í tún bænda. Við megum gæta okkur á því að leggja þessi mál ekki fram með öfgakenndum skoðunum vegna þess að það dregur kraft og kjark úr þeim sem vilja vinna og vinna að þessum málum, t.d. hin frjálsu skógræktarfélög víðs vegar um landið.

[16:50]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér bættist aðeins í safnið og ekki var nú talað mjög skýrt. Ég hefði kannski ekki þurft að hafa augun opin, aðeins að leggja við hlustir til að átta mig á úr hvaða flokki væri talað. Það var mjög opið í báða enda en þó var eitt sem mátti merkja varðandi afstöðu í málinu og það var orðað á þá leið að óþarft væri að leggja fjötra á þessa þætti og mun hafa verið vísað til landgræðslu og skógræktar, að ófært væri að leggja fjötra á þessa þætti. Síðan var fjallað um ofstækismenn og öfgakenndar skoðanir. Hvaðan koma þessar öfgakenndu skoðanir? Ég held að menn þyrftu að velta því fyrir sér, virðulegur forseti, hvort það eru ekki öfgar sem vilja taka þætti sem sannarlega hafa mikil áhrif á ásýnd landsins og koma til með að hafa það að mörgu leyti meira en flest annað ef menn verða stórtækir í þeim efnum sem mér heyrist að hugur manna standi til og ekki nema gott um það að segja — en þá á bara að vinna í blindu. Þetta er bara gott út af fyrir sig og á ekki að lúta neinum reglum eða

neinu eftirliti. Og hér var mælt með því fyrr í umræðunni, virðulegur forseti að þetta ætti bara að vera sjálfdæmi og sveitarfélögunum kæmi þetta sko ekkert við. Hvað segir hv. þm. um það? Það væri fróðlegt, virðulegur forseti, að heyra það hjá hv. þm. hvað hann telur um hlut sveitarfélaganna og hlut almennings til að geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi ásýnd landsins.

[16:53]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil meina að við þurfum að ná margfalt lengra í þessum efnum áður en við þurfum að hafa stófelldar áhyggjur af því sem við erum að tala um. Meginvandamál okkar í dag er það að við þurfum að græða upp landið okkar. Það er alveg ljóst. Og ég þekki engar sveitarstjórnir — ég er nú þokkalega að mér í sveitarstjórnarmálum — sem hafa á móti því að græða upp land eða leggja til land undir skógrækt. Ég þekki engin dæmi um það. Það kann vel að vera að hv. þm. sem er býsna vel að sér í þessum efnum geti bent mér á einhver slík dæmi, þau þekki ég ekki. Mér finnst ákveðinn tvískinnungur í þessum málum. Við erum annars vegar að tala um mengun á Íslandi og að mikil mengun sé út frá útblæstri bifreiða, stóriðjuvera o.s.frv. Hér erum við með þætti sem vinna gegn mengun og þess vegna eigum við að kappkosta að rækta sem allra mest, eins mikið og við mögulega getum. Ég minnist þess einu sinni í fyrra þegar við vorum að ræða svona mál, að mér finnst við vera komin á svipaðan punkt í dag, við séum komin út í hina skapandi tregðu í þessum efnum.

[16:54]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki vantaði nú rökvísina hjá þeim hv. þm. sem hér talaði áðan — við erum ekki búin að ná nógu langt í þessum efnum til að við þurfum að fara að hafa áhyggjur eða setja reglur hvernig með skuli fara. Og ég spyr á móti, virðulegur forseti, og beini þeirri spurningu til þingmannsins: Hvar eru þessi mörk? Hvar eru rökin fyrir því að setja málin upp með þessum hætti? Er skógræktaráætlun framkvæmd austur í Fljótshlíð eða austur á Héraði, sem væri býsna stórtæk kannski á mælikvarða viðkomandi byggðarlags, þess eðlis að ekkert eigi að hugsa um það hvernig með er farið, hvaða áhrif hún hefði á umhverfið? Ég skil ekki framsetningu af þessum toga.

Af því hv. þm. var að nefna það að honum væri ekki kunnugt um sveitarstjórnir sem hefðu neitt á móti uppgræðslu þá hef ég ekki gert könnun á því en ég þekki marga sveitarstjórnarmenn sem hafa áhyggjur af þessum málum og hvernig þau hafa þróast. Ég þekki marga sveitarstjórnarmenn og get nefnt þær sveitarstjórnir þar sem slíkar áhyggur eru uppi og það gildir m.a. um ýmislegt í starfsaðferðum þeirra opinberu stofnana sem um er að ræða. Ég gæti nefnt alveg lýsandi dæmi frá fæðingarstað mínum þar sem ekki hefur verið haldið á þessum málum eins og ég hefði viljað sjá þau, og þar sem menn viðurkenna það, kannski áratugum seinna, að betur hefði nú verið óðruvísi að staðið, í ljósi nýrra sjónarmiða sem fram eru komin í þessum efnum. En á Alþingi lemja menn hausnum við steininn hver á fætur öðrum og segja: Þetta er bara svo gott málefni að það á að gæta þess að það lúti engum reglum nema þeirra sem vilja sinna þessu hverju sinni, þeir eiga að dæma um það sjálfir.

[16:56]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að munnhöggvast meira við hv. þm. Eins og fram hefur komið er hann ákaflega vel að sér í þessum efnum. Hann minntist örlítið á Hallormsstað, ef ég skildi hann rétt. Þar hef ég einmitt verið og skoðað skóginn og rætt við frammámenn hjá Skógrækt ríkisins. Við megum heldur ekki gleyma því að við getum grisjað skóg, við getum nýtt skógana með ýmsum hætti. Og komi eitthvað það upp varðandi skógrækt sem menn eru óánægðir með, ef menn eru að tala um sjónmengum eða þess háttar. Hvað gera menn t.d. á Hallormsstað ef þeir ætla að byggja sér hús í skóginum? Þá ryðja þeir skóginn. Það er auðvitað gert víðs vegar erlendis líka. En það sem ég er að tala um er að við erum bara alls ekki komin svo langt á þessari braut að við þurfum að hafa svona stórkostlegar áhyggjur af þessu eins og hv. þm. hefur.

[16:58]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var um mig eins og fleiri að ég varð satt að segja dálítið áttaviltur við að hlýða á ræðu hv. 4. þm. Suðurl. þegar hann hafði það á orði að engin ástæða væri til á þessu stigi málsins að leggja stein í götu áhugamanna um landgræðslu og skógrækt. Ég skildi ekki samhengið öðruvísi en svo en að hann ætti við sveitarstjórnarmenn. Hann kom síðan aftur hér og hafði þá á orði að hann þekkti enga sveitarstjórn sem væri ekki mjög áhugasöm um þennan þátt mála. Ég hlýt þá að spyrja: Hvaða aðilar eru það eiginlega sem hann hefur áhyggjur af að muni leggja stein í götu áhugamanna um landgræðslu og skógrækt? Mín reynsla af sveitarstjórnarmönnum er einmitt sú að þeir séu manna áhugasamastir um þennan þátt mála og hafi lagt sig eftir því. En telur hv. þm. einhverja ástæðu til þess einmitt að hafa áhyggjur af því að þeir verði til þess að leggja stein í götu áhugamanna um þessi efni? Ég er eindregið þeirrar skoðunar einmitt í ljósi þess að sveitarstjórnarmenn hafa í gegnum tíðina lagt sitt af mörkum til þessara mála, og ég tel það styrkja málaflokkinn og það átak sem sannarlega þarf að gera og að þeir fái tækifæri til að koma að málum og hafi eftirlit og rétt til ábendinga, athugasemda og tillögugerðar. Auðvitað eru ýmis atriði á þessum vettvangi sem orka tvímælis og menn hefur auðvitað hingað til, og hér eftir sennilega, greint á um leiðir að þessum markmiðum sem við öll stefnum að. Ég bið því hv. þm. að skýra þetta út fyrir mér þannig að ég fái nú heila brú í þennan málflutning.

[17:00]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að hv. þm. sé áttavilltur. En mig langar til að benda hv. þm. á að sveitarstjórnarmenn víðs vegar um landið hafa einmitt verið að mótmæla þessum þætti, þ.e. þessum eftirlitsþætti. Ég kom hér inn á störf fátækra skógræktarfélaga því að skógræktarfélögin á Íslandi eru almennt áhugasamtök og eiga ekki mikla peninga, oft og tíðum, en eru samt sem áður myndarleg félög en mjög fátæk. Ef þau þurfa að leggja mikla peninga í mjög mikla skipulagsvinnu, framkvæmdaáætlanir og þess háttar, þá er ég alveg viss um að fjölmargir félagsmenn í slíkum samtökum gefast hreinlega upp og það er nákvæmlega það sem ég meina þegar ég er að segja að menn séu að gera þessa hluti flóknari en þeir þurfa að vera.

[17:01]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er ævinlega að fá á sig nýja og breytta mynd eftir því sem henni vindur fram. Ég satt að segja undrast það að hv. þm. hafi sett nafn sitt undir þau nál. og þær brtt. sem er að finna á borðum þingmanna því að mér finnst hann tala í allt, allt aðra veru.

Ég hafði ekki skilið þessa brtt. eða framsögumann nefndarinnar á þann veg að menn væru sérstaklega að setja fátækum eða ríkum skógræktarfélögum einhverjar girðingar eða leggja stein í götu áhugasamra aðila í þeim efnum, langt í frá. Ég hygg að framþróunin verði einmitt með þeim hætti að í fæstum tilfellum verði einhver álitamál eða ágreiningur um það hvernig verði staðið að átaki í þessum efnum. En telur hv. þm. ekki eðlilegt að hans gömlu kollegar í sveitarfélögunum fái til þess ráðrúm, tök og veg til að koma að þeim málum beint? Margir sveitarstjórnarmenn eru virkir í bæði ríkum og fátækum skógræktarfélögum og hafa einmitt lagt þeim málum lið þannig að ég átta mig enn þá ekki fyllilega á því hvað það er í raun og sanni sem hv. þm. óttast í þessum efnum.

Ég vil líka segja í þessu samhengi að við verðum að gæta okkar á því þó að við öll séum mikið áhugafólk um skógrækt, og ég meðal annarra er félagi í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, að auðvitað eru ýmis mál sem menn greinir á um hvernig skuli standa að verki. Þar eru miklir peningar umleikis. Af því að hv. þm. nefndi Skógrækt ríkisins, þá vil ég geta þess að Skógrækt ríkisins er eignaraðili að miklu landsvæði í mínu heimasveitarfélagi og þeir hafa nú ekki gengið neitt sérstaklega vel um þann garð sinn, sem er að vísu önnur Ella, heldur selt þar efni í stórum stíl og látið (Forseti hringir.) trukka og tæki ganga yfir gróið hraun til að fjármagna að öðru leyti ágætan rekstur. Þetta er því ekki allt háheilagt. Þingmaðurinn má ekki tala þannig.

[17:03]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki frá því að hv. þm. rugli eilítið saman lagasetningunni frá því í vor og hins vegar brtt. sem við erum að tala fyrir núna. Það kemur fram í brtt. þar sem við erum að tala um meiri háttar framkvæmdir að það er allt annað en það sem við erum að ræða um varðandi minni háttar gróðursetningar, breytingu á landnotkun og þess háttar. Það er nákvæmlega þess vegna sem við setjum fram þessar brtt. til að koma í veg fyrir slíka fjötra. Ég vona, eftir að hafa skýrt þetta út á þennan hátt, að menn skilji að þetta er nákvæmlega það sem ég er að meina en ekki það sem hv. þm. er að benda á sem eru atriði úr lagasetningunni en ekki brtt.

[17:05]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mig undrar svolítið þessi umræða og hvernig tekið er á því þegar þingmenn, sérstaklega þeir þingmenn sem eiga þátt í nefndarstarfi, og hafa átt þátt í því að kynna sér þessi mál, hafa unnið að þeim langan tíma, eru með málefnalega gagnrýni, viðvörunarorð, varnaðarorð, hvernig það er tekið hér upp í málflutningi sem tilraun til að leggja stein í götu þeirra sem vilja skógrækt og landgræðslu vel. Þetta er málflutningur sem er ekki sæmandi miðað við þau rök sem við höfum hlustað á og miðað við þann málflutning sem við þekkjum frá þeim þingmönnum sem hér hafa talað.

Það er enginn sem flytur varnaðarorð og mælir með því að í flestum tilvikum séu gerðar framkvæmdaáætlanir um landgræðslu og skógrækt, í flestum tilvikum sé um mat á umhverfisáhrifum að ræða þegar stærri framkvæmdir eiga í hlut, það er enginn sem er með því og hefur aldrei verið eða það hef ég ekki heyrt frá þeim, sem hér hafa talað í gegnum árin fyrir mati á umhverfisáhrifum og ýmsum þeim framkvæmdum sem farið hefur verið í og eitt af því sem hefur fylgt EES-samningnum þ.e. að taka upp mat á umhverfisáhrifum, þá hef ég aldrei heyrt það hér úr ræðustól á hinu háa Alþingi að einhver hv. þm. hafi sagt: Við skulum endilega gera þetta því þá komum við í veg fyrir eða drögum úr framkvæmdum í landgræðslu og skógrækt. Þvert á móti hefur málflutningurinn verið sá að með því að gera lögin um mat á umhverfisáhrifum virk og nota þau í þeim tilvikum sem þau eiga við um allar stærri ákvarðanir, þá er fyrst og fremst um það að ræða að verið er að hjálpa okkur til að taka ákvarðanir sem eru eins réttar og mögulegt er miðað við þróunina til framtíðar, miðað við það náttúrufar sem við búum við og miðað við það náttúrufar sem við þurfum að vernda og viljum búa við í framtíðinni.

Hér hefur töluvert verið rætt um það hvernig sveitarstjórnir eða sveitarfélög geti komið inn í eftirlit með framkvæmdum sem eru innan sveitarfélagamarka. Við það að lesa þetta frv. og hlusta á málflutning allra hér, þá lít ég þannig á að verið sé að tala um stærri framkvæmdir, ekki framkvæmdir sem einstaklingar fara í á jörðum sínum eða þeim lendum sem þeir eiga eða hafa á leigu, heldur fyrst og fremst stærri framkvæmdir sem þó eru ekki það stórar að þær teljist þurfa að fara í umhverfismat. Mögulegt væri að standa að eftirliti innan sveitarfélagsins sem fylgdi þá eftir að farið væri að skipulags- og byggingarlögum og samkvæmt þeim ákvörðunum sem um getur í þeirri framkvæmdaáætlun sem samþykkt væri. Sveitarfélögin hafa að sjálfsögðu möguleika á því að ná sér í einhverja sérfræðikunnáttu til þeirra verka eins og ýmissa annarra verka sem sveitarfélögunum er falið að fara með.

Á síðasta þingi samþykktum við lög um Suðurlandsskóga sem áætlað er á fjárlögum að setja um 20 millj. í á næsta ári. Mig minnir að hver einasti sveitarstjórnarmaður, í það minnsta Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi og þeir sveitarstjórnarmenn sem á annað borð létu í sér heyra, sendu bréf eða höfðu samband við hv. þingmenn Suðurlands á þeim tíma sem þetta frv. var til umræðu í þinginu, hafi mælt með því að þessi framkvæmd færi í mat á umhverfisáhrifum. Þeir töldu það til ágóða vegna þess að þarna kæmi þá fram mat á náttúrufari sem ekki hefði átt sér stað á viðkomandi svæði áður, a.m.k. ekki á þann hátt sem gerist þegar mat á umhverfisáhrifum á sér stað og einnig mat á náttúruminjum og töluðu þá sérstaklega um þá möguleika sem hver landeigandi hefði til þess að fá fram slíkt mat á sinni landareign og það væri af hinu góða.

Hv. 4. þm. Suðurl. sagði áðan að við værum ekki komin það langt á þessari braut að við þyrftum að hafa áhyggjur. Þá hlýt ég að skilja það svo að hv. þm. eigi við að við þurfum ekki á þessu stigi að hafa áhyggjur af breyttu náttúrufari, að skógrækt eða landgræðsluaðgerðir séu það víðtækar eða stórtækar að þær hafi veruleg áhrif á náttúrufar landsins, og þannig hugsanlega varði við þær samþykktir sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi.

Það er e.t.v. rétt hjá hv. þm. að við erum ekki komin það langt án þess að ég treysti mér til að leggja mat á það, hef hvorki það mikla þekkingu á öllum þeim framkvæmdum sem hafa verið vítt og breitt um landið né þá vitneskju sem

til þarf til að meta þá stöðu sem við erum í í dag. Hins vegar finnst mér gæta svolítils misskilnings á því hvað er mat á umhverfisáhrifum og hvað er framkvæmdaáætlun. Þessir tveir þættir miða að því að við þurfum aldrei að ganga þá braut það langt að við þurfum að hafa áhyggjur, í það minnsta er allt gert sem mögulegt er til að koma í veg fyrir að við förum það langt að ekki verði aftur snúið, skaðinn sé skeður og við það verði illa ráðið. *Við höfum mjög mörg dæmi þess að* framkvæmdir sem voru í upphafi taldar vera saklausar færu úr böndum. Danir fóru t.d. í framkvæmdir sem í upphafi voru taldar afar saklausar, þær væru fegurðaraukandi fyrir umhverfið og hefðu uppgræðsluáhrif eða vernduðu landið fyrir uppblæstri. Þeir tóku t.d. rós, sem við notum mjög mikið í okkar görðum, og notuðu hana sem uppgræðslujurt og töldu á sínum tíma að ekki mikil hætta væri á því að þessi planta færi yfir í það land sem henni var ekki ætlað að vera. Það gerist hins vegar nokkrum árum síðar að hún veður yfir allt og illa er við hana ráðið. Þar fór úr böndum aðgerð sem Danir ætluðu sér að hafa mjög takmarkaða og á mjög takmörkuðum svæðum.

Mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaáætlun er m.a. aðgerð til þess að slík atvik eigi sér ekki stað. Vítin eru til að varast þau og við eigum að læra af reynslu okkar, læra af reynslu annarra og fara varlega í sakirnar og beita slíkri áætlunargerð og mati á umhverfisáhrifum hvar sem því verður við komið og þar sem *við þurfum á því að halda.* Og þá er ekki verið að tala um sérstakan áhuga einstaklinga til að rækta á sínu eigin landi nema mér finnst sjálfsagt að sveitarfélög séu það meðvituð að þau geri athugasemdir þegar um er að ræða notkun á plöntum sem hætta er á að vaði út fyrir viðkomandi landareign og valdi þar skaða. Miðað við þær tillögur sem hér hafa komið fram og miðað við þær umræður sem hér hafa átt sér stað þá sýnist mér að í raun og veru sé ekki svo langt á milli einstaklinga innan umhvn. en þó hafa komið fram mismunandi skýringar á því nál. sem flestir nefndarmenn hafa undirritað og ég held allir þeir sem sátu þann fund þar sem málið var afgreitt. Þegar um slíkar mismunandi útskýringar er að ræða þá er eðlilegt að farið sé fram á það að málið sé rætt til hlítar annaðhvort í þingsölum og umræðan klárist þannig að eðlilegar skýringar komi fram eða þá að umræðunni verði frestað þar til nefndin hefur fjallað um málið og ein túlkun er á því nál. sem allir þessir einstaklingar skrifa undir. En að ásaka hér einn og *einn þingmann fyrir að fara offörum, vilja leggja stein í* götu þeirra sem hafa áhuga á landgræðslu og skógrækt, setja hömlur á framkvæmdir í neikvæðri merkingu, finnst mér ekki rétt og mótmæli þeim málflutningi miðað við það sem hér hefur verið sagt og hvet til þess að við förum hægt á þessu sviði, förum varlega, stígum hvert skref varlega vegna þess að sporin hræða. Við höfum tekið ákvarðanir sem ekki eru réttar. Við höfum eytt í þessi verkefni háum fjárhæðum á hverju einasta ári og það er fullkomlega eðlilegt að við förum fram á það að í sem flestum tilvikum liggi fyrir framkvæmdaáætlun, mat á umhverfisáhrifum og að sveitarfélögin hafi þar einhverja lögsögu og ég tala nú ekki um þegar verið er að ræða um það jafnvel að setja hálendið undir sveitarfélögin, þar sem þarf að fara í verulegar aðgerðir. Þá er eðlilegt að sveitarfélögin séu þátttakendur og eftirlitsaðili með þeim aðgerðum sem þar verður farið í verði það ofan á að hálendinu verði skipt á milli sveitarfélaga. Það er fullkomlega eðlilegt að hlutur þeirra í náttúruverndinni verði gerður sem víðtækastur og ábyrgð þeirra og eftirlitsskylda og að hlutverk þeirra fyrirtækja eða stofnana sem við erum með í skógrækt og landgræðslu verði fyrst og fremst rannsóknir, eftirlit, þróunarstarfsemi og ráðgjöf. Það getur undir engum kringumstæðum verið rétt, hvaða ríkisstofnun sem á í hlut, að ákvörðunin, framkvæmdin og eftirlitið sé allt á einni hendi. Það eru óeðlileg vinnubrögð og þó að þessu fyrirkomulagi sé mótmælt og bent á það sem betur mætti fara, þá neita ég því algerlega að þar sé fyrst og fremst um að ræða einstaklinga sem vilji leggja stein í götu landgræðslu og skógræktar.

[17:16]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir málefnalega ræðu. Ég held að eilítils misskilnings gæti á milli okkar hv. þm. hvað þetta varðar. Í raun mátti túlka lögin sem við settum á síðasta þingi þannig að allar minni háttar framkvæmdir, ýmiss konar breyting á landnotkun og þess háttar þurfti að fara í umhverfismat og framkvæmdaáætlun og það er nákvæmlega þess vegna sem við erum að gera þessa brtt. sem við erum að tala um Ég held því að þarna ríki ákveðinn misskilningur á milli okkar sem mér finnst ástæða til að leiðrétta.

[17:17]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að um ákveðið orðalag sé samkomulag innan nefndarinnar þó svo það sé sett inn í lögin í mismunadi greinum. Ef þessi breyting tryggir það að t.d. framkvæmdin Suðurlandsskógar fari án nokkurs vafa í mat á umhverfisáhrifum og fasta áætlunargerð, þá er þetta til bóta vegna þess að þar er vissulega um stóra framkvæmd að ræða þar sem veruleg breyting getur orðið á náttúrufari öllu, ekki bara gróðurfari heldur öllu náttúrulífi á viðkomandi svæði. Á sínum tíma var dregið í efa að þetta væri framkvæmd sem ætti að fara í mat á umhverfisáhrifum. Ef sú breyting sem hér er lögð til — bæði af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og öðrum nefndarmönnum, þó á mismunandi hátt sé, ég tel reyndar að sú breyting sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson leggur til sé eðlilegri, það sé eðlilegra að þessi lagabreyting komi í 9. gr. — ef breytingin tryggir það að framkvæmdir eins og Suðurlandsskógar fari án nokkurs vafa í mat á umhverfisáhrifum, þá er þetta til góðs.

[17:18]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. nefndi lög um Suðurlandsskóga, þá er alveg ljóst að gert er mjög ákveðið skipulag, þ.e. eftir að bændur hafa sótt um leyfi til að fara út í skógrækt, þá koma fulltrúar frá Suðurlandsskógum og gera mjög ítarlega athugun á jörðum. Þeir skrá náttúruminjar og þess háttar og unnið er í mjög góðri samvinnu við fulltrúa Skipulags ríkisins. Ef um einhvern minnsta vafa er að ræða í þessum efnum þá stoppar Skipulag ríkisins viðkomandi aðila af en í mjög mörgum tilfellum er um eðlilegar framkvæmdir að ræða. Þetta er mjög nákvæm skráning sem á sér stað hjá starfsmönnum Suðurlandsskóga þannig að ljóst er að telji Skipulag ríkisins að viðkomandi framkvæmd þurfi að fara í umhverfismat, því að þarna er um mýmargar jarðir að ræða, fjölmargir aðilar sem hafa áhuga á þessu, og komi upp einhver slíkur vafi, þá er það ekki barið í gegn að öðru leyti en því að það þarf að fara sinn veg.

[17:20]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna er einmitt komið að því sem hér hefur verið gagnrýnt að það eru fulltrúar Suðurlandsskóga sem fara með framkvæmdina, sem eiga að framkvæma matið á því hvort hún sé í lagi, hvort hún sé hæf og gera úttektina áður en þeir sjálfir fara í framkvæmdirnar. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð. Ég efast ekki um gott samstarf milli Skipulags ríkisins og fulltrúa Suðurlandsskóga. Vinnubrögðin eru engu að síður óeðlileg. Þegar um er að ræða mat á breytingu sem getur orðið á náttúrunni og mat á náttúruminjum, þá verðum við að fara varlega. Við eigum að vera búin að læra af þeim mistökum sem hafa átt sér stað og vegna þess að hv. þm. á sæti í nefndinni eða í stjórn Suðurlandsskóga, þá hvet ég hv. þm. til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum, gera síðan framkvæmdaáætlun sem er í fullu samræmi við mat á umhverfisáhrifum svo ekki verði skaði þegar til lengri tíma er litið.

[17:21]

**Kristín Halldórsdóttir**:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta umhvn. án nokkurs fyrirvara og gerði það sannarlega í góðri trú en eftir því sem umræðan virðist hafa þróast hér í dag og eftir því sem fram kom á aukafundi umhvn. í morgun, þá held ég að nauðsynlegt sé að fram komi hvernig ég túlka það álit og þær brtt. sem gerðar eru. Því miður hef ég ekki getað hlustað á allar umræðurnar. Ég er í þeirri stöðu núna að þurfa að hlaupa á milli húsa því verið er að afgreiða ýmis mál í fjárln. sem nauðsynlegt er að vera við. Það sem fyrst og fremst er um að ræða er í sambandi við brtt. nefndarinnar við 27. gr. laganna. Sú brtt. kom fram á fundi þar sem ég í raun var að kynnast þeirri brtt. í fyrsta sinn því að af óviðráðanlegum ástæðum gat ég ekki verið viðstödd fundinn þar á undan þar sem þessi mál munu hafa verið til umræðu. En allt um það. Ég treysti félögum mínum ágætlega og skildi það svo að ekki væri þarna um ýkjamikla breytingu að ræða, enda var ágætlega frá þessu atriði gengið að mínu mati við afgreiðslu málsins í vor, þ.e. að við værum öll með hinn sama skilning á því hvernig skógrækt, landgræðsla og fleira því tengt félli að þessum lögum.

Ég er með nál. sem fylgdi afgreiðslu umhvn. á síðasta þingi og þar segir m.a. um þá grein, 27. gr. í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Með 27. gr. er lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um framkvæmdaleyfi. Á það við um framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi og hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess. Falla skógrækt, landgræðsla og efnistaka til dæmis þarna undir. Framkvæmdir þessar þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og fara skal um þær eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir eru ekki hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess."

Þarna er sú grein skýrð og ég taldi að við værum öll sammála um það. Þess vegna leit ég ekki á það sem nein frávik frá þessari túlkun og þeim skilningi allra nefndarmanna að gerð væri örlítil orðalagsbreyting á þeirri grein á afgreiðslu nefndarinnar núna þegar hún var að gera nokkrar nauðsynlegar breytingar á lögunum áður en þau taka gildi 1. janúar nk. En það hefur nú komið í ljós við umræður í nefndinni að það eru ekki allir nefndarmenn sem túlka þetta á sama hátt og þess vegna er nauðsynlegt að fram komi hvernig hver og einn túlkar þessa grein og þær breytingar sem hafa orðið vegna þess að þetta er mjög mikilvægt atriði. Málið snýst sem sagt í raun og veru um það hvort tryggt sé eftir þessa breytingu að framkvæmdaleyfi þurfi vegna landgræðslu- og skógræktaráætlana sem hafa verið ákveðnar samkvæmt skipulagsáætlunum og mati á umhverfisáhrifum.

Ástæðan fyrir því að þetta þarf að vera ljóst er sú að sé ekki um framkvæmdaleyfi að ræða, þá er ekki með öllu tryggt eftirlit með því að skilyrðum sem sett eru í mati á umhverfisáhrifum sé framfylgt. Það er túlkun skipulagsstjóra að framkvæmdaleyfi þurfi til ef farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum og sett einhver þau skilyrði, sem þarf að tryggja að framfylgt verði. Ég skrifaði undir þetta nál. í góðri trú og þar með er ég meðflutningsmanneskja að þessum brtt. en nú er greinilegt að nefndarmenn eru ekki allir einhuga um að þessi sé niðurstaða okkar. Þess vegna vil ég að það komi alveg skýrt fram í þessari umræðu, að það komi fram skýr skilningur hæstv. umhvrh. á því hvort tryggt sé með þessari breytingu að þær landgræðslu- og skógræktaráætlanir sem hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum, að skilyrt verði að þær þurfi framkvæmdaleyfi. Þar með væri þá tryggt að sveitarstjórnir fylgdu eftir eftirliti með þessum skilyrðum og tryggðu að allt færi fram samkvæmt settum reglum.

Ég held að ég þurfi í raun og veru ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég er sammála því sem kom fram í máli hv. framsögumanns áðan, hv. 2. þm. Reykn. sem mælti fyrir nál. um túlkun á stærð og umfangi skógræktar og landgræðsluaðgerða. Við erum að gera ákveðna breytingu á greininni í þeirri lagasetningu sem fram fór í vor, að í staðinn fyrir „allar" framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið o.s.frv., komi „meiri háttar" og það finnst mér sanngjarnt. Það er ýmislegt sem maður gæti hugsað sér að óþarfi væri að leita eftir framkvæmdaleyfi fyrir en ég legg áherslu á að skógrækt og landgræðsla hljóta að þurfa að falla undir þessi lög eins og ýmislegt annað sem hefur umtalsverð áhrif á ásýnd landsins. Það er því mín túlkun að ekki þurfi að vera neitt neikvætt í því sambandi heldur að við einfaldlega getum gert okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar það hafi hvort sem við erum að græða upp landið eða spilla því.

Herra forseti. Ég held að ég sé búin að gera grein fyrir skoðun minni í þessu efni og túlkun minni á því sem felst í nál. og brtt. sem meiri hluti umhvn. hefur lagt fram.

[17:31]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa komið með afdráttarlausan skilning og túlkun á afstöðu í þessu máli. Ég tel það mjög þýðingarmikið að slíkt liggi fyrir í sambandi við þetta efni. Ég vil aðeins benda á að það er kannski ekki eingöngu spurningin um að mat á umhverfisáhrifum liggi fyrir heldur skipulagsáætlanir því í brtt. segir um mat á umhverfisáhrifum „þar sem það á við". Ég geri því ráð fyrir að það sem snýr að skipulagsáætlunum almennt og framkvæmdaleyfi — enda sé um meiri háttar framkvæmdir að ræða — þá gildi þessi túlkun. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Ég tel að með þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið frá ýmsum nefndarmönnum um þetta efni þá sé málið að skýrast. Ég vænti þess að hv. talsmaður nefndarinnar taki hér af allan vafa um það efni og það mun hafa áhrif á minn málflutning og afskipti af málinu og ég mun meta það hvort

ég læt reyna á mínar brtt. eða ekki í ljósi þess við þessa umræðu.

[17:33]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir andsvar hans en ég leit nú ekki svo á nein spurning fælist í því andsvari. Ég get aðeins sagt að ég er honum fyllilega sammála í þessu efni.

[17:33]

**Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen)**:

Herra forseti. Í upphafi máls síns fyrr í umræðunni lét hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þess getið að unnið hefði verið að því að ná samkomulagi í málinu og hann taldi að því starfi hefði ekki verið lokið. Það má að vissu leyti til sanns vegar færa.

Þannig var að á fundi nefndarinnar á þriðjudag í síðustu viku var talað um að afgreiða málið úr nefnd á fundi daginn eftir, þ.e. á miðvikudag. Mér var falið að leita eftir samkomulagi, sem ég og gerði. Ég lagði m.a. tillögu fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson þá um eftirmiðdaginn. Hann hafði síðan samband við mig símleiðis morguninn eftir þar sem við ræddum þetta frekar og bar svo sem ekki mjög mikið í milli að mínu mati, eins og ég reyndar tel að hafi komið fram í þeim brtt. sem fyrir liggja. En við enduðum okkar símtal með því að ég mundi koma með tillöguna í skriflegu formi á fund sem þá átti að vera kl. ellefu. Síðan gerðist það að hv. þm. mætti ekki á fundinn kl. ellefu. Störf nefndarinnar gengu það vel fyrir sig að tvö mál voru afgreidd frá nefndinni áður en hv. þm. mætti til fundarins. En það sem ég hafði hins vegar ekki áttað mig á þegar ég talaði við hv. þm. símleiðis var að hann var staddur í Neskaupstað. Hefði ég vitað það þegar hann var ekki mættur til fundarins kl. ellefu þá hefði ég væntanlega gert mér grein fyrir því að eitthvað hlyti að hafa misfarist með flugið eins og reyndar var raunin. Ég túlkaði það sem svo að þingmaðurinn hefði talið að við hefðum náð nægjanlega mikið saman og eitthvað annað mikilvægara hefði leitt til þess að hann gat ekki mætt á fundinn. Síðan þegar í ljós kom að hann var ósáttur við niðurstöðuna og lagði fram aðra tillögu þá var brugðið á það ráð að boða til annars fundar í nefndinni sem haldinn var í morgun og minnst hefur verið á hér í umræðunum. Niðurstaða fundarins og úr umræðum sem fóru fram bæði þar á undan og hér á eftir var að ekki var flötur á því að ná saman um þetta að svo stöddu.

Þannig er sú saga og alls ekki nein ætlan að undanskilja neinn frá því að taka þátt í samkomulaginu eða komast hjá því að ræða það við einn eða neinn. Misskilningurinn liggur í því að þegar ég talaði við hv. þm. símleiðis gerði ég mér ekki grein fyrir því að hann var í Neskaupstað en ég í Reykjavík. Nú er símasambandið orðið svo gott að maður greinir ekki á milli hvort fólk er í næsta húsi eða næstu heimsálfu, hvað þá í Neskaupstað.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á að einhver draugagangur væri í gangi. Það má til sanns vegar færa að svo sé. Ég mundi telja í fyrsta lagi að reglugerðardrög sem mér bárust í hendur og voru þess eðlis að í þeim var verið að túlka 27. gr. meira og lengra en texti laganna gaf tilefni til, m.a. hafði ekki verið gert ráð fyrir því í lögunum að gefin væri út reglugerð í sambandi við framkvæmdaleyfin. Úr því er bætt í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Í öðru lagi fengum við fréttir af því að aðilar sem málið skiptir höfðu áhyggjur af því að greinin yrði túlkuð of stíft. Með hliðsjón af þeim reglugerðardrögum var stoðum skotið undir þá skoðun þessara aðila. Því fórum við að skoða þetta mál. Enda kom á daginn að allir nefndarmenn eru sammála um að breyta upphafsorðum greinarinnar, að breyta orðunum „allar framkvæmdir“ í „meiri háttar framkvæmdir“.

Það er auðvitað alveg rétt að það að segja meiri háttar framkvæmdir er ekki jafnfortakslaust og að segja allar framkvæmdir. Auðvitað er það ekki eins skýrt og þar af leiðandi kannski ekki eins ljóst eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði. En um þetta voru allir sammála og hann líka. Þess vegna var orðin enn þá meiri þörf á að kveðið væri á um frekari útfærslu greinarinnar með reglugerð.

Annar hluti breytinganna sem hefur verið til umræðu er að tekin var út — tilvísun til skógræktar og landgræðslu. Um það að taka þessi orð út eru allir sammála, líka hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Eina breytingin er sú að hann vill taka út fleiri tilvísanir, tilvísanir til annarra þátta, svo sem efnistöku og breytingar á landi með jarðvegi. En það var einmitt sú samlíking að hafa í sama orðinu nánast skógrækt og landgræðslu og breytingu lands með jarðvegi og efnistöku, sem meiri hluta nefndarinnar fannst ekki vera rétt. Það væri það mikill munur á slíkum framkvæmdum að ekki væri rétt að tala um þau í sama vetfangi.

Ég fór aðeins út í það fyrr í dag í ræðu og eins kemur það fram í nál. að meiri hlutinn túlkar hvað hann sér sem hluti sem ekki teljast til meiri háttar framkvæmda. Mun ég kannski fjalla um það betur síðar. Það er auðvitað túlkunaratriði hvaða hlutir hafa áhrif á umhverfið og hvaða hlutir það eru sem snúa við þróun umhverfisins og hvaða hlutir snúa við þróun sem á sér stað í umhverfinu fyrir tilverknað manna. Á þetta þá allt að vera undir framkvæmdaleyfi sett? Ég tel að meiri hlutinn telji svo ekki vera. Þær landgræðslu- og skógræktarframkvæmdir sem snúa að því að endurheimta náttúruleg gæði landsins eða snúa við þeirri þróun sem maðurinn hefur komið af stað séu ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á umhverfið eða breyti ásýnd þess, því áður var orðin umhverfisbreyting sem verið er að snúa við.

Annað atriði sem ég nefndi var þegar land er friðað og náttúrulegir möguleikar landsins fá að koma fram við það, t.d. að hætta beit. Ég tel fráleitt að ætla að menn þurfi að fá framkvæmdaleyfi fyrir því að friða land sitt og hætta að beita landið eins og víða hefur verið gagnrýnt að land er nauðbitið. Að leyfi þurfi til að hætta því af því að það hefur áhrif á umhverfið og áhrif á ásýnd landsins, að landið fái að njóta sín, náttúrulegir möguleikar landsins fái að koma fram. Ég get ekki trúað því að neinn í meiri hlutanum sé ósammála þessu. Reyndar trúi ég því heldur ekki að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sé ósammála þessu. Þess vegna held ég að það sé skýrt að meiri hlutinn er sammála þeirri túlkun sem ég hef haldið fram. Meiri hlutinn eða einstakir hlutar hans hafa hins vegar meiri og víðtækari skoðanir á þessu máli. En á þeim þáttum er ekki verið að taka. Málið gengur ekki lengra en framsögumaður hefur lýst.

Það er síðan gert ráð fyrir því, eins og svo oft áður, að frekari reglur um framkvæmd málsins verði í höndum ráðherra, setning framkvæmdaleyfa og hvernig að þeim er staðið. Tel ég að það sé nauðsynlegt og dæmin sem ég nefndi áðan um drög að skipulagsreglugerð sýna fram á að nauðsynlegt var að setja inn slíkt ákvæði.

Skipulagsáætlanir hafa verið svolítið til umræðu hjá okkur og þá sérstaklega vegna þess að kveðið er mjög skýrt á um það í brtt. að landgræðslu- og skógræktaráætlanir skuli

vera samkvæmt skipulagsáætlun. Það er ekki kveðið á um að þær skuli vera háðar framkvæmdaleyfi. Ég tel að það standist ekki að láta áætlanir vera háðar framkvæmdaleyfi. Því áætlun út af fyrir sig er ekki framkvæmd. Hins vegar gæti vel verið hugsanlegt að einhver hluti áætlunar væri háður framkvæmdaleyfi ef framkvæmdin væri metin sem meiri háttar framkvæmd, sem hefði áhrif á umhverfi og ásýnd lands. Það væri þá samkvæmt því sem kveðið er á um í lögum og reglugerð sem ráðherra setur. Þetta hefur verið reynt að rangtúlka hér í umræðunni með stöðu landgræðslu- og skógræktaráætlananna. En það er mjög nauðsynlegt að við gerum greinarmun á áætlununum sjálfum og á framkvæmdinni. Það hefur líka verið talað um mat á umhverfisáhrifum og það að setja skógræktar- og landgræðsluáætlanir undir mat á umhverfisáhrifum. Það hefur verið umdeilt í sölum hv. Alþingis. En um það er ekki verið að fjalla í þessari brtt. Um það er reyndar ekki fjallað í þessum lögum. Um það fjalla önnur lög. Þar hefur hæstv. umhvrh. það vald að geta fyrirskipað að landgræðsluáætlanir og skógræktaráætlanir fari í mat á umhverfisáhrifum. Ég ímynda mér að slík landgræðsluáætlun eða slík skógræktaráætlun sem ráðherra setti í umhverfismat væri áætlun sem hefði jafnvel í för með sér meiri háttar framkvæmd sem gæti verið háð framkvæmdaleyfi. Það er þó ekki hægt að fullyrða. Það gæti verið áætlun sem byggðist á svo litlum framkvæmdum að engan veginn væri hægt að skilgreina það sem meiri háttar framkvæmdir. En það gæti samt sem áður verið ástæða til að setja áætlunina í umhverfismat. En það er bara annað mál og um það fjalla önnur lög. Það er ekki verið að fjalla um það í þeim brtt. sem hér liggja fyrir.

Ég held að það sem meiri hluti nefndarinnar hefur orðið ásáttur um sé alveg skýrt og það sé það stutt á milli þess sem meiri hlutinn hefur náð saman um og þess sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sjálfur leggur til í sínum brtt. að það ætti eiginlega ekki að þurfa að deila miklu meira um þetta tiltekna frv. og þessa tilteknu brtt. En ég skal viðurkenna að umræðuefnið um allan þennan málaflokk er óþrjótandi og skoðanir manna mjög skiptar á því eins og hér hefur komið fram. En ætlan nefndarinnar með þessari tillögugerð er skýr og það þarf ekki að deila um hana.

[17:46]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér talaði settur frsm. meiri hluta nefndarinnar og ekki fékkst málið á hreint þrátt fyrir hans orðræðu hér, aðra ræðu. Því ber ég fram við hv. frsm., með leyfi forseta, fyrirspurn þess efnis hvort í áliti meiri hlutans sé fólgin tilvísun til þess að meiri háttar framkvæmdir á sviði skógræktar og landgræðslu skuli háðar framkvæmdaleyfi eða ekki.

[17:47]

**Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í brtt. eða í nál. er hvergi talað um það að meiri háttar skógræktarframkvæmdir eða landgræðsluframkvæmdir skuli ekki háðar framkvæmdaleyfi. Í nál. stendur, eins og ég lýsti í framsögunni, með leyfi forseta:

„... verði ákvæðinu einkum ætlað að ná til breytinga á landi með t.d. jarðvegi eða efnistöku."

Það er fyrst og fremst það sem meiri hluti nefndarinnar hefur áhyggjur af. En landgræðsla til þess að endurheimta náttúruleg gæði lands og friðun lands til þess að gefa náttúrulegum gróðri tækifæri til að spretta, eru ekki þeir hlutir sem framkvæmdaleyfi ættu að ná til.

[17:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kom loksins nokkur botn í þetta mál sem við höfum verið að ræða. Frsm. nefndarálits túlkar það sem viðhorf meiri hluta umhvn. að meiri háttar framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt sem haft geti áhrif á ásýnd lands skuli háðar framkvæmdaleyfi, þó ekki þegar um er að ræða náttúrulega endurheimt landgæða vegna friðunar eða landgræðsluaðgerðir sem lúta þeim reglum sem snerta náttúrulega endurheimt landgæða. Ég er hv. þm. alveg sammála um að ekki sé ástæða til, þegar um er að ræða að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum, að það eigi að vera háð framkvæmdaleyfi.

Mér finnst að sú niðurstaða sem hér er túlkuð, sem leyfir hæstv. umhvrh. að setja regluna um það að meiri háttar aðgerðir í landgræðslu og skógrækt skuli háðar framkvæmdaleyfi, sé eðlileg niðurstaða, niðurstaða sem ég get fyllilega sætt mig við. Þessi niðurstaða hefur jafnframt verið ítrekuð af einstökum nefndarmönnum hér sem hafa ritað undir þetta álit og þar með ekki tekið undir aðrar túlkanir og í trausti þess að sú túlkun fái að standa hér, þá mun ég íhuga að draga til baka brtt. sem ég hef flutt. En ég vænti þess, virðulegur forseti, þó að það sé kannski ekki rétt að nefna í andsvari, að fá að heyra í talsmanni framkvæmdarvaldsins um málið sem e.t.v. er á mælendaskrá.

[17:50]

**Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður að heyra það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telur að málið hafi skýrst nægjanlega mikið. En ég vil minna á að samkvæmt brtt. þarf hæstv. umhvrh. að útfæra þetta nánar í reglugerð. Eins og kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrr í dag er málið auðvitað ekki eins ljóst og það var þegar lögin voru sett í vor þar sem talað var um allar framkvæmdir og meiri háttar framkvæmdir á væntanlega að túlka af hæstv. ráðherra í reglugerð.

[17:51]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. umhvn. fyrir hennar vinnu við frv. sem hér hefur verið til umræðu nokkurn tíma dags í dag — það er hér til 2. umr. — og þær athugasemdir og reyndar smávægilegar breytingar sem gerðar hafa verið eða lagðar hafa verið til á efnisatriðum þess frv. eða þeirra frumvarpsgreina sem settar voru fram af minni hálfu fyrir nokkru síðan. Reyndar ekki löngu síðan því að það hafði dregist nokkuð að koma frv. hér inn og ég þakka þess vegna umhvn. aftur fyrir það hversu röggsamlega hún hefur staðið að verki.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það mál heldur kannski fremur í hitt sem hér hefur tekið mestan tíma umræðunnar í dag, þ.e. breytingu á 27. gr. laganna frá því í vor og minna á að ég gat þess í framsöguræðu minni 4. des. sl. að ég óskaði eftir því að nefndin liti á þessa grein og þær athugasemdir sem þá höfðu þegar borist, bæði umhvrn. og landbrn. reyndar einnig sem ég vissi að nefndin mundi fá framsendar, þ.e. þær athugasemdir. Það hefur nefndin gert og umræður hér í dag hafa snúist að mestu um það mál.

Ég vil þakka meiri hluta nefndarinnar fyrir þær breytingar sem hann hefur lagt til og eru fyrst og fremst þær að gera ákvæðið í 27. gr. aðeins þrengra en það var og er í lögunum þar sem segir: „Allar framkvæmdir." Það var erfitt að búa

við svo víðtækt ákvæði fyrir ýmiss konar atvinnustarfsemi og kannski ekki síst fyrir landbúnaðinn. En hér er gerð tillaga um að þetta sé skilgreint sem meiri háttar framkvæmdir og ráðherra skuli síðan kveða nánar á um meðferð þessa ákvæðis með útgáfu reglugerðar og hvað skuli falla undir útgáfu framkvæmdaleyfa.

Ég hef hlýtt á þessar umræður með athygli og ég lýsi ánægju minni með það líka að þó að einhver áherslumunur sé og hafi komið fram í umræðunum þá er niðurstaða þeirra í mínum huga nokkuð skýr, bæði af hálfu frsm. fyrir nefndaráliti meiri hlutans svo og einnig fyrir þau orð sem hv. 4. þm. Austurl. lét falla hér í lokin um að hann gæti þá, að því sögðu og því tilskildu að það væri líka skilningur handhafa framkvæmdarvaldsins, fallið frá sínum brtt. Ég held að það sé mjög mikilvægt ef um málið getur náðst sátt á þennan hátt.

Ég vil, hæstv. forseti, segja það fyrir mína parta að ég tel að gerðar séu jákvæðar breytingar á greininni hvað varðar það að fella út svo altæk ákvæði eins og voru inni og þau viðhorf réttmæt að draga úr því sem hér er tilgreint sem sérstaklega skuli fjallað um eins og skógrækt og landgræðsla. Það er alveg ljóst að ég er sammála hv. frsm. nefndarinnar að ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða, þá þarf auðvitað að fjalla um þær eins og lögin gera ráð fyrir með framkvæmdaleyfum og öðrum þeim aðferðum sem lögin kveða á um. Ég minni á að í greininni segir, bæði eins og hún er í lögunum og eins og brtt. hljóðar, þó dregið sé úr upptalningunni: „svo sem", sem er skilgreining sem dregur fram áherslur en þessi upptalning getur ekki verið bindandi eða lokun á þætti sem talið er eðlilegt að séu í reglugerð um meiri háttar framkvæmdir sem beri að fá framkvæmdaleyfi fyrir.

Við höfum áður rætt nokkuð um það hér á hv. þingi hvernig fjalla skuli um einstakar skógræktaráætlanir og stór verkefni á sviði landgræðslu. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar en minni á að sá sem hér stendur ákvað það á sínum tíma að mikið uppgræðsluverkefni á Hólasandi færi í mat á umhverfisáhrifum. Auðvitað geta verið nokkuð skiptar skoðanir um það hvernig úrskurður umhvrh. var síðar á því verkefni, en verkefnð fór í mat á umhverfisáhrifum. Það er unnið samkvæmt því og ég veit ekki betur en um það sé fullkomið samkomulag. Lögin um mat á umhverfisáhrifum eru að öðru leyti í endurskoðun núna þar sem áfram verður tvímælalaust fjallað um þessa þætti og hvernig á þeim beri að taka þannig að þessi mál eiga eftir að vera áfram í umræðu hjá okkur á hv. þingi og það á eftir að skýrast betur hvernig framkvæmdarvaldinu ber að fylgja eftir óskum og ákvæðum löggjafans, ekki síst þegar við höfum endurskoðað þá löggjöf sem er tiltölulega ný. Hún hefur verið að sanna sig á þessum árum sem hún hefur gilt og endurskoðun er í gangi samkvæmt ákvæðum laganna sjálfra.

[17:57]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir framlag hans til þessarar umræðu og túlkunar á málum. Ég tel að nú sé enn skýrara en áður hvernig með verði farið því að auðvitað er reglugerðarvaldið í hendi þess ráðherra sem situr á hverjum tíma. En þá verður að sjálfsögðu að hafa til hliðsjónar þá umræðu sem hér hefur farið fram og þá niðurstöðu sem þannig er fengin. Ég tel að ekkert fari á milli mála í þeim efnum eftir ræðu hæstv. ráðherra að svo verði litið til að meiri háttar framkvæmdir á sviði landgræðslu og skógræktar séu háðar framkvæmdaleyfi. Það er það sem málið snýst um og máli skiptir í þessu sambandi.

Ég lít svo til að með því að fella tilvísunina út — eins og hæstv. ráðherra nefndi, þá er hún ekki tæmandi — þá sé verið að snyrta textann þannig að ekki særi, enda voru þau rök uppi höfð um málið. Miðað við þær túlkanir sem hér hafa komið fram, bæði af hálfu talsmanns nefndarinnar sem og af hálfu hæstv. ráðherra og fái það hér að standa, þá mun ég draga mínar brtt. til baka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Einkaleyfi, 2. umr.*

Stjfrv., 153. mál (EES-reglur). — Þskj. 153, nál. 510, brtt. 511.

[18:00]

**Frsm. iðnn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, frá iðnn.

Frumvarp þetta er flutt vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

Reglugerðir þessar mæla fyrir um að sá sem hefur öðlast einkaleyfi fyrir lyfi eða plöntuvarnarefni geti sótt um viðbótarleyfi þannig að verndartími einkaleyfisins lengist um allt að fimm ár. Þessar reglur eru til komnar vegna þess að hinn raunverulegi eða virki gildistími einkaleyfa á þessum sviðum er oft mun styttri en annarra einkaleyfða uppfinninga. Ástæðuna má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar slíkra efna. Ekki er óalgengt að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði án þess að heimilt sé að markaðssetja þessi efni. Með ákvæðum reglugerðanna er leitast við að nálgast hinn venjulega virka verndartíma uppfinninga á öðrum tæknisviðum.

Nefndin telur nauðsynlegt að til skýringar fylgi með frumvarpinu ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97, en hún er viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96. Reglugerðin er hins vegar birt sem fylgiskjal með greinargerð frumvarpsins þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að texti hennar öðlist lagagildi hér á landi. Nefndin telur augljóst að reglugerðinni sé ætlað að vera hluti laganna og eigi því að birtast sem fylgiskjal I með frumvarpinu og jafnframt sé nauðsynlegt að texti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar birtist sem fylgiskjal II. Iðnaðarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Iðnn. er einróma í áliti sínu um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:02]

**Útbýting þingskjala:**

Stjórn fiskveiða, 275. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 540; brtt. minni hluta sjútvn., þskj. 541.

Stjórn fiskveiða, 303. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 554.

Tekjuskattur og eignarskattur, 354. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 538.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 302. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 555.

## *Háskólar, 2. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 165, nál. 448 og 528, brtt. 449 og 529.

[18:03]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá meiri hluta menntmn. við frv. til laga um háskóla. Frv. er ætlað að tryggja lágmarkssamræmi í löggjöf um háskóla.

Í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem háskólunum er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólanna byggist m.a. á fjölda nemenda og að ríkisvaldið semji sérstaklega við hvern skóla til nokkurra ára í senn. Þá er lagt er til að ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, námskeiða, námsmats og rannsókna, hafi skólinn rann sóknarhlutverk. Tilgreind eru sérstaklega þau svið þar sem ráðherra skal setja sérstakar reglur. Er það aðallega á þeim sviðum þar sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í skólastarfinu.

Samkvæmt frumvarpinu eiga háskólarnir að bera meginábyrgð á starfsemi sinni en hlutverk ráðuneytisins verður fyrst og fremst að fylgjast með því að skólarnir framfylgi þeim áætlunum sem þeir hafa sett sér og að þeir uppfylli þær kröfur sem þeir gera til kennslunnar. Þá er gert ráð fyrir að staða rektorsembætta verði efld og að þeim verði falið ráðningarvald yfir öllum undirmönnum sínum þar sem annað er ekki tekið fram berum orðum í lögum. Gert er ráð fyrir að staða rektors sé auglýst bæði innan og utan háskólasamfélagsins en hver háskóli tilnefnir hins vegar þann sem samstaða er um. Mismunandi er hvernig tilnefningin fer fram og er gert ráð fyrir nánari fyrirmælum um hana í sérlögum hvers skóla. Þá eru lagðar til breytingar á skipulagi skólastjórnar þannig að menntamálaráðherra skipi fulltrúa til setu í háskólaráði og að háskólafulltrúum verði fækkað. Jafnframt er lagt til að ráðherra setji almennar reglur um kærumál nemenda.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um gjaldtöku af nemendum. Meiri hlutinn ítrekar að hér er um rammalöggjöf að ræða og er það skilningur hans að með gjaldtöku af nemendum í ríkisháskólum sé átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt, sbr. skrásetningargjald í 4. gr. frumvarps til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Meiri hluti menntamálanefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 5. málsl. 1. mgr. 13. gr. um kjörgengi fulltrúa í háskólaráð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fulltrúar í háskólaráði séu hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð og þeir geti ekki gegnt stjórnunarstöðum í deildum. Meiri hlutinn leggur til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að fulltrúarnir séu að jafnaði hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð. Með því er komið til móts við þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að hafa svigrúm í lögunum til að bregðast við sérstökum aðstæðum í einstökum háskólum, enda séu færð rök fyrir þeim eftir almennar umræður á vettvangi viðkomandi háskóla og fallist á þau við gerð sérlaga.

Í öðru lagi er lögð til breyting á síðari málslið 2. mgr. 14. gr. varðandi skipunartíma rektors. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipunartími rektors sé fimm ár og að framlenging sé óheimil. Var sú regla sett fram í ljósi þess sjónarmiðs að óæskilegt væri að vísindamenn sem taka að sér að gegna stöðu rektors verji til þess of löngum tíma frá vísindastörfum þar sem þekking þeirra og þjálfun nýtist best. Leggur meiri hlutinn til að framlenging verði heimil en eðlilegra þykir að rektor eigi kost á að sækjast eftir framlengingu skipunar. Ef rektor sækist eftir framlengingu er skylt að auglýsa rektorsstöðuna.

Lagt er til að við 14. gr. bætist ný málsgrein þar sem mælt er fyrir um að rektor verði ekki leystur frá störfum án þess að slíkt sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess. Er ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um að ekki er unnt að leysa rektor frá störfum án samþykkis meiri hluta háskólaráðs.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á fyrri málslið 17. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð geti skipt deild upp í skorir að fengnum tillögum deildarráðs. Meiri hlutinn leggur til að þess í stað geri deild þessar tillögur þar sem deildarfundur er æðsta yfirstjórn deildar og ekki er sjálfgefið að deildarráð sé til staðar í öllum deildum.

Í fjórða lagi er breytingartillaga við 1. mgr. 19. gr. sem miðar að því að skýra frekar innihald þeirra samninga sem menntamálaráðherra er heimilt að gera við hvern skóla í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Ákvæðið er í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi, en þar er einstökum ráðherrum veitt heimild til ákveðinna samningsgerða við ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila.

Í fimmta lagi er í 20. gr. lögð til orðalagsbreyting til samræmis við orðanotkun frumvarpsins.

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar var lagt fram á Alþingi sl. vor. Þá varð samkomulag í menntmn. um að fresta málinu vegna eindreginna óska frá Háskóla Íslands sem taldi sig þurfa lengri tíma til að skoða málið. Jafnframt var samkomulag um það í menntmn. að ljúka málinu eða umfjöllun málsins fyrir áramót. Forráðamenn Háskóla Íslands gagnrýndu IV. kafla frv., einkum 13. og 14. gr. og töldu menn þar á bæ að ekki væri tekið nægilegt tillit til sérstöðu Háskóla Íslands. Meiri hluti menntmrn. hefur komið til móts við þessa gagnrýni með brtt. sínum við 13. og 14. gr. frv. og telur að þokkalegri sátt sé þar með náð um helstu ágreiningsefni þessa máls við háskólann.

Rammalöggjöf um háskóla hefur lengi verið í undirbúningi. Það kom glöggt fram, bæði í umsögnum frá þeim skólum sem málið snertir og í máli forráðamanna þeirra sem komu á fund nefndarinnar við umfjöllun málsins, að almenn ánægja ríkir með framlagningu þess þegar á heildina er litið. Rétt er að árétta að þessi löggjöf inniheldur einungis einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla. Endurskoða þarf löggjöf hvers háskóla til samræmis við rammalöggjöfina innan tveggja ára frá gildistöku þessara laga.

Með frv. er stigið framfaraskref í eflingu háskólamenntunar. Á undanförnum árum hafa verið sett ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og með rammalöggjöf-

inni um háskóla er lokið heildstæðri lagasetningu um öll skólastig hér á landi.

[18:12]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti menntmn. sem liggur fyrir á þskj. 528 en ásamt mér eru hv. þm. Svavar Gestsson og Guðný Guðbjörnsdóttir aðilar að því minnihlutaáliti.

Á vorþingi var lagt fram frv. um háskóla. Þá voru gerðar ýmsar athugasemdir við frv. Flestir þeir sem málið varðaði með einhverjum hætti gerðu athugasemdir og komu með ábendingar. Þó var ljóst að mjög margir talsmenn þeirra skóla sem verið hafa á svokölluðu gráu svæði fögnuðu frv. Þá fýsti mjög að það næði fram að ganga, enda væri með lögfestingu þess verið að rétta mjög og skýra þeirra stöðu. Raunin er að sjálfsögðu sú að þeir skólar sem hafa verið að vaxa úr því að vera framhaldsskólar upp í að vera eins konar háskólar vilja átta sig betur á stöðu sinni. Jafnframt er ljóst að ekki voru allir jafnsælir með það frv. sem fyrir lá og ýmsar alvarlegar athugasemdir komu fram, einkum frá Háskóla Íslands og stúdentaráði Háskóla Íslands.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hlutans, þá benti Háskóli Íslands einkum á það að með IV. kaflanum væri skólanum settar ónauðsynlegar skorður og að samræming um skipulag háskólaráða og ráðningu rektora hefði ekkert sjálfstætt gildi. Afgreiðslu frv. var síðan frestað sl. vor að beiðni Háskóla Íslands. Síðan var það endurflutt á þessu þingi, ótrúlega lítið breytt miðað við þær alvarlegu athugasemdir sem fram komu.

Það kemur eins og ég sagði ótrúlega lítið breytt inn í þingið. Ég held að við höfum mörg hver trúað því að frestunarbeiðni Háskóla Íslands, sá vilji til samstarfs um breytingar á frv. sem þar kom fram og þær ábendingar sem háskólinn kom með mundu skipta meira máli. Við trúðum því að meira tillit yrði tekið til þeirra en reyndin varð.

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég fá að fara yfir tillögur Háskóla Íslands um breytingar á frv. Eins og hér hefur komið fram, þá var fyrsta tillaga háskólans sú að ekki yrði kveðið á um stjórn ríkisháskóla í frv. umfram það sem segir í 3. gr. þess. Þar með félli IV. kafli frv. niður en hann lýtur að stjórn ríkisháskólanna.

Í öðru lagi gerði Háskóli Íslands þá tillögu að yrði IV. kafli áfram hluti frv. þá yrðu gerðar aðrar breytingar á frv. Tillaga þeirra var sú að 2. málsl. 1. mgr. orðaðist þannig að ákvæði IV. kafla laganna gilti einvörðungu um ríkisháskólana en heimilt yrði að víkja frá einstökum ákvæðum kaflans í sérlögum um ríkisháskóla. Með þessari tillögu var Háskóli Íslands að fara fram á að sérstaða hans, sem er mikil, fengi að njóta sín að einhverju. Með þessu orðalagi fengi háskólinn jafnframt svigrúm til að móta hugmyndir um breytta stjórnskipan háskólans.

Ef þessi tillaga næði ekki fram að ganga var háskólinn með aðra tillöu til vara. Þá að aftan við 3. mgr. 13. gr. bættist ný málsgrein sem yrði 4. mgr. og orðaðist svo:

„Ákvæði 1.–3. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef sérlög einstakra háskóla mæla á annan veg um þau atriði sem þar greinir.“

Varðandi 14. gr. sem snýr að ráðningu rektors, hafði háskólinn tillögu um að við 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. mundi bætast: „nema öðruvísi sé kveðið á um stöðu rektors í sérlögum.“

Tillögur háskólans miðuðu sem sagt að því, herra forseti, að tekið yrði tillit til mikillar sérstöðu Háskóla Íslands. Varðandi þessi atriði í 13. og 14. gr. yrði sú opnun að hægt yrði að skipa þeim með þeim hætti sem Háskóla Íslands hentaði betur í sérlögum.

Ég sé á brtt. meiri hlutans og heyri á hv. frsm. meiri hlutans að menn þar á bæ telja sig vera að mæta gagnrýni háskólans með þeim brtt. sem fyrir liggja. Það má til sanns vegar færa að þær eru örlítið í áttina. En herra forseti, þær eru einungis örlítið í áttina og eftir stendur að frv. er hálfgert klúður hvað varðar stjórnunarkaflann.

Herra forseti.Tvö meginefnistriði þessa frv. til laga um háskóla eru þess eðlis að minni hluti menntmn. lýsir við þau fullri andstöðu. Þau eru í fyrsta lagi ofstjórnarárátta gagnvart háskólastiginu en sú ofstjórnarárátta kemur fram í ýmsum greinum frv. og má kannski segja að upptalning mín áðan á tillögum háskólans um breytingar lýsi því nokkuð vel.

Í öðru lagi, herra forseti, lýsir minni hluti menntmn. fullri andstöðu við þá grundvallarbreytingu sem hér verður á íslensku skólakerfi, verði 19. gr. og 26. gr. frv. samþykktar óbreyttar. Með þeim yrðu engar lagalegar hindranir á því að lögð verði á skólagjöld í opinberum skólum. Auk þessara gagnrýnisatriða eru fjölmörg smærri atriði í frv. sem koma munu fram við þessa umræðu þó að þeirra sé ekki sérstaklega getið í nefndaráliti minni hlutans eða gerð við þau sérstakar breytingartillögur.

Í greinargerð með frv. kemur fram að helsta markmið löggjafar um háskóla eigi að vera að festa það skólastig í sessi sem tekur við af framhaldsskólastiginu. Víðtæk samstaða hefur verið um að nauðsynlegt sé að draga saman þau meginskilyrði sem stofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Um þetta hefur ekki verið ágreiningur, herra forseti. Hins vegar gerir minni hlutinn athugasemd við það hve ítarleg ýmis ákvæði frv. eru, jafnvel smásmuguleg, vegna þess að hér á að vera um rammalöggjöf að ræða. Við gagnrýnum áfram að ekki skyldi við yfirferð og samningu frv. tekið tillit til sérstöðu Háskóla Íslands en hann er bæði fyrsti, langelsti og auk þess langstærsti og fjölmennasti háskóli þjóðarinnar. Litið hefur verið fram hjá sérstöðu skólans og þeim hefðum og venjum sem Háskóli Íslands hefur haft í heiðri frá upphafi.

Háskólinn hefur, eins og fram hefur komið, knúið fram lágmarksbreytingar og fundið einhverjar leiðir til að lifa við stjórnunarkafla frv. þó auðvitað sé ekkert víst í því efni vegna þess að frv. til sérlaga um Háskóla Íslands hefur ekki verið sýnt. Það er óskiljanlegt, herra forseti, að ekki skuli hafa verið orðið við óskum skólans um að þeim ákvæðum sem ágreiningur hefur verið um, yrði einfaldlega vísað í sérlög um háskólann. Þar er einmitt komið að hinu stóra gagnrýnisefni minni hlutans sem beinist að þeirri ofstjórnaráráttu sem fram kemur í frv. og hefur af sumum verið orðuð þannig að héðan í frá verði miðstýring reglan, sjálfstæði skólans og lýðræði undantekning.

Frá upphafi hefur rektor Háskóla Íslands verið valinn af háskólasamfélaginu og val hans tilkynnt Stjórnarráðinu eða menntmrn. Sami háttur hefur verið hafður á í Kennaraháskóla Íslands. Þetta fyrirkomulag styðst við aldargamlar hefðir sem við erlenda háskóla þykja nauðsynleg forsenda frelsis og sjálfstæðis háskóla gagnvart stjórnmálalegu valdi.

Í þessu samhengi er athyglisvert, herra forseti, að í greinargerð með frv. um háskóla er alveg sérstaklega rætt um hvað það sé mikilvægt að auka sjálfstæði háskóla gagnvart

ríkisvaldinu. Með leyfi forseta vil ég vitna í greinargerð frv. um háskóla en þar stendur á 8. síðu:

„Á vegum Evrópuráðsins hefur mikil umræða farið fram um stöðu æðri menntunar á undanförnum árum. Sérstök nefnd um stöðu æðri menntunar og rannsókna, The Higher Education and Research Committee, hefur unnið að sérstöku verkefni um endurskoðun á löggjöf um æðri menntun. Þar hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að endurskoða samband eða tengsl háskólastofnana við ríkisvaldið, m.a. með það í huga að auka sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldinu án þess að veikja stjórnsýslu þeirra. Sérstakt vægi fékk þetta verkefni eftir að mörg ríki Austur-Evrópu höfðu fengið inngöngu í Evrópuráðið."

Mér fannst nauðsynlegt, herra forseti, að lesa þetta hér vegna þess að mér sýnist að við séum að sigla í öfuga átt við það sem þarna er rætt um. Þarna er greinilega fjallað um að losa háskóla undan stjórnmálalegu áhrifavaldi á sama tíma og verið er að leggja það til að á Íslandi verði sett rammalöggjöf um háskóla þar sem bein pólitísk áhrif eru aukin. Samkvæmt frv. á að breyta því frelsi og sjálfstæði sem verið hefur og gera rektora háskólanna að embættismönnum sem menntmrh. hefur boðvald yfir. Menntmrh. hefur þó, miðað við brtt. meiri hlutans, hopað aðeins í þessu máli þó hann haldi fast við að rektorar allra háskólanna skuli stjórnsýslulega vera embættismenn og þar með undirmenn hans.

Einnig er samkvæmt frv. fyrirhugað að gjörbreyta háskólaráði Háskóla Íslands og fækka þar fólki til samræmingar við það sem á að verða í minni háskólunum. Af þeim 10 fulltrúum sem eiga að sitja í háskólaráði, þeir geta þó orðið færri, þá skal menntmrh. skipa tvo. Hér er, herra forseti, um algera stefnubreytingu að ræða þar sem ráðherra getur með svo beinum hætti blandað sér í innri mál háskólanna.

Í skýrslu þróunarnefndar sem vitnað er til í frv. er lagt til að tveir fulltrúar háskólaráðs komi að utan. Lagt er til að rektor velji þessa tvo fulltrúa úr hópi sex fulltrúa þar sem menntmrh. geri tillögu um þrjá og samtök atvinnulífsins um aðra þrjá. Í frv. um háskóla eru þessar hugmyndir notaðar sem skálkaskjól svo hægt sé að setja inn ákvæði um að ráðherra skipi beint og án tilnefningar, að því er virðist, tvo af fulltrúunum í háskólaráði. Herra forseti, rétt er að hér komi fram að ráðuneytið kynnti málið þannig að það fyrirkomulag að ráðherrann skipi tvo af fulltrúunum í háskólaráð væri í samræmi við tillögur þróunarnefndar. Það er talið í samræmi við það sem ég var að lesa hér áðan um að menntmrh. ætti að tilefna þrjá, atvinnulífið þrjá og rektor síðan að velja tvo þeirra. En eins og segir í fréttatilkynningu menntmrn. frá því frv. var lagt fram sl. vor, með leyfi forseta:

„Tveir fulltrúar skulu skipaðir af menntmrh. til tveggja ára í senn. Er það fyrirkomulag í samræmi við tillögur þróunarnefndar Háskóla Íslands."

Ég átta mig ekki alveg á því hvað er í samræmi. Þó virðist samræmi milli þess að minnst er á tvo fulltrúa, bæði í tillögu þróunarnefndar og í frv. en þar með sýnist mér líka að samræminu sé lokið, herra forseti. Eigi að gera ráð fyrir fulltrúum að utan, fulltrúum sem eitt sinn voru kallaðir þjóðlífsfulltrúar, þá væri mun betra að fara hreinlega eftir þeirri hugmynd sem fram kemur í skýrslu þróunarnefndar. Í sérlögum hvers háskóla kæmi þá fram hverjir hefðu þá tilnefningarrétt á móti menntmrh. Vilji menn halda við það að menntmrh. skipi fulltrúana, þá verði ákveðinn tilnefningarferill sem tryggi faglega meðferð ákveðinn í sérlögum hvers skóla.

Herra forseti. Auk þess sem hér hefur komið fram um aukin afskipti menntmrh., þá er ætlunin að ákveða í rammalöggjöf hverjir af kennrum háskólanna megi sitja í háskólaráði. Samkvæmt frv. mega deildaforsetar ekki sitja í háskólaráði. Þessi ákvæði um skipun rektors, um kennarafulltrúana og skipun fulltrúa menntmrh. í háskólaráð, miða að því að veikja sjálfstæði háskóla og gera þá háðari pólitísku valdi. Þessi ákvæði gagnrýnir minni hlutinn harðlega.

Hitt efnisatriðið sem minni hlutinn lýsir algerri andstöðu við er að með þessu frv. er opnað á skólagjöld í opinberum skólum. Þess sér annars vegar stað í 26. gr. frv. en með samþykkt hennar falla úr gildi lög um skólakerfi frá 1975. Í 6. gr. þeirra laga segir: „Kennsla er veitt ókeypis í opinberum skólum." Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða nauðir reka til þess að þessi lög séu felld úr gildi einmitt nú. Þær skýringar sem fram hafa komið eru ófullnægjandi. Ljóst er, herra forseti að sú viðspyrna, gegn hugmyndum um skólagjöld í opinberum skólum sem falist hefur í lögum um skólakerfi, er þar með farin. Hins vegar segir í 19. gr. frv.:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla." Hér er verið að heimila gjaldtöku vegna náms, án þess að það sé skilgreint frekar.

Skilningur meiri hlutans er sá að þegar um nemendur í ríkisháskólum sé að ræða sé eingöngu átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt, samanber skrásetningargjald í kennaraháskólafrv. En við hljótum að spyrja: Ef þetta orðalag dugar einkaháskólunum til að leggja á skólagjöld hví skyldi það ekki duga ríkisháskólunum líka? Annað hlýtur að þurfa að taka sérstaklega fram í lögunum sjálfum eins og brtt. minni hlutans gera ráð fyrir. Það hlýtur að þurfa að taka það fram í lögunum sjálfum ef ákvæði þessa málsliðar eiga ekki við ríkisháskólana. Ef þau eiga við ríkisháskólana með svo sértækum hætti, þá hlýtur að vanta eitthvað inn í lagagreinina. Ég geri því ráð fyrir að ef menn vilja segja þetta berum orðum hljóti að vera hægt að ná samkomulagi um breytingar á greininni.

Ef þessi ákvæði, herra forseti, þ.e. 26. gr. verður samþykkt og felld út lögin um skólakerfi annars vegar og hins vegar 19. gr. eins og hún liggur fyrir í frv., þá er verið að gera grundvallarbreytingu á íslensku skólakerfi. Hingað til hefur verið bannað að taka gjald fyrir kennslu í opinberum skólum.

Minni hlutinn varar við afleiðingum þess að slík samþykkt verði keyrð í gegn. Með slíkri lagabreytingu, sem auðvitað sýnir póltískan vilja, er verið að stíga fyrsta og stærsta skrefið í þá átt að afnema jafnrétti til náms. Nú er það svo, herra forseti, að þeir skólar sem flokkaðir hafa verið sem einkaskólar hafa vissulega tekið skólagjöld. Opinberu skólarnir hafa hins vegar ekki gert það og ekki mátt það. Þeir hafa tekið svokallað skrásetningargjald. Á bak við það gjald hefur verið ákveðin skilgreind þjónusta.

Ég er sannfærð um að ef samfélag okkar siglir inn á þá braut að að taka upp skólagjöld í ríkisháskólum þá mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Það mun sannanlega raska möguleikum ýmissa til náms og þar með því jafnrétti til náms sem við höfum viljað trúa að væri í okkar samfélagi. Þó er kannski verra að það mun treysta enn frekar þá tilfinningu fólksins í landinu að hér sé fólki mismunað. Vissulega er fólki mismunað á ýmsum sviðum. En okkar litla samfélag þolir mismunun verr en stærri og stéttskiptari samfélög gera.

Ég held því að það sé háskaspor ef menn láta sig dreyma um að koma hér á skólagjöldum í öllum háskólum. Ég held að fyrirkomulagið nú, að opinberir háskólar séu án skólagjalda en einkaskólarnir hafi til þess einhverjar heimildir, sé fyrirkomulag sem við ættum ekki að hverfa frá.

Í umræðum í nefndinni kom fram að túlkun minni hluta og meiri hluta á þeim ákvæðum sem lúta að skólagjöldum er ekki sú sama. Hins vegar hlýtur minni hlutinn að horfa til þess hvernig fjallað hefur verið um skólagjöld af hálfu menntamálayfirvalda og þá ekki síst hæstv. menntmrh. Eins og menn þekkja þá hefur hann fjallað nokkuð um skólagjöld í sínum skrifum og það með tiltölulega jákvæðum formerkjum. Hæstv. menntmrh. hefur m.a. fjallað um skoðanir sínar og annarra á skólagjöldum á netinu og þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef sagt að í umræðum um skólagjöld verði menn í senn að huga að stöðu þeirra stofnana sem innheimta þau og framtíð þeirra og hins vegar einnig að félagslegu hliðinni sem snýr að námsmönnum. Í vikuritinu The Economist, sem er dagsett 4. október 1997, er sérstök úttekt á háskólum og stöðu þeirra við núverandi aðstæður. Þar segir að sterk rök hnígi að því að innheimta einhver skólagjöld. Í lauslegri þýðingu segir svo í blaðinu." — Síðan kemur lausleg þýðing ráðherrans, herra forseti: „Í fyrsta lagi er félagslega sanngjarnt að innheimta skólagjöld. Háskólastúdentar koma yfirleitt frá fjölskyldum sem standa bærilega fjárhagslega. Með því að veita þeim ókeypis háskólamenntun, á kostnað skattgreiðenda, eru hinir fátæku að styðja hina ríku. Auk þess er háskólamenntun góð einkafjárfesting sem stuðlar að hærri launum nemandans síðar á ævinni. Með öðrum orðum mundi það venjulega borga sig fyrir fólk að leggja á sig háskólanám þótt það væri ekki styrkt af almannafé." Hér lýkur tilvitnun minni, herra forseti, í það sem ráðherrann segir um þessi mál á netinu.

Lái manni hver sem vill þó maður hafi ákveðnar grunsemdir um að það eigi að beita þeim ákvæðum sem eru í frv. eftir að hafa kynnt sér málflutning ráðherrans. Þar fyrir utan er það sem fram kemur í lauslegu þýðingunni svo sannarlega eitthvað sem á við allt annað samfélag en okkar. Við könnumst ekki við það á Íslandi að háskólastúdentar komi yfirleitt frá fjölskyldum sem standi bærilega fjárhagslega. Við höfum a.m.k. viljað trúa því að hingað til hafi háskólastúdentar komið úr öllum lögum þjóðfélagsins. Og við viljum hafa það þannig. Við höfum heldur ekki orðið vör við að háskólamenntun væri svo góð einkafjárfesting, og stuðlaði að hærrum launum nemandans síðar á ævinni, ekki a.m.k. í opinbera geiranum. Rökstuðningur af þessu tagi á engan veginn við okkar samfélag. Hann er rangur og óheiðarlegur. Hins vegar er það alveg rétt og hefur oft komið fram í umræðu um skrásetningargjöld hér á hv. Alþingi að það væri full ástæða til þess að fjalla um skólagjöldin. Við gætum tekið hana undir umræðum um þetta frv. — nægt er tilefnið.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að skoða fleira varðandi þær breytingar sem eru að verða á háskólastiginu. Samkvæmt 6. gr. frv. um háskóla munu allir háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði. Þeir skólar sem flytjast á háskólastig þegar þetta frv. verður að lögum hafa flestir ef ekki allir verið með ákveðin viðbótarskilyrði enda hafa þeir flokkast sem sérskólar fram til þessa. Háskóli Íslands hefur líka beitt fjöldatakmörkunum í afmörkuðum greinum. Annars hefur skólinn verið sannkallaður þjóðskóli þar sem þeir sem hafa stúdentspróf eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu, hafa fengið að spreyta sig á því námi sem hugur þeirra hefur staðið til. Við eigum eftir að sjá hvernig frv. til sérlaga um Háskóla Íslands mun líta út og því er ekki ljóst hvort ákveðin verða einhver viðbótarskilyrði inn í allar deildir Háskóla Íslands. Hins vegar mikilvægt að háskólinn geti áfram haldið þeirri sérstöðu sinni að fólk fái að spreyta sig á því námi sem hugur stendur til þó innan einhverra marka verði að vera.

Þær breytingar á íslenskri menntastefnu sem boðaðar eru og hér hafa verið tíundaðar eru ekki áherslubreytingar eins og einhverjir vilja láta í veðri vaka heldur grundvallarbreytingar á því menntakerfi sem við höfum byggt upp og hefur gefið öllum tækifæri til að sýna getu sína án tillits til efnahags.

Brtt. minni hlutans eru á sérstöku þingskjali. Þær lúta aðallega að þessum tveimur atriðum sem ég hef nefnt sem höfuðgagnrýnisatriði minni hlutans. Annars vegar ofstjórn sem rýrir sjálfstæði háskóla og hins vegar að heimilt verði að innheimta skólagjöld í opinberum skólum. En brtt. eru:

Í fyrsta lagi varðandi 13. gr., um fulltrúa í háskólaráð, þá fulltrúa sem áttu að koma að utan. Í 4. málsl. 1. mgr. bætist við: „Tilnefning þeirra ákvarðast í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla." Hér er gerð tillaga um að í stað þess að ráðherra skipi að eigin geðþótta tvo fulltrúa í háskólaráð komi ákvæði um það í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers skóla að þeir fulltrúar sem ráðherra skipar skuli vera tilnefndir af aðilum sem þekkja til mála varðandi hvert það svið sem háskólarnir eru að fást við eða þær áherslur sem þeir vilja leggja. Þannig verði tryggt að faglegt mat ráði því hverjir veljast til setu í háskólaráði en ekki pólitískur geðþótti ráðherra.

Í öðru lagi, herra forseti, er í 14. gr. sem fjallar um stöðu og sjálfstæði rektors lagt til að við 1. málsl. 1. mgr. bætist: „nema á annan hátt sé kveðið á um stöðu rektors í sérlögum." Hér tekur minni hlutinn undir með Háskóla Íslands en af hálfu talsmanna hans hefur verið lögð áhersla á að skipan rektors geti verið með mismunandi hætti milli háskóla og samræming þessa ákvæðis hafi ekkert sjálfstætt gildi umfram samræminguna eina. Slík samræming getur tæpast verið pólitískt markmið í sjálfu sér. Svo er ekki heldur varðandi önnur mikilvæg atriði í frv., svo sem skilgreiningu á háskóla og hvort iðkun rannsókna teljist nauðsynlegur þáttur í slíkri skilgreiningu. Í því efni þykir ekki ástæða til samræmingar af hálfu meiri hlutans. Minni hlutinn leggur því til að í sérlögum hvers háskóla verði tekið á því hvernig kveðið skuli á um stöðu rektors.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 19. gr. og þar verði með breyttu orðalagi fyrri málsliðar 3. mgr. tryggt að gjaldtaka vegna náms eigi einungis við um einkaskóla en ekki opinbera skóla. Bæði verði orðið „sérlög", sem einkum er notað um ríkisskólana, fellt út úr textanum og skýrt sérstaklega með nýju orðalagi að ákvæði málsliðarins eigi eingöngu við um aðra skóla en ríkisháskóla. Þannig verði sagt berum orðum að gjaldtaka vegna náms sé einungis heimil í öðrum háskólum en ríkisháskólum.

Þá er jafnframt lagt til að skrásetningargjald geti aldrei orðið hærra en sem nemur tilteknum nánar skilgreindum kostnaði og að slíku gjaldi verði aldrei varið til að standa undir almennum rekstrarkostnaði skólans né kennslu. Mikilvægt er að skýra þessa tvo málsliði í 19. gr., þar sem annars vegar er fjallað um kostnað vegna náms og hins vegar um veitta þjónustu.

Í fjórða lagi, herra forseti, lúta brtt. minni hlutans að 26. gr. frv. Eins og ég hef vikið að þá banna lögin um skólakerfi gjaldtöku vegna kennslu í opinberum skólum. Með 26. gr. frv. um háskóla stendur til að fella þessi lög úr gildi. Með því er verið að opna á skólagjöld í opinberum skólum sem er nýmæli og grundvallarbreyting frá því sem verið hefur. Með slíkri lagabreytingu, sem sýnir auðvitað tiltekinn pólitískan vilja, er verið að stíga stærsta skrefið í þá átt að afnema jafnrétti til náms. Minni hlutinn leggur því til að 26. gr. verði felld út úr frv.

Herra forseti. Ég hef farið yfir nál. minni hlutans og vænti þess að umræðan sem hér fer fram verði gagnleg og leiði til þess að breytingar á frv. verði fleiri en þær einar sem fram koma á skjali meiri hlutans.

[18:46]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir eyddi miklu púðri í þá röksemdafærslu sína að í þessu frv. væri verið að veikja sjálfstæði háskóla og hún talaði um ofstjórn í því sambandi. Ég minni á að hér er um rammalöggjöf að ræða. Við megum ekki gleyma því. Þetta frv. sem er hérna til umræðu snýst ekki bara um Háskóla Íslands. Mér þóttu þessar fullyrðingar þingmannsins vera bæði órökstuddar og ómálefnalegar. Ég tel þvert á móti að í þessu frv. sé verið að auka sjálfstæði háskóla og tryggja stöðu þeirra. Í frv. er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem þeim er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólanna byggist m.a. á fjölda nemenda og að ríkisvaldið semji sérstaklega við hvern skóla til nokkurra ára í senn. Þetta tel ég að sé til mikilla bóta. Hvort sem slíkur samningur er kallaður þjónustusamningur eða ekki er skólunum veitt fjárhagslegt svigrúm innan rammasamningsins. Það er lagt til að ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, námskeiða, námsmats og rannsókna. Ég vísa sérstaklega í 3. gr. frv., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 19. gr. sem fjalla um þau atriði sem ég hef nefnt. Ég vil líka alveg sérstaklega gera að umtalsefni hér að ákvæðið um þjóðlífsfulltrúana sem þingmaðurinn nefndi áðan og gagnrýndi að væru skipaðir af menntmrh., hefur ekki vakið neina sérstaka gagnrýni hjá neinum nema stúdentaráði Háskóla Íslands sem hefur valið að beina spjótum sínum sérstaklega að þessu atriði og hefur talað um að ráðherra væri þar með fengið vald til þess að skipa fulltrúa í háskólaráð eftir pólitískum geðþótta. Ég er þessu algjörlega (Forseti hringir.) ósammála. Ég tel að það sé til góðs fyrir háskólana að fá slíka utanaðkomandi aðila inn í háskólaráð.

[18:49]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur um að það gæti hugsanlega verið til góðs að fá slíka fulltrúa, svokallaða þjóðlífsfulltrúa, í háskólaráð, einkum ef þeir væru valdir eins og skýrsla þróunarnefndar gerði ráð fyrir. Ég held að það sé hins vegar alveg ljóst að það hlýtur að vekja ákveðna tortryggni hversu hart það er sótt að ráðherra skipi þessa fulltrúa og það án tilnefningar. Það ber vott um ofstjórn. Þó svo að hv. þm. finnist málflutningur minn ómálefnalegur og órökstuddur, þá sæki ég hann allan inn í frv. sjálft. Ég hef ekkert gagnrýnt hér eða sagt sem ekki á stoð í frv. sjálfu.

Það getur vel verið að það komi illa við fulltrúa Sjálfstfl. hér í salnum að þessi atriði skuli vera gagnrýnd svona, en þau eru í frv. og þau eru gagnrýni verð.

Við gerum okkur fullljóst, fulltrúar minni hlutans, að þessi lög eiga við fleiri skóla en Háskóla Íslands. Við heyrðum líka að það voru fleiri en Háskóli Íslands sem gagnrýndu stjórnunarkaflann. Til voru þeir sem héldu að þessi stjórnunarkafli væri fyrst og fremst fyrir Háskóla Íslands af því að mönnum var það alveg ljóst að hann passaði ekki kannski fyrir litlu háskólana, en hann passaði ekki heldur fyrir þennan stóra háskóla. Reyndar, herra forseti, virtist sem svo að stjórnunarkaflinn passaði yfirleitt ekki fyrir neinn.

[18:51]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski til marks um það að þetta frv. sem við erum hér að ræða sé hið ágætasta mál ef það er rétt sem þingmaðurinn heldur fram að enginn sé ánægður með frv. Það er þá kannski til marks um að það nái utan um alla þá sem því er ætlað að gera.

En af því að við vorum að ræða sérstaklega um þjóðlífsfulltrúana, þá ætla ég að vitna í greinargerð með 13. gr., með leyfi forseta, þar sem segir:

„Þessir fulltrúar eiga að vera með víðtæka þekkingu á málefnum þjóðlífs og atvinnulífs og traustan skilning á starfsemi háskóla. Með þessu fyrirkomulagi á að tengja skólana betur við atvinnulífið en nú er gert. Ráðherra getur sett reglur um með hvaða hætti þessir fulltrúar skuli skipaðir en ekki er talið heppilegt að lögbinda hvernig val þeirra skuli fara fram, enda geta þær reglur breyst í tímanna rás."

Enda er þetta frv. sem hér er um að ræða rammalöggjöf sem á að ná utan um marga skóla þannig að ekki er heppilegt að festa niður einhverja eina ákveðna aðferð um það hvernig slíkir fulltrúar skulu valdir.

[18:52]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhverra hluta vegna sjá menn ástæðu til að tortryggja það hversu hart það er sótt að ráðherrar skipi þessa fulltrúa án tilnefningar. Eins og ég gat um í minni framsögu, þá kemur þetta ákvæði inn undir því yfirskini að það sé í samræmi við tillögur þróunarnefndar. Þegar málið er síðan skoðað kemur í ljós að svo er hreint ekki.

Líka er það að ákvæðið siglir þarna inn undir fölsku flaggi. Það gefur mönnum þá vondu tilfinningu að hér sé ekki allt sem sýnist. Þess vegna, herra forseti, hefur minni hlutinn tekið þá ákvörðun að taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt þetta og ég tel að það sé með réttu. Ég tel að menn eigi að vera á varðbergi gagnvart ákvæðum í lögum þessarar gerðar, ekki síst þar sem þau sigla inn undir því flaggi sem þetta ákvæði gerði.

Það sama á í rauninni við um rektor háskólans og önnur þau samræmingaratriði sem sett eru inn í frv., frv. sem á að vera rammalöggjöf. Það hefði verið hægur vandi að gera rammalöggjöfina þannig úr garði að menn hefðu getað unað betur við hana þannig að úr hefði orðið flík sem hæfði fleirum, en ekki ein sem hæfir líklega engum.

[Fundarhlé. — 18:55]

[20:34]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er satt að segja dálítið dapurlegt til þess að vita að umræður um menntamál í þessari stofnun skuli helst fara fram á kvöldin og helst þannig að það er yfirleitt heldur fáskipað hér, vegna þess að þetta eru engin smámál sem við erum að ræða og væri full ástæða til þess að hér væru allir eða flestir viðstaddir, þeir sem eiga sæti í þessari virðulegu stofnun.

Herra forseti. Það má segja að það hafi verið vandi menntamálanna á Íslandi um nokkuð langt skeið hvað Sjálfstfl. hefur verið sterkur. Sjálfstfl. hefur farið allt of lengi með menntamál á Íslandi og honum hefur tekist það, m.a. í krafti stefnuleysis síns í kosningabaráttu yfirleitt, að halda sér þannig að hann hefur síðar komist upp með að gera *ýmislegt eftir kosningar í stjórnaraðstöðu sem aðrir hefðu* ekki komist upp með. Það má segja að afskipti Sjálfstfl. af menntamálum staðfesti það að ógæfu Íslands verður margt að vopni þegar upp er staðið þó að aðstæður séu að öðru leyti eða ættu að geta verið til þess að Íslendingar byggðu upp gott og öflugt menntakerfi. Reyndar er menningin og hin menningarlega áhersla þjóðarhefð Íslendinga þannig að það hefði átt að vera hægt að byggja hér upp og ná mjög víðtækri samstöðu um mjög gott menntakerfi á Íslandi, betra en nokkurs staðar annars staðar. Það gera hefðirnar. Það gera hin almennu viðhorf þjóðarinnar. Það gerir fámennið að sumu leyti sem skapar forsendur fyrir gagnsæjum stjórnkerfum, m.a. í menntamálum. En því miður hefur það ekki nýst m.a. vegna þess að þessi óhæfilega stóri stjórnmálaflokkur, Sjálfstfl., hefur ráðið allt of miklu. Vandi menntakerfisins á Íslandi liggur því í stærð Sjálfstfl. og ég gæti út af fyrir sig farið um það nokkrum frekari orðum. Þetta kemur t.d. mjög vel fram í áherslum í frv. sem hér liggur fyrir og er alveg ótrúleg forneskja satt að segja, eins og það leit út í upphafi. Það er eitt af furðuverkum veraldarinnar hvernig menn gátu slæmt saman þessum frumvarpstextum sem hér liggja fyrir, eins og þeir eru, en þeir beinast fyrst og fremst að því að styrkja vald menntmrn. og menntmrh. yfir háskólunum og líka þeim háskóla sem er gróinn, gamall og reyndur, Háskóla Íslands, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á.

Það má segja að megineinkenni frv. til laga um háskóla sé miðstýring og smásmygli eins og ég mun síðan rekja og rökstyðja í ræðu minni.

Ég ætla hins vegar áður en ég kem að því, herra forseti, að segja að það er alveg nauðsynlegt að fá hér inn í umræðurnar umfjöllun um tölvuháskólann sem var sagt frá í fjölmiðlum í síðustu viku að væri verið að setja á laggirnar. Ég hefði ekki talið óeðlilegt að það hefði verið greint frá honum sérstaklega. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að úr því að þessi tölvuháskóli er sérstaklega kynntur einmitt sömu daga og við erum hér að fjalla um háskólafrv., þá tel ég nauðsynlegt að þetta mál verði aftur tekið fyrir í menntmn. milli 2. og 3. umr. og tölvuháskólinn verði þar kynntur og farið yfir málin, þ.e. hvers lags eiginlega stofnun það er og á hvaða forsendum hann byggir því að þar er greinilega um að ræða mikil pólitísk tíðindi að mati hæstv. menntmrh. og hans flokksfélaga. Einkavæðingin í rekstri háskóla er að ryðja sér til rúms. Það er hlutur sem á að ræða í þessari stofnun, ekki síst á sama tíma og við erum með frv. hér á dagskrá.

Ég tel að frv. um háskóla einkennist í fyrsta lagi, eins og það var upphaflega og er að miklu leyti enn, af miðstýringu og miðstýringaráherslu og það er smásmugulegt. *Dæmi um* það eru aftur og aftur þannig að talað er um að menntmrh. skuli hafa eftirlit með þessu og hinu og menntmrh. skuli gera þetta og hitt án þess að neinn faglegur ráðgjafi komi til sögunnar. Það er eins og hin faglega fullkomnun í háskólamálum á Íslandi eigi að spretta út úr höfði menntmrh. hver svo sem hann er, eins og segir hér t.d. í 4. gr., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita ...“

Í sömu grein segir að menntmrh. geti einn afturkallað starfsleyfi háskóla án þess að nokkur annar aðili fjalli um það. Það er nokkuð umhugsunarvert. Ég tók eftir því í umfjöllun málsins í menntmn. að einn og einn menntamálanefndarmaður taldi að þetta væri nokkuð sérkennilegt og velti því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til þess að hafa *í lögunum, ef þetta verður að lögum, ákvæði sem tekur af* tvímæli um það að háskólum sé hægt að treysta og það sé ekki hægt að fara fram með geðþóttavald, hvorki varðandi stofnun né slit háskóla. Því miður var ekki hlustað á þær ábendingar.

Ég tel í öðru lagi að inngangurinn að 5. gr. eins og hann lítur hér út staðfesti þessa ótrúlegu miðstýringaráráttu núv. hæstv. menntmrh.: „Menntamálaráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti:“ — þeir eru síðan taldir upp — sem er algerlega óeðlilegt að menntmrh. geri.

Ég las núna í kvöldmatnum norsku háskólalögin. Það er æðimikið önnur nálgun í þeim lögum. Þau eru heildarlög með þeim hætti að þar eru taldir upp þeir háskólar sem lögin eiga við og þar er gert ráð fyrir því að ákvarðanir af því tagi sem hér eru nefndar í 5. gr. séu í höndunum á yfirstjórnum viðkomandi háskóla í langflestum tilvikum. Í norsku háskólalögunum eru skólarnir taldir upp sem lögin eiga við. Það hefði ég talið vel geta komið til greina að við gerðum í þessu lagafrumvarpi, að telja upp þá skóla sem lögin eiga væntanlega við, frekar en vera með tilraunir til þess að semja rammalög af þessu tagi sem eiga mjög illa við einn mikilvægasta þátt háskólalífsins á Íslandi — ég segi ekki meira — þ.e. við Háskóla Íslands. Þessi lög eiga mjög illa við Háskóla Íslands eins og þau eru hér og það hefði mátt komast hjá þeim vanda með því að skrifa inn í lögin sérstök ákvæði um í Háskóla Íslands eins og ég sé að gert er í norsku háskólalögunum þar sem skrifaðir eru inn sérstakir þættir um skóla þegar um undantekningartilvik er að ræða. Og það þarf enginn að skammast sín fyrir það að fara í smiðju til Norðmanna í þessum efnum vegna þess að sá sem lengi var þar háskólaráðherra, Guðmundur Hernes, sem m.a. hefur komið í fyrirlestraferðir til Íslands aftur og aftur, hafði forustu um það að þessi norsku lög um háskóla voru sett.

Í 5. gr. er sem sagt eitt dæmi og í 9. gr. tel ég að sé líka dæmi um þessa smásmygli þar sem farið er yfir það algerlega í smáatriðum hvernig kennsla í háskólum á að fara fram. Þetta hefði maður haldið að ætti ekki að vera ákvörðun löggjafans. „Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði.“ Af hverju er þetta í lögum? Hvaða rök eru fyrir því að þetta sé í lögum en ekki t.d. í reglum sem viðkomandi skóla er treyst fyrir að setja, eða skólum í félagi? Í frv. er hvergi gert ráð fyrir því að skólarnir geti haft með sér félag um ákvarðanir sem hefði þó að mínu mati getað verið mjög burðugt og skynsamlegt stjórntæki. Þegar við settum í gang endurskoðun á háskólalögunum fyrir allmörgum árum, þá var einmitt gert ráð fyrir því að háskólarnir gætu haft með sér félag um ákvarðanir, félag um samræmingu, skólarnir

(**Gripið fram í:** Líttu á 24. gr.) sjálfir á hverjum tíma. Ég kem að 24. gr. á eftir.

Ég tel að í 9. gr. sé verið að ganga allt of langt í því að reyra hlutina fasta, þetta á að vera mál sem skólarnir sjálfir geta í grófum dráttum tekið ákvörðun um. Þó kastar nú tólfunum í þessari valdsókn menntmrn. þegar kemur að 13. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skal skipa allt að tvo fulltrúa til tveggja ára í senn."

Það eru sem sagt fulltrúar sem geta komið einhvers staðar að og menntmrh. ræður því algerlega hverjir það eru og það er engin tilraun gerð til að skilgreina hverjir þetta eiga að vera. Eiga það að vera einhverjir sem tengjast starfssviði viðkomandi skóla eða hvað? Stúdentaráð Háskóla Íslands hygg ég að hafi bent á þann möguleika að Hollvinasamtök háskólans tilnefndu hóp sem ráðherrann veldi svo úr. Ég fyrir mitt leyti er kannski ekki alveg viss um að það sé eina leiðin sem fær er í þessu efni. Ég gæti séð það fyrir mér að því er þetta varðar að td. háskólaráð viðkomandi stofnunar fengi heimild til þess að velja t.d. fjóra eða sex menn sem hæstv. menntmrh. á hverjum tíma yrði falið að velja úr á ákveðnum forsendum.

Ég tel að alveg óhjákvæmilegt sé að fá það fram á þessu stigi málsins hvað hæstv. menntmrh. hugsar sér að gera við þessa heimild í 13. gr., þ.e. hvernig hann mundi nota hana ef það væri orðið að lögum sem þar er gert ráð fyrir, að menntmrh. skipi alltaf tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Ég held að reynslan af Sjálfstfl. við að skipa fulltrúa í ráð og nefndir ríkisins sé ekki slík að ástæða sé til þess að veita þeim sérstakt traust eins og þarna er gert. Ég held að svo sé ekki. Mér finnst skrýtið að framsóknarmenn skuli taka þátt í þessum leiðangri, þessari valdsókn Sjálfstfl. eins og þeir virðast gera og ég sé ekki að þeir geri neinn fyrirvara við þessa hugsun sem ég vildi þó gjarnan fá upplýsingar um því ég veit ekki betur en sessunautur minn, hv. 7. þm. Reykn., sé hér á mælendaskrá. Það væri t.d. fróðlegt að vita í hverju Framsfl. gæti hugsað sér að hafa hlutina á annan veg í þessu efni vegna þess að ég trúi því ekki að þar séu ekki uppi efasemdir um það að hér sé rétt að hlutunum staðið. Og það segi ég vegna þess að ég þekki ágætlega til í Framsfl. frá fornu fari. (**Gripið fram í:** Ætti kannski heima þar?) Og gæti vel verið ég ætti heima þar. Hann gæti lagast Framsfl. og svo auk þess hefur þingmaðurinn verið þar, sá sem hér stendur, en síðan eru liðin allmörg missiri.

Ég vík þessu næst að 14. gr. sem er, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir rakti áðan, hin endanlega sönnun þessarar ótrúlegu ofstjórnaráráttu sem hæstv. menntmrh. virðist vera haldinn. Hann hugsaði sér að skipa rektor, að vísu samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. En það er alveg bersýnilegt að ráðherrann vill fá þetta vald til sín. Ég hlýt að biðja um rök fyrir því. Hvaða rök eru fyrir því að taka það vald af Háskóla Íslands sem hann hefur sjálfur haft í þessum efnum síðan 1911? Hvaða rök eru fyrir því? Hefur kerfið sem hefur verið í Háskóla Íslands reynst illa? Mér finnst að í þessu ákvæði sé að nokkru leyti verið að láta Háskóla Íslands gjalda þess hvernig ástatt er í öðrum háskólum á Íslandi sem gætu alveg vafalaust sætt sig við fyrirkomulag af því tagi sem hér er. Það er verið að láta Háskóla Íslands og Kennaraháskólann gjalda þess að nokkru leyti, tel ég vera. Ég held því að það þurfi að fá fram hjá hæstv. menntmrh. betri rök en komið hafa fram til þessa í þessu máli, rök fyrir þeirri tilhögun sem þarna er gert ráð fyrir að því er varðar skipun háskólarektors.

Sjötta dæmið sem ég ætla að nefna um þessa miðstýringar- og ofstjórnaráráttu er svo í 20. gr. þar sem fjallað er um kennslukostnaðinn og sömuleiðis í sjöunda lagi þar sem fjallað er um það t.d. að menntmrh. setji nánari reglur um framlög til rannsókna innan skólanna. Er þetta ekki mál skólans? Hvaða fyrirkomulag er það eiginlega sem þarna er verið að gera tillögu um? Síðan segir líka að menntmrh. eigi að setja nánari reglur um framlög til húsnæðismála í áttunda lagi. Og svo þegar samningstíminn sem menntmrh. stofnar hugsanlega til við viðkomandi skóla er liðinn — það er gerður samningur við skóla um fjárframlög í einhvern tíma — þá gæti farið svo að það þyrfti að endurskoða samninginn. Og hver á þá að meta samninginn? Annar samningsaðilinn, þ.e. menntmrh. Það er menntmrh. sem á að meta samninginn, eða eins og segir í 21. gr.: „Fyrir lok samningstímans skal menntamálaráðherra láta fara fram úttekt á starfsemi viðkomandi háskóla í heild." Þetta er alveg ótrúlegt og má segja að þetta ákvæði í 21. gr. stangist á við anda stjórnsýslulaganna. Þarna er menntmrh. falið að meta sinn eigin samning. Ég hefði talið ástæðu til þess að staldra við þetta, herra forseti, um leið og ég mótmæli því.

Ég staldra líka við það sem fram kemur í 22. gr., að: „Ríkisháskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni." Þetta finnst mér að eigi ekki að vera í valdi menntmrh. Þetta finnst mér að háskólinn eigi að geta ákveðið sjálfur.

Ég hef nefnt hér tíu dæmi, herra forseti, sem eru öll þannig að þau staðfesta það sem fram kemur í nefndaráliti minni hluta hv. menntmn., að það er gífurleg ofstjórnarárátta í þessu frv. eins og það lítur út, miðstýringarárátta og sem ber að harma vegna þess að undirstaðan undir þróun háskólasamfélagsins á Íslandi, a.m.k. að því er varðar Háskóla Íslands, hefur einmitt verið frelsi háskólans, bæði rannsóknafrelsi en líka skipulags- og ákvarðanafrelsi. Það er í því alveg fráleitt að standa að þessum málum eins og hér er gert.

Þessu vil ég mótmæla. Þessum tíu smásmugulegu miðstýringaratriðum, herra forseti, vil ég mótmæla alveg sérstaklega í fyrsta lagi, sem meginþætti máls míns.

Annar meginþáttur máls míns lýtur svo að skólagjöldunum. Það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. talsmanns minni hluta menntmn. hér áðan að það er verið að marka spor. Það er verið að breyta um stefnu á Íslandi í háskólamálum og kannski í skólamálum yfirleitt í grundvallaratriðum með þessu ákvæði, ákvæði 19. gr. og sérstaklega þessum setningum sem ég ætla nú að lesa, með leyfi forseta, í lok greinarinnar þar sem segir:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða."

Ég hlýt í framhaldi af þessu að inna eftir því hvað þetta þýðir. Hvað telur hæstv. menntmrh. og hv. formaður menntmn. að þetta þýði? Þýðir þetta að skólarnir gætu tekið skólagjöld fyrir hverju sem er, svo að segja? Hindrar þetta eitthvað að sett yrðu inn í sérlög ákvæði um skóla-

gjöld? Hindrar þetta það að sett yrðu í skipulagsskrá ákvæði um skólagjöld til að kosta almennan rekstur, þar á meðal kennslukostnað í viðkomandi skólum? Ég hygg að það sé alveg ljóst að greinin eins og hún er upp sett er algerlega opin og ég hlýt að spyrja að því hvort það sé virkilega þannig að stjórnarflokkarnir geri sér grein fyrir því að þeir eru þarna að opna fyrir almennri gjaldtöku í skólum með uppsetningu þessarar greinar í fyrsta lagi, en í öðru lagi með því að ríkisháskólunum verður ætlað að starfa við hliðina á einkaskólum sem verða með tiltölulega mjög opnar gjaldtökuheimildir. *Til þess að standast samkeppni við einkaskólana geta ríkisskólarnir talið sig nauðbeygða til þess að ganga lengra í gjaldtöku en menn mundu ella vilja gera, sérstaklega á niðurskurðartímum.* Þess vegna tel ég að greinin eins og hún lítur út hér sé stórhættuleg og hún er tvímælalaust kaflaskipti. Ég vil sérstaklega beina þessum orðum mínum til Framsfl. sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni sem er sjaldgæft að Framsfl. geri. Yfirleitt hlaupa menn á dyr þegar verið er að ræða um alvarleg, flókin og erfið mál. En að sinni heiðrar okkur með nærveru sinni hv. 7. þm. Reykn., sessunautur minn. (**Gripið fram í:** Hybrid-þingmaðurinn.) Ég tel að það *sé mjög mikilvægt að geta lagt eftirfarandi spurningu fyrir* hv. þm.: Hvernig rökstyður framsóknarmaður, sem hakkaði kratana í sig á síðasta kjörtímabili, svona ákvæði? Svo mikið er víst að ég man ekki eftir því að fyrir kosningar hafi þeir vinir mínir framsóknarmennirnir gert grein fyrir því í skólum að þeir ætluðu sér að leggja á skólagjöld. En ég spyr. Mér leikur forvitni á að vita það hvernig þeir réttlæta það fyrir samvisku sinni að leggja á skólagjöld. Það er ekkert í greininni sem hindrar að það verði lögð á skólagjöld. Er það? Það er sagt að þessi grein sé nóg fyrir einkaháskóla, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti á. Af hverju er hún þá ekki líka tæk sem skattlagningargrunnur, skólagjaldagrunnur, fyrir ríkisháskóla? Það er alveg augljóst mál að það er verið að brjóta hér í blað í þróunarsögu háskóla á Íslandi. Það er algerlega augljóst mál og auðvitað fráleitt og stórhættulegt að láta þessa grein standa þarna. Ég tel að það ætti að verða eitt fyrsta verkefni almennilegrar ríkisstjórnar sem tæki við hér í þessu landi, sem verður vonandi fyrr en seinna, að afnema þetta ákvæði eins og það lítur hér út. Og ég vil spyrja að því hvort það væru ekki fleiri tilbúnir í þann leiðangur vegna þess að það ýtir undir misrétti og ranglæti í landinu að vera með þennan opna skólagjaldagrundvöll eins og hér er.

Þetta var annar kaflinn í mínu máli, þ.e. varðandi skólagjöld. Sá þriðji snýst um rektorskjörið. Ég ætla ekki að hafa hann langan, vísa til þess sem frsm. minni hluta menntmn. sagði um það mál. *Ég ætla bara að bæta því við að ég* hefði haft gaman af því að heyra hvaða rök eru fyrir því að menntmrh. eigi endilega að vera að skrifa upp á ákvörðun háskólans um rektor. Hvaða rök eru fyrir því? Af hverju þarf menntmrh. endilega að vera að blanda sér í þetta? Það er ekki nokkur leið að skilja það öðruvísi en svo að menntmrh. telji nauðsynlegt að beita valdi, pólitísku valdi, eða geta beitt pólitísku valdi. Það er því alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, að fá um þetta meiri umræður og fleiri skýringar af hálfu hæstv. ráðherra.

Ég vil þessu næst víkja, herra forseti, að spurningunni um *það hvort þetta frv. sé óþarfi.* Er brýn nauðsyn á því að leggja fram þetta frv. og gera það að lögum? Mitt svar er að það er ekki ljóst að það sé brýn nauðsyn. Ég hefði talið að það hefði verið mikið skynsamlegra að setja niður almenn háskólalög, ekki ólík hinum norsku háskólalögum sem ég var aðeins að segja frá hér áðan eða að setja samstundis og samtímis lög um einstaka háskóla. Ég tel að það sé óþolandi óvissa fyrir háskólana í landinu að búa við þá stöðu sem nú hefst vegna þess að þessi háskólalög sem hér á að fara að setja, munu taka gildi núna fljótlega ef þetta verður samþykkt. En síðan segir: Skólarnir eiga að bíða í tvö ár eftir því að fá botn í sín mál. Ég tel að verið sé að búa háskólunum óþolandi laga- og réttaróvissu með þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð uppi og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann *sé með á döfinni frumvörp eða frumvarpasmíð til sérlaga* fyrir einstaka skóla í stað þeirra sérlaga sem nú eru í gildi og hvernig hann hugsar sér að að þeim verði unnið. Því það er alveg óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar núna í þessari umræðu hvernig hæstv. menntmrh. sér fyrir sér að unnið verði að sérfrumvörpum til laga um einstaka háskóla.

Ég tel, herra forseti, í fimmta lagi ástæðu til þess að fara sérstaklega yfir framkomu menntmrn. við Háskóla Íslands varðandi þetta frv. og vinnubrögðin við undirbúning þess. Frv. var í upphaflegri mynd lagt fram á síðasta þingi og það var fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar númer eitt, tvö og þrjú að *þetta mál varð ekki að lögum sl. vor.* Það er alveg ljóst að stjórnin ætlaði að gera málið að lögum í vor. Háskólarnir báðu sér griða. Skrifuð voru bréf og greinargerðir til menntmn. og menntmrn. þar sem beðið var um að þetta yrði ekki að lögum þannig að menn fengju tíma, sumarið, til að skoða málið. En það var alveg greinilegt að það átti að gera þetta frv. að lögum í vor þó að það væri vitað að það væri í fullri andstöðu við mestallt háskólasamfélagið á Íslandi. Gagnrýnin var sums staðar mjög harkaleg eins og t.d. í bréfi sem Háskóli Íslands og páv. rektor skrifaði 5. maí sl., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„*Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi mundi binda* Háskólann við stjórnskipan sem hann telur sér ekki henta og svipta rektor þeirri stöðu sem hann hefur haft sem kjörinn oddviti háskólasamfélagsins frá upphafi.“

Það er því greinilegt að þegar frv. var lagt fram taldi Háskóli Íslands og forustumenn hans að háskólanum væri stórkostlega misboðið með þessum vinnubrögðum. Maður hlýtur að velta því fyrir sér af hverju hæstv. menntmrh. er svona í nöp við háskólann. Af hverju þarf endilega að efna til illinda við háskólann þegar menn vita þó að það er þannig að í háskólanum vilja menn ná samkomulagi um hlutina. Af hverju þurfti endilega að standa þannig að málum að háskólinn fyndi sig knúinn til þess að bregðast við á þann hátt sem fram kom sl. vor? Í greinargerð Háskóla Íslands frá 5. maí 1997 segir enn fremur svo, með leyfi forseta:

„Fremsta tillaga háskólans um breytingu er sú að ekki verði kveðið á um stjórn ríkisháskóla í frv. umfram það sem segir í 3. gr. þess. Þar með félli IV. kafli frv. niður.“

*Þetta er aðalósk háskólans og ég vil halda henni hérna til* haga vegna þess að hún sýnir að frv. var í grundvallaratriðum í andstöðu við afstöðu háskólans. Samt sem áður knýr hæstv. menntmrh. það í gegnum þingið eins og mér sýnist standa hér til að gera.

Ég tel að þessi dæmi út af fyrir sig og tilvitnunin í Sveinbjörn Björnsson sýni ágætlega hvað Háskóla Íslands var brugðið þegar kom að þessum málum þar sem var óskað beinlínis eftir því að allur stjórnunarkaflinn yrði tekinn út.

Síðan er hér það sem ég ætla ekki að fara að lesa upp vegna þess að það væri endurtekning á því sem áður er kom-

ið. Hér er ítarlegur kafli um rektorskjör sem einnig sannar það að Háskóla Íslands er heiftarlega misboðið.

Að lokum ætla ég í þessum kafla að nefna fjármál Háskóla Íslands. Nákvæmlega þessa sömu daga og menn eru hér með mærðarfullar predikanir um eflingu háskólasamfélagsins og að það þurfi að setja lög um það, þá eru menn að kvelja háskólann fjárhagslega þannig að fá dæmi um slíkt hafa sést um nokkuð langt skeið. Mér finnst að í framkomu menntmrn. í garð Háskóla Íslands hafi komið mjög vel fram að ráðherrann hlustar ekki á það sem kemur frá Háskóla Íslands varðandi fjármálin, því miður. Þess vegna er sú hætta yfirvofandi að á sama tíma og menn eru að setja lög um háskóla, að þá gætum við verið að taka ákvörun um annars flokks háskóla vegna þess að fjárlögin væru svo fjarri öllu lagi að því er varðar fjármál stofnunarinnar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara nákvæmar yfir það sem fram kom í umræðum um þetta mál í vor. Um málið urðu heilmiklar umræður og m.a. umræður sem fóru fram í tengslum við rektorskjörið í vor. Það var Páll Skúlason prófessor í heimspeki sem var eins og kunnugt er valinn háskólarektor og hann sagði á kynningarfundi um stöðu háskólans og stöðu rektors sem ég ætla að vitna í sérstaklega, með leyfi forseta:

„Hér hefur rektor sínu mikilvægasta hlutverki að gegna. Hann á að vera í fylkingarbrjósti þeirrar baráttu að opna augu almennings og stjórnvalda í landinu fyrir þeirri staðreynd að framtíð hins íslenska þjóðfélags er komin undir störfum háskólamanna en ekki fiskveiðum eða öðrum atvinnugreinum eingöngu."

Páll Skúlason sagði enn fremur, með leyfi forseta: „Með því að ætla háskólanum eina upphæð til skiptanna á milli deilda og stofnana, fjárhæð sem dugar ekki til að halda uppi lögbundinni starfsemi hefur ríkisvaldið á vissan hátt þvegið hendur sínar af háskólanum og um leið beint honum inn á þá braut að afla sér peninga eftir öðrum leiðum en með framlögum ríkisins. Og nú ráðgera menn lagabreytingar sem eiga að tryggja háskólanum möguleika á að reka fleiri fyrirtæki, taka skólagjöld o.s.frv. Auk þess þurfa háskólamenn nú að verja æ meira af tíma sínum í að afla fjár til rannsókna."

Það er með öðrum orðum alveg greinilegt að sá sem nú situr á stóli rektors hafði, a.m.k. þegar kynningarfundurinn var haldinn í háskólanum 12. mars sl., miklar áhyggjur af þeirri stefnu sem núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur í málefnum háskólans, t.d. því að það væri verið að knýja skólana til þess að taka skólagjöld, knýja skólana til þess að blanda sér í alls konar óskylda starfsemi, rekstur sem gæti gefið tekjur til að standa undir skólunum.

Ég ætla einnig í þessu sambandi, herra forseti, að vitna í frásögn af ræðu Páls Skúlasonar rektors í Morgunblaðinu 23. september 1997, sem ber yfirskriftina: „Engin rök sýna að skólagjöld bæti Háskólann." Hann segir í þessari frásögn Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„„Háskólinn er þjóðskóli og lokaákvörðun í stærstu málum hans er í höndum Alþingis. Einu rökin sem háskólamenn gætu séð réttlæta skólagjöld væru að þeir væru sannfærðir um að þeir væru að gera skólann betri. Það eru hins vegar engin rök sem sýna að svo verði. Og það er heldur ekki tryggt að þar með hefði Háskólinn meira fé til ráðstöfunar. Þegar skrásetningargjaldið var hækkað fyrir nokkrum árum var fjárveiting til skólans lækkuð sem þeim nemur," segir Páll."

Ég get satt að segja ekki neitað mér um að taka mark á þessum aðvörunarorðum sem koma frá núverandi rektor háskólans. Þau eru það alvarleg að ég held að það hljóti að vera samstaða um það í hópi þingmanna, þegar allrar sanngirni er gætt, að við verðum að hlusta á þessi aðvörunarorð, bæði um háskólann almennt en líka um skólagjöldin sérstaklega.

Ég vil að því er skólagjöldin varðar taka sérstaklega undir það sem hv. frsm. minni hlutans sagði um skólakerfislögin sem á að fella úr gildi. Ég vil biðja um frekari rök fyrir því. Hvaða rök eru fyrir því að fella niður skólakerfislögin ef það er ekki beinlínis til þess að opna fyrir upptöku skólagjalda? Hvaða rök eru fyrir því að fella út gömlu skólakerfislögin? Hvaða rök eru fyrir því að mati framsóknarmanna t.d. að fella niður gömlu skólakerfislögin ef það er ekki beinlínis til þess og eingöngu til þess að opna fyrir það að tekin verði upp skólagjöld? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá um það skýrari svör og gleggri umræður en hér hafa þegar farið fram.

Í frv. segir, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998." Og í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra."

Nú ætla ég, herra forseti, að reyna að átta mig á hvað þetta þýðir og jafnframt að bera fram nokkrar spurningar um málið. Þýðir þetta að lögin um Háskóla Íslands og aðra háskóla standi að öllu leyti a.m.k. í tvö ár, þ.e. út árið 1999? Þýðir þetta að þau standi að öllu leyti, þessi lagaákvæði?

Í öðru lagi: Ef skólarnir hafa þá ekki lagað starfsemi sína að lögum þessum, þá hljóta lög þeirra sem Alþingi hefur sett að standa áfram. Í raun og veru er það því á valdi hvers skóla — eða hvað? — að ákveða hvort hann beygir sig undir þessi lög í einu og öllu eins og þau mundu vera skrifuð hér ef þetta verður samþykkt.

Þetta er ótrúlega klúðurslegt og óljóst gildistökuákvæði. Það er alveg furðulegt að vandaður lögfræðingur eins og hæstv. menntmrh. og löggjafarfræðingur skuli láta þetta frá sér fara vegna þess að það er ekki nokkur leið að átta sig á því nákvæmlega hvað þetta þýðir. Hérna er ekki verið að fella úr gildi lögin um Tækniskólann svo ég nefni dæmi eða önnur lög um háskóla eða lögin um Háskóla Íslands. Til þess þarf pósitíft lagaákvæði um það efni. Síðan segir hér: „Á þeim tíma„ þ. e. á þessum tveimur árum, 1998 og 1999, „skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra." Þá er spurningin: Hver hefur þessa lagaskyldu? Það er ljóst að til að endurskoða löggjöf verður Alþingi að vinna verkið. Það getur enginn endurskoðað löggjöf nema Alþingi. Það er alveg ljóst. Hins vegar getur menntmrn. samið frumvörp. Það getum við reyndar öll gert. Og spurningin í þessum efnum er hvort þarna þyrfti ekki að standa, ef það er meiningin með þessu, að menntmrn. skuli fyrir lok þessa tíma sjá til þess að lagt verði fram á Alþingi frv. um breytingar á lögum um starfsemi viðkomandi skóla. Þetta ákvæði til bráðabirgða eins og það er hér er ótrúlega klúðurslegt og kallar á mikið nánari skýringar af hálfu hæstv. menntmrh. og hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Það mætti margt fleira um þetta frv. segja en staðreyndin er sú að eins og málið er útbúið, þá orkar það líka tvímælis, þá er það flókið hvernig maður á að nálgast málið vegna þess að veruleikinn er sá að annars vegar er talað um að verið sé að setja hérna rammalöggjöf. Í hinu orðinu er verið að tala um að hún þýði ekki neitt

vegna þess að það eigi eitthvað allt annað að gerast eftir tvö ár. Umbúnaður málsins er því klúðurslegur af hálfu ríkisstjórnarinnar burt séð frá málinu sem slíku. Ég hefði talið skynsamlegt að Alþingi fjallaði um heildarlög um háskóla þar sem ákvæðin, sérákvæðin um einstaka skóla, yrðu tekin inn í heildarlögin sem kaflar frekar frekar en að þetta yrði gert svona. Þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð bjóða heim lagalegri og skipulagslegri óvissu um stöðu skólanna á næstu árum þannig að ég tel að það sé sérstaklega gagnrýnivert að ráðuneytið skuli senda frá sér lagafúsk eins og þetta hér, einkum þegar þess er gætt að það hefur verið dálítill tími til að vinna í málinu af því að stjórnarandstöðunni tókst í vor að koma í veg fyrir það gerræði sem stjórnarflokkarnir ætluðu að sér beita, þegar þeir ætluðu að gera þetta að lögum á sl. vori, á örfáum vikum, þessa mikilvægu grundvallarlöggjöf um háskólana.

Herra forseti. Ég læt senn lokið máli mínu og vísa til brtt. minni hlutans. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að taka málið til meðferðar aftur í nefndinni milli 2. og 3. umr. þó það sé ekki nema vegna tölvuháskólans en líka vegna þeirra svara sem líkleg eru varðandi einstök atriði sem við þurfum þá að fá betur skýrð. Ég vænti þess að umræðan skýri eitthvað af hlutunum þannig að ekki þurfi lengri fundahöld í hv. menntmn. Ég vil að öðru leyti þakka fyrir ágætt samstarf í henni fyrir mitt leyti, bæði við minnihlutafólk og meirihlutafólk sem hefur reynt að gera eins gott úr þessu máli og mögulegt er miðað við erfiðar aðstæður og miðað við það hvað þetta frv. er illa samið frá hæstv. ríkisstjórn.

[21:13]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikilvæg grundvallarlöggjöf, sagði hv. síðasti ræðumaður og ég er honum algerlega sammála um það. Ég vil hins vegar bregaðst við þeim orðum hans að háskólarnir hafi beðið sér griða í vor til þess að þetta frv. yrði ekki gert að lögum þá. Sannleikurinn í því máli er að háskólaráð Háskóla Íslands óskaði eftir því að fá ráðrúm til haustsins til þess að geta fjallað rækilega um frv. á sínum vettvangi innan háskólans. Háskóli Íslands lýsti því hins vegar yfir í umsögn til menntmn. síðastliðið vor að hann væri því fylgjandi að sett væru lög um háskólastigið eins og segir orðrétt í bréfi háskólans sem er dags. 5. maí 1997, með leyfi forseta:

„Háskólinn er því fylgjandi að lög verði sett um háskólastigið og telur flest atriði frv. fyrir utan IV. kafla þess til bóta fyrir stöðu háskóla í landinu."

Það var hins vegar um það samkomulag í menntmn. í ágætum friði og einingu að skynsamlegt væri að verða við ósk háskólans um þetta efni. Það var enginn ágreiningur um það. Um það náðist mjög gott samkomulag og það var jafnframt samkomulag um það að málið yrði afgreitt fyrir jól.

Hvað snertir hins vegar þau orð sem síðasti ræðumaður lét falla um fjármál Háskóla Íslands, þá vil ég minna á að við erum nýbúin að samþykkja hér brtt. við fjárlögin upp á 50 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til háskólans.

[21:15]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að háskólinn sagði flest til bóta í frv. nema IV. kaflann en það er eins og að segja að eggið sé gott, þ.e. allt nema það sem er innan í því, skurnin sé út af fyrir sig ágæt. IV. kaflinn er aðalágreiningsmálið og aðalmálið sem ríkisstjórnin er að berja í gegnum þingið. Það er þessi ofstjórnarkafli sem við höfum verið að gagnrýna og augljóst mál að Háskóli Íslands og háskólarnir allir báðust vægðar undan þeirri ofstjórnartilhneigingu sem þarna varð vart af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, því miður.

Varðandi fjármálin þá er það alveg rétt að hér á dögunum var samþykkt 50 millj. kr. tillaga vegna háskólans en hins vegar bendi ég á að háskólarektor hefur talið að til þess að halda uppi óbreyttri starfsemi á næsta ári þurfi 230 millj. kr. til viðbótar inn í skólann. Það eru 180 millj. kr. í viðbót við þessar 50 og bersýnilegt að enn er verið að gera kröfur um niðurskurð í Háskóla Íslands á sama tíma og menn gera sig dýrðlega með því að flytja tillögur um það að hver einasti nemandi í skólum í landinu eignist tölvur.

[21:17]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sú sem hér talar stendur að nefndaráliti minni hlutans sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerði grein fyrir fyrr í umræðunni. Ætlun mín er ekki að halda hér langa ræðu þar sem kjarninn í gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga kemur fram í nefndarálitinu og ég tel að málið hafi verið fullrætt eftir ítarlega umfjöllun í menntmn. Ég tel að sú frestun sem var gerð á málinu í vor fram til þessa tíma hafi verið verulega til bóta, m.a. vegna þess að háskólinn fékk ráðrúm til þess að ræða um frv.

Þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur eru til bóta flestar hverjar þó að ég sé þeirrar skoðunar að ekki sé gengið nógu langt í að slaka á þeirri ofstjórnaráráttu sem hér hefur verið til umræðu og ég tek undir, samanber brtt. minni hlutans.

Eins og lesa má, virðulegi forseti, í nýlegri úttekt í tímaritinu The Economist frá 4. október sl. sem kallast The Knowledge Factory, er alveg ljóst að við Íslendingar erum ekki eina þjóðin sem er að velta fyrir sér hvernig bregðast eigi við þeirri stöðu sem nú hefur komið upp í langflestum vestrænum löndum varðandi þróun háskólastigsins. Í flestum nágrannalanda okkar er þessi umræða í gangi og og rætt um að efla þurfi háskólamenntun vegna þess að fyrirsjáanlegt sé að mannauðurinn muni hafa meiri áhrif á efnahag framtíðarinnar en hingað til. Háskólamenntun mun ekki lengur hafa þann sess að vera fyrir fáa embættismenn heldur þarf hún að ná til stærri og stærri hóps. Það mun kosta mikla peninga fyrir þessi þjóðfélög. Flestar þjóðir eru að átta sig á því að ófaglærðum störfum er að fækka og framtíð þjóðfélaga byggist í vaxandi mæli á að mannauðurinn sé ræktaður og háskólamenntunin efld.

Um leið og háskólamenntun hættir að vera fyrir fáa útvalda mun hún kosta meira og meira fé og flestir eru á því að þar með komi aukið fé frá skattborgurum og þá spyrja menn: Er ekki hætta á því að þeir sem fara með skattfé almennings vilji stýra háskólanum um of? Löngum hefur akademískt frelsi verið talin aðallífæð háskóla og að þar séu rannsóknir stundaðar án íhlutunar pólitískra yfirvalda.

Í áðurnefndri úttekt The Economist kemur fram að nú eru um 40% árganga á aldrinum 18–21 árs í háskólum í Kanada, um 35% í Bandaríkjunum og Frakklandi, um 30% í Nýja-Sjálandi en í Noregi er þetta hlutfall um 20% og aðeins um 10% í Þýskalandi. Þetta sýnir okkur hvernig háskólastigið hefur þróast með mismunandi hætti í löndunum í kringum okkur og það er ljóst að hér á landi eru um það bil 25% árgangs í háskóla. Það má gera ráð fyrir því að rammalöggjöf sú sem nú er til umræðu muni m.a. stuðla að því að hlutfallið vaxi og fróðir menn telja að það fari upp í

35–40% á næstu 15 árum hér á landi. Við ættum þá að verða á svipuðu róli og þeir sem best standa í þessum efnum. Ég segi hiklaust „best standa" því að ég held að fyrir íslenska þjóðfélagið sem hefur byggt á einhæfu atvinnulífi meira en flest nágrannalanda okkar sé verulega mikilvægt að þarna verði breyting á.

En aðalmálið sem flestir standa frammi fyrir er spurningin: Hvernig á að hleypa fleirum inn í háskólana? Hvernig á að efla almenna háskólamenntun án þess að gæðin minnki? Þetta eru mikilvægar spurningar sem við erum m.a. að velta fyrir okkur við þessa umræðu. Að öllum líkindum mun þetta krefjast aukinna skattpeninga, aukins opinbers fjármagns og um leið ákveðinnar kröfu af hálfu stjórnvalda til að stýra þessum stofnunum. Kjarnanum í gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga er einmitt beint gegn ofstjórnaráráttunni gagnvart háskólanum annars vegar og hins vegar heimildum fyrir að setja á skólagjöld sem er auðvitað ein leiðin til að fjármagna háskóla. Það er því engin tilviljun að þetta séu átakapunktarnir í umræðunni. Þetta eru þau mál sem alls staðar er verið að takast á við.

Samkvæmt nýútkominni skýrslu OECD kemur fram að það sem einkennir íslenska menntakerfið auk óvenjulega lágra kennaralauna er hin mikla miðstýring og hve lítið fjármagn er veitt til háskólamenntunar. Með þessu frv. er verið að auka miðstýringu og heimila að sett verði á skólagjöld. Til þess að fara aðeins nánar í tölurnar úr OECD-skýrslunni, þá vil ég vitna hér í rit sem er frá Þjóðhagsstofnun og heitir Búskapur hins opinbera þar sem vitnað er í nefnda OECD-skýrslu. Þar er bent á að við Íslendingar verjum eingöngu 0,7% af þjóðarframleiðslu til æðri skólastiga, háskólastigsins, á meðan Norðurlöndin verja 1,5% af þjóðarframleiðslu að meðaltali í þetta skólastarf. Meðaltalið fyrir OECD er 1%. Á bls. 41 í þessu riti kemur sömuleiðis fram að í OECD-ríkjunum sé að meðaltali ráðstafað 9.700 dollurum á nemanda en hér á landi er sambærileg tala um 5.100 dollarar. Annars staðar á Norðurlöndum eru það ríflega 9 þúsund dollarar að meðaltali. Hæst er þessi upphæð í Sviss, 15.700 dollarar og í Bandaríkjunum er upphæðin 14.700. Af þessum tölum má ljóst vera að við erum langaftast á merinni varðandi framlög til háskólastigsins. Þó reiknað sé út með öllum mögulegum mælikvörðum og þrátt fyrir það 50 millj. kr. aukaframlag sem nú er verið að samþykkja á fjárlögum verður ekki séð að þarna eigi sér stað nokkur eðlilsbreyting. Meðan háskólinn biður um 250 millj. þá verða veittar 50 millj. samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir. Það er augljóst að við erum í mjög miklum vanda með þessi mál. Einhvers konar eðlisbreyting verður að eiga sér stað.

Næst langar mig, hæstv. forseti, að fara nánar í þau tvö gagnrýnisatriði sem við stjórnarandstæðingar höfum gert að umtalsefni í umræðunni og nefndaráliti okkar. Í fyrsta lagi er það ofstjórnartilhneigingin sem birtist, eins og hér hefur komið fram, á ýmsa vegu. Til að mynda í IV. kafla frv. í heild. Ef maður tekur út einstök atriði þá eru það ákvæði um hvernig háskólaráð skuli skipað, þ.e. að þar megi ekki vera deildarforsetar þrátt fyrir eindregna ósk og góðan rökstuðning frá Háskóla Íslands að ráðherra eigi sjálfur að skipa tvo fulltrúa í 10 manna háskólaráð og menntmrh. skuli einnig skipa rektor. Þessi ofstjórnunaráráttа, ég kalla hana svo, er sérkennileg vegna þess að hún virðist ekki henta mörgum þeim háskólum sem nú eru til staðar. Háskóli Íslands er mjög óánægður með þetta, sama má segja um Tækniskólann og fleiri skóla. Það virðast aðallega vera Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akueyri sem geta fellt sig við þetta fyrirkomulag að flestu leyti. Þó er það einnig gagnrýnt t.d. af Kennaraháskólanum hvernig skipað skuli í háskólaráð.

Nú er vert að velta því fyrir sér hvort þetta sé eðlilegt. Það er ljóst að þjóðhagslega munu háskólarnir skipta meira máli en nokkru sinni fyrr um það hvernig afkoma þjóðarinnar verður. Ég geri ráð fyrir að fjármagn fari vaxandi til þessa stigs. Vonandi verður það og miðað við allar samanburðartölur er hægt að spá þeirri niðurstöðu. En maður spyr sig: Er eðlilegt og nauðsynlegt að stýringin sé svona mikil? Ég vil ekkert fullyrða um slíkt en mér sýnist að þetta sé meira samræming, samræmingarinnar vegna. Rökin fyrir nauðsyn þessa eru ekki nægilega sterk þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir sambandinu á milli mikilvægi skólastigsins fyrir þjóðhagslega afkomu þjóðarinnar og sterkrar stýringar af hálfu stjórnvalda. En við þessu ber að vara þar sem akademískar rannsóknir og annað háskólastarf fer einfaldlega ekki saman með svona stýringu. Ég set stórt spurningarmerki við nauðsynina á þessari miklu stjórnun af hálfu hins opinbera.

Hitt atriðið sem við höfum gagnrýnt mikið eru skólagjöldin. Ljóst er að bæði með 3., 19. og 26. gr. þessa frv. eru felldar niður allar hindranir í núgildandi lögum gegn því að setja á skólagjöld. Fróðlegt er að heyra hvernig talsmaður meiri hlutans túlkar hina algeru kúvendingu í íslenskri skólastefnu. Við bendum á það í okkar nefndaráliti og ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra út í túlkun hans á þessum greinum í nefndaráliti meiri hlutans.

Fyrst vil ég segja að í áðurnefndri samantekt úr The Economist er ágætis rökræða um gildi skólagjalda. Hún líkist nokkuð þeim sjónarmiðum sem finna má á heimasíðu hæstv. menntmrh. Þar er t.d. bent á að ef aðeins 20–30% árgangs fara í háskóla og rétt sé að háskólamenntun nýtist fólki til launa, þá sé réttlátt að viðkomandi einstaklingar greiði skólagjöld. Þetta eru ákveðin sjónarmið sem ég hef heyrt hæstv. menntmrh. og fleiri halda fram. Mótrökin gegn þessu koma fram í minnihlutaáliti okkar úr menntmn. Við segjum að ef skólagjöld fæla efnaminni nemendur frá háskólanámi eins og virðist vera að gerast í ýmsum löndum, t.d. í Bandaríkjunum, í Bretlandi og Nýja-Sjálandi, þá sé þetta orðið hættulegt fyrir jafnrétti til náms og ekki réttlætanlegt.

Vægi þessara tveggja sjónarmiða ræðst auðvitað af pólitísku mati. Hvaða rök vega þyngst í þessu máli? Í mínum huga, hæstv. forseti, og í stefnu okkar kvennalistakvenna er engin spurning um að við erum alfarið á móti skólagjöldum í ríkisreknum háskólum þó þau séu réttlætanleg í einkaháskólum. Bann við skólagjöldum í ríkisháskólum má þó ekki verða til þess að gæði ríkisháskóla minnki, þegar fleiri ganga í þá og umfang þeirra eykst. Á undanförnum árum hefur umfang háskólastigsins vaxið og ljóst t.d. ef við horfum til Kennaraháskólans að hann mun stækka verulega við það að bæði Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskólinn sameinast honum og fleiri leggja stund á háskólanám.

Grundvallaratriðið er að ríkisháskólarnir mega ekki versna við það að fleiri stundi háskólanám. Reynslan í Bretlandi hefur orðið sú að opnun háskólanna fyrir fleiri nemum, þróunin hefur stöðugt verið upp á við frá árinu 1975, hefur leitt til aukinna skólagjalda og minnkandi framlaga frá breska ríkinu til háskólanna. Í The Economist kemur fram að breska ríkið greiddi 100% af námskostnaði hvers nema í breskum ríkisháskólum árið 1976 en árið 1995 var þetta hlutfall komið niður í 60%. Á sama tíma jókst fjöldi stúdenta frá því að vera 15% af aldurshópi upp í 33% aldurs-

hóps. Með öðrum orðum: Skólarnir voru opnaðir. Stærri og stærri árgangar komu inn í þá. Ríkið hafði ekki undan í fjárframlögum. Skólagjöld voru lögð á og gæði skólanna hafa minnkað. Hlutfallið milli nema og kennara hefur breyst og verulegar áhyggjur eru í breskum háskólum vegna viðbragða stjórnvalda.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. tveggja spurninga. Í umsögn Háskóla Íslands um um 3. gr. frv., reyndar á þetta við þær greinar sem snerta skólagjöldin, 3., 19. og 26. gr. en í umsögn um 3. gr. spyr háskólinn svo ég vitni beint í umsögn:

„Háskóli Íslands hefur ekki sóst eftir gjaldtöku af stúdentum vegna náms en þó hefur komið til tals að stúdentar tækju þátt í kostnaði við framhaldsnám. Ef slíkar reglur verða settar í sérlög þarf að vera skýrt hverjar heimildirnar eru og hver takmörk þeirra eru" segir háskólinn.

Vegna þessara orða vil ég vitna í nefndarálit meiri hlutans þar sem mér virðist koma fram túlkun á þessum greinum, 3., 19. og 26., sem er svolítið andstæð þeim skilningi sem ég legg í þessar greinar. Þar segir m.a. og nú vitna ég beint í nefndarálit meiri hlutans:

„Nokkrar umræður urðu í nefndinni um 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um gjaldtöku af nemendum. Meiri hlutinn ítrekar að hér er um rammalöggjöf að ræða og er það skilningur hans að með gjaldtöku af nemendum í ríkisháskólum sé átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt, sbr. skrásetningargjald í 4. gr. frumvarps til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands."

Spurning mín er þessi: Hverja telur hæstv. menntmrh. möguleika Háskóla Íslands til að setja á skólagjöld á framhaldsnám við samningu á löggjöf sinni? Hvað segir ramminn háskólanum um þau efni? Mér þykir það ekki skýrt miðað við þessa túlkun. Telur hæstv. ráðherra að háskólanum sé heimilt að setja á skólagjöld? Það er minn skilningur á þessu frv. Er hann þá ósammála túlkun meiri hlutans sem fram kemur í hans nefndaráliti? Þetta var fyrri spurningin.

Seinna atriðið varðar aðra hluti. Ég vil byrja á því að nefna að það er fagnaðarefni að samkvæmt þessu frv. á að styðjast við reiknilíkan sem m.a. tekur mið af fjölda stúdenta þegar fjármagn til ríkisháskóla er ákvarðað. Mín spurning snýst um það hvort ráðherrann telur að þar með verði tryggt að fjárveitingar til háskóla, þar á meðal Háskóla Íslands, muni vaxa í réttu hlutfalli við nemendafjöldann eða hvort hann telji að skólagjöld verði í ríkisháskólum notuð til að styrkja stöðu þeirra gagnvart einkaháskólunum, ekki síst í samkeppni um kennara.

Ég tel vissa hættu á því, hæstv. forseti, að þessi ofstjórnarárátta og peningasveltið sem Háskóli Íslands er í verði til þess að sá skóli kjósi að breytast í sjálfseignarstofnun og þar með missi þjóðin alfarið stjórn á því trausta flaggskipi sem Háskóli Íslands er. Slíkt yrði að mínu mati mikið slys og verður vonandi afstýrt með því að veita aukið fé til háskólastigsins og Háskóla Íslands aftur sitt fyrra sjálfstæði með sérlögum. Þannig gætum við losað ríkisháskólana við þörfina á skólagjöldum. Að öðrum kosti er líklegt að við blasi versnandi skóli sem þjónar fleiri og fleiri stúdentum fyrir takmarkað fé. Standi þjóðin frammi fyrir því, getur stofnunin neyðst til þess að setja skólagjöld sem nauðvörn. Vonandi kemur það aldrei til. Að mínu mati gengur það ekki til lengdar að fjölga stúdentum og verkefnum í háskólum án þess að koma með fjárframlög á móti. Við verðum að komast upp úr því vafasama heiðursæti að verja hlutfallslega minnstu fjármagni allra OECD-ríkja til háskólamenntunar og vera í fjórða lægsta sæti varðandi framlög til menntamála yfirleitt. Ég sé engin merki þess í umræðunni um fjárlagafrv. í ár og því hef ég verulegar áhyggjur af stöðu þessara mála.

[21:43]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um háskóla. Í upphafi er rétt að árétta það sem reyndar kom fram í umræðunni að hér er frv. um háskólastig, heilt skólastig, til umræðu. Innan þess eru starfandi margar stofnanir og enn fleiri á leið inn á þetta stig.

Eins og komið hefur fram í umræðunni og ítrekað hjá hv. menntmn., þá er löngu orðið tímabært að slíkt frv. líti dagsins ljós og verði að lögum.

Hér hefur farið fram ágæt umræða, einkum hjá hv. síðasta ræðumanni, um gildi háskólanáms og háskóla fyrir samfélagið í heild. Það tengist mannauði eins og hv. síðasti þingmaður nefndi þegar hann fjallar um gildi háskólans sem forustuafls í menntun, forustuafls í rannsóknum, með öðrum orðum uppsprettu framfara fyrir efnahagslíf og þjóðlíf. Út frá þeirri umræðu er það einmitt nokkurt umhugsunarefni að í athugun þeirri sem OECD gerði 1993 og var birt ekki alls fyrir löngu, kemur fram að háskólamenntaðir einstaklingar á aldrinum 25–64 ára hér á landi voru 14%. Við vorum í fimmta neðsta sæti af þeim 24 ríkjum OECD sem könnunin náði til.

Í ljósi þess sem rætt hefur verið um gildi háskólastarfs, um gildi menntunar, um gildi rannsókna sem forsendu uppsprettu og framfara þá hlýtur þetta að vekja okkur til rækilegrar umhugsunar. Fyrir því eru örugglega margar ástæður og engin einhlít einföld skýring til hvers vegna Íslendingar skipa þetta vafasama heiðurssæti, fimmta neðsta af 24 ríkjum innan OECD. Ég hygg þó að þar komi tiltölulega einhæft atvinnulíf nokkuð við sögu, eins og hér hefur reyndar verið bent á, þ.e. að við höfum í okkar meginatvinnulífi verið lengst af upptekin við svonefnda frumframleiðslu þar sem kröfur um menntun hafa verið afskaplega takmarkaðar og jafnvel menntunarfjandsamleg viðhorf ríkjandi. Þetta hefur haft áhrif á fjárveitingar, á námsval og uppbyggingu skólakerfis í heild sinni. Þetta hefur einnig komið fram í því að segja má að í skólakerfi okkar hafi lengst af verið mikil eyða, ef þannig má að orði komast, varðandi starfsmenntun því þótt starfsgreinum hafi fjölgað á síðustu árum, þá hefur það ekki endurspeglast innan skólakerfisins, ekki síst innan framhaldsskólans, þó nú stefni loksins í miklar breytingar í þá veru og er ánægjulegt að fylgjast með því þróunarstarfi sem á sér markvisst stað á framhaldsskólastigi í tengslum framhaldsskóla og atvinnulífsins.

En þrátt fyrir þessa staðreynd virðist ásókn nemenda í framhaldsskólum hafa verið í stúdentspróf með þeim afleiðingum, m.a. þar sem skort hefur á fjölbreytileika í starfsmenntun, að brottfall í framhaldsskóla hefur verið óeðlilega hátt. Það sem jafnframt er mikið umhugsunarefni er að meiri hluti þeirra sem lýkur stúdentsprófi, upphaflega skilgreindu sem inntökuprófi í háskóla, hefur síðan ekki nám í háskóla. Þannig hefur þróunin verið að undanförnu þó nú megi greina ýmsar athyglisverðar og ánægjulegar breytingar á þessu sviði.

Líka er umhugsunarefni það sem kalla má stýrivald og stýringaráhrif háskólans á allt annað skólastarf í landinu í og innan framhaldsskóla, þar sem kröfur háskólans hafa í

rauninni verið gegnumgangandi. Ýmsir hafa viljað halda því fram, og sumpart með réttu, að þau stýringaráhrif hafi bitnað á greinum eins og verklegum greinum, listgreinum og öðrum slíkum, á skólastigum grunn- og framhaldsskóla.

Það er líka fróðlegt að skoða þá þróun sem hefur orðið innan háskólastigsins. Það má segja að í grófum dráttum hafi Háskóli Íslands upphaflega verið starfræktur sem svo oft hefur verið kallaður embættismannaskóli, með tiltölulega fáar námsbrautir í upphafi, sem útskrifaði verðandi embættismenn í okkar þjóðfélagi. Smám saman má segja að gagnrýni hafi vaxið á þessar fáu og kannski tiltölulega þröngu námsbrautir innan háskólans, og að ekki síst hafi þær gagnrýnisraddir komið úr atvinnulífinu þegar á leið. Það er ánægjulegt að sjá hvernig háskólinn hefur þróast. Hann hefur opnað sig, hann hefur tengst atvinnulífinu með ýmsum hætti og nægir þar að nefna hinar einstöku stofnanir, undirstofnanir á vegum háskólans, Verkfræðistofnun, Sjávarútvegsstofnun, Hagfræðistofnun og þannig má áfram telja.

Þegar Háskóli Íslands er gagnrýndur fyrir lítið samband við atvinnulífið er vert að hafa í huga hversu margar lokaritgerðir og lokaverkefni úr þeim skóla eru beinlínis unnar með einstökum fyrirtækjum og með atvinnulífinu. En þarna er afskaplega mikilvægt að gera greinarmun á svonefndum grunnrannsóknum, sem skila e.t.v. ekki beinum áþreifanlegum árangri, og síðan hinum svonefndu hagnýtu rannsóknum, og ég tel að Háskóli Íslands hafi stigið afskaplega mikilvæg og jákvæð skref í að ná jafnvægi þar á milli, þ.e. milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna.

Með stofnun Háskólans á Akureyri má segja að opnast hafi enn frekari vídd og enn frekari tengsl við atvinnulífið og er ég ekki frá því að starf þess skóla hafi haft jákvæð áhrif á Háskóla Íslands og aðra skóla sem hafa verið á háskólastigi eða við háskólastigið. Það er einnig ljóst að Tækniskóli Íslands hefur verið að feta sig meira og meira inn á háskólastigið en eins og fram hefur komið hjá talsmönnum þess skóla þá hefur það sumpart háð skólanum hvað hann er á gráu svæði og staða hans hvað varðar skólastig hefur verið óljós. En markmiðið með þessu frv. er einmitt að skýra stöðu einstakra skóla innan skólakerfis okkar.

Síðar í kvöld mun verða hér til umræðu frv. til laga um Kennaraháskóla, með sameiningu einstakra skóla, og vísa ég til þeirrar umræðu. Það er til marks um þá þróun sem hefur átt sér stað á síðustu árum að einstakar námsbrautir hafa verið að færast af framhaldsskólastigi og upp á háskólastig og eru í rauninni ekki mörg ár síðan kennaranám fyrir grunnskóla var á framhaldsskólastigi hér. Nú fylgir leikskólakennaranám og þroskaþjálfanám inn á sömu braut. Þetta hefur verið tilhneigingin.

Hins vegar gat ég um eyðu sem segja má að hafi verið í skólakerfi okkar og hygg ég að sumpart sé hún til staðar enn þá. Ég tel að okkur skorti það sem er kallað community college, þ.e. mjög starfstengdir skólar á háskólastigi, þó vissulega megi halda því fram að fjölbrautaskólar okkar séu sumpart sambærilegir við bandaríska high school-stigið og sumpart á þessu community college-stigi. Enda er það svo að nemendur úr fjölbrautaskólum hér fá metnar námseiningar inn á college-stig við bandarísk háskóla.

Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn hafa verið að feta sig inn á sömu braut, af framhaldsskólastigi inn á háskólastig, í beinum tengslum við atvinnulífið. Þó Verslunarskólinn starfi enn þá á framhaldsskólastigi og muni gera, þá hefur tölvuháskóli hans verið starfandi og hér hefur komið fram í umræðunni og í fréttum að 1. september á næsta ári muni háskólanám hefjast þar og um það verið gerður samningur.

Ónefndar eru þá listgreinar, en eins og ítrekað kom fram hjá menntmn. eftir talsmönnum listaskólanna þá hefur staða þeirra verið afskaplega óljós og þeir svífandi í lausu lofti. Og ekki síst kemur fögnuður úr þeirri átt yfir fram komnu frv., sem hér er til umræðu.

Síðast í þessari upptalningu vil ég nefna það sem hefur e.t.v. ekki fengið mikla umfjöllun en komið hefur fram núna við fjárlagagerðina að 8 millj. kr. fjárveiting er til háskólastigs á Austurlandi, þ.e. í samstarfi atvinnulífs þar, framhaldsskólans á Austurlandi og með sérstökum samningi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Þar tel ég að stigin séu afskaplega mikilvæg og merkileg skref einmitt til þess að brúa það bil sem hefur verið á milli framhaldsskóla- og háskólastigsins. Þarna má segja að sé kominn einhvers konar vísir að því sem ég nefndi hér áðan, college.

Eins og sjá má af þessari stuttu upptalningu hefur þróunin á háskólastigi og þeim skólum sem eru á gráu svæði í kringum háskólastigið verið afskaplega ör á síðustu missirum enda er það í fullu samræmi við þá þróun sem á sér stað í atvinnulífi okkar, eiginlega hvert sem litið er. Því má segja að lög okkar um háskóla, eins og oft, hafi ekki tekið mið af þeirri þróun sem á sér stað innan skólakerfisins og hins vegar í atvinnulífinu og er því orðið verulega tímabært að setja heildarlöggjöf um háskólastigið til þess að festa í sessi stöðu einstakra skóla. Það kemur því e.t.v. ekkert á óvart að tilmæli flestra þeirra aðila sem sendu umsagnir til hv. menntmn. sem og gesta hennar voru að hraða þessu frv. í gegnum þingið, sem lýsir auðvitað þeirri óljósu stöðu sem flestum þessara skóla hefur verið haldið í á undanförnum árum.

Það er og rétt sem fram kom hjá hv. formanni menntmn. að talsmenn Háskóla Íslands hafa fagnað meginatriðum þessa frv. þó ágreiningur hafi verið um einstök ákvæði þess eins og frv. var kynnt sl. vor en á því hafa verið gerðar breytingar og komið verulega til móts við óskir háskólasamfélagsins. Það má segja að nú sé komin niðurstaða. Hér er komið frv. að rammalöggjöf um háskólastigið og rétt að undirstrika það sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. þegar hann mælti fyrir frv. og ítrekað hefur komið fram í ræðum hjá hv. formanni menntmn., í greinargerð og umræðum innan menntmn., að meginmarkmiðið er að efla faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði hvers skóla. Með frv. og áorðnum breytingum tel ég að í grundvallaratriðum sé þeim markmiðum náð, í þeirri rammalöggjöf sem hér um ræðir. Og það er nauðsynlegt að undirstrika það að um rammalöggjöf er að ræða því aðkoma einstakra skóla að háskólastiginu er ólík. Sumir munu verða ríkisskólar, aðrir einkaskólar og skólar sem hafa mismunandi áherslur eftir starfi sínu og þannig má áfram telja. Þess vegna er auðvitað nokkurt vandaverk að setja rammalöggjöf sem hentar öllum og því þarf að gæta þess að hafa sveigjanleika. Sá sveigjanleiki tel ég að sé til staðar þó að um ólíka hagsmuni einstakra skóla sé að ræða en ég undirstrika að faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði er grundvöllur þess sem síðan verður nánar útfært í sérlögum fyrir hvern skóla.

Herra forseti. Hér í umræðunni hefur komið fram gagnrýni, einkum frá hv. fulltrúum minni hluta menntmn., á ákveðna þætti í frv. sem ég hlýt að lýsa mig efnislega ósammála. Í fyrsta lagi hefur verið fjallað um rektor, skipan hans og hugsanlegan brottrekstur. Háskólasamfélagið, þ.e.

Háskóli Íslands, mótmælti þessu ákvæði mjög harðlega eins og frv. var í vor þegar það var lagt fram til kynningar. Nú hefur verið komið til móts við eindregnar óskir háskólasamfélagsins og fer ekkert á milli mála með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og nú eru lagðar til af meiri hluta menntmn., að það er háskólasamfélagið sem tekur ákvörðun um það hver skuli gegna starfi rektors. Á sama hátt er það háskólasamfélagið sem tekur ákvörðun um brottrekstur, ef til þess kemur, sem við svo sannarlega vonum að aldrei muni reyna á við nokkurn háskóla. En þetta atriði er nokkuð skýrt. Það hefur komið fram í yfirlýsingum og kemur mjög ljóst fram í þeim breytingum sem eru gerðar, sem og í greinargerð.

Í öðru lagi hefði ég viljað nefna það sem hefur verið gert að umtalsefni en það er um skipan svonefndra þjóðlífsfulltrúa í háskólaráð. Þetta er vissulega vandmeðfarið. Ég hygg þó að flestir séu sammála, og fæ ekki betur heyrt en það hafi komið fram í ræðum manna sem hafa á annað borð vikið að þessu, að það geti verið og sé háskólanum gagnlegt að fá þessa svonefndu þjóðlífsfulltrúa inn í háskólaráð, í yfirstjórn háskólans.

Vandinn er hins vegar sá með hvaða hætti á að skipa það. Ég hef ekki heyrt að hér hafi komið beinar tillögur um það með hvaða hætti það skuli gert. Eiga það að vera fulltrúar frá þeim bræðrum eða systkinum VSÍ og ASÍ sem mjög gjarnan er siður hér á Alþingi? Ég hef miklar efasemdir um það. Eiga það að vera fulltrúar hollvinasamtaka eins og stúdentaráð m.a. hefur lagt til? Það má færa rök fyrir því en ég tek undir með hv. 8. þm. Reykv. að ég hef líka ákveðnar efasemdir um það. Þess vegna má segja að ekki sé óeðlilegt að halda þeim sveigjanleika og hugsanlega má útfæra það nánar í sérlögum hvers skóla en sú umræða bíður þá betri tíma. En þarna er kannski vandi á höndum. Ég ítreka að ég hygg að flestir séu sammála um það meginatriði að tveir þjóðlífsfulltúar komi að háskólaráði hvaðan svo sem þá ber að.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég nefna ákvæðið um hvort deildarforsetar geti setið í háskólaráði. Eins og frv. leit út sl. vor var tekið fram að þeir sem væru starfandi deildarforsetar gætu ekki setið í háskólaráði. Að beiðni fulltrúa ýmissa háskóla var þessu ákvæði snúið við og nú er bætt inn orðinu að „jafnaði" skuli þeir sem í háskólaráð veljast ekki geta gegnt nafni deildarforseta. Þetta er einmitt dæmi um þann sveigjanleika sem rammalöggjöfin felur í sér að þetta eina litla orð getur haft afskaplega mikilvæga merkingu þó að það láti lítið yfir sér. En það eykur einmitt sveigjanleika og opnar fyrir þann möguleika sem háskólasamfélagið hefur svo eindregið óskað eftir.

Í fjórða lagi verður þessari umræðu vart lokið án þess að víkja að skólagjöldum og því sem um þau hefur verið sagt og þeirri túlkun sem hv. fulltrúar minni hluta menntmn. leggja í það. Ég á í rauninni afskaplega erfitt með að skilja hvernig hv. þm. geta dregið þá ályktun eftir þær yfirlýsingar sem komið hafa við framlagningu frv., eftir þá umræðu sem átt hefur sér stað, eftir þær yfirlýsingar sem hv. formaður menntmn. hefur fjallað um og eftir þær skýringar sem á prenti eru með brtt., ekki síst í greinargerð. Þar kemur það afskaplega skýrt fram.

Ég held að mjög mikilvægt sé að hafa í huga og gera greinarmun á því sem ef til vill hefur ekki komið skýrt fram í umræðunni, að það eru hin svonefndu innritunargjöld versus skólagjöld sem oft eru hér til umræðu. Ég tel að í rauninni sé ekki mikill ágreiningur um það eða hef ég ekki heyrt hann koma fram hér, að ágreiningur sé um innritunargjöld þau sem ávallt hafa verið við háskólann, innritunargjöld fyrir þjónustu svo sem pappírsþjónustu og þá þjónustu sem stúdentaráð veitir nemendum við háskólann o.s.frv. Umræða um skólagjöld, alla vega í þeirri merkingu sem ég legg í það hugtak þar sem nemendur eru látnir taka þátt í beinum rekstrarkostnaði skólans, á eftir að fara fram. En ég held að rétt sé að undirstrika að fram hefur komið og kemur skýrt fram í nál. og í umræðum fulltrúa meiri hluta menntmn. og menntmrh. að með þessu frv. er ekki verið að opna fyrir skólagjöld í þeirri merkingu sem ég nefndi. Það kemur skýrt fram í nál. frá meiri hluta og er m.a. vísað til þeirrar útfærslu sem fram kemur í sérlögum í frv. um kennaraháskóla. Það er sá skilningur sem ég legg í þetta. Hér er einungis verið að ræða um innritunargjöld en á engan hátt um skólagjöld.

Ljóst er, herra forseti, að á hv. Alþingi eru ýmsir hv. þm. sem hafa lýst því yfir að þeir séu fylgjandi því að taka upp skólagjöld. Sú staða kunni að vera komin eða kunni að koma upp að það sé réttlætanlegt og eðlilegt. Ég tel hins vegar að sú umræða eigi eftir að fara fram en ekki í tengslum við frv. sem nú er til umræðu. Ef og þegar að því kemur að sú umræða verði opnuð á hv. Alþingi munu menn ræða þá stóru pólitísku ákvörðun hvort skólagjöld skuli lögð á í háskóla. Af því hv. 8. þm. Reykv. spurði sérstaklega um afstöðu Framsfl. þá er hún alveg ljós. Ég ítreka að á flokksþingi okkar kom fram og það er einnig mín persónulega skoðun að skólagjöld eru ekki í umræðunni. Við höfum lagst gegn þeim og við stöndum gegn þeim. Og þau eru ekki til umræðu nú vegna þess að hér er ekki verið að opna fyrir skólagjöld á nokkurn hátt.

Niðurstaða mín er sú að í frv. sé í grundvallaratriðum verið að koma til móts við háskólasamfélagið. Enda er það svo, eins og ítrekað hefur verið nefnt, að háskólasamfélagið velur sinn yfirmann, rektor, og háskólaráð, samanber 11. gr., tekur ákvarðanir um öll innri mál háskólans. Þar með er vísað til háskólaráðs með hvaða hætti málum skuli skipað innan háskólans. Í því felst m.a. ekki síst sjálfstæði skólans. Með þessu lít ég svo á að verið sé að koma til móts við háskólasamfélagið og umfram allt með rammalöggjöf að tryggja sjálfstæði, faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði háskólanna hvort heldur þeir heita Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri eða hverjir aðrir. Það er meginatriðið.

[22:07]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ýmislegt í ræðu hv. þm. sem ég tel ástæðu til að gera miklar athugasemdir við. Meðal annars tel ég að þetta frv., þó það verði að lögum, muni ekki skipta neinum sköpum fyrir listaháskólana, svo ég nefni dæmi, því miður. En ég ætla sérstaklega að mótmæla orðum hans um skólagjöldin. Í 19. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða."

Ég vil spyrja hv. þm.: Hvað í þessu kemur í veg fyrir, að óbreyttum lögum að öðru leyti, að viðkomandi skólar ákveði að innheimta skólagjöld? Ég tel og byggi það m.a. á umræðu um málið í menntmn., að með þessu sé í raun og veru verið að opna fyrir það að skólagjöld geti verið lögð á vegna rekstrarkostnaðar skólanna, það sé algjörlega ótvírætt. Og til að hafa þessi mál skýr, ef Alþingi vill hafa þau skýr og hv. þm. vill hafa þau skýr, þá verði Alþingi og hv. þm. að fallast

á brtt. minni hlutans þar sem það er stafað út algjörlega í smáatriðum hvað er átt við með þessum gjöldum og til hvers þeim verði varið. Ef hann er þeirrar skoðunar sem hann lýsti þá á hann kost á því að styðja tillögu minni hlutans.

[22:09]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að ítreka þá skoðun sem ég lýsti áðan og ég leyfi mér líka, með leyfi forseta, að lesa úr nál. frá meiri hluta menntmn.:

„Meiri hlutinn ítrekar að hér er um rammalöggjöf að ræða og er það skilningur hans að með gjaldtöku af nemendum í ríkisháskólum sé átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt, sbr. skrásetningargjald í 4. gr. frumvarps til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands."

Þetta er sá skilningur sem meiri hluti menntmn. leggur í frv. Þetta er eiginlega sá yfirlýsti skilningur sem við leggjum í það og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi. Það er ekki umræðan um skólagjöld, það er ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Kunni sú umræða að fara fram á Alþingi þá verður það síðar en ekki í tengslum við þetta frv.

[22:10]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sakna þess að hér skuli ekki vera allir nefndarmenn menntmn. vegna þess að í hv. menntmn. fór fram mjög nákvæm og hreinskilin umræða um hvað þetta þýðir. Ákvæðið eins og það er þýðir að í rauninni er verið að opna fyrir þann möguleika að skólagjöld verði tekin upp. Það er ekkert hér sem hindrar það. Þannig að ef tekin yrði ákvörðun um að leggja á skólagjöld í einhverjum skóla og samþykkt um það lög á Alþingi þá þarf ekki að standa í þeim lögum „þrátt fyrir ákvæði 19. gr. laga um háskóla verða lögð á skólagjöld í þessum skóla eða hinum". Það er því augljóst mál að hér er hv. þm. að stíga skref í þá átt að leggja á skólagjöld. Ég harma að það skuli vera þannig vegna þess að ég er alveg viss um að hann er annarrar skoðunar en í raun felst í því ef hann styður þetta ákvæði, sem mér heyrist hann því miður gera. Það sem gerir málið sérstaklega alvarlegt eru ítrekuð ummæli hæstv. menntmrh. um hvað skólagjöld séu jákvæður kostur, samanber þá tilvitnun sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti úr heimasíðu hæstv. menntmrh. þar sem ráðherrann vitnaði í grein í blaðinu The Economist þar sem það kemur greinilega fram í umfjöllun ráðherrans að hann telur að skólagjöld séu mikilvægur kostur. Á meðan valdið er í höndum hæstv. menntmrh. þá er þetta ákvæði hættulegt. Þess vegna verður að ganga betur frá því en gert er í frv.

[22:11]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við komumst ekki að neinni niðurstöðu um það. Skilningur minn er augljós og það má lesa, eins og ég gerði áðan í fyrra andsvari mínu, þann skilning sem meiri hluti menntmn. leggur í þetta mál. Hér er ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Hvað einstökum hv. þm. sýnist um skólagjöld, hvað einstökum hæstv. ráðherrum sýnist um skólagjöld er allt annað mál. Ég hygg að ef hæstv. menntmrh. hafi í hyggju að koma á skólagjöldum þá mun hann gera það með formlegum hætti og er maður til þess. Það veit hv. þm., síðasti ræðumaður.

[22:12]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsir hér svokölluðum yfirlýstum skilningi á þeim lagagreinum sem hafa verið tíndar fram til sönnunar því að verið væri að taka úr vegi þær hindranir sem hafa verið gegn skólagjöldum. Ég vil þá spyrja þingmanninn tveggja spurninga sem ég vona að hann geti svarað jafngreiðlega og hann reyndi að verjast hér áðan.

Í fyrsta lagi. Hvar sækja einkaskólarnir lagastoð fyrir skólagjöldum í þessu frv.? Hvar er sú grein?

Það er viðurkennt að í landinu eru einkaskólar sem verða að sækja skólagjöld til að halda úti sinni starfsemi. Hvar er sú lagastoð sem byggt verður á þegar sérlög þeirra, samþykktir eða skipulagsskrár verða staðfestar?

Í öðru lagi. Af hverju á að fella úr gildi lögin um skólakerfi? Hver er ástæða þess? Hvorugri þessara spurninga hefur verið svarað enn. En ég vænti að þingmaðurinn hafi við þeim svör.

[22:14]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að á bak við fyrri spurninguna hafi búið sú hugsun að ríkisskólar og einkaskólar væru lagðir að jöfnu. Ég vil í svari mínu ítreka það sem ég las í svari við spurningu hv. 8. þm. Reykv., um þann skilning sem meiri hluti menntmn. leggur í þetta mál og fram kemur í nál. frá meiri hluta nefndarinnar við þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til.

Hvað varðar síðari spurninguna þá tel ég að sú röksemd dugi að með þessu frv. til viðbótar við heildstæð lög um framhaldsskóla og heildstæð lög um grunnskóla og lög um leikskóla, sé búið að skipa skólastiginu niður í heildstæð lög og þar af leiðandi séu þau lög sem hv. þm. vitnaði til óþörf.

[22:15]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það þá þannig að í rauninni sé það sami málsliðurinn sem veitir ríkisskólunum vörn gegn skólagjöldum og gefur einkaskólunum heimild til að taka skólagjöld. Öðruvísi var ekki hægt að skilja svar hv. þm. Menn geta svo bara velt vöngum yfir því hversu djúpur hinn yfirlýsti skilningur er.

Í öðru lagi vil ég nefna svarið við því af hverju á að fella úr gildi lög um skólakerfi. Það svar sem hv. þm. gaf hef ég heyrt áður og með það í huga hef ég lesið lögin um skólakerfi yfir til þess að reyna að ná þessu saman. Það hefur ekki tekist en ef svarið er þetta, er þingmaðurinn þá tilbúinn til að fara í þann leiðangur með mér og öðrum að setja ákvæði sama efnis og 6. gr. laganna um skólakerfi kveður á um inn í þessa rammalöggjöf um háskólann, þ.e. að óheimilt sé að taka gjald fyrir kennslu í opinberum skólum? Vegna þess, herra forseti, að ef menn eru ekki tilbúnir til þess, þurfum við ekkert að velkjast í vafa um það hver tilgangurinn er með því að fella þessi lög úr gildi.

[22:17]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að segja það enn einu sinni, ég tel það óþarfa. Ég tel það nægjanlega tryggt sem hefur verið lýst, rakið og lesið að hér er ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Sé það ætlunin þarf Alþingi að koma þar til. Þá er það ákvörðun Alþingis, þá fer hin

pólitíska umræða um það fram á hv. Alþingi. Það er ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Ég segi það enn og einu sinni. Það er skilningur minn og það er yfirlýsing hv. meiri hluta menntmn.

Þegar og ef að því kemur þá fer umræðan um skólagjöld fram á hv. Alþingi og þar verður ugglaust tekist á.

[22:18]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er áhugaverð umræða sem fer fram. Það verður að segjast eins og er að fyrir þann sem væri hugsanlega að fylgjast með umræðunni mundi hún vart virka alveg tæpitungulaus vegna þess að svo mjög eru menn að leggja skilning í bæði ákvæði í þessu frv. sem á að verða að lögum og jafnframt að setja fram túlkun sína eða eru ekki tilbúnir til þess að hafa lagagreinarnar svo ótvíræðar að allir gangi sáttir frá borði.

Auðvitað er það afskaplega mikilvæg löggjöf sem við erum að ræða eins og löggjöf um menntakerfið er, sama hvert viðkomandi skólastig er. Við vitum að menntakerfið og löggjöfin um menntakerfið er mjög þýðingarmikill rammi um þróun þjóðar. Ef menntakerfið er í ólagi, ef þar er brotinn hlekkur eða óvirkt hjá þjóð, markar það flest annað í þeirri þjóðlífsuppbyggingu. Þess vegna er svo mikilvægt þegar við erum að fjalla um hvort heldur er leikskólann, grunnskólann, framhaldsskólann eða háskólann að við séum sannfærð um að lögin sem við erum að setja séu lög sem færa okkur rétt inn í framtíðina og við séum sátt við þessi lög og teljum að það sé í takt við það lýðræðisþjóðfélag sem við höfum haft og haldið í sessi.

Hv. 3. þm. Reykn., Sigríður Anna Þórðardóttir, nefndi í ræðu sinni fyrr í kvöld að með rammalöggjöfinni um háskólann sé lokið lagasetningu um skólastigið. Ég er reyndar ekki að fullyrða að það sé nákvæmlega þannig sem þingmaðurinn orðaði það en hún var að vísa til þess að við værum á liðnum árum búin að vera að fjalla um í þessum sal og setja nýja löggjöf um skólastigin alveg frá því að löggjöf var sett í kringum 1990 um leikskólann og þar til nú að þessi rammalöggjöf kemur um háskólann. (Gripið fram í.) 1994 um leikskólann. (Gripið fram í.) Nei, nei, nei, það var sett fyrr.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

Ég bið forseta velvirðingar á því að við þingmenn fórum í viðræður frá ræðustól og yfir til sæta þingmannanna um ártöl en það eru ekki þau sem skipta máli í því sem ég hef að segja.

Ég skil hins vegar mjög vel að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir skuli leggja á það mikla áherslu að menntalöggjöfin hefur verið til svo mikillar umfjöllunar vegna þess að þessi þingmaður hefur komið mjög að því verki og verið vinnusamur þingmaður í þessum málaflokki, bæði með því að leiða starfsnefndir utan þings og taka við þessum stóru frumvörpum sem formaður menntmn. og vinna þessi mál þar til þau hafa verið afgreidd sem lög frá þinginu. Ég fullyrði það að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sé búin að vera betri en margur þingmaður fyrir sinn flokk í þessum málaflokki og mér er ljúft að segja það úr þessum ræðustól. En því nefni ég þetta að ég hef fylgst með því hvað hefur verið að gerast á liðnum árum og þeim lögum sem hafa verið sett og hver hefur komið að þeim.

Hins vegar á sama hátt og ég legg áherslu á þetta og hef þessi góðu orð um hv. þm. er ég ekki alveg sammála því að einhverri langri leið sé lokið með löggjöfinni. Það er vegna þess að í umræðunni hefur margoft komið fram að þetta eru eingöngu rammalög og sérlög eru boðuð síðar. Hins vegar liggur ekki fyrir hvernig þau munu taka á þeim álitamálum sem hafa komið fram og það er vandi okkar, virðulegi forseti. Það er vandi okkar þegar við erum að fjalla um mál sem menn eru með áhyggjur af. Þegar lögð er svo mikil áhersla á að þetta eigi ekki að vera í lögunum af því að það sé rammalöggjöf og aðrir segja að þetta þurfi ekki að vera í lögunum af því að þau séu rammalöggjöf en það sem skiptir máli er að við vitum ekki nákvæmlega hvernig sérlögin verða og ég mun koma að því síðar hversu vandasamt það er að aftengja einhver gildandi lög meðan þessi óvissuþáttur er til staðar.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að við jafnaðarmenn höfum stutt mjög mörg af þessum lögum sem hafa verið til meðferðar. Við höfum ýmist staðið að frumvörpum sem hafa verið flutt eða stutt veigamiklar breytingar þó að við höfum líka kannski verið með ólík sjónarmið varðandi sumar greinar eða suma ákveðna þætti og t.d. veigamikil atriði eins og gjaldtöku í skólakerfinu. Ég nefni sérstaklega vegna ummæla hv. 7. þm. Reykn., Hjálmars Árnasonar, áðan um gjaldtökuna í skólakerfinu að mál eru ekki svona einföld eins og hann vildi setja þau fram. Það hefur margoft komið fram að vilji er til þess í þessum sal að láta greiða tilskilið gjald í skólum landsins. Þau hafa verið nefnd ýmsum nöfnum, innritunargjöld, efnisgjöld. Fyrst voru þau gjöld samkvæmt sérstakri ákvörðun skólanefnda heima í héraði en seinna reyndist vera vilji til þess að setja sömu gjöld inn á tekjuhlið skólanna og inn í fjárlög ríkisins og það var mjög stórt skref að stíga. Þingmaðurinn ætti að vita að ekki hefur eingöngu verið ágreiningur milli þeirra stjórnarflokka sem nú starfa um skólagjöld og „skólagjöld" — vegna þess að þau bera hin ólíkustu nöfn — heldur var líka ágreiningur á milli flokks míns og samstjórnarflokksins á síðasta kjörtímabili. Það eru æðistór álitamál sem við erum að tala um og ekkert þýðir að varpa þeim frá sér í einhverjum hálfkæringi og segja: Við erum ekki að ákveða neitt og við erum ekki að taka upp skólagjöld núna, ef verið er að aftengja mikilvægt lagaákvæði sem hefur verið vörn í þessum málum. Þá verða menn bara að horfast í augu við hvað þeir eru að gera.

Áður en ég kem nánar að einstökum efnisþáttum frv. vil ég aðeins nefna þróunarnefnd Háskóla Íslands sem hér hefur verið nefnd til sögu. Ég átti sæti í þessari þróunarnefnd ásamt hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur og þó ég hefði ekki tök á að fylgja störfum nefndarinnar til enda, þá var ég þar nægilega lengi til þess að fá góða mynd af bæði umræðunni og umfjöllun í þeirri nefnd um þróun háskólans. Þetta var mjög áhugavert starf. Það komu margir að, nefndin var fjölmenn enda áhersla lögð á að fólk kæmi úr ólíkum áttum að starfinu og fyrir mig voru þetta kannski fyrstu kynni af háskólanum og starfi þar innan dyra. Það sem mér fannst mikilvægt var að þegar nefndaráliti var skilað var það skilningur minn og sýn mín á það nefndarálit að verið hafði sátt um niðurstöðuna og niðurstaða nefndarstarfsins virtist vera án ágreinings enda bar nefndarálitið þess kannski merki að hafa verið samkomulagsniðurstaða. Tel ég að þannig þurfi það að vera með svo þýðingarmikið menntastig eins og háskólinn er. Mér finnst það eðlilegt. Það kom fólk úr ólíkum áttum, m.a. úr atvinnulífinu og þeir sem þarna störfuðu voru sammála um að atvinnulífið ætti að koma með einhverjum tilteknum hætti að þeirri þróun sem yrði að verða í háskólanum en aldeilis ekki að þeir ættu að fara að hafa þar einhver úrslitaáhrif

öðruvísi en í slíkri samhljóða niðurstöðu sem menn komast að.

Þetta finnst mér mjög mikilvægt að komi fram vegna þess að þróunarnefndin hefur verið nefnd nokkrum sinnum og vegna þess að mér finnst að það sem hún setti fram um fulltrúa atvinnulífsins hafi verið betri leið en það sem hefur verið rætt margoft, að ráðherra sé að skipa þessa aðila.

Virðulegi forseti. Að mínu mati fór frsm. minnihlutaálitsins, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir frá þingflokki jafnaðarmanna, mjög faglega yfir álitamál minni hlutans. Í raun og veru vil ég fyrst og fremst fylgja eftir því sem hún hafði þar að segja þó ég ætli ekki að fara inn á öll þau atriði sem hún nefndi til sögu. Um leið og fundið er að því að þingmenn gagnrýna þetta frv. og brtt., þá er lögð áhersla á að þetta sé rammalöggjöf en minni hlutinn er að gagnrýna hve ýmis ákvæði frv. eru ítarleg og, eins og segir í nefndarálitinu, jafnvel smásmuguleg og það brýtur í bága við eðli rammalöggjafarinnar. Það er mjög sérkennilegt að sjá hvernig þetta frv. er sett fram miðað við það að vera rammalöggjöf.

Mig langar að nefna t.d. 11. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta. Ég ætla að lesa fyrri hluta hennar:

„Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu.“ Þetta er mjög fín setning í rammalöggjöf. Svo kemur: „Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum“ og ef það væri þá hlyti það að hafa verið þarna, „eða í sérlögum sem gilda um hvern skóla.“ Þegar maður les þetta vaknar auðvitað sú spurning hvort það megi búast við því að þegar sérlög verða sett um háskólann verði e.t.v. annað uppi á teningnum en þarna segir vegna þess að um leið og „nema“ er sett inn er búið að galopna ákvæðið enda rammalöggjöf. Það er þetta sem skapar umræðuna og áhyggjurnar sem birtast í umræðu og áherslum þingmanna minni hlutans. Í raun er ýmist verið að aftengja eitthvað sem hefur verið vörn eða opna á eitthvað sem menn vita ekki hversu stórar eða víðar dyr verða. Þetta er vandinn.

Mig langar aðeins að nefna hvað kemur fram í tillögum minni hlutans í nefndaráliti þeirra vegna þess að menn hafa verið með mjög góðan málflutning en ekki staldrað svo mikið við tillögur minni hlutans. Fyrst og fremst er um að ræða þessa tvo fulltrúa í háskólaráði þar sem þróunarnefndin hafði lagt fram ákveðna hugmynd. Minni hlutinn bendir á að það sé mikilvægt að þeir fulltrúar sem ráðherra skipar verði tilnefndir af aðilum sem þekkja til mála varðandi hvert það svið sem háskólarnir eru að fást við eða þær áherslur sem þeir vilja leggja. Minni hlutinn vill því tryggja að faglegt mat ráði því hverjir veljast til setu í háskólaráði en ekki pólitískur geðþótti ráðherra. Þetta er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt í dag, ekki síst um háskólastigið að aldrei sé hægt að segja að geðþótti ráðherra hafi gilt.

Í öðru lagi leggur minni hlutinn áherslu á að skipan rektors geti verið mismunandi milli háskóla og það er nákvæmlega sama sjónarmið og Háskóli Íslands hefur sett fram og samræming þessa ákvæðis hafi ekki sjálfstætt gildi umfram samræminguna eina. Minni hlutinn er í raun og veru að leggja áherslu á að samræming geti ekki verið pólitískt markmið í sjálfu sér. Þarna legg ég aftur áherslu á skoðun þróunarnefndarinnar.

Í þriðja lagi komum við að gjaldtökunni. Í fréttatíma útvarpsins í kvöld var viðtal við formann menntmn. út af ágreiningnum um hvort verið sé að opna fyrir skólagjöld. Þá sagði formaður menntmn. að hún vildi að skýrt væri kveðið á um ef það ætti að taka upp skólagjöld. Hún lagði mikla áherslu á að hún væri ekki að taka afstöðu til þess hér og nú í sambandi við þessi lög en ef það ætti að fjalla um það þá vildi hún að skýrt væri kveðið á um það. Ég er alveg sammála þessu. Mér finnst mjög mikilvægt að þessi stóru álitamál séu skýr. Þau eru það ekki í frv. og þess vegna takast menn á um það hvort verið sé að opna fyrir skólagjöld eða ekki. Ég hefði kosið að þetta mál kæmi þannig frá menntmn. að það væri alveg ótvírætt. Það er óþolandi þegar lagasetning er svo óskýr að tekist er á í ótta um hvað geti gerst næst af því að vörnin er farin. Og vörnin lá í lögunum um skólakerfi sem ég ætla að koma að á eftir. Þess vegna hefði ég kosið að meiri hlutinn tæki af öll tvímæli um hvað hann meinar varðandi þessi mál.

Ef við skoðum lögin um skólakerfi eða þessa grein sem fyrst og fremst lýtur að skólagjöldunum, þá hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum sem eru kostaðir að meiri hluta af almannafé eru skólagjöld háð samþykki menntmrn.“

Það eru mjög mikilvæg önnur ákvæði í þessum lögum um skólakerfi, t.d. 7. gr., þar sem segir að í öllu starfi skóla skuli konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur. Það væri mjög gott að þessi lagagrein væri til um skólastarf meðan jafnrétti hefur ekki náðst. Hvað er það þá annað sem verður svo óþarft í lögunum um skólakerfi að nauðsynlegt sé að aftengja þau núna áður en sérlög um háskólann eru sett? Eigum við að skoða það örstutt?

1. gr. er um það að allir skólar sem eru styrktir af hálfu eða meira af almannafé mynda samfellt skólakerfi. 2. gr. er um að skólakerfi skiptist í þrjú stig, skyldunámsstig, framhaldsskólastig, háskólastig. Var það að breytast? Nei, það var ekki að breytast, þannig er það. Svo er fjallað um það að grunnskólinn er á skyldunámsstigi, hvaða skólar eru á framhaldsskólastigi og um háskólann. Þetta á alveg við í dag. 3. gr. er um fyrir hvern grunnskólinn er og 4. gr. er hvers lags skólar framhaldsskólar eru. 5. gr. er um að til inngöngu í háskóla þurfi stúdentspróf eða jafngildi þess o.s.frv. og háskólinn greinir því í þær deildir sem kveðið er á um í lögum hans og reglugerðum. Síðan kemur 6. gr. um að kennsla er veitt ókeypis og 7. gr. er um jafnrétti, þ.e. að ríki og sveitarfélögum sé skylt að tryggja nemendum hvar sem er á landinu sem jafnasta aðstöðu til menntunar. Síðan er grein um stuðning við nemendur sem þurfa á honum að halda og svo er um nánari útfærslu á framkvæmd fræðslu og skólaskipan hvers stigs að því skuli vísað í lög og reglugerðir og gildistökuákvæði. Hvað er það í þessum lögum um skólakerfi sem er endilega orðið óþarft? Ekkert. En hvað er mikilvægt að sé enn þá í lögum meðan ekki er búið að setja sérlög um háskólann? 6. gr. í lögunum um skólakerfi. Um þetta er verið að takast á í umræðunni og þess vegna segi ég: Þetta er afskaplega einfalt. Stjórnarliðar geta komið upp og sagt: Við erum ekki að setja á skólagjöld. Við erum ekki að opna einhverjar dyr upp á gátt sem gerir eitthvað mögulegt sem ekki var áður, við viljum það ekki en það mundi skipta mjög miklu máli að fella út 19. gr. vegna þess að í því fælist yfirlýsing um að það sem menn óttast, 26. gr. sé óþarfi. Það sé óþarfi að óttast. Það er ekkert í lögunum um skólakerfi sem þvælist fyrir og það er ekkert í lögunum um skólakerfi sem má ekki vera enn þá um stund í lögum um skólakerfi

okkar. Það er því hægt að taka af öll tvímæli og sannfæra þá sem eru óttaslegnir.

Virðulegi forseti. Það er ekki í fyrsta sinn sem ég stend í þessum sal og hef áhyggjur af skólagjöldum né heldur í fyrsta sinn sem ég fjalla um hvort þörf er á þeim eða ekki. Þetta hefur oft verið mikið átakamál og ég tek undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að það eru háskaspor að setja á skólagjöld í þjóðfélagi okkar, í menntauppbyggingu okkar. Við höfum rætt þetta mál aftur og aftur og á meðan hefur í smáskrefum verið fléttað inn í kerfið hjá okkur að hægt sé að taka gjald, fyrst lítið og svo meira og það er alveg ljóst að þetta setur ýmsum skorður.

Annað sem ég hef ekki nefnt en er full ástæða til að nefna þar sem það er partur af þessu frv. og ég vil gjarnan nota tækifærið til að nefna það og er ég að tala um skólagjöld. Það er þetta fallega sem talað er um á hátíðis- og tyllidögum að það sé fjárfesting í menntun þjóðar. Þar eigi áherslan að liggja að mannauðurinn sé þrátt fyrir allt mesta auðlindin og við þekkjum allar þessar setningar. En það er samt þannig að ákveðin menntun er ekki greidd og það er fullorðinsfræðsla. Það er fullorðinsfræðslan sem liggur utan við hefðbundnu dagkennsluna. Ég ætla að nota þetta tækifæri til að minna á það vegna þess að ég þekki mjög vel úr ágætum skólum í kjördæmi mínu sem hafa verið að færa sig inn á nýjar brautir í fullorðinsfræðslunni. Það fólk sem þangað kemur gengur inn um dyr fræðslukerfisins og þarf að greiða fyrir sig. Ég vil því nefna í umræðunni um skólagjöld að það verður að fara að taka á fullorðinsfræðslunni, menntun þeirra fullorðnu ómenntuðu sem er stór partur af þjóðinni. Ef við ætlum ekki bara að framhaldsmennta þá menntuðu þá þarf líka að mennta hina ómenntuðu til þess að verða sú þjóð sem við tölum svo fallega um. Það virðist sem öllum sé sama um þennan hóp sem á allt sitt undir fullorðinsfræðslunni vegna þess að ekki sé sá þáttur fræðslukerfisins sem heyrir undir menntmrh. um þann hóp, ekki a.m.k. til að veita menntun ókeypis og því miður sér þess engan stað í starfsmenntunaráformum hjá félmrh. að það eigi að gera nokkurn skapaðan hlut litið til framtíðar fyrir þennan hóp.

Virðulegi forseti. Þetta var útúrdúr og kannski fyrst og fremst til að minna samstarfsflokkinn á að það á eftir að taka á málum ákveðins hóps í þjóðfélaginu og hvað getur fallið undir skólagjöld ef maður fer að skoða það.

Það hefur verið nefnt að háskólinn hafi lagt mikla áherslu á það í vor að IV. kafli væri ónauðsynlegur. Þar væri háskólanum settar ónauðsynlegar skorður og sérstaklega af því að þetta væri rammalöggjöf. Ég hef ekki náð því nægilega vel af hverju menn töldu að það þyrfti að vera með þennan IV. kafla sem háskólinn var ósáttur við. Þess vegna óska ég eftir því að formaður menntmn. fari nokkrum orðum um það í svari sínu á eftir.

Ég hef heldur ekki fengið skýr svör um það af hverju farin er sú leið að breyta þeirri hefð sem verið hefur um val rektors sem er í takt við það sem hefur verið annars staðar, að rektor hefur verið valinn af háskólasamfélaginu. Af hverju er verið að breyta því? Hver er þörfin? Hver er hugsunin á bak við það? Það er fyrst og fremst þetta sem mig langar til að spyrja sérstaklega um. Hvers vegna á að breyta þessu með skipan rektors? Það væri líka fróðlegt, virðulegi forseti, ef við fengjum einhver skýrari svör um það af hverju á að velja háskólaráðið með þeim hætti sem hér er lagt til.

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins stiklað á örfáum atriðum varðandi frv. þar sem mér hefur fundist mikilvægast að nefna aðalósk háskólans um að sleppa IV. kaflanum og að 3. gr. verði ramminn um stjórn háskólans og líka hverju má búast við í sérlögum um háskólann þegar kemur að því að setja þau því verið er að setja „nema annað sé tekið fram í sérlögum" eins og í 11. gr. og fá viðhlítandi skýringu á kjöri rektors. Ég nefni það í lokin af því að ég hef lagt mikla áherslu á gjaldtökuna og hugsunina á bak við skólagjöld að í 19. gr. er verið að nefna tvennt. Síðustu málsliðir í 19. gr. hljóða svo:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða."

Virðulegi forseti. Þau innritunargjöld eða efnisgjöld eða hvað sem menn hafa viljað kalla það hingað til hafa í raun og veru fallið undir þennan síðari málslið „sértekjur" í umfjöllun hingað til í þinginu. Þess vegna spyr ég í hverju er munurinn fólginn. Þetta eru tvær setningar þar sem annars vegar skal setja reglur um hvernig hátta skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms í viðkomandi skóla og svo að í sérlög hvers ríkisháskóla skuli setja reglur um öflun sértekna. Hvað felst í þessari tvískiptu setningu? Það er mjög mikilvægt að það sé skýrt út fyrir þeim sem hafa ekki tekið þátt í umfjöllun menntmn. um þetta mikilvæga frv.

[22:48]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hv. síðasta þm. vildi ég nefna tvennt: Annars vegar get ég tekið undir það sem hv. þm. nefndi í lokaorðum ræðu sinnar um hinn svonefnda gleymda hóp, þ.e. þá fullorðnu sem hafa ekki notið menntunar og eru að sækja sér hana. Ég tel hins vegar að sá hópur sé ekki gleymdur og minni í því sambandi á tímamótasamning sem var ritað undir á Suðurnesjum ekki alls fyrir löngu þar sem var stofnun Fræðslumiðstöðvar Suðurnesja, samningur undirritaður af Fjölbrautaskólanum, menntmrn., fulltrúum atvinnulífsins, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, Endurmenntunarstofnunar háskólans, Menningar- og fræðslusambands alþýðu og þannig má áfram telja. Við það tækifæri kom einmitt fram að í mjög mörgum tilvikum eru það atvinnurekendur og verkalýðsfélög sem taka verulegan þátt í kostnaði þess hóps sem umræddur þingmaður gerði að umtalsefni. Það er ánægjuefni en áhyggjunum deili ég að öðru leyti.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að ég hefði í hálfkæringi vísað frá umræðunni um skólagjöld. Það er ekki rétt, ég mótmæli því. Ég tók það þrisvar fram að hér væri ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Það er skilningur minn og skoðun á þessu frv. Um það er ekki ágreiningur því að á hann hefur ekki reynt. Það er ekki markmiðið með þessu frv. Komi til þess þá mun það verða rætt sérstaklega. Hér er ekki verið að opna fyrir skólagjöld. Ég ítreka þá skoðun og það er það sem felst í frv.

[22:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lagði áherslu á það í máli mínu að ég vildi gjarnan að lagasetningin væri skýr og ljóst væri hvort og hvenær við erum að taka upp skólagjöld. Það er óskýrt enn þá í hugum okkar sem höfum skoðað þessi mál. Svo ég verð að setja, virðulegur forseti, að mikil er trú hv. þm.

Varðandi gleymda hópinn þá þekki ég mjög vel samninginn og skólann og það er stutt síðan ég var þar í heimsókn. Hins vegar er það þannig að sá sem þarf að borga fyrir

fullorðinsfræðslu er ómenntaður og er í verkamannavinnu, hann er lægst launaður, fyrir hann er erfiðast að reiða fram fé. Sá sem er í slíkum störfum á erfiðast með að fá námsleyfi frá atvinnurekanda. Atvinnurekendur eru tregastir til að leggja fram fé fyrir þessa hópa þó þess séu dæmi í sérstökum samningum eins og þeim sem þingmaðurinn nefndi. Þessi hópur er mjög gleymdur. Hans hefur verið gætt á einum stað og það er með tilkomu starfsmenntasjóðs sem veitir til ákveðinna verkefna en hann veitir ekki til einstaklinga sem eru að fara t.d. í hefðbundinn kvöldskóla. Hann veitir til ákveðinna verkefna og hann hefur gefið þúsundum ákveðin tækifæri en það er engin þróun, engin framtíðarsýn í starfsmenntamálum þjóðarinnar um þessar mundir og upphæðin sem veitt er í starfsmenntasjóð er sú sama og var í fyrra og ég held í hittiðfyrra. Þegar ég er að tala um gleymda hópinn í þessari umræðu þá hef ég mjög góða þekkingu á því að það er ekki verið að gera neitt, ekki ofan frá, þó á einstökum stöðum á landinu sé verið að reyna að bregðast við heima í héraði.

[22:52]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur verið í kvöld um það mikilvæga mál sem er á dagskrá. Það er reyndar leitt að ekki skuli vera fleiri viðstaddir umræðuna en raun ber vitni vegna þess að hún hefur verið ákaflega málefnaleg og skemmtileg. Í máli síðasta ræðumanns kom fram að ég hefði nefnt sérstaklega að við værum að ljúka heildstæðri löggjöf um öll skólastigin. Það er alveg rétt ég nefndi það. En það er að sjálfsögðu svo að síðan eigum við eftir að fjalla um sérlög um ríkisháskólana sem koma í kjölfarið á rammalöggjöfinni. Á dagskránni á eftir er frv. um Kennaraháskóla sem er einmitt dæmi um útfærslu á sérlögum um Kennaraháskólann í samræmi við rammalöggjöfina.

Ég tel að þrátt fyrir allt og þó það séu skiptar skoðanir um ýmis atriði þessa frv., sem við höfum verið að ræða í kvöld, þá sé ekki svo mikill ágreiningur þegar grannt er skoðað. Ég hef þegar svarað fullyrðingum sumra hv. þm. um þá ofstjórn sem þeir segjast sjá í frv. Ég tel að það sé ekki um neitt slíkt að ræða. Ég tel þvert á móti að þessi rammalöggjöf tryggi mjög vel faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði háskóla. Ég ætla að drepa á örfáar greinar máli mínu til sönnunar. Í 3. gr. segir:

„Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla."

Hvað þýðir þetta? Það þýðir t.d. að ekki er hægt að koma með stjórnsýslukæru til ráðherra. Háskólarnir úrskurða sjálfir í málum sínum.

Í 10. gr. segir:

„Yfirstjórn hvers háskóla er falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforseta ef skólanum er skipt í deildir."

Í 11. gr. segir:

„Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum eða í sérlögum sem gilda um hvern skóla."

Í 12. gr. segir:

„Háskólaráð skal samþykkja eftirfarandi nema annað sé berum orðum tekið fram í sérlögum eða reglugerð um hvern skóla:

1. Stjórnskipulag skólans og þar á meðal stjórnskipulag deilda.

2. Rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun skólans, þar á meðal rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar.

3. Kennsluskrá."

Fleira mætti telja en ég nefni þó sérstaklega 19. gr. sem ég held að sé óhætt að segja að sé mikil ánægja með af hálfu skólanna og þar er fjallað um fjármálin. Skólarnir sem sendu inn umsögn lýstu ánægju með þessa grein sérstaklega.

Miklu fleira mætti nefna en ég læt lokið upptalningu að sinni. Mér finnst hins vegar að það stangist nokkuð á í málflutningi þingmanna stjórnarandstöðunnar annars vegar þegar þeir halda því fram að það sé um ofstjórn að ræða í frv. og hins vegar vilja þeir láta umræðuna, sem er um rammalöggjöf, snúast allt of mikið um einn háskóla, þ.e. Háskóla Íslands og að það eigi að taka tillit til hans í smáu og stóru í rammalöggjöf.

Skipan rektors hefur verið gerð að umtalsefni. Háskóli Íslands hefur sérstaklega haldið því fram að það hvernig rektor hefur verið valinn í þeirri stofnun hafi táknrænt gildi og fyrir því sé söguleg hefð. Það er að vissu leyti alveg rétt. En er það ekki góð stjórnsýsla að rektor sé skipaður? Gefur það ekki rektornum líka ákveðið sjálfstæði, t.d. gagnvart háskólasamfélaginu? Það hefur ekki verið sýnt fram á það í umræðunum að svo sé ekki. Gert er ráð fyrir sömu skipan við kjör rektors í Háskóla Íslands eins og verið hefur til þessa. Frv. gefur það svigrúm. Með brtt. meiri hlutans er alveg ljóst að það er trygglega frá því gengið að rektor verður ekki leystur frá störfum nema til komi samþykki meiri hluta háskólaráðs.

Skólagjöld hafa nokkuð verið til umræðu. Í 3. mgr. 19. gr. segir:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla."

Í greinargerð með 19. gr. segir:

„Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að í sérreglum hvers skóla verði kveðið á um hvernig gjaldtöku af nemendum sé háttað. Reglur um gjaldtöku geta verið mismunandi eftir skólum en miklu skiptir að þær séu skýrar þannig að nemendum sé ljóst að hverju þeir ganga í þessum efnum."

Um þetta höfum við dæmi um útfærslu í kennaraháskólafrv. Það er ekki verið að taka neina ákvörðun um skólagjöld í ríkisháskólum í þessari grein. Ef slíkar tillögur koma fram verður tekin um það ákvörðun hér á hinu háa Alþingi. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar lesa eitthvað annað út úr frumvarpstextanum en þar stendur. Ég verð að segja að mér finnst vera allt of mikil tortryggni í þessari umræðu um skólagjöld.

Að síðustu vil ég nefna lög um skólakerfi. Þau voru sett 1974. Það hefur verið vitnað sérstaklega í 6. gr. þeirra. Ég ætla að vitna í 10. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs."

Enn fremur segir í gildistökuákvæðinu, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra."

Þess ber að gæta að þessi lög eru sett áður en sett er heildstæð löggjöf um framhaldsskóla. Ég bið þingmenn að athuga það alveg sérstaklega. Skólakerfislögin eru rammalög og kveða á um skipan skólakerfisins. Þau eru orðin þetta gömul, frá 1974 og þau eru orðin úrelt. Með samþykkt rammalöggjafar um háskóla er þessu verki lokið sem kemur fram í 10. gr. svo að það er því hægt að segja að skólakerfislögin séu þarflaus.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mikilvæga mál en ég ítreka þakkir mínar til þingmanna fyrir málefnalega og skemmtilega umræðu. Það er alveg ljóst að það er mjög eðlilegt að skoðanir séu skiptar um mál af þessu tagi sem auðvitað á eftir að standa lengi, er mikilvæg viðbót við þá löggjöf sem fyrir er og mér finnst það afskaplega eðlilegt að hér komi fram skiptar skoðanir á ýmsum ákvæðum frv.

[23:03]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru ýmis atriði í ræðu hv. þm. sem er ástæða til að fara yfir en það er eitt sem ég ætlaði að nefna hér í andsvari og það lýtur að rektorskjörinu. Hv. þm. komst þannig að orði að það hefði táknrænt gildi að rektorskjörið færi fram sjálfstætt og sagðist viðurkenna það. Hún sagði hins vegar: „Getur það ekki verið mikilvægt fyrir rektor að hafa sjálstæði gagnvart háskólasamfélaginu sem hann öðlist með því að ráðherra skrifi upp á málið?" Það kann vel að vera að svo sé. En það er ekki aðalatriðið í þessu máli. Aðalatriðið er að rektor háskólans sé sjálfstæður gagnvart stjórnvöldum. Það skiptir mestu máli og að hann fái sinn styrk frá háskólasamfélaginu. Þess vegna finnst mér að í þessari útskýringu hv. þm. komi fram grundvallarmunur á sjónarmiðum í þessum efnum þar sem við höfum verið að leggja á það áherslu að rektorinn sé kjörinn af háskólasamfélaginu, hafi þaðan sinn styrk til þess að vera eins sjálfstæður og mögulegt er gagnvart stjórnvöldum. Háskólanum hefur stundum verið líkt við lýðveldi sem ráði sér sjálft í sem flestum málum og rektorinn hafi þar svipaða stöðu og sá sem kjörinn er til forustu fyrir viðkomandi lýðveldi. Þetta grundvallaratriði er greinilega ágreiningsefni. Mér fannst það kristallast mjög skýrt í þessari útskýringu hv. þm.

[23:05]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varpaði fram þeirri spurningu hvort það gæti ekki styrkt rektor gagnvart háskólasamfélaginu að hann væri skipaður. Ég tel að það sé fyllilega ástæða til þess að velta því fyrir sér. En það er hins vegar alveg ljóst að það er í engu verið að breyta þeirri skipan með þessu frv. sem verið hefur til þessa, t.d. í Háskóla Íslands, um rektorskjör. Og ég á ekki von á neinu öðru en að rektor Háskóla Íslands muni hér eftir sem hingað til sækja styrk sinn til háskólasamfélagsins og vera þar fremstur meðal jafningja.

[23:06]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa rausnarlegu mínútu sem hæstv. forseti er að veita okkur. Það þyrfti lengri tíma, en aðalatriðið er nú kannski það að mér þykir slæmt að hv. 3. þm. Reykn. skuli ekki hafa uppgötvað það fyrr að við erum sammála í þessu rektorsmáli sem hefði þá orðið til þess að við hefðum orðað greinina öðruvísi en hún stendur núna. Hún hefði þá fallist á þau sjónarmið okkar í minni hlutanum að það hefði verð eðlilegt að skrifa þessa grein með mismunandi hætti, annars vegar fyrir háskólann og hins vegar fyrir aðra skóla. (**Gripið fram í:** Það er hægt að breyta þessu.) Það er hægt að breyta því, já.

(**Forseti** (GÁ)**:** Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að það er ekki rausn forsetans heldur þingsköpin sem skammta þennan tíma.)

[23:07]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir lét falla áðan, að það væri óþarfa tortryggni varðandi skólagjöldin og vildi meina að við læsum annað út úr textanum enn hún les, þá er það spurning hvort við getum ekki tekið höndum saman um það, herra forseti, að skýra textann. Brtt. minni hlutans ganga út á það að þessi texti verði skýrður þannig að ótvírætt sé við hvað er átt.

Mér finnst eðlilegt að nefndin komi saman nú á milli 2. og 3. umr. og fari yfir þetta mál, hvort hægt er að eyða þessari tortryggni, því ég er sammála hv. formanni menntmn. um að það er óþarfi að tortryggni sé ríkjandi ef menn eru að tala um nákvæmlega sama hlutinn. En þá er líka rétt að það sé orðað þannig að tekin séu af öll tvímæli.

Í öðru lagi kom mér það mjög á óvart — það kann nú að vera af því að ég er ekki mjög þingreynd — að þegar menn telja að búið sé að uppfylla lög, þá eigi að afnema þau, þá sé það reglan. Þegar lögin hafa verið uppfyllt, þá eru þau afnumin. Er það þá þannig að þegar við verðum búin að uppfylla lögin um framhaldsskóla, þá munum við afnema þau? Þetta fannst mér mjög sérkennilegt. Þetta eru sem sé rökin fyrir því að fella úr gildi lögin um skólakerfi. En ég vil minna hv. þm. á að ekki er búið að uppfylla öll ákvæði þessara laga. 7. gr. um jafnrétti kynjanna er óuppfyllt enn þá. Það hljóta þá að vera rök fyrir því, herra forseti, að þessi lög standi áfram.

[23:09]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum huga er texti 19. gr. mjög skýr. Með þeim texta er ekki verið að leggja til að taka upp skólagjöld í ríkisháskólum á Íslandi.

Hvað það snertir sem ég sagði áðan að lög um skólakerfi væru orðin úrelt, þá var það ekki eingöngu sú röksemd sem ég notaði að vegna þess að það hefði átt að taka tíu ár að hrinda þeim lögum í framkvæmd, þá ætti að fella þau úr gildi heldur eru þau sett 1974, áður en t.d. löggjöf um framhaldsskólann er sett þannig að mér sýnist að það sé alveg ljóst að mörg atriði sem koma fram í þessum lagatexta séu úrelt.

Ég hygg líka að jafnréttisákvæðin sem eru þarna inni séu tryggð í öðrum lögum.

[23:10]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að opna á skólagjöld, höfum við sagt í minni hlutanum. Það er verið að taka þær hindranir úr vegi sem verið hafa. Og aðeins bara til að undirstrika það af hverju tortryggni minni hlutans er sú sem fram hefur komið, þá vil ég, herra forseti, vitna í viðtal sem Stúdentablaðið tekur við hæstv. menntmrh., en þar segir hann:

„Ég tel að menn verði að skoða í alvöru innan Háskóla Íslands hvort eigi að innheimta skólagjöld til að standa undir kostnaði við nám í skólanum."

„... kostnaði við nám í skólanum." Þetta er nákvæmlega sama orðalag, herra forseti, og er í 19. gr. Hver láir þá minni hlutanum að hann sé tortrygginn?

Þess vegna endurtek ég þá beiðni mína sem ég setti fram hér áðan að nefndin komi saman aftur og taki af öll tvímæli vegna þess að ef hér stendur ekki til að opna fyrir eða taka hindranir úr vegi fyrir því að hægt sé að leggja á skólagjöld, þá skulum við bara koma því algjörlega á hreint í textanum sjálfum.

[23:12]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var að mínu mati alveg með ólíkindum að heyra rök hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur og reyndar einnig hv. þm. Hjálmars Árnasonar hér áðan að það orki tvímælis að nú sé hindrunum rutt úr vegi fyrir skólagjöldum eins og við höfum haldið fram. Þau vísa í þessu sambandi í sína túlkun í nefndarálitinu og einnig í það hvernig skrásetningargjaldið er útfært í frv. um Kennaraháskólann.

Það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að það er verið að fella niður lögin um skólakerfi, sbr. 26. gr. þessa frv., og það kom mjög skýrt fram í menntmn. að 19. gr. væri orðuð eins og þar er til þess að geta sett á skólagjöld í einkaskólum. Það er ekki gerður greinarmunur á einkaskólum og ríkisháskólum í þeirri setningu, enda kom skýrt fram hjá nefndarmönnum að þeir vildu hafa þetta svona til þess að það væri opið að hægt væri að setja á skólagjöld í ríkisháskólum. Þess vegna er alveg óþolandi að hlusta á það í ríkisfjölmiðlum að formaður menntmn. vísi þeim skilningi á bug að með frv. sé verið að ryðja hindrunum fyrir skólagjöld úr vegi. Þess vegna tek ég undir þá ósk sem kom fram hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að nefndin komi saman milli 2. og 3. umr. og að texti frv. verði skýrður þannig að ekki sé verið að tala um tortryggni, misskilning og annað í þeim dúr.

[23:14]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir mjög góðar umræður um þessi mikilsverðu mál sem hér hafa verið til umræðu og þakka hv. menntmn. fyrir hennar störf og sérstaklega formanninum, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur því að eins og hér hefur komið fram í umræðunum þá hefur hún ekki aðeins leitt umræður í menntmn. og afgreiðslu nefndarinnar á þessu frv. heldur frumvörpum um öll skólastigin á þessu kjörtímabili og hinu síðasta. Á Alþingi hafa farið á undanförnum árum fram umræður um öll skólastigin, jafnt leikskólastigið, grunnskólastigið, framhaldsskólastigið og nú háskólastigið þar sem menn hafa tekið ákvarðanir um skipan þessara skólastiga og hvernig að málum skuli staðið á því hverju fyrir sig. Í samræmi við það hefur verið unnið að nýrri stefnumörkun fyrir skólastarfið í landinu og þess sjást víða merki að þar eru breytingar á döfinni.

Hér er verið að fjalla um frv. til laga um háskóla, heildarlöggjöf um háskólastigið, æðsta skólastigið og farið inn á nýjar brautir í mörgu tilliti eins og hér hefur komið fram. Í raun og veru finnst mér að sá ágreiningur sem uppi er í hv. menntmn. eftir umræður í nefndinni og þær ræður sem hér hafa verið fluttar frekar lúta að atriðum sem ekki eru í þessu frv. heldur en því sem í frv. stendur. T.d. get ég alls ekki tekið undir það að þetta frv. einkennist af ofstjórn eða ofstjórnartilhneigingum. Þvert á móti er í frv., eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur vakið athygli á nú síðast í ræðu sinni, ítrekað tekið fram að æðsta vald í málefnum háskólanna, að því er starfsemi þeirra varðar, er í höndum skólanna sjálfra. Og ef menn bera saman stöðu skólanna núna gagnvart menntmrn. og stöðu þeirra eins og hún verður eftir að þetta frv. er orðið að lögum, þá mun koma í ljós, ef menn grandskoða það, að sjálfstæði skólanna er stóraukið. Ávörðunarvald þeirra um innri málefni er skýrt skilgreint í samræmi við hugmyndir um stjórnsýslureglur og stjórnsýslulög og það leikur enginn vafi á því að ýmis erindi sem nú eru til umfjöllunar í menntmrn. og lúta að innra starfi skólanna munu ekki koma til ráðuneytisins vegna þess að tekin eru af öll tvímæli í þessu frv. og þeim lögum sem vonandi verða samþykkt á næstu dögum um þau málefni.

Að því er varðar gildistökuna sem hv. þm. Svavar Gestsson vék sérstaklega að — og er nauðsynlegt að hafa í huga hvernig verður staðið að útfærslu á þessum væntanlegu lögum gagnvart einstökum háskólum, þá er það eins og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða að skólarnir hafa tvö ár frá gildistöku til þess að laga starfsemi sína að lögum þessum.

Hér hafa verið til umræðu lög um skólakerfið og þar var gert ráð fyrir að skólar hefðu tíu ár til að laga sig að þeim löum. Hér er mælt fyrir um að þetta gerist á tveimur árum og nú þegar liggur fyrir fyrsta frv. um Kennaraháskóla Íslands sem verður til umræðu síðar á þessum fundi. Að því er varðar Háskóla Íslands þá var það niðurstaða menntmrn. og háskólayfirvalda að sameiginlega mundu fulltrúar ráðuneytisins og Háskóla Íslands vinna að því að setja í frumvarpsform þær hugmyndir sem uppi eru um aðlögun Háskóla Íslands að þessu frv. og ég vona að það frv. sjái dagsins ljós innan fárra mánaða.

Að því er Háskólann á Akureyri varðar þá verður ýtt á það að hann lagi starfsemi sína að frv. og sömu sögu er að segja um Tækniskólann. Í gildi eru sérstök lög um listaháskóla þannig að menn sjá það í hendi sér að það er ekki í sjálfu sér nein ofætlan að á tveimur árum takist að laga háskólakerfið eða háskólana að þeim rammaákvæðum sem í þessu frv. er að finna.

Ég held að bráðabirgðaákvæðið verði ekki misskilið. Það er þannig að ekki er hægt að segja Alþingi fyrir verkum í þessu tilliti. Það er verið að segja þeim fyrir verkum sem eiga að vinna að frumvarpssmíðinni en það er Alþingi sjálft sem tekur að lokum ákvarðanir um frumvörpin og það er Alþingi sjálft sem getur lengt þennan frest ef mönnum býður svo við að horfa hér í þessari virðulegu stofnun. En ákvæðin til bráðabirgða eru skýr varðandi skyldur menntmrn. og skólanna og vinna mun fara fram á vettvangi skólanna og ráðuneytisins við aðlögun að þessari rammalöggjöf.

Menn munu velta fyrir sér því sem hefur verið mikið rætt og stendur í 3. mgr. 19. gr. frv. En 19. gr. er ekki síst mikilvæg þegar hugað er að sjálfstæði skólanna því eins og þar segir þá á hver ríkisháskóli að hafa sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum og menntmrh. á að gera tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Það á að skapa skólunum starfsöryggi og fjárhagslegt öryggi til fimm ára á grundvelli áætlana sem lagðar verða fram. Einnig er menntmrh. heimilað að gera samning við hvern skóla um tilhögun á greiðslum á fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Þarna er einnig um nýmæli að ræða.

Síðan stendur í 2. mgr. 19. gr. að menntmrh. er heimilt að gera samning við háskóla sem rekinn er af einkaaðilum og fengið hefur starfsleyfi samkvæmt 4. gr. um að annast tiltekna menntun á háskólastigi gegn því að ríkissjóður greiði ákveðna fjárhæð fyrir þjónustuna.

Hér er vikið að mjög mikilvægum þætti sem sjálfsagt er að ræða ef menn vilja og mér heyrðist að menn vildu skoða m.a. með hliðsjón af nýgerðum samningi um viðskiptaháskóla í Reykjavík. Sá samningur er hins vegar gerður á grundvelli fjárreiðulaganna. Ef menn skoða þann samning og þau gögn sem honum fylgja og sjálfsagt er að leggja fram fyrir hv. nefndarmenn í menntmn., þá geta þeir kynnst því hvernig er unnt að ganga að slíkum samningi og ganga frá slíkum samningi nú þegar á grundvelli fjárreiðulaganna, enda var það sérstaklega tekið fram af efh.- og viðskn. þingsins þegar hún fjallaði um þau lög og þeim sem komu að því máli hér í þinginu að það bæri að skilgreina eða skýra ákveðin lagaákvæði í þeirri grein á þann veg að hún heimilaði einmitt menntmrh. að ganga til samninga eins og gert hefur verið við Verslunarskóla Íslands um viðskiptaháskóla í Reykjavík og við undirrituðum á föstudaginn var, fjmrh. og ég í Verslunarskólanum. En í þeim samningi er tekið fram að hann gildi þar til nýr samningur verði gerður á grundvelli rammalöggjafarinnar. Þar er alveg tíundað hvernig að því skuli staðið þannig að það eru engin vafaatriði að því er lagaheimildir til slíkrar samningsgerðar varðar, eða hvernig staðið verður að málum með hliðsjón af þessari löggjöf eftir að Alþingi hefur samþykkt þetta frv.

Síðan segir í 3. mgr. 19. gr. sem menn eru að fjalla hér um, með leyfi forseta:

„Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla."

„Vegna náms." Það er ekki fyrir nám í skólanum heldur vegna þess að menn innrita sig til náms í skólanum að þá er heimilað að taka af þeim skrásetningargjald eða innritunargjald og síðan er mælt fyrir um það að í sérlögum hvers ríkisháskóla skuli setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða. Það sem átt er við þegar verið er að tala um sértekjur er t.d. sértekjuöflun Háskóla Íslands með endurmenntun. Ef menn líta á hvernig tekjuöflun Háskóla Íslands er háttað þá sjá þeir að á fjárlögum ársins 1996 er fjárveiting til kennslu 1 milljarður 50 millj. En heildarfjárveiting og tekjur Háskóla Íslands á árinu 1996 eru 3 milljarðar 9 millj. kr. þannig að hann hefur tekjur af Endurmenntunarstofnun, hann hefur tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands og hann hefur tekjur af ýmsum þjónustugjöldum sem skólinn innheimtir. Það er heimild til þess að afla slíkra sértekna sem verið er að mæla fyrir um í þessu ákvæði, að það sé ekki verið að útiloka að skólarnir geti aflað sér sértekna, enda sé um það getið í lögum þeirra og á þeim forsendum sem þar eru settar.

Í þessu frv. er ekki tekin afstaða til skólagjalda og þá á ég við greiðslur nemenda fyrir kennslu eða greiðslu þeirra af kennslukostnaði í ríkisháskóla. Það er ekki tekin afstaða til þess í þessu frv. og það kemur hvergi fram í frv. eða greinargerð með því að uppi séu vangaveltur um að taka upp slík gjöld enda er ekki hér á þessum vettvangi verið að ræða um það mál. Það er verið að ræða um rammalöggjöf um háskólastigið. En það er sagt að ef menn ætli að taka þetta upp í einstökum skólum þá beri að gera það í sérlögum um þá skóla og það er ekki verið að gera neinar tillögur um slíka gjaldtöku hér. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt og þær umræður hafa farið fram og fara fram á vettvangi skólanna, að menn taki afstöðu þá til þess á vettvangi skólanna og síðan verði það ákveðið á hinu háa Alþingi hvort slík gjöld verða í lög leidd. Það er ekki gert með þessu frv. og það verður ekki gert nema með sérstakri ákvörðun Alþingis og með samþykki meiri hluta Alþingis og það verður ekki hver einstakur skóli sem getur ákveðið þetta. Það er Alþingi eitt sem getur ákveðið þetta varðandi ríkisskólana og þess vegna finnst mér mjög einkennilegt að telja mönnum trú um að hér sé verið að setja í lög slík ákvæði af því að þeir sem tala mest um það hér í þessum sal eru þeir sem lýsa jafnframt megnri andúð sinni á því að slík gjöld verði tekin upp. Þess vegna gætu einhverjir sagt sem rýna í lögin og vilja skýra þau og taka mið af umræðum á Alþingi: „Stjórnarandstaðan taldi að með þessu frv. væri verið að samþykkja heimild til upptöku á skólagjöldum og hvernig á að bregðast við því gagnvart þeim mönnum ..." (**SvG:** Þetta er lögskýring.) Þetta er lögskýring. Ræður hv. þingmanna eru hluti af lögskýringargögnum sem menn standa frammi fyrir. Þess vegna tel ég mjög brýnt að ég sem menntmrh. taki skýrt fram að þetta frv. mælir ekki fyrir um upptöku skólagjalda. (**SvG:** Ég mótmæli ...) og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður menntmn., hefur jafnframt tekið af öll tvímæli um þetta efni. Þeir sem hafa gefið til kynna að eitthvað annað felist í frv. eru hv. stjórnarandstæðingar eins og við höfum heyrt í þessum umræðum.

Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram. Ég er óhræddur hins vegar að ræða um skólagjöld og kosti og galla þeirra en það felst ekki í þessu frv. og það er algjörlega ástæðulaust af hv. þm. að túlka ýmislegt sem ég hef sagt um það efni sem hluta af þeirri frumvarpsgerð sem hér liggur fyrir og þá hefði ég ekki hikað við að setja slíkt inn í greinargerðina eða láta orð falla á þann veg í ræðum mínum um þetta mál.

Ég vil því ítreka það, hæstv. forseti, sem ég hef hér sagt að í þessu frv. er ekki mælt fyrir um upptöku skólagjalda í ríkisháskólum hér á landi.

Að því er varðar rektor og stöðu hans, þá er það alveg ótvírætt samkvæmt frv. að háskólasamfélagið velur rektor og menntmrh. er bundinn af ákvörðunum meiri hluta í háskólum, háskólaráði hvers skóla, hvern hann skipar rektor. Það er ekki verið að svipta háskólasamfélagið svonefnda neinum rétti til þess að ákveða það hverjir eru rektorar. Hins vegar tryggir breytingin sem frv. hefur í för með sér að staða rektors í íslenska stjórnkerfinu er alveg skýr. Með því að ráðherra skipar rektor þann sem háskólasamfélagið velur, þá eru tekin af öll tvímæli um stöðu rektors samkvæmt íslenskum stjórnsýslureglum og lögum. Þess vegna er það rétt sem kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar að með þessari skipan er rektorsembættinu tryggt aukið öryggi. Ég hef orðað það svo á almennum fundi í Háskóla Íslands að með þessu sé sett sérstakt öryggisnet fyrir rektor í hans störfum innan íslenska stjórnkerfisins sem háskólasamfélagið er hluti af. Háskólasamfélagið velur rektorinn, gerir tillögu til ráðherrans og með því að ráðherra skipar rektor fær rektorinn ótvíræða stöðu í íslenskri stjórnsýslu og íslenska stjórnkerfinu sem er mjög brýnt fyrir stöðu háskólans í okkar stjórnkerfi.

Að því er varðar breytinguna á háskólaráði þá er í sjálfu sér ekki deilt um meginbreytinguna sem felst í því að fækka í háskólaráðinu í Háskóla Íslands t.d. og að háskólaráðið fær nýtt hlutverk, skýrara hlutverk og hættir að vera almennur vettvangur fyrir alla deildaforseta og verður stjórn skólans

sem hefur það hlutverk sem skýrt er í frv. Ég verð alltaf undrandi þegar ég heyri stjórnmálamenn tala um að eitthvað óeðlilegt sé við það að ráðherrum sé falið vald eins og í þessu tilviki að tilnefna tvo menn til setu í háskólaráði. Ég hef nefnilega litið þannig á að fyrir stjórnmálamenn sé það mikils virði að slíkt vald sé í höndum ráðherra sem þeir geti þá haft tækifæri til að gagnrýna hér á hinu háa Alþingi og vísi með vantrausti á ef þeir telja að ráðherrann misfari með þetta vald.

Það sem hér hefur komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar er að hún vill að þessu valdi verði vísað til einhverra óskilgreindra aðila, annars staðar en hér, sem hún getur kallað til ábyrgðar á hinu háa Alþingi. Ég held að stjórnmálamenn séu með slíkri skírskotun og slíkum málflutningi að skorast undan ábyrgð sem þeir eru kjörnir til að axla þegar þeir taka að sér opinber störf. Þess vegna finnst mér að það eigi frekar að vera hlutverk okkar stjórnmálamannanna að standa vörð um þennan rétt stjórnmálamanna til þess að tilnefna í nefndir og ráð en ekki að gagnrýna það og vera með þá áráttu að fela það alltaf einhverjum öðrum en þeim sem kjörnir eru af fólkinu eins og við erum og berum síðan ábyrgð gagnvart Alþingi og komum hér fram og verjum okkar mál og skýrum ákvarðanir okkar.

Þegar rætt var um framhaldsskólafrumvarpið töldu menn að það væri mikil hætta fólgin í því að menntmrh. skipaði meiri hluta í skólanefndir framhaldsskólanna. Það hefur verið gert og ég hef ekki orðið var við neina gagnrýni á það hvernig að þeim málum var staðið eða að menn telji að það hafi veikt stöðu framhaldsskólanna sem stofnana í okkar þjóðfélagi. Mér finnst því að menn verði að líta á reynsluna, meta hvernig staðið hefur verið að því að framkvæma ýmis slík ákvæði sem oft og tíðum hafa verið gagnrýnd hér í þingsölunum og draga síðan sínar ályktanir. Ég tel að margt af því sem sagt hefur verið um þessa tvo fulltrúa og rétt ráðherra til þess að tilnefna þá eigi ekki við nein rök að styðjast og sé frekar útúrsnúningur eða viðleitni til að gera hluti tortryggilega gjörsamlega að ástæðulausu.

Ég vil segja að það vekur mér dálitla undrun að sjá að í brtt. minni hluta menntmn. er lagt er til að það megi innheimta allt að 25 þús. kr. gjald í þessum skólum. Miðað við það hvernig menn töluðu fyrr á þessu kjörtímabili þegar ég flutti brtt. á háskólalögunum um að heimila gjaldtöku allt að þessu marki og hve harkalega menn gagnrýndu það og töldu að það væri árás á jafnrétti til náms þá kemur á óvart að þessir sömu aðilar skuli núna leggja til að gjaldtakan verði allt að 25 þús. kr. En svona breytist og svona er þróunin og menn átta sig á því að það er ekki allt jafnslæmt og þeim sýnist kannski í fyrstu.

Það hefur verið rakið svo rækilega hér hvers vegna ekkert er óeðlilegt við það að leggja af lögin um skólakerfi eða aftengja þau eins og mig minnir að það hafi verið orðað. Það er ekkert í þeim lögum sem í sjálfu sér hefur gildi eftir að við erum búin að setja skólakerfinu löggjöf með þeim hætti sem hér er verið að gera. Þess vegna tel ég að engin rök mæli með því að þau lög verði áfram í gildi. Ef menn vilja binda hendur Alþingis varðandi það að nám sé ókeypis á Íslandi þá á að gera það með því að setja það í stjórnarskrána því Alþingi getur á hverjum tíma, hvort sem þessi lög frá 1974 eru í gildi eða ekki, ákveðið að taka upp skólagjöld í einhverjum ríkisskólum því Alþingi breytir þá bara þessum almennu lögum. Þótt menn lýsi yfir eins og gert er í þessari grein, gefi slíkar hátíðlegar stefnuyfirlýsingar, þá bindur það ekki meiri hluta Alþingis á hverjum tíma og hann gæti þrátt fyrir það að þessi lög yrðu áfram í gildi ákveðið að taka upp skólagjöld. Ef menn vilja í raun og veru binda hendur löggjafans að þessu leyti þá eiga þeir að flytja tillögu um að þetta ákvæði verði sett í stjórnarskrá landsins. Þá er búið að veita þessu sjónarmiði það öryggi sem þarf til þess að löggjafinn sé ekki að ráðskast með þetta mál því hann getur það hvað sem líður lögunum frá 1974. Það er nú svo einfalt og ekki flóknara en svo að menn geta hér með einfaldri samþykkt við setningu nýrra laga tekið af skarið um þetta efni og þá ýtt þeirri löggjöf til hliðar.

Ef ég vík að einstökum atriðum sem fram hafa komið í ræðum manna fyrir utan það sem ég hef þegar gert þá verða menn að hafa það í huga að Háskóli Íslands var með ákveðin mótmæli sl. vor gegn IV. kafla frv. og það bæri að fella hann út. Háskólinn hefur fallið frá þessari kröfu. Sumarið leið og háskólinn hefur fallið frá þeirri kröfu að þessi kafli yrði felldur úr lögunum. Háskólinn hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu þeir meinbugir á frv. sem hann taldi sl. vor og þar að auki hefur nú með brtt. nefndarinnar verið komið til móts við ýmis gagnrýnisatriði sem fram hafa komið frá háskólanum. Það er því alrangt að halda því fram að háskólinn hafi verið kúgaður með einum eða öðrum hætti. Málið hefur verið skoðað og sá tími sem gafst í sumar til að athuga málið af hálfu háskólans hefur leitt til annarrar niðurstöðu en lá fyrir sl. vor. Það er einnig rangt að halda því fram að ég hafi óskað eftir því sérstaklega í vor að þetta frv. yrði knúið í gegn þá. Það kom aldrei fram í máli mínu. Það kom aldrei fram nein sérstök ósk um það. Hins vegar er þetta frv. og sérstaklega tímasetningar varðandi það brýnar vegna eindreginna óska um að lögin um Kennaraháskóla Íslands taki sem fyrst gildi og það markmið náist sem menn eru að setja sér þar.

Að því er varðar spurningar hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um hvort skólagjöld yrðu tekin upp við framhaldsnám í Háskóla Íslands þá verð ég að segja það sama og ég hef sagt áður að það verða ekki tekin upp nein skólagjöld í Háskóla Íslands nema Alþingi samþykki það og það komi fram tillaga hér sem nýtur meiri hluta á Alþingi. Háskóli Íslands getur því ekki ákveðið þetta upp á sitt eindæmi. Það verður að taka ákvarðanir um það í lögum, sérstökum lögum um Háskóla Íslands, og Alþingi verður að fallast á það.

Að því er reiknilíkan fyrir Háskóla Íslands varðar þá er það mál sem ég hef oft sagt að væri á lokastigi og vonandi er það að komast á lokastig í raun og veru því Háskóli Íslands hefur ekki enn og menn hafa ekki enn komist að þeirri lokaniðurstöðu sem þarf til þess að við getum sagt að það liggi endanlega fyrir. En ég hef jafnframt sagt að um leið og þetta reiknilíkan liggur fyrir og við höfum náð samkomulagi um alla þætti þess þá mundi ég beita mér fyrir því að á ákveðnu árabili yrði því marki náð að uppfylla kröfurnar samkvæmt líkaninu. Ég hef ekki heyrt annað en að forráðamenn Háskóla Íslands séu sama sinnis, að það beri að stefna að þessu á ákveðnu árabili og það sé mjög brýnt að koma þessu þannig fyrir að það sé á grundvelli samnings á milli ríkisvaldsins og háskólans. Sú löggjöf sem við erum að fjalla um núna er góður grunnur undir það hvernig menn mundu standa að slíkri samningsgerð og inntakið í reiknilíkaninu liggur mjög skýrt fyrir þótt lokahnykkurinn sé enn eftir.

Ég held að það sé nú of fast að orði kveðið hjá hv. þm. þegar hún sagði að Háskóli Íslands væri vegna fjárskorts að velta fyrir sér að verða sjálfseignarstofnun, nema þá að

hún telji að innan Háskóla Íslands séu svo háværar raddir um að skólinn geti orðið sjálfseignarstofnun í því skyni að hefja innheimtu á skólagjöldum að það knýi skólann á um að stíga það skref. En skóli sem sjálfseignarstofnun á borð við Háskóla Íslands yrði náttúrlega að meginhluta háður samningum við ríkisvaldið um fjárveitingar og ég hef ekki heyrt neitt í þeim viðræðum sem ég hef átt við forráðamenn Háskóla Íslands að þeir væru að velta fyrir sér að stíga það skref að breyta honum í sjálfseignarstofnun. Þetta var uppi á teningnum fyrir fáeinum missirum en ég hef ekki orðið var við að það sé á döfinni núna. Þvert á móti finnst mér að menn bindi miklar vonir við þetta frv., að það verði að lögum, og síðan verði unnt að breyta háskólalögunum og gera samning við ríkið á grundvelli reiknilíkansins og skapa þannig alveg nýjar forsendur í starfi Háskóla Íslands.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi sérstaklega lögin um skólakerfið. Ég held að ég hafi sagt um það mál það sem ég þarf í raun og veru að segja. Um fullorðinsfræðsluna vil ég láta þess getið að það er rétt hjá hv. þm., herra forseti, að fullorðinsfræðsla er lögum samkvæmt ekki rekin á kostnað ríkisins. Hið almenna starf í framhaldsskólunum er alfarið kostað af ríkinu. Að því er öldungadeildarnám varðar þá greiða þeir sem stunda það allt að einum þriðja af kennslukostnaði. En að því er fullorðinsfræðsluna varðar þá eru ekki heimildir fyrir því að ríkisvaldið beri þann kostnað. Hins vegar hef ég lagt mikla áherslu á að framhaldsskólarnir veiti þessa þjónustu og komi að þessu starfi eins og sést af skipulagsskránni um miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem var undirrituð á fimmtudaginn var og menntmrn. kemur óbeint að. En þar kom einnig fram þegar þessi undirritun fór fram að það er ekki aðeins starfsmenntasjóðurinn sem hv. þm. nefndi heldur einnig sjóðir á vegum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sem eru fyrir hendi til þess að standa straum af kostnaði vegna endurmenntunar og fullorðinsfræðslu þeirra sem í verkalýðsfélögunum starfa. Hér er því um mikilsvert mál að ræða. Ég tek undir það með hv. þm. og ég vil minna á það að á vegum menntmrn. er nú starfandi nefnd um mótun stefnu að því er varðar símenntun, endurmenntun og fullorðinsfræðslu og það er e.tv. fimmta skólastigið, ef þannig má að orði komast, sem við þurfum að sinna fyrir utan þessi hefðbundnu fjögur skólastig sem við höfum fjallað um. Ég vænti þess að á þessum vetri geti ég kynnt tillögur um það hvernig unnt verði að taka skipulegar á fullorðinsfræðslu, endurmenntun og símenntun hér á landi.

[23:42]

**Útbýting þingskjala:**

Fjáraukalög 1997, 55. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 558; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 559.

[23:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni viðbrögð ráðherrans við umfjöllun okkar um 19. gr. og hvað við lesum úr henni. Hann heldur því fram að þetta lúti að öðrum tekjum háskólans, sem hafi um 1 milljarð á fjárlögum en yfir 3 þegar aðrar tekjur eru komnar til og þetta sé meginatriði.

Ég vek athygli á því hvað segir í umsögn um 19. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta, þegar búið er að fjalla um samninginn sem skólinn getur gert:

„Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að í sérreglum hvers skóla verði kveðið á um hvernig gjaldtöku af nemendum sé háttað. Reglur um gjaldtöku geta verið mismunandi eftir skólum en miklu skiptir að þær séu skýrar þannig að nemendum sé ljóst að hverju þeir ganga í þessum efnum. Einnig er gert ráð fyrir að í sérlög hvers skóla verði sett fyrirmæli um gjaldtöku fyrir þjónustu og „reglur um öflun sértekna"."

Fjögur orð!

[23:44]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ýmislegt af því sem hæstv. ráðherra gat um áðan er þess eðlis að rétt væri að setja á ræðu en við eigum nú eftir að ræða hér annað mál í kvöld og hægt verður að koma að ýmsum efnisatriðum þá. Ráðherra gat um hinn nýja verslunarháskóla í ræðu sinni. Ég tók eftir því í fréttaflutningi að skólastjóri þess skóla sagði, og það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherranum, að sá samningur sem hann gerði mundi gilda þar til nýr samningur tæki gildi á grundvelli rammalöggjafar.

En ég tók eftir því að skólastjóri þess skóla reiknaði með því að sá samningur tæki gildi, þá mundu greiðslur hækka, hækka frá þeim 300 þús. kr. tæpum fyrir nemanda sem nú eru í gildi. Ráðherrann virtist hins vegar hafa mestan áhuga á því hver viðbrögð Háskóla Íslands yrðu við þessari samkeppni. Mér finnst það líka áhugavert, sérstaklega í ljósi þess að hagfræði- og viðskiptadeild Háskóla Íslands fær einungis 120 þús. kr. á ári fyrir hvern nemanda á móti þessum 300 þús. kr. sem verslunarháskólinn fær og reiknað með meiru. Því vil ég spyrja ráðherrann: Reiknar hann með til þess að laga samkeppnisstöðu Háskóla Íslands að hækka fjárhæð á hvern nemanda í viðskiptadeildinni eða reiknar hann með því að þetta sé sanngjarn samkeppnisgrundvöllur?

[23:46]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar greiðslur til einstakra deilda í Háskóla Íslands þá mun það ráðast af reiknilíkaninu hvernig fjármunir háskólans skiptast á milli deilda. Eitt af þeim atriðum sem m.a. hafa valdið vandkvæðum innan háskólans við að ná niðurstöðu um reiknilíkanið er tilfærsla á fjármunum á milli einstakra deilda. En reiknilíkanið sem verið er að fjalla um núna og hefur verið í mótun innan háskólans mun ráða því hvernig fjárstreymi er háttað til einstakra deilda.

[23:46]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að þessar 300 þús. kr. og það sem kemur til viðbótar að mati skólastjóra sé útreiknað, útpælt skulum við segja, og því megi þessi deild Háskóla Íslands samkvæmt reiknilíkani reikna með allnokkru hærri upphæðum en hún hefur fengið til þessa. Svo kann að vera um fleira og þá væri fróðlegt að fá að vita, af því að hæstv. ráðherra vísar í reiknilíkanið, hvort menn hafa gert sér í hugarlund hversu miklar hækkanir verða á framlögum til Háskóla Íslands þegar reiknilíkanið góða fer að reikna skólunum þá peninga sem þeir fá til ráðstöfunar.

[23:47]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það liggja fyrir hugmyndir um það hvað reiknilíkanið mundi leiða til meiri ríkisútgjalda. Eins og ég hef sagt þá tel ég að það beri að stefna að því að ná því

markmiði á samningsbundnum tíma á milli háskólans og ríkisvaldsins.

[23:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka þann skilning minn á orðum ráðherrans að hann sé sammála túlkun í meirihlutaáliti menntmn. að þarna sé fyrst og fremst verið að ræða um skráningargjöld. Það sé það sem þetta frv. heimili. En mér finnst hann ekki viðurkenna að jafnframt með 26. gr. frv. er verið að taka í burt ákveðnar hindranir. Það er alveg ljóst að ef 26. gr. væri felld brott þá þyrftu háskólarnir ekki að hugleiða það að setja á skólagjöld í sinni sérlöggjöf. En af því að lög um skólakerfi eru felld brott þá þarf hver háskóli að fara í gegnum þá umræðu þó að vissulega sé það rétt að endanlega verður ákvörðunin útkljáð á Alþingi, þ.e. hvort einstökum háskólum er heimilt að setja á skólagjöld.

Ég vil einnig þakka fyrir skýr svör ráðherra um reiknilíkanið

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. ráðherra.)

og vona að það boði gott. (Forseti hringir.) Varðandi sjálfseignarstofnunina þá fer það að sjálfsögðu eftir því hvernig tekst til með sérlöggjöfina um háskólann. En miðað við þá ofstjórnaráráttu sem er í frv. þá (Forseti hringir.) er ég hrædd um að hún verði ekki nógu góð.

[23:49]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að afnám laganna frá 1974 kalli ekki á það að háskólar fari að skoða það hvort nauðsynlegt sé fyrir þá að taka upp skólagjöld. Ég held að það sé röng túlkun á þessu ákvæði í 26. gr. frv. að það kalli eitthvað á það sérstaklega að háskólar fari að velta því fyrir sér hvort það þurfi að taka upp skólagjöld.

[23:50]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú beðið um orðið hér á eftir en það er eitt atriði sem ég þyrfti að fá skýrt í þessu nú í andsvari og það er: Hvar og hvenær afturkallaði háskólinn óskir sínar um að taka IV. kaflann út úr frv. eins og hæstv. menntmrh. fullyrti áðan að háskólinn hefði gert? Hvar og hvenær gerðist það?

[23:50]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef átt viðræður við háskólann í allt sumar um þetta mál. Ég sendi háskólaráði bréf, sem ég er nú ekki með með mér hér, þar sem ég skýrði afstöðu mína til ákveðinna atriða sem til umfjöllunar voru og það er alveg ljóst að háskólinn er ekki lengur með þá kröfu að IV. kafli verði afnuminn úr frv.

[23:51]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður kom háskólinn þessu ekki á framfæri við menntmn. Alþingis. Þvert á móti var lagt fram erindi til menntmn. sem er dags. 20. nóvember sl. og ber yfirskriftina „Um rammalög, yfirlit breytingartillagna HÍ". Þar segir, með leyfi forseta:

„Efnislega hefur Háskóli Íslands ekki breytt neinu í afstöðu sinni, samanber greinargerð til menntmn. Alþingis 5. maí sl."

„Ekki neinu." Það er því ljóst að háskólinn hefur ekki afturkallað þessa ósk um að IV. kaflinn verði felldur niður.

[23:51]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það liggi alveg ljóst fyrir að háskólinn hefur núna t.d. túlkað það ákvæði sem vitnað var til í 11. gr. laganna um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði til og benti á að þar sé um ákvæði að ræða sem byrjar á orðinu „nema", þ.e. háskólinn hefur túlkað það á þann veg að hann geti framkvæmt þær breytingar sem hann telur að hann vilji gjarnan gera varðandi yfirstjórn háskólans á grundvelli rammalöggjafarinnar og IV. kaflans í lögunum.

[23:52]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það voru nokkur efnisatriði í ræðu hæstv. menntmrh. sem mér finnst nauðsynlegt að fara aðeins betur yfir þó að það sé orðið dálítið áliðið kvölds. En það er svo sem ástæðulaust að hrökkva neitt undan því þó að tíminn líði því að við þurfum að ræða þetta mál vandlega.

Mér fannst þó nokkuð mikilvæg grundvallaratriði koma fram í ræðu hæstv. menntmrh. sem ég er kominn hér til að mótmæla og segja honum að ég er í grundvallaratriðum ósammála honum pólitískt um hans nálgun í þeim málum. Það fyrsta snertir þessa atvinnulífsfulltrúa. Þar var þeirri skoðun hreyft af mér og reyndar mjög mörgum öðrum, t.d. af háskólunum ýmsum, t.d. Kennaraháskólanum að eðlilegt væri að taka það fram að þessir fulltrúar utan frá ættu að vera tilnefndir úr þeim hópum eða úr þeim greinum sem tengdust starfssviði viðkomandi skóla á einn eða annan hátt.

Vissulega er með þessum hætti verið að takmarka nokkuð vald ráðherra frá því sem ella væri. En auðvitað er það svo að vald ráðherra er á margvíslegan hátt í lögum og reglum takmarkað og þannig er nú einu sinni lýðræðið og þingræðið í þessu landi. Hlutverk þess er m.a. að setja ráðherrum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins eða meðferðaraðilum þess, skýr valdmörk. Þess vegna er það alveg ótrúleg nálgun hjá hæstv. menntmrh. að segja að hann vilji fyrst og fremst standa vörð um rétt stjórnmálamanna til þess að tilnefna menn í háskólaráð eða aðrar slíkar stofnanir. Og hæstv. ráðherra nefndi reyndar líka meiri hlutann í skólanefndum framhaldsskólanna, en það var eitt af afrekum á síðasta vetri að afnema það að skólanefndir framhaldsskólanna yrðu skipaðar eins og var áður. Nú er búið að henda þar út tilteknum fulltrúum bæði nemenda og kennara miðað við það sem áður var um skeið og í staðinn ræður ráðherra þessu.

Ég held að við séum komin þarna að kjarna málsins. Spurningin er hins vegar hvort miðflokkarnir eins og Framsfl. sem veitir ráðherranum stuðning ... (**Gripið fram í:** Er ekki bara einn miðflokkur?) Nei, hvort miðflokkar eins og Framsfl. sem veita ráðherranum stuðning gera sér grein fyrir því að það er þarna sem línan á milli hægri og vinstri liggur í stjórnmálum, bæði hér og annars staðar, og þarna liggur skurðpunkturinn að því er varðar mismunandi viðhorf til lýðræðis. Við erum þeirrar skoðunar, vinstri menn eru þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að takmarka völd ráðherra að því er þessa hluti varðar. Við erum þeirrar skoðunar og vinstri menn eru yfirleitt þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt t.d. að því er varðar þessa svokölluðu atvinnulífsfulltrúa að það sé tiltekið að ráðherra sé ætlað að takmarka eða tilnefna þá úr ákveðnum hópi eða skipa þá úr ákveðnum hópi sem tilnefndur er af einhverjum þar til bærum tilgreindum aðila. Þess vegna er satt að segja alveg ótrúlegt að fá það upp hér

í kringum miðnætti í umræðum um háskólafrv. að það er valdahugmyndafræði hæstv. menntmrh., það er þessi þrönga hægri sinnaða valdahugmyndafræði menntmrh. sem gægist hérna fram úr ræðustólnum klukkan að verða tólf eftir mjög langan fundardag. Það er alveg ótrúlegt. En það er þakkarvert að hæstv. ráðherra skuli láta í það skína að þetta er snúningspunkturinn í pólitískri afstöðu, þ.e. valdið og hvernig með það skuli fara. Þessu vil ég sérstaklega mótmæla, herra forseti, vegna þess að þetta stríðir gegn mínum pólitísku grundvallarsjónarmiðum.

Í öðru lagi vil ég svo fara yfir annan þátt í hans máli sem eru skólagjöldin. Tortryggnin hér er eðlileg. Hún helgast af ummælum ráðherrans. Hæstv. ráðherra hefur aftur og aftur á undanförnum missirum hagað orðum sínum þannig að ekki er hægt að skilja hann öðruvísi en svo að hann vilji leggja á skólagjöld og hann telji að það sé betra fyrir viðkomandi skóla og nemendur og menntakerfið í heild að skólagjöld séu lögð á.

Ástæðan fyrir þessari tortryggni er sem sagt í fyrsta lagi ummæli ráðherrans og viðhorf aftur og aftur, en í öðru lagi er ástæðan fyrir þessari tortryggni sú að það er viðurkennt af honum og talsmönnum meiri hluta menntmn. að 19. gr., eins og hún lítur út núna sé hlutlaus gagnvart skólagjöldum, hún taki ekki afstöðu í því máli til eða frá og mjög margir þingmenn meiri hlutans sem ég hef talað við utan þessa ræðustóls líta þannig á að greinin sé þarna hlutlaus og sé ekki að taka af skarið um eitt eða neitt í þeim efnum.

Þriðja ástæðan fyrir tortryggninni er sú að málsgreinin sem hér er um að ræða er notuð sem rök fyrir skólagjöldum í einkaskólum. Þessi sama málsgrein er notuð sem rök fyrir skólagjöldum í einkaskólum og hví skyldi hún þá ekki geta verið notuð sem rök fyrir skólagjöldum í ríkisskólum líka þrátt fyrir það sem menn kunna að hafa sagt um málið í ræðum eða nefndarálitum? Ég tel því að þetta sem ég hef hér nefnt ásamt afnámi skólakerfislaganna beri allt að sama brunni, sem sé þeim að verið sé að opna hér fyrir skólagjöld ef óprúttin stjórnvöld af einhverju tagi vilja framkvæma hlutina þannig.

Hæstv. menntmrh. sagði hins vegar í ræðu sinni áðan sem er ástæða til þess að þýfga hann aðeins nánar um: „Ef það verða sett skólagjöld, ef það verður tekin ákvörðun um skólagjöld í einhverjum skóla, þá verður Alþingi að taka ákvörðun um það.“ Ég spyr hann þá hvort hann er með þessu að segja að ef það á að leggja á skólagjöld, segjum t.d. í Tækniskólanum umfram það sem þar hefur verið gert til þessa, hvort þá þurfi sérstök pósitíf lagaákvæði um það. Ef það er skoðun ráðherrans þá þarf að setja það inn í lögin, þessi líka, vegna þess að hér stendur í þessu frv.: „Í sérlögum,“ — allt í lagi með það — „samþykktum eða skipulagsskrám“. Ef þarna stæði bara „í sérlögum“, þá dygði það. En af því að samþykktir og skipulagsskrár hvers háskóla eru teknar þarna inn þá tel ég að það sé ekki fullnægjandi að ganga svona frá þessu máli og þess vegna eigi ráðherrann, ef hann vill koma því á hreint sem hann er að reyna að segja hér, ef hann meinar það sem hann er að reyna að segja hér núna, þá ætti að orða þetta öðruvísi og taka algerlega af skarið um það að ef það á að leggja á skólagjöld í einstökum skólum, þá þurfi að taka það fram í sérlögum um viðkomandi skóla.

Ég teldi algjörlega fráleitt og ófullnægjandi miðað við hans eigin orð að ganga öðruvísi frá þessu.

Ég geri síðan ekki mikið með þessa ótrúlegu lögskýringu ráðherrans. Hún var nokkurn veginn þannig, herra forseti, að þar sem stjórnarandstaðan er á móti skólagjöldum og hefur nefnt þau hérna í ræðustólnum, að þá séu verulega líkur á því að andstaða stjórnarandstöðunnar verði til þess að skólagjöld verði lögð á. Þetta er mjög frumleg aðferð til þess að reyna að hafa áhrif á það að stjórnarandstaðan þegi vegna þess að ef hún gagnrýnir eitthvað þá sé hún í raun og veru að halda því fram að það sem hún er að gagnrýna verði þar með lögskýringargagn, af því hún gagnrýni það. Þessi uppsetning ráðherrans (Gripið fram í.) og útúrsnúningur á hlutverki stjórnarandstöðu er afskaplega hættuleg vegna þess að ég held, hvað sem menn segja um stjórnarandstöðu á hverjum tíma, að menn verði þó að viðurkenna að hún hefur væntanlega einhverja þýðingu þó ég taki eftir því að hún fer í taugarnar á hæstv. núv. menntmrh. þegar hann reynir að snúa út úr orðum okkar, og mínum m.a., eins og hann gerði hér áðan, þ.e. af því að ég er á móti skólagjöldum að þá sé ég í raun og veru að leggja til þann lögskýringargrunn að það megi leggja á skólagjöld. (**Menntmrh.:** Túlka það ...) Ótrúlegt! Og svo kallar hann fram í aftur og aftur: „Túlka það þannig, túlka það þannig.“

Hér er því um svo ótrúlega ómerkilega tilraun ráðherra að ræða til þess að koma höggi á stjórnarandstæðing að ég man varla eftir öðru eins. Ég vísa þessu algjörlega á bug sem fullkomlega óheiðarlegum málflutningi af hæstv. menntmrh.

Varðandi síðan önnur atriði, herra forseti, sem hér hafa komið fram í ræðu hæstv. ráðherra, þá ætla ég að víkja að því sem hann sagði um gildistökugreinina. Ég var ekki sáttur við það. Hér stendur með leyfi forseta:

„Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum.“

Og hann sagði: „Þetta er í raun og veru tveggja ára gildistökuákvæði, sambærilegt við tíu ára gildistökuákvæðið í grunnskólalögunum eins og þau voru.“ (**Menntmrh.:** Nei.) Hann nefndi að ákveðin lög hefðu verið látin taka gildi á tíu árum og ég skildi hann þannig að hann væri að tala um grunnskólalögin, en þannig var það í þeim. (**Menntmrh.:** Ég var að tala um lögin frá 1974 um skólakerfi.) Já, um skólakerfi. (**Menntmrh.:** Það er rammalöggjöf.) Já, það er rammalöggjöf, en grunnskólalögin voru (**Menntmrh.:** Ég var ekki að tala um grunnskólalögin.) með gildistökuákvæði á tíu árum og munurinn á því ákvæði — svo ég haldi mig við það — og þessu var hver? Hann var sá að í grunnskólalögunum var það tiltekið ár fyrir ár hvað ætti að gerast. Í þessu frv. er ekki um það að ræða. Það er gert ráð fyrir því að á tveimur árum aðlagi skólarnir starfsemi sína að þessum ramma hér, á tveimur árum eins og þetta er sett upp, en það þýðir ekki það að sérlögin um viðkomandi skóla falli úr gildi eftir tvö ár. Það þýðir ekki það. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það er réttur skilningur hjá mér að þau haldi gildi sínu. (**Menntmrh.:** Að sjálfsögðu.) Af hverju spyr ég um þetta? Það er vegna þess að hæstv. ráðherra orðaði það svo hér í ræðu sinni áðan að ef nauðsyn krefði þá mundi Alþingi sjálfsagt verða tilbúið til að framlengja frestinn. En ef lögin standa og ef ekkert hefur verið gert með þetta ákvæði þá þarf út af fyrir sig ekki að framlengja frestinn. Það er alveg ljóst að sérlögin um viðkomandi skóla gilda. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Þetta er mikilvægt atriði fyrir Háskóla Íslands, þetta er mikilvægt atriði fyrir Tækniskólann, svo ég nefni dæmi og fleiri skóla, þ.e. að það sé algjörlega skýrt að þau lög sem nú eru í gildi þau halda gildi sínu að öllu þangað til Alþingi hefur sett önnur lög. Það er algjört úrslitamál að

það sé skýrt og mér finnst mikilvægt að það er núna loksins komið fram. Ég vil hins vegar segja alveg eins og er að ég kann ekki að meta orðalag á síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða eins og það lítur út og mundi vilja breyta því vegna þess að hér er ónákvæm uppsetning. Það er auðvitað ríkisstjórnin sem á að gera tillögur um breytingar á löggjöf. En það er ekki hægt að setja í löggjöf: „Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf ...“ Því þar með er verið að skipa Alþingi fyrir og það er ekki hægt að skipa Alþingi fyrir nema í stjórnarskránni. Þetta er klúðursorðalag hvað sem öllu öðru líður.

Ég tel að það sé einnig mikilvægt sem hér hefur komið fram, að þessi verslunarháskóli er settur á stofn á grundvelli fjárreiðulaganna og ég tel að það sé líka mikilvægt að gögnin um hann verði tekin til athugunar í hv. menntmn. vegna þess að nauðsynlegt er að skoða þau með hliðsjón af því frv. að löggjöf sem hér liggur fyrir. Ég vil bæta því við að ég tel að því er varðar skólagjöldin, og aðeins koma að því aftur, að skýringar ráðherrans séu ófullnægjandi, t.d. að það þurfi að vera þetta orðalag: „... út af mögulegum sértekjum fyrir endurmenntun.“ Það átti bara að skrifa það inn í textann. Það er greinilegt að verið er að reyna að setja miklu fleiri atriði inn í þessa texta en í rauninni er hægt. Það er verið að fara hér yfir mun víðara svið en hægt er að orða í svona almennum texta. Þess vegna hallast ég að því að sú aðferð sem er í norsku háskólalögunum sem ég hljóp aðeins yfir fyrr í kvöld sé miklu skynsamlegri, þ.e. að reyna að fara yfir þessa hluti nákvæmar eftir skólum en hér er gert. Þess vegna dugir mér ekki að ástæðan fyrir orðalaginu sé sú að opna þurfi fyrir sértekjutöku vegna endurmenntunar. Mér finnst að það hefði átt að skrifa þetta öðruvísi. En auðvitað erum við ekki spurð að þessu. Það er ekki venjan hér í þessari stofnun, sérstaklega ekki eftir að Sjálfstfl. fór að ráða eins miklu og hann gerir í dag og er svo bólginn af sigrum í skoðanakönnunum að hann telur sig nú ekki þurfa að hlusta mikið á okkur hér þessa stjórnarandstæðinga, enda gerir hann það ekki. Þeir eru aldrei kallaðir til, ekki til samráðs á undirbúningsstigi og helst ekki í þinginu heldur. Út af fyrir sig er því kannski algjörlega þarflaust að vera að halda hér nokkrar ræður vegna þess að það er ekki hlustað mikið á þær satt best að segja. En það er engu að síður skylda okkar að reyna það og því held ég áfram.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um að ekki hefði verið reynt að knýja frv. fram sl. vor, þá veit ég að það var reynt. Það var ekki ráðherranum að þakka heldur stjórnarandstöðunni að tókst að stöðva það að þetta frv. yrði að lögum í vor í blóra og andstöðu við alla háskólana í landinu sem báðu sér griða og báðust undan því að þetta mál yrði afgreitt eins og það lá fyrir. Það átti að knýja það hér í gegn.

Þessi atriði vildi ég nefna, herra forseti, fyrst og fremst til að undirstrika að ég er í grundvallaratriðum ósammála hæstv. menntmrh. um að tilgangur stjórnmálamanna sé sá að verja sín eigin völd. Ég hef ekki þá skoðun að það sé okkar meginverkefni. Ég tel að það sé reyndar þvert á móti höfuðverkefni stjórnmálamanna að reyna að fara vel með það vald sem þeim er falið með þjóðinni en ekki yfir henni eins og mér finnst vera gríðarleg tilhneiging til að gera í þessu frv. og hefur ekki verið hrakið í þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Um fundarstjórn.*

Framhald þingfundar.

[00:09]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Nú er orðið meira en kvöldsett því að byrjaður er nýr dagur og greinilegt er að mönnum liggur meira á hjarta en forseti hugði þegar hann setti á dagskrá þessa dags og þessa þingfundar. Þó að nú sé komin síðasta vika fyrir jól þá erum við enn þá að nefndarstörfum. Það er ekki enn búið að ljúka umfjöllun mála í nefndum sem stjórnarmeirihlutinn hyggst freista að gera að lögum fyrir þessi jól. Því er það svo að mörg okkar voru á nefndarfundum snemma í morgun og eiga aftur að mæta á nefndarfundum í fyrramálið. Það er kannski öðruvísi staða en oft áður þegar við höfum verið búin að ljúka nefndarstarfi nokkrum dögum fyrir jól og það hafa þá bara verið þingfundirnir sem við einbeinum okkur að.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að nokkuð er eftir af dagskrá þessa fundar og spyr því forseta hvort hann hyggist halda áfram öllu lengur með þennan fund.

[00:10]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það er allt rétt sem hv. þm. segir. Það er ekki bara orðið kvöldsett heldur komið fram yfir miðnætti og sjálfsagt eru einhver nefndarstörf ónunnin. Það er líka rétt að umræðan um dagskrármálin í dag hefur dregist lengur en við ætluðum þegar við ræddumst við fyrr í dag. En forseti hyggst halda fundi áfram og bendir á það sem hv. þingflokksformanni og öðrum er kunnugt að mjög margt er eftir að afgreiða og fáir dagar eru til stefnu því að við förum vart fram yfir helgina með þingstörfin. Þeim verður að ljúka á laugardag. Það er erfiður dagur á morgun þannig að forseti sér ekki að við séum neitt bættari með að fresta málum til morguns eða til síðari tíma og væntir samstarfs um að við komumst lengra með dagskrána.

[00:11]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. forseti vilji halda dagskránni áfram með hliðsjón af því að við þurfum að ljúka hér fyrir helgi. Hitt er ljóst að það er vel hægt að ljúka hér fyrir helgi án þess að halda áfram langt inn í nóttina. Ég vil því stinga upp á því að menn könnuðu hvort ekki væri hægt að ræða málin aðeins í framhaldi af ábendingum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, bæði um það að ljúka þessu núna á skaplegum tíma og líka það að þoka þeim málum áleiðis sem á að taka fyrir á eftir samkvæmt óbreyttri dagskrá. Spurningin er með öðrum orðum sú hvort menn geti ekki sest niður og rætt málin smástund og reynt að komast að samkomulagi um meðferð mála núna á eftir.

[Fundarhlé. — 00:12]

## *Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 167, nál. 453, brtt. 454.

[00:21]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Frv. er lagt fram til þess að sameina starfsemi Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla

Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina háskólastofnun og er því ætlað að vera til fyllingar rammalöggjöf um háskóla. Hugmyndir um aukið samstarf eða sameiningu þessara menntastofnana hafa verið að mótast á undanförnum árum og hefur sameiningin verið talin efla faglegt umhverfi þessarar menntunar og bæta nýtingu kennslukrafts, húsnæðis og annars búnaðar. Má í þessu sambandi nefna að menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunnmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám. Með sameiningunni færist menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða til betri og markvissari starfsmenntunar en ella. Þá má gera ráð fyrir auknum rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs og á því er full þörf.

Hinum nýja Kennaraháskóla Íslands og stjórn hans verður fengið sjálfdæmi um flest innan þeirra marka sem frumvarp þetta og frumvarp til laga um háskóla setja. Það felur m.a. í sér að 1. gr. frumvarpsins er almennt orðuð, skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar, rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora. Gert er ráð fyrir að ráðið verði í þau störf sem talin er þörf á og falla innan þess fjárhagsramma sem Kennaraháskólinn starfar eftir en ekki eru í frumvarpinu tilgreind einstök störf og starfsheiti *innan stjórnsýslu hans. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli* um námið verði sett í reglugerð og lengd þess ákvörðuð í námskrá og verður þá miðað við skilgreindar þarfir með hliðsjón af því námi sem er í boði.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um túlkun ákvæðis 4. gr. frumvarpsins um skrásetningargjald. Menntamálanefnd er sammála um að eingöngu sé heimilt að miða skrásetningargjald við kostnað af innritun, kennsluefni og pappírsvörum sem skólinn lætur nemendum í té. Þetta þýðir í raun að skrásetningargjaldið getur verið lægra en tilgreind hámarksupphæð í frumvarpinu segir til um.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstar þeirra eru:

Í fyrsta lagi: Lögð er til breyting á heiti stofnunarinnar í heiti laganna í fyrirsögn og annars staðar þar sem skólinn er nafngreindur í frumvarpinu. Nefndin leggur til að nafn skólans verði Kennaraháskóli Íslands í stað þess að hann nefnist Kennara- og uppeldisháskóli Íslands.

Lagt er til að við síðari málslið 1. mgr. 1. gr. bætist orðið „þjálfunar" við í upptalningu þeirra sviða sem háskólinn veitir nemendum sínum menntun til að gegna störfum á, en orðið þjálfun er lýsandi bæði fyrir starfssvið þroskaþjálfa og íþróttakennara.

Í öðru lagi eru lagðar eru til eftirgreindar breytingar á ákvæði til bráðabirgða:

Í a-lið er fjallað um réttarstöðu nemenda, sem nú stunda nám við skólana, við sameiningu Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands og er lagt til að við ákvæðið bætist að háskólaráði sé heimilt að ákveða að þeir nemendur, sem við gildistöku laganna stunda nám í þeim skólum sem sameinast og munu ljúka námi áður en lög þessi koma til fullra framkvæmda, geti lokið háskólaprófgráðu.

Í b-lið er kveðið á um réttarstöðu kennara sem nú starfa við skólana og er lagt til að bætt verði við ákvæði þess efnis að starfandi skólastjórar Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands við gildistöku laganna eigi rétt til starfa hjá Kennaraháskóla Íslands samkvæmt c- og d-lið ákvæðisins.

Í e-lið er síðan frestur til að leggja niður störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, lengdur um tvö ár, til 31. júlí 2001 í stað 31. júlí 1999.

Menntmn. er einróma í áliti sínu en hv. þm. stjórnarandstöðunnar, Svavar Gestsson, Guðný Guðbjörnsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir nál. með fyrirvara.

Herra forseti. Það hefur verið góð eining um þetta mikilvæga frv. í menntmn. Það er enginn vafi á því að sameining þessara fjögurra skóla styrkir stoðir þeirrar menntunar sem hinum nýja Kennaraháskóla er ætlað að sinna. Skólarnir hafa beðið eftir því að áform um sameiningu þeirra yrðu að veruleika og sumir þeirra hafa fyrir löngu hafið undirbúning að aðlögun innan hins nýja Kennaraháskóla bæði hvað snertir nám og kennslu og einnig eru kennarar sem þess þurfa nú óðum að afla sér viðbótarmenntunar til að vera gjaldgengir til kennslustarfa hjá hinni nýju stofnun.

Síðast en ekki síst vil ég nefna rannsóknir og þróunarstarf á sviði uppeldis- og skólamála. Nýr og öflugri Kennaraháskóli er færari um að sinna rannsóknum hér eftir en hingað til. Fullljóst er að þörf er á að sinna þeim þætti miklu betur en gert hefur verið til þessa. Skólar leita í auknum mæli til vísindamanna með undirbúning þróunarverkefna og mat á árangri umbótastarfs. Hluti af slíkum undirbúningi er kerfisbundin upplýsingaöflun. Mikilvægt er að halda til haga, vinna úr og setja fram upplýsingar um skólastarfið skipulega og kerfisbundið. Sem dæmi má nefna upplýsingar *um námsval og námsferil nemenda, athuganir á brottfalli* úr skóla, kennslu- og stjórnunarhætti og ýmis atriði sem tengjast aðstöðu kennara, kennslutækjum og kennslugögnum. Slík upplýsingaöflun er einnig nauðsynleg forsenda farsælla langtímaáætlana í skólamálum. Þess vegna ber að efla skólarannsóknir þar sem þær eru ein af mikilvægustu forsendum framfara í skólamálum.

[00:28]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, hefur verið ágæt samstaða um það lagafrv. sem hér liggur fyrir og má segja að með þeim brtt. sem samkomulag náðist um hafi orðið enn þá betri samstaða um málið. Ég held að með þeirri niðurstöðu sem nefndin komst að eftir að hafa kynnt sér nokkuð sjónarmið þeirra sem hagsmuna áttu að gæta og varðaði nafn skólans, hafi mörg okkar talið að nokkrum áfanga væri náð því að það skiptir máli að þessi nýi skóli heiti nafni sem er bæði þjált og ekki er þá síður hitt mikilvægt að það er þekkt og þekkt af góðu.

Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og vil gera nokkra grein fyrir honum. Minn fyrirvari beinist fyrst og fremst að 5. gr., þ.e. því að þar erum við með dæmi um sérlög byggð á rammalöggjöf og sjáum þá hvernig hún er útfærð hvað varðar fulltrúa þá sem menntmrh. skipar. Í þessum sérlögum er ekki um neina tilnefningu að ræða eða neitt þess háttar heldur eru þessir fulltrúar skipaðir af menntmrh. til tveggja *ára í senn og enginn fyrirvari á því.*

Um þetta, herra forseti, snerist fyrirvari minn fyrst og fremst og áðan þegar hæstv. ráðherra flutti ræðu sína, þá fannst mér útúrsnúningar hans á því máli manna sem hafði verið hér fyrr í kvöld vera þess eðlis að það yrði að svara honum vegna þess að ég var ekki einu sinni viss um að við værum að tala um sama hlutinn. Það er svo að ráðherra skipar ekki í dag fulltrúa í háskólaráð. Það er hins vegar vilji meiri hluta nefndarinnar og hæstv. ráðherra að svo verði héðan í frá, þ.e. það er vilji þessara aðila að pólitísk afskipti verði aukin í háskólum. Um það snýst þetta mál. Það snýst ekki um það að stjórnmálamenn séu að veigra sér við eða koma sér undan einhverju. Það snýst þvert á móti um það að minni hluti nefndarinnar er á móti þeim auknu pólitísku afskiptum af háskólum sem um er að ræða í þessum frv. og við teljum að ógni sjálfstæði þeirra, sjálfstæði sem er mikilvægt gagnvart hinu stjórnmálalega valdi eða valdhöfum hverju sinni. Mér þótti því, herra forseti, ræða hæstv. ráðherra byggjast um of á útúrsnúningum sem í sjálfu sér voru óþarfir vegna þess að ég taldi að við hefðum sett okkar mál það skýrt fram að þess hefði ekki þurft. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að hæstv. ráðherra vill auka þessi pólitísku áhrif á meðan við erum á móti því að þau verði aukin. Málið er ekki öllu flóknara.

Það er annað, herra forseti, sem ég tel vegna ræðu hæstv. ráðherra að ég verði að drepa á þó að ég hefði að öðru leyti getað látið máli mínu lokið nú og það er hvernig hann vék að 4. gr. kennaraháskólafrv. þar sem fjallað er um skrásetningargjaldið eða öllu heldur hvernig hann vék að brtt. minni hlutans við háskólafrv. og sneri að skrásetningargjöldum. Þar jafnaði hann saman því ákvæði sem snerist um skrásetningargjöld sem væru innheimt fyrir skilgreinda þjónustu sem er talin upp og síðan sett hámark á, við þá lagabreytingu sem var gerð á lögunum um Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands í fyrra. Það er hins vegar hvorki rétt né sanngjarnt að jafna því saman einfaldlega vegna þess að sú lagagrein sem þar um ræðir er allt öðruvísi. 15. gr. laganna um Háskólann á Akureyri — en hún er samhljóða þeirri breytingu sem gerð var á lögunum um Háskóla Íslands — er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert."

Síðan er farið yfir það hvað háskólanefnd hafi heimild til að ráðstafa miklu til Félagsstofnunar stúdenta o.s.fv. En sú skilgreining sem er lögð til grundvallar í frv. um Kennaraháskóla og hv. menntmn. hefur orðið sammála um skilning á er allt annars eðlis vegna þess, eins og kom fram í máli hv. framsögumanns, að menntmn. er sammála um að eingöngu sé heimilt að miða skrásetningargjald við kostnað af innritun, kennsluefni og pappírsvörum og tekur fram að þetta þýði í raun að skrásetningargjaldið geti verði lægra en tilgreind hámarksupphæð í frv. Hér er verið að fjalla um tiltekna hámarksupphæð en ekki eina upphæð sem innheimt er hvað sem líður þeirri þjónustu sem skilgreind er eða ekki skilgreind. Mér fannst því satt að segja að þarna væri einnig um útúrsnúning að ræða sem var fullkomlega óþarfur og ég sé mig nauðbeygða til að svara á þennan hátt vegna þess að ég held að það sé umræðunni um skólagjöld og skrásetningargjöld ekki til framdráttar að menn snúi út úr eins og ráðherrann gerði hér áðan. Þetta er flókin umræða og við erum búin að gera hana enn þá flóknari með þeirri uppsetningu sem er hér í frv. til háskólalaga. Mitt mat er að við verðum samt sem áður að temja okkur það að reyna að halda henni nokkuð hreinni þannig að það sé ljóst að við erum annars vegar að tala um skrásetningargjald fyrir tiltekna þjónustu, þ.e. þá þjónustu sem hv. menntmn. var sammála um og greint er frá í nál. nefndarinnar um þetta frv., og hins vegar er um að ræða skólagjöld sem eru þá gjöld sem nemendur greiða fyrir kennslu og annan rekstur skóla.

Ef við náum ekki landi hvað varðar skilgreiningu á þessum gjöldum þá munum við heldur aldrei ná landi í umræðunni um þau, sem menn eru þó alltaf að tala um að verði að fara hér fram. Menn hafa meira að segja orðað það svo hér í kvöld að það þyrfti að setja hana á dagskrá. Að mínu mati var hún sett á dagskrá með frv. um háskóla og við eigum áreiðanlega eftir að halda henni áfram. En ég endurtek að ég held að þá sé rétt að menn reyni að halda sig við hugtökin og séu a.m.k. ekki að gera sér leik að því að snúa út úr því sem fram hefur komið í umræðunni eða því sem verið er að leggja til.

Herra forseti. Félagar mínir úr minni hluta menntmn. eiga eftir að koma að koma og gera grein fyrir sínum fyrirvörum. Ég get að hluta til tekið undir það sem þeirra fyrirvarar snúast fyrst og fremst um en minn fyrirvari laut, eins og ég sagði, fyrst og fremst að ákvæðunum um ráðherrafulltrúana í háskólaráði og ég þykist hafa komið því hér á framfæri.

[00:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla. Eins og fram kemur í nál. frá menntmn. skrifa ég undir nál. með fyrirvara og vil hér gera grein fyrir ástæðu þess.

Fyrirvari minn snertir fyrst og fremst tvö efnisatriði fyrir utan þann fyrirvara við 5. gr. sem hv. síðasti ræðumaður, Svanfríður Jónasdóttir, gerði grein fyrir, nefnilega að í 4. lið 5. gr. er ekkert sagt um það hverjir eigi að tilnefna fulltrúana sem menntmrh. skipar í háskólaráð. Ég tek undir að það atriði er gagnrýnivert. En meginfyrirvarar mínir snerta tvö atriði. Hið fyrra varðar ákvæði 3. gr. frv. um dómnefndir. Þar er lagt til að rektor skipi þriggja manna dómnefnd samkvæmt tilnefningu háskólaráðs og menntmrh. til tveggja ára í senn til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Ég benti á það við 1. umr. að dómnefndarfyrirkomulag af þessu tagi væri nú til reynslu við Háskóla Íslands og því þyrfti að ræða í hv. menntmn. hvernig það hefur reynst áður en fyrirkomulagið væri lögfest fyrir Kennaraháskólann. Því miður fékkst þetta atriði ekki rætt sérstaklega í nefndinni þrátt fyrir óskir mínar um það eftir að ég hafði persónulega aflað mér þeirra upplýsinga frá Háskóla Íslands að þetta fyrirkomulag hefði ekki reynst vel og ólíklegt væri að háskólinn legði þetta fyrirkomulag til í sínum sérlögum. Tekið skal fram að Kennaraháskólinn gerði sjálfur athugasemdir við dómnefndir í umsögn sinni en á annan veg, nefnilega að sambærilegt ákvæði væri ekki inni í rammalöggjöfinni. Þessi athugasemd sýnir að Kennaraháskólinn vill ekki hafa þetta fyrirkomulag nema að svo verði einnig í öðrum háskólum. Ef marka má viðbrögðin frá Háskóla Íslands þá mun hann væntanlega ekki leggja þennan dómnefndarfarveg til fyrir Háskóla Íslands. Ég tel að þetta atriði hafi ekki verið nægilega athugað í nefndinni þrátt fyrir tilraunir til þess og þess vegna get ég hvorki verið

ánægð með meðferð nefndarinnar á því né hvernig þessu er endanlega fyrir komið nema það hafi verið kannað nánar.

Hitt atriðið er ekki síður alvarlegt en það snertir hvers konar menntun eigi að eiga sér stað innan Kennaraháskólans í framtíðinni og 1. gr. frv.

Í 1. gr. frv. segir ekki nógu skýrt að það eigi að efla kennaramenntunina í landinu og það finnst mér miður, ekki síst eftir allt umtalið um TIMSS-rannsóknina á sl. ári. En 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu," — og svo er lagt til að inn komi orðið þjálfun sem ég er sammála — „uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði.

Nánari fyrirmæli um skilgreiningu þess náms sem háskólinn veitir og hvernig samstarfi við aðra háskóla á sviði kennara- og uppeldismenntunar skuli háttað skal setja í reglugerð."

Þarna er ekkert minnst nánar á menntun þroskaþjálfa, menntun leikskólakennara, menntun grunnskólakennara eða íþróttakennara, t.d. hvort þessi menntun á að vera þrjú eða fjögur ár. Það er búið að vera töluvert mikið í pólitískri umræðu alveg frá því, að mig minnir, 1988 eða liðinn áratug eða svo. Vissulega má deila um það hversu nákvæm lög eigi að vera varðandi fyrirmæli af þessu tagi. Eftir reynslu síðasta áratugs á meðan lögbundið var að fara út í fjögurra ára B.Ed.-nám sem var þó eilíflega frestað af fjárhagsástæðum, þá er ekki skrýtið að við, sem og aðilar frá Kennaraháskólanum, spyrji hvernig best sé að koma þessu fyrir, hvernig sé best að koma því á að fjögurra ára kennaramenntun verði að veruleika.

Ég tel að það sé alveg ljóst að hvort sem ákvæðið er í lögum eða ekki þá verði ekki svona breytingar nema pólitískur vilji sé fyrir þeim. Ég tel sem sagt mjög mikilvægt að það kemur skýrt fram hver vilji þingsins er. Ef það er ekki gert í lagatextanum sem ég get fallist á að orkar hugsanlega tvímælis, þ.e. að lögfesta of nákvæmlega hvernig námstilhögun á að vera, þá er alveg lágmark að það komi fram annaðhvort í greinargerð eða í nefndaráliti hver vilji þingsins er. Fyrir mér lýsir það miklu metnaðarleysi eftir allan fagurgalann í kjölfar útkomu TIMSS-rannsóknarinnar að hvergi kemur fram hvort löggjafinn vill efla kennaramenntun og lengja B.Ed.-nám grunnskólakennara í fjögur ár eða ekki. Þetta tel ég til mikils vansa og hef því einnig fyrirvara um nefndarálitið af þessum ástæðum.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. menntmrh. út í nýja skýrslu samstarfsnefndar Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um kennaramenntun sem kom út í júlí 1997, svo og út í ályktun sem skólaráð Kennaraháskóla Íslands gerði þann 10. des. 1997 sem snertir einmitt atriði þessarar skýrslu. Í þessari síðastnefndu ályktun segir m.a., með leyfi forseta:

„1. Grunnnám fyrir grunnskólakennara verði að umfangi 120 einingar, fjögur ár, að viðbættu einu kandídatsári með markvissri leiðsögn. Af 120 einingum verði uppeldis- og kennslufræði 30 einingar.

2. Grunnskólakennaranámið verði tvískipt, þ.e. skipulagt sem tvær námsbrautir sem skarist að hluta, samanber tillögu í skýrslu samstarfsnefndar Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri."

Þar er síðan lýst: a. Braut fyrir barnastig og bekkjarkennslu og b. Braut fyrir unglingastig og greinakennslu.

Ég ætla að sleppa því tímans vegna — það er orðið áliðið nætur — að lesa þessar greinar nákvæmlega en þær eru samhljóma því sem kemur fram í ofannefndri skýrslu. Þetta er í kafla II í skýrslunni sem fjallar um nokkur grundvallaratriði kennaramenntunar sem nefndin er sammála um. Þessi nefnd samanstóð af tveimur fulltrúum frá hverri stofnun auk rektoranna. Þar stendur á bls. 4, með leyfi forseta:

„Leikskólakennaramenntun verði þrjú til fjögur ár í háskóla. Grunnskólakennaramenntun verði að lágmarki fjögur ár í háskóla. Framhaldsskólakennaramenntun verði að jafnaði fjögur til sex ár í háskóla. Allt kennaranám skiptist í kjörsvið eða sérsvið, uppeldis- og kennslufræði, vettvangsnám og lokaverkefni."

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann sé sammála þeirri stefnumörkun sem þarna kemur fram og ef svo er hvenær megi búast við að hún komist til framkvæmda miðað við að þetta frv. verði að lögum — sem ég geri fyllilega ráð fyrir. Og hvað þarf til að þessi stefnumörkun sem rektorar þessara háskóla og samstarfsnefnd háskólanna hafa samþykkt og kynnt fyrir menntmrn. og ályktað um fyrir tveimur dögum, komist til framkvæmda? Þarf að bíða eftir því að fjárveitingar fáist, samanber reynslu síðasta áratugs? Er þá ekki öruggara og eðlilegra að löggjafinn láti koma skýrt fram hvað hann vill í þessum efnum? Um gífurlegt fjármagn er að ræða ef kennaramenntun er lengd um eitt ár og þetta er meiri breyting en svo að þetta geti verið spurning í framhjáhlaupi við gerð fjárlaga á hverju ári.

Ég vil stórefla kennaramenntunina í landinu m.a. á þennan hátt og tel mjög mikilvægt að vilji hv. þingmanna varðandi þetta atriði komi skýrt fram í þessari umræðu.

Að öðru leyti fagna ég þessu frv. og þeirri breytingu að Fósturskólinn, Þroskaþjálfaskólinn og Íþróttakennaraskólinn eru fluttir á háskólastig og í náið samstarf við Kennaraháskólann eða miðstöð menntunar grunnskólakennara. Þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til varðandi nafnið á stofnuninni sem gerð var grein fyrir hjá framsögumanni meiri hlutans og sú að taka upp orðið í þjálfun í 1. gr. og breytt ákvæði til bráðabirgða eru að mínu mati allar til bóta og ég mun styðja þær svo og frv. í heild.

[00:52]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir kom of seint fram með ósk um sérstaka skoðun á dómnefndarákvæðum 3. gr. Hún hafði haft næg tækifæri til þess á fyrri stigum í menntmn. að koma fram með slíka ósk. Það er einnig alveg ljóst að hvorki Kennaraháskóli Íslands né aðrir skólar sem málið snertir gerðu efnislegar athugasemdir við dómnefndarferlið og þess vegna er í raun og veru eðlilegt að það verði látið á það reyna.

[00:52]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hv. formann menntmn. hvar þessi frestur sé í þingsköpunum og við hvað sé miðað. Hvenær er eitthvað of seint í meðferð á málum í þinginu? Mér finnst þetta alveg furðuleg röksemdafærsla. Ég gerði þetta formlega og bað um að þetta yrði rætt á ákveðnum fundi sem var daginn eftir og það er mjög skrýtið að segja að það hafi verið of seint. Ég kom fyrst með þessa ósk við 1.

umr. í þingsalnum þannig að formaður hafði fulla möguleika til þess að taka það upp. Mér finnast þetta því ótrúleg svör.

Varðandi dómnefndarferlið þá eru mismunandi skoðanir á því og ég get ekkert andmælt hvaða skoðun hv. þm. hefur á því.

[00:53]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svara þessu þannig að þegar þessi ósk kom fram var fundur í menntmn. klukkan 8.15 að morgni. Óskin kom fram um sexleytið kvöldið áður og það náðist hreinlega ekki í þá sem um var beðið til þess að þeir gætu komið á fund nefndarinnar næsta morgun. Málið var komið á það stig að umfjöllun um það var lokið í nefndinni, það var komið alveg á lokastig. Það var ástæðan. Þar að auki höfðu ekki komið fram athugasemdir frá málsaðilum varðandi einmitt þetta ákvæði sem þingmaðurinn vildi skoða. Ég hefði þá líka talið mjög eðlilegt að menn hefðu beint kröftum sínum fyrr að því að skoða þetta ákvæði sérstaklega í vinnuferlinu inni í nefndinni.

[00:55]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að ekki hafi verið hægt að ná í fólk þetta tiltekna kvöld var ekkert því til fyrirstöðu að halda annan fund um málið. Það var tími í nefndavikunni, ekkert lá á miðað við útlit á því hvenær málið yrði rætt í þinginu. Það hefði alveg verið hægt að bíða með það í einn til tvo daga með að afgreiða málið frá nefndinni.

[00:55]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég stend að nál. menntmn. við frv. um Kennara- og uppeldisháskóla sem vonandi breytir bráðum um nafn. Ég vil segja að ég tel að í grófum dráttum sé um að ræða mikilvæga löggjöf sem hér er verið að gera tillögu um. Hún hefur verið lengi á döfinni. Þetta eru fjórir skólar sem eiga saman og eiga að vera á einum stað. Nú er hins vegar ljóst að við þessum fjórum skólum blasir margþættur praktískur vandi í tækjum, búnaði og húsnæði sem m.a. hefur komið hér til umræðu í tengslum við ákveðið hús með turni við endann á Háteigsvegi og heitir Sjómannaskólinn. En það verður ekki rætt hér. Það er því augljóst að margvísleg ný og flókin verkefni blasa við þessum nýja skóla en það er mikilvægt að hann fari af stað og það er mikilvægur áfangi í þróun uppeldis- og kennslumála á Íslandi að mínu mati.

Ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur aðallega að því að ég hefði talið að samhliða þeirri ákvörðun sem hér er verið að taka hefði þurft að taka ákvörðun um fjögurra ára kennaramenntun. Ég er þá ekki að tala um að það ákvæði hefði endilega þurft að vera í lögunum heldur hefði ég viljað sjá það gerast að stjórnvöld hefðu ákveðið að hrinda í framkvæmd, í síðasta lagi haustið 1998, þeirri ákvörðun sem varð til í lögunum vorið 1988 samkvæmt frv. sem flutt var af þáv. hæstv. menntmrh. Birgi Ísleifi Gunnarssyni. Ég vil nota þetta tækifæri og inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort hann sér það fyrir sér að farið verði í þetta lengra kennaranám strax haustið 1998. Fyrirvari minn lýtur að þessu.

Í öðru lagi vil ég segja um málið að mér þótti miður hvernig hæstv. menntmrh. sneri út úr afstöðu okkar til innritunargjaldagreinarinnar í þessu frv., þar sem hann hagaði orðum sínum þannig áðan í umræðu um fyrra mál að við hefðum með þessari afstöðu okkar skrifað upp á skólagjöldin eins og þau voru í lögunum um Háskólann á Akureyri. Því vísa ég á bug og mér finnst þetta ekki heiðarleg uppsetning gagnvart okkur. En ég hlýt að velta því fyrir mér hvernig maður hagar atkvæði sínu um þessa grein eftir að þessi ódrengilega túlkun menntmrh. kom fram hér fyrr í kvöld.

Varðandi hugmyndirnar um dómnefnd og yfirferð þess máls, að það hafi komið of seint fram þá vísa ég því á bug og styð hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur í því. Ég tel eðlilegt að kallaður verði saman fundur í menntmn. á milli 2. og 3. umr. og farið yfir þetta mál. Það er nógur tími til þess enn þá því þinginu á ekki að ljúka fyrr en á laugardag fyrir jól.

[00:58]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. nefnd fyrir vel unnin störf og þá niðurstöðu sem fengist hefur í nefndinni um þetta mikilvæga frv. Eins og fram hefur komið eru menn sammála um það sem í því stendur og nefndin stendur öll að álitinu með fyrirvörum eins og hér hafa verið skýrðir.

Ég vil leiðrétta þann misskilning sem fram hefur komið í máli manna að ég hafi verið að agnúast út í hv. stjórnarandstöðu fyrir að styðja 4. gr. í þessu frv. Ég var ekkert að ræða þetta frv. áðan heldur var ég að ræða breytingartillögur minni hluta menntmn. við frv. til laga um háskóla en þar segir í tölul. 3, staflið c, með leyfi forseta:

„Gjaldtaka af nemendum má einungis nema áætluðum kostnaði við innritun, kennsluefni og pappírsvörur sem skólinn lætur nemendum í té. Slíkt gjald skal aldrei nema hærri upphæð en 25.000 kr."

Það var þetta sem ég var að fjalla um en ekki um frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla enda var það ekki til umræðu áðan. Það er fyrst til umræðu núna þannig að ég vildi leiðrétta þennan misskilning. Ég var ekkert að finna að því að stjórnarandstaðan styddi þetta frv. nema síður væri.

Vegna þeirrar fyrirspurnar sem fram hefur komið frá tveimur hv. þm. um lengd kennaranámsins og sérstaklega tilvísun hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur til ályktunar eða samþykktar frá 10. des. 1997 þá er ég ekki í aðstöðu til að tjá mig um þá samþykkt. Hún hefur ekki borist mér. Ég hef ekki séð hana og get þess vegna ekki lagt mat á hvað þar var ályktað en þakka hv. þm. fyrir að lesa meginatriði hennar. En það lýtur að því eins og fram hefur komið hvort upp verði tekið fjögurra ára nám við hinn nýja skóla. Ég hef lýst því yfir áður að ég tel að það beri ekki að setja það í lög um skólann hvað námið í honum er langt. En ég hef einnig lýst því yfir að það ráðist af samningum milli skólans, menntmrn. og fjárveitingavaldsins hve umsvifin verða mikil. Flest rök hníga að því að það þurfi að lengja hér kennaranámið eins og fram hefur komið. Hins vegar vil ég ekki fjalla á þessu stigi málsins um það hvernig námskránni verður háttað í einstökum atriðum. Ég þarf að kynna mér þessa ályktun frá 10. des. Ég hef lesið skýrsluna frá því í sumar og rætt um hana við forustumenn Kennaraháskólans og farið yfir ýmis atriði í því efni og þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem blasa við sem viðræðuefni á milli ráðuneytisins og skólans um það starf sem fer fram í skólanum og snertir einnig þann samning sem ráðuneytið mun gera við skólann. Ég hef síður en svo lagst gegn því að menn hugi að lengra kennaranámi.

En hvernig inntak þess verður, hvað það á að spanna og hvaða réttindi það á að veita ætla ég ekki að tjá mig frekar um á þessu stigi málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 18.–19. mál.

Fundi slitið kl. 01:02.

---

## 44. FUNDUR

þriðjudaginn 16. des.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 418, nál. 465, brtt. 466 og 522. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Einkaleyfi, stjfrv., 153. mál, þskj. 153, nál. 510, brtt. 511. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 165, nál. 448 og 528, brtt. 449 og 529. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 167, nál. 453, brtt. 454. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Söknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 312. mál, þskj. 392 (með áorðn. breyt. á þskj. 472). — 3. umr.
6. Skýrsla umhverfisráðherra um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 338. mál, þskj. 427. — Frh. 1. umr.
8. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 460. — 1. umr.
9. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv., 349. mál, þskj. 464. — 1. umr.
10. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 345, nál. 497 og 540, brtt. 498 og 541. — 2. umr.
11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 377, nál. 524 og 554. — 2. umr.
12. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 376, nál. 523 og 555. — 2. umr.
13. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 450, frhnál. 558, brtt. 559. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[10:33]

**Útbýting þingskjals:**

Söknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 312. mál, þskj. 544.

***Tilhögun þingfundar.***

[10:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill taka fram að atkvæðagreiðslur verða kl. hálftvö og að þeim loknum fara fram umræður um 7. og 8. dagskrármál: Tekjuskattur og eignarskattur og Vörugjald. Það eru mál sem ekki voru tekin fyrir í lok fundar í nótt. Sú umræða fer fram samkvæmt samkomulagi sem þá var gert milli formanna þingflokka. Síðan verður dagskránni fram haldið en hlé gert á fundinum frá kl. sex síðdegis til hálfníu. Þetta vildi forseti upplýsa strax í upphafi fundar.

***Skýrsla umhverfisráðherra um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina.***

[10:35]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill taka fram að samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag þessarar umræðu. Umræðan mun standa í allt að tvær og hálfa klukkustund. Umhvrh. hefur allt að 15 mínútum til framsögu. Ræðutími annarra verður sem hér segir: Talsmenn þingflokka hafa allt að 12 mínútum. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa allt að 5 mínútum. Talsmenn þingflokka og ráðherrar geta talað öðru sinni við lok umræðunnar í 5 mínútur hver en ráðherra þó í 8 mínútur.

[10:35]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Á þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, í Kyoto í Japan í síðustu viku, var samþykkt sérstök bókun um samninginn, svokölluð Kyoto-bókun. Þar var um að ræða merkilegt alþjóðlegt samkomulag sem mun hafa afgerandi áhrif á þróun umhverfismála í heiminum á næstu áratugum. Rétt þykir að gera hv. Alþingi með munnlegri skýrslu grein fyrir helstu efnisatriðum bókunarinnar og stöðu Íslands í því sambandi. Ég hef þegar farið yfir niðurstöðu Kyoto-fundarins með hv. umhvn. og utanrmn. Alþingis á sameiginlegum fundi þessara nefnda hér í þinghúsinu síðdegis í gær. Þar afhenti ég ýmis gögn, þar með talið minnisblað um efni bókunarinnar, bókunina sjálfa og endanlega ákvörðun þingsins í Kyoto. Þessi gögn liggja frammi á skrifstofu Alþingis fyrir aðra hv. þm. en þá sem sitja í nefndunum tveimur ef þeir vildu nálgast þau til frekari upplýsinga.

Í síðasta mánuði gaf ég Alþingi skýrslu um loftslagsbreytingarnar. Hana er að finna á þskj. 180 og var hún tekin til umræðu í hv. Alþingi þann 17. nóv. sl. Þá hafði umhvrn. enn fremur nýlega gefið út skýrslu mína sem ber heitið Ísland og loftslagsbreytingar af mannavöldum. Í henni er að finna mun ítarlegri upplýsingar en í áðurnefndri skýrslu til Alþingis. Umræður á hinu háa Alþingi snerust að miklu leyti um efni væntanlegrar Kyoto-bókunarinnar og samningaferlið fram að þeim tíma en í skýrslunum er að finna kafla um gang samningaviðræðnanna. Nú liggur niðurstaðan hins vegar fyrir og því er rétt og eðlilegt að um hana sé einnig rætt á þessum vettvangi.

Með samþykkt Kyoto-bókunarinnar skuldbundu iðnríki heimsins sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en

hún var árið 1990 sem er viðmiðunarár í gegnum allt samningaferlið. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli iðnríkja eða frá 8% minni losun í 10% aukningu miðað við viðmiðunarárið. Eins og hv. alþm. ætti að vera kunnugt af umræðum undanfarna daga eru losunarmörkin fyrir Ísland bundin við 10% aukningu á fyrrgreindu tímabili. Með öðrum orðum má árleg losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi vera 10% meiri á tímabilinu 2008–2012 en árið 1990. Tvær aðrar þjóðir fá að auka losun sína, Ástralía um 8% og Noregur um 1%. Nýja-Sjálandi, Rússlandi og Úkraínu er ekki ætlað að losa meira en árið 1990 heldur halda þeir sig við þá losun sem var. Aðrar þjóðir eiga hins vegar að draga úr losun sinni um 5–8%. Þannig munu lönd Evrópusambandsins draga úr losun um 8%, Bandaríki Norður-Ameríku um 7% og Japan og Kanada um 6% svo dæmi séu tekin. Listi yfir ríkin er í bókunarskjalinu sem hægt er að fá hér á skrifstofunni eins og ég hef áður getið um.

Kyoto-bókunin tekur til koltvíoxíðs, metans, tvíköfnunarefnisoxíðs, flúorkolefnis, vetnisflúorkolefnis og sexflúorbrennisteins og eru lofttegundirnar vegnar saman í koltvíoxíðsígildi. Ríki geta valið árið 1995 í stað ársins 1990 sem viðmiðunarár fyrir þrjár síðastnefndu lofttegundirnar. Samstaða náðist um að taka tillit til bindingar koltvíoxíðs í gróðri. Töluverð andstaða var við það og niðurstaðan því málamiðlun. Einungis verður tekið tillit til þeirrar bindingar sem rekja má til beinna aðgerða aðildarríkjanna eftir 1990. Þessi takmörkun er í samræmi við áherslur íslensku sendinefndarinnar á fundinum og reyndar öllu undirbúningsferlinu. Tekið verður tillit til beinna aðgerða á sviði skógræktar en jafnframt er ætlunin að taka tillit til annarra aðgerða í þessu sambandi. Gera má ráð fyrir því að landgræðsla á snauðu landi fáist samþykkt í náinni framtíð og verði talin með á fyrsta losunarskuldbindingartímabilinu en enn þá er þó eftir að semja nánar um þann þátt málsins.

Í Kyoto-bókuninni er að finna ýmis ákvæði sem veita ríkjum sveigjanleika við að uppfylla skuldbindingar sínar. Í fyrsta lagi má nefna að tvö eða fleiri ríki geta gert sérstakan samning um framkvæmd mála. Sem dæmi um slíkt má nefna að öllum ríkjum Evrópusambandsins er ætlað að draga úr losun um 8%. Þegar þau staðfesta samninginn munu þau væntanlega tilkynna hvernig losunarskuldbindingar skiptast milli einstakra ríkja. Þannig munu sum þeirra auka losun verulega meðan önnur draga úr losun um meira en umrædd 8%. Samkvæmt upplýsingum frá því fyrir samningafundinn, meðan rætt var um allt að 15% samdrátt hjá Evrópusambandinu, var gert ráð fyrir því að einstök ríki gætu aukið losun um allt að 40% en önnur dregið saman um 30%. Þar var mismunurinn allt að 70% en í dag liggur ekki nákvæmlega fyrir hvernig þetta muni skiptast.

Í öðru lagi geta ríki átt í almennum kvótaviðskiptum en þar verða nánari reglur settar síðar.

Í þriðja lagi geta iðnríkin unnið sameiginlega að einstökum verkefnum sem leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Taki eitt ríki t.d. þátt í að fjármagna aðgerðir í öðru landi eða ríki sem leiða mun til minni losunar geta ríkin gert samkomulag um að hluti ávinningsins af verkefninu teljist fjármögnunarríkinu til tekna.

Í fjórða lagi geta ríki unnið að verkefnum í þróunarríkjunum á samstarfsvettvangi um mengunarminni þróun eða clean development mechanism eins og það er kallað á ensku. Þannig getur iðnríki tekið þátt í að fjármagna verkefni í þróunarríki sem leiðir til minni losunar og getur ávinningur af slíku verkefni komið iðnríkinu til góða þegar gengið er úr skugga um hvort það hafi uppfyllt losunarskuldbindingar sínar.

Loks má nefna að ríkjum er heimilt að flytja ónotaða losunarheimild á milli gildistíma losunarskuldbindingar. Í bókuninni er að finna ákvæði um tilteknar aðgerðir sem mælst er til að iðnríkin komi til framkvæmda, t.d. um umhverfisgjöld, meðferð úrgangs, orkunýtingu, rannsóknir o.fl.

Kyoto-bókunin mun liggja frammi til undirskriftar í eitt ár, frá miðjum mars á næsta ári og ganga í gildi þegar 55 ríki hafa staðfest hana enda séu þar iðnríki sem losuðu a.m.k. 55% af koltvíoxíði árið 1990 þannig að hér eru í raun tvö ákvæði sem skilyrða gildistöku bókunarinnar.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið nokkrum orðum um efni nýsamþykktrar Kyoto-bókunar og þá helst það er varðar Ísland og íslenska hagsmuni. Íslensk stjórnvöld hafa tekið fullan þátt í undirbúningi og gerð bókunarinnar allt frá því skömmu eftir að ég kom í umhvrn. fyrir rúmum tveimur árum. Hæstv. þáv. umhvrh. hafði á sínum tíma ekki sent fulltrúa ráðuneytisins á fund þann sem haldinn var í Berlín, og Berlínar-umboðið svokallaða var samþykkt í aprílmánuði 1995. Þátttaka okkar hefur eftir þann tíma fyrst og fremst mótast og tekið mið af þeirri samþykkt. Sá fundur markaði í raun upphafið á því samningaferli sem nú má heita að sé til lykta leitt eða a.m.k. fyrsta áfanga þess þar sem einstök ríki eiga eftir að skoða samninginn nánar, fara yfir hann og meta áður en til fullgildingar kemur.

Í tvö ár hafa fulltrúar flestra ráðuneyta unnið að málinu og hef ég á þessum tíma, með reglubundnu millibili, gert ríkisstjórninni grein fyrir samningsferlinu og stöðu mála. Málið hefur verið rætt á annan tug skipta á ríkisstjórnarfundum.

Undirbúningur íslenskra stjórnvalda var ákaflega vandaður og skilaði sér vel á lokafundinum í Kyoto. Ég tel að íslenska sendinefndin hafi þar staðið sig með miklum ágætum. Í henni áttu sæti, Tryggvi Felixson, deildarstjóri alþjóðadeildar umhvrn., sem stýrt hefur þessu samningaferli og starfi síðustu tvö ár, Guðjón Ólafur Jónsson aðstoðarmaður minn í umhvrn., Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri iðnrn., Halldór Þorgeirsson, sérfræðingur á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ari Edwald, aðstoðarmaður sjútvrh., og Tómas H. Heiðar, lögfræðingur í utanrrn. Öll helstu áhersluatriði íslenskra stjórnvalda komust þannig til skila í Kyoto-bókuninni. Þannig má nefna að bókunin tekur til sex gróðurhúsalofttegunda en ekki einungis til þriggja eins og ýmsar aðrar þjóðir lögðu til og sumar vildu aðeins hafa eina lofttegund þarna inni sem var greinilega vegna þess hvernig þjóðirnar mátu það sem hagsmuni sína. Ýmis sveigjanleikaákvæði eru í bókuninni og tekið er til bindingar í gróðri en í því máli lék fulltrúi Íslands lykilhlutverk í Kyoto og hlaut lof annarra sendinefnda fyrir.

Síðast en ekki síst ber að nefna að tekið er tillit til aðstæðna einstakra ríkja við ákvörðun losunarmarka en fyrir því hafa Íslendingar allan tímann barist. Ekki er því um flöt viðmiðunarmörk að ræða eins og t.d. Evrópusambandið gerði tillögur um. Íslensk stjórnvöld lögðu í samningaviðræðunum áherslu á sérstöðu Íslands, m.a. vegna mikillar notkunar endurnýjanlegra orkugjafa. Íslenska sendinefndin átti fjölda tvíhliða funda með fulltrúum annarra sendinefnda um möguleika á því að halda losun vegna nýrrar stóriðju utan almennra losunarskuldbindinga fyrir Ísland. Undirtektir við það sjónarmið voru fremur neikvæðar þó segja megi að þær hafi þó verið mismunandi eftir viðræðum við einstaka aðila.

Sendinefndin leitaði einnig leiða til að fá inn sérstök ákvæði um aukið svigrúm fyrir smáríki eins og Ísland þar sem tekið yrði tillit til íbúafjölda og magns losunar. Það kom reyndar seint til og fékk því ef til vill ekki nægjanlega athygli. Rétt er að minna á að upphaflegar forsendur okkar fyrir þátttöku í samningagerðinni voru þær að sérstaða okkar yrði metin vegna þegar nýttra endurnýjanlegra orkugjafa og jafnframt að heimilt yrði að nýta áfram til iðnaðarframleiðslu þótt það þýddi aukna staðbundna losun.

Alla tíð hefur verið ljóst að slík viðurkenning á sérstöðu okkar yrði að nást fram ætti aðild okkar að bókuninni ekki að vera nánast útilokuð. Hér má nefna til fróðleiks að hlutfallsleg losun koldíoxíðs á orkuframleiðslu eða orkueiningu er 2,96 en nær 3 í Danmörku, 2,4 í OECD-ríkjunum en 1,09 eða 1,1 hjá okkur. Það þýðir að losun annarra þjóða á hverja orkueiningu er næstum þrefalt meiri en hjá okkur. Kemur þar til hin mikla notkun endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi. Á formlegum og óformlegum fundum kom fram verulegur skilningur á sérstöðu okkar og var að nokkru leyti komið til móts við hann með losunarmörkum í bókuninni þar sem okkur er heimilt að losa 10% meira af gróðurhúsalofttegundum á fyrsta losunartímabilinu en við gerðum árið 1990. Á síðasta fundi allshn. þingsins lýsti íslenska sendinefndin því yfir að þetta væri ekki fullnægjandi mat á sérstöðu Íslands og þessi niðurstaða væri því ekki fullnægjandi fyrir okkur til að geta staðfest bókunina.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að óeðlilegt er að líta á umræddа hlutfallstölu eina sér vegna þess hversu gjörólíkar aðstæður eru hér samanborið við stærðir í efnahagskerfinu. Í ræðu minni í Kyoto benti ég t.d. á að álver Norðuráls hf. á Grundartanga mundi leiða til 10–15% aukningar losunar hér á landi sem hlutfall af heildarlosun. Þetta dæmi varpar ljósi á smæð hagkerfis okkar og áhrif einstakra framkvæmda á losunarbókhaldið. Sama álver hefði t.d. í för með sér 0,006% aukningu í Bandaríkjunum sem verður að teljast innan skekkjumarka eða vart mælanlegt.

Þegar fyrrgreind afstaða íslenskra stjórnvalda var kynnt samningamönnum nokkurra annarra ríkja var samið sérstakt ákvæði að ósk okkar sem rétt er að vekja athygli alþingismanna á. En við samþykkt Kyoto-bókunarinnar var jafnframt samþykkt ákvæði um að skoðuð yrði sérstaklega staða ríkja þar sem einstök verkefni geta haft áhrif á heildarlosun eins og það dæmi sem ég hef t.d. nýnefnt. Þetta mál verður væntanlega tekið til umfjöllunar á nefndarfundum í júní í Bonn á næsta ári, undirbúningi fyrir næsta aðildarríkjaþing, og til afgreiðslu á næsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Buenos Aires í Argentínu á næsta ári. Ákvörðunin skapar möguleika á að taka aðstæður Íslands til sérstakrar umfjöllunar en þó er að sjálfsögðu mikið verk óunnið í því efni og óljóst hvaða þýðingu bókunin kann að hafa. Á næstu vikum mun ég láta kanna þessi mál sérstaklega. En fremur tel ég rétt að áhrif Kyoto-bókunarinnar á íslenskt efnahagslíf verði athuguð vandlega. Ljóst er að mikil vinna bíður íslenskra stjórnvalda fyrir aðildarþingið í Buenos Aires en þar á auk ofangreinds atriðis m.a. að fjalla um frekari bindingu, reglur um losunarkvóta og reglur um sameiginlega framkvæmd ríkja.

Mál þetta hefur ekki enn verið rætt ítarlega á ríkisstjórnarfundi. Það hefur ekki unnist tími til þess. Ég mun þó fljótlega á nýju ári gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um það hvernig staðið verður að framgangi og framkvæmd mála.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er að renna út. Ég hef sagt það áður og lýst því yfir bæði í ræðu og riti að ég teldi mikilvægt að Íslendingar yrðu aðilar að Kyoto-bókuninni. Það þarf ekki að fjölyrða frekar um þau atriði. Við þurfum að vega og meta hverjir möguleikar okkar eru. En við þurfum líka að vega og meta hvað það þýðir að standa utan við samninginn, sú skoðun mín er í raun óbreytt. Að mínu mati er þó ekki tímabært að taka ákvörðun þar að lútandi fyrr en í fyrsta lagi eftir aðildarríkjaþingið í Buenos Aires á næsta ári er séð verður hvernig tekið verður á sérstöðu ríkja þar sem einstök verkefni geta haft afgerandi áhrif á heildarlosun svo og þau önnur mál sem enn eru óathuguð og óunnin og ég hef nefnt áður. Ég mun því hér eftir sem hingað til beita mér fyrir vönduðum vinnubrögðum í málinu. Vandaður undirbúningur skilaði árangri í Kyoto og vandaður undirbúningur mun áfram skila árangri í Buenos Aires. Það mun duga betur en innihaldslausar upphrópanir sem hefur borið nokkuð á í umræðum hér heima á undanförnum dögum.

[10:51]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. „Innihaldslausar upphrópanir" voru lokaorð hæstv. umhvrh. um þá almennu kröfu sem er í landinu hjá almenningi í landinu, hjá fjölmiðlum í landinu, um það að íslensk stjórnvöld reyni loksins að átta sig í þessu stóra máli. En það virðist ætla að taka tímann ef marka má orð hæstv. ráðherra.

Það er sérkennilegt, herra forseti, að við umræðuna eru aðeins tveir af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Þegar rætt var um undirbúning 17. nóv. sl. var ráðherrabekkurinn fjölskipaðri. Þá sáum við m.a. hæstv. forsrh. og að minnsta kosti fjórir ráðherrar tóku þátt í umræðu. En það á ekki að fara mikið fyrir þeirra hlut ef marka má viðveruna. Afstaða og málsmeðferð ríkisstjórnar Íslands veldur sannarlega áhyggjum og hún er gagnrýniverð. Engin grundvallarafstaða hefur verið tekin til málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar hvorki fyrir né eftir ráðstefnuna í Kyoto og áfram á að bera kápuna á báðum öxlum. Hver á að vera grundvallarafstaða Íslands í málinu? Það eru, virðulegi forseti, lífshagsmunir Íslendinga að koma í veg fyrir neikvæðar loftslagsbreytingar af mannavöldum. Því ber okkur með ráðum og dáð að styðja gerð bindandi alþjóðasamnings en ekki haltra á eftir og krefjast undanþágna á undanþágur ofan. Vísbendingar um hugsanlegar geigvæglegar afleiðingar loftslagsbreytinga ekki síst á norðurslóðum, hér við norðanvert Atlantshaf, ættu að nægja stjórnmálamönnum til að skynja og skilja hvar meginhagsmunir íslensku þjóðarinnar liggja. Aðvaranir vísindamanna um möguleg áhrif veðurfarsbreytinga á Golfstrauminn liggja fyrir. Þau styðjast bæði við tölvulíkön og rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli sem varpar ljósi á undangengin 250 þúsund ár. Þessi gögn sýna okkur að veðurkerfið við Norður-Atlantshaf eru einkar viðkvæm og það sama á við um hafstrauma og lífríki sem hér hefur þróast á löngum tíma. Í ljósi þessarar stöðu eru afstaða og áherslur íslenskra stjórnvalda til samningagerðarinnar í Kyoto rangar. Þær byggja á röngu stöðumati, skammsýni og hentistefnu sem er ekki boðleg í svo alvarlegu máli. — Nú eru báðir ráðherrarnir hlaupnir á dyr. Virðulegur forseti, á að una því hér við þessa umræðu? — Málsmeðferðinni var best lýst af hæstv. umhvrh. við upphaf ferðar á ráðstefnuna. Þeir voru áreiðanlega margir sem hrukku við þegar þeir heyrðu viðtal fréttamanns Ríkisútvarpsins við ráðherrann að morgni 5. des. um það leyti sem hann var að stíga upp í flugvél til Kyoto. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Kannski voru menn" — og það mun átt við ríkisstjórnina — „ekki orðnir eins meðvitaðir um það fyrir þó ekki sé nema fyrir hálfu ári síðan hvað þetta mál með þessa alþjóðlegu samninga og þessa losun er alvarlegt og hvað það er tekið alvarlega af öðrum þjóðum og hversu miklar skyldur það leggur á okkar herðar að ég leyfi mér að álíta að hugarfarið og hugsunarhátturinn í þessu sé kannski strax í dag með nokkuð öðrum hætti hjá stjórnvöldum en var bara fyrir tiltölulega fáum mánuðum."

Þetta var tilvitnun í orð hæstv. umhvrh. í morgunsárið 5. des. En hefur hugsunarhátturinn í raun breyst hjá ríkisstjórninni nú eftir að niðurstaða liggur fyrir? Ég er varla sá eini sem efast um að svo sé. Það gerist þrátt fyrir að af hálfu hæstv. umhvrh. liggi fyrir yfirlýsingar og frá formanni samninganefndarinnar að fallist hafi verið á skilyrði Íslands. Fyrirsögn í viðtali við ráðherrann 12. des.: „Okkar skilyrði inni." Eftir hverju er beðið?

Á sjálfri ráðstefnunni í Kyoto féll sannarlega neikvætt ljós á Ísland að þarflausu. Ekki vegna framgöngu embættismanna okkar, sem skiluðu hlutverki sínu vel, heldur vegna afstöðu eða öllu heldur stefnuleysis ríkisstjórnarinnar með umhvrh. í fararbroddi. Menn minnast vafalaust umræðunnar sem fór fram á Alþingi 17. nóvember sl., þar sem forustumenn ríkisstjórnarinnar, forsrh. og utanrrh. í fararbroddi, lýstu neikvæðri afstöðu sinni til málsins, til samningagerðarinnar að því er Ísland snerti. Heimanmundur ríkisstjórnarinnar til samningamannanna okkar var að Ísland yrði ekki með. Þetta var staðfest í lok ráðstefnunnar með þeim hætti sem hæstv. ráðherra lýsti áðan.

Hæstv. forsrh. flaggaði allt fram á síðasta dag viðræðna í Kyoto kröfu Íslands um 40–60% aukningu á losun. Hæstv. ráðherra hefur af hyggjuviti aðeins dregið í land síðan og hann hagar orðum sínum af meiri varfærni en afstaðan til samningsins er jafnóskýr og tvíræð og áður. Hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., talar hins vegar enga tæpitungu um afstöðu sína til samningsins. Í Morgunblaðinu 12. des. sl., sagði hann umbúðalaust:

„Eins og drög að þessum samningi liggja fyrir getum við ekki staðfest hann."

Þetta rímar ekki mjög vel saman við það úr og í sem heyra mátti hér frá hæstv. umhvrh. og var það þó formaður flokks hans sem talaði þarna. Á þessi orð hæstv. utanrrh. minntu talsmenn ráðherrans, embættismenn utanríkisþjónustunnar, á fundi þingnefnda í gær og upplýstu að utanrrh. Íslands mundi kynna frekari sérkröfur Íslands fyrir starfsbræðrum sínum á NATO-fundi sem nú stendur yfir. Öll hugsun ráðherranna og ríkisstjórnarinnar hefur snúist um stóriðju á meðan heildarhagsmunir og staða annarra atvinnuvega hefur fallið í skuggann.

Niðurstaðan í Kyoto er aðeins fyrsta skref á langri leið. Hún felur í sér rösklega 5% meðaltalslækkun varðandi losun gróðurhúsalofttegunda sem gæti skilað broti, kannski 0,1° til breytinga á loftslagsskilyrðum vegna góðurhúsaáhrifa. Það þarf að ná öðrum og meiri árangri á fyrri hluta komandi aldar. Þar liggur fyrir afstaða nefndar Sameinuðu þjóðanna, hinnar stóru nefndar sem hefur undirbúið þetta mál fræðilega, að það þurfi að minnsta kosti 60% niðurskurð á heildarlosun frá því sem nú er. Slík er þörfin. Í þetta sinn fékk Ísland mest allra heimild til að losa 10% til viðbótar til 2012. Með því var svonefnd sérstaða landsins viðurkennd að mati ráðherranna. Aðrir þættir í kröfugerð Íslands gengu einnig eftir í flestum greinum. Allar sex lofttegundirnar eru með, binding í gróðri að því er varðar skógrækt er með og landgræðsla gæti fylgt á eftir.

Þetta nægir hins vegar ekki íslenskum stjórnvöldum til að kveða upp úr um afstöðu sína og upp úr um það að ríkisstjórnin stefni að undirritun samningsins. Bókunina um lítil hagkerfi og áhrif einstakra framkvæmda á að nota til að reyna að knýja fram stóriðjudraumana — annað kemst ekki að. Hvað þarf mikið í plús í aukningu fyrir Ísland til að ríkisstjórnin telji að við getum orðið samferða þjóðasamfélaginu í þessum málum? Eru það 50% í aukningu eða 90% sem svarar til óskalistans í sambandi við stórðiðjuna?

Umhvrn. hefur verið að meta stöðuna og þar stefnir í 16% aukingu árið 2000. Það nægja ekki þessi 10% vegna stóriðjusamninga og við erum búin að skuldbinda okkur gagnvart Ísal og Norðuráli til þess að skapa rúm fyrir sem svarar 160 þús. tonna álbræðslu með útgáfu starfsleyfa án þess að nokkuð sé hugsað um þessa hagsmuni og er þó ekki lengra en nokkrir mánuðir síðan samningarnir voru samþykktir á Alþingi. Þarna er hörmulega haldið á íslenskum hagsmunum og hvað á að verða um aðra starfsemi í landinu? Hvernig á að meta hagsmuni annarra atvinnugreina eins og sjávarútvegs fyrir nú utan almannaþarfir að öðru leyti og liggja þó fyrir yfirlýsingar, m.a. frá hæstv. sjútvrh. um að það verði mjög erfitt fyrir sjávarútveginn að standa við núverandi losunarmörk. Á að fórna þessu öllu á altari stóriðjunnar?

Í stað þess, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin reyni að gera sér mynd af heildardæminu, þjóðarhagsmunum í þessu stóra máli, þá snýst hugsun hennar um eitt og aðeins eitt — óhefta stóriðjuuppbyggingu. Þeir draumar eru hins vegar að breytast í martröð. Þeir ganga ekki upp, þá ber að setja til hliðar, a.m.k. fyrst um sinn á meðan menn eru að átta sig á aðstæðum í framhaldi af Kyoto og þeim ársfundum samningsaðila sem fylgja munu á eftir. Því fyrr sem ríkisstjórnin horfist í augu við stöðuna og leggur stóriðjuáformin til hliðar, þeim mun betra. Það er nauðsynlegt að snúa við blaði í þessum efnum. Öll dagblöð landsins, Morgunblaðið, Dagur og DV, hafa gagnrýnt frammistöðu ríkisstjórnarinnar og hvetja til þess að Ísland taki skýra afstöðu með samningnum. Menn ættu að fara yfir leiðara Morgunblaðsins frá 11. des. sl., áður en niðurstaða lá fyrir í Kyoto, þar sem eindregið er hvatt til þess að menn marki nýja afstöðu í umhverfismálum, átti sig á breyttum aðstæðum og lyfti nýju merki sem vel er hægt.

Almenningsálitið hefur verið að breytast síðustu vikur en ríkisstjórn Íslands hefur ekki áttað sig. Almenningur vill ekki að Ísland gangi betlandi eftir mengunarheimildum út um allan heim. Fólk á Íslandi er að átta sig á alvöru málsins og gerir kröfu um að ríkisstjórn landsins geri það líka. Við eigum að vinna úr þeim möguleikum sem samningurinn gefur okkur og stefna ákveðið að aðild að honum sem fyrst á undirritunartíma sem hefst í mars næstkomandi. Það er ekki eftir neinu að bíða, virðulegur forseti.

[11:04]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það var mikið ánægjuefni að frétta að niðurstaða hefði náðst í samningnum um gróðurhúsalofttegundirnar í Kyoto á dögunum. Ég held að það sé rétt að fáum er eins mikilvægt og okkur að samningur sem þessi nái fram að ganga því að þær breytingar sem gróðurhúsaáhrifin geta haft gætu reynst okkur dýrkeyptar. Við skulum hins vegar hafa í huga að jafnvel þó að allt gangi eftir sem talað var um í Kyoto leysir það ekki allan vandann og áfram þarf að halda. Það er því að mínu mati óskandi að við getum staðfest

samninginn. Eins og fram hefur komið er samningunum ekki lokið hvað okkur varðar því það eru margir mjög mikilvægir þættir ófrágengnir í samningnum og sérstaklega þættir sem okkur varðar.

Í umræðum á hv. Alþingi 17. nóv. nefndi ég þrjú atriði sem þyrftu að fá farsæla niðurstöðu í Kyoto. Fyrsta atriðið var að tekið væri tillit til sérstöðu okkar vegna hreinna orkugjafa og vegna eðlis losunar okkar og breytinga á orkugjöfum okkar á undanförnum áratugum sem hafa leitt til tiltölulega lítillar losunar hér á landi og sem jafnframt leiða til þess að við höfum minni möguleika til minnkunar á losun en aðrir þeir sem meira losa en við. Í öðru lagi nefndi ég að það yrði að taka inn í samninginn möguleika til bindingar á kolefni í gróðri, bæði hvað varðar skógrækt og landgræðslu. Í þriðja lagi nefndi ég að í samningnum yrði að vera gert ráð fyrir heimild til þess að versla með losunarkvóta á milli þjóða og innan einstakra þjóðahópa.

Ég nefndi þessi þrjú atriði ekki vegna þess að við værum sérstakir umhverfissóðar sem þyrfti að taka sérstaklega tillit til, því það er öðru nær. Þegar við skoðum losunartölur okkar og berum saman við aðra er mér algjörlega óskiljanlegur sá málflutningur sem heyrst hefur í þjóðfélaginu að við séum umhverfissóðar sem þurfum að fá undanþágur þess vegna. Ef allar þjóðir væru með sömu losun og við, 8,6 tonn á íbúa, þá værum við ekkert að ræða þetta vandamál. Þá væri ekki verið að vitna í tillögur og niðurstöður nefnda Sameinuðu þjóðanna um að það þurfi að minnka losunina um 60% til þess að hlutirnir séu í lagi. Þá væri þetta vandamál ekki uppi. Þess vegna er það rangur og óréttlátur málflutningur sem heyrst hefur. En ég nefndi þessi þrjú atriði vegna þess að samkomulagið þarf að vera sanngjarnt eins og öll önnur samkomulög sem við gerum því ef þau eru það ekki er ekki um samkomulag að ræða. Þá er verið að þvinga menn til aðgerða með krafti eða valdi gegn vilja þeirra og jafnvel gegn hagsmunum þeirra. Samkomulagið þarf að vera sanngjarnt í þeim skilningi að allir leggi svipað á sig til að ná samkomulaginu og það sé eitthvað sem hægt sé að kalla jafnvægi á milli losunar hinna ýmsu þjóða.

Hinn þátturinn sem þarf að taka tillit til eru hreinu orkugjafarnir sem við búum yfir, endurnýtanlegu orkugjafarnir, fallvötnin og að vissu marki heita vatnið og gufan. Því okkur ber að nota orkugjafana þar sem það þarf að vera framlag okkar til þess að ná heildarmarkmiði samkomulagsins um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta þurfum við að gera í sátt við önnur umhverfissjónarmið og það er vegna þeirra þátta, sem ég hef nefnt, sem tekið hefur verið tillit til aðstæðna okkar í þessu samkomulagi upp að vissu marki og að þeir erlendu aðilar sem hafa fjallað um þetta virðast taka meira tillit til þessara sjónarmiða en sumir gera innan lands.

Hver er þá staðan í þeim þremur atriðum sem ég nefndi þann 17. nóv. sl.? Það má segja það að fyrsta atriðið, um sérstöðuna, sé uppfyllt að hluta, kannski að hálfu leyti. Að annað atriðið, um bindinguna, sé líka uppfyllt að hluta því landgræðslan er þar ekki inni og að því leyti uppfyllt að hálfu leyti. Það má líka segja að svipað gildi um verslunina, þar sem ekki hefur verið skilgreint enn þá hvernig viðskipti þjóða með losunarkvóta á gróðurhúsalofttegundum eigi fram að fara. Þegar maður reiknar þetta saman hefur um eitt og hálft atriði af þessum þremur náð fram til dagsins í dag en ekki alveg þau tvö sem ég nefndi og því er ljóst að við höfum enn verk að vinna því samningunum er ekki lokið. Það er stjórnvalda og embættismanna, sem á þessu máli hafa haldið, að halda áfram í samningunum og ná þeim atriðum sem enn þá standa eftir til þess að skilyrðin þrjú eða tvö þeirra séu uppfyllt. En við þurfum jafnframt að leggja í aðra vinnu því við þurfum að leita að lausnum til þess að uppfylla skuldbindingar okkar, finna lausnir til þess að minnka losunina til ársins 2012 og við þurfum jafnvel að líta enn þá lengra því eins og ég sagði áðan þá er málinu ekki lokið árið 2012. Þetta þurfum við að gera þannig að við getum skrifað undir með góðri samvisku gagnvart okkur sjálfum og gagnvart heimsbyggðinni.

En ef þetta tekst, hverjir eru þá möguleikar okkar? $^{2}/_{3}$ af losun okkar er frá samgöngum og fiskiskipaflotanum þegar saman er lagt. Ég held að það ætti að vera góður möguleiki á því að fram til ársins 2012 náist að minnka útblásturinn í þessum tveimur þáttum um 10% og jafnvel að minnkunin dugi einnig til þess að taka við þeirri aukningu sem verður á umferð í samgöngum og hugsanlega í fiskiskipaflotanum. Þetta eitt mundi gefa okkur u.þ.b. 200 þús. tonn af CO . Við höfum líka, að mínu mati, raunhæfa möguleika á því að auka árlega bindingu í skógrækt og landgræðslu á þann hátt að við tvöföldum það markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér að ná fyrir árið 2000 þannig að árið 2012 yrði árleg binding kolefnis í gróðri u.þ.b. 200 þús. tonn. Þegar svo við bætist 10% sem við fáum umfram það sem losað var árið 1990 er þetta samanlagt tæplega 700 þús. tonn af CO sem er nánast sama tala og aukningin á losuninni sem spáð er til ársins 2010. Þá eigum við eftir að telja þá möguleika sem við eigum í viðskiptum með losunarkvóta í samstarfi og sameiginlegri framkvæmd um breytingar á tækni og útfærslu við að losa kolefni.

Við höfum þá ekki heldur tekið tillit til þess sem hugsanlegt væri að gera þegar tekið er tillit til hagkerfa þar sem eitt verkefni hefur hlutfallslega mikil áhrif. En ég geri ráð fyrir því að árangur hvað þetta ákvæði varðar snúist að miklu leyti um að við sýnum að við séum að ná árangri á öðrum sviðum og að þau verkefni sem um er að ræða séu verkefni sem nýtast heildinni við það að minnka losun á koltvíoxíði og það á svo sannarlega við um endurnýjanlega orkugjafa okkar.

Það eru þrjú atriði enn sem ég vildi nefna í þessu sambandi. Ég sakna þess í samkomulaginu að ekki er mikið fjallað um sameiginlega stefnumörkun og sameiginlegar aðgerðir. Ég tel nauðsynlegt að þjóðir heims taki sig saman um sameiginlega stefnumörkun og sameiginlegar aðgerðir í þessu efni og þá er ég sérstaklega að tala um kolefnisskatt. Ég held að slíkt hagrænt stjórntæki mundi hafa mest áhrif til þess að breyta nýtingu á brennsluorkugjöfum, sérstaklega hvað varðar samgöngutæki og jafnframt hvað varðar brennslu í staðbundnum brennslustöðum á landi.

Í öðru lagi sakna ég þess að þróunarríkin G-77 og Kína eru ekki formlegir aðilar að samkomulagi þessu hvað varðar skuldbindingar til þess að minnka losun á koldíoxíði því það er alveg ljóst að þetta vandamál verður ekki leyst nema að allar þjóðir heims komi að samkomulaginu. Með þessu er ég ekki að segja að þessar þjóðir eigi að taka á sig skuldbindingar um minnkun á losun á þessu stigi málsins heldur er ég að tala um það að þær skuldbindi sig til þess að minnka eða halda aftur af losuninni í framtíðinni þannig að málið sé skoðað í heild og að við vitum, þegar líða tekur á næstu öld, hver heildarlosunin verður.

Í þriðja lagi vil ég nefna að þó að um einhverja tímabundna og staðbundna erfiðleika geti verið að ræða við að

ná þessum markmiðum þá eru líka möguleikar í stöðunni fyrir þá sem búa yfir tæknikunnáttu til þess að ná þessum markmiðum, m.a. með (Forseti hringir.) nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Ég ég vil að lokum, herra forseti, segja að ég tel að samningamenn okkar hafi haldið vel á málum. Ég vona að þeir muni halda vel á málum í framtíðinni þannig að okkur takist að undirrita samninginn.

[11:16]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrrh. fyrir framsögu í málinu og ég vil þakka umræðuna um niðurstöðuna, bókunina eða áfangann í Kyoto.

Við Íslendingar verðum að leggja mikið á okkur til að geta undirritað samkomulagið á næsta ári eða innan tveggja ára. Ég þakka fyrir góða og gagnlega yfirferð málsins á sameiginlegum fundi umhvn. og utanrmn. með embættismönnum sem fóru fyrir okkur sem sendinefnd til Kyoto.

Loftslagsbreytingar eiga sér engin landamæri. Mengun sem kemur upp einhvers staðar berst um allan heim þó svo að smám saman dragi úr áhrifum eftir því sem upphafsstaður er fjarlægari. Það er nauðsyn að gera hvert og eitt land ábyrgt fyrir mengun sinni. En ekki er víst að allir geri sér ljóst hve slæm áhrif mannkynið hefur á loftslagsbreytingar sem nú þegar eru farnar að ógna íbúum í ýmsum heimshlutum. Það er nauðsyn að fræðslu og upplýsingum verði komið til þjóðarinnar um hvað er að gerast. Ríkisstjórnin verður að beita sér sérstaklega fyrir kynningu þessara mála. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að Ísland mun eiga stranga göngu fyrir höndum til að ná tilsettum árangri.

Í hverju birtist svo þessi ógn sem ég er að ræða um? Hún birtist m.a. í því að hitastig hefur hækkað um 0,3–0,6 gráður á síðustu 100 árum og þar af 1,5–3 gráður á síðustu 20 árum. Hver er afleiðingin? M.a. versna skilyrði til ræktunar sums staðar í heiminum vegna þurrka, annars staðar vegna óvenjumikillar úrkomu með þeirri afleiðingu að uppskerubrestur og skortur blasir við.

Hvað er að gerast, herra forseti? Jú, loftslagsbreytingarnar leiða til hækkunar yfirborðs sjávar um 1,5 mm á ári, 15 sm á 100 árum. Þessi niðurstaða vísindamanna er svo alvarleg að það verður að grípa til allra mögulegra ráða til að hafa áhrif í öfuga átt. Það verður að segja það eins og er að hröðun í þessum efnum er alveg gífurleg á síðustu 20 árum. Ógn af völdum eiturefna í umhverfinu er skelfileg ef grannt er skoðað, t.d. finnast DDT-eiturefni og fleiri enn hættulegri svo sem PCB-eiturefni neðst í lífkeðjunni og fara upp eftir henni allri og enda hjá manninum með t.d. þeim afleiðingum, sem er staðreynd, að hæfileiki mannkyns til fjölgunar fer minnkandi, lýsir sér m.a. í því að um er að ræða fækkun sæðisfrumna, og um er að ræða vansköpun í lífkeðjunni frá frumverum til mannsins. Hér er um mjög alvarlegar staðreyndir að ræða. Þetta er ekki mitt hugflæði heldur er þetta niðurstaða þekktustu vísindamanna á sviði umhverfismála í heiminum í dag. Þess vegna er umræðan þörf. Krafan er sú að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir aðgerðum, fræðslu og kynningu á umhverfismálum, ástandi og horfum á því sem leitt getur til bóta frá núverandi kringumstæðum.

Herra forseti. Ástæða er til að velta því fyrir sér hvernig mál hafa þróast á Íslandi. Ég nefndi fyrir skömmu síðan í ræðu um byggðamál að menn hefðu bara horft á þróunina sem hefur verið í vöruflutningum innan lands. Ég vek athygli á því að ákvörðun risanna í vöruflutningum hefur þau áhrif að mengun af völdum koltvíildis hefur aukist gífurlega fyrir utan slit veganna sem skapar mengun. Það er því rétt að varpa fram eftirfarandi spurningum: Er rétt að skoða tæknibreytingar á þessu flutningasviði? Hversu mikla aukingu er um að ræða? Hvert er aukið slit veganna vegna þess að risarnir eru komnir út á vegina? Getur það verið að eitt tröll á vegunum samsvari sliti 4.000 smábifreiða? Getur það verið? Ég óska eftir að menn skoði það. Hverjar eru þær aðgerðir sem við verðum að grípa til?

Herra forseti. Ég má til með að nefna: Ætla menn að skoða þá þáltill. sem undirritaður hefur barist fyrir í meira en fjögur ár og varðar brennsluhvata sem leiða sannanlega til minni eldsneytiseyðslu, bæði bifreiðaflotans og einnig skipa á sjó og minnkar þar með mengun? Ég bendi á grein í Morgunblaðinu eftir Ævar Jóhannesson þar sem bent er á að hvarfakútarnir, sem ég hef rætt um í mörgum ræðum, skapa eftir 15.000 km notkun 6–8% aukningu mengunar. Samt er þetta skilyrði til þess að fá að flytja inn bifreiðar að þessir hvarfakútar séu í þeim. Ég trúi ekki öðru en að þetta mál verði skoðað í framhaldi af ábendingu minni.

Hvað með olíukyndingu í síldar- og loðnuverksmiðjum? Því ekki raforku þar sem það er unnt og það er auðvelt? Hvað með samgöngulínu yfir hálendið, t.d. með raflest sem gæti flutt flutningabifreiðar þvert yfir landið? Og hvað með raflest til Suðurnesja? Ég spyr sjálfan mig og aðra um möguleika þess að gera átak í þessum efnum sem ég hef nefnt. En hvert eigum við að líta varðandi nýtingu okkar á íslensku orkunni? Hvert eigum við að horfa? Hvers vegna eigum við að gera þessa hluti? Eigum við að selja orku um sæstreng? Ég hygg að á síðustu mánuðum og vikum hafi menn orðið jákvæðari gagnvart þeirri hugmynd að nýta orku okkar á þann hátt að selja hana með sæstreng til annarra landa. Eigum við að gera það þannig? Njótum við þess ef við seljum endurnýjanlega orku til Evrópu eða fá þau lönd sem taka upp orkunotkun frá Íslandi allan mengunarávinninginn? Erum við samábyrg fyrir menguninni eða verður hvert land, eins og ég sagði í upphafi, að bera ábyrgð á sinni mengun?

Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því að sú tækni sem er í málmiðnaði með notkun hlífðargassuðu, sem er kolsýra notuð við samsetningu málmhluta, skapar verulega mengun. Hafa menn velt því fyrir sér að þar eru líka möguleikar til að skera á? Hvað með allan einmenningsaksturinn í allt of stórum bílum með allt of eyðslufrekar vélar? Þá verður mér litið til flota jeppabifreiða sem eru a.m.k. einu sinni á ári saman komnar fyrir utan hina ýmsu staði þegar um er að ræða einhver stór þing. Ég velti því fyrir mér hvernig á að koma í veg fyrir það að menn noti þessar stóru bifreiðar. Það er kannski ástæða til þess að geta þess að sá sem hér talar notar almenningsvagna í 70% af sínum ferðum um Reykjavík. Það væri betur ef því væri svo farið um aðra hv. þm. Við verðum líka að gera hluti í okkar eigin ranni til þess að bæta úr því ástandi sem er. Við getum ekki bara horft til annarra. Það verður, hæstv. forseti, að grípa til allra tiltækra ráða á næstu mánuðum svo við getum nýtt þá mengunarlausu orku sem við eigum á sem skynsamlegastan máta. Ég veit ekki hvort hv. alþm. hafa tekið eftir því að það er orðinn möguleiki á að binda koltvísýring í steinsteypu. Vita menn að nú er orðinn möguleiki á að eyða koltvísýringi með því að búa til steinsteypueiningar og nota til húsbygginga? Ég hygg að ýmsir hafi ekki fylgst með því sem er að gerast í þessum efnum. Þessa möguleika verðum við að nýta og nota.

Ég vil að lokum, herra forseti, minna aftur á þá þáltill. sem ég hef hvað eftir annað flutt á hv. Alþingi varðandi notkun brennsluhvata. Það varð sátt um það mál á síðasta þingi að hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. mundu beita sér fyrir því að sú úttekt, sem alltaf hefur verið beðið um, yrði gerð. Hún kostar kannski ekki nema 1,5 milljónir ef hún yrði framkvæmd. Það getur verið um að ræða, og ég bið hv. þm. að taka eftir því, 3–5 % minnkun losunar þessara snefilefna út í loftið ef menn grípa til notkunar þessa tækis og ég tala ekki um ef menn losa sig við hvarfakútana úr bílunum. Hvarfakútarnir eru aðeins ætlaðir í stórborgir þar sem miklar vegalengdir eru. Í borg eins og Reykjavík er hvarfakúturinn ekki orðinn virkur á leiðinni frá Ártúnshöfða og t.d. hingað að Alþingishúsi. Hann skapar aðeins aukna eldsneytisnotkun sem nemur einhvers staðar í kringum 10%. Ég dreg í efa að menn hafi skoðað þá hluti að hvarfakúturinn er ekki virkur fyrr en vélin er komin í vinnsluhita og það þarf þann tíma og þá vegalengd sem ég nefndi hér. Þetta eru atriði, herra forseti, sem ég vil benda á og ég er þegar búinn að benda á marga möguleika til að minnka mengun en ég sé ekki fyrir mér að það gerist á skemmri tíma en 5–10 árum. Þess vegna verðum við að taka alvarlega á ef við ætlum að geta undirritað þann samning eða þá bókun sem liggur fyrir eftir Kyoto-ráðstefnuna.

[11:29]

**Útbýting þingskjala:**

Nýbygging sendiráðs Íslands í Berlín, 298. mál, svar utanrrh., þskj. 434.

Vistunarvandi aldraðra, 293. mál, svar heilbrrh., þskj. 452.

Þjónustugjöld fjármálastofnana, 281. mál, svar viðskrh., þskj. 556.

[11:29]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Við búum við aldeilis óvenjulegt veðurfar þessa dagana þar sem hitinn er nær meðalhita sumarmánaða en því sem við eigum að venjast á aðventu og gæti nú hvarflað að einhverjum að með slíku væru æðri máttarvöld að minna á það sem er að gerast í háloftunum fyrir tilstuðlan mannanna. Einhver mundi kannski segja að það væri hið besta mál að fá til okkar aukin hlýindi en það kynni að vera skammgóður vermir ef marka má vísindamenn.

Herra forseti. Mengun virðir engin landamæri, er setning sem oft hefur hljómað í eyrum á undanförnum árum, jafnvel áratugum, en álitamál hvort menn hafa almennt gert sér grein fyrir alvöru þeirra orða fyrr en kannski nú. Í rauninni má segja að mesti árangur ráðstefnunnar miklu í Kyoto sé einmitt fólginn í því að þá daga sem hún stóð var sjónum svo rækilega beint að þessari umræðu að stór hluti jarðarbúa komst ekki hjá því að fylgjast með og innbyrða bæði fróðleik og alvöru málsins. Ég ætla ekki að verja tíma mínum í langa útlistun á þeim vanda sem hér er við að fást. Það hefur verið gert bæði hér og annars staðar að undanförnu, m.a. af síðasta ræðumanni. Ég vil aðeins ítreka að um er að ræða stærsta og víðtækasta umhverfisvanda sem við er að fást á heimsvísu. Við getum ekki og megum ekki vísa þeim vanda yfir á herðar barna okkar og barnabarna. Hagsmunir okkar Íslendinga eru miklir, jafnvel meiri en margra annarra. Þeir varða sjálfa undirstöðuna undir mannlíf á þessu kalda landi okkar sem er þó hlýrra en ætla mætti af hnattstöðu. Líflína okkar er Golfstraumurinn og tilvist hans og stefna er í hættu ef þróunin verður á þann veg sem margir vísindamenn telja mögulega. Þeir telja hana raunar ekki aðeins mögulega heldur beinlínis líklega ef ekki verður unnið gegn þróuninni af alefli. Það er einmitt þetta atriði sem hefur opnað augu margra hér á landi því það er ekki til sá Íslendingur sem ekki þekkir og skilur mikilvægi Golfstraumsins fyrir mannlíf á þessari breiddargráðu. Flestir skirrast við að hugsa þá hugsun til enda ef Golfstraumurinn breytti um stefnu og viki frá landinu. En raunin er sú að það þarf ekki ýkja mikla röskun í veðurfari til að svo geti orðið. Áhrif þess á loftslag og fiskgengd hér við land yrði afdrifarík og afleiðingarnar gætu orðið blátt áfram skelfilegar fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf og þar með lífsskilyrði í landinu. Spurningin er hvort menn vilji í raun og veru bera ábyrgð á því að hafa stuðlað að því að Golfstraumurinn fari annað. Maður gæti jafnvel haldið það miðað við viðbrögð og yfirlýsingar sumra hérlendra ráðamanna, því miður.

Þær raddir heyrast sannarlega bæði hér á landi og annars staðar að hér sé verið að mála skrattann á vegginn og að sannanir skorti fyrir slíkum heimsendaspám. Þeir eru margir sem eru meira en fúsir til að blása á varnaðarorð vísindamanna og loka augunum fyrir vandanum. Þeir afneita öllum vangaveltum um nauðsyn breyttra lífsháttа og sjá ekkert nema kostnað við aðgerðir til að snúa þróuninni við. Hér er þó ekki um að ræða neitt hugarflug örfárra vísindamanna heldur álit fjölmargra alþjóðlega viðurkenndra sérfræðinga og vísindamanna sem hafa komist að þessum niðurstöðum eftir að hafa rannsakað, reiknað og spáð um árabil. Víða erlendis hefur farið fram mikil umfjöllun um þessi mál, miklu meiri en hér á landi eða að minnsta kosti lengur. Víðkunn og virt tímarit, bæði vísindatímarit og tímarit almenns eðlis, hafa tekið þetta ítarlega fyrir. Þetta hefur verið rætt á ótal fundum og ráðstefnum og niðurstöður eru einfaldlega á þá leið að við getum ekki leyft okkur að leggjast í afneitun eins og þrælvirkir alkóhólistar. Það er því verulegt áhyggjuefni hvernig forustumenn þjóðarinnar halda á málstað okkar í anda sögunnar góðu um litlu gulu hænuna. Vandkvæðið er nefnilega það að litla gula hænan færi alveg jafnilla út úr þessu dæmi og allir aðrir vegna þess að í þessu dæmi má enginn skorast undan. Við erum öll á sama báti þótt sumir eigi vissulega meiri hagsmuna að gæta en aðrir, að minnsta kosti til skemmri tíma litið. Það er ekki nóg að viðurkenna að vissulega sé vandi á ferðum sem taka þurfi á en halda því svo til streitu að það megi helst ekki kosta neitt og við séum alls ófær um að leggja okkar af mörkum.

Árangur íslensku sendinefndarinnar á ráðstefnunni í Kyoto var að mínu mati góður miðað við þær forsendur og áherslur sem hún hafði í farteskinu. Ég var hins vegar ekki sátt við undirbúninginn og þær áherslur sem lagðar voru til grundvallar. Það er svo mikið í húfi fyrir þjóðina að í raun og veru hefðu Íslendingar átt að ganga harðast allra fram í því að krefjast verulegs samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu í stað þess að heimta sérstakt leyfi til að auka útblástur. Sérstaða okkar felst ekki í því að við þurfum að tryggja okkur stöðu sem stórvirkjana- og álvinnslusvæði. Sérstaða okkar felst í því að ef allt fer á versta veg í þessu efni verður landið tæpast byggilegt. Hvers virði eru þá stóriðjuverin og orkuverin á hálendinu?

Það varð vissulega árangur af hinum mikilvæga fundi iðnríkjanna í Kyoto. Sá árangur er ekki bara fólginn í því hversu rækilega var vakin athygli á þessum sérstæða vanda sem varðar alla heimsbyggðina heldur komust þátttökuríkin að niðurstöðu og það var meira en margur bjóst við. Líðlega

5% samdráttur í heild frá árinu 1990 til ársins 2010 er að vísu ekki metnaðarfull viðmiðun þegar litið er til þess að vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur lýst því yfir að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda um meira en 50% frá því sem nú er fyrir miðja næstu öld. Það er því augljóst að þessi viðmiðun fær ekki að standa lengi. En hún er mikilvægt skref í rétta átt og mikilvæg sönnun þess að að minnsta kosti margir forustumenn iðnríkjanna gera sér grein fyrir þeirri hættu sem felst í afneitun vandans. Hins vegar sýna fjölmörg atriði í samningnum að það eru fleiri en íslenskir ráðamenn sem vilja reyna að koma sér hjá því að leggja meira af mörkum en þeir mögulega komast af með.

Ég geri mér að vísu grein fyrir að aldrei hefði náðst niðurstaða í þessum samningaviðræðum ef ekki hefðu komið til hin og þessi frávik og sveigjanleiki sem er ætlaður til að gera hinum ýmsu aðildarríkjum kleift að skrifa undir. En ég óttast að öll þessi atriði, allir þessir möguleikar til undanþágu og kvótaskipta, kvótaverslunar og bónusa, geri það einfaldlega að verkum að iðnvæddi heimurinn verði nær núlli í lok tímabilsins en að dregið hafi úr losun og að á heildina litið hafi útblástur aukist verulega á heimsvísu vegna þróunarinnar í þriðja heims löndunum. Í fyrsta lagi eru gefin færi á margvíslegu samstarfi milli ríkja um mengun ef svo má að orði komast, þ.e. að ná samningum milli ríkja um starfsemi sem kynni að þýða aukna mengun í einu landi en minni í öðru og útkoman einfaldlega í heildina núll. Í öðru lagi er ætlunin að útfæra reglur um bein viðskipti með kvóta milli landa, þ.e. að eitt ríki geti hreinlega keypt mengunarkvóta af öðru ríki ef ég hef skilið þetta rétt. Þá má kannski segja að með því gefist söluríkinu færi á að fá fjármagn til að draga úr mengun heima fyrir. Þá eiga ríki að geta sameinast um verkefni til úrbóta í einu landi og vinna sér inn mengunarkvóta með slíku framlagi. Loks eiga að verða möguleikar á stigagjöf fyrir að aðstoða þróunarríki við að byggja upp mengunarlítinn rekstur hjá sér. Öll þessi atriði á raunar eftir að útfæra en það er auðheyrt að einmitt þarna eygja íslenskir ráðamenn möguleika á meiri mengun í okkar eigin garði sem er greinilega meira áhugaefni en hið gagnstæða. Þannig er margt enn óljóst í sambandi við samninginn og margt sem veldur áhyggjum. Mestum áhyggjum veldur auðvitað að í stað þess að fagna þeirri niðurstöðu sem þó náðist og efna til viðræðna og vinnu um það sem gera þarf til að Ísland standi plikt sína í samfélagi þjóðanna þá eru íslenskir ráðamenn ýmist með óráðnar og dræmar yfirlýsingar eða þeir eru komnir í bardagastellingar hér heima og í útlöndum eins og fréttir herma af framgöngu hæstv. utanrrh. og byrjaðir að væla utan í forustumenn nágrannalandanna um að þetta sé allsendis óviðunandi fyrir þessa litlu þjóð og þar fram eftir götunum. Þannig er ýmist hótað eða vælt í stíl beiningamanna.

Nær væri að snúa sér af fullri einurð að því sem gera þarf til að draga úr losun eins og okkur ber að gera þegar við höfum skrifað undir samninginn eins og við hljótum að gera. Við hljótum að skrifa undir þessa lágmarksniðurstöðu og ég ætla bara rétt að vona að svo verði gert.

Við eigum fyrst og fremst að skoða alla þá möguleika sem eru í stöðunni og við þurfum að vinda okkur í fullnaðarathugun á þeim. Við eigum að ýta öllum áformum um frekari mengandi stóriðju til hliðar. Við eigum svo að athuga alla hugsanlega möguleika í samgöngumálum, auknar almenningssamgöngur, vistvænna eldsneyti, rafknúin farartæki, aukna sjóflutninga í stað landflutninga, dísilolíu í stað svartolíu á skipin, aukna landfrystingu í stað sjófrystingar o.s.frv. Það þarf auðvitað að setja kraft í rannsóknir, þróun og tilraunir með vetnisnotkun sem er eldsneyti framtíðarinnar. Að öllu þessu þarf að hyggja og ýmsu fleiru, t.d. skattlagningu á mengun. En slíkar skatttekjur væri sjálfsagt að nota til rannsókna á þessu sviði og til þróunar vistvænni leiða. Ekki síst þarf að huga að leiðum til að hvetja til vistvænni lífshátta.

Á næstunni þarf svo að skýra ýmislegt í tengslum við samninginn eða niðurstöðuna sem fékkst í Kyoto. Hann skýrðist aðeins að litlu leyti í máli hæstv. ráðherra áðan. Það þarf að skýrast hvernig tryggja á framgang samningsins, hvernig eftirliti verður háttað og hvernig brugðist verður við brotum einstakra ríkja eða ríkjaheilda.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, þakka fyrir umræðuna og vona að í lokaorðum hæstv. ráðherra komi eitthvað nánar fram um sýn hans á málið, mat hans á stöðunni, og ekki síst til hvers vilji hans stendur. Ég ítreka áhyggjur mínar og andstöðu við þau viðbrögð og áherslur sem hafa verið áberandi í yfirlýsingum einstakra ráðherra bæði fyrir fundinn, á meðan á honum stóð, og nú eftir að niðurstaða er fengin. Hagsmunir okkar eru ekki fólgnir í því að leggja allt kapp á að tryggja okkur rétt til áframhaldandi stóriðjumengunar. Það er alröng stefna og andstæð hagsmunum okkar. Við eigum að fagna þeim árangri sem náðist í Kyoto. Við eigum að sjá möguleikana í stöðunni og leggja áherslu á nýja og betri lífshætti, á nýjungar og ný vinnubrögð sem geta vel haft í för með sér efnahagslegar framfarir á nýjum forsendum.

Að lokum lýsi ég því yfir að mér fannst mikilvæg yfirlýsing hæstv. umhvrh. áðan um nauðsyn þess að fram fari mat á afleiðingum þess ef Íslendingar taka ekki af fullri ábyrgð þátt í þessu mikilvæga verkefni sem skiptir alla heimsbyggðina svo gríðarlega miklu.

[11:42]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Árið 1995 gaf nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna sem starfaði undir forustu vísindamannsins Benjamins Santers út það álit að gróðurhúsaáhrifa væri sannarlega tekið að gæta á jörðinni. Þeir vísindamenn sem störfuðu í þessari nefnd fullyrtu að hitastig fari vaxandi á jörðinni, bráðnun jökla væri orðin sýnileg, dýrategundir, bæði fiskar og skordýr, væru tekin að færa sig til í vistkerfinu vegna aukins hita. Um þetta má lesa í sérhefti tímaritsins Time sem kom út fyrir nokkrum vikum í tilefni af Kyoto-ráðstefnunni.

Deilt hefur verið um það meðal vísindamanna hvort gróðurhúsaáhrifa sé raunverulega tekið að gæta. En sú deila og sá vafi á auðvitað að vera náttúrunni, jörðinni og lífinu í vil. Það er viðurkennt meðal þjóða heims að það verði að taka á þessu stærsta og mesta umhverfisvandamáli heimsins og einmitt það var verið að gera á ráðstefnunni í Kyoto og í aðdraganda hennar.

Í huga mínum er það fagnaðarefni að loksins skuli hafa náðst samkomulag um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þó niðurstaðan sé í raun og veru algjört lágmark. Þetta er eitthvert mesta stórmál nútímans og umhverfismálin verða stórmál næstu aldar, um það efast enginn sem reynir að setja sig inn í þessi mál. Það eru mjög vaxandi áhyggjur af sívaxandi mengun af ýmsu tagi sem iðnríkin eiga fyrst og fremst þátt í. Það ber þó að geta þess og gæta að því að mengun fer mjög vaxandi í þróunarríkjunum. Því vakti það athygli mína í yfirferð okkar í hv. utanrmn. og hv. umhvn. í gær með fulltrúum ráðuneytanna að þróunarríkin eru að mestu leyti fyrir utan samninginn. Það tel ég vera afar mikinn

ókost því sú hugsun að það verði að koma þróunarríkjunum upp á stig iðnríkjanna áður en hægt er að fara að gera kröfur til þeirra er öllum heiminum stórhættuleg. Það erum við á Vesturlöndum sem þurfum að draga úr en það má ekki ýta öllum mengunariðnaðinum til þróunarlandanna og að stórauka mengun þar er engin lausn fyrir heiminn. Ég vil geta þess í þessu samhengi að ég veit af eigin reynslu að í borg eins og Peking er mengun gífurleg. Frést hefur að orðið hafi að loka skólum í Mexíkóborg vegna gríðarlegrar mengunar og því er afar sérkennilegt að halda þróunarríkjunum fyrir utan þennan samning og í framtíðinni hljóta þau auðvitað að eiga meiri þátt í honum.

Hæstv. forseti. Þó það sé fagnaðarefni að samningur skuli hafa náðst og stærstu iðnríkin sem hafa verið mikill dragbítur í þessum efnum, m.a. Bandaríkin og áður Bretland, hafi nú fallist á að draga úr útblæstri í sínum löndum, þá finnst mér stefna íslenskra stjórnvalda ekki mikið fagnaðarefni. Íslensk stjórnvöld hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á að fá að menga meira, ekki að standa í stað eða draga úr, heldur að fá að menga meira. Með fullri virðingu fyrir litlum hagkerfum þá finnst mér þetta ekki mikill metnaður. Við Íslendingar erum mestu stórneytendur í heiminum á mælikvarða efnahagslegra lífsgæða og mengum síst minna en aðrar þjóðir miðað við hvert mannsbarn. Þó við búum við þannig aðstæður að mengun blási hér í burt, þá fer hún bara til annarra eða upp í lofthjúpinn. Mér finnst það engin rök að hér hafi verið dregið úr notkun mengandi orkugjafa, það er að sjálfsögðu fagnaðarefni en við berum sömu ábyrgð og aðrar þjóðir. Við eigum vitanlega að gera allt sem við getum til þess að draga úr mengun. Ábyrgð okkar á framtíð lífsins á jörðinni er nákvæmlega hin sama og allra annarra þjóða.

Ástæðan fyrir þeirri stefnu íslenskra stjórnvalda, að fá að menga meira, er auðvitað hin umdeilda stóriðjustefna. Og því miður, hæstv. forseti, á meðan nágrannaþjóðir okkar beina fjármagni og menntun að því að byggja upp hugbúnaðariðnað, stóriðju framtíðarinnar, þá sjá íslensk stjórnvöld ekkert annað en mengunariðnað og eru að keppa við ríki þriðja heimsins, m.a. Venesúela, um það að fá slíkan iðnað hingað til lands. Í morgun voru fréttir af því að útflutningur Dana á vindmillum er að verða að öflugum iðnaði. Sá iðnaður snýr að því að draga úr mengun. Írar ákváðu nýlega að setja jafnvirði 25 milljarða ísl. kr. til að byggja upp hugbúnaðariðnað hjá sér og til þess að auka fjölda nemenda í þeim greinum. Þar er framtíðin, hæstv. forseti, ekki stóriðjustefna 19. aldarinnar sem skapar fá störf og eykur mengun á norðurhveli jarðar.

Hæstv. forseti. Ég vil gera það að lokaorðum mínum að hvetja íslensku ríkisstjórnina til þess að staðfesta Kyotosamninginn og beita kröftum sínum til að draga úr mengun hér á landi en ekki að stuðla að því að hún verði aukin.

[11:48]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Alþjóðlegt samningaferli sem snertir lofthjúp jarðarinnar og hugsanlega loftslagsbreytingar og staðið hefur frá 1990 að mestu leyti er með mikilvægustu alþjóðlegu samningaferlum sem um getur. Kyoto-bókunin er afar mikilvægur áfangi í þessari samningagerð. Hins vegar ber að meta þennan áfanga raunhæft þar sem um að ræða erfiðan jafnvægisgang og mikla áhættu. Annars vegar snýst málið um hugsanlegar umhverfisbreytingar sem geta í framtíðinni breytt til hins verra forsendum efnahags- og velferðar mannkynsins. Hins vegar varðar málið ákveðnar aðgerðir sem verka til skemmri tíma íþyngjandi, geta valdið samdrætti og jafnvel auknu atvinnuleysi en er ætlað að draga úr líkum á að mannkynið valdi varanlegri röskun á loftslagi jarðarinnar.

Niðurstöðuna verður að telja viðunandi, að mestu leyti, bæði sem heildarþróun og einnig frá séríslensku sjónarmiði. Það verður að benda á að gildi samkomulags af þessu tagi hlýtur að felast í líkum þess að þær leiði til raunverulegs árangurs. Til lítils er að ná samkomulagi um texta sem vonlítið er að verði framkvæmdur. Í dag er í raun með öllu óvíst hvaða örlög þetta samkomulag hlýtur þegar kemur að fullgildingu samkomulagsins. Samninganefnd Íslands var í erfiðri stöðu. Ísland býr við þá sérstöðu að nýta mjög frumorku og þar vegur endurnýjanleg orka mjög þungt, svo þungt að fáar þjóðir geta borið sig saman við okkur. Endurnýjanleg orka, sem samkvæmt 2. gr. í Kyoto-bókuninni ber að leggja sérstaka áherslu á til að efla sjálfbæra þróun, er um 67% af frumorkunýtingu Íslendinga. Hér er rétt að við berum okkur saman við ESB sem kynnti sig á Kyoto-ráðstefnunni sem sérstakan málsvara verulegrar minnkunar á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Þann 27. nóvember 1997, þ.e. fyrir nokkrum dögum, kynnti Evrópusambandið hvítbók sem skilgreinir í fyrsta skipti stefnu og framkvæmdaáætlun sem miðar að því sem kallað er „metnaðarfullt markmið". Takmark Evrópusambandsins er að tvöfalda öflun endurnýjanlegrar orku til ársins 2010 þannig að í heildarorkunotkun ESB færi hlutfall endurnýjanlegrar orku úr 6% í 12. Með öðrum orðum þau prósent endurnýjanlegrar orku sem við búum við á Íslandi, 67% af heildarorkunni, er 6% hjá Evrópusambandinu sem kynnti sig sem sérstaklega metnaðarfullan aðila í þessum Kyoto-umræðum. Við ættum að reyna að leggja mat á það hversu langt Íslendingar hafa náð í þessum efnum og hvort ekki beri að viðurkenna sérstöðu þeirra í ljósi þess. Ef allar þjóðir hefðu náð svipuðum árangri í notkun endurnýjanlegrar orku, þá væri sennilega ekki um nokkurt vandamál að ræða. Við stöndum að þessu leyti framar flestum öðrum þjóðum. En það hefur ekki verið svo erfitt að fá það viðurkennt að við þyrftum ekki, við þessar aðstæður, að draga verulega úr útblæstri okkar. Ég tel að samninganefnd okkar hafi náð þeim árangri að fá þetta viðurkennt. Hins vegar er þrautin þyngri að sannfæra aðrar þjóðir um að við eigum rétt á að auka útblástur okkar. Það sjónarmið byggist annars vegar á því að við höfum náð það miklum árangri í húshitun með endurnýjanlegri orku að ekki er mögulegt að ná mikið meiri árangri á því sviði. Miðað við þá tækni sem nú er til staðar er ekki mögulegt að fara nýjar leiðir í orkunotkun skipaflotans, þó að ætla mætti að þar sé lausn í sjónmáli á næsta áratug eða svo.

Í þriðja lagi höfum við áskilið okkur rétt til þess að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar til að byggja upp orkufrekan iðnað og talið okkur til tekna að slík framleiðsla sé umhverfisvænni en sambærilegur orkufrekur iðnaður byggist á brennslu jarðefna. Við eigum rétt á að auka útblástur vegna þessara sérstöku sjónarmiða og að sjálfsögðu hefur reynst mjög erfitt að fá þau viðurkennd. Það svigrúm sem okkur er gefið í bókuninni er fremur lítið og mun setja þróun orkufreks iðnaðar hérlendis allmiklar skorður í framtíðinni.

Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því að tilgangur þessa samkomulags er ekki sá að setja þjóðfélagið á annan endann, hvorki íslenskt þjóðfélag né önnur þjóðfélög. Menn eru að reyna að finna raunhæfar leiðir til að ná árangri og

það er ekki gert með því að kollvarpa þjóðfélögum heldur með því að aðlaga þau nýjum viðhorfum. Ég held hins vegar að rétt sé að taka sérstaklega fram að sú áhersla sem lögð er á skógrækt í samningnum, bæði að því er varðar endurheimt glataðra landsgæða og sem beina aðgerð til að vinna gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda, er afar athyglisverð. Önnur grein bókunarinnar er mikil hvatning til Íslendinga til að efla til muna skógræktarstarf í þessum tvenna tilgangi. Ég tel því, herra forseti, að um sé að ræða viðunandi samning og mig skiptir miklu máli hvernig samningaviðræður þróast í framtíðinni.

[11:54]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Í aðdraganda Kyoto-ráðstefnunnar mátti heyra úr þessum ræðustól og lesa í ritum manna, harðar árásir á hæstv. umhvrh. og íslensku sendinefndina sem fór til Kyoto. Nú liggur fyrir að íslenska sendinefndin hefur náð mjög góðum árangri í Kyoto. Það kemur í ljós að ekki einasta hefur íslenska sendinefndin náð eyrum alþjóðasamfélagsins heldur hefur verið tekið mark á rökum íslensku sendinefndarinnar og fyrir vikið hafa Íslendingar náð einstökum árangri í Kyoto. Í ljósi þeirra umræðna sem hér voru í aðdraganda Kyoto-ráðstefnunnar og jafnvel meðan á henni stóð leiðir það hugann að því hvernig pólitísk umræða fer oft fram, af ábyrgðarleysi og með gaspri. Árangur náðist í Kyoto vegna þess að íslenska sendinefndin fór vel vopnum búin og hafði góðan málstað. Þar var sérstaða Íslands viðurkennd. Sérstaðan byggir m.a. á smæð efnahagslífs okkar og hagkerfis, því að Íslendingar eru afskaplega litlir í heildarútblæstri á gróðurhúsalofttegundum í veröldinni, og þeirri staðreynd að við ráðum yfir mikilli vistvænni orku, endurnýjanlegum orkugjöfum.

Hér má stundum skilja af ræðum manna að Íslendingar séu mestu umhverfissóðar sem þekkist á jarðarkringlunni. Staðreyndin er einfaldlega sú að af heildarkoltvíoxíðútblæstri í veröldinni er framlag Íslendinga 0,01%, 0,1 prómill. Og það sem meira er að Íslendingar gætu lagt meira til umhverfismála heldur en í rauninni flestar aðrar þjóðir veraldar.

Þegar rætt er um umhverfismál vilja menn á stundum ræða þau umhverfismál staðbundið en umhverfismál er ekki hægt að ræða nema á heimsvísu, í alþjóðasamhengi. Reyndar hefur það greinilega komið fram í ræðum einstakra hv. þm. með tilvísun til Golfstraums og hreyfinga í lofti. Umhverfismál eru alþjóðamál og þau verða alltaf rædd hnattrænt og þess vegna, herra forseti, geta Íslendingar lagt meira af mörkum til umhverfisþátta heldur en flestar aðrar þjóðir. Ég tek dæmi af rúmlega ársgamalli magnesíumverksmiðju við Dauðahafið. Hún hefur olíu og kol að orkugjöfum og veldur gífurlegri mengun. Sambærileg verksmiðja hér á Íslandi væri keyrð með endurnýjanlegri orku, með vatnsorku, með gufuorku og jafnvel með vetni. Segja má að sú verksmiðja gæti dregið úr koltvíoxíðmengun í veröldinni um 10 milljón tonn árlega. Þá kemur spurningin: Viljum við standa hér, halda utan um okkar mikilvægu náttúru og beina slíkri verksmiðju til þróunarríkja eða til Dauðahafsins, þar sem kol og olía eru orkugjafarnir? Þetta er spurning sem felur auðvitað í sér mótsagnir en staðreyndir eigi að síður.

Og hvað gerum við svo í Buenos Aires þegar líður að nóvember á næsta ári? Það vekur mér ugg að mér finnst menn oft víkja frá þeirri staðreynd að þriðjungur af útblæstri okkar kemur frá samgöngutækjum og annar þriðjungur frá fiskiskipaflota. Því verður ekki undan vikist. Því er rökrétt að draga þá ályktun að þar ættum við að ráðast á syndir okkar sem þær eru mestar. Ég hef áhyggjur af því, herra forseti, hve úrtölutónninn heyrist gjarnan. Menn fullyrða að tæknin, t.d. varðandi vetni sé langt undan. Þannig hafa menn talað árum saman án þess að gera sér grein fyrir því að tækninni hefur sérstaklega á síðustu fimm árum fleygt fram, meira en nokkurn grunaði. Henni mun fleygja enn frekar fram í kjölfar Kyoto. Okkur væri mikilvægt að stíga alvarleg skref varðandi það að byggja upp infrastrúktur með nýtingu rafbíla, vetnisbíla, nýtingu metanóls, efnarafala og þar fram eftir götunum. Við höfum orkuna til þess. En höfum við hinn pólitíska vilja? Af ræðum manna dreg ég það á stundum í efa.

[12:00]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Margt bendir til þess að þær náttúruhamfarir af manna völdum sem við erum að ræða um og ekki eiga sér hliðstæðu í sögu mannkynsins kunni að reynast töluvert miklu afdrifaríkari en áður var talið. Lengi hefur verið rætt um nokkra hitaaukningu af völdum loftslagsbreytinga og þá hefur umræðan snúist um það hvort ekki væri nauðsynlegt að hægja á þessum breytingum þannig að þjóðfélögum heimsins gæfist kostur á að aðlagast nýjum aðstæðum og hvað Ísland varðar hefur einkum verið rætt um að hér yrði hugsanlega minni hitaaukning en annars staðar.

Nú í seinni tíð hafa borist mjög alvarlegar viðvaranir um að hafstraumar kunni einnig að breytast. Líf Íslendinga byggist á Golfstraumnum og án hans yrði Ísland óbyggilegt. Það er því ljóst að hugsanlega eru Íslendingar í hópi þeirra þjóða sem eiga hvað mest í húfi að ekki takist illa til.

Mér finnst persónulega að umræðan hér á Íslandi sé í litlu samræmi við þessa staðreynd. Hér virðist vera aðalá-hyggjuefni manna að ekki verði tekið tillit til þeirrar kröfu Íslendinga að um verði að ræða miklu meiri losun hér á Íslandi en hlutfallslega er annars staðar eða eins og margur maðurinn hefur sagt í umræðunni: Við viljum menga miklu meira en allar aðrar þjóðir.

Ég get vissulega viðurkennt að Íslendingar hafa fullt af rökum fyrir þessu. Það vantar ekki að við eigum orkugjafa sem lítið menga og húshitun á Íslandi mengar nær ekkert. Það er auðvitað augljóst mál líka að álver byggt á Íslandi mengar minna en álver byggt þar sem nota þarf gas. Við höfum sem sagt fullt af góðum og gildum rökum með okkur. En því miður er þetta bara ekki kjarni málsins. Því miður er kjarni málsins allt annar. Kjarni málsins er sá að við Íslendingar eigum sennilega manna mest í húfi að ekki takist illa til og við hljótum því að vera fremstir í flokki þeirra þjóða sem vilja að um verði að ræða raunverulegt átak og að raunveruleg samstaða verði um að ná árangri til þess að draga úr hitaminnkuninni.

Ríkisstjórnir heimsins hafa brugðist mjög misjafnlega við. Sumar vilja bregðast hart við og þá einkum og sér í lagi þær þjóðir sem hreinlega mundu lenda undir hafinu með hækkun yfirborðs hafsins. Aðrar virðast vilja láta reka á reiðanum og láta sér nægja að hægja aðeins á, aðlagast þeim breytingum sem eru að verða og spurningin hlýtur þá að vera: Í hvorum hópnum viljum við Íslendingar vera? Viljum við vera meðal þeirra sem láta heldur reka á reiðanum og taka þessu frekar kæruleysislega eða eigum við heima meðal þeirra sem vilja taka fast á? Ef við viljum vera meðal þeirra sem vilja taka þessi mál föstum tökum getum við þá verið

þekkt fyrir að vera um leið í hópi þeirra sem ætla að menga mest og vera með hvað mesta aukningu útblásturs?

Hvað skal gera í þeirri stöðu sem fyrir liggur? Auðvitað er ekkert sem kemur til greina af Íslands hálfu en að sætta sig við þá niðurstöðu sem fengin er og gerast aðilar að væntanlegum samningi. En við verðum um leið að hefja skattlagningu á útblæstri. Við verðum að líta á innflutning véla og rekstur véla, bæði skipa, flugvéla og allra annarra véla. Hvernig er hægt að draga almennt úr útblæstri? Með beitingu skattkerfisins. Ég tel að það sé ein vænlegasta leiðin sem við eigum yfir að ráða en um leið verða auðvitað ráðamenn sem dreymt hefur stóra og mikla drauma um stóriðju á Íslandi að vakna til vitundar um veruleikann í kringum sig.

[12:05]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ráðstefnan í Kyoto og niðurstöður hennar eru merkilegasta framlag jarðarbúa til verndar umhverfis síns fyrr og síðar. Árangurinn felst ekki síst í því að þjóðir heims viðurkenna að umhverfisvernd kostar peninga og þarfnast skipulags.

Hvað okkur Íslendinga varðar er niðurstaða ráðstefnunnar erfið miðað við þau miklu stóriðjuáform sem eru uppi. Þó fáum við hagkvæmustu niðurstöðu varðandi viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda eða um 10% í plús miðað við árið 2010, frá 1990–2010. Ef aðeins er tekið tillit til þeirra framkvæmda sem þegar eru ákveðnar á stóriðju verður þetta hlutfall okkar plús 26% árið 2010. Þetta er bláköld staðreynd, herra forseti.

Fyrir okkur sem eyþjóð verður ekki notast við einföld trikk til að lækka losunarhlutfallið eins og smáríki í Evrópu gætu hugsanlega gert með einföldum aðgerðum eins og þeim að taka bensínið sitt hjá stóra bróður, nágrannaríkinu, og þá kæmi sú viðbót á stóra ríkið og hefði sáralítil áhrif á viðbótarútblástur þess ríkis.

Við getum heldur ekki notað trikk eins og virðist eiga að gera sums staðar og flaggað út fiskiskipaflota okkar til þróunarríkis sem er utan rammasamningsins og losað okkur þannig við jafnvel 30% af öllu gróðurhúsalofttegundahlutfalli okkar og byggt í staðinn álver. Ein álverksmiðja hér mælist eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. 15% til viðbótar í gróðurhúsaútblæstri en í Bandaríkjunum mælist slíkt aðeins 0,0006%. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda hvað þetta varðar.

Ýmsar aðgerðir sem menn hafa hingað til talið að gætu leyst ýmislegt varðandi mengunarmál í stóriðjumálum okkar Íslendinga eins og vothreinsibúnaður á álver mun ekki skipta neinu máli varðandi samninginn. Útblástursbúnaður á bíla mun heldur ekki skila nokkrum árangri samkvæmt þessum samningi. Við þurfum, herra forseti, miðað við þær upplýsingar sem við fengum á fundi í gær frá hæstv. umhvrh. og samningamönnum frá Kyoto að finna nýja sýn í þessum málum. Við þurfum í rauninni að finna nýja sýn í atvinnumálum. Við þurfum að finna nýja sýn til þess að draga úr þeim miklu áformum sem munu skapa mikla mengun á næstu árum og það verðum við að gera með öðrum hætti en við höfum hugsað okkur hingað til.

Sú nýja sýn, herra forseti, verður ekki byggð upp á skýjaborgum sem mér finnst að ýmsir hafi verið að reyna að byggja upp á undanförnum mánuðum, skýjaborgum sem felast í því að breyta eldsneyti fyrir farartæki umfram það sem almennt getur gerst. Mér finnst að það geti heldur ekki byggst upp á skýjaborgum um það að byggja upp samgöngur með járnbrautarlestum suður á Reykjanes eða yfir hálendið. Þess lags skýjaborgir tel ég ekki gera neitt annað en drepa þeirri alvarlegu umræðu á dreif sem verður að fara fram. Ég tel að við þurfum, herra forseti, að einbeita okkur að því að vinna nýjar áætlanir í uppbyggingu á fyrirtækjaforminu og í stað þess að líta einvörðungu á stóriðjuáformin að fara að líta á smáfyrirtæki, samsetningarfyrirtæki og úrvinnslufyrirtæki. Slík fyrirtæki passa mun betur að því atvinnulífi sem hér er vegna þess hversu markaðurinn er smár og möguleikar okkar til stórrar uppbyggingar á sviði stóriðju eru litlir. Það passar betur inn í efnahagskerfi þjóðarinnar eins og komið hefur fram. Ég tel að við eigum að virkja það sem við höfum í rafmagni með streng og koma þeim áætlunum sem hingað til hafa verið til umræðu eðlilega á framfæri.

Herra forseti. Aðrar aðgerðir eins og virkjanir metangass eru gagnlegar og landgræðsla og skógrækt og ýmislegt annað sem komið hefur hér fram. Ég vil að lokum, herra forseti, segja að að mínu áliti hefur samninganefndin okkar í Kyoto náð mjög góðum samningi að ýmsu leyti þó að ég telji að ýmsu þurfi við hana að bæta sem ég tel að eigi að takast á næstu mánuðum. Ef það tekst getum við staðið við þau áform sem við höfum þegar samþykkt og undirbúið í stóriðju en um leið verðum við að ná þeim markmiðum í atvinnumálum sem horfa til lengri framtíðar.

[12:11]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til þess að taka mark á þeim viðvörunum sem vísindamenn hafa verið með og þeim vísbendingum sem vísindamenn hafa verið með um áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda á lofthjúpinn og þeirra loftslagsbreytinga sem af manna völdum gætu leitt. Ég vil ekki gera lítið úr þessu. Ég held hins vegar og er sannfærður um að sá undirbúningur að þeim samningi sem fer núna til undirritunar í byrjun næsta árs mun leiða til þess að atvinnulífið í heiminum, vísindamenn og tæknimenn munu fara að leita nýrra leiða og nýrrar tækni til þess að draga úr losuninni og þá um leið til þess að leita nýrra leiða og finna nýja orkugjafa. Með öðrum orðum, samningur af þessu tagi mun knýja menn til þess að leita nýrra lausna.

Það er dálítið merkilegt að hlusta á hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa talað og finna það út í umræðunni að Íslendingar séu aðalsökudólgurinn í þessu öllu saman. Slíkur málflutningur er hreint og beint til skammar vegna þess að menn vita miklu betur. Staðreyndin er sú að við Íslendingar höfum verið í fararbroddi heims í því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda á undanförnum árum. Þegar við horfum á hvað Ísland er lítið og smátt í þessu samhengi, þá er það svo að við erum með losun sem er 40% undir því að meðaltali sem er í OECD-ríkjunum. (**Gripið fram í:** Hvað mikið?) 40% undir því sem er í OECD-ríkjunum. Heildaráhrifin á útblæstri Íslands í heiminum er einn tíu þúsundasti hluti í heildarútblæstrinum. Við erum með losun á $CO_2$ á hverja orkueiningu sem er 40% af því sem aðrar þjóðir eru með. Við erum með lægstu losun af $CO_2$ á orkueiningu af öllum ríkjum OECD. Við erum með lægstu losun á orkueiningu af öllum þeim ríkjum sem tillögur liggja fyrir um að taki á sig þennan samdrátt.

Ég tel að það hafi verið vel á málum haldið af hálfu íslenskra stjórnvalda í samningaviðræðunum og það sem ég tel vera mikilvægast er það að okkur tókst á þessari ráðstefnu

í Kyoto að fá þjóðir heims til að skilja sérstöðu okkar. Sérstaða okkar birtist í því að við fáum rýmri heimildir en aðrir samkvæmt samkomulaginu og svo hitt að um Ísland, þó að það sé ekki nákvæmlega nefnt, er alveg sérstök samþykkt og það eru vísbendingar um að tekið sé tillit til þess sem við höfum þarna fram að færa. Auðvitað er mikilvægt að okkur hafi tekist þarna að fá þjóðir heims, að fá útlendinga, til að skilja sérstöðu Íslendinga sem byggist m.a. á því hvað við erum lítil og við höfum verið í fararbroddi þjóða heims í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á undanförnum árum.

Ef við hefðum ekki 1973 gripið til þeirra aðgerða sem við gripum þá til í hitaveituvæðingu landsins og værum enn þá með 50% af heimilum landsins hituð upp með olíu og værum núna að grípa til þeirra aðgerða, þá gætum við aukið losunina um 40%. Þetta segir allt um það hvað við höfum verið að gera á undanförnum árum. Við gætum þess vegna aukið hana um 40% til að standa jafnt og við stöndum 1990.

Við höfum líka verið að innleiða hér endurnýjanlega orkugjafa. Þetta skilja þjóðir heims og kemur fram á ráðstefnunni í Japan. En hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað skilja ekki þessa íslensku hagsmuni sem þarna eru í húfi. Og það er alvarlegt ef íslenskir alþingismenn skilja ekki íslenska hagsmuni. Það er, herra forseti, saga til næsta bæjar ef útlendingar hafa orðið betri skilning á íslenskum hagsmunum en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Samningsgerðin öllsömul snýst auðvitað um efnahagslega hagsmuni og menn þurfa ekkert að fara í grafgötur um að það er togast á í samningnum um efnahagslega hagsmuni milli þjóða heimsins. Við Íslendingar höfum komið þar heiðarlega fram, lagt spilin á borðið, sett kröfur okkar fram á meðan þjóðir eins og Evrópusambandsþjóðirnar hafa leikið tveimur skjöldum, koma fram eins og hvítþvegnir englar og segja: Við getum dregið saman um 15%. Hver verður niðurstaðan? Af hverju dró Evrópusambandið ekki saman um 15%? Það var vegna þess að efnahagslegir hagsmunir voru í húfi. Staðreyndin er sú að alþjóðasiglingar og alþjóðaflug er utan samningsins. Evrópusambandið horfir á sig sem eina þjóð. En þegar menn ætla síðan að fljúga milli ríkja innan Evrópusambandsins, þá segir Evrópusambandið: Nei, nú erum við í millilandaflugi. Tvískinnungurinn kemur alls staðar fram í þessum samningum.

[12:17]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þó ástæða sé til að fagna þeirri niðurstöðu sem fékkst í Kyoto þá er engin ástæða til þess að líta fram hjá því að sú ákvörðun sem þar var tekin mun hafa veruleg áhrif á sjávarútveginn. Fyrir liggur að þriðjungur af útstreymi koltvíoxíðs kemur frá sjávarútvegi. Allar aðgerðir sem miða að því að að stemma stigu við þessum útblæstri munu því að sjálfsögðu koma við þessa atvinnugrein sem veldur svo miklu af þessu útstreymi.

Ég vil leggja áherslu á það að sjávarútvegurinn í landinu þarf að njóta ákveðinnar sérstöðu, sveigjanleika og svigrúms. Við sjáum að á undanförnum árum hefur sjávarútvegurinn verið að ganga í gegnum mjög miklar breytingar. Þegar að þrengdi í aflaheimildum hér við land þá brást atvinnugreinin m.a. þannig við að sækja á fjarlæg mið. Því fylgdi að menn þurftu að fjárfesta í stærri skipum, öflugri skipum með meiri útblæstri. Jafnframt þessu hafa menn í sjávarútveginum, í fyrsta lagi vegna krafna um betri meðferð á afla, orðið að nota meira af kælimiðlum en áður og þróunin auðvitað verið sú sem við öll þekkjum. Frystiskipaútgerð hefur stóreflst í kjölfar aukinnar sóknar á fjarlæg mið sem þýðir auðvitað að hætta á útstreymi hættulegra efna frá sjávarútveginum er meiri en áður.

Þetta segir okkur, virðulegi forseti, að við verðum að taka tillit til sérstöðu þessarar atvinnugreinar. Enginn skyldi draga dul á að fram undan er mjög vandasamur tími í íslenskum sjávarútvegi. Hann þarf að aðlaga sig þessum breyttu aðstæðum. Ég vil þess vegna segja að það urðu mér mikil vonbrigði að nú er verið að leggja niður þá einu stofnun sem burði hefur haft til þess að fylgjast með íslenskum skipum. Þar á ég við tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs. Því miður hefur ekki tekist að fá fjármagn til þess að halda þessari starfsemi við, einu starfseminni sem getur aflað upplýsinga um skipin og eðli þeirra. Tæknideildin náði gríðarlegum árangri við það að draga úr orkunotkun fiskiskipaflotans og því eru þetta mikil vonbrigði.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að á þessum sviðum eins og mörgum öðrum er hægt að ná talsverðum árangri með tiltölulega litlum tilkostnaði. Í þessu sambandi vil ég nefna tvennt. Í fyrsta lagi hvað varðar raforkuþörf skipa í höfnum. Það er gert ráð fyrir að raforkuþörf skipa í höfnum nemi um 30 gígavattstundum. Ég vil vekja athygli á að með breyttri verðstefnu, tókst á örfáum árum að auka söluna á rafmagni úr landi úr 8 í 14 gígavattstundir. Enn er þarna svigrúm en það ræðst annars vegar af því hvernig verðlagningu á þessari raforku verður háttað. Verður hún samkeppnisfær miðað við dísilkeyrslu á vélum í landi? Hins vegar með hvaða móti tengibúnaði og þess háttar hjá höfnunum sjálfum er komið fyrir.

Í öðru lagi er ástæða til að vekja athygli á því sem fram kemur á bls. 69 í skýrslu umhvrh. um loftslagsbreytingarnar. Þar segir svo, virðulegi forseti: „Í athugun sem gerð var árið 1993 kom í ljós að hagkvæmt gæti reynst að setja upp rafskautakatla í um þriðjungi fiskimjölsverksmiðja í landinu, eða 10 talsins, sem gætu nýtt svokallaða ótrygga raforku. Aflþörf þeirra var 45 megavött en ljóst var að hagkvæmt gæti reynst að nýta ótryggt rafmagn í nokkrum öðrum fyrirtækjum. Stjórn Landsvirkjunar bauð síðan þeim fyrirtækjum sem áhuga höfðu á að koma upp rafskautakötlum til að nýta ótryggt rafmagn í stað olíu 50% afslátt frá gjaldskrá til ársins 2000."

Ég vil vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir að þessi afsláttur hverfi í ársbyrjun 2000 og þess vegna er mikil óvissa fram undan hjá þessum fyrirtækjum sem leiðir til þess að öllu óbreyttu að fyrirtæki munu ekki fjárfesta á þessu sviði. Það væri þó mikilvægt mál til þess að draga úr þessu útstreymi á óæskilegum lofttegundum. Því vil ég hvetja hæstv. iðnrh. til þess að beita sér fyrir því sem lið í þessum aðgerðum að þessi afsláttur verði veittur ótímabundið þannig að fleiri fyrirtæki geti nýtt sér þessa möguleika. Jafnframt þessu þarf að styrkja dreifikerfið jafnvel þó ríkið þurfi að kosta einhverju til. Það er auðvitað mjög auðveldur og ódýr kostur til þess að ná þeim markmiðum sem við höfum ákveðið að setja okkur með undirskriftinni í Kyoto.

Síðan vil ég taka lítið dæmi sem iðnrekandi úr Reykjavík sagði mér frá. Hann stóð frammi fyrir því fyrir nokkrum árum, hvort hann ætti að endurnýja búnað sinn með rafskautakatli eða olíukyndingu. Hann komst að því að það væri ódýrara fyrir hann að nota olíukyndingu en rafskautakatla. Hann tók hins vegar þá ákvörðun, þótt það kostaði hann meiri peninga, að nýta rafskautakatlana og koma þannig í veg fyrir útstreymi. Verðlagningin á orku á Íslandi er í dag þannig að í

(Forseti hringir.) ýmsum tilvikum er dýrara að flytja orkuna inn en að nýta innlenda endurnýjanlega orkugjafa. Þessu þarf auðvitað að breyta. Það þarf að breyta verðlagningu á íslenskri orku.

[12:23]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér var bent á að góða veðrið á aðventunni ætti e.t.v. rætur í ógnvænlegum breytingum á lofthjúpi jarðar vegna svokallaðra gróðurhúsaáhrifa. Sannarlega hefur veðurfar verið óvanalegt í Evrópu á þessu ári. En það sem vekur athygli í umræðunni um afleiðingar mengunar og er staðfest hér í dag er hve við erum öll sjálfhverf. Umræðan snýst um það hvað hver þjóð má menga mikið og togast er á um hvað sé hægt að ná í sinn hlut fremur en hvernig við sameinumst um að snúa óheillavænlegri þróun við. Og það liggur við að ég spyrji: Erum við ekkert óróleg? Erum við ekkert hrædd við það sem er að gerast?

Við blasir að vandinn er efnahagslegur enda kom það vel fram í máli iðn.- og viðskrh. hér fyrir stundu að þetta mál snerist fyrst og síðast um efnahagsmál.

Eins er fróðlegt að velta því fyrir sér að við tökum þegar að ræða um að ef hinir gerðu eins og við, þ.e. losuðum aðeins 8,6 tonn á íbúa, þá hefði ekki þurft þennan fund í Kyoto. Varnarstaða stjórnmálamanna er gjarnan að detta í umræðuna um ef og hefði en við stöndum frammi fyrir því að í Kyoto hefur verið haldinn fundur og hann dregur fram ógnvænlega stöðu sem skekur nú þjóðir heims. Ég ætla ekki að reyna að leggja mat á það hvort 8,6 tonn á íbúa er viðunandi, ég veit það ekki. Ég vil hins vegar að við öxlum ábyrgð okkar í mengunarmálum. Við tölum um allan heiminn sem atvinnusvæði. Við ætlum okkur hlut þar. Við köllum eftir að vera metin á jafnréttisgrundvelli þrátt fyrir að við séum fámenn þjóð. Við erum stolt af því hve þjóðin er vel upplýst og fylgist vel með og þess vegna á umræðan að snúast um hver ábyrgð okkar er og hvernig við bregðumst við staðreyndum um umhverfið.

Á Íslandi höfum við búið við falskt öryggi og þá trú að við höfum algera sérstöðu hvað varðar hreinleika. En nú sjáum við að málið er ekki svo einfalt. Samkvæmt skýrslu umhvrh. kemur fram að að óbreyttu mundi heildarútstreymi okkar aukast um 15% til ársins 2000 og um 26% til ársins 2010 samanborið við árið 1990. Þessar tölur, 16% aukning til ársins 2000, eru eingöngu miðaðar við lögfesta stækkun Ísals í 160 þús. tonn sem er þegar orðin, Norðurál með heimild frá Alþingi upp á 60 þús. tonn og einn ofn í íslenska járnblendinu sem verið er að undirbúa. Í 26% aukningu til ársins 2010 er engin ný stóriðja. Þetta eru bara staðreyndir úr skýrslu ráðherra. Þar er ekki 40 þús. tonna stækkun Ísals, sem rætt hefur verið um. Þar er ekki 120 þús. tonna stækkun álversins á Grundartanga, Norðuráls. Þar er ekki magnesíumverksmiðja á Reykjanesi, ekki olíuhreinsunarstöð fyrir austan, ekki uppbygging á Keilisnesi og ekki Norsk Hydro á Reyðarfirði. Ekki, ekki, ekki. Hið alvarlega er að engu að síður liggur fyrir heimild, lögfest héðan frá Alþingi, varðandi 40 þús. tonna stækkun Ísals og 120 þús. tonna stækkun Norðuráls. Staðreyndirnar blasa við, ábyrgð okkar og viðfangsefni.

Við jafnaðarmenn höfum viljað nýta þá auðlind sem felst í orku okkar og við eigum þátt í ákvörðunum og aðgerðum sem á sínum tíma gáfu Íslendingum mikilvæga efnahagsuppsveiflu. Við höfum jafnframt borið gæfu til þess að vera vakandi fyrir breyttri stöðu. Við, eins og aðrir, verðum að gera sérstaka áætlun um orkunýtingu og uppbyggingu fyrirtækja. Út á þetta gengur samþykkt frá flokksþingi okkar fyrir ári og þau mál munum við skoða. Mér finnst því að þessi umræða eigi ekki að bera svip stjórnar og stjórnarandstöðu. Hún á að snúast um það hvernig við bregðumst við og um sameiginlegar áætlanir. (Forseti hringir.) Ég spyr þess vegna hæstv. umhvrh.: Hvernig ætlar hann að bregðast við? Áformin eru engin miðað við tölur um aukna mengun allt upp í 26% meðan við höfum fengið heimild fyrir 10% á komandi árum.

[12:29]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Íslensk stjórnvöld hafa allt frá árinu 1995 tekið virkan þátt í samningaviðræðum sem miða að því að styrkja ákvæði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í þeirri samvinnu hefur áherslan verið lögð á sérstöðu landsins svo sem mikla notkun hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa. Að mínu mati er þetta algjört grundvallaratriði. Ísland reynir ekki að fría sig ábyrgð þegar þjóðir heims leita leiða til að bregðast við þeirri vá sem fyrir dyrum er ef ekki verður tekið á málum. En hvers vegna er Ísland þá að skera sig úr og óska eftir að tillit verði tekið til sérstakra aðstæðna hér á landi?

Ekki er ólíklegt að ýmsum hafi fundist dapurlegt að sjá súlurit í fréttum sjónvarpsins sem gaf það til kynna að við ætluðum að fá að menga mest.

Hið rétta var að við viljum fá að bæta hlutfallslega mest um útblæstri gróðurhúsalofttegunda við þegar tekið er til stöðunnar eins og hún er í dag en hlutfallstölur segja svo sáralítið í þessum efnum eins og hér hefur komið fram. Það verður að taka tillit til þess að þjóðirnar standa mjög misvel að vígi þegar kúrsinn er tekinn, þegar viðmiðunarárið er ákveðið, þ.e. árið 1990. Við höfðum t.d. lagt af olíuupphitun á húsum á þeim tíma.

Útstreymi koldíoxíðs á hvern íbúa á Íslandi var um 8,5 tonn á íbúa árið 1995 en var um 12 tonn á íbúa að meðaltali í ríkjum OECD. Þetta er nokkuð mikið magn en skýringin er fyrst og fremst sú að við erum fámenn þjóð í stóru landi og því er, eins og hér hefur komið fram, þriðjungur magnsins vegna innanlandssamgangna. Auk þess er þriðjungur magnsins vegna fiskveiða. Sú mengun á þessu sviði sem kemur til vegna iðnaðar er innan við fimmti hluti magnsins en miðað við umræðurnar á hv. Alþingi og í þjóðfélaginu mætti halda að vandamálið væri einskorðað við stóriðju.

Það er mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að $^2/_3$ hlutar af heildarorkuframleiðslu Íslendinga og um 95% af staðbundinni orkuframleiðslu kemur frá hreinum og endurnýjanlegum orkulindum. Í þessu felst sérstaða okkar. Það er augljóst að lítil þjóð sem hefur þessa stöðu þegar viðmiðunarlínan er sett getur ekkert annað gert en að fara fram á að sérstaða hennar sé viðurkennd enda gerðu íslensk stjórnvöld það og höfðu nokkurn árangur.

Ég vil við þetta tækifæri rifja upp þá yfirlýsingu sem fyrrv. umhvrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, gaf um þá fyrirvara sem settir voru af hálfu stjórnvalda fyrir ráðstefnuna í Kyoto. Hann sagði að þeir yrðu hlegnir út af borðinu. Það er full ástæða til að nefna þetta við umræðuma þar sem um fyrrv. umhvrh. er að ræða. Það kvað hins vegar við nýjan tón hjá hv. þm. í leiðara DV í gær eftir að ljóst var að Íslendingar höfðu átt erindi sem erfiði. Þar sagði hv. þm.: „Það er kórrangt að sérstaða Íslands hafi ekki verið metin á fundinum í Kyoto.“ Fljótt skipast veður í lofti.

Ástæða hefði verið til þess að gera fleiri leiðara DV að umtalsefni við þessa umræðu en ég geri það ekki þar sem það eru takmörk fyrir því hvað telst svara vert. Ég vil hins vegar halda því fram að sérstaða Íslands hafi ekki verið metin sem skyldi enn sem komið er en sú vinna er ekki unnin til enda og við trúum því að það muni takast með stuðningi okkar helstu samstarfsþjóða að stíga þar stærra skref, ekki síst vegna þess að stóriðja á Íslandi tryggir lágmarksútstreymi gróðurhúsalofttegunda. Það er athyglisvert að hugsa til þess að ef álverið í Straumsvík væri knúið orku framleiddri frá kolum mundi það valda gróðurhúsaáhrifum á við öll þau gróðurhúsaáhrif sem við Íslendingar völdum.

Þeir stjórnmálamenn sem viðurkenna ekki sérstöðu Íslands og vilja að Ísland fylgi fjöldanum og gangist undir nánast hvað sem er hvað varðar samninginn um loftslagsbreytingar eru að mínu mati ekki að horfa á málið út frá heildarhagsmunum Íslendinga. Þeir vilja nýta sér aðstæður sem eru komnar upp í heiminum til þess að koma í veg fyrir að fleiri stóriðjuver verði reist á Íslandi. Það er sjónarmið út af fyrir sig en þeim er ég ósammála. Við hljótum að vilja nýta þá auðlind sem landið gefur okkur, orkuna til atvinnusköpunar þó svo að sjálfsögðu séu takmörk fyrir því hversu langt skuli gengið í uppbyggingu orkufreks iðnaðar, ekki síst vegna mikilvægis miðhálendis landsins út frá umhverfissjónarmiðum.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég þakka íslensku sendinefndinni í Kyoto fyrir góða frammistöðu. Við erum hér að fjalla um mikilvægt mál. Íslensk stjórnvöld eru fullkomlega meðvituð um það.

[12:34]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Áform hæstv. ríkisstjórnar um stóriðjuframkvæmdir voru kynntar fyrir Alþingi. Þar var gert ráð fyrir því að losun gróðurhúsalofttegunda mundi aukast um 100%. Það var sú krafa sem farið var með, bæði á Alþingi og út á alþjóðlegan vettvang og sú krafa var hlegin út af borðinu.

Umhverfismál eiga menn að sjálfsögðu að ræða í samhengi. Við Íslendingar mengum síður en svo minna en aðrir. Sorpförgun og holræsamál eru í megnasta ólestri og á Íslandi er sennilega meiri gróðureyðing af mannavöldum en í nokkru öðru byggðu bóli í heiminum þannig að ekki þýðir að tala eins og við séum barnanna bestir í því og gleyma stærstu vandamálunum í umhverfismálum hér á landi.

Þá vil ég líka taka fram að það er ekki rétt með farið að hið mikla átak í hitaveitumálum sem gert var upp úr á árinu 1973 hafi verið gert vegna þess að Íslendingar vildu draga úr mengun andrúmsloftsins. Það voru allt aðrar ástæður sem lágu fyrir því. Ástæðurnar sem lágu fyrir því voru að Íslendingar vildu skipta um hitagjafa vegna þeirrar miklu verðhækkunar sem hafði orðið á olíu um það leyti. Það var fyrst og fremst þess vegna sem lagt var út í hið mikla átak til þess að breyta um hitagjafa á Íslandi um og eftir árið 1973. Þess skulu menn minnast og ekki vera að tala um það átak nú undir þeim hatti að þar hafi Íslendingar verið að stíga sérstaklega stór skref í þeim tilgangi að draga úr mengun andrúmslofts því það var ekki tilgangur Íslendinga.

Auðvitað getum við ekki staðið utan við það samkomulag sem undirbúið var í Kyoto. Lítil þjóð eins og Íslendingar sem á allt sitt undir utanríkisviðskiptum getur ekki staðið utan við slíkt samkomulag. Þess vegna er furðulegt að mínu viti að hæstv. ríkisstjórn skuli draga landsmenn og aðra á svarinu við þeirri einföldu spurningu. En ég get tekið undir með þeim sem hér hafa sagt að á ráðstefnu í Kyoto náðist meira fram fyrir Íslendinga en ástæða var til að ætla áður en sú ráðstefna hófst. Eins og hæstv. umhvrh. hefur sjálfur viðurkennt var það skoðun Íslendinga að þetta væri ekkert sérstaklega stórt mál fyrr en örfáum vikum áður en ráðstefnan hófst. Íslensk stjórnvöld gerðu sér ekki grein fyrir mikilvægi málsins og fyrir þunga almenningsálitsins í heiminum fyrr en nokkrum vikum áður en ráðstefnan hófst. Þess vegna vanræktu stjórnvöld á Íslandi algerlega að kynna málstað Íslands með samhæfðu átaki umhvrn. og utanrrn. gagnvart þeim aðilum sem réðu miklu á ráðstefnunni í Kyoto og höfðu þar úrslitaáhrif. Ísland vanrækti með öllu markvisst kynningarstarf gagnvart Evrópusambandinu t.d. áður en til ráðstefnunnar kom og kynningarstarf af Íslands hálfu hófst ekki af krafti fyrr en á ráðstefnunni sjálfri. Þess vegna segi ég að það er lofsvert hve miklum árangri íslenska sendinefndin á þessari ráðstefnu náði þrátt fyrir það að hún hafi ekki lagt í þá kynningarstarfsemi og þá áróðursstarfsemi fyrir íslenskum hagsmunum sem ástæða var til að gera áður en til ráðstefnunnar var gengið.

Það er ljóst að niðurstaðan í Kyoto hefur áhrif á áform okkar, m.a. áhrif á þær hugmyndir sem menn hafa um stóriðju á Íslandi. Þetta er sameiginlegt viðfangsefni ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu að finna leiðir til þess að bregðast við. En það er alveg ljóst og því verður ekki á móti mælt að þau stóriðjuáform sem hæstv. iðnrh. kynnti í þingskjali á Alþingi fyrir nokkru geta ekki lengur verið á dagskrá með sama hætti og hæstv. ráðherra kynnti þau fyrir Alþingi Íslendinga. Þau áform eru ekki lengur á dagskrá. Menn verða að snúa sér að öðrum úrræðum til þess að nýta íslenskar orkulindir en þeim sem hæstv. iðnrh. kynnti í þeirri skýrslu sinni. Það er niðurstaða Kyoto-ráðstefnunnar sem Íslendingar geta ekki stungið höfðinu í sandinn gagnvart. Við verðum nú þegar að hefja athugun á öðrum leiðum en þar eru kynntar til þess að nýta orkuna í iðrum jarðar og í fallvötnum landsins.

[12:39]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Þetta eru athyglisverðar umræður og þær eru sannarlega tímabærar á Alþingi Íslendinga. Að sjálfsögðu verður að ræða þessi mál áfram enda gerist það nánast af sjálfu sér. Niðurstöður samningsins til viðbótar við samninginn í Kyoto munu hafa varanleg áhrif á stöðu okkar eins og annarra þjóða og verða því á dagskrá sama hvort menn eru að ræða umhverfismál í almennu samhengi eða afleiðingarnar og áhrif á efnahagsmál. Þetta er vegna þess að þarna tókst niðurstaða og það sem stendur að sjálfsögðu upp úr í málinu er að samkomulag náðist um þessi efni á alþjóðamælikvarða og því getum við rætt málin á þessum grunni.

Hér hafa enn ekki komið svör af hálfu hæstv. ráðherra um það hvort Ísland ætlar að verða þátttakandi, hvort það er markmiðið að við ætlum að verða þátttakendur, hvort við ætlum þar með að verða trúverðug í viðleitni okkar til þess að hafa áhrif á þróun þess samnings sem flest ríki heims settu fangamark sitt undir eða gáfu yfirlýsingu um í lok Kyoto-ráðstefnunnar að þau ætluðu að verða þátttakendur í. Við verðum að átta okkur á því að síðferðilega getum við ekki verið að gera kröfur og það sérkröfur af Íslands hálfu ef við ætlum okkur síðan eftir á, eftir að við höfum hugsanlega

náð þar einhverju fram, að skerast úr leik. Slík afstaða, slík málsmeðferð stenst engan mælikvarða og gengur ekki upp.

Það er, virðulegur forseti, mjög athyglisvert að heyra hvernig einstakir þingmenn flytja mál sitt og ég ætla ekki að fara langt út í þau efni. En þegar stjórnarliðar eru að tala og tíunda tölur sem þeir eru fóðraðir á ofan úr ráðuneytum, þá er það vissulega athyglisvert. Hér er komið fram með tölu sem hefur ekki verið tengd þessum umræðum áður og ein af þessum uppfinningum til þess að leiða fram einhverja geysilega sérstöðu Íslendinga og það er að við losum svo lítið á orkueiningu. Hafið þið heyrt þetta? Eins og var nefnt af hæstv. iðnrh., þetta var tuggið upp af öðrum þingmönnum sem rök í málinu. Hvaða rök eru þetta? Íslendingar eru með þeim fremstu hvað snertir orkunotkun á íbúa. Þannig er málið. Þannig að miðað við þá stöðu og þá miklu hlutfallslegu stóriðju í landinu í orkubúskap okkar þarf engan að undra að hægt sé að fá slíka útkomu en það skiptir nákvæmlega engu máli í samhengi samningsins.

Síðan er ekki farið rétt með þegar verið er að tíunda hina margrómuðu sérstöðu Íslands og það ekki einu sinni af hæstv. iðnrh. sem ætti að hafa kynnt sér málið. Það er talað um að Íslendingar losi 40% minna en önnur OECD-ríki. Í skýrslu hæstv. umhvrh. er þessi tala 30%. En það er búið að bæta þarna við. Hvað segir sú tala, sú meðaltalstala fyrir OECD-ríkin sem er dregin upp af Bandaríkjunum fyrst og fremst, sem eru með nærri 20 tonn á íbúa þegar við losum 8,6 miðað við árið 1995? Hún segir ekki mikið. Losun Íslendinga er um það bil sama og meðaltalið í ríkjum Evrópusambandsins. Það geta menn lesið í skýrslu hæstv. umhvrh. á bls. 10. Útstreymið er nálægt því hið sama og er að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Sérstaðan er ekki meiri en það varðandi þetta efni og ég held, virðulegur forseti, að menn eigi að reyna að losa sig út úr viðjum sérstöðuumræðunnar og fara að snúa sér að viðfangsefninu hvernig Íslendingar geta uppfyllt þau skilyrði sem okkur eru sett í aðalatriðum samkomulagsins og að íslenska ríkisstjórnin undirriti samninginn, staðfesti samninginn og hafi þar ekki minni metnað en ríkisstjórnin sem sat 1992 þegar Ríó-ráðstefnan fór fram og Íslendingar voru held ég fimmta þjóðin til þess að staðfesta þann samning sem bókunin er reist á.

Virðulegur forseti. Ég hvet til þess að menn sýni raunsæi í þessum efnum, að menn átti sig á stöðu okkar meðal þjóða. Við getum ekki gengið áfram eins og reynt hefur verið að gera og klifað sífellt á sérstöðu á sérstöðu ofan til þess að skapa hér rúm fyrir stóriðju og það er hörmulegt til þess að vita að talsmenn stjórnarliða, formaður þingflokks Framsfl., minnist ekki á önnur atriði en stóriðjuna. Það er það eina sem þeir bera fyrir brjósti. Svigrúm fyrir sjávarútveginn og aðra atvinnuvegi er ekki ofarlega í hugum þessara þingmanna.

[12:45]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Þetta eru vissulega athyglisverðar umræður eins og fram hefur komið. Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að hún talaði um það að umræðan væri sjálfhverf og hvort við værum ekki óróleg, hvort við værum ekki hrædd. Ég held að svarið við því sé einfalt að við erum öll óróleg, annars færi umræðan ekki fram. En hún féll sjálf í þessa sjálfhverfu gryfju, hún fór að kvarta yfir því að í samningnum væri ekki gert ráð fyrir stækkun Ísals, ekki gert ráð fyrir magnesíum, ekki gert ráð fyrir Keilisnesi og ekki gert ráð fyrir Norsk Hydro. Ef hún ætlast til þess að tekið sé sérstaklega tillit til þessara aðstæðna í samningnum þá á hún að hvetja til þess en ekki gagnrýna umræðuna fyrir það hversu sjálfhverf hún er, að menn séu að leita að undanþágu og fyrir það að menn séu þá ekki nægjanlega hræddir eða nægjanlega órólegir. Það er þversögn í þessu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um það hversu mikið við menguðum, hversu slæmt ástand væri í sorpförgun, hversu slæmt ástand væri í holræsamálum og hversu slæmt ástand væri í gróðureyðingu. Vafalaust er heilmikið til í þessu hjá hv. þm. en það skýtur svolítið skökku við að einmitt hann skuli hefja máls á þessu því að enginn flokkur hefur farið eins lengi með völd í hæstv. umhvrn. og Alþfl., flokkur hv. þm. Með þessu er ég alls ekki að segja að það sé þeim hæstv. ráðherrum sem þar sátu að kenna eða þeir hafi ekki gert nægjanlega mikið, síður en svo. En þar heggur sá er hlífa skyldi.

Hann nefndi einnig skýrslu hæstv. iðnrh. um áætlanir um aukna stóriðju á Íslandi og hann telur að þær muni auka losunina um 100%. Hann kann áreiðanlega vel að reikna og ég ætla ekkert að efast um tölurnar. En ég held að hv. þingmenn Alþfl. ættu að vita manna best að fyrirætlanir í stóriðju eru ekki endilega það sem gerist nákvæmlega þegar menn sjálfir vilja og ætla því að reynslan er sú að stóriðjan hefur ekki komið fljúgandi upp í fangið á okkur. Við höfum þurft að hafa fyrir því að ná í hana. Reynslan er sú að það er tæplega ein stóriðjuframkvæmd á áratug eða alla vega á áratug frá því að það hófst eða svona nokkurn veginn á mínum lífstíma. Ein á árunum milli 1960 og 1970, ein á milli 1970 og 1980, engin á milli 1980 og 1990 og svo ein núna á þessum áratug. Ég ætla að vona að okkur takist að nýta hreina orku okkar betur í framtíðinni og það verði okkur og heildinni til hagsbóta en við þurfum auðvitað að fá einhverjar tilslakanir til þess að það verði og það verður að byggjast á því að við náum annars staðar árangri í minnkun og losun og að um sé að ræða framkvæmdir sem nái heildarárangri.

Ég nefndi áðan í fyrri ræðu minni hvað við gætum gert til að standast þær áætlanir um losun sem sést hafa fram til ársins 2010 og þar nefndi ég að við gætum tvöfaldað áform okkar um bindingu á kolefni í gróðri. Þar var ég mjög hógvær í því að meta það hvað við ættum mikla möguleika á bindingu. (Gripið fram í.) Möguleikar í bindingu í nytjaskógrækt ef við færum út í það að binda nytjaskógrækt í öllu því landi sem menn hafa talið að hægt væri að nota til skógræktar, það væri binding á ári upp á meira en öll losun íslensku þjóðarinnar er í dag. Ég er ekki að segja að þetta sé framkvæmanlegt í dag en ég er að benda á að þarna eru möguleikar okkar inn í framtíðina.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði lítið úr því að hér væri lítil losun á orkueiningu. Þetta voru ekki tölur sem ég nefndi en þetta eru tölur sem hljóta að skipta máli því að það er ljóst að þjóðarframleiðsla hjá þjóðum heims stendur í beinu hlutfalli við orkunotkun og vegna þess að við notum mikla orku erum við með háa þjóðarframleiðslu samkvæmt þeirri kenningu. Þess vegna hlýtur að skipta máli ef notkun á orku leiðir til lítillar losunar, ef framleiðslan miðað við orkueiningu er mikil með lítilli losun af því að þá er hagkvæmt út frá koltvíoxíðsbókhaldinu að framleiða þær vörur sem þjóðir heimsins þurfa í þeim löndum sem losa lítið fyrir orkueiningu og nota þar með hreina orku.

[12:51]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Árni Mathiesen reyndi að gera lítið úr ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem aðeins benti á staðreyndir sem við blasa og talaði um sjálfhverfni í því sambandi. Mér finnst það vera heldur fyrir neðan beltisstað þegar fólk er að sýna fram á hvað eru staðreyndir og hvernig málin liggja án þess að fetta nokkuð fingur út í hvað er að gerast. Ég bendi hv. þm. á að þingflokkur jafnaðarmanna er nútímaflokkur sem er tilbúinn til að takast á við þær kröfur sem koma upp á hverjum tíma hvort sem um er að ræða atvinnusköpun eða umhverfismál sem eru í raun mál á sama meiði.

Herra forseti. Í umræðunni hefur margt komið fram sem má teljast athyglisvert. Ég slæ engan veginn af möguleika til notkunar á vetni en ég veit að það þarf verulegar tæknibreytingar til að vetni sé nærtækur kostur. Ég benti á marga smáa möguleika. Ég hvet menn eins og hv. þm. Kristján Pálsson til að gera ekki lítið úr þeim möguleikum sem ég nefndi áðan í baráttunni við útblástur mengandi lofttegunda því að safnast þegar saman kemur. Við eigum að minnast þess góða máltækis.

Varðandi stóriðju getur verið möguleiki fyrir Íslendinga að huga að úrvinnslu þeirra efna sem við framleiðum í stóriðju okkar. Það gæti verið nærtækur atvinnumöguleiki.

Við þurfum, herra forseti, að fá hugmyndir á loft um hvernig við getum hafið minnkun útblásturs mengandi lofttegunda. Bílaflotinn gefur frá sér 30% af útblæstrinum, skipaflotinn gefur frá sér 30% af útblæstrinum, stóriðjan 20% og annað um 10%. Hvert prósent sem unnt er að losna við er ávinningur, ég minni á það.

Auðveldu hlutirnir sem við þekkjum er að hætta að nota olíu til húshitunar, hætta að nota olíu í loðnu- og fiskimjölsverksmiðjum o.s.frv. En það verður dýrt að breyta samgöngutækninni.

Ég ítreka, herra forseti, að hvarfakútar leiða til allt að 10% meiri eldsneytisnotkunar. Því ekki að huga að þeim möguleika sem þar felst. Bifreiðar með hvarfakúta nota til viðbótar bensín sem inniheldur metylterpútineter sem er um krabbameinsvaldandi efni og þótt blý sé slæmt er það betra en það efni sem ég nefndi áðan.

Herra forseti. Það náðist árangur í Kyoto. Það hefur vaxið skilningur á Íslandi fyrir skyldum okkar gagnvart umhverfinu. Við eigum að standa öll saman í stjórn og stjórnarandstöðu að því að leysa þessi mál.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka það sem ég sagði í upphafi míns máls. Loftslagsbreytingar eiga sér engin landamæri. Mengun sem kemur upp einhvers staðar berst út um allan heim þó að smám saman dragi úr áhrifum og mengunin sé minni eftir því sem fjær er frá upphafsstaðnum. En það er nauðsyn að gera hvert og eitt land ábyrgt fyrir mengun sinni. Það er ekki víst að menn geri sér ljóst hvaða ill áhrif mannkynið hefur á loftslagsbreytingarnar sem eru farnar að ógna ýmsum heimshlutum. Þess vegna ítreka ég, herra forseti, í máli mínu að fræðslu og upplýsingum verði komið til þjóðarinnar um það sem nú er að gerast. Ríkisstjórnin verður að beita sér sérstaklega fyrir kynningu þessara mála og menn verða að gera sér grein fyrir því að Íslendingar munu eiga stranga göngu fyrir höndum til þess að ná tilsettum árangri.

[12:55]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með öðrum hv. þingmönnum að þetta hefur verið afar mikilvæg umræða og ég þakka fyrir hana. Það er nauðsynlegt að fá fram viðhorf og skoðanir þingsins til þessa mikilvæga máls og ekki óeðlilegt þó að skoðanir séu eitthvað skiptar. Það er eðli málsins samkvæmt oftast nær þannig í umræðum hér og ekki óeðlilegt að svo sé við svo stórt mál sem hér er á ferðinni og á fáeinum mínútum gefst ekki tími til að fara yfir ýmis atriði sem þó væri vert að ræða nánar um. Það bíður auðvitað annars tíma því að umræðum um þetta mikilvæga mál er að sjálfsögðu ekki lokið. Ríkisstjórnin á eftir að fjalla ítarlega um það og setja fram hugmyndir sínar um frekari úrvinnslu mála og afstöðu landsins til samningsins og síðan mun það koma aftur til kasta hv. Alþingis á einn eða annan hátt að fjalla um málið.

Mig langar til þess að gera að umræðuefni nokkur atriði sem hafa komið fram í umræðunni. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók í upphafi síns máls í umræðunni upp lokaorð mín þar sem ég talaði um að innihaldslausar upphrópanir hefðu lítinn tilgang. Í því sambandi vil ég nefna að mér finnst að t.d. setningar sem komu frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að stjórnvöld hafi algerlega vanrækt starf sitt, undirbúningsnefndin hafi ekki verið að vinna neitt þau ár sem hún hefur staðið að þessari vinnu og við höfum látið það algerlega undir höfuð leggjast að kynna okkar málstað t.d. fyrir Evrópusambandinu og fyrir öðrum þjóðum eru innihaldslausar upphrópanir og algerlega án rökstuðnings og raunar vanvirða við þá menn sem hafa staðið í þessu starfi að segja slíkt. Það er vitað mál að allan þann tíma sem þeir hafa unnið að verkefninu hafa þeir verið að kynna málið fyrir öðrum þjóðum. Þeir hafa gert það á samningafundunum, þeir hafa gert það utan þeirra, þeir hafa átt viðræður við fulltrúa Evrópusambandsins. Ég hef sjálfur átt viðræður við fulltrúa þeira. Ég átti t.d. fund með framkvæmdastjóra umhverfismála, Ritt Bjerregård og ræddi þessi mál við hana og það er útilokað að segja svona við okkur. Hafi einhvern tíma verið látið undir höfuð leggjast að fylgja þessu máli eftir var það í upphafi samningaviðræðnanna, í upphafi málsferilsins. Það var í tíð fyrri ríkisstjórnar þegar sú ríkisstjórn sá ekki ástæðu til að senda fulltrúa á Berlínarfundinn.

Ýmislegt annað í umræðunum að undanförnu varð mér tilefni til þess að tala um innihaldslausar upphrópanir eins og að ræða um það að við værum umhverfissóðar, við værum að vanvirða landið og höguðum okkur þannig í þátttöku okkar í samningaviðræðunum, t.d. á Kyoto-fundinum og fleira í þeim dúr sem ég ætla ekki að orðlengja um frekar.

Við höfum talið nauðsynlegt að halda til haga hagsmunum okkar og mikilvægi þess að þeir séu viðurkenndir. Þó að ég hafi látið þau orð falla, og stend við það, að skilyrði okkar séu inni í samningnum og að fallist sé á kröfur Íslands, þá er það líka jafnljóst að það er ýmislegt eftir sem ég hef gert grein fyrir í útfærslunni. Við eigum þess vegna ekki auðvelt með það að segja hér og nú, og munum ekki gera það, að við munum skilyrðislaust skrifa undir samningana eins og þeir líta út í augnablikinu. Ég hef nefnt ákvörðunina um nánari útfærslu ákvæða um einstakar framkvæmdir sem hafa umtalsverð áhrif. Ég hef nefnt útfærslu á atriðunum um viðskipti með kvóta og sameiginlega framkvæmd og ég hef nefnt útfærsluna á ákvæðunum um gróðurbindingu. Það er því ýmislegt enn þá sem á eftir að fjalla um þannig að hægt sé að taka endanlega afstöðu til samningsins. Og þó tekið sé

tillit til mats á mismunandi aðstæðum, þá teljum við að það sé vart gert með þeim hætti að það sé okkur nægjanlegt. Þetta hef ég látið komið fram áður og er ekki nýtt í umræðunni. Þetta vita menn.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi að hagsmunir Íslands væru miklir og auðvitað er það vissulega svo. Við höfum mikilla hagsmuna að gæta að samningarnir nái fram og að þeir skili einhverju og þeir hafi áhrif á umhverfismál hjá okkur eins og annars staðar. Spurningin er hvort málið er eins og hún lagði fram, hvort við séum öll á sama báti. Erum við nákvæmlega öll á sama báti? Hafa þjóðir heims verið að fara fram með þeim hætti að þær telji að svo sé? Eru viðhorfin til málsins með þeim hætti hjá öllum? Það er t.d. rétt að benda á það af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi í upphafsræðu sinni líka að Ísland hafi fengið mest allra þjóða. Það er ekki alveg rétt þegar við vitum um nánari útfærslu einstakra þjóða í þessu efni. Við vitum um útfærslu Evrópusambandsríkjanna, hvernig þau hugsi sér að standa að útfærslunni og við vitum að þar er gerður miklu meiri mismunur en þó er gert ráð fyrir hjá okkur. Það er því margt sem ég held að eigi enn þá eftir að skoða í þessu efni.

Kannski er ástæðulaust að vera að tíunda frekar en orðið er þann mismun milli þjóða hvort um er að ræða 8,5 tonn í losun, 12 tonn, 20 tonn, 30 tonn eins og hjá Lúxemborg og þeir segjast ætla að draga saman um 30%. Þeir eru samt með yfir 20 tonna losun á mann. Svona er nú þessi samanburðarfræði og þá spyrjum við: Erum við öll á sama báti? Erum við öll að taka sameiginlega á þessu eins og við hefðum viljað gera og teljum nauðsynlegt að gera? Ég held að það sé fleira en stóriðjumálin sem við þurfum að huga að af því að þau hafa kannski verið mest nefnd hér. Við þurfum að líta til allra þátta. Við þurfum að horfa á samgöngumálin. Við þurfum að horfa á sjávarútvegsmálin. Við þurfum að líta á þau smæstu atriði sem hér hafa verið nefnd eins og með brennsluhvata, rafmagn til fiskiskipa í höfnum og rafmagn til fiskimjölsverkmiðja o.fl. Allt þetta þurfum við að leggja saman í þeirri glímu okkar við það að geta gerst aðilar að þessari bókun.

Kannski er rétt að nefna það líka af því að ýmsir þingmenn hafa talað um tækniþróun, vetnisnotkun o.fl. í þessu efni að á þessu sviði verðum við að binda vonir við það að nýir hlutir geti gerst. Samningurinn, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og fleiri bentu á, líka einmitt sveigjanleikaákvæðin og það að reyna að leita hagkvæmustu leiða í þessu efni, mun neyða þjóðir til þess að skoða upp á nýtt ýmsa slíka tæknilega þætti sem ég er fullviss um að við munum eiga eftir að geta nýtt okkur í baráttunni eins og aðrar þjóðir. Samningurinn mun á þann hátt líka verka sem efnahagslegur hvati fyrir ýmsar þjóðir.

Það er nauðsynlegt að þróunarríkin komi inn í samninginn áður en langt líður eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi í ræðu sinni. Það bendir allt til þess að eftir tvo áratugi verði losun gróðurhúsalofttegunda um 50% frá þróunarríkjunum sem var 25% árið 1990. Það er því óhjákvæmilegt annað en þær þjóðir komi að samningnum einnig og gerist aðilar fyrr en seinna því að öðruvísi erum við náttúrlega ekki öll á sama báti og öðruvísi erum við ekki að tala um umhverfismál í víðu samhengi.

Allra seinast, hæstv. forseti, af því að ég sé að tími minn er útrunninn, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði t.d.: Ætlar Ísland að vera með eða ekki? Ég tel að ég hafi svarað því nokkuð hvernig ég tel að við þurfum að vinna að málinu á næstu vikum og mánuðum. Við þurfum að vinna að úrlausninni. Viðhorf mitt er óbreytt með það að við þurfum að leggja allt á okkur sem hægt er til þess að geta orðið aðilar að samningnum. Því hef ég marglýst yfir áður, en ég þykist sjá það jafnljóslega að það er eitthvað sem ekki gerist alveg á næstu mánuðum. Ég þykist fullviss um að við verðum að skoða þá þætti sem enn þá á eftir að finna útfærslur á og höfum til þess næsta ár fram að næsta fundi. Ég býst við að svo verði reyndar um margar aðrar þjóðir að þær taki sér næstu mánuði eða næsta ár meðan beðið er eftir nánari útfærslu til þess að kveða upp dóm um aðildina.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:40]

**Útbýting þingskjala:**

Búnaðargjald, 333. mál, nál. landbn., þskj. 560; brtt. landbn., þskj. 561.

Innlend metangasframleiðsla, 357. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 557.

Stjórn fiskveiða, 275. mál, brtt. GE, þskj. 562.

## *Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 332. mál (byggingarnefndir, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 418, nál. 465, brtt. 466 og 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:17]

Brtt. 522 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 466,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 466,2 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

4.–5. gr. (verða 5.–6. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 466,3 samþ. með 44 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 466,4 samþ. með 46 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

8.–11. gr. (verða 9.–12. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 466,5 samþ. með 46 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

## *Einkaleyfi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 153. mál (EES-reglur). — Þskj. 153, nál. 510, brtt. 511.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Brtt. 511,1 (ný 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 511,2 (tvö fylgiskjöl, verða fskj. I og II) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Háskólar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 165, nál. 448 og 528, brtt. 449 og 529.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, LB, RA, SighB, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:49]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Lengi hefur verið á döfinni að setja sérstök heildarlög um starfsemi háskóla, rammalöggjöf, og hér er uppi tilraun til slíks sem ég styð og greiði þess vegna atkvæði með 1. gr. frv. Hins vegar felur frv. að öðru leyti í sér alvarlega tilraun til ofstjórnar og miðstýringar á háskólakerfinu auk þess sem það opnar fyrir að tekin verði upp skólagjöld, m.a. með því að gert er ráð fyrir því í frv. að fella niður gömlu skólakostnaðarlögin þar sem stendur: Kennsla er veitt ókeypis í opinberum skólum.

Af þessum ástæðum, miðstýringunni og skólagjaldaákvæðinu, treysti ég mér ekki til þess að styðja frv. að öðru leyti. En ég styð þessa 1. gr. en mun greiða atkvæði á móti síðustu mgr. 19. gr. og 26. gr.

2.–12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, RA, RG, SighB, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 529,1 felld með 32:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, RA, RG, SighB, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:50]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Minni hlutinn er því andsnúinn að auka pólitísk áhrif á háskólana í landinu. Við leggjum því til að tilnefning þeirra fulltrúa sem koma að utan í háskólaráðin verði ákvörðuð í sérlögum hvers háskóla og viljum þannig freista þess að val fulltrúanna verði faglegt fremur ... (**Gripið fram í:** Um hvaða brtt. er verið að greiða atkvæði?)

(**Forseti** (GÁS)**:** Verið er að greiða atkvæði um brtt. frá minni hluta menntmn. við 13. gr.)

Þetta veldur vonbrigðum, herra forseti, að hv. formaður nefndarinnar skuli ekki vera samferða minni hlutanum í þessu máli en við viljum freista þess að val fulltrúanna verði faglegt og síður háð pólitískum geðþóttaákvörðunum ráðherra. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 449,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KHG, KH, RA, SighB, SJS, TIO) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 529,2 felld með 32:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:54]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Hér gerir minni hlutinn tillögu um að við 1. málsl. 1. mgr. bætist eftirfarandi: „nema á annan hátt sé kveðið á um stöðu rektors í sérlögum.“ Frá upphafi hefur það verið svo að rektor Háskóla Íslands hefur verið valinn af háskólasamfélaginu og val hans einungis tilkynnt Stjórnarráðinu eða menntmrn. og sami háttur hefur verið hafður á í Kennaraháskóla Íslands. Þetta fyrirkomulag, herra forseti, styðst við hefðir við erlenda háskóla og þykir nauðsynlegt til að tryggja frelsi og sjálfstæði háskóla gagnvart stjórnmálalegu valdi. Með frv. stendur til að breyta þessu og gera rektora háskólanna að embættismönnum sem menntmrh. hefur boðvald yfir. Því er minni hlutinn á móti og gerir því tillögu um áðurgreint orðalag.

Brtt. 449,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, JBH, KH, MF, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÖS.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:56]
**Svavar Gestsson:**
Herra forseti. Hér er verið að festa í lög að Háskóli Íslands er sviptur sjálfstæði sínu til að velja sinn forustumann. Hér er á ferðinni tímamótagrein. Ég óska meiri hlutanum til hamingju með að svipta háskólann sjálfstæði sínu að þessu leyti. Ég get ekki tekið þátt í aðför að skólanum af þessu tagi.

15.–16. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 449,3 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HG, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

18. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, LB, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 449,4 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SighB, SJS, TIO) fjarstaddir.

19. gr., 1. mgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SighB, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

19. gr., 2. mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KHG, KH, RA, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 529,3.a–b felld með 33:17 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.
1 þm. (HG*) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Nokkur ágreiningur hefur orðið um þann hluta 19. gr. sem snýr að gjaldtöku fyrir nám. Til að taka af öll tvímæli um hvort þar með verði skólagjöld heimil, leggur minni hlutinn til þær orðalagsbreytingar sem fram koma í lið 3 a–b á þskj. 529. Ég vil að það sé alveg skýrt að ekki sé verið að opna á skólagjöld í opinberum skólum, herra forseti, og segi því já.

Brtt. 529,3.c felld með 33:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

19. gr., 3. mgr., samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Verði þessi málsgrein að lögum eins og margt bendir til, þá verður heimilt að innheimta skólagjöld í háskólum almennt, til rekstrar og til að standa undir kennslukostnaði. Eina leiðin til að koma í veg fyrir það væri að í sérlögum um hvern háskóla yrði slík heimild beinlínis bönnuð. Hér er því um að ræða tímamótalagasetningu af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar, aðför að háskólum og þeim sem stunda þar nám. Við greiðum því atkvæði gegn þessum málslið eins og hann liggur fyrir.

Brtt. 449,5 samþ. með 51 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, JóhS, KÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

21.–25. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, MF, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 529,4 felld með 33:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Í 6. gr. laga um skólakerfi segir: „Kennsla er veitt ókeypis í opinberum skólum.“ Með því að fella lögin um skólakerfi úr gildi eins og mælt er fyrir í 26. gr. frv. er stærstu hindrun þess að tekin verði upp skólagjöld í opinberum skólum, rutt úr vegi. Við leggjum til að greinin falli brott þannig að lögin um skólakerfi gildi áfram. Ég segi því já.

[14:06]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að lögin um skólakerfi verði felld úr gildi. Í þeim lögum eru tvær mikilvægar lagagreinar sem ég sætti mig ekki við að falli úr íslenskum lögum. Í 6. gr. laganna segir að kennsla sé veitt ókeypis í öllum íslenskum skólum og í 7. gr. þessara laga er skýrasta ákvæði íslenskra laga um jafnrétti kynjanna en þar segir:

„Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna jafnt kennarar sem nemendur.“

Ég er á móti því að góð lagaákvæði séu felld úr gildi og greiði því atkvæði með þessari brtt.

26. gr. samþ. með 34:15 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KHG, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, JBH, KHG, KH, RA, RG, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 167, nál. 453, brtt. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Brtt. 454,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, JBH, KHG, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Frv. um Kennaraháskóla Íslands sem hér er til meðferðar markar merkileg þáttaskil í starfsemi uppeldis- og kennaraskóla hér á landi. Hér er gert ráð fyrir því að sameina fjóra uppeldisskóla frá og með næstu áramótum. Ég tel að hér sé um að ræða mjög jákvæð tíðindi og styð frv. ásamt þeim brtt. sem fluttar eru í sameiginlegu nefndaráliti hv. menntmn. Ég vil hins vegar láta þess getið að ég hefði talið eðlilegt að samhliða þessari lagasetningu hefði ríkisstjórnin látið beitt sér fyrir því að fjögurra ára kennaranám hefjist haustið 1998 um leið og þessi lög koma til framkvæmda. Því miður stendur ríkisstjórnin ekki þannig að málum, að því lýtur fyrirvari minn í nefndaráliti en að öðru leyti styð ég málið.

[14:09]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í þessari markmiðsgrein frv. og í frv. yfirleitt kemur hvergi fram vilji þingsins til að efla kennaramenntun í landinu með því að lengja námið í fjögur ár. Mér finnst það metnaðarleysi eftir alla umræðuna um bætta kennaramenntun og nýlegar tillögur samstarfsnefndar háskólanna um að lengja B.Ed.-námið í fjögur ár. Í ljósi þess að menntmrh. lýsti því yfir í nótt að hann væri ekki mótfallinn þeirri stefnumörkun sem fram kemur í skýrslu samstarfsnefndarinnar frá því í júlí 1997 og að fljótlega verði athugað hvenær ákvarðanir um framhaldið verði teknar, mun ég styðja þessa grein enda frv. í heild sinni gott.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

3. gr., 1.–2. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv.

3. gr., 3. mgr., samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, JBH, KÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, KHG, KH, LB, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

3. gr., 4.–8. mgr., samþ. með 51 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁE, ÁJ, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HÁs, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:13]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Í 4. gr. frv. er m.a. fjallað um skrásetningargjald sem samkvæmt textanum skal ekki vera hærra en 25 þús. kr. Ég vil vekja athygli á samhljóða túlkun hv. menntmn. á þessari grein þar sem fram kemur að á bak við töku skrásetningargjalds þarf að vera skilgreindur kostnaður og jafnframt hitt að skrásetningargjald getur verið lægra og mun lægra en 25 þús. kr. þó það geti aldrei orðið hærra.

5. gr., 1. mgr. og 2. mgr. (1.–3. tölul.) samþ. með 51 shlj. atkv.

5. gr., 2. mgr. (4. tölul.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GMS, HÁs, KH, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég er í grófum dráttum ánægð með það frv. um Kennaraháskóla sem hér liggur fyrir og stóð að nefndaráliti hv. menntmn. með fyrirvara en ég vil gera grein fyrir því að fyrirvari minn beindist fyrst og fremst að 4. tölul. 2 mgr. 5. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.“ Hér er átt við skipun í háskólaráð. Þegar við greiddum atkvæði um frv. um háskóla kom fram að minni hlutinn er andsnúinn þessum auknu pólitísku áhrifum og í samræmi við það tek ég ekki þátt í atkvæðagreiðslu um þennan lið.

[14:16]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í umsögnum allra háskóla í landinu var kvartað undan þeirri miðstýringarárattu sem fram kemur í frv. um háskóla. Hún birtist m.a. í því að gert er ráð fyrir því að menntmrh. eigi án takmörkunar að tilnefna og skipa tvo menn í háskólaráð, yfirstjórnir allra háskóla í landinu. Þetta er algerlega óeðlilegt fyrirkomulag og er furðulegt að umræðan um málið í þinginu skuli vera komin þetta langt án þess að Framsfl. skuli sérstaklega hafa verið krafinn um skýringar á því af hverju hann er að flytja allt þetta vald til menntmrh. sem m.a. birtist í þessari grein. Hana er ekki hægt að styðja.

6.–15. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 454,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 454,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

### *Sóknargjöld, kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 3. umr.*

Stjfrv., 312. mál (millifærsla gjalda). — Þskj. 544.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GE, GMS, HÁs, KH, PP, RA, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 567).

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 562. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 338. mál (sala og fyrning aflahlutdeildar). — Þskj. 427.

[14:21]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu er um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir á laugardaginn var. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og þá var umræðunni frestað.

Meginatriði frv. er að keyptur kvóti verður ekki fyrnanlegur í skilningi skattalaga. Það er meginatriði frv. en einnig er kveðið á um að söluhagnaður vegna kvótaviðskipta komi almennt til skatts. Báðar breytingarnar eru gerðar í áföngum í frv.

Það ber að hafa skýrt í huga, herra forseti, að ekki er verið að tala um neina breytingu á skattameðferð á kvóta sem er úthlutað til útgerðarmanna. Einungis er verið að fjalla um þann kvóta sem gengur kaupum og sölum milli útgerðaraðila þannig að engin breyting er gerð á hinum ókeypis úthlutuðu veiðiheimildum hér við land. Þær hvorki eru né hafa verið eignarskattsskyldar eða á nokkurn hátt tekjufærðar hjá þeim sem fær þær afhentar.

Hér er hins vegar verið að fjalla um það að ef útgerðarmaður sem selur aflahlutdeild til annars útgerðarmanns, þá er kveðið á um að núna hjá kaupandanum að hann megi ekki afskrifa eign sína. Um það snýst frv. Þessi keypti kvóti og seldi hefur verið færður til eignar og greiddur af honum eignarskattur. Hann hefur hins vegar verið afskrifaður um 20% á ári þannig að ef seldur er kvóti fyrir 100 millj. stendur fyrsta árið 100 millj. í bókum kaupanda, árið eftir stendur hann í 80 millj. og 20 millj. eru þá færðar til gjalda sem fyrningar. Þessi regla er afnumin með frv. Ástæðan fyrir því er sú að afskriftin er gerð vegna rýrnunar viðkomandi eignar en hér er hægt að halda fram með fullum rökum að aflahlutdeild rýrnar ekki, menn fá úthlutað 1% af þorskkvótanum og það eru nokkur þúsund tonn og það heldur sig í nokkrum þúsundum tonna árið á eftir. Því eru full skattaleg rök fyrir því að líta sérstaklega á aflahlutdeildir í skilningi skattalaga.

Til eru nokkrar ófyrnanlegar eignir í skattalögum, t.d. lönd og lóðir. Þær rýrna ekki og þær eru líka ófyrnanlegar. Meginregla í skattalögum er að einungis má gjaldfæra það sem notað er til að afla tekna og það á ekki við um kvóta þar sem kvóti rýrnar ekki. En aflahlutdeildin, sem er úthlutað til langs tíma og síðan er úthlutað árlegu aflamarki á grunni aflahlutdeildar, gjafakvótinn svokallaður, kemur ekki til eigna í bókum fyrirtækja. Þetta reyni ég að draga skýrt fram vegna þess að frv. er ekki að sníða neina agnúa af fiskveiðistjórnarkerfinu eins og það heitir oft. Það hefur ekkert með það að gera. Hins vegar sýnir það ágalla gjafakvótakerfisins ágætlega vegna þess, herra forseti, að óvissa er um hver á í reynd kvóta.

Fyrir Alþingi liggur frv. um svipað efni sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti þar sem skýrt kemur fram að kvóti sé ekki fyrnanlegur og söluhagnaður sé skilgreindur og tekjufærður og skattskyldur. Það er sameiginlegt með þessum báðum frumvörpum.

Ólíkt frumvörpunum tveimur eins og hv. þm. greindi frá og skýrði á laugardaginn er það að í frv. fjmrh. er keyptur kvóti eignfærður og greiddur eignarskattur en í frv. þingmannsins er gert ráð fyrir því að kvóti sé ekki færður til eignar og ekki greiddur af honum eignarskattur. Þetta er vitaskuld grundvallaratriði vegna þess að við höfum litið svo á að það sé bundið í lögum að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Út frá þeirri röksemd að ef einhver eignfærir frá sér hlut, þá hlýtur hann að eiga hann, ef hann eignfærir hann hjá sér og greiðir af honum eignarskatt, þannig að það er augljóst að við erum á mjög gráu svæði hvað þetta varðar.

Forsaga málsins er sú að skattyfirvöld vildu afskrifa kvótann um 8% á ári nákvæmlega eins og um skip væri að ræða. Það fór fyrir dómstóla og það mál tapaðist í Hæstarétti. Hæstiréttur komst að því að það ætti að afskrifa kvóta um 20%. Það verður vitaskuld vandamál við framkvæmd laganna þegar selt er skip með veiðiheimildum, hvernig á að skipta í kaupsamningum t.d. ef keypt er skip og kvóti á 100 millj. Kaupandinn mundi vilja hafa þessar 100 millj. sem mest bundnar í skipinu en kvótann tiltölulega lágt metinn vegna þess að hann má ekki afskrifa hann. Þarna þarf að setja reglur sem ríkisskattstjóri gerir og vitaskuld verður erfitt að finna út úr þessu. Það er raunverulega nákvæmlega sama staða í núverandi kerfi nema þá er þveröfugt farið ef selt er skip og kvóti fyrir 100 millj., þá vill fyrirtækið núna hafa sem mest af þessum 100 millj. í verðmæti kvóta einfaldlega vegna þess að það má afskrifa kvótann um 20% en skipið ekki nema um 8%. Menn sjá á þessu, herra forseti, að ýmiss

konar skattaleg vandamál tengjast málinu og hafa reyndar tengst viðskiptum með kvóta. Það þekkist t.d. að fyrirtæki í sjávarútvegi hafi selt frá sér kvóta, tekjufært hann og nýtt þar með gamalt tap sem var að falla niður og sýnt betri afkomu. Síðan hefur fyrirtækið keypt aftur til sín kvótann, eignfært veiðiheimildirnar og afskrifað síðan um 20% á ári. Það eru dæmi til um þetta þar sem hefur þá verið spilað á kvótakerfið til að sýna betri afkomu í bókum. Í sjálfu sér er ekkert ólöglegt við þetta en þetta sýnir á hvers konar gráu svæði menn eru í skattalögum. Nú sitja þessi fyrirtæki uppi með eignir sem ekki er hægt að afskrifa en það má ekki gleyma því að í frv. hæstv. fjmrh. er gert ráð fyrir að þetta taki gildi í áföngum, áfram megi afskrifa 20% á næsta ári og síðan 15% og svo 10% auk 20% afskriftar fyrir skattaárið 1997.

Aðalmálið í þessu er hins vegar hvort ekki ætti að eignfæra kvótann þegar honum er úthlutað, þ.e. árlegu veiðiheimildirnar. Hins vegar er aftur vandamálið að ef hann væri eignfærður, þá væri búið að afhenda fiskimiðin þeim aðilum sem fá þetta úthlutað og það er í grundvallaratriðum öndvert við skoðun mína og reyndar flestra annarra. Hins vegar er það svo að til eru eignir sem eru eignarskattslausar eins og spariskírteini. Sumar eignir eru á öðru verði til eignarskatts en á bókfærðu verði. Fasteignir eru t.d. metnar á fasteignaverði til eignarskatts en ekki á bókfærðu verði. Það er allur gangur í þessu. Ef um væri að ræða eignarskattsfrelsi í viðskiptum með kvóta, þá væri leikur einn fyrir fyrirtækið að koma sér hjá öllum skattgreiðslum í sambandi við eignarskatt þannig að það er að mínu mati hlutur sem væri ekki hægt að útfæra almennt.

Þetta frv. festir núverandi fiskveiðistjórnarkerfi í sessi að mati formanns Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristjáns Ragnarssonar, og þar hefur hann rétt fyrir sér. Ótvírætt er að það að afskrifa kvótann um 20% á ári var rökstutt með því að kvótakerfið væri tiltölulega óstöðugt. Menn vissu ekki hvort verið væri að breyta því og þess vegna bæri mönnum skylda til að afskrifa kvótann tiltölulega fljótt. Það væri eðlilegt í skilningi skattalaga og reikningshalds. Hér er hins vegar lagt til að þessi keypti kvóti skuli vera bókfærður á kaupverði og ekki afskrifaður. Þar með er kerfið gert varanlegra en áður og að því leyti hefur Kristján Ragnarsson alveg rétt fyrir sér. Hann segir þetta frv. styrkja núverandi fyrirkomulag sem ég kalla gjafakvótakerfið. Enn og aftur, herra forseti, fá ókeypis úthlutaðar veiðiheimildir ekki skattalega meðferð. Hér er einungis verið að taka á hluta af kvótaviðskiptunum, þ.e. viðskiptum með varanlega aflahlutdeild eða kvóta til langs tíma. Ekki er tekið á t.d. leigukvóta innan ársins.

Hins vegar eru skattaleg rök fyrir þessu máli eins og ég hef rakið varðandi eðli kvótans að hann rýrni ekki. Álitamál er um aðra þætti, fiskveiðistjórnun og ekki síst meginatriðið þ.e. eignarréttarákvæðin í stjórnarskránni. Vandamálið felst í að miðin eru þjóðareign en veiðiheimildum er hins vegar úthlutað ókeypis. Þær eru ekki færðar til bókar en verða nú í viðskiptum milli útgerðarmanna að ófyrnanlegri eign sem af má hafa leigutekjur, tekjur af veiðum eða tekjur vegna sölu. Kaupandinn hefur allan rétt til að afla sér tekna út á kvótann hvort sem hann kaupir hann af öðrum útgerðarmanni og færir til eignar eða fær hann úthlutaðan af ríkisvaldinu. Hann hefur alla tekjumöguleika af þessari eign án þess að greiða nokkuð fyrir hann nema hann hafi keypt hann af öðrum útgerðarmanni. Eins og við höfum margoft bent á er nú þegar greitt veiðileyfagjald í íslenskum sjávarútvegi. Það er hins vegar einungis greitt í viðskiptum milli útgerðarmanna. Til þess að fá aðgang að fiskimiðunum verður nýr útgerðarmaður að kaupa veiðiheimildir af öðrum útgerðarmanni sem fær þeim úthlutað ókeypis.

Sumir telja að með því að skattleggja söluhagnað veiðiheimilda mjög mikið sé búið að leysa vandamálin í kringum þennan kvótaóróleika. Það er rangt og ekki rétt hugsað vegna þess að ef skattleggja ætti sérstaklega þá sem færu út úr greininni, þá mundu menn vitaskuld halda eign sinni áfram innan sjávarútvegsins. Aðalmálið er að nýta arðinn af úthlutuðum veiðiheimildum og menn hafa tök á að nýta arð úthlutaðra veiðiheimilda með því að taka hann til sín, t.d. í formi hækkaðra hlutabréfa, arðgreiðslu eða einhvers þess háttar. Það fer enginn út úr greininni ef greiða þarf stórfé fyrir það. Verð veiðiheimildar endurspeglar ekkert annað en hagnaðarvon vegna nýtingar hennar. Þannig er rangt að hugsa það sem einhverja lausn á deilumálum um kvótann og þann mikla hagnað sem myndast við ókeypis úthlutun veiðiheimildar að skattleggja sérstaklega þá sem fara út úr greininni. Það er ekki lausn á því mikla vandamáli sem við blasir. Alla vega þarf að ræða þetta mjög ítarlega.

Stóra spurningin er hins vegar um eignaréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hæstv. fjmrh. hvort þetta frv. leiddi til þess að eignarréttur útgerðarmanna á aflaheimildum yrði styrktur þannig að réttindi þeirra væru varin samkvæmt stjórnarskránni. Þetta er lykilspurningin.

Hæstv. ráðherra Friðrik Sophusson taldi þetta frv. út af fyrir sig ekki gera það en treysti sér ekki til að segja afdráttarlaust um það. Hæstv. ráðherra kvaðst ekki geta útilokað að frv. styrkti eignarréttinn. Meginmálið, herra forseti, er að hér er um að ræða réttaróvissu. Ég ætla ekkert að fullyrða áhrif þessa á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Menn verða hins vegar að hafa í huga að löggjafanum er ekki í sjálfsvald sett hvaða réttindi njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og hver ekki. Þetta er flókin, erfið og lögfræðileg umræða um mörg álitamál. Þess vegna verða menn að fara varlega í lagabreytingar á þessu sviði. Þó að fyrir þessu frv. séu skattaleg rök þá þarf að skoða áhrif þess á eignarréttarákvæðin. Ljóst þarf að vera hvort frv. tryggi betur eignarréttarákvæði þannig að ef menn breyti stjórnkerfinu þá geti ríkisvaldið orðið skaðabótaskylt. Ég bendi á athyglisverða og vandaða grein eftir Skúla Magnússon lögmann í síðasta tölublaði Úlfljóts. Þar kemur fram að aflaheimildin njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt ef ekki komi til áskilnaður löggjafans í aðra átt. Það er ítrekað í lögum um fiskveiðar, með þjóðareign á fiskimiðunum og í 3. tölul. 1. gr. um að virða ekki bótaskyldur. Löggjafinn hefur þannig sett fyrirvara. Spurningin er hins vegar um hversu mikið vægi þessi fyrirvari löggjafans hefur ef til dómsmáls kæmi. Niðurstaða Skúla er sú að verið gæti um stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi að ræða. Hann er eins og aðrir góðir lögfræðingar og ég reyni að tileinka mér þann hugsunarhátt hér. Ég fullyrði ekki neitt í þessu. Ég bendi aðeins á ákveðna óvissu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bað um að leitað yrði sérstaklega lögfræðilegs álits. Ég styð eindregið að það verði tekið upp í efh.- og viðskn. og málið er vitaskuld ekki í höndum hæstv. fjmrh. en ég vonast til þess að hæstv. ráðherra sjá til þess að löggjöf verði sérlega vönduð varðandi þennan þátt.

Mig langar einnig, herra forseti, til að benda á grein í Morgunblaðinu sl. laugardag eftir Gunnar Einarsson bónda, Dalastöðum í Presthólahreppi. Þar er skynsamleg grein og

m.a. fjallað um forskot þeirra sem fá kvótunum úthlutað ókeypis í samanburði við nýja útgerðarmenn sem verða að kaupa sér aðgang hjá hinum eldri. Hann rökstyður sína réttu hugsun um að þeir sem fá ókeypis úthlutun og í sambandi við þann þátt er engu breytt, hafa miklu sterkari fjárhagslega stöðu til að halda uppi verði á veiðiheimildum gagnvart nýliðum í greininni sem fá ekkert úthlutað af almannavaldinu. Þetta er skynsamleg ábending sem menn ættu að hafa í huga og að með núverandi fyrirkomulagi á úthlutun heimilda er möguleiki nýliða minnkaður.

Hugmyndir um veiðileyfagjald leysa þetta vandamál að mörgu leyti þó að ég ætli ekki að ræða veiðileyfagjald hér. Veiðileyfagjald gengur einmitt út á að árlega sé gjaldfært, heimildirnar séu leigðar árlega. Það sem menn leigja er ekki eign þeirra og það yrði þá gjaldfært líkt og önnur gjaldtaka. Dómur Hæstaréttar sýndi að í framkvæmd er einungis greiddur eignarskattur af aðkeyptri aflahlutdeild og þannig er það fært í bækur hjá fyrirtækjum. Það er einungis keypti kvótinn, það eru ekki langmestu verðmætin, úthlutaði kvótinn. Hvort þau verðmæti eru 200 milljarðar, 100 milljarðar eða 50 milljarðar, læt ég liggja á milli hluta. Ég vil hins vegar, herra forseti, hvetja til þess að þetta frv. verði vandlega skoðað og að stjórnarmeirihlutinn reyni ekki að knýja á um afgreiðslu þess nú í þessari viku. Til þess er ekki tími. Málið þarf vandaða umfjöllun í nefnd. Það er ekki frágangssök þó að skattalög í sambandi við þetta taki gildi fyrri part á næsta ári. Viðskipti geta haldið áfram eftir gömlu lögunum og ég vil líka benda á að þetta frv. hefur þá sérstöðu að það er gert ráð fyrir aðlögun. Í ár á að afskrifa kvóta um 20% og í frv. er gert ráð fyrir að heimila líka 20% afskrift á næsta ári. Út frá því er í sjálfu sér allt í lagi þó þetta frv. taki ekki gildi fyrr en seinna. Það hefur ekki nein sérstök skattaleg vandkvæði þó að lögfestingin dragist fram yfir áramót.

Ég er ekki, herra forseti, að leggjast gegn því að vilji meiri hluta Alþingis nái hér fram að ganga. Ég dreg hins vegar upp ákveðin álitamál varðandi þetta sem tengjast eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Okkur þingmönnum ber skylda, herra forseti, til að skoða slík álitamál mjög vandlega. Við megum ekki hrapa að neinu varðandi afgreiðslu slíkra mála. Afleiðingarnar geta orðið ófyrirsjáanlegar. Þess vegna hvet ég til og mun taka þátt í, ásamt öðrum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu, að málið fái vandaða skoðun. Það verði lögfest þannig að ekki leiki neinn vafi á hverjar afleiðingarnar verði eða hver vilji löggjafans er í þessu efni.

[14:41]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örfá atriði. Hv. þm. leggur til að varlega verði farið í þetta mál og það fái jafnvel ekki afgreiðslu fyrr en á nýju ári. Ég vara mjög við þessu og held að gagnlegt sé að fá málið afgreitt sem allra fyrst. Þetta frv. leiðir til þess að það eignarstaða verður hærri í þeim fyrirtækjum sem keypt hafa aflakvóta. Tekjurnar verða þess vegna hærri, einnig skattgreiðslurnar og aflakvótarnir væntanlega á lægra verði. Þess vegna hygg ég að sameiginlegt álit flestra, þar á meðal hv. þm., sé að eðlilegt sé að ná þessu frv. í gegn sem allra fyrst.

Nú hafa þessi mál verið könnuð mjög rækilega, sérstaklega varðandi áhrif 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga á stjórnarskrána, 72. gr. um vernd eignarréttar. Hv. þm. gat um það í sinni ræðu og rifjaði það upp. Vegna þess að hv. þm. vísaði til greinar í Úlfljóti skiptir kannski mestu máli að í greininni segir á bls. 613, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er 1. málsl. í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna þýðingarlaus um það álitaefni hvort aflaheimildir njóti stjórnskipulegrar eignarréttarverndar. Því má við bæta að af sömu ástæðum hefur ákvæðið engin áhrif á eðli aflaheimilda í skiptum einkaaðila, hvort aflaheimildir séu hæft andlag veðsetningar eða hvort aflaheimildir verði taldar til eigna í skilningi skattalaga." Ég held að það skipti afar miklu máli að skilja milli umræðunnar um veiðigjald annars vegar og þess sem segir í skattalögum á hverjum tíma. Hv. þm. gat réttilega um það í upphafi ræðu sinnar þegar hann fjallaði um að eðlilegt væri að fara þá leið sem farin er í frv.

[14:43]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er gott að auka tekjur ríkissjóðs og ekki vil ég verða til þess að minna komi inn til hæstv. fjmrh. Hins vegar snýst þetta mál ekki um það hvort skatttekjur verða eitthvað hærri eða lægri. Það er erfitt að meta. Fyrst og fremst er verið að leggja til ákveðna útfærslu sem skattaleg rök eru fyrir. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni.

Ég bendi hins vegar á að það eru álitamál sem vakna við lögfestingu þessa frv. sem tengjast eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég vitnaði í sömu grein og hæstv. fjmrh. varðandi atvinnuréttindin. Það þarf að vera alveg ljóst, fyrst við erum að lögfesta viðskipti milli útgerðarmanna með veiðiheimildir og erum þar með að búa til skattalega umgjörð, að við verðum að tryggja ótvíræða réttarstöðu þeirra sem viðskiptin eiga. Þetta snýr ekki síður að kaupanda veiðiheimildanna og hvort hann sé að kaupa þá veiðiheimildir sem í einhverjum skilningi séu þá stjórnarskrárvarin. Það veit ég ekki. Ég óska hins vegar eftir því að á frv. þetta verði lagt mat. Við höfum oft rætt þetta áður, t.d. í sambandi við veðsetningar veiðiheimilda. Málið er erfitt og við eigum ekki að hrapa að því. Það er ekki tekjuspursmál fyrir ríkissjóð þannig að reka þurfi á eftir lögfestingu málsins í þessari viku. Þingstörfum á að ljúka á laugardaginn. Ég heiti samvinnu minni við afgreiðslu þessa máls en bendi hins vegar á að menn ættu að skoða þetta í einhverri alvöru og fá bæra menn til þess að leggja mat á álitaefni sem hér eru uppi og skoða afleiðingar málsins. Þar fyrir utan er frv. sjálft býsna flókið, t.d. eru rúmlestaheimildir sem eru settar inn í fyrningarreglur skipa tilefni til langrar umræðu. Til þess er enginn tími en málið er alls ekki einfalt, burt séð frá þessari stóru spurningu sem ég vakti upp um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

[14:45]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki vegna þess að ég telji þá umræðu sem hv. þm. nefnir hér til sögunnar þess eðlis að það eigi ekki að hefja hana eða halda henni áfram, það finnst mér alveg sjálfsagt. En ég sé ekki að hún þurfi með nokkrum hætti að tefja framgang þessa frv. Hér er um að tefla réttindi sem fremur aukast en minnka eins og hv. þm. rökstuddi ágætlega í ræðu sinni. Ég minni á að í 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna er fyrirvari og allir fræðimenn sem hafa fjallað um þetta eru sammála um að sá fyrirvari er nægilegur til þess að breyta megi fyrirkomulaginu hvenær sem er án bóta skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar og þetta mál hleypur ekki frá okkur. Vegna þess að minnst var á rúm-

málsréttindi tók ég það fram í framsöguræðu minni að þetta var gert af hagkvæmnisástæðum. Það er erfitt að gera mun á skipsstærðinni og þeim rétti sem felst í veiðiréttinum, í rúmmálsréttinum þegar menn endurnýja sérstaklega skip en það kemur hugsanlega einhvern tíma að því að menn gætu haft aðra afstöðu til málsins. Ég held að það sé langsamlega eðlilegast að nálgast málið þannig að menn reyni að afgreiða frv. á næstu dögum. Það er ekkert sem mælir gegn því. Víðtæk samstaða er um málið en jafnframt séu menn vakandi fyrir því sem hv. þm. sagði sem er auðvitað mál sem við þurfum að ræða og eigum að ræða og það er um það að hve miklu leyti 72. gr. stjórnarskrárinnar ver eignarréttindi eða jafnvel atvinnuréttindi þannig að aðilar séu bótaskyldir ef þau réttindi skerðast.

[14:47]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg augljóst að frv. tryggir betur núverandi kerfi. Veiðiheimildirnar eru gerðar ófyrnanlegar. Varanleiki kerfisins er þar með aukinn. Réttindin eru aukin í þessum viðskiptum og ef svo er þá spyr ég: Erum við þá komnir lengra áleiðis inn í stjórnarskrárvarinn rétt einstaklings? Þetta er álitamál vegna þess, herra forseti, að hægt er að fara allt aðra leið líka í sambandi við skattlagninguna. Í skattalögum er t.d. viðskiptavild hvorki eignfærð né gjaldfærð og viðskiptavild er kaup á aðstöðu. Þetta er flókið mál og tengist bæði reikningshaldi og lögum.

Hægt væri að líta á keyptar og seldar veiðiheimildir sem einhvers konar kaup eða sölu á viðskiptavild ef menn vildu fara þá leið. Þá kæmi þetta hvergi til bókar og enginn eignarskattur reyndar og engin gjaldtaka. Við jafnaðarmenn höfum hins vegar lagt til að gjaldtakan verði eins og við höfum lýst með hugmyndinni um veiðileyfagjald sem við ætlum ekki að blanda hér neitt inn í, en ég bendi einungis á að hún leysir hluta af því máli sem hér er verið að ræða. En með fullri virðingu fyrir hæstv. ráðherra og mikilvægi þess að málið sé afgreitt o.s.frv., þá er augljóst að frv. vekur upp mjög mikilvægar spurningar sem við þurfum að fá ráðrúm til að svara, skoða og leita álits fróðra manna um. Það er eðlileg ósk sem er borin fram í fullri sanngirni, bæði gagnvart ráðherra og öðrum þingmönnum, að ekki verði lögfest mál sem þarf meiri skoðunar við, ekki hvað síst þessi stóra spurning sem varðar eignarhald á fiskimiðum við landið sem er stærsta spurningin, pólitísk og lagaleg spurning í landinu. Þess vegna, herra forseti, eigum við ekki og megum ekki kasta neitt til höndunum varðandi þau vinnubrögð.

[14:50]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja að nokkrum efnisatriðum í frv. og þá fyrst að því sem segir í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. að frv. snúi ekki að breytingum á tekjuskatti og eignarskatti lögaðila og því sé ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þetta er alveg rétt. En það hefði verið mjög gott að fá sem fskj. frá tekjuskrifstofu fjmrn. nokkur orð um það hvað þetta þýðir varðandi tekjuhlið fjárlagafrv. Mér er fyllilega ljóst að erfitt er að spá um fjárhæðir í því efni en engu að síður væri hægt og er nauðsynlegt í fskj. með frv. að skýra lítið eitt út þau tekjulegu áhrif sem verða af breytingunni.

Í fyrsta lagi er verið að gera ráð fyrir því eins og komið hefur fram að frv. nái aðeins til þeirrar aflahlutdeildar sem gengur kaupum og sölum en ekki til þeirrar aflahlutdeildar sem viðkomandi fær úthlutað ókeypis frá almannavaldinu án þess að selja það öðrum. Gert er ráð fyrir því að slík aflahlutdeild verði óafskrifanleg og færist sem eign í reikninga viðkomandi fyrirtækis sem keypt hefur aflahlutdeildina. Það er sem sé gert ráð fyrir því að að hámarki verði greiddur eignarskattur til ríkisins af slíkri aflahlutdeild sem nemur 1,2% af kaupverðinu, þ.e. menn eru að tala um eignarskatt upp á um 1,2 millj. af aflahlutdeild sem keypt hefur verið á 100 millj. kr. og þessi skattheimta nær aðeins til aflahlutdeilda sem hafa gengið kaupum og sölum. Nauðsynlegt er að þetta komi fram til þess að menn geri sér það ljóst að hér eru engar stórar fjárhæðir á ferðinni. Þarna eru fjárhæðir sem gætu numið einhverjum tugum millj. kr. á ári í tekjur fyrir ríkissjóð þannig að ekki er verið að taka neitt skref í líkingu við það sem rætt hefur verið um ætlað afgjald fyrir veiðigjald eða veiðileyfagjald. Þarna er um að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir í tekjuöflun fyrir ríkissjóð, a.m.k. eins og sakir standa.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að þó árlegar afskriftir verði ekki heimilaðar af aflahlutdeild sem fyrirtæki hafi keypt verði þær heimilaðar í einu vetfangi á sama andartaki og lögunum um stjórn fiskveiða verður breytt með þeim hætti að keypt aflahlutdeild heldur ekki verðmæti sínu. Gert er ráð fyrir því í a-lið 2. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar samkvæmt 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður."

Með öðrum orðum, á sama andartaki sem tekin er ákvörðun hér á Alþingi um að breyta stjórnkerfi fiskveiða í þá veru að þau réttindi sem nú ganga kaupum og sölum eru ekki lengur verðmæti, geta þau fyrirtæki sem hafa keypt sér aflahlutdeildir afskrifað þær á einni nóttu, fært til gjalda í reikningum sínum á sama ári og þær eru niður felldar sem verður þá að sjálfsögðu til þess að lækka tekjuskattsgreiðslur þeirra til ríkissjóðs sem því svarar. Tekjuöflunin sem gert er ráð fyrir, verði þetta frv. að lögum, fyrir ríkið eru því í fyrsta lagi tiltölulega lágar fjárhæðir miðað við þau miklu verðmæti sem í aflakvótunum felast. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að viðkomandi fyrirtæki geti afskrifað eignirnar að fullu á sama andartaki og lögunum um stjórn fiskveiða verði breytt með þeim hætti að aflahlutdeildin missi verðgildi sitt. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram svo að menn geri sér grein fyrir því hvaða áhrif frv. hefur á tekjuhlið fjárlaga annars vegar og hvaða áhrif það muni hafa verði stjórnkerfinu breytt einhvern tíma í framtíðinni hins vegar.

Í greinargerð frv. er vikið að ástæðum þess að frv. er flutt og þær eru merkilegar ef þær eru skoðaðar nánar. Í upphafi athugasemdanna er tekið fram að frv. megi rekja til dóms Hæstaréttar 18. nóv. 1993, í máli Hrannar hf. gegn fjmrh. Nú er mörgum sú niðurstaða Hæstaréttar í fersku minni og þó ég ætli ekki að deila við dómarana er hún vissulega aðfinnsluverð, þ.e. þar sem gengið er út frá því að afnotarétturinn sem menn kaupa verði afskrifaður á aðeins fimm árum vegna þess hversu mikið óöryggi sé í framtíð þeirra verðmæta eða verðgilda sem menn eignast með kaupum á varanlegum aflaheimildum, eins og Hæstiréttur láti sér ekki til hugar koma að sú áhætta sem í því felst að kaupa sér aflaheimildir sem munu ekki vara um aldur og ævi komi einfaldlega fram í verðlagningu markaðarsins á þeim réttindum. Það er mjög undarlegt eins og þessi dómur sætti mikilli gagnrýni sem kveðinn var upp árið 1993 að það er ekki fyrr en nú, næstum því fimm árum síðar, sem fjmrn. grípur til þeirra aðgerða sem

frv. þetta gerir ráð fyrir. Það er líka mjög athyglisvert að það er ekki fjmrn., sem fannst þetta mjög óeðlilegur úrskurður á sínum tíma, sem á frumkvæðið að því að málið sé tekið upp og skoðað á nýjan leik, heldur er það sjútvrn. árið 1996 sem beinir þeim tilmælum til fjmrn. að skoða þetta. Það er með öðrum orðum sjútvrn. sem á frumkvæði að því að taka á málinu en ekki hæstv. fjmrh. og fjmrn. Hvers vegna skyldi það vera að sjútvrn. grípur til þessara ráða árið 1996? Skyldi það ekki vera vegna þess að hæstv. sjútvrh. er orðið ljóst að sú mikla gagnrýni sem á sér stað á ókeypis úthlutun íslenska ríkisins á verðmætum atvinnuréttindum til nokkurra einstaklinga er farin að sæta mikilli gagnrýni og hann ætlar með einhverjum hætti að reyna að leiða þá flóðbylgju hjá sér með því að opna smuguna fyrir því að örfáar milljónir eða milljónatugir verði borgaðir í skatt fyrir þau aflaverðmæti ein sem hafa gengið kaupum og sölum milli útgerða en að þorri aflaheimilda sem úthlutað er ókeypis og nýttur af viðkomandi útgerðum sé áfram óskattlagður og án gjaldtöku frá þeim sem verðmætunum ráðstafa? Það er a.m.k. harla undarlegt miðað við viðbrögð fjmrn. eftir dóminn 1993 og almenningsálitið á þeim dómi að það skuli ekki vera fyrr en fyrst nú sem á því máli er tekið.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt eins og fram kemur í frv. að taka sérstaklega fram hvað gera skuli ef lögunum um stjórn fiskveiða verður breytt þannig að kaup og sala aflaheimilda milli einstaklinga eins og við þekkjum hana í dag verður annaðhvort afnumin eða á henni haldið með þeim hætti að hún missi verðgildi sitt. Nauðsynlegt er að taka það fram eins og gert er í 2. gr. frv. síðasta málslið eins og ég tók fram áðan og það er þakkarvert. Vegna þeirra ummæla sem hafa fallið hjá hv. þm. Ágúst Einarssyni og eru rétt að menn óttast að eftir því sem núgildandi kerfi er lengur við lýði, eftir því sem fleiri ár líða þar sem menn umgangast veiðiréttindin eins og almenna eign, er hætta á því að ákvæði stjórnarskárinnar um verndun ekki einkaeignarréttar heldur atvinnuréttinda nái einnig til verndunar yfir þeim réttindum sem fást með kaupi veiðiheimilda. Þetta er alveg rétt. Þess vegna væri ástæða til þess í fyrsta lagi að athuga hvort ætti ekki að setja inn í textann í frv. sjálfu ákvæði þess efnis eins og eru í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða til viðbótar við það ákvæði sem er í lok 2. gr. að heimild til ráðstöfunar og afnota á úthlutuðum eða keyptum aflaréttindum myndi ekki stjórnarskárbundna lögvernd á atvinnuréttindum. Í þeim efnum skiptir mjög miklu máli hvað sagt er og skrifað í þinginu, ekki síst þegar litið er til orða þess hæstv. ráðherra sem mælir fyrir um málið. Þess vegna vil ég óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann staðfesti einfaldlega þann skilning í andsvari sem ég vona að sé sameiginlegur með okkur að þetta frv. sé ekki flutt og sé ekki ætlað að hafa áhrif á stjórnarskrárbundinn rétt sem menn kunna hafa til atvinnuréttinda, þ.e. með flutningi frv. sé ekki tilætlun frsm. og flytjanda hæstv. fjmrh. að verið sé að styrkja þau réttindi til atvinnu sem stjórnarskráin veitir. Það mun greiða fyrir því og hjálpa til þess að frv. verði ekki túlkað með þeim hætti og nauðsynlegt er að sú túlkun komi fram.

Herra forseti. Í þessum ákvæðum er vísað til þess og reynt að taka á því vandamáli hvaða áhrif frv. kann að hafa á viðskipti með skip og kvóta. Eins og nú standa sakir er alþekkt að þegar keypt er skip með kvóta þar sem kvótinn er afskrifaður miklu hraðar en skipið, þá vilja menn gjarnan færa til bókar hjá sér slík kaup þannig að kvótinn sé metinn eins hár hluti kaupverðsins og unnt er og skipið eins lágur hluti kaupverðsins og unnt er til þess að geta afskrifað þann hluta kaupverðsins sem kvótinn er metinn á sem allra hraðast. Nú er verið að snúa dæminu við þannig að kvótinn verður ekki afskrifaður en heimilt er hins vegar að afskrifa skipið. Þá er líklegt að menn snúi við túlkun sinni og vilji gjarnan meta skipið sem hærra hlutfall kaupverðs en kvótann vegna þess að skipið geta menn afskrifað en kvótann ekki. Gert er ráð fyrir því og vísað til þess í greinargerð með frv. að á þessu verði tekið samkvæmt almennum ákvæðum skattalaga þannig að skattstjórar og skattyfirvöld hafi ávallt heimild til þess að meta slík viðskipti með hliðsjón af markaði hverju sinni. En ég spyr líka hæstv. fjmrh. að því og vek athygli á því að mjög erfitt er að framkvæma slíkt mat og t.d. hefur það ekki verið notað til þess að halda aftur af tilhneigingu þeirra sem kaupa kvóta, að meta kvótann hátt og skipið lágt vegna afskriftaþarfar. Þess vegna er hætt við að það sama komi upp á teningnum þegar menn snúa við og breyta vegna áhrifa þessa frv. Engu að síður spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki væri ástæða til þess að setja inn í frv. þetta setningu sem vísaði til þess að svona skuli á málum haldið jafnvel þó svo að almenn ákvæði séu í skattalögum sem gera ráð fyrir því að svo skuli fara með málið þá er kannski enn skýrara að skjóta jákvæðu ákvæði þar inn í frv. áður en það verður afgreitt sem lög.

Ég vil hins vegar benda á að í frv. eru atriði sem stangast á við það sem nú er verið að gera á Alþingi. Gert ráð fyrir því ef ég man rétt að rúmmetraréttindi sem útgerðarmaður kunni að eiga skuli fyrna með sama hætti og fiskiskipið sjálft. Með þessu er átt við að útgerðarmaður sem hefur keypt skip telst eiga ákveðinn rétt til endurnýjunar miðað við rúmlestatölu skipsins og gert er ráð fyrir því í frv. hæstv. fjmrh. að sá réttur sé afskrifaður með sama hætti og skipið sjálft. Fyrir Alþingi liggja hins vegar breytingartillögur frá meiri hluta sjútvn. við lög um stjórn fiskveiða þar sem segir svo, með leyfi forseta, um að 5. efnismgr. frv. orðist þannig:

„Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður."

Með öðrum orðum, þær teljast ekki lengur eign ef þær hafa ekki verið nýttar. Það stangast að sjálfsögðu á við þau ákvæði í frv. að slík eign skuli afskrifast með sama hætti og skipið sem réttindin eru bundin við. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé réttur skilningur hjá mér að svo sé. Það getur vel verið, þetta eru nokkuð flókin mál, að málin standi með einhverjum öðrum hætti en þetta en mér skilst málin standi svo og vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þetta sé ekki réttur skilningur, þ.e. ef rúmmetraréttirinn er ónýttur við stækkun skips og fellur niður, getur hann að sjálfsögðu ekki eignfært sér reikning viðkomandi útgerðarfyrirtækis og afskrifast svo með sama hætti og skipið er afskrifað sem útgerðarmaðurinn á.

Meginatriði málsins eru hins vegar þau viðvörunarorð sem hv. þm. Ágúst Einarsson vék að áðan, þ.e. er líklegt að frv. festi í sessi þann rétt, atvinnurétt sem stjórnarskráin ver fyrir mönnum þannig að eftir samþykki þess verði erfiðara að gera breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi en er í dag, þ.e. menn geti þá gert bótakröfu í því sambandi. Auðvitað ber að skoða þau mál í meðförum nefndarinnar en ég vil að tekin séu af öll tvímæli um afstöðu ráðherra og flutningsmanns málsins til þess með því að óska eftir því að hann taki fram á eftir hver tilætlun hans sé hvað þennan þátt varðar með flutningi málsins. Er tilætlun hans sú að það beri að túlka frv. sem svo að verið sé að festa réttindi þau sem menn hafa

í dag samkvæmt núgildandi stjórnunarkerfi til fiskveiða, þ.e. aflakvótakerfinu? Er frv. flutt til að festa það í sessi eða lítur ráðherra svo á að samþykkt frv. eigi engin áhrif þar á að hafa þannig að Alþingi hafi jafnfrjálsar hendur og það hefur í dag til að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu án þess að þeir aðilar sem njóta góðs af því í dag geti gert nokkrar kröfur um bótagreiðslur sér til handa verði það stýrikerfi afnumið?

[15:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt hæstaréttardómi sem liggur fyrir frá 1993 er niðurstaðan að aflakvótinn er skattaleg eign viðkomandi útgerðar. Það eru íslensk lög í dag. Það er ekki verið að breyta því með frv. Ekki er verið að styrkja varanleika kerfisins. Eingöngu skattalegar ástæður liggja fyrir því að verið er að flytja frv. og engan veginn er ætlunin að styrkja þau réttindi sem hv. þm. minntist á.

Ég minni á að eign verður til staðar hjá fyrirtækjum jafnvel þótt hún sé bókhaldslega fyllilega afskrifuð. Sú eign getur haft verðgildi og selst á markaði. Þetta verða menn að muna.

Ég bendi einnig á að veiðiréttur sem fylgir skipi gerir skipið verðmeira og er óhjákvæmilegur hluti af skipinu og það er alveg sama við hvaða fiskveiðistjórnarfyrirkomulag við búum. Þetta eru algild sannindi og það eru líka algild sannindi að skip án nokkurs veiðiréttar hefur miklu minna verðgildi. Þetta er ekkert nýtt en þetta skýrir að mörgu leyti hvers vegna af hagkvæmnisástæðum rúmlestatalan, það er ekki verið að tala um það í þessu sambandi, fylgir skipunum. Sjálfsagt er að kanna rækilega hvort það stangist á við tillögur sem fluttar eru, en ég gat ekki heyrt það á lýsingunni sem kom fram hjá hv. þm. að svo þurfi að vera þótt rúmlestarétturinn falli niður samkvæmt þeirri tillögu sem liggur fyrir annars staðar í þinginu.

Að lokum, virðulegi forseti, er mjög erfitt að segja til um hvaða áhrif þetta hefur á tekjuhliðina. Það verður að fara mjög vandlega ofan í það hvaða fyrirtæki eiga í hlut og hvort þau eiga mjög mikið af óinnfæranlegu tapi.

[15:11]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. ráðherra var mjög skýrt. Í fyrsta lagi bendir hann réttilega á að ekki er verið að taka þá ákvörðun að eignfæra skuli keyptar veiðiheimildir. Sú ákvörðun var tekin af Hæstarétti árið 1993 þannig að með engum hætti er verið að auka við það eða breyta þeirri ákvörðun. Hins vegar er verið að gera það eitt að afnema þá heimild sem hæstaréttardómurinn veitti til þess að afskrifa þessi réttindi um 20% á ári þannig að ekki er verið að „færa" útgerðarmönnum neina eign sem þeir geta ekki eignfært í bókhald sitt í dag. Það er ekki verið að gefa þeim neitt sem þeim hefur ekki þegar verið gefið ef svo má segja. Með þessu tók hæstv. ráðherra af öll tvímæli um það að ekki er verið að styrkja eignarréttarkröfu útgerðarmanna á veiðiréttindum.

Í öðru lagi vil ég aðeins segja um það sem hann sagði síðast um áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ég var ekki að óska eftir því að menn reyndu að meta það í fjárhæðum heldur að þeir gerðu sér grein fyrir því í fyrsta lagi hvað um er að ræða tiltölulega litlar upphæðir sem má gera ráð fyrir að eignarskattur á keypta aflahlutdeild geti skilað, að menn geri sér grein fyrir því að þarna er verið að tala um tugi milljóna en ekki hundruð, hvað þá milljarða. Og að blanda því saman við veiðileyfagjald er út í hött. Hins vegar vil ég benda á að jafnframt er verið að veita útgerðarmönnum réttindi til þess að afskrifa allar þessar eignir og færa þær síðan til gjalda og lækka sína skatta til ríkisins á sama andartaki og stjórnkerfi fiskveiða verður breytt.

[15:13]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði. Ég held að hann hafi fyllilega skilið orð mín enda voru þau ekki um annað en fyrirliggjandi staðreyndir í máli sem menn þekkja og hafa þekkt frá því 1993.

Síðan verður að segja frá því að dómurinn þá byggðist á því að í þeim lögum væri ekki að finna ákvæði sem kveða berum orðum á um skattalega meðferð veiðiheimilda. Þetta var það sem dómurinn sagði á þeim tíma. Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að bæta svo frekar við í þessu andsvari en vil geta þess þó að það er ekki eingöngu verið að ræða um eignarskatt vegna þess að þótt það liggi nú fyrir að telja eigi þessi réttindi, þennan aflakvóta, til eignar samkvæmt lögunum, þá er það engin breyting frá því sem verið hefur. Það sem hins vegar skiptir máli er að nú er ekki heimilt að færa til gjalda afskriftir og lækka þannig hreinar tekjur fyrirtækisins. Þetta hefur því óhjákvæmilega áhrif á tekjuskattinn líka og það skiptir að sjálfsögðu máli þótt ég hafi ekki á hraðbergi hve miklu máli það skiptir í fjármunum talið.

[15:15]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hefur þetta áhrif á tekjuskatt útgerðarfyrirtækja í landinu sem samanlagt borga hvorki meira né minna en 236 milljónir í skatta til ríkisins, álíka fjárhæð og starfsmenn Ríkisútvarpsins, meira er það nú ekki. Þetta ætti ekki að hafa mikil áhrif á tekjuskatta þeirra fyrirtækja sem geta þó skilað 5 milljörðum kr., að því er vísir menn segja, í tekjur umfram kostnað við veiðarnar en borga aðeins 230 millj. kr. í opinber gjöld til ríkisins þrátt fyrir þá góðu stöðu (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu vegna þess að þau „njóta" ef svo má segja, mikils uppsafnaðs taps sem þau verða auðvitað að jafna áður en góð afkoma þeirra skilar sér í verulegum tekjum til ríkissjóðs. Þetta mun einnig hafa áhrif á tekjuskattsgreiðslur útgerðarinnar en ég held að menn geti talið þær í milljónum fremur en tugum milljóna, a.m.k. þangað til hið mikla uppsafnaða tap útgerðarfyrirtækja hefur að mestu verið greitt niður af rekstrarhagnaði.

[15:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að segja að ég tel það eðlilegt skattalegt fyrirkomulag að keyptur nýtingarréttur að hvers kyns varanlegum náttúrugæðum, endurnýjanlegum auðlindum, fiskstofnum eða öðru slíku, sé ófyrnanleg eign. Ég held að svo fremi sem menn hafi trú á að náttúruauðlindir eða náttúrugæði séu varanleg þá séu þau eðli málsins samkvæmt ófyrnanleg.

Ég minni frumkvæði hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í þessum efnum, en hann hefur í tvígang flutt frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem lögð er til sambærileg efnisleg skipan og hér er lögð fyrir í stjórnarfrv. Eftir langa og tafsama fæðingu hjá hæstv. ríkisstjórn hefur starfshópi, ráðuneyti og öðrum sem að málinu hafa komið tekist að koma þessari efnisreglu saman í frumvarp en hún hefur sem sagt legið fyrir þinginu í tvígang, í frumvarpsformi frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Að sjálfsögðu má ræða ýmsar mismunandi leiðir hvað fyrirkomulag snertir

og tekjuskattslöggjöfin er því miður ekki orðin svo einföld að það sé augljóst með hvaða hætti er best að koma þessu inn í lögin. Það held ég að þeir mundu sannfærast um sem reyndu að átta sig á því hvernig t.d. þarf tæknilega að færa breytingar af þessu tagi í búning. Það er ekki einfalt.

Að öðru leyti vil ég, herra forseti, koma aðeins inn á að þó þessi breyting sé gerð á skattalegri meðferð veiðiréttar sem er keyptur eða seldur, þá er málinu langt í frá lokið að mínu mati. Eftir er að taka á því sem lýtur að skattlagningarreglunni sjálfri, þ.e. hvernig skattleggja skuli sérstakan söluhagnað sem myndast vegna þessa kerfis. Ég tel með öðrum orðum sjálfsagt mál að um sérstaka skattareglu sé að ræða ef mikill og óvæntur söluhagnaður myndast vegna framsals eða hreyfingar þessara réttinda milli manna og það er einfaldlega vegna þess að hér er um fiskveiðistjórnarkerfi að ræða. Því kerfi var aldrei ætlað að skapa einstökum aðilum mikinn gróða þó menn sæju ekki aðra vænlegri aðferð til að láta kerfið ganga upp en að hreyfanleiki yrði á réttindunum milli einstakra útgerðaraðila og fyrirtækja. Eðlilegra er að líta á hagnað sem myndast sem hliðarverkanir eða aukaverkanir í kerfinu sem eðlilegt sé að taka á. Það verður vonandi aldrei frumforsenda að nýta fyrirkomulag sem sett er upp til að vernda fiskstofna og tryggja skynsamlega nýtingu náttúruauðlindanna sem gullgerðarvél.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, í tengslum við þetta mál að vísa til annars frumvarps sem liggur fyrir þinginu á þskj. 330. Það er frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, flutt af hv. þm. Ragnari Arnalds og Hjörleifi Guttormssyni ásamt þeim sem hér talar. Í III. kafla þess frv., sem reyndar er bandormur að gerð, er einmitt komið inn á skattalega meðferð réttinda af því tagi sem hér um ræðir. Þar er lagt til að sú regla gildi að um bráttóskattlagningu söluhagnaðar veiðiréttinda verði að ræða. Þau réttindi verði jafnframt ófyrnanleg og slíkur söluhagnaður skuli allur teljast til tekna á söluári og koma til skattlagningar. Þá verði brúttóskattur af slíkum söluhagnaði, án tillits til skattgreiðslna viðkomandi fyrirtækis að öðru leyti, 50% eða um helmingur söluhagnaðarins verði þá gerður upptækur. Menn ættu að sjá að ef svo háttar til að sama fyrirtækið greiðir jafnframt tekjuskatt af hagnaði þá bætast þar við þau 33% sem fyrirtækin borga af skattskyldum hagnaði sínum í tekjuskatt og þá er orðið um verulega skattlagningu eða upptekt á þeim söluhagnaði að ræða. Ég tel það eðlilega skattareglu vegna hinna sérstöku aðstæðna sem gilda í þessum efnum. Í þeim tilvikum sem fyrirtækin hafa bærilega afkomu og eru ekki að jafna upp eldri töp þá sé slíkur hagnaður að langmestu leyti gerður upptækur.

Að auki yrði sett sú regla að viðskipti með aflahlutdeild færu ætíð fram og gætu eingöngu farið fram á viðurkenndu kauppingi eða markaði. Öll þau viðskipti væru á yfirborðinu og væru ótengd viðskiptum með skip. Hægt væri með ekki flóknari breytingum en lagðar eru til í þessu stjórnarfrv., í efnislega samhljóða frv. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lagt til og með því frv. sem ég er að vísa til að ná utan um þau vandamál í aðalatriðum sem tengjast framsali einstakra aðila á veiðiréttindum og gróða af því.

Í mínum huga, herra forseti, er langríkasta ástæða hinnar megnu óánægju sem grasserar í þjóðfélaginu um hliðarverkanir þessa fiskveiðistjórnarkerfis sú staðreynd að einstöku aðilar hafa, vegna þessara sérstöku ástæðna og vegna þessa kerfis, átt þess kost að hætta starfsemi í sjávarútvegi og selja afnotarétt sinn eða aðstöðu með því sem hlýtur að teljast óvenjulegur og óeðlilegur söluhagnaður. Sá hagnaður er tilkominn vegna takmörkunar kerfisins sem slíks. Það eru hliðarverkanir á sem að sjálfsögðu á að uppræta. Það er hægt að gera með umræddum skattbreytingum. Ég er sannfærður um það. Og ég á satt best að segja ekki von á öðru en að menn fáist í framhaldi af þessu stjfrv. til þess að ljúka málinu með því að taka á þeim endanum sem eftir er og það er skattlagning hagnaðarins, af þeim réttindum sem hér er verið að leggja til að verði ekki fyrnanleg í bókhaldi fyrirtækjanna.

Að sjálfsögðu, herra forseti, hefði langeðlilegasta afgreiðslan verið að öll þessi frv. fengju að fara samtímis til umræðu og nefndar. Þannig hefði þingnefnd haft aðstöðu til að fara yfir þetta mál í heild sinni. Nú skal ég ekkert um það segja hver niðurstaðan úr vinnu þingnefndar verður en eins og venjulega hafa stjfrv. forgang svo sérkennilegt sem það er þegar fyrir liggja þingmannafrv. um sömu mál með lægra þingnúmeri. Náttúrlega mætti spyrja sig að því hvers konar þingræði það sé að eftir sem áður skuli stjfrv. keyrð fram úr. Takist ekki að láta öll þessi mál verða samferða nú og hv. þm. fjalla um alla þætti málsins í einu þá er það a.m.k. eindregin von mín og ósk að þessu þingi ljúki ekki án þess að Alþingi taki þetta mál fyrir í heild og skoði hver sé skynsamleg skattaregla í þessu máli, ekki bara hvað ófyrnanleg réttindi varðar, heldur einnig sjálfa skattlagninguna, skattprósentuna eða skattgreiðslur vegna söluhagnaðar af viðskiptum með þessi afar sérstöku réttindi eða þá sérstöku aðstöðu sem menn fá þarna í raun og veru í hendur.

Herra forseti. Ég styð efnislega breytingu á skattalegu fyrirkomulagi þessara mála í þá átt sem lagt er til í stjfrv. Að sjálfsögðu eru mörg álitamál sem tengja má við þetta efni og mér skilst að gert hafi verið talsvert hér í umræðunni. Ég lít á málið sem skattalegs eðlis og tel það ekki endilega skýra umræður eða nálgast málið á efnislegri hátt að blanda öðrum málum í það. Fram hefur komið að ætlunin er eingöngu að leiða til lykta ákveðin skattaleg atriði þessa máls. Annað er ekki á dagskrá og ég tel að það sé þá eðlilegt að beina vinnunni að því og vanda eins og kostur er. Ég treysti því að þetta þing bregðist ekki þeirri skyldu skyldu sinni að fylgja þessu máli eftir og ganga þannig frá skattalegum atriðum í tengslum við framsal veiðiréttinda eða afnotaréttar af því tagi sem hér um ræðir, að til frambúðar verði og rækilega frá því gengið.

[15:28]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Frv. það sem við ræðum hér um, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, snýr fyrst og fremst að þeirri meginreglu að ekki geti verið eðlilegt að afskrifa réttindi í auðlind sem endurnýjar sig sjálf. Ég vil taka undir það prinsipp sem gengið er út frá í þessu frv. og að slík regla geti ekki átt rétt á sér. Að því leyti fagna ég frumvarpinu.

En lestur frv. kallar fram spurningar um hvaða þýðingu það hafi gagnvart varanleika fiskveiðistjórnarkerfisins. Er verið að festa í sessi eignarrétt þeirra útgerðarmanna sem hafa aflahlutdeild eða njóta réttinda í efnahagslögsögunni? Er verið að festa í sessi eignarrétt þeirra á auðlindinni?

Við skoðun á spurningum eins og þessum er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvað felist í hugtakinu „eign“ og hvað átt sé við með hugtakinu „eign“ í stjórnarskránni. Ég held að það sé nauðsynlegt að velta því fyrir sér áður en lengra er haldið á þessari braut.

Ólafur Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti, skýrir hugtakið svo í bók sinni um Stjórnskipunarrétt að í stjórnarskránni séu eignarréttindi almennt mjög víðtæk og hugtakið „eign" hafi mjög víðtæka merkingu og í henni felist hvers konar fjárverðmæti sem hægt er að færa undir eignarréttindi. Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því hvað felst í hugtakinu eignarréttindi og hver helstu einkenni þess eru svo hægt sé að segja að um eignarréttindi sé að ræða. Það fyrsta sem menn verða að horfa til er hvort aðilaskipti geti farið fram á eignarrétti, þ.e. spurningin um hvort hægt sé að framselja þau.

Það hefur lengi verið í lögum að réttindi á auðlindinni eru framseljanleg. Ef menn bera það saman við það hugtak þá er engin spurning um að núverandi réttindi hvað varðar aflahlutdeild og framseljanleika þeirra fellur vel að hugtakinu um eignarréttindi.

Í öðru lagi er spurningin: Er hægt að veðsetja aflahlutdeildina? Menn hafa um nokkurt skeið deilt um hvort þau lög sem sett voru um samningsveð í fyrra feli það í sér. Í grein sem Skúli Magnússon, dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness, ritar og ég hef hér, kemst hann að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki umræðuefni sem ástæða sé til að deila mikið um. Aflahlutdeildin er álitin hluti af verðmæti skips og því sé það óumdeilt að hana sé hægt að veðsetja.

Í þriðja lagi getur spurningin verið um það hvort um sé að ræða eign í skilningi eignarréttarhugtaks stjórnarskrárinnar, hvort aðilaskipti geti átt sér stað við fullnustugerð. Það er engin spurning um það, sérstaklega eftir breytingu á lögunum um samningsveð sem samþykkt voru hér í fyrra, að þessi réttindi geti gengið manna á milli með fullnustugerð. Þar er enn eitt atriðið sem bendir til þess að rétturinn til veiða í efnahagslögsögunni sé eign í skilningi stjórnarskrárinnar.

Þá er kannski komið að þeirri spurningu sem við stöndum frammi fyrir hér: Hvað með skattalega meðferð þessara eigna?

Virðulegur forseti. Í hæstaréttardómi sem gerður hefur verið að umtalsefni hér í dag var komist að þeirri skýru niðurstöðu að aflahlutdeild sé eign í skilningi 73. gr. skattalaga. Það er niðurstaða Hæstaréttar. Rétturinn kemst að þeirri niðurstöðu að afskrifa beri þessa eign um 20% á ári sökum þess að um mjög óörugga eign sé að ræða. Áhættan af því að kaupa aflahlutdeild er mikil og því rík ástæða til að menn geti afskrifað þessa eign hratt og örugglega. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að afskrifa beri þessa eign um 20% á ári. Því er einmitt verið að breyta hér, virðulegur forseti. Ég held að það sé einmitt grundvallaratriði að með því að fella brott þessa röksemdafærslu Hæstaréttar, um að hér sé um það mikla áhættu að ræða að ástæða sé til að afskrifa þessi 20% á ári, sé verið að styrkja núv. fiskveiðistjórnarkerfi í sessi. Varanleiki þess ætti að verða meiri eftir þessa breytingu heldur en fyrir. Frv. breytir þessari niðurstöðu Hæstaréttar í raun og veru og hafnar um leið þeirri röksemdafærslu að áhættan við kaup á aflahlutdeild sé það mikil að ástæða sé til að afskrifa þá aflaheimild hratt. Ég held að það sé sú breyting sem verið er að leggja til hér, þ.e. að þeirri röksemdafærslu sem Hæstiréttur byggði á sé með þessu frv. hafnað. Í þessu ljósi held ég, virðulegi forseti, að fullyrða megi að öll þau atriði sem nefnd hafa verið hér að framan uppfylli í einu og öllu þau skilyrði sem eignarréttarhugtak stjórnarinnar setur. Ólafur Jóhannesson orðar það þannig í Stjórnskipun Íslands að hér á landi sé löngu viðurkennt bæði af fræðimönnum og í framkvæmd að stjórnarskráin noti orðin eignarrétt og eign í mjög víðtækri merkingu og hvers konar fjárverðmæti séu yfirleitt varin af þessu stjórnarskrárákvæði.

Virðulegi forseti. Ef við horfum aðeins til þessara þátta þá er ekki um það deilt að umrædd fjárverðmæti séu varin af stjórnarskránni. Næsta spurningin er um fyrirvarana sem er að finna í lögunum um stjórn fiskveiða, í 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar." Og í öðru lagi: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Á þessu, virðulegi forseti, má hugsanlega byggja þegar fullyrt er að núv. fiskveiðistjórnarkerfi hafi ekki fært fáum útvöldum eignarrétt á auðlindinni. Í þeirri grein sem ég er með hér og leyfði mér að vitna til áðan heldur lögmaðurinn því fram um fyrri varnaglann sem sleginn er í lögunum um stjórn fiskveiða, þ.e. að nytjastofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þessum athugasemdum virðist einsýnt að ákvæðið er almenn stefnuyfirlýsing löggjafans sem tæplega er ætlað að fela í sér eiginlega réttarreglu. Í ákvæðinu felst sú sjálfsagða stefnumörkun að tilgangur íslenskrar fiskveiðistjórnunar skuli vera sá að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Með því að í sömu lögum er mælt fyrir um kvótakerfi í fiskveiðum hlýtur það jafnframt að vera mat löggjafans að minnsta kosti að svo stöddu að með því fyrirkomulagi verði þessum tilgangi best náð. Samkvæmt framansögðu verður þegar að hafna þeim skýringarkosti að með ákvæðinu hafi íslenska þjóðin eða íslenska ríkið fyrir hennar hönd orðið eigandi í skilningi einkaréttar að óveiddum fiski í íslensku efnahagslögsögunni. Væri slík niðurstaða og í ósamræmi við þá meginreglu íslensks réttar að villt og vörslulaus dýr séu ekki háð eignarrétti."

Með öðrum orðum hafnar hann því alfarið að þetta einstaka ákvæði geti komið í veg fyrir að einkaeignarréttur myndist á aflahlutdeild í íslensku fiskveiðilögsögunni. (**Gripið fram í:** Atvinnuréttindi geta líka verið varin.) Reyndar. Seinni fyrirvarinn sem er að finna í fiskveiðistjórnarlögunum hljóðar svo:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Það er á grundvelli þessa ákvæðis sem umræddur lögmaður, sem ég hef nokkrum sinnum vitnað til, kemst að þeirri niðurstöðu að líklega gangi þessi fyrirvari langt í að koma í veg fyrir að einkaeignarrétturinn myndist að minnsta kosti á aflahlutdeild. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að það er almennt ekki viðurkennt að löggjafinn einn og sér geti kveðið úr um hvað skuli teljast eign í skilningi stjórnarskrárinnar og hvað teljist varið í 72. gr. hennar. Í umræðunni stendur því upp úr spurningin um hvort það frv. sem hér er til umræðu sé smám saman að ýta réttinum yfir aflaheimildunum í auðlindinni undir ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. um eign og eignarréttindi. Grundvallarspurning sem við stöndum frammi fyrir er kannski hvort smám saman sé verið að festa þessi réttindi í sessi þannig að dómstólar geti vart annað en viðurkennt að þessi þróun sé í áttina að stjórnarskrárvörðum eignarréttindum. Við stöndum frammi fyrir þessu. Ég held að það sé almennt skoðun þeirra sem hér hafa talað í dag og ég hef ekki heyrt að hæstv. fjmrh. sé annarrar skoðunar, að vilji löggjafans sé ekki að festa þessi

réttindi þannig í sessi að þau verði varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég vildi því taka undir þá tillögu sem hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, setti fram hér áðan að í þetta frv. yrði settur einhvers konar varnagli í samræmi við þá varnagla sem er að finna í ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Í ljósi þess að almennt er viðurkennt að löggjafinn geti sett einhvers konar fyrirvara við myndun eignarréttinda er eðlilegt að í þetta frv. verði settur fyrirvari. Sá fyrirvari mundi kveða úr um að þrátt fyrir skattalega meðferð þessara réttinda, eins og hér er stefnt að, skuli sú meðferð ekki verða túlkuð svo að þau geti á síðari stigum nýst til að rökstyðja að eignarréttindi hafi myndast.

[15:43]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir málefnalegar umræður í þessu máli sem er nokkuð flókið og snýst fyrst og fremst um skattaleg atriði en ekki um prinsippmál er varða kvótann sjálfan. Ég tel fulla ástæðu til að rifja það upp að dómur sá sem mikið hefur verið vitnað til í dag var kveðinn upp með einn hæstaréttardómara í minni hluta. Í áliti hæstaréttardómarans Garðars Gíslasonar kemur fram að hann telur að aflakvótinn rýrni ekki við notkun eða aldur. Hann taldi því skort á lagaheimild til að fyrna aflaheimildir. Ég vildi taka þetta fram af því að það hefur ekki komið fram í umræðunni í dag.

Í öðru lagi þarf í lokin að taka það afar skýrt fram að það er ekki verið að deila um hvort keyptur aflakvóti sé eign eða ekki í skilningi skattalaganna. Það liggur fyrir eftir að dómurinn féll og er regla í íslenskum rétti. Hér er einungis verið að fjalla um afskriftir og fyrnanleika.

Í þriðja lagi finnst mér full ástæða til að nefna nokkuð sem kannski hefur ekki komið nægjanlega skýrt fram hjá hv. þm., þar með þeim sem hér stendur, að ekki má gleyma að með því að aflakvóti myndar eign hjá kaupanda og söluhagnað hjá seljanda framkallast upphaflegur kvóti, sem er dulin eign og kemur ekki fram í bókhaldi, sem eign hjá seljandanum. Þar með er hægt að skattleggja svo talað sé um skattalög í þessu sambandi. Þar er átt við söluhagnaðinn, þ.e. allt það verð sem fæst fyrir kvótann verður söluhagnaður og tekjurnar mynda eign hjá seljanda. Þetta þarf að koma fram.

Loks, virðulegur forseti, vil ég endurtaka það sem sagt hefur verið og ég hef sagt hér í umræðunni í dag. Flutningsmanni gengur það ekki til að styrkja einkaeign eða varanleika kvótans með því frv. sem hér er verið að flytja. Að baki liggja eingöngu skattaleg sjónarmið. Það breytir því hins vegar ekki að eftir því sem kvótakerfið verður lengur við lýði má búast við því að það festist betur í sessi og að 72. gr. stjórnarskrárinnar nái til þeirra réttinda sem þar er fjallað um. Það hefur hins vegar ekkert með þetta sérstaka mál að gera þótt auðvitað útiloki maður ekki að þegar fram í sæki verði smám saman litið á allar lagabreytingar sem varða kvótann og spáð í hver vilji löggjafans sé á hverjum tíma. En það er ekki þetta sjónarmið sem liggur til grundvallar hjá flutningsmönnum heldur eingöngu hið eðlilega skattalega prinsipp að réttindi á borð við aflakvóta sem eyðast ekki við notkun og jafnvel hækka í verði eftir því sem tíminn líður, skuli fyrnd á tilteknum tíma. Þvert á móti er eðlilegt að þau séu færð til eignar í bókhaldi og fyrnist þar með ekki. Þannig væri ekki hægt að telja afskriftir til gjalda í bókhaldinu og lækka þannig hreinar tekjur viðkomandi fyrirtækis.

[15:51]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki oft sem gera þarf hlé á þingstörfum til að hreinsa upp brotin eftir hæstv. fjmrh. en gott að það sé gert af og til. En í fjarveru hæstv. forsrh. tek ég að mér að segja: Svona gera menn ekki — nema að sjálfsögðu algjörlega óvart.

Ég fagna því að hæstv. fjmrh. tók af öll tvímæli um það að að tilgangur hans og stjórnarflokkanna með flutningi þessa frv. væri ekki sá að festa aflakvótakerfið í sessi. Því sé ekki ætlað að gera þeim sem aflakvóta hafa, auðveldara um vik að krefjast einhverra skaðabóta verði kerfinu breytt. Ástæðan fyrir að ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli taka af öll tvímæli um þetta er að sjálfsögðu sú að formælandi Sambands ísl. útvegsmanna, Kristján Ragnarsson, lét svo ummælt þegar frv. komst fyrst á dagskrá í almennri umræðu, að tilgangur frv. væri einmitt sá að festa þetta kerfi í sessi. Því mælti hann ekki gegn frv. eins og það er lagt fram. Hann taldi að með því ætti að festa kerfi úthlutunar ókeypis aflakvóta til nokkurra einstaklinga og félaga. Hæstv. ráðherra hefur tekið af öll tvímæli um að þessi skilningur er alfarið rangur. Það er vel að hæstv. ráðherra skuli taka af öll tvímæli um það.

[15:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um að þessi réttindi eiga að vera ófyrnanleg. Þetta eru auðlindir sem endurnýjast og halda gildi sínu ef allt er með felldu. Það breytir hins vegar ekki því að þau geta verið ákaflega forgengileg og það er ekki á vísan að róa. Af tveimur ástæðum aðallega geta þessi réttindi verið forgengileg. Í fyrsta lagi auðvitað vegna þess að Alþingi, löggjafinn, getur á hvaða tíma sem er ákveðið að leggja kerfið niður. Það eru ekki mikil verðmæti í þessu fólgin ef eitthvað allt annað tekur við. Það er algjörlega ótvírætt að 3. málsl. 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða heldur gagnvart því að Alþingi getur hvenær sem er breytt leikreglunum. Það gæti þess vegna lagt kerfið niður án þess að verða bótaskylt. En réttindin eru einnig forgengileg vegna þess að fiskstofnarnir geta hrunið. Af þeirri ástæðu geta þau verið forgengileg þó þau eigi ekki að vera fyrnanleg. Við höfum dæmin fyrir okkur um að ufsakvóti hefur t.d. verið nánast verðlaus nú á löngum köflum. Reyndar er verðið á síldarkvótanum í dag ekki hátt eins og vertíðin hefur gengið að þessu sinni. Um það eru nýleg dæmi að þarna mega menn ekki rugla saman, annars vegar því eðlislæga ákvæði að þau eiga ekki að vera fyrnanleg og hins vegar því að þau geta verið forgengileg. Að öðru leyti kom hæstv. ráðherra ekki inn á þá spurningu sem ég kom inn á, varðandi sem sagt skattlagninguna sjálfa, spurninguna um hvernig söluhagnaðurinn skuli síðan skattlagður, þegar hann verður orðinn ófyrnanlegur. Ég legg til í frv. sem ég vitnaði til að það verði um bráttóskattlagningu á öllum söluhagnaði veiðiheimilda að ræða, 50% bráttóskattlagningu án tillits til afkomu fyrirtækja að öðru leyti, ofan á það bættist síðan tekjuskattur ef um hagnað væri að ræða. Það hefði auðvitað verið fróðlegt ef hæstv. ráðherra hefði getað komið aðeins inn á hvaða viðhorf hann eða ráðuneyti hans hefur til þessa þáttar málsins.

[15:55]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi ég skilið fyrirspurnirnar rétt þá tel ég að það eigi ekki að fara öðruvísi með skattlagninguna á

söluhagnaði hjá þessum fyrirtækjum, hjá fyrirtækjum sem kaupa og selja aflakvóta, en ég hef skilið það þannig að hjá fyrirtæki sem kaupir aflakvóta og selur hann aftur eigi einungis söluhagnaðurinn að vera skattstofninn eins og gerist og gengur almennt í skattalögunum. Ég vil að það komi skýrt fram.

Ég vil einnig í þessu sambandi vekja athygli á því sem ég reyndi að gera fyrr í mínu máli og ég held að öllum sé ekki ljóst, það er að stundum er gagnrýnt að þeir sem hafa fengið kvóta úthlutað vegna þess að þeir áttu skip að veiðum frá 1981–1983 og sá kvóti sem fylgir skipunum, upphaflegi kvótinn, hann er ekki uppfærður hjá fyrirtækjunum. Sé hann hins vegar seldur þá myndast eign úr engu ef svo má að orði komast hjá þeim sem selur og þannig stækkar eignarskattsstofn hans og eign hans í bókhaldinu vegna þess að þetta er dulin eign hjá seljandanum. Þetta þarf að koma fram vegna þess að mér finnst sumir þeir sem telja að útgerðin eigi að borga meiri fjármuni sjaldnast koma auga á þessi sannindi.

En varðandi fyrirspurn hv. þm. ef ég hef skilið hana rétt þá tel ég að með skattlagningu söluhagnaðar á aflakvóta eigi að fara með sama hætti og almennt er um söluhagnað sambærilegra réttinda í skattalögunum.

[15:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að sjálfsögðu sammála um að skattstofninn hlýtur að vera söluhagnaðurinn. Frá honum dregst kaupverð ef því er til að dreifa. En sé það ekki þá er allt söluandvirðið í raun og veru söluhagnaður eins og það hlýtur að verða gert upp samkvæmt skattalegum reglum. Eftir stendur að það þarf að ræða hvort skattlagningin eigi að vera sú sama og þegar um venjulegan rekstrarhagnað fyrirtækja er að ræða, að frádregnu öllu því sem draga má frá. Hæstv. ráðherra sagði áðan að með þetta ætti að fara eins og í öðrum sambærilegum tilvikum. Gott og vel. En hver eru hin sambærilegu tilvik? Eru þau einhver? Svari hver sem vill. Ég held að hin sambærilegu tilvik séu engin. Við verðum því að nálgast þetta mál sem algjörlega sérstakt fyrirbæri. Verðmæti myndast, óumdeilanlega, í formi aðstöðu þeirra manna sem hafa þennan rétt undir höndum vegna takmörkunar þeirrar sem stjórnvöld hafa séð sig knúin til að innleiða, auðlindinni sjálfri og hagsmunum allra landsmanna til góða. Ætlunin var aldrei að sú takmörkun yrði að einhvers konar verðmætauppsprettu fyrir einn eða neinn, enda tilgangur hennar sá að stjórna fiskveiðum og vernda fiskstofna. Þess vegna finnst mér óhjákvæmilegt að nálgast þetta út frá því að um algjörlega sérstakt fyrirbæri í skattaréttinum sé að ræða. Það þarf að skoða og er alls ekki sjálfgefið að gefa sér þá venjulegu og þægilegu þumalputtareglu að þetta eigi að skattleggja eins og allt annað. Það er ekki svo. Ég tel að eðlileg regla sé að gera söluhagnað sem myndast í þessu kerfi upptækan vegna þess að þar á í sjálfu sér enginn slíkur hagnaður að vera.

[15:59]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er kannski ekki við því búinn að deila sérstaklega um þetta tiltekna atriði og hefði þurft að kynna mér betur ákvæði skattalaga og mál sambærileg þeim sem hér eru til umræðu. Mig minnir þó að til séu hlunnindi, t.d. sem fylgja bújörðum, álíka forgengileg og sá réttur sem við erum að tala um hér en eru þess eðlis að ekki er hægt að fyrna þau. Ég man ekki betur en að það gildi t.d. um laxveiðiréttindi. Ég hygg að sé á annað borð hægt að losa þau hlunnindi frá jörðunum, sem ég skal nú ekki fullyrða, þá sé farið með söluhagnað þeirra með sama hætti og ég tel eðlilegast í þessu tilviki. Þetta get ég ekki fullyrt en ég hygg að ekki séu til neinar sérreglur þegar um er að ræða ófyrnanlegan rétt eins og við erum að tala hér um í dag. En mér finnst full ástæða til þess fyrir hv. þm. og aðra þá sem eru áhugamenn um þessi efni að fletta því upp eða spyrja þá sem eru sérfræðingar í þessum málum.

[16:01]

**Útbýting þingskjals:**

Þróun fasteignaverðs, 184. mál, svar fjmrh., þskj. 451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

## *Vörugjald, 1. umr.*

Stjfrv., 347. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 460.

[16:03]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla í stuttu máli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Frv. er að finna á þskj. 460 og er 347. mál þingsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum við þetta frv. eru hér lagðar til þrenns konar breytingar á vörugjaldslögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands verði færð frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra. Það er fyrst og fremst til þess að samræma betur meðferð þessara mála. Í annan stað er í frv. gert ráð fyrir að með ótvíræðum hætti verði kveðið á um heimild til sölu eða innflutnings á hráefni eða efnivöru án vörugjalds til innlendrar framleiðslu. Þetta mál hefur verið nokkuð til undirbúnings að undanförnu og varðar fyrst og fremst þá sem framleiða iðnaðarvöru hér á landi. Hér er um að ræða framleiðsluvöru hvort sem hún er gjaldskyld eða ógjaldskyld. Í þriðja lagi er kannski ein veigamesta breytingin, tillaga um að uppgjörstímabil vörugjalds verði samræmd uppgjörstímabilum virðisaukaskatts og gjalddagar verði þeir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts vegna sölu á vöru og þjónustu hér á landi. Að auki eru lagðar til smávægilegar breytingar á viðauka I við lögin, en í honum er kveðið á um hvaða vörur séu gjaldskyldar. Síðan er gerð grein fyrir þessum breytingum í athugasemdum á þingskjalinu í afar aðgengilegum köflum sem ég sé ekki ástæðu til að lýsa nánar hér.

Ég vil taka fram, virðulegi forseti, að ekki er nauðsynlegt að þetta mál verði afgreitt fyrir jól en vegna þess hve þingstörf hafa gengið vel og fá mál frá ríkisstjórninni liggja fyrir þinginu væri ekki verra að renna þessu máli í gegn ef kostur væri. Ég geri að tillögu minni að málið verði sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

## *Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.*

Frv. meiri hluta umhvn., 349. mál. — Þskj. 464.

[16:08]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ísólfur Gylfi Pálmason):**

Herra forseti. Í fjarveru formanns umhvn. mæli ég fyrir um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, á þskj. 464, 349. mál, frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Flm. auk mín eru: Tómas Ingi Olrich, Gísli Einarsson, Árni M. Mathiesen, Kristján Pálsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Vigdís Hauksdóttir.

Á haustþingi mælti umhvrh. fyrir frv. til nýrra laga um hollustuhætti, sbr. 194. mál. Í frv. er gert ráð fyrir stófelldum breytingum á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Helstu breytingar eru þessar:

1. Breyting á skipan heilbrigðisnefnda og starfsemi er lýtur að framkvæmd laganna á vegum sveitarfélaga svo sem gjaldskrármálum.

2. Breyting á stjórnskipulagi og starfsemi Hollustuverndar ríkisins.

3. Skýrari línur varðandi útgáfu starfsleyfa og vinnslu þeirra, um kærumál, úrskurðarferli auk annarra atriða.

Ljóst er að ráðrúm gefst ekki til að afgreiða lögin í heild þar sem töluverðan tíma tekur að fjalla um þá þætti sem snerta sérstaklega starfsemi sveitarfélaganna en þau bera ábyrgð á framkvæmd heilbrigðis- og mengunareftirlits í flestum tilfellum. Hins vegar er afar brýnt að taka á ákveðnum þáttum laganna strax. Þeir snerta annars vegar útgáfu starfsleyfa og úrskurðarmál og hins vegar stjórnskipulag og starfsemi Hollustuverndar ríkisins.

Nauðsynlegt er að þessir þættir frv. nái fram að ganga fyrir 1. janúar nk. til þess að taka allan vafa af vegna starfsleyfisútgáfu, kæru og úrskurðarmála og stjórnskipulagi Hollustuverndar. Innan og utan þings hafa verið deilur um hvernig túlka beri ákvæði í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og ákvæði mengunarvarnareglugerðar sem ófært er að rifja upp. Nauðsynlegt er að í lögum sé skýrt tekið á þessum málum þannig að ekki fari á milli mála um starfsleyfi og hvernig fara skuli með kærumál. Sama á við um úrskurðarnefnd. Af þeim ástæðum er frumvarp þetta borið fram.

Á næstu mánuðum er líklegt að gefin verði út ný starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðjuna á Akranesi, Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og hugsanlega magnesíumverksmiðju á Reykjanesi.

Á síðustu árum, sérstaklega eftir aðild Íslands að Evrópska efnahagsbandalaginu ... (**Gripið fram í:** Hvar er það? Evrópska efnahagsbandalagið?) Á síðustu árum, sérstaklega eftir aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, hafa orðið miklar breytingar á starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Segja má að nú sé komið á laggirnar nýrri stjórnsýslustofnun, þ.e. stofnun sem annast framkvæmd tiltekinna málaflokka fyrir hönd ráðherra. Með vísan til þess að starfsemi stofnunarinnar er bundin lögum er engin ástæða til þess að hafa sérstaka stjórn yfir stofnuninni. Í frv. er kveðið á um að forstjóri beri ábyrgð á starfsemi hennar gagnvart umhvrh.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum greinum frv.

Í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er kveðið á um setningu mengunarvarnareglugerðar. Í mengunarvarnareglugerð skuli vera: Almenn ákvæði um starfsleyfi um allan atvinnurekstur sem hefur í för með sér mengun. Í reglugerð skulu vera þættir er kveða á um staðarval, mengunarvarnir og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar.

Lagt er til í 1. gr. frv. að starfsleyfisútgáfa verði óbreytt frá því sem verið hefur frá 1994 og umhvrh. gefi út öll meiri háttar starfsleyfi. Hollustuvernd ríkisins gefur út önnur starfsleyfi sem teljast tæknilega flókin og krefjast sérþekkingar en heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna þau sem eftir standa. Enn fremur eru lögð til skýr ákvæði um hvernig standa skuli að undirbúningi auglýsinga og útgáfu starfsleyfis þegar ráðherra á í hlut. Eins og áður segir er ekki gert ráð fyrir að starfsleyfi sem ráðherra gefur út verði kærð til úrskurðarnefndar.

Í 3. gr. frv. er lagt til að meginhlutverk Hollustuverndar ríkisins verði að annast eftirlit með framkvæmd laganna og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál sem falla undir lögin. Eftirlit verður í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna eins og ráð er fyrir gert í sveitarstjórnarlögum. Einnig er lögð áhersla á uppbyggingu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Hollustuvernd ríkisins fer með tiltekið eftirlit svo sem innflutningseftirlit með matvælum, eiturefnum og eftirlit með meiri háttar mengandi starfsemi. Enn fremur er lagt til að Hollustuvernd ríkisins annist umhverfisvöktun. Umhverfisvöktun er ekki sinnt skipulega í dag.

Í 5. gr. er lagt til að hjá Hollustuvernd ríkisins starfi forstjóri skipaður til fimm ára í stað þess að yfir stofnuninni starfi sérstök stjórn, rekstrarlegur framkvæmdastjóri og forstöðumenn með faglega ábyrgð gagnvart stjórn. Þetta er í samræmi við lög um breytta stefnu í rekstri ríkisstofnana, sbr. og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Auk þess er lagt til að úrskurðarhlutverk stjórnar Hollustuverndar verði fellt niður. Það mun enn frekar ýta undir að fella niður stjórn Hollustuverndar ríkisins.

Ábyrgð forstjóra er mikil og snýr beint að umhvrh. Áfram verður stofnuninni skipt í svið undir stjórn forstöðumanna sem bera ábyrgð gagnvart forstjóra. Forstjóri ræður staðgengil sinn úr hópi forstöðumanna.

Í 8. gr. er fjallað um úrlausn ágreiningsmála er rísa um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt heilbrigðissamþykktum sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd fari með málin nema ráðherra hafi veitt starfsleyfi í þeim. Gert er ráð fyrir einu úrskurðarstigi. Samkvæmt þessu skal vísa ágreiningi um framkvæmd laganna, reglugerða og stjórnvalda beint til úrskurðarnefndar. Sú breyting er lögð til í samsetningu úrskurðarnefndar að umhvrh. tilnefni einn fulltrúa í nefndina í stað landlæknis. Eins er gert ráð fyrir að einn lögfræðingur sem uppfylli skilyrði héraðsdómara sitji í nefndinni.

Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum yfir helstu atriði þessa frv. en að öðru leyti er vísað til ítarlegra athugasemda með einstökum greinum. Eftir stendur að fjalla um önnur atriði frv. umhvrh. Það verður gert strax eftir þinghlé og stefnt er að því að frv. í heild taki gildi 1. ágúst nk.

[16:17]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu merkilegt mál fyrir margra hluta sakir. Ég geri ráð fyrir að það eigi eftir að vekja umræður og athygli bæði hér á Alþingi og úti í samfélaginu. Þetta mál er á margan hátt einstakt og flutningsmenn málsins

heita, virðulegur forseti, samkvæmt fyrirsögn: meiri hluti umhvn.

Fyrr á þessu þingi fjölluðum við um frv. til laga um hollustuhætti, 194. mál þingsins á þskj. 197. Þetta mál er í mjög eðlilegum farvegi í hv. umhvn. Heildarlöggjöf er ætlað að taka við af lögum frá 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og umhvn. hefur eins og venjulega aflað umsagna um frv. og búið sig undir þetta vandasama verk. Þau eru minnug þess að oft á tíðum þarf að taka á honum stóra sínum þegar frumvörp berast frá hv. umhvrn. Þar í nefndinni reikna menn með að bæði þurfi góðan tíma og meiri þekkingu á málum vegna þess að á undanförnum árum hafa þau mál sem flutt eru hér á þingi frá hv. umhvrn. að jafnaði þurft gaumgæfilegrar skoðunar við. Það hefur talsvert reynt á þolrifin í hv. umhvn. við meðferð þeirra. Þeir sem bera saman frumvörp sem komið hafa frá ráðuneytinu til afgreiðslu á þingi geta fullvissað sig um að þar hefur reynt á umhvn. Hún hefur jafnvel þurft að skila inn heilum bókum eða ígildum bóka inn í þingið í formi brtt. eins og gerðist t.d. með frv. til laga um skipulags- og byggingarlög á síðasta þingi. Nú telur þessi ágæta nefnd, þeir sem hafa setið þar um nokkurra ára skeið eru í býsna góðri þjálfun, engan veginn eftir sér að leggja vinnu í málin. Þó veit ég að framsögumanni nál. um skipulags- og byggingarmál hryllti nokkuð við þegar fréttist af því að formaður umhvn. hefði brugðið á það ráð að leggja undir sig sjöttu heimsálfuna og í nefndinni væri komin upp ný staða. Að vísu var það svo að mjög vaskur þingmaður var samkvæmt ákvörðun nefndarinnar settur við borðsendann þegar í haust. Hann hefur stýrt nefndinni af stakri röggsemi, myndarskap og liðlegheitum, ekki síst gagnvart hv. ráðuneyti en einnig gagnvart nefndinni. Hann hefur þar lagt sig í líma við að fylla í skarðið mikla sem myndaðist þegar hv. formaður nefndarinnar fór að heimsækja sjöttu heimsálfuna. Ég reiknaði satt að segja með því að settur formaður mundi taka að sér það hlutverk að stýra meðferð mála varðandi hollustuhætti en það varð nú ekki að ráði. Af einhverjum ástæðum var hv. formaður nefndarinnar settur til hliðar og leitaður uppi afar vaskur maður, jafnvel enn vaskari þingmaður — ég skal nú ekki fara í manngreinarálit — til þess að hafa yfirumsjón með málsmeðferð varðandi frv. um hollustuhætti.

Ég batt auðvitað mjög miklar vonir við það að hv. þm. mundi farast það verk vel úr hendi og samskipti við hv. ráðuneyti um málið svo að allt mætti þetta fara eins vel og verk umhvn. hafa jafnan verið. Það fór því miður ekki svo. Hv. umhvn. hafði rétt aflað umsagna um frv. um hollustuhætti þegar heyrast fór hljóð, ekki við borðsendann, heldur á hliðarbekkjum nefndarinnar, um að nú þyrfti að fara að afgreiða þetta frv. sem ekki var neitt farið að taka til efnislegrar meðferðar í nefndinni. Reynslunni ríkari þá kváðu auðvitað flestir ef ekki allir í nefndinni upp um að það væri nú ekki nema sjálfsagt í ljósi þess að jafnan hefur það komið upp á jólaföstu að afgreiða á frumvörp frá hv. ráðuneyti að hausti. Hæstv. ráðherra þessara mála hefur lagt mjög ríka áherslu á það að málin séu afgreidd skjótt og umhvn. hefur dregið þær ályktanir að þetta væri vanabundið og ætti að afgreiða það á yfirstandandi þingi. Það þykir vel að verki staðið. Frv. til skipulags- og byggingarlaga skilst mér að hafi verið til afgreiðslumeðferðar á einum sex þingum þó reyndar hafi aðeins verið unnið í því á einu þingi af hálfu nefndarinnar. Ráðherrar höfðu engan áhuga á því að afgreiða málið á fimm fyrri þingum og létu þar við liggja.

Í byrjun jólaföstu hófst sem sagt dálítil ókyrrð á hliðarbekkjum í nefndinni og þegar tormerki voru talin á að hraða afgreiðslu málsins var farið að orða það hvort nefndin gæti ekki sameinast um að flytja brtt. um ákvæði sem afar brýnt væri að fá afgreidd út úr nefndinni. Út af fyrir sig var það sjálfsagt af hálfu nefndarmanna stjórnarandstæðinga, m.a. þeim sem hér talar, að líta á það efni enda ráð gert fyrir að það hlyti að vera um einhver minni háttar mál að ræða varðandi þetta stjfrv., eina dagsetningu eða svo, sem ætti að fá lögfest fyrir jól. En það var nú ekki. Þegar farið var að ræða málið frekar þá var það ekkert minna en þyngstu efnisatriðin, a.m.k. mjög þung og veigamikil efnisatriði úr frv. um hollustuhætti. Um þau höfðu borist umsagnir frá fjölmörgum aðilum, ákveðnar og eindregnar athugasemdir frá mörgum þar á meðal og ekki síst frá stofnunum umhvrn. Nú var meiningin að fá þessi atriði með hraði í gegnum Alþingi.

Ég og fleiri í hv. nefnd gerðum fyrirvara um þetta að þetta þarfnaðist eðlilegra vinnubragða og hljóðnaði þá umræða um þetta í nefndinni um hríð. En ekki var langur tími liðinn þegar upp var tekið á nýjan leik og þá höfðu vaskir menn á hliðarbekkjum aflað sér upplýsinga um að ekki væri fortakslaust bannað að meiri hluti nefndar flytti mál inn í þing. Lagst var í rannsóknir á því hvenær það hefði gerst að meiri hluti nefndar hefði flutt mál. Þess fundust dæmi og finnast dæmi um að slíkt hafi verið gert en þau eru fá. Ég hef aldrei verið þátttakandi í neinu slíku. Þó hef ég stýrt nefndum í þinginu og setið alllengi á Alþingi, miðað við meðaltal. En ég hef aldrei átt hlut að því að afgreiða mál inn í þingið frá meiri hluta þingnefndar þannig að í þessu máli hlýtur náttúrlega eitthvað alveg sérstaklega brýnt að vera á ferðinni. Hvað er svona brýnt og birtist okkur á þskj. 464 sem 349. mál þingsins, sem frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Hér er mikið lið innan sviga, virðulegur forseti, og finnst mér lítið leggjast fyrir kappana að dyljast í skammstöfunum innan sviga sem flutningsmenn þessa máls. Rétt eins og hjá Evrópusambandinu sem hv. þm. nefndi áðan „Evrópska efnahagsbandalagið" þar sem þeir hafa komið sér upp slíku skammstafanakerfi að orðabækur þarf til að fletta upp í á hverri blaðsíðu. ÍGP, TIO, GE — þetta eru flutningsmenn frumvarpsins sem dyljast hér innan sviga sem meiri hluti umhvn. Þeir hafa tekið að sér fjósverkin fyrir hæstv. umhvrh. eða ráðuneyti umhverfismála á jólaföstunni, tekið að sér að moka flórinn fyrir jólin.

Ég ætla ekki að gera lítið úr fjósverkum því að sjálfur hef ég stundað þau um dagana um árabil, einnig með gömlum aðferðum og veit að það reynir nokkuð á. Gott er að menn hafi reynslu sem sveitarstjórar á Hvolsvelli og víðar áður en lagt er í slíkt, virðulegur forseti. En það sem þessu „sviga-liði" liggur mest á að koma inn í þingið, virðulegur forseti, er hvorki meira né minna en samviska hæstv. umhvrh. í tilteknum búningi. Þetta er samviskufrv. frá hæstv. umhvrh. sem komið er með þessum krókaleiðum hér inn í þingið.

Hæstv. umhvrh. hefur lagt fram frv. og þetta er plokkað út úr því, þessar rúsínur sem hér er að finna. Hann hefur um árabil stundað það af mikilli list, studdur af úrvalsliði ráðgjafa í ráðuneyti sínu, að úthluta fyrirtækjum í landinu leyfi til atvinnurekstrar. Hæstv. ráðherra hefur að talið er stuðst við lög frá 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum og reglugerðarbreytingar á reglugerðarbreytingar ofan við þau lög. Þetta hefur reynst

hæstv. ráðherra afskaplega erfitt og af því skapast svo mikil flækja að endarnir liggja út í Vonarstræti og jafnvel út í Tjörn ef endarnir á þeim æfingum sem hæstv. ráðherra hefur stundað í sambandi við útgáfu starfsleyfa finnast yfirleitt.

Nú virðist samviska hæstv. ráðherra farin að rumska og því er þetta frv. flutt sem afar brýnt viðfangsefni til að ganga frá ákveðinni lögfestingu á því sem nú á að heita skilningur hæstv. ráðherra á málinu. Það er sagt vera brýnt vegna þess að til standi að gefa út starfsleyfi var kynnt hér af hv. þm. ÍGP (**ÍGP:** Ég las nú upp öll nöfnin. Það hefur kannski farið fram hjá þér?) Virðulegur forseti. Var kallað hér úr sal? Kynnt var að ætti gefa ætti út starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðju ríkisins, steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, Áburðarverksmiðjuna, stækkun á framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga, sem við stundum köllum járnblendiverksmiðju, og síðast en ekki síst sjálfa magnesíumverksmiðjuna. Til stendur að gefa út þessi starfsleyfi svo að það eru greinilega afar brýnar ástæður sem liggja að baki þessu.

Ekki hefur mikið heyrst um þau mál sem þarna eru nefnd. Ég las um það í blöðum í síðustu viku að framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga væri slegið á frest og í því fyrirtæki liggur ekki fyrir nein stjórnarsamþykkt um hvenær ráðast eigi í það mál. Hví þá að fara að gefa út starfsleyfi fyrir verksmiðjuna nema þá eins og að hafa færibandið í lagi til þess að þetta bíði fyrirtækisins þegar því þóknast að taka ákvörðun um framkvæmdir? Ég vil biðja hv. frsm. þessa frv. og eftir atvikum hæstv. ráðherra að gera Alþingi grein fyrir því hvenær þessi fyrirtæki hefji sínar framkvæmdir og hvenær reikna megi með að fyrirtækin þurfi á starfsleyfi að halda, taki til starfa og hefji rekstur.

Í frv. er gert ráð fyrir ákveðnu ferli upp á ekki minna en 16 vikur í leyfisveitingar til fyrirtækis af þessum toga og fróðlegt er að ef starfsleyfið væri auglýst í janúar samkvæmt þessu þá er það hæft til útgáfu fjórum mánuðum síðar ef þeir frestir eru notaðir sem ráð er fyrir gert í frv. Nú er það hins vegar svo, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hefur undir höndum heimildir af ýmsum toga, lagaheimildir til útgáfu starfsleyfa. Ekki hefur borið á því að hæstv. ráðherra kinoki sér neitt við að beita þeim reglum eða breyta reglugerðum eftir sínu höfði til þess að ná fram vilja sínum í sambandi við útgáfu starfsleyfa þannig. Nú hlýtur að vakna spurningin: Hvað er hæstv. ráðherra nú að vanbúnaði ef málið er svo brýnt að ekki er ráðrúm til að fara í gegnum það stjfrv. sem hæstv. ráðherra hefur borið fram um þetta efni og til að þingnefndir fái þokkalegan frið til starfa?

Síðan er, virðulegur forseti, þessum starfsleyfismálum fyrir komið með alveg sérstökum hætti sem ég mun ræða frekar í síðari ræðu minni við þessa umræðu og það snjallræði að kasta stjórn fyrirtækisins út í hafsauga þegar um áramótin og ráða til starfa einn alvalda forstjóra. Sá hinn sami verður að vísu undir hæl hæstv. ráðherra þannig að heimatökin verði nú virkilega hæg í þessu fyrirtæki sem er aðalmengunarvarnastofnun landsins. En vissara þykir um stóriðjuframkvæmdir, virðulegi forseti, að ráðherra þessara mála hafi þar öll tök í hendi sér.

[16:38]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ísólfur Gylfi Pálmason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir hans yfirgripsmiklu skýrslu í þessum efnum sem mér fannst þó aðallega ganga út á að gera lítið úr flutningsmönnum. Hann gerði það að einu aðalatriði ræðu sinnar að tala um skammstafanir og annað slíkt. Ég vil benda hv. þm. á að er ég las upp þetta frv. þá tilgreindi ég hverjir væru flutningsmenn. Það er mjög algengt eins og hv. þm. veit að notaðar séu skammstafanir á þingmönnum þegar við leggjum fram frumvörp. Þetta voru því dálítið sérkennilegar krókaleiðir. Hann talaði í ræðu sinni um krókaleiðir en virtist fara ákveðnar krókaleiðir að þessu máli.

Hv. þm. talaði um reglugerðarbreytingar á reglugerðarbreytingar ofan. Ég ímyndaði mér satt að segja að hv. þm. vildi fara sem beinustu leið að aðalatriðunum og miðað við hans málflutning þá ímyndaði ég mér að hann mundi jafnvel gleðjast yfir frv. en svo er nú aldeilis ekki.

Ég get ekki svarað spurningu þeirri sem hann beindi beint til mín um hvenær viðkomandi fyrirtæki kæmu til með að taka til starfa. Eins og hv. þm. veit er það ekki undir þingmanninum komið. Hins vegar fylgist ég með því eins og aðrir þingmenn, hef ákveðnar skoðanir á þeim málum og mun tjá mig um þær þegar þar að kemur

[16:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alger misskilningur hjá hv. þm. sem ég les saman við ÍGP og mun vera flutningsmaður hér innan sviga að ég hafi verið að gera eitthvað lítið úr flutningsmönnum málsins. Það eru flutningsmenn málsins, virðulegur forseti, sem skýla sér innan sviga með skammstöfunum. Það er ekki mitt verk, það væri alger misskilningur.

En mér þykir heldur leitt að fá ekki neina skilagrein á því hvaða nauðsyn knýr meiri hluta umhvn. til þess að koma með málið fyrir þingið mitt í jólaönnum. Ég hef ekki fengið nokkur rök fyrir því. Flutningsmenn hafa ekki flutt minnstu rök önnur en að einhverjar verksmiðjur eins og magnesíumverksmiðja og Áburðarverksmiðja ríkisins þurfi á starfsleyfi að halda. Hv. þm. sagðist ekki geta upplýst það sem gert var að meginmáli í framsögu hans að úthluta þyrfti nýjum starfsleyfum. Hv. frsm. virðist ekki hafa kynnt sér hvað þar býr að baki. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn eins og hv. þm. ÁMM innan sviga, hv. þm. Árni M. Mathiesen, muni eiga auðvelt með að segja okkur fréttir af magnesíumverksmiðjunni sem nefnt var að gefa þyrfti starfsleyfi fyrir. Ágætt væri að fá upplýsingar um það. Við vorum að ræða þessa verksmiðju í sambandi við annað mál fyrr í dag. Kannski þyrfti að fara yfir það efni í ljósi nýlegra samninga austur í Japan áður en farið væri að útvega starfsleyfi til slíks fyrirtækis eða vinna yfirleitt í því. Þetta skýrist væntanlega, virðulegur forseti, þegar svar kemur frá frsm.

[16:43]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ísólfur Gylfi Pálmason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Áfram heldur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sömu braut. Hann talar enn eftir flóknum leiðum þegar hann nálgast þetta mál. Sjálfur veit hv. þm. að hann hefur mjög gjarnan talað um starfsleyfismál með ákveðnum hætti og viljað hafa mun skýrari reglur um starfsleyfi. Eins og hv. þm. veit er það ekki á valdi einstakra þingmanna að ákveða hvaða verksmiðjur koma til landsins o.s.frv. Hv. þm. gerir sér að leik að fara sérkennilegan sveig þegar hann nálgast þetta mál.

[16:44]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Er það virkilega svo sem hér kemur fram? Hefur hv. frsm. frv. ekkert að segja um þá brýnu nauðsyn sem ber til að þetta mál er flutt í miðjum jólaönnum Alþingis? Það séu þá helst órar um að ekki sé á valdi einstakra þingmanna að ákveða hvaða verksmiðjur koma hér til landsins? Ef grunnurinn að tillöguflutningi inn í þingið er með þessum hætti þá fer þetta að verða sögulegra en jafnvel ég bjóst við. Ég hef þó rakið sitthvað óvenjulegt í sambandi við málið. En að þessu hafi snjóað hér inn og meiri hluti umhvn. hafi gripið það á lofti og skellt því fram án þess að kynna sér efnisatriði á bak við. — Mér finnst þá að málið gæti verið hluti í áramótagleði okkar og til meðferðar á ný eftir jólahlé þingsins þar sem það kæmi til skoðunar í heildstæðara formi, með eðlilegri málsmeðferð, og yfirferð á stjfrv. um hollustuvernd.

[16:46]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að koma inn í umræðuna í andsvari við hv. þm. Hjörleif Guttormsson út af ræðu hans um vinnuna í umhvn. og þörfina á málinu hér og nú með þessum hætti sem það ber að. Ég tek fyrst undir með honum að umhvn. hefur í mörgum málum, sem lögð hafa verið fyrir af hálfu umhvrh. og umhvrn., unnið mikilvægt starf. Skemmst er að minnast byggingar- og skipulagslaganna sem hann gerði að umræðuefni en þau eru ekki til umræðu að þessu sinni heldur mál sem ég mælti fyrir 23. október sl. Það kom því tiltölulega snemma inn í þingið miðað við ýmis önnur mál sem við erum að reyna að afgreiða seinustu dagana fyrir jólahlé. Ég lagði strax mikla áherslu á það í framsöguræðu minni að taka þyrfti á starfsleyfismálunum sem öllum sem fylgst hefðu með væri ljóst að væru í ólestri og það veit hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ekki minnst um.

Ég gerði grein fyrir því þá að ég teldi að nauðsynlegt væri að koma alveg skýrum leikreglum hvað þetta varðaði inn í lög þannig að menn þyrftu ekki að takast á um hvað lagatextinn segði annars vegar og hvað reglugerðir segðu hins vegar og hvort þar væri ekki rétt á málum haldið. Við vitum að málin eru í ákveðinni blindgötu eins og er og ég vil forðast að við höldum áfram að glíma við mál með þeim hætti. Þess vegna lagði ég mikla áherslu á að málið færi í gegn fyrir áramót, helst í heild sinni, en a.m.k. væri mjög nauðsynlegt að tekið væri sérstaklega á réttaróvissu hvað varðar útgáfu starfsleyfa og um úrskurðarferlið. Um það gat ég í framsöguræðu minni á þeim tíma. Þegar ljóst var að umhvn. mundi vart takast að afgreiða málið í heild var farið fram á hvort mögulegt væri að taka þá þætti sérstaklega út úr, sem að mínu áliti er nauðsynlegt að afgreiða fyrir áramótin, og fjalla um þá sér ef svo færi að ekki væri hægt að taka málið í heild. Ég legg því ákveðið til að þannig verði gengið í að afgreiða málið og við fáum þessi ákvæði (Forseti hringir.) afgreidd um hvernig staðið skuli að starfsleyfi og kæru- eða úrskurðarmálum þannig að þeirri óvissu sé eytt sem um það ríkir.

[16:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hið besta mál að reyna að eyða óvissu og sjálfsagt að menn taki þátt í því að reyna að skýra og bæta lög og það er auðvitað það sem hv. umhvn. hefur ætlað sér með þessu máli sem öðrum sem nefndin hefur unnið af mikilli samviskusemi. Hins vegar hafa engin rök komið fyrir því að einhverja brýna nauðsyn beri til þess nú vegna áramóta og þeirra þáttaskila sem þau eru að grípa þungavigtaratriði út úr frv. um hollustuhætti til þess að afgreiða þau sér sem breytingu á gildandi lögum. Þau rök hafa einfaldlega ekki komið fram.

Ég bendi einnig á, virðulegur forseti, að ef það ætti að fara að lögfesta þetta sem er á ferðinni þá skiptir það almenning engu máli varðandi réttarstöðu hans því að það ekki er verið að bæta hana nema síður sé. Það sem er verið að gera skýrara er að mátturinn og dýrðin og valdið sé ráðherrans þegar um stóriðjufyrirtæki er að ræða því að fjárfestingar upp á 950 milljónir eru teknar sérstaklega út úr. Þar hefur ráðherrann einn valdið og aleinn. Það er því verið að draga úr réttarstöðu almennings frá því sem var með gildandi lögum þannig að það sem er á ferðinni skiptir ekki nokkru máli varðandi réttarstöðu almennings því það er verið að taka réttinn af almenningi þegar stóriðja á í hlut. Það eru þær jólagjafir sem hugmyndin er að færa með lögfestingunni og mér finnst að við ættum að doka við og skoða það mál svolítið og þær fjölmörgu athugasemdir sem hafa komið fram í sambandi við þau efni.

[16:50]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst út af fyrir sig mikilvægt að heyra hv. þm. Hjörleif Guttormsson lýsa því yfir að það sé gott að við skýrum leikreglurnar með þessu móti. Í hinu upphaflega frv. sem ég lagði fram í þingbyrjun og mælti fyrir 23. okt. kemur fram að verið er að gera leikreglurnar með þeim hætti að almenningi sé ljóst hver réttur hans er og hvernig ferlið er. Það er ekki nýtt að ráðherra gefi út starfsleyfi fyrir hin stærstu fyrirtæki. Það er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum þannig að á því er ekki munur. Tekið er á því í hinu fyrra frv. og þessu síðara hvernig aðgangur og kærumeðferð er og hvar og hvernig almenningur getur komið athugasemdum sínum eða kærum á framfæri þannig að það er líka skýrara en er í lögunum í dag. Það að brýnt sé að taka á málinu nú og afgreiða það fyrir áramót byggist auðvitað að hluta til á því sem fram hefur komið hjá hv. framsögumanni frv. sem nú er til umræðu.

Nokkur starfsleyfi eru fyrirliggjandi sem þarf að endurnýja eða gefa út að nýju fyrir starfandi verksmiðjur eins og Sementsverksmiðjuna og Steinullarverksmiðjuna. Það er vitað að hjá Hollustuvernd ríkisins er í vinnslu starfsleyfi fyrir stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga þannig að það liggur líka fyrir að það mál er þegar komið af stað. Hv. þm. nefndi áðan að óljóst kynni að vera með þá stækkun. Ég veit ekki um það og það getur vel verið að svo sé en umsóknin liggur fyrir, málið er í vinnslu. Ef þetta verður ekki afgreitt fyrir áramót og þing kemur saman að venju einhvern tímann í janúarlok og er síðan með frv. í heild sinni til úrvinnslu fram undir þinglok, (Forseti hringir.) þá kann að vera kominn apríl eða jafnvel miður maí áður en málið verður afgreitt. Þá er alveg ljóst að það hlýtur að tefja fyrir því ferli sem þá þarf að vera í gangi um starfsleyfismálin og ég vil leggja áherslu á það að ég tel að það sé bæði nauðsynlegt og mjög brýnt að það starfsleyfisferli sé skýrt og hægt sé að vinna samkvæmt því strax (Forseti hringir.) en ekki að mál tefjist samkvæmt gömlum reglum í vetur, fram á vor og við sjáum þá til hvort þá verður yfir höfuð hægt að

vinna samkvæmt nýjum lögum. Þess vegna hef ég lagt mikla áherslu á að þetta yrði lögfest nú.

[16:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi síðasta atriðið og sem er kannski efnislega það sem menn eru að tala um að brýnt sé, þ.e. útgáfa starfsleyfa, þá liggur engin stjórnarsamþykkt fyrir hjá Íslenska járnblendifélaginu um stækkun verksmiðjunnar. Það liggja bara þær heimildir sem eru í lögum en engar samþykktir. Að vísu mun stjórnin funda, að held ég á morgun, en mér vitanlega liggur ekkert fyrir þeim fundi um þetta efni og það er einhvern tímann á góunni sem næsti stjórnarfundur er um þetta mál þannig að þetta efni er ekki á neinni hraðferð.

Hæstv. ráðherra talar síðan um að það sé verið að skýra það sem sé í lögum um útgáfu starfsleyfa. Það er ekkert til í lögum um stóriðjufyrirtækin að hæstv. ráðherra eigi að gefa þau út. Það er í reglugerð en ekki í lögum (Gripið fram í.) og hér er ekki neinn kærufarvegur. Það er beinlínis verið að loka þeim kærufarvegi sem er þó að finna samkvæmt 26. gr. núverandi laga. Það er verið að kippa stóriðjufyrirtækjunum út úr þannig að það sé engin leið að úrskurðarnefnd varðandi stóriðjufyrirtækin — og almenningur fái engan kærurétt. Það er réttarbótin sem felst í frv. sem liggur fyrir að ráðherrann einn eigi að hafa valdið og einn að hafa úrskurðinn um þær athugasemdir sem almenningur kann að gera. Þess vegna orða ég það svo, virðulegur forseti, að það sé mátturinn og dýrðin ráðherrans sem hugmyndin er að lögfesta á jólaföstunni varðandi stóriðju sem eðli máls samkvæmt er að jafnaði viðsjárverðasti mengunarvaldurinn í sambandi við atvinnurekstur hér á landi. Það hefur a.m.k. reynst þannig að það þurfi að vakta það sérstaklega. Þar á að loka kæruréttinum hjá almenningi og hæstv. ráðherra ætlar að hafa þá málsmeðferð alla í vasanum.

[16:56]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns lýsi ég undrun minni á þeim vinnubrögðum sem við erum að verða vitni að enn eitt árið. Ef ég hef skilið málið rétt er meiningin að afgreiða frv. á næstu fjórum dögum og ég verð að lýsa undrun minni á því að þetta skuli koma svona seint fram. Ef þau rök eru gild, sem komu fram hjá hæstv. umhvrh., að það liggi svo mikið á því að fá þær lagaheimildir sem verið er að biðja um þá hljótum við að spyrja hvernig í ósköpunum á því standi að þau atriði, sem er svo brýnt að lögfesta, séu ekki komin að hér fyrr. Að vísu er staðan sú í þinginu að það er óvenjulega rólegt. Að því er séð verður á þessari stundu eru engin mjög stór átakamál til umræðu fyrir utan fjárlögin og eitt og annað kann að koma út úr nefndum. Eftir að hafa lesið efni frv. sýnast mér vera svo margar spurningar hér á ferð að ég skora á hæstv. ráðherra og umhvn. að skoða málið nánar.

Ég hef sjálf ekki fylgst nægilega vel með málefnum Hollustuverndar ríkisins en þau samtök sem ég tilheyrði þar til fyrir u.þ.b. mánuði hafa átt fulltrúa í stjórn Hollusturverndar ríkisins. Þar hefur setið Kristín Einarsdóttir, fyrrv. þingmaður, fyrir hönd Kvennalistans, og ég hef heyrt frá henni að hún hefur verið mjög óánægð með þá þróun sem hefur átt sér stað innan stofnunarinnar. Ég veit að hún er afar ósammála því atriði sem hér er verið að leggja til, sem er að leggja niður stjórn stofnunarinnar, og ég ætla að koma að því máli síðar í ræðu minni. En vegna þess að ég er ekki nógu vel að mér í málefnum stofnunarinnar fór ég að fletta upp í fjárlögunum og ég verð að lýsa undrun minni á því, hæstv. forseti, að í fjárlagafrv. er ekki að finna stafkrók, hér eru engar skýringar á stöðu stofnunarinnar. Af því má sennilega draga þá ályktun að sú upphæð, 164 milljónir, sem gert er ráð fyrir á gjaldahlið Hollustuverndar ríkisins á næsta ári sé nokkurn veginn sama upphæðin og á því ári sem nú er að renna skeið sitt á enda. Ég veit það þó ekki, það er enga skýringu að finna. Ég hef nefnilega skilið það þannig, hæstv. forseti, og þá þekkingu hef ég af því að það hefur komið fyrir að starfsfólk Hollustuverndar hefur verið kallað fyrir í þeim nefndum sem ég hef átt sæti í, og ég hef fylgst með ýmsum málum sem hafa komið hér inn í þing og ég hef skilið það svo að verkefni Hollustuverndar ríkisins hafi vaxið allverulega á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins og allra þeirra reglugerða sem við höfum orðið að gera lög um vegna þess samnings.

Þetta á einnig við um ýmsar aðrar stofnanir og þar nefni ég sérstaklega Vinnueftirlitið sem er kannski svolítið skyld stofnun þessari. Ég hef skilið það svo, eins og ég sagði, að sífaukin verkefni hafi lagst á þessa stofnun og ég spyr mig hvernig hún sé í stakk búin til að sinna verkefnum sínum. Ég vildi gjarnan fá það upplýst í umræðunum þótt það tengist ekki beint þeim lagabreytingum sem er verið að gera. En einmitt þegar maður fer að kynna sér mál af þessu tagi þá reynir maður að afla sér upplýsinga um viðkomandi stofnun þar sem þær ættu að vera nærtækastar. Ég beini því til umhvrn., hæstv. ráðherra, og starfsliðs hans, að meira sé vandað til upplýsinga en gert er í frv. Mér finnst einfaldlega sjálfsagt mál að það komi fram varðandi hverja einustu stofnun hvort verið er að auka fjárframlög eða hvort þau standa í stað. Eins og við vitum er um nýja framsetningu á fjárlögunum að ræða og ég get heldur ekki gert mér neina grein fyrir því hvort þær þjónustutekjur sem hér eru tilgreindar, 17,3 millj. kr., eru sömu og verið hefur eða hvort þetta er meira eða minna. Hvernig tengist það því sem fram kemur í frv. um að sett verði gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér, sbr. 14. gr. eins og segir í 6. gr. þessa frv. Afar erfitt er að gera sér grein fyrir því hvaða breytingar eru á ferðinni. En það segir í skýringum, með leyfi forseta: „Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga."

Hér er samt sem áður aðeins verið að breyta hlutverki stofnunarinnar sem kemur fram í ákvæði til bráðabirgða og ég mun koma að síðar í máli mínu. Ég vil því kvarta yfir þessu, hæstv. forseti, að fyrir okkur þingmenn sem sitjum ekki í umhvn. er erfitt að átta sig á þessum málum öðruvísi en að maður hefði hreinlega haft samband við stofnunina og til þess hafði ég ekki tíma.

Ég vík þá að sjálfu málinu. Við lestur frv. hafa vaknað margar spurningar í huga mínum. Í 1. gr., sem ég lít á sem aðalgrein frv., er verið að greina með tvennum hætti í sundur hvernig skuli staðið að veitingu starfsleyfa. Annars vegar er það svo að umhvrh. fær réttinn til að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ef samanlögð fjárfesting er meiri en 950 millj. kr. Hæstv. umhvrh. á því að gefa út starfsleyfi til hinna stærri fyrirtækja og síðan er ákveðið ferli í kringum það hvernig að því skuli staðið. Hollustuvernd ríkisins á að vinna tillöguna og auglýsa hana opinberlega og síðan er auglýst eftir skriflegum athugasemdum. Ég spyr, hver er hin raunverulega breyting í þessu? Mér sýnist að verið sé að færa mjög mikið vald til umhvrh. Meginspurning mín og vangaveltur snúa í rauninni

að því að um afar viðkvæman málaflokk er að ræða. Við sjáum af umræðum undanfarinna ára og reynslu þessa árs, að reyndar tengist þetta stóriðjustefnunni sem ég ræddi um fyrr í dag en ætla ekki að fara að tala um aftur, að þessi starfsleyfi og þessi starfsemi sem eins og segir í frv. „hafa í för með sér mengun" orkar tvímælis og veldur deilum. Ég held að því meiri sérþekking og því fleiri sem koma að ákvarðanatökunni því betra. Því opnara sem þetta kerfi er og því auðveldara sem almenningi er gert að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif því betra. En endanlega þarf að taka ákvörðun. Ástæðan fyrir því að m.a. ég hef efasemdir um þetta ferli er sú að ég hef ekki verið sátt við hvernig staðið hefur verið að veitingu starfsleyfa eða hvaða starfsemi er verið að leyfa og í raun og veru tengist þetta deilum um hvað veldur mengun og hve mikið og hvernig. Því vil ég spyrja hæstv. umhvrh. hvernig menn skilgreina hugtakið að „hafa í för með sér mengun". Þær deilur sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum hafa ekki eingöngu snúist um mengun heldur kannski líka röskun umhverfis og hvar skilin séu á milli og hver eigi að veita hvaða starfsleyfi. Þegar ég tala um þetta þá er ég ekki síst að hugsa um orkuverin sem eru stórkostlegt umhverfismál. Það er ekki þar með sagt að þau valdi mengun, þau geta valdið ákveðinni umhverfisröskun, en svo geta þau auðvitað valdið ófyrirséðum áhrifum á t.d. lífríkið eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur oft bent á að okkar saga segir frá. Hvar eru mörkin þarna á milli? Ætti ekki í rauninni að styrkja vald umhvrh. hvað varðar veitingu starfsleyfa í öðrum þeim efnum sem snúa ekki beinlínis að mengun heldur umhverfisröskun þó ég sé ekki þar með að segja að umhvrh. eigi að hafa eitthvert alræðisvald. Því spyr maður hvað býr að baki þessarar greinar. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan að það eru nokkur fyrirtæki sem hann og væntanlega ráðuneyti hans telja brýnt að fái endurnýjun starfsleyfa eða jafnvel ný starfsleyfi. Ég fæ ekki séð að ekki sé hægt að nota gömlu aðferðina eða þær leiðir sem hingað til hafa verið farnar ef málið snýst um að vinna þetta mál almennilega.

Tíminn líður hratt og margar spurningar brenna í huga mínum. Ég vil endilega koma að þessu atriði með stjórn stofnunarinnar. Það kemur fram í ákvæði til bráðabirgða og skýringu á ákvæði til bráðabirgða að hlutverk stofnunarinnar er afar margvíslegt. Þetta eftirlitshlutverk og eftirlit með mengun er afar viðtækt. Eins og ég sé þetta er um stofnun að ræða sem á að hafa aðgang að sérfræðingum og geta stöðugt leitað til sérfræðinga og til sérfræðiþekkingar. Ég er þeirrar skoðunar og er mjög ósammála því sem kemur fram í greinargerð að stofnun af þessu tagi eigi ekki að hafa stjórn yfir sér — kannski ætti maður að kalla það sérfræðingaráð eða eitthvað slíkt. Ég held að það hljóti að vera afar brýnt fyrir í þessu tilviki forstjóra því ætlunin er að breyta titli yfirmanns þessarar stofnunar, að geta stöðugt leitað til sérfræðinga og til stjórnar slíkrar stofnunar vegna þess hvað þetta er gríðarlega viðkvæmur málaflokkur og hve miklar deilur geta spunnist í kringum hann. Eitt er að skilgreina og fylgja eftir reglugerðum um eituefni eða aukefni í matvælum þar sem allar reglur liggja fyrir, en þar sem um hávísindalegt mat getur verið að ræða eða reyndar pólitískt mat og skoðanir í umhverfismálum fer málið mjög að vandast. Því tel ég afar vafasamt að leggja niður stjórn stofnunarinnar þó ekki sé meira sagt.

Þá vil ég líka koma að skipan úrskurðarnefndarinnar sem fjallað er um í 8. gr. Í skýringum við þá grein er lagt til að það verði einn lögfræðingur sem hafi starfsgengisskilyrði héraðsdómara, síðan skipi Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa og síðan ráðherra einn. Sá sem ráðherra á að skipa tekur við af þeim fulltrúa sem landlæknir skipar nú. Nú get ég fallist á í ljósi víðtækara hlutverks þessarar stofnunar og aukinnar sérhæfingar af ýmsu tagi og mengunarmála að sé í sjálfu sér ekki eðlilegt að landlæknir komi að þessu máli frekar en ýmsir aðrir. Ég hefði haldið að í úrskurðarnefndinni sem á að fjalla um ágreining um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim og/eða ákvarðana yfirvalda, þurfi líka að vera veruleg sérfræðiþekking. Ég er farin að tala eins og fulltrúi sérfræðingaveldisins, sem er sívaxandi í samfélaginu og þarf auðvitað að varast, en sumir málaflokkar og sum málefni eru einfaldlega þannig að þar þarf sérfræðiþekking að koma til. Ég set spurningarmerki við hvort það sé rétt að Samband íslenskra sveitarfélaga sé rétti aðilinn. Nú er sambandið viðkvæmt fyrir gagnrýni en nýlega voru sveitarfélögin gagnrýnd vegna þess að þau hafi ekki nægja þekkingu til að stjórna hálendinu en ég ætla að biðja þá sem hér sitja að taka þetta ekki sem einhverja gagnrýni á Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin í landinu heldur er ég fyrst og fremst að reyna að segja að ég held að hér sé um svo sérhæfð mál að ræða að ég dreg skipanina í efa. Ég vil líka spyrja hvort ekki væri rétt að úrskurðarnefndin væri stærri, þetta væri fimm manna nefnd, eða hugsanlega að hægt væri að breyta um skipan hennar eins og í gerðardómi eða slíku eftir því hvers eðlis málin eru.

Hæstv. forseti. Vegna þess að tími minn er alveg að renna út vil ég líka koma að því atriði sem ég hljóp yfir áðan í 1. gr. Ég ræddi um vald ráðherra og þá skiptingu að hann hefur vald til að veita starfsleyfið til hinna stærri fyrirtækja en síðan er það Hollustuverndin og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sem veita starfsleyfi þar sem fjárfestingin er undir 950 millj. kr. og með því ferli sem þar er. Ég spyr líka hvernig heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eru í stakk búnar til að sinna verkefni af þessu tagi? Hvernig hefur það reynst? Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég vantreysti því fólki sem þar starfar og auðvitað hafa nefndirnar alltaf tækifæri til að kalla til sín sérfræðinga og leita álits og hafa Hollustuvernd ríkisins sér til halds og trausts. En vegna hinna mjög svo viðkvæmu mála sem eru á ferðinni — þá er ég t.d. að hugsa um allar þær deilur sem orðið hafa í Mývatnssveit — þar sem geta orðið afar mikil og erfið átök í litlum sveitarfélögum vegna stórra fyrirtækja, þau skapa atvinnu og eru byggðinni dýrmæt en valda líka röskun í náttúrunni. Ég spyr því hvernig hefur það reynst að heilbrigðisnefndirnar séu aðilar að þessu.

Varðandi þá breytingu sem gerð er bæði á stjórn stofnunarinnar og þess að nú skal vera þar forstjóri er ég ósammála þeirri stefnu sem fram kemur í skýringu við 5. gr. Ég set spurningarmerki við það hvort ekki sé búið að ganga allt of langt í því að taka fulltrúa Alþingis út úr stjórnum og þessi breytta stefna í rekstrarmálum ríkisins er að mínum dómi gagnrýniverð. (Forseti hringir.) Enn og aftur, hæstv. forseti, dreg ég í efa að hún eigi við í málaflokki eins og þessum þar sem þörf er á því að margir aðilar komi að, sérfræðiþekking og sérfræðilegt mat sé tryggt og einnig að almenningur eigi greiða leið að stofnuninni og geti auðveldlega komið athugasemdum og gagnrýni á framfæri og að sú gagnrýni sé metin á hlutlægan hátt en með þeirri þekkingu sem til þarf.

[17:17]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði í upphafi máls síns að þetta mál væri of seint fram komið. Auðvitað er frv. sem er til umræðu sem slíkt nýtt en það er efnislega það sama, sömu ákvæði í því eins og í frv. sem ég lagði fram í upphafi þings og mælti fyrir 23. október. Sumt af því sem hv. þm. spurðist fyrir um á í raun miklu meira skylt við efni málsins í heild, þ.e. við það frv. sem er heildarendurskoðun á lögunum og starfsemi stofnunarinnar. Við höfum oftsinnis áður rætt um stöðu stofnunarinnar, sem hefur fengið síaukin verkefni á undanförnum árum, og út af fyrir sig er sérmál að ræða um hvernig búið er að henni og hvernig er með fjárhag hennar og slíkt. Fjárhagsstaða hennar hefur að vísu verið löguð verulega á undanförnum árum, bæði með fjárlögum og fjáraukalögum og gert ráð fyrir því enn í fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu til afgreiðslu. Það er því nokkuð tekið á þeim málum en ég vildi fyrst og fremst undirstrika þetta við hv. þm. að verið er að fjalla um mál sem búin eru að vera til umræðu, voru tekin til umræðu í októbermánuði, 1. umr. málsins, og síðan búin að vera til umfjöllunar í hv. nefnd þennan tíma. Það er því ekki nýtt í þeim skilningi þó málatilbúnaðurinn, eins og hann er lagður núna fram, sé nokkuð sérstakur. Það er að þeirri ósk minni, sem ég setti fram þá strax, að ef það kæmi fljótlega í ljós í vinnu nefndarinnar að ekki yrði hægt að afgreiða málið í heild þá óskaði ég eftir því að það yrði skoðað hvort hægt væri að taka þá þætti sem varða starfsleyfisútgáfuna út úr sérstaklega af því að ég taldi það brýnt og liggja á að taka á því máli.

Varðandi stjórnina, sem hv. þm. spurði um og velti nokkuð fyrir sér, er það svo að sérfræðiþekkingin hlýtur fyrst og fremst að vera innan stofnunarinnar sjálfrar. Þegar stjórnarmenn eru valdir með einum eða öðrum hætti og sumir samkvæmt tilnefningum er ekki endilega verið að horfa til þess að það séu sérfræðingar á sviði mengunar eða annarra slíkra mála sem veljast í stjórnarsetuna svoleiðis að sérþekkinguna hljótum við að verða að byggja upp innan stofnunarinnar og verða að treysta á það að hún sé fyrst og fremst fyrir hendi þar.

Ég sé að tími minni er útrunninn, hæstv. forseti, en mig langar til þess að koma að tveimur öðrum atriðum sem hv. þm. spurði um og ég geri það kannski í síðara andsvari fái ég leyfi til.

[17:19]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu rétt sem fram kom í máli hæstv. umhvrh. að þetta mál hefur verið til meðferðar í umhvn. í vetur og eflaust hefur margt af því sem ég kom inn á í máli mínu verið í umræðunni í haust. Ég tók reyndar fram að ég hef ekki sérþekkingu á þessum málum en fór að lesa þetta frv. Þar sem ljóst var að það væri svona brýnt var ég að reyna að átta mig á því um hvað málið snerist. Ég verð að segja að ég hef ekki komist að niðurstöðu hvað það varðar hvað er svona brýnt annað en það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra og snýr að þessum starfsleyfum, að það sé svo brýnt að hann fái heimild til þess að ganga frá starfsleyfum fyrirtækjanna sem bíða eftir þeim.

En þá spyr ég líka: Hvers vegna er verið að blanda hér inn í og taka út úr óskyld efni eins og þau sem varða stjórn þessara stofnana? Hvað liggur á því að breyta þeim ákvæðum? Ég held að það sé atriði sem menn ættu að skoða miklu betur og það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi stjórn hefur verið skipuð fólki af ýmsu tagi þó að t.d. við í þáverandi Kvennalista hefðum sett konu með mikla menntun sem tengist þessu sviði sem fulltrúa í stjórninni. En ég held að væri miklu nær að skoða hvort það sé ekki mjög gott fyrir stofnun af þessu tagi að hafa stjórn sem veitir stuðning og aðhald í starfi stofnunarinnar, stjórn sem hægt er að leita til varðandi ýmis álitamál sem koma upp í stað þess að það sé forstjórinn einn sem situr þar uppi með ábyrgðina. Hann hefur ekkert að leita nema í ráðuneytið.

[17:22]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að það vill svo vel til að innan núverandi stjórnar Hollustuverndar er reyndar sérþekking fyrir hendi því það hefur valist svo vel í stjórnina að þessu sinni. En það er ekki endilega tryggt að svoleiðis sé og stjórn hefur oftast haft annað hlutverk hjá stofnunum en að fjalla um svo sérgreind og sérhæfð málefni eins og kemur upp á borð stjórnarinnar núna eða hefur gert, m.a. í tengslum við þessi starfsleyfismál, því að venjulega er nú byggt á sérfræðiþekkingu innan stofnunarinnar hjá sérfræðingunum sem þar starfa til þess að fjalla um slík mál.

Ég vildi líka láta það koma fram af því að ég sagði að frv. sem væri flutt væri efnislega eins og frv. sem ég lagði fram í haust. Að vísu er eitt atriði í sambandi við úrskurðarnefndirnar sem er með öðrum hætti. Í mínu frv. var gert ráð fyrir því að öll nefndin væri skipuð lögfræðingum en hér er það ekki gert að skilyrði. Það er sagt að einn þeirra skuli vera lögfræðingur, þeir gætu auðvitað allir þrír verið lögfræðingar, það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. En þetta er breyting sem er aðeins öðruvísi, þannig að því sé nú til skila haldið að það er ekki nákvæmlega eins og ég lagði það fram. Það er ekki aðalatriði í mínum huga en þó vil ég segja það að ég held að þegar mál koma til úrskurðarnefndarinnar séu það fyrst og fremst lögfræðileg álitaefni sem úrskurðarnefndin þarf að taka á. Ég segi fyrst og fremst en auðvitað getur þar komið fleira til og þá held ég að slík úrskurðarnefnd muni yfirleitt þurfa að leita sér sérfræðiþekkingar utan nefndar, leita til óháðra eða annarra sérfræðinga af því að það er ekki heldur sjálfgefið að slík sérfræðiþekking sé endilega inni í úrskurðarnefnd þriggja manna og það reyni mest á að þar séu lögfræðingar.

Hv. þm. spurði líka annars vegar um hvernig menn meta mengun og taki á því og hins vegar röskun á umhverfi. Um mengun er yfirleitt fjallað þegar fjallað er um starfsleyfismálin, það er starfsleyfisútgáfan sem tekur á þeim en röskun á umhverfi og slíkar breytingar falla hins vegar undir lög um mat á umhverfisáhrifum og það ferli sem þá fer fram. Hér er því um ofurlítið óskylda þætti að ræða.

Allra seinast í sambandi við stjórnir almennt að þó ekki hafi verið mótuð heildarstefna í því hvort opinberar stofnanir eigi að vera með stjórnir eða ekki þá hefur það frekar verið að færast í þessa áttina að sett er meiri ábyrgð á hendur stjórnendanna, forstöðumanna stofnananna, og það er sú hugsun sem er í lögunum um (Forseti hringir.) réttindi og skyldu starfsmanna, nr. 70/1996, sem þar kemur fram. Ég hygg að þetta sé almennt meira sú þróun og eigi eftir að verða áfram.

[17:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þau mál sem eru til umræðu og það frv. sem flutt er af nokkrum hv. þm. í umhvn. á sér nokkuð óvenjulegan bakgrunn og ber að þinginu með nokkuð sérstökum hætti að því er virðist. Reyndar er málsmeðferð hv. umhvrn. og sagan á bak við þessi starfsleyfamál hálfgerð sorgarsaga. Reyndar má segja um fleira í stjórnsýslu hins unga ráðuneytis að mönnum hefur orðið nokkur fótaskortur á köflum þar á bæ og má vel líta á það sem byrjendaerfiðleika að einhverju leyti að það hefur verið gerð heilmikil breyting á meðferð þessara mála í stjórnsýslunni á sex, sjö, átta árum eða svo frá því að umhvrn. var komið á koppinn. Þetta ráðuneyti hefur í rauninni verið að slíta barnsskónum þannig að það er kannski ekkert svo erfitt að skilja það og hafa nokkra samúð með því að gengið hafi á ýmsu. Fyrst var nú talsverður vandræðagangur því samfara hvaða verkefni skyldi færa undir þetta nýja ráðuneyti. Það fóru fram eins konar fjallskil og réttir og það var verið að draga í sundur verkefni, t.d. ef ég man rétt voru nokkuð skiptar skoðanir um það hvort það fyrirbæri sem gefur frv. nafn, þ.e. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit og slíkir þættir, ættu að vistast hjá umhvrn. eða e.t.v. einhvers staðar annars staðar í heilbrn. þar sem þeir höfðu verið áður o.s.frv. Það breytir ekki því, herra forseti, að menn verða á hverjum tíma og samkvæmt bestu getu og vitund að vanda sig og vinnubrögð sín. Á því sviði hefur mönnum orðið ítrekað á í umhvrn. eins og kunnugt er og það hefur ekki síst tengst þessum starfsleyfamálum og reglugerðum sem þeir hlutir hafa byggt á og einnig því hvernig farið skuli með rétt almennings í landinu gagnvart stjórnsýslunni að þessu leyti. Þetta er allt kunnugt og reyndar aðrir enn fróðari mér um þennan þátt málsins þannig að ég ætla ekki að orðlengja um það en ég leyfi mér að hafa þennan inngang, herra forseti, vegna þess að hann ætti nú fremur en hitt að hvetja menn til þess að fara varlegar í sakirnar og vanda vinnubrögð sín.

Ég verð að segja alveg eins og er að það hvernig þetta mál ber að þinginu finnst mér ekki alveg góðs viti varðandi það að menn séu á réttri leið í þessum efnum. Stjórnarfrumvarp mun hafa komið fyrir þingið en svo er allt í einu sagt við okkur þegar komið er fram í miðjan desember, a.m.k. er þetta plagg þá fyrst tekið til umræðu — mér er nú ekki nákvæmlega kunnugt um hvenær það fæddist og hvernig — en frv. er að koma fyrir okkur hv. þm. sem ekki sitjum þá í hv. nefnd til umræðu og á að því er manni virðist og samkvæmt framsöguræðu framsögumanns að boða einhverja skemmri skírn á tilteknum þáttum þessa stjfrv. sem að öðru leyti er til meðferðar í hv. umhvn. Með öðrum orðum virðist sem þessi hópur nokkurra hv. þm. úr umhvn. hafi ákveðið að hlaupa undir bagga með hæstv. ráðherra og ríkisstjórn og flytja tiltekna þætti málsins í sérstöku frv. hingað inn.

Herra forseti. Þá að efni málsins og rökstuðningi fyrir því að brýna nauðsyn beri til að hraða svona sérstaklega afgreiðslu þessara þátta sem fram koma í frv. Ég fékk það ekki mjög skýrt fram, hvorki í framsöguræðu framsögumanns og reyndar ekki heldur, fannst mér, í andsvörum hæstv. ráðherra að færð væru fram gild rök fyrir því að slík knýjandi þörf væri á þessum lagabreytingum að þær yrðu endilega að ganga hér í gegn fyrir áramót. Maður leyfir sér auðvitað að spyrja hvort slíkt óframdarástand ríki í þessum málum miðað við gildandi lög. Er þetta í raun og veru viðurkenning á því að gildandi löggjöf og gildandi fyrirkomulag eða reglugerðir séu ónýtar og ónothæfar?

Er þetta kannski endanleg viðurkenning á því að það sé allt ein rjúkandi rúst eins og maður gæti stundum ætlað miðað við hvernig mönnum hefur orðið fótaskortur í þessum efnum undanfarin missiri? Ef ég hef skilið rétt þá gengur málið m.a. út á það að hæstv. umhvrh. fær miklu skýrara og afdráttarlausara vald samkvæmt frv. miðað við það hlutverk sem hann hefur áður haft í þessu starfsleyfaferli og að einhverju leyti er byggt á reglugerðum og eldri ákvæðum. Það er feiknarlega þvælin upptalning á reglugerðum í athugasemdum við 1. gr. frv., mikill frumskógur og ótal tilvitnanir, sem ég verð að játa að ég hef ekki fullar reiður á. En það mun þó allt standa fyrir reglugerðir sem frá eldri og yngri tíma hafa gilt um meðferð starfsleyfamála og lagaákvæðin eiga að einhverju leyti að leysa af hólmi. Hæstv. umhvrh. — sjálfsagt í ljósi reynslunnar og þess hversu vel þeim hefur tekist til í umhvrn. á undanförnum missirum í þessum efnum — er hér að fara fram á við Alþingi að fá fortakslaust og skýrt vald til að vera æðsti dómstóll og aðalmálsmeðferðaraðili þegar um starfsleyfi er að ræða fyrir alla stærri aðila. Þar eru dregin fjárfestingarmörk upp á 950 millj. kr. þegar um mengandi starfsleyfi eða meiri háttar atvinnurekstur er að ræða. Nú hlýtur maður að spyrja sig að því hvort fjárfestingarviðmið sé mjög heppilegur mælikvarði í þeim efnum. Væntanlega geta minni fjárfestingar í tölum verið fullt eins hættulegar frá umhverfissjónarmiðum séð en miklu stærri framkvæmdir verið tiltölulega meinlausar ef út í það væri farið. Ég leyfi mér því að setja strax mikinn fyrirvara við að krónur og aurar eigi endilega erindi inn í þetta. Væntanlega væri nær lagi að reyna að lýsa eðli starfseminnar og hversu ríkar ástæður væru til að vanda málsmeðferðina, ef mikið væri í húfi, eftir atvikum. Hins vegar á Hollustuverndin og heilbrigðisnefndir á vegum sveitarfélaganna áfram að sýsla með smámálin, minni háttar mengun og allt sem er undir 950 millj. kr. Þetta er nú dálítið sérkennileg aðgreining verð ég að segja. Hvað er verið að segja með þessu um þá stjórnsýsluaðila, að ráðherra þurfi að taka þetta sérstaklega til sín með mörkum af þessu tagi? Er þeim þá ekki treystandi fyrir hinum stærri málum? Er það ekki nægjanlega vönduð málsmeðferð til þess að hún geti gilt fyrir öll tilvik? Þarf þessa aðgreiningu? Er hún endilega heppileg? Af hverju tekur þá ekki ráðuneytið þetta allt, allt heila draslið, ef verið er að þessu á annað borð? Án þess að ég sé nú endilega að mæla með því. En ég hef ekki heyrt mikil efnisleg rök fyrir þessari aðgreiningu.

Í öðru lagi, herra forseti, er það afar sérkennilegt sem kemur fram í 8. gr. og það vekur tortryggni svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim og/eða ákvarðana yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar."

Síðan eru aftar í frumvarpsgreininni ákvæði um hana. En svo segir:

„Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi samkvæmt ákvæði 3. gr. a."

Sem sagt þegar meiri háttar starfsemi, meiri háttar mengun, eða fjárfestingar yfir 950 millj. kr. eru á ferðinni, hvað er þá verið að fella úr gildi? Jú, það er verið að fella úr gildi kærunefndina, úrskurðarnefndina, og í raun og veru er líka verið að fara fram hjá því sem áður var stjórn Hollustuverndar ríkisins. Þannig er verið að stytta leiðina mjög mikið og þyngja auðvitað stöðu ráðherrans í þessu dæmi alveg sérstaklega, stjórnvaldsins í umhverfismálum. Ég leyfi

mér að spyrja: Er þetta sannfærandi málsmeðferð miðað við það sem á undan er gengið? Hefur það ekki einmitt verið hið gagnstæða sem hefur í reynd komið á daginn og verið kvörtunarefni, að sá andmælaréttur og sá íhlutunarréttur almennings í landinu sem löggjafinn hefur ætlast til að væri fyrir hendi þegar um svona hluti er að ræða hefur ekki alltaf verið virkur? Þar hafa mönnum verið mislagðar hendur. Er þá lausnin sú að kippa honum bara út og láta ráðherrann hafa þetta meira og minna á sinni könnu?

Að vísu er ákveðinn aðdragandi að útgáfu leyfisins. Mér er það ljóst og inn á það er komið í 1. gr. En þegar um útgáfu á leyfum af hálfu ráðherra er að ræða þá detta þessir aðilar út úr ferlinu sem áður voru þar fyrir hendi. Kærunefndin, vegna þess að hún er undanskilin með pósitífu ákvæði samkvæmt 8. gr. frv., og stjórn Hollustuverndar ríkisins, vegna þess að hana á að leggja niður. Það á að henda henni út samkvæmt breytingum í 9. gr. Það er ástæða til að koma inn á það í leiðinni, herra forseti, hvaða skipulagsbreytingar eru þar á ferðinni. Framkvæmdastjórinn á að heita forstjóri. Þýðir það að embættið verði laust? Það eru engin ákvæði um að núverandi framkvæmdastjóri — eins og oftast er nú gert þegar um er að ræða breytingar sem varða starfslýsingu á embætti manns — þá er undanþáguákvæði sem tekur fram að þetta skuli þó ekki gilda um þann sem í starfi er. Ég sé engin slík ákvæði hér. Þýðir þetta þá að í reynd sé verið að segja framkvæmdastjóra Hollustuverndar upp með þessari breytingu og að starfið verði laust til umsóknar frá áramótum? Einhver breyting hlýtur að vera þarna á ferðinni meira en bara nafnið eitt. Eða hvað? Ég sé ekki að það sé endilega til framfara í þessu efni að henda stjórn Hollustuverndar ríkisins út. Hefur reynst illa að hafa stjórn fyrir þessari stofnun? Það er kannski í samræmi við það að í raun er verið að gelda hana að miklu leyti og gera hana að minni háttar stofnun með því að ráðherra er að taka öll stærri mál til sín í ráðuneytið. Spurningin er þá til hvers þessi aðgreining er.

Ég vil ítreka spurningar sem komu hér fram en svörin voru heldur rýr við. Kannski getur hv. þm. Gísli S. Einarsson svarað því. Hann er einn af flm. þessa frv. og hlýtur að vera brennheitur stuðningsmaður þess. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. eða einhverjir aðrir svari því hver hin knýjandi rök eru fyrir því að menn stytti sér svona leið í meðferð málsins? Af hverju er ekki hægt að ljúka eðlilegri umfjöllun í þingnefnd um þetta frv. frá ríkisstjórninni sem liggur fyrir? Það er nokkuð óvenjulegt að einn af stjórnarandstæðingum á Alþingi gengur í lið með ríkisstjórninni í þessum nauðum hennar eða hæstv. ráðherra og fer í skutinn og rær þar með, damlar svona með. (**GE:** Rær miðskips.) Er hv. þm. bara miðskips? Það er ekkert annað. Það er gott ef hann slær ekki taktinn í áralaginu. (Gripið fram í.) Þetta vekur nú athygli mína. Það væri fróðlegt að heyra hvernig menn svara m.a. fyrir þetta. Eru menn að falla á tíma í þessum efnum? Er ekki hægt að nota gildandi löggjöf? Hvaða einkunn er verið að gefa henni? Er hún þá ónýt? Eru menn að játa upp á sig að hafa verið að styðjast við ónothæfar og ónýtar leikreglur í þessum efnum? Það er þá kannski endanlegur áfellisdómur í því móverki öllu saman sem þessi starfsleyfamál ráðuneytisins hafa verið. Hvaða starfsleyfi eru það sem ekki er hægt að framlengja og knýjandi nauðsyn kveður á um að séu gefin út nú? Ég hef enga trú á því að stoppa þurfi Sementsverksmiðjuna um áramótina eða Steinullarverksmiðjuna eða hvað það nú er. (**Gripið fram í:** Magnesíumverksmiðjuna.) Jaá, herra forseti, það kynni hins vegar að vera að það væru einhverjar nýjar fabrikkur og freistandi væri fyrir menn, miðað við það sem á undan er gengið, að stytta sér leið — (**Gripið fram í:** Það væri nú gott.) sleppa einum tuttugu hliðum og fara beint í mark ef maður tekur líkingu sem ættuð væri úr skíðabrekku.

Að lokum, herra forseti. Eru allar aðstæður í kringum þessi mál þannig að fallegur svipur sé á því fyrir Alþingi að fallast á það í jólaannríkinu á fáeinum sólarhringum að heimila að menn stytti sér svona leið? Er það rökrétt framhald af Kyoto? Er það rökrétt framhald af frammistöðu ráðuneytisins og Hollustuverndar og slíkra aðila undanfarin missiri í sambandi við meðferð þessara mála? (Gripið fram í.) Er það trúverðugt beint ofan í umræður um að við Íslendingar ættum nú kannski að hugsa okkar gang og velta því aðeins fyrir okkur á hvaða braut við erum — þegar búnir að ráðstafa, og reyndar miklu meira en ráðstafa, öllum þeim sóðakvóta sem við gætum fengið miðað við niðurstöður í Kyoto — komnir langt fram úr? Þannig að það verkefni blasir við okkur — ekki að útdeila einhverju nýju, ekki að veita nýjum fabrikkum starfsleyfi, nei, þvert á móti að taka á því hvernig við ætlum að ná niður þeirri losun sem augljóslega stefnir í að óbreyttu vegna þegar útgefinna starfsleyfa, vegna þegar aukinna umsvifa í iðnaði og sjávarútvegi og annars staðar á landinu. Það væri nær, herra forseti, að svo miklu leyti sem hér á Alþingi væri tími afgangs til umræðna um mál fyrir jólaleyfi, að menn reyndu að átta sig á upphafinu í þessari vegferð. Menn mættu líka minnast þess að búið er að gefa út slatta af starfsleyfum nú þegar. Ég veit ekki betur en að starfsleyfin hafi í raun innifalið heilmiklar stækkunarheimildir til fabrikka sem þegar er búið að byggja eða verið er að byggja og hafa val eða heimild til umtalsverðrar stækkunar og þar með aukinnar losunar, og þarf engin ný leyfi til. Ég segi því alveg eins og er, herra forseti, með fullri virðingu fyrir hæstv. umhvrh., að ég er ekkert sérstaklega spenntur fyrir að standa að lagabreytingum við þessar aðstæður, að lítt athuguðu máli, sem eru meira eða minna settar í samhengi við eða rökstuddar á þann veg að nauðsynlegt sé að fá í hvínandi hvelli heimildir til að gefa út ný starfsleyfi. Hvort sem það er fyrir magnesíumverksmiðju eða eitthvað annað. Ég er bara ekkert inni á því. Ég vil fá að fara rækilega yfir þau mál. Ég er formaður sjútvn., herra forseti, og þar á í hlut kannski sá stærsti einstaki hagsmunaaðili í þessum málum sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn að. Ef þetta verður nú þannig að menn meira og minna rígbinda Ísland á klafa þessarar mengunar í gegnum langtímasamninga um erlenda stóriðju, hvar er þá líklegt að menn reyni að bera niður þegar allt verður komið í óefni og við eigum ekki undankomu auðið undan þjóðréttarlega skuldbindandi samningi? Að hverju ætli böndin berist? Hvert gætum við leitað? Það er fyrst og fremst bara um tvo aðila að ræða. Það er umferðin og almennur innlendur iðnaður og það er sjávarútvegurinn. Ætla menn bara að ana áfram og láta iðnrh. ganga lausan og spreða milljónum og milljónatugum í að leita að nýjum stóriðjum? Ætla menn að láta mál til handa hæstv. umhvrh. fá flýtimeðferð á Alþingi til að hann geti gefið út fleiri starfsleyfi? Á hvaða braut eru menn hér? Ég held að ástæða sé til að bremsa menn aðeins niður. Einhver versti rökstuðningur sem hægt er að færa fram fyrir þessu máli er einmitt þessi: Að það liggi á að fá þessar heimildir til að gefa út ný starfsleyfi fyrir nýja stóriðju. Það er akkúrat eitt það vitlausasta sem flm. gátu sagt í samhengi málsins. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Ef menn hefðu bent á að það væri af réttarfarslegum ástæðum nauðsynlegt að gera

tilteknar ráðstafanir en ekki stæði til að binda hendur okkar á einn eða annan hátt þrátt fyrir þau ákvæði, þá hefði það verið annað mál. En hér er í raun verið að segja okkur að það eigi einmitt að nota þessar lagabreytingar þannig að menn fái frjálsari hendur og það verði auðveldara og fljótlegra fyrir menn að sulla út nýjum starfsleyfum fyrir stóriðju. Þá er ég bara ekki með, herra forseti. Ég held að löngu tímabært sé að menn staldri aðeins við og gái að sér. Satt best að segja er það þyngra en tárum taki hvernig allur umbúnaðurinn um þessi mál hefur verið hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er leitt að sjá jafnágætan mann og góðan músíkant og hv. þm. Gísla S. Einarsson, lenda að hluta til inn í þeim villuskógi. En vonandi kemst hv. þm. óskaddaður út úr því kompaníi á nýjan leik og nær áttum. (Gripið fram í.) Það er ekki ástæða til að damla undir með hæstv. ríkisstjórn í þessari kolgölnu stóriðjusiglingu sem þar hefur verið höfð uppi heldur þvert á móti eitthvað annað.

Ég lít svo á, herra forseti, og ætla að hafa það mín lokaorð, að eitt allra stærsta málið sem hljóti að koma til umræðu og kasta Alþingis á næstu mánuðum og missirum séu umhverfismálin og reynt verði að móta nýjar og verulega breyttar áherslur fyrir Ísland í þessum efnum og menn reyni að þræða sig út úr þeim frumskógi sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið villuráfandi í.

[17:45]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einu sinni enn langar mig að taka það fram, af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók það upp eftir öðrum að hér væri um skemmri skírn að ræða og væri verið með miklum flýti að keyra mál í gegnum þing, að þó það sé vissulega rétt að frv. sem hér er til umræðu sé nýframkomið, þá er verið að tala um sömu efnisatriðin og verið hafa til umfjöllunar hjá hv. þingi og nefnd síðan í október, og tók ég reyndar fram strax í upphafi, í framsöguræðu minni, nauðsyn þess að taka á starfsleyfismálunum. Og það er einmitt það sem hv. þm. spurði um: Er ófremdarástand ríkjandi og er þetta viðurkenning hæstv. ráðherra á að svo sé? Það hef ég margsagt. Ég hef sagt að málin séu í blindgötu eins og þau eru núna og ganga ekki fram með réttum hætti. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að við settum okkur skýrar reglur um það hvernig eigi að standa að útgáfu starfsleyfa og með hvaða hætti þau fari í gegnum heilbrigðisnefndir þar sem það á við, Hollustuvernd ríkisins þar sem það á við og ríkisstjórn eða ráðherra eða umhvrn. þar sem það á við. Nú getur menn auðvitað greint á um það og ég geri það ekki að neinu aðalatriði að viðmiðin séu við 950 millj. kr. Það er bara það sem hefur verið. Það er sú viðmiðun sem er búin að vera í fjöldamörg ár þannig að hún er ekki ný. Unnið hefur verið samkvæmt henni og útgáfa starfsleyfa hefur á undanförnum árum frekar en hitt verið færð frá ráðuneyti eða ráðherra til heilbrigðisnefndanna og Hollustuverndarinnar þannig að það nú þvert á móti ekki verið að færa þetta inn í ráðuneytið heldur frá því miðað við það sem gilt hefur á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá varðandi þessi vandkvæði með útgáfu, lagasetninguna og reglugerðarmálin öllsömul sem er, a.m.k. ekki í andsvari tími til að rekja, þá er það ljóst að ekki hefur komið til útgáfu starfsleyfis af þessu tagi í þann tíma sem núgildandi lög hafa staðið, þ.e. það var ekki fyrr en í fyrra sem á þetta reyndi við útgáfu starfsleyfis fyrir stóriðju nú, í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem þessi mál komu upp og sá vandi kristallast eða kemur fram með þeim hætti sem raun ber vitni.

Aðeins út af því að hv. þm. spurði um forstjórann, þá er forstjórinn ráðinn tímabundinni ráðningu í dag. Ég man ekki nákvæmlega hvaða ár ráðningartími hans rennur út (Forseti hringir.) þannig að það er ekki verið að breyta eða koma nýju inn í þessu efni hvað það mál varðar. Tvö eða þrjú atriði önnur gæti ég kannski nefnt í síðara andsvari, hæstv. forseti.

[17:48]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst út af fyrir sig hæstv. ráðherra vera maður að meiri að viðurkenna að málin væru í hreinni blindgötu og í öngstræti. Það kann að hafa farið fram hjá mér að hann hafi tekið jafnskýrt til orða í sínum fyrri tölum, alla vega heyrði ég það ekki í hinni gagnmerku framsöguræðu 1. flm. Það er auðvitað hroðaleg einkunn fyrir alla aðstandendur og ekki síst hæstv. umhvrh. sem hefur nú setið í því embætti í tvö og hálft ár eða svo, að þurfa að koma hér og viðurkenna að þetta sé allt í hreinum og klárum ólestri og gangi ekki upp og löggjöfin sé ónýt og ekki sé hægt að framkvæma hana og allt sem ráðuneytið hafi verið að styðjast við og reyna að koma hér í gegn og notast við undanfarin missiri sé ónýtt. Það er í raun og veru boðskapurinn. (Gripið fram í). Það er auðvitað sjálfskaparvíti, það er ljóst. Ég held að það verði að kallast það.

Í öðru lagi varðandi starfsleyfin þá er það samt þannig að verið er að fara fram á opna heimild til þess að gefa út ný starfsleyfi, opna fyrir nýja stóriðju. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra og reyndar finnst mér það nú lágmark, ef mönnum dettur það virkilega í hug að afgreiða þetta hér og nú: Væru menn þá tilbúnir að gera þá breytingu sem lágmarkssamkomulagsgrundvöll að þetta yrði skilyrt og bundið við endurútgáfu á starfsleyfum til þegar starfandi fyrirtækja og miðað við óbreytta starfsemi ef einhver slík tilvik eru sem þarfnast úrlausnar fyrir áramót? Ég fékk engin svör við því hvort loka yrði Sementsverksmiðjunni 2. janúar eða Steinullarverksmiðjunni í mars eða eitthvað svoleiðis ef þessi lög næðu ekki fram að ganga. Ég fékk engin svör við því. Ef svo væri þá býst ég við að menn væru tilbúnir til að skoða það hér, a.m.k. mundi ég vera það, að heimilað yrði að framlengja, t.d. tímabundið þangað til að heildarendurskoðun löggjafarinnar væri lokið, starfsleyfi fyrir þegar starfandi fyrirtæki miðað við óbreytta starfsemi, en það væri alveg á hreinu að engu nýju yrði hleypt í gegn. Treystir hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) sér til að svara einhverju til um slíka lausn á málinu?

[17:50]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af því hversu brýnt eða nauðsynlegt er að ná þessu máli fram núna þá gat ég þess áðan í andsvari við hv. þm. Hjörleif Guttormsson að ég sæi það fyrir mér að ef málið afgreiðist ekki nú fyrir áramót verði það varla í febrúar eða mars. Það væri auðvitað gott ef einhver trygging væri fyrir því að það yrði strax og þing kæmi saman. En hitt þekkjum við af reynslu að miklu líklegra er að það verði í besta falli í apríl eða sennilega ekki fyrr en í þinglok að málið yrði endanlega frágengið og þá er enn þá eftir langt ferli fyrir starfsleyfismálin eins og bæði kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hv. þm. Steingrímur Sigfússon nefndi reyndar einnig þegar hann var að greina frá

því hvernig starfsleyfisferlið færi fram. Að vísu fannst mér hann gefa því aðeins skemmri skírn í ræðu sinni áðan.

Það er þegar vitað að fyrir liggur umsókn um starfsleyfi nú fyrir þriðja ofn Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og er til vinnslu hjá Hollustuvernd ríkisins. Ég skal ekki fullyrða um hversu brýnt það er, samkvæmt upplýsingum sem hafa komið fram í umræðum á þessum fundi að það kunni að vera að það sé ekki svo brýnt. Það er það sem hefur legið fyrir og svo þær upplýsingar að innan skamms þurfi að endurnýja starfsleyfi fyrir tvær þegar starfandi verksmiðjur en ég hygg að ekki sé um 1. eða 2. janúar að ræða í því efni, það sé síðar, en minni aftur á hvað þetta tekur langan tíma. Í fyrsta lagi að fá frumvarp lögfest á þingi og síðan að vinna úr því samkvæmt þessu ferli sem lögin gera ráð fyrir í margar vikur þar á eftir, (**HG:** 16 vikur.) 16 vikur minnir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson okkur hér á.

Aðeins um það að hér sé verið að stytta leið og fela ráðherra nýtt vald sem hann hefur ekki haft þá vil ég minna á að starfsleyfi sem gefin eru út af ráðherra verður ekki vísað til úrskurðarnefndar. Það er ekki þannig. Úrskurðarnefndin hefur vísað þeim frá sér og sagt að það sé ekki hennar. Dómstólar geta auðvitað tekið á því (Forseti hringir.) ef ráðherra hefur misbeitt valdi sínu eða ekki farið rétt með. Hér er gert ráð fyrir því að þeir sem hafa athugasemdir við starfsleyfisútgáfu fram að færa geri það fyrst til Hollustuverndar og þær séu teknar fyrir þar og síðan geta þeir vísað (Forseti hringir.) þeim aftur til ráðherra og tekið þau stóru mál sem til ráðherra eiga að fara, en auðvitað hlýtur löggjafinn að ákveða hvaða mál hann vill láta afgreiða í heilbrigðisnefndum eða í Hollustuvernd ríkisins og hvaða mál hann vill láta fara til ráðherra. (Forseti hringir.) Þetta er sú regla sem hefur verið viðhöfð, á því byggist frv. bæði það eldra og hið nýja, að staðfesta það og fyrst og fremst að fá í þetta skýrar línur og skýrar leikreglur.

[17:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það vilji í sjálfu sér allir. Ég held að enginn hafi gaman af því að einhver óvissa og vandræðagangur sé á ferðinni í þessum efnum. Það er öllum raun af slíku og sá vandræðagangur sem hefur verið í starfsleyfamálum undanfarin missiri er auðvitað engum til góðs.

Ég er ekki alveg dús við þá framsetningu eða röksemdafærslu að ef ekki er hægt láta þetta dúndra í gegn núna á fáeinum klukkutímum, liggur mér við að segja, tveim, þrem sólarhringum, þá séu engar líkur á að þetta verði afgreitt fyrr en í apríl eða maí. Þá er greinilega einhver vinna eftir við frv. sem er í umhvn. (**Gripið fram í:** Það er reynslan sem segir það.) Ætli það geti ekki verið staðreyndin að sú vinna væri lítt fram gengin og menn væru lítt farnir að huga að umsögnum og öðru slíku. Það skyldi nú ekki einmitt vera ein ástæðan fyrir því að menn fara hér fram með slíkri flýtiferð. Mér finnst alveg sjálfsagt að hv. nefnd fari ofan í saumana á því og kalli til sín aðila hversu brýnt það er í einstökum tilvikum að afgreiða mál en þá á líka að reiða fram upplýsingar um það. Þetta er engin frammistaða að koma með málið hér og tala í véfréttastíl um það að sennilega þurfi og liggi kannski á og það sé einhver umsókn í kerfinu. Menn eiga að gjöra svo vel og vinna heimavinnuna sína og koma fram með það hvenær starfsleyfi Sementverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar falla úr gildi og hversu brýnt málið er. Hvar er stækkunarmálið á Grundartanga og er eitthvert smyglgóss með í ferðinni, einhver magnesíumverksmiðja eða annað fleira? Það er auðvitað sjálfsagt að fá hreinar línur í slíkt og það er alveg lágmark að nefndin eða þá hinn svokallaði meiri hluti hennar reiði fram upplýsingar um málið. Ég vona að mönnum detti ekki í hug að farið verði í gegnum 2. og 3. umr. fyrir jól öðruvísi en að þær upplýsingar liggi skýrar fyrir. (Forseti hringir.) Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra að því og ráðherrann getur e.t.v. svarað síðar: Er ekki frekar unnt að ná samkomulagi um að vinna í þessu máli, t.d. í janúar, og stefna að afgreiðslu þess fyrir 15. febrúar? Annað eins hafa menn nú gert eins og það. Að semja um slíka hluti og reyna að vinna þetta sómasamlega.

[17:56]

**Útbýting þingskjals:**

Skipulags- og byggingarlög, 332. mál, brtt. ÁMM, þskj. 568.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 17:57]

[20:31]

**Útbýting þingskjals:**

Vörugjald af olíu, 358. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 569.

## *Fjáraukalög 1997, 3. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 450, frhnál. 558, brtt. 559.

[20:32]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 frá meiri hluta fjárln.

Nokkur atriði málsins hafa verið til umræðu í nefndinni fyrir 3. umræðu. Umfjöllun um þau er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum við 2. gr. sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, en þær nema alls 353,9 millj. kr. til lækkunar á gjaldahlið.

Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Einnig skal þess getið að í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjur ríkissjóðs aukist um 854 millj. kr. frá fyrri áætlun og verði tæplega 131,8 milljarðar kr., samanber breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins.

Skýringar við einstakar breytingartillögur er að finna á þskj. 558.

Lækkun á útgjaldahlið frv. skýrist af því að undir fjmrn. lækkar liðurinn Ýmis lán ríkissjóðs, vextir um 480 millj. kr. Þegar áætlun um vaxtagreiðslur ríkissjóðs var endurmetin fyrir framlagningu frv. stóð enn þá yfir átak sem miðaði að því að innkalla ýmsa eldri flokka spariskírteina og fá eigendur þeirra til að skipta þeim í staðinn í svonefnda markflokka. Reiknað var með því að svipuð þróun yrði til ársloka og hafði verið frá því að endurskipulagning hófst snemma á árinu. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að mun færri hafa nýtt sér tilboð um skiptikjör fyrir markflokka síðustu mánuði ársins en ætlað var. Til þessa má rekja lækkun útgjaldahliðarinnar en lækkun þess kostnaðar nemur um 480 millj. kr.

[20:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Það er nú kannski meira af hollustu við málefnið sem ég kem hér upp en að svo mjög miklu sé við það að bæta sem fram kom hjá minni hluta fjárln. við 2. umr. um frv. til fjáraukalaga. Við skiluðum þá séráliti og bentum á ýmsa þætti sem okkur fannst verða að koma fram í þeirri umræðu þar sem við rifjuðum upp áherslur okkar við afgreiðslu fjárlaga í desember fyrir ári og bentum sem oftar á það sem minni hlutinn hafði fram að færa í sambandi við tekjuhlið og raunar gjaldahlið frv. til fjárlaga. Þá hafði allt reynst satt og rétt og ekkert ofsagt. Það er komið í ljós núna að meiri hlutinn hefur enn fundið svolítið fé til viðbótar þannig að hækkunin á tekjuhliðinni er þá orðin rúmlega 5,5 milljarðar kr. og er það reyndar ríflega það sem minni hlutinn taldi í fyrra þegar fjárlögin voru afgreidd. Þannig að ekkert var ofsagt í þeim efnum.

Menn muna það kannski sem hlýddu á umræður við 2. umr. um þetta frv., auk þess sem það kom að sjálfsögðu fram í nál., að við vildum láta taka á vanda sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri og lögðum mikla áherslu á þau mál þegar frv. var til 2. umr. Við töldum og teljum enn að við höfum fengið það greinargóðar upplýsingar í skýrslum og úttektum af ýmsu tagi og frá fleiri en einum aðila og fleiri en tveimur að við værum fyllilega til þess bær að meta hvað vantaði upp á framlögin til sjúkrahúsanna til þess að þau gætu sinnt sínu veigamikla hlutverki. Því miður var meiri hlutinn ekki tilbúinn til að fallast á það þá, ekki í því formi sem við óskuðum og lögðum til. Framlög til Sjúkrahúss Reykjavíkur hefðu þurft að aukast miklum mun meira en lagt var til í brtt. meiri hlutans. Sama er að segja um Ríkisspítalana svo og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem eftir margra ára rekstur, sem hefur fallið innan ramma fjárlaga, er nú komið með halla upp á 84 millj. kr. Meiri hlutinn, sjálfsagt að boði heilbrrn., vildi taka öðruvísi á málunum enda þótt búið sé að viðurkenna í umræðum hér hvað eftir annað bæði í tengslum við umræðuna um fjáraukalögin svo og þegar fjárlög voru til 2. umr. að þarna væri verulegur vandi á ferðum sem þyrfti að taka á. Það vill meiri hlutinn gera með því að búa til pott og deila úr honum eftir einhverjum þeim reglum sem við vitum ekki hvernig verða.

Við studdum reyndar þá tillögu sem meiri hlutinn flutti við 2. umr. um frv. til fjáraukalaga um 200 millj. kr. framlag í þennan títtnefnda pott í trausti þess að þeim fjármunum yrði varið til að leysa stóran hluta vanda sjúkrahúsanna utan höfuðborgarsvæðisins. Nú dreg ég í efa að það dugi og það segi ég vegna þess að halli stærsta sjúkrahússins, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, er slíkur að það þyrfti nær helminginn af allri þessari upphæð til að leysa þann vanda. Og enn horfum við fram á erfiðleika í rekstri allra sjúkrahúsanna í landinu á næsta ári. Þær 300 millj. sem lagt er til að verði til skiptanna á næsta ári til allra þessara sjúkrahúsa eru sennilega aðeins um einn fjórði af því sem þarf til að sjúkrahúsin geti staðið undir þeim rekstri sem þeim er ætlað að sinna og hafa reynt að gera hingað til.

Ég hlýt að ítreka og endurtaka það sem hér hefur áður verið sagt að sá vandi er raunverulegur og stafar ekki af óráðsíu og illri meðferð fjármuna vegna þess að allar þessar stofnanir hafa af öllum mætti tekið á og reynt að haga sínum rekstri þannig að þær gætu búið við þær fjárveitingar sem þeim hafa verið skammtaðar. Það hefur orðið verulegur árangur í rekstri sjúkrahúsanna. Hann sést á því að þjónusta hefur verið verulega aukin. Miklu fleiri sjúklingar eru þjónustaðir en var fyrir nokkrum árum og hagrætt hefur verið í rekstrinum á alla kanta. Það eru fleiri sjúklingar á hvern starfsmann og fleiri aðgerðir eru framkvæmdar en áður var. Þannig hefur öll þjónusta verið efld við mjög erfiðar aðstæður. Mál er að þessu linni.

Ég get alveg viðurkennt og hef gert það áður úr þessum ræðustól að meiri hlutinn tekur á þessum vanda að hluta. Gagnrýni stjórnarandstöðunnar hefur skilað sér. Vandinn hefur verið viðurkenndur og ætlunin er að reyna að taka á honum en of lítið og að mínu mati mjög seint en vonandi ekki of seint. Þetta vildi ég láta koma fram við umræðuna því að á þessu verður hamrað þangað til nóg er að gert. Það er ekki hægt að láta hlutina danka eins og þeir hafa gert. Það er ekki bara í rekstrinum sem vandinn er. Hann er stór þar og brýnast að taka á honum svo þessar mikilvægu stofnanir í þjóðfélaginu fái gegnt sínu hlutverki. En það er líka verulegur vandi í sambandi við viðhald húsanna. Hann er það reyndar víða í kerfinu. Það er alls staðar sem þyrfti að huga að viðhaldi húsa og endurbótum því að í þeirri efnahagslægð sem við bjuggum við og hefur nú jafnað sig aftur, þá var kreppt svo að, ekki bara í rekstri heldur ekki síður í viðhaldi, tækjakosti o.s.frv., að þar er að verða mjög slæmt ástand. Það er ekki af hinu góða heldur af hinu illa. Það er mjög illa farið með eigur að láta þær drabbast niður af viðhaldsleysi. Ég tel að það sé eitt brýnasta verkefnið sem við er að fást og verður að fást við á næstu árum, þ.e. að gera raunhæfar áætlanir um viðhald á eigum ríkisins til nokkurra ára í senn og reyna að taka á þeim vanda svo hann verði ekki beinlínis óviðráðanlegur.

Um aðra þætti þessa frv. sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Við í minni hlutanum höfum getað hugsað okkur að koma með tillögur um frekari fjárveitingar sérstaklega til sjúkrahúsanna en við sjáum ekki ástæðu til að gera það og pína meiri hlutann meira en orðið er því að ég er ansi hrædd um að þeir hefðu haft sama sið og áður bæði í sambandi við afgreiðslu fjáraukalaga og við 2. umr. fjárlaga, að þeir hefðu fellt allar okkar tillögur. Þeir vilja hafa sinn háttinn á. Pottastefna skal það vera. Þessi mál verða hins vegar tekin upp aftur síðar og þau verða tekin upp þar til okkar viðvaranir hafa náð í gegn.

[20:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs út af sjúkrahúsunum og get tekið undir hvert orð sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykn. um þau mál. Mig langar í tilefni af umræðunni að beina nokkrum spurningum til hv. formanns fjárln. Ég tel enga ástæðu til að kvelja hann neitt meira frekar en hv. 12. þm. Reykn., vil sýna honum mannúð í verki en ég vil nota tækifærið til að þakka honum fyrir hvað hann hefur verið ötull við að svara fyrir í þessum umræðum öllum, bæði um fjárlög og fjáraukalög, það er þakkarvert. Í umræðunni hefur hann komið fram sem talsmaður ríkisfjármálanna í salnum. Fjmrh. hefur varla látið sjá sig. Það er þakkarvert. Hann hefur ekkert hingað að gera meðan þingið er að fjalla um þetta, þingið er með málið núna. Svo kemur ráðherrann og framkvæmdir það og svo er það verk okkar að gagnrýna hann fyrir það hvernig hann framkvæmir hlutina þannig að þetta er skynsamleg verkaskipting og ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir það. Ég vil hins vegar bæta við nokkrum spurningum í þennan sarp og reyndar fara fram á það við hann að hann ræði það við okkur.

Samkvæmt þeim tölum sem lágu fyrir þegar fjáraukalagafrv. kom til meðferðar 2. umr. varð niðurstaðan sú að það vantaði í svokallaða stóra spítala í Reykjavík, ef ég man rétt 1.500 millj. kr. samtals vegna ársins 1998 í óbreyttan rekstur og vegna ársins 1997 og liðins tíma. Af þessum 1.500 millj. voru um 900 millj. vegna ársins 1998, þ.e. ef spítalarnir hafa algerlega óbreyttan rekstur árið 1998 þurfa þeir 900 millj. kr. meira. Í fjárlagafrv. eins og það lítur út núna er ekki gert ráð fyrir því að spítalarnir fái þessar 900 millj. Það er gert ráð fyrir því að þeir fái eitthvað minna en 300 millj. af því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að spítalarnir í landinu öllu fái 300 millj. til að taka á vandamálum sínum.

Ég vil þá byrja á því að spyrja hv. formann fjárln. að því hvernig hann sér fyrir sér að tekið verði á þessum vanda. Hver borgar vandann? Eiga spítalarnir að taka mark á fjárlögunum? Eiga spítalarnir að taka mark á fjárlögunum og segja við fólk: Ég loka sjúkrarúmum frá áramótum? Ég býst við því að hv. formaður fjárln. svari spurningunni neitandi eins og hæstv. heilbrrh. hefur gert, m.a. í útvarpsþætti í gær. Hæstv. heilbrrh. telur enga ástæðu til þess að spítalarnir taki mark á fjárlögunum.

Þá segir hæstv. heilbrrh. hins vegar að spítalarnir eigi að fara með mál sín fyrir stýrinefndina og gera grein fyrir þeim þar. Þar eigi að gera þetta allt sem búið er að segja allt of oft í umræðunni fyrir minn smekk að það eigi að skoða málin, skilgreina málin, fara yfir málin, athuga málin, líta á málin, meta málin og skoða þau síðan frá ýmsum hliðum. Spurningin er sem sagt þessi: Hvað mundi hv. formaður fjárln. gera ef hann væri forstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur núna um áramótin? Eða Ríkisspítalanna? Mundi hann taka mark á fjárlögunum eða mundi hann taka mark á heilbrrh. því að fjárlögin segja eitt og hæstv. heilbrrh. segir annað í þessum málum?

Ég spyr hv. formann fjárln. líka að því hvort hann rengir þessar tölur. Er hann sammála þessum tölum? Nú getur verið að hann hafi rök fyrir því og þá er ég að tala um tölurnar vegna ársins 1998. Það getur vel verið að hann hafi rök fyrir því að tölurnar séu rangar, þá vil ég hlusta á það. En ég hef engin rök heyrt gegn því að þessar tölur séu réttar eins og þær hafa komið frá spítölunum og frá heilbrrn. Ég sé ekki betur en heilbrrn. hafi skrifað upp á þessar tölur þannig að mér sýnist að málið liggi þannig að þetta séu hinar staðfestu tölur eða hefur hv. formaður fjárln. eitthvað við þær að athuga?

Í þriðja lagi spyr ég hv. formann fjárln. vegna ársins 1998: Ef spítalarnir skera ekki niður þjónustu, loka og segja upp fólki frá áramótum er engu að síður ljóst að þeir munu búa við halla, a.m.k. Sjúkrahús Reykjavíkur. Mér sýnist að halli á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sé upp á 40 millj. kr. á mánuði á næsta ári. Ég sé ekki betur en það sé halli upp á rúmlega 1 millj. kr. á dag allt næsta ár eins og staðan er núna en dagarnir eru á næsta ári samkvæmt dagatali mínu, líklega hvorki meira né minna en 365 nema þeir væru 366, en hallinn er eitthvað í kringum 400 þannig að það er rúmlega milljón á dag sem hallinn er. Og þá spyr ég hv. formann fjárln.: Hver á að borga hallann á næsta ári? Ekki er hægt að hugsa sér að hann sé borgaður með því að skera niður rekstrarkostnað, þ.e. laun fólksins og lækka þau. Það verður að fylgja töxtum þar eins og annars staðar eða hver á að borga þennan halla á spítölunum í janúar, febrúar, mars? Hver á að borga vextina af þessum halla á næsta ári? Það er alveg nauðsynlegt að hv. formaður fjárln. svari því hvernig hann sér þessi mál fyrir sér. Ég er ekki að segja að hann leysi þau, ég er ekki að ætlast til þess. Ég get það ekki, það væri ósanngjarnt. En ég hlýt að geta gert kröfu til þess að hann hafi myndað sér skoðun á því hvernig spítalarnir munu taka á þessum málum. Ég vil fara fram á að hann svari þessum spurningum varðandi árið 1998.

Svo ætla ég að koma að árinu 1997 og fyrri árum og beina spurningum til formanns fjárln. áfram. Spurningar mínar eru þessar: Hver á að borga uppsafnaðan halla á spítölunum á árinu 1997, á liðnum tíma sem liggur fyrir, og er talinn vera upp á 500–600 millj. í þessum dæmum ef við tökum stóru sjúkrahúsin tvö. Hver á að borga hallann? Á að borga hann af fjárveitingu næsta árs? Það gæti verið sjónarmið. Þá þýðir það að niðurskurðurinn á næsta ári þarf að vera þeim mun meiri en menn höfðu áður talið að yrði að vera. Hvernig á að fara að því að greiða þennan halla upp? Hann liggur núna á fjárhag sjúkrahúsanna og væntanlega er hann einnig að taka á sig vexti eða vaxtabyrði. Hvernig ganga hlutirnir fyrir sig? Hvernig sér hv. formaður fjárln. fyrir sér að þetta gæti gerst? Ég held að við verðum aðeins að fara yfir það því að forusta fjárln. hlýtur að hafa skoðun á þessu, hún hlýtur að vita þetta. Hún getur ekki haft þessa hluti í lausu lofti. Það væri algert ábyrgðarleysi og ég saka forustu fjárln. ekki um ábyrgðarleysi, það geri ég ekki. Ég er viss um að forustumenn fjárln. hafa velt fyrir sér hvernig spítalarnir eiga að taka á þessum málum. Það hlýtur að vera.

Ég vil einnig spyrja í öðru lagi: Er eitthvað í tölum ársins 1997 og fortíðarinnar sem forusta fjárln. telur að sé rangt? Eru rangar upplýsingar vegna ársins 1997 eða fortíðarinnar að mati forustumanna fjárln. í þeim tölum sem hafa komið frá stóru spítölunum í Reykjavík eins og þeir eru kallaðir og sem heilbrrn. virðist hafa skrifað upp á? Ef eitthvað er rangt í þessum tölum vil ég heyra það. (Gripið fram í.) Ef það væri vildi ég gjarnan heyra það.

Í þriðja lagi varðandi árið 1997 og fortíðina ætla ég síðan að víkja að samkomulagi Sjúkrahúss Reykjavíkur, fjmrn. og heilbrrn. frá 12. sept. sl. og ég ætla að spyrja: Hvað er vanefnt í því samkomulagi af hálfu Sjúkrahúss Reykjavíkur? Er eitthvað í því samkomulagi sem er vanefnt af hálfu Sjúkrahúss Reykjavíkur? Mér er kunnugt um að í fyrsta lagi hefur verið staðið við þann þátt samkomulagsins sem fjallar um Kleifarveginn. Það er umdeilt mál eins og kom fram í atkvæðagreiðslu. Við höfum ýmsar skoðanir á því í þessum sal og erum ekki sammála því samkomulagi að öllu leyti, a.m.k. ekki ég, en það er engu að síður hluti samkomulagsins og það hefur verið efnt að mér skilst af hálfu viðkomandi aðila, þ.e. Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Annað atriði sem átti að taka inn í samkomulagið snertir Grensásdeildina. Ef ég man rétt átti að flytja hluta af taugalækningum og það átti að flytja geðdeildina inn á Grensásdeildina. Flutningurinn átti að kosta 15 millj. kr. Mér er sagt að núna liggi fyrir, og ég geri ráð fyrir að fjárln. hljóti að vita það vegna þess að það er á almannavitorði, að kostnaðurinn við flutninginn er miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna mun það vera skoðun forustumanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að það þurfi að endurskoða þann þátt samkomulagsins en ekki er hægt að halda því fram að þetta séu vanefndir af hálfu Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna þess að þetta snertir ekki liðinn tíma heldur væntanlega næsta ár. Ég spyr þá formann fjárln. hvort honum sé kunnugt um þetta vandamál.

Í þriðja lagi var gert ráð fyrir því í samkomulagi Sjúkrahúss Reykjavíkur frá 12. sept. sl. að það átti að samhæfa,

hygg ég að það hafi verið, bæklunarlækningar á spítölunum í því skyni að stytta biðlista. Þar er staðan þannig að Sjúkrahús Reykjavíkur hefur lýst sig reiðubúið til þess að fara í þessa samninga en Ríkisspítalarnir hafa hins vegar ekki verið tilbúnir til þess. Deilur eru á milli stóru sjúkrahúsanna sem svo eru kölluð um þetta mál. Ég þekki ekki nákvæmlega hvernig það er en þessi þáttur er ekki kominn til framkvæmda.

Í fjórða lagi var í samningnum gert ráð fyrir því að Vífilsstaðir tækju við tilteknu nýju hlutverki á næsta ári, einkum að því er varðar aldraða og það er þáttur sem átti að geta skipt talsverðu máli. Ekki er ljóst hvernig það gengur en það er a.m.k. ekki hægt að segja að sá þáttur samkomulagsins hafi verið vanefndur vegna þess að hann átti fyrst og fremst að snúa að árinu 1998.

Vegna starfs míns sem þingmaður hef ég átt viðtöl við forustumenn Sjúkrahúss Reykjavíkur og heilbrrn. og ég hef reynt að skilja þetta mál. Hvað er það sem menn hafa vanefnt og vanrækt í þessu samkomulagi? Allir vilja standa við samkomulag, það er engin spurning um það. Hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur aftur og aftur gefið það í skyn að menn ættu ekki að vera að segja mikið vegna þess að samkomulagið frá 12. sept. eigi að standa og menn eigi að standa við samkomulag, gefandi það í skyn að menn standi ekki við samkomulag, en ég held að það sé ekki sanngjarnt að setja málið þannig upp. Ég held að veruleikinn sé sá að menn hafi gert það sem hægt er til þess en ekki komist miklu lengra. Ef ég fæ nýjar upplýsingar um það í umræðunni frá hv. formanni fjárln. eða varaformanni kemur það í ljós. En ég vil með öðrum orðum ítreka þá spurningu og spyrja hv. formann fjárln. hvað er það í samkomulaginu frá 12. sept. sem er vanefnt þannig að það valdi þessari háu tölu, hafi áhrif á þessa gríðarlegu hallatölu vegna liðins tíma, ársins í ár og næsta árs upp á 1.500 millj. kr. Hvað er það sem verið hefur vanefnt?

Að lokum vil ég segja það, herra forseti, að ég hef ýmislegt að athuga við þessa svokölluðu pottastefnu. Ég kann ekki að meta þessa uppsetningu mála. Ég sagði það í atkvæðaskýringu um daginn að mér fyndist að þetta væri vantraust á heilbrrn. og ég sagði þá að ég væri ekki tilbúinn til að skrifa upp á það. Ég segi það alveg eins og er, ég held að staðan sé ekki þannig að það væri það besta sem við gerðum fyrir heilbrigðismálin á Íslandi að samþykkja í kvöld vantraust á heilbrrh. Ég held að málin liggi ekki þannig. Ég held að vandinn sé miklu alvarlegri en svo að menn geti leyft sér að taka á málum með þeim hætti. Ég held að það eigi á Alþingi þvert á móti að leita samstöðu þvert yfir flokka og stjórn og stjórnarandstöðu um að leysa þessi mál vegna þess að þau eru í bullandi erfiðri stöðu. En út af þessum pottum ætla ég bara að spyrja: Eftir hvaða reglum á að fara við að úthluta peningum úr þessum pottum? Ég heyri að varaformaður fjárln. er aftur og aftur að segja það bæði í þessum ræðustól og í fjölmiðlum að fjárln. ætli að fara að skipta sér af því hvernig verður úthlutað úr þessum pottum. Nú, er þetta þá fjárveitingamál? Eða er það stýrinefndin sem á að ráða þessu? Hver á að ráða þessu? Eftir hvaða faglegu sjónarmiðum ætlar fjárln. að fara? Örugglega einhverjum, en eftir hvaða? Hvað geta forustumenn sjúkrahúsanna gert sér vonir um að fá út úr pottunum? Ég tel reyndar að þetta sé í rauninni það lítið að það skipti auðvitað einhverju máli en allt of litlu máli. Þetta er örugglega allt of lítið.

Í samkomulaginu, sem var gert 12. sept., man ég það ekki rétt að það hafi verið í því 500–600 millj. kr. í peningum? Ég ætla að spá því núna hér úr þessum stól að í ágúst og 12. sept. 1998 verði gert nýtt samkomulag um 600 millj. kr. eða svo vegna þess að þetta stenst ekki. Ég tel að þetta sé markleysa eins og það er. Og ef hv. talsmenn fjárln. geta sýnt mér fram á annað þá skal ég af auðmýkt meðtaka það. En ég hef lagt fyrir þá nokkrar spurningar og vona að þeir geti svarað þeim og vilji svara þeim.

[21:02]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. spurði nokkurra spurninga. Sú fyrsta var hvað ég mundi gera ef ég væri forstöðumaður á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, hvort ég mundi loka um áramótin. Ef ég væri forstöðumaður þar mundi ég ekki loka. Ég færi í þær viðræður sem fyrirhugaðar eru og færi yfir nokkur atriði. Í fyrsta lagi færi ég að fara yfir samninginn sem gerður hefur verið, ég mundi reyna að ná samkomulagi um hallatölur sem hafa birst okkur. Ýmsar tölur hafa birst okkur í því sambandi og ég mundi setjast niður og reyna að fá samkomulag um áætlun um viðhald á Sjúkrahúsi Reykjavíkur til nokkurra ára. Ég mundi reyna að festa þá áætlun niður. Þetta er það sem ég mundi gera og einmitt þessi atriði er nauðsynlegt að skýra betur en hægt er á þessari stundu.

Ég hef aldrei haldið því fram að Sjúkrahús Reykjavíkur hafi vanefnt það samkomulag sem var gert í september en hins vegar er ljóst að deilur eru um það samkomulag og deilur um ýmis atriði þess eins og hv. þm. nefndi réttilega um Grensásdeildina, um samhæfinguna o.s.frv. Það er nauðsynlegt að fá þau mál á hreint.

Hv. þm. spurði einnig: Hver borgar uppsafnaðan halla? Hver borgar fjármagnskostnaðinn? Ég hygg að það sé alveg ljóst að það er ríkissjóður sem hefur lagt sjúkrahúsum fjármagn til rekstrar og sá halli lendir á ríkissjóði. Ég hygg að svo muni verða.

[21:04]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. kærlega fyrir svörin. Þau voru mjög skýr. Í fyrsta lagi sagði hv. formaður fjárln. að hann mundi ekki loka um áramótin, hann mundi ekki fara í það um áramótin ef hann væri forstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur að segja upp fólki. Eins og hann sagði færi hann yfir þrjú atriði: Í fyrsta lagi færi hann yfir samninginn frá 12. sept., það er eftir að ganga frá í honum. Í öðru lagi mundi hann reyna að ná samkomulagi um hallatölur spítalans og þetta hlýtur þá væntanlega að eiga við Ríkisspítalana líka, ég tel að það hljóti svo að vera. Í þriðja lagi mundi hann reyna að fá samkomulag um áætlun um viðhald á Sjúkrahúsi Reykjavíkur til nokkurra ára. Þetta var það sem hann sagði.

Í öðru lagi lagði hann á það áherslu að hann hefði aldrei haldið því fram að Sjúkrahús Reykjavíkur hafi vanefnt samninginn frá 12. september. Það er mjög mikilvægt að þetta hefur verið sagt vegna þess að mér finnst að þetta hafi legið í orðum hv. 2. þm. Vesturl. en það kann að vera misskilningur hjá mér. Hins vegar sagði hv. 2. þm. Austurl. að það hefðu verið deilur um ýmislegt og það má út af fyrir sig segja það. En það er ekki hægt finnst mér að gagnrýna einhliða Sjúkrahús Reykjavíkur fyrir þær deilur vegna þess að þær hafa verið á milli þess og Ríkisspítalanna, a.m.k. að því er varðar bæklunarlækningarnar.

Í þriðja lagi spurði ég: Hver á að borga uppsafnaðan halla og hver á að borga fjármagnskostnað? Hv. 2. þm. Austurl. og formaður fjárln. sagði: Það hlýtur auðvitað að lenda á ríkissjóði svo sem verið hefur. Þetta voru þau svör sem ég

bjóst við að fá. Mér finnst þau skýr og tæmandi miðað við stöðu málsins eins og hún hefur verið.

[21:06]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hélt því fram að ég hefði sagt frá því að hv. fjárln. kæmi að útdeilingu úr svokölluðum pottum sem hér eru svo mjög til umræðu. Það sem ég hef sagt, herra forseti, er að við gerum ráð fyrir því í þeim tillögum sem liggja fyrir þinginu að sérstakur hópur hafi verið skipaður til þess að gera tillögur um útdeilingu á þeim upphæðum sem gerðar eru tillögur um, annars vegar 200 millj. í fjáraukalögum og hins vegar 300 millj. í fjárlögum. Það sem ég hef sagt og kynnt fjárln. er að ég tel eðlilegt og í rauninni eðli málsins samkvæmt að fjárln. muni fjalla um þær tillögur þegar þær koma fram sem tillögur um fjáraukalög fyrir árið 1997 og 1998 og þegar við afgreiðum útdeilingu á þessum pottum. Fjárln. mun ekki gera tillögur um útdeilinguna að öðru leyti en fjalla um það sem mun þá liggja fyrir í formi tillagna.

Í annan stað vil ég segja vegna orða hv. 8. þm. Reykv. að ég hef ekki látið í það skína að ekki hafi verið staðið við samninga. Hins vegar hef ég gert athugasemdir við þær yfirlýsingar sem hafa komið fram af hálfu ábyrgðarmanna sjúkrahússins að það eigi að loka hluta sjúkrahússins um áramót. Ég hef minnt á að það var gerður samningur 12. sept. þar sem segir í 11. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar eru sammála um að auka rekstrarframlög frá fjárlögum til spítalanna um 320 millj., samanber greinargerð."

Um það erum við að fjalla núna í þessari umræðu. Í 12. gr. segir síðan: „Aðilar eru sammála um að borgarstjóri feli forstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur og heilbr.- og trmrh. fyrir forstjóra Ríkisspítala framkvæmd samkomulags þessa" o.s. frv.

[21:09]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilvitnun er að sjálfsögðu rétt lesin en hún segir ekki neitt. Auðvitað er það þeirra að halda utan um framkvæmd samkomulagsins og það er alveg ljóst að að því er best verður séð hafa þeir reynt að halda utan um það. En staðan er engu að síður nákvæmlega sú sem lýst er þannig að ekki er hægt að segja: Staðan er svona slæm af því að samkomulagið hefur ekki verið efnt að fullu. Menn hafa lagt sig fram um það, náð árangri á ýmsum sviðum en mjög margt í samkomulaginu er þannig að það átti fyrst að fara að skila árangri í peningum á árinu 1998. Það er ekkert í samkomulaginu sem liggur með þeim hætti af hálfu spítalanna að hægt sé að segja að þarna hafi verið um það að ræða að þeir hafi dregið lappirnar og þess vegna sé staðan svo vond. Hún er vond af allt öðrum ástæðum sem menn eru meira og minna sammála um hverjar eru.

Í annan stað um stýrinefndina. Hv. þm. sagði að sett yrði niður stýrinefnd til að gera tillögur um útdeilingu á 200 millj. kr. plús 300 millj. kr. eða samtals 500 millj. kr. vegna ársins 1997, vegna ársins 1998. Fjárln. mun fjalla um þær tillögur sem hluta af fjáraukalögum. Það finnst mér skrýtið vegna þess að fjárlögin eru væntanlega endanleg og potturinn kæmi því aðeins til meðferðar á Alþingi sem hluti af ríkisreikningi vegna áranna 1997 og 1998 en ekki sem fjáraukalög nema verið sé að segja með þessu að það hljóti að koma meira fé en nemur þessum potti eða nemur þessum 300 millj. á árinu 1998. Það held ég að hljóti reyndar að vera og spái að það verði svo. Þess vegna tel ég svo sem enga ástæðu til annars en að þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir svörin en ég vil kannski bæta því við ef hann hefði tíma til að nefna það í næsta andsvari ef hann telur ástæðu til að veita það, hvort hann rengir eitthvað af þeim tölum sem liggja fyrir um sjúkrahúsin og hér hefur verið rætt um, þ.e. 900 millj. samtals vegna ársins 1998 í óbreyttan rekstur og 600 millj. samtals vegna ársins 1997 og fortíðarinnar í óbreyttan rekstur.

[21:11]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rengi ekki fremur en borgarstjórinn í Reykjavík, hæstv. trmrh. og hæstv. fjmrh. þær tölur sem unnið var út frá þegar samningurinn var undirritaður. Þær liggja fyrir, það hefur ekkert breyst í þeim svo að ég viti til. Þær tölur liggja fyrir og þær eru hluti af samningnum. En ég hef enga ástæðu til að rengja þær. Það sem ég hef gert athugasemdir við eru yfirlýsingar um lokanir. Ég tel að við séum í miðri vinnu, miðju starfi, annars vegar stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur við það erfiða verkefni að halda þar rekstri í horfi og við hins vegar hér á Alþingi að sinna þeirri skyldu okkar að afgreiða fjáraukalög og fjárlög. Við erum að standa við samkomulagið af okkar hálfu með því að samþykkja 320 millj. kr. fjárveitingar til sjúkrahúsanna í fjáraukalög og síðan höfum við gert tillögu um viðbótarfjárveitingu. Ég tel að langskynsamlegasti kosturinn í stöðunni sem við erum að leggja til sé að ákveða ekki fyrir fram lausnina, heldur leggja verkefnið í hendurnar á hæfu fólki til þess að fara ofan í rekstur stóru sjúkrahúsanna og gera tillögu um hvernig við getum á tilteknu árabili, á tilteknum mánuðum leyst úr vandanum. Ekki kveða upp úr með það í ræðustól á Alþingi rétt fyrir jól, heldur vinna faglega við að endurreisa þann rekstur sem er í vanda. Það eru tillögur okkar, um það erum við að fjalla núna og ég er sannfærður um það að þegar farið verður ofan í þetta af sanngirni og án fyrir fram gefinnar niðurstöðu munum við komast að ásættanlegri niðurstöðu fyrir þau mikilvægu fyrirtæki sem sjúkrahúsin eru.

[21:13]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir svörin sem voru mjög mikilvæg. Í fyrsta lagi lagði hann á það áherslu að hann væri ekki að vefengja talnagrundvöllinn. Það er mjög mikilvægt. Ég hygg reyndar án þess að ég ætli að fara að leggja honum sérstaklega lið í þessu, þá gæti hann út af fyrir sig sagt sem svo: Það er spurning um hallann á Sjúkrahúsi Reykjavíkur vegna ársins 1997. Ef menn eru að horfa á þessar 1.500 millj. hygg ég að menn gætu sagt sem svo: Það er kannski hæpið að ganga út frá því að hann sé 110 millj. eins og sjúkrahúsið heldur fram miðað við það sem sjúkrahúsið skrifaði undir 12. sept. Látum það vera. Talnagrunnurinn er ekki vefengdur. Það er mikilvægt.

Í öðru lagi er mjög mikilvægt að hv. varaformaður fjárln. gagnrýnir ekki tölurnar og ekki málið heldur yfirlýsingar um lokanir. Hann gagnrýnir yfirlýsingar um lokanir. Af hverju komu yfirlýsingar um lokanir? Það var vegna þess að forstöðumenn Sjúkrahúss Reykjavíkur töldu að fjárlögin væru endanlegur dómur. Nú upplýsa bæði formaður og varaformaður fjárln. að fjárlögin séu ekki endanlegur dómur í málinu, að það sé við því að búast að hægt sé að gera sér vonir um að þarna verði um að ræða meiri fjármuni á árinu 1998 en er á árinu 1997 (**StB:** Þetta er rangt.) heldur en er í þeim tillögum sem liggja fyrir. Báðir þessir talsmenn eru því að gefa í skyn að það eigi ekki að loka, þeir segja: Það á

ekki að loka af því að forustumenn spítalanna geta gert sér vonir um meiri peninga. Það er það sem hér er verið að segja og það er fagnaðarefni að það skuli liggja fyrir og útilokað er að skoða orð hv. 2. þm. Vesturl. öðruvísi af því að hann sagði: Það á ekki að ákveða lausnina fyrir fram eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Eftir hverju þá? Eftir því sem menn kunna að ákveða í fjáraukalögum á árinu 1998. Það er ekki hægt annað en að skilja orð hans svo og ég þakka honum fyrir það.

[21:16]

**Útbýting þingskjala:**

Húsaleigubætur, 290. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 570; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 571.

[21:16]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að draga þessa umræðu á langinn en það er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum við 3. umr. um þetta frv. til fjáraukalaga þegar fyrir liggja í grófustu dráttum niðurstöðutölur fjárlaga komandi árs og bera eilítið saman nokkrar stærðir í því samhengi og meta svona hlið við hlið. Ég ætla svo sem ekki að eyða löngum tíma í þá umræðu sem hér hefur farið fram og snýst vitaskuld um grundvallaratriði, þ.e. hag heilbrigðiskerfisins hér á landi og þá meðferð sem einkum og sér í lagi sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu hafa fengið í þessum fjáraukalögum sem við erum senn að afgreiða og ekki síður í þeim fjárlögum sem senn munu afgreidd héðan frá þinginu, væntanlega í þessari viku.

Mig langar hins vegar að láta hér í ljósi nokkra þanka um krónur og aura, um stærðir og forgangsröðun í þessu sambandi. Við ræðum það gjarnan í þinginu að það þurfi að forgangsraða í heilbrigðiskerfinu til þess að ná einhverjum tökum á því ágæta kerfi. Yfirleitt nær þessi umræða ekki lengra en í almennt snakk og menn komast aldrei að kjarna málsins. Nefnd sem skipuð var og menn bundu miklar vonir við komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri allt í býsna góðu lagi og skildi þannig við verkið. Þegar við hv. þingmenn, sérstaklega á síðustu dögum þingsins, erum að véla um stórar tölur — hér ræða menn vanda sjúkrahúsanna í Reykjavík í hundruðum milljóna og stundum í milljörðum — þá vekur það auðvitað athygli, virðulegi forseti, þegar menn eru farnir að skoða sambærilegar tölur í fjárfestingum utanrrn. Ég veit vel að þessi umræða fór hér að nokkru leyti fram við 2. umr. en ég held að það sé óhjákvæmilegt að glöggva hana eilítið, ekki síst í ljósi þess að ég leitaði eftir því hjá utanrrh. hvernig staðið væri að og hverjar kostnaðartölur væru við tvær stórar framkvæmdir á vegum utanrrn. í erlendum stórborgum. Annars vegar var um að ræða umbætur á sendiherrabústað í Washington sem er að finna í þessum fjáraukalögum og hins vegar um að ræða verkefni sem lýtur að nýbyggingu sendiráðs í Berlín.

Í fjáraukalögunum sem við erum að ræða eru ekki litlar stærðir á ferðinni. Í utanrrn. eru tvö stór verkefni, þ.e. endurbætur á sendiherrabústað í Washington upp á 95 millj. og sendiráði Íslands í London upp á 290 millj., með öðrum orðum rétt um 300 millj. Í byggingu er nýtt og glæsilegt sendiráð í Berlín upp á 350 millj. þannig að nú erum við farnir að nálgast þær stærðir sem við erum að ræða í tengslum við heilbrigðismálin og getum farið að tala um þetta í hundruðum milljóna. Vissulega er það svo að fólk úti í samfélaginu veltir dálítið vöngum yfir því hvernig á því standi í þessari forgangsröðun sem pólitíkusar gjarnan eru að ræða, hvort það sé endilega þetta sem þurfi að ráðast í akkúrat núna.

Nú má enginn skilja orð mín þannig að ég vilji núverandi eða væntanlegum sendiherra í Washington svo illt að húsið hrynji yfir hann né heldur að núverandi og væntanlegir sendiherrar í Lundúnum lendi í því hinu sama því að ég minnist þess að hv. þm. Jón Kristjánsson skýrði það með tilvísan til sérfræðinga í utanrrn. að allt stefndi í það að óbreyttu að sex hæða húsið á Park Street í London væri að hruni komið. En ég spyr af því af ég veit ekki betur: Voru menn að átta sig á því akkúrat núna fyrir einum eða tveimur mánuðum eða á þessu ári? Það er eins og mig reki minni til þess að þessi umræða um húsið í Park Street í London, ef ég man rétt, sé 10 ára gömul og menn hafi vitað það fyrir 10 árum að leigutíminn var að renna út á því ágæta húsi. Einmitt á þeim tíma voru menn að velta því fyrir sér hvort það væri skynsamlegt að kaupa nýtt húsnæði eða endurnýja þennan leigusamning. En það er akkúrat á þessum síðustu dögum ársins 1997 sem menn taka af skarið og vilja finna þessu stað í fjáraukalögum upp á 290 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég hef enga sérþekkingu frekar en kannski nokkur hér inni á því hvernig húsaverð verður til í stórum borgum heimsins. En það vakti athygli mína, af því að ég ræði nú þessar fjárfestingar íslenska ríkisins á erlendri grundu í einni bendu, að sambærileg hús og þessi ágæti sendiherrabústaður okkar í Washington, þangað sem ég hef aldrei komið og get þess vegna ekki metið það á eigin forsendum, kosti um það bil 250 millj. kr. þar ytra. Það getur vel verið að það sé raunvirði. En við getum nú byggt býsna vel heima fyrir þá peninga og allra sæmilegasta hús. Endurbæturnar eru upp á 95 millj. samkvæmt svari utanrrn. við fyrirspurninni og núvirði hússins sem er að hruni komið er um 60 millj. þannig að þeir telja sig „græða“ á þessum endurbótum á húsnæðinu um það bil 100 millj. kr. Ég ætla ekki að vefengja þessa útreikninga. En lái mér hver sem vill, virðulegi forseti, þó að ég vilji eilítið staldra við og spyrja um hreint og beint hvort fjárln. hafi farið í gegnum þessar forsendur lið fyrir lið með okkar sérfræðingum, af því að vísað var til þeirra. Er það virkilega svo að ekki verði komist af með minna í henni Washington fyrir ágætan núverandi og væntanlegan sendiherra Íslands þar í bæ en húsnæði upp á 250 millj. kr.? Og er það virkilega þannig í henni London að ekki verði hægt að búa að ágætum núverandi og væntanlegum sendiherrum þar fyrir minna en 290 millj. kr.? Ég segi aftur: Lái mér hver sem vill. Ég einfaldlega spyr. Ekki síst spyr ég í ljósi þess að ég leitaði eftir svörum um byggingarkostnað nýs og glæsilegs sendiráðs í Berlín af því að ég þekkti aðeins til upphafs þess máls af því að sú ákvörðun var tekin þegar ég var aðili að ríkisstjórn og um það var samkomulag að ráðast í þá byggingu með öðrum Norðurlöndum. Ég hygg að það hafi verið hárrétt ákvörðun á þeim tíma þó að margir hafi dregið dálítið lappirnar einmitt í ljósi þess kostnaðar sem þá var yfirlýstur. Sá kostnaður hefur að vísu hækkað í hafi um einar 100 millj. ef ég man rétt frá því að sú ákvörðun var tekin. Þar var lóðaverð mjög hátt og þar var lagt talsvert í arkitektúr. En engu að síður erum við að tala um heilt sendiráð, mikið „monumentum“ á lykilstað í Berlín fyrir einar 350 millj. þannig að við erum eiginlega komin á það að sendiherrabústaðirnir eru farnir að slaga upp í þetta allt saman.

Virðulegi forseti. Er ekki ástæða til að við veltum þessu eilítið fyrir okkur? Og af þessu gefna tilefni hlýt ég að spyrja

forsvarsmenn fjárln. og formann hennar beint fyrst og síðast hvort meira af slíku sé í vændum, hvort við eigum von á því að fleiri hús séu að hrynja úti í heimi þar sem Ísland er eignaraðili, hvort fleiri sendiherrar séu í hættu staddir vegna þess að hús séu að hruni komin og hvort við þurfum nokkuð að tína upp úr vösum skattborgara fleiri hundruð millj. kr. til að bjarga þessum aðilum frá bráðum bana eða bráðri hættu.

Ég er ekkert að gera þetta að neinu gamanmáli. Kannski hefur það farið fram hjá mér einhvers staðar í þessari umræðu, í þessum plöggum, við afgreiðslu þingsins við fjárlagagerðina fyrir komandi ár — nú bið ég hv. þm. Jón Kristjánsson að veita orðum mínum athygli — í þessum gögnum sem fylgt hafa frv. til fjáraukalaga og frv. til fjárlaga komandi árs, en hvernig og hversu miklum peningum á að verja til varanlegrar eignamyndunar í hinu nýja sendiráði í Helsinki til að mynda? Ég sé það hér að menn ætla sér að tína einhverja fjármuni til að búa það sendiráð tækjum. En einhvers staðar þarf sá sendiherra að búa. Er búið að kaupa hús fyrir hann og hvað á það að kosta? Er kominn á endanlegur og varanlegur samningur um það húsnæði sem sendiráðið er vistað í í augnablikinu? Það rifjast upp í því sambandi að hv. þm. Sturla Böðvarsson vakti á því athygli með réttu hér að hann hefði fyrst heyrt af þessari sendiráðsstofnun og þeirri fjárfestingu og skuldbindingu sem í var lagt í þeim efnum þegar hann fékk boðsbréfið við opnun þess sendiráðs. En ég spyr beint: Hvaða fjárfesting er þar í næstu og lengri framtíð? Og ég árétta þá spurningu líka af því að við erum að tala um raunverulegar stærðir. Þetta er engin skiptimynt. Er eitthvað fleira í vændum í þessum efnum? Er eitthvert húsnæði víða út um heim þannig á sig komið að það þarfnist bráðs viðhalds? Er leigusamningur einhvers staðar að renna út? Þurfum við að fara í stórar fjárfestingar af þessum toga á næsta ári og eigum við von á því að fjáraukalögin að ári verði eitthvað svipuð því sem er á þessu? Ég held að það sé óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að ræða þetta dálítið. Nú má enginn skilja orð mín þannig að ég vilji ekki búa vel að utanrrn. og sendimönnum okkar erlendis því að þeir gegna mjög mikilvægum störfum. Engu að síður eru þessar stærðir slíkar að allur almenningur hér heima botnar ekkert í þessu, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þó að ég hafi nú komið í ýmis sendiráð og suma sendiherrabústaði, þá á ég líka erfitt með að átta mig á þessum stóru tölum. En þetta er svipað því, þetta passar við þær stóru stærðir þegar menn fara mikinn, með réttu, um vandann í heilbrigðismálum. Við erum komin á sama stigið. Það er alveg bráðnauðsynlegt að fá þetta fram. Það er enginn bragur á því, virðulegi forseti, þegar maður skoðar niðurstöðutölur hinna einstöku ráðuneyta, afrekaskrána á yfirstandandi fjárlagaári, hvort sem ástæðurnar kunna að vera góðar eða slæmar, að sjá utanrrn. fara 17–18% fram úr með heildarumsvif upp á 2,6 milljarða kr. og biðja um og fá hér aukafjárveitingu upp á 500 millj. Það er enginn bragur á þessu, ekki nokkur. Menn hafa af því áhyggjur að heilbrrn. fari fram úr og vissulega eru þar háar tölur á ferð. Heilbrrn. fór fram úr með 1.981 milljón — en 1.250 millj. þar af eru vegna atriða sem erfitt er að ráða við, þ.e. aukinna greiðslna vegna sjúkratrygginga og bótagreiðslna og til Tryggingastofnunar þannig að þegar það er frá talið þá er utanrrn. á svipuðu róli og heilbrrn. sem er með niðurstöðutölur upp á um það bil 50 milljarða kr. en utanrrn. með 2,8. Auðvitað kann að vera að þetta sé ekki sambærilegt að öllu leyti en við skulum hins vegar átta okkur á því þegar við ræðum þessi mál og setjum þau í ákveðið samhengi að láta ekki þessa veggi umlykja okkur þannig að við missum alveg tengsl við það sem fólkið er að tala um. Auðvitað er fólk að tala um þetta. Auðvitað er fólk með réttu að hafa áhyggjur af því hvernig sjúkrahúsunum reiðir af og auðvitað bregður fólki við þegar það heyrir tölur af þessum toga fyrir ágæta sendimenn okkar í útlöndum. Þetta er bara veruleiki sem við verðum að horfast í augu við. Það verður ekkert hjá því komist.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti, en hér erum við að ræða um forgangsröðun og það má nálgast það viðfangsefni með ýmsum hætti. Ég kaus að gera það svona að þessu sinni.

[21:30]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig minnir að það hafi verið rússneskur stjórnmálamaður sem skammaði Albani þegar hann ætlaði að skamma Kínverja. Ég er satt að segja aldeilis hissa á þessari aðför sem hv. 9. þm. Reykn. gerir að fyrrv. formanni Alþfl. Hann samdi um sendiráðið í Berlín við Norðurlöndin sem ég er alveg sammála í rauninni og það var ekki hægt annað en taka það skref sem mun kosta verulega fjármuni á næstu árum. (**GÁS:** 350 millj.)

Fyrrv. formaður Alþfl. treysti sér ekki til að fara í endurnýjun á lóðasamningnum í London fyrir nokkrum árum þó að þá hefði vafalaust verið betri samningsstaða. Honum óaði þessi kostnaður en ekki var undan því vikist að fara í þetta. Það vill nú svo til að fyrrv. formaður Alþfl. er að fara til að búa í sendiherrabústaðanum í Washington og ég trúi ekki að hv. 9. þm. Reykn. vilji að bústaðurinn hrynji yfir hann. Hann kemur þá a.m.k. ekki aftur ef hann hrynur. En ég vil ekki hv. fyrrv. formanni Alþfl. svo illt að þessi bústaður hrynji yfir hann.

En að öllu gamni slepptu eru þetta fjárfestingar sem verður ekki komist hjá. Það er búið að skoða það og við höfum skoðað það í fjárln. að þetta er skynsamleg leið í stöðunni en auðvitað eru þetta miklir peningar. Ég sagði það við fyrri umræðu fjáraukalaga að því fylgir mikill kostnaður að setja niður sendiráð í miðborgum erlendra stórborga og því miður verða mikil útgjöld af þessu á næstu árum. (**Gripið fram í:** Hefur fjárln. farið á vettvang?)

[21:32]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alveg voru þetta dæmigerð viðbrögð við efnislegum spurningum og athugasemdum. Hvernig blandast hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson í þessa umræðu og þessar fyrirspurnir mínar? Ég gat um það réttilega að hvorki vildi ég að húsið hryndi á hann né nokkurn annan. Ekki vildi ég að húsnæðið í Lundúnum hryndi á núverandi sendiherra né nokkurn annan. Ég gat þess líka að ég hefði verið sammála því á sínum tíma, hæstv. forseti, að ráðast í þessa fjárfestingu í Berlín því það var annaðhvort að hrökkva eða stökkva á þeim tíma. En fyrirspurn minni um það hvort og hvernig utanrrn. og hv. fjárln. á síðari tímum ætlar sér að kaupa eða byggja yfir væntanlega sendiherra hús sem að heldur í Helsinki svaraði hv. þm. engu né heldur hinu hvort fjárln. hefði þá ekki gert á því ítarlega og langvarandi úttekt hvar þörfin brynni næst eða hvort við megum búast við því að á sama tíma að ári átti menn sig skyndilega á því að eitthvað sé að hrynja í Brussel eða eitthvað sé að hruni komið í Stokkhólmi eða einhvers staðar annars staðar. Er eitthvað fleira að hrynja, virðulegi forseti, þar sem við þurfum að grípa í taumana?

Ég vil bara spyrja um þetta. Það væri betur ef þjóðin hlægi nú með hv. þm. Jóni Kristjánssyni yfir þessum 700 millj. kr. sem hann af gæsku sinni ætlar að slaka út núna á þessu ári og hinu næsta í fjárfestingar fyrir ágæta sendimenn íslenska ríkisins á erlendri grundu. Það verða væntanlega margir viðhlæjendur.

[21:34]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekkert að víkja mér undan því að svara fyrir Helsinki því að ég átti eftir annað andsvar. Það hafa ekki komið á okkar borð áform um húsbyggingar þar eða húsakaup. Hins vegar þarf að skipta um sendiherrabústað í París. Þar á að selja eignir og skipta um bústað þar sem hefur verið mjög dýr og óhentugur. Það er fram undan þar. Önnur útgjaldatilefni hafa ekki komið á okkar borð varðandi þessi mál en auðvitað reynum við að fylgjast með því eftir föngum.

Sendiherrabústaðir á erlendri grund kalla á viðhald. Þarna á eignamyndun sér stað og það er ekki vitlegt, ef upp kynni að koma að menn skipti um húsnæði í sendiráðum eða fyrir sendiherra, að láta þessar eignir drabbast niður. Þær verða þá einskis virði.

Sendiráðið í London er ekki að hruni komið. Það er misskilningur ef hv. 9. þm. Reykn. hefur haft það eftir mér. Það er lóðasamningurinn sem er að renna út þar. Það er það mál sem er aðkallandi í þessu. Auðvitað eru þetta alvarleg mál. Þetta eru útgjaldafrek mál. En ekki verður vikist undan því á einhverjum tíma að taka á þessum málum og auðvitað má alltaf deila um það hvenær er rétti tíminn til þess. En ég tel að ekki verði undan þessu vikist nú.

[21:36]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er akkúrat þetta sem ég óttaðist. Það á að opna sendiráðið í Stokkhólmi. En menn hafa engar hugmyndir um hvern það eigi að vista til lengri framtíðar. Það eru engar ákvarðanir sem liggja fyrir um fjárfestingar þar fyrir sendiherra. Skildi ég hv. þm. ekki rétt? (**Gripið fram í:** Stokkhólmi?) (**Gripið fram í:** Helsinki.) Helsinki vildi ég sagt hafa. Það kemur bara einhvern tíma þegar menn eru tilbúnir til slíkrar ákvarðanatöku. Menn horfa því ekkert fram fyrir sig. Þess vegna spurði ég að gefnu tilefni hvernig landið lægi í heild og breidd í þessum stóru eignum okkar á erlendri grundu.

Virðulegi forseti. Það má enginn, ekki nokkur maður, skilja orð mín svo að ég ætli að fara hér í — það er ágætt að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur gaman af þessari umræðu — að gera út á öfundsýki eða gera út á það að almenningur sjái ofsjónum yfir því að vel sé að sendimönnum okkar búið. En það er algert ábyrgðarleysi ef hv. þingmenn láta mata sig einhliða á upplýsingum sem þeir ætla ekki raunverulega að þrautreyna og ganga úr skugga um. Ég hef aflað mér upplýsinga um ýmis mál af þessum toga og ég fullyrði að hér er bara einfaldlega mjög vel í lagt í þeim dæmum sem við erum að ræða um.

Virðulegi forseti. Það er rétt að skoða þessi mál eilítið í samhengi. Við höfum rætt það til að mynda hér á hinu háa Alþingi að illa sé búið að þingmönnum þjóðarinnar. Þingið greiðir í leigu á ári hverju 15 millj. kr. og finnst mönnum alveg nóg um. Það hefur staðið yfir langvarandi umræða um það að byggja myndarlega yfir þingið. Það hefur staðið á fjármunum í því sambandi þannig að ég bið menn að hugleiða aðeins forgangsröðun í þessu sambandi og velta því eilítið fyrir sér. En kannski finnst mönnum það bara hlægilegt, virðulegi forseti. Kannski finnst hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur það mjög hlægilegt að ekki séu til fjármunir til slíkra verka. Eða við þyrftum að bíða í 20 ár eftir því að byggja yfir sjúk börn. Það er kannski líka rosalega hlægilegt. En það virðast vera til peningar og mikill áhugi og menn fljótir til verka hér þegar kallið kemur sums staðar. Það er þetta held ég, virðulegi forseti, sem menn ættu að íhuga örlítið og sjá hver hlær þá.

[21:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að ráði en ég þakka hv. síðasta ræðumanni, 9. þm. Reykn., fyrir að taka upp það mál sem ég gerði nokkuð að umtalsefni við 2. umr. fjáraukalaga, þ.e. hina taumlausu frammúrkeyrslu utanrrn. Satt best að segja kom mér nokkuð á óvart hversu erfitt reyndist að fá einhverja umræðu í gang um það mál. Ég fór að velta því fyrir mér hvort frammúrkeyrslur eða umferðaróhöpp sumra hæstv. ráðherra væru heilagari en önnur. A.m.k. gildir það ekki um hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson og hann tók hér upp þetta mál sem mér finnst fullkomlega eðlilegt að gert sé og setti í samhengi við ýmislegt annað sem hér er til umræðu.

Ég hlustaði á frsm. meiri hlutans tala mikið um það, og nú í andsvari síðast, hv. þm. Jón Kristjánsson, að það verður að horfast í augu við raunveruleikann og horfast í augu við það að þetta væru óumflýjanleg útgjöld og það yrði náttúrlega að búa vel að sendimönnunum erlendis o.s.frv. Og þar með eru komin rökin, fyrir hverju? Fyrir því að sulla út hálfum milljarði í aukafjárveitingar til utanrrn. og fara 20% fram úr fjárlögum á einu ári. Ég hef ítrekað í þessum umræðum, bæði við 1. umr. og 2. umr., gert vanda einnar stofnunar í landinu að umtalsefni sem ég tel að uppfylli öll þessi skilyrði, sem sagt að óumflýjanlegt sé að horfast í augu við vandann og allar efnislegar forsendur liggi fyrir til þess að bregðast við honum. Því hefði ég áhuga á því að hv. þm. Jón Kristjánsson svaraði því, herra forseti, hvers vegna ekki er hægt að ganga frá málefnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eins og þessara fínu sendiráða úti í löndum ef við getum orðið sammála um að efnislegar forsendur séu hliðstæðar í málunum? Eru þau eitthvað merkilegri en starfsemi mikilvægasta sjúkrahússins utan Reykjavíkursvæðisins? Eiga að gilda önnur lögmál um þau eða er það kannski af því að það er einhver annar húsbóndi sem menn þora ekki að standa uppi í hárinu á? Ég verð að segja alveg eins og er með fullri virðingu fyrir hæstv. utanrrh. sem því miður er ekki við þessa umræðu frekar en hann var við 2. umr. og hefur ekki blandað sér í umræður um þessi embættisverk sín sem hafa þó eðlilega orðið tilefni skoðanaskipta ítrekað í tengslum við þessi fjáraukalög: Er það vegna þess hver þar ræður húsum sem menn fá þessa sérstöku meðferð? Hvað á þessi mismunun að þýða?

[21:42]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að umræðuefni og bar það saman við þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið varðandi sendiráð. Það er að mínum dómi grundvallarmunur þarna á. Ekki sá að sendiráðin séu neitt merkilegri en sjúkrahúsið. Auðvitað er það merkileg stofnun og ég vil henni allt hið besta. Hins vegar er þar um að ræða rekstur. En í hinu tilfellinu er um að ræða fjárfestingu. Það eru tveir ólíkir hlutir.

Ætlunin er fara yfir rekstur sjúkrahússins á Akureyri og ég hef enga trú á öðru en að einhverju leyti verði komið til móts við þann halla sem þar er. Ég get ekki sagt á þessari stundu hverjar tölurnar verða í því efni en það er langt frá því að það sé búið að afskrifa það sjúkrahús að neinu leyti. En mér finnst rekstrartölur þær sem koma til af aukinni starfsemi og beinar fjárfestingar í sendiráðum erlendis ekki sambærilegir hlutir. Það er langt í frá að ég vilji afskrifa sjúkrahúsið á Akureyri, að komið verði til móts við þann halla sem þar er. Hann er nýtilkominn. Hann hefur komið til á síðasta ári og þessu ári og menn þurfa að gera sér grein fyrir því og því umfangi sem þar er áður en sá halli er greiddur.

[21:44]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Voðalega var þetta veiklulegt. Að það sé einhver sá munur á rekstrarútgjöldum og stofnkostnaði að það réttlæti að í öðru tilvikinu að menn fái allt á silfurfati umyrðalaust innan ársins en í hinu tilvikinu séu menn trakteraðir eins og sjúkrastofnanirnar hafa verið. Ég held að aðalmunurinn sé sá að í öðru tilvikinu heitir hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir og í hinu tilvikinu Halldór Ásgrímsson. Kynni það nú ekki að vera? Það virðast ekki allir vera jafnir hér, séra Jón og Jón.

Svo koma svörin. „Sjúkrahúsin eru að sjálfsögðu alveg jafnmerkileg og sendiráðin." En svo kemur þessi þoka: „Það verður skoðað og ég hef trú á að það verði litið á vandann og þetta verði athugað og kannað og sett í nefnd og hún muni komast að niðurstöðu um að út úr pottinum fari einhverjar fjárhæðir hugsanlega." Austfjarðaþokan leggst yfir salinn þegar farið er að svara um vanda sjúkrastofnana. Þetta er orðið óskaplega þreytt. Er ekki nokkur leið að fá skýr svör og hreinar niðurstöður í þessi mál? Fá bara sumir afgreiðslu klárt og kvitt í formi fjáraukalaga upp á hundruð milljóna og þurfa ekki einu sinni að mæta hérna í umræðunum til þess að standa fyrir máli sínu? Það hefur þó hæstv. heilbrrh. reynt að gera með kannski misjöfnum árangri. Við skulum ekki blanda því frekar inn í málin.

Mismununin er kristaltær í þessu máli. Sjúkrahúsin fá allt aðra og þokukenndari afgreiðslu hér heldur en hin fínu sendiráð.

[21:46]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. þekkir þokuna á Austurlandi. Hún kemur nú stundum líka á Norðausturlandið en að lokum mun birta til í þessu máli. Heiðríkjan á Austurlandi og Norðausturlandi er meiri en annars staðar. Svo mun og verða í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:47]

**Útbýting þingskjala:**

Kennaraháskóli Íslands, 167. mál, þskj. 566.

Skipulags- og byggingarlög, 332. mál, þskj. 563.

## *Stjórn fiskveiða, 2. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 345, nál. 497 og 540, brtt. 498, 541 og 562.

[21:48]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta hv. sjútvn. sem legið hefur frammi á þskj. 497 þar sem grein er gerð fyrir starfi nefndarinnar við umfjöllun um málið og brtt. meiri hlutans á þskj. 498.

Breytingartillögurnar eru um tvö efnisatriði eða tvær breytingar á efni frv. Annars vegar að fellt verði niður það skilyrði að skip hafi haft leyfi til að veiða með aflamarki a.m.k. sjö ár áður en þau geti nýtt sér endurnýjunarreglur þær sem gert er ráð fyrir í frv. Þess í stað geti eigandi skips einungis nýtt sér stækkunar- eða breytingarreglur þessar einu sinni á hverjum sjö árum.

Hitt efnisatriðið er að sjútvrh. skuli með reglugerð mæla fyrir um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð. Að öðru leyti kemur fram í brtt. atriði sem varðar einungis form 1. gr. þess, þ.e. í a-lið brtt.

Herra forseti. Rétt er að fram komi að meiri hlutinn er ekki algerlega á einu máli heldur hefur a.m.k. einn gert fyrirvara við málið. Þess má geta að málið er komið fram eftir undirbúningsvinnu starfshóps sem var sammála en greinir þannig frá að auðvelt er að rekja hvernig hans niðurstaða hefur orðið málamiðlun. Ég ætla, herra forseti, með leyfi yðar að benda á fáein almenn atriði sem starfshópurinn varð sammála um og lýst er í frv.

Í fyrsta lagi voru nefndarmenn sammála um að ekki væri hægt að hafa sérstakar endurnýjunarreglur fyrir einstaka skipaflokka. Í öðru lagi voru menn sammála um að ekki væri hægt að leggja til skilyrtar stækkunarheimildir og í þriðja lagi voru menn sammála um að sú mismunun sem fælist í núgildandi reglum á milli breytinga og nýsmíði ætti ekki rétt á sér.

Auk þessa, herra forseti, kemur skýrt fram í fskj. með frv., sem er skýrsla þessa starfshóps, að hann telur ekki eðlilegt að viðhafa þá sérstöðu og sértæku reglu sem gilt hefur um skip sem skráð voru fyrir 1. janúar 1986. Þau hafa meiri réttindi en önnur til stækkunar. Ljóst er, herra forseti, að margt mælir með því að við gerum grundvallarbreytingar á þeim takmörkunum sem í gildi hafa verið um endurnýjun skipaflotans þó ekki væri nema vegna þess að nýjar kröfur um aðbúnað og öryggi áhafna hafa séð dagsins ljós og allmörg útgerðarfyrirtæki hafa talið núgildandi reglur standa í vegi þeirra til að ganga til móts við þessar kröfur.

Í öðrum lögum um fiskveiðistarfsemi er gert ráð fyrir betri búnaði og betra skipsrými til meðferðar afla og vinnslu úti á sjó en reiknað var með í fyrri reglum um þetta. Í dag menn þurfa menn ugglaust að hafa með sér meiri veiðarfærabúnað heldur en áður. Þeir fara lengra til veiða fyrir svo utan t.d. mál sem við ræddum fyrr í dag á þinginu um að ljóst mætti vera að innleiðing tækninýjunga mundi krefjast stærri skipa en áður vegna þeirra krafna sem nú liggja fyrir um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Að ekki sé talað um það sem þegar liggur fyrir um þörf á að flytja aflann í kælitönkum.

Fyrir utan þessi efnislegu atriði, herra forseti, hafa menn lengi deilt um hvort öllu lengur sé efnahagsleg nauðsyn að viðhafa stýrikerfi af þessu tagi sem í raun er forsjárhyggja eða hvort komin sé upp sú aðstaða að unnt sé að hafa almennar leikreglur sem gefa forsjármönnum og stjórnendum

fyrirtækja í sjávarútvegi langvarandi aðstöðu til að standa sjálfir ábyrgir fyrir fjárfestingarstefnu þeirra.

Herra forseti. Ég hygg að þeir sem skipa meiri hluta hv. sjútvn. séu sammála um að takmark þess að fjalla um þessi lög sé að innan skamms, hvaða mælikvarða sem menn hafa, verði afnumdar reglur sem takmarka heimildir fyrirtækja til fjárfestinga af þessu tagi. Við föllumst hins vegar á tillögur starfshópsins sem birtist í frv. um að ganga skref það sem frv. felur í sér.

Meginefni þeirrar brtt. sem við gerum við frv. er að útgerðarfyrirtæki hafi þessa heimild á sjö ára fresti en ekki einu sinni eftir sjö ár og ei meir.

[21:54]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta sjútvn. á þskj. 540. Það vakti athygli mína þegar hv. þm. Árni Ragnar Árnason flutti meirihlutaálit sitt að svo virðist sem meiri hluti sé í nefndinni fyrir minnihlutaálitinu. Það telst nokkuð sérstakt.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hlutans en frv. leggur til breytingar frá þeim reglum sem nú gilda um endurnýjunarrétt fiskiskipa. Í fyrsta lagi er lagt til að öll skip sem leyfi hafa til veiða með aflamarki megi stækka upp að vissu marki við endurnýjun og breytingu án þess að á móti þurfi að koma úrelding samsvarandi fjölda rúmmetra. Það er að meginstofni til byggt á reglum sem giltu um stækkun skipa til ársins 1991.

Í öðru lagi er í frv. lagt til að afnumin verði sérstök undanþága skipa sem skráð voru fyrir 1. janúar 1986 frá endurnýjunarreglum með 14 mánaða aðlögunartíma. Þrátt fyrir að reglurnar séu að nokkru leyti rýmkaðar með frv. og minni hlutinn telji það vera til bóta, þá er mat hans að áfram verði við lýði verulegar hindranir á möguleikum útgerðarmanna til að endurnýja og breyta skipum sínum.

Minni hlutinn lýsir þeirri skoðun sinni að veiðitakmörkun aflamarkskerfisins ásamt öðrum ráðstöfunum, svæðafriðunum, lokunum og reglum um veiðarfæri, sé nægjanleg til þess að stjórna veiðum í íslensku efnahagslögsögunni. Engin rök séu fyrir því að stjórnvöld reki samhliða annað kerfi sem kveður á um að útgerðarmaður sem vill stækka skip sitt með endurnýjun eða breytingu þurfi að fjárfesta í öðrum skipum sem nemur þeim rúmmetrum sem breyta skal. Minni hlutinn metur það svo að ekki sé þörf á því að stjórnvöld reki tvö dýr stýri- eða takmörkunarkerfi til að ná markmiðum laga um stjórn fiskveiða.

Það er ekki ofsögum sagt, virðulegi forseti, að hið tvöfalda stýrikerfi minnir mann nokkuð á þá ofstjórnun sem landbúnaðurinn hefur orðið að búa við um langt skeið. Það er ekki að ástæðulausu að minni hlutinn óttast að stjórn fiskveiða fari að ganga út á málamiðlanir, niðurstöður einhverra tækninefnda og hætt verði við að niðurstaðan verði ofstjórn, öllum sem í greininni starfa til ama og leiðinda.

Minni hlutinn telur stjórnendur í sjávarútvegi best til þess fallna að meta hvernig og með hve stórum skipum hentugast sé að sækja þann afla sem leyft er að veiða. Þeir bera ábyrgð á fjárfestingum og ákvörðunum um reksturinn og eðlilegt er að sama gildi um ákvarðanir um stærð og gerð skipastóls. Afnám núverandi endurnýjunarregla mun greiða fyrir endurnýjun flotans með nýrri, öruggari og fullkomnari skipum þar sem aðstaða til meðhöndlunar hráefnis og vöruvöndunar verður betri en nú. Fjárfestingargirðingar í því skyni að takmarka stækkun flotans standa í vegi fyrir framþróun hans hvað varðar bættan aðbúnað og öryggi sjómanna. Enn fremur vill minni hlutinn vekja athygli á að hindranir á við núverandi endurnýjunarreglur geta leitt til að smám saman tapist úr landinu verkþekking í skipasmíðaiðnaði.

Þeir sem vilja óbreyttar eða lítið breyttar reglur eins og ríkisstjórnin og meiri hluti hennar færa einkum þau rök fyrir máli sínu að verði fallið frá þeirri stefnu að halda í við stærð veiðiflotans innan landhelginnar geti afkastageta hans aukist umfram afrakstursgetu fiskstofnanna. Það geti á síðari stigum leitt til þrýstings á ákvörðunum um aukinn heildarafla. Það verður að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þeir sem setja þessi rök fram hafi ekki mikla trú stjórn fiskveiða hér á landi og menn hyggjast búa við í framtíðinni.

Með vísan til framanritaðs telur minni hlutinn að sú rýmkun sem lögð er til í frumvarpinu sé til bóta en að ekki sé nægjanlega langt gengið. Minni hlutinn mun styðja þau ákvæði sem hann telur að horfi til framfara en vekur athygli á því að ekki er að finna neina leiðsögn í frumvarpinu um framtíðaráform stjórnvalda um endurnýjunarreglurnar. Þó vill minni hlutinn vekja athygli á að þrátt fyrir að ekki sé að finna neina framtíðarstefnu núverandi stjórnvalda í frumvarpinu hafði sjávarútvegsráðherra orð á því við 1. umræðu málsins „að í fyllingu tímans verði unnt að afnema þessar reglur".

Það er með vísan til þessa, virðulegi forseti, sem við óttumst það mjög að menn hafi takmarkaða trú á þeirri reglusetningu sem hér er til umræðu. Hægt væri að rifja upp þá sögu en þetta er árviss viðburður ef ekki tvisvar á ári að menn leggja til breyttar reglur við stjórn fiskveiða. Minni hlutinn telur að ráðherrann hafi verið að ýja að því að þeim reglum sem ætlunin er að lögfesta væri aðeins ætlað að gilda um skamma hríð. Með orðavali sínu kann ráðherra nú þegar hafa valdið verulegri óvissu sem haft geti ófyrirséðar afleiðingar. Þeirri óvissu telur minni hlutinn nauðsynlegt að eyða. Í því skyni flytur minni hlutinn brtt. á þskj. 541 þar sem lagt er til að þær reglur sem hér er ætlunin að lögfesta falli úr gildi 1. janúar 2001. Þar með væri þeirri óvissu sem við teljum að hæstv. sjútvrh. hafi vakið upp með orðum sínum við 1. umr. eytt. Ef það er einfaldlega lögfest að þessar reglur skuli falla úr gildi 1. janúar 2001, þá geta menn gert áætlanir sínar í samræmi við það og þurfa ekki að vaða reyk hvað framtíðina varðar við stjórn fiskveiða.

Eins og að framan er rakið er minni hlutinn þeirrar skoðunar að afnema beri núverandi reglur um endurnýjun og breytingu fiskiskipa. Tvöfalt kerfi við stjórn fiskveiða sé ekki nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér í því efni hér við land. Í ljósi þess að þessar reglur hafa gilt um nokkurt skeið, og útgerðarmenn hafa smám saman lagað sig að þeim og lagt í verulegan kostnað til þess að uppfylla skilyrðin, telur minni hlutinn eðlilegt að greinin fái nokkurn aðlögunartíma til að draga úr þeim mikla aðstöðumun sem ella mundi skapast milli einstakra útgerða. Enn fremur telur minni hlutinn nauðsynlegt að stjórnvöld fái aðlögunartíma til þess að meta hvort nauðsynlegt geti verið að stýra að einhverju leyti þróun flotans með beinum eða óbeinum aðferðum og e.t.v. takmarka stækkun einstakra tegunda skipa, t.d. verksmiðjuskipa, meðal annars með vísan til umhverfis- og atvinnusjónarmiða. Minni hlutinn telur þá rýmkun á reglum um endurnýjum fiskiskipa sem frumvarpið felur í sér til bóta en leggur jafnframt til að slíkar takmarkanir falli endanlega niður að þremur árum liðnum og flytur um það sérstaka breytingartillögu.

Undir þetta nefndarálit rita ásamt mér hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Sighvatur Björgvinsson.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vekja athygli á hinu sama og í upphafi máls míns að svo virðist hátta til að það sé meiri hluti í þinginu fyrir þeirri leið sem minni hlutinn leggur hér til, a.m.k. í sjútvn. Ég tel orðið tímabært að þingið sýni þann manndóm að taka sjálfstæða ákvörðun um það hvernig það vilji haga stjórn fiskveiða en sættast ekki á tillögur nefnda úti í bæ sem eru bornar hér upp og við hv. þingmenn nánast beðnir um að stimpla þær. Ég tel tímabært, virðulegi forseti, að þingmenn á hinu háa Alþingi Íslendinga sýni þann manndóm að taka sjálfstæða ákvörðun, fylgja sannfæringu sinni og leggja niður þetta tvöfalda stjórnkerfi sem er gersamlega ónauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem ætlunin er að ná með stjórn fiskveiða.

[22:02]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Um þetta mál hef ég margt að segja og hef haldið langar ræður tengt þessu máli um skipasmíðaiðnaðinn. En í fullri vissu um að málið verður keyrt í gegnum þingið í krafti meirihlutavilja hef ég lagt fram litla tillögu. Hún gengur út á að þeir sem hafa verið að kaupa rúmmetra til endurnýjunar skipa sinna á árinu 1997, til að auka verðmæti veidds afla og skapa betra umhverfi fyrir áhöfn sína, fái heimild til að ráðstafa þeim rúmmetrum svo sem segir á þskj. 562.

Þær útgerðir sem hafa stækkað skip sín eða keypt ný skip á árinu 1997 mega ráðstafa þeim rúmmetrum sem samkvæmt nýju lögunum hefðu verið ónauðsynleg fjárfesting.

Herra forseti. Ég tek undir tillögu minni hluta hv. sjútvn. um að lögin falli úr gildi þann 1. janúar árið 2001 eins og brtt. þeirra á þskj. 541 hljóðar upp á.

[22:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég stend að nefndaráliti minni hluta og hef litlu að bæta við þá ágætu framsöguræðu sem flutt var fyrir því hér áðan. Ég ætla rétt að koma stuttlega inn á nokkur atriði.

Ég hef lengi verið talsmaður þess að úreldingarreglur verði teknar til endurskoðunar, þær rýmkaðar og aflagðar með einhverjum hætti. Það mætti gera í áföngum eða með því sem þætti hæfileg aðlögun og ég get því sagt að ég fagni því að svolítið miði í áttina með þessu frv. Reglurnar eru rýmkaðar en hitt er lakara að ekki er gert upp við þessi mál og málið ekki klárað. Í sjálfu sér geri ég ekki stórar athugasemdir við þá útfærslu sem hér er höfð á rýmkun reglna. Hún er þannig úr garði gerð að í reynd nýtist hún minni bátum og felur í sér meiri stækkunarheimildir fyrir minni báta en stærri skip. Fyrir því eru tæknilegar ástæður og fullkomlega frambærileg rök að hlutfallslega þurfi meiri rýmisaukningu þegar slík skip eru endurnýjuð ef aðbúnaður, öryggi og aðrir slíkir þættir eiga að koma eðlilega inn í myndina. Eitt af mörgu ólánlegu við þessar úreldingarreglur er það sem snýr að búnaði og öryggi sjómanna fyrir auk þess að þær hafa torveldað tæknilega og almenna endurnýjun flotans og staðið í vegi fyrir tækniværðingu og þróun sem ella hefði orðið a.m.k. örari.

Ég er hins vegar ákaflega ósammála frágangi á síðasta málslið 1. gr. frv. Mér finnst það ankannaleg regla, ef menn á annað borð eru að baksast með þessa rúmmetra sína, að það kveðið skuli sérstaklega á um að rúmmetrar sem ekki ganga upp í einstökum endurnýjunarverkefnum og nýtast ekki við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkunar, skuli falla niður. Tilviljanakennt er hversu vel menn ná að nýta þessa einingu í hverju tilviki og því liggur í hlutarins eðli að fyrir eigendur minni skipa getur verið erfitt að finna þannig samsetningu á móti úreldingunni, ef fleiri en eitt fley eru tekin úr umferð á móti endurnýjun, að það passi saman. Mér er kunnugt um að margir eigendur minni báta hafa kvartað sérstaklega undan reglunni eins og hún hefur verið í framkvæmd á undanförnum árum. Hún hefur verið sérstaklega óþjál fyrir endurnýjun og stækkun minni aflamarksbáta.

Nú koma rýmkunarákvæðin að vísu til með að nýtast þessum hluta flotans betur að vissum stærðarmörkum og það er vel en reglan er eftir sem áður ósanngjörn. Ég get ekki sætt mig við að úr því að menn eru að endurskoða þessi mál á annað borð, skuli ekki vera hægt að ná landi með að lagfæra svo augljóst atriði. Langeðlilegasta aðferðin hefði auðvitað verið sú að þessi réttindi væri hægt að geyma með einhverju móti í einhvers konar rúmmetrabanka ef halda á þeim sem varanlegri breytu inni í þessu stjórnkerfi til frambúðar.

Ég hef margsagt að ég tel að þessar reglur nánast sérstaka forneskju og tímaskekkju. Til að mynda er æ algengara að fiskiskip færi sig á milli lögsagna eftir því sem verkefni bjóðast og jafnvel hluta úr ári. Ég held að við eigum ekki að torvelda þá þróun og leggja stein í götu með óþjálu reglugerðarverki af þessu tagi.

Að lokum, herra forseti, er ég kominn að langalvarlegasta ágallanum við frágang þessa máls að mati okkar í minni hlutanum. Hann er sá að þrátt fyrir þessa rýmkun sem í sjálfu sér er jákvæð er málinu ekki lokið en þess í stað er óljóst hve lengi þetta reglugerðarmóverk verður við lýði, líklega enn um sinn en af æðstu mönnum eins og hæstv. sjútvrh. eru jafnvel spádómar uppi um að það verði nú sennilega ekki langlíft og ekki um aldur og ævi. Þetta er náttúrlega ekki mjög fastmótaður frágangur á þessu máli og setji sig nú hver sem vill í spor einstakra útgerðarmanna sem þurfa á næstu missirum að taka stórar ákvarðanir um fjárfestingar þar sem rúmmetrakvótinn, til viðbótar takmörkunar- eða stýrikerfi sem menn eru að baksa með til hliðar við aflamarkið og aðrar fiskveiðistjórnaraðgerðir myndar gullmyntfót. Þetta gæti verið silfurfótur viðskiptakerfisins þar sem segja má að aflamarkskerfið og framsalið og viðskiptin með veiðiréttinn séu gullmyntfóturinn. Menn vita að það hafa verið blómleg viðskipti með þessa rúmmetra. Þeir urðu um tíma, á öndverðu þessu ári eða hinu síðasta, mikil verðmæti. Ætli hver einasti rúmmetri í íslenska skipaflotanum hafi ekki verið farinn að ganga á milli 70–80 þús. kr. þegar best lét. Það verð hefur að vísu snarlækkað í og með vegna umræðna um ráðstafanir af því tagi sem nú á dagskrá. Eftir stendur að menn verða auðvitað að spyrja sig hvort það sé þess virði. Eru rök fyrir að halda áfram á sömu braut þó að rúmmetrinn kosti ekki nema 40 þús. kr. Það er svo sem ekki lítið ef í hlut á kannski nóta- og fjölveiðiskip með kælitönkum og 2.000 tonna burðargetu, þar væru sjálfsagt 5.000 rúmmetrar eða svo. Hver og einn ætti að geta reiknað fyrir sig. Ætli það sé þá vilji löggjafans og skynsamlegt að okkar mati að láta endurnýjun í slíku skipi taka á sig 200 millj. kr. viðbótarkostnað vegna reglugerðarverks af þessu tagi.

Af því að ég heyri að hv. þm. er að ræða við sessunaut sinn, þá er kannski rétt að fara aðeins yfir þetta dæmi ef menn átta sig ekki á því. Í því tilviki að verið væri að endurnýja 35–40 ára gamalt nótaskip sem væri þá einn af minni síðutogurunum, fyrst hefur verið tvöfaldað á honum

á þilfarið, síðan hefur hann verið lengdur, settur á skutur og jafnvel breikkaður og þar fram eftir götunum. Þó svo hann væri kannski ekki ýkja mikið breyttur, þá er nokkuð víst að rúmmetratalan í slíku skipi er allt að helmingi lægri en í því skipi sem útgerðarmaður væri líklegur til að taka inn í dag. Margar stærðir við endurnýjun af þessu tagi hafa meira en tvöfaldast á þeim tíma sem hér er liðinn. Af fagmönnum, t.d. skipaverkfræðingum og öðrum slíkum, er talið að íbúðarrými fyrir skipshafnir hafi meira en tvöfaldast frá því sem var í skipum fyrir 30–40 árum. Ég býst við að margir hér sem hafa komið ofan í lúkar á síldarbát eða einhverjum af litlu síðutogurunum, viti hvernig þar var umhorfs. Þeir gætu reynt að bera það saman við stóra eins manns klefa í nýtískuskipi, leikfimissalinn og allt það.

Vélarrýmið hefur örugglega tvöfaldast einnig. Mun stærri vélar og mun meiri búnaður kallar á mikið meira pláss þannig að þar hefur rúmmetraþörfin gerbreyst vegna tæknilegra framfara en auðvitað einnig vegna meiri afkasta og meira afls. Brúin er orðin mun stærri, mun meiri tækjabúnaður og svo mætti lengi telja. Ef við tökum inn í bætta meðferð hráefnis, einangraðar lestir, tanka, kælikerfi og þar fram eftir götunum, þá verður niðurstaðan sú að rúmmetratalan er a.m.k. tvöföld og jafnvel meira. Í öllu falli er það hreinn viðbótarskattur og út af fyrir sig má segja að gangi þessi verðmæti kaupum og sölum þá eru þeir rúmmetrar sem útgerðarmaðurinn á í sínu gamla skipi verðmæti eins og hvað annað. Hann er að leggja þau upp í endurnýjunina kvótalaust, þannig að dæmið gengur að sjálfsögðu fullkomlega upp. Fórnarkostnaðurinn vegna kerfisins er þá 200 millj. kr. Þar má þó draga frá verðgildi rúmmetranna sem fyrir eru og ganga upp í. Ég veit að hv. þingmenn skilja þetta. Það er í það minnsta alveg augljóst mál að kerfið hefur verkað mjög hamlandi eins og það hefur verið. Ég held að það sé vitlaust. Ég tel alveg nóg að baksa með eitt kerfi með þetta viðskiptalega element, þ.e. kvótakerfið, þó þetta bætist ekki við.

Ég mun, herra forseti, óska eftir sératkvæðagreiðslu um þennan síðasta málslið 1. gr. og leggja til að hann verði felldur. Með því mundi Alþingi að mínu mati undirstrika vilja sinn. Efnisreglunni yrði breytt og þeir rúmmetrar sem ekki nýttust í einstakri endurnýjun gætu geymst og væru til staðar eftir sem áður. Að sjálfsögðu legg ég svo til að menn skoði hug sinn mjög vandlega gagnvart því að styðja brtt. okkar í minni hlutanum. Þá mundu reglur þessar hafa sólarlagsákvæði og falla úr gildi að þremur árum liðnum. Ég hygg að það sé hóflegur aðlögunartími og verðið á þessum rúmmetrum muni ósköp einfaldlega lækka. Það mun aðlaga sig með tiltölulega eðlilegum hætti miðað við að reglurnar yrðu aflagðar í framtíðinni. Menn vita þá í grófum dráttum að hverju þeir ganga þegar þeir fara í endurnýjun á næstu mánuðum þar sem rýmkun er komin til sögunnar en ef þeir bíða hins vegar í þrjú ár má reikna með því að slíkar reglur verði úr gildi fallnar. Fari síðan rúmmetraverðið verulega niður í kjölfar lagasetningarinnar og á næstu mánuðum þá verður það ekki stórt stökk í sjálfu sér hvort menn endurnýja á þeim tíma eða bíða með það. Þannig mundi þetta, að mínu mati, leysast tiltölulega farsællega og út úr þessu ætti að geta komið aðlögunarferli sem væri ásættanlegt fyrir menn að búa við. Hins vegar eru ýmis rök fyrir því að fella þetta kannski ekki niður með einu pennastriki eins og stendur. Það væri mjög harkaleg mismunun eða snögg breyting gagnvart þeim sem fyrir hálfu ári voru kannski að endurnýja fiskiskip og kaupa til þess þúsundir rúmmetra á 70 þús. kr. stykkið.

Um brtt. hv. þm. Gísla S. Einarssonar vil ég aðeins segja að þó ég skilji hinn góðan vilja hv. þm. um að leggja til að þessar rýmkunarreglur verði afturvirkar, þá vefst að nokkuð fyrir mér að sjá hvernig að því ætti að standa. Við hvaða mörk á þá að miða? Eigum við að láta þá njóta þess sem voru svo heppnir að ráðast ekki í endurnýjun eða stækkun fyrr en eftir áramót 1996/1997 en láta hina liggja óbætta hjá garði? Að mínu mati er jafnvandasamt að velja þau tímamót eins og hreinlega að láta breytingarnar taka gildi frá og með gildistöku laganna. Ég hallast að því að það sé vænlegasta reglan í þessu tilviki eins og endranær þegar leikreglum sé breytt. Það er betra að gera það hreinlega á þeim tímapunkti sem menn eru staddir hverju sinni. Annars lenda menn í ýmsum praktískum erfiðleikum. Með brtt. hv. þm. Gísla S. Einarssonar yrði að vekja upp með einhverju móti þá rúmmetra sem fallnir væru niður og heimila mönnum að fénýta sér þá með einhverjum hætti eða stækka út á þá á nýjan leik. Þó að ég skilji sannarlega góðan hug hv. þm. sem ég tel búa að baki þessari tillögu, þá er ég ekki sannfærður um að ég geti endilega mælt með samþykki hennar af þeim ástæðum sem ég hef gert grein fyrir og heyri að vekja kátínu í salnum.

[22:18]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég skrifaði upp á nefndarálit meiri hluta nefndar með fyrirvara og ætla ég að gera grein fyrir því hvers vegna í fáum orðum. Það líður á tímann þannig að ég ætla ekki að eyða mjög löngum tíma til þess en hins vegar þykir mér þó rétt að koma inn á nokkur atriði sem skipta verulegu máli í sambandi við endurnýjun fiskiskipastólsins.

Í fyrsta lagi hafa um langt árabil verið takmarkanir á stærð fiskiskipa vegna laga um stjórn fiskveiða. Þessar reglur hafa allar haft eitt og sama meginmarkmiðið, að draga úr veiðum úr íslenskum fiskstofnum. Settar hafa verið reglur um svokölluð veiðihólf og í þessum hólfum mátti aðeins veiða tiltekin stærð af skipum í brúttórúmlestum talið, tiltekin lengd af skipum, ákveðið hámarksvélarafl og nú síðast ber að reikna út aflvísi fyrir togveiðiskip.

Við skulum gera ráð fyrir því að þegar farið verður að reikna út aflvísi fyrir skipin verði gerðar breytingar á skipum í rekstri í þá átt að fá hagstæðan aflvísi. Ný skip verða þá hönnuð með tilliti til þessa. Þetta þýðir að í mörgum tilfellum er verið að smíða skip sem eru ekki eins umhverfisvæn og þau gætu verið ef aflvísirinn væri ekki.

Almennt má segja um allar takmarkanir á stærð skipa bæði hvað varðar lengd, brúttórúmlestir, stærð vélarafls o.s.frv. að þetta leiði af sér breytingar á skipum í rekstri og smíði á nýjum inn í þessar reglur. Helstu afleiðingar af þessu verða að öryggismál verða í þessu samhengi æðioft afgangsstærð þegar skipi er breytt eða nýtt smíðað. Takmarkað pláss fyrir björgunar- og öryggisbúnað, vistarverur áhafnar þröngar og vinnusvæði sömuleiðis, yfirvigt á skipum vegna veiðarfæra og búnaðar til veiða, vandkvæðum háð að uppfylla reglur um stöðugleika. Ljóst virðist vera að þegar þessar reglur eru búnar til hafa framangreind sjónarmið ekki verið til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Með tilliti til þess sem hér kemur fram í þskj. 1 frá þeirri ágætu nefnd sem vann að frv. kemur m.a. fram það sem ég gat hér um síðast. Þar segir nefndin m.a., með leyfi forseta:

„Enn fremur skyldi starfshópurinn leggja mat á kosti þess og galla að heimila almennt ákveðna stækkun skipa við endurnýjun án þess að sami rúmmetrafjöldi verði tekinn úr rekstri, þar á meðal hugsanleg áhrif á umgengni við nytjastofna sjávar og þróun fiskvinnslu."

Virðulegi forseti. Mér finnst eins og þarna komi fram það sem ég var hér að segja rétt áðan um þann þátt sem snýr að almennri velferð sjómannsins um borð í skipi sem hafi nokkuð setið á hakanum þegar menn voru að huga að þessu máli. En ef þessi liður er skoðaður nánar þá gera reglur um björgun og öryggisbúnað m.a. ráð fyrir því að hann sé ávallt aðgengilegur og vel fyrir komið þannig að áhöfn geti fljótt og örugglega gripið til hans ef þörf er á. Í mörgum tilfellum eru þessi vandræði ekki til staðar á stærri skipum.

Reglur um vistarverur áhafnar eru lágmarkskröfur. Það er pláss í klefum, borð- og sætapláss, hávaðamörk o.s.frv. Sömuleiðis eru reglur um vinnusvæði á skipum. Á frystitogurum eru víða í lágmarki pláss til vinnu og þröngur vinnustaður eykur enn frekar þreytu þeirra sem þar vinna sem á erfiðum og hættulegum vinnustað sem aftur eykur slysahættu. Ljóst er sé vinnuaðstaðan um borð í frystitogurum og í frystihúsum í landi sem afkasta jafnmiklu af magni á klukkustund borin saman er aðstaða í landi allt önnur, nóg pláss, minni hávaði og það sem skiptir ekki hvað minnstu máli að menn hafa fast land undir fótum.

Hvað varðar vistarverur áhafnar bæði til hvíldar og tómstundarstarfa er það krafa í dag að sú aðstaða sé til staðar því að í löngum útiverum gefst stundum tími til að sinna öðru en að vinna og hvíla sig. Úr þessu mætti bæta nokkuð með stærra skipi. Kunnugt er að þegar skip er búið til veiða er eftir því leitast að hafa allan búnað sem til veiðanna þarf sem bestan svo að unnt sé að ná þeim árangri sem að er stefnt og rekstur skipsins verði hagkvæmur. Þetta gerist oft á þann hátt að settur er upp búnaður svo sem gálgar, togspil og fleira um borð sem í raun og veru er of stór sem þýðir að þau bera þetta varla því að stöðugleiki er of lítill. Þessu er mætt með því að setja aukna kjölfestu í skipin og með þeim hætti að tryggja að stöðugleikareglum sé fullnægt. Þetta þýðir m.a. að skipið verður óeðlilega þungt, hætta á sveiflukröftum í skipinu sem þýðir meiri og sneggri hreyfingar sem einnig leiðir til aukinnar slysatíðni. Afleiðing af þessu er að áhöfnin þreytist meira en ella en ef hönnun og notkun skipsins væri eðlileg.

Í öðru lagi þarf meira vélarafl til að knýja skipið áfram sem hefur í för með sér verulega aukinn útgerðarkostnað. Nú þegar athygli manna beinist að umhverfismálum, þ.e. loftmengun frá skipum, er nauðsynlegt að gefa þessum þætti rétt vægi þegar reglur eru settar um endurnýjun fiskiskipa, einnig þegar lög um stjórn fiskveiða eru samin.

Helstu niðurstöður eru þær að allar takmarkanir á stærðum skipa séu afar óheppileg ráðstöfun sem þýðir kostnaðarauka á tonn á veiddan fisk og fullvinnslu, að auki lakari aðbúnað áhafnar og slakari aðgang að öryggisbúnaði. Endurnýjun fiskiskipastólsins er það mikið hagsmunamál fyrir þjóðina að óeðlilegt er að settar séu hindranir af hálfu löggjafans. Þjóðfélagið hefur breyst og kröfur tímans í dag eru aðrar og meiri en þær voru t.d. fyrir 20 eða 30 árum.

Virðulegi forseti. Ég hef undir höndum teikningu af hefðbundnu síldveiðiskipi sem byggt var á árinu 1968. Búið er að breyta þessu skipi sjö sinnum. Það hefur lengst úr 36 metrum í 55 metra. Það var í brúttórúmlestum 270 tonn en er nú orðið 500 tonn. Þetta skip er talið gamalt en þó eru ekki eftir af þessu skipi frá 1968 nema 5% í byrðingnum. Þetta er eitt af þeim skipum sem talin eru frá 1968 vegna þess að í lögum um skráningu skipa segir að byggingartími skips miðist við þegar kjölurinn er lagður og þegar lesin er skilgreiningin á aldri skipa þá er miðað við ártalið þegar kjölurinn er lagður.

Virðulegi forseti. Í tímaritinu Ægi birtist ekki fyrir löngu bréf sem er ritað af Bárði Hafsteinssyni sem vinnur hjá Skipatækni. Hann tekur dæmi um útgerðarmann á nótaskipi sem ber um 750 tonn af loðnu. Skipið var byggt í Noregi 1966 og er því orðið 30 ára. Skipið hefur verið lengt, byggt yfir það, skipt um brú og aðalvél. Samt sem áður er stærsti hluti skrokksins sá upphaflegi og vistarverur áhafnar meira og minna þær upphaflegu. Með fulla hleðslu er fríborð skipsins um 30 sm miðskips mælt frá efra þilfari og þar af leiðandi álag á upphaflega hluta skrokksins langt yfir upphaflegum hönnunarforsendum.

Nú hefur þessi útgerðarmaður áhuga á því að endurnýja skipið með því að byggja nýtt sem ber sama magn af loðnu. Hann ætlar að byggja nútímaskip þar sem tekið er tillit til betri meðferðar aflans, meira öryggis skips og áhafnar og betri aðbúnað áhafnar en tíðkaðist fyrir 30 árum. Útgerðarmaður fer til tæknilegs ráðgjafa síns og leggur dæmið fyrir hann. Mismunur á rúmtölu skipanna er 1.583 rúmmetrar og þá er gefið dæmi upp að verð á rúmmetra sé um 90 þús. kr. Útgerðarmaðurinn þarf að kaupa rúmmetra fyrir 142 millj. kr. til þess að fá leyfi yfirvalda til þess að endurnýja 30 ára gamalt skip sitt. Þetta má kalla 22% nýsköpunarskatt á smíðaverð skipsins aðeins fyrir það að koma með verðmætari afla að landi, auka öryggi skips og áhafnar og auka möguleika sína á veiðum á vannýttum og ókvótabundnum fisktegundum og þar með auka tekjur þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Með þeim fyrirvara sem ég setti við nál. meiri hluta sjútvn. tel ég rétt að greiða ekki atkvæði gegn þessu frv. því að það er þó heldur spor fram á við og þá einkum með það í huga að stjórnvöld hafi umþóttunartíma til þess að skoða málið með það í huga að nauðsynlegt er að draga úr mengun fiskiskipaflotans og stuðla að fækkun slysa á sjómönnum. Það þarf að skoða það mál vel áður en þessar reglur verði endanlega afnumdar. En ég hef trú á því að ekki líði langur tími þar til það verður og hef þá sömu skoðun og fleiri ræðumenn sem hafa talað í kvöld um frv.

[22:28]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég tók áðan eftir því að í ræðu frsm. með nefndaráliti meiri hluta sjútvn. tók hann svo til orða að a.m.k. einn þeirra þingmanna sem að nefndarálitinu stæðu hefði fyrirvara. Nú vil ég gjarnan að hv. frsm. meirihlutaálitsins hlýði á mál mitt því að ég hef spurningu fram að færa við hann og hún er þessi: Hvað átti hv. þm. við þegar hann sagði að a.m.k. einn þeirra þingmanna sem skrifuðu undir álit meiri hlutans væri með fyrirvara því að á nefndarálitinu sjálfu kemur ekki fram að það sé nema einn og ég spyr því frsm. meiri hlutans: Eru fleiri með fyrirvara við málið í hópi meirihlutamanna og hvernig stendur þá á því að þeir skrifa ekki undir með fyrirvara eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði? Það kemur okkur nefnilega ekki á óvart sem sitjum í sjútvn. að fleiri þingmenn en Guðmundur Hallvarðsson í meiri hlutanum hafi fyrirvara í málinu. Nefni ég þá sérstaklega þá hv. þm. Stefán Guðmundsson og Hjálmar Árnason sem var ekki að heyra annað á umræðum í sjútvn. en væru sammála minni hlutanum eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem skrifar undir álit meiri hlutans með fyrirvara og lýsir því

úr ræðustól að hann sé sammála okkur sem stöndum að áliti minni hlutans. Með öðrum orðum, öll ræða hans gengur út á að færa sömu rök eins og talsmenn minni hlutans hafa fært fram fyrir niðurstöðum sínum en síðan segist hv. þm. ætla að standa að meirihlutaálitinu sem leggur til að frv. verði samþykkt en sjálfur segist hann ekki ætla að samþykkja það.

Virðulegi forseti. Þetta er alveg dæmigert um afstöðu Sjálfstfl. og sjálfstæðismanna. Stór hluti sjálfstæðismanna í sjútvn. Alþingis er sammála minni hlutanum. Samt skrifa þeir allir að undanteknum einum undir án fyrirvara. Sá sem skrifar undir meirihlutaálitið þar sem lagt er til að frv. sé samþykkt með fyrirvara gerir grein fyrir fyrirvara sínum úr ræðustól. Fyrirvarinn er þess efnis að hann er sammála okkur minnihlutamönnum í öllum atriðum, ætlar ekki að greiða atkvæði með frv. sem hann leggur samt sem áður til að verði samþykkt með þessum orðum, virðulegi forseti: „Meiri hlutinn leggur áherslu á að frv. verði samþykkt svo breytt."

Með öðrum orðum þá skrifar hv. þm. undir meirihlutaálit þar sem þetta er lagt til með fyrirvara, rökfærir á móti ræðu varaformanns nefndarinnar og formælanda meiri hlutans og bítur svo höfuðið af skömminni með því að lýsa því yfir að hann ætli ekki að standa að samþykkt frv. með þeim breytingum sem meiri hlutinn sem hann skrifar undir með leggur til að verði samþykktar. Þetta er furðulegur málflutningur og dæmigerður fyrir sjálfstæðismenn, sem sagt að geta í hvoruga löppina stigið en reyna samt að standa í báðar, vera sitt hvorum megin við girðinguna, sitja á girðingunni og sitja þar meðan sætt er, vera sammála þeim sem standa okkar megin við girðinguna, lýsa því yfir að hann leggi til að samþykkt verði álit þeirra sem standa hinum megin við girðinguna en segjast síðan sjálfir ekki ætla að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þetta er furðuleg afstaða í samræmi við stefnu Sjálfstfl. og mikið ánægjuefni þegar það kemur ítrekað fram eins og hér hefur verið.

Nú ætla ég ekki að endurtaka þau rök sem hafa verið flutt úr þessum ræðustól af fulltrúa minni hlutans, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem er þingmaður með fyrirvara. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök en ég ætla aðeins að leggja áherslu á eitt.

Það hafa verið send út ákveðin skilaboð í þessu máli. Fyrst frá hæstv. sjútvrh., síðan í umræðum hér og m.a. frá meirihlutamönnum. Skilaboðin til útgerðarmanna eru þessi: Þær reglur sem hér á að setja eiga ekki að gilda til frambúðar. Það er tímaspursmál hvenær þær verða afnumdar, hvort það er eitt ár, tvö ár, þrjú ár, það er bara spurning um tíma. Þetta eru skilaboðin sem send eru út. Með þessu er verið að skapa mikla óvissu í greininni. Alþingi er sjálft að skapa þá óvissu og hæstv. ráðherra átti þar frumkvæði og það er skylda Alþingis að taka á þeim málum þannig að óvissunni sé eytt. Það undarlega er, virðulegi forseti, að meiri hluti sjávarútvegsnefndarmanna, líka í hópi þeirra sem skrifa undir meirihlutaálitið, er sammála okkur í minni hlutanum um hvernig óvissunni skuli eytt. En þeir hv. þingmenn sem eru sammála okkur eru hins vegar ekki menn til að standa við skoðanir sínar. Þeir bera því fulla ábyrgð á því óvissuástandi sem verið er að skapa. Það er umhugsunarvert að hæstv. sjútvrh. sem berst á hæl og hnakka gegn hvers konar gjaldtöku af sjávarútvegi í formi veiðileyfagjalds eða með öðrum áþekkum hætti hikar ekki við að leggja á útgerðina þær miklu álögur sem verið er að gera með þessum endurnýjunarreglum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti áðan þar sem gersamlega að þarflausu er verið að leggja á útgerðir óþarfa gjöld allt að þeirri fjárhæð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti áðan, 200 millj. kr. Það er ekki verið að leggja gjöldin á útveginn í almannaþágu. Það er ekki verið að leggja gjöldin á til þess að standa undir einhverjum kostnaði við einhverja þjónustu við útveginn eða í almannaþágu. Það er verið að leggja útgjöld á útgerðina gersamlega að þarflausu og það er verið að senda þau skilaboð til manna að þessi regla verður afnumin en guð má vita hvenær. Svona skilaboð getur Alþingi Íslendinga ekki sent því að hlutverk okkar á að vera að eyða óvissu af þessum toga.

Hér hafa verið tekin mörg dæmi, herra forseti, um göt á þeim reglum sem gilda í dag. Ætli þetta komi samt ekki verst niður á gömlu tréskipunum sem eru enn til hér. Þau verða ekki lengd eða breikkuð með sama hætti og er þó hægt að gera með stálskipin og menn eiga engan kost samkvæmt þeim reglum sem gilda um endurnýjun skipa að taka skynsamlega á endurnýjunarþörf þessara báta sem eru vissulega til og skipta verulegu máli, a.m.k. í sumum byggðarlögum hvað varðar atvinnulíf og atvinnustarfsemi. Útgerðarmönnum þessara báta eru settar hömlur við endurnýjun þeirra sem eru sennilega meiri en hjá flestum öðrum skipum og þau geta nánast enga björg sér veitt, ekki gert neinar breytingar til að aðlaga báta sína að nýrri tækni og framförum í fiskveiðum, hvað þá heldur að geta gert neinar breytingar til þess að búa betur að mannskapnum um borð. Þetta er eitt af því sem er óeðlilegt við þær reglur sem nú gilda. En ég ítreka það, herra forseti. Sjútvrh. og Alþingi eru að senda skilaboð um að þær reglur sem verið er að setja nú eða breyta sé ekki ætlað langt líf. Það er ekki bara stjórnarandstaðan sem hefur verið að lýsa skoðunum sínum í því heldur stjórnarþingmenn sem hafa komið upp í ræðustól og gert slíkt hið sama og sjálfur ráðherra á frumkvæði að því. Það er ekki hægt þegar um svo mikla fjármuni er að tefla og hér hefur verið lýst að senda slík skilaboð út frá þessari stofnun sem ber skylda til að eyða óvissu í þessum efnum og gera það með þeim hætti sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson með fyrirvara, fyrirvaraþingmaðurinn, hefur sjálfur tekið undir að rétt og sjálfsagt sé að gera. Hann ætti þá að standa við þau orð sín og þær skoðanir sínar með því að greiða atkvæði í samræmi við málflutning sinn úr ræðustól áðan en að flytja ekki mál minni hlutans en standa að áliti meiri hlutans.

[22:39]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 43. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 572; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 573.

[22:39]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég greindi á máli hv. síðasta ræðumanns að ég muni hugsanlega hafa talað óskýrt um afstöðu einstakra þingmanna innan meiri hluta í hv. sjútvn. Það er svo sem kemur fram í nefndarálitinu að einn þeirra hefur fyrirvara við málið og hefur lýst skoðun sinni hér. Nokkrir aðrir einstaklingar í þeim meiri hluta, þó ekki meiri hlutinn allur, hefur samt þá skoðun sína að stefna eigi að ákveðnu marki um þær takmarkanir sem eru í gildi og þær takmarkanir sem verða í gildi þegar þetta frv. með þeim breytingum sem við leggjum til verður orðið að lögum. Við höfum hins vegar ekki tekið undir að það eigi að segja eða ákveða á þessu þingi að það eigi að vera í gildi einhvern tiltekinn skamman tíma eins og minni hlutinn leggur til. Við erum ósammála minnihlutamönnum um það. Við teljum það ólán miðað við

efnahagslegar staðreyndir sem við höfum fyrir okkur og ólán miðað það sem við getum ályktað um þær ákvarðanir sem menn taki þegar þeir sjá slík ákvæði sem til að mynda minni hlutinn hefur lagt til.

[22:41]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einmitt það sem þurfti að koma fram. Einn hv. þm. í meiri hlutanum hefur undirbúið þá afstöðu sína sem hv. talsmaður meiri hlutans var að lýsa með því að skrifa undir með fyrirvara. Aðrir hafa ekki gert það. En varaformaður sjútvn. og frsm. meiri hlutans var að lýsa því yfir að ótaldir meirihlutamenn væru þeirrar skoðunar að hér væri verið með breytingu að tjalda til einnar nætur. Það ætti að stefna að því að afnema þær reglur sem hafa verið settar og er verið að breyta um endurnýjun. Það staðfestir að meiri hluti sjútvn., stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar, vilja ekki að þær reglur sem verið sé að setja séu varanlegar heldur beri að afnema þær. Þegar send eru slík skilaboð frá Alþingi þá ber Alþingi skylda til þess að eyða þeirri óvissu sem það er að skapa með því að skýra frá því hvenær og með hvaða hætti eigi að afnema reglurnar þannig að menn gangi að því sem gefnu sem eru að hugsa um að leggja í mikinn kostnað til að endurnýja skip sín, hvort verið er að plata þá til að verja miklum fjármunum í því skyni sem menn geta sparað sér ef þeir hefðu biðlund um skamman tíma. Það nær engri átt, virðulegi forseti, að meiri hluti sjútvn. skuli senda þessi skilaboð frá sér til íslenskra útvegsmanna en neita að svara þeirri sjálfsögðu spurningu: Hvenær og hvernig hyggjast menn þá afnema reglurnar? Menn getur greint á um hvort það eigi að gera á þriggja ára tímabili, tveggja ára tímabili, fimm ára tímabili. Þá verða þessir ágætu menn að gera svo vel að koma með tillögur sínar og hvernig að því skuli staðið til að eyða þeirri óvissu sem þeir eru að skapa. Þetta skilur hver meðalgreindur maður.

[22:43]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efa ekki að hv. síðasti ræðumaður á erfitt með að skilja þá afstöðu meiri hluta nefndarinnar sem hann gerði síðast að umtalsefni. Þess vegna tek ég það skýrt fram aftur að við erum minnihlutamönnum alls ekki sammála um að skynsamlegt sé af þinginu að segja að innan einhvers tiltekins tíma verði tilteknar reglur afnumdar. Við teljum rétt að reglurnar standi þangað til þær verði afnumdar af þingi framtíðarinnar.

[22:44]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það nú lógík í röksemdafærslunni. Hv. þm. kemur hér og segir: Við erum á því að það eigi að afnema þessar reglur sem við erum að biðja þingið um að setja en við ætlum að halda því leyndu hvenær eigi að gera það, þ.e. þeir vita það svo sem sjálfir. Einhverja hugmynd hljóta mennirnir að hafa um það sem eru að lýsa því yfir að þeir telja að það eigi að afnema reglurnar. Einhverja hugmynd hljóta þeir að hafa um það hvenær á að gera það og hvernig en þeir neita að skýra frá því. Þeir ætlast sem sé til að útgerðarmenn lifi við óvissuna, leggi í jafnvel hundruð millj. kr. kostnað við endurnýjun og vakni svo upp við það að einn góðan veðurdag að hv. þingmönnum þóknist að segja hvað þeir eru að hugsa með þessum yfirlýsingum.

Hv. þingmenn eru ekkert bangnir við að leggja að óþörfu tuga og hundrað millj. kr. skatta á sjávarútveginn að ástæðulausu.

[22:45]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðið var við það hjá þingmönnum, eru þar fáir upp taldir og þar á meðal síðasti ræðumaður, sem leggja í vana sinn að hafa það eftir sem fram fer á nefndarfundum þingsins og nú sjútvn. þar sem jafnvel eru persónuleg samtöl manna í milli eða á stundum í léttum dúr. Þessi umræða er flutt hingað inn í þingsalina. Ég hef ekki lagt þetta í vana minn en ég ætla samt sem áður að rifja það upp að hv. þm. minni hluta sjútvn. var mjög margátta og margar skoðanir voru um það hvernig ætti að taka á þessu máli. Ég man ekki betur en einhverjir hafi verið að tala um að eðlilegt væri að afnema þessar reglur strax. En nú hefur orðið einhver málamiðlun í minni hlutanum og það er talað um árið 2001. Það væri gott að fá það fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Sighvati Björgvinssyni. Hverjir voru það sem vildu afnema reglurnar strax? Hverjir vildu hafa árið 2001 og hvernig gekk samkomulagið til? En annars ætla ég ekki að leggja það í vana minn að ræða um það sem fer fram persónulega manna á milli í nefndum og ég hugsa að þetta sé einsdæmi sem fram kom hjá síðasta ræðumanni.

[22:47]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson með fyrirvara segir að skoðanaskiptin sem hér hafa farið fram séu óeðlileg. (**GHall:** Já.) Ég gerði grein fyrir því í upphafi minnar ræðu að tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs og spurðist fyrir um málið var að varaformaður sjútvn. og talsmaður meiri hlutans komst þannig að orði í upphafsorðum sínum að a.m.k. einn þeirra þingmanna sem standa að nefndarálitinu gerðu það með fyrirvara. Ég sá hins vegar að aðeins einn hafði ritað fyrirvara við nafnið sitt. Því spurði ég frsm. meiri hlutans hvað þessi orð þýddu, hvort fleiri væru með fyrirvara og skýrði frá því að það kæmi mér ekki á óvart miðað við þær umræður sem hefðu átt sér stað í nefndinni. Og frsm. meiri hluta sjútvn. staðfesti það því að hann skýrði frá því sjálfur að ýmsir aðrir þingmenn sem standa að nefndarálitinu hefðu verið þeirrar skoðunar og væru það eflaust enn án þess að hann tæki það þó sérstaklega fram, að þessar reglur ættu ekki að eiga sér langa lífdaga. Ég bið því hv. þm. með fyrirvarann að gera sér grein fyrir því hvernig málflutningurinn er hér á Alþingi og þetta er í fullu samræmi við það.

Hann spurði okkur stjórnarandstæðinga hvernig stæði á því að við hefðum lagt fram tillöguna eins og við gerum. Svarið við því er mjög einfalt. Í okkar hópi eru sumir þeirrar skoðunar að það beri að afnema þessar endurnýjunarreglur strax. Aðrir eru þeirrar skoðunar að það beri að gera það í áföngum. En við komumst að niðurstöðu sem við erum sammála um til þess að eyða óvissunni og niðurstaða okkar er þessi. En niðurstaða meirihlutamanna sem eru okkur sammála er engin. Þeir komust ekki að neinni niðurstöðu annarri en þeirri að láta útvegsmenn lifa með óvissunni, láta þá eyða tugum milljóna í útgjöld að óþörfu.

[22:49]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ekki með fyrirvarann svaraði þessu allsérkennilega. Hann minntist ekki á og gat ekkert um það sem ég ámálgaði, þ.e. þann sérkennilega sið sem hann er að innleiða með því að flytja orð sem töluð eru í nefndinni inn í þingsalina.

Í annan stað vil ég segja að hvað svo sem hann vill lesa út úr ræðu hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar, þá standa þar skrifuð orð, afstaða nefndarinnar. Hún er þar skrifuð og það á ekki að koma þingmanninum Sighvati Björgvinssyni á óvart hvað þar stendur. Það eru alveg hreinar línur. Ég hef þar ákveðinn fyrirvara á málinu sem ég hef gert grein fyrir og ætti ekki að koma honum á óvart. Eflaust hefur hann heyrt mína afstöðu og ég er hissa á því að hann skuli ekki koma og segja nákvæmlega hvað okkur fór á milli oftar en ekki í nefndinni.

En ég veit, hef lært svo mikið eftir þessa ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að aðgát skal höfð í hans nærveru.

[22:50]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki sagt úr ræðustól eitt einasta orð af því sem fór á milli nefndarmanna, ekki eitt einasta orð. Ég spurðist fyrir um afstöðu nefndarmanna vegna ummæla frsm. meiri hlutans og ég fékk svar við því og það svar er mér fullnægjandi. En hv. þm. með fyrirvarann, undir hvað skrifar hann? Hann skrifar undir meirihlutaálit sem endar með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn mælir með samþykkt" — skrifað með svörtu letri: samþykkt — „frumvarpsins með svofelldum breytingum:"

Og hvers efnis er fyrirvari hans? Fyrirvari hans er sá að hann ætlar sér ekki að samþykkja frv. svo breytt. Hvernig í ósköpunum getur maður fremur setið á girðingu en svona, að skrifa undir álit þar sem lagt er til að eitthvað verði samþykkt óbreytt og fyrirvarinn er fólginn í því að hann lýsir því úr ræðustól að hann mundi ekki samþykkja það. Hann er með öðrum orðum á móti því. Þetta kalla ég nú að sitja á girðingunni og vera fastur. (**GHall:** Þetta er ...)

[22:52]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar kvótakerfið var sett fyrst á 1984 þá voru settar reglur um endurnýjun fiskiskipa. Reglan var 1:0,7. Sú regla gilti alveg til 1991. Árið 1991 tók ný ríkisstjórn við. Þá tók hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson við sjútvrn. og þá breytti hann fljótlega þessum reglum úr 1:0,7 í 1:1.

Í þessari sömu ríkisstjórn sat þá hv. 4. þm. Vestf. Sighvatur Björgvinsson. Hann sat þar í fjögur ár (**Gripið fram í:** Og leiddist ekki.) og leiddist ekki neitt. Það sem verið er að gera nú er einmitt það að færa endurnýjunarregluna til hins fyrra forms auk þess sem aðeins er líka hleypt að minni bátum með smástækkun sem fá að koma þar inn. Það er verið að breyta til fyrra forms. Nú er þingmanninum mjög mikið niðri fyrir því þetta sé alveg voðalegt. Það er verið að breyta reglunni eins og hún var áður og honum finnst það alveg skelfilegt og fjargviðrast hér í stólnum eins og stórkostleg vandræði séu á ferðinni.

Það er vitað mál að allir þeir sem reyna að stjórna fiskveiðum sínum hafa það að meginmarkmiði að fá samræmi milli afrakstursgetu fiskstofna og afkastagetu flotans og þess vegna var þessi regla í upphafi sett 1984. Og það er rangt sem menn halda fram að þarna hafi nokkurn tíma verið einn einasti skattur á sjávarútveginum. Menn eru að borga hverjir öðrum. Menn eru að hjálpa til við það að einn geti komist út úr útgerðinni og borgar þá hver öðrum. Sjávarútvegurinn hefur ekki í einu né neinu fórnað þarna nokkru vegna þess að menn hafa verið að tryggja sér lífsrými, tryggja það að reglan geti gengið, tryggja það að aflaheimildirnar verði í sem mestu samræmi við afkastagetuna.

[22:54]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Reglur um endurnýjun fiskiskipa og tilraunir til að stemma stigu við henni svipað og hér um ræðir eiga sér miklu eldri sögu. Ef mig minnir rétt, þá voru þær reglur fyrst settar í sjávarútvegsráðherratíð Kjartans Jóhannssonar sem tilraun til þess að draga úr sóknarþunga fiskiskipaflotans við allt aðrar aðstæður en urðu eftir að kvótakerfið var sett á. Þarna fer því hv. þm. rangt með. Á sínum tíma var verið að reyna að gera tilraun með því að gera endurnýjunarreglurnar að stjórnkerfi í fiskveiðum sem kvótakerfið síðan leysti af hólmi.

Það er líka rangt hjá hv. þm. að við í minni hlutanum séum á móti þeim tilslökunum sem verið er að gera í þessu efni núna. Það sem við erum að segja er að vilji er fyrir því á Alþingi og meirihlutavilji í sjútvn. að gera ekki breytingar sem eigi að eiga sér varanlega framtíð heldur stefni að því að afnema þær. Við segjum: Þetta á þingið að segja. Það á að skýra frá þessu. Það á ekki að setja lög, láta í veðri vaka að verið sé að gera þar breytingar til einhverrar framtíðar þegar vilji manna stendur til þess að þær breytingar eigi að eiga sér skamman aldur og þau skilaboð eru þegar komin frá þessum fundi, virðulegi forseti, því að svo margir þingmenn hafa tjáð sig í þá veru, að þau skilaboð eru skýr sem verið er að senda frá þessu þingi. Það er pólitískur vilji til þess á Alþingi að afnema þessar reglur og þá ber Alþingi skylda til þess að eyða vafa um hvernig og hvenær.

[22:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór nákvæmlega rétt með þetta. Um leið og við settum á fyrsta aflakvótakerfið voru settar reglur um endurnýjunina og það eru þær reglur sem ég er að tala um, 1:0,7. Það er það sama og verður núna gert. Því er nákvæmlega rétt farið með það.

Í öðru lagi er það svo og allir mættu vita það að lög standa jafnlengi og pólitískur vilji er til þess að styðja þau. Það getur enginn sagt um það þegar lög eru sett hversu lengi þau standa. Og ef menn hafa nokkurn grun um að vilji sé um eitthvað annað í þinginu, þá geta þeir haft hann, en það er ekki verið að flytja nein sérstök skilaboð með þessu frv. Það er verið að slaka á reglunum og lögin eru ekki með sólarlagsákvæði. Það hefur aldrei staðið til að hafa þau þannig enda væri það ákaflega óhyggilegt. Lögin eru eins og þau standa og menn geta lesið og enginn nema hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er að gera því skóna að hér í kvöld hafi komið í ljós að þessi lög eigi ekki að gilda. Lögin gilda eins lengi og hinn pólitíski vilji er til staðar. (**Gripið fram í:** Hárrétt.)

[22:57]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að lög um takmörkun á endurnýjun fiskiskipa voru sett löngu áður en núverandi kvótakerfi var lögleitt þannig að þar er engin nýlunda sem fylgdi kvótakerfinu. Þeir sem fylgdust með stjórnmálaátökum á þeim tíma muna eftir þeim átökum sem þá urðu milli hæstv. þáv. ráðherra Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar út af þessu.

Í öðru lagi hefur hér komið fram að pólitískur vilji er fyrir því að þessar reglur verði ekki langlífar þannig að það er rangt sem hv. þm. fullyrðir að hafi komið fram, þ.e. að

pólitískur vilji sé fyrir öðru. Það kom glögglega fram hjá hv. þm. sem talaði áðan með fyrirvara að hans hugur stendur til þess — það er hans pólitíski vilji — að þessar reglur verði afnumdar, m.a. með öryggishagsmuni og aðbúnað sjómanna fyrir augum þannig að pólitískur vilji er fyrir því á þingi að þessar reglur standi ekki lengi og þeim sem hafa þann pólitíska vilja ber því skylda til þess að skýra frá því hvernig eigi að afnema og hvenær. Það er ekkert óeðlilegt við það að sett séu sólarlagsákvæði í lög. Það hefur oft verið gert.

[22:58]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Þetta hafa verið ansi fjörugar umræður og undarlegt er hvernig menn geta lagt út af þeim breytingum sem hér er verið að leggja til og gert tortryggilegar með mjög svo vafasömum málflutningi að mínu mati.

Ég er einn af þeim sem sátu í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði til að endurskoða úreldingarreglur fiskiskipa. Við sem í þeirri nefnd sátum höfðum að sjálfsögðu mjög mismunandi skoðanir á því hvernig best væri staðið að því að breyta reglunum, hvort eðlilegt væri að vera með nokkrar reglur og hvort að það sem menn síðan komust að samkomulagi um að yrði sett fram í formi álits, væri nægjanlegt til þess að mæta þeim kröfum sem hafa komið fram í þinginu, í þjóðfélaginu, hjá sjómönnum og útgerðarmönnum, til að geta mætt öryggiskröfum sem allir eru sammála um, aðbúnaðarkröfum sem allir eru sammála um og eins kröfum um bætta meðferð aflans sem menn hafa margítrekað bent á að ekki hefur verið hægt að framfylgja vegna þess að úreldingarfyrirkomulagið hefur verið allt of fast í forminu. Ekki hefur verið nokkur sveigjanleiki fyrir skip sem eru byggð eftir 1986 til að breyta því sem nauðsynlegt er talið að bestu manna mati og áliti þannig að þessi nefnd sem skipuð var af hæstv. sjútvrh. átti að taka á þessum málum og hún gerði það.

Ég var einn af þeim í nefndinni sem vildu ganga lengra en nefndarálitið gerði ráð fyrir og við vorum nokkrir í nefndinni sem vildum afnema þessar reglur algerlega vegna þess að við töldum og teljum reyndar enn að aflaheimildir skipa og útgerðarform ráði því í sjálfu sér nákvæmlega hversu skipin eiga að vera stór. Útgerðin og aflahlutdeildin ráða því og ekkert annað. Það er svo annað mál þegar þingmenn koma saman sem standa saman að meirihlutasamstarfi að þeir komast að samkomulagi. Það samkomulag gildir svo lengi sem menn eru sammála um það, eins og kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni hér áðan.

Þær reglur sem hér verða samþykktar væntanlega og lagðar eru fram með þessu frv. gera ráð fyrir því að öll meiri háttar breyting sem lýtur að öryggismálum, aðbúnaði og meðferð afla rúmist innan kerfisins. Minni skip sem um er að ræða, eins og trébátar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson minntist sérstaklega á, eiga öll möguleika á því, a.m.k. langflest að ná allt að 60% stækkunarmöguleikum með þessum reglum þannig að þeir bátar eru ekkert skildir eftir úti á gaddinum eins og hv. þm. orðaði það hér áðan, herra forseti, og finnst mér slæmt að hann skuli senda þau skilaboð út til þjóðarinnar og til þessara útgerðarmanna að þeir hafi ekki fengið neina lausn með þessum reglum sem hér eru til umræðu. Það er alvarlegt þegar verið er að vekja upp tortryggni eins og sem hv. þm. reyndi að gera hér áðan.

Þó svo að nefndin hefði viljað ganga lengra og sjái fyrir sér að einhvern tíma verði farið lengra, þá telur hún að þetta sé fullnægjandi miðað við ástandið eins og það er í dag. Ég vil bara segja af þessu tilefni að reglur sem lúta að útgerð og skipum hljóta alltaf að vera til endurskoðunar meira og minna svo lengi sem flotinn breytist og svo lengi sem menn sækja á mismunandi mið og mismunandi útgerðarform ríkja. Enginn vill hafa það fyrirkomulag sem ríkti hér í eina tíð, að menn voru að fara inn og út úr hólfum með því að taka stefnið framan af og setja það á aftur eftir því hvort þeir voru fyrir innan eða utan hólfið. Enginn vill vera áfram í því útgerðarformi þar sem menn eru að innsigla vélar sínar til að komast inn í ákveðin hólf. Enginn vill sjá áfram það fyrirkomulag sem ríkti og ég hygg að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi helst verið að óska eftir þannig að ég held að með þeim breytingum sem við leggjum hér til höfum við mætt flestum ef ekki öllum þeim kröfum sem hafa verið uppi um breytingar og í þeim viðræðum sem ég hef átt við við mjög marga útgerðarmenn og eigendur smábáta kom fram að þeir telja að þessar breytingar fullnægi þeim þörfum sem þeir hafa í dag til breytinga á sínum skipum. Ég vil segja að ég hef hitt þó nokkuð marga útgerðarmenn, meira að segja fyrir vestan þar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er þingmaður, sem hafa haft hugmyndir um breytingar á skipum sínum sem falla akkúrat inn í það form sem við höfum lagt til, þessi nefnd, og er hér lagt fram í frv. og var lýst hér ágætlega af hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni, flm. meirihlutaálitsins.

[23:06]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Aðeins fáein orð í viðbót inn í þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég tel að aðstæður í kringum afgreiðslu þessa máls hafi skýrst það vel í umræðunni að ekki þurfi að fjölyrða um það. Ég vísa þar sérstaklega til orðaskipta hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og stjórnarsinna eða flutningsmanna meirihlutanefndarálits. Það dró mjög rækilega fram það sem við höfum verið að halda fram, að mikil óvissa væri fólgin í framtíð þessa takmörkunarkerfis eins og frá því væri verið að ganga hér þegar beinlínis lægju fyrir yfirlýsingar eða orð í þá átt að menn sæju það ekki fyrir sér til frambúðar, en þó vildu menn að það héldi áfram um sinn á einhvern hátt og þá með þeim rýmkunum, til að byrja með, sem á því er verið að leggja til nú.

Þetta er að mínu mati alveg fullnægjandi til þess að rökstyðja það eða afhjúpa að auðvitað er verið að ýta mönnum inn í þessa framtíð í mikilli óvissu um hvað við tekur, þ.e. hversu lengi þessar reglur verða við lýði, hvaða grunnur verður undir fjárfestingum sem menn taka og þurfa að kosta nokkru til varðandi endurnýjun fiskiskipa vegna þess að menn þurfa að kaupa út þessa úreldingu.

Varðandi það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan, 3. þm. Vestf., að það væri enginn að borga neinum neitt vegna þess að menn borguðu hver öðrum og þar af leiðandi kostaði þetta ekki neitt þá er það við þetta að athuga, herra forseti, að í raun og veru breytir það engu fyrir útgerðarmann sem hyggst endurnýja sitt skip og á gamalt og rúmlítið skip fyrir og þarf að bæta mjög miklu við sig, hverjum hann borgar. Krónurnar eru jafnmargar sem þarf að bæta við í dæminu. Og þar sem mergurinn málsins er sá að þarna er þröskuldur sem þarf að yfirstíga í hverju einasta tilviki og með þeim rúmmetrum sem menn þurfa að skapa á móti. Menn hafa jafnvel tilhneigingu til að verðleggja rúmmetrana sem þeir sjálfir eiga og leggja inn í púkkið því þeir standa kannski frammi fyrir því að meta arðsemi þess að

hætta, að selja sína útgerð og veiðiheimildir og rúmmetrana með, eða endurnýja. Og þegar þeir stilla reikningsdæminu upp, þá koma rúmmetrarnir þarna á fullu verði inn í. Það liggur alveg í hlutarins eðli. Þeir hljóta að gera það á meðan þetta eru framseljanleg verðmæti. Með öðrum orðum, sá fórnarkostnaður sem liggur í rúmmetrunum er þröskuldur sem þarf að yfirstíga í arðsemismati varðandi hverja einustu nýfjárfestingu í flotanum. Þannig hefur það verið. Ég hef farið í gegnum mörg arðsemisdæmi með útgerðarmönnum þar sem menn hafa velt fyrir sér möguleikunum á því að fara í tiltekna endurnýjun, ekki síst á tilteknum missirum í sambandi við það að endurnýja nótaskipaflotann og búa okkur betur út til að nýta hina stóru stofna uppsjávarfiska þar sem við erum með hörmulega gamlan og úreltan flota eða vorum a.m.k. að verulegu leyti. Endurnýjunin hefur falist í að kaupa 20 ára gömul skip frá nágrannaþjóðunum sem verið er að leggja þar. Það er sorglegt að við skulum ekki vera í færum til að taka inn ný og fullkomin skip sem bjóða upp á hágæðameðferð á hráefni og annað því um líkt. Fyrir þessu hef ég talað mörg undanfarin ár og barist. En maður hefur aftur og aftur rekist á þennan þröskuld í dæmunum. Það munar um það að þurfa að yfirstíga þarna kannski viðbótarkostnað, tilbúinn kostnað í raun og veru, sem mælist í tugum og hundruðum milljóna króna.

Nú er engin deila um það í sjálfu sér þegar komið er aflamark, við nýtingu t.d. uppsjávarstofna að það er fáránlegt að skipta sér af því hvernig skipin, sem útgerðarmenn sem eru að nýta sinn eigin kvóta ár eftir ár, eru úr garði gerð. Og að þeir skuli ekki geta tekið inn skip með kælitönkum *og einangruðum lestum sem bjóða upp á hágæðameðferð á* hráefni. Hverju halda menn að t.d. munaði á sumarvertíðinni í loðnu að hafa kælda tanka þegar verið er að sækja loðnu eða síld mörg hundruð mílur norður í haf? Það munar því hvort nokkurt einasta kvikindi kemst í manneldi eða ekki. Það er bara þannig. Og það er alveg augljóst að menn hafa sóað eða misst af milljörðum króna í töpuðum möguleikum í manneldisvinnslu á loðnu og síld og jafnvel fleiri uppsjávartegundum sem við gætum verið farnir að nýta okkur í miklu ríkari mæli en ella er, kolmunna, makríl og jafnvel spærlingi o.s.frv., í og með vegna þess að við höfum ekki átt nógu góðan flota. Það er ljóst. Við höfum t.d. ekki átt öflug skip sem gátu verið jöfnum höndum á nóta- og flottrollsveiðum og voru með kældar lestar. Á þessu verður hv. 3. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, að átta sig. Þetta snýst ekki um það hverjum er borgað heldur hitt að þarna er þröskuldur sem þurft hefur að yfirstíga. Ég minni á að ekki er langt síðan samkeppnin var ekki bara við einhverja aðra útgerðarmenn um rúmmetrana. Það er ekki langt síðan opinber sjóður bauð í rúmmetrana á móti útgerðarmönnunum og menn voru að keppa við kauptilboð Úreldingarsjóðs og síðan Þróunarsjóðs eða Hagræðingarsjóðs eða hvað hann nú hét.

Og til þess að menn séu síðan ekki að rífast um staðreyndir sem liggja fyrir á prenti, þá ætla ég aðeins að fara yfir það hvenær takmarkanir á stærð fiskiskipastólsins komu til sögunnar og taka undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fór hér réttilega með en aðrir mótmæltu ranglega, að reglur um endurnýjun fiskiskipa og takmarkanir á stærð fiskiskipastólsins eru mun eldri en kvótakerfið. Það var strax upp úr útfærslu landhelginnar 1975–1976 sem menn fóru að ræða um nauðsyn þess, í kjölfar þess að dökkar skýrslur komu um ástand þorskstofnsins, að takmarka einhvern veginn afkastagetu flotans og/eða stærð hans. Ég held að einhverjir hér hljóti að muna alla umræðuna um of stóran fiskiskipaflota sem var tískuorð í umræðum um sjávarútvegsmál hartnær jafnlengi og kvótinn hefur verið það núna eða auðlindaskattur og eitthvað því um líkt.

Strax á árunum 1977–1978 fóru þær ríkisstjórnir sem þá sátu að grípa til aðgerða í þessu sambandi. Í fyrsta lagi var sett innflutningsbann á skip. Í öðru lagi voru lánveitingar úr opinberum sjóðum til skipa takmarkaðar og á árunum 1979–1980 koma til sögunnar reglur sem beinlínis kveða á um að sambærileg skip eða skip af svipaðri stærð skuli hverfa úr notkun fyrir önnur sem koma í staðinn inn í flotann þannig að beinar endurnýjunarreglur í því formi eru a.m.k. þremur eða fjórum árum eldri en kvótakerfið. Það kom að vísu fyrir á þessum árum að sögn að menn gleymdu togurum en við skulum ekki fara út í það mál. Þeir skutu óvænt upp kollinum af því að gefin höfðu verið vilyrði fyrir því að þeir væru keyptir frá útlöndum svona einhvern tíma á kosningaferðalögum eða einhvers staðar, en það er önnur saga.

Þessar reglur koma sem sagt til sögunnar á þessu árabili, frá 1977–1979 og 1980 og síðan beinar takmarkanir frá árunum 1984 og síðar. Að vísu er það alveg rétt að frá árunum 1987–1991 giltu reglur um að skip mátti vera allt að 33% stærra, þriðjungi stærra, *sem sagt talsvert rýmri en nú* er verið að leggja til þar sem einungis er talað um stækkun upp á 25%. En það er síðan eftir stjórnarskiptin 1991 sem hinar stífu úreldingarreglur voru settar sem verið hafa í gildi þangað til þá nú að þeim verður e.t.v. breytt með þessu frumvarpi.

*Herra forseti. Ég vona að þessi upprifjun nægi til þess að* menn þurfi ekki að vera að deila um þetta atriði sem liggur allt saman fyrir í skjalfestum heimildum. Ef menn vilja vita um tvær ágætar heimildir til að lesa sér til um þetta þá er önnur skýrsla tvíhöfða nefndarinnar frægu frá sínum tíma og svo kom út ágæt bók í fyrrahaust um sjávarútvegsmál þar sem talsvert er farið yfir þessi mál.

[23:15]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn. vil ég taka fram að ég styð álit minni hluta sjútvn. í þessu máli. Við kvennalistakonur höfum ávallt verið hlynntar því að stærð fiskiskipaflotans mótist af þörfum þannig að offjárfesting verði í lágmarki. Í aflamarkskerfi ætti þessi hagkvæma stærð að koma af sjálfu sér og því er afstaða minni hlutans eðlileg í þessu máli.

Afstaða meiri hlutans endurspeglar þá furðulegu afstöðu sem var mótuð fljótlega eftir að aflamarkskerfið komst á, þ.e. að settar voru strangar stækkunarreglur sem að mínu mati endurspegla tvennt. Í fyrsta lagi hræðslu þeirra sem fyrir eru í flotanum við að missa eitthvað af sínu ef aðrir stækka meira en þeir sjálfir og það endurspeglar aftur vantrú á að aflamarkskerfið sé komið til að vera.

Sú umræða sem hér hefur átt sér stað sýnir að mínu mati það fáránlega ástand sem nú ríkir í fiskveiðistjórnarkerfinu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem frv. kemur inn í hv. sjútvn. sem hefur þær afleiðingar að út koma tvö nefndarálit oft með nokkrum fyrirvörum og skilaboðin sem fara út eru greinilega þau að verið sé að tjalda til einnar nætur, að aðeins sé verið að hrófla við því kerfi sem fyrir er og allir sjá að það getur ekki staðið svona til lengdar.

*Mitt mat er að* þetta frv. sé fullkomlega gagnslaust, ekki síst eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í kvöld og rétt

væri að draga það til baka og fara að ráðum minni hlutans. En þetta úrelta kerfi lifir áfram og nú á að stækka flotann með tilheyrandi aukningu á útblæstri gróðurhúsalofttegunda og það væri fróðlegt að vita hvort tekið hafi verið mið af þeirri nýju stöðu sem nú er komin upp vegna Kyoto-samningsins þegar þetta frv. var samið, þ.e. hvort horfst hafi verið í augu við það að þörf sé á að minnka mengun vegna fiskveiðiflotans. Hvernig væri t.d. að heimila eingöngu stækkun á þeim skipum sem nota vistvænna eldsneyti en önnur? Ég slæ þessu fram hér að lokum, hæstv. forseti, en ég tel að þetta sé óþarft frv. og ráðlegra væri að fara að tillögum minni hlutans.

[23:19]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv. hefur nú tekist, allt síðan hún settist á þing, að misskilja flest um íslenskan sjávarútveg og fara rangt með annað. Og það var við því að búast að þetta væri tillegg hennar til umræðunnar um endurnýjun fiskiskipaflotans.

Sannleikurinn er sá að allar þjóðir heims, allar fiskveiðaþjóðir, leitast við að stjórna fiskveiðum sínum með það eina markmið að ná jafnvægi milli flotans, sóknargetunnar og fjárfestingarinnar og afraksturs fyrir stofnana. Ég fullyrði að allar þjóðir heims öfunda Íslendinga af þeim árangri sem þeir hafa náð í að minnka flotann því að á sama tíma og okkar floti hefur sannarlega verið að minnka og afkastageta hans hefur minnkað mjög mikið nú á annan áratug, þá hafa allir fiskiskipaflotar í grenndinni í Evrópu, líka í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi, verið að stækka. Það hefur verið vandamál allra nema okkar að fiskiskipaflotarnir eru allir að stækka nema okkar, hvernig sem menn láta þetta fara í taugarnar á sér eða telja þetta vera einhverja stíflu eða til vandræða. Það er sannarlega rétt að sjávarútvegurinn sjálfur hefur staðið fyrir þessum breytingum. Hann hefur borgað og því ber að líta á hagsmuni sjávarútvegsins sem einnar heildar og það er það sem löggjafanum á hverjum tíma ber að hafa í huga, heildarhagsmunina. Telji einhver sig vera aflögufæran, telji hann sig hafa svo hagkvæma útgerð að hann geti fórnað til þess að kaupa sér stærri útgerð, þá gerir hann það. Hann gerir það af frjálsum vilja. Það er frjáls verslun og frjáls viðskipti. Vilji einhver hætta og fái hann þannig peninga fyrir að hætta, þá eru það velkomnir peningar. Það eru frjáls viðskipti. Þetta höfum við verið svo gæfusamir að nota okkur núna í 13 ár. Það hefur borið árangur og það er ástæða til þess að halda því áfram.

[23:21]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um hvað ég misskildi í málinu og vildi gjarnan fá það útskýrt. En meginástæðan fyrir því að aðrir fiskveiðiflotar eru að stækka er að þar er annars konar kerfi við stjórn fiskveiða. Hér hefur verið blandað kerfi og það veldur þessu skrýtna ástandi fyrst og fremst. Ef hér væri hreint aflamarkskerfi, þá kæmi það auðvitað af sjálfu sér að fiskveiðiflotinn væri í samræmi við það sem væri hagkvæmast. En af því að við höfum verið með þetta blandaða kerfi, þá náum við ekki að losa okkur út úr gamla ástandinu og fara í það nýja og það er líka eilíflega verið að hugsa um að skipta um kerfi.

[23:22]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. misskildi var að þetta frv. væri óþarft eins og hann sagði. Þetta frv. er mjög þarft. Þetta frv. er um það að slaka á þessum endurnýjunarreglum, úr stuðlinum 1:1 niður í stuðulinn 1:0,7 eins og áður var. Það var talin og er talin mikil nauðsyn á því að núna væri ástæða til að slaka aðeins á þessu en alls ekki að hætta við þetta kerfi. Það er því mikill misskilningur að segja að flutningur þessa frv. sé óþarfur. Það var það sem hún misskildi.

Í öðru lagi ber þess að geta að mjög margs konar kerfi eru í fiskveiðistjórnun í heiminum. Enginn hefur orðað það harðar og tekið meira upp í sig en sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsins, Emma Bonino, sem hefur haldið óteljandi ræður og skrifað óteljandi greinar um það. Það er sama hvaða kerfi við notuðum við fiskveiðistjórnunina því ef við hefðum ekki jafnframt einhverja stjórn á flotastærðinni, þá væri alveg víst að tilraunin til að stjórna mundi mistakast. Þetta er sú kona sem getið hefur sér mest orð í Evrópu fyrir stjórnunarhæfileika sína enda er hún mest metin af öllum stjórnmálakonum í Evrópu um þessar mundir eða alla vega svona í hærri hæðunum og það er þá ástæða fyrir þær konur sem hafa áhuga á sjávarútvegsmálum að hugsa til þess hvað hún hefur viljað leggja til þessara mála vegna þess að hún talar ábyggilega af mikilli reynslu. Hörmulegt ástand hjá Evrópubandalaginu í flotastærðinni er náttúrlega að plaga þá mjög mikið og allir neita að fara eftir þessum reglum, láta setja á sig reglur um stærð flotans. Við vorum þeir lánsmenn að gangast undir þessi jarðarmen. Við vorum þeir lánsmenn og við eigum að fagna því.

[23:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þið voruð þeir lánsmenn, en fyrir hverja? Fyrir þá sem áttu skipin fyrir. Þetta kerfi ver hagsmuni ákveðinna aðila en ekki annarra. Þeir sem hafa langa veiðireynslu eru ánægðir með þetta kerfi en aðrir eru það ekki.

[23:25]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson)**:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. brást ekki vonum mínum frekar en fyrri daginn. Þegar hann kemur hér í ræðustól, þá yfirleitt lifnar örlítið yfir þingsalnum og ég held að hann hafi staðið undir þeim væntingum nú eins og oft áður. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur oft flutt ágætar ræður í þingsal og ekki aðeins ég haft gaman af heldur margir aðrir.

Það sem ég vildi eiginlega beina til hv. þm. er að hann hefur jafnan talað um þá þjóðfélagstilraun sem var gerð í Sovétríkjunum og víðar í Austur-Evrópu og farið um hana þeim orðum að það hafi verið tilraun sem ekki hafi verið ástæða til þess að ráðast í. Hún hafi misheppnast og dómur sögunnar í þeim efnum væri löngu fallinn. Ég held kannski að undir þetta megi taka með hv. þm. Hann hefur m.a. rökstutt mál sitt með því að ástæðan fyrir því að svona fór er sú gríðarlega miðstýringarárátta sem þar var við lýði. Hv. þm. hefur talað um það í flestum ræðum sínum að frjáls viðskipti, frjáls markaður sé það sem eigi að ráða ferðinni í þessum efnum. Það er einmitt vegna þessa sem ég undrast dálítið að hv. þm. er nánast sá eini sem hefur tekið til máls í kvöld sem hefur tekið undir þessar reglur sem hér er ætlunin að lögfesta án fyrirvara, nánast sá eini því að þær reglur sem við erum að ræða hér eru stjórnvaldsreglur um fjárfestingargirðingar til endurnýjunar fiskiskipa. Það eru þessar reglur, þessar girðingar sem gera það að verkum að einhverjir meintir rúmmetrar fá verðgildi, þ.e. það eru stjórnvaldsreglur sem gera það að verkum að eitthvað fær verðgildi. Ekki það að

svo hafi verið í sjálfu sér heldur eru það stjórnvaldsreglurnar sem búa til verðgildið.

Það er ekki langt síðan við upplifðum það að það borgaði sig að byggja hér frystigeymslur og geyma kjöt af því að það var greitt sérstaklega fyrir það að geyma kjöt. Stjórnvaldsreglurnar leiddu til einhvers konar arðsemi á því sem í raun og veru hafði ekki falið í sér neina arðsemi eða neitt verðgildi. (**Gripið fram í:** Hvernig á að geyma kjötið?) Það er einmitt á þessum nótum sem ég vildi að hv. þm. kæmi hér upp og útskýrði fyrir mér hvað þessar fjárfestingargirðingar, hvað þessar endurnýjunarreglur hefðu með frjáls viðskipti að gera. Enn fremur, úr því að nauðsynlegt er að vera hér með tvöfalt stýrikerfi, þá held ég að það sé nauðsynlegt líka að hv. þm. útskýri fyrir þeim sem hér stendur og mörgum öðrum hvað það er sem veldur því að hann hefur ekki þá trú að aflamarkskerfið eitt og sér geti stjórnað fiskveiðum við Íslandsstrendur. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá skýringar hv. þm. á þessu vegna þess að hann hefur verið hvað einarðastur talsmaður frjálsra viðskipta hér á þingi.

[23:28]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ég geri það ekki að vana mínum að koma hérna upp samkvæmt pöntun, þá vil ég benda mönnum á að það er himinn og haf á milli frjáls markaðskerfis annars vegar í lýðfrjálsu landi eða mistökum glæpaklíkunnar í Kreml á sínum tíma og á það ekkert skylt við það að við viljum halda hér uppi lögum og reglu. Það hefur enginn hér á þessu þingi svo ég viti til verið talsmaður einhverrar „laissez-faire"-stefnu í efnahagsmálum. Enginn hefur haldið öðru fram en að okkur bæri í okkar þingræðisríki að hafa reglur og hafa lög. Það borgar sig fyrir alla, það er affarasælast fyrir alla að reyna að sníða þau eftir því sem við höfum hyggjuvit til. Það er mjög mikill munur á því hvort útgerðarmenn sjálfir, til þess að koma sér betur fyrir, til þess að búa til lífsrými fyrir sjálfan sig í íslensku landhelginni, fórna peningum til að kaupa hver af öðrum eða hvort skattborgararnir eru að halda uppi einhverjum óeðlilegum kaupum eða byggingum á frystigeymslum fyrir kjöt. Þetta er alveg fáránleg samlíking þannig að ég hef haldið því fram og ætla að halda því fram áfram að nota allt sem við vitum að hefur farsællega gengið fram og það er hefur verið hin góða íhaldsstefna. Hún er sú að yfirgefa seint það sem vel hefur reynst. Við höfum verið lánsmenn í þessu. Því er það eindregið mín skoðun að núna þegar við breytum þessum lögum, rýmkum, þá förum mjög varlega og sjáum til. Við vitum að þetta hefur fært okkur þá miklu gæfu að flotinn er að minnka. Við eigum að trúa því og treysta að við séum á réttri braut vegna þess að þegar jafnvægi er náð í flotann, þá verður eftirspurnin engin og verðið á rúmmetrum verður núll þannig að við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af þessu. Þetta mun leiða til jafnvægis.

[23:30]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi á engan hátt útskýrt þau viðhorf sín sem fram komu áðan og ég óskaði eftir að hann skýrði frekar. Ég var ekkert að fjalla um það í ræðu minni að hér ættu að gilda lög og reglur. Það sem ég talaði um er sú miðstýringarárátta sem í því felst að vera með tvöfalt kerfi við stjórn fiskveiða hér við land. Ég bað hv. þm. að koma hér upp og útskýra það fyrir mér hvers vegna hann taldi þörf á því að vera með tvöfalt stýrikerfi, hvort hann hefði ekki nægа trú á því að aflamarkskerfið eitt og sér mundi duga til þess að stjórna fiskveiðum við Ísland. Því miður sá hv. þm. ekki ástæðu til að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir hann voru lagðar en hann á möguleika á því að koma upp í öðru andsvari og útskýra þá fyrir okkur hvers vegna hann telur að aflamarkskerfið eitt og sér dugi ekki við stjórn fiskveiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 2. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 377, nál. 524 og 554.

[23:32]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. sjútvn. sem hefur legið frammi á þskj. 524. Þar kemur fram hvernig nefndin hefur fjallað um málið og einnig segir þar, sem rétt er, að frv. byggir á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjútvrh. Leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að ákvæði frv. verði lögfest og staðið verði með þeim hætti við það samkomulag sem orðið hefur milli stjórnvalda og þeirra sem við þurfa að búa. Meiri hlutinn gerir tillögu um lagfæringar, orðalagsbreytingar í tveim liðum sem koma fram á þskj. sem í fyrsta lagi skýrir betur orðalag í a-lið 1. gr. og síðan að lokamálsliður bráðabirgðaákvæðis II falli brott.

Tveir hv. nefndarmenn undirrita álitið með fyrirvara, hv. þm. Stefán Guðmundsson og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og ég hygg að þeir hafi báðir einhverju sinni gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins almennt og eru eflaust færir um að gera grein fyrir því eftir því sem þeir sjálfir telja ástæðu til.

[23:34]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta sjútvn. á þskj. 554. Undir nál. rita ásamt mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Það frv., herra forseti, sem við erum að fjalla um og taka til 2. umr. varðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem fyrst og fremst tengjast málefnum smábáta. Þetta er þriðja tilraun hæstv. núv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á þessu kjörtímabili til að taka á vandamálum tengdum fiskveiðistjórn smábáta.

Sú fyrsta var gerð með lagabreytingum í júní 1995, strax á hveitibrauðsdögum hæstv. ríkisstjórnar. Var því þá þegar spáð af gagnrýnendum þess máls að þær breytingar mundu reynast hálfkák og kalla á upptöku málsins á nýjan leik. Menn muna eflaust miklar sviptingar sem urðu í tengslum við afgreiðslu málsins þá þegar verið var að taka á vanda svonefndra krókabáta sem þá voru uppistaðan af smábátaflotanum. Ári síðar eða strax á vordögum 1996 voru menn aftur á ferðinni með breytingar í formi lagafrumvarps frá ríkisstjórn sem þá var að vísu að stofni til grundvallað á samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda frá því á útmánuðum sama ár. Það fylgdi reyndar fleira í púkkinu með því frumvarpi, þar á meðal afnám svonefndrar línutvöföldunar sem framkvæmd var á afar umdeildan hátt, sem

síðan hefur svo sannarlega leitt af sér ýmsar breytingar sem varað var við, t.d. hefur dregið verulega úr afla til löndunar og vinnslu á þeim tímum ársins sem línutvöföldunin gilti og dregið verulega úr línuveiðum, þar á meðal hafa flest stóru útileguskipin sem tóku til sín verulegan hluta af aflanum á línutvöföldunartímabilum síðustu vertíðirnar áður en tvöföldunin var afnumin, hætt þeirri útgerð, horfið úr landi o.s.frv., en það er önnur saga, herra forseti.

Rétt eins og vorið 1995 gagnrýndum við margir fulltrúar stjórnarandstöðu og áttum jafnvel stuðning yfir í stjórnarliðið, að þar væri aftur á ferðinni aðgerð sem hlyti að kalla á upptöku málsins á nýjan leik. Það gæti ekki farið öðruvísi en svo að það kerfi róðrardaga sem þá var sett upp og ljóst var að sá hluti smábátaflotans mundi velja sem hefði lakasta aflaviðmiðunina gagnvart svonefndu þorskaflahámarki stæði frammi fyrir gífurlegri fækkun róðrardaga strax að afloknu fiskveiðiárinu 1996–97 og það mundi væntanlega kalla á endurupptöku málsins. Sú hefur orðið raunin á og það hefur reyndar blasað við allt frá því snemma á þessu ári, allt frá því að síðasta fiskveiðiárið var að verða hálfnað eða svo, að það stefndi í gífurlega fækkun róðrardaga.

Þetta hefur sem sagt allt gengið eftir, því miður, og enn einn hringur er nú að ganga yfir í málinu. Eins og við blasti fór afli handfæra- og línubáta langt fram úr viðmiðun á þeim rúmum 80 dögum sem þeim var heimilt að sækja á síðasta fiskveiðiári. Kom þar til bæði það eðli kerfisins að ýta mönnum út í kapphlaup, í og með vegna væntinga um að aflareynsla á slíku tímabili kunni síðar að verða að viðmiðun, en einnig komu óvenjugóð aflabrögð og mikil fiskgengd á grunnslóð við sögu án efa, þannig að útkoman varð afli sem fór langt fram úr þessum viðmiðum. Við blasti fækkun róðradaga niður í 26 fyrir handfærabáta og 20 fyrir handfæra- og línuhópinn.

Auðvitað var fyrirséð að ættu menn erfitt með að sætta sig við þá niðurstöðu, ekki bara þolendurnir í málinu, þeir sem ættu að reyna að hafa afkomu af því að mega einungis sækja sjóinn í 26 daga á ári eða 20 með línu, og með margföldunarstuðlinum sem t.d. sókn á sumrin gerir ráð fyrir, samtals að fara á sjó 13, 14, 15 daga á árinu. Slík niðurstaða getur tæpast talist gerleg fyrir alla málsaðila og ekkert síður erfitt fyrir stjórnmálamenn að standa frammi fyrir þeirri niðurstöðu en aðra.

Útkoman hefur að sjálfsögðu orðið sú að menn hafa farið í viðræður um að gera þarna nokkra bragarbót á og milda þennan mikla niðurskurð. Heita á svo að samkomulag hafi tekist um það milli Landssambands smábátaeigenda og ráðuneytis að leggja til nokkrar breytingar, þ.e. að róðrardagarnir verði á fiskveiðiárinu, sem reyndar er þegar hafið og af eru liðnir þrír og hálfur mánuður, handfærabátar geta sótt í 40 daga og línubátar í 32. Að sjálfsögðu er nokkur bót að þessu en það er eftir sem áður ljóst að margir munu eiga erfitt með að láta enda ná saman miðað við afkomugrundvöll á árinu. Enn þá meiri þrýstingur verður á þeim sem velja t.d. þann kost að sækja með línu en endra nær að fullnýta þá daga, að sækja með sem allra mestum krafti, að róa með sem allra lengstri línu, með sem flestum krókum og gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana þó að bræli eftir að á annað borð er komið út á róðrardegi. Ég held að hver og einn hljóti að geta sett sig í þau spor að vera með í höndunum einn af sárafáum dögum sem eftir eru til að reyna að draga verðmæti að landi og bjarga afkomu fjölskyldunnar. Ég verð með öðrum orðum, herra forseti, að segja að mér er það mikið umhugsunarefni í hvers konar aðstæður er verið að dæma þennan hóp.

Ljóst er að með breytingunum er verið að opna fyrir fleiri möguleika og ég kem betur að þeim á eftir. Ég vil að síðustu segja um þessar almennu forsendur málsins að enn einu sinni, því miður, er verið að tjalda til einnar nætur. Það er ekki verið að fá neina varanlega úrlausn fyrir þennan hluta flotans, a.m.k. þann hluta handfæra- og línuhópsins sem lakasta eða nánast enga þorskaflahámarksviðmiðun hefur. Hann mun væntanlega ekki frekar nú en á síðasta ári sjá sér fært að færa sig yfir í það kerfi heldur telja sig dæmdan til að berjast um áfram í róðrardagakerfinu með mun færri daga. Það er fullkomin óvissa um hvað við tekur strax 1. september nk. því hér er um hreint bráðabirgðaákvæði að ræða sem setur gólf í dagafjöldann eingöngu á yfirstandandi fiskveiðiári og engum spurningum hefur verið svarað hér um það hvað menn ætlist til að taki við. Sjálfsagt er það ætlunin að meta þróunina og stöðu málsins þegar ljóst er hverjir nýta sér rétt til endurvals eða til úreldingar sem á að opna. Þá er enn einu sinni komið að því að menn standa þar með frammi fyrir þvinguðu vali milli tveggja kosta eða reyndar fleiri, það má segja að þeir séu þrír í þessu tilviki, þ.e. að hætta og úrelda, að berjast um áfram í róðrardagakerfinu eða að færa sig yfir. Gagnvart þessu vali standa menn upp við vegg og algjör óvissa er um hvað þeirra bíður, a.m.k. velji þeir þann kostinn að halda áfram í róðrardagakerfinu.

Herra forseti. Ef við lítum aðeins á einstakar breytingar samkvæmt frv. þá er þar fyrst fram að færa að í 1. gr. frv. er m.a. verið að gera þær breytingar á sóknarreglum þorskaflahámarksbáta að opnað er fyrir varanlegt framsal þorskaflahámarks krókabáts til annars báts án þess að færa þurfi allt aflahámarkið af viðkomandi báti og taka hann úr rekstri. Með öðrum orðum, opnað er fyrir hlutaframsal eða hlutakaup þorskaflahámarksins eins og um aflahlutdeild væri að ræða og framsalsreglurnar, að því er virðist, eiga í einu og öllu að lúta sömu lögmálum og gildir um aflahlutdeildina í aflamarkskerfinu. Enn fremur er opnað fyrir flutning innan hvers fiskveiðiárs eða leigu, undir því nafni gengur það manna á meðal, þó að vísu sé það bundið við 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki hvers báts.

Um þessar breytingar höfum við sem minni hlutann skipum miklar efasemdir svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hér er auðvitað augljóst mál að verið er að færa leikreglurnar í þessum afmarkaða hluta smábátaflotans nær því sem gilt hefur um aflamarksskipin. Það er í reynd verið að búa til lítið kvótakerfi innan þessa hóps með framsali og leigu og óþarfi að fara yfir þá miklu umræðu sem staðið hefur um einmitt þessa eðliseiginleika aflahlutdeildarkerfisins og þá miklu ólgu sem er í þjóðfélaginu um ýmis atriði því tengd.

Það sem ég tel þó alvarlegra í sjálfu sér en þessar breytingar sem slíkar er sú framtíð sem þetta teiknar til og ég óttast mest að verði, að menn muni síðan knýja á um frekari breytingar, afnema takmörk eins og þau að ekki megi leigja nema 30% og smátt og smátt taki þorskaflahámarkskerfið á sig nánast öll sömu einkenni og aflahlutdeildarkerfið og þá standi eftir krafan ein um að þetta verði sameinað og þorskaflahámarksbátunum eins og smábátunum á aflamarki verði heimilað að selja sinn veiðirétt upp fyrir sig. Sú krafa mun að sjálfsögðu koma upp. Hún er reyndar þegar aðeins á kreiki. Ekki þarf annað en horfa á mismunandi verð sem þarna eru í gangi á varanlegri aflahlutdeild annars vegar upp á 700–800 kr. kg fyrir þorskinn og þorskaflahámarkinu hins

vegar sem enn er kannski einhvers staðar á bilinu 240–300 kr. kg. Auðvitað munu menn fara að þrýsta á um það að þeir sem eru með í höndunum umtalsverð framseljanleg verðmæti geti gert úr þeim jafnmikil verðmæti og aðrir sem eru að selja aflamark í þorski í aflahlutdeildarkerfinu.

Hver mun þróunin verða þá? Hún mun verða alveg sú sama og hún varð varðandi smábáta á aflamarki. Þeim mun hríðfækka og aflaheimildirnar munu færast upp til stærri útgerða. Þar með er þó sá hluti smábátaflotans sem hefur verið hólfaður af einnig lagður undir þessa þróun. Það held ég að sé ekki farsælt skref. Ef eitthvað væri hefði auðvitað átt að setja láréttar girðingar í fiskveiðistjórnarkerfið, og það fyrir löngu, sem tryggði að veiðiheimildir færðust ekki um of upp af smærri skipum til hinna stærri þannig að hlutföll að þessu leyti röskuðust ekki úr hófi fram í íslenska fiskiskipaflotanum. Við erum nánast einir þjóða, þar sem ég þekki eitthvað til stjórnkerfis fiskveiða, þar sem menn eru svo kerfisbundnir í þessum efnum að þeir heimila að veiðiréttindin á minnstu skeljum flotans séu lögð að jöfnu við þau sem gilda um stærstu úthafsveiðiskip og að réttur til sóknar eða veiða uppi á grunnslóðinni á smábátum geti hindrunarlaust færst upp á stærstu verksmiðjuskip. Ég þekki ekki mörg dæmi um að slíkt sé leyft annars staðar í fiskveiðistjórnkerfum. Þvert á móti eru menn mjög víða að reyna að feta sig í gagnstæða átt hvað það varðar að gera skýrari skil á milli smábátasóknar og veiða á grunnslóð og veiða á kyrrstæð veiðarfæri, á króka eða önnur kyrrstæð veiðarfæri, og annarra tegunda sóknar á stærri skipum með afkastameiri og þar með jafnvel viðsjárverðari veiðarfærum. Menn geta að sjálfsögðu haft sínar skoðanir á því hvort menn séu að hugsa um þessi mál af miklu viti í Noregi, Færeyjum eða Kanada eða víða annars staðar þar sem menn eru að sjálfsögðu að glíma við sambærileg vandamál en af einhverri undarlegri ástæðu eru menn á nánast öllum þessum stöðum að þróa hlutina að þessu leytinu til í talsvert aðra átt en við ætlum að gera. Það finnst mér að ætti að verða okkur Íslendingum umhugsunarefni jafnvel þó við séum miklir spekingar og trúum því gjarnan sjálfir að við vitum meira um sjávarútveg en nokkur önnur þjóð í heiminum og getum yfirleitt kennt mönnum flest sem þar er að kenna, þá er samt ágætt að staldra endrum og sinnum við og spyrja okkur hvort við séum að öllu leyti óskeikul í þessum efnum. Er allt fullkomið hjá okkur? Er hvergi ástæða til að staldra við? Ég er eingöngu að ræða um þessa hluti út frá forsendum lífríkisins og er ekki farinn að taka á þeim þætti málsins er snýr að hinum mannlegu og félagslegu þáttum, byggðamálunum í landinu o.s.frv.

Auðvitað hefur það lengi blasað við að einhver auðveldasta og öflugasta aðgerðin til að treysta stöðu byggðakeðjunnar á ströndinni hringinn í kringum landið væri að slá skjaldborg um smábáta og bátaútgerð og tryggja henni góðan lífsgrundvöll og afkomumöguleika og veita henni ákveðinn forgang að nýtingarréttinum á grunnslóðinni. Tilvera dagróðraflotans sem tilheyrir heimastöðunum yrði tryggð í framtíðinni því það er kjölfestan í fjölmörgum sjávarútvegsbyggðum þar sem ég a.m.k. þekki best til. Útgerð stærri skipa er eðli málsins samkvæmt mun minna tengd við byggðarlögin. Það gerist í æ ríkari mæli að þau landi þar sem ódýrast er með tilliti til fraktflutninga eða af öðrum slíkum praktískum ástæðum og áhöfnunum er flogið milli landshluta með flugvélum þannig að jafnvel eru þess dæmi að stór og glæsileg skip komi sárasjaldan eða nokkru sinni í heimahöfn. En það er báta- og smábátaútgerðin sem hefur bein tengsl við staðina og við grunnslóðina sem hún nýtir og er þar af leiðandi, ef hún er fyrir hendi eða svo lengi sem hún er fyrir hendi, kjölfestan í byggðinni.

Þetta framsalsævintýri, herra forseti, leyfi ég mér að taka inn í umfjöllun um þennan þátt málsins sem hér er verið að fara út í í sambandi við þorskaflahámarksbátana og við vekjum sérstaka athygli á í okkar nefndaráliti í minni hlutanum og vörum við.

Ég fer hratt yfir sögu og kem næst að ákvæði til bráðbirgða I. Þar er verið að festa þann dagafjölda fyrir handfæra- og handfæra- og línuhópinn m.a. í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sem ég vék áður að, þ.e. að dagafjöldinn skuli vera 40 fyrir handfærabátana og 32 fyrir línubátana á næsta ári og þar er einnig ákvæði um endurval og fleira því um líkt. Að sjálfsögðu er þetta til bóta frá því sem ella blasti við og hefði orðið útkoman á fiskveiðiárinu, 26 dagar annars vegar og 20 dagar hins vegar. En ég vísa til þess sem ég áður sagði um þá óvissu sem er fram undan eftir sem áður um að þetta er auðvitað mjög takmarkað svigrúm sem menn hafa um þá pressu sem með þessu er verið að setja á menn í sókninni. Ég hef fengið upphringingar á síðustu dögum í rysjóttu tíðarfari eins og það hefur verið. Ég veit um tvö nýleg dæmi um báta sem máttu hafa sig alla við að ná landi sökum þess að þeir höfðu tekið þá afdrifaríku ákvörðun að nýta einn af sárafáum róðrardögum sem þeir áttu til ráðstöfunar á árinu. Búið var að beita gífurlega línulengd og alla króka sem komið varð um borð með nokkuð skikkanlegu móti. Farið var út og línan lögð og síðan rauk upp með 7–8 vindstigum. Þó var haldið áfram við að draga og þrjóskast og þrjóskast, auðvitað allt of lengi og menn náðu landi við illan leik.

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé, því miður, að ræða þessa hluti eins og þeir eru. Þetta er afar erfiður frágangur, satt best að segja, að þurfa að skammta mönnum svo nauman kost í þessum efnum vegna þess þrýstings sem það setur á sóknina. Auðvitað má segja að þetta sé í eðli sínu alltaf fylgifiskur sóknartakmarkana þegar dagafjöldinn er orðinn lítill. Það er mér ljóst. Öll sóknartakmarkandi kerfi hafa þennan þátt að einhverju leyti innbyggðan í sér. En það liggur í hlutarins eðli að þeim mun meiri pressa sem er á mönnum að ná að bjarga sér með fáa daga, þeim mun meiri hættur eru þessu samfara. Það er þannig. Ég held að horfast verði í augu við það að ef menn ekki finna einhverja betri lausn á þessu en þá sem hér er í boði nú, þó skárri sé en ekki neitt, þá verður þarna ófremdarástand til frambúðar.

Menn geta síðan fært sig yfir milli kerfa. Ég ætla svo sem engu að spá um það hvaða áhrif það hefur, hvort einhverjir færa sig úr róðrardögum yfir í þorskaflahámarkið, hugsanlega þó e.t.v. í von um að geta nýtt sér þá framsalsmöguleika eða leigumöguleika sem þar er búið að opna. Þá eru menn á hinn bóginn að setja dæmið þannig upp að þeir eru nánast að dæma einhvern hluta hópsins til þess að gerast leiguliðar hinna. Ég verð að segja að með hliðsjón af því m.a. hvernig aflareynslan er tilkomin í þessum hópi, þá finnst mér siðferðislegur grundvöllur þeirra satt best að segja frekar hæpinn. Og það má reyndar segja um allt þetta fyrirkomulag á málefnum smábátanna meira og minna frá byrjun.

Að lokum um bráðabirgðaákvæði II þar sem er á ferðinni ákvæði um að úthluta varanlega 500 tonna jöfnunarpotti, sem verið hefur á verkefnaskrá Byggðastofnunar undanfarin ár að fara með. Ég vil segja um það atriði að við erum út af fyrir sig ekki andvígir því í minni hluanum, að gripið sé til aðgerða af þessu tagi til að reyna að bæta stöðu smábáta á

aflamarki. Þvert á móti höfum við ýmsir lagt það margoft til. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt að sá floti var um tíma nánast eins og gleymdur floti sem bjó við ákaflega þröngan kost, tók á sig að fullu niðurskurð í þorskveiðiheimildum á árunum frá 1990 eftir að þeir, sem það völdu á grundvelli valsins 1990, tóku aflamark og fengu satt best að segja litla úrlausn sinna mála fyrr en jöfnunaraðgerðir á síðasta og næstsíðasta ári komu til sögunnar sem vissulega ber að viðurkenna að hafi breytt geysilega miklu fyrir þennan hóp, fyrst og fremst sá pottur sem úthlutað er með 10 tonna þaki og nýtist minni bátunum mjög vel. Það er alveg ljóst að sú aðgerð hefur bjargað mjög miklu fyrir þann hóp og um það sem hér er verið að leggja til munar að sjálfsögðu, þó í litlu sé, að taka þau 320 tonn, sem reyndar var niðurstaðan að taka af 500 tonnum og úthluta til þessara báta. Hins vegar er ljóst að aðferðin í þessu sambandi er býsna vandasöm. Það hlýtur að vefjast fyrir fleirum en ræðumanni þegar um er að ræða aðgerð af þessu tagi, að taka verðmæti sem hér er á ferðinni, 320 tonn af varanlegu þorskaflamarki og úthluta því varanlega og án endurgjalds, eins og mjög er í tísku að segja, til tiltekis hluta skipa á aflamarki þó smábátar eigi í hlut. Ég er ekki sannfærður um að menn hafi enn fundið þá formúlu sem dreifir þessu sanngjarnt eða réttlátt, án þess að ég eigi neina prókúru á réttlætið sem sumir slá eign sinni á, þá ætla ég ekki að gera það, en menn verða þó að skoða miðað við þau pólitísku markmið eða skilgreiningar sem menn setja sér hvernig væri best að reyna að dreifa þessu með hlutfallslegri úthlutun og þá kannski þökum til að beina þessu til þeirra sem mesta hafa þörfina fyrir stuðning og eiga í mestum erfiðleikum með að lifa af því aflamarki sem þeir hafa. Höfum það í huga að hér eru að uppistöðu til einyrkjar á ferð sem reka sitt litla fjölskyldufyrirtæki og eiga fyrir sjálfum sér og sinni fjölskyldu að sjá og þá munar um hvert kíló næstum að segja.

Það varð niðurstaðan af einhverjum ástæðum þrátt fyrir það sem áður hafði verið lagt til, að mér skilst, á fundum Landssambands smábátaeigenda að taka 180 lestir af 500 og úthluta þeim til báta sem gerðir voru út frá þeim byggðarlögum sem Byggðastofnun hefur úthlutað til undanfarin ár. Fyrir því eru vissulega einnig rök. Það hefur munað um þessi byggðarlög inn í þær veiðiheimildir að sjálfsögðu en það er þó ljóst að hlutur þeirra sem fá þar allt upp að 8 tonnum verður nokkuð góður borið saman við hina sem fá í mesta lagi 2,5 tonn og jafnvel minna út úr úthlutuninni til aflamarks smábátanna.

Loks ber að geta þess, herra forseti, að í tengslum við þetta mál, sem verður á dagskrá á eftir, hefur verið lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þar sem ætlunin er að bjóða eigendum krókabáta á handfærum og línu að úrelda sína báta á sambærilegum kjörum og í boði voru eftir lagabreytingarnar vorið 1996, þ.e. að borga allt að 80% af húftryggingamati bátanna í úreldingarstyrki. Reynslan sýndi að sú úrelding varð mun minni en menn höfðu átt von á, ábyggilega vegna þess að þeir sem áttu þá báta töldu það mun óhagstæðara, að tilboð þó það væri 80% á sama tíma og þeir sem höfðu þorskaflahámark gátu úrelt sína báta og fengið greidd 60% af tryggingamati en auk þess selt veiðiréttinn sem á bátunum var og komu þar af leiðandi út úr því dæmi yfirleitt með mun betri útkomu og meira milli handanna en hinir sem áttu báta í róðrardagakerfinu. Ég hef þess vegna efasemdir um að þetta tilboð muni hreyfa við miklu í þessum efnum. Það kann þó vel að vera að það takist ef það er þá markmiðið að fækka eitthvað í þessum hópi enn með úreldingartilboði. Eða einhverjir færi sig yfir milli kerfa þannig að einhverjir verði þá enn orðnir eftir í þessu síðasta vígi frjálsrar eða ómagnbundinnar sóknar, ef svo má að orði komast, en það er það sem hér um ræðir að handfæra- og línuhópurinn með um 400 fleytum eða svo er síðasti hluti íslenska fiskiskipaflotans sem ekki sækir á grundvelli magntakmarkana, aflamarks eða þorskaflahámarks.

Auðvitað læðist að manni sú hugsun að allt sé þetta meira og minna skipulagt ferli sem eigi sér þann lokapunkt að slík sókn hverfi út úr myndinni og á einhverjum tímapunkti hyggist menn klára dæmið eins og stundum er sagt gera það þannig að sóknin hverfi út úr myndinni og í staðinn komi aflamark eða þorskaflahámark yfir allan flotann.

Að allra síðustu, herra forseti, er ljóst í framhaldi af því sem hér hefur verið rakið að minni hlutinn treystir sér ekki til þess að standa að þessum breytingum eins og allt er í pottinn búið, ekki frekar en núverandi minni hluti stóð að breytingunum vorið 1996 eða árið 1995. Margt verður að teljast heldur óhönduglegt og ámælisvert í meðferð þessara mála sl. tvö og hálft ár og reyndar miklu lengur ef út í þá sögu væri farið. Ég hef sagt það áður og get endurtekið það að ég held að þegar og ef að því kemur að saga fiskveiðistjórnunar smábáta allt frá árunum 1986–1988 ... — Á ég að gera hlé á máli mínu vegna fundahalda í forsetapúltinu, það er alveg sjálfsagt.

(**Forseti** (ÓE)**:** Nei, ræðumaður er beðinn um halda áfram.)

Ég held, herra forseti, að ef þessi saga verður skrifuð muni hún ekki þykja falleg. Það muni ekki verða niðurstaðan að mönnum hafi heppnast mjög vel að taka á því mikla verkefni að stjórna sókn smábátanna í þau 10–12 ár sem búið er að vera að baksa við að reyna það og hafa þó ýmsir stórspekingar komið að því verki, bæði viðstaddir og aðrir sem eru að ganga úr salnum.

Niðurstaðan er þessi og bera auðvitað margir ábyrgð á sem komið hafa við sögu stjórnar landsins á þessum tíma frá 1986–1988 þegar fyrst var tekið til að reyna að takmarka sókn smábátanna með því að innleiða vissan fjölda banndaga á hverju ári. Síðan komst loksins á að taka fyrir óhefta fjölgun þeirra, allt of seint að vísu, og framhaldið þekkja menn og það hef ég að hluta til rakið í ræðunni.

Meginniðurstaða mín eftir skoðun þessara mála og hefur verið um alllangt skeið er að eina skynsamlega og góða framtíðarlausnin í þessum efnum væri að stokka stjórnkerfið upp í heild sinni og búa til eitt samræmt stjórnkerfi fyrir smábátaflotann og jafnvel bátaflotann eitthvað upp fyrir þau stærðarmörk sem dregin eru í dag, eitthvað upp fyrir 10 tonn, kerfi sem væri sniðið að eðli og þörfum þeirrar sóknar sem stundar dagróðra sem er háð gæftum og nýtir grunnslóðina næst landinu. Ég held að eðlilegasta kerfið sé óframseljanlegt hámark í mikilvægustu tegundum eftir því sem ástæða þykir til, jafnvel eingöngu í þorski, og tiltölulega mikið frjálsræði sem geti tekið mið af árstíðarbundnum fiskigöngum af landfræðilegum aðstæðum, aflabrögðum, gæftum og öðru slíku og síðan sé sett þak á sóknina frá hverjum og einum til þess að tryggja að menn hrammsi ekki til sín óheyrilegt magn og stundi ekki einhverja kraftútgerð þar sem róið sé á vöktum o.s.frv. Öllu þessu er auðvelt að koma fyrir í einu slíku samræmdu kerfi þar sem þorskaflahámarkið gæti annað tveggja verið eitthvert meðaltalshámark fyrir svæði eða stærðarflokka báta en menn gætu þá jafnframt til aðlögunar

a.m.k. um eitthvert árabil valið eigin aflareynslu í hámark ef hún væri þeim hagstæðari. Með þessu móti mætti fikra sig inn í svona kerfi og komast út úr þessum skelfilegu ógöngum sem menn eru í með fjórfalt eða fimmfalt stjórnkerfi fyrir minnstu fleyturnar. En mest um vert væri þó það að ef menn mönnuðu sig upp í að gera breytingar af þessu tagi kæmust menn a.m.k. þó seint sé í burtu frá þeirri hroðalegu mismunun sem kerfið hefur innleitt milli manna á undanförnum árum með endurteknu þvinguðu vali út í óvissuna þar sem sumir völdu aflamark, aðrir krókaleyfi. Aflamarksbátarnir voru skornir niður við trog og tóku á sig gífurlega skerðingu á sama tíma sem krókabátarnir gátu veitt langt fram úr því sem reiknað hafði verið með og fengu svo það að verulegu leyti metið sem þorskaflahámarksreynslu. Þegar upp var staðið voru þar bátar sem höfu sókn á krókaleyfum og höfðu alls enga aflareynslu vorið 1990, þeir eru kannski komnir með á annað hundrað tonn á sama tíma og bátar sem höfðu 50–60 tonna aflamark fóru niður fyrir 20 þegar verst lét. Síðan hefur enn bætt úr með því að breytingarnar vorið 1996 hafa aftur opnað fyrir nýjan hring í málinu, nýja mismunun o.s.frv. Hver veit hvaða útkoma kemur úr því vali sem nú er verið að stilla mönnum upp frammi fyrir? Gæti það ekki orðið niðurstaðan að menn gætu farið býsna mismunandi út úr því? Sumir kalla það bara að vera heppna eða óheppna. En mér finnst það kannski vera dálítið kaldranalegt orðalag, a.m.k. þegar við erum að ræða um þessa hluti á hinu háa Alþingi af löggjafans hálfu að afgreiða það bara sem heppni eða óheppni að menn þurfi að velja í óvissu um afdrifaríka kosti fyrir starf sitt og útkoman verði svo kannski mikil mismunun milli manna.

Við í minni hlutanum munum að sjálfsögðu styðja þær breytingar á þeim frumvörpum sem við teljum til bóta eins og til að mynda að lyfta róðrardagafjöldanun þó í litlu sé. Við munum eftir atvikum sitja hjá eða greiða atkvæði gegn öðrum ákvæðum frv. í samræmi við þá efnislegu afstöðu sem ég hef rakið. Því miður er það að lokum alveg ljóst í mínum huga, herra forseti, að við erum ekki að segja skilið við þetta mál. Það er eingöngu spurningin hvenær næsti hringur hefst, hvenær málið kemur á dagskrá á nýjan leik. Ég verð að leyfa mér að segja að ég mundi þá vona að það yrði fyrr en síðar, þannig að við lentum ekki aftur í þeirri stöðu að vera með breytingarnar inn á fiskveiðiár sem þegar væri hafið eins og við erum að gera núna. Það er að líða fjórði mánuður af því fiskveiðiári sem breytingarnar eiga að hluta að taka til og þó að það sé ekki þannig að ég eigi mér þá hugsjón og framtíðarsýn að þurfa að standa í þessum ræðustóli á hverju einasta ári það sem ég á eftir ólifað í þingsölum og ræða málefni smábátanna en það hafa nokkurn veginn verið örlög mín og margra fleiri um allmörg undangengin ár eins og kunnugt er, þá skal ég sannarlega leggja það á mig að gera það a.m.k. einu sinni enn ef það mætti þá verða til þess, t.d. á vori komanda, að menn mönnuðu sig þá upp í það að ganga í eitt skipti fyrir öll frá þessum málum þannig að það gæti verið til einhverrar frambúðar.

[00:07]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Málefni smábáta stefnir nú í að þetta verði hálfgert leikrit sem endist okkur kannski út kjörtímabilið með sama áframhaldi. Það sem er þó sérstakt við það núna er að það vandamál sem verið er að reyna að taka á í dag er komið til af því góðæri sem þessir bátar hafa búið við og hefur kallað á það að menn hafa fjórfaldað það leyfilega aflamark sem sóknarbátarnir hafa sótt í greipar hafsins.

Ég held að sú lending að heimila mönnum að velja upp á nýtt, að færa sig yfir í aflamarkskerfið, sé í rauninni eina lendingin sem menn gátu náð í þeirri stöðu sem var komin upp og ég styð mjög þá leið. Hins vegar er ég nokkuð hugsi yfir c-lið 1. gr. í frv. um heimild til að framseljan varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts.

Ég er almennt mikill stuðningsmaður framsals í fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum og tel að það sé eitt af grundvallaratriðum í kerfinu að menn megi framselja það aflamark sem þeim er úthlutað, það sé grundvöllur að hagræðingu í greininni og að í rauninni væri lítið gagn í því aflamarkskerfi sem við búum við og höfum ef ekki væri framsalið. Hins vegar er ég ekki alveg sannfærður um að það sama gildi um smábátana og þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi er ég ekki viss um að mikið hagræði sé í því að þegar meðaltalsaflamarkið er komið í 63 lestir að fara að auka það aflamark sem má veiða á smábátana upp fyrir þetta meðaltal, 63 lestir, þegar menn væru komnir kannski upp í 200 lestir á smábát. Ég sé ekki hagræði í því þó að ég segi að þetta hagræði eigi að gilda almennt í sjávarútvegi að geta flutt kvóta yfir á færri skip.

Hitt er síðan að fjölmargar byggðir í landinu byggja tilveru sína á því að gerðir séu út smábátar frá þessum byggðarlögum. Mörg byggðarlög liggja nærri fiskimiðunum og ættu þannig, ef menn horfa á hagfræðirökin í þessu, væntanlega að standa vel að vígi. Hins vegar kemur líffræðilegi þátturinn að þessu líka. Við vitum að þorskurinn sem veiðist fyrir suðurströndinni, alveg frá Hornafirði og að Snæfellsnesi er mjög stór fiskur, 7 kg og upp í 12 kg meðan menn eru að veiða 2,5 kg og 3 kg þorsk fyrir Vestfjörðum. Sá fiskur sem við erum að veiða fyrir suðurstönd landsins er að seljast allt að 70–75% hærra verði en smáþorskurinn vegna þess hagræðis sem er að taka þennan stóra fisk í gegnum vélar og eins þess hagræðis sem er að því að salta fiskinn. Ég óttast að með þessu móti muni smábátarnir sem eru gerðir út frá suðurströndinni, Hornafirði, Vestmannaeyjum og Reykjanesi, standa mun betur að vígi hvað þetta varðar og þannig verði verulegur flutningur á aflamarki af smábátum frá norðausturhluta landsins frá Vestfjörðum og jafnvel Norðurlandi í heild yfir til þessa landsvæðis á Suðurlandi. Miðað við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir almennt í byggðamálum held ég að ekki sé rétt að stuðla að þessu þó að ég ítreki að almennt séð er ég stuðningsmaður opins og óhindraðs framsals aflaheimilda.

[00:12]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég tel varla þurfa á hinu háa Alþingi að taka fram að ég hef alla tíð haft miklar efasemdir um að við værum á réttri braut í stjórn fiskveiða okkar og deili mörgum áhyggjum mínum með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þau atriði sem hann kom inn á fyrr í kvöld. Ég hef miklar áhyggjur af líffræðilega þættinum í þessu. Ég hef miklar áhyggjur af því að við séum að veiða ofan af stofninum ef svo mætti að orði komast. Við erum að útdeila þyngdareiningum, kílóum, tonnum, og það eru eðlileg viðbrögð þeirra sem sækja sjóinn að þeir sæki í verðmestu fiskana. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því vegna þess að ég er sannfærður um það að stofnformið sjálft geti verið lykillinn að því að fiskstofnar við Ísland geti borið þær veiðar sem við sannarlega bárum ein 70 ár. Við vorum að fiska í ein 70 ár um 370 þúsund tonn af þorski á ári. Það var það sem þorskstofninn

bar og það var þar sem við þurfum svo rosalega mikið á að halda að ná fullri nýtingu á þessum stofni. En í dag erum við að veiða um það bil 55–60% af því sem við áður gátum veitt. Vangaveltur síðasta ræðumanns, hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar um framsal aflaheimilda hjá krókabátum eru áhyggjur sem sannarlega er ástæða til að taka undir í kerfinu sem heild. Þetta er hið líffræðilega áhyggjuefni sem við þurfum mjög að taka á og fjalla um.

Ég deili líka með honum áhyggjum mínum um byggðamálin. Ég deili áhyggjum mínum yfir því hvaða áhrif þetta kann að hafa á byggðirnar og ég tel að það hafi ekki verið rannsakað á hlutlægan hátt og þurfi að gera það vegna þess að ef við ætlum að meta hvaða árangri við erum að ná í stjórn fiskveiða þarf að meta fjárhagslega ávinninginn ásamt því að líta til hins líffræðilega og hins félagslega þáttar. Án þess að taka þetta allt saman inn í erum við ekki að reikna rétt. Við verðum að taka alla plúsa og alla mínusa ef við ætlum að geta komist að einhverri niðurstöðu hvar við erum staddir. *Ég gæti alveg tekið undir það með hv. þm. Steingrími J.* Sigfússyni að mikil þörf væri á því að endurskoða í heild allt kerfi smábátanna sem við erum að nota á grunnslóðinni. Ég er ekki alveg viss um það, herra forseti, að ég sé alveg sammála um það hvernig það væri best gert en ég tek undir ummæli hans um að nauðsynlegt sé að horfa til þess í heild.

Persónulega er ég þeirrar skoðunar að það sem gefur einu stjórnunarkerfi gildi er framsal og *ég tel að framsal* í sóknarstýringu hafi nákvæmlega sama gildi og framsal í aflakerfi. Ég veit til þess að Færeyingar og fleiri þjóðir sem hafa reynt að stjórna sókn sinni eru með framsal á þá sókn. Þeir eru með framsal á veiðidögum og ég veit að hægt er að meta afkastagetu skipa þannig að hægt er að sjá hvort það sem á að framselja er sambærilegt.

Ég vildi segja þetta, herra forseti, í upphafi máls en eins og allir vita fjalla þau nefndarálit sem fyrir liggja um það samkomulag sem hæstv. sjútvrh. gerði við Landssamband smábátaeigenda um það að breyta kerfi þeirra enn á ný. Ég hef litið þannig á að við höfum verið að vinna að því markvisst að finna lífsrými fyrir þennan smábátaflota. Ég get alveg tekið undir að það sé ekki endilega með sérstökum sóma þegar eitthvað hefur verið lögfest í þeim efnum. Ég tel þó að við höfum verið að stíga framfaraskref, verið að þoka málinu í þá átt að einyrkjarnir á þessum bátum geti lifað af. Ég tel það hafa tekist og þær breytingar sem við erum að gera hér í dag séu líka til hins góða. Það er verið að leyfa mönnum endurval, fjölga róðrardögunum, opna nýja möguleika fyrir þá sem vilja fara út úr greininni og opna Þróunarsjóðinn á ný. Allt þetta hefur það í för með sér að skapa betra lífsrými fyrir þá sem eftir eru.

Mér kemur það á óvart en mér finnst gæta nokkurra hortugheita í nefndaráliti minni hlutans þar sem gefið er í skyn að hjá okkur sem höfum verið að reyna að koma þessu máli til einhvers vegar á undanförnum árum hafi allt verið með endemum. Ég vil mótmæla því, herra forseti. Við höfum sannarlega verið að leggja okkur alla fram um að finna á þessu lausn og ég hef talið það meiri háttar sigur í hvert skipti sem hefur tekist að ná samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda. Þar hafa menn náð einhvers konar samkomulagi sem menn treystu sér kannski til þess að reyna að una við þó enginn væri sérlega vel sáttur.

Ég er viss um það að frv. það sem lögfest mun núna er til bóta og ég veit að menn fagna því. Ég segi hins vegar alls ekki að þetta sé einhver óskastaða. Þar er langt í frá. Við verðum að tryggja einyrkjann í íslenskum sjávarútvegi. Annars værum við að gera skelfilega vitleysu. Mér virðist það koma fram í nefndaráliti minni hlutans að stjórnarandstaðan hafi varað við öllu saman 1996. Á milli línanna mætti lesa að við hefðum ekki viljað hlusta á það. Það er rangt. Við vissum mætavel að við mundum fara eitthvað yfir. En ég segi, herra forseti, eins og staðan er á stjórn fiskveiðanna í dag, ástandið er á höfnum og miðum Íslands að það er fáránlegt hafa áhyggjur af því hvort smábátaflotinn veiðir 3 þúsund, 4 þúsund eða 5 þúsund tonnum meira eða minna á á ári. Það gerir bókstaflega ekkert til. Það hefur engin áhrif á nokkra þætti sem okkur skipta máli. Hér höfum við vitandi vits gert samkomulag. Við vissum alltaf hreint að ef fiskigengd á grunnslóð væri mikil og vel viðraði við stendur landsins, þá gætu menn vissulega fiskað meira en menn hefðu gert ráð fyrir. Ég ætla hins vegar að minna á að á Íslandsmiðum hefur lagst í suðvestanátt heilu sumrin og lítið gera skakbátar þá. Það er ekkert víst að við allar aðstæður hafi sá rammi sem smábátarnir fengu farið sérstaklega mikið yfir. Það gæti gerst á morgun eða næsta ári að erfitt verði að sækja sjóinn á grunnslóðinni og þá verða menn ekki of sælir af þeim 40 dögum þeim er úthlutað í þessu frv. Eins og við vitum gengur misjafnlega að fiska. Fiskur gengur misjafnlega á grunnslóð og þetta ekkert sem við eigum að hafa áhyggjur af. Sú tíð gæti komið að íslenskir smábátar nái *bara alls ekki því magni sem menn hafa gert ráð fyrir.* Þessar áhyggjur eru ástæðulausar. En dálítið finnst mér kyndugur tónninn í nefndarálitinu, sérstaklega þar sem ég man það vel að vorið 1996, þegar við lögðum fram okkar tillögur í sjútvn., þá var það ekki eingöngu stjórnarmeirihlutinn heldur einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem skrifaði undir það álit. Nú skrifar hv. þm. undir þetta nefndarálit þannig að ekki er langtímaminnið að hrjá menn þegar þeir skrifa þessa texta. Hann stóð að því og ég vona að hann hafi haft af því heilmikinn sóma.

Ég tel að við eigum að samþykkja þetta frv., herra forseti. Ég tel að það sé til muna skárra eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon orðaði það. Það er til muna skárra og því er rétt að samþykkja það. Enginn heldur því fram að þetta frv. sé neitt óskafrv. en það er mun skárra og sjálfsagt að reyna að ná samkomulagi. Ég held því fram að þeir 40 dagar sem róðrarbátarnir fá séu síst of margir. Þeir hefðu þurft að vera fleiri eins og veðrið sveiflast til á Íslandsmiðum. En ef svo árar 1998 sem 1997, þá mun þetta verða í lagi og menn munu komast af.

Hitt er annað mál að nauðsynlegt er og tilgangur okkar með þessum breytingum að finna rými fyrir smábátana. Við byrjuðum á því 1995 með því að að stöðva fjölgunina. Engin höft voru á fjölgun smábáta. Það var upphafið að vandræðununum. Ef menn ætla að fara áfram þá verða þeir að hætta að fara aftur á bak. Við höfum verið að reyna að vinna okkur út úr þessu. Ég minni á það, herra forseti, að þegar við byrjuðum á því vorið 1995, nokkrum dögum eftir að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hætti sem ráðherra þannig að ég vil ekki samþykkja að við höfum verið sérstaklega lélegir í þessu. Ég tel að hæstv. sjútvrh. og sjútvn. hafi allan þennan tíma reynt að finna sameiginlega lausn sem menn gætu sætt sig við. Það hefur verið markmiðið. Því er þetta frv. flutt og því fagna ég þessu frv. sem áfanga í þá átt að ná sáttum í þessu máli. Mikilvægt er að hafa sátt. Það var óþolandi eins og var fyrir nokkrum árum þegar litið var á smábátana sem vandræðafley. Smábátarnir eru hluti af íslenska fiskiskipa-

flotanum og við verðum að finna þeim rými. Það verður að vera sátt á milli minni bátanna og þeirra stærri. Með þeim reglum sem við höfum og viðleitni til að minnka þennan flota, ættu að skapast á næstu árum þær aðstæður að allur íslenski flotinn komist fyrir á Íslandsmiðum. Bátar smáir og stórir ættu að geta náð þeirri stöðu að hafa viðunandi afkomu. Það á ekki síst við landsbyggðina því mjög víða byggja lítil sjávarþorp á afkomu smábátanna. Þar halda einyrkjarnir, útgerðarmennirnir í þorpunum uppi starfi og lífi. Hér er mikil þörf fyrir sátt. Ég tel að það sé mikill sómi að þessu nýja samkomulagi milli hæstv. sjútvrh. og Landssambands smábátaeigenda og aldrei eigi að líta svo á að þetta verði endanlegt. Þetta verður að lögum, verða lög svo lengi sem pólitískur vilji er til. Við verðum að sjá til. Við erum að fara út í ákveðna óvissu, ég viðurkenni það en trúi því samt að með breytingum þessum, með því að opna Þróunarsjóðinn, með því að leyfa mönnum endurval, þá séum við að skapa möguleika til þess að þokkalegt jafnvægi náist. Að því er stefnt og því styðjum við eindregið þetta frv.

[00:26]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað tek ég undir það með hv. þm. að það er til bóta að ná samkomulagi um að leysa málin og í sjálfu sér er að í tvígang hafi tekist að ganga frá málum að verulegu leyti á grundvelli samkomulags við Landssambands smábátaeigenda.

Varðandi það að hv. þm. virðist vera viðkvæmur fyrir tóninum í nefndaráliti minni hlutans, þá bið ég hv. þm. að taka það ekki of nærri sér. Staðreyndin er sú að þar er fyrst og fremst vísað til þess að við í minni hlutanum fluttum brtt. vorið 1995 um róðrardagakerfið með ákveðnu gólfi á dagafjölda. Auðvitað var það tilraun til þess að reyna að finna varanlegan frágang fyrir þann hóp og tryggja honum ákveðið lágmarksöryggi með því að dagafjöldinn gæti þó aldrei farið niður fyrir viss mörk. Vorið 1996 varaði ég í ítarlegu nefndaráliti rækilega við því sem fram undan væri og hvatti til að menn horfðust í augu við að ekki mundi annað duga en að finna frekari úrlausn fyrir þann hluta krókaveiðiflotans sem minnsta hefði aflareynsluna. og mundi þar af leiðandi ekki treysta sér til að velja þorskaflahámarkið. Allt hefur það gengið eftir og það er ósköp eðlilegt að farið sé aðeins yfir söguna og bakgrunninn í málinu.

Málsvörn hv. þm. er í raun og veru sú að taka beri viljann fyrir verkið. Menn séu að reyna að nudda við þetta eftir getu og reyna að gera vel og þetta sé svona heldur í áttina. Mikil er trú þín, verð ég náttúrlega að segja. Kannski er rétt að upp að vissu marki hafa aðilar fengið úrlausn eins og þorskaflahámarkshópurinn og aflamarkshópurinn. Sú úrlausn nær þó of skammt að mínu mati en eftir standa rúmlega 400 bátar sem eru enn nokkurn veginn í jafnvondri stöðu og þeir voru í 1995 og 1996, að loknu þessu fiskveiðiári, í fullkominni óvissu um framtíðina.

[00:28]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera rétt hjá hv. þm. að vörn mín sé fólgin í því að taka skuli viljann fyrir verkið. Það er nú margra hógværra háttur að orða það svo. Hitt ætti sá reyndi þingmaður að vita hér enginn fer lengra en hann kemst. Það er pólitískt samkomulag og öðruvísi ná menn ekki árangri. Þannig hlýtur það að vera, herra forseti. Sá ágæti hv. þm. hlýtur að hafa mátt beygja sig fyrir staðreyndum, fyrir vilja þeirra sem hann hefur unnið með. Ég tel í lagi að orða það svo hógvært. Hins vegar vil ég meina að umtalsverður árangur hafi náðst í að fækka skipunum eftir að þeim hafði fjölgað viðstöðulaust fram til vorsins 1995. Nú hefur þeim fækkað verulega. Nú má segja að mjög margir þeirra nái nokkurn veginn þokkalegri afkomu. Hitt er rétt að enn er óvissa um afkomu róðrardagabátanna vegna þess að hvorki hefur verið talið rétt né hægt að semja um ramma fyrir þá. Að mínum dómi er mjög nauðsynlegt að gera það. Ég tek undir það með hv. þm. en á undanförnum árum hefur fiskgengd vaxið við Ísland, sérstaklega á grunnslóðinni þannig að mörgum hefur þótt nóg um afla smábátanna. Ég vil bara minna á að þetta hefur ekki alltaf verið svo. Aflinn, sóknin og getan til að veiða rís og hnígur. Menn eiga því eftir að sjá erfið ár í sókninni á grunnslóðina.

[00:30]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst hér heldur gáleysislega talað af manni sem ég veit að hefur þekkingu á stjórn fiskveiða. Ég vildi aðeins varpa tveimur spurningum til hv. 3. þm. Vestf., Einars Odds Kristjánssonar, vegna þess sem hann lét frá sér fara: Af hverju mega ekki aðrir en smábátamenn fara fram úr þeim heimildum sem þeir hafa? Hver er munurinn á því þegar sjómenn á stærri skipum sækja á hafið á móti sjómönnum minni báta? Hver er munurinn á þessu, hv. þm.?

Ég held, eins og hv. þm. hefur sagt hér í kvöld, að við getum verið býsna stoltir af því fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum. Við ættum því ekki glutra niður þeim mikla árangri sem þar hefur náðst með miklum fórnum. Það að aflinn hefur vaxið nú um sinn byggist líklegast að langsamlega mestu leyti á því hve sóknin hefur verið hastarlega skert hjá stærri skipum.

[00:32]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði aldrei nema eina spurningu í stað tveggja. (**StG:** Blessaður þá reyndu að svara henni.) Ég skal svara henni. Ástæðan er sú að þegar við tókum upp aflastjórnunarkerfið 1984, settum við jafnframt á flotastýringu fyrir þann flota. Við höfum áður farið yfir það í kvöld. Á sama tíma var fjölgun smábáta óheft og stjórnvöld gerðu ekkert í því en leyfðu smábátunum að fjölga án þess að gera nokkurn skapaðan hlut í málinu. Reynt að takmarka það smávegis árið 1990 en eftir stöðvunina var ekki farið að vinna að fækkun bátanna fyrr árið 1995. Smábátarnir sem komið var í gagnið á þessum tíma voru löglega inn í landið komnir og með fiskveiðileyfi í íslenskri landhelgi. Þess vegna hef ég litið svo á, hv. þm., að stjórnvöldum bæri skylda til þess að finna lífsrými fyrir þennan flota. Tilkoma hans var lögleg og hann var sannarlega með veiðileyfi í landhelginni.

[00:33]

**Stefán Guðmundsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki hægt að ætlast til þess að við fáum í þetta botn í andsvörum okkar á milli en ég vil þó víkja einni spurningu enn til hv. þm. 3. þm. Vestf., Einars Odds Kristjánssonar. Er hv. þm. virkilega að halda því fram að aðeins smábátar hafi þurft að búa við skerta sókn? Hvað heldur þingmaðurinn að margir togarar liggi bundnir við bryggju vegna þess að þeir hafa ekki nokkra möguleika til þess að sækja þann afla sem þeir geta sótt?

[00:34]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um þá skelfingu sem það var fyrir íslenska fiskiskipaflotann, svo ég tali nú ekki um togaraflotann og þorskveiðiskipin þegar heimildir þeirra voru skertar um helming. Ég þekki það af eigin skrokk og því þarf ekki að minna mig á það. Ég veit allt um hvílík fórn það hefur verið. En ég spyr aftur og aftur: Hvað höfum við getað gert við þennan flota sem stjórnvöld leyfðu að kæmi hér inn? (Gripið fram í.) Nei, þeir hleyptu þessu inn. Það var bannað að endurnýja skip stærri en 10 og svo niður í 6 tonn. Þetta gat var skilið eftir. Stjórnvöld gerðu það og ég hef litið þannig á að stjórnvöld bæru ábyrgð á því að finna þeim stað. Ég tel að þetta frv., eins og fyrri tilraunir okkar, miði að því að bæta fyrir þau mistök sem sannarlega áttu sér stað á fyrstu átta árum kvótakerfisins. Þau að loka ekki fyrir smábátana eins og var gert við önnur skip.

[00:35]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég stend, ásamt hv. frsm. Steingrími J. Sigfússyni og Sighvati Björgvinssyni, að áliti minni hlutans. Hv. frsm. okkar flutti mál sitt hér skýrt og skörulega og kannski er ekki ástæða til þess að lengja þessa umræðu um of. En ég get vart orða bundist yfir ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem taldi að í skrifum minni hlutans fælust hortugheit eins og hann orðaði það. Ég get vel skilið að hann vilji líkja þessu við einhver hortugheit þegar hann les svart á hvítu leikrit sem eins gæti verið flutt í leikhúsi fáránleikans og hann sjálfur á sinn þátt í að skrifa. Ég get vel skilið að hann kalli það hortugheit að segja: Þetta er þriðja tilraun síðan 1995, á þremur árum, við að koma stjórn á smábátaflotann, þriðja. Hann talar um að menn hafi eitthvað komist fram veginn, þokað eitthvað áfram. Í hvert einasta skipti eru menn að bregðast við aðsteðjandi vanda sem hægt var að sjá fyrir skömmu áður. Samt var gert samkomulag og eins og hv. þm. sagði. Það gerði ekkert til þó að smábátarnir færu aðeins fram úr. Það gerði meira til að hinir færu fram úr. Þess á milli talar hann um að sátt sé á milli kerfa. Sátt á milli stærri bátanna og smábátanna.

Hv. þm. talar einnig um að nauðsynlegt sé að skapa lífsrými, rými fyrir þá báta sem stjórnvöld hafa leyft að koma inn í landið. Ljóst er að möguleikarnir á að nýta auðlindina eru takmarkaðir. Aukið rými eins hlýtur ætíð að vera á kostnað annars. Þannig er það og getur ekki verið öðruvísi. Því er nokkuð erfitt að átta sig á því í ræðu hv. þm. hvert hann var að fara. Kjarni málsins birtist í þessu frv. er sá að í því er ekki að finna neina framtíðarstefnu. Þetta er annað samkomulagið við Landssamband smábáta á tveimur árum. Bæði hafa komið til sökum þess að menn voru komnir í algerar ógöngur. Menn hafa verið að leita leiða út úr þeim ógöngum, gert samkomulag við smábátaeigendur og ráðuneytið og það síðan borið inn á þingið og stimplað. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig. Í þessu felst framtíðarstefnan sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að hér væri að finna. Að stoppa í þau göt sem þegar hafa myndast.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hér í upphafi, þá flutti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon okkar mál mjög vel og í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. En hins vegar held ég að ljóst sé að það frv. sem við ræðum hér mun ekki breyta miklu.

Það væri helst einn þáttur sem ég held að nauðsynlegt sé að gera að umtalsefni, en það eru þessar framsals- og leiguheimildir sem rýmka á í þessu kerfi. Ég vil taka undir með hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni þegar hann sagði að í þessu smábátakerfi væri ekki víst að sömu lögmál giltu og varðandi veiðar stóru skipanna. Í raun kemur það hvergi fram og ekki hægt að lesa úr því sem núverandi ríkisstjórn hefur borið hér inn í þingið, hvernig nýta eigi smábátaflotann. Er ætlunin að fækka í þessum flota eins og kostur er, koma aflaheimildum á eins fáar hendur og kostur er eða láta þennan flota standa undir að stórum hluta atvinnu í hinum ýmsu dreifðu byggðum um landið? Hvernig ætla menn að nýta þennan flota? Á að nýta hann sérstaklega á grunnslóðinni? Hvað ætla menn að gera? Ætla menn einungis að gera samning um veiðar þessa flota og samþykkja, vitandi að ekki mun staðið við það samkomulag? Eru menn að tala um það? Í þetta vantar gersamlega framtíðarstefnu.

Ég vil ítreka að ég sé það ekki leysa vanda smábátaeigenda að færa það kvótabrask, sem menn hafa gagnrýnt mjög hjá stóru skipunum, inn í smábátakerfið. Ég sé það ekki og enn og aftur auglýsi ég eftir einhvers konar framtíðarstefnu. Þó geri ég ráð fyrir því að fjórði þáttur í leikriti hæstv. sjútvrh. í leikhúsi fáránleikans verði fluttur hér að ári liðnu eða svo.

[00:41]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þrisvar sinnum komið með frumvörp til þess að reyna að bæta hag smábáta. Það er alveg rétt. Ég get sagt hv. þm. að þó að þetta væru 30 skipti þá mundi það ekki skipta máli. Við erum að vinna að þessu. Ég er ekki að segja að sátt sé komin milli útgerða lítilla báta og stórra en ég sagði að æskilegt væri að við næðum því. Þetta frv. er mikilvægt fyrir þá sem eiga allt sitt undir róðrum á smábátum. Það er mjög mikilvægt að fjölga dögunum úr 26 í 40. Það er mikilvægt að leyfa endurvalið. Það er mjög mikilvægt að opna aftur Þróunarsjóðinn. Allt þetta mun hafa jákvæð áhrif á smábátana og því er ekki ástæða til þess að gera lítið úr því. Það er hins vegar mikil þörf á því að vera ánægður með þann árangur sem þó hefur náðst vegna þess að hin staðan var afskaplega slæm. Ég tel, herra forseti, að til sóma væri að reyna að bæta allt það ástand sem er og það er mjög mikilvægt að floti einyrkjanna hafi hér þá stöðu sem lifandi er við og engin ástæða til að gantast yfir því.

Ég er ekkert viðkvæmur yfir textanum. Ég sagði að þegar menn skrifa í nefndarálit að allt sé með endemum, þá finnst mér það alveg óþarfi sérstaklega vegna þess að einn flutningsmannanna, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, var með meiri hlutanum vorið 1996 þannig að það er heldur pínlegt að fara þeim orðum um eigin störf.

[00:44]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. þegar hann segir að sitthvað í þessu frv. sé til bóta fyrir smábátasjómenn. Ég er ekki að gera lítið úr því. Ég vek hins vegar athygli á því að þetta er í þriðja skipti á þremur árum sem fram koma nýjar hugmyndir um hvernig ná eigi utan um veiðar smábátanna. Það er ekki par trúverðugt þegar menn reyna þrisvar sinnum á þremur árum að ná utan um veiðar smábáta hér við land.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er engin sátt á milli stórra báta og lítilla báta. Það er engin sátt á milli þessara kerfa. Og sú eina stefna sem hér er þó að finna er sú að þrýsta smábátunum inn í kvótakerfið án þess í raun og veru að hafa manndóm í sér ... Hv. þm. Einar Oddur

Kristjánsson. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson! Það væri ágætt ef þú hlustaðir á andsvarið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður hv. þm. að gæta þingskapa varðandi ávörp.)

Ég var að vísa til þess, hæstv. forseti, að þar sem ég væri í andsvari við Einar Odd Kristjánsson væri æskilegt að hann veitti máli mínu athygli.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já, en það á ekki að ávarpa þingmanninn beint.)

Ég mun ekki gera það aftur, hæstv. forseti.

Það sem ég var að segja er að með þessu frv. er verið að þrýsta mönnum inn í kvótakerfi eða aflamarkskerfi smábáta. En maður saknar þess örlítið að hv. þingmenn og meirihlutamenn hafi þó ekki þann manndóm í sér til að segja að þeir vilji leggja af róðrardagakerfið og taka upp aflamarkskerfið. Mönnum er þrýst inn í þetta. Maður saknar skýrrar stefnu, virðulegur forseti. Og því segi ég enn og aftur að fjórði þáttur í leikriti hæstv. sjútvrh., í leikhúsi fáránleikans verður fluttur að ári liðnu.

[00:46]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Í nál. meiri hluta sjútvn. gerði ég fyrirvara á undirritun minni. Ég vil gera grein fyrir hver ástæða þess var.

Þannig hagar til að dæmi eru um að 6 tonna trilla á aflamarki sé komin með á fjórða hundrað tonn af þorski. En algengast er að það sé á milli 6 og 7 tonn eins og hefur komið fram. Þó kom fram hjá hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni að meðaltalsaflamark væri um 63 tonn.

Ég tek undir það sem fram hefur komið um ógæfuspor sem stigin eru um framtíð íslenskra smábáta og tel að þeir smábátamenn sem eru sammála þessum breytingum séu að vinna á móti sjálfum sér og í andstöðu við umræðuna í þjóðfélaginu við kvótabraskið sem hefur gengið allt of lengi og er það ógæfuspor sem þeir eru að stíga nú og á eflaust eftir að verða hinum dreifðu byggðum mikið vandamál.

Það sem ég hef sagt á undan leiðir af því sem ég og hv. þm. Guðjón Guðmundsson sem höfum lagt til í frv. laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Meginmál frv. gengur út á að banna framsal með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Til þess að vera sannfæringu minni trúr mun ég þegar þetta frv. verður afgreitt greiða atkvæði gegn c-lið 1. gr. frv. til breytinga á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

[00:48]

**Stefán Guðmundsson:**

Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist á því að ég tel ekki rétt að fella út síðasta málslið í ákvæði til bráðabirgða II þar sem segir:

„Ekki skal bætt umfram þau mörk að aflaheimildir báts með bótum verði 60 þorskígildislestir miðað við 1. sept. 1997."

Tillaga meiri hluta nefndarinnar er að fella ákvæðið brott sem þó er samkomulag um milli Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn. Þær tillögur að breytingum sem eru settar fram eins og segir í athugasemdum með frv. hafa náðst í viðræðum Landssambands smábátaeigenda og ráðuneytisins á undanförnum mánuðum og er fullt samkomulag milli þessara aðila um að flytja þær tillögur sem frv. felur í sér. Hér er verið að breyta út af því samkomulagi sem náðist eftir þó nokkuð langar viðræður milli þessara aðila, þ.e. Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn.

Ég tel ekki rétt að breyta þessu samkomulagi og fallast þannig á ósk Arthurs Bogasonar sem kemur fram í bréfi er hann ritaði sjútvn. og undirritað er af honum en hluti úr bréfinu, það sem skiptir meginmáli, er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaður fer þess á leit við sjútvn. Alþingis að hún geri þá breytingu á bráðabirgðaákvæði II er fjallar um úthlutun svokallaðs Byggðastofnunarkvóta að felld verði brott síðasta setning ákvæðisins."

Virðulegur forseti. Fyrirvari minn leiðir til þess að ég mun sitja hjá við afgreiðslu á ákvæðinu.

[00:51]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Við lok umræðunnar vil ég láta það koma fram sem ég hef rætt við hv. nefndarmenn í sjútvn. að í dag hefur mér borist erindi frá formanni Landssambands smábátaeigenda sem óskar þess að við gerum frekari breytingar á málinu. Ég hef lýst því yfir við hv. nefndarmenn að ég muni beita mér fyrir því við 3. umr. um málið og ég hef kynnt hverjum og einum nefndarmanni þá ætlan mína.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég geta þess almennt um þetta mál vegna þess að aðrir sem tekið hafa þátt í umræðunni hafa gerst langorðari en ég þegar ég gerði grein fyrir nál. og tillögum meiri hluta nefndarinnar að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé grundvallarágalli á stjórnkerfi okkar við fiskveiðar að þar eru í raun mörg stjórnkerfi. Mér sýnist að við höfum þá reynslu af sóknarstjórnkerfi sem enn er til meðal smábáta að það leiði til mismununar. Ég get ekki ætlað mér þá dul, herra forseti, að áætla hvað þingmönnum þess tíma hefur gengið til að ákveða eitt sinn mjög miklar skerðingar á veiðirétti stærri skipa en skilja eftir það gat ef svo má segja að smábátum mátti fjölga verulega við óhefta sókn. Enda hefur raunin orðið sú að sóknargeta þeirra hefur reynst miklu meiri en menn gerðu sér í hugarlund. Við stöndum enn frammi fyrir þessum vanda. Hann hefur birst í því að þeir smábátar sem róa enn við sóknardagakerfi hafa getað aflað miklu meira en viðmiðun sagði til um. Sú viðmiðun var byggð á aflareynslu þeirra fyrir aðeins nokkrum árum. Ég tel nauðsynlegt að við stefnum í þá átt sem varla tekst þó nema með samkomulagi við þá sem við þurfa að búa að í fiskveiðum gildi einungis almennar reglur þar verði einungis beitt almennum aðgerðum en ekki sértækum hvorki leikreglum né aðgerðum.

Ég verð að viðurkenna að ég hef mestar áhyggjur af þeim bátum sem við nefnum oft smærri aflamarksbátana. Það á ekki eingöngu við um svonefnda smábáta á aflamarki, báta allt að 10 tonn að stærð, heldur líka báta sem eru nokkru stærri og eru mjög aðþrengdir í veiðiheimildum og hafa varla burði, hvorki vegna vélarstærðar né annars búnaðar, til að sækja mjög djúpt. Staðreyndin er sú, herra forseti, að við sjáum oft svokallaða smábáta sækja lengra til hafs en aðra sem sýnast nokkru stærri og falla undir aðrar reglur. Það eitt hefur sagt mér, herra forseti, að búnaður smábátanna sem menn hafa fjárfest í í krafti sóknarstýrikerfis og á grundvelli þess hefur gert þá mun öflugri skip en sum sem eru stærri að tonnatölu eða mælingu.

Mér sýnist það mikið álitaefni hvernig við náum þessum árangri sem ég hef nefnt. En ég tel alveg nauðsynlegt að menn búi við almennt stjórnkerfi í fiskveiðum sem geri sjómönnum á Íslandsmiðum jafnt undir höfði. Eins og kerfið

er í dag er svo ekki, því miður. Þess vegna er alveg ljóst að við eigum eftir að fást oftar en nú við ákvæði til að færa það til betri vegar. Þess vegna getum við allir verið vissir um að við eigum eftir að fást við frv. af þessu tagi oft í framtíðinni líkt og við höfum undanfarinn áratug aftur og aftur fjallað um ýmsa þætti í lagabálknum um stjórnkerfi fiskveiða.

Ég vil svo, herra forseti, láta lokið þessu máli mínu. Ég vona að við berum gæfu til að móta í framtíðinni stjórnkerfi sem geri sjómönnum á Íslandsmiðum jafnt undir höfði, gefi þeim sambærileg réttindi og sæmilega sambærilegar skyldur. Þá verðum við betur staddir en við erum nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 376, nál. 523 og 555.

[00:56]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. meiri hluta sjútvn. á þskj. 523. Þar kemur fram að meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með breytingum sem þar er gerð grein fyrir í þremur liðum við 1. gr. frv. Þær varða í fyrsta lagi gildistökuákvæðin og tilvísanir sem þar koma fram svo og orðalag um staðfestingardag og gildistökudag.

Ég tel, herra forseti, að þessar brtt. þarfnist ekki frekari skýringa en hitt hefur þegar komið fram við umræðu um fyrra mál að þau fylgjast að og eru bæði þáttur af sömu aðgerðunum til að gera krókaveiðimönnum heldur skár en nú er að una við þær reglur sem í gildi eru og bjóða þeim valkosti á ný.

[00:57]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Þetta mál tengist eins og hér kom fram hjá framsögumanni meiri hluta í 303. máli sem var til umræðu hér áðan og vísar minni hlutinn í aðalatriðum um afstöðu sína til rökstuðnings með því nál.

Ljóst er að í frv. er ætlunin að bjóða mönnum upp á þann möguleika að úrelda báta sem róið hafa á handfærum eða handfæra- og línuleyfum undanfarið ár og bjóða þeim þar sambærilega kosti og í gildi voru á síðasta ári og sett voru í gildi í framhaldi af lagabreytingum vorið 1996.

Við í minni hlutanum sjáum í sjálfu sér ekki ástæðu til að leggjast gegn fylgifrv. með breytingunni á lögunum um stjórn fiskveiða hvað smábáta varðar. Fremur er ástæða til að hafa efasemdir um að þetta muni leiða til mikilla breytinga. Bæði tel ég að það tilboð sem þarna er gert sé í lægri kantinum til að höfða til manna. Einnig hefði þá að mínu mati verið ástæða til ef hugur hefði fylgt máli að opna fyrir heimildir fyrir Þróunarsjóðinn að kaupa síðan þá báta sem veiðileyfi hefðu verið tekin af. Enginn vafi er á að sú heimild á úreldingartímabilinu hinu síðasta hafði talsverð áhrif í þá átt að menn sáu sér hag í að ganga til samninga við sjóðinn þegar hvort tveggja fór saman að hann greiddi 80% eða 60% af tryggingarverðmætinu en átti svo auk þess þann möguleika að selja sjóðnum bátinn að því loknu. Það varð ekki niðurstaðan í þessu tilviki að opna þá heimild. Með vísan til þess þá leyfi ég mér að lýsa því áliti mínu að ekki sé líklegt að það komi til stórfelldrar úreldingar á grundvelli þessa ákvæðis. Að sjálfsögðu er ekki ástæða til að amast við því að sá möguleiki standi þeim opinn sem þann kost vilja velja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:01.

---

## 45. FUNDUR

miðvikudaginn 17. des.,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, fsp. HG, 282. mál, þskj. 353.
2. Fullgilding samþykktar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, fsp. RG, 317. mál, þskj. 401.
3. Atvinnuleysistryggingar, fsp. RA, 335. mál, þskj. 422.

*Til heilbrigðisráðherra:*

4. Dánarbætur, fsp. ÁRJ, 351. mál, þskj. 485.

*Til dómsmálaráðherra:*

5. Umferðarlög, fsp. TIO, 337. mál, þskj. 424.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

6. Starfsumhverfi og framtíðarmöguleikar fiskvinnslunnar, fsp. HjÁ, 326. mál, þskj. 411.

*Til menntamálaráðherra:*

7. Lögbundin skólaganga barna og unglinga, fsp. ÖJ, 322. mál, þskj. 406.

### *Afturköllun þingmáls.*

[10:02]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Borist hefur tilkynning um að 349. mál, frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sé afturkallað.

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um rafmagnseftirlit. Málshefjandi er Ögmundur Jónasson. Hæstv. viðskrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkv. 1. mgr. 50 gr. þingskapa og mun standa í allt að hálfa klukkustund.

### *Umræður utan dagskrár.*

Rafmagnseftirlit.

[10:03]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég hef óskað eftir utandagskrárumræðu um rafmagnseftirlit í landinu og geri það eftir að hafa leitað mér upplýsinga um þau mál um nokkurt skeið, þar á meðal aflað skriflegra gagna frá viðskrn. sem fer með þennan málaflokk. Við þessa athugun hef ég sannfærst um að eftir að ragmagnseftirlitið var einkavætt eru öryggismál sem tengjast rafbúnaði í svo miklum molum, í slíkum lamasessi, að það er orðinn ábyrgðarhluti að þegja um þessi mál. Ég hef

leitað eftir áliti fjölda manna sem starfa við rafmagnsmál, forvarnir, eldvarnir og tryggingar og er þar flest á einn veg. Ástandið er algerlega óviðunandi og fer versnandi.

Í lok síðustu viku birtist í Degi ítarleg grein eftir fyrrv. umdæmiseftirlitsmann á Austurlandi með mjög alvarlegum varnaðarorðum undir fyrirsögninni: „Eldvarna- og slysavarnamál einkavædd." Í þessari blaðagrein er skorað á þingmenn að fara í saumana á þessum málum og knýja fram úrbætur.

Þegar Alþingi samþykkti lög fyrir réttu ári sem kváðu á um að einkavæða rafmagnseftirlitið var bundinn endahnútur á skipulagsbreytingar sem hófust fyrir nokkrum árum. Áður hafði eftirlitið verið í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins, en rafveiturnar önnuðust eftirlit á sínum svæðum. Þá voru öll hús, öll fyrirtæki og allar nýjar veitur skoðaðar og engar undantekningar gerðar þar á. Hugsunin á bak við einkavæðinguna er í grófum dráttum þessi: Opinberri stofnun, Löggildingarstofu, er falið að setja rafverktökum strangar starfsreglur sem þannig hafi eftirlit með sjálfum sér. Til að tryggja að þeir geri það skal framkvæma úrtaksskoðanir, a.m.k. 10% af nýjum veitum skulu skoðaðar. Og það annast einkareknar skoðunarstofur. Ef þær sjá eitthvað ábótavant í starfi rafverktakans senda þær honum athugasemdir, en sé um gamla veitu að ræða fær viðkomandi eigandi athugasemdirnar sem síðan fær rafverktaka til að framkvæma nauðsynlegar breytingar eða viðgerðir. Að sjálfsögðu er hugmyndin sú að því sé fylgt eftir að viðgerð fari fram. Það var alla vega hugmyndin. Hugmyndin var líka sú að þetta ætti að bæta rafmagnseftirlit í landinu og að sjálfsögðu átti þetta allt að verða ódýrara og hagkvæmara. En veruleikinn hefur síðan reynst allt annar. Þetta er dýrt kerfi, kerfi sem bruðlar með skattpeninga og það sem verra er, örygginu hrakar og það meira að segja miklu meira og miklu hraðar en jafnvel svartsýnustu menn höfðu spáð. Ég ætla að nefna dæmi úr veruleikanum.

Eigandi í fjölbýlishúsi lendir í úrtaksskoðun Löggildingarstofu. Skoðunarstofa sendir menn á vettvang sem sjá að rafmagnstafla íbúðarinnar er úr sér gengin og ólögleg. Eigandanum er tilkynnt þetta. Hann fær rafverktaka til að breyta töflunni þannig að hún standist öryggiskröfu. En svo háttar til að þessi tafla er á stigagangi og tvískipt. Hluti töflunnar tilheyrir annarri íbúð og sú íbúð hafði ekki lent í úrtaksskoðun. Þetta gerðist fyrir nokkru síðan. Svo vill til að ég hafði tök á að kynna mér eftirleikinn. Og hver skyldi hann hafa verið? Helmingur töflunnar er nú löglegur en hinn helmingurinn er enn ólögleg úrsérgengin trétafla. En hvað hefði gerst ef ekki hefði verið gert við töfluna sem skoðunarstofan hafði úrskurðað ólöglega? Sennilega ekkert, því rafverktakanum var ekki gert að tilkynna viðgerðina og við eigandann hefur enn ekki verið talað eftir því sem ég best veit. Og ekki veit ég hver hefði átt að gera það, en eitt er víst að viðkomandi skoðunarstofa hefur ekkert gert til þess að fylgjast með því hvort viðgerðin hafi farið fram.

Víkjum þá að kostnaðarhlið þessa máls. Nýlega fór ég fram á skriflegar upplýsingar hjá viðskrh. um tilkostnaðinn við rafmagnseftirlitið og slíkt hið sama gerði hv. þm. Gísli Einarsson. Í svörum ráðherra er vitnað í útreikninga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 1992 þar sem áætlað er að allur rafmagnseftirlitskostnaður í landinu hafi þá numið 240 millj. kr. Áætlaður kostnaður við nýtt fyrirkomulag sé hins vegar 115 milljónir, segir ráðherra í svari sínu. Sú tala er reyndar úrelt vegna þess að samkvæmt þeim tölum sem liggja núna frammi við fjárlagaumræðuna er hún komin upp í 131 milljón. Þar af fara rúmlega 82 milljónir til skoðunarstofanna vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana og 25 milljónir vegna skoðunar á eftirlitsskyldum rafföngum. En, eins og reyndar kemur fram í svari ráðherra, þá eru þetta ekki sambærilegar tölur, annars vegar frá Sambandi íslenskra rafveitna og þær sem nú eru uppi vegna þess að við erum að bera saman mjög ólík kerfi. Tilkostnaðurinn nú hvílir meira á notandanum sjálfum en áður var. Ef menn lenda ekki í úrtaksskoðun en óska eftir athugun á rafmagnsmálum sínum þá verða menn að greiða það sjálfir. Í öðru lagi er hér um vanáætlun til frambúðar að ræða. Ef það á annað borð er ætlunin að hafa virkt rafmagnseftirlit í landinu þá er framtíðin ekki sú að gera Löggildingarstofuna að fjársveltri vinnumiðlun fyrir rándýrar skoðunarstofur.

Tilkostnaður við skoðun hverrar einingar hefur stóraukist. Í fyrrnefndri blaðagrein Sveinbjörns Guðmundssonar, fyrrv. umdæmiseftirlitsmanns á Austurlandi, nefnir hann að fimm daga skoðunarferð eins manns á Austurland hafi kostað rúmlega 956 þús. kr. og aðra dagsferð nefnir hann sem kostað hafi 111 þús. kr. Og hver borgar? Að sjálfsögðu er það enginn annar en skattborgarinn sem borgar þetta. (Forseti hringir.) Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi með öllu en spurningin er þessi: Er hæstv. ráðherra kunnugt um hvernig rafmagnseftirliti í landinu er komið og hvað ætlar hann að gera? Fyrir ári, þegar þessi lög voru samþykkt hér á þingi, sagði hann að þau ættu að verða til þess að bæta rafmagnseftirlit í landinu. Þau hafa ekki gert það. Er ráðherra kunnugt um hve alvarlegt ástandið er og hvað ætlar hann að gera í málinu?

[10:08]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það var einkum tvennt sem hv. þm. gagnrýndi. Annars vegar var fullyrt að dregið hefði úr öryggi. Það er rangt. Og hins vegar að kostnaður sé nú meiri við eftirlitið en áður. Það er líka rangt. Mér er kunnugt um ástand rafmagnsöryggismála í landinu og ég tel það vera núna betra, öflugra og sterkara en það var áður.

Tilgangurinn með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rafmagnsöryggismálum hér á landi er að auka ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja og neysluveitna, en þannig verði dregið úr beinum afskiptum stjórnvalda af eftirlitinu. Þessar breytingar lúta að því að auka öryggi neytenda gagnvart hættu af völdum rafmagns, að draga úr kostnaði við rafmagnseftirlitið og að auka skilvirkni og þjónustu við neytendur. Þetta nýja skipulag raforkuöryggismála sem hefur verið tekið upp hér á landi er í takt við það sem hefur verið að gerast í nágrannalöndum okkar.

Ástæða þess að stjórnvöld gerðu endurbætur á fyrirkomulaginu voru fyrst og fremst þær að um langt árabil höfðu samtök rafveitna, rafverktakar og innflytjendur raffanga verið óánægðir með fyrirkomulagið á rafmagnsöryggismálum. Meginatriði í gagnrýni þessara aðila var eftirfarandi: Í fyrsta lagi að rafveitueftirlitsgjaldið var látið standa undir kostnaði við raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins. Starfsemi raffangaprófunar var einnig talin óþörf vegna samninga Íslands um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum. Í öðru lagi að rafveitur væru látnar bera ábyrgð á eftirliti með neysluveitum og skyldaðar til að skoða allar nýjar neysluveitur í stað þess að beita úrtaksskoðunum. Þá var það skoðun Sambands íslenskra rafveitna að eftirlit með neysluveitum ætti ekki að vera í höndum þeirra þar sem hlutverk rafveitna væri fyrst og fremst að framleiða, dreifa

og selja raforku. Það væri hlutverk stjórnvaldsins að bera ábyrgð á eftirliti með starfsemi löggiltra rafverktaka og þar með eftirliti með neysluveitum. Hið samfléttaða eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk yfirstjórnar rafmagnsöryggismála hafði og sætt gagnrýni og á það verið bent að það væri andstætt nútímasjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti sem kalla á meira hlutleysi, aukið jafnræði og réttaröryggi. Samband íslenskra rafveitna taldi einnig að yfirstjórn rafmagnsöryggismála í landinu væri mjög óskilvirk.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á þessu fyrirkomulagi eru eftirfarandi: Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður í þáverandi mynd en stofnuð ný stofnun, Löggildingarstofa, sem tók við hlutverki þess. Prófun á rafföngum var hætt hér á landi en þess í stað beitt skilvirku markaðseftirliti. Framkvæmd rafmagnseftirlits var falið óháðum löggiltum skoðunarstofum á rafmagnssviði. Úrtaksskoðanir eru framkvæmdar í umboði Löggildingarstofu á háspenntum raforkuvirkjum og neysluveitum í stað aðalskoðana. Skoðanir eru nú framkvæmdar samkvæmt skilgreindum verklagsreglum og á því formi sem Löggildingarstofan ákveður. Krafa er gerð um að rafveitur og löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun. Með því er átt við að á kerfisbundinn hátt verði þeim ráðstöfunum framfylgt.

Í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, er gerð krafa um að löggiltir rafverktakar komi sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi. Það hefur í för með sér að rafverktakar vinna eftir gæðakerfi sem tryggir að öll verk sem unnin eru í þeirra nafni séu yfirfarin í verklok og þannig tryggt að verkin séu framkvæmd samkvæmt settum öryggisreglum. Eins er öryggi neytenda gagnvart starfsemi rafveitna tryggt. Því eru gerðar sömu kröfur til rafveitna og rafverktaka. Rafveitum ber að koma sér upp skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi. Það er gert til þess að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra og þá jafnframt um leið öryggi neytenda.

Hv. þm. hélt því fram að kostnaður væri meiri við núverandi kerfi en áður hefði verið. Það er rangt. Hins vegar er erfitt að bera hann saman við kostnað á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits eins og það var þegar það fyrirkomulag var við lýði. Árið 1992 lét Samband íslenskra rafveitna reikna út heildarkostnað vegna eftirlits sem Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur sinntu þá og var áætlað að hann væri 240 millj. kr. Sjálfsagt er erfitt að finna nákvæmar tölur þar sem störf við rafmagnseftirlit voru áður fyrr ekki eins afmörkuð og nú er. Eftirlitsmenn rafveitna gegndu flestir öðrum störfum hjá rafveitum og voru skilin þar á milli oft óljós. Núverandi áætlaður kostnaður, samkvæmt nýju fyrirkomulagi, er 115 millj. kr. (Forseti hringir.) sem er mun lægri. (**ÖJ:** Ráðherra ætti að kynna sér það sem ...) Fyrir utan það þá var það svo að menn áætluðu eftirlitskostnaðinn hjá Rafmagnseftirliti ríkisins mun lægri en hann var í raun. Lægsti kostnaður á klukkustund var þá (Forseti hringir.) 6.181 kr. sem er hærra en nú. En það verður haldið áfram að þróa þetta fyrirkomulag rafmagnsöryggismála með það að markmiði að tryggja að það fyrirkomulag sem við höfum komið á verði öruggara, það verði betra, það verði skilvirkara og það verði ódýrara og þjónustan við neytendur verði bætt. Það mun takast og það hefur tekist að stórum hluta til.

[10:14]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Það er vonandi að málin gangi þannig fyrir sig, eins og hæstv. ráðherra lýsti í lok ræðu sinnar, að ástandið batni frá því sem er. Þann 20 desember sl. stóð ég hér í stól og átti orðræðu við ráðherra og hafði miklar áhyggjur af þessu máli og þá var því heitið að þetta ástand mundi batna.

Ég hef fengið svar við spurningum sem ég lagði fram hér á þingi og ég vil þakka fyrir það. En það kemur ekki í veg fyrir það að ég hef enn stórar áhyggjur af þessu máli því ég held að gamalveitur séu í miklum mæli óskoðaðar, ekki bara í Reykjavík heldur um allt land og það verður að breyta einhverju frá því sem nú er ef það á að komast í það lag sem þarf. Ef það er rétt að það sé 10% úrtaksskoðun á þeim nýveitum sem eru settar þá getur verið að það dugi með því að rafverktakar komi sér upp öryggisstjórnunarkerfi og með því að rafverktakar setji sér nýjar öryggreglur. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugmynd um hversu margar gamalveitur hafi verið skoðaðar á sl. ári í Reykjavík og í öðru lagi úti á landi.

Ég spyr hvort hæstv. ráðherra sé kunnugt um hver kostnaðarhlutdeild almennings verður í ár eða á næsta ári miðað við liðin ár. Ég lýsti einmitt mestum áhyggjum yfir að gamalveitur yrðu ekki skoðaðar eins og var. Það var nánast farið í hvert einasta hús á öllu landinu. (Forseti hringir.) En ef á að vera aðeins 10% úrtaksskoðun þá er ég hræddur um að það verði tjón, meira og minna tjón, vegna þess að skoðun hefur ekki farið fram.

[10:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þessi umræða um rafmagnseftirlitið var allvíðtæk á sínum tíma þegar ákveðið var að einkavæða þessa starfsemi. Málið var til meðferðar á Alþingi aftur og aftur, m.a. vegna þess að ráðuneytið setti svo vitlausa reglugerð að það varð að leiðrétta hana fyrir atbeina Alþingis á sínum tíma, fyrir atbeina hv. iðnn. Síðan var málið knúið fram á Alþingi eins og menn þekkja. Við alþýðubandalagsmenn og óháðir, í okkar þingflokki, mótmæltum þessum vinnubrögðum og töldum að þetta væri hættulegt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi að öryggið yrði minna og í öðru lagi að þetta yrði miklu dýrara. Við teljum að það hafi komið á daginn. Við teljum að það hafi komið í ljós að öryggið sé minna, að rafmagnskerfið í landinu sé í hættu vegna þess að ekki sé nógu vel að hlutunum staðið. Við teljum að kostnaðurinn fyrir einstaklingana í landinu, sérstaklega fyrir dreifbýlið, sé miklu meiri en hann var áður. Þetta er skoðun okkar og við styðjum hana rökum.

Í umræðunni hér kemur hins vegar fram vandi Alþingis því hæstv. ráðherra sem knúði í gegn lagabreytinguna gerir allt sem hann getur til þess að réttlæta hlutina og að halda því fram með góðu eða illu að þetta hafi verið jákvæð breyting. Staðreyndin er sú að þessi umræða ýtir undir það að maður veltir því fyrir sér að hér verði til sjálfstæðar rannsóknarnefndir í málum af þessu tagi af því ráðuneytunum er ekki treystandi, af því þau hlaupa undir ráðherrana í hvaða vitleysu sem þeim dettur í hug að halda fram. Ég vísa því á bug fullyrðingum ráðherrans í þessu efni vegna þess að hann er ekki hlutlaus. Hann er að verja sínar eigin gerðir og það er eðlilegt að hann reyni það eins og sem hann gerði. En það þýðir ekki að það (Forseti hringir.) eigi að taka mark á því. Þess vegna segi ég: Það er óhjákvæmilegt að þetta mál verði tekið aftur inn í iðnn. og farið rækilega yfir það þar hvort öryggismálin séu í lagi og hvort þetta sé ekki orðið miklu dýrara en gert var ráð fyrir og það var áður.

[10:20]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Málsmeðferð varðandi rafmagnseftirlit í landinu á undanförnum allmörgum árum er mikil raunasaga. Hún sýnir það og það mundi koma skýrt fram rökstutt ef farið væri ofan í saumana á þessum málum, hversu tvísýnt það er að fara í uppstokkun á málum eins og hér var gert. Ég vil ekki með því segja að ekki hafi verið þörf á einhverjum breytingum varðandi það opinbera kerfi sem sinnti þessum málum. En trúin á einkavæðinguna hefur borið ráðherra þessara mála á undanförnum árum mjög úrleiðis, svo ekki sé meira sagt, inn á villigötur þar sem markaðskreddan er hefur ráðið ferðinni. Hæstv. núv. iðnrh., ráðherra Framsfl., er haldinn þessu ekki síður en forverar hans sem hafa fetað þessa slóð, ráðherrar Alþfl. sem áttu hér hlut að máli á árum áður. Ég tel og tek undir með hv. 8. þm. Reykv. í mati hans á því að staðhæfingar ráðherrans um ágæti hins nýja kerfis séu rangar. Það séu fullyrðingar sem ekki byggi á efnislegum rökum. Alveg sérstaklega tel ég augljóst að gagnrýnin á núverandi stöðu mála eigi við varðandi landsbyggðina. Ég geri ráð fyrir því að dæmin séu ærin í þéttbýlinu, en á landsbyggðinni er alveg ljóst að þar hefur þessum málum hrakað stórlega og það á bæði við um eftirlit gagnvart íbúum, þ.e. gagnvart íbúðarhúsum og í þéttbýli, en það á einnig við um rafveitur og umgengni almennt um þessi mál, þar á meðal umhverfismál. Mér er það kunnugt af Austurlandi (Forseti hringir.) að þar var þessum málum mjög vel sinnt, af Rafmagnseftirliti ríkisins á fyrri stigum mála og sú breyting sem gerð var hefur verið mjög til hins verra.

[10:22]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Svar hæstv. ráðherra er alls ófullnægjandi og mér sannast sagna mjög mikið áhyggjuefni. Hann las upp úr skýrslu ráðgjafa sinna og hugmyndafræðinga þar sem fram kemur að allt sé í himnalagi, allt sé slétt og fellt og ekkert við þessi mál að athuga.

Hæstv. forseti. Nú er þrennt til í þessari stöðu. Í fyrsta lagi að allir þeir sem hafa gagnrýnt fyrirkomulagið og framkvæmdina, og á ég þar við rafverktaka, fulltrúa tryggingafélaga, sveitarstjórnarmenn og fjölmarga aðra sem hafa sinnt þessum málum, séu haldnir ranghugmyndum og misskilningi. Í öðru lagi að það séu hæstv. viðskrh. og ráðgjafar hans sem séu ekki í takt við veruleikann, geri sér ekki grein fyrir ástandinu eða í þriðja lagi að annar hvor hópurinn sé svo litaður af fordómum að hann fari vísvitandi með blekkingar og reyni að draga upp falsmynd. Eitt er víst að hér koma fram mjög alvarlegar ásakanir sem hæstv. ráðherra verður að taka alvarlega og það er ábyrgðarhluti af hans hálfu að skella við þeim skollaeyrum.

Rafmagnseftirlitið í landinu þarf að kanna af óháðum aðila. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar um það efni. Það er staðreynd að inn í hugmyndavinnu ráðuneytisins hafa blandast miklir peningahagsmunir. Aðilar tengdir skoðunarstofum hafa komið mjög að ráðgjöf við iðnrh. Þetta kom fram við umræðuna hér fyrir réttu ári en hana heyrðu mjög fáir. Hún fór fram um nótt. Hún þoldi ekki dagsljósið. En nú skulu þessar staðreyndir fram í dagsljósið.

„Hver var þá tilgangurinn með þessum breytingum“ — er spurt hér í blaðagrein — „fyrst eftirlitið versnaði svona mikið samfara því að kostnaður rauk upp úr öllu valdi? Hver hagnaðist á þessari breytingu?

Eftirlit með neysluveitum (Forseti hringir.) fólks, svo ekki sé talað um um háspennueftirlit, er ein brýnasta bruna- og slysavörn sem þekkist. Þess vegna lögðum við mikið upp úr því að sem tryggilegast væri um þessa hluti búið“ — ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, — „og í það var lögð mikil vinna og kostnaður. Nú sýnist það uppbyggingarstarf ætla að fara fyrir lítið. Menn standa því beinlínis agndofa og ráðþrota. (Forseti hringir.) Hvernig litist mönnum á 10% stikkprufueftirlit á ári með öryggi flugvéla og skipa?“

Mér litist ekki á það og mér lýst ekki á þau svör sem hæstv. iðnrh. eða viðskrh., sem fer með þennan málaflokk, hefur gefið.

(**Forseti** (GÁ): Þingsköpin eru ströng.)

[10:25]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina og málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp og þakka fyrir ágæta þátttöku í þessum umræðum.

Vitaskuld eru allar slíkar ábendingar vel þegnar og þær eru til þess að menn gái betur að og ég veit að Löggildingarstofan hlustar hér grannt og mun þá um leið kanna þær fullyrðingar sem hér er haldið á lofti.

En ég skil ekki hv. þm. þegar hann segir að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum með svör mín við spurningum sínum. Hv. þm. spurði hvort ég vissi hvernig ástand rafmagnsöryggismála væri fyrir komið. Svarið við því var já. Og í framhaldi af því rökstuddi ég það að ég teldi því vera vel fyrir komið.

Það komu hins vegar tvær spurningar fram í umræðunni (Gripið fram í.) og það voru spurningar frá hv. þm. Gísla S. Einarssyni þar sem hann spurði annars vegar um eftirlit með gömlum veitum og svo með nýjum veitum. Ég tek undir það að eftirlitið með gömlu veitunum er visst áhyggjuefni en það er betra nú en það var áður. Dæmi: Árið 1989 voru skoðaðar í Reykjavík 697 gamlar veitur. Árið 1990 — ótvírætt áður en þetta fyrirkomulag sem nú er var tekið upp — voru skoðaðar 794. Árið 1996 voru skoðaðar í Reykjavík 759 og árið 1997 er búið að skoða 800. Með öðrum orðum: Eftirlitið er betra en það var áður. Tölurnar segja það og fullyrðingar um annað eru rangar.

Varðandi nýju veiturnar þá hafa verið skoðaðar á bilinu 2.000–2.500 og allt upp í 3.000 veitur á þessum tíma á ári hverju. Þetta er nákvæmlega það sem menn eru að gera í dag. Menn eru að skoða þennan fjölda. Það verður eitthvað talsvert færra árið 1997 en var mjög nálægt þessum fjölda árið 1996. Aðalatriðið er þetta: Löggildingarstofan hefur starfað í eitt ár. Hún er að fóta sig í nýju umhverfi. Hún hefur náð mjög (Forseti hringir.) góðum (**ÖJ:** Nei.) árangri og er að tryggja betra eftitlit, meira öryggi og betri þjónustu fyrir neytendur en áður var. (**ÖJ:** Þetta er rangt.)

## *Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla.*

Fsp. HG, 282. mál. — Þskj. 353.

[10:28]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég ber fyrir hæstv. félmrh. svohljóðandi fyrirspurn:

Mun ríkisstjórnin á næstunni beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?

Tilefni fsp. er að sex ár eru liðin frá því lög þessi voru síðast endurskoðuð og breytt hér á Alþingi árið 1991. Það er langur tími á sviði mála þar sem réttarþróun og viðhorf breytast jafnört og í þessum málum. Þörfin að baki því að fylgjast með í þessum efnum varðandi lagasetningu af hálfu Alþingis er ótvíræð. Ég hef því orðið fyrir vonbrigðum að hæstv. félmrh. sem sýnt hefur þessum málaflokki áhuga, eins og ég hef tekið eftir, skuli ekki hafa beitt sér fyrir endurskoðun laganna nú þegar. Mörg atriði sem hægt væri að nefna þarf að líta á og auðvitað málasviðið í heild. Ég nefni nýja þætti sem upp hafa komið á þessu tímabili sérstaklega eins og kynferðislega áreitni. Ég nefni vernd vegna meints kynjamisréttis. Fyrir þinginu liggur frv. sem ekki hefur fengið afgreiðslu enn, um umboðsmann jafnréttismála. Hið opinbera kerfi, Jafnréttisráð og skrifstofa jafnréttismála, þarf að fá sína endurskoðun og athuga það í heild sinni og tengslin við ráðuneytið. Ég taldi á sínum að það hefði átt setja upp sérstaka deild þessara mála í sjálfu ráðuneytinu. Ég nefni kvennarannsóknir og stöðu þeirra. Ég nefni spurninguna um tilnefningu í ráð og nefndir og þörfina á að herða þau ákvæði í ljósi reynslu síðustu ára og kannski síðustu vikna og mánaða í umræðunni hér á Alþingi sem menn muna sumir hverjir kannski eftir. Ég tel því vera mjög brýnt að farið verði í þessa endurskoðun nú fyrr en seinna. Þetta málasvið allt verði tekið upp og menn líti yfir það mjög opnum huga. Mér sýnist að það þurfi að kveðja þar til marga aðila. Það væri best að byrja mjög vítt og opið í endurskoðuninni, kannski með einhvers konar opnum hugarflugsfundi til þess að fá fram hugmyndir þeirra sem sýna þessum málaflokki áhuga og ganga síðan með opnum huga í endurskoðun laganna og e.t.v. endurmótun því að hér erum við með réttarsvið sem þarf virkilega róttækra lagfæringa við. Mér er það ljóst að lög ein og sér bæta ekki úr því misrétti sem sérstaklega bitnar á konum. Auðvitað þarf að líta til mála karla jafnframt eins og heiti laganna ber með sér. En það eru þó konurnar sem verða fyrir miklu misrétti í okkar samfélagi eins og víðar og Ísland hefur því miður engan veginn náð (Forseti hringir) að fylgja nágrannalöndum okkar, öðrum Norðurlöndum, á þessu stóra málasviði.

[10:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hefja þessa umræðu og koma með þessa fyrirspurn, en ég hef áður greint frá því í umræðum á þinginu að ég hafi áhuga á því að endurskoða jafnréttislögin. Ég mun setja vinnu í gang við þessa endurskoðun. Ég skal ekki segja hvort ég kem því í verk fyrr en eftir áramót. Mér finnst sú ábending hv. þm. ágæt um að byrja verkið með því að hafa hugarflugsfund.

Ég hef unnið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál og henni verður væntanlega dreift á borð þingmanna í dag eða í síðasta lagi á morgun. Við höfum lagt mikla vinnu í þessa endurskoðun og einmitt einn þátturinn var sá að ég efndi til funda í öllum kjördæmum til að koma af stað umræðu um jafnréttismál og til þess að reyna að fá fleiri inn í umræðuna og safna hugmyndum og það gafst afar vel. Ég tel því að þetta séu skynsamleg vinnubrögð. Við erum að vísu með jafnréttislög nú sem ekki eru mjög gömul. Þau eru frá 1991. En í ljósi breyttra tíma, því viðhorfin til jafnréttismála hafa breyst töluvert og vinnubrögðin frá 1991, þá tel ég fyllilega tímabært að skoða þessi lög. Það eru ýmis atriði sem eru þess eðlis að það er eðlilegt að endurskoða þau.

Norðmenn og Danir hafa á undanförnum árum endurskoðað sín jafnréttislög. Þeir fara nokkuð aðrar leiðir. En við hljótum líka að taka mið af því hvernig þeir hafa unnið að sinni endurskoðun. Nú er þessi málaflokkur þess eðlis að þó menn hafi góð lög út af fyrir sig, þá dugir það ekki til. Við höfum ákaflega ströng ákvæði í okkar stjórnarskrá. Lagaleg staða jafnréttismála er betur tryggð hér á landi en víðast hvar annars staðar. En jafnréttismál eru öðrum þræði hugarfar. Það eru öðrum þræði viðhorf í hinu daglega lífi og samverkan margra þátta og allra aðila sem verður til að koma ef þetta á að komast í lag. Það þarf að skoða jafnréttislögin með tilliti til stjórnsýslulegrar stöðu. Það þarf að skoða kærunefndina og samsetningu Jafnréttisráðs, samskipti skrifstofu jafnréttismála og félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins. Það er spurning hvernig þessu er haganlegast fyrir komið og það er umhugsunarefni hvort félagasamtök eigi að eiga beina aðild að ákvörðunum ráðsins. Það getur e.t.v. verið eðlilegra að ráðið fæli félagasamtölum ákveðin verkefni og borgaði þá fyrir þau.

Það er mikið atriði og eiginlega grunntónninn í þessu, að samþætta jafnréttismálin við alla umræðuna, samþætta þetta í alla ákvarðanatöku.

Eins er ástæða til þess að skoða 12. gr. jafnréttislaga sem kom hér til umræðu fyrir nokkrum dögum síðan. Mér finnst umhugsunarefni hvort hægt er að skylda frjáls félagasamtök, hvort stjórnvöld geta skyldað frjáls félagasamtök til að óska tilnefninga með þessum eða öðrum hætti. Stjórnvöldin geta tekið á sig þessar skyldur og hugsanlega sveitarfélög og opinberar stofnanir. En er hægt að skylda Kvenréttindafélagið t.d. til þess að gæta þeirra ákvæða sem fyrir er mælt í 12. gr.? Svona eru ótal atriði sem ég tel að menn þurfi að skoða. Við þurfum að gefa okkur einhvern tíma til að vinna þetta verk. Ég vænti þess að fyrir lok kjörtímabilsins geti ég lagt hér fram frv. og væntanlega fengið afgreidda endurskoðun á jafnréttislögunum.

[10:37]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tel að alla jafnréttisbaráttu kynjanna þurfi að hugsa upp á nýtt. Aukið jafnrétti má aldrei bitna á börnum landsins eins og það hefur gert. Jafnréttisbarátta er einskis virði þangað til hlutur foreldra í uppeldi nýrra kynslóða verður virtur að fullu sem þáttur í starfsævi þeirra og þá ekki síst kvenna. Eins og er vinnur allt þjóðfélagið gegn velferð ungra barna og gerir alla jafnréttisbaráttu óraunhæfa og orðin tóm. Það bjargar engu þótt jafnmargar konur séu í ráðum og nefndum og karlar. Það sem skiptir máli er að karlar sem konur geti átt auðugt líf og góða starfsævi á sama tíma og þau geta alið börnin sín upp þannig að sómi sé að og þá ekki síður e.t.v. sinnt hinum öldruðu (Forseti hringir.) og sjúku sem einnig hafa orðið úti í þessari baráttu.

[10:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. félmrh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að hann hefur áhuga á því að endurskoða jafnréttislögin því að það er alveg ljóst að þau eru mjög haldlítil. Það er næstum því sama á hvaða grein jafnréttislaganna er litið því það er ljóst að markmið þeirrar greinar hefur ekki náðst, hvort sem um er að ræða launajafnréttið, skólakerfið, nefndirnar o.s.frv. Yfirleitt er ástandið ekki miklu betra en það var árið 1991.

Ein ástæðan er sú að það þarf pólitíska vilja til þess að fylgja þessum lögum eftir og þann vilja hefur skort. Það er með ólíkindum að sjá hvað eftirlitsstofnunin eða Jafnréttisráð starfar í raun og veru illa. (Forseti hringir.) Sá pólitíski vilji sem þarf er ekki fyrir hendi í þessari ríkisstjórn eins og t.d. hvað varðar samkeppnislögin og það er mikil þörf á að endurskoða (Forseti hringir.) þessi lög.

[10:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að leggja þessa fyrirspurn fram og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mig langar að til að taka hér undir orð fyrri tveggja hv. ræðumanna.

Auðvitað verður hugur að fylgja máli þegar jafnréttismálin eru rædd. Ég vil nefna eitt dæmi sem er einmitt til umfjöllunar nú í þinginu. Það er fæðingarorlofslöggjöf sem á að fara að samþykkja hér. Þar er slík mismunun kynjanna og frekari mismunun á ferðinni að það er með eindæmum og mun þetta mál koma til umræðu fyrir jólafrí. Ég tel að menn verði að láta hug fylgja máli þegar lagasetning er á annað borð til umfjöllunar og sjá til þess að ekki sé verið að mismuna kynjunum eins hrapallega og gerist með frv. um fæðingarorlof sem hér er til umfjöllunar og verður líklega að lögum fyrir áramót Þar er verulega verið að mismuna körlum (Forseti hringir.) og konum og fólki eftir vinnustað sem bitnar auðvitað á börnum þessa lands.

[10:41]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögðin við fyrirspurn minni. Ég tel það góða fyrirætlan að hefja þessa endurskoðun hið fyrsta og þær ábendingar sem fram hafa komið og undirtektir hæstv. ráðherra ættu að vera visst vegarnesti í það upphaf.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að ekki er nema rúmt ár, ekki eitt og hálft ár, til næstu kosninga. Auðvitað er mjög gott að endurskoðun löggjafar af þessu tagi geti fengið ákveðin lok hjá þeim ráðherra sem ber ábyrgð á málinu. Ég vil ekki draga úr hæstv. ráðherra að leitast við að ná þessu markmiði. Ég vil leggja því lið eins og ég get til að slík endurskoðun nái fram.

Ég tek undir orð ýmissa hér um að málið er víðfeðmt og tengist mörgu. Það er rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að samfélagið er ekki velviljað fjölskyldunni almennt, börnum landsins o.s.frv. En það breytir þó ekki þeirri staðreynd í mínum huga að menn þurfa að líta á málin út frá sjónarhóli jafnréttis kynjanna og ekki síst jafnréttis kvenna. Þó að þar sé togstreita hvað varðar uppeldishlutverkið, heill barna o.s.frv., þá verða menn að reyna að tryggja að samfélagið sé þannig að konur fái notið sín sem þátttakendur í þjóðfélaginu á sem flestum sviðum í starfi sem og sinnt öðrum skyldum eftir því sem aðstæður þeirra bjóða og möguleikar leyfa og það skortir áreiðanlega ekki vilja þar.

Auðvitað varðar málið karla einnig og þetta er að sjálfsögðu samþætt eins og bent er á. Við þurfum að fylgjast með því, burt séð frá endurskoðun (Forseti hringir.) laganna, að ekki sé troðið á eðlilegum viðhorfum eða laganna bókstaf í þessum efnum. Allt þarf þetta að ganga sem best fyrir sig. (Forseti hringir.) Indæll er bjölluhljómurinn, virðulegur forseti.

(**Forseti** (GÁ): Þingsköpin gera kröfu til þess.)

[10:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég vil leggja áherslu á það að ég lít ekki svo á að jafnréttismál séu eitthvert sérstakt málefni kvenna, alls ekki. Á mörgum sviðum þarf að rétta hlut kvenna. En það þarf líka að rétta hlut karla á ýmsum sviðum. Ég held að við eigum að ganga að þessu, bæði kynin, ekki sem einhverjir sem séu að keppa eða í togstreitu heldur að vinna að sameiginlegu verkefni, laga til fyrir karla þar sem þeirra hlutur er fyrir borð borinn og laga til fyrir konur þar sem þeirra hlutur er fyrir borð borinn.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir taldi að það skorti pólitíska vilja til að vinna að þessu. Ég get ekki viðurkennt að mig skorti pólitíska vilja a.m.k. og ég held ekki minn flokkur. Ég vænti þess að þingheimur sýni pólitíska vilja. Hitt er annað mál að kannski eru áherslurnar eitthvað misjafnar, aðferðafræðin eitthvað misjöfn. Ég t.d. geri ráð fyrir því, þó að við hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir höfum mikinn pólitíska vilja til jafnréttismála, að þá yrðum við ekki sammála um alla hluti þess hvernig ætti að efla jafnrétti.

Ég vil andmæla því að Jafnréttisráð starfi illa eða skrifstofa jafnréttismála. Það er hægt að hugsa sér að báðir þessir aðilar starfi einhvern veginn öðruvísi. Ég hef t.d. sjálfur stundum verið að hugsa um hvort ekki væri ástæða til að skrifstofa jafnréttismála einbeitti sér meira að innanlandsmálefnum fremur en erlendum samskiptum sem eru talsvert ríkur þáttur í starfsemi skrifstofu jafnréttismála. Svona atriði get ég talað um. En ég vil alls ekki (Forseti hringir.) meina — herra forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu — að skrifstofa jafnréttismála starfi illa.

## *Fullgilding samþykktar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.*

Fsp. RG, 317. mál. — Þskj. 401.

[10:46]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn höfum gert nokkrar atrennur að því að Alþingi fullgildi alþjóðasamþykkt nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Sá málflutningur okkar hefur reyndar borið nokkurn árangur þó samþykktin sé ekki komin hingað inn til fullgildingar.

Þessi samþykkt tekur til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum og framfæri þeirra þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka starfsmanna. Það sjónarmið liggur til grundvallar að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum og skal sérhvert aðildarríki setja það markmið í stjórnarstefnu að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð að framfylgja þeim rétti sínum.

Verkalýðshreyfingin hefur sótt mjög á um þessa fullgildingu en ekki hefur náðst samstaða um það mál í samráðsnefnd félmrn. Sú grein samþykktarinnar sem helst hefur valdið ágreiningi er 8. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjölskylduábyrgð sem slík skal ekki verða gild ástæða til uppsagnar starfs.“ Og skyldi maður nú halda að í landi eins og okkar væri auðvelt að fá samstöðu um að slíkt réði ekki úrslitum hvort starfsmaður heldur starfi sínu. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði að fjölskylduábyrgð skuli ekki

vera ástæða til uppsagnar starfs og felst ákveðið starfsöryggi fyrir fjölskyldufólk í ákvæðinu, ekki síst þegar verr árar á atvinnumarkaði.

Eins og fram hefur komið er ágreiningur milli launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambandsins um að fullgilda þessa samþykkt þar sem Vinnuveitendasambandið telur að fullgildingin sé óþörf. Hægt er að setja ný lög varðandi þessi ákvæði og lög sem almennt tækju til uppsagnar starfsmanna og líka er unnt að setja ákvæðið inn í lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla. Jafnframt er auðvitað hægt að koma þessu ákvæði inn í samninga, en ekki líklegt miðað við afstöðu VSÍ.

Þegar frv. um opinbera fjölskyldustefnu var lagt fram á Alþingi fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári var þar ákvæði um að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að skapa skilyrði til að Ísland gæti fullgilt þessa samþykkt. Í meðförum félmn. var því ákvæði breytt og þar lagt til að í stað þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykktina, þá skuli slík skilyrði sköpuð og því er spurt: Hvað líður þeirri framkvæmd að skapa þessu skilyrði?

[10:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Eins og réttilega var greint hjá fyrirspyrjanda er þetta atriði stefnumörkun í ályktun Alþingis um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Eins og ég hef margoft tekið fram er það mín ætlan að koma þessari fullgildingu á. Ég er ekki að nefna dagsetningar en ég tel að þarna sé um réttmæta og eðlilega samþykkt hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni að ræða og þess vegna eigum við að gerast aðilar að henni. Ég tel að það væri fjölskyldunum í landinu til framdráttar ef þetta yrði gert.

Mér gefst ekki tími til að rekja efni þessa máls en meginatriðið er það að aðildarríkin skuldbinda sig til að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ein ekki geta verið gild ástæða uppsagnar.

Ég hef farið þá leið og tel að hún sé farsæl um ágreiningsatriði eins og þau að reyna fyrst hvort viðkomandi aðilar, í þessu tilfelli aðilar vinnumarkaðarins, geti ekki samið um það sín á milli að nauðsynlegt sé að taka þetta upp og þær umræður hafa verið í gangi. Ég held að fullgildingin í sjálfu sér breyti ekki miklu í þjóðfélaginu og það verði ekki nein byrði fyrir hvorugan aðilann og fengur fyrir alla að fullgilda þessa samþykkt. Svar mitt er því það að ég mun beita mér fyrir fullgildingu samþykktarinnar.

[10:52]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur margsinnis verið rætt í þinginu. Það hefur komið fram aftur og aftur og það er vilji þingsins að þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði fullgilt. Það hefur komið fram í umfjöllun félmn., það hefur verið hluti af samþykkt frá þinginu og eins og hæstv. félmrh. segir þá hefur hann og mörgum sinnum ítrekað nauðsyn þess.

En það er spurt um hvenær hann ætli að beita sér fyrir því. Hann kemur hér enn einu sinni og segir að hann hafi fullan hug á að vinna að fullgildingu þessarar samþykktar. En hvaða vinna hefur farið fram nú þegar? Hæstv. ráðherra segir að hann vilji fyrst leita eftir afstöðu aðila vinnumarkaðarins. Eins og hv. fyrirspyrjandi sagði áðan liggur afstaða Vinnuveitendasambandsins í rauninni fyrir. Þeir vilja þetta ekki. Þetta mun ekki verða hluti af kjarasamningum og þess vegna hlýtur að þurfa atbeina hæstv. félmrh. og þingsins. Ég spyr þess vegna hæstv. félmrh.: Telur hann ekki (Forseti hringir.) að það sé fullreynt að þetta verður ekki partur af kjarasamningum og hvernig ætlar hann þá að bregðast við? (Forseti hringir.) Hvenær ætlar hann að standa við þau orð og hrinda hinni mikilvægu samþykkt til fullgildingar?

[10:53]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Sá tími er liðinn að hæstv. ráðherra geti haldið áfram að segja: Ég mun beita mér fyrir og ég mun beita mér fyrir. Það er búið að koma með tillögu í þingið um að Alþingi fullgildi þessa samþykkt. Það liggur fyrir að eina ágreiningsatriðið í allri samþykktinni er 8. gr. og hún er svona einföld að fjölskylduábyrgð sé ekki ástæða uppsagnar og ráðherrann segir að það muni ekki miklu breyta að fullgildingin verði. Jú, það mun miklu breyta vegna þess að í þeim efnum er þjóðfélagið eins og barbarismi. Það getur hver stjórnandi fyrirtækis sem er kallað fyrir sig starfsmann og sagt við hann: Þér er hér með sagt upp störfum og þegar spurt er: Hvers vegna, þá þarf ekki að koma með neitt svar. Það þarf ekki að gefa svar. Og það er hvergi neitt haldreipi. Ef verið er að segja viðkomandi upp störfum vegna þess að hann er með lítið barn, vegna þess að barnið á við langtímaveikindi að stríða eða annað sem kemur upp á í fjölskyldunni og skapar erfiðleika fyrir starfsmann á vinnumarkaði. Þess vegna er allt tal um stefnumörkun undansláttur. Ráðherra segir að réttmætt sé að við fullgildum þessa samþykkt og við eigum að gerast aðilar. Það er margreynt. VSÍ vill ekki ganga til samninga og þess vegna er þetta spurning um að Alþingi fái að taka ákvörðun um að fullgilda samþykktina. Þegar það hefur verið gert, þá stendur ákvörðunin eftir að setja ákvæði í lög eða gefa aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að semja sín í milli. Svona einfalt er það. Allt tal um stefnumörkun héðan í frá er undansláttur.

[10:55]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Þetta er nú kannski frekar spursmál um vinnubrögð. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði: Hvenær kemur dagurinn? Ég ætla ekki að nefna dagsetningar, en ég vil þó segja það hér að ég mun gera þetta áður en ég fer úr félmrn. fyrir næstu kosningar. Ég er að vísu ekki að segja að ég ætli ekki að vera þar eftir næstu kosningar. (**ÖS:** Þú varst víst að því.) En ef guð lofar þá gæti vel farið svo. En ég hef ekki tryggan vinnustað þar nema til næstu kosninga og þá ætla ég að vera búinn að koma þessu í verk.

Varðandi það að VSÍ sé á móti því að fullgilda þessa alþjóðasamþykkt, þá met ég það ekki svo. Mér finnst afstaða þeirra fremur vera tregða, það sé óþarfi og ég vil yfirvinna þessa tregðu ef unnt er. Ég vil ekkert fara og fer aldrei í slag nema tilneyddur. Ég held að árangur náist ekki nema báðir aðilar séu sæmilega sáttir og geti unað við.

Þetta með tilgreiningu uppsagnar eða upplýsingaskyldu um uppsögn getur verið dálítið tvíeggjað vopn. Það geta verið þær ástæður fyrir uppsögninni að ástæðan verði þeim sem sagt er upp til byrði til frambúðar í lífinu. Barnið getur vaxið og fengið heilsu og fjölskylduaðstæður geta breyst. En það geta verið þær aðstæður fyrir uppsögn að betra sé fyrir viðkomandi sem rekinn er úr starfi eða sagt er upp starfi að hann sé ekki brennimerktur með því til lífstíðar.

## *Atvinnuleysistryggingar.*

Fsp. RA, 335. mál. — Þskj. 422.

[10:58]

**Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):**

Herra forseti. Í 24. gr. laga um atvinnuleysistryggingar sem giltu fram á mitt þetta ár var við það miðað að hámarksbætur yrðu greiddar þeim sem unnið hefðu 1.700 dagvinnustundir á seinustu 12 mánuðum eða sem svarar til 42 vikna. Tekið var tillit til þess að fæstir ná 52 vikum vegna sumarleyfa og veikinda og lausráðnir starfsmenn missa úr þegar þeir skipta um vinnu og eins vill það gerast um jól og páska. Þess vegna var miðað við 1.700 stundir eða 42 vikur og þannig hefur þetta verið í einn og hálfan áratug.

Í nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar sem tóku gildi 1. júlí 1997 er fjallað um hámarksbætur í 8. gr. Þar er orðalag annað og miklu óljósara en áður og segir, með leyfi forseta:

„Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu 12 mánuði."

Í greinargerð frv. var þess hvergi getið að í þessu fælist nein efnisbreyting. Eins var þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frv. Hann nefndi aldrei í mörgum ræðum sínum að með nýju frv. fælist nokkur skerðing að þessu leyti. Samtök utan þings sem veittu umsögn um frv. gerðu heldur enga athugasemd við þetta ákvæði í trausti þess að í því fælist ekki nein efnisbreyting frá áratuga langri hefð úr því að þess var ekki getið í athugasemdum frv. eða í ræðum hæstv. ráðherra. En þegar hæstv. ráðherra gaf út reglugerðina á grundvelli laga ásamt dagpeningaskrá nr. 45 1. júlí sl. kom í ljós að hámarksbætur voru miðaðar við að bótaþegi hefði verið í vinnu í 2.080 stundir á seinustu 12 mánuðum eða í 52 vikur. Þeir sem ekki náðu 2.080 stundum fengu skertar bætur hlutfallslega og því fékk sá sem hafði unnið 1.700 stundir um 82% af fullum launum og aðrir samsvarandi. Þessari ákvörðun ráðherrans var þá þegar mótmælt af ýmsum samtökum launamanna. Talsmenn ráðuneytisins upplýstu þá að fyrri reglugerð yrði endurskoðuð og nokkru síðar var gefin út ný dagpeningaskrá nr. 46. Í þeirri skrá er ekki lengur minnst á dagvinnustundir og því engin leið að skilja við hvað miðað er en mér er tjáð að nýja skráin hafi litlu breytt.

Því spyr ég: Var hæstv. ráðherra ljóst þegar hann lagði frv. fram að það fæli í sér verulega skerðingu fyrir þá sem ekki hafa verið í fullu starfi síðustu 12 mánuði? Ef ráðherra var þetta ljóst, hvers vegna var þess þá ekki getið í athugasemdum við frv. eða í framsöguræðu ráðherra? Síðan er spurt að því hvort ekki muni leiðrétting fást og hvort ráðherra hyggist ekki beita sér fyrir breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar þannig að ekki verði um að ræða skerðingu bóta af þessari ástæðu.

[11:01]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég get ekki fallist á að neitt hafi verið falið í þessu efni í umræðum hér eða í þingskjölum. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um segir í 8. gr. gildandi laga, þ.e. nýju laganna, um atvinnuleysistryggingar, í 1. mgr.:

„Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði. Sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. Bótahlutfall getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í."

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir m.a. um 8. gr.:

„Hliðstæð ákvæði er að finna í 24. gr. og 24. gr. a í gildandi lögum. Í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við ákvörðun bótafjárhæðar sé miðað við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum. Lagt er til að hámarksbætur greiðist þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði, en skv. 1. mgr. 24. gr. gildandi laga greiðast hámarksbætur þeim sem unnið hafa 1.700 stundir eða fleiri á síðustu tólf mánuðum."

Þarna var sem sagt ekkert verið að fela, enda engin ástæða til að gera það.

Mismunurinn er sá að í öðru tilfellinu er miðað við ákveðinn vinnustundafjölda, í hinu er miðað við ákveðið starfshlutfall. Það voru ýmsar þversagnir í þessu eftir fyrra fyrirkomulagi, t.d. þær að sá sem vann í 50% starfshlutfalli í 12 mánuði átti 61% bótarétt ef hann varð atvinnulaus. Sem dæmi má nefna að framkvæmdin var sú að ef sá sem var atvinnulaus og fékk greiddar atvinnuleysisbætur fékk allt í einu 50% starf þar sem starfshlutfallið var lægra en bótaréttur þá hélt hann 11% bótum og ávann sér þær fyrir að hafa verið atvinnulaus um tíma. Nú er þetta afnumið og einstaklingur fær greiddar jafnháar bætur og starfshlutfallið var. Sá sem var í 50% starfi fær 50% bætur.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að mistök urðu við gerð dagpeningaskrár þegar hún var send út. Þar var orðalag sem hægt var að misskilja. Ég gaf strax yfirlýsingu um það að þessi misskilningur yrði leiðréttur og mér þykir mjög slæmt ef svo hefur tekist til að enn sé hægt að misskilja. Þessi dagpeningaskrá var afturkölluð og ný send út. Ég hélt að þessi misskilningur hefði verið rækilega leiðréttur en ég er tilbúinn að líta á það ef þarna er eitthvað óskýrt.

Meginatriðið er það að sá sem var í 100% starfi, þ.e. fullu starfi og þá er ég ekki að tala um klukkutíma eða daga heldur það sem metið er fullt starf í viðkomandi starfsgrein, fái fullar bætur. Sá sem er í hálfu starfi fái hálfar bætur. Þetta er kjarni málsins og meining laganna.

Það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar að það eru ákvæði sem mér finnast getað virkað ósanngjörn, t.d. um skerðingarhlutfall bóta og enn fremur um hlutabætur. Ég hef komið því til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að ef stjórnin verður sammála um að óska eftir breytingum á lögunum, þá er ég tilbúinn að beita mér fyrir þeim. Það er óeðlilegt að ekknabætur, svo að ég taki eitt dæmi, verði til skerðingar á atvinnuleysisbótum. En hins vegar getur sjómannskona sem á lifandi mann, skipstjóra kannski á háum tekjum, notið fullra bóta. Þetta finnst mér vera ósanngjarnt og ég er tilbúinn til að beita mér fyrir leiðréttingu á því, enda verði sæmileg sátt um það.

[11:06]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við fyrirspurn minni áðan orðaði hæstv. ráðherra svar sitt svo: Ég fer ekki ótilneyddur í slag.

Við þekkjum það. Hann hefur komið með frv. um vinnumarkaðsaðgerðir, frv. um atvinnuleysistryggingar og í bæði skiptin verið að fara í slag við verkafólk og verkalýðshreyfingu. Við komum með mjög miklar athugasemdir við frv. um atvinnuleysistryggingar og gátum þar afstýrt ýmsu þó að það hafi ekki tekist með vinnumarkaðslöggjöfina. Hann segir hér, virðulegi forseti, sá hæstv. ráðherra að auðvitað eigi að koma fullar bætur fyrir fullt starf. Samt sem áður

hefur hann sett reglugerð þar sem það er ekki svo og er undrandi yfir.

Það er ekki hægt annað en minna á að þegar frv. um atvinnuleysistryggingar kom fram var það yfirfullt af ákvæðum sem öll snerust um skerðingar og öll gáfu í skyn það viðhorf að fólk væri að svindla til sín bætur.

[11:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Frammistaða hæstv. félmrh. í þessu máli er með miklum endemum. Auðvitað er alveg ljóst að hæstv. ráðherra með einum eða öðrum hætti duldi þá staðreynd við meðferð málsins á þinginu hafi hann þá þegar verið ákveðinn í því að skerða atvinnuleysisbæturnar eins og raun bar vitni. Mér sýnist fljótt á litið að þetta hafi gerst ósköp einfaldlega þannig að hæstv. ráðherra hafi farið þá fjallabaksleið í málinu að hann breyti skilgreiningunni á því hvað skuli teljast fullt starf og gerir ríkari kröfur til vinnuskyldu, til að það sé uppfyllt, en áður var með breyttri skilgreiningu og út úr því kemur í öllu falli sú niðurstaða að um verulega skerðingu bóta hjá ýmsum er að ræða. Þetta er mergurinn málsins og auðvitað er hreinlegast fyrir hæstv. ráðherra að viðurkenna þetta.

Í öðru lagi hafa efndirnar á því að leiðrétta þetta verið í skötulíki. Það liggur líka fyrir. Hæstv. ráðherra kom hér og sagði að sér þætti það leitt ef eitthvað hefði farið úr böndunum hjá sér.

Í þriðja lagi er auðvitað öll útkoman á þessum (Forseti hringir.) atvinnuleysisbótamálum hjá hæstv. ráðherra hin hörmulegasta, (Forseti hringir.) þar með talið að afnema tengingu atvinnuleysisbóta við laun.

[11:09]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þessi umræða sannar það sem þingmenn stjórnarandstöðunnar sögðu á sínum tíma um þetta frv., sem síðar varð að lögum, að það er meingallað. Það er svo gallað að hæstv. ráðherra skildi það ekki í fyrsta umgangi og vinnubrögðin í ráðuneytinu eru slík að þegar hann hefur lýst því yfir að hann vilji reyna að leiðrétta málið og gerir tilraunina, þá getur hann ekki komið henni í framkvæmd. Þannig eru vinnubrögðin í ráðuneytinu. Það sem skiptir þó mestu máli í þessu er það, að ráðherrann hefur lýst því yfir að hann hafi vilja til að bæta þessum hópi sinn rétt. Hann hefur lýst því skýrt yfir í þessari umræðu en síðan segir hann: Ég er tilbúinn til að líta á það. Annaðhvort var þessi réttur skertur og ráðherrann vill bæta hann eða hann vill það ekki. Það þýðir ekkert að koma hingað og segja að hann sé tilbúinn til að líta á málið. Hann hefur fallist á að ákveðinn hópur hafi orðið fyrir ákveðinni skerðingu vegna þessa máls og ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hann ekki reiðubúinn að lýsa því yfir að hann breyti reglugerðinni þannig að allur vafi verði tekinn af þessu máli?

[11:10]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Það hefur vakið sérstaka athygli mína hvernig hæstv. félmrh. talar til eða um atvinnuleysingja í landinu, hversu köldu andar til atvinnuleysingja. Mér finnst ævinlega liggja í þeim orðum sem hann hefur um þann hóp manna að þarna sé fólk sem ekki vill vinna þá vinnu sem það fær. Ég verð að segja hæstv. félmrh. það einu sinni enn að ég þekki marga sem hafa mátt sæta þessu hlutskipti og það hefur vissulega verið fólk sem hefur reynt að fá vinnu og verið tilbúið til að taka nánast hverju sem er en það fær ekki vinnu. Og mér finnst mjög illa gert af hæstv. ríkisstjórn bæði að taka atvinnuleysisbætur úr tengslum við laun og setja svo dulbúið ákvæði inn í frv. í fyrra, sem var nógu slæmt fyrir, um breytingu á vinnustundafjölda þannig að núna fá (Forseti hringir.) nánast engir atvinnuleysingjar fullar bætur.

[11:12]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt í þessari umræðu að fá upplýsingar um það hvort þeim atvinnuleysingjum hefur fjölgað sem ekki fá fullar bætur vegna breytinga á viðmiðun við réttinn eða vinnustundafjöldann. Ég bendi á að mjög margir sem missa vinnuna fara ekki strax á atvinnuleysisbætur meðan þeir eru að leita sér að vinnu. Það að vera án bóta, skerðir réttinn til fullra atvinnuleysisbóta þegar þeir síðan neyðast til að fara á bætur. Ég tel að svar þurfi að koma við því frá hæstv. ráðherra og bendi honum á að verið er að senda þarna stóran hóp fólks sem er atvinnulaust til sveitarfélaganna á félagsmálastofnanir. Var það ætlunin hjá hæstv. ráðherra þegar þessum lögum og reglugerðum var breytt? Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að svör komi við þeim spurningum í þessari umræðu.

[11:13]

**Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):**

Herra forseti. Kjarni þessa máls er auðvitað þessi að hæstv. ráðherra breytir skilgreiningu á því sem telst vera fullt starf og vísar til lagabreytinga sem gerðar voru á sl. vori. Fyrst miðar hann síðan í útgáfu reglugerðar við alla daga ársins, meira að segja sumarleyfi, jólaleyfi, páskaleyfi og afturkallar síðan þá reglugerð en skerðingin heldur áfram og er áfram fyrir hendi. Hann segir að hann hafi ekkert verið að fela. En staðreyndin er auðvitað sú að enginn hér í þinginu og heldur ekki meðal umsagnaraðila áttaði sig á því að þetta flókna ákvæði fæli í sér nokkra skerðingu. Það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir vegna þess að þessa var hvorki getið í ræðu ráðherrans né í athugasemdum við frv. og það er vitað að í nefndinni kom þetta aldrei til tals. Hins vegar gerðu aðilar vinnumarkaðarins fjöldamargar athugasemdir við frv. og frv. var mjög umdeilt. En þetta atriði var aldrei rætt vegna þess að það áttaði sig enginn á því að þarna væri um þessa stórfelldu skerðingu að ræða.

Auðvitað segir það sig sjálft að þegar ákveðin framkvæmd hefur átt sér stað í einn og hálfan áratug, þá er ekki forsvaranlegt að koma með frv. sem felur í sér það flókið ákvæði að með lúmskum hætti er laumað inn skerðingu sem enginn áttar sig á vegna þess að ráðherrann gerir ekki grein fyrir því. Svo ætlar ráðherrann að standa að því að þessi verði framkvæmdin með tilvísun til laganna. Þetta er algerlega óforsvaranleg framkoma og ég vil vissulega grípa í það haldreipi sem ráðherrann rétti að mér áðan þ.e. að hann vilji líta á málið ef eitthvað er óskýrt. Ég skora á hann að falla frá þessari skerðingu.

[11:15]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ef hv. þm. hefði nennt að leggja það á sig að lesa skýringarnar við 8. gr. í frv. í fyrra, þá hefði hann getað séð hvernig í málinu lá og það var ekki verið að fela neitt. Meginatriðið í þessu er það að full vinna í viðkomandi starfsgrein, það sem telst full vinna hvað sem hún er unnin á mörgum klukkutímum, á að gefa fullar bætur. Það er mergurinn málsins. 50% starfshlutfall á að gefa 50% bætur. Ég hef ekki dulið nokkurn mann neins í þessu efni.

Þessi dagpeningaskrá fór óljóst orðuð frá Vinnumálastofnun og var misskilin og var ekki í fullu samræmi við lögin en hún var leiðrétt. Ég vænti þess að ekkert fari þarna á milli mála, en eins og ég sagði áðan, þá er ég tilbúinn að láta fara yfir það hvort það er nokkuð lifandi leið að misskilja eitthvað í þessu og hvort þarna er ekki farið fullkomlega eftir lögunum því að lögunum ber að framfylgja.

Ég mun ekki breyta lögunum til fyrra horfs eða beita mér fyrir því vegna þess að ég tel að réttmætt sé og eðlilegt að bæturnar miðist við starfshlutfall og þeir sem vinna fulla vinnu fái fullar bætur.

Ég vil biðja hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að vera ekki að gera mér upp skoðanir á atvinnulausu fólki. Sem betur fer hefur því stórfækkað þann tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu. Ég hef viljað að Íslendingar sætu fyrir þeirri vinnu sem losnar, en nú erum við á kafi í því og verðum í hverri viku að afgreiða marga, marga tugi atvinnuleyfa (Forseti hringir.) fyrir útlendinga til þess að geta haldið þjóðfélaginu gangandi. (Forseti hringir.) Bótaþegunum hefur fækkað verulega frá því sem var áður og 20% þeirra sem eru inni í atvinnuleysistölunum eru á hlutabótum.

## *Dánarbætur.*

Fsp. ÁRJ, 351. mál. — Þskj. 485.

[11:18]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Í desember 1995 voru gerðar breytingar á almannatryggingalögunum, þ.e. lögum um félagslega aðstoð þar sem réttur til ekkjulífeyris var lagður af en réttur til dánarbóta rýmkaður þannig að þeir sem misstu maka gátu, ef þeir uppfylltu ákveðin skilyrði, fengið greiddar dánarbætur í lengri tíma til viðbótar við 18 mánuðina sem voru fyrir í lögunum. Ekki tókst við umræðuna að fá upplýsingar um hver þau skilyrði væru eða ættu að vera sem miðað var við í lagatextanum en tryggingaráð setti síðan reglur næstum ári síðar, þ.e. í nóvember 1996, um hvað skyldi gilda um þessar bætur.

Í textanum segir: „Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður er heimilt að greiða bætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar 6 mánuðunum en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði.“ Í reglunum sem tryggingaráð setti er heimilt að greiða þeim sem missir maka dánarbætur eftir 18 mánuði ef þeir eru með tvö börn á framfæri eða fleiri, ekki þeim sem eru með eitt barn. Og í reglunum er einnig kveðið á um að öryrkjum skuli ekki ákvarða dánarbætur samkvæmt þessum viðbótargreiðslum.

Þetta er mikil þrenging á þeim lagatexa sem samþykktur var í þinginu. Það að öryrkjar sem missa maka fái ekki greiðslur dánarbóta eftir 18. mánuð aðeins vegna þess að þeir eru með skerta starfsorku er ósanngjarnt. Þetta er fólk sem er með lágmarksframfærslu. Það sama er að segja um foreldri með eitt barn, karl eða konu sem missir maka, hvað þá öryrkja með eitt barn sem á ekki rétt á þessu og öryrkjar með tvö eða fleiri börn ekki heldur.

Ég vil minna á að mæðralaun og feðralaun eru ekki lengur greidd með einu barni, það hefur verið afnumið og öryrkinn fær ekki heimilisuppbót ef hann missir makann vegna þess að hann er með barn á heimili sínu. Þessar dánarbætur eru mjög tekjutengdar, 25% skerðingarhlutfall er á þeim og þær byrja að skerðast við mánaðartekur sem eru 71 þús. kr. á mánuði og falla niður ef tekjurnar eru 119 þús. kr. þannig að fólk með meðaltekjur eða hátekjufólk á ekkert rétt á þessum bótum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver eru rökin fyrir því að þeir ekklar og ekkjur eiga minni rétt en aðrir, þ.e. öryrkjarnir eða foreldri með eitt barn, og telur hún réttlætanlegt að útiloka þessa hópa frá dánarbótum eftir 18. mánuð?

Nú falla þessar (Forseti hringir.) reglur, sem tryggingaráð setti, úr gildi um áramótin, herra forseti, og ég spyr því hæstv. ráðherra: Verður þetta óréttlæti (Forseti hringir.) leiðrétt með nýjum reglum sem eiga að gilda frá áramótum?

[11:21]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Svar við spurningum hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur er það að lagaheimild fyrir dánarbótum er að finna í 6. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Lagagreinin er í tveimur málsgreinum og er aðalreglan kynnt í hinni fyrri en þar er veitt heimild til að greiða hverjum þeim sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs bætur í 6 mánuði eftir lát maka.

Í öðru lagi eru í seinni málsgrein tekin sérstök tilvik og segir þar að ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður sé heimilt að greiða bætur a.m.k. 12 mánuði til viðbótar en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði. Hugsunin með greiðslu dánarbóta er að létta undir með framfærslubyrði eftirlifandi maka og kemur það því til álita þegar sérstakar aðstæður eru metnar við hvaða aðstæður greiðslubyrði er þyngri en ella. Tryggingaráði er falið að setja vinnureglur hér að lútandi og voru þær samþykktar samhljóða í tryggingaráði 22. nóv. 1996. Tryggingaráð hefur metið það svo að framfærslubyrði sé það þung þegar fleiri en eitt barn eru undir 18 ára aldri að full ástæða sé til að greiða hærri dánarbætur, en það er sama regla og um barnabætur almennt. Örorkulífeyrisþegar eiga hins vegar rétt á áframhaldandi tvöföldun barnalífeyris með hverju barni. Tryggingaráð getur þó metið sérstakar aðstæður.

Hv. þm. ber þessa fyrirspurn bæði munnlega og skriflega fram og ég get svarað hv. þm. við skriflega afgreiðslu mun nánar en ég hef tíma til hér í þessari munnlegu fyrirspurn.

[11:24]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, ég hef spurt um dánarbæturnar einnig skriflega en ég tel mjög mikilvægt að svar komi við þessari fyrirspurn fyrir áramót vegna þess að þær reglur sem ég tel vera mjög óréttlátar falla úr gildi um áramót og setja þarf nýjar reglur. Ég kalla eftir, herra forseti, afstöðu hæstv. ráðherra til réttlætis þessara reglna. Það er verið að tala um að dánarbætur séu settar til að létta undir framfærslu með þeim sem missa maka. Telur hæstv. ráðherra ekki ástæðu til að létta undir framfærslu öryrkja sem missir maka, sem missir annan framfæranda heimilisins? Tvöfaldar barnabætur eru ekki framfærsla ekkils eða ekkju. Barnabæturnar eru framfærsla barns. Það er því út í hött að telja barnalífeyri sem framfærslu ekkilsins eða ekkjunnar. Telur hæstv. ráðherra þetta vera réttlátar reglur eða hyggst hann leiðrétta reglurnar þannig að öryrkjum og foreldrum með eitt barn sé ekki mismunað að þessu leyti? Það er skýrt í reglum tryggingaráðs að öryrkjar fá ekki greiddar dánarbætur eftir 18. mánuð og sömuleiðis ekki foreldrar með eitt barn. Engu að síður eru þessar bætur mjög tekjutengdar og byrja að

skerðast við 71 þús. kr. mánaðargreiðslur, falla út við rúmar 119 þús. kr. þannig að ég hefði talið að sú tekjutenging hefði átt að koma í veg fyrir að einhverjir sem þurfa ekki aðstoð við framfærslu eftir fráfall maka, ættu þá að falla út við tekjutenginguna. Ég kalla því eftir svörum frá hæstv. ráðherra um það hvort hann telji ekki ástæðu til að breyta þessum óréttlátu reglum sem bitna svona illa á þeim sem síst skyldi, (Forseti hringir.) þ.e. ekkjum og ekklum með eitt barn og eru lágtekjufólk og sömuleiðis öryrkjum.

[11:26]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram að reglan er sú að það er fyrirspyrjandi og ráðherra sem ljúka umræðu um fyrirspurnir og því var beiðni hv. 15. þm. Reykv. of seint fram komin.

[11:26]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Réttur til dánarbóta umfram 18 mánuði skapaðist fyrst í ágúst sl. fyrir konur þar sem ekkjulífeyrir og dánarbætur fara ekki saman. Í sérstökum tilvikum getur tryggingaráð tekið upp málefni þar sem erfiðar aðstæður eru og mun gera það. Reglurnar eru því nokkuð skýrar þannig að þeir sem þurfa að fá auknar bætur umfram það sem er samkvæmt reglum geta vísað sínu máli til tryggingaráðs.

## *Umferðarlög.*

Fsp. TIO, 337. mál. — Þskj. 424.

[11:28]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Í 69. gr. umferðarlaga er ákvæði sem heimilar löggæslumönnum að taka skráningarmerki af bifreið hafi hún ekki verið færð til skoðunar. Árleg skoðunarskylda er á öllum bifreiðum með þeirri undantekningu að nýja bíla þarf ekki að skoða fyrstu þrjú árin. Skoðun er þannig háttað að auglýst er hvenær mæta skal með bifreið til skoðunar og fer það eftir númeri hvenær ársins skoðun á að fara fram. Þeir sem ekki koma til skoðunar með bifreið sína á tilsettum tíma hljóta sekt, 5.000 kr., en geta átt það á hættu að löggæslumenn nýti sér fyrrnefnda lagaheimild og taki skráningarmerki af bifreiðinni. Gerist það stundum við skyndikannanir lögreglu í umferðinni en í sumum umdæmum gerir lögreglan að nóttu til leit að bifreiðum sem ekki hafa verið færðar til skoðunar og fjarlægir af þeim skráningarmerki. Ekki virðist vera nein regla á því hvort bifreiðaeigendum er gefinn kostur á því að færa bifreið sína til skoðunar áður en merkið er fjarlægt eða ekki. Í sumum löggæsluumdæmum tíðkast það að lögreglumenn láti þá vita sem hafa látið undir höfuð leggjast að færa bílinn sinn til skoðunar, að til standi að fjarlægja merkin ef þeir bæti ekki ráð sitt. Annars staðar virðist kappkostað að láta ekki vita af yfirvofandi aðgerðum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort bifreiðin er í fullkomnu öruggu ástandi eða hvort hún skapar hættu í umferðinni vegna lélegs búnaðar.

Eftir að heimilað var að nýir bílar þyrftu ekki skoðunar við fyrstu þrjú árin er eitthvað um að almennar upplýsingar um það hvenær skoðun á að fara fram fari fram hjá eigendum nýrra bíla. Hljóta þeir þá sekt sem ekki er gert að aðfinnsluefni hér. Hins vegar geta þeir orðið fyrir því í ofanálag að missa afnot af bílum sínum vegna þess að skráningarmerki er fjarlægt ef þeir eru svo óheppnir að búa þar sem löggæslumenn iðka það að fjarlægja skráningarmerki fyrirvaralaust. Verður þetta að teljast nokkuð harkaleg aðgerð og ólíklegt að ekkert síður mætti ná árangri með vægari aðgerðum eins og þeirri að senda viðkomandi aðila tilkynningu við innheimtu sektar um að hann eigi á hættu að missa skráningarmerki bílsins ef hann sinnir ekki skoðanaskyldu. Meðalhófsregla stjórnsýslulaga, 12. gr., kveður á um að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Vegna þess sem áður er sagt um mismunandi framkvæmd eftir umdæmum ber að skoða 11. gr. sömu laga, svokallaðrar jafnræðisreglu en þar segir að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Margt virðist benda til þess að hvorugs þessara lagaákvæða sé gætt við framkvæmd umrædds heimildarákvæðis umferðarlaga og ber ég því fram svofelldar spurningar til hæstv. dómsmrh.:

Í fyrsta lagi. Telur ráðherra að fylgt sé meðalhófsreglu stjórnsýslulaga þegar löggæslumenn taka skráningarmerki af bifreiðum sem ekki hafa verið færðar til skoðunar, auk þess sem eigendum þeirra er gert að greiða 5.000 kr. sekt?

Í öðru lagi. Telur ráðherra tryggt að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga sé gætt í hvívetna við löggæsluaðgerðir af þessu tagi í öllum löggæsluumdæmum landsins?

Í þriðja lagi. Mun ráðherra beita sér fyrir því að heimild í umferðarlögum til að fjarlægja skráningarmerki af bifreiðum verði framkvæmd með fullu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga?

[11:31]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn hefur ráðuneytið aflað upplýsinga hjá einstökum lögreglustjórum um framkvæmd þessara mála. Í ljós kemur við þá athugun að aðeins innan við helmingur lögreglustjóranna í landinu hefur út tilkynningar til bifreiðaeigenda áður en til þess hefur komið að númer hafa verið tekin af bifreiðum. Hins vegar hafa langsamlega flestir lögreglustjóranna beitt heimildum til sekta þegar svo hefur staðið á. Þetta sýnir að verulega skortir á að um samræmda framkvæmd í þessum efnum sé að ræða.

Ég tek einnig fram að það er mín skoðun að það sé ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að taka númer af bifreiðum án þess að á undan hafi farið tilkynning til viðkomandi aðila um það hvað í vændum er. Í ljósi þessa fól dómsmrn. ríkislögreglustjóra fyrir nokkru að gera tillögur um það hvernig staðið yrði að framkvæmd þessara mála til að tryggja að meðalhófs sé gætt við framkvæmdina og framkvæmdin verði samræmd í öllum lögsagnarumdæmum landsins. Það eru ýmis atriði sem geta komið til skoðunar. M.a. er hugsanlegt að skráningarstofu verði falið að senda út tilkynningar áður en bifreiðaeigendur eru komnir í þá stöðu að hafa dregið úr hömlu að koma með bifreið til skoðunar. Ég vænti þess að þegar tillögur ríkislögreglustjóra liggja fyrir í því efni verði reynt að bæta úr þeim annmörkum sem hafa augljóslega verið á framkvæmd mála.

[11:33]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Þau eru fyllilega eftir því sem ég hef óskað mér. Nauðsynlegt er að taka á þessu máli og ég er mjög ánægður með að dómsmrh. hyggst gera það.

***Um fundarstjórn.***

Athugasemd í umræðu um fyrirspurn.

[11:34]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Í umræðum sem urðu um fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur til hæstv. heilbrrh. gaf ég hæstv. forseta til kynna að ég óskaði eftir því að gera stutta athugasemd. Ég taldi mig hafa til þess atbeina 49. gr. þingskapa þar sem segir, með leyfi forseta:

„Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd, eina mínútu hverjum."

Hæstv. forseti synjaði mér þessarar óskar. Ég fæ hins vegar ekki séð með hvaða rökum hann getur gert það. Það er ekkert sem segir um það í þingsköpum að hæstv. forseta sé þetta heimilt. Nú kann vel að vera að þetta sé skynsamleg vinnuregla sem tekin hafi verið upp af forsetadæminu til þess að koma í veg fyrir að menn geri athugasemdir sem kynnu að egna óbilgjarna til hávaðasamrar umræðu eftir að fyrirspyrjandi eða eftir atvikum, sá sem á að svara fyrirspurn, hefur lokað þeim möguleikum sem hann hefur til að taka þátt í umræðunni. Þessi vinnuregla kann að vera skynsamleg en ekkert segir um þetta í þingsköpum.

Nú er eins og segir í 59. gr. þessara sömu laga að „hverjum þingmanni er skylt að lúta valdi forseta í hvívetna til þess að gætt sé góðrar reglu." En þetta held ég eigi að síður að gefi ekki hæstv. forseta vald til þess að meina mér eða öðrum hv. þm. að taka til máls undir þeim lið sem ég óskaði eftir og þess vegna vildi ég inna hæstv. forseta eftir hvort hann telji að þessi vinnuregla, sem hann ber fyrir sig, eigi sér einhverja stoð í lögum og telur hann ekki að ef þetta á að verða vinnuregla til frambúðar þurfi hann að kynna það a.m.k. fyrir þingmönnum og þingflokkum og í þriðja lagi hvort ekki sé rétt að gera breytingar á þingsköpum.

Ég bendi á, herra forseti, að áður hef ég sjálfur fengið að taka til máls í umræðu um fyrirspurn og svo er um fleiri þingmenn. Ég minnist þess t.d. að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fékk leyfi forseta til þess að taka til máls með nákvæmlega sama hætti og mér var synjað.

[11:36]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Það er hárrétt hjá hv. þm. að fyrir þessu er ekki stoð í þingsköpum en a.m.k. í eitt eða tvö ár hefur verið sú vinnuregla sem þingmenn þekkja að fyrirspurn lýkur með því að forseti telur ekki rétt að aðrir komi inn í lokaumræðuna en fyrirspyrjandinn og ráðherrann. Því er það gjarnan að forseti segir sem svo: Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs eða mælendaskrá er lokað. Þetta hefur verið sú vinnuregla sem hér hefur verið stuðst við.

Ég tek undir með hv. þm. að ég tel mjög mikilvægt að koma þessu ákvæði inn í þingsköp og það liggur nú fyrir að verið er að endurskoða þingskapalögin og þá þarf ákvæðið að koma þar skýrt inn.

[11:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í þingsköpum er ákvæði sem heimilar formönnum þingflokka að semja um tilhögun umræðna. Það er mjög oft gert. Það var t.d. gert í gærmorgun í umræðunni um Kyoto svo ég nefni dæmi. Það er hægt að komast upp með slíka samninga ef enginn mótmælir þeim í salnum. Ef einhver hefði í gærmorgun í umræðunni um Kyoto t.d. sagt sem svo: Þetta gengur ekki, þá hefði forsetadæmið orðið að beygja sig undir það og hefja samninga á ný við viðkomandi.

Eins er það með þá vinnureglu sem vitnað var til og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi. Hún heldur því aðeins að allir í salnum uni henni. Ef einhver í salnum óskar eftir að víkja frá reglunni verður forseti að fara eftir því af því að sá sem er í salnum hefur þingsköpin með sér í málinu. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að það sé alveg skýrt að ekki er hægt að setja svona reglur án þess að þær séu í þingsköpum nema um þær sé alger sátt í salnum á hverjum tíma. Þess vegna er ég ekki sammála forseta um að skynsamlegt sé að setja þessa hluti þannig upp að úr því að þetta er orðin vinnuregla, þá eigi kannski að stefna að því að setja hana endilega í lög. Ég er ekki viss um að þetta sé góð vinnuregla. Gallinn við vinnuregluna er ekki sá sem hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni nefndi. Gallinn við vinnuregluna er sá að ráðherra hefur alltaf síðasta orðið í fyrirspurnatímum og það er algerlega óþolandi, stundum gersamlega ólíðandi og mjög oft misnotað. Ef það á að setja einhverja reglu í lög í þessum efnum, þá ætti það að vera að upphafsmaðurinn, fyrirspyrjandinn, hafi lokaorðið. Það væri í samræmi við góðar þingræðisvenjur, herra forseti, en ég þakka forsetanum að öðru leyti fyrir góðar skýringar á málinu.

[11:39]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna orða hv. þm. hygg ég að flestir sjái að það gerðist oft í fyrirspurnum að fyrirspyrjandi hafði lokið báðum ræðum sínum og síðan komu kannski nokkrir þingmenn og töluðu á eftir honum. Það er mjög óviðeigandi. Þess vegna var vinnureglan sett. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að auðvitað þarf að skoða það hvort ráðherra á að eiga síðasta orðið. Ég er ekki viss um að það sé hin sanngjarna regla.

[11:40]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka skýr svör við fyrirspurn minni. Í því tiltekna tilviki áðan var það svo að seinni ræða fyrirspyrjandans var nauðsynleg til þess að skýra ákveðna staðhæfingu sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Það var einmitt sú skýring sem gaf tilefni til þess að ég hugðist varpa fram ákveðinni fyrirspurn í framhaldi af svari fyrirspyrjanda til hæstv. ráðherra.

Almennt vil ég segja að ég tel að á síðustu árum hafi orðið ófarsæl þróun að menn eru í vaxandi mæli að semja um hvernig eigi að haga umræðu. Ég tel t.d. þegar um er að ræða utandagskrárumræðu eigi ekki í öllum tilvikum eins og nú er orðið að semja um tímalengd. Ég tel að það sé ákveðið haft sem þar er bundið á þingræðið.

En ég ítreka að ég er sammála þeirri skoðun sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að í rauninni hafði forseti ekki stoð til þess að meina mér orðsins en ég tel nauðsynlegt að reglur af þessu tagi séu ekki bara kynntar, það er ekki heldur nóg. Þær hafa ekki lagastoð þrátt fyrir það. Þess vegna verður að taka þær inn í lögin um þingsköp. En að öðru leyti

ætla ég ekki að gera neina sérstaka athugasemd við skörulega þingstjórn hæstv. forseta.

[11:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil með örfáum orðum blanda mér í umræðuna. Auðvitað er óheppilegt í fyrirspurnatíma eða utandagskrárumræðu ef á eftir lokaræðu eða lokasvari, t.d. ráðherra, er komið fram með nýja spurningalotu. Allir sjá að það gengur ekki upp. Hins vegar er mjög eðlilegt að þingmenn hafi síðasta orðið með athugasemdir eða koma einhverjum athugasemdum á framfæri út af umræðunni og oft hefur verið óþægilegt þegar ráðherra lýkur máli sínu í fyrirspurnatíma á þann veg að þingmaðurinn situr í raun eftir þannig að hann á eftir að svara fyrir sig eða koma athugasemd á framfæri.

Varðandi þingsköpin sem slík ætla ég að minna á að það hefur gerst í utandagskrárumræðu þegar hálftíma hefur ekki verið lokið í hálftíma umræðu og ráðherra hefur svarað þá hefur verið beðið um orðið hér og forseti gefið þingmanni orðið. Þetta hefur verið gagnrýnt en hann taldi að sér bæri að gera slíkt miðað við að annað kæmi ekki fram í þingsköpum. Auðvitað verðum við að skoða þetta og reyna að finna farsæla lausn en við erum oft að reka okkur á að það er mjög óþægilegt fyrir þingmanninn hvernig þingsköpin er sett upp.

[11:42]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna þessara orða vill forseti segja að það er ekkert óþægilegt hvernig þingsköpin eru sett upp. Þetta eru lög sem sett eru af þinginu sjálfu og eru mjög skýr og forseta ber að fara eftir þessum lögum, bæði hvað form og tíma varðar og reynir það af fremsta megni.

## *Starfsumhverfi og framtíðarmöguleikar fiskvinnslunnar.*

Fsp. HjÁ, 326. mál. — Þskj. 411.

[11:43]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugrein okkar Íslendinga, má segja stóriðja okkar, en það má segja, herra forseti, að framan af öldinni hafi þessi atvinnugrein, sjávarútvegur, snúist fyrst og fremst um fiskveiðar og verið í rauninni heldur kannski að mörgu leyti frumstæð atvinnugrein hvað það snertir að lengst af snerist hún um útflutning á lítt unnu hráefni. Við þær aðstæður má segja að menntunarkröfur til þessarar mikilvægu atvinnugreinar hafi verið afskaplega takmarkaðar, jafnvel engar. Lengst af má segja að menntunarkröfur hafi snert skipstjórnarmenn og vélstjóra en að öðru leyti hafi menntunarkröfur engar verið hvað varðar atvinnugreinina í heild sinni. Það er jafnvel alvarlegra að lengi vel var þessi mikilvæga atvinnugrein mótuð sem hótun í skólakerfi þar sem nemendum var jafnvel hótað því að ef þeir nenntu ekki að sinna námi sínu skyldu þeir bara snúa sér að fiskvinnslunni.

Þetta er alvarlegt mál en til allrar hamingju hefur orðið breyting á þessu á síðustu árum og má segja að sumpart hafi sá alvarlegi samdráttur sem varð í fiskveiðistofnum, einkum í þorskveiði, verið gæfa okkar og við erum nú að koma út úr þeirri kreppu og þeirri lægð reynslunni ríkari. Segja má að þessi lægð hafi kennt okkur margt og þó fyrst og fremst að tengja auðlindina við mannauðinn þannig að við komum nú reynslunni ríkari og höfum lært að feta okkur inn á brautir fullvinnslu og verðmætasköpunar. Það má segja að þess vegna hafi okkur tekist að lifa af og jafnvel forða okkur frá gjaldþroti með því að ná þessari tengingu. Við höfum nú meiri verðmæti úr minni afla vegna mannauðs og fullvinnslu.

Hitt er svo annað mál að skólakerfið virðist ekki hafa fylgt eftir. Framfarir, tæknivæðing og nýsköpun á sviði sjávarútvegs getur ekki orðið nema menntun verði stórlega bætt og þar er mikil eyða í skólakerfinu. Segja má að fiskvinnsluskólinn hafi verið á heljarþröm. Stuttar starfsmenntabrautir tengdar fiskvinnslu hafa ekki verið til staðar í skólakerfinu.

Í nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði og skilaði tillögum í maí 1997 koma fram gagnmerkar og athyglisverðar tillögur um framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar og þar er m.a. lögð mikil áhersla á gildi menntunar, starfsmenntunar á öllum sviðum sjávarútvegs, með þeim rökum sem hafa m.a. verið færð hér. Í framhaldi af því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvernig hann hyggist bregðast við þessum þætti í tillögum nefndarinnar.

[11:47]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Að því er grunnskólana varðar þá er það að segja að þar er talsvert námsefni til um íslenskan sjávarútveg. Kennarar hafa hins vegar nýtt það mismikið, meira á landsbyggðinni en í þéttbýlinu hér á suðvesturhorninu. Ráðuneytið skrifaði í vor öllum skólaskrifstofum landsins bréf þar sem þess var farið á leit að athygli skólastjóra og kennara yrði vakin á námsefninu og var því erindi víðast hvar vel tekið. Þá hefur ráðuneytið þegar samið við Námsgagnastofnun að í tengslum við Ár hafsins verði útbúið þemahefti um sjávarútveginn fyrir kennara. Í slíkri samantekt eru reifaðar hugmyndir að verkefnum fyrir mismunandi aldurshópa og bent á leiðir til að koma því á framfæri, ítarefni og námsgögnum.

Þá var í athugun að huga sérstaklega að kennsluefni um sjávarútveg fyrir yngri hluta grunnskólans en það þykir skólamönnum einkum að vanti nokkuð upp á.

Þá vil ég geta þess að nefnd sem lauk nýlega störfum og hefur gert tillögur um það að Hafrannsóknaskipið Dröfn verði hluta úr ári notað sem skólaskip og liggja fyrir tillögur sem ég vænti að komist til framkvæmda þegar á næsta ári um að ríkisstjórnin standi undir kostnaði við slíkt tilraunaverkefni í tvö ár þó að þetta verkefni heyri til grunnskólunum eðli máls samkvæmt.

Að því er framhaldsskólana varðar er rétt að minna á að á sl. vori voru samþykkt ný lög fyrir framhaldsskóla. Í þeim eru ákvæði um starfsnám. Meðal annars er kveðið á um samstarfsnefnd sem stuðla á að tengslum skóla og atvinnulífs og vera menntmrh. til ráðuneytis um stefnumótun og starfsgreinaráð sem ætlað er að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og setja markmið í starfsnámi. Þessa daga er verið að tilnefna í starfsgreinaráð fyrir sjávarútveginn og er þess að vænta að það skipi vinnuhópa um einstaka hluta menntunar sem að honum snýr, svo sem sjómannamenntun og fiskvinnslumenntun. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar atvinnurekenda og launþega og einn úr ráðuneytinu. Með þessu færist frumkvæði að starfsmenntun í sjávarútvegi til fulltrúa þeirra sem við greinina starfa.

Ég bind vonir við þessa þróun og á von á að veigamiklar breytingar verði á framboði til starfsnáms. Þeir sem starfa við sjávarútveg eru eins og í öðrum starfsgreinum að gera sér ljóst að greinin þarf sjálf og sjálfrar sín vegna að taka mikinn þátt í stefnumótun og hugsanlega axla meiri ábyrgð varðandi menntun á þessu sviði.

Fyrirboða þess sem koma skal má m.a. sjá í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem hefst eftir áramót tilraun með árs starfsnám í fiskvinnslu. Námið er skipulagt á grunni könnunar sem gerð var meðal starfsmanna og stjórnenda matvælafyrirtækja nyrðra og er kennt m.a. í útgerðarfyrirtækjum við Eyjafjörð. Hugmyndin er að útskrifa ungmenni eftir eitt ár, sérhæfð í fiskvinnslustörfum en jafnaframt gætu þau ef þau kjósa haldið áfram námi sem sniðið er að þessum grunni.

Þessu til viðbótar má svo nefna að auðvitað er mikilvægt að atvinnufyrirtækin sjálf hafi frumkvæði í þessu efni. Það sem fram kemur í skýrslu fiskvinnslunefndarinnar lýtur ekki einvörðungu að nauðsynlegri menntun og þjálfun almenns starfsfólks heldur líka að hæfni stjórnenda og kunnáttu þeirra og þekkingu og þess vegna er mikilvægt að eigendur og æðstu stjórnendur fiskvinnslufyrirtækja hugi í ríkari mæli að þekkingu þeirra sem fara með stjórn atvinnufyrirtækjanna. Það er einnig mikilvægt í þessu sambandi sem hæstv. menntmrh. hefur vakið athygli á að ný lög skapa nú rýmri möguleika en áður fyrir atvinnugreinina að axla ábyrgð varðandi framkvæmd og frumkvæði og stjórnun skólastarfs á þessu sviði og ég vona að innan sjávarútvegs takist samstaða um að hlýða því kalli.

[11:51]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli. Hv. fyrirspyrjandi, Hjálmar Árnason, gat þess áðan að það hefði skipt sköpum varðandi þróun í fiskiðnaði að það þrengdi að varðandi veiðar. Ég held hins vegar að það sem hafi skipt mestum sköpum hafi verið stofnun Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði á sínum tíma vegna þess að þar kom saman þekking manna af gólfinu ef svo má segja og það sjálfstraust sem menntun og skóli gaf. Þar fengum við loksins menn sem kunnu að þróa vinnslu aflans og kunnu að selja fisk. Áður höfðum við aðallega notað lögfræðinga og viðskiptafræðinga í að selja fisk og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það gafst einfaldlega ekki nógu vel. Þegar við fengum þessa menn af gólfinu með sjálfstraustið og þekkinguna fór loksins eitthvað að ganga. Í framhaldi af því þegar útflutningur á fiskafurðum var gefinn frjáls frá Íslandi varð sprening og það eru rétt um 10 ár síðan.

[11:52]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin og fagna þeim skrefum sem verið er að stíga í átt til menntunar á sviði sjávarútvegs. Ég tel að þetta séu afskaplega mikilvæg og dýrmæt skref fyrir hagsmuni þjóðarinnar. Ég tel enn fremur að í svari hæstv. ráðherra, sem kemur reyndar fram í tillögum frá þeirri nefnd er ég gat um áðan, komi fram viðhorfsbreyting til menntunar á þessu sviði. Það er líklega grundvallaratriðið og ég get tekið undir þau sjónarmið sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kynnti um áhrif fiskvinnsluskólans í upphafi. En því miður hefur heldur hallað undan fæti fyrir þeim mæta skóla.

Ég ítreka það sjónarmið mitt að mikilvægt sé að taka á þessum málum vegna tæknivæðingar og nýsköpunar, vegna möguleika á því að efla verðmæti úr þessari mikilvægu stóriðju okkar Íslendinga sem sjávarútvegurinn er. Þar liggja verðmætin.

En herra forseti. Ástæður fyrirspurnar minnar voru þær að ég óttaðist nokkurs konar tómarúm. Ég tel þó að hæstv. ráðherra hafi með svari sínu heldur róað mig en ég vek athygli á því að stjórnsýslulega heyrir starfsmenntun undir fjölmörg ráðuneyti, sjávarútvegur að nokkru leyti undir sjútvrn., ferðamál undir samgönguráð, póst- og símamenntun undir samgrn. og þannig má áfram telja. Ég tel óeðlilegt að menntmrn. skuli ekki fara með forsjá í þessum málum til þess einmitt að einhvers staðar á einum stað sé heildarsýn yfir alla starfsmenntun í landi okkar. Nú veit ég ekki hvort það er hæstv. sjútvrh. að svara því hvort hann geti deilt þeirri skoðun með mér að þetta skuli færast á eitt ráðuneyti.

[11:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Varðandi síðustu fyrirspurn hv. þm. þá er það skoðun mín að eðlilegt sé að menntmrn. fari með yfirstjórn menntamála í landinu og þær skólastofnanir sem tilheyra einstökum atvinnugreinum eigi að heyra undir menntmrn. Hins vegar var svo á sínum tíma þegar starfsnámið fór af stað var það gert í náinni samvinnu við verkalýðshreyfinguna sem lagði mikla áherslu á að sá hluti fræðslustarfsins yrði á vegum viðkomandi ráðuneyta. Þar hafa skapast mjög góð tengsl og ég tel að sú skipan mála hafi gefist vel en hin almenna menntun og skólar, þó að þeir lúti að menntun og fræðslu fólks sem ætlar að starfa í sjávarútvegi, eiga að sjálfsögðu að heyra undir menntmrn. að minni hyggju.

## *Lögbundin skólaganga barna og unglinga.*

Fsp. ÖJ, 322. mál. — Þskj. 406.

[11:56]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. menntmrh. er eftirfarandi:

Hve mörg börn og unglingar, sem komið er í fóstur eða búa utan lögheimilis sveitarfélags, njóta ekki lögbundinnar skólagöngu? Er ráðherra kunnugt um að þess eru dæmi að tregða skólayfirvalda til að taka við þessum nemendum hefur valdið því að þeim er ekki valin bestu fósturheimili sem völ er á?

Hvað hyggst ráðherra gera til að tryggja að öll börn fái notið lögbundinnar skólagöngu?

Þetta eru fyrirspurnir sem lúta almennt að réttindum allra barna og allra unglinga en í fjölmiðlum að undanförnu hefur eitt tiltekið mál verið í umfjöllun. Ungum dreng, sem hefur verið komið í fóstur utan lögheimilis sveitarfélags síns, hefur verið meinuð skólaganga á sínum nýja dvalarstað. Allar skóladyr á því svæði sem drengurinn býr nú eru honum lokaðar og hefur svo verið í allt haust, í þrjá mánuði. Haft er eftir fósturmóður drengsins orðrétt í blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Það hefur ekkert gerst í þessu máli. Ég hef reynt ítrekað en það virðist engin lausn í sjónmáli. Ég hef skrifað menntamálaráðuneytinu en þeir vísa á sveitarfélögin. Menn vísa

hver á annan og það er eins og enginn vilji taka á þessu og leysa þetta."

Þetta er haft eftir fósturmóður drengsins í blaðaviðtali í gær en þar er einnig rætt við forstjóra Barnaverndarstofu, Braga Guðbrandsson, en Barnaverndarstofan hefur einnig komið að málinu. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í ummæli forstjóra Barnaverndarstofu. Hann segir:

„Sú staða virðist vera uppi að vandræðagangur vegna skólamála er farinn að hafa verulega neikvæð áhrif á fósturráðstafanir. Þegar þarf að finna þessum börnum sem ekki geta búið á eigin heimili nýtt heimili, þá erum við því miður að sjá dæmi þess að næstbesta og jafnvel þriðja besta heimilið er valið fyrir börnin því skólamálin eru ekki í lagi þar sem besti kosturinn er. Heimilið er undirstaðan fyrir þessi börn og það þarf að geta mætt þörfum þeirra. Mér finnst það algerlega óþolandi að hindranir varðandi skólagöngu verði til þess að börnunum er ekki tryggt besta heimilið."

Þetta segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

Nú er það á ábyrgð menntmrn. og hæstv. menntmrh. að tryggja að öll börn fái notið lögbundinnar skólagöngu. Þess vegna er þessum spurningum beint til hæstv. ráðherra. Hvað hyggst hann gera til að tryggja að öll börn fái notið lögbundinnar skólagöngu?

[12:00]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr þriggja spurninga:

Í fyrsta lagi: Hve mörg börn og unglingar, sem komið er í fóstur eða búa utan lögheimilissveitarfélags, njóta ekki lögbundinnar skólagöngu? Í öðru lagi: Er ráðherra kunnugt um að þess eru dæmi að tregða skólayfirvalda til að taka við þessum nemendum hefur valdið því að þeim eru ekki valin bestu fósturheimili sem völ er á?

Þess er til að svara að öll skólaskyld börn njóta lögboðinnar kennslu í almennum grunnskólum, í sérskólum og á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum eða með heimakennslu eftir því hvað er talið henta nemandanum best. Menntmrn. er hins vegar kunnugt um eitt tilvik þar sem komið hafa upp erfiðleikar við að tryggja skólavist fyrir nemanda sem Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur komið til dvalar hjá fósturforeldrum utan Reykjavíkur.

Í þriðja lagi er spurt: Hvað hyggst ráðherra gera til að tryggja að öll börn fái notið lögbundinnar skólagöngu?

Þetta á þegar að vera tryggt með lögum um grunnskóla, reglugerðum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Í 1. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, er kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Í 12. gr. laganna er skýrt sagt til um það að í hverju skólahverfi skuli vera skólanefnd og skal hún sjá til þess að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.

Menntmrn. hefur ekki afskipti af vistunarmálum barna sem eru í umsjá barnaverndarnefnda eða félagsmálastofnana. Slík mál heyra undir félmrn. og barnaverndarnefndir sem starfa á vegum sveitarfélaga og þar sem öll ábyrgð á grunnskólahaldi er einnig á vegum sveitarfélaga er augljóst að náin samvinna verður að vera á milli barnaverndaryfirvalda og skólayfirvalda um vistun barna bæði innan og utan lögheimilis sveitarfélags.

Nokkur álitamál vegna tímabundins flutnings nemenda milli sveitarfélaga hafa komið til kasta ráðuneytisins eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna. Niðurstaða ráðuneytisins hefur ávallt verið sú, og er hún samræmi við grunnskólalög, að lögheimilissveitarfélag og skólanefnd þess sé ábyrg fyrir skólavist nemenda sinna. Flytjist nemendur á milli sveitarfélaga skuli fyrir fram semja um flutninginn og greiðslur í því sambandi. Eftir það beri viðtökusveitarfélagið sambærilega ábyrgð og lögheimilissveitarfélagið á meðan samningur gildir. Samband ísl. sveitarfélaga hefur gefið út viðmiðunarreglur um greiðslur á vinnubrögð í þessu sambandi.

Það eru engin refsiákvæði í grunnskólalögunum þannig að sinni sveitarfélög ekki þessu skyldum getur ráðuneytið ekki sótt þau til refsingar. Hins vegar getur ráðuneytið beitt sér í málum og reynt að stuðla að því að sveitarfélögin sinni þeim skyldum sem grunnskólalögin gera ráð fyrir og mæla fyrir um, þ.e. að sjá öllum nemendum fyrir skólavist. Þá hvílir skyldan á lögheimilissveitarfélaginu fyrst og fremst. Í því tilviki sem hv. þm. vakti sérstaklega máls á og er eina tilvikið sem menntmrn. er kunnugt um, hvílir lögheimilisskyldan á Reykjavíkurborg. Einnig er það svo að umræddur nemandi er, á þeim stað þar sem hann dvelst hjá fósturforeldrum, á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur þannig að það er nauðsynlegt að hafa það í huga þegar menn ræða um þetta mál og skoða þær lagaforsendur sem liggja fyrir ákvörðunum varðandi nám í grunnskólum.

Ráðuneytið hefur fjallað um þetta mál og það hefur lagt sig fram um að viðunandi lausn fáist. Nú í dag verður – það var boðað fyrir nokkrum dögum — fundur í samráðsnefnd Sambands ísl. sveitarfélaga og samtaka kennara þar sem verður fjallað um þetta mál. Einnig mun forstöðumaður Barnaverndarstofu koma á fundinn og ég vænti þess að þar verði fjallað um það á þeim forsendum sem lög mæla fyrir um og í samræmi við þær skyldur sem hver og einn ber lögum samkvæmt.

[12:04]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og vil sérstaklega fagna því sem hann hér upplýsir, að ákveðið hafi verið að boða til fundar í dag til þess að reyna að finna lausn á þessu máli. En ég er hræddur um að hér sé um viðtækara mál að ræða og stærri vanda en menn gera sér kannski almennt grein fyrir og birtist í þeim ummælum sem ég áður vitnaði til, í forstjóra Barnaverndarstofu, að vegna þess hve skólarnir víða á landsbyggðinni eru vanbúnir til að taka við nemendum sem eiga við einhverja erfiðleika að stríða, þá er þeim nemendum ekki fundið fósturheimili sem félagsmálayfirvöld helst vildu finna þeim. Það segir því ekki allan sannleikann þegar því er haldið fram að aðeins í einu tilviki sé sá vandi uppi sem hér um ræðir. Þetta er miklu stærra mál.

Það er alveg rétt að það er á ábyrgð sveitarfélaganna að framfylgja lögunum en það er engu að síður menntmrh. sem á að sjá til þess að öll börn njóti skólaskyldu. Í lögum um grunnskóla sem hæstv. menntmrh. vitnaði til hér áðan segir:

„Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðiþjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi."

Eftir því sem ég hef kynnt mér þetta tiltekna mál þá veldur það vandræðum á svæðinu að skólana skortir fjármagn til að sinna þessu hlutverki sínu og það er menntmrh. og menntmrn. að sjá til þess að þeir fái peninga til þess að geta rækt lögbundnar skyldur sínar. Og nú hristir hæstv. menntmrh. höfuðið.

[12:07]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það var samið um það milli ríkisins og sveitarfélaganna hvernig þessum fjármálum skyldi hagað og um það náðist gott samkomulag. Það er ekki menntmrn. að sjá til þess að sveitarfélögin hafi það fé sem þau þurfa í þessu skyni öðruvísi en gert var með þeim samningum sem tókust og liggja fyrir og fjalla um þessi mál. (**ÖJ:** Að réttindi borgaranna séu tryggð.) Það er því ekki rétt hjá hv. þm. að það sé menntmrn. eða ríkissjóðs að sjá um það að skólarnir hafi þessa fjármuni. (**ÖJ:** Nei. En að réttindi borgaranna séu tryggð.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

Hv. þm. Menntmrn. og menntmrh. hefur eftirlitsskyldu sem felst í því að sjá til þess að sveitarfélögin sinni þeim skyldum sem á þau eru lögð samkvæmt þessum lögum. Og samkvæmt lögunum ber sveitarfélögunum að sjá nemendum fyrir skólavist. Skyldan var flutt til þeirra með þessum lögum sem hv. þm. veifar þannig að hann verður að lesa lögin og átta sig á því. Þetta mál leysist ekki með því að vera að deila um þessa hluti. Þeir liggja skýrir fyrir þar sem hér er verið að fjalla um mál einstaklings. Og eins og ég nefndi í mínu svari er það eitt tilvik sem ráðuneytið hefur fjallað um sérstaklega og er að fjalla um og það mál ber að leysa en ekki að fara út í deilur um lagatúlkun og reyna að túlka grunnskólalögin þannig að sveitarfélögin beri ekki þá ábyrgð sem skilgreind er í lögunum og færa þá ábyrgð á hendur einhverra annarra. Við leysum ekki málið með því. Ábyrgðin er skýr. Lögheimilissveitarfélaginu ber sú skylda að sjá nemendum fyrir skólavist innan þeirra marka sem sveitarfélagið nær yfir. Þannig er mælt fyrir um í lögunum. Flytjist nemandinn annað, þá ber lögheimilissveitarfélaginu að semja við viðkomandi sveitarfélag um fjárhagslegar skuldbindingar í því sambandi. Það liggur einnig skýrt fyrir. Og að því er varðar fósturforeldra og börn sem eru í umsýslu félagsmálastofnana, þá eru það félagsmálastofnanir sem koma að þeim málum og þess vegna er það fyrst og fremst á verksviði sveitarfélaga að takast á við þessi mál eins og hér hefur komið fram. (**ÖJ:** Svona hefur málflutningurinn verið og ...) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

(**ÖJ:** Það er þitt að tryggja réttindi drengsins lögum samkvæmt.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Það er ræðustóllinn sem er vettvangur umræðna hér. Fyrirspurninni er svarað.)

Fundi slitið kl. 12:09.

---

# 46. FUNDUR

miðvikudaginn 17. des.,
að loknum 45. fundi.

**Dagskrá:**

1. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 55. mál, þskj. 450, frhnál. 558, brtt. 559. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 345, nál. 497 og 540, brtt. 498, 541 og 562. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 377, nál. 524 og 554. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 376, nál. 523 og 555. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Einkaleyfi, stjfrv., 153. mál, þskj. 153 (með áorðn. breyt. á þskj. 511). — 3. umr.
6. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 332. mál, þskj. 563, brtt. 568. — 3. umr.
7. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 165 (með áorðn. breyt. á þskj. 449). — 3. umr.
8. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 566. — 3. umr.
9. Búnaðargjald, stjfrv., 333. mál, þskj. 419, nál. 560, brtt. 561. — 2. umr.
10. Almannatryggingar, frv., 43. mál, þskj. 43, nál. 572, brtt. 573. — 2. umr.
11. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 362, nál. 570, brtt. 571. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

[Fundarhlé. — 12:09]

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Bifreiðakaup ráðuneyta, 365. mál, fsp. MF, þskj. 580.

Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 574.

Einkaleyfi, 153. mál, þskj. 564.

Greiðsla bóta til leigubílstjóra, 364. mál, fsp. MF, þskj. 579.

Háskólar, 165. mál, þskj. 565.

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 362. mál, fsp. RG, þskj. 577.

Orkugjafi fiskimjölsverksmiðja, 360. mál, fsp. SJóh, þskj. 575.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 361. mál, fsp. RG, þskj. 576.

## *Fjáraukalög 1997, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 55. mál (innan fjárhagsárs). — Þskj. 450, frhnál. 558, brtt. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. 559,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GHelg, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HÁs, IP, JBH, LMR, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 559,2–7 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HÁs, IP, JBH, LMR, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** GÁS, GHelg, JóhS, SvG.

16 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, FI, FrS, GMS, HÁs, IP, JBH, LMR, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Fjáraukalög, þar sem myndbirting og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í þinginu birtist m.a. í þeim veruleika að varið er 391 millj. kr. til byggingar og endurbóta á sendiráðum úti í heimi á sama tíma og ámóta upphæð er varið til þess að styrkja heilbrigðiskerfið hér á landi, er stjórnarstefna sem ég vil ekki vera aðili að eða taka neinn þátt í að styðja. Þar af leiðandi greiði ég vitaskuld atkvæði gegn þessum fjáraukalögum. Þau eru hneyksli.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 592).

### *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 345, nál. 497 og 540, brtt. 498, 541 og 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Brtt. 498.a–c samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 498.d samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

9 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, FI, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 498.e samþ. með 54 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁE, EOK, FI, FrS, GHall, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða aðkvæði um að reglur um endurnýjun og breytingu á fiskiskipum verði rýmkaðar. Minni hlutinn styður þær tillögur en vekur hins vegar athygli á því að hann er andvígur því að hér sé rekið tvöfalt kerfi við stjórn fiskveiða við Ísland og bendir á að þessi tvöfaldi rekstur hamlar þróun flotans og ber vætti vantrausti meiri hlutans á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 541 felld með 34:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

9 þm. (ArnbS, ÁE, EOK, FI, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það sem við erum að leggja til með þessari brtt. er að Alþingi klári þetta mál og gangi skýrt frá því í lagasetningunni hversu lengi takmarkanir á endurnýjun fiskiskipa skuli vera við lýði. Við leggjum til að núgildandi ákvæði, eða væntanlega rýmkuð ákvæði eins og hér verða samþykkt samkvæmt þessu frv., skuli gilda í þrjú ár en falli þá úr gildi og þar með takmarkanir af þessu tagi á endurnýjun fiskiskipa. Við teljum það mikinn galla á málinu eins og það er fram borið af hálfu meiri hlutans því að samkvæmt því mundi ríkja áfram fullkomin óvissa um framtíð þessa takmörkunarkerfis, þ.e. hve lengi það verður við lýði. Til marks um það eru ýmsar, að vísu nokkuð misvísandi yfirlýsingar, sem hér hafa fallið í umræðunni af hálfu þingmanna stjórnarliðsins og hæstv. ráðherra. Við teljum nauðsynlegt að ganga með skýrum hætti frá því að hverju menn eigi að ganga í þessum efnum á komandi árum og nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið með brtt. af þessu tagi.

Brtt. 562 felld með 32:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GuðjG, JóhS, LB, RG, SighB, SvanJ.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

12 þm. (GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁE, EOK, FI, FrS, GHall, GMS, HÁs, JBH, MF, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

## *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 377, nál. 524 og 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Brtt. 1 í nál. 524 samþ. með 55 shlj. atkv.

1. gr., inngangsmálsl., a-liður, svo breyttur, og b-liður, samþ. með 55 shlj. atkv.

1. gr., c-liður, samþ. með 32:23 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MS, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁE, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Með ákvæðum c-liðar 1. gr. frv. er verið að halda út á þá braut í þorskaflahámarkshópi smábátaflotans að innleiða frjálst framsal á hámarkinu, að vísu innan hópsins, en til viðbótar því er heimiluð leiga á veiðiheimildum innan ársins allt að 30% af þorskaflahámarki hvers krókabáts. Við í minni hlutanum höfum lýst miklum efasemdum um þá braut sem þarna er verið að halda út á, að innleiða í raun og veru kvótakerfi með viðskiptum, náskyldum þeim sem eiga sér stað í almenna aflamarkskerfinu, fyrir þennan hluta flotans einnig. Við teljum að það hefði a.m.k. þurft að huga miklu betur að því hvernig að slíku væri staðið og erum í grundvallaratriðum, a.m.k. sá sem hér talar, andvígir því að leiguviðskipti af þessu tagi séu yfir höfuð ástunduð í fiskveiðistjórnarkerfinu. Það á að sjálfsögðu við um þennan hluta flotans eins og aðra þó að í takmörkuðum mæli sé. Ég greiði því atkvæði gegn þessu ákvæði.

[13:48]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Framsal aflaheimilda er helsti ljóðurinn á annars ágætu fiskveiðistjórnarkerfi okkar Íslendinga. Framsal aflaheimilda hefur leitt til tveggja allsherjarverkfalla sjómanna á örfáum árum og öll helstu heildarsamtök sjómanna hafa mælt með því að framsalið verði afnumið. Ég er andvígur því að innleiða kvótabraskið í smábátakerfið og greiði því atkvæði gegn þessum lið 1. gr.

[13:48]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að innleiða helstu annmarka kvótakerfisins inn í smábátaflotann. Það er skoðun minni hlutans að ekki sé ástæða til að gera það sökum þess að hér er aðeins um að ræða kröfu af hálfu Landssambands smábátaeigenda um að þetta sé gert svona, en ekki er að finna í þessu neina stefnumótun af hálfu stjórnvalda. Við vörum við svona vinnubrögðum og greiðum atkvæði gegn þessu ákvæði.

[13:49]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Með lögfestingu þessa ákvæðis er verið að gera grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða er varðar smábáta sem gerðir eru út með þorskaflahámarki. Með þessu er verið að heimila framsal á aflaheimildum smábáta, bæði varanlegt framsal heimilda og einnig svonefnda leigu á heimildum innan fiskveiðiársins. Ég tel að núverandi þorskaflahámarkskerfi hafi gengið vel upp. Útgerðarmenn eru almennt ánægðir með það fyrirkomulag og því erfitt að sjá rök fyrir þessum breytingum. Ég minni á að talsmenn smábátaútgerðarinnar hafa ítrekað gagnrýnt það sem þeir kalla kvótabrask í aflamarkskerfinu en með þessum breytingum er verið að taka upp sama fyrirkomulag hjá smábátaútgerðinni og það að beiðni Landssambands smábátaeigenda. Ég tel að áhrif þessara breytinga verði þau að smábátaútgerð muni dragast verulega saman víða um landið, m.a. á stöðum þar sem smábátaútgerð hefur borið uppi atvinnulíf. Jafnframt er ég þeirrar skoðunar að þessi breyting sé skref í þá átt að smábátar á þorskaflahámarki verði felldir undir aflamarkið.

Herra forseti. Þetta er vond breyting sem ég vil ekki bera ábyrgð á og greiði atkvæði gegn ákvæðinu.

[13:50]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Í þessari atkvæðagreiðslu eru greidd atkvæði um tvær tillögur. Sú fyrri er að heimila framsal á varanlegu þorskaflahámarki á milli báta án þess að þurfa að úrelda þann bát sem selt er frá. Ég tel að sú breyting sé skynsamleg og hún er líka tekin upp að ósk þeirra sem málið varðar, þ.e. smábátaeigenda.

Hin tillagan fjallar um að heimila framsal innan ársins, svonefnt leiguframsal, og um það hef ég verulegar efasemdir og tel ekki rétt að setja það inn í löggjöf. Að öllu samanlögðu mun ég því ekki greiða atkvæði með þessum lið og ekki heldur á móti.

[13:51]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er víða svo komið á hinum smærri sjávarútvegsstöðum úti á landi að þar hafa menn misst frá sér veiðiheimildirnar og grundvöllur atvinnurekstrarins eru smábátar. Einn af varaþingmönnum Sjálfstfl. og formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, hefur lýst þessu ákvæði sem við erum að greiða atkvæði um sem einhverju mesta tilræði við þessar byggðir sem hægt er að gera því nú eigi að fara að veifa framan í þessa smábátasjómenn gulrótinni um að selja burt frá sér aflaheimildir sínar sem mundi kippa grundvellinum undan

rekstri þessara smástaða. Ég er sammála Guðjóni A. Kristjánssyni og greiði atkvæði gegn þessu ákvæði.

1. gr., d–g liður, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁE, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁE, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, 1. mgr., samþ. með 56 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I, 2. mgr., samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þessi málsgrein felur í sér að sóknardögum báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu eða handfærum og línu, er fjölgað nokkuð á þessu fiskveiðiári umfram það sem ella stefndi í eða í 40 annars vegar og 32 daga hins vegar í stað 26 og 20 sem orðið hefði niðurstaðan miðað við afla á síðasta fiskveiðiári. Við styðjum að sjálfsögðu þessa rýmkun sem gengur að vísu mjög skammt en eftir sem áður mun þessum hópi reynast erfitt að skapa sér afkomu og tilverugrundvöll á ekki fleiri dögum en þarna um ræðir auk þess sem það má ljóst vera að þessar kringumstæður í sókn bátanna skapa mikla og margvíslega erfiðleika og jafnvel slysahættu sem erfitt er að forsvara. Hitt er öllu alvarlegra að hér er eingöngu gengið frá þessu ákvæði til bráðbirgða í eitt ár, þ.e. á því fiskveiðiári sem þegar er hafið og þó nokkrir mánuðir liðnir af. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu um leið og við styðjum þessa rýmkun að sjálfsögðu.

Ákvæði til brb. I, 3. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg*, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

18 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 2 í nál. 524 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

21 þm. (GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

## *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 376, nál. 523 og 555.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

Brtt. í nál. 523 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
19 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

### *Einkaleyfi, 3. umr.*

Stjfrv., 153. mál (EES-reglur). — Þskj. 564.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (ÁE, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, KPál, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 596).

### *Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 332. mál (byggingarnefndir, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 563, brtt. 568.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Brtt. 568 samþ. með 55 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁE, EOK, FrS, GMS, HÁs, JBH, SighB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 597).

### *Háskólar, 3. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 565.

[14:03]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við umræður um frv. um háskóla og frv. um kennaraháskóla urðu nokkur skoðanaskipti um ákveðin grundvallaratriði í þessum frv. sem æskilegt er að fara aðeins nánar yfir með hliðsjón af því að 2. umr. er lokið og frv. hefur verið breytt frá upphaflegri mynd jafnframt því sem brtt. stjórnarandstöðunnar hafa verið felldar. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að glöggva sig á nokkrum atriðum í þessum frv. eins og þau standa núna við upphaf 3. umr. Auk þess var það þannig, herra forseti, að ég nefndi það úr ræðustól við 2. umr. að málin fengju meðferð í menntmn. á milli 2. og 3. umr. Ég ítreka þær óskir mínar að háskólasamningurinn sem var undirritaður í næstsíðustu viku, trúi ég það hafi verið frekar en þeirri síðustu, komi til meðferðar í hv. menntmn. eða verði að minnsta kosti kynntur þar áður en frv. sem hér er til meðferðar verður að lögum. Ég er með öðrum orðum að fara fram á að gert verði hlé á umræðunni einhvern tímann í dag þannig að menntmn. geti fjallað um einkaháskólasamninginn sem gerður var í síðustu viku.

Um frv. sem slíkt ætla ég að segja að ég tel að allur undirbúningur og aðdragandi að málinu hafi verið slæmur. Ekki var leitað samvinnu við háskólana. Það var ekki óskað eftir því að háskólarnir í landinu kæmu að því að undirbúa málið sameiginlega. Þetta var unnið með þessari venjulegu miðstýringu sem nú tíðkast í menntmrn. eftir að heldur losaraleg þróunarnefnd hafði verið með málin til meðferðar um nokkurt skeið.

Því er augljóst að frv. eins og það leit út í upphafi og enn frekar eins og það lítur út núna er afurð stjórnarflokkanna, þetta er ekki afurð háskólasamfélagsins á Íslandi. Hér er um að ræða flokkspólitískt háskólafrv. Það er býsna alvarlegt, herra forseti, þegar grundvallarlöggjöf um þetta skólastig eins og önnur er samin á pólitískum forsendum frekar en faglegum. Það er býsna alvarlegt að standa frammi fyrir þeim tíðindum í lok ársins 1997, svona seint á tuttugustu öldinni, að stjórnvöld sem fara nú með menntamál í landinu, Sjálfstfl. og Framsfl., skuli vilja standa þannig að málum í blóra við háskólasamfélagið í landinu, í fullri andstöðu við háskólasamfélagið í landinu hvert sem litið verður í þeim efnum.

Ég held að það sé umhugsunarefni hvert við erum komin með yfirstjórn menntamála á Íslandi ef talið er eðlilegt að vinna svona. Mér finnst líka dálítið umhugsunarvert fyrir okkur í stjórnarandstöðunni þegar staðan er þannig að það virðist ekki vera hægt að koma neinum vörnum við í þessari stofnun. Það tókst að vísu að fresta málinu í fyrravor. En að koma fram breytingum á þeim grundvallarágöllum sem eru á málinu hefur því miður ekki tekist. Auðvitað er það svo í sambandi við þetta mál og önnur að stjórnin og stjórnarliðið eru svo bólgin af velgengni síðustu mánaða að þau hafa ekki

vanið sig á að hlusta á þjóðlífið fyrir utan né heldur á stjórnarandstöðuna né þá aðila sem um er að ræða. Stjórnarliðið er svo bólgið af hagvextinum, skoðanakönnununum, bólgið af meiri hlutanum á Alþingi að menn telja sig ekki þurfa að leggja eyrun við ym þjóðlífsins hvað þá heldur þeim röddum sem stjórnarandstaðan kann að láta í sér heyra í þessari stofnun. Þetta er býsna alvarlegt vandamál og snertir ekki bara þetta frv. hér. Það eru fleiri mál sem eru hér til meðferðar núna við lokin rétt fyrir jólin eins og þau mál sem snerta sérstaklega sjúkrahúsin sem eru að vísu ekki á dagskrá hér en þar kemur þetta ákaflega skýrt í ljós þar sem allir viðurkenna að vandinn er upp á hálfan til heilan milljarð en menn fást ekki til að tala um hlutina og ekki til að hlusta á það sem við erum að segja.

Í frv. til háskólalaga eins og það lítur út eftir að meiri hlutinn felldi okkar brtt. og samþykktir sínar eru fáein grundvallaratriði sem verður að ræða enn þá einu sinni núna við 3. umr. málsins. Ég ætla að nefna aðallega þrjú efnisatriði í frv. sem ég tel að þurfi umræðu við jafnframt því sem svo kann að fara að í ræðu minni óski ég eftir afstöðu og skýringum hæstv. menntmrh. á þeim. Fyrsta atriðið lýtur að 13. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi allt að tvo fulltrúa til tveggja ára í senn í háskólaráð viðkomandi skóla. Talað er um að það eigi að setja takmörkunarákvæði í þessum efnum, ef til vill í einhver sérlög, en ekkert liggur fyrir um að menntmh. hafi þá grundvallarskoðun að þessir fulltrúar eigi t.d. að tengjast því sviði sem viðkomandi skóli starfar á. Ekkert hefur komið fram í máli hans t.d. um það að því er varðar Kennaraháskólann svo ég nefni dæmi eða Tækniskólann að þeir sem þar eigi að koma inn í háskólaráðin eigi að tengjast viðkomandi sviði. Það er bersýnilegt að það er algjör geðþótti hæstv. menntmrh. sem getur ráðið því hverjir veljast í háskólaráðin eins og þetta er orðað. Ef ekki verður stoppað í það gat í einhverjum sérlögum er alveg ljóst að vald ráðherra er óhæfilega mikið í þeim efnum.

Hæstv. menntmrh. rökstuddi þetta mjög frumlega seint í fyrrakvöld þegar við vorum að ræða þetta mál. Hann sagði að það væri eitt af brýnustu verkefnum íslenskra stjórnmála að verja vald stjórnmálamanna. Það væri hættulegt ef vald stjórnmálamann yrði skert. Það væri alveg stórhættulegt ef nokkrum manni dytti í hug að setja inn takmörkunarákvæði í þessa grein af því að það yrði að verja vald stjórnmálamanna. Ég hef satt að segja ekki talið að það væri sá hagsmunahópur sem þyrfti helst að hafa áhyggjur af nú rétt fyrir jólin eða þyrfti að ræða sérstaklega hér, þ.e. að verja vald stjórnmálamanna. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar að þó stjórnmálamenn og þar með ráðherrar fái vald þá sé aðalatriðið að þeir kunni að fara með það og fara vel með það og að þeir kunni t.d. að deila því með öðrum þó þeir beri hina endanlegu ábyrgð samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð. Þegar kemur að hæstv. menntmrh. íslensku þjóðarinnar eins og það sæti er skipað í dag er það talið stórkostlega alvarlegt vandamál að nokkur skuli láta sér detta í hug að takmarka vald ráðherrans. Ég segi eins og er að ég tel að þessi setning í 13. gr. eins og hún lítur út núna sé algjörlega fráleit. Hvaða rök eru fyrir því að þræla þarna inn þessum mönnum frá ráðherranum? Út af fyrir sig er ég ekki að tala um að ráðherrann ætli eingöngu að spyrja um flokksskírteini í Sjálfstfl. en ég vona að mér fyrirgefist, herra forseti, þótt mér detti í hug að einhverjum detti það í hug að þannig sé að hlutunum staðið og þeir hugsaðir þannig. Það verður auðvitað nauðsynlegt að vera vel á verði ef þetta verður að lögum til að fylgjast með því hvernig ráðherrann fer með vald sitt þegar kemur t.d. að lögunum um Kennaraháskólann sem verða væntanlega samþykkt á þessum dögum sem eftir eru fram að hátíðum.

Ég held því að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. menntmrh. að því hér og nú hvernig hann hugsar sér að fara með valdið, á hvaða forsendum hann hyggst velja menn. Ég hefði talið langeðlilegast að það hefði verið þannig að t.d. háskólaráð viðkomandi skóla tilnefndi fjóra eða sex menn sem menntmrh. veldi síðan úr þessa fulltrúa ef menn eru á annað borð með þá hérna inni. En út af fyrir sig sé ég engin sérstök rök fyrir því að vera með þessa fulltrúa eins og hér er gert. Ég viðurkenni að vísu, herra forseti, að það kunna að vera viss rök fyrir þessu að því er varðar ákveðna skóla að skólarnir tengist þannig viðkomandi atvinnuumhverfi. En að því er varðar Háskóla Íslands snýr málið allt öðruvísi að mínu mati. Nauðsynlegt er að fá um það upplýsingar á hvaða forsendum á að velja þessa menn. Hvernig á að velja þessa menn? Á hvaða forsendum verður það gert? Hver er hugur menntmrh. í þeim efnum? Það er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar við 3. og síðustu umræðu málsins. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir að þó þingið hafi mikið að gera þá sólarhringa sem eftir eru þá getum við ekki verið þekkt fyrir að henda frá okkur málum af þessu tagi án þess að vita hvað viss grundvallaratriði í frv. þýða. Við höfum einu sinni þá skyldu að vanda þá löggjöf sem fer héðan. Jafnvel þótt það sé mikill asi á mönnum að afgreiða fjárlögin hér á laugardaginn og komast í jólaleyfi eins og venja er til má það auðvitað ekki verða til að menn kasti höndunum til verkefnis af því tagi sem um er að ræða vegna þess að þetta mun lengi standa. Ég er alveg sannfærður um að ef þetta frv. verður samþykkt svona með atvinnulífsfulltrúaákvæðinu eins og það er kallað þá getur það haft mjög víðtæk áhrif fyrir háskólasamfélagið. Verið er að stíga fyrsta skrefið í þá átt að veikja sjálfstæði skólanna, rannsóknar- og þróunarsjálfstæði skólanna, akademískt sjálfstæði og frelsi. Atlaga að akademísku frelsi háskólanna í landinu er réttnefni á þessum hugmyndum.

Herra forseti. Í öðru lagi vil ég víkja sérstaklega að 14. gr. frv. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Skal staðan auglýst til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar."

Ég tel að því miður hafi menntmrh. náð miklum árangri með því að koma þessari grein svona fyrir eins og hún lítur út þó hún hafi verið löguð dálítið. Ég tel að menntmrh. sé að ná miklum árangri. Ég trúi ekki að skólamenn í stjórnarflokkunum, Framsfl. og Sjálfstfl., samþykki ákvæðin með glöðu geði. Því trúi ég ekki vegna þess að verið er að svipta háskólana því frelsi sem Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa haft um að velja sér leiðtoga sína. Það er alveg sama þó málið sé þannig að hér standi „menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla" er það algjörlega ljóst að skipunarvaldið er komið í hendur menntmrh., hin stjórnskipulega ábyrgð í þessu máli er komin í hendur menntmrh. Það eru ekki lítil tíðindi.

Ég geri ekki ráð fyrir að við myndum samþykkja frv.

um það til dæmis að félagsmálaráðherra skipaði oddvita í sveitarfélögunum vegna þess að það væri sveitarfélögunum fyrir bestu að félagsmálaráðherra gerði það. Þannig hefur það verið með Háskóla Íslands að hann hefur verið frjáls stjórnunareining samkvæmt lögunum allt frá árinu 1911. Núna eru þvílíkir ofstjórnartilburðir uppi í menntmrn. og settir þannig fram að engu líkara er en menn telji þetta sjálfsagt í stórum stíl þótt allir sjái af samlíkingunni við sveitarfélögin hvað þetta er fjarstæðukenndur yfirgangur gagnvart háskólanum. Fjarstæðukenndur yfirgangur. Það virðast að vísu ekki vera nein takmörk fyrir því hvað mönnum dettur í hug þegar kemur að skólunum í seinni tíð en ég verð að segja alveg eins og er að ég tel þetta afar ljótt ákvæði eins og það lítur hér út. Ég óttast að bæði þetta ákvæði í 13. gr., sem ég var að tala um, og þetta ákvæði í 14. gr., sem ég er nú að tala um, verði til þess að vald færist frá skólasamfélaginu á Íslandi og í vaxandi mæli inn í menntmrn., meðal annars völd yfir einstökum mönnum. Hv. formaður menntmn. hefur skýrt ákvæði 14. gr. þannig að mjög mikilvægt sé fyrir rektorinn að vera sjálfstæður gagnvart starfsmönnum háskólans. Út af fyrir sig er það sjálfsagt alveg rétt en það er ekki aðalatriðið fyrir rektor háskóla að mínu mati. Aðalatriðið fyrir rektor háskóla er að hann sé ekki undir hælnum á stjórnvöldum, að hann sé sjálfstæður gagnvart stjórnvöldum, gagnvart menntmrh. og hafi styrk sinn frá starfsmönnum sínum, til dæmis í allsherjaratkvæðagreiðslu um stöðuna. Ég tel að sú uppsetning mála að búa þurfi til rektor sem er eins konar forstjóri utan frá, sem stjórnar liðinu og er sjálfstæður gagnvart því og hefur styrk sinn í ráðherranum sé röng.

Með þessu er verið að segja að ráðherrann sé kominn með sinn mann inn í háskólann. Hann sé búinn að senda flugumann inn í stjórnkerfi háskólans, æðsta manninn og stýri þar í krafti ráðherrans sem hafi þannig sjálfstæði og sterka stöðu andspænis starfsmönnum skólans. Þetta er sjónarmið sem getur gilt um ákveðið fyrirtæki. En þegar um er að ræða stofnun eins og háskólann þar sem það skiptir öllu, ekki bara fyrir háskólann, látum vera með háskólann, heldur fyrir þjóðina, að við eigum sterkan, sjálfstæðan háskóla, er auðvitað alveg ljóst að verið er að stofna þeirri stöðu í hættu og veikja möguleika háskólans á því að vera mótor í framþróun íslensku þjóðarinnar til betri og mannsæmandi lífskjara á komandi árum og áratugum. Það er verið að hægja á og veikja þann kraft sem getur verið í háskólanum, setja hann undir stjórnvöld, gera þennan gjörning að ráðherrann skrifi upp á ráðningu rektors, að mjög mikilvægum tíðindum vegna þess að þar með er verið að binda rektorinn við ráðuneytið, við menntmrh. Það er algerlega fráleit skipan að mínu mati og hörmung til að vita að staðan skuli vera þannig í þessari virðulegu stofnun, Alþingi Íslendinga, að menn skuli ekki fást til að opna augun fyrir því að hér eru kaflaskil í sögu Háskóla Íslands að eiga sér stað. Það virðist vera þannig að menn af ótrúlegu geðleysi, að ég segi ekki hugsanaleti, láti þetta yfir sig ganga. Ég held að menn hafi ekki velt þessu mikið fyrir sér því ég er sannfærður um að allir góðgjarnir og skynsamir skólamenn sjá undir eins hvað það er fráleit og stórhættuleg nálgun fyrir háskólasamfélagið sem um er að ræða.

Þriðja atriðið sem ég ætla að nefna, herra forseti, lýtur að 19. gr. þar sem segir með leyfi forseta: „Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers skóla skal setja reglur um hvernig hátta skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða."

Við höfum haldið því fram í minni hluta menntamn. að einnig sé um að ræða ákveðin og skýr kaflaskipti þar sem verið sé að opna fyrir það að lögð verði á skólagjöld til að standa undir rekstri skólanna. Ég tel að þetta sé þannig séð atlaga að jafnrétti til náms í landinu og ég segi líka alveg eins og er að ég undrast það ástand sem er í þessari virðulegu stofnun að margir ágætir þingmenn skuli láta þetta yfir sig ganga. Í orði kveðnu vilja menn meina að ekki sé verið að samþykkja skólagjöld en í rauninni er það þannig að andi þessa texta gerir það að verkum að unnt er, því miður, fyrir óprúttin stjórnvöld að knýja fram að tekin verði skólagjöld á grundvelli þessa ákvæðis. Þar með er verið að gjörbreyta háskólasamfélaginu á Íslandi. Allt þetta er með þeim endemum, herra forseti, að náttúrlega væri eðlilegast að ræða þetta mál nánar og fresta því fram yfir hátíðar því að ekkert liggur á að afgreiða háskólalagafrv. vegna þess að hér eru þannig tíðindi á ferð að auðvitað ætti Alþingi að fá miklu lengri tíma til að fara yfir þetta. Ég óttast hins vegar að meiri hlutinn ætli sér að knýja málið fram. Hann felldi allar brtt. sem við vorum með og hefur ekki viljað hlýða á ábendingar okkar. Mér er ljóst að hv. formaður menntmn. hefur lagt sig fram um að reyna að ná um þetta mál skaplegri lendingu en niðurstaðan er engu að síður sú að frá pólitísku sjónarmiði og faglegu fyrir háskólana líka tel ég að frv. eins og það lítur út núna sé algerlega óviðunandi. Ákvæði 13. gr., ákvæði 14. gr., og ákvæði 19. gr. um skólagjöldin eru þannig að þetta er algerlega fráleit lagasetning eins og þetta lítur út. Menn hljóta að velta því fyrir sér mjög vandlega hvernig menn haga atkvæði sínu þegar kemur að því að bera upp málið í heild eins og það lítur út vegna þess að þarna er um það að ræða að verið er að leggja inn á braut sem er ólíðandi að fallast á. Ég taldi nauðsynlegt að koma þessum skilaboðum á framfæri við 3. umr. málsins, herra forseti, og mun síðar í umræðunni ef til vill bæta nokkrum við.

Í tilefni af umræðunni og stöðu hennar ítreka ég spurningar mínar til hæstv. menntmrh. Í fyrsta lagi um 13. gr. Á hvaða forsendum mundi hann velja menn í háskólaráðin sem þarna er um að ræða? Þarna er gert ráð fyrir að hann velji og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að fá sjónarmið hans upp í þeim efnum. Ég tel að í öðru lagi sé nauðsynlegt að fá að heyra það nú við 3. og lokaumræðu málsins af hverju lagði hæstv. ráðherra svona mikla áherslu á að ráða uppáskrift á rektorinn í háskólunum. Hvað var það sem knúði það fram að meiri hlutinn er búinn að vera að basla með þetta mál síðan í fyrravetur fyrst og fremst til þess að koma því fram að ráðherrann fái þá stöðu að hann geti skrifað upp á rektor háskólans? Eftir hverju er ráðherrann að seilast? Er hann að verja vald stjórnmálamanna, eins og var innihaldið í ræðu hans um kvöldið eða hvað er það? Ég tel nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fái að heyra þetta frá ráðherranum og ekki síst þeir sem ætla að leggja á sig að styðja þessi ósköp án þess að hafa kannski haft allt of mikið fyrir að fara yfir málið.

Um þetta vil ég spyrja, herra forseti, um leið og ég lýk máli mínu að sinni um þetta háskólafrv. Ég endurtek óskir mínar um að haldinn verði fundur í menntmn. þar sem einkaháskólasamningurinn verði lagður fram til kynningar áður en málið verður afgreitt.

[14:26]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar fyrri spurninguna um það hvernig staðið verður að því að velja menn til setu í háskólaráðinu mun það að sjálfsögðu ráðast af hæfni þeirra einstaklinga og starfsemi viðkomandi skóla þannig að einstaklingar geti lagt eitthvað af mörkum til að styrkja viðkomandi skóla í starfi þeirra og ná markmiðum þeim sem þeim eru sett í lögum.

Að því er varðar síðari spurninguna, hvers vegna ég tel nauðsynlegt að ráðherra skipi rektor, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, þá tel ég eins og kom fram í umræðunni í fyrrakvöld að það sé nauðsynlegt til að styrkja stöðu rektorsins í stjórnkerfinu samkvæmt íslenskum stjórnsýslulögum. Háskólaráðið mun velja rektorinn, ráðherra mun staðfesta þá niðurstöðu með því að skipa rektorinn og þannig er tryggt að rektorinn fellur að íslenskum stjórnsýslulögum og þeim reglum og úrræðum sem menn geta beitt samkvæmt þeim lögum. Þetta tel ég að sé skýrt og ég hef orðað það svo að með þessu fái rektorinn það stjórnsýslulega öryggi sem nauðsynlegt er til að hann geti sinnt störfum sínum sem stjórnandi jafnöflugrar og mikillar stofnunar og háskólarnir eru hver um sig

[14:27]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að svör hæstv. menntmrh. séu ófullnægjandi. Sérstaklega að því er varðar atvinnulífsfulltrúana, þar sem hann svaraði í engu spurningu minni. Ég lagði á það áherslu að fá um það upplýsingar á hvaða faglegum forsendum hæstv. menntmrh. mundi velja þessa atvinnulífsfulltrúa. Ég held það sé mjög nauðsynlegt að fá það miklu skýrar fram en í svarinu áðan, sem var óhæfilega loðið, óhæfilega óljóst miðað við að verið er að ljúka málinu, miðað við að verið er að gera frv. að lögum, miðað við að í framhaldi af umræðunni verður þetta þannig að menntmrh. getur haft þetta vald í höndum sínum. Ég tel að það verði að koma skýrar fram hvaða faglegar grunnkröfur ráðherrann mun gera að því er þessa atvinnulífsfulltrúa 13. gr. varðar.

Svarið um háskólarektor tel ég líka mjög ófullnægjandi, vegna þess að svarið var að tilgangurinn með 14. gr. væri sá að styrkja þyrfti stöðu rektors í íslenska embættismannakerfinu. Fyrsta spurningin er nú sú, hefur rektor beðið um það? Svarið er nei. Rektor Háskóla Íslands hefur óskað eftir að menntmrh. léti ákvæði um rektorskjör í friði. Af hverju? Vegna þess að rektor og háskólinn hafa talið að þessi ákvæði eins og þau líta út hér yrðu til að veikja rektor háskólans en ekki styrkja hann. Þessi ótrúlega umhyggja fyrir samræmingarþörf á stöðu rektors við aðra embættismenn í landinu er alger markleysa, segir ekki nokkurn skapaðan hlut og er engin rök vegna þess að aðalrökin eru bersýnilega þau að ráðherrann vill hafa valdið til að skrifa upp á þann mann sem valinn er rektor.

[14:29]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér kemur mér ekki á óvart að hv. þm. telji svör mín ófullnægjandi. Ég hef svarað þessu með þessum hætti í öllum þeim umræðum sem orðið hafa um frv. og sé ekki ástæðu til að breyta því nú við 3. umr. frv. En ég get ekki svarað á annan veg en ég hef gert.

Þetta eru þær ástæður sem ég tel liggja að baki þessum lagagreinum og þannig verður staðið að framkvæmd þeirra. En ef hv. þm. telur um ófullnægjandi svör að ræða, get ég ekki bætt úr því frekar en orðið er.

[14:30]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Það eru náttúrlega, herra forseti, afskaplega alvarlegir hlutir sem Alþingi stendur frammi fyrir í þessu máli. Búið er að gera ótal atrennur að hæstv. menntmrh. til að fá upplýsingar um það á hvaða faglegu forsendum hann mundi velja fulltrúana samkvæmt 13. gr. Oft er hefur verið knúið á um að hann geri grein fyrir því hvers vegna hann heimtar að fá að skrifa upp á rektor Háskóla Íslands. Hann fæst ekki til að svara þessum spurningum með öðru en því sem fram kom í umræðunni í fyrradag, að brýnt væri að verja vald stjórnmálamanna á Íslandi. Hann kvað stöðuna vera þá, eins og hv. formaður menntmn. sagði að í raun og veru þyrfti að halda þannig á spöðunum að rektorinn hefði sem sjálfstæðasta stöðu gagnvart starfsmönnum háskólans. Með öðrum orðum væri þarna verið að setja framlengingu á ráðherravaldið inn í háskólann. Í raun og veru væri ráðherrann að senda mann inn í stjórnkerfi háskólans.

Það er ótrúlegt að ráðherra skuli komast upp með að neita að svara spurningum af því tagi sem hér hafa verið bornar fram. Það bendir til þess að ástæða sé til að tortryggja það vald sem hæstv. ráðherra fær ef þetta frv. verður að lögum.

[14:32]

**Útbýting þingskjala:**

Húsaleigubætur, 290. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 588; brtt. minni hluta félmn., þskj. 589.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 330. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 581; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 582.

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 363. mál, fsp. RG, þskj. 578.

Umræðu frestað.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 589. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

## *Háskólar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 565.

[14:34]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hv. forseti. Ég tók ekki þátt í 2. umr. um þetta mál en eftir að henni er lokið og búið er að samþykkja þær brtt. sem lagðar voru fram er myndin nokkuð að skýrast og sést hvað hér er verið að gera. Fyrst og fremst eru það tvö atriði sem mig langar að ræða og fá skýringar á. Áður en ég kem að því, þó það reyndar tengist fyrra atriðinu, langar mig til að rifja upp að á undanförnum árum hafa fjárveitingar til háskólanna, sérstaklega til Háskóla Íslands, verið skornar niður þar til á allra síðustu árum. Það leiddi til þess að skera varð niður kennslu og afar lítið hefur verið um nýjungar í starfi háskólanna. Þeim hefur ekki tekist að þróast

og innan þeirra verið mjög vaxandi óánægja. Meðal annars urðu talsverð tíðindi í tölvunarfræðum, þar sem erfiðlega hefur gengið að ráða kennara, meðal annars vegna þess að ríkisstjórnin var ekki reiðubúin til að leggja litlar 5 millj. kr. til að koma á mastersnámi í tölvunarfræðum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er 60 millj. króna lagðar til kennslu og reksturs á húsnæði skólans. Síðar voru samþykktar 50 millj. króna til viðbótar við 2. umr. um fjárlög. Samtals 110 millj. króna meðan fyrir liggur að fjárþörf Háskóla Íslands, sem ég er fyrst og fremst að tala um, er miklu meiri. Auðvitað má einnig geta þess að aðrir skólar á háskólastigi hafa verið í svelti um árabil.

Þróun undanfarinna ára hefur meðal annars leitt til þess að kennarar við Háskóla Íslands hafa í síauknum mæli tekið að sér störf utan við kennsluna, m.a. í stofnunum háskólans, Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun háskólans, stofnunar á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar. Kennarar hafa tekið að sér æ meiri störf í þessum sérstofnunum og kennslan hefur færst á annarra hendur, oft þeirra sem hafa mun minni menntun og reynslu en háskólakennararnir. Miklar umræður hafa verið um gæði menntunar og hvaða áhrif fjársveltið og þróunin í skólamálum hafi haft á stöðu og gæði háskólans.

Þar með kem ég að fyrra atriðinu í þessu frv. sem mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. um í ljósi þess að m.a. kannanir sem gerðar hafa verið á grunn- og framhaldsskólanemum hafa oft og tíðum sýnt slaka útkomu. Spurning mín varðar 4. og 5. gr. þessa frv. og mér skilst að þetta atriði hafi ekki verið rætt mikið við umræðuna. Hvernig hugsar hann sér eftirlitið með gæðum menntunar á háskólastigi? Nú er til stofnun í landinu sem heitir Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, sem mér vitanlega hefur fyrst og fremst sinnt grunnskólunum. Kannski hefur hún að einhverju leyti sinnt framhaldsskólunum. Það gefur auga leið að eftirlitskerfi með kennslu á háskólastigi, mat á því sem verið er að gera og að hvaða leyti það er sambærilegt því sem er að gerast hjá öðrum þjóðum verður að vera til staðar. Í lögunum kemur fram að markmiðið með frv. er að íslenskir skólar standist samanburð við sambærilega skóla erlendis. En hvernig er þetta eftirlit hugsað? Það kemur ekki fram í upphaflegu frv. hvernig þessu er háttað. Þar segir einungis, með leyfi forseta: „Menntmrh. skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laga þessara og þeirra sérfyrirmæla sem um þá gilda.“ Í 5. gr. er menntmrh. síðan falið að setja almennar reglur um það hvernig háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar.

Innra eftirlit höfum við kallað það þegar skólarnir meta sjálfir sína stöðu og fylgjast með því hvað er verið að gera innan þeirra dyra. Í ytra mati eru skólar bornir saman, að ekki sé nú talað um samanburð við háskóla erlendis. Ýmsar leiðir eru til í þessu og til einnar þeirra hafa menn kannski vísað helst til oft en það er einfaldlega hve vel íslenskir nemendur hafi staðið sig í námi í skólum erlendis. Ég tel að slíkt mat segi nú kannski aðeins hálfa sögu, því skólar erlendis, t.d. í Bandaríkjunum eru afskaplega mismunandi. Og ég spyr: Er í uppsiglingu eitthvert kerfi, til dæmis á hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem fari fram skipti nemenda milli skóla og og vaxandi samskipti? Er hugsanlegt að einhverjar rannsóknarstofnanir eða jafnvel OECD fari meira inn á þetta svið? Hvernig er þetta hugsað? Að mínum dómi er ákaflega mikilvægt að við tökum okkur tak, veitum meira fjármagn inn í menntastofnanir okkar og reynum að styrkja þær og byggja upp með tilliti til framtíðarinnar. Eins tek ég undir að auðvitað er mjög nauðsynlegt að samfélagið í heild geri sér grein fyrir því hver staða skólanna er. Hvað er verið að gera þar og uppfyllir námið þær kröfur sem þarf að gera til þess? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hugsar þetta, eða hafa menn áttað sig á hvaða tökum eigi að taka þessi mál.

Þetta tengist fleiri greinum hér, t.d. 6. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.“ Þarna kemur þessi samanburður við háskóla erlendis aftur inn og ég spyr: Hvernig á að framfylgja þessu?

Í því samhengi vil ég segja, hæstv. forseti, að mér hefur þótt skorta mjög á stefnu í menntamálum. Ríkisvaldið á hverjum tíma hefur ekki skilgreint hver þörf samfélagsins er fyrir menntun. Ég hef oft nefnt þetta á undanförnum árum en mér finnst ákaflega takmarkaður skilningur á því að einhverja stefnumótun þurfi. Þetta flýtur bara áfram, hér er eftirspurn og samdráttur þar og menn reyna að laga sig að þessu. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi að marka stefnu og stuðla að því, með ýmsum hætti, að fólk sæki í þær greinar sem við sjáum að verða greinar framtíðarinnar. Þær greinar verða að fá nauðsynlegan stuðning og fjármagn, ekki aðeins greinar á sviði raunvísinda, tölvunarfræði og slíkt, heldur einnig t.d. kennaramenntun. Hana þarf að styðja og styrkja og reyndar ýmsar grundvallargreinar sem skipta samfélag okkar miklu. Þar nefni ég til dæmis greinar eins og jarðfræði, veðurfræði og ýmislegt sem snertir okkar daglega líf. Með styrkjakerfi mætti t.d. stuðla að því að nemendur sæki í ákveðnar greinar. Stefnumótun af þessu tagi hefur ekki átt sér stað eftir því sem ég best veit. Ég segi þetta meðal annars til að koma því að sem ég nefndi reyndar í umræðunni um Kyoto-fundinn í gær. Ég hitti nýlega einn af prófessorum Háskóla Íslands, sem sagði mér að Írar hefðu nýlega ákveðið ... Nú bið ég hæstv. menntmrh. að hlusta vel.

Hæstv. forseti. Írar ákváðu nýlega — og hæstv. menntmrh. er maður sem fylgist vel með fjölmiðlum og hefur kannski heyrt um þetta og kynnt sér þetta — að setja jafnvirði 25 milljarða íslenskra króna í uppbyggingu tölvunarfræði í sínu menntakerfi, m.a. til að efla tölvukennslu á öllum skólastigum. Þeir settu skólunum markmið hvað það varðar að fjölga nemendum í þeirri grein. Skólunum ber að stefna að því að fjölga nemendum til þess að samfélagið Írland, írska lýðveldið, verði reiðubúið til að ganga inn í 21. öldina. Þetta eru miklir peningar, en þetta er fyrst og fremst viðurkenning á því að þarna er gríðarleg þörf og þeir sem ætla að standast samkeppni, ætla að vera í fremstu röð á næstu öld, leggja auðvitað höfuðáherslu á þessa grein.

Það er stefnumörkun af þessu tagi sem skortir svo sárlega í íslensku skólakerfi og þó að menn eigi alltaf að hafa hina almennu menntun í huga og reyni að mennta alla þegnana sem allra best í samræmi við kröfur hvers tíma, þá þarf líka að átta sig á hverjar þarfir framtíðarinnar eru og hvert stefnir. Menn ættu að setja sig inn í það hvílíkar feiknabreytingar eru fram undan bæði hvað varðar alla upplýsingatækni, vinnumarkaðinn og breytingar á störfum. Skólakerfið og ekki síst háskólinn hlýtur að þurfa að átta sig á því. Hverjar eru þarfirnar? Við erum ekki að tala um miðja næstu öld, við erum að tala um allra næstu ár og áratugi, þar sem stórkostlegar breytingar munu eiga sér stað. Af því að mér hefur orðið tíðrætt um tölvuheiminn og tölvunarfræði, þá er mikið um

það talað og miklar áhyggjur eru af því hve mikill skortur er á tölvumenntuðu fólki. Það eru miklar áhyggjur af þessu og nýlega var haldin ráðstefna um það.

Ég ætla þá að víkja að hinu atriðinu sem ég vil koma að sem er 13. og 14. gr. frv. Vil ég einnig nota tækifærið og lýsa andstöðu minni við 3. mgr. 19. gr. Ég ætla ekki að gera skólagjöldin að umtalsefni nú. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni að ég er á móti því að taka upp almenn skólagjöld.

En það eru þær breytingar sem verið er að boða í 13. og 14. gr. frv. sem ég verð að lýsa undrun minni á. Það kemur fram í athugasemdum við 13. gr. að þær breytingar sem verið er að gera, eru í samræmi við tillögur sem þróunarnefnd Háskóla Íslands setti fram. Ég vil reyndar draga í efa að sátt sé um þær tillögur. Það sem ég vil aðallega gera athugasemdir við er að háskólaráði, hvert sem það er, og við hvaða skóla sem er, hér er reyndar um ríkisháskólana að ræða, að talan skuli takmörkuð með þessum hætti, að háskólaráð hvers skóla skuli eingöngu skipað tíu fulltrúum. Þetta þýðir að deildir — við skulum taka Háskóla Íslands sem dæmi — munu að einhverju leyti verða að skiptast á um þessi sæti. Þá er hætt við að stærstu deildirnar geri kröfu um að eiga þarna sæti en minni deildirnar verði út undan. Í raun og veru verða þarna tiltölulega fáir fulltrúar deildanna, allt að fimm fulltrúar út hópi kennara skólans, síðan nemendur með tvo og tveir fulltrúar menntmrh. sem þarna eiga að sitja, og svo rektor. Ég spyr einfaldlega um rök fyrir þessari fækkun. Eru þau fyrst og fremst vegna þess að menn telji að betur muni ganga að stjórna háskólanum með minna háskólaráði? Hver er tilgangur háskólaráðs? Hvers vegna er ástæða til að takmarka þann fjölda sem þar situr? Ég geri athugasemdir við þetta, hæstv. forseti.

Það er að sjálfsögðu töluverð breyting sem felst í því að tveir fulltrúar, væntanlega atvinnulífsins skuli koma inn í háskólaráð. Þetta er algjör nýjung og ég ætla í sjálfu sér ekki að gera athugasemd við það. Ég held að það geti að mörgu leyti verið skólanum til góðs að þar komi fleiri aðilar að, utanaðkomandi aðilar, en það skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig þeir eru valdir og að til þeirra séu gerðar faglegar kröfur og þarna sé um fulltrúa að ræða sem hafa eitthvað fram að færa í háskólasamfélaginu. En það er fyrst og fremst þessi fækkun sem ég hef áhyggjur af. Það sitja, ef ég man rétt, 16 fulltrúar núna í háskólaráði Háskóla Íslands, en þessi fækkun mun þýða að ekki komast allar deildir háskólans að hverju sinni. Það er nokkuð ljóst.

Ég vil líka lýsa andstöðu minni við 14. gr. hvað það varðar að menntmrh. skipi rektor til fimm ára. Þetta er auðvitað í samræmi við þær breytingar sem menn hafa verið að gera í stofnunum ríkisins. Verið er að færa sífellt meira vald til framkvæmdarvaldsins og reyndar er mjög sérkennilegt hvernig sú þróun á sér stað. Um leið og hér er verið að setja fulltrúa atvinnulífsins inn í háskólaráð, þá er nánast alls staðar í ríkiskerfinu verið að henda út kjörnum fulltrúum Alþingis og er greinilega ekki sama hvort það eru fulltrúar utan úr bæ, fulltrúar atvinnulífsins, eða hvort það eru kjörnir fulltrúar fólksins í landinu sem eiga að sitja í hinum ýmsu stjórnum, nefndum og ráðum. Ég verð að segja alveg eins er, hæstv. forseti, að ég átta mig ekki alveg á þeirri stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Ég sé enga línu í þessu nema þá að framkvæmdarvaldið er statt og stöðugt að treysta vald sitt, oftast á kostnað Alþingis.

Ég veit ekki til þess að það kerfi sem verið er að festa í lög í 14. gr. tíðkist t.d. í háskólum Norðurlandanna, hvað þá annars staðar, að rektorar háskóla séu skipaðir af menntmrh. viðkomandi ríkis. Við höfum fengið okkar hefðir fyrst og fremst frá háskólanum í Kaupmannahöfn og þar eins og víðar í háskólum á Norðurlöndum eru rektorar kjörnir og menn hafa haldið mjög fast við og virt sjálfstæði háskólanna og einmitt litið á þá sem hluta af lýðræðiskerfinu. Það er mikið leitað til háskólanna sem hlutlausra aðila sem beðnir eru um álit þegar leita þarf út fyrir framkvæmdarvaldið eða löggjafarvaldið. Vísa ég þar t.d. til lagadeildar, Hagfræðistofnunar háskólans og Félagsvísindastofnunar sem hafa oftast notið virðingar sem hlutlausir aðilar. Hér er verið að setja háskólann í miklu ríkari mæli beint undir framkvæmdarvaldið og ég harma að þetta skuli gert með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta en ítreka þá spurningu mína til hæstv. menntmrh. með eftirlitið með starfsemi og kennslu og þeim kröfum sem gera skal til háskólans, hvernig það er hugsað, því ég fæ ekki séð neitt út úr frv. eða skýringum á því hvernig fyrirhugað er að þetta verði því ég lít þannig á að verið sé að styrkja þann þátt í lögunum.

[14:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar eftirlit með gæðum menntunar á háskólastigi, þá er reynsla fengin fyrir því hvernig unnt er að halda uppi slíku eftirliti, bæði varðandi einstakar deildir í Háskóla Íslands, og einnig varðandi kennslu í einstökum háskólagreinum á landinu öllu. Menntmrn. beitti sér fyrir því á síðastliðnu ári að gerð var úttekt á kennslu í viðskipta- og rekstrarfræðigreinum í landinu í fjórum skólum, þ.e. Háskólanum á Akureyri, Tækniskólanum, Samvinnuháskólanum og Háskóla Íslands. Hv. þm. geta kynnt sér hvernig að því var staðið og er til marks um hvernig á að standa að slíkri úttekt og slíku eftirliti af hálfu ráðuneytisins. Því hefur síðan verið fylgt eftir af ráðuneytinu með ábendingum til viðkomandi skóla og óskum um að þeir geri ráðuneytinu grein fyrir því hvernig þeir hyggjast bregðast við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum sem lúta að ytra og innra starfi skólanna.

Í vetur er unnið að úttekt á kennaramenntun í landinu á háskólastigi á svipaðan hátt. Þetta er flókið ferli en það liggur alveg fyrir hvernig unnt er að standa fastmótað að þessu. Aðferðafræðin hefur í sjálfu sér ekki verið gagnrýnd þótt menn geti að sjálfsögðu deilt um niðurstöðuna í slíku mati eins og jafnan er.

Að því er varðar orð hv. þm. um tölvufræði og upplýsingatæknina, þá vil ég aðeins minna á að menntmrn. hefur eitt ráðuneyta gefið út stefnumörkun um notkun upplýsingatækninnar bæði á sviði mennta og menningar í riti sem heitir „Í krafti upplýsinga“ og kom út í mars 1996 þannig að stefnan í þeim málum er alveg skýr af hálfu ráðuneytisins.

[14:57]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég minnist þess að hafa heyrt og lesið um þennan samanburð, könnunina á viðskiptagreinunum og er það hið besta mál og verður einnig forvitnilegt að sjá hvað kemur út úr könnuninni á kennaramenntuninni. En þetta er ekki nema hluti af öllu dæminu. Þarna er verið að bera saman skóla innan lands. En hvað með samanburð við erlenda skóla? Það er spurning hvernig hann á að fara fram vegna þess að tekið er fram hérna og er auðvitað sá metnaður sem við eigum og

verðum að hafa, að menntun okkar sé sambærileg við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Það er einmitt komið inn á það í 6. gr. Þar er getið um að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum o.s.frv. Í 4. og 5. gr. er vísað til þess að sú menntun sem hér er veitt sé sambærileg þeirri sem þar gerist. Hvernig sér hæstv. menntmrh. fyrir sér að þetta verði? Er hugsanlegt að kalla til erlenda aðila, eða eins og ég nefndi, er einhver slík samvinna í uppsiglingu?

Hæstv. forseti. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur verið mikill áhugamaður um tölvur og þá þróun en það sem ég var að tala um er stefna stjórnvalda í menntamálum og að menn setji ákveðnar greinar í forgang m.a. vegna mikillar þarfar. Það er auðvitað gott og blessað að ráðuneytið hafi markað stefnu en spurningin er hvernig henni verður fylgt eftir. Hvernig ætlar ríkisvaldið og sú ríkisstjórn sem hæstv. menntmrh. á sæti í að fylgja stefnunni eftir og sjá til þess að við stöndumst kröfur í þessum efnum og getum fjölgað fólki sem hefur menntun á þessu sviði? Ég veit reyndar að til stendur að koma á meistaranámi við Háskóla Íslands en það er bara byrjunin. Það þarf að taka miklu víðar á til að við getum mætt þeirri miklu eftirspurn og staðist kröfur framtíðarinnar.

[14:59]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tölvunámið mun þróast á mismunandi hátt. Samið hefur verið við Verslunarskóla Íslands um Viðskiptaháskóla Íslands, þar sem tölvunarfræðinám og tölvunám er mjög ríkur þáttur. Einnig eru einkaaðilar að láta æ meira að sér kveða. Kvennaskólinn í Reykjavík hefur samið við Rafiðnaðarskólann um kennslu í tölvum og í nýtingu á tölvum.

Hér hefur verið farið inn á ólíkar brautir í því skyni að ná sem bestum árangri. Við Háskóla Íslands ætla menn að taka upp meistaranám í tölvunarfræðum o.s.frv. Það er því víða tekið á í þessu efni.

Út af orðum hv. þm. fyrr í tilefni þessa frv. að hún væri á móti móti skólagjöldum, þá vil ég nefna að í frv. er hvergi fjallað um skólagjöld og hvergi gert ráð fyrir að þau verði tekin upp. Eins og ég hef margsagt er frv. hlutlaust í þessu efni, og það er oftúlkun á frv. að segja að í því felist áform um að taka upp skólagjöld. Það er ekki og ástæða til að árétta það vegna ummæla hv. þm.

Um fækkun í háskólaráði og að ekki verði fulltrúar allra deilda sem eiga rétt til setu í háskólaráði, þá er það vissulega mikil breyting en í sjálfu sér hefur það ekki verið ágreiningsefni við neinn af háskólunum. Þvert á móti held ég að menn átti sig á því að háskólaráðin eiga að starfa eins og stjórnir sem taka ákvarðanir um málefni stofnananna án þess að allar deildir eigi þar endilega fulltrúa. Það er ekki markmiðið heldur að háskólaráðin hafi skýrt mörkuð verksvið og alveg ljóst að ákvarðanir þeirra um málefni viðkomandi stofnunnar eru endanlegar ákvarðanir eins og mælt er fyrir um í 11. gr. frv. Það er meginkjarninn í þessu máli.

[15:01]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í 19. gr. þessa frv. er kveðið á um að í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skuli setja reglur um hvernig hátta skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Þetta er býsna opið ákvæði og í ljósi reynslunnar, hæstv. forseti, vegna þess m.a. hvernig inntökugjöld hafa verið hækkuð á háskólastiginu og komið var á gjaldi og fallskatti á nemendur framhaldsskólanna, þá tel ég rétt í umræðunni að ítreka að ég er andvíg skólagjöldum. Mér finnst það vera ein af grundvallarreglum okkar samfélags og hefur verið frá því fræðslulög voru fyrst sett hér á landi, að almenn menntun skuli vera ókeypis og greidd úr okkar sameiginlegu sjóðum. Ég tel að sú regla sé eitt af því sem stuðlað hefur að hvað mestum jöfnuði í um áratuga skeið og geri það að verkum að almenn menntun er hér með því skárra eða besta sem gerist í heiminum ef við lítum á heiminn sem heild. Ég tel afar mikilvægt að halda í slíkar reglur og að ekki verði haldið inn á þær brautir að velja inn í skóla þá sem geta greitt fyrir menntun sína.

[15:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls nú við 3. umr. þessa máls, þótt vissulega hafi það verið mikil vonbrigði að tillögur okkar stjórnarandstæðinga hafi allar verið felldar við 2. umr. í gær. Málið var að mínu mati fullrætt í menntmn. og ljóst að ekki var lengra komist í því að koma í veg fyrir þá ofstjórnartilhneigingu sem birtist í þessu frv. og nálgast það að vera samræming samræmingarinnar vegna óháð eðli viðkomandi háskóla. Ekki var lengra komist í því að koma í veg fyrir að nú eru engar lagalegar hindranir fyrir því að skólagjöld verði tekin upp í sérlögum eða skipulagsskrám einstakra skóla en öll sérlög um ríkisháskóla þarf að sjálfsögðu að samþykkja á Alþingi. Ég lít þess vegna svo á að sú umræða eigi eftir að eiga sér stað og hún verði tekin upp á Alþingi.

Vegna þeirrar ofstjórnartilhneigingar sem birtist í IV. kafla frv. vil ég minna á það sem ég sagði við 2. umr. að við erum ekki eina þjóðin sem horfist nú í augu við að háskólastigið mun vaxa að mikilvægi og umfangi á næstu áratugum vegna þess að ljóst þykir víðast hvar að ræktun mannauðsins mun hafa lykiláhrif á þróun atvinnulífs og hagkerfisins í náinni framtíð. Þetta á ekki síst við á Íslandi þar sem við höfum verið með óvenju einhæft atvinnulíf. Flestar nágrannaþjóðirnar í kringum okkur sjá því fyrir sér vaxandi háskólastig og um leið að til þurfi að koma meira fé frá skattborgurum og um leið hljóta kröfur af hendi stjórnvalda til að hafa áhrif á innra starf háskólanna að vaxa og hafa opinbert eftirlit með notkun fjármagnsins. Þegar ég segi innra starf háskólanna, þá er ég að tala um að það sé ekki óeðlileg krafa að opinberir aðilar vilji sjá til þess að skólastarfið sé að einhverju leyti í takt við þjóðfélagið. Þessi stjórnunartilhneiging og eftirlitsskylda hins opinbera birtist með ýmsum hætti í frv. og ætti ekki að koma neinum á óvart sem fylgst hefur með alþjóðlegri umræðu um þessi mál. Meðal annars birtist hún í því að ráðherra á að skipa rektor og ætlar að skipa tvo fulltrúa í háskólaráð. En, hæstv. forseti, ég vil ekki trúa því að nokkur íslenskur menntmrh. muni misnota vald sitt þannig að akademískt frelsi háskólans verði skert þannig að til skaða verði, en akademískt frelsi er að sjálfsögðu alger lífæð háskóla. Í háskólaráð fær ráðherra nú að skipa tvo fulltrúa af tíu, þannig að ljóst er að ráðherrann getur haft áhrif í háskólaráði en hann mun ekki hafa meiri hluta eða fulltrúar hans, jafnvel þótt þeir verði fyrst og fremst pólitískir eftirlitsaðilar, fremur en raunverulegir þjóðlífsfulltrúar, þó að þau mörk verði sjaldan skýr að mínu mati.

Það er of snemmt á þessu stigi að fullyrða um hversu mikil spennitreyja þessi lög munu reynast fyrir háskólana í

landinu þar sem sérlög hafa enn ekki birst, fyrir utan sérlögin um Kennaraháskóla Íslands sem hér eru jafnframt til meðferðar. En þessi löggjöf mun ekki koma til framkvæmda fyrr en sérlög fyrir hvern skóla hafa verið samþykkt sem á að gerast innan tveggja ára. Í versta falli verður að endurskoða rammalögin um háskólastigið ef sérlög háskólanna geta ekki fallið að þessum ramma. Ég tel að ekki hafi verið lengra komist með þetta mál að sinni og ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins eins og fleiri aðilar úr stjórnarandstöðunni.

[15:09]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil við lok umræðunnar drepa á eitt mikilvægt atriði þessa frv. sem að sönnu hefur lítið borið á góma í annars langri og ítarlegri umræðu um rammalöggjöfina um háskóla. Þar er um að ræða 6. gr. frv. sem lýtur að inntökuskilyrðum og námskröfum og er stórt atriði í ljósi þess hvernig menn vilja skipa æðri menntun sess gagnvart öllum almenningi í landinu.

Nú er að sönnu um rammalöggjöf að ræða og í því ljósi ber að hafa skilning á því að texti frv. er að ýmsu leyti opinn og hann má túlka á ýmsa vegu og ætla má að sérlög um einstaka skóla kveði fastar að orði í þessum efnum. Mig rekur þó minni til þess að gildandi lög um Háskóla Íslands séu í stórum dráttum mjög á svipuðum nótum og 6. gr. um háskóla almennt. Mínar vangaveltur lúta fyrst og síðast að því, og þess vegna vil ég leita eftir því hjá hæstv. menntmrh., hvaða sýn hann hefur sjálfur á þá grein frv. Ég er þá einkum og sér í lagi að vísa til þeirrar setningar sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi ...“ Þetta er ákaflega skýrt en síðan heldur setningin áfram og hljóðar svo: „... eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla.“ Það er auðvitað matsatriði hverju sinni hvernig skuli meta jafngildan þroska og þekkingu til samræmis við stúdentspróf eða annað sambærilegt nám. Til að fá á þetta gleggri heildarmynd les ég áfram, með leyfi forseta, en í 2. mgr. stendur: „Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.“ Þessa 2. mgr. má lesa á tvo ólíka vegu og skiptir veigamiklu máli hvaða gleraugu sett eru upp. Er um að ræða þrengingu á 1. mgr. eða er um að ræða opnun á 1. mgr.? Í fljótu bragði gæti maður ætlað í ljósi 3. mgr. 6. gr. að hér væri um að ræða þrengingu og að skilaboð löggjafarvaldsins til háskólayfirvalda væru að skilgreina það mjög þröngt hver væri jafngildur þroski og þekking á við stúdentspróf eða sambærilegt próf, og einnig að námskröfur og inntökuskilyrði svari jafnan til þess sem gerist í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. En auðvitað er það ekki í öllum tilvikum svo heldur kannski þvert á móti, því það er þekkt, eftir því sem ég best veit og kann, að í háskólum í Skandinavíu m.a. nægir í sumum tilfellum eingöngu að uppfylla aldursskilyrði og þá er nálgun málsins sú að löggjafarvaldið í viðkomandi landi og háskólayfirvaldið lítur þannig til að fólk hafi safnað sér nægilegum þroska og nægilegri þekkingu í áranna rás með lífsins þátttöku, til að geta talist tækt að fá aðild að æðstu menntastofnunum viðkomandi þjóðar. Nú er ekki slíkum aldursskilyrðum til að dreifa í okkar löggjöf eða reglugerðum, eftir því sem ég þekki best. Það kann þó að vera í einhverjum einstökum skólum. En mér finnst það miklu máli skipta, hvaða skilaboð löggjafarsamkunda þjóðarinnar og æðsti yfirmaður menntamála, hæstv. menntmrh., hvaða sýn og skilning hann hefur á þessu ákvæði. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram að af minni hálfu, af því ég þekki til nokkurra dæma af þessum toga, og þar hefur túlkun verið nokkuð mismunandi. Bæði hefur túlkunin verið allvíðsýn og menn hafa metið það með jákvæðum hætti þegar fólk hefur lýst sinni starfsreynslu, sem hefur auðvitað verið með ýmsu móti úti í atvinnulífinu eða í lífinu almennt, en einnig hefur maður heyrt af því dæmi og til mín hafa leitað einstaklingar sem hafa fengið heldur kuldalegar viðtökur, ef svo mætti segja, hjá einstökum deildum háskólans og viðkomandi aðilum verið sagt að sækja sér sitt stúdentspróf, jafnvel menn sem hafa haft með höndum stjórnunarstörf í hinum opinbera geira í samfélagi okkar.

Ég er svo sem ekki að gera um það tillögu á þessu stigi máls að þessi rammalöggjöf kveði fastar að orði eða eyði einhverjum hugsanlegum efa eða vafa í þessum efnum, en það skiptir miklu máli hvað löggjafarvaldið er hins vegar að meina. Hver er ætlunin hjá því, hver er skilningur þess þegar rammalöggjöf af þessum toga er sett fram og þó einkum og sér í lagi, hvaða sýn hæstv. menntmrh. hefur í þessum efnum, því 3. mgr. er alveg skýr. Þar er verið að gera háskólum það kleift að þrengja mjög möguleika fólks til aðgengis með sérstökum stöðuprófum eða inntökuprófum. Ég vil ekkert útiloka það að í vissum tilfellum geti það verið nauðsynlegt eða það verður ekki hjá því komist, oft og tíðum sökum fjárhagsvanda sem er auðvitað mjög slæmt út af fyrir sig en er óhjákvæmilegt á stundum. En 1. og 2. mgr. eru bæði í eðli sínu opnar en um leið lokaðar. Þess vegna vil ég ekki að þessari umræðu ljúki án þess að hæstv. menntmrh. fari yfir það hér í nokkrum orðum hvaða almennu sýn hann hefur á þetta. Mitt mat er að maður sem hefur verið virkur þátttakandi í lífi og starfi þessarar þjóðar um áratuga skeið, þó hann hafi ekki stúdentspróf að baki, sé fullkomlega gjaldgengur og hæfur til að setjast á skólabekk í Háskóla Íslands, nánast í allar deildir þar. Það er engum blöðum um það að fletta í mínum huga. Prófgráður eru ekki alfa og omega þeirra hluta í því sambandi.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, virðulegi forseti. Þetta er auðvitað ákveðið lykilatriði þessa frv. og segir talsvert um það hvaða sýn Alþingi Íslendinga hefur á gildi menntunar *fólks á öllum aldri og möguleikum þess til að hefja nám.* Ég kann þeim sem að því hafa staðið bestu þakkir fyrir átak í þessum efnum, endurmenntun og námskeiðahald af ýmsum toga. Háskóli Íslands hefur komið þar rösklega til skjalanna. En það svarar ekki til þess að menn geti fullmektugir sest á skólabekk í Háskóla Íslands. Menn þurfa að fá skýrari svör við þessu álitamáli en rammalöggjöfin segir okkur til um.

[15:18]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að menn þurfa ekki að hafa lokið stúdentsprófi til að geta hafið nám í háskóla. Það kemur fram í 1. mgr. 6. gr. að unnt er að hafa lokið öðru sambærilegu námi en því sem lýkur með stúdentsprófi. Þar stendur einnig að menn geti búið yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Það er því lagt í hendur viðkomandi háskóla að meta það, en það er alveg ljóst að háskólar geta ekki sett það sem skilyrði að menn hafi lokið stúdentsprófi.

Síðan er í 2. mgr. tekið fram að skólarnir eigi þó að gera lágmarkskröfur varðandi inntöku nemenda. Þar hafa menn sem viðmiðun, alþjóðlega viðmiðun, eins og fram kemur í greininni. Það er sú viðmiðun sem á að fara eftir. Ekki er hægt að fara nánar út í það því það er bundið við einstakar greinar. Og ef menn telja að háskólar séu að gera of litlar kröfur til nemenda sinna, er hægt að bera það saman við það sem viðgengst í erlendum háskólum í viðkomandi greinum þannig að þetta er eins skýrt og það getur verið, finnst mér, miðað við að menn eru yfirleitt að opna þetta. Það er náttúrlega mjög varasamt, má segja, í fyrsta lagi: Er rétt að opna það á þann hátt sem gert er? Ég tel að úr því að sú leið er farin, sem ég tel að sé skynsamlegt eins og hv. þm. vék sjálfur að, þá þarf að setja öryggisnet og það er gert í 2. mgr. eins og þar segir.

[15:20]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör. Mér var alveg ljóst, enda sagði ég það sjálfur, að hér er ekki gerð afdráttarlaus krafa um stúdentspróf eða sambærilegt próf, heldur er opnað fyrir annars konar mat. Ég hygg þó að hæstv. ráðherra hafi orðið á mismæli þegar hann talaði um að 2. mgr. væri til að þrengja 1. gr. Ég lít alls ekki svo á. Það er 3. mgr. sem þrengir þetta með heimildinni til að setja á inntökupróf eða stöðupróf. Ég nefndi það í mínu innleggi að 2. mgr. má skoða sem þrengingu, en það má líka skoða hana sem opnun með vísan til þess að víða er þróunin sú að háskólar erlendis sem við viljum bera okkur saman við, eru að opna sínar dyr og gættir þannig að ekkert síður má líta á hana sem opnun.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherrans að hann skilur og skynjar sinn vitjunartíma á þann veg að háskólinn sé að opna sínar dyr fyrir æ fleirum og það er fagnaðarefni. Ég vil hins vegar spyrja beint þannig að ekkert fari á milli mála: Er það skoðun ráðherrans að til greina komi, til að mynda, að einstakir skólar setji reglur sem geti hljóðað eitthvað á þá leiðina að allir þeir einstaklingar sem hafa náð tilskildum aldri geti fengið aðgang að t.d. Háskóla Íslands svo ég tali sérstaklega um hann, svipað því og ég held og trúi og eftir því sem ég veit best, að gerist í háskólum til að mynda í Danmörku og gott ef ekki í Svíþjóð. Finnst hæstv. ráðherra koma til álita að einstakir skólar geti tekið skref í þá áttina?

[15:21]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að 2. mgr. 6. gr. veitti tryggingu, hún væri ekki þrenging en veitti tryggingu fyrir því að skólarnir gengju ekki of langt í að opna dyr sínar án þess að setja einhver lágmarksskilyrði. Það er sem sagt unnt að ganga að skólanum og segja: Þið hleypið fólki inn án þess að það taki stúdentspróf. Við hvað miðið þið? Og þá er sett í 2. mgr. viðmiðun sem skólanum ber að hafa í huga og þeir sem veita skólanum eftirlit og aðhald geta líka stuðst við.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að skynsamlegra sé að fara þá leið að setja inn ákveðin aldursmörk í grein eins og þessa. Ég tel að hún sé með það sveigjanlegu orðalagi að skólarnir hafi það frelsi sem nauðsynlegt er fyrir þá til að geta sinnt þeim óskum nemenda sem til þeirra koma. Það er eitt af megineinkennum þessa frv. að veita skólunum aukið frelsi og aukna sjálfsstjórn miðað við ákveðnar grunnreglur og þess vegna er það mikill misskilningu þegar því er haldið fram að þetta frv. einkennist af sérstökum miðstjórnar- eða miðstýringar- eða ofstjórnartilhneigingum. Þvert á móti er verið að opna dyr skólanna með nýjum hætti eins og fram hefur komið hjá hv. þm. og veita skólunum sjálfum aukið frelsi til að taka ákvarðanir um innri málefni sín.

[15:23]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því út af fyrir sig að hæstv. ráðherra skuli vera þeirrar skoðunar sem hann lýsti í almennum orðum. Ég skildi hann þannig að hann vildi að háskólarnir væru opnar stofnanir og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum væru þeir fyrir alla þá sem þangað ættu erindi eða vildu sækja.

Ég vil árétta það sem ég sagði áðan að 2. mgr. 6. gr. er vissulega ákveðin trygging. Það er alveg hárrétt. En hún þarf hins vegar ekki að vera þrenging. Hún getur allt eins verið opnun, með vísan til venju og hvernig gangur mála er í nágrannalöndum okkar. Mínar hugmyndir og mín spurning varðandi aldursmörk var ekki á þann veginn að ég vildi taka allt annað út úr þessum ákvæðum og binda mig eingöngu við aldur. Ég hafði fyrst og síðast í huga að að þessum almennu skilyrðum uppfylltum væru viðbótarákvæði um að þeir sem væru t.d. eldri en 50 ára, eða hvað það nú er, gætu verið nokkuð vissir um að þeir ættu þar með aðkomu að háskóla. Ég endurtek það sem mér hefur verið tjáð að þannig þekkja menn sambærileg skólastig í okkar nágrannalöndum

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti, en ég tek undir það að ég vil sjálfstæði skólanna sem allra mest og ef það á við í þessu tilfelli, sem ég hygg að sé, að þeir njóti hér sjálfræðis, þá er það gott og blessað. Það á að vísu ekki við í öðrum greinum þessa frv. En sjálfdæmi og sjálfstæði skólanna getur einmitt í þessari grein snúist upp í andhverfu sína því það er auðvitað fjárveitingarvaldið sem skapar þessum skólum þann ramma sem þeir eru síðan nauðbeygðir til að fara eftir. Og 3. mgr. veit beint að því að ákveðnar deildir Háskóla Íslands eru nauðbeygðar til að setja á inntökupróf eða stöðupróf, einhvers konar síur, vegna þess að ekki eru nógu margir stólar í viðkomandi kennslustofum og ekki nógu miklir peningar til að halda úti kennslu.

[15:26]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)**:

Herra forseti. Ég hef gert ráðstafanir til þess að samningur sá sem undirritaður var á dögunum um einkaskóla og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi í umræðunum áðan verði kynntur í hv. menntmn. á fundi síðar í dag og ég vænti þess þá líka að með því geti umræðum um háskólafrv. lokið í dag. Ég tel að ekkert nýtt hafi komið fram í því máli sem réttlæti annað. Auðvitað eru skiptar skoðanir um ýmislegt í frv. en það er nú reyndar ekkert óvanalegt á hinu háa Alþingi. Það hefur verið gott samkomulag um það í hv. menntmn. að ljúka þessu máli fyrir jól, ásamt kennaraháskólafrv. Það var samkomulag sem við gerðum í nefndinni í vor, til að koma til móts við óskir Háskóla Íslands sem vildi fá lengri tíma til að skoða málið.

Við 2. umr. voru ítarlega rædd ýmis atriði þessa frv. og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um einstök ákvæði þess. Það er alveg ljóst að lengi hefur vantað rammalöggjöf um háskólastigið og eftir henni hefur verið kallað. Það er líka ljóst að almenn ánægja er innan háskólanna um þetta frv. þótt skiptar skoðanir séu um einstakar greinar. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á að háskólarnir hafa fagnað framkomu frv. og lýst yfir stuðningi við það. Við teljum í meiri hluta menntmn. að við höfum komið ágætlega til móts við höfuðgagnrýni sem hefur komið frá Háskóla Íslands um 13. og 14. gr. og

teljum að við höfum á þann hátt náð ákveðinni sátt um þær greinar. Ég tel að þessi lagasetning tryggi mjög vel faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði háskólanna og muni verða lyftistöng fyrir háskólamenntun hér á landi í framtíðinni.

[15:29]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tel mikilvægt það sem fram kom í máli hv. 3. þm. Reykn. að samningstextinn um einkaháskólann verði kynntur í menntmn. áður en þetta mál verður að lögum. Ég hef skilið það svo að atkvæðagreiðsla um málið muni ekki fara fram í dag, jafnvel þó að umræðunni ljúki í dag og tel að miklu máli skipti að samningurinn liggi fyrir áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Ég tel að þar með sé komið til móts við þær óskir sem ég setti fram í ræðu minni fyrr í dag.

Varðandi það atriði sem fram kom hjá hv. formanni menntmn. að skiptar skoðanir væru um þetta mál eins og oft gerist, þá er það ekki rétt lýsing á veruleikanum. Það er miklu meiri ágreiningur um þetta mál en ég hygg að flestir átti sig á vegna þess að þetta er ágreiningur sem ekki snertir fyrirkomulagsatriði heldur grundvallaratriði. Og þau grundvallaratriði snerta hið akademíska frelsi háskólans, snerta skólagjöld, aðallega þessi tvö atriði sem birtast í 13., 14. og 19. gr. frv.

Ég tel því að háskalegt sé að gera of lítið úr þeim mikla ágreiningi sem upp hefur komið í þessu máli. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir lýsti því hér yfir áðan að hún myndi sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Mér finnst það nokkuð athyglisvert vegna þess að miðað við þá stöðu sem hún hefur, þekkingu meðal annars á málefnum háskólans sem bendir tvímælalaust í þá átt sem við þekkjum nú eftir yfirferð á málinu, að miklar spurningar hafa vaknað í öllum háskólunum um þetta frv. Og það er beinlínis rangt að halda því fram að almenn ánægja sé með frv. í háskólanum. Það er beinlínis rangt. Staðreyndin er sú að ekki er hægt að finna þessum orðum neins staðar stað, um þessa almennu ánægju, vegna þess að fram kemur í umsögnum allra skólanna að margar spurningar vakna, í fyrsta lagi í öllum umsögnum og greinargerðum sem hafa komið fram um Háskóla Íslands og frá honum. Í öðru lagi hafa komið fjölmargar athugasemdir frá skólum eins og Tækniskólanum og Háskólanum á Akureyri svo ég nefni dæmi, þó svo að hitt sé alveg ljóst að Háskólanum á Akureyri hentar þessi lagasmíð betur en Háskóla Íslands. Það er líka alveg ljóst, að listaháskólarnir eru að gera sér vonir um að þetta hjálpi þeim til að verða viðurkenndir háskólar. Þannig viðurkenna listaháskólarnir að lögin um þá eins og þau standa í dag séu ófullnægjandi. Gagnstætt því sem stjórnarmeirihlutinn hélt fram á síðasta kjörtímabili þegar þau lög voru sett þá er greinilegt að menn telja að þau séu ófullnægjandi og að styrkja þurfi þau lagaákvæði. Staðreyndin er hins vegar sú að því er varðar listaháskólana að ekkert gerist sjálfkrafa í þeim út af þessu frv. Bókstaflega ekki neitt. Gagnstætt því sem haldið hefur verið fram af stjórnarmeirihlutanum, þá er ekki svo. Segjum að frv. verði að lögum. Þá verður að taka nýjar ákvarðanir í menntmrn. og ekki aðeins þar heldur á Alþingi líka, að því er varðar fjárhag stofnananna, ef þetta frv. á að breyta einhverju þegar það verður að lögum.

Þá vil ég koma að því atriði sem hefði þurft að ræða hér mun ítarlegar og það er sá veruleiki að svona frv., þó þau verði að lögum, eru oft verri en ekki neitt fyrir viðkomandi skólastig af því þau eru notuð sem afsökun fyrir fjársvelti. Það er sagt: „Já, það er nýbúið að samþykkja lög, nýbúið að samþykkja frv." En veruleikinn er á sama tíma sá að allar þessar stofnanir búa við stórkostlegt fjársvelti. Það á alveg sérstaklega við um Háskóla Íslands og reyndar einnig Kennaraháskólann eins og staðan er í dag.

Ég vil síðan víkja að þeim umræðum sem fram fóru hér um 6. gr. frv. og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi, um inntökuskilyrði í háskólana. Ég vil vekja athygli á því að stúdentaráð Háskóla Íslands, sem því miður hefur ekki mikið verið hlustað á í meðferð þessa máls, varaði sérstaklega við orðinu „viðbótarinntökuskilyrði" sem er í 3. mgr. 6. gr. frv. Að vísu hefur Háskóli Íslands getað sett viðbótarinntökuskilyrði samkvæmt gildandi háskólalögum. En það var greinilegt að stúdentaráð og stúdentar voru hræddir um að þetta orð í þessari grein í þessu rammafrv. yrði notað til að ganga lengra í þessum efnum en verið hefur. Ég segi alveg eins og er og ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að ég vara við því að menn gangi lengra en verið hefur í þeim efnum. Þetta eru þau atriði sem ég vildi láta koma fram að lokum af minni hálfu, herra forseti.

Ég endurtek það sem kom fram fyrr í dag að ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað grundvallarspurningunum enn þá. Ég tel að það sé algerlega borin von að hann geri það vegna þess að málið er búið að fara í gegnum margar umræður og hefur þó ekki náðst niðurstaða á eðlilegan hátt í svörum hæstv. ráðherra. Þetta varðar sérstaklega 13. gr. um svokallaða atvinnulífsfulltrúa og hvaða hæfni og hvaða faglegar forsendur þeir þurfa að uppfylla. Og þetta varðar 14. gr. um stöðu rektors, þar sem greinilega er verið að veikja stöðu rektors, eins og greinin er, frá því sem verið hefur, því miður. Það er efni sem ber að harma. Af þeim ástæðum, herra forseti, er það eins með mig og áður hefur komið fram með aðra fulltrúa í minni hluta menntmn. að ég mun ekki geta greitt atkvæði með frv. við endanlega atkvæðagreiðslu þegar hún fer fram, sem verður ekki í dag, heldur væntanlega á morgun eða hinn daginn.

[15:35]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ágreiningur um þetta mál sé miklu minni en margir vilja vera láta. Það er alveg ljóst að um það greinir okkur á, hv. þm. Svavar Gestsson og mig. Ég vil líka minna á að hér er um rammalöggjöf að ræða sem á að ná yfir starfsemi allra skóla á háskólastigi. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna sérstaklega, af því Háskóla Íslands hefur svo oft borið á góma í þessari umræðu, í bréf Háskóla Íslands frá 5. maí í vor þar sem segir, hv. forseti:

„Háskólaráð æskir þess við Alþingi að háskólasamfélagið fái ráðrúm til haustsins til að geta fjallað rækilega um frv. til laga um háskóla." Síðar í þessu bréfi segir: „Háskólinn er því fylgjandi að lög verði sett um háskólastigið og telur flest atriði frv. fyrir utan IV. kafla þess til bóta fyrir háskóla í landinu."

Það er alveg ljóst að í öllum meginatriðum hefur verið komið til móts við óskir Háskóla Íslands. Frv. var frestað síðastliðið vor í ágætu samkomulagi í menntmn. Síðan hefur meiri hluti menntmn. lagt fram brtt. sem koma til móts við megingagnrýni Háskóla Íslands við IV. kafla frv.

[15:37]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta vera diplómatískt bréf frá háskólanum frá því í vor, vegna þess að háskólinn lagði í

fyrsta lagi til að IV. kaflinn yrði tekinn út. Og þar eru öll aðalatriðin, þar eru öll ágreiningsatriðin. „Að öðru leyti", sagði háskólinn í bréfinu frá 5. maí, „er þetta gott frv." Það er röng uppsetning og ósanngjörn gagnvart háskólanum að setja hlutina þannig upp að þó að hann hafi skrifað bréf með þessum hætti þá hafi hann verið að fagna þessu máli með orðum sínum frá því í vor. Því fer víðsfjarri. Ég fullyrði að Háskóli Íslands hefði mikið frekar viljað vera laus við þetta frv. en að það yrði afgreitt eins og nú er að gerast vegna þess að þarna er verið að skerða frelsi háskólans og veitast mjög að nemendum hans með skólagjaldaákvæðum 19. gr.

[15:38]

**Útbýting þingskjala:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 304. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 590; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 591.

Búnaðarlög, 368. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 599.

Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, 388. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 587.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 566.

[15:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið áður styð ég, og við, þetta frv. þar sem gert er ráð fyrir því að sameina fjóra skóla í einn, Kennaraháskólann, Fósturskólann, Íþróttakennaraskólann og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Við teljum að þetta séu mikilvæg tíðindi í uppeldis- og kennaranámi í landinu.

Það sem ég vildi við 3. umr. málsins fá nánari upplýsingar um eru ýmis praktísk atriði varðandi þessa sameiningu umfram það sem gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða. Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er fjallað um ráðningu kennara og skólastjóra og annarra starfsmanna. Ég skil þetta ákvæði svo að allir starfsmenn þessara fjögurra skóla muni verða ráðnir að hinum nýja skóla. Starfandi hefur verið verkefnisstjórn undir forustu starfsmanns fjmrn. sem kynnti okkur í menntmn. ágætlega þá vinnu sem verkefnisstjórnin hefur verið að vinna og er ástæða til að þakka fyrir það. Mér fannst það vera greinargóðar upplýsingar. Því er hins vegar ekki að neita að aðstandendur þessa nýja skóla hafa miklar áhyggjur af ýmsum öðrum atriðum varðandi hann og þar á meðal húsnæðismálum. Ég er þá að hugsa alveg sérstaklega um Fósturskólann sem er með aðstöðu þar sem hann hefur lengi verið, í hinum gamla Laugalækjarskóla. Ég er einnig að hugsa um Þroskaþjálfaskólann sem hefur verið í leiguhúsnæði um skeið. Og ég er að hugsa um þá deilu sem uppi hefur verið í húsnæðismálum og tengist spurningunni um nýtingu á Stýrimannaskólanum þar sem upp hafa komið hugmyndir um að þessi uppeldisháskólastarfsemi flytjist að einhverju leyti í Stýrimannaskólann. Það hefur hins vegar sætt miklum mótmælum frá ýmsum, meðal annars hér í þessari virðulegu stofnun og ekki síst frá hv. þm. flokksbræðrum hæstv. ráðherra. Ég hefði viljað nota þetta tækifæri nú við 3. umr. til að fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann geri okkur grein fyrir því hvernig hann sér þessi praktísku mál fyrir sér varðandi húsnæðismál hins nýja skóla alveg sérstaklega.

Í öðru lagi minni ég á að við 2. umr. fjárlaga fluttu tveir þingmenn, ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, tillögu um að settir yrðu nokkrir fjármunir í að endurskipuleggja þennan nýja skóla og stuðla að betri samvinnu skóladeildanna en kostur er á ella, meðal annars með tækjakaupum og öðru slíku. Ég vil einnig fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann segi okkur frá því hvernig hann sér þau mál fyrir sér því ég óttast að hinn nýi skóli hafi ekki nægilegt svigrúm til að búa sig tækjum, meðal annars kennslutækjum, og tækjum fyrir nemendur, eins og tölvum, sem nauðsynlegt er.

Ég vil þá í þriðja lagi og að síðustu nefna Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Fram hafa komið áhyggjur frá þeim sem þar starfa yfir því að hugsanlega verði skólinn fluttur þaðan og suður. Í hv. menntmn. fengum við mjög athyglisverðar upplýsingar um Íþróttakennaraskólann þar sem það kom t.d. fram að laun kennara voru ívið lægri ef þeir voru að kenna á Laugarvatni en ef þeir kenndu í Reykjavík. Það er nokkuð sérkennilegt. En hvað sem því líður hefði ég viljað heyra hjá hæstv. menntmrh. nú við 3. umr. hvort hann er með einhver áform uppi um það eins og er að flytja íþróttakennarakennsluna, ef svo mætti segja, hingað til Reykjavíkur frá þeim stað sem hún hefur verið um áratuga skeið.

[15:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég tel að hér sé komið að lokum í löngu ferli um sameiningu kennaranáms á einu háskólastigi og að með sameiningu þessara fjögurra skóla sem mælt er fyrir um í þessu frv. sé verið að stíga mjög merkilegt skref til að styrkja kennaramenntun í landinu og styrkja innviði Kennaraháskóla Íslands og þá krafta sem þar vinna.

Varðandi þau atriði sem hv. þm. vék að, það er að segja húsnæðismálin, tækjakaup og Íþróttakennaraskólann, þá vil ég segja að það verður eitt af fyrstu verkefnum nýs skólaráðs hins sameinaða skóla að fjalla um húsnæðismálin í ljósi þeirrar staðreyndar að skólinn hefur tekið til starfa. Hann er starfandi á fjórum ólíkum stöðum. Hann er starfandi í Kennaraháskólanum, hann er starfandi í Fósturskólanum, Þroskaþjálfaskólanum og Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni.

Það er rétt að ég hef hreyft þeirri hugmynd að skólinn fái inni í Sjómannaskólahúsinu sem er í næsta nágrenni við Kennaraháskólann og mundi Sjómannaskólahúsið rýma Fósturskólann og fleiri stofnanir þannig að þær væru þá landfræðilega tengdar á Rauðarárholtinu. Þessi hugmynd hefur mætt mikilli andstöðu eins og vitað er og hún er nú til umfjöllunar í skólanefndum skólanna tveggja, Vélskólans og Stýrimannaskólans með sérfræðingum menntmrn. Ég vil ekki segja fyrir um niðurstöðu þess máls en hitt er ljóst að sérstaklega held ég að húsnæðisvandi Fósturskólans sé brýnn. Húsnæðisvandi Þroskaþjálfaskólans er ekki eins brýnn. Hann hefur verið leystur með viðunandi hætti með viðbyggingu við það hús þar sem skólinn hefur starfað um árabil og ég held að aðstaða þar sé nú þannig að þroskaþjálfaskólanemendur og starfsmenn sætti sig bærilega við þá aðstöðu. Hins vegar hefur enginn einn aðili komið að því að fjalla um það frá sjónarhóli stjórnenda þessara skóla eins og mælt er fyrir um í frv. og þess vegna hef ég litið svo á að það bæri að bíða eftir skipan hins nýja skólaráðs og það yrði viðmælandi ráðuneytisins um þessi mál og síðan yrði að frumkvæði þess og í samvinnu við ráðuneytið farið yfir hvernig best væri að taka á húsnæðismálunum.

Fyrir liggur tillaga um deiliskipulag á Rauðarárholti og það er alveg ljóst að þeir sem starfa í Kennaraháskólanum telja mikilvægustu nýframkvæmdina vera að ráðast í þjónustubyggingu og miðstöðvarbyggingar við Kennaraháskólahúsið. Í sjálfu sér get ég fallist á þá forgangsröð enda verði farið yfir málið að nýju af skólaráðinu og það komist að sömu niðurstöðu og gert hefur verið af stjórnendum Kennaraháskólans um það efni.

Við höfum því opnað og bent á marga kosti í þessu en við höfum ekki tekið endanlegar ákvarðanir í menntmrn. enda lít ég þannig á að það sé hlutverk ráðuneytisins í samvinnu við nýtt skólaráð að taka þessar ákvarðanir og það beri þá að gefa sér ráðrúm til þess eftir að skólinn hefur tekið formlega til starfa sem verður nú um áramótin, nái frv. fram að ganga.

Að því er tækjakostinn varðar hef ég ekki jafnglögga sýn á þau málefni. Það eru málefni sem þarf að skoða og meta og að sjálfsögðu ber að haga málum þannig að þessi skóli fullnægji kröfum að því er tækjabúnað varðar. Í fjárlagafrumvarpinu kemur núna fram að það á að gera átak til að efla til dæmis tölvutækjabúnað í Íþróttakennaraskólanum og ýmis áform eru uppi um að efla slíkan búnað í þessum skólum og til stendur að gera það. Hvað að öðru leyti þarf að gera, vil ég ekki fullyrða á þessu stigi málsins og tel að nýju skólaráði beri að ræða það og fara yfir þau málefni.

Varðandi fjárstreymi til skólans, þá mun það ráðast af samningi sem ráðuneytið gerir við skólann á grundvelli laganna eins og menn vita. Þar verður stuðst við reiknilíkan sem á að vera hið sama fyrir alla skóla á háskólastigi.

Ég hef aldrei ljéð máls á því í umræðum um hinn nýja kennaraháskóla að starfsemin á Laugarvatni leggist af. Þvert á móti hef ég oftar en einu sinni sagt að ég telji að það sé sérstakur akkur fyrir þennan skóla að hafa aðsetur á Laugarvatni einnig, til að styrkja starfsemi sína. Kennaraháskólinn sem nú er að sameinast hinum þremur skólunum hefur einnig aðstöðu í Varmalandi í Borgarfirði eins og vitað er þannig að þessi skóli mun hafa bækistöðvar á fleiri en einum stað utan Reykjavíkur.

Ég hef einnig í hyggju að breyta skipan mála á Laugarvatni þannig að Íþróttakennaraskólabyggingarnar verði óskoraður hluti af Kennaraháskólanum og afskiptum menntmrn. af þeim mannvirkjum ljúki. Fulltrúi ráðuneytisins hefur farið með húsnæðismál á Laugarvatni fyrir skólana en ég tel að hinn nýi skóli verði það öflug stofnun að hann eigi sjálfur að geta séð um húsnæðismálin á Laugarvatni og haft þau algerlega í sinni forsjá og afskipti menntmrn. af því eigi ekki að koma til nema þá með almennum samningi eða verkaskiptasamningi, en ekki að daglegri ráðstöfun á húsakosti á Laugarvatni. Hins vegar hefur einnig verið um samstarf að ræða milli Íþróttakennaraskólans og íþróttahreyfingarinnar og það finnst mér að sé einnig samningsmál milli skólans og íþróttahreyfingarinnar hvernig nýting á þeim húsakosti verður. Það vakir því síður en svo fyrir mér að starfsemin á Laugarvatni leggist af. Þvert á móti, eins og ég hef sagt, tel ég að það sé viss styrkur fyrir þennan skóla að hafa jafngóða aðstöðu á Laugarvatni og raun ber vitni og það hljóti að vera akkur fyrir stjórnendur skólans að tryggja stöðu sína þar frekar en veikja hana.

[15:51]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar upplýsingar. Ég vil í fyrsta lagi segja út af húsnæðismálum skólanna að ég tel að málið liggi þannig að ráðherrann muni, og hver sem kemur að því máli, komast að þeirri niðurstöðu að menn muni ekki fallast á að Sjómannaskólinn verði tekinn undir starfsemi Kennaraháskólans þannig að það þýðir að verið taka og hlýtur að verða tekin ákvörðun um að byggja við Kennaraháskólann eins og gert hefur verið ráð fyrir um langt árabil og það er auðvitað orðið miklu brýnna núna frá og með þessum tíðindum um áramótin en það hefur áður verið.

Ég vil einnig fagna yfirlýsingum hæstv. ráðherra varðandi Laugarvatn. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það sem skiptir mestu máli í því er sú afstaða að húsnæði Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni verði sett undir Kennaraháskólann og verði ekki undir ráðuneytinu eins og verið hefur. Það hefur verið ólánsfyrirkomulag þar sem menntmrn. hefur verið hálfgerð sveitarstjórn á Laugarvatni og verið að mörgu leyti óheppilegt og erfitt og flókið að ná sáttum manna á milli um einföldustu fyrirkomulagsatriði eins og grindverk og girðingar, svo dæmi séu nefnd. Ég tel þess vegna að svör hæstv. ráðherra séu góð og fullnægjandi miðað við aðstæður og þær spurningar sem fram eru bornar.

Að öðru leyti vil ég segja að það skiptir öllu máli að vel verði af stað farið með þennan skóla, hann verði búinn góðum tækjum og búnaði strax í upphafi, því miklar vonir eru bundnar við þennan sameinaða skóla og okkur er skylt að fylgja honum myndarlega úr hlaði.

[15:53]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)**:

Herra forseti. Komið er að lokum umræðu um þetta mikilvæga mál sem hér er á dagskrá. Ég ætla að nota tækifærið til að þakka nefndarmönnum í menntmn. fyrir mjög góða samvinnu við umfjöllun um málið í þingnefndinni. Það er líka alveg ljóst að hér er á ferðinni mjög merkilegt mál sem ég veit að á eftir að styrkja kennaramenntun í landinu í framtíðinni og ég get tekið undir það að full ástæða er til þess að standa myndarlega að þeirri breytingu.

[15:54]

**Guðný Guðbjörnsdóttir**:

Virðulegi forseti. Það var heldur ekki ætlan mín að taka til máls hér við 3. umr. málsins en ég vil vegna umræðunnar hér áðan um háskólafrv. þar sem ákveðið var að kalla saman fund í hv. menntmn. minna á að í gær þegar 2. umr. um þetta mál fór fram sat ég hjá við ákvæði sem fjalla um dómnefndir á þeirri forsendu að það fékkst ekki nógu ítarlega rætt í hv. menntmn. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. eða hv. formann menntmn. sem hér er stödd hvort mögulegt sé að taka fyrir það atriði á þeim fundi sem nú er fyrirhugaður í menntmn. þar sem málefni dómnefnda voru ekki nægjanlega rædd í nefndinni eins og fram kom í umræðunni í gær.

Að öðru leyti vil ég taka undir það að hér er um mjög merka löggjöf að ræða. Stofnaður er nýr Kennaraháskóli, það er að segja að í viðbót við þá góðu stofnun mun koma inn starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, og Íþróttakennaraskóla Íslands, og þar með flytjast þessir þrír síðarnefndu skólar á háskólastig, sem ég tel mjög mikið fagnaðarefni. Einnig það að með þessum sérlögum er ákveðið að Kennaraháskólinn verði rannsóknarháskóli áfram að sjálfsögðu. Ég vænti þess að þessi löggjöf verði mikil lyftistöng fyrir uppeldis- og kennaramenntun í landinu. En vissulega er það jafnljóst að þetta er eingöngu grófur rammi og það hvort þetta reynist lyftistöng mun fara eftir því hvernig stefnumörkunin verður ákveðin um kennaramenntunina. Það kom til umræðu í gær að samstarfsnefnd háskólanna hefur meðal

annars lagt til að B.Ed.-námið við Kennaraháskólann verði lengt í fjögur ár. Það á auðvitað eftir að koma í ljós hvort nauðsynlegt fjármagn fæst, en það er sannarlega von mín að svo verði og að raunverulegt átak verði gert til að lyfta kennaramenntuninni í landinu.

[15:57]

**Útbýting þingskjala:**

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 583; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 584.

Skipaður talsmaður barna í forsjármálum, 369. mál, fsp. RG, þskj. 601.

Vörugjald af ökutækjum, 329. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 600.

[15:57]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í það hvort menn ræði þetta frekar í hv. menntmn. eða ekki. Ég vil aðeins segja um 3. gr. þessa frv. og dómnefndirnar að þetta er sniðið fyrir Kennaraháskólann en ekki fyrir aðra skóla. Vilji menn taka á þessu öðruvísi í sérlögum fyrir aðra skóla þá er það til athugunar vegna þeirra skóla, en mér finnst að í þessu efni hafi náðst góð samstaða um það og það sé með vilja og vitund þeirra sem í skólanum starfa að þetta sé svona. Mér finnst því málið vera útrætt og að það liggi alveg ljóst fyrir að hér er ekki verið að taka ákvörðun um annað en Kennaraháskóla Íslands. Það er ekki verið að taka ákvarðanir um aðra háskóla í þessu. Menn verða að átta sig á gildi sérlaganna annars vegar og rammalöggjöfinni hins vegar. Hér er verið að útfæra rammalöggjöfina á þennan hátt fyrir Kennaraháskólann sem er að ýmsu leyti næsta einsleitur háskóli. Aðrir háskólar kunna að vera miklu fjölbreyttari og þess vegna þurfi aðrar reglur að gilda þar. Þetta vildi ég segja að gefnu tilefni frá hv. þm. og tel að ekki beri að hrófla við þessu atriði í frv. á lokastigi málsins.

[15:59]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er fullkunnungt um að hér er eingöngu verið að ákveða um dómnefndir fyrir Kennaraháskólann. En þar sem það fyrirkomulag sem hér er lagt til, og mér er kunnugt að Kennaraháskólinn hefur lagt blessun sína yfir það, er nýtt fannst mér mjög eðlilegt að við í menntmn. fengjum að heyra hvernig fyrirkomulagið hefur reynst í Háskóla Íslands og einnig vegna óskar Kennaraháskólans um að þeir fengju ekki annars konar ákvæði um dómnefndir en aðrir háskólar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er ekki líklegt að þetta verði lagt til í Háskóla Íslands. Því fannst mér eðlilegt að þetta mál yrði rætt betur í hv. menntmn.

[16:00]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í hvað skuli rætt í hv. menntmn. en vil þó segja skoðun mína. Varðandi orð hv. þm. um Háskóla Íslands, þá er það ekki alveg sambærilegt við þetta. Þar er verið að fjalla um framgangskerfi skólans og þar hafa verið settar fastskipaðar dómnefndir til að fjalla um framgang manna. Hér er þetta með öðrum hætti og er því ekki alveg sambærilegt.

Í tilefni af orðum hv. þm. vil ég einnig segja að ég hef margsinnis ritað Háskóla Íslands og spurt hvernig þetta kerfi hafi reynst. Reynslutíminn rennur út nú um þessi áramót en ég hef ekki enn fengið svör frá Háskóla Íslands um það mat sem lagt verði lagt á þetta kerfi. Það kæmi mér mjög á óvart ef öðrum eru veittar upplýsingar um það en menntmrh. sem á einn fulltrúa í þessum dómnefndum í Háskóla Íslands. Ég mun gera hv. menntmn. grein fyrir þeim svörum sem ég fæ við spurningum til Háskóla Íslands um þetta. Ég mun senda þau til hv. menntmn. þannig að hún geti áttað sig á því máli.

[16:01]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Í tilefni af orðum hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um dómnefndarákvæði í kennaraháskólafrv. vil ég segja, að ég tel að við höfum rætt þessi mál ítarlega við 2. umr. málsins. Þingmaðurinn hefur lýst sínum áhyggjum mjög skýrt. Hins vegar er alveg ljóst að þeir skólar sem í hlut eiga hafa ekki gert neinar efnislegar athugasemdir við þetta ákvæði. Ég tel því ekki tilefni til að taka málið frekar upp í menntmn. en fagna því hins vegar að menntmrh. hefur lýst því yfir að hann muni láta í té svör við þeim spurningum sem hann hefur beint til Háskóla Íslands um þetta efni og að við fáum þær upplýsingar og þau svör þegar þau liggja fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búnaðargjald, 2. umr.*

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 419, nál. 560, brtt. 561.

[16:03]

**Frsm. landbn. (Egill Jónsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um búnaðargjald í fjarveru form. landbn., hv. þm. Guðna Ágústssonar. Álit nefndarinnar, eins og þingskjalið ber með sér, er á þingskjali 560.

Ég hygg að hv. alþingismönnum sé ljóst að fyrir ári var gerð breyting á lögum um Búnaðarmálasjóð til þess horfs sem lögin um búnaðargjald kveða á um. Ein meginbreyting þessara laga var að fjmrn. var falin innheimtan í stað þess að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafði áður annast þessa innheimtu. Við framkvæmdina kom í ljós að sú innheimtuaðferð sem lögin kváðu á um var ekki sérstaklega hagstæð. Því var fundin önnur leið til að innheimta gjaldið og ætla má að hún verði bæði einfaldari og skilvirkari í framkvæmd. Efnisbreytingin á þessum lögum er ekki að því er varðar gjöld eða ráðstöfun þeirra heldur einvörðungu að á sjálfri innheimtunni.

Meginbreytingarnar eru þær að í frv. er lagt til að tekið verði upp annað kerfi við innheimtu búnaðargjalds en gert er ráð fyrir í lögum um búnaðargjald sem taka skuli gildi 1. janúar 1998. Í ljós hefur komið að unnt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt, þ.e. hátekjuskatt, með tiltölulega litlum breytingum. Með breytingunni er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðsla búnaðargjalds geti orðið mun einfaldari í framkvæmd en kveðið er á um í lögunum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali, en þær eru eftirfarandi:

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frv. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting í fyrri málslið 1. mgr. sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara. Í öðru lagi er lagt til að skattstjóri skuli innan hæfilegs frests skera úr um umsókn gjaldanda

um breytingu á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða samkv. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í þriðja lagi er lagt til að ef fyrirsjáanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur 25 % en þó að lágmarki 10.000 krónur milli ára, skuli skattstjóra skylt að taka til greina umsókn gjaldanda.

Einn nefndarmanna, Sigríður Jóhannesdóttir, var fjarverandi við afgreiðslu málsins, og rétt er að vekja athygli á því að Ólafur Friðriksson, fulltrúi frá landbrn., mætti á fund nefndarinnar. Þannig hefur landbn. skilað þessu áliti frá sér, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Húsaleigubætur, 2. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 362, nál. 570 og 588, brtt. 571 og 589.

[16:09]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti meiri hluta félmn. um frv. til laga um húsaleigubætur. Undir það rita allir nefndarmenn nema hv. þm. Pétur Blöndal sem skilar séráliti. Allnokkrir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara. Félmn. kallaði allmarga aðila á sinn fund til að ræða þetta mál en það bar að með nokkuð skömmum fyrirvara. Fyrir utan fulltrúa ráðuneytisins, fengum við til okkar fólk frá Félagsmálastofnunum Reykjavíkurborgar, Kópavogs, Seltjarnarness og Reykjanessbæjar. Við fengum einnig fulltrúa Leigjendasamtakanna, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsstofnunar stúdenta. En hverjir þarna voru á ferð má lesa í nefndaráliti meiri hlutans.

Það frv. sem hér um ræðir er að meginstofni byggt á núgildandi lögum um húsaleigubætur þó gerðar séu nokkrar grundvallarbreytingar. Þær helstu eru að nú munu húsaleigubætur ná til allra sveitarfélaga á landinu og að bæturnar munu ná til allra leiguíbúða án tillits til eignarforms þeirra, samkvæmt skilgreiningu á íbúðarhúsnæði í 6. gr. frv.

Það voru allnokkur atriði í þessu frv. sem nefndin ræddi mjög ítarlega og kynnti sér sérstaklega. Fyrst er að nefna hvort nauðsynlegt væri að þinglýsa húsaleigusamningum til að þeir gæfu kost á húsaleigubótum. Eftir ítarlega skoðun varð það niðurstaða meiri hlutans að gera ekki breytingu á þessu þar sem þinglýsing samninganna yrði til að tryggja lagaleg réttindi leigjenda og draga úr misnotkun á kerfinu.

Nefndin ræddi ítarlega ákvæði 6. gr. um íbúðarhúsnæði og hvort sú skilgreining sem er að finna í 6. gr. væri of takmarkandi. Ég býst við, hæstv. forseti, að þessi grein muni koma allnokkuð til umræðu hér í dag. Niðurstaða meiri hlutans varð að leggja ekki til breytingu á þessari grein. Hún felur í sér að húsaleigubætur eru ekki greiddar vegna leigu á einstaklingsherbergjum ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum. Þó var gerð breyting frá gildandi lögum, sérstaklega hvað varðar baðaðstöðu. Reynslan hafði leitt í ljós að víða í gamla bænum hér í Reykjavík er húsnæði með þeim hætti að baðaðstaða er sér, stundum í kjöllurum, þó íbúðir væru fullnægjandi að öðru leyti. Sú breyting var gerð á þessu eftir mikla umræðu um það hvort ástæða væri til að víkka út þennan rétt og fella einstaklingsherbergi undir þennan flokk. Skoðun nefndarinnar leiddi í ljós að engin leið var að gera sér grein fyrir afleiðingunum, hversu margir leigjendur mundu bætast við og hvers konar húsnæði væri þar um að ræða. Þær röksemdir komu fram, meðal annars nefndarmanna sem undirbjuggu þetta frv., að rétt og skylt væri að stefna að því að fólk búi í mannsæmandi húsnæði og undir það beri ýta og styðja að fólk leigi sómasamlegar íbúðir en ekki ófullnægjandi húsnæði eða einstök herbergi. Talið var að forðast bæri að ýta undir að fullorðið fólk, þeir sem náð hafi tvítugsaldri, búi við ófullnægjandi skilyrði. Þetta mun eflaust koma nánar til umræðu en nefndin leggur ekki til breytingu á þessu.

Eins voru þau ákvæði 7. gr. sem lúta að markaðsleigu skoðuð en þar kom fram að menn hefðu í hinum ýmsu sveitarfélögum góða tilfinningu fyrir því hver leigan væri, og því eðlilegt að hvert sveitarfélag tæki mið af leigu á hverjum stað.

Nefndin leggur ekki til breytingar á þessu, hæstv. forseti. Þá ræddum við einnig nokkuð 8. gr. hvort eðlilegt væri að miða við 20 ára aldur þegar um er að ræða heildartekjur fjölskyldu en þau rök að miða við að flest ungmenni eru í skóla til tvítugsaldurs þóttu okkur í meiri hlutanum sannfærandi og við leggjum ekki til breytingu á þessu. Þá varð einnig nokkur umræða um 9. gr. frv. og um það hvort rétt sé að miða húsaleigubætur við almanaksárið og að það þurfi að endurnýja umsóknir á hverju ári. Það varð niðurstaða okkar að standa við það sem lagt er til. Allt lýtur þetta að því að gera kerfið öruggara og að það sé þá verið að sækja um bætur og leggja fram tilskilin gögn vegna raunverulegrar þarfar og bæri að stuðla að því að eftirlitið með kerfinu væri skilvirkt. Miklu meira vandamál í þessu sambandi er að ákveðinn hluti leigjenda fær ekki húsaleigusamning.

Þá varð einnig veruleg umræða um 14. gr. frv. sem lýtur að því hvenær félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslu bóta. Nefndin leggur til þá breytingu að ef um veruleg leiguvanskil leigjenda er að ræða geti félagsmálanefndin fellt niður greiðslu bóta, stöðvað bótagreiðslur, eða eins og segir í brtt.: „greiða bætur beint til leigusala, og þá með samþykki leigjanda, ef nefndin fær vitneskju um veruleg vanskil leigjanda.“ Þannig hefur þetta verið gert í raun, meðal annars hjá Reykjavíkurborg, og meiri hluta nefndarinnar fannst rétt að hafa það skýrt í lögunum að þetta væri heimilt.

Að öðru leyti leggur nefndin til þrjár brtt., hæstv. forseti, sem tengjast því samkomulagi sem gert var milli ríkisins og sveitarfélaganna en þær eru eftirfarandi, hæstv. forseti:

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi: „Greiðsla ríkis til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta. Ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Fjárhæð þessi miðast við verðlag í janúar 1998 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.“ Einnig er lögð til breyting á 14. gr. sem ég gerði grein fyrir áðan, hæstv. forseti, en þriðja brtt. er við 20. gr. sem verður 21. gr. en þar bætist við „auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.“ Þetta eru þau atriði sem setja skal reglugerð um.

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara en fyrirvari minn lýtur fremur að því sem er utan frv. Það er framkvæmdin á málinu, sem er það atriði að í grunnforsendum málsins er gert ráð fyrir að sveitarfélögin sem hafa leiguhúsnæði á sínum vegum taki upp raunleigu. Ég hef fyrirvara varðandi það að ég vona að sveitarfélögin bregðist þannig við að leiga hækki ekki það mikið að þeir

leigjendur sem eru í félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögunum verði fyrir kjararýrnun. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að Reykjavíkurborg hefur sett á fót sérstakan hóp sem er að skoða hvernig breytingin kemur við hina einstöku leigjendur. Menn eru nánast að reikna út hvern einasta mann sem er í leiguhúsnæði á vegum borgarinnar og það er stefna núverandi meiri hluta í Reykjavíkurborg að sjá til þess að leigjendur borgarinnar verði ekki fyrir kjararýrnun. Ég vona að önnur sveitarfélög bregðist eins við því að við vitum að sá hópur sem er í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaganna er oftast sá sem verst er settur. Hitt atriðið sem ég vil nefna er skattlagning húsaleigubótanna, og vil beina því sérstaklega til hæstv. félmrh. að hann beiti sér fyrir því að þessar bætur verði undanþegnar skatti. Ég minni á í því samhengi að fram kom í þeim upplýsingum sem við fengum að tveir þriðju hlutar þeirra sem fá húsaleigubætur eru undir skattleysismörkum og það er þá hópurinn sem næstur kemur sem verður auðvitað fyrir skattlagningu og við hljótum að spyrja: Er réttlætanlegt að skattleggja bæturnar? Þetta verður til þess að rýra kjör leigjenda sem eru eins og við vitum og ég hef nefnt fyrr þeir sem iðulega standa hvað verst að vígi í samfélaginu.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég geta þess að umræðan í nefndinni um 6. gr. laut ekki síst að nýjum tegundum íbúða, meðal annars á stúdentagörðunum, sem hafa verið skilgreindar sem einstaklingsherbergi. Það eru í raun og veru lokaðar einingar, þar eru tvö herbergi, leigð sitt hvorum námsmanninum en með sameiginlegu eldhúsi og baði. Þetta er íbúð. Munurinn er bara sá að ekki er sameiginlegt svefnherbergi. Við hliðina á þessum íbúðum eru svo aðrar þar sem hugsanlega býr í sambýlisfólk. Jafnvel geta það verið einhverjir sem taka sig saman um að leigja slíka íbúð en hún er skilgreind sem íbúð og fellur undir húsaleigubæturnar. Við ræddum töluvert mikið hvort hægt væri að ná utan um þetta atriði eða túlka greinina öðruvísi en kannski er það einfaldlega Félagsstofnun stúdenta sem verður að breyta skilgreiningunni á íbúðunum og leita eftir því að þeir sem taka þær á leigu fyrir samtals 32.000 kr. njóti húsaleigubóta eins og þeir sem eru í húsnæði sem er skilgreint sem íbúð og fellur undir 2. mgr. 6. gr.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða um tillögur minni hlutans. Það er rétt að hann fái að gera grein fyrir áliti sínu og brtt. áður en við ræðum þær en ég hef ýmislegt við þær að athuga.

[16:23]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja formann og frsm. nefndarinnar nánar út í það sem hún kom lítillega inn á og fyrirvari hennar byggist greinilega á og það er framkvæmdin á húsaleigubótunum. Komu engar upplýsingar fram í nefndinni nánar en við ræddum við 1. umr.? Í fyrsta lagi um það hve margir dyttu hugsanlega út, fengju hvorki niðurgreiðslu né húsaleigubætur en það kemur fram í frv. að áætlað er að það sé um fjórðungur, eða um 550 manns, sem þá þyrfti að greiða húsaleigu sem væri kannski 15–20 þúsund krónum hærri á mánuði en greitt er í dag. Er ekkert vitað nánar um hve stór hópurinn er? Hv. þm. nefndi að nefnd væri að störfum á vegum Reykjavíkurborgar. Má vænta að niðurstaða hjá þeirri nefnd liggi fyrir áður en frv. kemur til lokaafgreiðslu við 3. umr.? Mér finnst mjög slæmt, herra forseti, að afgreiða málið með þessum hætti, að ekkert liggur fyrir frekar um þetta en var við 1. umr. og eins líka þann hóp sem einnig var nefndur við 1. umr. Það er sá hópur sem situr uppi með ákveðinn mismun vegna þess að leigan hefur hækkað upp í raunkostnað og húsaleigubæturnar koma ekki fyllilega til móts við raunkostnaðinn. Það er þá undir hverju og einu sveitarfélagi komið hvort það greiðir mismuninn. Hv. þm. nefndi að Reykjavíkurborg hefði lýst því yfir og ég spyr nánar um það að hún ætlaði að tryggja að allir yrðu jafnt settir á eftir. Hvað með önnur sveitarfélög? Liggur nokkuð fyrir um það með önnur stór sveitarfélög, Akureyri, Kópavog, Hafnarfjörð, svo dæmi sé tekið? Mér finnst slæmt að skilja málið svona eftir án þess að við höfum nokkra frekari vitneskju um það hvað margir einstaklingar munu kannski verða verr staddir eftir kerfisbreytinguna en áður.

[16:25]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þetta atriði ná lögin ekki utan um þetta mál. Hér er kveðið á um að ákvörðun bóta er skilgreind á ákveðinn hátt og það hvernig beri að telja tekjur, reiknað út frá tekjum og eignum, en síðan er kveðið á um að félmrh. setur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði í reglugerð um útreikning og fjárhæð bóta, þar á meðal um grunnfjárhæð bóta. Síðan er skýrt í frv. í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða hvernig þær reglur eru núna og reiknað er með því að þær verði með sama hætti á næsta ári. Við getum deilt um það hvort grunnfjárhæðin sé nógu há eða hvort skerðing byrjar of snemma en það hlýtur að vera á valdi sveitarfélaganna hvernig þau haga þessum málum og ég held við hljótum að verða að treysta því að þau sjái til þess að kjör fólks versni ekki. Nú er afar misjafnt hver fjöldi leiguíbúða á vegum sveitarfélaganna er. Sums staðar eru þær mjög fáar. Það kom meðal annars fram að leiguíbúðir á vegum Kópavogsbæjar eru örfáar. Hins vegar kom mjög skýrt fram að það er stefna Reykjavíkurborgar, og við hv. þm. teljumst báðar til stuðningsmanna núverandi meiri hluta, og hljótum að treysta því að staðið verði við þau fyrirheit. Það er því ekki tilgangurinn að kjör þeirra versni sem fá húsaleigubætur eða munu bætast í þann hóp sem eins og ég hef nefnt áður eru oftast þeir sem verst eru settir í samfélaginu. (Forseti hringir.) Það liggja ekki fyrir niðurstöður. Það er mikið verk að fara í gegnum þetta hjá Reykjavíkurborg og hvað varðar önnur sveitarfélög á landinu, þá eru þessi mál ... (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (GÁS): Nú er tíminn búinn, hv. þm.)

[16:28]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni og frsm. fyrir svörin. Það er ljóst af svörum hennar að nefndin hefur reynt að nálgast þessar upplýsingar en sennilega ekki getað á þeim skamma tíma sem hún hafði til umfjöllunar um málið. Það er alveg ljóst að þótt Reykjavík sé með flestar leiguíbúðirnar og fyrir liggi yfirlýsingar frá henni um að fólk verði jafnsett eftir þessa breytingu er óvissa um önnur sveitarfélög. Það er mjög slæmt að skilja við málið þannig að maður viti ekki hvernig framkvæmdin verður í þessu öllu saman. Auðvitað snýr þetta líka nokkuð að frv., hv. þm. nefndi að þetta sneri ekki að frv. Til dæmis er verið að gera hér brtt. sem kemur í meðförum nefndarinnar um hve háa fjárhæð ríkið ætlar að leggja til húsaleigubótanna, 280 millj. króna, þannig að að hluta til snýr þetta líka að þeirri lagasetningu sem hér fer

fram. Ég hef bent á að ég telji að upphæðin, þessar 280 millj., tryggi engan veginn að sveitarfélögin öll geti haldið þannig á málum að ekki sé verið að skera niður bætur eða aðstoð við leigjendur frá því sem nú er. Ég tel þessa upphæð alls ekki tryggja það og minni á í því sambandi að þegar húsaleigubótakerfinu var komið á fyrir tveimur árum var gert ráð fyrir 400 millj. frá ríkissjóði í húsaleigubæturnar. Þá var kerfið ekki eins víðtækt og það á að vera núna með þessari löggjöf, bæði er verið að taka inn leiguíbúðirnar og nú er sveitarfélögunum skylt að greiða húsaleigubætur.

Lagasetningin sem slík, þessar 280 millj., getur vissulega haft áhrif á það hvort sveitarfélögin séu þá í stakk búin til að bæta einstaklingum í leiguíbúðum þann mismun sem verður á raunkostnaði og húsaleigubótunum. Það er það sem mér finnst slæmt að þurfa að skilja eftir í lausu lofti.

[16:30]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er að hluta til verið að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga þótt ríkið komi enn inn í með 280 millj. króna. Hv. þm. minnist þess eflaust að stefna ríkisstjórnarinnar var að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna og lendingin er sú að ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. króna í jöfnunarsjóðinn sem mun þá meðal annars verða til að jafna stöðu sveitarfélaganna í þessum málum. Síðan verða náttúrlega sveitarfélögin að koma þarna á milli. Við getum ekki sagt sveitarfélögunum skýrar fyrir verkum að mínum dómi. Ákveðið gólf er sett á bæturnar og síðan geta þau bætt þarna við og það verður á valdi hvers sveitarfélags hvernig þau framkvæma þetta. Hins vegar getum við lýst yfir þeim vilja okkar og það er fyrirvari minn um þetta og einlæg ósk mín að sveitarfélögin sjái til þess að þeir sem eru í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaganna verði ekki fyrir kjaraskerðingu. Það er verið að setja ramma utan um þetta mál og það verður sveitarfélaganna að framkvæma. Ekki er einu sinni víst að þau þurfi öll að taka upp raunleigu þótt gert sé ráð fyrir því og það lagt til í upphaflegu frv. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að fara þá leið en hún er jafnframt að kanna leiðir til að sjá til þess að við upptöku bótanna verði fólk ekki fyrir skerðingu heldur fái á annan hátt fjárhagslegan stuðning. En við skulum svo sannarlega fylgjast með framkvæmd málsins, hv. þm.

[16:32]

**Útbýting þingskjala:**

Fjáröflun til vegagerðar, 371. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 603.

Fæðingarorlof, 343. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 604; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 605.

[16:33]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um húsaleigubætur á þskj. 588 og 589. Á húsaleigumarkaði er ákveðið jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar sem endurspeglast í markaðsleigunni. Þegar teknar eru upp húsaleigubætur skekkist þetta jafnvægi og leigan hækkar eða eftirspurnin vex og það verður skortur á íbúðum. Þetta er almennt þekkt úr hagfræðinni og ætti að gilda hér á landi sem annars staðar. Það sem gerist þegar teknar eru upp almennar húsaleigubætur er að fólk sem ella mundi kjósa að búa heima hjá sér, t.d. ungt fólk, fer að huga að því að búa eitt og leigja sér íbúð. Við það vex eftirspurnin eftir íbúðum. Einnig geta þeir sem eru á leigumarkaði leigt sér dýrari íbúðir, fínni íbúðir, og eftirspurn eftir slíkum íbúðum vex og markaðsleigan hækkar.

Einnig má skoða eftirfarandi dæmi sem nefnt er í nefndarálitinu ef einstæðu foreldri með tvö börn stendur til boða að leigja algerlega tvær algerlega sambærilegar íbúðir í Fossvogsdal. Önnur er Kópavogsmegin og kostar 35.000 krónur á mánuði, hin er Reykjavíkurmegin og kostar 10.000 krónum meira, eða 45.000 krónur. Nú greiðir Kópavogur ekki húsaleigubætur en Reykjavík greiðir húsaleigubætur, sem þessi fjölskylda ætti rétt á upp á 21.000 krónur. Eftir skatt, ef við gerum ráð fyrir að þessar tekjur lendi í skattskyldu, fær fjölskyldan 13.000 krónur nettó út úr húsaleigubótunum þannig að hún er 3.000 krónum betur sett með því að leigja dýrari íbúðina í Reykjavík. Það þýðir að hún fer og leigir dýrari íbúðina í Reykjavík sem þýðir það í raun að húseigandinn í Reykjavík getur sett á 10.000 krónum hærri leigu. Þannig geta húsaleigubæturnar virkað til að hækka leiguna og eru í rauninni ekki bætur til leigjanda heldur til leigusala. Þetta hefur verið kannað erlendis og þessi tengsl eru mjög áberandi þannig að almenn upptaka húsaleigubóta er í reynd að einhverju leyti styrkur til leigusala en ekki til leigutaka.

Á fundi nefndarinnar þegar þetta var rætt kom fram að mikil spenna er á leigumarkaði í Reykjavík og skortur á leiguhúsnæði. Það er spurning hvort það sé nýtt ástand, og hvort það sé að þakka góðærinu sem núverandi ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórn hefur leitt yfir þjóðina eða hvort það sé vegna upptöku húsaleigubótanna sem hafa aukið eftirspurn eftir leiguhúsnæði í Reykjavík. Leigan hækkar að sjálfsögðu þegar svona ástand varir og þá eru það ekki leigutakarnir sem fá bæturnar, heldur leigusalarnir.

Setja má spurningarmerki við þá stefnu að skylda sveitarfélög almennt til að taka upp húsaleigubætur vegna þess að þau hafa mismunandi félagslega þjónustu. Þau geta haft fá barnaheimili eða mörg barnaheimili, þau geta haft góða öldrunarþjónustu eða slæma, og þau geta haft mismunandi útsvar. Í sjálfu sér er allt í lagi gagnvart jafnræðisreglunni að hafa stöðuna þannig að sum sveitarfélög veiti húsaleigubætur en önnur ekki en þá kemur að því að samkvæmt núverandi reglum borgar ríkið 60% af húsaleigubótunum og það meiðir jafnræðisregluna. Allir verða að borga inn í húsaleigubótakerfið með sköttum en þeir eiga ekki rétt nema þeir einir sem búa í sveitarfélögum sem hafa tekið kerfið upp. Ég tel nauðsynlegt að taka upp almennar húsaleigubætur fyrir öll sveitarfélög vegna þess að ríkið hefur verið látið borga 60% af húsaleigubótunum.

Þær reglur um húsaleigubætur sem eru í gangi í dag og stendur til að hafa áfram koma hvergi fram í frv. og er mjög undarlegt að sett skuli vera fram frv. um húsaleigubætur án þess að nokkurs staðar sé þess getið í frv. sjálfu eða lögunum, ef samþykkt verður, hverjar bæturnar eigi að vera að lágmarki. Það kemur hvergi fram. Hins vegar er kerfinu lýst í greinargerð með bráðabirgðaákvæði II og þar getur maður séð að bæturnar eru 7.000 krónur fyrir fjölskylduna, óháð því hvort þar er ein fullorðin manneskja í fjölskyldunni, tvær, þrjár eða fjórar. Til dæmis hjón með eldri foreldra, þau fá 7.000 krónur, nákvæmlega eins og einstaklingur sem býr einn í íbúð, þ.e. fjórir einstaklingar, hjón með báða foreldra annars þeirra, fá sömu bætur og einstaklingur sem býr einn í íbúð. Síðan er tekið tillit til barna sem búa á heimilinu og þá væntanlega barna undir 18 ára aldri, það er skilgreiningin á barni. Fyrsta barn fær 4.500 krónur, annað barn fær 3.500 krónur og hvert barn umfram það fær 3.000 krónur,

en 21.000 krónur eru hámark á leigubótunum, sem þýðir að ef börnin eru fleiri en þrjú, fær fjölskyldan ekkert fyrir þau börn sem koma þar á eftir. Þótt fjölskyldan sé með fimm börn, fær hún ekkert hærri bætur en fjölskylda með þrjú börn út af hámarkinu.

Þetta kerfi gerir það að verkum, eins og ég gat um, að einstaklingur fær sömu bætur og hugsanlega tveir, þrír eða fjórir fullorðnir í heimili. Fullorðin systkini sem leigja saman íbúð fá sömu bætur og einstaklingur. En þetta er kannski ekki það versta og væri kannski viðráðanlegt og allt að því félagslegt að taka svona mikið tillit til barna. Það sem er ófélagslegt í þessu eru skerðingarnar. Þær eru með ólíkindum. Það er nefnilega gert ráð fyrir því að sama hve fjölskyldan er stór, ef hún hefur samanlagt meira en 125.000 krónur á mánuði, þá byrja skerðingar, og þær ekki litlar. Það eru 24% af tekjunum umfram 125.000 krónur á mánuði sem bæturnar skerðast. Þær falla alveg niður við 155.000 krónur þegar um er að ræða barnlausa fjölskyldu og við 212.000 krónur þegar um er að ræða fjölskyldu með þrjú eða fleiri börn.

Þegar litið er yfir hvernig þetta virkar er í raun verið að segja að einstaklingur sem er með jafnvel 150.000 krónur í mánaðarlaun bara fyrir sjálfan sig, til að lifa einn og sér á, hann fær húsaleigubætur, en sex manna fjölskylda sem er með 212.000 krónur samtals fær engar húsaleigubætur. Ég fæ ekki skilið hvernig svo andfélagslegt kerfi er búið til. Framangreindar reglur sem útiloka barnafjölskyldur frá því að fá bæturnar gera það að verkum að tveir þriðju hlutar þeirra sem fá bæturnar í dag er barnlaust fólk. Enda er það svo að barnafjölskylda með þrjú eða fjögur börn verður að hafa meira en 212.000 krónur á mánuði annars bara kemst hún ekkert af. Fjölskyldan sér til þess með geysilega mikilli vinnu fyrirvinnanna að fjölskyldan hafi þessar tekjur en þá fær hún ekki húsaleigubætur. Það skýrir af hverju svo fáar barnafjölskyldur fá bætur.

Svo eru frítekjumörkin 125.000 krónur. Einstaklingur með 125.000 krónur fær fullar, óskertar bætur. En einstaklingur með engar tekjur, akkúrat engar tekjur, fær nákvæmlega sömu bæturnar. Hann hefur miklu meiri þörf fyrir þær að mínu mati en sá sem er með 125.000 krónur, bara fyrir sjálfan sig svo maður tali nú ekki um stóra barnmarga fjölskyldu sem er með litlar sem engar tekjur af ýmsum ástæðum. Þetta kerfi kemur illa við stórar fjölskyldur og það kemur illa við fjölskyldur með lágar tekjur. Það kemur illa við fjölskyldur sem ekki eru með hefðbundnu sniði, það er að segja fjölskyldur þar sem eru margir fullorðnir í heimili. Til dæmis eins og ég gat um þrjú systkini eða fólk með aldraða foreldra inni á heimilinu.

Þegar litið er til þess að 24% skerðing er á bótunum vegna tekna yfir 125.000 krónum og þegar tekið er tillit til þess að skerðing á barnabótum er 11% af tekjum þegar komið er yfir ákveðin mörk og þrjú börn, þegar tekið er tillit til skattprósentu erum við að tala um að 74% af tekjunum sem fara í minnkun bóta og skattlagningu þannig að jaðarskatturinn er 74%, eingöngu vegna þessara þriggja þátta. Svo getur fleira komið til, eins og endurgreiðsla á námslánum og fleira. Þarna er um að ræða mjög afdrifaríkar fátækragildrur. Þeir sem einu sinni komast inn á þessar bætur fá mjög lítið af þeim viðbótartekjum sem þeir afla sér. Það fer nánast allt í minnkun bóta þangað til bæturnar hverfa.

Í lögunum er ákvæði um að 25% af eignum umfram 3 millj. teljist til tekna og litið á það sem tekjur þegar tekjur eru metnar. Þetta þýðir 6% eignarskatt eða jaðarskatt á eignir sem er með því hæsta sem maður sér. Það merkir að á 17 árum er eignin tekin upp í með því að minnka bæturnar. Þetta hugsa ég sé ekki mikið mál og mér þætti eðlilegt að tengingin væri miklu mildari en að hún tæki til allra eigna ekki bara eigna yfir 3 milljónir.

Sjálfsagt er að reyna að átta sig á samspili þessara bóta og ýmissa annarra bóta sem eru í gangi í kerfinu og því miður er allt of lítið gert af því. Við erum t.d. með Lánasjóð ísl. námsmanna sem lánar námsmönnum fyrir húsnæðiskostnaði og annarri framfærslu að lágmarki 56.000 krónur á mánuði. Þarna er ákveðið samspil á milli vegna þess að námsmenn geta fengið húsaleigubætur og það kemur í ljós að þriðjungur þeirra sem eru á húsaleigubótum eru námsmenn.

Þriðjungur eru námsmenn sem eru og eiga að vera að fullu bættir hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, líka fyrir húsnæðiskostnaði. Ef litið er á þetta kerfi samanlagt kemur í ljós að námsmaður sem á ríka foreldra og þarf þar af leiðandi ekki að vinna á sumrin fær húsaleigubæturnar algjörlega óskertar. Þær koma ekki til skerðingar á námsláninu og þær koma ekki til tekjuskatts og þær eru á engan hátt skertar. Hann fær því fullar húsaleigubætur. (**KÁ:** Þeir taka ekki lengur lán því það er óhagstætt.) Það mundi borga sig fyrir þá að taka lánið og kaupa spariskírteini, það er bara svo einfalt, og þeir sem eru glöggir gera það eflaust. (**KÁ:** Þeir gera það ekki.) Þeir borga enga vexti af námsláninu og þurfa hugsanlega ekki að borga það til baka þegar skilyrði eru fyrir því (**KÁ:** Það eru vextir af námslánum.) en spariskírteinin bera 6% vexti.

(**Forseti** (GÁS)**:** Það er hv. 16. þm. Reykv. sem hefur orðið og á að beina orðum sínum til forseta.)

Það kemur í ljós að námsmenn fá húsaleigubæturnar til viðbótar við námslánið sem er ætlað til að standa undir framfærslukostnaði þeirra af húsnæði.

Herra forseti. Í frv. eru nokkur furðuleg ákvæði um hvað telst til tekna. Þar hafa menn að sjálfsögðu ætlað að vera góðir. Til dæmis er sagt að tekjur barna yfir 20 ára teljist til tekna fjölskyldunnar en væntanlega ekki undir þeim aldri. Það þýðir að fjölskylda 19 ára sjómanns, sem getur haft ansi myndarlegar tekjur samkvæmt nýjustu upplýsingum, hálfa milljón á mánuði að meðaltali, gæti fengið óskertar húsaleigubætur vegna þessara tekna. Sama er með námsmenn sem geta haft sæmilegar tekjur, þær eru ekki taldar með. En þær tekjur sem húsmóðirin fær fyrir skúra gólf á kvöldin vegna þess að fjölskyldan er stór og hún þarf að leggja hart að sér eða tekjur sem húsbóndinn sem þarf að leggja á sig með eftir- og næturvinnu skulu taldar að fullu en það sem krakkarnir hafa til þess að leika sér fyrir er ekki talið með. Mér finnst þetta vera mjög óeðlilegt og eiginlega til vansa að tekjur fullorðna fólksins sem þarf virkilega að leggja hart að sér til að sjá fjölskyldunni farborða skuli taldar að fullu með til frádráttar og skerðingar en tekjur krakka undir 20 ára og námsmanna eru ekki taldar með og að sjálfsögðu getur maður látið krakkana fara í skóla. (**Gripið fram í:** Tekjur námsmanna?)

Síðan er ákvæði um að bætur almannatrygginga teljist ekki með. Af hverju í ósköpunum ekki? Eru það öðruvísi tekjur en þær sem fólk þarf að vinna fyrir? Er virkilega meiningin að þeir sem fá bætur skuli fá húsaleigubætur en hinir ekki, að þeir sem fá ekki bætur úr almannatryggingum fái ekki húsaleigubætur? Þetta er alveg með ólíkindum. Ég get ekki séð af hverju í ósköpunum menn eru að undanskilja tekjur fjölskyldu frá almannatryggingum. Samkvæmt því er

munur á fjölskyldum sem eru með nákvæmlega sömu tekjur þar sem önnur fær tekjur úr almannatryggingum að hluta til en hin eingöngu vegna vinnu. Tekjurnar fjölskyldunnar af vinnunni eru taldar að fullu til frádráttar og hún fær ekki húsaleigubætur en tekjur fjölskyldu frá almannatryggingum koma ekki til frádráttar og þar af leiðandi getur hún fengið húsaleigubætur til viðbótar. Ég skil ekki svona hugsun.

Herra forseti. Samkvæmt frv. eru gerðar nokkrar kröfur til þess húsnæðis sem fólk má búa í til að hljóta bætur. Það má ekki vera einstaklingsherbergi og ekki íbúð þar sem eldhús eða snyrting er sameiginleg með fleirum. Ýmislegt er við þetta að athuga. Í fyrsta lagi: Hvað kemur ríkisvaldinu eiginlega við hvernig fólk kýs að búa? Hvað er ríkið að kássast upp á það ef einhver einstaklingur vill búa ódýrt? Þessi forsjárhyggja að þvinga alla til að leigja heila íbúð og dýra íbúð, hvort sem þeir vilja það eða ekki er ákaflega undarleg svo ekki sé meira sagt. Það getur vel verið að einhver borgari vilji búa ódýrt, t.d. í einu herbergi hjá frænku sinni eða annars staðar og stunda í staðinn menningu, fara í leikhús eða stunda skíði og annað slíkt, það getur verið að hann vilji það. Hvað er verið að neyða fólk til þess að leigja dýrar íbúðir? Þar fyrir utan er engin trygging fyrir því að íbúðin sé góð þó henni fylgi baðaðstaða og eldhús. Það geta verið kytrur engu að síður og óíbúðarhæft í því húsnæði. Auk þess höfum við lög og reglur til þess að gæta þess að ekki sé í notkun húsnæði sem er ekki íbúðarhæft.

Svo er önnur spurning. Því miður eru margir einstaklingar sem hafa stopular tekjur, eru í óreglu, og búa í einstaklingsherbergjum vegna þess að þeir hafa ekki efni á því að búa dýrar, þeir hafa ekki efni á því að leigja sér íbúð. Þetta fólk, sem að mínu mati er kannski mest hjálparþurfi, fær engar húsaleigubætur af því það býr í herbergi, hefur ekki efni á að búa nægilega flott. Þetta er mjög til athugunar og ég get engan veginn fallist á svona kerfi.

Herra forseti. Í frv. er gerð krafa um að leigusamningi sé þinglýst. Ég hef ekki fengið nein svör við því af hverju í ósköpunum það er gert nema til að koma í veg fyrir málamyndagerning eða svindl. Nú er það svo að alltaf eru einhverjir sem svindla á kerfinu, einhverjir leigutakar sem búa til málamyndagerning o.s.frv. og honum verður þar af leiðandi ekki þinglýst en mér finnst alltaf slæmt og rangt að refsa meginhluta fólks sem er heiðarlegt og stendur í skilum með allt sitt og láta það hlaupa bæinn á enda og borga kostnað við þinglýsingu vegna nokkurra aðila sem eru að svindla. Mér finnst miklu eðlilegra að þeir aðilar sem sjá um framkvæmd þessara laga komi upp eftirliti sem stuðli að því að skriflegir samningar séu raunverulegir samningar. Það er enginn vandi að gera stikkprufur á því og kanna það. Mér finnst miklu eðlilegra að þeir aðilar sem sjá um framkvæmdina standi í því að kanna það að samningarnir séu réttir.

Herra forseti. Það húsaleigubótakerfi sem er í gildi og stendur til að hafa áfram er mjög gallað. Það er andfélagslegt, það oftryggir vissa hópa, t.d. eins að framan er nefnt, einstaklinga með nokkuð góðar tekjur, 140--150 þús. kr. á mánuði eingöngu fyrir sjálfa sig, ekki til framfærslu barna eða annað slíkt. Hins vegar vantryggir það stóra hópa, fólk sem er með börn og fólk sem er með lágar tekjur eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það að fólk hjá Reykjavíkurborg missti bætur. Það er vegna þess að það er með of lágar tekjur til þess að falla undir þessi lög, nýju reglurnar gera bara ekki ráð fyrir því. Það borgar of háa leigu eða fær ekki nægilega stóran hluta af leigunni tryggðan. Það er langt undir tekjumörkunum og fær þar af leiðandi allt of lítið. Kerfið vantryggir því vissa hópa eins og ég gat um áðan, fólk sem er í leiguherbergjum, barnmargar fjölskyldur og fjölskyldur sem ekki detta beint inn í staðalinn að vera foreldrar með börn.

Herra forseti. Minni hlutinn leggur því til eftirfarandi breytingar á frv.: Ekki verði gerð krafa um þinglýsingu húsaleigusamnings, sú krafa er óþörf. Lagt er til að húsaleigubætur taki mið af öllum fjölskyldumeðlimum þannig að aldraðir foreldrar skipti ekki síður máli en börn. Þá er ekki gert krafa um að bæturnar nái eingöngu til íbúða með snyrtingu og eldhúsi, samanber rökstuðninginn sem ég kom inn á áðan. Þá er lagt til að 50% þakið á bæturnar verði fellt niður og tekið upp 80% þak. Lagt er til að 2. og 3. mgr. 7. gr. frv. falli niður en þar er fjallað um markaðsleigu sem erfitt er að meta og þar er líka talað um íbúðarmikið og óhóflegt húsnæði sem „stóri bróðir" á að hafa eftirlit með að menn séu ekki að standa í því að leigja svoleiðis og einnig takmörkun á leigufjárhæð félagasamtaka. Þetta er allt óþarft að mínu mati. Þá er lagt til að tekjur þeirra sem eru 20 ára og yngri séu að sjálfsögðu taldar með tekjum fjölskyldunnar og einnig námsfólks og að tekjur fólks frá almannatryggingum séu taldar með til skerðingar nákvæmlega eins og aðrar tekjur. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en miðað er við það að ljúka fundi um fimmleytið og einn hv. þm. hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu þingmannsins.)

Það er ein mínúta eftir. Þá er gerð smávægileg breyting um að ekki þurfi að bíða eftir því að umsóknin sé afgreidd til þess að fá bæturnar heldur sé þær reiknaðar frá þeim degi sem beiðni er lögð inn um umsóknina enda sé þá réttur til staðar.

Svo er ankannalegt ákvæði í 3. mgr. 14. gr. um að réttindi fólks falli niður við andlát. Það er svo sjálfsagður hlutur að undirrituðum finnst óþarfi að taka það fram.

[16:55]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mundi æra óstöðugan að eltast við allar þær rangfærslur sem er að finna í nál. og það liggur bara við að ég mótmæli nál. en ég ætla aðeins að tæpa á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi kom fram í máli gesta, m.a. frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, að það að taka upp húsaleigubætur hefði ekki hækkað leigu og við höfum ekki séð þess merki að leiga hafi hækkað þess vegna en þó fullyrðir þingmaðurinn að húsaleigubætur almennt auki eftirspurn eftir leiguhúsnæði og hækki leigu.

Hér er vikið að því að þeir skattgreiðendur sem búa í sveitarfélagi sem hefur ekki tekið upp greiðslu húsaleigubóta og eigi ekki kost á þeim bótum þó þeir fullnægi skilyrðum að öðru leyti greiði bætur hinna með sköttum sínum. Með þessum lagabreytingum er verið að koma á húsaleigubótum í öllum sveitarfélögum sem verður þá til þess að fólki verður ekki mismunað að því leyti. Satt best að segja skil ég ekki þessa setningu. Mér finnst hv. þm. algjörlega hunsa þær upplýsingar sem komu fram í nefndinni um það hverjir eru á leigumarkaði og hverjir leigja. Það er auðvitað endalaust hægt að „fabúlera" um alls konar dæmi en fólk með 220 þús. kr. tekjur á mánuði er ekki á leigumarkaði nema í einstaka tilvikum. Það er nú einu sinni svo, eins og hv. þm. veit, að mikill meiri hluti fólks býr í eigin húsnæði og margvís-

lega hefur verið reynt að stuðla að því að fólk eignist eigin húsnæði þannig að þessir gallar sem hann er að tíunda eru náttúrlega bara einhvers staðar utan úr loftinu.

Samkvæmt klukkunni er tími minn búinn, hæstv. forseti, en ég vil líka mótmæla því sem hér kemur fram um Lánasjóð íslenskra námsmanna og hv. þm. ætti að kynna sér þær reglur. Þar eru veitt lán með vöxtum. Það var tekið upp á síðasta kjötímabili undir forustu þáv. menntmrn. (Forseti hringir.) þannig að þingmaðurinn þarf að kynna sér þessi mál betur.

[16:58]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að húsaleigubæturnar hafi ekki hækkað leigu að þá segi ég einmitt í nál. „ekki er ljóst hvort það stafar af upptöku húsleigubóta eða af betra efnahagsástandi" en það kom fram að mikil spenna er á húsaleigumarkaðnum. Ég held að það sé ekki spurning að þeir sem eru að leita sér að leiguhúsnæði í Reykjavík geta sagt sögur af því hve auðvelt er að finna íbúð til leigu þannig að ég stend við þessa fullyrðingu alfarið. Auk þess er þekkt fyrirbæri að inngrip í markað eins og húsaleigumarkaðurinn er með því að breyta verðinu fyrir annan aðilann breytir að sjálfsögðu markaðnum. Það er þekkt.

Varðandi jafnræðisregluna þá var það einmitt það sem ég sagði að núna — ég var að hugleiða af hverju þyrfti að taka upp þessa breytingu — en ég segi í nál. að vegna þess að jafnræðisreglan sé hugsanlega brotin þar sem allir borga núna 60% af bótunum en ekki nema sumir fá þær þá sé nauðsynlegt að gera þessa breytingu og gera þetta almennt. Þetta var rökstuðningur fyrir því að gera þetta almennt.

Það er rétt að fólk á leigumarkaði er yfirleitt með lágar tekjur. Námsmenn eru yfirleitt með lágar tekjur að meðaltali yfir árið þannig að það er ekkert skrýtið að þeir eru þriðjungur af þeim sem taka bæturnar.

Varðandi LÍN og vextina. Auðvitað eru vextir af lánum hjá LÍN en þeir eru miklu lægri en markaðsvextir og miklu lægri en á spariskírteinum.

[16:59]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þm. sé ekki að leggja það til að það verði teknir upp markaðsvextir á námslánum.

Menn verða að gera sér grein fyrir í hvaða samfélagi þeir búa. Hverjir eru í námi og hvernig eru aðstæður þeirra? Er hlutverk ríkisvaldsins að reyna að jafna aðstöðu fólks? Hver er tilgangurinn með þessum húsaleigubótum? Hann er að akkúrat það sem segir í 1. gr., að reyna að jafna muninn milli þeirra sem eiga húsnæði og fá m.a. vaxtabætur og lán annaðhvort húsbréfalán eða eru með eldri lán frá Húsnæðisstofnun og svo hinna sem leigja. Það er verið að reyna að jafna þennan mun. Hv. þm. á að vita hverjir eru á leigumarkaði. Eins og hefur komið fram eru tveir þriðju hlutar þeirra sem fá húsaleigubætur undir skattleysismörkum. Af þeim er stærsti hlutinn námsmenn og það eru einhleypar konur og einhleypir karlmenn sem geta auðvitað líka verið námsmenn. Hugmyndir hans og útreikningar eru allsérstæðir. Menn verða að skoða hverja er verið að styðja með þessum lögum. Eins og ég nefndi í framsöguræðu minni má auðvitað deila um upphæð bóta og hverju eigi að bæta ofan á þær og hvenær þær eigi að byrja að skerðast o.s.frv. Vonandi munu sveitarfélögin sjá til þess að þær verði sem réttlátastar.

Að lokum, hæstv. forseti, vegna þess að hv. þm. nefndi þann hóp gæti hugsanlega orðið fyrir skerðingu þá hefur það verið eins og hv. þm. á að vita eftir umfjöllun um málið að leiga í leiguíbúðum Reykjavíkurborgar hefur verið afar lág, hún hefur verið langt undir almennu markaðsverði. Með því að færa leiguna upp í raunverð verður auðvitað mikil hækkun á leigu hjá þessu ákveðna fólki og húsnæðisbæturnar vega ekki upp á móti þeirri hækkun. Þess vegna er verið að skoða þessi dæmi sérstaklega og verið að leita leiða til að bæta því fátæka fólki, hv. þm., þessa skerðingu. Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um það fólk sem stendur oft verst að vígi í samfélagi okkar.

[17:02]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur ekki enn fært rök fyrir að það séu rangfærslur í nál. mínu eða nál. minni hlutans. Ég óska eftir að hún geri það. (**KÁ:** Í ræðu?) Já, í ræðu á eftir.

Það eru engar rangfærslur neins staðar sem hún hefur bent á. Það að tveir þriðju séu undir skattleysismörkum getur vel verið og er mjög líklegt. Ég gat um það áðan að einn þriðji er námsmenn og þeir eru væntanlega flestir undir skattleysismörkum og þeir fá bætur þannig að þá er ekki nema einn þriðji eftir sem er undir skattleysismörkum og er vinnandi og hefur af ýmsum ástæðum ekki tekjur þannig að það er mjög eðlilegt. En það sem hv. þm. var að benda á það er akkúrat það sem ég nefndi. Þeir sem eru með 125 þús. kr. í tekjur fá nákvæmlega sömu bætur og þeir sem hafa engar tekjur. Það er vandamálið. Það er vandamálið að ekki er tekið tillit til þeirra sem hafa engar tekjur. Það er ekki tekið neitt tillit til þeirra. Þeir fá sömu bætur og sá sem er með 125 þús. kr. (Gripið fram í.) Það er málið, það er sumt fólk hjá Reykjavíkurborg með mjög litlar tekjur eins og hv. þm. gat um. (**Gripið fram í:** Þeir fá fjárhagsaðstoð.) Já, þeir fá fjárhagsaðstoð en það fólk hefur mjög lágar tekjur og það fær sömu bætur og sá einstaklingur sem er með mjög lágar tekjur segjum 15–20 þús. kr. á mánuði, hann fær sömu bætur og sá sem hefur 125 þús. kr. á mánuði bara fyrir sjálfan sig.

[17:04]

**Útbýting þingskjals:**

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, 370. mál, fsp. RG, þskj. 602.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:04.

# 47. FUNDUR

fimmtudaginn 18. des.,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

*Til samgönguráðherra:*

1. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 215. mál, þskj. 228.

2. Markaðshlutdeild fyrirtækja, fsp. TIO, 216. mál, þskj. 229.

3. Starfsleyfi atvinnubifreiðastjóra, fsp. GL, 273. mál, þskj. 343.

*Til forsætisráðherra:*

4. Landafundir Íslendinga, fsp. ÖS, 243. mál, þskj. 288.

5. Gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf., fsp. GÁS, 299. mál, þskj. 371.

[10:00]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, þskj. 537.

Stjórn fiskveiða, 275. mál, þskj. 593.

Stjórn fiskveiða, 303. mál, þskj. 594; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 606.

Vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega, 314. mál, svar heilbrrh., þskj. 586.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 302. mál, þskj. 595.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:02]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti lætur þess getið að í dag fer fram utandagskrárumræða um afleiðingar af uppsögnum ungra lækna. Málshefjandi verður Össur Skarphéðinsson. Heilbrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og mun standa í allt að hálfri klukkustund. Hún hefst kl. 13.30.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 215. mál (áætlunarflug). — Þskj. 228.

[10:03]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Á Alþingi hefur verið lagt fram frv. til laga um stjórn fiskveiða sem hefur þann tilgang að koma í veg fyrir að aflahlutdeildir safnist í of miklum mæli á einstaka aðila. Í athugasemdum með frv. kemur fram að kvótaeign stærstu fyrirtækja er á bilinu 4–5%, eignarhald er mjög dreift og samþjöppun aflahlutdeilda á einstaka aðila hefur ekki verið ýkja hröð. Miðað við þær upplýsingar verður ekki séð að þörf sé á þessu frv. og sérstökum ráðstöfunum til að hindra þróun stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna á þeirri forsendu að hætta sé á því að í krafti kvótaeignar sinnar fái sjávarútvegsfyrirtæki of mikil völd í og staða þeirra gagnvart stjórnvöldum geti orðið of sterk.

Af þessu tilefni er nauðsynlegt að fá upplýsingar um stærð og fyrirferð fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum svo bera megi saman hættu á fákeppni og yfirþyrmandi áhrifum einstakra fyrirtækja á stjórnvöld, annars vegar í sjávarútvegi og hins vegar í ýmsum öðrum atvinnugreinum. Ég hef því flutt eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgrh.:

1. Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í áætlunarflugi?

2. Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[10:04]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ráðuneytið skrifaði helstu flugfélögum hér á landi til þess að fá viðbrögð þeirra við fyrirspurn hv. þm. Tvö stærstu fyrirtæki landsins í áætlunarflugi munu vera Flugleiðir og Flugfélag Íslands en ég kaus að senda fyrirspurnina víðar. Flugleiðir svara henni svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til bréfs yðar varðandi markaðshlut fyrirtækja í flugrekstri á Íslandi og vangaveltur um hugsanlega takmörkun stærðar fyrirtækja á markaðnum vilja Flugleiðir koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

1. Markaðshlutdeild. Engar opinberar tölur liggja fyrir um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja en ætla má að markaðshlutdeild Flugleiða í farþegaflugi til og frá landinu sé um 80%. Þjónusta félagsins á íslenska markaðnum er þáttur í heildarstarfsemi Flugleiða í alþjóðaflugi sem fyrst og fremst er bundið við Norður-Atlantshaf. Ætla má að markaðshlutur Flugleiða á heildarmarkaði sínum sé innan við 1%. Þjónustustig í flugi til og frá Íslandi, mælt í úrvali áætlunarstaða, ferðatíðni og úrvali ferðagjalda, er mjög hátt miðað við stærð þessa hluta heildarmarkaðar félagsins og byggir á samþættingu flugs til og frá Íslandi og flugs yfir Norður-Atlantshaf.

2. Takmörkun stærðar. Flugleiðir telja enga forsendu fyrir takmörkunum af því tagi sem drepið er á í bréfi yðar. Félagið þekkir engin fordæmi um slíkt á erlendum markaði. Millilandaflugrekstur er í eðli sínu alþjóðleg starfsemi og ekki hægt að líta á aðgang að markaðnum sem aðgang að takmarkaðri auðlind. Flugrekstur milli Íslands og annarra landa er að langmestu leyti á leiðum milli Íslands og landa Evrópska efnahagssvæðisins annars vegar og milli Íslands og Bandaríkjanna hins vegar. Vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er flugrekstur milli Íslands og annarra landa EES opinn öllum flugfélögum á svæðinu sem hafa tilskilin leyfi. Vegna nýs loftferðasamnings við Bandaríkin er öllum íslenskum og bandarískum flugfélögum heimill flugrekstur á leiðum milli landanna. Þetta á jafnt við um farþega- og fraktflug. Takmarkanir á umsvifum íslenskra fyrirtækja mundu einungis hafa þau áhrif að draga úr samkeppnisgetu þeirra á alþjóðamarkaðnum sem Ísland er sannarlega hluti af.

Flugmarkaðurinn milli Íslands og annarra landa er einn hinn minnsti sem um getur í alþjóðaflugi. Flugleiðir sem eru stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða er eitt af þremur minnstu fyrirtækjum The Association of European Airlines, Samtökum evrópskra áætlunarflugfélaga. Í þeim samtökum eru 26 helstu áætlunarflugfélög í Evrópu.

Flugrekstur krefst mikilla fjárfestinga og skuldbindinga. Þetta á einkum við um áætlunarflugrekstur. Flugleiðir sækja $^{3}/_{4}$ tekna sinna í alþjóðaflug á erlendan markað og eiga þar í samkeppni við flugfélög sem flest eru margfalt stærri. Í þeirri samkeppni líður félagið fyrir eigin smæð og telur því brýnt að tryggja meiri stærðarhagkvæmni í rekstrinum. Því hefur félagið kynnt áform um verulega sókn í alþjóðaflugi.

Flugleiðir þjóna íslenska markaðnum með beinu flugi til 23 áætlunarstaða erlendis (sumaráætlun 1998). Þeim hefur fjölgað um 30% frá því í upphafi þessa áratugar og ferðatíðni til og frá landinu hefur meira en tvöfaldast. Þetta hefur fyrst og fremst gerst vegna þess að Flugleiðir hafa samþætt þjónustuna til og frá Íslandi vaxandi starfsemi í flugi yfir Norður-Atlantshaf. Íslenski markaðurinn nýtur þannig aukinnar alþjóðlegrar starfsemi. En með sama hætti styður starfsemi Flugleiða á heimamarkaðnum alþjóðlega sókn fyrirtækisins. Félagið telur að hugmyndir um takmörkun á umsvifum fyrirtækisins við þær kringumstæður sem hér er lýst væru á skjön við það samkeppnisumhverfi sem skapað hefur verið í millilandaflugi. Þær mundu vafalítið koma mjög illa niður á heildarstarfsemi Flugleiða og veikja félagið í alþjóðlegri starfsemi. Án efa yrðu þær einnig til þess fallnar að skerða mjög verulega flugþjónustu milli Íslands og annarra landa."

Undir þetta skrifar Einar Sigurðsson.

Um Flugfélag Íslands segir í bréfi til ráðuneytisins:

„Frá stofnun Flugfélags Íslands 1. júní 1997 hafa flutningar í innanlandsflugi félagsins verið sem hér segir: Júní 30.765, júlí 32.964, ágúst 33.626, september 23.153, október 26.324, nóvember 24.352."

Thor Ólafsson skrifar undir.

Frá Íslandsflugi berst svohljóðandi svar:

„Ég vísa til bréfs þíns vegna fyrirspurnar Tómasar Inga Olrich um markaðshlutdeild í áætlunarflugi innan lands. Okkar hlutdeild er á bilinu 20–25%."

Þetta er frá Íslandsflugi, undirskrifað Ómar.

Frá Mýflugi kemur fram að þeir telja önnur úrræði en samkeppnisleg ekki koma til með að tryggja samkeppni í innanlandsflugi. Leifur Hallgrímsson undirritar fyrir hönd Mýflugs.

[10:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og vil gefa honum hæstu einkunn í hraðlestri. Hæstv. ráðherra hafði sig í gegnum svör allra helstu flugfélaga landsins og endaði á hinu merka flugfélagi Mýflugi. Auðvitað var fróðlegt að heyra afstöðu flugfélaganna til fyrirspurnarinnar en mig rekur varla minni til þess að hafa heyrt fyrirspurn svarað með þessum hætti áður. Athyglisvert var að ekki eitt einasta orð kom fram í svarinu um afstöðu hæstv. ráðherra. Nú hafði ég lesið fyrirspurnina þannig að, a.m.k. að einhverju leyti, væri hv. þm. Tómas Ingi Olrich að spyrja hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, um afstöðu hæstv. ráðherra til markaðshlutdeildar einstakra fyrirtækja í flugsamgöngum og hvort ástæða væri til að takmarka umsvif þeirra eða starfsemi umfram það sem samkeppnislög segja til um. Ráðherra kaus að svara með því að lesa upp bréf frá flugfélögunum en vék ekki einu orði að afstöðu sinni eða ráðuneytisins til málsins. Það er athyglisvert.

[10:12]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið. Svar Flugleiða er mjög í sama dúr og þær upplýsingar sem koma fram í skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Markaðshlutdeildin er um 80% og telst því mjög há.

Í svari fyrirtækisins kemur í ljós að ef starfsemi þessa flugfélags sem er á alþjóðlegum markaði yrði skert, þá mundi það hafa mjög skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu þess erlendis og vera á skjön við alþjóðlegt samkeppnisumhverfi eins og þar var komist að orði.

Tilgangurinn með fyrirspurn minni er ekki sá að ýta undir að kreppt verði að fyrirtækjum eins og Flugleiðum sem gegna mjög mikilvægu hlutverki í samgöngumálum þjóðarinnar. Tilgangur fyrirspurnarinnar sá að menn velti því fyrir sér hvort ástæða er til þess að þrengja að stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins sem eiga frá 5–6% af kvótanum. Það vill svo til að þessi fyrirtæki eru líka í samkeppni á alþjóðlegum markaði. Þau eru í samkeppni við sjávarútveg sem ekki þarf að greiða í ríkissjóð eins og íslenskur sjávarútvegur, heldur er hann styrktur. Tilgangur með fyrirspurnarinnar var fyrst og fremst sá að varpa ljósi á það hversu sérkennilegt er að þrengja að íslenskum sjávarútvegi sem á í alþjóðlegri samkeppni á meðan markaðshlutdeild stærstu fyrirtækjanna er þó ekki meiri.

[10:14]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Mér vannst ekki tími áðan til að svara síðari spurningunni. Ég taldi nauðsynlegar forsendur fyrir því svari að skýra stöðuna frá sjónarhóli áætlunarflugfélaga landsins.

Auðvitað má segja að hv. þm. hafi haft rétt fyrir sér þegar hann sagði áðan að Flugleiðir hefðu 80% markaðshlutdeild á sínum flugleiðum þó réttara væri að segja Flugleiðir hafa 1% markaðshlutdeild ef litið væri á starfsemi þess félags í því samhengi að það byggir vöxt sinn og viðgang á Norður-Atlantshafsfluginu. Það er mikill meiri hluti af þeirra starfsemi þannig að það verður að horfa á Flugleiðir í því ljósi.

Með hliðsjón af því sem ég greindi frá áðan og vegna þess að ekkert af flugfélögum landsins telur ástæðu til að athuga hvort rétt sé að takmarka umsvif keppinautanna ... (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni Mýflug?) Ekki einu sinni Mýflug. Mýflug hefur að vísu orð á því, ég hafði ekki tíma til að lesa allt svarið, að fram að þessu hafi það ekki haft tækifæri til að fljúga áætlunarflug í eigin nafni. Það hefur auðvitað takmarkað vöxt og viðgang þess félags en ekkert af fyrirtækjunum telur ástæðu til að takmarka umsvifum keppinauta á innanlandsflugleiðum með lögum og Flugleiðir telja ekki ástæðu til að slíkt verði gert í millilandaflugi. Þeir telja ekki ástæðu til að sporna gegn erlendri samkeppni þannig að mér virðist greinin aðhyllast frjálsa samkeppni, óhindraða frjálsa samkeppni. Sú er raunar líka stefna stjórnvalda.

## *Markaðshlutdeild fyrirtækja.*

Fsp. TIO, 216. mál (sjóflutningar). — Þskj. 229.

[10:16]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Með sama formála og hafður var að fyrri fyrirspurn vil ég spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í sjóflutningum?

2. Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

[10:17]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Í samræmi við eðli fyrirspurnarinnar taldi ég rétt að gefa skipafélögum tækifæri til að tjá sig um hana. Eimskipafélagið svarar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísað er til fyrirspurnar ykkar til Eimskipafélagsins í framhaldi af fyrirspurn Tómasar Inga Olrich alþingismanns til samgönguráðherra um markaðshlutdeild í sjóflutningum.

Ef litið er til heildarflutninga Eimskips til og frá landinu árið 1996 eins og þeir eru birtir í ársskýrslu félagsins, þá voru þeir samtals 946 þús. tonn. Samkvæmt Hagtíðindum eru heildarflutningar til og frá landinu, að frádregnum flutningum með flugvélum, samtals 3.173.579 tonn. Samkvæmt þessu var markaðshlutdeild Eimskips í sjóflutningum til og frá landinu um 30% á síðasta ári. Ef frá eru dregnir olíuflutningar og flutningar á súráli til álversins í Straumsvík er markaðshlutdeildin um 38%. Vakin er athygli á því að í þessum tölum eru ekki flutningar innan lands, enda liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um stærð markaðarins í sjóflutningum milli hafna hér innan lands.

Tilurð þessarar fyrirspurnar tengist væntanlega umræðum um setningu reglna um að hámarka heildarfiskveiðikvóta einstakra sjávarútvegsfyrirtækja og hefur þá t.d. verið talað um 10%. Benda má á að þetta eru ólík og óskyld mál. Annars vegar er verið að tala um frjálsan markað, flutningamarkað þar sem aðgangur er ótakmarkaður og stjórnvöld hafa ekki sett neinar sérstakar reglur eða kvóta og reksturinn byggist ekki á neinum sérstökum skorti eða varðveislu auðlinda. Ríkisvaldið hefur aftur á móti sett ákveðnar reglur um stjórn fiskveiða og úthlutað þar með aðgangi að auðlindinni. Því má segja að hér sé ólíku saman að jafna."

Þorkell Sigurlaugsson undirritar bréfið fyrir hönd Eimskipafélags Íslands.

Samskip svara fyrirspurninni svo:

„Flutningsmagn Samskipa í tonnum árið 1996 hefur verið borið saman við heildarflutninga til og frá Íslandi samkvæmt Hagstofu Íslands og er niðurstaðan eftirfarandi: Innflutningur 6,6%, útflutningur 11,7%, heildarflutningar Samskipa hf. 8,6%. Sigla- Stórflutningar 1,6%, heildarmarkaðshlutdeild samstæðu Samskipa 10,2%. Flutningar Siglu ehf. hafa verið teknir inn í þessa tölu til að gefa heildarmynd af flutningum samstæðu Samskipa hf."

Undirritað af Halldóru Káradóttur.

Saltskip svarar svo:

„Það upplýsist hér með að fyrirtækið Saltskip hf. stofnað 27. júlí 1997 er útgerðaraðili Ms. Hvítaness. Áætlaður flutningur á vegum fyrirtækisins með eigin skipi er saltfiskur um það bil 15 þús. tonn og er það eingöngu fiskur sem frá SÍF hf. kemur en taka má fram að áætlaður heildarútflutningur þess fyrirtækis er um það bil 30 þús. tonn á ári. Innflutt salt með Hvítanesi er um það bil 10 þús. tonn á ári og er það salt flutt inn fyrir Saltkaup hf. sem flytur inn að heldarmagni um það bil 40–45 þús. tonn á ári. Annar innflutningur með Hvítanesi er um það bil 2.000 tonn sem er ýmiss konar varningur fyrir hina ýmsu aðila í landinu. Saltskip hf. vildi sjá opnara aðgengi og aðgengilegri upplýsingar hvað varðar flutningataxta hverju sinni frá hinum skipafélögunum."

Jón Rúnar Halldórsson ritar undir fyrir hönd Saltskips hf.

Nesskip, skipafélag, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1996 voru eftirtaldir flutningar á vegum Nesskips hf.: Innflutningur 303.900 tonn, útflutningur 204.800 tonn, strandflutningar 616 tonn."

Bréfið er undirritað af Þorsteini Erni Andréssyni.

Nes hf., skipafélag, svarar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Strandflutningar: 1996 4.215 tonn, 1995 3.374 tonn og 1994 2.120 tonn.

Útflutningur: 1996 91.582 tonn, 1995 87.802 tonn, 1994 74.457 tonn.

Innflutningur: 1996 35.606 tonn, 1995 29.128 tonn, 1994 31.172 tonn.

Flutningar erlendis: 1996 2.900 tonn, 1995 5.351 tonn,1994 1.890 tonn."

Pálmi Pálsson skrifar undir fyrir hönd Ness.

Svo mörg voru þau orð. Eins og þessi upplestur ber með sér telja skipafélögin ekki ástæðu til að setja sérstök lög um samkeppni umfram það sem til staðar er í samkeppnislögum, alþjóðareglum skipafélaga og í lögum um samkeppni innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég er sömu skoðunar. Á þessu sviði á að vera fullkomið frelsi og það er stefna stjórnvalda.

[10:22]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er hefð fyrir því að eftir að fyrirspurn hefur verið beint til hæstv. samgrh. gefi stjórnarandstaðan honum einkunn fyrir hraðlestur. Ég held að hann fengi svona upp undir 9 fyrir þennan lestur. (**Gripið fram í:** 8,5.) 8,5? Meiningar eru deildar.

Ég held að það rétt sé að lesa þá fyrirspurn sem beint var til hæstv. samgrh. Hún hljóðar svo:

„Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í sjóflutningum?" Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hefði getað sagt já og klárað þetta mál þannig. Síðan hefði hann getað farið yfir þær upplýsingar sem hann hafði. Seinni spurningin er svohljóðandi:

„Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?"

Virðulegi forseti. Þessi Páll Pálsson eða hvað hann hét var ekki spurður um eitt eða neitt en hæstv. ráðherra leyfði sér að vitna í hann. Ég held að hæstv. ráðherra eigi nú í seinna svari sínu að leggja eitthvað haldbetra til umræðunnar.

[10:23]

**Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir ítarleg svör. Þau voru öllu ítarlegri heldur en fyrirspurnin gaf tilefni til. Ég læt þess sérstaklega getið vegna þess að í svari eins fyrirtækisins kom fram sú skoðun að um sjóflutningana giltu allt önnur lögmál en í sjávarútveginum vegna þess sjávarútvegurinn væri lokuð grein og þar kæmust ekki allir að. Því miður er þetta misskilningur. Hver sem er getur fjárfest í sjávarútvegi að því tilskildu að hann sé reiðubúinn að leggja fram það fjármagn til skipakaupa, útgerðar og kvótakaupa. Þar með þurfa menn að vera reiðubúnir til að taka þá áhættu sem fólgin er í að kaupa kvóta. Því fylgir veruleg áhætta eins og allir vita. Þetta getur Eimskip gert, eins og hver annar, þannig að Eimskipafélaginu er fullkomlega frjálst að fjárfesta í sjávarútvegi.

Eins og aðrar fyrirspurnir í þessum dúr hefur þessi fyrirspurn varpað ljósi á hversu lítil fákeppni er í sjávarútveginum og ekki nein efni til þess að þrengja að stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi sem eiga eins og ég tók fram áðan í alþjóðlegri samkeppni þar sem þau standa verr en önnur fyrirtæki að því

leyti til að þau njóta ekki opinberra styrkja. Því tel ég mjög brýnt að menn séu ekki að sauma að þessum fyrirtækjum umfram það sem almenn samkeppnislög segja til um.

[10:25]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Vegna athyglisverðra athugasemda hv. þm. Alþfl. tel ég nauðsynlegt að fram komi að ég lít svo á þegar spurt er hvort ráðherra hafi upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í sjóflutningum að þá ætlist fyrirspyrjandi til að reynt sé að gera efnislega grein fyrir samkeppnisumhverfi því sem hér er í sjóflutningum. Ég svaraði því eftir bestu getu og var ekki með útúrsnúninga í því sambandi.

Annars veit ég ekki, herra forseti, hvort það er þinglegt að segja, en fyrir skömmu talaði einn af þingmönnum Alþfl. um að vel færi á að Marteinn Mosdal svaraði fyrir mína hönd í þessum ræðustól. Áðan heyrðist mér Alþfl. þegar hafa séð fyrir því að hann kæmi hér í ræðustólinn og svaraði fyrir mig, Marteinn Mosdal hv. þm.

## *Starfsleyfi atvinnubifreiðastjóra.*

Fsp. GL, 273. mál. — Þskj. 343.

[10:26]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. 1995 tóku gildi ný lög um leigubifreiðar sem jafnframt eiga að gilda um akstur vörubifreiða og sendibifreiða en gera það alls ekki að sama skapi. Lögin voru sett vegna úrskurðar Mannréttindadómstóls Evrópu um kæru leigubifreiðastjóra vegna ákvæðis í lögum um félagaskyldu. Þá var afnumin skylda bifreiðastjóra að vera í einu og sama stéttarfélagi á þeim svæðum þar sem fjöldi bifreiða í leiguakstri var takmarkaður. Eftir að lögin tóku gildi 1995 var ekki sett ný reglugerð en þangað til átti að gilda reglugerð nr. 121/1990. Sú reglugerð fjallar fyrst og fremst um takmörkun á fjölda bifreiða. Þar segir í 6. gr. að stéttarfélag það sem nýtur takmörkunar skuli hafa umsjón með því að fjöldi bifreiða á félagssvæði skuli vera í samræmi við hámark það sem getið er um í reglugerðinni.

Þegar ný lög voru sett var grundvöllur þessa hins vegar brostinn þar sem félög sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra geta ekki með nokkru móti sagt til um þann fjölda þeirra sem stunda þessa atvinnu, enda ekki lengur skylda að vera í félagi. Mjög hefur færst í vöxt að menn stundi þessa atvinnu án þess að hafa tilskilin leyfi samkvæmt því sem áður gilti um vörubifreiðaakstur og sendibifreiðaakstur. Í raun ríkir orðið ófremdarástand í þessari starfsemi og félög atvinnubifreiðastjóra, þ.e. vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, hafa ítekað farið fram á það við hæstv. ráðherra að sett verði ný reglugerð. Þeir vilja skýrari reglur um þessa atvinnustarfsemi og hafa óskað eftir því að sérstök reglugerð um atvinnuleyfi verði sett. Með þessum atvinnuleyfum verði sett skýr skilgreining á starfi sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra, starfssvið þessara atvinnugreina og leigubílstjóra verði aðgreint og tryggt að menn séu í stéttarfélagi eða hagsmunafélagi á viðurkenndri sendi- eða vörubílastöð. Við þessu hefur, eftir því sem ég best veit, ekki verið orðið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og þrátt fyrir það að kærum, t.d. frá Félagi sendibifreiðastjóra til ráðuneytis eða kvörtunum yfir ólöglegri starfsemi hafi fjölgað verulega. Á þskj. 343 bar hv. varaþm. Guðmundur Lárusson fram fyrirspurn í þremur liðum:

1. Hvaða skilyrði eru sett fyrir atvinnuleyfum sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra?

2. Telur ráðherra ástæðu til að sett verði löggjöf eða reglur um starfsemi sendibifreiða og vörubifreiða?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á stofn sérstök starfsleyfaskrifstofa sem sjái um úthlutun starfsleyfa og hafi eftirlit með framkvæmd laga nr. 61/1995 og reglna settra samkvæmt þeim?

[10:30]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Um sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra gilda lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, og reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, nr. 121/1990. Í I. kafla laganna eru almenn skilyrði fyrir akstri leigubifreiða, þar sem m.a. kemur fram að allir þeir sem hyggjast aka leigubifreið þurfi að hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarfélagi. Enn fremur eru ákveðin skilyrði sem bifreiðastjóri þarf að uppfylla, þ.e. að hafa óflekkað mannorð, hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu, tilskilin ökuréttindi og fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Það er þó ekki skilyrði fyrir akstri sendibifreiðastjóra eða vörubifreiðastjóra að gefin séu út sérstök atvinnuleyfi þeim til handa.

Í reglugerð er kveðið á um fjölda bifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun gildir og enn fremur tekið fram að stéttarfélagið sem í hlut á eigi að gæta þess að ávallt séu bifreiðar á svæðinu í samræmi við fjöldann sem birtur er í reglugerðinni.

Þá er spurt hvort ráðherra telji ástæðu til að sett verði löggjöf eða reglur um starfsemi sendibifreiða og vörubifreiða. Ég álít að nauðsynlegt sé að skýra nánar og skerpa það atvinnuumhverfi sem bæði sendibifreiðastjórar og vörubifreiðastjórar starfa í og það þurfi að fygjast betur með að þau skilyrði sem sett eru fyrir akstrinum séu uppfyllt og eftirlit verði almennt virkara en nú er og tel því mjög brýnt að ný löggjöf verði sett um þessi efni og mun reyna að sjá til þess að undirbúningi hennar verði komið svo vel á veg að hægt verði að leggja frv. fram þegar þing kemur saman að nýju eftir áramót.

Þá er spurt: Mun ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á stofn sérstök starfsleyfaskrifstofa sem sjái um úthlutun starfsleyfa og hafi eftirlit með framkvæmd laga nr. 61/1995 og reglna settra samkvæmt þeim? Já, ég tel nauðsynlegt að slík starfsleyfaskrifstofa sé sett á fót. Það hefur verið rætt innan ráðuneytisins hvernig best sé að koma henni fyrir. Það hefur m.a. komið til athugunar hvort skynsamlegt kunni að vera að biðja Vegagerðina að annast það verkefni sérstaklega. Þetta snýr raunar líka að hópferðaakstri og kannski almennt kvörtunum varðandi starfsemi atvinnubifreiðastjóra í hvaða grein sem þeir eru. Ég tel með öðrum orðum að þessi grein eigi fullkominn rétt á sér, sé tímabær og ég mun reyna að sjá til þess og ætla mér að frv. verði lagt fyrir þingið þegar það kemur saman á ný eftir áramót.

[10:33]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir þessi svör og þá jákvæðni sem kemur fram í hans svörum og þá sérstaklega því atriði að lagt verði fram frv. fljótlega eftir að þing kemur saman í janúar og þá vænti ég þess líka að þingið muni afgreiða það fljótt og vel vegna þess

að það ástand er ólíðandi sem þessar atvinnustéttir verða að búa við og hafa gert núna um nokkur ár og verður að ganga frá því tryggilega að tilskilin leyfi og skilyrði fyrir þessari atvinnustarfsemi séu uppfyllt. Ég fagna því alveg sérstaklega að ráðherra skuli ætla að leggja hér fram frv. og skora á hv. þm. sem það fá til meðferðar að gera því nú góð skil mjög fljótt vegna þess að ekki er hægt, eins og ég segi, að búa við þetta ófremdarástand sem bæði vörubifreiðastjórar og sendibifreiðastjórar hafa búið við í langan tíma og eins og hæstv. ráðherra sagði, þá gildir þetta líka um hópferðabifreiðar.

## *Landafundir Íslendinga.*

Fsp. ÖS, 243. mál. — Þskj. 288.

[10:35]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Um næstu aldamót verður 1.000 ára afmæli landafundanna miklu. Þessir landafundir urðu í kjölfar þess að Íslendingar sigldu héðan með Eiríki rauða í fararbroddi til Grænlands og námu þar land, raunar á undan þeirri þjóð sem þar býr núna og í kjölfarið urðu þar síðan tvær íslenskar nýlendur og hélt önnur þeirra velli í 500 ár. Það var einmitt til þess að leita frænda í Grænlandi sem Bjarna Herjólfsson frá Drepstokki í Flóa hrakti vestur fyrir Grænlands og alla leið til nýs meginlands langt suður eftir þar sem hann sá skóg á landi og dádýr hlaupa í skóginum. Og þó hásetar hans hefði þremur sinnum óskað eftir því að hann tæki land þá vildi hann nú ekki gera það. En eftir þetta var það Leifur Eiríksson og félagar hans sem hófu skipulega landaleit. Þeir fundu Markland og þeir fundu Helluland og þeir fundu Vínland hið góða. Líklega er þetta mesta afrek Íslandssögunnar ef frá er talið landnámið sjálft.

Það hefur komið í ljós með seinni tíma rannsóknum að þessir menn bjuggu yfir furðumikilli þekkingu sem gerði þeim kleift að stýra skipum sínum landa á milli. En þessi miklu afrek hafa allt of lengi legið í þagnargildi, ekki síst meðal okkar Íslendinga sjálfra.

Aðrar þjóðir hafa líka reynt að freista þess að stela frá okkur Leifi Eiríkssyni og sennilega má engum frekar um það kenna en okkur sjálfum. Ef við lesum til að mynda þær sögubækur sem við höfum búið til til að kenna íslenskum börnum og unglingum sögur forfeðranna þá er það ótrúlega lítið sem kemur fram í þeim einmitt um þessi miklu afrek. Rannsóknir á þessu hafa líka verið allt of litlar. Það er ekki fyrr en núna á allra síðustu tímum að menn hafa verið að gera fornleifarannsóknir á Grænlandi, m.a. Íslendingar, og m.a. sýnt fram á það að elstu bein sem þar eru eru aldursgreind þannig að allt bendir til þess að það sem sögurnar sögðu hafi allt saman verið rétt. Norðmenn fundu jafnframt merkar fornleifar á Nýfundnalandi þar sem heitir L´Anse aux Meadows þar sem líklega stóðu Leifsbúðir. Líka hefur vantað rannsóknir á t.d. tengslum ferðalaga Kólumbusar til Ameríku 500 árum síðar og arfleifðar Vínlands.

Ég held því, herra forseti, að það sé þarft að nota 1.000 ára afmælið til þess að lyfta þessu. Það er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld geri það sem hægt er til þess að lyfta minningu landafundanna. Það mun ekki aðeins leiða til þess að Íslendingar muni skilja þessi merku afrek forfeðranna miklu betur en áður heldur er líklegt að það muni líka verða til að efla mjög ferðamannastraum afkomenda Íslendinga í Vesturheimi og annarra í tilefni þessara merku tímamóta. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin hyggist halda upp á 1000 ára afmæli landafunda Íslendinga.

[10:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það er ljóst að um víða veröld munu menn minnast þess og gera sér daga- og áramun vegna 2.000 ára afmælis okkar tímatals. En það vill þannig til að hjá okkur er eiginlega þríheilagt því að eins og hv. fyrirspyrjandi benti á þá höfum við ástæðu til þess að fagna þeim tímamótum með öðrum í veröldinni, í hinum kristna heimi, og jafnframt 1000 ára afmæli íslenskrar kristni og síðan landafundunum miklu sem við eigum að vera stolt af eins og hv. þm. sagði réttilega.

Við skulum gera okkur grein fyrir því hins vegar að hætt er við að okkar átak geti kafnað nokkuð í öðrum atburðum til að mynda þar vestra. Við verðum því að haga störfum okkar þannig að þau mótist af raunsæi, einbeita okkur að vissum þáttum og tilteknum afmörkuðum stöðum í Bandaríkjunum og í tengslum við minningar landafundanna.

Ríkisstjórnin ákvað í haust að skipa nefnd til þess að undirbúa þessa þætti. Ákveðið var að formaður nefndarinnar skyldi vera Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, og jafnframt var ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri átaksins, nefndarinnar, Einar Benediktsson sendiherra, einn allra reyndasti sendimaður Íslands á erlendi grund. Einar hefur þegar unnið allítarleg drög að dagskrá þessarar minningarhátíðar. Hann einbeitir sér þar að þremur svæðum, þ.e. höfuðborginni og við New York á austurströndinni, síðan að Minneapolis og í þriðja lagi svæðinu í kringum Los Angeles.

Ég hygg að skynsamlegt sé að leggja meginherslu á þessa þætti og afmarka verkefnið nokkuð skýrt. Þegar er ljóst að það getur orðið æðikostnaðarsamt fyrir okkur ef þessi starfsemi á að ná nokkru máli og á fjárlögum næsta árs er þegar gert ráð fyrir nokkurri upphæð til undirbúnings starfsins. Þó er ljóst að mjög mikið þarf að fylgja í kjölfarið þannig að þessa verks sjái stað.

Ég er hjartanlega sammála hv. fyrirspyrjanda. Það ber að gera þetta myndarlega og ég tel að þeir sem til hafa verið kallaðir séu líklegir til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að vinna vel að málinu og skipuleggja það vel. Þegar þetta verður lengra fram gengið og áætlanir komnar í ákveðið form er fullkomlega eðlilegt að það verði kynnt ítarlegar í þinginu fyrir þingmönnum.

[10:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Það er mikilvægt að vandað verði til undirbúnings þessa afmælis og ég minni á tillögu hv. þm. Svavars Gestssonar í því sambandi.

Ég vil leyfa mér að leggja inn í þetta púkk þá hugmynd að rituð verði saga landnáms Íslendinga í Grænlandi og inn í þá sögu fléttað Vínlandsfundinum og siglingunum þangað. Þar eru að sjálfsögðu mikilvægar frumheimildir Grænlendinga saga og Eiríks saga rauða. En með því að bæta við upplýsingum úr fornleifarannsóknum og síðari tíma heimildum þá held ég að þetta gæti orðið mikilvægt efni og ef lagðir verða til þess fjármunir og hæfir sagnfræðingar og fornleifafræðingar og íslenskufræðingar fengnir til þess að leggja í þetta vinnu, þá gæti orðið mikill fengur að slíkri söguritun, ef um vandað

og ítarlegt verk yrði að ræða. Mér er ekki kunnugt um að slík saga hafi nokkurs staðar verið tekin skipulega saman Sennilega hefur meira verið að því unnið á Grænlandi en hér á Íslandi. Ég held að við eigum að heiðra þessa arfleifð. Slík saga gæti síðan orðið bakgrunnur fyrir kvikmyndagerð og námsefnisgerð og annars slíks sem tvímælalaust er ástæða til að efla í því sambandi. Ég leyfi mér því að leggja þessa hugmynd inn í þetta púkk.

[10:43]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur þegar hafið undirbúning að þessum hátíðarhöldum sem sjálfsagt er að halda þegar líður að aldamótum. Ég ræð þó af svari hæstv. ráðherra að undirbúningurinn sé tiltölulega skammt á veg kominn og auðvitað ítreka að ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Af svörum hæstv. forsrh. skilst mér jafnframt að áherslan sé fyrst og fremst lögð á að reyna að fá afkomendur Íslendinga vestra til þess að koma hingað í tengslum við hátíðahöldin. Ég tel að það sé skynsamlegt. En ég vil samt sem áður undirstrika, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að við þurfum líka að snúa þessum hátíðahöldum að okkur sjálfum. Við þurfum að lyfta þessum merka viðburði og merku afrekum í vitund Íslendinga. Þetta hefur legið í þagnargildi. Mér tókst að komast í gegnum grunnskóla, menntaskóla og háskóla án þess að hafa nánast nokkurn pata af þessum miklu afrekum. Ég hef tekið mig til og lesið þær kennslubækur sem núna liggja fyrir framhaldsskólunum og þær eru satt að segja ekki burðugar þegar að þessu kemur. Í sumum þeirra er kannski ekkert á þetta minnst. Ein tekur rækilega á þessu en að öðru leyti er þetta afgreitt með örfáum setningum.

Ég held að það sé alveg rétt að nauðsynlegt er að rita sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi og vafalaust er fjöldi skjala enn órannsakaður, sérstaklega verslunarskjöl sem líklegast er hægt að finna í Noregi og líklega í Páfagarði vegna þess að kirkjan heimti mikinn toll í formi rostungstanna og hvítabjarnarfelda og lifandi hvítabjarna af grænlenskum Íslendingum og ég er viss um að þessi skjöl eru til. Þetta er merk saga sem má ekki liggja í þagnargildi og ég undirstrika það, herra forseti, að nauðsynlegt er að nota þessi tímamót til þess að hefja frekari rannsóknir á einmitt þessum þætti Íslendingasagnanna.

[10:45]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að mikið er óunnið. Ég vil samt geta hluta, því það er tæpt á þeim, sem menn eru komnir af stað með. Það er til að mynda gert ráð fyrir íslenskri kvikmyndaviku í American Film Institute í Kennedy Center. Sigurjón Sighvatsson, vararæðismaður í Los Angeles, sem er í stjórn American Film Institute tekur þetta mál að sér. Það hefur þegar verið rætt við Library of Congress um málþing um Íslendingasögurnar og norræn fræði og í bréfum og skýrslum sendiherrans kemur fram að Library of Congress hefur mikinn áhuga á því að standa að þessu málþingi, svo ég aðeins nefni nokkra þætti sem menn eru þegar farnir að vinna að. Ég taldi ekki rétt að gefa ítarlegar greinargerðir um það núna vegna þess að ekki eru þessir þættir allir frágengnir. Jafnframt er unnið að því að koma upp sérstakri heimasíðu, Iceland's Millennium Homepage og þar er sérstaklega hugað að og unnið að barnafræðslu í tengslum við landafundina og slíka þætti. Þessar og aðrar hugmyndir eru þegar komnar áleiðis.

Menn hafa talað um þátttöku okkar í sýningu um heimsskautið, menn hafa talað um íslenskar málverkasýningar. Það er verið að undirbúa tónlistarviðburði af hálfu Íslands í höfuðborg Bandaríkjanna o.s.frv. þannig að málið er komið á rekspöl.

## *Gjaldskrárbreytingar Pósts og síma hf.*

Fsp. GÁS, 299. mál. — Þskj. 371.

[10:47]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Öllum eru í fersku minni þau áform stjórnvalda að hækka verulega símgjöld hér á landi í seinni hluta októbermánaðar sl. Ollu þessi áform mikilli reiði og andstöðu í þjóðfélaginu, með réttu. Hækkunin var tilefnislaus en gagnrýni og réttmætum fyrirspurnum frá almenningi vegna hennar var svarað með hroka og yfirlæti. Fór þar hæstv. samgrh. gjarnan í broddi fylkingar og var gjarnan viðkvæðið það að ekki væri hægt að svara fyrir um forsendur þessara hækkana vegna meintra viðskiptaleyndarmála. Það er að vísu sérstakur kapítuli sem ég mun ekki gera hér að umtalsefni en ég hef þegar lagt fram frv. í þinginu til breytinga á lögum um þingsköp og hlutafélög til þess að tryggja að í hlutafélögum í eigu ríkissjóðs, 50% og meira, verði svarað á réttmætan hátt fyrirspurnum kjörinna fulltrúa þjóðarinnar.

Þar kom, í þessu ferli öllu saman, að hæstv. forsrh. skarst í leikinn og knúði fram breytingar og sneið verstu agnúa af áformum um símgjaldahækkanir. Fékk hann lof fyrir. Ekki er það í fyrsta sinn og væntanlega ekki hið síðasta að hæstv. forsrh. snuprar samráðherra sína þegar í óefni virðist komið.

En er öll sagan sögð, virðulegi forseti? Var allt sem sýndist þegar forsrh. tók samgrh. til bæna, sneri hann niður og skipaði honum að draga í land og bakka út úr vandræðamálinu, hækkun á gjaldskrá Pósts og síma?

Það er mjög mikilvægt í stjórnsýslunni og hinni pólitísku umræðu að allar staðreyndir þessa máls liggi ljósar fyrir. Var hæstv. forsrh. sá bjargvættur í málinu eins og haldið hefur verið fram? Hver, hvar og hvernig eru ákvarðanir af þessum toga teknar í stjórnkerfinu hér á landi? Hafði hæstv. forsrh. t.d. lagt blessun sína yfir hækkun símgjalda í ríkisstjórn áður og hvatt hæstv. samgrh. til verka og síðan skipt um skoðun? Eða vissi verkstjóri ríkisstjórnarinnar virkilega ekkert um áform þessi fyrr en í óefni var komið? Af þessum sökum hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. forsrh.:

1. Var ríkisstjórninni kynnt fyrir fram sú fyrirætlun samgönguráðherra að staðfesta nýja gjaldskrá Pósts og síma hf. sem tók gildi 1. nóvember sl.?

2. Ef svo var, gerði ríkisstjórnin engar athugasemdir við þær fyrirætlanir og lagði þar með blessun sína yfir þá gjaldskrárbreytingu?

3. Ef svo var ekki, telur ráðherra þá eðlilegt að stórmál af þessum toga, er snertir verulega útgjöld heimilanna, sé til lykta leitt án atbeina ríkisstjórnarinnar?

4. Hafði ráðherra engar upplýsingar um það fyrir fram að þessar umtalsverðu gjaldskrárbreytingar væru í aðsigi?

5. Kom ráðherra jafmikið á óvart og öðrum landsmönnum sú stórfellda hækkun símkostnaðar sem ákvörðun samgönguráðherra og stjórnar Pósts og síma hf. leiddi af sér þegar hún

var tilkynnt fjölmiðlum, samanber síðari afskipti ráðherra af málinu?

[10:51]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ríkisstjórnin sem og þingheimur allur vissi að það stóð til að breyta gjaldskrá Pósts og síma í tengslum við samræmingu á gjöldum milli landsbyggðar og þéttbýlis. Það lá fyrir og það hafði verið kynnt að sú jöfnun sem þar yrði gerð mundi leiða til hækkunar á staðarsímtölum. Það út af fyrir sig átti ekki að koma neinum á óvart. En gjaldskráin sem slík var ekki borin undir ríkisstjórnina og standa engar stjórnskipulegar reglur til þess. Stjórn fyrirtækisins samþykkti þessa breytingu samhljóða og hún var samkvæmt stjórnskipunarreglum borin undir samgrh. til staðfestingar þannig að með hliðsjón af þessu svari er ekki efni til að svara spurningu tvö.

*Varðandi spurningu þrjú er það alltaf umdeilanlegt eins* og hv. þm. þekkir af ferli sínum úr ríkisstjórn hvaða mál eru lögð fyrir ríkisstjórn sérstaklega. Við búum við þá skipun að íslenska ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. Forsvar ráðherranna er slíkt. Hins vegar hefur sú venja þróast að ráðherrar, nánast að eigin vali, koma með mál sín inn á borð ríkisstjórnar til kynningar til þess að afla stuðnings og síðan fylgis til að mynda við mál sem eiga að ganga til þingsins. Almennt séð eru gjaldskrármál ekki lögð fyrir ríkisstjórnina, ekki nema þá í stærstu dráttum og í tengslum við fjárlagagerð, gjaldskrár sem beinlínis tengjast fjárlagagerðinni.

Varðandi þá spurningu hvort forsrh. hafi haft upplýsingar um að þessar gjaldskrárbreytingar væru í aðsigi, þá svaraði ég því strax í upphafi. Ríkisstjórninni og þingheimi var ljóst að til stæði að gera breytingar á gjaldskrá Pósts og síma í tegslum við vilja þingsins um að jafna símgjöld milli þéttbýlis og dreifbýlis. Breytingarnar, hækkunarþörfin, sem Póstur og sími mat af þessu gefna tilefni kom mér sem öðrum á óvart. Reyndar tel ég að það liggi fyrir að eftir að upplýsingar *sem fengust frá Pósti og síma hafa verið* sýndar þá hafi á daginn komið að hækkanirnar, í þeim mæli sem þær voru sýndar, hafi verið óþarfar þannig að ég tel að Póstur og sími muni að lokum ekki bera mikinn halla vegna þeaara breytinga.

Niðurstaðan varð sú að í rauninni varð um að ræða mikla lækkun á heildarsímgjöldum notenda í landinu. Hitt er rétt að menn átti sig á og það stendur enn, að í einhverjum tilvikum þar sem símnotandi býr við þær aðstæður að hafa eingöngu notast við staðarsímtöl, ekki hringt til útlanda og ekki hringt út á land og mun gera það áfram, að í slíkum tilvikum mun verða allverulegt hækkun á gjöldum. Á þessu hefur ekki verið legið og þetta þekkja menn. En í heildina er um að ræða lækkun og hjá afgerandi langflestum mun sú lækkun skila sér. En við skulum vita af hinum dæmunum og það vissi þingheimur allur, allur þingheimur vildi jafna þessi gjöld. Ég tel alveg víst að jafnaðarmenn hafi verið manna ákafastir svona samkvæmt heiti sínu þó að það hafi ekki alveg alltaf fylgt. En þetta var nú marmiðið og þetta var gert á þennan hátt og allt fór vel að lokum.

[10:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég skildi mál hæstv. forsrh. þannig að jafnaðarmenn vildu jafna símtölin. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. En hann tók einmitt ákveðið dæmi. Hann nefndi dæmi af þeim sem ekki hringja mikið út á land og ekki mikið til útlanda og hann sagði: „Við skulum gera okkur grein fyrir því að símareikningar þessa fólks munu líklega hækka.“ Hvaða fólk skyldi þetta vera? Ég ímynda mér í fljótu bragði að það sé til að mynda gamalt fólk sem ekki hringir mikið til útlanda og ekki mikið út á land og það er ekki mikil jafnaðarmennska fólgin í því að hækka símgjöld einmitt þessa fólks.

[10:55]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Þau eru merkileg fyrir margra hluta sakir. Hér er upplýst að áform hæstv. samgrh. um gífurlegar hækkanir á gjaldskrá Pósts og síma voru ekki kynntar í ríkisstjórn. Það vekur upp aðra spurningu, þ.e. hvort verklagið á ríkisstjórnarheimilinu þurfi ekki að breytast því að bein afskipti hæstv. forsrh. af gjörðum fagráðherra sinna nú í seinni tíð hafa vakið athygli, og hvort ekki sé mikilvægt að mál af þessum toga sé skilyrðislaust færð til umræðu inn á borð ríkisstjórnarinnar fyrir fram þannig að forða megi slysum af þessum toga með almennri umræðu. Það er enginn bragur á því að oddviti ríkisstjórnarinnar skuli ekki hafa vitneskju um, ekki hugmynd um, áform samgrh. um gífurlegar hækkanir á heimilin í landinu.

Þrátt fyrir atbeina hæstv. forsrh. vil ég fullyrða að þegar *símareikningarnir birtast landsmönnum nú á næstu vikum*, muni hin barnmörgu heimili, heimili aldraðra og heimili almennra launamanna, finna verulega fyrir þeim hækkun sem verða á símareikningum landsmanna.

Því árétta ég fyrirspurn mína til hæstv. forsrh. þess efnis hvort í ljósi reynslunnar sé ekki ástæða til að breyta verklagi á ríkisstjórnarheimilinu og tryggja fyrir fram að slys af þeim toga sem urðu í lok október endurtaki sig ekki þannig að umræðan fari fram áður en ekki á eftir.

[10:57]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það hefur verið nokkuð í tísku undanfarið að tala um afskipti forsrh. af málum einstakra ráðherra út í frá og hafa menn getað nefnt til sögunnar þrjú eða fjögur dæmi á sex ára ferli sem varla teljast nú mörg dæmi. Hins vegar er það auðvitað þannig, og það þekkir hv. fyrirspyrjandi, að forsrh. hefur heilmikil afskipti af málum einstakra ráðherra á meðan mál eru á umræðustigi og innan ríkisstjórnar, nema hvað, og það er sjálfsagt og eðlilegt. Og reyndar ekki bara forsrh., einstakir ráðherrar einnig. Þannig vinna ríkisstjórnir, hafa afskipti af gjörðum sinna kollega á frumstigi og á vettvangi ríkisstjórnar sem er mjög hollt og það hefur í gegnum tíðina haft jákvæð áhrif á meðferð mála. Dregin hafa verið fram í dagsljósið 3–4 slík atvik þar sem slík afskipti hafa átt sér stað með vitund manna út í frá. En ég tel að þau atvik séu fá á *sex ára ferli*.

Ég tel jafnframt að fengur sé að því að sem flest stærri mál á vettvangi einstakra ráðuneyta séu kynnt og rædd í ríkisstjórn á hverjum tíma þó að einstakir ráðherrar fari að íslenskri stjórnskipun með úrslitavald á sínum vettvangi. Þetta er dálítið sérstakt hjá okkur og að hluta til er þetta sérstakara vegna þess að búum við samsteypustjórnarfyrirkomulag. Annars staðar er þetta öðruvísi og ríkisstjórnin er meira í farvegi þess að vera fjölskipað stjórnvald.

Í okkar tilfelli — það þekkja þeir fyrrverandi ráðherrar sem hér sitja í salnum — í ýmsum greinum, þá birtist ríkisstjórnin í vinnu sinni sem fjölskipað stjórnvald. Ráðherrar fara ekki fram með mál sem þeir þó hafa fullt forræði á ef þeir finna mikla andstöðu kolleganna og samstarfsmanna í

ríkisstjórn. Þannig hef ég kynnst því á þessum árum og það eru eðlileg vinnubrögð að mínu viti.

Fundi slitið kl. 11:00.

---

## 48. FUNDUR

fimmtudaginn 18. des.,
að loknum 47. fundi.

**Dagskrá:**

1. Háskólar, stjfrv., 165. mál, þskj. 565. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 167. mál, þskj. 566. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Búnaðargjald, stjfrv., 333. mál, þskj. 419, nál. 560, brtt. 561. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, stjfrv., 346. mál, þskj. 455. — 1. umr.
5. Fæðingarorlof, stjfrv., 343. mál, þskj. 443, nál. 604, brtt. 520 og 605. — 2. umr.
6. Almannatryggingar, frv., 43. mál, þskj. 43, nál. 572, brtt. 573. — 2. umr.
7. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 362, nál. 570 og 588, brtt. 571 og 589. — Frh. 2. umr.
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 593. — 3. umr.
9. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 595. — 3. umr.
10. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 594, brtt. 606. — 3. umr.
11. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 371. mál, þskj. 603. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
12. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 415, nál. 515, brtt. 600. — 2. umr.
13. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 416, nál. 581, brtt. 582. — 2. umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 328. mál, þskj. 414, nál. 518, brtt. 519. — 2. umr.
15. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 304. mál, þskj. 378, nál. 590, brtt. 591. — 2. umr.
16. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407, nál. 583, brtt. 483 og 584. — 2. umr.
17. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 249. mál, þskj. 294, nál. 457, brtt. 458, 525, 526 og 527. — 2. umr.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Svör við fyrirspurn.

[11:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna svars frá hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn á þskj. 586 sem mér var að berast og var verið að dreifa í þingsalnum. Fyrirspurn mín var um greiðslur vasapeninga til vistmanna á stofnunum og geri ég ekki athugasemdir við fyrstu tvo liðina en svörin við þriðju spurningunni eru svo dæmalaus að ég á ekki orð yfir það. Það lýsir svo miklum þekkingarskorti á málefninu í ráðuneytinu að ég held að þarna þurfi eitthvað að koma til. Þetta snýst um vasapeninga sem eru greiddir utan stofnana eins og þeir eru kallaðir í Tryggingastofnun ríkisins. Greiðslur skv. 5. gr. reglugerðar sem hæstv. þáv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, gaf út í apríl 1991. Það er heimilt í allt að 15 daga að greiða vistmönnum stofnana tvöfalda sjúkradagpeninga sem eru vasapeningar á meðan þeir fara heim, t.d. um jól eða páska. Í svarinu segir:

„Vasapeningar eru mjög sjaldan greiddir utan stofnana."

Greiddir eru svonefndir „heim-um-helgar-vasapeningar" en þeir sárafáu lífeyrisþegar sem fá þá eru taldir með í töflunni hér á undan enda eru þeir fyrst og fremst vistmenn stofnana. Það er að sjálfsögðu réttur vistmanna stofnana þegar þeir fara heim í lengri tíma. Hæstv. ráðherra gat ekki verið viðstaddur þessa athugasemd en ég spyr: Eru menn hættir að greiða fólki uppihaldskostnað eða vasapeninga ef þeir fara heim t.d. um jól eða páska eða í stuttan tíma, skv. 5. gr.? Ég mun svo sannarlega leggja fram aðra skriflega fyrirspurn og vona að ástandið lagist í heilbrrn. hjá hæstv. ráðherra og menn kynni sér þær reglugerðir sem gilda um þennan málaflokk.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Frumvarp um þjóðlendur.

[11:04]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Fyrir um tveim vikum var í þingsölum mikil umræða um frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Inn í þá umræðu fléttaðist fyrirhugað frv. um þjóðlendur. Af umræðunni mátti skilja að von væri á því frv. á allra næstu dögum en því hefur ekki enn verið dreift og þar af leiðandi ekki mælt fyrir því. Að mínum dómi væri mjög mikilvægt að þessi tvö mál, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga og frv. um þjóðlendur, gætu fylgst að í vinnu og umræðum eftir áramótin. Þegar er búið að senda frv. til laga um sveitarstjórnarlög til umsagnar mjög margra aðila. Nú er spurning mín, hæstv. forseti, lýtur að því hvar frv. um þjóðlendur er statt. Er þess að vænta að það takist að mæla fyrir því nú fyrir jólaleyfi og þar með að senda það til umsagnar þannig að hægt verði að vinna þessi tvö mál samhliða í þinginu í vetur?

[11:05]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég held ég megi fullyrða að þessu máli verði dreift í dag. Það er komið úr prentun. Ég held ég megi fullyrða að því verði dreift í dag. En hvort tími náist til að mæla fyrir því skal ég ekki segja um. En það stendur ekki á forsrh. að mæla fyrir frv. En hvort menn telja praktískt að gera það skal ég ekki segja um. Ég býst við að menn muni kannski vilja töluverðar umræður um málið ef mælt væri fyrir því. En ef það gæti orðið samkomulag um að mæla fyrir málinu og litlar umræður teldi ég það æskilegt.

[11:06]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er kannski til of mikils mælst að frv. fari umræðulaust í gegnum þingið. En ég harma að það skuli hafa dregist svo lengi að það kæmi fram og þar með að það næðist að mæla fyrir því. En ég skal svo sem ekki taka fyrir að það væri hægt að ná samkomulagi um einhverja tiltölulega stutta umræðu þannig að hægt væri að koma þessu máli

til umsagnar. Ég ítreka að ég held að það sé mjög mikilvægt. Þessi mál tengjast það mikið og það er það mikil lagaþræta sem í þeim felst að ég held að það væri mjög mikilvægt að þau fengju að fylgjast að í þeirri vinnu sem þarf að eiga sér stað og mun eiga sér stað í þessum málum báðum.

### *Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, 1. umr.*

Stjfrv., 346. mál. — Þskj. 455.

[11:07]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Ég tel rétt í upphafi að gera nokkra grein fyrir þeirri stefnu sem eftirlitsmálasetningarvald opinberra aðila hefur tekið á undanförnum árum.

Í flestum iðnvæddum ríkjum heims hefur hið opinbera teygt sig lengra inn í atvinnulíf og mannlíf þegnanna undanfarna áratugi en áður hefur þekkst. Starfrækt er opinbert eftirlit með sífellt fleiri þáttum og reglusetning opinberra aðila felst í æ nákvæmari fyrirmælum. Að mörgu leyti er þetta eðlilegt og oft jákvætt. Með betri þekkingu og opnara upplýsingasamfélagi hefur vitund fólks vaknað um ýmis þjóðþrifamál svo sem umhverfismál, neytendavernd og vinnuöryggi. Við stjórnmálamenn viljum láta gott af okkur leiða í þessum málaflokkum sem öðrum. Því bregðum við oft á það ráð að setja eftirlitsreglur til að ná fram markmiðum sem okkur þykja göfug. Oft leiðum við hins vegar hjá okkur aðra hlið slíkra mála en hún er sú að nákvæmar reglugerðir og opinbert eftirlit geta haft óhagræði og ófrelsi í för með sér. Almenningur og fyrirtæki hafa þá minna svigrúm til að skipa málum eftir eigin höfði og af getur hlotist sóun, kostnaður og hægari framþróun. Samskipti atvinnulífsins við opinberar eftirlitsstofnanir geta verið langvinn og kallað á dýra sérfræðiráðgjöf. Eins geta eftirlitsiðgjöld verið í litlu samræmi við eðlilegan kostnað við eftirlitið og kæruleiðir eru óljósar. Eftir því sem kvöðum hins opinbera fjölgar þeim mun meiri líkur eru á að einstök reglusetning sem ein og sér er kannski skynsamleg sé skaðleg í samspili við aðra þætti regluverksins. Þar að auki er réttarstaða manna víða óljós. Til eru dæmi um það hérlendis að ekki sé hægt að uppfylla eina reglugerð án þess að brjóta aðra. Víst er að virðing manna fyrir lögum og reglum eykst ekki við slík tilvik. Ekki hefur farið fram nein formleg greining á þeim kostnaði sem eftirlitskröfur hins opinbera valda hérlendis. Ljóst er þó að þessi óbeina skattheimta er geysilega há. Í Bandaríkjunum er til að mynda talið að kostnaður almennings og fyrirtækja vegna regluverksins vestra jafngildi frá fjórðungi til helmings af útgjöldum fjárlaga ríkisins. Öruggt má telja að við Íslendingar séum ekki eins langt komnir á braut reglustýringar en þessi kostnaður skiptir miklu hérlendis engu að síður. Með EES-samningnum, sem var í heild sinni hagstæður samningur, höfum við þurft að taka upp fjölda opinberra fyrirmæla sem okkur þóttu áður ónauðsynleg. Reyndar má leiða að því getum að við höfum lögleitt fleiri reglusetningar en skuldbindingar okkar vegna samningsins kröfðust. Að minnsta kosti er ljóst að bæði vegna þessa samnings og eins almennrar þróunar hins opinbera hérlendis þarf að endurhugsa eftirlitskvaðir og regluverk hins opinbera með það fyrir augum að halda í lágmarki óhagræði almennings og fyrirtækja. Í því sambandi þarf að viðhafa þá meginreglu að hafna takmörkunum á athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist. Efnahagsleg afkastageta þjóðarinnar er að miklu leyti ákvörðuð af því svigrúmi sem hið opinbera veitir.

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki er ekki ítarleg en skýr. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Dregið verði úr skrifræði í samskiptum borgaranna við stjórnvöld og óþarfa laga- og reglugerðarákvæði verða afnumin.“

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Tryggt verður að eftirlitsaðilar íþyngi fyrirtækjum ekki um of með starfsemi sinni.“

Því frv. sem hér er mælt fyrir er ætlað að vinna að þessum markmiðum. Það er hins vegar ekki eingöngu ríkisvaldið eða núv. ríkisstjórn sem er áfram um slíkar umbætur. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var frv. þetta fyrst unnið. Að auki hefur fjöldi aðila í þjóðfélaginu, sér í lagi atvinnulífinu, hvatt til þess að komið verði böndum á opinberar eftirlitskvaðir. Í maí á þessu ári skuldbundu ríki OECD sig til að vinna að úmbótum á reglustýringu í löndum sínum. Okkur Íslendingum er bæði ljúft og skylt að verða við því.

Frv. kveður á um að ný íþyngjandi reglusetning skuli ekki samþykkt nema áður hafi farið fram greining sem gefur til kynna að kostnaður samfélagsins af breytingunni sé lægri ábatanum. Þá skulu eftirlitsreglur hafa takmarkaðan gildistíma svo sérstaklega þurfi að endurnýja þær. Hver reglusetning skal taka mið af þeim sem eiga að fara eftir henni en ekki aðeins þeim sem setja hana og stýra henni. Forsrn. skal hafa umsjón með framkvæmd laganna og forsrh. skipar nefnd sér til fulltingis. M.a. á þeim vettvangi er hægt að vinna að stöðugum umbótum á eftirlitsstarfsemi sem starfrækt er í skjóli hins opinbera. Þegar þekkjast sjálfstæðar skoðunarstofur á ýmsum sviðum og ber að nýta kosti samkeppni á milli faggiltra aðila þar sem þess er kostur. Þar sem slíkri ráðstöfun verður komið við má gera ráð fyrir að ýmsar skoðunarstofur muni veita fjölbreyttari eftirlitsþjónustu en hinar sérhæfðu opinberu eftirlitsstofnanir geta gert. Fyrirtæki þurfa þá ekki að vænta jafnmargra heimsókna eftirlitsaðila og nú og kostnaður vegna samskipta við þessa aðila fer almennt lækkandi. Það er vandasamt að geta sér til um hverju umbætur af þessu tagi munu skila. Í þeim löndum sem búa við umfangsmikið regluverk gerir OECD ráð fyrir að verg landsframleiðsla muni aukast um 3–6% þegar umbótum í reglusetningu og reglustýringu hefur verið hrint í framkvæmd af metnaði.

Hérlendis er ekki hægt að vænta jafnmikils vaxtar í kjölfar umbóta af þessu tagi þar sem reglubyrði fyrirtækja og almennings er talin talsvert minni en víða annars staðar. Hins vegar er ljóst að þróunin hér er með sama hætti og erlendis og því nauðsynlegt að takmarka vald opinberra aðila til óheftrar reglustýringar. Bráðabirgðaákvæði frv. kveður á um að endurskoða skuli núv. reglur á næstu þremur árum. Með þessum hætti mál grisja hið íslenska hagkerfi og gæta þess að vaxtarbroddar nái upp úr því illgresi sem ofvaxið eftirlitsbákn getur orðið. Herra forseti. Það er von mín að frv. þetta verði til þess að lagaumhverfið íslenska verði sem frekast er unnt byggt á einföldum og almennum grundvallarreglum.

Nútímasamfélag er vissulega flókið og tekur örum breytingum. Ekki er endilega þar með sagt að lög og reglur þurfi að elta allar breytingar jafnharðan sé löggjöfin byggð á skýr-

um gildum í upphafi. Þvert á móti tel ég að hið opinbera eigi ekki að flækja líf þegnanna meira en nauðsynlegt er.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[11:14]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni og fögnuði yfir frv. sem er mjög mikilsvert og ég vona að það komi til með að hafa mikil áhrif. Eins og hæstv. forsrh. gat um í framsögu sinni er þess að vænta að frv. hafi ekki eins mikil áhrif og svipuð frv. hefðu t.d. í Evrópusambandinu eða í öðrum þrælskipulögðum þjóðfélögum. Engu að síður er í dag eftirlitsstarfsemi hins opinbera ákveðnir hlekkir á atvinnulífið. Við sjáum atvinnulífið fyrir okkur eins og hlekkjaðan dráttarklár sem burðast með alls konar keðjur um hrygginn sem eru ætlaðar til að bæta stöðu hans oft og tíðum, þ.e. bæta stöðu þess sem vinnur í atvinnulífinu. En í reynd dregur þetta niður afköst atvinnulífsins, dregur niður hagnað atvinnulífsins og þá um leið getu þess til að borga góð laun. Að gera t.d. kröfu um gott vinnuumhverfi sem við viljum öll hafa, gera kröfu um öruggt vinnuumhverfi o.s.frv., dregur um leið niður getu atvinnulífsins til að borga laun. Þarna þarf að finna góðan milliveg þannig að eftirlitsstarfsemin sjálf sé hagkvæm og arðbær ekki síður en atvinnulífið.

Svo er það rétt sem hæstv. forsrh. kom inn á í ræðu sinni að þegar við ætlum að gera vel við einhvern þá er það oft þannig að við förum að ráðskast með hann. Við förum að segja honum hvað hann á að gera og hvernig hann eigi að hegða sér af því að við teljum sjálf að hann hegði sér ekki nægilega vel. Við erum nýbúin að hækka forræðisaldurinn úr 16 í 18 ár, þ.e. gera mörg þúsund Íslendinga að börnum sem áður voru taldir fullveðja fólk. Þetta gerum við af umhyggju fyrir örfáum einstaklingum sem eru á villigötum. Það sama erum við að gera á mörgum mörgum sviðum. Ég nefni húsaleigubæturnar sem við ræddum í gær. Þar á að fara af umhyggju fyrir borgaranum að segja honum að hann eigi að búa í íbúð með baði og snyrtiaðstöðu þó hann vilji það ekki sjálfur. Þó hann gjarnan vildi búa í herbergi má hann það ekki, hann fær ekki bæturnar nema hann geri það sem „stóri bróðir" segir honum að gera. Af umhyggju fyrir borgurunum er alltaf verið að þrengja athafnafrelsi þeirra. Ég held að við þurfum að vera mjög varkár í því hversu langt við göngum og ég held alveg sérstaklega, herra forseti, að þessi eftirlitsiðnaður og allar þær viðjar, þeir ósýnilegu hlekkir, sem við leggjum á atvinnulífið komi niður á lífskjörunum. Við þurfum að gæta okkar alveg sérstaklega í því. Ég fagna því að hér er komið fram frv. sem reynir að gera eftirlitsiðnaðinn hagkvæmari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fæðingarorlof, 2. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 443, nál. 604, brtt. 520 og 605.

[11:18]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég flyt nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Hún fékk á fund sinn fulltrúa heilbr.- og trmrn., fulltrúa frá Jafnréttisráði, bæði karlanefnd þess og framkvæmdastjóra skrifstofu jafnréttismála. Frá Alþýðusambandi Íslands komu jafnframt fulltrúar. Umsögn barst nefndinni einnig frá skrifstofu jafnréttismála.

Í frv. er verið að leggja til þá grundvallarbreytingu á íslenskum lögum að feðrum er nú tryggður sjálfstæður réttur til tveggja vikna fæðingarorlofs á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu eða heimkomu barns. Nefndin er fyllilega sammála tillögunni en hún gerði jafnframt að lokinni umfjöllun sinni nokkrar brtt. að frv.

Í fyrsta lagi telur nefndin að eðlilegt sé að auka rétt feðra við fjölburafæðingar, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður og leggur til að tvær vikur bætist við fyrir hvert barn sem er umfram eitt. Hefur nefndin þar sérstaklega í huga heilsufar móður í kjölfar barnsburðar en rétt er að taka fram að það telst ekki mismunun samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að taka með þessum hætti sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar. Nauðsynlegt er að ítreka jafnframt, herra forseti, að þessi forgangsréttur móðurinnar raskar ekki sjálfstæðum rétti föður til tveggja vikna fæðingarorlofs sem stofnaður er með 1. gr. frv. Í þriðja lagi leggur nefndin líka til að ákvæði til bráðabirgða í frv. verði breytt á þann veg að lögin muni jafnframt taka til þeirra feðra barna sem geta nýtt sér réttinn við lögfestinguna í stað þess eins og kom upphaflega fram í frv. að það taki einungis til feðra barna sem fæðast eftir 1. jan. á næsta ári.

Að því er varðar rétt feðra til töku fæðingarorlofs á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu eða heimkomu barns var nefndin þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að kveða nánar á um útfærslu þeirra ákvæða í reglugerð, sér í lagi varðandi þær aðstæður sem kunna að koma upp ef barn eða móðir þurfa eftir heimkomu að snúa aftur á sjúkrahús.

Talsverðar umræður urðu í nefndinni um lög um fæðingarorlof sem að öðru leyti eru í gildi og nefndin telur rétt að láta þá skoðun sína í ljósi í þessu áliti að stefnt skuli að því að heildarendurskoðun ákvæða laga um fæðingarorlof hér á landi fari fram.

[11:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég geri athugasemd við að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna þegar verið er að fjalla um frv. sem hæstv. ráðherra flytur. Það er mjög óeðlilegt, herra forseti. Hér er um að ræða mál sem ráðherrann leggur mikla áherslu á að nái fram að ganga og reyndar þingið allt. Það er svo að við 2. umr. máls vakna oft ýmsar spurningar sem þingmenn óska að beina til ráðherra sem eru með umrædd mál þannig að ég geri athugasemdir við að hæstv. ráðherra skuli ekki sýna þinginu þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna.

Ég fagna því hvernig hv. heilbr.- og trn. hefur afgreitt frv. og hún flytur brtt. sem eru mjög til bóta. Ég nefni t.d. brtt. um að faðir eigi rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð ef um er að ræða fjölburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Um er að ræða tillögu sem ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fluttum við 1. umr. málsins og nefndin hefur tekið upp og gert að sinni og flytur sem brtt. við frv. og ég fagna því.

Ég hafði spurnir af því að einstakir nefndarmenn hefðu gert athugasemdir við að slík brtt. yrði flutt við 1. umr. málsins. Ég tel afar eðlilegt að gera það, ekki síst þegar um

er að ræða mál sem mikill hraði er á að afgreiða. Ég tel reyndar og vil beina því til forseta að þingsköpum ætti að breyta á þann veg að heimilt sé að mæla fyrir brtt. við 1. umr. máls þannig að þingnefndir geti tekið þær til efnislegrar umfjöllunar þegar þær fjalla um viðkomandi þingmál. En ég tel afar eðlilegt að það sé gert við 1. umr. málsins þótt ekki sé heimilt að mæla fyrir henni er heimilt að leggja fram slíkar brtt. og ræða þær efnislega.

Ég hef ákveðnar spurningar til hv. formanns nefndarinnar þannig að ég vona að hann hlýði á mál mitt þar sem mér gefst ekki færi á að beina máli mínu til hæstv. ráðherra sem er ekki viðstaddur.

Í fyrsta lagi spyr ég vegna þess að það kemur ekki fram í nál. hvort nefndin hafi eitthvað rætt um það hvort fjmrh. muni fylgja fordæmi nefndarinnar, þ.e. að feður hjá hinu opinbera fái líka eins mánaðar fæðingarorlof eins og verið er að lögleiða varðandi almenna markaðinn. Eins vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar hvernig bankastarfsmenn eru staddir við þessa breytingu. Verður það svo að bankastarfsmenn, feður, muni fá a.m.k. hálfs mánaðar fæðingarorlof eða standa þeir utan við þann rétt? Réttur þeirra hefur verið með svolítið öðrum hætti en hjá opinberum starfsmönnum og á almenna markaðnum. Nú fá bankastarfsmenn þriggja mánaða fæðingarorlof á fullum launum og síðan fá þeir þrjá mánuði samkvæmt þeim rétti sem er á almenna markaðnum, þ.e. hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé upplýst og skýrt við umræðuna hvort bankastarfsmenn, þ.e. feður sem vinna í bönkunum, öðlist líka þann rétt sem verið er að lögleiða eða hvort þeir standi utan við hann. Það er einu sinni svo með fæðingarorlof að í gildi er mismunandi framkvæmd á því eftir því hvort um er að ræða opinbera starfsmenn sem hafa þann rétt að feður fá fæðingarorlof á fullum launum, síðan kemur almenni markaðurinn, sem við erum að fjalla um, þar sem feður hafa fæðingarorlof ekki á fullum launum heldur bara samkvæmt þeim rétti sem er 66 þús. á mánuði eða 33 þús. á hálfum mánuði. Síðan koma bankastarfsmenn sem ég veit ekki hvar standa, hvort feður sem eru bankastarfsmenn öðlist þennan rétt líka. Þegar framkvæmdin er svona misjöfn á fæðingarorlofi er þá ekki verið að brjóta, virðulegi forseti, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þegar um er að ræða þrjá jafnsetta hópa, þ.e. feður sem eignast börn, gilda þrjár mismunandi reglur að því er varðar framkvæmdina á fæðingarorlofi? Í fyrsta lagi hvað tíminn er langur, hvort hann er hálfur mánuður eða einn mánuður og síðan hvaða laun eða bætur feður fá í fæðingarorlofi. Meður veltir fyrir sér hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé ekki brotin þegar framkvæmdin er svo misjöfn. Ég ítreka spurningar mínar til formanns nefndarinnar um bankastarfsmennina og hvort því verði beint til fjmrh. að opinberir starfsmenn fái þennan framlengda rétt í einn mánuð þegar um er að ræða fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður.

Ég fagna því mjög sem fram kemur í lok nál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokum vill nefndin láta í ljós þá skoðun sína að stefnt skuli að heildarendurskoðun ákvæða laga um fæðingarorlof hér á landi.“

Þetta var nokkuð rætt við 1. umr. málsins þegar hæstv. heilbrrh. heiðraði okkur með nærveru sinni. Þá kom fram mjög eindregin ósk úr ræðustól frá mörgum þingmönnum að ráðist yrði í heildarendurskoðun á fæðingarorlofi sem er orðið mjög brýnt að fara af stað með. Stjórnarandstaðan óskaði eindregið eftir því við hæstv. heilbrrh. að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengju aðild að þeirri endurskoðun. Það hefði verið æskilegt, virðulegi forseti, að fá nokkru nánar upp gefið hjá hæstv. heilbrrh. hvort hún verði við þeim tilmælum sem komu frá einstökum ræðumönnum við 1. umr. málsins og komu fram aftur frá allri heilbr.- og trn., ósk um að farið verði af stað með slíka heildarendurskoðun.

Ég minni aftur á frv. til laga sem liggur fyrir um breytingu á lögum um fæðingarorlof, flutt af nokkrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar undir forustu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, þar sem fram kemur mjög heildstætt frv. um fæðingarorlof þar sem verið er að samræma rétt til fæðingarorlofsgreiðslna hvort sem er á almenna markaðnum eða hjá hinu opinbera. Ég verð að segja það, herra forseti, að það gengur ekki öllu lengur að hafa mismunandi rétt, annars vegar hjá almenna markaðnum og hins vegar hjá hinu opinbera. Við hljótum að stefna að því og vinna að því hratt og vel að reyna að samræma fæðingarorlof. Þá vil ég undirstrika að ég er ekki að tala um að taka einhvern rétt af opinberum starfsmönnum. (Gripið fram í.) Ég er að tala um fæðingarorlof núna í augnablikinu. Það er reyndar ýmislegt annað sem þarf að skoða. Við höfum gagnrýnt það fyrirkomulag sem er á fjármögnun fæðingarorlofs og eins fæðingarorlofstímann sem er allt of stuttur og miklu styttri en í löndunum sem við berum okkur saman við.

Ég vil nefna varðandi það ákvæði sem er til umræðu í frv., sem er vissulega skref í þá átt að bæta fæðingarorlof, að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir að 90–95% feðra muni nýta sér þennan rétt til fæðingarorlofs. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég dreg í efa að svo margir muni nýta sér þennan rétt vegna þess að í fæðingarorlofi er ekki um að ræða greiðslur á óskertum launum, eins og er hjá opinberum starfsmönnum. Ég hygg að margir geti ekki, þrátt fyrir vilja, nýtt sér fæðingarorlofið þegar um er að ræða að feður fá einungis 33 þús. kr. Ég leyfi mér að draga í efa að svo margir muni í reynd nýta sér það fæðingarorlof, þó að maður verði að vænta þess að aukning verði á frá því sem nú er, en það eru einungis 10 eða innan við 20 karlmenn sem hafa nýtt sér fæðingarorlof til þessa á hverju ári. Það var veruleg breyting á hinum Norðurlöndunum, eins og fram kemur í frv. stjórnarandstöðuþingmanna, þegar feður fengu sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Það skýrðist að verulegu leyti af því að feður geta haldið launum sínum í fæðingarorlofi. Til dæmis er bent á það í frv. stjórnarandstöðunnar að 2–3% feðra tóku sér fæðingarorlof fyrir þá breytingu áður en þetta var gert að sjálfstæðum rétti en eftir breytinguna eru um 80% norskra feðra sem taka sér fæðingarorlof. Ég held að þessi mikla breyting skýrist fyrst og fremst af því að fólk heldur launum sínum í fæðingarorlofi. Auðvitað er eðlilegt að litið sé á þetta sem ígildi vinnutaps eða launataps og að bæði feður og mæður í fæðingarorlofi hafi rétt á að halda launum sínum. Ég held að mjög brýnt sé að á því máli sé tekið. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ítreka spurningar mínar til formanns nefndarinnar og fagna því sem nefndin áréttar hér, sem var mjög eindregin ósk við 1. umr. málsins, að þegar verði hafin endurskoðun á lögum um fæðingarorlof hér á landi.

[11:33]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill láta þess getið vegna orða hv. 13. þm. Reykv., þess efnis að rétt væri að endurskoða þingsköp og breyta þeim í þá átt að heimilt sé að leggja fram brtt. við 1. umr. máls. (**JóhS:** Og mæla fyrir henni.) Samkvæmt þingsköpum

er ekkert sem bannar það. Heimilt er að bera fram brtt. við 1. umr. og mæla fyrir henni en hún er ekki tekin formlega á dagskrá og ekki greidd atkvæði um hana við 1. umr. heldur við 2. umr., það er munurinn.

Það segir í 51. gr., lokamálsl. 1. mgr.: „Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er."

Þingmaður má að sjálfsögðu mæla fyrir henni en hún er ekki formlega tekin á dagskrá.

[11:34]

**Útbýting þingskjals:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 304. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 609.

[11:34]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. frá heilbr.- og trn. með fyrirvara, og tel rétt að gera grein fyrir því hvers vegna sá fyrirvari minn er. Hann er ekki vegna þess að ég sé ekki að fullu sammála því frv. eða áliti sem kemur frá nefndinni. Ég er það og tel að það sé spor í rétta átt að samþykkja hálfs mánaðar fæðingarorlof feðra. Hins vegar kom fram í umfjöllun nefndarinnar að þessi sjálfstæði réttur feðra á almenna vinnumarkaðnum væri mun minni og rýrari en réttur feðra sem vinna hjá hinu opinbera, ekki hvað varðar tímann heldur fyrst og fremst hvað varðar laun. Meðan slík mismunun er í gangi eins og fram kom hjá þeim fulltrúum sem komu á fund nefndarinnar, þá get ég ekki fallist á að um eðlilega mismunun sé að ræða og tel þess vegna rétt að skrifa undir nál. með fyrirvara og vegna þeirrar skoðunar minnar að samræma hefði átt þessar reglur um sjálfstæðan rétt feðra til launa í fæðingarorlofi, milli þess sem gerist hjá hinu opinbera og á almenna vinnumarkaðnum.

Hæstv. ríkisstjórnin samþykkti 16. september sl. sjálfstæðan rétt feðra til launa í fæðingarorlofi og var þá eingöngu um að ræða feður sem vinna hjá hinu opinbera. Í fréttatilkynningu sem kemur frá fjmrn. segir, með leyfi forseta:

„Á fundi ríkisstjórnar 16. september sl. var tekin ákvörðun um að veita feðrum í starfi hjá ríkinu rétt til launa í fæðingarorlofi. Ákvörðunin var tekin á grundvelli eins af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu hennar frá 23. apríl 1995:

„Að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis og stuðla að jafnari möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína.""

Í þessu markmiði ríkisstjórnarinnar segir sem sagt að hæstv. ríkisstjórn ætli að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis, en með þeirri ákvörðun og því frv. sem er hér til umræðu er í raun og veru verið að auka enn á það launamisrétti sem er milli stétta, sem eru jafnvel að vinna sambærileg störf, hjá hinu opinbera og almenna vinnumarkaðnum, og á það er ekki hægt að fallast.

Í minnispunktum sem fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands lögðu fram á fundi í nefndinni kemur þessi mismunun, sem þeir að sjálfsögðu mótmæla, mjög skýrt fram og ég ætla að lesa þá, með leyfi forseta, en þar segir:

„Fagna ber því að frv. um sjálfstætt fæðingarorlof feðra sé komið fram. Alþýðusambandið styður grundvallarregluna sem þar kemur fram, enda ljóst að Íslendingar standa þjóðum í kringum okkur langt að baki í þessum efnum. Um leið er mikilvægt að benda á eftirfarandi staðreyndir: Frumvarpið kemur fram í kjölfarið á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 16. september 1997, um sjálfstætt fæðingarorlof feðra sem starfa hjá ríkinu. Í tilfelli feðra sem starfa hjá ríkinu er um að ræða mun ríkari rétt, þar sem miðað er við full dagvinnulaun í hálfan mánuð, auk helmings af meðaltalsyfirvinnu og vaktaálagi. Samkvæmt frv. [þ.e. því sem hér er til umræðu] er gert ráð fyrir að hámark greiðslu til feðra á almenna vinnumarkaðnum sé 32.155 kr. fyrir hálfan mánuð. Þess má geta að lágmarkslaun verða samkvæmt kjarasamningum 70 þús. kr. 1. janúar 1998, og að meðallaun karla hjá ríki og borg voru á öðrum ársfjórðungi 1997 um 164 þús. kr. á mánuði og á almennum vinnumarkaði eru þau vel á annað hundrað þúsund á mánuði með öllu. Í ljósi ofanritaðs liggur fyrir að karlar hjá ríkinu munu fá að meðaltali meira en helmingi hærra fæðingarorlof en þeir sem eru á almenna vinnumarkaðnum. Samkvæmt frumvarpinu virðist gert ráð fyrir því að feður á almenna vinnumarkaðnum þurfi að uppfylla strangari formskilyrði en ríkisstarfsmenn, samanber að feður á almenna vinnumarkaðnum verða að vera í hjúskap eða skráðri, óvígðri sambúð eins og stóð í frumvarpinu en samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar hvað varðar rétt opinberra starfsmanna eru engin slík skilyrði varðandi opinbera starfsmenn."

Síðan spyrja fulltrúar ASÍ: Hver eru hin pólitísku rök fyrir því að mismuna feðrum með þessum hætti eftir atvinnurekanda? Hér er um óásættanlega mismunun að ræða. Áfram segir í þessum minnispunktum, með leyfi forseta:

„Ljóst er að réttur foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs er mun lakari hér á landi en annars staðar í Norður-Evrópu, bæði hvað varðar tímalengd og greiðslur. Þetta gildir sérstaklega um foreldra á almennum vinnumarkaði, auk þess sem benda má á að kerfið er á margan hátt orðið ósamkvæmt sjálfu sér og ómarkvisst. Þá liggur fyrir að hér á landi ber að taka upp reglur tilskipunar ESB um foreldraorlof í síðasta lagi 3. júní 1998. Þar er gert ráð fyrir sjálfstæðum rétti foreldra, móður og föður, til þriggja mánaða foreldraorlofs til viðbótar við hefðbundið fæðingar- og mæðraorlof. Í þessu ljósi leggur Alþýðusambandið áherslu á að ekki verði lengur búið við óbreytt ástand. Jafnframt er ljóst að frumvarpið nú breytir þar í engu grundvallaratriðum. Þegar á fyrri hluta næsta árs verður að taka upp og aðlaga öll réttindi mæðra og feðra að nútímakröfum og þeim skuldbindingum gagnvart launafólki sem íslensk stjórnvöld hafa tekið á sig með alþjóðlegu samstarfi."

Jafnframt kom fram hjá fulltrúum frá Jafnréttisráði að mikil nauðsyn væri á að taka heildarlöggjöfina um fæðingarorlofið upp til gagngerrar endurskoðunar vegna þess að mjög margt í þeirri löggjöf rækist hvað á annars horn milli greina þeirrar löggjafar. Því var ekki mótmælt af þeim fulltrúum heilbrrn. sem sátu nefndarfundi.

Í ljósi þessarar mismununar sem kemur fram milli þess réttar sem er fyrir feður á almenna vinnumarkaðnum og þeirra sem starfa hjá hinu opinbera gat ég ekki skrifað undir nál. og þær tillögur sem hér eru fluttar án fyrirvara vegna þess að mér finnst þessi mismunun óásættanleg, og hefði verið eðlilegt og möguleiki á að samræma við afgreiðslu þessa máls svo sem skilyrði um hvort viðkomandi skuli vera í vígðri eða óvígðri sambúð til þess að eiga þennan rétt. Vilji til þess að samræma virðist vera til staðar, og þá kannski frekar í þá veru sem er í frv. hæstv. heilbrrh., vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum er þessi réttur í flestum ef ekki öllum tilvikum skilyrtur við að sá einstaklingur sem réttarins nýtur skuli vera í vígðri eða óvígðri skráðri sambúð. Þess vegna hefði verið eðlilegt að beina því

til hæstv. fjmrh. að samhliða þessu hefði sú regla verið tekin upp hvað varðar opinbera starfsmenn.

Þegar ég tala um samræmingu milli þess sem gerist á rétti opinberra starfsmanna og þeirra sem vinna á almenna markaðnum vil ég taka skýrt fram að þar er ég ekki að tala um jöfnun niður á við vegna þess að sá réttur sem menn eiga hjá hinu opinbera og það tillit sem þar er tekið til meðaltalsyfirvinnu og vaktaálags væri eðlilegt að gert væri á sambærilegan hátt á almenna vinnumarkaðnum. Að sjálfsögðu kostar það eitthvað meira því þarna er um að ræða, eftir þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni, að greiðslur til feðra sem eru í starfi hjá hinu opinbera nemi fyrir hálfan mánuð allt að 78 þús. kr., eða þar um bil, plús eða mínus einhverjar stærðir. Aftur á móti er verið að tala um greiðslur upp á 32.155 kr. á almenna vinnumarkaðnum fyrir þennan hálfa mánuð. Þarna munar meira en helming á þessum greiðslum. Þannig erum við hugsanlega að tala um að í staðinn fyrir 100 millj. kr. framlag á fjárlögum til þessa liðar þyrfti það að vera helmingi meira.

Hér liggja frammi tillögur heilbr.- og trn. sem farið var yfir af hv. formanni heilbr.- og trn. áðan, Össuri Skarphéðinssyni, en jafnframt liggur fyrir brtt. við frv. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni sem gengur heldur skemur en sú brtt. sem nefndin flytur varðandi rýmkaðan rétt feðra vegna fjölburafæðinga, alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður. Ég er, virðulegi forseti, einn af þeim þingmönnum sem gagnrýndu það í störfum nefndarinnar að þessari tillögu hefði verið breytt við 1. umr. og lægi fyrir í störfum nefndarinnar, og er það fyrst og fremst vegna þess að vilji kom fram í máli hv. þm. við 1. umr. til að á því yrði tekið á sambærilegan hátt og gert var við þá breytingu á lögum um fæðingarorlof sem samþykkt var á síðasta þingi. Hæstv. ráðherra tók þessum hugmyndum þingmanna mjög vel og þess vegna fannst mér og finnst eðlilegri vinnubrögð að miða við þá umræðu og viðbrögð hæstv. ráðherra. Það hefði verið eðlilegra að taka málið til umræðu fyrst í nefndinni og sjá hvort hægt væri að ná samkomulagi þar um breytingar. Ef ekki væri hins vegar sú brtt. flutt sem hér er á ferðinni og varðar þetta mál og liggur frammi með skjölum en gengur skemur þannig að hún kemur líklega ekki til atkvæða.

Ég vil að síðustu taka undir þann vilja sem kom fram við 1. umr. um málið, um heildarendurskoðun á lögum um fæðingarorlof og það sjónarmið sem fram kom í nefndinni að þetta væri orðin mjög flókin löggjöf þar sem vafi leikur á um túlkun mjög margra atriða og mismunandi túlkun er uppi. Í þá heildarendurskoðun þarf að fara en þá um leið að taka tillit til þeirrar reglugerðar sem við erum skuldbundin til að lögtaka, ekki síðar en næsta sumar og varðar foreldraorlof. Það hlýtur að þurfa að ræða fæðingar- og foreldraorlof í samhengi og sjálfsagt að að þessari vinnu komi fulltrúar allra þeirra flokka og samtaka sem sæti eiga á hv. Alþingi. Þetta er mál sem mjög breið samstaða þarf að nást um og hefði hæstv. ráðherra átt að vera viðstödd þessa umræðu. Það er alltaf mjög hvimleitt, svo ekki sé meira sagt, að standa í ræðustóli og tala um frv. ráðherra sem hafa fengið mjög fljóta og góða afgreiðslu í nefndinni, þó seint séu fram komin, tekin til 1. umr. nokkrum dögum fyrir jólaleyfi, þrátt fyrir mjög góð áform þingsins um að láta þetta nú ekki gerast aftur og aftur, að frv. sé dreift eða tekin til 1. umr. rétt fyrir þinghlé. En engu að síður hefur heilbr.- og trn. brugðist mjög vel við bæði þessu frv. sem og því frv. sem kom til afgreiðslu nefndarinnar á síðasta þingi, um rýmkaðan rétt hvað varðar fæðingarorlof vegna fjölburafæðinga og væri þá eðlilegt að hæstv. ráðherra sé viðstaddur umræðuna. Það er eins og maður segir, herra forseti, lágmarksvirðing gagnvart vinnu þingmanna og ég tala ekki um þegar brugðist er við beiðini ráðherra með þessu móti.

En þrátt fyrir þann fyrirvara sem ég hef og þrátt fyrir að þarna sé þessi mismunun sem öllum er ljós þurfum við að taka okkur verulega á. Við búum við mun minni rétt hvað varðar fæðingarorlof foreldra en gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og þó að við förum bara til Norðurlandanna, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands, er Ísland þar langt á eftir hvað varðar þessi réttindi. Í Danmörku eru frá 54 og upp í 69 vikur, í Svíþjóð eru frá 60 upp í 64, frá 44 upp í 46 í Finnlandi og í Noregi 48–52 en við erum aftast í lestinni með 26 vikna orlof. Þetta er nokkuð sem við verðum að taka upp og í ljósi þess vilja sem hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstjórn og hjá hæstv. félmrh., sem sett hefur fram og fengið samþykkta tillögu um sérstaka fjölskyldustefnu, væri náttúrlega eðlilegt að heildarendurskoðun fæðingarorlofs og foreldraorlofs væri þegar komin af stað og löngu kominn tími til. En á sama hátt og aðrir fagna ég þó þessu skrefi sem hér er stigið sem er í fullu samræmi við það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon fluttu þáltill. um á síðasta þingi og þinginu þar áður, og fagna því skrefi sem hér er stigið, en geri þennan fyrirvara, að sú mismunun sem er milli atvinnustétta er óásættanleg.

[11:52]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í orðum síðasta ræðumanns kom fram að fyrirvarinn væri vegna mismunandi kjara, þ.e. á almenna vinnumarkaðnum og hjá opinberum starfsmönnum, og það er alveg rétt. Það hefur verið þannig í gegnum tíðina og auðvitað fer þetta yfir á karlmennina núna, má segja. En hér kom líka fram að þetta mál er til mikilla bóta og taka allir heils hugar undir það. Varðandi orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þar sem hún talaði um sambúð og þá sem eru giftir, og að sömu reglur eigi að gilda hjá opinberum starfsmönnum og fólki á almenna vinnumarkaðnum, þá fórum við talsvert yfir það mál í nefndinni og töldum eðlilegt að gera ætti þá kröfu til feðranna að þeir væru í sambúð eða giftir mæðrunum, og ég vil bara ítreka það að mér finnst það eðlileg krafa. Mér finnst óeðlilegt að karlmaður sem á barn með konu en er ekki í sambúð með henni, ekki giftur henni og býr ekki með henni eigi að fá fæðingarorlof. Ég vil hins vegar taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. að það er óeðlilegt að mismunandi reglur gildi fyrir opinbera starfsmenn að þessu leyti og almenna vinnumarkaðinn. Mér finnst eðlilegt að reglur fjmrh. verði endurskoðaðar í því tilliti.

[11:54]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. og tilvísunar hennar í 1. umr. um þetta mál vil ég minna á að fyrir þinginu liggur frv. frá okkur kvennalistakonum og fleiri þingmönnum, þar sem gert er ráð fyrir að þessari mismunun, sem kemur fram milli almenna vinnumarkaðarins og ríkisins, sé aflétt á þann hátt að fólk fái greidd full laun í fæðingarorlofi. Mér finnst einnig rétt vegna orða hv. þm. að fram komi að ég er sammála þeirri túlkun að eðlilegt sé að binda rétt fæðingarorlofs feðra við að þeir séu í sambúð. Ég vil líka ítreka að ég tel

ekki koma til greina að leiðrétta þann mismun sem er núna milli almenna vinnumarkaðarins og ríkisstarfsmanna með því að samræma niður á við, og því sé langeðlilegasta lausnin að samræma þessar greiðslur t.d. í gegnum svokallaðan fæðingarorlofssjóð, eins og við leggjum til í okkar frv.

Þetta litla frv. sem hér er til umræðu er spor í rétta átt en það er löngu tímabært að taka alla fæðingarorlofslöggjöfina til endurskoðunar.

[11:55]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka fyrir þau andsvör sem fram hafa komið því þar er tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í ræðu minni og ítreka þá afstöðu, ekki bara mína, heldur Alþb., að þessi mismunun er óásættanleg og að því leytinu til höfum við fyrirvara þótt við styðjum málið vegna þess að það er skref í rétta átt.

[11:56]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna þeim áfanga sem næst með þessu frv. þar sem sú grundvallarbreyting er gerð í íslenskum lögum að feður fá sjálfstæðan rétt til tveggja vikna fæðingarorlofs, en tek undir allt sem sagt hefur verið um nauðsyn þess að fram fari heildarendurskoðun á lögum um fæðingarorlof hér á landi, því það hefur komið mjög skýrt fram í máli þeirra sem hafa talað hér á undan mér að þar er víða pottur brotinn.

Herra forseti. Mér hefði þótt eðlilegt að við þessa umræðu hefðu verið viðstaddir bæði hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. vegna þess að þetta mál varðar báða þá ráðherra, sérstaklega þegar til samanburðar kemur á rétti foreldra til töku fæðingarorlofs. Þar á ég m.a. við rétt feðra hjá hinu opinbera til fæðingarorlofs samkvæmt fréttatilkynningu frá hæstv. fjmrh. Hvorugur ráðherranna er hér viðstaddur, því miður. Þessi mál komu til mikillar umræðu í hæstv. heilbr.- og trn. og voru menn sammála um að brýnt væri að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar. Sérstaklega vil ég taka undir athugasemdir frá fulltrúum ASÍ sem komu á fund nefndarinnar. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las athugasemdir þeirra og mun ég því ekki endurtaka það mál allt. Engu að síður vil ég minna á að mæðrum hefur verið mismunað í greiðslum í fæðingarorlofi í gegnum tíðina. Mæður sem hafa tekið fæðingarorlof og treyst á greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa verið með lægri greiðslur. Nú er þetta að koma fram hjá feðrunum og kemur þá aftur til umræðu og er full ástæða til að benda á það. Það er ekki aðeins feðrum sem nú er mismunað heldur er mismunun mæðranna enn til staðar. Einnig kom fram mjög sérkennilegt dæmi í umfjöllun hæstv. heilbr.- og trn. þegar borinn var saman réttur karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera, þ.e. feðra og mæðra í störfum hjá hinu opinbera, og var þá bent á að félagsmenn Sóknar í störfum hjá ríkinu hefðu mismunandi rétt. Var tekið dæmi af því að Sóknarkarl, faðir, sem starfaði t.d. hjá Ríkisspítölum mundi fá launatengt fæðingarorlof, þ.e. hann mundi halda launum sínum, fá hálf laun fyrir þessar tvær vikur auk þess að halda hálfri yfirvinnu og vaktaálagi o.s.frv., meðan Sóknarkonan, konan hans, móðirin, ætti ekki rétt á að halda launum sínum, hún yrði að taka greiðslur frá almannatryggingunum og fengi þar af leiðandi mun lægri greiðslur í sínu fæðingarorlofi, allt að því helmingi lægri greiðslur en maðurinn hennar sem vinnur sömu störf, t.d. hjá Ríkisspítölunum.

Þetta er auðvitað talandi dæmi um það hversu brýnt er að taka þessi lög til gagngerrar endurskoðunar. Eins og fram kemur í nál. er það samdóma álit allra nefndarmanna að stefnt skuli að því að þessi lög fari í heildarendurskoðun.

Mig langar aðeins að gera að umtalsefni þær brtt. sem nefndin leggur til á þingskjali sem liggur frammi. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ásamt hv. formanni heilbr.- og trn., Össuri Skarphéðinssyni, hefur lagt fram brtt. við 1. umr. Nefndin var sammála því að taka þyrfti á þeim atriðum sem þar komu fram, þ.e. að auka rétt feðra við fjölburafæðingar, við alvarlegan sjúkleika barns eða ef um alvarleg veikindi móður væri að ræða. Tekið er á þessu í brtt. frá nefndinni. Einnig var annað mál mikið til umræðu í nefndinni og það var að móðir hefði áfram forgangsrétt til fyrsta mánaðar í fæðingarorlofi. Þetta hefur oft verið gagnrýnt, en ég tel að þetta sé fyllilega réttlætanlegt, sérstaklega nú þegar faðir getur tekið sinn sjálfstæða rétt tvær vikur af þessum fyrsta mánuði. Það er því fyllilega réttlætanlegt og eðlilegt að móður sé tryggður þessi fyrsti mánuður áfram þannig að faðir geti ekki tekið þann mánuð sem afleiddan rétt móðurinnar.

Annað sem breyttist í meðförum nefndarinnar er ákvæði til bráðabirgða um að þeir feður geti nýtt sér réttinn samkvæmt þessum lögum eftir að lögin taka gildi, þ.e. feður barna sem fæddust eða fæðast nú í desember — eða fá að koma heim — og falla innan þeirra marka sem sett eru samkvæmt þessum lögum. Þetta er í samræmi við bráðabirgðaákvæði sem sett var í lög eða lagabreytingu sem nefndin fjallaði um og varð að lögum um rétt fjölburaforeldra. Þetta er fullkomlega eðlilegt og ég fagna því að þetta skuli hafa verið sett í lagatextann.

Ég ætla ekki að endurtaka allt sem kom fram hjá þeim sem töluðu á undan mér um það hve þetta kerfi er ósamkvæmt sjálfu sér, hvernig mönnum er mismunað eftir því hvort þeir eru opinberir starfsmenn eða starfa hjá einkaaðilum. Hér var til umræðu skilyrði um hjúskap eða skráða óvígða sambúð. Í fréttatilkynningu frá hæstv. fjmrh. um rétt karla er starfa hjá hinu opinbera kemur fram að þar er ekki skilyrði að feður þurfi að vera í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð til að eiga rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi og er það í ósamræmi við þau lög sem er verið að setja og snúa að almannatryggingunum. Það er mikilvægt að samræmi sé í þessum hlutum. Þetta er orðið það flókið kerfi og flóknar reglur að menn eiga fullt í fangi með að kynna sér réttinn og var það nefnt í umræðum í nefndinni að greinilegt væri að ef faðir ætti von á barni þá væri um að gera að drífa sig í starf hjá hinu opinbera þar sem hann gæti þá átt réttinn hvort sem hann væri í sambúð með móður eða ekki og héldi hálfum launum í því leyfi. Ég leyfi mér að efast um að lögin og framkvæmd þeirra og rétturinn til fæðingarorlofs, þessi mismunandi réttur, bæði mæðra og feðra, standist jafnræðisreglu og kom það einmitt fram í umræðum í nefndinni að þetta væri án efa brot á þeirri reglu. Ég leyfi mér að fullyrða eða tel mjög líklegt að kærur muni koma fram vegna þessara réttinda til töku fæðingarorlofs og greiðslna þar. Við verðum að taka á þessu máli. Réttur til fæðingarorlofs er lakari hér en annars staðar í Evrópu, nema e.t.v. í Bretlandi, bæði hvað varðar lengd fæðingarorlofs mæðra og feðra og einnig upphæðir.

Herra forseti. Það er orðið mjög brýnt að taka á fæðingarorlofsmálunum. Eins og komið hefur fram í umræðunni liggja fyrir þingmál um rétt til töku fæðingarorlofs þar sem tekið er á þessum málum sem hér eru til umræðu og hafa einnig verið á fyrri þingum. Ég tel eðlilegt að ef hæstv.

ráðherra fer í það að láta gera heildarendurskoðun á þessum lögum, þá komi að því starfi fólk sem víðast að og tekið verði tillit til þeirra mála sem hér liggja fyrir nú þegar um rétt til töku fæðingarorlofs.

[12:07]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. heilbrrh. hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beint til mín spurningum sem varða það mál sem við erum að ræða.

Í fyrsta lagi spurði hún mig um hvort feður sem eru bankamenn fengju sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs samkvæmt þessu frv. og svarið er já.

Í öðru lagi spurði hún hvort nefndin hefði beint því til fjmrn. að breyta þeim reglum sem gilda um þá opinberu starfsmenn sem eru feður eða verða feður, að taka upp sams konar breytingar og við höfum lagt til, þ.e. sem lúta að því að ef um er að ræða ákveðnar aðstæður fái feður tvöfaldan rétt sinn, þ.e. mánuð í stað tveggja vikna, sömuleiðis fái þeir tvær vikur fyrir hvert barn sem er umfram eitt. Því er til að svara að eins og kom fram í framsögu minni tókum við enga sjálfstæða ákvörðun um að beina því til fjmrn. Það komu hins vegar upp umræður í nefndinni sem vörðuðu önnur atriði sem menn töldu nauðsynlegt að samræma á milli þeirra reglna og frv., sem við erum að ræða, og menn töldu eðlilegt varðandi það tiltekna atriði að fjmrh. breytti þeim reglum. Ég tel eðlilegt að hæstv. fjmrh. breyti reglum sínum í samræmi við anda þessara laga og ég geri raunar ráð fyrir því. Hann hefur sýnt nokkurt frumkvæði í þessum efnum. Ég hygg að hann eins og hæstv. heilbrrh. hafi ekki einvörðungu hugsað út í þetta tiltekna atriði. Ég rifja það upp að þegar þessi hugmynd kom fram í umræðunni um aukinn rétt feðra við sérstakar aðstæður þá tók hæstv. heilbrrh. því mjög vel og ég vænti þess að sá skilningur nái yfir ríkisstjórnina alla og þess vegna verði þetta frv. til þess að hæstv. fjmrh. taki sig til og breyti reglunum líka í samræmi við það. Að öðru leyti hefur það komið fram í umræðum sem varðar auðvitað þetta atriði að löggjöfin um fæðingarorlof er meingölluð. Allir þeir sem komu til fundar við nefndina lýstu þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt væri að endurskoða hana í heild. Í þessari umræðu og í umfjöllun nefndarinnar var bent á fjölmörg dæmi sem sýndu misræmi og ekki er hægt annað en að taka undir með þeim sem telja að mjög brýnt sé orðið að þessi endurskoðun fari fram.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði mig hvort þessi tilhögun kynni að einhverju leyti að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég tel að svo sé ekki. Hér er ekki verið að skerða rétt neins heldur er verið að auka réttindi annarra. Ég tel það einsýnt að þetta sé ekki brot á jafnræðisreglunni. Það kynni hins vegar að vera að einhverjir hópar gætu í krafti jafnræðisreglunnar sótt fram til svolítilla ávinninga á þeim grunni sem þessi löggjöf væntanlega veitir.

[12:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir svörin sem voru mjög skýr eins og hans er von og vísa. Ég held að það sé mjög gott að það liggi fyrir þannig að um það verði ekki deilur að bankastarfsmenn muni falla undir þessa lagabreytingu, því þeirra fæðingarorlof er skipað með nokkuð óvenjulegum hætti. Þeir taka þriggja mánaða fæðingarorlof á fullum launum en hina þrjá mánuðina samkvæmt þeim rétti sem gildir á almenna markaðnum. Það er því skýrt og liggur fyrir hver túlkunin er varðandi bankastarfsmenn.

Varðandi reglugerð hæstv. fjmrh. og hvort hann muni breyta sinni reglugerð í þá veru að feður hjá hinu opinbera njóti þess aukna réttar sem brtt. heilbr.- og trn. kveður á um, þ.e. að eins mánaðar fæðingarorlof verði í þeim tilvikum þegar um er að ræða fjölburafæðingar eða alvarleg veikindi barns eða móður, þá hefði nú verið æskilegt að skýrt lægi fyrir af hálfu fjmrh. áður en þetta frv. verður að lögum, hvort hann muni breyta reglugerðinni þannig að þarna sé gætt jafnræðis. Því spyr ég hv. formann heilbr.- og trn. hvort hann muni beita sér fyrir því að við 3. umr. málsins liggi fyrir slík yfirlýsing frá hæstv. fjmrh.

[12:12]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar rétt bankamanna er rétt að fram komi að þetta er ekki einungis skilningur formanns heilbr.- og trn. þingsins heldur líka skilningur heilbrrn. Hvað það varðar hvort ég muni beita sannfæringarkrafti mínum og fortöluhæfileikum til að fá hæstv. fjmrh. til að gefa út yfirlýsingu fyrir 3. umr. fjárlaga um að hann breyti reglum sínum til samræmis við þau ákvæði sem við erum að fjalla um, þá get ég gert það. Hins vegar þekki ég hæstv. fjmrh. og ég ímynda mér að jafnvel orð tiltölulega þungvægs formanns heilbrn. muni ekki endilega nægja til að toga slíka yfirlýsingu út úr honum, en ég skal ekki láta mitt eftir liggja.

[12:13]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst í ræðustól til að fagna þessu frv. og afgreiðslu málsins á þingi. Það er ánægjulegt þá sjaldan það skeður, því miður, að við ræðum framfaraspor í velferðarlöggjöf okkar eða velferðarmálum. Það hefur allt of oft verið erindi okkar undanfarin ár í þennan ræðustól að ræða niðurskurð eða þrengingar eða breytingar til hins verra jafnvel á grundvallarlöggjöf og réttindum sem við tengjum almennt við velferðarkerfið eða velferðarsamfélagið. Þetta framfaraspor í sambandi við fæðingarorlof þó að það sé kannski ekki óskaplega stórt í hugum margra, ekki í sama mæli og upptaka fæðingarorlofs yfirleitt var á sínum tíma eða önnur sambærileg réttindi, þá er það að ýmsu leyti mikilvægt prinsippmál og merkilegt sem slíkt.

Skiptir þá ekki öllu máli hvort menn eru nákvæmlega sáttir við að þetta séu tvær vikur eða fjórar í einu tilviki eða öðru heldur hitt að sú grundvallarhugsun er mikilvæg, ef ég má leyfa mér að orða það svo, að feður skuli ekki síður en mæður koma að uppeldi barna sinna og vera til staðar á þessum fyrstu og mikilvægustu vikum í ævi nýs einstaklings. Hún er mikilsverð í mörgu tilliti. Hún er rétt út frá félagslegum og mannlegum sjónarmiðum. Að sjálfsögðu eiga báðir foreldrar að leggja sitt af mörkum ábyrgðarinnar vegna en líka þeirra sjálfra vegna. Þetta er gagnvirkt ef svo má að orði komast og á að hafa áhrif í báðar áttir. Um leið og það er réttur barnsins að fá góða umönnun og að báðir foreldrar séu til staðar ef kostur er þá er það líka réttur foreldranna, ekkert síður föðurins en móðurinnar, að geta tekið þátt í þessum hlutum. Þetta er líka mikilvægt að mínu mati sem grundvallaratriði vegna þess að þetta hefur áhrif á stöðu kynjanna, hvað varðar barnauppeldi, úti á vinnumarkaðnum. Enginn vafi er á að eitt af því sem hefur átt þátt í að konum hefur gengið erfiðlega að fá fullan jöfnuð í launum á vinnumarkaðnum á við karla, þó að það standi skýrt í landslögum, er sú staðreynd að vinnuveitendur

almennt reikna þeim til frádráttar þann möguleika að þær verði frá vinnu, bundnar við meðgöngu, fæðingu og uppeldi barna, í ríkari mæli en feður. Það að rétta þennan ójöfnuð að einhverju leyti að minnsta kosti, í gegnum breytingu af þessu tagi og undirstrika að það er ekki síður skylda feðra en mæðra að koma að uppeldi barna og umönnun þeirra fyrstu vikur, mánuði og ár er mikilvægt grundvallaratriði. Og þeim mun jafnari sem þessi réttur verður milli kynjanna þeim mun líklegra er að aðstöðumunur að þessu leyti hverfi út úr myndinni þegar kemur að ákvörðunum um kaup og kjör eða starfsframa einstaklinga í atvinnulífinu. Þetta snýst ekki bara um launamun heldur einnig möguleika fólks á því að vinna langan vinnudag, taka á sig yfirvinnu og axla ábyrgð í störfum. Ég held það sé óhrekjanlegt að þarna hefur m.a. það fyrirkomulag sem gilt hefur um rétt til fæðingarorlofs haft áhrif. Ég minni til að mynda á skýrslu sem Jafnréttisráð lét vinna og var mikið til umfjöllunar hér fyrir um einu og hálfu ári, um kynbundinn launamun. Þar kom þetta greinilega fram í viðhorfskönnun sem lá til grundvallar þeirri skýrslugerð meðal starfsmanna og vinnuveitenda eða atvinnurekenda. Grundvallarreglan er því mjög mikilvæg. Síðan geta menn lengi deilt um útfærslu og það hversu ríkuleg þessi réttindi eigi að vera.

Það er okkur sem höfum flutt tillögu á undanförnum þingum sérstakt fagnaðarefni að slíkur réttur komi til sögunnar. Ég minni á tillögu okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar og reyndar er það athyglisvert að nákvæmlega sú tilhögun sem við lögðum til, að feður ættu rétt á sjálfstæðu tveggja vikna fæðingarorlofi, er niðurstaðan í þessu frv. Það er einnig mjög mikilvægt að réttur föðurins í þessu tilviki sé óyfirfæranlegur, hann sé bundinn því skilyrði að faðirinn noti hann, en falli niður ella. Þessi réttur mundi ekki gera hálft gagn, að mínu mati, ef hann væri yfirfæranlegur og þar með að einhverju leyti í reynd viðbót við gildandi fæðingarorlofsrétt móður. Ég tek undir þær breytingar sem hv. heilbr.- og trn. leggur til við þetta frv. og mér sýnist ágæt samstaða sé um að séu til mikilla bóta, enda fluttar af allri nefndinni.

Ég held að ekki sé ástæða til að fara út í langar umræður eða deilur á þessu stigi málsins um nánari útfærslu réttindanna eða hvernig menn sjá fyrir sér að hugsanlega verði aukið við þau á komandi árum. Ég lít svo á að hér sé eingöngu verið að stíga fyrsta skrefið, festa þessa grundvallarreglu í lög og tryggja hana. Fyrir mér er það mjög mikilsverður áfangi. Ég reikna að sjálfsögðu með því að þetta eins og fleira sem þarf nauðsynlega að endurskoða í sambandi við fæðingarorlof komi þar til athugunar. Markmiðið er að sjálfsögðu að hér verði tekið upp og komi til sögunnar sambærilegt fyrirkomulag í þessum efnum og best þekkist í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Að sjálfsögðu getum við ekki ætlað okkur neinn minni metnað í þeim efnum en þann að koma réttindum og fyrirkomulagi fæðingarorlofsmála í sambærilegt horf við það sem gerist t.d. á hinum Norðurlöndunum. Við erum miklir eftirbátar hinna Norðurlandanna, a.m.k. þeirra sem ríkulegust hafa réttindin að þessu leyti. Það er helst kannski Finnland sem hefur legið nokkuð á eftir eins og við í þessum efnum, enda stundum gerður nokkur greinarmunur á stöðu velferðarkerfisins annars vegar í Finnlandi og á Íslandi, og hinum Norðurlöndunum hins vegar, þ.e. skandinavísku löndunum sem svo eru oft kölluð og Danmörku.

Til að nefna dæmi um það sem þarna vantar er að mínu mati nærtækast að taka einfaldlega lengd fæðingarorlofsins sjálfs sem er í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, um það bil eitt ár og jafnvel rúmlega það, mælt í vikum. En það er ekki bara það sem er öðruvísi heldur eru reglurnar verulega frábrugðnar og gera stöðu foreldra miklu betri í gegnum það að réttur til að skipta töku fæðingarorlofsins er miklu rýmri og réttur til sveigjanlegrar orlofstöku er miklu meiri. Þannig hygg ég að ég fari rétt með að í Svíþjóð til að mynda geti menn að hluta til nýtt síðari hluta fæðingarorlofsins allt til sjö ára aldurs barns. Rétturinn sé sem sagt geymanlegur, hægt sé að haga töku fæðingarorlofs þannig að um umtalsverðan sveigjanleika sé að ræða og rétturinn er að hluta til umönnunarréttur sem tengist uppeldi barnsins allt þar til komið er á grunnskólaaldur. Þetta gefur foreldrunum meiri sveigjanleika til að skipuleggja uppeldi og umönnun barnanna með öðrum hætti heldur en hér er hægt. Þetta gefur þeim miklu meiri möguleika til að aðlaga sín mál að þörfum sínum miðað við það starf sem þeir sinna eða þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í starfi. Þegar svo við bætist kannski möguleiki á sveigjanlegri vinnutíma og öðrum slíkum hlutum þá er þar á ferðinni allt annað og manneskjulegra umhverfi en við búum við, því miður.

Það er aftur, herra forseti, geysilega mikilvægt jafnréttismál að réttinum sé þannig fyrirkomið að hann sé að verulegu leyti yfirfæranlegur, ákvæðin um töku orlofsins séu sveigjanleg og aðlöguð því umhverfi sem við búum við í dag. Auðvitað er það sem hér er á ferðinni eitt lítið skref í að færa okkur nær því fyrirkomulagi sem við hljótum að stefna að á komandi árum.

Það læðist stundum að mér sá grunur að tregðan sem við höfum búið við sé að einhverju leyti því að kenna að sökum þess að fæðingartala á Íslandi hefur ekki lækkað jafnskarpt og gerst hefur í mörgum nálægum þróuðum ríkjum, þá finnist mönnum ekki ástæða til að búa jafn vel að foreldrum og börnum þeirra hér á landi eins og menn hafa verið að reyna gera í ýmsum nálægum löndum. Það er án efa rétt að ein af ástæðunum fyrir því að menn hafa reynt að gera betur við barnafólk, rýmka rétt til töku fæðingarorlofs og auka sveigjanleika í þeim efnum sem og úti á vinnumarkaðnum eru áhyggjur manna af því í mörgum þróuðum ríkjum hversu mjög fæðingartala hefur lækkað og þau vandamál sem það í sjálfu sér skapar þegar aldurspíramídinn fer á hvolf o.s.frv. Það finnast mér hins vegar ekki í raun frambærileg rök, á hinn bóginn, að gagnálykta svo á Íslandi að af því að þeir hlutir eru ekki jafnlangt komnir og sums staðar annars staðar, þá sé réttlætanlegt að búa hér mun lakar að foreldrum en ella væri. Það er að sjálfsögðu ekki svo. Það er enginn vafi á því að aðstæður að þessu leyti eru eitt af því sem ungt fólk horfir til þegar það gerir upp við sig sína framtíð og velur sér búsetu og enn síður getum við reiknað með því að ungt fólk sem eru allir vegir færir á alþjóðlegum vinnumarkaði velji sér Ísland sem dvalarstað t.d. að námi loknu ef til viðbótar við mun lægri laun hallar stórlega á það í grundvallarréttindum af þessu tagi. Fæðingarorlofið er þar mjög mikilsverður hluti einmitt fyrir fólk á þeim aldri sem er að taka sínar ákvarðanir um framtíðardvalarstað, starf og annað slíkt. Þess vegna held ég að við eigum ekki síður að beina sjónum að þáttum af þessu tagi en t.d. því að horfa á kaupgjaldið eitt eða ræða þessi mál út frá taugaveiklunarkenndum upphlaupum sem af og til verða um stöðu byggðamála, landflótta og atgervisflótta og annað því um líkt. Það eru einmitt grundvallarþættir af þessu tagi sem þar skipta máli og eru besti mælikvarðinn á hvernig samfélagið í reynd býr að sínum þegnum. Það eru

viðhorfin sem ríkja til mála af þessu tagi.

Herra forseti. Ég er hér fyrst og fremst til þess staddur að fagna framgangi þessa máls og gleðjast yfir því að endrum og sinnum, jafnvel á þessum síðustu og verstu hörmungar- og niðurskurðartímum í sögu íslenska velferðarsamfélagsins, gerist það þó að við erum að ræða hluti sem til framfara horfa.

[12:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu lagafrv. um sjálfstæðan rétt karla til fæðingarorlofs og nýframkomnar brtt. frá heilbr.- og trn. um það frv. sem upphaflega var lagt fram. Ég vil fyrst segja að ég tel þær brtt. sem hafa verið kynntar frá nefndinni vera mjög til bóta og ég fagna því mjög að þær skuli hafa komið fram. Þar er í fyrsta lagi um að ræða ákvæði þess efnis að faðir skuli eiga rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Í öðru lagi skal tekið tillit til alvarlegs sjúkleika barns eða veikinda móður. Ef um slíkt er að ræða megi lengja sjálfstæðan rétt föður til fæðingarorlofs um tvær vikur. Þetta tel ég vera brtt. sem eru mjög jákvæðar og ég fagna þeim mjög.

Ég tek undir það sem fram hefur komið hjá ýmsum hv. þm. í umræðum um þetta mál að mikilvægt er að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir að sams konar breytingar verði gerðar á reglum sem lúta að opinberum starfsmönnum. Eins og fram hefur komið hefur feðrum í opinberu starfi verið tryggður réttur til tveggja vikna sjálfstæðs fæðingarorlofs, en ég legg áherslu á að mikilvægt er að frá ráðherra komi yfirlýsingar um að sams konar rýmkun verði gerð á réttindum opinberra starfsmanna.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessi frv. nú. Ég hef áður gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í umræðu um þetta lagafrv. Ég lagði áherslu á að um væri að ræða mikilvæga réttarbót fyrir börn. Þetta treystir stöðu þeirra. Um væri að ræða réttarbót fyrir feður. Þetta treystir þeirra stöðu og þetta treystir stöðu fjölskyldunnar. Auðvitað þurfum við að ganga miklu lengra í þessum efnum en hér er gert ráð fyrir. Ég vek athygli á því að fyrir þinginu liggja frv. sem ganga í þá átt og nefni þar t.d. frv. sem Kvennalistinn hefur lagt fram á Alþingi þar sem kveðið er á um verulegar réttarbætur í þessum efnum. En hér er verið að stíga mikilvægt skref og þetta er árangur af langri baráttu margra aðila. Ég minni í því sambandi á tillögu sem við lögðum fram á sínum tíma, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér talar, þar sem lagt er til að feðrum verði tryggður tveggja vikna sjálfstæður réttur.

Aðeins að lokum nokkur orð um nauðsyn þess að samræma réttindin í landinu öllu fyrir allt fólk, mæður og feður, hvort sem fólkið starfar hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði.

Ég er í sjálfu sér mjög fylgjandi því að þetta verði gert og tek undir þær tillögur sem hafa komið fram um að ráðist verði í þá vinnu. En ég vil jafnframt minna á að slík vinna hefur farið fram. Það er ekki langt síðan. Það var í tíð þessarar ríkisstjórnar að aðilar vinnumarkaðar komu saman til að reyna að smíða tillögur að frv. eða koma sér saman um tillögur sem ríkisstjórnin fjallaði síðan um. Að þessari vinnu komu frá launafólki fulltrúar frá ASÍ, BSRB, BHM, Sambandi íslenskra bankamanna, en auk þess var haft náið samráð af hálfu þessara aðila við fulltrúa annarra samtaka. Handan borðsins voru fulltrúar ríkisstjórnar og atvinnurekenda. Í þessu starfi og viðræðum náðist mjög góð sátt og mjög góð samvinna á milli allra fulltrúa launamannamegin. Þar var leitað leiða til að samræma réttindin og samræma þau upp á við, þannig að þau yrðu til hagsbóta fyrir þorra fólks. Atvinnurekendur sýndu hins vegar mikinn þvergirðingshátt í þessu starfi. Meginþráðurinn í starfi launafólks í þessum viðræðum var að tryggja að fólk yrði fyrir sem minnstri tekjuskerðingu við töku fæðingarorlofs.

Þegar kom að því að atvinnurekendur kynntu viðhorf sín voru þeir á einhverju stigi reiðubúnir að fallast á að fólk fengi hlutfall af launum í fæðingarorlofi og sett yrði þak á þær greiðslur, ekki yrði miðað við allra hæstu laun, engin himinhá laun, en þeir voru ekki reiðubúnir að fallast á að yrði gólf. Það yrði hlutfall af launum og jafnvel hlutfall af lægstu launum sem hefði þýtt kjaraskerðingu fyrir þá sem hafa lakast fæðingarorlof. Þetta var hugsunarhátturinn í þeim herbúðum og á slíkt vildu fulltrúar launafólks að sjálfsögðu ekki fallast.

Ég held að það sé aðeins ein leið til að leysa þetta mál, að samræma þessi réttindi. Komið hafa fram tillögur þess efnis, m.a. frá BSRB, frá Kvennalistanum og eflaust víðar, að myndaður verði sjálfstæður sjóður sem allir greiði í, opinberir starfsmenn jafnt sem aðrir. Þessi sjóður fjármagni síðan fæðingarorlofið. Ég óttast nefnilega að það sem muni leiða af breytingum á launakerfi í opinbera geiranum, þar sem einstaka stofnanir eru gerðar að fjárhagslega sjálfstæðum einingum, sé að sömu lögmál gildi hjá hinu opinbera og gilda á einkamarkaði þar sem sérstaklega smáfyrirtæki reyni að forðast að taka konur á barneignaraldri í vinnu af ótta við að þær fari í fæðingarorlof, og þau verði fyrir peningalegum búsifjum í tengslum við það.

Það sama mun gerast hjá opinberum stofnunum eftir að þeim eru settar mjög þröngar fjárhagslegar skorður, þær munu fara að hugsa á sama hátt. Þær hafa ekki gert það vegna þess að þessu hefur verið vísað í hinn stóra ríkissjóð og það hefur tryggt að önnur lögmál hafa gilt hjá hinu opinbera en á einkamarkaði að þessu leyti. Með því að fara inn á þessa braut, að gera hverja stofnun að fjárhagslega sjálfstæðri einingu, mun hið sama gerast og á einkamarkaðnum. Til þess að verja réttindin og koma í veg fyrir þetta er eina leiðin að mínum dómi sú að búa svo um hnútana að atvinnurekandinn og fyrirtækin verði ekki fyrir neinum skakkaföllum sjálf. Það gerum við með því að við myndum sameiginlegan sjóð sem allir greiða í og síðan fjármagni hann fæðingarorlofið.

Það sem er sérstaklega mikilvægt við þessar breytingar nú, að tryggja feðrum sjálfstætt fæðingarorlof og ég ætla að ljúka mínu máli á þeim nótum, er að þetta er eins og ég gat um áðan ekki aðeins spurning um rétt barnsins og rétt föður og fjölskyldu heldur er þetta líka mikið jafnréttismál. Það er mjög mikið og stórt jafnréttismál að báðir foreldrar sinni börnum sínum. Þetta er jafnréttismál hvernig sem á það er litið í rauninni. Þegar atvinnurekandi stendur frammi fyrir því að ráða karl eða konu, sem hugsanlega er á barneignaraldri, til starfa þá stendur hún ekki jafnfætis karlinum, eins og ég gat um áðan. Ef karlinn hins vegar fær sjálfstætt fæðingarorlof, ég tala nú ekki um ef það yrði til jafns við konuna þegar fram líða stundir, þá er sama áhætta fólgin í því að ráða karlinn og konuna, ef þannig er hægt að orða þetta.

Ég ætla ekki að lengja mitt mál. Ég ætla að lokum að ítreka að mjög mikilvægt er að frá hæstv. fjmrh. komi yfirlýsing þess efnis að réttur feðra hjá hinu opinbera verði rýmkaður til samræmis við það sem verið er að gera á almennum

vinnumarkaði. Síðan tek ég undir þær hugmyndir sem fram hafa komið um að taka þurfi á öllum þessum málum — rétturinn jafnaður en upp á við.

[12:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Hún er orðin býsna löng, ótrúlega löng um mál sem allir eru sammála um. Hér er um enn eitt stjfrv. að ræða til að bæta velferðina í þjóðfélaginu og ég fagna afgreiðslu nefndarinnar á málinu. Ég tel það mikilvægt skref sem hér er verið að taka og í samræmi við þá ályktun sem við afgreiddum í fyrravor, um mótun opinberrar fjölskyldustefnu, og í ágætu framhaldi af þeirri stefnumörkun sem þar var gerð. Menn hafa verið með vangaveltur um hvað gæti verið öðruvísi í þessu máli. Mér finnst það mjög eðlileg niðurstaða sem hér er tekin að einungis er um að ræða feður sem eru í hjónabandi eða sambúð, ekki einhverja menn úti í bæ sem ekki eru í sambúð með móðurinni. Mér fyndist það ekki koma til greina að fara að veita þeim eitthvert sérstakt fæðingarorlof fyrir það að vera allt í einu orðnir feður. Ég tel að hér sé um að ræða mikilvægt skref til jafnréttis og að því leyti fagna ég því líka.

Í ríkisstjórninni er til meðferðar tillaga frá mér um að fullgilda foreldraorlof, sem jafnframt er veruleg réttarbót og í samræmi við mótun hinnar opinberu fjölskyldustefnu. Menn hafa verið að tala um ósamræmi milli reglugerðarinnar um opinbera starfsmenn og þessa frv. Það er vissulega nokkur mismunur fyrir hendi. Ég tel að ráðið eigi að vera það að ganga frá þessu lagafrv. eins og það er, og síðan kemur opinberi markaðurinn á eftir. Það sé hið rétta vinnulag.

Það hefur verið nokkuð athyglisvert að fylgjast með þessari umræðu að því leyti til að konur hafa verið í miklum meiri hluta við umræðu málsins og þó er verið að ræða um aukin réttindi karla (**Gripið fram í:** Þetta er rangt hjá hæstv. ráðherra.). Ég hef fylgst með því, hv. þm., að hér sátu áðan níu konur í salnum og fjórir karlar. (Gripið fram í.) Það er að vísu rétt að þetta hefur snúist við eftir að hv. 8. þm. Reykv. gekk í salinn, enda mikið karlmenni. Menn hafa saknað hæstv. heilbrrh. frá þessari umræðu og fundið nokkuð að því. Ekki ætla ég að mæla því bót að ráðherrar séu ekki viðstaddir umræður og gegni ekki þingskyldum sínum, en mér finnst nú að hæstv. heilbrrh. sé nokkur vorkunn. Væntanlega hefur hún ekki átt von á miklum pólitískum deilum um þetta mál þegar svo skemmtilega vill til að sá hv. þm. sem fyrst og fremst reynir að bregða fæti fyrir hana og hennar mál, var frsm. málsins, hv. formaður heilbr.- og trn., þannig að mér finnst það kannski afsakanlegt að hæstv. heilbrrh. lét sig hafa það að sinna öðrum störfum meðan þessi umræða fór fram.

[12:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Ég heyrði ekki nákvæmlega hvernig hæstv. ráðherra orðaði það en það var eitthvað á þá leið að þessi réttur ætti ekki að ganga til einhverra karla úti í bæ sem ekki sinntu börnum sínum. Sennilega átti hann við það sem vikið var að áður í umræðunni að þetta ætti einvörðungu að eiga við um fólk sem væri í sambúð. En það getur nú staðið misjafnlega á fyrir fólki og stundum eignast fólk börn án þess að hafa gifst eða það búi saman. Ungt fólk getur búið í sínum heimahúsum, á því getur verið allur gangur. Hér er verið að tryggja rétt föðurins. Auðvitað er ætlast til þess að faðirinn sinni barni sínu. Við getum hins vegar aldrei tryggt það, hvort sem fólk er í sambúð eður ei. Við teljum að siðferðilega eigi þetta að ganga þannig eftir. Ætla menn að beita lögreglurannsóknum til að ganga úr skugga um þetta og jafnt yfir þá sem eru í sambúð og gift sem og aðra sem ekki eru í sambúð? Ég held að menn séu komnir út á mjög vafasamar brautir að þessu leyti. Ég tel að einvörðungu eigi að líta á þetta sem réttindi feðra til sjálfstæðs fæðingarorlofs án tillits til sambúðarforms. Ég tel það einu færu leiðina í þessu máli.

[12:46]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að binda þetta við hjón eða sambúðarfólk. Ég sé ekki að menn þurfi að öðlast þessi réttindi strax við getnaðinn ef þeir skipta sér ekki meira af móðurinni meðan á meðgöngu stendur. Ég tel eðlilegt að faðir sem kemur til með að hafa daglega umgengni við barnið fái þessi réttindi. Það væri út af fyrir sig efni til töluverðrar umræðu hér t.d. um hjónabandið sem ég tel eðlilegt og rétt sambúðarform. Hitt er svo annað mál að fjölmargir hafa kosið sér annað sambúðarform heldur en hjónaband og við verðum að búa við það. Ég tel að eitt af því sem við verðum að gera sé að skýra betur réttindi sambúðarfólks og viðurkenna þau þá vegna þess að þetta er orðið algengt fjölskylduform en í mörgum tilfellum eru réttindi sambúðarfólks óljós eða ekki til staðar

[12:48]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat um það áðan að við værum að tala um réttindi feðra og þau réttindi ættu að taka til allra feðra óháð sambúðarformi. En við erum líka að tala um réttindi barna til að vera samvistum við feður sína. Það ætti að tryggja óháð því sambúðarformi sem faðir og móðir hafa valið sér. Á hitt er líka að líta að það er mjög algengt á Íslandi að fyrsta barn fæðist áður en fólk giftir sig. Þegar hæstv. félmrh. talar um hjónabandið og sambúðina og mikilvægi þess, þá ég tek alveg undir það en hef þó í huga að stundum á fólk í erfiðleikum í upphafi sambúðar sinnar. Þetta eru mjög stór skref í lífi hvers og eins og ég held að þessi sjálfstæði réttur allra feðra óháð sambúðarformi sé til þess að treysta hjónabandið og farsæla sambúð. Þannig held ég að hvernig sem á málið er litið, sé rétt að taka annan pól í hæðina en þann sem kom fram í máli hæstv. félmrh.

[12:50]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú leiðinlegt að geta ekki orðið nákvæmlega sammála síðasta ræðumanni. Samvistir föður og barns eru mergur málsins og mér finnst það ganga út á það en þá vaknar aftur spurning. Ef faðirinn og móðirin eru ekki í sambúð eða hjónabandi og ekkert sameiginlegt heimilishald, sjá menn það þá fyrir sér að faðirinn komi sem gestur á heimili móðurinnar þar sem barnið kann að dvelja? Dvelur hann þar í hálfan mánuð til þess að njóta samvista við afkvæmi sitt eða er hugmyndin e.t.v. sú að barnið fari til föðurins og dvelji þar í hálfan mánuð og fari svo til mömmu á eftir?

[12:51]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst athugasemd hæstv. ráðherra um dræma viðveru eða þátttöku karla og yfirburðaþátttöku kvenna eiginlega óviðeigandi. Í þessu máli, þó þetta eigi stundum við um það sem kalla megi hin mjúku málin, hafa karlmenn þó gert sig gildandi í umræðunni og haft frumkvæði að málinu með tillöguflutningi. Karlmenn hafa verið

talsvert áberandi þó þeir hafi e.t.v. lent í því að vera í minni hluta í þingsalnum um stund.

Varðandi það að feður eigi ekki að eiga þennan rétt eða eins og hæstv. ráðherra orðaði það „einhverjir menn úti í bæ sem allt í einu eru orðnir feður" eins og það gerist bara sisona um leið og þeir fréttu af fæðingunni, þá fannst mér þetta ekki mjög heppilegt orðalag né þá orð hans um að rétturinn stofnist ekki við getnaðinn o.s.frv. Ég viðurkenni að það kann að vera vandasamt að draga mörkin. En ég bendi á þann möguleika að ungir foreldrar hvorki í sambúð né gift geta gert samkomulag um að hjálpast að við umönnun barnsins fyrstu vikurnar. Fyrirkomulagið sem hér á að lögfesta sviptir þau þeim möguleika. Faðirinn á í því tilviki ekki réttinn. Ég tel þetta ekki vera jafneinfalt og tiltölulega kaldranaleg ummæli hæstv. ráðherra vísuðu til. Það getur verið þannig ástatt að ungir foreldrar búi hvort um sig heima hjá foreldrum sínum en ágætis samkomulag sé samt sem áður um umönnun barnsins fyrstu vikurnar. Fyrirkomulag þarf ekki að vera þar nein fyrirstaða hvort það er á heimili móður eða hvað.

Ég verð að segja að orðfæri hæstv. ráðherra er dálítið kuldalegt í ljósi þess að hér er um mannlegt samfélag er að ræða. Þetta er félagslegt og mannlegt atriði, ekki sambærilegt atferlisfræðilega við það sem t.d. gerist hjá dýrategundinni felis cattus.

[12:53]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við sátum hér þrír karlar yfir umræðunni lengst af, auk forseta. Á sama tíma voru hér níu hv. þingmenn af kvenkyni. Ég segi það þeim til hróss að þær hafa sinnt þessu máli betur en við. Þó við höfum gert okkur gildandi í umræðunni eins og stundum áður enda virðast sumir ekki kunna við sig nema hérna í ræðustólnum. En ég tel að við ættum að samþykkja þetta frv. eins og hv. heilbr.- og trn. lagði til.

[12:54]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi á þá staðreynd að hér eru staddir karlmenn sem hafa fylgst með öllum umræðum um þessi mál, voru viðstaddir allra fyrstu umræðuna og tóku þátt í henni. Það væri a.m.k. sanngjarnt að halda slíku til haga og gera ekki lítið úr hlut þeirra. Ég get vissulega tekið undir það að málið kemur öllum hv. þm. við og maður vildi nú sem endranær gjarnan sjá miklu meiri þátttöku og viðveru í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Sumir karlmenn kunna að ...) Ég á ekki við að hæstv. ráðherra amist heldur við því að hér hafi orðið umræður um málið. Hann segir það furðulegt og skrýtið að svo miklar umræður verði um samkomulagsmál. Fagnar hæstv. ráðherra því ekki að menn láti sig þetta mál varða, að menn ræði ýmsar hliðar þess og komi jafnvel hingað í ræðustólinn að fagna áfanga og tímamótum í jafnréttismálum? Er hæstv. félmrh. og ráðherra jafnréttismála virkilega að amast við slíku? Sér hann eftir sjálfum sér að sitja undir klukkustundarumræðum eða þó stundirnar væru tvær um mál af þessu tagi þegar það er að fá farsæla afgreiðslu? Ég bið hæstv. ráðherra að vera ekki svona sérhlífinn og önugan að hann komi hér og gefi í skyn að honum finnist það verra að málið fái þá athygli, umfjöllun og umræðu sem það hefur fengið hér. Það er ekki við hæfi. Það kann vel að vera að hæstv. ráðherra sé þreyttur, illa sofinn eða rasssár en ég held að hann verði bara að líta á það sem hluta af embættisskyldum sínum að sýna Alþingi og málinu þá virðingu að láta ekki svona athugasemdir falla.

[12:56]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ágætlega útsofinn, óþreyttur og fæ eiginlega aldrei rasssæri. Ég reis hér sjálfur úr sæti til þess að fagna þessu skrefi. Hinu get ég þó ekki leynt — ég var að nefna þetta með kynjahlutfallið þar sem það er nokkuð óvenjulegt — að ég vildi gjarnan sjá hér hærra hlutfall kvenna í þingsalnum en jafnan en í þetta skipti vakti ég athygli á að þær voru fleiri og áhugasamari um málið en við. Út af þessu með ræðuhöldin get ég ekki leynt því að stundum þykir mér hv. 4. þm. Norðurl. e. tala helsti margt í ræðustólnum, þ.e. hann er margorður og kemur gjarnan þrisvar sinnum að sama efninu. Mér finnst það óþarfi en ég fagna því hins vegar að hann skuli standa upp og lýsa ánægju sinni með þetta skref ríkisstjórnarinnar í velferðarátt.

[12:57]

**Útbýting þingskjals:**

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 330. mál, brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 607.

[12:58]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist yfir þeim orðaskiptum sem hér hafa átt sér stað. Vissulega er þetta mjög mikilvægt jafnréttismál bæði fyrir konur og karla. Það er ekkert skrýtið að hér séu margar konur í salnum. Eins er ljóst að það líður að jólum og sum okkar vilja ekki vera að tefja umræður. Ég vil aðeins ítreka að þó hér sé um að ræða fæðingarorlof feðra í tvær vikur þá er þetta að auki mjög mikilvægt jafnréttismál fyrir konur. Með því móti hefur fjölskyldan öll möguleika á að sinna nýfædda barninu fyrstu tvær vikurnar og þetta er ekki síst réttur barnsins að vera sinnt af báðum foreldrum frá byrjun. Það er mikilvægt upp á síðari tengsl við barnið og því mjög eðlilegt að hér séu bæði konur og karlar. En af tillitssemi við tíma þingsins fyrir þessi jól hef ég ekki haldið langar ræður um málið.

[12:59]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að gera athugasemd við ummæli hæstv. ráðherra í andsvörum áðan þar sem hæstv. ráðherra valdi í seinna svari sínu að víkja að mér sérstaklega og gefur mér ekki annan kost en að biðja um orðið aftur. Það er eingöngu til að segja hæstv. ráðherra að honum er frjálst að þykja ég margorður en jafnljóst er að hæstv. ráðherra verður að láta sig hafa það. Það er ekki eitt af því sem hæstv. ráðherra ræður yfir. Hann ræður ekki yfir ræðustíl og þaðan af síður innihald í ræðum þess sem hér talar. Ég hef tamið mér að ráða því sjálfur og mun gera svo lengi sem ég stend fyrir máli mínu hér á Alþingi. Hitt má svo vel skoða hvort ræðutíma mínum sé verr varið þó ég undirstriki stundum sömu hlutina og endurtaki. Er þeim tíma verr varið en þegar sumir ónefndir ráðherrar koma hingað áberandi illa undirbúnir og langur tími fer í tafs og þagnir?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:32]

**Útbýting þingskjals:**
Þjóðlendur, 367. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 598.

## *Umræður utan dagskrár.*

Afleiðingar af uppsögnum ungra lækna.

[13:33]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að hið háa Alþingi ræði þá ótryggu stöðu sem núna er komin upp á sjúkrahúsunum í Reykjavík í kjölfar þess að unglæknar hætta nú unnvörpum störfum. Ástandið hefur þegar leitt til þess að yfirlæknir Slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur í bréfi tilkynnt yfirmönnum sínum að neyðarástand ríki á þessari mikilvægu öryggisdeild Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ástandið er litlu betra á sumum bráðadeildum Ríkisspítalanna. Ég nefni sem dæmi að á lyflækningadeild Landspítalans hafa 17 af 20 unglæknum þegar hætt. Þeir sem þekkja til innviða spítalanna vita að ungu læknarnir eru framlínusveitin og sjá um alla móttöku sjúklinga á sjúkrahúsunum. Þeir eru því eins konar stríðslæknar íslenska spítalakerfisins. Í því ljósi hlýtur að vera afar mikilvægt að hæstv. heilbrrh. greini frá því sem hún hlýtur að hafa fyrirskipað til að draga sem mest úr hættu þeirri sem óhjákvæmilega fylgir því er fast að 100 unglæknar eru í þann mund að láta af störfum. Því er brýnt að þingi og þjóð sé greint frá þeim áætlunum sem hún hyggst grípa til svo skaði borgaranna verði sem allra minnstur.

Allt fram á síðustu daga, herra forseti, hafa 150 unglæknar verið að störfum. Af þeim 60 sem voru á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er 51 búinn að segja upp og margir hafa þegar hætt störfum. Á Landspítalanum hafa 42 af alls 80 sagt upp störfum. Af þeim eru 28 þegar hættir og á Akureyri hafa nánast allir 10 sagt upp störfum. Hæstv. heilbrrh. mun vafalaust halda því fram hér á eftir að miðlunartillaga sáttasemjara muni að öllum líkindum verða samþykkt og unglæknarnir komi aftur. Hið sorglega í stöðunni er, herra forseti, að litlar líkur eru á að stór hluti þeirra unglækna hafa hætt komi aftur eða dragi uppsagnir sínar til baka. Ef hæstv. heilbrrh. mundi spyrja forráðamenn Landspítalans hvað þeir teldu stóran hluta læknanna koma aftur þá yrði henni sagt að af þeim 42 sem hafi sagt upp séu tveir búnir að draga uppsagnirnar til baka og líklegt sé að fjórir eða fimm aðrir komi aftur. Ástandið er síst betra gagnvart Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem andstaðan gegn því að snúa aftur er harðari ef eitthvað er.

Herra forseti, unglæknarnir sjá um alla móttöku sjúklinga. Þær deildir sem háðastar eru vinnu þeirra eru bráðadeildirnar sem hafa opna móttöku allan sólarhringinn. Fyrir utan bráðamóttökurnar sjálfar eru það deildir á borð við lyflækningadeildirnar, skurðdeildir, barnadeildir. Mikilvægur hluti læknaliðs kvennadeildanna og geðdeildanna er einnig úr röðum unglækna. Þessar deildir munu vitaskuld geta haldið uppi bráðnauðsynlegri starfsemi með því að kveðja til sérfræðinga frá öðrum deildum en sá liðsauki getur þá ekki haldið áfram fullu starfi á sínum fyrri deildum. Þetta leiðir til þess að biðlistarnir munu lengjast og draga verulega úr þjónustu göngudeildanna. Af þessu leiðir það að mikilvæg þjónusta mun einfaldlega lamast eða leggjast niður. Gerir hæstv. heilbrrh. sér t.d. grein fyrir því að á Landspítalanum muni hjartaþræðingum líklega verða hætt innan örfárra daga vegna þessa ástands? Staðan sem er að skapast birtist gleggst með því að skoða slysamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur og þá skilst líka hvernig svelti spítalans af hálfu ríkisstjórnarinnar fléttast með skelfilegum afleiðingum inn í þá kreppu sem uppsagnir unglæknanna skapa. Vegna niðurskurðar síðustu missira af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eru sérfræðingar deildarinnar of fáir nú þegar. Í stað þess að vera sjö til átta þá eru þeir aðeins fimm. Þegar uppsagnir unglæknanna bætast ofan á þetta skilja menn að sjálfsögðu af hverju yfirlæknir slysadeildarinnar hefur í bréfi til yfirmanna sinna formlega tilkynnt að neyðarástand ríki á stofnuninni. Við þessar aðstæður er ljóst, herra forseti, að nauðsynlegt er að kveðja til fleiri sérfræðinga, stofna fleiri sérfræðingsstöður í stað aðstoðar- og deildarlækna sem eru að hverfa burtu. Þar með kallar þetta enn á aukinn kostnað. Jafnframt blasir við að Sjúkrahús Reykjavíkur stendur nú andspænis enn meiri sparnaði en það hefur nokkru sinni horfst í augu við, andspænis enn meiri vanda en nokkru sinni hefur verið á dagskrá stofnunarinnar. Hið sama gildir raunar einnig um Ríkisspítalana. Hvorn stóru spítalanna um sig vantar 700–800 milljónir aðeins til að geta rekið sig með eðlilegum hætti á næsta ári.

Í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem nú er uppi vegna uppsagna unglækna spyr ég hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurninga: Hvernig hyggst hún bregðast við þessari kreppu? Hvaða neyðarráðstafana hyggst hún grípa til svo öryggi borgaranna verði tryggt? Ég spyr sérstaklega, í ljósi þess gífurlega niðurskurðar sem er fram undan hjá Sjúkrahúsi Reykjvíkur, mun hún þá tryggja sérstaka fjárveitingu til að hægt verði að manna slysadeildirnar sérfræðingum og aflétta því neyðarástandi sem þar hefur skapast?

[13:38]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Á þremur stærstu sjúkrahúsum landsins vinna 148 unglæknar. Af þeim hafa 100 sagt upp störfum. Ég tel nauðsynlegt að fara yfir stöðuna á þessum þremur sjúkrahúsum.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri starfa tíu læknar. Af þeim hafa níu sagt upp störfum. Uppsagnirnar koma til framkvæmda 20. til 27. desember nk. Níu unglæknar starfa á lyflækningadeildum og barnadeild annars vegar og handlækningadeildum og fæðingardeild hins vegar. Þeir eru á bundnum fjór- og fimmskiptum vöktum utan dagvinnutíma, tveir í húsinu í hvert skipti.

Að mati forstjóra sjúkrahússins munu fyrstu áhrifin af fjarveru unglækna verða þau að elektívar, þ.e. valkvæðar, aðgerðir eða starfsemi leggjast af. Erfitt verður að halda óbreyttri bráðastarfsemi gangandi. Því lengri sem fjarvera unglækna verður þeim mun meiri verða áhrifin á þjónustumöguleika sjúkrahússins. Til lengri tíma litið mun slík fjarvera eða vöntun á unglæknum í starfsemi sjúkrahússins óhjákvæmilega kalla á algjöra endurskipulagningu á mönnun og þjónustu.

Á Landspítala eru um 82 aðstoðarlæknar. Af þeim hafa 42 sagt upp. Tveir hafa dregið uppsögn sína til baka. Að mati lækningaforstjóra spítalans munu uppsagnirnar fyrst og fremst koma fram á lyflækningadeild og handlækningadeild. Sérfræðingar munu taka vaktir unglækna og það skipulag hefur þegar tekið gildi. Dagvinna sérfræðinga mun að einhverjum hluta dragast saman. Í lyflækningum mun sá samdráttur bitna á starfsemi göngudeilda og í rannsóknum á sjúklingum. Á handlækningadeild bitna uppsagnir strax á

göngudeild og almennum handlækningadeildum og aðgerðum mun fækka. Hvað varðar geðdeildir taka uppsagnir gildi á tímabilinu 24. til 29. desember. Það mun fljótlega hafa veruleg áhrif á starfsemi geðdeilda. Lækningaforstjórinn bendir á að á þeim tíma árs, um jól og nýár, dregst ýmis starfsemi á sjúkrahúsum saman og verða því áhrifin til skamms tíma mildari en ella. Ef allar uppsagnir koma til framkvæmda og unglæknar koma ekki til starfa á ný er ljóst að fljótlega eftir áramót gætir áhrifa uppsagnanna af fullum þunga í allri starfseminni.

Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur störfuðu um síðustu mánaðamót 57 aðstoðar- og deildarlæknar. Af þeim hafa 49 sagt starfi sínu lausu auk tveggja sem hefja áttu störf um áramót. Uppsagnir 42 hafa tekið gildi í dag, þann 18. desember. Þann 21. þ.m. munu allar uppsagnir hafa borist og tekið gildi. Enginn unglæknir hefur dregið uppsögn sína til baka. Lækningaforstjóri spítalans metur það svo að ef ekkert óvænt kemur til, almenn veikindi eða holskefla slysa, ætti að vera mögulegt að tryggja nauðsynlegustu bráðaþjónustu fyrst í stað. Hins vegar er erfitt að sjá fyrir hversu lengi sérfræðingar hafa þrek til að manna allar þær vaktir sem nauðsyn ber til og vinna jafnframt sín sérfræðistörf á spítölum jafnvel þó að dregið verði úr starfsemi eins og framast er unnt. Óvænt og ófyrirsjáanleg atvik geta breytt þessu brotgjarna ástandi til hins verra á stuttum tíma. Mönnun slysadeildar stendur einna tæpast en læknum allra annarra deilda sjúkrahússins hefur verið gert að létta þar undir og er sú skipulagning fullbúin fram til jóla.

Ég vil taka fram að er hér aðeins að hluta til um kjaradeilu að ræða frá sjónarhóli unglækna. Hvað varðar unglækna á Landspítala og FSA, hafa kjarasamningar verið samþykktir milli fjmrh. og Læknafélags Íslands. Hvað varðar unglækna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er til meðferðar hjá sáttasemjara kjaradeila milli Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur. Og eins og fram kom hjá hv. þm. áðan verður miðlunartillaga sáttasemjara lögð fram í dag og um hana samið á næstu tveim dögum.

Með uppsögnum unglækna virðist óánægja þeirra til langs tíma vera að birtast. Sú óánægja er ekki einungis varðandi launakjör. Hún snýr ekki síður að skipulagi vinnunnar, vinnutíma og mikilli vaktabyrði.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að renna út en að lokum vil ég segja og kem síðan að því aftur á eftir að það er staðreynd að vaktaálag og viðvera unglækna hefur verið mjög mikil og langtum meiri en eðlilegt getur talist. Ég er sammála forustu unglækna um að þessu vinnufyrirkomulagi verður að breyta. Með þeim kjarasamningi sem nýlega var undirritaður milli Læknafélags Íslands og ríkisins var bókun í sex liðum þar sem bæði er fjallað (Forseti hringir.) um *með hvaða hætti vinnutími lækna verður aðlagaður tilskipun* Evrópusambandsins og einnig ákvæði um að unnið verði að breytingum á vinnufyrirkomulagi. Það er brýnt að samningsaðilar flýti þeirri vinnu eins og kostur er.

[13:44]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ástandið á sjúkrahúsunum er afleitt eins og við höfum heyrt í ræðu hv. formanns heilbr.- og trn. og einnig í ræðu hæstv. ráðherra. En hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við því neyðarástandi sem skapast hefur á sjúkrahúsunum? Við því voru engin svör. Hæstv. ráðherra lýsti aðeins því ástandi sem nú ríkir. Forsvarsmenn sjúkrahúsanna eru ráðþrota. Það kom fram á fundi heilbr.- og trn. í gær.

Við erum í alþjóðlegri samkeppni um menntafólk eins og lækna. Þeim bjóðast störf erlendis á betri launum þar sem viðmót og vinnuumhverfi er allt annað en hér eftir allan niðurskurðinn. Eftir sex ára nám hafa íslenskir læknar almennt tekið kandidatsárið hér og starfað eftir það um tíma á íslenskum sjúkrahúsum. En nú blöskrar þeim ástandið. Það er yfirvofandi að nýútskrifaðir læknar muni taka kandidatsárið í útlöndum. Geri þeir það hér sjá þeir fram á tví- og þrískiptar vaktir og þeim óar ástandið á sjúkrahúsunum og þeir fara. Þó þeir yrðu allir hér heima dugir það ekki til því við útskrifum ekki nógu marga lækna til að það bæti ástandið eftir að unglæknarnir eru farnir úr landi. Ég talaði við nokkra unglækna í morgun, sem hafa sagt upp, og þeir eru búnir að gefast upp á ástandinu, og miðlunartillagan breytir þar engu um. Þeir fara utan. Við erum að missa læknana okkar, unga menntafólkið, úr landi. Hver veit hvort og hvenær það kemur til baka? Sjúkrastofnanirnar líða, sjúklingarnir líða. Þetta er afleiðing sveltistefnu ríkisstjórnarinnar, ábyrgðin er stjórnvalda.

[13:46]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni að við tökum fyrir mjög alvarlegt mál. Hjá stjórnendum sjúkrahúsa hefur komið fram að uppsagnirnar munu hafa veruleg áhrif á þjónustu sjúkrahúsanna. Lækningaforstjórinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur telur t.d. að einungis sé hægt að tryggja nauðsynlega bráðaþjónustu um tíma fyrst í stað. Það er að segja það fer eftir því hve lengi sérfræðingarnir hafi þrek til að manna þær vaktir sem til þarf. Að mínu mati er nokkur vandi að leysa uppsagnirnar. Hins vegar tel ég mjög brýnt að menn skoði þá bókun sem var gerð við kjarasamningana fyrir stuttu þar sem segir að stjórnendur sjúkrahúsa ásamt læknum eigi að setjast niður og endurskoða allt vinnufyrirkomulagið, alveg frá upphafi. Í þessari bókun kemur fram að slíkt endurskipulag á að vera komið á blað í síðasta lagi 30. sept. og koma til framkvæmda tveimur mánuðum síðar. Ég tel eðlilegt að farið verði miklu hraðar í þetta mál. Það verður að fara í þá vinnu strax. Ég vona svo sannarlega að stjórnendur sjúkrahúsa og læknar setjist niður og ljúki því máli mun fyrr.

Persónulega hefði ég viljað sjá þá vinnu enda í verulegri samþættingu sjúkrahúsanna, sérstaklega í Reykjavík, þ.e. með samþættingu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna, en eins og allir vita er ég mikill talsmaður þess að þau tvö sjúkrahús sameinist. Ég vil líka koma því á framfæri að nokkuð mikil umræða hefur orðið um álagið sem er á slysadeildinni uppi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur en þar er talið að um *það bil 20 þús. komur á ári séu nánast óþarfi faglega séð og* það séu komur sem heilsugæslan eigi að geta tekið á sig. Ég tel brýnt að heilsugæslan í samráði við heilbrigðisyfirvöld kynni það betur fyrir fólki að því beri að snúa sér fyrst til heilsugæslunnar en ekki alltaf beint á slysadeildina.

[13:49]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka málið til umræðu og með hvaða hætti hann rakti það ástand sem við búum við. Það er ekki eins og við höfum ekki vitað að hverju stefndi því á undanförnum vikum hefur því verið lýst yfir aftur og aftur að

unglæknar mundu standa við uppsagnir sínar ef þeir fengju ekki þær kjarabætur sem þeir hafa farið fram á og gert grein fyrir á mörgum undanförnum vikum. Hins vegar var alveg með ólíkindum að hlusta á hæstv. ráðherra eyða þeim fimm mínútum sem hún hefur til svara í að fara yfir ástandið eins og það er í dag sem hver og einn getur lesið um í dagblöðum eða hlustað á hjá hv. framsögumanni. Hér var verið að fara fram á að hæstv. ráðherra veitti einhver svör, kæmi með svör við þeim spurningum sem hv. þm. lagði fyrir. Hvernig ætla heilbrigðisyfirvöld að bregðast við því neyðarástandi sem við blasir, því neyðarástandi sem við höfum vitað í nokkuð margar vikur að stefndi í? Svörin eru engin, bara yfirferð á því hvert er mat yfirvalda á hverju sjúkrahúsi. Vissulega er ábyrgð stjórnenda sjúkrahúsa einhver, vissulega er hún til staðar. En ábyrgð heilbrigðisyfirvalda á því hvernig komið er er til staðar og hún er mest. Ábyrgðin liggur hjá heilbrigðisyfirvöldum. Við höfum vitað þetta og rætt áður á Alþingi í hvað stefndi og það er löngu orðið tímabært að hæstv. ráðherra gefi okkur einhver svör við þeim spurningum sem við setjum fram. Það er ekki hægt að bjóða upp á það dag eftir dag, viku eftir viku, þegar við förum yfir ástandið í heilbrigðiskerfinu, fjársvelti heilbrigðisstofnana, hvernig háttað er kjaramálum heilbrigðisstétta, að fá ekki svör. Nú förum við fram á þau. Hæstv. ráðherra fær tíma á eftir og vonandi kemur hún þá með þau svör sem beðið er eftir.

[13:51]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það var með ólíkindum að hlýða á hæstv. ráðherra. Þegar hann er spurður um hvernig hann ætli að bregðast við þessu neyðarástandi segir hann þingheimi af því að ef allir læknarnir hætti verði vandræði á spítölunum. Það voru svörin. Ef læknarnir hætta þá verða vandræði. Ég fullyrði að þessi þekking var til staðar í þingsölum áður en hæstv. ráðherra kom í ræðustól.

En hver er raunveruleikinn í málinu, virðulegi forseti? Aðstoðarlæknarnir eru með 95 þús. krónur á mánuði þegar þeir útskrifast eftir 6 ára nám í háskóla. Þeir standa flestir sex–átta 26 tíma vaktir í mánuði. Þeir eru með um 170–200 yfirvinnutíma á mánuði. Sá samningur sem þeir felldu einfaldlega um daginn, að minnsta kosti að hluta til (**Gripið fram í:** Hvert er heildarkaupið?) Heildarkaupið er um það bil 350 þús. kr. fyrir 200 tíma yfirvinnu en samningurinn þýðir að vegna hás hlutfalls yfirvinnu mun hann lækka um 10–20 þúsund. Því þarf ekki að undra að menn felli samninginn. Menn eru ekkert að eyða 24 tímum í vinnu á spítala af því að þeim leiðist svona heima. Það er ekki þannig. Það eru einfaldlega ekki til fleiri læknar til að manna spítalana ef þeir eiga að starfa allan sólarhringinn. Þetta er alvarleiki málsins. Svona er staðan og eigi að ganga að tilskipun ESB þarf að lækka yfirvinnutíma úr 170 niður í 90. Og ætti það að verða þyrfti að minnsta kosti að tvöfalda læknafjölda á spítölunum. Ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að ef það dugar til að fá unga lækna til að draga uppsagnir sínar til baka að bjóða þeim óbreytta yfirvinnuprósentu á ríkisvaldið að grípa í þá útréttu hönd. Að öðrum kosti verður miklum mun dýrara að manna sjúkrahúsin í landinu ef halda á þeim opnum 24 tíma í sólarhring. Takist hæstv. heilbrrh. ekki að ná samningum við unglækna, er ekki annað fyrir ráðherrann að gera en biðja landsmenn að fá ekki hjartaáfall í bráð því fæstir þeirra sérfræðinga sem yrðu að ganga í störf aðstoðarlækna hafa komið nálægt bráðatilfellum í mörg ár.

[13:53]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Oft hef ég undrað mig á hv. stjórnarandstöðu en aldrei eins og í dag. Þegar hún tekur fyrir kjaradeilu unglækna gerir hún ekki einu sinni kröfu til þess að sá sem fer með kjaramálin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh., sé í salnum heldur er málið eingöngu rætt við fagráðherrann, hæstv. heilbrrh. Er þetta tilviljun eða snýr það að því sem hér var einhvern tímann sagt, að sé kona í ríkisstjórn þá hefur hún ekki nokkurn frið? Þetta eru engin vinnubrögð af hálfu stjórnarandstöðunnar. Auðvitað á sá sem með kjaramálin fer að vera viðstaddur þá umræðu. Ég vil segja að kjaradeilur eru komnar í nýjan farveg. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það gerist að menn segja upp, einstaklingsbundið, og hverfa úr starfi. Það er að verða vandi hálaunastétta á vinnumarkaði á Íslandi. Þeir hverfa og fara, þeir segja upp og við því er lítið hægt að gera. Það er því mikið vandamál sem blasir við og snýr að miklu fleiru en launum. Ég held að við þessar aðstæður ættu menn virkilega að hugsa um það þegar þeir standa frammi fyrir svona aðstæðum hvort ekki beri að afnema fjöldatakmarkanir í læknadeild og leyfa öllu því unga fólki sem það vill læra til að þjóna Íslendingum að sækja þá deild og koma svo til starfa. Ég vil enn fremur segja að í fjárlögum næsta árs er tillaga upp á einar 150 millj. til að stórbæta kjör lækna og ganga í það verkefni.

Ég vil að lokum spyrja að því: Hafa unglæknar engar skyldur eftir það nám sem þeir hafa fengið? Hafa þeir ekki skyldur við þjóð sína? Hafa þeir ekki skyldur við það starf sem þeir hafa verið kallaðir til? Ég trúi að þeir hafi það enda er það ekki nema brot þeirra sem hverfur og ég trúi því að um leið og umræðan fer fram, hæstv. forseti, sé lausn að nást í deilunni.

[13:56]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ástandið á sjúkrahúsum landsins hefur verið mikið til umræðu að undanförnu vegna fjárskorts og ekki síður vegna kjaradeilu lækna almennt og þar hefur sérstaða unglækna komið skýrt fram. Þeir hafa haldið uppi mjög mikilvægu starfi á spítölunum, þ.e. móttöku allra sjúklinga sem koma á spítalann, bæði í bráðamóttöku og skipulagðar aðgerðir, og bráðadeildir eru opnar allan sólarhringinn. Vinnuframlag þeirra er mjög mikið. Launakerfi ríkisins endurspeglast í kjörum þeirra, þ.e. lág grunnlaun og síðan er það fyrst og fremst vaktavinnuálag og yfirvinna. Ég ætla mér ekki að blanda mér í kjaradeilur lækna og ég tel að umræðan sé ekki um kjaramál og því sé eðlilegt að hér sitji heilbrrh. fyrir svörum en ég tel að hér sé birtingarmáti meingallaðs launakerfis sem er jafnvel ekki bjóðandi mjög ungu, hraustu fólki. Vinnuálagið og vinnutíminn er eyðileggjandi fyrir fjölskyldur þessa fólks sem sér varla börnin sín í þau ár sem það vinnur sem unglæknar. Þetta er eitt birtingarform neyðarástandsins á sjúkrahúsunum og við verðum að ná tökum á því án þess að þingið sé stöðugt með þessar stofnanir í gjörgæslu. Ég tel að sú stund muni fyrr en síðar koma upp að sjúkrahúsin verði rekin þannig að þau fái heildarupphæð, eins og til dæmis Háskóli Íslands, og síðan ráði þau sjálf hvernig þau ráðstafa upphæðinni. Að minnsta kosti er alveg ljóst að ekki er hægt að stýra sjúkrahúsunum eins og hér er gert og síðan verður að draga stjórnmálamenn til ábyrgðar ef forgangsröðin eða vinnulagið er ekki viðunandi. Til að slík tilhögun gangi upp þarf að tryggja að þeir sem úthluta fjármagninu innan sjúkrahúsanna hafi alla hópa í huga, ekki

síst unglækna sem starfa sannarlega við óviðunandi aðstæður. Kjör þeirra verður að bæta því nám þeirra er vanmetið og það mun reynast þjóðfélaginu dýrkeypt.

[13:59]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Vandinn í þessari deilu eins og öllum kjaradeilum á sjúkrahúsum er sá að það er fjmrn. sem fer með kjarasamningana. Það eru ekki þeir sem úthluta peningunum á spítölunum sem ráða ferðinni í þessari för, heldur fjmrn. meira og minna. Það er fjmrn., sem ræður för, sem hefur ekkert vit á heilbrigðismálum. Það er ógæfa heilbrigðisþjónustunnar að vera með þessa hluti í höndunum á fjmrn. Eftir því sem heilbrrn. er veikara, eftir því kemst fjmrn. upp með meiri yfirgang í málum af þessu tagi. Það er veruleikinn sem blasir við, herra forseti. Þess vegna er út af fyrir sig rétt að kalla á hæstv. fjmrh. og hitt er líka rétt að auðvitað verður að ræða þessi mál við hæstv. heilbrrh. sem fer með málaflokkinn.

Ég held að við þurfum í þessum efnum að horfa á þrennt. Í fyrsta lagi að menntun hjá þeim hópi sem hér er um að ræða er meira og meira í alþjóðlegu umhverfi bæði að því er varðar tekjusamanburð, að því er varðar vinnuskipulag, að því er varðar tækni og að því er varðar allar aðstæður. Í öðru lagi þurfum við að velta því fyrir okkur hvort viðbragðsflýtir kerfisins hjá okkur sem stöndum frammi fyrir vandamálum af því tagi sem hér eru uppi sé í raun og veru ekki allt of lítill og hvort ekki sé nauðsynlegt að núna verði til sérstakt teymi heilbrrn. og fjmrn. sem fer í málið. Ég vil segja það við heilbrrh., af nokkurri reynslu, að fjmrn. er ekki treystandi til þess að leysa málið. Heilbrrn. verður að fara inn í málið nú þegar af fullum myndarskap og fullum skörungsskap. Í þriðja lagi vil ég segja í tilefni af orðum hv. þm. Guðna Ágústssonar að mér finnst það skynsamleg ábending að losa um numerus clausus-reglurnar í Háskóla Íslands vegna þess að þær eru ein af ástæðunum fyrir þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir.

[14:01]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Um er að ræða viðkvæma deilu sem leysist ekki á Alþingi en það er líka mikilsvert að deilan sé ekki gerð erfiðari en ástæður standa til í sal Alþingis.

Tilefni þess að ég stend upp eru ummæli hv. 2. þm. Suðurl., Guðna Ágústssonar, þegar hann spurðist fyrir um það áðan hvort unglæknar hefðu engum skyldum að gegna gagnvart þjóðinni. Ég hygg að þessi ummæli séu á einhverjum misskilningi byggð. Þess eru fá dæmi að stétt búi við það álag sem unglæknar búa við á Íslandi. Full ástæða er til þess að gera bætur á því vinnuálagi og á þeim aðstæðum sem þeir búa við og það er vissulega von mín að það takist að finna lausn á því vandamáli. En það er ekki hægt að varpa þeirri spurningu fram hvort unglæknar hafi engum skyldum að gegna gagnvart þjóðinni ef með því er átt við að þessi stétt telji sig hafa minni skyldum að gegna gagnvart þjóðinni en aðrar stéttir. Ég hygg að þessi stétt hafi axlað meiri byrðar gagnvart þjóðinni en flestar aðrar stéttir.

[14:03]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Mér nægir ein mínúta til þess að svara útúrsnúningi hv. þm. Tómasar Inga Olrichs. Ég spurði og ég svaraði því að þeir hafa ekki allir sagt upp störfum, það er hluti þeirra. Ég sagði líka að ég héldi að þeir hefðu tilfinningu fyrir því að þeir hefðu skyldum að gegna við þjóðina. Auðvitað má spyrja sig að því í því kröfugerðarsamfélagi sem við búum við þegar það er orðin lenska hjá hálaunahópum þessa þjóðfélags að segja upp og fara og þurfa ekki við neinn að semja. Það fólk sem hefur notið þess að sitja við menntalindir þjóðarinnar hefur skyldur og stærstur hluti þess mun sýna það í verki. En ég orðaði það sem mikilvægast er að við eigum að hleypa fleira ungu fólki, sem hefur gáfur og hæfni, til að fara þessa leið til þess að komast til þjónustustarfa. (**TIO:** Eru unglæknar hálaunahópur, hv. þm.?). Já, unglæknar eru hálaunahópur. Þeir vinna það með yfirvinnu. Hver eru grunnlaun hv. þingmanna? (Forseti hringir.) Ég spyr. Það þýðir ekkert að tala um grunnlaun en ég veit að það liggur mikil vinna að baki hjá unglæknum en það gerir það líka hjá mörgum öðrum hópum á Íslandi, hæstv. forseti.

[14:04]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson spyr um það hver eru grunnlaun alþingismanna í samanburði við grunnlaun unglækna og þau eru 2,5 sinnum hærri en grunnlaun unglækna.

Herra forseti. Til umræðunnar var ekki stofnað til þess að ræða um kjaramál unglækna eða kjaramál læknastéttarinnar. Til umræðunnar var stofnað til þess að fá það fram hjá hæstv. heilbrrh. til hvaða ráða hún ætlar að grípa í kjölfar þeirrar alvarlegu stöðu sem er komin upp. Ég kem fram með þær upplýsingar að yfirlæknir slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur tilkynnt formlega með bréfi til yfirmanna sinna að það ríki neyðarástand. Hvenær ríkir neyðarástand? Samkvæmt hans skilgreiningu ríkið það þegar ekki er hægt að anna venjulegu ástandi með þeim mannafla sem er fyrir hendi. Hæstv. heilbrrh. sagði að það væri ekki hægt að gera það nema bara ef hægt væri að tryggja að ekki kæmi holskefla slysa. Hver á að tryggja það, herra forseti? Það eina sem hefur komið fram af hálfu stjórnarflokkanna í umræðunni er að hv. þm. Guðni Ágústsson kemur hingað og biður hæstv. heilbrrh. vægðar. Hann segir: Stjórnarnandstaðan á að snúa máli sínu til Sjálfstfl. Það kann vel að vera að það sé mat Framsfl. á frammistöðu hæstv. heilbrrh. Það kann vel að vera að við í þessu þingi eigum að hætta að ræða við hæstv. heilbrrh. og ég verð að segja það, herra forseti, að ég get ekki dregið aðra ályktun en að þetta sé rétt ábending hjá hv. þm. vegna þess að ég kom hingað og vildi ræða við hæstv. heilbrrh. um alvarlega stöðu í kjördæmi mínu. Ég kom með spurningar og hún sagði ekki eitt einasta orð. Hún kom ekki með nein svör. Hvað sagði hæstv. heilbrrh.? Staðan á FSA er þannig að erfitt er að halda uppi bráðaþjónustu. Staðan á Ríkisspítölum verður mjög erfið upp úr áramótunum og staðan á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er þannig að það er hægt að halda sjó ef ekki verður holskefla slysa.

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. kemur hingað upp og dregur upp ívíð dekkri mynd en ég og hver eru svörin? Svörin eru engin. Það komu engin svör frá þessum hæstv. heilbrrh. og flokkssystkini hennar leyfa sér að koma hingað upp og segja: Talið við hæstv. fjmrh. Er Framsfl. að afsala sér þeirri ábyrgð á heilbrigðismálunum sem hann hefur tekið að sér?

[14:06]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eitt er ljóst eftir umræðuna að deilan verður ekki leyst í þingsal. Ég fór yfir það í fyrri ræðu

minni hvernig stjórnendur spítalanna hafa skipulagt vaktafyrirkomulag fram að áramótum vegna þess erfiða ástands sem ríkir vegna uppsagna unglækna.

Áður hefur verið rætt um það að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist. Hv. þm. Svavar Gestsson kom upp áðan. Ég hygg að hann hafi upplifað sem heilbrrh. það lengsta verkfall hjá læknastéttinni sem hefur verið og hann veit hvers konar skipulag þarf til að koma til móts við þjónustuna. Það hafa stjórnendur sjúkrahúsanna gert.

Á fjárlögum ársins er miklum fjármunum varið til að auka fjármagn til að hækka laun lækna. Miklar skipulagsbreytingar þarf til svo að unglæknar verði ánægðir. Þegar er búið að koma þeim málum í vissan farveg með samkomulagi og það þarf að vinnast hratt með stjórnendum spítalanna. Við þurfum líka að útskrifa fleiri lækna. Það er alveg ljóst. Við erum í harðri samkeppni við erlenda aðila vegna þess að við erum að útskrifa frábæra lækna og við þurfum að koma til móts við það. En ég endurtek að við munum ekki leysa deiluna í þingsal en hana þarf að leysa.

## *Háskólar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 165. mál. — Þskj. 565.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HG, JónK, KHG, KH, LMR, ÓE, RA, StG, StB) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Því miður treysti ég mér ekki til að styðja frv. til laga um háskóla og er það aðallega af tveimur ástæðum. Í því er gert ráð fyrir stóraukinni valdstjórn ráðuneytisins yfir háskólanum sem kemur fram bæði í 13. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. geti tilnefnt svokallaða atvinnulífsfulltrúa án takmarkana og í öðru lagi í 14. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. þurfi að skrifa upp á rektor háskólans. Í þriðja lagi gerir frv. eins og það er ráð fyrir því að opnað verði fyrir skólagjöld í íslenskum háskólum. Þessu mótmælum við og getum að sjálfsögðu ekki stutt frv. sem lítur svo út.

[14:11]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Minni hluti menntmn. hefur gagnrýnt þá ofstjórnarárátttu með auknum pólitískum afskiptum sem fram kemur í frv. til laga um háskóla.

Við höfum einnig varað við því að með tilteknum greinum sé verið að taka burt þær lagalegu hindranir sem verið hafa gegn skólagjöldum í opinberum skólum á Íslandi. Tillögur okkar um að breyta þessu hafa allar verið felldar. Útfærsla málsins er því algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi. Ég treysti mér ekki til að styðja þetta mál og mun sitja hjá.

[14:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Verið er að samþykkja rammalöggjöf um háskólastigið sem er eðlilegt í ljósi þess að fyrirsjáanlegt er að háskólastigið og ræktun mannauðsins yfirleitt mun vaxa að mikilvægi og umfangi í fyrirsjáanlegri framtíð. Á frv. eru þó annmarkar sem birtast annars vegar í ofstjórnartilhneigingu á háskólunum og hins vegar í afnámi á lagagreinum sem snerta bann við skólagjöldum og jafnrétti í skólastarfi. Af þessum sökum mun ég sitja hjá við afgreiðslu frv.

[14:12]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Lengi hefur vantað rammalöggjöf um háskólastigið. Skólar á háskólastigi hafa lýst stuðningi við slíka lagasetningu. Ég tel að háskólafrv. tryggi mjög vel faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði háskólanna og styrki háskólamenntun hér á landi í framtíðinni. Allar fullyrðingar einstakra stjórnarandstæðinga um annað eru rakalaus þvættingur sem ber að vísa til föðurhúsanna.

[14:13]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Vegna ítrekaðra ummæla stjórnarandstæðinga að með frv. sé verið að opna fyrir skólagjöld tek ég skýrt fram að fyrir liggur yfirlýsing og afdráttarlaus túlkun meiri hlutans, sem stendur að frv., að háskólafrv. felur ekki á nokkurn hátt í sér álagningu skólagjalda á nemendur. Það sem meira er, kunni þær hugmyndir einhvern tímann að skjóta upp kollinum verða þær að koma sérstaklega til kasta Alþingis. Sú afstaða er afdráttarlaus og skýr. Þess vegna vísa ég skýringum stjórnarandstöðunnar heim til föðurhúsanna. Hún er rangtúlkun og afhjúpar ekkert annað en vonbrigði yfir því að ákvæði um skólagjöld í háskólum skuli ekki vera í frv. Svo er ekki. Það liggur ljóst fyrir og því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 621).

## *Kennaraháskóli Íslands, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 167. mál. — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HG, JónK, KHG, KH, LMR, RA, StG, StB) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að þrátt fyrir þá afstöðu sem fram kom í háskólafrv. þá tel ég að þetta frv. sé með þeim hætti að ástæða sé til að styðja það og fagna þeirri

niðurstöðu sem hér er. Verið er að sameina fjóra uppeldisskóla í einn og ég tel að það sé með þeim hætti og þannig að því máli staðið að ástæða sé til að gleðjast yfir þeirri niðurstöðu. Ég tel einnig að það sé mjög mikilvægt, af því að í umræðunni hefur komið fram frá hæstv. menntmrh. að þar hafa menn verið að fara yfir bæði húsnæðismál hins nýja skóla, tækjabúnað og skipulag, og það er mjög mikilvægt að eftir þeim hlutum verði einnig gengið og vel á því haldið.

[14:16]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég fagna samþykkt þessa frv. og treysti orðum hæstv. menntmrh. í umræðunni í gær þar sem hæstv. ráðherra lagði áherslu á að íþróttakennaranámið verði áfram á Laugarvatni. Á Laugarvatni hefur verið byggð upp glæsileg aðstaða fyrir íþróttakennaranám, fyrir utan það að starfsemi Íþróttakennaraskólans hefur styrkt annað skólastarf á Laugarvatni. Ég trúi því og treysti að þetta frv. verði uppeldismenntun til góðs.

[14:17]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Sú málefnalega afstaða sem tekin var af hálfu minni hlutans gegn einstaka greinum í frv. til háskóla hefur ekki áhrif á það að við styðjum heils hugar það frv. sem hér liggur fyrir um Kennaraháskóla.

Eins og fram hefur komið er verið að sameina fjóra skóla í einn. Það mun leiða til þess að kennaramenntun í landinu mun stóreflast. Við trúum því að rannsóknir í þessum efnum muni einnig aukast. Við teljum að verið sé að stíga gæfuspor og styðjum þess vegna frv.

[14:17]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er verið að stíga mikið gæfuspor. Hér er verið að sameina uppeldismenntun í landinu undir eitt skólastig, undir einni yfirstjórn. Ég trúi því að hér sé verið að stíga mikið framfaraspor fyrir menntun í landinu og segi því já.

[14:18]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að samþykkja lög um Kennaraháskóla, sem er í raun ný stofnun á gömlum merg, því þrátt fyrir óbreytt nafn flyst starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands nú inn í skólann og um leið á háskólastig, sem er mjög mikið fagnaðarefni. Kennaraháskólinn verður að sjálfsögðu rannsóknaháskóli og vonandi verður þessi breytta stofnun til þess að kennaramenntun í landinu eflist og fjármagn fáist til að lengja B.Ed-námið í fjögur ár. Þessi lagasetning lofar góðu en hvaða áhrif hún hefur fer að sjálfsögðu eftir stefnu yfirvalda í kennaramenntun og hvort fjármagn fylgir. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 622).

### *Búnaðargjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 419, nál. 560, brtt. 561.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Brtt. 561 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 346. mál. — Þskj. 455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Fæðingarorlof, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 443, nál. 604, brtt. 520 og 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á þskj. 520 hef ég flutt brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Brtt. felur í sér að faðir eigi rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð ef um er að ræða fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Þessi brtt. er efnislega tekin upp í þá brtt. sem við nú greiðum atkvæði um. Þess vegna er till. á þskj. 520 bæði við 1. gr. og 4. gr. sem líka er efnislega samhljóða dregin til baka.

Brtt. 605,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 520 kölluð aftur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 605,2 (3. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 605,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 605,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 11. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 607. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

### *Um fundarstjórn.*

Frumvörp um almannatryggingar.

[14:29]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á því að þetta mál sem næst er á dagskrá skuli koma fyrir hið háa Alþingi. Hér er um að ræða frv. sem nokkrir þingmenn annars stjórnarflokksins hafa flutt um ákveðið mál og þótt ég hafi flest við málið að athuga er það ekki þess vegna sem ég er hingað komin, heldur til að undrast það að í hv. heilbr.- og trn. liggur enn þá stjórnarfrv. frá hæstv. heilbrrh. — Mætti sjá svo um að hæstv. heilbrrh. heyrði til mín? — Í hv. heilbr.- og trn. liggur óafgreitt mál frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um sama efni. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.)

Þetta er enginn misskilningur. Mestan partinn eru þau tvö frv. efnislega samhljóða. Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvort til standi að afgreiða stjfrv. fyrir áramót vegna þess að megintilgangur þessa frv. er að bjarga því vandræðaástandi að um áramót hættir Tryggingastofnun ríkisins aftur að greiða slysatryggingar sjómanna á skipum sem sigla undir hentifána, sem stofnunin hefur gert til bráðabirgða vegna neyðarástands sem kom upp og ég mun ekki eyða þessum dagskrárlið í að rekja það. Ég mun að sjálfsögðu taka þátt í þeirri umræðu ef hún á að fara fram. Ég spyr hæstv. forseta vegna þess að ég hef aldrei séð svona farið með einn hæstv. ráðherra fyrr, að þingmannafrv. flokks sem er í stjórn með hæstv. ráðherra sé tekið fram yfir stjfrv. Ég vil fá skýringu á því hvers vegna frv. hæstv. ráðherra var ekki látið ganga fyrir því það er jú víðtækara en frv. hv. þm. sem bæta inn í lög um almannatryggingar, hvað er það, sex eða sjö orðum. Þetta er svo óvenjulegt að ég hlýt að biðja hæstv. forseta um skýringar.

[14:31]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill aðeins geta þess að tiltekið dagskrármál er hér komið til 2. umr. með eðlilegum og venjubundnum hætti.

[14:32]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Munurinn á mér og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur er sá að ég sit í heilbr.- og trn. Ég er meira að segja formaður þeirrar nefndar og mér er mætavel kunnugt um hvaða mál liggja þar fyrir. Eitt af þeim málum sem örugglega liggur þar ekki fyrir er stjfrv. sem hæstv. heilbrrh. hefur flutt um þetta mál. Það hefur komið fyrir þingið en hæstv. heilbrrh. hefur ekki, að því er ég veit til, mælt fyrir málinu og það hefur örugglega ekki komið til heilbr.- og trn. Það mál sem hv. þm. nefndi og er flutt af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og nokkrum öðrum þingmönnum Sjálfstfl. er eina málið sem fjallar um þetta efni sem er innan nefndarinnar. Nefndin hefur farið yfir það mjög faglega og fengið fjölda manns til fundar við nefndina um það. Við höfum haldið eina þrjá eða fjóra fundi um málið og það liggur hér fyrir fullbúið af hálfu nefndarinnar. Ekkert annað mál skylt þessu er að finna í nefndinni jafnvel þótt hv. þm. færi með formanninum og rannsakaði híbýli nefndarinnar í krók og kring.

[14:33]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram vil ég láta þess getið að fyrir liggur frv. á borðum þingmanna um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem er stjfrv. Viðtækar breytingar eru í því frv. eða gert er ráð fyrir víðtækum breytingum og réttarbótum á ýmsum sviðum. Meðal annars er í frv. það ákvæði sem hér kemur til umfjöllunar. Það frv. sem ég lagði fram kom síðar fram en þetta þingmannafrv. sem hér er til afgreiðslu, og mönnum liggur á að klára þetta eina atriði sem er í því víðtæka frv. sem ég legg fram. Það er ekki komið til umræðu í heilbr.- og trn. því ekki hefur verið mælt fyrir því enn og það varð samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu að það mál biði þar til í upphafi þings eftir jól. En þá vona ég að það gangi hratt fyrir þingið því þar eru margar úrbætur sem eru mjög mikilvægar.

[14:34]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég skal játa að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að mál hæstv. heilbrrh. væri ekki komið til nefndarinnar. Það hefði hins vegar hingað til engu breytt. Þegar samhljóða frv. þingmanna hefur verið komið á borð þeirra er eðlilegt að þeir geri ráð fyrir að hraðafgreiðsla verði á frv. sem kemur frá ríkisstjórninni. Ég vil benda hæstv. forseta og hæstv. ráðherra á að vinnubrögð af þessu tagi eru náttúrlega ekki boðleg. Ef menn hugsa sér fólkið sem á að afgreiða slysatryggingar samkvæmt þessum lögum í Tryggingastofnun ríkisins, þá fær það núna í hendingskasti þingmannafrv. eða lögin frá þinginu til að bjarga málum, og ekkert nema gott eitt um það að segja. Síðan eiga að líða tvær, þrjár vikur, þá koma ný lög til sömu stofnunar sem eru víðtækari, það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra, því þau lög eru nú aðallega til að leysa vanda sem skapast við lögheimilisástand fólks en allt eru þetta mál sem ég held að séu ekki grandskoðuð. Og ég verð að segja að vinnubrögð af þessu tagi eru ekki til að hrósa sér af. Nefndinni er auðvitað vorkunn og ég skal viðurkenna að hv. formaður nefndarinnar átti kannski ekki margra kosta völ úr því honum var skipað að afgreiða þingmannafrv. til að bjarga hæstv. ráðherra frá vandræðaganginum í sér.

[14:36]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess að sú umræða sem hér fer fram á fremur við um störf þingsins og hefði því átt að takast upp í upphafi fundar. Hér skilur forseti mál ekki á þann veg að verið sé að gera athugasemdir við stjórn hans á þessum fundi. Hann hefur þá misskilið umræðuna að fullu og öllu.

[14:36]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég verð að taka undir með forseta að því leyti til að ég er ekki að gera athugasemdir við fundarstjórn hans heldur kem ég hér núna einungis til að svara því sem hv. þm. sagði. Hún hélt því fram að mér hefði verið skipað að afgreiða tiltekið mál sem nokkrir þingmenn fluttu, (Gripið

fram í.) en það er auðvitað víðs fjarri öllu sanni. Það var engum skipunum komið til mín, allra síst frá hæstv. ráðherra. Þetta mál var komið til nefndarinnar talsvert áður en fréttist af því máli sem hæstv. ráðherra hugðist flytja og afgreiðslu þess var nánast lokið að öllu leyti nema tæknilega. Það átti eftir að ljúka samþykkt þess þegar frv. hæstv. heilbrrh. var dreift.

Þá komum við að þessari lykilspurningu, herra forseti, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir ætti að velta fyrir sér. Er það boðlegt gagnvart þingheimi að ef einhverjir tilteknir þingmenn hafa lagt fram mál í þeirri góðu trú að þeir séu að vinna þarfaverk og síðan kemur frv., e.t.v. samhljóða, löngu síðar frá einhverjum tilteknum hæstv. ráðherra, eiga þeir þá að kippa því til baka? Mér finnst það alveg fráleitt og fyrir neðan sóma þingsins að hafa slík vinnubrögð uppi.

**(GHelg:** Forseti á að fara fram á að hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Ég óska einnig eftir að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur þessa umræðu.)

[14:37]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti verður við þessum beiðnum.

## *Almannatryggingar, 2. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 43, nál. 572, brtt. 573.

[14:38]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég flyt hér álit heilbr.- og trn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Nefndin fékk til fundar við sig þegar hún fjallaði um málið fulltrúa frá heilbr.- og trmrn., Guðríði Þorsteinsdóttur, frá Tryggingastofnun komu Una B. Ómarsdóttir og Kristján Guðjónsson til máls við nefndina, úr stjórn Norræna flutningamannasambandsins kom Borgþór Kjærnested og jafnframt kom Jónas Garðarsson frá Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Nefndinni bárust jafnframt umsagnir um þetta mál frá Tryggingastofnun ríkisins, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálasambandinu og Sjómannasambandi Íslands.

Í frv. er lögð til sú breyting á lögum um almannatryggingar að launþegar sem þiggja laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum og sem starfa um borð í erlendum kaupskipum, sem hins vegar eru gerð út af íslenskum aðilum, njóti sama réttar og launþegar sem starfa á íslenskum kaupskipum sem eru skráð hér á landi.

Nefndin var sammála því markmiði frv. og telur brýnt að allir skipverjar sem vinna hjá íslenskum skipafélögum og þiggja laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum séu slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar fullkomlega óháð því hvort þeir sigla á skipum í eigu skipafélagsins skráðum hér á landi eða hvort þeir starfa um borð í skipum sem hið íslenska skipafélag hefur tekið á leigu af erlendum aðilum. Fari svo, sem allt bendir til, að frv. verði að lögum frá hinu háa Alþingi mun það jafna rétt sjómanna sem starfa hjá íslenskum kaupskipaútgerðum, enda greiði þeir allir skatta og skyldur til íslenska ríkisins líkt og aðrir launþegar sem starfa hér á landi. Einnig greiða kaupskipaútgerðirnar launatengd gjöld af öllum starfsmönnum sínum hér á landi, þar með talið tryggingagjald. Jafnframt er með frv. lögð til samsvarandi breyting á rétti þeirra sem starfa um borð í loftförum í rekstri íslenskra aðila.

Frv. tekur hins vegar hvorki til þeirra einstaklinga sem ráða sig hjá skipafélögum í gegnum erlendar áhafnaleigur, enda starfi þeir þá í raun hjá erlendu áhafnaleigunni sem sjái um að greiða þeim laun, né heldur til einstaklinga sem starfa á erlendum skipum hjá erlendum skipafélögum.

Það kom fram í máli fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins að sú breyting sem frv. felur í sér sé einföld í framkvæmd og að með henni sé jafnframt afmarkað skýrt hverjir séu tryggðir og hverjir ekki. Jafnframt kom fram hjá þeim að samkvæmt efni frv. verði slysatryggðir þeir launþegar sem greiða skatta hérlendis en starfa um borð í skipum eða loftförum sem eru skráð erlendis. Þar með náist þau markmið sem stefnt var að með frv.

Varðandi þá brtt. sem lögð er fram af heilbr.- og trn. vill nefndin taka fram að með starfi um borð í íslensku loftfari eða loftfari sem rekið er af íslenskum aðilum er átt við hvers konar starf um borð í loftfari og hvers konar störf tengd loftfarinu á flugvelli eða í flughöfn. Með niðurlagi ákvæðisins, „enda séu laun greidd hér á landi" er átt við að laun séu greidd af íslenskum útgerðaraðila, samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Undir frv. falla einnig svokallaðir hleðslustjórar, sem stundum eru kallaðir á gullaldaríslensku „supercargo" sem sigla með erlendum leiguskipum íslenskra útgerðaraðila. Slík leiga íslenskra útgerðarfyrirtækja telst rekstur í skilningi þessa frv.

Rétt er að taka fram, herra forseti, vegna umræðna sem urðu um málið við 1. umr. að nefndin telur að höfðu samráði við lögfræðinga Tryggingastofnunar ríkisins og nefndasviðs Alþingis, að efni frv. sé í samræmi við önnur íslensk lög. Þetta var dregið í efa við umræðurnar og þess vegna var farið sérstaklega yfir það. Það er niðurstaðan að í tengslum við lögfestingu frv. þurfi því ekki að breyta öðrum lögum.

Heilbr.- og trn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem er gerð grein fyrir á sérstöku þingskjali. Undir þetta skrifa ég, Össur Skarphéðinsson, formaður nefndarinnar, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Guðni Ágústsson.

[14:44]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Nú er þetta mál komið til umræðu, frv. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og fleiri. Við 1. umr. um málið gerði ég ákveðnar athugasemdir. Því ber auðvitað að fagna að íslenskir sjómenn sem vinna á farskipunum okkar skuli verða slysatryggðir ef þetta frv. verður að lögum. Ég hef hins vegar dregið í efa að sumt í þessu geti einfaldlega staðist vegna þess að ég tel það stangast á við lög um lögskráningu skipa þ.e. að sama skipið geti verið bæði erlent fyrirtæki og innlent. Það sem hér er verið að gera er að slysatryggja íslenska sjómenn með því að greiða launatengd gjöld og þar með tryggingagjald af Íslendingunum í áhöfn þessara skipa en ekki útlendingana.

Ástæðan er sú að útlendingarnir eiga hvorki lögheimili hér né vinna hjá íslensku fyrirtæki, vegna þess að skip sem ekki siglir undir íslenskum fána er ekki íslenskt skip eins

og segir í lögum. Til þess er leikurinn gerður, þ.e. með því að flagga út skipi telst það ekki lengur íslenskt skip og er ekki undir íslenskri lögsögu. Ég minnti á að þegar íslenskt hentifánaskip var fært til hafnar í Noregi á sínum tíma og kallað var á Þorstein Pálsson, núv. og þáv. hæstv. sjútvrh. og hann spurður: Hvað ætlar þú nú að gera? Þá svaraði hann kórrétt og eðlilega: Þetta skip heyrir ekki undir mig. Og það er alveg rétt. Vegna þess að skipið tilheyrir ekki íslenska flotanum. Ég er búin að segja þetta svo oft hér í þingsölum að ég held ég einfaldlega gefist upp. Þetta frv. sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og fleiri leggja fram er í raun aðeins aðeins það að þeir birta orðrétta 24. gr. laga um almannatryggingar. Þetta er reyndar leiðinleg aðferð við lagabreytingar því maður verður að hafa dálítið fyrir að sjá hverju er verið að breyta. Örfá orð koma ný inn í þá grein sem fyrir er. Setningin byrjar eins og áður: „Starf um borð í íslensku skipi" svo kemur breyting þeirra hv. þm.:

„... skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi ..." Þá breytir væntanlega engu hvort það siglir undir íslenskum fána eða erlendum. Hins vegar brennur náttúrlega á manni spurningin um hvort sama skipið með sömu áhöfn í sömu ferð geti verið annars vegar rekið af íslensku skipafélagi og hins vegar af útlendu? Ég fæ ekki skilið hvernig slíkt má vera. Þegar sá hörmulegi atburður varð að Dísarfellið fórst í fyrra þá uppgötvaðist að sjómennirnir voru ekki tryggðir hér. Um slysatryggingu segir í almannatryggingalögunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið."

Starf á „íslensku" skipi. Næstum öll skip Eimskipafélagsins t.d., sigla undir erlendum fána. Þau heyra undir erlend ríki og eru þar af leiðandi ekki íslensk skip, hvað sem fólk vill segja. Það er oft þannig, hæstv. forseti, að menn eru að lappa upp á löggjöf landsins án þess að líta til ótal þátta sem varða auðvitað stórlega þau sömu lög.

Það er ekki þægilegt að þurfa að standa hér og gera þessar athugasemdir því auðvitað er málefnið góðra gjalda vert. Ég hef áður lýst því yfir, þar sem ég sit í tryggingaráði, að ég átti þátt í að brjóta lög með því að samþykkja slysatryggingu til fjölskyldu manns sem lést á Dísarfellinu. Okkur þótti ekki stætt á að fjölskyldan stæði uppi bótalaus. Eins og menn hafa tekið eftir, hefur Tryggingastofnun ríkisins auglýst formlega í dagblöðum að þessar slysatryggingar verði ekki greiddar eftir 1. janúar 1998. Nokkrum sinnum hafa slys á Íslendingum um borð í þessum skipum verið bætt og það stafaði einfaldlega af því að menn gerðu sér ekki ljóst að ekki væri um tryggingarétt að ræða. Auðvitað fagna ég því að skipverjar um borð í þeim farskipum sem eiga að heita rekin af íslenskum fyrirtækjum, þó þau séu rekin undir öðrum þjóðfánum, séu tryggðir. Ég hefði kosið að betur væri gengið frá þeim málum og ég held að þetta eigi eftir að valda vandræðum ef til dómsmáls t.d. kæmi. Ég dreg stórlega í efa að þetta standist fyrir dómstóli.

Ég hef látið þessar athugasemdir koma fram, og skal ekki tefja frekar afgreiðslu málsins. En æru minnar vegna sem þingmanns mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[14:50]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig furðar enn að heyra málflutning hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vegna þessa frv. Ekki síst þá athugasemd sem hún gerði við störf þingsins varðandi framsetningu málsins en þess ber að geta að málið var lagt fram rétt í byrjun októbermánaðar. Mál ráðherra sem hún getur svo mjög um var lagt hér fram fyrir skömmu og auk þess hefur ekki verið mælt fyrir því. En þetta er aukaatriði.

Aðalatriðið er að í viðræðum hv. heilbr.- og trn. við aðila sem tengjast þessum útgerðum og við starfsmann Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins, sem er þeirra umboðsaðili, kom í ljós að oftar en ekki eru Íslendingar á þeim skipum sem leigð eru af íslenskum skipafélögum, lakar settir en aðrir um borð. Hv. frsm. heilbr.- og trn., Össur Skarphéðinsson, gat um svokallaða lestarstjóra sem oft eru einu Íslendingarnir um borð í skipum í leigusiglingu fyrir íslenskar útgerðir. Þeirra staða hefur verið lakari en erlendra skipverja. Við 1. umr. þessa máls kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að verið væri að veita íslenskum sjómönnum rétt umfram aðra um borð og erlendir sjómenn væru skildir eftir. Hún kvað þá ekki njóta sama réttar en það er rangt. Í máli Borgþórs Kjærnesteds kom fram að hér væri gott mál á ferðinni sem mundi tryggja réttarstöðu sjómanna sem væru íslenskir ríkisborgarar. Þeir þiggja laun hjá útgerðinni og greiða skatta sína og skyldur hér.

[14:52]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðan ég tók þetta mál hér upp fyrst hefur Norræna flutningaverkamannasambandið krafist þess að erlendir skipverjar yrðu tryggðir, enda lítið um almannatryggingar í Líberíu, Antígva eða hvar sem þessi skip eru skráð. Skipafélögin hafa verið pínd til að kaupa tryggingu handa þessum mönnum hjá einkatryggingafélögum. Þetta gætu auðvitað íslensku útgerðirnar gert líka. En hvað gera þeir? Þeir sigla undir hentifána til að losna við að greiða til eigin lands en samt á ríkið að greiða fyrir þá slysabæturnar. Þeir hefðu auðvitað átt að sjá sóma sinn í að tryggja Íslendinga á eigin skipum hjá einkatryggingafélögum en ekki bæði sleppa og halda. Þeir forðast að greiða til íslensks samfélags það sem þeim bæri að greiða ef skipin sigldu undir íslenskum fána en íslenska ríkið á síðan að greiða slysatryggingarnar af íslenskum áhafnarmeðlimum. Málið snýst um þetta.

[14:54]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan gat hv. þm. Guðrún Helgadóttir þess þegar þetta mál var hér til 1. umr. að henni þætti það leitt fyrir hönd okkar sex sjálfstæðismanna sem flytjum þessa breytingu á lögum við almannatryggingar. Hún sagði að við værum hér að flytja frv. sem byggt væri á staðlausum stöfum. Hér hefur það verið rækilega hrakið og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vildi hins vegar gjarnan að þingmaðurinn gerði frekari grein fyrir ákveðnu atriði. Hún fullyrðir hér að skipafélögin hafi verið pínd til að kaupa tryggingu vegna erlendra áhafna á skipunum eins og það hafi gerst í gær. Það væri gott að fá fram frekari vitneskju um þetta atriði. Hún svaraði því heldur ekki um daginn þegar ég spurði hana hvaðan hún hefði það að íslenskar kaupskipaútgerðir rækju þessi hentifánaskip í einhverju pósthólfafyrirtæki. Hún hafði einhverjar upplýsingar og væri gott að fá vitneskju í þeim efnum. Ég

held það væri mjög þarft verk einkum og sér í lagi vegna stéttarfélaga farmanna ef svo alvarlegir hlutir mundu upplýsast í rekstri skipafélaganna. Eins væri athyglisvert að vita nánar um það sem hv. þm. sagði að eftir að hún tók þetta mál upp hafi skipafélögin séð sig tilneydd að kaupa tryggingar fyrir erlendu áhafnirnar. Eins og ég sagði áðan upplýsti margumræddur Borgþór Kjærnested, umboðsmaður Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins og Skandinavíska flutningaverkamannasambandsins hér á landi, það að réttarstaða Íslendinga um borð í þessum skipum yrði um áramót lakari en hinna erlendu ef þessi lög næðu ekki fram að ganga.

[14:56]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það virðist enginn nenna að skilja það sem ég er að segja. Auðvitað er réttarstaða íslensku sjómannanna verri vegna þess að þeir eru ótryggðir. Þeir hljóta að vera lakar tryggðir en allir aðrir. Ég veit ekki hvað er að mönnum sem afgreiða málin svona.

Fyrir nokkrum mánuðum strandaði hér skip sem hét Víkartindur. Sá sami Borgþór Kjærnested og venjulega var hent út ef hann óskaði eftir að fá að fara um borð í þessi skip til að tala við erlenda sjómenn, hvernig fór fyrir honum þá? Þegar hann ætlaði að ná til erlenda hluta áhafnarinnar, þá var búið að keyra hann suður í Keflavík, troða þeim upp í flugvél og þeim komið burt áður en hafin voru sjópróf. Heldur hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að íslensk áhöfn hefði látið fara svona með sig? Auðvitað ekki. Þessir menn eru meira og minna réttlausir. Þeir eru ekki á íslensku skipi heldur útlendu. Ef menn vilja ganga illa frá löggjöf verða þeir að eiga það við sig. En ég er hissa á að hæstv. sjútvrh. skuli ekki blanda sér í þessa umræðu, vegna þess að hann er eini maðurinn sem hefur haldið sjó í þessum málum og virst skilja um hvað málið snýst.

[14:57]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við erum hér að fjalla um eina af greinum almannatryggingalaganna sem fjallar um slysatryggingar. Ég fagna því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson skuli hafa átt frumkvæði að því að koma með þetta frv. inn í þingið. Þetta er mikið réttlætismál og ég tel að með þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frv. og með þeim breytingum sem hv. heilbr.- og trn. leggur til við afgreiðslu málsins, þá séu lögin um slysa- og almannatryggingar skýrari og betri en áður. Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega í þessar breytingar en mig langar að geta eins þeirra atriða sem kemur inn í lögin. Það fjallar um slysatryggingar þeirra sem starfa um borð í íslensku loftfari, eða loftfari reknu af íslenskum aðilum. Þetta kom nokkuð til umræðu í nefndinni og ég fagna því að flugliðar, sem starfa um borð í íslenskum flugvélum eða flugvélum sem íslenskir aðilar gera út, skuli njóta slysabóta almannatrygginga.

Undanfarið hefur með aukinni samkeppni aukist mjög að íslenskir flugliðar og jafnvel starfsmenn ferðaskrifstofa starfi um borð í erlendum flugvélum en fái laun sín greidd hér á landi. Því er mjög mikilvægt að þessi liður sé skýrður í lögunum.

Flugliðar þessir ferðast oft fram og til baka í sömu ferðinni og dvelja þá skamman tíma á áfangastað. Þeir starfa þá oft í flughöfnum erlendra flugvalla og hér í nefndaráliti kemur fram að íslensku almannatryggingalögin skuli taka til starfa þessara flugliða eða starfsmanna hjá íslenskum fyrirtækjum þegar þeir eru að störfum tengdum loftfarinu á flugvelli eða flughöfn. Ég tel þetta mjög mikilvæga breytingu.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur verið um slysatryggingar almannatrygginga langar mig að geta þess að árið 1993 hafi verið gerð breyting á almannatryggingalögunum um rétt sjómanna til sjómannalífeyris almannatrygginga. Þar var sett inn sambærilegt ákvæði og kemur hér inn í slysatryggingarnar. Miðað er við íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum, þ.e. tekið er til leiguskipa þegar miðað er við réttinn til töku sjómannalífeyris almannatrygginga. Þarna er samræmi á milli.

Ég vil í lok máls míns fagna afgreiðslu þessara breytinga á slysatryggingum almannatrygginga.

[15:01]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að nokkurs misskilnings gæti í máli hv. 12. þm. Reykv. í umfjöllun um þetta mál, sérstaklega með skírskotun til ummæla minna. Ég tel það liggja ljóst fyrir að þetta frv. er í fullu samræmi við íslenskar stjórnskipunarreglur. Í raun og veru má segja að flutningur þess sé nauðsynlegur til að við getum fullnægt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Verið er að tryggja íslenskum sjómönnum jafnan rétt til tryggingabóta, enda hafi verið greidd tryggingaiðgjöld þeirra vegna, burt séð frá því hvort þeir starfa á skipum sem skráð eru á Íslandi eða erlendis. Hér er því verið að stíga ótvírætt skref í jafnræðisátt í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég sé ekki að þessi löggjöf stríði gegn markmiðum annarra laga eða reglna, þvert á móti.

Varðandi ábyrgð á skipum mega menn ekki misskilja ákvæði í alþjóðasamþykktum sem kveða á um að fánaríki beri ábyrgð á skipum undir þeirra fána. Einhver dæmi eru um að skip séu skráð undir svokölluðum hentifána til að losna undan alþjóðlegum reglum, t.d. um veiðistjórnun, en það eru líka fjölmörg dæmi og vaxandi um að skipum sé flaggað undir aðra fána vegna þess að þau hafa fengið réttindi á grundvelli alþjóðlegra samninga, ýmist á alþjóðlegum hafsvæðum eða innan lögsögu annarra ríkja og við því er ekkert að segja. Miklu fremur mætti segja það mjög æskilega þróun að veiðar geti farið fram með þeim hætti. Þannig fer því víðs fjarri að í öllum tilvikum séu menn að skjóta sér undan reglum þó skipt sé um fána á skipi. Aðalatriðið er að reglur um ábyrgð fánaríkisins gilda gagnvart veiðistjórnun, gagnvart reglum um veiðar, meðferð veiðarfæra og svæði, hvort skip hafa rétt til veiða í landhelgi og þar fram eftir götunum, þá er það fánaríkið sem ber ábyrgð gagnvart skipinu í þeim efnum. En það kemur spurningunni um það hvort íslensk löggjöf tryggi öllum íslenskum sjómönnum sama rétt til tryggingabóta ekki við, enda eru greidd af þeim tryggingagjöld. Það er allt annar hlutur og þessu má að mínu mati ekki rugla saman. Ég held að athugasemdir hv. 12. þm. Reykv. séu á misskilningi byggðar að þessu leyti og tel að frv. sé í fullu samræmi við jafnréttisákvæði íslenskrar stjórnarskrár og stangist hvergi á við alþjóðlegar reglur um ábyrgð fánaríkja gagnvart skipum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:06]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. ÁE, þskj. 611.

***Húsaleigubætur, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 362, nál. 570 og 588, brtt. 571 og 589.

[15:06]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Laust fyrir hádegi var hér áhugaverð umræða um fæðingarorlof feðra. Þar tók félmrh. til máls og hafði orð á því að þetta væri eitt af hinum góðu málum ríkisstjórnarinnar. Hann nefndi líka til sögunnar önnur góð mál, t.d. opinbera fjölskyldustefnu sem ég tek undir að það sé gott mál. En ánægjulegra er að góðu málin sem sá ágæti hæstv. ráðherra hefur flutt hafa gjarnan átt upphaf sitt hjá Alþfl. Þannig var með opinbera fjölskyldustefnu og þannig er með það mikilvæga mál sem við ræðum nú, frv. til laga um húsaleigubætur.

Virðulegi forseti. Þetta mál, húsaleigubætur, er hluti af okkar velferðarkerfi. Þetta mál er eitt af þeim umbótamálum sem jafnaðarmenn hafa hrint í framkvæmd. Meðal þeirra stóru mála sem mynda velferðarkerfi okkar eru lög um félagslegar íbúðir og löggjöf um almannatryggingar.

Með nýrri löggjöf, rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga og húsaleigubætur ásamt fleiri málum, myndast net félagslegra úrræða sem fáum dytti í hug að falla frá í dag. Þessi lög eiga það öll sammerkt að hafa verið pólitísk átakamál milli flokka á sínum tíma. Þegar verið er að ræða um breytingar á máli eins og þessu sem þykir sjálfsagt og eðlilegt að hafa til staðar í dag, gæti verið hollt fyrir okkur að rifja upp þau átök sem staðið hafa um slík mál og að berjast þurfti fyrir þeim Leiða þurfti mönnum fyrir sjónir hversu miklu skipti að slík úrræði væru hluti af því öryggisneti sem velferðarkerfi okkar er, fyrir þá sem eru á lágum launum, lenda í veikindum eða öðrum erfiðleikum og þurfa á því að halda að í okkar stjórnkerfi felist jöfnunarkerfi með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Segja má að stuðningur hins opinbera sé nú annars vegar til þeirra sem eiga íbúðir eða leigja á opinberum markaði og þeirra sem eiga eða leigja félagslegt húsnæði í formi vaxta- og húsaleigubóta. Þessar bætur eru í eðli sínu nokkuð ólíkar. Annars vegar eru vaxtabætur hjá ríkinu sem taka mið af vaxtabyrði fjölskyldu með tilliti til eigna og tekna en hins vegar húsaleigubæturnar sem lúta öðrum lögmálum sem við ræðum um í dag.

Í þessu frv. sem við erum með til 2. umr. felast tvö meginatriði sem ég tel afar þýðingarmikil og styð heils hugar. Í fyrsta lagi að þegar þetta frv. hefur verið lögfest muni öll sveitarfélög greiða húsaleigubætur og í öðru lagi muni húsaleigubætur framvegis verða greiddar vegna allra íbúða, bæði leiguíbúða á almennum markaði og íbúða í félagslega húsnæðiskerfinu. Að þessi tvö meginatriði séu uppfyllt í umræddu frv. þýðir samt ekki endilega að þeir sem styðja markmiðin og eru sáttir við þær breytingar, sætti sig við frv. í heild sinni. Því hafa allmargir okkar alþingismanna í félmn. skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Við styðjum meginatriði frv. en erum hvert um sig með mismunandi skoðun. Þessi álitamál geta reyndar verið mörg. Það hefur t.d. frá upphafi verið álitamál hvort skattleggja eigi húsaleigubætur á meðan vaxtabæturnar bera ekki skatt.

Eins og ég greindi frá áðan þegar ég bar saman vaxta- og húsaleigubætur, þá er ljóst að hægt er að fara í mikla umræðu um eðlismun á vaxta- og húsaleigubótum. Ég ætla ekki að gera það en bendi á að eðlilegt hefur þótt að vaxtabæturnar sem taka mið af vaxtabyrði, fjölskyldustærð, tekjum og eignum, séu hrein endurgreiðsla og ekki skattlagðar. Ég hef alltaf talið mikið vafamál að húsaleigubætur séu skattlagðar. Þær eru það t.d. ekki á hinum Norðurlöndunum og af hálfu sumra umsagnaraðila, t.d. stúdentaráðs Háskóla Íslands, var það harðlega gagnrýnt.

Sama má segja um framfærslufé félagsmálastofnana, það fjármagn sem fólk fær í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga þegar það á í erfiðleikum og leitar stuðnings hjá sínu sveitarfélagi. Þar er yfirleitt verið að líta á brýnustu þarfir og óhætt að segja að naumt sé skammtað. Þrátt fyrir það var fyrir fáum árum síðan tekin ákvörðun um að skattleggja slíka fyrirgreiðslu sem oft hefur verið þeim þung byrði eftir á þegar hagur hefur vænkast örlítið. Ef um atvinnulaust fólk hefur verið að ræða og það fengið atvinnu, þó ekki hátt launaða, greiðir viðkomandi að sjálfsögðu staðgreiðslu af tekjum sínum en jafnframt skatt af framfærslustuðningi frá árinu á undan. Segja má að þetta hafi líka komið fram í ábendingum þeirra félagsmálastjóra sem félmn. kallaði á sinn fund. Þeir nefndu gjarnan að bæði húsaleigubæturnar og framfærsluaðstoðin ættu ekki að vera skattlögð. Hins vegar var sú ákvörðun var tekin við fyrstu setningu laga um húsaleigubætur að þær yrðu skattlagðar. Ég stóð að þeirri ákvörðun þrátt fyrir að ég væri ósátt við hana. Það gerðist reyndar þannig að eftir að búið var að vinna þetta mál í nefnd, búið að taka ákvörðun um eðli húsaleigubótanna, hvernig þær yrðu reiknaðar út og þær fjárhæðir sem þar skyldu koma til, var ljóst að frv. næðist ekki fram öðruvísi en að húsaleigubætur bæru skatt. Þó náðist það fram að upphæðirnar voru hækkaðar sem skattinum nam. Auðvitað réttlætti það á vissan hátt þessa fyrstu ferð sem farið var í en vegur varla þungt í dag þótt fjárhæðin hafi á sínum tíma verið hækkuð til að koma til móts við sköttunina.

Það getur líka verið álitamál hver fjárhæð húsaleigubótanna á að vera, hvar skerðingarmörkin liggja og hvernig tillit er tekið til barnafjölskyldna í sambandi við húsaleigubæturnar. Í frv. sem við erum að fjalla um er ákveði til bráðabirgða og þar er greint frá því hver grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta er samkvæmt reglugerð. Hann er 7.000 kr. á mánuði fyrir hverja íbúð. Að auki bætist við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 fyrir annað barn, og 3.000 kr. fyrir þriðja. Þessu til viðbótar koma 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20 og 45 þús. kr. Síðan skerðast bæturnar óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr. og húsaleigubæturnar geta aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð og að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

Í félmn. kom til umræðu, virðulegi forseti, að bæturnar skyldu skerðast óháð fjölskyldustærð en það er alveg ljóst að miðað við uppsetningu húsaleigubótanna var tillit tekið til barnanna í útreikningi bótanna en síðan tekur skerðingin eingöngu mið af auknum árstekjum umfram 1,5 milljónir. Þetta er líka álitamál en útreikningum húsaleigubóta hefur ekki verið breytt frá því lögin voru sett. Stuðst er við sömu fjárhæðir og voru í reglugerð sem sett var 1994 þannig að við höfum ekki valið að gera neina athugasemd við útreikning bótanna. Líka hefur verið rætt hvort ætti að aflétta þinglýsingu húsaleigusamninga og var mikið rætt um þetta í nefndinni. Mörgum fannst að þetta væri íþyngjandi og þegar búið væri að koma kerfinu á og það búið að festa sig í sessi væri hugsanlega eðlilegt að aflétta þinglýsingunni. Niðurstaðan var að gera það ekki né heldur breyta því

að þinglýsingin gilti fyrir samningstímabilið á húsaleigusamningum heldur halda sig við það sem í frv. er vegna þess að fram komu ábendingar um að þetta væri ákveðin trygging fyrir leigjandann. Það að endurnýja samninginn um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár gefur leigjandanum ákveðna tryggingu og m.a. er þá fylgst með leigukjörum, hvort leiga hefur hækkað og hvort aðstæður hafi breyst sem hafi áhrif á bótafjárhæðina. Auðvitað er þetta allt álitamál og ekkert nema eðlilegt að um það séu skiptar skoðanir en niðurstaða okkar var sem sé sú að hafa þetta óbreytt.

Ég vek athygli á því að það hefur verið misjafnt hvernig sveitarfélög hafa staðið að leigu á félagslegum íbúðum. Sums staðar hefur verið ákveðin föst lág leiga sem breytist lítið og er lægri en raunkostnaður af félagslegu íbúðarhúsnæði og tekur kannski lítið mið af því hver hagur fjölskyldna er sem hafa fengið inni í íbúðunum. Sum sveitarfélög hafa svo margar leiguíbúðir á sinni könnu að það hefur kannski verið þannig að sá sem hefur fengið íbúð til leigu hjá sveitarfélagi hefur líka getað haldið henni líka eftir að hagur hefur vænkast, tekjur orðið góðar, eða aðstæður breyst og á þessu afar lága, niðurgreidda verði. Í öðrum sveitarfélögum hefur leiga jafnvel verið færð sem raunkostnaður og húsnæðisstuðningur verið færður sérstaklega og jafnvel tekið mið af aðstæðum fólks, sums staðar verið mikill og annars staðar minni, þó í sama sveitarfélagi væri og tekið mið af aðstæðum.

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að þetta frv. gerir ráð fyrir að leiga hækki almennt upp í raunkostnað sveitarfélagsins af íbúðarhúsnæði og að síðan verði greiddar húsaleigubætur sem komi til móts við leiguna. Það er ótti ýmissa að þar með hækki leiga mjög mikið í þeim sveitarfélögum sem hafa verið með fasta niðurgreidda húsaleigu og langt niður fyrir að hún beri raunkostnað af félagslegu húsnæði. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því en það tengist ekki frv. Frv. fjallar um með hvaða hætti eigi að greiða húsaleigubætur til allra. Þetta frv. fjallar um hvernig húsaleigubætur eru fundnar út og hinn hlutinn fjallar um hvernig sveitarfélag setur upp leigu sína á félagslegu húsnæði eða leiguíbúðum almennt sem geta reyndar verið í öðru húsnæði en félagslegu íbúðarhúsnæði í sveitarfélögum. Það er sérmál. Mér finnst full ástæða til af því ég hef áhyggjur af þessu að benda samt á hvernig þetta hefur verið í sveitarfélagi mínu. Þar hefur ekki verið byggt mikið af leiguíbúðum í félagslega kerfinu. Hins vegar hefur verið keypt talsvert af íbúðum á almennum markaði og þær hafa fyrst og fremst verið notaðar til þess að bregðast við þegar illa hefur staðið á hjá fjölskyldum. Fjölskylda hefur lent í veikindum, erfiðleikum, atvinnuleysi eða öðru sem kallar á félagslega aðstoð. Áherslan var í gegnum árin einkum lögð á gera fólki sem var á lágum launum kleift að komast inn í félagslegar eignaríbúðir. Því má segja að leiguhúsnæði í bæjarfélagi mínu hafi fyrst og fremst verið notað sem gegnumstreymishúsnæði, oftast þannig að fjölskyldan bjó ekki í húsnæðinu nema kannski tvö, hámark þrjú ár og niðurgreiddur stuðningur við húsaleigu gerði það að verkum ásamt öðrum félagslegum stuðningi að þá hafði fjölskyldan oftast nær getað rétt sig við á þann hátt að hún var fær um að takast á við að koma sér inn í eigið heimili með þeim úrræðum sem bjóðast í okkar lögum. Hins vegar ef við tökum t.d. Reykjavíkurborg, eða Akureyri hefur verið lögð mikil áhersla á að byggja félagslegar íbúðir í gegnum félagslega húsnæðiskerfið, sem er byggt með lágum vöxtum, miklu hagkvæmari lánum og léttari vaxtabyrði en annað húsnæði og leiga jafnvel verið greidd niður þó ég reikni með að á flestum stöðum sé leiga nú ekki miklu lægri en raunkostnaður af félagslegri íbúð.

Full ástæða er til að velta þessum hlutum fyrir sér en ég legg mikla áherslu á að samhliða því, eins og ég hóf mál mitt á, virðulegi forseti, varðandi þetta öryggisnet sem við höfum verið að reyna að sníða í velferðarkerfi okkar að einn þáttur þess er rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga, löggjöf sem ég mat mjög mikils að var sett á hæstv. Alþingi og hún leggur þær kröfur á sveitarfélögin að leggja mat á aðstæður fjölskyldna sem á þurfa að halda og bregðast við í kerfi sínu þannig að sómi sé að. Því miður er það ekki alltaf þannig og sumir segja: Þá eigum við bara að horfast í augu við að áherslur eru ólíkar, og að fólk getur á fjögurra ára fresti gert upp hug sinn gagnvart því sveitarfélagi sem það býr í og varðandi þær áherslur sem viðkomandi sveitarstjórn leggur hvort þar er um félagslegar áherslur að ræða eða hvort áherslur liggja annars staðar. Ég get alveg tekið undir það, en við höfum hins vegar talið, bæði á Norður- og Vesturlöndum, að viljinn til að vera með ákveðinn jöfnuð í kerfinu sérgreini þessi lönd þannig að samhjálp komi til þeirra sem hafa lægstu launin eða bera þyngstu byrðar af einhverjum orsökum og að við setjum upp kerfi sem skapi eins mikið réttlæti og unnt er varðandi íbúana í landinu. Við deilum um hvað sé réttlæti og ég ætla ekkert að fara út í það en ég hef lagt mikla áherslu á það í pólitík minni að við gætum þess að enginn verði undir og gætum þess að ef við ætlum að vera með stuðning þá sé sá stuðningur við alla, miðað við einhver tiltekin mörk. Það eru fyrst og fremst mörk sem við erum að fást við í þessu ítarlega frv.

Mér finnst þetta afar gott mál og mér finnst mikilvægt að þróun þessa máls frá því lög um húsaleigubætur voru sett hefur staðfest að það var rétt að setja þessi lög á sínum tíma. Hins vegar var mjög erfitt að fá stuðning við það og auðvitað bera lögin þess merki að vera samkomulagsmál. Þessi lög eru ekki einu lögin sem bera þess merki og auðvitað kysum við gjarnan að geta sett lög nákvæmlega eins og við mundum vilja hafa þau en nú er verið að færa til betri vegar það sem ekki náðist samstaða um á sínum tíma, þetta tvennt sem mér finnst vera meginatriði, að öll sveitarfélög greiði húsaleigubætur og að húsaleigubætur verði greiddar til allra íbúða.

Ég var að tala um hlut sveitarfélaganna og að þau velji að fara sína leið. Það hefur t.d. ekki verið valið að greiða húsaleigubætur í sveitarfélagi mínu. Það liggur meðfram Reykjavík frá vestri til austurs og það er ákaflega erfitt að verða vitni að því að ungt fólk sem er á leigumarkaði í Kópavogi ber svo mikli þyngri leigu en þeir sem búa í sveitarfélaginu við hliðina. Það er ástæða til fyrir þingmenn að horfast í augu við það að á þeim árum sem lögin hafa verið við lýði og þetta val verið hjá sveitarfélaginu hefur það gerst, sem er óhjákvæmileg afleiðing þessa, að ungt fólk með lágar tekjur og er að basla með lítil börn og reyna að koma sér áfram sækir í það sveitarfélag sem er með húsaleigubæturnar. Það er enginn nýr sannleikur. Um það var rætt þegar lögin voru sett en viljinn og óskin var sú að sveitarfélög með einhvern metnað til að standa sig gagnvart íbúum sínum mundu greiða húsaleigubætur.

Ég lýsti því yfir í upphafi máls míns, að ég hefði ritað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur t.d. að því uppgjöri sem birtist í frv. og er kynnt í brtt. Þess vegna völdum við að vera ekki með á brtt. vegna þess að þegar frv. kom inn

var hugsunin sú að sveitarfélagið yfirtæki húsaleigubæturnar sem verkefni sitt og fengi til þess fjármuni eða tekjustofna. Ég skildi það svo að sveitarfélagið ætti að fá tekjustofna en meðan málið var til umfjöllunar í félmn. var ljóst að sveitarfélögin og félmrh. gerðu samning sín á milli um að ríkið bæri ákveðinn kostnað og sveitarfélögin ákveðinn kostnað í verkaskiptingu sem ætti að bæta sveitarfélögunum upp þann kostnað sem þau yfirtækju af húsaleigubótunum. Það blað sem fylgdi með inn í félmn. var hins vegar frekar torskilið en á einfaldan hátt er hægt að segja að ríkið hafi lagt fram 200 milljónir sem er mun minna en áætlað var í upphafi að yrði kostnaður ríkisins.

Ríkið hefur borið um 200 millj. króna af kostnaði við húsaleigubæturnar sem eru 60% sem var hlutur ríkisins. Nú er áformað þar sem öll sveitarfélög greiða húsaleigubætur að miðað við þessi 60% yrði kostnaður ríkisins meiri og hann er áætlaður 50 millj. Vegna umræðunnar um félagslega húsnæðið, mér skilst það sé vegna hennar, ætlar ríkið jafnframt að endurgreiða sveitarfélögunum 55 millj. kr. af staðgreiðslu fólks í félagslega kerfinu. Þetta samanlagt gerir 305 millj. kr. sem er þá það sem ríkið ætlar að bera, sýnist mér, af kostnaði sveitarfélagsins. Sveitarfélagið ætlar að taka að sér fötluð börn á leikskólum sem kostar um 95 millj. og ríkið ætlar að taka að sér vinnumiðlanir upp á 120 millj. kr. Þarna myndast því mismunur. Ef við tökum 95 millj. fyrir fötluðu börnin og leggjum þær við 305 millj. út af húsaleigubótunum koma 400 millj. í niðurstöðutölu og vinnumiðlanirnar eru kostnaður sveitarfélagsins í dag en fara til ríkisins og verða 120 millj. Þá skuldar ríkið enn þá 280 millj. inn í pakkann sem ég var að lesa upp sem verður kostnaður sveitarfélagsins og þann mismun ætlar ríkið að greiða inn í jöfnunarsjóð vegna húsaleigubótanna. Pakkinn er því ekki 280, hann er heldur ekki 400, pakkinn sýnist mér um 305 millj. kr., sem ríkið er að greiða í húsaleigubótunum, sem verða nú greiddar öllum, í öllum sveitarfélögunum, og bæði á almennum markaði og í félagslega kerfinu. Ég treysti mér ekki til að meta hvort þetta séu sanngjarnar tölur. Ég treysti mér ekki til að leggja mat á hvort þarna er búið að koma upp samningi sem fólk hrópi upp af síðar eins og gerðist í grunnskólunum. Sveitarfélögin og ríkið hafa komið sér saman um að gera þetta á þennan hátt og ég býst því við að sitja hjá um þessa brtt. en get fullvel stutt hinar tvær. Önnur þeirra er tengd því að þegar þessar 280 millj. eru komnar inn í jöfnunarsjóðinn er eðlilegt að sveitarfélögin hafi upplýsingaskyldu gagnvart sjóðnum og þriðja tillagan er um breytingu á grein sem fjallar um heimild til að fella niður greiðslu bóta, stöðva bótagreiðslur, eða greiða bætur beint til leigusala og þá með samþykki leigjanda sem nefndin óskaði að væri tekið til greina. Nefndinni fannst mikilvægt að það úrræði væri til staðar hjá félmn. ef vandræði væru uppi hjá leigjanda. Þess vegna hef ég velt upp nokkrum álitamálum en ekki lagst gegn neinu beinu ákvæði í þessum lögum annað en að ég tel eðlilegt að það sé stjórnarmeirihlutinn sem tekur ábyrgð á fjárhagsdæminu og samningnum við sveitarfélögin og mun ekki hafa afskipti af því.

Virðulegi forseti. Það er ákveðið áhyggjuefni að meðal þeirra sem nýta sér ekki rétt til bóta eru ekki allir á leigumarkaði því það eru ekki allir sem nýta sér réttinn og sækja um. Sumir eru kannski með of háa leigu og of háar tekjur og reyna ekki við það en það er upplýst í nefndinni að meðal þeirra sem nýta sér ekki rétt til bóta er fólk sem ekki fær til þess heimild leigusala þar sem leigusalinn hafnar þinglýsingu leigusamnings. Við vitum að sjálfsögðu ekki vegna hvers, hvers konar leigusamningur er þar á ferðinni, en þegar leigusali hafnar þinglýsingu á leigjandi einskis úrkosti með að fá húsaleigubætur. Þetta finnst mér að verði að skoða og ég hvet félmrh. til að láta gera úttekt á því hversu margir eru á leigumarkaði, hve margir fá húsaleigubætur og hvort einhverjar frekari upplýsingar eru til, jafnvel að leita eftir því við sveitarfélögin að slík könnun verði gerð.

Virðulegi forseti. Þegar lög um húsaleigubætur voru sett var strax kveðið á um endurskoðun þeirra. Við höfum sameinast um niðurstöðuna að mestu leyti og ég hef sérstaklega gert að umtalsefni hvað ég fagna því að öll sveitarfélög muni nú greiða húsaleigubætur. Hins vegar tel ég að í framtíðinni eigi sveitarfélög að fá næga tekjustofna til félagslegra verkefna sem þeim er ætlað og að þau eigi líka að fá meira svigrúm til útfærslu á félagslegri þjónustu sinni. Það er ekki órökrétt að lögin um húsaleigubætur séu svo mikið útfærð þegar ríkið leggur fé fram. Það er alveg ljóst að ef við værum að setja lög um húsaleigubætur sveitarfélaga og þeim væru fengnir tekjustofnar til að inna þennan þátt af hendi ætti þetta kannski að vera meiri rammalöggjöf og sveitarfélögin að hafa meira svigrúm.

Að þessum orðum töluðum, virðulegi forseti, og þar sem ég hef eiginlega lokið máli mínu vil ég þó benda á 4. gr. og með tilliti til þess sem ég hef sagt um áhyggjur margra af því að húsaleiga hækkar hjá sveitarfélögunum árétta ég enn einu sinni að það er þó óháð þessum lögum, en í 4. gr. segir að sveitarstjórn skuli taka ákvörðun fyrir 1. nóv. ár hvert um fjárhæðir húsaleigubóta á næsta ári, sem geta verið hærri en grunnfjárhæðir, og hún skuli fyrir 1. nóv. ár hvert auglýsa tryggilega ákvörðun sína um fjárhæðir. Þarna er verið að vísa til þess að sveitarfélögin geri grein fyrir því að með því að gera breytingar, geri þau það, á fjárhæðum húsaleigubóta í félagslegu húsnæðiskerfi sínu eru þær að kalla yfir sig að gera heyrinkunnugt hverjar þessar bætur verða.

[15:37]

**Útbýting þingskjals:**

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 612.

[15:37]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að í sveitarfélagi hennar væri leigan þungbær vegna þess að ekki væru veittar húsaleigubætur og þess væru dæmi að fólk sækti yfir bæjarmörkin yfir í næsta sveitarfélag, sem er Reykjavík og liggur við hliðina, og leigði þar.

Það sem ég vildi spyrja hv. þm. um var: Telur hún að ásókn manna í húsnæði í Reykjavík og það að menn vilja ekki leigja í Kópavogi komi fram í því að þeir sem leigja út frá sér í Kópavogi standi með íbúðirnar auðar eða hvort þeir muni þurfa að lækka leiguna til að mæta þessum skorti á eftirspurn? Telur hann ekki að í Reykjavík verði eftirspurnin enn þá meiri, þ.e., að leigan hækki? Eru ekki dæmi um að húsaleigubætur hreinlega hækki leigu eins og þekkt er víða um lönd?

Önnur spurning er sú hvort hv. þm. telur eðlilegt að einstaklingur sem er með 125 þús. kr. tekjur á mánuði fyrir sjálfan sig og engan annan fái óskertar húsaleigubætur en fimm eða sex manna fjölskylda, með tvö börn eða þrjú, fái sömu heildarupphæð, þ.e., þegar heildartekjur fjölskyldunnar fara yfir 125 þús. kr. skuli það vera skert nákvæmlega eins

og einstaklingsins sem lifir bara einn á þessum tekjum?

[15:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rökrétt ef t.d. ungt fólk býr í íbúð þar sem er þung leiga, í sveitarfélagi sem greiðir ekki húsaleigubætur, hvort sem það er í Kópavogi eða annars staðar að það leiti fyrir sér hvort það getur fengið íbúð á kannski svipaðri leigu þar sem eru húsaleigubætur. Þannig vill til að um slíka möguleika er að ræða, reyndar bæði norðan og sunnan við Kópavog, þannig að það er ekki bara verið að tala um Reykjavík. Hins vegar geri ég fastlega ráð fyrir að mikil hringrás sé í leiguhúsnæði. Einn fer út úr þessu leiguhúsnæði og leitar fyrir sér annars staðar, annar kemur í það húsnæði sem þessi fór úr, og einhver tími líður áður en hann fer að hugsa um það að hann geti kannski fengið þetta eitthvað ódýrara. Enn annar velur staðinn og tekur þessa leigu, hefur kannski þær tekjur, hefur gert ráð fyrir því að fá ekki húsaleigubætur, eða að aðstæður hans eru þannig að skerðingin er svo mikil að þetta virkar ekki fyrir hann. Þess vegna er ég ekki viss um að það standi svo mikið húsnæði autt í Kópavogi enda eins og ég hef þegar lýst ekki mikið um leiguhúsnæði þar nema á almennum markaði. Mér sýnist á þeim upplýsingum sem við fengum í félmn. að húsnæði hafi ekki hækkað í Reykjavík þrátt fyrir húsaleigubætur. Örlitlar hækkanir voru á síðasta ári og það var rakið til þess að fólk hefur flutt í auknum mæli af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ég gat þess áðan í ræðu minni um húsaleigubæturnar að börnin eru tekin inn í útreikning bótanna en í skerðingunni eru prósentutölurnar eins, bæði fyrir þann sem er með lægri bætur af því hann fékk ekki uppbót á bæturnar út á barnahópinn, og líka fyrir þann sem er með barnahópinn og lendir í hærri tekjum. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu, við gerum ekki tillögu um breytingar og þar með er ég að fallast á þetta, enda hef ég lýst því yfir í þessum ræðustól.

[15:41]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að húsaleigubæturnar falla niður hjá barnmörgu fjölskyldunni þótt tekið sé tillit til allra barnanna við 212 þús. kr. Finnst hv. þm. eðlilegt að fimm manna fjölskylda eigi að geta lifað á 212 þús. kr.?

[15:42]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Við gætum rætt lengi um það hvað ég tel að fólk þurfi að hafa til að lifa af en það veit heilög hamingjan að þau laun sem eru greidd í landinu eru slík að afskaplega margir þurfa að lifa af innan við einni og hálfri millj. króna í árstekjur eins og við höfum fengið útreikninga um í félmn. þegar við báðum um upplýsingar um tekjur þeirra sem fengu húsaleigubætur. Það eru ansi stórir hópar sem eru á lágum launum í landinu. Við höfum rætt svo oft um laun að ég get alveg tekið undir að það væri engin goðgá þótt enginn þyrfti að hafa minna en svona 250 þús. kr. miðað við þau útgjöld og þá neyslu sem þekkist í landi okkar. Þetta snýst ekki um hvað ég telji að fólk eigi að hafa í tekjur. Þetta snýst um eftir hvaða kerfi við ætlum að reyna að reikna út húsaleigubætur. Ég er búin að reyna að svara því til. Ég býst við að það hafi þótt of flókið að taka skerðinguna líka miðað við útreikninga á börnum. Vel má vera að við í félmn. hefðum átt að fara í ólíka útreikninga á því hvernig sé best að hafa bæði upphækkun bótanna miðað við fjölskyldustærð og síðan skerðinguna. Við gerðum það ekki. Fallist var á að halda sig við óbreytt fyrirkomulag og ég stend að því.

[15:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir skjóta afgreiðslu á frv. Eins og fram kom við 1. umr. málsins taldist að málið væri tekið á dagskrá og mér er ljóst að frv. hefur verið afgreitt á skömmum tíma í félmn. Þó ég vænti þess samt að henni hafi gefist tími til að leggja í það vinnu þannig að meiri hluti hennar sé sæmilega ánægður með þetta frv. Ég get samþykkt þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til enda er að stofni til meiri hluti þeirra fluttur að minni beiðni, þ.e. hlutverk jöfnunarsjóðsins í þessu dæmi er nýtilkomið. Eins og þegar hefur komið fram í umræðunni var við 1. umr. ekki búið að ganga frá fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga fyrir þetta ár en það tókst að koma því samkomulagi á nokkrum dögum eftir að málið fór til nefndar. Þar með var upp vakið hlutverk fyrir jöfnunarsjóð í þessu efni.

Eins og komið hefur fram leggur ríkið sveitarfélögunum til 305 millj. kr. til að annast alfarið húsaleigubætur. Í staðinn fyrir að ríkið hefur greitt 60% á móti sveitarfélögunum leggur ríkið nú 305 millj. kr. til að létta sveitarfélögunum þessa byrði. 280 millj. af því, eins og hér hefur réttilega komið fram, ganga í gegnum jöfnunarsjóð, og það sem á vantar, 25 millj. kr., fara upp í önnur fjármálaleg samskipti. Sveitarfélögin fá því 305 millj. frá ríkinu til að standa undir þessu verkefni. Það var hárrétt tala hjá hv. 5. þm. Reykn. 200 millj. kr. hefur verið rífur raunkostnaður ríkishlutans af húsaleigubótum þann tíma sem þær hafa verið greiddar. Ríkishlutinn af húsaleigubótunum hefur aldrei náð alveg 200 millj., var 180 millj. eitt árið eða eitthvað í kringum það, en við gengum út frá 200 millj. sem væri raunkostnaður hjá þeim sveitarfélögum sem hafa greitt húsaleigubætur. Síðan er bætt við 50 millj. vegna þeirra nýju sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu og að nú verður farið að greiða út á allar íbúðir. 80% landsmanna áttu kost á húsaleigubótum eða eiga kost á húsaleigubótum að óbreyttum lögum. Sú viðbót sem þarna verður eða sú víkkun á rammanum er metin upp á 50 millj. kr. 55 millj. skoðast sem endurgreiddur tekjuskattur af húsaleigubótunum, þ.e. sveitarfélögin fá raunkostnaðinn plús útvíkkunina og extra 55 millj. sem þau geta varið til húsaleigubóta. Væntanlega verja þau þeim til húsaleigubóta og þá gætu þær hækkað sem því nemur ef þeim býður svo við að horfa.

Frumvarpið byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga og er unnið í mjög nánu samráði við sveitarfélögin í landinu. Þar af leiðandi er örðugt að fara að breyta einhverjum grundvallaratriðum í því. Þá teldi ég að við værum að ganga á það samkomulag sem við gerðum.

Ég get ekki fallist á brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals. Sumar af þeim er reyndar hægt að framkvæma í reglugerð, ef maður vildi, því reglugerðarsetningin eða heimildin til reglugerðar er slík að félmrh. setur, samkvæmt 4. gr., að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga ákvæði í reglugerð um útreikning og fjárhæð bóta, þar á meðal um grunnfjárhæðir bóta. Það liggur í augum uppi að sveitarfélagi er heimilt að greiða meira en grunnfjárhæð ef sveitarfélagið kærir sig um og hefur til þess burði.

Ég er í grundvallaratriðum ósammála sumum af brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég tel mjög mikilvægt að um

þinglýstan leigusamning sé að ræða. Þinglýsingin er einmitt trygging leigjandans. Hann hefur þinglýstan samning í höndunum og það er hans trygging og ég lít svo á að það sé fengur leigutakans að hafa þinglýstan samning. Þar er uppgefin tala, leigufjárhæð er gefin upp, og leigusali hefur þá ekki tækifæri til að kreista hærri leigu út úr leigutakanum en gefin er upp á samningnum. Samningurinn stendur og samningurinn gildir. Hann er þinglýstur og hann er trygging fyrir leigutakann. Ég get því ekki fallist á röksemd hv. þm. að óþarfi sé að þinglýsa. Ég get heldur ekki fallist á að eðlilegt sé að borga húsaleigubætur út á einstaklingsherbergi. Ég tel eðlilegt að binda þetta við íbúðir. Hvað varðar stúdentagarðana, þá tel ég að það hljóti að vera hægt að leysa það mál. Þar sem samliggjandi herbergi með eldunaraðstöðu og baði eru talin einstaklingsherbergi núna, þá á að vera auðvelt að slá þeim saman í íbúðir, þar sem tveir einstaklingar byggju þá í tvíbýli.

Við 1. umr. málsins kom fram talsvert mikill ótti um að leigutökum yrði íþyngt þegar farið yrði að greiða húsaleigubætur á leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga. Sveitarfélögin mundu nota tækifærið og hækka bara leiguna upp úr öllu valdi og ætla húsaleigubótunum að taka við þeirri félagslegu skyldu sem þau hafa við íbúa sína. Í tilefni af þessum málflutningi fékk ég til fundar við mig formann Félagsbústaðanna í Reykjavík og reyndar fleiri af ráðamönnum í borginni, og ég var fullvissaður um að það væri alls ekki meiningin að íþyngja illa settum leigjendum í borginni þótt farið yrði að greiða húsaleigubætur út á leiguhúsnæði í eigu borgarinnar eða Félagsbústaða hf. (Gripið fram í.) Hins vegar getur það gerst að einhverjir leigjendur hjá borginni séu það tekjuháir að það komi við pyngju þeirra, þ.e. að þeir fái ekki húsaleigubætur. En þá eru þeir ekkert verr settir en annað fólk á leigumarkaði. Mér finnst að húsaleigubætur eigi fyrst og fremst að vera fyrir hina tekjulágu, aðstoð til hinna tekjulægri í þjóðfélaginu. Það átti að koma til móts við leigusalann og fá hann til að verða fúsari að gera þinglýstan leigusamning, að sumu leyti að því er mér finnst með *örökréttu skattfrelsi leigutekna. Ég óttast að til sé í landinu* svartur leigumarkaður þar sem leigan er ekki öll gefin upp og verið sé að leigja húsnæði sem tæplega er boðlegt, og þar af leiðandi tel ég mjög mikilvægt að leigumarkaðurinn sé opinber.

Ég vil að lokum minna á að auðvitað hafa sveitarfélögin skyldur, og því mega menn ekki gleyma, í félagslegum húsnæðismálum og þau hafa líka skyldur um félagslega aðstoð *við íbúa sem eru illa settir og í fjárþröng.*

[15:55]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins gera athugasemd við það sem fram kom í máli hæstv. félmrh. varðandi hækkun húsaleigu íbúða í eigu sveitarfélaga sem mun fylgja í kjölfarið á þeirri ákvörðun í frv. að greiða húsaleigubætur til leigjenda í íbúðum sveitarfélaga. Það er alveg augljóst mál að með þeirri breytingu að styrkja leigjendur í íbúðum sveitarfélaga hlýtur meiningin að vera sú að styrkja fjárhag leigjendanna. Þannig er málið sett fram, en við vitum hins vegar og út frá því er gengið bæði af hálfu flutningsmanns málsins eða ríkisstjórnarinnar og annarra sem hafa talað í þessari umræðu, að sveitarfélögin muni hækka húsaleiguna hjá sér. Með öðrum orðum, hin lága húsaleiga sem er í dag á þessum leiguíbúðum sveitarfélaga muni hækka upp í markaðsverð. (**Gripið fram í:** Nei, ekki upp í markaðsverð.) Upp í markaðsverð. Og það þýðir að greiðslurnar sem eiga upphaf sitt úr ríkissjóði munu enda ofan í sveitarsjóði, ekki ofan í vasa leigjandans og styrkja fjárhag hans. Ég spyr: Til hvers eru menn að þessu? Ef meiningin er sú að hlutirnir eigi að endurspegla raunverulegar aðstæður á markaði, hvers vegna á þá ríkið að niðurgreiða vexti niður í 1% á leiguíbúðum sveitarfélaga ef hinn endi málsins, húsaleigan, er ákvörðuð með öðrum hætti? Ég sé ekki rök fyrir því, herra forseti, að hafa félagslega niðurgreiðslu til sveitarfélaganna í gegnum lága vaxtaprósentu en gefa þeim frelsi til að innheimta húsaleigu með öðrum hætti.

[15:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég finn ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu frv. sem knýr sveitarfélögin til að hækka leiguna, alls ekki. Skipulagsbreyting sem gerð er eða á að gera í Reykjavík á leiguhúsnæði borgarinnar gengur út á að borgaríbúðirnar verði, þegar farið er að greiða húsaleigubætur, leigðar á einhverju sem kallað er kostnaðarverð, þ.e. ég held að hugmyndin sé sú að rekstur þeirra standi undir sér. Hins vegar er mikið af þessu húsnæði þegar niðurgreitt, þannig að það er alrangt að tala um markaðsleigu. Setjum nú svo að sveitarfélag einhverra sviðinga færi að okra á leigjendum sínum þannig að þeir gætu ekki séð sér farborða jafnvel þótt þeir fengju húsaleigubætur, þá minni ég á að sveitarfélagið hefur framfærsluskyldu ef allt um þrýtur.

[15:58]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. var að staðfesta það sem ég hélt fram, að gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin hækki húsaleiguna. Og hvers vegna er gert ráð fyrir því? Vegna þess að bæta á efnahag leigjenda með því að færa þeim húsaleigubætur. Og hver er þá niðurstaðan? Það er verið að færa peninga ofan í sveitarsjóði. Það er fyrst og fremst það velferðarkerfi sem hæstv. félmrh. virðist bera fyrir brjósti. Hann leggur ekki á sig að víkja að því einu orði í sínu máli að markmiðið sé að ábatinn af húsaleigubótunum verði til að bæta efnahag leigjendanna. Það er ekki markmiðið. Og mig undrar það, herra forseti, að mál af þessu tagi skuli vera svona fram sett. Mig undrar það stórlega að gert skuli vera ráð fyrir því að ábatinn sem leigjandinn fær verði jafnharðan af honum tekinn. Ég hélt að menn ætluðu að bæta efnahagslega stöðu leigjandans.

[16:00]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég þyrfti ekki að taka það fram að markmiðið er auðvitað að bæta efnahag leigjenda bæði á frjálsum markaði og eins í íbúðum í eigu sveitarfélaga. Ég held við ættum ekkert að vera að deila um það. Félagsbústaðir í Reykjavík eru ekki stofnaðir til að okra á leigjendum. Ég hef aflað mér upplýsinga um það. Þeir eru ekki stofnaðir til að mergsjúga leigjendur hjá borginni. Þeir eru stofnaðir til að gera kerfið skilvirkara og hagkvæmara. Sem betur fer er fjöldinn allur af fólki sem býr í leiguíbúðum borgarinnar orðinn ágætlega settur efnalega. Ég hef heyrt dæmi um allmarga sem eru prýðilega settir efnalega, guði sé lof, með háar tekjur. Það er eðlilegra að þeir verði á almennum markaði og frekar reynt að halda niðurgreiðslunni til þeirra sem eiga við efnahagsörðugleika að stríða.

Að endingu þetta: Vandamálið í mínum huga er ekki sveitarfélögin sem hafa sinnt skyldum sínum með leiguhúsnæði. Vandamálið er sveitarfélög sem reyna að verja sig

fyrir því að fá leiguhúsnæði í sveitarfélagið og þess finnast því miður dæmi á höfuðborgarsvæðinu.

[16:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Hann bendir á að markmið þessara laga sé að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Þetta er 1. gr. laganna. Hún hljóðar svo.

Hann lýsti ákveðnum áhyggjum yfir hag leigjenda í félagslegum íbúðum, hver hann yrði eftir að húsaleigubætur eru komnar á og leigukostnaður færður upp í það sem kallað er raunkostnaður, félagslega húsnæðiskerfið með öðrum orðum markaðsvætt. Ég kem að því síðar.

Að mínum dómi er mjög jákvætt að setja lög sem tryggja öllum þegnum landsins húsaleigubætur. Lög um húsaleigubætur voru sett árið 1994 en við framkvæmd þeirra var sveitarfélögunum í sjálfsvald sett hvort þau tækju kerfið upp, hvort þau tækju upp húsaleigubætur. Þeim sveitarfélögum hefur síðan smám saman verið að fjölga sem hafa farið þann veginn og munu nú vera 39 talsins. Mönnum reiknast til að húsaleigubætur nái til 65% landsmanna og yfir 80% af húsaleigumarkaðnum sé á svæðum eða í sveitarfélögum sem eru með húsaleigubætur þannig að út af standa 20% af þeim markaði. Með þessum lögum er gert ráð fyrir að rétturinn nái til landsins alls en annað er að í lögunum eins og þau hafa verið taka húsaleigubætur aðeins til þeirra sem eru á opnum markaði, ekki til þeirra sem búa í félagslegu húsnæði. Með þessum lögum er gerð breyting á þessu. Nú skulu húsaleigubætur ná til allra þeirra sem leigja íbúðir. Þetta tel ég mjög jákvætt. Ég tel hins vegar að ríkið eigi að fjármagna þetta algerlega, þetta eigi ekki að vera á hendi sveitarfélaga.

Ég er sammála því sem kom fram í máli Kristins H. Gunnarssonar við fyrri umræðu þar sem hann skilgreindi þennan lagabálk sem réttindalöggjöf. Líta ætti á þetta sem réttindalöggjöf einstaklingsins og ætti ekki að skipta máli hvar á landinu hann byggi og þannig ættum við að nálgast þessi mál. Þetta er gagnrýnisatriði sem ég vil setja fram og leggja áherslu á, þ.e. ég tel að ríkið eigi að fjármagna þessar bætur.

Annað sem hefur verið gagnrýnt í tengslum við þessi lög eða breytingar, þótt breyta hefði þurft öðrum lögum en þessum til að fá því framgengt, er skattlagning húsaleigubótanna. Ég tek undir þær áherslur sem komið hafa frá verkalýðssamtökum, frá ASÍ, BSRB, Leigjendasamtökunum og ýmsum öðrum almannasamtökum þar sem þess er krafist að hið sama gildi um húsaleigubætur og aðrar bætur í húsnæðiskerfinu. Ég tel að þetta eigi ekki að skattleggja eða öllu heldur að sömu reglur eigi að gilda. Mér finnst persónulega koma til álita að skoða eða endurskoða bótakerfið og íhuga hvort rétt væri að fella það undir almennan tekjuskatt að einhverju leyti eða öllu leyti. Mér finnst það alveg koma til álita en mér finnst að hið sama eigi að gilda um húsaleigubætur og vaxtabætur að þessu leyti. Hið opinbera ver mjög litlum fjármunum til húsaleigubóta til þeirra sem leigja húsnæði í samanburði við stuðning við húseigendur. Mönnum reiknast til að vaxtabætur, stuðningur við þá sem eru að kaupa húsnæði, hafi numið 3.300 millj. kr. á ári en tæpum 230 millj. kr. hafi verið varið í húsaleigubætur þegar það dæmi hafi verið gert upp eftir skatt.

Ég tek að vissu leyti undir sumt sem kom fram í málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals að því leyti að skerðingarákvæðin, tekjuskerðingar eða viðmiðunarmörkin á skerðingu húsaleigubóta liggja mjög lágt. Og vegna þess að ég var að bera saman stöðu leigjenda og húsnæðiskaupenda þá er hróplegt misræmi þar að finna, eins og reyndar kom fram í ræðu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal flutti fyrr um þetta sama mál, en hann benti á að hátekjufólk með samanlagðar fjölskyldutekjur upp á 600 þús. kr. gæti fengið 200 þús. kr. á einu ári í vaxtabætur. Stuðning upp á 200 þús. kr. á einu ári. Á sama tíma erum við með frv. sem gerir ráð fyrir skerðingu sem byrjar í 125 þús. kr. og sé ekki barn í fjölskyldunni falla greiðslurnar algerlega niður við 155 þús. kr. en við 212 þús. kr. hjá barnafjölskyldu. Þarna er ekki saman að jafna, annars vegar stuðningnum og hins vegar þegar kemur að þessari skerðingu einnig, hjá þeim sem eru að kaupa íbúðir og hins vegar hjá hinum sem leigja íbúðir. Ég tek því undir þá gagnrýni þótt við komumst ekki að sömu niðurstöðu, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Vil ég benda á í því sambandi þegar hann ber saman barnlausa einstaklinga annars vegar og barnafjölskyldur hins vegar og segir að eðlilegt væri að taka meira tillit til fjölskyldufólksins en gert er í þessu frv., þá vil ég vekja athygli á því sjónarmiði að fyrir einstakling er lífið að mörgu leyti hlutfallslega erfiðara en hjá fjölskyldufólki eða þar sem eru tvær fyrirvinnur og stuðningur við barnafólk kemur líka fram í gegnum önnur ferli. Við erum með barnabætur og við erum líka með í frv. hærri húsaleigubætur fyrir barnafólk; við bætast 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað, og 3.000 kr. fyrir þriðja barn. Þarna er því tekið tillit til barna, en hitt er rétt hjá hv. þm. að síðan kemur skerðingin til sögunnar og getur tekið þetta algerlega til baka. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að fjölskyldutekjur upp á 212 þús. kr. hjá barnmörgum fjölskyldum eru ekki miklir peningar.

Mér finnst hins vegar að við þurfum að íhuga rækilega þegar við erum að tala um ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna á hvern hátt við viljum að þessir fjármunir komi til sögunnar. Þar er um að ræða laun, barnabætur, vaxtabætur hjá þeim sem eru að afla sér húsnæðis eða húsaleigubætur eftir atvikum. Við megum ekki einblína á eina lausn í þessu efni heldur skoða allt samspilið. En ég tek undir það og legg áherslu á að mér finnst þessi skerðingarviðmiðunarmörk vera of lág.

Um aðrar greinar frv. ætla ég ekki að fjölyrða. Ég ætla þó að nefna eitt atriði sérstaklega, þ.e. 14. gr. frv. og síðan brtt. sem meiri hluti félmn. hefur flutt við 14. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta, stöðva bótagreiðslur eða greiða bætur beint til leigusala, og þá með samþykki leigjanda, ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda."

„Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslu bóta." Þetta get ég engan veginn sætt mig við og kem ég þar aftur að því sem ég nefndi áðan að þetta er réttindalöggjöf. Það er réttur einstaklingsins sem við erum að tryggja með lögunum. Ef við ætlum síðan að heimila félagsmálanefnd, fulltrúum sveitarfélagsins, að svipta einstaklinginn þeim rétti þá finnst mér við vera komin út á heldur betur hálan ís. Mér finnst öðru gegna að heimild sé til þess að bótagreiðslurnar verði látnar renna til eiganda íbúðarinnar, sem hugsanlega væri þá sveitarfélagið. Að heimild væri fyrir hendi til þess að tryggja að leigan færi í að greiða húsaleigu, að fyrir hendi væri heimild til þessa. En heimild

til að svipta einstaklinginn bótunum finnst mér ekki ganga upp. Það er nokkuð sem ég vil gagnrýna og get ekki stutt.

Ég tek undir það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan að þær upphæðir sem hér er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og eru að hluta til ætlaðar til greiðslna á húsaleigubótum verða að vera algerlega á ábyrgð stjórnvalda. Þetta tengist samningum sem ríkisstjórnin gerði við sveitarfélögin. Margt er óljóst um hvernig þeim sjóði verður ráðstafað og á þessum fjármunum treysti ég mér ekki til að taka neina ábyrgð.

Annað sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og ég reyndar hef sagt hér fyrr við umræðuna að tengist ekki þessu frv. en menn hafi þó haft áhyggjur af, er hver útkoman verður þegar upp verður staðið fyrir þá sem eru í félagslegu íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélaga. Ég er kominn á aðra skoðun, að sjálfsögðu tengist það þessu frv. og meira að segja er skýrt kveðið á um það í skýringum við bráðabirgðaákvæði í lagatextanum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá gildandi fyrirkomulagi að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða."

Það er beinlínis kveðið á um það í lagatextanum að húsaleigubótakerfið komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða. Við erum að lögbinda að svo verði. Ef við ætlum að lögbinda að svo verði, þá verðum við að hyggja vel að því hvernig dæmið lítur út þegar upp er staðið. Ég ætla að taka dæmi úr raunveruleikanum:

Einstætt foreldri með tvö börn, með árstekjur upp á tæpar 708 þús. kr. og í félagslegri íbúð í Reykjavík, greiðir núna í leigu tæpar 24 þús. kr. á mánuði. Eftir að leigukostnaðurinn verður færður upp í svokallaðan raunkostnað er gert ráð fyrir að leigan á þessari íbúð verði tæpar 45 þús. kr. Viðkomandi einstætt foreldri með tvö börn á framfæri fengi 18 þús. kr. í húsaleigubætur. Þar af yrði tekið í skatt tæpar 7.400 kr. þannig að húsaleigubæturnar eftir skatt yrðu 10.600 kr. Áætluð leiga hjá hinu einstæða foreldri með tvö börn þegar húsaleigubæturnar hafa dregist frá leigunni yrði 34.200 þús. kr. Mismunurinn yrði rúmlega 10 þús. kr. Ef skattlagningin hefði ekki verið komin til sögunnar eða bæturnar ekki verið skattlagðar, þá værum við að tala um 2.800 kr., en þó í mínus, enn í mínus. Þetta skyldi löggjafinn hugleiða mjög vel þegar hann er að festa í lög breytingar, húsaleigubætur, sem eiga að koma í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða.

Ég ætla að taka annað dæmi. Ég ætla að taka einstakling með 730 þús. kr. í árstekjur. Hann greiðir nú í leigu tæpar 9 þús. kr. á mánuði. Áætlað er að leigan fyrir þá íbúð fari í rúmar 22 þús. kr. (**Gripið fram í:** Er þetta í Reykjavík?) Þetta er í Reykjavík. Húsaleigubætur fyrir skatt hjá þessum einstaklingi yrðu rúmlega 7 þús. kr. og þær yrðu skattlagðar vegna þess að ríkisstjórnin neitar að láta sama gilda um húsaleigubætur og vaxtabætur. Hún ætlar að skattleggja leigjendur sérstaklega. Hún ætlar að skattleggja það lágtekjufólk sem ég er að nefna. Hún ætlar að skattleggja það sérstaklega en hún skattleggur ekki fjölskylduna sem ég nefndi áðan með 600 þús. kr. á mánuði og 200 þús. kr. á ári í vaxtabætur. Hún borgar engan skatt af því. En sá einstaklingur sem er með innan við milljón ári, reyndar langt innan við milljón, rúmar 700 þús. kr., og fengi húsaleigubætur upp á rúmlega 7 þús. kr. yrði að borga 3 þús. kr. af þeim í skatt. Húsaleigubæturnar hjá þeim einstaklingi yrðu ekki nema rúmlega 4 þús. kr. Fyrir þennan einstakling, sem greiddi 8.700 kr. í leigu, mun leigan verða 17.800 kr. þegar upp er staðið eftir að hann er búinn að fá húsaleigubæturnar sem hafa verið skattlagðar. Hann er í mínus, hann verður fyrir skerðingu upp á rúmar 9 þús. kr.

Ég gæti tekið fleiri svona dæmi. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta hjá Reykjavíkurborg hvernig þessi mál líta út. Að sjálfsögðu fagna ég því þegar Reykjavíkurborg lýsir því yfir að tekjulágt fólk eigi ekki að verða fyrir skerðingu. En hvað er tekjulágt fólk, með leyfi? Hvað er tekjulágt fólk á Íslandi? Samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu er tekjuhár einstaklingur skilgreindur sá sem er með 125 þús. kr. á mánuði. Hann er svo tekjuhár að það er rétt að skerða húsaleigubæturnar. Hann er kominn með slíkar ofurtekjur þegar hann er kominn með 155 þús. kr. á mánuði að þær eru algerlega numdar á brott. Þær eru ekki til. Þetta er íslenska hátekjuþjóðin. Sama gildir um barnafólkið. Fjögurra eða fimm barna fjölskyldu sem er komin yfir 212 þús. kr. samanlagt, brúttótekjur, fær ekki neitt. Hún fær ekki nokkurn skapaðan hlut. En þeir sem kaupa stóru villurnar og fá á ári 3.300 millj. í vaxtabætur á móti 200–300 millj. sem varið er til leigjendanna eru undanskildir skatti. Þeir þurfa ekki að borga krónu í skatt. En leigjendurnir, einstæða foreldrið, sem ég var að nefna áðan með tvö og þrjú börn og með um 700 þús. kr. á ári er skattlagt. Þar eru peningarnir teknir. Nú erum við með lög sem kveða á um að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða. Það segir í lagatextanum, í ákvæði til bráðabirgða að þær komi í stað þessa kerfis. (**Gripið fram í:** Er ekki þingmaðurinn að lesa skýringu ...?) Þá er von að menn spyrji — ég er að lesa skýringu á bráðabirgðaákvæðinu. (**Gripið fram í:** Það er ekki lagatextinn.) Það er lögskýringargagn sem segir til um tilgang laganna á sama hátt og það er lögskýringargagn sem sagt er í þingsal af hálfu frsm. nefndarinnar og ráðherra. Það sem segir í skýringu með lagatextanum segir að sjálfsögðu nokkuð um tilgang þessara laga og ég er að tala um tilgang þessara laga.

Eftir að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir upplýsti í umræðu á fyrri stigum eða vakti sérstaka athygli á þeirri hættu sem hér væri á ferðum og Leigjendasamtökin voru með ábendingar í sömu átt, þá óskaði formaður nefndarinnar, sem hefur verkstýrt þessu máli mjög vel, eftir því að við fengjum til okkar fulltrúa frá sveitarfélögunum sem eru ábyrgir fyrir húsnæðiskerfunum þar á bæ til að gera okkur grein fyrir því hvernig þessi mál stæðu þar, hvað þau ætluðu að gera. Hæstv. félmrh. var krafinn um það hér að hann beitti sér fyrir því gagnvart sveitarfélögunum að þau væru búin að ganga frá þessum málum þannig að menn vissu að hverju þeir gengju þegar þeir væru að samþykkja þessi lög. Fulltrúar verkalýðshreyfingar og leigjendasamtaka, fulltrúar frá ASÍ, BSRB og Leigjendasamtökunum gengu einnig á fund hæstv. ráðherra og lýstu yfir áhyggjum vegna þessa máls og óskuðu eftir að hann tæki það sérstaklega upp við sveitarfélögin. Niðurstaðan varð sú í félmn. að við fengum fulltrúa sveitarfélaganna á okkar fund og fulltrúa Reykjavíkurborgar líka sérstaklega. Þar kom fram að Reykjavíkurborg hefði lýst því yfir að tekjulágt fólk yrði ekki fyrir áföllum. Það kom fram. Það hefur verið gefin út yfirlýsing þar að lútandi. Þá minni ég aftur á þetta: Hvað er tekjulágt fólk? Erum við — ég varpa því fram til umhugsunar — að samþykkja lagabreytingar sem fela í sér skerðingu fyrir fólk sem fellur ekki undir þessa undarlegu skilgreiningu á hátekjufólki sem ég vitnaði í áðan? Erum við að samþykkja skerðingu á það? Ég vil ekki standa að slíku. Ég mótmæli þess vegna þeim hluta laganna þótt ég styðji lagabreytingarnar í heild sinni, þá ákvörðun

að festa í lög að komið verði á húsaleigubótakerfi sem nái til alls landsins. Ég styð það en ég lýsi miklum áhyggjum yfir þessu og mótmæli því að við göngum frá þeim hluta laganna fyrr en þetta liggur ljóst fyrir. Ég vil líka taka fram að frá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga fengust engar upplýsingar, sem hægt er að kalla, um hvernig þessu máli verður fyrir komið. Þeir vissu það hreinlega ekki. Við spurðum t.d. fulltrúa í Kópavogi hvað stæði til að gera þar. Það var með öllu óljóst. Það var ekki vitað. Að þessu leyti finnst mér stórálitamál uppi.

Ég ítreka áhyggjur mínar hvað þetta varðar og minni á það, sem ég vakti máls á í upphafi máls míns og þannig ætla ég að ljúka máli mínu, að í 1. gr. þessara laga segir að markmið laganna sé að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Hvert erum við eiginlega komin? Ég vek athygli á að í 1. gr. laganna segir að það eigi að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Við stöndum núna í fullkominni styrjöld til að reyna að tryggja að tekjulægsta fólkið verði ekki fyrir skerðingu. Ekki að það fái bætur, heldur að það verði ekki fyrir skerðingu. Mér finnst ábyrgðarhluti af hæstv. félmrh. að vera ekki búinn að tryggja þetta áður en hann leggur fram stjórnarfrv. sem gerir ráð fyrir þessari breytingu, gerir ráð fyrir því að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða. Mér finnst ábyrgðarhluti af hálfu hans að hafa ekki gert það og við þurfum að fá miklu haldbetri upplýsingar og ákveðnari yfirlýsingar af hálfu hans til að hann sannfæri okkur um að 1. gr. þessara laga standist um að tekjulágu fólki verði tryggðar bætur.

[16:32]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson reifaði rækilega það atriði sem er það sem ræður fyrirvara okkar flestra við frv. og snýr að því að sú breyting, sem er verið að gera, verði ekki til þess að rýra kjör þeirra leigjenda sem verst standa. Það kom fram í umfjöllun okkar að fyrir liggur yfirlýsing Reykjavíkurborgar hvað það varðar að tryggja að leigjendur borgarinnar verði ekki fyrir skerðingu. Þeir eru auðvitað tekjulágir og frv. og lögin miðast öll við tekjulágt fólk. Við hljótum að verða að treysta því að við þau fyrirheit verði staðið. Við hljótum líka að verða að gera þá kröfu til annarra sveitarfélaga á landinu að þau sjái til þess að kjör rýrni ekki og það eru auðvitað aðrir möguleikar. Flest af þessu fólki fær ýmiss konar aðstoð frá sveitarfélögum sínum og það gilda auðvitað lög um aðstoð við það fólk.

Ég ítreka að ekkert í lagatextanum segir að sveitarfélögum beri að taka upp raunleigu. Hins vegar er það hugsunin á bak við þessa breytingu og það er sú stefna sem Reykjavíkurborg hefur markað en ekkert skyldar sveitarfélögin til þess. Það er verið að breyta um form á niðurgreiðslum. Sveitarfélögin hafa verið að greiða niður leigu og það meira að segja mjög mikið í Reykjavík. Í staðinn fer þetta í gegnum annað ferli. Það fer í gegnum húsaleigubæturnar og þar leggja sveitarfélögin sitt af mörkum. Það er metið að bæturnar geti orðið allt að 600 millj. kr. á öllu landinu. Það eru ekki bara þessar 280, það bætist heilmikið þarna við.

Ég ætlaði líka að nefna það sem hv. þm. sagði um 14. gr. Mér finnst þar vera um misskilning að ræða. Ég tel að félagsmálanefndir sveitarfélaga verði að hafa lagalega heimild til að grípa inn í ef um misnotkun er að ræða.

[16:35]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að ekkert í lögunum segir að sveitarfélög þurfi að taka upp raunleigu sem kölluð er en hv. þm. bætti því við að það væri hugsunin á bak við breytingarnar. (**Gripið fram í:** Það er óeðlilegt að vera með tvöfalt kerfi.) Að það sé óeðlilegt að vera með tvöfalt kerfi? Menn eru orðnir svo miklir hreintrúarmenn í öllum kerfum sínum og bókhaldskúnstum. Hið óeðlilega er að fólk geti ekki framfleytt sér. Í öllum lagabreytingum okkar hljótum við að vera að reyna að tryggja jafnari og betri lífskjör í landinu. Alveg sama hvað bókhaldið verður flott ef okkur tekst ekki að gera það og við klúðrum lífskjörum fólks með lagasetningu er það slæm lagasetning. Ég er að segja það að þessi lög gera ráð fyrir breytingum. Andi laganna er sá, hugsunin á bak við þau er sú, að taka upp breytt stuðningskerfi við leigjendur. Ef raunin verður sú að það verður tekjuskerðing, auknar álögur á þetta fólk, minni ráðstöfunartekjur, þá hefði betur verið heima setið. Það er það sem ég er að segja. Þess vegna minni ég hæstv. félmrh. á ábyrgð sína. Jafnvel þótt þessar breytingar eigi sér stað vil ég reyna að tryggja að þær verði á þann hátt að fólk verði ekki fyrir kjaraskerðingu. Út á það gengur málflutningur minn og varðandi 14. gr. er enginn misskilningur af minni hálfu. Í 14. grein segir, og síðan brtt. sem hafa komið fram við 14. gr. frá meiri hlutanum, að það eigi að vera heimilt að svipta einstaklinginn þessum bótum og mér finnst það ekki ganga upp. Mér finnst þetta vera réttur hans.

[16:37]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í 14. gr. segir: „Að fella niður greiðslu bóta eða stöðva bótagreiðslur.“ Það getur verið tímabundið, það getur verið um tímabundna stöðvun að ræða meðan viðkomandi félagsmálanefnd er að átta sig á því hvað þarna liggur að baki, í hvað hafa bæturnar farið, hvers vegna er leigjandinn lentur í vanskilum og það þarf að taka á málunum. Að mínum dómi er fullkomlega óeðlilegt að bæturnar renni áfram til einhvers einstaklings sem stendur ekki í skilum eða ver bótunum í eitthvað annað. Menn hljóta að verða að hafa lagalega heimild til að grípa þarna inn í og ég trúi því ekki að sveitarfélögin fari að misnota þetta, þau hafa það ríkar skyldur gagnvart íbúum sveitarfélags síns.

Hvað varðar fyrra atriðið, um kjararýrnun er ég auðvitað sammála hv. þm. hvað það varðar. Auðvitað má ekki gerast að breytingarnar verði til að rýra kjör leigjenda og ég vona að svo verði ekki. Við megum ekki gleyma því að húsaleigubæturnar hafa komið mjög mörgum til góða frá því þær voru teknar upp. Verið er að breyta lögunum á þann hátt að nú ná þær til miklu fleiri, en ef sveitarfélögin taka upp raunleigu og greiða síðan leiguna niður gegnum húsnæðisbæturnar, þá getur orðið einhver mismunur. Það verður að koma í ljós hvernig það verður og hvernig hægt er að taka á því í framhaldinu. (Gripið fram í.) Við verðum að sjá hverju fram vindur en ég er hjartanlega sammála þingmanninum hvað þetta varðar að þetta er ákveðið áhyggjuefni.

[16:39]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þetta með hv. þm. en það verður að koma í ljós fyrr en síðar og það er á ábyrgð hæstv. félmrh. að ganga úr skugga um hvernig sveitarfélögin ætla að ganga frá þessum málum. Reykjavíkurborg hefur þegar gefið

yfirlýsingu þess efnis að tekjulágt fólk eigi ekki að verða fyrir skerðingu. Ég hef hins vegar lýst miklum áhyggjum á skilgreiningu manna á tekjulágum og tekjuháum og minni á í því sambandi að ofurtekjufjölskyldan, samkvæmt þessum lagabálki, og þeim reiknireglum sem þar er að finna, er með rúmar 200 þús. kr. í bruttótekjur. Það er ekki hátekjufólk á Íslandi en það fólk fær engar húsaleigubætur. Það er með slíkar ofurtekjur. Þótt þessi yfirlýsing hafi komið frá borginni eigum við enn eftir að sjá hvar skilgreiningarmörkin liggja. Ég er því ekki búinn að fá nægileg svör frá borginni og frá öðrum aðilum koma engin svör. Frá Kópavogsbæ koma ekki nokkur einustu svör. Við vitum ekki hvort þeir ætla eitthvað að styðja leigjendur í félagslegu húsnæðiskerfi sem kunna að verða fyrir skerðingu, ef þeir fara með sinn leigukostnað upp í raunverð sem menn kalla, ef menn markaðsvæða leiguna.

Aðeins aftur að 14. gr. Ekkert í henni segir að þetta sé tímabundið. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta getur verið tímabundið en það segir ekkert um það. Mér finnst ekki hægt að svipta fólk bótum af þessu tagi, í því felst réttindaskerðing að mínum dómi. Ég minni á að ekki er hægt að skerða þá sem njóta vaxtabóta, þá sem kaupa sér íbúðir. Þeir fá bætur sínar greiddar en sett í lög að heimilt sé að skerða bætur leigjenda.

[16:41]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að þetta væri réttindalöggjöf, hún veitti fólki rétt til húsaleigubóta og þar af leiðandi væri ekki rétt að sveitarfélagið hefði heimild til að grípa inn í dæmið ef menn væru í vanskilum. En hvað segir hv. þm. um það að fólk sem er með stopular tekjur, ógæfufólk, oft í einhverri fíkn eða drykkjusýki, sem býr í herbergi með aðgang að baði og eldhúsi, sé svipt rétti sínum? Það fær engar bætur. Það hefur ekki efni á að leigja heila íbúð og hvernig finnst hv. þm., sem ber hag smælingjans fyrir brjósti, eins og kannski fleiri, þessar skerðingar á réttindum? Að fólk fái ekki bætur ef það hefur ekki efni á að leigja heila íbúð?

Þá er annað atriði sem ég held að komi inn á það vandamál sem verið var velta upp áðan, vandamálið hjá félagsmálastofnunum sveitarfélaganna og leiguíbúðum þeirra. Telur hv. þm., sem skrifaði upp á þetta nefndarálit, eðlilegt að fólk með 125 þús. kr., einstaklingur með 125 þús. kr. á mánuði, fái nákvæmlega sömu húsaleigubætur og maður með 60 þús. kr. og sá fær nákvæmlega sömu húsaleigubætur og maður sem hefur engar tekjur? Þarna kristallast vandinn. Vandinn er þarna. Ég tel að maður sem er með 125 þús. kr. bara fyrir sjálfan sig sé oftryggður en sá sem er með 60 þús. kr. á mánuði sé ekki vel tryggður með þessu kerfi. Þarna er vandinn.

[16:43]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ógæfufólk sem ekki greiðir húsaleigu, drykkjumenn, en fær húsaleigubætur. Ég held að leiðin sé ekki sú að svipta viðkomandi rétti sínum til húsaleigubóta. Leiðin er að aðstoða viðkomandi með öðrum hætti. Ég er að mótmæla því, ef hv. þm. hefði hlustað á málflutning minn, að viðkomandi sé sviptur rétti sínum.

Varðandi undirskrift mína á nefndarálitið þá styð ég lagabreytingarnar í heild sinni. Ég geri það. Ég set alvarlega fyrirvara við einstaka þætti frv. Ég hef alla tíð verið fylgjandi húsaleigubótum og vil koma þeim á en ég hef sett þarna ákveðna fyrirvara. Ég sagði líka að ég teldi að samræmi ætti að vera í skattgreiðslum á húsaleigubótum annars vegar og vaxtabótum hins vegar. Ég sagði jafnframt að ég væri ekki endilega viss um að allar þessar greiðslur ættu að vera undanþegnar skatti og ég vildi alveg íhuga að skoða nýtt kerfi, bæði í barnabótum og öllu þessu bótakerfi, þar sem greiðslurnar yrðu jafnaðar en tekjujöfnunin væri síðan tekin í gegnum tekjuskattskerfið. Mér finnst alveg koma til álita að skoða róttæka breytingu á öllu þessu samspili.

[16:45]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SvanJ o.fl., þskj. 613; brtt. LB o.fl., þskj. 614; brtt. LB og JóhS, þskj. 615; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 616, 617; brtt. RG o.fl., þskj. 618; brtt. ÁE, þskj. 619; brtt. HG, þskj. 625.

[16:46]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það frv. um húsaleigubætur sem liggur fyrir er lagt fram með samþykki mínu en þó með fyrirvara sem snýr að einu atriði og varðar 3. mgr. 6. gr. sem hljóðar svo:

„Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum."

Þegar húsaleigubótakerfið var sett á á sínum tíma var valkvætt af hálfu sveitarfélaganna hvort þau tækju upp húsaleigubætur eða ekki. Að sjálfsögðu voru til lög sem stuðst var við við greiðslu húsaleigubóta en eigi að síður var það þó svo að félagslegt húsnæði var ekki partur af því húsaleigubótakerfi sem verið er að setja á laggirnar. Nú er búið að opna þetta kerfi fyrir nánast alla nema einstaklinga sem eiga hvað erfiðast og búa við lökust og minnst kjörin. Mér fannst óeðlilegt að ekki væri tekið sérstaklega tillit til þessa í þessu sérstaka dæmi og bað þá um að sveitarfélögin yrðu fengin til að útskýra hvers vegna væri ekki hægt að taka alla þætti húsnæðis inn í húsaleigubótakerfið og þar með loka þessum hring sem ég tel að þurfi að vera svo að við getum sagt að kerfið sé að öllu leyti sanngjarnt. Af hálfu sveitarfélaganna kom Þórður Skúlason til skrafs og ráðagerðar og að hans mati mundi ekki geta gengið að sveitarfélögin tækju á sig þessa viðbót miðað við þá samninga sem búið var að gera við ríkisstjórnina án þess að samningurinn hryndi. Það var því ákveðið af hálfu sveitarfélaganna og ríkisstjórnarinnar að þessi hópur fólks væri það stór og tæki það mikla peninga út úr kerfinu að það þyrfti að ganga í samningana alfarið upp á nýtt. Í mínum huga er slæmur kostur að það skuli þurfa að breyta kerfinu eða skilja eftir hluta utan kerfisins eingöngu vegna þessa að það er of stór biti fyrir sveitarfélögin að kyngja því í einu. Ég hef sagt í nefndinni að ég muni ekki láta þetta verða til þess að ég felli eða greiði ekki atkvæði með lagasetningunni einfaldlega vegna þess að ég get út af fyrir sig fallist á að þeir sem fá fyrirgreiðslu eigi rétt á því en það breytir ekki þeirri skoðun minni að fleiri áttu rétt á þessu og þeir sem áttu kannski einna helstan rétt á þessu eru utan kerfisins. Á þeirri forsendu taldi ég ekki hægt að leggja atkvæði mitt við þetta öðruvísi en að þar kæmi fram athugasemd af minni hálfu.

Fram hefur komið að þeir sem búa við lökust kjörin og eru í herbergjum fái hvort eð er aðstoð félagsmálastofnana með einum eða öðrum hætti þannig að staða þeirra sé tryggð hvað það varðar en það má segja um alla þá sem njóta einhverra sérkjara af hálfu ríkisins annaðhvort í þessu formi eða öðrum að þeir hafi einhvers konar tryggingu. Mér finnst

að þeir sem búa í einstaklingsíbúðum eigi ekki síður að geta borið höfuðið hátt hvað þetta varðar eins og aðrir. Þeir eiga ekki að þurfa að koma á hnjánum eftir sérstakri aðstoð frá félagsmálastofnun til að geta borgað leiguna frekar en aðrir. Mér finnst enn að þetta sé stílbrot á annars þokkalega góðu frv. og ég mun beita mér fyrir því á þessu þingi eða því næsta að settar verði inn breytingar í lögin um húsaleigubætur sem geri ráð fyrir því að allar tegundir húsnæðis falli undir húsaleigubætur óháð stærð svo fremi sem viðkomandi húsnæði fellur að reglum um hollustuhætti og um öryggi sem þarf að fylgja í öllu sem fær opinberar bætur.

Fram kom þegar Reykjavíkurborg var beðin að gefa upplýsingar um fjölda þeirra sem þæðu bætur að þar er að langmestu leyti um einstaklinga að ræða. Ef við lítum á þann hóp sem þiggur húsaleigubætur samkvæmt lista frá Reykjavíkurborg þar sem um er að ræða þetta ár og það síðasta þá eru tæplega 80% af þeim sem þiggja bætur af hálfu borgarinnar einstæðir foreldrar, einhleypir karlar eða einhleypar konur. Nær 80% þeirra sem þiggja bætur eru úr þessum þjóðfélagshópi. Það gefur mjög eindregið til kynna að það sé einmitt sá hópur sem þarf að hugsa fyrst og fremst um, þeir sem lifa knappast og eiga erfiðasta stöðu í þjóðfélaginu. Þegar staða bótaþega er skoðuð kemur í ljós að þetta eru atvinnuleysingjar, ellilífeyrisþegar, nemar og öryrkjar. Þeir eru um 80% af þeim hópi sem við erum að tala um. Þetta eru þeir sem taka langmest, samanber þetta bréf sem ég er með frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Þetta er sá hópur sem þarf á aðstoðinni að halda og því held ég við ættum ekki að skera niður þá kosti sem þarna þurfa að vera til staðar hvað varðar húsnæði. Ég hefði álitið að frekar ætti að vera þak á húsnæðisstærðinni.

Ég mun greiða atkvæði með þessu en beita mér jafnframt fyrir því að það sem ég hef lýst hér sem fyrirvara mínum verði sett síðar inn í lögin.

[16:55]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þegar frv. um húsaleigubætur var til 1. umr. voru nokkur atriði óljós af hálfu ríkisstjórnarinnar. Snerti það aðallega hvort bæturnar yrðu skattlagðar áfram og hver niðurstaðan yrði að því er varðar fjárhagslegt uppgjör ríkis og sveitarfélaga varðandi húsaleigubæturnar.

Það er alveg ljóst að félmn., sem hefur haft frv. til skoðunar, hefur haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið og leita sér allra þeirra upplýsinga og gagna sem voru nauðsynleg. Fyrir liggur nú að svo skammur tími gafst hjá nefndinni til að skoða málið að nauðsynlegar upplýsingar, sem nefndin kallaði eftir, liggja ekki fyrir. Ég á aðallega við þann þátt málsins sem snýr að því hvaða áhrif það hefði ef sveitarfélögin færa leiguna á leiguíbúðum sínum upp í raunkostnað og fara þess í stað að greiða húsaleigubætur. Nefndin lagði sannarlega sitt af mörkum til að þeirra upplýsinga yrði aflað. Enn er verið að vinna þetta, m.a. af hálfu Reykjavíkurborgar, ég veit ekki hvort það er á vegum fleiri sveitarfélaga verið að skoða áhrifin af breytingunni vegna þess að hún er töluverð. Eftir því sem ég veit best munu þessar upplýsingar væntanlega ekki liggja fyrir fyrr en í janúarmánuði þegar frv. hefur þá orðið að lögum. Það er mjög slæmt, herra forseti, þegar við erum að fjalla um mál og kallað hefur verið eftir nauðsynlegum gögnum sem hafa mikla þýðingu varðandi umfjöllun málsins í þinginu og nefndinni að það skuli ekki geta legið fyrir vegna þess tímahraks sem málið er sett í í þinginu þegar það er lagt fram svo seint af hálfu hæstv. félmrh.

Niðurstaðan varðandi skattlagningu húsaleigubótanna veldur vissulega vonbrigðum. Ég hafði, herra forseti, vænst þess að hæstv. fjmrh., sem var fyrir skömmu í stól sínum, skýrði fyrir þingheimi þá afstöðu sína af hverju hann telur rétt og eðlilegt að skattleggja húsaleigubætur en ekki vaxtabætur vegna þess að eftir því sem manni hefur skilist, og ég hef reynslu af því sem fyrrverandi ráðherra, hefur hæstv. fjmrh. fyrst og fremst komið í veg fyrir það að húsaleigubætur yrðu skattfrjálsar með líkum hætti og vaxtabætur. Varla er hægt að búa við það að hæstv. fjmrh. skýri ekki afstöðu sína í ræðustóli því að ég er alveg sannfærð um að mikill meiri hluti er fyrir því í þinginu að láta jafnræði ríkja varðandi skattlagningu á húsaleigubótum og vaxtabótum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. fjmrh. hafði samband við forseta fyrir stuttu og tjáði honum að hann þyrfti að fara frá um sinn en hans er von á fundinn að nýju.)

Herra forseti. Ég tek það auðvitað gott og gilt og við höfum a.m.k. tækifæri til að spjalla við hann síðar á fundinum eða ef verst lætur við 3. umr. um þennan þátt málsins.

Vil ég þá víkja að brtt. nefndarinnar sem kemur í kjölfar þeirrar niðurstöðu sem varð milli ríkis og sveitarfélaganna varðandi fjárhagslegt uppgjör vegna húsaleigubótanna. Hér er komin fram brtt., sem meiri hluti félmn. flytur, sem segir að ríkissjóður skuli greiða árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renni til sveitarfélaganna vegna greiðslu húsaleigubóta. Maður spyr hvernig þessi tala er fundin út. Menn vísa til þess að húsaleigubætur hafi ekki kostað nema 200 millj. kr. til þessa og sennilega er talan fundin út frá því.

En þegar maður skoðar þau gögn sem fylgja með frv. og borist hafa nefndinni, og eins þá skýrslu sem gerð var fyrr á þessu ári um framkvæmd húsaleigubótakerfisins, þá eru mjög skiptar skoðanir um það hver útgjöld sveitarfélaganna verða þegar húsaleigubótakerfið er að fullu komið til framkvæmda, þ.e. þegar skylt verður að öll sveitarfélög greiði húsaleigubætur og eins hvað húsaleigubæturnar munu kosta þegar sú kerfisbreyting gengur yfir sem sveitarfélögin munu hugsanlega öll taka upp, þ.e. að færa leiguna upp í raunkostnað. Nefndar hafa verið tölur á bilinu frá 390–650 millj. kr. Þjóðhagsstofnun hefur m.a. nefnt hærri töluna og kemur fram í skýrslunni frá því fyrr á þessu ári að Þjóðhagsstofnun áætlar á grundvelli skattframtala 1995 að ef allir leigjendur undir tekjumörkum ættu rétt á húsaleigubótum yrði heildarkostnaðurinn um 513 millj. kr. á ári. Þess vegna undrar mig nokkuð, herra forseti, að sveitarfélögin hafi samið við ríkið um einungis 280 millj. kr. þegar þau eru að yfirtaka þetta verkefni. Vil ég minna á það sem fram kemur í þessari skýrslu sem ég veit að vísu ekki hvort sveitarfélögin skrifa undir. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Þá er ítrekað að allar tillögur um breytingar á húsaleigubótakerfinu frá og með áramótum 1998 sem fela munu í sér aukin útgjöld til húsaleigubóta, eru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld sveitarfélaga."

Með öðrum orðum, ef húsaleigubótakerfið reynist dýrara en þessar 280 millj. kr. þá eru það greinilega orðin sjálfkrafa útgjöld sveitarfélaganna. Þess vegna undrar mig nokkuð að sveitarfélögin hafi sæst á þá niðurstöðu sem lýst er hér að hafi fengist í samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga að því er þetta varðar. Vil ég t.d. vitna í því sambandi til þess sem sveitarfélögin hafa sjálf sagt um þetta mál. Í skýrslu sem þau hafa sett fram um ýmsa valkosti sem koma til greina

varðandi húsaleigubótakerfið er einn valkosturinn nefndur, þ.e. óbreytt kerfi frá því sem nú er, en kerfið er tekið upp hjá öllum sveitarfélögum og greiðslur fari fram hjá sveitarfélögunum án þátttöku ríkis og húsaleigubætur nái til alls íbúðarhúsnæðis. Þetta er sú leið sem á að lögfesta í þessu frv. og um hana segja þau, með leyfi forseta:

„Heildarupphæð bótanna verður um 620 millj. kr., þ.e. 320 millj. kr. nettó miðað við núverandi kerfi í öllum sveitarfélögunum að viðbættum um 300 millj. kr. nettó vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaganna og fleiri."

Sveitarfélögin meta sem sagt að þetta geti kostað um 620 millj. kr. en engu að síður hafa þau sæst á, við samningaborðið með ríkisvaldinu, að þetta verði einungis metið af hálfu ríkisins og að ríkið leggi fram 280 millj. kr.

Og af hverju skyldi ég, herra forseti, hafa svona miklar áhyggjur af þessari lendingu varðandi framlagið sem fer frá ríkinu til sveitarfélaganna? Það er vegna þess að ég vil tryggja eins og hægt er að leigjendur verði jafnsettir eftir þessa breytingu sem á að fara að lögfesta og þeir voru áður. Ég óttast að töluverður fjöldi leigjenda geti þurft að taka á sig aukna leigu við framkvæmdina.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór mjög vel yfir þetta áðan og sýndi fram á hvað gæti gerst við það að setja leiguna upp í raunkostnað, greiða húsaleigubætur, ef sveitarfélögin bættu ekki við viðbót við húsaleigubæturnar sjálfar. Hann lýsti þar sláandi dæmum. Sum þeirra komu fram við 1. umr. málsins, og ég hef virkilegar áhyggjur af þessu. Þess vegna rýni ég mjög í þessar tölur, framlagið sem fer frá ríkinu til sveitarfélaganna við þessa breytingu, og er að reyna að átta mig á því og meta hvort tryggt verði að sveitarfélögin bæti leigjendum mismuninn sem skapast við þessa kerfisbreytingu.

Við erum ekki að tala um neinn hátekjuhóp þegar við erum að ræða um leigjendur eða þá sem fengið hafa húsaleigubætur eða eru í niðurgreiddu húsnæði hjá sveitarfélögunum. Hverjir eru þetta aðallega, herra forseti? Það liggur fyrir í þessari skýrslu sem ég nefndi að á liðnu ári voru 300 einstaklingar atvinnulausir af 2.300 sem fengu bætur. Ellilífeyrisþegar voru 108. Nemar voru 568 og öryrkjar 357. Þessi hópur er um 1.300 manns af þessum 2.300. Og hverjar eru tekjur fólks sem er í leiguhúsnæði og fær húsaleigubætur? Eru þær nokkuð voðalega háar? Þær hafa komið nokkuð hér til umræðu, herra forseti. Félmn. fékk upplýsingar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur um þá sem hafa fengið húsaleigubætur. Og hverjar skyldu tekjurnar vera sem þetta fólk hefur? 305 sem fengu húsaleigubætur höfðu engar tekjur, 1.158 höfðu 700 þús. kr. og minna, 1.635 höfðu frá 701 þús. kr. upp í 1.500 þús. kr., en þá byrja húsaleigubæturnar að skerðast og falla út við 2,5 millj. kr. og það eru einungis innan við 200 manns sem eru með tekjur á bilinu 1,6–2,5 millj. kr. Stærsti hluti þessa hóps eða liðlega 3.000 manns af þeim sem fengu húsaleigubætur 1997, sem voru 3.200, eru með tekjur innan við 1.500 þú. kr. og langflestir af þeim með tekjur innan við milljón og 1.158 með 700 þús. kr. og minna.

Úr þessum ræðustóli hafa verið rakin dæmi, herra forseti — það var gert við 1. umr. og áðan af hv. þm. Ögmundi Jónassyni — einmitt af fólki sem rétt skríður yfir 700 þús. kr. í árstekjur. Það getur staðið uppi með að þurfa að borga verulega hærri leigu en það greiddi áður. Við erum að tala um fátækt fólk, herra forseti. Það er ekki hægt annað en segja að fjölskyldufólk, gjarnan einstætt foreldri með tvö börn sem er með 700.000 í árstekjur, sé annað en fátækt fólk. Þetta skýrist af þessari kerfisbreytingu sem ég og fleiri hv. þm. höfum áhyggjur af og fyrirvari ýmissa nefndarmanna í félmn. byggist á.

Leigan í leiguíbúðum sveitarfélaga hefur verið frá 7–15 þús. kr. og skríður stundum rétt yfir 20 þús. kr. Nú mun þessi leiga hækka upp í allt að 45 þús. kr., fer upp í raunkostnað og síðan á fólk að fá húsaleigubætur. En húsaleigubæturnar eru það lágar að þær duga ekki nema til að greiða hluta leigunnar. Mismuninn verður fólkið sjálft að bera í kostnað, allt upp í 20 þús. kr., herra forseti, nema sveitarfélögin taki sjálf ákvörðun um að greiða einstaklingunum þennan mismun. Það skyldi því engan undra að ég og nokkrir hv. þm. sem hér höfum talað höfum verulegar áhyggjur af framkvæmdinni á húsaleigubótakerfinu, ekki síst miðað við þá niðurstöðu sem fékkst í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Hægt væri að taka mörg dæmi. Ég skal halda mig við allra tekjulægsta fólkið með 700 þús. kr. Hér er einstætt foreldri með eitt barn, með liðlega 700 þúsund, sem hefur borgað núna í leigu 14.800 kr. Nú fer leigan hjá þessu einstæða foreldri upp í 32 þús. kr. Viðkomandi fær 12.900 kr. í húsaleigubætur og situr eftir með mismun upp á 9.740 kr. sem er stór hluti af launum þessa einstæða foreldris sem er kannski með rúmlega 50 þús. kr. í tekjur. Það situr uppi með mismun upp á 9.700 kr. sem er fimmtungur af launum viðkomandi. Þessi einstæða móðir stendur í algerri óvissu um það í dag hvort henni verður bættur þessi mismunur. Sem betur fer hefur komið fram yfirlýsing. Ég hef ekki heyrt hana lesna upp úr þessum ræðustól en hv. formaður nefndarinnar, Kristín Ástgeirsdóttir, hefur sagt í þinginu og væntanlega haft það eftir Reykjavíkurborg, að Reykjavíkurborg ætli að tryggja að leigjendurnir verði jafnsettir á eftir. Maður verður því að túlka og áætla sem svo að Reykjavíkurborg ætli að greiða þennan mismun. (**ÖJ:** Núverandi leigjendum.) Núverandi leigjendum.

Þá ætla ég að spyrja hv. formann nefndarinnar: Af því það stendur í frv. ... (Gripið fram í.) Gott og vel. Segjum svo að Reykjavíkurborg ætli að tryggja að þessi mismunur verði greiddur til þeirra sem fá núna húsaleigubætur. En þá spyr ég um það sem fram kom í frv. að áætla megi að nærri fjórðungur þeirra sem nú er í leiguhúsnæði hjá borginni detti út úr kerfinu, þ.e. leigan hjá þeim fer upp í raunkostnað. Þeir halda íbúðinni en þeir munu ekki fá húsaleigubætur af því þeir fara yfir tekjumörkin sem þýðir að leigan hjá þeim getur hækkað um 15–20 þús. kr. Er þetta fólk talið með þegar Reykjavíkurborg segir: „Þetta fólk verður jafnsett á eftir?" (**ÖJ:** Það er ekki vitað.) Eða er bara verið að tala um fólkið sem fær einhverjar húsaleigubætur? Getur það virkilega verið svo, herra forseti, að verið sé að setja fjórðung þeirra sem nú eru í leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga hreinlega út á kaldan klakann, að það þurfi allt í einu að standa uppi með 20 þús. kr. meira í húsaleigu en það þarf að borga í dag? Um þetta er ekkert vitað, herra forseti, vegna þess að nefndin fékk ekki eðlilegan tíma til að fjalla um þetta mál. Það er mjög erfitt að þurfa að afgreiða þetta frv. svona vegna þess að þetta mál er mjög gott. En við erum að fara út í ákveðna kerfisbreytingu sem við vitum ekkert hvert leiðir okkur og stóran hóp fólks sem nú er í leiguhúsnæði. Ef ég skil hv. þm. Ögmund Jónasson rétt, en hann á sæti í nefndinni, þá er ekkert vitað hvort þessi fjórðungur sem nú er í leiguíbúðum sveitarfélaganna fái nokkrar bætur frá Reykjavíkurborg. (**Gripið fram í:** Það er verið að reikna hvern einasta mann.) Eru þetta endilega einstaklingar með mjög háar tekjur? Þetta allt hefðum við þurft að fá upp á

borðið, herra forseti. Mig grunar að stærsti hlutinn af þeim fjórðungi sem hér er nefndur og hugsanlega dettur algerlega út, fer að borga raunkostnað í leigu hjá sveitarfélögunum og fær engar húsaleigubætur, án þess ég viti það vegna þess að það er nú verið að skoða og kafa ofan í þetta mál, sé fólk sem ekki er hægt að skrifa upp á að sé tekjuhátt fólk.

Það er mikil óvissa í þessu máli, herra forseti, og er mér skapi næst að vera smátíma í ræðustólnum og fara yfir öll þessi dæmi, þessi 40 dæmi sem við erum með, til að sýna fram á hvað við skiljum málið eftir í mikilli óvissu. En bæði er að þingið er önnum kafið og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert þessu máli ágætlega skil og farið yfir einstök dæmi, sem ég gerði einnig við 1. umr. málsins, þannig að ég skal ekki tefja tíma þingsins með þeim lestri. En þetta eru hrikalegar tölur. Við erum að tala um að þetta fólk þurfi hugsanlega að greiða 10–20 þús. kr. meira í leigu, fólk sem er með 50–80 þús. kr. á mánuði. Þetta er drjúgur peningur. Við erum kannski að tala um 20–25% af ráðstöfunartekjum þessa fólks sem það allt í einu þarf að fara að greiða meira í leigu.

Það kemur fram hjá Reykjavíkurborg í gögnum sem lögð hafa verið fram að samkvæmt athugun á húsaleigubótaþegum í Reykjavík eru heimilistekjur á mánuði — þetta er að vísu meðaltal — um 64 þús. kr. Það er því sama hvar maður ber niður í tölum og talnalegum upplýsingum sem liggja fyrir um þetta mál, þær staðfesta allar að hér sé um tekjulægstu hópana að ræða.

Ég viðurkenni vel, herra forseti, að erfitt er að taka á þessu máli vegna þess að það er fyrst og fremst undir sveitarfélögunum sjálfum komið hvernig framkvæmdin á þessu verður og þau eru ekki skyldug til að færa leiguna upp í raunkostnað. En ég minni á það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, þ.e. skýringu við ákvæði I til bráðabirgða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá gildandi fyrirkomulagi að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða."

Það er því gengið út frá því að þetta verði meginreglan.

Herra forseti. Ég var að færa fyrir því rök áðan að mjög nauðsynlegt hefði verið að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. En það er líka ástæða til að hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð á þessu máli og er mjög annt um að það nái fram að ganga, sem ég skil mætavel, heiðri okkur með nærveru sinni. (**Félmrh.:** Hann er hér.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er í hliðarsal.)

Ég veit að hæstv. ráðherra veit vel af áhyggjum mínum af framkvæmdinni á þessum húsaleigubótum og mér er kunnugt um að að frumkvæði Ögmundar Jónassonar, alþingismanns og formanns BSRB, fór sendinefnd á fund hæstv. ráðherra til að lýsa áhyggjum sínum af þessari framkvæmd. Í henni voru m.a. fulltrúar Leigjendasamtakanna, BSRB og ASÍ. Þeir fóru yfir stöðu málsins og lýstu áhyggjum sínum af framkvæmdinni.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra greindi okkur ítarlegar frá því en komið hefur fram í máli hans, hvort hann hafi engar áhyggjur af þessu plaggi, þeim útreikningum sem liggja fyrir frá Reykjavíkurborg varðandi þennan mismun. Mér er kunnugt um að ráðherra hefur a.m.k. verið afhent þetta plagg og ég vona að hæstv. ráðherra hafi lesið það og stúderað varðandi þennan mismun. Mun hann beita sér fyrir því, þegar þetta frv. er orðið að lögum, að skrifa t.d. öllum sveitarfélögunum í landinu og beina því til þeirra að þau tryggi eins og hægt er að leigjendur verði jafnsettir eftir þessa breytingu og áður? Ég held það gerði mann nú strax aðeins rórri ef maður vissi að hæstv. ráðherra ætlaði aðeins að fylgjast með hvernig framkvæmdin yrði á þessu og hugsanlega að óska eftir því við sveitarfélögin að þau skoði það vel að leigjendur verði jafnsettir eftir sem áður. Ég veit ekki til þess og ég spyr hv. formann nefndarinnar hvort það liggi fyrir frá einhverjum öðrum en Reykjavíkurborg — Reykjavíkurborg ætlar að tryggja að leigjendur verði jafnsettir eftir sem áður þótt ekkert sé vitað um þá sem ekki eiga rétt á húsaleigubótum — hvort slík yfirlýsing hafi komið frá öðrum sveitarfélögum, Akureyri, Hafnarfirði, Kópavogi eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga? Hver er skoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga á þeim mismun sem kemur þarna fram? Hann hlýtur að hafa verið ræddur í nefndinni við forystumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafa þeir lýst því yfir að þeir muni beita sér fyrir því eins og hægt er — mér er mætavel kunnugt um sjálfstæði sveitarfélaga. Þetta er fyrst og fremst í þeirra höndum. En þó má alltént reyna að hafa áhrif á að sveitarfélögin tryggi að farið sé að markmiðum laganna eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á — að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda en ekki hækka hann miðað við þessa kerfisbreytingu.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Mér er nokkuð órótt yfir þessu máli af því við erum að afgreiða frv. frá okkur og málið verður komið í hendur sveitarfélaganna eftir þessa lagasetningu. Ég held það væri mjög nauðsynlegt, þegar vitað er hvernig sveitarfélögin ætla að haga þessu máli í framkvæmd, að hæstv. ráðherra gefi Alþingi skýrslu um framkvæmdina. Ég spyr ráðherrann hvort hann muni hafa frumkvæði að því að beita sér fyrir því að lögð verði fram skýrsla á Alþingi — hvort sem það yrði nú á vorþingi eða í upphafi næsta þings — um hvernig framkvæmdinni verður háttað, hvernig einstök sveitarfélög ætla að framfylgja þessum lagaákvæðum, hvort þau hafi farið út í þessa kerfisbreytingu að færa leiguna upp í raunkostnað og hvort margir hafi verið skildir eftir við þá breytingu sem fá þá hvorki niðurgreiðslu né húsaleigubætur. Ég held það væri mjög gagnlegt, herra forseti, ef ráðherrann lýsti því yfir að hann mundi strax og það lægi fyrir gefa Alþingi skýrslu um stöðu þessara mála, sérstaklega þar sem ráðherrann setur þingið í þessa þröngu stöðu að hafa ekki tíma til að vinna málið til enda og bíða eftir nauðsynlegum gögnum sem eru núna í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og munu liggja fyrir eftir hálfan mánuð til þrjár vikur. Væntanlega hefði verið farið fyrr í þessa vinnu og kallað fyrr eftir þessum gögnum ef frv. hefði komið fyrr inn í þingið. Þess vegna finnst mér ráðherrann skulda þinginu að leggja fyrir þingið eins fljótt og verða má skýrslu um framkvæmd á þessum nýju lögum og hvernig einstök sveitarfélög ætla að framfylgja þeim.

Í lokin vil ég spyrja hæstv. ráðherra af því við erum að fjalla um leiguíbúðir og húsaleigubætur: Er eitthvað á döfinni af hálfu ráðherra til að fjölga leiguíbúðum sem sárlega vantar, ekki síst í þessu sveitarfélagi? Í tíð hæstv. ráðherra hefur verið dregið verulega saman í félagslegum eignaríbúðum og félagslegum leiguíbúðum. Sveitarfélögin hafa ekki — sérstaklega Reykjavíkurborg og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu — fengið úthlutað eins mörgum íbúðum og þau hafa óskað eftir, t.d. til þess að fjölga félagslegum leiguíbúðum sem ég tel að sárlega vanti í sveitarfélagið. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé á döfinni af hans hálfu til að hægt sé að taka á í uppbyggingu leiguíbúða.

Ég læt hér með lokið máli mínu, herra forseti, en ítreka það að ég hef verulegar áhyggjur af framkvæmd laga þessara þótt frv. eins og það er úr garði gert sé allgott. En þátturinn varðandi framkvæmdina er skilinn eftir í óvissu, ekki síst af því nefndin hafði ekki eðlilegan tíma til að fjalla um málið.

[17:23]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var gefið í skyn áðan að sveitarfélögin væru að fá 280 millj. kr. vegna húsaleigubótanna. Þessar 280 millj. kr. fela hins vegar í sér miklu víðtækara samkomulag. Þannig er að ríkið hefur núna borgað um 200 millj. í húsaleigubætur og það er einungis 60% hluturinn. Sveitarfélögin hafa verið að borga 40% hlutinn, þ.e. u.þ.b. 120 millj. Ef Akureyri, Kópavogur, Reykjanesbær og þessi nýju sveitarfélög eru talin með, þá hefði hlutur ríkisins aukist og það er metið á 50 millj. kr., þ.e. hlutur ríkisins fer úr 200 millj. upp í 250 millj. Við það bætast 55 millj. í skatttekjur sem á að bæta sveitarfélögunum, það eru því 305 millj. kr. sem þetta samkomulag gerir ráð fyrir að fari í hlut sveitarfélaganna frá ríkinu vegna húsaleigubótanna.

Það kemur fleira til í samkomulaginu. Þar er ríkið að greiða 95 millj. kr. til sveitarfélaganna vegna fatlaðra barna á leikskólum. Samtals eru þetta 400 millj. sem ríkið skuldar þá sveitarfélögunum samkvæmt þessu samkomulagi. Á móti tekur ríkið við vinnumiðlunum frá sveitarfélögunum upp á 120 millj. kr. Þá standa eftir 280 millj. sem ríkið greiðir sveitarfélögunum inn í jöfnunarsjóð, m.a. vegna húsaleigubótanna, en ekki bara vegna þeirra. Þetta er miklu víðtækara samkomulag. Ég vildi bara reyna að útskýra þetta hér. Það er engin ástæða til að halda að sveitarfélögin séu hlunnfarin í þessum samningum, alls ekki, enda hafa þau ekki verið fræg fyrir að láta hlunnfara sig fjárhagslega í samskiptum við ríkið.

[17:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði þá skýringu sem hv. þm. kom með áðan úr ræðustól þegar hæstv. ráðherra skýrði þetta nokkuð þannig að mér var kunnugt um þetta. Engu að síður er ég að benda á að í gögnum sem komu frá nefnd sem var að vinna að þessu máli kom fram að sveitarfélögin töldu að þetta væru um 620 millj. kr. Eitthvað nálægt þessu hefur Þjóðhagsstofnun metið þetta líka. Þess vegna held ég þetta sé vanáætlað þegar farið er út í að víkka húsaleigubótakerfið, fyrir það fyrsta að skylda öll sveitarfélögin til að greiða húsaleigubætur og síðan er líka verið að fara út í þessa kerfisbreytingu.

Hv. þm. nefndi að sveitarfélögin fengju líka skattlagningu bótanna. Það er ástæða til að halda því til haga líka sem ég gleymdi áðan af því að hv. þm. nefndi það, að þetta fólk sem núna er í leiguíbúðum hjá sveitarfélagi og hefur fengið niðurgreiðslu og ekki verið með húsaleigubætur fer upp í raunkostnað í leigunni og þarf núna að borga skatt. Það eru komnir nýir skattgreiðendur þarna inn. Þetta gæti verið fólkið sem er skilið eftir annaðhvort með einhvern mismun upp á 10–20 þús. kr. eða hópur sem hreinlega dettur út úr kerfinu og þarf allt í einu að fara að borga skatt ef það fær húsaleigubætur. Það er rétt að halda því til haga. Er vitað hvort sveitarfélögin muni nota þann pening sem þau fá frá ríkinu vegna skattlagningar húsaleigubótanna til að greiða fólki þann mismun sem verður milli raunkostnaðar á leigunni og húsaleigubóta? Ég hef ekki hugmynd um það og kannski væri fróðlegt að fá að heyra það frá hv. varaformanni félmn. hvort það hefði sérstaklega verið rætt í nefndinni.

[17:27]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu veit enginn nákvæmlega í dag hvernig sveitarfélögin munu fara með þetta fé en ég treysti sveitarfélögunum fullkomlega til að sjá um að þetta sé gert á réttlátan hátt. Hins vegar er alveg ljóst að þegar menn voru í upphafi að ræða um hvaða upphæðir gætu farið í húsaleigubætur almennt, þá voru það miklu hærri upphæðir en síðan sýndu sig í raun. En sveitarfélögin hafa gert þetta samkomulag við ríkið og ég treysti þeim til að gera góða samninga við ríkið. Það hefur ávallt sýnt sig hingað til að þau hafa komið vel út úr því og telja að það sé ásættanlegt að taka við 280 millj., m.a. vegna húsaleigubótanna, en einnig vegna þess að vinnumiðlanir færast yfir til ríkisins.

[17:28]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. segir, og þar stendur einmitt hnífurinn í kúnni, að enginn veit hvernig framkvæmdin á húsaleigubótakerfinu verður eftir að þetta er komið í hendurnar á sveitarfélögunum og þar liggja áhyggjur margra í þessu máli. Þetta á eftir að sýna sig. Ég hygg að við munum taka aðra umræðu um húsaleigubótakerfið eftir áramótin, sérstaklega ef hæstv. ráðherra verður við ósk minni um að leggja fram skýrslu um framkvæmd á húsaleigubótakerfinu.

En af því hér eru nefndar 200 millj. kr. sem hafa farið á undanförnum tveim árum, hvort árið um sig, til húsaleigubóta, þá hygg ég að skýringin á því sé fyrst og fremst sú að kannski hafa ekki allir vitað um þennan rétt sinn og í annan stað var kerfið þannig að þetta var valkvætt fyrir sveitarfélögin. Þegar kerfið fór af stað var sú sem hér stendur í stól félmrh. og þá var samið við ríkið um 400 millj. kr. framlag til þessa málaflokks og það má auðvitað ekki vera neitt minna núna þegar við erum að víkka út kerfið og fara út í þessa kerfisbreytingu sem sveitarfélögin fara væntanlega í.

[17:30]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. beindi til mín spurningum. Það er fyrst um þann hóp sem fellur út, fólk sem er í félagslegu húsnæði og mun ekki fá húsaleigubætur vegna of hárra tekna. Í máli fulltrúa Reykjavíkurborgar kom fram að verið væri að skoða hvert einasta dæmi. Það hlýtur að þýða að menn hljóti að vega og meta stöðu þeirra sem þarna um ræðir. Menn hljóta að skoða þennan hóp sem hefur þó þetta háar tekjur að þeir falla fyrir utan kerfið og kemur þar kannski að þeirri umræðu sem hefur staðið í dag. Hvað er að vera tekjulágur? Hvar eiga mörkin að vera? Þess eru dæmi að fólk sem fengið hefur leiguíbúðir, t.d. hjá borginni, hefur bætt stöðu sína verulega en situr eftir sem áður í íbúðunum. Þetta hlýtur að vera dæmi sem borgin er að skoða þó ég sé ekki þar með að segja að þar sé mikið um fólk sem ekki ætti að vera þar. Ég þekki það ekki. Þá vil ég líka benda á, vegna þess að hv. þm. er að óska eftir að fljótlega verði gerð grein fyrir stöðu þessara mála, að í rauninni er gert ráð fyrir því í þessum lögum að sveitarfélögin fái aðlögunartíma og ekki er gert ráð fyrir því að þau setji reglur sínar fyrr en

1. nóv. á næsta ári og þá fyrir árið 1999. Þangað til verður hugsanlega miðað við það gólf sem verið hefur í gildi hingað til. Það getur dregist að við fáum raunverulega mynd af því hvernig fyrirkomulagið verður hjá einstaka sveitarfélögum. Þau fá þennan aðlögunartíma og þurfa að skoða stöðu sína og hvað þau gera í þessum málum en ég vil ítreka og minna á að það er samkomulag um ákveðna lágmarkstölu sem verður væntanlega sett í reglugerð í samkomulagi félmrh. og sveitarfélaganna en síðan hafa sveitarfélögin að sjálfsögðu heimild til að greiða hærri bætur, bæta ofan á ef þau telja þörf á því og það er mjög mikilvægt atriði.

[17:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu hafa sveitarfélögin rétt til að greiða fólki hærri bætur en fram kom í lögunum og þarf ekki einu sinni lagatexta til þess. Þau geta greitt hærri bætur til leigjenda þótt ekki sé til lagabókstafur um það. Ef marka má það sem fram kemur á blaðsíðu 13. í frv. er verið að áætla, og á einhverju hlýtur sú áætlun að byggja, að þetta séu um 550 manns eða fjórðungur af þeim sem nú eru í leiguíbúðum sveitarfélaga sem detta út úr kerfinu eins og ég kalla það. Það er enginn smávegis fjöldi. Ég á mjög bágt með að trúa því að hægt sé að flokka allt þetta fólk undir hálaunahópa. En auðvitað kemur þetta allt í ljós og ég veit að hv. þm. getur ekki svarað því til frekar en ég.

Varðandi skýrsluna sem ég er að kalla eftir hygg ég að það skýrist fljótlega á fyrstu mánuðum þessa árs eða kannski um mitt árið hvað sveitarfélögin ætla sér að gera í þessu efni. Hv. þm. nefnir að sveitarfélögin hafa tíma fram í nóvember til að setja sér ákveðnar reglur þar um. Þýðir það að mati þingmannsins að sveitarfélögin muni hafa húsaleigubæturnar óbreyttar næsta árið, þ.e. að fara ekki með leiguna upp í raunkostnað fyrr en árið 1998? Er hv. þm. að nefna það hér? Mér fannst liggja í orðum þingmannsins að hún væri að tala um að þetta yrði óbreytt á næsta ári, þetta yrði ekki sú kerfisbreyting sem ég og fleiri þingmenn óttast fyrr en á árinu 1998 og þess vegna verði ekki hægt að setja fram skýrslu fyrr en þá væntanlega eftir nóvember. En ég hygg að þau hafi heimild til þess að fara með leiguna upp í raunkostnað og mörg hver muni örugglega nýta sér það eins fljótt og þau geta. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. vilji eins og ég og fleiri — hv. þm. skrifar undir með fyrirvara — að hæstv. félmrh. geri þinginu eins fljótt og hægt er grein fyrir stöðu þessara mála og hvernig sveitarfélögin ætla að haga framkvæmdum á húsaleigubótakerfinu.

[17:35]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að æskilegt er að fá greinargerð um það svo fljótt sem auðið verður hvernig sveitarfélögin muni haga þessu. Það er alveg greinilegt að það mun taka þau nokkurn tíma að finna það form sem þeim hentar og taka ákvarðanir um upphæð bóta. Það er auðvitað í ljósi þess sem það gólf, sem ég vil kalla, eða þær lágmarksupphæðir sem nú eru í gildi eru í reglugerð og munu gilda áfram á árinu 1998. Svo getum við deilt um hvort þær upphæðir eru nægilega háar og um skerðingarmörkin og allt það. En það sem er kannski mergurinn málsins er að á þessari stundu liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um hvernig hin einstöku sveitarfélög munu bregðast við fyrir utan að Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að hún muni sjá til þess að tekjulágir leigjendur í húsnæði hennar verði ekki fyrir skerðingu.

[17:36]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)**:

Herra forseti. Þetta hefur verið mikil umræða og að mörgu leyti góð en einnig gætir ansi mikils misskilnings. Ég ætla ekki að endurtaka öll þau rök sem ég flutti í upphafi málsins en ég vil geta um nokkur dæmi.

Herra forseti. Í umræðunni í gær sagði formaður félmn. að ég færi með rangfærslur í nál. mínu. Ég reikna með að hv. þm. hafi átt við að við værum ekki sömu skoðunar en þar er töluverður munur á þannig að ég ætla ekki að fyrtast við þótt ég sé sagður hafa farið með rangfærslur en ég hef ekki enn þá séð neitt hrakið þannig að um beinar rangfærslur sé að ræða. Mér þætti mjög miður ef eitthvað af því sem ég er að skrifa í nál. er rangfærsla.

Herra forseti. Fólki hefur orðið mjög tíðrætt um núlltekjufólk, þ.e. fólk sem hefur engar tekjur og það mun víst fá húsaleigubætur, og fólk með mjög lágar tekjur. Ég ætla að taka dæmi af slíku. Ég ætla að taka dæmi um einstæða móður sem stundar nám í háskólanum með tvö börn undir sjö ára aldri. Hún fær samkvæmt reglum lánasjóðsins óskert 106.780 kr. í lán á mánuði til framfærslu. Síðan fær hún óskert 15 þús. kr. í húsaleigubætur. Þá fær hún samkvæmt skattalögum 33.872 kr. í barnabætur á mánuði með börnum sínum sem eru undir sjö ára. Svo fær hún 23 þús. kr. frá föður barnanna í meðlag. Þessi kona er samtals með 178 þús. kr. á mánuði. Þessi núlltekjumanneskja er með 178 þús. kr. á mánuði, hún hefur engar tekjur og menn eru að tala um að hún eigi voðalega bágt.

Nú er það þannig að lánið er veitt í níu mánuði þannig að það er ósanngjarnt að segja að þetta sé yfir allt árið. En ef við gefum okkur að hún hafi 15 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Hún má hafa 180 þús. kr. á ári án þess að lán frá lánasjóðnum skerðist og ef við tökum mæðralaunin inn í sem eru 3.400 krónur er hún samt sem áður með um 170 þús. kr. á mánuði til framfærslu og hún borgar engan skatt. (**Gripið fram í:** Hún borgar lánið.) Hún þarf að borga lánið seinna en á meðan hún er í námi hefur hún þessa framfærslu, 170 þús. kr. mánuði. (**Gripið fram í:** Hvað um námskostnaðinn?) Þetta hefur hún til framfærslu á námstímanum, það verður ekkert hrakið.

Ef hún væri að vinna úti á vinnumarkaði þyrfti hún að hafa 200 þús. kr. á mánuði til að hafa sömu ráðstöfunartekjur. Hún þyrfti að hafa þingmannslaun til að hafa sömu ráðstöfunartekjur og hún hefur meðan hún stundar nám við háskólann. Ef hún ætlar að giftast manni og við þekkjum það að fólk giftist manni (**Gripið fram í:** Eða konu.) Eða konu, konur giftast manni. Vegna þess að hún er með tvö börn borgar sig ekki fyrir hana að fara að vinna. Sú staða er mjög víða. Barnaheimili eru mjög dýr fyrir þá sem ekki eru í námi og svo frv. Barnaheimiliskostnaður er mjög hár. Konan yrði væntanlega heima og maðurinn yrði að skaffa einn. Hvaða tekjur skyldi nú maðurinn þurfa að hafa til að hafa sömu ráðstöfunartekjur? (Gripið fram í.) Þetta er raunveruleikinn. Það gæti alveg eins verið að maðurinn væri heima, það skiptir ekki máli, við skulum bara snúa þessu við. Segjum að þessi kona ætlaði að fara að vinna, hún giftist og maðurinn væri heima yfir börnunum af því það borgaði sig ekki fyrir hann að fara að vinna út af barnaheimiliskostnaði og fleiru. (**Gripið fram í:** Hann gæti verið með fjármagnstekjur.) Hugsanlega, já. En það skiptir ekki máli. Þá þyrfti hún að hafa 300 þús.

kr. á mánuði til að hafa sömu ráðstöfunartekjur og hún hafði þegar hún var í námi. 300 þús. kr. á mánuði þyrfti þessi manneskja að hafa til að hafa sömu ráðstöfunartekjur og hún hafði í skóla. Það sem er að kerfinu og ég hef margoft bent á, það er í fyrsta lagi að lánasjóðurinn er að lána vegna barna, skattkerfið er að bæta vegna barna. Það kemur tvöfalt. Hún fær bæði um 50 þús. kr. frá lánasjóðnum út af börnunum og hún fær 30 þús. kr. á mánuði frá skattkerfinu. Það er verið að bæta sama hlutinn tvisvar og síðan fær hún frá lánasjóðnum vegna húsnæðis. Inni í þeim lánum er gert ráð fyrir húsnæði. En hún fær það jafnframt í húsaleigubótunum.

Þetta kerfi er vægast sagt mjög vitlaust. Það fólk sem vinnur úti á markaðnum og stendur undir öllum þessum ósköpum er alveg hlessa á þessu. Í kosningabaráttunni fyrir alþingskosningarnar hitti ég mann uppi í Breiðholti og það var dálítið sláandi. Ég var í fyrirtækjaheimsókn og allir voru voða kátir og töluðu mikið nema einn. Hann sat úti í horni. Það var verkstjórinn. Hann sagðist vinna dag og nótt. Hann var með háar tekjur, 270 þús. kr. á mánuði. Hann er með þrjú börn og konan hans er heima, vegna þess það borgar sig ekki fyrir hana að vinna. Hann sagði að þau hefðu ekki efni á að fara í bíó. Þetta er hátekjufólkið sem stendur undir þessu. Ég held það sé mjög brýnt að taka öll þessi bótakerfi til endurskoðunar. Það er fólk sem virkilega fellur milli þilja í kerfinu og fær ekki neitt. Það er mjög illa statt, það fær ekki neitt. Ég nefndi áðan að ógæfufólk sem býr í herbergi og hefur stopular tekjur, við þekkjum þetta velflest, það er því miður allt of mikið af slíku fólki, það hefur ekki efni á að leigja sér mannsæmandi íbúð eins og kallað er, og þess vegna fær það ekki húsaleigubætur. Það fær ekki húsaleigubætur af því það á svo bágt. Hvers lags kerfi er þetta eiginlega? Hvers lags félagslegt réttlæti er þetta? Svo þykjast menn vera voðalega góðir og ætla að þvinga manninn inn í fína íbúð sem hann hefur ekki efni á. Ég gat ekki skrifað upp á það frv. Ég get það ekki og gat það ekki. Ég flyt brtt. sem gera ráð fyrir að laga þetta kerfi, reyna að gera tilraun til að laga það. En auðvitað lagar það ekki nema hluta vegna þess að þetta mál tekur ekkert á lánasjóðnum, þetta mál tekur ekkert á skattkerfinu þannig að það er ekki nema lítið brot af þessu. En það er mjög mikilvægt þegar menn eru að hanna félagsleg kerfi til að bæta stöðu þeirra lægst launuðu og þeirra sem eiga bágt í þjóðfélaginu að þau séu þannig hönnuð að þeir sem eiga bágt fái eitthvað út úr því en ekki sé verið að bæta öðrum sem eiga ekki bágt eða verið að oftryggja. Það er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að þeir sem standa undir öllum þessum ósköpum, þ.e. vinnandi fólkið í landinu sem greiðir gífurlega skatta, sé ekki lestað svo mikið að það sé alveg undir drep. Menn standi undir því að bæta til fólks sem hefur það í reynd miklu betra.

[17:45]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal er einhver talnaglöggasti maður þingsins og kemur með dæmi í hverju máli sem menn efast ekkert um að séu rétt útreiknuð en spurningin er alltaf sú hvort forsendurnar séu sanngjarnar. Mér finnst afskaplega varasamt að blanda námsfólki inn í þetta með þessum hætti og telja lán sem fólk tekur til að framfleyta sér á námstíma sem tekjur. Við þekkjum örugglega báðir, herra forseti, að fólk sem er í löngu námi safnar upp milljónaskuldum sem það er að greiða niður áratugum saman og gerir mörgum námsmanninum erfitt að afla sér húsnæðis vegna þess hve skuldir þeirra eru orðnar miklar. Þetta hefur margoft verið tekið fyrir í þinginu og ég man ekki til þess, og vænti þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal leiðrétti mig þá, að hann hafi greitt atkvæði gegn því að leiðrétta kjör námsmanna á þessu þingi sem voru talin það lök að nauðsynlegt væri að bæta hag þeirra með einhverju móti af hálfu þingsins. Ég mundi segja að í hans dæmi værum við einvörðungu að tala um 70 þús. kr. í tekjur en ekki 170 þús. kr. tekjur. Ég held við séum að drepa málinu dálítið á dreif með því að taka svona dæmi því að þeir sem í rauninni fara frá þessu borði með skertan hlut eru þeir sem eru í einstaklingsherbergjum og fá ekki neitt út úr húsaleigubótakerfinu og sitja eftir með að þurfa að vera á hnjánum fyrir framan Félagsmálstofnun til að geta átt fyrir leigunni meðan öðrum er hjálpað. Flestallir aðrir fá einhverjar úrbætur nema þeir sem hafa átt sérstaklega erfitt í þjóðfélaginu og þurfa að hírast í einu herbergi. Það eru þeir sem við eigum að beina sjónum okkar að.

[17:47]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru lán ekki tekjur í þeim skilningi að fólk þarf að borga þau til baka en þetta er ætlað til ráðstöfunar, ætlað til framfærslu. Námslán eru ætluð til framfærslu. Þetta er ekki til að kaupa bíl eða húsnæði eða eitthvað slíkt, þetta er ætlað til framfærslu. Þess vegna segi ég: Þessi lán eru allt of ríflega. Þau taka tillit til húsnæðiskostnaðar sem er greiddur annars staðar. Þau taka tillit til barna sem er greitt með annars staðar þannig að við erum að tvítryggja. Það er það sem ég er að setja út á. Þetta kemur fólkinu í þá stöðu að það verður ákveðið neyslustig sem er mjög hátt hjá námsmönnum og svo þegar vesalings fólkið fer að vinna mætir það þeim harða veruleika að það þarf að borga skatta, það fær ekki styrki og allt í einu er tilveran orðin ákaflega grá. Ég hugsa að mörgum manninum sem kemur úr háskólanum bregði illilega þegar hann fer að vinna og fá háu tekjurnar sem verða að engu vegna þess að fjmrn. tekur allt saman í skatta.

Varðandi það að hv. þm. er á móti því að útiloka þá sem búa í herbergjum geri ég ráð fyrir að hann styðji brtt. um að fella niður það ákvæði í frv.

[17:48]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir fyrirvara mínum um þetta ákvæði í frv. um að einstaklingsherbergi komi ekki til greina í húsaleigubótakerfinu og hef gert hæstv. félmrh. grein fyrir afstöðu minni í því máli og að ég muni beita mér fyrir því að þessu verði breytt. Jafnframt hef ég sagt að ég muni greiða frv. atkvæði mitt með þessum skýringum.

Mig langaði til að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal að því hvort hann geri ráð fyrir að skýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sé í raun rönd þar sem sagt er að 79% þeirra sem þiggja bætur séu með tekjur undir 1,5 millj. kr. á ári. Þar af eru 50% með tekjur frá 700 þús. upp í 1,5 millj. á ári, 25,7% eru með 700 þús. kr. og minna og 3% af þessum hópi eru ekki með neinar tekjur. Hv. þm. gerir þá ráð fyrir að þessar tölur séu í raun rangar og að vantaldar séu tekjur sem hv. þm. telur að ættu að vera þar inni eins og frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, barnabætur og meðlög.

[17:50]

**Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að benda á þennan punkt. Þetta er einmitt það sem ég gleymdi áðan en tölurnar

frá Félagsmálastofnun eru nefnilega hárréttar. Þær eru hárréttar eins og þær eru en menn þurfa að kunna að lesa þær. Þegar þar stendur að einhver sé með núlltekjur, eða lágar tekjur, er það einmitt námsmaðurinn sem ég gat um áðan. Sá var með núll krónur í tekjur. Fólk í þessari skýrslu er með mjög lágar tekjur. Barnabæturnar koma ekki fram sem tekjur, húsaleigubæturnar koma reyndar fram sem tekjur, en lánið frá lánasjóðnum sem er ætlað til framfærslu kemur ekki fram sem tekjur. Þetta fólk kemur inn í skýrslurnar sem tekjulaust eða mjög tekjulágt fólk en hefur í reynd verulega mikla peninga til ráðstöfunar, mjög góða framfærslu og gæti jafnvel keypt fyrir það spariskírteini.

[17:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Til mín var beint nokkrum spurningum. Ein var sú hvort ég vildi stuðla að því að fjölga leiguíbúðum. Ég tel mjög mikilvægt við endurskipulagningu Húsnæðisstofnunar eða lagabreytingar þar um að gefa aukið svigrúm til að fjölga leiguíbúðum. Ég tel að við höfum of lítinn leigumarkað og jafnframt vil ég breyta félagslegum eignaríbúðum sem sveitarfélögin hafa orðið að yfirtaka í leiguíbúðir. Í öðru lagi tel ég að það komi alveg til greina ef einhver sveitarfélög hugsa sér að nota húsaleigubæturnar til að efla sveitarsjóð að minna þau formlega á skyldur sínar í húsnæðismálum. Það tel ég koma til greina. Að sjálfsögðu mun ég reyna að fylgjast með þróun þessara mála. Ég vil ekki lofa skýrslu á einhverjum ákveðnum degi en við munum að sjálfsögðu fylgjast með þróun mála. Ég tel að sveitarfélögin hafi alveg burði til að gegna þessu verkefni vel. Jöfnunarsjóðstillagið til sveitarsjóðanna vegna húsaleigubótanna er 250 millj., þ.e. þau fá 250 millj. frá ríkinu til að standa undir húsaleigubótum eins og þær voru og vegna fjölgunarinnar. Síðan hafa þau 55 millj. vegna þess að bæturnar eru ekki skattfrjálsar og eðlilegast væri að þau notuðu þær 55 millj. til að hækka húsaleigubæturnar. Útreikningar þar að lútandi gætu náttúrlega af þeirri ástæðu lagast töluvert mikið.

Hv. 13. þm. Reykv. talaði í lok ræðu sinnar áðan um að hún hefði samið við ríkið um 400 millj. kr. framlag til húsaleigubótanna. Það er nú svo með þá samninga en á móti var framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna lækkað um 400 millj. svo mér finnst það hafa verið innanhússákvörðun hjá henni í félmrn. að færa 400 millj. úr Byggingarsjóði verkamanna yfir í húsaleigubæturnar. Ekki þurfti á þessum 400 millj. að halda til þessa verkefnis og hefði kannski verið skynsamlegra að halda þeim áfram í Byggingarsjóði verkamanna eða í einhverjum öðrum verkefnum hjá félmrn. því þetta víkkaði ekkert ramma félmrn. ef ég veit rétt.

[17:55]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ráðherra segist ætla að fylgjast reglulega með framkvæmdinni á húsaleigubótakerfinu þegar það flyst núna til sveitarfélaganna og það er auðvitað mjög gott og gilt en ég hvet til að hann geri þinginu grein fyrir því sem fyrst hvernig framkvæmdinni verði háttað.

Ráðherra nefnir að hann ætli að minna sveitarfélögin á skyldur sínar ef þau nýta ekki þetta fjármagn til að greiða húsaleigubætur. Mér finnst það alveg rétt ábending sem ég beindi til hæstv. ráðherra áðan að áður en sveitarfélögin fara að huga að framkvæmdinni og hvernig þau ætla að haga þessu máli, láti hann vita af þeirri skoðun sinni. Ég hygg að það sé skoðun ráðherrans að hann gerir ráð fyrir að leigjendur eigi að vera jafnsettir eftir þessa breytingu og áður. Ég spyr ráðherrann um það: Erum við ekki sammála um það og er það ekki skilningur ráðherrans að hann líti svo á að leigjendur eigi að vera jafnsettir eftir breytinguna og eftir að sveitarfélögin hafa farið í þessa kerfisbreytingu og þeir eru nú? Þá á ég bæði við þá sem eru í leiguíbúðum sveitarfélaga og þá sem fá húsaleigubætur.

Það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði um það samkomulag sem gert var á sínum tíma við ríkisvaldið þegar við lögðum af stað með húsaleigubætur. Það var ákvörðun um að fækka lítillega félagslegum íbúðum tímabundið, mig minnir að það hafi verið um 50 íbúðir, og það voru alls ekki teknar 400 millj. úr Byggingarsjóði verkamanna á þeim tíma. Það er ekki rétt munað hjá hæstv. ráðherra. Þetta var fækkun einungis tímabundið um 50 félagslegar íbúðir sem þá voru 500, og vil ég minna á það, en eru núna í tíð hæstv. ráðherra komnar niður í 170. Svo mikil var breytingin varðandi fjölgun á félagslegum íbúðum og þar með leiguíbúðum eftir að hæstv. ráðherra tók við. Hæstv. ráðherra nefnir að við endurskipulagningu á Húsnæðisstofnun geti hann fjölgað félagslegum leiguíbúðum. Ég spyr hvernig ráðherrann ætli að fara að því.

[17:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein leiðin gæti verið sú að veita húsbréfalán út á fleiri en eina íbúð í því skyni. Miðborgarsamtökin í Reykjavík hafa lagt mikla áherslu á það og óskað sérstaklega eftir því að opnuð væri lánsheimild fyrir annarri íbúð hjá einstaklingum. Það er hægt að gera þetta með ýmsu öðru móti. Það er líka hægt, eins og ég nefndi áðan, að breyta félagslegum eignaríbúðum í félagslegar leiguíbúðir o.s.frv.

Hv. þm. spurði hvort ég vildi ekki að leigjendur væru jafnsettir eða ætlaðist ekki til að leigjendur væru jafnsettir eftir breytinguna. Ég ætlast til að tekjulágir leigjendur eigi að vera verulega betur settir eftir þetta. Hitt kann aftur að vera að tekjuhærri leigjendur, t.d. hjá Reykjavíkurborg, sem fá ekki húsaleigubætur verði verr settir. En það er ekki frv. að kenna.

[17:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra nefnir að hann ætlist til að tekjulágir leigjendur verði betur settir eftir þessa breytingu. Þetta kallar á skýringu, herra forseti. Hvernig sér hæstv. ráðherra það fyrir sér? Ráðherra hefur reglugerðarvaldið um húsaleigubótafjárhæðirnar. Hefur ráðherra þá hugmynd um það og ætlar hann að beita sér fyrir því að breyta reglugerðinni þannig að húsaleigubæturnar verði hærri? Eða hvernig sér hann það fyrir sér í framkvæmd að tekjulágir leigjendur verði betur settir eftir þessa breytingu?

[17:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Skýringin er sú að summan sem sveitarfélögin fá hækkar verulega. Þar að auki fá sveitarfélögin peninga á móti þeim tekjuskatti sem hinir tekjuhærri mundu annars hafa greitt og hafa þá möguleika á að gera betur við hina tekjulægri, þ.e. ég geri ráð fyrir að þetta deilist út sem hærri upphæð til húsaleigubóta. Þetta gæti verið leið til að bæta hinum tekjulægri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:00]

**Útbýting þingskjals:**

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, brtt. VE, þskj. 634.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 634. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

### *Almannatryggingar, frh. 2. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 43, nál. 572, brtt. 573.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:04]

**Guðrún Helgadóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég virði tilganginn með þessari lagasetningu sem er að koma í veg fyrir að íslenskir sjómenn á hentifánaskipum séu ekki lengur ótryggðir fyrir slysum. Ég harma hins vegar hversu vanhugsuð sú lagasetning er sem hér fer fram. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru á Íslandi og sigla undir þjóðfána Íslendinga. Skip sem skráð er erlendis og siglir undir þjóðfánum annars lands er erlent skip og hlýtur að vera rekið af erlendu fyrirtæki. Af hverju segi ég það? Vegna þess að annars væru íslensku skipafélögin að brjóta lög um lögskráningu skipa. Þar segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það."

Þessi skip hljóta því að vera rekin af erlendum fyrirtækjum og skráð sem slík og því tel ég ekki að 1. gr. frv. nái tilgangi sínum varðandi réttindi sjómanna á hentifánaskipum. Ég get ekki borið ábyrgð á slíkri lagasetningu, hversu góður sem tilgangurinn kann að vera, og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 573 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GHelg, JóhS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, FrS, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JBH, KHG, KH, LMR, LB, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GHelg, JóhS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BBj, FrS, GÁS, GÁ, HBl, IP, ÍGP, JBH, KHG, KH, LMR, LB, RG, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, EOK, FrS, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, KHG, KH, LMR, LB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 18:07]

[20:33]

**Útbýting þingskjala:**

Búnaðargjald, 333. mál, þskj. 623.

Eftirlit með áfengissölu, 375. mál, fsp. ÖJ, þskj. 631.

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SvG og MF, þskj. 632; brtt. SvG, þskj. 633; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 637, 638, 639, 640.

Úttektir á ríkisstofnunum, 373. mál, fsp. MF, þskj. 629.

Vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega, 374. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 630.

### *Stjórn fiskveiða, 3. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 593.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 595.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stjórn fiskveiða, 3. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 594, brtt. 606.

[20:36]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við málið sem lögð er fram af meiri hluta sjútvn. sem fram kemur á þskj. 606. Þar er efnislega lagt til að 3. mgr. í ákvæði II til bráðabirgða verði breytt á þann veg að úthlutun sem þar er fjallað um

verði ákveðin á grundvelli þorskígilda en ekki þorskafla eingöngu. Er það hin efnislega breyting auk þess sem fellt er út úr málsgreininni ákvæði um lágmarksaflahlutdeild þeirra sem þessa jöfnun geta fengið og að jöfnun til hvers báts geti einungis orðið ein og hálf lest í stað stað tveggja og hálfrar áður.

[20:37]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni stóðum ekki að afgreiðslu á ákvæði til bráðabirgða II sem hér er síðan lögð brtt. fram við og varðar aðferð við að úthluta varanlega til smábáða á aflamarki undir 10 brúttórúmlestum að stærð þeim 320 lestum sem teknar eru af 500 lesta potti sem Byggðastofnun hefur haft með að gera undanfarin ár.

Ég vil segja um þá brtt. sem lögð er til að ég held að hún færi úthlutunaraðferðirnar til betri vegar en frv. óbreytt eða frv. með þeirri breytingu sem reyndar varð á því, samþykkt við 2. umr., því hér er á ferðinni viðbótarbrtt., ef svo má að orði komast, frá hv. meiri hluta sjútvn. sem felst fyrst og fremst í því að lækka það þak sem til úthlutunar kemur á hvern og einn bát úr tveimur og hálfu tonni í eitt og hálft tonn.

Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa breytingu að því leyti til að ég held að hún sé til bóta frá ákvæðum frv. eins og þau standa nú eftir 2. umr. Sú aðgerð að fella niður 60 tonna þak, eins og upphaflegt ákvæði frv. var að þessu leyti, hefði þýtt að um 40 bátar hefðu bæst við sem hefðu komið til greina við þá úthlutun og eðli málsins samkvæmt allir fengið fullan skammt, ef svo má að orði komast, eða tvær og hálfa lest. Það hefði þýtt að drjúgur hluti eða líklega um þriðjungur af þessum potti hefði farið til báta sem höfðu aflamark upp á 60 lestir og þar fyrir ofan. Með því að lækka þakið eins og hér er lagt til í eina og hálfa lest mun stærri hluti þessa jöfnunarpottar ýtast niður til þeirra báta sem hafa minni aflaheimildir og eru þar af leiðandi að sjálfsögðu í meiri þörf fyrir viðbót. Eftir stendur aðeins ein takmörkun sem undanskilur væntanlega fáeina báta í þessum hópi, þ.e. þá sem landað hafa minna en sex lestum samtals á tveimur síðustu fiskveiðiárum í þorskígildum talið. Um þá takmörkun má sjálfsagt deila, hvort efni standi til að undanskilja einhverja, ef út í það er farið á annað borð að úthluta þessu hlutfallslega til allra sem aflamark hafa. En þó liggur sú hugsun sjálfsagt þar á bak við að ekki sé ástæða til að færa þeim viðbótarveiðiheimildir sem alls ekki hafa nýtt þær á undanförnum árum eða að svo litlu leyti að þeir nái ekki þessu marki.

Ég held að þessi breyting sé til bóta þó að enn megi vissulega deila um slíka aðferðafræði. Það verður sjálfsagt seint fundin sú formúla sem ekki má velta fyrir sér hvort sé sanngjörn þegar í útdeilingu eða skömmtun af þessu tagi er komið á annað borð. Ekki ætla ég að bera á móti því. En hér er þó á ferðinni viðleitni til að koma, þó í litlu sé, til móts við þann hluta smábátaflotans sem lengi hefur legið, ef ekki óbættur hjá garði þá a.m.k. lítt bættur, og þá viðleitni ber að virða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 371. mál. — Þskj. 603.

[20:42]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum. Þetta frv. er flutt af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, Sólveigu Pétursdóttur, Pétri H. Blöndal og Einari Oddi Kristjánssyni auk þess sem hér stendur. Frumvarpið er afar einfalt og er í tveimur greinum, önnur greinin er efnisgrein og hin greinin er gildistökugrein.

En þannig stendur á þessu frv. að í áliti samkeppnisráðs nr. 4/1997 frá 1. september 1997 var til skoðunar erindi Frama, bandalags íslenskra leigubílstjóra, Trausta, félags sendibifreiðastjóra, og Landssambands vörubifreiðastjóra um það hvort tilteknar málsgreinar 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, væru í anda samkeppnislaga. Niðurstaða samkeppnisráðs var sú að ákvæðið óbreytt mismuni atvinnubifreiðastjórum og raski innbyrðis samkeppnisstöðu þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í stað þess að einungis þær bifreiðar sem aka gegn gjaldi samkvæmt löggiltum gjaldmæli greiði 30% álag á þungaskattinn skuli greitt árgjald sem er 25% hærra en getið er um í 1. mgr. 4. gr. laganna bæði af framangreindum bifreiðum og sendi- og hópbifreiðum sem nýttar eru í atvinnurekstri. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.

Með þessu, herra forseti, má gera ráð fyrir að komið sé til móts við þá athugasemd sem samkeppnisráð gerði og samkeppnisstaða bifreiðanna jöfnuð hvað þetta snertir.

Hæstv. forseti. Ég vil líka taka fram að þar sem þetta frv. er flutt af meiri hluta efh.- og viðskn. er ekki gerð tillaga um að málið gangi til nefndar heldur verði afgreitt beint til 2. umr.

[20:44]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta mál lætur lítið yfir sér en er nokkuð merkilegt þrátt fyrir það. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson rakti nokkuð tildrög málsins en þau byggjast á kæru félaga leigubílstjóra, sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra til samkeppnisráðs.

Það fjallar um að þær bifreiðar þurfa allar að greiða sérstakt álag á þungaskatt, þ.e. 30% álag, og það sem félögin sögðu var að fjöldinn allur af bifreiðum er notaður í atvinnuskyni í samkeppni við leigu- og sendibifreiðar. Þessar bifreiðar sem aka ekki samkvæmt gjaldmæli þurfa því ekki að greiða þetta 30% álag. Þetta eru bifreiðar sem eru í eigu margvíslegra fyrirtækja.

Samkeppnisstofnun komst að þeirri niðurstöðu að um mismunun væri að ræða og hana bæri að leiðrétta. Það hefði verið hægt að gera með því að flýta lagasetningu um olíugjald, en henni hefur verið frestað nokkrum sinnum og gat sú leið því ekki komið til, en Samkeppnisstofnun segir í úrskurði sínum, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð beinir því til fjmrh. að hann hlutist til um að leiðrétta umrædda stöðu mála með breytingu á núgildandi lögum eða með því að flýta gildistöku laga nr. 34/1995.“

Það að flýta gildistöku laganna snýr að olíugjaldinu. Það var því brýnt að breyta núgildandi lögum og efh.- og viðskn. tók málefnið upp á sína arma því að okkur er málið skylt vegna þess að samkeppnislög heyra undir nefndina og voru reyndar unnin og að miklu leyti samin í þeirri ágætu þingnefnd.

Þá upphófust mikil skoðanaskipti innan nefndarinnar um með hvaða hætti við mundum, herra forseti, leiðrétta þetta misræmi, þ.e. að samkeppnisskilyrði væru jöfn. Og þá eru tvær leiðir til. Einfaldast er vitaskuld að fella niður þetta álag, 30% álag, á þær bifreiðar sem úrskurðurinn hljóðar upp á. Það eru 570 sendi- og leigubílstjórar sem greiða þetta sérstaka álag og ef þetta 30% álag hefði verið fellt niður hefði það kostað ríkissjóð 21 millj. Það var kostnaðurinn af réttlætinu. Að fella einfaldlega niður þetta álag sem ágreiningur var um. Ég lagði til í efh.- og viðskn. að þetta væri sú leið sem farin yrði. Lýsti mig jafnframt reiðubúinn til þess ef sameiginlegur vinur okkar hæstv. fjmrh., ríkissjóður, mætti nú ekki sjá af þeirri 21 millj. þá væri ég reiðubúinn til að reyna að athuga hvort ekki væri hægt að finna einhverjar leiðir til að fjármagna það, þó að ekki væri um stóra upphæð að ræða.

Þetta vildi meiri hluti efh.- og viðskn. ekki gera, að leiðrétta samkeppnisstöðuna á þennan einfalda hátt, heldur hækka gjöldin á hinum bifreiðunum sem voru í samkeppni við sendi- og leigubifreiðar og greiddu ekki þetta 30% gjald. Þá lagði meiri hluti efh.- og viðskn. til að í stað þess að lækka skattana á bifreiðunum sem hér um ræðir ætti að hækka skattana á hinum bifreiðunum. Það var réttlætið þeirra, að þeir sem hafa ekki greitt þetta 30% álag fá núna í hausinn 25% álag á þungaskatt. Þetta eru samtals 364 bifreiðar. Það er sem sagt lagt á þær núna 25% álag á þungaskatt til að fullnægja réttlæti meiri hluta efh.- og viðskn. og á bifreiðum þeirra sem kærðu er álagið lækkað til samræmis úr 30% í 25%. Þannig að í stað þess að fella niður 30% álag á 570 bílum er núna lagt til, herra forseti, að setja 25% álag á þungaskatt á eitt þúsund bifreiðar.

Þessi útfærsla skilaði ríkissjóði tekjum upp á 29 millj. Áður hafði hún skilað 21 millj. þannig að með þessari útfærslu var bætt þarna við skattahækkun upp á 8 millj., en henni var varið hins vegar til að lækka vörugjald af rútum sem menn voru alveg sammála um að yrði að gera.

Með þessari aðferð meiri hluta efh.- og viðskn. stendur ríkissjóður á sléttu en, herra forseti, það er farin mjög ósanngjörn leið að því marki. Þegar á að jafna samkeppnisstöðu út frá skattlagningu er það mitt mat að langeðlilegast sé að fella niður þann skatt sem veldur mismuninum í stað þess að leggja þennan sama skatt á aðra sem ekki hafa þurft að greiða hann.

Mér finnst það mjög sérkennilegt að það skuli koma í minn hlut — en kannski ekkert svo sérkennilegt — að tala gegn auknum álögum á bifreiðar í atvinnurekstri, eins og hér er gert, þær tæpu 400 bifreiðar sem þurfa að greiða þennan þungaskatt aukalega til að mæta kröfum samkeppnisráðs. Mér finnst þetta ósanngjarnt. Vegna þess að við erum hvort sem er í vandkvæðum með rekstrarskilyrði allra þessara bíla hvort sem eru sendibílar, leigubifreiðar eða stærri bílar, ég tala nú ekki um rútur. Bílaflotinn hefur elst mjög mikið á undanförnum árum. Ýmiss konar gjaldtaka er á þessum bifreiðategundum og það eru ekki rök í mínum huga að segja að þessir bílar hafi það nú svo gott miðað við stærri bíla. Það er hægt að færa þau rök að stærri bílar greiði hlutfallslega meira en sendi- og leigubílar en það bætir ekkert stöðu þeirra. Ég hef ekki, herra forseti, heyrt um sérstaklega góða afkomu í leigubílaakstri eða í hefðbundnum sendibílaakstri, síður en svo.

Mér hefði fundist langeðlilegast, alveg eins og félögin töluðu um þegar þau lögðu málið fyrir efh.- og viðskn., Frami, bandalag ísl. leigubifreiðastjóra, Trausti, félag sendibifreiðastjóra, og Landssamband vörubifreiðastjóra, þegar fulltrúar þeirra komu til fundar við nefndina, að einfaldlega fella þetta 30% gjald niður og mæta réttlætinu og úrskurði Samkeppnisstofnunar með þeirri aðferð. Mér hefði fundist það langeðlilegast og ekki síst í ljósi þess að ekki er um að ræða neinar umtalsverðar upphæðir. Ég minni enn og aftur á það að ég hefði gjarnan viljað athuga hvort við hefðum ekki getað tryggt þetta tekjutap ríkisins með öðru móti í stað þess að leggja það á bifreiðar sem ekki voru í þessum gjaldflokki áður. Mér finnst þetta vera ákveðin prinsippákvörðun hvernig menn reyna að mæta úrskurði Samkeppnisstofnunar um skerta samkeppnisstöðu, hvort menn reyna að mæta réttlætinu með því að lækka þann skatt sem ágreiningnum veldur eða hvort menn fara þá leið að hækka skattinn hjá hinum sem nutu áður hinnar bættu samkeppnisstöðu. Mér finnst þetta ósanngjarnt og óskynsamlega að farið og ég lagðist gegn þessari afgreiðslu nefndarinnar. Það eru nú ekki nema fimm af níu nefndarmönnum í nefndinni sem flytja þetta frv. Við fjórir sem ekki erum aðilar að frv. kusum að standa ekki að því, fannst þetta kannski ekki mjög góð og skemmtileg útfærsla, allt frá því að vera alfarið á móti því. Ég veit reyndar að þessu er nú ekki fylgt af neinum sérstökum áhuga af ýmsum nefndarmönnum í efh.- og viðskn.

Þetta er ógeðfelld lending. Ég taldi það brýnt að efh.- og viðskn. tæki af skörungsskap á úrskurði Samkeppnisstofnunar og jafnaði starfsskilyrðin. Mér finnst sú lending sem meiri hlutinn leggur til ógeðfelld og ekki hinni ágætu nefnd sæmandi. Það er hins vegar ekkert við því að gera. Meiri hlutinn komst að þessari niðurstöðu og ég geri ráð fyrir að þeir hafi til þess þingstyrk í sínu baklandi. Það eru stjórnarþingmenn sem standa að tillögunni, að knýja málið fram. Það verður þá væntanlega að lögum áður en við förum í jólaleyfi. En ég veit að þetta var ekki sú jólagjöf sem ég hefði viljað gefa hvorki sendibílstjórum né leigubílstjórum, sem unnu málið, að gefa þeim þá jólagjöf að lækka einungis álagið úr 30% niður í 25%, og síst af öllu hefði ég viljað framkvæma það réttlæti með því að taka upp álag á aðrar bifreiðar, fara úr 0% álagi upp í 25% álag. Þetta eru heldur kaldar kveðjur til atvinnubílstjóra sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. er að senda rétt fyrir jólin með stuðningi stjórnarflokkanna. Það hefði mátt sýna þessu fólki og stöðu þeirra meiri virðingu en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.*

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 415, nál. 515, brtt. 600.

[20:55]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna 329. máls, sem er frv. til laga um breyting á

lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leggur til brtt. í tveimur liðum. Fyrsta tillagan er sú að við 1. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 1. tölul. orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, skulu undanþegnar vörugjaldi.

Þetta vörugjald er 5% nú og lagt er til að gjaldið á rútur verði fellt niður. Þá er enn fremur lagt til að í stað heimildarákvæðis nú í lögunum verði afdráttarlaust að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, verði undanþegin gjaldskyldu. Um þetta var nokkuð rætt. Hugmynd nefndarinnar með þessari breytingu er sú að heimilt verði í tilraunaskyni að flytja inn bifreiðar sem menga ekki svo teljandi sé hvernig sem þær eru knúnar. Í flestum tilvikum munu slíkar bifreiðar vera knúnar með rafhreyfli eða með vetni. Það liggur hins vegar fyrir að ef innflutningur á slíkum ökutækjum verður hluti af markaðnum sem skiptir einhverju máli þá að sjálfsögðu gengur ekki að þær bifreiðar séu gjaldfrjálsar og taki ekki þátt í kostnaði við samgöngumannvirki. En á meðan sá innflutningur er einungis í tilraunaskyni þykir sjálfsagt að hvetja til slíkrar tilraunanotkunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 416, nál. 581, brtt. 582 og 607.

[20:58]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þskj. En undir þetta nál. skrifa auk mín allir nefndarmenn, þó ekki hv. þm. Pétur H. Blöndal. (Gripið fram í.) Herra forseti. Stjórnarandstaðan birtist í ýmsum myndum.

Herra forseti. Það eru tvær breytingar sem nefndin leggur til í tveimur liðum:

Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 1. gr., er breyti 1. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin felur það í sér að stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins verði hinn sami og gert er ráð fyrir í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins, er verði 2. gr., og 3. gr., er verði 4. gr., að launagreiðendum, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, verði gert kleift að gera upp skuldbindingar sínar með skuldabréfum. Þessi möguleiki hefur hingað til eingöngu verið til staðar fyrir aðra en ríkið og ríkisstofnanir. Er þetta sérstaklega æskileg breyting vegna ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag sem að öllu eða mestu leyti eru reknar fyrir sjálfsaflafé.

Þá er lögð til sú breyting að þeim launagreiðendum sem óska eftir að greiða reglubundið og mánaðarlega hærra framlag til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga upp í þær kröfur sem myndast vegna uppbóta á lífeyri verði gert kleift að gera það með því að greiða sama iðgjald vegna þeirra sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og þeirra sem eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með því verður aðild að þessum deildum hlutlaus að því er varðar greiðslur og greiðsluáætlanir vegna launa og launatengdra gjalda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 414, nál. 518, brtt. 519.

[21:01]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Hæstv. forseti. Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar sem tengjast því að um síðustu áramót voru gerðar breytingar á viðmiðunargrundvelli verðleiðréttinga í skattskilum, í öðru lagi er lagt til að rýmkaðar verði heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrissiðgjalda, í þriðja lagi eru gerðar leiðréttingar á barnabótaákvæði laganna og í fjórða lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að einstaklingum með takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt beri að greiða 20% söluhagnað samkvæmt meginreglunni í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem koma fram á þskj. 519. Þar eru lagðar til breytingar í þremur liðum. Í fyrsta lagi við 2. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að a-liður orðist með þeim hætti sem þar er rakið og eins b-liður. Þetta eru þeir liðir sem fjalla um heimildir til viðbótarfrádráttar, þ.e. 2% af iðgjaldsstofni. Eins eru í 2. lið brtt. lagðar til ákveðnar breytingar vegna barnabótanna, og í þriðja lagi er sú breyting að ný grein komi inn í frv. á eftir 4. gr. sem leiði það í lög að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Þróunarsjóður sjávarútvegsins þurfi ekki að greiða fjármagnstekjuskatt af sínum fjármagnstekjum.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn nema Jón Baldvin Hannibalsson sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en þess ber að geta að hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ágúst Einarsson og Gunnlaugur M. Sigmundsson skrifa undir með fyrirvara.

[21:04]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál., sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að gera grein fyrir, með fyrirvara. Ég vildi í örfáum orðum gera grein fyrir, herra forseti, í hverju fyrirvari minn felst. Hann er fyrst og fremst gagnvart tveimur þáttum.

Í frv. er sérstakt ákvæði um skattfríðindi viðbótarsparnaðar upp á 2%. Þetta á sér þá forsögu að þegar mál í hinni frægu lífeyrisnefnd fjmrh. voru að komast í strand vegna þess að þetta mál var að þróast út frá forsendum aðila vinnumarkaðarins og fyrst og fremst verkalýðshreyfingarinnar. Þeir sem

voru mjög óhressir með hvernig staða mála var voru fyrst og fremst þeir aðilar sem tengdust fjáraflafyrirtækjum Sjálfstæðisflokksins. Þá var útbúin smádúsa fyrir þá sem fólst í því að leggja til að 2% viðbótariðgjald væri frádráttarbært frá skatti, þannig að það væru ekki lengur 4% frádráttarbær heldur 6%. Þetta hugnaðist baklandi Sjálfstfl. alveg ágætlega því vitaskuld er þetta hagkvæmt fyrir þá sem hafa nægjanlegt milli handanna og geta lagt fyrir í lífeyrissparnað, bætt við 2% án þess að þurfa að verja því til lífsframfæris að öðru jöfnu. Þessi tillaga sem kom fram á lokastigi gerði það að verkum að menn stóðu sameiginlega að því nál. sem var síðan grundvöllur fyrir frv. um lífeyrisréttindi sem er á dagskrá síðar í kvöld. Svo ánægjulega vill til að samstaða ríkir um það mál í hv. efh.- og viðskn. og erum við stjórnarandstæðingar mjög sáttir við þá lendingu.

Mér fannst, herra forseti, þegar þetta mál kom fram þinginu, þ.e. þessi 2% viðbótarfrádráttur, að þetta væri dálítið ógeðfelld eða ekki sérstaklega skemmtileg aðferð, ekki síst í ljósi þess hvernig hún kom til. Það var verið að hygla þeim aðeins sem betur mega sín í þjóðfélaginu undir formerki aukins sparnaðar. Hægt er að færa rök fyrir því að þetta hafi líklega ekki mikil áhrif á sparnað, e.t.v einhver, og hefði þá átt að skoðast í víðara samhengi ef menn voru fúsir til að leggja til svona tillögur vegna þess að þetta kostar ríkissjóð um 1,5 milljarða. Tölurnar eru kannski ekki mjög nákvæmar en það er alveg augljóst að þessi aukni frádráttur leiðir til tekjutaps fyrir ríkissjóð.

Ég hefði kosið, herra forseti, þegar ríkissjóður er að afhenda 1,5 milljarða af sínu fé, að skoðað hefði verið betur með hvaða hætti það nýttist. Við höfum verið að takast á um það í fjárlagaumræðunni síðustu daga og væri hægt að nefna fjölmarga þætti sem þyrftu meira á þeim 1,5 milljörðum að halda en einmitt þeir sem hafa hæstu tekjurnar í þjóðfélaginu.

Ég geri einnig athugasemd við annað atriði í frv. Þar er sérstaklega lagt til skattfrelsi á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það er ekki einu sinni víst að þurft hefði að setja Þróunarsjóð sjávarútvegsins undir þessi skattleysismörk, en benda má á að skattleysi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins brýtur hugsanlega í bága við EES-samninga og e.t.v. kallar þetta á athugasemdir síðar. Hugsunin á bak við þá athugasemd er sú að Nýsköpunarsjóðurinn er að styrkja ýmiss konar fyrirtæki, eins og önnur fyrirtæki gera reyndar, lána til fyrirtækja sem önnur fjármálafyrirtæki gera — ég nefni Þróunarfélagið, Eignarhaldsfélag Alþýðubankans svo nokkur séu nefnd — að þá er um að ræða misjafna samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja á markaði vegna þess að Nýsköpunarsjóðurinn býr þá við ívilnandi skattalög.

Við fengum athugasemdir í hv. efh.- og viðskn. um þetta atriði frá eftirlitsaðilum EFTA, þ.e. að þetta gæti orðið álitamál þegar fram liðu stundir. Það var tillaga okkar að menn mundu skoða þann þátt aðeins betur og kannski ekki flýta sér mjög við þá lagasetningu en menn kusu nú ekki að fara þá leið. Þetta er svo sem ekki stórt mál en hins vegar á maður að vera mjög varkár í þeim þáttum sem snúa að því að kalla e.t.v. fram athugasemdir vegna þess að ekki er um jöfn samkeppnisskilyrði að ræða. Þetta var fyrst og fremst minn fyrirvari. Ég sá ekki ástæðu til, herra forseti, að leggjast gegn þessu máli. Það tengist lífeyrissjóðsmálinu sem ég styð fullkomlega. Ég hefði hins vegar kosið að aðferðin hefði verið útfærð á annan hátt og ég hefði vel getað séð fyrir mér að menn hefðu getað varið 1,5 milljörðum af sköttum betur en hér er gert. Einnig að hægt hefði verið að verja þeim betur til að auka sparnað fremur en að auka frádrátt með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég mun hins vegar ekki, herra forseti, gera neitt meira í því að vinna gegn því að þetta mál nái fram að ganga. Það nýtur stuðnings okkar allra í efh.- og viðskn. þótt ýmsir okkar hafi vissa fyrirvara gagnvart einstökum atriðum málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.*

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 378, nál. 590 og 609, brtt. 591.

[21:11]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Nefndin hefur fjallað um málið og meiri hlutinn gerir tvær brtt. Í fyrsta lagi er orðalagsbreyting þannig að nákvæmar verði orðað það sem um er að ræða í frv. Í öðru lagi er lagt til að e-liður 9. gr. frv. falli brott, en þar var kveðið á um gjaldtöku fyrir áfengisleyfi. Þessi mál eru öll í endurskoðun og því er ekki ástæða til að vera að breyta þeirri gjaldtöku að svo stöddu.

[21:13]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. sem er á þskj. 609. Það er um frv. til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að gera grein fyrir meirihlutaáliti efh.- og viðskn.

Að áliti minni hlutans standa auk mín þeir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Baldvin Hannibalsson.

Frv. er mjög gallað að mati okkar stjórnarandstæðinga og vægt til orða tekið. Við leggjumst alfarið gegn þessu frv. Það skiptist í meginatriðum í þrjá flokka. Taxtar, dómsmálagjöld og önnur gjöld sem tengjast dómsmrn. eru hækkuð. Þau gjöld hafa ekki verið hækkuð frá árinu 1991 en samkvæmt frv. kemur í ljós að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 13,5% á sama tíma. Þessir taxtar eru hækkaðir um 15% í frv., sumir hærra, upp í 20%, fer eftir hvernig stendur á tölum. Þetta er sá kafli frv., herra forseti, sem við gerum mestar athugasemdir við. Í II. kafla frv. eru breytingar á gjöldum fyrir leyfi veitingastaða og verðbréfafyrirtækja og í þriðja lagi er sett inn sérstök gjaldskrá fyrir birtingu reglugerðar lífeyrissjóða og staðfestingu skipulagsskráa.

Það sem minni hlutinn hefur einkum við þetta frv. að athuga eru hækkanir á dómsmálagjöldum. Dómsmálagjöld skiluðu í ríkissjóð á árinu 1996 660 millj. kr. Vitaskuld væri hægt að segja sem svo: Er ekki ósköp eðlilegt að ríkið leggi á gjöld til að mæta kostnaði sem tengist þessum málaflokkum?

Vissulega væri hægt að segja það en það er ekki í þessu tilviki vegna þess að ef maður tekur t.d. til samanburðar þá er kostnaður við héraðsdóm eða rekstur héraðsdómstóla um 300 millj. á ári. Þó svo að önnur embætti taki hluta af þessum verkefnum sem hér um ræðir þá er augljóst að ekki er um að

ræða gjaldtöku fyrir útlögðum kostnaði ríkisins heldur um skattstofn, um skatta sem eru lagðir á almenning í landinu.

Skattlagningin, sem er sú versta í frv., birtist í 4. og 5. gr. Í 4. gr. frv. er fjallað um gjaldskrá við fjárnám en almenna reglan er sú að það er 1% gjald af þeirri fjárhæð sem fjárnáms er krafist fyrir. Þá verða menn að greiða 1% af kröfunni. Þetta gjald er alltaf tekið af þeim aðila sem fjárnám er tekið hjá og hann þarf síðan að inna það af hendi. Það sem gert er í 4. gr. frv. er að hámarks- og lágmarksgjöld eru hækkuð. Lágmarksgjaldið er hækkað úr 3.000 í 3.500 kr. og hámarksgjaldið úr 10.000 í 11.500 kr. Í áætlun sem við fengum í efh.- og viðskn. kom fram að reiknað væri með að þessi gjaldskrárhækkun mundi gefa u.þ.b. 22 millj. Það kom í ljós þegar nefndin fór að skoða þetta mál betur að hér var vitlaust reiknað. Við endurmat í fjmrn. fundu þeir út að þetta væri oftalið um a.m.k. 6 millj., þ.e. að gjaldskrárhækkunin var ofmetin um u.þ.b. einn þriðja. Þetta var nú eftir öðru varðandi það upplegg sem hæstv. fjmrh. kynnti þegar hann mælti fyrir frv.

Ég vil benda á, herra forseti, að 1996 skilaði þessi gjaldtaka, þessi fjárnámsskattur — því að þetta er ekkert annað en skattur — á fólk sem er í erfiðleikum 150 millj. í ríkissjóð. Það er augljóst að hér er verið að skattleggja fólk í fjárhagserfiðleikum.

Í 5. gr. frv. er fjallað um gjaldtöku við nauðungarsölu. Það er ekki nóg, herra forseti, að taka gjald þegar krafist er fjárnáms. Það er líka tekið gjald þegar krafist er nauðungarsölu. Þá verða menn að greiða 1% af þeirri upphæð sem krafan hljóðar upp á og eru hámarks- og lágmarksupphæðir. Lágmarksupphæðin er hækkuð úr 9.000 kr. í 10.300 og hámarksfjárhæð úr 30.000 í 35.000 kr., þ.e. í hvert skipti sem beðið er um nauðungaruppboð á einhverri eign í eigu fólks sem lent hefur í vanskilum er gerð krafa um gjald upp á a.m.k. 10.300 kr., sem menn verða að bera og er tekið strax af andvirði eignarinnar þegar búið er að selja hana á nauðungaruppboði.

Þetta er satt best að segja, herra forseti, ein ómerkilegasta skattlagningaraðferð sem ég man eftir. Það er hægt að skattleggja ýmislegt í þjóðfélaginu en það er ekki hægt, að mati okkar stjórnarandstæðinga, að skattleggja fjárhagslega neyð almennings með þessum hætti eins og hér er gert. Vegna þess að ekki er um það að ræða að tekið sé gjald til að standa undir kostnaði við nauðungaruppboð eða fjárnám, það er ekki. Þetta er skattstofn nákvæmlega eins og tekjur eða eignir fólks eða hvað annað sem ríkisvaldið notar til að leggja á sín gjöld.

Meiri hluti efh.- og viðskn. var ekki tilbúinn að fjalla um málið efnislega og skoða hvort ekki væri rétt að geyma hækkanir á þessum sérstöku liðum. Þetta eru ekki það stórar upphæðir sem hækkanirnar hefðu skilað. 4. gr. hefði skilað um 18 millj. kr. og það sama kom reyndar í ljós varðandi 5. gr. að þar hafði fjmrn. misreiknað sig um helming. Þeir reiknuðu með að gjaldskrárhækkunin mundi gefa 24 millj. en við sáum fljótt að þarna var nú eitthvað skrýtið reiknað. Eftir endurmat embættismanna fjmrn. lækkuðu þeir þessa tölu niður í 12 millj. kr.

Í þessum tveimur greinum er verið að leggja skatta á fjárhagserfiðleika sem eiga að skila viðbótartekjum í ríkissjóð upp á 30 millj. Nú þegar hefur ríkissjóður tekjur af fjárhagserfiðleikum, þ.e. tekjur vegna fjárnáms og nauðungarsölu, upp á 300 millj. Ríkissjóður, hæstv. fjmrh., er að taka inn 300 millj. af fjárhagslegri nauð fólks. Og honum dugar það ekki, herra forseti. Honum dugar ekki að taka þær 300 millj. heldur vill bæta í og taka 30 millj. í viðbót. Þetta lýsir e.t.v. betur en margt annað á hvers konar slóð þessi stjórnarstefna er. Fólk er ekki látið í friði þegar það er í erfiðleikum með sín fjármál. Benda má á að jafnvel þó að nauðungarsalan klárist ekki og fjárnámið nái ekki allt fram að ganga að allan þennan kostnað verða þeir að bera sem þessu er stefnt gegn. Þetta eru ekki slíkar upphæðir, herra forseti, að menn hefðu vafalítið getað fundið sér annan tekjustofn og af því að ein helsta röksemdin fyrir þessu er að þeir liðir hafi ekki verið hækkaðir í nokkur ár. Þeim mun meiri ástæða hefði verið til, herra forseti, að endurmeta slíka skattlagningu.

Það hefur oft verið sagt af hálfu talsmanna þessarar ríkisstjórnar að fella þurfi niður gjaldtökur tengdar fyrirtækjum og stuðla þannig að örvun hagvaxtar, og vissulega hefur ríkisstjórnin gengið mjög langt í þeim efnum á undanförnum missirum og að mörgu leyti of langt. Látum það nú vera. En ríkisstjórnarflokkarnir gengu hér fram fyrir kosningar, sérstaklega Framsfl., og tóku fjármál heimilanna sem sérstakt umræðuefni og töldu sig vera sérstaka málsvara fyrir fjármál almennings í landinu.

Þetta frv. hefur ekkert með fólk í fyrirrúmi að gera. Þetta frv. hefur ekkert með það að gera að menn séu að reyna að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Þvert á móti, herra forseti, er verið að nýta skattstofn af fullum þunga gagnvart fólki sem er í fjárhagserfiðleikum. Ekki er einungis um alvarleg kosningasvik af hálfu stjórnarflokkanna að ræða, einkum Framsfl. — Sjálfstfl. lofaði nú ekki miklu fyrir kosningar eins og menn muna — heldur er um að ræða stefnumörkun sem að mati okkar í minni hlutanum er einstaklega ógeðfelld. Það hefði verið nær að gera eins og við lögðum til í hv. efh.- og viðskn., að skoða þá prósentu sem þarna er lögð til grundvallar og vita hvort ekki mætti lækka hana og færa þetta þá til samræmis við þann kostnað sem er við framkvæmd þessara aðgerðar sem hér rætt um, þ.e. fjárnám og nauðungarsölu. Meiri hluti efh.- og viðskn, vildi ekki líta á slíka útfærslu. Og eins og ég nefndi áðan námu tekjur vegna þessa máls yfir 300 millj. kr. árinu 1997.

Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að minna á að við í stjórnarandstöðunni höfum á undanförnum missirum lagt fram fjölmargar tillögur til að draga úr skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga og draga úr gjaldtöku gagnvart almenningi sem á við slíka tímabundna erfiðleika að etja. Frv. gengur þvert á þá stefnu. Við áteljum harðlega, herra forseti, að þegar upplýst er í efh.- og viðskn. hvað þetta eru miklir fjármunir, hvað þetta er mikill skattstofn fyrir ríkið, að þá ætti vitaskuld ekki að hækka þann skattstofn heldur að kanna leiðir með hvaða hætti sú gjaldtaka sem hér er til umræðu yrði lækkuð.

Nei, þvert á móti, herra forseti, er farin sú leið í frv. að hækka blint alla þá gjaldstofna sem fyrirfundust. Í III. kafla frv. er bætt við að leggja sérstaka gjaldtöku á birtingu reglugerðar lífeyrissjóða og staðfestingu skipulagsskráa og finnst okkur þetta vera dæmi um ansi mikla smámunasemi þótt vafalítið megi tína til einhver útgjöld vegna þeirra smámála.

Augljóst var, herra forseti, að frv. er lagt upp með því markmiði að ná inn 100 millj. kr. í viðbót í ríkissjóð. Endurreikningar fjmrn. gerðir að kröfu okkar í stjórnarandstöðunni leiddu til þess að hér verði ekki um að ræða 100 heldur 80 millj. kr. Þær bætast þá við hinar 660 millj. sem voru í tekjum ársins 1996. Og þess má geta að okkur gekk hálfilla

í hv. efh.- og viðskn. að fá upplýsingar um hvar allir þessir tekjupóstar voru faldir í frv. til fjárlaga.

Herra forseti. Á árinu 1995 voru tæplega 700 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota. Í frv. er lagt til að hækka gjöld vegna nauðungarsölu og aðfarargerðar. Samþykkt frv. eins og ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar leggur til mun því knýja á um enn fleiri gjaldþrot. Og þannig, herra forseti, birtist stefna þessarar ríkisstjórnar í reynd gagnvart almenningi í landinu. Þetta er stefna, herra forseti, sem við í stjórnarandstöðunni erum algjörlega andvíg og munum reyna eins og við getum að koma með lýðræðislegum hætti í veg fyrir að þetta frv. nái fram að ganga.

[21:28]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar vil ég aðeins vekja athygli hv. þm. á því að dagsetning að lögunum sem var verið að breyta var 31. des. 1991, sbr. lög t.d. nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994. Ég hygg að raungildi þessara gjalda hafi lækkað ef eitthvað er frá þessum tíma. Eins vil ég vekja athygli hv. þm. á því að það er rétt svo langt sem það nær að þessi gjöld koma að sjálfsögðu íþyngjandi gagnvart þeim sem eru í fjárhagserfiðleikum.

Áður en þessi gjöld voru sett á á sínum tíma var mikið um það að dómstólarnir væru beinlínis misnotaðir í því augnamiði að kröfuhafar voru að eltast við fólk og halda fólki í nánast samfelldu gjaldþroti án þess að nokkurn tímann væri möguleiki á að fá neitt upp í slíkar kröfur. Ég hygg að sá ósiður hafi að nokkru leyti lagst af og þrátt fyrir að þessi gjöld séu að mörgu leyti óheppileg, eins og hv. þm. gat um, þá eru þau kannski ekki að öllu leyti alvond.

[21:30]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg kunnugt um að þessu hefur ekki verið breytt í langan tíma, ég nefndi það í ræðu minni. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hopar í þessu máli. Hann talar um óheppileg gjöld, talar um að þetta hafi upprunalega verið sett til að gera það að verkum að fólk væri ekki elt í gjaldþrotaskiptum og að menn næðu einhverju upp í kostnað. Það sem ég er að benda á, herra forseti, er það að ríkisvaldið er að taka yfir 300 millj. á ári í gjaldtöku vegna fjárnámsbeiðna og nauðungarsölu. Það er í engu samræmi, herra forseti, við þann kostnað sem er. Og það er í engu samræmi við það að reyna að tryggja rétt manna við að ná inn skuldum sínum. Þetta er skattstofn sem er nýttur af hálfu ríkisvaldsins blygðunarlaust og nýttur í þessu frv. til að auka tekjur ríkissjóðs um 30 millj. Um það snýst málið. Það snýst um misbeitingu ríkisvaldsins gagnvart fólki sem er í fjárhagserfiðleikum. Það er það sem málið snýst um, herra forseti, og ætti nú þingmanninum að vera sómi að því að fylgja því eftir sem hann sagði áðan, um óheppilega skattlagningu, og lýsa því yfir að breytingarnar í 4. og 5. gr. í frv. sem ég hef gert að umtalsefni verði dregnar til baka.

[21:32]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér aftur upp til að vekja athygli hv. þm. á dagsetningum laganna sem verið er að breyta, sem eru 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995. Ég vonaði að hv. þm. tæki eitthvað eftir þessum dagsetningum.

[21:33]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vekur athygli mína á dagsetningum laganna aftur og aftur. Ég sagði að mér væri alveg fullkunnugt um að þessu ákvæði hefði ekki verið breytt í mörg ár. Mér er líka fullljóst að krónuupphæð sem er nokkurra ára gömul hefur annað verðgildi í dag. Ég held að ég og hv. þm. séum báðir með það alveg á tæru.

Ég ítreka enn og aftur það sem ég sagði áðan og sem málið snýst um, herra forseti. Það er að ríkisvaldið er að nota fjárhagsvanda fólks til skattlagningar, það hefur verið að því og er að auka gjaldtöku af fólki í fjárhagserfiðleikum. Um það snýst málið. Það snýst ekki um að finna einhverja eðlilega hækkun á töxtum sem væri eðlilegt að breyta. Það er fullt af slíkum breytingum í frv. sem ég hef ekki verið að gera athugasemdir við. Ég og við í minni hlutanum höfum gert athugasemdir við tvær greinar frv. Önnur þeirra snýr að skattlagningu á fólk sem verður fyrir fjárnámi og hin snýr að fólki sem verður fyrir því að beðið er um nauðungarsölu á eignum þess. Það er það sem er svívirðilegt í frv. og það er það, herra forseti, sem við erum að reyna að knýja á um að verði dregið til baka.

[21:35]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 43. mál, þskj. 642.

Fjárlög 1998, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 635.

Tekjuskattur og eignarskattur, 338. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 641.

[21:35]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég stend að áliti minni hlutans og hv. þm. Ágúst Einarsson hefur mælt prýðilega fyrir því og skörulega þannig að okkur er ekkert að vanbúnaði að halda umræðunni áfram þegar forseti er búinn að róa hæstv. fjmrh. niður og koma honum í sæti.

Það hefur verið skoðun okkar margra, og þar á meðal okkar þingmanna Alþb., að endurskoða þyrfti ofan í kjölinn tilhögun þessarar aukagjaldtöku allrar saman. Ég minni á að á síðasta kjörtímabili fluttum við ítrekað tillögur — ég hygg að 1. flm. hafi verið hv. þm. Jóhann Ársælsson — um að nauðsynlegt væri að taka til í þessu kerfi og sortéra upp annars vegar gjaldtöku svo sem vegna leyfisveitinga, útgáfu vottorða og annars slíks af ýmsu tagi, og raunverulegs kostnaðar sem því fylgdi að gefa út viðkomandi pappíra og það skyldu þá heita þjónustugjöld eða kostnaðargreiðslur af því tagi sem sannanlega væru á ferðinni. Hins vegar yrði að gera og ætti að gera skýran greinarmun á því ef um væri að ræða fjáröflun til ríkisins umfram það sem þyrfti til að dekka kostnaðinn af viðkomandi leyfisveitingum. En staðreyndin er auðvitað sú, og þetta frv. ber þess því miður dapurlegt vitni, að þetta er meira og minna subbuskapur sem hér er á ferðinni. Meira og minna grátt svæði þar sem saman blandast að einhverju leyti gjaldtaka vegna kostnaðar á viðkomandi sviði eða sem tengist viðkomandi málaflokki en hins vegar í raun skattstofnar fyrir ríkissjóð þar sem gjaldtakan er úr hófi fram og langt umfram það sem kostnaður af viðkomandi starfsemi fylgir. Þar má alveg sérstaklega tiltaka og gagnrýna dómsmálagjöldin. Það hefur verið leitt fram í umræðunni og verður tæpast hrakið að þar fara menn offari í gjaldtökunni og það kostar t.d. mun minna að reka þá starfsemi sem gjaldtakan er tengd en tekjunum nemur. Þetta ætti auðvitað

að endurskoða og ætti að vera búið að taka til í þessu kerfi fyrir löngu, þótt það geti verið framför í sjálfu sér sem ég heyri að hæstv. fjmrh. er af og til að tala um úti í salnum, að hann hafi flutt eitthvað af þessu dóti úr reglugerð yfir í lög og það vissulega er til bóta, sérstaklega í því tilviki að menn eru nánast leynt og ljóst að afla tekna í ríkissjóð. Með öðrum orðum, þegar um hreina og klára skattheimtu er að ræða ber að sjálfsögðu að gera það með lögum eins og allir vita.

Í öðru lagi, herra forseti, ætla ég að fagna þeim sigri í brtt. sem vannst með því að meiri hlutinn leggur til að e-liður 9. gr. falli brott. Ég gerði þennan lið sérstaklega að umtalsefni við 1. umr. málsins og mælti mjög gegn því að *menn færu út í þær breytingar sem þar var verið að boða*, þ.e. að stórhækka leyfi fyrir áfengisveitingastaði, fella niður á móti áfengiseftirlitsgjaldið og leggja niður áfengiseftirlitið og afla síðan að einhverju leyti í gegnum þessi leyfisgjöld tekna til að standa straum af hluta af kostnaði lögreglunnar við að yfirtaka þetta eftirlit. Ég taldi og tel enn að það væri hin mesta ófæra að fara út í slíkt. Ég mundi spyrja mig hvar það mundi eiginlega enda ef menn færu að hækka gjöld hist og her og nota það sem rökstuðning að það þyrfti að ná nokkrum aurum upp í kostnað lögreglunnar. Það sama gæti þá væntanlega gerst á öðrum sviðum, að menn færu að hækka sektir og ýmislegt slíkt og allt væri það rökstutt með því að þetta væru einhverjir aurar upp í kostnað lögreglunnar. Hvers konar frumskógur yrði það, herra forseti, ef út á þá braut yrði haldið? Ég held að þetta sé alveg kolvitlaust. Það sé miklu betra að beita almennum tekjuöflunartækjum ríkisins og hafa þessa gjaldtöku bara á einhverjum efnislegum og raunhæfum grunni og miða við það sem mönnum þykir hóflegt í viðkomandi tilvikum, auk þess sem þær breytingar sem þarna voru boðaðar eru ekki fram komnar. Nú er mér að vísu ljóst að meiri hluti ríkisstjórnarinnar hefur ákveðið að falla frá þessu um sinn, e.t.v. vegna þess að frv. sem þessu áttu að tengjast hafa lent í hremmingum. Þau hafa hugsanlega orðið úti milli þingflokksherbergja stjórnarflokkanna. Það kann að vera að þau hafi lent í einhverjum hrakningum á heiðarvegum hérna á neðri hæðinni milli þingflokksherbergjanna og harma ég það ekki. Best þykir mér þó, herra forseti, að hinn arfavitlausi rökstuðningur fyrir e-lið 9. gr. á bls. 4 í grg. með frv. er þá væntanlega einnig fallinn úr gildi með því að meiri hlutinn hefur ákveðið að leggja til að þessi breyting falli niður, að e-liðurinn falli út úr frv. Þá hljótum við að reikna með að það orðalag sem viðkomandi efnisatriði tengist, herra forseti, í grg. með frv. sé þar með dautt og ómerkt. Það held ég sé afar mikilvægt og ég veit að forseti, sem er hinn mætasti hugsjónamaður, hlýtur að vera mér sammála í hjarta sínu um að gott sé að sjá þennan ótútlega texta hverfa á vit feðra sinna, og farið hefur fé betra.

Síðan veltir maður því aðeins fyrir sér, herra forseti, af hverju hæstv. ríkisstjórn, í miðju góðærinu, er svona óskaplega smámunasöm eins og hún er á köflum, að vera að sækja sér einhverja aura með hækkun á þessum leiðindasköttum, skítasköttum, sem menn hafa með leyfi, herra forseti, stundum leyft sér að kalla þá. Er þá ekki betra eða blómlegra í búi hæstv. fjmrh. en þetta, að hann er að snapa krónur með skattahækkunum af þessu tagi? Sjálfur foringi frjálshyggjustuttbuxnaliðsins á fyrri tíð, sem var ævinlega á móti öllum skattahækkunum. Og hvernig er með hæstv. forsrh. ríkisstjórnarinnar sem svaraði krossaprófi Heimdallar fyrir alþingiskosningarnar 1991 og var svo kjarkmikill að hann merkti x við nei í hverju einasta tilviki sem spurt var um skattahækkanir og x við öll já-in þegar spurt var hvort leggja ætti niður alla skatta sem fyrri ríkisstjórn hefði lagt á? (**Gripið fram í:** Það var draumurinn.) Var það draumurinn? Hann hefur nú breyst í martröð því hæstv. ríkisstjórn hefur haldið hverjum einasta skatti sem hinar vondu vinstri stjórnir lögðu á og hækkað þá flesta, eins og þennan. Það er rétt að upplýsa það í leiðinni, herra forseti, að ég hef gert ítrekaðar tilraunir til að fá þetta plagg Heimdallar, krossaprófið sem lagt var fyrir hæstv. forsrh. um vorið fyrir alþingiskosningarnar 1991, en það hefur ekki tekist. Þetta krossapróf er eitthvert hið best varðveitta leyndarmál þjóðfélagsins á síðari tímum. Sennilega af skiljanlegum ástæðum. Menn eru ekki mikið fyrir að flagga því núna sem þeir lofuðu þá, að lækka og fella niður alla skatta sem lagðir höfðu verið á, þegar menn standa frammi fyrir plöggum af þessu tagi. Niðurstaðan liggur hins vegar fyrir á borðum þingmanna núna þessar mínúturnar þegar gögnin frá fjárln. um lokaafgreiðslu fjárlagafrv. eru að koma. Hvað kemur í ljós? Það sem kemur í ljós er að hæstv. fjmrh. er með allt á hælunum. Afgangurinn er gufaður upp og fjárlögin komin niður í núll. Þeim er læst saman *með krækjum rétt aðeins yfir blánúllinu*. Og það vita allir hvað það þýðir. Það er því auðvitað skiljanlegt þegar betur er að gáð að hæstv. fjmrh. er á snöpum eftir ómerkilegum hækkunum á leiðindasköttum af þessu tagi.

Að lokum, herra forseti, og það tengist aftur umræðunni um dómsmálagjöldin sérstaklega og hina harkalegu og ósanngjörnu hækkun á þeim, þá var ég að velta því fyrir mér hver hefði átt að standa fyrir máli Framsfl. hér í kvöld. Það er óhægt um vik fyrir forseta þar sem hann situr í forsetastóli, og við söknum þess auðvitað að þessi merki flokkur skuli ekki eiga neinn fulltrúa við umræðurnar í kvöld og það skuli ekki vera neinn málsvari fyrir fólkið, „fólkið í fyrirrúmi" vegna þess að fróðlegt hefði verið að fara aðeins yfir það hvernig hækkanir á dómsmálagjöldunum, á fjárnámsbeiðnum og nauðungarsölum og öðru slíku hjá fólki í erfiðleikum falla að kosningastefnuskrá Framsfl. um „fólk í fyrirrúmi".

Þó að ég sé orðinn býsna vel að mér um þessa kosningastefnuskrá, og hafi hana gjarnan við höndina í skjalatösku minni, þá segi ég nú ekki að ég sé enn þá svo útlærður í henni að ég sé best til þess fallinn að útskýra hana, alla vega ekki þegar kemur að framkvæmdaatriðum af þessu tagi þó ég kunni textann. Þess vegna sakna ég þess mjög að hér skuli ekki vera einhver, þó ekki væri nema einn — það er víst ekki kostur á að fá hálfan framsóknarmann — en þó það væri þá einn framsóknarmaður sem væri hérna til staðar sem útskýrði fyrir okkur m.a. stefnu Framsfl. í þessu sambandi. Ég veit að forseti gæti vel átt það til að gera ræðumanni þann greiða að kanna það hvort húsið sé tómt af framsóknarmönnum. Það er að vísu gott loft hér og á því kunna að vera einhverjar slíkar skýringar. Mér finnst líka alveg ástæða til að Framsfl. sýni þessari umræðu þann sóma að eiga einhverja fulltrúa hér í kvöld.

Staðreyndin er auðvitað sú að þetta er mjög merkileg tekjuöflun hjá hæstv. ríkisstjórn. Ofan í fyrirheitin um að reyna heldur að létta af því fólki byrðarnar sem hefði lent í erfiðleikum af þessu tagi og sætti því að eigur þess væru komnar í nauðungarsölu eða gert í þeim fjárnám, þá er þetta orðinn sérstakur tekjustofn hjá hæstv. ríkisstjórn, þ.e. að hækka þessi gjöld sérstaklega. Ekki eins og það skili neinum ósköpum fyrir ríkissjóð, það munar kannski ekki um einn kepp í sláturtíðinni eins og sagt var, en það munar miklu fyrir þetta fólk, mjög miklu. Hver einasta króna er dýr fyrir

þá sem eru að berjast fyrir lífi sínu í þeim skilningi að þeir eru við það að verða undir í baráttunni um að hafa stjórn á fjármálum sínum. Það gefur auga leið. Við teljum því þessa hækkun gagnrýniverða og styðjum það m.a. þeim rökum að þörf er á að endurskoða þessa gjaldtöku og breyta henni í grundvallaratriðum og jafnvel breyta henni þá í hina áttina hvað varðar upphæðir. Það eru í sjálfu sér engin sérstök rök að þessi gjöld hafi ekki hækkað um einhvern tiltekinn tíma. Menn eiga að taka efnislega afstöðu til þess í sjálfu sér eftir sem áður hversu há þeir vilja hafa þau. Þetta er alla vega hækkun og hún er jafnmikil hvort sem rökin fyrir henni eru þau að þetta hafi ekki hækkað síðan 1992 eða sautján hundruð og súrkál. Það sem fólkið finnur fyrir, sem er að borga þetta, eru auðvitað upphæðirnar og útgjöldin sem þarna eru á ferðinni. Og ég leyfi mér að fullyrða að þetta eru umtalsverðar upphæðir sem taka í.

Á hinn bóginn er þetta ekki sá póstur fyrir hina almennu tekjuöflun ríkissjóðs, sem er komin talsvert á annað hundrað tuga milljarða, eins og kunnugt er, að það sé eitthvað sem þyrfti að vefjast fyrir mönnum að jafna þann tekjuauka með öðrum hætti. Ég veit ekki hvað þetta væru mörg prómill af einhverjum af stóru tekjustofnunum. Þau eru ekki mörg. Ef farið væri í vaskinn eða tekjuskattinn eða einhverja slíka almenna tekjuöflunarleið þá efast ég um að það kæmi fram fyrr en í öðrum eða þriðja aukastaf.

Herra forseti. Þetta er heldur dapurlegur hluti af hinni metnaðarlitlu skatta- og fjármálastefnu hæstv. ríkisstjórnar sem er auðvitað meira og minna á flótta undan sínum glæstu loforðum og hástemmdu yfirlýsingum á hinu góða ástandi, góðærinu, ábyrgu fjármálastjórninni og öllu þessu. Það hlýtur að vera erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að horfast nú í augu við að áform hans um hallalausan rekstur ríkissjóðs hafa ekki enn náð fram að ganga og hefur þó hæstv. ráðherra haft sex tækifæri til að reyna að reka ríkissjóð án halla. Ekkert þeirra hefur heppnast. Og nú á að læsa saman fjárlögunum einu sinni enn út á að ýmsu leyti hæpnar forsendur og með stóru gati, sem öll þjóðin veit um, í heilbrigðismálunum rétt hinum megin við núllið. Þannig að út af fyrir sig skilur maður í því ljósi smámunasemi hæstv. fjmrh., jafnvel hvað varðar gjaldtöku af þessu tagi þó leiðinleg sé. Hitt er auðvitað dapurlegt af því nú kann svo að vera að farið sé að halla að kvöldi á starfsævi hæstv. núv. fjmrh. í því embætti. Það kann að vera. Í sjálfu sér væri það ekki furða því að hæstv. ráðherra hefur setið manna lengst, eins og kunnugt er, óslitið í þessu embætti. En hann hefur líka afrekað það í leiðinni að verða ókrýndur eða krýndur hallakóngur rekstrar ríkissjóðs í Íslandssögunni. Það er alveg ljóst að samanlagður uppsafnaður halli á rekstri ríkissjóðs hefur aldrei í sögunni, í tíð eins fjármálaráðherra, farið í þær himinhæðir sem hann hefur nú þegar gert í tíð hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar. Því miður, herra forseti, virðist ævikvöldið í embætti fjmrh. ekki ætla að verða eins sólríkt og menn höfðu búist við, samanber það sem ég hef farið yfir, að hæstv. ráðherra er nauðbeygður til að gerast svona smámunasamur í tekjuöflun.

[21:51]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þessi skattheimta er í sjálfu sér ekki til að státa af. En af því að ég var áðan að vekja athygli hv. þm. Ágústs Einarssonar á þessum dagsetningum sem standa fremst í frv. og vísa til þess tíma þegar þessi lög voru upphaflega samþykkt þá var það í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, svo það sé nú rifjað upp en hv. þm. lagði sig mjög fram að taka ekki eftir því. Á þeim tíma voru þessi gjöld að því er mig minnir erfðagóss frá þeim tíma er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat í ríkisstjórn. Þá voru þessi gjöld flest hver sett á með reglugerð, alla vega þær upphæðir sem gjöldin eru í núna. Þannig að ég vildi bara gjarnan nota tækifærið, hæstv. forseti, og spyrja hv. þm. hver tildrögin voru að því að þessi gjöld komust í þessar hæðir á þeim tíma sem hv. þm. sat í ríkisstjórn.

[21:52]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Þakka þér fyrir, herra forseti, mín er ánægjan, öll mín megin ánægjan. Alltaf er það nú jafnstórbrotinn málflutningur þegar menn byrja að koma og játa á sig skammirnar, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði hér, að þetta væru vandræðaleiðindaskattar. En málsvörnin var sú að þeir hefðu verið lagðir á einhvern tíma fyrr á öldinni af einhverjum öðrum og þar með væri Sjálfstfl. laus allra mála að halda því áfram og hækka þá.

Ef þessir skattar voru einhvern tíma fyrr á öldinni hækkaðir með ósanngjörnum hætti, af hverju lækkar þá ekki Sjálfstfl. þá? Þetta er ekki boðlegt, herra forseti. Við erum komin upp úr grunnskóla hvað röksemdafærslu snertir. Ef Sjálfstfl. telur þessi gjöld vera of há þá hefur hann meiri hlutann og valdið til að lækka þau. Hann ræður fjmrn. og er búinn að gera það í sex ár. Er það ekki nóg? Tekur meira en sex ár að koma slíku í verk?

Það er alveg hárrétt að þessi gjöld voru hækkuð nokkuð hressilega, einu sinni a.m.k. í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, enda höfðu þau þá ekki hækkað lengi. Þá var mikil verðbólga og miklir erfiðleikar í ríkisfjármálum eins og allir vita. Það kann vel að vera að í einhverjum einstökum tilvikum hafi sú hækkun verið fullhressileg, enda minnir mig að eitthvað af þeim hafi verið lækkað aftur þegar það kom á daginn að í einstökum tilvikum stóðu kannski ekki rök til að hækka þau svo hressilega. En þetta er sagnfræði og ég bara bendi aftur á þetta augljósa atriði að Sjálfstfl. er búinn að vera í ríkisstjórn í sex ár, eiga fjármálaráðherrann í sex ár, og hafi hann talið eða telji þessa gjaldtöku ósanngjarna þá er honum væntanlega í lófa lagið að lækka þau og þó fyrr hefði verið. Þannig að niðurstaða málsins er sú að Sjálfstfl. vill ekki lækka þessi gjöld, hann er að hækka þau.

[21:54]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. voru þessi gjöld ekki lögð á af einhverjum öðrum. Þessi gjöld voru á sínum tíma m.a. lögð á í skjóli hv. þm. sem þá var ráðherra í ríkisstjórn og hækkuð þá með reglugerð þannig að það var framkvæmdarvaldið sem stóð að þessu á þeim tíma en ekki löggjafarvaldið. (**SvG:** Ekki var það nú landbúnaðarráðherrann.) Ég var ekki að leita að rökum eða kom ekki með rök fyrir þessum gjöldum vegna þess að ég var einmitt að spyrja hv. þm. hver hefðu verið rökin fyrir því á sínum tíma að hækka þau gjöld svo hressilega eins og hann sagði sjálfur að hefði verið gert. Og ég veit ekki betur en að gjöldin séu — þrátt fyrir þær hækkanir sem nú eru — lægri að raungildi en þau voru eftir að hv. þm. hafði staðið að því að setja þau svo hressilega á. En ég vildi gjarnan fá það frá fyrstu hendi, frá hv. þm., hvernig stóð á því og hver rökin voru fyrir einstökum gjöldum.

[21:56]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert launungarmál og ég sagði það að þessi gjöld hefðu verið hækkuð a.m.k. einu sinni, svo ég muni eftir, í ríkisstjórnartíð Steingríms Hermannssonar og fjármálaráðherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar, það liggur alveg fyrir. Þau voru að vísu til staðar, ég hygg flest eða a.m.k. öll og höfðu lengi verið ... (**Gripið fram í:** Flest eða a.m.k. öll?) Flest eða öll — og ég þakka hv. þm. fyrir hjálpina. (Gripið fram í.) Ég þakka fulltrúa Framsfl. sem greinilega er að vekja athygli á því að Framsfl. er mættur á sviðið og hjálpsemin uppmáluð. Það er nú gott.

Þessi gjöld voru sem sagt hækkuð þá. Ég hygg að vísu að þá hafi það aðallega verið ýmis leyfisgjöld sem voru mest hækkuð, ekki dómsmálagjöldin svo mikið, ef minni mitt svíkur ekki, en það skiptir ekki öllu máli. En málsvörnin er sem sagt áfram sú sama hjá hv. þm., að af því að þetta var hækkað af einhverjum fyrri ríkisstjórnum þá sé það bara allt í lagi þó Sjálfstfl. sé á móti því, eða hvað, að hafa þessi gjöld eða hafa þau svona há? (**VE:** Ekki einhverjum. Það hlýtur að vera einhver ákveðinn gæðastimpill á ... ) Af þessum aðilum sem ég hef hérna gert grein fyrir. En út af fyrir sig getum farið yfir alla þessa sögu og ég er alveg viss um að það hefur ábyggilega oft verið blómlegt á fyrri áratugum í fjármálaráðherra- og ríkisstjórnartíð Sjálfstfl. í gjaldtöku af þessu tagi. Þau voru sannanlega ekki fundin upp á árunum 1988–91 heldur miklu eldri í flestum ef ekki öllum tilvikum. Það held ég að sé nú mergurinn málsins.

En það er greinilegt, herra forseti, að það kemur við viðkvæman blett á þingmönnum eða talsmönnum Sjálfstfl. þegar slík skattamál eru rædd undir þessum formerkjum. Það er nefnilega venjan að Sjálfstfl. hefur oft komist upp með það að vaða um þjóðfélagið fyrir kosningar og lofa skattalækkunum á báða bóga og í allar áttir gagnvart m.a. hlutum af þessu tagi. En svo standa þær staðreyndir yfirleitt eftir að minnst af því er efnt. (Forseti hringir.) Eins og t.d. þetta hér. Ætli mætti ekki grafa upp einhverjar góðar stjórnarandstöðuræður frá Sjálfstfl. um þessa skatta og það (Forseti hringir.) væri fróðlegt að lesa þær nú í samhengi við það sem er að gerast.

[21:58]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Fólk í fyrirrúmi, greiðsluerfiðleikar heimilanna, greiðsluerfiðleikastofnanir á hvert horn o.s.frv. Kannast menn ekki eitthvað við slík kosningaloforð? (Gripið fram í.) Alla vega hljóma þau í mínum eyrum þannig að ég man ágætlega eftir þeim. Greiðsluerfiðleikalán, greiðsluaðlögun, stofnanir til þess að bjarga heimilunum, heimilin skuldsett o.s.frv.

Hvað birtist svo hér, virðulegi forseti? Það er verið að leggja á dómsmálagjöld sem eru helmingi hærri en kostar að reka dómstólana í landinu. Það er rúmlega 100% arðsemi, ef tekið er mið af rekstri dómstólanna.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að réttlætiskerfið í landinu væri algerlega rekið af þeim sem minna mega sín, þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Og ekki bara rekið af þeim heldur er verulegur hagnaður af þeim. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir þessu. Ég hafði einhvern veginn ekki ímyndað mér að jafnógeðfelldir hlutir — ég get vart kallað það annað — ættu sér stað. Ég gerði mér bara enga grein fyrir þessu fyrr en ég rak augun í þetta við 1. umr. við frv. 660 millj. í dómsmálagjöld, en 300 millj. kostar að reka réttlætiskerfið í landinu. Það er ekki nema von að spurt sé, virðulegi forseti, hvar er fólkið sem átti að vera í fyrirrúmi? Hvar er það fólk? Og hvar eru talsmenn þess fólks? Nú eiga þeir aðild að ríkisstjórn. Nú eiga þeir hlut að máli. Nú er komið að efndum. Nei, þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki greitt skuldirnar sínar skulu þá a.m.k. reka dómstólakerfið í landinu. Það er alveg lágmark. Það er lágmark að þeir reki það. (Gripið fram í.) Skyldi nú engan undra, virðulegi forseti, að hv. 2. þm. Suðurl. laumi sér úr salnum undir þessum ósköpum.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að setja á langa ræðu vegna þessa, en get þó tekið undir það með hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að það voru á sínum tíma viss vandkvæði við það fyrirkomulag sem þá ríkti því lögmenn leyfðu sér stundum að nota hið opinbera sem innheimtustofnun fyrir sig. Við því varð að bregðast, ég held að það sé alveg hárrétt. En hitt er að það þurfti nú kannski ekki að bregðast við því á þennan hátt. Sú röksemdarfærsla sem hér hefur verið færð fyrir hækkun þessara gjalda hefur eiginlega verið sú að þetta hafi bara ekkert hækkað mjög lengi. Rekstur dómstólanna kostaði á sínum tíma 240 millj. kr. að mig minnir 1993. Þá hefur sennilega verið reiknað með 200% arðsemi af slíkum gjöldum og nú er hún komin niður í rúmlega 100 og það þykir þá ekki nægjanlega gott. En að þetta skuli fara í þennan farveg, virðulegi forseti, er eiginlega háðung fyrir þingið og ríkisstjórnina. Það er eiginlega ekki hægt að orða þetta öðruvísi. Þetta er eitthvað það ógeðfelldasta sem ég hef séð hér, að í miðju góðærinu, í miðjum hagvextinum, í miðju dýrðarríkinu skuli fundin sú leið að leggja gjöldin á þá sem ekki geta borgað reikningana sína, og það á meðan fulltrúar „fólks í fyrirrúmi“ eru í ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Ég hef eiginlega varla geð í mér að halda langa ræðu um jafnógeðfellda hluti og hér er um að ræða. Ég hef varla geð í mér til að ræða þá. En ég hlýt, virðulegi forseti, að kalla eftir því að þeir sem óku um héruð hvort heldur á mótorhjólum eða öðrum farartækjum og lofuðu að bjarga öllu ef þeir kæmust til valda komi nú upp í þennan ræðustól og útskýri fyrir fólki af hverju í miðju góðærinu þurfi að leggja gjöldin á þá sem minna mega sín. Ég held að nauðsynlegt sé að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem þó hefur sýnt þann manndóm að koma í þingsal og láta sjá sig, komi nú upp og útskýri þessa viðhorfsbreytingu frá því fyrir tveimur árum. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir þingið að fá upplýsingar um hvað hefur breyst á þessum tveimur árum. Ekki hefur hagvöxturinn breyst. Hann hefur aukist svo menn berja sér á brjóst hvar sem þeir koma. En þá er þetta rétta leiðin að ganga á það fólk sem ekki getur greitt gjöldin sín.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri og vænti þess að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir komi hér upp og útskýri þessa viðhorfsbreytingu.

[22:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er ekki langt síðan þetta mál var til 1. umr. um frv. til laga um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þá gerði ég athugasemd við nokkur ákvæði frv. sem lúta að dómsmálagjöldum. Ég færði rök fyrir því hve óréttlát skattlagning þetta er vegna þess að verið er að skattleggja neyð heimilanna í landinu, skattleggja þá sem eru í verulegum skuldum sem þeir sjá ekki fram úr og eru kannski komnir það langt að íbúðir þeirra eru að fara á nauðungarsölu. Þarna finnur ríkisstjórnin greinilega matarholu. Það er nú ekki eins og hún sé að finna upp þessa gjaldtöku vegna

þess að ríkissjóður hafi svo gríðarlegar fjárhæðir af þeim sem eru í miklum skuldum og fór ég yfir það við 1. umr. þessa máls. Reyndar er það svo að ég, ásamt nokkrum þingmönnum, hef flutt þingsályktun þing eftir þing um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, og þar höfum við einmitt dregið fram þessa miklu skattlagningu hjá ríkisvaldinu á þá sem eru í miklum vanskilum og eru u.þ.b. að fara með sínar íbúðir á nauðungarsölu. Hér er um að ræða gjaldtöku sem ríkissjóður hefur og tek ég líka með þinglýsingagjöld sem skiptir nokkrum milljörðum. Við erum þá náttúrlega að tala um húsbyggjendur og íbúðarkaupendur. En ríkisstjórninni þykir greinilega ekki nóg að gert og hækkar þessi gjöld. Þarna er sennilega um að ræða 70 millj. sem ríkissjóður ætlar að hafa til viðbótar af þeim sem eru í miklum erfiðleikum. Mér finnst það satt að segja ekki stórmannlegt, herra forseti. Það sem vakti vonir mínar við 1. umr. málsins þegar ég ræddi þetta mál var að ég beindi þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann teldi það ekki óréttlátt að ráðast að skuldugum heimilum á þennan hátt, og fór yfir dómstólagjöldin, sérstaklega aðfarargjöldin og gjald fyrir beiðni um nauðungarsölu. Mér fannst, herra forseti, skilnings gæta í máli hæstv. ráðherra þegar ég spurði hann hvort hann teldi ekki eðlilegt og rétt að nefndin skoðaði þetta mál og hvort hann gæti ekki fallist á að leitað yrði samkomulags um að fella verstu þættina út úr dómsmálagjöldunum sem snúa sérstaklega að skuldugum heimilum. Hæstv. ráðherra tók þessu vel og ég hafði því satt að segja gert mér vonir um að hv. efh.- og viðskn. mundi leggja til við 2. umr. málsins, að þeir póstar féllu út úr dómsmálagjöldunum og að heimilunum yrði hlíft við þeim sérstaka jólaglaðningi sem ríkisstjórnin ætlar að senda rétt fyrir jólin, þeim fjölskyldum sem eru í mikilli neyð og komnar með heimili sín kannski á uppboð.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þessi von hefur orðið að engu og minni hlutinn hefur reynt — ég sé það í áliti minni hlutans að hann hefur reynt að koma vitinu fyrir meiri hlutann og reynt að fá þá til að fella út þá pósta sem snúa svona harkalega að heimilunum í landinu. En ég sé að það hefur greinilega ekki tekist. Ég spyr hæstv. ráðherra um það, af því hann gaf nú vissulega vonir við 1. umr. málsins um að hægt yrði að leita samkomulags um að fella út þá pósta sem snúa að hækkun á gjaldi fyrir beiðni um nauðungarsölu og aðfarargjöldin. Ég nefndi að vísu þinglýsingarnar líka. Hæstv. ráðherra hafði góð orð um að það mætti vissulega skoða. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hafi þá verið í jólaskapi og verið að lofa einhverju upp í ermina á sér og hafi breytt um skoðun vegna þess að þetta er óréttlátt, herra forseti, að skattleggja illa stödd heimili með þessum hætti.

Ég minnti hæstv. ráðherra líka á það við 1. umr. málsins að aðgerðirnar sem ríkisstjórnin hefur gripið til til að bæta stöðu skuldugra heimila hafa litlu skilað. Meðal annars það frv. sem hæstv. fjmrh. fékk samþykkt á síðasta þingi, um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti þar sem um það var að ræða að „telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar." Það hefur enginn getað nýtt sér þetta ákvæði. Það er því af ýmsu að taka í því efni. En það eru sinnaskipti ráðherrans sem mér eru hugleikin við 2. umr. um þetta mál og hvort ekki sé einhver von milli 2. og 3. umr. ef nefndin tekur málið aftur til sín að ráðherranum snúist hugur og hann sé til samkomulags um þá pósta sem þarna á að fara að hækka á skuldugum heimilum.

Herra forseti. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það ef málið á að fara í gegn með þessum hætti. Ég tel þetta satt best að segja mjög snúðugt fyrir heimilin í landinu og erfitt að þurfa að sætta sig við að ráðist skuli vera á þennan hátt á heimili sem eru illa stödd og raunverulega í neyð. Það kann að virðast að þetta séu ekki miklir peningar en þeir eru náttúrlega miklir fyrir þá sem eru kannski komnir með íbúðir sínar á uppboð eða í nauðungarsölu. Mér finnst þetta póstar sem hæstv. ráðherra ætti að skoða með jákvæðum huga að hægt væri að leita samkomulags við hann milli 2. og 3. umr. um að fella þessa pósta út.

[22:12]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á að spyrja hv. þm. eftir skýringum á þessum gjöldum vegna þess að eins og fram hefur komið oftar en einu sinni við umræðuna voru þessi gjöld erfðagóss fyrrv. ríkisstjórnar, frá fjármálaráðherratíð þáv. hæstv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, sem sat í skjóli hv. þm. sem þá, að mig minnir var ráðherra ef minni mitt brestur ekki, og var þá einnig sérstakur ráðherra greiðsluerfiðleikamála og stórs kröfuhafa einmitt á hendur fólks í greiðsluerfiðleikum. Þá voru þessi gjöld hækkuð í þær hæðir sem þau eru nú. Þetta er þess vegna ákveðið erfðagóss frá þeim tíma að hv. þm. bar ábyrgð á að leggja slík gjöld á allt þetta skulduga fólk. Það væri fróðlegt fyrir þingheim að fá að vita rökin fyrir því að gjöldin voru hækkuð í þær hæðir á þeim tíma þegar hv. þm. bar ábyrgð á þessu.

[22:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi þáttur málsins sem hv. þm. dregur upp var ræddur við 1. umr. og formaður efh.- og viðskn. hefur þá ekki séð ástæðu til að sitja undir þeim umræðum þegar verið var að ræða frv. sem á að koma til umfjöllunar í þeirri nefnd sem hann stýrir. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að þetta er ekki í fyrsta skipti sem verið er að hækka dómsmálagjöld og þessi hækkun kom líka upp á borðið þegar ég var í ríkisstjórn. Það getur hæstv. fjmrh. staðfest að ég lagði ætíð til þegar verið var að koma þessum gjöldum á borðið að ekki væri farið í hækkanir á dómsmálagjöldum og sérstaklega þeim póstum sem snúa að heimilunum í landinu og var þar með aðrar tillögur en fara þá leið, þannig að þetta er ekki í fyrsta skipti, herra forseti, að ég er að andmæla því að fara þá leið að skattleggja heimilin með þeim hætti sem hér er gert.

[22:15]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu afar þægilegt fyrir hv. þm. að koma nú þegar þingmaðurinn er í stjórnarandstöðu og mótmæla þessum gjöldum. Það hefði nú kannski skipt meira máli að þingmaðurinn hefði mótmælt þeim kröftuglegar þegar hv. þm. sat í þeirri ríkisstjórn sem hækkaði þessi gjöld upphaflega, ekki með lagasetningu heldur með því að setja þau á með reglugerð eða hækka þau hressilega með reglugerð.

Ég hef auglýst og auglýsi enn eftir þeim rökum sem lágu að baki upphaflegri hækkun gjaldanna sem hv. þm. hlýtur að þekkja vegna þess að þingmaðurinn sat í ríkisstjórn þegar

gjöldin voru hækkuð en ég bara hef því miður ekki heyrt þessi rök enn þá og ég vildi gjarnan bara fá þau.

[22:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki frekar en hv. þm. heyrt nein skynsamleg rök fyrir slíkum gjöldum þannig að ég get ekkert upplýst hv. þm. um einhver skynsemdarök á bak við þessi gjöld. Þetta er bara óréttlát gjaldtaka á skuldug heimili. Hv. þm. spurði af hverju ég hefði ekki mótmælt þessu kröftuglega fyrr. Ég held að hv. þm. hafi þá ekki hlustað á mitt mál áðan. Ég hef mótmælt þessari gjaldtöku bæði innan þingsala og í ríkisstjórn mjög kröftuglega og lagt til að farnar yrðu aðrar leiðir en fara í svona ósanngjarna gjaldtöku eins og hér er lögð til. Og ég deili vissulega skoðunum með hv. þm. að engin skynsamleg rök séu á bak við þetta og ef hv. þm. telur að engin skynsamleg rök séu á bak við þessa gjaldheimtu, hvers vegna er hann þá að mæla með því að hún verði hækkuð við þessar umræður?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 2. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 407, nál. 583 og 612, brtt. 483, 584 og 634.

[22:18]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998. Eins vildi ég gjarnan, hæstv. forseti, fá að mæla fyrir brtt. sem ég flyt við sama frv., brtt. sem var nokkuð seint fram komin en ég hygg að hafi verið leyfð við atkvæðagreiðslu í dag um afbrigði.

Meiri hluti efh.- og viðskn. hefur að sjálfsögðu fjallað um þetta mál og leggur til breytingar í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi að á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi: Lokamálsliður 48. gr. laganna fellur brott. Þetta vísar til laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en meiningin er að sá þáttur málefna fatlaðra sem þar um ræðir fari til sveitarfélaganna samkvæmt samkomulagi þar að lútandi.

Í öðru lagi er lagt til að framlengd verði heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið úr samsvarandi greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað, að heimilt verði að nota á árinu 1998 200 millj. í þessu skyni eins og á fyrra ári.

Hæstv. forseti. Sú brtt. sem ég flyt er þess efnis að 2. gr. frv. falli niður, en sú grein fjallar sem kunnugt er um breytingu á lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni, framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Í greininni var gert ráð fyrir að þrátt fyrir 4. gr. þessara laga, þ.e. laga nr. 27/1995, yrði framlag ríkissjóðs vegna þessa átaksverkefnis aðeins 12,5 millj. en meiningin er sem sé sú að þetta skerðingarákvæði falli niður og að ríkissjóður verji 25 millj. kr. til verkefnisins en ekki 12,5 millj.

[22:22]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998. Til þess að menn viti við hvað er átt þá heitir það bandormur í daglegu máli.

Við höfum fjallað um þetta mál á venjubundinn hátt þó að tíminn hafi verið í styttra lagi til að fara ofan í saumana á því. Það tókst þó að senda fagnefndum einstaka þætti málsins til umsagnar og verður af og til vísað í þær á eftir í áliti minni hlutans, ýmist í umsagnir einstakra nefnda eða í umsögn minni hluta þegar það á við.

Herra forseti. Það vill svo til að ræðumanni hefur láðst að taka með sér sjálft þskj. með frv. ef velviljaðir menn mundu bjarga því, en ef minni mitt svíkur ekki, þá er 1. gr. um skerðingu á framlögum til endurbóta menningarbygginga. Eins og nokkur síðastliðin ár leggur hæstv. ríkisstjórn til að þessi gagnmerki tekjustofn sem var settur á til að fjármagna gjöfina sem þjóðin gaf sjálfri sér í gleðivímu á hátíðinni 1974, að byggja þjóðarbókhlöðu. Tók nokkur ár að velta því máli fyrir sér og lítið var um peninga. Þá var gripið til þess ráðs að leggja á sérstakan eignarskattsauka og hann var eyrnamerktur því verkefni að standa straum af byggingarkostnaði við þjóðarbókhlöðu. Sú bygging var býsna lengi að rísa eins og kunnugt er og nokkur hlé urðu á framkvæmdum við hana en þó var það fyrir tilstuðlan þessa tekjustofns að kraftur komst í það mál loksins á nýjan leik og byggingin var kláruð. En eins og fara vill stundum með fleiri tekjustofna eða skatta, þegar þeir eru einu sinni komnir á þá vilja þeir verða lífseigir og var ákveðið að láta nú ekki staðar numið við þessa innheimtu heldur breyta henni og taka inn heimild í lögin til að ráðstafa tekjum af þessum sérstaka eignarskatti í fleiri menningarverðmæti. Næsta stóra þrekvirki sem við tók á eftir Þjóðarbókhlöðunni var að gera byggingar á Bessastöðum fokheldar á nýjan leik og rúmlega það að vísu og er það nokkurn veginn í höfn, eins og kunnugt er, að endurreisa þann merka stað. Þá hafa menn horft til þess að næst kæmi röðin að öðrum slíkum stórbyggingum á menningarsviðinu. Þar hefur helst verið horft til Þjóðminjasafnsins hygg ég eða alla vega er það eitt af þeim brýnu verkefnum sem menn vita að bíður. Það er löngu kunn staðreynd að Þjóðminjasafnið hefur lekið og þar hefur þurft að hafa bala undir dögum oftar í vætutíð og má auðvitað ekki við svo búið standa að sjálfar þjóðminjarnar liggi undir skemmdum. En þá ber svo við að hæstv. ríkisstjórn hefur á síðustu árum og einkum nú í góðærinu gengið lengra í að skerða þann tekjustofn en áður hefur verið gert. Og nú er gert ráð fyrir því í miðju góðærinu að 200 millj. af þessum tekjustofni, sem er upp á rétt um 500 millj., renni beint í ríkissjóð samanborið við að á fjárlögum yfirstandandi árs eru þetta 150 millj. og var enn minna árið þar áður ef ég man rétt. Þetta er nokkuð athyglisvert og ber ákveðinni forgangsröðun vitni hjá hæstv. ríkisstjórn. Við skulum segja að þetta sé mælikvarði, ekkert verri en hver annar, á metnað hæstv. ríkisstjórnar í menningarmálum og þá vantar hæstv. menntmrh. hér til að standa fyrir máli sínu í þeim efnum en meðan því er ekki á móti mælt, þá leyfum við okkur að líta svo á, herra forseti, að þetta sé til marks um hnignandi metnað ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. menntmrh. í menningarmálum, að í miðju góðærinu er þessi tekjustofn skorinn enn frekar niður en áður var. Reyndar er það umhugsunarefni, herra forseti, hvort landið

sé orðið ríkisstjórnarlaust eða a.m.k. er þingsalurinn orðinn ríkisstjórnarlaus og það er náttúrlega mjög bagalegt að halda þannig fram umræðunni að enginn ...

(**Forseti** (RA): Það munu vera tveir hæstv. ráðherrar í húsinu.)

Það er ekkert annað. (**Gripið fram í:** Hvernig væri að fá þá í salinn?) Hvernig væri, já, að gera þeim viðvart um að umræður færu fram hér? Það er ekki búið að fresta fundi.

Herra forseti. Margir fagráðherrar eiga hér efni undir og þó að hæstv. fjmrh. hafi verið á staðnum, sem eðlilegt er og ágætt, þá er það að vísu svo að það er hæstv. forsrh. sem flytur málið, þar sem um er að ræða bandorm sem heyrir undir mörg ráðuneyti. Síðan er það þannig að efni málsins samkvæmt ættu að vera hér menntmrh., félmrh., heilbr.- og trmrh. og samgrh., svo það minnsta sé upp talið sem hér á í hlut. Hér eru reyndar mál sem tengjast fleirum eins og dómsmrh. hygg ég og landbrh. en það er kannski minni háttar atriði.

Í öðru lagi, herra forseti, var og er í 2. gr. frv. alveg kostulegur liður. Þar ætlaði hæstv. ríkisstjórn af rausnarskap sínum að verða sér úti um 12,5 millj. kr. sem átti samkvæmt ákvörðun Alþingis og sérstökum lögum að fara í að gera átak í eflingu lífrænna og vistvænna búskaparhátta í landinu. Þetta var tímabundið og afmarkað átak með tilteknum fjárveitingum í ein fjögur ár og samkvæmt þessari áætlun áttu 25 millj. kr. að fara í það verkefni á næsta ári og þykir víst ekki mikið miðað við það sem við sjáum gerast víða í kringum okkur þar sem miklir fjármunir eru settir í að reyna að þróa atvinnuhætti og ekki síst búskaparhætti í landbúnaði í átt til umhverfisvænna og vistvænna lífrænna búskaparhátta eða hvað það nú heitir allt saman. Þess vegna vakti þetta athygli, herra forseti, svo vægt sé til orða tekið, að ríkisstjórnin væri svoleiðis á nástráinu að hún gripi til þess ráðs að skerða þennan lið. Þetta vakti harða andstöðu. Þessu mótmæltu Bændasamtökin, þessu mótmælti öll landbn. eins og hún leggur sig og örugglega margir fleiri og stjórnarandstaðan tók þetta upp strax við 1. umr. málsins. Það hefur þó borið þann ávöxt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., mælti fyrir þeirri stórkostlegu breytingu á frv. að 2. gr. skyldi falla niður. Það eru auðvitað tímamót í sögunni að ríkisstjórnin skuli hafa fyllst svona taumlausri rausn og gæðum (**Gripið fram í:** Ekki ríkisstjórnin.) Væntanlega er það í stuðningi við hana sem þetta er borið hér fram. Ekki á ég von á því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson flytji þetta að hæstv. forsrh. forspurðum.

Eftir stendur þá eðlilega ekkert annað en skömmin af því að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar skyldi láta sér detta í hug að leggja þetta til. Það er með þvílíkum endemum. Maður veltir því fyrir sér hvernig þetta fari fram þegar þetta leitarljós er sett á. Hvar eru einhverjir aurar sem hægt er að ná í? Svo stoppa menn allt í einu. Heyrðu, átaksverkefnið um lífræna ræktun í landbúnaði, það væri kannski hægt að kreista af því nokkrar milljónir? Og þá er það bara gert. Menn sem stóðu að því fyrir fáeinum árum og áttu aðild að einróma samþykkt Alþingis um að gera tiltekið tímabundið afmarkað og í raun hóflegt verkefni, ákaflega lítið í sniðum í raun og veru, og hreinir smáaurar sem þarna eru á ferð, láta sér ekki bregða við að koma með skerðingarfrv. af þessu tagi í miðju góðærinu og ætla að klípa helminginn af þessu í ríkissjóð. Það er mikið örlæti og mikil rausn.

Herra forseti. Þá kem ég næst að 3. og 4. gr. frv. þar sem vikið er að framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er nú spurning hvar viðkomandi hæstv. ráðherra er á vegi staddur. Ég fór aðeins að athuga það í dag hvernig högum sjóðsins væri háttað og hvort það væri í beinu samræmi við það sem lesa mætti út úr umsóknum til sjóðsins og þörfinni á fjárveitingum þaðan, að leggja til meiri skerðingu á mörkuðum tekjum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra en nokkru sinni fyrr í sögunni. Hefur fötluðum fækkað á Íslandi? Hefur dregið úr umsóknum til sjóðsins um framkvæmdir? Svarið við hvoru tveggja er nei. Það er mat margra að nú sé verra ástand á nýjan leik hvað varðar nauðsynlegar úrbætur í málefnum fatlaðra en verið hefur um skeið. Það merkja menn m.a. af því að einungis er hægt að verða við líklega u.þ.b. þriðju hverri umsókn, eða þriðjungi af þeim beiðnum í fjárhæðum talið, sem lætur nærri að vera það sama sem til sjóðsins koma. Afleiðingin er m.a. sú að miklir biðlistar eru eftir því að komast á sambýli og komast að hjá fleiri slíkum stofnunum, sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur staðið fyrir að byggja og lagt til fjármagnið til að byggja. Sérstaklega er ástandið slæmt í stærri sveitarfélögum þar sem þörfin fyrir úrlausn í þessum efnum hefur verið að vaxa að einhverju leyti vegna búferlaflutninga og vegna þess að fleiri leita úrlausna á sínum málum innan stærstu sveitarfélaganna. Í Reykjavík, Reykjanesi og víðar eru langir biðlistar, mikil þörf fyrir framkvæmdafé og afar sérkennilegt að menn skuli þá, í miðju góðærinu, hjóla í þennan framkvæmdasjóð og leika hann verr en nokkru sinni fyrr.

Það mun vera svo, er það ekki, að þessi sjóður er á verksviði hæstv. félmrh.? Og það mun vera svo að hæstv. félmrh. sé ráðherra málefna sveitarfélaganna? Og það mun vera svo að þetta sé málaflokkur sem ætlunin er að færa yfir til sveitarfélaganna, er það ekki? Það skyldi nú ekki vera. Þá vil ég leyfa mér að spyrja, herra forseti, á hvað vísar það að árið áður eða kannski á síðustu árum, alla vega áður en þessi málaflokkur færist til sveitarfélaganna, hjólar ríkisstjórnin í Framkvæmdasjóð fatlaðra og skerðir tekjur hans meira en nokkru sinni fyrr? Og hvað mun þá gerast? Hvort tveggja mun gerast að meiri uppsöfnuð þörf verður fyrir framkvæmdir á þessu sviði þegar málaflokknum verður velt yfir á sveitarfélögin. Það gerist líka annað. Viðmiðunin um útgjöldin sem ríkið hefur borið af þeim málaflokki árin á undan verður lækkuð. Og menn segja: Ja, það voru ekki nema 185 millj. kr. sem fóru í þetta af ríkistekjum og sveitarfélögin þurfa þá ekki að reikna með nema svipuðu þegar þau taka við pinklinum. Þekkjum við ekki þetta módel, herra forseti? Jú, ætli það ekki. Þetta er nákvæmlega módelið með grunnskólann upp á nýjan leik. Hvernig stóðu menn að því að undirbúa yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna? Með því að skera niður framlögin. Með því að fresta öllum umbótum þannig að þegar verkefninu var svo velt yfir á sveitarfélögin beið gífurleg uppsöfnuð þörf í framkvæmdum við að einsetja grunnskólann og ekki síst í væntingum kennara um launahækkanir. Og hvað hefur komið á daginn? Það hefur allt gengið eftir sem varað var við í sambandi við það að sveitarfélögin keyptu í raun köttinn í sekknum, kannski ekki gráa köttinn, en alla vega þennan venjulega kött í sekknum. Ætla menn að gera það á nýjan leik með þessu móti? Ég spái nei. Ég spái því að sveitarfélögin muni verða betur á verði. Ég vona a.m.k. að þau verði það.

Mér finnst þetta ekki vita á gott og ég vil leyfa mér að spyrja, herra forseti: Eru einhverjar líkur á því að hæstv. félmrh. geti komið til fundar áður en við ljúkum þessari umræðu og helst áður en ég lýk máli mínu, þannig að ég

geti þá komið að þessu máli aftur áður en svo verður? Mér finnst það satt best að segja alveg ástæðulaust, herra forseti, að ég sé að standa hér og halda ræður þegar enginn einasti hæstv. ráðherra nennir að vera í salnum til að fylgjast með umræðum. (**Fjmrh.:** Það er hlustað á hv. ræðumann. Hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því.) Bara alls engar áhyggjur? (**Fjmrh.:** Nei.) Það er aldeilis öldin önnur. Er það kannski starfandi hæstv. félmrh. sem er svona kokhraustur hérna í salnum? (**Fjmrh.:** Nei.) Nei. En hann er alla vega með fallegt bindi, þessi ráðherra, það má hann eiga.

Herra forseti. Ég fer vinsamlegast fram á að þessi umræða geti farið eðlilega fram. Hér er um að ræða bandorm sem er fluttur af hæstv. forsrh. sem reyndar hefur ekki sést hér mikið, og síðan á hver fagráðherrann af öðrum mál sem eru þannig faglegs eðlis að eðlilegt er að óska eftir nærveru þeirra, fullkomlega eðlilegt. Ég virði að sjálfsögðu viðveru hæstv. fjmrh. sem mér er ljóst að er á vissan hátt yfirráðherra í öllum fagráðuneytunum, eins og margoft hefur komið fram, enda hegðar hann sér sem slíkur. Hér er greinilega ástæðulaust að vera að óska eftir hæstv. félmrh. meðan hæstv. yfirfélmrh., Friðrik Sophusson, er viðstaddur. En ég hefði samt gjarnan viljað heyra svör hæstv. félmrh. við þeim þáttum sem lúta að þeirri svakalegu útreið sem Framkvæmdasjóður fatlaðra og málefni fatlaðra eru að fá í ljósi væntanlegrar yfirtöku sveitarfélaganna á málaflokknum. Því það teiknar allt til þess, herra forseti, að það eigi að leika sama leikinn upp á nýtt eins og gert var með grunnskólann. Skera málaflokkinn niður, spara ríkissjóði útgjöld eða öllu heldur láta ríkissjóð njóta í formi aukinnar skerðingar á mörkuðum tekjum málaflokksins árin áður en hann færist yfir til sveitarfélaganna, láta þar með þörfina hlaðast upp óleysta, biðlistana eftir sambýlunum lengjast og svo verður þessu hent í sveitarfélögin og þá verður til viðbótar sagt, af því það fór svona lítið til málaflokksins árin á undan, þetta er ekki dýrara en þetta. En ég held að hæstv. ríkisstjórn muni ekki geta leikið þennan leik, alla vega ekki oft. Menn verða ekki það bláeygir að þeir láti bjóða sér þetta oft.

Burt séð frá þessu, sem er að vísu hið alvarlegasta mál, þá er þörfin í málaflokknum slík að ekki er hægt að fallast á að hún verði afgreidd á þennan hátt og það mitt í sjálfu góðærinu. Það góðæri er alla vega ekki þarna, það er ekki hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra eða fötluðum yfirleitt og má svo sem einu gilda hvort þá er rætt um framkvæmdaflokkinn, það sem til rekstrar fer á þessu sviði eða þau kjör sem þessi hópur býr við. Ég hygg það hallist ekki á hvað aumast er í þeim efnum.

Herra forseti. Þá vík ég næst að málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs, og þar er sömuleiðis ástæða til að lýsa eftir hæstv. ráðherra. Við höfum áður komið inn á það sem frv. felur í sér að skerða tekjur sjóðsins eða henda í hann verkefnum upp á 100 millj. kr. sem er auðvitað afar vond aðferðafræði, að blanda þessum sjóði inn í rekstrarþætti af þessu tagi. Þetta er sjóður sem er fjármagnaður af atvinnulífinu til að byggja upp inneignir eða að eiga fyrir greiðslum þegar atvinnuleysi herjar á í landinu, sem hefur því miður gert um nokkurt árabil í talsverðum mæli. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að í þessum efnum eins og mörgum fleirum eigi menn að reyna að sýna búhyggindi og leggja fyrir þegar betur árar. Á tímum minnkandi atvinnuleysis eða óverulegs atvinnuleysis eigi að byggja sjóðinn upp, a.m.k. til að hjálpa til við að mæta áfallinu og jafna sveifluna þegar atvinnuleysi vex á nýjan leik. Við verðum því miður að reikna með að það geti gerst hér hjá okkur aftur eins og hefur gerst að tímabundin erfiðleikaár komi í öllu falli, jafnvel viðvarandi atvinnuleysistímabil, sem við vonum að komi ekki, þá væri gott að eiga eitthvað í þeim sjóði. Þar af leiðandi er ég ekkert sérstaklega hrifinn af þeirri breytingu frv. í 12. gr. að lækka endilega strax og eitthvað dregur úr atvinnuleysinu alveg til jafns við spár um inngreiðslur í sjóðinn, vegna þess ég sæi ekkert eftir því þótt hann braggaðist eitthvað á nýjan leik. Það kom sér t.d. ágætlega að hann var ekki alveg á kúpunni þegar atvinnuleysið rauk af stað á árunum eftir 1991. (**Fjmrh.:** Hann var nú alveg á kúpunni þá.) Hann var nú ekki alveg á kúpunni, herra forseti, ef ég man rétt, hæstv. ráðherra. Annars getum við farið yfir það.

En hitt er, herra forseti, það alvarlega, að þeirrar tilhneigingar hefur gætt hjá hæstv. ríkisstjórn, og hún heldur áfram hér, að hengja bagga á þennan sjóð, verkefni sem áður voru greidd úr ríkissjóði og engin sérstök rök mæla svo sem með að Atvinnuleysistryggingasjóður borgi, þó að ýmislegt megi tengja við hann með góðum vilja. Það má svo sem segja að öll vandamál sem geta hugsanlega tengst atvinnuleysi séu í sjálfu sér að einhverju leyti um leið vandamál Atvinnuleysistryggingasjóðs. En hve langt ætlar hæstv. fjmrh. að ganga í þeim efnum? Ég hygg að miklu hyggilegra sé að hafa hreint borð. Hafa sjóðinn hreinan Atvinnuleysistryggingasjóð og láta ríkissjóð bera það sem hann hefur áður borið í einhverjum skyldum verkefnum.

En það er, herra forseti, einnig ástæða til að óska eftir nærveru hæstv. félmrh. út af ýmsum öðrum þáttum sem stöðu atvinnuleysisbótanna tengjast. Hér var á dagskrá fyrir skömmu, ég hygg í gær, fyrirspurn þar sem spurst var fyrir um frammistöðu hæstv. ráðherra í þessum málum og svörin sem þar komu, ef svör skyldi kalla, og öll frammistaða hæstv. ráðherra er náttúrlega þannig að tæpast er hægt að sleppa hæstv. ráðherra við það að standa betur fyrir máli sínu en þar var gert. Það kom sem sagt á daginn að hæstv. ráðherra smyglar í gegn lögum, breytingum, án þess að láta nokkurn mann vita af því að í þeim felist eða að í framhaldi af þeim komi aðgerðir sem verði til þess að skerða verulega atvinnuleysisbætur hjá stórum hópi fólks sem ekki nær, samkvæmt nýrri skilgreiningu hæstv. ráðherra, að fullnægja skilyrðum um að hafa verið í fullu starfi. Og þegar þessi ósköp uppgötvast þá á að vísu að heita svo að leiðrétta eigi mistökin en þá er það gert svo óhönduglega að ekkert kemur út úr því og við það situr. Þetta er svo yfirgengileg frammistaða, herra forseti, hjá hæstv. félmrh. í málefnum atvinnulausra að engu tali tekur. Og kórónan á hneykslinu er náttúrlega sú sem tengist málefni þessa frv. beint, að verið er að leggja til breytingar þar sem að nokkru leyti gengur til baka sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að afnema tengingu lífeyrisbóta og atvinnuleysisbóta við laun sem var nú lausnarorðið hjá hæstv. ríkisstjórn í desember 1995. Þá var það voðalega fínt og móðins og flott að afnema svona sjálfvirkni. Það hét það. Svona skaðleg sjálfvirkni. Orðið sjálfvirkni var orðið vandamál í huga ríkisstjórnarinnar. Það varð að hverfa út, þurrkast út af prenti alls staðar. Það mátti ekki lengur hafa þær reglur að lífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar, atvinnulausir og þeir sem bóta njóta eða stuðnings úr velferðarkerfinu, nytu sambærilegra kjarabóta með tryggum hætti og aðrir í þjóðfélaginu. Það hét sjálfvirkni og var stórhættulegt, skammarorð. Í framhaldinu reis auðvitað upp mikil óánægjubylgja og ég kem betur að því síðar, herra forseti, þegar ég kem að 9.–11. gr. frv. en þar er þó verið að bakka með þau áform og setja

þau aftur a.m.k. á tiltekinn hátt í samband við launaþróunina í landinu en atvinnuleysisbæturnar ekki.

Það eru engin sambærileg ákvæði í 5. eða 6. gr. um atvinnuleysistryggingar sem ættu að vera í bandormsfrv. ef hæstv. félmrh. hefði haft sambærilegan árangur í málinu og hæstv. heilbr.- og trmrh. Þá er ekki annað eftir en það að annaðhvort er hæstv. félmrh. svona linur, svona slappur eða mönnum svona illa við hann í ríkisstjórninni að farið er verr með hann en hæstv. heilbr.- og trmrh. eða þá að hæstv. félmrh. er á móti því að hafa þetta sama fyrirkomulag, þannig að umbjóðendur hans, í þessu tilviki atvinnulausir, eigi að sitja eftir og fá ekki sambærilega tengingu, hvað sem menn svo vilja segja um útfærsluna á því, eins og þó er verið að setja í samband á nýjan leik fyrir lífeyrisþegana. Hvaða rök standa til þess að atvinnulausir eigi að vera verr tryggðir í þessu efni en lífeyrisþegar? Ég hef ekki heyrt þau nema þau séu þessi, að félmrh. sjálfum eða ríkisstjórninni sé verr við atvinnulausa en aldraða og telji að síður sé ástæða til að rétta þeirra hlut á nýjan leik. Ef til vill er það vegna þess að atvinnulausir hafa ekki átt jafnöfluga málsvara og ekki náð að mynda jafnkraftmikinn þrýstihóp úti í þjóðfélaginu og öldruðum er þó að takast, og það er vel, því að að einhverju leyti eru þeir að uppskera samtakamátt sinn nú, í gegnum það að hæstv. ríkisstjórn er hrakin á flótta hvað varðar málefni þeirra, en atvinnulausir liggja óbættir hjá garði. Þetta er þá sem sagt hópurinn sem hæstv. ríkisstjórn telur sér sæma að fara svona með. Það er auðvitað reginhneyksli, að mínu mati, herra forseti, að þeir skuli ekki fá sambærilega meðferð og lífeyrisþegar í almannatryggingakerfinu. Þeir hópar hafa jafnan fylgst að. Orðalagið um tengingu þeirra bóta við launaþróun hefur verið sambærilegt, gott ef ekki var að einhverju leyti tekið mið af sömu viðmiðunarhópum. Þar af leiðandi er algjörlega brotið í blað þegar klofið er upp á milli þessara hópa og atvinnulausir skildir eftir úti í kuldanum. Það er stórmannlegt eða hitt þó heldur, herra forseti.

Þá kem ég næst að 8.–11. gr. frv. þar sem fjallað er um breytingar á lögum um almannatryggingar, en þar kemur að því, herra forseti, eins og ég áður kom inn á og drap á, að hæstv. ríkisstjórn er þó að bakka að verulegu leyti með þá ákvörðun sem hún tók undir í lok ársins 1995 og gekk í gildi á árinu 1996, að afnema tengingu bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu. Ríkisstjórnin er þarna á flótta undan þeirri miklu og almennu óánægju sem breiðst hefur út í þjóðfélaginu meðal elli- og örorkulífeyrisþega með þessa ráðstöfun, sem stjórnarandstaðan hefur frá upphafi gagnrýnt mjög harðlega og barist gegn. Það verður að vísu að segjast, herra forseti, að því miður er sú leið valin í frv. að ganga frá málinu með nokkuð óljósu orðalagi eða ekki eins skýru og við hefðum kosið en í 9. gr. segir: „Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Í umræðum um þetta mál skýrðist að vísu nokkuð í svörum forsrh. hvað fyrir mönnum vakir í þessum efnum og var það vissulega til bóta. Við erum eftir sem áður þeirrar skoðunar í minni hlutanum að æskilegast hefði verið að ganga frá þeirri tengingu við launaþróun eða launavísitöluna, sem væri eðlilegur mælikvarði, með skýrum hætti og tökum þar undir álit minni hluta heilbr.- og trn., sbr. fskj. IV með þessu nál. Það er einnig rétt, herra forseti, að vekja athygli á því að með breytingunum á 59. gr. og fjárhæðum 17. gr. er verið að afnema þá tryggingu sem í þeim greinum hefur falist og var látin í friði 1995. Á hinn bóginn skulu þessar upphæðir tengjast launaþróun á sama hátt og almennir bótaliðir, sbr. 9. gr. frv. Yfirlýsingar hæstv. forsrh. í umræðum við 1. umr. er þó tæpast hægt að túlka öðruvísi en þannig að í reynd skuli þessar upphæðir fylgja launaþróun, fylgja beinlínis launaþróun og launavísitölu. Í trausti þess að við þetta verði staðið og í ljósi þess að fyrirhugaðar breytingar eru þó til bóta frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1995 — það er verið að bakka með hana að verulegu leyti, þá ákvörðun að taka bótagreiðslur alveg úr sambandi — þá leggjumst við í minni hlutanum ekki gegn þeim. Við minnum hins vegar á þá skoðun okkar eftir sem áður að réttast væri að tryggja beint og ótvírætt að lífeyrisþegar njóti að sínu leyti launahækkana og bættra kjara almennt í þjóðfélaginu. Það hefur verið dálítið rætt um það, herra forseti, hvar sá hópur er á vegi staddur, borið saman við launamenn eða aðra hópa í þjóðfélaginu. Því miður er kannski ekki til að dreifa nýjum eða vönduðum samanburðargögnum í þeim efnum. Ég fór þó í skýrslu sem dreift var á síðasta þingi. Það er skýrsla hæstv. forsrh. um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996, samkvæmt beiðni sem við þingmenn Alþýðubandalagsins og óháðra lögðum fram. Í þeirri skýrslu eru nýlegar og reyndar nýjustu upplýsingar sem ég hef undir höndum um nákvæman samanburð á stöðu þessa hóps við þróun launavísitölu eða neysluverðsvísitölu. Þar er reyndar bæði að finna upplýsingar um stöðu atvinnulausra og kaupmátt þeirra og einnig útkomuna fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Ljóst er að á þessu árabili og miðað við stöðuna í lok árs 1996 hafa þessir hópar dregist aftur úr. Sérstaklega á það við elli- og örorkulífeyrisþegana. Ef tekinn er t.d. ellilífeyrir með tekjutryggingu og heimilisuppbótum og hafi hann verið 100 á árinu 1990, þá er hann 97,1 í árslok 1996. Inn í þá mynd vantar algerlega þær breytingar sem gerðar voru á árunum á undan, öldruðum í óhag, hvað varðar til að mynda lyfjakostnað, komugjöld á heilbrigðisstofnanir og fleira af því taginu. Það er því enginn vafi á því að kjör hópsins hafa rýrnað meira en fram kemur í þessum tölum og það er í reynd óumdeilt. Það eru því síður en svo rök að sækja í þróun kaupmáttar bóta þessa hóps undanfarin ár fyrir því að láta hlut þeirra vera lakari en annarra nú þegar heldur betur árar í þjóðarbúskapnum. Það er sannarlega ekki svo, herra forseti.

Herra forseti. Ég vík því næst að 13. gr. frv. þar sem fjallað er um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Í frv. er lagt til eins og það stendur nú, skv. 13. gr. að litlar 1.064 millj. kr. af innheimtumörkuðum tekjum til vegamála skuli renna í ríkissjóð á árinu 1998. Með þessu er gengið lengra í skerðingu á mörkuðu vegafé en nokkru sinni fyrr í sögunni. Hæstv. samgrh. Halldór Blöndal, sem hét það a.m.k. síðast þegar ég vissi til, slær ótvírætt Íslandsmet í því að skerða vegafé og það einmitt og þrátt fyrir að tekjuaukinn sé mikill vegna aukinna tekna af umferð. Þessi skerðing upp á 1.064 millj. borin saman við 804 í fyrra, og þótti mönnum þó nóg um, er rúmlega 250 millj. kr. meiri, og borið saman við tæpar 650 millj., einhvers staðar þar á bilinu, sem áætlaðar voru samkvæmt fyrirliggjandi vegáætlun á árinu 1998, er auðvitað ótrúleg útreið á þessum málaflokki. Og þeim mun ótrúlegri þar sem ljóst er að nú stendur til að leggja fram vegáætlun, bæði skammtímavegáætlun og langtímavegáætlun. Þessi útkoma er þeim mun ótrúlegri og óskiljanlegri sem það er ljóst að aukin umferð,

aukinn bílainnflutningur, aukin bensínsala skilar ríkissjóði gífurlega auknum tekjum þannig að ríkissjóður ætti að geta vel við unað, þó að Vegasjóður fengi að halda sínu. Græðgin í hæstv. fjmrh. er náttúrlega alveg yfirgengileg að geta ekki séð tekjuauka Vegasjóðs í friði og sætt sig við að fá þann búhnykk sem auknir umferðarskattar sem sjálfkrafa renna til ríkisins í formi allra aðflutningsgjalda, í formi stórs hluta af bensín- og þungasköttum, og fleiri sköttum af umferðinni, bifreiðagjöldunum, fastagjöldunum og öllu því. Það er svo komið að skattar af umferð í landinu eru komnir hátt á þriðja tug milljarða, í 24–25 milljarða kr. Af því hefur Vegasjóður ekki nema mikinn minni hluta, milli 7 og 8 milljarða, eða hvað það nú er. Það er ekki sami Vegasjóður og áður var vegna þess að yfir á hann er búið að velta nýjum verkefnum í stórum stíl t.d. öllum ferjurekstri í landinu sem áður var greiddur beint úr ríkissjóði. Þegar öll kurl koma til grafar er skerðingin á hinu almenna vegafé alveg fantaleg. Það er von að illa gangi og von að menn séu að verða vitlausir út um allt land og einnig í Reykjavík vegna þess að það gengur ekki neitt að koma upp nauðsynlegum samgöngumannvirkjum. Hvers vegna fær ríkissjóður auknar tekjur? Er það ekki vegna þess að bílunum fjölgar og menn keyra meira? Þess vegna selst meira bensín. Og hvað ætti það að vísa, herra forseti, hæstv. fjmrh. á? Það ætti að vísa öllum hugsandi mönnum á að leggja þarf meira í samgöngurnar og vegina vegna hinnar auknu umferðar. Það segir sig sjálft. Þetta getur því ekki endað nema með ósköpum ef ríkissjóður hirðir til sín allan tekjuaukann og rúmlega það og skilur Vegasjóð eftir á köldum klaka eða möl, sem væri kannski nær að orða það þessa dagana miðað við hlýindin. Malarvegirnir styttast því lítið við þessar aðstæður.

Sé útreiðin sem hæstv. félmrh. fær í því formi að hann er settur skör lægra og fær verri úrlausn sinna mála eða öllu heldur pínir hæstv. fjmrh. hann meira en hæstv. heilbr.- og trmrh. að vissu leyti, er útreiðin sem hæstv. samgrh. fær náttúrlega langverst. Það eru þvílík ósköp sem hæstv. samgrh. fær á sig í þessum efnum að ég held að leitun sé á öðru eins, alla vega við sambærilegar aðstæður, að ráðherra, sem hefur yfir framkvæmdamálaflokki af þessu tagi að segja þegar líður á síðari hluta kjörtímabils og kosningar nálgast í bullandi góðæri og með mikinn tekjuauka, skuli þurfa að sætta sig við að vera skorinn gjörsamlega niður við trog. Meira ár frá ári og maður spyr sig hvar í ósköpunum þetta endi. Ef sambúð og samskipti hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. verða áfram með þessum hætti er auðvelt að framreikna hvenær tekjur Vegasjóðs verða komnar niður í núll. Það er bara í upphafi næstu aldar sennilega, sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson yrði þá búinn að hirða allar tekjurnar ef hann fær að hrammsa svona meira og meira til sín ár frá ári. Þetta getur auðvitað ekki gengið svona. Það er alveg ljóst. Og eins og það séu nú ekki búin að vera nóg skakkaföllin á árinu hjá hæstv. samgrh. í sambandi við Póst og síma og fleiri mál þótt þessi ósköp þurfi ekki að bætast við.

Herra forseti. Einhverjar tilraunir voru einnig gerðar til að fá hæstv. samgrh. hingað við 1. umr. málsins. Þær báru lítinn árangur ef ég man rétt. Sama á við um hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh., en ég hygg að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi reyndar verið hér og jafnvel tekið þátt í umræðum við 1. umr. málsins, og ber að virða það. Ég held þessu til haga og leyfi mér að fara fram á að af hálfu forystu þingsins verði séð til þess að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en þeir hæstv. ráðherrar sem hér voru taldir upp hafa látið sjá sig við umræðuna og staðið fyrir máli sínu. Til að greiða fyrir þingstörfunum ætla ég ekki að krefjast þess að þeir verði dregnir hingað núna úr því svona djúpt er á þeim eins og raun ber vitni, að ítrekaðar óskir um að fá einhverja af þeim hingað bera ekki árangur. Það mætti hugsanlega grípa til þess ráðs að auglýsa í útvarpinu eftir ríkisstjórninni, að hennar sé óskað í Alþingishúsinu. Til dæmis mætti koma því að núna í ellefufréttunum. Fyrir mitt leyti mundi ég sætta mig við að séð yrði til þess að þeir hæstv. fagráðherrar sem eiga stærstu málin undir í frv. yrðu viðstaddir umræðuna áður en henni lýkur í kvöld eða á morgun.

Herra forseti. Svipaða sögu er að segja af flugmálunum sem 14. gr. frv. fjallar um þótt skerðingin þar sé e.t.v. ekki jafntilfinnanleg alla vega ekki fyrir jafnmarga og skerðingin í vegamálunum. Það er þó þannig að martröðin er öll að ganga eftir, því miður, sem spáð var þegar fyrst var fyrir þremur árum eða svo byrjað að skerða flugmálaáætlunina. Þá kom fram tillaga um að skerða framkvæmdafé flugvalla um 75 millj. eða svo vegna rekstrar Flugmálastjórnar. Eftir hörð átök í þinginu var það lamið niður í 45 millj., ef ég man rétt, og það var eyrnamerkt því að það færi til snjómoksturs og einhverra slíkra afmarkaðra, skilgreindra verkefna á vegum Flugmálastjórnar. Því er ég að rifja þetta upp, herra forseti, að nú er hins vegar svo komið að verja á 190 millj., ef ég man rétt, til rekstrar Flugmálastjórnar og 60 millj. til viðbótar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá er nú fokinn drjúgur hluti af framkvæmdafé flugmálaáætlunarinnar og þó eru þar fram undan mörg og stór verkefni og nánast grettistök eins og þau að fara í framkvæmdirnar á Reykjavíkurflugvelli. Þær hljóta að sjálfsögðu að tefjast og blæða og líða fyrir þetta sem þessu nemur. Þá hrottalegu skerðingu sem hefur vaxið úr nánast engu og upp í hátt á þriðja hundrað millj. á um þremur árum er náttúrlega óhjákvæmilegt að gagnrýna. Þetta er skólabókardæmi um það hvernig lagt er af stað með lítið og menn fengnir til að kyngja minni háttar skerðingu í fyrstu umferð, á fyrsta árinu. Síðan vex hún ár frá ári og áður en við er litið er obbi teknanna horfinn úr málaflokknum og orðinn að hreinum skattstofni fyrir ríkið. Auðvitað þarf ríkissjóður sitt og allt það. Það vitum við. Málið snýst ekki endilega um það hvort ágreiningur sé um þörfina fyrir tekjuöflunina heldur hitt hvort á ferðinni sé málaflokkur annars vegar sem megi missa þessar tekjur og hins vegar hvort í hlut eigi skynsamlegur skattstofn. Hvað er flugvallargjaldið, herra forseti? Það er ekkert annað en álögur á flugfarþegana, þar á meðal flugfarþega í innanlandsflugi, bæði farþegaskatturinn og skatturinn á flugrekendur. Þá hefur nákvæmlega það gerst á þremur árum sem maður óttaðist og spáði að hinn harkalegi ósanngjarni skattstofn er orðinn að fjáröflunartæki í höndum ríkisins. Skattur ofan á flugfargjöld innan lands sem hafa verið allt of há og þótt þau hafi tímabundið lækkað vegna samkeppni sem reyndar eru að því er virðist teikn á lofti um að engar forsendur séu fyrir og þau muni hækka á nýjan leik, þá breytir það ekki því að t.d. á þeim flugleiðum þar sem ekki er um neina samkeppni að ræða eru þessi fargjöld mjög há. Þau eru mjög íþyngjandi fyrir þá sem ekki eiga annan kost en nota flugið t.d. þegar þeir þurfa að leita sér sérhæfðrar læknisþjónustu milli landshluta. Álögur af þessu tagi sem eru orðnar að skattstofni fyrir ríkið eru ekki sanngjarnar, herra forseti.

Að lokum í sambandi við samgöngumálin vil ég vitna í álit samgn., þ.e. álit samgn. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998. Það er athyglisvert að eins og í landbn. þar sem mótmælt var

skerðingunni á framlögum til lífrænna búskaparhátta þá mótmælir samgn. eins og hún leggur sig í heild sinni, stjórn og stjórnarandstæðingar, þessari miklu skerðingu til samgöngumála. Bent er á það í álitinu að skerðingin var 18–19% í fyrra og nú á að bæta mörgum prósentum við, a.m.k. eins og mál standa enn þá samkvæmt frv. Mér er að vísu kunnugt um að einhverjar æfingar standi yfir í bakherbergjum að reyna að skrúfa upp tekjuáætlun Vegasjóðs til að hægt sé a.m.k. á prenti að sýna minni niðurskurð. Einnig mun víst hæstv. fjmrh. ætla sér að hirða obbann af þeim viðbótartekjuauka til sín eins og við mátti búast. Ef hæstv. samgrh. sér einhvers staðar glytta í krónu er hæstv. fjmrh. óðara kominn með pokann og tekur $^3/_4$ af henni. Þannig er þetta orðið. Þessi sambúð er auðvitað með miklum endemum, herra forseti.

Ég hef þá lokið við að fara í gegnum megingreinar frv. Ég hef hlaupið yfir nokkrar tímans vegna, þær sem ég sé ekki ástæðu til að hafa um mörg orð, svo sem 12. gr., 15. gr. og fleiri. Það sem ég vil að lokum segja, herra forseti, um þetta mál er að það er í dálítið merkilegri mótsögn við allt góðærisblaðrið í hæstv. ríkisstjórn að hér skuli koma bandormur um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem felur í sér hluti af því tagi sem ég hef verið að fara yfir þar sem innihaldið er eins og raun ber vitni. Hvernig stendur á því að það skuli þurfa að þjarma alveg sérstaklega, og meira en nokkru sinni fyrr, að nokkrum mikilvægum velferðarmálaflokkum, að menningarmálum og samgöngumálum nú í miðju góðærinu? Ef þetta er svona mikið góðæri eins og hæstv. ríkisstjórn vill vera láta. Í hvaða samræmi er þetta, herra forseti, við montfundinn, sjálfshólsfundinn sem ríkisstjórnin hélt í ráðherrabústaðnum um daginn þegar hún dreifði skýrslunni um árangurinn? Það var einhver mesta æfing í sjálfshóli sem lengi hefur sést í landinu, þegar þeir komu hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og hældu sjálfum sér og hvor öðrum og ríkisstjórninni og góðærinu þannig að menn hafa ekki heyrt eða séð annað eins. Hvernig stendur þá á því að frv. af þessu tagi skuli svo allt í einu koma? Þar sem Framkvæmdasjóður fatlaðra er bara skorinn niður við trog? Hann er skertur meira en nokkru sinni fyrr. Þar sem dregið er úr brýnum framkvæmdum til að bjarga menningarbyggingum og menningarverðmætum frá skemmdum? Og þar sem framlög til samgöngumála eru skorin meira niður en nokkru sinni fyrr í sögunni með tekjuskerðingu í ríkissjóð? Það er von að maður spyrji. Auðvitað er uppskeran ósköp rýr.

Eins og ég minntist á í ræðu fyrr í kvöld, er annað frv. var á dagskrá, stendur hæstv. fjmrh. frammi fyrir því að allar gleiðgosalegu yfirlýsingarnar um hinn glæsta rekstur á ríkissjóði eru runnar út í sandinn. Ríkissjóður var gerður upp með halla í fyrra og verður gerður upp með halla á þessu ári og hann verður sjálfsagt gerður upp með halla á næsta ári þegar búið verður að sulla út aukafjárveitingunum sem óhjákvæmilegt er að gera vegna sjúkrahúsanna og fleiri mála sem ríkisstjórnin vísvitandi vanáætlar útgjöld til á næsta ári. Og svo kemur bandormurinn, ráðstafanirnar í ríkisfjármálunum, og þá er hann svona í miðju góðærinu. Maður spyr sig að því hvernig bandormar þessarar hæstv. ríkisstjórnar yrðu á komandi árum ef sú ógæfa ætti yfir þjóð og land að ganga að sitja uppi með hana áfram og það harðnaði á dalnum. Hvað fengi Framkvæmdasjóður fatlaðra þá? Ef yrði nú þröngt í búi á nýjan leik, svona virkilega. Það er von að spurt sé.

Við, herra forseti, í minni hlutanum getum ekki fallist á þá forgangsröðun verkefna sem hér birtist og getum ekki fallist á þessar áherslur, og munum eftir atvikum greiða atkvæði gegn þeim sem við erum andvíg eða sitja hjá eftir atvikum við einstaka þætti frv. Það er fjarri öllu lagi að við getum stutt stjórnarstefnu af þessu tagi. Undir þetta nál rita, ásamt frsm., hv. þm. Ágúst Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson. Kristín Ástgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

[23:11]

**Útbýting þingskjala:**

Bifreiðahlunnindi hreyfihamlaðra, 320. mál, svar heilbrrh., þskj. 628.

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 636; brtt. KÁ o.fl., þskj. 643.

Fjáröflun til vegagerðar, 371. mál, brtt. ÁE, þskj. 644.

[23:12]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði mjög skilmerkilega grein fyrir áliti okkar í minni hluta efh.- og viðskn. Mér finnst hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um efnisþætti frv. Það má taka undir þá gagnrýni sem hér var borin fram að vitaskuld hefði farið betur á því og verið meiri sómi að því að ráðherrarnir sem tengjast þessu bandormsfrv. hefðu verið hér til svara og skýringar á sínum þáttum þegar málið kemur frá nefnd til 2. umr. Það sem merkilegt er við málið er að það hefur tekið sáralitlum breytingum í meðförum nefndarinnar. Við drógum upp, herra forseti, við 1. umr. veikleika í frv. og ágreiningsefni, því að bandormsfrv., þ.e. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, endurspeglar stjórnarstefnu hvers tíma. Það má segja að þetta frv. sverji sig í ættina. Það endurspeglar alveg ágætlega stjórnarstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Frumvarpið einkennist af því að skertir eru tekjustofnar sem eru markaðir ýmsum þeim mikilvægustu þáttum í þjóðfélaginu, bæði á sviðum menntunar, heilsugæslu, vinnumarkaðsmála, almannatryggginga, vegamála og á ýmsum öðrum sviðum. Allt eru þetta málaflokkar, herra forseti, sem við í stjórnarandstöðunni berum fyrir brjósti og höfum lagt upp með. Bæði við 1. umr. og í störfum í hv. efh.- og viðskn. höfum við reynt okkar ýtrasta að fá meiri hlutann til að breyta um áherslur og taka að nokkru leyti tillit til okkar sjónarmiða. Það hefur ekki tekist og við verðum að horfast í augu við að enn um sinn erum við í minni hluta á hinu háa Alþingi. Við verðum því að sætta okkur við að stjórnarstefnan nái fram að ganga þótt okkur sé hún ógeðfelld.

Ef ég skoða fyrst brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. eru þær, eins og ég nefndi áðan, lítilvægar. Þær eru í reynd þrjár talsins, tvær bornar fram af nefndinni og ein af formanni nefndarinnar sem var ákveðin á seinni stigum, en hægt er að líta á allar þessar brtt. sem tillögur frá meiri hluta nefndarinnar. Í fyrsta lagi er kveðið á um að loka dæminu gagnvart málefnum fatlaðra vegna þess að sá málaflokkur verður yfirtekinn af sveitarfélögum og gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði allan kostnað af vistun fatlaðra, og tekin eru út ákvæði um skuldbindingar ríkisins á því sviði og í sjálfu sér ekkert óeðlileg brtt. í meðförum nefndarinnar með tilliti til forsögu málsins. Hins vegar er sérstök ástæða fyrir okkur að hafa áhyggjur af þessum málaflokki, einkum vegna þess að ríkisvaldið og ríkisstjórnin skerðir verulega lögbundin framlög í þennan málaflokk, eins og kemur fram í frv. og var ágætlega lýst af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Það eru ýmsir þættir í frv. sem vekja athygli. Ég bendi á og vil draga fram eina af brtt. sem meiri hlutinn flytur þar

sem komið er til móts við kröfur okkar í stjórnarandstöðunni. Það kemur nú fyrir að við slítum eitt og eitt gott mál út úr stjórnarmeirihlutanum með mikilli fyrirhöfn. Það er það atriði að horfið var frá skerðingu í átakinu um lífræna ræktun. Það er fært aftur upp í 25 millj. en hafði verið skert um helming, 12,5 millj. Við höfum lagt áherslu á að þetta verði fært í fyrra horf í samræmi við þá stefnumótun sem Alþingi ákvað fyrir nokkru, og var það þingmál, að mig minnir, undir leiðsögn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Til bóta er að þetta ákvæði er fellt út úr bandorminum og hægt er að vitna í þá ágætu nefnd þingsins, hv. landbn. sem tók þetta mál alveg sérstaklega fyrir á fundi sínum.

Herra forseti. Auk þess að eiga sæti í efh.- og viðskn. á ég sæti í landbn. og stend þar að umsögn til efh.- og viðskn. varðandi bandorminn. Þar rituðu allir nefndarmenn undir álit þar sem hvatt var til að hætt yrði við skerðingu upp á 12,5 millj. Athyglisvert er að samstaða náðist milli allra þingflokka í landbn. um að knýja á um að þetta mál næði fram að ganga. Þarna er hugsunin fyrst og fremst sú að við lítum svo á að lífræn ræktun gefi sóknarfæri í íslenskum landbúnaði. Þar sé um að ræða þætti til nýsköpunar í atvinnugrein sem á undir högg að sækja og ekki veitir af meiri fjölbreytni á því sviði. Því ber að fagna að við náðum okkar fram hvað þann þátt varðar.

Sérstakt áhyggjuefni og vond stefna birtist í upphafi bandormsfrv., þ.e. að skerða lögbundin framlög til Þjóðarbókhlöðunnar í stað þess að reyna að marka þessum tekjustofni sess í anda þess þegar hann var samþykktur, þ.e. að verja honum til bygginga mannvirkja í tengslum við menntamál, safna og annarra slíkra þátta eða jafnvel víkka það út með samsvarandi lagabreytingum, að fella þennan tekjustofn betur inn í menntamálin. Það hefði ekki staðið, herra forseti, á okkur í stjórnarandstöðunni að stuðla að öllum þeim nauðsynlegu lagabreytingum sem hefðu þurft til að láta þennan markaða tekjustofn renna að fullu í menntamálin. En það er satt best að segja einkennismerki á þessari ríkisstjórn hve illa hún hefur staðið að menntamálum og það endurspeglast í þessari grein þar sem teknar eru 200 millj. af mörkuðum tekjustofni til Þjóðarbókhlöðu. Flestum, sem vilja vita, er kunnugt um það ófremdarástand sem er innan Þjóðarbókhlöðunnar hvað varðar bókakost og endurnýjun á ritum. Þetta hefur háð safninu og allri háskólakennslu mjög mikið og fæstir geta unnið almennilega að sínum vísindastörfum á Landsbókasafni – Háskólabókasafni vegna bókafæðar. Ekki þarf að hafa mörg orð um hve það hefði verið til bóta að reyna að hugsa stórt í þessum efnum og efla þann málaflokk en þetta endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar meðal annars í því þegar Háskóli Íslands bað um 230 millj. í viðbót við þessa fjárlagagerð ef ég man rétt og fékk af þeim 60 millj. Hins vegar er það ekki áhugamál þessarar ríkisstjórnar að verja meira fé til menntamála. Þeir eru ánægðir með að vera í einu af neðstu sætunum í Evrópu og aftast í öllum mælikvörðum hvað viðvíkur menntun og stöðu, ekki einungis fjárframlögum til menntamála, heldur einnig stöðu nemenda. Menn uppskera vitaskuld á því sviði eins og menn sá. Metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar er auðsætt hvað þennan málaflokk varðar, en stefnan kemur hins vegar fram í menntamálum í því þegar þeir ganga sérstaklega fram fyrir skjöldu við það að ná tökum, persónulegum tökum ríkisvaldsins í stjórnkerfi háskólastigsins. Þar kemur fram áhugi og þar er barist fyrir stefnunni þegar forsjárhyggja þessara tveggja Framsóknarflokka í ríkisstjórninni kemur hvað skýrast fram. (**Gripið fram í:** Það á að ráða rektor.) Það er ein átakanlegasta niðurstaðan í menntastefnunni að þeir telja að þeir hafi náð að höndla hinn mikla sannleika í þeim málaflokki þegar þeir geta skipað rektor og náð húsbóndavaldi yfir háskólum. Það mætti margt ræða um þá stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég læt þetta vera tilefni til að skoða þetta út frá skerðingarákvæðinu í bandormsfrv.

Það er einnig verulegt áhyggjuefni sem kemur fram í bandormsfrv. og ekki eru gerðar neinar breytingar á því. Það er sá niðurskurður sem gerður er í vegamálum. Ég vil benda á það sem segir í nál. okkar, þar er vitnað sérstaklega til samþykktar samgn. og enn og aftur, herra forseti, er það samhljóða afstaða samgn. í þessu tilfelli til ákvæða sem tengjast í bandorminum, að það eru þingmenn í öllum þingflokkum sem benda á að sú skerðing sem er í bandorminum og stendur hér eftir 1. umr. og meðhöndlun í nefnd, að „þessi skerðing mun hafa í för með sér um 6% lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda frá vegáætlun þeirri sem samþykkt var í vor.“ Tekin er sem sagt upp vegáætlun, sem er rúmlega hálfs árs gömul, og skert um 6%. Það er alveg ljóst að þetta þýðir að mörgum brýnum verkefnum verður að fresta. Við höfum séð vandræðaganginn varðandi vegamálin sem tengist þéttbýlissvæðunum. Þau vandamál blasa við og einnig er hægt að nefna það sem kemur líka fram í bandormsfrv. og ekki er gerð nein tillaga um breytingar á, en það eru hin skertu framlög til flugmála og þess málaflokks. En þeir sem það vilja vita þekkja ástandið t.d. á Reykjavíkurflugvelli, sem er völlur sem flugvélar eru farnar að forðast einfaldlega vegna þess hvað viðhaldi er ábótavant. Það virðist vera, herra forseti, að við liggi að ríkisstjórnin stefni, ég vil segja óafvitandi, ég vil nú ekki segja vitandi en allt að því, í að slys verði bæði innan heilbrigðiskerfisins og einnig innan t.d. menntakerfisins ef ég tek raunhæfara dæmi en flugvellina. Það gengur náttúrlega ekki að láta tiltekna málaflokka drabbast það mikið niður að við eigum mjög erfitt með að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum aftur. Þetta er einkenni á öllum þeim málaflokkum sem ég hef tilgreint, þ.e. menntamálin, samgöngumálin og heilbrigðismálin. Verið er að skera inn að beini í öllum þessum málaflokkum, og að flestra manna yfirsýn sem komið hafa að þeim málaflokkum er ljóst að þarna stöndum við nágrannaþjóðunum langt að baki.

Mig langar, herra forseti, að vitna til atriða sem tengjast félagsmálum. Það er náttúrlega viðamikill flokkur sem bandormurinn kemur að hluta til inn á og er enn frekar markaður í fjárlagafrv. en hafa þarf í huga að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og fjárlagafrv. eru í reynd óaðskiljanlegir hlutir. Til dæmis er í áliti minni hluta félmn. bent á hina löngu biðlista í Reykjavík og Reykjanesi eftir sambýlum fyrir fatlaða og að aukið framkvæmdafé þurfi ef stytta á þá biðlista en framkvæmdafé er skert í bandormsfrv. Allt er þetta því í samræmi, herra forseti, hjá hæstv. ríkisstjórn, skorið er niður á þeim málaflokkum og hjá því fólki sem á verst með að verja sig.

Einnig má nefna að nýsköpun í atvinnulífi og starfsmenntun eru ekki gerð nægjanlega góð skil, hvorki í fjárlagafrv. né í tengslum við bandorminn. Þetta eru málaflokkar sem hefði þurft að taka mun betur á en þar er gert. Vitaskuld er ekki nóg að ýta þessum málaflokkum yfir til sveitarfélaganna ef þess er ekki gætt um leið að veita þeim nægjanlega örugga tekjustofna. Ég vildi gjarnan, herra forseti, fá að varpa fram, þótt það tengist nú ekki frv. nema að hluta til þeirri hugmynd um uppstokkun á skattkerfi okkar, hvort

við ættum ekki að íhuga að tekjur einstaklinga yrðu alfarið skattstofn sveitarfélaga. Nú rennur tekjuskattur einstaklinga að meiri hluta til sveitarfélaga en ekki til ríkisins eins og flestir halda. Ríkisvaldið er alltaf gert ábyrgt fyrir tekjuskattinum og hæstv. fjmrh., sem er nú skammaður fyrir margt og flest með réttu, fær oft og tíðum á sig högg í sambandi við tekjuskattskerfið sem hann á kannski ekki alltaf skilið að fullu, einfaldlega vegna þess að tekjuskatturinn rennur ekki nema að hluta til í ríkissjóð en að mestu leyti til sveitarfélaga. Mér finnst vel koma til greina að tekjur einstaklinga væru eyrnamerktar sveitarfélögum. Þetta er það fyrirkomulag sem þekkist í Danmörku. Það mundi þýða að umsvif sveitarfélaga yrðu mun meiri og þá væri hægt að færa verkefni yfir til þeirra á skynsamlegan hátt. Sömuleiðis væri hægt að velta þeirri hugsun fyrir sér hvort auðlindagjöld og auðlindaskattar, hvort sem væri veiðileyfagjald eða gjaldtaka af orku og jarðvarma eða annað þess háttar eins og við jafnaðarmenn höfum lagt til, væru eyrnamerkt sveitarfélögunum. Það væri þá liður í þeirri uppstokkun í skattkerfi landsmanna að skapa umgjörð fyrir ný skattalög og allt aðra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Mér þykir rétt, herra forseti, að vekja athygli á þessum hugmyndum og vonandi verður hægt að ræða þær við betra tækifæri.

Mig langar að lokum, herra forseti, að gera að umtalsefni eitt mikilvægasta atriðið í bandormsfrv. sem er breytingar á bótum almannatrygginga. Þarna eru tíðindi á ferðinni vegna þess að við í stjórnarandstöðunni höfðum forustu um að berja á ríkisstjórninni þegar hún stóð að þeirri ósvífnu aðgerð að afnema tengingu bóta almannatryggingakerfisins við launaþróun og kjarasamninga árið 1995. Eftir það hafa eldri borgarar verið háðir geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnar hvers tíma og ekki haft tryggingu fyrir hækkun bóta heldur hafa þeir þurft að sækja þær hverju sinni. Eldri borgarar sjálfir hafa barist mjög gegn þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar og segja má að nú hafi þeir náð sigri með þessu bandormsfrv. Við í stjórnarandstöðunni lögðum fram tillögu um að færa þetta í fyrra horf. Við höfum lagt fram tillögur á Alþingi sem hafa verið felldar í nafnakalli af ráðherrum og þingmönnum stjórnarliða. Nú koma þeir hins vegar sjálfir með frv. sem reyndar er ekki alveg nógu skýrt orðað en við verðum að lesa þannig í textann að vel sé. Í áliti okkar í minni hlutanum segir að við lítum svo á að orðalag 9. gr. beri að skilja svo að bætur almannatrygginga skuli beinlínis fylgja launaþróun, þ.e. launavísitölu og síðan er miðað við að ef verðlagsvísitala hækkar meira þá muni það taka breytingum í samræmi við verðlag. Ég veit að eldri borgarar skilja þetta á þennan hátt. Þetta er hins vegar dálítið loðið orðalag í frv. og ekki gerð tillaga um breytingu á því af hálfu meiri hlutans. Í frv. segir:

„Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Við lítum svo á að ákvarðanir um bætur skuli fylgja launavísitölu eða launaþróun. Væntanlega yrði miðað við launavísitölu og tryggt er að bætur almannatryggingakerfisins munu hækka t.d. um 4% um næstu mánaðamót sem er sama hækkun og verður í kjölfar kjarasamninga.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að menn nái að skilja þetta réttum og sambærilegum skilningi þannig að ellilífeyrisþegar fái bætur í samræmi við það sem gerist í þjóðfélaginu. Benda má á að ef okkar frv. hefði verið samþykkt hefðu bætur eldri borgara hækkað mun meira en þær gerðu á þessu tveggja ára tímabili einfaldlega vegna þess að lægstu laun eða laun, sem miðað var við, hækkuðu mjög verulega í síðustu kjarasamningum og eldri borgarar hefðu notið þess.

Þessi skilningur sem ég er að lýsa kemur fram í ágætu áliti frá minni hluta heilbr.- og trn. og ég vildi gjarnan, með leyfi forseta, fá aðeins að vitna til þess álits. Þar segir svo:

„Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa margsinnis lýst yfir að frá og með komandi áramótum verði bætur almannatrygginga tengdar launavísitölu, þó þannig að bætur hækki aldrei minna en vísitala neysluverðs. Þessa sér þó ekki stað í frumvarpi forsætisráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Fulltrúar minni hlutans í heilbrigðis- og tryggingaefnd telja því nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um viðmið og framkvæmd bótahækkana. Jafnframt þarf að tryggja með ótvíræðum hætti að fyrirhuguð 4% launahækkun sem ráðgerð er um næstu áramót komi einnig fram í hækkun bóta almannatrygginga."

Síðan leggja þeir fram tillögu um orðalag að 65. gr. og tala um, eins og ég hef lýst hér, að bætur eigi að breytast í samræmi við launavísitölu, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag, samkvæmt vísitölu neysluverðs. Síðan er talað um að breytingarnar verði ársfjórðungslega. Hér er minni hluti heilbr.- og trn. að kalla eftir betri tryggingu á framkvæmd þessa mjög svo mikilvæga ákvæðis, og við stjórnarandstæðingar í efh.- og viðskn. gengum mjög harkalega eftir því við meiri hluta nefndarinnar hvernig bæri að skilja þetta mál og hvað væri með hin 4% nú um næstu áramót og fengum þær yfirlýsingar sem ég gat um að bæturnar mundu hækka um 4%. Það bæri að skilja þetta þannig að bætur almannatryggingakerfisins mundu hækka um 4% um næstu mánaðamót. Ég tel því að okkar skilningur, eins og honum er lýst í áliti minni hlutans, og með því að vitna til yfirlýsinga forsrh. við 1. umr. því orðalagið var nokkuð loðið í upphafi, hafi skýrt málið þannig að við getum haldið því fram að við höfum náð meginþáttum í stefnu okkar við að tengja bætur úr almannatryggingunum við launaþróun og þar með tekið úr sambandi þessa stefnu hæstv. ríkisstjórnar, að eldri borgarar yrðu að lúta geðþóttaákvörðunum stjórnvalda hverju sinni.

Herra forseti. Við lítum svo á að þetta bandormsfrv. feli í sér niðurskurð á sviðum sem eru okkur mjög verðmæt, menningarmál, menntamál, velferðarmál og samgöngumál, heilbrigðismál og félagsmál. Þarna eru fjölmargir málaflokkar, eins og ég hef rakið, sem eru skertir. Við í minni hlutanum og stjórnarandstöðunni erum andsnúnir þeirri stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar sem birtist á ósvífinn hátt í fylgifrv. með fjárlögum, þessu bandormsfrv. Meiri hluti efh.- og viðskn. sá enga ástæðu til að breyta þessu frv. í neinum grundvallaratriðum, þannig að stjórnarstefnan er alveg ómenguð, hin gallaða stjórnarstefna eins og hún birtist við fjárlagagerðina og ekki batnar hún við þetta frv. sem við erum að afgreiða og ræða við 2. umr.

[23:37]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 645.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 23:38.

# 49. FUNDUR

föstudaginn 19. des.,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 362, nál. 570 og 588, brtt. 571 og 589. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 275. mál, þskj. 593. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 303. mál, þskj. 594, brtt. 606. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 302. mál, þskj. 595. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 371. mál, þskj. 603. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 415, nál. 515, brtt. 600. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 416, nál. 581, brtt. 582 og 607. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 328. mál, þskj. 414, nál. 518, brtt. 519. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 304. mál, þskj. 378, nál. 590 og 609, brtt. 591. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 407, nál. 583 og 612, brtt. 483, 584 og 634. — Frh. 2. umr.

11. Búnaðargjald, stjfrv., 333. mál, þskj. 623. — 3. umr.

12. Fæðingarorlof, stjfrv., 343. mál, þskj. 443 (með áorðn. breyt. á þskj. 605). — 3. umr.

13. Almannatryggingar, frv., 43. mál, þskj. 642. — 3. umr.

14. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 537, frhnál. 635, brtt. 611, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 625, 632, 633, 636, 637, 638, 639, 640, 643 og 645. — Frh. 3. umr.

[10:02]

**Útbýting þingskjala:**

Dánarbætur almannatrygginga, 319. mál, svar heilbrrh., þskj. 585.

Kjör starfsmanna Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs, 318. mál, svar viðskrh., þskj. 620.

## *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 407, nál. 583 og 612, brtt. 483, 584 og 634.

[10:03]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú líður að lokum þings og hér er komið á dagskrá eitt af þeim málum sem oft marka lokaþátt í störfum þingsins fyrir jól, þ.e. svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eins og fram kom við 1. umr. um þetta mál hafa þær ráðstafanir oft verið umfangsmeiri og hrikalegri en hér getur að líta en þó er ýmislegt sem þarf að gera athugasemdir við og ekki síst eftir að málið hefur verið skoðað.

Ég fagna því að meiri hlutinn hefur fallið frá þeim niðurskurði sem boðaður var á átaksverkefnum um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Ég verð að óska hv. þm. Gísla Einarssyni til hamingju með frækilegan sigur því hann barðist hér eins og ljón við 1. umr. þessa máls og raunar hvenær sem hann hefur haft tækifæri til. Hann fer með fullan sigur í málinu enda verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að ekki var ráðist á garðinn þar sem hann var hæstur í þessari niðurskurðartillögu. Ég verð að lýsa furðu minni á því að mönnum skyldi yfirleitt detta þetta í hug, ekki síst þar sem þarna var um að ræða eitt af því sem átti að gera til þess að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. En frá þessu hefur verið fallið sem betur fer.

Hér ætla ég fyrst og fremst að ræða þau mál sem snúa að hv. félmn. Reyndar fór hv. þm. talsmaður minni hlutans í efh.- og viðskn., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, nokkuð rækilega yfir þau en þó eru einstaka atriði sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram.

Það hefur verið rakið hvernig farið hefur verið með erfðafjárskattinn sem skal samkvæmt lögum renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra en nú í annað sinn er lagt til að það fé sé skorið niður og framkvæmdasjóður fái ekki nema hluta þessa fjármagns en hitt renni í ríkissjóð. Í yfirferð vegna væntanlegra tekna ríkisins á næsta ári hefur komið í ljós að góðærið skilar sér æ betur í ríkiskassann þannig að þessi niðurskurðar- og skerðingaráform eru ekki eins nauðsynleg og áður. Góðærið gefur auðvitað kost á því að skoða forgangsröðina og taka á brýnum málum. Eitt af þeim málum er málefni fatlaðra og þeir löngu biðlistar eftir sambýlum sem finna má einkum hér í Reykjavík og á Reykjanesi. Þar hefur verið mörkuð sú stefna að byggja sambýli fyrir fatlað fólk en sú uppbygging gengur allt of hægt, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Því harma ég, hæstv. forseti, að ekki skuli vera staðið við það þegar menn hafa eyrnamerkt tekjustofn og skilgeint að fjármagnið skuli renna til þessa málaflokks. Það er slæmt að ekki skuli vera staðið við það og uppbyggingunni haldið áfram.

Ég nefndi það í ræðu við 1. umr. að þrjú ný sambýli verða tekin í notkun á næsta ári en þetta er auðvitað hvergi nærri nóg. Það hefur hægt á þessari uppbyggingu. Það hefur hægt á því að losa fólk af Kópavogshælinu og koma því í sambýli eins og stefnt hefur verið að. Ég hefði viljað ræða þetta mál við hæstv. félmrh. en hann er ekki hér þannig að við getum farið ofan í þau mál síðar. Brýnt er að fara mjög rækilega yfir þessa stöðu og það munum við gera í hv. félmn. Þarna er mikil þörf og þarf auðvitað að marka stefnu. Menn þurfa að átta sig á því hvar þörfin er mest. Þá rifjast það upp, hæstv. forseti, nokkuð sem vakti athygli okkar í hv. félmn. þegar við vorum að fara yfir þá safnliði sem vísað var til okkar, hversu mörg þau samtök eru og hve margir aðilar eru að sinna málefnum fatlaðra. Öll þessi félög, styrktarfélög og félög sem hafa tekið að sér rekstur ýmiss konar og stuðningsfélög hafa auðvitað orðið til af brýnni þörf. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að endurskipuleggja þennan málaflokk, bæði hvað varðar ríkisvaldið og samtök fatlaðra og kanna hvort ekki er hægt að vinna betur saman og nýta fjármagnið betur. Margir þessara aðila hafa tekið að sér rekstur fyrir hönd ríkisvaldsins. Ýmist hafa verið gerðir þjónustusamningar eða þessum aðilum verið falinn rekstur stofnana. Þar má m.a. nefna Styrktarfélag vangefinna sem annast rekstur fjölda stofnana, Sjálfsbjörg og fleiri aðila. Þetta eru félög af ýmsu tagi en eftir þessa yfirferð vöknuðu hjá mér spurningar um hvort ekki væri hægt að vinna betur saman og nýta fjármagnið betur í þágu fatlaðra.

Hæstv. forseti. Sú stefna sem hefur verið rekin ár eftir ár er gagnrýni verð, í fyrsta lagi að taka hluta erfðafjárskattsins inn í ríkissjóð og hins vegar að verja hluta af því sem rennur

til Framkvæmdasjóðs fatlaðra í rekstur. Þetta var aldrei ætlunin. Ef menn vilja breyta þessu þá þarf að ræða þessi mál vel og rækilega og breyta lögunum.

Varðandi atvinnuleysistryggingarnar, það sem snýr að Atvinnuleysistryggingasjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga og síðan lögunum um vinnumarkaðsaðgerðir þá hangir þetta allt saman. Hér er einfaldlega verið að velta hluta af kostnaðinum við rekstur vinnumiðlana og Vinnumálastofnunar félmrn. yfir á þessa sjóði. Í stað þess að standa við það sem kveðið er á um í lögunum að kostnaðurinn skuli greiddur úr ríkissjóði, þá er þessu velt yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og fer auðvitað yfir á atvinnulífið. Það er atvinnulífið, þeir sem borga tryggingagjald sem standa undir helmingnum af þessum rekstri.

Nú verður það að viðurkennast, hæstv. forseti, að okkur í félmn. láðist að kalla á fulltrúa atvinnulífsins til að athuga hvað þeir hefðu að segja um breytinguna. Því miður var ekki heldur kallað á þá í hv. efh.- og viðskn. en mér hefði þótt afar fróðlegt að vita hvað t.d. Verslunarráðið og Vinnuveitendasambandið hefur um þetta að segja. Ef menn eru sammála um að það sé hlutverk og jafnvel eðlilegt að fulltrúar atvinnulífsins taki þátt í þessum rekstri þá er svo sem ekkert um það *að segja. En auðvitað á að ræða málin áður en lög eru sett.* Þetta var eitt af því síðasta sem við gerðum sl. vor að setja lög um vinnumarkaðsaðgerðir og Atvinnuleysistryggingasjóð. Nokkrum mánuðum síðar breyta menn þessu og velta 100 millj. yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta eru afar sérkennileg vinnubrögð og en þau segja okkur að auðvitað var ekki búið að hugsa hvernig fjármagna ætti starfsemina þó að í lögunum stæði að peningarnir ættu að koma úr ríkissjóði. En látum nú vera með Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann er auðvitað gríðarlega öflugur sjóður þó að mikið hafi á honum mætt á undanförnum árum en það furðulegasta í þessu frv. er ákvæðið um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í athugun félmn. á þessu máli kom fram að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga væri ekki á nokkurn hátt fær um að leggja sitt af mörkum. Ég bendi sérstaklega á þetta þar sem það virðist hreinlega hafa fallið úr bréfi okkar til hv. efh.- og viðskn. Álit þeirra fulltrúa sem komu frá félmrn. var að sjóðurinn gæti lagt afar lítið af mörkum. Þar með er alveg ljóst að þessar 100 millj. munu falla nánast algerlega á Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég lýsi enn og aftur furðu minni á þessu ákvæði. Það þurfti að setja marga varnagla í lögin um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna þess að menn óttast mest að hann geti ekki staðið undir sínum skuldbindingum og stutt þá einstaklinga sem borgað hafa tryggingagjald og verða atvinnulausir, ef þeir á annað borð verða skilgreindir sem atvinnulausir. Þetta er mál sem þarf að skoða hér að nýju og ég ítreka þá skoðun mína að menn eigi að draga þarna ákveðin mörk. Ýmsir þeir hópar sem augljóslega geta ekki nýtt sér þau réttindi sem tryggingasjóðurinn gefur ættu að sleppa við að greiða tryggingagjald eins og gert hefur verið m.a. á Norðurlöndunum.

Ég vildi láta það koma sérstaklega fram að við yfirferð okkar varð okkur ljóst að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er ekki á nokkurn hátt fær um að leggja sitt af mörkum til starfsemi vinnumiðlana. Eða a.m.k afar lítið. Auðvitað hefði verið ástæða til þess, hæstv. forseti, að skoða aðgerðirnar í tengslum við breytingar á tryggingagjaldinu því að þær ráðstafanir sem felast í þessu frv. snúa ekki síst að tryggingagjaldinu. Samkvæmt 12. gr. er verið að lækka framlögin til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar með lækkar tryggingagjaldið, þ.e. sá hluti sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs um leið og sífellt er verið að fjölga verkefnum sjóðsins. Á þessu er vert að vekja sérstaka athygli. Framlög til sjóðsins lækka um 400 millj. en jafnframt verða lagðar allt að 100 millj. á sjóðinn til að standa undir kostnaði við rekstur vinnumiðlana og vinnumarkaðsaðgerðirnar. Hann verður látinn standa undir kostnaðinum við Vinnumálastofnun og hefði verið fróðlegt að heyra hvað þeir sem greiða þetta gjald hafa um það mál að segja.

Hæstv. forseti. Aðrir munu koma inn á ákvæði sem hér er að finna um almannatryggingar en ég vil vekja athygli á því að m.a. Sjálfsbjörg hefur sent okkur þingmönnum bréf þar sem ákvæði 9. gr. er mótmælt. Þeir benda á að sú breyting sem hér er verið að gera, að tengja kjör lífeyrisþega við vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu, geti falið í sér ákveðna gildru sem verði til þess að breikka bilið milli bótaþega og launþega á vinnumarkaði. Ég hlýt að taka undir þær efasemdir sem fram hafa komið gagnvart umræddri grein. Krafan um að lífeyrir fylgi almennri launaþróun í landinu er sjálfsögð. Við eigum að sjá til þess að kjör fólks á bótum sem gjarnan á erfiðast versni ekki frá því sem orðið er heldur fylgi þau hinni almennu launaþróun.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um aðrar greinar frv. Ég fór nokkuð ítarlega í sumar þeirra við 1. umr. eins og þjóðarbókhlöðuskattinn. Þar er auðvitað sama sagan, verið að klípa af ákveðnum tekjustofni án sjáanlegrar ástæðu á sama tíma og tekjur ríkissjóðs aukast statt og stöðugt, langt umfram það sem áætlað var. Ég vil benda á það að viðhald menningarbygginga skapar mikla vinnu. Það skilar sér auðvitað til ríkisins í sköttum. Eitt af því besta sem hægt er að gera er einmitt að viðhalda vinnu og uppbyggingu með þeim hætti að bæta viðhald menningarbygginga enda vantar ekki verkefnin. Mörg hver hafa verið látin bíða allt of lengi og þarf að taka þar verulega á en í raun og veru finnst mér skipta mestu máli að láta tekjustofnana renna til þeirra verka sem ætlunin var bæði hvað varðar þjóðarbókhlöðuskattinn og erfðafjárskattinn. Menn hafa ákveðið tekjustofna sem skulu renna til ákveðinna verkefna. Síðan fara menn að krukka í þetta og klípa af, svona helminginn. Hreinna væri að breyta lögunum og skilgreina frekar verkefnin. Hægt væri að hætta eyrnamerkingum en skilgreina verkefnin þannig að ljóst sé hvað verið sé að gera og ákveðnum fjármunum sé varið á fjárlögum til verkefnanna í stað þess að setja lög og afnema þau síðan ár eftir ár.

[10:21]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum ráðstafanir í ríkisfjármálum þá erum við annars vegar að fjalla um hluta fjárlagagerðar, lagabreytingar sem þeim fylgja en fyrst og fremst birtist okkur stefna ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er umræða um ráðstafanir í ríkisfjármálum pólitísk umræða. Við fjárlagagerð þessarar ríkisstjórnar ætti stefna ríkisstjórnarinnar að birtist okkur en það sem birtist okkur er stefnuleysið.

Vissulega reyndi á stjórnvöld á þeim samdráttartímum er draga þurfti saman seglin á flestum sviðum. Þess vegna eru vonbrigðin líka meiri þegar við blasir hve ríkisstjórnin er skeytingarlaus varðandi ýmis þýðingarmikil mál. Þegar við skoðum bandorminn svokallaða, frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þá birtist okkur viðhengi aðgerðalítilla fjárlaga aðgerðalítillar ríkisstjórnar.

Fyrir síðustu kosningar hafði forustuflokkur ríkisstjórnar aðeins einn boðskap: Hann ætlaði að vera áfram í ríkisstjórn. Öðru gegnir um samstarfsflokkinn. Þar stóð ekki á yfirlýsingum og kosningaloforðum. Ætla mátti að kæmist Framsfl. til valda mundi það valda straumhvörfum í íslenskri pólitík en raunin varð önnur. Einu átakamál þessarar ríkisstjórnar hafa snúið að takmörkun á rétti einstaklingsins. Hægt væri að nefna mörg dæmi því til staðfestingar. Á þessu kjörtímabili örlar ekki á að litið sé til framtíðar né að áform sem byggja á hugmyndafræði um að tryggja lífskjör allra séu kynnt. Lítið er lagt upp úr endurmenntun fólks til nýrra starfa til að mæta breytingum í þjóðfélaginu á komandi öld til að stuðla að því að vera samkeppnishæft um unga fólkið sem nú er á menntabraut. Þess bíður alþjóðlegur vinnumarkaður eins og við höfum séð að undanförnu varðandi unglækna á sjúkrahúsum og aðra þá sem eru að gefast upp á aðstöðuleysinu hér á Íslandi og skilningsleysi þeirra sem ráða ríkjum.

Það er engin sýn hjá þessari ríkisstjórn. Hún ríður hins vegar á bylgju hagvaxtar sem fyrst og fremst hefur orðið til vegna breytinga og ytri skilyrða. Hún slær sér á brjóst og segir: Þetta gerum við!

Virðulegi forseti. Þegar ég nefni ríkisstjórnina, vegna þess að við erum hér að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum, þá hlýt ég að kalla eftir því hvort forseti hefur gert ráðstafanir til þess að svo sem einn ráðherra komi sér á fætur og mæti hér í sal til að hlýða á mál þingmanna. A.m.k. væri þá hægt að láta líta út fyrir að ríkisstjórninni væri ekki sama um þær athugasemdir sem við þingmennirnir í þessum sal kunnum að koma með um frv. Fjarvera ráðherranna undirstrikar skeytingarleysi, áhugaleysi og virðingarleysi við þá sem eru hér störfum hlaðnir frá morgni til kvölds. Við þá sem eru störfum hlaðnir við að ljúka mikilvægum málum ríkisstjórnarinnar í nefndum þingsins, hlaupa á aukafundi og sitja fram á nætur við að fylgja úr hlaði nefndarálitum og öðru. Því spyr ég forseta: Hvað líður?

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kalla á hæstv. félmrh.)

Það er ánægjulegt að hæstv. félmrh. verði viðstaddur upphaf þessarar umræðu þar sem svo vill til að fyrstu ræðumenn í umræðu dagsins eru úr félmn. Þeir munu e.t.v. leggja höfuðáherslu á það sem snýr að félmn. En ég vek athygli á því að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er frv. forsrh. og hér á forsrh. að vera viðstaddur umræðuna, ekki í húsinu fyrir framan sjónvarp heldur í þessum sal og vera tilbúinn til að svara spurningum sem hér kunna að vakna. Hann ætti að sýna þá virðingu að vera hér viðstaddur umræðu um sitt eigið frv. í stærsta máli ríkisstjórnar á hverju ári sem eru fjárlög og ríkisfjármál. Þess vegna óska ég eftir því, virðulegi forseti, að það sé kallað eftir því að forsrh. mæti hér til leiks og hlýði á umræðu sem hér fer fram.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þegar eru þrír hæstv. ráðherrar komnir í þinghúsið.)

(**SJS:** Og eru flestir vaknaðir?)

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti veit það ekki.)

Ég þakka forseta fyrir skjót viðbrögð við ósk minni eftir að hann kallaði eftir því að ráðherrar í ríkisstjórn hans mættu hér til sjálfsagðra skyldustarfa. Nú er hæstv. félmrh. genginn í salinn. Þetta segir okkur mikið um ásýnd ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð hennar.

Ég var að tala um pólitík, hvað ætti að birtast okkur í stefnu ríkisstjórnarinnar og hvernig stefnuleysið birtist. Fjarvera flutningsmanns frv. undirstrikar samskipti hans við ráðherrana því að að sjálfsögðu eru þau samskipti engu betri við þingmenn hér. Að sjálfsögðu erum við þingmenn stjórnarandstöðu sá hópur sem fyllir salinn í morgunsárið og ekki við að búast að okkur sé sýnd meiri virðing en samráðherrum eða samþingmönnum.

Virðulegi forseti. Annað slagið ber við að einhverjum ráðherranna verður á í messunni og lætur uppi hvað ríkisstjórnin ætli að gera eða hafi tekið ákvarðanir um að gera. Hann segir það e.t.v. á vitlausum tíma eða vitlausum stað. Hann sér ekki fyrir hver viðbrögð þings og þjóðar verða eða telur jafnvel eðlilegt að ákvarðanir ríkisstjórnar verði að mæta þeim viðbrögðum og takast á við þau. Hann hefur e.t.v. gleymt að tilkynna forsrh. hvað ákvörðun hans felur í sér. Við sjáum alla vega forsrh. sem kemur eins og líknandi hönd og sem breiðir sig yfir viðkomandi mál eða málaflokk. Hann breytir fyrri ákvörðunum að því er virðist einn og sjálfur. Hann rassskellir samráðherra sína fyrir framan alþjóð og svo rammt kveður að þessum opinberu leiksýningum að nú er það altalað í bænum að síðasta uppákoman hafi verið sett á svið gagngert til að vekja vinsældir og athygli á ríkisstjórninni. Það sem birtist okkur er ekki stefna heldur leiksýningar og aðgerðir af því tagi. Síðasta uppákoman var sú að hæstv. fjmrh. talaði af sér í þingsal og upplýsti um fyrirhugaðar skattahækkanir eða réttara sagt, að fallið yrði frá fyrirhuguðum skattalækkunum. Í þingsal verða hörð viðbrögð, í þjóðfélaginu verða hörð viðbrögð og hjá verkalýðshreyfingunni sem var búin að semja út frá þessum forsendum en hæstv. forsrh. kemur, kippir í liðinn og segir enn einu sinni: Svona gerum við ekki.

Sýningin er svo rosalega flott og svo rosalega vel leikin að ekki væri ósennilegt að ef gengið yrði um meðal almennings og spurt: Hver er stefna þessarar ríkisstjórnar? Þá mundi fólkið horfa upp á viðkomandi og segja: Davíð. Davíð.

Virðulegi forseti. Ég ætla að snúa mér að frv. sjálfu um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þeim þáttum sem snúa að félmn. sem ég á sæti í. Þeir liðir sem komu til umfjöllunar nefndarinnar lúta að ráðstöfun erfðafjárskattsins og málefnum fatlaðra, þ.e. Framkvæmdasjóði fatlaðra sem erfðafjárskatturinn á að renna óskiptur í samkvæmt lögum. Við höfum upplifað það í tíð þessarar ríkisstjórnar að eingöngu um það bil þriðjungurinn af innheimtufé erfðafjárskatts rennur í framkvæmdasjóðinn. Aðrir þættir sem við fjölluðum um í félmn. eru breytingar á Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga og breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar, og mun ég koma að því.

Félmn. hefur gert athugasemdir við það að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði hluta af rekstrarkostnaði svæðisvinnumiðlana og Vinnumálastofnunar þvert á gildandi lög. Viðbótarkostnaðurinn nemur um það bil 100 millj. kr. og samkvæmt lögum á allur rekstrarkostnaður svæðisvinnumiðlana og Vinnumálastofnunar að koma úr ríkissjóði og vekur minni hlutinn í félmn. athygli á því að það ætti að halda sig við það fyrirkomulag. Bæði hafa tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa dregist saman en auk þess hafa sjóðnum verið falin aukin verkefni á borð við atvinnusjóð kvenna og starfsmenntasjóð. Við erum mjög ósátt við að þessi verkefni hafi verið flutt undir Atvinnuleysistryggingasjóðinn og finnst það að honum eru fengin þessi auknu verkefni geri hann síður undir það búinn að mæta áföllum. Auk þess sé það röng hugsun að setja uppbyggingarverkefni á borð við atvinnusjóð kvenna og starfsmenntasjóð undir

Atvinnuleysistryggingasjóðinn miðað við þá ímynd sem það gefur.

Við höfum gagnrýnt harðlega, virðulegi forseti, að atvinnusjóður kvenna var settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð, bæði í fyrra og eins í umræðum á milli fjárlaga. Það er ekki há upphæð sem atvinnusjóðurinn hefur til umráða. Upphæðin er óbreytt, um það bil 20 millj. kr. og það hefur verið talað um það að umsóknum í sjóðinn hafi fækkað en á sama tíma hefur engin tilraun verið gerð til að skoða hvað þarf að koma til og hverju þarf að breyta til að þessi sjóður verði jafnvirkur og hugsað var í upphafi. Við vitum að framlög úr sjóðnum hafa verið mjög lág. Þau hafa yfirleitt verið innan við 200 þús. kr. til hvers einstaklings sem hefur sótt í hann. Þetta hefur fyrst og fremst verið til að koma af stað smáum sjálfstæðum verkefnum sem oft hafa verið rekin í tengslum við heimilið eða þar sem konur hafa slegið sér saman kannski fimm eða sex í hóp og byrjað með atvinnusköpun sem oft er einhvers konar handiðn. Þessi sjóður á auðvitað að vera hluti af öðru sem lýtur að því sama og á að vera stuðningur við það að konur fari í skapandi verkefni og sjálfstæðan atvinnurekstur. Það er oft búið að minna á hvernig það er víða í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem sérstakar lánastofnanir hafa beitt sér og verið meðvirkar við stofnun nýrra fyrirtækja og þar sem ný fyrirtæki kvenna hafa átt þátt í auknum hagvexti.

Ég minni á það, virðulegi forseti, að í tíð Alþfl. í félmrn. og tíð Alþfl. í iðn.- og viðskrn. var gerður samningur af hálfu ráðherra í þessum tveimur ráðuneytum og borgarstjórans í Reykjavík um ábyrgðatryggingarsjóð kvenna þar sem leitað var eftir stuðningi lánastofnana við að búa til þennan atvinnutryggingasjóð sem stæði undir tryggingum þegar konur væru að leita eftir fjárhæðum til að stofna fyrirtæki, lágum fjárhæðum, þar sem þær skirrast við að leggja heimilin undir. Reyndar var þessi ábyrgðartryggingarsjóður endurstofnaður fyrr á þessu ári ef ég man rétt eftir að lánastofnanirnar höfðu ákveðið að taka þátt í þessu og er enn eitt dæmi þess að góð verkefni sem félmrh. hefur kynnt í fjölmiðlum hafa átt upphaf sitt hjá Alþfl.

Virðulegi forseti. Alls staðar í kringum okkur er verið að auka framlög til starfsmenntunar og hvers kyns endurmenntunar og fullorðinsfræðslu, ekki síst vegna þeirra miklu breytinga sem fram undan eru í atvinnulífinu í öllum löndum í hinum vestræna heimi og er full ástæða til að minna á það sem kom fram í kosningabaráttunni í Bretlandi að forsrh. Bretlands lagði ríka áherslu á að komandi kynslóð yrði að búa sig undir að þurfa e.t.v. þrisvar sinnum á sinni starfsævi að gjörbreyta þeim verkefnum sem hún mundi snúa sér að vegna gífurlegra breytinga á vinnumarkaði. Enginn gæti búist við því að mennta sig undir ákveðið starf og geta sinnt því starfi ævilangt. Þetta er munurinn á því sem er fram undan og því sem hefur verið t.d. hjá minni kynslóð.

Hvar er framtíðarsýn þessarar ríkisstjórnar varðandi þær breytingar sem blasa við sem öllum eru kunnugar og allir eiga að hafa skilning á? Framtíðarsýnin er engin. Vilji ríkisstjórnarinnar til að byggja upp á þessum vettvangi er ekki sýnilegur. Starfsmenntasjóðurinn er færður undir atvinnuleysistryggingar í kjölfar þess að formaður þeirrar nefndar sem vann skýrslu og síðar frv. um breytingar á Atvinnuleysistryggingasjóði lýsti því ítrekað yfir að ríkissjóður ætti ekki að kosta námskeið eða einhverja slíka hliðarmenntun. Það ætti bara að kosta námskeiðahald fyrir þá sem væru atvinnulausir. Annað ætti að fara fram í skólum landsins og fólk ætti að sjá um sig sjálft að öðru leyti. Það er nákvæmlega þetta sem birtist okkur í boðskap ríkisstjórnarinnar eða stefnuleysi. Það skortir fullkomlega heildarhugsun í málum fullorðinsfræðslu.

Á tyllidögum er sagt að þekking sé fjárfesting, að við byggjum upp fyrir framtíðina með því að mennta þjóðina. Þessu er ekki fylgt eftir í framkvæmd og hugsunin í menntamálum er röng. Framhaldsskólinn t.d. og háskólinn enn þá sem betur fer er kostaður af ríkinu. Fullorðinsfræðsla er ekki greidd af ríki. Fullorðinsfræðsla er á kostnað fullorðinna. Í þessum sal fjöllum við oft um frv. og löggjöf, síðast um háskólann og í þessum sal erum við næstum alltaf að fjalla um menntun menntaðra. En hópurinn sem mundi sækja í starfsmenntasjóð, verkafólkið og aðrir með minnsta menntun eiga að vera í vinnunni. Þeir þurfa leyfi til þess að fara á námskeið og oft er mjög erfitt fyrir þetta fólk að bæta við sig þekkingu og menntun. Mælikvarði á fólkið í láglaunastörfunum er að það sé nógu lengi á vinnustað, að það sinni vinnunni sinni vel. Mælikvarðinn á þetta fólk er vinnudýrið. Þetta er fólk með lægstu tekjur og þetta er fólk sem á verst með að missa tekjur til að afla sér viðbótarmenntunar. Það er líka fjarlægast fyrirtækjunum að leggja fram fjármagn til þess að mennta þetta fólk. Fyrirtækin leggja fram fjármagn til menntunar ef það gefur í aðra hönd fyrir fyrirtækið sem slíkt. Þess vegna á ríkið að sjá um að vinnuaflið verði hreyfanlegt og frjálst og ekki bundið fyrirtækjunum. Auðvitað eiga fyrirtæki að leggja fram í sjóði en ríkið á að tryggja að úr þeim sjóðum sé greitt til starfsmenntunar, starfsþjálfunar og uppbyggingar alls fólks á vinnumarkaði.

Það tók áratugi að festa sumarleyfi í sessi fyrir vinnandi fólk. Nú þarf að festa námsleyfi í sessi því að þá myndast bæði nýr fræðsluþáttur og margir munu tengjast því hlutverki og það er alveg ljóst að þær þjóðir munu spjara sig sem hafa bestu menntun, ekki bara menntun sumra eða hluta þjóðarinnar, heldur þær sem hafa menntað alla þjóðina á öllum sviðum. Sú þjóð verður sterk. Þess vegna þurfum við að tryggja sterkan starfsmenntasjóð sem gerir þetta mögulegt. Sú sýn er ekki hjá þessari ríkisstjórn. Hún er með sömu gömlu fjárhæðina í starfsmenntasjóð og verið hefur og hefur sett hana undir Atvinnuleysistryggingasjóð með þeirri ímynd sem í því felst.

Virðulegi forseti. Annað mikilvægt mál sem ég ætla að drepa á er Framkvæmdasjóður fatlaðra. Síðustu tvö árin hefur ríkt kyrrstaða í málefnum fatlaðra. Þjónustuúrræðum hefur lítið sem ekkert fjölgað. Allt tal um góðærið í landinu hefur verið hjóm eitt í eyrum þeirra sem bíða eftir nauðsynlegri þjónustu. Á stærstu þjónustusvæðunum er staðan ekki björt. Á Reykjanesi bíða 135 manns eftir viðunandi búsetu- og þjónustuúrræðum. Til að leysa brýna þörf þeirra má ætla að að byggja þurfi allt að 25 sambýli, 3–4 hæfingarstöðvar, 2–3 skammtímavistanir auk þess að auka verður liðveislu og heimaþjónustu. Í Reykjavík er vandinn sagður svipaður, þó ívið meiri og því þarf svipuð úrræði og á Reykjanesi. Þar bíða nú 200 manns eftir búsetuúrræðum og ýmiss konar stoðþjónustu. Á báðum þessum svæðum eru auk þess margir sem þurfa enn meiri þjónustu en þeir fá nú, t.d. vegna aldurs og þeirra fylgikvilla sem óhjákvæmilega fylgja fötlun þegar aldur færist yfir. Það má ætla að fjárþörf þessara tveggja kjördæma sé hátt á þriðja milljarð kr. til viðbótar því fjármagni sem nú rennur til málaflokksins. Þessi svæði eru tekin sem dæmi því þar er vandinn alvarlegastur en mörg óleyst mál eru vissulega einnig á öðrum landsvæðum.

Bundnar voru vonir við að ríkisstjórnin héldi áfram því verki að koma þessum málaflokki í mannsæmandi ástand, að búa í haginn fyrir yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustunni með auknu fjárframlagi. Það er nú ljóst að þær vonir hafa orðið að engu. Það virðist aftur á móti vera ríkisstjórninni kappsmál að draga úr fjárframlögum hvað mest hún má. Þannig hefur hún nú annað árið í röð skorið niður lögboðið framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra um rúmlega 200 millj. kr. og fjárframlög til nýrra viðfangsefna í rekstri eru engan veginn í samræmi við brýna þörf.

Ítrekað hefur verið bent á að sérstakan gaum þarf að gefa að réttarstöðu þeirra sem í dag búa á sólarhringsstofnunum, ekki síst þeim stofnunum sem eru skilgreindar sem heilbrigðisstofnanir. Það fólk nýtur ekki sömu grundvallarmannréttinda og aðrir landsmenn. Fjölmörg dæmi eru um réttindabrot og íbúar þessara staða njóta ekki þjónustu almannatryggingakerfis, fá ekki lífeyrisgreiðslu sér til tekna, fá ekki úthlutað hjálpartækjum á við aðra og njóta ekki menntunar og annarra gæða samfélagsins. Þrátt fyrir þá staðreynd að flestar nágrannaþjóðir hafa lagt slík fyrirbæri niður er um þessar mundir lítill pólitískur vilji fyrir því að leggja niður sólarhringsstofnanir hér. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var hafist handa við að leggja niður Kópavogshælið sem nú heitir endurhæfingardeild Landspítalans og áætlanir um útskriftir íbúanna þar voru lagðar fram. Fyrsta áfanga í þeirri áætlun um að útskrifa 37 manns þaðan lýkur ekki fyrr en haustið 1998 og hefur þá tekið fjögur ár en átti samkvæmt áætlunum aðeins að taka eitt ár. Síðustu tvö árin hefur því gengið hægt að uppfylla gefin loforð. Engin áform um áframhald á þessu verki né öðrum sambærilegum liggja fyrir og menn hljóta að spyrja hvort sveitarfélögin sætti sig við þá óljósu stöðu sem uppi er um mál íbúa stofnana þegar sveitarfélögum er ætlað að taka yfir málaflokk fatlaðra.

Virðulegi forseti. Ég nefndi að 135 umsækjendur biðu á Reykjanesi. Af þeim eru um 20,7%, eða um fimmtungur, á neyðarlista, um 28 manns. Samkvæmt öðrum upplýsingum sem ég hef eru um 24% í mikilli þjónustuþörf og 18% í mjög mikilli þjónustuþörf. Þetta er mælikvarðinn sem fagfólk leggur á þjónustuþörf þeirra sem bíða. Fleiri og fleiri einstaklingar eru í neyð og brugðið hefur verið á það ráð *í mörgum tilvikum sem eftirtekt vekur, til að létta álagi af* fjölskyldum sem hreinlega eru búnar að gefast upp sökum heilsufars og gífurlegs álags, að þetta er gert á kostnað annarra sem einnig hafa þörf fyrir skammtímavistun en eru ekki í eins mikilli neyð ef hægt er að skilgreina það þannig. Það er, með öðrum orðum, búið að gera skammtímavistanir sem eiga að vera stofnanir sem létta af heimilum þar sem fatlað fólk býr heima, að heimilum mikið fatlaðra vegna þess að úrræði eru ekki til staðar. Auðvitað eru þetta ekki viðunandi úrræði og á meðan er ekki hægt að nýta skammtímavistanirnar til þess sem þeim er ætlað.

Virðulegi forseti. Ég nefndi Kópavogshælið og áformin þar. Eins og ég hef áður sagt áttu 37 manns að flytja út af Kópavogshæli í fyrsta áfanga og lítið hefur miðað í máli þessa fólks. Félmrh. hefur lýst því yfir að þessum áfanga ljúki í fyrsta lagi 1998. Þrátt fyrir þær yfirlýsingar svarar heilbrrh. því í skriflegu svari sem í síðustu viku var dreift á borð þingmanna, að hún hyggist setja þar á stofn endurhæfingardeild og líknardeild áður en búið er að finna fólkinu sem þarna er varanleg úrræði. Þarna á að skapa um 24 rúm. Það er mjög gott mál og ég styð það að líknardeild og endurhæfingardeild verði sett á laggirnar í Kópavogi. En það verður ekki gert meðan engin úrræði finnast fyrir það fólk sem þar býr í dag og á þessa heilbrigðisstofnun sem heimili sitt og bíður eftir að úrræðinu sem lofað hefur verið verið hrint í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Ég hef drepið á þeim þýðingarmiklu málum sem félmn. fékk til umfjöllunar í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er dropi í hafið af því sem snýr að stefnuleysi þessarar ríkisstjórnar, en ástæða er til að minna á þetta í ríkum mæli. Og ég vona að þeir þingmenn sem hér eiga eftir að tala berji á því hversu þörfin er mikil í þessum viðkvæmu málaflokkum sem enginn stendur vörð um nema við sem ætlum að skapa nýja tíma þegar hin breiða hreyfing jafnaðarmanna hefur komist til valda með sinn boðskap.

[10:48]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er árviss umræða með fjárlögum. Þetta frumvarp sem oftast gengur undir nafninu bandormur er misjafnlega skæður ormur, en hann er sko sannarlega niðurskurðarskepna. Ég ætla að hlaupa hér á nokkrum atriðum sem snúa að frv. og þá aðllega þeim þáttum sem snúa að þeim nefndum sem ég starfa í, þ.e. heilbr.- og trn. og samgn. Engu að síður mun ég gera athugasemdir við aðra þætti. Þá er fyrst að nefna grein í frv. um aukna skerðingu til viðhalds menningarbygginga sem gerir ráð fyrir að 200 millj. af 515 millj. skuli renna í ríkissjóð sem annars ættu að fara til viðhalds menningarbygginga. Þarna er verið að auka skerðingu á þessum markaða tekjustofni. Ég minni á að menningarbyggingar þurfa viðhald ekki síður en sjúkrastofnanir. Þar er sérstaklega að nefna Þjóðminjasafnið sem er í mikill niðurníðslu og því lengur sem dregið er að halda við þessum eigum okkar, þessum stofnunum því dýrara verður að gera úrbætur.

Hér hefur verið nokkur umræða um Framkvæmdasjóð fatlaðra og get ég tekið undir hvert orð þeirra þingmanna sem hafa talað hér á undan mér um þann málaflokk. Það er gjörsamlega óviðunandi þegar sífellt er skorið niður í málaflokkum sem þessum, málefnum fatlaðra, aldraðra og sjúkra til að reyna að rétta af fjárlögin. Segja má að þessir *hópar greiði fjárlagahallann.* Langir biðlistar eru og margir bíða eftir vist á sambýlum í Reykjavík og eins og kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur áðan, þá hefur ekki verið leyst úr vanda fjölda einstaklinga sem dvalið hafa á Kópavogshælinu. Þótt reisa eigi þrjú sambýli dugar það ekki til. Ég vil einnig minna á vanda einhverfra sem ég gerði að umræðuefni í umræðum um fjárlögin. Sá vandi er mikill og erfiður og þarf að leysa og þar nefni ég sérstaklega sumarúrræði fyrir börn og unglinga sem eru haldin þessari fötlun, einhverfu. Það hefði svo sannarlega mátt koma fjármagn í þann málaflokk í stað þess að láta svo stóran hluta Framkvæmdasjóðs fatlaðra renna í ríkissjóð.

Í þessu frumvarpi er fjallað um almannatryggingar og tengingu lífeyris við launaþróun. Fyrir tveimur árum voru greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega aftengdar launum. Hér er að nokkru leyti verið að bakka með þá ráðstöfun. Engu að síður er viðmiðuninni hér breytt og hafa stjórnarliðar sent þau skilaboð til almennings og aldraðra að hér sé verið að tengja almannatryggingagreiðslurnar, lífeyrisgreiðslurnar, við laun. Orðalagið sem lagt er til í þessu frv. er ákaflega loðið og sérkennilegt og hefur minni hluti heilbr.- og trn. gert athugasemdir við það. Þó forsrh. hafi reynt að

skýra í umræðunni hvað fyrir mönnum vaki með því orðalagi sem lagt er til í frv. tel ég nauðsynlegt að það þurfi að vera mun skýrar orðað hvað menn ætla sér með þessari tengingu. Ég hef verulegar áhyggjur af því að þarna sé ekki nógu skýrt kveðið á um hvernig framkvæma á þessa tengingu, bæði hvað varðar hækkun almannatryggingabótanna og sömuleiðis frítekjumarksins.

Í umræðu um þessar greinar frv. í heilbr.- og trn. kom fram hjá fulltrúum ASÍ að gliðnað hefur milli launa og bótagreiðslna almannatrygginga. Ég nefni sem dæmi að um áramótin munu fullar bætur einstaklings sem er með greiðslur úr almannatryggingakerfinu verða um 63.000 kr. búi hann einn, en lágmarkslaun í landinu eru 70.000 kr. Þarna munar um 7.000 kr. á því sem lífeyrisþeginn sem býr einn hefur og hefur ekkert annað til framfærslu en almannatryggingabæturnar, 63.000 kr, en lágmarkslaunin eru 70.000 kr.

Mig langar, herra forseti, til að lesa hér minnisblað frá hagdeild ASÍ sem barst hæstv. heilbr.- og trn. vegna þessa máls. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bandormurinn og breytt viðmiðun bóta almannatrygginga hefur verið mikið til umræðu í fjölmiðlum. Í umræðunni hefur breytingunni margsinnis verið lýst þannig að bætur almannatrygginga verði frá og með áramótum tengdar launavísitölu, þó þannig að bætur hækki aldrei minna en vísitala neysluverðs. Í texta frv. er launavísitala hins vegar hvergi nefnd og virðist því um oftúlkun að ræða. Þetta hefur hvergi verið leiðrétt í opinberri umræðu. Í texta frv. er viðmiðunin nokkuð óljós. Árlegar breytingar skulu taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Það er mikilvægur áfangi að kaupmáttur bóta skuli tryggður með lágmarksviðmiðun við vísitölu neysluverðs en telja verður ólíklegt að þessi trygging verði innleyst á næstu árum. Kostnaður ríkissjóðs af lágmarksviðmiðuninni verður því væntanlega ekki neinn á næstu árum. Sá texti sem nú er í frv. virðist því ekki tryggja annað en það sem fram kemur í 6. tölulið ákvæðis til bráðabirgða við gildandi lög, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995. Þar stendur: „Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Til hliðsjónar við ákvörðun bóta skal hafa þróun launa, verðlags og efnahagsmála."

Launavísitala Hagstofu Íslands mælir bæði umsamdar hækkanir launa og launaskrið á íslenskum vinnumarkaði. Ef breytingar bóta eiga að taka mið af raunverulegri launaþróun er eðlilegt að vísa í launavísitölu í texta frv. þannig að vafi leiki ekki á um framkvæmd."

Þetta er álit hagfræðings ASÍ á þessari breytingu á lögunum. Einnig hafa bæði aldraðir og fatlaðir lýst áhyggjum sínum yfir hinu loðna og óljósa orðalagi á þessari breytingu og hefur Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, sent frá sér athugasemd til allra alþingismanna sem ég vil lesa hér, með leyfi forseta:

„Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, lýsir yfir þungum áhyggjum ef 9. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum nær fram að ganga óbreytt. Sjálfsbjörg hefur lagt á það áherslu að bætur almannatrygginga skuli fylgja almennri launaþróun í landinu. Ekki verður séð að sú áhersla náist með samþykkt 9. gr. frv. Í frv. kemur einungis fram að lífeyrir skuli taka mið af almennri launaþróun þegar árétta þarf að lífeyrir skuli fylgja almennri launaþróun í landinu.

Við bendum á þá geigvænlegu þróun sem verið hefur á launakjörum örorkulífeyrisþega að undanförnu. Sú gjá sem hefur myndast á milli hæstu bóta almannatrygginga og lægstu launa í landinu stækkar og stækkar. Við bendum einnig á að með því að tengja kjör lífeyris við vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu mun fjárhagslegur ávinningur góðæris að engu verða fyrir þennan hóp landsmanna. Það mun því verða áframhald á geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnar hvort okkar fólki hlotnist að lifa með þeirri virðingu og reisn sem öðrum þegnum þessa lands, að fá búið við efnahagslegt öryggi í stað þess að vera dregið í niðurlægingu fátæktar.

Í framhaldi af ofangreindu er væntanlegum breytingum á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, í þá átt að fella brott 2. mgr. 18. gr. laganna harðlega mótmælt, að fella þannig á brott þau réttindi lífeyrisþega sem þeir hafa haft til leiðréttingar á kjörum sínum í samræmi við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára."

Undir þetta ritar Guðríður Ólafsdóttir, formaður Sjálfsbjargar.

Það er ekki að ástæðulausu að Sjálfsbjörg, fatlaðir og aldraðir hafi áhyggjur af orðalagi þeirra greina sem fjalla um breytingar á almannatryggingalögunum því þarna þyrfti vissulega að kveða mun fastar að orði um hvað menn ætla sér með þessu ákvæði.

Ég vil einnig geta þess sem oft hefur komið fram í máli fulltrúa aldraðra, og ég tek heils hugar undir, að samráð þurfi að hafa við þessa hópa þegar verið er að breyta kjörum þeirra. Í nágrannalöndunum eru samráðsnefndir um slíka hópa og má nefna að í Noregi er hópur sem í eru fulltrúar verkalýðsfélaga, eldri borgara og ríkisstjórnar sem fjalla um mál sem þessi. Væri vissulega til bóta að koma á slíkri nefnd hérlendis þegar verið er að taka ákvarðanir um kjör aldraðra og fatlaðra. Því lýsi ég yfir áhyggjum mínum vegna orðalags í þessari grein og tel í raun ástæðu til að menn skoði nánar hvort ekki þurfi að breyta þarna eða hvort aðrar viðmiðanir væru ekki líklegri til betri árangurs og bendi í því tilliti á álit minni hluta heilbr.- og trn. Í niðurlagi álitsins segir, eftir að minni hlutinn hefur lagt til ákveðna orðalagsbreytingu á þeirri lagagrein sem er verið að breyta, með leyfi forseta:

„Jafnframt vekur minni hlutinn athygli efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi stjórnarandstöðunnar um að bætur almannatrygginga verði færðar í fyrra horf, þ.e. miðaðar við breytingar á launatöxtum verkamanna. Minni hlutinn hvetur nefndina til að kanna hvort ekki sé betra að haga ákvæðum frumvarpsins í þá veru enda hefði það skilað eldri borgurum mun meiri hækkun bótagreiðslna í kjölfar síðustu kjarasamninga."

Ég læt lokið umfjöllun minni um þær greinar sem snúa að tryggingamálunum en vil aðeins koma að samgöngumálunum áður en ég lýk máli mínu. Þar er því miður verið að skera verulega niður fé til vegamála. Á annan milljarð af mörkuðum tekjustofnum á að setja í ríkissjóð á næsta ári. Þetta er mun meiri niðurskurður en nokkurn tíma hefur verið í sögu niðurskurðar af vegafé. Ég minni á að í síðustu kosningabaráttu var það, að því er mig minnir, eina loforð Sjálfstfl. að ekki yrði skorið niður til vegamála en þarna eru 1.064 millj. teknar og settar í ríkissjóð.

Ég minni á að mjög mikil þörf er fyrir bættar samgöngur víða um landið. Ég minni á að aðeins á hringveginum eru 116 einbreiðar brýr sem eru miklar slysagildrur og hafa valdið hörmulegum slysum bara nú á síðustu mánuðum. Það eru enn fleiri einbreiðar brýr á vegum sem liggja að hringveginum. Í höfuðborginni er ástand víða mjög slæmt í umferðarmálum. Það þyrfti vissulega og verulega að taka á.

Erfitt er að komast inn í borgina og út úr henni á annatímum vegna umferðarálags og hefði þurft að vera búið að taka á vegaframkvæmdum t.d. í gegnum Mosfellsbæinn. Það hefði þurft að vera búið að breikka Gullinbrú þannig að greiðari umferð væri inn í Grafarvoginn og úr honum. Sömuleiðis hefði þurft að vera búið að hefja framkvæmdir við Sundabraut til að leysa ástandið, *að ég minnist nú ekki á tvöföldun* Reykjanesbrautar. En þrátt fyrir þetta allt saman í góðærinu er tekinn rúmur milljarður aftur af hinum mörkuðu tekjustofnum inn í ríkissjóð og á ég mjög erfitt með að sætta mig við þau vinnubrögð.

Að síðustu vil ég nefna flugmálin því að í frv. er gert ráð fyrir að 60 millj. kr. fé til framkvæmda á flugvöllum fari ekki til slíkra framkvæmda heldur verði notað til að greiða niður skuldir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Slíkur niðurskurður á fé til framkvæmda á flugvöllum bitnar auðvitað mest á Reykjavíkurflugvelli. Þar er ástandið hvað verst af öllum flugvöllum eins og menn þekkja. Þetta er stærsti flugvöllurinn okkar með mesta umferð og hann er hættulegur við ákveðnar aðstæður. Þess vegna get ég alls ekki sætt mig við að verið sé að taka þaðan fé til að greiða niður skuldir Leifsstöðvar meðan ástandið á Reykjavíkurflugvelli er eins og það er. Ég geri ekki ráð fyrir að meiri hlutanum í þinginu verði nokkuð hnikað í þeim efnum, því miður. Það eru vissulega mörg mál sem mætti nefna í umfjöllun um þennan bandorm en ég mun koma að þeim málum í umræðum um fjárlög sem verða líklega síðar í dag.

[11:07]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. ÁRJ, þskj. 646.

[11:08]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Aðrir hv. þingmenn hafa gert frv. góð skil í umræðu í gær og í morgun og við fyrri umræður málsins en ég vík þó að nokkrum greinum. Í fyrsta lagi vil ég gagnrýna fyrirhugaðan niðurskurð á framlagi til fatlaðra, til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, og vil í því sambandi vísa til rökstuðnings sem fram kemur frá minni hluta félmn. um það efni, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Enn á ný eru tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra skertar. Samkvæmt lögum er erfðafjárskattur ætlaður til framkvæmda í þágu fatlaðra. Þær tekjur eru áætlaðar 420 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu fær framkvæmdasjóðurinn í sinn hlut 205 millj. kr. þannig að ríkið tekur í sinn hlut 215 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur uppi áform um að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna. Ef það á að takast sómasamlega þurfa málefni fatlaðra að vera í góðu lagi, nema meiningin sé að leggja auknar byrðar á sveitarfélögin. Í Reykjavík og á Reykjanesi eru langir biðlistar eftir sambýlum og því ljóst að mikil þörf er fyrir framkvæmdafé eigi að takast að stytta biðlistana. Það er ólíðandi að framkvæmdarvaldið skuli ár eftir ár skerða eyrnamerkt fé. Þá er miklu nær að breyta lögunum í stað þess að hunsa þau með þessum hætti."

Ég vil sérstaklega gera að umræðuefni það sem þarna er vikið að, þ.e. flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna. Ég held að í þjóðfélaginu almennt séu vaxandi efasemdir um hve heppileg ráðstöfun þetta er. Flutningur skólans yfir til sveitarfélaganna hefur reynst erfiðari en jafnvel bjartsýnustu menn höfðu gert sér vonir um og hvað varðar þung og kostnaðarsöm verkefni, bæði innan skólakerfisins og eins í þessum málaflokki, þar má ætla að erfiðleikarnir verði enn meiri.

Ég gerði að umtalsefni í umræðu, ég held í fyrradag, vanda skóla á landsbyggðinni að sinna börnum sem byggju við erfiðleika, hegðunarerfiðleika eða mikla námserfiðleika. Þar vék ég að einu ákveðnu tilviki. Í rauninni er þetta ekki *einvörðungu spurning um peninga til að sinna tilteknum einstaklingum*. Þetta er spurning um fjármagn til að rísa undir þeim skyldum sem settar eru á skólana. Í þessu tilviki t.d. má færa rök fyrir því að skólarnir á svæðinu, sem eiga að sinna þeim einstaklingi sem var til umfjöllunar, eru ekki í stakk búnir til að gera það. Litlir skólar eru ekki í stakk búnir margir hverjir til að sinna erfiðum verkefnum sem lögum samkvæmt eru lögð á þeirra herðar. Ég tek þetta sem dæmi um þann vanda sem verður uppi þegar sveitarfélögin fá málefni fatlaðra inn á sitt borð og það er mikið áhyggjuefni að í aðdragandanum að þeim flutningi skuli framlag til þessa málaflokks skert á þann hátt sem hér er gert.

Annað atriði sem ég vildi gagnrýna í lagafrv. er hvernig staðið er að Atvinnuleysistryggingasjóði. Tekjur hans eru skertar en lagt til að hlutfall atvinnutryggingagjalds, sem rennur til atvinnuleysistrygginga, lækki um 0,15% en þetta er sett í samræmi við minnkandi fjárþörf sjóðsins vegna minna atvinnuleysis. Útgjöld launagreiðenda verða 400 millj. kr. minni fyrir vikið. Það má vel vera að atvinnuleysið sé á niðurleið og vonandi að svo sé og okkur takist að útrýma atvinnuleysi. En við vitum að á Íslandi búum við við mjög miklar sveiflur í efnahagslífi og ég held að það sé mjög vanhugsuð ráðstöfun að veikja undirstöður Atvinnuleysistryggingasjóðs því að það er ekki nóg með að tekjur sjóðsins séu skertar heldur eru einnig lagðar auknar byrðar á sjóðinn. Þannig er honum gert að taka þátt í kostnaði við svæðisvinnumiðlanir, hluta Vinnumálastofnunar, og er þar um að ræða framlag upp á 100 millj. kr. en áður höfðu verið settar ýmsar aðrar byrðar á sjóðinn, ýmis önnur verkefni, starfsmenntunarsjóður og atvinnusjóður kvenna. Það er því tvennt að gerast í senn. Tekjur sjóðsins eru að skerðast og auknar byrðar eru settar á hans herðar.

Á sama tíma hafa reyndar verið sett í önnur lög ákvæði þess efnis að ríkið er í rauninni ekki lengur í bakábyrgð fyrir sjóðinn. Sjóðnum er ætlað að vera sjálfstæður og sjálfbær og er það mjög í takt við þá hugsun sem er að finna víða *í skipulagi sjóða og stofnana á vegum hins opinbera*. Nefni ég þar sérstaklega nýskipan í lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Þar er gert ráð fyrir því að ríkisábyrgð í gömlum stíl sé afnumin en sjóðunum gert, og búið svo um hnútana, að þeir rísi sjálfir undir skuldbindingum sínum. Þetta finnst mér allt hníga í þá átt að heppilegra hefði verið að treysta undirstöðu sjóðsins í stað þess að veikja hann, draga úr framlagi til hans og setja á hann auknar byrðar. Þetta var um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Ég ætla þá að víkja að 9. gr. sem hefur verið mjög til umræðu og er mjög umdeild þótt ríkisstjórnin sé þar nokkuð að bakka frá því sem áður var ákveðið fyrir áramótin 1995 þegar tengingin sem var á milli almannatrygginga og atvinnuleysisbóta annars vegar og launataxta hins vegar var afnumin. Nú er komið nokkuð til móts við þær kröfur sem settar voru fram af ýmsum almannasamtökum og verkalýðshreyfingu og að ógleymdri stjórnarandstöðu á Alþingi. Í 9. gr. segir, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr." — sem munu vera meðlög — „og fjárhæðir skv. 17. gr.,

skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Í umræðunni hefur verið vitnað til ályktana sem hafa komið frá verkalýðshreyfingunni, frá ASÍ, frá BSRB og ýmsum samtökum öðrum. Fyrr í morgun var vitnað í ályktun sem kom frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, þar sem því er mjög harðlega mótmælt hve skammt er gengið til móts við kröfur landssambandsins og segir m.a., með leyfi forseta:

„Það mun því verða áframhald á geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnar hvort okkar fólki hlotnast að lifa með þeirri virðingu og reisn sem öðrum þegnum þessa lands, að það fái búið við efnahagslegt öryggi í stað þess að vera dregið í niðurlægingu fátæktar."

Þetta eru hörð orð sem koma frá landssambandi fatlaðra, Sjálfsbjörg, og rökin á bak við þessi hörðu orð eru þau að þótt menn hafi viljað láta líta svo út að verið væri að tryggja kjör fatlaðra, tryggja kjör elli- og örorkuþega, þá er í rauninni verið að undirbúa þarna stórfellda kjaraskerðingu. Lítum nánar á þetta orðalag: „Ákvörðun þeirra," þ.e. þessara bóta „skal taka mið af launaþróun," hér er ekkert handfast, „þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Það er yfirlýst markmið verkalýðshreyfingar og alla vega á hátíðarstundum er það líka yfirlýst markmið ríkisstjórnar að stefna eigi að því að reisa við kaupmátt kauptaxtans. Hvað þýðir það? Hvað þýðir að reisa við kaupmátt kauptaxta? Jú, það er að tryggja að kauptaxtinn þróist umfram verðlag. Þannig verður kaupmáttaraukning hjá launafólki, hjá þeim sem taka laun samkvæmt kauptaxta. Þá verður kaupmáttaraukning.

Nú hafa verið gerðir samningar sem eiga að tryggja að um næstu áramót fari lægstu launataxtar upp í 70 þús. kr. eða þar um bil. Þetta er hækkun hjá lægsta fólkinu, hjá þeim sem bjuggu við viðmiðunartaxta almannatrygginga áður. Þetta er talsverð hækkun umfram það sem almennt gerist á launamarkaðnum. Öryrkjunum og lífeyrisþegunum verður gert að hvíla á gólfi neysluverðsins, almennrar verðlagsþróunar á meðan lægstu kauptaxtarnir fara hraðar upp á við. Í þessu liggur kjaraskerðingin hjá þeim hópum. — Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hæstv. félmrh. sé í Alþingishúsinu því ég óska eftir því að hann verði viðstaddur það sem ég hef að segja um þessi efni.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. félmrh. er í húsinu og forseti gerir ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

(**VE:** Geturðu ekki skammað einhvern annan á meðan?) Hv. formaður efh.- og viðskn. spyr hvort ég geti ekki skammað einhvern annan á meðan. Það væri eflaust hægt að gera það en við höfum andakt og nóg af þolinmæði. Það er enn langt til jóla og margt sem þarf að ræða rækilega. Hér kemur hæstv. félmrh. og ég vil gera hæstv. ráðherra grein fyrir því að ég er að fjalla um 9. gr. frv. (**Félmrh.:** Ég hef fylgst með ræðunni.) — gott, um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem gert er ráð fyrir því að elli- og örorkubætur taki mið eða breytingar á þeim taki mið af almennri launaþróun en fari þó ekki neðar en almenn verðlagsþróun í landinu. Ég er að vitna í yfirlýsingar sem fram hafa komið hjá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra þar sem því er harðlega mótmælt að bæturnar fylgi ekki launataxta. Það sem býr að baki harðorðri yfirlýsingu Sjálfsbjargar, verkalýðshreyfingar og fleiri samtaka er að samið hefur verið um það í kjarasamningum að lægstu taxtar, þeir sem þessar bætur voru áður miðaðar við fari upp í um 70 þús. kr. á næsta ári. Þá sjá menn það fyrir sér, alla vega hafa þeir ekki tryggingu fyrir því að þessar bætur hækki að sama skapi. Þarna er sem sagt verið að skerða þessi kjör.

Það er eitt annað sem vekur athygli manna og það er spurningin um kjör atvinnulausra. Það er spurningin um atvinnuleysisbætur. Óneitanlega hafa yfirlýsingar hæstv. félmrh. vakið athygli og reiði í þjóðfélaginu þess efnis að óeðlilegt sé að atvinnuleysibætur fylgi lægstu launatöxtum. Það þurfi að vera hvatning fyrir fólk til að vinna, eins og hann hefur orðað það. Í þessu felst sá skilningur að atvinnulausir séu án atvinnu að eigin vali og að eigin ósk og sérstaka hvatningu þurfi til þess að þeir finni sér vinnu. Það er ógæfa þúsunda manna að fá ekki starf. Það er ógæfa þessa fólks líka að það hrapar niður í tekjum. Margir missa eignir sínar við atvinnuleysið og verða fyrir miklum búsifjum, því það er nú einu sinni svo að þótt yfirvinna sé að dragast saman í þjóðfélaginu, þá erum við enn þá yfirvinnuþjóðfélag og víða hefur í kjarasamningum, ekki síst hjá þeim sem búa við lægstu taxtana eins og í fiskvinnslunni, verið samið um alls kyns bónusa sem hvíla ofan á þessum lágu töxtum. Ef atvinnuleysisbætur, sem nú eru um 57 þús. kr. fyrir fullan mánuð, verða lægri en lægstu taxtar þá er ekki nóg með það að fólk sé að verða af yfirvinnunni sem það áður fékk greitt fyrir og bónusnum sem það áður fékk greitt fyrir heldur er líka hrap frá þessum lægstu töxtum. Við erum þá komin niður í lífskjör sem eru svo langt frá því að vera nokkrum manni bjóðandi og langt frá því að eiga nokkra samleið með heilbrigðri skynsemi, að ég fæ ekki skilið hvað það er sem ríkisstjórnin hugsar þessu fólki. Ég fer þess á leit við hæstv. félmrh. að hann skýri hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur gagnvart atvinnulausum og atvinnuleysisbótunum og hvort samsvarandi breytingar eru hugsaðar og varðandi elli- og örorkubæturnar, eða hvað hugsar ríkisstjórnin í þessu efni? Sjálfum finnst mér ekkert annað koma til greina en að þessar bætur fylgi þróun þeirra launataxta sem hefur verið miðað við og er þó allt of lágt því það er samdóma álit allra, held ég, að það lifi enginn af þessum lægstu töxtum, það gerir enginn. Þess vegna reynir fólk að ná til sín allri þeirri aukavinnu sem það á mögulega kost á auk þess sem það hefur sumt hvert kost á því að fá ávinning af margs kyns bónusgreiðslum sem hinn atvinnulausi fær ekki.

Sú spurning sem ég vildi beina til hæstv. félmrh. er hvernig hann hyggst bregðast við meirihlutaályktun Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hefur farið þess á leit að jólauppbót á atvinnuleysisbætur verði tryggð atvinnulausu fólki. Meiri hluti stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkti á fundi sínum í fyrradag eða daginn þar áður mun það hafa verið, að beina þeim tilmælum til hæstv. félmrh. að atvinnulausir fái jólauppbót á atvinnuleysisbætur. Áætlað er að þetta muni kosta sjóðinn 80 millj. kr. og að atvinnulaus einstaklingur með full réttindi fengi 25.100 kr. í jólauppbót. Hvað ætlar hæstv. félmrh. að gera gagnvart þessari eindregnu kröfu sem fram hefur komið frá Atvinnuleysistryggingasjóði sem setur þá kröfu á hendur ríkisstjórninni að hún komi til móts við atvinnulaust fólk að þessu leyti? Atvinnulausir þurfa líka að halda jól og áramót eins og aðrir og það kostar peninga á þeim heimilum eins og öðrum heimilum. Þessu fólki sem býr þegar við mjög þröngan kost veitir ekki af þeim fáu þúsundkrónuseðlum sem þetta mundi færa þeim en gæti skipt

sköpum fyrir marga. Hvað hyggst hæstv. félmrh. gera í þessu efni?

Ef þarf lagabreytingu til að koma þessu í kring, þá trúi ég ekki öðru en Alþingi og hv. alþingismenn munu allir leggjast á eitt ef það er einlægur vilji ríkisstjórnarinnar að koma til móts við atvinnulaust fólk að þessu leyti. Þess vegna er spurning mín sú: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera gagnvart þessum kröfum sem fram hafa komið frá Atvinnuleysistryggingasjóði og telur hæstv. ráðherra að þörf sé á lagabreytingu og er hann reiðubúinn að beita sér fyrir slíkri lagabreytingu áður en þingi verður slitið fyrir jólahátíðina?

[11:31]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þannig er að þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa þegar farið yfir öll helstu grundvallaratriði málsins og er alveg ástæðulaust að fara yfir þetta í heild en það er eitt atriði í frv. sem er mér sérstaklega hugleikið sem ég ræddi aðeins við 1. umr. og ég ætlaði aðeins að fylgja eftir. Ég sé að í áliti minni hluta efh.- og viðskn. þar sem fjallað er um þær greinar sem ég ætlaði að ræða um og hv. þm. Steingrímur Sigfússon gerði grein fyrir í gærkvöldi, er rætt sérstaklega um tengingu almannabóta við kaup. Ég sé að minni hlutinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að segja sem svo: Yfirlýsingar forsrh. í þessum efnum er ekki hægt að túlka öðruvísi en þannig að orðalag 9. gr. frv. beri að skilja svo að bætur almannatrygginga og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. skuli beinlínis fylgja launaþróun. Í trausti þess flytur minni hlutinn í efh.- og viðskn. engar brtt. við þá grein sem fyrir liggur í frv.

Ég vek athygli á því í þessu sambandi, herra forseti, að í áliti minni hluta heilbr.- og trn. sem birt er sem fskj. IV með nefndaráliti þessu segir svo, með leyfi forseta:

„Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa margsinnis lýst yfir að frá og með komandi áramótum verði bætur almannatrygginga tengdar launavísitölu, þó þannig að bætur hækki aldrei minna en vísitala neysluverðs. Þessa sér þó ekki stað í frumvarpi forsætisráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Fulltrúar minni hlutans í heilbrigðis- og trygginganefnd telja því nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um viðmið og framkvæmd bótahækkana. Jafnframt þarf að tryggja með ótvíræðum hætti að fyrirhuguð 4% launahækkun sem ráðgerð er um næstu áramót komi einnig fram í hækkun bóta almannatrygginga. Því er lögð fram eftirfarandi breytingartillaga af hálfu minni hlutans við 9. gr. frumvarpsins:

„65. gr. laganna orðist svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast í samræmi við launavísitölu Hagstofu Íslands, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísistölu neysluverðs. Breytingarnar skulu vera ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna janúar, apríl, júlí og október og miðast við breytingar launavísitölu á næstliðnum þremur mánuðum."

Jafnframt vekur minni hlutinn athygli efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi stjórnarandstöðunnar um að bætur almannatrygginga verði færðar í fyrra horf, þ.e. miðaðar við breytingar á launatöxtum verkamanna."

Undir þetta álit heilbr.- og trn. rita hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Í hugmynd minni hluta heilbr.- og trn. er tekið algerlega af skarið um að þessar bætur almannatrygginga eigi að fylgja launavísitölu. Segja má að það sé það sem var talað um við 1. umr. málsins, menn lögðu á það áherslu að bæturnar fylgdu launavísitölu.

Í umræðum um málið við 1. umr. spurði ég forsrh. nokkuð nákvæmlega eftir því hvað greinin í frv. eins og það stendur núna þýddi og forsrh. komst þannig að orði að út af fyrir sig var full ástæða til þess að ætla að þarna væri gert ráð fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að bætur almannatrygginga ættu að fylgja launum og gengið var eins langt í því orðalagi hans, hæstv. forsrh., eins og hægt er að mínu mati. Ég átti þess vegna alveg eins von á því að efh.- og viðskn. flytti þá tillögu, það orðalag nánast sem hæstv. forsrh. hafði uppi við 1. umr. málsins. Svo er ekki heldur standa menn bersýnilega að því að orðalagið verði óbreytt frá því sem það er í frv. Þá vil ég taka það fram að ég skil niðurstöðu minni hluta efh.- og viðskn. þannig að hann telji að orðum forsrh. sé treystandi að því er þetta varðar og þau hafi svo að segja lagagildi, að orð forsrh. hafi svipað eða nær sama innihald og breytingarhugmynd minni hluta heilbr.- og trn. þannig að í raun og veru liggi það þannig að þar sem hæstv. forsrh. hafi gefið þessa yfirlýsingu sé ekki þörf á því og ekki ástæða til þess að takast frekar á um málið vegna þess líka að ef minni hlutinn flytti brtt. um það að þetta fylgdi launavísitölu og sú tillaga yrði e.t.v. felld með hefðbundnum hætti liggur mér við að segja vegna þeirra viðbragða sem stjórnarliðið hefur alveg sjálfkrafa gagnvart stjórnarandstöðunni, slík tillaga yrði felld, þá væri það til bölvunar fyrir málið. Ég met það þannig að minni hlutinn í efh.- og viðskn. hafi komist að þessari efnislegu niðurstöðu að svona séu hlutirnir, að ekki sé skynsamlegt að láta fara að fella breytingartillögur, að betra sé í þeirri stöðu sem nú er uppi að treysta því að þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla um þessi mál við 1. umr. málsins standi.

Þá vil ég láta það koma fram af því að ég átti þessi orðaskipti við forsrh. í 1. umr. málsins að ég tek undir þetta með minni hluta efh.- og viðskn. og ég treysti því að þessi orð standi. Þá segi ég líka hitt að ég vil a.m.k. áskilja mér allan rétt til þess á næsta þingi eða jafnvel fyrr, jafnvel fyrir lok þessa þings ef ástæða er til að koma aftur að málinu og ég lít þannig á að rétt sé að láta reyna á þá skipan sem um er að ræða við þær breytingar sem verða á launum á næsta ári en ef í ljós kemur eitthvert hik á mönnum, þ.e. stjórnvöldum að því er varðar það að láta bæturnar fylgja launaþróuninni, þ.e. launavísitölunni, ef eitthvert hik er á stjórnvöldum í þeim efnum, þá áskil ég mér allan rétt til þess að koma aftur að málinu með því að flytja brtt. við lögin við almannatryggingar sem væri þá kannski ekkert ólíkt því sem minni hluti heilbr.- og trn. setti á blað hjá sér og fylgdi í áliti minni hlutans sem sent var hv. efh.- og viðskn.

Ég vil aðeins fara yfir það að í upphafi voru allar þessar breytingar á almannatryggingabótunum látnar fylgja ákveðnum taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og það var lengi í mínu blaðamannsminni fyrir margt löngu 8. taxti A og var hafnarvinnutaxti. Síðan gerðist það í rás tímans að taxtinn var meira og minna óvirkur vegna þess að fleira hafði verið miðað við hann en þetta og menn höguðu kjarasamningum þannig að það hafði helst farið fram hjá öllu því sem stóð í taxtanum að því er varðar almennar hækkanir. Þess vegna dróst hann aftur úr og þá hættu menn að miða við hafnarvinnutaxta og miðuðu við vikukaup eins og það hét í almennri verkamannavinnu. Síðan var það svona skilgreiningarverkefni og þrætumál aftur og aftur við breytingar á almannatryggingabótum hvað vikukaup í almennri

verkamannavinnu þýddi. Niðurstaðan varð sú að menn náðu oft um það samkomulagi í tengslum við kjarasamninga hvað þetta þýddi. Í framhaldi af því gerist það síðan að núv. hæstv. ríkisstjórn tekur upp þá stefnu með eindregnari hætti en áður hefur verið gert að höggva helst á allar vísitölutengingar eða allar sjálfvirkar tengingar eins og það heitir í fjárlögum og það hefur verið stefna hennar og aðallega núv. hæstv. fjmrh. að reyna að halda þannig á málum. Með þeim rökum var hin sjálfvirka tenging höggvin í burtu fyrir tveimur árum.

Nú sætti þetta gríðarlegum mótmælum, bæði stjórnarandstöðunnar en einnig úti í þjóðfélaginu og var m.a. til þess að haldnir voru mótmælafundir jafnvel á Austurvelli núna við upphaf þings sem var mjög eftirminnilegur fundur. Ég hygg að það sé nokkurn veginn einsdæmi í sögunni að samtök aldraðra efni til útifundar af því tagi sem þá var haldinn. Það er augljóst mál að í stöðunni í dag hefur hæstv. ríkisstjórn kosið að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hafa verið að þróast úti í þjóðfélaginu. Það er í sjálfu sér jákvætt að alþingi götunnar skuli hafa þau áhrif sem þarna kom í ljós. Ég lít þannig á að það felist í brtt. ríkisstjórnarinnar í upphaflega frv. ákveðin tilslökun og að í yfirlýsingu forsrh. við 1. umr. felist viðbótartilslökun að koma til móts við þetta alþingi götunnar sem aldraðir settu úti á Austurvelli í haust um um svipað leyti og við komum saman og af þeim ástæðum sé það réttlætanlegt sem minni hluti efh.- og viðskn. grípur til í þessu máli að flytja ekki sérstaka brtt.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og segja það um leið og endurtaka að ég áskil mér allan rétt til þess að koma að málinu síðar. Ég lít þannig á að þetta sé tilraunaskipan á málinu sem standi þá a.m.k. út næsta ár eða hluta af næsta ári. Ef þetta gefst illa, ef grunsemdir og tortryggni vakna upp þegar kemur fram á næsta ár tökum við málið upp annaðhvort síðar á þessu þingi eða á þinginu sem hefst haustið 1998.

Ég hygg að hæstv. félmrh. hafi ekki svarað því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði um, hvort hæstv. félmrh. lítur þannig á að atvinnuleysistryggingabætur eigi að fylgja sömu þróun og gert er ráð fyrir í almannatryggingabótunum. Ég hef a.m.k. ekki heyrt það og þá biðst ég afsökunar á því ef það hefur farið fram hjá mér og er út af fyrir sig ástæðulaust þá að vera að endurtaka það hér en ég held að það væri mikilvægt samt sem áður að í þessari umræðu léti hæstv. félmrh. sjónarmið sín í þessu efni koma fram þannig að atvinnulausir vissu hver réttur þeirra er.

Ég tel, herra forseti, með öðrum orðum að um sé að ræða ákveðinn áfanga, ákveðna niðurstöðu sem samtök aldraðra í landinu hafa knúið fram og ég tel ástæðu til þess að þakka þeim fyrir það um leið og málið fer í gegnum 3. umr. á hv. Alþingi.

[11:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umræðuefni álit minni hluta heilbr.- og trn. um þá kafla bandormsins sem lúta að breytingu á lögum um almannatryggingar. Mig langar þess vegna aðeins að reifa tildrög málsins.

Eins og menn muna eftir og hv. þm. rifjaði upp í ræðu sinni áðan flutti stjórnarandstaðan mjög harða tillögu um það að tengja á nýjan leik bætur almannatrygginga við þróun launa hér á landi. Ríkisstjórnin hafði áður afnumið þá tengingu. Það hafði vakið hörð mótmæli, ekki bara af hálfu stjórnarandstöðunnar heldur mjög hörð mótmæli úti í þjóðfélaginu. Ég tel að hörð andstaða stjórnarandstöðunnar og ekki síst á meðal eldri borgara hafi orðið til þess að mjög mikilvægur sigur vannst í málinu. Forsrh. lét undan síga og hann lýsti því yfir mjög undanbragðalaust að við þessi áramót yrðu sett í gildi lög sem mundu tengja aftur bætur almannatryggingakerfisins og launaþróunar. Það kom mönnum þess vegna mjög á óvart þegar bandormurinn kom fram og það birtist í umræddum greinum hans að yfirlýsing forsrh. var ekki tryggilega fest inn í frv. Af þeim sökum lagði minni hluti heilbr.- og trn. til við efh.- og viðskn. að þetta yrði kirfilega fest inni með því að 65. gr. laga um almannatryggingar orðist svo, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. skulu breytast í samræmi við launavísitölu Hagstofu Íslands þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Síðan sögðu þau jafnframt að breytingarnar skyldu verða ársfjórðungslega. Það var fyrst og fremst gert til þess að tryggja að 4% hækkunin sem átti að koma fram um áramótin mundi líka speglast inni í bótum almannatryggingakerfisins. Nú skilst mér að yfirlýsing hafi komið fram um að það gerðist. Þess vegna væri í sjálfu sér, herra forseti, hægt að fella brott þessar síðustu línur sem tengjast ársfjórðungshækkununum og láta hitt standa. Ég vil hins vegar taka undir þá skoðun sem hv. þm. lét í ljósi áðan að ekki er á það hættandi að stjórnarandstaðan flytti slíka tillögu ef hún yrði felld. Ég held að við verðum að treysta frekar orðum forsrh. þó vissulega endurspegli þetta einhvers konar óánægju og ágreining innan stjórnarliðsins en orð forsrh. hljóta að standa í þessu efni.

[11:46]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók upp í andsvari og var einnig rætt af hv. þm. Svavari Geststsyni var að sjálfsögðu rætt í efh.- og viðskn. Það eru ákveðin vandkvæði á því hvernig nákvæmlega eigi að haga þessum viðmiðunum öllum eins og kom fram hjá hv. þm. Svavari Geststsyni. Það kom einnig fram hjá honum t.d. að þegar ákveðinn taxti er hafður til hliðsjónar þá getur það ýmist verið á valdi aðila vinnumarkaðarins að halda þeim taxta sérstaklega niðri eða hækka hann umfram annað. Með því er í rauninni verið að færa ákvörðunarvald um þessa hluti frá Alþingi til aðila vinnumarkaðarins sem ég held að sé ekki heppilegt.

Varðandi tillögu minni hluta heilbr.- og trn. þá er um hana að segja að á henni eru ákveðin tæknileg vandkvæði sem voru rædd í nefndinni. Minni hluti efh.- og viðskn. ákvað þess vegna að halda þeirri tillögu ekki til streitu, þ.e. að flytja hana hér.

Eins og málið stendur núna lít ég svo á að með þeirri formúlu sem er í greininni sé verið að leitast við að sjá til þess að kaupmáttur bóta lækki ekki þrátt fyrir að erfiðleikatímar komi í þjóðfélaginu. Það er að sjálfsögðu stefnt að því að hækka kaupmátt bótanna og að hækkunarferillinn endurspegli almenna launaþróun og almenna aukningu kaupmáttar í samfélaginu. Það er hins vegar mjög erfitt að finna einhverja algilda viðmiðun fyrir það, nákvæmlega eina vísitölu frekar en aðra hvernig þetta er gert en ég held að allir séu sammála um það að kjör og kaupmáttarþróun þeirra sem taka bætur þurfi að vera í almennu samhengi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu.

[11:48]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja, þó að ég sé að svara hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, að ég var sammála hverju einasta orði sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan varðandi þessa hluti. Ég vil síðan segja í framhaldi af orðum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar þetta: Ég lít þannig á að niðurstaðan sem orðið hefur m.a. hjá hv. efh.- og viðskn. þýði það að nefndin líti þannig á að viðhorf minni hluta heilbr.- og trn. standi að öðru leyti en því að tæknileg vandkvæði séu á því að framkvæma þetta eins og þar er gert ráð fyrir. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði tæknileg vandkvæði, formleg vandkvæði. Hann sagði ekki efnisleg vandkvæði að öðru leyti heldur er vandinn, að því er ég skildi hann, fyrst og fremst fólginn í því að erfitt sé að finna hina eðlilegu viðmiðun. Út af fyrir sig get ég alveg tekið undir að það er ekkert einfalt mál. Þess vegna vil ég segja að ég lít þannig á sem þingmaður hér og atkvæðagreiðandi þegar þar að kemur, að niðurstaðan sé sú að í rauninni verði fylgt einhverju sem er í líkingu við launavísitölu, þó þannig að bæturnar hækki aldrei minna en nemur verðlagi á hverjum tíma sem í raun þýðir að verið er að setja gólf í kaupmáttarþróunina að því er varðar þessa hluti og að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris þessara bóta fari aldrei niður fyrir þróun launakaupmáttarins í landinu, en hann gæti orðið meiri. Af hverju segi ég þetta? Ég segi það vegna þess að hér stendur að bæturnar eigi þó aldrei að hækka minna en nemur verðlagi sem þýðir auðvitað ekkert annað en það að verið er að segja: Kaupmátturinn fer ekki niður fyrir það sem hann er í dag. Það er það sem verið er að segja og það er auðvitað mjög mikilvægt atriði.

[11:51]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé sameiginlegt áhugamál mitt og hv. þm. Svavars Gestssonar að kaupmáttur bótaþega þróist í samræmi við getu þjóðfélagsins og í samræmi við launaþróun almennt. Ég held að við hljótum ekkert að deila um það en útfærslan á þessu hvernig sem hún nákvæmlega verður má ekki vera með þeim hætti að menn læsist inni í einhverri ákveðinni formúlu sem nær ekki tilgangi sínum, geri annaðhvort að verkum að endurskoða þurfi hana einhvern tíma seinna, búa til væntingar sem þjóðfélagið getur ekki staðið undir eða slíkt. Ég held að þess vegna sé ástæða til að taka undir það sem hv. þm. sagði að rétt væri að leyfa þessari formúlu að virka ákveðinn tíma, sjá til hvernig hún reynist og hvort hún verður ekki örugglega til þess að kaupmáttur bóta almannatrygginga þróist eðlilega í samræmi við launaþróun og kaupmáttarþróun almennt í þjóðfélaginu og getu þjóðfélagsins til þess að standa undir þeim bótum.

[11:52]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka að ég skil þetta þannig að þó svo kaupmáttur kauptaxta færi niður, þá lækkar kaupmáttur almannatryggingabótanna ekki. Þannig skil ég þetta, að menn séu í raun að setja gólf í þessa þróun og ég tel það mjög mikilvægt.

Ég skil það hins vegar þannig að ef svo gerðist að kaupmáttur kauptaxtanna færi síðan upp aftur og jafnvel upp fyrir bætur almannatrygginga, þá séu menn að áskilja sér rétt með þessum formúlum að láta þá kaupmáttarhækkun ekki endilega koma á sama hátt til skjalanna að því er varðar bætur almannatrygginga og þess vegna vilji menn ekki orðið launavísitala. Ég segi aftur á móti: Ég vil að þetta gólf sé alveg skýrt, að kaupmáttur bóta almannatrygginga fari ekki niður fyrir þetta og ég segi líka: Ég vil áskilja mér a.m.k. rétt til að líta þannig á að menn vilji og við viljum alla vega í stjórnarandstöðunni að kaupmáttur bóta almannatrygginga fylgi launaþróuninni líka þegar hún færi upp aftur eftir einhvern slaka.

[11:54]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. KH og GGuðbj, þskj. 648.

[11:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður sem hafa spunnist á lokaspretti umræðnanna um bandorminn og hafa fjallað einkum um þá hluta bandormsins sem varða almannatryggingalögin. Ég tek undir þá skoðun, herra forseti, sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að eins og þetta er orðað í núverandi frumvarpstexta er ljóst að í þeim texta er fólgin trygging fyrir því að kaupmáttur bótanna geti ekki minnkað. Sú staða getur líka komið upp samkvæmt frumvarpstextanum að kaupmáttur bótanna aukist hlutfallslega — herra forseti, mér þætti vænt um ef hv. formaður efh.- og viðskn. mundi gefa sér tíma til að hlýða á orð mín.

(**Forseti** (ÓE): Já, hafið hljóð í salnum og hlustið á ræðumann.)

Ég bið hv. þm. Vilhjálm Egilsson afsökunar á því að hafa truflað hann frá öðrum störfum og mikilvægari en þeim að hlusta á ræðu mína um almannatryggingakafla bandormsins. Það sem ég var að segja, herra forseti, svo ég rifji það upp aftur, þá tel ég þessar umræður mikilvægar. Ég tel að þær skýri betur hvert ríkisstjórnin er að fara með þessum kafla. En áður en ég kem að því sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði áðan, þá vil ég segja að ég er sammála þeirri skoðun sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur á inntaki 9. gr. Það er alveg ljóst samkvæmt henni, tel ég, eins og hún er orðuð í núverandi frumvarpstexta að þetta þýðir að kaupmáttur bótanna getur ekki minnkað. En þetta þýðir líka að kaupmáttur bótanna getur hækkað hlutfallslega miðað við kaupmátt launa ef svo fer að launavísitalan fer niður.

Að vísu eru ekki líkur á því en samkvæmt texta frv. þýðir þetta ekkert annað ef svo færi að launavísitalan mundi síga niður á við, þá er kaupmáttur bótanna samt sem áður tryggður með því að þarna segir í 9. gr., með leyfi forseta:

„Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna em verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Menn hafa verið að deila um með hvaða hætti eigi að tryggja að bætur alamannatryggingakerfisins rýrni ekki. Ég held að í því velferðarkerfi sem flokkarnir á Íslandi hafa sameiginlega staðið að að byggja upp, misjafnlega áhugasamir þó, ríki almenn sátt um að reyna eigi að koma í veg fyrir með öllum ráðum að bætur almannatryggingakerfisins lækki miðað við kaupmátt almennings í landinu. Ég þóttist skilja það af máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að hann er nákvæmlega þeirrar skoðunar. Hann tilheyrir sem sagt þeim geðfellda parti Sjálfstfl. sem vill hjálpa lítilmagnanum í þjóðfélaginu. Það hef ég oft orðið var við.

Það sem mér fannst líka merkilegt hjá hv. þm. er það að hann virðist reyna að velta fyrir sér í fullri alvöru einhvers

konar formúlu sem tryggir þetta. Áður fyrr höfðu menn tenginguna beinlínis við lægstu launaflokka dagvinnutaxta. Það var ýmislegt sem mælti gegn því. Það var stundum sagt að einmitt þessi tenging hefði komið í veg fyrir að hægt væri að hækka lægstu taxtana.

Hv. þm. gat um að í niðurlagsorðum þeirra ábendinga sem heilbr.- og trn. beindi til efh.- og viðskn. hefði verið fólgin hvatning til efh.- og viðskn. um að kanna hvort ekki væri betra að haga ákvæðum frv. í takt við tillögur sem stjórnarandstaðan hefur flutt og ýmsar hugmyndir sem hún hefur reifað bæði nú og áður. Hv. þm. kom með fullkomlega gild rök fyrir því að e.t.v. væri varhugavert að endurvekja tenginguna milli bótaþróunarinnar og dagvinnutaxta. Hann sagði: Það gæti orðið til þess að Vinnuveitendasamband Íslands mundi freista þess að halda niðri þessum vinnutöxtum. Við höfum reynsluna af því. Það var nákvæmlega það sem gerðist þannig að hv. þm. virðist algerlega skilja eðli Vinnuveitendasambandsins í þeim stéttaátökum sem hafa oft orðið einmitt í tengslum við þetta.

Hann sagði líka að út af fyrir sig væri hættulegt að fara þá leið að flytja með þessum hætti ákvörðun bótanna út í bæ. Ég er sammála hv. þm. Þetta er skynsamlega mælt. Það sem mér fannst hins vegar skipta mestu máli í því sem hv. þm. sagði í stuttu andsvari var mikilvæg yfirlýsing þar sem hann sagði að með þeirri formúlu sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir þingið og efh.- og viðskn. blessaði í bak og fyrir, þá sé verið að leitast við að kaupmáttur bótanna lækki ekki. Ég er algerlega sammála þessu markmiði en það má auðvitað spyrja sjálfan sig, af hverju eru menn að leitast við það? Af hverju tryggja þeir það ekki með beinum hætti? Af hverju setja þeir ekki einfaldlega inn þarna orðið „launavísitala"?

Hann sagði líka að stefnt væri að því, herra forseti, og ég skrifaði orðrétt eftir honum að stefnt væri að því að hækka kaupmátt bóta og að hann endurspegli almenna launaþróun í þjóðfélaginu. Þá spyr ég hv. þm.: Hvernig ætlar hann að koma því svo fyrir að þessi ætlan hans gangi upp þegar launaskrið verður í þjóðfélaginu? Vegna þess að launaskrið fellur undir skilgreininguna á almennri launaþróun. Ég sé ekki að þetta ákvæði eins og það stendur núna frá efh.- og viðskn. tryggi að bæturnar hækki í takt við launaskrið í landinu.

Við vitum, eins og ríkisstjórnin hefur margsinnis bent á með réttu, að það er góðæri í landinu. Það kann vel að vera að sú hagsveifla sem við höfum notið síðustu missirin muni ekki halda áfram að rísa en það er flest sem bendir til þess að það muni vera árgæska á næstunni. Við vitum líka hvað það þýðir. Það þýðir það jafnan að einhvers konar launaskrið verður en ef launaskrið verður og ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem talar fyrir munn ríkisstjórnarinnar ætlar að sjá til þess að þetta launaskrið nái líka inn í bætur almannatryggingakerfisins, þá spyr ég hann: Hvernig ætlar hann að tryggja það? Ég hef hans góða vilja og vafalaust góðan vilja fleiri stjórnarliða en ég hef ekki aðra tryggingu fyrir því. Ég hef að vísu orð forsrh. sem hefur lýst því yfir að hækka eigi bætur almannatryggingakerfisins í takt við launaþróun í landinu, ég skildi orð hans þannig. Ég man ekki hvernig þau voru nákvæmlega sögð en ég skildi orð hans þannig að um væri að ræða að taka upp tengingu við launavísitölu. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvað forsrh. sagði. Það sem skiptir máli er það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði að stefnt væri að því að hækka kaupmátt bóta og stefnt yrði að því að hann endurspegli almenna launaþróun í þjóðfélaginu. Hvað er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að segja? Hann er að segja að það sé stefna stjórnvalda að bætur almannatryggingakerfisins endurspegli líka launaskrið í þjóðfélaginu. Mér finnst það sanngjarnt? Hvers vegna? Vegna þess að mér finnst sanngjarnt að þegar velsæld almennings í landinu eykst þá speglist sú aukning líka hjá þeim sem hafa framfæri sitt aðallega af bótum almannatryggingakerfisins. Í því er fólgin sanngirni. Menn geta auðvitað deilt um hvort það sé fyllilega réttlætanlegt. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé, en það kemur mér svolítið á óvart — ég vona að hv. þm. misvirði það ekki við mig hversu vel og dyggilega hann tekur undir þetta. En á hinn bóginn segir hv. þm. líka rétt í þann mund og hann er búinn að lýsa þessu yfir, og bendir á sem er ábyggilega rétt hjá honum að tæknilegir annmarkar hafi verið á þeirri útfærslu sem við lögðum til og ég geri ekkert veður út af því. Ég er viss um að hv. þm. hefur meira vit á því en ég. Ég treysti því fullkomlega að svo sé. En hann sagði að þarna hefðu menn sett niður ákveðna formúlu og rétt væri að við sæjum hvernig formúlan gengi upp og hvort kaupmáttur bótanna þróist ekki svipað og launin.

Herra forseti. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að fyrst kemur hv. þm. og segir að hann vilji að bótaþróunin endurspegli launaþróun í landinu en síðan kemur hann og segir að formúlan sem hann hafi sett niður sé ákveðin tilraun. Hvers vegna erum við að setja upp einhverja tilraunastarfsemi, herra forseti, í tengslum við þetta? Af hverjum neglum við þetta bara ekki fast niður í þessu ákvæði? Það hefði verið hreinlegast. Þá hefði ég verið glaður, bótaþegarnir hefðu verið glaðir en líklegast hefði hv. þm. Vilhjálmur Egilsson orðið glaðastur vegna þess að þá hefði hann tryggingu fyrir því að það sem hann vill verði framkvæmt.

Almennt vil ég segja um þann kafla bandormsins sem vélar um þær greinar sem tengjast lögunum um almannatryggingar að ég hefði kosið að sjá þetta öðruvísi. Ég hefði kosið að sjá t.d. fyrri hluta tillögunnar sem minni hluti heilbr.- og trn. sendi frá sér til efh.- og viðskn. verða að lögum. Ég tel — hv. þm. getur reynt að sannfæra mig um annað og eins og ég hef sýnt honum áður þá tek ég rökum — að með fyrri hlutanum í þeirri grein væri algerlega tryggt að bótaþróunin yrði í takt við launavísitölu Hagstofu Íslands og það sem er mikilvægara er að þær fjárhæðir, sem fjallað er um í 17. gr. almannatryggingalaganna og varða m.a. frítekjumarkið sem er mjög mikilvægt fyrir bótaþega, taki mið af því líka. Með öðrum orðum, það væri fullkomlega tryggt að bætur kerfisins mundu hækka nákvæmlega í takt við launaþróunina.

Hæstv. forsrh. talaði í þá veru að ég taldi að skammlaust yrði frá því gengið af hálfu stjórnarflokkanna að þetta yrði bundið í lög. Nú blasir við að það er ekki gengið tryggilega frá því og það liggur líka fyrir að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem er manna spakastur þegar verið er að véla um hin efnahagslegu vísindi, er heldur ekki alveg viss um að það gangi eftir. Því segi ég það, herra forseti? Vegna þess að í seinna andsvari sínu áðan við hv. þm. Svavar Gestsson, þá viðurkenndi hann fúslega að hann væri ekki algerlega viss um niðurstöðuna. Hann sagði, ekki með hans orðum en ég túlka þau svo, að hér væri um ákveðna tilraunastarfsemi að ræða. Við skulum sjá, sagði hv. þm. efnislega, hvort þetta gengur ekki upp. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvernig í ósköpunum standi á því að þetta er ekki tekið upp í greinina, hvers vegna yfirlýsingum hæstv. forsrh. er ekki breytt í lögfræðilegan texta sem við getum rætt og samþykkt að umræðum loknum. Það varð ekki niðurstaðan í nefndinni.

Ég held þess vegna að farsælt verði úr því sem komið er að fara þá leið að munum athuga hvernig niðurstaðan af þessari grein verður og það er alveg klárt að það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, því verður hrint til fullnustu ef það gerist að bætur kerfisins þróist ekki með þeim hætti sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vill. Þá er auðvitað ekki um neitt annað að ræða fyrir stjórnarandstöðuna en beita sér fyrir því á komandi ári að breyta lögunum í þá veru. En þá verður hv. þm. Vilhjálmur Egilsson líka að standa frammi fyrir því að hann hefur lýst yfir afdráttarlausum vilja sínum. Ég fagna því og ég tel að þessi yfirlýsing hv. þm. sé mjög mikilvæg en ég spyr hv. þm.: Ef hann er þeirrar skoðunar að bótaþróunin eigi að endurspegla almenna launaþróun í landinu, þar af leiðandi launaskrið líka, hvernig ætlar hann að sjá til þess?

[12:07]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. þm. sé dálítið að teygja lopann og hann hefði ekki þurft annað en að ræða við flokksbróður sinn hv. þm. Ágúst Einarsson sem tók dyggilegan þátt í störfum efh.- og viðskn. Hann hefði getað skýrt honum frá þeim umræðum sem áttu sér stað í nefndinni og m.a. umræðum um tillögu hv. þm. eins og hún kom frá heilbr.- og trn.

Hv. þm. ræðir mjög um framtíðina og að allir þurfi að hafa fyllstu tryggingu fyrir framtíðinni. Auðvitað skilur maður þá viðleitni hv. þm. að vilja gjarnan geta séð alla hluti fyrir en þannig er nú ekki alltaf hægt að haga hlutunum. Það sem ég tel að skipti mestu máli gagnvart því fólki sem er að njóta bóta almannatrygginga er að ákveðinn stöðugleiki sé og ekki verið að vekja væntingar sem ekki er hægt að standa við og þegar skref eru stigin áfram þá séu það raunverulega skref áfram en ekki skref aftur á bak. Fólk geti því lagt plön út frá því sem það er með í höndunum á hverjum tíma og ekki sé verið að vekja upp einhverjar falskar vonir. Til dæmis gæti það að miða við launavísitölu og launaskrið á stuttu mjög afmörkuðu tímabili orðið til þess að bætur þyrftu bæði að hækka og síðan að lækka strax aftur í kjölfarið vegna þess að launaskrið hefði gengið til baka. Þess vegna er betra að hleypa formúlu eins og kemur fram í lagatextanum af stað og sjá til hvernig hún reynist og hvort t.d. ef launaskrið er orðið mjög almennt í þjóðfélaginu, ef kaupmáttur launa hækkar á einhverju tiltölulega rúmu tímabili meira en almennt gerist og menn sjá að þarna er kominn kaupmáttur sem þjóðin tapar ekki til baka, þá hlýtur það að endurspeglast í endurskoðunarbótum almannatrygginga eins og mjög oft hefur gerst áður.

[12:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talar af vissu þess sem valdið hefur. Hann segir að ef launaskrið mælist á einhverju sem hann kallar tiltölulega rúmu tímabili, þá hljóti það að endurspeglast í bótaþróuninni. Ég dreg ekki í efa vilja hv. þm. en ég dreg í efa vald hans til þess að sjá til þess. Núna hefur hann valdið. Hann er formaður efh.- og viðskn. og stýrir þar meiri hluta að sinni vild að ég hygg. Hann getur núna ofið þessa tryggingu í lagatexta sem hægt er að samþykkja. Þá þarf hann ekki að vona að það hljóti að gerast, þá hefur hann trygginguna fyrir því.

Hv. þm. sagði að menn ættu ekki að vekja væntingar og ekki falskar vonir. Ja, heyr á endemi. Ekki hefur það verið stjórnarandstaðan sem hefur komið hingað og heimtað — þangað til núna. Það hefur ekki verið stjórnarandstaðan sem hefur komið og heimtað að launaskriðið yrði líka tengt með þeim hætti sem við höfum verið að reifa við bótakerfið. Það er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur vakið upp þær væntingar vegna þess að hann kom hingað áðan og lýsti því yfir að hann teldi að stefna ætti að því að þróun kaupmáttar bóta almannatryggingakerfisins endurspeglaði almenna launaþróun. Í því felst að hann er að lýsa þeim væntingum sínum og þar með að vekja þær líka hjá bótaþegum að launaskriðið í þjóðfélaginu muni líka endurspeglast í kaupmáttarþróun bótanna.

Hv. þm. tilheyrir þeim flokki sem hefur flokka harðast gengið fram í því að lýsa þeirri gullnu framtíð sem blasir við Íslendingum á næsta ári. Flokkur hans hefur útmálað það með fögrum litum að við séum nú stödd í miðju góðæri sem muni halda áfram að aukast, en við vitum hvað gerist alltaf í góðæri. Það verður launaskrið vegna þess að meiri eftirspurn verður eftir vinnuafli, þá verður alltaf launaskrið. Þess vegna getum við talið að miklar líkur séu á því að svo verði og þess vegna spyr ég: Af hverju notar hann ekki tækifærið meðan hann hefur valdið sem formaður efh.- og viðskn. til að tryggja bótaþegum almannatryggingakerfisins nákvæmlega það sem hann var að lýsa áðan að hann vildi stefna að?

[12:12]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. sé að gera nokkuð mikið úr valdi mínu til að ákveða þessa hluti en ég þakka honum samt fyrir það álit sem hann hefur á valdi mínu. Ég held að við þurfum í sjálfu sér ekkert að deila um þetta, ég og hv. þm. Við erum kannski bara mismunandi gerðir, mér líður alltaf betur að vera að þakkað fyrir það sem ég hef gert en hv. þm. vill kannski miklu frekar láta þakka sér fyrir loforðin sem hann gefur.

[12:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að vera að ég hafi í einhverju ofmetið það vald sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur yfir kollegum sínum í stjórnarliðinu í hv. efh.- og viðskn. Að öðru leyti mótuðust orð mín af því að ég veit að samkvæmt lögum um þingsköp er þetta mál í dag ekki á forræði ríkisstjórnarinnar heldur á forræði Alþingis, þ.e. það hefur verið síðustu daga á forræði efh.- og viðskn. þar sem hv. þm. er í forsvari. Ég leyfði mér einungis að undrast það að fyrst hv. þm. er að vekja væntingar um að bótaþegar almannatryggingakerfisins eigi von á að sjá launaskrið í þjóðfélaginu endurspeglast í bótum sínum, hví í ósköpunum hann beitir ekki aðstöðu sinni til að binda þann vilja í lagatexta. Þá mundi hann í senn vera að efna sínar eigin yfirlýsingar og líka þær yfirlýsingar sem óhjákvæmilegt var að lesa út úr orðum hæstv. forsrh. En nú hefur formaður efh.- og viðskn. greinilega vikið úr salnum þannig að mér er erfitt, herra forseti, að eiga orðastað við hann. Ég skal því láta þessu lokið að sinni en skora á hv. þm. — fyrst hann birtist aftur hér í gættinni — að láta verða af því við fyrsta tækifæri að efna þær væntingar sem hann hefur vakið með því að beita sér fyrir eða eftir atvikum styðja þingmenn stjórnarandstöðunnar í því að binda þetta í lagatexta, tryggja það endanlega að launaskriðið úti í þjóðfélaginu muni líka endurspeglast í kaupmáttarþróun almannatryggingakerfisins.

[12:14]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Þessi umræða um almannatryggingaþátt bandormsins er athyglisverð. (**Gripið fram í:** Skemmtileg.) Að sumu leyti skemmtileg en að öðru leyti ekki.

Ríkisstjórn Íslands hefur gefið út yfirlýsingu sem er mjög merkileg. Það er yfirlýsing um að hún vilji standa fyrir og stuðla að því að reyna að binda það eins og hægt er, að örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar taki ekki á sig kjaraskerðingu ef hún kann að verða. Við vitum það öll að við lifum í þjóðfélagi þar sem mikil sveifla er. Í gegnum tíðina hafa kjör manna gengið fram og til baka, það hafa oft komið margar lægðir í annars farsælan feril. En í öllum þessum tilfellum hafa ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar tekið þátt í þeirri kjaraskerðingu sem gengið hefur yfir þjóðfélagið. Slík yfirlýsing og sá vilji ríkisstjórnarinnar eru þess vegna stórmerkileg, eitthvert mesta átak og einhver mesta pólitíska viljayfirlýsing sem gefin hefur verið á seinni árum. Þess vegna veldur það miklum vonbrigðum og olli mér miklum vonbrigðum, herra forseti, þegar ég las póstinn minn í morgun og las þar bréf frá Sjálfsbjörg þar sem þessu var harðlega mótmælt og meiningar voru í bréfinu um að þarna væri verið að skerða kjör fólks og landssamband fatlaðra væri mjög á móti þeirri stefnuyfirlýsingu sem þarna kæmi fram. Mér fannst þetta mjög sorglegt vegna þess að þarna er um algeran misskilning að ræða, algeran misskilning. Þarna er öllu snúið við. Það er einmitt ástæða til að fagna vilja stjórnarinnar að þessu leyti vegna þess að það samfélag er mjög merkilegt sem treystir sér til og vill pólitískt standa fyrir því, að komi hagsveiflur niður á við, þurfi þeir sem verst standa að vígi ekki að taka þátt í því. Ég held að fá dæmi séu um viljayfirlýsingar í nágrannalöndum okkar um þetta.

Ræðurnar tvær sem voru fluttar í morgun og tóku undir bréf Sjálfsbjargar voru þess vegna mikil vonbrigði. Þær sýna mikinn misskilning á því sem verið er að gera og það er líka mjög rangt, herra forseti, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar ef hann heldur að það sé á færi einhvers löggjafa, Íslands eða annarra landa, að vefja það svo inn í lagatexta að hugsanlegt launaskrið eins samfélags verði mælt með því að það komi inn í allt bótakerfið. Þarna er um mjög mikinn misskilning að ræða. Þetta er ógjörningur.

Það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera er fyrst og fremst að stuðla að heilbrigðri hagstjórn og þessi heilbrigða hagstjórn á mjög stóran þátt í því að við erum á framfarabraut. Eitt af því sem hefur verið mjög mikilvægt til þess að stuðla að heilbrigðri hagstjórn er að afnema úr lögum sjálfvirknina því að ef við höfum sjálfvirkni á öllum sviðum eins og tilhneigingin var mjög til áður fyrr, að binda allt fast, minnkar það gríðarlega mikið möguleika stjórnvalda á hverjum tíma til þess að mæta efnahagslegum sveiflum. Og efnahagslegar sveiflur munu koma á Íslandi. Það er að heyra á sumum ræðumönnum að nú sé svo bjart á Íslandi að hér eftir munum við ekki ferðast nema upp á við. Hvað segið þið? Meðan við tryggjum heilbrigða hagstjórn er mjög líklegt að svo geti orðið vegna þess að hagstjórnin sjálf hefur verulega um það að segja hvort vel takist til í efnahagsmálum eður ei. Mörg dæmi eru þess að á góðærum hefur ríkisstjórn bæði þessa lands og annarra tekist að fara illa með fjárhag viðkomandi þjóða. Við Íslendingar höfum því miður mörg dæmi þannig að við vitum vel að þjóð sem byggir svo mikið á öflun sjávarfangs eins og við Íslendingar á ekki að ímynda sér að brautin sé eilíf upp á við. En ef við stöndum að þeirri pólitísku yfirlýsingu sem hér hefur verið gefin að verðum við fyrir áföllum ætlum við að reyna að standa þannig að málum að örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar taki ekki þátt í þeirri kjaraskerðingu sem þá verður þá verðum við þjóð á farsældarbraut og ég efast ekki um að allir munu taka undir það mjög heils hugar. Því er sorglegt þegar menn reyna að snúa þessu við og telja að þessi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og sú viðleitni sem kemur fram í þessum lagatextum sé hin vonda, sé til þess að mótmæla eins og landssamband fatlaðra gerði með bréfi sem ég fékk í morgun. Ég held þess vegna að þingheimur allur sé mjög sammála um að hér er verið að fara inn á brautir sem verða til góðs. Fyrri skipan mála að binda þetta við einstaka texta var ákaflega frumstæð. Ég þekkti það úr margra áratuga starfi við samninga og nú erum við fyrst og fremst að fara inn á þá braut að tryggja að ef við verðum fyrir áföllum og kjör þjóðarinnar rýrna þá ætlum við að reyna að koma í veg fyrir að ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar þurfi að taka þátt í því. Við ætlum að reyna að tryggja að þegar góðærið er, þegar kjör manna eru að batna, fái þeir að fylgja því.

Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er engin ein leið, engin ein viðmiðun, engin ein formúla vegna þess að launabreytingar geta verið ákaflega breytilegar og geta verið ákaflega mismunandi milli ýmissa starfshópa. Við skulum átta okkur á því að það er ekki einfalt mál að segja við hvað á að miða. Með þessum texta eins og við göngum frá honum, eins tillögur okkar eru, er verið að reyna að tryggja að það sé sem jafnast. Það er eingöngu verið að gera það og ég treysti því, herra forseti, að allur þingheimur muni fylgja tillögunum.

[12:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem er að gerast er þetta: Í fyrsta lagi er verið að segja að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris minnkar ekki frá því sem hann er í dag og það er verið að binda það við taxta þannig að það sem hv. þm. hrakyrti áðan er hann að gera sjálfur með annarri hendinni með þróun neysluvöruverðs sem er vísitala sem hann er að binda sig í og ég óska honum til hamingju með það.

Í öðru lagi er verið að lýsa því yfir að þetta er nákvæmlega svona vegna þess að það er minnt á neysluvöruvísitöluna í frumvarpstextanum þannig að þetta gólf er til. Ef eitthvert hik er á stjórnarflokkunum í þessu efni verður að flytja brtt. Ef hv. þm. er að draga til baka orð hæstv. forsrh. verður að flytja brtt. Þá er málið í stórkostlegri hættu. Ef jafnáhrifamikill þingmaður og 3. þm. Vestf., með fullri virðingu fyrir öllum hinum, lítur svona á málið verður að flytja brtt., þá verður að fara að semja um þetta mál áður en þinginu lýkur núna fyrir jólin vegna þess að það er úrslitaatriði að þetta sé algerlega skýrt. Ég skil málið svona. Það er verið að setja gólf um kjörin hjá elli- og örorkulífeyrisbótaþegum og að kaupmáttur þeirra bóta lækki ekki frá því sem er í dag. Ágreiningurinn í þessum sal snýst bara um það hvort binda á uppsveifluna í vísitölu eða ekki. Þannig skil ég það. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að tryggja að elli- og örorkulífeyrisbótaþegar fái líka tryggt í uppsveiflunni í kjörum sínum hvað þeir fá með því að binda það t.d. í vísitölu en stjórnarflokkarnir vilja það ekki. Ég tel að ágreiningurinn liggi þarna. Er það ekki rétt, hv. þm.?

[12:24]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alls enginn ágreiningur. Það er eiginlega alveg furðulegt að menn skulu geta gert úr þessu ágreining. Það liggur alveg ljóst fyrir að með því orðalagi að segja: þó aldrei neðar en sem nemur neysluvísitölunni, þá er verið að setja þar gólf alveg eins og hv. þm. sagði. Verið er að tryggja að kaupmáttur þeirra rýrni ekki. Það er verið að gera það með þessum orðum og ekki er nokkur leið að misskilja það. Það eru allir samálla um það, bæði hv. þm., ég og allir þeir sem eru að tala um þetta. Þetta er alveg ljóst, það er enginn misskilningur í þessu. Það er verið að tryggja að kaupmátturinn rýrni þó ekki. Þetta þýðir bara það og ekkert annað og allir skilja þetta eins.

[12:25]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að tryggja þetta, þá bindur þingmaðurinn sig fastan í hvað? Verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs, stendur hér. Hann er með öðrum orðum að binda þetta fast í tiltekna vísitölu þannig að það er alveg ljóst að hann fellur á eigin prófi að því er varðar þá miklu gagnrýni og árásir á vísitölubindingar. Hann viðurkennir að ekki er hægt að tryggja þetta lágmark nema nota vísitölu neysluverðs. Síðan er það þannig og um það er ágreiningur, hv. þm., þó hann muni væntanlega ekki birtast í atkvæðagreiðslu. Sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið því fram að ætti að binda bótahækkunina við launahækkanir eins og þær kunna að verða á hverjum tíma. Það vill hv. þm. hins vegar ekki gera. Um það snýst ágreiningurinn. En menn eru væntanlega sammála um grunninn, að binda kaupmátt bótanna við þetta lágmark sem er fastur við þann stjóra sem er verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

[12:26]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei nokkurn tíma á ævi minni látið það frá mér fara að ég hefði eitthvað á móti vísitölu. Vísitölur eru bara aðferðir til að meta einhverjar stærðir. En ég sagði áðan að ef við bindum flesta hluti í sjálfvirka hækkun vísitalna erum við að minnka möguleika stjórnvalda til hagstjórnar. Við erum að minnka og þrengja möguleika þeirra til þess að viðhafa hagstjórn á breytilegum tímum. Það var þess vegna sem ég sagði að það væri rétt stefna ríkisstjórnarinnar að taka út bindingarnar til þess að geta brugðist rétt við í efnahagsmálum. Ekkert annað.

[12:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. talar um að ekki sé um neinn misskilning að ræða en það er alveg greinilegt að annaðhvort hefur hann ekki lesið bréfið frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, eða þá hann hefur misskilið það hrapallega því það er ekki verið að mótmæla því að það sé gólf í almannatryggingabótunum. Hann segir að það sé verið að mótmæla því að bótaþegar taki ekki á sig kjaraskerðingu ef hún yrði. Það er ekki verið að mótmæla því. Það er verið að mótmæla því að það skuli ekki vera tekið skýrt á því að lífeyrir skuli fylgja launaþróun samkvæmt vísitölu. Það er verið að mótmæla að það eigi að taka mið af launaþróuninni eins og sagt er í textanum. Það er verið að gera kröfu um það að þetta verði skýrt. Ég get ekki séð að lífeyrisþegar geti tekið á sig nokkra kjaraskerðingu miðað við þá hungurlús sem þeim er ætluð eins og kom fram í ræðu minni í morgun. Um áramótin munu lífeyrisþegar sem fá fullar greiðslur, búa einir og uppfylla öll skilyrði sem hægt er að uppfylla í almannatryggingabótunum þá munu þeir sem mest geta fengið fá 63 þús. kr. meðan lágmarkslaun í landinu verða 70 þús. kr. Er af einhverju að taka þarna, hv. 3. þm. Vestf.? Það er greinilega einhver misskilningur á ferðinni hjá hv. þm.

[12:29]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á undanförnum áratugum hefur íslenska þjóðfélagið gengið í gegnum miklar hagsveiflur. Það hafa orðið djúpar lægðir með nokkurra ára millibili. Það hafa setið ríkisstjórnir allra flokka þegar við höfum orðið fyrir þessum efnahagsáföllum gegnum tíðina. Aldrei hefur verið hægt að tryggja að þeir sem verst stæðu, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar, yrðu ekki að taka þátt í þeirri kjaraskerðingu sem hefur orðið hvað eftir annað á Íslandi. Í öllum tilfellum hafa þeir tekið þátt í þeirri kjaraskerðingu og enginn getað komið í veg fyrir það. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar nú er um það að tryggja að verðum við fyrir áföllum muni þessir hópar ekki þurfa að taka þátt í því. Þess vegna er yfirlýsingin mjög merkileg pólitískt, nýtt skref sem við erum að taka í ýmsum velferðarmálum.

[12:30]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn er að mótmæla því að lífeyrisgreiðslur skuli ekki lækka ef kjaraskerðingar verða. Mótmælin snúast um að þær skuli ekki bindast launavísitölu ef þær eiga að fylgja launaþróun í landinu. Um það snýst málið.

Herra forseti. Hv. þm. veður í villu og svíma í umræðunni.

[12:31]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veð hvorki í villu né svíma í umræðunni. Ég er bara að benda á að það var rétt efnahagsleg ákvörðun af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir tveimur til þremur árum þegar hún hóf það starf að höggva í stundur sjálfvirkar tengingar. Ríkisstjórnin er með þessu lagafrv. að tryggja örorkulífeyrisþegum og ellilífeyrisþegum betri stöðu en þeir hafa nokkru sinni fengið áður. Bein tenging við textana er ákaflega frumstæð aðferð og við höfum áratuga reynslu af því að hún kemur ekki vel fram. Hún villist og hún hefur skekkt þessi kjör hvað eftir annað. Við ættum að forðast að fara í það díki sem við þekkjum svo vel að varð til óþurftar. Við ætlum að reyna að meta þetta öðruvísi þeim til framdráttar og heilla.

[12:32]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það verði að minna á meginatriðið í málinu sem er að ríkisstjórnin hefur kúvent. Hún hefur gersamlega breytt um stefnu. Fyrir tveimur árum afnam hún tengingu bóta almannatryggingakerfisins við viðmiðanir. Það hefur tekið eldri borgara og stjórnarandstöðunnar tvö ár að knýja ríkisstjórnina til uppgjafar. Þeir ætluðu sér að hækka bætur almannatrygginga eftir geðþótta og þeir hafa varið þá stefnu í atkvæðagreiðslum, þar á meðal hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í nafnakalli á hinu háa Alþingi. Nú er verið að gefast upp í málinu og búið er að útfæra málið með þeim hætti eins og segir í lagatextanum að það eigi að tengja bætur almannatrygginga þannig að þær taki mið af launaþróun, þó ekki lægra en nemur hækkunum verðlagsvísitölu. Það ber, herra forseti, að skilja orðin „að taka mið af launaþróun“ að það fylgi launavísitölu. Það er sá skilningur

sem er réttur í málinu því að það á ekki að nýta þetta aðeins loðna orðalag á þann máta að reyna að klekkja enn og aftur á eldri borgurum.

Ég vil benda á, herra forseti, að ef hin eldri viðmiðun hefði verið tekin upp hefðu bætur hækkað mun meira en þær gera því að þessir taxtar hækkuðu um 23% við síðustu kjarasamninga en bætur munu hækka um 13%. Það breytir því þó ekki að verið sé að reyna að ganga frá góðri tengingu á bótum úr almannatryggingakerfinu. Við erum því fullvissir um að túlkun okkar og skilningur, orð forsrh. og það sem við lesum út úr orðum hv. formanns efh.- og viðskn. dugi vonandi til að þessi mál verði í réttum farvegi. Meginatriðið í þessu er þó að hér er að nást fram vilji okkar í stjórnarandstöðunni svo og eldri borgara hvað þetta mál varðar.

[12:34]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla svo ósvífinni ræðu. Á þessu ári hafa kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega hækkað meira en almennra verkamanna. Það er ósvífni að halda því fram að kjör almennra verkamanna á Íslandi hafi hækkað um 23%. Það er bara ósvífni. Kjör almennra verkamanna hafa hækkað um 6–9% og að miða það við einstaka taxta fiskvinnslufólks eins og hv. síðasti þm. var að gera er bara fölsun gegn betri vitund hans. Hann veit að fiskvinnslufólk fórnaði heilmiklu af öðrum kjörum til að hækka taxtana. Kjör þess bötnuðu um 7–8% minna en örorkulífeyrisþega þannig að það er ósvífni að segja svona. Við vitum vel að ríkisstjórnin hefur staðið að því. Hún hefur hækkað þessa taxta, hún hefur hækkað laun ellilífeyrisþega á þessu ári meira en almennt verkafólk hefur fengið út úr kjarasamningum sínum.

[12:35]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú viðmiðun sem var í gildi fyrir 1995 kvað á um að taka mið af hækkun verkamannataxta og eins og hv. þm. veit ósköp vel var þetta oft og tíðum framkvæmt þannig að eldri borgarar voru snuðaðir. Það var hins vegar ekki gert við þessa kjarasamninga. Það var gert sérstakt átak að lækka lægstu launin. Við það var alltaf miðað hér og sú hugsun bjó að baki þegar tengingin var gerð á sínum tíma. Það er staðreynd, herra forseti, að eldri borgarar væru í betri stöðu ef ríkisstjórnin hefði ekki verið svo ósvífin fyrir tveimur árum að afnema þessa tengingu. Það er meginmálið en hér er þó a.m.k. gengið frá því að tengingin verður, ef hugsun okkar nær fram að ganga og við getum treyst forsrh., að tengingin við launaþróunina verði skilin á þann hátt að bætur úr almannatryggingakerfinu, að eldri borgarar fái að njóta að fullu þeirrar uppsveiflu sem er í gangi núna og á eftir að verða í framtíðinni.

[12:36]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta snýst um kjör fólks og kaupmátt. Kaupmáttur verkafólks á Íslandi hefur því miður ekki hækkað um 23% á þessu ári. Það eru engar efnahagslegar forsendur fyrir því að svo væri. Kaupmátturinn hefur þó hækkað heilmikið. Á alþjóðlegan mælikvarða þykir það nokkuð mikið, 6–8%, kannski þykir ekki öllum það nóg. Það má deila um það. Kaupmáttur ellilífeyrisþega hefur verið ákveðinn ekki minni heldur meiri þannig að fráleitt er að kenna ríkisstjórninni um það að hún hafi viljað í einu né neinu platað ellilífeyrisþega. Það er bókstaflega rangt. Breytingarnar á töxtunum segja ekkert til um það hvaða kjarabætur verkamenn fengu. Allir vita hvernig það er. Það þarf ekki að spyrja hvern einasta verkamann að því þannig að hér er verið viljandi að villa um og menn eiga ekki að hafa svoleiðis málflutning á þingi.

[12:38]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að þessar lagabreytingar snúist um að verja elli- og örorkuþega áföllum, að tryggja að þeir verði ekki fyrir kjaraskerðingu þegar kaupmáttur kauptaxta hrapar. Þetta er gott. Þetta er til framfara og þessu er ég sammála. En við í stjórnarandstöðu og við í samtökum launafólks höfum tekið undir með Sjálfsbjörg og öðrum almannasamtökum sem vilja verja kjör aldraða og örorkuþega, við vildum ganga lengra og tryggja að þessir hópar nytu uppsveiflunnar. Vandinn er sá að menn ræða um þessa hluti á almennum nótum, meðaltölum og prósentum, en bent hefur verið á að um næstu áramót má ætla að lægstu kauptaxtar sem þessir hópar tóku áður mið af verði komnir í 70 þús. kr. á meðan hinir verða í 63 þús. kr. Þarna munar 7 þús. kr. Það er alveg sama hvað við notum mörg meðaltöl og hvað við beitum okkur hart í prósentureikningi, þá breytum við ekki þessu.

Hins vegar er ekkert í lögunum sem bannar að kjör þessara hópa verði bætt til jafns við það sem lægstu kauptaxtar koma til með að þróast. Mér heyrist þingmaðurinn vera að segja, og hér hefur verið vitnað í hæstv. forsrh. líka, að þeir ætli að beita sér fyrir þessu. Ég held að við í stjórnarandstöðunni, við í samtökum launafólks og samtök á borð við Sjálfsbjörg og önnur alþjóðasamtök getum allvel við unað að þessi viðhorf skuli nú uppi í stjórnarherbúðunum og ég fagna því.

[12:40]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt væri miklu einfaldara og auðveldara ef menn gætu tryggt með lagasetningu kjör og afkomu allra. Eymdin í heiminum væri minni ef svo væri. Með þessum breytingum er verið að stíga mikið framfaraspor fyrir þá sem standa höllum fæti. Það er verið að ræða um kjör manna. Það eru kjör og afkoma manna sem skipta máli. Auðvitað er ekkert í þeim lagatexta sem kemur í veg fyrir að kjör ellilífeyrisþega geti batnað meira en kannski almennra verkamanna samanber það sem hefur gerst á þessu ári. Kaupmáttur ellilífeyrisþega hefur batnað meira en almennra verkamanna í fiskvinnslu þannig að hér er verið að stíga mjög pólitískt og merkilegt skref sem ég trúi og treysti að allur þingheimur muni fagna.

[12:41]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri góður heimur ef við gætum tryggt kjör manna og hag manna með lagasetningu. Það er hægt og það hefur ríkisstjórnin verið að gera. Hún hefur verið að færa þeim sem braska með peninga á silfurfati milljónir á milljónir ofan enda segir í ritinu Frjáls verslun: Veislan er hafin. Sú veisla sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur boðað til í landinu. Hún hefur tryggt vissum hópum, forréttindaaðli, kjarabætur upp á tugi prósentna og upp á tugi og hundruð milljóna en hér erum við að tala um afstöðu til elli- og örorkuþega og við erum að tala um afstöðu hennar til atvinnulauss fólks sem hæstv. félmrh. segir að þurfi að vera á lakari kjörum en lægstu kauptaxtar, það þarf hvatningu til að vinna. Það er þetta sem ég á við þegar ég minni hv. þm.

Einar Odd Kristjánsson, fyrrv. formann Vinnuveitendasambandsins, á það að svo sannarlega er rétt hjá honum að það er hægt að tryggja kjör fólks með lagasetningu og það er ríkisstjórnin svo sannarlega að gera þótt ég hefði kosið að áherslur hennar hefðu verið aðrar en þær eru í raun.

[12:43]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er hægt að tryggja kjör fólks né þjóðar með lagasetningu. Þessi ríkisstjórn með tiltölulega mjög skynsamlegri hagstjórn hefur hins vegar verið að tryggja það að hér hafa verið mest og best lífskjör, þau hafa batnað hér mest og best í öllum ríkjum OECD á undanförnum árum. (**ÖJ:** Veislan er hafin.) Þessi ríkisstjórn hefur tryggt það líka að á Íslandi er mestur jöfnuður lífskjara af öllum ríkjum OECD, allar skýrslur bera þess vitni, allur vitnisburður gengur út á það og það er hvað ekki síst vegna hagstjórnarinnar sem hefur tekist að bæta kjör Íslendinga betur og meira á undanförnum árum en áður hefur þekkst, betur en í nágrannalöndunum og þess vegna er þakkarvert að við skulum fá að lifa við það að svo heilbrigð hagstjórn sé viðhöfð. (**ÖJ:** Enda er Verslunarráðið ánægt.)

[12:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Hér hafa farið fram talsverðar umræður, m.a. um málefni fatlaðra. Hér hefur verið deilt á að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafi lækkað. Það er að vísu rétt að sú merking hefur lækkað en nú fer framkvæmdasjóðurinn að langmestu leyti til framkvæmda en ekki til rekstrar eins og áður var, rekstrarpeningarnir eru teknir annars staðar. Málaflokkurinn málefni fatlaðra hefur aldrei fengið meira, hvorki að upphæð né raungildi, en hann fær á fjárlögum næsta árs. Til málaflokksins fara yfir 2.700 millj. og það hækkar hátt í hálfan milljarð til málaflokksins frá fjárlögum 1997 til fjárlaga 1998. Hækkunin er nærri 18% og raunhækkun er tæp 8% til málaflokks fatlaðra.

Menn hafa talað um yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Ég minni á að búið er að færa málefni fatlaðra á Norðurl. e. til sveitarfélaganna, á Hornafirði og í Vestmannaeyjum og gengur alls staðar vel. Grunnskólayfirfærslan tókst vel, ríkið hefur staðið við sitt. Ríkið lagði fjármagn með grunnskólayfirfærslunni til rekstrar eins og hann var síðasta árið hjá ríkinu auk viðbótar vegna fjölgunar skóladaga og lengingu skóladags, ákvæða sem fest voru í grunnskólalögum. Þar að auki vegna launahækkunar í kjarasamningum 1995 og fyrir líklegri meðalhækkun launa 1997. Ef kennaralaun hefðu hækkað hliðstætt við aðrar stéttir þá hefði þetta verið borið uppi af því sem frá ríkinu kom. Útsvarsprósentan hækkaði úr 9,20% í 11,98 og hækkar nú um áramótin í 12,04%. Og það er rétt að hafa það í huga að talsvert meira en $^2/_3$ hlutar af staðgreiðslunni rennur nú til sveitarfélaga.

Hér hafa menn rætt um 9. gr., þá tengingu sem þar er sett inn. Í henni segir, herra forseti:

„Ákvörðun þeirra [þ.e. bótanna] skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Í þessu felst ekkert annað en tvöföld tenging. Í fyrsta lagi hækka bæturnar hliðstætt launum og í öðru lagi skal það þó aldrei vera minna en verðlag samkvæmt vísitölu, þ.e. ef verðlagið hækkar meira en launaþróunin segir til um, þá skulu bæturnar hækka fram úr launaþróuninni. Atvinnuleysisbætur eru ekki vísitölutengdar með þessum hætti en þær munu að sjálfsögðu hækka með hliðsjón af launaþróun í landinu.

Hér var spurt um jólabónus. Það mál er í athugun hjá ríkislögmanni eða var það þegar ég vissi seinast og ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þess.

Varðandi atvinnuleysið þá er rétt að það komi fram að atvinnuleysi hefur aldrei verið minna í nóvember síðan 1991 en það var í þessum mánuði. Sem betur fer er atvinnuleysið í hraðri rénun. Það er prósenti minna en það var í nóvember í fyrra og nú eru einungis 2,3% eða svo án allrar vinnu. Þar að auki eru á hlutabótum um þúsund manns, og það vantar alls staðar fólk. Í nóvember gáfum við út 128 ný atvinnuleyfi til útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég veit ekki hvað margt fólk frá Evrópska efnahagssvæðinu er komið hingað til vinnu sem ekki þarf atvinnuleyfi frá okkur. Frá áramótum höfum við veitt um 1.500 atvinnuleyfi og víða eru laus störf og vantar fólk hvarvetna í þjóðfélaginu, ekki síst í Reykjavík. Allt ber þetta vott um batnandi efnahag og kannski eru gleðilegustu dæmin þau að verulega dregur úr vanskilum hjá Húsnæðisstofnun. Ásóknin í fjárhagsaðstoð hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur stórminnkað, var 10 millj. minni núna í nóvember en í nóvember í fyrra. Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna hefur aðstoðað á annað þúsund manns og þeir sem nú koma til Ráðgjafarstofunnar eru ekki eins illa settir og þeir sem komu fyrst. Það er rétt að minna á að straumur fólks til og frá landinu hefur snúist við. Á þessu ári flytja talsvert fleiri til landsins heldur en frá því.

Við búum við hagstæðan flutningsjöfnuð. Á grundvelli nýrrar löggjafar náðust farsælir kjarasamningar sem eiga að skila þjóðinni kaupmáttaraukningu sem er langtum meiri en nokkurs staðar þekkist í kringum okkar. Þjóðhagsstofnun spáir því að kaupmáttaraukningin 1995–2000 verði 25%.

[12:51]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikilvægt að fá skýringar hæstv. félmrh. á 9. gr. Þetta er stjfrv. og menn hafa verið í nokkurri óvissu um hvernig bæri að skilja greinina. Ég held að óvissan sé nú alltaf sífellt að minnka. Hæstv. ráðherra talar réttilega um tvöfalda tryggingu og sagði að bætur almannatrygginga mundu hækka hliðstætt og laun og ef verðlag hækkar meira þá mundu bætur hækka og þá umfram laun. Þetta er alveg sami skilningur og við höfum verið að leggja í þetta orðalag, taka mið af launaþróun, kannski ekki alveg nákvæmlega sagt með sömu orðum og við gerum í áliti minni hlutans. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að menn séu að tala alveg af heiðarleika í þessu máli og ætli sér að standa við þá tengingu meira og minna út frá launavísitölu þó það sé ekki sagt berum orðum.

Hins vegar, herra forseti, er að mínu mati til vansa að ekki skyldi hafa verið farin sama leið gagnvart atvinnuleysisbótum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er tilbúinn að gefa þá yfirlýsingu hér að atvinnuleysisbætur muni hækka, segjum næstu tvö ár, á sama hátt og bætur almannatrygginga. Nú er þetta ekki sett í lög en væri alveg ígildi þess að ráðherra beitti sér fyrir því að það gerist með sambærilegum hætti þó lög væru ekki sett. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er reiðubúinn til að gefa þá yfirlýsingu sem mundi vitaskuld vera réttmætt gagnvart því fólki sem þarna á í hlut.

[12:53]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnuleysisbætur munu að sjálfsögðu taka breytingum með hliðsjón af launaþróun í landinu. Ég treysti mér ekki til þess að kveða fastar að orði en þetta en mér finnst að það gefi bara auga leið að atvinnuleysisbætur muni taka breytingum með hliðsjón af launaþróun.

[12:53]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú ekki þetta sem ég var að spyrja um, hvort atvinnuleysisbætur mundu taka mið af launaþróun. Það er að vísu gott að fá þá yfirlýsingu en ég var að spyrja um hvort atvinnuleysisbætur mundu hækka jafnt og bætur úr almannatryggingakerfinu. Nú eru bætur í almannatryggingakerfinu eftir þessa löggjöf tengdar bæði hækkun við laun og verðlagsvísitölu ef hún hækkar meira. Það sem ég var að leita eftir var hvort ráðherra væri reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu að atvinnuleysisbætur mundu fylgja sömu þróun og við erum núna að lögfesta gagnvart hækkun bóta úr almannatryggingakerfinu.

[12:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Atvinnuleysisbætur eru ekki festar í þessum bandormi eins og bætur almannatrygginga. Þar af leiðandi eru þær ekki geirnegldar með tvöfaldri tryggingu eins og bætur almannatrygginga en að sjálfsögðu taka þær — og ég get endurtekið það sem ég sagði áðan — þær hljóta að taka breytingum með hliðsjón af launaþróun í landinu.

[12:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fráleitt að hlusta á málflutning hæstv. ráðherra um málaflokk fatlaðra. Það er þannig að raun er að. Ég ætla fyrst að nefna framkvæmdasjóðinn. Þar vísar hann til þess að hafa flutt úr honum rekstur. Hann á við liðveisluna sem var liðlega 100 millj. Eftir stendur að framkvæmdasjóðurinn fær eingöngu u.þ.b. þriðjunginn af því sem erfðafjárskattur mun gefa á ársgrundvelli. Mikil þörf er fyrir búsetuúrræði. Biðlistar eru langir og það kom fram í ræðu minni laust fyrir hádegi hvernig staðan er. Það eru nokkrir tugir fatlaðra í brýnni þörf bara á Reykjanesi, hvað þá í Reykjavík. Þarna þarf sambýli og þarna þarf rekstur, þ.e. starfsfólk til að sinna fólkinu á sambýlunum. Það eru ný útgjöld og þau verða að koma til.

Síðan höfum við Kópavogshælið. Þar hefur verið gerð áætlun um útskriftir og ekki vantar að ráðherrann hefur áformað það, þó hægt gangi. Þar er starfsfólk heibrigðisgeirans sem sinnir þeim fötluðu á heilbrigðisstofnun. Ef nýir starfsmenn koma er hægt að fækka hinum á heilbrigðisstofnuninni. Stöðugildi eru flutt frá heilbrrn. yfir til félmrn. Þarna þarf sambýli. Þarna þarf ekki jafnmikinn rekstur. Ég ætla að vekja athygli hv. þingmanna á því að þegar hefur verið flutt á milli heilbrrn. og félmrn. í rekstri vegna þessa og ekki bara vegna þessa heldur líka vegna þess að aðrir þættir hafa verið fluttir á milli og hækka að sjálfsögðu heildarútgjöld í málaflokki fatlaðra.

Það eru langir biðlistar í þessum málaflokki en þessi ríkisstjórn er vön löngum biðlistum, enda munu eftirmæli hennar verða: Biðlistaríkisstjórnin.

[12:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeim biðlistum, sem eru eftir búsetuúrræðum og úrræðum hjá fötluðum, tók ég við af hv. þm. þegar hún fór úr ráðuneytinu. Ég mundi í hennar sporum ekki tala um útskriftir af Kópavogshæli. Ábyrgðarlausasti gerningur sem ég hef vitað hjá ráðherra var þegar hv. þm. í hita kosningabaráttunnar samdi um útskriftir af Kópavogshæli fyrir 37 einstaklinga án þess að hafa nokkra krónu til að standa undir því. Því tók ég við. Ég tel mig bundinn af því og hef reynt að vinna eftir því og það mun klárast.

Það er leiðinlegt að hlusta á þetta tuð um framkvæmdasjóðinn. Þó að allur erfðafjárskatturinn rynni í framkvæmdasjóð, segjum sem svo, þá væri það ekki nema eins og helmingur á móti þeirri aukningu sem til málaflokksins fer úr ríkissjóði samkvæmt þeim fjárlögum sem við ætlum að ganga frá á morgun.

[12:58]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á málflutningi ráðherrans. Auðvitað fer annað til málaflokksins en framkvæmdasjóðurinn. En framkvæmdasjóðurinn er grunnurinn. Hann er grunnurinn að framkvæmdum fyrir búsetuúrræði og þar birtist stefnumörkunin um það hvað ríkisstjórnin ætlar að gera. Ég vísa því sem hæstv. ráðherra segir um ábyrgðarleysi til föðurhúsanna. Félmn. benti strax, fyrir fimm árum þegar lögin um málaflokk fatlaðra voru endurskoðuð, á stöðuna á Kópavogshæli og að íbúarnir þar mundu ekki fá þjónustu samkvæmt lögunum. Þá þegar var byrjað að vinna að undirbúningi þessa. Auðvitað er ekki hægt að framkvæma eða gera neitt þegar maður setur ekki peninga í framkvæmdasjóðinn.

Um það að hafa tekið við biðlistum þá er búið að gera gífurlega mikið á u.þ.b. liðnum áratug í málaflokki fatlaðra en það er engan veginn búið að ljúka biðlistum en það mátti ekki hægja á með þeim hætti sem þessi ríkisstjórn hefur gert og sú ríkisstjórn sem tekur við mun taka við erfiðu búi og erfiðum verkefnum eftir þetta.

[12:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að eftirmaður minn taki þó alla vega við skárra búi en ég tók við af hv. 5. þm. Reykn. (**RG:** Það sýnir sig ekki.) Það hefur verið mikill kraftur í uppbyggingu sambýla, hæfingar, dagvista og úrræða.

Hv. þm. vildi ekki kannast við ábyrgðarleysi þegar hún samdi um útskriftir 37 einstaklinga af Kópavogshæli sem út af fyrir sig var gott stefnumark. Út af fyrir sig var mjög mikilvægt að útskrifa þaðan. En af hverju fékk hún ekki peninga í fjárlögum ársins 1995 til þess að standa við þetta? (**RG:** Það var gert.)

[13:00]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt á mörkunum að maður þori í orðaskipti við hæstv. ráðherra. Hann er hér í svoddan styttingi, svo maður segi nú ekki þjósti, að það er alveg á mörkunum.

Svör hæstv. ráðherra varðandi það hvers vegna atvinnuleysisbætur eru ekki tengdar við launaþróun í landinu með sambærilegum hætti og lífeyrisbætur eru mjög sérkennileg og vekja grunsemdir um að hæstv. ráðherra vilji ekki að kjör þessa hóps séu tryggð líkt og lífeyrisþeganna. Það var spurt eftir því hér í gærkvöldi, að ráðherra fjarstöddum, hver

væri skýringin á því ef það væri vilji ríkisstjórnarinnar að þessir tveir meginhópar bótaþega deildu í grófum dráttum kjörum með öðrum landsmönnum á sambærilegum grunni, hvers vegna lögunum um atvinnuleysistryggingar væri ekki breytt nú eins og lögunum um almannatryggingar? Við því koma mjög þokukennd svör og þau vekja grunsemdir um að það sé stefna hæstv. ráðherra, það sé pólitík hans að atvinnuleysisbótaþegar eigi ekki að njóta sama réttar, enda hefur hæstv. ráðherra orðið ber að því að segja að nauðsynlegt sé að atvinnuleysisbæturnar séu til muna lægri en lægstu laun því annars liggi menn bara á bótum. Þannig er nú hugarfarið hjá hæstv. ráðherra.

Í öðru lagi er ekki hægt að sleppa hæstv. félmrh. með þau svör hvað varðar desemberuppbót á atvinnuleysisbætur. Hæstv. ráðherra svaraði því á ótrúlegan hátt áðan. Hæstv. ráðherra sagði: Málið er í athugun hjá ríkislögmanni eða var það síðast þegar ég vissi — ráðherra talar eins og hann búi í öðru sólkerfi en ríkislögmaður — og ríkisstjórn hefur ekki tekið afstöðu til málsins. Punktur. Hver er vilji hæstv. ráðherra? Hver er skoðun hæstv. ráðherra? Telur hæstv. ráðherra að þessi hópur eigi rétt á sambærilegum kjarabótum nú fyrir jólin og aðrir landsmenn? Þannig hefur það verið. Þeir hafa fengið slíkar bætur undanfarin ár. Það hefur ævinlega tekist að lokum að knýja það fram að lífeyrisþegar og atvinnulausir fengju þær uppbætur sem hafa verið hluti af almennum kjarasamningum. Það er desemberuppbótin. Ætlar hæstv. félmrh. að svíkja atvinnulausa um þetta núna fyrir jólin?

[13:03]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla engan að svíkja. Ég hef heldur engu lofað.

[13:03]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta kallar aðeins á eitt, að þinghaldinu getur ekki lokið með eðlilegum hætti fyrr en botn er kominn í þetta mál. Það er algerlega útilokað að láta hæstv. ráðherra sleppa við hlutina á þennan hátt. Það gengur ekki. Hæstv. ráðherra hefur borið ýmsu við, t.d. í viðtölum við fjölmiðla að hann vanti hugsanlega lagastoð fyrir því að greiða þetta fé út. Þá skulum við útbúa hana í hvelli. Þetta er nú einu sinni löggjafinn og það er nægur tími til stefnu að tryggja það með óyggjandi hætti með ákvæði í 6. gr. fjárlaga eða með sérstöku frv. ef til þarf, ef það má þá ekki fylgja t.d. þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, að hæstv. ráðherra hafi óyggjandi lagastoð ef það er það sem málið snýst um. En maður ætlar frekar af framgöngu ráðherrans séð að það sé viljaleysi og það sé þess vegna sem hann kýs að svara eða öllu heldur ekki svara eins og hann gerir hér.

[13:04]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist sjálfum það vera nokkurt álitamál hvort lagastoð er fyrir því að borga þennan jólabónus. Ég óskaði eftir áliti ríkislögmanns á því máli. Það hefur ekki borist mér enn þá og ég mun að sjálfsögðu byrja á því að líta á það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:04]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. SJS, þskj. 651; brtt. KHG, þskj. 654; brtt. KHG og SvG, þskj. 655.

### *Búnaðargjald, 3. umr.*

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 623.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fæðingarorlof, 3. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 624.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, 3. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 642.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 647; brtt. GHelg, þskj. 650, 652; brtt. SJóh og MF, þskj. 656.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 376. mál, stjtill. (félmrh.), þskj. 649.

Fæðingarorlof, 343. mál, þskj. 624.

Tekjuskattur og eignarskattur, 338. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 653.

### *Húsaleigubætur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 362, nál. 570 og 588, brtt. 571 og 589.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:34]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er jákvætt að festur skuli í lög réttur til húsaleigubóta, að hann taki til alls landsins, bæði til íbúða á opnum markaði og í félagslegu leiguíbúðakerfi. Hins vegar er mjög misráðið að hafa húsaleigubætur á hendi sveitarfélaga í stað ríkisins eins og vaxtabæturnar. Þá er fráleitt að

húsaleigubætur skuli skattlagðar á sama tíma og vaxtabætur eru skattlausar.

Einnig er það mjög gagnrýnivert að ríkisstjórnin skuli ekki hafa rækilega tryggt að 1. gr. frv. verði í raun framfylgt en þar er kveðið á um að húsnæðiskostnaður tekjulágra leigjenda skuli lækkaður, ekki versna og ekki verða óbreyttur heldur lækkaður. Ef ekkert verður að gert af hálfu sveitarfélaga sem samfara þessari lagabreytingu eru mörg að markaðsvæða félagslegu leigukerfin, þá mun kostnaður leigjenda í því kerfi aukast og kjörin versna í sumum tilvikum mjög verulega. Hér erum við að tala um hvorki meira né minna en 2.343 íbúðir og stuðning frá sveitarfélögum sem hefur verið metinn á 420 millj. Hvað um þá fjármuni verður er um margt á huldu. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að leigjendur í félagslega íbúðakerfinu verði ekki fyrir tekjuskerðingu í tengslum við þessi lög og skilgreininguna á þeirri ábyrgð ríkisstjórnarinnar er að finna í 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um að kjör tekjulágra leigjenda skuli batna. Það er mikilvægt að svo verði. Þess vegna greiði ég atkvæði með 1. gr. og reyndar flestum öðrum greinum frv. sem ef rétt er að staðið munu marka framfaraspor. Ég mun sitja hjá við þá lagagrein frv. sem kveður á um fjármögnun kerfisins enda byggir hún á samningum sem ríkisstjórnin ákvað að koma að án þess að leita eftir samkomulagi við stjórnarandstöðu og án þess að nægar upplýsingar liggi fyrir og verður hún því ein að axla þar ábyrgð.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 571,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, EOK, GMS, HBl, HjÁ, SJóh, StG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ekki hefur verið sýnt fram á að 280 millj. dugi til að leigjendur verði jafnsettir eftir þessa lagasetningu og þeir eru í dag. Þvert á móti hefur verið bent á að ef sveitarfélögin færa leiguna upp í raunkostnað þá megi ætla að fjórðungur þeirra sem nú eru í leiguíbúðum sveitarfélaga, eða um 550 manns, falli út og fái hvorki niðurgreidda leigu né húsaleigubætur. Einnig hefur verið sýnt fram á að fjöldi fólks með tekjur á bilinu 700 þús. til 1 millj. í árstekjur geti við þessa breytingu þurft að greiða umtalsvert hærri leigu eða á bilinu 7–15 þús. kr. nema sveitarfélögin bæti þeim það upp sérstaklega. Þær 280 millj. sem hér er verið að greiða atkvæði um tryggja því ekki að allir verði jafnsettir eftir sem áður varðandi leigugreiðslur. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:38]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er um að ríkissjóður greiði árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta. Þetta er hluti af 305 millj. kr. framlagi ríkisins til sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta. Ég vil ekki bera ábyrgð á því samkomulagi sem gert hefur verið. Ég hef efasemdir um hvort þarna sé nógu vel reitt af hendi af hálfu ríkisins, hefði reyndar kosið að sveitarfélögin hefðu fengið tekjustofna til að sjá um þennan þátt.

Ég styð þau meginmarkmið frv., virðulegi forseti, að öll sveitarfélög greiði húsaleigubætur og þær nái til allra íbúa. Hugsanlegar hækkanir sveitarfélaga á leiguíbúðum sveitarfélaga eru óháðar þessu frv. Við getum haft áhyggjur af því og brýnt sveitarfélögin að láta ekki hækkanir koma til og skapa hærri húsaleigu hjá sínum umbjóðendum en þetta frv. fjallar ekki um það. Að öllu öðru leyti en þessari brtt. styð ég greinar frv.

Brtt. 589,1 felld með 51:1 atkv. og sögðu

**já:** PHB.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (BBj, DO, EOK, FI, GE, HBl, HjÁ, KHG, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að afnumin verði sú regla að fólk þurfi að láta þinglýsa húsaleigusamningum. Það hefur hvergi komið fram til hvers það er gert og ég er á móti því að láta fólk hlaupa bæinn á enda að óþörfu og borga þinglýsingarkostnað sem er þúsund krónur.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 589,2 felld með 53:1 atkv. og sögðu

**já:** PHB.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (BBj, DO, EOK, GE, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að teknar verði upp réttlátari reglur í húsaleigubótum en ekki þær fáránlegu reglur sem

gilda í dag sem hindra að barnmargar fjölskyldur fái húsaleigubætur yfirleitt og gera það að verkum að fólk með mjög lágar tekjur, 50–60 þús. kr. á mánuði, fær sömu húsaleigubætur og fólk sem er með nokkuð háar tekjur eða 125 þús.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 589,3 felld með 46:2 atkv. og sögðu
**já:** JónK*, PHB.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (ÁE, ÁRJ, GHelg, JBH, LB, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:43]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að fellt verði niður það skilyrði að um íbúðir verði að ræða, að húsaleigubætur verði eingöngu veittar út á íbúðir en ekki út á herbergi og aðrar þær íbúðir sem ekki uppfylla skilyrði laganna. Ég er á móti því að verið sé að ráðskast með borgarann og segja honum hvernig hann eigi að búa. Ég er líka á móti því að ógæfufólk sem er með stopular tekjur og býr í herbergjum fái ekki húsaleigubætur.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
7 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 589,4 felld með 50:1 atkv. og sögðu
**já:** PHB.
**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, HG, KHG, LB, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:45]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er aftur verið að hlutast til um málefni borgarans. Hann má ekki leigja sér íburðarmikið og óhóflegt húsnæði og leigan má ekki vera verulega hærri en markaðsleiga hvað sem það er. Í frv. eru alls konar ákvæði önnur sem ég get ekki fallist á að verið sé að setja í lög og greiði því atkvæði með þessu.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
8 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 589,5 felld með 49:1 atkv. og sögðu
**já:** PHB.
**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, VE, ÖJ.
1 þm. (RG*) greiddi ekki atkv.
12 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, LMR, LB, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:46]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að fellt verði niður það ákvæði að tekjur barna undir 20 ára teljist ekki með tekjum fjölskyldunnar en aftur á móti allar aðrar tekjur. Hér getur verið um að ræða sjómenn sem eru með mjög háar tekjur. Ég skil ekki af hverju þær tekjur eiga ekki að teljast með en hins vegar skúringartekjur móðurinnar sem skúrar á kvöldin. Auk þess er lagt til að fellt verði niður að tekjur fólks sem eru í skólanámi teljist ekki með tekjum fjölskyldunnar vegna þess að fólk getur skráð sig í skólanám án þess að stunda námið. Ég greiði atkvæði með þessu.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 589,6 felld með 52:2 atkv. og sögðu
**já:** GHelg, PHB.
**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, LB, StG, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 589,7 felld með 44:11 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, GGuðbj, HG, JBH, MF, PHB, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
8 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 589,8 felld með 44:10 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GHelg, JBH, KHG, LB, PHB, SJS, SvanJ, VE.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VH, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, HG, StG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:51]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Í frv. stendur að við andlát leigjanda falli niður réttur til húsaleigubóta. Það hefur ekki þótt taka því í íslenskri lagasetningu hingað til að taka fram að réttindi og skyldur borgaranna falli niður við dauða. Ég greiði atkvæði gegn því.

Brtt. 571,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
8 þm. (GGuðbj, HG, KHG, MF, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BBj, DO, EOK, HBl, HjÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Lög um húsaleigubætur eru réttindalöggjöf. Þau tryggja leigjendum mikilvæg réttindi. Hér greiðum við atkvæði um lagagrein þar sem sveitarstjórnum er heimilað að svipta leigjendur þessum rétti. Það get ég ekki stutt og minni á að lögum samkvæmt verða íbúðakaupendur ekki sviptir rétti sínum til vaxtabóta.
[13:52]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þeirri brtt. sem verið er að greiða atkvæði um er einungis um það að ræða að bætt er inn í greinina heimild til þess að ef um veruleg vanskil er að ræða geti félagsmálanefndir látið greiðslu renna beint til leigusala. Það er sú breyting sem verið er að gera á þessari setningu en greinin í heild er ekki komin til atkvæða.

14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (GGuðbj, HG, KHG, MF, PHB, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BBj, DO, HBl, HjÁ, StG, VH, ÖS) fjarstaddir.

15.–19. gr. (verður 16.–20. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 571,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I–III samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
12 þm. (GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BBj, DO, FI, HBl, HjÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

## *Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 275. mál (endurnýjunarreglur fiskiskipa). — Þskj. 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (BBj, DO, FI, HBl, HjÁ, RG, StG, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:57]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það frv. sem verið er að afgreiða er til rýmkunar á endurnýjunarreglum fiskiskipa og er til bóta. Af hálfu meirihlutamanna var hins vegar látið í veðri vaka að verið væri að setja reglur sem ættu aðeins að gilda til skamms tíma og markmiðið væri að afnema þær. Við stjórnarandstæðingar fluttum tillögu um sólarlagsákvæði sem var felld. Með þeirri afgreiðslu er verið að skapa óvissu og líklegt er að verið sé að láta útgerðarmenn greiða verulegar fjárhæðir að óþörfu vegna endurnýjunar. Engu að síður eru þessi ákvæði til bóta frá því sem verið hefur og þrátt fyrir þennan ágalla á frv. munum við greiða því atkvæði.

[13:57]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég hefði viljað stíga þetta skref með því að veita heimild til þess að útgerðarmenn mættu stækka skip ef þeim sýndist svo. Með tilliti til kvóta, breyttra útgerðarhátta, aðbúnaðar og öryggis sjómanna um borð í skipum hefði ég talið að eðlilegt hefði verið að stíga þetta skref nú án nokkurra sólarlagsákvæða heldur hér og nú að breyta lögunum. En með tilvísun til þess að stigið er skref fram á við þá samþykki ég frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 663).

## *Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 303. mál (veiðiheimildir krókabáta). — Þskj. 594, brtt. 606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Brtt. 606 samþ. með 55 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** GHall.
25 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MS, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BBj, DO, HBl, HjÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Verið er að greiða atkvæði um þriðju tilraun hæstv. sjútvrh. á þremur árum til að koma böndum á stjórn á veiðum smábátanna. Í frv. er ýmislegt til bóta frá því sem nú er en það breytir því ekki að verið er að innleiða kvótabraskið handahófskennt í stjórn fiskveiða hjá smábátunum.

Virðulegi forseti. Af þessum sökum greiðir þingflokkur jafnaðarmanna ekki atkvæði í málinu.

[14:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta frv. er hluti af hrakfallasögu sem lengist ár frá ári í tíð hæstv. ríkisstjórnar við að reyna að koma einhverjum skikk á stjórn sóknar smábáta. Í þessu frv. eru að vísu bæði ákvæði sem horfa til bóta en önnur sem vísa í gagnstæða átt. Sú rýmkun á sóknardögum róðrardaga báta sem er lögð til í frv. fyrir yfirstandandi fiskveiðiár linar að sönnu nokkuð þjáningar þeirra. Á hinn bóginn er í frv. ákvæði sem varða sérstaklega framsal og leigu á þorskaflahámarki sem innleiða viðskipti eða brask með veiðiheimildir einnig í þessum hluta flotans. Það gagnrýnum við í stjórnarandstöðunni sérstaklega. Með vísan til þessa sitjum við hjá við afgreiðslu málsins.

[14:01]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Í frv. eru nokkur atriði sem eru til bóta fyrir smábáta. Hins vegar er verið að innleiða brask á heimildum til að selja kvóta. Með tilvísun til þess að ég og hv. þm. Guðjón Guðmundsson höfum lagt frv. til laga um afnám framsalsréttar hlýt ég að greiða atkvæði gegn þessu.

[14:02]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Flestar þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. eru til bóta fyrir smábátaútgerðina og sérstaklega þá báta sem eru á dagatakmörkunum. Hins vegar er hér lagt til að heimila framsal aflaheimilda krókaleyfiskvóta. Ég tel óheillaspor að innleiða kvótabraskið í smábátaútgerðina og greiði því ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

## *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 302. mál (úrelding krókabáta). — Þskj. 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (BBj, DO, FI, HBl, HjÁ, IP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

## *Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 371. mál. — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 415, nál. 515, brtt. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Brtt. 600,1 samþ. með 56 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 600,2 samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 416, nál. 581, brtt. 582 og 607.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:07]

**Pétur H. Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Árið 1633 var maður nokkur í Róm dæmdur til dauða fyrir að halda því fram að jörðin snerist kringum sólina. Hér er lögð fram brtt. um að reikna megi út iðgjaldið hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það var fellt í fyrra en nú legg ég aftur fram brtt. og legg til að hv. þingheimur samþykki þá tillögu að það megi reikna út iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem er til staðar og reikna út áfallnar skuldbindingar á þá deild og henni dreift á þau fyrirtæki sem greitt hafa til sjóðsins.

Þessi ágæti maður, Galileo Galilei, sagði eftir að hafa verið dæmdur: „Hún snýst nú samt."

[14:08]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við fyrri umræðu um frv. gagnrýndi ég vinnubrögð fjmrn. á þeirri forsendu að áður en frv. kom til kasta Alþingis hefðu ekki farið fram viðræður við samtök launafólks um fyrirhugaðar lagabreytingar en lífeyrismál snerta kaup, kjör og kjarasamninga. Úr þessu var bætt og það til frambúðar með samkomulagi. Ég styð brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. Þær eru til bóta og um þær er samkomulag við hlutaðeigandi samtök launafólks.

Brtt. 607,1 felld með 47:4 atkv. og sögðu

**já:** EOK, GMS, KHG, PHB.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

5 þm. (ÁRJ, GGuðbj, GHelg, KPál, SvanJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BBj, DO, HBl, HjÁ, IP, JóhS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að heimilt verði að reikna iðgjald ríkissjóðs og annarra launagreiðenda til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þetta iðgjald er að sjálfsögðu til staðar, það þarf að reikna þetta, en það hefur ekki mátt gera hingað til og hér er lagt til að það verði heimilað. Ég greiði atkvæði með tillögunni.

Brtt. 582,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 607,2 kölluð aftur.

Brtt. 582,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BBj, DO, GMS, HBl, HjÁ, JóhS, KHG, PHB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, lýsti því yfir áðan að fjmrn. hefði leitað samninga við BSRB og fengið samninga um breytingu á frv. BSRB er sem sagt farið að stýra löggjafarstörfum á Alþingi. Breytingin felst í því að ekki má taka 19,5% af launum þeirra sem borga í B-deildina heldur sama iðgjald og er í A-deildinni, þ.e. 15,5%. Það er alveg greinilegt að það þarf miklu hærra iðgjald í B-deildina. Það þarf a.m.k. 19,5% þannig að ég greiði atkvæði gegn tillögunni og gegn íhlutun BSRB í löggjafarstarf hv. Alþingis.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 607,3 kölluð aftur.

Brtt. 607,4 felld með 53:1 atkv. og sögðu

**já:** PHB.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, BBj, DO, FrS, HBl, HjÁ, KHG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 607,5 felld með 55:1 atkv. og sögðu

**já:** PHB.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁE, BBj, DO, HBl, HjÁ, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 607,6 kölluð aftur.

Brtt. 582,3 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
7 þm. (BBj, DO, HBl, HjÁ, ÍGP, KHG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 607,7 felld með 53:1 atkv. og sögðu
**já:** PHB.
**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, HjÁ, ÍGP, KHG, MF, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 414, nál. 518, brtt. 519.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 519,1 samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 519,2 samþ. með 58 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, DO, GÁ, HBl, HjÁ, JBH, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÁE, BBj, DO, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 519,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (GMS, PHB) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BBj, DO, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé undanþeginn fjármagnstekjuskatti. Ég tel að margir aðrir eigi bágar en hann með að borga fjármagnstekjuskatt auk þess sem þetta skekkir samkeppnina sem hann er í við mörg önnur fyrirtæki svo sem eins og Þróunarfélagið og marga aðra aðila sem stunda nýsköpun. Ég sit hjá við atkvæðagreiðsluna.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 378, nál. 590 og 609, brtt. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:22]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða einstaklega ógeðfelld lagasetning. Fyrst og fremst er verið að setja skatta á fólk sem á í fjárhagsörðugleikum. Það er verið að hækka gjöld á fólki sem missir eigur sínar í fjárnám eða á nauðungarsölu. Hér er um skattstofn að ræða vegna þess að tekjur af þessum gjöldum eru yfir 300 millj. og eiga að hækka um 30 millj. Við leggjumst fyrst og fremst gegn ákvæðum í 4. og 5. gr. þessa frv. svo og ákvæðum um sérstaka nýja skattlagningu varðandi birtingu skipulagsskrár í Stjórnartíðindum auk hækkana á ýmsum gjöldum eins og fyrir ættleyfingarleyfi og annað slíkt. Okkur finnst, herra forseti, að framkoma

ríkisstjórnarinnar við þá skattlagningaraðferð sem hún beitir sé komin út í öfgar.

Við munum greiða atkvæði gegn einstökum greinum en sitja hjá við aðrar.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 591,1 (ný 3. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 32:22 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

2 þm. (EKG, GÁ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér koma til atkvæða þær greinar frv. sem við leggjumst eindregið gegn. Verið er að hækka gjöld sem gefa ríkissjóði tekjur langt umfram það tilefni sem er skýrt sem tilefni gjaldtökunnar. Það hefur komið rækilega í ljós í umræðum um málið að þarna er farið offari í gjaldtöku gagnvart aðilum sem eiga í erfiðleikum og eiga um sárt að binda. Þennan tekjustofn ríkissjóðs er nauðsynlegt að endurskoða í heild sinni sem og reyndar fyrirkomulag allrar þessar gjaldtöku, þessara gjalda eða aukagjalda sem er afar hvimleiður skattstofn eins og hefur komið fram. En sérstaklega óskynsamlegt og óréttmætt er í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir um tekjuöflun ríkissjóðs af þessum slæma skattstofni að hækka þetta eins og hæstv. ríkisstjórn leggur nú til og verður svo sannarlega ekki sagt að það fólk sem verður fyrir þessu sé í miklu fyrirrúmi hjá hæstv. ríkisstjórn. Við greiðum atkvæði gegn þessu, herra forseti.

[14:26]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Á árinu 1995 voru tæplega 700 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota. Í þessu frv. er lagt til að hækka gjöld vegna nauðungarsölu og aðfarargerðar. Það eru þessar greinar sem við erum að greiða atkvæði um. Sú ríkisstjórnarstefna sem hér birtist knýr á um enn fleiri gjaldþrot og ég vil biðja hv. þingmenn að rifja aðeins upp kosningaloforð þessara flokka fyrir síðustu kosningar, ekki hvað síst Framsfl. sem sagðist ætla að gæta sérstaklega skuldastöðu heimilanna. Frv. gengur þvert á það. Þessar greinar frv. ganga þvert á þau loforð sem gefin voru og eru svikin í dag ótvíræðar en oft áður.

[14:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í 4. og 5. gr. frv. er verið að auka skattlagningu á skuldugustu heimilin í landinu. Það er eftir öðru hjá þessari ríkisstjórn að skattleggja sérstaklega í góðærinu fjölskyldur sem eru að missa heimili sín á nauðungaruppboð. Ég segi nei við þessari sértæku skattlagningu á skuldugustu heimilin í landinu.

[14:28]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Hér er eingöngu verið að hækka gjöld eðlilega miðað við þá verðlagsþróun sem hefur orðið á síðustu árum. Á sínum tíma var talið að dómstólar landsins væru misnotaðir þegar kröfuhafi væri að eltast við skuldunauta og því voru þessi gjöld hækkuð. Það skal tekið fram að ef skuldunautar reynast ekki borgunarmenn lendir krafan að sjálfsögðu á þeim sem gerir kröfuna og hann verður að greiða gjöldin.

Gjöldin voru sett með reglugerð 1990 en lögfest á árinu 1991. Ég tek undir það sem sagt var í umræðunni af hálfu eins hv. þm. Alþfl. að eðlilegra hefði verið að hækka gjöldin fyrr og gera það tíðar til þess að stökkið sé ekki eins stórt og kemur fram í frv.

[14:29]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Á þeim hagvaxtartímum sem við erum að upplifa eru þeir sem minnst mega sín í samfélaginu helsti skattstofn sem hæstv. ríkisstjórn getur fundið.

Virðulegi forseti. Ekki eru nema tvö ár eða svo síðan annar ríkisstjórnarflokkurinn þeysti um héruð og lofaði því að vera með fólk í fyrirrúmi og ég hlýt að spyrja í þessu samhengi: Er Framsfl. ekki með óbragð í munninum vegna þessarar hækkunar? Ég vil aðeins segja, virðulegi forseti, að ég greiði atkvæði gegn svona fyrirbæri.

6.–8. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KPál, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 591,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, KH, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KPál, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KPál, ÖS) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HG*, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, BBj, DO, FI, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

## *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 407, nál. 583 og 612, brtt. 483, 584 og 634.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Brtt. 483 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 33:21 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
9 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, LMR, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða sú fyrsta af nokkrum greinum frv. þar sem um er að ræða mjög harkalega skerðingu á mikilvægum mörkuðum tekjum til ýmissa menningarmála, velferðarmála og samgöngumála. Við munum greiða atkvæði gegn skerðingarákvæðum frv. þar sem þau ganga úr hófi fram og gengið er lengra en nokkru sinni fyrr í skerðingu slíkra markaðra tekjustofna í sjálfu góðærinu. Af því leiðir einnig að við munum styðja brtt. Vilhjálms Egilssonar um að fella út skerðingarákvæði 2. gr. Ég mun svo gera grein fyrir atkvæði mínu þegar kemur að ákvæðum 8.–10. gr. en þar eru á ferðinni orðalagsbreytingar en ekki skerðingar sem við munum sitja hjá við.

Brtt. 634 (2. gr. falli brott) samþ. með 55 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 35:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:36]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Frá því að ríkisstjórnin komst til valda hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra verið stórskertur. Erfðafjárskattur á að renna óskiptur til sjóðsins en hann mun hafa numið um 480 millj. kr. á síðasta ári. Á næsta ári fær Framkvæmdasjóður fatlaðra eingöngu 185 millj. kr. af áætluðum erfðafjárskatti þrátt fyrir að brýn þörf sé á áframhaldandi uppbyggingu í málaflokknum. Þessi ríkisstjórn stofnar til biðlista á öllum sviðum. Í búsetumálum fatlaðra er víða alvarlegur vandi. Ég vísa allri ábyrgð á niðurskurðinum á hendur ríkisstjórn og stjórnarflokkum og greiði atkvæði gegn ákvæðinu.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 34:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
7 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 584,1 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

7 þm. (BBj, DO, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Á sama tíma og tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru skertar með lækkun tryggingagjalda eru auknar fjárhagsskuldbindingar settar á sjóðinn, hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana upp á 100 millj. kr. en áður hefur sjóðnum verið gert að fjármagna starfsmenntunarsjóð og atvinnusjóð kvenna. Sjóðurinn hefur ekki lengur ríkisábyrgð á bak við sig og er honum ætlað að vera sjálfbær. Þá þarf löggjafinn líka að tryggja að svo verði í reynd. Þetta lagaákvæði gengur í þveröfuga átt og ég greiði atkvæði gegn því.

Brtt. 584,2 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 34:22 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

7 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í umfjöllun félmn. um málið kom fram að alls er óvíst að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga geti lagt eitthvað af mörkum til rekstrar vinnumiðlana og Vinnumálastofnunar félmrn. Í lögum um sjóðinn voru settir ýmiss konar varnaglar, m.a. að heimilt yrði að skerða bætur vegna þess að alls óvíst þótti að sjóðurinn gæti staðið undir tryggingum við félaga sína. Ég tel því að tillagan sé aldeilis fráleit og greiði atkvæði gegn henni.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 33:21 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ.

9 þm. (BBj, DO, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

8.–10. gr. (verða 9.–11. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Verið er að greiða atkvæði um með hvaða hætti bætur úr almannatryggingakerfinu verði tengdar við verðlags- og launaþróun. Ákvæði frv. og yfirlýsingar hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og hv. formanns efh.- og viðskn. í umræðunni gefa til kynna að nægjanlega tryggt sé gengið frá málum. Í minnihlutaáliti okkar bendum við á að við lítum svo á að orðalagið „að miða við launaþróun" beri að skilja að taki við af launavísitölu. Við bendum hins vegar mjög skýrt á það að hér er ríkisstjórnin að snúa algerlega við blaðinu. Hún afnam tenginguna fyrir tveimur árum, hún var knúin til uppgjafar og það er verið að knýja hana til uppgjafar með afgreiðslunni í dag og tengja aftur bætur úr almannatryggingakerfinu við eðlilega þróun og láta ekki eldri borgara vera háðir geðþóttaákvörðun ríkisvalds hverju sinni. Það ber að fagna uppgjöf og undanhaldi ríkisstjórnarinnar sem fyrst og fremst hefur komið til vegna baráttu stjórnarandstöðunnar og eldra fólks í landinu.

[14:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er niðurstaða okkar í minni hlutanum að leggjast ekki gegn breytingum 8.–10. gr. á lögum um almannatryggingar sem frv. felur í sér. Við gerum það í ljósi yfirlýsinga hæstv. forsrh. í umræðunum sem tæpast verða túlkaðar öðruvísi en þannig að með orðalagi 9. gr. frv., þar sem segir að taka skuli mið af launaþróun, sé í reynd verið að segja að upphæðir almannabóta og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaga skuli beinlínis fylgja launaþróun eða launavísitölu. Í trausti þess að við þetta verði staðið og í ljósi þess að fyrirhugaðar breytingar eru þrátt fyrir allt til mikilla bóta frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans 1995 um að afnema með öllu slíka tengingu er þetta afstaða okkar.

[14:43]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tek undir þær atkvæðaskýringar sem hafa verið fluttar og bæti því við að verið er að taka ákvörðun sem gildir a.m.k. næsta ár. Það verður auðvitað að fylgjast grannt með því hvort það verður tryggt að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við launaþróun. Ef það verður ekki gert verður Alþingi að koma að málinu aftur, annaðhvort seinna á þessu þingi eða á næsta þingi.

En ég er þeirrar skoðunar að yfirlýsingar hæstv. forsrh. og fleiri jafngildi því að því hafi verið heitið að bætur al-

mannatrygginga hækki í samræmi við launaþróun.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.
8 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, DO, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:45]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í þessari grein er lagt til að tryggingagjald, framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, verði lækkað um 400 millj. kr. á sama tíma og sjóðurinn tekur á sig sífellt fleiri verkefni sem deila má um hvort séu í hans verkahring. Ég hefði talið viturlegra að safna í sjóði því enginn getur tryggt að atvinnuleysi muni ekki vaxa að nýju. Jafnframt er tryggingagjaldið hækkað til svo hægt sé að mæta fæðingarorlofi feðra. Ég styð það en ætla að sitja hjá við þessa grein. Það verður að vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvernig að þessum málum er staðið.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 35:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Með þessari grein er verið að ganga lengra en nokkru sinni fyrr í sögunni í að skerða markaðar tekjur til vegamála. Samkvæmt þessu eiga 1.064 millj. kr. af mörkuðum tekjum Vegasjóðs að renna í ríkissjóð á næsta ári. Hér er slegið Íslandsmet í þessum efnum og það í miðju góðærinu.

Það verður að segjast eins og er að með því að kyngja þessari niðurstöðu þá sýnir hæstv. samgrh. og hv. stjórnarþingmenn, ekki síst þingmenn landsbyggðarinnar, ótrúlegt geðleysi svo ekki sé nú sagt ræfildóm. Það er vel skiljanlegt að hæstv. samgrh. kjósi að vera fjarstaddur við þessa atkvæðagreiðslu.

[14:47]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að við 3. umr. málsins mun ég flytja brtt. um umrætt atriði. Þessi mál eru rædd í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga og brtt. er væntanleg við þennan lið.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 35:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
6 þm. (BBj, DO, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 34:21 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
8 þm. (ÁE, BBj, DO, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 34:3 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** LB, SighB, ÖJ.
17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁE, BBj, DO, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44:10 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** ÁRJ, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RA, SJóh, SJS.
9 þm. (ÁJ, BBj, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, ÖS) fjarstaddir.

## *Búnaðargjald, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 333. mál (innheimta). — Þskj. 623.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BBj, DO, FrS, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 671).

### *Fæðingarorlof, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 343. mál (feður). — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, BBj, DO, FI, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 672).

### *Almannatryggingar, frh. 3. umr.*

Frv. GHall o.fl., 43. mál (slysatrygging sjómanna). — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, DO, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

[14:52]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. KHG o.fl., þskj. 657.

### *Tilhögun þingfundar.*

[14:52]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Varðandi fundahaldið í dag vill forseti taka fram að senn mun hefjast 3. umr. um fjárlagafrv. Gert verður hlé á þeirri umræðu í hálfa klukkustund kl. 5 til að halda stutta þingflokksfundi. Forseti vill enn fremur biðja formenn þingflokka að finna sig korter fyrir 5. Þá er áætlað að atkvæðagreiðslur um afbrigði fari fram rétt fyrir kl. 5 og aftur að loknu matarhléi kl. 8.30.

### *Fjárlög 1998, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 537, frhnál. 635 og 647, brtt. 611, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 625, 632, 633, 636, 637, 638, 639, 640, 643, 645, 646, 648, 650, 651, 652, 654, 655, 656 og 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 646, 648, 650–652 og 654–657. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

[14:54]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988, sem fyrir liggur á þskj. 635.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 12. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B- og C-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Vegna nýrrar uppsetningar fjárlagafrumvarpsins er rétt að taka fram til skýringar að ekki eru gerðar breytingartillögur við 1.–4. gr. frumvarpsins heldur breytast þær í samræmi við þær breytingar sem gerðar eru á sundurliðunum 1–4. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 5.–7. gr. Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði á 5. og 6. gr. frumvarpsins. Að lokum mun ég gera grein fyrir helstu breytingum sem lagt er til að verði á 7. gr. en þær skýringar er ekki að finna í nál.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er ekki talið ástæða til að breyta þeirri þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 1998 endurspeglar því fyrst og fremst breytingar á tekjugrunni ársins 1997. Gert er ráð fyrir að auknar tekjur af veltusköttum árið 1997 skili sér á tekjuhlið næsta árs. Einnig er áætlað að tekjur af sölu eigna muni aukast verulega. Á móti vegur lækkun á tekjusköttum þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki þátt í kostnaði vegna lækkunar á tekjuskatti einstaklinga á næsta ári. Í heild er því gert ráð fyrir að tekjulið fjárlaga hækki um 2,3 milljarða kr. á rekstrargrunni umfram áætlun fjárlagafrumvarpsins og verði um 165,8 milljarðar kr. árið 1998. Að

venju eru álit efnahags- og viðskiptanefndar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins og áhrifum skattalagabreytinga birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 1.106,7 millj. kr.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuspá fjármálaráðuneytisins stefnir nú í að tekjur ríkissjóðs muni nema um 130,8 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Þannig hafa tekjur aukist um 5,6 milljarða frá því sem fjárlög 1997 áætluðu. Þennan mikla tekjuauka má fyrst og fremst rekja til mun hagstæðari þjóðhagsskilyrða en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Endurskoðuð tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir næsta ár gerir ráð fyrir að tekjurnar verði um 2,3 milljörðum króna hærri en ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1998. Þar vegur þyngst um 800 milljóna króna tekjuauki vegna sölu eigna. Skýringin er annars vegar sú að sölu á hlutabréfum ríkisins í járnblendiverksmiðjunni hefur verið frestað til næsta árs. Hins vegar hefur mat á söluverðmæti hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins verið hækkað í ljósi góðar afkomu bankakerfisins á þessu ári. Um 700 milljónir króna má rekja til breytingar á tekjugrunni frumvarpsins vegna bættrar afkomu á árinu 1997.

Þá hækka tekjur ríkissjóðs um 600 milljónir króna m.a. vegna áforma um hækkun á sérstöku bensíngjaldi til að fjármagna auknar vegaframkvæmdir, hækkun á þungaskatti og hækkun á tryggingagjaldi til að fjármagna greiðslur vegna fæðingarorlofs feðra. Á móti þessu vegur 500 milljóna króna lækkun á tekjuskatti einstaklinga þar sem ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki þátt í lækkun hans að svo stöddu. Þá má nefna að þar sem ríkissjóði er gert skylt að greiða fjármagnstekjuskatt hækkar tekjuhlið fjárlaga um 400 milljónir króna. Jafnframt hækka útgjöld ríkissjóðs um sömu fjárhæð þannig að þessi tekjufærsla hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Ekki hefur verið talin ástæða til að endurskoða þá þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið byggir á. Ljóst er því að á næsta ári mun draga lítillega úr þeim mikla vexti sem einkennt hefur efnahagslífið á þessu ári. Grundvöllur þess að viðhalda þeim stöðugleika sem við búum við í dag er að ríkissjóður verði rekinn hallalaus. Meiri hlutinn telur að tekjuspáin sé byggð á traustum grunni og því óvarlegt að búast við verulegum tekjuauka umfram forsendur fjárlaga næsta árs eins og gerst hefur á síðustu tveimur árum. Því verður að gæta aðhalds á gjaldahlið þannig að ekki þurfi að koma til auknar lántökur.

Með lögum um fjárreiður ríkisins var ákveðið að setja í fjárlög heimildir fyrir lántökum ríkisins, lánveitingum, ríkisábyrgðum og til niðurfellingar skulda. Áður höfðu slíkar heimildir verið í lánsfjárlögum. Samhliða þessu varð sú breyting að fjárlaganefnd fjallar nú um þessar heimildir í stað efnahags- og viðskiptanefndar áður.

Fjárlaganefnd hefur lokið umfjöllun um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Alls er sótt um heimild til lántöku allt að 45,3 milljarða króna vegna ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar greiði 35,4 milljarða króna í afborganir eldri lána og að hrein lánsfjáröflun verði þar af leiðandi um 9,9 milljarðar króna.

Í 5. gr. frumvarpsins er ríkissjóði heimilað að taka að láni allt að 13.515 millj. kr. á árinu 1998. Ráðstöfun þessa fjár er með þeim hætti að til Byggingarsjóðs ríkisins renna allt að 4.200 millj. kr., til Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.200 millj. kr. og til Þróunarsjóðs sjávaraútvegsins allt að 1.000 millj. kr. Einnig er þar að finna lántökuheimildir vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Ríkisútvarpsins, Happdrættis Háskóla Íslands, Rafmagnsveitna ríkisins og Alþjóðaflugþjónustunnar. Samtals nemur lántökuheimild þessara síðasttöldu aðila 1.185 millj. kr.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að lántökuheimildir verði samþykktar vegna eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða: Landsvirkjunar, Byggingarsjóðs verkamanna, Húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, Lánasjóðs landbúnaðarins en hann tekur við af Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Byggðastofnunar og Ferðamálasjóðs. Lántökuheimildir þessara aðila nema samtals allt að 31,9 milljörðum króna á árinu 1998.

Lagt er til að ríkissjóður takist á hendur sjálfsskuldarábyrgð vegna hafnarsjóðs Grundartangahafnar vegna framkvæmda í tengslum við nýtt álver, samtals allt að 210 millj. kr. Þá er leitað eftir heimild til yfirtöku skulda Baldurs hf. vegna kaupa á ferju til siglinga á Breiðafirði og húseignum á Brjánslæk sem tengjast þeim rekstri.

Þess skal að lokum getið að við 3. umræðu frumvarpsins eru lántökuheimildir ríkissjóðs hækkaðar um 1.015 millj. kr. Jafnframt var ákveðið að leggja til hækkun á lántökuheimild Landsvirkjunar um 800 millj. kr. en á móti vegur að 2.800 millj. kr. af lántökuheimild þessa árs verða ekki nýttar. Heimild fjármálaráðherra til útgáfu viðbótarspariskírteina í eldri flokkum, sem er að finna í 13. gr. gildandi lánsfjárlaga, er auk þess felld inn í frumvarpið við 3. umræðu þess til að taka af allan vafa um heimildina.

Gerðar eru nokkrar breytingar á 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir á næsta ári. Lántökuheimild ríkissjóðs hækkar um 150 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verji rúmlega 4,8 milljörðum króna til að lækka skuldir sínar, í stað 5 milljarða króna samkvæmt fjárlagfrumvarpi. Í öðru lagi er lögð til 1.015 millj. kr. hækkun á heimild ríkissjóðs til að endurlána stofnunum og sjóðum í B- og C-hluta fjárlaga. Þannig er gert ráð fyrir nýjum lánveitingum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Ríkisútvarpsins, Happdrættis Háskóla Íslands og Rafmagnsveitna ríkisins, samtals að fjárhæð 1.115 millj. kr. til að fjármagna framkvæmdir á þeirra vegum á næsta ári. Á móti lækkar lánsfjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 100 millj. kr. til samræmis við endurskoðaða rekstraráætlun sjóðsins. Í þriðja lagi er lagt til að lánsfjárheimild Landsvirkjunar á árinu 1998 verði hækkuð um 800 millj. kr. vegna frestunar framkvæmda milli ára, en Landsvirkjun mun ekki nýta 2.800 millj. kr. af lántökuheimild yfirstandandi árs.

Loks er gert ráð fyrir því að heimild Húsnæðisstofnunar ríkisins til útgáfu húsbréfa á árinu 1998 verði hækkuð um 500 millj. kr. og nemi samtals 16.500 millj. kr. miðað við markaðsverð. Sú heimild er í samræmi við endurskoðaða áætlun Húsnæðisstofnunar um útgáfu húsbréfa.

Við 6. gr. fjárlagafrumvarps eru gerðar þrjár breytingartillögur. Sú fyrsta er um að fella niður 2. tölulið greinarinnar. Horfið hefur verið frá því að skerða lögbundið framlag til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Í annan stað er lagt til að framlag í ríkissjóð af mörkuðum tekjum til vegamála hækki um 100 millj. kr. og verði 1.164 millj. kr. á næsta ári. Áætlað er að tekjustofnar sem markaðir eru til vegamála verði 271 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Af þessari

hækkun fara 151 millj. kr. til nýframkvæmda, 20 millj. kr. fara í styrki til sérleyfishafa og 100 millj. kr. renna í ríkissjóð. Loks er gerð tillaga um að 7. liður greinarinnar falli niður. Horfið hefur verið frá því að hluti tekna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli renni í ríkissjóð.

Við 7. gr. frumvarpsins eru lagðar fram breytingartillögur í 18 liðum. Flestar er hefðbundnar, svo sem niðurfellingar stimpilgjalda vegna leigu á flugvélum og heimildir til sölu fasteigna í eigu ríkissjóðs. Enn fremur er nokkuð um að óskað sé breytinga á greinum þannig að söluandvirði fasteigna og hlutabréfa sé nýtt í þágu þeirra stofnana eða málaflokka sem hið selda tengist. Má þar nefna heimildir til að láta söluandvirði eignarhluta ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla, félagsheimilum og fasteignum framhalds- og sérskóla renna til viðhalds skólamannvirkja og heimildir til að láta söluandvirði hlutabréfa í Hólalaxi hf. renna til Bændaskólans á Hólum. Ekki er ástæða til að rekja þessar heimildir frekar hér þar sem þær skýra sig sjálfar.

Í 18. lið breytingartillagnanna eru viðbætur við ýmsar heimildir 7. gr. Þar er fyrst að nefna tvo liði í fjárlögum þessa árs. Annars vegar er heimild til að ráðstafa allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu, sérstaklega á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði. Hins vegar er þar heimild til að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins.

Enn fremur eru hér á ferð fjórir nýir liði sem rétt er að fjalla lítillega um. Í 7. gr. laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að ríkissjóður skuli greiða sem stofnfjárframlag til sjóðsins 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Hins vegar er ekki tilgreint með hvaða hætti skuli inna þessa greiðslu af hendi en áform eru uppi um að selja allt að 49% hlut ríkisins í bankanum á næsta ári. Því er óskað heimildar til að semja við sjóðinn um þessa stofnfjárgreiðslu en gert er ráð fyrir að hún geti orðið allt að 350 millj. kr. á árinu 1998. Jafnframt er lagt til að stofnfjárframlag í 2. gr. frumvarps til fjárlaga verði hækkað um 150 millj. kr. til að rúma greiðsluna.

Einnig er óskað heimildar til að semja við stjórn Skallagríms hf. um yfirtöku Ms. Akraborgar upp í skuldir félagsins við Vegagerðina. Þær skuldir eru þannig til komnar að Vegagerðin hefur undanfarin ár séð um að greiða af skuldabréfum vegna Akraborgar en í bókum Skallagríms hf. hefur á móti verið færð skuld við Vegagerðina. Yfirtaka þessi tengist annarri heimild sem óskað er eftir, en það er heimild til að selja eða afhenda Ms. Akraborg. Að baki þessara heimilda liggur sú hugmynd að þegar rekstri Akraborgar lýkur um mitt næsta ár við opnun Hvalfjarðarganga verði hún afhent Slysavarnafélagi Íslands til notkunar fyrir Slysavarnaskóla sjómanna, en ástand skips skólans, Sæbjargar, er orðið mjög bágborið. Meðal annars er önnur aðalvél skipsins ónýt, skrúfubúnaður er mjög slitinn og þilför, tankar og yfirbygging skipsins eru víða tærð.

Lagt er til að heimilað verði að ríkissjóður verði þátttakandi í stofnun hlutafélags til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda. Hér er um að ræða tækni sem gerir sjófarendum fært að sjá á veraldarvefnum upplýsingar frá öldumælinga- og veðurduflum.

Að lokum er óskað eftir heimild til að semja um smíði nýrrar Hríseyjarferju. Hér er um að ræða skip sem mun taka allt að 130 manns, þar af 80–100 innan dyra. Aðstaða verður til vöruflutninga, m.a. með þilfarskrana og festingum fyrir vörugáma, fólksbíla og aðra þungavöru. Hríseyjarferjan Sævar, sem nú sinnir ferðum milli Árskógssands og Hríseyjar, er komin nokkuð til ára sinna og á henni eru verulegir vankantar. Þar má nefna að aðgengi fyrir fatlaða er ófullnægjandi, ekki er hægt að flytja með henni venjulegar sjúkrabörur nema að koma þeim fyrir í stýrishúsi, skipið tekur aðeins 45 farþega auk þess sem heilbrigðiseftirlitið hefur gert ítrekaðar athugasemdir vegna hávaða bæði í farþegarými og stýrishúsi. Áætlað er að smíði skipsins kosti um 115 millj. kr.

Fluttar eru 42 breytingartillögur við sundurliðun 2 og er heildarfjárhæð þeirra 1106,7 millj. kr. Tillögurnar eru skýrðar í nefndaráliti og ekki ástæða til að fjölyrða nánar um flestar þeirra. Þó vil ég skýra nokkra þætti betur.

Lagt er til að framlag til Háskóla Íslands hækki um 180 millj. kr. til að fjármagna greiðslur til verktaka vegna byggingar á öðrum áfanga Náttúrufræðihúss. Í breytingartillögum við 5. gr. er gert ráð fyrir að Happdrætti Háskóla Íslands taki allt að 180 millj. kr. lán og greiði Háskóla Íslands lánsfjárhæðina sem fyrirframgreiddan arð. Í samræmi við nýja framsetningu fjárlaga er framlag happdrættisins skráð sem tekjur ríkissjóðs og framlag ríkissjóðs til háskólans.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að veita sérstaka fjárveitingu til kynningarstarfs erlendis þar sem gerð verður grein fyrir hagsmunum Íslands vegna nýtingar á auðlindum hafsins.

Lagt er til að veittar verði 20 millj. kr. til nýrra meðferðarúrræða barna og ungmenna vegna hækkunar á sjálfræðisaldri úr 16 í 18 ár. Þetta er talið nauðsynlegt þar sem tveir nýir árgangar bætast við skjólstæðingahóp meðferðarheimila. Miklum vandkvæðum er bundið að áætla þá viðbót í meðferðarþörf sem í breytingunni felst en talið er að með þessu megi bæta úr brýnustu þörfum. Gert er ráð fyrir því að framlagið fari annars vegar til reksturs nýs meðferðarheimilis í Skagafirði og hins vegar til eflingar á neyðavistun í bráðatilvikum.

Gerð er tillaga um 25 millj. kr. framlag á árinu 1998 til að kosta starf á vegum fyrirhugaðs stýrihóps um vanda sjúkrahúsanna og áframhaldandi athugun á aukinni samvinnu eða sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Við 2. umr. fjárlaga 1998 var að tillögu meiri hluta fjárlaganefndar fallist á að veita 300 millj. kr. til að auðvelda lausn á vanda sjúkrahúsanna í landinu. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að unnið verði áfram að frekari skoðun á hagkvæmni þess að auka samvinnu eða sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það verk verður unnið á grundvelli skýrslu VSÓ ráðgjafar um úttekt á skipulagi og samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og fjögurra sjúkrahúsa í nágrenni Reykjavíkur.

Heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið munu í byrjun næsta árs útfæra nánar framangreinda vinnu og ákveða nánar um ráðstöfun á þessa framlags.

Lagt er til fjárheimild liðarins Launa- og verðlagsmál undir fjármálaráðuneyti verði hækkuð um 250 millj. kr. Heimildin er ætluð til þess að mæta útgjöldum vegna kjarasamninga og kjaranefndarúrskurða sem ekki eru að fullu frágengnir eða sem eftir er að leggja kostnaðarmat á fyrir einstakar stofnanir. Mest munar þar um kjarasamning við sjúkrahúslækna en einnig á kjaranefnd eftir að úrskurða um laun heilsugæslulækna og háskólaprófessora.

Lagt er til að framlög til stofnana og viðfangsefna í A-hluta fjárlaga hækki samtals um 2.200 millj. kr. vegna þess að þeim er ætlað að greiða til A- og B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga iðgjald sem nemur 11,5% af öllum launum í stað 6% í gjalds af dagvinnulaunum. Sundurliðun fjárhæðarinnar á stofnanir og verkefni er sýnd á sérstöku yfirliti sem fylgir tillögunni

Útgjöld stofnana og verkefna í A-hluta fjárlagafrumvarps miðast við að iðgjald launagreiðanda til LSR og LH sé 6% af dagvinnulaunum. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga er launagreiðanda hins vegar ætlað að greiða iðgjald sem nemur 11,5% af öllum launum vegna þeirra sem eru í A-deildum sjóðanna. Þar með er launagreiðendum gert kleift að gera upp skuldbindingar sínar vegna A-deildar sjóðsfélaga með fullnaðargreiðslum ár hvert. Nú liggur fyrir frumvarp til laga um breytingar á þessum lögum sem verður afgreitt fyrir jól og felur m.a. í sér að stofnunum er gert kleift að greiða einnig 11,5% af öllum launum þeirra sem eru í eldra réttindakerfi í stað 6% af dagvinnulaunum eins og tíðkast nú. Með þessu verður aðild að A- og B-deildum lífeyrissjóðanna hlutlaus að því er varðar greiðslur og greiðsluáætlanir vegna launa og launatengdra gjalda.

Fjármögnun þessara útgjalda er með þeim hætti að á fjárlagalið 09-989 190 Launa- og verðlagsmál er í fjárlagafrumvarpi áætlað fyrir 900 millj. kr. til að mæta hækkun á iðgjaldagreiðslu stofnana vegna þeirra sem verða í A-deildum sjóðanna. Þá er samkvæmt ákvæði frumvarps til laga um breyting á lögum um LSR og LH gert ráð fyrir að hækkun á iðgjaldsgreiðslu stofnana vegna þeirra sem verða í B-deildum sjóðanna komi til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum og verðbótum á lífeyri sem áætlaður er á fjárlagalið 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun undir fjármálaráðuneyti. Stofnanir sem eru alfarið fjármagnaðar af mörkuðum tekjustofnum fá ekki hækkun samkvæmt þessari tillögu. Gera má ráð fyrir að í einhverjum tilvikum þurfi að leiðrétta framlag til stofnana og þá sérstöku sundurliðun sem fylgir þessari tillögu. Þær breytingar geta verið bæði til hækkunar eða lækkunar í ljósi raunverulegra útgjalda. Á fjárlagaliðum 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 989 Launa- og verðlagsbætur, er gert ráð fyrir fjárhæðum til að mæta slíkum leiðréttingum. Fjárlaganefnd Alþingis mun verða gerð grein fyrir hugsanlegum breytingum.

Í lok umfjöllunar minnar um breytingartillögur við útgjaldahlið fjárlaga er rétt að benda á leiðréttingu sem gerð var á fjárlagalið RALA. Eins og greint er frá í nefndaráliti var gerð breyting við 2. umr. fjárlaga en sökum mistaka þarf að flytja tillöguna aftur og að auki leiðrétta fyrri færslu.

Fjárlaganefnd fór yfir áætlanir B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta og fékk á fund sinn fulltrúa nokkurra þeirra. Meiri hluti fjárlaganefndar gerir tillögu um breytingar á sex áætlunum í B-hluta og fimm áætlunum í C-hluta.

Þar er fyrst að nefna að fjárreiður fimm fyrirtækja og lánasjóða breytast vegna breytinga á lántökum sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um breytingartillögur við 5. gr. Þær stofnanir og fyrirtæki sem hér um ræðir eru Happdrætti Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Rafmagnsveitur ríkisins og Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild.

Í öðru lagi breytast áætlanir tveggja aðila í B- og C-hluta vegna ákvarðana um aukin framlög í A-hluta fjárlaga. Annars vegar áætlun Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og hins vegar áætlun Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna hækkunar á rekstrargjöldum.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á áætlunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna á grundvelli endurskoðaðra rekstraráætlana. Í nýrri áætlun Áfengisverslunar er gert ráð fyrir auknum rekstrartekjum og auknum hagnaði vegna verðbreytinga, en nokkrum samdrætti í sölumagni. Áætlað er að arðgreiðsla í ríkissjóð hækki um 241 millj. kr. og verði 2.908 millj. kr. Í nýrri áætlun vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna er gert ráð minni fjölgun lánþega og að útlán minnki um 30 millj. kr. Áætlað er að afborganir af teknum lánum verði 70 millj. kr. lægri og að innheimt námslán verði 40 millj. kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þörf á lántökum minnkar um 100 millj. kr. Lagt er til að önnur rekstrargjöld verði hækkuð um 1 millj. kr. vegna lögfræðiþjónustu og um 5 millj. kr. vegna kostnaðar við málskotsnefnd. Í nýrri áætlun er gengið út frá því að framlag ríkissjóðs nemi 55% útlána, auk 55 millj. kr. vaxtastyrks sem áætlað er fyrir meðal annarra rekstrargjalda og 5 millj. kr. vegna málskostnefndar sem áður var getið. Framlag ríkisins lækkar samkvæmt þessum forsendum um 43 millj. kr. og verður 1.727 millj. kr.

Loks eru gerðar leiðréttingar á áætlunum Byggingarsjóðs ríkisins og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem eru nánar skýrðar í nefndaráliti.

Inn á fjárlagalið 09-999 119 Ýmsar endurgreiðslur, er óráðstafað 5 millj. kr. frá fyrri árum vegna endurgreiðslu er nemur virðisaukaskatti af björgunarbúningum fyrir sjómenn.

Meiri hlutinn leggur til að liðnum verði ráðstafað í tengslum við ráðstöfun þeirra fjárveitinga 1998 sem fela í sér endurgreiðslur vegna björgunarmála.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir breytingum meiri hluta fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpinu við 3. umr. Niðurstaðan liggur fyrir. Fjárlög hafa í annað sinn verið afgreidd hallalaus og sá áfangi náðst að ná hallalausri afgreiðslu með hinni nýju uppsetningu á rekstrargrunni. Þetta er hagstæðari niðurstaða en á fyrra ári. Ef allt gengur eftir sem áformað er munu þau þáttaskil verða á næsta ári að skuldir ríkissjóðs verði greiddar niður um allt að 5 milljörðum króna og lánsfjárþörfin fari lækkandi. Það væri jákvætt innlegg í efnahagsþróunina, lækkar vaxtabyrði ríkissjóðs og losar um fjármagn til annarra hluta.

Ég tel rétt að gera grein fyrir einni brtt. sem gerð var milli 2. og 3. umr., tillögu um að hækka framlag til viðhalds Sjúkrahúss Reykjavíkur um 100 millj. kr. Þetta er gert í því skyni að auðvelda væntanlegum stýrihópi og forsvarsmönnum sjúkrahússins að setja niður áætlun um viðhald sjúkrahússins.

Undirstaða þess árangurs sem náðst hefur er sú að hjól atvinnulífsins snúast nú hraðar en áður. Veltuaukning í þjóðfélaginu er mikil með vaxandi kaupmætti. Tekjur einstaklinga hafa aukist. Þegar afkoman er skoðuð verður að taka tillit til þess að skattalækkanir hafa tekið gildi og launaútgjöld og tilfærslur í formi bótagreiðslna hafa hækkað.

Ljóst er að halda verður vel á málum á næsta ári til þess að tryggja árangur ríkisfjármála í sessi og varlegt er að búast við viðlíka tekjuaukningu fram yfir áætlanir á næsta ári eins og reyndin hefur verið á árinu 1997. Um það eru sérfræðingar sammála. Æskilegt væri að sá tekjuauki sem hugsanlegur er nýttist til þess að styrkja afkomu ríkissjóðs enn betur. Þegar vel árar er nauðsyn að vera á verði gagnvart auknum útgjöldum og styrkja afkomuna svo hægt sé að mæta því

þegar verr gengur. Fjárlaganefnd hefur í vinnu sinni reynt að stilla útgjaldatillögum í hóf, enda eru brtt. nefndarinnar óverulegar miðað við heildarumfang ríkisfjármálanna.

Mörgum góðum málum hefur ekki verið sinnt eða þau hafa verið tekin til greina að hluta. Vandinn er að velja og hafna. Verkefnin sem krefjast útgjalda blasa við alls staðar.

Til þess að tryggja velferðarkerfið í sessi án þess að hækka skattheimtu á almenning og fyrirtækin í landinu er nauðsynlegt að hafa aðhald í opinberum rekstri. Það á við um öll svið opinberrar þjónustu. Gott skipulag og stjórnun og skilgreining á þeirri þjónustu sem á að veita er grundvöllur fyrir árangri í þessum efnum. Fólki sem hefur unnið störf sín vel þykir oft kröfur um aðhald ósanngjarnar, ekki síst ef um viðkvæma þjónustu er að ræða. Til dæmis á þetta við um heilbrigðisþjónustuna sem hefur mikinn fjölda af mjög hæfu fólki innan sinna vébanda, fólki sem afkastar miklu verki. Gott skipulag, stjórnun og skýr verkaskiping er sá rammi sem þarf að mynda um þessa mikilvægu þjónustu og aðra opinbera þjónustu. Það er hagkvæmast fyrir alla aðila málsins.

Herra forseti. Ég vil nú í lok máls míns þakka meðnefndarmönnum mínum í meiri og minni hluta fjárlaganefndar samstarfið og góðan starfsanda, þrátt fyrir mismundandi sjónarmið til ýmissa hluta. Ég endurtek þakkir sem ég flutti við 2. umr. fjárlaga til starfsfólks Alþingis, ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar sem veitt hafa margháttaða aðstoð við vinnu og ekki síður við frágang á frumvarpinu, nefndarálitum og breytingartillögum. Síðast en ekki síst vil ég senda kveðju öllum þeim sem hafa átt samskipti við nefndina í viðtölum eða með erindum sínum. Sumum þeirra hefur verið sinnt, öðrum hefur orðið að hafna eða taka til greina að hluta en þessir aðilar eru fjölmargir og nefndin er reynslunni ríkari eftir viðtöl við þá eða yfirferð yfir erindi þeirra.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:25]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég vil fyrst óska eftir því að þrír hæstv. ráðherrar verði í salnum við ræðu mína, þ.e. hæstv. ráðherrar fjármála, heilbrigðismála og menntamála. Ég spyr forseta hvort hann sjái nokkur tormerki á því að svo geti orðið.

(**Forseti** (RA): Forseti hefur gert ráðstafanir til að láta þá vita af ósk hv. þm.)

Herra forseti. Að venju hefur fjárln. komið saman og fjallað um frv. milli 2. og 3. umr. og tekið fyrir tekjugrein frv., lánsfjárheimildir, heimildargreinina sem áður var 6. gr. en nú er 7. gr., svo og B- og C-hluta stofnanir auk þess að ræða áfram einstök útgjaldaverkefni. Að þessu sinni sem oftar reyndust framlög til sjúkrahúsa vera tímafrekasta málið enda fjárhagsvandinn ærinn hjá öllum þremur stóru sjúkrahúsunum í landinu eins og rakið verður síðar í nál. minni hluta fjárln.

Um það mál vil ég segja að óhjákvæmilegt er, að mínu mati, að taka upp samrekstur stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík í því skyni að draga úr tvíverknaði og tvöföldum kostnaði. Nýleg skýrsla VSÓ er í samræmi við áður fram komnar upplýsingar um talsverðan kostnað sem fylgir því að reka tvo aðskilda spítala af þessari stærð. Niðurstaða ráðgjafarinnar er að umframkostnaðurinn nemi um 1 milljarði kr. á ári og tel ég ekki ástæðu til þess að draga í efa þá niðurstöðu í meginatriðum. Þetta þýðir að fyrir sama pening væri hægt að sinna fleiri sjúklingum en nú er gert eða að sama umfang kostaði 1 milljarði kr. minna. Ríkissjóður greiðir allan kostnað annan en þann sem sjúklingar greiða af rekstri sjúkrahúsanna. Óverjandi er að halda áfram núverandi fyrirkomulagi.

Þá þykir mér afar óeðlilegt að ríkissjóður greiði kostnað en annar aðili stjórni eins og reyndin er með Sjúkrahús Reykjavíkur. Skoðun mín er sú að ríkisvaldið eigi að stjórna þeirri stofnun sem ríkissjóður greiðir. Þetta sjónarmið á að sjálfsögðu við um aðrar sjúkrastofnanir í landinu. Sveitarstjórnir skipa fjóra af fimm stjórnarmönnum en heilbrrh. aðeins einn stjórnarmann. Hér er um verkefni ríkisins að ræða og því ætti ríkið að hafa reksturinn með höndum að óbreyttum lögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil einnig víkja að skipulagi heilsugæsluþjónustu í landinu. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki tekist að innleiða til fulls sama fyrirkomulag og gildir annars staðar á landinu. Meira er stuðst við beina þjónustu sérfræðinga. Samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðasta ár eru útgjöld fyrir sérfræðilækningar á íbúa árið 1996 langhæst í Reykjavík eða 5.440 kr. Annars staðar á höfuðborgarsvæðinu er kostnaðurinn á 5. þúsund. Á nokkrum stöðum á landinu er kostnaðurinn innan við 2.000 kr. á íbúa eða liðlega 60% lægri en þar sem hann er hæstur.

Herra forseti. Mér finnst vera heldur mikill kliður í þingsalnum.

(**Forseti** (RA): Forseti tekur undir þessi orð og óskar eftir að hv. þm. sé veitt hljóð.)

Á Ísafirði er kostnaðurinn 2.305 kr. á hvern íbúa eða 58% lægri en í Reykjavík. Væri kostnaðurinn þar sá sami og á Ísafirði lækkaði þessi kostnaðarliður um 330 millj. kr. á ári í höfuðborginni. Ég trúi því ekki að heilsufar sé svona mismunandi og tel að þessi kostnaður stafi af skipulagsástæðum, það þurfi að styrkja heilsugæslukerfið betur í Reykjavík, enda sé það skilvirkara og ódýrara. Hlutur ríkisins í þessum umframkostnaði er um 203 millj. kr. og um 126 millj. kr. er hlutur sjúklinga. Fyrir þá væri það umtalsverð kjarabót að búa við sama kostnað og Ísfirðingar gera. Ég tel að heilbrrn. eigi að kappkosta að byggja upp heilsugæslukerfið á höfuðborgarsvæðinu og að það ásamt samrekstri sjúkrahúsanna tveggja sé mikilvægasta verkefni ráðuneytisins í heilbrigðismálum.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég tel að ráðuneytið sé verulega undirmannað og meðan svo er tekst því trauðla — herra, forseti. Er ég að ónáða þingmenn með ræðu minni?

(**Forseti** (RA): Ég vona ekki. Hv. þingmenn voru að kanna það hvar þeir væru á ræðulistanum. Ég vænti þess að hv. þm. fái gott hljóð.)

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég tel að ráðuneytið sé verulega undirmannað og meðan svo er tekst því trauðla að valda svo að vel sé verkefni sínu. Til samanburðar bendi ég á menntmrn. þar sem miklu fleiri starfa að verkefnum sem kosta aðeins hluta af kostnaði við heilbrigðismál og svo virðist að starfsmönnum þar hafi lítið fækkað þótt eitt stærsta verkefni ráðuneytisins, grunnskólinn, sé nú verkefni sveitarfélaga. Það borgar sig engan veginn fyrir skattgreiðendur að halda heilbrrn. í spennitreyju að þessu leyti. Þvert á móti er það orsök skipulagsleysis og umframkostnaðar.

Ég vil að lokum taka fram að ég er ekki að halda því fram að laun starfsmanna sjúkrahúsanna séu vandamálið, þvert á móti, vitað er að meðallaun eru ekki há. Ég nefni sem dæmi að rekstrarkostnaður á hvert stöðugildi í nýstofnuðum Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er um 8 millj. kr. á ári og er

þá átt við bæði laun og annan kostnað við rekstur stofnunarinnar en stofnkostnaður er ekki meðtalinn. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er sambærileg tala um 3,5 millj. kr. að meðtöldum stofnkostnaði eða um 56% lægri en hjá peningasjóðnum nýja. Það er greinilegt að vildarvinir stjórnarflokkanna komast upp með allt önnur útgjöld við rekstur peningastofnana en gildir í heilbrigðiskerfinu. Það gilda greinilega önnur lögmál um umönnun peninga en fólks og þá á þann veg að miklu mikilvægara sé að hugsa um peninga en sjúka fólkið. Þetta verður að kallast forgangsröðun sem bragð er að og ljóst er hverjir sitja í fyrirrúmi í þjóðarskútunni.

Herra forseti. Nú er komið að þeim kafla í ræðu minni þar sem ég vík að málefnum Ríkisútvarpsins og ég spyr um hæstv. menntmrh. sem ég hafði óskað eftir að væri viðstaddur ræðu mína.

(**Forseti** (RA): Hæstv. ráðherra mun ekki vera í húsinu en gerðar verða ráðstafanir, og hafa reyndar þegar verið gerðar, til að láta hann vita af því að óskað sé nærveru hans.)

Ég þakka forseta þau viðbrögð en verð jafnframt að segja að lítið gagn er að fjarstöddum ráðherra þannig að ef ráðherrann kemur ekki meðan ég flyt mál mitt þá tel ég tilgangslítið að vera að ónáða þann ágæta ráðherra.

Málefni Ríkisútvarpsins voru til umfjöllunar í fjárln. að minni beiðni og gáfu forráðamenn stofnunarinnar skýrslu um endurbætur á dreifikerfinu undanfarin ár. Víða um land er útsendingum bæði hljóðvarps og sjónvarps áfátt og reyndar er sums staðar svo að engin útsending næst. Löngu er komið að viðgerðum og nauðsynlegum lagfæringum jafnframt því að halda þarf áfram uppbyggingu dreifikerfisins.

Þá er rétt að geta þess að útsending frá fundum Alþingis er ekki samfelld og á stundum óviðunandi. Samkvæmt svari við skriflegri fyrirspurn minni á 118. löggjafarþingi er áætlað að það kosti um 325 millj. kr. að koma upp aukahljóðvarpsrás sem næðist um land allt. Ég tel það nauðsynlegan þátt til að skapa grundvöll fyrir lýðræðislega umfjöllun í þjóðmálum að koma upp beinum og samfelldum útsendingum frá fundum Alþingis.

Samkvæmt upplýsingum forráðamanna Ríkisútvarpsins hefur verið varið ákaflega litlu fé til fjárfestinga og viðhalds í dreifikerfinu síðustu árin. Frá 1987 hefur fjárhæðin verið á bilinu 14–54 millj. kr. á ári sem engan veginn dugar til þess að mæta óskum notenda og nauðsynlegri endurnýjun. Sívaxandi umkvartanir berast vegna lélegs dreifikerfis. Er skemmst að minnast umræðu um léleg skilyrði fyrir sjónvarp í Keflavík og á Snæfellsnesi. Við það má bæta að skilyrði á norðanverðum Vestfjörðum eru fullkomlega óviðunandi og á ég þar við Ísafjörð, Bolungarvík og Súðavík. Þrátt fyrir áralangar umkvartanir gerist ekkert og verð ég að segja að svör forráðamanna Ríkisútvarpsins á fundi fjárln. voru stofnuninni ekki sæmandi og hrein móðgun við notendur. Það er ekki boðlegt að tala um afleit skilyrði víða í Keflavík sem einhverjar nýjar upplýsingar og grípa til þeirra útskýringa að geislinn sé of krappur og senda þurfi hann upp á Kjalarnes. Þá er það algerlega óviðunandi að bjóða íbúum víða um land upp á óbreytt ástand næstu árin og halda því jafnvel fram að að þeirra mati séu skilyrðin bara ágæt. Það er engu líkara en að stjórendur Ríkisútvarpsins hafi ekki áttað sig á því að þeir eru þjónustustofnun sem á að mæta óskum og kröfum notenda og að löngu liðin er sú tíð að þeir skammti fólki skilyrði. Hverjum öðrum dytti í hug að bjóða fólki upp á lélega útsendingu árum saman af því að stofnunin tímir ekki að endurnýja úr sér gengna senda? Ekkert bólar á því að bjóða notendum víða um landið að njóta framfara í tækninni, svo sem steríósjónvarps sem kom á höfuðborgarsvæðið fyrir um áratug. Það merkilega er að notendur geta fengið fyrirmyndarskilyrði til sjónvarpsmynda frá útlöndum hvarvetna á landinu og það í steríó með því að vera með gervihnattadisk, en ríkissjónvarpið við Laugaveginn sést illa eða jafnvel ekki.

Ef ekki verður breyting á afstöðu forráðamanna stofnunarinnar tel ég engar forsendur fyrir því að skylda alla sjónvarpseigendur til þess að greiða afnotagjald til Ríkisútvarpsins því ekki hefur staðið á því að rukka afnotagjaldið og það af nokkurri hörku.

Ég veit dæmi um sjónvarpseiganda sem er rukkaður um afnotagjald þótt bæði hljóð og mynd séu afleit og engum bjóðandi, enda hefur stofnunin ekki gert neitt til þess að koma merkjum til umrædds notanda. Það gerði hann sjálfur á eigin kostnað. Þrátt fyrir áralanga eftirleitan fæst stofnunin ekki til að bæta úr og síðasta svarið að skilyrðin væru bara nógu góð.

Nú er lagt til að heimila stofnuninni að taka lán upp á tæpan milljarð króna á næstu tveimur árum til þess að flytja sjónvarpið í Efstaleiti og endurnýja búnað þess. Ég tel þörf á þessu og mun styðja það framtak þó ég hafi efasemdir um að rétt sé að fjármagna þessar framkvæmdir allar með lánsfé.

Mér komu á óvart þær upplýsingar að með því að endurgreiða lánsféð á 15 árum þyrfti ekki verja meiru en sem svarar $^1/_3$ af því fjármagni sem stofnunin hefur til ráðstöfunar í þessu skyni. Það þýðir að stofnuninni er ekkert að vanbúnaði að ráðast í endurnýjun og viðhald á dreifikerfi sínu á næstu 2–3 árum með lánsfé og greiða það niður á næstu 15 árum. Ég kalla eftir stuðningi ríkisstjórnarinnar til þess og minni á að það var hún sem tók ákvörðun um flutning sjónvarpsins upp í Efstaleiti og nú stendur upp á ríkisstjórnina að svara þeirri spurningu hvort hún beri hag notenda fyrir brjósti jafnt sem hag stofnunarinnar.

Minni hluti fjárln. hefur lagt fram frhnál. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 á þskj. 647 sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 2,3 milljörðum kr. hærri en í fjárlagafrumvarpinu. Um 900 millj. kr. má rekja til breytinga á tekjugrunni og rúmar 500 millj. kr. til aukinnar skattheimtu. Þar af eru um 400 millj. kr. vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkið greiðir af eigin vaxtatekjum og færist því einnig til gjalda og hefur ekki áhrif á nettóafkomu ríkissjóðs. Þá eru tekjur af eignasölu áætlaðar 800 millj. kr. hærri en í frumvarpinu vegna endurskoðaðrar áætlunar um hagnað af sölu eignanna. Er það skýrt með því að sölu á hluta ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu sem átti að fara fram á þessu ári var frestað til næsta árs, svo og með hækkun á söluverðmæti hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Er sú hækkun rakin til góðrar afkomu bankakerfisins á þessu ári.

Fram kom að Þjóðhagsstofnun telur ekki ástæðu til þess að endurskoða efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins sem gerir m.a. ráð fyrir 3,5% hagvexti á næsta ári og 5,2% aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna. Áfram er spáð verulegum viðskiptahalla eða um 3,4% af landsframleiðslu og að innflutningur aukist meira en útflutningur. Kemur það fram í því að erlendar skuldir þjóðarbúsins fara vaxandi. Áætlað er að þær aukist um 3,5% að raungildi á þessu ári og um 4,5% á því næsta. Að mati Þjóðhagsstofnunar er nokkuð liðið á hagsveifluna og því megi búast við því að afkoman

verði nokkuð lakari á næstunni. Gerir stofnunin ráð fyrir tiltölulega háum vöxtum á næstu árum og bendir á að um þessar mundir sé nokkur þrýstingur á verðlag vegna mikilla umsvifa í þjóðfélaginu.

Minni hlutinn bendir á að efnahagsforsendur fjárlaga 1997 hafa reynst fjarri lagi. Einkaneysla er áætluð verða 5,0% í stað 3,5%, samneysla 2,2% í stað 1,5% og fjárfesting 18,6% en var spáð að yrði 5,5%. Innflutningur vex um 9,6% í stað 5,7% og þjóðartekjur munu aukast um 5,0% í stað 2,5% eins og spáð var. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust" — á þessu ári — „um 6,7% samanborið við 3,5% í forsendum fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs á árinu reyndust verulega vanáætlaðar og er nú gert ráð fyrir að þær verði um 5,7 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Er það mjög svipað og minni hlutinn spáði í fyrra við afgreiðslu fjárlaga. Er það verulegt áhyggjuefni hversu ónákvæmar spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst síðustu ár og er ástæða til þess að athuga sérstaklega hvernig á því stendur og hvað er til úrbóta."

Ég vil þessu til viðbótar vísa til fylgiskjals sem fylgir með nefndaráliti minni hluta fjárln. sem lagt var fram við 2. umr. fjárlaga og er samanburður á helstu þjóðhagsstærðum á árunum 1995–1997 ásamt samanburði þeirrar spár við veruleika. Þar kemur í ljós að mjög margar veigamiklar forsendur voru á þessum árum verulega vanáætlaðar eða ofáætlaðar. Þannig má nefna sem dæmi að einkaneyslan var öll þessi ár miklu meiri en spáð var og gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Árið 1995 var gert ráð fyrir að einkaneysla mundi aukast um 2,5% en reyndin varð 4,2% eða 68% hærri tala. Árið 1996 var gert ráð fyrir við gerð fjárlaga að einkaneyslan mundi aukast um 4,2% en reyndin varð 6,4% eða 52% hærri tala. Árið 1997, eða á þessu ári, varð spáin 3,5% en reyndin 5% eða 42% frávik. Árið 1998, á næsta ári, er spáð 5% en þar tel ég líkur standa til þess að hún verði nokkru meiri.

Fjárfestingarspáin hefur einnig reynst verulega frábrugðin veruleikanum á hverjum tíma. Árið 1995 var því spáð að fjárfesting mundi aukast um 5,2% en reyndin varð sú að fjárfesting dróst saman um 2,8%. Munurinn er um 153%. Árið 1996 var spáð að fjárfesting yrði 16,3% en reyndist verða 23,5% eða 44% frávik. Á þessu ári var spáð að fjárfesting yrði 5,5% en nú er talið víst að hún verði 18,6% og munurinn er 238%.

Það segir sig sjálft, þegar svona gríðarlega miklu munar í veigamiklum forsendum fjárlaga, að þá er ekki við því að búast að reynslan verði nærri því sem fjárlög gera ráð fyrir. Fleiri dæmi get ég rakið þar sem verulega ber á milli spár Þjóðhagsstofnunar og forsendna fjárlaga hverju sinni og síðan reynslunnar eða niðurstöðunnar. Þar má helst nefna launa- og verðlagsforsendur en gert var ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ykist minna öll árin en reynslan varð. Þannig var því spáð 1995 að kaupmátturinn mundi aukast um 1% en reynslan varð 3,9%. Munurinn er 290%. Árið 1997 var spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast um 1,5% en reyndin varð 4,7% og munurinn er 213%. Vísa ég að öðru leyti til þessa fylgiskjals með því nefndaráliti sem ég gat um áðan og vík nú aftur að frhnál. minni hluta fjárln.

„Minni hlutinn telur að þessu sinni að nokkuð sé vanmetinn hagvöxturinn á næsta ári einkum vegna líklegrar meiri einkaneyslu en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir. Gera má því ráð fyrir heldur meiri tekjum ríkissjóðs sem því nemur eða 1–1,5 milljörðum kr. Fyrirsjáanlegt er að draga muni úr fjárfestingum þegar líður á árið, en enn meira árið 1999. Að öðru leyti verður að telja efnahagsforsendur fjárlaganna líklegar. Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs verið verulega vanmetnar, eins og áður segir, en margt bendir til þess að svo sé ekki nú umfram það sem áður er hér bent á og kemur þar til að hagsveiflan virðist hafa náð hámarki. Þvert á móti ber nú á að tekjuforsendur fjárlaganna virðast ekki allar vera traustar. Þar má nefna tekjur af sölu eigna sem hafa reynst ofmetnar á þessu ári og svo gæti einnig hæglega orðið á næsta ári. Þá telur minni hlutinn að verulegir veikleikar séu á gjaldahlið frumvarpsins. Háar fjárhæðir vantar til reksturs sjúkrahúsa landsins og undanfarin ár hefur verið kerfisbundið vanmat á útgjöldum almannatrygginga. Varlega áætlað gæti verið um liðlega 2 milljarða kr. vanmat á þessum útgjöldum að ræða. Að öllu samanlögðu verður að telja að yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög hvíli á afar veikum grunni og að umtalsverður halli verði á ríkissjóði þegar upp er staðið.

Ríkisstjórnin treystir sér augljóslega ekki í niðurskurð á útgjöldum og því blasir við að auka verður tekjur ríkissjóðs. Minni hlutinn hefur bent á að auka megi tekjur ríkissjóðs um milljarða kr. með auknu skatteftirliti og sérstökum aðgerðum gegn skattsvikum, svo og betri innheimtu útistandandi krafna ríkissjóðs. Þá bendir minni hlutinn á að í góðæri er eðlilegt að sækja aukið fé til sameiginlegra þarfa til atvinnurekstrar með auknum sköttum og breyttum lagaákvæðum um frádrátt einstakra útgjalda frá tekjum. Þegar verr áraði fyrir nokkrum árum var sköttum létt af fyrirtækjum og skattbyrðin flutt yfir á almenning. Var þar um að ræða um 4 milljarða kr. Nú árar betur og hefur gert um skeið og er þá sjálfsagt að flytja hluta af skattbyrðinni til baka. Ákveðið hefur verið að lækka skatta á almenning og telja verður eðlilegt að atvinnulífið beri þá skattalækkun að nokkru leyti. Hefur minni hlutinn bent á að hækka megi tryggingagjald um 0,5% og afla þannig um 1,2 milljarða kr. Einnig má telja eðlilegt að skatthlutfall hagnaðar af rekstri fyrirtækja verði það sama og á launatekjur eða 39% í stað 33% eins og nú er. Slík hækkun mundi skila um einum milljarði kr. í ríkissjóð. Þá vill minni hlutinn benda á að reglur um ónotað rekstrartap til frádráttar hagnaði eru nokkuð rúmar. Talið er að ónotuð rekstrartöp séu um 78 milljarðar kr. eða liðlega fjórum sinnum hærri fjárhæð en samanlagður tekjuskattstofn allra fyrirtækja. Í einum landsfjórðungnum eru ónotuð rekstrartöp 25 sinnum hærri en tekjuskattsstofninn en það þýðir engar skattgreiðslur í 25 ár. Í öðru skattumdæmi duga ónotuð rekstrartöp fyrirtækja í 42 ár og þar sem ónotuð rekstrartöp eru lægst sem hlutfall af tekjuskattsstofni eru þau þó þrisvar sinnum hærri en tekjuskattsstofninn. Eðlilegt er að huga að því að setja þrengri tímamörk en nú gilda um nýtingu rekstrartaps. Enn má benda á möguleika á að skattleggja sérstaklega söluhagnað aflaheimilda í sjávarútvegi við þær aðstæður að fjármagn væri fært út úr atvinnugreininni.

Það er flestu öðru mikilvægara fyrir heimilin og atvinnulífið að ríkisfjármálin séu tekin föstum tökum og ekki teflt á tvær hættur í einu mesta efnahagslegu góðæri undanfarinna áratuga. Vitað er að góðærið rennur sitt skeið og því munu tekjur ríkissjóðs dragast nokkuð saman að óbreyttum tekjustofnum. Litlu sem engu af ábata undanfarinna ára hefur verið varið til þess að greiða niður skuldir eða byggja upp tekjuskapandi starfsemi sem styrkir íslenskt efnahagslíf. Útgjöld íslenska ríkisins hafa vaxið nokkuð í takt við auknar tekjur og það mun reynast þrautin þyngri að draga úr þeim

þegar tekjurnar minnka. Því er óhjákvæmilegt að styrkja tekjugrundvöll hins opinbera.

Það er ekki til marks um styrka og ábyrga fjármálastjórn þegar framkvæmdir hins opinbera fyrir milljarða kr. eru fjármagnaðar að mestu leyti og í sumum tilfellum eingöngu með lánsfé. Þar skulu fyrst nefndar virkjanaframkvæmdir upp á tugi milljarða kr., þar af á þessu ári liðlega 10 milljarða kr. Auk þess er í breytingartillögum meiri hlutans við 5. gr. frumvarpsins lagt til að hleypa af stokkunum dýrum framkvæmdum fyrir lánsfé. Áformað er að verja allt að 475 millj. kr. til að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er áætlað að kosti 1.100 millj. kr. Annar og þriðji áfangi munu kosta um 1.700 millj. kr. hvor. Samtals eru þetta framkvæmdir fyrir hálfan fimmta milljarð kr. Önnur framkvæmd er við hús Ríkisútvarpsins að Efstaleiti 1 sem mun kosta um 960 millj. kr. Ráðgert er að fjármagna þá framkvæmd að fullu með lánsfé, þar af allt að 300 millj. kr. á næsta ári. Þriðja stórframkvæmdin, sem reyndar er þegar hafin, er bygging náttúrufræðihúss sem áætlað er að kosti liðlega 1 milljarð kr. Lagt er til að afla lánsfjár til þess á næsta ári um 180 millj. kr. og 70 millj. kr. á árinu 1999. Samtals kosta þessi mannvirki um 6,5 milljarða kr. Þar af er ráðgert að fjárfesta fyrir um 1 milljarð kr. á næsta ári sem að mestu leyti er staðið undir með lánsfé. Það skýtur skökku við í góðærinu við nokkur þenslumerki að auka stórframkvæmdir ekki hvað síst þegar öðrum framkvæmdum hefur verið slegið á frest að undanförnu af þeim sökum. Má minna á tveggja milljarða kr. niðurskurð á fé til vegaframkvæmda á þessu ári og því næsta og spyrja hvort þensluáhrif verði ekki af framkvæmdum fjármögnuðum með lánsfé.

Við 7. gr. frumvarpsins er gerð athugasemd við lið 8.7. Telur minni hlutinn eðlilegt að fjármagna markaðsátak erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi með beinum fjárveitingum í stað þess að draga fjármagnið frá einstökum stofnunum samgönguráðuneytisins, einkum Vegagerð ríkisins. Þá telur minni hlutinn rétt að setja samræmdar reglur um það hvenær fella skuli niður stimpilgjöld og vísar þar til reglubundinna ákvæða um heimild til þess að fella niður þau gjöld af flugvélum.

Minni hlutinn telur rétt að vekja athygli á rekstrarkostnaði nýstofnaðs Nýsköpunarsjóðs, en þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður nemi um 8 millj. kr. á hvert stöðugildi að viðbættum stofnkostnaði. Það er meira en tvöfalt hærra en sambærilegur kostnaður á stöðugildi við sjúkrastofnanir landsins.

Meiri hlutinn gerir ekki tillögu um breytingu á fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að tap af rekstri sjóðsins á næsta ári nemi 800 millj. kr. Stafar það fyrst og fremst af því að framlag ríkissjóðs nemur aðeins 275 millj. kr. í stað 1.308 millj. kr. ef staðið væri við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1992. Þá voru vextir af útlánum sjóðsins hækkaðir og ákveðið að miða við 500 ný framkvæmdalán á ári og til þess að ekki yrði gengið á eigið fé sjóðsins yrði ríkisframlagið sem næmi 1.308 millj. kr. á ári. Skemmst er frá því að segja að framlag ríkissjóðs hefur síðan verið skert ár hvert. Það hefur leitt af sér fækkun framkvæmdalána og stöðugan hallarekstur sjóðsins. Er nú svo komið að einungis 170 framkvæmdalán verða veitt á næsta ári eða aðeins $^1/_3$ af því sem upphaflega var áætlað. Á þessu tímabili, 1993–1998, verður skerðingin á framlagi ríkisins samtals 3.977 millj. kr. eða 50,7% af því sem það hefði átt að vera. Framlögin hafa verið 3.871 millj. kr. í stað 7.848 millj. kr. Langstærstur hluti skerðingarinnar, eða 2.909 millj. kr., hefur verið ákveðinn við fjárlagagerð þriggja síðustu ára. Er svo komið að byggingarsjóðurinn stefnir hraðbyri í gjaldþrot og ef hann hefði verið gerður upp um síðustu áramót hefði vantað 6 milljarða kr. til þess að endar næðu saman. Félagsleg útlánastefna á sér greinilega fáa málsvara í röðum stjórnarliða.

Minni hlutinn hefur við þessa fjárlagagerð lagt höfuðáherslu á raunhæfar aðgerðir til lausnar á vanda sjúkrahúsanna. Niðurskurður síðustu ára og síendurteknar kröfur um aðhald og sparnað, langt umfram eðlilega sanngirni, hafa hneppt sjúkrahúsin í fjötra hallareksturs, sem er gjörsamlega að sliga þau og farin að bitna illa á sjúklingum og starfsfólki. Tillögur meiri hlutans duga hvergi nærri til að varanlegrar lausnar á vanda sjúkrahúsanna.

Uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna er nú í árslok u.þ.b. 1 milljarður kr. eftir hallarekstur síðustu ára, en því til viðbótar nemur augljós fjárvöntun til rekstrar sjúkrahúsanna á næsta ári nær hálfum öðrum milljarði, þannig að samtals er rekstrarvandi sjúkrahúsanna í landinu nær 2,5 milljarðar kr.

Á fjáraukalögum þessa árs er 200 millj. kr. óskipt fjárhæð, sem ætluð er til að mæta halla sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur, en stóru sjúkrahúsin í Reykjavík eru skilin eftir með samtals um 700 millj. kr. halla. Þar af er talið að þau gætu búið við um 300 millj. kr. halla, Ríkisspítalarnir 200 millj. kr. og Sjúkrahús Reykjavíkur 100 millj. kr. Þannig er brýn fjárvöntun vegna uppsafnaðs halla þessara tveggja sjúkrahúsa samtals 400 millj. kr.

Að viðbættum þessum uppsafnaða rekstrarhalla er fjárvöntun Ríkisspítalanna til sambærilegs rekstrar á næsta ári áætluð 487 millj. kr. og Sjúkrahúss Reykjavíkur 465 millj. kr., eða samtals 952 millj. kr. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri telur sig vanta 150 millj. kr. til viðbótar við frumvarpstölur, og flest hin sjúkrahúsin þurfa aukið fjármagn til þess að halda uppi svipaðri þjónustu og hingað til. Fjárvöntun allra sjúkrahúsanna á næsta ári nemur þannig nær hálfum öðrum milljarði og er deginum ljósara að 300 millj. kr. óskiptur liður á fjárlögum dugir hvergi nærri til að taka á þessum gríðarlega vanda.

Sjúkrahúsin geta ekki búið við þessar aðstæður öllu lengur og í raun blasir því ekkert annað við en stórlega skert þjónusta þessara mikilvægu stofnana samfélagsins. Minni hlutinn hefur ítrekað flutt tillögur um aukin framlög til sjúkrahúsanna og kynnt hugmyndir um tekjuöflun á móti, en meiri hlutinn hefur ekki fallist á þær. Hann hlýtur þá að axla ábyrgðina af þessu ófremdarástandi, sem og af frumvarpinu í heild."

Undir þetta nefndarálit rita auk mín Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Ég vil þá, herra forseti, leyfa mér að mæla fyrir breytingartillögum sem minni hlutinn flytur við fjárlagafrv. nú við 3. umr. þess. Það er brtt. við tekjuhlið frv. þar sem lagðar eru fram tvær tillögur til þess að auka tekjur fjárlagafrv. og vísast þar til þess sem fram kom í nefndaráliti um líklega fjárvöntun í fjárlögum, vanáætlun á útgjöldum og ótraustar forsendur undir sumum tekjustofnum. Minni hlutinn leggur til annars vegar að tekjuskattur fyrirtækja verði hækkaður um 1.000 millj. kr., úr 6.956 millj. í 7.956. Það verði gert með því að breyta reglum um frádráttarbærni ónotaðra rekstrartapa.

Í öðru lagi leggur minni hlutinn til að tryggingagjald almennt verði hækkað um 0,5% og það muni skila um 1.200 millj kr. eða hækka úr 12.140 millj. í 13.340 millj. kr. Samtals nema tekjuöflunartillögur minni hluta fjárln. 2.200 millj. kr. til hækkunar á tekjum fjárlagafrv. frá því sem ráð er fyrir gert í tillögum meiri hlutans. Það er óvenjulegt, herra forseti, að minni hlutinn leggi fram tillögur til frekari tekjuöflunar, en eins og við höfum rökstutt ítarlega í tveimur nefndarálitum þá er full þörf á þessu að okkar mati til að treysta stöðu ríkissjóðs og ná því markmiði að fjárlög næsta árs verði hallalaus.

Þá vil ég leyfa mér, herra forseti, að mæla fyrir tveimur tillögum sem ég er flutningsmaður að. Fyrri tillagan fjallar um dreifikerfi Ríkisútvarpsins sem ég gat um í ræðu minni í upphafi. Þar legg ég til að Ríkisútvarpinu verði heimilt að taka lán á næsta ári allt að 300 millj. kr. til þess að ráðast í nauðsynlega endurnýjun og endurbætur á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Ég vitna til þingskjals 338 frá 118. löggjafarþingi sem var svar við skriflegri fyrirspurn minni um dreifikerfi Ríkisútvarpsins þar sem fram kemur hvað áætlað er að þurfi að gera á næstu árum og fjárhæðir áætlaðar vegna þess. Hér er um nokkuð háar fjárhæðir að ræða ef ráðast ætti í allar framkvæmdirnar, en því er til að svara að þegar hefur verið ráðist í sumt af því eins og byggingu langbylgjustöðva og önnur fjárfrek verkefni geri ég ráð fyrir að verði látin bíða eins og fjallastöðvar til fiskimiða sem eru langdýrustu áformuðu framkvæmdirnar en lögð verði helst áhersla á að bæta og styrkja dreifikerfið innan lands þannig að góð skilyrði verði bæði í útvarpi og sjónvarpi til allra þéttbýlisstaða og til að bæta úr í sveitum landsins.

Þá hef ég einnig gert ráð fyrir því að tekið verði til athugunar að ráðast í að koma upp aukahljóðvarpsrás fyrir Ríkisútvarpið, hljóðvarp til þess að nota við útsendingar frá Alþingi.

Hin tillagan sem ég vil leyfa mér að mæla fyrir, herra forseti, er um aukið fjármagn til niðurgreiðslu á rafhitun upp á 26 millj. kr. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Þar er lagt til að niðurgreiðsla á rafhitun hækki úr 30 þús. kwst. á ári upp í 35 þús. kwst. Sá kostnaður gæti numið um 26 millj. kr. miðað við heilt ár enda sé gert ráð fyrir að Landsvirkjun bæti við niðurgreiðsluna af sinni hálfu við þessar viðbótarkílóvattstundir. eins og Landsvirkjun gerir nú þegar í þeim 30 þús. sem greiddar eru niður af hálfu ríkissjóðs.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, minna á að við 2. umr. fjárlaga flutti ég tillögu um hækkun á fjárveitingum til Ríkisspítala um 5,2 millj. kr. til þess að unnt væri að kaupa fjarfundabúnað til að koma á fjarlækningum milli Landspítalans annars vegar og Sjúkrahúss Suðurlands hins vegar vegna ómskoðunar. Í það verkefni eiga að fara 3 millj. og 2,2 millj. í annað verkefni sem er fjarfundabúnaður í Sjúkrahúsi á Patreksfirði og Sjúkrahúsið á Seyðisfirði til þess að unnt verði að hefja geðlækningar eða veita ráðgjöf um það á þessum stöðum. Tillaga þessi var felld við 2. umr. málsins en nú hefur meiri hluti fjárln. tekið upp hluta af þessari tillögu og gert hana að sinni, þ.e. 2 millj. kr. til fjarfundabúnaðar til geðlækninga og ég vil fagna því að meiri hluti fjárln. hafi séð sig um hönd í þessu efni.

Ég vil að lokum, herra forseti, færa fjárlaganefndarmönnum þakkir fyrir samstarfið á þessu hausti og þakkir frá minni hluta fjárln. til þeirra meirihlutamanna svo og starfsmanna Alþingis og ráðuneyta sem hafa starfað með okkur á þessu tímabili og starfsmanna Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að mæla fyrir nefndaráliti og brtt. minni hlutans, svo og þeim brtt. sem ég er flm. að að öðru leyti.

[16:08]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði fjárhagsvanda spítalanna í Reykjavík að umræðuefni og ég þakka honum fyrir hversu skilmerkilega hann gerði grein fyrir vanda þeirra sem er ærinn eins og kemur fram í því nefndaráliti sem hann mælti fyrir. Sökum þeirrar erfiðu stöðu sem spítalarnir búa við þá liggur fyrir að óhjákvæmilegt er að skera niður bráðnauðsynlega þjónustu og líklega segja upp fólki. Í bréfi sem borgarráð samþykkti samhljóða að senda frá sér fyrir skömmu var því lýst yfir að hina pólitísku ábyrgð af því yrði ríkisstjórnin og hæstv. heilbrrh. að bera. Í umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í gær sagði borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, að sú spurning yrði æ áleitnari hvort ríkið ætti ekki að yfirtaka Sjúkrahús Reykjavíkur. Hæstv. heilbrrh. segir í DV í dag að hún fagni þessu frumkvæði borgarstjóra og hún telji rétt að ríkið yfirtaki Sjúkrahús Reykjavíkur. Í framhaldi af inngangi hv. þm. þá vil ég spyrja hann: Telur hann að það sé líklegt til verulegs sparnaðar að sameina þessi sjúkrahús og telur hann að jafnvel þó ráðist væri í það núna mjög bráðlega að það dragi að einhverju leyti úr þeirri fjárþörf sem hann lýsti svo ítarlega í sinni ræðu?

[16:10]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar eins og fram kom að ríkið eigi að stjórna þeim rekstri sem það greiðir til og það á við um sjúkrahúsrekstur um land allt þar sem fjórir af fimm stjórnarmönnum eru tilnefndir af sveitarfélögum en aðeins einn af fulltrúa ríkisvaldsins, heilbrrh. Ég tel það óeðlilegt fyrirkomulag og tel að fyrst menn hafa það fyrirkomulag að ríkið fari með þennan rekstur og greiði hann, þá eigi það að stjórna honum líka.

Ég er líka á þeirri skoðun að hægt sé að spara umtalsverðar fjárhæðir með því að samreka þessa tvo spítala. Ég tók ekki svo djúpt í árinni í minni ræðu að tala um að sameina þá. En ég tel að það verði að samreka þá þannig að í sem ríkustum mæli verði komið í veg fyrir tvíverknað og kostnað sem af því hlýst. Verði gripið til þess nú þegar, þá er ég sannfærður um að verulegur sparnaður muni verða í heildina á næsta ári. Hins vegar er ég alveg jafnviss um að eftir sem áður mun vanta miklar fjárhæðir til þess að endar nái saman því að það tekur sinn tíma fyrir sparnaðinn að koma fram og vandinn er mjög mikill nú þegar.

Ég lít svo á að þessi kostnaður muni einfaldlega koma fram við gerð næstu fjáraukalaga. Það er ekki hægt að fresta eða hætta við að greiða þennan kostnað. Hann er fallinn til og mun gera það áfram á næstu mánuðum. Ríkissjóði ber að greiða hann þannig að ég lít einfaldlega svo á að næsta ár verði tímabil þar sem reynt verður að gera breytingar á rekstri þessara spítala en kostnaðurinn sem þegar er til fallinn og mun falla til á næsta ári muni koma fram í aukafjárveitingum.

[16:12]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það líður að lokum langrar og strangrar vinnulotu við þetta stóra dæmi sem fjárlög ríkisins eru og jafnvel er farið að glytta í jólin í hugum nefndarmanna sem manni skilst að megi vænta innan fárra daga, þ.e. jólanna. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka meðnefndarmönnum mínum og starfsfólki öllu fyrir alla samvinnuna og aðstoðina við þetta mikla verk.

Það er ákaflega margt sem þurfti að fara yfir á þessum stutta tíma milli 2. og 3. umr. og hér liggur nú fyrir niðurstaða meiri hlutans og jafnframt að sjálfsögðu minni hlutans sem er, eins og sjá má á þskj. 647, í framhaldsnefndaráliti okkar, ekki mjög sáttur við allt það sem hér hefur verið tekin ákvörðun um.

Í þessu frhnál. er talsverð umfjöllun um tekjuhlið og efnahagsforsendur þessara fjárlaga og það mat okkar á tekjugrunninum sem frv. hvílir á að hann sé ekki nægilega traustur og fram kemur hvað við teljum nauðsynlegt að gera til þess að styrkja þann tekjugrunn.

Við bendum á það rétt einu sinni að efnahagsforsendur og spár um þjóðhagsstærðir hafa ekki reynst sérlega raunhæfar undanfarin ár. Um það vitnar fylgiskjal með nál. við 2. umr. um fjárlög þar sem við bendum á og bárum saman hvernig spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst. Við teljum í raun ástæðu til þess að íhuga hvernig á því stendur og hvað er til úrbóta í þessu efni.

Það er mat okkar að tekjuforsendur fjárlaganna séu ekki allar jafntraustar og bendum sérstaklega á að tekjur af sölu eigna hafa reynst ofmetnar á þessu ári og einnig gæti orðið svo á næsta ári miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja. Við teljum að vísu að tekjuhliðin sé ekki jafnvanmetin og hún hefur verið oft áður en engu að síður að hagvöxturinn kunni að verða heldur meiri vegna meiri einkaneyslu en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir. Hvað sem því líður þá er ljóst að tekjugrundvöllinn þarf að treysta og ekki er líklegt að sú áætlun standist sem kemur fram í áliti meiri hlutans sem gerir ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með lítils háttar afgangi. Hann er reyndar svo lítill að jafnvel má segja að hann sé ekki innan skekkjumarka. Það þarf því ákaflega lítið út af að bera til þess að það reynist rangt áætlað. Í ljósi þess að óviturlegt er í góðæri eins og nú ríkir að leggja ekki fyrir til mögru áranna auk þess sem við teljum að gjaldahliðin sé verulega vanmetin viljum við sýna þá ábyrgð að leggja fram tillögur um tekjuöflun. Og það gerum við á þskj. 657 þar sem við leggjum til að aflað verði rúmlega 2 milljarða kr. með hækkun tryggingagjalds um 0,5% og með því að breyta reglum um rekstrartöp fyrirtækja. Þetta skýrði hv. frsm. allt ágætlega í sínu máli áðan og ástæðulaust að ég endurtaki það.

Ég vil aðeins víkja að brtt. meiri hlutans sem fram eru komnar við 3. umr. fjárlaga. Ég get lýst því hér að ég er tiltölulega sátt við flestar þessar brtt. meiri hlutans enda tekur minni hlutinn þátt í öllum umræðum og umfjöllun um þessar breytingar en auðvitað eru þær á ábyrgð meiri hlutans og ég hef svolitlar efasemdir vegna einstakra tillagna og ætla rétt að viðra þær í örfáum orðum án þess að fara í neinn sparðatíning. Ég vil nefna t.d. tillögu um byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands þar sem er um að ræða í raun framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands sem fer í gegnum ríkissjóð. Þetta fé á að nota til að inna af hendi greiðslur til verktaka vegna byggingar á öðrum áfanga náttúrufræðihúss. Það er hið besta mál í sjálfu sér að það hús verði byggt. Mér er fullkunnugt um þörfina sem þar er fyrir hendi. Sú kennsla sem þangað mun flytjast er dreifð í húsnæði vítt og breitt um borgina og brýnt er að taka á þeim húsnæðisvanda sem þar er við að etja. Hins vegar finnst mér heldur verra að byggt sé á lántöku. Það er sem sé ætlast til þess að Happdrætti háskólans taki allt að 180 millj. kr. lán og það verði endurgreitt á næstu árum.

Lánasjóður ísl. námsmanna er lækkaður um 43 millj. kr. og skýrt með því að það sé í samræmi við endurskoðaða áætlun sjóðsins. Ég dreg þá áætlun í sjálfu sér ekki í efa. Hún er byggð á þróuninni á þessu ári. Hins vegar óskaði ég eftir upplýsingum um hvernig málin hefðu gengið eftir að breytt var reglum um lánveitingar úr sjóðnum. Ég óskaði eftir ýmsum upplýsingum um t.d. hvaða breytingar kynnu að hafa orðið á samsetningu hóps lántaka hjá sjóðnum en þær upplýsingar höfðu ekki borist fyrr í dag þegar ég kannaði það. Forsvarsmenn sjóðsins létu þá skoðun í ljós á fundi með fjárln. að samsetningin mundi ekki hafa breyst mikið en þeir gátu ekki stutt það með tölum eða rökum þannig að ég harma það að vera ekki með þær tölur hjá mér. Það komu fram mjög miklar áhyggjur um að breyttar reglur lánasjóðsins kynnu að hafa þau áhrif og hefðu haft þau áhrif að tekjuminna fólk, einstæðir foreldrar með lágar tekjur og tekjulágt fólk utan af landi hefði orðið fyrir skakkaföllum í þessu efni en við gátum sem sagt ekki fengið upplýsingar um þetta á fundi sem við áttum með fulltrúum lánasjóðsins. Þeir sögðu hins vegar að almenna sýnin væri sú að þetta hefði ekki breyst mikið eins og ég skrifaði eftir þeim. Hins vegar höfðu þeir ýmsar upplýsingar á hraðbergi svo sem að námsmönnum hefði fjölgað verulega í lánshæfu námi en lánþegum hefði ekki fjölgað jafnmikið. Það er þess vegna sem maður spyr um samsetningu þess hóps sem lánþegarnir mynda til að reyna að komast að raun um hvort þetta hafi haft áhrif á þann hóp fólks sem maður helst hefði talið að þyrfti á aðstoð að halda við námið. Upplýst var að innan við 50% þeirra sem er í lánshæfu námi sækja um námslán. Til upplýsingar spurði ég um meðaltalsupphæð þeirra sem skulda sjóðnum og upplýst var að um 70% lánþega skuldaði innan við 1,5 millj. að loknu námi. Hæsta skuld við sjóðinn næmi 16 millj. kr. og um 1% lántakenda sem lokið hefðu námi skuldaði meira en 6 millj. Í heildina skuldaði þessi hópur samtals 2 milljarða, sem er um 5% af útlánum sjóðsins. Þetta er allt skrifað niður í flýtinum sem stundum er þegar gestir eru á fundi hjá fjárln. En það er vonandi að þessi upphæð reynist rétt og þær reglur sem nú eru við sjóðinn valdi því ekki að neinn þurfi að hverfa frá námi eða treysti sér ekki til að hefja það.

Ég vil nefna brtt. meiri hlutans sem gengur út á það að hætt er við að lækka framlag ríkissjóðs vegna átaksverkefnisins um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna afurða. Meiningin var að lækka þá fjárhæð eða skera hana niður um helming frá því sem lög kveða á um þannig að aðeins yrði um 12,5 millj. kr. að ræða á næsta ári. Ég fagna því í sjálfu sér að hætt var við þennan niðurskurð vegna þess að tilgangurinn með því verkefni er allrar athygli og virðingar verður. Ég hef að vísu efasemdir um hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað. Það hefur ekki að öllu leyti verið í samræmi við góðan tilgang lagasetningarinnar en það hefur reyndar ekki að öllu leyti verið stjórninni að kenna. Ég held að þetta verkefni sé á mjög góðri leið og það hefði verið slys að setja fótinn fyrir þá þróun sem þar er í gangi.

Einnig er gerð tillaga um 7 millj. kr. viðbótarframlag til reksturs skólaskips á grundvelli niðurstöðu nefndar skipaðrar af sjútvrh. Þar er um hið besta verkefni að ræða í sjálfu sér og áformað er að leigja hafrannsóknaskipið Dröfn RE 35 til þessa verkefnis. En það sem veldur því að ég leyfi mér að fjalla um þessa sérstöku tillögu er að ég tel að hugsanlega muni þetta verða til þess að verkefni sem hefur reynst mjög vel einmitt af svipuðum toga fái ekki styrk til sinnar starfsemi. Hér er um að ræða rekstur skipsins Haftindur sem Karel Karelsson hefur stjórnað. Hann hefur stjórnað því verkefni sem þar hefur verið á ferðinni. Hann hefur haft nemendur í skipsrúmi og kennt þeim það sem þar er að kenna og gert það víða um land. Þetta verkefni hefur fengið mjög góðar umsagnir og ég teldi það mjög slæmt ef hann verður að hætta því ágæta starfi. Ég hef ekki getað aflað mér nákvæmra upplýsinga um það en ég vildi nefna þetta hér til þess að það komi fram að ef svo yrði að hann yrði að hætta sínu starfi þá er það mjög miður.

Það er einnig tillaga um að veita 3 millj. kr. til kynningarstarfsemi erlendis á sjónarmiðum Íslendinga varðandi veiðar og nýtingu á auðlindum hafsins. Þessi tillaga kom fram alsíðasta daginn og fylgdu í rauninni engar uppýsingar um það hvernig ætti að verja þessu fé. Ég sakna þess að hafa ekki fengið þær upplýsingar en það gerist nú stundum í lokin á strangri vinnutörn að ýmislegt kemur upp á sem mann skortir nauðsynlegar upplýsingar um. Ég tel engu að síður nauðsynlegt að fara út í slíka kynningarstarfsemi og vona að vel verði að henni staðið. En því koma þessar hugleiðingar mínar fram að mér hefur fundist bera á því að þegar menn eru að tala um nauðsyn kynningarstarfsemi, þá sé því í raun og veru beint að því sem menn kalla „svokölluð" umhverfisverndarsamtök og er nú vonandi að ekki komi þá á móti eitthvað sem maður gæti kallað svokallaða kynningarstarfsemi. Þetta verður að vera á málefnalegum grunni.

Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna brtt. við liðinn Ýmis verkefni, undir ráðuneyti dómsmála, þar sem lagt er til að veittar verði 2,4 millj. kr. tímabundið til rannsóknar á viðurlögum við afbrotum og þróun þeirra. Rannsóknin á að beinast að dómum vegna líkamsmeiðinga, kynferðisbrota og fíkniefnabrota og tekur til dóma Hæstaréttar, en einnig er fyrirhugað að dómaframkvæmd hér á landi verði borin saman við rétt annarra landa sem búa við svipaða réttarskipan og kemur þar helst til greina Danmörk og Noregur. Þetta tel ég mjög þarft og gott verkefni sem geti stutt okkur í því að bæta dómaframkvæmd hér á landi sem að mínu mati er ekki með öllu eins og hún á að vera.

Þá vil ég aðeins nefna tillögu um 20 millj. kr. til nýrra meðferðarúrræða vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Í sjálfu sér er gott að þarna kemur fram viðurkenning á því sem alltaf var haldið fram við setningu þessara laga að þau mundu óhjákvæmilega hafa í för með sér fjárútlát. En í fjárlagafrv. virtist það ekki hafa verið haft í huga. Þessar 20 millj. kr. eru hins vegar of lítil upphæð. Að mati Barnaverndarstofu vantar þarna um það bil 90 millj. kr. til þess að koma til móts við ýmis þau útgjaldatilefni sem skapast við þessa breytingu á sjálfræðisaldri. Ég reikna með að betur muni koma fram á næsta ári hver þörfin verður og mun að sjálfsögðu styðja þessa tillögu í trausti þess að síðan verði gætt að og fylgst með hvernig málin þróast og það komi e.t.v. fram þá við afgreiðslu fjáraukalaga þegar meira fjár verður þörf.

Ég vil benda á að á þskj. 643 er komin fram brtt. frá minni hluta félmn. en í nefndaráliti sínu til fjárln. benti minni hluti félmn. einmitt á þetta atriði, að það mundi þurfa að setja fé í og efna til nýrra meðferðarúrræða vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Minni hluti félmn. leggur fram brtt. um 50 millj. kr. í þetta verkefni og það held ég að sé nær lagi en þær 20 sem hér eru lagðar til.

Hér er ágæt tillaga um 2 millj. kr. til Ríkisspítalanna, til myndfundabúnaðar. Þó að það sé lítil upphæð miðað við þann gríðarlega vanda sem er í rekstri ríkisspítalanna, þá er hér um talsvert merkilegt framfaramál að ræða því að þarna er ráðgert að hefja samstarf við sjúkrahúsin á Patreksfirði og Seyðisfirði um ráðgjöf vegna geðlækninga og í því skyni verður notaður fjarfundabúnaður. Þetta er sem sagt upphæð sem er ætluð til að standa undir því verkefni og ég fagna því að komin er viðurkenning á því hversu mikilvægt er að taka tæknina í þjónustu lækninga og umönnun þeirra sem sjúkir eru og sárir. Margt fleira væri hægt að gera í því efni og ég reikna með að á næstu árum komi fleira slíkt upp og við þurfum að taka á því að hvort tveggja er að það getur sparað fólki fé og fyrirhöfn og tæknin nýtist betur og þekking þeirra sem hana geta látið í té.

Lagt er til að veitt verði 20 millj. kr. af vegafé til stuðnings við starfsemi sérleyfishafa. Þessar reglur um endurgreiðslur á þungaskatti til sérleyfishafa voru þrengdar talsvert á árinu 1997. Ekki er ljóst reyndar eftir hverju verður farið við úthlutun fjármuna en mér skildist að m.a. yrði hafður í huga breyttur grundvöllur sérleyfishafa vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á rekstri og þjónustu Pósts og síma. Það má vera okkur umhugsunarefni hvernig breytt rekstrarfyrirkomulag Pósts og síma kemur við ýmsa liði í þjónustu samfélagsins. M.a. hefur það komið fram í flutningum pósts til ýmissa staða úti á landi sem áður var greitt fyrir og munaði talsvert miklu í rekstri flugsamgangna til afskekktra staða og rekstri sérleyfisbíla.

Einnig er tillaga um 4 millj. kr. fjárveitingu til almenns rekstrar Ferðamálaráðs sem er merktur því ágæta verkefni að styrkja upplýsingaþjónustu í Leifsstöð og ég fagna þeirri tillögu. Það er mjög mikilvægt að efla þá upplýsingaþjónustu og skjóta stoðum undir það starf. Fegin hefði ég viljað sjá meiri fjárveitingar til Ferðamálaráðs, ekki síst til að gera enn betur við fjölsótta ferðamannastaði. En það skal viðurkennt að fé til þeirra verkefna hefur verið aukið á undanförnum árum og má segja kannski að sæmilega hafi verið gert.

Þá vil ég einnig nefna að ég hefði viljað sjá aukin framlög til umhverfisverkefna af ýmsu tagi eins og ég ræddi við 2. umr. fjárlaga og ég minni á það sem ég sagði þá, að ég held að ekki verði hjá því komist að taka á rekstrarvanda Hollustuverndar og þeim vanda sem er fólginn í því að Hollustuverndin hefur ekki bolmagn til þess að sinna öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem henni er ætlað að sinna.

Fram hafa komið fjölmargar tillögur við þessa umræðu frá ýmsum þingmönnum. Ég vil minna á tillögu á þskj. 648 sem er brtt. frá þeirri sem hér stendur og hv. þingkonu Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Við lögðum fram við 2. umr. tillögu um 9 millj. kr. framlag til Félags einstæðra foreldra sem félagið gæti notað sem styrk við endurbætur á húsnæði. Ég mælti fyrir þeirri tillögu og lýsti þeim vanda sem þar er við að fást. Félagið hefur unnið ómetanlegt starf þau ár sem það hefur starfað og sérstaka áherslu lagt á að hafa til reiðu húsnæði fyrir einstæða foreldra meðan þeir eru að koma undir sig fótunum. Þar eru rúmlega 20 íbúðir til reiðu. Ekki er óhóf á neinum hlutum en reynt að láta fólki líða vel. Þessar íbúðir eru alltaf fullsetnar og biðlisti eftir íbúðarhúsnæði. En þarna

er aðeins um tímabundna lausn að ræða fyrir hvern þann sem á þarf að halda. Nú er svo komið að húsin eru orðin mjög illa farin á báðum þeim stöðum sem Félag einstæðra foreldra rekur húsnæði í þessu skyni og verður ekki komist hjá því að bæta þar úr. En til þess þarf fé og þess vegna höfum við hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir leyft okkur að leggja fram tillögu um styrk á fjárlögum til þess að létta þeim þetta verkefni og teljum það ekki goðgá þar sem um þjóðþrifamál er að ræða. Við höfum reyndar lækkað tillögu okkar niður í 5 millj. kr. í þeirri von að hv. þingmenn sjái sér fært að styðja þessa tillögu. Þetta er ekki stórt mál á mælikvarða ríkissjóðs en gríðarlega stórt á mælikvarða þeirra sem hlut eiga að máli.

Ég minni líka á brtt. minni hlutans sem var dregin til baka til 3. umr. og er hér flutt aftur, um að liðurinn Lækniskostnaður, undir sjúkratryggingum, hækki um 100 millj. kr. Hugsunin á bak við það er að þessari fjárhæð verði varið til þess að stytta biðlista eftir aðgerðum, ekki síst í sambandi við bæklunaraðgerðir. Ég held að þetta sé mjög nauðsynleg aðgerð til þess að stytta biðlistana.

Ég hafði áður nefnt brtt. frá minni hluta félmn. vegna nýrra meðferðarúrræða í málefnum barna og ungmenna. Ég sé hér nýja tillögu sem ég held að sé að koma fram núna frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og ég styð einlæglega, um 5 millj. kr. framlag til Lýðskólans við Hverfisgötu í Reykjavík. Það er starf sem er afar merkilegt og ég veit að það hefur notið velvildar hæstv. menntmrh. Ég held að það sé verkefni sem við ættum að taka undir okkar verndarvæng.

Ég get nefnt fleiri tillögur en ég vænti að hv. þingmenn muni mæla fyrir þeim og ætla ég ekki að taka af þeim það ómak. Ég vil aðeins að lokum fara örfáum orðum um sjúkrahúsmálin. Ég hef haldið um þau margar og sjálfsagt langar ræður og þarf kannski ekki miklu við þær að bæta. En það sem stendur í nefndaráliti minni hlutans er samantekt í stuttu máli á tölulegum vanda þessara sjúkrahúsa og þar er að mínu mati ekkert ofsagt. Við bendum meira að segja á það atriði sem hefur komið fram í viðræðum við fulltrúa sjúkrahúsanna að bæði að þeirra eigin mati og að mati ráðuneytisins eiga þessi stóru sjúkrahús að geta dregið á eftir sér halla sem nemur ákveðnu hlutfalli af þeirra rekstri þannig að enda þótt það sé deginum ljósara að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík hafi verið skilin eftir með 700 millj. kr. halla núna í árslok, þá er brýn fjárvöntun, samtals um 400 millj., vegna þess að Ríkisspítalarnir geta búið við um 200 millj. kr. halla og Sjúkrahús Reykjavíkur getur búið við um 100 millj. kr. halla. Við vildum nefna þetta í nefndaráliti vegna þess að nógu há er nú þessi fjárhæð þó að ekki sé verið að mikla vandann.

Að lokum vil ég aðeins lesa upp bréf sem barst til allra alþingismanna frá starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ekki hefur verið á það minnst fyrr. Ég fékk þetta í hólfið mitt eins og aðrir alþingismenn og ég tel rétt að það komi fram hér í fullum stöfum því að ekki hefur heyrst frá starfsmannaráðinu á sama hátt og stjórnarmönnum og fulltrúum borgarinnar. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Starfsmenn SHR [Sjúkrahúss Reykjavíkur] hafa orðið þess áskynja að starf þeirra er þyngra en áður var. Á sjúkrahúsið leitar aukinn fjöldi sjúklinga og slasaðra. Þar sem legurúmum hefur fækkað hefur þróunin leitt til þess að heilbrigðisstarfsmenn hafa skemmri tíma til að sinna hverjum og einum sjúklingi. Auk þess hefur fækkun legurúma orðið til þess að á álagstímum vistast fleiri alvarlega veikir á göngum sjúkrahússins. Talið er að álagið á sjúkrahúsið eigi e.t.v. þátt í að fjöldi sjúklinga sem þarf að leggja inn aftur innan sjö daga frá útskrift vex nú ár frá ári.

Það er augljóst að við núverandi rekstrarstöðu sjúkrahússins verður ekki búið. Verði fjárhagsvandi sjúkrahússins ekki leystur strax mun það ekki aðeins hafa áhrif á framboð sjúkrarúma á SHR og atvinnuöryggi starfsfólks heldur einnig á getu sjúkrahússins til að valda grundvallarhlutverki sínu, þ.e. sinna sjúkum og slösuðum. Ekki verður unnt að sinna fimmta hverjum sjúklingi sem leggst inn á sjúkrahúsið verði fjárframlög til þess samkvæmt núverandi frv. til fjáraukalaga 1997 og fjárlaga 1998." — Það er eins og eitthvað vanti í þessa setningu, en meiningin er að sjálfsögðu: Ef framlögin verða látin standa sem gert er ráð fyrir í þessum frv.

„Við sem störfum í framlínunni á sjúkrahúsunum vitum að stjórn og framkvæmdastjórn SHR er ekki að reyna að þeyta upp moldviðri í þeim tilgangi að véla ráðamenn þjóðarinnar til að auka fjárframlög til SHR. Okkur sem sinnum fárveiku fólki á göngum sjúkrahússins er fjárskorturinn daglegur raunveruleiki. Starfsmannaráð beinir þeim tilmælum til allra alþingismanna að taka fullt tillit til ábyrgðarfulls málflutnings stjórnarmanna SHR varðandi fjárhagsvanda stofnunarinnar við afgreiðslu fyrrgreindra frumvarpa til laga fyrir jól 1997.

Starfsmannaráð Sjúkrahúss Reykjavíkur."

Þetta er sem sagt þeirra innlegg í umræðuna. Ekkert er þar ofsagt. Ég vil aðeins taka fram að mér er fullkunnugt um að meiri hlutinn hefur ekki síður áhyggjur af þessu ástandi en minni hlutinn og vissulega má líta á það sem góða viðleitni að í tillögum meiri hlutans kemur fram tillaga um 100 millj. kr. framlag til meiri háttar viðhalds til Sjúkrahúss Reykjavíkur og það munar um allt í þessu efni. Undir það hefur verið tekið og kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. að þetta framlag sé til marks um þann vilja stjórnvalda að þarna verði farið af stað með viðhald sem dugi, en áætlað er að til þurfi meira en 1 milljarð kr. til þess að gera svo við Sjúkrahús Reykjavíkur að það verði sómasamlegt húsnæði. Til þess þarf að gera áætlun til nokkurra ára og þetta fjármagn er til þess að koma því verkefni af stað.

Það ber því að fagna því að þarna kemur fram viðleitni til þess að taka á þessum vanda, en meira þarf til.

[16:51]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Fjárln. hefur lokið afgreiðslu fjárlagafrv. og umfjöllun um það af sinni hálfu til 3. umr. eftir að hafa átt fjölmarga fundi um þau mörgu og margvíslegu viðfangsefni sem fyrir nefndina hafa verið lögð að þessu sinni eins og jafnan áður.

Tillögur meiri hluta fjárln. hafa verið kynntar af hv. formanni hennar. Þær gera ráð fyrir að afgangur verði af fjárlögum næsta árs svo nemur rúmlega 170 millj. kr. Með því er því markmiði náð að afgreiða fjárlögin með afgangi, þó ekki sé hann mikill, sem dugar til þess, og þær ákvarðanir sem þeim fylgja, að hægt verður að greiða niður skuldir um á 5. milljarð króna. Ég vil við lok þessarar umræðu gera nokkur atriði að umtalsefni í minni ræðu.

Fyrst vil ég þó segja að meiri hluti fjárln. hefur ekki fallist á þá kröfu fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni um að unnið verði að hækkun skatta. Við ræddum það við 2. umr., þ.e. þær skoðanir sem fram komu þá, að bæði teldi stjórnarandstaðan tekjur vanáætlaðar og eins væri hægt að auka útgjöldin með því að hækka skattana. Á þessi sjónarmið

höfum við ekki fallist. Engu að síður er það svo að við 3. umr. er gert ráð fyrir nokkuð auknum tekjum svo nemur um 2,3 milljörðum kr. og gengur dæmið þannig upp á þann veg sem ég nefndi að afgangur verður af fjárlögum.

Ég vil nefna nokkur atriði sem lúta að 1. gr. frv. og þá fyrst vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um 3 millj. kr. tillögu um framlög vegna kynningarstarfs erlendis á nýtingu auðlinda okkar. Nokkur misskilningur kom þar fram. Þar var um að ræða svar við erindi frá Fiskifélagi Íslands þannig að þessu framlagi er ætlað að renna til Fiskifélags Íslands sem á að sinna þessu verkefni á grundvelli þess erindis sem kom fram frá því.

Þá vil ég nefna nokkuð sem hefur verið getið um í þessari umræðu, þ.e. framkvæmdir á vegum háskólans við nýbygginguna náttúrufræðihúss. Þarna er um að ræða mikilvæga og nauðsynlega framkvæmd á vegum háskólans en það er nauðsynlegt að vekja athygli að því að þær 180 millj. sem þarna er um að ræða eru lántaka sem gengur í gegnum ríkissjóð sem fjármunir sem nýtast í háskólanum. Þannig er staðið að framkvæmdum að sem mestri hagkvæmni verði náð og það er mat þeirra sem stjórna framkvæmdum hjá háskólanum að þetta sé skynsamlegur áfangi, en happdrættið sem fjármagnar dæmið nær því ekki óðruvísi en að þarna verði tekið lán.

Í öðru lagi vil ég nefna Lánasjóð ísl. námsmanna. Árum saman og oft áður voru miklar deilur á Alþingi um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nú bregður svo við að við flytjum tillögur um að lækka megi framlög til lánasjóðsins upp á 43 millj. kr. auk þess sem gert er ráð fyrir að breyta grein um lánsfjáráætlun sjóðsins sem kom fram í fjárlagafrv., svo nemur 100 millj. kr. Alger umskipti hafa orðið hjá lánasjóðnum. Frá því fjárlögin fyrir árið 1997 voru afgreidd á Alþingi hefur lögum um sjóðinn verið breytt. Einnig hefur viðamikil skuldbreyting átt sér stað sem hafði í för með sér að meðalvextir tekinna lána hjá sjóðnum lækkuðu úr 6,17% í 5,8%. Hvort tveggja hefur mikilvæg áhrif á fjárhag sjóðsins og þessi vaxtalækkun vegna skuldbreytinga óhagstæðra lána mun, miðað við lánstíma lánanna, spara sjóðnum um 300 millj. kr. Þarna er um mjög miklar breytingar að ræða hjá sjóðnum og mikilvægar aðgerðir til þess að styrkja stöðu hans. Eins og kom mjög greinilega fram í skýrslu framkvæmdastjóra sjóðsins og starfsmanna sem mættu fyrir fjárln. er þarna mjög vel á haldið. Eins og fram kom fyrr í umræðunni, þá fjölgar nemendum í lánshæfu námi og svo virðist vera að lánasjóðurinn geti mjög vel sinnt sínu mikilvæga hlutverki.

Þá vil ég gera að umtalsefni Sérstök framlög, undir landbrn., vegna átaks við framleiðslu lífrænna og vistvænna afurða. Nokkrar deilur hafa orðið um það en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að 12,5 millj. gengju til þessa verkefnis en áður voru það 25 millj. og lýstu margir mikilli óánægju sinni með það að skera þennan lið niður. Meiri hluti fjárln. leggur til að þessi liður verði hækkaður um 12,5 millj. þannig að hann verði 25 millj. til þeirra verkefna sem þar um ræðir. Það fór ekkert á milli mála þegar fjárlagafrv. kom fram og hv. þm. sáu hvað þar var á ferð, að fjárln. fékk mjög ákveðnar og eindregnar athugasemdir um þetta eins og kom reyndar hér fram í umræðum og e.t.v. ekki síst frá þingmönnum sem sitja á Alþingi og höfðu verið flutningsmenn þeirrar tillögu sem ræðir um. Þess vegna ákvað fjárln. — ég trúi að öll nefndin hafi verið viljug til þeirrar tillögugerðar — að fara að ábendingum og gera þessa breytingu. (**Gripið fram í:** Hvað með sjúkrahúsin þá?)

Þá kem ég að sjúkrahúsunum, herra forseti, og vil hafa nokkur orð um þau. Eins og umræður hafa gengið um þau mál að undanförnu, þá fer ekkert á milli mála að mikill vandi er í rekstri heilbrigðisstofnana hjá okkur. Ég hef farið nokkrum orðum um það áður í umræðum og ætla þess vegna að stytta það að þessu sinni. Við í fjárln. höfum farið mjög vandlega yfir stöðu mála hjá sjúkrastofnunum og reynt að meta hvaða leiðir væru færar. Niðurstaðan er sú sem birtist í brtt. við frv. og leiðir til þess að við erum að hækka framlög til sjúkrahúsanna. Við erum ekki að skera niður. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir hækkunum á framlögum til sjúkrahúsanna en gerði ekki ráð fyrir niðurskurði. Það er alveg nauðsynlegt að rifja þetta upp.

Aðeins til þess að átta sig betur á hvað er um að ræða, þá er í frv., eins og ég sagði, gert ráð fyrir hækkunum á milli ára. Síðan höfum við afgreitt fjáraukalög sem gerðu ráð fyrir 320 millj. til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík til viðbótar við það sem er á fjárlögum þessa árs, 1997, auk þess sem 278 millj. voru samþykktar, annars vegar 78 millj. til einstakra stofnana og 200 millj. í sérstakan pott sem á að deila úr. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp við þessa umræðu. Síðan er gert ráð fyrir því að 300 millj. komi til viðbótar sem verði deilt út á grundvelli tillagna frá sérstökum starfshópi sem á að vinna það verk.

Til þess að meta sviðið allt, þá er nauðsynlegt að skoða aðra þætti. Til viðbótar þeim 300 millj. sem ég nefndi er gert ráð fyrir því að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 100 millj. kr. hækkun sem er ætluð til viðhaldsverkefna. Það var mat hv. þingmanna í fjárln. að nauðsynlegt væri að hækka viðhaldsliðinn hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur vegna þeirrar stöðu sem það sjúkrahús er í hvað varðar viðhald húss, en auk þess er síðan fjárveiting til búnaðar og tækjakaupa. Það var mat okkar að með því að hækka þennan lið mundu skapast betri skilyrði, fyrir þá sem fá það hlutverk að gera tillögur um endurskipulagningu og gera þjónustusamninga við sjúkrahúsin, til að ganga til þess verks eftir að fjárveiting til viðhalds sjúkrahússins yrði hækkuð.

Auk þess vil ég nefna að til viðbótar við þá 12,8 milljarða sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að gangi til stóru sjúkrahúsanna, þá eru á óskiptum lið til viðhalds sjúkrahúsa 25 millj. kr. Þá eru á liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi samtals 178,8 millj. kr. sem á eftir að útdeila til sjúkrahúsanna með fjölþætta starfsemi sem eru auðvitað fyrst og fremst stóru sjúkrahúsin tvö, en þessir fjármunir samanlagt gera þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er til þessara sjúkrahúsa. Það er alveg nauðsynlegt að gleyma ekki þessum upphæðum sem skipta hundruðum milljóna.

En stóra vandamálið hjá okkur hins vegar verður væntanlega áfram hvort leið finnst til þess að endurskipuleggja þannig að meiri hagkvæmni verði í rekstrinum. Við höfum fengið hina svokölluðu VSÓ-skýrslu þar sem sagði að hægt væri að ná aukinni hagkvæmni í rekstri stóru sjúkrahúsanna. Það hefur verið unnið víða gagnvart litlu sjúkrahúsunum að því að endurskipuleggja og reyna að ná meiri hagkvæmni í rekstri þeirra. Eins og kemur fram í yfirliti frá Ríkisendurskoðun, þá hefur víða náðst árangur hjá þeim en stóra viðfangsefnið er endurskipulagningarvinna og gerð samninga við sjúkrahúsin.

Hér í dag hefur nokkuð verið rætt um að nauðsynlegt væri að gera breytingar á skipulagi yfirstjórnar sjúkrahúsanna og ég hlustaði mjög grannt eftir því sem hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, sagði um þau efni. Mér finnst gæta

jafnan nokkurs misskilnings þegar menn tala um nauðsyn þess að gera breytingar á stjórnum þessara stofnana. Menn segja: „Sjúkrahúsi Reykjavíkur er þannig stjórnað að fulltrúar Reykjavíkurborgar eru þar.“ Menn vilja breyta þessu og fá fulltrúa ríkisvaldsins þarna inn. Ég spyr: Hverju mundi það breyta? Er þetta grundvallaratriði til þess að árangur náist? Ég segi nei. Hvers vegna? Ég bendi bara á hverjir eru fulltrúar í stjórn Ríkisspítala. Hefur meiri árangur náðst þar? Ég segi nei. E.t.v. hefur minni árangur náðst þar við að stjórna því stóra fyrirtæki þannig að ég vil vara menn við því að ætla sér að leysa þetta með því að breyta því hverjir tilnefni í stjórnir þessara sjúkrastofnana. Lausnin mun ekki liggja í því. Það verða sömu Íslendingarnir sem fá það verkefni að vera í stjórnum sjúkrastofnana hvort sem þeir eru tilnefndir af sveitarfélagi eða af einum ráðherra sem ætlast til þess að stjórnirnar dansi algerlega eftir nótum ráðherra. Það er auðvitað mikilvægt að trúnaður ríki á milli ráðherra og stjórna þessara stóru sjúkrahúsa. Það er mjög mikilvægt. Það vil ég undirstrika alveg sérstaklega. En ég tel að menn geri of mikið úr því og ætli sér að ná meiri árangri við endurskipulagningu en ég tel að sé líklegt að náist með því verki einu.

Þá vil ég aðeins nefna það sem menn velta nú mjög mikið fyrir sér. Ég heyri á ræðu hv. 5. þm. Vestf. að hann virðist vera orðinn sérstakur talsmaður þeirra sem hafa mælt mjög eindregið með því að búa til eitt stórt sjúkrahús á Íslandi sem yrði staðsett á höfuðborgarsvæðinu að sjálfsögðu. Mér finnst vera svolítill sovéskur bragur á þessu. En ég tel nauðsynlegt að skoða þessi mál. Við í meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnin höfum ákveðið lagt til að ganga til þess verks að endurskipuleggja í heilbrigðiskerfinu með því að skipa til þess hóp manna. Ég ætla ekki að lýsa því yfir fyrir fram að hvaða niðurstöðu sá hópur á að komast. Ég tel að hann eigi að skoða rekstur þessara stofnana. Enn og aftur þarf að gera það og reyna að finna út hvar hægt sé að sameina einingar og hvar sé hægt að ná árangri þannig að fjármunirnir nýtist sem best. Það er viðfangsefnið en ekki það að ákveða fyrst að sameina allt saman undir einni stjórn og búa til uppstillinguna í ljósi þeirrar fyrir fram ákveðnu niðurstöðu. Ég tel að það sé ekki skynsamlegur kostur og ekki skynsamleg vinnubrögð. (**ÖS:** Þú vilt skoða það.) Ég vil skoða þetta mál í heild sinni og hafna engu fyrir fram.

Ég tel hins vegar mjög varasamt, svo ég tali nú frá eigin brjósti og mjög innilega í þá átt, ef við ætlum að létta ábyrgð algerlega af stærsta sveitarfélaginu á Íslandi gagnvart fyrirtækjarekstri. Ég tel það ekki skynsamlegt eins og hefur komið fram í fjölmiðlum í dag og boðið hefur verið upp í þann dans af hálfu borgarstjórans í Reykjavík. Þá ætla ég að láta lokið umræðum mínum um sjúkrahús, enda líður tíminn og þó að mér sýnist að ég hafi hann allrúman.

Ég vil þá nefna nokkur atriði sem lúta að 5. gr. frv. Í fyrsta lagi vil ég nefna tillögu sem meiri hluti fjárln. gerir um að hækka heimild húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins til þess að gefa út húsbréf. Það skiptir auðvitað miklu máli, þ.e. að tryggar og nægar heimildir séu fyrir húsbréfadeildina til þess að gefa út húsbréf þannig að markaðurinn sé liðugur og lifandi og að ekki þurfi að koma til neinnar teppu í honum.

Annað vil ég nefna sem er Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í brtt. fjárln. er gert ráð fyrir heimild til þess að taka lán allt að 475 millj. kr. vegna framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þarna er farin ný leið við fjármögnun mannvirkja og er alveg nauðsynlegt að átta sig á því að þarna hefst mjög stór og mikil framkvæmd, mjög mikilvæg framkvæmd fyrir okkur Íslendinga sem er flugstöðin sem tengir okkur við umheiminn og tekur á móti þeim gestum sem hingað koma til landsins. Auðvitað þarf að tryggja og sjá til þess að dæmið gangi upp, að tryggt sé að áætlaðar tekjur komi inn til þess að standa undir þessu þannig að við stöndum ekki frammi fyrir því einn góðan veðurdag að tekjurnar af flugstöðinni dugi ekki til þess að standa undir þessum framkvæmdum og það þurfi að ganga til þess að skerða aðrar framkvæmdir á sviði samgöngumála vegna þess. Ég vil hafa uppi þessi varnaðarorð.

Þá vil ég nefna Ríkisútvarpið. Eins og hér hefur komið fram fyrr í umræðunni, þá er gert ráð fyrir því að heimila lántöku upp á 300 millj. vegna framkvæmda við Ríkisútvarpið. Þarna er um að ræða feiknastórt atvinnufyrirtæki. Mér skilst að þar séu jafnmargir starfsmenn og dagarnir eru í árinu þannig að miklu máli skiptir að gæta ýtrustu sparsemi og beita gildum og góðum stjórnunarháttum við að nýta það fjármagn sem þar er til ráðstöfunar. Ég tel að sú ákvörðun menntmrh. að færa Ríkisútvarpið, sjónvarp í útvarpshúsið hafi verið hárrétt og hefði í rauninni þurft að koma miklu fyrr fram. Ég tel að mjög mikilvægt sé að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins og þess vegna er þetta fagnaðarefni. Ég tel að það þurfi að sjá svo um að þessi framkvæmd geti gengið eðlilega fram og komist sem fyrst í gagnið og það lánsfjármagn sem hér er veitt heimild til þess að afla nýtist sem best og að sem fyrst verði hægt að fara með Ríkisútvarpið, sjónvarp í útvarpshúsið. Jafnframt tel ég, og vil nefna, að það er algerlega óhjákvæmilegt að jafnhliða og samhliða þessum framkvæmdum og því að koma Ríkisútvarpi, sjónvarpi og Ríkisútvarpi, hljóðvarpi undir eitt þak, verður að bæta úr hlustunarskilyrðum útvarps og sjónvarps. Það ástand sem nú ríkir er algerlega óþolandi, þ.e. að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, skuli hiklaust efna til kostnaðar við dagskrárgerð án þess að vera visst um að allir landsmenn sem eru á forsvaranlegum stöðum til að geta náð útvarpi og sjónvarpi nái efninu. Ég tel að það hljóti að verða verkefni nýs útvarpsstjóra að láta verða þarna breytingar á. Það er ekki nægjanlegt að skapa góð vinnuskilyrði fyrir starfsfólkið ef þjóðin nær ekki að hlusta á það sem framleitt er af efni, hvort sem þar er um að ræða fréttir eða annað útvarps- og sjónvarpsefni. Þetta vildi ég undirstrika, herra forseti, og leggja mjög þunga áherslu á að að gera verður þá kröfu að þarna verði tekið á.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að nú við 3. umr. fjárlaga getum við sagt að horfur eru góðar í ríkisbúskapnum. Okkur tekst að lækka skuldir þjóðarinnar án þess að hækka skatta og skilum fjárlögum með afgangi. Við þurfum að minnast þess að við erum að fjalla hér um afgang á rekstrargrunni, ekki greiðslugrunni. Ef við værum með fjárlög á greiðslugrunni, þá væri afgangurinn sem við værum að ræða hér um mun hærri en þær 170 millj. sem er niðurstaða fjárlaga á rekstrargrunni.

Fleiri orð þarf ég ekki að hafa um þetta, herra forseti, og vil þakka nefndarmönnum í fjárln. fyrir ánægjulegt samstarf og árangursríkt.

[17:17]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson, varaformaður fjárln., sagði að ekki hefði verið fallist á sjónarmið stjórnarandstöðu um tekjuöflun, þ.e. skattahækkanir eins og hann orðaði það. Ég veit ekki til þess, herra forseti, að það hafi

verið rætt í hvert einasta skipti í hv. fjárln. hvernig ætti að afla tekna á móti þeim útgjöldum sem er verið að stofna til. Fróðlegt væri að fá að vita hvernig hv. þm. ætlar að leysa vanda Sjúkrahúss Reykjavíkur, Ríkisspítalanna, heilbrigðisstofnananna á landsbyggðinni og 230 millj. vöntun hjá Háskóla Íslands svo að maður nefni eitthvað pínulítið af því sem menn telja að sé alveg á vonarvöl. Kannski er rétt að geta þess að um leið og hv. þm. segir að um sé að ræða tæplega 173 millj. kr. afgang, liggur nú á borðum þingmanna tillaga um 20 millj. kr. útgjöld til viðbótar sem þýðir millj. í afgang. Menn ættu því að fara varlega í þessa hluti. Auðvitað getur verið að ræða um bæði greiðslugrunn og rekstrargrunn. Við getum talað um þetta svona, en við setjum fjárlög fram á rekstrargrunni og það er það sem um er að ræða núna. Eins og staðan horfir vantar einhvers staðar um 2,5 milljarða. Það er blekking að hægt sé að ná inn þessum tekjum upp á 1.900 millj. sem gert er ráð fyrir með eignasölu í skyndi. Það gerist ekki bara einn, tveir og þrír, herra forseti.

[17:19]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist vera viðkvæmt gagnvart alþýðuflokksmönnum að nefna að þeir séu að leggja til skattahækkanir. En það er nú engu að síður þannig að það kemur fram í nefndaráliti minni hluta fjárln. að (**GE:** Tillaga á borðinu.) já, og tillaga á borðinu, þar sem þeir gera grein fyrir þeim vilja sínum að hækka skatta. (**GE:** Á fyrirtæki.) Skattar eru skattar og það skiptir ekki máli hver greiðir skattana. Þeir eru teknir út úr atvinnulífinu. (**GE:** Það skiptir öllu máli.) Þeir eru teknir út úr atvinnulífinu. Hins vegar er fróðlegt að heyra að þingmenn telji það blekkingar sem verið er að leggja fram. Það er mjög alvarlegt mál og er nauðsynlegt að heyra frekari rökstuðning fyrir því.

Við kölluðum fyrir hv. fjárln. fulltrúa sem fjölluðu mjög ítarlega um tekjuhlið og forstjóri Þjóðhagsstofnunar kom og fór yfir stöðu mála og hv. þm. fengu mjög gott tækifæri til þess að spyrja. Ég varð þess ekki var að nokkur af gestum okkar væri rekinn á gat með þeim hætti að hægt sé að fullyrða að ekki sé hægt að standa við þau áform um tekjur sem við leggjum upp með. Það kemur fram hjá hv. þingmönnum að þeir gera ráð fyrir því að hægt sé að ná inn meiri tekjum, það sé vanáætlað frekar en hitt.

Varðandi fjárvöntun liggur alveg fyrir að við höfum lagt til ákveðnar leiðir til þess að styrkja stöðu sjúkrahúsanna og hvað varðar peningaskort hjá háskólanum er bara um að ræða ákvarðanir um útgjöld. Það er ekkert sem hægt er að tala um sem skort.

[17:21]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvað er verið að fara í þessum hártogunum. Ég spyr bara: Ætli sé ráð nema í tíma sé tekið. Einhvers staðar heyrði ég að það hefði verið haft eftir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að til þess að fjármunir væru í lagi á Íslandi þyrfti að vera 5 milljarða afgangur í tekjuöflun. Ég spyr hv. varaformann fjárln. hvort hann kannist eitthvað við þessar tölur? Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Sturla Böðvarsson tæki undir að það ætti að bæta hlustunar- og móttökuskilyrði fyrir útvarp og sjónvarp, 100–200 millj. í þeim málum hugsa ég að séu litlir peningar. Þá er orðið eitthvað lítið eftir til afgangs ef það á að leggja einhverja áherslu á þau mál sem ég tek fyllilega undir að þurfi að gera.

En ég vil sjá fyrir þá tekjuvöntun sem blasir við okkur. Þess vegna leggjum við fram tillögur um að fyrirtækin skili til baka því sem þau fengu á krepputímanum.

[17:22]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gáfu út skýrslu sem fjallaði um íslensk efnahagsmál. Við fengum mjög góða einkunn hvað varðar stjórn efnahagsmála. (**GE:** Hvaða ráð voru það? Ekkert.) Hins vegar gáfu þeir þau ráð eins og reyndar fleiri að við þyrftum að hafa meiri afgang, við þyrftum að lækka útgjöldin eða hækka skatta.

Ég vakti athygli á því að við höfnum þeirri leið að hækka skatta vegna þess að við trúum því að með því að ganga ekki nær atvinnulífinu en við gerum með skattlagningu eflist atvinnulífið og þannig geti það komið til móts við fólkið í landinu með því að bæta kjör þess með hækkun launa. Við bætum ekki kjör fólks með því að ganga harkalega fram í því að skattleggja atvinnufyrirtækin.

[17:23]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson gerði vandamál sjúkrahúsanna í Reykjavík talsvert að umræðuefni. Það er athyglisvert í máli hans að hann reyndi hvergi að hrekja það sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta fjárln. og það sem hefur margoft komið fram við umræður á síðustu dögum og varðar þá miklu fjárhæð sem vantar til þess að hægt sé að reka sjúkrahúsin með svipuðu sniði og þau eru rekin í dag. Hv. þm. gerði hvergi tilraun til þess að vefengja það með nokkrum hætti. Ég dreg þá ályktun af því að hann telji að mikið sé til í því sem staðhæft er að það þurfi hátt á annan milljarð til þess að það sé hægt að ná þessu markmiði. Hvernig ætlar hv. þm. að gera það? Ég spyr hann að því. Hvernig ætlar hann að tryggja það að sjúkrahúsin geti rekið sig með sæmilegu sniði? Hann ætlar að gera það með því að endurskipuleggja. Hann sagði: Stóra málið er endurskipulagningarvinna, og hann sagði: Stóra vandamálið er hvort hægt sé að hagræða svo í rekstri að endar nái saman. Og hann vísaði til skýrslu VSÓ um það.

Nú er það svo að hv. þm. vill ekki sameina spítalana eins og skýrsla VSÓ gerir ráð fyrir en ég spyr þá: Dettur honum virkilega til hugar að það sé hægt eftir það sem á undan er gengið að hagræða svo í rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur að hægt sé að reka það án þess að draga stórkostlega saman þjónustu? Ég dreg sérstaklega fram að hv. þm. staðfesti í máli sínu að það hafi tekist mjög vel upp varðandi hagræðingu nú þegar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hann sagði meira að segja að það hefði tekist betur upp en hjá Ríkisspítölunum. Dettur hv. þm. virkilega í hug, herra forseti, að hægt sé að hagræða á næsta ári sem svarar 700 millj. en það er u.þ.b. sú tala sem verður að hagræða til þess að hægt sé að reka spítalann með svipuðu móti og á þessu ári?

[17:25]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 15. þm. Reykv. að ég hafi sagt að það bæri að verðlauna eitthvað sérstaklega stjórn eða hagræðingaraðgerðir Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það hef ég hvergi sagt. (**ÖS:** Ég sagði hvergi verður.) Nei, það mátti lesa það út úr orðunum en ég tel hins vegar að við megum ekki gera lítið úr því sem menn hafa verið að reyna að gera. Hins vegar er það þannig að við getum ekki staðið í ræðustól á Alþingi og talað eins og sérfræðingar í heilbrigðismálum og ég treysti mér ekki til þess áð bera ábyrgð

á tillögum sem ég hef ekki séð og þess vegna förum við þá leið sem við förum. Við ætlumst til þess að þeir menn sem verða fengnir til að fara ofan í saumana á rekstri spítalanna og gera tillögur leggi fyrir okkur tillögur sem verði til þess að bæta megi þessa starfsemi og það þurfum við að skoða þegar þar að kemur.

Hvernig á þetta að gerast? Við höfum margsinnis talað um það hér. Það þarf að leita leiða hjá báðum sjúkrahúsunum til hagræðingar. Við höfum fengið VSÓ-skýrsluna. Þar er talið líklegt að hægt sé að ná árangri í hagræðingu og við þurfum að halda áfram vinnunni. Það ætlum við að gera en við ætlum ekki fyrir fram eins og ég hef margsagt, við ætlum ekki fyrir fram að komast að niðurstöðu. Við höfum nokkra fjármuni til þess að vinna að þessu verki og menn þurfa bara að halda ró sinni og ganga til verks á nýju ári með þá sannfæringu í farteskinu að við eigum að geta bætt rekstur sjúkrahúsanna þannig að viðunandi sé eða gera tillögur um þær breytingar sem við verðum síðan að taka afstöðu til.

[17:28]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er búið að skera Sjúkrahús Reykjavíkur nú þegar inn að beini og það er ekki hægt að standa hérna eins og jólasveinn í ræðustól og segja: Við verðum bara að leyfa okkur þann munað að ganga af þingi með þá sannfæringu í farteskinu að hægt sé að hagræða enn meira. Það er búið að hagræða þessum spítala núna síðustu 4–5 árin og það vita allir að ekki er hægt að hagræða þar meira. Það gildir um hv. þm. eins og aðra hv. stjórnarliða að það er orðið til skammar að eiga orðræður við þá um þessi mál. Þeir hafa aldrei reynt að hrekja það sem við höfum sagt um þann mikla vanda sem blasir við. Þeir tala endalaust um einhverja stýrinefnd og um einhverja nauðsynlega endurskipulagningu og þjónustusamninga en þeir hafa aldrei bent á hvernig hægt er að hagræða. Hv. þm. benti á skýrslu VSÓ. Það er algerlega út í hött hjá honum að gera það vegna þess að hann veit að þeirri vinnu sem þar er í gangi lýkur ekki fyrr en um mitt næsta ár og þá tekur við endurskipulagningin ef það verður niðurstaða um það þannig að ekki er um það að ræða að hægt verði að hagræða eitthvað á grundvelli þeirrar skýrslu fyrr en í fyrsta lagi undir lok næsta árs. Ég dreg af því þá ályktun, herra forseti, að það væri ekki hægt að spara neitt með því fyrr en þá kannski þarnæsta ár og hvernig eigum við þá að reka spítalana árið 1998?

[17:29]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði hv. formaður heilbr.- og trn. Alþingis og ætlast til þess að sjálfsögðu að við höfum svör við flestum spurningum. Við höfum fjallað um þetta mál en það virðist hins vegar ekki hafa verið gert í heilbr.- og trn. ef marka má það nefndarálit sem hv. heilbr.- og trn. sendi frá sér varðandi fjárlög næsta árs. Þar var ekki ráð að finna sem ætlast er til þess að sé til í fjárln. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson verður að átta sig á því að ætlast er til þess að fagnefndir fjalli faglega um mál, leggi fram tillögur og hugmyndir en kalla ekki aðra aðila til hjálpar.

Ég ætlast til þess, herra forseti, að heilbr.- og trn. leggi til ráð og ég ætlast til þess að hún komi mjög að því verki sem fram undan er. Ég bíð eftir því að heyra hugmyndir og tillögur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þegar þar að kemur.

[17:30]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að tekjugrundvöllur fjárlagafrv. er ótraustur að nokkru leyti. Enn fremur er líka rétt að útgjöld eru augljóslega vanmetin um háar fjárhæðir þannig að ljóst er að að óbreyttu stefnir í að fjárlög 1998 verða að ári komanda afgreidd með verulegum halla þegar gengið verður frá fjáraukalögum. Þetta er okkur í minni hluta fjárln. ljóst og því leggjum við til tekjuöflunartillögur af því að við viljum ekki stefna rekstri ríkissjóðs í tvísýnu og í hallarekstur í hásveiflu góðærisins.

Hitt vil ég líka fjalla aðeins um sem fram kom hjá hv. þm. um skipan stjórnar sjúkrahúsa. Auðvitað er ekki eðlilegt að ekki fari saman að sá sem fer með verkefnið og greiðir það ráði ekki framkvæmd mála. Það er óeðlilegt fyrirkomulag. Því er ég þeirrar skoðunar að heilbrrh. eigi að ráða því hverjir sitja í stjórnum sjúkrahúsa. Ég tel það eðlilegt fyrirkomulag og það telja fleiri en ég, þar á meðal hv. þm. Sturla Böðvarsson sem telur mjög eðlilegt fyrirkomulag að bankamálaráðherrann skipi allt bankaráð Landsbankans, allt bankaráð Búnaðarbankans og hann telur eðlilegt að samgrh. skipi alla stjórn Pósts og síma svo dæmi sé tekið og að iðnrh. skipi alla stjórn Landsvirkjunar. Þetta eru allt lagabreytingar sem gerðar hafa verið á kjörtímabilinu sem færa skipunarvaldið á stjórnum stofnana úr hendi Alþingis til fagráðherra. Ég vænti þess því að hv. þm. Sturla Böðvarsson sé mér sammála um þetta atriði.

[17:33]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi tekjuáætlanir þá tel ég mjög mikilvægt að við reynum að meta vandlega tekjur næsta árs og mér finnst ekki skynsamlegt að ætla sér að ná tekjum inn sem einhver vafi leikur á að náist inn. Þess vegna held ég að ekki hafi verið efni til þess að áætla hærri tekjur en við gerum. Við fengum skýrslu um þetta frá fjmrn. og síðan hefur að sjálfsögðu verið leitað til Þjóðhagsstofnunar þannig að niðurstaða okkar er sú sem hefur komið fram í breytingartillögum okkar.

Hvað varðar stjórnir sjúkrahúsa er ég að benda á að það hver skipar stjórnirnar ræður ekki úrslitum um árangur né rekstur stofnananna. Ég er ekki að segja að það geti ekki verið að heilbrrh. skipi þessar stjórnir í þeim tilvikum að ríkið fari algerlega með málefni viðkomandi stofnana. Ég vil alls ekki hafna því. En ég var bara að vara við því að við munum ekki leysa stjórnunarvanda sjúkrastofnananna með því einu að breyta um fyrirkomulag og skipun stjórnarinnar. Aðalatriðið er að þarna fáist gott fólk og það sem er mikilvægara að verksviðið sé skýrt afmarkað. Það sé skýrt afmarkað með reglugerð og skipunarbréfi hvað stjórnir sjúkrastofnana eigi að gera, hver séu valdmörkin og hver sé tilgangurinn með starfi stjórnanna. Þetta er mjög mikilvægt en ekki að það sé losaralegt og algerlega háð persónu.

[17:35]

**Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki haldið því fram að það leysti öll vandamál að breyta skipan stjórna í sjúkrahúsunum. Hins vegar held ég að það muni hjálpa til við að ríkisstjórn á hverjum tíma geti framfylgt stefnu sinni. Ég er þeirrar skoðunar um rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík að auka þurfi

samrekstur þeirra eins og ég gat um í ræðu minni. Ég var ekki að leggja þar til að það ætti að sameina þær stofnanir en ég tel að það þurfi að samreka þær í ríkara mæli en nú er til að koma í veg fyrir offjárfestingu og tvíverknað og kostnað sem af því hlýst og ég vitna til skýslu um VSÓ um það efni. Ég held að okkur sé full nauðsyn á því að grípa til þessara aðgerða.

[17:36]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir lokaorð hv. 5. þm. Vestf. Við erum í raun alveg sammála þegar hann nefnir að það þurfi að reyna að samreka þessar stofnanir og samnýta og skipuleggja reksturinn þannig að sem hagkvæmast sé. Það er auðvitað aðalviðfangsefnið. Ég hef haldið því fram að það eitt út af fyrir sig að slengja sjúkrahúsunum saman muni ekki leysa öll vandamál. Aðalatriðið er að starfið sé vel skipulagt og reynt sé að nýta tæki og byggingar þannig að það gagnist heilbrigðisþjónustunni sem best. Það hefur stundum viljað brenna við að menn hafa keypt tæki ótæpilega og ég held að það þurfi mjög að gæta þess að ekki sé tvöfalt sett af öllum hugsanlegum tækjum á þessum stóru og dýru stofnunum þannig að það sé lítil hagkvæmni fólgin í því.

En ég þakka fyrir þá niðurstöðu sem hv. þm. í rauninni komst að og við erum í rauninni sammála.

[17:37]

**Útbýting þingskjala:**

Afdrif mála vegna skyndiskoðana Landhelgisgæslu, 334. mál, svar dómsmrh., þskj. 627.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis, 377. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 661.

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. JónK, þskj. 659; brtt. ÓE o.fl., þskj. 674; brtt. KHG, þskj. 678.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, brtt. VE, þskj. 675.

Réttarstaða barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 372. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 608.

Skaðabótalög, 58. mál, nál. allshn., þskj. 660.

Tekjuskattur og eignarskattur, 338. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 658.

[Fundarhlé. — 17:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 659, 674 og 678. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

[17:56]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Það er að draga að lokum umfjöllunar um fjárlög vegna ársins 1998. Það er ekki ástæða, herra forseti, til þess að vera að setja á langar ræður um það sem er fyrir fram búið að ákveða. Þegar komið er að þessari stundu er ekkert eftir nema ákveðið uppgjör, uppgjör á milli manna um meiningarmun þannig að ég ætla ekki að flytja langa ræðu.

Ég ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum til að gefa sem gleggstar upplýsingar um fjárlögin fyrir árið 1998. Félögum mínum í minni hluta, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur þakka ég sérstaklega fyrir að hafa tekið að hluta á sig meiri fyrirhöfn við álitsgerð en undirritaður. Meiri hluta fjárln. er þakkað fyrir samstarf og þrátt fyrir ágreining í ýmsum málum, sérstaklega hvað varðar tekjujöfnun ríkissjóðs ásamt og með áherslu í heilbrigðismálum hefur verið góð samvinna og ástæða til að þakka það.

Það sem mér er verst við, herra forseti, er að nú er verið að leggja upp með fjárlög sem eru með halla sem nemur a.m.k. 2–2,5 milljörðum. Þessa fullyrðingu styð ég með eftirfarandi skýringu: Hluti tekna ríkissjóðs eða 2,7 milljarðar vegna eignasölu stenst ekki. Ég get fallist á að hluti af eignasölunni, þ.e. 500 millj. vegna járnblendifélagsins komi í ríkissjóð þegar af sölu verður en ég get líka fallist á að sala hlutabréfa í Fjárfestingarbanka gefi 300 millj. í auknar tekjur frá fyrri áformum. En 1.900 millj. sem standa eftir munu ekki koma í ríkissjóð ef af sölu þeirra eigna verður samtímis. Af þeim sökum verður, herra forseti, að fjármagna ríkissjóð með lántökum. Þetta skiptir máli þó að af sölunni verði.

Rétt er að benda á að stöðugt lengist listi þeirra eigna sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að selja. Nýjustu áform ríkisins eru að selja Borgartún 6 sem er ráðstefnusalur ríkisins og Borgartún 22 sem er húsnæði kjaramálanefndar og ríkissáttasemjara. Vel má vera að ástæða sé til að selja þær eignir. Það getur vel verið að engin ástæða sé fyrir ríkisstjórn eða ríkissjóð að eiga þessar eignir en fróðlegt verður að sjá hvernig til tekst með sölu þessa húsnæðis sem er á löngum lista yfir heimildir til að selja og ég tel mjög hæpið að það gangi eftir að þeir fjármunir séu í hendi. Ég veit ekki hvort þessar eignir eru vel seljanlegar en það mun koma í ljós. Eftir stendur að fjármagna áformaða eignasölu. Þeir fjármunir eru í skógi en ekki í hendi. Sama má segja um þær tekjur sem endurskoðuð tekjuöflun gerir ráð fyrir.

Einhvern tíma sagði hv. formaður fjárln. að óvarlegt væri að ráðstafa tekjum sem væru ekki í hendi. Svo er einnig nú. Það er mjög óvarlegt að ráðstafa tekjum sem menn sjá ekki örugglega fyrir. Ég tek undir þau orð hv. formanns fjárln., a.m.k. þegar þau voru sögð á þeim tíma: Orð skulu standa og þau ættu að standa enn varðandi nákvæmlega þennan sama hlut og átt var við fyrir nokkrum árum þegar hv. þm. sat í stjórnarandstöðu.

Minni hluta fjárln. er ljóst að tekjur ríkissjóðs verður að auka vegna þess að a.m.k. verður eins milljarðs gat vegna heilbrigðiskerfisins og það verður að segja um einn milljarð í fjáraukalög ársins 1998. Nú er komið upp sama dæmi, hæstv. fjmrh., og nákvæmlega á sama tíma í fyrra benti minni hluti fjárln. á bæði vanáætlun útgjalda og vanáætlun tekna. Núna er fyrst og fremst verið að tala um vanáætluð útgjöld. Ég vona satt að segja að teknahlutinn standist. Ég dreg það þó í efa með þeim orðum sem ég lét áðan falla.

Í raun er um sýndarniðurstöðu að ræða hvað varðar tillögu meiri hluta fjárln. sem gerir ráð fyrir tekjujöfnun sem nemur aðeins 153,7 millj. kr. eftir síðustu tillögu á borð hv. alþm. núna rétt áðan og eftir því sem ég best veit eru einhverjar aðrar tillögur líka á leiðinni. Mér sýnist að það sé að verða heldur rýrt sem eftir stendur til tekjujöfnunar. Ætli það sé ekki farið að nálgast að vera einar litlar 100 millj. og gott ef ekki á eitthvað eftir að fæðast meira í umfjöllun á milli ágætra meirihlutamanna í fjárln. og kannski einhverra annarra aðila sem telja sig hafa völd til að taka þann kúf af sem er á tekjujöfnuninni.

Herra forseti. Ég nefni nokkur atriði sem mér finnst miður að ekki er gert ráð fyrir við gerð fjárlaga fyrir árið 1998. Ég segi að það séu ófullkomnar tillögur vegna heilbrigðiskerfisins og ég styð það með því að vitna til plagga sem við höfum frá Ríkisspítölunum, frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, frá Ríkisendurskoðun og frá fjölmörgum aðilum sem hafa

bent á að það mun vera um rekstrarfjárskort að ræða sem nemur um það bil 900 millj. kr. þrátt fyrir þá pottagerð sem meiri hlutinn hefur staðið að og hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það eru ófullkomnar áætlanir um tekjuöflun, það segi ég og ég bendi á að sú tekjuöflun sem menn hafa horft til á að koma til með betri innheimtu. Það er það eina sem menn horfa til að menn halda að þeir fái betri innheimtu árinu 1998 en 1997. Þetta hef ég ástæðu til að fjalla um, herra forseti. Engar tillögur eru um sparnað. Hvernig er með mennina sem kalla hæst eftir því að almenningur ætti að fara að spara og þeir kalla eftir því á þann hátt að það er enginn hvati, ekki er nokkur hvati settur fram fyrir almenning til að spara. Aðeins er hvati um aukna eyðslu og það er slæmt, herra forseti. Það er engin tilraun, herra forseti, til að draga úr sjálftöku ýmissa aðila sem eru með krumlurnar í sjálfsskömmtunarpottum eða eins og ég hef leyft mér að segja það, með ranann í ýmsum risnupottum. Engin tilraun er gerð, herra forseti, til þess að draga úr þessu, ekki er með einni einustu aðgerð í fjárlögum íslenska ríkisins fyrir 1998 gerð tilraun til að draga úr þeirri risnusóun sem ýmsir aðilar geta tekið sér. Það er um að ræða tiltölulega lítinn hóp manna eða kannski fáa sem taka mikið til sín í ýmiss konar fríðindum á kostnað almennra skattgreiðenda. Þarna má taka á, hæstv. fjmrh. Þarna er ástæða til þess að skoða hlutina.

Einnig er réttlætanlegt að draga saman á ýmsan hátt hvað varðar veru ráðuneytisfulltrúa erlendis. Ég er þess fullviss að þar má spara. Ég get, herra forseti, nefnt mörg fleiri dæmi, kannski ekki milljónatugi í hverju tilviki en margt smátt gerir eitt stórt og ekki er vanþörf á núna.

Ég vil nefna nokkur atriði sem eru að mínu mati vandamál. Ég nefndi áðan stöðu háskólans. Samkvæmt framsetningu frá háskólarektor vantar að lágmarki 230 millj. til þess að háskólinn geti verið í eðlilegum rekstri. Hvar á að taka þá peninga? Ætla menn að svelta undirstöðustofnun atvinnuveganna á Íslandi? Ekki er hægt að taka þessa peninga nema með ákveðnum aðgerðum. Þess vegna hefur minni hlutinn lagt til að tekjuskattur á fyrirtækjum verði hækkaður lítillega, að tekjuskatturinn verði til jafns hjá fyrirtækjunum og einstaklingunum. Það er sanngirniskrafa á velmektartímum að tekjuskattur fyrirtækjanna verði sá sami og hjá einstaklingunun. Við í minni hluta fjárln. höfum nefnt hugmynd um að hækka tryggingagjald um 0,5% sem gerir um það bil 1,2 milljarða og við teljum að þær tillögur sem við höfum verið að gera grein fyrir ásamt og með bættri skattheimtu með því að ná í eitthvað af þeim fjármunum sem eru í gangi í neðanjarðarhagkerfi Íslands getum við mætt þeim vandamálum sem blasa við varðandi útgjöld. Ég held að þetta séu hlutir sem hæstv. fjmrh. ætti að hafa áhuga á. En kannski er hann farinn að hugsa sér til hreyfings til annarra starfa og fullsáttur við að eftirmaður hans komi og glími við þessi mál. E.t.v. er það þannig að einhverjar breytingar séu að gerast í hæstv. ríkisstjórn. E.t.v. er það þannig að það séu bara mannabreytingar á næstu grösum og þá hafi hæstv. fjmrh. ekki stórar áhyggjur af þessum málum ef annað sæti er honum þóknanlegra einhvers staðar á vegum hæstv. ríkisstjórnar.

Kannski er ástæða til að velta þessu fyrir sér í sambandi við þá stöðu sem uppi er.

Kannski er ástæða að nefna það sem út af stendur í hugsuninni um tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1998. Hver ætli þjóðhagslegur sparnaður þyrfti að vera ef það ætti að vera nokkurn veginn jafnvægi í málunum? Ætli það sé ekki nálægt 10–20%? Gaman væri að heyra hv. formann fjárln. svara því hvað hann teldi að þjóðhagslegur sparnaður þyrfti að vera ef það ætti að vera ásættanleg staða í þessum málum. Þá væri gaman að velta fyrir sér hvað vaxtastig þyrfti að vera á Íslandi ef það ætti að vera viðunandi miðað við nágrannalöndin. Ætli vaxtastig sé ekki einhvers staðar nálægt 5,75%? Ætli vaxtamunur sé ekki einhvers staðar nálægt 5%?

Hvernig væri að sjá einhverja sparnaðarspá með útgjaldaspánni, hæstv. fjmrh.? Engin sparnaðarspá er í gangi. Það er ekkert annað sem maður sér en hvati að aukinni þenslu með þeim tillögum sem fyrir liggja. Það vantar fjáröflunartillögur fyrir 2,5–2,7 milljörðum. Ég nefni það, herra forseti að ég skal benda á þetta að ári, að þetta hafi verið sagt úr þessum stól nákvæmlega eins og fyrir ári þegar undirritaður benti á að það mundi verða liðlega 5 milljarða meiri tekjur að ræða og um verulega meiri útgjöld sem sannast auðvitað á því að gert var ráð fyrir lántökum ríkissjóðs í fyrra upp á 12,5 milljarða. Hver varð niðurstaðan? 22 milljarðar. Rétt er að minnast þess að við höfum fengið þær upplýsingar í hv. fjárln. að við fróðustu mönnum blasir að hagsveiflan sé að renna sitt skeið á enda. Ég heyrði sagt að hagsveiflan væri langt komin og verður vart miklu lengri. Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir að hagsveiflan sé verulega langt komin? Er verið að spá því að það sé um litla rýmd að ræða til aukinna útgjalda? Ég gæti trúað því. Ætli það verði þá ekki að mæta auknum útgjöldum sem blasa við með aukinni tekjuöflun? Ég hygg að hv. formaður fjárln. sé mér meira sammála en hann vill vera láta um þessi mál.

Herra forseti. Eina leiðin til bættrar stöðu ríkissjóðs er minnkun útgjalda. Hvar er tilraun til minnkunar útgjalda? Einhvers staðar í ráðuneytunum? Hvergi nokkurs staðar í ráðuneytunum er gerð tilraun til neins samdráttar. Eina hugsunin sem kemst að er að það hljóti að vera hægt að spara í stærstu útgjaldaliðunum. Það eru heilbrigðiskerfið og skólakerfið. Þar er leiðin til sparnaðar. Hvergi nokkurs staðar er vilji til þess að taka á annars staðar í ríkisgeiranum eða ég hef a.m.k. ekki séð það.

Spá er um að hagvöxtur verði 3,6–3,7% á næstu tveimur árum en þá má búast við að fari að halla undan fæti. Ætli það sé ekki óhætt að fara að gera ráð fyrir því hvernig eigi að mæta þeim málum? Staðan okkar er þannig að við höfum verið tiltölulega heppin að sumu leyti að gengisbreytingar sem við miðum við hafa lækkað en þær vörur sem við seljum frá okkur í pundi og dollar hafa hækkað þar á móti. Það hefur líka haft þær afleiðingar að Ísland er ekki ferðavænt land, t.d. fyrir Þjóðverja, og ferðaskrifstofurnar hafa verið að segja frá því á undanförnum dögum að þær hafi tapað verulegum fjármunum. Við þurfum að hugsa fyrir því líka.

Kannski er hægt að gleðjast yfir að gert er ráð fyrir 3–4% aukningu verðmæta úr sjávarútvegi og það er vegna þess að gert er ráð fyrir að 3% aukning verði vegna aukinnar veiði og 1% verðmætaaukning vegna vöruvöndunar. Kannski er ástæða til að hafa orð á því, herra forseti, að við þurfum að leggja miklu meira í vöruvöndun. Við þurfum að leggja í að allar matvörur sem frá þessu landi fara séu vottaðar, viðurkenndar vörur sem aflað er á vistvænan máta. Þetta eru hlutir sem ég vildi aðeins drepa á.

Ég held að ekki sé ástæða til þess að flytja lengri ræðu. Ég hafði hugsað mér að nefna það örlítið að ég þakka fyrir þau viðbrögð sem urðu við gagnrýni minni á átaksverkefnið í lífrænum og vistrænum búskap þegar menn ætluðu sér að skera það verkefni niður um helming. Ég þakka sérstaklega

viðbrögð meiri hluta fjárln. og síðan þingflokksformönnum sem hafa komið að máli og lagst á árar með undirrituðum um að snúa því til betri vegar og ég nota tækifærið, herra forseti, og þakka formanni og varaformanni fjárln. fyrir atbeina þeirra og þeirra sem ég nefndi áðan. Ég tel að þar sé mjög þarft verkefni í gangi og ég vona að hægt sé að ljúka því þannig að til sóma verði og lagður verði grunnur að því á næstu tveimur árum að öll matvara, öll framleiðsla okkar Íslendinga sem fer á erlendan markað sé vottuð og viðurkennd sem vistvæn framleiðsla. Ef okkur tekst það er mikið komið heim.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að flytja lengri ræðu um þessi mál. Ég hef áhyggjur af því að það er fyrirsjáanlegt gat og það er meðvitað af fjölmörgum stjórnarliðum. Þeir vita að verið er að leggja af stað með fjárlög sem eru í rauninni með gati. Þessar 100 millj. sem menn eru að tala um að séu núna í tekjujöfnuð er óraunveruleg tala þar sem ég er í ræðu minni búinn að benda á vöntun upp á a.m.k. 1.500 millj. til þess að ná endum saman. Það er í algeru lágmarki.

[18:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Nú líður að lokum þessa þinghalds og afgreiðslu fjárlagafrv. Við okkur blasir að í því eru ekki fólgin þau tímamót sem ýmsir aðstandendur þess voru að boða hér á haustdögum. Þá var talað um að ríkisstjórnin hygðist nota góðærið til að afgreiða fjárlögin með myndarlegum tekjuafgangi, greiða niður skuldir og samt þótti ýmsum ekki nóg að gert. Helstu hugmyndafræðingar stjórnarstefnunnar í þjóðfélaginu eins og Verslunarráðið og önnur slík batterí sendu frá sér harðorðar og snöfurmannlegar ályktanir um það að þetta væri alls ekki ásættanlegt, að ríkissjóður yrði rekinn með svona eins og 1–1,5 milljarða afgangi á næsta ári. Þar yrði að gera mun betur og ekki dygði minna en 4–6 milljarðar í afgang ef vel ætti að vera. Annars yrði þensla, annars væru menn ekki að borga niður skuldir og sýndu ekki þau búhyggindi í góðærinu sem nauðsynleg væru.

Nú blasir við að frammi fyrir alþjóð lokar hæstv. ríkisstjórn fjárlögunum með stóru gati. Það er e.t.v. ekki rétt að segja að fjárlagafrv. nú sé gatasigti eins og stundum hefur verið heldur er nær að líkja því við eitthvert annað verkfæri í hverju miðju er eitt stórt gat og það gat er auðvitað aðallega á einum stað, þ.e. í heilbrigðismálunum. Þetta er óumdeilt. Þetta hefur ekki verið hrakið. Svo er komið í umræðunni, við 3. umr. fjárlaga eftir 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og fleiri mál, að stjórnarliðar, ráðherrar og talsmenn ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eins og hv. formaður fjárln., reyna ekki að bera á móti því að þetta sé staðreyndin, þetta sé niðurstaðan. Og hvort gatið er nákvæmlega upp á 1,5 milljarða eða 1.200 millj. að viðbættum uppsöfnuðum vanda á þessu ári, skiptir kannski ekki öllu máli, en stærðargráðan er þessi. Þá er nú tekjuafgangur sem samkvæmt áætlun núna og er upp á einhverjar 100 millj. plús/mínus kannski einhverja tugi miðað við breytingartillögur sem hér eru að koma fram undir lokin og væntanlega hafa stuðning frá formönnum þingflokka og allri forustu þingsins, þá er það ekki orðið mikið. Það er ekki orðið mikið miðað við milljarðinn eða tvo sem ríkisstjórnin sjálf ætlaði sér að hafa í afgang. Og enn þá minna er það miðað við hagspekingana hjá Verslunarráðinu sem vildu hafa marga milljarða í afgang af fjárlögum. Og hver er niðurstaðan? Hver er reynslan líkleg til að verða þegar á þessu ári, 1997, góðærisárinu mikla, tekst ekki einu sinni að reka ríkissjóð nema í besta falli á núllinu. Ástæðan fyrir því að ríkissjóður núna, miðað við fjáraukalög, stendur samkvæmt bókhaldinu til þess að verða kannski 150–170 millj. yfir núllið er einfaldlega sú að hundruð milljóna bíða í uppsöfnuðum vanda úti í þjóðfélaginu, úti hjá stofnunum, úti hjá sjúkrahúsunum sem eftir á að taka á þannig að í reynd er verið að reka ríkið og stofnanir þess með halla á árinu 1997.

Þetta mikla gat sem þarna er á ferðinni við sjúkrahúsin er einn ljótasti bletturinn á afgreiðslu þessara mála nú. En það er ekki bara gatið og fjárvöntunin sem slík sem er fyrir neðan allar hellur heldur eru það líka vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og sú aðferðafræði að halda mönnum í keng og óvissu um sín mál. Ég ætla að nota þetta síðasta tækifæri, herra forseti, sem hugsanlega kann að verða í umræðum á Alþingi fyrir jólaleyfi til að mótmæla þessum vinnubrögðum einu sinni enn, þessari aðferðafræði, að þrengja að stofnunum, halda þeim í klemmu og setja síðan einhverja fjármuni í pott sem auðvitað eru engan veginn nógir og láta menn svo bítast um það eða koma skríðandi á knjánum og biðja um einhverjar ölmusur úr því.

Það er ógeðfellt svo ekki sé meira sagt sem er að gerast í heilbrigðismálunum hvað þetta snertir, hvað vinnubrögðin snertir, þ.e. að sjúkrastofnunum í landinu er att saman hverri gegn annarri. T.d. er öllum sjúkrahúsum á landsbyggðinni og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þar með töldu, ætlað að bítast um sama pottinn samkvæmt fjáraukalögum upp á 200 millj. Og á næsta ári er verið að gera hvað? Þá er búinn til pottur upp á 300 millj. eða svo sem að vísu er verið að stækka hér vegna þess að hluti af húsunum er að hrynja, eins og Sjúkrahús Reykjavíkur. Og þó að hann fari í 300 eða 325 millj. breytir það ekki því að um þetta eiga öll sjúkrahús í landinu að fljúgast á á næsta ári. Og vitað er að fjárvöntunin er hátt á annan milljarð. Svarið er víst að það á að leggja niður heilbrrn. eða a.m.k. taka allt vald af því og setja upp stýrinefnd sem er nýjasta fyrirbærið. Og eftir fréttum sem ég fékk í dag um það hvernig hún yrði mönnuð þá verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst það reginhneykslí. Í fyrsta lagi er alveg ljós að fjmrn. mun verða þar meira og minna allsráðandi og heilbrrn. verður þar eins og mús undir fjalaketti. Síðan koma inn í nefndina fulltrúar stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, ef ég hef heyrt rétt, og það er í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt. En þá er ekki eftir nema eitt sæti í nefndinni. Og hver sem í það verður valinn, þá er verið að segja með þessu að aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu munu ekki eiga aðild að þessari nefnd og þær eiga að sækja undir hana um sína hlutdeild í þessum allt of litla potti. Hvers konar aðstæður er verið að búa til fyrir forráðamenn og stjórnendur þessara stofnana? Það er verið að stilla upp málum þannig að þarna séu andstæðingar á ferð. Það er óhjákvæmileg afleiðing af þessum vinnubrögðum að þeir sem liggja utan nefndarinnar upplifi sig sem utan garðs og þeir verði að sækja á hina. Menn munu auðvitað upplifa fulltrúa stóru spítalanna sem fá menn inn í nefndina sem gæslumenn þeirra hagsmuna þar inni. Ég er ekki að segja að þeir eigi ekki að hafa aðild þar að og áhrif. En þessi uppstilling er algerlega óþolandi. Hvernig ætlar hv. þm. Jón Kristjánsson að ræða við þau í Sjúkrahúsinu í Neskaupstað og útskýra fyrir þeim hvernig þetta sé nú sanngjarnt og réttlátt í þeirra garð? Er við því að búast að fulltrúi fjmrn. sem verður örugglega embættismaður í Reykjavík, að fulltrúi heilbrrn. sem verður örugglega embættismaður í Reykjavík, að fulltrúi Sjúkrahúss Reykjavíkur sem verður að sjálfsögðu starfsmaður Sjúkra-

húss Reykjavíkur og fulltrúi Landspítalans sem verður að sjálfsögðu einhver á Landspítalanum, hafi mikinn skilning á því eða líti á það sérstaklega sem sitt hlutverk að fara ofan í saumana á vandamálum heilsugæslu í afskekktum landsbyggðarhéruðum? Það verður meira ofurmennið sem verður fimmti maðurinn í nefndinni ef hann á að gæta allra þeirra hluta sem þar þarf að passa upp á.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur, eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu, mikla sérstöðu meðal sjúkrastofnana á landsbyggðinni og það væri miklu nær að það ætti sinn sjálfstæða fulltrúa í nefndinni og síðan kæmi fullgild aðild minni sjúkrahúsa á einhvern hátt til sögunnar á sjálfstæðum forsendum, t.d. tveir menn frá þeim.

Ef þessar fréttir sem ég heyrði eru réttar, herra forseti, um það hvernig þessi stýrinefnd eigi svo ofan í kaupið að vera samansett — og mér sýnist á höfuðhreyfingum hér í salnum að ég fari nærri um það — þá er það algert hneyksli. Það er hneyksli í ljósi þeirra aðstæðna sem liggja fyrir í málaflokknum. Það er endanleg og fullkomin niðurlæging fyrir heilbrrn. sem ræður ekki neitt við neitt eins og komið hefur á daginn og virðist bæði þannig mannað og svo veikt stjórnsýslulega í öllu tilliti að það ráði bara ekki við neitt. Er þá lausnin sú að stofna nýtt heilbrrn. úti í bæ sem verður meira og minna undir stjórn fjmrh.? Það liggur alveg í hlutarins eðli. Þetta er komið í hinar megnustu ógöngur, herra forseti, og þessu er óhjákvæmilegt að mótmæla.

Ég ítreka enn og aftur að lokum óánægju mína með þessi vinnubrögð. Þau eru ófagleg í hæsta máta þegar fagráðuneytið er svipt sjálfstæði sínu með þessum hætti. Þau eru slæm frá sjónarhóli þingræðisins. Því að í raun og veru er þessari stýrinefnd úti í bæ framselt fjárveitingavald í stórum stíl með því að taka óskiptar stórar fjárhæðir og færa þær út í nefnd af þessu tagi. Ég veit ekki hvernig t.d. einstökum nefndarmönnum í fjárln. líður sem hafa verið að fara ofan í saumana á og liggja yfir skiptingu fjármuna niður í nokkur hundruð þús. kr. eða jafnvel tugi. Þar hefur verið unnin sundurliðuð vinna af þessu tagi. En svo allt í einu er fjárveitingavaldið hvað varðar efsta lagið í fjárveitingum til heilbrigðismála bara tekið á einu bretti og sett út úr Alþingi og út úr heilbrrn. til einhverrar stýrinefndar úti í bæ. Þetta eru vinnubrögð sem eru gjörsamlega út í hött, herra forseti.

Ég vil einnig nefna samgöngumálin og byggðamálin, herra forseti, hér við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Það tengist þá auðvitað heilbrigðismálunum og mörgu fleiru sem við höfum sérstaklega fjallað um. Í raun og veru er alveg með ólíkindum að við aðstæður eins og þær sem menn eru að glíma við í mörgum byggðarlögum vítt og breitt um landið í mikilli vörn og má segja lífsbaráttu fyrir framtíð og stöðu sinna byggðarlaga, sé sá stuðningur helstur sem menn verða varir við frá ríkisvaldinu og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með sjálfan Framsfl. innan borðs, þrengingar af þessu tagi varðandi starfrækslu undirstöðuþjónustu vítt og breitt um landið. Það er það sem mætir mönnum. Í fyrra var það framhaldsskólinn og sérstaklega litlu framhaldsskólarnir. Þá var þjarmað sérstaklega að þeim og margir þeirra hafa ekki fengið leiðréttingu sinna mála nema þá að litlu leyti. Nú eru það heilbrigðismálin. Nú er rjúkandi vandi í rekstri hverrar heilbrigðisstofnunarinnar á fætur annarri um allt land. Og þó að menn hafi verið uppteknir af vanda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sem er ærinn og tilefni eru til, þá mega menn heldur ekki gleyma því að við alveg sambærilegan vanda, a.m.k. hlutfallslega, er að glíma í fjölmörgum heilbrigðisstofnunum víða um landið. Ekki er öryggisleysið og óvissan minni en þar þar sem menn ofan í kaupið eru iðulega í hreinustu vandræðum með að fá yfir höfuð nokkurt starfsfólk til starfa af því að eitt af þessu niðurskurðarfári hefur gengið yfir starfskjörin. Búið er að afnema staðaruppbætur og skerða kjör t.d. lækna í einmenningshéruðum þannig að þeir eru margir hverjir á bak og burt, jafnvel menn sem voru rótgrónir og innfæddir starfandi í sínum heimabyggðum og höfðu um áratuga skeið, hafa í mótmælaskyni við þessi vinnubrögð yfirgefið sínar stöður. Ég þekki mörg slík dæmi. Þetta er þá framlag hæstv. ríkisstjórnar til byggðamálanna að einu ónefndu gleymdu og það eru samgöngumálin.

Herra forseti. Ég hélt að það væri brandari þegar ég sá nýjustu brtt. sem dreift hefur verið á borð þingmanna. Ég veit að þær eru margar og það er ekki víst að allir átti sig á þeim. En hér kemur brtt. frá ekki minni manni en hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, formanni efh.- og viðskn. Og hvað hefur hann helst til málanna að leggja núna í formi brtt. við lokfaafgreiðslu fjárlaganna? Að auka skerðinguna á vegafé um 100 millj. kr. Stela 100 millj. í viðbót af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar. Það er jólaglaðningurinn, Þorláksmessugjöfin til þeirra á Norðurl. v. og annars staðar um landið frá þessum hv. þm. auðvitað studdum af öllu stjórnarliðinu eins og við er að búast. Þetta mun vera vegna þess, herra forseti, að menn lögðust í reikninga í Vegagerðinni og fjmrn. og fundu það út að hugsanlega mætti hafa einar 120 millj. í viðbót út úr hinum mörkuðu tekjum á næsta ári. (**Gripið fram í:** Hvaðan?) 120 millj. úr þungaskatti, bensíngjaldi og öðru slíku. Og hvað er þá gert við þessar 120 millj.? Jú, hæstv. fjmrh. tekur 100 og 20 eru svo settar í einhverjar endurgreiðslur á þungaskatti eða öðru slíku. Sem sagt, Vegasjóður fær ekki eina einustu krónu af þessum nýjasta tekjuauka sem nýjar spár um markaðar tekjur gefa, ekki eina einustu krónu. Hlutfallið er komið í fimm af hverjum sex sem hæstv. fjmrh. hirðir beint þannig að hæstv. samgrh. er gjörsamlega búinn að missa þetta út úr höndunum á sér. Hann fær enga einustu krónu af því sem bætist við. Það fer allt í ríkissjóð eða í einhver önnur verkefni sem ráðherrarnir ákveða. Þá finnst mér að það sé kominn tími til fyrir hæstv. samgrh. að segja af sér. Hann hefur ekkert að gera í þessu embætti lengur ef staða hans er orðin þannig að hann nær ekki að halda einni einustu krónu af því sem er að bætast við í vegatekjum. Hann ætti að fara að hugleiða það að fá sér eitthvað annað að gera. Það ganga sögur reyndar, herra forseti, um að það eigi eitthvað að reyna að fríska upp á ríkisstjórnina, a.m.k. að setja alla á vítamín og jafnvel skipta um einn og einn mann núna í nágrenni við áramótin og þá er spurning hvort ekki sé rétt að fara aðeins yfir það hvernig menn hafa verið að standa sig upp á síðkastið þegar farið verður að setja á aftökulistann.

Eina stofnun enn vil ég aðeins nefna og hún tengist einnig þessu með byggðamálin, góðærið og frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar og það er Háskólinn á Akureyri. Háskólinn á Akureyri fagnaði tíu ára afmæli á þessu ári við miklar vinsældir. Þar var margt stórmennið og glæsimennið og þar voru ráðherrar. Þeir komu að vísu ekki með miklar gjafir satt best að segja en þó góðan hug að menn töldu og allir luku lofsorði á það hversu myndarlega og vel þessi stofnun hefði staðið að verki, hversu glæsileg uppbygging hefði þarna orðið og hversu þetta væri nú stórmerkt fyrirbæri í íslenskun byggðamálum því þarna væru menn virkilega að gera eitthvað sem bryti á móti straumnum. Og til viðbótar

voru mönnum kynnt á afmælisárinu áform háskólans við uppbyggingu á sinni nýju lóð á Sólborgarsvæðinu þar sem ég hef nú látið út úr mér að muni verða fallegasti háskóla-„campus" norðan Alpafjalla og er þá mikið sagt auðvitað fyrir þá sem hafa komið til Cambridge og víðar. En það blæs ekki nógu byrlega með þessa uppbyggingu þrátt fyrir að allir styðji hana í orði því ekki er ein króna sérmerkt í það verkefni á fjárlögunum og það er verið að gaufa við það mánuðum saman að þiggja tilboð Akureyrarkaupstaðar um að fjármagna að fullu byggingu rannsóknarbyggingar við skólann og það stendur bara á því að koma saman samningi um það mál. Þetta er alveg yfirgengilegt verð ég að segja. Hvað eru menn að gera? Hvers konar verkleysi er þetta og ræfildómur? (**Gripið fram í:** Hafa áhyggjur af byggð í landinu.) Og svo hafa menn áhyggjur af byggð landsins og halda dýrar og fínar ráðstefnur og gapa þar hver upp í annan um þennan mikla fólksflótta af landsbyggðinni. Er það nema von þegar það sem frá ríkisstjórninni kemur í öllu góðærinu er þetta, þ.e. þrengingar í rekstri undirstöðuþjónustunnar, það er niðurskurður á vegaféð og það er ekki einu sinni hægt að fá framgang flaggmála af því tagi sem uppbygging Háskólans á Akureyri hefur verið fyrir landsbyggðina. Og það hefur verið fyrir fleiri en Norðlendinga og Akureyringa. Menn hafa almennt staðið saman um það mál á allri landsbyggðinni að mikilvægt væri að sýna að svona starfsemi gæti byggst upp víðar en við Faxaflóann þrátt fyrir allar þær andstæður sem á móti því væru. Meira að segja gætu menn jafnvel byggt upp vísi að svona starfsemi í Vestmannaeyjum eins og kunnugt er og á Austurlandi og menn hafa verið að gera sér vonir um að þetta yrði frekar fordæmi fyrir aðra heldur en hitt. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta metnaðarleysi undrar mig.

Ég hef því leyft mér að flytja brtt., herra forseti, um að þetta verk, uppbygging Háskólans á Akureyri, fái þó a.m.k. nokkra tugi milljóna sérmerkta til nýframkvæmda þannig að enginn vafi leiki á um að þær framkvæmdir eigi að hefjast á næsta ári og þá er ég að tala um byggingarframkvæmdir á vegum háskólans sjálfs á Sólborgarsvæðinu til viðbótar því sem yrði gert á grundvelli samningsins við Akureyrarkaupstað. Mér er að vísu ljóst að fáeinar krónur eru hugsaðar í þetta af sérstökum óskiptum lið. Samkvæmt einhverri sundurliðun sem þar er sá ég þar nafn Háskólans á Akureyri. En það er auðvitað ekki það sama og að Alþingi undirstriki með slíkri afgreiðslu það sem ég legg til, að ætlunin sé að þarna hefjist byggingarframkvæmdir af fullum krafti og myndugleik strax á næsta ári.

Ég vil segja, herra forseti, að lokum að ég tek undir tekjutillögur minni hlutans. Ég tel skynsamlegt og ég tel það reyndar sérstaklega ábyrgt af minni hlutanum við þessar aðstæður og þrátt fyrir að breytingartillögur okkar við aukin framlög til ýmissa verkefna hafi verið felldar við 2. umr., að við höldum okkar striki og leggjum til þá viðbótartekjuöflun í ríkissjóð sem við höfum talað fyrir. Af hverjum gerum við það, herra forseti? Við gerum það vegna þess að við teljum skynsamlegt að nota góðærið til þess, ef svo vel vill til, að reka ríkissjóð með afgangi. En við teljum líka nauðsynlegt að ríkissjóður hafi borð fyrir báru vegna þeirra óumflýjanlegu útgjalda sem liggja fyrir og hann mun þurfa að standa straum af á næsta ári, t.d. gatið í heilbrigðismálunum.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að ein mestu mistök sem þessi ríkisstjórn hafi gert í efnahagsmálunum hafi verið hinar flötu og bráðræðislegu ákvarðanir sem teknar voru í fyrra um skattalækkanir. Ég segi það bæði vegna þess að mér er annt um þá velferðarþjónustu og þá samneyslu sem ríkissjóður þarf að standa straum af og ég hef alla tíð gert mér grein fyrir því að maður getur ekki lagt til aukningu framlaga til slíkra verkefna nema jafnframt fylgi tekjuöflun. Ég segi það líka vegna þess að ég tel það efnahagslega skynsamlegt við þessar aðstæður að taka frekar fé úr umferð og hvetja til sparnaðar og að leggja fyrir og greiða niður skuldir. Og ég tel það líka skynsamlegt vegna þess að það er sanngjarnt að atvinnulífið leggi núna eitthvað meira af mörkum, sérstaklega atvinnulífið og hátekjufólk í landinu. Þess vegna verkar hin flata tekjuskattslækkun með afnámi t.d. grunnlífeyrisbarnabóta og fullri tekjutengingu þeirra þannig, eðli málsins samkvæmt, að barnlaust hátekjufólk kemur best út úr þeirri aðgerð. Það liggur á borðinu og aðgerðir af því tagi tel ég ekki skynsamlegar.

Ég tel líka að það hafi verið vitleysa að endurvekja hið gamla uppsafnaða tap og leyfa fyrirtækjunum áfram að draga á það jafnvel tap frá því fyrir 1990 eins og ríkisstjórnin gerði. Það veldur því að mörg fyrirtæki sem hafa hvert einasta ár síðan verið í gróða borga ekki enn tekjuskatt. Það veldur m.a. því að fyrirtæki sem hafa alla tíð grætt peninga borga ekki tekjuskatt. Af hverju ekki? Af því að þau keyptu sér tap samkvæmt þeim rúmu reglum sem í gildi voru fyrir 1989–1990 og eiga það enn og hæstv. ríkisstjórn hefur af gjafmildi sinni, þrátt fyrir góða afkomu í atvinnulífinu, ákveðið að fyrirtækin skuli fá að halda áfram að nota þetta tap. Auðvitað ætti að fara yfir þessar reglur, endurskoða þær, þrengja þær og sjá til þess að gróðafyrirtækin í landinu fari að greiða tekjuskatt með eðlilegum hætti. Það væri sanngjarnt framlag þeirra núna til reksturs þjóðarbúsins. Þá væru þau þannig einnig að leggja sitt af mörkum og skila til baka þeim stuðningi sem atvinnulífið fékk í formi fyrirgreiðslu og skattalækkana á erfiðleikaárunum frá 1988 og fram undir 1993. Þetta væri fullkomlega eðlilegt og sanngjarnt.

Að síðustu, herra forseti. Ef nú væri aflað svona 2–3 milljarða í viðbót í ríkissjóð í tekjur á næsta ári, þá væri e.t.v. von til þess að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, sem ég verð að segja að ég sakna pínulítið af því að hann hefur ekki verið hér undir minni ræðu — en nú er alveg sérstaklega að því komið að ég ætla að kveðja hann hérna með nokkrum orðum.

(**Forseti** (StB)**:** Hæstv. fjmrh. er í húsinu.)

Já, það væri nú ágætt ef hæstv. forseti léti þingsveina gera hæstv. ráðherra viðvart.

(**Forseti** (StB)**:** Það verður gert.)

Við mundum telja okkur stórkostlega heiðruð sem hér erum ef hæstv. ráðherra vildi láta svo lítið að setjast hérna smástund í sæti sitt. Auk þess sé ég að skemmtileg bók eftir Þorstein Valdimarsson liggur á borði hæstv. ráðherra sem hann gæti þá gluggað í og hefur hann örugglega lesið margt verra en gangnavísur Þorsteins Valdimarssonar.

Herra forseti. Ég gerði það mér til gamans og auðvitað líka fyrir vin minn hæstv. fjmrh. að taka saman tölur um feril hans sem fjmrh. og ég ætla að enda á því, þegar hæstv. ráðherra kemur hér, að renna aðeins yfir þær. Því segi ég það að ef menn sameinuðust nú yfir það hér, stjórnarliðið þægi það tilboð stjórnarandstöðunnar að afla ríkissjóði viðbótartekna á næsta ári, þá væri e.t.v. von til þess að hæstv. fjmrh., þ.e. ef hann ílengist þá í embætti, lifði þann dag að hann ræki ríkissjóð án halla. En það hefur ekki gerst enn þá. Svo hroðalegt er nú það.

Ég ætla helst, herra forseti, að bíða með að rifja þessar tölur upp þangað til hæstv. ráðherra kemur því ég veit að það munu gleðja hann svo mikið að heyra þetta. Ég vil helst ekki svipta hann þeirri ánægju. Ég get þá sem best dundað við að leggja þetta saman á meðan því að ég hef ekki gert það nákvæmlega. Hallinn sem mér sýnist að hér sé á ferðinni er upp á miklar fjárhæðir, herra forseti, og ég veit að hæstv. fjmrh. skorast ekki undan því að ræða ríkisfjármál og allra síst frammistöðu sjálfs sín. En það hlýtur að vera hæstv. ráðherra nokkurt áhyggjuefni og nokkur vonbrigði svo ekki sé meira sagt að þurfa að horfast í augu við það hvernig nú horfir með búskapinn bæði á þessu ári og hinu næsta, að öll hin glæstu áform um að reka ríkissjóð með tekjuafgangi og miklum bravúr runnu út í sandinn. Það er nú ekki gott, herra forseti.

Nú er spurning hvort ég eigi að gera hlé á máli mínu, herra forseti. Eru einhverjar fregnir af fjmrh.? Auk þess finnst mér almennt séð ástæðulaust að halda þessari umræðu áfram. Ef enginn af hæstv. ráðherrum nennir að vera í þingsalnum, þá þurfum við ekkert að vera hér heldur.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur ekki nýjar fregnir af hæstv. fjmrh. að öðru leyti en því að hann er í húsinu samkvæmt upplýsingum forseta og gengur í salinn þessa stund.)

Ég þakka það, herra forseti, og þakka hæstv. fjmrh. En að öðru leyti verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, þó að ég sé að verða pínulítið leiður á því að lenda æðioft í því hlutverki að vekja athygli á þessum staðreyndum, að mér finnst viðvera hæstv. ráðherra hér vera neðan við allar hellur. Mér finnst það neðan við allar hellur að við skulum vera að ræða hérna stærstu mál hvers þings, fjárlög og ráðstafanir í ríkisfjármálum heila og hálfa daga og það er ýmist einn eða enginn ráðherra viðstaddur og iðulega ekki sá ráðherra sem flytur málið. T.d. vorum við hér í allan gærdag án hæstv. forsrh. að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er bandormur sem hæstv. forsrh. flytur. Við greiddum hér atkvæði um sama mál að báðum formönnum stjórnarflokkanna fjarstöddum og við höfum meira og minna verið að ræða um fjárlögin núna og hæstv. fjmrh. er hér í mýflugumynd. Þetta er ekki nógu gott. Þetta var ekki venja hér, herra forseti. Forsetar sáu til þess að hæstv. ráðherrar komust ekki upp með þetta. Sú var tíðin að mönnum var ekki hlíft, jafnvel þó þeir væru sofandi heima hjá sér í rúmi um miðjar nætur. Það man sá sem hér stendur mjög vel, að hafa verið vakinn upp að ganga klukkan þrjú að næturlagi eins og lífið lægi við. (**ÁJ:** Á síðustu öld.) Nei, það var á þessari öld, herra forseti. Það var á þessari öld. Ég veit að hv. þm. Árni Johnsen man langt aftur á síðustu öld, en það er allt önnur saga. Þá voru menn iðulega vaktir — ég ætla að nota kurteislegt orðalag um það, herra forseti. Það var annað sem mér kom reyndar í hug — og sóttir um miðja nótt til þess að hlusta hér á stjórnarandstæðinga, t.d. hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal. Sá var nú ekki að hlífa því. Sá lét nú ekki bjóða sér það að ræða málin nema hæstv. ráðherrar væru viðstaddir. Það er ekki aðallega mín vegna, herra forseti, sem ég segi þetta heldur vegna hins að mér finnst Alþingi setja ofan við þetta. Mér finnst forsetar vera að láta undan þessari leti og þessu virðingarleysi ráðherranna með því að ganga ekki í lið með þingmönnum og sjá til þess að þokkalegur svipur sé á þessu þegar við erum hérna að ræða mál.

Þá að allra síðustu þetta, herra forseti. Ég gerði það mér til gamans að taka saman feril eða afrekaskrá hæstv. fjmrh., hvernig þessum metnaðarfulla manni og frjálshyggjumanni sem vill draga úr ríkisafskiptum og reka ríkissjóð eins og hvert annað gróðafyrirtæki væntanlega, hefur gengið að ná fram þeim markmiðum sínum. Að sjálfsögðu tek ég kosningaárið 1991 ekki með. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég geri það ekki vegna þess að það er ekki að öllu leyti sanngjarnt og á ekki að gera. Við vitum öll að þeir ráðherrar sem taka við á miðju ári hafa takmarkað svigrúm til þess að hafa áhrif á gang ríkisfjármála á því ári. Og ég vek athygli á því að með þessu lækka ég auðvitað hallatöluna sem tilheyrir tímabili hæstv. núv. fmrh. verulega.

En við byrjum á árinu 1992 því að sannarlega bar hæstv. fjmrh. ábyrgð á þeim fjárlögum sem afgreidd voru hér í desember 1991. Þá reyndist hallinn á ríkissjóði því miður verða á 5. milljarð kr., 4.111 millj. Á árinu 1993 seig enn á ógæfuhliðina því þá varð hallinn 6.244. Á árinu 1994 þegar góðæri í raun og veru gekk í garð, þegar verulega fór að rofa til í okkar efnahagsmálum, þá varð þetta enn ljótara því þá varð hallinn 9.635. Á árinu 1995 var enn meira góðæri. Þá var verulega farið að rofa til. Þá var hallinn 7.436. Á árinu 1996 sem var annað hinna miklu uppsveiflugóðærisára sem við höfum verið að lifa og erum stödd á síðari helmingi núna, var hallinn 3.951, rétt tæpir 4 milljarðar. Það er eins og mig minnir að þá hafi átt að reka ríkissjóð með afgangi. Reyndar ætlaði hæstv. fjmrh. sér það flest árin. Nei, þá varð hallinn 3.951 millj.

Eins og þetta stendur núna á árinu 1997, þá er ríkissjóður rétt við núllið, höktir kannski eins og 100 eða 150 millj. yfir núllinu miðað við fjáraukalög og spár. En hvað er þá eftir? Þá er eftir uppsafnaður vandi úti í stofnununum sem ríkið verður að lokum að borga og sumt að koma til við uppgjörsaukafjárlög í mars á næsta ári upp á hundruð millj. kr. Það er alveg ljóst þannig að þá mun árið 1997 vera komið í halla eins og öll hin. Og hvernig lítur þá framtíðin út, þ.e. sjöunda árið, ef hæstv fjmrh. heldur þetta út? Jú, afgangurinn er kominn niður fyrir 100 millj. og það vita allir, það veit öll þjóðin, að það verður að loka fjárlögum með vöntun upp á 1,5 milljarða, a.m.k. í heilbrigðismálunum svo ekki lítur það vel út. Og sjöunda árið er að ganga í garð þar sem eiginlega er borin von að hæstv. fjmrh. sjái til sólar og nái þessu langþráða draumamarkmiði sínu, að reka ríkissjóð með afgangi. Ferillinn er því nú ekki glæstur.

Niðurstaðan er sú að hæstv. ráðherra er búinn að reka ríkissjóð í þessi sex ár með halla upp á 32–33 milljarða kr. Þetta er af stærðargráðunni 32–35 milljarðar kr. Ég veit ekki alveg hvort þessar tölur sem ég er hér með á blaði eru alveg allar á verðlagi hvers árs eða að hluta á verðlagi hvers árs. Mér er nær að halda það. En það er fljótgert að uppfæra það og stærðargráðan er þessi. Þetta er nú svona. Svo er von að menn séu kokhraustir. Reyndar hef ég tekið eftir því að hæstv. fjmrh. er daufur í dálkinn þessa dagana. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að hann sé ekki ánægður með sinn afrakstur og honum finnist að ýmsir aðrir hafi kannski verið fullörlátir. En eins og kunnugt er að þó að hæstv. fjmrh. hafi mikil undirtök í samskiptum sínum við einstaka fagráðherra þá er einn honum æðri sem fær það stundum í sig að gera góðverk og þau eru stundum dýr, eins og hin mikla flata skattalækkun hæstv. ríkisstjórnar á síðasta ári og fleira þar mætti nefna.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til að gera okkur það til dundurs og upprifjunar og ánægju að rifja aðeins upp þessar staðreyndir úr ferli hæstv. fjmrh. og hvernig horfurnar eru fyrir hæstv. ráðherra á næsta ári, þ.e. ef hæstv. ráðherra

heldur þetta út en að öðru leyti hugsa ég mér að hafa ekki fleiri orð um þetta og óska hæstv. fjmrh. gleðilegra jóla.

[18:50]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka kveðjur hv. þm. og vonast til þess að sjá hann hér í fyrramálið líka. En vegna orða hans um afkomu ríkissjóðs er nauðsynlegt að benda á að allar upplýsingar um það er að finna á bls 45 í fylgiriti fjárlagafrv. Þar keemur auðvitað í ljós að árið 1991, það ár sem ég tel að hv. þm. hafi átt nokkra aðild að, er afkoman sýnu verst. Jafnframt kemur í ljós að á árunum þar á eftir hefur afkoman verið að batna. Hún er misgóð en þó ber að geta þess að á árunum 1996 og 1997 batnar hún verulega. Og ef tekið er tillit til þess að á árinu 1996 og 1997 er verið að kalla inn spariskírteini og önnur verðbréf og borga niður vexti sem tilheyra öðrum árum, þá er afkoman vel viðunandi og reikna má með að á yfirstandandi ári verði afgangur séu þessir vextir ekki taldir með. Nú er verið að tala um milljónir eða milljarða á verðlagi hvers árs. Sé þetta hins vegar skoðað sem rekstrarafkoma og hlutfall af vergri landsframleiðslu, þá kemur í ljós að miðað við árin á undan, þ.e. miðað við árin 1988–1991 sem hv. þm. þekkir mjög vel, þá er árangurinn verulegur. Og nú er það að gerast sem menn hafa beðið eftir lengi, að árangur stjórnarstefnunnar á síðustu árum er að skila sér í bættu árferði með þeim afleiðingum að ríkissjóður verður rekinn með afgangi á næsta ári þannig að það er enginn vandi fyrir fjmrh. að standa hér og segja að afkoman hafi farið batnandi. Við vondu búi var tekið og loks er búið að snúa þessum hlutum við.

[18:52]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við lítum aðeins á árið 1991 og árin þar á undan þá þekkja menn hvernig aðstæður voru þá. Það er ljóst að á árinu 1991 voru menn á botni djúprar kreppu. Undangengnar voru víðtækar aðgerðir til bjargar atvinnulífinu í landinu eftir hinn hörmulega viðskilnað Sjálfstfl. sem missti allt niður um sig í efnahagsmálum og undan hverjum sprakk ríkisstjórn í septembermánuði 1988. Nýafstaðin var þjóðarsátt um að taka niður verðbólguna þar sem ríkissjóður lagði sitt að sjálfsögðu af mörkum og var án efa eitt mesta gæfuspor í efnahagsmálum okkar Íslendinga á síðari áratugum. Það var m.a. árangurinn og uppskeran af því sem núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn fengu í arf. Það er óumdeilt að því skilaði sú ríkisstjórn þannig að það er enginn skortur á málsvörn fyrir það þó að ríkissjóði hafi verið beitt á þessum árum og hann hafi verið gerður upp með umtalsverðum halla t.d. á árinu 1991. Ég er alveg sannfærður um að hvaða hagfræðingur sem er, hvar í heiminum sem væri, mundi líta á þessar hlutlægu staðreyndir sem liggja fyrir og viðurkenna þær, að þarna tókst mönnum þrátt fyrir allt mjög vel til.

Varðandi það að þetta hafi síðan batnað hjá hæstv. fjmrh. þá verð ég að segja alveg eins og er: Þó það nú væri að þetta hafi eitthvað batnað í þessu mikla góðæri og þessari miklu uppsveiflu. Hæstv. ráðherra var einn af þeim sem reyndu að gera lítið úr árangri hv. þm. Ragnars Arnalds þegar hann var fjmrh. og rak ríkissjóð með miklum gæsibrag á árunum 1980–1983 og sagði sem svo: „Það er lítill vandi að reka ríkissjóð með gróða þegar viðskiptahalli er og mikill innflutningur." Hvað hefur gerst í tíð hæstv. núv. ráðherra? Hann hefur fengið upp í hendurnar núna í þrjú og hálft ár eitthvert mesta góðæri eftirstríðsáranna. En árangurinn er samt ekki betri en svo að hann er enn ekki kominn upp fyrir núllið og er orðið örgrannt um að á þessu ævikvöldi hans í embætti fjmrh. takist honum það nokkurn tíma.

[18:55]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði síðast að það er alveg ljóst að vandinn er hægari þegar hér er viðskiptahalli því að allir vita að hann er skattlagður og hárrétt sem hv. þm. sagði um þá hluti. En það breytir ekki hinu að þeir sem skoða af fullri sanngirni þær tölur sem liggja fyrir, komast að því að ef við færum upp til verðlags dagsins í dag, þá var hallinn á árinu 1988 14 milljarðar, milli 9 og 10 milljarðar 1989, lægri 1990, en milli 16 og 17 milljarðar á núgildandi verðlagi árið 1991 þannig að það er augljóst mál þegar þetta er skoðað á þennan hátt að árangur hefur verið að nást. Ekki má gleyma því að til þess að ná góðri afkomu nú þarf að taka tillit til þess að ríkissjóður er að greiða gífurlegan vaxtakostnað vegna uppsafnaðra skulda.

Aðalatriðið er, virðulegur forseti, að okkur er að takast það nú á næsta ári að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Skuldir ríkissjóðs voru á árinu 1996 51% af vergri landsframleiðslu. Talið er að í lok næsta árs verði þessar skuldir innan við 43% af vergri landsframleiðslu. Það er þetta sem skiptir máli að skoða og jafnvel hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem viðurkennir nú ekki alltaf staðreyndir og tekur ekki alltaf tiltali þegar við hann er talað, getur ekki annað en viðurkennt að árangurinn er góður. Og þó eflaust mætti segja að gott væri að skila meiri og meiri arfgangi, þá er staðan sú að árangurinn er viðunandi og það gerist þrátt fyrir að við séum að lækka skatta. En það verður að taka með í reikninginn að þegar hv. þm. var í ríkisstjórn hófst skattahækkunaralda og reið yfir þetta þjóðfélag.

[18:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum nú ekkert fara út í svo barnalegar rökræður að metast um það hvor umgangist staðreyndir af meiri virðingu ég eða hæstv. ráðherra. Það er röksemdafærsla sem er erfitt að fá botn í held ég nema þá nefna dæmi. Hæstv. ráðherra nefndi árið 1988. Þegar ég fór í minn samanburð, þá sleppti ég árinu 1991. Er það ekki akkúrat eins og á að gera? Ég viðurkenndi það og sagði: Það er ekki rétt að taka það ár þegar ríkisstjórnarskipti verða því að eðli málsins samkvæmt er það ár aðallega á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem er að fara frá. Hver bar aðallega ábyrgð á árinu 1988? Hverjir gerðu það? Hverjir réðu þá fyrir ríkisstjórn? Var það ekki hv. þm. Þorsteinn Pálsson, núv. hæstv. sjútvrh.? Það er eins og mig minni að einhver hafi verið iðnrh. í þeirri ríkisstjórn og reyndar auðvitað einhver fjmrh., hugsanlega verðandi sendiherra í Washington. Og þó að hallinn hafi þá orðið 14 milljarðar er það ekki eitthvað sem á að gjaldfæra sérstaklega í orðaskiptum okkar á minn reikning.

Varðandi það að ríkissjóður beri meiri vaxtakostnað og það séu uppsafnaðir erfiðleikar. Það er út af fyrir sig alveg rétt og það verður maður að viðurkenna. Þeim mun meiri og ríkari er ástæðan til að reyna að ná skuldunum niður. Það er alveg ljóst að við vorum komin fram á bjargbrúnina með skuldir ríkissjóðs á Íslandi og reyndar opinberar skuldir almennt, sveitarfélaganna margra líka. En hlutfallstölurnar, herra forseti, sem hæstv. fjmrh. nefndi eru líka varasamar. Þó að þetta hlutfall hafi lækkað talsvert sem hlutfall af landsframleiðslu, þá er það meiri mælikvarði á að landsframleiðslan hefur aukist verulega núna í góðærinu heldur

en hitt að við höfum náð enn þá a.m.k. umtalsverðum árangri við raunlækkun þessara skulda. Við verðum að hafa í huga að landsframleiðslan getur lækkað á nýjan leik. Þá rýkur þetta hlutfall upp nema okkur takist að greiða þær niður að raungildi. Og það sem ég hef verið að benda á hér er fyrst og fremst að þar höfum við enn þá því miður náð takmörkuðum árangri.

[18:59]

**Ólafur G. Einarsson:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 674 við fjárlagafrv. 1998. Að brtt. standa ásamt mér varaforsetar þingsins og formenn þingflokkanna. Í brtt. er lagt til að veittar verði 20 millj. kr. á fjárlögum næsta árs til að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga nýbyggingar Alþingis. Hér er um að ræða framkvæmdir við svonefndan þjónustuskála sem er fyrsti áfanginn í nýbyggingaráætlun Alþingis.

Ég þarf víst varla að minna hv. þingmenn á svo oft sem ég hef nefnt það á undanförnum árum að ég hef jafnan litið á það sem mikilvægt verkefni okkar alþingismanna að koma húsnæðismálum Alþingis í viðunandi horf. Vandinn hefur ekki síst verið fólginn í því að starfsemi Alþingis hefur verið dreift í mörg hús og hefur af því hlotist margvíslegt óhagræði og kostnaður sem ekki þarf að hafa mörg orð um.

Á vegum forsætisnefndar Alþingis hefur um nokkurt skeið verið unnið að athugun á því hvernig nýta megi Alþingisreitinn til nýbyggingar fyrir þingið og hefur nú verið gengið frá heildaráætlun um uppbyggingu reitsins. Áætlunin hefur verið unnin í samvinnu við formenn þingflokka sem eru jafnframt eru meðflutningsmenn að breytingartillögunni eins og ég gat um í upphafi.

Áætlunin um uppbyggingu Alþingisreitsins er forsenda tillögu að nýju deiliskipulagi sem borgaryfirvöld í Reykjavík hafa fjallað um á undanförnum mánuðum og er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegri staðfestingu hennar fljótlega á næsta ári. Hafa borgaryfirvöld verið jákvæð í afstöðu sinni til áætlunarinnar. Undirbúningsvinna við verkið á því að geta hafist fljótlega og er ekkert því til fyrirstöðu að fyrsta áfanga nýbyggingar verði hrundið í framkvæmd á næsta ári. Af því tilefni er farið fram á að veittar verði 20 millj. kr. til undirbúnings þessara framkvæmda. Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fara nánar út í einstaka þætti áætlunarinnar um uppbyggingu á Alþingisreit og vísa í því atriði til greinargerðarinnar sem þingmenn hafa fengið í hendur. Nokkur atriði vil ég þó draga fram sérstaklega.

Með áætluninni er áréttuð sú stefna að Alþingi hafi áfram starfsaðstöðu á Alþingisreitnum um fyrirsjáanlega framtíð þó að Alþingishúsið verði eftir sem áður þungamiðja þinghaldsins. Í því felst að nýbyggingar og núverandi húseignir Alþingis á reitnum munu leysa af hólmi allt húsnæði Alþingis utan reitsins, bæði eigin hús og leiguhúsnæði. Markmiðið er að starfsemi Alþingis á Alþingisreitnum verði ein samfelld heild þannig að innangengt verði úr Alþingishúsinu í aðrar byggingar á reitnum.

Mikilvægt er að með því að skipta verkinu niður í hóflega áfanga gefst svigrúm til að haga framkvæmdum á Alþingisreit með hliðsjón af þörfum og aðstæðum hverju sinni. Meginforsendur áætlunarinnar eru þessar:

1. Að byggður verði þjónustuskáli sem tengdur verði Alþingishúsinu og öðrum byggingum Alþingis á reitnum.

2. Að lokið verði endurbyggingu núverandi húsa á reitnum og ný hús byggð við Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti.

3. Að í kjallara undir reitnum verði bílastæði en það er nauðsynlegt til að uppfylla megi kröfur borgaryfirvalda um fjölda bílastæða.

Sá áfangi áætlunarinnar, sem lýtur að byggingu þjónustuskálans og tengingu hans við Alþingishúsið, er forgangsverkefni. Þetta kemur til af því að álagið á Alþingishúsið er orðið svo mikið að brýna nauðsyn ber til að flytja úr því alla þá starfsemi og þjónustu sem myndar ekki nánustu umgjörð um þinghaldið, svo sem mötuneyti, símavörslu og fleira. Einnig er ráðgert að fundaraðstaða þingflokka flytjist úr Alþingishúsinu þegar uppbyggingu við Kirkjustræti og Tjarnargötu er lokið.

Þjónustuskálinn mun í verulegum mæli taka við þeirri starfsemi og þjónustu sem flyst úr Alþingishúsinu auk þess að verða miðstöð fyrir upplýsingaþjónustu og almannatengsl. Með því vinnst að beina má umferðinni frá Alþingishúsinu og draga verulega úr umganginum sem nú er um húsið. Þá verður einnig unnt að bæta til muna aðgengi fatlaðra að þingsal í Alþingishúsinu en því er nú mjög ábótavant.

Á bak við þessar hugmyndir ríkir almennt það sjónarmið að Alþingishúsið fái notið sín áfram sem ein fallegasta og merkasta bygging landsins og geti gegnt sínu rétta hlutverki sem virðuleg umgjörð um löggjafarsamkomuna. Stefnt er að endurnýjun á innri gerð hússins til að laða fram eins og kostur er upprunalegt yfirbragð þess og sérkenni. Mikilsvert er að greið leið verði úr Alþingishúsinu í önnur hús Alþingis. Gert er ráð fyrir að innangengt verði úr Alþingishúsi í þjónustuskálann og þaðan í önnur hús þingsins.

Þjónustuskálinn verður tvær hæðir auk kjallara. Stærð hans er ráðgerð um 980 fermetrar, þar af verða um 700 fermetrar á 1. og 2. hæð. Stefnt er að því að framkvæmdir við skálann geti hafist haustið 1998 að lokinni undirbúningsvinnu og er ætlað að ljúka megi þessum áfanga fyrir haustið 1999 ef Alþingi ákveður svo. Áætlaður kostnaður við byggingu þjónustuskálans og niðurkeyrslu í bílakjallarann er um 250 millj. kr.

Í næsta áfanga yrði svo ráðist í endurbyggingu Skjaldbreiðar og síðan reist nýbygging vestan hennar út að horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu. Í framhaldi af því væri byggt suður með Tjarnargötu og verkinu lokið með tengingu nýbyggingar við Vonarstræti 12. Samhliða þessu væri unnið við bílakjallarann eftir því sem verkinu miðaði áfram.

Fyrirliggjandi tillögur gera ráð fyrir að stærð endurbygginga og nýbygginga á Alþingisreitnum verði um 5.400 fermetrar auk 3.200 fermetra í kjallara. Þegar hefur verið lokið 1. áfanga, þ.e. endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10 auk tengibyggingar milli húsanna, alls um 900 fermetrar. Þannig á eftir að endurbyggja um 500 fermetra og 4.000 fermetra í nýbyggingum auk kjallara.

Húsrými utan Alþingisreitsins er að flatarmáli um 2.630 fermetrar. Annars vegar eru þetta hús í eigu Alþingis, þ.e. Þórshamar og Skólabrú 2, hús sem verða væntanlega seld, og hins vegar leiguhúsnæði, Austurstræti 12 og 14 og Kirkjuhvoll sem hætt verður að leigja. Við það mundu sparast miklu peningar því að leigugreiðslur Alþingis nema nú alls um 15 millj. kr. á ári. Aukning húsnæðis verður því um 1.400 fermetrar og er mesti hluti aukningarinnar fólginn í byggingu þjónustuskálans.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vil geta þess að þær 20 millj. kr. sem farið er fram á að þessu sinni verða á sérstökum fjárlagalið til að undirstrika að fjárveitingum í

framkvæmdirnar verður haldið aðgreindum frá öðrum kostnaði við rekstur Alþingis.

[19:07]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Nokkur orð frá undirrituðum við lokaafgreiðslu fjárlaga. Það er alveg ljóst að við erum við ákaflega undarlegar aðstæður, það fer ekki á milli mála. Eins og margsinnis hefur komið fram og þá einkanlega stjórnarsinnar hafa undirstrikað og áréttað, er hásveifla í efnahagslífinu og ríkissjóður bólgnar svo sannarlega út. Peningarnir renna í hann í stríðum straumum en raunar jafnharðan úr honum aftur því að þrátt fyrir alveg gífurlega tekjuaukningu ríkissjóðs á næsta ári og raunar líka yfirstandandi ári er ekki meira en svo að stjórnarmeirihlutinn geti skilað af sér hallalausum fjárlögum. Það stendur á endum.

Sannarlega bendir allt til þess að umtalsverður halli verði á fjárlögum næsta árs, þ.e. ef tekjuhlið fjáraganna er eitthvað nærri lagi því að á hinn bóginn er alveg ljóst að frammúrkeyrsla er fyrirsjáanleg á gjaldahliðinni. Það sýnir reynsla yfirstandandi árs svo ekki verður um villst og birtist ljóslega í fjáraukalögum sem voru afgreidd fyrir nokkrum dögum. Þar nam frammúraksturinn sjö milljörðum kr. Það gerðist á sama tíma og fjárlög yfirstandandi árs fyrir réttu ári voru líka afgreidd með verulegri útgjaldaaukningu ef miðað er við árið 1996. Allt horfir þetta á einn veg. Ríkissjóður bólgnar út og sama hvernig á er litið. Hvaða grunn sem menn vilja bera sig saman við, tekjugrunn eða greiðslugrunn, þá er samneyslan að stóraukast og hlutdeild ríkissjóðs í þeim efnum er þar sannarlega efst á blaði.

Það er mjög mikilvægt og eftirtektarvert að staldra aðeins við þennan veruleika því að ég man ekki betur en stjórnarflokkarnir tveir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafi mjög talað um það og þá einkum og sér í lagi sá fyrrnefndi að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, ekki til þess eins að minnka hallann á fjárlögum hvers árs eða koma böndum á hina efnahagslegu hlið fjárlaganna heldur ekki síður væri þar um að ræða trúarbrögð í þeim herbúðum að það þyrfti að fækka opinberum stofnunum og draga mjög verulega úr vægi þeirra í íslensku samfélagi. Í því ljósi hefur Sjálfstfl. oft og einatt rætt um nauðsyn þess að leggja niður stofnanir, selja þær hæstbjóðendum og koma þeim út úr ríkisreikningi. Það hefur gengið hægt en jafnvel þó að það hafi gengið í einhverjum vissum tilfellum og ríkisstjórnin hafi farið fram með áform og raunar framkvæmt sum þeirra um sölu ríkisfyrirtækja verður þess ekki vart í tölulegum staðreyndum og hinum tölulega veruleika þessara fjárlaga því að heildartölurnar hækka ár frá ári og virðist ekkert lát á. Maður hlýtur að spyrja og ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., ef hann heyrir mál mitt, og raunar líka formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar: Ef ekki er hægt að skila ríkissjóði með umtalsverðum tekjuafgangi núna, hvenær þá? Ef ekki er hægt á hástigi efnahagsbatans og góðærisins að skila ríkissjóði með umtalsverðum tekjuafgangi á næsta ári, hvenær er það þá hægt? Sér hv. þm. Jón Kristjánsson þau merki á komandi árum þegar eitthvað dregur úr góðærinu sem sannarlega mun verða að veruleika fyrr en síðar? Eru meiri möguleikar þá til þess að draga úr?

Ég rifja upp að í tíð síðustu ríkisstjórnar á miklum erfiðleika- og samdráttartímum í samfélaginu var sú ríkisstjórn nauðbeygð til þess að draga saman í útgjöldum ríkissjóðs og tókst bærilega upp á mörgum sviðum, gerði vissulega mistök og átti við ramman reip að draga. Hún átti m.a. við að etja mjög harðsvíraða, skulum við segja, stjórnarandstöðu sem vildi engan þátt taka í þeim tilraunum. En mér sýnist á öllu að menn séu búnir að gefast upp á þessu viðfangsefni, sem stundum hefur verið kallað sjálfkrafa útgjöld úr ríkiskassanum. Stundum jafnvel verið nefnt sjálftaka og þá einkum og sér í lagi hef ég horft til undirstofnana ríkissjóðs, ekki eingöngu ráðuneytanna, sem virðast geta farið sínu fram nánast að vild og sótt fé sitt í fjáraukalögum eftir því sem þeir kjósa. En ég hlýt að staldra við þennan einasta punkt. Ef okkur tekst ekki að setja bönd á ríkisútgjöld og koma fjármunum til hliðar til þess að fjárfesta í framtíðinni, til þess að greiða niður skuldir, til þess að skila ríkissjóði með afgangi, ef það er ekki hæst á næsta ári, hvenær er það þá hægt?

Ég sé ekki þess dæmi og ég kalla líka eftir því hvort einhver hrópandi dæmi og einhver handföst dæmi séu um að fjárln. og fjmrn. hafi uppi umtalsverðar tilraunir til að stemma stigu við sjálfkrafa útgjaldaþörf ríkissjóðs. Eru einhver dæmi einhvers staðar þar sem menn eru með kerfisbreytingu og formbreytingu að taka á? Eru einhverjar stýrinefndir víðar á ferð í ríkiskerfinu en eingöngu í sjúkrahúsamálum sem ég mun koma að nánar á eftir? Mér þætti vænt um að heyra hvar menn eru að reyna að stemma stigu við útgjöldunum. Ég sé það hvergi í gögnum fjárln. Ég sé það heldur ekki í frv. hæstv. fjmrh. sem hann dreifði á fyrsta degi þingsins. Ég hlýt því að spyrja beint um það hvar menn eru að gera slíkar tilraunir því auðvitað er ekkert svar að halda því fram að verulegur árangur sé í höfn vegna þess að mönnum takist með harmkvælum að skilja eftir einhverja 10 þúsund kalla á niðurstöðutölum fjárlaganna þegar tekjuaukningin skiptir tugum milljarða á umliðnum þremur árum.

Ég var einmitt að rifja upp hvernig þetta blasti við í dag ef borið er saman til að mynda við undirbúning fjárlaga 1994 þegar ég kom dálítið að því verki sem þáv. heilbrrh. Maður lifandi. Þessu er ekki saman að jafna. Aðstæður eru gerbreyttar. Tekjurnar hafa hækkað um tugi milljarða kr. og sem betur fer hefur ríkissjóður tök á því að sækja sér fé en þá spyr ég og árétta enn og aftur: Hvers vegna í veröldinni nota menn ekki lagið og möguleikana til þess að ná niður hallanum og skilja eftir smáafgang til þess að eiga borð fyrir báru þegar stóra kröfugerðin fer að birtast hér og þar og alls staðar þegar fjárlagaárið hefst? Auðvitað eru víða slíkar þarfir og slíkar kröfur uppi við, kröfur sem við sjáum fyrir okkur að verði mjög erfitt og nánast vonlaust að standa gegn þegar til kastanna kemur. Því miður verður það þannig að við á hinu háa Alþingi verðum ekki spurð þegar til útgjaldanna er stofnað. Það verður bara veruleikinn sem blasir við okkur á hausti komanda þegar fjáraukalög birtast okkur og í ljós kemur að útgjaldastreymið hefur verið miklu minna en við ákváðum. Það er bara veruleikinn sem blasir við okkur, því miður.

Í þessu sambandi hlýt ég að staldra eilítið við það, virðulegi forseti, og þá ætla ég að leita eftir því og spyrja um það, því ég geri yfirleitt ekki mikið af því, hvort hæstv. utanrrh. sé í húsinu eða hvort hann sé hættur að sinna þingstörfum. Ég tók eftir því að við atkvæðagreiðslu í dag kom formaður Framsfl., sem hefur haft öðrum hnöppum að hneppa síðustu dagana og verið lítið við umræðuna, og hóf setu við atkvæðagreiðslu dagsins. En hann hvarf fljótlega á braut, mátti ekki vera að því að ljúka henni, sat t.d. ekki undir mikilvægri atkvæðagreiðslu um bandorm. Ég veit ekki hver ástæðan var en það er eftirtektarvert. Ég spyr: Er hæstv. utanrrh. í húsinu?

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu.)

Það var auðvitað að vonum eins og venja er. Ég hef ekki neinar óskir uppi um að hann komi hingað. Ég hef enga nennu að bíða eftir því. Hann hefur ekki haft ástæðu til að sinna þessu fram að þessu og engin ástæða til að hann geri það héðan af. En ástæðan fyrir því að ég bið um það og kalla eftir viðveru hans eru þær miklu stærðir sem birtust okkur fyrir nokkrum dögum í fjáraukalögum þar sem hæstv. ráðherra og annar oddvita ríkisstjórnarinnar leyfði sér að fara 400 millj. kr. fram úr í húsakaupum. Hér eru menn á Alþingi og hæstv. forseti þingsins að birta mjög hógværar kröfur og tillögur Alþingis, forsætisnefndar og formanna þingflokka um 20 millj. kr. stofnframlag til bygginga þingsins sem býr mjög þröngt. Hæstv. utanrrh. tékkaði út 400 millj. kr. til tveggja verkefna og hinu háa Alþingi var tilkynnt um það eftir að sá gjörningur var orðinn veruleiki. Ég fór nokkrum orðum um þetta við umræðu og ætla ekki að endurtaka það en þetta vakti mig dálítið til umhugsunar og ég náði mér í úttekt á stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á utanrrn. sem gerð var raunar að beiðni fyrrv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, en var út af fyrir sig ekki fullkláruð fyrr en á yfirstandandi kjörtímabili og var skilað í maí 1996 fyrir hálfu öðru ári þar sem gerð er nokkuð ítarleg grein fyrir húsnæðismálum utanrrn. á erlendri grundu. Þar kemur margt býsna merkilegt fram því að í maí 1996, og ég rifja upp að þá hafði hæstv. núv. utanrrh. setið í embætti í heilt ár, eru listaðar hér ... (Gripið fram í.) Ef von er á hæstv. ráðherra eftir fimm mínútur, þá ætla ég, virðulegi forseti, að geyma mér umfjöllun um þetta mál og víkja að öðrum atriðum þannig að hæstv. ráðherra megi hlýða á mál mitt og mun því víkja tali mínu að allt öðrum málum sem þó eru ekki síður veigaþung og mikilvæg. Það eru samgöngumálin.

Ég veit ekki hve margir hv. þingmenn hafa lagt sig eftir því að lesa álit sameiginlegt álit samgn., allra níu fulltrúanna í samgn., þriggja stjórnarandstæðinga og 5–6 stjórnarliða. Þar fer ekkert á milli mála. Þetta álit gilti jafnt um bandorminn og þær skerðingar sem var að finna í honum og einnig þær niðurstöðutölur sem er að finna tillögum í meiri hluta fjárln. Þar er ekkert verið að skafa utan af hlutunum og ég tel mikilvægt að hv. þingmenn átti sig á því hver afstaða manna er til þeirra tillagna sem liggja fyrir. Þar eru menn á borð við Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Egil Jónsson og Kristján Pálsson svo ég nefni þá sem eru tíndir til sögu í stjórnarliðinu sem gera glögglega grein fyrir því að lækkun framlaga til vegamála nemi einum milljarði 64 millj. kr. sem áform voru uppi um og hefur sá niðurskurður hækkað um einar 100 millj. kr., er þannig 1.164 millj. kr. og þar segja menn bara bókstaflega að þetta geti ekki gengið svona. Þess vegna var það hér við 2. umr. að við stjórnarandstæðingar létum á það reyna með beinum tillöguflutningi og í atkvæðagreiðslu hvort hv. þingmenn hefðu meint eitthvað með yfirlýsingum sínum í áliti samgn. eða hvort þetta væru bara merkingarlaus orð á blaði. Því miður kom á daginn að þeir létu kúska sig og beygja og greiddu atkvæði þvert gegn vilja sínum og áður yfirlýstum skoðunum sínum með niðurskurði upp á rúman milljarð kr. Það er undrunarefni. En þeir eiga sannarlega enn þá möguleika á því við 3. umr. að lappa örlítið upp á eigin ásýnd með því þó að standa gegn enn frekari niðurskurði af mörkuðum tekjustofnum sem eiga að renna til vegagerðar með því að greiða atkvæði gegn enn frekari niðurskurði upp á 100 millj. kr. Þeir eiga enn þá möguleika á því að bjarga andlitinu, þessir þingmenn dreifbýlisins einkum og sér í lagi sem á hátíðarstundum og í fjölmiðlum fara gjarnan mikinn og hafa sagt það með réttu að vegabætur væru grundvallaratriðið og langmikilvægasta atriðið ef ætti að stöðva þá öfugþróun sem hefur átt sér stað varðandi búferlaflutninga Íslendinga á síðustu árum og reyndar áratugum. Margir hverjir hafa reyndar haft uppi heitstrengingar um að þeir láti ekki yfir sig ganga í þessum efnum og þeir ætli sér að standa gegn þessu. Ég held að það sé opinbert leyndarmál í þessu húsi að ýmislegt hefur gengið á í þingflokkum stjórnarflokkanna í þessum efnum og orðið talsverður hávaði millum manna um einmitt þessi mál. Það er líka held ég opinbert leyndarmál að þessir þingmenn og fleiri landsbyggðarþingmenn ætli sér að rétta þann óútfyllta tékka heima í héraði þegar þeir fara nú heim í jólaleyfið og segja óánægðum kjósendum sínum vítt og breitt um landið að ekkert sé að marka þessi fjárlög því í vegáætlun til lengri tíma, hvort það eru 12 eða 14 ár, eigi að fara í þetta, þá eigi að fara í hitt. Það er einmitt merkilegt í þessu nefndaráliti í þessu samhengi að allir samgöngunefndarmenn voru sammála um að í framlögum til hafnamála og nú les ég orðrétt: „Samgöngunefnd telur þetta mikilvægt, þ.e. framlög til hafnamála yrðu í samræmi við hafnaáætlun, og samgöngunefnd telur þetta mikilvægt vegna gildis stefnumörkunar í samgöngumálum þegar til lengri tíma er litið.“

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að samgn. og þingmenn almennt eru yfirleitt mjög áfram um það þegar áætlanir eru gerðar að hægt sé að standa við þær þó ekki væri nema næsta árið sem í hönd færi og sérstaklega fagna menn því að nú hefur staðist fyrsta ár hafnaáætlunar sem var samþykkt í fyrsta skipti sl. vor og ég tek undir það. Það er mjög mikilvægt ef menn ætla að hafa einhverja trú á slíkum áætlunum.

Svo bregður bara annað við þegar kemur að vegáætlun sem er líka tiltölulega ný af nálinni og menn gerðu það þannig við endurskoðun hennar að þeir gugnuðu á því þegar til kastanna kom að gera raunverulega vegáætlun og hlupu frá því verki á síðasta þingi, endurskoðuðu og kroppuðu örlítið í gildandi vegáætlun, með öðrum orðum að sú vegáætlun sem við stöndum frammi fyrir nær aðeins til næsta árs. En ekki einu sinni hún fær að vera í friði. Sú áætlun er orðin ómarktæk með tillögum fjárln. Og er þetta furða að samgn. sem lagði talsverða vinnu í að gera endurskoðun á gildandi vegáætlun þannig úr garði að hægt yrði að standa við hana sé dálítið óánægð. Ég vil láta það koma fram, þó ég viti ekki hvort hv. þingmenn og samþingsmenn mínir í samgn. heyri mál mitt, að árétta þær fyrirspurnir mínar til þeirra hvort þetta álit sem við urðum sammála um að senda frá okkur við fjárlagagerðina þar sem lýst var óánægju og rökstuddri gagnrýni okkar á þau áform fjárln. sem nú birtast okkur í þessu frv. við 3. umr., hvort það hafi verið orðin tóm eða hvort megi vænta þess að þeir láti til sín taka þó í litlum mæli sé við 3. umr. fjárlaga.

Raunar gildir það sama um flugmálin því að í sama nefndaráliti samgn. er gagnrýnt, skýrt og afdráttarlaust gagnrýnt að 60 millj. kr. séu teknar út úr flugmálaáætlun sem á að verja til uppbyggingar flugvalla vítt og breitt um landið og þá ekki síst í Reykjavík þar sem þörfin er mikil og brýn, heldur eigi að verja þeim fjármunum ekki bara á þessu ári heldur líka samkvæmt nýsamþykktum bandormi á næstu ártugum. Það er eins og mig minni að menn hafi þegar stungið inn samsvarandi upphæð næstu 20 árin til þess að greiða skuldir

Leifsstöðvar, bæði hinnar gömlu og það sem menn eru að búa til á næstu árum við stækkun Leifsstöðvarinnar.

Ég hef áður sagt það og undirstrika að ég er mjög mikill áhugamaður um það og tel það mjög skynsamlega fjárfestingu að fara í stækkun Leifsstöðvar. En ég undirstrika og árétta að menn hafi vaðið fyrir neðan sig að þessu sinni og viti út í hvað þeir eru að fara í fjárhagslegu tilliti. Sú framkvæmd sem í var ráðist með miklu brambolti við kosningarnar 1987 er víti til að varast og íhaldið fór þar í fararbroddi og eyddi og spennti á alla kanta. Það rifjast upp mjög ítarleg frásögn forstjóra stærsta verktakafyrirtækisins sem stóð að þeirri framkvæmd, Jóhanns G. Bergþórssonar sjálfstæðismanns, bæjarfulltrúa sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, þar sem hann lýsti því í bók sinni hvernig þau mál gengu fram á síðustu mánuðum þeirrar framkvæmdar rétt fyrir kosningarnar 1987 þegar allt fór á annan endann og fyrirskipun kom úr utanrrn. á þeim tíma, það mætti engu eira og ætti ekkert að spyrja um fjármuni. Það ætti bara að klára verkið fyrir kosningar. Það tókst en svo kom það í hlut annarra að borga og menn eru auðvitað enn þá að bíta úr nálinni með þetta. Samgöngumálin eru í algeru lamasessi og þess vegna hlýtur maður að árétta það þegar ríkisstjórnin hefur út af fyrir sig lýst uppgjöf sinni þegar kemur að byggðamálum og byggðastefnu, lýst uppgjöf sinni varðandi aðgerðir til þess að stemma stigu við fólksflóttanum af landsbyggðinni, hvort þau skilaboð sem er að finna í samgöngumálunum í fjárlagafrv. séu einmitt merkin um það að uppgjöfin sé alger, það verði bara látið reka á reiðanum, hugsanlega settir einhverjir starfshópar í málið, hugsanlega búnar til einhverjar frekari skýrslur, jafnvel stýrihópar sem er nýjasta orðið. En að það finnist einhver staður eða punktur til þess að standa gegn þeirri stefnumörkun sem síðan er endurbyggð með fjármunum það er alls ekki þannig, þvert á móti. Menn tína peninga úr mörkuðum tekjustofnum til vegamála, til flugmála og setja í ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég vík þá aftur sögunni að utanrrn. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir það að koma hingað og hlýða á mál mitt. Ég hóf þann kafla ræðu minnar er laut að utanríkisþjónustunni með því að rifja upp tölur úr fjáraukalögum. Meiri hluti þingsins, stjórnarsinnar, samþykkti þau og staðfesti þann veruleika sem birtist í frv. til fjáraukalaga með því að samþykkja þau lög. Þar var að finna um það bil 400 kr. framlag til tveggja stórverkefna. (**Gripið fram í:** 400 kr.?) 400 millj. kr. Ég þakka leiðréttingu hv. formanns þingflokks Framsfl. Hefði mátt ætla að framkvæmdir þær hefðu í raun dottið af himnum ofan, þ.e. þarna var utanrrn. var nánast nauðbeygt til þess að bregðast við hratt og órugglega. Vissulega geta slík tilvik komið upp á. Þess vegna höfum við þetta fyrirbrigði sem heitir fjáraukalög þó að menn hafi sannarlega misnotað það mjög í gegnum tíðina og ekki aðeins í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það hefur auðvitað gerst áður. Af þessum sökum rifjast upp fyrir mér stjórnsýsluendurskoðun á utanrrn. sem Ríkisendurskoðun skilaði frá sér í maí 1996. Þar er m.a. ítarlegur og upplýsandi kafli um húsnæðismál utanrrn. eða öllu heldur sendiráð á erlendri grundu. Þá kemur í ljós að þetta tilvik t.d. varðandi sendiráðið í London gerðist ekkert skyndilega. Þau mál eru búin að vera í farvatninu um árabil. Ég er ekki sérfræðingur í málinu og hef því ekki skoðanir á því hvort menn hafi tekið rétta ákvörðun í fjáraukalögunum með því að endurnýja leigusamninginn og ráðast í kostnaðarsamar breytingar á sendiherrabústaðnum upp á 290 millj. kr. En upphæðin er auðvitað alveg gífurleg og maður fær ekki botn í hana þegar maður reynir að finna einhverja samsvörun hér á Íslandi. Verðlagið er kannski allt annað og hæstv. ráðherra upplýsir þá hv. þm. um það. En í umræddri skýrslu Ríkisendurskoðunar er grein gerð fyrir því að menn hafi gert athuganir og í maí 1996 segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Í ráðuneytinu er áhugi á að athuga með hugsanlega sölu fleiri sendiherrabústaða ekki, síst bústaðarins í London." Þetta er í maí 1996.

Ég spyr því beint: Hvers vegna vantaði áform utanrrn. varðandi breytingar, sölu eða endurbætur á sendiherrabústaðnum í Lundúnum við fjárlagagerð síðasta árs? Þurfti það mál að koma inn í fjáraukalög með þeim hætti sem hér gerist?

Hið sama gildir um þær endurbætur sem gerðar voru á sendiherrabústað í Washington upp á 90 millj. kr. Ég spurðist raunar fyrir um það í þinginu fyrir nokkrum vikum. Ég fékk ítarleg svör við því og vil nota tækifærið og þakka fyrir þau. En í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1996 í maí er einmitt alllangur kafli um sendiherrabústaðinn í Washington og þar eru raktar tölulegar stærðir þess máls. Þar kemur fram að nauðsynlegar endurbætur gætu kostað $1 - 1\,^1/_2$ millj. dollara. Þess er einnig getið að verið sé að skoða annað húsnæði sem stæði til boða og væri álíka nothæft. Í maí 1996 var besti kosturinn talinn nýbyggt hús um 930 fermetrar að stærð sem líklega fæst fyrir um það bil 2,9 millj. Bandaríkjadala.

Í þessu verkefni voru menn komnir á fljúgandi ferð í maí 1996 og því spyr ég bara beint: Hvers vegna í fjáraukalögum? Var í þessum efnum verið að fela eitthvað sem ekki mátti koma fyrir augu manna eða til almennrar umræðu áður en í var ráðist?

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka nokkuð fram af því að hv. þm. Jón Kristjánsson sem annars er málefnalegur reyndi að snúa út úr orðum mínum á dögunum. Hann fór að blanda í málið þeirri staðreynd að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson mundi sennilega flytja í þetta sama hús þegar hann tæki við starfi sem sendiherra í Washington um næstu áramót. Það skiptir engu máli í þessu samhengi. Nú vil ég að hæstv. ráðherra leggi við hlustir. Ef til stæði að fara út í endurbætur eða húsakaup upp á 400 millj. kr., þá er ég hræddur um að nokkrar yrðu nefndirnar, nokkur ráðin, nokkrar skýrslurnar og nokkur yrði nú umræðan í þessum sölum áður en af stað yrði farið.

Menn gagnrýndu það nokkuð við þessa umræðu að á Stjórnarráðinu sjálfu voru gerðar endurbætur upp á 60 millj. kr. Ég sá það í sjónvarpinu fyrir einhverjum mánuðum síðan að það hús hafði nánast verið gert fokhelt. Ég tek þau orð forsrh. trúanleg að það ekki hafi verið hægt að bíða mikið lengur af því að ég þekki eilítið það hús. Við erum að tala um 60 millj. kr. á sjálfu Stjórnarráði Íslands en í hinu tilvikinu um 400 millj. kr. Þá kem ég kannski að aðalástæðu þess að ég óskaði nærveru hæstv. utanrrh. hingað á þessum fundi. Auðvitað hef ég verið að staldra við orðinn hlut því að fjáraukalögin hafa verið samþykkt og við snúum ekki tímanum aftur í þessum efnum.

Ég hóf ræðu mína á því, virðulegi forseti, að mig grunaði að eitthvað fleira væri í pípunum. Þegar ég les áform utanrrn. um húsakaup. á næsta ári í þeim fjárlögum sem við erum núna að fjalla um, þá finn ég þar ekki aðra tölu en 150 millj. kr. Þær eru ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við sendiráð í Berlín og eins og ég gat um fyrir nokkrum dögum þá geri ég engar athugasemdir við það. Ég tel það skynsamlega ráðstöfun og það að slá saman í púkk með öðrum Norðurlandaþjóðum hafi verið skynsamlegt.

En ég spyr hins vegar af því að hér í skýrslum Ríkisendurskoðunar skynjar maður að það er fleira í pípunum: Hvernig og hvar ætla menn að finna fjármagn til varanlegs húsnæðis fyrir nýtt sendiráð og nýjan sendiherra í Helsinki? Hvernig á að bjarga þeim málum án þess að nota peninga? Eru engin áform þar um kaup á húsnæði, breytingar eða lagfæringar? Þarf enga peninga í húsnæðisaðstöðu fyrir hið nýja sendiráð umfram þá fjármuni sem þar er varið til leigu?

Hv. þm. Sturla Böðvarsson rifjaði upp í ágætri ræðu hér í þinginu að hann að hann hefði fyrst frétt af því að opna ætti sendiráð í Helsinki í Finnlandi þegar hann, varaformaður fjárln., fékk boð frá utanrrn. eða viðkomandi sendiráði um það að hann ætti að mæta til opnunarveislunnar.

Það hefur verið í umræðunni og báðir oddvitar ríkisstjórnarinnar lýst áhuga sínum í þá áttina að opna ætti sendiráð í Japan. Það er væntanlega skynsamlegt af þeirra hálfu og hlutur sem ég væri alveg til umræðu um. En ég hlýt að spyrja í ljósi reynslunnar: Á það heldur ekki að kosta neitt? Hefði ekki verið skynsamlegra, ef oddvitum ríkisstjórnarinnar er alvara í þeim efnum, að leita eftir heimild Alþingis með því að flytja tillögu um málið? Hefði ekki mátt fara leið hv. þm. Jóns Kristjánssonar og búa til húsnæðispott ráðuneytisins fyrir það sem í vændum er?

Minni upptalningu er ekki lokið hvað þetta varðar. Í skýrslu Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda og raunar líka í orðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar fyrir viku þegar ég spurði hvað væri í vændum, þá kom París til tals. Þá nefndi hann að það þyrfti að taka á þeim málum. Þar væri mikill uppsafnaður vandi hvað varðar endurbætur og viðhald. Aðspurður nefndi hv. þm. að París væri á dagskrá. Ég hlýt að spyrja, ef selja á þetta hús (**Utanrrh.:** Það er búið að selja það.) Það er búið að selja það, já. (**JónK:** Og kaupa annað í staðinn.) Alltaf heyrir maður eitthvað nýtt, virðulegi forseti. Var það seinni partinn í dag eða fyrradag? (**JónK:** Ég sagði það við umræðuna.) Ég varð ekki var við það og sé það heldur ekki í breytngatillögum við fjárlögin og mér þætti vænt um að það væri þá upplýst hér við þessa umræðu með skýlausum hætti. Hvert var söluverð þess húss? Hvernig á að verja þeim fjármunum sem fyrir það koma? Ég held að það þýði ekkert fyrir hæstv. ráðherra að hrista höfuðið þó hann hafi ekkert gaman af því að sitja með okkur þingmönnum við þessa umræðu. Hann verður bara að þola það enda kemst hann ekkert hjá því. (**Utanrrh.:** Það er gott að ræðumenn lesi eitthvað áður en þeir fara í ræðustólinn.) Það er einmitt það sem sá hv. þm. sem hér stendur hefur gert. Það ætti þá að vera létt verk fyrir hæstv. ráðherra að vísa til skriflegra gagna í þeim efnum. Ég kannast ekki við að við þessa fjárlagagerð séu einhverjar tilfærslur eða markaðar tekjur sérstaklega vegna sölu á sendiherrabústað í París né þá útgjöld. Fróðlegt væri að fá það þá upp á borðið. Og í ljósi þess sem gerðist í Washington, þá spyr maður sig: Hafa menn fast land undir fótum með það hvað þetta nýja húsnæði á að kosta? Þarf að gera við það? Er það að hruni komið og þarf endurbætur upp á tugi eða hundruð milljóna?

Ég er ekki með neina útúrsnúninga. Ég er ekki að ráðast á á einn eða neinn. Ég er einfaldlega að lesa úr þeim veruleika, virðulegi forseti, sem við okkur blasir í þessu og það þýðir ekki fyrir hæstv. utanrrh. að fara í einhverja fýlu af þessum sökum eða fussa og sveia. Með því leggur hann lítið til umræðunnar. Auðvitað veit ég að honum líður illa undir umræðunni. Hann verður þess var að almenningur í landinu á erfitt með að fá botn í það þegar fjárfestingar fyrir sendiherra, mikilvæga starfsmenn íslenska ríkisins á erlendri grundu, skipta orðið hundruðum millj. kr. á innan við ári. Og af því að ég bar það saman til gamans þó að það sé ekkert gamanmál, þá hafa menn á sama tíma staðið í stríði með mikilvægt og aðkallandi verkefni, byggingu barnaspítala. Í því tilviki þakka menn fyrir þær 200 millj. kr. sem renna til þess verkefnis. En það hefur ekki verið létt verk að koma því á koppinn. Nei, þar er langur vegur frá og hefur aldeilis tekið sinn tíma.

Eins og ég gat um áðan, virðast stundum gilda önnur lögmál, tregðulögmál þegar kemur að mikilvægum verkefnum í velferðarkerfinu. Allt annað virðist hins vegar upp á teningnum þegar byggja þarf stórt og veglegt hús á erlendri grundu.

Nú vil ég líka árétta það, virðulegi forseti, að ég og við jafnaðarmenn höfum verið talsmenn þess að efla og styrkja utanríkisþjónustuna því að Alþfl. hefur í gegnum tíðina verið einn íslenskra stjórnmálaflokka sem hefur ævinlega komið hreint fram í þeim efnum að hann vill öflug og góð tengsl við útlönd. (**VS:** Er hv. þm. ekki að fara svolítið í hringi?) Ef hv. þm. skilur orð mín þannig þá verð ég bara að endurtaka þau þannig að hún skilji. En staðreyndin er sú sem menn verða að horfast í augu við það — og þá sérstaklega framsóknarmenn og sjálfstæðismenn raunar líka — að Alþfl. hefur einn flokka verið í fararbroddi um það að styrkja og efla tengsl Íslands við útlönd til að vera öflugur á alþjóðavettvangi. En það byggir ekki á því, hv. þm., væntanlegur ráðherra (**VS:** Nú?) eins og sagan segir sem er nú annar kapítuli sem ég mun koma eilítið inn á á eftir, að byggja flott og stórt yfir sendifulltrúa. Það byggir á allt öðrum elementum, m.a. þeim að samþykkja alþjóðasamninga um EES og vinna þannig úr alþjóðasamningum sem við höfum gert, m.a. um GATT, að við séum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og að við látum til okkar taka á erlendum vettvangi. Það gerum við ekki með því að byggja flott og fínt og dýrt hafi hv. þm. haldið það. En ekki fleira um það.

Ég vil að við stöndum myndarlega að verki í okkar utanríkisþjónustu en ekkert andskotans — fyrirgefðu orðbragðið hæstv. forseti — bruðl. Við erum komin í tóma þvælu með þessi mál og ég óska eftir því að ... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Þingmaðurinn biðst afsökunar á þessu orðbragði og mun ekki endurtaka það.

En ég vek á því athygli og tel ástæðu til þess að benda hæstv. utanrrh. á það að á bls. 94 í þessari skýrslu gerir hann ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að standa að uppbyggingu sendiráða og húsnæðismálum starfsfólks þannig að sem ódýrast megi verða og hagkvæmast. Ég tel að þegar meiri tími gefst til hér eftir áramót, ástæðu til að fara nánar yfir það hvort ráðuneytið sé með einhverja frekari könnun í gangi um það hvernig best megi standa að því því að mér finnst sannarlega þessi dæmi sem ég hef rakið hér sýna að hér eru mál að fara úr böndum. Það er ekkert öðruvísi.

Ríkisendurskoðandi bendir m.a. á að stærð sendiherrabústaðanna er mjög mismunandi. Hún er allt frá því að vera 250 fermetrar upp í 654 fermetra og hann segir hér að að áliti utanrrn. sé heppileg stærð húsnæðis a.m.k. 330 fermetrar. Það eru þrjár húseignir eða fjórar sem eru langt umfram þessi stærðarmörk. Er því ekki ástæða til þess að endurmeta þessa hluti talsvert?

Af því að ég gerði það að umtalsefni í upphafi ræðu minnar að þó að nóg sé um peninga þá er auðvitað ástæða til að reyna að stemma stigu við hreinum og klárum útgjöldum

þegar tök eru á. Það verður ekki hjá því komist að ljúka umræðu við 3. umr. fjárlaga án þess að vekja á því athygli að á sama tíma og peningarnir renna inn í ríkissjóð í stríðum straumum og margar þarfir eru uppfylltar vítt og breitt í samfélaginu — því verður ekki neitað að verið er að koma til móts við fjölmarga mjög víða, það er óumdeilanlegt — þá tekst mönnum ekki þrátt fyrir þessa gífurlegu tekjuaukningu hjá ríkissjóði á yfirstandandi og sýnilega á komandi ári að gera neitt í því að leysa þann vanda sem sannanlega er hjá stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst á Akureyri. Það er algerlega óskiljanlegt með öllu.

Það er ósköp skiljanlegt að hann skuli vera býsna veikur og falskur sá ómur sem er að finna hjá stjórnarþingmönnum þegar þeir reyna að halda því fram í þessum ræðustóli að fjárþörf þessara þriggja sjúkrahúsa, Ríkisspítalanna, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri megi leysa með 300 millj. kr. og stýrinefnd þegar fjárþörfin er sýnileg og sannarlega 1.500 millj. og er þá ekkert ofreiknað í þeim efnum. Hvernig eiga menn að fá það til að ganga upp og fá það til að koma heim og saman að stýrinefnd geti sagt „hókus pókus" og lækkað fjárþörf sem er 1.500 millj., niður í 300 millj? Það dæmi gengur ekki upp og það er enginn bragur á því, virðulegi forseti, að menn ætli að ganga þannig frá málum í lok þingsins að vísa því á framtíðina eða á komandi fjáraukalög. Það er ekki nokkur bragur á því.

Ég studdi heils hugar hér og hef gert það í tíð þessarar ríkisstjórnar til að mynda að hækka mjög verulega fjárframlög til heilbrrn., til skrifstofunnar þar, til þess að það ráðuneyti væri betur í stakk búið til að sinna þeim veigamiklu verkefnum sem á því hvíla því að ég þekkti það dálítið af eigin raun að þar var mannfæð, þar vantaði fleira starfsfólk, þannig að ráðuneytið sjálft gæti verið frumkvæðisaðili og öflugur eftirlitsaðili með því að hægt væri að halda úti heilbrigðiskerfinu í landinu með virkum hætti og fyrir sem minnstan pening. Þess vegna eru mér það mikil vonbrigði að þrátt fyrir að hið háa Alþingi hafi tekið þessum beiðnum heilbrrh. vel um að styrkja ráðuneytið, þá skuli menn taka allt aðra ákvörðun hér og nú og taka verkefnið út úr ráðuneytinu og setja í einhverja stýrinefnd. Mér finnst það grafalvarlegt mál og enginn samhljómur í því miðað við það sem menn hafa verið að leggja upp með á yfirstandandi kjörtímabili í tíð þessarar ríkisstjórnar þannig að það er eitt af mörgum dæmum þess að manni finnst að eitt sé sagt og annað gert og menn séu svona eilítið að missa tökin á þessu öllu saman.

Því geri ég það að mínum lokaorðum, virðulegi forseti, að það er út af fyrir sig ekki að undra þó að sumir ráðherrar þessarar ríkisstjórnar vilji pakka saman og kveðja þegar allt er í hásveiflu vitandi um það að innan tíðar kunna erfiðleikar að bíða. Innan tíðar kemst ríkisstjórnin ekki hjá því að taka á ýmsum aðkallandi verkefnum og getur ekki látið fljóta mikið lengur. Mín tilfinning er sú að það gerist fyrr en síðar, jafnvel upp úr miðju næsta ári þannig að það þarf kannski ekki að koma nokkrum á óvart að flótti sé hlaupinn í liðið.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill að gefnu tilefni hvetja hv. þingmenn til að gæta að orðavali sínu.)

[19:53]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. hefur mælt hér nokkur varnaðarorð um að safna ætti tekjuafgangi í góðæri og spurði mig beinnar spurningar: „Ef ekki er tekjuafgangur núna, hvenær þá?" Ég hef lagt áherslu á að það verði að skila ríkissjóði í jafnvægi í góðæri. Mér finnst þegar verið er að rifja upp afkomuna að það gleymist að 8 milljörðum kr. hefur verið varið á síðustu tveimur árum í að skuldbreyta lánum ríkissjóðs sem kemur til góða í framtíðinni með tekjuauka upp á 700 millj. á ári. Það verður að taka það með í reikninginn þegar menn eru í samanburðarfræðum. Hins vegar hefur ræða hv. 9. þm. Reykn. gengið út á útgjaldatillögur og kallað á meiri útgjöld jafnframt því sem hann segir að það verði að skila með verulegum afgangi. Síðan hafa ræður annarra gengið út á að hækka skatta og auka umfang ríkissjóðs til þess að jafna þann mun. Mér finnst ekki alveg samhljómur í þessum málflutningi.

[19:55]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hversu miklum tilgangi þjónar að harka frekar í þessu. En ég fékk auðvitað ekkert svar við minni fyrirspurn. Ég spurði einfaldlega: Ef ekki er hægt að skila ríkissjóði með tekjuafgangi núna, hvenær þá? Er það þá á næsta ári eða þarnæsta ári eða bara einhvern tíma? Vissulega veit ég að taka ber tillit til þess að menn fóru í ákveðnar skuldbreytingar, það skekkir þessa mynd eilítið, en ekki þó svo mikið að við séum að tala um neinn verulegan tekjuafgang. Þess vegna er að lyktum ein samviskuspurning til hv. formanns fjárln. sem ég þekki sem samviskusaman og grandvaran mann: Er hann í hjarta sínu ánægður með árangur haustsins? Er hann í hjarta sínu ánægður með þann árangur sem birtist í þessu fjárlagafrv.? Finnst honum hafa vel til tekist að skila ríkissjóði þrátt fyrir stórauknar tekjur, í jafnvægi skulum við segja, á núllinu, vitandi um það að útgjaldatilefni upp á hundruð millj. kr. bara í heilbrigðiskerfinu bíða handan hornsins? Er hann glaður og ánægður með afrek sín á þessu hausti? (**Gripið fram í:** Hann er nú ekki glaður á svip.)

[19:56]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er tiltölulega ánægður með útkomuna og að hafa skilað tillögum sem gera ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári, að borgaðar verða niður skuldir fyrir 5 milljarða. Þetta eru þáttaskil og kemur okkur til góða í framtíðinni. Lánsfjárþörfin fer minnkandi. Ég er ánægður með það. Við verðum að gá að því að þessi afkoma er á rekstrargrunni og það verður að gæta þess að afkoman er drjúgum betri en á síðasta ári þegar gert var upp á greiðslugrunni.

Eitt atriði vil ég leiðrétta sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykn. og stafar áreiðanlega af misskilningi. Það er ekki verið að færa verkefni út úr heilbrrn. Það er verið að styrkja heilbrrn. með þeim starfskröftum sem koma til til þess að fara yfir málefni sjúkrahúsanna og ég held að við getum verið sammála um að þess sé þörf. Heilbrrn. mun hafa forræði á þessum verkum og samráð við fjmrn. um þau en ekki er verið að færa verkefnin út úr heilbrrn., en ég hef orðið var við það í umræðunni hjá fleiri hv. þm. að þessi túlkun er uppi.

[19:58]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég fagna því svo sannarlega að hv. þm. Jón Kristjánsson hefur tekið af öll tvímæli í þessa veruna, þ.e. að heilbrrn. sem eðli máls samkvæmt ber að hafa forustu um þessi mál hafi þau áfram. Hann hefur ekki þannig að ég hafi heyrt verið skýr um þetta fram að þessu. Hann segir hér að málið verði vitaskuld á forræði ráðuneytisins og ég skildi hann ekki öðruvísi en

svo að jafnvel ætti að bæta þar við starfsfólki tímabundið til þess að takast á hendur þessi verkefni og síðan yrðu þau unnin í samráði og samstarfi við fjmrn.

En þá hlýt ég að spyrja: Hvers vegna þessi umræða öll, hvað er þá nýtt af nálinni? Það er nákvæmlega svona sem kaupin gerast á eyrinni. Nákvæmlega svona hafa hlutirnir gerst, þ.e. heilbrrn. ber að fást við vanda af þessum toga og hefur gert það í samráði við fjmrn. Hvað er þá nýtt í málinu? Heitið? Stýrinefnd í staðinn fyrir starfshópur? Hvað er nýtt á ferð? Ég átta mig skyndilega á því að hér eru bara einhverjir gamlársdagsflugeldar á ferð. Það er ekkert nýtt á ferðinni. Það á bara enn einn ganginn, milli þessara tveggja ráðuneyta sem hafa forræði málsins á hendi, verið að reyna að skipta þessari hungurlús, sem 300 millj. eru, á milli þessara þriggja sjúkrahúsa sem vantar 1.500 millj. Það er nú öll stýrinefndin. Hér hafa menn, til að mynda hv. þm. Sturla Böðvarsson, haldið langar og merkar ræður um að þessi stýrinefnd muni skipta algerlega sköpum og þar verði tekin upp ný og breytt vinnubrögð. Ég fagna því svo sannarlega ef einhver minnsta von er til þess. En mér sýnist á öllu að allt verði þetta með gamla laginu.

[20:00]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt að fram fari málefnaleg umræða um utanríkisþjónustuna og þær þarfir sem menn standa frammi fyrir í sambandi við sendiráðin. En mér finnst það nú ekki vera mjög málefnalegt ef það er rétt eftir haft sem ég heyrði í fréttum af umræðum sem hér fóru fram fyrir nokkru síðan hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar þeir voru að gagnrýna útgjöld til þessara sendiráða sem verið er að nefna og gera samanburð í sambandi við fjárfestingar í sjúkrahúsum og láta að því liggja að minni peningar fari í sjúkrahús vegna þess að formaður Framsfl. sé utanrrh. og hafi greinilega meiri áhuga á sendiráðum en sjúkrahúsum. Ég kalla þetta ekki málefnalega umræðu og ekki vera þingmönnum til mikils sóma. En látum það vera. Þeir verða að gera það upp við sjálfa sig hvernig þeir standa að málflutningi á Alþingi.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að fara yfir málefni sendiráðanna. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ástand sendiherrabústaðarins í Washington og ástand sendiherrabústaðarins í London er engin ný saga. Búið er að liggja fyrir í allmörg ár að ráðast þurfi í endurbætur í Washington og það er líka búið að liggja fyrir í mörg ár að leigusamningurinn um sendiherrabústaðinn í London rynni út. Það stóð að sjálfsögðu í samningnum þannig að það kom engum á óvart og búnar eru að vera heimildir í fjárlögum til margra ára um þessi mál.

Umræða var um það fyrir nokkrum árum að rétt væri að selja það sem eftir var af leigusamningnum í London og kaupa annað hús í staðinn. Búið var að finna hús í London sem þótti henta mjög vel en fallið var frá því í páverandi ríkisstjórn að fara út í þessi kaup. Þá var fasteignamarkaður í London í lágmarki og verðlag tiltölulega lágt en nú vill svo illa til að fasteignaverð hefur hækkað þar til muna og því ekki jafnhagstætt að gera þar viðskipti. En við stöndum hins vegar frammi fyrir því að þessi leigusamningur er að renna út og ef við ætlum að halda áfram að reka sendiráð í London, og væntanlega eru allir Íslendingar sammála um að hjá því verði ekki komist m.a. vegna þess að þetta er okkar stærsta viðskiptaþjóð, þá getum við ekki horft fram á það að þetta sendiráð verði á götunni því að varla rekum við sendiráðið niðri á Piccadilly Circus, þar á götunni, og ekki hef ég nokkra trú á að hv. þm. hafi áhuga á því.

Þessi mál komu til umræðu í ríkisstjórninni fyrr á þessu ári og ákveðið var að reyna að stefna að því að koma þessu máli í höfn, m.a. af þeim sökum að það koma líka inn óvæntar tekjur á tekjuhlið fjáraukalaga sem eru eitthvað á milli 900–1.000 millj. sem hlutur ríkissjóðs í útgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum. Það þótti rétt að nota tækifærið og nota hluta af þessu fjármagni til þessara nauðsynlegu mála sem ekki yrði komist hjá að fara út í því þótt heimildir hafi verið á fjárlögum, þá eru takmörk fyrir því hvað rúmast innan þeirrar upphæðar sem ætluð er í 6. gr. fjárlaga því það er alveg ljóst að allar þær heimildir sem eru hér, þær fjárhæðir eru meiri sem samsvarar þeirri fjárhæð sem er ætluð til að koma til móts við 6. gr. fjárlaga, núna 7. gr.

Okkar menn eru búnir að leita mikið að húsnæði í London. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það hefði verið rétt að kaupa annað húsnæði. Það liggur hins vegar fyrir að ef kaupa ætti húsnæði sem þykir henta, þá yrði það allmiklu dýrara en að endurnýja leigusamninginn og gera við húseignina. Við komumst ekki hjá því að gera við húseignina jafnvel þótt við förum frá þessu húsi. Við erum skuldbundnir til þess að skila því í því ásigkomulagi sem við tókum við því þannig að það er mat bæði starfsmanna fjmrn. og utanrrn. að rétt sé að gera þetta svona og það verði þá athugað síðar hvort við seljum leigusamninginn þegar fram líða stundir sem gerður verður til 99 ára og kaupum annað húsnæði í staðinn. Þær upplýsingar sem við fáum frá þeim sem eru ráðgjafar í þessu máli eru að leigusamningurinn ætti að standa fyllilega fyrir sínu þannig að ef íslenska ríkið vill komast frá honum á síðari stigum, þá eigum við ekki að bera neinn skaða af því máli, síður en svo. Þetta varð því niðurstaðan jafnvel þó ég hafi verið áhugasamur um það að kaupa annað húsnæði og sé fullviss um að það hafi verið mistök á sínum tíma að selja ekki þennan leigusamning og kaupa það húsnæði sem þá hafði fundist. En það er oft hægt að vera vitur eftir á og ég ætla alls ekki að gagnrýna það. Ég er sammála hv. þm. að hér er um háar fjárhæðir að ræða, tölur sem við erum ekki vanir, því að það er alveg ljóst að fasteignaverð er mun hærra í stórborgum en við erum vanir.

Þá sný ég mér að húseigninni í Washington. Það liggur ljóst fyrir núna að húseignin í Washington hefur verið gölluð alla tíð. Þegar hún var keypt hafði burðarvirki í húsinu verið fjarlægt og það hefur verið að síga allan tímann. Þannig var komið að húsið var allt að síga. Ekki var hægt að loka hurðum og nagdýr áttu greiðan aðgang inn í sendiherrabústaðinn og höfðu búið þar um sig í allmiklum mæli og býst ég ekki við því að það teljist frambærilegt að fjöldi nagdýra sé stökkvandi milli gesta íslenska ríkisins sem þangað eru boðnir. Við stóðum því frammi fyrir því að húsið væri nánast ónýtt ef ekkert yrði að gert. Það var búið að athuga það alllengi að kaupa annað hús og menn höfðu ákveðið hús í huga sem var nokkru stærra. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hús sé alveg nægilega stórt og það hús var dýrara en við gátum reiknað með að fá fyrir þann sendiherrabústað sem nú er verið að gera upp að viðbættum viðgerðarkostnaði.

Síðan hefur jafnframt komið í ljós að húsið var svo illa farið að við hefðum ekki getað selt það án þess að gera við það þannig að það var ekkert annað að gera að mínu mati en að ráðast í þessar endurbætur á húsinu því að það var óíbúðarhæft eins og það var. Ég hef ekki komið nýlega í sendiherrabústaðinn í London en mér er sagt af fólki sem

þangað hefur komið undanfarið að það sé mjög illa farið og það hafi verið viðhaldslaust hús öll þessi ár. Ég er sannfærður um að við höfum vanrækt það oft og tíðum að halda þessum verðmætu eignum við og þá kemur að því að þetta verður miklu dýrara. Við eigum margar verðmætar eignir erlendis og ég veit að hv. þingmenn hafa komið í margar þessar eignir. Þær voru keyptar fyrr á árum af ýmsum framtakssömum og framsýnum mönnum. Þær eru mismunandi hentugar. Það er rétt. En það er ekki rétt að láta þessar eignir drabbast niður.

Ákvörðun var tekin um þessar tvær eignir og ætlað fyrir því í fjáraukalögum 1997 en ég bið hv. þm. að hafa það jafnframt í huga að það er m.a. gert í ljósi þess að þarna komu líka inn óvæntar tekjur og tækifærið var þá notað til þess að koma því í framkvæmd sem hafði verið í undirbúningi árum saman.

Að því er varðar sendiherrabústaðinn í París þá eru líka búin að vera lengi uppi áform um að selja það húsnæði sem var mjög óhentugt. Það má segja að sú íbúð hafi nánast verið einn veislusalur og var þannig að það hentaði mjög illa fyrir fólk að búa í svona litlum hliðarherbergjum frá þessum stóra og fallega sal sem ég veit að einhverjir hv. þm. hafa séð. Dregist hefur að selja þetta húsnæði vegna þess að fasteignamarkaðurinn í París hefur verið erfiður. Einhverjir möguleikar voru á að selja húsnæðið fyrir nokkrum árum en síðan hefur verið reynt að selja það og loks í sumar kom tilboð í húsið sem ekki þótti rétt að hafna. Það var því selt og umsvifalaust farið að leita að nýju húsnæði. Menn gerðu ráð fyrir því að geta fengið nýtt húsnæði fyrir e.t.v. eitthvað aðeins lægri fjárhæð en selt var fyrir. Til að byrja með var húsnæði leigt og menn gerðu sér vonir um að e.t.v. væri hægt að kaupa húsnæði í sama húsi sem reyndist ekki rétt og enn hefur ekki tekist að festa kaup á húsnæði. En stefnt hefur verið að því að reyna að ljúka því að kaupa húsnæði í samræmi við heimildir sem eru til þess og þær heimildir eru framlengdar í því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir í stað þess húsnæðis sem hefur verið selt. Ég geri ekki ráð fyrir því að þar verði kostnaðarauki en ég geri mér hins vegar ekki miklar vonir um að nýtt húsnæði sem keypt verður verði mikið ódýrara en það sem selt var jafnvel þó menn hafi verið að gera sér einhverjar hugmyndir um það um tíma.

Þá kem ég að sendiráðinu í Helsinki. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ekki var gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 1997 að opnað yrði sendiráð í Helsinki. Það er líka rétt að taka það fram að í sjálfu sér hefur ekki verið opnað þar sendiráð með sendiherra. Það hefur verið opnuð skrifstofa frá sendiráðinu í Stokkhólmi því að sendiherrann í Stokkhólmi er enn þá sendiherra í Helsinki. Þar er starfsmaður frá utanrrn. og ráðinn hefur verið finnskur staðarráðinn ritari. Hins vegar eru áætlanir um að sendiherra komi þar til starfa á næsta ári og gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. Þessi ákvörðun var m.a. tekin í tengslum við heimsókn forseta Íslands til Finnlands. Finnar höfðu rekið hér sendiráð í 15 ár og oft hefur verið farið í opinberar heimsóknir til Finnlands og gefið í skyn að til stæði að opna fljótlega sendiráð í Finnlandi. Það var mat ríkisstjórnarinnar að að taka þyrfti einhverja ákvörðun í þessu máli.

Ég lagði til að sú ákvörðun yrði tekin að opna skrifstofu frá sendiráðinu í Stokkhólmi en eftir umræður í ríkisstjórninni þótti mönnum rétt að ganga skrefið til fulls og samþykkja það í ríkisstjórninni, þ.e. fyrir sitt leyti, að stefna að opnun sendiráðs þar 1998. Auðvitað má gagnrýna þessa ákvörðun eins og allar aðrar ákvarðanir en hún var tekin. Það var leigt húsnæði í miðbæ Helsinki sem er bæði mjög hentugt og ódýrt en ekki hefur verið tekin ákvörðun um sendiherrabústað. Hins vegar er heimild í 7. gr. fjárlaga, hv. þm., þar sem gert er ráð fyrir því að kaupa bústað fyrir sendiherra í Helsinki, það er heimild til þess. En það hefur ekki verið ákveðið. Hafin er skoðun á því máli og skoðunin gengur út á það hvort hagkvæmara sé að leigja eða kaupa.

Yfirleitt hefur nú reynst hagkvæmara að kaupa eignir til lengri tíma litið en það er rétt að það kostar mikið fé og Helsinki er tiltölulega dýr borg. Það liggur engin niðurstaða fyrir því því máli. En heimildin er hér fyrir hendi og þingmenn munu greiða atkvæði um hana eins og aðrar heimildir í þessari grein.

Þá vil ég aðeins víkja að sendiráðinu í Þýskalandi. Það hefur legið lengi fyrir að til stendur að flytja stjórnarsetur Þýskalands frá Bonn til Berlínar og við Íslendingar erum að því leytinu til verr settir en margar aðrar þjóðir að flestar aðrar þjóðir áttu eignir í Austur-Berlín og geta því notað þær vegna þessara flutninga. Við erum ekki þannig staddir og við ákváðum að taka þátt í byggingu sameiginlegrar sendiráðsbyggingar í Berlín með hinum Norðurlöndunum sem er mjög dýr og mun dýrari en menn gerðu upphaflega ráð fyrir. En þá á eftir að finna bústað fyrir sendiherrann og mikil leit hefur staðið yfir að slíkum bústað en ekkert hentugt húsnæði hefur enn þá fundist. Hins vegar liggja fyrir loforð af hálfu Þjóðverja, þ.e. yfirvalda í Berlín, um að selja Íslendingum tiltekna lóð sem er dýr en hins vegar er verðið sem lofað var á sínum tíma langt undir markaðsverði í Berlín. Við höfum gengið eftir því að Berlínarborg standi við þetta loforð en þeir eru tregir til vegna þess að þeir geta fengið mun hærra verð fyrir lóðina núna þannig að það kemur til greina ef ekkert húsnæði finnst til kaupa í Berlín sem hentugt þykir til þessara starfa því það er mjög mikilvægt að sendiráðið fái þar gott húsnæði vegna mikilvægis samskipta Íslands og Þýskalands sem er næststærsta viðskiptaland okkar og það eru mikil samskipti milli Íslands og Þýskalands. Í þessu máli hefur ekki fengist niðurstaða en menn eru að leita þar að hagkvæmustu lausninni.

Að því er varðar hugsanlegt sendiráð í Japan þá er það rétt hjá hv. þm. að engar heimildir eru í þessu fjárlagafrv. til að kaupa húsnæði þar, enda alls ekki gert ráð fyrir því að opnað verði sendiráð í Japan á næsta ári og það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. Það kemur til álita að mínu mati að gera það 1999 og þá verður að sjálfsögðu að leita til þess heimilda. Það er dýrt að reka sendiráð í Japan og við höfum reiknað með að rekstrarkostnaður verði um það bil 100 millj. kr. á slíku sendiráði. Þá er gert ráð fyrir að leigja húsnæði. Ef kaupa á húsnæði í Tókíó þá er það mjög kostnaðarsamt og við höfum alls ekki gert það upp við okkur hvernig staðið verður að því máli. Það er ekki komið nægilega langt til þess að fullyrða neitt um það og ég get að sjálfsögðu ekki fullyrt á þessu stigi hvort almennt verði opnað sendiráð í Japan á árinu 1999. Það er ákvörðun sem verður væntanlega tekin síðar.

Húsnæðismál okkar annars staðar eru í bærilegu lagi. Það vantar hins vegar víðar fjármagn til þess að halda þessum byggingum betur við. Það liggur fyrir. Húsnæðismálin að því er varðar sendiherrabústaðinn í Beijing í Kína eru ófullnægjandi og þar erum við með leiguhúsnæði. Það er alveg ljóst að menn hafa verið að velta þessum málum á undan sér og við erum að reyna að taka skipulega á þeim með

hagsmuni íslenska ríkisins í huga og með það í huga að varðveita verðgildi þessara eigna og koma sendiráðunum í hagkvæmara húsnæði. Ég bið hv. þm. um að kynna sér þessi mál betur. Við erum alveg tilbúnir að fara yfir öll þessi mál með honum, með utanrmn. og öðrum þeim nefndum þingsins sem vilja kynna sér þau. En ég verð að biðja um að það sé gert málefnalega og menn séu ekki að reyna að slá sér upp á því að þarna sé eitthvert bruðl á ferðinni, þarna sé einhver flottræfilsháttur og ég veit ekki hvað. Ég tel að þarna eigi að leita hagkvæmustu leiða og að við eigum að kaupa og eiga hagkvæmt húsnæði. En við eigum að eiga gott húsnæði sem stendur fyrir sínu og er fullur sómi að fyrir okkur án þess að gengið sé út í öfgar. Ég tel að þannig hafi almennt verið staðið að málum.

Mistök hafa átt sér stað í þessum málum í gegnum tíðina og ekkert við því að segja. Það hafa átt sér stað mistök í húsnæðismálum ríkisins á fleiri stöðum en mér finnst það, hv. þm., ekki vera mjög smekklegt þegar farið er að bera þessi mál saman við okkar heilbrigðisstofnanir þó það sé alveg rétt að sumar þeirra eru viðhaldslausar og þurfa á því að halda að fá meira viðhald. Það er ekkert samband þarna á milli. Það er einfaldlega verið að reyna að taka skipulega á þessu og það er viðurkennt að menn hafa velt þessu á undan sér, kannski vegna þess að menn hafa ekki viljað tala um þetta eins og það er. Það má vel vera að menn hafi viljað forðast að ræða þessi mál á Alþingi eins og þau eru og hafi þótt hagkvæmara að velta þessu á undan sér og sópa þessu undir teppið. En það verður því miður ekki gert lengur. Ef við ætlum að reka sendiráð áfram í London og ef við ætlum að reka áfram sendiráð í Washington, þá er ekki hægt að bíða með þetta lengur. Það er einfaldlega það sem við erum að horfa framan í. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að margt af þessu hefur legið fyrir árum saman og löngu áður en ég kom í þennan ráðherrastól, mörgum árum áður. Ég ætla ekkert að fara að spyrja aðra ráðherra um það, m.a. hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sem hefur setið í ríkisstjórn og hefur áreiðanlega vitað um þessi mál að einhverju leyti meðan hann sat í ríkisstjórn, af hverju það var ekki gert. Ég þykist vita svarið. Það er vegna þess að menn geta ekki gert allt í einu og hafa ekki peninga til alls og eru oft og tíðum að reyna að fresta því sem menn telja síður mikilvægt til þess að taka mikilvægari mál fram fyrir. En það kemur oft að því að ekki er hægt að draga hlutina lengur.

Það er alveg sama með Leifsstöð sem hv. þm. talar oft um. Það var ekki komist hjá því að taka á skuldavanda Leifsstöðvar. Átti að velta honum á undan sér endalaust og átti ég sem utanrrh. að horfa upp á það að skuldirnar hækkuðu og hækkuðu eins og hefur gerst á undanförnum árum? Var það lausnin? Mér finnst það ekki vera lausn. Það var einhvern tíma kallað að pissa í skóinn sinn þegar ég var að alast upp og mér hafa aldrei fundist það vera góðir lífshættir að vera alltaf að pissa í skóinn sinn. Það er verið að taka á þessu máli og búið er að sýna fram á að hægt er að endurgreiða þessar skuldir og við höfum jafnframt tekið ákvörðun um það að ráðast í nauðsynlega stækkun þessarar stöðvar, ekki vegna þess að við viljum ekki byggja myndarlega upp úti á landi heldur vegna þess að ekki verður hjá því komist. Ef við ætlum að standa undir nafni sem ferðamannaland og fá fleiri ferðamenn til að koma inn í landið, þá verður aðalgestamóttakan að vera í lagi. Það þýðir ekki að vera að auglýsa Ísland sem ferðamannaland og hafa gestamóttökuna ekki í lagi. Hér er um mjög stórt atvinnumál að ræða á Suðurnesjum. Ég hélt satt best að segja að þingmaðurinn væri áhugasamur um það. (Gripið fram í.) En ég heyri það á honum að honum finnst svona heldur vitlaust að fara í þetta eins og allt annað heyrist mér sem utanrrn. gerir. Ég er ekki að biðjast undan því að um þetta sé rætt. Það ber að gera. Það er hægt að skila nákvæmri skýrslu til þingsins um öll þessi mál.

Nú er að störfum nefnd sem allir stjórnmálaflokkarnir eiga sæti í sem fjallar um viðfangsefni utanríkisþjónustunnar á næstu árum og hvernig eigi að taka á þeim málum. Þar hefur verið unnið ágætisstarf og þar eru allir fulltrúar áhugasamir um það og það er mikilvægt að góð sátt ríki um starfsemi íslenskrar utanríkisþjónustu og skipulag hennar til lengri tíma litið þannig að ekki þurfi að vera að hræra í því í hvert skipti sem hér kemur ný ríkisstjórn því ráðherrar koma og fara eins og þingmaðurinn benti réttilega á og verður ekki komist hjá því. En mikilvægt er að festa sé í starfsemi utanríkisþjónustunnar og hún geti þjónað öllum þeim ráðherrum sem þangað eiga eftir að koma í framtíðinni og að staðið sé þannig að málum að það geti staðið lengi sem þar er uppbyggt.

[20:28]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir málefnalega og upplýsandi og ítarlega yfirferð um veruleika þessara mála bæði í fortíð og nútíð og einnig sýn hans um framtíðina því að hér er ekki um lítilvæg mál að ræða. Hér er, eins og hann gat réttilega sjálfur, um mjög háar upphæðir að tefla og mjög vandrataður hinn rétti vegur í þessum efnum. Ég hygg að hann hafi fengið um það rangar upplýsingar hafi honum komið til hugar að umræðan hér að honum fjarstöddum hafi verið ómálefnaleg. Hún var það bara alls ekki. Og vegna orða hans um að ekki væri passandi að bera saman brýna þörf í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu annars vegar og uppbyggingu utanríkisþjónustu hins vegar þá er það nú bara þannig að allt kemur þetta úr sama kassanum og úr sömu vösunum, frá skattgreiðendum, og auðvitað getum við ekki annað en horft á þetta í réttu samhengi. Það var dálítið sláandi, og þess vegna kom þessi samanburður, að þær 400 millj. sem þurfti að verja til endurbóta á þessum tveimur sendiráðum voru nánast sama upphæðin og vantaði á fjáraukalögum til þess að rétta af halla stóru sjúkrahúsanna á yfirstandandi ári. Það var kannski ekki síst þess vegna. En látum vera með það.

Ég þakka þessi svör. Þau hafa að mörgu leyti gert ljósara en áður um stöðu þessara mála og framtíðarhorfur. Ég get þó ekki látið hjá líða að spyrja um eitt til tvö atriði.

Í fyrsta lagi: Hvert var söluverð Parísareignarinnar?

Í annan stað: Það er ekki að finna, eins og hæstv. ráðherra kom sjálfur inn á, heimildir til þess að kaupa húsnæði fyrir starfsfólk í Berlín. Er ekki nauðsynlegt að afla slíkra heimilda?

Og í þriðja lagi: Hvaða stærðargráður eru menn að tala um varðandi varanlegt húsnæði fyrir sendiherra og starfsfólk í Helsinki? Þannig að menn hafi einhverjar hugmyndir um það hvað að baki þessum heimildum stendur.

Rétt í bláendann, virðulegi forseti. Ég bið hæstv. ráðherra að taka eftir því sem ég sagði og segi. Ég lýsti yfir stuðningi við stækkun Leifsstöðvar og tel hana brýna.

[20:31]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Söluverð sendiherrabústaðarins í París var 17 millj. franka sem eru liðlega 200 millj. kr. þannig að fasteignaverð þar er mjög hátt eins og þar kemur fram. Að því er varðar sendiherrabústað í Helsinki þá er verið að skoða þau mál og það er skoðað af starfsmönnum utanrrn. og starfsmönnum fjmrn. með það í huga að finna sem hentugast húsnæði. Það er hins vegar oft þannig að það er kannski erfitt að finna alveg nákvæmlega stærðina sem manni fyndist henta þegar verið er að leita að gömlu húsnæði. Það er hins vegar hægt þegar byggt er þannig að það liggur ekki fyrir og e.t.v. verður leigt til að byrja með en það verða menn að vega og meta.

Það sem ég átti við að því er varðar samanburð við sjúkrahúsin, er að mér finnst engin ástæða til þess að vera að draga þessi mál beint saman. Við vitum að ef við sinnum ekki viðhaldi ákveðins spítala þá kemur að því að ekki verður komist hjá því að fara þar í miklar framkvæmdir. Þess vegna er mikilvægt að við reynum að sinna viðhaldi allra opinberra bygginga á hverju ári. En það á við um þetta húsnæði, annars vegar í London og í Washington, að þessu var ekki sinnt og við áttum engan annan kost en að fara í þetta nema láta þessar eignir verða ónýtar og ég veit að hv. þm. hefði aldrei lagt til að það yrði gert ef hann hefði verið í minni stöðu. Ég er alveg viss um að ef hann hefði verið í minni stöðu þá hefði hann ekki getað lagt neitt annað til því ég sé ekki hvað annað var hægt að gera þó ég hefði gjarnan viljað komast hjá því að þurfa að fara í þessi útgjöld.

[20:33]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að svo komnu máli er kannski ekki ástæða til þess að orðlengja þetta mikið meira. Ég endurtek að þetta hefur gefið miklu gleggri mynd af stöðu mála og ég fagna líka þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hann sé til þess reiðubúinn eftir áramótin að taka saman stöðu þessara mála og skýrslu um það sem hugsanlega megi byggja á áliti þessa starfshóps eða þá annarra sérfræðinga sem um þessi mál véla því mitt áhyggjuefni er fyrst og síðast ekki að það eigi ekki vel að búa að starfsfólki utanríkisþjónustunnar eins og öðrum ríkisstarfsmönnum heldur hitt að hér er um slíkar upphæðir að tefla að við verðum að gaumgæfa eilítið og sjá fyrir okkur hvað þessar heimildir innifela. Og einnig hitt hvort hugsanlega séu önnur atriði, eins og raunar hefur komið hér upp á í samtali okkar hæstv. utanrrh., hugsanlega önnur verkefni sem standa utan heimilda sem menn verða að ráðast í. Þetta hleypur augljóslega á slíkum upphæðum, hundruðum millj. kr., að nauðsynlegt er fyrir þingheim, og þá segi ég ekki síst hv. þm. Jón Kristjánsson sem er að berjast í því þessa dagana að halda ríkissjóði á núllinu, að við gerum okkur grein fyrir því hvað er í pípunum sem hugsanlega geti skekkt þá mynd mjög verulega því að þó að fengist hafi happdrættisvinningur á síðasta ári með réttum milljarðs króna tekjuauka vegna söluhlutar íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum þá er ekki hægt að gera út á slíka happdrættisvinninga þannig að það er af þessum sökum sem ég held að umræðan sé mjög mikilvæg og hún hefur verið málefnaleg og fyrir það þakka ég.

[20:35]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Gallinn í þessu öllu er náttúrlega fyrst og fremst sá að við ráðum litlu um markaðsverð eigna í þessum stórborgum og það liggur ljóst fyrir að markaðsverð eigna þar er mjög hátt. Hins vegar höfum við ákveðið sem þjóð að hafa starfsemi í þessum borgum og teljum öll að það sé mikilvægt og við verðum innan þeirra marka og innan þess ramma að taka eins skynsamlegar ákvarðanir og við mögulega getum. Það verður fyrst og fremst gert með því að sinna þessum eignum á eðilegan hátt, halda þeim við og grípa tækifærið ef menn sjá einhvern annan hagkvæmari kost með því að selja og kaupa annað og reyna að gera það þegar markaðurinn er frekar í lágmarki en í hámarki. Það erum við að reyna að gera og munum halda áfram að vinna að því.

Ég endurtek það að auðvitað erum við tilbúin til þess að upplýsa þessi mál öll. Þetta eru opinber mál sem ber að upplýsa og ef þingmenn vilja kalla eftir frekari upplýsingum eins og hv. þm. gerði að því er varðar sendiráðið í Berlín, þá munum við að sjálfsögðu láta þær upplýsingar í té.

Ég vænti þess að umræðan hafi orðið til þess að varpa skýrara ljósi á málið og upplýsa það að hér er ekkert óeðlilegt á ferðinni. Þó að hérna séu háar tölur sem er rétt, þá er það fyrst og fremst vegna þessara markaðsaðstæðna sem við ráðum ekki við.

[20:37]

**Útbýting þingskjals:**

Starfskjör hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum, 80. mál, svar fjmrh., þskj. 626.

[20:37]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Sú var lengi trú íslenskra stjórnmálamanna að mestur árangur næðist í stjórn efnahagsmála með sem mestri miðstýringu og með sem mestri stjórnun stjórnmálamannanna sjálfra á flestum þáttum efnahagsmála. Með hafta- og leyfakerfi átti að tryggja að útflutningur yrði a.m.k. ekki minni en innflutningur. Með styrkjum og uppbótum átti að tryggja stöðugt gengi. Með niðurgreiðslum og verðlagseftirliti sem stjórnmálamenn stýrðu meira og minna átti að tryggja stöðugt verðlag. Með opinberri stýringu vaxta átti að tryggja eðlilegt ástand á fjármálamarkaði. Með verðstöðvunarlögum átti að tryggja stöðugt verðlag og næðist það ekki fram með verðstöðvunarlögum voru dæmi um það að á sama tíma og almenn verðstöðvunarlög voru í gildi voru sett lög um sérstaka tímabundna verðstöðvun til að tryggja það enn meira að verðlag færi ekki úr böndunum.

Ég man þá tíma þegar eitt af verkefnum ríkisstjórna var t.d. að ákveða verð á smjörlíki. Íslendingar voru fastir í þessum hugsunarhætti miklu lengur en nokkur önnur þjóð í Vestur-Evrópu og eru raunverulega ekki nema tiltölulega fá ár síðan menn köstuðu þessum hugsunarhætti fyrir róða. Og það er nánast merkilegt, herra forseti, hvað urðu þó miklar framfarir á Íslandi miðað við það kerfi sem stjórnmálamennirnir aðhyllust í stjórnun efnahagsmála og líktist engu öðru frekar en stjórnkerfi því sem beitt var í Austur-Evrópuríkjunum og leiddi til algjörs hruns efnahagslífsins þar, til mikillar fátæktar, mikillar mengunar og mikillar afturfarar.

Nú höfum við þó loksins horfið frá þessari stefnu en þó er ekki svo að stjórnvöld hafi engin áhrif á efnahagslífið og það sem þar er að gerast og mun gerast. Mesti áhrifavaldur í höndum stjórnvalda í þeim efnum eru einmitt ríkisfjármálin því að það er fyrst og fremst með stjórn sinni á ríkisfjármálum, eins og kemur fram við afgreiðslu fjárlaga, sem stjórnvöld geta haft áhrif til góðs eða til ills á það sem gerast mun í efnahagsmálum þjóðarinnar á næstu missirum.

Hæstv. fjmrh. lýsti þessu mjög skörulega á erfiðleikaárunum þegar við sátum saman í ríkisstjórn. Þá sagði hann að hlutverk stjórnvalda á erfiðleikaárum og krepputímum væri að ýta undir framkvæmdir, greiða fyrir fólki með auknum tekjutilfærslum og auka afskipti hins opinbera til að draga úr áhrifum kreppunnar og ýta undir bjartsýni og framkvæmdarvilja. Hæstv. fjmrh. sagði þá að það væri afsökunarvert og raunar óhjákvæmilegt að reka ríkissjóð með halla í slíku árferði auk þess sem það væri skynsamlegt. En hæstv. fjmrh. sagði við sama tækifæri að slík stjórnunarstefna væri gersamlega óafsakanleg í góðæri. Á slíkum tímum væri það skylda ríkisstjórnarinnar að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskap með því að reka ríkissjóð með rekstrarafgangi og ég legg áherslu á, með rekstrarafgangi. En það gerist ekki nú þó svo að nú séum við að upplifa eina mestu uppsveiflu sem orðið hefur á síðustu áratugum í efnahagslífi þjóðarinnar sem m.a. leiðir til þess að spár fjmrn. um líklegar tekjur ríkissjóðs rætast ekki því tekjurnar eru svo miklu meiri en fjmrn. gerir ráð fyrir í upphafi árs. Þar eru komin önnur viðhorf en voru á árunum t.d. þegar þessir efnahagsörðugleikar voru að byrja og lengi síðan, á árunum eftir 1987 þegar tekjuspá fjmrn. rættist ekki, þ.e. hún rættist ekki vegna þess að áhrif hagsveiflunnar niður á við voru svo mikil á tekjur ríkissjóðs að þær urðu langtum minni en áætlað var í upphafi árs.

Nú er öldin önnur. Nú eru tekjur ríkissjóðs miklu meiri á árinu sem er að líða en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga fyrir aðeins einu ári. Við erum sem sé nú í miðju góðæri og þá sagði núv. hæstv. fjmrh. að óafsakanlegt væri við slíkar aðstæður að halda þannig á stjórn ríkisfjármála að ekki skilaðist umtalsverður rekstrarhagnaður í ríkisreikningi þegar gert væri upp. Og menn hafa sagt sem telja sig hafa vit á, að ekki væri óeðlileg miðað við árferðið eins og það er á Íslandi í dag að ríkissjóður yrði rekinn með 5 milljarða rekstrarafgangi. En eins og niðurstöðutölur fjárlagafrv. sem við erum að ræða nú við 3. umr. eru, þá eru menn að tala um afgang upp á 0,1%. Upp á einhverjar 370 millj. sem virðist nú, m.a. samkvæmt tillögum sem lagðar hafa verið fram við 3. umr. og líklegt er að verði samþykktar, að lækki ofan í 130 millj. eða eitthvað þar um bil og þá er sem sé afgangurinn kominn niður í undir 0,1% af heildarfjárhæðum tekna- og gjaldamegin og menn hrósa sér af því sem einhverjum árangri. Þetta er að sjálfsögðu hlægileg niðurstaða miðað við þær forsendur sem ég lýsti hér áðan og þá nauðsyn sem hæstv. fjmrh. sjálfur sagði að væri á því að skila ríkissjóði með góðum afgangi í góðæri til þess að vinna á móti þensluáhrifum og varðveita jafnvægi í efnahagsmálum.

Ég verð nú að segja eins og er að báðir þeir ágætu félagar, hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjárln. ættu að bera kinnroða fyrir því, virðulegi forseti, að leggja fram fjárlagafrv. til afgreiðslu með rekstrarafgangi af þessu tagi, 0,09% rekstrarafgangi. Það tekur því varla að færa það til bókar því þetta er eins og að færa aukastafi í 10. eða 12. lið, eitthvað slíkt og það skuli menn tala um sem viðunandi árangur eða árangur sem einhver sterkasta ríkisstjórn í þingmönnum talið síðustu ára á Íslandi geti gumað sig af í uppsveiflu góðæris, það er þyngra en tárum taki. Og þetta er svo gjörsamlega í andstöðu við þá varfærnu fjármálastefnu sem Sjálfstfl. þykist í orði kveðnu vera merkisberi fyrir að það er með ólíkindum að þessi flokkur skuli þora að orða sig við slíka stefnu lengur. Og það er líka með ólíkindum að ungir sjálfstæðismenn sem hafa venjulega reynt að halda vöku sinni í þessum flokki skuli ekki hafa ályktað harðar en þeir hafa gert gegn slíkri stjórnmálastefnu því að þessi niðurstaða í uppsveiflu góðæris, að skila 0,09% áætluðum rekstrarafgangi á ríkissjóði er, herra forseti, þeim flokki til skammar og vissulega ástæða til að benda á árangur stjórnunarstefnu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum sem lítur svona út.

En er líklegt að þessi árangur náist? Svo er ekki. Í fyrsta lagi hafa menn horft upp á það hér við fjárlagaafgreiðsluna að þegar fjárln. eða meiri hluti hennar lagði fram sínar tillögur í tvígang þá í fyrra skiptið voru útgjöld ríkisins aukin samkvæmt tillögum fjárln. um 1,6 milljarða kr. og nú í seinna skiptið upp á 1.100 millj. kr. eða um 2,7–2,8 milljarða kr. við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Þetta er tala sem ég minnist ekki að hafa séð áður. Ætli ég hafi nokkurn tíma áður séð svo mikla hækkun á útgjöldum fjárlaga í meðförum fjárln. á mínum þingmannsferli?

Menn voru að tala um hér fyrir einu eða tveimur árum 500 og 600 millj. kr. sem fjárln. var að afgreiða mitt á erfiðleikaárunum þegar menn voru þó að reyna að ýta undir umsvif í þjóðfélaginu með útgjöldum úr ríkissjóði. Nú er verið að auka útgjöld ríkissjóðs um 2.700 millj. kr. í meðferð fjárln. og þar eyða menn hverri einustu krónu sem upp í hendurnar á þeim kemur þrátt fyrir þá þörf sem hæstv. fjmrh. hefur marglýst á því að reka ríkissjóð með góðum afgangi í góðæri.

Í öðru lagi gera menn ráð fyrir því að ná þessum árangri, ef árangur skyldi kalla, upp á 0,09% í rekstrarafgang með því að selja eigur ríkissjóðs upp á 2.700 millj. kr. og ráðstafa innkomu af þeim eignum til útgjalda í rekstri. Þetta er svona svipað og ef fjölskylda sem á í erfiðleikum með að greiða Visa-kortið sitt vegna reksturs heimilisins, seldi kjallarann undan íbúðarhæðinni til að afla fjár til að greiða Visa-kortið, kæmi svo og segði: „Rekstur okkar fjölskyldu er í jafnvægi.“ Sleppti að minnast á það að eignir fjölskyldunnar hefðu verið notaðar að nokkru leyti a.m.k. til þess að greiða rekstrarkostnaðinn, til að greiða skuldina á Visa-kortinu. Með þessum aðferðum nær hæstv. ríkisstjórn bókhaldslegri niðurstöðu upp á 0,09% í afgang, með því að selja ríkiseignir upp á 2.700 millj. kr. og nota andvirði þeirrar eignasölu til að borga rekstrarútgjöld. Þar fyrir utan eru þessar 2.700 millj. kr. ekki fuglar í hendi heldur fuglar í skógi vegna þess að aldrei hafa áætlanir fjmrn. um tekjur fyrir sölu á ríkiseignum ræst. Þær áætlanir hafa aldrei ræst allt frá fyrsta degi að þær voru settar fram. Þær hafa aldrei gengið upp þannig að þessir fjármunir sem hér er verið að tala um og verið er að nota til að reyna að jafna afkomu ríkissjóðs á pappírnum eru ekki í höndum hæstv. fjmrh. í dag og enginn getur fullyrt um hversu mikið af þeim muni skilast í hendur honum á næsta ári. Það er aðeins eitt sem hægt er að fullyrða og reist er á dómi reynslunnar. Þessi fjárhæð mun ekki skila sér í ríkissjóð til hæstv. fjmrh. Hins vegar getur enginn mannlegur máttur sagt um það í dag hversu mikið eða hversu lítið af þessari fjárhæð muni skila sér.

Í þriðja lagi hefur það komið fram hjá minni hlutanum og er mjög vel rökstutt og hefur ekki verið hrakið að ekki er farið rétt með hluta af þeim lífeyrisskuldbindingum sem falla munu á ríkissjóð á næsta ári. Samkvæmt lögum frá Alþingi í fyrra um hvernig færa skuli ríkisreikning og fjárlög á að færa um rekstur ríkissjóðs um 4 milljarða kr. sem ekki eru færðir þannig í fjárlagafrv. heldur færðir um höfuðstól þannig að það vantar um 4 milljarða kr. gjaldfærslu gjaldamegin í frv. En hæstv. ríkisstjórn hlýtur að vita að hún sleppur ekki undan þessari gjaldfærslu. Ríkisreikningsnefnd mun sjá til þess að

lögum verði framfylgt og hvernig svo sem hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. reyna að komast fram hjá því að framfylgja ákvæðum laga sem sett voru á Alþingi í fyrra þá mun þessi fjárhæð vera færð til rekstrarkostnaðar í ríkisreikningi fyrir árið 1998 og mun koma fram sem hallatala í rekstri ríkissjóðs á því ári. Og það er með ólíkindum að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. skuli grípa til þess, vitandi vits, að halda svona fjárhæðum utan gjaldahliðar fjárlaga við fjárlagaafgreiðsluna, vitandi það fyrir víst að ríkisreikningsnefnd muni breyta þeirri niðurstöðu við færslu ríkisreiknings og færa þessa fjárhæð eins og hún á að vera, gjaldamegin í rekstri ríkissjóðs.

Í fjórða lagi hefur hér komið fram og verið mjög vel rökstutt, m.a. af frsm. minni hluta fjárln., hv. þm. Kristni Gunnarssyni, að það er vitað, fjárln. veit að í fjárlagafrv. vantar um 2,5 milljarða kr. upp á það að útgjöld sjúkrahúsanna stóru í Reykjavík og á Akureyri séu rétt áætluð. Ef einhverjar fyrirætlanir væru nú uppi um að draga saman í starfsemi sjúkrahúsanna til þess að spara þessa fjármuni sem þýddi að ekki væri bara verið að draga saman í rekstri sjúkrahúsanna til að ná einhverjum sparnaði á næsta ári heldur líka til þess að spara fyrir uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahúsanna frá fyrri árum, þ.e. m.a. árinu í ár upp á um það bil 1 milljarð kr. og ef uppi væru áform um það að draga saman eða breyta rekstri þessara sjúkrahúsa þannig að útgjöld þeirra mundu lækka um 2,5 milljarða kr. þá væri út af fyrir sig álitamál að skoða slíkar tillögur. Það mundi að sjálfsögðu þýða að mjög verulegur niðurskurður yrði á þjónustu þessara sjúkrahúsa því að menn draga ekki saman um 2,5 milljarða í rekstri sjúkrahúsa án þess að grípa til mjög róttækra ráðstafana og draga mjög verulega saman seglin í þeirri þjónustu sem sjúkrahúsin veita í dag. En engin slík áform eru uppi. Við stjórnarandstöðuþingmenn getum ekki rætt við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um nein slík áform vegna þess að þeir hafa ekki lýst þeim. Þeir hafa ekki hugmynd um hvernig þeir ætla að ná slíkri kostnaðarlækkun í sjúkrahúsunum. Þeir hafa engar tillögur um það. Þess vegna er ekki hægt að ræða tillögurnar við þá og spyrjast fyrir um það m.a. hvaða áhrif þær munu hafa. Það eina sem vitað er er að það vantar 2,5 milljarða kr. í fjárlagafrv. eins og það er úr garði gert í dag ef það á að jafna halla fyrri ára og yfirstandandi árs og tryggja að sjúkrahúsin geti rekið sig með óbreyttu rekstrarumfangi og þjónustustigi á næsta ári miðað við það rekstrarumfang og þjónustustig sem þau hafa rækt af hendi á þessu ári. Þarna er meiri hlutinn því einfaldlega að draga til baka 2,5 milljarða út úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs án þess að geta á einn eða annan hátt rökstutt það eða lagt fram tillögur um það hvernig eigi að ná þessum árangri þannig að hér er um enn eina platútreikningana að ræða. Það er verið að halda til hliðar fjármagni sem guð og hver maður veit að mun falla til greiðslu á árinu 1998 vegna þess að þess að nú er svo komið með stjórnendur sjúkrahúsanna, bæði aðalstjórnendur og undirstjórnendur, að þeim dettur ekki lengur í hug að reyna að ná þeim markmiðum sem ríkisstjórnin er að setja þeim því að þessir stjórnendur vita að tilgangslaust er að reyna það og þeir vita að ekki er hægt að leysa þessi mál öðruvísi en svo að koma með þá fjármuni sem vantar einhvern tíma á fjárlagaárinu til að koma í veg fyrir að rekstur þessara sjúkrahúsa stöðvist. Þannig hefur það verið á því ári sem nú er að líða og þannig var það á árinu sem leið þar á undan. Lagt var upp með mikil áform og stór fyrirheit um niðurskurð og sparnað en málunum lauk alltaf á þann veg að þegar komið var fram yfir mitt ár, þá var komið með þá fjármuni sem á vantaði til að hægt væri að leysa úr sárustu neyð sjúkrahúsanna og þá var sagt: „Það sem við ekki gátum í ár ætlum við að gera á næsta ári.“ Þetta eru orðin vanavinnubrögð. Menn vita að svona verður það áfram því að engar handfastar tillögur eru frá meiri hlutanum um hvernig eigi að ná þessum mikla sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna. Engar hugmyndir þar um hafa verið kynntar fyrir Alþingi. Menn vita því fyrir fram, menn ganga að því sem gefnu að svona verður þetta á árinu 1998 og enginn mun láta sér koma til hugar að reyna að ná því markmiði sem sett er fram í fjárlagafrv. um að draga úr útgjöldum til þessara þriggja stóru sjúkrahúsa um hvorki meira né minna en 2,5 milljarða á einu ári.

Hvað þýðir þetta sem ég hef rætt hér um? Þetta þýðir að eins og við stöndum með fjárlagafrv. í dag, þ.e. þar sem menn reikna með tilflutningi frá eignum í rekstur, þar sem menn færa ekki 4 milljarða kr. af lífeyrisskuldbindingum inn í rekstrarlið fjárlaganna eins og ber að gera og þar sem menn halda til baka um 2,5 milljörðum kr. í útgjöldum vegna sjúkrahúsanna, þá stöndum við með fjárlagafrv. sem er ekki með 150 millj. kr. í rekstrarafgang heldur með raunverulegan rekstrarhalla upp á 8–10 milljarða kr. Það er sú tala sem a.m.k. maður með þá reynslu af ríkisfjármálum sem ég hef, sér glögglega að fjárlagafrv. stendur í. Hallatalan er upp á 8–10 milljarða kr. miðað við afgreiðsluna eins og hún er í dag.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. og reynsla er fyrir því frá síðastliðnu ári, að líklegt er að hagsveiflan sem hefur fært fjmrh. miklar tekjur umfram spár á yfirstandandi ári geri það líka á næsta ári. Það er mjög líklegt að hún geri það líka á næsta ári eins og hún hefur gert á árinu í ár. Og ef vel gengur og hagsveiflan á árinu 1998 verður ekki síðri en hún var á yfirstandandi ári sem margir efast nú um því þeir segja að nú séum við komnir á toppinn, en ef svo vel fer að tekjuaukning ríkissjóðs vegna hagsveiflunnar á næsta ári verði álíka mikil og hún var í ár, getum við reiknað með því að hagsveiflan skili ríkissjóði kannski 4–5 milljörðum kr. í auknar tekjur á árinu 1999. Við getum gert okkur vonir um það. Við stöndum því með ríkissjóð í nettóhalla í dag upp á 4–6 milljarða kr. Það er mín spá að sú verði niðurstaðan þegar reikningarnir verða gerðir upp í árslokin 1998. Þegar búið verður að gera þær lagfæringar á gjaldahlið frv. sem ég hef lýst og sem ég veit að ríkisreikningsnefnd mun gera því hún á ekki annars kost miðað við þau lög sem hún starfar eftir, þá stöndum við með ríkissjóð í halla upp á 4–5 milljarða kr. Með öðrum orðum, við erum 10 þús. millj. kr. neðan við það mark sem þeir sem best þekkja til segja að sé ásættanlegt fyrir ríkissjóð í þeirri uppsveiflu sem við höfum verið. Þeir hafa sagt: „Í svona árferði ber ríkissjóði að skila rekstrarafgangi upp á um 5 milljarða kr.“ Ég tel að við stefnum í rekstrarhalla á ríkissjóði upp á nettó 4 milljarða, eða u.þ.b. þannig að árangur hæstv. fjmrh. er um 10 þús. millj. kr. neðan við það sem hann telur sjálfur ásættanlegt.

Hv. stjórnarsinnar segja að stjórnarandstæðingar séu nú að flytja skattahækkunartillögur. Það er rétt. Við höfum flutt slíkar tillögur vegna þess að við höfum viljað sýna fram á að afla þurfi meira fjár ef greiða eigi þau útgjöld úr ríkissjóði sem hæstv. ríkisstjórn gerir ráð fyrir að greiða þurfi og þau útgjöld sem við höfum sýnt fram á í okkar tillöguflutningi að eru óhjákvæmileg og munu flestöll falla á ríkissjóð sama hvað tautar og raular. En stjórnarsinnar eru líka að

flytja skattahækkunartillögur því það að reka ríkissjóð með 4 milljarða kr. halla á árinu 1998 er að flytja tillögur um skattahækkanir. En það á bara að fresta þeim. Þær skattahækkanir hljóta að koma fyrr eða síðar því það verður að greiða þennan halla á ríkissjóði þannig að hv. stjórnarsinnar eru að flytja skattahækkunartillögur sem eru tvöfalt hærri en þær sem stjórnarandstaðan hefur flutt. Þær eiga bara ekki að taka gildi strax. Þær eiga að taka gildi einhvern tímann síðar. Og því er ekki svarað af stjórnarsinnum hvenær einhvern tímann síðar þetta á að gerast. Það á bara ekki að gerast á árinu 1998. Þá á að reka ríkissjóð með 4 milljarða kr. halla. Stjórnarsinnar geta því ekki hrósað sér af því að vera að leggja fram fjárlagafrv. með engum skattahækkunum. Þetta er fjárlagafrv. með miklum skattahækkunum. Þeim er bara frestað þangað til síðar.

Herra forseti. Ýmislegt vekur ugg í sambandi við þá þróun sem virðist fyrirsjáanleg á næsta ári. Ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. heldur um stjórnvölinn bæði í ríkisstjórn og í fjárlagagerð, gerir ráð fyrir að samneysla aukist um yfir 3% á árinu 1998, þ.e. að samneyslan aukist um 20–25% frá árinu í ár og í ár jókst samneyslan um þriðjung frá árinu í fyrra. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur einfaldlega að útgjöld ríkisins, útgjöld hins opinbera sem er annað orð yfir samneysluna, fara nú mjög hratt vaxandi. Spáð er verulegum viðskiptahalla á næsta ári, þ.e. við flytjum inn miklu meira af vörum og þjónustu en við flytjum út. Ástandið í þeim málum á yfirstandandi ári mundi hafa verið skelfilegt ef ekki hefðu komið til sögunnar hin miklu kaup lífeyrissjóðanna á erlendum verðbréfum sem bjargað hafa því sem bjargað varð. En viðskiptahallinn sem undir kraumar er miklu meiri en tölurnar gefa til kynna vegna þess að kaup lífeyrissjóðanna á erlendum verðbréfum koma þar inn í og þessi viðskiptahalli mun áfram verða óbreyttur á næsta ári, jafnvel þó svo að ekki sé gert ráð fyrir því að fjárfesting vaxi neitt að marki, eða um 1,5% ef ég man rétt.

Í þessu árferði er hins vegar gert ráð fyrir að erlendir gjaldmiðlar haldi áfram að lækka, þ.e. að gjaldeyririnn verði ódýrari á næsta ári en hann hefur verið. Sá sem ekki skynjar þessi þenslumerki, þennan þrýsting á verðbólgu, gengi og vexti sem þarna er verið að segja okkur, er blindur maður. Ég er ekki að segja að við eigum á næsta ári eftir að upplifa þá óðaverðbólgutíma sem við þekktum fyrir nokkrum árum. Ég er ekki að tala um að verðbólga á Íslandi á næsta ári verði mæld í tugum prósenta. En mér sýnist að lausatök ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálunum muni valda því að verðbólga á Íslandi fari nú vaxandi og verði á næsta ári eitthvað meiri, jafnvel umtalsvert meiri, en hún er í helstu viðskiptalöndum okkar. Það þýðir að Ísland er smátt og smátt að missa stöðu sína í samkeppni við þær og aðrar þjóðir á helstu mörkuðum okkar og viðbrögðin verða þau að stöðugt aukinn þrýstingur verður á lækkun gengis íslensku krónunnar og þar með erum við komin inn í þann vítahring sem Íslendingar þekkja svo vel af eigin reynslu.

Herra forseti. Það alvarlega sem er að gerast við þessa fjárlagaafgreiðslu er að hæstv. ríkisstjórn er að missa stjórn á ríkisfjármálunum. Hvers vegna? Eitt helsta hlutverk hvers forsrh. er að styðja fjmrh. sinn í erfiðum verkum. Það er eini bakhjarlinn sem hver fjmrh. hefur því sá maður á fáa vini. En á það hefur mikið skort. Hvað eftir annað hefur hæstv. forsrh. slegið fæturna undan viðleitni hæstv. fjmrh. Ég skil vel að fjmrh. hafi áhyggjur af því. Það er ekki öfundsverð staða, virðulegi forseti, og skyldi engan undra þótt hæstv. fjmrh. fari nú að þreytast.

[21:11]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm., formaður Alþfl., hefur hér málað skrattann á vegginn í nokkrar mínútur. Það er ástæða til að leiðrétta sumt af því sem fram hefur komið hjá honum.

Í fyrsta lagi: Þótt ekki sé alveg hægt að bera saman niðurstöðutölur fjárlagafrv. eins og það stendur nú og ríkisreiknings á undanförnum árum, þá munar ekki miklu. Má ég minna hv. þm. á að 1996 var 8,7 milljarða halli samkvæmt ríkisreikningi. Árin 1994 og 1995 var hallinn um 15 milljarðar. Því er spáð að á næsta ári verði jafnvægi á rekstrarreikningnum. Færslur vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru færðar með nákvæmlega sama sniði á næsta ári eins og verið hefur á undanförnum árum á rekstrargrunninum.

Í öðru lagi: Ef við lítum á greiðslugrunninn þá liggur fyrir að á næsta ári má gera ráð fyrir 3 milljarða afgangi. Einhver afgangur verður á yfirstandandi ári ef ekki eru taldar með þær vaxtagreiðslur sem koma vegna sérstakrar innlausnar. Árið 1991 var 15–16 milljarða halli á sama verðlagi og yfirleitt á árunum þar á eftir um 10 milljarða halli. Þetta er árangurinn. Þetta eru nokkuð margir milljarðar árlega. Skuldastaðan var 1996 51% af landsframleiðslu en verður á næsta ári innan við 43% af landsframleiðslu. Lánsfjárþörfin á næsta ári verður líklega 7 milljörðum minni en hún er á yfirstandandi ári.

Virðulegi forseti. Þetta segir auðvitað margt um það hvað hefur verið að gerast í ríkisfjármálunum og segir okkur það fyrst og fremst að sem betur fer hefur okkur tekist í megindráttum að leggja til hliðar í því góðæri sem hér er nú og hefur verið á síðustu árum og mun væntanlega halda áfram á næstu árum.

[21:13]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta hættir hæstv. fjmrh. oft til að gera. Að bera saman epli og appelsínu, að bera saman ríkisreikning sem sýnir niðurstöður af rekstri ársins á undan og fjárlagafrv. sem sýnir áætlun um rekstur. Það sem ég var að segja var að þegar borin verður saman ríkisreikningur ársins 1998 við fjárlög ársins 1998, þá áætla ég hreinlega að niðurstaða ríkisreiknings á árinu 1998 verði halli upp á 4 milljarða kr. Það er vissulega árangur. Nú skal ég staðfesta réttmæti orða hæstv. ráðherra. Niðurstaða ríkisreiknings undanfarinna ára hefur verið að sýna okkur halla upp á 8–12 milljarða kr. Og berum það nú saman við fjárlagafrumvörpin fyrir hvert ár um sig eins og frá þeim var gengið og sjái menn muninn sem þar er á. Ég er ekki að tala um slíka niðurstöðu fyrir árið 1998. Ég er ekki að tala um að hallinn á ríkissjóði 1998 verði af stærðinni 8–12 milljarðar kr. eins og hann hefur verið undanfarin ár. Ég er að spá því að hann verði um 4 milljarðar kr. þannig að hann verður vissulega minni en hann hefur verið að undanförnu og vissulega hefur árangur náðst. En það er ekki viðunandi, hæstv. fjmrh., í einhverju mesta góðæri sem íslenska þjóðin hefur lifað í tvo áratugi að skila ríkissjóði með 4 milljarða kr. halla. Hæstv. ráðherra veit það sjálfur að ef hann ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur og samkvæmur málflutningi síns flokks, ætti hann að skila fjárlögunum frá sér nú með a.m.k. þeim afgangi en ekki 0,09% afgangi á rekstrarreikningi sem er hlægilegt, fráleitt og honum og flokki hans til skammar.

[21:16]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fór nú inn á hálar brautir. Hann fór að saka þann sem hér stendur um að ekkert væri að marka áætlun fjárlaga og niðurstöður. Nú stendur þannig á að á yfirstandandi ári og á síðasta ári urðu niðurstöðurnar mun betri en fjárlög gerðu ráð fyrir, bæði þessi ár. Það eru því engar líkur á því, ætli menn að marka út frá þessari reynslu, að útkoman þurfi að vera verri á næsta ári en niðurstöðutölurnar gefa til kynna. Auðvitað hafa stjórnarandstöðuþingmenn haldið því fram árum saman að niðurstaðan yrði verri. Sannleikurinn er sá að niðurstaðan hefur verið betri á tveimur síðustu árum vegna þess að áætlanirnar eru betri en oftast áður. Hv. þm. þarf því að temja sér áður en hann kemur í ræðustól og flytur ræðu eins og hann hafi einn höndlað sannleikann, að kynna sér málin, kynna sér söguna, kynna sér tölurnar sem liggja fyrir í öllum bókum, opinberar tölur, áður en hann fer að draga ályktanir sem hljóta að verða rangar.

Hv. þm. leyfði sér síðan að segja að sá sem hér stendur hefði gert sig sekan um að bera saman epli og appelsínur. Það er aldeilis rangt vegna þess að ég bar saman sambærilega hluti, annars vegar á rekstrargrunninum og hins vegar á greiðslugrunninum. Það var einu sinni sagt um merka menn eitthvað á þá leið að „af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá" en ég heyri að hv. þm. þekkir ekki í sundur epli og appelsínur.

[21:18]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að bera saman niðurstöðutölur ríkisreiknings og áætlunartölur fjárlagafrv. eins og hæstv. ráðherra gerði kalla ég að bera saman epli og appelsínur. Mér er hins vegar alveg sama hvort hann kallar fjárlagafrv. sitt epli og ríkisreikningana appelsínur eða fjárlagafrv. sitt appelsínu og ríkisreikningana epli. Það má hann alveg eiga við sjálfan sig.

Hæstv. fjmrh. talar um hversu vel áætlanir hans í fjárlögum hafi staðist og ekki bara hans eins, ég tek það fram. (**Fjmrh.**: Okkar beggja.) Ég býst við, herra forseti, að ef hæstv. fjmrh. hefði fengið að vera einn um málið og ef hann hefði notið þess stuðnings sem fjmrh. þarf að njóta frá sínum yfirmanni, hefðu áætlanirnar verið réttari. En ég vil benda hæstv. fjmrh. á að útgjaldaáætlanir hans hafa aldrei staðist og munar þar mörgum milljörðum kr. Það sem hefur bjargað honum á yfirstandandi ári var að tekjuspáin stóðst ekki heldur, þ.e. það sem bjargaði hæstv. ráðherra á yfirstandandi ári var að engar af hans spám fengu staðist.

[21:19]

**Útbýting þingskjala:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. GHH o.fl., þskj. 683.

Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands, 380. mál, fsp. ÖS, þskj. 679.

Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands, 382. mál, fsp. ÖS, þskj. 681.

Fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands, 381. mál, fsp. ÖS, þskj. 680.

Langtímaáætlun í vegagerð, 379. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 677.

Umsókn Friðar 2000 um leigu á skólahúsnæði, 383. mál, fsp. GÁS, þskj. 682.

Vegáætlun 1998–2002, 378. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 676.

[21:20]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 645 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Af þeim 15 sem hlutu heiðurslaun á þessu ári er einn látinn. Að honum frátöldum leggur nefndin til að sömu listamenn og njóta heiðurslauna í ár hljóti þau á árinu 1998.

Þeir eru: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson.

Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun verði áfram 1 millj. kr. Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[21:21]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir tveimur tillögum sem hér hafa verið lagðar fram. Hin fyrri er brtt. við frv. til fjárlaga, þ.e. breytingar á sundurliðun 2. Hér er ekki um að ræða að verið sé að biðja um aukna fjárveitingu heldur einungis að færa fjárveitingar til. Tillagan er í þá veru að liður 1.07 sem er liður undir Alþingi, þ.e. 00-201 Alþingi, að undirliður 1.07 Sérverkefni, lækki um 1 millj. kr. en í stað þess komi nýr liður sem verði liður 1.08 og heiti Hið íslenska Þjóðvinafélag og þar færist milljónin inn. Ástæðan fyrir þessu er sú að forsetar Alþingis ákváðu fyrir nokkrum árum að tryggja þessu gamla félagi öruggan sess í fjárlögum þannig að framtíð þess væri að nokkru tryggð.

Hv. þm. til upplýsingar skal þess getið að Hið íslenska þjóðvinafélag á upptök sín í deilum um stjórnarfrumvörp sem lögð voru fyrir Alþingi árið 1869 um stöðu Íslands og stjórnarskrá. Meiri hluti þingmanna var þá andvígur frv. og bundust 18 þjóðkjörnir þingmenn samtökum í því skyni að halda fast fram landsréttindum Íslands og lögðu fram nokkurt fé í sjóð til að vinna að framgangi þeirra. Forystu um þessi samtök hafði Jón Sigurðsson forseti Alþingis, eini maðurinn sem leyfilegt er að hafa mynd af í þessum sal. Ætlast var til að samtökin yrðu vísir að félagi allra þeirra Íslendinga sem vildu vinna að því að þjóðin fengi „viðurkenndan rétt sinn til að njóta þess þjóðfrelsis sem hún er borin til að réttum lögum guðs og manna," eins og Jón Sigurðsson komst að orði. Formleg stofnun félagsins beið næsta Alþingis en hinn 19. ágúst 1871 var Hið íslenska þjóðvinafélag stofnað og Jón Sigurðsson kjörinn forseti þess.

Þjóðvinafélagið hefur haldið aðalfundi sína hér á hinu háa Alþingi eins og menn muna og um langt skeið hefur Þjóðvinafélagið staðið að útgáfu rita. Á árinu 1874 hófst sú útgáfa með almanaki fyrir árið 1875 og Andvara, tímariti sem hóf feril sinn í framhaldi af Nýjum félagsritum, ársriti Jóns Sigurðssonar og samherja hans. Á árinu 1874 hafði félagið forgöngu um þjóðhátíð á Þingvöllum í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi og alla tíð síðan hefur meginverkefni félagsins verið útgáfa bóka. Almanak og Andvari hafa komið út árlega og önnur rit birst jafnframt eftir efnum og ástæðum.

Ég tel að það sé alveg lágmark að Alþingi Íslendinga sýni þessu gamla félagi þá virðingu sem forsetar Alþingis ákváðu fyrir nokkrum árum, þ.e. að félagið standi sem sérstakur liður í fjárlögum. Ég get ekki ímyndað mér að einn

einasti þingmaður geti verið því andvígur. Hér er einungis um bókfærsluatriði að ræða, en þó atriði sem setur þessu gamla félagi ákveðinn sess í fjárlögum sem sýnir þar með hug hins háa Alþingis til félagsins.

Aðra brtt. hef ég borið fram sem liggur hér frammi á þskj. 652. Þar er að vísu beðið um nokkurt fé, en ekki er nú þar um stóra upphæð að ræða þegar litið er til ýmissa annarra upphæða sem hér er verið að fara með. Tillagan er á þá leið að við sérstakt yfirlit 9, Ýmis framlög, sem er liður 02-999 1.90, bætist nýr liður, svohljóðandi:

Lýðskólinn við Hverfisgötu í Reykjavík 5 millj.

Ég hafði rætt við flesta hv. fjárlaganefndarmenn um að líta til þessarar stofnunar og hafði satt að segja fengið góðar undirtektir bæði frá formanni og öðrum hv. nefndarmönnum. Eitthvað virðist þetta hafa mætt andstöðu. Alla vega fæ ég ekki séð að til skólans sé ætlað neitt fé. Lýðskólinn var stofnaður 1996 og átti Torben Rasmussen, páv. forstjóri Norræna hússins, nokkurn þátt í því og lánaði raunar Norræna húsið undir skólann fyrsta árið. Þessi stofnun er byggð á gömlu, dönsku lýðskólahugmyndinni þar sem lítið er lagt upp úr prófum en meira lögð áhersla á að nemendur njóti sín og geri það sem þeir gera best.

Í skólanum sem nú er til húsa í íbúð við Hverfisgötu eru 30 unglingar á aldrinum 16–18 ára. Ég vil minna á að nú höfum við samþykkt að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár þannig að við berum þar með ábyrgð á þessum aldursflokki. Þarna er um að ræða nemendur sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fallið vel til í öðrum skólum. Skólinn hefur einnig tekið nemendur sem ekki hafa getu til að vera í framhaldsskólum. Ég hef nokkuð fylgst með starfsemi þessa skóla. Þarna eru góðir skólamenn eins og Guðrún Halldórsdóttir sem við öll þekkjum til, bæði af störfum hér á hinu háa Alþingi og sem skólastjóra Námsflokkanna, og Oddur Albertsson sem áður hafði stjórnað slíkum skóla í Reykholti.

Þetta fólk er að vinna, að mínu viti, mjög gott starf með ótrúlega litlum kostnaði. Skólinn hefur aðallega verið rekinn af Reykjavíkurborg gegnum Námsflokkana. En ég er ekki hissa á því þó að borgarstjóri hafi hreyft þeirri hugmynd að eðlilegt væri að ríkið kæmi að einhverju leyti til móts við borgina. Ég held að borgin muni áfram styðja við bakið á skólanum en mér þykir ekki óeðlilegt að hið háa Alþingi komi þar á móti þar sem ekki er nú beðið um hærri upphæð en þetta.

Ég átti þess kost að sækja samkomu hjá þessum skóla ekki alls fyrir löngu þar sem meðal gesta voru nemendur frá dönskum lýðskóla og horfði þarna á nemendur flytja afskaplega skemmtilega sýningu sem unnin var upp úr Völuspá. Það var alveg ljóst hverjum manni sem sjá vildi að ýmsir þeirra nemenda sem þarna voru höfðu fengist við ýmislegt annað en að stunda menningarstörf og leika forn fræði og það var satt að segja ótrúlega ánægjulegt að sjá þann árangur sem þarna hafði náðst í þessum litla skóla.

Ég vil nú biðja hv. alþingismenn að bregða einu sinni frá vana sínum og láta ekki flokkslínur ráða öllum gerðum sínum. Ég hygg að fólk með ólíkar pólitískar skoðanir eigi börn í þessum skóla og kunni vel að meta hvað þar er verið að gera fyrir þau og þar held ég að flokkspólitískar línur skipti engu máli. Ég býst við að allir foreldrar geti komist í þá stöðu að þurfa að leita til stofnunar sem þessarar og þar er áreiðanlega ekki í kot vísað. Ég vil því fara fram á, hæstv. forseti, að hv. alþingismenn skoði mjög vel hvort ekki sé nú mögulegt að samþykkja þetta litla fjárframlag.

Annað erindi á ég eiginlega ekki, hæstv. forseti. Þó langar mig aðeins að segja nokkur orð um eitt mál þó að það sé ekki á dagskrá þannig séð. Það er búið að mæla fyrir þeirri tillögu. Ég tók að sjálfsögðu ekki til máls þegar hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir mælti fyrir brtt. um heiðurslaun listamanna. Það hefur verið vani að deila aldrei um þær úthlutanir á hinu háa Alþingi heldur afgreiða þær einróma og það mun ég að sjálfsögðu gera. Það er heldur ekki vegna þess að ég hafi neitt að athuga við þá ágætu listamenn sem við heiðrum að þessu sinni eins og við höfum gert áður. Ég hef hins vegar nokkrar áhyggjur af því að einungis 14 listamenn njóta þessara heiðurslauna nú. Ég man eftir að í minni þingtíð voru listamennirnir a.m.k. 17 (**Gripið fram í:** 18 stundum.) og það fer ekkert fram hjá neinum að auðvelt er að nefna listamenn sem ættu að vera þarna. Launin hafa heldur ekki hækkað. Það er sama talan, ef ég man rétt, síðan í fyrra, 1 millj. á ári. Mér finnst mjög mikilvægt að Alþingi sýni listamönnum þjóðarinnar þann sóma að heiðra þá sem fram úr hafa skarað. Oft er það svo og ég býst við að það hafi m.a.verið hugmyndin á sínum tíma, að slíkir menn eru oft mjög illa settir þegar þeir eldast, hafa léleg lífeyriskjör, fyrir utan að ég hygg að hv. alþingismenn hafi viljað sýna þennan þakklætisvott sínum bestu sonum og dætrum í hópi listamanna.

Ég vil, hæstv. forseti, óska eftir því að hann veki athygli hæstv. forsn. á því að þessum úthlutunum fer sífellt fækkandi og ég vona að það merki ekki að menn hafi meira og minna misst áhuga á þessum úthlutunum og sjái fyrir sér að þær hverfi smám saman. Það held ég að megi ekki gerast. Það þarf ekki nema lesa þennan lista til að sannfærast um að þar eru svo sannarlega menn sem verðugir eru þessa heiðurs því tæplega er nú hægt að tala um fjárupphæðina sem eitthvað sem veglegt getur talist enda býst ég ekki við að það sé fyrst og fremst það sem menn kunna að meta sem þessa heiðurs verða aðnjótandi. Ég hygg það sé frekar þakklæti fyrir að hið háa Alþingi skuli kunna að meta lífsverk þeirra.

Ég vil taka fram, hæstv. forseti, að ég hef sjálf átt sæti í hv. menntmn. og ég er alveg sammála þeim sem þá sátu þar að varlega beri að fara við þessa úthlutun og ástæðulaust sé að fjölga þeim úr hófi. Þetta á að vera þakklætisvottur til þeirra sem allra manna best hafa unnið hinum ýmsu listgreinum. En við verðum jafnframt að standa vörð um að þetta fari ekki að minnka í sífellu þangað til þetta er orðið þannig að menn kannski gætu hugsað sér að leggja það niður.

Þetta vildi ég segja um það, en mun að sjálfsögðu styðja tillögu hv. menntmn. að þessu sinni sem ævinlega áður.

[21:35]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér hefur margt verið sagt í dag og mikið rætt. Ég skil það vel að hæstv. fjmrh. sé orðinn þreyttur. En ég held, af því ég á við hann erindi, að rétt væri að kalla hann í salinn þótt hann sé orðinn þreyttur á öllum þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti verður við því.)

Virðulegi forseti. Fjárlög ríkisins eru greinargerð ríkisstjórnarinnar um tekjur og gjöld og í henni birtist stefna ríkisstjórnarinnar. Þar má helst finna þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir og ég held að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hafi nú staðið undir merkjum hvað það varðar að það er alveg greinilegt og fjárlögin bera það með sér að hún muni ekki klikka á því að álögurnar verða nú helst

á einstaklinga eins og venjulega þegar þessir flokkar eru í ríkisstjórn en fyrirtæki og aðrir lögaðilar sleppa betur en aðrir. Það er ekkert nýtt í þessu. Það er stefna þessara flokka og hefur verið gegnum tíðina og út af fyrir sig ekkert við því að segja. Þeir hafa ekkert farið dult með það. Við ræddum í dag dómsmálagjöldin sem eru að mínu viti hálfgerð háðung, þ.e. að verið sé að seilast í vasa þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu og hækka á þá gjöldin aðeins vegna þess að svo langt er síðan við hækkuðum síðast á þeim gjöldin. Eins má nefna fyrirhugaðan bílaskatt eða bensíngjald sem ætlunin er að leggja á á árinu svo ekki sé nú minnst á nefskattinn á símtæki sem leggja á á. Ég mun koma sérstaklega að því síðar.

Þó vil ég sérstaklega nefna það jákvæða litla atriði sem má finna í tillögum frá dómsmrn. þar sem lagðar eru fram 2,4 millj. til að rannsaka dóma og bera þá saman, einkanlega í líkamsárásar- og kynferðisbrotum og ég held að það sé mjög af hinu góða.

En það breytir því ekki, virðulegi forseti, að þau fjárlög sem við ræðum núna staðfesta það að ríkisstjórnin hefur misst tökin á stjórn fjármála ríkisins. Ég held í sjálfu sér að við þurfum ekkert sérstaklega að deila neitt um það. Allt of mörg kennileiti benda til þess. Það þarf eitthvað mikið að gerast ef þessar tölur eða áætlanir sem fjárlögin bera með sér standast þegar uppgjörið fer fram í lok ársins. Í þessu samhengi má benda á að efnahagsforsendur gera ráð fyrir 3,5% þenslu í hagkerfinu, 5,2% aukningu kaupmáttar, 3,4% viðskiptahalla af landsframleiðslu sem er, ef ég fer rétt með, sama prósentutala og í fyrra þrátt fyrir að landsframleiðsla hafi aukist. Hér er því um hærri fjárhæðir að ræða. Erlendar skuldir munu væntanlega aukast o.s.frv. þannig að öll kennileiti bera nú þess vætti að þrýstingur á verðbólgu, gengi og vexti mun vera verulegur þegar líður á árið. Það að ætla sér að skila ríkissjóði með 150 millj. kr. afgangi er náttúrlega bara hálfgerður barnaskapur í því ljósi að fyrirséð er að halli á sjúkrahúsunum er 1–2 milljarðar og það mun engin ríkisstjórn loka sjúkrahúsunum. Það kemur ekki til greina. Það mun ekki gerast. Við sjáum því í fjáraukalögunum þegar uppgjörið fer fram að þá kemur í ljós að þetta verður miklum mun hærra.

Það sem kannski vekur sérstaka athygli er sú hækkun sem orðið hefur á fjárlögunum milli 1. og 3. umr. sem eru tæpir 3 milljarðar. Það segir kannski meira en mörg orð um þá ríkisstjórn sem nú er og þann djöful sem hún hefur að draga, að vera ríkisstjórn sérhagsmuna. Og þegar á reynir og þessir sérhagsmunahópar veitast að henni þá hefur hún sýnt að hún hefur einfaldlega ekki styrk til að standa gegn því áreiti. Við sjáum í þeim fjárlagatillögum sem nú liggja fyrir og hafa hækkað um tæpa 3 milljarða frá því frv. kom fyrst fram, að hún einfaldlega stenst það ekki þegar þessir sérhagsmunahópar gera aðför í hirslur ríkissjóðs og vilja fá það sem þeim ber. Þetta er bara svona þegar þessir flokkar eru saman og kannski óskaplega lítið við því að segja því sagan ber þetta einfaldlega með sér.

Kannski er rétt að vorkenna hæstv. fjmrh. að þetta skuli vera niðurstaðan því þetta er alveg örugglega ekki í samræmi við hans vilja enda verður að segja það alveg eins og er að um þann tíma sem hann hefur verið í fjmrn. held ég að sagan muni fara nokkuð mjúkum höndum og það er alveg öruggt að sú niðurstaða sem hér birtist og ber skýr merki þess að ríkissjóður verður rekinn með halla er ekki í samræmi við hans vilja.

Ég held að þær áætlanir sem settar hafa verið fram um verðmæti á sölu þeirra eigna sem ætlunin er að selja séu nú út í vindinn og ef við tökum dæmi af verðbréfaþinginu þá yfirleitt hrynja í gengi þau fyrirtæki sem eru að ná einhverjum hagnaði með því að selja eignir eða eru með tap af reglulegum rekstri þannig að ef ríkissjóður hefði verið á verðbréfaþingi er alveg ljóst að gengi ríkissjóðs hefði fallið verulega þegar þessi fjárlög eru kynnt. Ég tala nú ekki um þegar niðurstaðan liggur fyrir. Enda hafa áætlanir um sölu eigna ríkissjóðs aldrei staðist og engin ástæða er til að ætla að þær muni standast núna. Þess utan eru lífeyrisskuldbindingar sem munu falla á ríkissjóð á þessu ári ekki allar færðar í bókhaldið þannig að hallinn verður enn meiri. Ég mun ekki skjóta á það hver sá halli verður en ekki kæmi mér á óvart þótt hann yrði 2–5 milljarðar. Ég held það kæmi ekki nokkrum manni á óvart.

Það sem er kannski það hættulega við það þegar þessir helmingaskiptaflokkar eru við völd og standast það ekki þegar sérhagsmunahóparnir krefjast þess að fá sitt, er að í þessu breytta umhverfi, í þessu frelsi með flutningi fjármagns og öðru sem hefur breyst og kannski að miklu leyti í tíð núverandi fjmrh., verðum við að laga okkar efnahagskerfi að því sem gerist annars staðar. Um leið og verðbólgan hér fer að fara yfir 4–6% erum við farin að skekkja samkeppnisstöðu iðnaðarins t.d. mjög mikið. (**KÁ:** En sjávarútvegurinn?) Við væntanlega skekkjum samkeppnisstöðu allra þannig að ég fæ ekki séð að nokkru máli skipti hvar borið sé niður.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs núna er aðallega af því tilefni að ég ætla að mæla fyrir brtt. sem er á þskj. 614. Hún hljóðar upp á það að framlag til Samkeppnisstofnunar verði aukið um 17,6 millj. enda held ég að Samkeppnisstofnun sé kannski sá eini her sem eitthvað hefur að gera í þá sérhagsmunahópa sem nú fara með völd. Það sýndi sig dálítið þegar stórfyrirtæki eins og það sem hefur ráðið ríkjum í flugrekstri. — Virðulegi forseti. Það er dálítill kliður í salnum.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ég get tekið undir það með ræðumanni. Ég bið um hljóð í salinn.)

Það væri gott ef hægt væri að fá hv. 2. þm. Suðurl. til að hægja aðeins á sér í umræðunni.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þessari tillögu enda held ég að eftir því sem Samkeppnisstofnun eflist muni nýting framleiðsluþáttar í samfélaginu batna og það sem ég var að nefna áðan sýnir kannski að samfélagið er smám saman að breytast því að stórfyrirtæki sem hafa notið mikilla sérhagsmuna gegnum tíðina eru skyndilega farin að þurfa að sækja rétt sinn til dómstóla en það hafa þau ekki þurft að gera í tíð þeirra ríkisstjórnarflokka sem nú sitja. Ég held að ef þessari tillögu væri veitt brautargengi væri hægt að bæta þar við 2–3 sérfræðingum og Samkeppnisstofnun gæti kannski farið að kanna til að mynda olíumarkaðinn og sitt lítið af hverju sem nauðsynlegt er að skoða frekar.

Virðulegi forseti. Meginerindi mitt í þessari umræðu núna er sá fjárlagaliður sem er á bls. 358 í frv. — Virðulegi forseti. Það gengur svolítið illa að halda aftur af hv. 2. þm. Suðurl. Er ekki hv. þm. í forsætisnefnd?

(**Forseti** (GÁS)**:** Mér sýnist kyrrð og friður núna þannig að hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Eins og ég var að nefna núna er það liður 325, Neyðarsímsvörun, sem er megintilefni þess að ég kem hér upp í kvöld. Ætlunin er ekki að rekja tilurð þessa fyrirtækis eða þá umræðu sem fram fór þegar það var einkavinavætt af núv. hæstv. dómsmrh. sem reyndar sér sér

ekki fært að vera við umræðuna í kvöld. Í fjárlögunum segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Áætluð útgjöld næsta árs eru 52,7 millj. kr.“ — Ég held að það séu 26,4 eftir breytingar. Ég sé að fjmrh. jánkar þessu. — „Verður neyðarsímsvörunin fjármögnuð með gjaldtöku af símafyrirtækjum.“

Hér er um að ræða nefskatt upp á 26,4 millj. kr. Við megum ekki gleyma því, virðulegi forseti, að fjárlög eru fyrst og fremst greinargerð um tekjur og gjöld. Öðrum lögum verður ekki breytt með fjárlögum. Það er alveg klárt. Þetta er fyrst og fremst greinargerð um tekjur og gjöld. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir m.a. að engan skatt megi á leggja nema með lögum. Hér er augljóslega um að ræða nefskatt sem ætlunin er að leggja á og innheimta af símafyrirtækjum en í lögum um samræmda neyðarsímsvörun segir svo, með leyfi forseta, í 4. gr.:

„Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skv. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. þessarar greinar greiðist að hálfu af ríkissjóði og hálfu af sveitarfélögunum.“

Það er sem sagt lögákveðið hverjir skuli fjármagna rekstur neyðarsímsvörunarinnar. Þessum lögum verður ekki breytt með fjárlögum. Ég hef hvergi nokkurs staðar fundið að nokkur stoð sé fyrir því að leggja á þann nefskatt sem ætlunin er að leggja á í fjárlögum. Ég fæ því ekki betur séð en ríkissjóður muni ekki geta innheimt þennan nefskatt nema lagabreytingar komi til. (**ÖJ:** Ég vona að fjölmiðlar hlusti.) Ég get tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni því vitaskuld er það valdníðsla ef menn ætla einfaldlega að leggja á skatta með þessum hætti. Það er valdníðsla, hrein og klár. (**ÖS:** Fjölmiðlarnir hlusta.) Það er gott til að vita að hv. þingmenn eru svo lánsamir að vera með ritstjóra í salnum svo við getum reiknað með því að fjölmiðlarnir séu á vettvangi. En það er alveg klárt, virðulegi forseti, að hvergi er að finna, a.m.k. ekki þar sem ég hef leitað, nokkra lagaheimild fyrir þessum skatti svo ég fæ ekki betur séð, nema gerð verði tilraun til að breyta lögum á síðasta degi þingsins, en að hæstv. fjmrh. verði að reikna með enn frekari halla upp á 26,4 millj. nema hann hlaupi til á morgun og reyni að keyra í gegn breytingar á lögum.

Þetta var nú fyrst og fremst, virðulegi forseti, tilefni þess að ég kvaddi mér hér hljóðs. Ég ætla ekki að rekja það sérstaklega að hv. þm. Ögmundur Jónasson bar hér upp fyrir nokkrum árum fyrirspurnir um kostnað við þessa símsvörun og hvað ríkissjóður mundi greiða. Þar kemur fram að á fyrstu þremur árunum átti ríkissjóður að greiða 102 eða 104 millj. en raunveruleg útgjöld samkvæmt fjárlögum og áætlunum fyrir árið 1998 eru 130 millj.

(**Forseti** (GÁS)**:** Það er allt of mikill kliður í salnum.)

Þakka þér fyrir, virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. fjmrh. upplýsi okkur þá um það, ef einhvers staðar er að finna heimild í þessu svo við séum ekki að vaða hér í villu og reyk, hvar þessa heimild sé að finna eða hvort hann ætli að keyra í gegn skattaálögur á þeim eina grunni að þær sé að finna í fjárlagafrv.

[21:51]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. ræddi um neyðarsímsvörun. Ég vil upplýsa hann og aðra hv. þm. um að séð verður fyrir því að þessir fjármunir komist til skila þannig að hægt verði að reka Neyðarsímsvörun á næsta ári. (**ÖJ:** Til skila til hverra?) Ég vil einnig að það komi hér fram að ríkisstjórnin og sveitarfélögin gerðu með sér samning á sínum tíma þess efnis að ríkisvaldið tæki að sér að sjá um fjárframlög til þessa fyrirtækis. Það er ekki nauðsynlegt endilega að til komi sérstök skattheimta til að standa undir þessum kostnaði því til að mynda er hægt að hugsa sér að umsamin framlög komi frá fyrirtækjum sem veita símaþjónustu á landinu. Ég vil láta það koma fram hér alveg sérstaklega að hv. þm. þurfa ekki að óttast að Neyðarsímsvörun þurfi að búa við fjárskort á næsta ári. Fyrir því verður séð. (**ÖJ:** Það er verið að tala um aukna skattheimtu á almenning.) Ég heyri að hv. framíkallandi botnar ekkert í því um hvað þetta mál snýst. (**ÖJ:** Ég er hræddur um að framsögumaður geri það ekki heldur.)

[21:52]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi vekja athygli hæstv. fjmrh. á er að hér er ætlunin að leggja nefskatt á hvert símtæki sem eftir því sem ég kemst næst var ætlunin að innheimta í gegnum Póst og síma. Lögin kveða skýrt á um að ríkissjóður og sveitarfélög eigi að fjármagna þetta. Það er alveg klárt. Ef ætlunin er í fjárlögum að leggja á einhvern nefskatt er því alveg ljóst, og hæstv. fjmrh. veit það manna best, að það getur ekki gengið.

[21:53]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)***:**

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, í andsvari áðan, hafa sveitarfélögin og ríkið gert með sér samning og samningurinn gengur út á það að ríkið mun sjá fyrir fjárframlögum til þessa fyrirtækis. Það liggur fyrir. Ríkið getur gert það með ýmsum hætti. Það er rétt hjá hv. þm. að ekki er hægt að gera það með skattheimtu á aðila í þjóðfélaginu án þess að til séu lög, en hægt er að afla fjár óbeint en með skattheimtu. Til dæmis er hægt að afla fjár með samningum við aðila, þar á meðal fyrirtæki, án þess að um sé að ræða skattheimtu á einhverja. Ég vil því endurtaka að séð verður fyrir þessum fjármunum og það verður gert löglega.

[21:54]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vildi bara vekja athygli hæstv. ráðherra á því að yfirmenn Pósts og síma hafa upplýst samgöngunefndarmenn um að ætlunin er að innheimta þetta í gegnum Póst og síma sem einhvers konar nefskatt. Það hefur komið fram og þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh. og spurði hann áðan og hann svaraði því að þetta yrði gert löglega þannig að ég get ekki túlkað það óbeint en svo að annaðhvort verði fallið frá þeim áætlunum sem eru í fjárlögum um að ná þessu inn með einhvers konar nefskatti eða að hæstv. ráðherra komi hér á morgun, á síðasta degi þingsins, og reyni þá að koma inn einhverri grein til að bjarga þessu hallærislega máli fyrir horn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:57]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 683. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[21:58]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þegar ég var á leið til vinnu minnar í morgun varð mér gengið fram hjá húsi Hjálpræðishersins sem er í nágrenni þingsins. Þá vildi svo til að það vakti athygli mína að þar fyrir utan hafði safnast saman allnokkur

hópur fólks. Ég velti því fyrir mér hvers vegna þetta fólk væri þarna saman komið en þegar ég fór að fletta dagblöðunum rak ég augun í frétt um að Hjálpræðisherinn var að úthluta aðstoð til fólks. Ég verð að viðurkenna að þessi sjón kom býsna illa við mig því þarna var á ferð fólk sem var nokkuð illa klætt. Sem betur fer var gott veður og fólk var ekki að híma úti í kulda en þarna var nokkuð löng röð og það vakti mig til umhugsunar um að við gleymum því oft í þeirri umræðu sem hér fer fram um tölur, prósentur og línurit að býsna stór hópur í okkar samfélagi á því miður varla til hnífs og skeiðar.

Við vorum hér fyrr í dag að greiða atkvæði um húsaleigubætur. Í þeirri umfjöllun sem varð um það mál í félmn. komu fram ýmsar upplýsingar og útreikningar sem vekja okkur til umhugsunar um að fólk stendur mjög misjafnlega að vígi og það bótakerfi sem við búum við getur að sjálfsögðu stundum leitt til mismununar og til þess að ýmsir sjái sér hag í því að leika á kerfið en það er líka til fólk sem sér sér ekki annan kost en þann að leita til stofnana eins og Hjálpræðishersins eða Mæðrastyrksnefndar eða Vetrarhjálparinnar til þess að geta haldið jól í okkar landi. Við erum að fjalla um fjárlögin og það góðæri sem við okkur blasir sem m.a. má sjá í því yfirliti sem við t.d. sem erum á fundum efh.- og viðskn. fengum í hendur nú í gær. Það yfirlit sýnir að tekjur ríkissjóðs fara langt fram úr því sem áætlað var. Það er góðæri í landinu. Atvinnulífið býr við vöxt og góðæri. En ákveðinn hluti þjóðfélagsins stendur fyrir utan þessa þróun og ég vil hvetja þingmenn til þess að hafa það í huga. Við skulum ekki gleyma því að það er fólk sem því miður á um mjög sárt að binda og það er ekki verið að fjalla um það eða þess kjör hér nema helst þegar við komum að kjörum öryrkja og lífeyrisþega.

Mér fannst mjög sláandi, hæstv. forseti, að sjá þetta í morgun. Þetta var óþægilegt. Það var óþægilegt að ganga fram hjá þessum hóp. (Gripið fram í.) Það er óþægilegt að vera minntur á að það er til fátækt í íslensku samfélagi.

(**Forseti** (GÁS): Það er órói í hliðarsal. Ef hv. 2. þm. Suðurl. mundi halla aftur hurðinni, þá kæmi það að miklu gagni hér.)

Ég veit það, hæstv. forseti, að þingmenn skirrast ekki við að hlusta á það sem hér er sagt. Menn hafa um margt að ræða hér á þessu kvöldi og margar tillögur liggja hér fyrir. En það eru fyrst og fremst tvö mál sem ráða því að ég er komin í þennan ræðustól þó að ég hafi haft þennan formála, hæstv. forseti.

Áður en ég kem að þeim tveimur málum vil ég þó geta þess að afar athyglisvert var að sjá þær tölur og upplýsingar sem hafa verið lagðar fram fyrir þessa umræðu um tekjur ríkissjóðs. Að flestu leyti má segja að afar áægjulegt er að sjá hve tekjur ríkissjóðs fara vaxandi og að áætlanir um tekjur sem menn gerðu áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1998 var lagt fram, reynast meiri en menn áætluðu. Vöxturinn er töluvert meiri. Þó að einstaka aðilar séu að benda á að hugsanlega sé þarna á ferðinni ákveðin hætta á þenslu, þá sýna þessar tölur að þarna eru meiri fjármunir en við gerðum ráð fyrir og þeir gefa kost á því að veita peninga til fleiri málefna en við ætluðum og það út af fyrir sig er ánægjulegt.

Vegna þeirrar umræðu sem hér varð fyrr í dag vil ég taka undir það að ég tel miklu betra að menn áætli varlega. Það er alltaf betra fyrir þjóðarbúið að áætla heldur varlega og gera ekki meira úr tekjuáætlunum en minna því að þá hafa menn því meiru úr að spila. Við höfum séð á undanförnum árum að það er ekki bara tekjuáætlunin sem hefur farið úr böndum heldur ekki síður gjaldahliðin. Ég ætla ekki að gera mikið úr því hæstv. forseti, ég hef gert það oft hér úr þessum ræðustól, að menn hafa verið hér í ýmsum bókhaldsbrellum og hafa vanáætlað útgjöld til ákveðinna málaflokka, ekki síst heilbrigðismála og hafa svo orðið að hlaupa til á miðju ári til að reyna að bjarga málunum með hundruðum milljóna eða jafnvel yfir heilum milljarði króna. Ég tel að það séu ekki góð vinnubrögð. Því ber að fagna að það skuli vera gróandi í þjóðlífinu og hagvöxtur svona með þeim formerkjum að hagvöxturinn má ekki verða á kostnað umhverfisins. Því miður er það nú svo að hluti af þessum hagvexti sem við erum að horfa upp á er m.a. vegna þess að hér hafa menn verið að fjárfesta í verksmiðjum og ýmsum fyrirtækjum sem valda mengun og tengjast þeim nýja sáttmála sem verið var að gera um takmörkun á útblæstri mengandi lofttegunda. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma en þetta hangir allt saman og tengist því hvernig við ætlum að haga okkar málum í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Það eru einkum tvö mál sem ég ætla að koma að í máli mínu. Það eru annars vegar málefni barna og ungmenna og hins vegar staða Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Þegar við fjölluðum um frv. til fjárlaga í hv. félmn. kom það upp að menn höfðu að litlu eða engu leyti gert ráð fyrir því að sú lagabreyting sem gerð var í vor á sjálfræðisaldri mundi kalla á ákveðinn kostnað, það að færa sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár mundi kalla á viðbrögð stjórnvalda og ákveðnar stjórnvaldsaðgerðir. Í fjárlagafrv. var ekki að finna neinar aðgerðir eða nein framlög til þess að mæta þessum kostnaði. Þegar við kölluðum fyrir fulltrúa Barnaverndarstofu, þá kom fram að þeir fulltrúar Barnaverndarstofu töldu að kostnaðurinn sem af þessu hlytist mundi nema allt að 90 millj. kr., hvorki meira né minna en 90 millj. kr., bara sá þáttur sem lýtur að Barnaverndarstofu. Þá eru ótaldir ýmsir aðrir liðir sem eru alls ekki komnir fram, þar á meðal að hér er verið að ræða og huga að sérstöku unglingafangelsi.

Þannig er málum háttað, hæstv. forseti, að á Norðurlöndum og víðar í löndum sem að öllu jöfnu eru talin til siðmenntaðra ríkja, er talið sjálfsagt að unglingar allt að 18 ára aldri séu vistaðir á sérstökum stofnunum. Á Norðurlöndunum eru sérstök unglingafangelsi fyrir þá unglinga sem eru einstaklega erfiðir. Það er vegna þess að reynslan hefur leitt í ljós að mjög slæmt er að vista unglinga með eldri föngum. Það hefur leitt af sér að þeir læra af þeim sem eldri eru og verða reyndar oft fyrir mjög slæmri meðferð af hálfu þeirra sem eldri eru þannig að víðast hvar er talið eðlilegt og sjálfsagt að þessir unglingar fái sérstaka meðferð og ef þeir eru mjög erfiðir séu þeir vistaðir í sérstökum unglingafangelsum. Ég veit að það hefur verið í umræðunni hvort hér þyrfti ekki að reisa sérstakt unglingafangelsi.

Ýmislegt annað kann að leiða af þessari lagabreytingu, t.d. eitt og annað sem snýr að almannatryggingum, jafnvel öðrum lögum sem við gerum okkur ekki fullkomlega grein fyrir nú. Að minnsta kosti er alveg ljóst að býsna stór þáttur snýr að félmrn. og því að hið félagslega kerfi verði reiðubúið til að sinna þeim unglingum sem verða 17 ára á næsta ári og síðan eftir því sem þeir koma inn í þetta kerfi þegar það nær að fullu til unglinga á aldrinum 16–18 ára. Barnaverndarstofa metur það svo að það kunni að vera á milli 30–40 unglingar á þessum aldri sem þurfi á sérstökum meðferðarúrræðum að halda og vekur athygli á því að í þessum hópi er mikill meiri hluti piltar. Þeir eru oft orðnir

fullvaxnir karlmenn og það þarf sérhæft starfsfólk og býsna öflugt til þess að ráða við þá. Það þarf sérstaka menntun og þjálfun starfsfólks til þess að það geti tekist á við þennan hóp og þetta kostar allt peninga. Barnaverndarstofa mat það svo, eins og ég nefndi, að þetta gæti kostað allt að 90 millj. kr. Það tekur sinn tíma að undirbúa þessi úrræði og þess vegna hefði þurft að veita fjármagn til þessa verkefnis.

Ég fagna því að sjálfsögðu að fjárln. leggur til að 20 millj. kr. verði veittar í þetta verkefni en ég tel að það sé alls ekki nóg. Þess vegna leggjum við til, minni hlutinn í félmn., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson og sú sem hér stendur, að 50 millj. verði veittar í þetta verkefni þannig að Barnaverndarstofu verði gert kleift að byrja á þessu verkefni og sinna því.

Í brtt. meiri hlutans kemur fram að hér sé verið að gera ráð fyrir rekstri nýs meðferðarheimilis í Skagafirði. En eftir því sem ég hef skilið þær fréttir sem fram koma í fjölmiðlum, þá er verið að leggja niður það meðferðarheimili sem er nú þegar í Skagafirði og gerðir hafa verið samningar við aðra aðila um að taka í notkun nýtt heimili. Og þar sem ég veit þetta ekki vil ég beina spurningum til hv. formanns fjárln. sem hér er: Er þarna um fjölgun rýma að ræða eða er um sömu tölu að ræða? Það er verið að leggja niður heimilið sem fyrir er og stofna nýtt í staðinn, eins og ég hef skilið það. Það kann að vera að þarna sé fjölgun um eitt eða tvö rými og vera kann að þetta nýja heimili geti hafið meðferð unglinga sem eru eldri en 16 ára, en þetta er býsna óljóst í mínum huga. Það er a.m.k. ljóst að þessi breyting mun á næstu árum kalla á nokkur heimili til viðbótar og hugsanlega unglingafangelsi til viðbótar. Þetta eru hlutir sem við verðum að horfast í augu við, hæstv. forseti, og þarf að bregðast við og þarf að undirbúa. Þess vegna held ég að þessar 20 millj. sem hv. fjárln. leggur til nú sé alls ekki nægjanlegt fjármagn, það þurfi að bæta um betur og að því miður hafi menn ekki verið nógu vel vakandi yfir þessu máli.

Ég skal alveg viðurkenna að það var rétt undir lok okkar yfirferðar í félmn. sem við hreinlega kveiktum á þessu máli. Við vöktum athygli fjárln. á þessu, bæði meiri hluti og minni hluti í þeim álitum sem við sendum fjárln. Það koma 20 millj. til þessa verkefnis en það er alls ekki nóg. Ég vil bara minna á það í þessu sambandi, hæstv. forseti, að öll mistök sem gerð eru í þessum efnum, allt það sem veldur því að unglingar fá ekki nægilega þjónustu eða nægilega meðferð, kostar samfélagið í heild gífurlega mikið. Hver einstaklingur sem lendir á villigötum kostar samfélagið gífurlega mikið. Ég er ekki að tala þar eingöngu um fjármagn heldur einnig í lífshamingju og örlögum. Þetta er mjög stórt mál, hæstv. forseti, og þessi breyting var ekki gerð að ástæðulausu heldur til þess að hægt væri að ná með lögum til þessa hóps og þar með vonandi að beina þeim inn á réttar brautir. Við verðum að sjá til þess að þeir sem eru að vinna í þessum málum geti það og hafi til þess fjármagn, aðstöðu og mannafla. Þess vegna er þessi tillaga flutt, hæstv. forseti.

Hitt málið sem ég ætlaði að víkja að varðandi fjárlögin — er þó af nógu að taka — er fjárhagsvandi Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ég átti þess ekki kost að víkja að því máli við 2. umr. þessa máls en síðan hefur töluvert vatn til sjávar runnið. Hér liggur fyrir að hv. fjárln. leggur til að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 100 millj. kr. til viðbótar við það sem áður var ákveðið og ég fagna því að sjálfsögðu. Það er skilyrt að þetta fjármagn renni til endurbóta hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og við vitum það sem höfum skoðað það hús að þar er mjög alvarlegt ástand. Það hús heldur hvorki vatni né vindi. Auðvitað er það mismunandi eftir því hvar í húsinu er, en m.a. gjörgæsludeildin hefur mátt búa við það að halda hvorki vatni né vindi. Þá má draga í efa hvort þessir fjármunir duga til þeirra miklu viðgerða sem þarf á húsinu sjálfu. Ég held þó að þeir muni verða til þess að það verði hægt að fara af stað og gera það sem nauðsynlegt er og ég þakka hv. fjárln. fyrir þó þetta framlag. En þetta breytir samt harla litlu um það sem skiptir meginmáli sem er rekstur þessa sjúkrahúss.

Við hljótum að spyrja okkur, hæstv. forseti: Hvað er hæstv. ríkisstjórn að hugsa? Hvað er hún að gera með þeim tillögum sem hér liggja fyrir og hafa þegar verið samþykktar? Fyrir liggur að fjárskortur Sjúkrahúss Reykjavíkur er upp á um það bil 700 millj. kr. Uppsafnaður halli og sparnaður sem ekki hefur tekist að ná fram er samkvæmt blaði frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur upp á um það bil 780 millj. kr. og maður spyr sig: Er verið að svelta Sjúkrahús Reykjavíkur til sameiningar eða hvað eru menn að hugsa? Á virkilega að fara að leika þann leik enn eitt árið að setja á fót stýrinefnd eins og það heitir núna eða þriggja manna nefnd eða samstarfsnefnd ráðuneytis og borgar, til þess að fara yfir málin og leggja til sparnað hér og þar og það eru 300 millj. kr. í pottinum, ekki bara fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur heldur öll sjúkrahús landsins, Ríkisspítalana, 300 millj. þegar fyrir liggur að hátt í 800 millj. kr. vantar bara í rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur sem er bráðasjúkrahús sem rekur einu slysadeild landsins? Það vantar hátt í 800 millj. og það á að bjarga einhverju með 300 millj. Þetta bjargar engu, hæstv. forseti. (**ÖS:** Hvaða vanþakklæti er þetta?) Vanþakklæti, segir hv. formaður heilbr.- og trn. Nei, þetta er ekki vanþakklæti, þetta sýnir bara að það sem verið er að leggja til dugar ekki og ég spyr bara: Hvers konar skrípaleikur er þetta og hvað á þessi skrípaleikur að þýða? Við erum búin að horfa á það hér ár eftir ár og ég hef sjálf rakið það í umræðum hvernig ríkisstjórnir, allt frá síðasta kjörtímabili og fram á þetta, hafa farið fram á hundruð millj. kr. í aukafjárveitingar til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og sjúkrahúsanna, allt upp í milljarð og yfir milljarð vegna þess að verið er að sýna fram á einhverja bókhaldsniðurstöðu sem ég held reyndar, hæstv. forseti, að sé ekki tilgangurinn núna þetta árið vegna þess að menn hafa einfaldlega haft úr meiru að spila. Það hefur verið meira fjármagn. En það breytir ekki því að ekki hefur verið lagt nægilegt fjármagn til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Og þó að ég beri mikla virðingu fyrir Ríkisspítölunum og stöðu þeirra, þá er það alveg ljóst að Sjúkrahús Reykjavíkur býr við miklu verri stöðu. Við skulum ekki gleyma því að þetta er bráðasjúkrahús, þetta er sjúkrahúsið sem rekur stærstu slysadeild landsins og einu slysadeild landsins sem fær til sín nánast öll slík tilvik og verður að bregðast við þeim. Það verður að bregðast við þeim og senda fólk þá áfram.

Við horfum upp á það núna, hæstv. forseti, sem auðvitað tengist þessu máli og það er ekki hægt að horfa fram hjá því, að kjaramál lækna, vinnutími lækna og það álag sem er á þessum deildum á þessum sjúkrahúsum, tengist allt saman. Eins og formaður stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Kristín H. Ólafsdóttir, hefur nefnt hvað eftir annað hefur Sjúkrahúsi Reykjavíkur árum saman verið stjórnað með kreppustjórnun, krísustjórnun eins og hún hefur kallað það. Um margra ára skeið hafa menn orðið eftir áramót að setjast yfir það að hafa haft úr allt of lítlu fjármagni að spila, það hefur orðið að gera einhverjar niðurskurðartillögur. Þá kemur ráðuneytið og segir: „Nei, nei, það er ekki meiningin að skera niður

þjónustu. Þið megið ekki skera niður þjónustu. Þið eigið að ná þessu samt. Þið eigið bara að spara. Þið eigið að spara um tugi og hundruð millj. kr." Ár eftir ár hefur þessi sparnaður ekki náðst. Og það er athyglisvert að lesa t.d. úttekt sem var í Morgunblaðinu í dag um það hvernig þeim er gert að spara og hvernig menn vita að þessar sparnaðartillögur nást ekki fram. Þetta er ekkert nýtt. Svona hefur þetta gengið ár eftir ár eftir ár og maður spyr sig: Hver er tilgangurinn með þessu? Ég veit ekki betur en menn hafi hreinlega strikað út skuldir ýmissa ríkisfyrirtækja eða jafnað þær á einhvern hátt og sagt: „Nú skulum við bara byrja frá grunni. Það verður bara að byrja frá grunni."

Það er ljóst að Sjúkrahús Reykjavíkur hefur rekstrarhalla upp á hundruð millj. kr. og eins og kemur fram í greininni í Morgunblaðinu í dag, eru þeir farnir að borga allt að 10 millj. kr. bara í dráttarvexti sem auðvitað munar um í þessum rekstri af því að þeir eru að fá peninga til að greiða laun og að tillögurnar, sem allar þessar þriggja manna, fimm manna og sjö manna og hvað þær hafa nú verið fjölmennar þessar nefndir hafa lagt til, eru óraunhæfar. Þeir eru einfaldlega óraunhæfar. Þær nást ekki meðal annars vegna þess að upp geta komið ófyrirsjáanlegir atburðir. Það verður of mikið álag á deildir og það þarf svo lítið til að kostnaðurinn fari fram úr því sem áætlað var.

Það kann vel að vera að áætlanagerðin sé ekki í lagi, menn geri óraunhæfar áætlanir og menn haldi að meiri sparnaður náist en svo næst í raun og ég held að það gildi um Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana og hugsanlega önnur sjúkrahús. Ég held að enginn hafi reyndar lent í öðru eins og þessir tveir stóru spítalar. Samt sem áður kemur það fram t.d. í þessari úttekt í Morgunblaðinu í dag að stjórnendur hafa margvarað við því að þessi sparnaður mundi ekki nást fram, þetta væru óraunhæfar áætlanir, þetta mundi ekki nást fram. Og það kemur í ljós að þær nást ekki fram. Ég spyr mig aftur og aftur: Hver er tilgangurinn með þessu? Hvers vegna er verið að leika þennan leik ár eftir ár eftir ár? Framlög eru skorin niður, spítölunum er gert að spara þó að menn viti að sá sparnaður náist ekki fram.

Leidd hafa verið rök að því að tilgangurinn sé sá, eins og kemur fram í grein Morgunblaðsins og við höfum svo sem heyrt víðar, að verið sé að reyna að pína spítalana til sameiningar þó að bæði séu ýmsar röksemdir gegn því og mikil andstaða. En þó að svo væri tel ég að þarna sé um algjörlega ranga aðferðafræði að ræða. Menn verða að sýna fram á að hagræðing, sparnaður og bætt þjónusta náist með því að sameina þessi stóru sjúkrahús ef það er meiningin að sameina þau. Menn verða að sýna fram á það í stað þess að sauma svona að þessum stofnunum, gera fólki það að geta ekki veitt fulla þjónustu, skapa endalausa óánægju, eyðileggja starfsanda sem auðvitað leiðir til þess sem við höfum séð hér á undanförnum dögum, að ungu læknarnir eru orðnir svo yfir sig þreyttir á þessu — og ekki bara þeir heldur ýmsir fleiri — að þeir eru að gefast upp. Þeir eru einfaldlega að gefast upp.

Önnur sjónarmið eru að ryðja sér rúms varðandi vinnutíma og lífsgæði og fólk einfaldlega lætur ekki bjóða sér upp á þetta lengur. Það sem mun gerast í framhaldi af þessu eins og hefur komið fram í umræðunni að undanförnu er bæði að íslenskir læknar munu ekki snúa heim úr námi og þeir munu hverfa til annarra starfa þar sem þeim er boðið upp á miklu betri kjör. Það mun gerast. Þetta er svolítið svipað því sem kennarastéttinni hefur verið boðið upp á. Þetta er í raun og veru mjög svipað dæmi. Það hefur verið saumað að skólunum, laununum haldið niðri um árabil og það leiðir til þess að ekki fæst jafnhæft fólk og áður til starfa og allir sem geta leita annað. Þetta, hæstv. forseti, er stórhættulegt fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi. Þess vegna hljótum við að verða að breyta hér um stefnu, hæstv. forseti, og það fyrsta hlýtur auðvitað að verða það að ná samkomulagi um að taka á þessum mikla halla Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það verður einfaldlega að borga hann upp þannig að þessi stofnun geti í það minnsta byrjað á núllinu og að þessu tímabili krísustjórnunar ljúki og menn geti snúið sér að því að byggja upp.

Það er mikið að gerast á sviði heilbrigðismála. Þar eru miklar nýjungar. Þar er mikið að gerast bæði hvað varðar lyf og tæki. Margt af því mun kosta mikla peninga en líka spara til lengri tíma litið og eins og staðan er núna, þá eiga þessar stofnanir varla kost á því að fylgjast með tímanum og tækninni og það veldur miklum pirringi meðal þeirra sem eru að ljúka námi og að byrja sinn starfsferil svo ekki sé nú talað um þá sem er verið að reyna að fá hingað heim. Það er mikið áhyggjuefni, hæstv. forseti, að íslenskir læknar fást ekki lengur til þess að sækja hér um stöðu lækna á spítölunum eða stöðu prófessora við háskólann vegna þess að þau launakjör sem hér er boðið upp á eru ekki í neinu samræmi við það sem tíðkast erlendis.

Þá rifjast upp fyrir mér sú umræða sem hér varð í gær um stöðuna sérstaklega á Sjúkrahúsi Reykjavíkur í kjölfar þess að ungir læknar hafa verið að ganga út og menn spyrja: Hafa menn ekki skyldur við sína þjóð? Það eru takmarkanir fyrir því hversu miklar skyldur fólk hefur við sína þjóð. Ungir læknar eins og annað námsfólk hafa verið að taka námslán sem þarf að borga með vöxtum og töluverðri greiðslubyrði.

Við erum fyrst og fremst í samkeppni við aðrar þjóðir. Við erum ekki lengur eitthvert eyland norður í ballarhafi sem getum bara hagað okkur eins og okkur sýnist. Við erum í mikilli samkeppni við aðrar þjóðir. Við höfum haft mjög gott menntakerfi m.a. í læknisfræði. Íslenskir læknar hafa átt greiðan aðgang að framhaldsmenntun á Norðurlöndunum, í Þýskalandi, Bandaríkjunum og víðar og þeir hafa getað gengið þar inn og þeim er vel tekið. Hins vegar eru þau kjör sem ungum læknum bjóðast þar og maður talar nú ekki um þegar þeir eru búnir að ljúka sérfræðinámi, ekki í nokkru samræmi við það sem hér tíðkast. Ef Íslendingar halda að þeir geti á grunvelli þjóðerniskenndar eða þakklætis fyrir að hafa fengið að mennta sig, haldið fólki í skrúfstykki og meðallaunum — ég er ekki að tala um lág laun því að læknar eru þó á meðallaunum reyndar og þar yfir fyrst og fremst vegna alveg gífurlegrar vinnu. Ég skal segja það hér, forseti, að í mínum kunningjahópi eru allnokkrir læknar og ég veit mjög vel hversu gríðarlega þeir vinna og hversu mikla yfirvinnu þeir vinna. Þannig hafa þeir töluverðar tekjur — og að halda að sé hægt að halda þessu áfram hér fram í rauðan dauðann og menn bara gráti af þakklæti fyrir að fá að flytja heim til Íslands, þá er það mikill misskilningur. Menn ættu að kynna sér sjónarmið ungs fólks sem sér þá framtíð fyrir sér fyrst og fremst að leita sér vinnu í öðrum löndum. Þetta er svo mikið að breytast, hæstv. forseti, að við þurfum fyrst og fremst að fara að hugleiða það, hvernig við ætlum að halda fólki hér í vinnu en ekki það að við getum boðið fólki upp á þessi kjör sem hér hafa tíðkast og þá miklu yfirvinnu.

Mér liggur þetta þungt á hjarta, hæstv. forseti, og vil minna á að við, a.m.k. þingmenn Reykjavíkur, höfum fengið bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík sem vekur athygli á

stöðu Sjúkrahúss Reykjavíkur og þeirri slæmu stöðu sem þar er og þeirri hættu sem því fylgir ef ekki verður brugðist við. Því miður leggur fjárln. ekki til nema 100 millj. kr. til viðbótar sem ég þó fagna. Það er mikil bót á því að ráðist verður í að gera við Borgarspítalann en þetta dugar þó hvergi nærri. Ég verð að ítreka það enn og aftur, hæstv. forseti, að ég skil ekki þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar. Ég skil ekki að menn skuli ganga svona fram og menn skuli láta þetta viðgangast því að við erum að tala um bráðaspítala og bráðaþjónustu. Við erum að tala um slysadeildina. Við erum að tala um það fólk sem þarf á allra bráðustu þjónustu og að sú staða skuli vera upp komin sem við okkur blasir nú er algerlega óviðunandi.

Hæstv. forseti. Ég gæti vikið máli mínu að ýmsum tillögum sem fram koma í breytingartillögum meiri hlutans. Ég fagna þeim flestum og það er ánægjulegt að sjá að aukið svigrúm er til fjárframlaga. Mér finnst þó að ekki hafi verið tekið á því stóra vandamáli sem við okkur blasir sem er fyrst og fremst staða heilbrigðiskerfisins og einnig það sem kannski kallar á miklu meiri vinnu, þ.e. staða menntakerfisins sem auðvitað þarf að fara rækilega í gegnum í ljósi þeirra kannana sem við höfum fengið og sýna heldur slælega stöðu íslenskra nemenda og stöðu Háskóla Íslands sem þarf að fá miklu meira fjármagn til þess að byggja upp fyrir framtíðina. Ég vænti þess að menn muni taka á þeim málum á næstu árum en þau kalla á það ekki síst að menn marki stefnu og viti hvert eigi að halda.

[22:38]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv. beindi til mín spurningu um meðferðarheimili í Skagafirði og tillögu sem varðar Barnaverndarstofu. Þessi tillaga hefur verið til athugunar í félmrn. og kom til okkar nokkuð seint í okkar vinnu við fjárlagafrv. Mér er alveg ljóst að þetta er fyrsta skref á langri leið í þessum málum og það er rétt sem hv. þm. sagði að talið var að fjárþörf í þessu væri um 90 millj. kr.

Þessi úrræði í Skagafirði eru ætluð fyrir unglinga frá 16–18 ára, en það er ljóst að ekki er um aukið framboð að ræða því að eftir því sem mér skilst, þá hefur verið lagt þar niður heimili nú nýverið þannig að þetta er til þess að mæta allra brýnustu verkefnum á þessu sviði. Vissulega þarf að þróa úrræði í þessum efnum betur með tilliti til hinnar nýju löggjafar, taka sér tíma í það.

Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til Sjúkrahúss Reykjavíkur hér í umræðum áður en ég vil aðeins minnast á það samt varðandi launakjör lækna að ég tel að að ganga verði í það af alefli að reyna að ná samningum við þá sem út af standa í því efni. Í frv. er reiknað með 250 millj. til þess að mæta kjarasamningum sem nýlega hafa verið gerðir. Þeir hafa ekki allir verið samþykktir en það þarf að reyna að ljúka þessum málum.

[22:40]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt áhyggjuefni að um leið og verið er að leggja niður heimilið í Skagafirðinum og taka upp annað, virðist það blasa við, þó að við höfum ekki nákvæmar upplýsingar um það, að ekki sé verið að fjölga meðferðarúrræðunum. Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta heimili sem búið er að semja um verði í stakk búið til að taka við þessum unglingum á aldrinum 16–18 ára. Þetta mun koma smátt og smátt vegna þess að lagabreytingin tekur sem betur fer tíma til þess að virka. En eftir því sem ég best veit hefur ekki verið offramboð á meðferðarúrræðum fyrir þetta unga fólk sem því miður lendir á villigötum þannig að mér finnst þetta vera dæmigert fyrir vinnubrögð okkar. Ég er ekkert endilega að saka meiri hlutann um eitthvað. Þetta eru bara vinnubrögð okkar Íslendinga. Við tökum í okkur að samþykkja svona breytingu og svo förum við einhvern tíma löngu síðar að reyna að átta okkur á hvað breytingin þýðir.

Að vísu kom það fram hér í umræðum um þessa sérstöku breytingu, hækkunina á sjálfræðisaldrinum, að hún mundi kalla á bæði lagabreytingar og úrræði. En við bara segjum alltaf: Við reddum því þegar þar að kemur. Svo kemur í ljós að þetta kallar á heilmikil fjárútlát og við verðum að standa undir því.

Hvað varðar kjaramál lækna, þá hygg ég að þetta sé miklu flóknara mál en bara það sem lýtur að kjörum þeirra beint. Þetta lýtur að kjörum og vinnutíma. Ég held að því miður séu menn kannski að rekast á það núna að upp eru að koma svo breyttar kröfur. Nú er að verða svo að konum er mjög að fjölga í læknadeildinni og þær gera aðrar kröfur til vinnutíma en karlarnir og þær vilja hafa sinn frítíma. Þær vilja geta sinnt sinni fjölskyldu og það kallar á breyttar kröfur fyrir utan það að sá vinnutími sem tíðkast hefur á sjúkrahúsunum og kröfur til ungra lækna hafa ekki náð nokkurri átt þannig að ég skil mjög vel þeirra kröfur. Við þurfum að horfa á þessi mál öll í samhengi, hæstv. forseti, og reyna að taka á þeim. Það sem fyrst og fremst skiptir meginmáli er að íslenska heilbrigðiskerfið verði samkeppnisfært við kerfi annarra þjóða.

[22:43]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að íslenska heilbrigðiskerfið sé gott. Hins vegar á það við fjárhagsvanda að etja eins og oft hefur komið fram hér. Aðferðin er umdeild núna. Hún er að styrkja stöðu ráðuneytisins til að vinna í málefnum sjúkrahúsanna. Veittir eru fjármunir til þess að auka þar við starfslið í fullu starfi til þess að fara yfir málefni sjúkrahúsanna og þar á meðal Sjúkrahúss Reykjavíkur og það hefur oft verið rakið í þessari umræðu. Kanna þarf stöðu þeirra samninga sem gerðir hafa verið þar. Komast þarf að raun um hvar núllpunkturinn er, til að byrja. Komast þarf að raun um hve vandinn er mikill þegar þeir samningar sem hafa verið gerðir ganga eftir, hvaða möguleikar eru til samstarfs og hagræðingar. Ég tel þessar 100 millj. sem fram voru lagðar mikilvægar og þær eru merki um að við viljum taka á viðhaldsvandanum í sjúkrahúsinu sem ég veit að er mjög brýnt verkefni. Hann er einn þátturinn í aðbúnaðinum og vinnuumhverfinu á sjúkrahúsinu. Það er alveg ljóst. En með 100 millj. í viðbót við 46,6 millj. sem þar eru inni, þá ætti að vera kominn möguleiki á að gera áætlun um að ráðast í viðhaldið. Nefndar hafa verið tölur um að sú upphæð sem þarf þar inn sé milli 500–600 millj. kr., en tæpast er hægt að mæta því á einu ári og þarf að gera áætlun til lengri tíma um það.

[22:45]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég rakti í máli mínu benda þær tölur sem komið hafa fram frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til þess að hallinn og fjárvöntunin sem þar er við að stríða sé upp á 700–800 millj. þannig að það sem er verið að bæta hér við dugir hvergi nærri. En það er rétt sem hv. þm. segir að það fjármagn sem er þó verið að verja m.a. til viðgerða á Borgarspítalanum mun skila sínu og það er alveg satt að

það að vinna í húsi sem heldur hvorki vatni né vindi ofan á þá krísustjórnun sem þar hefur verið hefur sitt að segja upp á vinnuandann þannig að ég vona að þetta verði til bóta. En það dugir hvergi nærri.

Spurningin er þessi, hv. þm., við erum að tala um þróun sem hefur átt sér stað í mörg mörg ár og á rætur til síðasta kjörtímabils eins og hv. þm. veit þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var heilbrrh. og óð um eins og fíll í glerbúri, eins og við sögðum oft og hjó á báðar hendur og skar niður svoleiðis miskunnarlaust og á svo óskynsamlegan máta að annað eins hefur ekki sést. Þetta á sér orðið margra ára sögu, þetta er margra ára uppsafnaður halli, þetta er margra ára krísustjórnun, þetta er margra ára þreyta en staðan er sú að sjúkrahúsið stendur frammi fyrir miklum halla og það verður að taka á honum. Þó að ég hafi gert stöðu Sjúkrahúss Reykjavíkur að sérstöku umtalsefni gildir það um aðrar sjúkrastofnanir líka en vandi þeirra er ekki eins mikill. Ef við ætlum að halda uppi góðu heilbrigðiskerfi, hæstv. forseti, verðum við að taka á þessu og við verðum að bæta kjör þeirra sem vinna í þessum stéttum. Við verðum að skapa þar vinnufrið.

[22:47]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég kem upp til þess að ræða aðeins um lið 05-190 Ýmis verkefni, Fiskifélag Íslands, sjóvinnslukennsla sem er viðbót og breyting milli 2. og 3. umr. upp á 7 millj. Samkvæmt texta í nefndaráliti er verið að gera tillögu um 7 millj. kr. viðbótarframlag til reksturs skólaskips á grundvelli niðurstöðu nefndar skipaðrar af sjútvrh. Áformað er að leigja hafrannsóknaskipið Dröfn RE 35 til þessa verkefnis.

Ég var einn af þeim sem voru skipaðir í þá nefnd sem lagði til að hafrannsóknaskipið Dröfn yrði tekið eða leigt í verkefni til að sinna sjóvinnukennslu og kynningu á sjóvinnustörfum í grunnskólum landsins. Það var einróma álit nefndarinnar að það væri mjög stórt skref í þá átt að ná árangri að leigja svo stórt skip sem Dröfn er með þeim möguleikum sem því fylgja sem einu af hafrannsóknaskipum landsins með þjálfaða áhöfn og útbúnað um borð sem telst til fullkomnustu tækja sem völ er á á þessu sviði.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hafði á orði fyrr í kvöld að hún hefði áhyggjur af því að með því að leigja þetta skip í staðinn fyrir Haftind, sem Karel Karelsson hefur rekið á undanförnum árum og nýtt til kennslu fyrir ungmenni um land allt, yrði það til þess að draga úr því starfi sem hann hefur haft með höndum síðustu þrjú árin. Ég held að ekki sé nein ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að það starf sem Karel Karelsson hefur sinnt á undanförnum árum eigi að líða neitt sérstaklega fyrir þetta, enda erum við að tala um óskyld störf eða óskylda kennslu að mörgu leyti. Starf Karels fólst í upphafi fyrst og fremst í því að þjálfa upp ungmenni sem höfðu lent utan garðs eða illa í lífinu og þurftu aðstoðar með á vegum félagsmálastofnana og Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar. Hann gerði sérstaka samninga við sveitarfélögin um það að ráða þessi ungmenni um borð í Haftind og þau ungmenni voru skráð sem áhafnarmeðlimir um borð í Haftind til þess að róa til fiskjar. Í þessu fólst sú almenna skoðun sjómannsins að verið væri að koma ungum mönnum til manns eða eins og sagt er á sjómannamáli að hafa migið í saltan sjó eins og sagt var hér í gamla daga en á hugsanlega ekki við enn í dag en svona var talað um unga menn í þá daga. Ég held að hlutverk Karels að þessu leyti og Haftinds verði ekkert öðruvísi en það hefur verið og ég veit að verið er að vinna að því í kerfinu að sú starfsemi sem lýtur að þjálfun ungmenna verði áfram eins og hún hefur verið þannig að Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar ásamt félagsmálastofnunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu munu nýta sér þá þjónustu. Ég vona svo sannarlega að ekkert skyggi á þau störf sem hafa verið innt af hendi um borð í Haftindi og ég get borið um að það hefur verið einróma lof um það starf sem þar hefur farið fram.

Dröfnin er aftur á móti í mínum huga einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja tengja saman grunnskóla og sjómennsku, fljótandi skólastofu og grunnskóla í skipi sem getur talist í augum allra, bæði foreldra, nemenda og kennara 100% öruggt skip til að geta tekið við stórum hópum til að kenna líffræði, bæði verklega og í fyrirlestraformi, um borð í einu skipi, undir þiljum sem er mjög óvenjulegt eða hefur ekki verið hingað til hægt í þeim skipum sem hafa verið notuð til þeirrar sjóvinnukennslu sem hefur verið starfrækt á landinu fram að þessu.

Við höfum þó nokkra reynslu af rekstri skólaskipa og ekki er langt síðan bátur sem var kallaður Mímir og fórst voveiflega fyrir nokkrum árum var notaður til þessarar sjóvinnukennslu. Það skip var einungis 15 tonn. Það fór gott orð af þeirri kennslu en öllum bar saman um að það skip væri of lítið. Haftindur er að sjálfsögðu mun stærra skip, um 55 tonn, og hefur getað þjónað hlutverki sínu ágætlega og þá sérstaklega því hlutverki að koma ungu fólki til manns sem hefur þurft á aðstoð að halda. Þar hefur kannski ekki síst verið um að ræða kennslustarf sem hefur fengið menn sem hafa ekki fundið sér tilgang í lífinu til þess að sinna einhverju ákveðnu hlutverki.

Ég lít svo á að það sé stórkostlegt tækifæri að geta tengt saman grunnskólann og Hafrannsóknastofnun. Sú tilraun var hugsuð af nefndinni til tveggja ára. Að þeim tveimur árum liðnum væri ekki einungis ríkissjóður sem mundi reka þetta verkefni heldur væru það sveitarfélögin, hugsanlega ásamt ríkinu, sem mundu sjá um verkefnið og á þessum tveimur árum yrði reynt að afla því vinsælda innan skólakerfisins með markvissu starfi sem byggðist á því að laða skóla og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu að þessu skipi og því starfi sem mundi verða um borð í skipinu.

Ég held að við gerum okkur grein fyrir því sem höfum stundað sjóinn og þekkjum óttatilfinningu fólks við sjóinn yfirleitt að það skiptir mjög miklu máli hvernig fyrstu hughrif eru þegar menn koma að skipi, fara um borð og átta sig á aðstæðum. Mjög mikil áhersla er lögð á það af hálfu allra og þá ekki síst aðstandenda og skólanna að ekki sé hægt að segja að það sé verið að etja börnum út í neina óvissu. Þess vegna held ég að maður geti sagt að á svæði eins og á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólk er fjarlægara sjómennskunni og sjónum en aðrir landsmenn þurfi að beita öðrum aðferðum en þykja eðlileg þar sem menn stunda sjóinn daglega, koma niður á bryggju og sjá hvernig skip eru. Af þeirri ástæðu töldum við nauðsynlegt að fara út í þetta starf með nýjum forsendum og nýjum áherslum sem byggðust á þessari auknu stærð, starfi sem gæti farið fram undir þiljum að mestu leyti og rannsóknarkennsla og fræðastörf gætu jafnframt farið fram á sama stað í fljótandi skólastofu.

Reksturinn byggist í rauninni alfarið á því að hægt sé að sannfæra skólafólk á höfuðborgarsvæðinu um að þetta sé fýsilegur kostur, að miklu eðlilegra sé að fara með ungmenni um borð í slíkt skip til þess að kynna þeim hvernig sjómennska fer fram, líffræði, vinna um borð í skipum. Það er

miklu meira atriði að ná tökum á því hér vegna þess að þetta er sá hópur sem kemur til með að borga þann kostnað sem felst í slíku námi þegar upp er staðið. Það er dýrt að gera út svona skip og það verður ætlast til þess í framtíðinni að sveitarfélögin taki a.m.k. verulegan þátt í þessu starfi einfaldlega vegna þess að sveitarfélögin hafa tekið yfir grunnskóla og mönnum finnst sú blanda sem hér er ekki heppileg þegar til lengdar er litið, að sveitarfélög og ríki séu að skipta á milli sín slíkum verkefnum.

Ég vil að lokum, herra forseti, fagna því að Alþingi tekur svona á málinu. Ég held að við séum að stíga verulega stórt skref í þá átt að tengja saman sjóinn og grunnskólana. Þetta er gert örugglega og faglega sem ég efast ekki um að verði hægt að vinna þannig í framtíðinni að sú starfsemi sem tengist sjómennsku og faglegu starfi um borð í skipum verði til framtíðar en ekki einungis til reynslu í tvö ár.

[22:59]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var nokkuð undrandi þegar ég sá þá tillögu sem fyrir lá og hlýddi þess vegna með athygli á mál hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér áðan til að reyna að átta mig betur á því hvað væri um að vera. Það verður að segjast eins og er að ég er ekki miklu nær.

Hér er verið að tala um útgerð á skipi sem verður dýr en það er víst í lagi af því að sveitarfélögin eiga að reka það, þ.e. ef það tekst að vinna því vinsældir eins og hv. þm. sagði og sannfæra skólafólk á höfuðborgarsvæðinu um nauðsyn þess. Hér er verið að tala um peninga til þess að fara af stað með verkefni sem þriðji aðili á síðan að taka við eftir að búið er að sannfæra menn um að á þessu sé þörf. Fróðlegt væri að vita hvort fleiri af þeim tillögum sem stjórnarliðar, ríkisstjórnarmeirihlutinn er að sulla inn eru vaxnar með þeim hætti sem þessi tillaga er.

Satt best að segja kom mjög á óvart eftir inngang í ræðu hv. þm. að niðurstaðan skyldi verða sú að verið er að hugsa um skip sem ég gat ekki heyrt betur en ætti að liggja í Reykjavíkurhöfn. Ég vildi þess vegna gjarnan að þingmaðurinn reyndi að útskýra ögn betur mikilvægi þess sem felst í því að fara í þessa fjárfestingu og hvort hann á bæði við karla og konur þegar hann talar um að koma ungum mönnum til manns.

[23:01]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi misskilið verulega mikið af því sem ég var að segja. Þegar ég talaði um að höfða til höfuðborgarsvæðisins er það einfaldlega vegna þess að höfuðborgarsvæðið hefur ekki tekið þátt í því starfi sem hefur farið fram hingað til um borð í þessum skólaskipum nema að mjög óverulegu leyti. Þetta hefur fyrst og fremst nýst landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðið hefur ekki sýnt þessu neinn áhuga. Til þess að geta haldið úti svona rekstri er mjög brýnt að stærstu svæði landsins hafi áhuga á slíku starfi til þess að það geti þjónað tilgangi sínum og haldið velli svo að vel fari. Ég ítreka að það er ekki meiningin að þetta skip liggi í Reykjavíkurhöfn heldur er verið að hugsa um að þetta skip fari um allt land eftir áhuga skólafólks. Kostnaðurinn verður að sjálfsögðu meiri en við minni skipin, einfaldlega vegna þess að þarna er krafist miklu meira öryggis, miklu meiri sérþekkingar og miklu betri aðstöðu en hingað til hefur verið til staðar. Þarna er ekki talað um neina fjárfestingu því að einungis er um leigu að ræða. Það eru leigðir nákvæmlega þeir dagar sem farið er út með börn en ekki neinir legudagar í höfn þannig að við erum einungis að tala um virka daga á sjó með skólabörn sem geta þá nýtt sér þá kennslu sem þarna getur farið fram.

Ég mundi segja að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ætti að fagna þessu frumkvæði sem ég held að sé mjög gagnlegt og þarft fyrir skólana og ekki síst fyrir landsbyggðina sem ég tel mikilvægt að fái stuðning höfuðborgarsvæðisins til reksturs slíkra verkefna.

[23:03]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki mikinn stuðning við landsbyggðina í gegnum tillöguna sem hv. þm. reyndi enn að útskýra en satt best að segja með þeim árangri að þeim mun meira sem talað er þeim mun minna skilur maður. Tilfinningin sem situr eftir er sú að hér fékk einhver hugmynd. Henni var komið í gegn, guð má vita hvernig, en það á eftir að fá skólana til að samþykkja hana. Það á eftir að fá skólana til að þýðast hana því að enginn hefur beðið um hana. Hins vegar hafa ýmsar aðrar hugmyndir verið á kreiki og ýmis vinna er í gangi sem er allt annars eðlis en hv. þm. er að tala um. Ég er ansi hrædd um að það eigi eftir að vinna mikla undirbúningsvinnu, mikla grunnvinnu áður en hugmynd eins og þessi á nokkurn rétt á sér, einfaldlega vegna þess að ég held að hv. þm. sé að tala fyrir hugmynd sem er ekki verið að biðja um, sem er ekki búið að kanna hvort nokkur þörf er fyrir og hann er að tala út frá óskhyggju sem á alls ekki heima.

[23:05]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki almennilega á pirringnum í hv. þm. yfir því að verið sé að útfæra tillögur sem eru í raun ekkert nýjar. Skólaskip hefur verið rekið í mörg ár þannig að hugmyndin er ekkert ný. Það er fyrst og fremst nýtt að verið er að tala um stærra skip en áður hefur verið í notkun þannig að mér finnst ótrúlegt hvernig hv. þm. bregst við þessu.

Við höfum rætt um þetta mál við forsvarsmenn skóla í Reykjavík til að mynda og skóla annars staðar á svæðinu og þar hafa forsvarsmenn þeirra tekið afskaplega vel í hugmyndina og talið það forsendu fyrir því að skólarnir á höfuðborgarsvæðinu geti tekið þátt í þessu, að það verði um stórt og öflugt skip að ræða sem tryggir öryggi barnanna. Tilfinning skólamannanna er því sú að þarna sé eitthvað sem allir geta trúað og treyst. Ég átta mig ekki almennilega á því hvers vegna hv. þm. bregst við með þessum hætti.

[23:06]

**Útbýting þingskjals:**

Fjárlög 1998, 1. mál, brtt. fjmrh., þskj. 686.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:06]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 686. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[23:08]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við höfum verið að ræða frv. til fjárlaga við 3. umr. síðan klukkan rúmlega 2 í dag og nú er klukkan að ganga 12 þannig að við höfum verið að í rúma 9 klukkutíma að ræða hver forgangsröðunin er hjá ríkisstjórninni í því að verja því fé sem við eigum í sameiginlegum sjóði.

Ég get tekið undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það að mér var nokkuð brugðið í morgun þegar ég mætti

til vinnu og sá hversu margir biðu eftir því að fá aðstoð fyrir utan hús Hjálpræðishersins í morgun. Það er umhugsunarefni þegar menn eru að ræða fjárlögin að í velferðarsamfélagi sé þetta stór hópur sem þarfnast aðstoðar rétt fyrir jólin. Auðvitað eru þeir mun fleiri því að víða er þröngt í búi. Það þekkja þeir sem vilja.

Ég get ekki orða bundist þó svo að ekki ætti að þurfa að ræða hér ástandið á sjúkrahúsunum. Menn ættu að þekkja það eftir alla umræðuna í dag og undanfarna daga, bæði umræðuna á þinginu og einnig umræðuna í samfélaginu og fjölmiðlum. En ég get því miður ekki orða bundist vegna þess neyðarkalls sem kom frá stjórnun sjúkrahúsanna til fulltrúa okkar í heilbr.- og trn. og til þingmanna síðustu daga. Menn muna ekki eftir verra útliti. Það mun bitna verulega á sjúklingum. Öllu mun seinka, biðlistar munu lengjast, óróleika og vanlíðan er farið að gæta hjá starfsfólki og hjá sjúklingum. Þetta eru skilaboðin sem við fáum frá stjórnendum sjúkrahúsanna. Þeir eru ráðþrota. Æ fleiri koma inn á sjúkrahúsin sem bráðasjúklingar, sem bráðatilvik, yfir 72% þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús og þeir eru mun dýrari sjúklingar sem koma inn sem bráðasjúklingar en hinir sem koma inn af biðlistanum. Þetta eru skilaboðin sem við höfum fengið undanfarið, herra forseti, og því miður hefur ekki verið brugðist við sem skyldi hjá stjórnvöldum. Reyndar fagna ég því að upplýsingar komu um það að 100 millj. koma til viðbótar til Sjúkrahúss Reykjavíkur til að geta hafið viðhald en það dugir alls ekki til. Það er rétt sem kom fram hjá fulltrúum stjórnenda sjúkrahúsanna. Óróleika, vanlíðunar og óvissu er farið að gæta hjá starfsfólki sjúkrahúsanna.

Við fengum orðsendingu eða bréf í dag frá Starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það er orðið erfiðara hjá þeim, starfið er orðið þyngra en áður. Legurúmum hefur fækkað, segir í bréfinu. Það leiðir af sér að heilbrigðisstarfsmenn hafa skemmri tíma til að sinna hverjum og einum sjúklingi. Það hefur orðið til þess að á álagstímum vistast fleiri alvarlega veikir inni á göngum sjúkrahússins og það hefur einnig leitt af sér að fjöldi sjúklinga þarf að leggjast inn aftur innan sjö daga frá útskrift og sá fjöldi vex ár frá ári. Það kom fram í máli mínu við 2. umr. að 75 af hverjum 1.000 sjúklingum sem koma inn á ákveðnar deildir á sjúkrahúsunum eru komnir inn á sjúkrahús aftur innan átta daga. Er þetta ekki alvarlegt ástand, herra forseti?

Einnig hefur komið fram og kemur fram í bréfi frá Starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur að verði fjárhagsvandi sjúkrahússins ekki leystur strax muni það leiða til þess að sjúkrahúsið muni ekki geta valdið grundvallarhlutverki sínu að sinna sjúkum og slösuðum.

Ég minni á að á þessu sjúkrahúsi er eina slysadeildin á landinu og menn horfa fram á að þurfa að loka deildum. Þó svo menn loki deildum mun það ekki hafa þann sparnað í för með sér sem menn gætu gert ráð fyrir vegna þess að ekki er hægt að fækka starfsfólki sem því nemur.

Ég vil taka undir hvert einasta orð frá starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur og ég veit ekki hvað það hefur upp á sig að vera að ræða þetta eftir rúmlega níu tíma umræðu því að ég held að þessi skilaboð ættu að vera komin til skila til stjórnvalda. Ég treysti því að gripið verði til frekari fjárveitinga en þeirra sem eru til afgreiðslu því að ekki verður við þetta unað.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, herra forseti, en ætla að mæla hér fyrir brtt. við fjárlögin sem ég flyt á þskj. 646 um aukafjárveitingu til Arnarholts, deildar 35 við Sjúkrahús Reykjavíkur. Eins og menn muna eflaust var deild 35 á Arnarholti lokað við niðurskurðinn haustið 1996. En henni hefur verið haldið opinni að hluta þar sem ekki var hægt að koma öllum þeim geðsjúku sem þar dvöldu í aðra vist. Þar hafa dvalið níu sjúklingar. Þeir hefðu lent á götunni ef deildinni hefði verið lokað. Þessi deild hefur verið rekin án fjárveitinga en reynt að fá aðstoð frá öðrum deildum en þannig er ekki hægt að gera til lengdar. Þó er vitað að nokkrir af þeim sem fluttir voru frá Arnarholti hafa beðið verulegan skaða af þeim flutningi. Mjög hefur verið þjarmað að geðsjúkum hér á landi og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er þjónustan við öryggismörk á geðdeildum, sérstaklega inni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ég legg því til að 8 millj. til viðbótar fari til Arnarholts þannig að það mögulegt sé að halda úti rekstri fyrir þessa níu sjúklinga sem þar dvelja. Hér er um að ræða lágmarksupphæð til að hægt sé að reka deild fyrir geðsjúka á Arnarholti. Ég hef því ákveðið að leggja fram þessa brtt. sem kemur til atkvæða á morgun.

Ég vil einnig minna á aðra tillögu sem lögð var fram við 2. umr. en kölluð aftur til 3. umr. Hún hljóðar upp á 5 millj. kr. viðbótarfjárveitingar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þetta eru 5 millj. sem vantar til þess að einhverfir og fatlaðir með Asperger-heilkenni geti fengið þá þjónustu sem þeir þurfa.

Fyrir nokkru síðan skoðaði nefnd stöðu þessara fötluðu einstaklinga sem áður fengu þjónustu í gegnum heilbrrn. en heyra nú undir félmrn. og komst hún að þeirri niðurstöðu að 10 millj. þyrfti að lágmarki til þess að þessi hópur fengi lágmarksþjónustu. Í fjárlagafrv. er aðeins gert ráð fyrir 5 millj. til þessa hóps. Þess vegna leggjum við til, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og sú sem hér stendur, að þær 5 millj. sem upp á vantar komi til að tryggja þessum hóp þjónustu. Samkvæmt fjárveitingu þeirri sem er í fjárlögunum geta aðeins hinir yngstu og mest fötluðu fengið þjónustu. Aðrir munu ekki fá hana og hliðstæð þjónusta fyrir þá sem hafa Asperger-heilkenni. Það er auðvitað ekki viðunandi og þetta eru ekki háar upphæðir að fara fram til þess að hópurinn geti fengið lágmarksþjónustu hjá Greiningarstöðinni. Ég vona svo sannarlega að tillögurnar tvær, fyrir geðfatlaða á deild 35 á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og þá fötluðu sem ekki fá neina heildstæða þjónustu og munu ekki fá hana ef fjárlög verða afgreidd eins og nú er, fái náð fyrir augum meiri hluta fjárln.

Ég kvaðst, herra forseti, ekki verða með langt mál enda ekki ástæða til. Það er búið að gera góða grein fyrir ástandinu í heilbrigðismálum og ég gerði það einnig í fyrri ræðu minni við 2. umr. í löngu máli.

Ég get þó ekki orða bundist yfir þeim fréttum sem voru í útvarpinu í kvöld um að enn einu sinni eigi að hækka þjónustugjöld á sjúklinga. Ætlunin er að hækka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði. Ég get ekki sætt mig við að enn einu sinni eigi að höggva í sama knérunn, sjúkra hér á landi og ég kalla eftir skýringum á því og rökum fyrir því að ekki er hægt að leita neitt annað en til sjúklinga að sækja fé í ríkissjóð á þessum góðæristímum. Er nokkur furða að ég spyrji?

Ég hefði eins getað haft hér langt mál um vegamálin. Ég sé að vegáætlun til langs tíma er komin á borðin og búið að dreifa henni. Ég leyfi mér að efast um að nokkur trúi góðri ætlan í þeirri vegáætlun miðað við það hvernig markaðir tekjustofnar til vegagerðar eru miskunnarlaust skornir niður hjá þessari ríkisstjórn. Til stóð að markaðir tekjustofnar til vegagerðar yrðu skornir niður um 1 milljarð og 64 millj.,

herra forseti, en nú er kominn hér 100 millj. kr. niðurskurður til viðbótar. Síðan kemur glansmynd, vegáætlun til langs tíma frá ríkisstjórninni. Hvers konar tvískinnungsháttur er þetta, herra forseti?

[23:22]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Í atkvæðagreiðslunni fyrr í dag býsnaðist einn hv. þm. yfir auknum niðurskurði í vegamálum. Sá hinn sami býsnaðist einnig og réttilega yfir aukinni skattlagningu á þá sem aumast hafa það í landinu, skuldugustu fjölskyldurnar. Hv. þm. sagði sífellt: „.... og það mitt í góðærinu". Ýmsir stjórnarandstæðingar hafa komið upp og mælt fyrir þörfum tillögum, talað um velferðarmál sem skipta máli og hafa skírskotað til þess að miðað við það sem ríkisstjórnin hefur sagt ættum við nú að vera stödd mitt í góðærinu. En er það svo?

Ef litið er til brtt. meiri hlutans mætti álykta svo. Ekki síst ef litið er til útgjaldatillagnanna. Meiri hlutinn á Alþingi þarf augljóslega ekki að hafa áhyggjur af því hvort endar nái saman. Það er aukaatriði nema þegar kemur að tillögum stjórnarandstöðunnar. Í þeim tilvikum virðist nauðsynlegt að minni hlutinn komi jafnframt með tillögur um tekjur. Annað væri að sjálfsögðu ábyrgðarleysi ef minni hlutinn ætti í hlut. Það er augljóst að stjórnarliðar þurfa ekki að hafa áhyggjur af því.

Hér hafa verið fluttar margar brtt., sumar þarfar og góðar en aðrar síðri. Ekki er að heyra á nokkrum manni að áhyggjur séu af fjárhag ríkissjóðs. Það er ekki að heyra að menn hafi áhyggjur af þeirri skattlagningu sem óhjákvæmilega bíður framtíðarinnar að standa straum af því sem efnt er til í dag.

Herra forseti. Hvað eru fjárlög ríkisins? Eru þau bara togstreita um nokkrar milljónir hér og þar? Já, að hluta en sú togstreita virðist vera það eina sem talað er um, a.m.k. utan veggja þessa húss. Ég hef á tilfinningunni, herra forseti, að stjórnarmeirihlutinn vilji hafa það þannig. Meðan aðeins er togast á um milljónir hér og milljónir þar, er a.m.k. ekki talað um hvernig fjármálastjórnin er í heildina. Enda er það miklu alvarlegra mál. Það hve mörgum milljónum er varið eða ekki varið til tiltekinna málaflokka er vissulega háð ytri aðstæðum og þeirri pólitík sem ráðandi stjórnvöld vilja sýna. Fjárlögin eru bæði pólitísk yfirlýsing og efnahagsrammi og með þeim eru línur lagðar í efnahagsþróun næstu ára hvað varðar eftirspurn, vexti og þenslu í þjóðfélaginu. En ef við veltum því fyrir okkur hvaða pólitíska yfirlýsing og efnahagsrammi það er sem hér er verið að fjalla um, þá verður að segja, herra forseti, að þetta frv., eins og það lítur út núna og með hliðsjón af þeim brtt. meiri hlutans sem liggja fyrir og við vitum að muni verða samþykktar, þá er það ótrúlega prinsipplaust, gamaldags og án nokkurrar forgangsröðunar. Við veltum því fyrir okkur, einkum við í stjórnarandstöðunni, hvort við séum í miðju góðæri. Er það svo í raun og veru?

Í nefndaráliti minni hluta fjárln. kemur eftirfarandi fram:

„Að mati Þjóðhagsstofnunar er nokkuð liðið á hagsveifluna og því megi búast við því að afkoma verði nokkru lakari á næstunni. Gerir stofnunin ráð fyrir tiltölulega háum vöxtum á næstu árum og bendir á að um þessar mundir sé nokkur þrýstingur á verðlag vegna mikilla umsvifa í þjóðfélaginu."

Þetta er haft eftir Þjóðhagsstofnun, herra forseti, og ég held að hér sé raunsæi sem mér finnst frekar sjást meðal stjórnarandstöðunnar en hjá stjórnarsinnum, a.m.k. ef maður hlustar á eða les það sem menn hafa látið frá sér.

Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs verið vanmetnar. Á það hefur minni hlutinn bent en svo er ekki nú. Bent er á að hagsveiflan virðist hafa náð hámarki. Nú segir minni hluti fjárln. að tekjuforsendur séu ekki allar traustar og bendir einkum á það sem öllu á að bjarga, þ.e. sölu eigna. Þetta er eins og galdrar, herra forseti. Peninga vantar til að láta enda ná saman og þá er bara ákveðið að selja meira. Reynslan sýnir okkur að það hefur gengið treglega til þessa, en þó má reyna á ný. Tölurnar sýna a.m.k. pínulítinn afgang á fjárlögum, 0,09% eða svo. Fróðlegt væri, herra forseti, taka saman hvað ríkisstjórnin hefur selt á kjörtímabilinu, hver árangurinn er af störfum einkavæðingarnefndarinnar. Hv. formaður fjárln. er í salnum og kann e.t.v. svörin við þessu. Nú hefur ríkisstjórnin setið að völdum í tvö og hálft ár og tímabært að við fáum að vita hvað hún hefur aðhafst í þessum málum svona saman tekið. Ýmislegt hefur verið talað og gefið til kynna en hver er árangurinn? Hvar eru peningarnir? Ég vænti að að komi svör við því hér á eftir.

Við hljótum að velta því fyrir okkur, herra forseti, hvort það sé svo en því miður taka æ fleiri undir það að hagsveiflan sem við höfum notið á undanförnum árum sé um það bil að stöðvast. Hvernig höfum við þá nýtt góðæri undanfarinna ára til að undirbúa okkur fyrir framtíðina? Hvernig höfum við nýtt góðærið til að búa í haginn fyrir þjóðina?

Við sjáum að skattar einstaklinga eru nánast þeir sömu og á síðasta ári. Það sem skeikar er vegna 500 milljónanna sem sveitarfélögin áttu að axla þegar ríkisstjórnin ákvað að láta þriðja aðila borga fyrir gæði sín. Skattar á vöru og þjónustu hækka mikið eða hátt á sjötta milljarð og virðisaukaskattur hækkar um rúmlega 3 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs eru því að aukast. En hvar er árangurinn í ríkisfjármálunum? Er það afgangur upp á 0,09% sem fæst með ímyndaðri sölu eigna á þriðja milljarð? Er þetta boðlegur árangur eftir að við höfum notið mesta góðæris sem þessi þjóð hefur fengið að njóta í tvo áratugi? Ef menn telja svo þá er ríkisstjórnin og fjárln. metnaðarlausari en mig grunaði.

Á bls. 21 í fjárlagafrv. segir líka að erlendar skuldir ríkissjóðs muni ekki lækka sem hlutfall af landsframleiðslu heldur standa í stað á þessu ári og því næsta með auknum viðskiptahalla. Þá veltum við fyrir okkur samkeppnisstöðu Íslands. Hvað hefur verið gert til að bæta samkeppnisstöðu Íslands? Við heyrum reglulega að menn monta sig af því að landsframleiðslan sé svo mikil að við erum komin á OECD-mælikvarða, í hóp ríkustu þjóða eins og það er kallað, af því að landsframleiðslan er svo mikil á hvern einstakling. En hvernig komumst við svo hátt á þann skala? Mig minnir að við séum í 5. sæti í ár, 6. sæti í fyrra, 7. sæti þar á undan. Jú, herra forseti. Það gerum við með tvennu móti. Við gerum það með því að íslenskt launafólk vinnur lengri vinnudag en víðast hvar þekkist og íslenskar konur eru með hlutfallslega mesta atvinnuþátttöku þrátt fyrir að þær eigi líka flest börnin að meðaltali af þjóðum OECD. Það er sem sagt með mikilli vinnu sem við komumst svo hátt. Við getum velt því fyrir okkur hversu haldgott það er.

Samkeppnisstaða Íslands er annars staðar, hún er ekki í neinu 5. sæti, enda horfa menn til mun fleiri þátta þegar þar er komið.

Herra forseti. Þegar maður skoðar fjárlögin, hlýðir á umræðuna og fylgist með því sem er að gerast hér, þá hefur maður á tilfinningunni að þetta séu um það bil sömu fjárlög og í fyrra og þar áður, en maður sér ekki að nokkuð hafi

breyst. Það eru engar nýjar áherslur, engin ný forgangsröðun, það er ekki að sjá að neitt hafi verið gert til að búa í haginn. Og við veltum olíunni fyrir okkur sem hefur keyrt hagvaxtarvélina á undanförnum árum, hvort við getum treyst á það að hún verði hér áfram eða hvort það er e.t.v. rétt sem Þjóðhagsstofnun segir og fleiri, að hagvaxtarsveiflan sé um það bil að stöðvast.

Frá 1993 þegar rofaði til í efnahagsmálum eftir nokkurra ára kreppu, þá rofaði til að hluta vegna möguleika sem sköpuðust með EES-samningnum og að stórum hluta vegna úthafsfveiðanna sem komu sem viðbót inn í hagkerfið eftir nokkra erfiðleika í sjávarútvegi. Nú er úthafsveiðiævintýrinu nánast lokið og sáralítið að hafa úr þeirri áttinni og stóriðjuframkvæmdir á síðasta snúning. Framkvæmdum við Ísal er lokið, Norðurál lýkur framkvæmdum á árinu og stórframkvæmdum utan fjárlaga eins og Hvalfjarðargöngum verður lokið á árinu. Auk þessa er hinn mikli niðurskurður í framlögum til samgöngumála sem hér hefur oft verið rakinn. Eftir mikla fjárfestingu, m.a. erlendra aðila í atvinnulífinu er nú gert ráð fyrir svo miklu falli í fjárfestingu að menn hljóta að hrökkva við þegar þeir sjá þær tölur sem fyrir liggja. Það er einungis reiknað með aukningu í fjárfestingu upp á 1,3% á milli ára á móti aukningu upp á 18,6% á milli ára í fyrra.

Hvaða breytingar eru það sem hafa orðið? Ég rakti það að hluta til áðan. Það eru aðallega þær breytingar að það sem hefur keyrt hagvaxtarvélina er nánast á þrotum, það eldsneyti er ekki lengur fyrir hendi. Við veltum því fyrir okkur þegar við skoðum hvar forgangsröðunin liggur að við hefðum viljað sjá góðærið nýtt til þess að endurskapa atvinnulífið með auknum framlögum til menntamála og til að endurskipuleggja velferðarkerfið þannig að það stæðist betur til framtíðar en við getum ekki séð að þessi uppsveifla hafi verið notuð til nokkurra kerfisbreytinga. Við fáum ekki séð neinar nýjar áherslur eða forgangsröðun sem gæti varðað veginn til framtíðar þannig að við fáum velferðarkerfið varið þegar harðnar á dalnum né heldur hafa menn sett fé til menntamála eins og við hefðum þó þurft að gera. Það verður ekki annað séð en að þeir fjármunir sem varið er til hefðbundinna atvinnuvega, sjávarútvegs og landbúnaðar, séu á svipuðu róli og verið hefur miðað við frv., þá erum við að tala um rúma 10 milljarða til þeirra hefðbundnu atvinnugreina. Þar hefur engin breyting orðið á. Í góðærinu hefur ekki þótt ástæða til að breyta þar nokkru um. Þær nýju fjárfestingar sem hafa orðið hafa að mestu verið í stóriðju en hún er líka nokkuð hefðbundin í okkar atvinnulífi sem hefur því miður einkennst af lágum launum vegna einhæfrar framleiðslu.

Við höfum oft haft áhyggjur af því að atvinnulífið á Íslandi hafi litla framleiðni og kennt því um að Ísland sé láglaunaland. En við getum allt eins sagt, herra forseti, að mikið vægi framleiðslustarfa í atvinnulífi þjóðarinnar geti verið meginskýringin. Störf í framleiðslugreinum eru orðin láglaunastörf í heiminum almennt, og ef framleiðslan á að vera samkeppnishæf á erlendum mörkuðum, þá er því miður ekki hægt að greiða fyrir hana hærri laun hér. Þess vegna, herra forseti, er ástæða til að harma í rauninni að menn skyldu ekki nýta uppsveifluna til þess að undirbúa þá framtíð sem gæti skilað okkur störfum sem byðu upp á hærri laun heldur horfa endalaust til framleiðslustarfanna eins og virðist hafa verið gert. Það er annað sem einkennir þær atvinnugreinar sem hér er rætt um en það er að þær biðja ekki um mikla menntun og má segja að áhrifa þess gæti og hafi gætt varðandi viðhorf okkar til menntunar, ekki síst verkmenntunar. Viðhorfið hefur verið það að gott sé að menntast en svo sem ekki mikið með það að gera.

Íslensk þjóðarsál hefur borið mismikla virðingu fyrir menntun og boðberum hennar, kennurunum. Mig langar, herra forseti, að vitna í Heimsljós máli mínu til stuðnings þar sem Þórður á Horni hefur orðið og hans sjónarmið koma skýrt fram en þau eru e.t.v. lýsandi fyrir það viðhorf sem hefur lengst af ríkt.

„Það var kominn nýr kennari. Í hreppsnefndinni kom til álita hvort Ólafur Kárason mundi vera maður til að lækna hunda en Þórður á Horni þvertók fyrir að trúa honum fyrir sínum hundi úr því að hann hafði ekki ort kvæði um tengdamóður hans, sagði að maðurinn væri ekki skáld heldur aumingi. Það mesta sem hann dygði til væri að undirvísa byrjendur í kristindómi og reikning sem aðstoðarkennari."

Svona hefur viðhorfið verið að stórum hluta, herra forseti, og það eimir eftir af því enn. Í góðærinu höfum við ekki rænu á því að verja peningum til menntamála til að búa okkur undir þá stórauknu samkeppni við útlönd sem hrífur frá okkur unga fólkið. Nú erum við að horfa upp á það að ungir læknar flykkjast til útlanda í framhaldsnám og betra starfsumhverfi.

Við höfum auðvitað líka horft upp á það sem hefur eflaust dregið úr áhuga fólks fyrir menntun, að vinnu og ákveðnum stöðum í þjóðfélaginu hefur verið úthlutað eftir ýmsu öðru en menntun og jafnvel hæfni og aðrir verðleikar eins og þeir að vera karl í réttum stjórnmálaflokki virðast hafa skipt meira máli.

Þegar talað er um fjárfestingar horfa menn, eins og ég hef getið um, herra forseti, fyrst og fremst til framleiðslunnar. Mig langar hins vegar til að benda á að ýmsar fleiri kenningar eru til um það hvernig hægt er að auka hagvöxt. Ein þeirra kenninga, sem er sérlega aðlaðandi, er svokölluð mannauðskenning sem kom fram í Bandaríkjunum í byrjun 7. áratugarins. Í stuttu máli gengur sú kenning út á að manneskjan og mannvitið sé allt í senn fjármagn, framleiðsluþáttur og afleiðing fjárfestingar.

Í augum þeirra sem horfa á mannauðskenninguna er menntakerfið heildstætt framleiðslukerfi sem framleiðir verkamenn og tæknimenn nútímasamfélags. Fjárfesting í mannauði kemur fram á ýmsum sviðum þjóðfélagsins en nokkur af þeim mikilvægari eru formleg skólaganga, fullorðinsfræðsla, þjálfun á vinnustað, heilsugæsla og þjónusta. Á grundvelli mannauðskenningarinnar hefur það verið reiknað út að 42% hins mikla hagvaxtar Bandaríkjanna á þessari öld eigi rætur að rekja til menntunar vinnuaflsins. Það má líka benda á það, herra forseti, að undrahraður uppgangur nútímahugbúnaðarfyrirtækja sem byggist nær eingöngu á hugviti einstaklinganna sem þar vinna hefur verið notaður sem dæmi um þessa kenningu.

Við höfum haft áhyggjur af því, og það um of að mati ýmissa, hversu litlu fjármagni við Íslendingar verjum til menntamála. Við höfum gjarnan vitnað til síðustu matsskýrslu OECD þar sem skýrsluhöfundar benda á að hér á landi er litlu fjármagni varið til menntamála. Aðeins fjögur OECD-ríki verja hlutfallslega minna fjármagni til menntamála en Ísland þrátt fyrir að hlutfall ungs fólks á skólaaldri á Íslandi sé með því hæsta sem þekkist innan OECD. Það er sérstaklega áberandi, herra forseti, að ekkert OECD-land ver hlutfallslega eins litlu fjármagni til háskólamála og Ísland. Ef tekið er tillit til þjóðarframleiðslu, sem er mjög há á

Íslandi eins og áður hefur komið fram, þá er Ísland hlutfallslega langneðst af OECD-ríkjunum hvað varðar framlög til menntamála. Það þarf því varla að undra að í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum hefur komið í ljós að árangur íslenskra skólabarna er á sumum sviðum í lakara lagi.

Á síðasta vetri varð nokkur úlfaþytur þegar niðurstaða svokallaðrar TIMSS-rannsóknar var kynnt og í ljós kom að Íslendingar voru í slöku meðallagi en um var að ræða könnun á þekkingu íslenskra grunn- og framhaldsskólanema í náttúrufræðigreinum, raungreinum. Ég minnist umræðu á Alþingi af þessu tilefni þar sem ýmsir fóru mikinn, ekki síst stjórnarliðar. Til þessarar könnunar hefur verið vitnað reglulega síðan og talað um að vegna þeirra niðurstaðna sem þar lægju fyrir þyrfti sannarlega að bæta íslenskt skólakerfi. Íslenskir skólar hafa ekki fengið góða einkunn.

Herra forseti. Þetta er örlítill inngangur að tillögu sem ég vil gjarnan nota þetta tækifæri og mæla fyrir. Hún er um að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fái litlar 5 millj. til viðbótar því fjármagni sem stofnuninni eru ætlaðar í frv. til fjárlaga. Þetta er tillaga á þskj. 613 og hún er flutt ásamt þeirri sem hér stendur af þeim hv. þm. Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem mynda minni hluta hv. menntmn.

Herra forseti. Hér er á ferðinni sparnaðartillaga. Verið er að tala um 5 millj. sem mér skilst að mönnum blöskri og þess vegna hafi hv. fjárln. ekki séð sér fært að taka mark á tillögunni en hún er sparnaðartillaga einfaldlega vegna þess að fyrir liggur að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur í sínum fórum mikið af upplýsingum m.a. úr nefndri TIMSS-rannsókn, upplýsingum sem ekki er til fjármagn til að vinna úr og af því að ekki er til fjármagn til að vinna úr þessum tillögum, þá er ekki hægt að koma með ábendingar um hvar pottur er helst brotinn í íslensku skólakerfi. Stofnunin hefur ekki aðstöðu til að segja ríkisvaldinu eða sveitarfélögunum hvar viturlegast er að setja viðbótarfjármagn. Það er ekki hægt að mati hv. fjárln. eða meiri hluta hennar að verja 5 millj. kr. til þess að stofnunin geti sagt okkur hvernig fjármunum sé best varið til að styrkja íslenska skólakerfið svo að við þurfum ekki aftur að fá niðurstöðu úr alþjóðlegum könnunum eins og við fengum í fyrra. Við munum þess vegna, herra forseti, láta reyna á það í salnum á morgun hvort þingheimur sér ekki ögn lengra, því að eins og ég sagði er hér á ferðinni sparnaðartillaga vegna þess að ekkert er dýrara en að setja peninga í skólakerfið, í þessu tilfelli, sem koma að engu gagni vegna þess að alla faglega ráðgjöf vantar um hvernig peningarnir nýtast best og hvert brýnast er að þeir fari. Og við gætum, herra forseti, lent í því að setja peninga í kerfi sem koma ekki að nokkrum notum en byggja okkur falskt öryggi vegna þess að við héldum að við værum að gera það besta. Það er löngu kominn tími til að við hættum að haga okkur eins og við höfum gert, að efna endalaust til nefndastarfs og ályktana, til kannana og niðurstaðna en gera síðan ekkert með það. Það er lenska í landi okkar að friða fólk með því að kanna málin, setja gjarnan nefnd í málin. Niðurstaðan er síðan aukaatriði sem mér sýnist að menn varist að læra af. En við höldum þessari tillögu til streitu, herra forseti, vegna þess að við vitum að hér er á ferðinni mikilvæg sparnaðartillaga.

Þegar útgjöld til menntamála eru þannig stödd að þar hefur ekki orðið raunhækkun í tíu ár hljótum við að leggja aukna áherslu á að þeir litlu fjármunir sem menn eru tilbúnir að leggja í þann mikilvæga málaflokks fari þá áreiðanlega þangað sem þeirra er helst þörf, þar sem við getum gert mest úr þeim.

Herra forseti. Ég talaði um menntamál sem mikilvæg mál og því til stuðnings vil ég nefna mikilvægi ekki síst háskólamenntunar í tengslum við umræðuna um byggðamál. Það er afskaplega þakklátt að í fjárlagafrv. skuli vera settar 8 millj. til að undirbúa háskólakennslu á Austurlandi. Ég held, herra forseti, að þetta sé eitthvað það jákvæðasta sem í frv. er í menntamálakaflanum. Við sem þekkjum hvernig til hefur tekist á Akureyri og höfum séð hvaða áhrif sá skóli hefur ekki bara á umhverfi sitt með því að laða að háskólamenntað fólk og sérfræðinga til vinnu heldur líka þegar við horfum til þess hvert þeir sem útskrifast hverfa síðan til starfa, þá vitum við að þetta er það sem skiptir máli. Staðreyndir sýna okkur nefnilega að þeir sem menntast í landsbyggðarháskóla setjast gjarnan að á landsbyggðinni. Það hefur líka komið fram og var reifað á ágætri ráðstefnu um byggðamál sem var haldin á Akureyri sl. vor að Skotar sem hafa reynt ýmislegt til að örva byggð í norðurhéruðum sínum hafa séð bestan árangur þar sem þeim hefur tekist að fjölga háskólamenntuðu fólki á svæðunum. Þess vegna tel ég að þarna sé verið að stíga gæfuspor. Héraðsháskólar eins og við erum að tala um geta stuðlað að því að atvinnufyrirtækin úti um land fái háskólamenntað fólk í sína þjónustu og stuðla þannig enn frekar að betri rekstri og eflingu byggðar, að fjölbreytni atvinnulífsins, en það er það sem verið er að kalla eftir úti um allt land.

Ég hefði líka viljað sjá að myndarlegar væri tekið á málefnum Háskólans á Akureyri hvað varðar uppbyggingu hans og auðvitað hefði þurft að standa betur við bakið á Háskóla Íslands vegna þess að hann er kjölfestan í háskólamenntun hér á landi. Hann er okkar stóri rannsóknaháskóli sem á að vera bakhjarl héraðsháskólanna hvort sem þeir eru sjálfstæðir, eins og Háskólinn á Akureyri, eða verða í starfstengslum við aðra háskóla.

Herra forseti. Þetta vildi ég nefna vegna þess að ég tel að þarna séum við á réttri leið. Ég vildi nefna dæmi um það sem ég tel að vel sé gert þar sem menn eru að gera það sem er að mínu skapi og okkar jafnaðarmanna.

Ég varð vör við það í 1. umr. um fjárlög og það hefur reyndar oft heyrst frá öðrum stjórnarflokknum, sérstaklega Sjálfstfl., að eitthvað sem heitir sértækar aðgerðir er algert eitur í þeirra beinum. Mér hefur reyndar alltaf fundist þetta dálítið fyndið vegna þess að ég veit ekki um neinn stjórnmálaflokk sem hefur jafnmikið og oft beitt sértækum aðgerðum, en þeir reyna að þvo það af sér með því að tala sem verst um það. En núna er þessi flokkur einmitt að beita einni mjög stórri sértækri aðgerð. Sú sértæka aðgerð er niðurskurðurinn í vegamálum. Það er stór sértæk aðgerð sem að mínu mati, herra forseti, beinist gegn landsbyggðinni vegna þess að við þurfum að fjárfesta í samgöngum ef við ætlum að halda byggð í landinu til að við getum myndað þjónustusvæði og atvinnusvæði sem eru nægjanlega stór með nægjanlega greiðum samgöngum til að fólk telji sig finna þá fjölbreytni sem verið er að sækjast eftir. Ég sakna þess að þeir 9 eða 11 stjórnarþingmenn — ég man nú ekki hvort þeir voru 9 eða 11 en það var alla vega oddatala — sem fluttu tillögu og mæltu fyrir af miklum ákafa fyrr í vetur um stækkun þjónustusvæða og atvinnusvæða á landsbyggðinni skuli ekki hafa tekið þátt í umræðunni um niðurskurð í vegamálum. Sumir þeirra voru búnir að hafa stór orð uppi einmitt varðandi vegamálin, búnir að koma í fjölmiðla og segja frá sínum fyrirvörum, jafnvel búnir að gera grein fyrir atkvæði sínu, sumir hverjir, en þeir

hafa ekki komið í þessari umræðu til að tala um hversu bagalegt þetta er og algerlega andstætt hinni ágætu tillögu, um stækkun þjónustusvæða og atvinnusvæða á landsbyggðinni, sem núna er auðvitað fallin um sjálfa sig og ekkert með að gera, enda ljóst að hún var aldrei nema froðan ein. Og þeir greiddu allir sem einn atkvæði með þessari skerðingartillögu stjórnarflokkanna þegar hún var borin upp í þinginu. Svo mikið fyrir þá fyrirvara sem menn gera hér í umræðunni.

Eitt hefur þessi ríkisstjórn þó sloppið við og kallast e.t.v. sértækar aðgerðir eða flokkaðar þannig en það eru þær sértæku aðgerðir sem reglulega þurfti að fara í vegna verðbólgu. Á meðan verðbólgan geisaði þurfti reglulega að fara í erfiðar sértækar aðgerðir til að bjarga því sem bjarga þurfti á hverjum tíma og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti ágætlega fyrr í kvöld. Þessi ríkisstjórn hefur enn verið laus við slíkar sérstakar aðgerðir.

Herra forseti. Við sem hneigjumst til að taka mark á Þjóðhagsstofnun, jafnvel Vinnuveitendasambandinu þegar það varar við þenslu, óttumst auðvitað að til slíkra sértækra aðgerða þurfi að grípa fyrr en síðar vegna þess að eins og ég gat um í upphafi máls míns eru þeir veikleikar í fjárlagafrv. ef menn vilja horfa á það sem hagstjórnartæki að ég óttast að það verði a.m.k. ekki til að hjálpa okkur þegar við þurfum að brúa bilið frá hagsveiflunni yfir í eitthvað sem kannski verður hægt að kalla normalástand en verður auðvitað kallað kreppa eftir þá góðu uppsveiflu sem við höfum notið.

[23:59]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka fyrir þau gögn sem við þingmenn höfum fengið frá hv. fjárln. og þá miklu vinnu sem ég veit af eigin reynslu að hefur átt sér stað bæði hjá meiri hluta og minni hluta, og þá kannski einkum minni hluta sem býr við örlítið aðrar aðstæður en meiri hluti hvað varðar aðstoð við upplýsingaöflun og fleira. Engu að síður vil ég hefja ræðu mína á því að þakka sérstaklega fyrir þau gögn sem við höfum fengið hér í þingsölum og eins í nefndir, einstaka fagnefndir, upplýsingar sem hafa komið frá fjárln. og nefndarálitin sem hér liggja fyrir sem ég tel vera einkanlega góð. Þar sem ég tel frhnál. frá minni hluta fjárln. túlka í raun þá skoðun sem ég hef á frv. til fjárlaga, sem er til umræðu og þeim brtt. sem hafa komið fram, þá vil ég að sjálfsögðu þakka sérstaklega fyrir það samansafn upplýsinga fyrir okkur þingmenn.

Ég tek undir margar þær áhyggjur sem fram koma í álitum en ekkert síður en í ræðum hv. þingmanna úr þessum ræðustól í dag og reyndar við 2. umr. fjárlaga. Ég vil lýsa áhyggjum mínum af því að þrátt fyrir að hv. þingmenn meiri hluta fjárln. og aðrir hv. stjórnarliðar lýsi því að fagna beri því að við séum á leið til betri vegar og frv. eða fjárlögum sé nú skilað með tekjuafgangi þá er sá tekjuafgangur í raun orðinn örlítill. Manni virðist að fyrir þrjóskuna eina hafi verið haldið í einhverjar upphæðir til þess að hæstv. fjmrh. gæti haldið reisn sinni að einhverju leyti. Um leið og við fáum tölur um hinn litla tekjuafgang sem á að skila, fáum við á borð okkar upplýsingar þess efnis að ef aðeins heilbrigðismálin eru tekin, muni á næsta ári líklega vanta hátt í 2 milljarða kr til þess málaflokks. Þetta hefur verið rökstutt af þingmönnum. Við höfum þetta í gögnum frá hv. fjárln. og við höfum þetta í gögnum frá starfsfólki sjúkrahúsa og rekstraraðilum þeirra. Ég verð að segja að þetta eru auðvitað ekki vönduð vinnubrögð. Það er ekki trúverðugt að leggja þessa niðurstöðu fram um leið og menn viðurkenna í viðtölum við fjölmiðla að rekstrarvandi heilbrigðiskerfisins sé mjög mikill og á honum verði að taka. Ég vonaði auðvitað að á milli 2. og 3. umr. um fjárlögin yrði tekið á vandanum og fram kæmu tillögur til úrbóta. En því miður sýnist mér að þær yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. um nauðsyn þess að skila hallalausum fjárlögum hafi verið látnar ráða umfram þá skynsemi að taka á þeim vanda sem við blasir og varð ekki til á þessu ári. Hann er gamall og uppsafnaður vandi nokkurra undanfarinna ára.

Í nefndaráliti minni hluta fjárln. kemur fram að endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs geri ráð fyrir að tekjur verði 2,3 milljörðum kr. hærri en í fjárlagafrv. Engu að síður bendir minni hlutinn á að þarna séu tekjur ríkissjóðs vanáætlaðar. Minni hlutinn lýsir áhyggjum sínum yfir því að mat á þjóðhagshorfum undanfarinna ára hefi verið rangt og bendir á nauðsyn þess að tekið sé á því og menn leiti leiða til úrbóta eins og hér segir í kaflanum um þróunina 1997, með leyfi forseta: „Er það mjög svipað og minni hlutinn spáði í fyrra við afgreiðslu fjárlaga." Þ.e. hverjar tekjur ríkissjóðs eru í raun.

Spár minni hluta fjárln. í fyrra reyndust marktækari en þær spár sem meiri hlutinn byggði sínar áætlanir á. Það er verulegt áhyggjuefni hversu ónákvæmar spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst síðustu ár og ástæða til þess að athuga sérstaklega hvernig á því stendur og hvað sé til úrbóta. Ég tek undir þetta sjónarmið minni hluta fjárln. og minnug þess, eftir að hafa verið í þessari nefnd ein átta ár, að þetta er vandamál sem við þurftum að fást við á hverju einasta ári. Þarna verður að taka á og skoða í hverju þetta liggur. Við eigum í hæft fólk til þess að meta þjóðhagsforsendur og meta framtíðina og þess vegna er með ólíkindum að þetta skuli geta gerst ár eftir ár.

Minni hlutinn tekur sérstaklega á því að það séu verulegir vankantar á gjaldahlið frv. Þar er komið inn á það sem ég nefndi áðan. Háar fjárhæðir vantar til reksturs sjúkrahúsa landsins og undanfarin ár hefur kerfisbundið vanmat á útgjöldum almannatrygginga verið til staðar. Varlega áætlað gæti verið um liðlega 2 milljarða kr. vanmat á þessum útgjöldum að ræða að mati minni hlutans. Að öllu samanlögðu hlýtur minni hlutinn að telja yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög byggð á afar veikum grunni og umtalsverður halli verði á ríkissjóði þegar upp verði staðið.

Öll þau gögn sem við höfum fengið um heilbrigðis- og tryggingakerfið á undanförnum vikum frá því að fjárlögin voru lögð fram benda til þess að mat minni hluta fjárln. muni að ári reynast jafnrétt og þær spár sem minni hluti fjárln. setti fram um horfurnar fyrir þetta ár. Mér finnst það ábyrgðarlaust af meiri hluta fjárln., hæstv. ríkisstjórn sem ræður auðvitað ferðinni í þessum málum, að setja þetta fram með þessum hætti. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir t.d. stóru sjúkrahúsanna hér á höfuðborgarsvæðinu til þess að vekja athygli þings og framkvæmdarvalds á þeim vanda sem við blasir, þá er ekki tekið á honum með nokkrum hætti. Það litla sem gerist er að menn setja í pott til útdeilingar. Mér skilst að það eigi jafnvel að verða fullt starf þeirra sem sjá um útdeilingar að meta vanda sjúkrahúsa og ákveða hverjar upphæðirnar verði. Í þessu útdeilingarstarfi eru sjálfsagt launaðar stöður og að mínu mati veikleikamerki að fara þessa leið. Ég treysti fjárln. fullkomlega til þess að gera tillögur um útdeilingu með hliðsjón af þeim gögnum sem fjárln. hefur fengið í hendur. Að vísu skilst mér, ég verð leiðrétt ef það er

misskilningur, að listi frá heilbrrn. um heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur sem búið hafa við hallarekstur til marga ára ekki hafi verið tekinn til umræðu. Sagt var að sá listi hafi ekki verið tekinn til gagngerrar skoðunar og umræðu í fjárln. Ástæðan hlýtur að vera sú að menn treysta öðrum betur en Alþingi til að deila út fjármagni. Þetta er röng þróun og hættuleg miðað við að hér er um að ræða lista yfir heilbrigðisstofnanir undir heilbrrn. Hér er ekki verið að tala um halla á þessu eina ári, 1997, heldur er verið að tala um uppsafnaðan halla nokkurra undanfarinna ára. Því skyldi ráðuneytinu eða framkvæmdarvaldinu vera betur treystandi til þess að taka á vandamálinu í dag en á undanförnum árum?

Virðulegi forseti. Gott væri að fá hæstv. heilbrrh. í salinn ef hún er ekki þegar farin heim að leggja sig.

(**Forseti** (ÓE)**:** Heilbrrh. er í húsinu.)

Ég mun að stórum hluta fjalla um heilbrigðismálin, stöðuna og vanda þeirra sjúkrahúsa sem meira og minna hafa verið tekin til umræðu í einum potti þó vandi þeirra sé ærið misjafn.

Þar til hæstv. heilbrrh. kemur vil ég ræða aðeins frekar um þær forsendur sem fjárlögin byggja á og þá niðurstöðu sem meiri hluti fjárln. hefur kynnt. Ég mun ræða um hvernig við förum með góðæri það sem við erum sögð búa við og það mat Þjóðhagsstofnunar að nokkuð sé liðið á hagsveifluna og búast megi við að afkoman verði nokkuð lakari á næstunni. Þá skyldi maður ætla að meiri hluti fjárln. og framkvæmdarvaldsins, hæstv. fjmrh., mundi reyna að vera tilbúinn og mæta þeirri niðursveiflu með samdrætti í ríkisrekstri sem ekki hefur verið. Auknar ríkistekjur hafa fyrst og fremst þýtt aukin ríkisútgjöld. Þær hafa farið í aukin ríkisútgjöld á undanförnum árum án þess að hlutverk ríkisins hafi á nokkurn hátt verið skilgreint. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa menn ekki farið í það brýna verk að skilgreina hlutverk ríkisstofnana og ráðuneyta í breyttu umhverfi og haga fjárveitingum eftir því. Menn hafa talið sig vera að nútímavæða einkareksturinn eða nútímavæða ríkisreksturinn, þ.e. með því að einkavæða einstakar stofnanir, án þess að ræða um hvert raunverulegt hlutverk ríkisins sé. Í hvað við eigum að nota fjármagnið án þess að sú umræða hafi átt sér stað. Í þá vinnu hefur ekki verið farið. Þar ræður hentistefnan ferðinni. Og það er merkilegt til þess að hugsa að meðan stöðugt er talað um hið breytta umhverfi sem við lifum í á alþjóðavettvangi og breytt umhverfi hér innan lands, skuli ekki vera lagt í þessa vinnu og miðað við að gera ríkisreksturinn skilvirkari. Það að sum þau verkefni hafi verið hjá ríkinu í 20–30 ár eru ekki endilega rök fyrir því að þau skuli vera þar áfram.

Sú saga var eitt sinn sögð að á safnlið hjá fjárln. hafi verið styrkir sem kallaðir voru, að mig minnir, tóbaksstyrkirnir. Þeir voru veittir ár eftir ár eftir ár til sömu aðila sem voru ýmislegt að bardúsa, m.a. að semja bækur og taka saman ýmis töl. Þegar farið var að athuga hvað þessum verkum liði voru sumir þeir sem höfðu fengið framlag á þessum lið löngu hættir að vinna að verkinu. En að sjálfsögðu stóðu fjárlagaliðirnir áfram og menn þrjóskuðust jafnvel við og vildu halda þeim til streitu þótt viðkomandi aðilar væru ekki í nokkru standi og ekki einu sinni lengur pennfærir. Þá varð um það heilmikil deila fyrir nokkrum árum hvort styrkur til viðkomandi aðila ætti að falla niður. Þetta er ákveðið tregðulögmál við afgreiðslu fjárlaga.

Sagt er að það sé ekki til fjármagn til að mæta brýnni fjárþörf heilbrigðisstofnana. Sagt er að það sé ekki til fjármagn til að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að menntakerfinu. Öflugt menntakerfi er auðvitað trygging okkar og sú eina sterka trygging okkar fyrir góðum hagvexti til framtíðar. En þegar við hlustum á það sí og æ að ekki sé til fjármagn til að byggja þessi kerfi upp eins og þörf er á og mæta þeim fjárhagsvanda sem þar er til staðar, þá verður maður undrandi á því að ekki skuli farið í að skilgreina hlutverk ríkisins, hvaða verkefni það eru sem við viljum ráðast í og hvaða verkefni við teljum hlutverk samfélagsins í breyttu umhverfi. Það er löngu kominn tími til þrátt fyrir allar tilraunir til þess að gera störf ríkisstofnana skilvirkari og breyta þeim með því að setja upp samningsstjórnun, árangursstjórnun og ýmsar aðrar stjórnunraðferðir. Fyrir nokkrum árum var tekið upp eitthvað sem menn kölluðu ábyrgðarvæðingu heilbrigðisstétta á meðan verið var að kenna þeim að taka gjöld af sjúklingum. Ýmsum aðferðum hefur verið beitt til að ná tökum á ríkisrekstri. Vissulega hefur þetta í mörgum tilvikum skilað árangri en engu að síður horfum við ár eftir ár eftir ár á sömu ríkistofnanir fá upphæðir á fjáraukalögum til að leiðrétta sín mál á fjárlögum ríkisins, þrátt fyrir að farið hafi verið út í að láta ýmist Ríkisendurskoðun eða mjög vinsæla verkfræðiskrifstofu úti í bæ sem gerir ansi margar úttektir fyrir framkvæmdarvaldið, gera úttektir á stofnunum og segja hvert hlutverk þeirra sé, hvernig þau standi sig og hvað þau þurfi til þess að sinna sínum verkefnum.

Þrátt fyrir þetta gerist það aftur og aftur og aftur að sömu stofnanir hafa halla þegar fjáraukalögin eru afgreidd og halla þegar er farið á fund fjárln. og alltaf höfum við verið að mæta þessum vanda með því þá að taka ekki á honum að fullu. Ég hef oft velt því fyrir mér, t.d. með stofnun eins og Hollustuvernd ríkisins, sem á nú að fara að breyta lögum um, þegar rökin eru þau ár eftir ár að sú stofnun er að vinna í mjög breyttu umhverfi, með breytt hlutverk vegna EES-samnings, og það hefur komið inn árlega síðan samningurinn var samþykktur á Alþingi, hvers vegna í ósköpunum er ekki farið í að skoða þetta hlutverk stofnunarinnar með því að taka á því að hún geti sinnt þeim verkum sem henni var falið við það að við gerðumst aðilar að samningnum. Mér finnst rangt að ævinlega skuli koma inn tölur á fjáraukalögum og fjárlögum til hækkunar með sömu rökunum án þess þó að maður sjái hvaða verkefni þarna eiga í hlut því að þetta virðist vera sama rullan ár eftir ár. Mig minnir að ekki séu mörg ár síðan Ríkisendurskoðun tók út rekstur stofnunarinnar og gerði þá áætlun um fjárþörf hennar sem ekki stóðst.

Það sama má segja hvað varðar t.d. utanrrn. Ég efast ekki um að fjárþörf utanrrn. er mjög mikil en auðvitað hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort fjárþörfin byggist á breyttu alþjóðlegu umhverfi sem ráðuneytið starfar í og höfum við þá lagt í það vinnu að breyta t.d. hlutverki sendiráða í takt við það breytta umhverfi sem við búum við og breyttar áherslur í utanríkismálum, hvort sem það er á sviði viðskipta eða umhverfismála. Ég á mjög erfitt með að átta mig á því í frv. til fjárlaga núna hvernig tekið er á þeim skuldbindingar sem við höfum undirgengist við það að gerast aðilar að alþjóðlegum samningum. Er fjármagn til þess? Er gert ráð fyrir að þær stofnanir sem eiga að vinna eftir þessum alþjóðlegu samningum eins og Hollustuverndin hafi það fjármagn sem til þarf? Hver er það sem hefur gert þær úttektir? Er það stofnunin sjálf eða hafa verið fengnir einhverjir aðilar til þess að fara yfir hvernig þær mæta þessum verkefnum? Það er einkennilegt að sjá í þessu frv. sem var dregið til baka um Hollustuvernd að þar er t.d. Hollustuverndinni allt í einu ætlað að sjá um eitthvert hlutverk sem heitir umhverfisvöktun,

óskilgeint. Hvernig eigum við að gera okkur grein fyrir því við afgreiðslu fjárlaga hvort sú umhverfisvöktun er nú þegar á hendi annarrar stofnunar eins og hjá Veðurstofu Íslands sem heyrir undir sama ráðuneyti? Hvernig stendur á því að ekki er gerð úttekt á því og farið þannig í verkin að verkefnið skarist ekki á milli stofnana eða milli ráðuneyta eins og dæmi eru um í dag?

Eina ráðueytið sem getur sýnt okkur fram á það að flestar þær stofnanir sem eru að fara fram á aukið fjármagn til starfsemi sinnar, rekstur þeirra hefur verið tekinn út og skýrslur til um þær langflestar og það er heilbrrn. Í langflestum tilvikum hefur átt sér stað ákveðin úttekt á heilbrigðisstofnunum vegna þeirrar fjárvöntunar sem er til staðar og hefur verið í mörg ár. Þar er hægt að fara í afgreiðslu á grundvelli þekkingar en þá er það ekki gert. Þetta eru handahófskennd vinnubrögð og þetta eru vinnubrögð sem er ekki verið að taka upp í dag. Það er ekki þannig. Þau hafa tíðkast um nokkuð langan tíma. En við höfum möguleika á því þegar betur árar að gera þetta öðruvísi en þegar við verðum að búa við þröngan kost og vitum að aðstæður geta orðið til þess að við þurfum að reka ríkissjóð með halla. Þá verður að taka öðruvísi á málum. En þegar uppsveiflan er, þegar þetta svokallaða góðæri sem við horfum á í formi aukinna tekna ríkissjóðs, þó það skili sér ekki til allra, þá er sjálfsagt að nota það svigrúm sem fæst til þess að fara yfir ríkisrekstrinn með öðrum hætti en gert hefur verið og breytt rekstrarumhverfi, breytt viðhorf, breytt þjóðfélag, breytt samfélag, kallar á það að fara yfir ríkisrekstrinn í heild sinni. Enginn fer fram á að það sé gert á einu ári, síður en svo. Það hefði verið eðlilegt að gera áætlun að það séu tekin út tvö, þrjú ráðuneyti á hverju ári og þær stofnanir sem undir þau heyra.

Annað sem slær mann alveg sérstaklega í því nefndaráliti sem minni hluti fjárln. leggur fram eru tölur sem fengnar eru frá Ríkisendurskoðun þar sem fjallað er um ónotuð rekstrartöp fyrirtækja upp á 78 milljarða króna eða liðlega fjórum sinnum hærri fjárhæð en samanlagður tekjuskattsstofn allra fyrirtækja í landinu. Það eru stóru og vel stæðu rekstrarfyrirtækin sem kaupa sér rekstrartap, einyrkjarnir og smáu fyrirtækin hafa ekki möguleika á því og eiga líklega ekki til uppsöfnuð rekstrartöp til þess að nýta sér en ef þessu væri dreift sem jöfnun á öll fyrirtæki þá erum við að segja að það geti liðið heil fjögur ár án þess að nokkurt fyrirtæki þyrfti að borga tekjuskatt til ríkissjóðs. Minni hlutinn leggur áherslu á að farið verði í að breyta þessum reglum og ég tek undir það sjónarmið. Það má þrengja þær verulega og velta því fyrir sér hvort það sé eðlilegt að rekstrartöp geti safnast upp árum saman og hvort ekki eigi að setja mörk eins og það sé um að ræða tvö til fjögur ár.

Þá vekur minni hlutinn sérstaka athygli á lánsfjárheimildum og þeim framkvæmdum sem á að fara í og þá fyrst og fremst fyrir lánsfé og bendir á að það skýtur nokkuð skökku við í góðærinu þegar þenslumerki eru af þessum sökum á sama tíma og ríkisvaldið beitir sér fyrir því að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, dragi saman í framkvæmdum á öðrum sviðum og leggur þar sérstaka áherslu á vegaframkvæmdir á þessu ári þar sem um 2 milljarða kr. niðurskurð er að ræða.

Þá vekur minni hlutinn einnig athygli á því að rekstrarkostnaður nýstofnaðs nýsköpunarsjóðs þar sem gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður nemi um 8 millj. kr. á hvert stöðugildi að viðbættum stofnkostnaði. Þykir þetta nokkuð vel í lagt og ég get tekið undir það.

Áður en ég sný mér að sjúkrahúsunum og þá fyrst og fremst sjúkrahúsunum á landsbyggðinni sem mig langar til að ræða við hæstv. heilbrrh. get ég ekki látið hjá líða að nefna að eitt af því sem vantar inn í og ég hefði átt að nefna áðan að skilgreina hlutverk stofnana og ráðuneyta er það að ríkisstjórnin hefur hrósað sér af því að rekstrarumhverfi stofnana ríkisins hafi breyst verulega, sjálfstæði þeirra hafi verið aukið og ný starfsmannalög sett þar sem sjálfstæði þeirra sem sjá um rekstur stofnana á að vera aukið verulega. Þá hlýtur jafnframt að eiga að draga úr vægi stjórna stofnana og reyndar var í frv. sem var lagt fram um Hollustuvernd lagt til að stjórnin væri lögð niður. Þó að ég sé ekki sammála því að það sé af hinu góða að leggja stjórnir stofnana algerlega niður má eitthvað á milli vera þegar t.d. er orðin til ný stofnun sem tók við af Náttúruverndarráði, Náttúruvernd ríkisins, þar sem er stjórn að störfum sem haldið hefur, virðulegi forseti, að ég held nálægt 40 fundi á þessu ári til þess að stýra stofnun sem þó er með framkvæmdarstjóra á launum. Þarna vantar töluvert á virkt eftirlit og að staðið sé við starfsmannalögin sem voru sett fyrir ekki svo löngu og lög um þessa stofnun.

Virðulegi forseti. Fyrirsögn minni hluta fjárln. um heilbrigðismálin er „Enn um sjúkrahúsin". Þó að það sé varla bjóðanlegt að verið sé að ræða 3. umr. fjárlaga kl. hálfeitt að nóttu er ekki hægt að ljúka umræðunni og það get ég ekki gert, virðulegi forseti, án þess að fara enn og aftur yfir fjárhagsvanda sjúkrahúsanna, bæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem er þó búið að gera þó nokkuð vel í dag og ekki ástæða til þess að bæta þar við mörgum orðum. Ég tek undir þau varnaðarorð sem hafa komið fram hjá mjög mörgum hv. þm. sem hafa talað um þá þróun sem þarna er að verða og þær þrengingar sem stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu búa við og það verður að taka á þessum vanda. Hæstv. heilbrrh. segir í viðtali við Morgunblaðið 9. nóv. sl., með leyfi forseta:

„Umræða um niðurskurð í ráðherratíð minni á því ekki við rök að styðjast. ... Samkvæmt niðurstöðum Ríkisendurskoðunar hefur rekstrarkostnaður aukist um 7,8% á föstu verðlagi á þessum tíma og er 4,2% hærra árið 1995 og 5,5% hærri á árinu 1996 en meðaltal áranna 1990–1996." Þetta segir hæstv. heilbrrh. og jafnframt bendir hún á í sama viðtali þar sem hún segir að niðurskurður í hennar ráðherratíð eigi ekki við rök að styðjast, þá segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Á þessum tíma er aukning í afköstum sjúkrahúsanna með bættu skipulagi, tækniframförum og nýjungum þannig að sjúklingar fái bæði skilvirkari og mun meiri þjónustu en áður var. Á sama tíma hefur þeim einstaklingum fjölgað umtalsvert sem notið hafa þjónustu sjúkrahúsanna og veruleg aukning hefur orðið í þjónustu dag- og göngudeilda. Þetta er í samræmi við þá þróun sem við sjáum í löndunum í kringum okkur."

Enn og aftur telur hæstv. ráðherra að það sé rangt að niðurskurður hafi verið í hennar ráðherratíð. Það má benda hæstv. ráðherra, sem líklega er einhvers staðar í húsinu en hefur brugðið sér frá, á að það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að það eru fleiri sjúklingar sem njóta nú þjónustu sjúkrahúsanna og þar hafa verið miklar tækniframfarir en þessi bætta þjónusta, fjölgun sjúklinga, og tækniframfarir hafa kostað sitt og þær hækkanir sem hafa fengist miðað við þessa úttekt sem gerð er af Ríkisendurskoðun standa hvergi nærri undir þeim kröfum sem gerðar eru og þeim tækninýjungum sem þarna eru á ferðinni og m.a. þess vegna búum við þann rekstrarhalla sem orðinn er til. Hann er ekki vegna óráðsíu. Hann er m.a. vegna þess að afköst heilbrigðisstétt-

anna hafa aukist vegna þessara tækniframfara og við höfum ekki tekist á við þann raunveruleika eins og við þyrftum að gera. Þess vegna rekst þetta hvað á annars horn þegar hæstv. ráðherra segir að framleiðni hafi hækkað um 4,2% 1995 og 5,5% 1996 í samanburði við meðaltal áranna 1990–1996. Það er rangt að segja að þetta hafi dugað til vegna þess að þær kröfur hæstv. ráðherra, sem og við öll gerum, til sjúkrahúsanna, til þeirra starfsstétta sem þar eru, eru þannig að við þurfum að horfast í augu við að um leið og þjónustan verður skilvirkari, um leið og þjónustan hleypir fleiri sjúklingum í gegn á tiltölulega stuttum tíma og tæknivæðingin er meiri, þá er þjónustan dýrari og við verðum áð taka á því. Nú tel ég að hafi hæstv. ráðherra brugðið sér frá vegna nauðsynlegra líkamlegra þarfa ætti hæstv. ráðherra að vera kominn í salinn. Það er í raun og veru eina afsökunin sem ég sé fyrir fjarveru hæstv. ráðherra.

Í trausti þess að hæstv. ráðherra sé einhvers staðar þar sem hátalari er og heyri þar ætla ég að byrja á að fara yfir þau gögn sem við höfum í höndum um beiðni sem borist hefur heilbrrn. vegna fjáraukalaga fyrir árið 1997 vegna rekstrarhalla sjúkrastofnana á landsbyggðinni.

Þar er um að ræða lista upp á 130 millj. kr. á fyrstu síðu. — Nú kemur hæstv. ráðherra í salinn. — Þar er um að ræða lista upp á 130 millj. kr. sem nokkrar heilbrigðisstofnanir fara fram á vegna uppsafnaðs halla. Það er í Bolungarvík, sjúkrahús og heilsugæsla 6,4 millj., Seyðisfjörður, sjúkrahús og heilsugæsla 20,4 millj., Húsavík, sjúkrahús og heilsugæsla 13,9 millj., Sólvangur 14. millj., Hólmavík 3,1 millj., Stykkishólmur, sjúkrahús 6,4 millj., Hvammstangi, sjúkrahús 12,5 millj., Reykjalundur, sjúkrahús 53,4 millj. Samtals eru þetta 130 millj. kr. Til viðbótar við þetta eru síðan beiðnir frá langflestum heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Þar er hægt að nefna sjúkrahúsið á Patreksfirði, sjúkrahús Austur-Húnvetninga, sjúkrahúsið á Siglufirði, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sjúkrahúsið á Húsavík, Sólvang í Hafnarfirði, St. Fransiskusspítalinn, sem búið var að telja upp, sjúkrahús Hvammstanga, Sundabúð Vopnafirði, Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða. Síðan koma stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og stofnkostnaður og beiðnir og eins líka vegna uppsafnaðs rekstrarvanda hjá heilsugæslustöðvum sem eru ekki nefndar í upptalningunni.

Samantekt ráðuneytis segir að þarna sé um að ræða til viðbótar við þessar 130 millj. kr., þær stofnanir sem eru á næstu síðum, þ.e. samantekt upp á 386,4 millj. kr. Fyrir utan þær beiðnir sem eru hér skjalfestar af ráðuneytinu og sendar til fjárln. að mér skilst og er merkt reyndar 17. 12. 1997 eru beiðnir frá sjúkrahúsum sem eru í verulegum vanda og af einhverjum ástæðum ekki á lista hæstv. heilbrrh. þó svo að sá vandi hafi ekki orðið til á þessu ári, hafi ekki orðið til í síðasta mánuði og ráðuneytinu er fullkunnugt um. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum eru þær beiðnir ekki inni á þessum lista. Því hlýtur maður að velta því fyrir sér þegar horft er á þennan 200 millj. kr. pott sem á að fara að úthluta úr, hér erum við með beiðnir um tæplega 600 millj. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva út á landi, hversu margar heilbrigðisstofnanir eru utan þessa lista og hver er hin raunverulega tala. Vegna þess að á heilsugæslunni sem tengd er Sjúkrahúsi Suðurlands vantar 34 millj. kr. og það veit hæstv. ráðherra. Framkvæmdastjórinn hefur lýst því yfir að uppsafnaður rekstrarvandi stofnunarinnar er 12% þeirrar upphæðar sem gert er ráð fyrir á fjárlögum fyrir næsta ár. Ég segi að hæstv. ráðherra er fullkunnugt um þetta vegna þess að hún hefur fengið bréf sem þingmönnum Sunnlendinga hafa borist, ráðuneytið hefur fengið þau bréf með skilum og miklu fleiri erindi en við þingmenn Sunnlendinga höfum nokkurn tímann séð frá heilbrigðisstofnun á Selfossi.

Þar er bréf sem stílað er 28. nóv. 1997 og vegna þess að ég sé þetta ekki á lista frá fjárln. tel ég rétt að fara yfir bréfið þannig að það liggi fyrir að erindið barst, það var til þegar afgreiðsla fjárlaga fór fram og ástand Sjúkrahúss Selfoss og þá fyrst og fremst öldrunardeildar sem rekin er í gamla sjúkrahúsinu á Selfossi er öllum kunnug. Þegar menn greiða atkvæði og velta fyrir sér vanda þessara sjúkrahúsa er þeim kunnur vandinn og er kunnugt um við hvaða aðstæður fólkið sem starfar á þessari stofnun, Sjúkrahúsi Selfoss og heilsugæslunni, er ætlað að vinna. En 28. nóv. sl. er bréf sent heilbr.- og trmrh. frá Bjarna Arthúrssyni, framkvæmdastjóra Sjúkrahúss Suðurlands, með leyfi forseta:

Bréfið er svohljóðandi:

„Á fundi undirritaðs, ásamt stjórnarformanni Sjúkrahúss Suðurlands og heilsugæslustöðvar Selfoss með yður 10. sept. sl., var ákveðið að heilbrrn. beitti sér fyrir úttekt á rekstrarkostnaði Sjúkrahúss Suðurlands og heilsugæslustöðvar Selfoss. Tilgangur úttektarinnar átti að vera sá að varpa ljósi á ástæður mikils hallareksturs þessara stofnana.

Nú er ljóst að nokkur dráttur mun verða á að starfsmenn ráðuneytisins ljúki umræddri úttekt. Sendi ég því hjálögð gögn um stöðu stofnananna. Svo sem sjá má er höfuðstóll heilsugæslustöðvar Selfoss neikvæður um 8,5 millj. kr. og höfuðstóll Sjúkrahúss Suðurlands er neikvæður um 26 millj. kr. Það er þessi alvarlega staða sem ég tel ástæðu til að draga enn og aftur fram í dagsljósið. Vænti ég þess að þessi neikvæði höfuðstóll svo og fjárlagagrunnur fáist leiðréttur með afgreiðslu fjárlaga í desember."

Hér kemur einver alvarlegasta setning sem ég hef séð í bréfi til ráðuneytis eða hæstv. ráðherra:

„Ég vil einnig taka það fram að ég er persónulega í 8 millj. kr. ábyrgð fyrir yfirdrætti á ávísanareikningum stofnana í Landsbanka Íslands á Selfossi."

Eru þetta orðin vinnubrögð stofnana? Eru þetta orðin vinnubrögð ráðuneyta? Að framkvæmdastjórar einstakra stofnana hjá ríkinu séu látnir ganga í persónulegar ábyrgðir til að geta greitt út laun eða til að geta séð um að þær stofnanir sem þeir bera ábyrgð á geti haldið uppi eðlilegum rekstri? Enginn getur haldið því fram að þarna hafi verið vaðið fram. Sjúkrahúsinu á Selfossi og heilsugæslunni hefur verið gert að mæta því að 10 þús. íbúar bætast við á þessu svæði yfir sumartímann og um helgar og oft yfir veturinn. Það er ekki inni í fjárlagagrunni, hvorki sjúkrahúss né heilsugæslu. Heilsugæslan hefur verið dregin saman. Við höfum ekki viljað vekja athygli á þessu alvarlega ástandi fyrir margra hluta sakir. Ég kem betur að því á eftir hvernig hið raunverulega ástand er vegna þess að búið er að loka heilsugæslustöðvunum á Eyrarbakka og Stokkseyri nema tvo til þrjá tíma einu sinni í viku. Gömlu fólki á þessum stöðum er líklega ætlað að fara með sérleyfinu upp á Selfoss þegar það þarf á læknisaðstoð að halda. Það er búið að skera niður, það var gert til að mæta bráðum vanda. Það er búið að reyna að taka á þessu. Menn vildu gefa ákveðinn tíma til þess að á þessum vanda væri tekið. En hér er bréf dagsett í nóvember þar sem segir að framkvæmdastjóri ríkisstofnunar sé í persónulegum ábyrgðum fyrir 8 millj. kr. til að geta rekið þessar stofnanir. Ég vona svo sannarlega að þetta sé einsdæmi.

Þegar stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur komu og heimsóttu heilbr.- og trn. sögðu framkvæmdastjórinn og fjármálastjórinn frá því að í fyrsta skipti varð Sjúkrahús Reykjavíkur að fá yfirdráttarheimild upp á 80 eða 90 millj. kr. til að greiða út laun. Það var núna fyrir örfáum dögum. Varð að taka lán til þess að greiða launin. Hvernig sem á það er litið getur þetta og má ekki undir neinum kringumstæðum gerast að við setjum starfsfólkið okkar í þá aðstöðu að gangast í persónulegar ábyrgðir fyrir lánum fyrir ríkisstofnun.

Þann 17. des. sendir Bjarni Arthúrsson framkvæmdastjóri aftur bréf eftir að hafa séð fjáraukalögin og eftir að hafa séð tillögur og það er stílað á hæstv. heilbrrh. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á fundi Sjúkrahúss Suðurlands og Heilsugæslustöðvar Selfoss í morgun, þar sem forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 voru til umræðu, var undirrituðum falið að gera yður grein fyrir eftirfarandi athugasemdum:

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins 1998, 08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi eru rekstrargjöldin lækkuð um 500 þús. kr., vegna þess sem segir: „Sparnaður í rekstri með auknum útboðum."

Svo sem ráðherra var kynnt með bréfi 28. nóv. 1997 er neikvæður höfuðstóll þessara sameinuðu stofnana 34,5 millj. kr. Til þess að bregðast við aðstæðum hefur mikil vinna farið í að leita leiða til að draga úr rekstrarútgjöldum þessara stofnana. Ein leiðin var sú að leita í mjög auknum mæli eftir samstarfi við sjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri eftir sameiginlegum útboðum þeirra á rekstrarvörum og lyfjum. Hefur þessi ráðstöfun sparað stofnuninni veruleg útgjöld nú þegar.

Það verður að teljast algjörlega óviðunandi að sá ávinningur verði aftur af okkur tekinn. Með því móti mun öll sannfæring og dugnaður starfsfólksins til að gera betur falla um sjálft sig, ríkið hirða þann sparnað sem starfsfólkið tekur þátt í til að laga reksturinn.

Í sértekjum sömu stofnunar er síðan gert ráð fyrir hækkun langt umfram verðlagsforsendur. Þannig eru sértekjur á sjúkrahússviði hækkaðar um 8,6% eða á þriðju millj. umfram verðlagsforsendur. Sértekjur sjúkrahússins eru einkum þrenns konar:

Tekjur af rannsóknum og röntgenþjónustu. Frá síðustu áramótum eru þessar tekjur ákveðnar af heilbrrn. og taka mið af tekjum stofnunarinnar fyrir þessa þjónustu á árinu 1996 frá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrstu 10 mánuði ársins 1997 var 25% aukning á aðsendum rannsóknum til rannsóknastofu án þess að tekjuaukningin yrði frá ráðuneytinu til að standa undir auknum kostnaði þessu samfara. Sjúkrahúsið hefur enga möguleika á að auka tekjur sínar á þessum lið sem skapar um 70% af sértekjum sjúkrahússins.

Aðstöðugjöld lækna. Aðstöðugjöld lækna eru um það bil 3,3% af sértekjum. Ef gert verður átak til að auka þær þarf jafnframt að leggja í aukinn kostnað á skurðstofum. Engar tekjur verða til að mæta þeim kostnaði nema aðstöðugjöld lækna. Búast má við að tekjur og gjöld stæðust í þeirri viðleitni.

Vistgjöld aldraðra. Ákvörðun um greiðslur fyrir vistgjöld aldraðra er ekki í höndum framkvæmdastjóra eða stjórnenda stofnunarinnar. Þessar tekjur eru nánast þær sömu og sl. ár. Þó hafa þær hækkað um 60 þús. kr. Ekki verður mikil aukning sótt í slíkar sértekjur. Aðrar sértekjur eru beint tengdar útgjöldum, svo sem tekjur af mötuneyti sem einvörðungu standast á við hráefnisverð vegna mötuneytis.

Af framansögðu má ljóst vera að ekki er nokkur möguleiki fyrir stofnunina að ná þeirri aukningu á sértekjum sem forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir. Verði þessu ekki breytt mun afkoma stofnananna því versna sem þessum upphæðum nemur eða um 3,5 millj. kr. Sérstaklega vilja framkvæmdastjóri og stjórn Sjúkrahúss Suðurlands og heilsugæslustöðvar Selfoss vekja enn og aftur athygli á slæmri fjárhagsstöðu þessara stofnana. Neikvæður höfuðstóll stofnananna stefnir í að vera nálægt 12% af rekstrarfjárveitingu næsta árs. Leyfum við okkur að benda á að það er helmingi verri staða en hjá þeim sjúkrastofnunum sem sífellt er klifað á að þurfi að taka til sérstakrar athugunar vegna þungrar rekstrarstöðu.

Virðingarfyllst, Bjarni Arthúrsson."

Þessi tvö bréf lýsa í raun mjög alvarlegri stöðu sem þessi sjúkrastofnun er í. En samt sem áður er aðeins verið að tala um reksturinn, ekki um viðhald bygginga. Við erum í þeirri stöðu líka í dag að Vinnueftirlit ríkisins, Heibrigðiseftirlitið og tæknideild, byggingarfulltrúinn, hefur gert úttekt á því húsnæði sem er ætlað fyrir starfsemi öldrunardeildar sjúkrahússins á Selfossi. Í raun og veru má segja að niðurstaða allra þessara úttekta sé sú að það á að loka húsnæðinu. Sú starfsemi sem þar er í dag má í raun og veru ekki vera þar og ég tel, virðulegi forseti, rétt að fara yfir þessa niðurstöðu. Það var beðið um úttekt á þessari stofnun, Ljósheimum á Selfossi, sem er öldrunardeild, hjúkrunardeild. Langflestir þeir sem þar eru eru rúmliggjandi.

Vinnueftirlitið hefur skilað sínum gögnum og ég tel ástæðulaut að fara fara yfir bréfið þar sem farið er með erindið en ég tel ástæðu til þess að hæstv. heilbrrh. sé í salnum. Hér eru mjög alvarlegar athugasemdir og það er vegna þeirra og vegna þess að ég sé ekki að til neinna ráðstafana verði gripið sem ég sé ástæðu til þess að fara yfir þetta. Ég sé ekki að sú fjárhæð sem er á fjáraukalögum mæti þessari þörf á nokkurn hátt. En Vinnueftirlit ríkisins segir, — þegar hæstv. ráðherra hefur lokið samtali sínu við hv. þm. þá tel ég rétt að fara yfir þetta.

„Vinnuaðstaða á gangi. Gangar eru á bilinu 140–160 sm, þegar rými fyrir handrið hefur verið dregið frá, ca. 10 sm. Breidd ganga er hvergi það mikil að hægt sé að beygja rúmi inn í herbergi á gangi. Hurðarop eru einnig of þröng til að hægt sé að aka rúmum sem eru 92 sm breið inn og út úr herbergjunum. Hjólastólar komast þó í gegn ef þeim er ekið af aðstoðarmanni. Eina leiðin til að flytja rúm inn eða úr herbergi er að setja það upp á rönd og lyfta því en það skapar mikið álag á bak, herðar og handleggi þeirra sem verki vinna og tekið skal fram að flestir vistmenn þarna eru rúmfastir þannig að þetta þýðir þá auðvitað að það þyrfti að fjarlægja sjúklinginn úr rúminu áður en farið er með það út á gang. Að geta ekki flutt vistmenn í rúmi út úr herbergjum getur skapað aukaálög við ýmis dagleg störf. Sem dæmi má nefna við böðun að vistmaður hefur dottið á gólfið. Þá getur þurft að setja hann fyrst í hjólastól til að koma honum beint á áfangastað en ekki er ráðlegt að nota lyftara til að flytja fólk langar leiðir.

Ef rýma þarf húsnæðið í skyndi," og nú bið ég hæstv. ráðherra að taka eftir því að hér er alvarleg setning, „t.d. vegna bruna er einnig ljóst að mun lengri tíma tæki að koma vistmönnum úr hættu en ef hægt væri að aka fólki í rúmum út úr herbergjunum og hættan á mannskaða er meiri." Þetta stendur hér frá Vinnueftirliti ríkisins. „Á 2. hæð er skáhalli upp í sólstofu það brattur að erfitt er að hjálpa þyngri vistmönnum úr sólstofu en það er gert a.m.k. einu sinni á dag.

Hæðarmunur er 70 sm á 550 sm skáhalla og hækkun því 1:8 ef miðað er við að mesta hækkun sé 1:12.

Herbergi vistmanna. Við mat á vinnuaðstöðu er tekið mið af því að vistmenn eru skilgreindir sem hjúkrunarsjúklingar. *Þeir þurfa flestir mikla hjálp og hefur reynslan sýnt* að hjúkrunarþyngd þeirra eykst þeim mun meira því lengur sem þeir dveljast á heimilinu. Gerð er krafa um að vistmenn séu í stillanlegum sjúkrarúmum og þau geti staðið út frá vegg þannig að hægt sé að komast beggja vegna að þeim. Lágmarkskrafa er að hægt sé að koma hjólastól og lyftara að öðrum megin við rúmið. Nauðsynlegt er að rými sé fyrir tvo starfsmenn við rúmið samtímis. Því er gerð krafa um 70 sm lágmarksathafnarými fyrir starfsmann öðrum megin við rúmið. Hinum megin þarf rýmið út frá rúmi að vera 175 sm svo að hægt sé að koma að og snúa hjólastól. Til að hægt sé að koma að lyftara þarf rými hins vegar að vera 215 sm út frá rúmi. Göngurýmið við rúmgafl þarf því að vera að lágmarki 50 sm. Að auki er gert ráð fyrir handlaug, fataskáp og rými fyrir náttborð, hjólastól við hvert rúm. Gerð er krafa um að hægt sé að komast með hjólastól að vaski til að þvo sér."

Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir þessar kröfur vegna starfa sinna áður en hún kom til starfa á Alþingi. En niðurstaða Vinnueftirlitsins er þessi, með leyfi forseta: „Þegar herbergi eru metin út frá framangreindum forsendum er ljóst að engin stofanna uppfyllir þessi skilyrði vegna þrengsla."

Þannig má í raun og veru fara yfir öll atriði á stofnuninni.

„Klósett á efri hæð. Rými á klósett á efri hæð er undir lágmarkskröfum. Þrengsli gera starfsmönnum því erfitt fyrir að hjálpa vistmönnum." Má vera að hv. 4. þm. Suðurl. finnist þetta broslegt en það er kominn tími til og fyrir löngu að við beitum okkur fyrir því að þetta sé lagað. (Gripið fram í.) „Þrengsli gera starfsmönnum því erfitt fyrir að hjálpa vistmönnum sem nota hjólastóla án þess að álag á líkamann verði óheppilegt." Það sama gildir í raun og veru um alla aðra þætti.

„Skol á efri hæð. Skolherbergi er mjög þröngt. Rúm var fyrir aðeins eitt fráleggsborð en á því voru bæði óhreinir hlutir, svo sem neðanþvottaskálar, þvagskálar en jafnframt hreinir hlutir úr þvottaherbergi, svo og blóm vistmanna. Starfsmenn eiga erfitt með að athafna sig við þessar þröngu aðstæður samtímis því sem það veldur þeim andlegu álagi að *blanda hreinu og óhreinu saman gegn betri vitund.*

Skolherbegi á neðri hæð. Herbergið er gluggalaust. Vifta virkar ekki." — Það er farið yfir hvern einasta þátt, matsalinn, búningsaðstöðu og klósett starfsmanna, hjálpartæki og síðan koma niðurstöður og ályktanir.

„Heildarmat á vinnuaðstæðum leiðir í ljós að starfsmenn búa við erfið vinnuskilyrði sem fullnægja á engan hátt þeim kröfum sem gerðar eru til vinnuaðstöðu á hjúkrunarheimilum. Sérstaklega eru það mikil þrengsli í vistherbergjum, göngum og klósetti sem gera starfsmönnum erfitt um vik að nota hjálpartæki og beita góðri vinnutækni. Því er dregin sú ályktun að ófullnægjandi vinnuaðstæður hafi getað leitt til þeirra óþæginda frá hreyfi- og stoðkerfi sem margir starfsmenn höfðu um það leyti sem úttektin fór fram. Brýnt er að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna hið fyrsta. Einnig þarf að endurmeta þörf á mönnun út frá hjúkrunarþyngd því of mikið vinnuálag getur einnig stuðlað að þróun álagsmeina."

Þetta var það sem kemur frá Vinnueftirliti ríkisins.

Tæknideild Selfoss gerir úttekt á þessu húsnæði í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru á byggingarreglugerð og þar segir í niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Undirritaður skoðaði allar vistarverur. Almennt má segja að viðhaldi hússins sé ábótavant. Víða eru rakaskemmdir í veggjum, málning að flagna, flísar að losna og detta af veggjum. Einnig er gólfdúkur víða laus vegna þess að líming hefur losnað, *málning í gluggum* hefur flagnað og brýn nauðsyn að mála þá. Loftræsting herbergja fer fram í gegnum opnanleg gluggafög. Vegna líkamslegs ástands vistmanna eru gluggar oft hafðir lokaðir í langan tíma í senn og er þá loftræsting alls ekki fullnægjandi. Tæknirými og sameiginlegt rými eru í nokkrum tilvikum gluggalaus og illa loftræst og er það ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til loftræstingar slíkra rýma." Síðan kemur útlistum á þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt byggingarreglugerðum og niðurstaðan er sú að í nánast engum tilvikum stenst byggingin þær reglugerðir sem við erum að setja og við eigum auðvitað að sjá til að farið sé eftir. Í byggingarreglugerð nr. 61011 segir eftirfarandi:

„Sótt er um leyfi til að byggja hús til annarra nota en íbúða, t.d. samkomu-, sjúkra-, skóla-, iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.s.frv. skal miða við þær reglur sem gilda um íbúðarhús eftir því sem þær geta átt við að mati byggingarnefndar." Enn fremur segir í sömu reglugerð nr. 651: „Heimilt er að gera einstök íbúðarherbergi í kjallara ef gólf hans er eigi meira niðurgrafið en 500 mm við gluggahlið og hún eigi nær götu en 3 metrar og lofthæð a.m.k. 2,30 metrar." Samkvæmt reglugerð nr. 61011 er kjallarinn á Austurvegi niður grafinn um 800 mm og eru þær vistarverur sem í kjallaranum eru, þ.e. notkun þeirra sem íverustaðir vistmanna, óheimil að mati undirritaðs ef tekið er mið af gildandi reglugerð.

Undirritaður skoðaði einnig húsnæði að utan. Útveggir hússins eru víða illa sprungnir og eflaust má rekja orsakir rakaskemmda inni í húsinu til sprungna í útveggjum hússins. Reynt hefur verið að gera við sprungurnar með misjöfnum árangri. Augljóst er að mjög aðkallandi er að klæða húsið að utan eða framkvæma aðra sambærilega viðgerð á útveggjum hússins, gluggar hússins víða ófúnir en málningin flögnuð af þeim og nauðsynlegt er að bera á þá til að forðast skemmdir."

Ef spurt er hvaða úrræði byggingarfulltrúi hefur til að fylgja málum eftir þá koma þau úrræði aðallega fram í gr. 25.20 og gr. 25.21 í byggingarreglugerð en í gr. 25.21 segir: „Nú er viðhaldi eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa. Skal hann þá gera eiganda þess viðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er innan tilskils frests. Sinni eigandi ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur getur byggingarnefnd ákveðið dagsektir þar til úr hefur verið bætt."

Þannig er þetta, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, (Gripið fram í.) að hægt er að beita dagsektum ef gerðar eru eðlilegar kröfur til þess húsnæðis sem hýsir fjölda aldraða á Selfossi og það er ekki ástæða til og það veit ég að hv. þm. hlýtur að vera sammála mér um. Svo oft höfum við skoðað þetta húsnæði, svo oft höfum við tekið þátt í umræðu um þörf á úrbótum að ég trúi því ekki að það bros sem sést einstöku sinnum birtast á andliti hv. þm. sé vegna annars en þess að honum þyki þetta frekar vandræðalegur upplestur og það skil ég. (**ÍGP:** Ég hef hlustað með hlutteknigu.) Ég sé það, hv. þm.

Heilbrigðiseftirlitið gerði sams konar úttekt fyrir Sjúkrahús Suðurlands og niðurstaða úttektarinnar er þessi, með leyfi forseta:

„Við heilbrigðiseftirlit sem fram fór á Ljósheimum á öldrunardeild Sjúkrahúss Suðurlands voru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Klóaklagnir í skolherbergi í kjallara eru óvarðar og greinileg merki um leka utan á við. Lagfæra þarf flísar og salerni í kjallara. Lagfæra þarf sólbekki og gluggakarma í herbergjum í kjallara. Á gangi er bólginn gólfdúkur, á baði er málning að flagna og af lögnum í lofti. Ræsting í kjallara er óloftræst, útidyrahurð að framan er óþétt og greinilegur leki kemur fram í gólfteppi fyrir framan hurð.

Efri hæð. Á baðberginu hafa flísar hrunið af veggjum. Saggalykt er á hjólastólasalerni. Í sólstofu er víða merki um leka á veggjum, m.a. blautur veggviður þrátt fyrir þurrt veður utan dyra. Huga þarf að fullnægjandi aðstöðu til meðhöndlunar og flokkunar lyfja til sjúklinga. Ekkert sérstakt rými er ætlað fyrir þessa aðstöðu og fer tiltekt lyfja fram í vaktherbergi án fullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Einungis er í einu herbergi uppi hengi til aðskilnaðar milli sjúklinga. Á sjúkrastofnunum þurfa sjúklingar ýmsa meðhöndlun sem krefjast næðis og aðskilnaðar frá utanaðkomandi. Í skolherbergi á efri hæð eru flísar flagnaðar af vegg. Í eldhúsi og borðsal er vegghæð 2,10 metrar, enginn opnanlegur gluggi er í borðsal, einungis eitt loftræstiop fyrir ofan uppþvottavél en það liggur út að ruslagámi. Raki er í lofti og vegg. Flagnað og brotið er upp úr borðplötu. Undir uppþvottavél er gólfdúkur morkinn vegna bleytu og raka. Engin handlaug er í eldhúsi. Borðsalur þjónar bæði því hlutverki að vera matsalur sjúklinga auk þess að vera kaffistofa starfsfólks.

Almennt eru mikil þrengsli í húsnæðinu, þ.e. hurðir og gangar eru það þröngir að erfitt að koma út úr rúmi. Raki er í öllu húsnæðinu. Asbestplötur eru einnig á hluta þaksins. Samkvæmt upplýsingum starfsfólks koma öll aðföng í sama bílnum og óhreint lín er tekið til baka. Ef flutt eru matvæli og óhreint lín í sama bíl þarf að tryggja á fullnægjandi hátt þrif milli flutninga.

Niðurstaða: Húsnæðið er óhæft til notkunar sem hjúkrunarheimili í núverandi ástandi. Gagngerar endurbætur þurfa að fara fram á húsnæðinu hið fyrsta og skal þeim lokið eigi síðar en 1. júní 1998. Í þeim felast m.a. endurnýjun á þaki yfir miðhluta hússins og hindra allan leka og rakamyndun í húsinu. Að öðru leyti er húsnæðið óhentugt til notkunar sem sjúkradeild vegna þrengsla og vanbúnaðar.“

Undir þetta rita fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Suðurlands Elsa Ingjaldsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Matthías Garðarsson framkvæmdastjóri.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég hef farið yfir þetta með þessum hætti er sú að hvergi í frv. til fjárlaga er getið um þessar erfiðu aðstæður. Hvergi í afgreiðslu fjárln., hvergi í afgreiðslu fjáraukalaga og þegar menn taka einhvern 200 eða 300 millj. kr. pott, það á reyndar að mæta upppsöfnun halla af 200 millj. kr. potti þar sem við erum hér með erindi skjalfest þó frá ráðuneytinu upp á yfir 600 millj. Það á að laga með 200. Svo kom 300 millj. og við vitum að dæmið sem hér er um að ræða er því miður ekki einsdæmi. E.t.v. eru aðstæðurnar á Selfossi verri en á mörgum öðrum stöðum en er þá ekki ástæða til þess að taka á því og það löngu komin? Það er ekkert sársaukalaust að fara upp í stól á hv. Alþingi og lesa þau dæmi upp sem hér hefur verið gert, það er ekki sársaukalaust vegna þess að þar inni er fjöldi fólks, þarna liggja aldraðir rúmfastir sem geta enga björg sér veitt, eiga allt sitt undir því að við hugsum að sómasamlega sé staðið að þessu og það er ekki gert.

Virðulegi forseti. Klukkan er orðin eitt og ég veit að kominn er tími til fyrir okkur öll að stytta mál okkar. En hafi þetta opnað augu einhvers fyrir því að þarna verður að taka á er ekki til einskis staðið og ekki til einskis að borga einhverjum þeim laun sem fer í að úthluta pottinum. En pottarnir eru þannig að þeir koma ekki til með að svara nema örlitlu broti af þeirri fjárþörf sem er í heilbrigðiskerfinu. Við getum ekki boðið sjúklingum, við getum ekki boðið aðstandendum, við getum ekki boðið starfsfólki og við getum ekki boðið okkar eigin samvisku upp á þær aðstæður.

[01:05]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú liggja fyrir í endanlegri mynd til 3. umr. fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1998. Þetta eru hallalaus fjárlög eins og þau eru prentuð í þessari útgáfu. Tekjuafgangur á að verða hvorki meira né minna en 150 millj. kr. samkvæmt frv. en það verður þó að segjast eins og er að þegar það er skoðað í samhengi við umfang fjárlaga í heild eru 150 millj. ákaflega lítil tala og sérstaklega þar sem margt bendir til þess að í fjárlögunum séu ýmsar púðurtunnur sem munu springa þegar líður á árið. Það er í sjálfu sér ekki mikið mál að skila hallalausum fjárlögum ef settar eru inn í þau óraunhæfar tölur eins og hér er vissulega sums staðar gert að mati okkar í minni hluta hv. fjárln.

Það kom fram er Þjóðhagsstofnun kom fyrir hv. fjárln. að þeir reikna ekki með meiri hagvexti en spáð er í fjárlagafrv. Þeir spá um 5,2% aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna. Minni hluti fjárln. hefur grunsemdir um að hagvöxturinn kunni að vera verulega vanáætlaður, einkum vegna meiri einkaneyslu en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga og telur óhætt að reikna með hærri tekjum ríkissjóðs af þeim sökum eða sem nemur 1,5 milljörðum af þeim ástæðum. Að öðru leyti verður að telja efnahagsforsendur fjárlaga líklegar hvað tekjuhliðina varðar. En það er meira en verður sagt um fjárlög undanfarinna ára en eins og kunnugt er munaði á síðasta ári um 5,5 milljörðum á fjárlagafrv. og endanlegri útkomu á tekjuhlið. Samt verður að segja að ríkisstjórnin er á hálum ís hvað varðar áætlaðan hagnað af sölu eigna en hann reyndist einnig ofáætlaður á síðasta ári. Það blasir m.a. þess vegna við þeim sem les fjárlögin með gagnrýnu hugarfari að tekjugrunninn þarf að treysta en hæstv. ríkisstjórn virðist forðast eins og heitan eldinn að gera ráð fyrir aukinni skattheimtu nema í dag voru þeir að samþykkja frv. um hækkuð dómsmálagjöld og þótti ýmsum höggvið þar sem hlífa skyldi.

Minni hluta fjárln. finnst vera kominn tími til að atvinnuvegirnir sem fyrir nokkrum árum voru lækkaðir skattar á til að freista þess að auka umsvif þeirra á erfiðleikatímum en í staðinn voru hækkaðir skattar á launafólk, að þeir byrji aftur að borga þegar góðæri er í landinu og ríkandi gangur víða í atvinnulífinu. Þannig greiða þeir að hluta þær skattalækkanir sem verið er að gera hjá launafólki. Svo er ekki nokkur hemja að gerðar skyldu á hinu háa Alþingi lagabreytingar í fyrra til að gera fyrirtækjum kleift að halda áfram að nýta sér rekstrartöp en sú smuga átti að lokast samkvæmt fyrri lögum nú um þessi áramót. Þetta gerir það að verkum að fyrirtæki sem eru í góðum gangi þurfa ekki að greiða neinn tekjuskatt vegna þess að þau geta nýtt sér uppsafnað tap sem þau hafa jafnvel keypt einhvers staðar. Eigendur tveggja fyrirtækja

sem á síðasta ári lögðu upp laupana eftir áralangan taprekstur hafa sagt mér að þá fyrst hafi vaknað áhugi á þeim er þau voru að hætta rekstri og voru þau bæði seld fyrir þó nokkra fjárhæð með öllu því tapi sem á þau hafði safnast.

Auðvitað veit hæstv. ríkisstjórn hvað er að gerast en í tengslum við gerð fjárlaganna hefði hún getað gert ráðstafanir til að breyta þessum leikreglum og fá þannig fé inn í heilbrigðiskerfið en það er ekki á borðinu svo ekki virðist áhugi standa til þess í hæstv. ríkisstjórn að þessu svínaríi ljúki sem stórskaðar fjárhag þjóðarinnar.

Í tengslum við gerð nefndarálits fengum við í minni hluta fjárln. upplýsingar um að uppsafnað tap, sem er fyrirliggjandi í landinu, er um 78 milljarðar eða liðlega fjórfalt hærri fjárhæð en samanlagður tekjuskattstofn allra fyrirtækja í landinu. Auðvitað á að þrengja til mikilla muna tímatakmörk er nú gilda um nýtingu rekstrartaps og allar reglur þar að lútandi. Þar væri þá fundinn enn einn möguleikinn fyrir ríkið til að ná inn þeim gífurlegu fjárhæðum sem vantar í heilbrigðiskerfið og verður að bregðast raunhæft við. Nú dugir ekki lengur að berja hausnum við steininn, hæstv. forseti. Nú þarf virkilega að taka á þeim vandamálum sem við blasa. Nægir þar að minnast á fjárveitingar til stóru spítalanna í Reykjavík þar sem brýn fjárvöntun aðeins þessara sjúkrahúsa er áætluð með uppsöfnuðum halla liðinna ára verða um næstu áramót um 1.650 millj. kr. Úr þessu er ætlað að bæta með því að bjóða þeim til veislu við pott nokkurn, sem hv. fjárln. hefur af örlæti sínu sett í 300 millj., sem ætlað er að bæta úr heildarrekstrarvanda sjúkrahúsanna í landinu sem talinn er vera upp á 2,5 milljarða. Náttúrlega sjá allir að þetta getur aldrei gengið hversu vel að sér um rekstur sjúkrahúsa sem það fólk er sem ætlað er að útdeila úr pottinum.

Auðvitað vitum við öll hvað þetta þýðir. Fólki verður sagt upp, deildum verður lokað og sjúklingar, sem margir hverjir eðli málsins samkvæmt liggja lágt og geta ekki komið neinum vörnum við, verða að taka afleiðingunum.

Ég vil minna á lokun deildar fyrir langveika unga geðklofa í fyrra á Arnarholti sem átti að því er sagt var að vera gerð í sparnaðarskyni en það byrjaði með því að þrír veikustu sjúklingarnir voru settir á deild á Borgarspítalanum þar sem hvert rúm á dag er fjórfalt dýrara en rúmin sem þeir höfðu áður verið í á Arnarholti. Þá var strax farinn sá sparnaður sem átti að verða og auðvitað var í framhaldinu ekki hægt að henda þessu fólki út á götuna og þannig kostaði þetta áfram og svona er þetta. Verið er að færa vandann fram og til baka á milli deilda en hann er ekki leystur, ekki einu sinni núna þegar við blasir að kannski var aldrei þessu vant möguleiki á að ná inn peningum til að fást við vandann.

Strax er byrjað að heyrast um yfirvofandi uppsagnir, m.a. á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, en þar blasir ekki annað við en það verði að segja upp 200 starfsmönnum og fækka sjúkrarúmum um 100. Auðvitað verða spítalarnir að reyna að bregðast við stöðunni, annað væri ábyrgðarleysi. Allir sem rækju fyrirtæki og stæðu frammi fyrir því að í árslok yrði uppsafnaður rekstrarhalli yfir 80 millj. ef rekstrinum yrði haldið áfram í óbreyttri mynd geta litið í eigin barm. Það er erfitt að horfa fram á þessi vinnubrögð endurtaka sig ár eftir ár, biðlistana lengjast og þrýstinginn frá almenningi aukast fram eftir hausti ár eftir ár og svo kemur að því að púðurtunnan springur og það verður að taka á vandanum, opna fjárhirslurnar og reiða fram peninga sem verður aftur afgreitt í fjáraukalögum í haust.

Það segir í frægri bók sem hefur að vísu verið minnst á áður í fjárlagaumræðunni í kvöld og kannski er það eitthvað við þessa bók, Fjárlög íslenska ríkisins 1998, sem minnir á Heimsljós sérstaklega. Ég þarf að gera sérstaka bókmenntalega könnun á því um jólin, en það segir í þessari bók Nóbelskálds okkar að það fara ekki allir á kirkjugarðsballið í haust sem ætluðu þangað í vor. Þessi setning kemur mér í hug þegar ég hugsa til allra þeirra sem flæmast úr starfi vegna yfirvofandi uppsagna, svo og óskiljanlegra kjaradeilna sem hæstv. fjmrh. hefur sett á við unga lækna í landinu og að því er sögur herma hafa nú þegar leitt til þess að stór hluti þeirra er að flæmast úr landi.

Lausnin er sú að nú ætla sérfræðingar að fara að gegna störfum sem unglæknar hafa hingað til gegnt á spítölum að því er tilkynnt hefur verið frá hv. heilbrrn. Væntanlega verða sérfræðingarnir ekki á lægra kaupi en unglæknar við störf sín á spítölunum og ekki verður þessi ráðstöfun til sparnaðar.

Hæstv. forseti. Mér hefði fundist skynsamlegra þegar hinn mikli vandi blasir við að ákveða tekjuöflun við afgreiðslu fjárlaga og greiða úr þessum vanda eins og við í stjórnarandstöðunni gerum ráð fyrir að verði gert í brtt. sem eru fluttar við 3. umr. til tekjuöflunar fyrir íslenska ríkið. Því miður er ekki venjulegt að breytingartillögur frá minni hluta séu samþykktar á hinu háa Alþingi. Það verður þó látið á það reyna nú. Alltaf er rætt um lausnir á fjárhagsmálum sjúkrahúsa í þeim dúr að aldrei megi greiða fé út til heilbrigðisstofnunar nema forsvarsmenn hennar liggi á hnjánum og gefi út loforð við viðtöku fjárframlaga um að grípa til einhverra þeirra ráðstafana sem ráðuneytið vill knýja fram. Ég hef lýst því áður og lýsi því enn yfir að ég er algerlega ósammála slíkum vinnubrögðum og verð að benda á að stundum þekkja og vita heimamenn betur en þeir tilsjónarmenn og hagræðingarpostular sem hafa verið sendir á þá til að gera tillögur til hagræðingar en hafa stundum ekki verið nægilega tilbúnir til að hlusta á það sem starfsfólk stofnananna leggur til. Sparnaðar- og hagræðingartillögur þarf að vinna í sameiningu í góðu samstarfi við starfsfólk viðkomandi stofnunar en ekki setja á stofnanir nauðungarákvæði sem knýr fram breytingar sem starfsfólki er ekki að skapi. Ég hef rætt við mjög margt starfsfólk í heilbrigðisþjónustu um þessi mál og mér virðist það allt af vilja gert til að vinna verk sín vel og skynsamlega en það er orðið afskaplega langþreytt á þeim eilífu, óraunhæfu sparnaðarhugmyndum sem alltaf er verið að hamra á í öllu talinu um kostnað við heilbrigðisgeirann á Íslandi. Stöðugt er látið eins og kostnaður sé langt umfram það sem annars staðar þekkist þegar staðreyndin er sú að við erum í 12.–14. sæti innan OECD hvað varðar kostnað við sjúkrahúsvist. Við eigum einmitt að vera stolt af sjúkrahússtarfsfólki okkar sem hefur náð svo frábærum árangri og samt er yfirleitt um að ræða góða læknishjálp sem fólk fær á Íslandi þó óneitanlega þurfi það í sumum tilfellum að bíða óhæfilega lengi eftir henni og er það bæði til skaða og skammar.

Til gamans langar mig að geta þess að ríkið er nú að stofna nýjan nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og til hans hefur verið valið hæft fólk, þó það nú væri. En það þykir sjálfsagt að áætla 8 millj. á hvert stöðugildi í þessum sjóði til reksturs en það er miklu meira en tvöfaldur sá launakostnaður sem Sjúkrahús Reykjavíkur er að greiða fyrir hvert stöðugildi og þykir ýmsum nóg um. Þar vinnur líka mjög hæft fólk. Sumt er óumdeilanlega á heimsmælikvarða en alltaf er verið að gefa í skyn að eitthvað bruðl sé í gangi. Það er eins og þegar verið er að meta störf til fjár þá sé fyrst og fremst meðferð

fjármuna sem er metið ábyrgðarstarf en ekki að bera ábyrgð á lífi og heilsu fólks. Þetta er sannarlega umhugsunarefni, hæstv. forseti.

Nú ætla ég að víkja nokkrum orðum að menntamálum en sá kafli frv. sem fjallar um þau tók ekki þeim framförum eða breytingum sem orð er á gerandi milli 2. og 3. umr. en mig langar að ítreka nokkur atriði sem mér þykir vert að komi fram. Það fólk sem gerði sér vonir um að í góðærinu mundu stjórnarflokkarnir framkvæma hugsjónamál sín sem þeir hafa margítrekað lýst um menntun til nýrrar aldar og menntun inn í framtíðina, að bókvitið hér á Íslandi verði í askana látið. Það hlýtur að hafa orðið fyrir afskaplega miklum vonbrigðum þegar það sá þessi fjárlög sem eru lögð fram núna í góðærinu en þar er ekki gert ráð fyrir neinni raunhækkun til menntamála á Íslandi. Sú hækkun sem kemur fram í frv. til framhaldsskóla og háskóla er aðeins í hlutfalli við þá nemendafjölgun sem hefur orðið í þessum skólum og þó varla það.

Svo við byrjum á að víkja að grunnskólanum sem hefur vissulega verið fluttur yfir til sveitarfélaganna og þarf svo sem ekki að minna á það hér, þá hefur það komið fram að mjög mörg sveitarfélög telja sig hafa farið illa út úr samningum við ríkið og bundið vonir við að úr þessu yrði bætt, framlög til sveitarfélaganna í tengslum við grunnskólann yrðu aukin. Því miður hefur þeim umleitunum verið tekið afskaplega fálega og raunar ekkert verið tekið undir þau erindi og ég verð að segja að ég hef vissar áhyggjur af því. Þetta kemur að vísu mjög misjafnlega niður á sveitarfélögunum en ég hef talað við forsvarsmenn nokkurra sveitarfélaga í kjördæmi mínu sem hafa fært að því rök að þau fari mjög illa út úr rekstrinum miðað við þau fjárframlög sem þeim eru ætluð. Ég verð að segja að mér finnst sanngirniskrafa að farið sé yfir þessa hluti af hlutlausum aðilum.

Annað atriði varðandi grunnskólana veldur mér miklum áhyggjum. Það er ætlað að ríkið sjái um námsgagnagerð til grunnskólanna og hefur svo raunar verið um langa hríð. Sú var tíðin að talað var um okkur Íslendinga og Ríkisútgáfu námsbóka, eins og það hét þá, sem sérstaka fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Það námsefni sem Ríkisútgáfa námsbóka, og seinna Námsgagnastofnun, hefur framleitt hefur alltaf verið ódýrt, mun ódýrara en það sem hægt er að framleiða í einkareknum stofnunum sem gefa út bækur og er hægt að færa fram langa lista því til sanninda að verð mjög vandaðra bóka sem eru gefnar út af Námsgagnastofnun er mjög lágt. Samt er þessari stofnun alltaf haldið í heljargreipum og fjárveitingar sem voru 6.480 kr. á nemanda árið 1991, og var þó vissulega ekki nándar nærri nóg, eru nú á því góðæri, sem hefur margoft verið lýst hér, færðar niður í 5.060 kr. á nemanda. Það er gert þó sterkar líkur hafi verið leiddar að því að útkoma okkar sem var frekar slæleg í alþjóðlegum rannsóknum sem voru gerðar á skólabörnum á síðasta ári eigi a.m.k. að stórum hluta til rætur að rekja til þess að hér er ekki nóg námsgögn á boðstólum, t.d. í náttúrufræðigreinum sem m.a. var prófað í, þá virðist ekki eiga að fara eftir þessum viðvörunarmerkjum. Það á hreinlega að passa að málin séu ekkert rannsökuð ofan í kjölinn svo að ekki komi neinar sannanir um að það þurfi kannski virkilega að gera betur í þessum málum. Þar á a.m.k. ekki að gera neitt átak. Mér urðu þetta mikil vonbrigði og ég veit að ég er ekki ein um það. Mörgu fólki sem ber grunnskólann fyrir brjósti á Íslandi eru þetta mikil vonbrigði og mikið áhyggjuefni og fólk hugleiðir hvert er verið að stefna með þessi mál.

Til framhaldsskólanna í landinu er nú verið að útdeila fjármunum eftir nýrri aðferð, svokölluðu reiknilíkani sem mikið hefur verið talað um. Samkvæmt skýrslu frá Ríkisendurskoðun er uppsafnað tap hátt á annað hundrað millj. við síðustu áramót. Samkvæmt sérstökum kokkabótum sem ríkisstjórnin hefur tileinkað sér var að sjálfsögðu búinn til pínulítill pottur og þar virðast þeir framhaldsskólar sem höfðu safnað upp þessu tapi eiga að krjúpa við og á að útdeila eftir einhverjum duldum reglum sem hvergi hafa verið gefnar út en gefið hefur verið í skyn að þeir þurfi að lagfæra ýmislegt í rekstrinum og fara að ábendingum ráðuneytisins o.s.frv. og þá hugsanlega verði þeim umbunað. Ég hef áhyggjur af þessu ráðslagi og ég vil líka koma enn einu sinni að því að fallskattur og skólagjöld munu ekki skila framhaldsskólunum og eiga ekki að skila framhaldsskólunum þeim fjármunum sem eiga að laga þennan halla.

Eins og ég kom að áðan er engin viðbótarfjárveiting til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála í fjárlagafrv. og tillaga þess efnis var felld við 2. umr. Ég veit ekki hvað yfirvöld menntamála eru að hugsa. Með ærnum tilkostnaði er búið að gera kannanir og rannsóknir sem liggja fyrir í stöflum og stökkum en það á ekki að veita neitt fjármagn til að vinna úr þessu. Af hverju var verið að gera þetta? Af hverju var verið að kosta til þessa öllum þessum peningum ef ekki á að veita peninga til þess að vinna úr gögnunum? Ég skil ekki alveg þá hugsun sem að baki býr, ég verð að segja það, og ég veit að ég er ekki ein um það.

Mig langar enn að minna á það að í fjárlagafrv. fá háskólarnir á Íslandi og þeir skólar, sem er á næstunni verið að gera að háskólum eða er nýlega búið að gera að háskólum með lögum sem nýlega hafa verið samþykkt, nánast ekki nein viðbótarframlög í hlutfalli við það sem þeir báðu um og færðu mjög góð rök fyrir að þeir þyrftu nauðsynlega á að halda. Ég ítreka að það er áhyggjuefni þeim sem bera skólamál og menntamál á Íslandi fyrir brjósti hversu naumt eru skornar fjárveitingar til háskólanna á Íslandi. Það er nokkuð sem er ekki í kallfæri við neitt annað sem við þekkjum í nálægum löndum.

Ég vil ekki skilja svo við 3. umr. fjárlaga að ég minnist ekki á hið geigvænlega vandamál sem skuldasöfnun heimilanna er hér á landi og mjög hátt vaxtastig og verðtrygging gerir það að verkum að stöðugt þyngist fyrir fæti hjá fólki að standa í skilum svo margir hverjir vita ekki sitt rjúkandi ráð. Ég minni á að hægt væri að setja einhver hvetjandi atriði inn í tengslum við útborgun vaxtabóta þar sem fólk væri t.d. hvatt til að leggja inn vaxtabætur á móti skuldum og fengi í staðinn t.d. skattfrádrátt eða sérstakan virðisauka á það fé sem það leggur inn. Það má útfæra slíkt kerfi á margan hátt en aðalatriðið er að það hvetji til niðurgreiðslu skulda í stað þess að vera beinlínis eyðsluhvetjandi eins og núverandi fyrirkomulag er. Það má hugsa sér margar fleiri aðgerðir þar sem ríkið gæti gengist fyrir auknum sparnaði meðal fólks eins og gert var með húsnæðissparnaðarreikningum þar sem fólk gat fengið vexti frádregna frá sköttum og urðu þeir til að margir, sérstaklega ungt fólk, lagði reglulega fyrir. Mér finnst vanta slíka hugsun inn í stefnu stjórnvalda nú þegar þeir leggja fram fjárlög ársins 1988 í bullandi góðæri og hvergi er gerð minnsta tilraun til að gera ráðstafanir til að safna til mögru áranna sem því miður munu koma líkt og þau hafa alltaf gert eins og í Egyptalandi forðum.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[01:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að ræða um tillögur minni hluta fjárln. um tekjuöflun til ríkissjóðs. Minni hlutinn hefur lagt fram tillögur um að leitað verði eftir viðbótarfjármagni til ríkissjóðs með því að hækka tryggingagjald um 0,5% og afla þannig 1,2 milljarða kr. en einnig hefur komið fram tillaga frá minni hlutanum um að hækka tekjuskatt fyrirtækja úr 33% í 39%. Slík hækkun mundi skila einum milljarði kr. í ríkissjóð.

Þá er rætt um að setja þrengri tímamörk en nú gilda um nýtingu rekstrartaps. Í áliti minni hluta fjárln. er vakin athygli á því að á undanförnum árum hafi margir milljarðar kr. verið færðir af herðum fyrirtækja yfir á launafólk og eru nefndir fjórir milljarðar kr. í því sambandi. Hér eru menn væntanlega fyrst og fremst að tala um aðstöðugjöld fyrirtækja en að auki má nefna aðra þætti. Þegar menn velta fyrir sér hvort um mikla skattahækkun er að ræða þegar lagt er til að tekjuskattur fyrirtækja sé hækkaður úr 33% í 39% þá skulum við minnast þess að árið 1990 nam þessi skattur 50%. Hann hefur verið færður niður í áföngum í 33%. Á sama tíma var tekjuskattur einstaklinga hækkaður og er þar komin skýringin á þessum milljarðatilflutningi.

Skattar á Íslandi eru að mörgu leyti frábrugðnir því sem gerist með þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við. Ef litið er á samanburðartölur þá kemur fram þegar skoðað er hlutfall skatta af vergri landsframleiðslu að tekjuskattur einstaklinga á Íslandi er 9,5% á móti 12,2% hjá OECD að meðaltali. Á Norðurlöndunum er tekjuskattur einstaklinga miklum mun hærri eða 15,7%.

Tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi er 1% af vergri landsframleiðslu á sama tíma og hann er 2,5% á Norðurlöndum, 3,4% hjá OECD. Launa- og tryggingagjöld, sem minni hlutinn leggur til að verði hækkuð um 0,5%, nema 2,5% af vergri landsframleiðslu hér á landi á móti 8,6% á Norðurlöndum, 14% hjá Evrópuríkjum OECD. Skattar á vöru og þjónustu eru hér á landi nokkuð nærri því sem gerist hjá OECD en heldur hærri en gerist hjá Norðurlöndunum. Þegar skatttekjur hins opinbera eru bornar saman við það sem gerist á Norðurlöndum og OECD kemur í ljós að við liggjum miklum mun lægra en gerist annars staðar. Hér er hlutfallið 30,9%, á Norðurlöndunum er það 40,8%, hjá Evrópuríkjum OECD er það 47,8%, Með skattatillögum minni hluta fjárln. er gert ráð fyrir að afla ríkissjóði á milli 2–3 milljarða kr. til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Ég tek undir tillögurnar sem koma frá minni hlutanum og legg áherslu á að þær eru mjög hófsamar.

Hvernig á að nota þessa peninga? Í áliti minni hluta fjárln. er vikið að ýmsum málaflokkum og þar á meðal heilbrigðisþjónustunni og þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna er nú í árslok u.þ.b. 1 milljarður kr. eftir hallarekstur síðustu ára, en því til viðbótar nemur augljós fjárvöntun til rekstrar sjúkrahúsanna á næsta ári nær hálfum öðrum milljarði, þannig að samtals er rekstrarvandi sjúkrahúsanna í landinu nær 2,5 milljarðar kr.“

Menn hafa deilt mikið um þessar upphæðir í þingsal á undanförnum dögum og hvað þetta þýði í reynd. Menn hafa bent á varnaðarorð sem hafa komið frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og öðrum sjúkrahúsum. Forsvarsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur hafa bent á að fjárvöntun þar muni leiða til þess að 100 sjúkrarúmum verði lokað og þetta kunni að leiða til þess að 200 manns verði sagt upp störfum. Hið sama er uppi á teningnum þegar kemur að Landspítalanum. Þá erum við líka að tala um þessar stærðir. Þá hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar komið fram og sagt að þetta væru ýkjur af hálfu stjórnarandstöðu og þetta væru ýkjur af hálfu forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur og annarra sjúkrahúsa en ég spyr: Hver er raunveruleikinn? Gera menn sér t.d. grein fyrir því að á þeirri deild Sjúkrahúss Reykjavíkur sem sinnir geðsjúkum, og þar sem hafa verið 30 rúm, hefur nú verið tekin ákvörðun um að loka 6 rúmum? Gera menn sér grein fyrir því að fyrir síðustu áramót var lokað 12 rúmum í Arnarholti? Gera menn sér grein fyrir þessu? Það var talað um að þetta mundi ekki verða í reynd, það yrði eitthvað gert til þess að bæta úr þessu. Það hefur ekkert verið gert. Þessum rúmum hefur verið lokað í reynd. Þetta er svona í alvörunni. Ég var í dag að tala við starfsmenn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem lýstu áhyggjum yfir þessu og yfir yfirlýsingum sem komu frá ráðamönnum um að úr þessum vanda verði greitt, vandinn verði leystur. En það er ekki verið að leysa vandann. Ákvörðun hefur verið tekin um að loka þessum rúmum og ég vildi heyra frá hæstv. heilbrrh. hvað hann ætlar að gera í þessu tiltekna máli. (**Gripið fram í:** Hvar er hæstv. heilbrrh.?) Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann sjái til þess að hæstv. heilbrrh. komi í þingsal og geri grein fyrir því hvernig hann ætlar að bregðast við vandanum.

Við erum að tala um mjög háar upphæðir. Við erum að tala um fjárlög sem nema yfir 100 milljörðum. Ég er hins vegar að tala um agnarsmáar upphæðir en ég er að tala um grundvallaratriði. Ég er að tala um ákvarðanir ríkisstjórnar sem vill tryggja að einkavæðingarsveitin, þ.e. meiri hlutinn, hefur samþykkt það hér að einkavæðingarsveit ríkisstjórnarinnar skuli fá á fjárlögunum 15 millj. kr. Á sama tíma er verið að loka á geðsjúka á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og öðrum sjúkrahúsum. Hvers vegna geðsjúka? Jú, vegna þess að þegar fjárhagsvandi steðjar að heilbrigðisstofnunum er fyrst skert framlagið hjá deildum á borð við þessar. Það er ekki klipið af bráðadeildunum vegna þess að það er einfaldlega ekki hægt en þarna er hægt að herða að og það er gert. Þegar menn eru að tala um að séð verði til þess að það komi peningar til að leysa þennan vanda er ég að benda á tiltekin dæmi þar sem það er ekki gert. Fyrir fáeinum dögum var því lýst yfir að þessum rúmum yrði lokað. Ég veit það vel og ég þekki það að eftirspurnin eftir plássum á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur verið mjög mikil. Þarna er verið að draga saman seglin og ég vil heyra frá hæstv. heilbrrh. hvað hann ætlar að gera í þessu efni.

Mér finnst líka áhyggjuefni þegar forsvarsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur lýsa því yfir að ef ekkert verður að gert kunni þeir að þurfa að segja upp 200 manns. Hið sama er uppi á teningnum hjá Landspítalanum. Síðan kemur ríkisstjórnin eða talsmenn hennar og forsvarsmenn fjárln. eða meiri hluta hennar og segja að þetta verði allt í lukkunnar velstandi þegar líður á árið. En ég er að nefna dæmi þar sem samdrátturinn er þegar orðinn að veruleika. Það voru 30 rúm á tiltekinni deild sem ég nefni, A2, geðdeildinni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Búið er að loka 6 þeirra. Á Arnarholti var lokað 12 rúmum og því var ítrekað lýst yfir að úr þessu yrði bætt en það hefur ekki verið gert.

Skoðun mín er sú að þótt víða sé þörf fjármuna þá sé það fyrst og fremst til heilbrigðisþjónustunnar sem þetta viðbótarfjármagn sem stjórnarandstaðan er að leggja til að verði

aflað í ríkissjóð verði látið renna. Það er fyrst og fremst inn í velferðarþjónustuna og inn í heilbrigðiskerfið sem þessir peningar eiga að renna.

Við alþingismenn fengum yfirlýsingu frá Starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur í dag þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Starfsmenn SHR, Sjúkrahúss Reykjavíkur, hafa orðið þess áskynja að starf þeirra er þyngra en áður var. Á sjúkrahúsið leitar aukinn fjöldi sjúklinga og slasaðra. Þar sem legurúmum hefur fækkað hefur þróunin leitt til að heilbrigðisstarfsmenn hafa skemmri tíma til að sinna hverjum og einum sjúklingi. Auk þess hefur fækkun legurúma orðið til þess að á álagstímum vistast fleiri alvarlega veikir á göngum sjúkrahússins. Talið er að álagið á sjúkrahúsið eigi e.t.v. þátt í að fjöldi sjúklinga sem þarf að leggja inn aftur innan sjö daga frá útskrift vex nú ár frá ári. Það er augljóst að við núverandi rekstrarstöðu sjúkrahússins verður ekki við búið.

Verði fjárhagsvandi sjúkrahússins ekki leystur strax mun það ekki aðeins hafa áhrif á framboð sjúkrarúma á SHR og atvinnuöryggi starfsfólks heldur einnig á getu sjúkrahússins til að valda grundvallarhlutverki sínu, þ.e. að sinna sjúkum og slösuðum. Ekki verður unnt að sinna fimmta hverjum sjúklingi sem leggst inn á sjúkrahúsið verði fjárframlög til þess samkvæmt núverandi frumvörpum til fjárlaga fyrir 1997 og fjárlaga 1998. Við sem störfum í framlínunni á sjúkrahúsunum vitum að stjórn og framkvæmdastjórn SHR er ekki að reyna að þeyta upp moldviðri í þeim tilgangi að véla ráðamenn þjóðarinnar til að auka fjárframlög til SHR. Okkur sem sinnum fárveiku fólki á göngum sjúkrahússins er fjárskorturinn daglegur raunveruleiki. Starfsmannaráð beinir þeim tilmælum til allra alþingismanna að taka fullt tillit til ábyrgðarfulls málflutnings stjórnarmanna SHR varðandi fjárhagsvanda stofnunarinnar við afgreiðslu fyrrgreindra frumvarpa til laga fyrir jól 1997."

Ég efast ekki um að einhverjir stjórnarsinnar, einhverjir hæstv. ráðherrar og einhverjir þingmenn, kunni að hrista höfuðið yfir ályktunum af þessu tagi, enn ein ályktunin, enn ein ábendingin. En í rauninni þegar við förum að hugsa um það er þetta mjög merkilegt. Þetta er skrifað af fólki sem er margt hvert mjög öruggt um persónulega stöðu sína en það sest niður og skrifar til Alþingis Íslendinga og beinir þeim tilmælum til Alþingis Íslendinga að við íhugum hvaða vandi blasir þarna við. Mér finnst þetta mjög merkilegt og mér finnst þetta í rauninni ekki aðeins vera umhugsunarefni, mér finnst þetta vera fagnaðarefni að þarna skuli vera fólk með þessa ábyrgðartilfinningu gagnvart starfi sínu.

Hæstv. forseti. Ég sakna þess að hæstv. heilbrrh. er ekki í salnum. Ég óskaði eftir því áðan að fá svör við tilteknum spurningum um niðurskurð á geðdeildinni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, lokun rúma, og í Arnarholti og óska eftir því að hæstv. ráðherra komi í salinn og geri grein fyrir afstöðu sinni og hvað hæstv. ráðherra hyggst gera í því máli. En þangað til hæstv. ráðherra kemur í salinn langar mig til að víkja örlítið að skuldastöðu heimilanna og hvað þar er helst á döfinni hjá ríkisstjórninni í þeim efnum.

Það eru mjög sláandi tölur sem koma í ljós þegar litið er á skuldaþróun heimilanna á Íslandi. Skuldir heimilanna hafa aukist í hlutfalli við ráðstöfunartekjur úr 117,3% á árinu 1993 í 132,8% á þessu ári samkvæmt áætlun Seðlabankans. Þá benda spár til þess að skuldir heimilanna muni nema um 374 milljörðum kr. í lok ársins 1997 og hafa þær aukist um rúmlega 26 milljarða kr. á árinu. Hvað hefur ríkisstjórnin fram að færa þegar kemur að þessum málaflokki? Jú, fyrst og fremst er mikill fögnuður sem hefur verið lýst yfir vegna þeirrar ákvörðunar Seðlabankans að reyna að keyra upp vexti. Það var ekki mikið. Vextir voru keyrðir upp um 0,03% ekki alls fyrir löngu og talsmenn ríkisstjórnarinnar sögðu að komin væri mjög jákvæð ráðstöfun af hálfu Seðlabankans til að slá á þenslu. Æskilegt væri að hækka vexti í landinu til að slá á þenslu. En gera menn sér grein fyrir því að vextir á Íslandi núna eru mjög háir? Meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa liggja núna í 9%, einu prósentustigi ofar en þeir voru í byrjun áratugarins. Hvað þýðir þetta með tilliti til skulda heimilanna sem eru 374 milljarðar kr.? Hvað þýðir þetta á einu ári? Þetta þýðir tæpar 4 þúsund millj. kr. sem menn eru að tala um sem æskilega efnahagsráðstöfun að færa yfir á heimilin til að slá á þensluna. Menn eru að tala um það sem æskilega efnahagsráðstöfun til að slá á þenslu í þjóðfélaginu að keyra vextina upp. Og ég vek athygli á því að eitt prósentustig í vöxtunum þýðir tilfærslur í þjóðfélaginu yfir á hina skuldugu um 3.740 millj. kr. Það er það sem við erum að tala um.

Gerð var tilraun til að keyra niður vexti með handafli á sínum tíma. Það mun hafa verið í byrjun árs 1994. Ríkisstjórnin hafði þá þráast lengi við og sagt að hún tryði ekki á handafl. Þetta þyrfti allt að gerast og ætti allt að gera samkvæmt lögmálum markaðarins. En það var þá reynt eftir mikinn þrýsting frá verkalýðshreyfingunni og frá stjórnarandstöðunni að beitt yrði handafli á vextina og þeir voru keyrðir niður um hátt á annað prósentustig. Þetta var árið 1994. Þetta var ekki mjög lengi en það gerðist þó og skipti sköpum fyrir fyrirtækin á sínum tíma og skipti miklu máli fyrir heimilin á þessum tíma.

Ég hef áður vakið máls á því í þessum ræðustól hver breyting hefur orðið í þjóðfélagi okkar á síðustu árum og áratugum hvað þetta snertir. Fyrir 20–30 árum þótti óverjanlegt að stunda okur á Íslandi. Gott ef það varðaði ekki við lög að okra. Núna sjá menn þetta hins vegar sem mikla dyggð og á morgun munum fjalla um frv. um lífeyrissjóði þar sem það er gert að lögbundinni skyldu að okra. Við höfum áður samþykkt slíkt frv. á Alþingi um lífeyrissjóði, það var um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þar segir og þetta er nákvæmlega samsvarandi lagagrein. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu."

Þetta er lögboðið. Okrið er lögboðið og það sem ég var að vitna til að hefði gerst á árinu 1994 er núna bannað með lögum. Menn eru að banna með lögum að keyra vexti niður með handafli. Menn eru að banna það með lagasetningu. Þetta er sú breyting sem hefur orðið í þjóðfélagi okkar á síðustu árum og áratugum.

Önnur breyting hefur orðið hér á síðustu árum og áratugum. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að á sama tíma og menn hafa í umræðum í dag verið að lýsa áhyggjum yfir stöðu öryrkja, lífeyrisþega og atvinnulausra þá una aðrir bara nokkuð vel við sinn hag og í Frjálsri verslun er talað um að veislan sé hafin. Veislan er hafin. Hverjir eru það sem tala um að veislan sé hafin? Það eru þeir sem auglýsa í morgunútvarpinu, í dagútvarpinu og á kvöldin, frá morgni til kvölds, um það hvernig eigi að hagnast og græða á verðbréfaviðskiptum og hvernig eigi að komast hjá því að greiða til samfélagsins, hvernig eigi að komast hjá því að fjármagna geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og velferðarþjónstuna á

Íslandi. „Verðbréfaveislan er hafin", segir Frjáls verslun. Annasamasti tími ársins í sölu hlutabréfa er genginn í garð. Við erum að tala um jólin á Íslandi árið 1997. (**Gripið fram í:** Þeir frestuðu þeim á Kúbu.) Eftir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið við völd í nokkur ár þá eru hafin mikil veisluhöld í landinu þar sem talað er um brosmilda forstjóra. Og hvað er það sem menn sækjast eftir? Jú, vegna þess að í skattaparadís hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar gefst mönnum tækifæri til þess að hagnast verulega á verðbréfaviðskiptum. Ef þú kaupir hlutabréf fyrir 130 þús. þá færðu 60% af því undanþegið skatti. Þar erum við komin með 80 þús. kr. Þetta getur þýtt að einstaklingur fái sendan heim tékka frá skattborgaranum upp á 32 þús. kr. Þetta eru menn að auglýsa í morgunútvarpinu. Þetta er skattaparadísin. Þessi mannskapur er að sjálfsögðu að hagnast miklu meira en þessu nemur vegna þess að arðurinn af hlutabréfunum kemur þar að auki að sjálfsögðu. Hann kemur þar að auki. (**Gripið fram í:** Þeir græða sem eiga fyrir.) Þetta er sá mannskapur, þetta er sá hluti þjóðfélagsins sem er að hagnast.

En það sem er verst er að hér á sér ekki stað raunveruleg uppbygging í atvinnulífi. Hér er ekki verið að stuðla að raunverulegri uppbyggingu í atvinnulífi. Hér er samfélagið allt komið á það rólið að leita eftir leiðum til þess að komast hjá því að borga til samfélagsþjónustunnar. Það er þessi breyting sem er að verða í þjóðfélaginu. Í stað þess að við búum við ríkisstjórn sem reynir að stappa stálinu í þjóðina og safna liði til þess að styrkja og treysta velferðarþjónustuna, koma í veg fyrir að við þurfum að loka sjúkradeildum, stuðla að því að við getum búið atvinnulausum mannsæmandi kjör, öryrkjum og ellilífeyrisþegum, þá er efnt til mikilla veisluhalda hjá þeim sem hagnast á verðbréfaviðskiptum.

Við skulum ekki gleyma því þegar við tölum um fjárlög að þessi ríkisstjórn hefur fært þessum hluta samfélagsins stórkostlegar kjarabætur með því að færa skattprósentuna af hagnaði á hlutabréfaviðskiptum niður í 10%. Þeir sem áður höfðu búið við sömu skattprósentu og aðrir af sínum tekjum eru komnir núna niður í 10%. Þetta er skýringin á veisluhöldunum sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hafa verið að efna til. Mér finnst nauðsynlegt að vekja máls á þessu og athygli á þessu þegar við erum að tala um fjárlögin og þegar við erum að tala um vanda sjúkrahúsanna og um vanda velferðarþjónustunnar. Þegar menn bera sig illa undan fjárskorti skulum við ekki gleyma því hvað þessi ríkisstjórn er búin að vera að gera. Ef menn síðan ætla að neita því að samþykkja þær tillögur sem komið hafa fram frá minni hluta fjárln. um tekjuöflun fyrir ríkissjóð til að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fellur á sjúkrahúsin og verður óhjákvæmilega að leysa einhvern veginn ef menn ætla ekki að skera niður þessa þjónustu, þá finnst mér ábyrgðarhluti að greiða atkvæði gegn þessum tillögum.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira. Ég hef talað í milljónatugum og milljörðum en ég ætla að enda mitt mál, ekki í milljörðum og ekki hundruðum milljóna heldur í spurningu sem hljóðar upp á fáeinar millj. kr. sem skipta sköpum og skipta miklu máli fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga. Hvað hyggst hæstv. heilbrrh. gera gagnvart lokunum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, lokunum á sjúkrarýmum fyrir geðsjúkt fólk á Sjúkrahúsi Reykjavíkur? Borist hafa fréttir um að tekin hafi verið ákvörðun um það að loka sex sjúkrarúmum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og í Arnarholti var tólf rúmum lokað fyrir síðustu áramót. Ég heyri að hæstv. heilbrrh. segir að þau séu ívið færri, að þau hafi verið sex talsins. Þó það væri bara eitt. Á sama tíma og allur ráðherrabekkurinn hér greiddi atkvæði með því að veita einkavæðingarsveit ríkisstjórnarinnar 15 millj. kr. til að sukka með og eru búnir að dæla mörg hundruð millj. kr. inn á marmaragólfin í sendiráðum Íslands erlendis, þá er verið að loka hér, skella hurðum á geðsjúkt fólk. Spurningin snýst ekki um það hvort þetta eru tólf rými eða sex. Það er verið að loka rúmum í Arnarholti og það er verið að loka rúmum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** Hvað ætlar BSRB að gera?) Ég vil heyra það frá hæstv. heilbrrh. hvað hann ætlar að gera í þessu efni.

[02:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þessi umræða er sennilega brátt á enda runnin og þingmenn Alþb. og óháðra hafa lagt orð í belg undanfarna klukkutíma og komið víða við, bæði í menntakerfi og heilbrigðiskerfi á myndarlegan hátt þannig að í sjálfu sér er ekki mikil þörf á að bæta miklu við það sem fram kom fyrr í dag í upphafi umræðunnar af hálfu okkar talsmanns.

Ljóst er að þungi þessarar fjárlagaumræðu hefur verið á tveimur þáttum aðallega. Það eru í fyrsta lagi heilbrigðismálin. Ég er nú búinn að vera um skeið í þessari stofnun. Ég man satt að segja ekki eftir því að umræðan um heilbrigðismál hafi yfirgnæft svona fjárlagaumræðuna. Það kann auðvitað að vera að það hafi einhvern tíma gerst þó ég muni ekki eftir því en ég held að það sé rétt hjá mér að þetta sé sú fjárlagaumræða þar sem heilbrigðismálin hafi tekið meiri tíma en nokkru sinni fyrr og ég tel að stjórnarandstöðunni og öðrum sem lagt hafa þeim málum lið hafi tekist að opna augu allmargra. Ég tek eftir því að verið er að setja um 100 millj. kr í viðgerðir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á næsta ári. Engu að síður er ljóst að þarna vantar gríðarlega fjármuni og bersýnilegt er að dæmið gengur engan veginn upp eins og það er lagt upp í fjárlagafrv. þannig að þessu leytinu til er fjárlagafrv. ekki rétt. Það er falsað, tölurnar eru rangar. Allir vita það og líka talsmenn hv. fjárln.

Ég vil rifja það upp í lok máls míns um þessa hluti að bæði formaður fjárln. og varaformaður svöruðu mjög mikilvægum spurningum mínum við 3. umr. fjáraukalaganna þar sem þeir gerðu grein fyrir því að þeir teldu að ríkissjóður hlyti að koma til skjalanna að því er varðar þann kostnað sem fellur á sjúkrahúsin, m.a. vegna vanskila, dráttarvaxta o.fl., fyrir utan hinn almenna halla sem á sjúkrahúsunum hvílir og ég vil ítreka þessar niðurstöður þeirra vegna þess að þær opna mjög vel fyrir þessa stöðu og segja sem svo: Þeir viðurkenna að fjárlagatölurnar eru ekki endanlegar, þær eru ekki réttar að því er heilbrrn. varðar. Ég vil halda því til haga, að því er mína innkomu í þessa umræðu varðar, að ég tel að þetta mál liggi svona.

Ég vil einnig taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um menntamálin hér fyrr í kvöld og einnig undirstrika það sem fram kom í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um vandamál einstakra sjúkrahúsa (**ÖS:** Bara eins.) þar sem hún nefndi sérstaklega dæmi um Sjúkrahúsið á Selfossi þar sem væri um að ræða hrikalegan og alvarlegan vanda.

Ég tel að líka sé nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. svari spurningum hv. 17. þm. Reykv. vegna þess að þar var spurt um grundvallaratriði að því er varðar heilbrigðismálin og þróun þeirra á næstunni.

Ég vil að síðustu vekja athygli á tillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði og segja eins og er að ég er tiltölulega ánægður með það og stoltur af því að vera flutningsmaður að slíkri tillögu miðað við hinn kjördæmislega bakgrunn minn. Tilgangurinn með þessu er ekki síst sá að vekja athygli á því að verið er að skattleggja raforkunotendur í landinu óhæfilega í þágu svokallaðra eignaraðila Landsvirkjunar og verið er að reyna að flytja eitthvað af þeim peningum aftur til þeirra sem eru með óhæfilega orkureikninga með þessari litlu tillögu sem við flytjum, en tillaga um nokkru stærri upphæð var felld við 2. umr. málsins.

Þá vil ég líka vekja athygli á lítilli tillögu sem ég flyt um framlag til Landssambands aldraðra, tillögu sem við drógum til baka við 3. umr., tillögu upp á tiltölulega mjög lágar upphæðir, 2–3 millj. kr. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að skoða þessa tillögu með vinsemd þegar atkvæðagreiðslur fara fram á morgun.

Ég vil síðan minna á tillögu sem ég er meðflutningsmaður að, þ.e. heiðurslaun listamanna. Þar er sú sérkennilega staða uppi að ekki hefur tekist að halda við þeim fjölda á heiðurslaunaskrá sem var fyrir fáeinum árum og vantar þar mikið á. Ég tel að hv. menntmn. hafi ekki haldið nægilega vel á þessum málum á undanförnum árum og ég harma það og þótti leitt að geta ekki átt aðild að því að breyta þessum lista nokkuð með því að bæta þar inn nýjum einstaklingum frá og með fjárlögum ársins 1998, einstaklingum úr mörgum listgreinum sem eru sannarlega verðugir þess að vera á þessum heiðurslaunalista.

Það er umhugsunarvert, herra forseti, að við lok þessarar umræðu er salurinn skipaður þingmönnum Alþb. og óháðra þannig að ef nú væri gengið til atkvæða, þá er alveg ljóst hver niðurstaðan yrði. (Gripið fram í.) — og einum fyrrv. alþýðubandalagsmanni sem hefur engu gleymt af því sem hann lærði fyrrum. Með þessari áherslu okkar og málflutningi í kvöld sýnum við væntanlega að okkur er mikil alvara í þessari umræðu um fjárlögin. Hún hefur nú staðið nokkuð lengi, mikið lengur en 3. umr. um fjárlög hefur oft staðið undanfarin ár og er reyndar ekki búin vegna þess að menn eru að fikra sig hér í stólinn, sé ég, í stórum stíl. Til þess að skapa svigrúm fyrir þá í stólnum, yfirgef ég hann að sinni.

[02:15]

**Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):**

Herra forseti. 3. umr. fjárlaga hefur nú staðið lengi dags og ég þakka fyrir hana. Hún hefur verið málefnaleg og það er ljóst að stjórnarandstaðan hefur sett fram stefnu og það er vel. Hún hefur sett fram þá stefnu að afla viðbótartekna í ríkissjóð. Það er stefna sem er hægt að tala um. (**ÖS:** Til að borga fyrir ...) Hins vegar hafa talsmenn Alþfl. hér talað dálítið í aðra átt. (Gripið fram í.) Þeir hafa talað um að miklu meiri afgangur þurfi að vera af fjárlögum og að ekki sé nógu langt gengið í því að lækka útgjöld. (**ÖS:** Er það ekki einhver minni háttar ...?) Það voru svona minni háttar menn á borð við formann Alþfl. sem höfðu þann málflutning uppi. Mér finnst þessi málflutningur vísa dálítið í tvær áttir. En komið hefur fram ákveðin stefnumörkun og ég tel það vel. Það er ljóst hvað hv. þingmenn leggja til og ég tel að þannig eigi þessi umræða að fara fram.

Ég vildi árétta örfá atriði í lokin án þess að lengja þessa umræðu mikið. Ég vil árétta það að á fjáraukalögum voru settar 280 millj. til að mæta vanda sjúkrastofnana úti á landi. Mér fannst það ekki vera alveg ljóst áðan að 80 millj. voru settar í ákveðnar stofnanir þar sem var skilgreindur vandi og ekki var eftir neinu að bíða að mæta honum og sú skilgreining er í samþykktum fjáraukalögum. Það ber að undirstrika það varðandi vanda sjúkrastofnana á landsbyggðinni, stærri sjúkrahúsanna að þeirra vandi var að koma fram á þessu ári, á síðasta ári og á þessu ári. Ég legg áherslu á að ráðist verði í að fara yfir þær tölur sem þar eru og komast að niðurstöðu um það hverju á að mæta af þeim. Ég tel að þegar hallatölur koma fram, þá eigi að fara yfir þau mál í samvinnu við stofnanirnar og komast að niðurstöðu um tillögur til þess að mæta þeim vanda.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. þegar hún rakti vanda sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í sínu kjördæmi að þar hefur verið sparað t.d. með sameiginlegum útboðum á rekstrarvörum í samvinnu við stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Ég tel að þetta sé eitt af því sem þarf að kanna, t.d. hvort aukin samvinna sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi geti leitt til hagkvæmni, sparnaðar og betri þjónustu við fólkið. Einn þáttur í vanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu er að þau eru endastöð fyrir allt landið og það ber að skoða hvort samvinna við sjúkrastofnanir úti á landsbyggðinni getur létt eitthvað á þrýstingnum á þeim. Þetta er eitt af því sem þarfnast úrlausnar.

Það er alveg rétt sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að heilbrigðismálin hafa verið mjög til umræðu í dag og það er auðvitað að vonum. Þetta er mjög stór þáttur í ríkisútgjöldunum. Sjúkrahúsin í Reykjavík eru stærstu stofnanir og fyrirferðarmestu sem koma fyrir í fjárln. og það skiptir náttúrlega mjög miklu máli hreinlega um afkomu ríkissjóðs hvernig þeirra málum er fyrir komið.

Ég vil í lok máls míns draga það saman hvernig ég lít á þá afgreiðslu sem málefni sjúkrahúsanna hafa fengið. Það er í samræmi við það sem hefur komið fram í máli mínu áður. Ég tel að niðurstaðan varðandi stóru sjúkrahúsin sé sú að það verður að komast að niðurstöðu um framkvæmd samningsins frá því í september, hvað af honum eru líkur til að gangi fram og það verður að komast að niðurstöðu um það hverju á að mæta af uppsöfnuðum vanda sjúkrahúsanna, hve mikið er hægt að ráða við af þeim vanda með samstarfi eða skipulagsbreytingum og hve miklu þarf að mæta með beinum framlögum og hvort hægt sé að mæta þeim vanda á einu ári eða skipta honum á lengri tíma.

Það þarf að gera viðhaldsáætlun fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur t.d. til lengri tíma en eins árs og ég tel að það framlag sem var ákveðið milli 2. og 3. umr. muni greiða fyrir því að svo verði gert þar sem 146 millj. eru nú til ráðstöfunar til meiri háttar viðhalds á sjúkrahúsinu. Miklu meira þarf til þess. Án þess að ég sé að fara með neinn stórasannleik í þeim efnum þá hafa komið fram tölur yfir hálfan milljarð í viðhaldi á þessari stofnun. Ég tel að að binda verði niður í samkomulag hvernig taka eigi þessum málum og koma með tillögur um það þannig að forsvarsmenn sjúkrahúsanna geti gengið að einhverju vísu í þessu til ákveðins tíma. Þetta er m.a. verkefni hópsins sem meiningin er að setja upp til þess að vinna að þessum verkefnum og ætlunin er að styrkja heilbrrn. með þessum starfskröftum. Ætlunin er að stýrihópurinn verði í fullu starfi við þessi verkefni. Það eru lagðir til þess fjármunir að kosta það og ég tel að brýn þörf sé á því að standa þannig að málum. Það þarf ekki eingöngu að vinna að málum sjúkrahúsanna í Reykjavík eins og hér hefur komið fram. Ég tel t.d. að hlutverk þessa hóps sé að kanna samstarf

sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu og um landsbyggðina. Það er hlutverk hans að leggja sínar tillögur fyrir fjárln. og þannig að fjárln. hafi aðgang að upplýsingum að þessu starfi á hverjum tíma. Þetta er mikið verk og þetta verkefni þarfnast þess að þennan hóp skipi gott fólk, þ.e. fagfólk, og það endurspegli sjónarmið sjúkrastofnana úti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og þar að auki sjónarmið þeirra ráðuneyta sem hlut eiga að máli (**ÖS:** Og heilbrn.) og bera ábyrgð á málinu. (**ÖS:** Og heilbrn. Sturla Böðvarsson sagði það.) Og hv. heilbrn. að sjálfsögðu. Ekki ætlaði ég nú að gleyma henni vísvitandi, þeirri virðulegu nefnd.

Þetta vildi ég láta koma fram í lok umræðunnar því að vissulega er það svo að þessi vandi er mikill. Hallatölur sjúkrahúsanna hafa eins og ég sagði áður verið að koma fram núna á þessu ári og síðasta ári þó að sumar þessar hallatölur séu eldri. Það er mjög brýnt verkefni að takast á við þetta og ég legg áherslu á að reynt sé að ná utan um þennan vanda og gera áætlanir um að leysa hann til þess að hægt sé að veita þá þjónustu sem krafist er af heilbrigðiskerfinu.

Fjárln. hefur lagt töluvert mikla vinnu í að skilgreina þennan vanda svo ég taki hóflega til orða. En ég segi það sem mína skoðun að það er ekki nægjanlegt til þess að fjárln. geti náð utan um málið í heild á þeim tíma sem hún hefur til starfa. Hv. 5. þm. Suðurl. sagði að allar upplýsingar lægju fyrir hjá okkur og það væri ekki ofverkið okkar að gera þetta en ég held að meira þurfi til og við þurfum að standa að þessum málum eins og ákveðið hefur verið að gera.

Ég ætla ekki að lengja þetta meira. Ég endurtek þakkir fyrir málefnalega umræðu og ég endurtek að fram hefur komið stefnumörkun í þessari umræðu og þannig á það að vera. Menn fara ekkert í grafgötur með það að stjórnarandstaðan vill auka tekjur. Við viljum vera innan þess ramma sem við höfum í tekjunum og við teljum að ríkisfjármálin séu í jafnvægi og það miði í rétta átt ef allt gengur eftir. Við teljum að þær eignasölur sem fyrirhugaðar eru séu raunverulegar og það séu raunveruleg verðmæti sem ætlunin er að selja þannig að engin ástæða sé til annars en að vera bjartsýnn á að það takist að snúa þróuninni við á næsta ári og greiða niður skuldir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:30.

---

## 50. FUNDUR

laugardaginn 20. des.,
kl. 9.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 537, frhnál. 635 og 647, brtt. 611, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 625, 632, 633, 636, 637, 638, 639, 640, 643, 645, 646, 648, 650, 651, 652, 654, 655, 656, 657, 659, 674, 678, 683 og 686. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 249. mál, þskj. 294, nál. 457, brtt. 458, 525, 526 og 527. — 2. umr.

3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 338. mál, þskj. 427, nál. 641, 653 og 658. — 2. umr.

4. Skaðabótalög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58, nál. 660. — 2. umr.

5. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 371. mál, þskj. 603, brtt. 644. — 2. umr.

6. Húsaleigubætur, stjfrv., 290. mál, þskj. 662. — 3. umr.

7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 304. mál, þskj. 669. — 3. umr.

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 328. mál, þskj. 668. — 3. umr.

9. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 329. mál, þskj. 666. — 3. umr.

10. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 330. mál, þskj. 667. — 3. umr.

11. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, stjfrv., 323. mál, þskj. 670, brtt. 675. — 3. umr.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá Náttúruverndarráði.

### *Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 2. umr.*

Stjfrv., 249. mál (heildarlög). — Þskj. 294, nál. 457, brtt. 458, 525, 526 og 527.

[09:34]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Þetta mál er eitt af allra stærstu málum sem Alþingi fjallar um, ekki síst vegna þess að búast má við því að uppsafnaðir sjóðir lífeyrissjóðanna muni áður en um langt líður nema svipaðri fjárhæð og öll landsframleiðsla íslensku þjóðarinnar.

Efh.- og viðskn. hefur að sjálfsögðu fjallað ítarlega um málið. Við frv. eru gerðar brtt. í 19 liðum sem ég mun fjalla um. Í 1. lið brtt. eru gerðar breytingar við 2. gr. frv. sem fjallar um aðild að lífeyrissjóðum. 2. gr. er að sjálfsögðu ein af veigamestu greinum frv. og í 2. mgr. hennar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer að öðru leyti eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi."

Hæstv. forseti. Tillaga er gerð um að orðin „að öðru leyti" í 1. málsl. mgr., þ.e. falli brott. Ekki er gert ráð fyrir því að þessi aðildargrein raski með neinum hætti grundvelli þeirra lífeyrissjóða sem starfa nú þegar, hvort heldur það eru lífeyrissjóðir sem settir hafa verið á fót í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins eða fyrirtækjasjóðir svo sem Samvinnulífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður KEA eða fyrirtækjasjóðir sem hafa starfað í gegnum tíðina. Þetta raskar heldur ekki grundvelli þeirra frjálsu lífeyrissjóða sem nú starfa. Þetta þýðir sem sé að lífeyrissjóðakerfið getur þróast

áfram. Það er meiri sveigjanleiki í sambandi við aðildina og það er ákveðið svigrúm fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga að velja sér lífeyrissjóð. Að öðru leyti er byggt á því kerfi sem fyrir er og ekki gert ráð fyrir að teknar verði neinar U-beygjur í sambandi við einstaka lífeyrissjóði.

Í öðru lagi eru gerðar brtt. við 3. gr. frv. þar sem fjallað er um iðgjaldsstofninn. Þar er 1. mgr. algerlega endurorðuð, fyrst og fremst í því skyni að samræma iðgjaldsstofninn þeim möguleikum sem skattkerfið hefur til að fylgjast með því að iðgjald sé innt af hendi.

3. brtt. er við 6. gr. frv. sem fjallar um eftirlit ríkisskattstjóra með því að skylda til greiðslu iðgjalda sé uppfyllt. Breytingarnar eru gerðar með það að markmiði að auðvelda eftirlitið.

Í 4. lið eru gerðar tillögur um breytingar á 7. gr. Þar snýst málið um að samræma eindaga lífeyrisiðgjalda þannig að bæði gjalddagi og eindagi lífeyrisiðgjalda sé samræmdur.

Í 5. lið er gerð tillaga til breytingar á 8. gr. sem er fyrst og fremst orðalagsbreyting til þess að gera tilvísanir nákvæmari.

Í sjötta lagi er tillaga um breytingar á 9. gr. Í a-lið er orðalag gert nákvæmara. Í b-lið segir að uppsögn taki þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hafi sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafi iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar. Hér er orðalag enn fremur gert skýrara.

7. tillagan er um breytingu á 14. gr. Þar er hugtakinu sambúð breytt í óvígð sambúð.

Í 8. lið er tillaga um breytingu á 16. gr. Þar er tekið á því að lífeyrissjóðir eigi að greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði undanfarna 36 mánuði fyrir andlát sitt, notið elli- og örorkulífeyris fyrir andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. Þarna er þá vísað til þess að við endurkomu á vinnumarkaðinn eftir tímabundna fjarveru á viðkomandi að öðlast réttindi á sex mánuðum en ekki á þremur árum eins og nú gæti verið. Í b-lið er nákvæmni hugtaka enn fremur aukin.

Í 9. lið eru gerðar brtt. við 17. gr. og þar er það sama á ferðinni. Réttindi fólks sem tímabundið er fjarverandi af vinnumarkaði eru styrkt.

10. brtt. er við 18. gr. Þar er kveðið á um að sjóðfélagi eigi rétt að aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan og jafnframt skuli ríkisskattstjóri eiga aðgang að nauðsynlegum upplýsingum úr skrá um lífeyrisréttindi vegna eftirlits hans. Enn fremur er í brtt. efh.- og viðskn. sagt um 18. gr. að sjóðfélagi eigi rétt á því að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Eins á að geta um rétt sjóðfélaga til þess að skjóta ákvörðun til gerðardóms.

Í 11. lið er gerð tillaga um breytingu á 19. gr. Þar er kveðið nánar á um hvernig réttindi leggjast saman. Því er einnig bætt við að ekki sé heimilt að takmarka endurgreiðslu iðgjalda til þeirra sem hverfa úr landi nema á tryggingafræðilegum forsendum.

Í 12. lið brtt. er kveðið á um breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs. Það er fyrst og fremst tilvísunaratriði vegna brtt. sem gerð er í 15. lið.

Í 13. lið brtt. eru greinar í frv. fluttar til.

14. brtt. er við 32. gr. og er fyrst og fremst spurning um tilvísanir.

15. brtt. kveður á um að bætt skuli inn nýrri grein, sem verður 33. gr., og segir þar að sjóðir þurfi gerðardóma vegna sjóðfélaga sem ekki una úrskurði sjóðstjórnar í málum sem skotið er til hennar. Í þessum gerðardómi skuli sitja einn sem viðkomandi lífeyrissjóður tilnefnir, oddamaður tilnefndur af Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og einn sem viðkomandi lífeyrissjóður tilnefnir.

16. brtt. er tilvísanaleiðrétting við 34. gr.

17. liður brtt. er enn fremur tilvísanaleiðrétting.

Í 18. lið er gerð brtt. við 36. gr. þar sem orðalag í a-lið er gert nákvæmara. Í b-lið er efninu breytt á þann veg að lífeyrissjóðir geta átt stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.

Í 19. brtt. er tilvísuninni í 42. gr. frv. breytt.

Hæstv. forseti. Ég hef nú skýrt þær brtt. sem hv. efh.- og viðskn. gerir við frv. Að lokum vil ég segja að endurskoðun á fyrirkomulagi lífeyrismála á hinum almenna vinnumarkaði hefur lengi verið í gangi eða í um 20 ár með einum eða öðrum hætti. Því er mál til komið, hæstv. forseti, að ljúka þessari endurskoðun enda er málið komið býsna langt. Ég er að sjálfsögðu ánægður með að geta staðið hér í ræðustól og talað fyrir þessu máli meðan um það ríkir víðtæk sátt. Ég tel að lífeyriskerfið og fyrirkomulag lífeyrismála muni þróast farsællega í framhaldi af samþykkt þessa frv. Þetta frv. opnar fyrir ákveðinn sveigjanleika, bæði fyrir einstaklinga og lífeyrissjóði þannig að í framtíðinni muni fyrirkomulagið gera okkur kleift að mæta þörfum einstaklinga eða sjóðfélaga fyrir að tryggja sér lífeyri í ellinni eða ef þeir yrðu fyrir áföllum.

[09:48]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. Vilhjálmur Egilsson, frsm. þessa máls, gat þess að 2. gr. væri þungamiðja málsins. Mig langar til að leggja fyrir hann dæmi sem ég lagði fyrir í efh.- og viðskn. og fá skýr svör við því.

Gefum okkur, herra forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sessunautur minn í efh.- og viðskn., gerist verslunarmaður og stofni herrafataverslun. Trúr köllun sinni hygg ég að hann muni ekki ganga í samtök atvinnurekenda. Hann ræður mig sem afgreiðslumann í verslunina og trúr köllun minni geng ég ekki í VR, Verslunarmannafélag Reykjavíkur né nein önnur stéttarfélög. Við gerum ráðningarsamning, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ég, og í þeim ráðningarsamningi er hvergi vísað í kjarasamning. Þar er allt tekið fram, há laun að sjálfsögðu, hvernig orlofi skuli háttað, veikindafrí og öllu slíku en engin tilvísun í nokkurn kjarasamning. Spurning mín til hv. frsm. er: Ber mér að greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna?

[09:49]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er von að hv. þm. spyrji. Hann spurði þessarar sömu spurningar mjög oft meðan fjallað var um málið í efh.- og viðskn. Ég veit ekki hvort ég er þess betur umkominn hér og nú að svara hv. þm. en í nefndarstarfinu. Ég vona þó að hv. þm. Pétur Blöndal geti skilið að greinin segir að þeir sem hafa ráðningarkjör sem eru ekki byggð á og taka í engu tillit til kjarasamnings geti valið sér lífeyrissjóð.

Ég hygg að ef hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Steingrímur Sigfússon fara í atvinnurekstur eins og hv. þm. lýsti og hv. þm. ætlaði sér að vinna hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þá hygg ég að hv. þm. Steingrímur Sigfússon mundi að ráða hv. þm. Pétur H. Blöndal sem framkvæmdastjóra batterísins. Ekki væri hægt að ráða hv. þm. Pétur H. Blöndal sem sendisvein, lagermann eða eitthvað slíkt. Honum væri að sjálfsögðu stillt upp í forustu fyrir slíkri starfsemi og þá

væri málið tiltölulega einfalt. (Gripið fram í.) Já. Ef hv. þm. Pétur H. Blöndal yrði afgreiðslumaður, þá vænti ég að ekki einungis yrði launaskrið í þessari stétt heldur miklu frekar titlaskrið. Viðkomandi hv. þm. fengi þar væntanlega mikinn frama og tækist með einhverjum ráðum að greiða í þann lífeyrissjóð sem hann kysi.

[09:52]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin sem ég bar upp er grundvallarspurning og hv. frsm., framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, svaraði í véfréttastíl. Á vissu tímabili þóttist ég geta lesið út úr svari hans að ég gæti valið lífeyrissjóð, ég sem einfaldur afgreiðslumaður í verslun hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég tel mig hafa skilið hann þannig en ég óska eftir því að hv. frsm. komi með skýr svör að því gefnu að ég sem launþegi, afgreiðslumaður hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem væri þá orðinn atvinnurekandi, ekki í neinum samtökum frekar. Get ég valið um lífeyrissjóð? Gætu hann og ég í sameiningu valið okkur lífeyrissjóð, t.d. hjá Kaupþingi eða einhvern annan lífeyrissjóð að okkar vali? Gætum við valið okkur Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda?

[09:53]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit gjörla, þá voru lífeyrissjóðirnir settir á fót í kjarasamningum fyrir 1970 í því skyni að tryggja að launþegar ættu rétt á því að greiða í lífeyrissjóð. Í því frv. sem við erum væntanlega að lögfesta í dag eru allir skyldir til þess að vera í einhverjum lífeyrissjóði. Síðan er hægt að binda lífeyrissjóðsaðildina með kjarasamningi. Ef það er þannig að hv. þm. vinnur hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem afgreiðslumaður í herrafataverslun, þá ætti hann að sjálfsögðu rétt á því að greiða í Lífeyrissjóð verslunarmanna ef hann ynni samkvæmt kjarasamningi og fengi greidd laun samkvæmt honum eða (**PHB:** Ekki samkvæmt kjarasamningi.) eða byggði réttindi sín á honum. Ef hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði gífurlegan áhuga á því að notfæra sér ekki rétt sinn til þess að greiða í Lífeyrissjóð verslunarmanna, þá hygg ég að hann og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gætu sjálfsagt með einhverjum ráðum komist hjá því. Ég hygg að Lífeyrissjóður verslunarmanna mundi ekki eltast við það að pína hv. þm. Pétur H. Blöndal til þess að greiða til sín ef hann vildi það ekki. En þar þarf ákveðið til að koma eins og hv. þm. veit.

[09:56]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. þetta er býsna viðamikið og ekki ætlandi að fara yfir það í stórum dráttum í andsvari enda ræður hentugri til þeirra hluta. Mig langar að fá skýringu frsm. brtt. á einu atriði í frv., þ.e. hvenær ekki sé heimilt að starfrækja lífeyrissjóði. Það er tekið fram í 21. gr. frv. að minnst 800 sjóðsfélagar skuli að jafnaði greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum. Í skýringum við þá grein segir að fari félagatalan niður fyrir þá tölu um lengri tíma verði að taka til athugunar hvort slíta verði sjóðnum.

Mig langar að fá skýringar hv. frsm. á því hvernig beri að skilja þetta ákvæði. Ber að slíta sjóðnum undantekningarlaust við þessi skilyrði óháð efnahag og stöðu sjóðsins? Vissulega eru oft dæmi um að sjóðir, þótt fámennir séu, séu býsna öflugir. Þeir standa vel undir sínum skuldbindingum og jafnvel betur en stærri sjóðir eins og t.d. okkar ágæti Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Mig langar að fá skýringar frsm. á því hvort þetta sé meginreglan og fortakslaus í þessu frv. eða hvort þessir sjóðir, standi þeir að öðru leyti vel, geti verið starfræktir áfram.

[09:58]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar vil ég taka fram að það er gert ráð fyrir því að sjóðir sem hafa minna en 800 sjóðfélaga geti starfað áfram ef áhættudreifing vegna skuldbindinga er tryggð með eðlilegum hætti. Fyrst og fremst hefur þetta þýðingu gagnvart örorkulífeyri. Það þarf ekki beinlínis að loka viðkomandi sjóði heldur getur hann í samstarfi við aðra lífeyrissjóði eða með því að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi tryggt sig. Hann gæti því staðið undir eðlilegri áhættu, t.d. vegna einhverra hörmunga eða víðtækrar örorku sem gæti dunið yfir sjóðfélagana. Þetta er fyrst og fremst spurningin um að tryggja að sjóðfélagar í slíkum sjóði séu ekki lakar settir en þeir sem eru í stærri lífeyrissjóði.

[09:59]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin og skil þau svo að það sé ekki meginreglan með þessu frv. að loka sjóðum þar sem sjóðfélagar eru færri en 800 heldur sé reglan sú að þeir hafi tryggingar sem dugi fyrir þeirra skuldbindingum, að þær séu jafngóðar og í stærri sjóðum. Minni sjóðir þyrftu þá að kaupa sér tryggingu sem mér skilst að hægt sé að fá á tryggingamarkaði fyrir lítið fé ellegar taka upp samstarf við aðra lífeyrissjóði og baktryggja sig fyrir stórum áföllum sem kynnu að gerast. Þegar um er að ræða fámenna sjóði, þá getur eitt slys bakað sjóðnum mikla ábyrgð og kannski meiri en hann getur staðið undir einn og sér með góðu móti.

En ég ítreka það, herra forseti, að ég skil málið þannig að sjóðunum sé heimilt að starfa áfram. Það er ekki verið að lögbinda að þeir skuli hætta en lögbundið að þeir skuli koma sér upp baktryggingu.

[10:01]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Það er rétt að geta þess að í öllu undirbúningsstarfi að frv. var sérstaklega rætt um sjóði svo sem Lífeyrissjóðinn í Bolungarvík sem ég veit að hv. þm. er annt um. Eins var rætt um Lífeyrissjóð KEA og niðurstaðan sú að þessir sjóðir gætu starfað áfram og þyrfti ekki að loka þeim, enda væru réttindi sjóðfélaganna í engu skert og þeir ættu að geta verið í þeim áfram á þeim forsendum að þeirra réttindi væru að fullu tryggð.

[10:02]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þremur brtt. á þskj. 525, 526 og 527 sem ég flyt ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni. Fyrst vil ég gera grein fyrir afstöðu minni til þess frv. sem liggur hér fyrir.

Herra forseti. Mál það sem hér er flutt er gott mál og nauðsynlegt. Fyrir löngu var orðið brýnt að taka á málefnum lífeyrissjóðanna sem voru að mestu leyti settir í gang með löggjöf frá 1974. Sú löggjöf var ákaflega einföld, aðeins ein setning sem sagði að öllum launþegum væri rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Punktur. Í þeim lögum var ekki fleira. Þar með var stór hluti þjóðarinnar, allir launþegar, skyldaður til að borga í lífeyrissjóð sem hafði verið stofnaður um þeirra starfsstétt hvort sem þeir voru í viðkomandi stéttarfélagi eða ekki.

Við þessa breytingu varð geysimikil fjölgun í sjóðunum og lífeyrissjóðakerfið fór í gang.

Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega ofan í efni frv. Ég fjallaði um það við 1. umr. en frv. tekur á mjög nauðsynlegum þáttum eins og starfsskilyrðum og starfsleyfum, rekstri og innra eftirliti, fjárfestingarstefnu ársreikninga, endurskoðun og eftirliti. Allt er þetta bráðnauðsynlegt til að tryggja hag sjóðfélagans, t.d. fyrir misferli forráðamanna sjóðsins eða því að sjóðurinn standi ekki við skuldbindngar sínar o.s.frv. Ekkert í lögum hingað til hefur tryggt að menn fái yfirleitt lífeyri úr sínum sjóði.

Ég má til með að geta um einn alvarlegan vankant á núverandi lífeyrissjóðakerfi, herra forseti, sem ekki er leystur með þessu frv. Vankanturinn er sá að okkar lífeyrissjóðakerfi byggir með örfáum undantekningum á því að flytja réttindi milli kynslóða. Ungur maður fær sömu réttindi fyrir hverja krónu og eldri maður sem borgar í sjóðinn. Tvítugur maður fær sömu réttindi fyrir hverja krónu og 55 ára maður en hann ætti að fá þrisvar sinnum meiri réttindi miðað við þá ávöxtunarkröfu sem gengið er út frá, dánarlíkur og annað slíkt. Þarna ungi maðurinn látinn borga fyrir eldri manninn og í sjálfu sér væri það allt í lagi ef sjóðirnir væru allir með nákvæmlega sömu aldursdreifingu. En þeir eru það ekki.

Nokkrir sjóðir eru með tiltölulega mikið af gömlu fólki, mjög mikið af gömlu fólki og þar af leiðandi er staða þeirra lakari fyrir það eitt að sjóðfélagarnir eru gamlir. Maður sem er skyldaður til að borga inn í slíkan lífeyrissjóð fær ekki sömu réttindi og sá maður sem er skyldaður til að borga inn í lífeyrissjóð sem samanstendur af ungu fólki. Síðarnefndi sjóðurinn er betur fær um að borga lífeyri. Hann getur hækkað lífeyrinn á sama tíma og hinn sjóðurinn þarf að skerða hann. Þetta er mjög alvarlegur galli á kerfinu og það mun koma í ljós þegar menn hrinda þessu frv. í framkvæmd.

Ég spái því og veit að það mun valda mikilli úlfúð meðal sumra þegar í ljós kemur að sums staðar þarf að skerða lífeyri vegna þess að sjóðfélagarnir eru gamlir á meðan aðrir sjóðir geta hækkað lífeyri vegna þess að sjóðfélagarnir eru ungir. Þetta er ákveðinn galli í kerfinu.

Ég hafði nú eiginlega hugsað mér að menn mundu nota núverandi hávaxtaskeið til þess að laga þetta en menn hafa ekki sýnt neina burði til þess, þannig að við munum upp-götva það eftir þrjú, fjögur eða fimm ár að sums staðar verði lífeyrir skertur en aukinn annars staðar. Það hefur ekkert það að gera hvort sjóðurinn er illa rekinn með háan kostnað eða hafi ávaxtað fé sitt illa. Gott dæmi um þetta er nýleg sameining sjóða í Sameinaða lífeyrissjóðnum þar sem réttindi Lífeyrissjóðs verkstjóra voru skert allverulega á sama tíma og réttindi þeirra sem voru í Lífeyrissjóði garðyrkjumanna voru bætt allverulega. Í fyrri sjóðnum voru eldri menn en í síðari sjóðnum voru yngri menn. Þetta gengur náttúrlega ekki upp og spurning hvort þetta stenst jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. En ekki meira um þetta.

Herra forseti. Það sem vekur mesta athygli við þetta frv. er það sem vantar. Það sem vantar inn í frv. er samspilið við almannatryggingar. Það er á engan hátt tekið á því hvernig við ætlum að reka þessi tvö kerfi sem í sífellu rekast á. Almannatryggingar eru mjög góðar á alþjóðlegan mælikvarða. Þær veita einstaklingi 50–60 þús. kr. á á mánuði þó hann hafi aldrei borgað í lífeyrissjóð. Maður sem aldrei hefur unnið eða aldrei borgað í lífeyrissjóð fær milli 50–60 þús. kr. á mánuði sem er mjög gott á alþjóðlegan mælikvarða. Þetta er ákveðinn grunnlífeyrir. Svo höfum við lífeyrissjóði sem eru að stefna að því að veita öllum réttindi til 50–60% af launum, jafnvel yfir 70–80% af launum hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það er mjög góður lífeyrir á alþjóðamælikvarða og mundi jafnvel teljast oftrygging sums staðar vegna þess að hinn aldraði lífeyrisþegi þarf ekki að borga í lífeyrissjóð. Hann sparar 4%. Hann stendur ekki í uppeldi barna, svona alla jafna, og hann hefur yfirleitt komið yfir sig þaki. Það er gert ráð fyrir því að menn hafi lokið þessu af, séu sestir í helgan stein og þá hafi þeir miklu minni þarfir. Ellilífeyrisþeginn þarf ekki að sjá stórri fjölskyldu farborða o.s.frv. þannig að yfirleitt er talið að hinn aldraði þurfi um 50% af tekjum hins vinnandi svo að lífskjör beggja séu sambærileg. Við stefnum í töluvert mikið meira en því marki náum við ekki fyrr en eftir nokkra áratugi.

Á hverju einasta ári sjáum við að almannatryggingar og lífeyrissjóðirnir rekast á. Þeir sem hefja töku ellilífeyris í dag eru yfirleitt með 1,5–2% hærri lífeyri miðað við ævilaun en þeir sem fóru á lífeyri fyrir ári síðan. Þannig hækkar ellilífeyririnn ár frá ári hjá þeim sem eru að byrja að taka lífeyri. Hjá almannatryggingum er þetta skert en ekki nægilega mikið þannig að hagur hins aldraða er stöðugt að batna og í sjálfu sér þyrfti stöðugt að skerða meira hjá almannatryggingum á meðan ekki er tekið á þessu með skynsamlegum hætti. Og hver er skynsamlega lausnin á þessu? Að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því að hver einasti maður hafi staðið við lögin og borgað í lífeyrissjóð frá 1980. Menn hafa ekki mannað sig upp í að nota þá lausn. Ef gert væri ráð fyrir því að hver einasti maður hafi borgað í lífeyrissjóð frá 1980 eftir að það varð skylda að allir landsmenn sem hafa tekjur af vinnu sinni borgi í lífeyrissjóð mundum við losna við allar þessar furðulegu skerðingar og jaðarskatta sem eru orðnir svo flóknir að ekki nokkur einasti maður skilur þá. Oft kemur það þannig út að gamalt fólk fær nánast ekkert í budduna þegar lífeyrissjóður er svo rausnarlegur að hækka lífeyrinn. Á þessu er ekki tekið í frv. Þetta er kannski of stór biti.

Annað sem vantar inn í þetta frv. og jafnvel öllu alvarlegra er svarið við spurningunni: Hver á allt þetta fé sem er í lífeyrissjóðunum? Hver á þessa óskaplegu fjármuni sem þarna eru? Þetta eru yfir 300 milljarðar, þetta eru um 2 millj. á hvern einasta Íslending, 2 millj. á hvern einasta vinnandi Íslending. Þetta eru feiknalegir peningar og en spurningin er: Hver á þessa peninga? Á eftir mun ég mæla fyrir brtt. við frv. ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni og þá mun ég fjalla um hvernig þetta yrði leyst.

Inn í þetta vantar einnig að gera ráð fyrir því hver stjórni öllu þessu batterí. Hver stjórnar þessu mikla batterí? Í umræðunum hér áður töluðu menn um trölladans þar sem aðilar fjármagnsmarkaðarins væru að ásælast þetta fé. Menn hafa oft talað um kolkrabbann og um smokkfiskinn en það eru smáseyði. Kolkrabbinn er smáseyði. Ef maður setti stærðarhlutföll væru kolkrabbinn og smokkfiskurinn eins og köttur. Síðan koma stóru, stóru fyrirtækin eins og Landsvirkjun sem eru miklu miklu stærri en kolkrabbinn og öll orkufyrirtækin. Orkufyrirtækin eiga svipaðar eignir og öll útgerðin í landinu. Þessu er stýrt af örfáum mönnum. Þetta mundum við kalla hross, þarna eru hross miðað við að kolkrabbinn sé köttur. En síðan koma tröllin og þá fílarnir og það eru lífeyrissjóðirnir. Lífeyrissjóðirnir hafa tvöfalt meira eigið fé og tvöfalt meiri eignir en öll orkufyrirtækin. Svona eru hlutföllin og þetta eru tröllin. Þessir aðilar eru að berjast í 2. gr. Þeir reyna að halda í fólkið og láta Íslendinginn borga 10% af öllum launum í sjóðina. Það er meira en ríkið tekur. Ríkið tekur

ekki nema 7% af launum allra Íslendinga en lífeyrissjóðirnir taka 10% og að sjálfsögðu eru það miklir hagsmunir að fá tíundu hverja krónu sem Íslendingurinn þénar fyrir skatta. Þetta er slagurinn um 2. gr. og það er þess vegna sem ekki mátti samþykkja frv. í vor og þess vegna stóðu menn í að semja í allt sumar. Þess vegna varð niðurstaðan sú í 2. gr. að enginn skilur né vill skilja hana.

Hver á að stjórna öllu þessu? Hver ræður lífeyrissjóðunum? Hver skipar í stjórn? Ég spyr hv. þingmenn: Hafið þið mætt á félagsfundi í ykkar lífeyrissjóði þó að það sé stjórn yfir ykkar lífeyrissjóði? Ónei. Það er aldrei haldinn aðalfundur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Og hvenær hef ég verið boðaður? (**Gripið fram í:** Hann hefur verið haldinn einu sinni.) Einu sinni. Húrra! En aldrei meir. (**Gripið fram í:** Ekki síðan lögunum var breytt.) En aldrei meir. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Jæja, það er þá vonandi að það batni eitthvað. Og hvaða áhrif hafa sjóðfélagarnir á stjórn þar? (**ÖJ:** Þingmaðurinn verður að kynna sér það.) Hvaða áhrif hafa sjóðfélagar á stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins? Engin. Þeir eru kosnir af BSRB og ríkisvaldinu. (**ÖJ:** Ég vona að annað sem þingmaðurinn ...) Herra forseti. Get ég fengið frið?

(**Forseti** (RA)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að veita þingmanni hljóð.)

Inn í þetta frv. vantar lýðræði í lífeyrissjóðunum, þ.e. að sjóðfélagarnir fái að kjósa þá stjórn sem fer með þeirra fjármuni og þá stjórn sem handleikur fjöregg þeirra og sér til að fjármunir þeir sem eiga að standa undir þeim í ellinni nægi. Það hlýtur að skipta hvern mann verulegu máli að hann hafi einhver áhrif á það hverjir fara þarna inn. Og þess vegna flyt ég brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni. Mér þætti gaman að sjá hv. þm. greiða atkvæði gegn lýðræði innan lífeyrissjóðanna, ég hefði gaman að sjá það, herra forseti.

Nú ætla ég, herra forseti, að koma að brtt. þeim sem ég gat hér um áðan. Sú fyrsta er við þessa frægu 2. gr. Hún hljóðar svo:

Í stað orðanna „velur viðkomandi“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: getur viðkomandi þó valið.

Þar er verið að skerpa á þeim skilningi sem kom fram hjá hv. formanni efh.- og viðskn. með mjög veikum hætti þó. Það þurfti að draga það út úr honum með töngum að ef ég væri afgreiðslumaður í vinnu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem væri atvinnurekandi utan samtaka, gætu ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ákveðið í hvaða lífeyrissjóð ég greiddi, t.d. í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Til að skerpa á þessum skilningi leggjum við fram tillögu um að breyta orðalaginu í 2. gr. Þannig væri á hreinu að ég gæti valið mér lífeyrissjóð. Það er ekki alveg á hreinu. Það er næstum því á hreinu í frv. að vísi ráðningarsamningur ekki í neinn kjarasamning mega launþegar sem ekki eru í stéttarfélögum og vinna hjá atvinnurekendum sem ekki eru í samtökum atvinnurekenda velja sér lífeyrissjóð. Þetta er mjög mikilvægt atriði og sá skilningur sem ég hef á 2. gr. Til þess að skerpa á þessum skilningi flyt ég þessa brtt. ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni. Ætlunin er að auka frelsi borgarans til að velja sér lífeyrissjóð þannig að hann sé ekki skyldugur að borga í lífeyrissjóð sem honum kemur ekkert við og hann langar ekki til að eiga hlut að.

Herra forseti. Þá flyt ég ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni brtt. á þskj. 526 sem hljóðar svo:

„Við 1. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingarvernd er eign rétthafa.“

Í öðru lagi er breyting við 18. gr.: Á eftir orðinu „sjóðfélaga“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: sem og hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Hér er verið að taka á því hver eigi þessa óskaplegu fjármuni. Hver á þessa fjármuni sem standa á móti lífeyrisréttindunum. Þetta eru raunverulegir peningar, skuldabréf, fasteignir og verðbréf af ýmsum toga. Þetta eru miklar eignir en hver á þær? Ef maður liti á iðgjaldið sem yfirleitt er 6% og 4%, þá kynni maður að halda að launþeginn ætti 40% af eignunum og atvinnurekandinn 60%. En svo er ekki vegna þess að það er hægt að skipta iðgjaldinu óðruvísi. Auðvitað er hægt að hækka laun allra landsmanna um 9,4% rétt rúmlega og láta menn borga 10% iðgjaldið sjálfa án þess að nokkuð breyttist. Það breytist ekki neitt hjá fyrirtækinu, ekki neitt hjá launþegunum. Hvort tveggja er skattfrjálst og launþeginn fengi 9,4% hærri laun, en hann sæi jafnmikið í launaumslaginu vegna þess að það sem bættist við færi sem iðgjald til atvinnurekandans sem launþeginn mundi þá greiða sjálfur. Þannig er hægt að segja að þessi skipting á iðgjaldi sé eingöngu tæknilegs eðlis og segi ekkert um eignarform lífeyrissjóðanna.

Nú er spurning: Hvernig kom það til að atvinnurekendur fóru að borga 6%? Það er mjög gömul saga. Frá fornu fari hefur bóndi borið siðferðilega ábyrgð á hjúum sínum. Hann gat ekki hent hjúi út á guð og gaddinn þegar það hafði unnið hjá honum í 40 ár og var orðið lasið og gamalt. Honum bar til þess siðferðileg skylda að sjá því farborða og það gerði hann. Hjúið fór í hornið hjá honum. Þannig höguðu sér almennilegir bændur. Þeir sáu hjúinu farborða til dauðadags. Í öllum menningarsamfélögum er þetta svona. Í öllum þjóðfélögum var þetta svona en síðan hafa menn flutt húsbóndaábyrgðina yfir á ríki og bæ. Fyrst gerðist það með stofnun almannatrygginga, lífeyrissjóða og skylduaðild fólks að lífeyrissjóðum. Bismarck kom á sínum tíma með kerfi sem skyldaði fólk til að borga í lífeyrissjóði og atvinnurekendur líka. Það var til þess að losa atvinnurekendur undan þessari húsbóndaábyrgð. Hin stóru kerfi sem löggjöf flestra landa hefur sett á eru til að losa atvinnurekendur undan húsbóndaábyrgðinni. Í dag er líka erfitt, þar sem fólk skiptir um vinnu kannski mörgum sinnum á ævinni, að segja: Hver ber þessa húsbóndaábyrgð? Til þess að leysa vandamálið fundu menn upp lífeyrissjóði, skylduaðild, almannatryggingar og félagslega hjálp sveitarfélaga. Öll þessi kerfi eru til þess að losa atvinnurekendur undan húsbóndaábyrgðinni. Í dag bera þeir enga húsbóndaábyrgð. Hætti 70 ára maður að vinna og verður lífeyrissjóður hans verður gjaldþrota, þá er ábyrgð atvinnurekandans til að borga honum lífeyri engin. Þá taka almannatryggingar við og bregðist þær tekur við félagsþjónusta sveitarfélaganna. Viðkomandi ætti því aldrei að lenda á vonarvöl. Þannig er húsbóndaábyrgðin er horfin. Grundvöllurinn fyrir 6% iðgjaldinu eru þar með horfin líka og rökin fyrir eign atvinnurekanda í lífeyrissjóðunum er þar með horfinn líka.

Hver á þá lífeyrissjóðina? Auðvitað sá sem á réttindin. Þegar maðurinn er hættur að vinna hjá fyrirtæki A og byrjar að vinna hjá fyrirtæki B, þá á hann réttindin og enginn annar. Þegar maðurinn fer loksins á lífeyri segir fyrirtækið bless, gefur honum kannski gullúr fyrir 20 ára starf og þeirra samskiptum er lokið. Maðurinn á réttindin í lífeyrissjóðnum

og enginn annar. Réttindin eru hans og ekki annarra. Með þessum rökum segi ég: Lífeyrissjóðirnir eru eign sjóðfélaga sinna og ég flyt brtt. sem segir einmitt þetta. Lífeyrissjóðurinn er eign sjóðfélaga sinna og ég geri ráð fyrir að allir hv. þingmenn geti samþykkt þetta og greiði þessu atkvæði.

Herra forseti. Þá er ég með brtt. sem tekur á lýðræðinu. Þar segir: „Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs." Þetta er nákvæmlega eins og í hlutafélögum og flestum öðrum félögum. „Heimild til þess að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra." Þetta er eins og í hlutafélagalögunum. Síðan kemur að stjórn lífeyrissjóðsins boði til félagsfundar o.s.frv. en atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum eftir nánari ákvæðum samþykktar sjóðsins. Hér segir að sjóðfélagarnir sem mæti á félagsfund geti kosið stjórn en ekki eins og hjá BSRB þar sem þeir sitja og mega hlusta og koma með tillögur eins og ráð er fyrir gert í þessu frv. Samkvæmt þessu frv. mega þeir koma með tillögur, þeir hafa málfrelsi en hvað gerist svo? Hluti fundarmanna dregur sig til hlés, 10–20 fundarmenn, og kjósa stjórn. Upplitið á launþeganum verður undarlegt þegar hann mætir á félagsfund og sér það að hann hefur engin áhrif samkvæmt þessu frv. Hann hefur engin áhrif. Úti í bæ eru einhverjir búnir að ganga frá þessu. Vinnuveitendasambandið er búið að tilnefna, ætli það tilnefni ekki svona 50 manns í stjórnir lífeyrissjóða vítt og breitt um landið á félagsfundi eða bara á stjórnarfundi í Vinnuveitendasambandinu. Verkalýðshreyfingin er með sínu háþróaða lýðræði, herra forseti, fulltrúalýðræði sem er gersamlega óumbreytanlegt í aldanna rás, búin að tilnefna fulltrúa sem mæta þarna á fundinn og kjósa stjórn.

Hinn almenni félagsmaður hefur sárasjaldan nokkur áhrif á þetta. Á því eru þó heiðarlegar undantekingar, þess verð ég að geta. Ég nefni Lífeyrissjóð verkfræðinga þar sem er raunverulegt lýðræði í dag og ég held að hjá Samvinnulífeyrissjóðnum sé það þannig líka. En þetta eru algerar undantekningar. Sjóðfélagar hafa yfirleitt engin áhrif á stjórnir lífeyrissjóðanna og ég hefði (**Gripið fram í:** ... hjá Íslandsbanka.) Hvað kemur Íslandsbanki þessu máli við, herra forseti? Ég skil ekki þessi frammíköll.

Hér er lögð fram tillaga um að komið verði á lýðræði í lífeyrissjóðunum og ég spyr hv. þingmenn sem umgangast kjósendur sína vítt og breitt um landið: Hafa þeir spurt sjóðfélaga sína hvernig hafi verið á síðasta aðalfundi? Hvern kaustu í stjórn hjá þínum lífeyrissjóði? Hafa þeir spurt þeirra spurninga? Hvernig var á síðasta aðalfundi? Er staða lífeyrissjóðsins góð? Hefur hann ávaxtað fé sitt vel? Kaustu nýja menn í stjórn eða ertu ánægður með störf stjórnarinnar? Ætli það yrði ekki frekar lítið um svör. Fæstir Íslendinga vita hver lífeyrissjóður þeirra er. Þeir vita það varla. Þeir eru skyldugir til að borga inn í þetta. Þetta er nánast eins og skattur. Oft er í alþjóðlegum samanburði rætt um hvort íslenska lífeyrissjóðakerfið sé ekki í rauninni opinbert kerfi og iðgjaldið í rauninni skattur. Það er alveg á mörkunum. Þetta er svona grátt jaðarsvæði.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir þessum þremur tillögum sem ég ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni flyt. Þá kem ég að síðasta liðnum sem er liðurinn um almannatryggingar. Það var það mikið verkefni að ég sá mér ekki fært að setja inn í þessar tillögur ákvæði um samspil lífeyrissjóðanna og almannatrygginga en það er verðugt verkefni og mjög brýnt. Það er mjög hastarlegt fyrir gamla fólkið að sjá allar þessar skerðingar sem eru í gangi hjá almannatryggingum og þegar fólkið fær hækkun upp á 4.000 kr. hjá lífeyrissjóðnum sínum eins og ég þekki dæmi um eru það 400 kr. sem skila sér til lífeyrisþegans. 90% fóru í að lækka lífeyri hjá almannatryggingum, 90% í skatt og til að lækka lífeyri hjá almannatryggingum í skerðingar hingað og þangað. Gamli maðurinn sem ég talaði við er mjög glöggur, hafði verið bókari og vissi nákvæmlega allt um þessi mál en botnaði ekkert í þessu. Ég fór í gegnum þetta. Ég er tryggingafræðingur, það er mitt starf, þetta er fag mitt. Ég skil þetta rétt á meðan ég les það. Þá skil ég það en svo man ég það ekki stundinni lengur og ég hugsa að það sé þannig með þá örfáu sem skilja almannatryggingalögin. Ég býst við að þannig sé með þá líka, þeir skilji það rétt meðan þeir lesa það og ekkert þar á milli. Þetta er orðið óheyrilega flókið skerðingakerfi og mjög brýnt að taka á því. Ég sá mér ekki fært, á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan frv. kom fram að taka á þessum vanda með brtt. Það kæmi inn á almannatryggingalöggjöfina líka þannig að hér er enn þá verk að vinna fyrir hv. Alþingi og ég legg til að menn taki á honum stóra sínum og leysi þetta vandamál með almannatryggingarnar og samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að koma inn á lögin frá 1974 sem segja í einni setningu að öllum launamönnum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir í reynd að manni sem vinnur einhvers staðar úti í bæ er gert að borga í lífeyrissjóð sem af tilviljun hefur í reglugerð sinni ákvæði um að starfsstétt mannsins skuli borga í þann lífeyrissjóð. Ekkert annað. Hann er ekki í stéttarfélagi og honum ber yfirleitt ekki skylda til þess að vera í stéttarfélagi en samt er honum gert að borga í þennan ákveðna lífeyrissjóð hvort sem hann vill eða ekki. Ég þekki mörg dæmi þess að menn hafi verið skyldaðir til að borga í handónýta lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðir eru ekki allir jafngóðir, ávöxtunin hefur verið mjög misjöfn, þeir hafa lent í áföllum vegna þess að það eru engin lög sem passa þá eða það sem ég gat um áðan að þeir eru með mismunandi gamla sjóðfélaga. Manni úti í bæ sem vinnur heiðarlega sitt starf er gert að borga í lífeyrissjóð og það er undir hælinn lagt hvernig staða þess lífeyrissjóðsins er. Staða sumra lífeyrissjóða er dúndrandi góð. Staða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nýtur þess að hafa veð í vösum okkar skattborgara. En aðrir lífeyrissjóðir verða að standast vegna iðgjalda sinna eingöngu og þar er staðan oft og tíðum ekki góð. Ég nefni Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð bænda svo eitthvað sé nefnt. Aðrir sjóðir standa vel, t.d. Söfnunarsjóðurinn og Lífeyrissjóður verslunarmanna sem hvor um sig inniheldur mjög ungt fólk og það skýrir stöðu þeirra. Þetta er eitt vandamálanna.

En þetta makalausa ákvæði frá 1974 sem var svo víkkað út 1980 svo það næði yfir alla sjálfstætt starfandi menn er alveg ótrúleg lagasetning, herra forseti, alveg ótrúleg lagasetning. Allir landsmenn eru skyldaðir til að borga í lífeyrissjóð án þess að nokkuð sé tekið á því hvort þeir lífeyrissjóðir geti borgað þann lífeyri. Eins vantar reglur um hvernig farið skuli með fé þeirra o.s.frv. Við höfum mjög stranga lagasetningu um banka, enn þá strangari um verðbréfafyrirtæki en hingað til höfum við haft mjög slaka lagasetningu um lífeyrissjóði og þetta frv. bætir úr því. Ég er því mjög fylgjandi þessu frv. þó á því séu þessir gallar. Ég hef nú flutt brtt. við flesta gallanna og ég mælist til að hv. þingmenn samþykki þessar brtt. og fallist á þau rök sem ég hef fært fyrir máli mínu.

[10:32]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi í ræðu sinni að fáir skildu ákvæði 2. gr. Ég held að þetta sé ofmælt því að það kom mjög skýrt fram í nefndarstarfinu að það væri valfrelsi um lífeyrissjóði svo fremi að launþeginn væri ekki í stéttarfélagi þannig að það var alveg kristaltært, hv. þm. Pétur Blöndal, að séu menn ekki í stéttarfélagi þá geta menn valið. Hættuna í þessu tel ég hins vegar vera að hér er verið að opna á það að þeir sem vilja una frelsinu, þeir sem vilja fá að vera frjálsir menn og ákveða sjálfir hvar sínum lífeyrissparnaði er fyrir komið, fari úr verkalýðsfélögum til þess að geta fallið undir þetta ákvæði. Í nefndarstarfinu kom líka fram að það er mjög sennilegt að núna fari einhver fyrirtæki að gefa út á geisladiskum eða prentaða ráðningarsamninga þar sem hvergi er vitnað til ákvæða þeirra ráðningarsamninga sem stéttarfélög gera. Þetta geta menn keypt, þess vegna í Pennanum eða hvar sem er, notað þetta sem sinn ráðningarsamning við sinn vinnuveitanda og þar með eru menn lausir undan því að þurfa að greiða í ákveðna lífeyrissjóði. Þar með eru menn frjálsir menn og þó að það sé gott að menn séu frjálsir hvað þetta varðar, þá er samt óeðlilegt að gera þetta með því að brjóta niður verkalýðshreyfinguna innan frá með þessu ákvæði. En það er hins vegar alveg ljóst að menn eru frjálsir ef þeir vitna ekki í sínum ráðningarsamningi í tiltekið stéttarfélag.

[10:34]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Margir gestir komu á fund nefndarinnar og ég spurði þessarar ágætu spurningar um ímynduð samskipti mín og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem var orðinn atvinnurekandi og bisnissmaður í huganum. Svörin sem ég fékk voru yfirleitt á þá lund að ég sem launþegi mætti velja mér lífeyrissjóð. En það var ein og ein rödd sem sagðist skilja þetta öðruvísi og ég hef lagt fram brtt. við þetta ákvæði vegna þessarar raddar sem skildi þetta öðruvísi. Ég vildi hafa þetta á hreinu. Alþingi Íslendinga á að sjálfsögðu að vanda sig við að setja lög þannig að þau leiði ekki til málaferla.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hvort þetta bryti niður verkalýðshreyfinguna þá getur það að sjálfsögðu átt sér stað nema menn sjái sér hag í því hjá verkalýðshreyfingunni og þannig á það líka að vera, hv. þm. Menn eiga að vera í verkalýðsfélagi ef þeir sjá sér hag í því en ekki vegna þess að þeir eru skyldaðir til þess. Ég reikna með því að verkalýðshreyfingin hafi eitthvað hlutverk. Ég býst við því og að menn muni vilja ganga í verkalýðshreyfinguna óþvingað og vilji ganga í þá lífeyrissjóði sem verkalýðshreyfingin rekur vegna þess að þeir séu samkeppnishæfir, hv. þm. Að sjálfsögðu er mjög auðvelt að stofna lífeyrissjóð og við hv. þm. Gunnlaugur J. Sigmundsson gætum stofnað lífeyrissjóð strax og þessi lög verða sett, sama dag, og byrjað að keppa við Lífeyrissjóð verslunarmanna.

[10:36]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið rétt að það komu fram einstaka raddir um að þessi túlkun á 2. gr. væri ekki eins og ég lýsti hér áðan, þetta ætti einungis að gilda um forstjórana, um yfirmennina. Það voru þessar einstöku raddir. Það var að vísu fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar sem hafði þessa skoðun. Ég er þessu alfarið andsnúinn, þ.e. að fólk sitji ekki við sama borð, að forstjórarnir búi við frelsi en launþeginn ekki. Það er algerlega andstætt minni hugsun og því sem ég trúi um frelsi einstaklingsins þannig að þessar einstöku raddir sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi að hafi komið fram á nefndarfundi, voru hjáróma því að ég efast um að það standist stjórnskipun okkar þjóðfélags að gera upp á milli forstjórans og launþegans með þessum hætti. Í mínum huga er þetta alveg tært. Ef menn ekki nota þá kjarasamninga sem verkalýðshreyfingin hefur gert við atvinnurekendur, ef menn gera sjálfir sinn samning, þá hafa þeir frelsi. Ef þeir hins vegar nota þessa samninga af því að þeir kjósa af einhverjum ástæðum að vera í stéttarfélagi, þá borga þeir, samkvæmt skilningi mínum og flestra sem komu á nefndarfundinn höfðu á 2. gr., í þann lífeyrissjóð sem tilheyrir viðkomandi grein en það hlýtur að vera grundvallaratriði að launþeginn og forstjórinn sitji við sama borð í þessum efnum.

[10:37]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess skilnings sem kom fram hjá einstaka gesti hv. efh.- og viðskn., þá hef ég lesið þessa grein og aðrar greinar í frv. og ég hef hvergi getað séð nein rök fyrir því að forstjórar eða stjórnendur fyrirtækja geti valið sér lífeyrissjóð en aðrir launþegar ekki þannig að ég hef ekki getað fallist á þau rök að þetta gildi frekar en hv. þm. Og ég tel, eftir þá yfirlegu sem átti sér stað í efh.- og viðskn., að allir geti valið sér lífeyrissjóð ef þeir ekki eru í stéttarfélagi, ef atvinnurekandi þeirra er ekki í atvinnurekendafélagi og ef ráðningarsamningurinn vísar ekki til kjarasamnings einhvers stéttarfélags, þá geti menn valið. Þetta opnar náttúrlega á geysilega mikla möguleika, hv. þm. Ég vil benda á það. Og það er hárrétt að verkalýðshreyfingin kann nú loksins að fá samkeppni eftir 20–30 ára hvíld á rósabeðum þar sem skylduaðild er að stéttarfélögum. Menn senda bara lögfræðing út í bæ til að innheimta iðgjaldið. Það er orðið prósenta af launum. Þeir senda lögfræðing til að innheimta félagsgjaldið sömuleiðis og þetta er orðið ákaflega þægilegt líf. Þetta eru orðnir embættismenn hjá öllum stéttarfélögunum og það er mjög miður. Ég held að stéttarfélögin hafi mjög verðugt verkefni en þau eiga að starfa þannig að fólk vilji vera í þeim og það er mjög mikivægt. Ég held að þetta frv. leiði til þess. Þetta eykur samkeppni hjá stéttarfélögunum.

[10:39]

**Ágúst Einarsson**:

Herra forseti. Loksins, loksins mundu kannski einhverjir segja þegar hillir undir almenna löggjöf um lífeyrissjóðsmálin. Eftir áratugavinnu, baráttu, frumvörp, nefndir, loksins í dag rétt fyrir jólin erum við að ganga frá þessari löggjöf. Þetta eru sennilega og án efa merkilegustu lög sem við afgreiðum á þessum þingi og ber að fagna alveg sérstaklega að lendingu skuli vera náð í þessu máli.

Við ræddum meginþætti þessa frv. ítarlega í vor og þá skarst í odda milli stjórnar og stjórnarandstöðu, milli stjórnarflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar. Deilan snerist einkum um hvernig verið væri að skipuleggja aðild að lífeyrissjóðum, tengdist skipulagi á vinnumarkaði og grundvallaratriðum í samtryggingarkerfi lífeyrissjóða. Þau mál var ekki hægt að leysa á vordögum þannig að ríkisstjórnin ákvað að setja þau í sérstakan vinnufarveg yfir sumarið, skipaði nefnd sem vann áfram að málinu með aðilum vinnumarkaðarins en stjórnarandstaðan sem slík kom ekki formlega að því. En vitaskuld var stjórnarandstaðan í nánu sambandi við verkalýðshreyfinguna allan þann tíma. Og ekki hefur

verið neinn skoðanamunur á afstöðu stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar í þessu mál.

Niðurstaðan, herra forseti, er sú sem birtist í þessu frv. og sem birtist raunverulega í því nefndaráliti sem efh.- og viðskn. leggur með þessu máli við 2. umr. og niðurstaðan birtist í brtt. efh.- og viðskn. Þar er kveðið á um og tekið á öllum þeim ágreiningsatriðum sem voru uppi í vor og má alveg segjast eins og rétt er að sjónarmið þau sem við héldum fram og sú umgjörð sem við töldum réttast að hafa á þessu máli, hafa náð fram að ganga. Verkalýðshreyfingin sem við höfum unnið í nánu samstarfi við hefur einnig fallist á þessa túlkun og verið mjög sátt við frv. eins og það er hér. En það ber að geta þess einnig sérstaklega að ekki einungis verkalýðshreyfingin heldur einnig vinnuveitendur hafa staðið saman að þessu skipulagi eins og það birtist hér í þessu frv. Málið er þeim vitaskuld skylt því að verið er að setja löggjöf sem nær til almennings, fólksins í landinu, nær til fólksins í verkalýðsfélögunum, nær til alls þorra launþega.

Ég sé ástæðu til, herra forseti, að gera sérstaklega að umtalsefni 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um aðild, greiðsluskyldu og greiðslufyrirkomulag lífeyrissjóðanna því að það var sú grein sem var hvað erfiðust í úrvinnslu bæði í vor og í sumar í hv. efh.- og viðskn. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að lesa upp 2. gr. né athugasemdir við hana en ég sé sérstaka ástæðu til þess að vitna skýrt í nefndarálit hv. efh.- og viðskn. þar sem tekið er á ákvæðum 2. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin skoðaði sérstaklega athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Af því tilefni vill nefndin árétta þann skilning á ákvæði 2. gr. að þótt viðurkennt sé að höptrygging lífeyrissjóðanna sé mikilvæg forsenda núverandi réttindaávinnslu og vandséð á hvern veg henni yrði náð með einstaklingsbundinni aðild að sjóðunum er grundvöllur að starfsemi lífeyrissjóðanna ekki við það bundin að þvinga sjálfstætt starfandi menn til þátttöku. Þá er það einnig skilningur nefndarinnar með hliðsjón af ákvæði 2. gr. að starfi einstaklingur án þess að ráðningarbundin starfskjör hans grundvallist að nokkru leyti á kjarasamningi þá sé hann óbundinn af aðild að tilteknum lífeyrissjóði. Þetta er áréttað vegna þess að í athugasemdum við 2. gr. er orðalag aðeins ööruvísi."

Herra forseti. Hér er kveðið mjög skýrt að orði af hálfu nefndarinnar hvernig ber að skilja þessa grein. Þetta kemur til viðbótar lagatextanum sjálfum. Þetta kemur til viðbótar athugasemdunum í frv. og síðan kemur hér á alveg ótvíræðan hátt skilningur nefndarinnar við afgreiðslu þessa máls. Það er því enginn vafi við þessa útfærslu á frv. hvernig ber að skilja tiltekna þætti. Það hefur verið skilgreint mjög skilmerkilega í frv., í athugasemdunum, áréttað og gert enn skýrar í nál. og kom mjög skýrt fram þegar talað var fyrir málinu við 1. umr. og endurspeglaðist einnig í málflutningi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem gerði grein fyrir áliti efh.- og viðskn.

Þetta frv. tekur ekki einungis á aðild, greiðsluskyldu og öðru slíku heldur er það heildarlöggjöf um lífeyrissjóðina, tekur á eftirliti, skipulagi, fjárfestingarstefnu, skilyrðum fyrir lífeyrissjóðsrekstri, ársreikningum, endurskoðun, umsjón og með hvaða hætti lífeyrissjóðir aðlagi sig að þessari breyttu löggjöf. Þetta frv. tekur á öllum þáttum lífeyrissjóðakerfisins.

Við vitum, herra forseti, að okkar lífeyrissjóðakerfi sem byggt er á samtryggingu, sjóðsöflun og skylduaðild hefur reynst mjög vel og er talið hafa sterkari stöðu en velflest lífeyrissjóðakerfi í nágrannalöndunum. Það er mjög ánægjulegt að hér skuli vera kominn góður, skynsamlegur rammi um þennan mikilvæga þátt sem er grundvallaratriði í lífi sérhvers manns, þ.e. að lífeyrisréttur og lífeyrisgreiðslur séu tryggðar á skynsamlegan hátt. Það er gert í þessu frv. Við í stjórnarandstöðunni stöndum heils hugar að frv. Lagðar hafa verið fram af tveimur hv. þm. nokkrar brtt. Við teljum þær ekki vera til bóta og leggjumst gegn þeim. Við fögnum því að frv. komi fram með þessu móti. Það er einnig ánægjulegt að sátt skyldi nást um málið við þá aðila sem tengjast því. Það er alltaf skemmtilegra að mál séu ekki afgreidd í ágreiningi, og óvanalegt að það skuli vera. Tekist var á um hinn pólitíska ágreining í vor. Ég lít svo á, herra forseti, að okkar sjónarmið hafi náð fram að ganga. Við höfum unnið ákveðinn pólitískan sigur í þessu máli frá vordögum og það ber að halda því til haga en ég vil ekkert gera meira úr því og fagna því að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli standa að málinu á þennan hátt.

Ég sé ástæðu til, herra forseti, að geta sérstaklega um þátt formanns hv. efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, sem hefur stýrt þessu máli einstaklega farsællega, bæði á síðasta þingi og einnig með nefndarskipan í sumar. Þó að oft hafi hvesst á milli okkar um málið, þá breytir það því ekki að honum tókst að leiða menn til samstöðu og stýrði vinnu nefndarinnar einstaklega farsællega. Það ber að þakka fyrir vel unnin störf þegar menn eiga það skilið og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson á skilið hrós fyrir vinnu sína. Reyndar gildir það almennt um alla efh.- og viðskn. sem hefur unnið að málinu mjög lengi. Umræður í nefndinni hafa verið mjög málefnalegar og þar er samansafn af miklum fróðleik um lífeyrissjóðsmál. Ekki er alltaf samstaða um öll mál, fyrr mætti nú vera, en samstaða náðist um þetta mál. Ég vek athygli á því að öll efh.- og viðskn. stendur að þessu áliti. Fyrirvari kemur fram hjá tveimur hv. þingmönnum sem flytja brtt. og hafa skýrt mál sitt hvað þá þætti varðar. Ég hef lýst skoðun minni á þeim brtt. en ég legg áherslu á það að lokum, herra forseti, að málið er skýrt. Það er ekkert óljóst varðandi málið. Það hefur verið lagt fram af hálfu fjmrh. og í umræðunni kom fram að í frv. sjálfu, í athugasemdum, í nefndarstarfinu, í áliti nefndarinnar er ekkert í mínum huga óljóst varðandi þetta mál og ég fagna þessu frv. Mér finnst þetta vera gleðidagur fyrir launþega í landinu að nú skuli loksins eftir áratuga bið vera afgreidd heildarlöggjöf um lífeyrissjóðsmál og ég fagna því sérstaklega að hún skuli vera gerð með þessum hætti og útfærð eins og gert er í frv. og með brtt. hv. efh.- og viðskn.

[10:51]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Það er aldeilis að hv. þm. Ágúst Einarsson er kominn í jólaskap. Það var ekkert nema gleðin og hátíðin sem lýsti úr orðum hans og væri nú betra að slík gleði og hátíð væri oftar uppi þegar menn starfa í efh.- og viðskn.

Það mál sem við höfum til umfjöllunar er frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ég hef ýmsar athugasemdir við þetta mál en hluti af þeim snýst um málsmeðferðina, þ.e. hvernig staðið hefur verið að vinnslu þessa máls og hvernig Alþingi hefur komið að því. Mér finnst virðingu Alþingis vera stórlega misboðið þegar við skoðum hvernig unnið hefur verið að þessu máli.

Þegar þetta mál, sem samið er af einhverjum mönnum úti í bæ, kom inn í þingið var ljóst að það mátti engu breyta. Skilaboðin yfir í efh.- og viðskn. voru þau að ekkert mátti eiga við þetta frv., ekkert sem neinu máli skipti því að það mundi raska því samkomulagi sem gert hefði verið við menn

úti í bæ. Mér finnst virðing Alþingis orðin lítil þegar hægt er að gera samkomulag úti í bæ og skipa síðan þingmeirihlutanum, 61 þingmanni væntanlega, að hlýða því sem einhverjir hagsmunaaðilar úti í bæ ákveða að skuli gilda fyrir þjóðina alla. Hvert er hlutverk Alþingis orðið í lagasetningunni þegar hægt er að semja um hvernig málum eigi að skipa á klíkufundum úti í bæ og flytja það svo hér í krafti meiri hluta sem væntanlega er upp á 61 þingmann?

Síðan bætir enn í þegar stórmáli eins og þessu er skotið inn á lokadegi þingsins fyrir jól, væntanlega til að koma í veg fyrir að það fái eðlilega umfjöllun í þingsal, skotið inn á laugardagsmorgni þegar allir vita að þingið er í tímaþröng að ljúka sínum málum eftir að menn hafa eytt klukkutíma eftir klukkutíma í að tala um lítilsverðari mál í liðinni viku.

Ég flyt brtt. við þetta frv. þó að ég standi að frv. í heild. Ég flyt þær með hv. þm. Pétri Blöndal. Það er líka íhugunarefni fyrir þetta þing og fyrir starfshætti þingsins að eini þingmaðurinn sem hefur einhverja menntun til að fjalla um málefni lífeyrissjóða, Pétur Blöndal tryggingastærðfræðingur, var ekki hafður með í ráðum þegar verið var að semja þetta lagafrv. Fyrir þá sem ekki vita, þá ætla ég að segja mönnum það að tryggingafræði og tryggingastærðfræði er einhver erfiðasta námsgrein sem hægt er að fara í gegnum. Þær eru ekki margar erfiðari og ég efast um að margir þingmenn af þessum 63 hefðu komist í gegnum það nám sem Pétur Blöndal hefur farið í gegnum sem tryggingastærðfræðingur. Ég leyfi mér að efast um það, með fullri virðingu fyrir hv. þingmönnum, að margir hefðu klárað það nám. Ég veit að þeir eru til en þeir eru ekki margir. Ef ekki er hægt að nota þekkingu slíkra manna sem hafa menntað sig til sérgreina sem verið er að fjalla um, þá finnst mér illa komið fyrir þjóðþingi Íslendinga. Þess vegna leyfi ég mér að hlusta meira á það sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur fram að færa í lífeyrissjóðsmálum en margur annar þingmaðurinn sem þó kemur oft upp í ræðustól og talar mikið og fjálglega en sveiflast síðan eftir því hvort málin varða ASÍ eða eitthvert annað afl í þjóðfélaginu.

Það hefur líka valdið mér vonbrigðum að sjá afstöðu sumra félaga minna sem á síðasta kjörtímabili fluttu frv. um lífeyrissjóði, góð frv. um frelsi í lífeyrissjóðamálum og um stjórnir lífeyrissjóða, að sjá þá ágætu félaga mína skipta um skoðun rétt eins og menn skipta um föt, eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Slík vinnubrögð finnst mér að hljóti að vera erfitt að ástunda og þau eru alla vega ekki trúverðug.

Við fengum ekki marga gesti í nefndina. Þeir sem komu tilheyrðu flestir klúbbnum sem stóð að því að semja frv. úti í bæ. En við fengum bréf og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna til tveggja bréfa og fá að lesa upp úr þeim. Fyrra bréfið er frá Sambandi ísl. tryggingafélaga. Þar segir svo:

„Frumvarpið hefur tekið breytingum frá því að afgreiðslu þess var frestað sl. vor. Er sumt til bóta en annað orkar tvímælis frá sjónarhóli þeirra sem vilja sjá raunverulega aukið valfrelsi í lífeyrismálum landsmanna. Verður ekki betur séð en frumvarpið geri skylduaðild að lífeyrissjóði enn afdráttarlausari en áður og skuli nú ríkisskattstjóraembættinu beitt til að fylgja þeirri kvöð aftir samanber 6. gr. frumvarpsins.

Samskipti einstaklinga og lífeyrissjóða eru einkaréttarlegs eðlis en ekki af opinberum toga. Af þeirri ástæðu er vafasamt hvort og þá í hvaða mæli stjórnvöld eigi beinlínis að hafa eftirlit með framkvæmd samskipta að þessu leyti."

Þarna er ég, herra forseti, að vitna til bréfs frá Sambandi ísl. tryggingafélaga. Síðan langar mig að vitna til bréfs frá Verslunarráðinu þar sem segir, með leyfi herra forseta:

„Það er stefna Verslunarráðs Íslands að valfrelsi og samkeppni eigi að gilda á sviði lífeyrismálanna sem og annars staðar í þjóðfélaginu. Verslunarráðið hefur ítrekað bent á að greina verði á milli skyldugreiðslna í lífeyrissjóði og skyldugreiðslna til ákveðinna lífeyrissjóða. Hið fyrrnefnda felur í sér að öllum verði gert skylt að leggja til hliðar til elliáranna og til þess að mæta ófyrirsjáanlegum áföllum án þess að verða sviptir þeim sjálfsögðu mannréttindum að fá að velja sér lífeyrissjóð. Jafnframt leiðir það til samkeppni á milli lífeyrissjóða sem hefur í för með sér að stjórnendur sjóðanna búa við virkt aðhald sjóðfélaga."

Ég tel að það væri betur ef þessi sjónarmið sem koma fram í þessum tveimur bréfum hefðu verið höfð að leiðarljósi í umfjöllun um þetta mál í þinginu. Mér finnst forræðishyggjufólk og forræðishyggja á hinu háa Alþingi enn þá býsna sterk þó komið sé fram undir lok þessarar aldar. Ég minnist þess — ég held að það hafi verið á árinu 1978 — er ég var um tíma framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum. Þegar ég kom að því fyrirtæki hafði sá háttur viðgengist að laun þeirra sem þar störfuðu voru lögð inn á reikninga viðkomandi hjá hinu ágæta fyrirtæki kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi. Ég tók að borga launin beint út til viðkomandi starfsmanna. Athugasemdir voru gerðar við þetta frá ágætisfólki sem stýrði þessu kaupfélagi. Það taldi að með þessu móti væri hætta á því að launþeginn kynni ekki fótum sínum forráð, hann mundi bara eyða sínum peningum. Það væri miklu betra að launin væru lögð inn á reikning í kaupfélaginu.

Það sýndi sig auðvitað að íbúar Austur-Barðastrandarsýslu kunnu vel að sjá fótum sínum forráð, þeir kunnu að fara með sitt kaup. Ég hef síðan séð þessa forræðishyggju og kallað hana með sjálfum mér „kaupfélags-syndrome". Ég verð að segja það alveg eins og er að mér blöskrar þegar ég verð þess áskynja að allt að því 61 þingmaður, a.m.k. 60 þingmenn eru haldnir þessu „kaupfélags-syndrome". Ég ætla að vísu að undanskilja hæstv. forsrh. því að ég tel að með því frv. sem hann hefur nýverið lagt fram um eftirlitsstofnanir sýni að forræðishyggjan sé ekki ofarlega í hans huga.

Ég flyt ásamt hv. þm. Pétri Blöndal brtt. við 1. gr. frv. og tillaga okkar hljóðar svo:

„Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingarvernd eru eign rétthafa."

Nú spyr ég: Er mögulegt að vera á móti því að ítreka það að lífeyrissjóðir séu eign sjóðfélaga sinna? Við fáum úr þessu skorið eftir hádegið. Þá fáum við að sjá hversu margir af 63 þingmönnum vilja segja þjóðinni að þeir telji að sá sparnaður einstaklinganna sé ekki þeirra eign. Það fáum við að sjá á eftir. Við fáum að sjá hvort t.d. hv. þm. Ögmundur Jónasson, fulltrúi borgarastéttarinnar, formaður BSRB, telur að sitt fólk eigi þessa sjóði eða hvort það séu stéttarfélögin og atvinnurekendur sem eigi þessa sjóði, fari með þetta vald og síðan af miskunn sinni útdeili þessum peningum til þeirra sem hafa lagt fram það fé. Við fáum að sjá þetta á eftir. Við fáum að sjá hvort hv. þm. Ágúst Einarsson, þingmaður Alþfl. núna, sem talaði mjög vel um þetta frv. áðan, er þeirrar skoðunar að alþýða þessa lands eigi þessa sjóði eða hvort Grandi eða einhver slík fyrirtæki eigi þá. Það kemur allt í ljós eftir hádegið og ég vona að almenningur í landinu fylgist

vel með því hvernig þingmenn bregðast við þessari brtt. sem varðar það að ítreka að sjóðfélagar eiga lífeyrissjóðina.

Stóra málið hins vegar, eins og komið hefur fram í morgun, er 2. gr. í frv. Þar hefur komið fram að skilningur manna er sá að menn geti losnað undan skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði með því að segja sig úr verkalýðsfélögum, með því að semja um það við sinn vinnuveitanda að gera við hann sérstakan kjarasamning. Nú er það ekkert mjög flókið fyrir einstaklinga að gera sérstaka kjarasamninga þannig að ég er alveg sannfærður um að það sem hér mun gerast á eftir er að öll minni fyrirtækin, fyrirtæki með 10, 15 og upp í 20 manns munu með tímanum gera sérstaka kjarasamninga við sitt starfsfólk þar sem hvergi verður vísað til ákvæða í stéttarfélögum. Þetta þýðir það að menn mega velja hvert peningar þeirra, lífeyrissparnaður rennur. Þó að ég sé því fylgjandi að menn eigi þetta val, þá er ég því ekki fylgjandi að brjóta niður verkalýðshreyfinguna með þessum hætti. Ég tel þetta lymskulegt bragð sem verkalýðshreyfingin hefur þarna fallið á, að láta narra sig út í þessa leið. Valfrelsið er gott en verkalýðshreyfingin á vissulega fullan rétt á sér og það á ekki að brjóta hana niður innan frá. Eftir sitja síðan stóru fyrirtækin sem nota þá kjarasamninga, stundum kallaðir hampiðjusamningar eða eitthvað slíkt, þ.e. láglaunafólkið sem verst er statt situr uppi með að eiga ekkert val en hinir eiga val. Þeir geta bjargað sér og þannig mun verkalýðshreyfingin með tímanum aðeins verða málsvari þeirra sem allra verst standa í þjóðfélaginu en ég tel að það sé af hinu slæma. Verkalýðshreyfingin á að geta sýnt breidd og við eigum ekki að brjóta hana niður með þessu móti. En úr því sem komið var, úr því að búið var að taka út valfrelsið þá er í sjálfu sér ekkert annað að gera en styðja þessa grein eins og hún stendur þarna, enda er vitnað til þess að þetta sé gert með fullu samþykki verkalýðshreyfingarinnar.

Í 6. gr. er mjög sérstakt ákvæði. Þar er ríkisskattstjóra falið að hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til og hafi tryggingaskyldu ekki verið sinnt, þá ber ríkisskattstjóra að ákvarða iðgjald samkvæmt því sem nánar er síðan lýst í greininni. Herra forseti. Eru engin takmörk fyrir því hvað hægt er að velta yfir á þetta blessaða ríkisvald í útgjöldum? Eru engin takmörk fyrir því? Af hverju dettur engum í hug að ef menn eru að setja þá kvöð á ríkisvaldið að fylgjast vel með þessum þætti, þá eigi lífeyrissjóðirnir að greiða fyrir það? Af hverju er ekkert um það hér, ekki stafkrókur? Og ef menn eru komnir á þessa forræðishyggjuleið yfir höfuð, af hverju erum við þá að rétta launþeganum launaumslagið? Ríkisskattstjóri gæti tekið að sér að halda eftir afnotagjöldum fyrir útvarp og sjónvarp og ríkisskattstjóri gæti tekið að sér að halda eftir þessum föstu útgjöldum heimilanna eins og fasteignagjöldum og orkuveitunni, rafmagni og hita. Þetta væri í sjálfu sér miklu þægilegra fyrir okkur öll að vera ekkert að fara sjálf með okkar kaup heldur bara láta ríkisvaldið um þetta, láta ríkisskattstjóra um að sjá til þess að við borgum slíkar skuldir og í besta falli að senda okkur þessar krónur sem þá eru eftir þegar búið er að borga þessi föstu gjöld. Ef þetta er á annað borð stefnan sem menn almennt vilja fara að ríkið og ríkisstofnanir séu með nefið niðri í hvers manns koppi.

Það ber að geta þess sem gott er. Í 7. gr. frv. er jákvæð breyting. Þar er tekið á því með ákveðnum hætti hver skuli vera eindagi lífeyris- eða iðgjaldatímabils. Það hefur verið þannig að flestir lífeyrissjóðir hafa til þessa umgengist ákvæði um dráttarvexti og eindaga með nokkurt réttlæti í huga og hafa a.m.k. umgengist þetta með þokkalegri sanngirni. En það eru þó til lífeyrissjóðir sem hafa verið mjög miskunnarlausir í að beita dráttarvöxtum á launagreiðendur strax nánast á fyrsta degi frá gjalddaga en nú er tekið á þessu með jákvæðum hætti, að eindaginn er skilgreindur og það er af hinu góða.

Ég og hv. þm. Pétur Blöndal gerum brtt. við 18. gr. þar sem við leggjum til að reiknuð sé út hlutdeild sjóðfélaga í hreinni eign sjóðs til greiðslu lífeyris. Ég tel mjög gott að einstaklingurinn fái að vita hvað mikið er til í sjóðnum til að mæta lífsviðurværi viðkomandi sjóðfélaga þegar kemur að töku eftirlauna. Mér er algerlega óskiljanlegt af hverju ekki var hægt að fallast á það í efh.- og viðskn. að sjóðfélaginn fái að vita hver hlutdeild hans sé í hreinni eign til greiðslu lífeyris. Eina skýringin á því að ekki sé hægt að taka þetta inn er sú að það mátti ekki hreyfa við einu eða neinu vegna þess að klúbburinn hafði samið um þetta. Klúbbur atvinnurekenda og launþega sem setur upp fyrir okkur ... (**Gripið fram í:** Verkalýðs...) Verkalýðsrekendanna. Það er þessi klúbbur sem setur upp fyrir okkur árlega leiksýningu sem kemur í sjónvarpinu. Þar sjáum við þetta lið rölta um með kaffibolla og kleinu í hendinni, þungbúið á svip, láta sem svo að menn séu í hörkurifrildi að semja um kaup og kjör en þegar þeir síðan mæta saman fyrir þingnefndum þá er þetta eins og geirneglt lið, geirneglt í sömu afstöðunni þar sem þeir hafa samið um sjálfir úti í bæ, því skal þröngvað upp á alla alþýðu manna og upp á Alþingi. Þá gengur ekki hnífurinn á milli þrátt fyrir alla leiksýningu með kaffibolla og kleinum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að ákvæði í 21. gr. frv. þar sem segir að að jafnaði skuli minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti í samræmi við tryggingafræðilega athugun. Og þingmaðurinn spurði vegna bréfs sem þinginu barst frá Lífeyrissjóði Bolungarvíkur hvort þetta þýddi það að þar sem sá sjóður hefur ekki 800 sjóðfélaga, en stendur vel, mætti ekki starfa. En eins og formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, gat um í svari við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þá er óskipt ákvæði í 21. gr. sem segir að ef sjóðurinn tryggir áhættudreifingu með öðrum hætti og í samræmi við tryggingafræðilega athugun, þá getur þessi sjóður starfað þó að hann hafi ekki 800 sjóðfélaga. Þetta þýðir að vísu aukin útgjöld fyrir þennan sjóð og alveg ljóst að menn eru með þessu ákvæði að reyna að ýta lífeyrissjóðum saman í stærri heildir en engu að síður er það opið að hægt er að bjarga sér með því að kaupa tryggingu með því að leita yfir í frelsið, með því að leita til einkafyrirtækja sem munu veita þessa tryggingu. Þannig er þá komið að þeir lífeyrissjóðir sem þannig er ástatt um, þ.e. að þeir hafi ekki nógu marga sjóðfélaga, þurfa að leita á náðir tryggingafélaganna.

Við 29. gr. flytjum við, ég og hv. þm. Pétur Blöndal, brtt. 29. gr. er í VI. kafla og lýtur að rekstri og innra eftirliti lífeyrissjóða. Okkar brtt. lúta að því að undirstrika að félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Á þessu er ekkert tekið í frv. Menn eru að dásama það að loksins sé komið heildarfrv. til laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða, um lífeyrissjóði í heild. Hvernig í ósköpunum er hægt að standa hér upp og tala fyrir þessu frv. og dásama það, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson hefur gert, vitandi það að í frv. er ekki stafkrókur um hvernig eigi að kjósa stjórn í lífeyrissjóð, ekki stafkrókur um það hver fari með æðsta vald

í málefnum lífeyrissjóðs. Ekki eitt orð. Ég veit ekki hvað mönnum þætti um hlutafélagalöggjöfina ef þar væri ekki tekið á því hvernig ætti að kjósa stjórn, hvernig tekið væri á atkvæðisrétti og ársfundum. Brtt. mín og hv. þm. Péturs Blöndals er svohljóðandi og ég held ég leyfi mér að lesa hana:

„Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $^1/_{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

Aðili sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Ársfund skal halda árlega í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með beinum hætti á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir aðalfund ef kosning á aðalfundi er óframkvæmanleg."

Herra forseti. Þetta var brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals og mín við 29. gr. Ég ítreka það að ég skil ekki hvernig menn geta réttlætt það fyrir sér, jafnvel lærðir menn í rekstrarfræðum sem vita heilmikið um hlutafélög og hvernig ársfundir og stjórnir starfa, og ég vísa til hv. þm. Ágústs Einarssonar sem veit heilmikið um þessi mál, ég skil ekki hvernig slíkir menn geta mælt með því að þingið afgreiði lagabálk eins og þennan án þess að víkja einu orði að félagsfundi, að atkvæðisrétti, að ársfundi, að launum stjórnarmanna. Eina skýringin sem ég hef er sú að klúbburinn, atvinnurekenda- og verkalýðshreyfingaklúbburinn hefur bannað að nokkuð skuli átt við þetta, hann hefur bannað að Alþingi Íslendinga hreyfi við því sem honum er ekki þóknanlegt. Af hverju eru þeir að banna þetta? Þeir menn, klúbbaðilarnir, fara með stjórn þessara sjóða. Þeir skipta þessu bróðurlega á milli sín. Það eru þeir sem taka þau laun fyrir stjórnarsetuna sem ekki má fjalla um hér. Það eru þeir sem fara með þau völd og þeir vilja ekki missa þessi völd. Þeir vilja ekki missa þau völd sem launþegarnir eiga með réttu og kemur atvinnurekendum ekki við. Þessir menn vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera, en þingmennirnir sem greiða því atkvæði að afgreiða þennan lagabálk án þess að fjalla um slíka hluti, eru annaðhvort ekki sammála mér og hv. þm. Pétri Blöndal um að almenningur, launþegarnir, eigi þennan rétt eða þeir skilja ekki málið, það er annað hvort. Því miður kemur víst ekki fram í atkvæðagreiðslunni hjá þeim þingmönnum sem munu vafalaust fella brtt. mína og hv. þm. Péturs Blöndals á eftir hvort þetta er skilningsleysi eða vilji þeirra til að viðhalda völdum atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar. En ég er alveg sannfærður um að með tímanum mun það gerast að þau völd færast til þeirra sem eiga þessa sjóði. Það er aðeins verið að reyna að stöðva ferli sem verður ekki stöðvað og ég að vísu vona að það taki ekki allt of langan tíma.

Úr því að hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur, þá er rétt að þakka fyrir það að í ákvæði til bráðabirgða segir að á árinu 2001 skuli fjmrh. láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í sameiningu lífeyrisréttnda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Ég ítreka — enda er það eitt af markmiðunum, segir hér, að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Ef það er eitt af markmiðunum, af hverju er þá ekki hægt að gera það skýrar strax? Skýringin sem okkur er gefin er sú að það sé klúbbfélögunum ekki þóknanlegt, í Garðastrætinu og Grensásvegi, þeim ekki þóknanlegt. Og ég spyr: Var borgaralega klúbbnum, BSRB, boðin aðild að að þessum klúbbi? Ég man ekki hvort þeir voru með í þessari nefnd, ég efast um það þó að vissulega hafi þeir ekkert minni ástæðu til að vera þar en Grensásvegarklúbburinn. En ég sé ekki að þeir menn sem sömdu þetta frv. sem er til umfjöllunar núna, þeir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem var formaður nefndarinnar, Baldur Guðlaugsson hrl., Geir Magnússon, forstjóri Olíufélagsins, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Steingrímur Arason, aðstoðarmaður fjmrh., Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ og Örn Gústafsson, viðskiptafræðingur og fyrrum starfsmaður VÍS eða Vátryggingafélags Íslands ... (**Gripið fram í:** Það er nú frjálst.) Það félag? (Gripið fram í.) Nei, það er ekki frjálst félag, það er í eigu ríkisfyrirtækisins Landsbankans og síðan þess anga af klúbbnum sem hefur fengið sitt fram hér með sérákvæðum sem er Samvinnulífeyrissjóðurinn. Og úr því að hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr um hlut kaupfélagsveldisins, sem núna er orðið að hlutafélögum vítt og breitt um landið, í þessu, þá hef ég furðað mig á því af hverju þarf sérákvæði um lífeyrissjóð fyrir þá sem vinna hjá þessum félögum. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki af hverju sérlífeyrissjóð þarf fyrir þá sem vinna hjá fyrrum sambandsfélögum. Ég veit ekki hvort einhver getur útskýrt það fyrir mér. Ég veit ekki hvort hv. þm. og félagi minn Pétur H. Blöndal getur útskýrt það af hverju þarf sérsjóð fyrir þá sem afgreiða bensín hjá t.d. Esso, að þeir skuli vera í öðrum lífeyrissjóði en þeir sem afgreiða bensín hjá Shell eða Olís. En svona er nú þessi frumskógur, svona er nú þessi klúbbur. Hann skiptir þessu bróðurlega á milli sín með stuðningi fulltrúa alþýðunnar á þingi. Þeir sem hafa sjálfskipað sig sem fulltrúa alþýðunnar, það eru þeir þegar á reynir sem mest standa vörð um hagsmuni þeirra sem fara með völdin í þjóðfélaginu, klúbbsins, ASÍ/VSÍ. Það er nú bara svona sorglegt. Hv. þingmenn standa hér upp trekk í trekk í allan vetur og tala um málefni lítilmagnans í þjóðfélaginu. En þegar kemur að því raunverulega að láta alþýðu manna fá þau völd sem eiga sem fylgja því að fara með fé í lífeyrissjóðum, þá hlaupa þessir hv. þm. allir undir borð, passa sig að rugga nú ekki bátnum því stóri bróðir, klúbburinn, ASÍ/VSÍ hefur ákveðið annað.

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þær brtt. sem ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal flytjum verða ekki samþykktar. Ekki það að ég sé ekki sannfærður um ágæti þeirra heldur hitt að það er nú svo með meiri hluta oft og

tíðum — og ég leyfi mér að vitna til þess að við vorum um daginn að fjalla um þáltill. um Goethe-stofnun. Goethe hefur sagt mjög marga merka hluti. Þar með hefur hann tjáð sig um meiri hlutann og ég vil skora á þá þingmenn sem hafa aðstöðu til að þegar þeir koma heim fari þeir í bókaskápinn sinn og fletti upp á því sem Goethe segir um meiri hlutann. Ég ætla reyndar að hlífa þingheimi við að fara með hvað Goethe segir um meiri hlutann. Ef ég hefði farið með það hér þegar menn fjölluðu um þáltill. um Goethe-stofnun, þá hefðu menn talið þetta mjög merk ummæli Goethes og sýnt hversu djúpvitur sá ágæti maður var, en ef ég færi að fara með þau núna þá teldist það vafalaust móðgun við Alþingi og meirihlutaviljann á Alþingi. Það verður því að sýna þá visku í málinu að flytja ekki hvað Goethe sagði um meiri hlutann, en ég bið hvern og einn þingmann sem hefur látið geirnegla sig í þessu máli að fletta nú upp þegar þeir koma heim hvað Goethe segir um hvernig meiri hluti myndist. Í stuttu máli fjallar það um að það eru tiltölulega fáir sem vísa veginn en margir sem fylgja án þess að vita hvert þeir eru að fara.

[11:24]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að þetta frv. kynni að grafa undan verkalýðshreyfingunni. Ég er með eina litla einfalda spurningu til hans. Telur hann að félagsfólk verkalýðsfélaga vilji ekki vera í verkalýðsfélaginu sínu?

[11:24]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt er: Vill fólk vera í verkalýðsfélaginu sínu? Ég held að ekki sé til neitt einfalt svar við því. Ég er alveg viss um að það eru til mörg verkalýðsfélög sem fólk vill vera í en það eru líka til stéttir og margar stéttir þar sem fólk hefur ekki þessa sömu tilfinningu fyrir sínu félagi. Mér er það minnisstætt þó að ég vilji viðhalda verkalýðshreyfingunni og telji að hún eigi hlutverk, þá er mér það minnisstætt þegar ég heyrði tvo verkalýðssinna óska hvor öðrum til hamingju með 1. maí. Ég hef aldrei skynjað 1. maí öðruvísi en sem 1. maí, en ég skynjaði þann dag í huga þessara manna sem gleðidag og eitthvað sem var þess virði að fagna. Það ber auðvitað að virða það þegar menn vilja vinna þannig með sínu félagi, þegar menn raunverulega trúa því að þeir hafi hag af því að vera í stéttarfélagi.

Ég held ég megi segja að ég hafi aldrei verið í stéttarfélagi nema á námsárum mínum. Ég fékk ekkert út úr því. En ég get alveg skilið að aðrir vilji vera í stéttarfélögum og mér finnst að þeir eigi að fá að vera það og að ekki eigi að brjóta stéttarfélögin niður eða hvetja til þess að brjóta þau niður með þeim hætti sem gert er þegar þingið er búið að samþykkja 2. gr. frv. sem við erum að fjalla um.

[11:26]

**Vigdís Hauksdóttir:**

Hæstv. forseti. Ekki eru mörg ár síðan lífeyrissjóðakerfið virtist ekki geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart umbjóðendum sínum. Margir lífeyrissjóðir voru starfræktir smáir í sniðum með tiltölulega fáa sjóðfélaga, aðrir stærri sem gátu staðið við skuldbindingar sínar. Þetta leiddi til þess að lífeyrissjóðum fækkaði og þeir sameinuðust. Í byrjun mars 1997 voru starfræktir 66 lífeyrissjóðir en af þeim taka 10 sjóðir ekki við iðgjöldum. Samtryggingarsjóðir eru alls 54 og starfa 35 án ábyrgðar launagreiðenda og 19 með ábyrgð launagreiðenda. Séreignarsjóðir eru 13.

Með tilkomu séreignarsjóðanna breyttist allt umhverfi lífeyrissparnaðar til muna. Sterk umræða hafði átt sér stað í þjóðfélaginu og aukin krafa var um meira valfrelsi og frjálsræði í þessum veigamesta sparnaði hvers einstaklings. Í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr kom skýrt fram að treysta skyldi starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins og sérstök áhersla skyldi lögð á að finna leiðir til að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði, innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Stefnuyfirlýsingin vakti vonir um að loks yrði stigið veigamikið skref í frjálsræðisátt til handa sjóðfélögum til að velja sér lífeyrissjóð og til að ákveða hvort hluti iðgjalds skuli ganga til myndunar séreignar.

Hæstv. fjmrh. lagði síðan fram frv. í byrjun apríl sl. sem lokaði á alla starfsemi séreignarsjóða. Víðtæk andstaða var við frv. sem leiddi m.a. til þess að samtök áhugafólks um lífeyrissparnað var stofnað á fjölmennum fundi í Reykjavík. Um 12 þúsund manns greiða nú lífeyrissparnað sinn til séreignarsjóða og fannst þessu fólki mjög að sér vegið. Markmið samtakanna er að vinna að því að auka lífeyrissparnað og frelsi í lífeyrismálum og beita sér fyrir því að skattalegt umhverfi sé með þeim hætti að það hvetji til öflugs lífeyrissparnaðar. Hv. efh.- og viðskn. tók við málinu og var falið að leita málamiðlunar sem flestir gætu sætt sig við.

Í kjölfarið skipaði hæstv. fjmrh. nefnd til að yfirfara drög að frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Víðtæk sátt náðist í nefndinni og opnað er fyrir það á nýjan leik að séreignarsjóðir gætu starfað áfram sem fullgildir lífeyrissjóðir og að skilgreind lágmarkstryggingavernd gæti byggst á samtryggingu og lífeyrissparnaði. Þótt flestir hefðu kosið að frv. fæli í sér meira frelsi en raun ber vitni er það yfirlýst markmið frv. að auka valmöguleika sjóðfélaga samanber ákvæði til bráðabirgða II sem ég vil leggja á þunga áherslu að ekki týnist í umræðunni. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á árinu 2001 skal fjármálaráðherra láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist."

Þá vegur einnig þungt yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um sérstaka frádráttarheimild einstaklinga frá skatti vegna lífeyrissparnaðar að eigin vali. Þetta eru fyrstu skrefin í þessu stóra hagsmunamáli þjóðarinnar allrar en einungis fyrsti áfangi í átt til aukins frelsis á þessu sviði. Þess vegna styð ég þetta frv.

[11:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil eins og reyndar fleiri ræðumenn hafa gert fagna því sérstaklega að þeim áfanga er náð að hér er til 2. umr. og væntanlegrar lokaafgreiðslu heildarlöggjöf um málefni lífeyrissjóðanna og ég tel sérstaklega mikilvæga þá samstöðu sem tekist hefur um afgreiðslu þessa máls. Það má heita svo að um það sé víðtæk sátt, hygg ég vera, í þjóðfélaginu. Að samkomulagi um afgreiðslu þessa máls standa með fáum undantekningum heildarsamtök atvinnulífsins í

landinu og fulltrúar stjórnmálaflokka eins og sjá má m.a. á sameiginlegu nefndaráliti frá efh.- og viðskn. að vísu með þeirri undantekningu að tveir hv. þm. hafa lagt til nokkrar brtt. og tala fyrir þeim.

Það er e.t.v. rétt að ég byrji á því að upplýsa í sambandi við meintan eða fyrirhugaðan verslunarrekstur minn í Reykjavík sem hefur orðið nokkurt umtalsefni þar sem afgreiðslumaður mundi verða hv. þm. Pétur Blöndal, að þetta dæmi hefur að sönnu þjónað vel til skýringar á því hvernig einstök ákvæði frv. gætu komið út, en hitt er rétt að upplýsa að hér er eingöngu um dæmi að ræða. Það standa engin áform til þess að gera þetta að veruleika, a.m.k. ekki í bráð. Enn síður er það rétt sem sumir hafa haldið fram að þetta ætti að vera verslun tiltekinnar gerðar með tilteknar vörur. Það er ekkert slíkt á ferðinni. Hins vegar hefur þetta í efh.- og viðskn. og í vinnunni þar þjónað vel hlutverki sínu sem dæmi um tilvik sem gætu hugsanlega komið upp, a.m.k. fræðilega, þ.e. að ég stofnaði verslun, jafnvel kvenfataverslun, og réði hv. þm. Pétur H. Blöndal til afgreiðslustarfa. En þetta er sem sagt ekki annað en fræðilegt dæmi, enn sem komið er a.m.k.

Ég er þeirrar skoðunar og hef látið hana iðulega koma fram í umræðum um ríkisfjármál og framtíð íslenska velferðarkerfisins að eitt allra mikilvægasta málið í því sambandi sé fyrirkomulag lífeyrissparnaðar landsmanna og að þar sé þjóðin sem betur fer á réttri braut með það fyrirkomulag samtryggingarsjóða og uppsöfnunarsjóða eða sjóðsuppbyggingar sem hér hefur verið við lýði í hartnær 30 ár. Ég er ekki í neinum vafa um að þegar kemur inn á næstu öld, þá mun það sýna sig að þetta var eitt allra gæfuríkasta spor sem við höfum tekið, að hefja sparnað í stórum, öflugum samtryggingarsjóðum til að eiga fyrir lífeyrisskuldbindingum eða réttindum fólks, sérstaklega þegar að því kemur hér, sem væntanlega gerist eins og annars staðar þó síðar verði, að aldurssamsetning þjóðfélagsins verði orðin verulega breytt og hlutföllin milli þeirra sem eru á vinnumarkaði og hinna sem eru á eftirlaunaaldri hafi verulega breyst, en frammi fyrir þeirri þróun standa flestar þjóðir og reyndar glíma nú þegar við verulegt vandamál af þeim sökum, þ.e. að hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði lækkar borið saman við hina. Þá mun þetta uppsöfnunarkerfi verða ákaflega mikilvægt og það mun ekki síst verða mikilvægt fyrir þá sem halda utan um ríkisfjárhirsluna á komandi áratugum að lífeyrissparnaðurinn verði mikill og góður og vel fyrir þeim málum séð.

Það er heldur enginn vafi á því í mínum huga, og ég held að það sé stutt óhrekjandi rökum, að stórir samtryggingarsjóðir séu ódýrasta og besta fyrirkomulagið í þessum efnum. Það leysir alls konar vandamál sem einstaklingsbundið eða frjálst, eins og sumir kalla það, kerfi þar sem hver og einn væri að reyna að tryggja sig skapar. Nærtækasta og kannski stærsta dæmið í því sambandi er aðstöðumunur kynjanna sem ella yrði til staðar en er jafnaður út í stórum samtryggingareða hóptryggingarsjóðum af því tagi sem við eigum. Fyrir vikið er lífeyristrygging kvenna ekki dýrari eins og hún ella hlyti að verða af augljósum ástæðum, sem sagt þeim að lífaldur kvenna er hærri en karla svo að munar nokkrum árum og tryggingin yrði af þeim sökum sem því næmi dýrari ef hún væri á einstaklingsgrunni.

Ég segi út af því sem hér kom fram í sambandi við lífeyrissjóðina sem slíka að ég held að það sé mikill misskilningur að fjalla um þá sem eitthvert fyrirbæri sem lifi í sjálfu sér, eins og þeir séu einhver stofnun sem lifi í sjálfu sér. Auðvitað eiga sjóðfélagar lífeyrissjóðina. Þetta er þeirra sparnaður. Hverjum dettur í hug að halda öðru fram? Það er svo morgunljóst að um það þarf ekki að ræða. Menn verða líka að hafa í huga að lífeyrissjóðir sem eru í fullkomnu jafnvægi eru í raun og veru ekkert annað en bankabók þar sem sparnaður sjóðfélaganna er geymdur til elliáranna og þegar sjóður er kominn í jafnvægi og hefur verið byggður upp að fullu þá er hann horfinn úr því hlutverki að vera nettófjárfestingaraðili í þjóðfélaginu og eftir stendur eingöngu ávöxtun þess fjár sem þar er geymt til sparnaðar eða sparnaður þeirra sem síðar njóta. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt. Menn gera oft þau mistök að ræða um lífeyrissjóðakerfið út frá tímabundnu ástandi sem í því ríkir á meðan sjóðirnir eru að byggjast upp. Þannig eru til að mynda áhyggjur manna af því að lífeyrissjóðirnir eignist allt Ísland algerlega óþarfar vegna þess að staða þeirra í þeim efnum er fyrst og fremst til komin á því tímaskeiði í ævi þeirra sem þeir eru að byggjast upp.

Hitt vil ég taka undir sem hér kom fram, m.a. hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að samspil lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins og reyndar fleiri þátta í okkar velferðarkerfi, skattkerfisins, félagslegrar framfærslu sveitarfélaga og slíkra þátta, er auðvitað ákaflega mikilvægt í þessu sambandi öllu. Það er alveg augljóst mál að það þarf að fara yfir þau mál í heild sinni og það hefur oft verið rætt, m.a. hefur hv. efh.- og viðskn. Alþingis lagt í það vinnu á undanförnum missirum og skoða þau mál og þeirri vinnu þarf að halda áfram. En það tekur sömuleiðis mið af því að kerfin eru ekki fullþroskuð, þau eru ekki fulluppbyggð, a.m.k. ekki lífeyrissjóðakerfið og það er augljóst mál að hlutverk þess er að vaxa og mun vaxa á næstu árum og vægi þess í heildarvelferðarkerfinu sem við komum til með að búa við á næstu öld vonandi. Þá mun sú stoðin sem stendur á lífeyrissjóðakerfinu að sjálfsögðu verða hvað gildust.

Af einstökum efnisatriðum frv., herra forseti, ætla ég aðeins að nefna 2. gr. Það er ljóst að athyglin hefur mjög beinst að 2. gr. frv. af eðlilegum ástæðum. Hún er afar mikilsverð. Þar vil ég fyrst og fremst segja að sá skilningur sem áréttaður er í nefndaráliti efh.- og viðskn. er mjög mikilvægur. Um hann er samkomulag að ég tel. Í reynd er byggt á því að raska ekki því starfsgreinabundna og kjarasamningabundna skipulagi á aðild að lífeyrissjóðum sem við lýði eru í dag. Það er alveg ljóst í mínum huga að ákvæði 2. gr. ber að skilja svo að um það er samkomulag og sá skilningur sem er áréttaður í nefndaráliti efh.- og viðskn. að ekki er ætlunin að raska því starfsgreinabundna og kjarasamningabundna fyrirkomulagi sem gildir í dag.

Varðandi 14. gr. frv. vil ég fyrst og fremst vekja athygli á því að þar er á ferðinni merkt nýmæli og mikilvæg réttarbót að mínu mati fyrir lífeyrisþega eða aðildarmenn sjóðanna. Þar á ég að sjálfsögðu við það ákvæði að heimilt verður eða lagður er hér lagarammi utan um rétt sjóðfélaga til að skipta lífeyri. Menn geta sem sagt annaðhvort samtímis sparnaðinum eða áður en að töku lífeyris kemur gengið frá því í samningum sín í milli, sjóðfélagi og maki hans, um að lífeyrisréttindin tilheyri báðum, geta samið um eðlilega skiptingu þeirra. Þetta er t.d. frá jafnréttissjónarmiðum séð mjög mikilvægt þannig að hjón geta þá tryggt fullan jöfnuð sín á millum með því að skipta lífeyrisréttindum ef t.d. lífeyrissparnaður eða lífeyrisréttindi annars aðilans er að byggjast upp mikið frekar en hins. Það er að vísu alveg ljóst að talsverð vinna er eftir við að útfæra reglur í þessu sambandi og að einhverju leyti mun þetta ætíð þurfa að byggja á frjálsu samkomulagi viðkomandi aðila. En ég held að það sé engu að síður mjög

mikilvægt að lagaramminn í þessu ákvæði verði festur í sessi með 14. gr. frv.

Þá vil ég að lokum nefna eina brtt. Það er 15. tölul. brtt. á þskj. 458 frá efh.- og viðskn. Þar leggjum við til í efh.- og viðskn. að við lögin bætist ný grein sem verði 33. gr. og fjallar um gerðardóm sem til staðar skuli vera í öllum lífeyrissjóðum. Það er að vísu svo að í samþykktum mjög margra lífeyrissjóða hafa verið ákvæði um gerðardóma. Ekki hefur reynt oft á þau en það breytir ekki hinu að mjög mikilvægt er að slíkur úrskurðarfarvegur sé festur í sessi til að tryggja réttláta málsmeðferð ef menn eru ekki sáttir við þau réttindi sem þeim eru reiknuð eða ef ágreiningur kynni að koma upp um önnur atriði sem þarna skipta máli. Þarna er sú regla sömuleiðis lögfest að þó að málskostnaði sé skipt milli málsaðila þá skuli sá sem óskar úrskurðar dómsins, sjóðfélagi, ekki greiða meira en $^1/_3$ þannig að því er í hóf stillt hversu íþyngjandi það getur verið. Ég held að það sé einnig mikilvægt réttaratriði að menn eigi þennan úrskurðarfarveg eða málskotsfarveg tryggðan í lögum, að slíku skuli fyrir komið í samþykktum eða reglum allra lífeyrissjóða á grundvelli þess ramma sem þessi nýja grein mun setja.

Mörg fleiri atriði mætti hér nefna að sjálfsögðu sem eru mjög til bóta og tvímælalaust fagnaðarefni að skuli koma inn í þessari almennu löggjöf eða rammalöggjöf um málefni lífeyrissjóðanna. Af sjálfu leiðir að af því verður mikil bót að samræma og lögfesta starfsgrundvöll þessa kerfis með einni almennri löggjöf þó að það megi segja að kerfið hafi í sjálfu sér byggst upp á þeim nótum sem þetta síðan lögfestir. Að sjálfsögðu er það ekki svo að lífeyrissjóðakerfið hafi byggst upp á einhvern þann hátt að það sé mjög á skjön við þær reglur sem hér er verið að lögfesta. Þær eru þvert á móti að ýmsu leyti sniðnar að því sem reynslan hefur sýnt vera farsælt fyrirkomulag í þessum efnum.

Herra forseti. Ég er í þeim hópi sem fagnar mjög væntanlegri löggjöf um þetta og þegar svo verður komið að Alþingi hefur lokið afgreiðslu þessa máls og það er orðið að lögum, þá hefur á skömmum tíma tekist að lögfesta fyrirkomulag lífeyrissparnaðar í raun og veru allra landsmanna með farsæli afgreiðslu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir ekki löngu síðan og svo þessu frv. hér.

[11:45]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í hógværri ræðu sinni: „Fullt samkomulag er um þann skilning sem fram kemur í athugasemdum við 2. gr." Af þessu tilefni tel ég rétt að lesa upp úr nefndarálitinu það sem segir um þetta, með leyfi forseta:

„Þá er það einnig skilningur nefndarinnar með hliðsjón af ákvæði 2. gr. að starfi einstaklingur án þess að ráðningarbundin starfskjör hans grundvallist að nokkru leyti á kjarasamningi þá sé hann óbundinn af aðild að tilteknum lífeyrissjóði."

Þetta er það sem ég var að tala um áðan. Þetta er það sem ég óttast að geri það að verkum að verkalýðshreyfingin brotni niður innan frá.

En það er annað mál sem ég vildi nefna sem fram kom í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann sagði, ég held nokkurn veginn orðrétt: „Auðvitað eiga sjóðfélagar lífeyrissjóðina." Og hann líkti sjóðunum við bankabók. Því vil ég spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon vegna þess sem hann segir, að hann er sammála mér og hv. þm. Pétri H. Blöndal um að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðina: Mun hann í atkvæðagreiðslu hér á eftir styðja þá brtt. sem ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal höfum flutt við 1. gr. þar sem það er ítrekað að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðina?

[11:47]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engu að bæta við það sem ég sagði um ákvæði 2. gr. og skilning á því hvað í því felst. Ég held að sá skilningur sé mjög vel valdaður og hann er skýr í nefndarálitinu og hefur komið hér fram í umræðum.

Varðandi það að sjóðfélagar eigi sjóðina, þá er það að sjálfsögðu þannig. Þetta er lífeyrissparnaður sjóðfélaganna. En hv. þm. verður á hinn bóginn að átta sig á því að hér er um félagslega sameign að ræða. Það er mjög mikilvægt að menn bæði skilji og virði það. Það felst í eðli hóptryggingarinnar að um félagslega sameign er að ræða. Ég stend að áliti efh.- og viðskn. og er flutningsmaður brtt. sem þar eru á ferðinni. Ég tel að þar séu þær lagfæringar sem þurfi að gera á þessu frv. og mun að sjálfsögðu standa að þeim og því samkomulagi sem þar liggur til grundvallar og ekki greiða öðrum brtt. atkvæði, enda tel ég að brtt. hv. þingmanna hvað varðar 1. gr. sé að hluta til á misskilningi byggð, þ.e. að því leyti að hún horfir fram hjá þeirri staðreynd að lífeyrissjóðirnir eru í eigu aðildarfélaganna í formi félagslegrar sameignar.

[11:48]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Félagsleg sameign. Hvernig ber að skilja það? Það væri fróðlegt að fá nánari lýsingu á því. Félagsleg sameign þýðir — það er þetta „kaupfélags-syndrome" sem ég nefndi svo í ræðu minni, — að sumir séu betur til þess fallnir en aðrir að stýra fyrir heildina. Þýðir það að almenningur eigi ekki að fá að koma að því að fara með sína eigin fjármuni? Félagsleg sameign, er það einhvers konar kaupfélagsfyrirbæri?

[11:49]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt nú ekki að það ætti fyrir mér að liggja að þurfa að útskýra fyrir framsóknarmönnum hvað séu kaupfélagsleg fyrirbæri. (Gripið fram í.) Svo má auðvitað spyrja að því, já.

Ég get ekkert að því gert ef hv. þm. eiga í erfiðleikum með að fóta sig á því hvað félagsleg sameign sé og ég þarf reyndar lengri ræðutíma en gefst í stuttu andsvari til að útskýra það til hlítar. En það hefur ekkert með það að gera að að sjálfsögðu fela menn einhverjum forsvar hinnar félagslegu sameignar sinnar. Það er e.t.v. hægt að taka að nokkru leyti samlíkingu við það að vera í sveitarfélagi sem á tilteknar eignir og íbúar sveitarfélagsins eiga þær að sjálfsögðu en það er félagsleg sameign íbúa sveitarfélagsins. Hún er ekki persónubundin í þeim skilningi að hver og einn íbúi í sveitarfélaginu geti komið við á sveitarstjórnarskrifstofunum, t.d. ef hann er að flytja burtu úr sveitarfélaginu, og fengið útleystan sinn hlut. Það er ekki þannig. Það er þessi eðlismunur á félagslegri sameign og einkaeign sem menn verða auðvitað að hafa hér í huga þegar um sameignar- eða samvinnufyrirtæki af þessu tagi er að ræða og um félagslega sameign eins og hóptryggingu lífeyrisréttinda í stórum sjóði auðvitað er. Það er af þessum ástæðum sem ég held að engin ástæða sé til að raska við einmitt því fyrirkomulagi sem þessi væntanlega löggjöf, þetta frv., býr sjóðunum að þessu leyti.

[11:51]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mjög lengi. Ég vil þó við lok hennar nota tækifærið til þess að segja fáein orð.

Ég held að málið sem við erum að ræða nú og afgreiða í dag væntanlega sem lög frá Alþingi sé eitt mikilvægasta mál þessa þings og jafnvel þó við horfum til lengri tíma. Þetta mál er mjög vandmeðfarið og viðkvæmt eins og kom fram strax í upphafi þegar unnið var að þessu máli og það var eðlilegt að á sínum tíma hafi því verið frestað eins og gerðist í vor, til þess að freista þess að ná víðtækri samstöðu um það. Hér er á ferðinni framtíðarmál og þó að það eigi sér langan aðdraganda, því að áratugum saman hafa menn reynt að samræma lífeyriskerfi landsmanna, þá horfir þetta mál til langrar framtíðar.

Eitt af því sem gerði það að verkum að hægt var að leggja fram frv. um skyldutryggingu lífeyrissjóða var að búið var að ná lausn í málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það var líka gert í mikilli sátt við starfsmenn ríkisins. Nú er starfandi A-deild lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna og í þeirri deild eru nú líklega 8 þúsund manns, á ég von á, bæði þeir sem færðu sig á milli kerfa sem voru fjölmargir og eins allir nýir starfsmenn sem fara inn í A-deildina. Og innan örfárra ára verður lunginn af ríkisstarfsmönnum í A-deildinni en kerfið þar er sambærilegt við það kerfi sem er úti á markaðnum þótt munurinn sé auðvitað sá að réttindin breytast í almennu lífeyrissjóðunum en framlögin í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það sem skiptir máli er að kerfin eru sambærileg en það voru þau ekki áður.

Það sem veldur því að okkur tekst nú að afgreiða frv. og lög á borð við þetta er áreiðanlega að nú um nokkurt skeið hefur ekki verið verðbólga hér á landi. Við slík skilyrði breytist landslagið og stjórnmálamenn geta litið miklu lengra fram í tímann en oftast áður. Við getum nú reynt að setja okkur í spor þeirra sem þurfa að starfa að löggjafarmálefnum eftir 10– 40 ár. Við getum reiknað fram í tímann hvernig ástandið verður þá vegna þess að við höfum mjög góðar upplýsingar, t.d. um það hvernig aldurssamsetning þjóðarinnar verður á þeim tíma. Þetta er lykilatriði vegna þess að við vitum að þetta mál sem við erum að fást við hér í dag hefur úrslitaþýðingu fyrir þróun ríkisútgjalda í framtíðinni. Það skiptir ákaflega miklu máli hvernig við komum þessu fyrir þannig að fullorðið fólk geti lifað sómasamlegu lífi í okkar þjóðfélagi.

En það er annað sem kemur til sögunnar og það er að við höfum séð vandræði annarra þjóða, nágrannaþjóðanna, þjóðanna í Evrópu t.d. og við horfum á það í dag hvernig þær engjast sundur og saman vegna þess að þær tóku ekki á þessum málum. Við getum litið til Þýskalands þar sem atvinnureksturinn þarf að borga núna yfir 20% vegna þess að þeir voru með gegnumstreymiskerfi og að aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast. Þetta hefur gert það að verkum að þýsk atvinnufyrirtæki eru í hreinum vandræðum.

Við getum horft til Ítalíu þar sem stjórnarkreppa er núna, m.a. vegna þess að erfiðlega gengur að fást við þessi mál. Við getum farið úr einu landinu í annað og fundið það út að það eru einmitt þessi mál sem þessar þjóðir eru að fást við vegna þess að aldurssamsetning þeirra er svipuð og hún verður hjá okkur eftir 30–40 ár og við erum hér í dag að undirbúa okkur undir framtíðina kannski, ef það má orða það þannig, í þessu mjög svo mikilvæga máli. Þess vegna er mikilvægt að samkomulag náðist.

Ég held að það sé alveg óhætt að slá því föstu að það kerfi sem við búum við á almenna markaðnum er nokkuð gott. Það er ekki gallalaust en það er nokkuð gott. Við höfum verið að samræma þetta kerfi og smám saman tel ég að meira einstaklingsfrelsi verði í þessu lífeyrissjóðakerfi, fleiri möguleikar til langtímasparnaðar og ég tek undir það sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir sagði að bráðabirgðaákvæðið er mikilvægt í þessari lagasetningu.

Framtíðarverkefnið verður síðan að samræma lífeyrissjóða- og lífeyrisbótakerfið. Frammi fyrir því verkefni stöndum við á næstu árum og það er mín skoðun að það skipti gífurlega miklu máli þegar um þessi mál er fjallað að við horfum til þess hvernig við viljum að eldra fólk búi í okkar þjóðfélagi og að við útbúum kerfi þar sem eldra fólk getur búið í okkar þjóðfélagi með fulla sjálfsvirðingu. Ég tel að það sé hægt með því að fólk á starfsævinni leggi til hliðar fjármuni sem nýtast því alla ævina þannig að fólk sé að taka af sínum fjármunum þegar það lifir frá degi til dags eftir að starfsævinni lýkur. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að þetta dregur úr þeirri áhættu sem annars er til staðar, að fólk þurfi að treysta á að ríkisvaldið og þeir sem fara með það á hverum tíma skammti því úr hnefa. Þetta er með öðrum orðum spurning um það hvort við viljum að hér séu sjálfstæðir einstaklingar með fulla sjálfsvirðingu sem geti starfað í okkar þjóðfélagi og lifað sínu eigin lífi eftir að starfsævinni lýkur. Þess vegna er þetta svona stórt mál.

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs við lok þessarar umræðu er sú að ég vildi fagna því sérstaklega hve víðtæk samstaða hefur náðst. Mjög margir hafa komið að þessu máli og okkur hefur tekist að samræma afar ólíka hagsmuni. Ég vil þó taka fram, sem ég geri nú afar sjaldan, að ástæða er til þess að nefna einn mann til sögunnar sérstaklega. Ég viðurkenni þó að það mætti nefna marga fleiri, en einn vil ég nefna sérstaklega. Ég held að á engan sé hallað þó það sé gert. Það er formaður efh.- og viðskn. Vilhjálmur Egilsson því ekki nokkur vafi er á því að hann hefur öðrum fremur unnið verk þannig að tekist hefur að ná þessu samkomulagi og sigla þessu máli í höfn. Eins og allir vita er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þeim gáfum gæddur að koma strax auga á kjarna málsins og greina kjarnann frá hisminu. En það er ekki nóg. Hann er líka ákaflega laginn við að samræma sjónarmið sem koma upp og ég tel að full ástæða sé til þess í þessu mjög svo mikilvæga máli — ég veit að það er óvenjulegt — að nefna nafn hans hér í þessari umræðu því að ég held að starf hans að undirbúningi málsins hafi skipt sköpum um það að þessi samstaða náðist.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, virðulegi forseti, við lok málsins um leið og ég þakka hv. nefnd fyrir nefndarstarfið og öllum öðrum sem komu að undirbúningi þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 338. mál (sala og fyrning aflahlutdeildar). — Þskj. 427, nál. 641, 653 og 658.

[12:01]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. við frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta fjallar sem kunnugt er um að ekki eigi lengur að vera hægt að fyrna aflahlutdeild í sjávarútvegi. Málið hefur að sjálfsögðu verið rætt í efh.- og viðskn. og nefndin fékk nokkra menn á sinn fund.

Rætt var sérstaklega um orðalag lokamálsliðar 3. mgr. nýrrar greinar sem yrði 50. gr. A, þ.e. 2. gr. frumvarpsins, en í greininni segir að um hagnað vegna sölu á ófyrnanlegum réttindum skv. 1. mgr. 50. gr. A fari skv. 5. og 6. mgr. 14. gr. skattalaga, en í 1. gr. frumvarpsins er síðastnefnd ákvæði að finna. Þá segir í ákvæðinu að verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna sé eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. Þó sé heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður. Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að réttindin geti fallið niður, t.d. með því að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi verði lagt af.

Til nánari skýringar á því hvað megi telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. telur meiri hluti nefndarinnar rétt að árétta að verðmæti réttindanna teljast að fullu til rekstrarkostnaðar ef þau falla alveg niður. Séu verðmætin hins vegar skert verulega með lögum án þess að þau falli alveg niður telst verðmætaskerðingin hlutfallslega til rekstrarkostnaðar. Og brtt. sem nefndin gerir er einmitt til þess að árétta þetta í lagatextanum.

[12:03]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 653.

Frumvarpið snýst um það að ganga frá því með óyggjandi hætti að keyptur réttur til að nýta varanleg náttúruauðæfi eða auðlindir sem endurnýjast, svo sem aflahlutdeild í fiskveiðistjórnkerfinu, skuli ekki gjaldfærður og meðhöndlaður sem fyrnanleg eign. Sú hefur hins vegar verið framkvæmdin að undanförnu í kjölfar úrskurða skattayfirvalda og dómsniðurstaðna.

Það er rétt að það komi fram hér að á tveimur síðustu þingum hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutt frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem felur í sér að taka af skarið um þetta efni og ákveða að aflahlutdeild skuli skilgreina sem ófyrnanleg réttindi til þess að nýta náttúruauðæfi. Þetta var frv. á 121. löggjafarþingi, sbr. þskj. 1176 og á yfirstandandi þingi, 122. löggjafarþingi, er þetta frv. þskj. 77 og liggur hér fyrir þinginu. Þá hafa þrír þingmenn þingflokks Alþýðubandalags og óháðra flutt frumvarp til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum þar sem einnig er komið inn á skattalega meðferð veiðiheimilda, sbr. þskj. 330 á yfirstandandi þingi. Þar er í 9.–10. gr. III. kafla þess frv., sem er bandormur og kemur inn á nokkur mismunandi lög sem varða sjávarútveginn, gert ráð fyrir að allur söluhagnaður veiðiheimilda skuli talinn til tekna og vera skattskyldur á söluári. Það er því efnislega sambærilegt við það sem hér er á ferðinni en til viðbótar er í frv. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar kveðið á um að slíkur söluhagnaður veiðiheimilda skuli skattlagður sérstaklega. 1. minni hluti vísar til þessara frumvarpa og þess frumkvæðis sem þingmenn Alþb. og óháðra hafa haft hvað varðar skattalega meðferð veiðiheimilda.

Það er okkar skoðun að sú breyting sem stjórnarfrumvarpið boðar og gengur í sömu átt og frv. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem sagt að taka af skarið um að aflahlutdeild sé ófyrnanleg, sé til bóta og við munum að sjálfsögðu styðja hana. Ýmislegt annað er hins vegar ófrágengið og þetta frv. tekur ekki á mörgum öðrum álitamálum sem tengjast skattalegri meðferð veiðiheimilda. Við höfum því fyrirvara á um þá þætti málsins. Þar má t.d. nefna álitamál sem tengjast meðferð á eignafærslu slíkra réttinda í skattalegu tilliti, ákvæði um frestun skattlagningar söluhagnaðar sem þetta frv. leggur til með tilteknum hætti en alls ekki er sjálfgefið að skuli ganga þannig frá. Síðast en ekki síst má nefna sjálfa skattlagninguna eða skattprósentuna af söluhagnaði réttinda af þessu tagi sem frv. okkar þingmanna Alþb. og óháðra á þskj. 330 á yfirstandandi þingi tekur á. Við höfum sem sagt fyrirvara á um ýmsa aðra þætti málsins. Við teljum að þetta frv. leiði ekki til lykta ýmis önnur álitamál sem skattalegri meðferð veiðiheimilda tengjast þó að það gangi skýrt, rétt og eðlilega frá því að okkar mati að veiðiheimildir eða afnotaréttindi af þessu tagi þegar um auðlind er að ræða sem endurnýjast, skuli ekki vera fyrnanleg.

Ég vil sérstaklega undirstrika að lokum, herra forseti, að með ákvörðun um að gera nýtingarrétt náttúruauðlinda sem endurnýjast ófyrnanlegan í skattalegu tilliti er ekki á nokkurn hátt verið að færa þau réttindi nær því að verða eign handhafans. Hér er einungis verið að ganga frá tilteknu skattaatriði og ekki á nokkurn hátt verið að veikja sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þaðan af síður er verið að veikja ótvíræðan rétt Alþingis til að breyta stjórnkerfi fiskveiða, þar með talið að afnema aflahlutdeildarkerfið, án þess að til bóta komi. Það er alveg ljóst og það þarf að vera alveg skýrt í tengslum við afgreiðslu þessa máls, að engir slíkir hlutir eru hér á ferðinni.

[12:08]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Hér er mjög stórt mál á ferðinni en því miður eru vinnubrögðin slík að ekki er þinginu til sóma. Þetta frv. sem fjallar um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt kveður í meginatriðum á um að keyptar aflaheimildir verði gerðar ófyrnanlegar en hingað til hafa veiðiheimildir fyrnst eða verið afskrifaðar um 20% á ári. Þetta er meginefni frv. en jafnframt er fjallað um í því hvernig fara eigi með hagnað af sölu aflaheimilda.

Hafa ber skýrt í huga að við erum ekki hér að tala um hinar hefðbundnu úthlutuðu veiðiheimildir til útgerðarmanna, að þær skuli t.d. vera afskrifaðar eða koma til eignarskatts eða eitthvað þess háttar. Þetta frv. fjallar ekkert um það. Þetta fjallar einungis um tiltekna skattalega meðferð á viðskiptum sem útgerðarmenn eiga sín á milli um veiðiheimildir. Frv. kom seint fram og knúið hefur verið á af hálfu meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar að málið yrði afgreitt núna fyrir jól. Ekki gafst tækifæri til þess né tími að leita umsagna um þetta mál í hv. efh.- og viðskn. og ber að mótmæla því harðlega.

Minni hlutinn í efh.- og viðskn. lagði til að málið fengi eðlilega meðferð og það yrði skoðað vandlega enda mörg álitamál í þessu. Ekki var fallist á það. Við sem myndum

2. minni hluta efh.- og viðskn., þ.e. ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ástæðurnar fyrir því að við leggum þá málsmeðferð til eru þær að ekkert knýr á að þetta mál verði afgreitt núna fyrir áramót. Oft koma frumvörp seint fram af hálfu ríkisstjórnar og verða að hljóta afgreiðslu vegna þess að mikilvægt er að þau taki gildi um næstu áramót eða þá að einhver réttaróvissa er uppi sem brýnt er að skera úr um með lögfestingu tiltekinna mála. Hér er ekkert slíkt á ferðinni. Þvert á móti, herra forseti, eru fjölmörg erfið úrlausnarefni í tengslum við þetta frv., hvort heldur er skattalegs eðlis eða tæknilegs eðlis við útskýringu lagatexta, en einnig mörg lögfræðileg álitamál.

Við höfum áður á hinu háa Alþingi fjallað um hluti sem tengjast fiskveiðistjórnarkerfinu og veiðiheimildum. Ég minnist þess að hér var til umræðu frv. um veðsetningu aflaheimilda sem var mjög flókið lögfræðilegt úrlausnarefni. Þá var það niðurstaða í hv. allshn. að óska eftir sérstökum álitsgerðum frá löglærðum mönnum til að geta lagt betur mat á einstaka efnisþætti. Það hefði verið mjög eðlilegt í þessu tilviki að gera það. Meiri hluti efh.- og viðskn. féllst ekki á þá málsmeðferð. Við fengum á fund nefndarinnar tvo lögfræðinga, þá Þorgeir Örlygsson prófessor og Helga V. Jónsson hæstaréttarlögmann, báðir fagmenn á sínu sviði. Við ræddum málin en það kom fram í máli þeirra beggja að þeir höfðu ekki haft ráðrúm til þess að skoða þetta tiltekna mál sérstaklega og greindu nefndinni frá því að þær spurningar sem þeir svöruðu gætu ekki annað en skoðast sem lauslegt mat á stöðu málsins einfaldlega vegna þess að þeir höfðu ekki haft ráðrúm til þess að ljúka sinni vinnu. Hins vegar kom mjög skýrt fram í máli þeirra að þetta frv. tekur á fjölmörgum snertiflötum við álitaefni.

Ég harma þau vinnubrögð að knýja á um þetta mál núna, þ.e. að reyna að gera það að lögum í dag. Ég hefði verið fyrsti maður til að samþykkja frv. ef brýna nauðsyn hefði borið til, þetta væri eitthvert sérstakt hagsmunamál ríkissjóðs. Hér er ekki um að ræða neina sérstaka tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Það er óljóst hvernig tekjustreymið verður í kjölfar þessa frv. E.t.v. má búast við einhverjum auknum tekjum einfaldlega vegna þess að nú eru ekki afskrifaðar veiðiheimildir, en það er óverulegt atriði í þessu sambandi enda er frv. ekki lagt fram í þeim tilgangi að auka tekjur ríkissjóðs.

Við kölluðum nokkra þá sem málið snertir á fund nefndarinnar og kom í ljós að ekki hafði verið haft samráð við neinn af hagsmunaaðilum eins og oft er gert þegar verið er að breyta löggjöf. Endurskoðendur sem tengjast sjávarútvegsfyrirtækjum höfðu ekki verið kallaðir til. Landssamband ísl. útvegsmanna, sem málið snertir vitaskuld mikið því hér er verið að fjalla um skattamálefni útgerðarmanna, hafði ekkert komið að undirbúningi þess og það er augljóst þegar málið er skoðað að það er ekki nógu faglega unnið af hálfu fjmrn. og þeirra sem komu að því. Það er ósköp svipað og frumvörp eru, gott vitaskuld í meginatriðum en hefði þurft betri yfirlegu. Og eins og við þekkjum í hv. efh.- og viðskn., þá hefðum við, við eðlilega yfirferð á svona frv., gert svona 15–20 brtt. til að skýra lagatextann og gera hann betur úr garði. Það er ekkert óvanalegt og ekkert í sjálfu sér slæmt um það að segja í hvaða búningi frumvörp koma fram. Það koma yfirleitt góð frumvörp frá hæstv. fjmrh. en þetta mál hefði einfaldlega þurft meiri tíma í vinnslu nefndarinnar.

Ég get nefnt eitt smáatriði sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti athygli á við 1. umr. Í 2. gr. frv. er talað um kaup á varanlegri aflahlutdeild. Það er ekkert til sem heitir varanleg aflahlutdeild. Í lögum um stjórn fiskveiða er til hugtakið aflahlutdeild og svo er til hugtakið aflamark. Það er ekkert til sem heitir varanleg aflahlutdeild. Samt stendur það í frv. og nefndarmenn meiri hlutans hafa greinilega ekkert fylgst með umræðunni vegna þess að ekki varð gerð brtt. af hálfu nefndarinnar um að leiðrétta þetta, taka út orðið „varanlegur". Hérna er dæmi um að verið er að knýja í gegn lagasetningu sem er bara rangt unnin. Ég veit ekki hvort brtt. kemur fram við 3. umr. um að kippa þessu orði út einfaldlega vegna þess að það á sér ekki stoð í lögum. Menn verða að vera mjög nákvæmir í lagasetningu þegar verið er að fjalla um skattalög. Þarna eru menn ekki að vinna vinnu sína.

Sú breyting að gera aflakvótann ófyrnanlegan breytir í sjálfu sér ekki neitt núverandi fiskveiðistjórnarkerfi en festir það í sessi, einfaldlega vegna þess að þegar menn afskrifuðu veiðiheimildir hér áður. Nú var reyndar afskrifað um 20% eftir Hrannardóminn, en þá voru afskriftir veiðiheimildar m.a. rökstuddar með óstöðugleika í kerfinu. Það væri ekki víst hvort þessi réttindi munu ná yfir mörg ár og því væri eðlilegt að færa þau niður í bókun fyrirtækja og fyrirtækin hafa gert það og skattalögin hafa einnig heimilað eins og ég lýsti áðan. Með því að gera aflaheimildirnar ófyrnanlegar og hægt er að rökstyðja það að hafa þær ófyrnanlegar einfaldlega vegna þess að aflaheimildir eru þess eðlis að menn fá úthlutað hlutdeild. Á grundvelli þess fá menn árlegt aflamark, kannski 100 tonn af þorski, og menn fá aftur 100 tonn árið eftir en það rýrnar ekki. Eðli afskrifta er að mæla notkun, leggja verðmat á notkun framleiðsluþátta við rýrnun og aflaheimildirnar rýrna reyndar ekki í almennum skilningi. En þetta festir fiskveiðistjórnarkerfið í sessi.

Við fengum á fund nefndarinnar Kristján Ragnarsson, formann Landssambands ísl. útvegsmanna, og þar upplýstist að hann hafði varla séð málið og sérfræðingar hans ekkert komið að undirbúningi þess. Hann taldi það eina jákvæða við frv. að það auki varanleika kerfisins. Það var mat formanns LÍÚ. Eina jákvæða við frv. var að það yki varanleika fiskveiðistjórnarkerfisins. Menn geta haft sína skoðun á því hvort það er gott eða vont en menn þurfa bara að vera alveg skýrir á því um hvað frv. snýst og það snýst m.a. um þetta. Það þarf að vera ljóst af hálfu stjórnarþingmeirihlutans sem ég hef svolítið á tilfinningunni að hafi raunverulega ekki hugmynd um hvað málið snýst. Reyndar halda flestir þingmenn stjórnarliðsins að þetta fjalli eitthvað um að skattleggja söluhagnað í kvótaviðskiptum. Það er alger þvæla og hafi menn verið upplýstir á þann hátt þá ættu menn að lesa frv. aðeins betur. Það er ekki meginatriðið í frv.

Annað álitamál varðandi frv. er hvort um afturvirkni skattalaga að ræða. Það er vegna þess að eftir gildistöku þessa frv. segir að aflaheimildir sem hafa verið keyptar fyrir gildistökuna megi afskrifa eftir tilteknum reglum um 65%. Hingað til hefur verið heimilt að afskrifa aflaheimildirnar um 100%. Það er álitamál og vikið er að því í greinargerð með frv. að þarna vakni spurning um afturvirkni. Í frv. segir, herra forseti:

„Vegna síðastnefndu tillögu nefndarinnar hefur komið til álita að sú breyting kunni að vera í ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem um kunni að vera afturvirkna skattlagningu."

Það er þetta ákvæði um að heimila einungis 65% afskrift á áður keyptum aflaheimildum. Þetta er afgreitt mjög stuttaralega: „Ekki er talið að svo sé." Síðan segir ekkert meira

um það í frv. Þetta er álitamál. Við spurðum endurskoðendur og lögfræðinga um þetta. Þeir töldu að vísu að þetta væri í lagi svona og vissulega má færa rök fyrir því. En þetta er eitt af þeim málum sem hefði þurft að skoða einfaldlega betur því að auðvitað verða menn að vera alveg vissir um það hvort um afturvirkni í skattalögum er að ræða eða ekki. Þetta hefði efh.- og viðskn. vitaskuld farið betur yfir ef hún hefði fengið til þess tíma.

Í fiskveiðistjórnarkerfi okkar er aflaheimildum úthlutað á skip eftir tilteknum reglum. Þó að um verðmæti sé að ræða eru þær ekki færðar til tekna hjá þeim fyrirtækjum sem fá þær og þær eru heldur ekki færðar til eigna hjá viðtakendum kvótans. Þær eru einfaldlega gefnar. Þetta er það sem hefur gengið undir nafninu gjafakvótakerfið og það er réttnefni einfaldlega vegna þess að ríkisvaldið afhendir útgerðarmönnum veiðiheimildir, úthlutar þeim veiðiheimildum árlega, aflamarki árlega og menn greiða ekkert fyrir það en menn eru heldur ekki látnir tekjufæra þá gjöf og ekki heldur látnir eignfæra þá gjöf í bókum sínum.

Hér er hins vegar einungis verið að ræða um það að þegar útgerðarmaður selur frá sér aflahlutdeild, þ.e. varanlegan kvóta, þá er það tekjufært hjá seljandanum, hjá þeim útgerðarmanni sem selur og það er eignfært hjá kaupanda. Þegar útgerðarmenn fara að versla sín á milli með aflaheimildirnar, öðlast þetta fyrst verðmæti gagnvart reikningshaldi og skattalögum. Ekki er tekið af hinni almennu úthlutun gjafakvótans í upphafi. Í ljósi þess að í lögum er talað um að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar er vitaskuld mjög einkennilegt að þessi mikla úthlutun verðmæta er hvergi færð í bækur. Eignarskattur hefur verið greiddur af keyptum kvóta fyrir gildistöku frv. og það breytist ekkert með þessu frv. Það eina sem breytist er að kvótinn er nú færður að fullu til eigna en áður mátti afskrifa hann um 20% á ári. Eignin færðist niður í bókhaldi um 20% á ári og í rekstrarreikningi komu þessi 20% sem útgjöld og lækkuðu þá tekjuskatt ef um slíkt var að ræða. En aðalúthlutunin, aflakvótarnir sem er úthlutað árlega bera engan eignarskatt og engan skatt yfirleitt, þeir eru einfaldlega gjöf. Þetta þurfa menn að vera með í huga þegar menn tala um þetta frv. Það fjallar um mjög afmarkaðan þátt í fiskveiðistjórnarkerfinu, skattalega meðferð á kvóta sem er keyptur og seldur milli útgerðarmanna.

Þetta eru geysilega mikil verðmæti, herra forseti, og í efh.- og viðskn. voru lagðar fram upplýsingar frá ríkisskattstjóra um að um 20% af aflahlutdeildinni gengur kaupum og sölum milli aðila. Á fiskveiðiárinu 1994–1995 var aflahlutdeildin 530 þús. tonn og þar af var fluttur kvóti varanlega á milli aðila upp á 93 þús. tonn eða tæp 20%. Áætlað verðmæti þessa var um 14 milljarðar þannig að þarna er um að ræða geysilega mikið fé. Á fiskveiðiárinu 1995–1996 var aflahlutdeildin 510 þús. tonn og þá var flutt varanlega á milli útgerðarmanna 126 þús. tonn, að verðmæti 26 milljarðar. Þetta eru mjög umfangsmikil viðskipti sem eiga sér stað með varanlegan kvóta, þetta eru milljarðaviðskipti. Ef maður skoðar hins vegar flutninginn á leigukvóta, aflamarkinu, en leigukvótinn er kvótinn innan ársins, þá var á fiskveiðiárinu 1994–1995 1,6 milljarðar fluttir milli skipa sem eru gerð út frá sömu verstöð, það er einn flokkur. Það hafa menn heimild til að færa á milli og þetta ár varðar upp á 1,6 milljarða. 1,3 milljarðar ganga milli skipa miðað við jöfn skipti. Þá skipta menn á þorski og grálúðu og ekkert sérstakt um það að segja. Það er einn af þeim þáttum sem eru taldir styðja hagkvæmni kerfisins. En viðskipti milli skipa sem eru ekki gerð út frá sömu verstöð voru í leigukvóta fiskveiðiárið 1994–1995 4 milljarðar. Þetta eru venjulega peningaviðskipti, stór hluti af þeim þegar menn leigja til sín kvóta. Þetta er stundum kallað leiguliðakerfi og menn þekkja vel í umræðunni. Það er þessi þáttur viðskiptanna þegar menn leigja kvóta innan ársins og þá milli verstöðva, leigja kannski kvóta frá Norðurlandi á Reykjanes eins og hefur verið nokkuð í fréttum.

Árið eftir, þ.e. fiskveiðiárið 1995–1996, var leigukvóti miðaður við skip frá sömu verstöð 2,7 milljarðar, 1,5 milljarðar á milli skipa miðað við jöfn skipti og 6 milljarðar í þessum leiguliðaviðskiptum. Sem sagt, á síðasta fiskveiðiári sem tölur eru um, þ.e. 1995–1996, voru verðmæti flutnings á leigukvóta yfir 10 milljarðar og árið á undan voru heildarviðskiptin 7 milljarðar. Menn sjá á þessum tölum að viðskiptin eru sífellt að aukast. Þetta segir okkur náttúrlega að þegar um er að ræða svona stórar tölur, að þetta er ekkert smámál og það þarf að vanda sig mjög við lagasetningu í skattalögum sem tengjast svona miklum viðskiptum. Fjárhagslegir hagsmunir eru svo miklir, bæði þeirra sem eru í þessum viðskiptum og einnig ríkissjóðs.

Einnig má benda á að ýmsir telja að þessar aðgerðir, að gera kvótann ófyrnanlegan og kveða á um söluhagnað eins og gert er með þessum hætti og mörg af þeim álitamálum sem þar koma upp, dragi úr hagkvæmni fiskveiðistjórnarkerfisins. Ég vil að það komi skýrt fram að sú skoðun þekkist varðandi frv. þó svo að það sé einungis að taka á afmörkuðum þætti í skattalögum þá hefur þetta samt miklu víðtækari afleiðingar.

Það er mjög mikið matsatriði, herra forseti, hvernig eigi að færa eignir og bókfæra og hvernig eigi að taka þær til skatts. Það er ekki einfalt mál. Það væri hægt að líta á kaup á veiðiheimildum sem einhvers konar kaup á aðstöðu. Menn væru að kaupa veiðiheimildir og væru með því að kaupa sér aðstöðu til að geta haldið til veiða. Hægt væri að líta á að aflaheimildir væru e.t.v. eitthvað svipað og viðskiptavild sem er eign en samt ekki eign í þeim skilningi að hún er hvorki gjaldfærð né eignfærð, hvorki í skattalögum né bókhaldslögum. Þetta er dæmi um að mjög erfitt er að leggja mat á viðskiptavild. Ég er bara að draga þetta upp sem dæmi að það er mjög erfitt að leggja mat á slíka þætti þegar kemur að álitaefnum um eignir.

Þetta atriði sem ég nefndi áður og er grundvallaratriði í reikningshaldi er mjög mikilvægt, þ.e. að ef eignir eru taldar úreldast tiltölulega fljótt vegna einhverra tækniframfara t.d., vegna mikils slits vitaskuld eða mikillar óvissu, þá segir varkárnisregla í reikningshaldi að við eigum alltaf að reyna að meta hluti á varkáran hátt og aldrei að sýna betri stöðu en hún raunverulega er. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að t.d. tölvubúnaður er oft gjaldfærður á einu ári þó hann endist lengur eða afskrifaður mjög fljótt, vegna þess einfaldlega að menn telja að tölvubúnaður úreldist mjög fljótt. Afskriftir eru því ekki bara það að sýna fram á slit og rýrnun framleiðsluþátta heldur geta þær að hluta til endurspeglað óvissu. Þetta dreg ég fram vegna þess að hér er kvótinn gerður ófyrnanlegur með þeim rökum að eignin er dálítið sérstæð. En röksemdin hér fyrr á árum fyrir afskrift var að varanleiki kerfisins væri e.t.v. ekki svo mikill að mönnum bæri að sýna sérstaka varkárni í bókhaldi og afskrifa þessar eignir.

Ef við erum að tala um eignir til eignarskatts, þá er einnig álitamál á hvaða verði þær eigi að færa í bækur. Venjan er sú að ef menn kaupa eign þá færa þeir hana inn í sínu bókhaldi. Segjum svo að menn kaupi bíl á eina milljón, þá er hann

færður sem eign í reikningi á eina milljón og sú eina milljón kemur til eignarskatts. Þetta er hins vegar ekki algilt. T.d. gildir það um fasteignir að þær koma ekki til eignarskatts á bókfærðu verði heldur á fasteignamati þannig að fasteign getur verið upp á 10 millj. í ársreikningi fyrirtækja en hún kemur kannski ekki til eignarskatts nema á, segjum bara 7 millj. eða eitthvað þess háttar. Þetta er bara dæmi til að sýna að þetta getur verið mjög misjafnt. Auðvitað á þetta líka við t.d. hluti eins og aflahlutdeild sem hefur vitaskuld vissa sérstöðu.

Það er hægt að hugsa sér, og það er ein af hugmyndunum sem menn unnu hér út frá áður fyrr, að öll viðskipti með kvóta, varanleg kvótaviðskipti, væru gjaldfærð á því ári sem þau eru gerð alveg eins og gert er með leigukvóta. Þá mundi maður gjaldfæra allt þetta sem kostnað. Viss varanleiki er reyndar fólginn í því því að ef menn kaupa veðiheimildir fyrir segjum 100 millj. og gjaldfæra þær allar á því ári, þá dreifist það raunverulega yfir nokkur ár vegna þess að þetta mun væntanlega mynda tap eða mynda niðurstöðutölu á rekstrarreikningi og þess vegna yfirfæranlegt tap til næstu ára þannig að í reynd væru menn að lækka þar með tekjuskattsgreiðslur sínar í framtíðinni jafnvel þó að þær væru gjaldfærðar á einu ári. Þetta er líka álitaefni sem menn hefðu þurft að skoða betur.

Þetta frv. kveður á um frestun á skattskyldu á söluhagnaði aflaheimilda. Það eru mjög sérkennileg ákvæði. Segjum svo að einhver útgerðarmaður selji kvóta og fái fyrir það tekjur. Honum ber vitaskuld að greiða af þeim tekjuskatt. Það er þannig. En samkvæmt frv. hefur hann möguleika á að fresta þessum tekjuskattsgreiðslum. Hann gerir það með mjög óvanalegum hætti. Ef hann kaupir sér aftur kvóta innan tiltekins tíma, þá frestast tekjuskattsgreiðslan. Þetta er vitaskuld mjög mikið álitaefni og ég dreg það einmitt fram sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði hér upp með áðan, að upplegg í frv. alþýðubandalagsmanna er m.a. fólgið í því að tekjur vegna sölu komi strax til skatts og ekki sé um að ræða neina möguleika á frestun. En í frv. er gert ráð fyrir að hægt sé að fresta söluhagnaði ef menn endurfjárfesta í kvóta.

Nú eru til tvö viðhorf varðandi þetta. Sumir segja að þessi hagnaður af söluheimildum eigi að vera eins og hver annar hagnaður og ganga á móti einhverju öðru tapi innan fyrirtækjanna og segja sem svo: „Þarna er um að ræða meiri takmörkun en gengur og gerist í öðrum viðskiptum." Og nú muna menn að þegar við afgreiddum fjármagnstekjuskattinn fræga hér um árið, voru sett þau ákvæði að ef menn högnuðust á viðskiptum með hlutabréf, þá gátu menn frestað skattskyldu á þeim með því að endurfjárfesta í einhvers konar hlutabréfum aftur. Ekki voru settar takmarkanir eins og hér eru. Hér er það söluhagnaður vegna aflahlutdeildar og menn fresta ekki með því að kaupa skip eða eitthvað annað heldur einungis með því að kaupa kvóta aftur.

Auðvitað er hægt að sjá það fyrir að í reynd komi aldrei til neinnar skattlagningar af kvótaviðskiptum einfaldlega vegna þess að menn munu alltaf endurfjárfesta í kvótanum og þurfi þá aldrei að greiða af þessu tekjuskatt.

Þetta er orðin reyndar dálítið skrýtin umræða, herra forseti. Hér er ég að ræða um tekjuskatt og hvernig menn fresta söluhagnaði af sölu. En hvað er verið að selja? Á hverju eru menn að hagnast? Það er á sölu aflaheimilda. Það er á sölu kvótans, sameignar þjóðarinnar. Hérna er verið að búa til mjög flókna lagasetningu um hvernig fara eigi með annarra manna eign samkvæmt skattalögum því að útgerðarmenn eiga ekkert í þessum kvóta sem þeir eru að versla með sín á milli. Sett er upp mjög flókið lagaverk um hvernig söluhagnaður skuli meðhöndlaður, hvernig honum er frestað, hvernig hann komi til eignarskatts og allt saman vegna eigna sem menn eiga ekki nokkurn skapaðan hlut í. Þetta er mjög einkennileg umræða.

Annað atriði í þessu frv. sem menn hafa oft talað um, er það hvernig menn fara út úr greininni. Þetta frv. er raunverulega sniðið að því að menn séu að reka þetta í hlutafélagaformi. Ef menn eru að fara út úr greininni þá er þetta er miklu betur sniðið að því, t.d. endurfjárfesting og annað slíkt. Hér sýnast mér ekki vera einyrkjar, þ.e. þeir sem reka sín einstaklingsfyrirtæki, sína útgerð, fá sér kvóta og kaupa hann. Það hefði þurft að skoða miklu betur hvort þarna sé gætt fulls samræmis milli rekstrarforma.

Það er hins vegar, herra forseti, mjög erfitt að taka á því sem menn hafa verið að segja: „Reynum að skattleggja söluhagnað veiðiheimilda, skattleggjum hann sérstaklega, jafnvel með hárri skattprósentu." Fyrir liggur frv. frá félaga mínum, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þetta er hins vegar ekki einfalt. Það er vegna þess að flest þessi viðskipti, og þegar menn fara út úr sjávarútvegi, þá gerist það í formi þess að fyrirtæki sameinast, gerast með hlutabréfum og það er ekki, herra forseti, hægt að rekja t.d. hækkun á gengi hlutabréfa til þeirrar staðreyndar að viðkomandi fyrirtæki hafi fengið veiðiheimildirnar afhentar ókeypis. Það er mjög erfitt að reyna að ná utan um það sem heitir söluhagnaður af aflaheimildum. Vitaskuld ef fyrirtækið selur aflaheimildir, þá tekjufærist það í fyrirtækinu ef það nýtir ekki frestunina. En þeir sem eiga hlutdeild í þessum fyrirtækjum sem eru náttúrlega þeir sem njóta fyrst og fremst arðsins af þessum úthlutuðu heimildum, hafa mjög mörg ráð til að fresta allri eðlilegri gjaldtöku. Það er því ekki rétt þegar sagt er að tekið sé á aðalvandamálinu í þessu með því að segja: „Við skattleggjum söluhagnað sérstaklega þegar aðilar fara út úr greininni." Hugmyndin er alveg rétt og virðingarverð og hugsunin sem þar er á bak við. En það er mjög erfitt, herra forseti, að útfæra það þannig að það hafi í reynd eitthvert gildi.

Eitt mikilvægasta málið í þessu efni snýr að stjórnarskránni. Þess vegna skiptir varanleikinn svona miklu máli. Því ef eitthvað er orðið varanlegt í þessari úthlutun og menn eru komnir með einhvern rétt, þá gætu menn hugsanlega átt skaðabótakröfu á ríkissjóð ef fiskveiðistjórnarkerfinu yrði til að mynda breytt í grundvallaratriðum. Þessi umræða hefur staðið mjög lengi og löggjafinn hefur sett fyrirvara um þetta. Það er í fyrsta lagi þetta fræga ákvæði um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar sem að mati mjög margra lögfræðinga er ekki annað en viljayfirlýsing um hvernig að líta eigi á þessa eign. En í sömu grein er talað sérstaklega um að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta er 3. málsl. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Nú þurfum við að hafa í huga að lögfræðin kennir okkur að fyrirvarar í almennri löggjöf hafa ekki nema að hluta til gildi gagnvart álitamálum sem tengjast stjórnarskrá því að stjórnarskráin stendur ofar þeim og byggir m.a. á því hvernig þróunin verður í réttarkerfinu. Þessi umræða er tvískipt, þ.e. eignarréttur er tryggður í stjórnarskrá og er ekki hægt að taka af mönnum nema bætur koma fyrir, en atvinnuréttindi eru líka tryggð þannig að málið er alls ekkert einfalt. Við getum séð það fyrir okkur að einhver kaupi kvóta

og er þá samkvæmt þessari löggjöf kominn með ófyrnanlega eign. Hann greiðir af henni eignarskatt, hefur af henni tekjur og ríkisvaldið tekur af þeim tekjuskatt. Hann hefur atvinnu af þessu. Hann er vitaskuld kominn með viss réttindi. Það er ekki hægt að neita því. Hann er kominn með viss réttindi. Ef síðan kerfinu væri t.d. breytt í grundvallaratriðum, þá er hugsanlegt að hann hefði einhverja bótakröfu á hendur ríkissjóði. Hann gæti haldið eftirfarandi fram: „Ríkissjóður er búinn að skattleggja þessa eign mína sem ég keypti af öðrum útgerðarmanni. Hann er búinn að skattleggja það í mörg ár. Gefur það mér ekki einhverja stöðu ef þessu er síðan kippt af mér?" Þetta eru allt álitaefni. Ég er ekkert að fullyrða hvað sé rétt í þessu. Það er ekki hægt nema að skoða málin mun betur og það lögðum við til að gert yrði, þ.e. að leitað yrði lögfræðilegrar álitsgerðar varðandi þennan þátt.

Þetta mál snýr einnig að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar vegna þess að mismunun er milli aðila, útgerðarmanns sem fær úthlutáð kvóta ókeypis og útgerðarmanns sem verður að kaupa kvóta af öðrum. Sá sem fær kvótanum úthlutað ókeypis og fiskar sinn fisk, greiðir engan eignarskatt og þarf ekkert að tekjufæra þessar veiðiheimildir. Annar útgerðarmaður sem kaupir veiðiheimildir af einhverjum öðrum útgerðarmanni þarf að greiða eignarskatt af þessum keypta kvóta og að því leytinu til er ekki jafnræði milli þeirra.

Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður var sá sem flutti málið fyrir Hrönn hf. á Ísafirði og upplýsti í nefndinni að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar hafi verið skoðuð í þessu máli. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að þó að ekki gilti fullt jafnræði milli aðila — því það er alveg augljóst að annar er að greiða eignarskatt af þessu en hinn ekki — þá var það ekki talið frágangssök að mati Hæstaréttar, þó svo jafnræði væri ekki. En hann tók fram við okkur og sagði: „ Já, á þessum tíma." Þá get ég rökstutt í viðbót við það: Sjáið þið núna hvað viðskiptin eru farin að verða umfangsmikil. Þetta eru orðin milljarðaviðskipti og þau aukast ár frá ári. Og þessi munur á jafnræði milli þess sem fær úthlutað ókeypis og hins sem verður að kaupa kvótann er í reynd kannski alltaf að aukast. Þetta getur því orðið álitamál aftur. En það er ekkert hægt að fullyrða um það nema skoða það betur.

Herra forseti. Ég tel brýnt að varpa annarri hugsun fram í þessari umræðu. Það er enn og aftur jafnræði og núna út frá samkeppnisforsendum. Segjum sem svo að hæstv. forseti fái úthlutað 100 tonnum af kvóta hjá ríkisvaldinu og greiði ekkert fyrir það. Hann rekur sína útgerð. Segjum svo að hv. þm. Ögmundur Jónasson — af því að ég sé hann hér í salnum — kaupi 100 tonna kvóta af hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem situr líka í salnum. Ég er bara að búa til dæmi. Síðan gera þeir út báðir, hæstv. forseti Guðmundi Árni Stefánsson og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hins vegar er mismunun í samkeppni þeirra vegna þess að annar fékk kvótann, 100 tonnunum, úthlutað ókeypis á meðan hinn þingmaðurinn, hv. þm. Ögmundur Jónasson, þurfti að kaupa sín 100 tonn og þurfti að greiða fyrir þau. Þarna er mismunun í samkeppnisstöðu þessara tveggja hv. þm. sem eru að gera út og þessi mismunun er sköpuð af almannavaldinu. Þetta eru leikreglurnar sem almannavaldið setur.

Það getur verið álitamál hvort þeim sem kaupir kvótann finnst að þarna sé sanngjarnlega að staðið og hvort verið sé að brjóta hans samkeppnisstöðu því að báðir hv. þm. eru í samkeppnisstöðu um aðra framleiðsluþætti, olíu, net, laun sjómanna o.s.frv. þannig að þetta einfalda dæmi — ég vona að hv. þingmenn fyrirgefi mér það að hafa dregið þá persónulega inn í þetta litla dæmi — sýnir að hér er álitaefni. Ég er ekkert að fullyrða um það að þetta kerfi brjóti samkeppnislög. En mér finnst að hægt sé að færa rök fyrir því að svo sé. Alla vega er hægt að segja: Er þetta ekki mál sem við ættum að skoða? Það er a.m.k. alveg heiðarlegt að spyrja þeirrar spurningar og það vildi ég að hv. efh.- og viðskn. hefði gert þegar hún var að vinna þetta frv.

Annað er einnig óljóst í þessu frv. og er eitt af því sem hefði þurft að kveða skýrar á um, þ.e. ef kvóti hækkar í verði, á þá að færa upp eignina og tekjufæra hana? Og hvað á að gera ef kvótinn lækkar í verði, t.d. vegna þess að kvótinn er orðinn svo mikill að veiðiheimildirnar eru í reynd einskis virði? Á þá að færa þetta niður? Ekki er kveðið neitt skýrt á um þetta í frv. Lögð var fram brtt. af hálfu meiri hlutans sem tekur að hluta til á þessu en þar er einungis verið að tala um inngrip stjórnvalda. En svo er annað mál, eins og rakið var í nefndinni. Hvað með flökkustofna sem menn kaupa kvóta í og eignfæra? Og af því að þetta er flökkustofn, þá fer hann í burtu í mörg ár. Hvað á hann að vera í burtu í mörg ár til að ég þurfi að fara að færa niður eignina í bókum og gagnvart skattalögum? Þetta þarf að skoða miklu betur, herra forseti. Þetta er eitt af þeim atriðum sem menn geta hreinlega ekki hent svona inn í þingið. Og svo þegar spurningar vakna þá geta menn ekki svarað þessu. Við ræddum þetta við endurskoðendur, fengum þrjá af virtustu endurskoðendum landsins til okkar, Ólaf Nilsson, Þorvarð Gunnarsson og Árna Tómasson, allt landsþekktir menn á sínu sviði og færir. Þeir gátu ekki svarað öllum þeim álitamálum sem komu upp í tengslum við þetta frv. Þeir sögðu: „Við höfum heldur ekki fengið ráðrúm og tíma til að skoða þetta." Alltaf þegar við göngum frá flóknum skattalögum í efh.- og viðskn., þá leggjum við mikið upp úr áliti þessara manna. Þeir eru með sérstaka endurskoðendur að störfum, sérstaka starfandi nefnd sem aðstoðar okkur við útfærslu á tilteknum þáttum í skattalögum. Það er vegna þess að málin eru svo flókin að bestu manna ráð þarf við að búa til texta í þeim efnum. Þó svo hv. efh.- og viðskn. finni dálítið til sín hvað það varðar að vinna hlutina vel og vandlega, þá höfum við aldrei verið feimnir við að leita okkur utanaðkomandi ráða þegar nauðsyn krefst. Það hefðum við átt að gera í þessu máli, en við fengum það ekki.

Annað atriði, herra forseti, sem blasir við er að eftir löggildingu þessa frv. kemur strax upp ágreiningur við skattyfirvöld. Búum aftur til dæmi. Nú sé ég hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Við skulum segja að hann kaupi kvóta og skip af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir t.d. 100 millj. og hann ætlar að fara að gera út. Þá er mjög mikið matsatriði — hann kaupir kvóta og skip — hvernig samning þau gera á milli sín, þ.e. hvaða verð þau setja á skipið og hvaða verð á kvótann. Þetta eru 100 millj. sem þau eru sammála um að er heildarverðmæti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mun vilja að kvótinn verði verðlagður eins lágt og hægt er og það er vegna þess að núna er kvótinn ófyrnanlegur. Hann mundi helst vilja að kvótinn væri 10 millj. og skipið 90 því hann má afskrifa 90 millj., skipið, en ekki kvótann. Þetta er álitamál. Þessi samningur hér á milli hefur engin áhrif á fjárhagsstöðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Þó gæti verið matsatriði hvert kvótaverðið ætti að vera í sambandi við skattskyldu á söluhagnaði veiðiheimilda. Þar getur líka komið upp flókið álitamál. En skoðum þetta bara út frá þessari stöðu, vegna kaupa fyrir þessar 100 millj., hvernig þetta blasir við hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Almennt segir í skattalögunum að miða eigi við eitthvað sem heitir gangverð. En það er augljóst að þarna er svigrúm fyrir aðila að reyna haga þessum viðskiptum þannig að álitamál geti orðið gagnvart skattyfirvöldum. Auðvitað eru öll þessi viðskipti lögleg og enginn er að tala um það að menn séu að brjóta neinar reglur varðandi þetta. Ég er einungis að benda á að ekki er alveg skýrt sagt hvernig menn fara að því að greina á milli verðmæti kvóta og skips sem er náttúrlega ákveðið grundvallaratriði í öllum þessum viðskiptum vegna þess að það er líka alltaf verið að tala um eignfærslu á kvótanum og skattskyldu á söluhagnaði þannig að hér getur komið upp álitamál.

Menn hafa notað veiðiheimildir til að leika dálítið á skattkerfið og skattskyldu. Dæmi þekkjast um það að fyrirtæki hafi selt frá sér aflahlutdeild og fengið inn miklar tekjur. Það hefur gengið upp í tap. Tapið á kannski að detta út og menn hafa þá ekki þurft að greiða af því neinn tekjuskatt. Með því sýna þau góða afkomu. Síðan kaupa þau aftur þessar veiðiheimildir af þeim sem þau seldu. Þetta eru svona málamyndaviðskipti. Þar með fá menn eignarstofn sem þeir geta síðan afskrifað. Herra forseti. Á þessu dæmi sést að þarna hefur fyrirtækið sem gerir þetta sýnt betri afkomu. Það hefur fært upp eignir sínar og ársreikningur þess lítur mun betur út og það allt saman vegna viðskipta með veiðiheimildir sem stjórnvöld úthluta án kostnaðar.

Ég vil geta þess, herra forseti, þó að ég hafi ekki nefnt það orð enn þá í minni ræðu að hugmyndafræðin á bak við veiðileyfagjald, þ.e. að láta menn greiða gjald fyrir að fá veiðiheimildir til afnota, leysir mjög mörg af þeim álitaefnum sem eru í frv. Við erum ekki að fjalla um veiðileyfagjald í þessu máli en mér þykir rétt að draga það fram þannig að það sé ljóst.

Ég nefndi hindranir eða það að skattleggja söluhagnað á viðskipti með veiðiheimildir sérstaklega. Fyrir utan það að mjög erfitt er að útfæra það, þá getur það einfaldlega leitt til þess að menn sitji bara með sína eign áfram inni í sjávarútvegsfyrirtækjum og hirði af henni þann arð sem þessar úthlutuðu veiðiheimildir skila sem er náttúrlega meginatriði hjá mönnum sem þurfa að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort þeir vilji fara út úr greininni eða ekki. Þeir eru að velta fyrir sér hvar fé þeirra ávaxtast best og ef settar eru á sérstakar útgönguhindranir, þá mundi það, fyrir utan að mjög erfitt er að útfæra það eins og ég nefndi áðan, einfaldlega leiða til þess að menn mundu sitja inni í greininni og hirða arðinn af ókeypis úthlutuðum veiðiheimildum eins og þeir gætu þannig að sú hugmyndafræði öll þarfnast nánari skoðunar.

Við í 2. minni hluta leggjumst ekki gegn því að málið nái í sjálfu sér fram að ganga. Við erum fyrst og fremst að segja að þetta mál hefði þurft að fá vandaðri og betri umfjöllun og við báðum um að svo yrði og við sögðum við stjórnarliða: „Við skulum lögfesta þetta fljótlega eftir áramót og það er ekkert stórkostlegt í hættu þó að fyrningaákvæðin taki ekki gildi um næstu áramót. Þau geta alveg tekið gildi 1. mars og geta þess vegna tekið gildi á næsta ári. Misvísandi upplýsingar bárust til nefndarinnar hvort einhver viðskipti væru að eiga sér stað vegna þessa frv. eða ekki. Ég hef í sjálfu sér enga sérstaka trú á því. Nei, það virðist vera, herra forseti, eitthvert sáluhjálparatriði hjá ríkisstjórninni að keyra þetta í gegn að óathuguðu máli. Við hefðum viljað stuðla að því að málið yrði afgreitt þegar búið væri að fara vel yfir þau álitamál sem ég hef hér nefnt. Skattaleg rök eru fyrir því að meðhöndla þessi kvótaviðskipti eins og frv. gerir ráð fyrir en fjölmörg álitamál önnur sem tengjast þessu efni hefði þurft að skoða.

Úthlutun aflaheimilda, fiskveiðistjórnarkerfið, allt í tengslum við það, veiðiheimildir, veiðileyfagjald og öll þessi sjávarútvegsumræða er mjög brýn og hefur verið mjög áköf í þjóðfélaginu meðal almennings, meðal fólksins í landinu. Þetta er stjórnmálalegt deiluefni og þess vegna, herra forseti, þegar verið er að taka á afmörkuðum skattalegum þætti sem vekur upp fjölmargar spurningar á sviði lögfræði, reikningshalds, skattaréttar og skattaútfærslu, er einfaldlega ekki hægt að viðhafa þau vinnubrögð sem á að stunda hér í skjóli nætur. Þetta er 2. umr. málsins. Við höfðum ekki ráðrúm að senda það til umsagnar. Við áttum einn fund með hagsmunaaðilum. Þetta er keyrt í gegn á örfáum dögum. 2. umr. á að ljúka í dag og 3. í kvöld. Málið hefur svo marga snertifleti við aðra þætti í sjávarútvegsmálunum að það er til vansa, herra forseti, ef Alþingi ætlar að keyra það í gegn á þennan hátt. Þess vegna leggjum við í 2. minni hluta formlega til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[12:56]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess dæmis sem hv. þm. tók af væntanlegri útgerð minni ef ég mundi t.d. kaupa skip eða bát ásamt með veiðiheimildum fyrir 100 millj. af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur ... (**Gripið fram í:** Eða búðinni í Reykjavík.) Já, ég skýt því að hér í leiðinni að ég fer að verða býsna umsvifamikill í atvinnulífinu ef öll þessi dæmi sem hér hafa verið tekin ganga eftir. Í síðasta máli var lagt út af því að ég mundi stofna til verslunarreksturs í höfuðborginni og ráða hv. þm. Pétur Blöndal til afgreiðslustarfa en nú eru menn að gera því skóna að ég muni fara út í stórútgerð og kaupa hana af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. (**PHB:** Fyrir hagnaðinn af búðinni.) Já, sennilega þá fyrir gróðann af versluninni.

En varðandi dæmið. Ef að ég eða einhver annar kaupir skip, þá mun kaupandinn vilja að í samningnum sé það skráð þannig að verðmæti skipsins sé sem mest og veiðiheimildinna sem minnst. Það er að sjálfsögðu hægt að setja dæmið þannig upp að á þessu geti verið hætta. En það er ekki þar með sagt að skattyfirvöld eða aðrir séu varnarlausir gagnvart slíku, aldeilis ekki. Í fyrsta lagi gera tekjuskattslögin áskilnað eða kröfu um að verðmætin séu höfð aðskilin og tilgreint sé sérstaklega hvert sé verðmæti skips og hvert sé verðmæti veiðiheimilda. Auk þess geta skattyfirvöld að sjálfsögðu gert athugasemdir við verðlagninguna ef þau telja hana óeðlilega. Það er alveg ljóst að skattyfirvöld munu fara með þetta mál með sambærilegum hætti og ýmis önnur þar sem mönnum er gert skylt að sundurliða, sundurgreina, verðmæti vegna skattlagningar og er ekki mjög flókið mál þannig að þetta mun væntanlega verða leyst þannig.

Í öðru lagi eru þetta auðvitað ákveðin rök fyrir því að veiðiheimildirnar muni lækka í verði og er það þá ekki gott. Eru menn ekki almennt sammála um að þær hafi verið á uppsprengdu og óraunhæfu verði? Ef það verða að hluta til áhrifin af þessum breytingum, þá tel ég það vera jákvætt.

[12:59]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út frá dæminu sem ég tók, nefndi ég að þarna væri visst svigrúm og það er til staðar því þetta vanda-

mál finnst nú þegar í dag, fyrir gildistöku laganna. 100 millj. kr. viðskiptin sem áttu sér stað milli hv. þingmanna eru í dag með þveröfugum hætti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill í dag hafa kvótann helst á 80 millj. og skipið á 20 millj. og það er vegna þess að hann afskrifar kvótann í dag um 20% en skipið ekki nema 8%. Vitaskuld hafa skattyfirvöld og þau eiga að vera með, almennar reglur, viðmiðanir og annað slíkt. Ég er hins vegar að draga fram að þetta er álitaefni. Þetta er erfitt úrlausnar fyrir skattyfirvöld. Það er fyrirsjáanlegur ágreiningur milli fyrirtækja varðandi svona kaupsamninga alveg eins og þessi mál hafa komið upp gagnvart skattyfirvöldum nú þegar í núverandi kerfi. Menn eru með mismunandi fyrningarprósentur eða eins og í þessu tilfelli hluta af eigninni ófyrnanlegan og hluti af eigninni fyrnist á almennan hátt. Þetta er bara lítið dæmi, herra forseti, sem ég er að draga hér fram. Menn verða aðeins að líta betur á þetta mál. Það er ekki hægt að afgreiða frá þinginu svona flókin skattalagamál á þann hátt að strax vakni upp spurningar um framkvæmd þeirra laga.

[13:00]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt. Ég geri ekki ágreining við hv. þm. um það að þessi álitamál eru til staðar og það verður að sjálfsögðu eitthvert mat sem skapar svigrúm á því hvað sé eðlileg verðlagning. En ég held að það sé allt saman leysanlegt og það sé ekkert erfiðara úrlausnarefni fyrir skattyfirvöld en mörg önnur sambærileg þegar þarf að leggja eitthvert mat á það hvort um eðlilega verðlagningu í aðgreindum viðskiptum eða aðgreindum þáttum kaupsamninga eða viðskipta er að ræða.

Ég held hins vegar að auðvelt sé að leysa þetta á algjörlega skotheldan hátt, ef menn væru tilbúnir til að fara þá leið, — á Alþingi liggur fyrir í 263. máli frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum — með því að gera kröfu um að viðskipti með veiðiheimildir séu ævinlega brotin upp og þeim haldið aðgreindum frá t.d. skipakaupum og þau viðskipti fari yfir opinberan viðurkenndan markað, kvótaþing eða kauphöll. Um leið og það gerist, þá er verðlagningin náttúrlega opinber, þá liggur hún fyrir, ekkert vandamál og menn hafa aðgang að öllum upplýsingum sem þeir þurfa, bæði skattyfirvöld og aðrir auk þess sem á slíku þingi er auðvelt að halda viðskiptunum þannig að samband milli seljenda og kaupenda sé rofið, þetta sé blindur markaður og þar með er komið í veg fyrir að gjörningar milli manna geti haft nokkur áhrif á verðlagninguna í slíkum tilvikum. Ég er sannfærður um að þetta er langbesta fyrirkomulagið og það er einmitt tímaspursmál hvenær menn munu verða sammála um að þetta verður heilbrigðasta fyrirkomulagið svo lengi sem viðskipti eru leyfð með réttindi af þessu tagi.

[13:02]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum í sjálfu sér ekkert ósammála um það sem við erum að skiptast hér á skoðunum um. Við erum sammála um að hér er álitaefni og þetta er allt leysanlegt. Skattalög eru leysanleg. Um þessi viðskipti fer eftir 24. gr. laga um tekju- og eignarskatt eins og vitnað er til í greinargerðinni. Hins vegar þurfa fyrirmæli löggjafans við lögfestingu þessa máls að vera skýrari vegna sérstöðu málsins og það er það sem við höfum gert. Við höfum kannski útfært þetta betur, gefið skýrari fyrirmæli til skattyfirvalda hvernig eigi að meta og annað slíkt. Við höfum reynt að útfæra frv., hvort sem hefði verið í greinargerð, í brtt. eða í framsögu. Það eru bara hefðbundin vönduð vinnubrögð að skilja ekki álitamálin eftir. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon höfum gjarnan viljað leggja málinu þannig lið en við fáum það ekki. Það á að afgreiða þetta mál í dag. Það er ekki ætlast til þess að reynt sé að ganga frá þessu álitamáli sem er eitt af mörgum þannig að ekki verði nein vandkvæði á. Það er leysanlegt en við fáum ekkert ráðrúm til að leysa það og stjórnarmeirihlutinn hefur ekki lagt til neinar skýringar eða útfærslur á þessu eða öðrum atriðum. Þetta eru vinnubrögðin sem ég er að átelja hér, herra forseti.

[13:04]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að málinu sjálfu held ég að fróðlegt væri að velta því upp að þegar það liggur fyrir að hv. 4. þm. Norðurl. e. er orðinn svona umsvifamikill í viðskiptalífinu, að þá hlýtur náttúrlega draga að því að hv. þm. muni að hasla sér völl í kaupum á tilteknum kaffihúsum við Hverfisgötuna þar sem hann er orðinn býsna kunnugur eins og allir vita.

Virðulegi forseti. Þó að þetta frv. sem við ræðum sé kannski ekki mikið að vöxtum þá er augljóst mál að það mun hafa mjög veruleg áhrif. Það mun hafa veruleg áhrif á umræðuna um fiskveiðistjórnarmálin og það mun líka hafa mjög veruleg áhrif á framkvæmd fiskveiðistjórnarlaganna. Í fyrsta lagi mun það væntanlega leiða til eitthvað meiri skattgreiðslna sjávarútvegsfyrirtækja til ríkisins. Það er hins vegar alveg rétt sem hér hefur komið fram að það er ekkert aðalatriði. Það er nánast aukaatriði sem fylgir með í kaupunum má kannski segja. Hins vegar er ljóst að það mun hafa einhver áhrif á skattgreiðslu sjávarútvegsfyrirtækja.

Það er líka ljóst að það mun hafa áhrif á skattalega meðferð söluhagnaðar í sjávarútvegi, en aðalatriðið er hver áhrifin muni verða á kvótaverðið sjálft sem ég held að sé nokkuð almenn skoðun að er allt of hátt og er farið að hafa í sjálfu sér mjög óæskileg áhrif á sjávarútveginn. Ég tel að þessi áhrif hafi m.a. leitt til þess að í kringum þessa atvinnugrein hefur verið ótrúlega mikil óvissa sem m.a. er farin að hafa áhrif á mat fjárfesta á hugsanlegum fjárfestingarkostum í sjávarútveginum. Það er farið að raska starfsumhverfi greinarinnar. Þetta segi ég alveg burt séð frá því hvaða skoðun menn annars hafa á fiskveiðistjórnarlögunum sjálfum, hvort menn eru talsmenn veiðileyfagjalds, sóknarstýringar, framseljanlegra aflakvóta eða einhvers annars. Ég held að menn hljóti að vera sammála um að gríðarlega mikilvægt er fyrir sjávarútveginn sjálfan, fyrir atvinnulífið, fyrir þjóðarbúið, að í atvinnugrein af þessu taginu sé almenn sátt um leikreglurnar og starfsskilyrðin sjálf, alveg burt séð frá skoðun manna á sjávarútvegsstefnunni sjálfri.

Út á hvað gengur þetta frv.? Ég held að það sé mikilvægt í fyrsta lagi að menn átti sig á því. Ég vil að gefnu tilefni vegna ræðu hv. 11. þm. Reykn. taka það fram að ég held að ég átti mig alveg á því út á hvað þetta frv. gengur og er þó stjórnarliði. Þetta frv. gengur fyrst og fremst út á það að afnema heimildir til afskrifta á aflaheimildum, á kvóta, og hefur þar með áhrif fyrst og fremst á því sviði. Hin stjórnskipulegu áhrif eru að mínu mati ekki þau sem hér hefur verið haldið fram af ýmsum og kom reyndar mjög fram í þeirri umræðu sem fór fram við 1. umr. þessa máls.

Nú getum við velt því fyrir okkur hvort það sé eðlilegt eða óeðlilegt að afnema þessar heimildir til afskrifta á kvóta, til afskrifta á aflaheimildum eða aflahlutdeild. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að afnema þessa heimild einfaldlega vegna þess að við erum að ræða um endurnýjanlega auðlind. Það er í sjálfu sér mjög óeðlilegt að fyrirtæki í sjávarútvegi sem hafa rétt til að nýta hina endurnýjanlegu auðlind, hvort sem það er gert á grundvelli kvótakerfis, söknarstýringar sem auðvitað væri þá líka ávísun á tiltekinn rétt til þess að nýta auðlindina, geti síðan skapað sér skattalegt hagræði sem felst í því að afskrifa þessa heimild í bókhaldi hjá sér.

Þá er komið að eftirfarandi spurningu: Hver eru líkleg áhrif þessa frv. á kvótaverðið sjálft? Í þessum efnum eru uppi mjög mörg álitamál og við sjáum að kvótaverðið hefur þróast með ýmsum hætti og kannski óvænt á margan hátt. Það liggur t.d. fyrir að kvótaverð í þorski hækkaði þrátt fyrir það að afkoma botnfiskveiða og vinnslu var erfið. Kvótaverð hækkaði þegar erfiðleikarnir voru miklir í þessari grein. Engu að síður held ég að við getum, ef við gefum okkur tilteknar forsendur, reynt að nálgast það dálítið hver séu líkleg áhrif þessarar lagasetningar á kvótaverðið í sjálfu sér. Hver er líklegastur til að geta keypt kvóta um þessar mundir? Kvótaverð er gríðarlega hátt. M.a. eftir að þetta frv. kom fram hefur kvótaverð í þorski hækkað og mér er sagt að það liggi nú mjög nálægt 700 krónum. Staðgreiðsluverð fyrir varanlegar aflaheimildir í þorski er 700 kr. Við sjáum að það eru ekki nema hin fjársterkustu fyrirtæki sem geta fjárfest í aflaheimildum sem svona eru verðlagðar. Og hver eru hin fjársterku fyrirtæki? Það eru auðvitað fyrirtækin sem skila góðum hagnaði og eru undir öllum eðlilegum kringumstæðum að gera upp með gróða sem hlýtur að lokum að leiða til þess að þetta eru fyrirtæki sem borga tekjuskatt. Að vísu hefur margoft verið bent á að það er ótrúlega lítið um að fyrirtæki í sjávarútvegi greiði tekjuskatt vegna þess að þau hafa skattaleg rekstrartöp sem þau hafa ekki náð að nýta að fullu. Hins vegar eru samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef ýmis fyrirtæki núna að komast á það rólið að þau eru að fullnýta þessi töp og möguleikarnir til þess að auka við þessi töp minnka auðvitað við samþykkt þessa frv. Við getum því sagt sem svo að það er ekkert óeðlileg forsenda að gefa sér að skoða sérstaklega áhrifin á kvótaverðið í ljósi þess að kaupendur séu fjársterkir aðilar í útgerð sem séu að sýna góða rekstrarlega afkomu og muni þess vegna vera í þeirri stöðu eða séu að komast í þá stöðu að þeir fari að borga tekjuskatt.

Stjórnendur slíks fyrirtækis sem í dag hefur verið að taka ákvörðun á grundvelli núgildandi laga um fyrningarheimildir aflahlutdeildar hljóta að spyrja sig núna eftir áramótin: „Hvernig ákvörðun tökum við sem tryggir það að við erum jafnvel eða illa settir við kvótakaup fyrir og eftir þessi lög? Hvaða verð getum við greitt fyrir aflahlutdeildina upp á það að vera ekki verr settir eftir þessa lagasetningu en við vorum fyrir hana?“ Ég hef skoðað þetta með sérfróðum mönnum og niðurstaðan virðist vera sú að ef fyrirtæki sem er í þeirri stöðu að greiða tekjuskatt í dag ætlar að vera jafnsett til kvótaviðskipta eftir þessa lagasetningu — sem vonandi gerist nú á þessum sólarhring — og það var fyrir, þá verður það að greiða 25% lægra verð fyrir aflahlutdeildina en það gerði fyrir þessa lagasetningu, 25% lægra. Ef það eru réttar tölur sem ég var hérna með áðan um að kvótaverðið í þorski t.d. á varanlegum heimildum sé um 700 kr. á kg, þá mundi það leiða að breyttu breytanda til þess miðað við þessar gefnu forsendur að kvótaverð ætti að fara niður í 525 kr.

Nú veit ég að mjög margir aðrir þættir koma inn í þetta mál. Það er ýmislegt annað sem togar í. Það er ýmislegt annað sem hefur áhrif á kvótaverðið, ýmsir huglægir þættir, hvernig menn t.d. meta framtíðarmöguleikana á afkomu í sjávarútveginum, hvernig menn meta hugsanlega aukningu á kvóta o.s.frv. Engu að síður er það svo að ef menn skoða þetta bara svona eins og ég nefndi hér áðan, þá sýnist mér, eftir að hafa látið skoða þetta af sérfróðum mönnum, að þetta séu hin raunveruleg áhrif þessarar lagasetningar á kvótaverðið sjálft. Þetta er mjög merkjanlegt og skiptir gríðarlega miklu máli. Og vegna þess að ég held, eins og ég rakti hér áðan, að það sé um það nokkuð almenn sátt í þjóðfélaginu, af velunnurum sjávarútvegsins a.m.k., að það sé mjög mikilvægt að kvótaverðið lækki.

Menn hafa dálítið velt því fyrir sér hvort ekki sé erfitt að framfylgja þessum lögum, hvort ekki sé erfitt að meta kvótaverðið sérstaklega og skipsverðið sérstaklega. Ég held að þetta þurfi ekki að vera praktískt mjög erfitt. Í þessu sambandi vil ég segja að við höfum mikla reynslu af því að meta þessa þætti. Þegar verið er að sameina fyrirtæki og kaupa fyrirtæki, þá er eru einmitt þessir þættir yfirleitt það fyrsta sem menn geta verðlagt mjög auðveldlega því þetta eru svo þekktar stærðir í viðskiptum.

Svo vil ég segja eitt að lokum: Ég held að það sé mjög mikilvægt að afgreiða þetta frv. núna. Það er ljóst að framlagning þess hefur þegar haft áhrif á kvótaverðið eins og ég nefndi. Það er a.m.k. skoðun þeirra sem starfa í greininni að frv. í sjálfu sér hafi haft einhver áhrif í þessum efnum. Við vitum að í þessari grein eins og öðrum er óvissan mjög óþægileg, mjög erfið. Þess vegna skiptir miklu máli að aflétta þessari óvissu og þegar fyrir liggur að stjfrv. hefur verið lagt fram þá skapar það auðvitað ný viðhorf. Við sáum þetta líka þegar fréttir bárust af samhljóða niðurstöðu sérstakrar stjórnskipaðrar nefndar sem var að fara yfir úreldingarmál í sjávarútveginum. Þá varð niðurstaðan sú að það hafði þegar áhrif á viðskipti manna með skipin. Ég tel því, virðulegi forseti, að það skipti máli að afgreiða þetta mál nú og tel að það yrði mjög til bóta fyrir starfsumhverfi sjávarútvegsins.

[13:15]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin um hvaða áhrif frv. hefur á verð varanlegra veiðiheimilda er auðvitað eitt meginatriðum frv. Hvaða áhrif hefur það á verðlag veiðiheimilda og þá þróun sem verið hefur á undanförnum árum? Mun frv. stöðva hækkunina á verði veiðiheimildanna eða gera betur og stuðla að lækkun á verði í framtíðinni? Ég leyni því ekki að ég hef verið þeirrar skoðunar að banna ætti þessar afskriftir í því skyni að reyna að slá verðið niður. En til þess að árangur náist þarf bannið að vera fortakslaust og án undanþágu.

Eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemst ég að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að varanleg áhrif þessa frv. á verðgildi varanlegra veiðiheimilda verði mjög mikil. Það rökstyð ég með því að þeir sem festa kaup á þeim veiðiheimildum eftir að frv. er orðið að lögum geta vænst þess eftir nokkur ár að geta gjaldfært kaupverðið eða kostnaðinn að fullu í rekstrarreikningum fyrirtækja sinna. Sérstaklega styrkir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. þetta álit en hún kveður á um að þegar þeim lögum sem hafa áhrif á réttinn að einhverju leyti sé breytt, þá megi gjaldfæra þennan kostnað í hlutfalli við áhrif laganna.

[13:17]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi í ræðu minni hér áðan að auðvitað væri mjög erfitt að svara þessari spurningu fortakslaust. Menn yrðu í fyrsta lagi að gefa sér einhverjar forsendur og reyna síðan að komast að niðurstöðu út frá þeim.

Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Vestf. í því að ýmsir huglægir þættir, vangaveltur og spekúlasjónir um framtíðina hafa mjög mikil áhrif á kvótaverðlagninguna í sjálfu sér. Það er auðvitað eitt af því sem hefur gert það að verkum að t.d. verð á þorskkvóta hefur hækkað með öðrum hætti heldur en maður hefði ella getað vænst. Ég var fyrst og fremst að reyna að nálgast þetta út frá einhverjum gefnum forsendum sem við gætum síðan skoðað og hefðum einhverja handfesti á. Þess vegna gaf ég mér það að þeir aðilar sem líklegastir væru til að kaupa veiðiheimildir fyrir um 700 kr. kg af þorski væru fjársterkir aðilar og þeir væru fjársterkir vegna góðrar rekstrarafkomu fyrirtækisins. Með öðrum orðum væri líklegt að fyrirtæki í þeirri stöðu þyrftu eða væru farin að borga tekjuskatt. Það sem ég velti upp var þetta: Slíkt fyrirtæki sem er jafn vel eða illa sett fyrir þessa lagabreytingu og eftir getur ekki borgað jafnhátt verð eftir þessa lagasetningu og það gat fyrir lagasetninguna. Kvótaverðið yrði að lækka um 25%, verða 75% af því sem það er núna til þess að fyrirtækið sé í sömu stöðu fyrir og eftir lagasetningu samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef skoðað. Út á þetta gengur minn málflutningur í þessu máli.

[13:19]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er auðvitað um huglægt mat þingmannsins að ræða og ég geri engar athugasemdir við það mat hans. Ég er raunar sammála því að það þurfi að lækka verðið og æskilegt yrði að áhrif frv. yrðu þau að lækka það sem mest. Ég tel að það mikilvægasta varðandi stjórn fiskveiða sé að taka verðmætin niður eins og kostur er.

Ég er hins vegar kannski ekki alveg sammála mati hans á áhrifum frv. á verðgildið í náinni framtíð. Um það getum við ekki deilt mikið frekar. Við getum bara haft mismunandi skoðun á því. Ég bendi á að í frv. eru, þrátt fyrir hin almennu ákvæði þess að banna afskriftir á kaupverði aflaheimilda, ákvæði sem heimila niðurfærslu kaupverðs með því að flytja söluhagnað á milli, ákvæði um frestun á söluhagnaði og ákvæði um gjaldfærslu á kaupverðinu við þau skilyrði að verðmæti aflaheimilda breytist vegna síðari lagabreytinga sem hefðu áhrif á verðmæti þeirra. Þeir sem eru að kaupa sér veiðiheimildir eru ekki vissir um hvenær lagabreytingar verði gerðar og hvaða áhrif þær muni hafa. Þess vegna má vænta þess að verðið muni lækka eitthvað. Engu að síður getur væntanlegur kaupandi gert ráð fyrir að verði gerðar lagabreytingar sem hafi áhrif á verðgildið getur hann treyst því að geta fært þá breytingu til gjalda á sínum rekstrarreikningi. Að því leyti býr hann við mjög mikið öryggi.

[13:21]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er kannski sérkennileg umræða vegna þess að við erum að velta fyrir okkur líklegri þróun án þess að geta fest á því hendur. Þess vegna hef ég frekar reynt að leggja þá umræðu til hliðar, enda koma þar inn í lítt mælanlegir hlutir og erfitt að meta til verðs. Við getum hins vegar metið hluti til verðs að gefnum tilteknum forsendum. Þess vegna reyni ég leggja talsvert upp úr því að meta málið út frá gefnum stærðum. Ég var einfaldlega að reyna að leggja mat á þetta út frá sjónarhóli stjórnenda þeirra fyrirtækja sem gætu keypt veiðiheimildir fyrir svo hátt verð. Ef slíkur stjórnandi sest niður á nýju ári og fer að velta því fyrir sér hvað hann geti greitt fyrir veiðiheimildir þær sem standa honum til boða, þá er niðurstaðan sú sem ég nefndi hér áðan.

Hins vegar getur slíkur stjórnandi líka velt fyrir sér öðrum þáttum. Hann gæti ígrundað hver staða sín yrði ef lögunum væri breytt í grundvallaratriðum. Hann gæti þess vegna komist að þeirri niðurstöðu að vegna ákvæðis þeirra laga sem í gildi eru og vegna þeirrar túlkunar sem fram hefur komið, væri óhætt fyrir hann að greiða hærra verð, taka meiri áhættu o.s.frv. Það væri auðvitað hans huglæga mat. Auðvitað meta stjórnendur þessa þætti misjafnlega. Engu að síður held ég að niðurstaðan verði lækkun aflaheimilda á grundvelli þess að stjórnendur meti þetta út frá þeim forsendum sem þeir hafa og því sem þeir hafa í hendi. Áhrifa þessa frv. ætti því að fara að gæta strax á nýju ári.

[13:24]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ábyrgðina á kvótaverðið hugsa ég að það sé rétt hjá hv. þm. að til skamms tíma gæti kvótaverð lækkað. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að til lengri tíma hafi þetta ekki mikil áhrif. Ég hef ekki fastmótaðar hugmyndir um hvort verð er hátt eða lágt. Mér finnst að menn eigi ekki að hafa það. Verð myndast einfaldlega af samspili framboðs og eftirspurnar og verð á kvóta tekur mið af framtíðarhagnaði sem menn geta haft út úr veiðiheimildum. Eftir því sem menn gera sér meiri vonir um framtíðarhagnað þeim mun hærra er verðið.

Mér finnst ómögulegt að afgreiða þetta mál í skyndi vegna þess að áhrifa þess sé þegar farið að gæta í viðskiptum. Ég gagnrýni það. Málið hefði getað komið fyrir þing miklu fyrr og fengið eðlilega meðhöndlun. Það er ekki hægt, herra forseti, að koma í ræðustólinn og segja: Það verður að afgreiða málið vegna þess að það hefur áhrif á markaðinn. Það gengur ekki gagnvart Alþingi að ríkisstjórnin setji fram frv. sem hefur víðtæk áhrif og þarf að skoða miklu betur og það sé síðan lögfest vegna þess að viðskipti eru farin að breytast út frá þessu frv. Það er enginn vandi að taka þetta frv. til baka og leggja það fram eftir áramótin, þess vegna með gildistöku um þarnæstu áramót. Það er margt hægt að gera. Það sem ég krefst varðandi þessa umræðu er að menn skoði þau álitamál sem hér eru uppi. Þau eru fjölmörg.

Áhrifin eru mörg og við höfum verið að velta vöngum yfir tilteknum þáttum. Ég tel hins vegar að það sé engin frágangssök þó málið öðlist ekki lögfestingu fyrr en eftir áramót. Það skapar ekki nein vandræði í uppgjöri þó gildistakan verði tveimur mánuðum seinna. Hvað þann þátt varðar er hægt að leysa allt en þá er málið þó afgreitt með sómasamlegum hætti. Ég veit að hv. þm. er mjög annt um að afgreiða lögin sómasamlega hér á Alþingi.

[13:26]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af spurningunni um hvort kvótaverðið er hátt eða lágt og hvernig það verður til. Það er út af fyrir sig rétt að það verður til á markaðslegum forsendum af samspili framboðs og eftirspurnar. Þó er það aðeins flóknara. Það eru ekki aðeins hinir ósýnilegu kraftar markaðarins sem ráða verðinu heldur einnig löggjöfin og með hvaða hætti við

tökum t.d. ákvörðun um að skattleggja þessa hluti, hvernig við ákveðum rekstrar- og starfsumhverfi sjávarútvegsins, hvernig við kjósum að hátta afskriftareglum í sjávarútvegi o.s.frv. Allt þetta hefur auðvitað mikil áhrif á kvótaverð og umhverfi greinarinnar. Þess vegna er þetta mál flóknara en svo að hægt sé að segja að verðið sé hvorki hátt né lágt. Ýmsir aðrir þættir hafa áhrif og með lagasetningunni erum við að reyna að búa til tiltekið umhverfi. Umhverfið hefur áhrif á kvótaverðið og ég held að við hv. þm. hljótum að geta verið sammála um það.

Ég get alveg tekið undir það með hv. 11. þm. Reykn. að heppilegra hefði verið að fjalla um málið fyrr eins og gjarnan er með skattamál. Þannig hefðu menn getað skoðað það enn þá betur. Hins vegar held ég að mikilvægt sé að festa þetta mál í lög og óæskilegt fyrir starfsgreinina að bíða með það fram yfir áramót. Ég tel að meginspurningunum hafi verið svarað. Mat okkar er ólíkt á að fresta þessu máli. Ég tel að það mjög óskynsamlegt og vont fyrir atvinnugreinina að fresta þessu og þess vegna eigum við að ljúka málinu nú fyrir þinghlé.

[13:28]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld eru fleiri atriði sem hafa áhrif á verð en framboð og eftirspurn og reyndar miklu fleiri atriði en hv. þm. talaði um. Það er mjög flókið og skiptir kannski ekki öllu máli í þessari umræðu. Hins vegar vil ég ítreka að vinnubrögðin varðandi þetta mál eru slæm. Ég tel ekki neina hættu í rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja þó að þetta mál frestaðist. Mér finnst mjög slæmt, herra forseti, að kasta til höndum við löggjöf um svo mikilvægan þátt og flókinn. Í umræðunni hafa verið dregin upp fjölmörg álitamál sem menn hefðu þurft að skoða. Ég hef lýst mig reiðubúinn að standa að þessari lagasetningu þegar búið væri að gera hana þannig úr garði. Meginþátturinn er að þessi vinnubrögð eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þau eru ámælisverð gagnvart löggjafanum. Þau eru ámælisvert gagnvart þeim sem eiga að vinna eftir löggjöfinni.

Hægt væri að hafa langt mál um efnisþætti frv. en ég geri það svo sem ekki í þessu andsvari. Ég hef farið yfir þá þætti en mér finnst aðalatriðið vera að án mikilla vandkvæða væri hægt að gefa þessu máli meiri tíma í þinginu þannig að allir hefðu góða tilfinningu við afgreiðslu þessa máls.

[13:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Allflest mál sem afgreidd eru hér á Alþingi eru í raun samkomulagsmál. Almennt gerir fólk sér ekki grein fyrir því hve oft stjórn og stjórnarandstaða sameinast um þau þingmál sem hér eru afgreidd. Svo rík mynd er sú mynd að hér sé verið að takast á um mál stjórnar og stjórnarandstöðu. Oft kemur fyrir að fram kemur stjfrv. sem harkalega er deilt um við 1. umr. en þegar það kemur úr nefnd styðja þingmenni minni hlutans málið. Ástæðan er sú að við umfjöllun nefndar hafa breytingartillögur verið unnar eftir faglega yfirferð. Nefndin hefur leitað umsagnar fjölmargra og kallað fag- og hagsmunaaðila á sinn fund. Þessi vinna þingnefndar hefur gjarnan varpað ljósi á álitamál og oft orðið til þess að þingmenn sameinast um breytingar. Þetta þekkjum við.

Þegar álitamál eru varðandi stjórnarfrv. er vinna þingnefndar mjög mikilvæg jafnvel þó ekki náist sátt um niðurstöðu. Umfjöllun hefur verið fagleg og þá er hægt að vísa til lögfræðilegrar niðurstöðu ef um það er að ræða og eftir stendur fyrst og fremst pólitískur ágreiningur um málið. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar skattamál eiga í hlut. Þegar skattabreytingar eru gerðar í tengslum við fjárlagagerð á hraðferð í gegnum þingið sjá menn oft ekki fyrir afleiðingar þeirrar löggjafar. Á liðnum árum höfum við alþingismenn oft sagt okkar í milli, þegar slík mistök eru rædd, að í raun og veru ætti að banna með lögum að breyta skattalögum síðar en í maí til gildistöku á næsta almanaksári. Þannig væri hægt að kortleggja fyrir haustið hvort skattlagningin reynist réttlát og hvort á lagasetningunni séu annmarkar sem menn sáu ekki fyrir.

Við erum alltaf að leita réttlætis í að jafna þær byrðar sem kostnaðurinn við velferðarþjóðfélagið leggur okkur á herðar. Þau vinnubrögð sem ég hef hér nefnt mundi leggja ríkisstjórn þær skyldur að viðhafa faglegri vinnubrögð en við eigum að venjast. Þetta sjónarmið hefur komið fram jafnt hjá stjórnarliðum og stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Ekki síst hjá stjórnarliðum sem finnst óþolandi að vera knúðir til að styðja lagabreytingu á þessum tíma árs þegar störf nefnda eru í algleymingi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara ítarlega í efnisatriði þessa frv. Það hefur talsmaður þingflokks jafnaðarmanna, Ágúst Einarsson, gert mjög vel. Hann hefur fjallað um að ekki muni lengur hægt að fyrna keyptar heimildir sem áður voru afskrifaðar um 20% á ári og hvernig fara á með sölu aflaheimilda. Það sem er athygli vert og við hljótum að halda á lofti er að ekkert er fjallað um verðmæti úthlutaðra heimilda með hefðbundnum hætti, heldur eingöngu þá eign sem felst í heimildinni þegar hún er seld öðrum. Með þessu frv. er eingöngu verið að fjalla um skattameðferð á heimildum sem útgerðarmenn selja sín á milli eftir að þeir hafa fengið heimildina ókeypis og selja hana síðan. Þá er hún metin sem eign og skattlögð við sölu. Við bendum helst á þetta og vinnubrögðin við þetta frv. Það var ekki tími til að leita umsagna eða þess lögfræðiálits sem boðað var að kallað yrði eftir við 1. umr. málsins. Þó hefur komið í ljós við umræðuna að eftir standa mörg álitamál.

Eins hefur komið fram að ekkert knýr á um að lögfesta málið fyrir jól. Sýnt hefur verið fram á að hér er um mörg skatta- og lögfræðileg atriði að ræða og umræðan og andsvör og svör þingmann á þessum síðasta degi þingsins fyrir jól hefur dregið fram. Það var ekki hægt að hafa samráð við hagsmunaaðila og ekki hægt að fara í faglega vinnu þingnefndar sem ég hef bent á að er mikilvæg.

Talsmaður jafnaðarmanna, Ágúst Einarsson, gagnrýnir líka orðalag sem ekki á sér stoð í lögum. Það er gagnrýni vert, virðulegi forseti, að Alþingi afgreiðir lög í svo miklu bráðræði að álitamál hafa ekki verið könnuð nægjanlega. Að hafa í bráðabirgðaákvæðunum hortitti sem mönnum hefur yfirsést í fljótaskriftinni er auðvitað algerlega óviðunandi.

Ég ætla ekki að staldra við þessi álitamál sem Ágúst Einarsson fór svo ítarlega yfir. En ég ætla að vekja athygli á þeim orðum hans að hér er um flókið lagaverk að ræða, ætlað til að skattleggja sölu á heimild til að veiða óveiddan fisk okkar í sjónum. Óveiddan fisk sem ætti ekki að vera eign nokkurs manns áður en hann er veiddur af því að hann er sameiginleg auðlind okkar allra. Þeir sem selja heimildir til veiða hafa fengið heimildina gefins. Málið snýst um það.

Hvaða tími var þingmönnum gefinn til þess að meta flókið skattamál sem á að afgreiða hér á síðasta degi fyrir jól? Mál var lagt fram, virðulegi forseti, 5. desember sl. Það fór þegar

til nefndar og nefndarmenn hafa vissulega reynt að skoða það eins og þeim er unnt. Það er strax komið til afgreiðslu þingsins eftir yfirferð í nefnd sem er störfum hlaðin. Hálfur mánuður er liðinn frá því að þessu þingmáli var dreift á borð þingmanna. Þetta eru vinnubrögðin sem ég gagnrýni í stuttri ræðu minni á síðasta degi þingsins. Ég tek undir harða gagnrýni Ágústs Einarssonar á vinnubrögðum.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hélt því fram að við ættum að afgreiða málið strax vegna þeirrar óvissu sem annars mundi verða stofnað til. Hér hefur verið lagt til málið verði kallað til baka, í janúar gefi menn sér tíma til að vinna við það og afgreiði strax og þing kemur saman. Allir ættu að geta umborið þá óvissu sem mundi skapast í þrjár vikur að loknum jólum. Við lokaumræðu málsins eru þingmenn að ræða það sín á milli, í stuttri umræðu, hvað niðurstaða þingnefndarinnar geti þýtt, hvað þessi löggjöf geti þýtt og hvaða afleiðingar hún geti hugsanlega haft. Sín á milli hafa þeir sýnt fram á að það er engin niðurstaða í málinu og alls ekki ein skoðun á því hverjar afleiðingarnar verði.

Virðulegi forseti. Við viljum að allir leggi sinn skerf til þeirra samfélagslegu verkefna sem ríkisútgjöldin eru. En það þarf að gefa sér tíma til að skoða allar hliðar máls þegar um skattalagabreytingar er að ræða og kanna hvort þær leiði til þess réttlætis sem við sækjumst eftir. Ég harma, virðulegi forseti, að hér og nú skuli örfáir þingmenn vera að ræða hugsanlegar afleiðingarnar af skattbreytingu sem er svo mikilvæg og varðar undirstöðuatvinnugreinina og helstu auðlindin okkar.

[13:38]

**Útbýting þingskjala:**

Rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, 92. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 685.

Rannsóknarnefnd sjóslysa, 278. mál, svar samgrh., þskj. 684.

Viðskiptahættir í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum, 10. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 687.

Þróun lyfjaverðs, 313. mál, svar heilbrrh., þskj. 610.

[13:39]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Enn einu sinni er komið fram frv. til laga sem snertir sjávarútveg okkar. Það er mjög umdeilt eins og flest önnur frumvörp sem hann snerta. Frv. þetta virðist til bóta við fyrstu sýn, þ.e. að skattleggja hagnað við sölu á ófyrnanlegum réttindum. Ég er þeirrar skoðunar að óeðlilegt sé að heimila fyrningu keyptrar aflahlutdeildar ef svo má segja. Hugtakanotkun á þessu sviði er mjög erfið. Aflahlutdeild hefur verið notuð yfir það sem fæst gefins árlega en aflamark yfir það sem er til skiptanna á ári hverju. Hér er talað um varanlegt aflamark og ég tek undir að það er vissulega umdeilanleg orðnotkun. Ég tel að andvirði kvóta rýrni ekki og því óeðlilegt að hann sé fyrnanlegur.

Á sama tíma og breyta skal atriði eins og þessu, hefst öll umræðan um hvort sú lagabreyting sem hér er verið að leggja til geri fleira í leiðinni. Festir lagabreytingin enn frekar í sessi fyrirkomulagið á kvótakerfinu og styrkir hún hlut þeirra sem nú fá úthlutað aflaheimildum að gjöf? Verður réttur þeirra styrktur með tilvísun í eignarréttarákvæði stjórnarskrár?

Auðvitað er óþolandi að ekki skuli vinnast tími til að fara nákvæmlega í öll lögfræðileg atriði málsins. Jafnframt er ljóst, eins og hér hefur komið fram, að frestun þessa frv. muni hafa áhrif á kvótamarkaðinn og stöðu atvinnugreinarinnar. Margt bendir til að framkoma þessa frv. hafi þegar hækkað verð á veiðiheimildum og því sé nú gott tækifæri til þess að kaupa og þá er hægt að fyrna kvótann sem nú er keyptur.

Einu sinni enn finnst mér að okkur þingmönnum sé stillt upp við vegg. Við höfum ekki fengið nægilegt ráðrúm til að skoða málið og neyðumst því til þess að taka afstöðu á grundvelli takmarkaðra upplýsinga. Þannig hefur lögum okkar um stjórnun fiskveiða, skattlagningu á aflaheimildum og öðru slíku oft verið breytt. Ég minni á að þegar löggjöfin um aflamarkskerfi var sett árið 1983, þá var það fyrst og fremst með heimild til ráðherra að gera tilraunir af þessu tagi. Ég held að enginn þingmanna hafi gert sér grein fyrir út í hvað væri verið að fara.

Oftar en ekki hefur það komið í hlut dómstóla að ákveða hvaða túlkun er ráðandi á þeim lögum sem er verið að setja í þinginu. Það er ljóst að dómurinn Hrönn hf. gegn fjmrh. frá 1993 sem kvað á um að keyptar aflaheimildir væru fyrnanlegar en ekki aðrar hefur haft víðtæk áhrif. Því er mjög eðlilegt að frv. sem þetta komi fram enda ljóst að sá dómur hefur m.a. haft það í för með sér að þeir sem fá gjafakvóta, þ.e. aflamarki úthlutað, hafa selt kvótann og jafnvel keypt hann aftur samdægurs til þess að geta fyrnt hann. Þetta er eðlileg afleiðing af dómnum. Fólk spilar á kerfið sem er til staðar.

Minni hluti efh.- og viðskn. klofnar í þessu máli. Það er kannski ekkert óvenjulegt vegna þess að á milli A-flokkanna er oft ágreiningur í sjávarútvegsmálum. Mér finnst margt í rökstuðningi beggja minni hluta vera trúverðugt og mun því koma nánar að báðum nefndarálitum. Ég vil taka fram að við kvennalistakonur eigum ekki aðild að efh.- og viðskn. og þar af leiðandi höfum við ekki fengið viðunandi gögn um þetta mál að mínu mati.

Í áliti 1. minni hluta sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir kemur fram að til bóta sé að aflahlutdeild sé ófyrnanleg en ýmislegt í þessu frv. sem sé óljóst eða ófrágengið varðandi skattalega meðferð slíkra réttinda. Undir þessa afstöðu vil ég taka, einkum undir síðustu málsgreinina í nefndaráliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa þá málsgrein:

„Fyrsti minni hluti vill sérstaklega undirstrika að með ákvörðun um að gera nýtingarrétt náttúruauðlinda sem endurnýjast ófyrnanlegan í skattalegu tilliti er ekki á nokkurn hátt verið að færa réttindin nær því að verða eign handhafans. Hér er einungis verið að ganga frá tilteknu skattaatriði og ekki á nokkurn hátt verið að veikja sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða né ótvíræðan rétt Alþingis til að breyta stjórnkerfi fiskveiða, þar með talið að afnema aflahlutdeildarkerfið, án þess að bætur komi fyrir."

Undir þennan skilning vil ég taka alveg sérstaklega.

Hins vegar eru mörg atriði í áliti 2. minni hluta, hv. þm. Ágústs Einarssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, einnig mjög vel grunduð og umhugsunarverð. Eftir stendur að mínu mati þetta: Hvort er betra að fresta frv. og athuga þau ákvæði betur sem eru óljós bæði fyrir mér og þeim í minni hlutanum sem ég hef núna vitnað til og skapa um leið ákveðið gullæði á markaði aflaheimildanna eða samþykkja frv. strax? Hvorugur kosturinn er að mínu mati góður. Ég tel þó að það hefði verið skynsamlegast að gera það sem lagt er til í áliti 2. minni hluta á bls. 5, nefnilega að fresta málinu og reyna jafnvel að afgreiða það eftir ítarlega skoðun á þeim

atriðum sem enn eru óljós, afgreiða það fljótlega eftir áramót að fengnum vönduðum umsögnum um þau atriði sem enn þykja óljós. Þetta er því miður ekki ætlan meiri hlutans á Alþingi að gera. Ég mun því styðja tillögu 2. minni hluta um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til frekar skoðunar. Að þeirri tillögu felldri mun ég styðja meginefnisatriði þessa frv. en sitja hjá við önnur atriði.

[13:49]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. óttast að þetta frv., ef að lögum verður, negli niður núverandi kerfi í fiskveiðistjórnun og eignarhald á því kerfi. Það er rétt hjá hv. þm. að sérhver lagasetning frá Alþingi sem varðar kvótakerfið og ekki tekur á því að breyta eignarhaldinu, mun frekar en ekki festa það í sessi. Eftir á munu menn segja, þegar menn ætla að breyta kerfinu kannski eftir 10–20 ár: „Af hverju tók Alþingi ekki á þessu fyrr?" Það er búið að setja mörg lög um þetta efni. Einnig mun tíminn vinna með þessu kerfi. En ég vil hugga hv. þm. með því að í frv. er mjög veigamikil brtt. frá efh.- og viðskn. Í frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður."

Svona stendur þetta í frv., þ.e. það má gjaldfæra ef réttindi detta niður af einhverjum ástæðum, en ekki er sagt af hverjum. En efh.- og viðskn. bætti við: „... eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt."

Ef þetta verður samþykkt er Alþingi að segja að búist sé við því í framtíðinni að sett verði lög á Alþingi sem skerði eignarhaldið á kvótanum.

[13:51]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég telji að þetta styrki eignarhlutdeild þeirra sem nú fá aflamark. Ég sagði að umræðan upphæfist um það mál. Ég tók sérstaklega undir skilning sem kemur fram hjá 1. minni hluta að ég teldi að svo væri ekki. En ég sagði að umræðan færi alltaf í gang um það mál.

En varðandi þá brtt. sem hv. þm. gerði að umræðuefni þá tel ég hana vera til bóta.

[13:51]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér við þessa umræðu að segja örfá orð um það frv. sem hér er til umfjöllunar, þ.e. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem snýr fyrst og fremst að afskriftaheimildum varðandi veiðiheimildir. Ég hef lýst því opinberlega þannig að það á út af fyrir sig ekki að koma neinum á óvart að ég hef haft mjög miklar efasemdir um það að leyfa afskriftir á veiðiheimildum og vil undirstrika og ítreka þá afstöðu mína. En það sem fyrst og fremst hefur hrundið þessari umræðu allri af stað er eins og vitnað er til í greinargerð með frv. sá dómur sem féll á sínum tíma og vakti upp satt að segja mjög mikinn óróa um þessi mál öll. Þess vegna var alveg nauðsynlegt að taka af skarið með löggjöf um það hvernig bæri að fara með afskriftir og því ber að fagna þeim merka áfanga að þetta frv. skuli vera komið hér fram og verður vonandi að lögum.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að fullyrða neitt um það hvaða áhrif heimildir til afskrifta á aflaheimildum hafa haft á verð á aflaheimildum sem hefur sveiflast eins og hv. þm. þekkja. En það kann vel að vera og er líklegra að mínu mati að aflaheimildir hafi hækkað vegna þess ástands sem verið hefur.

Þróunin í sjávarútvegi hefur sem betur fer verið mjög jákvæð hin síðustu missiri þó að á ýmsu hafi gengið og það sé mismunandi á milli greina í sjávarútvegi. Þess vegna er enn þá mikilvægara, og raunar þrátt fyrir það að þróunin sé jákvæð, að taka af allan vafa um svo mikilvægt atriði og skattlagningu í sjávarútveginum.

Með tilliti til þess sem er meginregla skattalaga, að til rekstrarkostnaðar skuli aðeins telja þann kostnað sem lagt er í vegna viðkomandi atvinnugreinar, þá er í fyllsta máta óeðlilegt að heimila afskriftir. Það er mín niðurstaða. Kostnaður við nýtingu auðlindar er auðvitað hjá útgerð og það er eðlilegt að hann sé færður til gjalda eins og eðlilegt er í rekstri. Hins vegar hefur meginkostnaðurinn sem felst í því að viðhalda auðlind, a.m.k. hingað til, aðallega verið á vegum ríkissjóðs, þ.e. rannsóknir og eftirlit og þvílíkir hlutir sem lúta að því að tryggja að nýtingin sé eðlileg. Það er svo aftur álitamál hver eigi í rauninni að greiða þá hluti og ætla ég ekki að fjalla um það.

Ég vil bara, herra forseti, undirstrika það og ítreka að ég fagna þessu frv. og styð það. Ég tel að nauðsynlegt hafi verið að taka á þessu máli vegna þess að stöðugleiki í þessari stærstu atvinnugrein þjóðarinnar er mjög mikilvægur. Hins vegar er eðlilegt að veita aðlögun eins og frv. gerir ráð fyrir og tel ég að það sé í fyllsta máta eðlilegt. En á þessum degi ætla ég ekki að hafa uppi lengri orðræður um þetta mál en lýsi stuðningi við frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skaðabótalög, 2. umr.*

Stjfrv., 58. mál (endurskoðun laganna). — Þskj. 58, nál. 660.

[13:56]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 660 um frv. til laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 frá 1993. Við meðferð málsins nú fékk nefndin til viðtals við sig Benedikt Bogason og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Jónsson, Sigrúnu Guðmundsdóttur og Gest Jónsson frá nefnd um endurskoðun skaðabótalaga, Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirlitinu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða með skaðabótalögum verði breytt þannig að dómsmálaráðherra fái lengri frest til framlagningar frumvarps til breytinga á skaðabótalögum til að nefnd sú sem falið hefur verið að endurskoða lögin fái nauðsynlegt svigrúm til að ljúka störfum, enda að ósk þeirrar nefndar að þessi frestur verði veittur.

Allshn. hefur á síðustu árum fjallað mikið um skaðabótalögin. Á 120. löggjafarþingi flutti allshn. frv. til laga um breytingu á skaðabótalögum en þá hafði nefndin látið vinna greinargerð um æskilegar breytingar á lögunum. Í greinargerð með frv. sagði m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin leggur því til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sérfræðinga til að yfirfara skaðabótalögin í heild sinni. Í þeirri endurskoðun yrði þó sérstaklega hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, meðal annars með hliðsjón af þeim tillögum sem allsherjarnefnd lét vinna og þeim athugasemdum sem fram komu í nefndinni. Þeirri nefnd verði gert

að ljúka störfum það tímanlega að ráðherra geti eigi síðar en í október 1997 lagt tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi í formi lagafrumvarps."

Eins og áður segir hefur nefnd sú sem endurskoðaði skaðabótalögin óskað eftir frekari fresti vegna þess að hún telur að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Telur nefndin að slíkar upplýsingar séu forsenda þess að unnt sé að meta áhrif einstakra tillagna, sem nefndin kynni að gera, á iðgjöld bifreiðatrygginga. Þá telur nefndin að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um fjölda bótaskyldra slysa sem leiða til bótagreiðslu fyrir líkamstjón og að senn líði að því að slys, sem urðu síðari hluta árs 1993 og árið 1994, verði að mestu uppgerð. Því ættu brátt að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til að unnt verði að meta áhrif skaðabótalaganna á bætur vegna líkamstjóna og er nauðsynlegt að þær upplýsingar liggi fyrir þegar breytingar eru lagðar til á lögunum.

Við meðferð málsins í allshn. kom fram að skaðabótalaganefndin hafði óskað eftir því við Samband ísl. tryggingafélaga og síðar einnig Vátryggingaeftirlitið, að teknar yrðu saman upplýsingar um tjónabætur sem greiddar hafa verið í 921 líkamstjóni sem urðu á seinni hluta árs 1993 eftir gildistöku skaðabótalaganna. Neituðu bæði Samband ísl. tryggingafélaga og Vátryggingaeftirlitið þessari beiði nefndarinnar. Beitti allshn. sér fyrir því að skaðabótalaganefndin fengi þær upplýsingar sem nauðsynlegar væru og fylgdi málinu eftir. Erindi frá Vátryggingaeftirlitinu barst allshn. svo í gær þar sem skýrt var frá því að eftirlitið muni fara yfir öll umrædd tjónamál með það í huga að fá fram heildartjónakostnað. Telja þeir að slík athugun muni taka einhverja mánuði og munu þeir hefjast handa strax í byrjun næsta árs.

Virðulegi forseti. Allshn. telur mikilvægt að Vátryggingaeftirlitið hraði þessari vinnu sinni eins og mögulegt er og skaðabótalaganefndin ljúki vinnu sinni sem fyrst eftir að allra upplýsinga hefur verið aflað því að enda þótt í frv. komi fram að ljúka eigi málinu eigi síðar en í október 1998 leggur allshn. ríka áherslu á að endurskoðunarnefndin ljúki störfum þannig að unnt verði að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum á vorþingi 1998.

Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt og undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni Ragnar Árnason, Hjálmar Jónsson, Svavar Gestsson og Kristján Pálsson. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[14:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Breyting á skaðabótalögunum á sér töluvert langan aðdraganda og nokkra forsögu hér á þingi. Raunar hafa staðið deilur um setningu skaðabótalaganna allt frá setningu þeirra 1993. Það var raunverulega strax 1994 sem var farið í að skoða hvort rétt væri að breyta þessum skaðabótalögum og lagðar fram tillögur þar að lútandi af hæstaréttarlögmönnunum Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen. Árið 1995 fól allshn. þingsins þeim Gesti og Gunnlaugi að skoða sérstaklega nokkur atriði í skaðabótalögunum sem vörðuðu t.d. margföldunarstuðulinn og jafnframt að fara yfir ýmis önnur atriði skaðabótalaganna og leggja mat á hvort gera þyrfti breytingar á þeim.

Með lögum nr. 42/1996 var tveimur ákvæðum skaðabótalaganna breytt. Margföldunarstuðullinn var hækkaður og lágmark miskastigs var lækkað úr 15% í 10%. Þá var í lögunum mælt fyrir um skipun nefndar þeirrar sem við erum núna að fjalla um að fái lengri frest til framlagningar frv. á skaðabótalögum, en þeirri nefnd var falin heildarendurskoðun á þeim lögum.

Það var alveg ljóst 1996 þegar allshn. fjallaði um þessar tillögur að mjög deildar meiningar voru um tillögur sem lágu fyrir. Allshn. hafði raunar ekki annan kost á þeim tíma en leggja til þá heildarendurskoðun á lögunum sem staðið hefur yfir síðan. Það sem mikið var deilt um á þeim tíma voru mjög misvísandi upplýsingar sem komu fram frá tryggingafélögunum og Vátryggingaeftirlitinu, t.d. um áhrifin á tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna og töldu t.d. tryggingafélögin að þær breytingar sem þá lágu fyrir mundu leiða til 50% eða nálægt 50% hækkunar á iðgjöldum ef þessar breytingar næðu fram að ganga. En Vátryggingaeftirlitið hélt því fram að ekki væri þörf á neinni verulegri hækkun á iðgjöldum. Menn deildu líka á þeim tíma mikið um bótasjóði tryggingafélaganna, en þá var áætlað, að mig minnir, að um 11 milljarðar væru í bótasjóðum tryggingafélaganna. Tryggingafélögin héldu því þá fram að þeir 11 eða 12 milljarðar sem voru í sjóðnum væru eingöngu skuldbindingar vegna tjóna sem ekki væri búið að ganga frá. Vátryggingaeftirlitið hélt öðru fram og taldi að a.m.k. 3 eða 4 milljarðar væru í þessum bótasjóði sem hægt væri að nýta, þ.e. að sú fjárhæð sem væri í tryggingasjóðunum mundi duga til þess að mæta kostnaði sem hlytist af tillögum sem lágu fyrir um breytingu á skaðabótalögunum 1993.

Herra forseti. Ég vitnaði til þess að allshn. hefði í mars 1996 lagt fram tvær breytingartillögur sem voru mjög mikilvægar og ég nefndi hér áðan ásamt því að leggja til að skipuð yrði nefnd sem færi í endurskoðun á lögunum og sú nefnd átti að ljúka störfum þannig að það átti að vera hægt að leggja fram frv. á haustþingi 1997. Það sem auðvitað vekur athygli þegar maður fer að skoða þetta mál er hvað nefndin fer raunverulega seint af stað. Það er í mars 1996 sem allshn. leggur þetta til en nefndin var ekki fullskipuð fyrr en í nóvember 1996 og fyrsti fundurinn er haldinn 27. nóvember 1996 eða þó nokkuð mörgum mánuðum eftir að Alþingi lagði til að heildarendurskoðunin færi fram.

Ég minni á í því sambandi að við vorum mörg hér mjög treg til þess að veita langan frest þá eða fram á haustþing 1997. Þess vegna vekur það furðu hve mikill dráttur var á skipan þessarar nefndar og að hún hæfi störf, sem er ekki fyrr en síðla nóvember 1996. Það sem nú er deilt um er einkum það sem við vorum að fjalla um einmitt 1995 og 1996, þ.e. hvaða áhrif breytingarnar hefðu á tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna og áhrif á bifreiðatryggingar, þ.e. iðgjöldin, þær brtt. sem fyrir lágu. Endurskoðunarnefndinni voru falin mörg mikilvæg atriði sem snúa að rétti þeirra sem sem verða fyrir slysum og líkamstjóni. Ég nefni ákvörðun sem nokkuð deildar meiningar voru um, þ.e. ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur, í öðru lagi að tillögurnar mundu í ýmsum tilvikum leiða til ofbóta og í þriðja lagi að aukinn bótaréttur gæti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Ýmis önnur atriði nefndi allshn. einnig sem heildarendurskoðunarnefndin átti að taka til skoðunar, þ.e. hvort unnt væri að láta sömu meginreglu gilda við ákvörðun skaðabóta

til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slysið eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarkstekjur í því sambandi og nokkur fleiri atriði voru þar nefnd sem eru mjög mikilvæg. En það sem fyrst og fremst hefur komið í veg fyrir að nefndin hafi getað unnið eðlilega er að hún hefur ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar, eins og fram kom í máli formanns allshn., frá tryggingafélögunum og Vátryggingaeftirlitinu til þess að geta lokið störfum sínum. Það er auðvitað óviðunandi, herra forseti, að drátturinn á því að nefndin ljúki störfum sínum sé af þeim sökum.

Allshn. er vissulega sammála um að það beri að hraða eins og kostur er því að fá lyktir í þetta mál þannig að Alþingi geti fjallað um það og leggur áherslu á það í sínu nefndaráliti að endurskoðunarnefndin ljúki störfum sínum þannig að unnt sé að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum á vorþingi 1998. Þess vegna hefur nefndin beitt sér fyrir því að dómsmrh. og viðskrh. hlutuðust til um það að endurskoðunarnefndin fengi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og fengi fram nauðsynleg gögn til þess að hún gæti lokið sínu máli.

Herra forseti. Þó að töluverð bréfaskipti hafi farið milli ráðuneyta og Vátryggingaeftirlitsins til að reyna að svara því sem allshn. raunverulega stóð frammi fyrir, hvort ekki væri hægt að veita styttri frest en lagt var til í frv., þá er málið raunverulega mjög óljóst enn þá, þ.e. hvort nefndin þurfi þennan langa frest sem hér er lagður til eða fram á næsta haustþing. Endurskoðunarnefndin hefur upplýst allshn. um það að fái hún þessar umbeðnu upplýsingar sem staðið hefur á hjá tryggingafélögunum, geti hún lokið starfi sínu á tiltölulega skömmum tíma. Og það var það sem við nefndarmenn í allshn. horfðum á, hvort ekki væri hægt að koma málinu í þann farveg að endurskoðunarnefndin fengi uppbeðnar upplýsingar fljótt og vel þannig að hægt væri að leggja frv. fram kannski í febrúarmánuði og lögfesta heildarendurskoðun skaðabótalaganna á haustþingi.

Það sem vekur nokkra furðu er að Vátryggingaeftirlitið hefur talið að þær upplýsingar sem endurskoðunarnefndin kallar eftir og hún telur nauðsynlega forsendu til þess að ljúka störfum sínum, þjónuðu raunverulega litlum tilgangi og vil ég vísa í bréf Vátryggingaeftirlitsins frá 14. nóvember. Í því bréfi hafnar Vátryggingaeftirlitið beiðni endurskoðunarnefndar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftirlitið getur ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að skoða þessi mál sérstaklega. Slík athugun hefur ekki tilgang í eftirlitsstarfi okkar og hæpið að telja það lið í starfsskyldum að skoða hin tilteknu slysamál nú.

Það væri vart innlegg í umræðu um breytingar á skaðabótalögunum að sjá hvernig uppgjör hafi reynst í þessum tilteknu málum miðað við áætlun þeirra í byrjun. Það væri fyrst og fremst athugun á tilteknu starfi tjónamanna vátryggingafélaganna, með öðrum orðum samanburður á endanlegu uppgjöri hinna tilteknu slysamála miðað við mat þeirra á sínum tíma og hefði takmarkað gildi vegna þeirrar óvissu sem óhjákvæmilega var fyrir hendi um endanlega bótafjárhæð."

Það er því alveg ljóst að Vátryggingaeftirlitið er ekki sammála endurskoðunarnefndinni um að þessar upplýsingar sem endurskoðunarnefndin kallar stíft eftir þjóni þeim tilgangi sem endurskoðunarnefndin telur að þær geri.

Herra forseti. Þau gögn, sem við höfum verið að fá í hendurnar núna á síðustu dögunum, m.a. bréf frá dómsmrh. til iðn.- og viðskrh., bréf iðn.- og viðskrh. til Vátryggingaeftirlitsins og síðan svar Vátryggingaeftirlitsins við tveim spurningum frá allshn., hafa ekki sannfært mig um að málið sé komið í þann farveg að endurskoðunarnefndin fái fljótt og vel umbeðnar upplýsingar og skal ég rökstyðja það lítillega og í eins stuttu máli og ég get með tilliti til þess stutta tíma sem við höfum hér þar sem verið er að ljúka þingstörfum í dag. En þar sem fyrirvari minn í nefndarálitinu er einmitt byggður á þessum bréfaskriftum og vegna þess hve mikil óvissa ríkir um hvort nefndin fái tilskildar upplýsingar, þá vil ég fara nokkrum orðum um þau bréf sem gengið hafa á milli hér síðustu dagana.

Í bréfi dómsmrn. er farið fram á að viðskrh. hlutist til um að Vátryggingaeftirlitið veiti umbeðnar upplýsingar. Og hvað kemur fram í bréfi iðn.- og viðskrn. til Vátryggingaeftirlitsins? Það er afar óljóst, herra forseti, og vil ég vitna í bréf iðn.- og viðskrn. máli mínu til stuðnings. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt af verkefnum eftirlitsaðila með vátryggingastarfsemi er að hafa eftirlit með því að uppgjör tjóna sé í samræmi við lög og reglur, enda segir m.a. í 51. gr. laga um vátryggingastarfsemi að eftirlitið skuli fylgjast með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingartaka. Ráðherra telur það vera eitt af verkefnum vátryggingaeftirlitsins samkvæmt tilvitnaðri lagagrein að kanna hvernig staðið hefur verið að uppgjöri tjóna og taka saman upplýsingar um niðurstöðu tjónabóta."

Það var einmitt það sem Vátryggingaeftirlitið tjáði nefndinni að það væri að gera og vinna að og mundi liggja fyrir í janúarmánuði. En sú athugun og það uppgjör tók ekki á því sem endurskoðunarnefndin kallaði eftir, þ.e. að fara ítarlega ofan í þau rúmlega 920 mál sem fyrir liggja frá 1993. Síðan segir áfram í bréfi ráðherrans, með leyfi forseta:

„Ráðherra telur hins vegar að frekari úrvinnsla þeirra upplýsinga og mat á þeim, svo sem mat á hugsanlegum breytingum á skaðabótalögum á bætur til einstakra tjónþola eða áhrif hugsanlegra breytinga á iðgjöldum eða annað hliðstætt mat sé ekki í verkahring Vátryggingaeftirlitsins."

Um þetta hafa staðið deilur, þ.e. hvort þessar breytingar kalli á hærri iðgjöld, en það er mat viðskrn. og ég vil endurtaka það að ráðherra telur að frekari úrvinnsla þeirra upplýsinga og mat á þeim, svo sem mat á hugsanlegum breytingum á skaðabótalögum á bætur til einstakra tjónþola eða áhrif hugsanlegra breytinga á iðgjöldum eða annað hliðstætt mat sé ekki í verkahring Vátryggingaeftirlitsins. Einnig geti það almennt haft áhrif á framtíðarmöguleika eftirlitsaðila til eftirlits með framkvæmd á þeim sviðum þar sem hann hefur með beinum hætti komið að stefnumarkandi vinnu.

Síðar segir: „Að teknu tilliti til lögbundinnar stöðu nefndar þeirrar sem vinnur að endurskoðun skaðabótalaga og eindregins vilja sem fram kemur í athugasemdum með frv. til laga um breyting á skaðabótalögum sem nú liggur fyrir Alþingi vill ráðherra mælast til þess að þér takið saman umræddar upplýsingar. Lítur ráðherra svo á að í því felist að athuga hverjar hafa verið endanlegar bótafjárhæðir hinna tilteknu slysamála er komu til á síðari hluta árs 1993."

Það er raunverulega ekki hægt, herra forseti, að lesa annað úr þessu bréfi viðskrh. en að viðskrh. sé sama sinnis og Vátryggingaeftirlitið, þ.e. að einungis beri að leggja fram heildarniðurstöðu á uppgjörunum en ekki fara ofan í einstök slysamál þannig að það sem hefur verið talað um í blöðum, að viðskrh. hafi beitt sér fyrir því að Vátryggingaeftirlitið yrði knúið til að veita umbeðnar upplýsingar sem endurskoð-

unarnefndin óskar eftir, liggur alls ekki fyrir í bréfi viðskrh. sem er mjög skýrt, að nefndin fái þær upplýsingar sem endurskoðunarnefndin leggur áherslu á, enda kom það fram hjá allshn. þegar formaður endurskoðunarnefndarinnar mætti á fundinn þar sem vakin var athygli á því hvað þetta var óljóst orðalag hjá viðskrh. að formaður endurskoðunarnefndarinnar tók undir það að þetta væru alls ekki nægjanlega skýr fyrirmæli til Vátryggingaeftirlitsins til að tryggja að þeir gætu fengið þær upplýsingar sem þeir voru að kalla eftir.

Þegar allshn. beindi spurningu til Vátryggingaeftirlitsins til þess að fá fram í fyrsta lagi hvernig Vátryggingaeftirlitið liti á þessi tilmæli viðskrn., þ.e. hvort hún teldi að það ætti að fara ofan í þessi 921 mál og hve langan tíma það tæki, þá kemur eftirfarandi í ljós, herra forseti, og vitna ég í bréf Vátryggingaeftirlitsins:

„Staðfest hefur verið að Vátryggingaeftirlitið skuli ekki gera könnun sambærilega þeirri sem gerð var 1995 og varðaði tillögu nefndar þá um breytingu á skaðabótalögunum."

Það sem endurskoðunarnefndin er einmitt að kalla eftir með bréfi sínu 5. nóvember, er að fram fari könnun aftur á þeim málum sem fyrir liggja frá 1993 og farið verði ofan í hvert eitt þeirra mála. Hérna stendur, með leyfi forseta:

„Að mati endurskoðunarnefndarinnar er nauðsynlegt að farið verði aftur yfir stöðu málanna 921 til þess að sem nákvæmastar upplýsingar fáist um tjónakostnaðinn."

Og endurskoðunarnefndin vekur einmitt athygli á því að árið 1995 þegar farið var yfir þessi mál, hafi það tekið mjög stuttan tíma. En Vátryggingaeftirlitið telur að það muni taka nokkra mánuði að fara yfir þessi mál þannig að málið er allt hið sérkennilegasta og maður hefur á tilfinningunni að tryggingafélögin séu að draga verulega lappirnar til þess að endurskoðunarnefndin geti lokið störfum sínum og það er auðvitað óþolandi að vinnubrögð hjá tryggingafélögunum og hjá Vátryggingaeftirlitinu séu slík að ekki sé hægt að ljúka vinnu í þessu mikilvæga máli sem er að tryggja betri rétt og bætur vegna líkamstjóna.

Með tilliti til þess, herra forseti, hvernig þetta mál er allt vaxið, aðdraganda þess, tregðu tryggingafélaganna til að veita upplýsingar, tregðu Vátryggingaeftirlitsins til samvinnu um þetta mál, að afla þeirra upplýsinga sem endurskoðunarnefndin telur nauðsynlegar, þá tel ég réttast, herra forseti, og hef nefnt það í allshn. að það væri miklu skynsamlegra fyrir niðurstöðu þessa máls að til verði kallaður óháður aðili, t.d. tryggingasérfræðingur til þess að fara ofan í þetta mál og hann fái tilskilin umboð og leyfi til þess að fara ofan í þetta mál og hann verði þá í vinnu fyrir skaðabótanefndina til þess að ljúka málinu. Það vekur auðvitað ákveðna tortryggni þegar Vátryggingaeftirlitið dregur lappirnar í þessu og miðað við allan aðdraganda þessa máls er vandséð hvort hægt sé að fá þær nauðsynlegu upplýsingar sem eftir er kallað. Þess vegna hef ég lagt áherslu á það og nefndi það í allshn. hvort ekki væri skynsamlegra að fá óháðan aðila, tryggingasérfræðing, til að fara ofan í þetta mál og undir það var tekið af fulltrúunum í endurskoðunarnefndinni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál en miðað við það sem ég hef hér lýst, þá taldi ég nauðsynlegt að hafa fyrirvara í þessu nefndaráliti vegna þess að ég tel að ef allir leggja saman um það að knýja á um þessar upplýsingar, hvort sem til yrði kallaður óháður aðili eða að Vátryggingaeftirlitið skilaði þessum upplýsingum, þá sé hægt að ljúka þessu máli á vorþinginu. Ég tel að endurskoðunarnefndinni sé gefinn of langur tími miðað við allan aðdraganda þessa máls. Ég minni á að við töldum að tíminn væri allt of langur sem henni var gefinn á vorþingi 1996 til að ljúka störfum sínum, en þá var henni gefinn frestur fram á haustþing 1997. Og ég minni enn á það, og það væri kannski fróðlegt að fá skýringu á því hjá hæstv. dómsmrh., hvers vegna það tekur næstum hálft ár að skipa nefndina. Dýrmætum tíma er hér eytt, hálfu ári, í að skipa þessa nefnd.

Ég tel því, herra forseti, að verið sé að létta þrýstingi af málinu með því að gefa nefndinni svo langan tíma sem lagt er til í þessu frv. og teldi nægjanlegt að nefndin hefði haft svigrúm kannski fram í febrúar/mars til að ljúka sínum störfum og þá hefði verið hægt að ljúka þessu máli á vorþingi og á þessu byggist fyrirvari minn, herra forseti.

[14:22]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti og kom einnig fram hjá framsögumanni allshn., hv. formanni hennar, þá skrifa ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur undir nefndarálitið með fyrirvara og mun hér gera í stuttu máli grein fyrir hvers vegna.

Skaðabótalögin frá árinu 1993 hafa verið mjög umdeild m.a. vegna þess að almennt er talið að um of hafi verið tekið mið af hagsmunum tryggingafélaganna á kostnað þeirra sem verða fyrir slysum. Nýlega fengum við alþingismenn opið bréf frá einum þeirra lögmanna sem hafa verið að gagnrýna þessi lög á opinberum vettvangi. Sá lögmaður er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, en ásamt honum hafa ýmsir lögfræðingar, þar á meðal Jón Steinar Gunnlaugsson, Atli Gíslason, Viðar Már Matthíasson og Sigurgeir Guðjónsson haft uppi töluverða gagnrýni á þessi lög á opinberum vettvangi. Í bréfi Vilhjálms Vilhjálmssonar er rakið mjög vel eitt dæmi sem sýnir sambærileg tilvik sem gerast rétt fyrir gildistöku skaðabótalaganna og eftir gildistökuna. Af virðingu við tíma þingsins ætla ég ekki að fara nákvæmlega út í þetta dæmi. En niðurstaðan er sú — þetta eru nákvæmlega sambærileg tilvik — að í öðru tilvikinu, þ.e. fyrir gildistöku skaðabótalaganna, þá kom í hlut viðkomandi einstaklings 6 millj. í miskabætur og skaðabætur vegna varanlegrar örorku en eftir gildistöku laganna voru bæturnar samanlagt um 2 millj. Þarna munar um 4 millj. hjá þessum tiltekna einstaklingi.

Bent er á að markmið laganna hafi alls ekki náðst og það sé mjög langt frá því að einstaklingar fái fullar bætur fyrir fjárhagstjón.

Nú er starfandi þriðja sérfræðinefndin um endurskoðun á skaðabótalögum. Fyrst starfaði ein sérfræðinefnd og hennar niðurstöður voru umdeildar. Þá var annað sérfræðiálit unnið af þeim Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnlaugi Claessen hæstaréttardómara sem þeir skiluðu haustið 1995 og drögum að frv. Það var mat tryggingafélaganna þá að frv. þeirra félaga sem ég nefndi hér áðan hefði í för með sér töluverða hækkun á iðgjöldum eða allt upp í 45% hækkun. Þetta var byggt á könnun á nokkrum málum sem þá voru upp gerð. Þetta varð til þess að allshn. flutti í apríl 1996 frv. sem tók á mjög afmörkuðum þáttum þessara mála þar sem margföldunarstuðlar voru hækkaðir úr 7,5 í 10 og bótaþröskuldur færðist úr 15% í 10%. Jafnframt lagði allshn. til að enn yrði skipuð þriggja manna nefnd sem skyldi fara yfir skaðabótalögin í heild sinni og átti hún að skila áliti sínu í tíma þannig að nýtt frv. væri komið í þingið fyrir 1. október 1997.

Þegar Alþingi kom saman í haust, þá lá fyrir það frv. sem hér er til umræðu, þ.e. beiðni um að ráðherra fái frest í

eitt ár til þess að leggja fram nýtt frv. til skaðabótalaga. Ég lét þá, við 1. umr., í ljós mjög mikil vonbrigði yfir þessari beiðni þar sem hún virtist líkleg til þess að skapa enn meiri drátt á því að fólk fengi réttlátar bætur eftir slys. En ástæðan fyrir því að þessi beiðni kom fram var að sú nefnd sem nú er að endurskoða skaðabótalögin frá 1993 hefur ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga þrátt fyrir beiðni þar um og biður því um lengri frest til að skila tillögum sínum um endurskoðuð skaðabótalög.

Virðulegi forseti. Þetta litla frv. virðist ekki vera mjög alvarlegt. Eingöngu er beðið um lengingu á fresti til að setja fram umbeðin lög, en miðað við forsögu málsins tel ég að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða. Í umræðu í allshn. kom fram núna, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að sú nefnd sem nú er að vinna verkið telur sig geta lokið störfum á tiltölulega stuttum tíma, jafnvel 1–2 vikum ef tiltæk gögn liggja fyrir. Nú hefur komið í ljós að nefndinni hefur verið neitað um tiltæk gögn og í framhaldi af því hefur dómsmrh. fengið viðskrh. í lið með sér og þeirra á milli hafa átt sér stað bréfaskriftir sem vonandi leiða til þess að viðeigandi gögn fáist fram, þó ég taki fyllilega undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan um að orðalag bréfs hæstv. viðskrh. er ekki mjög nákvæmt og ég er ansi hrædd um að ekki sé alveg tryggt að út úr þessari athugun komi það sem ætlast er til.

Hugmyndin er að bera saman þau 921 mál vegna slysa sem áttu sér stað á seinni hluta árs 1993 og uppgjör á þeim við þau mál sem áttu sér stað á fyrri hluta árs áður en lögin tóku gildi og ég tel það eðlileg vinnubrögð ef hægt er að gera þetta.

Samkvæmt 3. gr. þess frv. sem samþykkt var í fyrra um endurskoðun á skaðabótalögunum segir að ráðherra skuli leggja fram frv. fyrir Alþingi eigi síðar en 1. október 1997. Það er ekki gert að skilyrði að hann taki mið af niðurstöðum þessarar nefndar. Aðeins eitt atriði af mörgum sem þessi nefnd átti að gera var að athuga hvort þetta hefði áhrif á iðgjöld. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið mjög eðlilegt að Alþingi afgreiddi frv. frá sér þannig vegna þess að það er auðvitað út í hött að hagsmunaaðilar úti í bæ geti ráðið því hvernig eða hvort lagasetning kemur fram hér á Alþingi og geti tafið það endalaust. Ég tel það því vera til bóta að í nefndaráliti meiri hluta allshn. er nefnt að helst eigi að fara í þessar lagabreytingar núna á vorþingi 1998, en ég er mjög hrædd um að þetta frestist fram á haust enda er dagsetningin í frestunarfrv. 1. október 1998. Ég get ekki stutt þá ráðstöfun. Ég tel að sá frestur sé of langur, og að með þessu fari þrýstingur af málinu og það sé hætta á því að með haustinu lendum við í sömu sporum og áður þegar hingað hafa komið inn endurskoðuð frumvörp. Ég skrifaði því undir nefndarálitið með fyrirvara og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég tel reyndar að það hefði verið æskilegt að dagsetningin 1. mars eða 15. mars hefði staðið þarna inni og þá hefði ég getað stutt þetta úr því sem komið var. En fyrst ekki náðist samkomulag um það þá tel ég að þetta frv. sé óþarft og að ráðherra hafi haft tvo aðra kosti í stöðunni. Í fyrsta lagi hefði hann getað beðið nefndina að vinna áfram og setja allan þrýsting á að fá þau gögn sem tiltæk eru og þar með hefði þetta frv. getað komið hér inn í þingið sem fyrst, óháð því hvort þessi frestunarheimild væri samþykkt. Í öðru lagi hefði hann getað lagt fram frv. að endurskoðuðum skaðabótalögum án þess að sú athugun hefði átt sér stað því hann er ekki bundinn af þeirri athugun.

Þessi frestun er að mínu mati líkleg til þess að fólk þurfi að bíða óhóflega lengi eftir að ná fram réttlæti sínu og ég get ekki stutt hana. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls og ég óttast mjög að hinn 1. október næsta haust hefjist umræðan enn og aftur og óskað verði eftir næsta sérfræðiáliti til þess að endurskoða enn einu sinni þessi alræmdu lög. Á meðan geta tryggingafélögin malað sitt gull og einstaklingar verða áfram að búa við það að fá ekki fullar bætur fyrir fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla.

[14:34]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Þannig stendur á að undir þetta nefndarálit skrifar fyrir hönd okkar alþýðubandalagsmanna hv. þm. Svavar Gestsson. Ég á hins vegar sæti í allshn. en hann sótti þennan eina fund fyrir mig þar sem ég var bundin við önnur störf og einmitt á þeim fundi var málið tekið út svo ég fékk ekki tækifæri til að skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara eins og ég mundi hafa gert og hef á því fullan fyrirvara.

Það kann að vera að það líti ekki út fyrir að skipta sköpum hvort nefnd sem er að endurskoða ákveðin lög fær lengri eða styttri frest til þess. Þetta mál er hins vegar ekki allt þar sem það er séð og það er alveg rétt sem komið hefur hér fram að þetta mál varðar milljarðahagsmuni. Ástæðan fyrir þessari kjánalegu málsmeðferð stjórnvalda er auðvitað fjárhagslegir hagsmunir. Auðvitað hefði ráðherra verið í lófa lagið að láta nefndina vinna áfram og skipa henni tryggingafræðing eins og hér hefur komið fram, til að fara ofan í þessi slysamál. Það er auðvitað ekkert óleysanlegt mál sem ekki hefði verið hægur vandinn að skila.

Ég ætlaði ekki að bæta neinu við þær röksemdir sem þeir samnefndarmenn mínir, hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir hafa flutt hér. Ég ætla hins vegar aðeins að bæta við það sem ýmsir aðrir hafa að segja um þetta mál og er óhætt að fara aftur til ársins 1993 þegar ný skaðabótalög voru sett. Það komu strax athugasemdir við þá lagasetningu sem er eins og mörg önnur lög sem héðan eru afgreidd ekki nógu vönduð og reynast þess vegna erfið í framkvæmd. Fljótlega rituðu fjórir hæstaréttarlögmenn Alþingi bréf þar sem farið var fram á endurskoðun á lögunum. Það voru hæstaréttarlögmennirnir Jón Steinar Gunnlaugsson, Atli Gíslason, Viðar Már Matthíasson og Sigurður G. Guðjónsson. Úr því varð síðan að samþykktar voru breytingar á skaðabótalögunum árið 1996. Upp úr því var nefnd skipuð til að endurskoða lögin í heild og er óþarfi að rekja frekar en búið er að gera hvernig henni hefur reitt af.

Hinn 5. desember 1997 þegar ljóst var að Vátryggingaeftirlitið studdi tryggingafélögin í því að neita um upplýsingar til allshn. birtist viðtal við Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann í Dagblaðinu 5. desember sl. Fyrirsögnin er svona, með leyfi hæstv. forseta: „Tryggingafélögin neita upplýsingum um bótagreiðslur: Taka milljarða frá slösuðum — segir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður.“ Þetta eru nokkuð stór orð, hæstv. forseti.

Hann segir enn fremur: „Félögin hafa safnað upp milljörðum króna í bótasjóði sína. Það byggist á því að þau hafa haldið með þessum hætti allt of lágum skaðabótum til fólksins en áætlanir þeirra á tjónakostnaði of háar.“

Hann segir einnig: „Á árinu 1995 gáfu þeir“ — þ.e. tryggingafélögin og Vátryggingaeftirlitið — „allsherjarnefnd Alþingis upplýsingar um tjónakostnað sinn í líkamstjónamálum sem voru mjög tortryggilegar. Deilt var um þessa upplýsinga-

gjöf á opinberum vettvangi þá og skorað á félögin að skýra betur forsendur sínar fyrir þessum útreikningum. Þau neituðu því. Nefndin sem starfar núna að endurskoðun skaðabótalaganna hefur óskað eftir að forsendur þessara upplýsinga til Alþingis árið 1995 verði skýrðar nánar með því að upplýsa um raunverulegan tjónakostnað í þeim málum sem þá var fjallað um enda sé nú liðinn það langur tími frá tjónunum að upplýsingar þessar hljóti að liggja fyrir."

Hann segir enn fremur: „Hinn sterki hagsmunahópur vátryggingafélaganna hafði á sínum tíma ákveðið frumkvæði að þessari lagasetningu og hefur síðan barist með oddi og egg gegn úrbótum á þessari skaðvænlegu löggjöf," segir Jón Steinar Gunnlaugsson.

Ég hef ekki orðið vör við að orð þessa ágæta hæstaréttarlögmanns séu að engu höfð. Hann sér ástæðu til að skrifa grein í Morgunblaðið þann 11. desember, sex dögum eftir að þetta viðtal er við hann haft og þar segir hann það sama. Hann hikar ekki við að halda því fram að í fyrsta lagi séu tryggingafélögin þarna að verja hagsmuni sína. Þau hafi jafnvel átt frumkvæði að setningu laganna og þau séu að taka milljarða frá slösuðum. Þetta segir hæstaréttarlögmaðurinn. Lái okkur þingmönnum hver sem vill þó að við stöldrum aðeins við.

Vilhjálmur Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður skrifar líka opið bréf til alþingismanna sem ég vænti að hv. alþm. hafi allir lesið þar sem hann ber saman tvö mál, skaðabætur til tveggja unglinga sem báðir voru metnir til 20% varanlegrar örorku. Annar var piltur sem slasaðist fimm dögum fyrir gildistöku laganna 1993, þá 18 ára gamall. Hann fékk 5 millj. og 700 þús. í örorku auk miskabóta 300 þús. Stúlka sem slasaðist 40 dögum eftir gildistöku skaðabótalaganna, þá 16 ára gömul, var einnig metin 20% öryrki fékk 1 millj. 202 þús. auk miskabóta 858 þús. Það er allmikill munur á þessum tveimur bótagreiðslum og það er fljótt að safnast saman þegar því miður allt of mikið er um óhöpp og slys af öllu tagi. Það er því ekki bara nöldur í okkur minnihlutafulltrúunum í allshn. að vera að gera athugasemdir við þetta mál. Það er alveg dæmalaus þvermóðska að geta ekki fallist á að vinna þetta mál ofurlítið betur svo að það verði ekki oftar til vandræða og vansa fyrir hið háa Alþingi þannig að nefndinni hefði verið gert kleift að ljúka verki sínu. Það sem hér er auðvitað verið að gera og það er gert, það er ekkert sem bara gerist, er að verið að gefa vátryggingafélögunum lengri tíma til að safna fleiri milljörðum. Ég spái því að þessi nefnd verði ekkert búin frekar í október á næsta ári. Þá kemur upp enn eitt vandamálið, eins víst að nefndin segi af sér eða hún verði leyst frá störfum, það verði skipuð ný nefnd. Þannig er hægt að hafa þetta hangandi í lausu lofti um árabil. Það er þetta sem við óttumst og við höfum ástæðu til að vera tortryggin gagnvart þessum vinnubrögðum og teljum að Alþingi beri skylda til að stöðva þetta ferli og sjá um að þetta verk verði unnið strax þannig að ekki sé stórlega verið að mismuna fólkinu í landinu, hafa stórfé af þeim sem síst skyldi, slösuðu fólki. Ég mun að sjálfsögðu sitja hjá við afgreiðslu þessa máls vegna þess að ég vil ekki bera neina ábyrgð á þessum fresti.

[14:43]

**Útbýting þingskjals:**

Frestun á fundum Alþingis, 384. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 688.

[14:43]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Þetta frv. lætur lítið yfir sér. Það er aðeins spurning um frestun eða framlengingu í eitt ár á starfstíma nefndar eða það að hún skili niðurstöðum. Frv. snýst um það að nefnd sem endurskoðar skaðabótalög fái lengri frest til að skila þessum niðurstöðum sínum. Allir nefndarmenn í hv. allshn. eru sammála um það að staðreyndirnar allar þurfi að liggja fyrir og sannleikur allur að koma í ljós en eins og málið hefur verið vaxið þá er tortryggni alveg eðlileg svo sem fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna.

En hvers vegna þarf þennan lengri frest? Það er vegna þess að nefndin sem endurskoða skyldi lögin fékk ekki nauðsynlegar upplýsingar. Hv. allshn. þurfti að byrsta sig til þess að Vátryggingaeftirlitið sinnti sjálfsögðum skyldum sínum, þ.e. lögum samkvæmt á Vátryggingaeftirlitið að gæta hagsmuna neytenda, þolenda, fólksins sem slasast og á ekki málsvara gegn sterkum, samtryggðum tryggingafélögum.

Ég get ekki annað sagt en að framganga Vátryggingaeftirlitsins í þessu máli hafi verið í meira lagi vafasöm og því var eðlilegt og nauðsynlegt að hv. allshn. kallaði eftir upplýsingum áður en málið yrði afgreitt héðan þannig að það lægi fyrir hvort Vátryggingaeftirlitið ætlaði að sinna sínum sjálfsögðu skyldum. Við fengum um það bréf til nefndarinnar. Það er rétt sem fram er komið á fundinum að sumt í bréfinu er klaufalega orðað og jaðrar við að kalla verði eftir skýringum á því hvað átt sé við. Ég lít nú svo á að átt sé við það, þar sem segir að staðfest sé að eftirlitið skuli ekki gera könnun sambærilega þeirri sem gerð var 1995, að Vátryggingaeftirlitið eigi að skila upplýsingum en leggja ekki sjálft mat á þær. Það er hlutverk nefndarinnar. Og ég tel að eðlilegt sé að skilja málið svo að Vátryggingaeftirlitið sé tilbúið til þessa samstarfs, en auðvitað er nauðsynlegt að fylgjast með því á næstunni hvort Vátryggingaeftirlitið ætlar ekki að sinna sínum nauðsynlegu og sjálfsögðu skyldum. Endurskoðunarnefndin þarf þennan frest og hún fær hann með því ákvæði sem lagafrv. þetta gengur út á.

[14:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál sem við erum að ræða hérna skiptir mjög miklu máli og hv. þm. Hjálmar Jónsson á hrós skilið fyrir sitt frumkvæði í málinu. Ég tók hins vegar eftir því að þegar hann var að ræða þetta bréf frá Vátryggingaeftirlitinu, þá var nú svo að skilja sem hv. þm., sem er bærilega greindur, ætti eigi að síður nokkuð erfitt með að skilja nákvæmlega hvað það var sem Vátryggingaeftirlitið var að bjóða og þess vegna spyr ég hv. þm.: Er hann þess fullviss hvað það er sem Vátryggingaeftirlitið segir í bréfinu og er hann þess fullviss að þær upplýsingar, sem hann hefur óskað eftir og ég tel að varði miklu að komi fram, muni berast á grundvelli þess bréfs sem hann var hér að lesa upp úr áðan?

[14:47]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að það beri að skilja bréf Vátryggingaeftirlitsins svo að það hafi í hyggju án undanbragða að ljá nefndinni sem endurskoðar skaðabótalögin þær upplýsingar og sinn atbeina við öflun upplýsinga sem nefndin vill fá. Það eru fyrirvarar. Það er svolítil þoka í bréfinu. Það er rétt skilið hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og því segi ég að nauðsynlegt sé að fylgjast með þessu máli þannig að nefndin fái undanbragðalaust umbeðnar upplýsingar og ég áskil mér rétt til þess að fylgja því máli eftir.

[14:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist líta svo á að Vátryggingaeftirlitið ætli að gefa þessar upplýsingar. Spurningin er hins vegar: Lítur Vátryggingaeftirlitið svo á? Hv. þm. segir að nokkur þoka sé í bréfinu og ég verð að segja að það hefur verið meira en lágskýjað. Það hefur eiginlega ekkert útsýni verið í þeim yfirlýsingum sem hafa gengið frá Vátryggingaeftirlitinu og tryggingafélögunum í þessu máli. Þess vegna velti ég fyrir mér: Hefði ekki verið réttara að fá fulltrúana aftur á fund í hv. allshn. og fá það skýrt og skorinort fram hvað það er sem þeir eru að leggja til? Sjálfur hefði ég talið æskilegt að við þennan lagatexta væri hnýtt að þessi nefnd þriggja hæstaréttarlögmanna fengi starfsmann og jafnframt lagaheimild til þess að fara inn í gögn Vátryggingaeftirlitsins og vinna úr þær upplýsingar sem eftirlitið hefur þverskallast við illu heilli að veita.

[14:49]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það segir hér, með leyfi forseta, í bréfinu:

„Vátryggingaeftirlitið vill, svo sem frekast er unnt og lög og starfsskyldur þess leyfa, aðstoða þá nefnd sem vinnur það mikilvæga starf að endurskoða skaðabótalög."

Þetta er þó í öllu falli skýrt. Svo koma vissulega fyrirvarar síðar í bréfinu sem valda því að ég segi að fylgjast þurfi með þessu áfram. Ég á ekki von á því eftir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað á hinu háa Alþingi, í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu vítt og breitt að opinber stofnun fari að þverskallast við að sinna sínu sjálfsagða og eðlilega hlutverki fyrir þegna landsins.

[14:50]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu lætur lítið yfir sér en ég tel nauðsynlegt að fram komi nokkur atriði sem varða þetta mál í heild sinni. Fyrir liggur að að störfum er nefnd til að endurskoða skaðabótalög frá 1993 en þá voru sett fyrstu skaðabótalög á landinu. Allt fram að því höfðu gilt fordæmi hæstaréttardóma og sérstök ákvæði í sérgreindum lögum um ýmsar starfsgreinar og atvinnuhætti. En þetta eru fyrstu almennu lögin um skaðabætur og slíka starfsemi á Íslandi.

Lögin urðu þess efnis að flestir sem hafa starfað við tryggingastarfsemi og svo lögmenn sem hafa gætt hagsmuna umbjóðenda þeirra sem hafa verið þolendur tjóna af þessu tagi, allir þessir aðilar fögnuðu löggjöfinni og töldu hana mjög til bóta og ég hygg að það sé rétt að við höfum þetta í huga. Það hefur ekkert komið fram sem segir að löggjöfin almennt hafi ekki staðist þessi fáu ár sem hún hefur verið notuð. Hins vegar er rétt að geta þess að skömmu seinna var ákveðið að taka lögin til endurskoðunar vegna þess að menn töldu hugsanlegt að of langt hefði verið gengið í einu atriði sem var raunar sett sem eitt af meginmarkmiðum löggjafarinnar. Og vegna þess að það hefur komið upp aftur og aftur vil ég nefna að þarna var um að ræða að með löggjöfinni var ætlunin að fá fram hækkun bóta fyrir alvarleg líkamstjón og að fá fram lækkun bóta fyrir minni háttar líkamstjón. Um þetta voru lögmenn, tryggingatakar, hagsmunaaðilar bæði tryggingataka og annarra, sammála. Fyrir lá það álit fjölmargra aðila, þar á meðal lækna sem annast sjúklinga eða fólk sem býr við örkuml eftir slík líkamstjón, að þeir sem hefðu hin alvarlegustu meiðsl hefðu farið illa út úr skaðabótum en þeir sem hefðu orðið fyrir minni örkumlum hefðu farið vel út úr þeim og fengið nokkuð rúmar fjárhæðir í sínar hendur vegna bóta. Má rekja allt þetta mál í gögnum Alþingis.

Hins vegar er núna borinn fram aftur og aftur samanburður á bótum til þeirra sem búa við minni háttar örkuml eftir minni háttar líkamstjón fyrir og eftir setningu þessara laga. Við þennan samanburð tel ég nauðsynlegt að við gætum þess fyrrnefnda sem kom fram við setningu laganna og við þá vinnu sem þá fór fram, ekki einasta af hálfu þeirra sem undirbjuggu frv. heldur hér í hv. Alþingi nokkur þing í röð. Þetta er ekkert nýtt mál.

Auk þessa hafa verið til umræðu önnur atriði sem ég hygg að þegar við höfum næg gögn í höndunum til þess að meta málið í heild sinni, þá verðum við frekar sammála um, t.d. um hvernig beri að reikna bætur á grundvelli hugsanlegra útreiknaðra ævitekna og hvernig hugsanlega sé rétt að meta lágmark eða bótaþröskuld. En það eru atriði sem eru miklu meira almenns eðlis og hefur ekki verið gerð nein sérstök tilraun til þess að breyta við setningu þessara laga eða við meðferð þeirra. Hins vegar vil ég segja að mér sýnist þáttur eða framganga hinnar opinberu stofnunar sem annast þennan málaflokk ekki með felldu og þess vegna tel ég rétt að allshn. fylgist sérstaklega með framvindu þessa máls. Vel að merkja, það var hv. allshn. Alþingis sem átti frumkvæði að því að lögin eru nú til endurskoðunar. Það var vegna umræðu sem fór fram í nefndinni og þeirrar viðræðu sem hún átti við hina ýmsu hagsmunaaðila, ekki aðeins tryggingafélög heldur tryggingataka, umbjóðendur þeirra og ýmsa aðra. Þetta var almenn niðurstaða eftir mikla umræðu sem ég tel hafa verið skynsamlega og ég teldi óskynsamlegt að við færum að haska okkur og flýta málinu núna.

[14:54]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég hef fylgst dálítið með þessu máli gegnum tíðina og tók þátt í umræðum um það þegar skaðabótalögin voru samþykkt á sínum tíma, átti m.a. litla brtt. sem var samþykkt sem er sjaldgæft að gerist með stjórnarandstæðinga á þessum síðustu tímum. Ég sagði ekki: „og verstu", en datt það nú samt í hug. Hér er verið að framlengja ákveðinn frest. Mér finnst mjög mikilvægt, af því að ég skrifa undir álit þetta án fyrirvara og mun styðja þetta, að það er tvöfalt loforð í dæminu. Í fyrsta lagi það að hlutirnir eigi að liggja fyrir fyrir byrjun október, þ.e. í vor því að Alþingi kemur ekki saman fyrr en 1. október. Í öðru lagi stendur hér að enda þótt í frv. komi fram að ljúka skuli málinu eigi síðar en í október 1998 leggur allshn. ríka áherslu á það að endurskoðunarnefndin ljúki störfum þannig að unnt verði að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum á vorþingi 1998. Og ég fullyrði það, án þess að hafa borið það undir hv. formann allshn. — ég veit ekkert um það — en ég fullyrði að þessi texti getur ekki hafa orðið til öðruvísi en í samráði við dómsmrn. Þar af leiðandi segi ég: Það væru tvöföld rummungssvik ef ekki væri gengið frá málinu. Ég tel því að skynsamlegt sé að halda fólki við þetta efni og þess vegna ætla ég að greiða atkvæði með þessu, en áskil mér allan rétt til að byrja fljótlega eftir áramótin að rukka um efndirnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 371. mál. — Þskj. 603, brtt. 644.

[14:56]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það mál sem nú hefst 2. umr. um er borið fram af meiri hluta efh.- og viðskn. og fór þess vegna ekki til nefndar milli 1. og 2. umr. Þess vegna er, herra forseti, ekkert nefndarálit.

Efnisatriði þessa frv. eru þau að fjölgað er í hópi þeirra bifreiða sem greiða þurfa sérstakt álag á þungaskatt jafnframt því sem álagið er lækkað úr 30% í 25%. Málið á hins vegar mjög sérkennilega forsögu.

Nú í ársbyrjun kærðu Frami, bandalag ísl. leigubílstjóra, Trausti, félag sendibílstjóra og Landssamband vörubifreiðarstjóra til samkeppnisráðs og óskuðu eftir úrskurði um hvort tilteknar málsgreinar í lögum um fjáröflun til vegagerðar stæðust samkeppnislög. Bifreiðar þær sem heyra undir fyrrgreind samtök þurfa að greiða 30% álag á þungaskatt. Þessi félög bentu á að nú sé fjöldinn allur af bifreiðum sem notaður er í atvinnuskyni í samkeppni við leigu- og sendibíla. Þessar bifreiðar aka ekki samkvæmt gjaldmæli og þurfa ekki að greiða þetta 30% álag. Samkeppnisráð fjallaði um þetta og niðurstaða þess var að hér væri um að ræða mismunun innan hóps atvinnubílstjóra og þetta 30% álag raskaði innbyrðis samkeppnisstöðu. Samkeppnisráð beindi því til fjmrh. að hann hlutaðist til um að leiðrétta stöðu mála, annaðhvort með breytingu á löggjöf eða með því að flýta gildistöku laga um olíugjald. Lögin um olíugjald koma ekki strax til framkvæmda og er reyndar á þessu stigi nokkuð óljóst um hvenær það verður. Hagsmunaaðilar í þessari grein hittu efh.- og viðskn. að máli og röktu málavexti fyrir nefndinni og nefndu auk þess aðra þætti sem tengjast hagsmunum atvinnubílstjóra. Hv. efh.- og viðskn. ákvað að taka á þessu máli því ekki var við það búið að nefndin sem ber ábyrgð á samkeppnislögum léti það átölulaust að samkeppnisreglur væru ekki virtar.

Herra forseti. Ég lagði mikla áherslu á að gripið yrði strax inn í þetta mál og ekki beðið eftir gildistöku olíugjaldsins. Hugmyndir mínar um leiðréttingu á þessu eru mjög einfaldar, þ.e. að fella niður 30% álagið. Um er að ræða 570 bíla, leigubíla, sendibíla, það eru minni bílar sem greiða 30% gjaldið og tekjur vegna þessa eru 21 millj. kr. á ári.

Meiri hluti efh.- og viðskn. féllst ekki á þessi rök en vildi hins vegar og leggur til í frv. að jöfnun samkeppnisskilyrða verði gerð þannig að lagt verði álag á þungaskatt á þær bifreiðar sem bera ekkert slíkt álag. Þetta eru vask-bifreiðar og bifreiðar í eigu lögaðila og eru taldar vera 364 talsins. Það á sem sagt, herra forseti, að auka skattlagningu á þeim til að mæta úrskurði samkeppnisráðs. Jafnframt er álagið haft 25% og skilar það í ríkissjóð tæplega 29 millj. kr. eða um 8 millj. umfram fyrra álag en þær 8 millj. voru notaðar til að lækka vörugjöld af rútum.

Augsýnilegt er að fjmrn. vill hvergi gefa eftir krónu varðandi atvinnubílstjóra og satt best að segja er það forkastanlegt, ekki síst þegar haft er í huga að innheimta þungaskatts hefur skilað mörg hundruð milljónum meira í ríkissjóð en áætlað var en eins og þingmenn vita var fyrirkomulagi við innheimtu þungaskatts breytt. Staða leigubílstjóra, sendibílstjóra og vörubílstjóra svo og rútubílstjóra er erfið. Þetta er atvinnugrein sem á undir högg að sækja og ætti það síst af öllu að vera vilji löggjafans að þrengja enn að þeirri starfsgrein.

Herra forseti. Mér finnst ólíðandi að þegar úrskurðað er af til þess bæru stjórnvaldi að samkeppnisstaða sé ójöfn skuli þetta vera jafnað þannig að leggja skatta á þá sem höfðu áður ívilnandi stöðu. Mér finnst fráleitt að taka ekki á málinu þannig að fella einfaldlega niður 30% álagið hjá þessum tæplega 600 bílum.

Hér er ekki um að ræða umtalsverðar fjárhæðir. Ríkissjóður hefði ekki farið á hausinn þó að farið væri að tillögunni. Eins og ég gat um eru tekjurnar 21 millj. en þungaskattsinnheimtan skilaði reyndar mörg hundruð millj. inn í ríkissjóð.

Meiri hluti efh.- og viðskn. féllst ekki á þetta sjónarmið og fimm af níu nefndarmönnum bera fram þetta frv., þ.e. hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson. Að frv. standa ekki auk mín þeir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, Steingrímur J. Sigfússon og Gunnlaugur Sigmundsson.

Herra forseti. Ég hef borið fram við frv. fimmmenninganna brtt. við 1. gr. sem hljóðar svo:

Orðin „Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir“ í a-lið 4. gr. laganna falla brott. Þessi orð skulu kveða brott.“

Hér er kveðið á um að fella niður þetta sérstaka 30% álag. Þetta er einföld og skýr tillaga sem kemur væntanlega til atkvæða að lokinni umræðunni.

Álögur á atvinnubílstjóra hérlendis eru umtalsverðar og sjáum við það m.a. á aldri bifreiða í atvinnurekstri og á afkomu þeirra sem þar vinna að hér er ekki staðið nægjanlega vel að af hálfu löggjafans. Það er fráleitt að mínu mati að auka enn byrðar þessa hóps. Nær hefði verið að reyna að létta álögur hins opinbera á leigubíla, sendibíla, rútur og vörubíla og gera þannig kleift að skapa betri afkomu og menn ættu auðveldara með að endurnýja bifreiðar sínar. En menn vita að t.d. vörubílaflotinn er mjög gamall. Rútubílaflotinn er það gamall að hann er aðhlátursefni ferðamanna sem koma hingað og ekki rekum við öfluga og myndarlega ferðaþjónustu í framtíðinni með svo gömlum bílum.

Ótalið í þessu er slysatíðni vegna erfiðleika í greininni og aksturs bifreiða. Öll rök mæla því með því, herra forseti, að tekið verði myndarlega á málunum. Í þessu tilfelli er oftast um einyrkja að ræða sem ekki hafa á bak við sig sterk félög sem eru í harðri samkeppni. Þar má m.a. benda á að fjölmörg stórfyrirtæki hafa verið að seilast inn á markaðinn bæði í landflutningum, bifreiðaflutningum og á margvíslegu sviði sem hefur þrengt enn frekar að þessum smáu atvinnurekendum.

Það virðist vera, herra forseti, að smærri atvinnurekendur í landinu eigi ekki lengur pólitískt skjól nema ef vera skyldi hjá okkur jafnaðarmönnum. Einu sinni var sú tíð að Sjálfstfl. var talinn vera sérstök brynvörn smærri atvinnurekenda og einstaklingsframtaks í landinu en að mínu mati er það löngu liðin tíð. Það endurspeglast m.a. í frv. sem borið er fram af forustumönnum Sjálfstfl. og stutt af framsóknarmönnum. Þetta mál er þannig stærra en það lítur út fyrir að vera. Það tekur á um prinsipp um jöfnun á samkeppnisstöðu, hvort eigi að jafna það niður á við með ívilnun eða fara skattahækkunarleið gagnvart einstaklingum og atvinnulífi eins og

meiri hlutinn leggur til og þetta lýsir einnig viðhorfi gagnvart mikilvægri atvinnugrein.

Ég vænti þess, herra forseti, að brtt. mín fái brautargengi í þinginu og vonast eftir að samstaða geti skapast um þá tillögu sem mundi stuðla að því að létta álögum. Við höfum á undanförnum missirum stigið nokkur skref og sum þeirra fyrir forgöngu efh.- og viðskn. Alþingis en oftast hafa fjmrn. og Sjálfstfl. sett í það krumlurnar og aukið gjöld annars staðar í bifreiðaumhverfinu til að hvergi tapist króna. Ósanngirni þess í ljósi bættrar innheimtu ríkissjóðs á þungaskatti og vegna hinna miklu tekna sem ríkissjóður hefur af samgöngum, m.a. bensíngjaldi, sýnir að þessi atvinnurekstur er nýttur til hins ýtrasta til að auka skatttekjur ríkisins. Mér finnst þetta vera ósanngjörn leið, herra forseti. Mér finnst vera illa komið fram við það fólk sem hefur ekki úr of miklu að spila í atvinnurekstri sínum og hefur velflest lagt allt sitt undir. Mér finnst ekki sæma okkur að veita leigubílstjórum, sendibílstjórum, rútubílstjórum og eigendum þeirra atvinnutækja þá jólakveðju sem felst í frv. fimmmenninganna. Meiri manndómur væri í því, herra forseti, að fara þá leið að styðja brtt. mína og fella niður þetta umdeilda álag á þungaskatti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Húsaleigubætur, 3. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 662.

[15:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það frv. sem tekið er á dagskrá um húsaleigubætur er nú komið til 3. umr. og lokaafgreiðslu í þinginu og vildi ég segja nokkur orð við það tækifæri.

Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er að orðið hefur töluverð umræða við bæði 1. og 2. umr. málsins um að húsaleigubætur væru skattskyldar og hafa margir ræðumenn tekið til máls um það efni og lýst andstöðu við það. Ég vil einnig nefna að við 2. umr. málsins þegar ég fjallaði um það mál óskaði ég eftir að beina ákveðnum spurningum til hæstv. fjmrh. um það mál en hann var á þeirri stundu ekki viðstaddur umræðuna þannig að ég beindi því til forseta að ég mundi þá við 3. umr. málsins leggja spurningar mínar fyrir hæstv. fjmrh.

Við atkvæðagreiðslu um frv. við 2. umr. sat ég hjá við tvær greinar, m.a. þá grein þar sem kveðið er á um að ríkissjóður skuli greiða árlega 280 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem rennur til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Sá fyrirvari sem ég hafði þar á var vegna þess að ég tel að upphæðin tryggi ekki að sveitarfélögin geti hagað húsaleigubótum þannig að leigjendur verði jafnsettir eftir þessa breytingu og áður þar sem núna er stefnt að því að færa leiguna í leiguíbúð upp í raunkostnað, greiða fólki síðan húsaleigubætur. Mörg dæmi voru tiltekin um að eftir stæði ákveðinn mismunur frá 7.000 kr. og upp í allt að 20.000 kr. sem leigjendur mundu bera nema sveitarfélögin tækju þá á sig að greiða mismuninn og ég tel að þessar 200 millj. hrökkvi ekki til þess að öll sveitarfélög séu í stakk búin til að greiða mismuninn. Því vil ég við 3. umr. ítreka fyrirvara minn en engu að síður mun ég greiða frv. í heild atkvæði mitt en ítreka við lokaafgreiðslu málsins þennan fyrirvara.

Til stuðnings þeim rökum mínum að 280 millj. nægi ekki vitnaði ég í gögn sem fram hafa komið í málinu, m.a. skýrslu um framkvæmd húsaleigubóta þar sem segir að áætlaður kostnaður vegna húsaleigubóta ef öll sveitarfélög greiða húsaleigubætur sé á bilinu 390–650 millj. kr. og sveitarfélögin hafa sjálf áætlað í þeirri skýrslu að heildarupphæð bótanna verði 620 millj. kr., þ.e. 320 millj. kr. nettó miðað við núverandi kerfi í öllum sveitarfélögum að viðbættum 300 millj. kr. nettó vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis í sveitarfélögunum. Þjóðhagsstofnun áætlar á grundvelli skattaframtala á árinu 1995 að ef allir leigjendur undir tekjumörkum ættu rétt á húsaleigubótum væri heildarkostnaðurinn um 513 millj. kr.

Þá vík ég sérstaklega að því að skattleggja húsaleigubætur og ég óska eftir nærveru hæstv. fjmrh. Nú er það ekki nýtt og er ekki verið að taka það upp með frv. heldur voru húsaleigubætur strax skattskyldar og þeim var komið á 1995 um áramót. Sú sem hér stendur var þá félmrh. og átti þá í harðri deilu við hæstv. fjmrh. um skattskyldu húsaleigubótanna og niðurstaðan þá varð sú að hækka húsaleigubótagreiðsluna frá því sem áformað var sem nam skattinum þannig að leigjendur yrðu jafnsettir eftir sem áður. Ég gerði það í fyrsta lagi til þess að ná málinu fram á þingi og í annan stað í trausti þess að þegar málið yrði endurskoðað, næðist fram breyting í þessu efni að húsaleigubætur yrðu ekki skattskyldar.

Ég hef aldrei skilið rökin fyrir því og mér finnst að hæstv. fjmrh skuldi Alþingi skýringu á því og þeim þingmönnum sem hafa talað gegn því að húsaleigubætur séu skattskyldar af hverju hann leggst gegn því vegna þess að ég tel alveg ljóst að það er fyrst og fremst Sjálfstfl. og hæstv. fjmrh. sem hafa lagst gegn því að húsaleigubætur væru ekki skattskyldar. Maður spyr um rökin og hlýtur að bera saman það sem nærtækast er í þessu efni, vaxtabæturnar, sem er aðstoð hins opinbera við þá sem eru að eignast sína eigin íbúð að upphæðir í vaxtabótum erum um 3,3 milljarðar kr. og þetta er skattfrjálst. Þegar við erum að tala um, herra forseti, hópana sem eru verst settir í þjóðfélaginu, leigjendur, sem eru aldraðir, öryrkjar, námsmenn, einstæðar mæður o.s.frv., þá sem eru með tekjur á bilinu kannski 50 upp í 80 þús. kr., spyr maður hvort það þurfi að skattleggja viðkomandi. Hvaða jafnræði er í því að skattleggja leigjendur vegna húsnæðis sem þeir búa í en ekki þá sem eiga húsnæði? Húsaleigubætur hafa verið 200–250 millj. kr. og hafa verið skattskyldar. Nú erum við að tala um að öll sveitarfélög fara að greiða húsaleigubætur. Við erum að færa leiguna upp í raunkostnað. Allt þýðir þetta að húsaleigubæturnar verða meiri og þó að þær færu upp í 500–600 eða 650 millj. kr. erum við þó samt tala um verulega lægri fjárhæð en aðstoð hins opinbera er við þá sem eiga húsnæði sem eru 3,3 milljarðar á móti kannski 600 eða 650 millj. sem verður eftir þessa breytingu. Maður spyr bara: Hver eru rökin fyrir því? Það var tilefnið, herra forseti, fyrir því að ég kom upp að mér finnst hæstv. fjmrh. skulda Alþingi skýringu og að færa fram rök sín fyrir því að hann telur nauðsynlegt að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru ekki skattskyldar. Ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson færðum fram fjölmörg dæmi fyrir því hvað þetta mundi íþyngja leigjendunum mikið, sérstaklega ef verið væri að færa leiguna upp í raunkostnað og mundi muna verulega um það ef bæturnar væru ekki skattskyldar. Um 2.400 íbúðir eru á vegum sveitarfélaganna þar sem hætt verður að niðurgreiða leiguna en fólk fær þess í stað húsaleigubætur. Þá fer þessi hópur að greiða skatt líka þannig að mér finnst að ráðherra þurfi að gefa Alþingi skýringu á því

hvað hann telur nauðsynlegt að skattleggja húsaleigubætur, skattleggja fólk sem verst er statt og býr í leiguhúsnæði á meðan þeir sem eiga íbúðir og fá aðstoð hjá hinu opinbera gegnum vaxtabætur fá skattfrelsi á vaxtabótum.

[15:16]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég skal játa að ég hélt að ég þyrfti ekki að taka til máls um húsaleigubæturnar en ég neyðist til þess hér vegna fyrirspurna frá hv. þm. Ég held að eðlilegast sé að rifja aðeins upp tildrögin að málinu því að þetta er eitt af því fáa sem ég hef nokkuð séð eftir að hafa komið nálægt á pólitískum ferli mínum.

Öllum er ljóst að húsaleigubætur er hluti af félagslegri aðstoð sem sveitarfélögin eiga að veita. Þetta er sem sagt málefni sem heyrir undir sveitarfélögin, það hefur alltaf verið viðurkennt. En á sínum tíma barðist fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrir því með oddi og egg að koma á húsaleigubótum, algerlega burt séð frá því hvort sveitarstjórnirnar vildu þær eða ekki. Svo mikið gekk á í ríkisstjórninni á þeim tíma að þessu var nauðgað í gegnum ríkisstjórnina og fyrst og fremst vegna þess að menn töldu að með þeim hætti væri tryggt að þessi hv. þm. sæti áfram í ríkisstjórninni sem hafði tæpan meiri hluta á þingi. Það var meginástæðan fyrir því að menn samþykktu það á sínum tíma að fara í málið. Hún launaði félögum sínum í ríkisstjórninni með því að skella hurðum nokkrum dögum, vikum eða mánuðum síðar. En við sátum eftir með kerfi sem öllum var ljóst að gæti ekki gengið til frambúðar.

Sem betur fer voru sett í þessi lög sólarlagsákvæði. Hvað þýðir það? Það þýðir að tveimur árum seinna var skylt að fara ofan í málið og koma með nýja löggjöf og það er hún sem við erum að ræða í dag. Þessa forsögu verða menn að hafa í huga þegar þetta mál er rætt og auðvitað varð niðurstaðan sú þegar málið var til umræðu á milli ríkis og sveitarfélaga að færa málaflokkinn algerlega yfir og einu afskipti ríkisins verða þau að greiða inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ákveðna fjárupphæð á hverju ári.

Ég rifja þetta upp líka vegna þess að Samband sveitarfélaga á sínum tíma tók hugmynd þáv. félmrh. heldur illa og fékk dræmar undirtektir þeirra sem störfuðu á vegum sveitarstjórnarmála sem töldu eðlilega að ríkisvaldið væri að fara inn á þeirra svið. Þetta var samt niðurstaðan.

Þegar samið var við sveitarfélögin ekki alls fyrir löngu, nánar tiltekið fyrr í þessum mánuði, og ritað undir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni var samið um að ríkisvaldið legði til jöfnunarsjóðs 280 millj. Í raun sagði ríkið að 200 millj. ættu að nægja en fallist var á það til þess að ná sáttum og samningum að leggja meiri fjármuni til jöfnunarsjóðsins vegna þess fyrst og fremst að bæturnar eru skattlagðar. Það er ekki í fyrsta skipti sem ríkið þurfti að gera þetta því að í upphafi, og það er alveg hárrétt hjá hv. þm., þá taldi hv. þm. þegar hún var félmrh. að bæturnar ættu ekki að skattast og fékk út á það fjármuni þannig að tvisvar hafa verið settir fjármunir í þetta vegna þess að bæturnar ber að skatta. Þetta er í annað skipti sem verið er að gera það.

Svo spyr hv. þm.: Hvernig stendur á því að fjmrh. telur að það eigi að vera skattlausar bætur í skattkerfinu, þ.e. vaxtabætur og barnabætur, en síðan á að skattleggja húsnæðisbætur? Svarið er þetta: Tekjuhugtak íslenskra skattalaga er mjög víðtækt. Það hefur vissulega komið til greina og hefur oft verið til umræðu að það ætti að skattleggja bæturnar sem eru í skattkerfinu. Það var t.d. síðast til umræðu í svokallaðri jaðarskattanefnd að það væri kannski eðlilegt. En við ákvörðun þeirra bóta er samt tekið tillit til þess að þær eru skattlausar. Ef þær yrðu skattaðar, þá mundi áreiðanlega aðferðin við að koma þeim út til þeirra sem á þurfa að halda vera önnur en í dag.

Ég minni á að bætur almannatryggingakerfisins eru skattaðar. Fjármunir sem sveitarfélögin greiða í félagslega aðstoð eru skattaðir. Með öðrum orðum, það er ein grundvallarregla að tekjuhugtakið sé mjög víðtækt og það væri að fara á svig við þá meginreglu ef við tækjum húsnæðisbæturnar, sem eru ekki bætur innan skattkerfisins, út fyrir sviga í þessum efnum því að þá mundu menn auðvitað spyrja næst: Hvers vegna á ekki að færa undan skattheimtunni aðrar bætur sem við erum að borga úr sameiginlegum sjóðum? Þetta verða menn að hafa í huga þegar verið er að ræða þetta mál og eins hitt að það er tvívegis búið að taka tillit til þessa atriðis með því að leggja fram aukið fé vegna skattlagningarinnar.

Þá segir hv. þm.: Já, en af hverju á að gera mun á því að fólk sem er að byggja eða kaupa húsnæði og getur fengið fjármuni eða skattfrádrátt vegna þess úr vaxtabótakerfinu meðan hitt fólkið sem leigir fær ekki húsaleigubæturnar frádregnar? Ástæðan er einfaldlega sú að í mörgum tilvikum er þetta sama fólkið. Það er nefnilega þannig hér á landi að það er ekki alltaf fólk sem byrjar að leigja sem leigir síðan alla ævina. Flestir hafa verið leigjendur. Þeir verða síðar kaupendur að húsnæði þannig að ekki er verið að skipta þjóðinni í tvennt, í leigjendur og eigendur. Það er alls ekki verið að því því að í flestum tilvikum eru menn leigjendur einhvern tíma ævinnar og eignast síðan húsnæði á öðrum tíma ævinnar.

Auðvitað mætti segja: Við skulum bara hætta við að hafa vaxtabætur eða greiða niður húsnæðisverð fyrir fólk. Það er ein leiðin og meira að segja hafa erlendar stofnanir bent okkur á það æ ofan í æ að það væri líkast til heppilegra fyrir okkur hér á landi að a.m.k. samræma þær reglur sem gilda um húsnæðiskaup, þær reglur væru allt of flóknar. Það er hárrétt og hv. þm. á stóran þátt í því að hafa gert þær reglur svo flóknar og erfiðar að þær eru meira að segja í sumum tilvikum að setja sveitarfélög á hausinn. (**JóhS:** Hvað áttu við?) Það eru reglurnar um Húsnæðisstofnun ríkisins og sérstaklega Byggingarsjóð verkamanna. Ég er sammála því að það mætti gjarnan stokka upp allar þessar reglur. En til þess að hafa þetta eingöngu svar við fyrirspurn hv. þm. er svarið ósköp einfaldlega þetta: Inni í þeirri upphæð sem er um að tefla er búið að setja fjármuni sem jafngilda skúttum. Nú veit enginn í raun og veru hvað það er há upphæð nákvæmlega því að það er verið að færa fjármuni oft til fólks sem er undir skattleysismörkunum. Hér á landi, þar sem tekjuhugtakið er mjög víðtækt og nær nánast til allra tekna, verðum við að hafa þetta alveg sérstaklega í huga að hlutföllin eru nokkuð há í tekjuskattinum en það eru há skattleysismörk þannig að margt af því fólki sem fær styrki á borð við húsaleigubætur er fólk sem nær ekki upp í skattleysismörkin. Þetta verða menn að hafa í huga þannig að það er ekki heldur sjálfsagt út frá því sjónarmiði að bæturnar séu skattlausar.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi skýrt þetta. Ég skal viðurkenna það að ég hef reynt ótal sinnum fyrr á ævinni að skýra þetta út fyrir hv. þm. og mér hefur ætíð mistekist en þó varð niðurstaðan sú á sínum tíma þegar við sömdum um það kerfi að bætt var við fjármunum inn í kerfið og um það var samið. Við sömdum okkar á milli en ég skal viðurkenna

að mér tókst aldrei að útskýra það fyrir hv. þm. af hverju mætti ekki vera skattleysi þegar kemur að húsaleigubótunum þannig að ég efast um að mér takist það eitthvað fremur nú en þá. En í þeirri von að aðrir átti sig á hversu tekjuhugtakið hér á landi er víðtækt kaus ég að koma hér upp og reyna að skýra þetta út.

[15:26]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mér finnst hæstv. fjmrh. tala af nokkrum hroka. Hann setur sig í spor kennarans og er að útskýra hluti fyrir hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur og öðrum hv. alþm. Við skiljum fyllilega hvað er á ferðinni. Það þarf ekki að útskýra eitt eða neitt fyrir okkur. Þess var hins vegar farið á leit við hæstv. ráðherra að hann rökstyddi skoðanir síðan og ákvarðanir. Við kunnum síðan að vera á öndverðum meiði eða hafa ólík sjónarmið.

Ég er t.d. mjög ósammála því sjónarmiði hæstv. ráðherra að heppilegra sé að húsaleigubætur séu hjá sveitarfélögum en ríkinu. Ég tel að öll aðstoð við þá sem eru að afla sér húsnæðis, hvert sem eignarformið er, hvort sem þeir leigja eða kaupa, eigi að vera á hendi ríkisins og hér sé um að ræða réttindi sem eigi að vera óháð eignarformi.

Ég tek mjög eindregið undir afstöðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er mjög óeðlilegt að ekki gildi sambærilegar reglur um skattlagningu á vaxtabótum og húsaleigubótum. Hv. þm. benti á um hve ólíkar fjárhæðir er hér að tefla. Annars vegar nema vaxtabæturnar yfir 3 milljörðum kr., 3.300 millj. kr., en nettóstuðningur við leigjendur var rúmlega 230 millj. kr. Þá er skattlagningin reyndar tekin til greina. En í umræðu um húsaleigubætur kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, að hann nefndi dæmi um hátekjufólk, fjölskyldu með 600 þús. kr. á mánuði, 600 þús. kr. mánaðartekjur, fjölskyldu sem fengi 200 þús. kr. á ári í vaxtabætur. Þetta eru miklir peningar, óskattlagðir. Þeir eru ekki skattlagðir. En þegar kemur að húsaleigubótunum byrjar skerðingin við tekjur yfir 125 þús. kr. og ef um barnlausa fjölskyldu er að ræða falla bæturnar niður við 155 þús. kr. tekjumarkið, rúmlega 200 þús. ef um barnafjölskyldu er að ræða. Við erum að tala um allt aðrar og miklu minni upphæðir og skattlagðar í þokkabót.

Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til frv. um húsaleigubætur og ég styð það þegar á heildina er litið og mun greiða atkvæði með því. Ég tel þetta vera mjög mikilvæga réttarbót. Ég ítreka fyrri sjónarmið sem falla saman við það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur einnig lagt áherslu á að það er mjög mikið áhyggjuefni hver útkoman verður fyrir það fólk sem er í félagslegu húsnæðiskerfi. Eins og hún nefndi er um að ræða rúmlega 2.400 íbúðir, ef ég man rétt, og útreikningar á vegum Reykjavíkurborgar hafa sýnt að ef ekki kemur til veruleg aðstoð frá borginni þegar saman fer annars vegar hækkun á leigu upp í það sem kallað hefur verið raunleiga, en er fínt nafn á markaðsvæðingu þessa kerfis og tilkomu húsaleigubóta, hins vegar þá kemur í ljós að það er um verulega skerðingu að ræða hjá mörgu fólki.

Hæstv. ráðherra talaði um að margt af þessu fólki sem var í leiguíbúðum og margt í félagslegu húsnæðiskerfi væri undir skattleysismörkum. Í þeim gögnum sem ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerðum grein fyrir við fyrri umræðu kom fram að fólk sem er með í árstekjur langt innan við eina millj. varð fyrir skerðingu á bilinu 10–20 þús. kr. á mánuði. Nú hefur Reykjavíkurborg lýst því yfir að hún muni koma til móts við tekjulága leigjendur. Hvar þau mörk liggja hins vegar, hvar skilgreiningin á hinum tekjulága liggja, það er allt á huldu um það, og hætta er á því að þessi yfirfærsla muni leiða til tekjuskerðingar hjá mörgu fólki. Við vitum ekki enn hvernig þetta verður nákvæmlega í Reykjavík en óvissan er enn meiri annars staðar og nefni ég t.d. þar Kópavog til sögunnar. Okkur var sagt í félmn. að þar hefðu menn ekki hugleitt hvernig þeir mundu leysa þessi mál eða hvort yfirleitt yrði farið í sams konar ráðstafanir og Reykjavíkurborg er að undirbúa og annars staðar er þetta allt á huldu enn þá.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég gengum eftir því í þingsal við fyrri umræðu, að krefja hæstv. félmrh. þess að hann gengi eftir því við sveitarfélögin eða Samband ísl. sveitarfélaga að þau fullvissuðu hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að sú lagabreyting sem hann væri ábyrgur fyrir og hefði forgöngu um mundi ekki leiða til tekjuskerðingar hjá þessu fólki en við höfum ekki fengið nein haldbær eða sannfærandi svör frá hæstv. ráðherra. Þessi mál hljóta náttúrlega öll að vera áhyggjuefni og ég minni aftur á að í 1. gr. þessara laga segir að markmið þeirra sé að bæta kjör tekjulágra leigjenda. Ekki að sjá til þess að þau versni ekki eða standi í stað heldur batni og ef það gerist ekki, þá eru menn einfaldlega ekki að framfylgja þessum lögum. Þess vegna eru allar þessar breytingar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þá ábyrgð verður ríkisstjórnin að axla.

Síðan er mjög fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. fjmrh. á hugmyndum hans um skattlagningu og hverja eigi að skattleggja og hverja eigi að undanskilja skatti en hann þarf ekkert að útskýra fyrir okkur í þessum efnum. Við vitum nákvæmlega hvað er á ferðinni en erum hins vegar á öndverðum meiði við hæstv. ráðherra í þessum efnum.

En aðeins eitt í sambandi við hugmynd sem hæstv. ráðherra nefndi. Það var að til greina kæmi að skattleggja allt bótakerfið. Mér finnst að það sé hugmynd sem sé umræðuvirði að taka tekjutenginguna á bótakerfinu, barnabótum og öðrum bótum í tekjuskattskerfinu. Mér finnst það hljóta að vera til skoðunar. Ég er ekki endilega að lýsa afstöðu minni til málsins því að hún hlýtur að ráðast af því hvernig dæmið kemur út fyrir fólk. En mér finnst þetta alveg til umhugsunar og þess virði vissulega að skoða. En það sem mér finnst ekki til umhugsunar og vera ekki rétt er að láta annað gilda um leigjendur og kaupendur þegar kemur til stuðnings frá hinu opinbera.

[15:36]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og hæstv. forseta kannski rekur minni til ætlaði ég að beina einni lítilli fyrirspurn til hæstv. fjmrh. við 2. umr. málsins en hæstv. ráðherra var þá ekki viðstaddur þannig að ég var fús til að bíða með hana til 3. umr. til að tefja þá ekki umræðuna. Ég vil láta það koma fram að sú litla fyrirspurn sem ég hef beint til hæstv. ráðherra hefur gefið hæstv. fjmrh. tilefni til þess að vera með mjög ósmekklega og ósvífna ræðu í stólnum þar sem hann hefur farið vítt og breitt yfir sviðið og miklu víðar en ég ætlaðist til með spurningu minni þannig að ég segi það, herra forseti, að töf sem verður á að ljúka þessari umræðu, ég veit að það er stuttur tími sem lifir af þinginu en við stefnum í að ljúka þingi á þessum sólarhringi, skrifast ekki á reikning minn heldur á reikning hæstv. fjmrh.

Það er náttúrlega alveg ljóst af orðum hæstv. ráðherra áðan sem voru mjög hrokafull að honum leiðist mjög að ræða húsaleigubætur enda hafa húsaleigubætur aldrei verið áhugamál hans eða flokks hans þótt um sé að ræða kjarabæt-

ur til þeirra sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Það er ekki oft sem maður hlustar í þessum ræðustól á iðrun ráðherra vegna fyrri gjörða. En hæstv. fjmrh. sagði það berum orðum að hann iðraðist þess að hafa átt hlut að þessari lagasetningu sem kemur þó fram í skýrslu sem liggur fyrir um framkvæmd húsaleigubóta að er ein besta kjarabótin sem láglaunafólk hefur fengið hin síðari ár. Hæstv. ráðherra orðaði það svo smekklega að hann sagði að ég hefði nauðgað málinu í gegnum ríkisstjórnina. Ja, hérna. En þessi nauðgun sem hæstv. ráðherra orðaði svo smekklega áðan hefur þó orðið til þess að skila því fólki sem verst er statt í þjóðfélaginu verulegum kjarabótum á umliðnum tveimur árum. Hæstv. ráðherra segir að þetta hafi allt verið gert til þess að tryggja að sú sem hér stendur yrði áfram í ríkisstjórn. Ég þakka bara hæstv. ráðherra fyrir komplímentið. (**Fjmrh.:** Ekkert að þakka.)

Nú segir hæstv. ráðherra að sem betur fer hafi verið sólarlagsákvæði í löggjöfinni og það hafi átt að endurskoða hana að tveimur árum liðnum því að kerfið hafi ekki getað gengið. En hverju erum við að breyta hér, herra forseti, frá gildandi lögum? Fyrst og fremst eru það tveir meginþættir. Litlar aðrar breytingar. Það er að skylda núna öll sveitarfélögin til þess að greiða húsaleigubætur. Hæstv. ráðherra man það eins vel eins og ég að öðruvísi var málinu ekki komin í gegnum þingið nema að þetta yrði valþætt í fyrsta áfanga, að sveitarfélögin sjálf réðu því hvort þau greiddu húsaleigubætur eða ekki. Það er breytingin núna að það er skylda að sveitarfélögin greiði húsaleigubætur.

Í annan stað, þó að það komi ekki beint frv. við, stefnir í það að sveitarfélögin ætli að færa leiguna upp í raunkostnað. Það er áfram inni ef hæstv. ráðherra hefur ekki tekið eftir því, það er brtt. sem kom inn í meðförum þingsins og ég veit að hæstv. ráðherra hefur örugglega ekki fylgst með þeim brtt. eða nefndaráliti sem kom fram frá hv. félmn. því að honum leiðist svo að ræða húsaleigubætur, kjarabætur fyrir láglaunafólk. Þar kemur inn að það er sett inn í lögin að ríkissjóður greiði árlega 280 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að ríkissjóður á enn áfram hlut að máli í þessu efni. Að öðru leyti eru sárafáar breytingar þannig að að stofni til erum við að staðfesta áfram lögin sem hafa gilt í tvö ár um húsaleigubætur sem hæstv. fjmrh. iðrast svo sárlega að hafa tekið þátt í að samþykkja. Þetta eru breytingarnar, herra forseti, fyrir utan að menn hafa verið að reyna að fá hæstv. ráðherra af villu síns vegar að vera að skattleggja húsaleigubætur.

Hvaða fólk er það sem fær húsaleigubætur sem hæstv. ráðherra iðrast svo sárlega að hafa átt þátt í að samþykkja? Þetta er aðallega atvinnulaust fólk, einstæðir foreldrar, öryrkjar, aldraðir. Og hæstv. ráðherra sér ástæðu til að koma í ræðustól og lýsa yfir iðrun yfir að hafa átt þátt í að samþykkja þessa kjarabót. Þetta eru mjög athyglisverðar yfirlýsingar rétt fyrir jólin, herra forseti, til þess fólks sem hefur notið þessara kjarabóta á umliðnum tveimur árum að fjmrh. landsins sé fullur iðrunar yfir að þetta fólk hafi fengið kjarabætur. (**Fjmrh.:** Það var ekki sagt.) Ég skrifaði það niður eftir hæstv. ráðherra. (**Fjmrh.:** Þetta er hreinn útúrsnúningur.) Hæstv. ráðherra játaði að hann iðraðist þess að hafa átt þátt í þessari löggjöf. (**Fjmrh.:** Þetta er hreinn útúrsnúningur sem ræðumaður ...) Þetta er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra sagði. Hann sagði að sú sem hér stendur hefði nauðgað málinu í gegnum ríkisstjórn. Sagði hæstv. ráðherra það ekki? (**Fjmrh.:** Jú, það er rétt.) Þannig að mér fannst ræða hæstv. ráðherra mjög ósmekkleg og ósvífin og gefa tilefni til langrar umræðu um húsnæðismál almennt vegna þess að hæstv. ráðherra fór líka inn á reglur um Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og fleira og ég heyrði hann orða það svo að setja Húsnæðisstofnun á hausinn. Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra nefndi. En þetta gefur fullt tilefni til þess að ræða hvernig farið hefur verið með byggingarsjóðina á umliðnum árum, framlögin til byggingarsjóðanna og fleiri þætti. En ég skal, herra forseti, af því að ég veit að hæstv. forseti kann að meta það við mig, fresta því að ræða þessi mál þar til eftir áramót við hæstv. fjmrh.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti metur það.)

Það sem snýr að Húsnæðisstofnun, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins og að sú sem hér stendur hafi verið við það að setja Húsnæðisstofnun ríkisins á hausinn (**Fjmrh.:** Ég sagði það ekki.) vegna þess að þetta eru stór orð, herra forseti, og gefa tilefni til langrar umræðu um þetta mál. En af því að hæstv. fjmrh. leiðist svo að ræða húsaleigubætur og flokki hans leiðist að verið sé að setja löggjöf um húsaleigubætur fyrir láglaunafólk í landinu, þá veit hæstv. ráðherra greinilega ekki um hvað frv. hæstv. félmrh. snýst. Hann veit ekki um það. Hann veit ekki um brtt. sem félmn. gerði við 2. umr. málsins þar sem ríkissjóður er enn þá áfram inni í málinu. Það er lögbundið framlag ríkissjóðs og hæstv. ráðherra stendur í þeirri trú að verið sé að gjörbreyta þeirri löggjöf sem sett var árið 1995. Það er bara hreint ekki svo að verið sé að breyta henni enda kemur fram í skýrslunni um framvæmd húsaleigubóta í fyrsta lagi að framkvæmdin hafi reynst mjög vel. Það voru ekki síst sjálfstæðismenn sem spáðu því í þingsölunum að framkvæmdin mundi reynast illa. En framkvæmdin hefur reynst mjög vel. Það hafa öll þau sveitarfélög viðurkennt sem hafa tekið upp húsaleigubætur og það hefur komið fram í skýrslunni að hún hefur skilað sér sérstaklega vel til tekjulágra hópa enda er ekki verið að breyta miklu í löggjöfinni, einungis að skylda sveitarfélögin öll til að taka upp húsaleigubætur. Það er meginbreytingin í löggjöfinni þannig að ég ráðlegg hæstv. fjmrh. að hafa það sem jólalesningu yfir hátíðina að lesa vandlega frv. til laga um húsaleigubætur og þá löggjöf sem verið er að samþykkja.

[15:45]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er talað um hroka hérna. Ég veit ekki hvort það flokkast undir hroka að skammta manni lesturinn yfir jólin. Ég held að ég vildi frekar lesa jólaguðspjöllin en eitthvað sem hv. þm. færir mér í hendurnar.

En nokkrar rangfærslur. Í fyrsta lagi sagði ég ekki að Húsnæðisstofnunin væri að fara á hausinn vegna afskipta hv. þm., þó að ég viti að hún standi nú tæpt að sumu leyti, heldur sveitarfélögin vegna þess hvernig kerfið væri upp byggt að sumu leyti. Þetta er fyrsta rangfærslan.

Í öðru lagi hef ég hvergi sagt að ég væri á móti húsaleigubótum eða móti því að fólk fengi húsaleigubætur. Það sem ég hef hins vegar sagt er að ég taldi þetta ekki á verksviði ríkisvaldsins heldur sveitarfélaganna. En ég fagna því að sjálfsögðu þegar það er gengið þannig frá því nú að sveitarfélögin annast málaflokkinn alveg.

Í þriðja lagi telur hv. þm. og heldur því fram að ég hafi bara ekkert vitað um þær 280 millj. sem komu inn með brtt. Það vill svo svo til að ég tók þátt í því persónulega að semja um þessar 280 millj. vegna þess að ég og hæstv. félmrh. sátum yfir því löngum stundum með forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga að semja um þessa upphæð og inn í

þessari upphæð er til viðbótar jafngildi skatta. Annars hefði upphæðin verið miklu lægri. Þetta þarf allt að koma fram og ég tel mig, virðulegi forseti, hafa svarað fyrirspurn frá hv. þm. Það getur vel verið að hv. þm. hafi ekki líkað allt það sem ég sagði en hv. þm. veit alveg að það var ágreiningur á milli okkar í þessu máli. Það átti ekki að koma hv. þm. á óvart en ég vonast til þess a.m.k. að þeirri fyrirspurn sem kom fram frá hv. þm. hafi verið svarað.

[15:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst það koma mjög skýrt fram í fyrri ræðu hæstv. ráðherra áðan að hann vissi ekki um hvað málið snerist vegna þess að hann sagði að hér væri verið að breyta mjög því kerfi sem hefði verið komið á 1995. Ráðherrann hefur ekki mótmælt því að ekki er verið að breyta því svo máli skipti nema verið er að gera þetta að skyldu sveitarfélaganna.

Ástæða þess að ég taldi líka að ráðherrann vissi ekki um hvað málið snerist og vitnaði þá í þessar 280 millj. var að ráðherrann sagði að það væri algerlega verið að færa þetta yfir til sveitarfélaganna. Ríkissjóður er enn inni í dæminu þar sem stendur í einni lagagrein að ríkissjóður skuli árlega leggja til 280 millj. þannig að að hluta til er það líka áfram hjá ríkisvaldinu.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að löggjöfin hefur reynst í megindráttum vel og auðvitað mun hæstv. fjmrh. samþykkja hana hér við 3. umr. málsins enda hefur hún í alla staði reynst vel og framkvæmdin einnig. Það mun sjást í atkvæðagreiðslunni að ráðherrann er mér alveg sammála. Löggjöfin er að stofni til óbreytt frá því 1995 og hún hefur reynst vel og er löggjöf sem gildir hér næstu árin og ráðherrann mun auðvitað samþykkja það.

Svo fagna ég því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. ætli að lesa jólaguðspjöllin yfir hátíðarnar.

[15:49]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðu sína sem var hin ánægjulegasta. Það er ekkert frekar minnst á skatta heldur jólaguðspjöllin og ég heyrði að hún vill fara með friði, stytta mál sitt og ég skal alveg fullvissa hana um það að ég mun greiða tillögunni atkvæði sem ég svo vona að hún geri og ég vænti þess að umræðunni geti lokið þannig.

Ég vona einnig, virðulegi forseti, að enginn misskilningur sé milli okkar um það hvort fólk sem á í vandræðum eigi að fá bætur eða ekki. Þetta er bara spurningin hvar á að koma þeim fyrir. Álit mitt hefur alltaf verið að þetta sé málefni sveitarfélaganna og þó að það hafi æxlast þannig að ríkið komi að þessu núna með tiltekinn styrk sem fer inn í jöfnunarsjóðinn, þá er auðvitað verið að gera miklu meiri breytingar á kerfinu. Það er verið að taka inn leiguíbúðir sem ég heyri að gagnrýnt er af sumum þannig að auðvitað er verið að taka upp löggjöfina. Sumt er áreiðanlega gott, annað verra en ég held að það hefði frá upphafi verið betra að þetta kerfi hefði eingöngu verið á vegum sveitarfélaganna. Því fæ ég ekki breytt frekar en mörgu öðru úr fortíðinni. Maður situr víst uppi með hana, sumt til ánægju og annað ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.*

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 669.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 668.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.*

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 666.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 667.

[15:52]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Í gær felldi hv. Alþingi brtt. frá mér sem fólst í því að reikna iðgjaldið til B-deildarinnar. Þetta var fellt mjög myndarlega. Það var greinilega mjög mikill meiri hluti fyrir því að reikna ekki iðgjaldið. Sömuleiðis var felld brtt. frá mér sem fólst í því að reikna áfram alla skuldbindingu sem B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins veldur ríkissjóði og fyrirtækjum. Það mátti ekki gera heldur.

Að sjálfsögðu sætti ég mig við þessa niðurstöðu en ég hef hugleitt dálítið hvernig á henni stendur. Þetta er greinilega einhver dýpri skilningur en ég hef að hv. þm. skuli ekki vilja reikna þennan raunveruleika, þ.e. reikna iðgjaldið sem ríkissjóður verður að borga hvort sem er eða ákvarða skuldbindingu sem fyrirtækin verða að greiða.

Það sem mér dettur helst í hug að vaki fyrir þingmönnum er að BSRB hafi óskað eftir því að iðgjaldið sé ekki reiknað þannig að það komi ekki í ljós hver laun opinberra starfsmanna séu. Það er helst það sem mér dettur í hug því að ef iðgjaldið er reiknað út og það kemur í ljós að það þyrfti að vera 18, 19 eða jafnvel 20% framlag í B-deildinni þá kæmi í ljós að það mætti greiða þessu fólki ein mánaðarlaun á ári til viðbótar alla starfsævina ef það nyti venjulegra lífeyrisréttinda. Það er spurning hvort fólkið mundi kæra sig um það að fá þessi lífeyrisréttindi að geta farið á lífeyri 65 ára í staðinn fyrir sjötugt og fórnað fyrir að heilum mánaðarlaunum á ári alla starfsævina. Þetta er kannski ein skýringin sem ég sá ekki alveg í gær.

Önnur skýring gæti verið sú að ekki megi sýna skuldbindingar opinberra stofnana, þ.e. það megi ekki sýna hvað spítalar og alls konar opinberar stofnanir skulda raunverulega í lífeyrisskuldbindingum. Kannski vilja menn ekki sýna þetta. Ég veit reyndar ekki af hverju, en kannski er óþægilegt að vita hvað Landspítalinn skuldar í lífeyrisskuldbindingar og kæmi kannski í ljós hver launakjör starfsmanna eru raunverulega en það virðist greinilega ekki mega sýna það.

En sem sagt, ég er búinn að hugleiða þetta mikið og það er greinilega einhver dýpri skilningur á þessum málum sem ég næ ekki en að sjálfsögðu sætti ég mig við niðurstöðuna, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 3. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 670, brtt. 675.

[15:55]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, svokölluðum bandormi. Brtt. er við 14. gr. um að 1.164 millj. komi í stað 1.064 millj. Þetta er spurning um hve mikið af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar renna í ríkissjóð. Hér er ekki verið að flytja peninga úr þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næsta ári. Þær munu allar ganga fram, heldur er verið að endurspegla nýja tekjuspá um það hve tekjustofnarnir gefi mikið. Það liggur líka fyrir ef tekjustofnarnir gefa meira en samsvarar þessum upphæðum þá mun sú viðbót renna til vegagerðar.

[15:56]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Þessi leiðindabandormur er kominn til 3. umr. og lokaafgreiðslu og það er svo sem fagnaðarefni í sjálfu sér að losna við þetta óféti út úr heiminum. En gallinn er bara sá að innihaldið er að sínu leyti ekki neitt tilhlökkunarefni fyrir þolendurnar (**Gripið fram í:** Og ekki í anda jólanna.) og ekki í anda jólanna, það er svo fjarri öllu lagi.

Það eru ein þrjú atriði sem ég ætlaði fyrst að nefna, herra forseti, og þá fyrst þessa brtt. sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að mæla fyrir.

Út á hvað gengur hún? Jú, hún gengur út á það að taka 100 millj. í viðbót af mörkuðum vegatekjum á árinu 1998 í ríkissjóð. Reyndar mun það vera svo að þegar reiknaðar voru tekjuforsendur Vegasjóðs, hvað hinar mörkuðu tekjur mundu gefa á næsta ári, þá fundu menn þar 120 millj. í viðbót samkvæmt nýjustu spá og nýjasta mati. Og hvað varð um þær? Jú, það stendur m.a. hér að hæstv. fjmrh. hirðir 100. Af þeim hirðir hæstv. fjmrh. 100 millj. og 20 millj. eiga að fara í endurgreiðslu á einhverjum þungasköttum. Með öðrum orðum, allar viðbótartekjurnar, allur tekjuaukinn fer á einu bretti í ríkissjóð eða í önnur verkefni. Hæstv. samgrh. fær enga einustu krónu af því sem er að bætast við af mörkuðum tekjustofni til vegamála. Það verður að segjast alveg eins og er að græðgin í hæstv. fjmrh. er svo yfirgengileg að maður veit ekki hvar það endar og auðvitað linkan að sama skapi í hæstv. samgrh. Eða hugsið ykkur landsbyggðarþingmenn stjórnarflokkanna, þeir kyngja öllu. Það heyrist ekki múkk í hv. þm. Agli á Seljavöllum. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Það heyrist ekki múkk í hv. þm. Agli á Seljavöllum þegar viðbótartekjur Vegasjóðs eru hirtar svona framan við nefið á mönnum rétt fyrir jólin. Ja, það er eins gott að jólasveinarnir haga sér ekki svona þegar þeir fara um héruðin núna eins og hæstv. fjmrh. gerir. Það væri gæfulegt. Það er bara þannig að ef einhvers staðar er króna á lausu þá er hæstv. fjmrh. mættur og hrifsar hana til sín og þeir eru slíkar lyddur hinir ráðherrarnir og sérstaklega blessaður hæstv. samgrh. að hann ræður ekki neitt við neitt og þetta er allt hirt af honum. Þetta er alveg yfirgengilegt. Svo koma menn hér og reyna að skjóta sér á bak við það eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem ég veit að á í hinu mesta baksi með þessi mál í þingflokki sínum og eitthvað lítið um veg yfir Þverárfjall í bili. Ætli það væri ekki víðar hægt að nota þessar krónur. Þá kemur hv. þm. og segir: Ja, þetta skerði ekki sérstaklega það sem fyrirhugað hafi verið í vegaframkvæmdum á næsta ári. En hvað er það? Það er m.a. 18% niðurskurður frá eldri áformum. Það liggur fyrir. Í áliti samgn. Alþingis til fjárln. er kvartað undan 18% niðurskurði og halda menn þá ekki að eðlilegt væri að nota eitthvað af tekjuaukanum til þess að draga úr þeim mikla niðurskurði sem var ákveðinn fyrir. En það er ekki gert. Engin einsta króna fer í þetta. Þetta geðleysi manna er alveg með ólíkindum.

Ég var að hugsa um það líka t.d. hvernig hv. þm. Hjálmari Jónssyni sem mun fara heim í sókn sína ef að líkum lætur um jólin, ætli hann fari þar ekki á fundi með sjálfstæðismönnum að kynna þeim tillögur sínar um eflingu atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, feiknalega fallegt plagg og það eru margar fleiri göfugar tillögur sem hv. stjórnarþingmenn hafa verið að flytja. Eitt af því sem er sérstaklega verið að leggja áherslu á eru samgöngubætur vegna atvinnusvæða á landsbyggðinni. Svo blikka menn ekki auga hér með hæstv. fjmrh. framan við nefið á sér rétt fyrir jólin, hæstv. samgrh., sem hirðir allan tekjuauka Vegasjóðs eins og hann leggur sig, hverja einustu krónu. (**Gripið fram í:** Það liggur vel á honum.) Já, það liggur vel á honum en þá væntanlega ekki að sama skapi vel á hæstv. samgrh. Útreið samgöngumálanna sem er staðfest í bandorminum og er enn bætt í með brtt. hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem er með miklum endemum. Það eru geðslegar jólagjafir eða hitt þó heldur sem verið er að gefa mönnum. (**VE:** Bara að skipta um ...) Það fara nú sögur af því að það séu ýmsir stólar orðnir valtir og mun vera mikil taugaveiklun í herbúðunum. En sá sem öllu ræður gefur ekkert upp, talar í véfréttastíl um að einhverjir geti misst stólana sína á næsta ári og aðrir fengið þá og það er þegar farið að hafa veruleg áhrif á atferli manna eins og sjá má. Ýmsir eru ekki með hýrri há og aðrir eru óvenjustimamjúkir í umgengni við suma.

Herra forseti. Af því að heilbrigðismál hafa verið mjög til umræðu í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og ríkisfjármál vil ég nefna að jólagjöfin til sjúklinganna er komin. Þar var m.a. sagt frá henni í Morgunblaðinu í morgun. Það eru hækkanir á lyfjaverði, það sem sjúklingar og aldraðir fá í jólasokkinn núna frá ríkisstjórninni. Það er sú kveðjan. Landsbyggðin fær niðurskurð í samgöngumálunum og sjúklingarnir fá þetta.

Þá er komið að spurningunni um þriðju jólagjöfina og þá síðustu sem ég ætlaði að nefna og þá hefði ég gjarnan viljað að hæstv. félmrh. væri til staðar. Það er spurningin um hvort hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh. eða ríkisstjórnin hafi komið

sér niður á jólagjöfina til atvinnulausra í desember. Ætlar ríkisstjórnin að borga desemberuppbót á atvinnuleysisbætur eða ekki? Mér finnst neðan við allar hellur að ráðherrarnir reyni að koma sér undan því dag eftir dag þegar þessi spurning er borin upp að þetta sé í athugun hjá ríkislögmanni eða hafi verið það síðast þegar menn vissu. Þannig voru svörin í fyrradag eða gær frá hæstv. félmrh. og að ríkisstjórnin hafi enga ákvörðun tekið um þetta. Mér finnst eðlilegt að við fáum þetta mál á hreint. Ef ríkisstjórnin ætlar að borga desemberuppbótina er eðlilegt að það komi fram og það mundi að sjálfsögðu gleðja okkur og því mundum við fagna. Ef vantar lagastoð er ekki seinna vænna en grípa til þess að útvega hana því að löggjafinn er enn að störfum og getur gert það á eins og 10 mínútum ef með þarf. (**VE:** Við frestum því.) Ég vil fá svör við þessu, herra forseti. Ég býst við að þegar til kastanna kemur ráði yfirráðherrarnir náttúrlega mestu um þetta, hæstv. fjmrh. og alfaðir, hæstv. forsrh., og það er þá best að svörin komi þaðan ef þetta er svona þokukennt fyrir hæstv. félmrh. að hann veit ekki hvort hann vill þetta sjálfur og hann veit ekki hvort hann hefur lagastoð til þess að borga þetta og hann veit ekki hvort ríkislögmaður er búinn að skoða þetta. Það er ekki mikið að gera með svoleiðis ráðherra sem vita ekki neitt um mál af þessu tagi þannig að spurningin er þá hér með borin upp við hæstv. fjmrh.: Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um hvort greidd verður desemberuppbót á atvinnuleysisbætur?

[16:04]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. var að ræða tillögu sem lögð hefur verið fram í nafni hv. þm. Vilhjálms Egilssonar vil ég segja að það er ekkert að því og er margoft þekkt að skerða fjármuni sem ganga til vegagerðar. Það hygg ég að hv. þm. þekki að hefur gerst margoft. Nú stendur þannig á að vegáætlun liggur fyrir vegna næsta árs. Það er ljóst hve miklir fjármunir fara til hennar samkvæmt áætlun og það er ekki verið að skerða þá fjármuni. Það liggur meira að segja fyrir að á yfirstandandi ári urðu tekjur, sem renna til Vegagerðarinnar, talsvert meiri en ráð hafði verið fyrir gert, jafnvel meiri en menn héldu í byrjun októbermánaðar. Þeir fjármunir renna til Vegagerðarinnar og koma fram sem viðbót þangað.

Til viðbótar við þetta vil ég bæta því við að við gerum *jafnvel ráð fyrir því að markaðir tekjustofnar til vegagerðar* skili meiru en þeim 100 millj. sem eiga í hlut og ég minni á, virðulegi forseti, að þessar 100 millj. eru samsvarandi upphæð og þær 100 millj. sem runnu nú út og munu fara til viðhalds á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Það er nefnilega einu sinni þannig að ekki er sífellt hægt að heimta meiri útgjöld og vera svo alveg yfir sig hissa á því að afkoman skuli ekki vera miklu betri en ella. Þetta er nefnilega þannig að maður verður að líta á tekjurnar og gjöldin og skoða síðan afkomuna og það er ekki hægt að gera allt fyrir alla. Í þessu tilviki stóð þannig á að það er hægt að fara í allar þær framkvæmdir sem menn ætluðu sér en nota þessa peninga heldur til sameiginlegra þarfa. Það er ekkert verið að láta peningana hverfa. Það er verið að nota þá til sameiginlegra þarfa.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn fer fyrir mér eins og öðrum að ég get ekki svarað því á þessari stundu. Ég verð að vísa á það sem hæstv. félmrh. hefur sagt. Ég veit ekki betur en hann sé að láta kanna málið og mér þykir afar leitt að geta ekki svarað því hver endanleg niðurstaða verður í málinu.

[16:07]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir sömuleiðis mjög klént að hæstv. ríkisstjórn sem er búið að inna eftir þessu ítrekað á undanförnum sólarhringum hefur engin svör. Er það svo óskaplegt mál að ganga úr skugga um í fyrsta lagi hvort fullnægjandi lagastoð er fyrir hendi sem ég fullyrði að sé? Ríkisstjórninni er ekkert að vanbúnaði á grundvelli heimilda sem eru í lögunum um atvinnuleysistryggingar að gera þetta og í öðru lagi að gera upp við sig hvort hæstv. ríkisstjórn vill þetta og hefur þá pólitísku stefnu að atvinnulausir eigi að fá sambærilegar kjarabætur um þessi jól og aðrir. Það er pólitísk ákvörðun sem þarf að taka en það virðist ganga eitthvað illa og vera erfið fæðing hjá hæstv. ríkisstjórn og það verður að átelja það mjög harðlega.

Varðandi vegamálin er auðvitað svo að Vegasjóður hefur ætíð fengið að njóta aukinna bensíntekna þegar þær hafa komið til innan árs. Hér er verið á síðustu stundu fyrir áramót að uppreikna spá til þess að ná meiru í ríkissjóð. Varðandi sagnfræðina liggur fyrir að aðeins einu sinni fyrir daga þessarar ríkisstjórnar höfðu markaðar vegatekjur verið skertar með þeim hætti sem hér er verið að gera og þá óverulega, aðeins í eitt einasta skipti var það á erfiðleikaárunum 1988–1991. Þá gerðist það í eitt skipti og þá urðu sjálfstæðismenn, sem voru í stjórnarandstöðu, alveg spólandi vitlausir og héldu linnulausar ræður undir forustu þáv. hv. þm. Pálma Jónssonar frá Akri. En þeir bregðast öðruvísi við nú. Nú er verið í góðærinu miðju að slá algert Íslandsmet í þessum efnum. Skerðingin á mörkuðum vegatekjum er komin talsvert á annan milljarð. Þetta liggur svona fyrir, hæstv. fjmrh., og þýðir ekkert að neita því. Að skjóta sér á bak við niðurskorna vegáætlun frá því í fyrra sem var veruleg skerðing á framkvæmdum til vegamála, og öll samgöngunefnd kvittar fyrir það, er náttúrlega engin málsvörn. Þessi óhemjulega græðgi hæstv. fjmrh. er með ólíkindum. Við höfum lagt til tekjuöflun varðandi vandamál sjúkrahúsanna og stjórnin gæti vel stutt það.

[16:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki mörgu við það að bæta sem hér hefur verið sagt. Það er ljóst og það þarf að skoða það í dálítið sögulegu samhengi *til þess að átta sig á því hvernig* fjármunir hafa gengið til vegamála á undanförnum árum. Ég minni á að þegar illa áraði og atvinnuleysi var sem mest voru settir fjármunir til vegamála umfram markaða tekjustofna. Þetta verða menn að hafa í huga og rifja upp og segja frá eins og hlutirnir eru.

Ég vil einnig láta það koma fram að sú var tíðin að ákveðið var í fjárlögum og sérstökum lögum, lánsfjárlögum, *hve miklir peningar ættu að fara til vegamála en afgangurinn* rann í ríkissjóð. Þannig var gengið frá löggjöfinni til skamms tíma. Það eru aðeins örfá ár síðan þessu var snúið við og Vegagerðin nýtur þess nú að seljist meira bensín eða þungaskatturinn skilar sér betur en ráð hafði verið fyrir gert. Ekki er langt síðan sá háttur var tekinn upp þannig að það er ekki hægt að fullyrða það með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan að sífellt sé verið að skerða vegafé. Það er ljóst *að mjög miklir fjármunir renna til vegagerðar* og ekki nóg með það, heldur horfum við á það núna að til viðbótar þeim

fjármunum sem koma frá ríkinu er verið að setja heilmikið einkafjármagn í Hvalfjarðargöngin þannig að heilmikið er að gerast á þessu sviði hér á landi sem betur fer.

[16:11]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að vísu rétt að meira vegafé hafi verið sett í framkvæmdir hér og jafnvel fé umfram það sem markaðar tekjur skiluðu á árunum milli 1991 og 1995. Að hluta til var þá flýtt framkvæmdum, svokölluðu framkvæmdaátaki en sá var ljóður á því ráði að það fé var allt tekið að láni og nú er Vegasjóður að endurgreiða það. Þá er komið að skuldadögunum og þá fækkar borðaklippingunum sem voru mikið aðhlátursefni manna þegar hæstv. samgrh. var að opna sömu vegina upp í þrisvar og sleit upp mörgum skærum á ári. Hann hélt svo margar hátíðir þegar hann var að vígja einstaka búta í þjóðvegakerfinu. (Gripið fram í.) Nú er minna um að vera.

Tekjuskiptin milli ríkissjóðs og Vegasjóðs eru nú um stundir ekki sambærileg við fyrri tíma vegna þess að því kerfi hefur verið gerbreytt eins og ég veit að hæstv. fjmrh. veit vel. Ríkissjóður hefur seilst æ lengra inn á þennan tekjustofn og það er svo komið að af 24 milljarða kr. skatttekjum af umferðinni fara aðeins tæpir 8 til vegamála og þeir tæpir 8 milljarðar eiga að standa undir öllum rekstrinum, allri þjónustunni, ferjukostnaðinum þannig að það hlutfall af skatttekjum af umferð á Íslandi sem fer í reynd til framkvæmda í vegamálum er sífellt að minnka. Það er óheillaþróun vegna þess að aukin umferð, fleiri bílar kalla á framkvæmdir. Það vita allir menn. Er ekki verið að tala um að það þurfi að tvöfalda Reykjanesbrautina? Mikill umferðarþungi kostar orðið brú á næstum hver einustu gatnamót hér í Reykjavík. Þar af leiðandi verður að láta umferðina njóta meira af þeim skatttekjum sem hún skilar og að skerða það sífellt með breytingum af þessu tagi leiðir til ófarnaðar. Það gengur ekki til lengdar fyrir landsmenn að hafa svona gráðugan fjmrh. og lélegan samgrh. Það verður að breyta þessu ella mun slysatíðni aukast og menn lenda í hreinum ógöngum með umferðina í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 249. mál (heildarlög). — Þskj. 294, nál. 457, brtt. 458, 525, 526 og 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

Brtt. 526,1 felld með 51:2 atkv. og sögðu

**já:** GMS, PHB.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁRÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HjÁ, KÁ, LMR, RA, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:17]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að ákveðið sé og tekið fram í þessum lögum að lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaga sem er sjálfsagður og eðlilegur hlutur. Ég greiði tillögunni atkvæði mitt.

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 458,1 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 525 felld með 55:2 atkv. og sögðu

**já:** GMS, PHB.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ, RA, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:19]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Í umræðunni í morgun fékkst svar frá hv. formanni efh.- og viðskn. sem var í algerum vefréttastíl. Hann gat ekki svarað einfaldri spurningu með já eða nei. Hér er lagt til að tekinn sé af þessi lagalegi vafi sem felst í 2. gr. og hún skert þannig að sá skilningur sem víðast kom fram í viðræðum í hv. efh.- og viðskn. sé skýrður og hann komi greinilega fram. Ég greiði tillögunni atkvæði mitt.

2. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁRÁ, ÁMM) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ, RA, StB) fjarstaddir.

Brtt. 458,2 samþ. með 59 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

4.–5. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 458,3 (ný 6. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 458,4–9 samþ. með 59 shlj. atkv.

7.–17. gr., svo breyttar, samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 458,10.a samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 526,2 felld með 54:3 atkv. og sögðu

**já:** GMS, PHB, SAÞ*.

**nei:** ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁRÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ, RA) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 458,10.b samþ. með 59 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 458,11 samþ. með 59 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.
20.–26. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 458,12 samþ. með 59 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 527,1 felld með 51:5 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, GÁS, GMS, PHB, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (ÁRÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ, LB, RA) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:28]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lagt til að í lífeyrissjóðunum verði beint lýðræði, þ.e. sjóðfélagar fái að kjósa stjórnina beinni kosningu. Eins og atkvæðataflan sýnir er greinilegt að hv. þingmenn hafa ekki trú á lýðræðinu og hafa ekki trú á því að sjóðfélagar geti kosið sér stjórn sína sjálfir. Ég býst við því að hv. þingmenn muni heilsa kjósendum sínum í kjördæminu, sem eru allir í lífeyrissjóðum, og segja þeim að þeir ágætu kjósendur hafi ekki vit né þroska til þess að kjósa sér stjórn í lífeyrissjóðunum. Ég greiði tillögunni atkvæði mitt.

29. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 527,2 kölluð aftur.
30. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 458,13–19 samþ. með 57 shlj. atkv.
31.–35. gr., svo breyttar, samþ. með 59 shlj. atkv.

36. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁRÁ, GHelg, HG, MF, SJóh, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ, RA) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég get ekki samþykkt lögþvingaða hávaxtastefnu eins og hér er kveðið á um. Um er að ræða sams konar ákvæði og lögfest var í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir réttu ári en einnig þá fannst mér ekki forsvaranlegt að setja þetta ákvæði í lög.

37.–42. gr., svo breyttar, samþ. með 59 shlj. atkv.
43.–58. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I samþ. með 57 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. *II* samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem Alþingi er í þann veginn að gera að landslögum hefur átt erfiða fæðingu þar sem mánuðum saman var unnið að því að sætta ólík sjónarmið og ná samkomulagi. Mikilvægt er að hafa í huga að með þessum vinnubrögðum hefur ríkisstjórnin og Alþingi viðurkennt að við þessum málaflokki skuli ekki hreyft nema í samráði og sátt við samtök launafólks enda um að ræða kjör og réttindi sem launafólk hefur barist fyrir og síðan bundið í samninga. Enda þótt ég telji orðalag þessa bráðabirgðaákvæðis orka tvímælis greiði ég því atkvæði með hliðsjón af því samkomulagi sem gert hefur verið og á þeirri forsendu að hugsanlegar lagabreytingar sem ráðist yrði í á grundvelli þessa ákvæðis í framtíðinni verði í fullu samráði og sátt við samtök launafólks.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 338. mál (sala og fyrning aflahlutdeildar). — Þskj. 427, nál. 641, 653 og 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]
Till. í nál. 658 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 37:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:36]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga okkar um að vísa þessu frv. um fyrningu kvóta til ríkisstjórnarinnar. Málið er ekki nógu vel undirbúið og það á að keyra það í gegnum þingið á örfáum dögum. Í frv. eru fjölmörg álitaefni

sem hefði þurft að skoða betur í þingnefnd. Það ber enga brýna nauðsyn til að afgreiða málið núna fyrir áramót. Það hefði verið hægt að stuðla að samþykkt frv., ef það hefði verið vilji meiri hluta Alþingis, fljótlega eftir áramót en þá að fengnum umsögnum og vandaðri skoðun.

[16:36]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. og óháðra getum tekið undir þá tillögu í nefndaráliti 2. minni hluta að þetta mál hefði haft gott af frekari skoðun og væntanlega ekki nein stór áhætta tekin með því að fresta afgreiðslu þess um einhverja mánuði. Við munum hins vegar styðja það efnisákvæði frv. verði frávísunartillaga felld, að aflahlutdeild verði ekki fyrnanleg og teljum það tvímælalaust rétta efnisreglu þannig að þó svo að málið hefði haft gott af frekari skoðun þá teljum við eftir sem áður ástæðu til að styðja þá þætti þess sem til bóta eru.

1. gr., inngmgr. og 1. mgr., samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB*, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, JóhS, JBH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr., 2. mgr., samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 641 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2. gr. (inngmgr. og 1. mgr. a-liðar) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GMS, JóhS, JBH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2. gr. (2. mgr. og 1.–2. málsl. 3. mgr. a-liðar) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2. gr. (3. málsl. 3. mgr. a-liðar, svo breyttur,) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2. gr., b-liður, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, GMS, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÁJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

### *Skaðabótalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 58. mál (endurskoðun laganna). — Þskj. 58, nál. 660.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:46]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:43]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Allshn. er sammála því að mjög brýnt sé að fá niðurstöðu í endurskoðun skaðabótalaganna sem um hafa verið deilur, raunar allt frá setningu þeirra 1993. Þessi langi tími sem endurskoðun hefur tekið bitnar fyrst og fremst á þeim sem verða fyrir slysi og líkamstjóni en deilurnar standa einkum um það hvaða áhrif breytingar á skaðabótalögum og betri réttur þeirra sem verða fyrir líkamstjóni hafi á tjónakostnað tryggingafélaganna. Það er óþolandi að þeir sem verða fyrir líkamstjóni eða slysi þurfi að líða fyrir þær deilur og tregðu tryggingafélaganna að veita nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að klára málið. Ég tel nauðsynlegt að ljúka málinu eigi síðar en á vorþingi sem á að vera hægt ef tryggingafélögin verða af stjórnvöldum og Alþingi knúin til nauðsynlegrar samvinnu í málinu og tel ég reyndar miðað við forsögu málsins og tortryggni í garð tryggingafélaganna og Vátryggingaeftirlitsins að fela hefði átt óháðum aðila, tryggingasérfræðingi, að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga um málið. Ég tel líka að verið sé að veita of langan frest til að ljúka málinu eða til október á næsta ári og greiði því ekki atkvæði.

[16:44]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Það verður að skilja bréf Vátryggingaeftirlitsins til allshn. frá í gær svo að eftirlitið hafi nú í hyggju, án undanbragða, að ljá nefndinni sem endurskoðar skaðabótalögin atbeina sinn við öflun þeirra upplýsinga sem nefndin vill fá, en eftirlitið hafði áður neitað nefndinni um þetta. Það verður að leggja áherslu á að þessari öflun upplýsinga verði hraðað svo sem kostur er og verður ekki séð að það þurfi að taka einhverja mánuði eins og orðað er í bréfinu, enda tók það Samband ísl. tryggingafélaga innan við tvær vikur að taka saman mun umfangsmeiri upplýsingar um sömu tjónamál í nóvember 1995. Verði misbrestur eða óþarfa tafir á að nefndin fái undanbragðalaust umbeðnar upplýsingar áskil ég mér rétt til að taka málið upp að nýju á þessu þingi. Með vísun til þessa segi ég já.

[16:45]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í nefndaráliti allshn. stendur, með leyfi forseta:

„Allsherjarnefnd leggur áherslu á að nefnd þeirri sem endurskoða á skaðabótalögin verði veittar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við vinnslu málsins, en allsherjarnefnd hefur beitt sér fyrir því að svo verði. Enda þótt í frumvarpinu komi fram að ljúka skuli málinu eigi síðar en í október 1998 leggur allsherjarnefnd ríka áherslu á það að endurskoðunarnefndin ljúki störfum þannig að unnt verði að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum á vorþingi 1998.“

Það er þess vegna ljóst að hér er verið að taka ákvörðun um að málið komi aftur til meðferðar á þessu þingi. Þess vegna styð ég tillöguna eins og hún liggur fyrir.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, KH, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, JBH, KÁ, RA) fjarstaddir.

### *Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 371. mál. — Þskj. 603, brtt. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]

Brtt. 644 felld með 35:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:48]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Ég segi nei við þessari tillögu. Samþykkt hennar mundi auka á ójafnvægi og raska enn frekar en orðið er samkeppnisstöðu annars vegar þeirra sem borga þungaskatt eftir kílómetragjaldi eftir svokölluðum ökumælum og hins vegar þeirra sem greiða fast gjald. Þess vegna segi ég nei.

[16:48]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í brtt. felst að fella niður álag á þungaskatt hjá leigubílum, sendibílum, smærri vörubílum og rútum. Þetta eru um 600 bílar. Samkeppnisráð telur að þetta álag raski samkeppnisskilyrðum og það er ástæðan fyrir þessu frv. Meiri hluti efh.- og viðskn. vill hins vegar setja álag á þungaskatt hjá öðrum bifreiðum, 400 talsins, og jafna samkeppnisskilyrðin með skattahækkun. Ég vil hins vegar jafna samkeppnisskilyrðin hjá þessum 600 bílum með skattalækkun. Þetta snýst um óverulega heildarupphæð eða 20 millj. kr. Ríkissjóður hefur hins vegar haft mörg hundruð millj. kr. meira út úr þungaskatti en áætlað var. Útfærsla meiri hlutans er íþyngjandi fyrir þessa atvinnugrein og þá einstaklinga sem þar starfa.

1. gr. samþ. með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38:21 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:11 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** ÁE, ÁRJ, HG, JóhS, KHG, LB, RA, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

### *Húsaleigubætur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 290. mál (heildarlög). — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 695).

### *Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 304. mál (dómsmálagjöld o.fl.). — Þskj. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

Frv. samþ. með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 696).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 328. mál (lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 697).

### *Vörugjald af ökutækjum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 329. mál (dráttarbifreiðar, mengunarlaus ökutæki). — Þskj. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]

Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 698).

### *Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 330. mál (uppgjör á skuldbindingum, iðgjöld til B-deildar). — Þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]
Frv. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:53]

**Pétur H. Blöndal:**
Herra forseti. Við erum hér að fjalla um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem ekki má reikna iðgjald. Af því tilefni setti ég saman smástöku:

Iðgjald reikna, æi nei.
Illan grun það vekur.
Galileo Galilei
götótt kerfið skekur.

[16:54]

**Hjálmar Jónsson:**
Herra forseti.

Pétur reiknikúnstir kann.
Sú kunnátta dugir skammt.
Fram að jólum jagast hann
en jörðin snýst nú samt.

Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 699).

### *Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 670, brtt. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]
Brtt. 675 samþ. með 38:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36:22 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
5 þm. (ÁJ, EgJ, HjÁ, JónK, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 700).

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

## 51. FUNDUR

laugardaginn 20. des.,
að loknum 50. fundi.

**Dagskrá:**

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 384. mál, þskj. 688. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til fjögurra ára frá 1. jan. 1998 til 1. jan. 2002.

3. Kosning tveggja manna í fjölskylduráð að viðhafðri hlutfallskosningu skv. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

4. Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2000, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

5. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2001, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

6. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1998 til 31. desember 1999, til tveggja ára, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

7. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember

1997 til jafnlengdar 2001, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

8. Kosning aðalmanns í stað Magnúsar Á. Magnússonar í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 2001, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

9. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 249. mál, þskj. 294 (með áorðn. breyt. á þskj. 458). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 338. mál, þskj. 427 (með áorðn. breyt. á þskj. 641). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Skaðabótalög, stjfrv., 58. mál, þskj. 58. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 371. mál, þskj. 603. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Fjárlög 1998, stjfrv., 1. mál, þskj. 537, frhnál. 635 og 647, brtt. 611, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 625, 632, 633, 636, 637, 638, 639, 640, 643, 645, 646, 648, 650, 651, 652, 654, 655, 656, 657, 659, 674, 678, 683 og 686. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

14. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv., 349. mál, þskj. 464. — Frh. 1. umr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:58]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls og 2. umr. 9.–12. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

### *Frestun á fundum Alþingis, ein umr.*

Stjtill., 384. mál. — Þskj. 688.

[16:58]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1997 til 27. janúar 1998.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:59]

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

5 þm. (EgJ, HÁs, HBl, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 701).

### *Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 3. umr.*

Stjfrv., 249. mál (heildarlög). — Þskj. 693.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:00]

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (EgJ, HÁs, HBl, HjÁ, KÁ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 702).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 338. mál (sala og fyrning aflahlutdeildar). — Þskj. 694.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:01]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EgJ, GHelg, HBl, HjÁ, KÁ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 703).

### *Skaðabótalög, 3. umr.*

Stjfrv., 58. mál (endurskoðun laganna). — Þskj. 58.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:02]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, KH, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EgJ, HBl, HjÁ, KÁ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 704).

***Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.***

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 371. mál. — Þskj. 603.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:03]

Frv. samþ. með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

4 þm. (EgJ, HBl, HjÁ, KÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 705).

[Fundarhlé. — 17:03]

***Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til fjögurra ára frá 1. jan. 1998 til 1. jan. 2002.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður Anna Þórðardóttir alþingismaður (A),
Gunnlaugur Haraldsson safnvörður (B),
Jón Helgason, fyrrv. alþingismaður (A).

***Kosning tveggja manna í fjölskylduráð að viðhafðri hlutfallskosningu skv. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.***

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Dögg Pálsdóttir lögfræðingur (A),
Þráinn Hallgrímsson skrifstofustjóri (B).

***Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2000, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.***

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Gunnar Flóvenz, fyrrv. framkvæmdastjóri (A),
Egill Guðlaugsson framkvæmdastjóri (B),
Hermann Hansson framkvæmdastjóri (A).
*Varamenn:*
Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri (A),
Þór Vilhjálmsson verkstjóri (B),
Þorleifur Björgvinsson framkvæmdastjóri) (A).

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2001, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.***

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri (B),
Magnús Bjarnfreðsson skrifstofumaður (A),
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður (B),
Sigfríður Þorsteinsdóttir tækniteiknari (A),
Jóhanna María Eyjólfsdóttir sagnfræðingur (A).
*Varamenn:*
Andri Þór Guðmundsson markaðsstjóri (A),
Mörður Árnason íslenskufræðingur (B),
Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri (A),
Steinþór Gunnarsson viðskiptafræðinemi (A),
Ævar Kjartansson dagskrárgerðarmaður (B),
Sigrún Júlía Geirsdóttir húsmóðir (A),
Svanhildur Hólm Valsdóttir lögfræðinemi (A).

***Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1998 til 31. desember 1999, til tveggja ára, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.***

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa.

Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ólafur Oddsson menntaskólakennari (A),
Sigþrúður Gunnarsdóttir háskólanemi (B),
Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi (A).
*Varamenn:*
Brynhildur Ragnarsdóttir fulltrúi (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

***Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 1997 til jafnlengdar 2001, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.***

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Jónína Michaelsdóttir rithöfundur (A),
Hulda Kristinsdóttir kjólameistari (B),
Björn Teitsson skólameistari (A).
*Varamenn:*
Halldóra Rafnar blaðamaður (A),
Rannveig Edda Hálfdanardóttir (B),
Vigdís Hauksdóttir húsmóðir (A).

***Kosning aðalmanns í stað Magnúsar Á. Magnússonar í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 2001, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.***

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Valgerður Guðmundsdóttir.

[17:40]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þar sem varamaður hefur nú verið kjörinn aðalmaður leggur forseti til að þegar á þessum fundi verið kjörinn nýr varamaður. Ef ekki eru athugasemdir óska ég eftir tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Brynhildur Flóvenz.

[17:42]

**Útbýting þingskjala:**

Flutningur þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks, 385. mál, fsp. ÖJ, þskj. 689.
Ríkisstofnanir, 386. mál, fsp. KHG, þskj. 690.
Ríkisstofnanir, 387. mál, fsp. KHG, þskj. 691.
Ríkisstofnanir, 388. mál, fsp. KHG, þskj. 692.

***Fjárlög 1998, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 537, frhnál. 635 og 647, brtt. 611, 613, 614, 615, 616, 617, 618, 619, 625, 632, 633, 636, 637, 638, 639, 640, 643, 645, 646, 648, 650, 651, 652, 654, 655, 656, 657, 659, 674, 678, 683 og 686.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]

Brtt. 657 felld með 37:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:43]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Minni hluti fjárln. hefur flutt á þskj. 657 tvær tillögur til hækkunar á tekjum ríkissjóðs. Annars vegar er lagt til að tryggingagjald sem atvinnureksturinn greiðir hækki um 0,5% eða um 1.200 millj. kr. og hins vegar hækki tekjuskattur lögaðila um 1.000 millj. kr. vegna breytinga á reglum um frádráttarbærni ónotaðra rekstrartapa.

Brýna nauðsyn ber til að styrkja tekjugrundvöll fjárlagafrv. Tekjur af sölu eigna eru ótraustar og fyrirsjáanlegt að útgjöld til heilbrigðismála eru vanmetin um a.m.k. 2 milljarða kr. Hallarekstur ríkissjóðs í einu besta góðæri í efnahagsmálum um margra ára skeið ber vitni um fádæmaslaka fjármálastjórn og mun auk þess stuðla að því að áfram verði háir vextir hér á landi, viðskiptahalli og verulegur þrýstingur á gengi á næsta ári. Við slíkar aðstæður getur verðbólga farið á kreik á nýjan leik eins og dæmin sanna. Stjórnarandstaðan leggur áherslu á að standa vörð um stöðugleikann í efnahagsmálum og bægja frá almenningi vofu verðbólgunnar og óstöðugleika í efnahagsmálum. Jafnvægi í ríkisfjármálum er lykilatriði í því að svo megi verða.

[17:45]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Í dag afgreiðir Alþingi hallalaus fjárlög annað árið í röð. Slíkt hefur ekki gerst í háa herrans tíð. Á sama tíma er verið að stórlækka skatta. Tekjuskatturinn lækkar um 3 prósentustig á árinu 1997 og 1998 auk þess sem skattleysismörk verða hækkuð.

Stjórnarandstaðan hefur lagt fram urmul af breytingartillögum við fjárlagafrv. og lagt til aukin ríkisútgjöld upp á milljarða kr. og að á móti verði skattar hækkaðir. Ég er algjörlega ósammála þessum skattahækkunartillögum stjórnarandstöðunnar og mun því greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum vinstri flokkanna en að sjálfsögðu með frv. í heild.

Brtt. 640 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EgJ, GÁS, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 683,2 samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 636,1 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 650 felld með 37:21 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:48]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er ekki verið að leggja til að hafa nein áhrif á fjárlögin heldur einungis óskað eftir því að hið aldna félag, Hið íslenska þjóðvinafélag, megi áfram eins og það hefur verið vera sérliður undir Alþingi en ekki hverfa inn í lið sem heitir: Sérverkefni. Ég get nú ekki ímyndað mér að nokkur hv. þm. hafi á móti því að þetta gamla félag sem sjálfur Jón Sigurðsson stofnaði megi ekki áfram standa sem sérstakur liður á fjárlögum. Breytingin hefur engin áhrif á framlögin.

Brtt. 674 samþ. með 56:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** PHB.
6 þm. (EgJ, HÁs, HjÁ, KÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 636,2–3 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 619 felld með 37:20 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
6 þm. (EgJ, HjÁ, JóhS, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 651 felld með 36:21 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
6 þm. (EgJ, GMS, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:51]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mikið metnaðarleysi einkennir þessi fjárlög á mörgum sviðum. Það er alkunna hvaða útreið heilbrigðismálin fá og sömuleiðis samgöngumálin sem eru skorin harkalega niður í miðju góðærinu. Sú útreið er orðin víðfræg og illræmd. En það má nefna til fleiri málaflokka og þá ekki síður þá sem tengjast landsbyggðinni. Tvær opinberar stofnanir í mínu kjördæmi fá mjög harkalega útreið við þessa fjárlagaafgreiðslu og á ég þar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Háskólann á Akureyri sem fær á engan hátt sæmandi úrlausn miðað við þau áform sem uppi eru um uppbyggingu þeirrar stofnunar og almennt hafa notið stuðnings.

Ég leyfi mér því að leggja til að til stofnkostnaðar verði sérstaklega merktar 40 millj kr. til framkvæmda við Háskólann á Akureyri á komandi ári og Alþingi undirstriki þannig vilja sinn til þess að þessi stofnun verði byggð myndarlega upp.

Brtt. 613 felld með 37:21 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:53]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki nóg að taka þátt í rannsóknum og býsnast síðan yfir útkomunni og skólakerfinu eins og gerðist þegar niðurstöður úr TIMSS-rannsókninni voru kynntar í fyrra. Það þarf að vinna úr þessum rannsóknum til að hægt sé að átta sig á hvar skóinn kreppir helst svo takmörkuðu fjármagni til skólanna sé beint í þá farvegi sem líklegastir eru til að bæta skólastarfið. Um það snýst þessi brtt., um litlar 5 millj. kr. Ég segi já.

Brtt. 636,4–5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EgJ, GMS, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,6 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 611 felld með 37:21 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, LB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:55]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér er lagt til að auka framlög í Kvikmyndasjóð um 30 millj. Það er nú með þessa tillögu að sýnt hefur verið fram á að aukning á fé í Kvikmyndasjóð og til kvikmyndagerðar þýðir tekjuaukningu fyrir ríkið. Ríkið fær meira til baka úr kvikmyndaiðnaði í opinber gjöld en það leggur til þessa málaflokks. Kvikmyndaiðnaður er einn mesti vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi. Þessari grein er samt ekki sýndur sá sómi sem nauðsynlegur er. Við vitum að við eigum menn á heimsmælikvarða á þessu sviði. Við erum að horfa upp á hæfileikamenn hrekjast til útlanda vegna þess að við stöndum ekki nógu vel að þessari nýju atvinnugrein. Þess vegna, herra forseti, er þessi tillaga lögð fram. Hún mundi þegar fram líða stundir leiða bæði til tekjuaukningar og aukinnar atvinnu og örvun listsköpunar hérlendis.

Brtt. 645 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:57]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu en vil láta það koma fram að ég harma að þetta er annað árið í röð þar sem ekki næst samkomulag um breytingar á þessum þætti í fjárlögum og fjárlagafrv. Ég tel að reynslan frá þessu ári og því síðasta kalli á að reynt verði að vinna öðruvísi að þessum málum á næsta þingi vegna þess að mikilvægt er að þessi þáttur í fjárlögunum haldist svipaður og samstaða hefur verið um um langt árabil.

Brtt. 636,7–15 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 615 felld með 36:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:59]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er gerð tilraun til þess að bjarga meiri hluta Alþingis frá þeirri ógæfu að samþykkja að leggja skatt á landsmenn í fjárlögum en það er óheimilt samkvæmt stjórnarskrá Íslands. Ég sé á atkvæðatöflunni að þessi tilraun hefur ekki tekist og það ber að harma.

Brtt. 636,16 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 636,17 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (GÁS, JBH, KHG, KH, MF, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 643 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,18 samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 636,19 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 618 felld með 36:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

6 þm. (EgJ, EOK, HjÁ, KÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta er tillaga um fjárveitingu til þess að einhverfir og fatlaðir með Asperger-heilkenni fái þjónustu. Þeir hafa ekki fengið þá þjónustu sem þeim ber. Með fjárveitingunni sem er í fjárlagafrv. núna verða stórir hópar út undan og þeir munu ekki fá heildstæða þjónustu nema til komi þessar 5 millj. sem hér eru lagðar til. Það er óviðunandi og þess vegna styð ég þessa tillögu.

Brtt. 636,20 samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 648 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 636,21 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 617 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:05]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um sérstakt framlag upp á 100 millj. kr. til að stytta biðlista. Um það bil 4.300 manns eru á biðlistum eftir ýmsum aðgerðum og það mun reynast þannig að meiri kostnaður er fyrir ríkið að hafa þetta fólk á biðlistum vegna lyfjakostnaðar, vegna þess að það er frá vinnu og vegna ýmslegs annars. Þetta er tilraun okkar í minni hlutanum til þess að létta byrði ríkissjóðs, en eins og sjá má er henni hafnað af meiri hlutanum.

[18:06]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði gert grein fyrir því hjá ritara að ég drægi þessa tillögu til baka vegna þess að ég hef fengið fyrirheit um það frá hæstv. heilbrrh. að málinu verði sinnt eftir öðrum leiðum.

Brtt. 656 kölluð aftur.

Brtt. 636,22 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 646 felld með 37:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Geðdeildinni í Arnarholti, deild 35, var lokað vegna niðurskurðar í fyrra. Hluta sjúklinganna var komið í aðra vist með misjöfnum afleiðingum. Fyrir níu geðsjúklinga voru engin úrræði nema gatan. Vegna þess var haldið úti lágmarksþjónustu fyrir þá í Arnarholti. Tillagan er um að þetta fólk fái áfram slíka þjónustu í Arnarholti. Þessir geðfötluðu einstaklingar mega ekki lenda utan garðs. Þess vegna er tillaga lögð fram um 8 millj. kr. fjárveittingu til þeirra.

Brtt. 636,23 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:08]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Viðhald og viðgerðir á húsakosti Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur verið vanrækt svo til háska horfir. Til viðbótar framlagi ríkisins leggur Reykjavíkurborg sitt af mörkum svo að til ráðstöfunar til viðhalds á Sjúkrahúsi Reykjavíkur verða á næsta ári samkvæmt þessu um 172,5 millj. kr. Samkvæmt faglegri úttekt munu viðgerðirnar í heild kosta á annan milljarð kr. þannig að ljóst er að hér er aðeins um að ræða upphafsskref á langri leið. En þá leið þarf að fara og því styður minni hluti fjárln. þessa tillögu. Hún er viðleitni og hún er að sínu leyti svar við einörðum málflutningi stjórnarandstöðunnar um þetta efni. En á það skal minnt og gagnrýnt harðlega einu sinni enn að meiri hlutinn skuli skirrast við að taka á hrikalegum rekstrarvanda Sjúkrahúss Reykjavíkur sem allir viðurkenna að er fyrir hendi.

[18:09]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég fagna því að þarna koma 100 millj. kr. til viðhalds á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Eins og menn vita þá stefnir í óefni hjá sjúkrahúsunum og ekki síst hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Við þeim vanda verða stjórnvöld að bregðast og það fljótt

[18:10]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hér er verið að leggja til aukna fjárveitingu upp á 100 millj. til viðhalds Sjúkrahúss Reykjavíkur og ég styð það að sjálfsögðu. En það er nauðsynlegt að þingheimur geri sér grein fyrir því að fimm sinnum hærri upphæð þarf til þess að ljúka brýnasta viðhaldi og tólf sinnum hærri upphæð þarf til þess að ljúka því algerlega.

Brtt. 636,24 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:11]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tel að þrátt fyrir þá afgreiðslu sem hér er gert ráð fyrir vanti bersýnilega um það bil 1.000 millj. kr. upp á rekstur spítalanna á næsta ári miðað við það að hann haldi áfram á svipuðum forsendum og eru á þessu ári. Ég tel að þetta sé alvarlega gagnrýnivert eins og margoft hefur komið fram í ummælum stjórnarandstæðinga við umræður um fjárlögin og í raun og veru felst í þessari vanafgreiðslu fölsun á fjárlögum ársins 998 vegna þess að þau gefa ekki rétta mynd af raunverulegu rekstrarumfangi ríkisins. Þessu mótmælum við, herra forseti, og teljum einsýnt að það verði að koma aftur að þessu máli á næsta ári.

[18:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er um að ræða 25 millj. kr. framlag sem ætlað er til ákveðinnar stýrinefndar sem á að gera tillögur um ráðstöfun á 300 millj. kr. potti. Herra forseti. Ég hefði

talið vera eðlilegt að þessir fjármunir hefðu verið teknir sérstaklega af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar og sá liður lækkaður, í staðinn fyrir að auka útgjöld um 25 millj. kr.

[18:12]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er vitaskuld um algera skiptimynt að ræða í þá miklu þörf sem fyrirsjáanleg er og augljós er hjá sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu. Og það að þessi umtalaða stýrinefnd sem virðist eiga að vera eins konar kraftaverkahópur eigi að leysa vanda sem hljóðar upp á milljarða kr. með einhverjum smáaurum, svipar til þess eins og þegar frelsarinn forðum gat mettað þúsundir með fáeinum fiskum og brauðmolum. Mikil er trú mín en ekki svo mikil að stýrinefndin góða leysi þetta vandamál. Ég greiði ekki atkvæði.

[18:13]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í 2. umr. hef ég vissan fyrirvara á ágæti skipanar stýri- eða miðstýrinefndar sem úthluta skal 300 millj. kr. til sjúkrahúsa í landinu og þar með leysa allan vanda þeirra.

Ég hef einnig fyrirvara á aðgerðum stýrinefndar með tilliti til þeirra pólitísku yfirlýsinga sem hæstv. heilbrrh. hefur gefið um yfirtöku ríkisins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem nú virðist stutt af borgarstjóranum í Reykjavík. Þar er enn verið að staðfesta miðstýringarárättu þá sem endurspeglað hefur afstöðu heilbrrh. að undanförnu. Slíkt tel ég ekki vera í samræmi við stefnu Sjálfstfl. En í trausti þeirrar yfirlýsingar sem varaformaður fjárln. hefur gefið um að unnið verði að lausn fjármála sjúkrahúsa á faglegum forsendum og með tilliti til þeirra viljayfirlýsingar sem felst í 100 millj. kr. viðbótarframlagi til Sjúkrahúss Reykjavíkur, mun ég greiða þessum lið atkvæði mitt. En ég áskil mér fullan fyrirvara á áframhaldandi vinnslu á lausn fjárhagsvanda sjúkrahúsanna ef, að mínu mati, ekki verður unnið faglega að þessi lausn og í fullu samráði við Alþingi og viðkomandi hagsmunaaðila heldur stefnt að fyrirframgefinni pólitískri lausn með miðstýringu í huga.

Brtt. 636,25 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 636,26 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 636,27 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 636,28 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, LB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 636,29 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (DO, EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, RA, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 683,3 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 625,1 felld með 35:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

6 þm. (DO, EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,30–31 samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 655 felld með 34:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

1 þm. (ArnbS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 614 felld með 35:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,2.a felld með 35:21 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

1 þm. (JBH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, EgJ, EKG, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,2.b felld með 35:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (DO, EgJ, EKG, GGuðbj, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,2.c felld með 36:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
5 þm. (DO, EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,2.d felld með 36:20 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
2 þm. (GÁS, JBH) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,2.e kom ekki til atkvæða.

Brtt. 636,32 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (DO, EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 625,3 felld með 37:21 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 678 felld með 36:23 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, EKG, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,33–38 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 633 felld með 36:23 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 652 felld með 37:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,39–40 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 632 felld með 37:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,41–42 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (MF, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 636,43 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 637 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 638,1–2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 659 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 638,3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 654 felld með 37:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 638,4 samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 616,a samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 638,5 kölluð aftur.

Brtt. 616,b–c felld með 37:22 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 638,6 samþ. með 37:21 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, MF, StG) fjarstaddir.
2 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:32]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vek athygli á því að samgn. í heild hefur lýst óánægju sinni með 1 milljarðs 64 millj. kr. niðurskurð á vegafé. Sömu þingmenn og lýstu þessu yfir eru að styðja 100 millj. kr. meiri niðurskurð á mörkuðum tekjustofnum til vegamála og meira að segja er einn úr samgn. flutningsmaður að niðurskurðartillögunni. (**Gripið fram í:** Hvað heitir hann?) Það er varla hægt að segja að þessir þingmenn séu samkvæmir sjálfum sér í málinu. Ég mótmæli þessum niðurskurði í góðærinu.

[18:33]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég leggst vitaskuld eindregið gegn niðurskurðinum sem er enn viðbót við þann sem fyrir var og auðvitað verður ekki hjá því komist að vekja á því athygli að niðurlæging hæstv. samgrh., stjórnarliða í hv. samgn. og þingmanna stjórnarliðsins yfirleitt og þá einkum og sér í lagi í hinum dreifðari byggðum, er alger í þessari atkvæðagreiðslu. Þetta verður í minnum haft.

Brtt. 638,7 samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 639,1–3 samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 686 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 639,4–16 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, JóhS, JBH, RG, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, MF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 683,1 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 639,17 samþ. með 36:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, JBH.
21 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:38]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég styð að fjármagni sé varið til markaðsátaks erlendis í ferðaþjónustu ef skynsamlega er staðið að verki. En ég er ósátt við þá aðferð sem er lögð til, þ.e. að ráðherra geti plokkað að eigin geðþótta milljón hér og milljón þar af þeim stofnunum sem heyra undir hann. Eðlilegt væri að sýna það svart á hvítu í fjárlögunum hvaðan féð er tekið. Því sit ég hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Brtt. 639,18 (liður 8.16) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EgJ, GHelg, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 639,18 (liður 8.17) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 639,18 (liður 8.18) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ*.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, JóhS, JBH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 639,18 (liður 8.19) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 639,18 (liður 8.20) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GMS, JóhS, JBH, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 639,18 (liður 8.21) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (ÁRJ, GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EgJ, HjÁ, KÁ, StG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það þarf sterk bein til að þola góða daga, stefnufestu og sjálfsaga til að stjórna í góðæri. Við þessi fjárlög gengur núverandi ríkisstjórn undir próf hvort hún hefur festu og aga sem þarf til að varðveita stöðugleikann. Til að koma í veg fyrir hækkandi gengi, versnandi samkeppnisstöðu, vaxandi viðskiptahalla og hækkandi vexti hefði þurft að afgreiða fjárlög með nálægt 5 milljarða tekjuafgangi. Hver er svo útkoma á prófinu? Sala eigna, áfallnar lífeyrisskuldbindingar, uppsöfnuð fjárvöntun sjúkrahúsa og niðurskurður í velferðarkerfi sýna bullandi fjárvöntun þrátt fyrir aukna veltu og neyslu sem mun gefa milljarða tekjuauka í ríkissjóð. Það er verið að bjóða heim hættu á verðbólgu, skuldasöfnun og versnandi kaupmætti í miðju góðærinu.

*Þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn bjðlistanna, virðist ekki hafa* þau sterku bein sem þarf. Hún er fallin á prófinu. Þingflokkur jafnaðarmanna mun sitja hjá við afgreiðslu fjárlaganna.

[18:43]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Frv. eins og það lítur út nú felur í sér að útgjöld til rekstrar eru hærri en tekjur. Hallinn er brúaður með sölu eigna. Þegar hæst ber á holskeflutekjuauka vegna efnahagslegs góðæris er enginn afgangur hjá skuldugum ríkissjóði. Skuldasöfnun er ávísun á skattahækkun síðar. Skuldasöfnun í góðæri er úrræði ríkisstjórnar sem skortir kjark til þess að afla tekna fyrir útgjöldum.

Mál er að linni því ráðslagi að útgjöldum samtímans sé velt yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar.

Herra forseti. Ég gef stjórnarflokkunum falleinkunn fyrir frv. Það get ég ekki stutt og greiði því ekki atkvæði.

[18:44]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Helsti ágalli þessa frv. er að niðurstöður þess geta ekki staðist. Það eru sprungur á tekjuhliðinni og útgjöldin eru augljóslega stórlega vanáætluð, sérstaklega að því er varðar rekstrarkostnað sjúkrahúsanna. Fyrir því liggur rækilegur rökstuðningur að rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna í landinu stefni að óbreyttu í samtals 2,5 milljarða kr. í lok næsta árs. Meiri hlutinn hefur hlýtt á eða a.m.k. setið undir málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessu efni en hann kýs að stinga sínu margklofna höfði í sandinn og vísa vandanum til framtíðar. Meiri hlutinn hefur hafnað ábyrgum tillögum

minni hlutans um tekjuöflun til að mæta þessum óhjákvæmilegu útgjöldum. Hann hlýtur því að axla ábyrgðina af þessu ófremdarástandi og af frv. í heild.

[18:45]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Þau fjárlög sem hér eru afgreidd í dag marka þáttaskil í ríkisfjármálum. Þau eru sett fram á grundvelli nýsettra fjáraukalaga og lýsa betur en áður raunverulegum umsvifum ríkisins. Gert er ráð fyrir að jafnvægi verði milli tekna og gjalda á rekstrargrunni en 3 milljarða kr. tekjuafgangi á greiðslugrunni. Þetta gerist þrátt fyrir að tekjuskattshlutfallið hafi frá síðustu fjárlögum lækkað um 3% eins og ákveðið var í tengslum við kjarasamninga til þess að efla kaupmátt heimilanna í landinu. Skatttekjur og útgjöld lækka sem hlutfall af landsframleiðslu. Samkvæmt frv. munu skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækka. Lánsfjárþörfin verður á næsta ári 7–8 milljörðum minni en á þessu ári. Markmiðið er að greiða niður skuldir um tæplega 5 milljarða kr.

Frv. sem senn verður að lögum er því skýr staðfesting á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum. Ég styð frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 706).

## *Jólakveðjur.*

[18:46]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Hér hafa að venju verið annir síðustu daga. Góður starfsandi hefur hins vegar einkennt haustþingið og vil ég láta í ljós sérstakar þakkir mínar í garð þingmanna fyrir samstarfsvilja þeirra. Greiðlega hefur gengið að afgreiða þau mál sem ljúka þurfti fyrir árslok. Ýmsa löggjöf mætti nefna en sérstaklega nefni ég tímabæra löggjöf um lífeyrisréttindi sem beinlínis varðar hag allra landsmanna.

Mér eru ofarlega í huga þau tímamót sem orðið hafa og varða Alþingi. Samþykkt hefur verið sérstök fjárveiting á fjárlögum til húsnæðismála þingsins og þar með mun hefjast uppbygging á reitnum í kringum Alþingishúsið sem við köllum Alþingisreit. Með þessu hefur verið áréttuð sú stefna að aðsetur Alþingis eigi að vera um fyrirsjáanlega framtíð í Kvosinni í Reykjavík og skapa eigi þeim sem starfa á vettvangi löggjafans nútímalega starfsaðstöðu. Þessi niðurstaða er fagnaðarefni og ánægjulegt að leiddar hafa verið til lykta áratuga vangaveltur um framtíðarskipan húsnæðismála þingsins. Þetta hefur gerst í góðri sátt við skipulagsyfirvöld höfuðborgarinnar og þau samtök sem láta sig varða yfirbragð og umhverfi miðbæjarins. Ég fagna því hversu vel hefur tekist til um lausn þessa máls.

Nú verða tímamót í lífi hv. 9. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar, er hann lætur af störfum sem alþingismaður. Í dag afhenti hann mér bréf þar sem hann afsalar sér þingmennsku frá og með næstu áramótum. Við afsögn Jóns Baldvins Hannibalssonar hverfur af þingi stjórnmálamaður sem verið hefur í forustuhlutverki á annan áratug. Hann hefur á þeim tíma sett sterkan svip á störf Alþingis og markað spor í sögu íslenskra stjórnmála. Jón Baldvin Hannibalsson hefur verið þingmaður Reykvíkinga síðan 1982. Fyrst tók hann sæti á Alþingi sem varamaður 1975. Hann var formaður Alþfl. í 13 ár og ráðherrastörfum gegndi hann frá 1987–1995, þar af lengst sem utanrrh. Við þessi þáttaskil í lífi Jóns Baldvins Hannibalssonar vil ég færa honum þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á vettvangi Alþingis. Við brotthvarf hans af þingi er eftirsjá af litríkum stjórnmálamanni sem gustað hefur um. Á ráðherraferli sínum stóð hann vörð um íslenska hagsmuni í óvenjuviðamiklum og erfiðum alþjóðasamningum og á alþjóðavettvangi nýtur hann álits fyrir framgöngu sína. Þjóðin mun áfram njóta starfskrafta hans, reynslu og þekkingar erlendis. Ég óska honum allra heilla í nýju starfi og þakka honum ánægjuleg kynni og gott samstarf á undanförnum árum.

Jólahátíðin er í nánd. Hv. alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gefst nú tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðirnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna eftir annasamar vikur. Ég færi alþingismönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð og færi þeim bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er senn að enda. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

[18:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir trausta forustu hans á haustþinginu og einkar gott samstarf við þingflokksformenn og þingmenn alla. Skipulag þingstarfa hefur verið gott á þessu hausti og starfsáætlun haldist í stórum dráttum. Kvöldfundir hafa verið með færra móti þó að síðasta starfsvika fyrir jólafrí hafi verið löng og ströng að venju.

Ég þakka forseta hlý orð í garð okkar þingmanna og vil fyrir okkar hönd óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil jafnframt þakka starfsfólki þingsins fyrir dugnað og þolinmæði í okkar garð og óska þeim gleðilegra jóla.

Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[18:51]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þær óskir um leið og ég ítreka óskir mínar.

## *Þingfrestun.*

[18:52]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, frá 20. desember 1997 til 27. janúar 1998.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 18:54.

2480, 2486, 2487, 2488, 2543, 2554, 2558, 2559, 2564, 2614, 2615, 2624, 2629, 2632, 2634, 2635, 2673, 2681, 2682, 2786, 2790, 2793, 2804, 2805, 2841, 2844, 2845, 2849, 2864.
Sturla Böðvarsson 2327, 2328, 2660, 2665, 2666, 2667, 2668, 2669, 2815.
Svanfríður Jónasdóttir 2177, 2183, 2184, 2204, 2214, 2222, 2230, 2272, 2275, 2276, 2278, 2401, 2497, 2499, 2727, 2728, 2731, 2864.
Svavar Gestsson 2185, 2193, 2202, 2203, 2213, 2223, 2224, 2228, 2235, 2271, 2273, 2275, 2277, 2278, 2322, 2326, 2327, 2328, 2380, 2398, 2414, 2419, 2420, 2431, 2432, 2433, 2435, 2495, 2497, 2498, 2595, 2599, 2606, 2607, 2634, 2760, 2828, 2851, 2865, 2868.
Tómas Ingi Olrich 2152, 2156, 2157, 2158, 2253, 2395, 2397, 2451, 2453, 2454, 2456, 2495.
Valgerður Sverrisdóttir 2262.
Vigdís Hauksdóttir 2785.
Vilhjálmur Egilsson 2146, 2544, 2546, 2547, 2548, 2550, 2553, 2557, 2558, 2562, 2563, 2598, 2599, 2603, 2604, 2636, 2764, 2766, 2767, 2768, 2793, 2841, 2852.
Ögmundur Jónasson 2376, 2381, 2402, 2404, 2483, 2485, 2486, 2519, 2524, 2525, 2591, 2610, 2616, 2621, 2625, 2633, 2755, 2835, 2847, 2848.
Össur Skarphéðinsson 2387, 2391, 2397, 2398, 2459, 2461, 2463, 2469, 2479, 2480, 2489, 2496, 2501, 2502, 2503, 2597, 2600, 2603, 2604, 2654, 2666, 2667, 2826, 2827, 2868.

**Leiðréttingar í 3. hefti.**

Í dálki 629, í 22. línu að ofan. Í stað „skilið“ komi: skilyrt.

Í dálki 660, í 33. línu að ofan. Í stað „fyrir fyrirhugðum breytingum“ komi: gegn fyrirhuguðum breytingum.

Í dálki 673, í 8. línu í ræðu Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Í stað „Dering-nefnd“ komi: Dearing-nefnd.

Í dálki 722, í 22. línu að ofan. Í stað „dreifa málum“ komi: hreyfa málum.

**Leiðréttingar í 4. hefti.**

Í dálki 892, í 12. línu að ofan. Í stað „símnetenda“ komi: símnotenda.

# 52. FUNDUR

þriðjudaginn 27. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Leiklistarlög, stjfrv., 356. mál, þskj. 543. — 1. umr.
3. Framhaldsskólar, stjfrv., 355. mál, þskj. 542. — 1. umr.
4. Nýbygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, þáltill., 110. mál, þskj. 110. — Fyrri umr.
5. Agi í skólum landsins, þáltill., 186. mál, þskj. 188. — Fyrri umr.
6. Styrktarsjóður námsmanna, þáltill., 245. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
7. Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi, þáltill., 260. mál, þskj. 320. — Fyrri umr.
8. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 461. — 1. umr.
9. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
10. Almannatryggingar, frv., 108. mál, þskj. 108. — 1. umr.
11. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — 1. umr.
12. Almannatryggingar, frv., 271. mál, þskj. 341. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna.
Erindi frá samningsnefnd vélstjóra.
Erindi frá samstarfshópi gegn viðskiptabanni á Írak.
Erindi frá norsku friðarnefndinni.

## *Framhaldsfundir Alþingis.*

[13:31]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 27. janúar 1998 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 22. janúar 1998.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs og þakka hið liðna. Ég býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf þingsins megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna. Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri, nú á fyrsta fundi Alþingis á þessu ári, til þess að óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs.

Þó að gert hafi verið hlé á fundum Alþingis í röskan mánuð, svo sem löng venja er til, fer því fjarri að alþingismenn og starfsmenn Alþingis hafi setið auðum höndum. Fundahöld af ýmsu tagi og önnur samskipti við kjósendur eru veigamikill þáttur í starfi alþingismanna. Þeim störfum er sinnt í fundahléum.

## *Þingmennskuafsal Jóns Baldvins Hannibalssonar.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Á síðasta fundi Alþingis fyrir jól, 20. desember, tilkynnti ég að mér hefði þá borist bréf frá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra Íslands í Bandaríkjunum frá næstu áramótum afsala ég mér þingmennsku frá sama tíma."

Samkvæmt þessu bréfi tekur 1. vþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Ásta B. Þorsteinsdóttir, nú fast sæti á Alþingi og býð ég hana velkomna til starfa. Hún verður 15. þm. Reykv. en Össur Skarphéðinsson verður 9. þm. Reykv.

## *För þingmanns á Suðurpólinn.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson tekur sæti sitt á Alþingi að nýju í dag. Af því tilefni býð ég hann sérstaklega velkominn og óska honum og samferðamönnum hans til hamingju með frækilega för á Suðurpólinn. Alþingismönnum er ekki tíðförult um slíka staði.

## *Mannabreytingar í nefndum.*

[13:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta hefur borist tilkynning um mannaskipti í nefndum frá þingflokki jafnaðarmanna:

Sighvatur Björgvinsson tekur sæti í efh.- og viðskn. en hverfur úr sjútvn. og iðnn. Svanfríður Jónasdóttir tekur sæti í sjútvn. en hættir sem varamaður í utanrmn. Gísli S. Einarsson

tekur sæti í iðnn. en hverfur úr umhvn. Ásta B. Þorsteinsdóttir tekur sæti í umhvn. og verður jafnframt varamaður í utanrmn.

Breytingar þessar eru gerðar samkvæmt 16. gr. þingskapa og skoðast samþykktar ef enginn hreyfir athugasemd.

## *Tilhögun þingfundar.*

[13:36]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta er kunnugt um að einn hv. þm. vill gera athugasemd um störf þingsins eins og heimilt er í upphafi þingfundar samkvæmt þingsköpum. Forseta þykir hins vegar óheppilegt að slíkt sé gert áður en teknar eru fyrir óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra en það er fyrsta mál á dagskrá fundarins. Forseti spyr hvort því verði andmælt að athugasemd verði gerð að loknum fyrsta dagskrárlið. — Svo er ekki. Það verður þá heimilað.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Matarskattur á sjúklinga.*

[13:36]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Nú eru uppi áform um að leggja matarskatt á sjúklinga. Ríkisstjórnin sem hælir sér af því að lækka skatta á almenning áformar nú að setja sjúklingaskatt í formi fæðisgjalds. Því spyr ég, herra forseti, hæstv. forsrh.: Er það með vilja og vitund hæstv. forsrh. að tillögur um fæðisgjald eða matarskatt á sjúklinga eru til afgreiðslu í stjórnarnefnd Ríkisspítala, að tillögu fulltrúa stjórnarflokkanna í nefndinni? Er það samþykkt stefna ríkisstjórnarinnar að rukka sjúklinga um þúsund krónur á dag fyrir fæði sitt, jafnvel þó þeir séu fastandi? Á að krefja sjúklinga um þúsund krónur daglega þegar mörgum þeirra eru aðeins ætlaðar rúmar 600 kr. á dag til framfærslu í sjúkleika sínum og hafa verið kannski í marga daga á 600 kr. dagpeningum meðan þeir bíða eftir aðgerð heima á biðlista? Ég spyr hæstv. forsrh.: Hefur þessi þúsund króna matarskattur á dag á sjúklinga á sjúkrahúsum verið ræddur í ríkisstjórninni? Eru menn þar sammála um að þessi hópur sé aflögufær í góðærinu til að ná inn auknu rekstrarfé til sjúkrahúsanna? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum gera menn á þeim bæ ráð fyrir að fá um 92 millj. kr. tekjur af þessum sjúklingamatarskatti.

Ég óska eftir svörum frá hæstv. forsrh. við þessum spurningum.

[13:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Þetta tiltekna mál sem hv. þm. nefnir hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn.

[13:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Mun hæstv. forsrh. beita sér gegn því að slíkur skattur verði lagður á sjúklinga sem liggja inni á sjúkrastofnunum eins og áformað er samkvæmt tillögum í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna?

[13:39]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það hefur aldrei gerst svo ég viti að forsrh. hafi skipt sér af málum sem eru á undirbúningsstigi í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og ég fer ekki að hefja afskipti af þeim málum.

[13:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Fróðlegt væri að fá skoðun hæstv. forsrh. á því hvort sjúklingar séu sérstaklega aflögufærir í dag. Þessi ríkisstjórn hefur hælt sér af lækkun skatta á almenning. Telur hæstv. forsrh. tillögur eins og þær sem eru nú til afgreiðslu eðlilegar? Þó þær séu á undirbúningsstigi eru þær langt komnar í umræðunni í nefndinni og virðast nánast komnar á afgreiðslustig. Er hann sammála því að þetta sé fólkið sem er aflögufært í samfélaginu?

[13:40]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka afstöðu til tillagna sem ég hef hvorki séð né heyrt. Á hinn bóginn er meginþorri þjónustu sjúkrahúsanna, hverju nafni sem nefnist, frír almenningi og honum að kostnaðarlausu eins og menn þekkja.

*Endurgreiðsla sérfræðikostnaðar.*

[13:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Heilbrrh. hefur í fjölmiðlum lýst ákvörðun sinni um að að sjúklingar sem hafi þurft að leita til sérfræðinga meðan deilan við þá hefur staðið yfir fái sérfræðikostnaðinn endurgreiddan. Orðrétt sagði ráðherrann: „Þegar deilan leysist munum við finna leiðir til þess að koma til móts við sjúklinga sem nú eru að greiða stórar upphæðir vegna þessarar kjaradeilu."

Áður en ráðherra lýsti þessu yfir boðaði ég frv. sem flutt yrði strax og þing kæmi saman þar sem lagt yrði til að við gildistöku nýrra samninga fengju sjúklingar endurgreiðslu. Fram hefur komið að ekki sé hægt að fara í slíkar endurgreiðslur að óbreyttum lögum. Ég tel því rétt að fá fram: Hvernig hyggst ráðherrann standa að þessari endurgreiðslu? Hefur ráðherrann skipt um skoðun frá því að hún fyrir nokkrum vikum svaraði fyrirspurn frá hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur um endurgreiðslu á sérfræðikostnaði? Þá sagði ráðherrann ekki hægt að sveigja lög og reglur að kjaradeilum. Einnig vil ég spyrja ráðherrann hvort greitt verði samkvæmt gildandi ákvæðum og samningum um hlut sjúklinga í sérfræðikostnaði eða eftir ákvæðum nýrra samninga þegar þeir takast. Eins er mikilvægt að ráðherrann svari hvort einnig verði endurgreiddir reikningar frá sérfræðingum sem ekki næðist að semja við.

Loks vil ég spyrja ráðherra hvort uppi séu hugmyndir um að auka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði og vísa þá til fréttar í DV sl. föstudag þar sem ráðherra neitar því ekki að til greina komi að hækka hlut sjúklinga í lækniskostnaði.

[13:42]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Í morgun lagði ég fram frv. til laga í ríkisstjórn þess eðlis að breyta almannatryggingalögunum þannig að hægt sé að endurgreiða sjúklingum það hlutfall sem þeir hafa hingað til fengið greitt frá almannatryggingum

þegar samningar nást við sérfræðilækna. Ég á því von á að þetta frv. liggi hér í þingsölum innan nokkurra daga.

Þetta held ég að hljóti að svara spurningu þingmannsins. Hv. þm. spurði einnig hvort sjúklingar þeirra lækna sem ekki færu á samning hjá Tryggingastofnun fengju endurgreitt. Sjúklingar þeirra lækna geta ekki fengið endurgreitt, eingöngu sjúklingar þeirra sem eru á samningi við Tryggingastofnun.

[13:43]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég ítreka spurningu mína til ráðherrans. Hún svaraði ekki spurningu minni um hvort hugmyndir séu uppi um að auka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði. Eins og ég nefndi hér áðan vísa ég til fréttar þess efnis í DV.

Það er mjög ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra hefur breytt um skoðun frá því fyrir nokkrum vikum þegar hún lagðist gegn því að lögum yrði breytt. Ég mótmæli hins vegar því sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra með að sjúklingar fái ekki endurgreidda reikninga frá sérfræðingum sem ekki nást samningar við. Ég tel að það sé brot á lögum um réttindi sjúklinga. Það er einnig brot á stjórnarskránni þar sem kveðið er á um að öllum sem þurfa skuli í lögum tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika. Þetta brýtur í bága við lög um réttindi sjúklinga sem kveða á um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum vegna efnahags. Ég tel því að hæstv. ráðherra þurfi að endurskoða þá afstöðu sína að sjúklingar sem leitað hafa til sérfræðinga sem ekki nást samningar við skuli ekki fá neina endurgreiðslu. Ég ítreka sérstaklega spurningu mína til ráðherra: Er fyrirhugað að auka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði?

[13:44]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki skipt um skoðun frá því að ég talaði hér fyrir nokkrum vikum síðan. Þá voru allir samningar í hnút. Nú er jákvæðari tónn í samningunum og sl. hálfan mánuð hafa þessi mál gengið betur. Semja þarf um 17 sérfræðigreinar og það tekur mjög langan tíma.

Áhrif kjarasamninga eru alls ekki ljós á þessari stundu en eins og ég sagði áðan liggur frv. um almannatryggingar fyrir eftir nokkra daga verði það afgreitt úr þingflokkum Sjálfstfl. og Framsfl.

[13:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra reynir hvað eftir annað að koma sér hjá því að svara beinni spurningu um það hvort til standi að auka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Ráðherra gefur því undir fótinn í dagblaði fyrir helgi, þar sem fram kemur að fyrir liggi ábendingar frá fjmrn. um að slík leið skuli farin og ráðherrann neitar því alls ekki í þessu viðtali, þar sem hún segir að ekki liggi ljóst fyrir hver verða áhrif kjarasamninganna. Má þá draga þá ályktun af þessu að ef áhrif kjarasamninganna verði þannig að um verulegar fjárhæðir verði að ræða, þá verði sjúklingar látnir greiða það með aukinni hlutdeild í kostnaði við læknisþjónustu? Ef ráðherrann svarar þessu ekki, herra forseti, verð ég að draga þá ályktun að slík hugmynd sé á borði hæstv. ráðherra og því hlýt ég að mótmæla harðlega, ef fyrirhugað er að auka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði. Nóg er nú fyrir.

[13:46]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði hvort í bígerð væri að hækka lyfjakostnað. (**JóhS:** Hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði.) Svo er ekki. Hv. þm. spyr líka um hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði. Um það hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn og því engar ákvarðanir teknar þar um.

*Kjaradeila sérfræðinga sem starfa utan sjúkrahúsa.*

[13:47]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Frá því í haust hafa sérfræðilæknar smám saman verið að segja upp samningum sínum við Tryggingastofnun og nú er svo komið að í sumum greinum eru allir starfandi sérfræðingar án samnings við stofnunina. Lengi vel var ákaflega hljótt um þetta mál. Einstaka maður leitaði til verkalýðsfélagsins síns, félagsmálastofnunar á svæðinu eða til þingmannsins eftir hjálp, þegar þeir stóðu óvænt frammi fyrir himinháum reikningi sem þeir áttu að greiða en engrar hjálpar var að vænta. Verkalýðsfélög gátu ekki vegna reglna um sjúkrasjóði greitt fyrir slíka þjónustu, félagsmálastofnanir gátu ekki hlaupið undir bagga, og svör heilbrigðisyfirvalda voru þau alveg fram yfir áramót, að Tryggingastofnun mundi ekkert greiða en reyndar hefur hljóðið í þeim breyst upp á síðkastið og hefur hæstv. heilbrrh. sagt í hálfgerðum vefréttastíl að þetta verði bætt að einhverju leyti ef sjúklingar gæti þess að reikningar séu nægilega vel útfærðir. Hvernig sem hægt er að ætlast til þess af þeim hópi að hann kunni skil á útskrift reikninga fyrir læknisverk? Þetta fólk hafði alla sína tíð greitt til samfélagsins og átti auðvitað rétt á að fá læknishjálp samkvæmt lögum. En nú virðist hafa orðið kerfisbreyting þannig að ákveðnar aðgerðir fengust ekki lengur gerðar inni á sjúkrahúsunum heldur var vísað á stofur úti í bæ.

Nú hefur frést að samningar væru að nást við sérfræðinga. Lítið hefur heyrst af því um hvað væri verið að semja, en læknar hafa sjálfir lýst yfir að þeir þyrftu að fá allt að 300% hækkun á gjaldskrá til að standa undir kostnaði við fullkominn tækjakost sem þyrfti að vera til staðar á slíkum lækningastofum. Getur hæstv. heilbrrh. upplýst þingheim um hvað verið er að semja og hvort gengið er e.t.v. að stórum hluta krafna sérfræðilækna?

[13:49]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að ræða einstaka þætti samninganna en það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. áðan að læknar hafa gert geysimiklar kröfur og langt umfram það sem almennt hefur gerst í þjóðfélaginu. Auðvitað hafa samningar strandað þess vegna. Ég hélt satt að segja að það gleddi þingheim að hér lægi fyrir frv. um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni þess eðlis að sjúklingar fái endurgreitt, þegar samningar eru í höfn, þann hluta sem almannatryggingakerfið hefur greitt hingað til samkvæmt þeim samningum sem Tryggingastofnun og Læknafélag Reykjavíkur hafa haft með sér frá 7. mars 1996.

[13:50]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Mey skal að morgni lofa, segir máltækið. Ég heiti því hér með að ég ætla ekki að hrósa þessari

endurgreiðslu fyrr en sá samningur sem gerður verður við sérfræðilækna liggur fyrir, ef hann verður gerður. Það er mjög sérkennilegt með þessa samninga, að þar er allt á huldu og algert leyndarmál um hvað er verið að semja. Samningar eru nýgerðir við aðra opinbera starfsmenn og þar var allan tímann uppi á borðinu hvaða prósentur væri verið að tala um en núna er allt á huldu. Ég er auðvitað ekki að lasta það að sérfræðingar séu vel launaðir. Þeir eiga ekki að þurfa að vera í harki úti í bæ til að hafa lífsviðurværi. En 300% til að þeir geti haldið uppi litlum einkaspítölum úti í bæ — það finnst mér ekki hægt, herra forseti.

[13:51]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Við erum alveg sammála, ég og hv. þm., um það atriði að útilokað er að semja við aðila sem gera jafnmiklar kröfur og hér hefur komið fram, allt upp í 200% hækkun. Þess vegna hefur gengið hægar en skyldi að semja. En menn eru komnir nær raunveruleikanum í dag en þegar fyrstu kröfur voru uppi.

[13:51]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Það kerfi þar sem sérfræðilæknar búa um sig hver í sínu virki og senda þaðan reikninga á almannatryggingar hefur verið að þróast hér á landi á undanförnum árum á sama tíma og dreginn hefur verið máttur úr sjúkrahúsunum í landinu með óraunhæfum sparnaðaraðgerðum. Það hefur sýnt sig erlendis þar sem slíkt kerfi hefur fengið að blómstra að það leiddi til mun hærri útgjalda hins opinbera til heilbrigðisþjónustu en þar sem sjúkrahús hafa markvisst verið byggð upp með fullkomnum göngudeildum þar sem vel launaðir sérfræðingar gera sams konar aðgerðir og eru gerðar á einkastofum úti í bæ. Benda má á reynslu Svía í þessu sambandi. Þeir hafa hörfað aftur út úr einkastofukerfinu því það reyndist samfélaginu of dýrt. Það er von mín að menn nái áttum í þessu máli og snúi sér frá þessu kerfi í þeim mæli sem viðgengst hér á landi.

[13:53]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að minna á það að nýgerðir kjarasamningar við lækna sem helga sig alfarið sjúkrastofnunum hækkuðu þá verulega umfram aðra, einmitt til að koma í veg fyrir tvöfalt kerfi.

*Viðskiptabann Bandaríkjanna á Kúbu.*

[13:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Síðustu mánuði og einkum síðustu vikur og daga hefur hið illræmda hafnbann og viðskiptabann Bandaríkjamanna á Kúbu verið mjög til umfjöllunar, einkum og sér í lagi í tengslum við heimsókn hans heilagleika, Jóhannesar Páls páfa.

Það er mat flestra manna sem til þekkja að hvað sem líði stjórnmálaágreiningi og sögulegum ástæðum sé þetta áratugalanga viðskiptabann, sá áratugalangi viðskiptahernaður stórveldis á hendur fátækrar smáþjóðar í nágrenninu óverjandi. Steininn hefur þó tekið úr nú síðustu árin þegar hert hefur verið á viðskiptabanninu svo sem með ákvæðum hinna illræmdu Helms-Burton laga. Þau verka þannig að samkvæmt þeim gætu bandarísk stjórnvöld lögsótt í Bandaríkjunum íslensk fyrirtæki, t.d. verslunarfyrirtæki eða sjávarútvegsfyrirtæki, sem hæfu viðskipti á Kúbu sem að mati Bandaríkjamanna brytu í bága við ákvæði sömu laga. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í þessum málum, þeirrar miklu umræðu sem fer nú fram bæði í Evrópu, í Bandaríkjunum og annars staðar á alþjóðavettvangi, hver sé afstaða hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórnar, og ef ég gef mér það sem ég reyndar þykist vita að hún sé jákvæð í þeim skilningi að ríkisstjórnin styðji ekki þessi ólög eða aðgerðir, er þess þá að vænta að hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn muni beita sér í málinu á alþjóðavettvangi? Og er ekki svo að hæstv. utanrrh. Íslands er jafnskylt að gera það og t.d. utanríkisráðherrum margra Evrópuþjóða sem hafa fyrir hönd fyrirtækja og viðskiptaaðila í sínum löndum mótmælt þessum aðgerðum og tekið upp baráttu á alþjóðavettvangi til að hnekkja þeim?

[13:55]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda. Ég tel að það viðskiptabann sem hefur verið á Kúbu þjóni ekki þeim tilgangi sem stefnt er að. Ég er þeirrar skoðunar að það sé líklegra til að styrkja lýðræðisþróun á Kúbu að þessu viðskiptabanni verði aflétt.

Íslendingar hafa haft ágætt samstarf í ýmsum utanríkismálum við Evrópusambandið, m.a. í þessu máli, og við höfum deilt skoðunum Evrópusambandsins í því. Sú skoðun hefur komið fram af okkar hálfu á alþjóðlegum vettvangi og hún hefur ekkert breyst. Ég á hins vegar von á því að sú mikla umræða sem er um þetta mál geti orðið til þess að breyting verði gerð á. Það eru margir sem halda því fram að e.t.v. mundi það koma valdhöfum á Kúbu hvað verst ef viðskiptabanninu yrði aflétt vegna þess að þá gætu þeir ekki lengur kennt því um hversu ástandið í landinu er bágt. Það er alveg ljóst að valdhafar þar kenna því um að viðskiptabannið hafi leitt til þess ástands sem þar er. Svo er alls ekki. Það eru aðrar ástæður sem liggja þar að baki. Ég er þeirrar skoðunar að heppilegt væri, og vonandi fara Bandaríkjamenn út í það á næstunni, að aflétta þessu viðskiptabanni. Síðan liggur fyrir mikið endurreisnarstarf á Kúbu sem hið alþjóðlega samfélag þarf að taka þátt í.

[13:57]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég vona að vísu að það sé ekki það sem valdi jákvæðri afstöðu hans í þessu máli, að hann vilji gera það sem komi ráðamönnum á Kúbu illa. Einhver hefði kannski freistast til að skilja orð hans áðan þannig. Ég er reyndar sammála því mati hæstv. ráðherra að það sé á allan hátt til góðs og mundi verka jákvætt í öllu tilliti, líka stjórnmálalegu, að þessum hömlum yrði aflétt. Fyrst og fremst er það þó mikilvægt til að sú þjóð geti þróast og byggt lífskjör sín upp með eðlilegum hætti en það hefur hún ekki getað vegna viðskiptabanns hins volduga nágranna síðastliðin 35 ár og fleira hefur síðan komið til sem hefur skapað þar miklar þrengingar.

Þær tvær atvinnugreinar sem Kúbverjar binda núna miklar vonir við að byggja upp eru ferðaþjónusta og sjávarútvegur. Í báðum tilvikum er málið okkur Íslendingum skylt. Við eigum þegar samskipti við Kúbverja á sviði ferðaþjónustu og gætum að mínu mati auðveldlega tekið upp aukið samstarf við þá á sviði sjávarútvegs, einkum og sér í lagi ef hinu óréttmæta viðskiptabanni yrði aflétt.

[13:58]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil alls ekki grípa til ráðstafana sem koma sér illa fyrir valdhafa á Kúbu. Ég vildi aðeins benda á það, sem er staðreynd, að þetta er eina landið í heiminum, sem betur fer, þar sem hið illræmda hagkerfi kommúnismans er enn við lýði og það er mikilvægt að afnema það þar eins og annars staðar. Ég átti tvíhliða viðræður við utanrrh. Kúbu fyrir rúmu ári og verð að segja alveg eins og er að mér fannst hann ekki mjög líklegur til afreka á því sviði að afnema hið vitlausa hagkerfi kommúnismans.

[13:59]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég get auðvitað ekki tjáð mig um einkasamtöl ráðherra eða tvíhliða viðræður við kúbverska ráðamenn. Ég held þó að ástæða sé til að varast frasanotkun af því tagi sem hæstv. ráðherra er með. Staðreyndin er sú að ef menn hefðu fyrir því eða legðu sig eftir að kynna sér sögu kúbversku þjóðarinnar þá er hún um mjög margt sérstök. Undirrót þeirrar byltingar sem þar var gerð var fyrst og fremst þjóðernisleg. Þetta var frelsisbarátta og sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar sem fyrst bjó við ok nýlendukúgunar Spánverja og síðan Bandaríkjamanna og braust til sjálfstæðis með miklum fórnum á síðari hluta 19. aldar og meiri hluta þessarar aldar og berst reyndar enn fyrir sjálfstæðri tilveru sinni eins og kunnugt er.

Ég endurtek að ég þakka svör hæstv. ráðherra að því leyti sem þau eru jákvæð í þeim skilningi að hann er andvígur, eins og allir hugsandi menn hljóta auðvitað að vera, þessum fáránlegu aðgerðum Bandaríkjamanna og þeirri miklu og himinhrópandi tímaskekkju sem þetta viðskiptabann er. Að öðru leyti held ég að ég þurfi að taka hæstv. ráðherra í nokkra sögulega uppfræðslu um aðstæður, sögu og menningu hinnar kúbversku þjóðar hvað sem líður afrekum eða ágæti kollega hans þar.

*Samstarf útvarpsstöðva á landsbyggðinni við Ríkisútvarpið.*

[14:01]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. Um nokkurt skeið hafa Sunnlendingar á fastalandinu ekki haft virka fréttaritara Ríkisútvarpsins, hljóðvarps eða sjónvarps en þessar stofnanir eru flestum landsmönnum afar kærar. Ekki hefur verið komið á svæðisútvarpi á Suðurlandi og hafa Sunnlendingar saknað þess mjög. Nú hefur um nokkurt skeið verið rekin einkaútvarpsstöð á Selfossi undir nafninu Útvarp Suðurlands. Dreifibúnaður útvarpsstöðvarinnar hefur nýlega verið efldur og nú næst þetta ágæta útvarp um nær allt Suðurland, frá Hellisheiði í vestri að Vík í Mýrdal í austri auk Vestmannaeyja. Fyrirspurn mín er því þessi:

Er mögulegt að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því að Ríkisútvarpið kaupi fréttatengda útvarpsþætti eða annað efni tengt mannlífi á viðkomandi svæðum? Gæti það keypt efni af einkaútvarpsstöðvum þar sem ekki er rekið svæðisútvarp, styrkt þannig starfsemi einkarekinna útvarpsstöðva og eflt upplýsingamiðlun af landsbyggðinni?

[14:02]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Varðandi einstök atriði í starfsemi Ríkisútvarpsins er það að sjálfsögðu á vettvangi þess sem ákvarðanir eru teknar um svæðisútvarp og aðra slíka þætti. Hins vegar er ljóst að á hjá Ríkisútvarpinu er unnið að þessum málum og leiða leitað til að koma til móts við réttmætar óskir Sunnlendinga í þessu efni.

Ég tel að Sunnlendingar eigi að búa við sama kost og aðrir landsmenn varðandi svæðisútvarp og þjónustu Ríkisútvarpsins og vonandi tekst Ríkisútvarpinu að koma af stað slíku starfi Suðurlandi, hvort sem það er að frumkvæði útvarpsins eða í samvinnu við aðra aðila.

[14:03]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég vildi þó fá það skýrar fram hvort á þessu sé möguleiki, meðan við höfum ekki svæðisútvarp og höfum ekki fréttamenn á þessum slóðum. Nú er á Suðurlandi rekið myndarlegt útvarp sem næst um nær allt Suðurland. Er möguleiki, á meðan Ríkisútvarpið gerir ekkert í sínum málum á þessu svæði, að kaupa efni af stöð sem þessari?

[14:04]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vænti þess að af hálfu Ríkisútvarpsins verði sá kostur skoðaður til hlítar.

*Mengun frá Sellafield.*

[14:04]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Í byrjun ársins bárust af því fregnir að mælst hefði stórfelld aukning á geislavirkni í hafi við sunnanverðar Noregsstrendur. Þar var sérstaklega á ferðinni geislavirka efnið teknesíum 99 sem verður að mestu til við nýtingu á kjarnorku og endurvinnslu á úrgangi frá kjarnorkustöðvum. Þarna er um gífurlega aukningu að ræða frá árinu 1994. Þá byrjaði í mjög auknum mæli endurvinnsla á uppsöfnuðu efni frá Magnox-raforkuverinu í kjarnorkuverinu við Sellafield. Árið 1994 var heimilað að auka losun á teknesíum tuttugufalt í hafið. Svo virtist sem menn hefðu ekki stórfelldar áhyggjur af þessu efni sérstaklega en nú hefur komið í ljós að það safnast upp í lífverum, þangi, krabbadýrum, skelfiski og öðrum lífverum. Í Írlandshafi er magnið er komið langt yfir hættumörk Evrópusambandsins og þó það hafi ekki náð því enn í Noregi er ljóst að það mun fara upp í hættumörk þar.

Ég spyr hæstv. umhvrh. um viðbrögð umhvrn. við þessu alvarlega máli, um afstöðu Íslands á fundum OSPAR — eða Óslóar-Parísarsamningsins sem fer með mál varðandi mengun hafsins í Norðaustur-Atlantshafi. Ég spyr hvort ríkisstjórnin hafi tryggt Geislavörnum ríkisins aðstöðu til að taka upp vöktun, sérstaklega varðandi þetta efni, við Íslandsstrendur með nauðsynlegum fjárveitingum.

[14:06]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur hjá fyrirspyrjanda er á ferðinni alvarlegt mál sem umhvrn. hefur fylgst með. Við höfum átt fund með Geislavörnum ríkisins til þess að ræða ástandið og hvernig hægt sé að bregðast við eða fylgjast með málinu og þróun þess.

Vegna spurningar um fjárveitingar og stöðu Geislavarna ríkisins vil ég minna á að stofnunin heyrir undir heilbrrn. en ekki umhvrn. eins og fyrirspyrjanda er ábyggilega kunnugt um og kannski þingheimi öllum. Það er umhugsunarefni út

af fyrir sig en þannig er það. Ég hef þess vegna ekki fjallað um fjármálin sérstaklega en þau voru rædd á fundi sem ég átti með forstöðumanni stofnunarinnar ásamt embættismönnum umhvrn.

Í tengslum við málið höfum við verið í sambandi við umhverfisráðuneytið í Noregi og á embættismannafundi sem haldinn var í seinustu viku, til að undirbúa ráðherrafund umhverfisráðherra Norðurlanda nú í febrúarlok, var fjallað um hvernig sá fundur gæti tekið á málinu. Ég á von á að þar verði sameiginleg yfirlýsing umhverfisráðherra Norðurlanda auk þess sem fleiri færi gefast, t.d. á umhverfisráðherrafundi OECD-ríkja síðar í vetur og á OSPAR-fundi sem fyrirhugaður er síðar á árinu. Ástandinu verður tvímælalaust mótmælt. Ljóst er að mótmæli og athugasemdir umhvrn. hér og umhverfisyfirvalda á Norðurlöndum um mengun frá Sellafield verða áréttaðar.

Hin hættulegu geislavirku efni hafa nú mælst, eins og hv. fyrirspyrjandi bendir á, í meira magni en gert hafði verið ráð fyrir. Að vísu telja menn að það sem mælst hefur sé ekki enn við hættumörk hér í umhverfi okkar, a.m.k. enn sem komið er. Þó er full ástæða til að fylgjast með því. Væntanlega verður hin sameiginleg afstaða umhverfisráðherra Norðurlanda að mótmæla þessu ástandi.

[14:09]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar, svo langt sem þær ná. Spurt var um fjárveitingar og ég heyri að það hefur ekki verið rætt á vettvangi ríkisstjórnar. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra vissi ef svo væri. Ég er ekki í aðstöðu til að spyrja hæstv. heilbrrh., húsbónda Geislavarna ríkisins, hvort tryggðar hafi verið fjárveitingar til stofnunarinnar svo hægt sé að taka upp vöktun á þessu efni. Það er alveg ljóst að efnið mun berast hingað. Það er á hraðferð norður með vesturströnd Noregs og fer inn í straumakerfið í gegnum Norður-Íshafið hingað suður til Íslands. Vafalítið kemur það hér fram innan fárra ára og því nauðsynlegt að hefja eftirlitið nú þegar.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni taka þátt í ráðherrafundi OSPAR-ríkjanna í Lissabon í júní á þessu ári. Þar fer hinn árlegi ráðherrafundur fram. Mun hann fara og fylgja eftir kröfum Íslands um þessi efni? Ég legg ríka áherslu á að reynt verði að ýta á bæði Breta og Frakka til að loka hið fyrsta endurvinnslustöðvunum Dounreay, Sellafield og La Hague.

[14:10]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Ég vil árétta að ég hef ekki fjallað sérstaklega um fjárveitingar til Geislavarna ríkisins en það mál var hins vegar rætt á fundi mínum með forstöðumanni stofnunarinnar. Við ræddum um hvað til þyrfti að koma og væntanlega hefur hann gert sínu ráðuneyti frekari grein fyrir því.

Ég hef fyrirhugað að sækja þennan fund OSPAR-ríkjanna síðar á árinu.

[14:11]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins bæta því við að hjá ráðamönnum í Bretlandi og Frakklandi er annað hljóð í strokknum eftir stjórnarskipti sem þar urðu ekki fyrir löngu síðan. Þeir líta rekstur endurvinnslustöðvanna og þá hættu sem af þeim stafar varðandi losun öðrum augum. Á blað er komin tillaga til umræðu og undirbúnings varðandi hugsanlega samþykkt á ráðherrafundinum í júní nk. Ég tel brýnt að Ísland láti til sín heyra í þessum efnum og ég teldi við hæfi að Alþingi ályktaði fljótlega um þessi mál. Ég mun beita mér fyrir því að þetta verði rætt í umhvn. þingsins og þar verði athugað hvort ekki sé rétt að taka á málinu þannig að Alþingi leggi í þetta púkk svipað og þegar við mótmæltum harðlega endurvinnslustöðinni Thorp 1993, með samþykkt hér á Alþingi 17. desember það ár.

[14:12]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil árétta að þessi mál verða tekin upp á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda nú í lok febrúar. Ég hef nýlega lesið svar umhverfisráðherra Noregs við fyrirspurn af sama toga í norska þinginu. Þar gerir hún grein fyrir því að málið verði tekið upp þar og unnið sé að undirbúningi þess fyrir þann fund. Við munum að sjálfsögðu gera það líka hér heima og ég nefndi einnig að það hafi þegar verið fjallað um það á embættismannafundi til undirbúnings ráðherrafundarins og þeirrar ályktunar sem þar verður væntanlega lögð fyrir.

*Afgreiðsla EES-reglugerða.*

[14:13]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í frétt og löngu viðtali í Morgunblaðinu þann 18. janúar er haft eftir Kjartani Jóhannssyni, framkvæmdastjóra EFTA, að hægt gangi að afgreiða EES-reglugerðir á Íslandi. Í því sambandi er vísað til þingsins. Þessi ummæli komu mér nokkuð á óvart þar sem ég veit ekki til þess að óafgreidd EES-mál liggi hér fyrir. Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. um það hvort hann kunni skýringar á þessum ummælum framkvæmdastjórans. Getur hann geti upplýst okkur þingmenn um á hvaða sviðum dregist hafi að koma reglugerðum í lög? Er ráðherrann sammála því að hægt gangi og ef svo er, hvaða ástæður eru fyrir því?

[14:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Að sjálfsögðu má alltaf deila um hvort hægt gangi eða ekki í þessum efnum. Ég býst við því að það sé rétt að einstaka nefndir þingsins hefðu getað hraðað ýmsum málum meir en raun ber vitni. Það er á valdsviði viðkomandi nefnda að raða málum í forgangsröð og ég tel að þar hafi ekki orðið nein slys. Eins hefur verið kvartað yfir því í þinginu að ráðherrar hafi komið seint með ýmis mál. Ég býst við að í einhverjum tilvikum hefði þetta mátt ganga betur. En yfirleitt hefur þetta gengið allvel. Nokkrum atriðum, t.d. á sviði umhverfismála að því er varðar heilbrigðiseftirlit hefur verið flýtt þó enn séu þau ekki komin til þingsins. Þannig er reynt að standa við skuldbindingar eftir því sem hægt er. En ég tel að þarna hafi ekki átt sér stað nein sérstök slys enda tók Kjartan Jóhannsson fram að Ísland stæði sig vel í þessum málum á heildina litið.

[14:15]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Ég var fyrst og fremst að fiska eftir því hvort vandamál væru uppi á ákveðnum sviðum og hægt gengi en í máli hæstv. ráðherra kom fram að það sé þá helst á sviði umhverfismála.

Það er rétt sem kom fram að almennt gengur þetta vel og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið sem höfum átt þess kost að fylgjast með störfum EFTA hefur ekki

verið kvartað sérstaklega yfir Íslandi. Ummælin komu mér á óvart en það er ekki annað að gera en að reyna að standa sig og okkur ber skylda til þess að koma reglugerðunum í lög og í framkvæmd eftir því sem kveðið er á um.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Viðskiptabann á Írak.

[14:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í framhaldi af athugunum á afleiðingum af viðskiptabanninu á Írak kemur fram að bannið veldur nú mjög alvarlegum næringarskorti hjá almenningi í landinu. Þá kemur fram í vönduðum rannsóknarskýrslum, sem unnar hafa verið á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna og aðskiljanlegra sjálfstæðra stofnana, að bannið hefur orðið þess valdandi að mörg hundruð þúsund manns hafa látist af völdum þess og hefur verið talað um 750 þúsund börn í því sambandi. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir Íslendinga sem eiga aðild að banninu og framfylgja því fyrir sitt leyti. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir ríkisstjórnina sem ber ábyrgð á skuldbindingum okkar í þessu efni. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir Alþingi Íslendinga sem ber ábyrgð á ríkisstjórninni því að í umboði Alþingis starfar hún.

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta mál upp nú undir liðnum um störf þingsins er að þriðja árið í röð virðist utanrmn. Alþingis ætla að svæfa málið en í haust flutti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur þáltill. um að viðskiptabannið yrði tafarlaust tekið til endurskoðunar og þriðja árið í röð virðist málið ekki ætla að fást afgreitt. Það yrði ömurlegur vitnisburður fyrir Alþingi Íslendinga þegar komandi kynslóðir munu lesa í sögubókum um hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak sem er til komið að kröfu Bandaríkjastjórnar og viðhaldið vegna neitunarvalds hennar í öryggisráðinu að málið hafi aldrei fengist til lykta leitt á Alþingi. Ég treysti því að hæstv. forseti þingsins beiti sér fyrir því að þetta gerist ekki og fylgi því eftir við hv. utanrmn. að hún sendi málið frá sér til afgreiðslu í þingsal hið allra fyrsta þannig að afstaða Alþingis megi koma í ljós.

[14:19]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Hæstv. forseti. Ég hef að sjálfsögðu engar athugasemdir við að tillagan verði afgreidd. Hins vegar vildi ég benda hv. þm. á þá staðreynd að önnur hlið er á málinu og að Íslendingar hafa skuldbindingar gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Sameinuðu þjóðirnar hafa þá skuldbindingu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að varðveita heimsfriðinn og það eru Sameinuðu þjóðirnar að gera.

Ábyrgðin í málinu liggur ekki fyrst og fremst hjá alþjóðlega samfélaginu. Hún liggur hjá þeim sem stjórna þessu ríki undir forustu Saddams Husseins og þeim mönnum þarf að koma frá. Við skulum vona að samningar takist í málinu og það reynir mjög mikið á í því næstu daga. Ég er ekki viss um að heppilegt sé að taka þetta mál til einhvers uppgjörs á Alþingi. Það er alveg ljóst að mjög margt fleira þarf að koma fram í þeirri röksemdafærslu sem hv. þm. flutti mjög svo einhliða.

[14:20]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. 17. þm. Reykv. að það er brýnt að Alþingi láti frá sér heyra um þetta mjög alvarlega mál. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að við Íslendingar höfum skuldbindingar gagnvart Sameinuðu þjóðunum eins og aðrar þjóðir sem eru aðilar að þeim samtökum. En spurningin snýst um það hvort aðgerðir sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið bera þann árangur sem til er ætlast. Í þessu tilviki er öllum ljóst að þær gera það ekki. Þá stendur heimurinn frammi fyrir því hvort réttlætanlegt sé að viðhalda aðgerðum sem hafa þær hörmulegu afleiðingar að bitna fyrst og fremst á börnum og einnig á konum meðan yfirstéttin í viðkomandi ríki lifir í vellystingum praktuglega og tekur greinilega ekkert mið af ástandi þjóðar sinnar þó að þeir reyni reyndar hér og þar að nýta sér hana í áróðursskyni. Þarna er um stjórnvöld að ræða sem skirrast ekki við að halda sínu striki til þess að halda völdum. Það eru afar litlar líkur á því að breytingar verði á stjórnarstefnu.

Menn standa nokkuð berskjaldaðir gagnvart því hvernig hægt sé að breyta þessari stöðu en í mínum huga er alveg ljóst að viðskiptabannið hefur þvílík áhrif og svo alvarlegar afleiðingar að þetta getur ekki haldið svona áfram. Ég stend eins og aðrir býsna ráðalaus gagnvart því hvað hægt er að gera en það er ekki hægt að horfa upp á þetta lengur.

[14:22]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni og lýsa þeirri skoðun minni að ekki sé nógu gott að mál af þessu tagi sem knýjandi er að Alþingi taki afstöðu til velkist árum saman í þinginu. Sú spurning leitar á mann hvort ekki þurfi að breyta þingsköpum þannig að þar sé opnaður farvegur fyrir Alþingi til að láta vilja sinn í ljósi eða móta skjótvirkar stefnu en nú er hægt eins og þekkt er í mörgum þjóðþingum í kringum okkur.

Ástandið í Írak er hörmulegt eins og alkunnugt er og stefnir jafnvel í það enn eina ferðina að þar komi til átaka. Fyrir löngu er ljóst að afleiðingar viðskiptabannsins hafa snúist upp í andhverfu sína. Það er þeim aðila til styrktar, þ.e. Saddam Hussein, sem það var sett til höfuðs en bitnar fyrst og fremst á saklausum almenningi og börnum sem fá engum vörnum við komið.

Herra forseti. Við getum ekki skotið okkur undan ábyrgð með ræðum af því tagi sem hæstv. utanrrh. flutti. Ísland hefur fyrir það fyrsta sjálft fullgilt með innlendri stjórnsýsluaðgerð þátttöku sína í þessum aðgerðum. Þátttaka Íslands er ekki sjálfvirk afleiðing af ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna heldur innlend stjórnsýsluaðgerð.

Ísland er í öðru lagi aðili að mannréttindasáttmálum eins og Genfarsáttmálanum og verður þá að gera það upp við sig hvort það vill heldur brjóta slíka mannréttindasáttmála með því að taka þátt í viðskiptabanninu, sem er að mati mjög margra skýlaust brot á þeim, eða taka þátt í aðgerðum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Í þriðja lagi getur Ísland að sjálfsögðu hvenær sem er ef vilji er fyrir hendi tekið upp á alþjóðavettvangi að beita sér fyrir endurskoðun á viðskiptabanninu. Það er allt og sumt sem sú tillaga felur í sér sem hefur ekki fengist afgreidd í þrjú ár. Það er að Ísland beiti sér fyrir því að þessi mál verði tekin til endurmats. Ég vona, hæstv. forseti, að ekki verði látið við svo búið standa að brýn mál af þessu tagi liggi afvelta árum saman.

[14:25]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá efnisumræðu sem fer fram um þá tillögu sem var nefnd upphaflega af hv. þm. Ögmundi Jónassyni heldur ætla ég að segja að ég tel að sú uppsetning mála sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að málið snúist um að koma Saddam Hussein frá hvað sem það kostar er hræðileg utanríkispólitík og ég hafna henni.

Að öðru leyti ætla ég að segja að ég tel að málið snerti mjög alvarlega störf þingsins og vinnubrögð Alþingis yfirleitt. Fyrir þingnefndum liggja tugir tillagna á hverju ári og margar ár eftir ár án þess að fá neina afgreiðslu. Ég held að óhjákvæmilegt sé að þingsköpum verði breytt þannig að nefndir verði skyldaðar til að afgreiða öll þingmál með einhverjum hætti þannig að niðurstaða þingnefndanna komi hingað á borðin jafnvel þó að þingnefndirnir treysti sér ekki til þess að afgreiða þau. Í þeirri endurskoðun sem stendur yfir á þingsköpunum og vettvangi formanna þingflokkanna mun ég beita mér fyrir því að slík ákvæði verði sett í þingsköpin því að það ástand að líða meiri hlutanum að stöðva mál af því tagi sem hér er um að ræða ár eftir ár er algerlega óþolandi.

Að öðru leyti tek ég fram að á vettvangi utanrmn. hefur verið ýtt á afgreiðslu tillögunnar á þessu ári og ég veit ekki betur en það sé ætlun formanns nefndarinnar að taka hana fyrir fljótlega á nýjan leik því að málið snýr ekki fyrst og fremst að utanrrh. Þetta mál snýr að Alþingi og virðingu Alþingis, liggur mér við að segja.

[14:26]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur heyrt þessar athugasemdir og mun ræða við formann utanrmn. og hvetja til þess að málið verði tekið til frekari umfjöllunar í hv. utanrmn.

[14:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að menn geri sér almennt ekki grein fyrir því hve alvarlegt þetta mál er og veldur þar án efa þekkingarskortur. Í rauninni er ekkert undarlegt að vanþekking sé á málinu því að um það hefur verið lítið fjallað í fjölmiðlum miðað við tilefni. En staðreyndin er sú, og það er óumdeilt, að viðskiptabannið á Írak hefur haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir alla alþýðu manna í Írak. Það er staðreynd að við erum að tala um atburði sem hefur verið líkt við fjöldamorð. Það er einnig staðreynd að refsingar af þessu tagi brjóta gegn mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í því ljósi er alvarlegt að Íslendingar láti hafa sig út í að fylgja í blindni fyrirskipunum sem hafa slíkar afleiðingar.

Hæstv. utanrrh. talaði um skuldbindingar Íslendinga. Íslendingar hafa skuldbundið sig gagnvart Genfarsáttmálanum og gagnvart mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með aðild okkar að viðskiptabanninu á Írak höfum við brotið sáttmálann og allt tal um að ofbeldisstjórn Saddams Husseins verði veikt með viðskiptabanninu hefur reynst úr lausu lofti gripið. Þvert á móti virðast svipaðir hlutir vera að gerast og eftir Versalasamningana í kjölfar fyrra heimsstríðs. Þá var búinn til jarðvegur fyrir nasismann enda benda fréttir einmitt til þess að Hussein gangi sífellt betur að þjappa almenningi að baki sér með skírskotun til stríðsskaðabótanna sem lagðar hafa verið á Írak og síðan refsiaðgerðanna gegn almenningi.

Þetta er þó ekki mergurinn málsins heldur hitt að aldrei er réttlætanlegt að murka lífið úr fólki á þann hátt sem við tökum þátt í að gera undir merkjum Sameinuðu þjóðanna og það getur aldrei verið réttlætanlegt að brjóta mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og við erum að gera með viðskiptabanninu. Ef hv. alþingismenn telja þetta vera rangar staðhæfingar er nauðsynlegt að þeir láti það koma fram. Að öðrum kosti er það siðferðileg skylda okkar að taka þessi mál til endurskoðunar þegar í stað því þau þola enga bið.

[14:29]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tel óþarfa hjá hv. þm. að tala um vanþekkingu á þessum málum og ég mótmæli því að við séum sem aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum að brjóta mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við erum að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum Sameinuðu þjóðanna og það sem skiptir máli er að þjóðin er skuldbundin til þess að framfylgja ákvörðunum öryggisráðsins og það er það sem á stendur. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur væntanlega komið síðar í ræðustól, ég hef ekki boðið honum upp á ræðutíma minn. Ég ætla ekki að fara út í efnislegar umræður um málið. Ég var að benda á að málið kallaði á efnislega umræðu og þeir hv. þm. sem gerast málshefjendur að málinu geta ekki ætlast til þess að það verði flutt með þeim einhliða hætti sem þeir hafa flutt það í dag því að málið snýr að sjálfsögðu fyrst og fremst inn á við í Írak. (**ÖJ:** Ég er að óska eftir umræðu í ríkisstjórn.)

## *Leiklistarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 543.

[14:31]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir frv. til leiklistarlaga á þskj. 543. Eins og kemur fram í athugasemdum við frv. er það samið í menntamálaráðuneytinu, en hliðsjón var m.a. höfð af tillögum nefndar sem ráðuneytið skipaði árið 1994 til að huga að nýjum leiklistarlögum. Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar frá Bandalagi íslenskra leikfélaga, Leiklistarsambandi Íslands og leiklistarráði, auk fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar, en formaður var Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri. Nefndin skilaði álitsgerð í ágúst 1995. Meðal annarra gagna sem lágu fyrir við samningu frumvarpsins má nefna frumvarp til laga um Þjóðleikhús, sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–1990, en varð ekki útrætt.

Frumvarpið var í drögum kynnt þjóðleikhússtjóra, framkvæmdastjórn leiklistarráðs og fulltrúum úr leiklistarlaganefndinni auk þess sem það hefur verið kynnt leiklistarráði.

Nýjum leiklistarlögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi tvenn núgildandi lög, þ.e. annars vegar leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og hins vegar lög um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, með síðari breytingum. Þannig er stefnt að heildstæðum lögum um leiklistarmálefni þar sem ákvæði um Þjóðleikhús verði sérstakur kafli. Þessi formbreyting er eðlileg miðað við efnislegt samhengi. Í meginatriðum svara I., III. og IV. og að nokkru V. kafli frumvarpsins til núgildandi leiklistarlaga, að því er efnisatriði varðar, en II. kafli til núgildandi laga um Þjóðleikhús.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast skulu nú stuttlega rakin og þá fyrst þau sem varða svið

núgildandi leiklistarlaga, nr. 33/1977, með breytingum samkvæmt lögum nr. 10/1979.

1. Ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, eru gerð almennari en nú er. Tekið er fram að slíkur stuðningur geti auk almennrar leiklistarstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans, bæði á vegum atvinnumanna og áhugaleikfélaga, en ekki gert ráð fyrir að lögbinda framlög til einstakra aðila.

2. Gert er ráð fyrir, eins og í gildandi lögum, að sveitarfélög veiti fé til leiklistarstarfsemi, en fellt er brott ákvæði um að framlag sveitarfélags til hvers leikfélags skuli eigi vera minna en ríkissjóður greiðir. Er það gert með tilliti til meginreglu um fjárhagslegt sjálfræði sveitarfélaga.

3. Lagt er til að lögfest verði heimild til að gera samninga af hálfu ríkisins við sveitarfélög, lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða hliðstæða starfsemi á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

4. Skipan leiklistarráðs er breytt, fulltrúum fækkað til muna og sérstök framkvæmdastjórn ráðsins lögð niður.

Kaflinn um Þjóðleikhús felur í sér talsverða styttingu og einföldun miðað við gildandi þjóðleikhúslög. M.a. er gert ráð fyrir að felld verði brott ýmis ákvæði sem teljast mega úrelt vegna breyttra aðstæðna eða hafa ekki reynst virk í framkvæmd. Að öðru leyti miða þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að því að efla sjálfstæði leikhússins með því að draga úr lagafyrirmælum um starfstilhögun þess og stjórnkerfi, jafnframt því að leitast er við að marka skýrar línur um ábyrgð og forustuhlutverk stjórnenda. Er í því efni tekið mið af þeirri meginstefnu sem fram kemur í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1996. Auk þessara almennu breytinga skal eftirtalinna atriða getið en jafnframt er vísað til athugasemda við einstakar greinar sem ég mun ekki rekja hér nema að litlu leyti:

1. Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt að því leyti að gert er ráð fyrir að fulltrúar í ráðið séu valdir með öðrum hætti en nú er. Í stað tilnefningar af hálfu fjögurra stærstu þingflokkanna og Félags íslenskra leikara er lagt til að tveir fulltrúar verði tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands en þrír skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Skipunartími ráðsins verði ekki bundinn við bilið milli alþingiskosninga heldur ákveðinn fjögur ár, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkist við embættistíma ráðherrans ef hann situr skemur. Þá er gert ráð fyrir að fulltrúi starfsmanna leikhússins eigi sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

2. Þjóðleikhúsinu er gert lögskylt að kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna listgreinum á starfssviði þess.

Ákvæðum um skipun þjóðleikhússtjóra er breytt en í meginatriðum er verið að laga þessi ákvæði að almennum reglum nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þ.e. laga nr. 70/1996. Þetta hefur í för með sér að skipunartími þjóðleikhússtjóra verður fimm ár í stað fjögurra eins og var og er samkvæmt þjóðleikhúslögum, en hefur þegar verið breytt með lögum nr. 83/1997, þ.e. svokölluðum bandormslögum, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Afnumið er ákvæði núgildandi þjóðleikhúslaga um að endurnýja megi skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mæli með því. Í stað þess er gert ráð fyrir að um endurskipun fari eftir almennri reglu starfsmannalaga, en hún kemur fram í 23. gr. laga nr. 70/1996, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.

Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr."

Í frv. þessu til leiklistarlaga er þó áskilið að um endurskipun þjóðleikhússtjóra skuli leitað umsagnar þjóðleikhúsráðs og jafnframt að embættið skuli ætíð auglýst til umsóknar ef sami maður hefur gegnt því tvö eða fleiri skipunartímabil samfleytt. Þannig yrði heimilt að framlengja skipunartíma þjóðleikhússtjóra einu sinni um fimm ár án auglýsingar að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs en frekari endurskipun kæmi einungis til greina eftir auglýsingu embættisins og yrði þá um að ræða keppni við aðra umsækjendur ef því væri að skipta.

Loks er samkvæmt frv. afnumin núverandi tilhögun um skörun á störfum fráfarandi þjóðleikhússtjóra og þess sem við tekur. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. núgildandi þjóðleikhúslaga skal þjóðleikhússtjóri skipaður og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Honum er þá ætlað að undirbúa starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fara með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en taka að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs. Þessi tilhögun fellur illa að hinni almennu reglu um fimm ára skipunartíma þar sem með þessu móti verður skipunartíminn í raun og veru hálfu ári lengri. Meiru varðar þó hitt að mikill vafi hlýtur að leika á hversu heppilegt það er í framkvæmd að tveir menn eigi að deila með sér ábyrgð á sama forstöðumannsstarfi. Eins og rakið er í athugasemdum við 6. gr. virðist ekki augljós ástæða til að hafa hér aðra skipan en í öðrum listastofnunum.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir höfuðatriðum þessa frv. til nýrra leiklistarlaga og sé ekki ástæðu til að rekja athugasemdir við einstakar greinar frv. Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur frv. verið kynnt fyrir þeim sem starfa að leiklist og láta sig leiklist sérstaklega varða og að nokkru og verulegu leyti tekið mið af þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram á þeim samráðsfundum.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[14:40]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. og einnig er getið um í greinargerð frv. er hér um styttingu og einföldun á lögum um þjóðleikhús að ræða. Þau verða síðan felld út og verða hluti af leiklistarlögum. Sömuleiðis er um ákveðna einföldun, en þó einnig margvíslegar tæknilegar breytingar að ræða hvað varðar núgildandi leiklistarlög sem einnig verða felld út þannig að ef þetta frv. verður að lögum þá munu ein lög gilda um alla leiklist í landinu.

Að mörgu leyti er frv. til bóta hvað varðar tæknilegar útfærslur en við hljótum hins vegar að spyrja um pólitíkina í því. Hvaða breytingar eru það sem boðaðar eru miðað við það ástand sem nú er og af hverju taka þær mið?

Ég hlýt að horfa á þetta frv. m.a. með tilliti til þess hvort menningu úti á landi sé gert jafnhátt undir höfði og því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslu sem Félagsvísindastofnun Háskólans vann um ástæður flutninga fólks úr dreifbýli í þéttbýli og úr smærra þéttbýli í stærra, ekki síst hingað á höfuðborgarsvæðið, kemur fram að það sem fólk horfir ekki hvað síst til eru möguleikar til menningar og afþreyingar. Við hljótum því að horfa til þess hvernig hægt sé að styrkja þessa þætti á landsbyggðinni.

Ef við lítum hins vegar til frv. til leiklistarlaga og horfum á þær breytingar sem munu eiga sér stað, þá sjáum við að Leikfélag Akureyrar sem í gildandi leiklistarlögum á að fá ríkisstyrk, er komið út, þ.e. í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir slíkum styrk. Um langt árabil hefur verið þríhliða samkomulag milli Akureyrarbæjar, ríkisins og leikfélagsins um þennan styrk enda má segja að Leikfélag Akureyrar sé sannkallað landshlutaleikhús, eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins. Ég velti því fyrir mér af hverju þetta ákvæði er tekið út einmitt nú þegar menn þykjast þó gera sér betur grein fyrir því hvers landsbyggðin þarf við. Í greinargerð frv. kemur reyndar fram að mig minnir, a.m.k. er það staðreynd mála, að í gangi er reynsluverkefni Akureyrarbæjar og ríkisins um menningarmál, og leikhúsið er hluti af því reynsluverkefni. Því reynsluverkefni er hins vegar lokið árið 1999 og mér finnst satt að segja, herra forseti, mikil veiking á starfsemi þessa eina landshlutaleikhúss utan höfuðborgarsvæðisins, eina atvinnuleikhússins, að þess skuli ekki getið heldur skuli það rétt eins og önnur atvinnu- eða áhugaleikhús fellt undir almenn ákvæði frv. Við þetta hlýt ég að gera athugasemd og ég mun beita mér fyrir því að á þessu verði breyting á vettvangi hv. menntmn.

Í umfjöllun um Þjóðleikhúsið í frv. kemur fram að það á að vera, rétt eins og segir í gildandi lögum um Þjóðleikhúsið, leikhúslífi á Íslandi til styrkar á ýmsan hátt eins og þar er talið upp. Ég vil að það komi fram, herra forseti, að landshlutaleikhúsið fyrir norðan hefur með nákvæmlega sama hætti verið leikhúslífi á landsbyggðinni, ekki síst á Norðurlandi, til mikillar styrktar. Þannig að með því að veikja það leikhús á einhvern hátt, þá eru menn að veikja leikhúslíf á öllu svæðinu. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. og hæstv. menntmrh. hafi veitt því athygli hversu öflugt leikhúslíf er á Norðurlandi og ég get fullyrt að svo er ekki síst vegna þess að leikhúsin á svæðinu hafa notið góðs varðandi ýmiss konar stuðning og faglega aðstoð af leikfélaginu á Akureyri, þessu eina atvinnuleikhúsi sem er á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég ákvað að hefja mál mitt á umfjöllun um þetta vegna þess að þetta er stórt atriði sem stingur í augu þegar maður les frv. til nýrra leiklistarlaga og horfir á það sem er að gerast og ekki síst vegna þess að skýrslan sem ég gat um í upphafi míns máls segir okkur að ef við viljum beita okkur til að treysta byggð úti um allt land, þá verðum við að horfa til menningarinnar fyrst og fremst. Þar vill fólk hafa fjölbreytni og aðgang, þar vill fólk eiga möguleika. Þess vegna, herra forseti, er svo mikilvægt að leiklistin úti á landi sé styrkt, engu síður en annað menningarlíf.

Eins og við gerum einlægt í umræðu um ýmis mál hér á hv. Alþingi hljótum við að líta til þess hvernig hin Norðurlöndin hafa þessi mál. Á hinum Norðurlöndunum eru starfrækt svokölluð landshlutaleikhús sem fá opinbera styrki. Þar er líka hluti af skyldum sumra þjóðleikhúsanna að starfa á landsbyggðinni. Í ágætri skýrslu frá í desember, um samkeppnisstöðu frjálsra leikhópa gagnvart opinberu leikhúsunum, kemur m.a. fram að sænska Ríkisleikhúsið er farandleikhús. Hlutverk þess er að setja upp leikverk í samvinnu við aðra og á eigin vegum á landsvísu. Ég held, herra forseti, að við þurfum að huga betur að þessum málum heldur en mér virðist gert í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil hins vegar beina nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh. um efni þessa frv. Hér er ýmislegt sem ég held að væri gott að kæmi fram strax við 1. umr. vegna þeirrar vinnu sem á eftir að fara fram þegar frv. fer í nefnd.

Í fyrsta lagi varðandi markmið laganna. Í 1. gr. stendur að markmiðið sé að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði. Ég vil gjarnan að hæstv. menntmrh. segi hvað þetta merkir. Er hér fyrst og fremst um frómar óskir að ræða eða getur hæstv. menntmrh. bent á eitthvað í frv., og hefur það þá farið fram hjá mér, sem vísar til þess að verið sé að búa leiklistinni í landinu hagstæðari skilyrði en verið hafa? Ég hef þegar rakið þau skilyrði sem eina atvinnuleikhúsinu á landsbyggðingi verða búin ef þetta frv. nær fram að ganga. Það er sett á sama bekk og önnur leikhús en Þjóðleikhúsið. Hvað er það hér sem ekki er í gömlu lögunum sem vísar til þess að þetta frv. komi til með að efla íslenska leiklist eða búa leiklistinni hagstæðari skilyrði? — eins og segir í 1. gr.

Í öðru lagi er í 7. gr. fjallað um þjóðleikhúsráð. Fróðlegt væri að fá að vita af hverju sérlegir fulltrúar ráðherrans, meiri hluti nefndarinnar, eiga að víkja úr sæti eða hætta í ráðinu þegar viðkomandi ráðherra hættir. Ber að líta svo á að þeir þrír, meiri hluti þjóðleikhúsráðs, séu fulltrúar þeirrar persónu sem skipar embætti ráðherra? Verður það skylda þeirra að framfylgja stefnu þessarar persónu? Af hverju á gildistími setu þessara þriggja manna að fylgja gildistíma viðkomandi ráðherra? Ég skil ekki tilganginn með því. Ég get vel skilið að viðkomandi stjórnvöld, þ.e. meiri hluti á Alþingi á hverjum tíma telji sig hafa rétt til áhrifa í krafti meiri hluta síns en að meiri hluti ráðsins skuli fylgja persónu viðkomandi ráðherra, það skil ég ekki og óska eftir að fá útskýrt af hverju þetta lag er haft á hlutunum.

Í þriðja lagi kemur í 16. gr. fram að ráðherra verði heimilt, verði frv. að lögum, að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið. Ég velti því fyrir mér ástæðu þess að þetta er sett í 16. gr. Hæstv. ráðherra hefur almenna heimild samkvæmt fjárreiðulögunum til að gera samning af þessu tagi. Hann hefur nýtt þá heimild eins og fram kom í umræðum fyrir jól þegar hann gerði samning við Verslunarháskólann. Af hverju er þessi árétting inni í lögunum? Hefur hún einhvern ákveðinn tilgang? Er ráðherrann með ákveðið mál í huga eða er hann einungis að treysta heimildir sínar? Þetta vildi ég gjarnan fá fram hér strax við 1. umr., herra forseti.

[14:52]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. leggur fram frv. til leiklistarlaga sem væntanlega verður til einföldunar á starfsemi Þjóðleikhússins og hugsanlega annarri liststarfsemi. Mig langar þó að gera skyldur Þjóðleikhússins að umræðuefni hér og einnig stjórnunarmunstur Þjóðleikhússins.

Áður en að því kemur langar mig til að fara yfir markmið þessara laga, þ.e. að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæðari skilyrði. Ef þetta frv. nær fram að ganga nást vonandi þessi háleitu markmið. Samt þarf að skýra þau örlítið nánar.

Helstu breytingar eru þær að stuðningur hins opinbera við leiklistarstarfsemi í landinu verður opnari. Við sem sitjum í fjárln. höfum komist að því að oft á tíðum koma ýmsir leikhópar til okkar til að biðja um aðstoð við starfsemi sína. Mér finnst nauðsynlegt, þegar um opinberan stuðning er að ræða, að hann sé sem allra gegnsæjastur þannig að við vitum í raun og veru hvað við erum að styðja. Ekki má heldur gera upp á milli liststarfsemi í þessum efnum.

Út úr lögunum fellur ákvæði um að sveitarfélög styrki leiklistarstarfsemi á viðkomandi stöðum en í gömlu lögunum var talað um að viðkomandi sveitarfélögum bæri að styrkja leiklistarstarfsemi líkt og hið opinbera hafði gert. Ég veit að í sumum tilfellum gat verið erfitt að uppfylla þessi skilyrði, m.a. þar sem um samstarf sveitarfélaga var að ræða í leiklistarstarfsemi. Engu að síður leystu fjölmörg sveitarfélög þetta með þeim hætti að viðkomandi héraðsnefndir studdu leiklistarstarfsemina. Í lögunum er reyndar heimild til að lögfesta samninga ríkis og sveitarfélaga um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða svipaða starfsemi, listdans, óperur og aðra sviðslist. Ágætt væri að fá nákvæma útskýringu á hvað fellur undir sviðslist þannig að það fari nú ekki milli mála.

Mig langar að spyrjast fyrir um nokkur atriði. Ég hnýt t.d. um að í lagatexta eigi að skylda Þjóðleikhúsið til að sýna barnaleikrit, a.m.k. eitt eða fleiri á ári. Hvers vegna er verið að setja þetta í lög? Hvers vegna setjum við þá ekki í lög líka að sýna unglingaleikrit? Við þurfum að þroska og þjálfa unga fólkið okkar til að fara í leikhús. Hve víðtækur á svona lagatexti að vera? Mér er sagt að barnaleikrit séu þau leikrit sem kannski fá besta aðsókn og gefa Þjóðleikhúsinu jafnvel allra mest. Hvers vegna þarf að setja þetta inn í lagatextann? Það væri fróðlegt að fá útskýringar á því.

Eins vakna spurningar t.d. um hvort það sé skylda Þjóðleikhússins við heimsbyggðina að ferðast erlendis með leikrit sín eða fá listamenn frá öðrum löndum hingað til okkar. Auðvitað getur þetta allt verið ágætt svo langt sem það nær. Mér finnst hins vegar brýnt að Þjóðleikhúsið geti í raun og veru uppfyllt þau lög sem því eru sett.

Þá komum við að greininni um leikfélög áhugamanna. Hvað táknar að veita leikfélögum áhugamanna lið? Hvað er átt við með þessu? Hver er skilgreiningin? Hver er réttur áhugaleikhúsa? Erum við að tala um lán á búningum? Erum við að tala um tæknimenn? Erum við að tala um tækjabúnað o.s.frv.? Nákvæm skilgreining á þessu skiptir áhugaleikhópana mjög miklu máli.

Ég spyr líka hvers vegna verið sé að lengja ráðningartíma þjóðleikhússtjóra. Ég er ekki frá því að til skamms tíma hafi það einmitt verið eitur í beinum leikhúsfólks að þjóðleikhússtjóri starfaði eða sæti lengur en í átta ár. Ég hygg að allt frá því Guðlaugur Rósinkranz var þjóðleikhússtjóri hafi menn velt þessu upp. Menn hafa gjarnan talað um að í Þjóðleikhúsinu þurfi ákveðna endurnýjun. Núverandi þjóðleikhússtjóri greip til mjög gagnrýniverðra uppsagna á starfsfólki þegar hann tók við. Nú sýnist mér að framlengja eigi tíma þjóðleikhússtjóra, með fullri virðingu fyrir honum. Hvað með þessa endurnýjun — svo ég tali nú ekki um að þjóðleikhússtjóri var einmitt einn þeirra sem þetta frv. var kynnt fyrir. Er hér um að ræða grundvallarbreytingu á skoðunum þjóðleikhússtjóra um endurnýjun og nýtt blóð í leikhúsið?

Hvernig ber að skilja það þegar auglýst er í stöðu þjóðleikhússtjóra? Hvað þýðir það t.d. að hafa staðgóða þekkingu á leikhúsi? Hvað með sviðsmenn eða þá sem sjá um ræstingu í leikhúsinu? Hvað með menntmrh. sem ber ábyrgð á starfi Þjóðleikhússins? Hvað með fjmrh. sem ber ábyrgð á fjárstuðningi við Þjóðleikhúsið? Ég ímynda mér að það væri jafnvel bara eðlilegra að sleppa þessari setningu um staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa.

Ég hef ákveðnar spurningar varðandi skipan þjóðleikhúsráðs. Ég er ekki sannfærður um þessar breytingar. Ég held að listamannapólitíkin sé enn grimmari en flokkspólitíkin sem oft og tíðum getur þó verið grimm.

Það voru helst þessi atriði sem mér fannst ástæða til að vekja athygli á við 1. umr. um frv. til leiklistarlaga. Ég legg mikla áherslu á að við sem búum úti á landsbyggðinni getum fengið sem allra víðtækasta þjónustu frá Þjóðleikhúsinu og það sé vel skilgreint í þessum lögum.

[14:59]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Frv. er byggt á tillögum sem fulltrúar úr Bandalagi íslenskra leikfélaga, Leiklistarsambandi Íslands og leiklistarráði, auk annarra fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar, undir forstöðu Sveins Einarssonar, fyrrv. þjóðleikhússtjóra, skiluðu til ráðherra. Ég tel að þetta frv. sé til verulegra bóta. Það er að mörgu leyti einfaldara og skýrara en fyrri lög um Þjóðleikhús og leiklistarráð.

Ég vildi þó leyfa mér að gera hér nokkrar athugasemdir. Sú fyrsta er við 6. gr. frv. þar sem talað er um þjóðleikhússtjóra og hvers konar persóna skuli ráðin til starfans. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa.“

Ég tel að þetta sé afar óljóst. Ég held að í nútímaþjóðleikhúsi hljóti leikhússtjórinn að þurfa að vera menntaður í leikhúsfræðum, hafa umtalsverða tungumálakunnáttu og almenna klassíska menntun. Ég held að fram hjá því verði ekki komist vegna þess að þjóðleikhússtjóri stýrir ekki einungis rekstri hússins — það geta svo sem ýmsir gert — heldur á hann einnig að bera ábyrgð á listrænni stefnu og starfi leikhússins. Og það held ég að enginn geri nema sá sem hefur aflað sér umtalsverðrar þekkingar á leiklist og leikhúsfræðum, síst þegar þær kröfur eru einnig gerðar að leikhúsið skuli fara til útlanda, kynna leiklist sína þar og þá væntanlega íslenska leiklist og taka á móti erlendum listamönnum í sama tilgangi. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra og þá hv. nefnd sem við málinu tekur að hugsa þetta mál vandlega. Ég held að öllum hljóti að vera fyrir bestu að þarna sé verulega vel til vandað. Um ráðningartímann hef ég ekkert nema gott eitt að segja og skal ekki gera hann að umræðuefni.

Þá vil ég víkja að 7. gr. sem snýr að þjóðleikhúsráði. Mér er til efs að þessi breyting sé til bóta. Ég sé ekkert athugavert við að menningarstofnanir í eigu allrar þjóðarinnar eins og Ríkisútvarpið og Þjóðleikhúsið séu undir eftirliti fulltrúa stærstu stjórnmálaflokkanna. Og af hverju segi ég það? Jú, báðar þessar stofnanir gætu verið í hættu. Það er auðvitað kannski einungis tilgáta og möguleiki að hægt sé að misnota þessar stofnanir í annarlegum tilgangi, við skulum t.d. segja pólitískum tilgangi. Báðar þessar stofnanir eru afar viðkvæmar hvað þetta varðar og þess vegna held ég að ekkert sé að því að fulltrúar lýðræðisins í landinu fylgist með því og beri að einhverju leyti ábyrgð á því að þetta komi ekki fyrir. Ég lít svo á að bæði þjóðleikhúsráð og útvarpsráð hafi þetta hlutverk fyrst og fremst. Mér finnst ekki heppilegt að formaður ráðsins skuli endilega vera skipaður af þeim

hæstv. menntmrh. sem situr hverju sinni og mér finnst enn ástæðulausara að seta ráðsins miðist við embættistíma ráðherrans sem situr hverju sinni. Ég held að það hljóti að vera alveg óhætt að skipa þessi ráð til fjögurra ára í trausti þess að þar velji flokkarnir fólk sem þeir treysta fyrir þessum málaflokkum. Og ég held að sem betur fer hafi flokkarnir borið gæfu til þess eins og dæmin sanna um formennsku í þjóðleikhúsráði um árabil en þar hefur starfað frú Þuríður Pálsdóttir óperusöngvari og ég held að enginn hafi vantreyst henni til þess starfa, enda hefur ráðið unnið í mikilli sátt og samlyndi og að því marki einu að efla veg leikhússins sem allra mest. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefur svo sannarlega tekist því að undanfarin ár hefur Þjóðleikhúsinu gengið allt í haginn undir ágætri forustu núv. þjóðleikhússtjóra, Stefáns Baldurssonar.

Ég vil því biðja menn að hugsa þetta mál vandlega. Það er gert alveg ljóst hér og ljósara en í fyrri lögum — og því fagna ég — að hlutverk þjóðleikhúsráðs er tvenns konar. Það er ráðgefandi varðandi listræna stefnu og listræn störf í húsinu og það er ábyrgðaraðili um rekstur þess, samanber „stjórnarnefnd Þjóðleikhússins" eins og segir í 7. gr. Í 6. gr. segir að þjóðleikhússtjóri sé stjórnandi leikhússins og marki listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð en hann beri annars ábyrgð á þeim störfum. En í 7. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið."

Ég vona að ég skilji það því rétt að stjórnarnefndin beri hina fjárhagslegu ábyrgð en ábyrgð þjóðleikhússtjóra á listrænni stefnu sé í raun og veru algjör og ég tel að svo eigi að vera. Ég held að enginn sé færari um það en hann að bera ábyrgð á stefnu leikhússins á hinu listræna sviði. Þess vegna ítreka ég það að ég held að afar nauðsynlegt sé að þjóðleikhússtjóri hafi haldgóða menntun á því sviði og ég held að mikið vanti á að hver sem er geti sinnt slíkum störfum.

Nokkur önnur minni atriði ætlaði ég að fara nokkrum orðum um. Mér sýnist að áhyggjur hv. 6. þm. Norðurl. e. um Akureyrarleikhúsið séu kannski ástæðulausar að því leyti að í 16. gr. er talað um atvinnuleikhús og við verðum auðvitað að gera ráð fyrir því að fleiri atvinnuleikhús kunni að koma til þannig að ég er ekki svo óróleg út af því að gengið verði fram hjá hinu ágæta leikhúsi Akureyringa. Ég held að ekki sé óeðlilegt að þetta sé opið fleiri leikhúsum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að núverandi þjóðleikhúsráð hefur haft frumkvæði um það að bjóða árlega einu leikfélagi utan Reykjavíkur að sýna í Þjóðleikhúsinu og hefur verið eins konar, má segja, næstum samkeppni um það. Fulltrúar leikhússins hafa farið út á land og kannað hvaða leiksýningar þeim hefur litist best á af þeim sem hafa sótt um og við höfum þar af leiðandi notið þess hér í Reykjavík að fá ánægjulegar heimsóknir utan af landi, frá leikfélögum úti á landi sem sýnt hafa í Þjóðleikhúsinu.

Um ferðir Þjóðleikhússins út á land er auðveldara um að tala en í að komast. Þær eru ákaflega dýrar. Ég býst við að allir séu sammála því að Þjóðleikhúsinu beri að færa leiksýningar sínar að einhverju leyti til allra landsmanna en það kostar einfaldlega peninga og þá peninga verður leikhúsið auðvitað að fá til þess að þetta sé unnt því ég held að alveg óhætt sé að segja að engar slíkar leiksýningar geta hugsanlega skilað hagnaði sem kæmi til móts við kostnað.

Þá ætla ég aðeins að víkja orðum að leiklistarráði. Ég held að það sé sannarlega til bóta að fækka í ráðinu. Það var áreiðanlega mjög þungt í vöfum þar sem mjög margir fulltrúar sátu í ráðinu. Hitt finnst mér kannski aðeins orka tvímælis, að nú samkvæmt þessu frv. skuli þrír tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra leikfélaga en einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Ég get svo sem alveg sætt mig við að þarna sé skipaður formaður án tilnefningar en ég held að við ættum að athuga hvort Bandalag íslenskra listamanna ætti ekki að eiga þarna fulltrúa. Það er nú einu sinni þannig með leikhús að þar koma fleiri við sögu en leiklistarfólk. Þar er oftar en ekki tónlistarfólk á ferðinni og listmálarar að því leyti að leiktjaldamálarar eru þarna auðvitað líka, söngvarar og ýmsir aðrir. Ég held því að þar sem svo margir hverfa nú úr leiklistarráði, þá væri hægt að bæta fyrir það með því að a.m.k. einn fulltrúi yrði þarna frá Bandalagi íslenskra listamanna þó það yrði þá á kostnað þessara þriggja úr Leiklistarsambandi Íslands þannig að þeir yrðu tveir. Ég nefni líka dansara sem auðvitað eru meira og minna á sviði leikhúsanna. Ég held því að þessir aðilar þyrftu að koma þarna inn. Oft og tíðum eru tónskáld látin semja tónverk við leiksýningar þannig að ýmsir koma þarna við sögu.

Þegar við erum að tala um aðra listamenn en leiklistarfólk í tengslum við Þjóðleikhúsið, þá vil ég varpa þeirri hugmynd til hæstv. ráðherra, sem er svo sem ekki ný af nálinni, hvort ekki hefði verið ástæða til að koma einhverri reglulegri samvinnu á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins. Það er enn skylda Þjóðleikhússins samkvæmt þessu frv. að flytja óperur og oft er auðvitað nauðsynlegt að tónlist sé í leiksýningum. Þetta er leikhúsinu afskaplega erfitt vegna þess að það er svo dýrt. Og þegar við förum að hugsa til þess hversu fámenn þjóð við erum þá hlýtur þessi spurning að vakna. Mér er kunnugt um að hún vaknaði oft í huga fyrrv. framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sigurðar Björnssonar óperusöngvara, sem oft minntist á hvort ekki væri hægt að koma þarna á einhverri reglulegri samvinnu. Það hefur verið leikhúsinu afar erfitt að hafa fjölmenna hljómsveit í sýningum vegna þess að það verður allt að greiðast samkvæmt ýtrustu yfirvinnutöxtum og öllu slíku. Án þess að ég vilji rýra tekjur tónlistarmanna — síst skal ég verða til þess — þá held ég að ekkert óeðlilegt væri að þessar stofnanir, sem meira og minna eru reknar af okkur öllum í sameiningu, gætu haft með sér einhvers konar samstarf. Ég vil nýta þetta tækifæri til þess að varpa fram þeirri spurningu hvort þetta gæti ekki komið til greina áður en frv. yrði að lögum.

Þá held ég að ég sé að mestu búin að vekja máls á því sem ég tel athyglisvert hér. Einungis að lokum, þá er í 19. gr. dálítið óvenjulegt orðalag og ég spyr hvort að einhver ástæða sé fyrir því, en greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga." Síðan er bætt við: „Heimilt er að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð."

Ég skil þetta reyndar ekki alveg vegna þess að auðvitað er reglugerð sem ráðherra setur skv. 1. málsl. sérstök reglugerð, vænti ég. Og ég vil spyrja af hverju hún er, þessi tvöfalda heimild til reglugerðarsetningar. Nú er ég ekki að væna hæstv. ráðherra um að hann ætli sér að setja reglugerð sem fer út fyrir lagastoð, en þetta er satt að segja dálítið óvenjulegt og þess vegna spyr ég.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, fagna ég þessu frv. Ég held að það sé prýðilegt að sameina þau tvenn lög sem hér eru sett í einn lagabálk og ég get ekki séð annað en að þetta ætti að geta orðið íslenskri leiklist til framdráttar.

[15:14]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þetta nýja frv. til leiklistarlaga nær yfir það svið sem núgildandi þjóðleikhúslög, frá 1978, og núgildandi leiklistarlög, sem eru frá 1977, ná yfir eins og fram hefur komið í umræðunni og aldur þessara laga bendir til að það sé eðlilegt að endurskoða þessa starfsemi nú.

Í fljótu bragði finnst mér þetta frv. vera til bóta á flestum sviðum og í takt við þá þróun sem átt hefur sér stað bæði varðandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hvað varðar þróun frjálsra leikhópa. Þó er ljóst að þetta frv. virðist að sumu leyti bera sömu einkenni og þau frv. sem hæstv. menntmrh. hefur flutt um skólastigin, þ.e. að völd menntmrh. eru aukin frá því sem nú er í stjórnun, t.d. á Þjóðleikhúsinu, á kostnað pólitískt valinna fulltrúa. Þetta er væntanlega liður í stjórnunarstefnu ríkisstjórnarinnar og væntanlega hugsað til þess að auka fagmennsku í þessari stofnun sem ég mundi svo sannarlega fagna. Ég deili ekki skoðun hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að eðlilegast sé að fulltrúar stjórnmálaflokkanna sitji þarna. Ég tel eðlilegt að þetta sé stofnun á vegum framkvæmdarvaldsins og hún sé undir stjórn menntmrh. Ég tek hins vegar undir þá hugmynd að eðlilegt væri að Bandalag íslenskra listamanna ætti fulltrúa í þjóðleikhúsráði og þó að hætta geti orðið á einhverjum pólitískum tilnefningum, þá held ég að það verði að treysta því að menntmrh. hverju sinni útnefni fólk sem stýri þessari stofnun faglega.

Atriðið sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi áðan varðandi 16. gr. þarf athugunar við að mínu mati með tilliti til leiklistarstarfsemi úti á landsbyggðinni. Ég átta mig ekki á því í fljótu bragði hvað kemur til með að breytast. Mér sýnist að það geti verið meira undir vilja menntmrh. komið nú en það var áður. En ég vil fagna sérstaklega þeim atriðum sem nefnd eru á bls. 4 í greinargerðinni, þ.e. að það nýmæli er nefnt að sérstakur stuðningur er við barnaleikhús, brúðuleikhús og listdans bæði á vegum atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Einnig tel ég þá breytingu sem nefnd er á stuðningi við óperustarfsemi og listdans ekki óeðlilega, að það sé opnað og sá stuðningur sem fyrirhugaður er sé gerður almennari.

Mér sýnist í fljótu bragði, hæstv. forseti, að hér sé um jákvætt frv. að ræða, sem vissulega þarf þó ítarlegrar skoðunar við í hv. menntmn., og að flestar þær breytingar sem lagðar eru til varðandi Þjóðleikhúsið séu til bóta.

En ég vil, vegna ákvæða 6. gr. um skipan þjóðleikhússtjóra, að lokum spyrja hæstv. menntmrh. um stöðu núv. þjóðleikhússtjóra, þ.e. hvort hann geti óskað endurráðningar að loknu þessu starfstímabili eða hvort staðan verði þá auglýst. Mér finnst það ekki alveg nógu skýrt, a.m.k. miðað við fyrsta lestur minn á frv.

[15:19]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka þessar málefnalegu umræður um frv. og þær ábendingar og fyrirspurnir sem fram hafa komið sem ég tel allar eðlilegar. Ég tel og að eðlilegt sé að þau atriði sem hv. þm. hafa vakið máls á verði skoðuð betur í hv. menntmn.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði."

Þá er spurt: „Hvað er það í lögunum sem miðar að því að þetta markmið laganna náist?" Ég hlýt að svara því mjög almennum orðum og auðvitað er álitamál hvort það eigi yfirleitt að vera með ákvæði í lögum eins og þetta sem er þarna í 1. gr. laganna. Hins vegar er ákveðin hefð fyrir því hér að menn setja svona hátíðlega yfirlýsingu, ef þannig má að orði komast, um markmið lagabálks, oft í 1. gr., og gefa þannig tóninn fyrir það sem í frv. stendur og markmið þess án þess að síðan sé í einstökum greinum vísað til 1. gr. og í ljósi hennar sé þetta lagt til og annað lagt til. Oftar en ekki er það háð fjárveitingum hvernig menn standa að framkvæmd einstakra ákvæða í lögum eins og þessum og núverandi ríkisstjórn hefur farið inn á þá braut eins og kunnugt er að taka ákvarðanir um fjárveitingar í fjárlögum og ekki binda þær með ákvæðum í almennum lögum á borð við þessi eða setja markmið um fjárveitingar og aðra slíka hluti. Það er því ekki gert í þessu lagafrv. Hins vegar er skapaður sá rammi utan um leiklistarstarf og fyrir Þjóðleikhúsið sem ég tel að horfi til framfara og búi þessum aðilum hagstæð skilyrði og verði til þess að leiklist og aðrar sviðslistir geti þróast skynsamlega og blómgast hér á landi.

Spurt var hvað fælist í hugtakinu sviðslistir fyrir utan leiklist, óperuflutning, danslist og annað sem nefnt er í lögunum. Það má að sjálfsögðu tala um brúðuleikhús og aðra líka starfsemi þannig að það er opnað fyrir það að undir lögin falli annað en það sem er kallað leiklist í þrengsta skilningi þess orðs og vísað til ýmissa annarra listgreina sem stundaðar eru á leiksviðum. Þær hafa þróast með ýmsu móti í tímans rás þótt það sé almennt frekar fast í skorðum.

Vakið var máls á því hvað átt væri við í frv. þegar rætt er um það í 7. gr. að skipunartími þjóðleikhúsráðs fylgi starfstíma ráðherra. Þar er tekið mið af almennri reynslu í slíkum málum og talið heppilegt að meiri hluti í ráðum sem lúta að stjórn framkvæmdarvaldsins fylgi starfandi ráðherra og það sé almennt talið leiða til betri stjórnsýslu og markvissari vinnubragða. Eins og nú er tilnefna þingflokkar fjóra menn í þjóðleikhúsráðið að loknum hverjum almennum alþingiskosningum og það má alveg eins spyrja hvers vegna það er gert að afloknum hverjum alþingiskosningum. Af hverju er það þá ekki gert líka á fjögurra ára fresti ef menn telja að það sé nauðsynlegt til þess að skapa festu í stjórnarháttum í leikhúsinu? Þetta er sú regla sem ég tel að sé skynsamlegt að hafa þegar þessi leið er farin, en eins og fram hefur komið hafa verið skiptar skoðanir um það hér hvort almennt beri að fara þessa leið en ég er eindregið þeirrar skoðunar að það leiði til betri stjórnarhátta og sé betur í samræmi við þær kröfur sem við gerum nú í stjórnsýslu og við stjórn opinberra stofnana að hafa þetta eins og lagt er til í frv.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að því að ekki væri minnst á Leikfélag Akureyrar í lagatextanum. Í frv. kemur almennt fram sú stefna að horfið er frá því að tíunda atriði eins og einstakar stofnanir fyrir utan Þjóðleikhúsið enda þarf að vera sérstök löggjöf um Þjóðleikhúsið. En í þjóðleikhúslögunum, ef menn lesa þau lög eins og þau eru núna, þá sjá menn að þau eru mjög ítarleg. Einnig er tekinn út fjöldi atriða sem snerta innra starf Þjóðleikhússins og ekki eru talin eiga heima í lögum þannig að það á við bæði um almenna textann og þann sérstaka texta sem fjallar um Þjóðleikhúsið að ekki eru tíunduð einstök atriði og ekki farið ofan í saumana á málum í lagatextanum. En eins og kemur

fram í greinargerð með frv., þá veitir hins vegar lagatextinn almennar heimildir til þess að efna til samstarfs og standa að starfsemi á sviði leiklistar og sviðslista með fjárhagslegum stuðningi og samningum af hálfu ríkisins þannig að ég held að þessi lagatexti í sjálfu sér veiki alls ekki forsendur Leikfélags Akureyrar nema síður sé. Raunar hefur menntmrn. farið inn á þá braut núna að gera samning við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi og innan þess ramma síðan er ákveðið hvernig fjárveitingu til Leikfélags Akureyrar verður háttað.

Hitt er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að í þessu frv. finnst ekki hugtakið landshlutaleikhús og í raun og veru höfum við aldrei fest það hugtak í lög hér á landi eins og gert er í Noregi, að mér skilst. Og víðar hafa menn farið inn á þær brautir að hafa landshlutaleikhús. Við erum ekki með það og höfum aldrei verið með það í íslenskum lögum og þess vegna er í sjálfu sér ekkert nýmæli fólgið í því þó það sé ekki í þessu frv.

Ég tel að hagur Leikfélags Akureyrar veikist ekki við þetta frv. þó textinn sé almennt orðaður, þvert á móti eigi starfsemi þess að byggjast á samningi við leikfélagið sjálft ef menn vilja fara aftur inn á þá braut að loknu þessu tilraunastarfi með Akureyrarbæ eða á grundvelli menningarsamningsins við Akureyrarbæ sem er í gildi á milli menntmrn. og bæjarfélagsins. Ég tel því að ekki sé unnt í þessu frv. að benda á neitt sem leiði til þess að menn leggi minni áherslu en áður á að leikstarfsemi blómstri um landið allt og það kemur fram í þeirri ágætu skýrslu um leikstarfsemi sem ég hef lagt hér fram og var dreift til þingmanna fyrir áramót um fjárveitingar til hennar og stöðu leikhópa o.s.frv. Því sjá menn að leiklist blómstrar mjög um landið allt og það er síður en svo markmið þessara laga að draga úr þeirri starfsemi.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason vék sérstaklega að barnaleikritum, þ.e. hvers vegna væri sérstaklega getið um þau í frv. Talið var að það að skylda Þjóðleikhúsið til þess að setja barnaleikrit upp einu sinni eða oftar á ári yrði til þess að styrkja það að slík leikrit yrðu sett upp. Það var að vel yfirlögðu ráði sem menn tóku þá ákvörðun að setja þetta ákvæði inn í lögin með hliðsjón af því að stuðla beri að því að efla hér barnamenningu og það beri að setja í lög skyldur á Þjóðleikhúsið til þess að vinna í samræmi við það markmið.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason spyr einnig hvað felist í því að Þjóðleikhúsinu beri að veita lið. Það felst í því að veita lið með öllum tiltækum ráðum, hvort sem það er tækjabúnaður, leikmunir, leikbúningar eða annað slíkt og að stuðla að því í samvinnu við þá sem vilja eiga samstarf við Þjóðleikhúsið um hvers konar leiklistarstarfsemi og ýta undir það með þeim ráðum sem best eru talin hverju sinni.

Varðandi ráðningartíma þjóðleikhússtjóra, þá var hann í sjálfu sér lengdur úr átta árum í tíu með lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða bandorminum sem þeim lögum fylgdi. Hins vegar sé ég ekki nein sérstök rök fyrir því að banna manni sem hefur starfað við Þjóðleikhúsið að sækja um starfið og keppa við aðra, enda verði starfið auglýst á fimm ára fresti eftir að viðkomandi maður hefur starfað í tíu ár. Ef hann vill starfa áfram við Þjóðleikhúsið þá á ekki að banna honum að sækja um starfið. Hins vegar er það undir veitingarvaldinu komið og því hvernig hann hefur staðið sig hvort hann fær stöðuna. Það er því vissulega breyting frá því sem áður var, að á fimm ára fresti skuli staðan auglýst og þá verði starfandi þjóðleikhússtjóri að sækja um og keppa við aðra um starfið, ef fleiri umsækjendur verða. Ég held að þarna sé um starfshætti að ræða sem eiga að stuðla að því, ef ég má orða það svo, að ákveðin „dínamík" sé í kringum þjóðleikhússtjórann og ekki sjálfgefið að hann sé ævilangt, en það ráðist síðan af veitingarvaldsins hálfu með umsögn þjóðleikhúsráðs hver verður ráðinn eftir að starf hefur verið auglýst.

Fram hafa komið athugasemdir um menntunarkröfur til þjóðleikhússtjóra. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir og einnig Ísólfur Gylfi Pálmason vöktu máls á því atriði og er sjálfsagt fyrir nefndina að skoða það. Þetta er mjög almennt og diplomatískt orðað: „Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa." Þetta gefur mörgum færi á að sækja um starfið. Ef menn vilja þrengja það og gera ríkari kröfur þá er það að sjálfsögðu til skoðunar í hv. menntmn.

Ég hef áður rætt um stjórnmálaflokkana og þátttöku þeirra í stjórn Þjóðleikhússins. Í tillögunni felst ekki vantraust á það fólk sem valist hefur til setu í þjóðleikhúsráði með sömu skipan og undanfarin ár. Hins vegar er með þessu verið að færa þessa skipan í svipað horf og gildir almennt um ríkisstofnanir. Að sjálfsögðu tel ég að sitjandi ráðherra hverju sinni sjái til þess að ekki verði unnt að draga þá mynd af þjóðleikhúsráði að það sé skipað til þess eins að þjóna pólitískum hagsmunum eða duttlungum ráðherrans heldur sé þar valið fólk með staðgóða þekkingu á leiklistarstarfsemi sem vill beita sér fyrir því að hún dafni á þeim forsendum sem eiga að ráða þar og þeim listrænu háleitu markmiðum sem menn eiga að setja sér við störf í slíkum ráðum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vakti máls á því að í leiklistarráði, ekki í stjórn Þjóðleikhússins heldur leiklistarráði, sæti fulltrúi Bandalags ísl. listamanna og þá hefði Leiklistarsambandið tvo fulltrúa og Bandalag ísl. listamanna einn. Mér finnst rétt að kanna þetta og sé ekki neitt að því að nefndin taki þetta til athugunar. Leiklistarsambandið skipar tvo menn í þjóðleikhúsráðið. Leiklistarsambandið kemur víða að og er viðræðuaðili menntmrn. um leiklistarmálefni. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að fleiri koma þar að en leikarar. Spurningin er jafnframt um hvort ekki eigi að hafa í Leiklistarsambandinu, ef það hefði þrjá að skipa, einhvern sem tekur mið af sjónarmiðum höfunda eða tónskálda eins og hv. þm. ræddi. Þetta er mál sem sjálfsagt er að nefndin athugi.

Varðandi sameiningu á Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveit Íslands, þá get ég tekið undir margt af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði. En ég held það sé frekar viðfangsefni okkar þegar við fjöllum um löggjöf um Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur en í umræðu um Þjóðleikhúsið eða leiklistarlög. Það kann að vera ástæða til að setja almenn tónlistarlög í landinu með svipuðum hætti og leiklistarlög þar sem tekið sé á málefnum sinfóníuhljómlistarinnar. Hins vegar skulum við hafa það í huga að sinfóníuhljómsveitin er ekki ríkisstofnun eins og Þjóðleikhúsið þar sem að henni standa aðilar með öðrum hætti heldur en Þjóðleikhúsinu. Þannig er ekki hægt að bera stjórnunarfyrirkomulagið algerlega saman. Um þessar mundir beiti ég mér fyrir því að lögin um sinfóníuhljómsveitina verði endurskoðuð og þetta er eitt af þeim atriðum sem sjálfsagt er að skoða í því tilliti. Þarna kemur þó fleira til en lög. Einnig koma til kjarasamningar tónlistarmanna og aðrir slíkir hlutir sem menn þurfa að hafa í huga.

Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um 2. málsl. 19. gr., þá er hann settur inn til að ljóst sé að þrátt fyrir að þetta sé heildarlöggjöf sem veitir heimild til þess að setja almenna reglugerð um leiklistarmálefni, þá megi einnig setja sérstaka reglugerð um Þjóðleikhúsið sem

gildi aðeins fyrir það. Þetta er einungis áréttað. Það gæti verið til hagræðis fyrir Þjóðleikhúsið að um stofnunina sé sérstök reglugerð og það er verið að undirstrika það með þessu orðalagi.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði um stöðu núv. þjóðleikhússtjóra. Eins og segir í ákvæði til bráðabirgða:

„Að loknum ráðningartíma núverandi þjóðleikhússtjóra skal miða upphaf skipunartíma þjóðleikhússtjóra samkvæmt þessum lögum við 1. janúar."

Núna er að renna út síðara tímabil skipaðs þjóðleikhússtjóra og að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að hann sæki um starf þjóðleikhússtjóra. Ég tel að nú beri að auglýsa starfið samkvæmt þessum nýju lögum verði frv. þetta samþykkt. Miðað er við að gildistími þeirra sé frá 1. júlí nk. Til að þetta markmið náist þarf hv. Alþingi að afgreiða lögin á þessu vorþingi.

[15:35]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég er þó enn þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að takmarka ráðningartíma þjóðleikhússtjóra líkt og með rektor Háskóla Íslands. Þar er skipt um rektor með ákveðnu millibili. Ég held að það verði meiri dínamík í leikhúsinu með því að skipta þjóðleikhússtjóra út með ákveðnu millibili.

Ég sæi líka fyrir mér að þjóðleikhússtjóri gæti hvílt sig eitt tímabil og síðan sótt aftur um starfið. Mér finnst að það eigi að vera ákveðin endurnýjun í Þjóðleikhúsinu og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að þessi rótering verði. Auðvitað gæti þjóðleikhússtjóri farið í önnur verk í Þjóðleikhúsinu. En ég tel mjög nauðsynlegt að skipta þjóðleikhússtjóra út með mjög jöfnu millibili.

[15:36]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ítreka það sem ég sagði um skipunartíma þjóðleikhússtjóra. Ég vil aðeins, vegna orða hv. þm., vekja athygli á því að textinn í nýsettum háskólalögum varð að lokum þannig að það er ekki skylda að skipta um rektor eftir fimm ár. Hins vegar er ákvæðið mjög svipað og er í þessum lögum þannig að auglýsa ber starfið að fimm árum loknum og sami maður getur boðið sig fram til þess að nýju.

Í þessu tilviki er talað um að eftir tvö fimm ára tímabil beri að auglýsa starfið.

[15:37]

**Svanfríður Jónasdóttir**:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágæt svör hér áðan en ég vildi gjarnan koma að því sem fram hefur komið í umræðunni. Ráðherra gat þess að í lögum okkar hefði hugtakið landshlutaleikhús ekki verið til staðar og því ekkert nýtt að nefna það ekki í þessu frv. En það er nákvæmlega það, herra forseti, sem ég var að gagnrýna. Í gildandi leiklistarlögum er ákvæði um stuðning við Leikfélag Akureyrar. Það má segja að í því sé einmitt vísir að landshlutaleikhúsi. Það hefði verið eðlileg þróun að nota hugtakið landshlutaleikhús í þessu frv., bæði í ljósi þeirrar reynslu og þróunar sem verið hefur en einnig þeirrar skýrslu sem ég gat um í ræðu minni. Hvort tveggja segir okkur hvað það er sem landsbyggðarfólk vill gjarnan sjá í heimahéraði, þ.e. fjölbreytni í menningu og afþreyingu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vísaði í 16. gr. og taldi ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af leikhúsi Akureyringa vegna þess að þar væri heimild til að semja. En ég vek athygli á því að þar er einungis talað um tímabundna samninga. Ráðherrann svaraði ekki fyrirspurn minni um þetta efni en ég ímynda mér að um sé að ræða svipaða samninga og gerðir hafa verið við tvö atvinnuleikhús hér á höfuðborgarsvæðinu og eru mjög svo af hinu góða, en ég hlýt að vekja athygli á því að tímabundinn samningur er ekki fullnægjandi fyrir atvinnuleikhús sem starfar eins og leikhúsið á Akureyri hefur gert. Eins og ég gat um áðan hefur leikhúsið á Akureyri sannarlega verið landshlutaleikhús og staðið fyllilega undir nafni hvað slíkt varðar.

Mér fannst það líka, herra forseti, alveg dásamlega reykvískt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún sagði okkur frá því hvernig Þjóðleikhúsið hefði boðið leikhópum utan af landi að koma og setja upp verk í Þjóðleikhúsinu. Ég veit að það þykir eftirsóknarverður heiður að fá slíkt boð. En hún sagði okkur líka að svo dýrt væri að fara með leikrit frá Þjóðleikhúsinu út á land að það væri vart gerlegt.

Herra forseti. Svo dásamlega reykvískt sagði ég vegna þess að það einhvern veginn virðist, horft héðan úr Kvosinni í Reykjavík, vera svo miklu ódýrara að koma utan af landi heldur en fara út á landi. Það virðist eiga við um leikhúsin eins og ýmislegt fleira. Ég minnist þess hins vegar í gamla daga þegar ég var lítil stelpa norður á Dalvík að þá sá ég leikrit bæði frá Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu á hverju einasta sumri að því er mig minnir. Þá fóru leikhúsin út á land og léku í litlu leikhúsunum um landið allt. Langar biðraðir mynduðust ef það var uppihald í síldinni og menn fóru í leikhús. Og þar fékk ég sem barn, að sjá ýmis leikrit sem ég veit að mér hefði aldrei verið hleypt á hér suður í Reykjavík vegna þess að þau flokkuðust kannski frekar sem fullorðinsleikrit en barnaleikrit. En ég tel mig samt hafa haft bæði gagn og gaman af.

Þau sjónarmið sem mér finnst gæta í frv. og komu glögglega fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur eru sjónarmið sem ég vildi gjarnan vísa á bug í þessari umræðu.

Mér hefði fundist það eðlileg þróun að hugtakið landshlutaleikhús kæmi inn í þetta frv. Mér hefði fundist eðlilegt að leikhúsið á Akureyri fengi þann sess sem því ber. Forráðamenn þess og ýmsir forkólfar í menningarlífi fyrir norðan hafa lengi barist fyrir því að leikhúsið fengi traustari grundvöll og litið yrði á það sem alvöruatvinnuleikhús sem fengi ríkisstyrk. Menn hafa beðið þess að litið yrði á það sem alvörulandshlutaleikhús sem væri hægt að gera slíkar kröfur til sem vissulega eru gerðar.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi spurði um hvað ætti að felast í stuðninginum sem fjallað er um í frv. að Þjóðleikhúsið eigi að veita. Allir sem hafa einhver afskipti haft af leikhúsi út um landið vita að samskipti leikhúsanna hafa yfirleitt verið með ágætum. Bæði stóru leikhúsin hér í Reykjavík hafa verið tilbúin til að styðja við þá starfsemi sem fram fer úti á landi og menn hafa notið góðs af. En auðvitað skiptir það sköpum að hafa fagmennskuna í grenndinni, að hafa leikhús fyrir norðan, atvinnuleikhús með fagmönnum. Það mundi skipta sköpum fyrir Austfirði að þar væri stutt við bakið á leikhúsi sem gæti starfað af meiri fagmennsku og síðan smitað út frá sér, stutt önnur leikhús eða leikfélög á því svæði o.s.frv.

Ég held að það sé full ástæða, herra forseti, til að skoða þessi mál mun betur og horfa á þau utan af landi en ekki aðeins héðan frá Reykjavík. Það vill verða einhliða og þó í raun sé það kannski orðin hin viðurkennda sýn. Einstaka sinnum hefur mér samt virst að hér væru teknar rokur, ekki bara af stjórnarandstæðingum heldur af stjórnarliði einnig, vegna

þeirrar þróunar sem menn sjá fyrir sér. Kannski vegna þess að sýnin er orðin svo einhliða. Ég held að það sé mikilvægt verkefni að reyna að horfa á hlutina frá öðrum sjónarhól. Ég held að sá sjónarhóll sem lengst af hefur verið notaður hafi einfaldlega ekki dugað og það á við um leikhús og menningarlíf rétt eins og svo margt annað. Ég vænti þess að hv. menntmn. horfi á frv. út frá því að það sé eðlilegt að til séu alvörulandshlutaleikhús sem starfi með stuðningi ríkisins úti á landi en leikhús eins og leikhúsið á Akureyri verði ekki sett á sama stað og þeir atvinnuleikhópar sem starfandi eru hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem Þjóðleikhúsið er starfandi.

[15:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það gefa ranga mynd af þessu frv. að tala um það eins og það sé fjandsamlegt Leikfélagi Akureyrar. Svo er alls ekki. Það gefur líka ranga mynd af þessu frv. að láta eins og 16. gr. setji Leikfélagi Akureyrar óeðlilegar skorður.

Eins og málum er nú háttað er samningurinn milli menntmrn. og Akureyrarbæjar og ef menn vilja gjörbreyta samskiptum menntmrn. og Leikfélags Akureyrar þarf frumkvæðið að koma frá heimamönnum og þá þarf að taka það upp alveg sérstaklega. Eins og þetta frv. horfir við liggur það alveg ljóst fyrir að menntmrn. getur mjög hæglega samið við Leikfélag Akureyrar og staðið að því að stuðla að góðri starfsemi þar. En þá þurfa heimamenn fyrst að ákveða hvort þeir vilja að gerður verði slíkur samningur, eða samið verði sérstaklega við Akureyrarbæ. Hitt er líka að þó mælt sé fyrir um tímabundna samninga þá segir það ekkert annað en að hægt sé að endurskoða samningana af báðum aðilum eftir ákveðinn tíma. Þannig er staðið að rekstri Íslensku óperunnar. Hún er rekin núna á grundvelli slíks samnings til nokkurra ára og gengur ágætlega. Það er því vel hægt að halda uppi mjög öflugri starfsemi á grundvelli samninga til nokkurra ára og síðan geta báðir aðilar sest niður eftir þann tíma og endurskoðað samninginn og það þýðir ekki að honum verði rift, nema síður sé, ef vel gengur. En báðir aðilar fá þá tækifæri eftir ákveðinn tíma. Þeir hafa festu í samskiptum sínum um nokkurt árabil, setjast síðan niður, fara yfir málið og komast að nýrri niðurstöðu. Ég sé því ekki neitt í þessu frv. sem stuðlar að því að Leikfélag Akureyrar geti ekki dafnað ef menn vilja ganga til slíkra samninga um starfsemi þess.

[15:46]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlaut að láta það koma fram hér að staða Leikfélags Akureyrar er ekki jafntrygg ef þetta frv. verður að lögum eins og samkvæmt núgildandi leiklistarlögum. Það liggur alveg ljóst fyrir. Og 16. gr. sem vísar í að hægt sé að gera tímabundinn samning við rekstraraðila er engan veginn jafngóð og ákvæðið í gildandi lögum. Það er einfaldlega þannig. Menn geta rétt séð það fyrir sér hvernig eigi að starfrækja atvinnuleikhús úti á landi miðað við það að einungis séu gerðir við það tímabundnir samningar, að það hafi enga aðra lagastoð en þá að hægt sé að gera tímabundna samninga við það, rétt eins og hafa verið gerðir við leikhópa á Reykjavíkursvæðinu. Það er einfaldlega ekki boðlegt ef menn ætla að halda uppi metnaðarfullri starfsemi að vita aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, lít ég svo á að 16. gr. eigi fyrst og fremst við samninga sem þegar hafa verið gerðir og fordæmi er fyrir varðandi leikhópa. En það hlýtur að þurfa að gera aðrar ráðstafanir ef menn ætla að starfrækja metnaðarfullt atvinnuleikhús úti á landi.

[15:48]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að það sé meira starfsöryggi fyrir t.d. Leikfélag Akureyrar eða Íslensku óperuna að hafa, með samþykki ríkisstjórnar og Alþingis, fimm ára samning um fjárveitingar og öryggi með þeim hætti heldur en eina línu í lögum sem nefnir viðkomandi stofnun og síðan sé það háð fjárveitingavaldinu hverju sinni hvort upphæðin sem veitt er er hærri eða lægri. Með samningnum er tryggt öryggi í viðkomandi starfstíma. Síðan eru ákvæði í samningnum um það að menn setjist niður og fari yfir málin og komist að nýrri niðurstöðu eða haldi áfram samstarfinu á sama grunni. Þetta er mjög mikið öryggi. Við erum að gera svona samninga t.d. við alla framhaldsskóla í landinu, skólasamninga. Það er ekki til að veikja stöðu skólanna heldur til að þeir hafi aukið öryggi um nokkurt árabil varðandi það hvernig þeir geti hagað starfsemi sinni. Ein lína í frv. þar sem stæði „Leikfélag Akureyrar" veitir ekki sömu tryggingu og slíkur samningur sem hefur verið staðfestur af ríkisstjórn og Alþingi.

[15:49]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að heyra að ráðherrann lítur svona á málin. Hins vegar er það einfaldlega svo að það er veiking frá gildandi lögum hvað varðar þetta einstaka leikhús yfir í það frv. sem hér liggur fyrir. Ég er ekki að biðja um óbreytt ástand. Ég hefði viljað sjá þróun í þessum málum, þróun sem tryggði enn frekar metnaðarfullt atvinnuleikhús úti á landi. Ég hefði viljað sjá þróun sem tryggði að landshlutaleikhús, atvinnuleikhús úti á landi, gætu orðið til, að leiklist úti á landi gæti þróast þannig. Það er það sem ég er að biðja um. Ég er ekki að biðja um óbreytt ástand.

[15:50]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú komin hér vegna mjög ómaklegs áburðar hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríðar Jónasdóttur. Í máli hennar hér áðan kom fram að ég hefði haft í frammi mjög reykvískan málflutning. Þingmaðurinn ætti að vita betur en flestir aðrir að fátt er nú fjær mér en að hugsa aldrei til landsbyggðarinnar. Ég held að við reykvískir þingmenn gerum meira af því en landsbyggðarmenn sinna Reykjavíkurmálefnum. Staðreyndir málsins eru einfaldlega þannig, varðandi Þjóðleikhúsið og flutning leikverka úti á landi, að venjulega er það svo að hugað er til þeirra sýninga sem best hafa reynst yfir leikárið. Þegar búið er að þjóna rúmum helmingi þjóðarinnar hér er gjarnan valið úr það verk sem best hefur þótt hafa fallið fólki í geð. Oft er það svo að þá er fjárveitingin einfaldlega búin og menn hafa auðvitað leitað allra ráða til að reyna að fjármagna slíkar ferðir, en þetta er erfitt.

Ég vil minnast á að leikhúsið tók í fyrsta skipti þá ákvörðun á síðasta leikári að sýna eina sýningu leikhússins í sjónvarpi og bjóða allri þjóðinni einu sinni í leikhúsið. Var þar flutt verk eftir Ólaf Hauk Símonarson. Þannig að vissulega eru þessi mál rædd. En þetta er erfitt, þetta er ákaflega kostnaðarsamt. Hins vegar má hugsa sér að þegar í upphafi hvers árs verði gert ráð fyrir slíkum fjárlagalið en við viljum nú vel til vanda sem í þjóðleikhúsráði sitjum til að menn fái þá það besta sem völ er á. En því fer fjarri, og ég vil fyrir

mína hönd og annarra í þjóðleikhúsráði bera það af okkur að við hugsum ekki til landsbyggðarfólksins.

[15:52]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera lítið úr því sem gert er. Hins vegar er bæði í gildandi lögum og í þessu frv. gert ráð fyrir því að á vegum Þjóðleikhússins skuli árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Og maður veltir því fyrir sér að ef þessi texti er í lögunum en síðan hafa ekki reynst fjárveitingar til að sinna þessu verkefni, þá sé forgangsröðunin e.t.v. önnur en hún ætti að vera miðað við það að menn skuli uppfylla það sem í lögum stendur. Í frv. er þetta endurtekið þannig að greinilega er ætlast til að Þjóðleikhúsið sinni þessari skyldu. Ég veit alveg og geri mér fullkomlega grein fyrir að þetta er dýrt og erfitt og ég virði það að menn eru að reyna að finna nýjar leiðir til að koma sér á framfæri gagnvart þjóðinni. En þótt sjónvarp sé gott er það nú einu sinni svo að það jafnast ekki á við leikhúsið sjálft. Sú upplifun er auðvitað einstök að vera viðstaddur leiksýningu.

Ég skil ekki af hverju þingmanninum fannst það svo ómaklegt að ég talaði um að hún hefði þessi reykvísku viðhorf. Hún er nú einu sinni þingmaður Reykvíkinga og þarf engan að undra. En þessi viðhorf eru ekki bara hennar heldur býsna margra og eru því miður viðhorf sem lita býsna oft viðhorf okkar þegar við erum að fjalla um það hvernig við deilum gæðunum til allra landsmanna og þá verður það stundum svo óskaplega dýrt ef það á að gerast annars staðar en í Reykjavík. Þetta er því miður bara staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:54]

**Útbýting þingskjala:**

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 392. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 710.

Gjaldþrotaskipti, 389. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 707.

Staða umferðaröryggismála, 393. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 714.

## *Framhaldsskólar, 1. umr.*

Stjfrv., 355. mál, ráðningartími aðstoðarstjórnenda. — Þskj. 542.

[15:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til laga um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, á þskj. 542.

Í frv. er lagt til að heimilað verði að afmarka ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum. Er það í samræmi við þá skipan sem gilti þar til lög nr. 80/ 1996, um framhaldsskóla, tóku gildi. Sú tilhögun hefur gefist vel og stuðlað að æskilegri endurnýjun starfsfólks í þessum stöðum.

Frá því að rammalög voru fyrst sett um framhaldsskóla hefur ráðningu aðstoðarstjórnenda verið háttað eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Með nýjum framhaldsskólalögum, nr. 80/1996, var hins vegar horfið frá þeirri tilhögun í ljósi meginreglna nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í ljósi þess að störf aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra geta verið afgerandi fyrir þróun skólastarfs er með frumvarpi þessu lagt til að veitt verði ótvíræð lagaheimild til þess að setja sérstök ákvæði um tímabindingu ráðningar aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Nýbygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 110. mál. — Þskj. 110.

[15:57]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þingmáli sem er till. til þál. um nýbyggingu fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Það er 110. mál þessa þings og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa tillöguna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að nýbyggingu fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Hið fyrsta verði á vegum menntamálaráðuneytisins skipuð byggingarnefnd fyrir skólann til að velja honum stað í Hornafirði og hafa forgöngu um hönnun bygginga. Stefnt verði að því að nýr áfangi skólahúss verði tekinn í gagnið við upphaf skólaárs haustið 2000."

Þessari tillögu fylgir greinargerð til rökstuðnings þessu máli og ég ætla að vitna til nokkurra þátta er hana varða en vil segja í upphafi að hér er um að ræða afar stórt mál bæði í mínum huga og í hugum fólks á suðausturlandi. Þessi skóli, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, sem stofnaður var vorið 1987, hefur starfað í áratug og vissulega aukist að þrótti á þessum tíma og fjöldi nemenda við skólann vaxið úr um 50 í upphafi í um 100 nemendur, fyrir utan yfir 100 starfsnámsnemendur sem hafa tekið þátt í starfsnámi við skólann. Skólinn hefur fengið á þessu tímabili heimild til að útskrifa stúdenta og þótt þeir séu ekki margir hefur hann vaxið af reynslu við það viðfangsefni. Útskrifaðir hafa verið 5–10 stúdentar árlega, í upphafi undir forræði eða í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Afar mikil samstaða er um það í Héraði, í Hornafirði og nágrenni, að um sé að ræða eitt allra stærsta mál þessa landshluta. Ég held að óhætt sé að segja að fyrir utan undirstöður atvinnulífs sé ekkert atriði jafnríkt í huga fólks á þessu svæði og að unnt verði að renna traustum stoðum undir framhaldsskóla á svæðinu, óháð því hvar menn standa í stjórnmálaflokki eða staddir eru í tilverunni að öðru leyti. Forsenda fyrir því er að aðstæður skólans verði betri en nú eru en skólinn starfar við afar þröngan kost hvað snertir húsnæði.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni starfar skólinn við bráðabirgðaaðstæður þar sem hann hóf störf í Nesjaskóla við upphaf síns starfs. Þar hefur verið að þrengjast um eftir því sem nemendum hefur fjölgað. Á hvern nemanda koma aðeins 6 m í skólahúsnæði. Ég held að öllum sé ljóst sem heimsækja skólann og átta sig á við hvaða aðstæður menn starfa að úrbætur í húsnæðismálum skólans eru knýjandi og mega ekki bíða. Ljóst er að skólinn er farinn að líða og hefur liðið fyrir það á undanförnum árum að búa við þann þrönga ramma sem honum er sniðinn hvað snertir húsnæðismálin og e.t.v. aðra þætti sem varða fjárveitingar til

skólans þó ég vilji ekki ræða það eða taka upp sérstaklega. Horfið var frá því að skera niður í þeim mæli sem tillögur voru um hvað snerti rekstrarfé til skólans fyrir nokkru og vel ráðið að ekki var orðið við því.

Samkvæmt því sem stendur í greinargerð er eðlilegt að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu verði alhliða miðstöð framhaldsmenntunar á Suðausturlandi í góðri samvinnu við aðra framhaldsskóla í kjördæminu. Fyrir liggur samkomulag um samstarf framhaldsskólanna á Austurlandi, gert að frumkvæði hæstv. menntmrh., undirbúið og undirritað þann 5. nóv. sl. Það var ágætur gjörningur og í raun frumraun í slíku samstarfi framhaldsskóla á svo stóru landsvæði sem Austurland er og talsverðar vonir bundnar við að það verði til þess að bæta stöðu nemenda, sem er meginmál, að nemendur fái aðgang að fjölbreyttu námi sem næst heimabyggð, og einnig að nýta fjármuni sem best í sambandi við framhaldsskólastigið á svæðinu. Að þessu er vikið í samstarfssamningnum og einstökum liðum er varða praktískt samstarf skólanna til að ná þessu markmiði. Nokkur fjárveiting er veitt til þessa eða um 2 millj. kr. árlega til að vinna að framkvæmd þessa samstarfs, sem er rekið sem tilraunaverkefni til þriggja ára með árlegu framlagi. Í krafti þess hefur verið ráðinn sérstakur framkvæmda- eða verkefnisstjóri í hlutastarfi sem vinnur að þessum tengslum og að framkvæmd þess sem í samstarfssamningnum er kveðið á um. Þetta er mikilvægur þáttur og tengist með vissum hætti því máli sem hér er um að ræða, þ.e. að tryggt verði að litið verði nokkuð vítt um sviðið þegar ákvarðanir eru teknar varðandi þróun þessa skóla sérstaklega og nýbyggingar fyrir hann sem hér er lögð áhersla á.

Það liggur fyrir og er tíundað í greinargerð með þessu máli að tiltölulega lágt hlutfall fólks, eða aðeins 40% íbúa á aðsóknarsvæði skólans á aldrinum 15–19 ára, stundar þar framhaldsnám. Þetta hlutfall er á landinu í heild 70–80%. Það er því trúlegt að ófullkomnar aðstæður skólans og ófullnægjandi aðbúnaður eigi þátt í hinu lága hlutfalli og nauðsynlega þarf að gera skólanum kleift að breikka sínar undirstöður og að rækta sem best tengslin við það atvinnulíf sem stundað er í héraðinu þannig að um gagnkvæman hag verði að ræða og eflingu skólastarfsins, m.a. á þeim grunni sem starfað er á þessu landsvæði.

Breytingar hafa orðið á þessu svæði í sambandi við starfsemi sveitarfélaga á svæðinu á undanförnum árum og nú síðast alveg nýlega. Sveitarfélög hafa sameinast. Sveitarfélagið Hornafjörður varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga við Hornafjörð fyrir fáum árum eða 1994. Og nýlega gerðist það í almennri atkvæðagreiðslu að þrjú sveitarfélög til viðbótar ákváðu að sameinast sveitarfélaginu Hornafirði og þá verða öll sveitarfélög í því sem áður var Austur-Skaftafellssýsla orðin eitt sveitarfélag. Það styrkir auðvitað undirstöður þó að ágætt samstarf hafi verið um málefni Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, eins og hann heitir, alla tíð óháð því að sveitarfélögin voru aðgreind. Hornafjörður hefur verið reynslusveitarfélag og ágætur árangur fengist að mati heimamanna á ýmsum sviðum að því er varðar það efni. Ég tel að heima fyrir sé prýðilega staðið að málum sem varða samrekstur ríkis og sveitarfélaga og óhætt að treysta fólki þar fyrir verulegum hlut í þessum efnum og afskaplega brýnt að rétta því hönd til að styrkja undirstöðu framhaldsmenntunar á svæðinu og færast í fang það sem eru óskir manna, þ.e. að bæta stöðu skólans með nýbyggingu og nýjum ákvörðunum varðandi hann í tengslum við það.

Tillagan gerir ráð fyrir því að sett verði á fót sérstök byggingarnefnd fyrir skólann. Eins og fram kemur í tillögutextanum er eitt af verkefnum hennar að velja skólanum stað í byggðarlaginu og gera tillögur til ráðuneytis og annarra sem málið varðar um þróun skólans sem forsendur fyrir þeim byggingum sem þyrftu að rísa og yrðu væntanlega áfangaskiptar eins og vikið er að í tillögutextanum.

Ég vil nefna að ég tel mig hafa nokkra reynslu af því að starfa að undirbúningi skólastarfs sem þessa. Ég var í allnokkur ár, líklega í ein sex ár áður en ég kom hér inn á Alþingi, í forustu fyrir byggingarnefnd menntaskóla á Egilsstöðum. Sú skólastofnun var reist alveg frá grunni þar sem engin aðstaða var fyrir til skólahalds. Að því máli var unnið ekki aðeins út frá staðarforsendum heldur í samvinnu við menntmrn. Tengiliður þar var forstöðumaður byggingardeildar ráðuneytisins á þeim tíma, Indriði H. Þorláksson, sem ég og byggingarnefndin að öðru leyti áttum ágætt samstarf við um forsendur fyrir byggingu menntaskóla á Egilsstöðum og þróun þess skóla. En jafnframt var tekið á samstarfi um verkmenntun á svæðinu og ákvarðanir teknar þá þegar um að styrkja iðnmenntun annars staðar, þ.e. í Neskaupstað þar sem Iðnskóli Austurlands hafði verið ákveðinn, sem síðan þróaðist í Verkmenntaskóla Austurlands á þeim stað, sem er einn þriggja framhaldsskóla á svæðinu.

Á þessum tíma, 1973–1974, var tekið fram í fyrstu skýrslu sem byggingarnefnd menntaskólans lét frá sér fara, að á Hornafirði þyrfti að huga að þriðja framhaldsskólanum áður en langt um liði og jafnframt vakin athygli á því að tengja þyrfti með einhverjum hætti Alþýðuskólann á Eiðum eða taka á málefnum hans í tengslum við þessi efni. Þetta nefni ég til þess að benda á að langt er síðan að við blasti að þarna þyrfti að sinna þörfum framhaldsmenntunar á þessu svæði og varð það að ráði með vilja og stuðningi menntmrn. fyrir tíu árum.

Nú þarf að fylkja liði um nýjan þátt í þessu og ég treysti því að núverandi stjórnvöld og hæstv. menntmrh. veiti þessu máli verðugan stuðning. Ég er fullviss um að til hans hafa borist erindi heiman að sem varða málið. Ég held að skipun byggingarnefndar fyrir nýbyggingu við framhaldsskólann væri farsælt skref, og þegar ég tala um byggingarnefnd þá hef ég í huga að slík nefnd þyrfti auðvitað að hyggja að innviðum náms sem þarna þarf að fara fram ekki síður en steinsteypu eða því sem varðar hinn efnislega ramma. Það er fátt, virðulegur forseti, sem getur orðið betur að liði í sambandi við þróun byggðar á Íslandi og til að styrkja þá varnarbaráttu sem fram fer víða um landið en að efla undirstöðu menntunar, auðvitað grunnmenntunar en einnig á framhaldsskóla- og háskólastigi. Því er það mjög eðlilegt og raunar mjög ánægjulegt hversu ríka áherslu Hornfirðingar og nágrannar leggja á úrbætur fyrir þessa stofnun og hversu ríkur skilningur er einmitt á þeim þætti. Ég vænti þess að hann verði einnig frá ríkisvaldinu sem ræður ferðinni í þessum efnum og á Alþingi sem fjárveitingavaldi.

[16:12]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Málefni Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu hafa verið til meðferðar á vettvangi menntmrn. um nokkurt skeið. Heimilað var í fyrsta sinn sl. vor að hann útskrifaði stúdenta. Einnig hefur verið gengið frá samningi milli framhaldsskólanna á Austurlandi um samstarf, eins og fram kom í máli hv. þm. Framhaldsskólinn í

Austur-Skaftafellssýslu er einn af sjö framhaldsskólum sem mun næsta haust bjóða nýja námsbraut, svokallaða sjávarútvegsbraut, og verður það vonandi til þess að efla tengsl skólanna við heimabyggðir sína, þeirra skóla sem starfa í sjávarútvegsbyggðum.

Um uppbyggingu skólans og ákvarðanir um húsnæðismál hans, þá hefur á liðnu hausti verið skipst á erindum milli menntmrn. og sveitarstjórnarinnar í Hornafirði. Ég fékk fyrst bréf 22. sept. frá bæjarstjóranum á Hornafirði þar sem hann óskaði eftir því að ráðuneytið gengi til viðræðna við heimamenn um byggingamál og málefni framhaldsskólans. Síðan hefur verið undirritaður samningur við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, svokallaður skólasamningur um starfsemi skólans á næstu þremur árum og var hann sá fyrsti af framhaldsskólunum sem ráðuneytið samdi við á þeim nýju forsendum.

Hvað varðar byggingarmálin þá hef ég ákveðið og samþykkt af hálfu menntmrn. að skipaður verði starfshópur til að fjalla um og gera tillögur um framtíð Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og meta húsnæðisþörf hans með tilliti til spár um nemendafjölda og áætlana um námsframboð. Ég hef falið tveimur embættismönnum í ráðuneytinu það verkefni, Kristrúnu Ísaksdóttur deildarsérfræðingi, sem hefur komið að málefnum skólanna á Austurlandi og beitt sér fyrir þeirri vinnu sem þar hefur verið unnin til að ná því markmiði að allir skólarnir sameinuðust um þann samning sem fyrir liggur, og einnig er í viðræðuhópnum af hálfu ráðuneytisins Hermann Jóhannesson, deildarstjóri eignadeildar. Þess hefur verið óskað að tilnefndir verði fulltrúar frá sveitarfélaginu til viðræðna og þá verði farið yfir málefni skólans án þess að menn skuldbindi sig til að hefja neinar framkvæmdir. Skoða þarf ýmis málefni heima fyrir og átta sig á aðstæðum áður en ákvarðanir verða teknar um framkvæmdir en þær viðræður munu vonandi hefjast á þeim formlegu forsendum innan tíðar.

[16:15]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingar sem hann hefur veitt um að nú hafi verið settur niður starfshópur til að kanna forsendur skólastarfsins og bygginga yfir það, þá hugsanlega án skuldbindinga eins og hæstv. ráðherra nefndi. Það er nauðsynlegt skref í málinu og ég vona að það leiði til þess fyrr en seinna að ákvarðanir verði teknar um bættar húsnæðisaðstæður skólans og afar nauðsynlegt að þar verði vel að unnið. Þetta mun vera nýleg ákvörðun af hálfu hæstv. ráðherra því að ekki var kunnugt um hana síðast þegar ég frétti um málið. Ég treysti því að vel verði starfað af þeim hópi sem hæstv. ráðherra hefur tilnefnt tvo af sínum embættismönnum í. Með þessari tillögu, sem ég legg til að fari til hæstv. menntmn., legg ég áherslu á að ákvarðanir verði teknar um fjárveitingar sem fyrst, bæði náttúrlega til að standa undir nauðsynlegu starfi þar sem er smávegis fjárveiting, ef ég man rétt, til að kanna þessi efni varðandi framhaldsskólann en einnig til að undirbúa framkvæmdir og tímasetja þær. Þessu vildi ég aðeins bæta við um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa upplýst þingið um þetta efni.

[16:17]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar í nokkrum orðum að þakka hv. flm. tillögunnar fyrir flutning hennar. Einnig fagna ég því sem hæstv. menntmrh. sagði að starfshópur væri farinn af stað til að vinna í málefnum Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Það vill svo til að ég heimsótti skólann í septembermánuði í fyrra. Ég hef komið í flesta framhaldsskóla á Íslandi en það sló mig þarna að ég hef hvergi séð unnið við aðrar eins aðstæður og eru þarna. Maður hefur á tilfinningunni að þrengslin séu slík að nemendur sitji nánast hver ofan á öðrum og þar að auki er húsnæði krókótt og mjög óhentugt í alla staði. Hins vegar fann ég að þarna var góður starfsandi og mikill áhugi meðal kennara á að gera sitt besta og t.d. mikill áhugi á samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi til að gera námið hagkvæmara og eiga kannski möguleika á að bjóða upp á fleiri fög. Ég held að það sé mjög sérstakt í svo erfiðu starfsumhverfi hve starfsfólkið var jákvætt og tilbúið til að leggja sig fram og gera sitt besta við þessar aðstæður.

Mér finnst það alvarleg tíðindi, sem komu fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að á þessu svæði stundi hlutfallslega færri nemendur nám í framhaldsskóla en annars staðar á landinu. Það hvetur mann til þess að setja það í það samhengi hvort það geti hugsanlega stafað af því að þarna sé ekki boðið upp á nægilega góðar aðstæður. Maður hafði það a.m.k. á tilfinningunni að fólk við nám þarna nyti ekki jafnréttis á við aðra framhaldsskólanemendur á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Agi í skólum landsins, fyrri umr.*

Þáltill. HjÁ o.fl., 186. mál. — Þskj. 188.

[16:20]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins.

Flutningsmenn eru auk þess er hér stendur hv. þm. Guðni Ágústsson og Ólafur Örn Haraldsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að leggja fram tillögur um aukinn aga í skólum landsins.

Í nefndinni sitji fulltrúar menntamálaráðherra, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Landssamtakanna heimili og skóli, Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, samtaka framhaldsskólanema, Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Skólastjórafélags Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðssambands Íslands."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Tillagan fjallar sem sé um aga í skólum. Í upphafi er rétt að taka skýrt fram að hér er ekki verið að boða það að innleiddur sé píkurinn margfrægi í skólum landsins né að höfða til ofbeldis með nokkrum hætti. Hugtakið agi er vandmeðfarið og er eðlilegt að haft sé í huga hvaða skilgreining er höfð þar á bak við.

Eins og segir í greinargerðinni er langt á milli hömluleysis og bælingar. Það sem er útgangspunkturinn í þessari þáltill. og sú hugsun sem þar er á bak við miðar við sjálfsaga, að börn og unglingar geti alist upp í slíku umhverfi að þau geti ræktað með sér sjálfsaga. Það er fyrst og fremst sjálfsaginn sem er horft til.

Segja má með fullgildum rökum að til þess að ungmenni nái að þroska með sér og rækta sjálfsaga þurfi þau að alast

upp í tiltölulega öguðu umhverfi. Með nokkrum rökum má segja að umhverfi það sem við búum börnum okkar í dag sé ekki mjög agað. Ég leyfi mér, herra forseti, að nefna nokkur dæmi þar að lútandi.

Varla líður sá dagur að ekki sé greint frá því í fjölmiðlum að upp hafi komið mál er tengjast eiturlyfjaneyslu og afbrotum er því tengist. Fíkniefnavandinn hefur vaxið mjög óðfluga í samfélagi okkar og er orðinn eitt meginböl og er virkilegur ógnvaldur gagnvart þjóðfélaginu öllu, ekki síst ungu fólki. Það er þekkt að drykkjuskapur meðal fólks í landinu, og ekki síst ungs fólks, er töluverður og miðað við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum má segja að drykkjuskapur hér sé mikill. Við þekkjum dæmi úr fréttum af verslunarmannahelgi þar sem börn undir fermingaraldri fara ein síns liðs án samfylgdar við foreldra eða fullorðna á útisamkomur og sjást þar veltast um drukkin og í annarlegu ástandi. Við þekkjum vandamálið í miðborg Reykjavíkur og miðbæjum ýmissa stærri sveitarfélaga hér á landi. Og því hefur jafnvel verið haldið fram að einstaklingar geti ekki gengið óhultir um miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar vegna áfengisneyslu, vegna ofbeldis, skemmdarverka og slíks.

Herra forseti. Þau vandamál eru alþekkt sem hafa oft komið upp af dansleikjahaldi á vegum skólanna, ekki síst framhaldsskólanna þar sem hverjum skólanum á eftir öðrum hefur verið úthýst úr samkomuhúsum vegna drykkjuskapar, óláta og ýmissa uppákoma er tengjast ekki síst drykkjuskap. Frásagnir af alls kyns ofbeldi og skemmdarverkastarfsemi eru því miður allt of algengar í fjölmiðlum. Umferðarmenning á götum Reykjavíkur og götum landsins er rómuð. Biðraðamenning Íslendinga hefur ekki verið afskaplega þróuð þó vissulega hafi orðið jákvæðar breytingar á allra síðustu árum þar á.

Þá er athyglisvert að samkvæmt upplýsingum sem komu fram í viðtali við lækni frá bráðamóttöku á Sjúkrahúsi Reykjavíkur mun slysatíðni barna hér á landi vera ein sú hæsta sem þekkist í heiminum. Þannig má áfram telja og ég hygg að þau dæmi sem hafa verið nefnd bendi eindregið til þess að börn okkar búi ekki við afskaplega agað umhverfi.

*Líka má segja að í þessu umhverfi séu skilaboð til barna* og unglinga afskaplega tvíræð. Ég nefni sem dæmi að hér eru í gildi ákveðnar reglur um útivistartíma barna og unglinga. Hins vegar er það alkunna að sá útivistartími er mjög gjarnan virtur að vettugi og jafnvel kornung börn sjást um miðjar nætur, ekki síst um helgar á sumrin, vera á þvælingi úti við. Við vitum það jafnvel að það eru dæmi þess að skemmtanir barna byrja klukkan 8 eða 9 að kvöldi og standa fram yfir miðnætti og er ég þá að tala um skemmtanir, jafnvel á vegum skóla, fyrir börn á bilinu 8–10 ára.

Við vitum að það eru í gildi lög um aðgang að áfengi en svo dæmi sé tekið benda rannsóknir til að óheyrilega stór hluti af unglingum í 9. og 10. bekk í grunnskóla neyti áfengis og hafi aðgang að áfengi að eigin sögn. Þetta eru dæmi um tvöföld skilaboð samfélagsins til barnanna. Þekkt eru vandamál sem komið hafa upp vegna samkvæma barna og unglinga í heimahúsum þar sem foreldrar eru fjarri og sinna eigin hugðarefnum eða áhugamálum. Það er þekkt í samfélagi okkar að vinnuveitendur ráða jafnvel grunnskólabörn til starfa á meðan skólaárinu stendur og kemur jafnvel til árekstra milli skólans og atvinnurekandans. Könnun á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála staðfestir þetta í rauninni.

Því hefur oft verið haldið fram að metnaðarleysi sé of algengt meðal nemenda í framhaldsskólum. Nemendur kæri sig kollótta um hvort þeir nái besta árangri og láti sér duga að ná og jafnvel að ná nokkrum áföngum í stað þess að setja markið hátt og ná öllum áföngum sínum og þá með góðri einkunn.

Það kemur einnig fram, herra forseti, í könnun að námsleiði er nokkuð algengur í skólum landsins, ekki síst í grunnskólum. Því hefur stundum verið haldið fram að kennsluaðferðir hjá okkur séu ekki réttar. Umdeilt hefur verið hvort svonefnd blöndun í bekki hafi skilað því sem hún á að skila og þannig má áfram telja. Við þekkjum dæmi þess að nemendur leggi sig afskaplega vel fram í íþróttum og skili þar mjög góðum árangri á sama tíma og þeir sinna ekki námi sínu í skóla eða skyldum sínum gagnvart heimilinu og þannig má áfram telja.

Ég dreg þetta fram til þess að reyna að skýra það umhverfi sem við búum börnum okkar og unglingum. Það er ólga, það er óagað umhverfi og það eru jafnvel tvöföld skilaboð sem við sendum börnum okkar. Af því má hugsanlega draga þá ályktun að börnin viti í rauninni varla til hvers er ætlast af þeim og standi jafnvel nokkuð ein og ráðvillt í þessu umhverfi. Það kann að vera skýringin fyrir sumu í atferli barna okkar og unglinga.

Herra forseti. Þau dæmi sem ég hef nefnt hér eru má segja áþreifanleg og sýnileg en við getum jafnframt spurst um aðra þætti, þá sem ekki eru jafnaugljósir, um tilfinningaþáttinn og hinn andlega þátt sem snertir börnin við að alast upp í slíku umhverfi.

Það er þekkt úr öllum kennslufræðilegum rannsóknum að nemendur þurfa að búa við öryggi. Þeir þurfa öryggi heima við og öryggi í skóla. Þeir þurfa að sjá tilgang í námi sínu. *Námsleiði dregur úr námsárangri og þannig má áfram telja.* Það sýnir sig líka að áfengisneysla dregur úr námsárangri, þ.e. að saman fer áfengisneysla unglinga og lakur námsárangur. Lítil tengsl foreldra við börn sín hefur bein áhrif samkvæmt rannsóknum á námsárangur barna og þannig má áfram telja.

Andspænis þessu má segja að fjölmargir aðilar eru að reyna sitt besta. Margir foreldrar reyna sitt besta til að ala börnin upp og vilja þeim í sjálfu sér allt hið besta. Hið sama má segja um skóla og ég hygg flesta kennara og skólafólk. Þeir reyna sitt besta til að veita börnunum aðhald, veita þeim lærdóm og aðstoða þau til þroska. Hið sama gildir í rauninni um íþróttahreyfinguna sem stundar afskaplega öflugt starf, sem er uppeldisstarf þar sem menn leggja sig einnig alla fram um að veita börnunum aðhald og aðstoða þau til þroska. Vandinn virðist hins vegar vera sá að þessir aðilar, heimili, skólar, íþróttafélög og ýmis félagasamtök sem sinna tómstundum unglinga tala afskaplega lítið saman. Niðurstaðan af því vegna þess hversu einangraðir þessir uppeldisaðilar eru ef svo má kalla virðist vera sú eins og einhver orðaði það að aðaluppalandinn eru „allir". Það er kunnara en frá þurfi að segja þegar ungt fólk kemur heim til sín eða í skóla og heldur því fram að „allir" megi stunda þetta, „allir" megi hitt o.s.frv. og undan því láta foreldrar gjarnan vegna þess að þeir hafa ekki samskipti sín á milli vegna þess að umhverfið er tiltölulega óagað.

Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að töluverð gerjun er í samfélaginu vegna þessa. Fólk hefur áhyggjur af þessu og fólk er e.t.v. að vakna upp við vondan draum. Þannig hafa Landssamtökin heimili og skóli skorið upp herör og eru að

reyna að hrista upp í foreldrum í samstarfi við skólana. Um það má vissulega segja að mjór er mikils vísir. Ég vil vekja athygli á því og má aldrei líta fram hjá því að ábyrgðin hvílir fyrst og síðast á foreldrum. Foreldrar munu aldrei geta vikið sér undan ábyrgð þótt uppeldishlutverkið hafi í vaxandi mæli verið að færast inn í skóla, t.d. með einsetnum grunnskóla, með leikskólum og með auknu íþróttastarfi og þar fram eftir götunum þá hvílir ábyrgðin á foreldrunum. Það er þeim mun mikilvægara að foreldrar forgangsraði í heimaranni sínum á þeim skamma tíma sólahringsins sem þeir virðast verja með börnum sínum að þeir verji þeim tíma þá vel, með börnunum, í þágu barnanna.

Samkvæmt könnun frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála bendir ýmislegt til þess að u.þ.b. helmingur barna í 9. og 10. bekk grunnskóla upplifi helgarnar þannig að þau hafi lítil sem engin samskipti við foreldra sína. Þau hverfi þess í stað hvert á vit annars, út á götu, í tölvuleiki, að vídeóleikjum, að sjónvarpi og þar fram eftir götunum. Þetta er áhyggjuefni og það er ástæða til að þeir fjölmörgu aðilar sem að uppeldi barna okkar koma taki höndum saman og hefji vitundarvakningu meðal þjóðarinnar en ég ítreka að ábyrgðin hvílir fyrst og fremst á foreldrum.

Í rauninni gengur þáltill. út á að hæstv. menntmrh. skipi nefnd þeirra aðila sem um getur í tillögunni til að fjalla um málið, vekja athygli á því og ef möguleikar eru að koma með ábendingar til úrbóta. Ég vænti þess, herra forseti, að tillagan fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi og verði svo vísað til hæstv. menntmn.

[16:35]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. Hjálmari Árnasyni fyrir að hreyfa þessu máli í þáltill. Þetta er mjög þarft mál og þarf að ræða það ítarlega.

Agi hefur bæði kosti og galla. Kostir agans eru þeir að hann beinir orku ákveðins hóps fólks í eina átt og gerir það að verkum að sá hópur sem er saman kominn, hvort sem það eru nemendur í barnaskóla, unglingaskóla, háskóla, eða á þingi, getur unnið nokkuð ótruflaður. Agi getur hins vegar líka farið út í öfgar eins og við sjáum í heraga þegar hann kemur fram sem blind hlýðni sem getur verið mjög hættulegt. Hættulegt lýðræðinu eins og við höfum séð í sögunni. Hins vegar leiðir agaleysi í ákveðnum hóp til orkusóunar. Einstaklingarnir trufla hvern annan. Þeir vinna hver fyrir sig, ekki saman, heldur gegn hver öðrum. Það getur leitt til alls konar ringulreiðar, agaleysis sem við köllum, jafnvel eineltis og ofbeldis sem eru ákaflega neikvæðir þættir og við viljum ekki sjá. Hins vegar er fylgifiskur agaleysis, merkilegt nokk, það að frumkvæði einstaklings og sjálfstæði hans fær dafnað þannig að þarna er nokkuð vandmeðfarið að finna hinn gullna meðalveg milli of lítils aga og of mikils aga.

Ég hef oft dáðst að íslenskum ungmennum í samanburði við erlend ungmenni, hvað íslensk ungmenni eru sérstaklega sjálfstæð og ákveðin og geta tekið ákvarðanir upp á eigin spýtur. Mér finnst íslensk ungmenni hafa mjög mikið frumkvæði miðað við félaga þeirra erlendis þar sem agi er víðast hvar mjög mikill. Kosturinn við agaleysið er að frumkvæðið helst og einstaklingurinn verður sjálfstæður. En þetta má ekki bitna á því að þau komist ekki til þroska vegna þess að þau ná hreinlega aldrei þeim markmiðum sem felast í góðu námi í góðum skóla. Þess vegna er mjög mikilvægt að menn taki á þessu og reyni að finna eitthvert bil milli járnaga, heraga, og hins vegar agaleysis eða ringulreiðar.

Herra forseti. Hvers vegna eigum við í þessum vanda hér á Íslandi? Hvers vegna vita foreldrar ekki hvernig á að ala upp börn? Það er vegna þess að foreldra vantar fyrirmynd. Þegar ég t.d. sé og tek eftir því með börn mín að tölvuleikir æsa þau og trylla þá hef ég enga fyrirmynd. Ég veit ekki hvað börn mega vera mikið í tölvuleikjum eða hvort það sé yfirleitt hollt fyrir þau að vera í tölvuleikjum og ég get ekki farið aftur í mína æsku og reynt að finna út fyrirmyndir þar. Hversu lengi lék ég mér á tölvu sem barn? Hversu lengi var mér leyft að horfa á vídeó eða sjónvarp þegar ég var barn? Foreldra vantar fyrirmyndir. Hvað er eðlilegt að gera þegar breytingar eru svo örar? Þess vegna er mjög mikilvægt að gefnar séu út einhverjar leiðbeinandi reglur um það fyrir foreldra hvað er eðlilegt og hver er eðlilegur agi t.d. í sambandi við umgengni við þessa nýju tækni. Einn þátturinn í því að hafa aga er að vita hvaða reglur á að setja. Það gildir bæði fyrir foreldra og börn.

Herra forseti. Ég er mjög hlynntur því að þetta verði skoðað. Ég er á því að agi sé of lítill í skólum hér á landi, hann megi vera meiri. Hann megi vera töluvert meiri. En við skulum gæta okkar á því að hann verði ekki járnagi. Ég tek undir með hv. flutningsmanni að það er sjálfsaginn sem við eigum að byggja upp. Sjálfsaginn verður aldrei að járnaga, hann verður aldrei að heraga. Sjálfsaginn er það sem við eigum að byggja upp og reyna að búa til og gæta þess að einstaklingurinn haldi því dásamlega sjálfstæði sem íslenskir unglingar búa við og einnig að þau haldi frumkvæði sínu sem oft og tíðum er drepið niður í íslenskum skólum, því miður. Þetta er mjög mikilvægt. Ég vonast til að sú nefnd sem verður sett á laggirnar, ef þetta verður samþykkt, komist að skynsamlegri niðurstöðu um það hvað aginn eigi að vera mikill.

[16:40]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli. Þess eru dæmi að fyrstu hljóð sem börn á Íslandi mynda séu ískur, ýlfur og ýmislegt sem kemur beint af vídeóspólunum eða úr sjónvarpinu, vegna þess að það er svo létt að setja litlu skinnin í barnastólana fyrir framan sjónvarpið, kveikja á, spenna þau í barnastólana. Þetta er ekki bara í Bandaríkjunum, Svíþjóð eða einhvers staðar annars staðar, heldur á Íslandi. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál. Þau mynda ekki hljóð eins og mama og baba og þessi fyrstu orð sem börn læra að segja. Þetta er engum öðrum en foreldrunum að kenna. Auðvitað er þetta ekki algilt. Fjölmargir foreldrar passa vel upp á það að kenna börnum sínum og ala þau vel upp en þetta er engu að síður hræðileg dæmi sem ég er hér að nefna. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að ræða þetta í þingsölum. Agaleysi er ákveðið samfélagslegt vandamál á Íslandi sem birtist okkur í mjög mörgum myndum í þjóðfélaginu. Við sjáum það í umferðinni, við sjáum að menn eru mjög tillitslausir t.d. í umferð í höfuðborginni. Það er strax skárri umferð þegar komið er út á landsbyggðina. Við getum borið saman Akureyri annars vegar og Reykjavík hins vegar. Það er eins og dagur og nótt og við finnum þetta líka þegar við erum í erlendum borgum hve miklu meira tillit er tekið til vegfarenda, hvort sem menn eru gangandi, hjólandi eða akandi og agaleysið birtist okkur svona í mýmörgum myndum. Við sjáum líka agaleysi á götum borgarinnar þegar skyggja tekur og menn eru vart óhultir um helgar, t.d. í Austurstrætinu, og nánast um hverja einustu helgi er ráðist að fólki. Við sjáum þetta líka í ránum

og ránstilraunum sem gerðar eru vítt og breitt þannig að það er full ástæða til að ræða málið og reyna að finna viðhlítandi lausnir þótt léttara að tala um þessi mál úr ræðustóli en að finna einhverjar patentlausnir í þessum efnum.

Það er staðreynd, ég þekki það sem fyrrverandi kennari, að börn vilja aga og ákveðnar reglur. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að við erum alls ekkert að tala um einhvern heraga eða járnaga. Ég er mjög mótfallinn slíku en ungt fólk vill að ákveðnar reglur gildi sem farið er eftir í þjóðfélaginu. Ég hef einnig starfað sem starfsmannstjóri í stóru fyrirtæki og það er nákvæmlega sama með hina fullorðnu. Fullorðnir vilja hafa ákveðnar reglur til að fara eftir og við þurfum að stýra þjóðfélagi okkar út á þessar brautir. Ég held við getum hugsanlega gert þetta með samstarfi, t.d. samstarfi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttahreyfingarinnar, framhaldsskólanna og foreldra því að foreldrar eru alltaf lykilfólkið í þessum efnum.

Ég átti þess kost rétt fyrir jólin að fara inn í húsnæði í Kópavogi sem heitir Krossinn þar sem reknar eru Krossgötur. Þar gekk ég um með ágætum forstöðumanni sem sýndi mér húsnæðið og þá starfsemi sem þar er. Ég sá þar ungan strák á krossgötum, líklega 17–18 ára gamlan, og hann ráfaði þar um herbergin og ég spurði: Hvað er að þessum unga manni? Hann hafði farið alheilbrigður og hraustur á útihátíð, Uxann ef ég man rétt, fyrir nokkrum árum og étið þrjár helsælupillur og soðið í sér heilann eins og forstöðumaðurinn kallaði það. Síðan ráfar þessi ungi maður þarna um í Krossinum og Krossgötum og á sér ekki viðreisnar von.

Auðvitað eru þetta átakanleg dæmi. Sjálfsagt getum við aldrei komið í veg fyrir svona lagað en það er jafnhræðilegt og það er jafnsorglegt að horfa upp á þetta. Það er líka jafnsorglegt að horfa upp á unglinga sem ekki hafa viðfangsefni við hæfi og hv. flm. þessarar þáltill., Hjálmar Árnason, nefndi hið mikilvæga starf íþróttahreyfingarinnar í þessum málum, hið mikla og góða starf íþróttahreyfingarinnar að uppeldismálum. Ég fagna tilkomu þessarar þáltill. Mjór er mikils vísir, segir einhvers staðar. Vonandi verður tillagan til þess að hjálpa til við að auka aga í samfélagi okkar.

[16:46]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að þakka þessa tillögu sem flutt er af hv. þm. Framsfl., Hjálmari Árnasyni, Guðna Ágústssyni og Ólafi Erni Haraldssyni. Ég tel reyndar ekki að þessi mál verði leyst með þáltill., þó samþykkt kynni að verða hér á þingi. En ég tel mjög þarft að færa umræðu um þetta mál sem er grunnvandamál í íslensku samfélagi, inn í þingsali þannig að það sé rætt af mikilli alvöru því ég tel að einmitt það sem þessi tillaga kemur inn á sé kannski meginvandamálið og það erfiðasta sem við eigum við að etja í íslensku samfélagi og hefur því miður ekki farið batnandi eins og maður vonaði þó fyrir nokkrum árum.

Þetta er mikið samfélagslegt vandamál. T.d. er talað mikið um að sumum börnum gangi ekki nógu vel þegar þau byrja í skóla, sérstaklega eigi drengir erfitt uppdráttar í grunnskóla. Ég get lýst því hér sem minni reynslu eftir áratuga kennslustarf að það eru fyrst og fremst þau börn sem hafa farið á mis við að vera öguð á heimilum sínum sem lenda í aðlögunarvandræðum í skóla. Og því miður vilja slík vandamál vinda upp á sig.

Ég held að það sé mjög erfitt að eiga við þetta mál og ég tel að þetta hafi að hluta til versnað á undanförnum árum vegna þess að við erum með færri börn á hverju heimili þannig að ekki er lögð eins mikil áhersla á að ala þau upp, kenna þeim að haga sér, eins og var áður þegar fleiri börn voru í fjölskyldu. Ég get vitnað í fyrirlestur sem ég fór á í desember hjá fjölskyldumálaráðherra Kína sem lýsti því að það væri vaxandi vandamál í Kína hve mikið agaleysi væri að koma upp í skólum. Hún sagði að þetta væri ranghverfan á eins barns kerfinu sem þeir væru búnir að koma á. Það væri látið svo mikið með þessi börn og það væri svo mikið af fullorðnu fólki í kringum þau að dást að þeim og mæla allt upp í þeim sem þau gerðu að þetta væri hreinlega að verða óviðráðanlegt vandamál og kínverska ríkisstjórnin er farin af stað með starf út um allt land þar sem eru eins konar uppeldisskólar sem ungir foreldrar geta sótt og fengið leiðsögn í hvernig þeir eigi að aga börnin sín þannig að þau verði ánægðir, hamingjusamir og nýtir þjóðfélagsþegnar. Við eigum því auðvitað ekki ein í þessu vandamáli en þó hefur maður á tilfinningunni að þetta sé frekar slæmt á Íslandi miðað við það sem maður hefur séð annars staðar.

Ég er alls ekki að tala um að hér verði tekinn upp heragi og að börn megi ekki tala, t.d. við kennarann sinn þegar þau þurfa að tala við hann og slíkt heldur að þau viti hvenær þau mega tala og hvenær þau eiga að þegja þannig að þau séu ekki alltaf að verða fyrir skömmum og áreiti af því að þau kunna ekki að haga sér.

Ég veit að í íþróttahreyfingunni þar sem ég þekki til er þetta líka vandamál. Maður sem hefur fengist við þjálfun hefur sagt mér að hann hafi fengið nokkra efnilega unga menn til að æfa körfubolta sem hann gat hreinlega ekki notað af því ekki var hægt að kenna þeim þann aga sem þurfti að viðhafa til að leika eðlilegan leik. Og hann taldi að þetta vandamál færi versnandi.

Ég vildi aðallega þakka flutning þessarar tillögu og vona að í framhaldinu verði umræður um þetta mál og að reynt verði að leita lausna á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli okkar Íslendinga og reyndar annarra.

[16:51]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tjáð sig um þessa þáltill. fyrir jákvæðar og góðar undirtektir. Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta. Ég tel að við umræðuna hafi komið fram það sem tillagan fjallar um. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að vandamálið, það agaleysi sem augljóslega er í samfélagi okkar, verður ekki leyst með einni þáltill. En ég tek jafnframt undir það með hv. þm. að mikilvægt er að Alþingi ræði þetta mál því þetta er eitt af stærri vandamálum þjóðarinnar að eiga við.

Hins vegar getur Alþingi ályktað og beint til hæstv. menntmrh. sem fulltrúa framkvæmdarvaldsins að skipa nefnd eins og tillagan gerir ráð fyrir þannig að þeir sem um er fjallað og koma að uppeldi barna og eiga þátt í að móta umhverfi þeirra, verði leiddir saman úr þeirri einangrun sem þeir eru í hver um sig núna af ýmsum ástæðum, til þess að skoða leiðir. Þetta er þegar byrjað á ýmsum stöðum á landinu vegna frumkvæðis grasrótar, getum við sagt.

Ég vil leyfa mér, rétt að lokum, að minna á nokkrar sláandi tölur úr könnun Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála þar sem fram kemur m.a. að um 40% nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla — og ég legg áherslu á að við erum að tala um grunnskólanemendur — höfðu neytt áfengis síðustu 30 dagana áður en spurningin var lögð fyrir þá. Reykingar hjá stúlkum hafa farið vaxandi og mun fleiri

stúlkur en drengir reykja. Hugsanlega er það vegna þess að það helst í hendur við það að færri stúlkur stunda íþróttir. Það kemur í ljós að tíundi hver nemandi hefur reykt hass. Það kemur í ljós að 5% nemenda hafa notað amfetamín. Það kemur í ljós að tæp 40% nemendanna eru úti almennt eftir kl. 10 á kvöldin. Þetta eru nemendur úr grunnskóla og þetta er könnun sem hin mikilvæga stofnun Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur birt.

Í sömu könnun segir jafnframt að um 7% nemenda á ákveðnum svæðum vinni meira en 25 klukkustundir á viku með námi sínu. Þetta eru sláandi tölur. Þetta eru óhugnanlegar tölur. Þær segja okkur að við erum í afskaplega óöguðu umhverfi. Þess vegna er mikilvægt að allir komi að þessu. Þetta snýr að málumhverfi nemenda og siðferðilegu umhverfi þeirra. Þetta snýr að hreyfiþroska nemenda ef við tökum nemendur almennt í grunnskólum. Fyrst og fremst snýr þetta að aga og ég tek undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað um að agi sé nauðsynlegur en það sé vandratað meðalhófið þar. Það er ekki verið að tala um járnaga heldur hæfilegan aga sem fyrst og fremst stefnir að sjálfsaga einstaklingsins. En til þess þarf einstaklingurinn að alast upp í öguðu umhverfi. Hann þarf að vita til hvers er ætlast af honum og vita líka að umhverfið bregst við ef hann fer út fyrir þann ramma. En e.t.v. er það ástúð, umhyggja og samskipti við foreldrana sem börn okkar fyrst og fremst skortir.

[16:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessum ágætu umræðum láta þá skoðun mína í ljós að að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að huga að aga meðal ungs fólks í þjóðfélagi okkar. Í einu fyrsta viðtalinu sem ég veitti sem menntmrh. lýsti ég því yfir að mjög mikilvægt væri einmitt að huga að aga í skólakerfinu. Síðan hef ég á fjölda funda lagt áherslu á, t.d. við endurskoðun námskár fyrir grunn- og framhaldsskóla, að þar ættu menn að hafa í huga þrjú orð: Markmið, árangur og aga. Því að menn ná ekki árangri í skólastarfi nema markmiðin séu skýr og nemendurnir beiti sjálfa sig aga og haldið sé uppi aga innan skólanna. Hins vegar verður að gæta að mörkunum, þ.e. hvenær er gengið of langt og hvenær fara menn að beita aga sem dregur úr sköpunarkrafti og því frelsi sem menn þurfa að hafa til þess að njóta sín.

Ég held að rannsóknir á íslenska skólakerfinu sýni og að það hafi komið í ljós t.d. í TIMSS-rannsókninni svokölluðu að þótt við næðum ekki sama árangri og ýmsar þjóðir í stærðfræði og raungreinum, þá glímum við ekki við sama vanda og þær þjóðir sem náðu einna bestum árangri á því sviði, sem lýsir sér í því að þar telja menn að auka þurfi sköpunarkraft nemendanna og ýta undir hugmyndaauðgi þeirra og frelsi og losa þá undan þeim aga sem leiddi til þess að þeir náðu þessum mikla árangri í TIMSS-könnuninni. Þar standa menn því frammi fyrir öðrum þáttum þegar þeir ræða um sitt skólastarf, þ.e. að þeir hafa með miklum aga náð mjög góðum árangri en velta því nú fyrir sér hvort nemendur sem koma út úr skólanum séu færir til þess að takast á við viðfangsefni daglegs lífs með því frjálsa hugarfari sem er nauðsynlegt til að ná þar verulegum árangri og njóta sín í daglegu lífi. Að þessu meðalhófi þurfum við að huga. En ég tel að við endurskoðun á námskránum sem er núna á fullri ferð, sé hugað að því að markmiðin verði skýrari í skólastarfi. Það kallar einnig á að menn þurfi að laga sig að þeim kröfum sem gerðar eru til þess að markmiðin náist og af því mun væntanlega leiða meiri agi og jákvæður agi frekar en að menn verði steyptir í sama mót eða settir undir járnhæl og eitthvert fyrirskipanakerfi sem sett sé á laggirnar.

Þetta vildi ég segja í þessum umræðum. Hv. menntmn. mun fjalla um tillöguna og ég vona að menn komist þar að sæmilegri sátt, hver sem hún verður. En ég er sammála því sem hér hefur komið fram, þ.e. að stuðla beri að því hugarfari sem knýr menn til sjálfsaga og að fylgja fram skólastefnu innan skólakerfisins sem byggir á aga til að ná árangri.

Það liggur einnig fyrir skýrsla á vegum menntmrn. um eflingu íþróttastarfs. Og fyrir liggja rannsóknir sem sýna að með því að efla þátttöku í íþróttum stuðla menn ekki aðeins að því að rækta líkama og sál heldur kemur í ljós að þeir sem stunda íþróttir ná betri árangri í námi og einnig er líklegt að þeir forðist frekar en hinir hættur sem felast í fíkniefnum og því sem óhollt er á því sviði. Ég tel því að það sé líka liður í því að stuðla að aga og virðingu fyrir því að ná árangri í þjóðfélaginu, að ýta undir almenna íþróttastarfsemi, hvetja ungt fólk til þátttöku í íþróttum og standa vel að íþróttahreyfingunni og stuðla að því að hún fái dafnað og nái þeim árangri sem að er stefnt.

Frv. til nýrra íþróttalaga verður væntanlega lagt fram aftur á Alþingi eins og rætt var um í fyrra og þá geta menn fjallað um íþróttamálefnin. Ég tel að á mörgum sviðum getum við sem löggjafarvald beitt okkur fyrir því að ná árangri í anda þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir en hitt kann að vera nauðsynlegt, ef nefndin og þingmenn álíta svo, að setja á laggirnar sérstaka nefnd til að fjalla um málið en það kemur í ljós eftir meðferð í nefndinni og þegar hún hefur kallað til og fengið þær umsagnir sem eðlilegt er að nefndin fái í málum sem þessum og eftir að hún hefur rætt það í sinn hóp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Styrktarsjóður námsmanna, fyrri umr.*

Þáltill. HjÁ o.fl., 245. mál. — Þskj. 290.

[17:00]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um styrktarsjóð námsmanna. Flm. eru ásamt þeim er hér stendur hv. þm. Arnþrúður Karlsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Vilhjálmur Egilsson. Tillagan er svohljóðandi, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa stofnun styrktarsjóðs námsmanna í samstarfi við ríki, sveitarfélög, félagasamtök, vinnuveitendur, launþegasamtök og samtök námsfólks. Ráðherra leggi frumvarp þess efnis fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1998."

Segja má að tillagan hafi tvíþættan tilgang. Annars vegar að auka fé til menntamála, framlög til menntamála og um leið að auka hvatningu til efnilegs námsfólks og leiða saman hið opinbera og það sem í daglegu tali er kallað atvinnulífið, frjáls markaður eða hvað menn vilja kalla það. Hins vegar að tengja saman menntakerfið og atvinnulífið.

Segja má að hér hafi lengi verið plagsiður, og það hefur ítrekað komið fram í umræðum á hv. Alþingi, að prátt fyrir fögur orð og fögur fyrirheit um að efla tengsl skóla og atvinnulífs hafi lítið orðið úr aðgerðum og efndum. Annað

markmið tillögunnar, með því að fyrirtæki og atvinnulífið leggi fram fjármagn til þess að styrkja efnilegt námsfólk, er að tengja beint saman atvinnulíf og skóla. Ég tel, herra forseti, rétt að leggja áherslu á að á engan hátt er verið að ræða um, og er ekki markmið tillögunnar, að styrktarsjóðurinn komi í stað Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur er hann þvert á móti hugsaður sem bein viðbót og verið er að ræða um styrktarsjóð námsmanna.

Það er þekkt umræða sem hefur átt sér stað um árabil að framlög hérlendis til menntamála, hvort heldur er frá hinu opinbera eða úr atvinnulífinu, eru með því lægsta sem þekkist innan ríkja OECD. Um það þarf ekki að deila, þær tölur liggja fyrir. Það er áhyggjuefni og það er einn tilgangur tillögunnar að auka fjárframlög til menntamála til þess að auka menntastig þjóðarinnar. Tilgangurinn með því að fjárfesta í menntun er að bæta menntastig þjóðar. Það er vegna þess að með því getum við eygt framfarir í gegnum gott menntakerfi. Það er uppspretta framfara, það er uppspretta bættra lífskjara, það er uppspretta bætts mannlífs og því er eðlilegt að líta á slík fjárframlög sem fjárfestingu.

Ég nefndi áðan og ítreka að sú gagnrýni hefur lengi komið fram og er eðlileg að of fáir nemendur sæki í hagnýtt nám. Stafar það m.a. af skorti á tengslum á milli skóla og atvinnulífs sem svo oft hefur komið til umræðu. Ég legg mikla áherslu á að þessi tengsl séu bætt á allan hátt og þáltill. felur í sér viðleitni til þess að bæta þar úr.

Herra forseti. Víða erlendis er þekkt að fyrirtæki styðji myndarlega efnilegt námsfólk með fjárframlögum og beinum styrkjum. Þau sjá sér hag í því að fjárfesta þannig í sérfræðikunnáttu sem fyrirtækið þarf á að halda og líta á slíkt sem fjárfestingu til framfara fyrir fyrirtækið og þjóðfélagið. Þess eru jafnvel dæmi að ýmsar mjög athyglisverðar nýjungar hafi komið frá styrkþegum slíkra styrkja. Því miður hefur heldur lítið verið gert af því hérlendis. Ástæður eru ugglaust ýmsar en líklegt má telja meginskýringuna þá að íslenskt atvinnulíf hefur lengi verið borið uppi af svonefndri frumframleiðslu þar sem eru ekki gerðar miklar kröfur og nánast engar kröfur um menntun. Á þessu hefur orðið allveruleg breyting í kjölfar breytinga í atvinnulífinu nú á allra síðustu árum og krafan um bætta menntun á öllum sviðum, ekki síður í framleiðslunni, hefur sett vaxandi þrýsting á skólakerfið og menntakerfið. Hins vegar má segja að við þekkjum lítil eða fá dæmi þess að fyrirtæki leggi beinlínis fram styrki til námsfólks. Þó að vissulega séu dæmi um það eru þau ekki algeng. Segja má að vettvanginn skorti til þess að fyrirtæki og einstaklingar geti reitt fram fé í því skyni að efla og veita styrki til efnilegs námsfólks. Það er megintilgangur tillögunnar að skipuð verði nefnd sem móti tillögur um slíkan vettvang þannig að hægt sé að vinna markvisst að því í samstarfi hins opinbera og atvinnulífsins að útvega fé og fjármuni sem auglýsa má undir ýmsum skilyrðum fyrir efnilegt námsfólk í skilgreint nám.

Ég er sannfærður um að vilji er til staðar meðal fyrirtækja og stjórnenda fyrirtækja. Því kynntist ég í fyrra starfi mínu áður en ég hóf störf hér, þ.e. sem skólameistari, að skilningur atvinnulífsins var til staðar þegar til þess var leitað. Þess vegna er mikilvægt að búa til þann vettvang svo að hægt sé að ná þessu samstarfi upp kerfisbundið. Hið opinbera, þ.e. ríkið, þarf að sýna vilja sinn afgerandi í verki og getur gert það á tvennan hátt. Það er annars vegar með því að veita fyrirtækjum og einstaklingum skattafslátt fyrir framlög til menntamála og hins vegar með því að Alþingi eða ríkissjóður leggi fé í slíkan pott. Þannig er verið að tengja saman þessa tvo aðila, þ.e. atvinnulífið og hið opinbera.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að með þessu er hugsunin alls ekki sú að koma upp einhverri þunglamalegri stofnun. Hér er verið að ræða um skilvirkan sjóð sem nefndinni er ætlað að útfæra hvernig er best að koma á. Setja þarf saman reglur um hvernig úthlutanir eiga að vera tengdar skilyrðum fjárfesta, óskum atvinnulífsins, menningarstofnana og þar fram eftir götunum. Þess vegna gæti verið hugsanlegt að slíkur sjóður yrði vistaður innan lánasjóðsins en það er eðlilegt að nefndin, komi til slíkrar skipunar, fjalli um það og komi með tillögur til hæstv. menntmrh.

Með tillögunni er hugsunin sú að auka hvatningu til ungs fólks, hækka þar með menntastig þjóðarinnar og velsæld. Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. menntmn. og vona að hún fái farsæla afgreiðslu á Alþingi.

[17:08]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að kynna tillöguna. Eins og fram kemur er markmið hennar að auka framlög til menntamála og fá atvinnulífið enn virkara til stuðnings við menntakerfi í landinu. Við sjáum þó merki þess að atvinnurekendur eru að gera sér betri grein fyrir mikilvægi þessa. Það sjáum við með fjárframlögum Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík til Háskóla Íslands varðandi prófessorsstöður.

Auðvitað er mjög nauðsynlegt að hafa samtengingu við atvinnurekstur, atvinnulífið og skólana í landinu. Það er líka athyglisvert að fylgjast með ýmsum iðngreinum sem hafa verið að sækja í sig veðrið á undanförnum árum sem fólk bar ekki sérstaklega mikla virðingu fyrir fyrir ekki svo allmörgum árum. Þar vil ég kannski fyrst nefna til sögunnar matreiðslumeistara en í raun má segja að matreiðslumeistrar á Íslandi séu að verða nýir sendiherrar í landkynningu. Þeir hafa verið í mjög góðu samstarfi við landbúnaðarframleiðendur og í raun og veru eru engir sem geta kynnt betur íslenskar landbúnaðarvörur en einmitt matreiðslumeistararnir. Þetta skiptir miklu máli. Það hefur einnig verið búið ágætlega að þessum greinum og fyrir það ber að þakka. Sömu sögu er að segja um kjötiðnaðarmenn en það fag er í örri sókn. Ég nefni einnig hárskurð sem iðngrein sem einnig er í mikilli sókn. Ég tel að þessar þrjár iðngreinar hafi rifið sig upp með miklum krafti á undanförnum árum.

Á Íslandi hefur á vissan hátt ríkt ákveðið misrétti til náms, þ.e. framhaldsskólanáms. Þeir sem búa lengst í burtu frá skólum hafa þurft að verja mun meiri peningum til þess að mennta börn sín en í síðustu fjárlögum var ákveðið að verja 50 millj. kr. meira til jöfnunar á námskostnaði en áður hafði verið gert og fyrir því barðist ég, m.a. í fjárln., og vonandi verða þær 50 millj. til að draga úr þessu misrétti sem ég hef oft talað um úr ræðustóli.

Ljóst er að styrktarsjóður sá sem talað er um í þáltill. kemur ekki til með að leysa Lánasjóð ísl. námsmanna af hólmi, þetta hrein og bein viðbót. Það þarf að setja þessum sjóði mjög skýrar reglur. Við flm. þessarar þáltill. gerum okkur grein fyrir því að menntun er fjárfesting til framtíðar og við eigum að gera allt sem við getum til þess að auðvelda ungu og reyndar fólki á öllum aldri að auka menntun sína.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:12]

**Útbýting þingskjala:**

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 361. mál, svar dómsmrh., þskj. 711.

Skipaður talsmaður barna í forsjármálum, 369. mál, svar dómsmrh., þskj. 712.

## *Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi, fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 260. mál. — Þskj. 320.

[17:13]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Tillaga sú sem ég mæli fyrir um miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að stuðla að því í samvinnu við háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Atvinnuþróunarfélag Austurlands að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskólastigs og endurmenntunar í Austurlandskjördæmi.

Verkefni miðstöðvarinnar verði fyrstu árin að auðvelda og þróa tengsl nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi við skóla og nám á háskólastigi og tengja saman aðila sem sinna endurmenntun og símenntun á Austurlandi."

Flm. ásamt þeim sem hér talar eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Kristjánsson.

Tillaga þessi er komin öðru sinni fyrir Alþingi, nú með smávægilegum breytingum frá síðasta þingi, sem rétt er að geta en þá bar hliðstætt mál heitið „Tillaga til þingsályktunar um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi".

Í tillögugreininni var vísað til samráðsnefndar framhaldsskóla á Austurlandi sem er nú háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem vísað er til. Annað er í rauninni orðalagsbreytingar sem breyta ekki innihaldi. Tekið er upp hugtakið endurmenntun og símenntun og áhersla lögð á það en í hinni fyrri tillögu var talað um námskeið og fjarkennslu m.a. sem verkefni fyrir þessa miðstöð.

Við frágang málsins var talið rétt að birta með tillögunni umsagnir þeirra sem gáfu hv. menntmn. umsögn um málið á síðasta þingi. Þær fylgja þessu máli til glöggvunar bæði fyrir þá sem skoða það hér í þinginu og aðra en umsagnir um málið á fyrra þingi voru undantekningarlaust jákvæðar má segja. Tekið var jákvætt undir efni tillögunnar, allt frá umsögn sem kom frá menntmrn. til nefndarinnar sem og annarra sem um málið fjölluðu, þar á meðal voru háskólarnir í landinu eða fulltrúar þeirra sem sendu inn umsögn.

Við umræðu um málið á síðasta þingi talaði hæstv. menntmrh. og tók mjög jákvætt á efni þessa máls og þar komu fram athyglisverð atriði. Segja má að almennt hafi þetta mál fengið ágætar viðtökur, einnig þar sem eðlilegt er að áhuginn sé hvað mestur, þ.e. á Austurlandi þar sem mikið hefur verið um þetta fjallað og talsvert hefur verið að gerast í sambandi við málið jafnhliða því sem þessi tillaga hefur legið fyrir þinginu.

Það er rétt að rifja upp það sem fram kemur í greinargerð, svo ég vitni þar með beint til greiðargerðar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að mati flutningsmanna eru ekki raunhæfar forsendur í bráð til þess að efna til sjálfstæðs háskóla á Austurlandi og önnur tilhögun er vænlegri til að Austfirðingar fái með skjótum hætti greiðari aðgang og betri tengsl við háskólastigið en nú er. Lagt er til að Alþingi feli menntamálaráðherra að stuðla að því í samvinnu við háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) og Atvinnuþróunarfélag Austurlands að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskólastigs og endurmenntunar í fjórðungnum. Verkefnasvið þessarar miðstöðvar verði fyrst í stað einkum tvíþætt eins og fram kemur í nafngiftinni miðstöð háskólastigs og endurmenntunar, þ.e.:

að þróa víðtæk tengsl við skóla og nám á háskólastigi annars staðar á landinu og miðla þeim tengslum til nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi;

að stuðla að endurmenntun og námi á þessu skólastigi á Austurlandi, m.a. í formi námskeiða og fjarkennslu.

Endurmenntun, símenntun og fjarkennsla í samstarfi við þá háskóla sem fyrir eru gætu orðið meðal helstu verkefna miðstöðvarinnar og tengst framhaldsskólum, fyrirtækjum og starfsgreinafélögum innan fjórðungsins."

Þetta lýsir í rauninni hugsun okkar flm. varðandi verkefni miðstöðvarinnar. Þó að það hafi ekki komið fram með áberandi hætti má vera að einhverjum finnist að ekki sé sá metnaður að baki þessum tillöguflutningi sem þeir hefðu viljað sjá, þ.e. að gera tillögu um að koma upp háskóla á Austurlandi. Eins og hér hefur komið fram og tillagan ber með sér teljum við það ekki skynsamlega byrjun á þessu máli en væntum þess jafnframt, í ljósi þess hvernig í málið er gengið af okkar hálfu, að þessi hugsun og sú þróun sem hér er gert ráð fyrir fái raunverulegan stuðning og framgang. Auðvitað er afar mikilvægt að það gerist.

Ég vil geta þess að starfandi hefur verið sérstök nefnd, nú kölluð háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, og hefur nú verið að störfum á annað ár. Hún lagði efni fyrir aðalfund Sambands sveitarfélaga sl. sumar, í lok ágúst, þar sem fjallað var um málið í ljósi greinargerðar nefndarinnar og með hliðsjón af þeirri tillögu sem flutt var á síðasta þingi. Ég leyfi mér að vitna til samþykktar aðalfundar SSA um málið, með leyfi forseta, sem er svohljóðandi:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn á Fáskrúðsfirði dagana 28.–29. ágúst 1997, telur háskóla- og endurmenntun mikilvæga þætti í byggðastefnu og því nauðsynlegt að stuðla að jafnrétti til slíkrar menntunar á landsbyggðinni.

Fundurinn lýsir yfir stuðningi við sameiginlega hugmynd í þingsályktunartillögu þingmanna Austurlands og tillögu háskólanefndar SSA um að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi.

Fundurinn felur háskólanefnd SSA að vinna að stofnun slíkrar miðstöðvar í samstarfi við austfirskt atvinnulíf, aðila sem sinna háskóla-, endur- og símenntun svo og stofnanir sem vinna að byggðamálum.

Fundurinn minnir á að það er ríkisins að fjármagna verkefni á háskólastigi. Því þarf að leita eftir stuðningi menntamálaráðherra við málið og fá fjárveitingu frá Alþingi þegar á árinu 1998 til að koma miðstöðinni á fót."

Eins og þarna kemur fram var lögð áhersla á að fá fjárveitingu til málsins og hið ánægjulega gerðist við afgreiðslu

fjárlaga fyrir hátíðir að veittar voru 8 millj. kr. til undirbúnings þessa máls með hliðsjón af sérstöku erindi sem háskólanefnd SSA hafði komið á framfæri við nefndina. Þar var óskað eftir fjárveitingu til að ráða starfsmann til að undirbúa stofnun miðstöðvar háskóla- og endurmenntunar og auk þess til að kosta sérstakt tilraunaverkefni til að nýta gagnvirkt sjónvarp eða fjarfundabúnað til kennslu í framhaldsskólum á Austurlandi. Það síðara með tilliti til þess að nauðsynlegt sé að framhaldsskólarnir tengist því starfi sem hér er um að ræða. Þeir skila fólkinu upp á háskólastigið eða a.m.k. í áttina að því og eru þær stofnanir sem byggt er á við undirbúning að háskólamenntun. Fjárveiting sú sem þarna fékkst mun vera til athugunar vegum menntmrn. Þar verður kannað hvernig hún nýtist sem best enda brýnt að svo verði við undirbúning þessa máls.

Nefndin sem þarna hefur verið að starfi á annað ár hefur látið það koma fram að hún geri ráð fyrir að annað þurfi að taka við innan tíðar. Nefndarstarfið og ráðning starfsmanns til undirbúnings er auðvitað mikilvægt veganesti til að þróa þessa hugmynd frekar og tryggja að unnið verði að henni þannig að hún komi til framkvæmda. Jafnhliða er sjálfsagt og brýnt að Alþingi segi álit sitt á málinu með því að ályktun um málefnið, þetta óskamál Austfirðinga á sviði háskólamenntunar ef svo má segja. Þannig væri stuðningur þingsins við þetta málefni ljós. Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hv. menntmn. sem fær málið til frekari meðferðar tryggi að tillagan fái afgreiðslu á þessu þingi. Mér sýnist að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að Alþingi taki afstöðu til málsins og jákvæða afstöðu í ljósi góðra undirtekta frá nánast öllum sem hafa tjáð sig um þetta efni.

Ég vil geta þess, virðulegur forseti, að þegar hæstv. menntmrh. ræddi þetta mál við umræðu um hliðstæða tillögu á síðasta þingi, vék hann m.a. að því umhugsunarefni að áhuginn í aðalatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, á háskólamenntun og að nýta krafta þeirra sem hefðu öðlast slíka menntun væri minni en þyrfti að vera. Svo ég sé ekki að leggja hæstv. ráðherra orð í munn vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til ummæla hans en eftir að ráðherra hafði velt þessu fyrir sér sagði hann:

„Þetta er atriði sem mér finnst að við getum ekki litið fram hjá og er atriði sem þarf að ræða hér eins og annars staðar og velta því fyrir sér hvort kröfurnar sem þessi undirstöðuatvinnugrein gerir til menntunar starfsmanna sinna séu nægilega miklar."

Ég rifja þetta upp hér vegna þess að ég held að þetta sé alveg hárrétt ábending. Ég tel að hún hafi fengið staðfestingu og sé að koma fram með ýmsum hætti m.a. á Austurlandi. Ráðherrann bætti því við að athyglisvert væri að óskirnar eftir endurmenntun og símenntun kæmu frá þeim sem þegar hefðu öðlast slíka menntun og sem vildu bæta við sig. Ég tel að hér sé um að ræða ákveðinn vítahring víða í undirstöðum atvinnulífs okkar sem endurspeglast m.a. í því að fólkið sem þegar hefur öðlast allgóða undirstöðumenntun sækir í endurmenntun og notar þau tækifæri sem þar eru til en hinir sem ekki hafa komist á sporið, ef svo má segja, gera ekki kröfur um að aðstaða sé til frekari menntunar og knýja ekki á um endurmenntun.

Á fyrrnefndum aðalfundi SSA sl. sumar var kynnt könnun sem háskólanefndin hafði staðið fyrir varðandi hug forstöðumanna fyrirtækja á Austurlandi til menntunar og þarfarinnar fyrir að bæta við sig menntuðu starfsfólki. Svörun var nú ekki sem skyldi í þessari könnun sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri stóð fyrir. Ekki var nema 36% svarhlutfall og það gerðist m.a. að sjávarútvegsfyrirtækin voru almennt treg til að svara þessu. Helst var að svör kæmu frá þjónustufyrirtækjum og annars staðar þar sem háskólamenntað fólk var frekar í forsvari.

Ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, til þess að leggja áherslu á að fjórðungur eins og Austurland sem byggir sitt á frumvinnslugreinum, í sjávarútvegi og landbúnaði, langtum meira en t.d. á höfuðborgarsvæðinu, hefur mikla þörf fyrir að aðstaða verði bætt til að sóknar á háskólastigi (Forseti hringir.) og í endurmenntun.

Ég treysti því að sá góði hugur sem fram hefur komið um þessi efni í tengslum við flutning þessarar tillögu á síðasta þingi og í þeirri umræðu sem orðið hefur varðandi tillöguna utan þings verði til þess að málið fái jákvæðan framgang og stuðning þannig að undirstöðurnar verði að þessu leyti treystar á Austurlandi eins og gera þarf um allt land.

[17:29]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að bæta við framsögu 1. flm. þessarar tillögu. Ég tek undir orð hans og hvet til þess að þessi tillaga fái afgreiðslu á þessu þingi. Það mundi styrkja mjög þann farveg sem málið er þegar komið í en það fékk jákvæðar undirtektir við umræðu á síðasta þingi og fjárlagaafgreiðslu í vetur. Þingið hefur tekið jákvætt undir málið með því að samþykkja fjárframlag til þess við síðustu fjárlagagerð eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm.

Þetta mál hefur verið í undirbúningi á Austurlandi um nokkurt skeið og er áhugamál skólamanna og sveitastjórnarmanna þar um slóðir. Þeir og samtök þeirra hafa tekið þetta mál og fjölda annarra upp á sína arma. Eins og hefur komið fram er ekki ætlunin að koma upp nýjum háskóla á Austurlandi heldur miðstöð háskóla- og endurmenntunar. Þróun háskóla- og endurmenntunar fyrir samfélag eins og þar er er gífurlega mikil. Í nútímasamfélagi eru þjóðfélagslegar breytingar miklar, tækniþróun er afar hröð, nýjar hugmyndir koma fram og uppspretta þeirra hugmynda er oft í háskólastofnunum. Það er mjög áríðandi að slíkt umhverfi sé fyrir hendi víðar en í háskólunum sjálfum og ég hygg að háskólamenn séu sammála því. Hugmyndin hefur fengið afar jákvæðar undirtektir hjá þeim háskólastofnunum hér á landi sem hafa fjallað um þetta mál. Ég hygg að umfjöllun menntmn. um tillöguna og sú greinargerð sem fylgir henni, þar sem undirbúningur þessa máls er rakinn, verði gagnleg og málinu til framdráttar. Ég trúi því að málið hljóti áfram jákvæðar undirtektir í Alþingi eins og það hefur gert hingað til. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni.

[17:32]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var málið rætt á síðasta þingi og einnig við afgreiðslu fjárlaga. Þá var ákveðið að veita 8 millj. kr. til að vinna að því málefni að efla eða koma á laggirnar miðstöð eða starfsemi á háskóla- og endurmenntunarstigi á Austurlandi. Eftir að fjárlögin voru samþykkt hefur menntmrn. fjallað um málið og einnig hefur háskólanefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fjallað um málið og sent erindi til mín sem er til athugunar. Því er ljóst að forsendur eru fyrir því núna að sinna þessu verkefni með öðrum hætti en áður vegna þess að veittir voru fjármunir til að líta á frumþætti málsins. Sú vinna er að fara af stað og

eins og fram hefur komið hafa ýmsir aðilar veitt umsagnir um hugmyndina og er gagnlegt að sjá það allt á einum stað í fylgiskjölum þeirrar tillögu sem fer nú til hæstv. menntmn. til athugunar.

Ég vil láta það koma fram, sem kom raunar fram í umræðum áðan um Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, að 5. nóv. sl. undirrituðu skólameistarar framhaldsskóla á Austurlandi samkomulag til þriggja ára um skipulegt samstarf skólanna. Má rekja það samkomulag til frumkvæðis sem kom úr menntmrn. og starfs á vegum ráðuneytisins á Austurlandi sem hefur miðað að því að efla samstarf á milli skólanna. Samningurinn er liður í þeirri stefnu að efla samvinnu og verkaskiptingu á milli framhaldsskóla og skapa með því grundvöll að auknum gæðum náms og betri nýtingu fjár þegar til lengri tíma er litið.

Samningurinn sem skrifað var undir 5. nóv. er fyrsti samningurinn af þessu tagi sem gerður hefur verið milli framhaldsskóla á einu landsvæði. Það kemur fram í samstarfssamningnum, sem verður nú hrundið í framkvæmd og ráðinn hefur verið starfsmaður til að sinna, að eitt af þeim verkefnum sem skólarnir ætla að sinna sameiginlega er að hafa samráð um framboð á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar. Einnig kemur fram og hefur komið fram í umræðum um málið að mjög nauðsynlegt væri að tengja skólana betur saman með gagnvirku sjónvarpi eða öðrum búnaði sem gerði kleift að miðla fræðslu á milli skólanna með hinni nýju tækni. Þetta mál lýtur að nokkru leyti að þessu sama. Það lýtur að því að menn vilja auka veg endurmenntunar á háskólastigi, símenntunar og fullorðinsfræðslu á Austurlandi með háskólagæðastimpli. Menn vilja einnig koma málum þannig fyrir að hin nýjasta tækni verði nýtt til að auðvelda aðgang að slíku námi og tengja þá væntanlega saman skóla á Austurlandi, Akureyri og í Reykjavík þar sem háskólar starfa og einnig framhaldsskólana á Austurlandi innbyrðis þannig að menn sitji við sama borð ef svo má að orði komast þegar hinna nýju kosta er neytt með tilstuðlan nýrrar tækni. Mér finnst að þetta hljóti að verða fyrsta verkefnið þegar við förum að sinna þessum viðfangsefnum. Samhliða því sem hæstv. menntmn. fjallar um tillöguna finnst mér sjálfsagt að lagt verði á ráðin af hálfu menntmrn. í samvinnu við heimamenn hvernig við nýtum fjármunina best í þeim anda sem lýst er í tillögunni og á þeim forsendum sem liggja fyrir með samstarfi framhaldsskólanna og óskum manna þar um að þeir komi að fullorðinsfræðslu, símenntun og endurmenntun og tengist háskólum með einum eða öðrum hætti.

Þetta er viðfangsefnið, það er ágætt að orða það en það kann að vera mun flóknara í framkvæmd. Eins og kemur fram í umsögnum frá síðasta ári er áhugi bæði frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands á því að taka þátt í þessu og vafalaust vilja fleiri skólar á háskólastigi láta að sér kveða. Við vitum að Kennaraháskólinn hefur þegar beitt sér fyrir endurmenntunarnámskeiðum á Austfjörðum með tilstuðlan fjarkennslubúnaðar og tölvubúnaðar. Ég er sammála því að við þurfum að ná höndum utan um þetta. Það er æskilegt að ráða starfsmann til að sinna því og meta kostina í þessu en markmiðin finnst mér að eigi að vera þessi: Að nýta sér samstarfið milli framhaldsskólanna, þau markmið sem þeir hafa sett sér, nýta sér hugmyndirnar um tæknibúnað til að auðvelda þetta og taka upp viðræður við háskólastofnanir og sjá hvernig hægt er að þróa þetta skynsamlega í anda þess mikla áhuga sem er á Austfjörðum til að skapa forsendur fyrir námi á háskólastigi þar án þess að þar verði reistur sérstakur háskóli eða komið á laggirnar sérstakri háskólastofnun með öðrum hætti en hér er lýst og um er fjallað í þessari þáltill.

[17:38]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Austurl. og hæstv. menntmrh. fyrir þátttöku í umræðu um málið. Ég þarf svo sem ekki að bæta miklu við þótt margt megi segja um málið. Það er afar brýnt eins og hæstv. ráðherra sagði í sínu máli að koma málinu á legg. Málið þarf að gera þokkalega sjálfbært, þó með þeim fjárhagsstuðningi sem verður til að koma og sem ríkisvaldið er skuldbundið til að leggja inn í mál af þessu tagi að svo miklu leyti sem það er háskólastigsmál. Ég er bjartsýnn eftir þær jákvæðu undirtektir sem málið hefur fengið og þá ekki síst frá hæstv. ráðherra menntamála sem hefur sýnt það í ýmsum efnum að hafa mikinn áhuga á því, m.a. að nýta nútímatækni, miðlunartækni, í sambandi við menntun sem er hvergi brýnna en í landi eins og okkar með fámenni víða og dreifðar byggðir. Ég vænti þess að á Austurlandi fáist innan ekki langs tíma reynsla af því að koma slíkum hlutum áfram í reynd. Það er mjög mikilvægt. Þar þurfa margir að leggjast á eitt.

Í framhaldi af því sem ég nefndi áðan um atvinnustarfsemina vil ég að ekki sé misskilið að það sé alls staðar svo háttað að sjávarútvegsfyrirtæki séu ekki með vel menntað fólk á sínum snærum þó að þar skorti verulega á að breið undirstaða sé að því leyti. Í sumum fyrirtækjum í sjávarútvegi, m.a. á Austurlandi, er þessum málum þokkalega fyrir komið. Ég tel einmitt að reynslan hafi sýnt hversu mikilvægt það er að slík þekking sé í fyrirtækjunum og atvinnulífinu og sennilega er hvergi brýnna en þarna að jákvæð breyting verði í undirstöðuatvinnugreinum okkar, þeim sem hafa dugað okkur best til þessa til að ná bættum árangri. Til að undirstrika þetta leyfi ég mér örlitla tilvitnun í eina umsögn frá forstöðumanni eða framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Austurlands sem veitti umsögn um tillöguna á síðasta þingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Streymi þekkingar frá hinum samþjappaða kjarna mennta-, rannsókna- og tæknistofnana í Reykjavík til Austurlands er óviðunandi tregt. Atvinnulíf og í raun samfélagið á Austurlandi í heild hefur verið í þekkingarsvelti sem hefur verið lamandi fyrir framþróun í landshlutanum eins og endurspeglast í byggðaþróun undanfarinna ára. Horft til framtíðar þá blandast fáum hugur um að þekkingarsvelti í atvinnulífi og byggðum mun hafa öll einkenni bráðdrepandi sjúkdóms. Það er því miður allt of algengt að horfa upp á erfiðleika skapast og umtalsverða fjármuni tapast vegna of takmarkaðrar þekkingar í atvinnulífi á Austurlandi."

Þetta er örstutt tilvitnun úr lengri umsögn. Mér finnst hún segja heilmikla sögu og þar talar fulltrúi sem er að vinna að atvinnuþróun í landshlutanum en segir jafnframt um tillöguna, með leyfi forseta:

„Það eykur gildi tillögunnar verulega að í henni felst aðgerð sem hefur allar forsendur til að vera einföld í framkvæmd, skilvirk og umfram allt skjótvirk. Í ljósi áðurnefndra atriða mun Atvinnuþróunarfélagið fúslega taka þátt í vinnu við uppbyggingu fræðslumiðstöðvarinnar verði eftir því leitað."

Þetta get ég látið nægja um leið og ég ítreka þakkir til þeirra sem hafa léð málinu lið, bæði í umræðum í þinginu og annars staðar. Ég vænti þess að við stöndum fljótlega betur að vígi til að taka á þessum málum í krafti samþykkta

og fjármagns sem Alþingi hefur þegar veitt til undirbúnings málsins, svo hægt verði í samvinnu að stíga skref sem geti orðið þessum fjórðungi sem í hlut á til heilla en jafnframt skapist reynsla fyrir ýmsa aðra sem geta þurft að horfa til ekki ólíkra lausna í sambandi við menntun sína.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, 1. umr.*

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 461.

[17:44]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Um alllangt skeið hefur lögheimili hér á landi skorið úr um hvort einstaklingur teljist tryggður samkvæmt lögum um almannatryggingar. Gildandi lög um almannatryggingar gengu í gildi 1. jan. 1994 og eru að verulegu leyti samhljóða eldri almannatryggingalögum frá 1971 að öðru leyti en því að tekið var tillit til nýrra skuldbindinga vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu frá og með sama tíma, þ.e. 1. jan. 1994.

Eftir gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur það komið betur og betur í ljós að lögheimilisskilyrði skortir nauðsynlegan sveigjanleika gagnvart þeim margvíslegu tilvikum sem upp geta komið, m.a. í tengslum við frjálsa fólksflutninga innan EES-svæðisins.

Með frv. þessu er leitast við að gera lagaframkvæmdina skýrari og jafnframt liprari þannig að unnt sé að taka tillit til þeirra fjölmörgu tilvika sem upp koma vegna flutnings fólks milli landa í atvinnuskyni.

Frv. var samið af vinnuhóp sem í áttu sæti fulltrúar frá heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnun ríkisins og Hagstofu Íslands. Í frv. er lagt til að í lög um almannatryggingar komi nýr kafli þar sem ítarlega er fjallað um það hverjir eru tryggðir samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir að í kaflanum verði fjórar nýjar greinar, 9. gr. a – 9. gr. d. Í þessum greinum er fjallað um það hverjir séu tryggðir hér á landi og hvaða undanþágur Tryggingastofnun ríkisins megi veita. Þessar breytingar kalla á smávægilegar orðalagsbreytingar á 32. gr. laganna, sbr. a-lið 3. gr. frv. Þá eru í frv. lagðar til breytingar á reglugerðarheimild 32. gr. laganna. Hér er um nokkuð flókið mál að ræða. Ég tel rétt að fjalla nánar um þær breytingar sem hér eru lagðar til og skýra þær nánar hverja fyrir sig.

Samkvæmt a-lið 1. gr. frv. er sú meginregla óbreytt að tryggingaverndin samkvæmt almannatryggingalögum fylgi búsetu hér á landi samkvæmt skilningi lögheimilislaga. Tryggingastofnun ríkisins túlkar og ákvarðar endanlega hvort einstaklingur hafi búsetu hér í skilningi lögheimilislaga. Verklagið er í samræmi við framkvæmd Tryggingastofnunarinnar um nokkurra ára skeið eða eftir niðurstöðu Hæstaréttar frá 27. maí 1993 um að stofnunin geti ekki eingöngu byggt á lögheimilisskráningu Hagstofunnar við mat á rétti til bótagreiðslna frá stofnuninni. Af þessu leiðir að upp geta komið tilvik þar sem einstaklingur er skráður með lögheimili hér á landi en Tryggingastofnun telur að hann uppfylli ekki skilyrði um búsetu í skilningi lögheimilislaga. Þar með tel ég að hann sé ekki tryggður samkvæmt almannatryggingalögum. Ástæða þessa gæti t.d. verið að Tryggingastofnun hefði undir höndum nýrri og nákvæmari upplýsingar um viðkomandi einstakling en Hagstofa Íslands.

Ákvörðun Tryggingastofnunar má kæra til tryggingaráðs. Af þessari framkvæmd leiðir að 53. gr. almannatryggingalaga er óþörf og því er lagt til í 4. gr. frv. að hún falli brott.

Í a-lið 1. gr. er vísað til þess að viðkomandi þurfi að uppfylla önnur skilyrði sem lög um almannatryggingar setja fyrir því að teljast tryggður. Hér má nefna sem dæmi 11. gr. laganna. Samkvæmt henni á enginn rétt á ellilífeyri hér á landi nema hafa búið hér a.m.k. þrjú ár á aldrinum 16–67 ára. Í ákvæðinu er einnig vísað til þess að frá meginreglunni um búsetu megi finna undantekningar sem kunni að leiða af milliríkjasamningum. Til slíkra undantekninga má nefna reglur EES-svæðisins um almannatryggingar. Samkvæmt þeim telst maður í starfi tryggður í því ríki sem hann vinnur án tillits til búsetu.

Í b-lið 1. gr. er Tryggingastofnun veitt heimild til að veita undanþágur frá meginreglunni um búsetu hér á landi. Í ákvæðinu felst að stofnuninni verður heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem hefur verið tryggður samkvæmt lögunum en sem uppfyllir ekki lengur skilyrði um búsetu hér á landi geti áfram verið tryggður samkvæmt almannatryggingalögum. Skilyrði þessa er að viðkomandi sé búsettur erlendis vegna starfa fyrir aðila sem hafa aðsetur og starfsemi á Íslandi og að af launum hans sé greitt tryggingagjald samkvæmt lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990. Sama undanþága gildir gagnvart maka viðkomandi og börnum undir 18 ára aldri sem dveljast með honum. Gert er ráð fyrir að stofnunin muni setja þessum tryggingum ákveðin tímamörk þannig að þeir sem með þessum hætti teljast tryggðir hér á landi þurfi með reglulegu millibili að endurnýja heimildina fyrir tryggingunni. Þannig mun stofnunin fylgjast með að skilyrðum tryggingarinnar sé áfram fullnægt.

Mikilvægt er að undirstrika að sú breyting á gildandi reglum sem hér er lögð til er mikið sanngirnismál fyrir þá fjölmörgu einstaklinga sem hafa verið tryggðir hér á landi en fallið úr tryggingu vegna atvinnu sinnar erlendis fyrir aðila sem hafa aðsetur og starfsemi á Íslandi. Ástæður þessa hafa verið þær að þeir hafa ekki lengur átt rétt á að eiga hér lögheimili samkvæmt lögheimilislögum. Gildandi reglur hafa þannig gert það að verkum að þessir einstaklingar hafi ekki verið tryggðir hér á landi, jafnvel þótt tryggingagjald, sem að hluta til stendur undir kostnaði við lífeyristryggingar almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, hafi verið greitt af launum. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir einstaklingar sem uppfylltu skilyrði fyrir þessari undanþágu hinn 1. janúar 1994 eða síðar geti sótt um til Tryggingastofnunar ríkisins að teljast áfram tryggðir hér á landi. Frestur þessara einstaklinga til að endurvekja tryggingu sína með þessum hætti verður til 1. júlí 1999 eða í eitt ár eftir gildistöku þessara nýju ákvæða. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir afturvirkri leiðréttingu fyrir þessa aðila enda um samningsmál að ræða þar sem skilyrðið er að tryggingagjald hafi allan tímann verið greitt hér á landi af launum.

Í c-lið 1. gr. er Tryggingastofnun ríkisins veitt heimild til að ákveða að einstaklingur, sem hyggst flytjast af landi brott eða sem búið hefur hér á landi í samfellt fimm ár, geti sótt um að vera áfram tryggður í allt að eitt ár frá brottfarardegi enda

leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Þá er það og skilyrði að tilgangur fararinnar sé ekki að leita læknismeðferðar. Með þessari heimild er þeim sem vilja dveljast tímabundið erlendis, t.d. hjá börnum sínum í löndum sem Ísland hefur ekki samið við um gagnkvæm almannatryggingaréttindi, gert kleift að fara í slíkar ferðir án þess að trygging þeirra hér á landi falli úr gildi. Með þessu ákvæði eins og raunar öðrum í þessum nýja kafla er verið að gera almannatryggingakerfið sveigjanlegra en hingað til hefur verið.

Í d-lið 1. gr. felst heimild til ráðherra um að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa nýja kafla. Í heimildinni er sérstaklega tekið fram að setja skuli reglur um hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis. Hér er vísað til 9. gr. lögheimilislaga því samkvæmt henni mega námsmenn erlendis halda lögheimili hér á landi. Lögheimilislögin skilgreina ekki hverjir séu námsmenn. Það er því eðlilegt að með reglugerð verði skilgreint hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis í skilningi almannatryggingalaga. Skattyfirvöld hafa með sambærilegum hætti sett reglur um námsmenn erlendis, sbr. reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna sem dveljast erlendis við nám, samkvæmt ákvæðum laga um opinber gjöld. Ákvæðið gerir og ráð fyrir að setja megi reglur um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga.

Eins og áður hefur verið minnst á er meginregla almannatryggingalaga sú að þeir sem búsettir eru í landinu í skilningi lögheimilislaga teljist tryggðir. Frá þessu eru þó margvíslegar undantekningar. Flestar leiða þær af þeim milliríkjasamningum um almannatryggingar sem Ísland hefur gert. EES-reglur gera þannig ráð fyrir að einstaklingur sé ætíð tryggður í því landi sem hann starfar þó hann teljist búsettur annars staðar.

Ákvæði EES-samnings hafa áhrif á biðtíma samkvæmt 32. gr. almannatryggingalaga. Af þeim ákvæðum leiðir að komi einstaklingur frá samningsríki og hafi verið sjúkratryggður þar, þá verður að taka tillit til þess tryggingatímabils gagnvart sex mánaða tímabili hér á landi. Þetta leiðir af svokallaðri samlagningarreglu EES-reglna um almannatryggingar.

Þjóðskrá Hagstofu Íslands er og verður stofn tryggingaskrár Tryggingastofnunar yfir þá sem falla undir lög um almannatryggingar. Af því sem áður er sagt leiðir þó að þjóðskrá getur aldrei verið tæmandi heimild um þá sem teljast tryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þar geta verið einstaklingar sem ekki eru tryggðir, t.d. þeir sem dvalist hafa í landinu skemur en sex mánuði. Sömuleiðis er hugsanlegt að einstaklingur sem er tryggður hér á landi sé ekki skráður á þjóðskrá, t.d. einstaklingur sem vinnur hér á landi án þess að hafa fasta búsetu.

Því er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins haldi sérstaka viðbótarskrá við þjóðskrá. Þar yrði að finna annars vegar einstaklinga sem eru tryggðir hér á landi án þess að eiga hér lögheimili og hins vegar þá sem hér eiga lögheimili en eru þó ekki tryggðir. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð gefið Tryggingastofnun nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti stofnunin haldi þessa viðbótarskrá.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting á 24. gr. laganna sem fjallar um slysatryggingar sjómanna. Frá því að frv. þetta var lagt fram á Alþingi hafa verið samþykkt lög sem gera ráð fyrir sömu breytingu og hér er lögð til. Er þar um að ræða lög nr. 148/1997, um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og hafa þau þegar öðlast gildi. Ráðuneytið kom að vinnslu þess frv. í meðförum hv. heilbr.- og trn. Með henni hefur verið leiðrétt mismunun sem var til staðar og byggðist eingöngu á því hvort starfsmaður íslensks skipafélags sigldi á íslenskum skipum félagsins eða þeim sem kunna að vera skráð í öðrum löndum til samræmis við breytta stöðu þeirra sem starfa í loftförum sem rekin eru af íslenskum aðilum.

Í b-lið 3. gr. er gert ráð fyrir breytingu á reglugerðarheimild þeirri sem nú er í 4. mgr. 32. gr. laganna. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir orðalagsbreytingu sem ekki er efnisleg. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra sé ekki skylt að leita tillagna tryggingaráðs. Verklag verði því þannig að ráðherra setji reglugerð um undanþágur, Tryggingastofnun ríkisins móti starfsreglur um framkvæmd á grundvelli reglugerðarinnar og einstaklingar geti síðan kært afgreiðslu stofnunarinnar til tryggingaráðs. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ráðherra setji í kjölfar gildistöku ákvæðisins nýja reglugerð um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði þar sem undanþáguheimildirnar verða rýmkaðar frá því sem nú er. Þannig er fyrirhugað að setja inn í reglugerðina almenna heimild um undanþágu fyrir ótryggðan einstakling, sem haldinn er langvinnum og lífshættulegum sjúkdómi, sem flytur hingað til lands og hefur áður verið búsettur hérlendis, enda eigi hann nána ættingja í landinu. Mannúðarástæður kalla á að Tryggingastofnun geti veitt undanþágur í þessum tilvikum.

Gert er ráð fyrir að verði frv. þetta að lögum gangi það í gildi 1. júlí 1998, enda kalla ákvæði þess á nokkurn undirbúning af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins áður en unnt er að hrinda þeim í framkvæmd. Þó er gert ráð fyrir að 2. gr. og b-liður 3. gr. sem varðar breytingu á 4. mgr. 32. gr. öðlist þegar gildi og byggist það á nauðsyn þess að tryggja sem fyrst réttindi þeirra sem ákvæði þetta varðar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið þær breytingar sem frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, leggur til að gerðar verði á þeim lögum. Eins og ég hef áður vikið að er lagabreytingum þessum ætlað að gera almannatryggingakerfið sveigjanlegra og betur fallið til að mæta mismunandi þörfum. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í heilbr.- og trn. þingsins.

[17:59]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. gerði hér grein fyrir stjfrv. Í 2. gr. þess frv. er breyting á lögum 24. gr. laganna. Hæstv. ráðherra upplýsti að þetta ákvæði hefði verið samþykkt hér fyrir jól og að ráðuneyti hæstv. ráðherra hefði komið að þeirri vinnu. Þetta mál tengist frv. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem menn muna vel eftir. Þrátt fyrir að þetta ákvæði hafi verið samþykkt sem lög fyrir jól er þetta stjfrv. látið koma til 1. umr. og í framsögu vikið að því að fella eigi niður 2. gr. frv. Eins á að fella úr athugasemdum við lagafrv. allt sem viðkemur 2. gr. Það á raunverulega að fella niður allt um 2. gr. í frv. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort hér sé farið að þingsköpum. Hefði ekki verið eðlilegra að leggja stjfrv. fram aftur? Hefði jafnvel verið einfaldast að prenta frv. upp og fella niður þau ákvæði sem vitna til 2. gr.? Mér finnst, herra forseti, óeðlilega að verki staðið, einfaldlega vegna þess að til þessa var nægur tími og ég vil spyrja hæstv. forseta hvað þingsköp segja um þá þinglegu

meðferð sem hæstv. ráðherra er að bjóða þingmönnum upp á.

[18:00]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti sér ekki við fyrstu sýn að sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð brjóti í bága við þingsköp. Það fær forseti ekki séð en vill þó ekki fullyrða um það frekar fyrr en að aflokinni nánari athugun.

[18:01]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég lagði fram þetta stjfrv. sem er til umræðu var ekki búið að samþykkja þá breytingu á lögunum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og fleiri þingmenn lögðu fyrir þingið. Það frv. fór til heilbr.- og trn. og síðan til heilbrrn. og voru gerðar gagngerðar breytingar á frv. Það er alveg í samræmi við þetta frv. sem hér liggur fyrir. Við höfum látið skoða það lögfræðilega hvort rétt sé á málum haldið og höfum við fengið upplýsingar um að svo sé.

Um það hvort rétt sé að prenta upp frv. aftur — það held ég að sé algjör óþarfi. Þingmönnum er í fersku minni sú umræða sem fór fram um þá grein sem í frv. stendur og hún er óbreytt frá þeim lögum sem fyrir liggja utan eitt orð. Það stendur loftfar í staðinn fyrir flugvélar. Að öðru leyti er það eins. Ef hv. heilbr.- og trn. telur rétt að gera breytingar á þeirri grein, þá mun hún að sjálfsögðu koma með tillögu um það.

[18:02]

**Guðrún Helgadóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 11. þm. Reykn. Ágústs Einarssonar. Hér er afar sérkennilega að verki staðið. Í fyrsta lagi er það rangt, hæstv. forseti, sem ráðherra segir að 2. gr. frv. sé samhljóða þeirri grein sem samþykkt var á þingi fyrir jól. Þær eru ekki samhljóða. Þar er sá reginmunur á að ef þingmaður sem ekki veit að til stendur að tala ekki fyrir nema hluta frv. eins og það er, les frv. sér hann að þar hefur fallið út þýðingarmikið atriði, þar sem það er ekki gert að skilyrði, til að slysatryggja sjómenn, að greitt sé af launum þeirra hér á landi.

Það er ómögulegt fyrir venjulegan þingmann að ætla annað en að ráðherrann hafi ætlað sér að breyta þessu og hætta að krefjast þess að greidd séu launatengd gjöld. Það er því ekki rétt að þetta sé algjörlega samhljóða. Ég fagna því hins vegar að 2. gr. verður ekki tekin til afgreiðslu því að lengi getur vont versnað.

Það sem er athugavert við alla þessa meðferð er hins vegar þetta: Þingmenn taka mark á þeim frv. sem liggja á borðum þeirra. Þeir undirbúa þátttöku sína í umræðu miðað við það frv. sem liggur fyrir. Við getum ekki fundið á okkur hvenær þeim sem ætlar að mæla fyrir frv. þóknast að hætta við eitthvað sem í því stendur. Ég trúi því ekki að starfsmenn hins háa Alþingis telji þarna rétt að farið og ég minnist þess ekki að hafa séð þetta gerast hér fyrr.

Það er annað sem mér finnst líka sérkennilegt við gerð þessa frv. Venjan er sú að þegar nýr kafli er settur inn í langan lagabálk þá koma greinar frv. í réttri röð, og sé einhverju bætt inn hækkar númerið einfaldlega á þeim lagagreinum sem á eftir koma. Eins og gefur að skilja hlýtur sú breyting að verða þegar 53. gr. er felld út úr núverandi lögum um almannatryggingar og ég vænti þess þá að þau greinanúmer sem á eftir koma breytist að sama skapi. Hér er hins vegar valinn sá kostur að búa til nýjan kafla á eftir I. kafla og 9. gr. I. kafla er síðasta greinin. Síðan komi heill kafli sem verði 9. gr. a, b, c og d. Ég hef aldrei séð þetta áður. En þetta er líklega gert til þess að ekki þurfi að hækka greinanúmerin sem á eftir koma.

Ég held, hæstv. forseti, að hér sé mjög óvenjulega að verki staðið og erfitt fyrir hv. þingmenn að átta sig á ef þetta á að verða síður á hinu háa Alþingi.

[18:06]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill vekja á því athygli að hér er rædd fundarstjórn forseta. Gerðar voru athugasemdir við það hvort umrætt frv. hæstv. heilbrrh. væri samkvæmt þingsköpum. Forseti hefur sagt og endurtekur að svo er. Það hefur fengið númer á venjubundinn hátt og er þingskjal eins og þingsköp segja fyrir um.

Forseti vill hins vegar ekki úrskurða um það deilumál sem hér er efnisleg umræða um, þ.e. hvort öll ákvæði þessa frv. séu þannig úr garði gerð að þingmenn skilji vel. Það verður að eiga sér stað á annan hátt. Forseti vill vekja á því athygli að þetta frv., eins og önnur, fer til hv. heilbrn. og nefndin hefur auðvitað öll tök á því að gera þær lagfæringar og breytingar sem hún telur bestar.

Forseti áréttar að verið er að ræða fundarstjórn forseta og spyr hvort þessi umræða geti ekki allt eins átt sér stað í efnislegri umræðu um þetta frv. því að auðvitað er ekki síður um efnisleg atriði að ræða.

[18:07]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að þessi umræða hefði e.t.v. getað átt sér stað undir efnisumræðu um frv.

Það er mjög sérkennilegt að 2. gr. frv. skuli vera haldið inni eftir að búið var að samþykkja frv. fyrir jól, sem gengur lengra en þessi frumvarpsgrein. Eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur gengur lagagreinin lengra, og það eru atriði í lagagreininni, sem við samþykktum fyrir jól, sem ganga lengra en grein hæstv. ráðherra.

Auðvitað má segja að þegar menn lesa frv. gætu þeir haldið að ráðherrann væri að leggja fram breytingu á lögunum sem ætti að ganga skemur en það frv. sem varð að lögum fyrir áramót. Það er mjög óvenjulegt að láta þá grein ganga í gegnum þingið og gegnum umræðuna sem gengur skemur en sú grein sem við samþykktum og er orðin að lögum.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram um fundarstjórn forseta, þó að e.t.v. mætti ræða þetta undir lið sem heitir athugasemdir um störf þingsins, ef það væri hægt. En vissulega tek ég undir að þetta virkar a.m.k. óeðlilega frá mínum bæjardyrum séð. Engu að síður gætum við rætt þetta frekar í umræðunni um frv. í heild.

[18:09]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eiginlega er allt hætt að koma manni á óvart en það má lengi reyna. En um það sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði áðan, um rugling á lagagreinum og talaði um 9. gr. laganna, þá er mjög algengt að hafa þetta einmitt svona þegar verið er að breyta löngum lagabálkum til að rugla ekki númerum. Þetta er því viðtekin venja.

Hér er verið að tala um víðtækar réttarbætur til Íslendinga sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma. Það er náttúrlega það sem skiptir máli í þessu frv. Og að menn skuli velta sér upp úr því að 2. gr., sem þegar er orðin að lögum,

skuli ekki vera tekin út úr frv. er mjög einkennilegt, því að ef menn lesa grg. með 2. gr. þá geta þeir lesið sér það til, að þetta er samhljóma, nákvæmlega samhljóma.

[18:10]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sú umræða sem ég hóf snertir fundarstjórn forseta en ekki efnisatriði málsins. Það sem ég geri athugasemdir við er að frv. skuli lagt fram og talað fyrir því í því formi sem það er. — Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki væri hægt að gera ráðstafanir til að hæstv. ráðherra hlýði á mál mitt. Það er kannski sanngjarnt af því að málið snýst um frv. sem ráðherrann flytur.

Málið snýst einfaldlega ekki um það, eins og hæstv. ráðherra sagði, hvort mönnum væri eitthvað í fersku minni í sambandi við frv. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar eða ekki. Um það snýst málið ekki. Málið snýst um það að fyrir liggur stjfrv. — og er búið að liggja fyrir í langan tíma — sem verið er að taka til 1. umr. Það liggur hins vegar ljóst fyrir og er upplýst af hæstv. ráðherra að hann dregur 2. gr. til baka og allt sem henni tilheyrir. Ég spurði hæstv. forseta hvort eðlilega væri farið að þingsköpum vegna þess að hæstv. ráðherra upplýsti að þær breytingar sem voru gerðar á lögunum, þ.e. út frá frv. Guðmundar Hallvarðssonar, voru gerðar með fullri vitneskju ráðherrans og ráðuneytisins. Það er þess vegna sem ég spyr hvort hér sé eðlilega að verki staðið. Það hefur liðið mjög langur tími. Vitaskuld þekkjast dæmi þess að frumvörp geti skarast í hita leiksins í lok þingtíma eða eitthvað þess háttar og við erum í sjálfu sér ekki að gera neina athugasemd við slíkt. Við erum að greiða fyrir störfum þingsins.

Hæstv. forseti sagðist ekki sjá í fljótu bragði að þetta bryti í bága við þingsköp, og ég hlíti alltaf úrskurði forseta. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort hann hefði ekki talið eðlilegt með tilliti til forsögu málsins að þetta frv. hefði annaðhvort verið lagt fram aftur og þá tekið með afbrigðum eða prentað upp. Það hefði ekki staðið á okkur í stjórnarandstöðunni að taka málið án 2. gr. Það hefði verið einfaldast úr því að ekki var um efnisbreytingu að ræða heldur eðlilega breytingu vegna þess að lagasetning hafði átt sér stað í millitíðinni. Það hefðu verið eðlileg vinnubrögð og ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki hefði verið rétt að viðhafa þá málsmeðferð að hæstv. ráðherra, þegar honum var ljóst hvernig málið var vaxið, að úr því að þau mistök höfðu átt sér stað að lagfæra ekki frv., hvort ekki hefði þá verið eðlilegt að prenta það einfaldlega upp þannig að menn hefðu staðið með rétt frv. í höndunum en ekki, eins og komið hefur fram, rangt í því tilviki að 2. gr. er inni. Ég ætla ekki að tala um 2. gr. eða frv. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Mér finnst það í sjálfu sér ekki koma málinu við undir þessum dagskrárlið heldur fyrst og fremst það hvort verið er að láta umræðuna fara fram með eðlilegum hætti. Hefði ekki verið hægt að finna því annan farveg? Það er ekki minn vilji að tefja störf þingsins heldur vil ég einfaldlega hafa hlutina rétta. Hér finnst mér ekki hafa verið rétt að staðið.

[18:13]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson)**:

Forseti áréttar að mat hans er að hér hafi með formlegum hætti verið rétt að staðið og ekkert sem brýtur í bága við þingsköp. Á hinn bóginn ætlar forseti ekki að úrskurða um smekk. Um það geta og mega hv. þm. verið ósammála.

[18:13]

**Guðrún Helgadóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Svo öllu sé rétt til skila haldið þá hljóðar núverandi lagagrein svo, sem samþykkt var fyrir jól, með leyfi hæstv. forseta:

„Starf um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi."

Tillagan í frv. sem við erum að fjalla um hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Starf um borð í íslensku skipi, skipi sem gert er út af íslenskum aðila, íslenskri flugvél eða flugvél sem rekin er af íslenskum aðila jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið."

Þetta eru ekki, hæstv. forseti, samhljóða lagagreinar. Ég ætla að vona að það komist til skila í þingtíðindum.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. forseta: Eigum við að búa við það þegar við undirbúum málflutning okkar um frumvörp sem fyrir liggja að allt eins geti svo farið að sú vinna sé gjörsamlega ónýt því að þau verði endanlega ekki eins og þau liggja fyrir þegar kemur að því að mæla fyrir þeim?

[18:15]

**Ásta R. Jóhannesdóttir**:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, er eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. breytingar á gildandi lögum og reglum sem eru í raun sanngirnismál og er til að gera lögin og reglurnar um almannatryggingar sveigjanlegri. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra hefur komið í ljós eftir að lögunum um almannatryggingar var breytt árið 1993 og við gerðumst aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að í sumum tilvikum misstu menn niður réttindi — en það var í rauninni ekki í anda laganna — vegna þess að EES-samningarnir og lögin stönguðust á því tryggingin hér á landi miðast við lögheimili en víða á EES-svæðinu er rétturinn bundinn við atvinnuþátttöku. Eins og kom fram í máli ráðherrans hefur það komið fyrir og við þekkjum mörg dæmi þess að einstaklingar hafa ekki fengið þær almannatryggingabætur sem þeir áttu ella rétt á vegna þess að ólíkar reglur voru í gildi.

Ég nefni sem dæmi mál sem ég hef oft heyrt af og fólk hefur leitað til mín með. Það eru greiðslur fæðingarorlofs þar sem námsmenn t.d. á Norðurlöndum hafa ekki átt rétt á fæðingarorlofi, hvorki í dvalarlandinu né hér á landi vegna þess að ekki var samræmi í reglum, þó svo að íslenskur námsmaður í Bandaríkjunum t.d. gæti átt réttinn hér á landi. Og móðir sem flutti frá Norðurlöndunum átti ekki lengur rétt á greiðslum þar og ekki hér vegna þess að barnið var ekki fætt hérna. Svona mætti náttúrlega lengi telja. Það er allt of langt mál að tína til öll þau tilvik sem komið hafa upp en vissulega er löngu tímabært að taka á þessum málum, gera þessar reglur sveigjanlegri og samræma þær.

Hér er líka verið að taka á málinu með biðtímann. Reyndar þarf það að koma hér fram að sex mánaða biðtími eftir sjúkratryggingum kom inn í lögin 1993 en er alveg óháður samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ýmis mál hafa komið upp þar sem mönnum hefur ekki þótt sanngjarnt að þeir væru ekki taldir sjúkratryggðir hér á landi. Ég get ekki séð annað en að verið sé að taka á þeim málum í þessu frv. Einnig tel ég eðlilegt sem hér er lagt til,

að sett verði upp sérstök viðbótarskrá við þjóðskrána af þeim ástæðum sem getið er í frv.

Í b-lið 1. gr. er talað um að mönnum skuli veittur réttur til að tryggja sig áfram, þ.e. að þeir sem starfi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi, eigi rétt á að tryggja sig eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu. Það er ágætisbreyting, jákvæð breyting. En ég vil leggja áherslu á að það verði kynnt rækilega því það er nú oft svo að menn fara ekki að vasast í þessum málum fyrr en þeir eru lentir í vandræðum. Þá er farið að athuga hvort menn séu með tryggninguna. Það er því mikilvægt er að þeir sem eru í þessari aðstöðu séu upplýstir um að þeir eigi rétt á að tryggja sig fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

Ég vil fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í þessum nýja kafla. Það er ljóst að þetta mun hafa einhvern viðbótarkostnað fyrir Tryggingastofnun í för með sér við almannatryggingarnar því þarna er verið að gera rétt fleiri skýrari í lögunum og má búast við að fleiri geti þá sótt sinn rétt en áður og menn verða að gera sér grein fyrir því. En það er fagnaðarefni að þarna skuli lagastoðin, reglurnar og réttindi þeirra sem ættu að eiga þarna rétt, vera skýrð betur því ég held að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og Norðurlandasamningurinn sem gilti fyrir þann samning og sömuleiðis almannatryggingalögin hafi aldrei verið hugsuð þannig að einhverjr ættu að fara þar halloka sem ella hefðu átt rétt á greiðslum eins og því miður hefur orðið reyndin í ýmsum málum.

Ég tel mikilvægt að heilbr.- og trn. fari vel yfir þetta mál sem ég veit að hún mun gera og ég get ekki séð annað en að málið ætti að fá góða afgreiðslu í nefndinni.

[18:22]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn og í fljótu bragði verður ekki annað séð en að þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á almannatryggingalögum séu flestallar til bóta. Það er alveg ljóst — og sá sem hér talar þekkir það eilítið enda forsvarsmaður að þeim reglum, mælti hér fyrir þeim og hafði þær í gegn jafnvel við nokkra mótstöðu ef ég man rétt — þegar þessi sex mánaða regla var sett á sínum tíma og þá sem undanfari EES-samningsins — hún var þó ekki hluti hans en kom engu að síður inn á svipuðu tímabili eða nokkru áður — að þetta hefur skapað ákveðin vandkvæði og það er að finna og reynslan sýnir ákveðin markatilvik sem nauðsynlegt er að taka á og núgildandi löggjöf hefur ekki gefið nægjanlegt svigrúm til að gera. Ég fagna því út af fyrir sig að hér skuli lagt til að löggjafinn heimili framkvæmdarvaldinu að meta það út frá mannúðarsjónarmiðum og út frá ýmsum kringumstæðum öðrum en leyft hefur verið fram að þessu.

Ég vil hins vegar rifja upp hvers vegna þessi sex mánaða biðtími var settur á sínum tíma. Það var að ákveðnum gefnum tilefnum. Það voru dæmi þess að fólk sem hér var ekki sjúkratryggt og hafði ekki verið um langt árabil gerði það gjarnan að koma hingað upp til að sækja sér læknisaðstoð og þá kannski ekki síst læknisaðstoð sem kostaði mikla peninga. Þetta var fólk sem hafði jafnvel búið erlendis um áratuga skeið og það þótti brýnt og ég held með réttu, að reynt yrði að koma einhvern veginn í veg fyrir þetta háttalag. Maður minnist dæma í því sambandi af fólki sem hafði búið utan hins Evrópska efnahagssvæðis, í Bandaríkjunum og víðar og hafði sökum þess heilbrigðiskerfis sem margir renna hýru auga til þar vestra, en þar höfðu menn hreinlega ekki efni á að sækja sér nauðsynlega læknishjálp og komu þá heim til gamla landsins og sóttu hana hingað fyrir lítinn pening og oftar en ekki kannski ókeypis. Menn vildu setja á þetta einhverjar hömlur sem eðlilegt er.

Á hinn bóginn, eins og ég gat um, eru engar reglur þannig samansettar að einhverjar undantekningar þurfi ekki að vera og einhver sveigjanleiki þurfi ekki að vera í kerfinu. Ég þekki nokkur dæmi þess að fólk hefur lent í erfiðleikum vegna þessarar sex mánaða reglu sem hefur verið mjög altæk og gefið litla möguleika á túlkun auk þess sem því miður, og það verður nú kannski seint komið í veg fyrir það fyrir fullt og fast, að fólki var ekki og er raunverulega ekki enn þá fullljóst hvernig staða þessara mála er, hvernig þessi sex mánaða biðtími virkar og hver réttarstaða þess yfirleitt er þegar það er á ferð landa í millum sem gerist nú í stórauknum mæli. Ég fagna því að menn séu að feta þessa slóð.

Að gefnu tilefni vil ég varpa fram spurningu því auðvitað er full ástæða til að löggjafarvaldið geri það núna á fyrsta stigi málsins þó vafalaust komi heilbrn. til með að reyna að glöggva sig betur á því við meðferð þess. Í athugasemdum með 3. gr. er í fyrsta lagi vísað til þess að talið sé nauðsynlegt að Tryggingastofnun ríkisins hafi heimild til þess að veita undanþágu í þeim tilvikum sem mannúðarástæður kalla á. En síðan er bætt við að ekki sé hér lagt til: „að 32. gr. laganna verði breytt á þann hátt að þar verði kveðið á um allar undanþáguheimildir frá meginreglunni heldur er farin sú leið að afla með þessum hætti skýrrar afstöðu löggjafans.“ Að gefnu tilefni vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Til hvaða undantekningartilfella er hér fyrst og fremst verið að vísa? Hvers konar dæmi eru það fyrst og síðast sem heilbrrn. og Tryggingastofnun hafa orðið vör við í þessum efnum sem kalla á þennan sveigjanleika? Það kunna að vera gildar ástæður fyrir því að menn setji hér ekki upp langan lista þeirra tilvika hugsanlegra og óhugsanlegra sem upp gætu komið en engu að síður hygg ég að brýnt sé að hv. þingmenn fái einhverja hugmynd um það í heild og breidd hvaða tilvik hér sé einkanlega átt við.

Einnig er það athyglisvert og það kemur nú svo sem ekkert á óvart að fenginni reynslu — því stundum er býsna fróðlegt að lesa, sérstaklega með frumvörpum sem koma ofan úr heilbrrn., athugasemdir eða fylgiskjal fjmrn. — að þar maður sér oft og tíðum í gegnum þessa mynd. Þar er gert ráð fyrir að þessi rýmkun sem við bindum vonir við, kosti satt að segja ekkert mjög mikla peninga og gefið er til kynna að það verði hverfandi sem þetta kosti tryggingakerfið. Þá fer maður að efast um það hvort þessir hlutir hér sem samkvæmt orðanna hljóðan eru til að auka rétt einstaklinga og eru aukin réttarbót fyrir fjölmarga, skipti jafnmiklu máli og maður hafði ætlað. Er hæstv. heilbrrh. sammála þessu áliti fjmrn. eða fjárlagaskrifstofu þess um að þetta skipti sárafáum krónum og einstaklingarnir sem þetta eigi við um séu aðeins örfáir?

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Hins vegar vil ég nota ferðina og spyrja hæstv. ráðherra líka, af því við erum að ræða gagnkvæman rétt á hinu Evrópska efnahagssvæði, um þennan Norðurlandasamning sem hér var drepið á því þess þekktust allnokkur dæmi að gildandi samningur Norðurlandanna í milli á félagslega sviðinu og á sviði heilbrigðismála um gagnkvæmar tryggingar skaraðist, skulum við segja, við ákvæði EES. Í sumum tilfellum var hann betri ef við getum orðað það svo og fyllri, í öðrum tilfellum ekki. Engu að síður minnist ég þess að allt fram á

síðasta ár a.m.k. heyrði ég dæmi þess að fólk lenti í nokkrum vandræðum um það hvernig bæri að túlka, hvor samningurinn væri rétthærri og hvort Norðurlandasamningurinn yrði í öllum tilfellum að víkja þegar þessir tveir samningar, EES-samningurinn og Norðurlandasamningurinn, sköruðust. Um þetta hafa lögfræðingar verið ósammála. Ég þykist nú vita það. En það er illþolandi satt að segja að almenningur, tryggingartakar sem fara landa í millum, fái ekki skýr svör í þessum efnum. Því spyr ég hvort hæstv. ráðherra geti upplýst þingheim um það hvort þetta vandamál sé úr sögunni, hvort þær breytingar og þróun hafi orðið á þessum samningum sem Alþingi er kannski ókunnugt um og þær lagfæringar hafi verið gerðar til samræmis sem gera það ónauðsynlegt út af fyrir sig að taka á þessum þætti mála. Ef ekki hins vegar, hvort hæstv. ráðherra telji þá brýnt að reyna að gera eitthvað í þessu vandamáli sem var viðvarandi og ég þekki allnokkur dæmi um.

[18:30]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Svo sannarlega ber að fagna því ef verið er að leysa öll þau óteljandi vandamál sem komu upp eftir að lög um almannatryggingar voru klippt í tvennt og til komu lög um félagslega aðstoð, en sú aðgerð var gerð samkvæmt fyrirskipun Evrópusambandsins, þ.e. vegna samnings okkar við Evrópusambandið. Ég vildi að ég væri alveg sannfærð um að þetta frv. gerði það, auðveldaði þessi samskipti. Nú verð ég að segja eins og er að ég er aðeins rólegri en ég kannski ætti að vera vegna þess að ég sé að undirbúningsvinnu að þessu frv. hafa unnið m.a. Ágúst Þór Sigurðsson, Kristján Guðjónsson og Hildur Sverrisdóttir sem öll eru starfandi í Tryggingastofnun ríkisins og ég treysti því að þess vegna sé þetta í betra lagi en mér sýnist það vera í fljótu bragði.

Það sem ég rek augun í nú strax er smáósamræmi því að hér er segir í b-lið 1. gr. um tryggingar, með leyfi hæstv. forseta: „Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum."

Í 32. gr. núgildandi almannatryggingalaga er talað um börn og unglinga 16 ára og yngri og ég spyr: Þyrfti ekki að samræma þetta svo að fólk sem er erlendis hafi ekki meiri rétt en þeir sem heima eru og kannski öfugt? Þarna hefur alla vega ekki verið litið til allra átta.

Það sem mér þykir að þessu frv., hæstv. forseti, er að ákvæðin eru ákaflega óljós og var nú ekki á bætandi. Þetta eru eintómar heimildir. Er það virkilega eðlilegt eins og segir í 1. gr. frv. að Tryggingastofnun ríkisins ákvarði hvort einstaklingur teljist tryggður hér á landi samkvæmt lögunum? Þá er verið að tala um lög eins og lögheimilislög. Er eðlilegt að Tryggingastofnun ríkisins skeri úr um hvort farið sé að lögheimilislögum? Mér finnst það hreint ekki eðlilegt. Enn síður finnst mér það eðlilegt sem segir í d-lið 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra setur reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd þessa kafla, m.a. um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga og hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis."

Hver í Tryggingastofnun ríkisins á að ákveða hvað sé viðurkennt nám erlendis?

Hér er miðað við eitt ár frá því að menn fara og sjálfsagt er hægt að sækja um það aftur og aftur. En ég vil spyrja: Hefur verið litið til EES-samningsins? Nú hef ég ekki alveg áttað mig á því hvort búið er þar með að leggja niður norræna flutningsvottorðið sem t.d. allir stúdentar sem til Danmerkur fara, verða að hafa. Þar kom upp þessi vandi að þeir urðu að vera sex mánuði í landinu til þess að öðlast réttindi og sama gilti um fólk sem kom hingað með samnorrænt tryggingavottorð. Ég mundi vilja biðja um já eða nei, bara svo að þetta sé einfaldað fyrir mér. Er því máli bjargað með þessu frv.? Þetta kom sérstaklega illa við námsmenn í Danmörku og ég tala ekki um þá námsmenn sem fæddu barn því að það kom í ljós að þeir höfðu stundum réttinn hvorugu megin.

Öðru vil ég vekja athygli á svo að fólk verði ekki of bjartsýnt, þ.e. að flytji öryrki úr landi og hann lúti þessum ákvæðum hér, þá skulu menn gera sér alveg ljóst að það er einungis grunnlífeyririnn sem hann tekur með sér. Allar bætur samkvæmt lögum um félagslega þjónustu verða eftir heima því að ekki er orð um að það eigi að greiða það í útlöndum og þá er auðvitað greiðslan einskis virði vegna þess að grunnlífeyrir er svo lágur að það er eins og vasapeningur á leiðinni til útlanda, varla mikið meira, þannig að þetta er svo sem ekki neinn nýr kafli í sögu tryggingamála.

Ég vil t.d. benda á að margir ellilífeyrisþegar sem hafa kosið að flýja vetrarkuldann — meðan hann var og hét á Íslandi — og fara til heitari landa kannski nokkra mánuði á ári, gátu fengið grunnlífeyrinn sinn, en þá féllu allar aðrar bætur niður og það auðvitað gerði fólki afar erfitt fyrir við að fara. Menn verða því að vita að hverju þeir ganga.

Þá er það svona alveg á mörkunum að ég geri mér ljóst hvað eftirfarandi þýðir. Ef ég mætti vitna í frv., hæstv. forseti, og ég bið þá báða, núv. og fyrrv. hæstv. heilbrrh. að hjálpa mér. Hér segir í b-lið:

„Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., [sem fjallar um slysatryggingar] þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, [þ.e. skilyrði um lögheimili] enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög nr. 113/1990, sé greitt hér á landi af launum hans."

Þetta gæti þýtt samanber nýsamþykkt lög um slysatryggingar sjómanna að erlendir áhafnarmeðlimir fyrirtækja sem eru íslensk fyrirtæki eins og þingið hefur nú samþykkt að þau séu þó skipin séu skráð undir hentifána, þ.e. að þá er vandalaust fyrir alla áhöfnina, útlendinga líka, að skrá sig með lögheimili hér á landi og ganga þar með inn í tryggingakerfið — hæg eru heimatökin — og leysa þar með þá tvískiptingu sem á sér nú stað samkvæmt hinum nýsamþykktu lögum þar sem útlendingar eru ótryggðir eða tryggðir eftir einhverjum erlendum reglum en Íslendingarnir sækja sitt til Tryggingastofnunar ríkisins. Þessar spurningar læðast að manni.

En fyrst af öllu þetta: Er breyting á því að stúdentar sem t.d. fara til Danmerkur, þurfi nú ekki lengur að búa við það að missa réttindin í báðum löndum, þ.e. þeir þurfi ekki að bíða í sex mánuði eins og þeir hafa þurft að gera? Þetta hefur verið ofurlítið öðruvísi á hinum Norðurlöndunum.

Í öðru lagi: Finnst hæstv. ráðherra að það sé verkefni Tryggingastofnunar ríkisins eða hæstv. heilbrrh. að ákveða hvað skuli viðurkennt nám erlendis? Mér finnst að hvorugur aðilinn eigi að annast það. Mér finnst heldur ekki að hæstv. heilbrrh. og Tryggingastofnun ríkisins eigi að ákveða hvernig lögheimilissetu fólks sé varið. Ég mundi því fara fram á það við hv. heilbr.- og trn. þegar hún fær þetta frv. til meðferðar, að að þessum málum sé hugað og eins þessum mismun á aldri barna í frv. og lögunum.

Það verður aldrei ofsagt að það er afskaplega erfitt að breyta ákveðnum þáttum í stóru og flóknu kerfi eins og almannatryggingakerfinu án þess að líta til ýmissa annarra laga sem varða það líka. Mér finnst satt að segja umhugsunarefni að Tryggingastofnun ríkisins var að ljúka við að gefa út þessa bók sem eru lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð eins og þau eru í janúar 1998. Þetta er handhæg og þægileg handbók. Það líða náttúrlega ekki nema 2–3 vikur þangað til enn er komin breyting, svo ruglingsleg sem hún nú er því að það er jafnvel ekki einu sinni hugað að því að númer lagagreina séu í lagi. Hvernig í ósköpunum er því hægt að ætlast til að stofnunin afgreiði samkvæmt þessum lögum eða að almenningur byrji að botna í rétti sínum? Ég held að það verði ekki of oft varað við því að vera að þessum bútasaumi í tíma og ótíma án þess að litið sé til allra þátta.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að lokum: Er alveg öruggt að búið sé að fara yfir EES-samninginn og athuga hvort þetta frv. er fullkomlega í takt við hann?

[18:41]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka mjög jákvæða umfjöllun sem þetta frv. hefur fengið enda er hér um verulegar bætur að ræða fyrir marga þá sem í dag njóta ekki bóta almannatrygginga.

Það voru svo sem ekki mjög margar spurningar fyrir mig lagðar en þó nokkrar. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór inn á ýmsa hluti og vildi fá úr því skorið hvar sveigjanleikinn ætti sér stað varðandi 32. gr., um Íslendinga sem hafa átt lögheimili til langs tíma erlendis en eiga síðan að njóta almannatryggingakerfisins hér þrátt fyrir að þeir hafi ekki borgað skatta og skyldur hérlendis. Hér er eingöngu verið að tala um langvinna sjúkdóma. Við erum að tala um krabbamein, alnæmi og slíka sjúkdóma. Þarna hefur það átt sér stað hvað eftir annað að slíkir sjúklingar sem eiga aðstandendur hér en eru ótryggðir erlendis hafa lent í vanda. Hér er ekki verið að ræða um fólk sem borgar skatta og skyldur erlendis en vill síðan koma í einhverjar almennar aðgerðir hér heima. Það getur það ekki gert án þess að greiða í kerfið. Þarna erum við eingöngu að tala um lífshættulega langvinna sjúkdóma. Ég vona að þetta skýri það sem hann spurði um varðandi þetta atriði.

Hann spurði líka um Norðurlandasamninginn og EES-samninginn sem skarast á köflum. Þetta frv. er einmitt lagt fram vegna þess að þessi skörun er ljós og frv. á að bæta úr þeirri skörun. Hann spyr einnig að því hvort ég sé sammála því sem fram kemur varðandi kostnaðarmat á frv. Ég tel að það sé útilokað, eins og kemur reyndar fram í fylgiskjali, að reikna nákvæmlega út hvað þetta muni kosta. En rétt er að geta þess að þetta virkar á báða bóga því að þeir sem eru tryggðir annars staðar eiga að njóta þjónustunnar annars staðar.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom líka inn á ýmsa þætti og þekkir þetta málefni vel. Hún talaði um þau óteljandi vandamál sem eru í þessu kerfi og varaði við þeim bútasaumi sem hún kallar svo þegar verið er að endurbæta almannatryggingalöggjöfina. Ég get svo sem tekið undir það en þeir tímar koma að nauðsynlegt er að endurskoða löggjöfina þó hún sé ekki endurskoðuð í heild, þar sem um brýnar réttarbætur er að ræða og svo tel ég vera í þessu sambandi.

Hún spurði út í það við hvern við ættum nákvæmlega þegar við erum að tala um Íslendinga sem vinna hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis og fyrirtækin borga skatta og skyldur hér heima. Þarna erum við að tala t.d. um þá sem vinna á skrifstofum flugfélaganna og eiga lögheimili erlendis um tíma og við erum t.d. að tala um íslenska trúboða erlendis svo eitthvað sé nefnt.

Varðandi stúdenta í námi erlendis sem hafa lent í því að hafa ekki fengið bætur, hvorki þar né hér, aðallega fæðingarorlof, þá á að koma til móts við þá þannig að þeir séu örugglega tryggðir á öðrum hvorum staðnum. En það hefur komið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar fyrir að íslenskir námsmenn hafa lent í því að hafa ekki fengið neitt fæðingarorlof. Þeir hafa verið of stutt erlendis og of lengi burt frá Íslandi. Við erum því að koma til móts við þá skörun sem þar er.

Varðandi það hvað sé viðurkennt nám, þá sker menntmrn. úr um það hvað sé viðurkennt nám og Tryggingastofnun fer síðan eftir því.

Og það hvort Tryggingastofnun eigi að skera úr um varðandi lögheimili almennt, þá er Tryggingastofnun stundum best til þess fallin í vissum tilvikum og með þessu frv. erum við að auka svigrúmið til að Tryggingastofnun geti komið til móts við það fólk sem ég hef hér áður talað um.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir jákvæða umfjöllun og ég vona að hv. heilbr.- og trn. vinni hratt og örugglega að því að koma þessu máli aftur inn í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjónustugjöld í heilsugæslu, 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 41. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

[18:47]

**Flm. (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem ég mæli fyrir gengur út á að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu. Að flutningi þessa lagafrv. standa allir þingmenn þingflokks Alþb. og óháðra.

Frv. felur í sér breytingu á tvennum lögum, annars vegar breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu og hins vegar breyting á lögum um almannatryggingar sem ég mun víkja að nánar á eftir. En almennt er um þetta frv. eftirfarandi að segja:

Frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafa álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt. Af þeim sökum hefur kjararýrnun orðið mest hjá því fólki sem á við sjúkdóma að stríða. Í þeim tilvikum þar sem hópar og stéttir hafa orðið aðnjótandi góðærisins í efnahagslífinu og fengið kaupmáttaraukningu hefur hún síst gengið til þeirra sem búa við vanheilsu. Þessar álögur hafa birst í ýmsum myndum. Dregið hefur verið úr stuðningi við einstaklinga í gegnum breytingar á lögum um almannatryggingar, t.d. með aukinni greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði fyrir börn og lífeyrisþega og gildir hið sama almennt um kostnaðarhlutdeild sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Staða þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda hefur því stórversnað á undanförnum árum. Þau gjöld sem um ræðir í þessu lagafrv., komugjöld á heilsugæslustöðvar, eru aðeins hluti af stærri mynd og ber að skoða þau í ljósi óheillaþróunar síðustu ára.

Hægt er að líta á þetta mál frá ýmsum sjónarhornum. Í fyrsta lagi er um kjaramál að ræða. Það er kjaramál fyrir

alla, þ.e. gjaldtaka í heilbrigðisþjónustunni er kjaramál fyrir alla en sérstaklega fyrir lágtekjufólk. Lágtekjufólk hefur samkvæmt orðanna hljóðan minni tekjur, minni fjárráð. En það er ekki nóg með það heldur er á hitt einnig að líta að samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið, bæði hér á landi og annars staðar, er heilsufar lágtekjufólks almennt lakara en gerist hjá öðrum þjóðfélagshópum. Þeir sem sinna ýmsum láglaunastörfum í iðnaði og erfiðisvinnu búa við meiri sjúkdómstíðni en gerist hjá öðrum þjóðfélagshópum. Það er því ekki nóg með að við séum að fjalla um kjaramál. Við erum að fjalla um kjaramál sem bitnar verst á tekjulágu fólki.

Ástæðan fyrir því að við teljum mikilvægt að byrja að þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar þegar við reynum að snúa af braut óheillaþróunar síðustu ára er sú að heilsugæslan er grunnþjónusta sem skiptir mjög miklu máli að verja. Samkvæmt könnun sem landlæknisembættið gerði árið 1995, eða var alla vega birt í skýrslu frá landlæknisembættinu árið 1995 undir heitinu Blikur á lofti velferðar, var því haldið fram að takist að stýra fólki til heimilislækna og inn í hina almennu heilsugæslu geti það orðið til að lækka tilkostnað utan sjúkrahúsa um verulegar upphæðir. Frá hagstjórnarlegum sjónarhóli er þetta skynsamleg nálgun.

Enn er á það að líta að þessari rukkun í heilsugæslunni fylgir talsvert skrifræði og skrifræðinu fylgir kostnaður. Komugjöldin á heilsugæslustöðvar hafa skilað inn í almannasjóði rúmum 200 millj. kr., um 240 millj. kr. á síðasta ári. Þegar litið er á fjárlögin og tekjur ríkissjóðs almennt þá erum við ekki að tala um mjög háar upphæðir þó það skipti mjög miklu máli fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. En ég er að vekja athygli á því að tilkostnaðurinn við að innheimta þessa peninga er mjög mikill. Þegar stimpilvélarnar voru settar upp fyrir fáeinum árum þurfti að taka allt starfsfólk heilsugæslustöðvanna, eða það fólk sem sinnti stjórnsýslunni, á námskeið til að kenna því hvaða reglur ættu að gilda um skrifræðið og í þessari framkvæmd allri felst mikill tilkostnaður.

Í athugunum sem gerðar hafa verið á heilbrigðiskerfinu, t.d. á vegum OECD, hefur komið fram að ef tilkostnaðurinn við að sækja og nýta sér heilsugæsluna fer yfir ákveðin mörk, þá verður það til þess að fæla fólk frá því að nýta sér þá þjónustu og slíkt leiðir til ójafnaðar í þjóðfélaginu, nokkuð sem OECD hefur varað við. Og við sem viljum berjast fyrir jöfnuði í samfélaginu hljótum að vara mjög eindregið við því.

Þá erum við komin að samhenginu um tilkostnaðinn við þetta kerfi og kostnaðinn fyrir einstaklingana sem nýta sér það. Spurningin er þá þessi: Hvenær borgar innheimtan sig og hvenær hættir hún að borga sig? Þetta er spurning sem allir ættu að spyrja sig, jafnvel þeir sem eru því fylgjandi að hafa komugjöld á heilsugæslustöðvum eða annars staðar í þessu kerfi. Þetta vildi ég sagt hafa almennt um frv. og hvers vegna það er sett fram.

Ef vikið er nánar að þeim lagagreinum sem lagt er til að breytt verði, þá er eins og ég sagði áðan lagt til að breyting verði gerð á lögum um heilbrigðisþjónustuna. 2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hljóðar nú svo:

„Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Þessi grein eða ígildi hennar hefur verið í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá upphafi. Nú er lagt til að hún verði felld niður og heilsugæsla verði ókeypis framvegis. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að 2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur."

Ég hef gert almennt grein fyrir ástæðum þess að við viljum ráðast í þessar breytingar. Á árunum fram að 1992 þótti gefast vel að hafa heilsugæsluna ókeypis. Það ýtti undir að fólk notaði sér þá þjónustu og ætla má, eins og ég gat um áðan, að með því að efla heilsugæsluna sé fundin leið til að halda sérfræðikostnaði niðri. Tvennt vinnst: Annars vegar sparar heilbrigðiskerfið í heild og hins vegar verður aðgengi almennings að frumþjónustunni greiðara.

Í öðru lagi hefur komið í ljós á þessum áratug að heilbrigðisráðherrar vilja misnota þessa grein og leggja íþyngjandi byrðar á þá sem þurfa heilbrigðisþjónustu. Þetta er um þá breytingu sem við leggjum til á lögum um heilbrigðisþjónustuna.

Í frv. er einnig lagt til að heimildin til að leggja á gjöld í heilsugæslu verði afnumin úr almannatryggingalögum. Þar hljóðar ákvæðið nú á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum."

Þannig hljómar þetta nú. Í því frv. sem hér er til umræðu leggjum við til að í stað fyrri málsl. 66. gr. laganna komi tveir málsliðir, svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar."

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. Þetta er nokkuð sem hefur verið mjög í umræðunni í þjóðfélaginu á liðnum árum og þekkja allir rækilega rök með og á móti að leggja gjöld á sjúklinga, eða það héldum við. Við héldum að menn hefðu almennt gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þessi gjaldtaka á sjúklinga hefur haft á liðnum árum og ekki síst eftir að það fékkst staðfest í skýrslu sem landlæknisembættið birti á síðasta ári þar sem í ljós kemur að þessi gjaldtaka hefur orðið til þess að mismuna fólki í velferðarþjónustunni og ræðst það af efnahag fólks hversu mikið og gott aðgengi það hefur að þeirri þjónustu.

Fyrr í dag bar hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fram fyrirspurn sem beint var til hæstv. forsrh. í fjarveru hæstv. heilbrrh. um hvort virkilega stæði til að leggja sérstakan matarskatt á fólk sem legðist inn á sjúkrahús og hvort til stæði að taka upp aukin gjöld, skattheimtu á fólk sem legðist inn á spítala. Hæstv. forsrh. svaraði því nánast þannig, eða efnislega var svar hans á þá leið, að það kæmi honum ekki við. Hann skipti sér ekki af slíku. Í rauninni er þetta fáheyrt að hæstv. forsrh. í ríkisstjórn leyfi sér að taka þannig á einhverju stærsta hitamáli þjóðarinnar á síðari tímum þar sem tekist er á um skipulag velferðarþjónustunnar í landinu. Þá hrista hæstv. ráðherrar bara höfuðið og segja að þeim komi þetta ekki við. Fróðlegt væri í tengslum við umræður um þetta frv. að heyra frá hæstv. heilbrrh. hver sjónarmið ráðherrans eru, ekki aðeins á komugjöldum á heilsugæslustöðvarnar heldur varðandi þá spurningu sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir bar fram fyrr í dag um matarskatt á sjúklinga á spítölum og skattheimtu á sjúklinga. Ætlar hæstv. heilbrrh. að hrista höfuðið líkt og hæstv. forsrh. gerði

fyrr í dag og segja að honum komi þetta ekki við? Eða hver eru viðbrögð hæstv. ráðherra?

[19:01]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur hér fram frv. þess efnis að fólk hætti að greiða komugjöld inn í heilsugæsluna. Þetta frv. hefur verið lagt fram áður og er því ekki nýtt af nálinni. Það sem ég hef lagt til í þessu máli er að komið verði á svokölluðu valfrjálsu stýrikerfi, þ.e. að einstaklingar geti sjálfir ráðið því hvort þeir greiði eina lága upphæð einu sinni á ári og eigi þá frían aðgang að heilsugæslunni það sem eftir er ársins. Ekki hefur náðst samkomulag við Læknafélagið um þetta kerfi sem ég tel mjög mikilvægt að samkomulag náist um. Í þessu sambandi vildi ég segja þetta og minna á að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa ekki orðið verulegar hækkanir á þjónustugjöldum almennt. Varðandi þjónustugjöld í heilsugæslunni var það um áramótin 1995–1996 sem komugjöld hækkuðu um 100 kr. og síðan hefur ekki verið hreyft við þeim.

Varðandi aðrar fyrirspurnir sem hv. þm. kom hér inn á og koma kannski ekki frv. beinlínis við en voru hér til umfjöllunar í dag í fyrirspurnatíma, t.d. um það hvort til greina komi að borga svokallað matargjald á sjúkrahúsum þá hef ég lesið tillögur stjórnarnefndar Ríkisspítalanna í Morgunblaðinu. Þetta er eitt af því sem þeir eru með í huga. Um þetta hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn, eins og kom fram í dag, og engin ákvörðun um það tekin.

[19:03]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrstu gera athugasemd við orð hæstv. ráðherra um að þjónustugjöld hafi ekki hækkað. Hæstv. ráðherra veit auðvitað að þau hafa hækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar, bæði í heilsugæslunni og annars staðar, án þess að ég ætli að fara að tína það til.

Vegna umræðu um matargjald þá kemur hér fram að þetta hafi verið til umræðu ríkisstjórnar í dag. (**Gripið fram í:** Nei.) Það hefur ekki verið.

Getur það hins vegar verið — og hvers konar vinnubrögð eru það, hæstv. forseti, — að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna leggi til matargjald eða matarskatt á sjúklinga og keyri það í gegnum nefndina án þess að ráðherrarnir standi þar að baki? Eru þeir að koma skattinum á án þess að ríkisstjórnin viti nokkuð um það eða hæstv. heilbrrh., herra forseti? Þetta eru ákaflega sérkennileg vinnubrögð. Og ég á bágt með að trúa því að kjörnir fulltrúar úr ríkisstjórnarflokkunum sem nú leggja til tillögur um aukinn skatt á sjúklinga hafi ekki samráð um það við yfirboðara sína, ráðherrana í ríkisstjórninni eða ráðherra þessa málaflokks. Getur verið að það sé rétt? Hvaðan hafa þeir umboð til að leggja fram svona skatt á sjúklinga? Það væri fróðlegt, herra forseti, að fá svör við því.

[19:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi misheyrst eitthvað. Ég sagði áðan að sú hækkun sem orðið hefur í heilsugæslunni sé 100 kr. Það átti sér stað um áramótin 1995–1996 og við þurfum ekki að togast meira á um það. Þannig er það og þarf hvorki að gera meira né minna úr því. Síðan hafa þessi gjöld ekki verið hreyfð.

Varðandi það sem hv. þm. sagði hafa verið rætt í ríkisstjórninni í dag, þetta matargjald sem hefur verið til umræðu, þá var það ekki rætt í ríkisstjórn og hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn. Þeir fulltrúar sem stýra sjúkrahúsum eru auðvitað að leita leiða til að halda sig innan ramma fjárlaga. Og það er ýmislegt sem um er fjallað eins og hv. þm. veit innan stjórna. Ég veit ekki til að búið sé að taka neina ákvörðun um þetta en kannski veit hv. þm. meira um það en ég.

[19:06]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þætti fróðlegt að heyra afstöðu hæstv. ráðherra til þessa matarskatts og hvort hæstv. ráðherra muni samþykkja að slíkur skattur verði lagður á sjúklinga. Þúsund króna skattur á dag, fyrstu tíu dagana sem sjúklingur liggur inni á sjúkrahúsi og jafnvel lagt á sjúklinga sem eru með 645 kr. á dag í sjúkradagpeninga til framfærslu frá hinu opinbera. Þeir gætu jafnvel fengið hálfa sjúkradagpeninga, rúmar 300 kr. á dag til framfærslu. Á að fara að rukka þá um þúsund krónur? Mér þætti fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. ráðherra vill þetta. Reyndar er nauðsynlegt að fá fram hvort þetta er vilji ráðherrans og að þetta sé sá hópur sem helst sé aflögufær nú í góðærinu til að greiða kostnað af rekstri Ríkisspítalanna. Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það hér í þessari umræðu.

[19:08]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan fá að sjá umræddar tillögur áður en ég tjái mig um þær á hinu háa Alþingi. Hv. þm. er með fullyrðingar sem ég hef hvergi séð skjalfestar. Hv. þm., eins og ég kom inn á áðan, veit trúlega meira en aðrir hér í þingsalnum.

[19:08]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fréttum hefur komið fram að stjórnendur Ríkisspítalanna hafi í sínum hugmyndum um sparnaðarráðstafanir rætt það að setja sérstakan matarskatt á sjúklinga sem leggjast inn og láta þá greiða sérstakan aðgangseyri að spítölunum. Ég þarf ekki að sjá tillögurnar til að taka afstöðu til þeirra. Mér finnst þær ekki koma til greina.

Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort ráðherranum finnist koma til greina að leggja sérstakt fæðisgjald, matarskatt, á sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús. Finnst ráðherranum koma til greina að selja aðgang að sjúkrahúsunum, eins og heyrst hefur að stjórnendur Ríkisspítalanna séu að ræða sín í milli?

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill benda á að hv. þm. var í andsvari við ræðu hæstv. ráðherra þar sem ráðherrann talaði ekki um matarskatt. Þetta hefði hentað í ræðu en ekki í andsvari. (Gripið fram í.) — Vill kannski hv. þm. taka til máls en ekki í andsvari?)

[19:10]

**Flm. (Ögmundur Jónasson):**

Sjálfsagður hlutur, hæstv. forseti. Hér hefur margt fróðlegt komið fram í umræðunni. Og án þess að ég ætli að þreyta hv. þm. með því að endurtaka það sem ég sagði hér áður í formgölluðu andsvari mínu, þá vona ég að hæstv. ráðherra, ef hann kýs að koma hér upp aftur, svari þeim spurningum sem ég setti fram.

Varðandi önnur málsatriði sem fram komu hjá hæstv. ráðherra vil ég segja að það tilbrigði við gjaldtöku í heilsugæslustöðvum sem ráðherrann setti hér fram er aðeins tilbrigði við þann aðgangseyri sem nú er við lýði. Hitt er verra

að ég heyrði ekki betur, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, en að hér væri aftur kominn upp á borðið hinn illræmdi kaskó-skattur, kaskó-gjaldið, sem þjóðin reis gegn fyrir fáeinum árum. Það varð m.a. til þess að sjúklingar í landinu stofnuðu samtökin Almannaheill til að mótmæla kaskó-skattinum og annarri álagningu sem þáv. ríkisstjórn stóð fyrir gagnvart sjúklingunum.

Ef ég skildi ráðherrann rétt þá er talað hér um valkvætt stýrikerfi. Þannig eru heitin yfirleitt þegar verið er að setja skatta á fólk. Þegar menn hafa hugsanlega slæma samvisku gagnvart því að leggja skatta á fólk, þá heitir það svona fínum nöfnum. Ábyrgðarvæðing hét það einhvern tíma þegar verið var að skera niður við sjúklinga inni á sjúkrastofnunum. Þá var starfsemin ábyrgðarvædd. Nú er talað um stýrikerfi, valkvætt stýrikerfi. Mér skildist það á hæstv. ráðherra að um það væri að ræða að menn ættu kost á að greiða lágt gjald, eins konar tryggingu, en ef þeir þyrftu að nýta sér þessa þjónustu — þetta þurfum við að fá nánari upplýsingar um — að þá kæmu hærri gjöld til sögunnar.

Nú skal ég viðurkenna að ég er að lesa á milli línanna, ráða í það sem hæstv. ráðherra sagði, sem er nú ekki mjög sanngjarnt. En ég held að við þurfum að fá nánari útskýringar af hálfu hæstv. ráðherra um hvað við er átt. Er hér verið að tala um kaskó-skattinn að nýju? Eða hvað er yfirleitt átt við með hinu valkvæða stýrikerfi? Ég fæ ekki betur séð en að slæmur hlutur hafi fengið nýtt nafn. Lagt er til að þessi hlutur verði aflagður í því frv. sem hér er til umræðu. Það gengur út á að afnema með öllu komugjöld á heilsugæslustöðvar.

[19:14]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Við vorum að ræða um komugjöld á heilsugæsluna og hið svokallaða valfrjálsa stýrikerfi sem ég ræddi hér um áðan. Hv. þm. spurði hvort þar væri kominn hinn illræmdi kaskó-skattur, eða hvað hann var nú kallaður á sínum tíma? Við erum að tala um allt annan hlut. Við erum að tala um að fullfrískt fólk borgi vissan skatt. Að vissu marki er það skattur. Og þetta er nokkurs konar sjúkrasamlag.

Við erum að tala um fólk sem ekki er öryrkjar og ekki er ellilífeyrisþegar sem borga eitthvað miklu lægra. Með því eru þeir að tryggja sér fría heilsugæslu. Þannig erum við að tryggja heilsugæsluna sem grunneiningu og grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Þetta er hugsunin á bak við þetta. Ég tel þetta það sem við eigum að stefna að, enda muni þetta tryggja einstaklingnum aðgang að heilsugæslunni, frírri heilsugæslu, fyrir utan þetta sjúkrasamlagsgjald. Maður borgar þetta gjald frískur og fjörugur og á þá kost á því þegar hann veikist að fara inn í heilsugæsluna án þess að þurfa að greiða fyrir.

Ég tel mikilvægt að ná samkomulagi um þessa leið. Við höfum reynt það mjög lengi en hvort okkur tekst í þessari atrennu sem við erum að gera á málinu skal ég ekki segja til um. Oft hefur verið talað um mikið stefnuleysi í heilbrigðismálum almennt sem er náttúrlega alrangt. Málið er að þegar til á að taka vilja menn ekki breyta gildandi kerfi og um það eru menn að fást nákvæmlega eins og í þessu tilviki.

Varðandi önnur mál sem komu upp í andsvari við hv. þm. Ástu Ragnheiði hér áðan var það einhver klemmuaðferð sem hv. þm. ætlaði að beita á mig og ég átti að fjalla um tillögu sem ég hef ekki séð. Hv. þm. talaði auðvitað frá eigin brjósti hvað hann gæti sagt. En ég gæti þá sagt við hv. þm. að ég tel að ekki sé möguleiki á að setja einhvern allt annan skatt á einu sjúkrahúsi en öðru. Það verður að vera eitthvert samræmi í því. En hv. þm. veit af því að sjúklingur greiðir t.d. ýmis göngudeildargjöld inni á göngudeildum þessara sjúkrahúsa þó að þeir dveljist þar ekki daglangt. Kannski er hv. þm. Ögmundur Jónasson að boða að allt slíkt eigi að leggja niður. Þá þurfum við að koma með einhverja skatta á móti hverju nafni sem þeir nefnast. Þá minni ég aftur á að þær tillögur sem ég hef borið fram um þetta valfrjálsa stýrikerfi finnst mér vera svolítill mælikvarði á það hvað menn eru tilbúnir að greiða fyrir þjónustuna, eins og ég segi, frískir og fjörugir.

[19:17]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að menn vildu ekki breyta núverandi kerfi. Jú, menn vilja bæta núverandi kerfi og menn hafa verið að vinna að umbótum innan velferðarþjónustunnar á liðnum árum og áratugum á ýmsum sviðum sem hefur leitt til þess að við búum við eitt öflugasta og besta heilbrigðiskerfi í heiminum. Við viljum ekki láta eyðileggja það. Út á það gengur slagurinn.

Síðan er spurningin um að það eigi ekki að vera misræmi í skattheimtu. Þá er spurningin: Á hvern hátt á að draga úr misræmi? Á að rukka alla eða á að draga úr rukkuninni? Hæstv. ráðherra beindi spurningu til mín hvora leiðina ég þar vildi fara og ég segi tvímælalaust að það eigi að fara síðari leiðina og þá er það rétt sem hæstv. ráðherra segir að auðvitað þarf þá að afla skatttekna með öðrum hætti.

Varðandi hið valkvæða stýrikerfi þá erum við með almenna skattheimtu sem hinn fríski greiðir. Það heitir t.d. tekjuskattur. Það heitir tekjuskattur einstaklinga, það heitir tekjuskattur fyrirtækja og þar fram eftir götunum. Þetta greiða allir þegnar þjóðfélagsins. Nú spyr ég vegna þess að ég hef ekki fengið nægileg svör við því: Hvað felst nánar í þessu kerfi? Er þetta valkvætt? Þurfa ekki allir að borga þetta gjald? Er það valkvætt? Er það valfrjálst? Ef svo er þá erum við aftur farin að tala um kaskó-skattinn sem var til umræðu í þjóðfélaginu fyrir fáeinum árum og varð til þess að þjóðin reis upp til að mótmæla því kerfi.

Að lokum vil ég segja: Að sjálfsögðu vil ég taka í útrétta hönd hæstv. ráðherra sem auglýsir eftir því að við reynum að ná samkomulagi og sátt um þær breytingar sem verði gerðar á heilbrigðisþjónustunni og skipulagi hennar og öflun fjármuna til hennar. Að sjálfsögðu eigum við að stuðla að því að ná sátt um þessi efni.

[19:20]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áfram með hið valfrjálsa stýrikerfi. Já, það er valfrjálst hvort fólk borgar eina litla upphæð einu sinni á ári eins og aðra skatta. Það er hugsað þannig að sjúklingur borgar einu sinni eina litla upphæð og fær síðan þjónustu og greiðir ekkert eftir það. Sérstakt tillit er tekið til öryrkja og ellilífeyrisþega. Hv. þm. telur að þetta sé ekki gott og hristir höfuðið en ég tel að þetta sé kerfi sem við eigum að reyna.

[19:21]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Borga eina litla upphæð. Hverjir skyldu það vera sem koma til með að borga þessa einu litlu upphæð? Og hverjir skyldu það verða sem munu ekki borga þessa einu litlu upphæð? Skyldu það ekki vera þeir sem samkvæmt könnun landlæknisembættisins nýta sér ekki heilbrigðisþjónustuna vegna þess að þeir hafa ekki fjárráð til

þess? Það hefur komið í ljós að tekjulægsta fólkið nýtir sér ekki heilbrigðisþjónustuna vegna þess að það hefur ekki fjárráð til þess. Þetta er fólkið sem mun ekki greiða þessa einu litlu upphæð. Þegar það verður orðið sjúkt verður það hins vegar látið borga meira en hinir. Hvaða réttlæti felst í þessu? Þetta er kaskó-kerfið í heilbrigðisþjónustunni sem þjóðin hefur hafnað og ég vara mjög eindregið við því að reynt verði að fara að innleiða mismununarkerfi af þessu tagi í heilbrigðisþjónustunni. Nóg er þegar komið.

[19:22]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi óska þess að hv. þm. gæfi sér tíma til að hitta mig innan tíðar og við færum yfir þetta. Ég er alveg viss um að við gætum fundið samkomulagsleið einmitt í þeirri leið sem ég var áðan að tala um. Það er of stuttur tími til að fara nánar út í þetta hér en ég er alveg viss um að hann fyndi samkomulagsflöt á þessari leið.

[19:23]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að menn vildu ekki breyta. Það er ekki rétt. Menn vilja breyta til batnaðar og það sýna hin fjölmörgu frv. sem hafa verið lögð fram í þinginu til breytinga á almannatryggingunum, á heilbrigðisþjónustunni o.s.frv. Auðvitað viljum við að það öryggisnet sem velferðarkerfið er haldi. Því miður, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, eru allt of margir sem hafa ekki efni á því að nýta sér heilbrigðisþjónustuna. Það er alltaf fólk sem ekki getur borgað. Því miður eru ýmsir reikningarnir fyrir læknisþjónustu sem liggja bæði á sjúkrahúsunum og á heilsugæslustöðvunum sem fást aldrei greiddir. Auðvitað á það ekki að eiga sér stað. Við vitum líka að á meðan það var ókeypis á heilsugæslustöðvarnar komu mun fleiri þangað til að leita sér læknishjálpar.

Ég vil fá svör við því hjá hæstv. ráðherra sem sagði aðspurður um matarskattinn á sjúklinga að ekki væri hægt að leggja hann á eitt sjúkrahús, það þyrfti að ganga yfir alla. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess að setja matarskatt á sjúklinga á öllum sjúkrahúsum? Var hann var að segja það í ræðu sinni áðan, hæstv. forseti? Mér finnst vera ástæða til þess að fá svar við því. Ef það er ekki í lagi eingöngu á einum stað þá er nánast gefið í skyn að það væri í lagi að það væri sett á alla. Stendur virkilega til að það eigi að láta sjúklinga borga fyrir matinn sinn á sjúkrahúsum hér á landi? Það er mikilvægt að fá svar við því, herra forseti. (**Heilbrrh.:** Ég er búin að svara þessu svo oft.) — Hún treystir sér ekki til að svara.

[19:25]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að láta hv. þm. segja að ég treysti mér ekki til að svara því að ég hef staðið fyrir svörum í allan dag þannig að það er eins og hver annar útúrsnúningur. Hv. þm. heldur að það sé rétt að halda áfram með þessa útúrsnúningadellu sem hefur verið viðhöfð, þ.e. að eitt orð leiði af öðru. Ég sagði nákvæmlega það sem hv. þm. endurtók áðan. Ég sagði að sömu lög verði að gilda alls staðar varðandi gjöld í heilbrigðisþjónustunni. Þannig er það á göngudeildum og þannig er það almennt.

Ekkert hefur verið rætt um þennan matarskatt innan ríkisstjórnar og engin ákvörðun tekin um hann þar sem hann hefur ekki verið ræddur. Það hef ég sagt æ ofan í æ og segi enn einu sinni.

[19:26]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurn minni um matarskattinn. Það er verið að ræða matarskattinn af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í stjórn Ríkisspítalanna. Ég kalla eftir afstöðu hæstv. ráðherra til þessa máls þó svo hún sætti sig ekki við það á Ríkisspítölunum. Ef hún sættir sig ekki við það á Ríkisspítölunum hvers vegna lætur hún þá umræðuna ganga áfram innan stjórnarinnar um þessa tillögu, um 92 millj. kr. tekjur af matarskatti á sjúklinga sem er nánast verið að keyra í gegnum stjórnina? Ég vil gjarnan heyra hvort það komi til greina að rukka slíkan skatt af sjúklingum á sjúkrahúsum á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÖJ o.fl., 108. mál (tannlækningar). — Þskj. 108.

[19:28]

**Flm. (Ögmundur Jónasson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Auk mín standa að frv. hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Frv. gengur út á að auka kostnaðarhlutdeild hins opinbera í tannlæknaþjónustu en á undanförnum árum hefur tilkostnaður barnafólks og elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar stóraukist og er svo komið að margt efnalítið fólk á ekki lengur kost á því að leita sér lækninga.

Á síðustu 15 árum hefur kostnaður heimilanna við tannlækningar þrefaldast. Ef litið er á aðrar dagsetningar hvað þetta snertir þá hefur dregið úr stuðningi hins opinbera frá því á árunum fyrir 1992–1993 en þá voru gerðar breytingar á þessum lögum þannig að greiðslubyrði heimilanna fór úr 62% af heildarútgjöldum í 75%.

Ég nefndi að margt tekjulágt fólk hefði ekki efni á því að leita sér lækninga. Í þessu sambandi vil ég vitna orðrétt í skýrslu landlæknisembættisins sem gefin var út í apríl 1997 undir heitinu „Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð.“

Þar er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni því að í ljós hafi komið, og hér vitna ég orðrétt í skýrsluna, með leyfi forseta, „að meðal barnafólks sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Ekki virðist vera munur varðandi aðsókn að aðgerðum á læknastofum en mikill munur varðandi tannlæknameðferð sem reyndar hefur borið á áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda sl. átta ár. Allar götur eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting á því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.“

Með samþykkt þessa frv. yrði stigið skref til að vinna gegn þróun undangenginna ára sem að mati landlæknisembættisins hefur orðið til að torvelda tekjulágu fólki að leita sér

lækninga. Eins og kom fram í þessari tilvitnun ber mest á þessu varðandi tannlækningar, tannheilsuna.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt og var svo fram á þennan áratug.

Reglugerð um lækkun tannlækniskostnaðar var upphaflega sett af Magnúsi Kjartanssyni í upphafi áttunda áratugarins og er á leið voru stigin ýmis skref fram á við. Þannig setti þáv. heilbr.- og trmrh., Svavar Gestsson, reglugerð árið 1983 um rétt sjúklinga til endurgreiðslu á tannlækniskostnaði. Við stjórnarskipti var sú reglugerð reyndar felld úr gildi en í henni var mörkuð svipuð stefna og í þessu frv.

Stefnumörkunin sem fólst í þeim lögum og reglugerðum sem er vísað til hefur staðist tímans tönn en á síðasta kjörtímabili var grundvöllur þeirra veiktur verulega og má heita að þá hafi verið snúið við eftir langt uppbyggingartímabil. Árið 1992 var hlutdeild Tryggingastofnunar í tannlækniskostnaði barna undir 16 ára aldri færð úr 100% í 85%. Á árinu 1993 var framlagið enn skert og fært í 75% fyrir börn og unglinga. Sama ár var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta óskertrar tekjutryggingar, lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa við skerta tekjutryggingu var færður niður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem höfðu áður fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum, fengu engan stuðning. Fleiri ráðstafanir hafa verið gerðar í skerðingarátt og má þar sérstaklega nefna tannlækningar á sviði tannréttinga.

Það er ekki sæmandi í þjóðfélagi okkar að koma í veg fyrir að eldri borgarar og örorkulífeyrisþegar fái notið eðlilegrar tannlæknaþjónustu. Til að átta sig betur á þeim prósentum sem voru nefndar má nefna til glöggvunar að þetta þýðir að við núverandi fyrirkomulag fær einstaklingur sem er með 28.093 kr. á mánuði eða minna í tekjur 75% af tannlækniskostnaði endurgreiddan. Sá sem er með tekjur á bilinu upp að 78.792 kr. fær 50% en sá sem er með tekjur þar fyrir ofan fær ekkert.

Tannlækningar geta verið kostnaðarsamar og hefur þetta fyrirkomulag haft í för með sér að öryrkjar og fullorðið fólk hefur í mörgum tilvikum ekki efni á að leita sér lækninga. Öryrkjar sem búa á stofnunum eða sambýlum fá að vísu 90% kostnaðar endurgreiddan en hvers eiga þeir að gjalda sem búa í heimahúsum? Lagt er til í frv. að allir elli- og örorkulífeyrisþegar fái 100% stuðning við almennar viðgerðir og gervitennur og síðan eigi þeir, samkvæmt sérstökum reglum, smíðuðum í Tryggingastofnun, og fyrir því eru heimildarákvæði, að fá greiðslu fyrir annars konar viðgerðir einnig.

Samkvæmt útreikningum yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins mundi þetta hafa í för með sér um 100 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð en með þessu móti yrði tryggt að þessir hópar geti leitað sér lækninga sem við hljótum að telja vera lágmarksréttindi að fólk geti gert.

Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins í tannlækniskostnaði 856 millj. kr. en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þær breytingar sem höfðu verið gerðar á lögunum um almannatryggingar á þessu sviði höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkis vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. En þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana enda staðhæfir fólk að svo sé samkvæmt skýrslu landlæknis sem hér var vísað til áðan.

Með frv. er gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði en einnig er aldursviðmiðunarmörkum breytt úr 15 árum í 17 ár og ekki er gert ráð fyrir fyrirkomulagi með þrepum eins og nú er, þ.e. gagnvart 16 ára unglingum sem nú fá stuðning en lægra endurgreiðsluhlutfall en yngri aldurshópar. Gert er ráð fyrir því að fram að 17 ára aldri greiði fólk einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt er að endurmeta síðan með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að færa hlutfallið upp í 100%. Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að gott eftirlit sé með þessum málum og möguleikar til þess aukast ár frá ári t.d. með betri tölvutækni.

Annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tannlækniskostnaði hærri en hér. Allur kostnaðurinn er greiddur af hinu opinbera í Danmörku til 18 ára aldurs, í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Við teljum æskilegt að stefna að því að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndunum að þessu leyti.

Þess má geta í sambandi við samanburð við Norðurlöndin að þegar skoðuð eru kostnaðarhlutföll innan heilbrigðiskerfisins er hlutur tannlækninga hér á landi minni en gerist víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Í skýrslu um tannlækningar, skipulag og stjórnsýslu hennar sem framkvæmd var af Hagsýslu ríkisins og kom út á síðasta ári kemur fram að hlutfall kostnaðar vegna tannlæknaþjónustu á Íslandi er 2% af útgjöldum til heilbrigðismála en annars staðar er hlutfallið hærra. Í Finnlandi er það 3%, í Danmörku 3,8%, í Svíþjóð 4,6%. Ein undantekning er á þessari meginreglu, rétt til að sanna regluna eins og þar segir, það er í Noregi þar sem hlutfallið er lægra en hér, 1,5% á móti 2% hér.

Í frv. er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en eins og áður er getið og ég hef þegar gert grein fyrir eru þess mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi hreinlega ekki getað leitað sér lækninga og slíkt er ekki sæmandi.

Samkvæmt frv. er sú breyting gerð á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun til tannréttinga og sama gildir um tilvísun til gullfyllinga, krónu- og brúargerðar í 1. málsl. 2. mgr. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Það eitt að bæta tannheilsu og efla vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir.

Að öllu óbreyttu má hins vegar gera ráð fyrir því að þær breytingar sem lagðar eru til mundu, að mati yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins, hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun að upphæð 263,7 millj. kr. og í frv. er tafla sem yfirtannlæknir Tryggingastofnunar ríkisins setti

fram alþingismönnum til glöggvunar og þar kemur skiptingin fram.

Þegar metnir eru kostir og gallar þess að ráðast í breytingarnar er að mörgu að hyggja en ég vil ljúka máli mínu á því að vísa í skýrslu Hagsýslu ríkisins um þetta efni en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Greiðsluhlutdeild ríkisins hefur sérstöðu í samanburði við önnur Norðurlönd þar sem greitt er að fullu fyrir tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga. Heppilegt kann að vera að hlutdeild ríkisins í almennri tannlæknaþjónustu fyrir þennan aldurshóp verði hækkuð til að bæta tannheilsu og draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sem hefur aukist sl. ár. Líkur eru á að hægt sé að ná fram sparnaði á móti með virku eftirliti með reikningum tannlækna og með því að skilgreina hvaða þjónusta skuli greidd."

Öll rök hníga í þá átt að úrbóta sé þörf og í samræmi við það þarf að framkvæma.

[19:45]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið því að klukkuna vantar 14 mín. í átta að kvöldi og við höfum nú verið að í allan dag. Ég vil samt koma með smáinnlegg í umræðuna um málið og benda á hversu mikil áhrif greiðsluþátttaka almannatrygginga hefur á komur til tannlækna og hvað það getur verið afgerandi fyrir tannheilsu þjóðarinnar til framtíðar hver greiðsluþátttaka almannatrygginga er í kostnaði við tannlækningar.

Eins og hv. flm. Ögmundur Jónasson hefur skýrt hér í ítarlegu máli hafa orðið breytingar á þessum þætti almannatryggingannna á undanförnum árum og greiðsluþátttakan hefur minnkað hjá börnum, unglingum og öldruðum. Árið 1995 lagði ég fram fyrirspurn í þinginu um þetta mál þar sem ég spurðist fyrir um komur barna til tannlæknis eftir að reglum var breytt í almannatryggingakerfinu, eftir að foreldrum var gert að greiða hluta tannlækninga barna sinna. Og fram kom í svari frá hæstv. heilbrrh. að 10% skólabarna í Reykjavík skiluðu sér ekki til tannlæknis eftir að foreldrar þeirra þurftu að fara að greiða fyrir komur til tannlæknisins. Eitt af hverjum tíu börnum í Reykjavík skilaði sér ekki til tannlæknis. Þetta er mjög alvarlegt mál og á örugglega eftir að koma fram síðar í athugun á tannheilsu.

Annað kom einnig fram sem vert er að benda á, þ.e. að vanskil hjá skólatannlæknum urðu þó nokkur á þessu tímabili. Vanskil voru 10% skólaárið 1992–1993 og 19% fyrri hluta skólaársins 1993–1994. Þetta er auðvitað sama umræðan og farið hefur fram hér í dag um það að alltaf hefur einhver hópur ekki efni á því að sækja þessa þjónustu, sérstaklega eftir að greiðsluþátttakan hefur verið aukin.

Ég þekki það einnig að fjöldi aldraðra leitaði ekki tannlæknaþjónustu eftir að kostnaðarhlutdeild þeirra var aukin. Þeir láta tannlækningar mæta afgangi. Og iðulega þegar aldraðir sem eiga erfitt fjárhagslega koma til mín í viðtöl þá telja þeir upp að þeir leyfi sér lítið, þeir fái sér varla flík og fari alls ekki til tannlæknis. Þetta er því mjög alvarlegt mál og menn ættu að huga að því nú þegar betur árar í samfélaginu að breyta þeim reglum sem gilda um þetta efni og huga að því að búa að bættri tannheilsu.

Vissulega eigum við að taka Norðurlandaþjóðirnar okkur til fyrirmyndar. Komið hefur fram hér í máli frummælanda hver þeirra þáttur er í tannlækningum og það kemur einmitt fram í greinargerð með þessu máli. Vissulega eigum við að taka þær okkur til fyrirmyndar því það mun hafa veruleg áhrif á tannheilsu þjóðarinnar til framtíðar ef ekki verður bætt úr þessu ástandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar en ég býst við að þetta mál komi til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti og get komið frekar að málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 19:50.

---

# 53. FUNDUR

miðvikudaginn 28. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til utanríkisráðherra:*

1. Minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum, fsp. ÁE, 296. mál, þskj. 368.

*Til heilbrigðisráðherra:*

2. Vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega, fsp. ÁRJ, 374. mál, þskj. 630.

3. Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands, fsp. ÖS, 380. mál, þskj. 679.

*Til menntamálaráðherra:*

4. Fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands, fsp. ÖS, 381. mál, þskj. 680.

5. Umsókn Friðar 2000 um leigu á skólahúsnæði, fsp. GÁS, 383. mál, þskj. 682.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá þinginu í Tsjetsjeníu.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Aukatekjur ríkissjóðs, 304. mál, þskj. 669.

Brunavarnir í Hvalfjarðargöngum, 400. mál, fsp. JóhS, þskj. 721.

Dvalar- og hjúkrunarheimili, 399. mál, fsp. MF, þskj. 720.

Fjármagn vegna mælinga á geislavirkum efnum í sjó, 395. mál, fsp. HG, þskj. 716.

Flutningur ríkisstofnana, 390. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 708.

Húsaleigubætur, 290. mál, þskj. 662.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 330. mál, þskj. 667.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1998, 323. mál, þskj. 670.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 391. mál, frv. HG o.fl., þskj. 709.

Samningsslit sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins, 396. mál, fsp. MF, þskj. 717.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 249. mál, þskj. 693.

Tekjuskattur og eignarskattur, 328. mál, þskj. 668.

Tekjuskattur og eignarskattur, 338. mál, þskj. 694.

Útboðsskilmálar í vegagerð, 401. mál, fsp. JóhS, þskj. 722.

Vörugjald af ökutækjum, 329. mál, þskj. 666.

Yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir, 397. mál, fsp. MF, þskj. 718.

Öldrunardeildin Ljósheimar á Selfossi, 398. mál, fsp. MF, þskj. 719.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:33]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu sem fer fram kl. 3.30 síðdegis, um launastefnu ríkisins. Málshefjandi er Kristín Ástgeirsdóttir og hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

### *Vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega.*

Fsp. ÁRJ, 374. mál. — Þskj. 630.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Í haust lagði ég fram fyrirspurn og óskaði eftir skriflegu svari um vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega. Svarið barst nokkru fyrir jól og var spurningum mínum til hæstv. heilbrrh. ágætlega svarað nema þegar kom að spurningu um svokallaða vasapeninga utan stofnana. Þá þótti mér svar hæstv. heilbrrh. vera ákaflega sérkennilegt þar sem spurt var um þær sérstöku vasapeningagreiðslur.

Í reglum kemur fram að tekjulitlir lífeyrisþegar, nánast tekjulausir, eiga rétt á vasapeningum sem eru rúmar 12 þús. kr. á mánuði ef þeir eru inni á stofnun. Þegar hæstv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason var heilbrrh. réð hann nokkra bót á stöðu þeirra sjúklinga og vistmanna á stofnunum með því að setja í reglugerð nr. 213/1991 heimild til að greiða vasapeninga utan stofnana, sem voru tvöfaldir sjúkradagpeningar, sem dag eru um 1.300 kr., daglega ef menn fóru út af stofnun í sólarhring eða meira án þess að útskrifast. Nú er það algengt að fólk fer heim um jól, um helgar, jafnvel er deildum lokað tímabundið og menn eru sendir heim og þá er heimilt að greiða slíka vasapeninga utan stofnana.

Þegar ég spurði hæstv. heilbrrh. um þessa vasapeninga og hversu margir hafa fengið þá undanfarin ár er svarið sem ég fæ frá hæstv. ráðherra svohljóðandi og segir í skjalinu, með leyfi forseta. „Greiddir eru svonefndir „heim um helgar" vasapeningar, en þeir sárafáu lífeyrisþegar sem fá þá eru taldir með í töflunni hér á undan, enda eru þeir fyrst og fremst vistmenn stofnana."

Að sjálfsögðu var ég að spyrja um vistmenn stofnana, það var alveg ljóst. Ég var að spyrja um þá vistmenn stofnana sem fóru heim og fengu þessar greiðslur. Þar sem ég fékk alls ekki viðunandi svar við þeirri spurningu minni í skriflegu svari hef ég óskað eftir ítarlegra svari frá hæstv. heilbrrh. og þess vegna legg ég þessa spurningu fyrir að nýju:

Hversu margir ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem dvelja á stofnunum hafa fengið greidda vasapeninga „utan stofnana" samkvæmt þeirri reglugerð sem ég minntist á áðan? Ég óska hér með eftir því, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. upplýsi það.

[13:37]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Fyrirspurn hv. þm. hljóðar svo:

„Hversu margir ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem dvelja á stofnunum hafa fengið greidda vasapeninga „utan stofnana" samkvæmt reglugerð 213/1996 hvert undanfarinna fimm ára?"

Þessari fyrirspurn hefur verið svarað áður í skriflegu svari til þingmannsins á þskj. 586 í desember sl. Spurt var um breytingar á vasapeningagreiðslum til sömu aðila á undanförnum fimm árum og hversu margir þeir væru sem fengju þessa vasapeninga innan og utan stofnana. Svörin voru í stuttu máli á þá leið að nákvæmar tölur voru gefnar upp fyrir þessa hópa hvorn um sig á þessum árum vegna þeirra sem voru innritaðir á stofnanir, en þeir voru í heild í kringum 2.000 á hverju ári. Hvað varðar vasapeningagreiðslur utan stofnana, þá voru svör á þá leið að vasapeningar væru einungis greiddir í mjög litlum mæli utan stofnana en fjöldi þeirra fáu aðila sem undir það falla væri innifalinn í fyrrnefndum tölum, enda væri fyrst og fremst um vistmenn stofnana að ræða.

Hv. þm. var ekki ánægður með þessar útskýringar, eins og fram kom í ræðu hans á undan, og spyr því aftur: Hversu margir hafa fengið vasapeningagreiðslur utan stofnana undanfarin fimm ár samkvæmt reglugerð 213/1996, sem er trúlega prentvilla því að sú reglugerð er varðandi lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar og ég veit að hv. þm. var ekkert að spyrja um það. Öðru máli gegnir um reglugerð nr. 213/1991 en það er það sem hv. þm. spyr um. Samkvæmt 5. gr. þeirrar reglugerðar er heimilt að greiða vasapeninga sem nemur tvöföldum sjúkradagpeningum fyrir hvern dag sem sjúklingur dvelst tímabundið utan stofnana án þess að útskrifast samkvæmt 6. gr. Gildir þessi reglugerð einnig um þá sem dvelja á stofnunum fyrir aldraða.

Það er tiltölulega einfalt mál að safna upplýsingum um fyrri spurningu þingmannsins, um fjölda vistmanna með vasapeninga. Þær upplýsingar liggja fyrir. En á hinn bóginn eru ekki til neinir sérstakir bókunarlyklar í tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins um vasapeninga sem greiddir eru utan stofnana. Þess vegna eru þeir aðilar sem fá vasapeninga utan stofnana og eru í leyfi heima um helgar eða við önnur tækifæri taldir með vistmönnum stofnana með vasapeninga.

Vegna ítrekaðrar fyrirspurnar hv. þm. um nákvæmari upplýsingar á þessu sviði reyndist nauðsynlegt að kaupa forrit af SKÝRR sem keyrt var út í tæpar 20 stundir til að ná fram umbeðnum upplýsingum. Kostnaður við þetta er á annað hundrað þúsund þannig að ég vona að þessar upplýsingar komi hv. þm. að góðu gagni.

Fjöldi lífeyrisþega með vasapeninga utan stofnana skiptist þá sem hér segir: Ég tek desember sérstaklega út þar sem þá sést hversu margir fara í jólaleyfi á þessum stofnunum þannig að sú fyrirspurn komi þá ekki sérstaklega síðar.

Fyrir árið 1993, í desember: 5 öryrkjar og 1 ellilífeyrisþegi. Allt árið: 25 öryrkjar og 4 ellilífeyrisþegar.

Fyrir árið 1994, í desember: 8 öryrkjar og 1 ellilífeyrisþegi. Allt árið: 26 öryrkjar og 8 ellilífeyrisþegar.

Fyrir árið 1995, í desember: 7 öryrkjar og 1 ellilífeyrisþegi. Allt árið: 25 öryrkjar og 7 ellilífeyrisþegar.

Fyrir árið 1996, í desember: 7 öryrkjar og 1 ellilífeyrisþegi. Allt árið: 82 öryrkjar og 21 ellilífeyrisþegi.

Fyrir árið 1997, í desember: 10 öryrkjar, ellilífeyrisþegar engir. Allt árið: 70 öryrkjar og 25 ellilífeyrisþegar.

Þetta er hin nákvæma greining á skiptingu þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa vasapeninga utan stofnana undanfarin fimm ár af þeim 2.000 vistmönnum sem fá vasapeninga yfirleitt.

[13:42]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli og sýnist ekki af veita, þar sem ekki einu sinni var gert ráð fyrir því í forriti Tryggingastofnunar að þessi bótaflokkur væri til. Þetta sýnir auðvitað ekkert annað en það hvers vegna svo fáir hafa fengið þessa vasapeninga. Ástæðan fyrir því er augljós. Fólk hefur ekki hugmynd um að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Tryggingastofnun hefur greinilega ekki gert mikið til þess að kynna þennan möguleika. Og í stuttu máli sagt er ekki ástæða fyrir hæstv. ráðherra að vera með vægast sagt hálfgerðan hroka við hv. þm. Frammistaða ráðuneytisins er ekki til sóma, Tryggingastofnunar ekki heldur og ég lofa því að þetta mál verði sannarlega tekið upp í tryggingaráði og reynt að bæta úr.

[13:43]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Þetta voru ótrúleg svör frá hæstv. ráðherra við lítilli spurningu um stórmál. Það er verið að spyrja um hversu margir hafa nýtt rétt, sem var settur inn í reglugerð 1991, og óþarfi fyrir ráðherrann að vera með útúrsnúninga þó að það hafi misfarist í meðferð þingsins og prentvilla orðið í þingskjali.

Fyrir utan það tel ég enga ástæðu til að tína það til hér hvað það kosti að fá ákveðnar upplýsingar því að ég hef fengið upplýsingar um að fjöldi geðfatlaðra, sem voru settir út af deildum nú um jólin, fengu ekki þessa vasapeninga vegna þess að fólk hafði ekki hugmynd um að það ætti rétt á þeim. Það þarf að vera stöðug kynning í gangi til aldraðra, til geðsjúkra, til aðstandenda o.s.frv. Það er ekki nóg að kynna þetta einu sinni, tvisvar, þrisvar. Stöðug kynning þarf að vera í gangi því að menn fá ekki þessar greiðslur nema sækja um þær. Menn verða að sækja rétt sinn og það er ekki hægt að sækja hann aftur í tímann. Það er því full ástæða til að vera með stöðuga kynningu. Meðan ég annaðist kynningarstörf í Tryggingastofnun ríkisins var þetta kynnt reglulega á stofnunum en því miður þarf að kynna þetta stöðugt og samfellt. Ég fullyrði að full ástæða er til að fara í gagngera kynningu á þessu því að það er fjöldi sjúklinga og vistmanna á stofnunum sem eru heima án þess að fá þessar greiðslur sem þeir eiga rétt á. Það er ekki auðvelt fyrir fólk að þurfa að sjá sér farborða, jafnvel að kaupa jólagjafir eða annað sem menn vilja leyfa sér, fyrir um 12.000 kr. á mánuði eins og vasapeningarnir eru núna fyrir það fólk sem býr við þennan þrönga kost. Og það munar um 1.200 kr. á dag til viðbótar meðan menn eru utan stofnana og ég óska eftir því og gleðst yfir því að það skuli þó vera komið inn forrit í Tryggingastofnun til að fylgjast með þessum málaflokki.

[13:45]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér hefur þingmaðurinn fengið mjög nákvæmar upplýsingar og segir réttilega að það þurfi að vera stöðug kynning til að fólk viti hver réttur þess er. Undir það tek ég heils hugar. Það vill svo til að hv. þm. hefur verið upplýsingafulltrúi hjá Tryggingastofnun ríkisins og er það raunverulega enn því að hún er í fríi frá störfum. Og meðan hv. þm. kynnti þetta frá 1993–1995 þá nutu miklu færri þessa réttar en í dag þannig að upplýsingastreymi hlýtur að hafa aukist til þeirra sem þennan rétt eiga. Mér finnst mjög mikilvægt að hv. þm. hefur fengið þessar upplýsingar í smáatriðum og gerðar hafa verið þær ráðstafanir sem til þurfti til þess að hv. þm. fengi þær. Ég segi enn og aftur að ég vona að þessar upplýsingar komi að góðu gagni og full ástæða er til þess að þær geri það því að þarna er um tiltölulega fáa að ræða en mjög mikilvægan rétt.

***Um fundarstjórn.***

Ummæli ráðherra í fyrirspurnatíma.

[13:47]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera mjög alvarlegar athugasemdir við það sem fram kom af hálfu hæstv. heilbrrh. í meintum svörum hennar við fsp. hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Hún gerði það að efni máls að þessi hv. þm. hefði haft með höndum tiltekin störf áður og hefði af þeim sökum best getað leitað sér upplýsinga öðruvísi en að spyrja beint í þingsölum. Enn fremur bætti hún því við í meintum svörum sínum að þessi hv. þm. væri í leyfi frá fyrri störfum sínum. Oft hefur maður heyrt hér undanslátt og útúrsnúninga af ýmsum toga en þetta tekur öllu fram, virðulegi forseti. Ég hlýt að gera mjög alvarlegar athugasemdir við þetta og óska þess að hæstv. forseti setji ofan í við hæstv. ráðherra í þessu efni.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Hæstv. heilbrigðisráðherra óskar að bera af sér sakir.

[13:48]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur nú greinilega ekki heyrt orð mín (**GÁS:** Ekki skilið þau.) og þaðan af síður skilið þau því það sem ég sagði áðan var í beinu framhaldi af því sem hv. þm. sagði sjálfur, þ.e. sagðist hafa verið upplýsingafulltrúi í Tryggingastofnun, sem allir vita, og sagði að stöðug kynning á málefnum og rétti einstaklinga varðandi ýmis lífeyrismál væri mikilvæg. Ég tók undir með hv. þm. að það væri mjög mikilvægt að þessi réttur sé skýrður og sagði það sem allir vita, að hv. þm. er og hefur verið upplýsingafulltrúi hjá Tryggingastofnun. Það kann vel að vera að hún sé ekki lengur í leyfi og þá kemur það hér í ljós en það er algjört aukaatriði málsins.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Hv. 18. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[13:49]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég sé mér ekki annað fært eftir þessi ummæli hæstv. ráðherra en að geta þess hér að ég sem þingmaður er enn að kynna almannatryggingar, kynna réttinn til bóta almannatrygginga, reyndar kauplaust, vegna þess að það er óskað eftir því við mig. Það getur vel verið að fjölgun lífeyrisþega í þessum bótaflokki sé vegna þess. Ég ætla þó ekki að segja að svo sé endilega vegna þess. Ég kalla samt eftir aukinni kynningu á þessu vegna þess að ég hef, því miður, allt of oft orðið vör við að fólk veit ekki um þennan

rétt sinn og mun meiri kynningu þarf en einn eða tveir menn geta sinnt.

[13:50]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Telji hæstv. heilbrrh. það vera innleg í umræðuna þegar spurt er um efnisatriði varðandi hag tryggingaþega að eyða stórum hluta af tveim mínútum sínum í að gera grein fyrir bakgrunni hv. þingmanna, þá er það hennar val. Mér þykir það hins vegar mjög óeðlilegt í alla staði og tel tíma okkar þingmanna betur varið ef þessi hæstv. ráðherra sem ég nefni til sögunnar og aðrir verðu tíma sínum í að ræða málefnalega við hv. þingheim og svara fyrirspurnum sem fram eru lagðar. Það er af þeim sökum fyrst og síðast sem ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann minni hæstv. ráðherra á þetta hlutverk sitt og þessa skyldu sína.

[13:51]

**Útbýting þingskjals:**

Fyrirkomulag áfengisverslunar, 394. mál, frv. SJS og ÖJ, þskj. 715.

## *Umsókn Friðar 2000 um leigu á skólahúsnæði.*

Fsp. GÁS, 383. mál. — Þskj. 682.

[13:51]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Á haustþingi lagði ég fram fyrirspurn sem finna má á þskj. 682 og varðaði umsókn Friðar 2000 um leigu á skólahúsnæði í Reykholti. Nú hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að þessi fyrirspurn var fram lögð og sumum þeirra spurninga sem hér er að finna hefur í raun þegar verið svarað með framkvæmd ráðuneytisins. Engu að síður vil ég leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að óska eftir skýringum og svörum hæstv. ráðherra um þessi efni þó ekki sé farið nákvæmlega eftir tölusettum spurningum í þessa veru.

Samkvæmt fjölmiðlafréttum hefur hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans þegar tekið ákvörðun um ráðstöfun Reykholts að stærstum hluta og leigt það veitingamönnum til *gisti- og veitingahúsareksturs*. Við það ætla ég svo sem ekkert að gera neinar sérstakar athugasemdir en vil þó minna á að rekstur af þessum toga hefur gengið upp og niður vítt og breitt um landið. Fá þó þessir aðilar mínar bestu óskir um góðan gang.

Ég vil hins vegar leita eftir því og spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna umsókn Friðar 2000 um friðarháskóla hérlendis hafi ekki komið sterkar til álita en raun ber vitni. Mitt mat er — og enn vísa ég til fjölmiðlafrétta þar um — að hér sé sannarlega og sýnilega um alvöruumsókn að ræða. Kreditlistinn einn saman segir okkur allt um það. Þeir sem eru í framkvæmdastjórn þessara áforma eru frá heiminum öllum. Væntanlegir kennarar við skólann eru margir hverjir nafntogaðir og þekktir hver á sínu sviði og óbeinir ráðgjafar eru það ekki síður. Þar er að finna m.a. stjórnmálamenn og forustumenn í þjóðlöndum vítt og breitt um heiminn allan. Þannig að hér virðist ekkert plat á ferðinni og engin ástæða til þess að taka málið sem slíkt. Því spyr ég einfaldlega hvort hæstv. ráðherra finnist ekki ástæða til að gaumgæfa þetta mál enn frekar.

Nú er staðan þannig því miður, og sú hefur verið þróunin, að skólahúsnæði sums staðar annar staðar á landinu hefur tæmst sökum nemendaeklu og því vil ég spyrja í ljósi þessa nýja veruleika málsins hvort hæstv. ráðherra sé reiðubúinn til þess að skoða hvort aðrir möguleikar gætu hugsanlega gagnast áformum um friðarháskóla hér á landi, sem ég held að séu allrar athygli verðar.

Þetta vil ég leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja í púkkið og vonast til þess að hæstv. ráðherra geti svarað þessum *spurningum* þó að þær séu eðli *málsins* samkvæmt nokkuð breyttar frá hinum skrifaða texta.

[13:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég verð nú að segja að mér er nokkur vandi á höndum að koma hér og svara þessum spurningum því að hv. þm. lagði fyrir mig allt aðrar spurningar en ég átti að svara samkvæmt þingsköpum. Ég veit því ekki almennilega hvernig ég á að taka á málum og verð helst að biðja herra forseta að úrskurða í málum sem þessum þannig að tekið sé af skarið um það hvort spurningar hv. þm. hefðu ekki betur átt heima hér í gær þegar menn áttu að svara óundirbúnum fyrirspurnum, en núna undir þessum dagskrárlið þegar fyrir ráðherra eru lagðar spurningar sem hann á að svara samkvæmt þingsköpum og síðan gerist það í ræðustól að hv. þm. fer að ræða um allt annað (Gripið fram í.) en fyrirspurnirnar. Mér finnst að það sé spurning sem forsn. ætti að fjalla um hvernig eigi að taka á svona málum. Sérstaklega þar sem hv. fyrirspyrjandi situr líka í forsn. er enn þá brýnna að menn átti sig á því hvernig eigi að standa að þingsköpum að þessu leyti.

Að því er fyrirspurnirnar varðar þá eru þær þrjár. Það er í fyrsta lagi um Frið 2000 og Reykholt. Það liggur ljóst fyrir að hinn 20. janúar var undirritað samkomulag við aðra aðila en Frið 2000 um afnot af húsakosti í Reykholti. Menntmrn. hefur ritað undir samning milli ráðuneytisins annars vegar og hjónanna Óla Jóns Ólasonar og Steinunnar Hansdóttur hins vegar um að þau taki heimavistarhúsnæði Reykholtsskóla í Borgarfirði ásamt einbýlishúsi og sjálfstæðri geymsluaðstöðu á leigu.

Tildrög samningsins eru þau að sl. vor var skólahaldi hætt í Reykholti eftir að nemendum hafði fækkað þar ár frá ári. Ákveðið var að auglýsa eftir hugmyndum um starfsemi sem gæti fallið að staðháttum í Reykholti. Einnig voru þeir sem höfðu hug á að standa þar að rekstri beðnir að gefa sig fram. Margar tillögur bárust og sex aðilar sögðust reiðubúnir að standa að því að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd á staðnum ef rekstrarforsendur leyfðu. Allar hugmyndir um atvinnustarfsemi í Reykholti voru skoðaðar, m.a. af óháðum ráðgjafa, og varð niðurstaðan sú að gengið var til samninga við ofangreind hjón.

Leigusamningurinn er til fimm ára frá síðustu áramótum að telja. Leiga fyrir umrætt húsnæði er 10% brúttótekna af allri sölu gistingar, veitinga og þjónustu, þó þannig að leiga skal aldrei fara niður fyrir ákveðin mörk sem fara stighækkandi milli ára. Leigutaki hefur kauprétt á hinu leigða og skal hann tilkynna um áform sín eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok leigutíma. Skal þá kaupverð þá vera 65 milljónir króna, framreiknað miðað við byggingarvísitölu í desember 1997. Leigugreiðslur er leigutaki hefur innt af hendi skulu renna upp í kaupverð eignanna. Menntamálaráðuneytið á forkaupsrétt að eignunum við síðari sölu.

Áform leigutaka eru að bjóða þjónustu sína allt árið og verður lögð áhersla á tengsl við sögu staðarins og að sinna minni hópum af ýmsu tagi auk hefðbundins gisti- og veitingareksturs. Ferðaskrifstofa Íslands hefur leigt heimavistina mörg undanfarin sumur fyrir hótel- og veitingarekstur undir merkjum Hótel Eddu.

Hagsýsla ríkisins kom fram fyrir hönd menntamálaráðuneytisins við samningagerðina og náið samráð var haft við heimamenn. Menntmrn. telur að nýting heimavistarhúsnæðis og mötuneytis með þessum hætti í Reykholti undir stjórn og á ábyrgð einkaaðila auðveldi aðra starfsemi á staðnum, m.a. á vegum Snorrastofu, sem sinnir vísindum, menningu og listum.

Þetta er svar við þriðju spurningunni og þarna er lýst hvernig ráðuneytið hefur staðið að því að ráðstafa þeim húsakosti sem fellur undir heimavistarhúsnæði Reykholtsskóla, einbýlishúsi og sjálfstæðri geymsluaðstöðu. Að því er varðar gamla skólahúsið sjálft þá hefur ráðuneytið látið athuga hvort það henti fyrir varaeintaka- og geymslubókasafn á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, en með slíkri ráðstöfun á hluta húsakostsins mundu forsendur fyrir starfi Snorrastofu enn styrkjast.

Að því er varðar samskipti menntmrn. við Ástþór Magnússon þá hefur hann vísað þessum ákvörðunum ráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis og ráðuneytið mun að sjálfsögðu svara bréfum umboðsmanns um málið og leggja fram öll gögn og allar forsendur fyrir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Ég hef sjálfur rætt við Ástþór um háskóla Friðar 2000 og sé í sjálfu sér ekkert á móti því að sá skóli starfi hér frekar en annars staðar. En það verður að fara eftir ákvörðunum þeirra sem að skólanum standa hvaða húsnæði þeir velja. Mér hefur skilist á forstöðumanninum eða hugmyndasmiðnum að skólahúsnæðið þurfi að vera innan ákveðinnar fjarlægðar frá Keflavíkurflugvelli þar sem fyrirlesararnir muni koma hér og hafa stutta viðtöl og þurfi þess vegna að geta kennt í nágrenni við Keflavíkurflugvöll til þess að sinna sínum störfum. Ég veit ekki hvort nokkurt húsnæði í umsjón menntmrn. er þannig staðsett, en þetta eru þau sjónarmið sem fram hafa komið.

[14:00]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að hreyfa hér málefnum Reykholts. Satt að segja verð tel ég það metnaðarleysi sem sést af hálfu menntmrn. í þessu máli stóralvarlegan hlut þegar um Reykholt er að ræða. Ég held að það mætti segja að það sé til skammar. Í menntmrn. hefur sem sagt verið tekin ákvörðun um að bjóða Reykholt upp. Næsta frétt frá menntmrn. verður væntanlega sú að minning Snorra Sturlusonar verði boðin upp og lysthafendur geti boðið í Snorra Sturluson. Metnaðarleysið sem blasir við í svörum hæstv. menntmrh. er ótrúlegt. Ég tel að út af fyrir sig hefði þessi hugmynd um friðarskóla í Reykholti vel getað komið til greina og geti komið til greina. En það metnaðarleysi sem felst í að þarna eigi að hefja almennan rekstur sem á afar lítið skylt við venjulegt mennta- og menningarstarf, er fráleitt. Ég harma að við skulum hafa á stóli menntmrh. mann sem ber svo litla virðingu fyrir Reykholti og Snorra Sturlusyni.

[14:01]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Það fer að verða regla frekar en undantekning að hæstv. ráðherrar snúi út úr og eyði megninu af tíma sínum í útúrsnúninga og leiðindi. Hér byrjar hæstv. menntmrh. þann söng sinn að hann hafi ekki verið undir það búinn að svara efnislegum spurningum um þetta mál. Frekar vill hann lesa upp úr bréfinu sínu á internetinu eða úr fréttatilkynningu ráðuneytisins sem öllum þingmönnum barst fyrir fleiri vikum. Hvers konar forakt er þetta gagnvart hinu háa Alþingi. Eðlilega spyr ég um mál eins og þau standa á hverjum tíma og hæstv. ráðherra segist hafa verið betur búinn undir það í gær en í dag að svara efnislegum spurningum um málið. Hann kýs auðvitað að fara hina hefðbundnu leið að svara því sama og hann hefur þegar skrifað í sendibréf sín á netinu. Hann svarar með því sem hann hefur sent út sem fréttatilkynningu frá ráðuneytinu og allir hafa séð. Það er orðin hefðbundin leið hjá hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar að forakta þingið svona gersamlega.

Yfirskrift fyrirspurnar minnar laut að friðarháskólanum fyrst og síðast. Ég þarf engar útlistingar á því nákvæmlega upp á hvaða býti þessir veitingamenn tóku við Reykholti.

Ég tek einnig undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar að þetta metnaðarleysi er auðvitað til skammar á hinu forna höfuðbóli.

Spurningar mínar lutu að því, hæstv. ráðherra, hvers vegna það hafi verið og hvað það hafi verið sem réði því að þessar háu hugmyndir um friðarsetur þarna efra hafi ekki náð fram að ganga. Hvað réði því? Í þessum skrifaða texta er spurt, vilji hæstv. ráðherra halda sig við hann: Hvers vegna var ekki samið? Hver er ástæðan? Því hefur ekki verið svarað einu orði en vísað til þess að hann ætli að svara bréfum umboðsmanns Alþingis þegar að því komi. Að svara hinu háa Alþingi var ekki um að ræða. Þetta er orðið gersamlega óþolandi, herra forseti, og verður auðvitað ekki við unað.

[14:03]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Eins og ég lýsti í upphafi máls míns þá er vandi minn sá að fyrir liggja skrifaðar fyrirspurnir sem ég svaraði en hv. þm. var með allt aðrar spurningar í töluðu máli sínu sem var inngangur að fyrirspurnunum. Þess vegna spurði ég hæstv. forseta hvernig ætti að bregðast við í tilvikum sem þessum. Ég svaraði síðan spurningu hans um húsakost fyrir Frið 2000 og háskóla þeirrar stofnunar.

Ég tel að æsingur hv. þm. eigi ekki við í þessu tilviki. Ég tel það rangt metið hjá hv. þm. að halda að minning Snorra Sturlusonar ráðist af því hvernig rekstri heimavistarhúsnæðis verði háttað í Reykholti og hvort þar verði aðstaða til veitingasölu. Að sjálfsögðu ræðst virðing Snorra Sturlusonar ekki af því hvernig þessum húsakosti er sinnt en honum þarf að sinna eins og öðru þarna á staðnum. Menn mega ekki gleyma því að starfandi er sérstök stofnun, Snorrastofa, í Reykholti með aðild menntmrn. Ráðuneytið hefur tekið þátt í þeirri uppbyggingu og þar er minningu Snorra Sturlusonar sinnt. Þar á að sinna vísindum, listum og menningarstarfi í nafni Snorra Sturlusonar. Hér er um að ræða tryggingu þess að það sé aðstaða fyrir þá sem koma á staðinn til þess að gista og njóta matar. Flóknara er það ekki. Að hv. þm. skuli telja þetta atriði varðandi rekstur í Reykholti ráða örlögum um minningu Snorra Sturlusonar, það er auðvitað allt annað og þar bind ég mestar vonir við starf Snorrastofu. Allar

ákvarðanir í þessu máli hafa verið teknar í fullu samráði við heimamenn sem bera hag staðarins mjög fyrir brjósti. Til þessa verks hefur ekki verið gengið með neinni óvirðingu við Snorra Sturluson. Þvert á móti tel ég að þarna séu skapaðar forsendur fyrir fjölbreyttu starfi í Reykholti þar sem minningu hans verður haldið á lofti og öðru sem tengist þessum merka sögustað.

[14:06]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna þeirra orða, sem hér féllu á undan, vill forseti taka fram að þingskjölin fela að sjálfsögðu í sér fyrirspurnir þær sem hér eru til umræðu.

Út af dagskrá voru tekin 1., 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 14:07.

---

## 54. FUNDUR

miðvikudaginn 28. jan.,
að loknum 53. fundi.

**Dagskrá:**

1. Leiklistarlög, stjfrv., 356. mál, þskj. 543. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framhaldsskólar, stjfrv., 355. mál, þskj. 542. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Nýbygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, þáltill., 110. mál, þskj. 110. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Agi í skólum landsins, þáltill., 186. mál, þskj. 188. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Styrktarsjóður námsmanna, þáltill., 245. mál, þskj. 290. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi, þáltill., 260. mál, þskj. 320. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 461. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Almannatryggingar, frv., 108. mál, þskj. 108. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 196. mál, þskj. 200. — Fyrri umr.
11. Almannatryggingar, frv., 271. mál, þskj. 341. — 1. umr.
12. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Lögbinding lágmarkslauna.

[14:07]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég hafði gert ráð fyrir því þegar ég ákvað að kveðja mér hljóðs um störf þingsins að þingmenn yrðu almennt viðstaddir og ég tala nú ekki um þá sem sitja hérna eða eiga sæti á auðu bekkjunum, þ.e. hæstv. ráðherra.

Ég kveð mér hljóðs um lögbindingu lágmarkslauna og ástæðan er sú að ég óska eftir því við þingið að frv. sem liggur fyrir frá 2. des., mál nr. 307, fái sérstaka flýtimeðferð á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef gert grein fyrir með því að dreifa gögnum til hv. þm. og þar með fréttatilkynningu til fjölmiðla þar sem segir frá að undirritaður hafi verið að kynna sér rök sem liggja fyrir lögbindingu lágmarkslauna. Í ljósi þeirra staðreynda sem ég hef aflað mér eru rök fyrir því að nauðsyn sé að taka þetta frv. fyrir og afgreiða það á þinginu. Sannfæring mín hefur verið sú að nauðsynlegt væri að lögbinda lágmarkslaun á Íslandi. Eftir að hafa kynnt mér skýrslu ILO um lágmarkslaun og eftir að hafa lesið bók sem heitir „Spásögn og staðreyndir (Myth and Measurement): um áhrif lögbindingar lágmarkslauna á hagkerfi þjóðanna" er ég sannfærður um að hér er á ferðinni málefni sem er nauðsyn að taka upp. Þess vegna óskaði ég eftir því við hæstv. forseta þingsins að málið verði tekið upp sem fyrst á dagskrá Alþingis og gefið verði færi á að mæla fyrir því hið fyrsta og það verði tekið til meðferðar í félmn. og málið afgreitt á grundvelli nýrra staðreynda um áhrif lögbindingar lágmarkslauna á hagkerfi þjóðanna.

[14:09]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar um þetta mál. Það er alveg rétt sem hann bendir á og óskar eftir að mál sem hann flutti í fyrra verði tekið eins fljótt og unnt er og fái sérstaka flýtimeðferð á hinu háa Alþingi í ljósi þeirra upplýsinga sem hann hefur aflað sér um málið.

Frv. snýst um lögbindingu lágmarkslauna. Við vitum að efnislega er þetta mjög mikilvægur þáttur í samfélagi okkar gagnvart almenningi í landinu, tengist löngum vinnudegi og mörgu fleiru. Það er sú efnisumræða sem við eigum eftir að fara í en það er ekki það sem er til umræðu heldur fyrst og fremst að þetta mál er það brýnt að taka þarf afstöðu til þess á hinu háa Alþingi. Það kemur ekki einungis inn á kjarasamninga heldur á lífskjör almennings í landinu. Dregið hefur verið fram af fræðimönnum, prófessorum við Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, einni virtustu fræðistofnun í vestrænum heimi, nýjar sannanir, upplýsingar og aðkoma um þetta efni. Við skulum ekki fullyrða um áhrif þess en full ástæða er til þess að gefa þessum málum gaum.

Ég vil einnig benda á að í ræðu Clintons Bandaríkjaforseta í fyrrakvöld eða í nótt var það einmitt þáttur sem hann lagði mikla áherslu á, þ.e. hækkun lágmarkslauna, þannig að það er alveg ljóst að hér eru komin bæði fræðileg rök og stjórnmálaleg rök til að taka málið sérstaklega fljótt til umræðu á hinu háa Alþingi þannig að menn geti sem allra fyrst bæði tekið afstöðu og rætt málið í ljósi nýrra upplýsinga. Þess vegna, herra forseti, styð ég eindregið ósk hv. þm.

Gísla S. Einarssonar um að málið verði tekið sem allra fyrst á dagskrá.

[14:11]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Full ástæða er til að taka undir ábendingar hv. þm. Gísla S. Einarssonar um það efni sem hann ræddi, þ.e. að taka hið fyrsta til 1. umr. og síðan til umfjöllunar í félmn. það stórpólitíska og mikilvæga mál sem frv. hans og fleiri þingmanna felur í sér um lögbindingu lágmarkslauna. Það er alveg ljóst að tíminn hefur unnið með málinu, upplýsingar sem eru nýjar af nálinni sýna það og sanna. Það er ekki síst mikilvægt nú á tímum hins svonefnda góðæris að við grípum til þeirra úrræða sem þörf er á til þess að tryggja að hið svonefnda góðæri sem menn hampa gjarnan skili sér til þess fólks sem helst þarf á að halda. Mér sýnist í fljótu bragði fáar leiðir aðrar færar a.m.k. undir stjórn þessarar ríkisstjórnar en að fara löggjafarleiðina og binda í lög að hér verði lágmarksframfærslumöguleikar fjölskyldna í landinu verði tryggðir, með öðrum orðum að binda í lög hver verði lágmarkslaun. Ég tek því eindregið undir þessar ábendingar og vænti þess að þingheimur sé því sammála að þetta mál komist á dagskrá eins fljótt og kostur er.

[14:13]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim mikla áhuga sem jafnaðarmenn sýna á þessari hugmynd um lágmarkslaun því að á árum áður fluttu kvennalistakonur margsinnis tillögur og frv. um þau mál og m.a. náðist ekki samkomulag um aðild þeirrar ríkisstjórnar 1987 vegna mikillar andstöðu við málið og á þeim tíma voru aðilar vinnumarkaðarins lítt hrifnir af slíkri hugmynd. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar og ég hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér þessa nýju bók. En ég fagna því ef það er almennt orðin niðurstaða fræðimanna að lágmarkslaun séu rétt leið við hagfræðistjórnun. Ég held að slík viðmiðun verði alltaf að vera til en um þetta eru auðvitað deildar meiningar.

Þetta frv. hefur ekki enn þá komist á dagskrá og berist málið til félmn. stendur ekki á henni að vinna eðlilega að því. Það fer auðvitað eftir vilja meiri hlutans í nefndinni hvernig gengur að vinna málið þannig að þetta verður hv. þm. og þingflokksformaður hans að eiga við forsætisnefnd þingsins að reyna að flýta málinu sem allra mest.

[14:14]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég styð þá ósk að þetta mál komist sem fyrst á dagskrá og verði tekið til afgreiðslu m.a. með þeim rökstuðningi að Alþingi hefur fjallað um sambærileg mál í mjög langan tíma. Fyrst var frv. um lágmarkslaun lagt fram á Alþingi fyrir mörgum árum af þingflokki Alþfl. og þeim sem hér stendur. Hv. þm. Stefán Jónsson lagði einnig fram slík frv. á Alþingi fyrir mörgum árum. Eins og komi fram hjá hv. þm. sem talaði áðan á vegum þingflokks jafnaðarmanna, Gísla S. Einarssyni, hafa lágmarkslaun verið lögleidd í mörgum löndum. Eins og hann skýrði ljóslega frá hafa verið gerðar fræðilegar úttektir á þýðingu lágmarkslauna þar sem gert er miklu meira úr þeirri lausn en menn hafa fengist til að viðurkenna á Íslandi. Um þetta hefur mikið verið rætt, bæði á Alþingi og utan þess, en þó enn meira verið skrifað um það af erlendum fræðimönnum og eru þau skrif Íslendingum ekki nægilega vel kunnug.

Ég ítreka þá ósk sem kom fram hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni að málið komi sem fyrst á dagskrá og að sú þingnefnd sem fær málið leggi vinnu í að kynna sér hvað hefur verið gert í þeim málum í fjölmörgum löndum og hvernig sú reynsla hefur verið.

[14:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér það rit sem var nefnt í umræðunni áðan hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni en ég tek undir það að ekki síst í ljósi síðustu talna um það hvað verkakonur á Íslandi hafa dregist mjög aftur úr í launum verður að gera eitthvað markvisst til að laga það ástand. Ég er sannfærð um að lögbinding lágmarkslauna mundi koma verkakonum sérstaklega vel og ungu fólki. Ég hef mikið ferðast, t.d. um Bandaríkin, og maður kemur varla inn í söluturn þar öðruvísi en það hangi uppi á veggjum upplýsingar um lágmarkslaun. Ég er viss um að það kæmi t.d. öllum stúlkunum og börnunum í Hagkaup og flestum stórmörkuðum landsins ansi vel ef það væru til reglur um lágmarkslaun í landinu og ég held að það beri virkilega að athuga þessa tillögu af alvöru.

[14:17]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Í tilefni orða hv. 5. þm. Vesturl. vill forseti taka fram að frv. hans hefur ekki fengið neina sérstaka meðferð heldur hefur verið farið með það eins og önnur þingmannamál. Þegar þingstörf hófust að nýju í gær eftir jólahlé lágu fyrir 34 órædd þingmannafrumvörp og 26 þingsályktunartillögur eða samtals 60 þingmál. Það er verkefni forsetanna að reyna að koma þessum málum að og fá þau rædd og afgreidd til nefnda. Það hefur gengið erfiðlega vegna þess að sá tími sem við höfum markað okkur til umræðna er knappur og virðist ekki nægja til þess að þingmál, bæði stjórnar og þingmanna, fái eðlilega umræðu og hún geti farið fram fljótlega eftir að mál hafa verið lögð fram.

Reglan hefur verið sú að mál eru tekin á dagskrá eftir málsnúmerum eins og eðlilegt er. Löng venja er fyrir að stjórnarfrumvörp fái forgang og mál þingmanna hafa líka verið tekin á dagskrá að nokkru eftir málefnasviðum. En þetta mál þurfum við forsetar að ræða almennt í hópi okkar og við forustumenn þingflokkanna. Eina leiðin í þessum efnum er sú að lengja fundartímann.

Þess er svo að geta eins og áður sagði að það er forsetanna að tryggja að mál komist á dagskrá og fái afgreiðslu til nefndar en forseti getur hvorki, né á hann, að hafa áhrif á störf þingnefnda og þingmenn geta ekki gert þá kröfu til forseta að hann tryggi afgreiðslu mála frá Alþingi. Þar er við meiri hluta alþingismanna að eiga.

[14:19]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa kvatt sér hljóðs og tekið undir það mál sem ég er að vekja athygli á og tekið undir að þetta mál fái ákveðna flýtimeðferð. Ég beini þeim orðum til hæstv. forseta að forsætisnefnd skoði mjög nákvæmlega hvort ekki sé ástæða til í þessu tilviki að mál fái flýtimeðferð þar sem svona háttar til að þetta er í þriðja skipti sem málið er lagt fram og kemur til umræðu. Það liggja fyrir umsagnir um málið sem byggjast á röngum forsendum.

Með leyfi forseta vitna ég í bók sem heitir „Spásögn og staðreyndir: um hagfræði lágmarkslauna." Þar segir m.a. að það komi á óvart að hækkun lágmarkslauna virðist ekki

valda minnkun fríðinda. Það kemur einnig fram að þveröfugt við kreddur skila hækkanir lágmarkslauna hlutfallslega mestu til einstaklinga í láglaunafjölskyldum. Í ríkjum þar sem hækkanir á lágmarkslaunum hafa orðið og þar sem þær hafa mest áhrif sést að tekjur aukast mest hjá fjölskyldum neðst í launastiganum.

Í fjórða lagi tilheyra þeir sem þiggja lágmarkslaun ekki endilega hópi fátækra. Margir þeirra fátæku tengjast einmitt ekki vinnumarkaðnum. Þetta eru athugasemdir sem ég vil gjarnan að komi fram.

Herra forseti. Ég vil að lokum benda á að niðurstöður ILO eða International Labor Office benda eindregið til þess að lögbundin lágmarkslaun auki hagsæld í þjóðfélagi sérstaklega fyrir einstaklinga og þá ekkert síður fyrir aðra og sú bók sem ég hef vitnað til áður, herra forseti, er bókin eftir David Card og Alan B. Krueger sem eru prófessorar í Princeton-háskóla þar sem þeir leggja fram rökstuðning og tölulegar staðreyndir um áhrif lágmarkslauna á hagkerfi þjóðanna.

[14:22]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram og vísar til þess sem hann sagði fyrr um meðferð mála.

## *Textun íslensks sjónvarpsefnis, fyrri umr.*

Þáltill. SJóh, 196. mál. — Þskj. 200.

[14:23]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram á hinu háa Alþingi eftirfarandi þáltill.:

„Alþingi ályktar fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu því að aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með. Hann hefur fram að þessu aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað. Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess er mikill fjöldi heyrnardaufra sem getur ekki nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að á milli 25 og 30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en vilji lifa í íslensku málsamfélagi og geti það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau mikið þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst því orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið. Slíkt hefur verið gert í nágrannalöndunum nokkuð lengi. Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta það efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðinn sjálfsagður liður í rekstri sjónvarpsstöðva og má benda á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga."

Árum saman hafa félagið Heyrnarhjálp, sem er félag heyrnarskertra á Íslandi ásamt félagi heyrnarlausra og foreldrafélag heyrnarskertra, barist fyrir því að íslenskt talmál sé textað í sjónvarpi. Það er talið að þeir sem nota heyrnartæki eða eru þjáðir af langvarandi suði eða heyra mjög illa en nota af einhverjum ástæðum ekki heyrnartæki séu nálega 30 þúsund á Íslandi. Allt þetta fólk talar íslensku og eru þátttakendur í íslensku málsamfélagi. Um 80% þessa hóps er yfir 65 ára sem segir okkur að um 6.000 manns undir 65 ára aldri eru í þessum hópi. Sennilega er þetta stærsti fötlunarhópurinn í samfélaginu og fötlun þessa hóps er algerlega ósýnileg. Þeir tala og hlusta og eru eðlilegir útlits en heyra mjög mismunandi mikið af töluðu máli. Þeir hafa mikinn stuðning af því að sjá varir þess sem talar við þá og miklu skiptir að ekki séu önnur hljóð sem trufla hið talaða mál.

Sjónrænn miðill eins og sjónvarpið er heyrnarskertum gríðarlega mikilvægur, ekki síst þeim sem eldri eru. Talað mál fer hins vegar mjög oft fram hjá þeim heyrnarskerta, ekki síst ef sá sem talar sést ekki á skjánum. Verst af öllu er þó þegar talað er bak við myndina að ekki sé talað um þegar tónlist eða umhverfishljóðum er bætt ofan í eða saman við talið. Ég vil nefna nokkur dæmi um íslenskt sjónvarpsefni þar sem hefur tekist því miður illa til að þessu leyti.

Ég vil fyrst minnast á mynd sem sýnd var í fyrra um mannlíf á Hornströndum. Þetta var efni sem mjög margir af eldri kynslóðinni horfðu á. Í myndinni kom fram fólk sem sagði frá því þegar það lifði á Hornströndum. Sem eðlilegt er var þetta fólk mismunandi skýrmælt en það sem eyðilagði myndina fyrir heyrnarskerta var að viðtölin voru tekin úti á víðavangi og öldugjálfur, vindgnauð, fuglasöngur og fleiri umhverfishljóð bættust við talið. Þetta var þó í sæmilegu lagi meðan manneskjan var á skjánum en missti alveg marks þegar hún hvarf en hélt áfram að tala í samkeppni við umhverfishljóðin eða ljúfa stemningstónlist.

Annað dæmi um þetta er myndin um Kristinn bónda á Dröngum sem var mynd sem eldri kynslóðin var ákaflega spennt fyrir að fylgjast með og var sýnd einhver jólin. Þar voru heilu píanókonsertarnir fluttir í beinni samkeppni við þann ágæta mann sem þar var að segja mjög skemmtilega og áhugaverða hluti. Þar blandaðist einnig saman við kríugarg og brimgnýr. Ég nefni þessa þætti því að Ríkissjónvarpið og framleiðendur eiga mikinn heiður skilinn fyrir val þessa efnis og efnistök og framleiðslu en það vantar bara ritaðan texta með þessum myndum svo að allir sem vilja sjá geti fylgst með.

Annað dæmi um þætti sem fólk á táningsaldri er mjög spennt fyrir og ég þekki dæmi um heyrnarskert ungt fólk sem hefur mikið kvartað um að það geti ekki fylgst með t.d. þáttum um mótorsport í sjónvarpi. Þar fylgir mikill hávaði í bílum, tækjum og tólum sem eðlilegt er eðli málsins samkvæmt og svo talar þulur á bak við. Það er nánast útilokað fyrir heyrnarskerta að ná því tali og það er mjög erfitt að upplifa það fyrir börn og unglinga og ungt fólk sem er spennt fyrir þessu efni að geta ekki fylgst með því.

Einnig mætti nefna annan hóp en það eru ungir krakkar sem ekki eru orðnir mjög sleipir í lestri en heyrnarskertir

eru eðlilega nokkuð lengur að ná tökum á lestri en þeir sem hafa eðlilega heyrn. Þess vegna er mjög mikilvægt að örva þá til lestrar. Áður horfðu þeir á erlendar teiknimyndir sem voru textaðar en nú er talað inn á allar þessar myndir með geysilega fjölbreyttum umhverfishljóðum og útilokað fyrir þennan hóp að fylgjast með svo vit sé í.

Tæknin til að texta er til staðar og í vetur höfum við séð í sjónvarpinu nokkur dæmi þess að heyrnarskertum hafi bent á að stilla á 888 þegar flutt hafa verið íslensk sjónvarpsleikrit, þá kemur textinn á skjáinn. Þetta þarf að gera í miklu ríkari mæli þegar íslenskt efni er flutt í sjónvarpi. En mjór er mikils vísir og ber að þakka það sem vel er gert. Vonandi fer þeim þáttum fjölgandi sem sýndir verða textaðir og mættu aðrar sjónvarpsstöðvar en ríkissjónvarpið fara að athuga sinn gang.

Enn sem komið er hefur lítið gerst í textun frétta og vonandi að farið verði að birta textann fyrir heyrnarskerta. Fréttamennirnir sjálfir lesa textann af skjá. Textinn hefur þegar verið sleginn inn á tölvu og rennur áfram fyrir augum fréttamanna í útsendingunni. Ég hef hins vegar fullan skilning á því að öðru máli gegni með fréttir sem berast á síðustu stundu og eru jafnvel mæltar fram í beinni útsendingu. Þær væri hægt að birta textaðar í næsta fréttatíma án mikillar fyrirhafnar. Það ætti að vera yfirstíganlegt á þessum tölvutímum að texti yrði sjáanlegur á rás 888 í textavarpi þegar íslenskt efni er flutt í sjónvarpi.

[14:32]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem hér var mælt fyrir, og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir flytur, snertir stóran hluta landsmanna og satt að segja næsta sérkennilegt ef tillaga af þessu tagi fer venjulega leið hér í þinginu. Hin venjulega leið væri að þingmaðurinn mælti fyrir henni, henni yrði vísað til nefndar og hún kæmi aldrei þaðan aftur af því þingmaðurinn er í stjórnarandstöðu og nýtur því ekki þess að málið fái þá þinglegu meðferð sem það á skilið. Ég fullyrði jafnframt að um þessa tillögu er mjög sterk samstaða. Það þarf að texta sjónvarpsefni skipulega. Sjónvarpið hefur að mínu mati engar gildar afsakanir til að koma í veg fyrir að þær óskir sem bornar eru fram í þessari þáltill. verði að veruleika.

Tækninni hefur fleygt fram svo að tæknilegar röksemdir sem settar voru fram fyrir sex eða átta árum í sambandi við þessi mál eru ekki lengur gildar. Það er auðveldara að texta efni nú en var fyrir tiltölulega stuttum tíma og miklu ódýrara. Auðvitað væri það lágmarkskurteisi, liggur mér við að segja, hjá sjónvarpsstöðvum sem vilja láta taka sig alvarlega að beita sér fyrir því og tryggja að textað efni sé eins mikið og mögulegt er. Auðvitað eru margs konar undantekningar í þeim efnum en svona á að gera það. Ég tel að þessar skyldur eigi auðvitað ekki aðeins að leggja á Ríkisútvarpið. Ég tel að einkastöðvar sem hér eru reknar, þó það virðist vera regla að gera minni kröfur til þeirra en annarra, eigi sjálfar að gera þá kröfu til sín að koma til móts við þau sjónarmið sem hér voru sett fram af hv. flutningsmanni. Ég tel reyndar að sú sjónvarpsstöð sem textaði efni með skipulegum hætti núna mundi óðara vinna nýjan markað ef um væri að ræða einkastöð með takmarkaðan hóp á bak við sig eins og er. Ég er sannfærður um að slík stöð mundi óðara vinna nýjan og stórvaxandi markað því hér er um að ræða þúsundir og aftur þúsundir Íslendinga sem ekki heyra almennilega það sem kemur í sjónvarpi, m.a. vegna þess að alls konar ólíkum hljóðum er blandað við það tal sem fólk vill gjarnan nema.

Fyrir þinginu liggur í hv. menntmn. tillaga til þál. um viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem móðurmáli heyrnarlausra. Það er annað mál en þó skylt enda ekki ólíkir hópar sem verið er að tala um. Sá hópur sem tillaga mín snertir er mun fámennari en sá sem hér er verið að tala um en engu að síður hefur tveimur mjög þýðingarmiklum málum verið hreyft. Ég hef orðið var við það í tillöguflutningi þingmanna á undanförnum árum að í raun og veru er mikill áhugi á þessu máli. En sjónvarpsstöðvarnar hafa komist upp með að víkja sér undan í þessum efnum. Það er mjög alvarlegt umhugsunarefni að þær skuli ekki virða jafnrétti þegnanna meira en fram kemur eins og hv. flutningsmaður lýsti áðan.

Ég kvaddi mér hér hljóðs, herra forseti, til að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að flytja þessa tillögu. Í öðru lagi vil ég leggja á það áherslu að ég tel að hér sé um að ræða mál sem eigi að afgreiða. Það á að samþykkja svona mál og gera að veruleika. Það er engin afsökun fyrir að tryggja ekki að það efni sem hægt er að texta á annað borð verði textað. Það er meira að segja ódýrara og einfaldara að gera það núna en nokkurn tímann áður.

[14:37]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að flytja þetta þarfa mál hér á hinu háa Alþingi um leið og ég hvet þingheim til að gefa því gaum og veita því brautargengi. Hér er hreyft mjög mikilvægu réttindamáli sem snertir fjölda fólks en ég ætla ekki að rekja þau atriði sem fjallað hefur verið um nú þegar.

Það sem mig langar til að gera að umræðuefni, hæstv. forseti, er að þetta snertir mannréttindi, þau grundvallarmannréttindi að geta notið þess menningarefnis og þeirra upplýsinga sem birtast í sjónvarpi eða í útvarpi daglega. Þetta er mikið atriði til að gera heyrnarskertum kleift að fá sem eðlilegasta hlutdeild í samfélaginu. Ég vil gjarnan velta því upp hvort réttur þessa fólks sé ekki stöðugt brotinn með því að verða að hafa skylduáskrift að ríkisútvarpi og ríkissjónvarpi og greiða þar gjöld, jafnvel án þess að geta notið á við aðra þess efnis sem þar er sýnt. Ég gæti ímyndað mér að væri það kannað betur, þá kæmi í ljós að þetta jaðraði við mannréttindabrot og mismunun sem stjórnarskráin í rauninni bannar.

Ég vil aftur þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að bera málið fram um leið og ég hvet þingheim allan til að veita þessu máli stuðning.

[14:39]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa komið upp og lýst stuðningi við þetta mál og vona að málið fái brautargengi í hv. menntmn. Því mun verða vísað þangað. Menntmrh. ætlaði að vera viðstaddur umræðuna en því miður, af því hún tafðist sökum ófyrirsjáanlegra atburða, varð hann að fara burt en lofaði að fylgjast með málinu. Ég bind því miklar vonir við að tillagan verði afgreitt.

Þegar ég fór að kynna mér þetta mál kom mér á óvart hve lítið hefur verið gert þar sem það snertir stóran hóp. Hér er um að ræða nær 30 þúsund manns á Íslandi, íslenskumælandi fólk sem sökum heyrnarskerðingar getur ekki fylgst með efni í sjónvarpi. Í raun virðist manni einfalt að ráða á þessu bót en það hefur bara ekki verið gert nema að örlitlu leyti. En ég held t.d. að þegar það liggur fyrir að fréttir hafa verið slegnar inn á tölvu og eru til og meira að segja fréttamennirnir lesa þær af sjónvarpsskjá, þá sé ekkert einfaldara en setja þær inn á textavarpið líka þannig að heyrnarskertir geti kallað þær

fram á sínum skjá. Aðrir þurfa ekkert að þvælast með það. Mér finnst þetta vera mannréttindamál sem einfalt er að bæta úr. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið undir þetta mál og vona að það fái farsæla afgreiðslu í hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÁE o.fl., 271. mál (tryggingaráð). — Þskj. 341.

[14:41]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar.

Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Málið fjallar um tryggingaráð og kveður á um lagabreytingu þess eðlis að fjölgað verði í tryggingaráði þannig að Landssamband eldri borgara tilnefni til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefni jafnframt til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Þetta er efni frv.

Herra forseti. Þegar málinu var frestað í gær eftir samkomulagi við heilbr.- og trmrh. var nefnt að málið yrði hér á dagskrá og hún mundi verða viðstödd. Ég sé hana ekki hér í salnum en vil spyrjast fyrir um hvar hún gæti verið.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra komi í salinn en ráðherrann er í húsinu.)

Ég þakka fyrir. Í trausti þess að ráðherra komi innan skamms og geti þá bæði hlustað á, tekið þátt í umræðunni og svarað fyrirspurnum ætla ég að leyfa mér að halda áfram með framsögu mína.

Hugmyndin á bak við það að fjölga í tryggingaráði úr fimm í sjö, er að taka mið af eðli starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Eldri borgarar og öryrkjar eru meðal helstu viðskiptavina stofnunarinnar. Verkefni Tryggingastofnunar er að annast lífeyristryggingar og sjá um slysa- og sjúkratryggingar. Forstjóri Tryggingastofnunar, skipaður af ráðherra, fer hins vegar með stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerð. Í lögum segir að tryggingaráð skuli hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Stjórnarfyrirkomulagið í tryggingaráði er þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manns í tryggingaráð úr hópi hinna kjörnu aðalmanna. Þessi eftirlitsstofnun, þ.e. tryggingaráð, hefur því mótast af samsetningu Alþingis hverju sinni og endurspeglað pólitíska styrkleika eftir hverjar kosningar en í tryggingaráð hafa að öllu jöfnu valist sérhæfðir aðilar á þessu sviði. Tryggingaráð hefur afskipti af ýmsum þáttum í starfsemi stofnunarinnar auk almenns eftirlits.

Ýmsa þætti ber að bera sérstaklega undir tryggingaráð. Eftir því sem ég veit best þá virkar þetta stjórnarfyrirkomulag, þ.e. ráðherra, forstjóri og tryggingaráð og ég veit ekki til þess að í sjálfu sér séu nein vandkvæði varðandi það stjórnarfyrirkomulag. Vitaskuld getur komið til greina að þessu stjórnarfyrirkomulagi verði breytt og þá verða menn að taka mið af því. En eins og þetta frv. er sett upp þá er fullkomlega eðlilegt að þessir aðilar komi að málinu þó það væri ekki nema til þess að gæta almennt að upplýsingagjöf og þekkingu þeirra sem hér eru til nefndir, þ.e. eldri borgara og öryrkja.

Ég vil geta þess sérstklega, herra forseti, að sambærileg mál hafa verið flutt áður á hinu háa Alþingi, nú síðast af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni en áður af fyrrv. hv. þm. Helga Seljan og Karli Steinari Guðnasyni. Svo háttar reyndar til að Karl Steinar Guðnason er nú forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins en Helgi Seljan starfar á sviði þessara málaflokka hjá Öryrkjabandalaginu. Þessi hugmynd sem hér er gert ráð fyrir hefur því komið fram áður án þess að hafa náð fram að ganga.

Ég vil sérstaklega taka fram, herra forseti, að það er vitaskuld álitamál þegar stjórn er víkkuð út á þennan hátt. Í frv. er talað um að Landssamband eldri borgara tilnefni einn og síðan Öryrkjabandalag Íslands annan. Ég vil beina því úr ræðustól til hv. þingnefndar sem fær málið til meðferðar að skoða vandlega hvort ekki ættu fleiri að koma að tilnefningu, annaðhvort sérstakri eða í samvinnu. Þar vil ég sérstaklega nefna Landssamtökin Þroskahjálp sem eru ein virkustu samtökin í þessum málaflokkum. Fordæmi eru fyrir sameiginlegri tilnefningu Öryrkjabandalagsins og Þroskhjálpar í tilteknum málaflokkum. Mér finnst fyllilega koma til greina, herra forseti, að þetta verði skoðað vandlega í þingnefndinni þó svo að þetta frv. sé sett hér upp á einfaldari hátt eins og ég lýsti áður.

Mikilvægi þess að eldri borgarar komi að þessum málum markast einnig af því að þeir eru nú í vaxandi mæli farnir að gæta bæði hagsmuna sinna og veita upplýsingar um sín mál miklu meira en gert hefur verið á undanförnum missirum. Núna eru starfandi 45 félög eldri borgara víðs vegar um landið. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er stærst og allir þekkja til starfsemi sérstaks hóps eldri borgara, Aðgerðarhóps aldraðra, sem hefur mjög barist fyrir málefnum þeirra. En heildarsamtök þeirra eru Landssamband eldri borgara og gert er ráð fyrir því í frv. að þeir tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð.

Mikilvægi þessa markast einnig af því að mjög áríðandi er að í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins liggi fyrir góð þekking á málefnum aldraðra og öryrkja, m.a. vegna þess að heildarútgjöld okkar til aldraðra og öryrkja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er langlægst hér á Norðurlöndunum, þ.e. allir opinberir aðilar og þar með taldir lífeyrissjóðir. Við verjum til aldraðra og öryrkja ekki nema tæpum 8% af landsframleiðslu á meðan Danmörk er ver um 16%, Finnland um 15%, Noregur um 13% og Svíþjóð um 17%. Þetta segir okkur að hér vantar upp á 7–8 prósentustig af landsframleiðslu, en hvert prósentustig í landsframleiðslu er 5 milljarðar. Þetta eru alveg sambærilegar tölur við þær sem birtust í staðtölum almannatrygginga sem kynntar voru á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir skömmu. Ég hef kynnt mér vandlega hvort þetta sé ekki á einhvern hátt sambærilegt og svo er. Þetta eru fyllilega sambærilegar tölur.

Þess má geta, herra forseti, vegna þess að málefni Tryggingastofnunar tengjast náttúrlega almennt félags- og heilbrigðismálum, að þar eru framlög opinberra aðila og lífeyrissjóða einnig langlægst hér á landi sé allt talið með sem hlutfall af landsframleiðslu eða hér um 19% á sama tíma og í Noregi er það 27%, Danmörku 34%, Finnlandi 33% og Svíþjóð 36%. Menn sjá því að ef varið yrði t.d. sambærilegri upphæð til félags- og heilbrigðismála hér á landi

og er segjum t.d. í Noregi eða í Danmörku, þá þyrfti að auka framlögin til þessa málaflokks um eina 50 milljarða af verðmætasköpuninni í þjóðarbúinu. Við erum ekki að tala um neinar smátölur. Við erum mjög langt á eftir, herra forseti, hvað varðar fjárframlög til þessara málaflokka, þ.e. heilbrigðismála, öldrunarmála og öryrkja hér á landi. Við erum langt á eftir Norðurlöndunum. Það tengist að vitaskuld ekki nema hluta þessa frv. en það er mjög mikilvægt að mati okkar flm. að gerð verði sú endurbót á lögunum um Tryggingastofnun að fjölga á þennan hátt í tryggingaráði og að inn í tryggingaráð komi aðilar sem tengjast eldri borgurum og öryrkjum skýrar en verið hefur. Það getur, herra forseti, ekki orðið annað en gagn að því að fjölga fulltrúunum. Að vísu má alltaf segja að e.t.v. sé verra að sjö séu á fundi en fimm en það skiptir nú engu máli í þessum málaflokki. Hér erum við fyrst og fremst að fylgja eftir hinni gömlu stefnumörkun sem lögð var fram af hálfu þingmannanna sem ég nefndi áðan, Helga Seljans, Karls Steinars Guðnasonar og Kristins H. Gunnarssonar, og hinni gömlu hugmyndafræði um samskipti viðskiptavina og ríkiskerfisins, þ.e. að útfæra það í því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vona að hæstv. heilbrrh., sem er í salnum, geti tekið undir þessar röksemdir og vonast til þess að hún lýsi yfir stuðningi við þetta frv. þannig að við getum unnið málið þannig að það fái hraða og örugga afgreiðslu í gegnum þingið. Ég held að mjög brýnt sé að taka tillit til þessara nýju sjónarmiða og samráðs við þá aðila sem hér hafa verið nefndir, bæði aldraða og öryrkja og endurtek að lokum ábendingar mínar eða ósk um að þingnefndin sem fær málið til meðferðar skoði vandlega hvort aðrir eða fleiri ættu að koma að þessari tilnefningu eins og ég lýsti hér áðan þegar ég nafngreindi sérstaklega Landssamtökin Þroskahjálp og gat þess að mér fyndist það mjög vel koma til álita en það er vitaskuld þingnefndarinnar að kveða á um það.

Að lokum, herra forseti, hvet ég þingheim til að fylgja máli vel eftir og styðja það. Þetta hefur ekki í för með sér nein útgjöld af hálfu ríkisins en mundi tryggja betri starfsrækslu á einu mikilvægasta sviði velferðarkerfis okkar, þ.e. starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Að svo mæltu óska ég eftir að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn.

[14:53]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni og samflutningsmönnum hans að þessu frv. fyrir að vekja þetta mál til umræðu á Alþingi. Vonandi sjáum við alþingismenn til þess að það fái brautargengi og verði samþykkt. Mig langar til að fara nokkrum orðum um frv. Ég tel það verulega til bóta ef slíkar breytingar eru gerðar á samsetningu tryggingaráðs sem hér eru lagðar til, þ.e. að fulltrúar hagsmunasamtaka, bæði eldri borgara og fatlaðra, fái þar aðild. Eins og kom fram í máli hv. flm. hefur þetta oftlega verið reynt en aldrei fengið jákvæðar undirtektir á Alþingi.

Af þessu tilefni langar mig til að ræða örlítið um samsetningu tryggingaráðs og verkefni ráðsins í ljósi nútímasjónarmiða varðandi t.d. góða stjórnsýslu og réttindagæslu borgaranna.

Ég hef verið ein af þeim sem gagnrýnt hafa samsetningu tryggingaráðs oftlega og vil ég reyna að rökstyðja það hér af hverju ég hef talið að það þyrfti að gera gagngera breytingu á ráðinu.

Tryggingaráð er, eins og kom fram í máli flm. frv., skipað af Alþingi og stjórnmálaflokkarnir tilnefna þar sína fulltrúa. Verkefni tryggingaráðs er í rauninni fjölþætt. Það fer með stjórn Tryggingastofnunar ríkisins og í ljósi þess eru tryggingaráðsmenn jafnframt í rauninni yfirmenn starfsmanna Tryggingastofnunar. Ég hef talið það fara illa saman að vera í forsvari fyrir stofnun, í stjórn hennar og vera þá um leið yfirmaður starfsmanna og eiga að úrskurða í málefnum viðskiptavina eða sjúklinga sem til stofnunarinnar leita, kannski með ágreiningsmál sem hafa komið upp í samskiptum þeirra við starfsmenn stofnunarinnar. Sérfræðiaðstoð tryggingaráðs í slíkum málum hefur að mestu leyti verið byggt á sérfræðingum stofnunarinnar og þannig er tryggingaráð í raun að úrskurða í ágreiningsmálum sjúklinga og starfsmanna Tryggingastofnunar á grundvelli reglna sem ráðið hefur sjálft sett. Þetta hlutverk ráðsins er að mínu viti alveg úr takt við nútímastjórnsýsluhætti og þyrfti að skoða rækilega. Umboðsmaður Alþingis hefur m.a. bent ráðinu á að það þyrfti í auknum mæli að leita eftir sérfræðiaðstoð utan við stofnunina, meira en gert er dag.

Virðulegi forseti. Mig langar til þess líka að fá að vekja athygli á því að ítrekað hafa verið gerðar tilraunir til þess að endurskoða lög um almannatryggingar. Síðasta nefndin sem átti að gera þetta var skipuð í upphafi stjórnartíðar núv. ríkisstjórnar. Þessi nefnd var fjölskipuð. Þar voru fulltrúar stjórnmálaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi og jafnframt voru tilnefndir fulltrúar eldri borgara, fatlaðra og þeirra sem hagsmuna höfðu að gæta í þessu máli. Það er heldur dapurlegt að þurfa að segja það hér að þessi nefnd hefur aðeins verið kölluð saman tvívegis á tveimur árum og hefur manni ekki fundist mikill áhugi vera fyrir því í heilbrrn. að fara í þá endurskoðun sem var boðuð með skipun þessarar nefndar. Ég vil nota þetta tækifæri og skora á hæstv. heilbrrh. að kanna hvort ekki væri ráð að endurvekja þessa nefnd, blása í hana lífi á nýjan leik og fara fram með þá gagngeru endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni sem veruleg þörf er á.

Ég vil að lokum þakka aftur hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir að vekja þetta mál upp og koma fram með frv. þar sem gert er ráð fyrir því að hagsmunaaðilar geti komið sínum málum að í tryggingaráði. Ég tel þetta vera jákvætt skref. Ég tel þetta vera skref til bóta á meðan við bíðum eftir því að gagnger endurskoðun fari fram á þessari löggjöf. Og ég vil taka undir orð hans þar sem hann vék að þeim sem kannski ættu að koma að þessu máli og tel nauðsynlegt að fleiri komi þarna að. Ég vek athygli á því að í samræmi við lög um málefni fatlaðra þá eru tvenn heildarhagsmunasamtök þeirra hér á landi, þ.e. Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp. Auk þess vil ég beina því í umræðuna sem væntanlega fer fram í heilbr.- og trn., og ég skora á nefndarmenn, að skoða hvort samtök eins og Umhyggja, sem eru samtök vegna langveikra barna, ættu ekki að eiga þarna aðild að líka.

[14:59]

**Útbýting þingskjals:**

Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, 402. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 723.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fæðingarorlof, 1. umr.*

Frv. GGuðbj o.fl., 265. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 333.

[15:00]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingarorlof.

Frumvarpið var lagt fram í nóvember sl. og er miðað við lögin um fæðingarorlof og lögin um almannatryggingar eins og þau voru þá. Síðan hafa verið gerðar breytingar á þeim lögum með frv. ríkisstjórnarinnar, 43. mál, sem kom fram rétt fyrir jól og var afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir áramót. Ég mun halda mig við texta frv. að mestu leyti en benda á til hægðarauka fyrir hv. nefnd sem fær málið til meðferðar hvar breytingar eru á gildandi lögum.

Ég vil geta þess að landsfundur Kvennalistans ályktaði fyrir rúmu ári að mjög æskilegt væri að fá frv. af því tagi sem hér er til umræðu fram á Alþingi. Þetta frv. er búið að taka mikinn tíma í vinnslu og var lagt fram rétt fyrir síðasta landsfund samtakanna. Var það mjög ánægjulegt og frv. fékk góðar undirtektir.

Flutningsmenn frv. eru auk mín hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Frumvarpið er því flutt af stuðningsmönnum allra stjórnarandstöðuflokkanna sem er að mínu mati mjög mikilvægt í ljósi þeirrar samvinnu sem á sér stað í þinginu.

Ég held að óhætt sé að lýsa því yfir að hér er á ferðinni eitt róttækasta eða framsæknasta lagafrv. sem hefur verið lagt fram á Alþingi á þessu sviði. Ef það verður samþykkt er ljóst að við munum geta verið stolt í samanburði við nágranna okkar á Norðurlöndum sem til þessa hafa staðið okkur mun framar á því sviði.

Í stuttu máli er kjarni þessa frv. sá að allir sem gegna launuðum störfum eða eru námsmenn fá tólf mánaða fæðingarorlof á þeim launum sem þeir fá á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að ráðherra skilgreini með reglugerð hvað teljist full laun, þ.e. hvort einungis er átt við dagvinnulaun eða hvort yfirvinna eða vaktaálag sé einnig tekið með eins og tíðkast í sumum kjarasamningum en ekki öðrum. Foreldrar geta skipt þessum tólf mánuðum með sér þannig að móðir taki a.m.k. sex mánuði, feðrum verði tryggðir þrír mánuðir auk tveggja vikna skömmu eftir fæðingu, þ.e. þrír og hálfur mánuður alls, og þremur mánuðum geta foreldrar skipt með sér að vild. Hér er sem sagt um að ræða þriggja og hálfs mánaðar sjálfstæðan rétt föður til fæðingarorlofs en að auki geta foreldrar skipt með sér þremur mánuðum í viðbót.

Þá er gert ráð fyrir að sú mismunun sem nú er á milli opinberra starfsmanna og bankamanna annars vegar og fólks á almennum vinnumarkaði hins vegar verði afnumin með því að allir fái greidd full laun í fæðingarorlofi. Allar greiðslur í fæðingarorlofi eiga að koma úr svokölluðum fæðingarorlofssjóði sem verði í vörslu lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Útgjöld vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði greiðast af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og þá er gert ráð fyrir að allir atvinnurekendur greiði þarna inn eins og nú er.

Ég ætla þá að snúa mér að þingskjalinu sjálfu sem er nr. 333. I. kafli frv. fjallar um breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Lagt er til í 1. gr. að 2. gr. þeirra laga orðist svo, með leyfi forseta:

„Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að tólf mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Foreldrar geta tekið hluta fæðingarorlofs með hlutastarfi og lengist þá orlofið í hlutfalli við vinnu. Þá geta foreldrar einnig báðir verið í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta. Af tólf mánaða fæðingarorlofi eru sex mánuðir sérstaklega ætlaðir móður, þrír mánuðir ætlaðir föður en þremur mánuðum geta foreldrar skipt að vild. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður."

Ég vek sérstaklega athygli á þessum síðustu orðum því það hefur orðið reynslan víða að það virðist þurfa að eyrnamerkja feðrum fæðingarorlofið til að auka líkurnar á að þeir taki það.

Í 2. gr. frv. er fjallað um að konu sé heimilt að „hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi." Þetta eru ákvæði svipuð og eru í gildandi lögum en næst kemur: „Á fyrstu átta vikunum frá fæðingu barns skal faðir þess eiga rétt á fæðingarorlofi ásamt móður í tvær vikur á launum sem hvorki skerðir fæðingarorlof hans né móður."

Þetta var lögfest rétt fyrir jólin fyrir fólk á almennum vinnumarkaði, og einnig hefur verið gefin út reglugerð fyrir ríkisstarfsmenn. Mér er ekki kunnugt um hvernig þetta mál stendur varðandi bankamenn.

Þá segir, með leyfi forseta: „Upphaf tólf mánaða fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 2. gr., miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndar nefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt. Ákvæði 1. mgr. á einnig við þegar barn er ættleitt eða tekið í fóstur."

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta: „Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, skulu fá greitt sem samsvarar fullum launum sínum í fæðingarorlofi. Um greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og lengingu á slíkum greiðslum af sérstökum ástæðum fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar." Og ég legg til breytingar á þeim á eftir í þessu frv.

Í 4. gr. er ákvæði til bráðabirgða, en þar er gert ráð fyrir að þær miklu réttarbætur sem lagðar eru til komi ekki allar í einu, heldur í áföngum. 4. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. eiga foreldrar sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi frá gildistöku laga þessara til 1. janúar árið 2001 einungis rétt á fæðingarorlofi í allt að níu mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Frá þeim tíma til 1. janúar árið 2002 miðast orlofið við tíu mánuði, en tólf mánuði frá þeim tíma, sbr. þó í öllum tilvikum ákvæði almannatryggingalaga um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum." — En þá er gert ráð fyrir lengingu og það mun einnig eiga við um þetta. — „Af níu mánaða fæðingarorlofi er einn mánuður eingöngu ætlaður föður, [þ.e. eyrnamerktur föður] af tíu

mánuðum eru tveir mánuðir ætlaðir föður, en af tólf mánuðum þrír mánuðir. Samanlagt fæðingarorlof foreldra verður aldrei lengra en níu mánuðir frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2001, tíu mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 2002, en tólf mánuðir frá þeim tíma. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður."

Þetta voru þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum um fæðingarorlof frá 1987, með síðari breytingum.

Í II. kafla frv. er fjallað um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Í 5. gr. þessa frv. er lögð til breyting á 15. gr. almannatryggingalaganna sem fjallar um fæðingarstyrk, en eins og þingheimur veit fá þeir sem fá fæðingarorlofsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins annars vegar greiddan fæðingarstyrk og hins vegar fæðingardagpeninga.

Þær breytingar sem lagðar eru til um fæðingarstyrk eru þær að í stað orðanna í a-lið „sex mánuði" kemur: tólf mánuði. Þetta ákvæði á í raun eingöngu við um heimavinnandi húsmæður eða þá sem ekki eru virkir á vinnumarkaði. Lagt er til að þeir fái áfram fæðingarstyrk og hann verði í tólf mánuði en ekki í sex mánuði eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Í 6. gr. frv. er lögð til breyting á 16. gr. almannatryggingalaganna en sú grein fjallar um fæðingardagpeninga. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 16. gr.:

3. málsl. a-liðar orðist svo: „Þeir sem eiga rétt samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt á greiðslum fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Gert er ráð fyrir að þessi hefðbundna umræða um fæðingardagpeninga falli að mestu niður þar sem greidd verði sömu laun og fólk hafi á vinnumarkaði. Þessi grein er þó nauðsynleg. Í b-lið er lagt til að „sex *mánuðir*" breytist í tólf mánuði og í c-lið að f-liður falli brott. Þarna er lagt til að dagpeningagreiðslur lengist úr sex mánuðum í tólf mánuði. Í reynd á þetta ákvæði eingöngu við námsmenn, þ.e. samkvæmt núgildandi lögum reiknast námsmönnum dagpeningar eins og þeir væru á vinnumarkaði. Þarna er lagt til að þær greiðslur til námsmanna verði í tólf mánuði eins og til annarra.

Í 7. gr. frv. er lagt til að ný grein, 16. gr. a, bætist við almannatryggingalögin, en aftur vil ég benda á að með lagabreytingunni frá í desember er orðin til ný grein í almannatryggingalögunum sem heitir 16. gr. a, þannig að eðlilegt væri að kalla þessa grein 16. gr. b og ég kem þeirri ábendingu á framfæri við hv. nefnd. Fyrirsögn þessarar greinar er Fæðingarorlofssjóður. Greinin hljóðar þá svo, með leyfi forseta:

„a. Stofna skal sérstakan sjóð, fæðingarorlofssjóð, sem varðveita skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt þessari grein. Það er þó háð því skilyrði að foreldrar hafi að jafnaði átt lögheimili hér á landi og starfað hér á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu úr fæðingarorlofssjóði samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem óskert laun eru greidd."

b. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi skulu nema fjárhæð sem samsvarar heildarlaunum þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ákvæði 16. gr. um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum gilda einnig um foreldra sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

c. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

d. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga."

Ef frv. verður að lögum þarf að kanna hvort það kallar á breytingu á lögum um tryggingagjald. Það er ekki alveg ljóst að svo þurfi að vera.

Í 8. gr. frv. er fjallað um ákvæði til bráðabirgða svipað og ég ræddi um áðan, þ.e. gert er ráð fyrir að þessi lenging úr sex mánuðum í tólf eigi sér stað í þremur þrepum og að lögin verði endanlega komin í gildi árið 2002. Mér finnst það fyllilega til athugunar í nefnd þó að það standi ekki þarna beint að það væri kannski eðlilegast að fyrsta skrefið væri að allir yrðu hækkaðir upp á við, þ.e. allir fái full laun í sex mánuði áður en næstu skref eru stigin, þ.e. að lengja tímann.

Með frv. er mjög ítarleg greinargerð sem mun ekki vinnast tími til að lesa að öllu leyti en þar er í fyrsta lagi bent á hvað löggjöfin hér á landi er langt á eftir öðrum löndum og hvernig þetta hefur smátt og smátt verið að breytast. Ég ætla aðeins að byrja á sögunni því að þetta er mjög mikilvægt atriði.

„Árið 1974 var samþykkt frumvarp sem tryggði konum sem forfölluðust frá vinnu atvinnuleysisbætur í 90 daga. Fram að þeim tíma höfðu aðrar konur en þær sem voru opinberir starfsmenn aðeins átt rétt á ákveðinni lágmarksupphæð í fæðingarstyrk við fæðingu barns. Árið 1980 var umsjón greiðslna í fæðingarorlofi flutt frá Atvinnuleysistryggingasjóði til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Sama ár var öllum konum tryggður lágmarksréttur til fæðingarstyrks. Árið 1987 var greiðslum skipt upp í fæðingarstyrk annars vegar, sem er óháður atvinnuþátttöku, og fæðingardagpeninga hins vegar, sem miðast við vinnuframlag. Jafnframt voru greiðslur í fæðingarorlofi lengdar fyrst í fjóra mánuði en í áföngum upp í sex mánuði árið 1990. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá greidd laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi í stað greiðslna frá Tryggingastofnun. Á vorþingi 1997 var gildandi lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, breytt. Sú endurskoðun fól í sér nokkrar réttarbætur fyrir foreldra og börn, fyrst og fremst vegna fjölbura- og fyrirburafæðinga."

Ég vona að hæstv. ráðherra sé í salnum því að mér hefur verið bent á að sú réttarbót taki einungis til leyfisins en ekki hafi um leið verið samið um sömu laun fyrir þessa viðbótarmánuði þannig að ríkisstarfsmenn sem fá þessa réttarbót fá greiðslu frá Tryggingastofnun. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver lapsus sé í kerfinu eða hvort þetta hafi ávallt verið ætlunin. Hins vegar var með breytingunum að mati flm. alls ekki gengið nægilega langt í því að bæta stöðu allra foreldra í fæðingarorlofi og þá sérstaklega feðra.

Samkvæmt reglum frá fjmrn. komu tvær vikur í viðbót samkvæmt tilkynningu nr. 13/1997 um tveggja vikna sérstakt fæðingarorlof fyrir feður frá og með 1. jan. 1998 og þá er mjög athyglisvert að feður fá greidd óskert dagvinnulaun og helming af meðaltalsyfirvinnu og vaktaálagi. Þetta er

kannski réttlætt með því að ríkisstarfsmenn fá núna greidda yfirvinnu fyrir fyrstu þrjá mánuðina en ekki þrjá síðarnefndu. Nýjasta breytingin er þó sú eins og kom fram áðan að þessi réttur hefur einnig verið lögfestur fyrir fólk á almennum vinnumarkaði.

Sögulega hafa breytingarnar oft átt sér þann aðdraganda að stjórnarandstöðuþingmenn hafa flutt frv. áður en ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. sín. Kvennalistinn hefur flutt fjölmörg frv. og þáltill. um þessi mál allt frá 1983. Það er vonandi að svo verði áfram að sá tónn sem er í frv. okkar kvennalistakvenna verði sá tónn sem endanlega verður ofan á.

Árið 1995 fluttu kvennalistakonur þáltill. um fæðingarorlof og þar má segja að þau markmið sem þar koma fram voru mikið til þau sömu og koma fram í þessu lagafrv.

Herra forseti. Það er mjög erfitt að ræða um þetta mál án þess að vekja athygli á því hvað hér er um mikið jafnréttismál að ræða. Það er mjög mikilvægt að átta sig á því að öll umfjöllun um að konur eða foreldrar njóti sömu réttinda til fæðingarorlofs þarf að taka mið af því hvort verið er að greiða fólki fyrir að eignast börn óháð atvinnuþátttöku eða hvort atvinnuþátttaka og laun á vinnumarkaði mótar réttarstöðuna og greiðslurnar. Núverandi fyrirkomulag er mjög mismunandi, þ.e. konur sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi ísl. bankamanna fá laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi en ekki greiðslu frá Tryggingastofnun. Þær konur sem starfa hjá ríkinu halda launum sínum óskertum fyrstu þrjá mánuðina en fá eftir það grunnlaun en þetta á ekki við um feður. Ég ætla að sleppa löngum kafla úr greinargerðinni þar sem rætt er um réttarstöðu feðra en hægt er segja það í mjög stuttu máli að til þessa er með ólíkindum hvað réttarstaða feðra er slök. Þeir geta fengið hluta af fæðingarorlofi móður ef þeir eru á almennum vinnumarkaði en þar með skerðist réttur móður. Þeir hafa engan sjálfstæðan rétt nema þá þær tvær vikur sem nýlega hafa verið samþykktar. Þetta er jafnvel enn þá þrengra hjá opinberum starfsmönnum og eins og hefur m.a. komið fram í áliti kærunefndar Jafnréttisráðs frá 1993 er túlkun fjmrn. mjög þröng hvað varðar karlmenn sem vinna hjá hinu opinbera.

Flm. þessa frv. leggja mjög mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja betur rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs, m.a. þriggja og hálfs mánaðar sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Það er mat flm. að á meðan kynbundinn launamunur er eins mikill og raun ber vitni verði slíkt ekki gert með því að heimila feðrum að taka hluta af leyfi móður. Hér er því lagt til að feður fái þriggja mánaða sjálfstæðan rétt auk þeirra tveggja vikna sem nú þegar er kominn í lög fyrir flesta feður, þó ekki alla.

Það er mat flm., og ég tel að það sé ein merkasta nýjungin í frv., að það verði að breyta fyrirkomulagi á greiðslum í fæðingarorlofi og stefnt er að því að foreldrar fái full laun. Lagt er til að stofnaður verði í þeim tilgangi sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem sé varðveittur hjá Tryggingastofnun ríkisins og greiðslur úr þeim sjóði eiga að tryggja foreldrum full laun í fæðingarorlofi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur en fjármunir sjóðsins greiðast eins og fæðingardagpeningar úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Á árinu 1996 námu þessar greiðslur 1.224 millj. en á fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir 1.450 millj. kr. Árið 1996 var 621 kona í fæðingarorlofi hjá ríkinu. Samtals gerði það 210 ársverk sem kostuðu ríkissjóð 300 millj. kr. með launatengdum gjöldum. Meðaltal ársverka reyndist 1.428 þús. en greidd dagvinna og yfirvinna fyrstu þrjá mánuðina eins og áður segir. Áætlað er að sveitarfélög hafi greitt 83 millj. kr. í fæðingarorlof árið 1994 og hjá aðildarbönkum Sambands ísl. viðskiptabanka var kostnaður 51,4 millj. árið 1996. Þessar upplýsingar komu fram í fróðlegu svari við fsp. hv. þm. Kristins Gunnarssonar á þinginu.

Þetta frv. sem er til umræðu kallar á mun hærri fjárveitingar bæði vegna áfangalengingar fæðingarorlofsins úr sex mánuðum í tólf og vegna þess er gert ráð fyrir að fólk á almennum vinnumarkaði haldi launum sínum í fæðingarorlofi líkt og ríkisstarfsmenn og bankamenn. Ég gef í greinargerðinni nokkrar frekari forsendur sem hægt er að nota til útreikninga. M.a. kemur fram að fjöldi lifandi fæddra barna á Íslandi var 4.280 árið 1995 og 4.329 árið 1996 og meðallaun karla og kvenna voru 1.682 og 875 þús. árið 1995 en 1.829 og 952 þús. árið 1996. Takið eftir launamun kynjanna sem hér kemur fram. Hann er alveg gífurlegur.

Þar sem frjósemi kvenna er 2,1 um þessar mundir má gera ráð fyrir að kostnaður við fæðingarorlof nemi um árslaunum á starfsævi hvers vinnandi manns. Hér er gert ráð fyrir að heimavinnandi fái fæðingarstyrk eins og verið hefur en í tólf mánuði í stað sex og að vinna námsmanna verði áfram metin sem vinna með tilliti til fæðingardagpeninga sem þyrftu að hækka í hlutfalli við laun á vinnumarkaði.

Ekki er einfalt að koma með nánari kostnaðartölur, m.a. vegna þess hve upplýsingar eru óaðgengilegar og einnig vegna þess að margir atvinnurekendur úti á hinum almenna vinnumarkaði greiða samkvæmt einkakjarasamningum mismun launa og greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt upplýsingum frá einstaklingum og einnig vil ég benda á svar á þskj. 311 þar sem bent er á ýmsa annmarka á því að áætla þennan kostnað nákvæmlega. Ég minni á að þetta er dýrt og viðurkenni það. Ég er þeirrar skoðunar að árslaun á mann í fæðingarorlofi á starfsævi sé nauðsynleg krafa til að búa megi sem bestan grunn í tengslum foreldra og nýfæddra barna þeirra strax á fyrsta æviárinu.

Ég hef ekki alveg lokið máli mínu, herra forseti, en vona að málið fái góðar undirtektir því að um mjög mikilvægt mál er að ræða.

Umræðu frestað.

***Umræður utan dagskrár.***

Launastefna ríkisins.

[15:32]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í kosningabaráttunni vorið 1995 var launamisrétti kynjanna eitt þeirra mála sem mikið var rætt. Þá lá fyrir ný skýrsla sem sýndi enn einu sinni svo ekki varð um villst að konur eru að meðaltali rúmlega hálfdrættingar á við karla í launum og að hluti launamunarins verður eingöngu skýrður með kynferði. Í kjölfar þeirrar umræðu setti núv. ríkisstjórn sér eftirfarandi markmið í stefnuyfirlýsingu sinni, með leyfi forseta:

„Að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis. Stuðlað verður að jöfnum möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína."

Nefnd var sett á laggir til að kanna hvort nýtt starfsmat væri leið til þess að draga úr launamisrétti kynjanna og um þessar mundir er unnið að tilraun til nýs starfsmats þar sem ríkið, Reykjavíkurborg og einkaaðilar koma að verki.

Í fyrra hefti frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 hrósaði hæstv. fjmrh. sér af því að í kjarasamningum ríkisins á undanförnum árum hafi laun svokallaðra kvennastétta hækkað umfram laun annarra. Af þessu varð ekki dregin önnur ályktun en sú að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að bæta kjör kvennastétta miðað við aðrar stéttir í þeim tilgangi að draga úr launamun kynjanna.

Því kom það verulega á óvart, hæstv. forseti, þegar lesa mátti í Morgunblaðinu þann 20. janúar sl. þau ummæli hæstv. fjmrh. að þegar talað hefði verið um að draga úr launamun milli kynja hefði verið átt við mun innan stétta en ekki á milli stétta. Þessi ummæli tengjast nýgerðum samningum við lækna og gagnrýni hjúkrunarfræðinga á vaxandi launamun milli heilbrigðisstétta en þau voru þannig fram sett að um almenna yfirlýsingu var að ræða sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en þau voru sögð, þ.e. að átt væri við launamisrétti kynja innan stétta en ekki á milli þeirra.

Í glænýjum bæklingi Hagstofunnar um konur og karla má sjá línurit yfir launamun milli karla og kvenna en þau ná ekki lengra en til ársins 1995. Þau leiða í ljós að hlutfallið milli launa kvenna og karla hefur sáralítið breyst þótt konur hafi heldur bætt sinn hlut þegar litið er yfir tímabilið frá 1980. Dreifing tekna er allt öðruvísi meðal kvenna en karla og sýnir það sem við svo sem vissum að meginþorri útivinnandi kvenna fyllir lægri þrep launastigans meðan tekjurnar dreifast mun meira meðal karla. Það er afar athyglisvert þegar litið er á greitt tímakaup að hlutur verkakvenna og afgreiðslukvenna á almennum vinnumarkaði hefur farið lækkandi á undanförnum árum, sem minnir á þær fréttir sem bárust í upphafi árs um það hve hækkandi kaupmáttur skilar sér misjafnlega til launþega eftir kynferði. Þar skáru verkakonur og skrifstofukonur sig úr því þær fengu mun minna í sinn hlut en aðrir af margumræddu góðæri.

Myndin af kjörum opinberra starfsmanna árið 1996 er heldur skárri að því leyti að launabilið hefur ekki aukist en þar stingur mest í augu að munur milli dagvinnulauna er lítill hvort sem litið er á BSRB eða BHM, en þegar heildarlaun eru skoðuð breytist myndin verulega og þá stökkva karlarnir langt upp fyrir konurnar, væntanlega vegna sinnar alkunnu yfirvinnu og sporslukerfisins. Launamisrétti kynjanna er því enn til staðar svo sem við mátti búast þrátt fyrir fögur fyrirheit núv. ríkisstjórnar og þarf heldur betur að bretta upp ermar ef takast á að draga úr launamun kynjanna sem hefur því miður sáralítið breyst hér á landi frá því á 13. öld og jafnvel lengur en hann er auðvitað ekkert náttúrulögmál.

Í athyglisverðu viðtali í Morgunblaðinu á föstudaginn lýsti athafnakona daglegum veruleika þeirra kvenna sem sinna krefjandi starfi úti á vinnumarkaðnum ásamt því að annast heimili og börn. Frásögn hennar varð til þess að Morgunblaðið sá ástæðu til að taka málið upp í leiðara. Í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Þótt konan sé metnaðarfull og í jafnkrefjandi starfi og karlinn, tekur hún oftast sjálfviljug ábyrgð á búi og börnum."

Ástæða þess að svona fer á mörgum heimilum er án efa sú að í samfélaginu er það enn viðtekið viðhorf að það sé kvenna að sjá um börn og heimili en karla að vera aðalfyrirvinnan. Þetta úrelta viðhorf er jafnframt undirrót launamunar kynjanna, konur eru álitnar ótryggari starfskraftur vegna bindingar yfir heimili og börnum. Karlarnir eru stikkfrí. Þessi mál eru í vítahring. Launamunur kynjanna veldur því um leið að karlar taka sér síður tíma til þess að sinna fjölskyldunni vegna þess að heimilið tapar þá meiri tekjum en ef konan gerir það.

Það er ástæða, hæstv. forseti, til að taka undir þessi orð en þau eiga þó aðeins við um hluta kvenna. Þeim konum fjölgar sem búa einar með eða án barna og eru margar hverjar að reyna að sjá sér og sínum farborða á þeim lágu launum sem svokölluðum kvennastéttum er boðið upp á.

Hæstv. forseti. Það þarf að breyta hugarfarinu og (Forseti hringir.) útrýma fordómum. Ég vil í framhaldi af þessu beina spurningum til hæstv. fjmrh.: Hvað átti ráðherrann við með ofangreindum ummælum sínum? Hefur orðið stefnubreyting hjá ríkisstjórninni eða hvernig ber að túlka þessi orð hans? Hver hefur þróunin orðið (Forseti hringir.) hvað varðar launajafnrétti kynjanna meðal ríkisstarfsmanna og hvað er að gerast í þeim málum nú? Til hvaða aðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa til að koma á launajafnrétti kynjanna?

[15:37]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Tilvitnun í ónákvæm orð mín í Morgunblaðinu breytir í engu þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að vinna gegn kynbundnum launamun. Nokkrar umræður hafa orðið um fréttir Morgunblaðsins um þessi mál í tilefni af kjarasamningum og m.a. hefur framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs ritað grein í blaðið þar sem hún segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt þeim [þ.e. jafnréttislögum] skulu atvinnurekendur sjá til þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf."

Síðar segir: „Jafnréttislögunum er hins vegar ekki að ætlað að vera tæki í kjarabaráttu ólíkra hópa og stétta og því er það rétt sem fram kemur í fréttinni að þeim er ekki ætlað að vinna gegn launamun almennt milli ólíkra hópa í samfélaginu, einungis að tryggja að starfsfólk sama atvinnurekanda njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf."

Ég vil taka það fram að ég geri þessi orð að mínum.

Það verður hins vegar að taka það fram að þegar rætt er um atvinnurekendur þá kemur ríkið fram í líki mjög margra atvinnurekenda og undir það er reyndar ýtt í nýgerðum kjarasamningum. Það er líka rétt sem margoft hefur komið fram að það er mjög erfitt og oft álitamál hvað felst í því að njóta sömu kjara og hvað felst í því að störf séu jafnverðmæt.

Stefna ríkisstjórnarinnar birtist í stefnuyfirlýsingu hennar, þáltill. sem liggur fyrir hv. Alþingi og aðgerðum einstakra ráðherra. Varðandi fjmrn. vil ég nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi. Ég vil benda á áhrif kjarasamninga á launamun karla og kvenna. Í meiri hluta kjarasamninga stéttarfélaga innan BSRB og BHM er samið um nýtt launakerfi þar sem horfið er frá röðun starfa í miðlægum kjarasamningi. Í stað þess eru skilgreiningar starfa í miðlæga kjarasamningnum mjög almennar en stofnunum og stéttarfélögum falið að útfæra og þróa nánar skilgreiningar starfa innan hverrar stofnunar í samræmi við eðli og sérstöðu hennar. Slíkri tilhögun fylgir að hægt er að gera mun ríkari kröfu til stofnunar um að hún mismuni ekki starfsmönnum sínum í launum, m.a. á grundvelli kyns. Í mörgum niðurstöðum aðlögunarnefnda sem vinna að nánari skilgreiningu starfa er gert ráð fyrir kerfisbundnu starfs- eða frammistöðumati.

Í öðru lagi. Með meiri hluta kjarasamninga stéttarfélaga innan BSRB og BHM fylgdi yfirlýsing frá vinnuveitendum þar sem áréttuð er sú stefna að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbundu vinnuveitendur sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Það er nokkuð ljóst á þessari stundu að þeirri vinnu að koma á nýju launakerfi verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi um páska. Síðan þarf að líða einhver tími til að festa komist á kerfið þannig að raunhæft virðist að huga að slíkri úttekt á árinu 1999.

Í þriðja lagi vil ég benda á fræðslu til yfirmanna opinberra stofnana þar sem sérstaklega er lögð áhersla á jafnréttismál, alveg sérstaklega. Það hefur verið gert með námskeiðum og fundahaldi og reyndar hefur þetta verið tekið upp í árangursstjórnunarsamninga einnig.

Í fjórða lagi vil ég minna á feðraorlof sem hv. þm. kannast við.

Í fimmta lagi er verið að ræða um foreldraorlof um þessar mundir og gera má ráð fyrir því að gengið verði frá samkomulagi innan tíðar.

Í sjötta lagi bendi ég á könnun á viðhorfum ríkisstarfsmanna. Fjmrn. er að undirbúa viðamikla könnun á viðhorfum ríkisstarfsmanna sem fer út í febrúar, en stefnt er að því að niðurstöður hennar liggi fyrir um árslok eða í byrjun næsta árs. Hægt verður að greina viðhorf svarenda eftir m.a. kyni, menntun, aldri, stéttarfélagi og starfshlutfalli, sem auðvitað er mikill fengur í.

Í sjöunda lagi vil ég minna á það, virðulegi forseti, að hjá fjmrn. hefur unnið jafnréttisnefnd. Sú fyrri lauk störfum, gaf út sérstaka skýrslu sem fékk sérstakt hól og núna hefur ný nefnd kannað stöðuna hjá stofnunum fjmrn. og verið er að ljúka við viðhorfskönnun sem væntanlega verður tilbúin í upphafi næsta mánaðar. Slík könnun getur orðið fyrirmynd annarra stofnana á vegum ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég tel að aldrei fyrr hafi verið lögð eins rík áhersla á að koma í veg fyrir kynbundinn launamun af hálfu stjórnvalda og einmitt nú. Ég minni á að meira þarf að koma til eins og t.d. áherslur stéttarfélaga í kjarasamningum. Það leikur enginn vafi á því að kynbundinn launamunur er til í landinu og gegn honum þarf að vinna og ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu taka þátt í því með festu og ákveðni.

[15:42]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ummæli fjmrh. og túlkun hans á því hvert sé markmiðið með yfirlýstri stefnu ríkis og Reykjavíkurborgar um að jafna launamun karla og kvenna hafa vakið athygli og spurningar um launastefnu ríkisins. Þessi ummæli hans, þar sem hann lýsti því yfir að ekki væri markmiðið að jafna laun á milli stétta, aðeins innan stétta, vekja auðvitað athygli hjá hefðbundnum kvennastéttum. Þessi ummæli vekja líka athygli, sérstaklega í ljósi jafnréttislaga, en með þeim er ætlunin að tryggja að laun karla og kvenna sem starfa hjá sama atvinnurekanda séu ákvörðuð á sama hátt og að þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum feli ekki í sér mismunun.

Um 100 stofnanasamningar hafa nú verið gerðir í kjölfar samninga um nýtt launakerfi. Það vekur athygli að aðeins tveimur stofnanasamningum á heilbrigðisstofnunum er lokið nú nokkrum dögum áður en nýtt launakerfi tekur gildi hjá fjölmennustu stétt heilbrigðisstarfsmanna, hjúkrunarfræðingum. Margar ríkisstofnanir binda A-ramma, þann lægsta í launakerfinu, aðeins við störf nema, störf á reynslutíma og tímabundin störf. Nokkur dæmi eru um slíkt. Utanrrn. raðar t.d. starfsmönnum í A-ramma í mesta lagi í sex mánuði. Fasteignamat ríkisins notar alls ekki A-rammann og það sama er að segja um margar borgarstofnanir. Hjúkunarfræðingar raðast hins vegar mjög neðarlega í ramma A og eru þar mun lengur en virðist tíðkast hjá öðrum ríkisstofnunum.

Ein af meginástæðum þess að betur hefur gengið að ganga frá samningum utan heilbrigðisstofnana er væntanlega sú að þar hafa yfirborganir tíðkast áður, enda er fullyrt að samningar hafi ekki leitt til aukins launakostnaðar. Af þessu má draga þá ályktun að ríkisstofnanir utan heilbrigðiskerfisins fái meira fjármagn til starfsemi sinnar og þar með talið til launa starfsmanna en heilbrigðisstofnanir. Almennir hjúkrunarfræðingar og aðrar kvennastéttir innan heilbrigðiskerfisins á höfuðborgarsvæðinu (Forseti hringir.) njóta ekki yfirborgana. Einfaldur samanburður á kjörum karla og kvenna með háskólamenntun og svipaða ábyrgð í starfi á heilbrigðisstofnunum er konum augljóslega í óhag.

Virðulegi forseti. Ég hef alls ekki lokið máli mínu en ég geri hlé á því núna og óska eftir því að koma í stól aftur.

(**Forseti** (GÁ)**:** Það verður tekið til greina.)

[15:45]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp utan dagskrár því fátt er mikilvægara í sambandi við launamálin en að draga úr hróplegu launamisrétti kynjanna. Almennt virðist mér stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum vera sú að draga úr miðstýringu við ákvörðun launa, færa meira vald til stjórnenda og auka með öllu móti möguleikana á staðbundnum og einstaklingsbundnum launasamningum. Þetta voru áhersluatriði í síðustu samningum og það mun mála sannast að undanfarnar vikur hafa stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana eytt heilum og hálfum dögum í að vinna úr þeim spilum sem þeir fengu í hendur í síðustu samningum.

Það er auðvitað of snemmt að dæma um reynsluna hér, en við höfum upplýsingar um hvernig þetta kerfi hefur reynst annars staðar, t.d. í Svíþjóð. Þar er komin nokkurra ára reynsla á slíkt einstaklingsbundið launakerfi og niðurstaðan þar er sú að launamunur kynjanna, einmitt það óréttlæti sem brýnast er að leiðrétta, hefur aukist umtalsvert á þeim tíu árum sem einstaklingsbundið launakerfi hefur verið við lýði. Munurinn hefur aukist og kemur það nú ekki heim og saman við fyrri yfirlýsingar hæstv. fjmrh. sem hefur haldið því á lofti að slíkt kerfi byði einmitt upp á möguleika til að rétta stöðu kvenna. En niðurstaðan í Svíþjóð er sú að stjórnendur hafa hagnast á þessu kerfi, karlar hafa hagnast á þessu kerfi og þeir sem kunna þá kúnst að koma sér vel við yfirmenn hafa hagnast. Erfiðismenn hins vegar, konur, stórir nafnlausir láglaunahópar og þeir óþægu hafa tapað. Sumir segja jafnvel að afnám þessa launakerfis sé mikilvægara en launahækkun og ekki eru það nú mikil meðmæli með núverandi launakerfi.

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. skýri betur hvað liggur að baki þessari stefnumörkun og hvers vegna og hvernig hann telur að hún geti orðið til að bæta hag launafólks og færa konum þessa lands aukið réttlæti í launamálum.

[15:47]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Herra forseti. Hér er verið að vitna í hæstv. fjmrh. og hvað hann hefur sagt í fjölmiðlum en þar kemur skýrt fram að hæstv. ráðherra telur að minnka eigi launamuninn innan stétta. Ég tel að ráðherrann hafi áðan bætt talsvert úr, og bætt við yfirlýsinguna þar sem hæstv. ráðherra vitnaði í framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs og þau orð sem hún lét falla í Morgunblaðinu fyrir stuttu. Að sjálfsögðu er það skylda stjórnvalda samkvæmt lögum að sjá til þess að konum og körlum séu greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf almennt — innan fyrirtækis, tók hæstv. ráðherra sérstaklega fram, eins og framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs gerir. „Innan fyrirtækis" er sérstaklega undirstrikað vegna þess að deilur hafa staðið um það hvort ríkið sé einn atvinnurekandi eða margir atvinnurekendur.

Eins og launakerfið er að þróast núna hjá okkur innan ríkisins erum við að fara út í dreifstýringu eins og komið hefur fram, þ.e. að forstöðumenn innan hverrar stofnunar fyrir sig eru að fá meira vald í sínar hendur um það hvernig þeir ákvarða laun. Ríkisvaldið er því að kljúfa sig í margar einingar.

Ég held við séum á réttri leið með slíkri dreifstýringu. Við sjáum að grunnlaun eru að hækka. Verið er að taka greiðslur inn í grunnlaunin þannig að kerfið verður sýnilegra og það bætir stöðu kvenna að því leyti að þær geta frekar að mínu mati krafist skýringa á launamismun. Við vitum að kynbundinn launamismunur er um 11%. Ég held því að við séum á réttri leið. Ég held líka að þessi dreifstýring ýti undir það að menn fari að skoða starfsmat. Menn munu krefjast þess að sett verði einhver mælistika á launaröðun og þar er starfsmatið einmitt ein leið.

[15:50]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það væri betur að við værum á réttri leið, en við erum ekki á réttri leið meðan við stefnum hraðbyri til fortíðar. Aftur og ítrekað hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að með þeim breytingum á launakerfi og í ríkisrekstrinum almennt hafi hann m.a. viljað ná tvennu fram í launakerfinu. Hæstv. ráðherra hefur sagt að hann hafi viljað gera launakerfið gagnsærra og hann hefur sagt að hann vilji draga úr launamun kynjanna.

Varðandi fyrra atriðið er nú að koma í ljós að hið gagnsæja launakerfi Friðriks Sophussonar, hæstv. fjmrh., er ekki gagnsærra en svo að ráðuneyti hans hefur haft forgöngu um að innleiða launaleynd hjá ríkisstofnunum og eru stéttarfélögin nú með lögfræðinga, fleiri en einn, að kanna hvernig þeim tilraunum hæstv. fjmrh. verði hnekkt. Ef það tekst ekki eftir þessum leiðum mun það mál koma til kasta Alþingis því verið er að brjóta gegn landslögum og að sjálfsögðu einnig gegn yfirlýsingum sem hér hafa verið gefnar af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hvað síðara atriðið varðar og snertir umræðuna um launamun kynjanna var yfirlýsing og fyrirheit ríkisstjórnarinnar að allt yrði gert til að draga úr launamun kynjanna. Ég staðhæfi að launamisrétti almennt mun aukast í kjölfar þessara breytinga og þá ekki síst launamunur kynjanna. Með þessum breytingum er m.a. gert ráð fyrir að einstakar stofnanir verði sjálfstæðari um launamyndunina. Sá sem annast símavörslu hjá Tryggingastofnun mun hafa önnur laun en sá sem annast símavörslu hjá orkufyrirtækjum. Það segir sig sjálft að fyrirtæki sem hafa rúm fjárráð munu geta umbunað starfsfólki sínu umfram það sem gerist hjá fyrirtækjum sem eru fjársvelt. Hvaða stofnanir skyldu það vera? (Forseti hringir.) Spítalar og skólar. Nú spyr ég: Hvar starfa konur? (Forseti hringir.) Hvar starfa karlar? Hver halda menn að útkoman verði? Sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. áðan að þetta sé til þess fallið að draga úr launamun er brandari þótt mönnum sé yfirleitt ekki hlátur í hug þegar verk þessarar ríkisstjórnar eru til umræðu.

[15:53]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mér var mikið niðri fyrir og ég þarf að halda áfram skýringum mínum og að deila þeim með hæstv. fjmrh. Ég lauk máli mínu áðan þar sem ég talaði um að einfaldur samanburður á kjörum karla og kvenna með háskólamenntun og svipaða ábyrgð í starfi á heilbrigðisstofnunum er konum augljóslega í óhag. Ég ætla að nefna nokkur dæmi.

Hjúkrunardeildarstjóri sem stýrir 20–25 rúma deild sem hefur umfangsmikið mannahald og þarf að halda í alla þræði fjármála deildar fær í nýju launakerfi 132 þús. kr. í mánaðarlaun. Sviðsstjóri hjúkrunar sem ber ábyrgð bæði faglega og fjárhagslega og hefur umsýslu með launa- og rekstrarkostnaði sem getur numið 1,6 milljörðum á ári, fær 153 þús. kr. í mánaðarlaun í umslaginu sínu á meðan samstarfsmaður hennar, karlkyns sviðsstjóri lækninga með sömu starfslýsingu er með þrisvar sinnum hærri laun eða 460 þús. kr. fyrir nákvæmlega sömu vinnu.

Hjúkrunarforstjóri Ríkisspítala, sem er yfirmaður 1.260 starfsmanna og ber ábyrgð á allri hjúkrun á stærsta vinnustað ríkisins, hefur svipuð laun og ungur deildarlæknir með ársreynslu eða 166 þús. kr. á mánuði. Þetta er ekki sagt til að draga úr mikilvægi þess að aðstoðarlæknar fái góð laun fyrir erfið störf og samningarnir við þá voru löngu tímabærir. En af þessu verður ekki séð að laun karla og kvenna á heilbrigðisstofnunum séu ákvörðuð með sama hætti ef borið er saman ábyrgð og skyldur. Þetta hefur nú sett kjarasamninga við hjúkrunarfræðinga í uppnám. Það er augljóslega um mikinn mun að ræða í möguleikum heilbrigðisstofnana og annarra ríkisstofnana á að borga sambærileg laun, svo ekki sé talað um launamun í einkageiranum og hjá því opinbera.

Það virðist enn fremur mega leiða að því líkur að laun innan heilbrigðiskerfisins séu ekki ákvörðuð í anda jafnréttislaga og ég spyr hæstv. fjmrh.: (Forseti hringir.) Hvernig eiga fjársvelt sjúkrahús að lagfæra þann augljósa mun sem er á launum karla og kvenna? (Forseti hringir.) Heilbrigðisstofnanir á Íslandi eru að verða með stærstu láglaunavinnuveitendum þessa lands. Er það vilji hæstv. ráðherra?

[15:55]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Herra forseti. Ég sá ástæðu til að reyna að nýta þennan tíma fyrst ekki fleiri vilja taka þátt í umræðunni. Hér greinir okkur á um hvort við erum á réttri eða rangri leið. Ég tel að við séum á réttri leið og ég ætla að reyna að útskýra það aðeins betur.

Þegar forstöðumenn fá meira um það að segja hvernig fólk á viðkomandi stað raðast til launa gerir það ákveðnar kröfur til þeirra. Þeir þurfa að hugsa sitt ráð. Þeir þurfa að geta útskýrt af hverju þeir láta fólk lenda á viðkomandi stað í launakerfinu. Þeir geta ekki lengur vísað óánægðu fólki upp í fjmrn. eins og þeir hafa gert hingað til. Í þessu ferli sem samið var um eru líka svokallaðar aðlögunarnefndir þar sem

er bæði aðkoma stéttarfélaga eða launamanna og stjórnenda og (Gripið fram í.) settur er ákveðinn rammi. Þarna erum við því að fá ákveðið ferli í gang. Fólk á viðkomandi stofnun er miklu meðvitaðra um hvernig launakerfið verður byggt upp á sínum stað. (Gripið fram í.) Ég tel þetta afar jákvætt og ber vott um að við séum á réttri leið. (**Gripið fram í:** En við stöndum ...) Við erum að fara út úr hinu gamla, miðstýrða kerfi sem var konum fjandsamlegt, þar sem samið var miðstýrt um einhver grunnlaun og svo hlaðið ofan á þau hinu og þessu sem kom alltaf körlunum í hag. (Gripið fram í.) Ég held að mjög jákvætt sé að reyna þetta nýja kerfi.

Hér hefur líka verið talað um stöðu hjúkrunarfræðinga og lækna. Mig langar að upplýsa aðeins varðandi starfsmatið sem við erum að vinna á vegum félmrn., að við erum einmitt að fara inn á Ríkisspítalana þar sem við skoðum lækna, hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir á spítölunum og reyna að raða þessu fólki upp í sátt og samlyndi innan sjúkrahúsanna í gegnum stýrinefndir og starfsmatsnefndir. (Forseti hringir.) Þetta er mjög flókið fyrirbæri því miður og það verður afar fróðlegt fyrir okkur að sjá hvernig starfsmatinu reiðir af og hvað kemur út úr því. Það verður mikið innlegg að mínu mati í umræðuna um launajafnrétti.

[15:58]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Á næstu mánuðum mun koma í ljós hvort starfsmatið sem verið er framkvæma og sú tilraun sem þar á að gera er leið sem skilar árangri í að bæta launamun kynjanna. Í þessari umræðu hefur verið deilt um hvort hæstv. ríkisstjórn sé á réttri leið hvað það varðar að eyða launamun. Spurningin snýst um það hvort þær aðgerðir og það kerfi sem nú er verið að beita dugi eða hvort það leiði til enn meiri mismununar. Að mínum dómi ræðst það mikið af því hvernig þessu kerfi er beitt, hvort fordómar og hefðin ráði ríkjum eða hvort menn nýti slíkar breytingar til bóta. Reynslan frá öðrum löndum hefur yfirleitt sýnt að þessi kerfi eru konum ekki í hag. Þó er það mismunandi. T.d. í Bandaríkjunum hafa vinnustaðasamningar og minni samningar nýst konum til að bæta launin, en þarna ráða viðhorfin og ýmislegt annað óskaplega miklu.

Ég skildi ummæli hæstv. fjmrh. þannig að ekki væri um stefnubreytingu að ræða. Það er í sjálfu sér ánægjulegt, en það verður að koma í ljós hvaða áhrif þetta nýja launakerfi hefur.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að gera ætti könnun á viðhorfum ríkisstarfsmanna. Ég vildi gjarnan fá að heyra hvað á að nást fram með þeirri könnun, eftir hverju verið er að fiska. Er það viðhorf starfsmanna sjálfra eða er það meira staðan eins og hún er?

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir undirtektir við umræðuna og undirstrika að launamismunur kynjanna er allt of mikill hér á landi. Við höfum fengið athugasemdir frá jafnréttisnefnd Sameinuðu þjóðanna hvað varðar ástandið hér og þetta er einfaldlega þjóðarskömm sem þarf að beita öllum ráðum til að vinna gegn.

[16:00]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að þegar minnst er á svokallaðar kvennastéttir þá er stundum minnt á hjúkrunarfræðinga og kennara. Ég held að þegar við lítum nokkur ár aftur í tímann megi halda því fram, eins og hefur verið gert, að þessar stéttir hafi fengið tiltölulega meira út úr kjarasamningum en aðrir. En ég skal viðurkenna að síðustu læknasamningarnir sem gerðir voru í skjóli kennarasamninganna gáfu læknum talsvert umfram aðra, en þó minni ég á að sumt af því sem þar kemur fram er að yfirvinna og bílapeningar eru færðir inn í grunnlaunin. Svo er kannski lán í óláni í þessari umræðu að meiri hluti útskrifaðra árganga í læknisfræði eru konur um þessar mundir og svo virðist vera sem það verði í vaxandi mæli þegar fram líða stundir. Þar bætist þá við ný kvennastétt.

Í öðru lagi á nýja launakerfið ekki að gera neinn mun á stofnunum eftir því í hvaða geira þær eru. Ég minni á að kjarasamningar eru greiddir út en stofnanasamningarnir áttu ekki að kosta ríkissjóð nýja fjármuni. Varðandi það að á ferðinni sé einstaklingsbundin launastefna, þá er það misskilningur. Það var heimild í lögum en sú heimild er ekki notuð vegna sérstaks samkomulags formanns BSRB og fjmrh. að grípa ekki til þess lagaákvæðis. Í staðinn koma stofnanasamningar sem eru gagnsæir og byggjast upp á samningum þar sem stéttarfélagið kemur að málum ásamt stofnunum og starfsmönnunum. (**Gripið fram í:** En það er ekki gagnsætt.) Það er rétt hjá hv. þm. að úrskurður tölvunefndar hefur gengið í þá átt að ekki megi birta almenna launalista.

Ekki er hægt að skoða afleiðinguna af hinu nýja launakerfi fyrr en líklega á næsta ári og í könnun ráðuneytisins er verið að kanna viðhorf ríkisstarfsmannanna.

Loks, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) gera menn ekki kraftaverk á augabragði. Áhersla ríkisstjórnarinnar mun hér eftir sem hingað til vera á því að vekja stjórnendur til vitundar um hlutverk sitt sem þeir þurfa að rækja í þessu mikilvæga máli.

### *Leiklistarlög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 543.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Framhaldsskólar, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 355. mál,ráðningartími aðstoðarstjórnenda. — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Nýbygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HG, 110. mál. — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Agi í skólum landsins, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HjÁ o.fl., 186. mál. — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Styrktarsjóður námsmanna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HjÁ o.fl., 245. mál. — Þskj. 290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG o.fl., 260. mál. — Þskj. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Þjónustugjöld í heilsugæslu, frh. 1. umr.***

Frv. ÖJ o.fl., 41. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. ÖJ o.fl., 108. mál (tannlækningar). — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Textun íslensks sjónvarpsefnis, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJóh, 196. mál. — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. ÁE o.fl., 271. mál (tryggingaráð). — Þskj. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

## 55. FUNDUR

fimmtudaginn 29. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Vegáætlun 1998–2002, stjtill., 378. mál, þskj. 676. — Fyrri umr.
2. Langtímaáætlun í vegagerð, stjtill., 379. mál, þskj. 677. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[10:32]

**Útbýting þingskjala:**

Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, 403. mál, þáltill. GMS og SF, þskj. 724.

Hámarkstími til að svara erindum, 405. mál, þáltill. GMS, þskj. 726.

Hægri beygja á móti rauðu ljósi, 404. mál, þáltill. GMS og HjÁ, þskj. 725.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:32]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Kl. 1.30 fer fram umræða utan dagskrár um kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Sjútvrh. Þorsteinn Pálsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa og ráðgert er að hún standi í um 45 mínútur. Ræðutími einstakra ráðherra og þingmanna verður hins vegar að öðru leyti samkvæmt þingsköpum eða tvær mínútur en málshefjanda og ráðherra fimm mínútur við upphaf umræðunnar.

Forseti vill tilkynna áður en gengið er til dagskrár að eftir viðræður við forustumenn þingflokka, svo og hæstv. samgrh., gerir forseti það að tillögu sinni að dagskrármálin, till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð og till. til þál. um vegáætlun 1998–2002, verði ræddar saman. Samkomulag er milli þingflokka um að ræðutími verði sem hér segir: Í 1. umferð fær ráðherra 20 mínútur, í annað sinn 15 mínútur og í 3. umferð 10 mínútur. Talsmenn þingflokka fá 16 mínútur í fyrri umferð og 8 mínútur í síðari umferð. Aðrir þingmenn fá 12 mínútur í fyrri umferð og 8 mínútur í síðari umferð. Andsvör verða leyfð eins og venjulega.

Þá er þess að geta að stefnt er að því að ljúka umræðum um dagskrármálin á þessum degi. (**KHG:** Verður dagurinn þá framlengdur, eða hvað?) Dagurinn getur orðið langur, já.

## *Vegáætlun 1998–2002, fyrri umr.*

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 676.

*og*

## *Langtímaáætlun í vegagerð, fyrri umr.*

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 677.

[10:35]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Á síðasta þingi var samþykkt tillaga að vegáætlun sem tók einungis til tveggja ára, þ.e. áranna 1997 og 1998. Þá var því lýst yfir að tillaga að nýrri vegáætlun yrði lögð fram á yfirstandandi þingi og skyldi sú tillaga taka til ársins 1998 og næstu ára. Þegar farið var að vinna að þeirri áætlun sl. haust varð ljóst að æskilegt væri að leggja einnig fram tillögu að langtímaáætlun, þ.e. 12 ára áætlun.

Tillaga að langtímaáætlun felur í sér umtalsverðar breytingar bæði á tekjuhlið og nýbyggingarliðum gjaldahliðar. Með hliðsjón af því að vegáætlun 1998 lá fyrir og þar var búið að úthluta öllu nýbyggingarfé til ákveðinna verkefna var eðlilegt að fyrsta tímabil langtímaáætlunar hæfist 1999. Hvert tímabil er fjögur ár og fyrsta tímabili lýkur þá 2002.

Tenging vegáætlunar og langtímaáætlunar er nauðsynleg því að vegáætlunin er nánari útfærsla á fyrsta tímabili langtímaáætlunar. Með það í huga er nauðsynlegt að vegáætlun taki til fimm ára, þ.e. til ársins 1998 og svo fyrsta tímabils langtímaáætlunar, þ.e. áranna 1999–2002. Verður nú vikið að innihaldi þessara áætlana og þá fyrst að langtímaáætluninni og farið nokkrum orðum um þá stefnubreytingu sem þar kemur fram.

Um langt skeið hefur tíðkast að skerða markaða tekjustofna sem renna eiga til vegamála. Hluti þeirra hefur þá farið í ríkissjóð. Á síðustu árum hefur komið framlag úr ríkissjóði á móti og hefur það dregið úr skerðingunni. Samkvæmt tillögunni verður millifærslum hætt og hinir mörkuðu tekjustofnar renna alfarið til vegamála að undanskildu umsýslugjaldi sem nemur hálfu prósentustigi af tekjunum. Ríkisframlög falla þá einnig niður.

Gert er ráð fyrir að tekjustofnar hækki um 3,5% til 1. júní 1998 og eftir það í samræmi við verðlag auk 2% hækkunar til viðbótar 1. júní 1998. Gert er ráð fyrir að umferð vaxi áfram og verður reiknað með að tekjur aukist af þeim sökum um 1,6% á ári á fyrsta tímabili, 1,2% á öðru tímabili og 1% á því þriðja. Með þessum forsendum mun ráðstöfunarfé aukast umtalsvert á allra næstu árum en fara síðan hægt vaxandi í samræmi við aukningu umferðar.

Á síðasta ári fyrsta tímabils langtímaáætlunar, þ.e. á árinu 2002, verður ráðstöfunarfé til vegamála tæplega 9 milljarðar kr. og er það meira fjármagn en áður hefur farið til vegáætlunar. Það ár fara tæplega 4 millj. kr. til nýrra þjóðvega en á síðustu 20 árum eru það einungis árin 1993–1995 sem sýna hærri tölur til nýrra þjóðvega í vegáætlun, en þessi ár voru í gangi sérstök átök, m.a. vegna ástands í atvinnumálum.

Rétt er að geta þess að ekki er reiknað með að breyting á lögum um þungaskatt sem taka á gildi um nk. áramót hafi áhrif á fjáröflunina enda er ein meginforsendan fyrir breytingunni að hún hafi ekki áhrif á heildarupphæð tekjustofnsins sem rennur til vegamála.

Skipting útgjalda á liði er með svipuðu sniði og verið hefur í vegáætlun undanfarin ár að öðru leyti en því að verulegar breytingar eru á skiptingu fjár til stofnvega. Gildandi meginreglur um úthlutun fjár til stofnvega eru orðnar mjög gamlar og hafa ekki tekið miklum breytingum í tímans rás.

Hlutföll milli kjördæma eru reiknuð út frá kostnaði, ástandi og arðsemi vega í framtíðarkerfi sem er svo umfangsmikið að jafnan tæki það upp undir 30 ár að ljúka verkefninu eins og það hefur verið skilgreint á hverjum tíma. Þegar litið er til svo langs tíma verður óvissa í skilgreiningu verkefnisins mjög mikil, hvað skuli tekið með og hverju sleppt.

Ekki verður komist hjá misræmi á milli kjördæma. Þessir vankantar komu ekki mikið að sök meðan vegakerfi landsins var í heild þurfandi fyrir úrbætur og kom þannig inn í dæmið. Eftir því sem vegakerfið hefur tekið framförum hafa gallar aðferðarinnar vaxið. Nokkur síðustu árin hefur hluta fjár til stofnvega verið skipt í hlutfalli við íbúatölu. Að öllu samanlögðu hafa verið miklar deilur um skiptinguna hér í þinginu eins og kunnugt er og því ærin ástæða til breytinga.

Á undanförnum árum hafa vaxið mjög kröfur um aukin framlög til vegamála. Þær kröfur koma jafnt frá landsbyggðinni sem höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni lúta þessar kröfur að því að leysa það sem mætti kalla frumþarfir byggðarlaga en það er að vegur með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi tengi öll stærri þéttbýli landsins. Þá þarf einnig að tengja saman nálæga þéttbýlisstaði til að auka samvinnu og samnýtingu. Ferðaþjónusta er atvinnuvegur í örum vexti og þarf á því að halda að bundið slitlag sé lagt á fjölförnustu ferðamannaleiðir. Loks má nefna kröfur um aukið umferðaröryggi og hefur ríkisstjórnin mótað þá stefnu að fækka umferðarslysum.

Með hliðsjón af þessu var reynt að skilgreina nokkur framkvæmdamarkmið á vegakerfinu sem ljúka skyldi við á

gildistíma langtímaáætlunar og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum með tillögunni. Verkefni þau sem falla undir framkvæmdamarkmiðin eru metin alls á tæplega 20 milljarða kr. og eru því skilgreind sem stórverkefni í tillögunni. Þessi verkefni eru talin upp í athugasemdum og í tillögunni sjálfri er þeim raðað á tímabil innan langtímaáætlunar.

Ekki er fjallað um jarðgöng í þessari langtímaáætlun. Ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar. Lagt er þó til að veita nokkurt fé til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum.

Eins og áður sagði tekur hinn nýi stórverkefnalisti til þeirra verkefna sem falla undir framkvæmdamarkmiðin. Nú er ljóst að ýmis verkefni falla utan ramma þeirra auk þess sem ýmis ný verkefni bætast við á svo löngum tíma sem hér er til umræðu og verður að sjá fyrir fjármagni í þessu skyni. Fjárveiting til almennra verkefna á stofnvegum nýtist til þess að leysa þessi verkefni en rúmlega fimmti hluti alls fjármagns til stofnvega utan höfuðborgarsvæðisins fer til almennra verkefna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þessu fjármagni sé skipt jafnt á milli kjördæma annarra en höfuðborgarsvæðisins.

Á höfuðborgarsvæðinu snýr þörfin einkum að því að auka umferðaröryggi auk þess sem ný byggðahverfi kalla á nýjar aðfærsluæðar. Mörg brýn verkefni bíða þegar úrlausnar á þessu svæði og íbúaþróun í mörg undanfarin ár hefur sem kunnugt er verið slík að þörf fyrir úrbætur á stofnvegakerfi svæðisins hefur vaxið hröðum skrefum. Reynt er að mæta þessu að nokkru í tillögunni með auknum fjárveitingum en þær hækka í sömu hlutföllum og fjármagn til stofnvega utan höfuðborgarsvæðisins. Ef íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins vex áfram með svipuðum hraða og undanfarið má þó búast við að fjármagn samkvæmt tillögunni dugi ekki til. Kemur þá til greina að beita óhefðbundnum aðferðum við fjármögnun vegaframkvæmda á svæðinu. Slíkar aðferðir hafa verið skoðaðar lauslega og sýnast framkvæmanlegar. Ef til kemur að fara óhefðbundnar leiðir við fjármögnun verða þau mál lögð fyrir Alþingi.

Viðhaldsliðir fara nokkuð vaxandi á tímabilinu og á það við um þá alla. Síauknar kröfur eru gerðar um þjónustu á vegakerfinu og verður að kosta nokkru til ef koma á til móts við þær. Þá vex verðmæti vegakerfisins stöðugt og fjárþörf til viðhalds verðmætinu vex þá einnig. Þetta er sama þróun og orðið hefur í öðrum löndum en hún er þó skemmra á veg komin hér.

Á seinni hluta áætlunartímabilsins er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að viðhaldsliðirnir nemi hærri upphæðum en útgjöld til nýrra framkvæmda. Verður nú nánar vikið að vegáætlun en eins og áður sagði tekur hún til 1998 og síðan fjögurra ára að auki.

Tillagan fyrir 1998 gengur út frá gildandi vegáætlun fyrir það ár. Endanleg tala er að vísu 9 millj. kr. lægri og örlitlar tilfærslur eru á einstökum liðum útgjalda. Framlög til allra stóru liðanna, viðhalds og nýframkvæmda, eru þó hin sömu og í gildandi áætlun. Tekjuliðin 1998 er með svipuðu sniði og undanfarin ár. Hluti af mörkuðum tekjum til vegamála er færður í ríkissjóð. Á móti kemur framlag og lánsfé úr ríkissjóði sem dregur úr skerðingu ráðstöfunarfjár. Ríkissjóður lagði mikið lánsfé til vegamála vegna átaks í atvinnumálum sem hófst 1993. Segja má að millifærslur undanfarinna ára hafi farið til endurgreiðslu þessa lánsfjár. Miðað við tillögurnar lýkur endurgreiðslunni á þessu ári og raunar rúmlega það.

Frá og með árinu 1999 verður sú áðurnefnda breyting að markaðir tekjustofnar renna alfarið til vegamála að frádregnu hálfu prósentustigi sem greiðist í ríkissjóð. Með þessu einfaldast tekjuliðin því að ríkisframlag og lán úr ríkissjóði falla einnig niður.

Á árinu 1999 er greitt af lánum vegna Skeiðarársands og framkvæmdaátaksins sem hófst 1995. Lán til vegtenginga við Hvalfjarðargöng verður greitt niður á árunum 1999–2003.

Ráðstöfunarfé til vegamála vex samkvæmt tillögunni umtalsvert árin 1999–2000 en síðan er vöxturinn eingöngu tengdur eðlilegri stækkun tekjustofna. Framlög til nýframkvæmda á stofnvegum hækka þegar 1999 en haldast síðan nokkuð stöðug. Útgjöld til þessa liðar 1999 markast nokkuð af því að þá var veitt fé til að greiða lán vegna framkvæmdaátaksins, svo og til að ljúka endurbyggingu hringvegarins um Skeiðarársand. Á því ári og hinu næsta eru einnig fjárveitingar til að bæta vegasamband við Þingvelli vegna kristnihátíðarinnar. Að öðru leyti fer fjármagnið til stórverkefna og almennra verkefna utan höfuðborgarsvæðisins eins og áður var getið, svo og til höfuðborgarsvæðisins.

Tengivegir og brúargerð fá aukið framlag eftir því sem líður á tímabilið og er mikil þörf fyrir hvort tveggja. Margir tengivegir bera mikla umferð sem kallar á uppbyggingu þeirra með bundnu slitlagi. Þá mun breikkun brúa stuðla að auknu umferðaröryggi.

Viðhald þjóðvega er annar stærsti útgjaldaliður vegáætlunar. Þar fara allir liðir vaxandi út áætlunartímabilið. Vegagerðin hefur reynt að meta fjárþörf hinna ýmsu liða viðhaldsins. Matið gefur hærri tölur en nemur fjárveitingum á öllum liðum. Þessi flokkur verkefna mun taka til sín meira fé á næstu árum eins og nefnt var í tengslum við langtímaáætlun.

Tillagan gerir ráð fyrir að kostnaður við stjórn og undirbúning fari vaxandi á tímabilinu. Undanfarin ár hefur þessi liður verið lækkaður frá því sem hann var frá árunum í kringum 1990. Á þessum tíma hafa verkefni á þessu sviði orðið æ viðameiri og Vegagerðinni hafa verið falin ýmis ný verkefni. Verður ekki hjá því komist að hækka þennan lið og er miðað við að hann verði svipaður í lok tímabilsins og hann var á árunum kringum 1990. Framlög til safnvega, landsvega, styrkvega og reiðvega fara vaxandi út tímabilið. Þessir liðir eru ekki stórir en undir þá falla mikilvæg verkefni sem snerta búsetu í hinum dreifðu byggðum, ferðamennsku og öryggismál.

Samkvæmt tillögunni fara milli 400 og 500 millj. til flóabáta. Tekur sú upphæð bæði til rekstrar ferja og greiðslu vaxta og afborgana af stofnkostnaði þeirra. Miðað er við að smíðað verði nýtt skip til siglinga milli Hríseyjar og Árskógssands og kostnaður við það sé greiddur á tímabilinu. Þá er reiknað með að rekstrarstyrkur til Akraborgar falli niður með tilkomu Hvalfjarðarganga.

Herra forseti. Ég legg til að báðum þessum tillögum verði vísað til samgn. og síðari umr. Ég legg áherslu á að nefndin hraði störfum sem kostur er, þó ekki á kostnað þess að vel og vandlega sé hugað að einstökum atriðum í tillögunum.

[10:51]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég efa ekki að af hálfu embættismanna og Vegagerðarinnar hafi verið lögð alúð í undirbúning þessa

máls, nú sem löngum áður. Við upphaf umræðu um vildi ég hins vegar spyrja hæstv. ráðherra um það hvort að baki þessari áætlunargerð hafi farið fram stefnumótandi vinna af hálfu ráðuneytisins eða ríkisstjórnar varðandi samgöngustefnu í landinu. Mér finnst að hvort sem verið er að móta áætlun til tólf eða fjögurra ára í vegagerð, þá þurfi það að vera liður í samræmdri samgöngustefnu fyrir Ísland og samskipti okkar við umheiminn. Hvar er þessi stefna?

Önnur spurning: Hefur við mótun þessara áætlana verið tekið mið af líklegum skuldbindingum Íslands í sambandi við losun gróðurhúsalofttegunda og þeirrar stefnu sem ætti að liggja fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda um hvað samgöngupátturinn eigi að taka á sig í þeim efnum. Auðvitað hlýtur það að tengjast m.a. vegagerð í landinu. Fyrir liggur að samgöngumálin valda um þriðjungi af þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem frá Íslandi kemur og hæstv. umhvrh. hefur sagt að allir ættu að leggja þar nokkuð af mörkum til að glíma við væntanlegu skuldbindingar. Hvernig fellur það að þessum áætlunum?

[10:54]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðari fyrirspurn hv. þm. þá starfar á vegum samgrn. nefnd sem fæst við hvernig unnið skuli að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo notað sé orðalag hv. þm. Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri er formaður þeirrar nefndar. Mér er kunnugt um að þessi mál hafa sérstaklega komið til umræðu í sambandi við vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, milli tæknimanna borgarinnar og vegamálastjóra.

Varðandi það hvort unnið sé á vegum ráðuneytisins að samræmdri samgöngustefnu er það að segja að hin síðustu ár og missiri hafa orðið miklar breytingar. Þarfir hafa breyst mjög á samgöngusviðinu. Það er augljósast í sambandi við hafnargerð. Stærri skip, djúpristari skip en áður, bæði flutningaskip og fiskiskip valda því að þörf er á dýpkun og lengri hafnargörðum en áður. Því er mjög örðugt að átta sig á því hvernig rétt sé að marka stefnu í hafnamálum fram í tímann en jafnframt er unnið að því að átta sig á breyttum viðhorfum og hvernig staðið skuli að stefnunni, auðvitað í tengslum við samgöngukerfið í heild sinni.

Eins og þessi langtímaáætlun ber með sér er fyrst og fremst við það miðað, horfi maður til dreifbýlisins, að byggja vegakerfið upp til þeirra staða þar sem 200 eða fleiri búa.

[10:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Ég verð þó að segja að mjög eru þau í skötulíki í sambandi við það mál sem við erum að ræða um. Það er lítið vit í að ætla sér að taka á málum eftir á varðandi áætlanir um fjárveitingar til vegamála og þess stóra þáttar í samgöngumálum ef síðan koma upp nýjar hugmyndir og kröfur um það að breyta til vegna annarra sjónarmiða sem þörf er á að taka með í reikninginn. Þá á ég við loftslagsbreytingarnar og framlag Íslands í því efni. Menn virðast ekki hafa náð því að taka hlutina í réttri röð. Ég vil bara hvetja til þess að á meðan fjallað er um þessar áætlanir af hálfu þingnefndar þá verði það athugað hver staðan er í þessum efnum.

Sama gildir auðvitað um samþætta samgöngustefnu. Hún ætti að vera forsenda þess sem hér er verið að fjalla um. Ef litið er á þetta einangrað þá hefur Vegagerð ríkisins ekki bein stefnumótandi fyrirmæli sem taka þarf tillit til, þannig að hér fer lítið fyrir samþættri samgöngustefnu.

Hæstv. ráðherra nefndi mjög stóra og veigamikla þætti í sambandi við skipaflutninga og hafnamál. Vafalaust er það alveg rétt að þar eru breyttar forsendur í mörgum greinum sem þarf að taka afstöðu til. Sama gildir auðvitað um þungaflutninga á vegum og spurninguna um hvernig með þau efni skuli farið í framtíðinni.

[10:58]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er myndríkur og ég er að reyna að rifja upp hvernig skata lítur út svo ég sjái sjálfan mig glöggt þegar ég stend hér í stólnum úr því að ég kom hingað í skötulíki síðast þegar ég var hérna.

Út af því sem hv. þm. vék að hér áðan vil ég aðeins segja að vitaskuld er langtímaáætlunin miðuð við þarfir samfélagsins eins og þær blasa við okkur í dag. Þess vegna er útúrsnúningur að segja að við höfum ekki í huga bæði þarfir einstakra byggðarlaga og þarfir fyrir flutninga. Ég sagði það hér áðan að menn væru að reyna að leysa umferðarvandamálin í þéttbýli með það fyrir augum að draga úr loftmengun. Það er því ekki rétt hjá hv. þm. að þessum málum sé ekki gaumur gefinn. Að tillögugerðinni er vel staðið enda gerði ég áðan glögglega grein fyrir forsendum hennar og eru þeim gerð betri skil í greinargerð með tillögunni.

[10:59]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér ræðum við ekki eingöngu hefðbundna vegáætlun til fjögurra ára heldur undir sama hatti svokallaða langtímavegáætlun sem þýðir 4 plús 8 ár. Ég vil strax í upphafi lýsa þeirri skoðun minni að vinnubrögð af þessum toga eru mjög til fyrirmyndar og væri betra ef við stæðum þannig að verki á fleiri sviðum að reyna að marka stefnu til lengri tíma. Hins vegar er lítið með slíka áætlanagerð að hafa ef ekki er farið eftir henni og vissulega hlýtur maður að skoða eilítið þessa vegáætlun til næstu fjögurra, raunar fimm ára, annars vegar og langtímavegáætlun langt fram á næstu öld í því ljósi. Og sporin hræða.

Veruleiki málsins í dag er sá að í raun er engin vegáætlun í gildi því að meiri hluti þingheims tók þá ákvörðun að tillögu hæstv. ráðherra að leggja af þá tillögugerð sem kynnt hafði verið á öndverðu síðasta ári um vegáætlun fram yfir aldamót. Í staðinn var gripið til þess óyndisúrræðis að endurskoða eingöngu gildandi vegáætlun 1995–1998. Í raun og sanni stendur Alþingi frammi fyrir því í dag að engin raunveruleg, hefðbundin vegáætlun er í gildi heldur hefur Alþingi eingöngu ákveðið, bæði með fjárveitingum við fjárlagagerð og einnig með hefðbundinni þáltill., að marka stefnu til áætlunargerðar í vegamálum fyrir yfirstandandi ár. Annað er ekki fyrirliggjandi um markmið og leiðir í vegamálum. Því segi ég, virðulegi forseti, í þessum efnum hræða auðvitað sporin.

Sporin hræða enn frekar þegar skoðuð eru markmið og efndir í þessum efnum á yfirstandandi kjörtímabili. Þar er niðurstaðan og afrekaskráin með endemum og þarf ekki annað en að horfa á það að á þeim þremur árum sem ríkisstjórnin hefur verið við lýði hefur það ár ekki liðið að undanskildu árinu 1995 — enda voru menn þá að vinna samkvæmt markmiðum síðustu ríkisstjórnar — að markaðar tekjur til Vegasjóðs hafi ekki í stríðum straumum runnið í ríkissjóð en ekki til vegagerðar. Væri nú ágætt, virðulegi forseti, að

hæstv. ráðherra gæfi sér tíma og ráðrúm til að hlusta á umræðuna og vildi ég biðja forseta að stoppa klukkuna á meðan þar til náð verður í ráðherrann.

(**Forseti** (GÁ): Nærveru hæstv. ráðherra er óskað í þingsal.)

Ég hef fullan skilning á því að hæstv. samgrh. iði og sé á ferð og flugi undir umræðunni og eigi erfitt með að leggja við hlustir. Afrekaskrá hans á umliðnum árum er slík að það sker í eyru á að hlýða. Auðvitað er erfitt að viðurkenna þennan veruleika. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann, ég ætla aðeins að fara til þess árs sem við lifum í dag, þess einasta árs sem einhver áætlunargerð er í gildi. Þar eru afrekin ekki til að hrópa yfir.

Samgöngunefndin öllsömul, minnihlutamenn og meirihlutamenn, kváðu upp úr með það einum rómi síðasta haust, raunar við fjárlagagerð, þar sem menn gengu þannig fram að heill milljarður og rúmlega það var tekinn af mörkuðum tekjum til vegagerðar á Íslandi. Þetta var harðlega gagnrýnt í samgn. en allt kom fyrir ekki og þetta var samþykkt á hinu háa Alþingi við fjárlagagerðina með þeim hætti sem raun ber vitni um. Þar á meðal voru þeir hv. þm. sem gagnrýndu það hátt og snjallt við meðferð málsins að svona skyldi gengið fram í vegamálunum. Því er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hafa í huga þegar menn koma núna fram fyrir alþjóð og standa keikir og stoltir með áætlun til næstu tólf ára, hvorki meira né minna, áætlun þar sem er ekki gert ráð fyrir því eitt einasta ár að ríkissjóður ætli að læsa sinni stóru og þungu krumlu í neitt af þessu fé, og það aðeins tveimur mánuðum eftir að hæstv. ráðherra og hirð hans varð undan að láta og skila heilum milljarði af fjármunum sem áttu að renna til vegagerðar í ríkissjóð. Meiri hluti þingmanna á hinu háa Alþingi, þingmenn stjórnarinnar — sem hafa upp á síðkastið farið mikinn í fjölmiðlum um mikilvægi vegagerðar í landinu — létu þetta yfir sig ganga, ýttu á hinn græna hnapp og tóku þessa skerðingu á sig.

Er þá ástæða til þess, virðulegi forseti, að taka allt of mikið mark á svonefndri áætlunargerð til næstu tólf ára þegar mönnum tókst ekki einu sinni að láta endurskoðaða áætlun til tveggja ára standast mánuðinn út, missirið út, áður en menn fóru að skera þvers og kruss og tæta hana niður liðið fyrir lið? Er ástæða til að taka allt of mikið mark á áætlunargerð aðila sem hafa orðið sekir um annað eins? Nei, segi ég. Þess vegna hljótum við að taka ýmsum þeim tillögum sem hér er að finna með miklum fyrirvara. Hér er ég ekki eingöngu að ræða um hina svonefndu langtímaáætlun heldur er ég ekki síður að tala um áætlun til skemmri tíma, þ.e. hina hefðbundnu áætlun 1998–2002. Þar er einnig ástæða til að hraðast. Jafnvel á fyrstu árum slíkrar áætlunargerðar, a.m.k. svo lengi sem núv. ríkisstjórn er við völd — og því miður þurfum við að lifa enn eitt árið undir hennar stjórn. En svo gætu málin farið að breytast og nýir tímar runnið upp og þá getur það hugsanlega verið að áætlunargerð af þessum toga sé meira en orðin tóm, sé meira en tölur og frómar óskir á blaði eins og hér liggur fyrir.

Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að mörg þau stóru verkefni sem eru nefnd til sögunnar eru lítið annað en óskalisti, eru lítið annað en opinn konfektkassi sem menn geta tínt úr og notað að vild. Það er ástæða til þess líka, virðulegi forseti, að undirstrika það strax núna að þessi tillögugerð er sannarlega ekki af hálfu hæstv. ráðherra eins eða starfsmanna hans í Vegagerðinni. Sú tillögugerð sem um er að ræða er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans því að auðvitað hefur almenningur tekið eftir því á síðustu dögum að einstakir þingmenn stjórnarinnar, stuðningsmenn stjórnarinnar, hafa komið fram í fjölmiðlum og lýst yfir efasemdum um eitt og annað í áætlunargerðinni, komið fram með gagnrýni og svo jafnvel nokkrum dögum síðar barið sér á brjóst og lýst því yfir að þeir hafi komið inn tilteknum breytingum á vegáætlunina. Nefni ég þar til sögunnar sérstaklega þingmenn Norðurl. v. og einnig get ég ekki látið hjá líða að nefna þingmenn Austurl. í hópi stjórnarliða. Ábyrgðin á tillögugerðinni er ríkisstjórnarinnar allrar og meiri hluta þingsins og í því ljósi ber að skoða einstakar tillögur sem ég mun víkja nánar að rétt á eftir.

Kannski er rétt að gera það nú þegar því að það vekur sérstaka athygli í þeirri tillögugerð, sem er lögð fram til næstu tólf ára, að ekki er gert ráð fyrir því að staðið verði við gefin fyrirheit um jarðgöng. Ósköp var það aumingjalegt, virðulegi forseti, hjá hæstv. ráðherra þegar hann reyndi að halda því fram við upplestur á athugasemdum við langtímavegagerð að ef til þess kæmi að mönnum sýndist skynsamlegt og arðbært að ráðast í jarðgangagerð yrði það ákvörðun síns tíma og mundi lúta sérstökum lögmálum sértækrar fjármögnunar. Ja, mikill er nú metnaðurinn. Er þörf á texta sem þessum í áætlun til vegagerðar? Segir það sig ekki sjálft ef jarðgöng er ekki að finna í áætlun til næstu tólf ára að það sé þá ákvörðun síðari tíma, komi til þess að í þau verði ráðist? Ef ekki er að finna fjármagn í þessum áætlunum er það líka sértæk ákvörðun hvernig beri að fjármagna þau. Það er því alveg sama hvernig menn snúa þessu, upp eða niður, að í þessum tillögum er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum, hvorki á Norðurlandi vestra né á Austfjörðum, svo einfalt er það, svo skýrt er það. Eitthvert almennt hjal um að síðar megi hugsanlega skoða þessa möguleika er algjörlega marklaust á þessu stigi máls ef við erum að ræða tiltekna áætlunargerð sem ég vænti að hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliðar ætlist til að standist.

Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega í þessu samhengi að það hefði verið skoðað lítils háttar að það væri gerlegt og mögulegt að koma við sértækri fjármögnunarleið við jarðgangagerð — þá á hann væntanlega við Austurland annars vegar og Norðurland vestra hins vegar því að það eru þau mál sem hafa ekki síst verið nefnd til sögunnar. Fróðlegt væri að heyra það strax hjá hæstv. ráðherra hvaða athuganir það eru sem hann hefur látið gera og hvernig hann hefði hugsað sér að láta þessa sértæku fjármögnun ganga fram. Ég vænti þess að hann eigi þá við að innheimtur verði vegtollur svipað því sem gerst hefur í Hvalfjarðargöngum því að aðra leið þekki ég ekki. Nema hann sé að nefna til sögunnar lántökur utan þessarar áætunar, að fullu eða öllu. Við þessu þarf að fá svör, hálfkveðnar vísur eru verri en hitt, eru verri en það sem stendur ekki í áætluninni — engin jarðgöng á þessu áætlunartímabili. Það er auðvitað veruleikinn sem við ræðum og sá sem við blasir.

Ég get út af fyrir sig fallist á að ekki sé óskynsamlegt að fækka þessum liðum, þessum heitum í vegáætlun. Þær hafa verið af ýmsum toga og gert það að verkum að stundum hefur reynst býsna erfitt að lesa úr vegáætlun hvers árs og hvers tímabils og bera saman við eldri. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir því að fella niður hið svokallaða framkvæmdaátak. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gera mikið með það en vek þó athygli á því, og ástæða er til að staldra við það, að þetta segir kannski meira en mörg orð, að framkvæmdaátakinu er einfaldlega lokið. Það er ekkert átak lengur í gangi í

vegamálum og hefur ekki verið síðustu þrjú árin. Mér sýnist miðað við þá reynslu og þegar hún er lesin í gegnum þessi plögg að a.m.k. sé ekki ástæða til bjartsýni í tíð núverandi stjórnarmeirihluta. En framkvæmdaátakinu er lokið og það er gert núna, kvitt og klárt, með þessari áætlun til vegagerðar, liðurinn er einfaldlega felldur niður.

Á hinn bóginn vil ég líka minna á í þessu samhengi að framkvæmdaátakinu var auðvitað skipt eftir öðrum formerkjum en hin hefðbundna skipting er, og það vekur upp spurningar og nauðsyn á frekari athugunum um skiptingu fjármagns til þéttbýlis annars vegar, þ.e. höfuðborgarsvæðis, og dreifbýlis hins vegar. Ég ætla hins vegar ekki að gera það að umræðuefni við 1. umr.

Hins vegar er einnig umhugsunarefni að svo mikið er kappið á hin stóru verkefni, á þessi „monument" sem stundum hafa verið nefnd, sem eru auðvitað fyrst og síðast til þess gerð — við skulum orða hlutina eins og þeir eru — að einstakir þingmenn einstakra kjördæma geti farið út í hérað — og þar fer auðvitað hæstv. ráðherra fremstur í flokki — og veifað því hér og þar að einhvern tíma inn í næstu öld ættu menn að láta sverfa til stáls, tengja Þórshöfn, þeir ætli sér — svo ég nefni bara verkefni af handahófi — að lagfæra Lágheiðina einhvern tíma á næstu öld. Það er ósköp þægileg pólitík að geta farið heim í hérað með þessum hætti en trúverðug getur hún tæpast talist — og enn og aftur ekki síst í ljósi reynslunnar.

En hinn almenni liður, þar sem þingmenn hafa komið að, er hins vegar að sama skapi skorinn allverulega niður þannig að hin smærri verkefni sem þingmenn einstakra kjördæma hafa komið að eru orðin býsna lítil og ekki til stórræðanna.

Ég hef áhyggjur af því að þegar fram líða stundir kunni menn að auka þrýsting á að hann þurfi að hækka verulega og þá auðvitað á kostnað hinna stærri verkefna.

Hér er markmiðsáætlun sett upp í nokkrum liðum, sem ég fagna. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa grundsemdum mínum þegar ég les að fyrst hafi tillagan verið frágengin og síðan hafi markmiðin verið búin til því að liðir eins og t.d. ferðamannavegir eru mjög þröngt skilgreindir þegar tillagan sjálf er skoðuð. Það eru einkum og sér í lagi ferðamannastaðir á Suðurlandi sem þess njóta. Ég verð þess ekki var að til míns kjördæmis til að mynda, Reykjaneskjördæmis, sé horft, eða Krýsuvíkurvegar, Reykjanestáarinnar og víðar. Mér sýnist í fljótu bragði að þarna hafi menn fyrst skipt kökunni og síðan búið til markmiðin. En ég get verið sammála þeim í meginatriðum og að skynsamlega sé að verki staðið ef menn ætla a.m.k. að fara eftir þeim.

Virðulegi forseti. Við erum hér við 1. umr. þessa máls. Það er margt athugavert. Ég nefni þar til sögunnar stórar upphæðir í flóabáta. Þar þarf mjög að ígrunda og skoða hvort rétt stef er slegið, sérstaklega stórar fjárhæðir til endurbóta á Hríseyjarferju. Það þurfa menn að skoða mjög gaumgæfilega.

Höfuðborgarsvæðið er algjörlega opin bók. Þar eru engar skiptingar að finna. Ekki fyrir margt löngu hafa hins vegar komið tillögur frá forsvarsmönnum sveitarfélaga (Forseti hringir.) um skiptingu í þessum efnum sem samgn. mun væntanlega skoða mjög gaumgæfilega.

Mín lokaorð skulu vera þau að ljóst er að mikil vinna er fram undan hjá samgn. við yfirferð þessara mála. Hún mun vanda sitt verk en hennar verk byggir á því að hinar pólitísku og fjárhagslegu forsendur standist. Annars er allt tal um áætlanagerð til tveggja ára, til fjögurra ára eða tólf ára hreint og klárt ómark. (Forseti hringir.) Og enn segi ég, virðulegi forseti og það skulu vera mín lokaorð: Spor hæstv. ráðherra hræða í þeim efnum svo ekki verði meira sagt.

[11:17]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru einungis þrjú atriði sem ég vil nefna. Hv. þm. sagði áðan að gefin hefðu verið fyrirheit um jarðgöng og væri fróðlegt að fá fram hjá honum skýrt við umræðuna í hvaða röð hann telji að jarðgöng eigi að koma, hvort byrja eigi á Austurlandi eða á Norðurlandi vestra eða hvaða jarðgöng hann vilji ráðast í á Austurlandi. Úr því að fyrirheitin voru gefin um jarðgöngin þá hlýtur hann að vita hvaða jarðgöng það eru sem fyrirheit voru gefin um.

Í annan stað vil ég segja þegar hann spyr um hina sérstöku fjármögnun á höfuðborgarsvæðinu, þá hélt ég að hv. þm. og þingheimi væri kunnugt að Vegagerðin hefur unnið að því í samvinnu við samgrn. að leggja fram tillögur og gera athugun á því hvort heppilegt kunni að vera að taka hér upp svokölluð skuggagjöld eins og gert er í nálægum löndum þegar um mjög viðamikla framkvæmd er að ræða. Við getum látið okkur detta í hug t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar eða veginn yfir Kleppsvog og upp í Mosfellssveit. Þetta mál er ekki komið það langt að það sé komið á framkvæmdastig en við verðum að vinna á þessum nótum hér á landi eins og í nálægum löndum, í þéttbýlinu þar sem kostnaður við umferðarmannvirki er mjög mikill.

Að síðustu vil ég aðeins taka fram, herra forseti, að þegar talað er um að færa fé í ríkissjóð í þessari vegáætlun, þá er gert ráð fyrir endurgreiðslu lánsfjár, 210 millj. kr., sem ákveðin var í síðustu ríkisstjórn. Þá réðumst við í framkvæmdaátak í samvinnu við Alþfl. og var þá einmitt ákveðið að fara hraðar í byrjun, taka lán til að geta flýtt vegaframkvæmdum. Hér er gert ráð fyrir að endurgreiða síðustu 210 millj. af þeim lánum sem þá voru tekin. Það er því rétt hjá hv. þm. að framkvæmdaátakinu lýkur með þessari áætlun.

[11:19]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst það síðasta. Það er deginum ljósara að framkvæmdaátakinu er lokið og við skulum vera algerlega sammála um það. Átaki hæstv. samgrh. í samgöngumálum og vegamálum er lokið. Við skulum kasta rekunum yfir þetta átak hér og nú. Ég skal vera fyrstur manna til að viðurkenna staðreyndir og það er ljóst að ég og hæstv. ráðherra erum sammála um það. Því átaki, sem Alþfl. beitti sér fyrir og gat dregið hæstv. ráðherra út í á sínum tíma, er lokið. Nú tekur hversdagsleikinn við. Það sem er verra er að hæstv. ráðherra er að skila í ríkissjóð ekki eingöngu einhverju lánsfé, eins og hann nefnir, heldur verulegum fjármunum öðrum á yfirstandandi kjörtímabili. Um það þurfum við þá ekki að deila og er það fagnaðarefni.

Hæstv. samgrh. spyr mig: Hvaða jarðgöng vill þingmaðurinn? Kemur hér með áætlun til næstu tólf ára sem hann er búinn að vinna að væntanlega hin síðari ár og spyr stjórnarandstöðuna: Hvaða jarðgöng viljið þið? Við viljum og hefðum talið eðlilegt að hæstv. samgrh., hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn stjórnarliða hefðu unnið heimavinnuna sína í þessum efnum og haft raunverulega valkosti í jarðgangagerð bæði norðan og austan heiða. En því er ekki að heilsa. Það hafa engir fjármunir farið til þessa málaflokks í tíð núv. ríkisstjórnar. Það gerir það að verkum að menn eru ekki í

stakk búnir til þess hér og nú, og ekki ætla ég að kveða upp dóma um það í hvaða röð, hvernig og undir hvaða formerkjum það eigi að gerast, enda liggja engar upplýsingar fyrir um það. En það er merkilegt að hæstv. ráðherra hefur ekki nokkrar hugmyndir um málið og það ættu þingmenn þessara tveggja kjördæma að íhuga, þingmenn á borð við Jón Kristjánsson og Hjálmar Jónsson.

(**Forseti** (GÁ): Háttvirta þingmenn.)

Í lokin þetta. Það var athygli vert að hæstv. ráðherra nefndi skuggagjöld í samhengi við Reykjanesbrautina og stórverkefni á höfuðborgarsvæðinu. Þar liggur hans hugur þegar þessar (Forseti hringir.) sértæku fjármögnunarleiðir eru farnar. Það er ljóst.

[11:22]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom ekki á óvart að hv. þm. veðist tunga um tönn þegar hann var spurður beint að því á hvaða jarðgöng hann vildi helst leggja áherslu. Við heyrðum að svörin voru nokkuð óljós þegar þar kom hans máli. En ég ítreka spurninguna: Á hvaða jarðgöng vill hv. þm. fyrst og fremst leggja áherslu nú?

Í öðru lagi vil ég taka fram að á árinu 1997 var varið beint af vegáætlun 3 milljörðum kr. til nýframkvæmda og ef Hvalfjarðargöng eru tekin með er verið að tala um 5 milljarða kr. Á þessu ári, 1998, er um 3,4 milljarða að ræða og ef Hvalfjarðargöng eru tekin með eru það rétt tæpir 5 milljarðar, við getum sagt 5 milljarðar kr. Vegaframkvæmdir eru því mjög miklar í landinu nú. Ég hygg að einungis einu sinni hafi nýframkvæmdir til þjóðvega verið meiri. Það var á árinu 1973, 5,6 milljarðar kr.

[11:23]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það dugir ekki fyrir hæstv. ráðherra að lesa upp stórar tölur sem framlög til vegamála. Vissulega erum við að ræða stórar tölur næstu tólf árin og lætur nærri að það sé eitthvað í kringum 100 milljarða kr. Það er auðvitað auðvelt og létt verkefni fyrir hæstv. ráðherra að segja að svo og svo miklum fjármunum hafi verið breytt. Það breytir ekki þeirri staðreynd, virðulegi forseti, að samkvæmt hagdeild hjá undirstofnun ráðherra sjálfs er að finna nákvæmlega nóteraðar upplýsingar, og ég ætla að gefa hæstv. ráðherra þetta blað á eftir, þar sem kemur skýrt fram upp á punkt og prik hvernig jöfnuðurinn annars vegar sem innheimtar markaðar tekjur til vegamála, og hins vegar þeir fjármunir sem Vegagerðin þarf til ráðstöfunar standast ekki. Vegagerðin fékk meira til ráðstöfunar í tíð síðustu ríkisstjórnar en henni bar. Í tíð þessarar ríkisstjórnar eru fjárlög til vegamála að skila sér inn í ríkissjóð. Árið 1996 er þessi upphæð 638 millj., 1997 740 millj. og 1998 984 millj. Hæstv. ráðherra er sjálfur að slá öll eigin met á yfirstandandi ári. Það er veruleiki málsins. Það er verið að tína þá fjármuni út úr því markaða verkefni sem eiga að renna til að bæta vegi og samgöngur á Íslandi, inn í ríkissjóð. Það er veruleikinn.

Varðandi jarðgangagerðina — hvers konar dans er þetta eiginlega og menntaskólahúmor? Ég sagði það nákvæmlega að ef hæstv. ráðherra kæmi með plöggin á borðið fyrir framan mig, skoðuð og vandlega yfirfarin þar sem allir valkostir væru skýrt afmarkaðir þá stæði ekki á mér að taka um það ákvörðun. (Forseti hringir.) Ég gæti gert það á morgun. En veruleikinn er sá að hann hefur ekki unnið sína heimavinnu. Og að spyrja mig út úr hér — ég veit það ekki. Öðruvísi mér áður brá. Það kom þó að því.

[11:26]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Þau þykku þingskjöl sem hér liggja fyrir til umræðu um langtímaáætlun í vegagerð og vegáætlun fyrir næstu fimm ár hlaðin löngum talnarunum verður að skoða í því ljósi að Ísland er vanþróað ríki í vegamálum. Satt best að segja er leitun að þeirri þjóð a.m.k. í þessari heimsálfu sem er eins illa á vegi stödd og við Íslendingar hvað vegamál varðar. Mjög stór hluti okkar vegakerfis er án bundins slitlags með holóttum vegum þannig að vegfarendur eru í stöðugu rykkófi og allt of margir mikilvægir fjallvegir eru ófærir meiri hluta ársins. Auk þess vantar mjög víða bráðnauðsynlegar tengingar sem gætu stytt fjarlægðir milli þéttbýlisstaða og stækkað atvinnusvæði.

Við hljótum því að draga þá ályktun af þeirri staðreynd að fjármagn til vegamála hefur verið langt frá því nægilegt á undanförnum árum. Það hefur ekki verið í neinu samræmi við þær brýnu þarfir sem við blasa og það verður allt of lítið áframhald ef þær áætlanir sem hér eru lagðar fram ná fram að ganga.

Samkvæmt þessum áætlunum eru markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar áfram stórskertir á því ári sem nú er að líða. Það munu vera um 814 millj. sem eru teknar í ríkissjóð þegar tillit er tekið til þess framlags sem ríkið leggur þar á móti. En brúttó er skerðingin, eins og hér hefur komið fram, tæpar 1.200 millj. kr. Í lok þessa árs mun ríkissjóður skulda Vegasjóði einhvers staðar á milli 600–700 millj. kr. og samt á áfram að færa fé úr Vegasjóði með afborgunum af áhvílandi lánum. Áform um að frá árinu 2000 verði allt fé markaðra tekjustofna lagt í Vegasjóð eru vissulega góðra gjalda verð en þau eru tortryggileg úr því að þessu fyrirheiti er skotið á frest yfir á næsta kjörtímabil.

Ég tel það vissulega lofsvert að lögð er fram langtímaáætlun til tólf ára. Það er bráðnauðsynlegt að fá gott yfirlit yfir þau verkefni sem vinna þarf að á næstu árum og slíkt yfirlit auðveldar okkur ákvarðanatökuna á komandi árum og ég þakka hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra fyrir þá vinnu sem í þetta hefur verið lögð. En ég vek á því athygli að reynslan kennir okkur að þegar vegáætlanir eru lagðar fram til nokkurra ára jafnvel aðeins tveggja eða fjögurra ára og þar gefin mikil fyrirheit um stóraukin framlög til vegamála á 3. eða 4. ári, þá hefur því miður niðurstaðan oftast orðið sú þegar til kastanna hefur komið að sú aukning hefur verið skorin niður með stórfelldu fjárnámi af fé Vegasjóðs í ríkissjóð.

Á seinasta ári var fé Vegasjóðs skert verulega, eða um 800 millj. brúttó, líklega einhvers staðar í kringum hálfan milljarð nettó, og svo hefur verið allan þennan áratug að átt hefur sér stað mikill tilflutningur á fé úr Vegasjóði í ríkissjóð þótt þar á móti hafi að vísu komið nokkurt lánsfé til framkvæmdaáætlunar. Ég tel því að nokkurt áróðursbragð sé af vegáætlun, sem er nú lögð fram ári fyrir alþingiskosningar, og felur í sér áframhaldandi stórskerðingu á mörkuðum tekjustofnum á því ári sem er að líða þó að fyrirheit fylgi um bót og betrun eftir næstu alþingiskosningar. Samkvæmt þessari vegáætlun á að verja tæpum 4 milljörðum á ári hverju til uppbyggingar nýrra þjóðvega og brúa og ég legg áherslu á það hér, í upphafi máls míns, að þetta er allt of lítið fjármagn. Þetta er ekki nema rétt um 2,3% af útgjöldum ríkisins eða um 0,7% af vergri landsframleiðslu. Fé til vegamála má vissulega auka margvíslega. Í fyrsta lagi má hverfa frá þeim skerðingaráformum sem er að finna í þessari áætlun. Það má

endurgreiða skuld ríkissjóðs við Vegasjóð en eins og menn sjá, sem skoða þessa áætlun, er ekki gert ráð fyrir því að sú skuld sé nokkurn tímann gerð upp. Ég tel líka að kostnað vegna vegtengingar Hvalfjarðarganga ætti að greiða af öðru fé en ekki af vegáætlun. Það er ljóst að ríkissjóður mun hljóta verulegan virðisaukaskatt af því veggjaldi sem þar verður innheimt og mætti verja því fé í því skyni. Ég tel að flóabátarnir eigi ekkert heima í vegáætlun. Þeir eiga að hverfa þaðan út. Það er mál sem þarf að taka sérstökum tökum og endurskoða frá grunni og það mundi létta á vegáætluninni sem nemur tæpum hálfum milljarði á ári hverju á komandi árum og mundi þá verða til að auka nýbyggingar vega sem því nemur. Auk þess má nýta tekjustofna Vegasjóðs miklu betur en gert hefur verið í samræmi við heimildir laga.

Nýja vegáætlunin felur hins vegar í sér verulega stefnubreytingu frá því sem verið hefur. Um langt skeið hefur fé til stofnvega verið skipt samkvæmt sérstakri skiptireglu sem hefur verið miðuð við ástand, kostnað og arðsemi veganna. Síðan var farið að taka einstök verkefni út fyrir sviga, verkefni sem voru sérstaklega erfið eða dýr og fyrstu verkefnin af þessu tagi hygg ég að hafi verið svokallaðir Ó-vegir. Það var Ólafsfjörður, Ólafsvík og Óshlíð. Þetta voru verkefni sem voru tekin út fyrir sviga. En síðan var fylgt í kjölfarið með fleiri og fleiri stórverkefni. Síðan framkvæmdaáætlanir og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Almennu verkefnin hafa því smám saman orðið æ minni hluti vegafjár og fyrir tveimur árum voru þau orðin aðeins þriðjungur af fé til stofnvega. Á því ári sem nú er að líða stefnir í að þau séu aðeins fjórðungur, 25% af því fé sem veitt er til stofnvega og síðan er ætlunin að á næsta ári, 1999 og á árunum þar á eftir, verði almennu verkefnin aðeins 12% eða $^1/_8$ hlutinn af því fé sem veitt er til nýbyggingar vega. Þar á móti hefur stórverkefnaflokkurinn stækkað mikið og fær þrisvar sinnum meira í framtíðinni en hann hefur fengið í seinni tíð og ljóst er að höfuðborgarsvæðið fær stóraukið fé. Á næstu tólf árum er áformað að verja um 12,5 milljörðum kr. til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu eða u.þ.b. $^1/_3$ af öllu nýbyggingarfé til vega. Því til viðbótar kemur svo tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði til Keflavíkur sem á að kosta um 2,4 milljarða kr. Því miður hafa þingmenn ekki fengið í hendur framkvæmdalistann sem liggur að baki þessum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og því er mjög erfitt að átta sig á langtímaáætlun í heild þegar svo mikilvægan þátt vantar.

Tenging þéttbýlisstaða, sem styttir verulega vegalengdir milli þéttbýlisstaða, er eitt allra brýnasta verkefnið í vegamálum til að stækka atvinnusvæði og þétta dreifðar byggðir. Brýn verkefni af þessu tagi blasa við á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum en þeim er lítt sinnt samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir.

Langtímaáætlunin hlýtur að vera Austfirðingum mikil vonbrigði að þessu leyti en þar er brýn þörf á að mynda samfellt atvinnusvæði frá Seyðisfirði til Fáskrúðsfjarðar með góðri tengingu við Egilsstaði en ekki er að sjá að því verkefni verði sinnt á næstu tólf árum. Sama gildir um tengingu Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur með jarðgöngum og vegi um Héðinsfjörð. Sú tenging yrði mikil lyftistöng fyrir alla þessa staði en nú þegar er mikil samvinna þar á milli í atvinnumálum eins og best sést á samvinnunni milli Ólafsfirðinga og Siglfirðinga í stórfyrirtækinu Þormóður rammi – Sæberg.

Á Vestfjörðum er brýnasta verkefnið jarðgangagerð, að tengja saman norðurfirðina og suðurfirðina með göngum um Dýrafjörð og Arnarfjörð undir Hrafnseyrarheiði en bílferja gæti síðan gengið milli Bíldudals og Hrafnseyrar nokkrum sinnum á dag. Að gefnu tilefni er sérstök ástæða til að vara við því að fólk láti blekkjast af því að í þeim áætlunum sem liggja fyrir er áformað að verja 10 millj. á ári hverju til jarðgangarannsókna. Það er alveg ljóst að með þessari áætlun, ef samþykkt verður, er verið að útiloka jarðgangagerð á næstu tólf árum. Það verður einfaldlega að horfast í augu við þá staðreynd að samkvæmt þessari áætlun verða engin jarðgöng grafin á næstu tólf árum. Að halda öðru fram er ekkert annað en tálvon og blekking.

Hvað Norðurland varðar er þetta alveg sérstaklega undirstrikað með tillögu um 680 millj. kr. vegagerð um Lágheiði á árunum 2003–2010. Ljóst er að jarðgöng verða ekki gerð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar næstu 20 árin ef 680 millj. kr. verður varið til að byggja upp Lágheiðina. Ég tel það lágmarkskröfu, hvað þessa tengingu varðar, að orðalaginu í langtímaáætluninni sé breytt og þar standi ekki Lágheiði eins og þar er með 680 millj. kr. fjárveitingu, heldur verði liðurinn orðaður svo: Vegtenging milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Þá kæmi það í hlut næstu ríkisstjórnar, á nýju kjörtímabili Alþingis, að móta stefnuna í jarðgangagerð við gerð vegáætlunar fyrir árin 2003–2006 og þeir alþingismenn sem kjörnir verða í næstu alþingiskosningum gætu þá tekið endanlega ákvörðun um það hvort um yrði að ræða lausn í anda nýrrar aldar eða þá vegur þarna um snjóþunga heiði sem verður því miður aldrei talin viðunandi lausn.

Mjög mörg önnur brýn og bráðnauðsynleg verkefni eru skilin eftir í þessum áætlunum. Sem dæmi mætti nefna veginn um Fróðárheiði sem tengir Ólafsvík við suðurhluta Snæfellsness og síðan stystu leið í Borgarnes. Annað dæmi eru vegamálin í Borgarfirði sem eru enn að gjalda fyrir það hvað Borgarfjarðarbrúin var fjárfrek á sínum tíma. Þar eru vegamál í miklum ólestri og ekki sjáanlegt að á þessari áætlun verði þar mikil úrbót gerð.

Enn eitt dæmi er svo vegurinn sem tengja á Blönduós og Skagaströnd við Sauðárkrók um Þverárfjall. Sá vegur styttir leiðina milli Skagastrandar og Sauðárkróks um 70 km, úr 100 km í rúma 30, og verður hluti strandvegarins frá Húnaflóa um Sauðárkrók og Siglufjörð til Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Þetta mikla verkefni hefur þó ekki hlotið náð fyrir augum þeirra sem settu saman langtímaáætlunina og er það miður.

Ég vil líka nefna að margar framkvæmdir eru allt of seint á ferðinni og vil ég sérstaklega nefna norðausturleiðina, þ.e. leiðina frá Húsavík til Þórshafnar sem er ein allra brýnasta vegaframkvæmdin sem við stöndum frammi fyrir. Hún er vissulega mjög dýr og meginþungi þessarar framkvæmdar lendir á seinasta áætlunartímabilinu, þ.e. eftir átta ár. Þarna hefði þurft að hraða verkum meira en áformað er.

Þeir vegir sem ég hef gert að umtalsefni eru svonefndir stofnvegir en það er hringvegurinn ásamt aðalvegum til þéttbýliskjarna, sannkallaðar slagæðar vegakerfisins. En háræðarnar sem út frá þeim ganga um sveitir landsins nefnast tengivegir. Tengivegirnir hafa lengi verið herfilega vanræktir enda öll áhersla lögð á uppbyggingu stofnveganna. Þegar farið er að gera áætlanir um margra milljarða framkvæmdir við Sundahöfn í grennd við höfuðborgina ætti að huga að því hvort ekki sé tímabært að auka framlög til tengiveganna. Vegamálastjóri orðaði það þannig í gærmorgun að verkefnin í tengivegunum væru endalaus og ég get tekið undir það að

þau eru auðvitað endalaus meðan allt of lítið fé fæst til að sjái fyrir endann á þessum framkvæmdum.

Herra forseti. Tími minn er þrotinn. Ég segi að endingu: Ísland er stórt land og við verðum einfaldlega að verja miklu meira fé til að byggja upp vegakerfi okkar en gert hefur verið. Það verður að vera tiltækt meira fé þannig að viðunandi lausn fáist á þessum mikla vanda okkar.

[11:42]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði að það má segja að Ísland sé vanþróað land í vegamálum. Vegáætlunin snýr að því að reyna að fullnægja frumþörfum í vegamálum en er ekki einhver óskalisti um það hvernig hægt sé að ljúka öllu því sem gott væri að geta lokið á næstu þremur eða fjórum árum. Það er laukrétt hjá hv. þm. að þeir vegir sem falla undir þriðja og síðasta tímabilið eru seinast á ferðinni í áætluninni en ef hugmyndin er að ráðast í öll þau jarðgöng sem hv. þm. minntist á áðan, bæði á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum á áætlunartímabilinu býst ég varla við að hægt sé að gera mikið í tengivegum eða flýta vegaframkvæmdum til Þórshafnar. Það er því alveg laukrétt niðurstaða hjá hv. þm. að miðað við þær skoðanir sem hann hefur í vegamálum og þær þarfir sem hann lýsti áðan, ef ætti að fullnægja öllum þeim óskum, er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að stórauka fé til vegamála. Um það erum við sammála en við verðum stundum að sætta okkur við að fjármagn er takmarkað og svo er það nú. Aðalatriðið er að hér er reynt að standa vel að verki og ég vil að það sé tekið fram að það er ekki tilviljun að tólf ára vegáætlun er lögð fram með þeim hætti sem gert er nú á þessari stundu. Það stendur einungis þannig á að ítarlegar tilraunir og athuganir sýndu að fyrri aðferð við samningu vegáætlunar gekk ekki lengur upp. Þá var nauðsynlegt að stýra verkefnum öðruvísi. Hin tilviljanakennda stórverkefnastefna sem við höfum gengið inn á á síðasta áratug hafði gengið sér til húðar og þess vegna reyndum við að koma öðruvísi að málinu.

[11:44]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu getum við hæstv. samgrh. verið innilega sammála um að ekki er hægt að ráðast í allar þær framkvæmdir sem ég var að nefna í ræðu minni öðruvísi en að til komi meira fjármagn. Það er einfaldlega ekki meira hægt að gera ef ekki fæst frekara fjármagn. En þetta er kjarni málsins. Það er einfaldlega kjarni málsins að vegáætlunin er ekki fullnægjandi. Það er ekki aflað nægilegs fjár miðað við þau gífurlegu verkefni sem blasa við okkur og þar af leiðandi ber okkur að leita nýrra leiða til þess að auka fé til vegamála til að unnt sé að sinna þessum margvíslegu verkefnum.

Ég benti þar á ýmsar leiðir sem mættu koma að gagni. Ég minnti á skerðingu ríkissjóðs á vegafé á árinu. Ég minnti á að skuld ríkisins við Vegasjóð verður aldrei gerð upp og ég minnti á flóabátana sem eiga ekkert erindi í vegáætlun en taka til sín tæpan hálfan milljarð á hverju ári frá uppbyggingu vegakerfisins og margar aðrar leiðir mætti nefna. Mér finnst að ráðherrann ætti að ræða við okkur hvort ekki væru möguleikar á því að stíga skrefið djarfara og reyna að ná miklu meira fjármagni til vegamála en gert hefur verið og ætlunin er að gera samkvæmt áætlunum sem liggja fyrir.

[11:47]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. í síðari ræðu sinni þá vil ég taka fram að auðvitað er Vegasjóður og framlög til vegamála hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins í heild sinni. Nú er það metið svo að ekki séu skilyrði til að leggja frekara fé fram til vegamála en hér er gert, að teknu tilliti til þeirra miklu framkvæmda sem nú eru í Hvalfirði. Það verður að sjálfsögðu að líta á allt í samhengi þegar við erum að meta heildarfjárfestingu í vegamálum.

Ég vil jafnframt minna á að það er nokkuð liðið síðan við Sverrir Sveinsson, rafveitustjóri á Siglufirði, fluttum á Alþingi tillögu um að athugað yrði hvort rétt væri að fara í jarðgangagerð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Hann var þá varaþm. Framsfl. Ef ég man rétt þá treysti enginn þingmaður Norðurl. v. sér til að taka undir þessa skoðun á þeim tíma. Ég hef á hinn bóginn löngum barist fyrir bættum samgöngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Ég er ekki úrtölumaður í þeim efnum en þar sem þingmenn Norðurl. v. hafa mjög áfellst mig fyrir það að taka ekki jarðgöng inn milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þá minni ég á að þeim jafnkunnugt um það og mér að það er ekki samstaða um það á Alþingi í hvaða jarðgöng skuli næst ráðist ef af verður. Hér er gert ráð fyrir því að fara í jarðgangarannsóknir á næstu árum. Um það var samkomulag í stjórnarflokkunum. En ég geri mér líka grein fyrir því að þingmenn Norðurl. v. munu þrýsta mjög á að fá jarðgöng á Norðurlandi og hið sama munu þingmenn á Austurlandi að sjálfsögðu gera varðandi jarðgöng þar eystra.

[11:49]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess þegar fyrstu tillögur komu fram um jarðgöng á leiðinni milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sem hæstv. ráðherra nefndi hér áðan. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að flm. tillögunnar hafi staðið þar einn og þingmenn ekki stutt hann í þeim efnum. Ég var meðflm. að tillögunni ásamt fleiri þingmönnum. Hann stóð ekki einn í þeim efnum. Þetta er sem sagt gömul hugmynd, gamalt áhugamál sem við höfum lengi barist fyrir og þessi ummæli ráðherrans byggð á misskilningi.

Hjá hæstv. ráðherra mátti skilja það svo að vegna þess hve Hvalfjarðargöng tækju mikið fjármagn til sín og athafnalífið væri mikið í kringum þau þá væri ekki ráðrúm, vegna þensluáhrifa, til aukinna vegaframkvæmda á þessu ári. Ég minni á að það er engin þensla í atvinnumálum á Austfjörðum og það er engin þensla í atvinnumálum á Norðurlandi eða Vestfjörðum. Það hefði vissulega verið þörf á því, á þeim tímum að miklar stóriðjuframkvæmdir eru í gangi á suðvesturhorninu, að auka vegaframkvæmdir á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum og annars staðar þar sem þessara þensluáhrifa gætir ekki. Ég hefði talið, í sambandi við jarðgöngin, eðlilegra að taka frá eins og einn milljarð á hverju ári til jarðgangagerðar næstu tólf árin. Vissulega getum við deilt um það í hvaða röð ætti að taka framkvæmdirnar, hvort Austfjarðagöng yrðu þau næstu eða Norðurlandsgöng. Það skiptir ekki öllu máli. Ég hygg að öllum þeim verkefnum sem við blasa á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum mætti sinna með miklum sóma með því að taka frá eins og einn milljarð á ári hverju á næstu tólf árum.

[11:52]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Við ræðum hér mikilvægan málaflokk sem er vegáætlun og langtímaáætlun til næstu tólf ára. Ef litið er á tekjuhlið tillögunnar um langtímaáætlun þá er gert ráð fyrir auknu fjármagni til vegamála á áætlunartímabilinu. Með sífellt aukinni umferð er raunhæft að gera ráð fyrir því að markaðir tekjustofnar skili auknum tekjum til Vegasjóðs. Hins vegar er mikilvægt að verja hina mörkuðu tekjustofna þannig að fjármagnið sem þeir mynda renni til Vegasjóðs og þeirra verkefna sem þeim er ætlað að fjármagna.

Sá liður í tillögunni sem helst er litið til eru áætlanir um nýframkvæmdir í hinum ýmsu vegflokkum. Sú grundvallarbreyting er gerð á ráðstöfun fjármagns til stofnvega að sett er fram stórverkefnaáætlun sem miðast við ákveðin og afmörkuð verkefni á landsvísu. Gert er ráð fyrir ákveðnu fjármagni til höfuðborgarsvæðisins og einnig til almennra verkefna. Þar með eru eldri aðferðir við skiptingu fjármagns eftir kjördæmum lagðar af eins og fram hefur komið hér hjá hæstv. samgrh.

Sú tillaga um langtímaáætlun stórverkefna sem hér er til umræðu byggir á framkvæmdamarkmiðum sem fram koma í greinargerð tillögunnar. Þar ber fyrst að nefna að ljúka á að leggja hringveginn bundnu slitlagi og vegi af honum til þéttbýlisstaða með yfir 200 íbúa. Í mínum huga er þetta mjög mikilvægt markmið því mjög margir þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni eru án slíks vegasambands í dag og það hlýtur að teljast sjálfsögð og eðlileg krafa þjóðarinnar allrar að þetta markmið gangi eftir. Sem dæmi má nefna að á Vesturlandi eru aðeins tveir þéttbýlisstaðir tengdir við hringveginn með bundnu slitlagi. Það eru Akranes og Borgarnes. Það ætti því ekki að þurfa að eyða mörgum orðum í það hve sjálfsagt er að þéttbýlisstaðirnir á Snæfellsnesi og Búðardalur tengist hringveginum á þennan hátt.

Auk þessa markmiðs er miðað við að tengja saman með uppbyggðum vegi og slitlagi nálæga byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúum á hvorum stað.

Bundið slitlag verður lagt á ferðamannaleiðir með sumarumferð yfir 200 bíla á dag. Á helstu flutningaleiðum verða endurbyggðar brýr sem ekki þola fullan þunga og vegir með mikla umferð verða breikkaðir þannig að flutningsgeta og umferðaröryggi verði ekki vandamál. Vegkaflar með mikla umferð, þ.e. yfir 500 bíla á dag, sem hafa reynst hættulegir þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegi án endurbóta, verða endurbyggðir. Loks er lagt til að einbreiðar brýr á hringveginum, sem hafa yfir 400 bíla umferð, verði breikkaðar. Þetta eru þau helstu framkvæmdamarkmið sem koma fram í geinargerð með tillögunni um langtímaáætlun.

Mín skoðun er að sú hugmyndafræði sem tillagan byggir á sé rökrétt. Hún kemur heim og saman við þá umræðu um byggðamál sem verið hefur undanfarna mánuði. Tillagan miðar að því að á áætlunartímabilinu verði sérstök áhersla lögð á uppbyggingu vega á svæðum sem hafa átt undir högg að sækja í byggðaþróuninni enda eru þar flest verkefni óunnin í vegamálum. Þessi tillaga um langtímaáætlun er því mikilvægt innlegg sem aðgerð til að treysta byggð í landinu.

Það er ljóst að skiptar skoðanir eru um einstök verkefni á einstökum landsvæðum. Þannig hefur það alltaf verið í umræðum um vegáætlanir og þannig mun það alltaf verða meðan svo mikið er óunnið í uppbyggingu vegakerfisins í landinu. Víða er mikil þörf og mikið óunnið alls staðar á landinu. Nærri liggur að kostnaður vegna verkefna sem óunnin eru á stofnvegum sé um eða yfir 40 milljarðar. Miðað við þessa tillögu verða líklega óunnin verkefni sem nema yfir 15 milljörðum eftir að áætlunartímabilinu lýkur.

Auk tillögu um stórverkefnaáætlun er gert ráð fyrir verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og við almenn verkefni á landsbyggðinni eins og ég hef áður vikið að. Áætlun um almenn verkefni gerir ráð fyrir að hvert kjördæmi hafi til umráða um 64 millj. kr. árlega til annarra verkefna á stofnvegum en gert er ráð fyrir í stórverkefnaáætlun. Það er mikilvægt að leggja áherslu á þetta þar sem mörg verkefni eru óunnin víða á stofnvegum og reyndar í öðrum vegflokkum.

Í greinargerð með tillögu um langtímaáætlun er gert ráð fyrir að skapaðir séu möguleikar til að tímabundið megi færa til fjármagn allt að 200 millj. kr. innan hvers kjördæmis á áætlunartímabilinu. Tilfærslan getur verið milli verkefna á stórverkefnalistanum eða verkefna á mikilvægum stofnvegum milli nálægra þéttbýlisstaða sem ekki eru á listanum og falla því undir almenn verkefni. Ég tel reyndar að þetta eigi ekki að vera bundið við mikilvæga stofnvegi milli nálægra þéttbýlisstaða heldur einnig mikilvæg verkefni á stofnvegum sem ekki er gert ráð fyrir í stórverkefnaáætlun. Ég mun, við meðferð málsins í hv. samgn., leggja áherslu á að um þetta verði fjallað sérstaklega.

Í langtímaáætluninni er gert ráð fyrir að Vegasjóður endurgreiði lán vegna framkvæmda við vegtengingar við Hvalfjarðagöng. Endurgreiðslan falli til á árunum 1999–2003 og er um að ræða 400 millj. kr. auk fjármagnskostnaðar. Þetta er helmingur kostnaðarins við verkefnið, hinn helmingurinn verður fjármagnaður af vegtollum sem Spölur hf. mun innheimta af umferð um göngin. Ég tel rök fyrir því að taka upp umræðu um að a.m.k. hluti af þessari endurgreiðslu sem Vegasjóði hefur verið ætluð verði fjármögnuð með tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti af veggjöldum sem innheimt verða af umferðinni gegnum göngin. Ég legg til að þetta mál verði tekið til sérstakrar umfjöllunar í hv. samgn. við meðferð málsins og ég hef reyndar þegar fjallað um þetta mál í nefndinni.

En ég vil, herra forseti, leyfa mér að fjalla sérstaklega um þau verkefni sem tillagan gerir ráð fyrir í stórverkefnaáætlun fyrir Vesturland. Þar er gert ráð fyrir að ljúka yfirstandandi framkvæmdum við Gilsfjarðarbrú. Framkvæmdir í Búlandshöfða eru áætlaðar á fyrsta tímabili. Varðandi þetta verkefni er rétt að rifja það upp að verkefnið Búlandshöfði nær yfir uppbyggingu vega í Búlandshöfða og uppbyggingu vega sitt hvorum megin við Búlandshöfðann sjálfan. Á síðustu þremur árum hafa framkvæmdir staðið yfir og hefur kostnaðarhluti Vesturlandskjördæmis í framkvæmdinni nú verið fjármagnaður af vegáætlun. Það sem eftir er verður fjármagnað af stórverkefnasjóði. Þar er um að ræða framkvæmdir í Búlandshöfðanum en þetta verkefni er mjög mikilvægur áfangi við að efla samgöngur milli þéttbýlisstaða á norðanverðu Snæfellsnesi. Sveitarstjórnir hafa um árabil lagt megináherslu á þetta verkefni.

Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu vegarins í Kolgrafarfirði og með tilkomu verkefnanna tveggja verður vegur milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi byggður með bundnu slitlagi. Það er ein helsta forsendan fyrir viðgangi byggðanna á svæðinu sem er eitt atvinnu- og þjónustusvæði með yfir 4.000 íbúa.

Gert er ráð fyrir nýjum vegi um Vatnaheiði sem komi í stað núverandi fjallvegar um Kerlingarskarð. Sá vegur

er afar lélegur malarvegur og eru ekki margir stofnvegir í kjördæminu í lakara ástandi.

Tillagan gerir ráð fyrir endurbyggingu vegarins um Bröttubrekku og í Svínadal en þetta skiptir sköpum fyrir Dali og reyndar einnig fyrir samgöngur við Vestfirði um Gilsfjörð.

Hálsasveitarvegur að Húsafelli telst vera fjölfarinn ferðamannavegur og er gert ráð fyrir uppbyggingu hans með bundnu slitlagi.

Loks er gert ráð fyrir endurbyggingu þjóðvegar 1 í Stafholtstungum og breikkun brúa í kjördæminu.

Þau stórverkefni sem koma fram í tillögunni samrýmast að mestu þeim áherslum sem sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi hafa sett fram en eins og á öðrum landsvæðum er þó hvergi nærri komið til móts við allar óskir þar um. Reikna má með að þegar stórverkefnaáætlun og langtímaáætlun lýkur verði óunnin verkefni á stofnvegum á Vesturlandi sem nemur einhvers staðar nálægt 3,5 milljörðum kr. Aðeins Austurland mun samkvæmt þessu eiga meira óunnið í uppbyggingu stofnvega.

Stórverkefnaáætlun langtímaáætlunar segir ekki allt um vegaframkvæmdir næstu ára því fjármagn til almennra verkefna er ætlað til þess að önnur verkefni verði unnin á stofnvegum. Í þessu sambandi er vert að nefna þá umfjöllun sem verið hefur í fjölmiðlum um þessi mál, en í nokkrum tilfellum hefur hún verið villandi og röng. Þar hefur því verið haldið fram að einstök verkefni sem ekki koma fram í stórverkefnaáætlun séu ekki á dagskrá og er þar um að ræða verkefni sem mikil áhersla er lögð á af heimamönnum á viðkomandi svæðum. Um þetta nefni ég sérstaklega tvö verkefni sem fjölmiðlar hafa fjallað um á þennan hátt á Vesturlandi, þ.e. uppbyggingu vegarins um Fróðárheiði og uppbyggingu Borgarfjarðarbrautar. Þótt þessi verkefni séu ekki á stórverkefnaáætlun, þá munu þau verða fjármögnuð sem almenn verkefni og það er rangt sem fram hefur komið í fjölmiðlum að þessi verkefni séu ekki á dagskrá. Hins vegar eiga þingmenn eftir að fjalla nánar um hin almennu verkefni og því er ekki tímabært að hafa uppi frekari yfirlýsingar um þessi efni að svo stöddu. Eins hefur ekki verið tekin afstaða til margra annarra verkefna sem óunnin eru í kjördæminu en umfjöllun um þau mun fara fram á næstu vikum við vinnslu vegáætlunar næstu fimm ára.

Ég hef aðeins, herra forseti, fjallað um afmarkaðan hluta þessa máls sem hér er til umfjöllunar en að sjálfsögðu eru margir aðrir og mikilvægir liðir í áætluninni sem í raun eru ekki síður mikilvægir en nýframkvæmdir á stofnvegum. Um þá aðra liði áætlunarinnar mun ég nánar fjalla við umfjöllun málsins í hv. samgn.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998 fyrir síðustu jól voru einstakir hv. þm. stjórnarandstöðunnar með upphrópanir og fullyrðingar um að fram undan væri stórfelldur niðurskurður á vegáætlun fyrir árið 1998 sem samþykkt var sl. vor. Þessar fullyrðingar komu fram vegna þess að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að háar fjárhæðir af mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs rynnu í ríkissjóð. En samkvæmt þeim tillögum um vegáætlun sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir að áður samþykkt vegáætlun um framkvæmdir verði skert. Þessar upphrópanir eiga því ekki við rök að styðjast samkvæmt því sem hér liggur fyrir.

Við undirbúning fjárlagafrv. á síðasta ári var útlit fyrir að lagt yrði til að vegáætlun 1998 yrði skert vegna tilfærslu markaðra tekjustofna frá Vegasjóði í ríkissjóð. Ég gerði við þetta athugasemdir og lýsti því að ég væri andvígur þessum áformum um skerðingu vegáætlunar. Í nefndaráliti samgn. við fjárlagafrv. lýsti nefndin öll óánægju með að markaðir tekjustofnar rynnu í ríkissjóð. Þetta hefur reyndar komið fram hér hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og er rétt fram komið.

Fyrst og fremst kom þetta fram vegna mikilla þarfa við vegaframkvæmdir í landinu sem hér hefur verið fjallað um. Þessi afstaða samgn. stendur út af fyrir sig óhögguð í mínum huga. Hins vegar fellst ég á þá niðurstöðu sem er í fjárlögunum þar sem sýnt var að framkvæmda- og vegáætlun 1998 yrði ekki skorin niður og taldi mikilvægt að ríkissjóður nyti hluta markaðra tekjustofna til Vegasjóðs að þessu sinni til þess að ná mikilvægum markmiðum um hallalaus fjárlög sem skiptir þjóðfélagið allt mjög miklu máli, ekki síst heimilin í landinu.

Herra forseti. Samgöngur eru grundvallarbyggðamál hvort sem er á landsbyggðinni eða í þéttbýlinu og gegnir vegakerfið þar lykilhlutverki. Þetta er mikilvægur málaflokkur sem alltaf verða mjög skiptar skoðanir um, sérstaklega þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum. Ég lýsi ánægju með það að þessi langtímaáætlun er komin fram og til umfjöllunar í hv. Alþingi. Það er mikilvægt að áætlunin verði afgreidd á yfirstandandi þingi og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að svo megi verða.

[12:04]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til þess að maður geti áttað sig á því hvað hv. þm. var að fara. Hann vísaði til þess sem rétt er og ég hef nefnt áður í umræðunni að í desember samþykkti hv. þm. Magnús Stefánsson, varaformaður samgn., ályktun sem var samþykkt samhljóða í samgn. þess efnis að samgn. lýsti óánægju sinni með þá niðurstöðu að um væri að ræða 6% lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda frá vegáætlun þeirri sem samþykkt var sl. vor, þ.e. vorið 1997. Nefndin nefndi það líka til sögunnar að hún lýsti óánægju sinni með þá lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda sem var á árinu 1997 sem nam 18–19%.

Nú vill hv. þm. hins vegar ætla að ekkert hafi verið að marka þetta þó að sjá megi í þessari þáltill. að þessar tölur ganga auðvitað hér eftir, enda verður ekki meiru varið til vegamála en fjárlög hvers árs segja fyrir um. Það er merginn málsins. Því vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé í hjarta sínu, eftir reynslu sína sem liðsmaður núv. ríkisstjórnar, mjög bjartsýnn á að þær tölur og áform sem er að finna í skammtíma- og langtímaáætlun til vegagerðar komi til með að standast tímans tönn, a.m.k. ef við búum við áframhaldandi meirihlutasamstarf Framsfl. og Sjálfstfl. inn í næstu öld. Er ástæða til þess? Er hann trúaður á það í hjarta sínu að þessar tölur sem er að finna hér á blaðinu séu trúverðugar í ljósi þess niðurskurðar sem hann hefur sjálfur samþykkt á síðustu þremur árum við hið háa Alþingi þegar veruleiki máls rís upp við fjárlagagerð hvers hausts?

[12:06]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í minni ræðu, þá stendur í mínum huga óhögguð sú óánægja sem ég lýsti ásamt öðrum hv. þm. í nefndaráliti samgn. með það að hluti markaðra tekjustofna rynni í ríkissjóð. Það hefur ekkert breyst. Hins vegar, eins og ég sagði, þá féllst ég á að afgreiða fjárlögin svona vegna þess að það blasti við að vegáætlun eða áætlun um framkvæmdir vegamála á þessu ári yrði ekki skert miðað

við það sem var afgreitt á síðasta ári. Ég vona að þetta sé skýrt.

Hv. þm. spyr hvort ég sé bjartsýnn á að sú áætlun sem hér liggur fyrir gangi eftir. Ég er það reyndar. Hv. þm. stjórnarliðsins hafa samþykkt, líklega tvö síðustu ár, að skerða vegáætlun til að ná mikilvægum markmiðum í ríkisfjármálum, þ.e. að ná hallalausum fjárlögum og það er mjög mikilvægt að það takist og það höfum við margoft rætt og ég hygg að við séum sammála um það. Þessar aðgerðir voru liður í því að þau markmið næðust og þannig svara ég þessari spurningu. En ég er bjartsýnn á að þessi markmið gangi eftir sem hér eru lögð fram.

[12:08]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta fer nú að hljóma eins og gömul biluð plata. Framsóknarmennirnir, sérstaklega hér í þingsölum, hafa gjarnan hlaupið í þetta hornið þegar í harðbakkann hefur slegið, þ.e. að auðvitað þurfi umfram allt að halda fjármálum ríkissjóðs innan eðlilegra marka og ná niður hallanum á ríkissjóði og vissulega eru allir sammála um það. En á hv. þm. þá ekki von á því að þau markmið eigi við á komandi hausti, eða telur hann að þá gildi allt önnur lögmál og þá hætti hv. þm. Jón Kristjánsson að tala um mikilvægi þess að ná niður hallanum á ríkissjóði og ná hagstæðum tekjuafgangi þar, að þá byrji einhver nýr kapítuli í lífi þessarar ríkisstjórnar og þá allt í einu verði nægir peningar til vegamála? Er ástæða til að ætla að þá verði allt í einu hætt við þau markmið og þá allt í einu standist stór og mikil áform manna til endurbóta í vegagerð? Er það mjög trúverðugur málflutningur að koma hér og halda þessu fram? Nei, ég hlýt að svara því alfarið neitandi. Það getur ekki verið því veruleikinn sem við okkur blasir er reynsla síðustu þriggja ára og hann er algerlega skýr hvernig sem menn velta því fram og til baka, upp og niður. Hann er að finna í þeim tölum sem frá Vegagerðinni sjálfri hafa komið þar sem sýnt er upp á krónur og aura að peningar hafa runnið úr mörkuðum tekjustofnum til Vegagerðar beint inn í ríkissjóð og hv. þingmenn stjórnarinnar eru ábyrgir fyrir þeim gjörningi hvað sem öðru líður.

Mér sýnist á öllu að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar raunar líka hafi ekki þetta blað þannig að ég ætla að ljúka þessu andsvari mínu með því að rétta hv. þm. blaðið þannig að hann hafi þessar tölur á hraðbergi.

[12:10]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir gögnin. En ég á þetta til þannig að ég þarf ekki á því að halda. Ég hef í sjálfu sér ekki neinu að bæta við það sem ég hef áður sagt. Hins vegar er spurningin hvað muni gerast á næsta kjörtímabili ef núv. stjórnarflokkar, a.m.k. framsóknarmenn, verða ekki við völd. Við munum að sjálfsögðu vinna markvisst að því að þau markmið haldi sem koma fram í þeim áætlunum sem verða afgreiddar. En við höfum rætt það af hverju hlutir þróuðust eins og gerðist á síðustu tveimur árum. Það voru markmiðin um ríkisbúskapinn í heild sinni og þar þurfti víða að taka á og leggja til í því efni. Þau markmið eru að nást. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að ræða neitt um efnahagsmálin í víðum skilningi, en þau markmið eru að nást fram og staða okkar hefur styrkst verulega efnahagslega m.a. með því að þurfa að fórna því að leggja fjármagn frá vegáætlun til ríkissjóðs og það er auðvitað mjög mikilvægt og mergurinn málsins í þessari umræðu.

[12:11]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í máli hv. þm. að hann upplýsti okkur um að ekki væri gert ráð fyrir að skera niður vegáætlun fyrir yfirstandandi ár, 1998. Ég vil rifja það upp svo að það falli ekki í gleymsku að þegar er búið að skera niður vegáætlun fyrir árið 1998 einu sinni og það ekki um neinar smáfjárhæðir. Mörg hundruð millj. kr. voru skornar af samþykktri vegáætlun og fjárhæðir lækkaðar sem því nemur. Það sem gerðist á sl. hausti var að ríkisstjórnin með stuðningi hv. þm. Magnúsar Stefánssonar lagði til við Alþingi að skerða þessi framlög í annað sinn en frá því var fallið. Hvernig? Jú, með því að hækka bensíngjald. Engu að síður tókst hæstv. fjmrh. með stuðningi þingmanna Framsfl. að ná auknum peningum í ríkissjóð umfram áætlaðar skerðingar því að menn fundu það út að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar mundu skila tekjum um 120 millj. kr. umfram það sem áætlað var og spurningin var: Áttu þá ekki þessir peningar að renna til Vegagerðar? Nei, það gerðist nefnilega ekki. 20 millj. fóru til að endurgreiða þungaskatt hjá sérleyfishöfum í dreifbýlinu sem halda uppi áætlunarferðum en 100 millj. runnu í ríkissjóð. Engar af þessum nýju tekjum fóru til vegagerðar.

[12:13]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að víkja mér undan þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar m.a. með mínum stuðningi í hv. Alþingi. Ég hef margoft gert grein fyrir því og dettur ekki í hug að víkja mér undan því. En það sem ég hins vegar var að ræða hér áðan varðandi vegáætlun 1998 var að ég gerði athugasemdir við það á sínum tíma, á sl. ári þegar upp komu hugmyndir eða það svona leit út fyrir að það þyrfti að gera atlögu að þeirri áætlun aftur vegna þess að menn voru að vinna að markmiðum í ríkisfjármálum. En sem betur fer liggur nú fyrir að þess þurfti ekki og það verður ekki gert. Ég ætla ekki að víkja mér undan því að ég tók þátt í því að skapa ríkissjóði tekjur frá vegáætlun á síðustu þremur árum. Ég vil vera fullkomlega heiðarlegur í því og standa við það. Ég held að ég hafi ekkert meira um þetta að segja.

[12:14]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmmitt kjarni málsins sem þarf að koma fram að þingmenn núverandi stjórnarflokka hafa látið beygja sig í duftið í samgöngumálum. Þeir hafa verið svínbeygðir ár eftir ár allt þetta kjörtímabil. Hvert einasta ár hefur verið afgreitt með því að skera niður vegaframkvæmdir og niðurskurðurinn hefur verið vaxandi og aldrei sem á yfirstandandi ári, rúmar 1.160 millj. kr. Það er kjarni málsins. Hvernig verja menn núna þennan niðurskurð? Með því að segja: „Það er þensla og það þarf að skera niður vegaframkvæmdir til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af þenslu.“ Gott og vel. En hvað gerir sama ríkisstjórn og sömu þingmenn? Hún samþykkir í fjárlögum að hefja hverja stórframkvæmdina á fætur annarri hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir lánsfé upp á milljarða kr. Þá þarf ekki að tala um þenslu. Ég spyr hv. þm. Magnús Stefánsson: Býr þenslan bara í vegunum? Býr hún ekki í stórframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu?

[12:15]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. að sú þensla, sem hv. þm. ræddi um, er aðallega á höfuðborgarsvæðinu eða suðvesturhorninu. Ég hef sagt það áður í máli mínu, t.d. þegar rætt hefur verið um byggðamál. Það er m.a. eitt af því sem ég óttast fyrir hönd dreifbýlisins, þ.e. hin mikla uppbygging og þensla sem hefur verið á því svæði, sem er út af fyrir sig ágætt fyrir þjóðfélagið í heild, ekki má draga úr því. Það skarast hins vegar við hagsmuni ýmissa annarra byggða. Þetta er nú svona, þetta búum við við.

Ég vil bara segja að lokum að sú langtímaáætlun sem við erum að ræða, er að mínu viti markviss og hugmyndafræðin rökrétt og góð. (**Gripið fram í:** Marktæk.) Og ég lít þannig á að þessi áætlun sé marktæk. Ef ég hef aðstöðu til mun ég að sjálfsögðu vinna að því að hún gangi eftir. Ég er bjartsýnn á að það muni gerast því markmið ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna eru skýr í þessum efnum og ég vil trúa því að þetta gangi eftir og mun vinna að því.

[12:17]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða og væntanlega verður hún fyrirferðarmikil enda er um að ræða mál sem krefst þess að um þau sé fjallað talsvert ítarlega. Ég hef að vísu stundum látið koma fram við svipuð tilefni að mér finnst áhuginn á þeim stóra, mikla og þýðingarmikla málaflokki vera einskorðaður við tiltölulega fáa. Við sjáum oft einmitt í umræðum um vegamál að það eru ekki mjög margir sem eru viðstaddir þá umræðu. Kannski undirstrikar það ákveðinn misskilning um þetta mál, þetta sé landsbyggðarmál sem sé fyrst og fremst umræðuefni fyrir landsbyggðarmenn að fjalla um, en svo er auðvitað alls ekki.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið í umræðunni að gríðarlega margt er óunnið í vegamálum hér á landi. Við erum illa stödd að þessu leyti. Við þurfum ekki annað en að bera saman vegakerfi okkar við vegakerfi víða annars staðar þá sjáum við að okkar staða er miklu lakari en víða í löndunum í kringum okkur. Engu að síður hefur gríðarlega mikið verið gert. Ég minni t.d. á Vestfjarðagöngin í mínu kjördæmi og ýmsar stórkostlegar vegabætur sem hafa átt sér stað. Við þurfum ekki annað en að líta 10–15 ár aftur í tímann til að sjá að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að okkar þjóðarbú hafi verið að ganga í gegnum ýmsa og mikla erfiðleika á þessu tímabili hefur sem betur fer tekist á margan hátt að byggja hér upp myndarlegt vegakerfi við mjög erfiðar aðstæður fyrir litla þjóð í strjálbýlu landi. Ég held að það skipti máli fyrir okkur þegar við ræðum slík mál að ræða þau í einhverju samhengi, og átta okkur á því hversu tröllaukið og mikið verkefni það er að byggja upp vegakerfi í landi eins og okkar. Þegar svo við bætist að við búum við þær aðstæður að sívaxandi kröfur héðan af höfuðborgarsvæðinu eru um gríðarlega miklar framkvæmdir sem virðast fá aukinn þunga með hverju árinu sem líður, þrátt fyrir að verið sé að auka mjög verulega framlög úr Vegasjóði til vegamála á höfuðborgarsvæðinu.

Það sem gerir það að verkum að krafan eykst ár frá ári um bætta vegi er m.a. að við erum að keppa við þjóðir sem eru með mjög myndarleg innri samgöngumannvirki og mjög öflugt vegakerfi. Sú breyting hefur líka orðið að flutningar á landi fara vaxandi, krafa markaðarins er um aukna tíðni og þess vegna hefur það einfaldlega gerst, með líka batnandi vegakerfi, að þessi flutningsmáti hefur færst af sjó upp á land og við því verður ekkert gert. Það er bara eðlilegur hluti af nútímavæðingu þjóðfélags okkar. Við sjáum það ef við lítum til landanna í nágrenni við okkur, að þar er lögð mjög mikil áhersla á að bæta einmitt vegakerfið, infrastrúktúrinn í sjálfu samgöngukerfinu, vegna þess að menn gera sér grein fyrir því að það er lykillinn að svo mörgu öðru. Þetta nefni ég vegna þess að við erum núna að ræða í senn tvær áætlanir. Annars vegar hefðbundna vegáætlun, að þessu sinni til fimm ára af ástæðum sem hæstv. samgrh. hefur rakið, og enn fremur langtímaáætlun. Ég held að það skipti óskaplega miklu máli fyrir okkur að okkur takist á þessum vetri að ljúka þeirri áætlanagerð. Það er einfaldlega mjög mikilvægt fyrir eitt þjóðarbú að geta byggt á áætlanagerð til lengri tíma við framkvæmdir sem skipta miklu máli fyrir þjóðarbúið. (**KHG:** Fimm ára áætlun hefur verið gerð.) Fimm ára áætlunin snerist um allt aðra hluti, hv. þm., og ég vona að hinn gamli sósíalisti sem er nú sem óðast að ganga af þeirri trú, hv. 5. þm. Vestf., geri sér grein fyrir því að talsverður munur er á efnahagslegum áætlunum sósíalismans í Sovétríkjunum og framkvæmdaáætlunum sem við höfum verið að fjalla um hér í vegamálum. Það er „en helt anden sag" eins og Daninn segir.

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að sjá aðeins lengra fram í tímann þótt við þurfum eðli málsins samkvæmt, vegna þess að þjóðfélag okkar er að breytast, að taka þessar áætlanagerðir upp með reglubundnu millibili. Á sl. ári tókst að afgreiða hafnaáætlun til fjögurra ára í fyrsta skipti frá Alþingi og það fer ekkert milli mála að því hefur almennt verið fagnað af sveitarstjórnarmönnum sem þurfa að vinna eftir slíkri áætlun. Þar með er komin ákveðin festa sem menn geta byggt á. Það er reyndar alveg rétt sem menn hafa sagt að Alþingi getur á hverjum tíma breytt síðan vegáætluninni með fjármögnun. Engu að síður er hér kominn ákveðinn rammi sem menn vinna út frá og við sjáum að þrátt fyrir að vegáætlun hafi verið skorin niður mjög oft á mörgum árum í tíð allra ríkisstjórna, sem allir stjórnmálaflokkar hafa átt aðild að, hefur vegáætlunin á hverjum tíma samt sem áður haft mjög mikið gildi.

Ég held að það væri sérstakt fagnaðarefni ef okkur tækist, sem okkur verður að takast, að afgreiða þessa langtímaáætlun vegna þess að þannig getum við reynt að skoða lengra fram fyrir okkur og sett okkur eðlileg markmið til að stefna að. Ég held að mjög þýðingarmikið sé að menn geri sér grein fyrir að þetta mun hafa í för með sér mjög breytt vinnubrögð. Að mínu mati er það óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að við afgreiðum vegáætlun með þessu móti, að við verðum oft að taka stærri áfanga en við höfum verið vön. Við verðum að búa svo um hnútana að hægt verði að bjóða út stærri verk sem ná yfir lengra tímabil en eitt ár í senn. Þar verðum við að sjálfsögðu að hafa í huga lög þau sem gilda um fjárreiður ríkisins, en einnig þá vinnu sem samgn. lagði í þegar við vorum að afgreiða hafnaáætlunina og gaf tóninn um hvernig hægt sé að vinna að verkum á grundvelli samþykktrar verkáætlunar eins og vegáætlunar eða hafnaáætlunar. Ég held að mjög mikilvægt sé að við áttum okkur á þessu af því að það plagg sem hér liggur til grundvallar og við erum að ræða gerir ráð fyrir að við séum að ráðast í mjög stór verk á ýmsum sviðum. Það er alveg óhjákvæmilegt að þau verk verði unnin í heildstæðum áföngum í mörgum tilvikum. Þess vegna verður það oft og tíðum örugglega upp á teningnum að við verðum að bjóða út verk sem taka yfir lengri tíma en eitt ár jafnvel þótt fjárlög séu ekki samþykkt nema eitt ár í senn. Þetta höfum við líka gert í ýmsum tilvikum. Ég tek sem

dæmi þverun Gilsfjarðar en útboð þess verks var mjög vel heppnað. Það var boðið út þannig að það var í raun valkvætt. Verktakarnir áttu val um hvort þeir kláruðu verkið á tveimur eða þremur árum og var í þeirra hag að bjóða þannig í það að verkinu yrði lokið á styttri tíma. Það hefur tekist mjög vel.

Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um einstök verkefni heldur langar mig að nota tækifærið við 1. umr. til að fjalla almennt um þessa vegáætlun því að ég hef að sjálfsögðu tækifæri til að fara ofan í einstök verk í þeirri umræðu sem fer fram á næstu vikum í samgn. Alþingis. Þess vegna langar mig aðeins að velta þessu upp á annan hátt. Ég nefndi áðan þýðingu samgöngubóta fyrir þjóðarbúið. Hverju það breytir þegar við fáum betri vegi. Ég held að mjög mikilvægt sé að við áttum okkur aðeins á því. Hver er hin þjóðhagslega þýðing bættra samgöngumannvirkja? Hverju hafa þau skilað okkur? Ég er t.d. ekki í nokkrum vafa um að það mikla átak sem gert var á síðasta kjörtímabili á sinn hlut í því að við höfum upplifað meiri hagvöxt núna en dæmi eru um á liðnum árum.

Nýlega kom út dönsk skýrsla „hinna vitru", held ég að þeir séu kallaðir. Það er eins konar efnahagsráð Danmerkur, skipað aðilum úr stjórnsýslunni, úr atvinnulífinu, háskólunum og er sjálfstæð stofnun sem tekur til meðhöndlunar efnahagslega hluti og reynir að greina þá og taka afstöðu til þeirra. Í síðustu skýrslu sem þeir gáfu út á liðnu hausti fjölluðu þeir m.a. ekki síst um vegamál og umhverfismál. Að hluta til reyndu þeir að meta þýðingu samgöngubóta fyrir þjóðarbúið í heild. Þeir vöktu athygli á því að með batnandi samgöngumannvirkjum eigi heimilin völ á fleiri vörutegundum en áður á lægra verði. Þetta er nákvæmlega það sem kemur heim og saman við það sem við þekkjum. Í öðru lagi fjölgar starfstækifærum sem eykur líka sveigjanleika á vinnumarkaði. Þetta sjáum við þegar atvinnusvæðin og þjónustusvæðin stækka. Það kemur líka heim og saman við það sem við höfum verið að halda fram. Lægri flutningskostnaður, segja þessir menn, og tímasparnaður því samfara hefur í för með sér öflugri framleiðslu og aukna framleiðni. Það er mjög fróðleg niðurstaða sem þeir komast að með tölulegri athugun, að 1% vöxtur í mannvirkjagerð á sviði samgöngumála lækkar framleiðslukostnað danska útflutningsiðnaðarins um allt að 0,16% á ári. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða forsendur liggja hér að baki en ef við skoðum þetta í íslensku samhengi, þá mundi þetta þýða að 1% aukning í mannvirkjagerð á sviði samgöngumála lækki framleiðslukostnað útflutningsgreinanna um 0,16%. Þetta mundi væntanlega þýða fyrir sjávarútveginn sem flytur út fyrir 100 milljarða á ári um 160 millj. kr. útgjaldalækkun. Ef vöruútflutningurinn í heild er tekinn sem er 130 milljarðar, þá eru þetta um 200 millj. kr. að mér sýnist á ári. Þetta sýnir okkur hversu þýðingarmikið þetta er og væri fróðlegt fyrir okkur að reyna að gera sambærilegar athuganir. En mig grunar að þær mundu leiða til þess að tilkostnaður útflutningsgreinanna lækkaði hraðar hjá okkur vegna þess að samgöngutengdur kostnaður, flutningstengdur kostnaður, er örugglega hærri hér á landi en á hinni flötu Danmörku.

Mig langar aðeins að koma að þessari áætlun og hvernig hún er uppbyggð. Ég held að það hafi verið orðið mjög þýðingarmikið fyrir okkur og raunar óhjákvæmilegt að brjótast út úr þessu öngstræti sem við vorum komin í. Það er alveg rétt sem talsmaður Alþb., hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hefur verið að tala um, hann vék aðeins að því í þessari umræðu en sérstaklega í umræðunni sem fram fór vorið 1996 um vegáætlunina, að við vorum komin í ákveðið öngstræti. Við vorum með almennu vegaskiptinguna sem byggðist á þríliðunni frægu, við vorum komin með stórverkefni, brúargerð og öryggisþætti og alls konar hluti sem voru utan við þessa frægu skiptingu. Það var höfðatölureglan, það var höfuðborgarsvæðið, það var framkvæmdaáætlun hér og framkvæmdaáætlun þar. Við vorum á vissan hátt komin í mikið öngstræti. Og við sáum vissulega hvað mundi gerast við umræður um vegáætlunina á þessum vetri. Að sjálfsögðu mundu kjördæmin hvert um sig krefjast aukins hlutar utan hinnar hefðbundnu skiptingar. Menn voru þegar komnir í þær stellingar. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli og ég tek því mjög undir orð talsmanns Alþb. í þessari umræðu að þessu leytinu, að við brjótumst út úr þessu. Hvernig er hægt að gera það? Ég held að það hafi verið gert í þessum tillögum mjög skynsamlega. Hér er lagt til að við reynum einfaldlega að skilgreina fyrir okkur ákveðin markmið. Að hverju ætlum við að stefna til ársins 2010. Hvað er það sem við viljum ná? Hvað er raunhæft að við náum? Hvernig getum við raðað því í forgangsröð? Og hvernig er það gert í þessari áætlun?

Í fyrsta lagi er lögð áhersla á uppbyggingu bundins slitlags. Það er gert með því að stefnt er að því að ljúka hringvegi með bundnu slitlagi sem er auðvitað mjög þýðingarmikið fyrir stóra hluta landsins eins og norðausturhornið og Vestfirðina og vegum að honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri.

Í öðru lagi. Að tengja saman með uppbyggðum vegi nálæga byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúa á hvorum stað.

Í þriðja lagi. Leggja bundið slitlag á mikilvægar ferðamannaleiðir með mikla umferð.

Í fjórða lagi er talað um burðarþolið, sem við vitum að er orðið of lítið miðað við þá vaxandi umferð sem er um vegina í þungaflutningum.

Í fimmta lagi er fjallað um umferðaröryggismálin. Ég get vitnað í ýmsa talsmenn hv. stjórnarandstöðu sem hafa m.a. lagt mikla áherslu á það að útrýma einbreiðum brúm. Þingmaður eins og t.d. hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur margoft vakið athygli á hættunum í sínu kjördæmi vegna þessa, þrátt fyrir að ég viti að hann keyri mjög hægt og gætilega. Við sjáum að öll þessi markmið eru sjálfsögð og eðlileg markmið og ég trúi því ekki að hér í þingsölum sé ágreiningur um það að við viljum stefna að því einmitt að reyna að ná þessu á þessu árabili.

Nú getum við auðvitað sagt: Þetta ætti ekki að gera fyrir árið 2010, þetta á bara að gerast á morgun. Og ég held að út af fyrir sig gætu allir tekið undir að það væri óskaplega gott að vera búinn að ljúka þessu öllu á morgun. En lífið er bara flóknara og þetta kostar mikla peninga. Þess vegna er raunhæfara markmið að orða þetta svona eins og gert er í tillögunni. Ef við hins vegar víkkum út það sem við viljum gera á þessum árum þá þurfum við einfaldlega meiri peninga eða þá að við verðum að fresta einhverju öðru af því sem hér er verið að tala um. Við náum því ekki öllu á þessum tíma. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að við verðum að reyna að setja okkur raunhæf markmið miðað við þær tekjuforsendur sem við teljum líklegt að standist og vinna í samræmi við það.

Hér hefur verið fundið að því að vegáætlun hafi verið skert. Það er ekki svo, virðulegi forseti, að verið sé að skerða vegáætlun í fyrsta skipti í Íslandssögunni á þessu kjörtímabili. Eins og ég nefndi áðan hefur hver einasta ríkisstjórn og

allir stjórnmálaflokkar komið að því að skerða vegáætlun og við getum síðan deilt um hvers hlutur er verstur. En hér er þó alla vega verið — kannski í ljósi þeirrar bitru reynslu — að fitja upp á nýrri aðferð sem er sú að í stað þess að vera með lánveitingar til átaks í þetta skiptið, og greiðslu af því átaki í þetta skiptið, sem hefur orðið dálítið ruglingslegt, eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi áðan, þá er tekin upp sú aðferð að Vegasjóður njóti tekjupósta sinna en greiði þess í stað tiltekið fast umsýslugjald til ríkisins. Ég held að þetta sé líka aðferð til að brjótast út úr því öngstræti sem menn hafa verið að vitna hér til og sem er alveg rétt að við höfum verið í og við höfum verið að taka mikinn slag um.

Ég vil síðan segja í lokin, virðulegi forseti, vegna þess að tíminn líður miklu hraðar en maður reiknar með, að mjög mikilvægt er að menn átti sig á því að 20% af stofnvegaframlaginu eiga síðan til viðbótar við þau verkefni sem hér eru talin upp að renna til almennra verkefna í kjördæmunum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að á árunum 1998–2002 muni framlag til tengivega, sem er mjög þýðingarmikið fyrir ýmis kjördæmi, t.d. Suðurland, hækka um 20%. Ég held þess vegna, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að mjög mikilvægt sé að við reynum að vinna okkur áfram á grundvelli þeirrar hugsunar sem hér er sett fram, hugsunar sem felur í sér að við eigum að feta nýjar leiðir að markmiðum sem við hljótum að geta verið sammála um.

[12:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við erum að ræða tvö mál saman, annars vegar þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og einnig þáltill. um langtímaáætlun í vegagerð. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu erum við að temja okkur ný vinnubrögð með þessari áætlun. Við erum að horfa lengra fram í tímann og auðvitað er það jákvætt og til bóta. Menn verða að horfa fram í tímann og það er verið að nota nýjar aðferðir í forgangsröðun. Það hefur verið gagnrýnt hér í umræðum um vegamál, bæði af stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum, að vinnubrögð okkar voru komin í óefni.

Engu að síður, þó svo að við séum að tala um þetta, þá verð ég að segja að vinnubrögðin við vegáætlun og afgreiðslu hennar frá því að ég settist hér á hið háa Alþingi, gera það að verkum að maður efast um að þessi plögg séu mikið meira en hálfgerðir kosningapésar, hálfgerð áróðursplögg núna ári fyrir kosningar. Það er ekki mjög trúverðugt þegar lagður er fram svona óskalisti núna þegar kjörtímabilið er farið að síga á seinni hlutann eftir að maður hefur séð hvernig unnið hefur verið hingað til. Það hefur verið tekið meira og minna fé af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar og sett beint í ríkissjóð. Áætlanir hafa verið skornar niður. Áætlanir sem hafa verið samþykktar í þinginu hafa ekki staðist. Þær hafa verið lagðar fram hér eins og einhver skrautplögg. Og í því plaggi sem var samþykkt fyrir síðustu kosningar stóð ekki steinn yfir steini eftir kosningar. Skorið var niður um 36% á höfuðborgarsvæðinu og 18% á landsbyggðinni, næsta ár á eftir heldur minna og nú fyrir jól var verið að taka á annan milljarð af mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð. Samgn. öll mótmælti þessu eins og komið hefur fram í umræðunni. Þegar fjárlögin voru síðan endanlega afgreidd þá var það nú ekki svo að þessi milljarður og 64 milljónir sem ákveðið var að taka af mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð dygðu. Nei, það þurfti að seilast í aðeins meira þannig að 100 milljónir til viðbótar voru teknar af þessu fé til að setja í ríkissjóð. Og auðvitað eru öll þessi vinnubrögð alls ekki líðandi.

Það tók náttúrlega steininn úr á vordögum rétt fyrir þinglok þegar hæstv. ráðherra treysti sér ekki til að samþykkja fjögurra ára vegáætlun eins og hún hafði verið í unnin bæði af Vegagerðinni og einnig samgn. Hann guggnaði á verkinu og endaði í þeirri aumu niðurstöðu að samþykkja vegáætlun til tveggja ára sem vafi leikur á hvort standist lög. Þetta var nú um þessa áætlun og trúverðugleika hennar til framtíðar.

Við erum aðeins farin að kíkja á þessa vegáætlun í samgn. og munum vinna í því áfram og ég fagna náttúrlega markmiðum eins og þeim að markaðir tekjustofnar skuli framvegis fara til vegamála. Þetta eru náttúrlega fróm markmið hæstv. ráðherra í lok kjörtímabilsins. En við skulum sjá hvað setur. Það fer dálítið eftir því hver heldur á málum á næstu áratugum.

Mér fannst líka svolítið sérkennilegt — og vonast nú eftir frekari skýringum frá hæstv. ráðherra um hina óheftbundnu fjármögnun sem hann gerði að umtalsefni í ræðu sinni í morgun — þegar hann talaði um höfuðborgarsvæðið og kröfur um auknar fjárveitingar þangað, þ.e. hvaða skuggalegu gjöld þetta voru sem hann gerði að umtalsefni. Skuggagjöld! Mér fannst þetta dálítið skuggalegur málflutningur.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða gildi hefur langtímaáætlunin? Má gera ráð fyrir því að ef sveitarfélög vilja flýta framkvæmdum sem eru á þeirri vegáætlun, þá geti þau fengið heimild til þess að hefja þær fyrr ef búið er að samþykkja þær á langtímavegáætlun eins og gildir um venjulegu vegáætlunina í dag? Og vegna þessa vil ég minnast á eitt verkefni sem ég tel vera eitt brýnasta verkefnið á höfuðborgarsvæðinu. Það er breikkun Gullinbrúar. En framganga ríkisstjórnarflokkanna í vor varð til þess að ekki var hægt að hefja framkvæmdir við að breikka Gullinbrú fyrr. Það var vegna þess að ekki var hægt að samþykkja nema tveggja ára áætlun og þar var Gullinbrú ekki inni þannig að það er algjörlega á ábyrgð sjálfstæðismanna og ríkisstjórnarflokkanna að ekki hefur verið hægt að ráða bót á því öngþveiti, umferðaröngþveiti og vandræðagangi í umferðinni sem er í Grafarvoginum um Gullinbrú, bæði úr og í Grafarvog. Ég vil gjarnan vita hvaða gildi þessi langtímaáætlun hefur hvað þetta varðar.

Ég vil líka leggja áherslu á tvö önnur verkefni á höfuðborgarsvæðinu, í fyrsta lagi Reykjanesbrautina og tvöföldun hennar. Það er mjög brýnt að það stórverkefni verði klárað því að þetta er náttúrlega okkar þjóðbraut til og frá landinu og mikilvægt að fjárveitingar til tvöföldunar Reykjanesbrautar hafi ekki áhrif á aðrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Sama gildir um Sundabraut sem þjónar bæði höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu, og mikilvægt að verði sem stórverkefni.

Þar sem umhverfismálin komu aðeins til umræðu fyrr í morgun vil ég leggja áherslu á að framkvæmdir vegna hávaðamengunar komi af vegáætlun, sérstaklega þegar verið er að koma í veg fyrir hávaðamengun við þjóðvegi í þéttbýli.

Mig langar einnig til að koma aðeins að greiðslu til ferja og flóabáta af vegáætlun. Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni nýja ferju í Hrísey þar sem orðið er nauðsynlegt að endurnýja þá ferju sem fer á milli lands og eyjar og ég skal ekki rengja það. En það stendur til að setja 115 millj. í 130 manna ferju til Hríseyjar og vel getur verið að það sé nauðsynlegt vegna ferðamanna til þessa 300 manna byggðarlags. En ég leyfi mér að koma með ákveðnar efasemdir um hvort

þetta ráðslag hæstv. ráðherra standist samkeppnislög því að gert er ráð fyrir því að hin nýja Hríseyjarferja annist vöruflutninga einnig og fyrir á þessari leið eru vöruflutningar á vegum Flutningamiðstöðvar Norðurlands. Ég velti því fyrir mér hvort að það standist samkeppnislög að ríkið fari þarna í samkeppni um vöruflutninga við einkafyrirtæki á þessari leið. Og ég velti því fyrir mér hvort hér sé enn eitt málið komið upp sem Samkeppnisráð þarf að hafa afskipti af og snýr að hæstv. samgrh. Ég ætla að vona að svo sé ekki en mér finnst full ástæða til að velta þessu fyrir sér því að ég get ekki séð annað en að með þessu sé ríkið að fara í ákveðna samkeppni við þetta einkarekna fyrirtæki á þessari leið.

Herra forseti. Það er náttúrlega ýmislegt sem maður vildi gjarnan koma að í sambandi við þessa vegáætlun. Það er gagnrýnivert að ekki sé gert ráð fyrir jarðgöngum í áætluninni og maður veltir fyrir sér hvað menn ætli sér í þeim efnum og hefur reyndar komið fram í orðaskiptum milli hæstv. ráðherra og þingmanna í umræðunni að lítið er um svör í þeim efnum. Því miður hef ég ákveðnar efasemdir um þetta ákveðna plagg og það verður að koma í ljós á næstu árum hvort þessi áætlun stenst eða ekki.

Ég tel það ekki vera neina afsökun í umræðunni að fyrri áætlanir hafi ekki staðist eins og kom fram í máli hv. formanns samgn. sem sagði að aðrar vegáætlanir hjá öðrum ríkisstjórnum hefðu ekki staðist. Menn leggja áætlanir fram til þess að láta þær standast þannig að það eru engar afsakanir að aðrir hafi ekki staðið við áætlanir sínar. Það verða að vera trúverðug plögg sem menn leggja fram. Að ýmsu leyti eru þau vinnubrögð sem eru að hefjast í vegamálum til bóta en ég hef efasemdir um að áætlunin standi. En ég mun koma að málinu frekar í samgn. þegar það verður til umræðu þar og síðan í síðari umr. í þinginu.

[12:46]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvaða gildi langtímaáætlun hefði, hvort hún gæfi heimild fyrir sveitarfélög til að þau gætu flýtt framkvæmdum í trausti áætlunarinnar með því að greiða lántökukostnað. Eins og hv. þm. er kunnugt hafa verið samþykkt lög um fjárreiður ríkissjóðs og þau takmarka vitaskuld umsvif ríkisstjórnar til að flýta framkvæmdum þó svo aðrir beri fjármagnskostnað af þeim. Þess vegna er ekki um það að ræða að án atbeina Alþingis geti sveitarfélög fjármagnað framkvæmdir sem eru eingöngu langtímaáætlun.

Í sambandi við það hvort rekstur Sævars í Hrísey standist samkeppnislög má velta því fyrir sér hvort Alþingi sé heimilt að veita sérstaka styrki til flóabáta til þess að halda uppi samgöngum til Grímseyjar, í Norðurfjörð, til Hríseyjar, í Mjóafjörð, til Vestmannaeyja. Þessi mál eru öll í skoðun. Við í samgrn. höfum þegar reynslu af útboðum á flóabátum. Þannig fékk t.d. það einkafyrirtæki sem rekur Grímseyjarskipið Sæfara reksturinn í útboði. Það skip er í eigu ríkissjóðs og áður hafði einnig verið boðinn út rekstur á því skipi skömmu eftir að ég varð samgrh. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að rekstri á hinni nýju Hríseyjarferju en Sævar, sem er nú á þessari leið, var á sínum tíma smíðaður fyrir forgöngu Byggðastofnunar og hefur verið í eigu Hríseyjarhrepps.

[12:48]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég velti því fyrir mér hvort það standist samkeppnislög að ríkið fari í beina samkeppni við einkafyrirtæki sem er með vöruflutninga á þessari leið yfir í Hrísey.

Vegna umræðunnar um lántökurnar þá hefur heyrst að 500–600 millj. kr. séu í pípunum vegna flýtiframkvæmda á sveitarfélögunum. Samt hefur ekkert verið samþykkt um framkvæmdir eftir að fjárreiðulögin tóku gildi og ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum sé kunnugt um það hversu mikið fjármagn sé í pípunum hvað varðar flýtiframkvæmdir, hvort verið sé að flýta framkvæmdum sem sveitarfélög hafa farið fram á.

[12:50]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að halda að því Hríseyjarferjan Sævar sé fyrst og fremst vöruflutningaskip. Það er alls ekki svo. Sævar er farþegaferja á milli lands og eyja og er því miður of lítil. Ferjan stenst ekki hollustukröfur og er óhjákvæmilegt að endurnýja hana. Við skulum ekki gleyma því að skólabörn í Hrísey fjölmenna oft um borð í þessa ferju á leið til lands. Ef við viljum hafa öryggi þessara litlu eyjarskeggja í huga hygg ég að óhjákvæmilegt sé að almennilegt skip sé notað til slíkra flutninga.

Eins og ég sagði hafa þessi mál verið í athugun hjá okkur í samgrn. og hjá Vegagerðinni. Við höfum þegar nokkra reynslu af útboðum á flóabátum og erum með frekari útboð í undirbúningi og erum að vinna að þeim. Ég hygg að enginn vafi sé á því að okkur Íslendingum sé eins og öðrum Evrópuþjóðum heimilt að vera með nokkra byggðastyrki til þess að halda uppi samgöngum til hinna afskekktustu staða og skiptir þá ekki máli hvort við erum að tala um Ísland eða Norður-Noreg og aðra slíka staði. Það verður aldrei við því að búast að hægt sé að brúa sundið milli lands og Hríseyjar. Einhvern veginn verða Hríseyingar að eiga kost á því að geta komið til lands á hverjum degi með ódýrum hætti, ekki einungis einu sinni á dag heldur oft á dag, kvölds og morgna og um miðjan daginn. Börnin sækja skóla til landsins, menn leita lækninga og annað þvílíkt. Auðvitað ber okkur að horfa til þarfa eyjarskeggja í þessu efni.

[12:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alls ekki það sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um. Ég var að tala um vöruflutninga. Ég efast ekki um að það þyrfti að endurnýja ferju fyrir fólksflutninga. Ég læt það liggja milli hluta hvort 130 manna ferja er sú stærð sem þarf að vera þarna á milli. En ég var að ræða um vöruflutninga og samkeppni í vöruflutningum á milli lands og eyjar vegna þess að ákveðið flutningafyrirtæki, Flutningamiðstöð Norðurlands, er með vöruflutningaferju milli Hríseyjar og lands. Ég er að velta fyrir mér hvort það standist samkeppnislög að ríkið fari í samkeppni við þann rekstur og hvort samkeppnisráð þurfi að koma að því máli eins og svo mörgu öðru sem hæstv. ráðherra hefur því miður verið að fást við í samgöngumálum. (**Samgrh.**: Ríkið á Sæfara.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

***Umræður utan dagskrár.***

Kjaradeila sjómanna og útvegsmanna.

[13:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna hins alvarlega ástands sem blasir við í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Ef svo heldur sem horfir þá stöðvast fiskiskipaflotinn á næstu dögum með því að verkfall skellur á nk. mánudag. Flotinn mun halda til hafnar aðfaranótt þriðjudags og veiðar allra skipa yfir 12 tonnum stöðvast. Að vísu rétt að hafa í huga að þegar skip koma úr löngu úthaldi þá eiga þau eftir að taka út sín lögbundnu frí eða inniveru þannig að í þeim skilningi kemur verkfallið ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að nokkrum dögum liðnum.

Staðan í deilunni er þannig að síðustu sáttafundir hafa verið árangurslausir þó enn reyni menn að tala saman. Ég held að ég ljóstri ekki upp neinu leyndarmáli hér þó að ég segi að mat þeirra sem til þekkja er að andrúmsloftið í samskiptum deiluaðila sé óvenjuerfitt.

Öllum er ljóst að mikið er í húfi. Fram undan eru verðmætustu mánuðir fiskveiðiársins, loðnuvertíð í febrúar og mars. Sem dæmi mætti taka að á árinu 1997, síðustu vertíð, veiddust í febrúarmánuði 457 þús. tonn af loðnu sem gáfu á milli 5 og 6 milljarða kr. í útflutningstekjur. Í febrúar 1996 veiddust sömuleiðis yfir 400 þús. tonn þó útflutningsverðmætið hafi reyndar verið enn meira á því ári sökum betri loðnufrystingar og hærra verðs. Þá er eftir að meta tapið af þeirri röskun sem verður í hefðbundinni framleiðslu á vetrarvertíð í söltun, frystingu, rækjuiðnaði o.s.frv. Ekki má heldur gleyma þeirri röskun sem orðið getur á útflutningsmörkuðum ef framleiðslan stöðvast um langan tíma. Síst má gleyma því að þúsundir fiskverkafólks og annarra starfsmanna í landi munu missa vinnu sína og sjómenn munu missa laun sín í verkfalli, eins þeir sjómenn sem ekkert hafa haft nema kauptrygginguna í síðasta mánuði.

Deilan er að því leyti sérstæð, herra forseti, að hún snýst öðrum þræði um tæknileg atriði eða aðferðir. Hún snýst um aðferðir við verðlagningu á fiski, einkum þegar tengsl eru við viðskipti með veiðiheimildir. Að hluta er um sömu ágreiningsatriði að ræða og tvívegis áður hafa orðið tilefni harðra deilna milli sjómanna og útvegsmanna. Það liggur í eðli þessa bakgrunns deilunnar og sjálfri kröfugerðinni að komið getur til kasta stjórnvalda og löggjafans að eiga hlut að lausn deilunnar, þó ekki með því að setja lög á sjómenn eða deiluna. Það væri versti kosturinn að slá því þannig enn einu sinni á frest að reyna að finna aðferðir sem friður getur orðið um auk þess sem íhlutun í vinnudeilur er aldrei annað en neyðaraðgerð. Nei, hitt er jafnljóst að sum atriði deilunnar eða a.m.k. kröfugerðarinnar, svo sem aukin veiðiskylda á eigin kvóta og breyttar reglur um framsal veiðiheimilda, snúa beint að fiskveiðilöggjöfinni. Önnur atriði eins og fyrirkomulag verðlagningar eða verðmyndunar á fiski gætu einnig tengst henni. Þetta er hið sérstaka eðli deilunnar, herra forseti, auk þess hversu stórt og alvarlegt málið er í þjóðhagslegu samhengi.

Allt þetta gerir það að verkum að ég tel óhjákvæmilegt að taka málið upp og fara yfir stöðu þess á þessum næstsíðasta starfsdegi Alþingis áður en verkfall skellur á nk. mánudag ef svo heldur sem horfir.

Ég vil því að lokum, herra forseti, beina spurningum til hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi auk þess sem ég vænti þess að fleiri hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. til að mynda, reifi sín sjónarmið. Ég spyr hæstv. sjútvrh.:

1. Hvernig metur hæstv. ráðherra stöðuna í deilunni nú?

2. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst til að reyna að koma á samningum eða a.m.k. hreyfingu á viðræður?

3. Hyggst ríkisstjórnin grípa til einhverra aðgerða eða íhlutunar og þá af hvaða toga?

Ég held að afar mikilvægt sé að það liggi skýrt fyrir, bæði hér á Alþingi og ekki síður gagnvart deiluaðilunum sjálfum, hvort og þá af hvaða toga íhlutun stjórnvalda gæti orðið.

[13:37]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur vakið máls á mjög alvarlegri stöðu sem við blasir þar sem allsherjarverkfall er yfirvofandi á fiskiskipaflotanum. Eðlilegt er að Alþingi taki þetta mál til umfjöllunar. Á hinn bóginn er ljóst að við munum ekki frekar nú en endranær í umræðu sem þessari leysa deilu sem samningsaðilar þurfa að fjalla um.

Hér eru miklir hagsmunir í húfi eins og hv. málshefjandi vakti réttilega athygli á. Reikna má með að sá loðnukvóti sem óveiddur er og væntanlega þarf að veiða á næstu fjórum til fimm vikum geti gefið 6–7 milljarða í útflutningstekjur. Það jafngildir 4–5 milljörðum í tekjum þjóðarinnar. Ef þessi verðmæti töpuðust, þá jafngilti það 1,5% í kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna. Hér eru býsna miklir hagsmunir í húfi.

Þessi deila er sérstök að því leyti að hún snýst fyrst og fremst um verðmyndun á sjávarfangi. Inn í hana blandast önnur atriði eins og sérkröfur vélstjóra. Þær kröfur hafa gert það að verkum að samtök sjómanna hafa ekki átt samleið í þeirri kjaradeilu sem nú stendur fyrir dyrum.

Ef við rifjum aðeins upp þróun verðlagsmálanna þá var með samkomulagi allra aðila ákveðið að hverfa frá miðstýrðu fiskverði árið 1992 með nýrri löggjöf sem þá var samþykkt. Árið 1994 þegar ljóst var að óánægja væri um framkvæmdina í einstökum atriðum af hálfu sjómanna voru ákvæði um sérstaka samráðsnefnd lögfest. Hún dugði ekki til þess að greiða úr og leysa óánægjuna þannig að með sérstöku samkomulagi eftir verkfallið 1995 var lögfest sérstök úrskurðarnefnd til þess að taka á málum þar sem óánægja var varðandi fiskverð. Þetta hefur heldur ekki reynst nægjanlegt til að eyða tortryggni og óánægju af hálfu sjómanna.

Ríkisstjórnin hefur fylgst með þróun þessa máls og þróun viðræðnanna en satt best að segja hefur sú þróun verið lítil og deiluefnið ekki þroskast mjög mikið á milli aðila. Fyrir tæpum tveimur vikum átti ég samtöl við forustumenn deiluaðila og gerði það að tillögu minni að þeir mundu koma til óformlegra viðræðna til þess að kanna hvort hægt væri að koma umræðum á skrið. Að höfðu samráði við ríkissáttasemjara og forustumenn deiluaðila fengum við Ásmund Stefánsson, fyrrv. forseta ASÍ, til að stýra þeim viðræðum. Þær stóðu í síðustu viku. Sl. sunnudag varð uppstytta í þeim viðræðum en á fundi ríkissáttasemjara í gærmorgun ákváðu aðilar að taka þær umræður upp aftur. Þær stóðu í gærkvöldi og í morgun en mér er óhætt að segja að þrátt fyrir þessar tilraunir horfi þunglega um lausn deilunnar. Ég tel þó að þær þreifingar sem farið var út í með tilliti til þess hversu hægt hafði miðað og sérstaks eðlis deilunnar, þ.e. að hún snýst fyrst og fremst um verðmundun, hafi verið til gagns og skýrt stöðuna þó nokkuð.

Varðandi þá spurningu hv. þm. um lagaumhverfi, þá hef ég lýst því yfir við samningsaðila að ríkisstjórnin væri tilbúin til viðræðna við þá sameiginlega varðandi breytingar á lagaumhverfinu. En viðræður þeirra innbyrðis hafa ekki leitt til þess að þeir gætu komið sameiginlega að því borði til lausnar á slíkum viðfangsefnum. Á þessu stigi gildir fyrst og fremst að hvetja samningsaðila til að nýta þann skamma tíma sem til stefnu og finna lausn. Á þeirra herðum hvílir höfuðábyrgðin. Við hljótum að senda þeim þau skilaboð í dag að við ætlumst til þess að þeir nýti tíma sinn til að finna lausn á þessu máli sem hefur svo mikla þýðingu og snertir svo margra hagsmuni.

[13:43]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Deila sú sem hér er rædd utan dagskrár á Alþingi lýtur að gríðarlegum hagsmunum og veiðum við Íslandsstrendur á þeim mánuðum sem hvað mestu hafa skilað til íslensku þjóðarinnar. Þó er þessi deila er fyrst og fremst á ábyrgð samningsaðilanna sjálfra. Skoðun mín er sú að í umræðu hér á þingi verði að fara mjög varlega og gæta þess að styggja ekki eða skemma fyrir þeim viðræðum sem nú eiga sér stað.

Því miður hefur mér fundist, virðulegi forseti, sumir hæstv. ráðherrar ganga fulllangt í yfirlýsingum í þessum málum. Þar af leiðandi hefur a.m.k. annar samningsaðilinn virst fullrólegur í þessum viðræðum þrátt fyrir að loðnuvertíð sé að skella á. Samkvæmt viðtali sem Morgunblaðið birtir í dag við formann Vélstjórafélags Íslands lýsir hann m.a. yfir undrun sinni á því hversu rólegir útgerðarmenn virðast og skýrir svo að þeir séu vissir um að ríkisvaldið muni beita sér fyrir lagasetningu á Alþingi til að stöðva verkfall ef til þess kemur. Í mínum huga er það mjög afdrifaríkt ef ríkisvaldið hefur sent þessi skilaboð frá sér því að þessi deila á fyrst og fremst að vera á ábyrgð samningsaðila.

Skoðun mín er sú að ráðherrar eigi að fara varlega í yfirlýsingum um mál sem eru og eiga að vera á ábyrgð samningsaðila. Óábyrgar yfirlýsingar geta haft mjög neikvæð áhrif á samningsferlið og ég er hræddur um að það hafi að þessu sinni átt sér stað. Það skýrir að verulegu leyti þá ró sem hvílir yfir samningaviðræðunum.

[13:45]

**Stefán Guðmundsson:**

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hér fer fram um svo *gríðarlega mikilvægt mál sem verkfall sjómanna er* verður ekki rædd til neinnar hlítar á svo skömmum tíma sem gefst á þessum fundi.

Virðulegi forseti. Ég legg þunga áherslu á við þá sem eiga í þessari deilu að þeir geri sér grein fyrir því að sá réttur og sú ábyrgð sem þeim hefur verið fengin til nýtingar auðlindar, sem deilan snýst um, er mikil. Þjóðhagslegir hagsmunir eru einnig gríðarlega miklir um að skjót og skynsamleg lausn finnist á deilunni. Ég vil því með þessum fáu orðum leggja enn og aftur mjög þunga áherslu á að þeir sem hafa fengið nýtingarrétt að auðlindum hafsins finni ásættanlega lausn á þessari alvarlegu deilu. Annað er gersamlega óásættanlegt.

[13:47]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Helsti vandinn í málinu er að mínu mati sá að aflahlutur sjómanna hefur frá aldaöðli reiknast af aflaverðmæti þess afla sem skipið veiðir. Með nýjum lögum sem komið hafa til á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting á þessu. Nú er verðmætið ekki lengur fólgið í fiskinum sem veiddur er heldur líka í réttindum sem veitt eru til að veiða þann fisk. Verðmæti þeirra réttinda er utan við hlutaskiptakerfið. Þess vegna er núverandi fiskveiðistjórnarkerfi með framseljanlegum veiðiheimildum ósamrýmanlegt núverandi hlutaskiptakerfi. Úrræði til bóta hljóta að markast af því hvernig menn afmarka vandann. Eins og ég nálgast málið sé ég fyrir mér tvær lausnir. Sú fyrri er að færa hlutaskiptakerfið yfir verðmæti leigðra veiðiheimilda. Það kemur til álita að mínu viti en á þeirri leið sé ég þó ýmsa þá annmarka sem lúta að verðmyndun í núverandi kerfi. Hin leiðin er að draga úr verðmætum réttindanna til að róa til fiskjar eða færa þau með einhverjum hætti aftur inn í verðmæti fisksins sjálfs. Það má gera með því að draga úr rétti til að framselja veiðiheimildir, auka skyldu skipa til að veiða kvóta sinn og í þriðja lagi að setja lágmarksverð á nýjan leik á afla eins og var áður. Ég hygg að líti menn á þessar leiðir til þess að leysa þann vanda sem við blasir verði mönnum ljóst að vandinn liggur fyrst og fremst hér, hjá Alþingi, í löggjöf sem það er sett um stjórn fiskveiða en ekki hjá samningsaðilum.

[13:49]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Það er eðlilegt að Alþingi Íslendinga ræði málin þegar kjaradeila sjómanna og útvegsmanna virðist komin í hnút eins og sannarlega virðist nú og stefnir í verkfall þeirrar greinar sem skapar mest verðmæti í þjóðarbúi okkar. Auðvitað er það ástand mjög alvarlegt og eðlilegt að menn hafi áhyggjur. Fram undan er sjáanlegt mikið tap verðmæta sem verður ekki unnið upp og líklegt að engu breyti þó að starfsemi hefjist aftur. Það sem er þó alvarlegast er að fjölskyldur verða fyrir miklum skaða og þar á meðal fjölskyldur sem hafa engin áhrif á deiluaðila, hafa engin áhrif haft á hvernig þeir hafa haldið á málum til þessa eða hvernig þeir vinna úr deilunni eins og hún stendur nú.

Það er laukrétt að deiluefnin sem eru alvarlegust eru verðmyndun aflans og áhrif sem stafa af viðskiptum með veiðiheimildir. Um þetta hafa staðið langvinnar deilur þessara aðila og væri rangt að telja það ný efni í stjórnmálum eða kjaramálum á Íslandi. Það sem er þó verst er að þær umleitanir sem hafa orðið til sáttaumleitana eru gersamlega árangurslausar enn sem komið er og verður ekki annað sagt en að allt sem fram kemur sýni að andrúmsloftið milli deiluaðila sé mjög slæmt. Síðustu viðbrögð í fréttatímum sýna að það *er laukrétt lýsing*. Ég vil *hins vegar nota* þetta tækifæri til að taka undir þær skoðanir sem hæstv. sjútvrh. lét í ljós að kjaradeilu af þessu tagi verða menn að leysa með samkomulagi og til þess verða deiluaðilarnir sjálfir að sýna samningsvilja í framkvæmd.

[13:51]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Nú er senn að bresta á þriðja verkfall sjómanna þar sem deilt er um sömu atriði. Í húfi eru gífurlegir þjóðarhagsmunir og því eðlilegt að málið sé rætt á Alþingi. En hvernig stendur á þessu? Eru sjómenn ekki tekjuhæstir allra launþega og hvað eru þeir eiginlega að kvarta? Hvernig væri að konurnar í frystihúsunum fengju eitthvað af launum þeirra? Hvað eru þeir eiginlega að kvarta? Þessar raddir heyrast svo sannarlega í þjóðfélaginu. Jú, sjómenn þola ekki frekar en aðrir það fyrirkomulag á stjórn fiskveiða og ákvörðun fiskverðs sem löggjafinn hefur lögfest. Það fyrirkomulag særir reyndar réttlætiskennd allrar þjóðarinnar. Því er ég á því að ábyrgð okkar stjórnmálamanna sé mikil og því verði

að breyta núverandi löggjöf í þá veru að þjóðin og sjómenn geti sætt sig við hana. Ekki þýðir að grípa inn í kjaradeiluna með einfaldri frestun. Það þarf að gera grundvallarbreytingar á löggjöfinni og þótt fyrr hefði verið. Alþingi á að setjast yfir þetta strax og láta málið hafa algeran forgang. Það er ekki lengur hægt að búa við löggjöf sem hvetur sjómenn til að brjóta gegn eigin samvisku dag hvern og horfa um leið upp á það hvernig eðlileg markaðstenging á fiskverði er sniðgengin og þeir þvingaðir til að taka þátt í kaupum og leigu á kvóta. Sjómönnum og þjóðinni allri er misboðið með þessu kerfi og því er verkfall sjómanna óhjákvæmilegt að óbreyttum lögum.

[13:53]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að leggja til lausnir á þessari erfiðu vinnudeilu úr ræðustól á Alþingi. Ég vil nota þessa örstuttu stund til að undirstrika hve gífurlegir hagsmunir eru í húfi fyrir þjóðarbúið. Um 1% samdráttur í hagvexti myndi leiða af bresti í loðnuvertíðinni og loðnan bíður ekkert eftir okkur. Hún bíður ekki eftir því að menn nái samningum eða breyti lögum. Þess vegna er ábyrgð samningsaðila mikil. Það er rétt sem kom fram áðan að þeir hafa fengið þessa auðlind til notkunar og þess vegna er ábyrgð þeirra mikil að setjast niður og ná samkomulagi undir þeim leikreglum sem gilda eða þá gera tillögur hverju þeir vilja að sé breytt. Ábyrgðin er mikil. Allt er tilbúið til að taka á móti loðnu á þeim svæðum sem hafa byggt sig upp til þess. Fjárfestingar hafa verið gífurlegar á síðari árum í þeirri grein. Vertíð hefur verið döpur fram að þessu. Síldveiðarnar hafa brugðist að nokkru leyti þannig að hér yrði afar alvarlegt ástand á vordögum ef þetta verkfall gengur fram og allir verða að leggjast á eitt að koma í veg fyrir það, löggjafinn og samningsaðilar. Með því er ég ekki að segja að löggjafinn eigi að grípa inn í deiluna. Ábyrgð samningsaðilanna er ótvíræð í þessu efni.

[13:56]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Engum dylst mikilvægi sjómannastéttarinnar. Hér hafa menn rætt um að nauðsynlegt sé að deiluaðilar taki höndum saman. En hvað skyldi standa í kjarasamningum sjómanna um það atriði sem snýr að verðmyndun aflans og það sem mest er líka deilt um, nú í þriðja skipti á skömmum tíma, þ.e. framsal kvótans og það kvótabrask sem sjómenn hafa talað um? Í kjarasamningum segir svo, með leyfi forseta:

„Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn."

Og síðan stendur:

„Ekki er heimilt að draga frá verðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/86, 10. gr. laga nr. 79/94 og breytingu á lögum nr. 24/86, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, með síðari breytingum."

Svo tala menn um að það sé kannski rétt að löggjafinn komi betur að því máli sem lýtur að kvótaúthlutun og hvernig með skuli fara. Hér liggur það fyrir svart á hvítu hvernig eigi að fara með aflann, hvernig verðmyndunin eigi að vera en það dugir ekki til. Með hvaða hætti getur þá löggjafinn gripið inn í? Svo eru menn að tala um að launakjör sjómanna séu há. En alltaf er það sama sagan að það gleymist að skoða hver er vinnutímalengdin sem liggur að baki þessum tekjum. Þeir sem hafa hæstu tekjurnar eru teknir og gerðir að útgangspunkti tekna sjómanna eins og raun ber vitni um. Því miður hefur allt of stór hluti sjómanna lág laun eða kauptryggingu upp á 70 þús. kr. eins og málshefjandi talaði um áðan.

Að síðustu vil ég líka koma inn á það starf sem sjómenn inna af hendi. Ég hef talað um mikilvægi sjómennskunnar og sjómannastarfsins. Það er ótvírætt. Þá er heldur ekki úr vegi að geta hinnar miklu slysatíðni við sjómannsstörfin. Ég tel að það hafi haft á sínum tíma mjög slæm áhrif þá. Hæstv. utanrrh. gat þess að hann ætlaði ekki að fara í opinberar erindagjörðir erlendis vegna þess að hann ætlaði að fylgjast með gangi mála hvað áhrærði deilur sjómanna og útgerðarmanna.

[13:58]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ef stjórnvöld hefðu viljað þá hefðu þau fyrir löngu getað verið búin að breyta starfsumhverfi sjávarútvegsins þannig að deilan um verðlagningu sjávarafla hleypti ekki samskiptum sjómanna og útvegsmanna reglulega í harðan hnút. Stór hluti þessa starfsumhverfis er nefnilega bundinn í lögum. Aðilar hafa auðvitað lengi verið missáttir við það umhverfi, ekki síst sjómenn sem hafa verið mjög ósáttir við kvótabrask og viðskipti sem einstaka útgerðarmenn hafa verið að eiga við sjálfa sig. Óbreytt starfsumhverfi þjónar útgerðarmönnum fyrst og fremst enda bendir málflutningur þeirra ekki til þess að þeir kæri sig um breytingar og þeir virðast ráða vilja stjórnvalda þegar kemur að starfsumhverfi sjávarútvegsins. Ekki hefur vantað stóryrðin eða hótanirnar úr þeirri áttinni gagnvart tillögum til breytinga. Ég minni á þegar forsvarsmaður útgerðarinnar hótaði því að frekar yrði síldin látin synda hjá óveidd en að þeir greiddu fyrir veiðileyfi.

Nú stefnir í að loðnan syndi hjá vegna þess að útvegsmenn virðist skorta vilja til að taka þátt í þeim breytingum á kerfinu sem skapað gætu vinnufrið. Er staðhæfing Helga Laxdals í Morgunblaðinu í dag e.t.v. rétt? Það versta sem gæti gerst núna væri að stjórnvöld frystu óbreytt ástand. Það verður að taka á þeim skipulagsvanda sem við er að etja og það verður að gerast þó það komi við einhverja útvegsmenn. Vinnufriðurinn er líka einhvers virði.

Herra forseti. Útvegsmenn eiga ekki fiskinn í sjónum. Hann er þjóðareign. Það hlýtur að vera okkur öllum mikið áhyggjuefni að sjá hvernig þeir sem fengið hafa aðgang að sameiginlegri auðlind axla þá ábyrgð sem því fylgir.

[14:00]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Sjómannadeilan er að komast á mjög alvarlegt stig og illt að vita til að aðilar deilunnar skuli varla talast við. Afkoma þjóðarbúsins er undir þessum atvinnuvegi komin eins og hér hefur margítrekað komið fram.

Það skal viðurkennt að lausn deilunnar er mjög flókin og rekst hvað á annars horn þegar kröfugerð sjómanna er skoðuð. Krafan um allan fisk á markað stangast t.d. á við stjórnarskrána að mati lögmanna. Krafan um að auka veiðiskyldu skipa með aflaheimild úr 50% annað hvert ár í 90% hvert ár gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar á sumum stöðum landsins ef samþykkt yrði.

Í fyrsta lagi mun atvinna hundruð manna vera í hættu en á síðasta fiskveiðiári keyptu aðilar í Reykjaneskjördæmi um 19.000 þorskígildistonn af leigukvóta. Einfalt er að benda á að eitt stærsta fiskvinnslufyrirtækið á Suðurnesjum, þar sem

starfa á þriðja hundrað manns sem vinna 11 þúsund tonn af fiski á ári, keyptu leigukvóta fyrir um 150 millj. á síðasta ári. Tugir manna frá þessu fyrirtæki munu tapa vinnunni ef leigukvótinn verður tekinn af. Það er staðreynd málsins, sama hvaða hug menn bera til þessa fyrirkomulags. Staða þeirra sem áfram hafa vinnu hjá fyrirtækinu yrði erfiðari og ótryggari.

Í öðru lagi mun leigukvótaverðið hækka upp úr öllu valdi ef framsalið verður aflagt. Framboðið verður miklu minna og nánast lítið en eftirspurnin óbreytt.

Í þriðja lagi munu varanlegar aflaheimildir hækka verulega. Þeir sem hingað til hafa leigt munu sækjast eftir kaupum. Þróunin yrði því þvert á það sem almenningur vill, þ.e. að svokallaðir sægreifar mundu græða meira en nokkru sinni á sameign þjóðarinnar vegna hækkandi verðs bæði á leigu- og eignarkvóta. Þetta er því, herra forseti, vítahringur og ég held að allar kollsteypur í stjórn fiskveiða leiði aðeins til óöryggis hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki og geri fyrirtækjum nánast ókleift að skipuleggja starfsemi sína fram í tímann.

[14:03]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Á stundum sem þessum skilur þjóðin hversu háð við erum fiskinum í sjónum. Sjávaraflinn er þjóðinni lítils virði ef hann er ekki sóttur á haf út og fluttur til lands til frekari vinnslu og verðmætasköpunar fyrir fólkið. Til þessa verkefnis hefur þjóðin trúað sjómönnum og útgerðarmönnum. Það er rangt sem hér hefur komið fram að rót deilunnar liggi í gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Frá því að útgerð hófst hér á landi hafa reglulega komið upp deilur milli sjómanna og útgerðarmanna óháð því hvaða kerfi hefur verið gildandi hverju sinni. Það er gömul saga og ný, enda snýst deilan fyrst og fremst um verðmyndun á afla.

Við stöndum á tímamótum. Við stöndum frammi fyrir því að milljarðaverðmæti kunni að glatast með tilheyrandi afleiðingum fyrir þjóðina alla. Þúsundir einstaklinga kunna að missa vinnu sína og laun, ekki bara sjómenn og fjölskyldur þeirra heldur og fólk í fiskvinnslu og þeirri þjónustu sem fylgir sjávarútvegi. Margar af byggðum landsins standa höllum fæti. Verkfall gæti riðið baggamuninn. Mikilvægir markaðir eru í uppnámi og gætu glatast. Stöðugleikinn kann að hverfa sem dögg fyrir sólu með þeim afleiðingum að vextir rjúki upp og kaupmáttur hrapi.

Herra forseti. Sjómannadeilan er mál þjóðarinnar allrar. Sjómönnum og útgerðarmönnum hefur verið treyst fyrir hinni mikilvægu auðlind okkar. Það er þess vegna sem þeim ber að axla þá ábyrgð og sjá til að deilur þeirra sigli þjóðarskútunni ekki í strand. Þeim ber að setja deilur sínar niður og tryggja áframhaldandi vöxt í efnahagslífi þjóðarinnar.

[14:05]

**Árni Johnsen:**

Virðulegi forseti. Á þessu stigi samninganna er ástæða til að spara stóru orðin en vekja þó athygli á því hve ábyrgð samningsaðila er mikil. Það reynir á reisn þeirra og ábyrgð til þess að hnýta þá hnúta sem nú standa lausir því ljóst er að ef til verkfalls kæmi við sjávarsíðuna í febrúarmánuði, þá mundi það rugga bátnum alvarlega í flestum sjávarplássum landsins. Alvarlegar breytingar yrðu verulegar á högum margra, ekki bara einstaklinga heldur einnig fyrirtækja. Svo gífurlega hefur verið fjárfest í sjávarútvegi á undanförnum missirum að verkfall mundi valda miklum skaða. Því reynir fyrst og fremst á samningsaðila að ljúka þessari aðgerð og gera klárt á sínu dekki.

[14:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin og þakka fyrir þessa umræðu. Ég hafði vænst þess að heyra skýrari svör hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi það hvort hæstv. ríkisstjórn hefði hugleitt íhlutun í deiluna. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þau skilaboð sem deiluaðilar fá héðan séu alveg skýr hvað það snertir. Hæstv. utanrrh. hefði ekki síst haft ástæðu að taka af skarið um sína afstöðu í þeim efnum en nokkurs misskilnings hefur gætt í framhaldi af þeirri ákvörðun hans að fresta Afríkuför sinni þar sem hann telji sig þurfa að vera hér á vettvangi vegna hugsanlegrar íhlutunar stjórnvalda.

Varðandi það sem sagt hefur verið um samhengi þessarar deilu við lögin um stjórn fiskveiða, þá tek ég undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Svo skjótt sem deiluaðilar koma sér saman um breytingar á þeirri umgjörð þá vænti ég að auðsótt verði að lögfesta þær hér á Alþingi. Hitt þarf að vera alveg ljóst og niðurstaðan af tilraunum undangenginna ára til að taka á þessari deilu er skýr. Hún er sú að deiluaðilar verða að finna efnislega lausn. Þeir verða að koma sér saman um aðferð hvað verðlagningarþáttinn snertir og slíkt samkomulag þarf að halda. Það er engin lausn og verri en engin lausn ef menn veldu þann kost, hugsanlega að undangengnu nokkurra vikna verkfalli, að lögfesta íhlutun og frestun á deilunni.

Við hljótum auðvitað að beina eindreginni hvatningu héðan frá Alþingi og eindregnum tilmælum til deiluaðila um að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að reyna að finna lausn á málinu á þeim dögum sem enn eru til stefnu áður en verkfall hefst.

[14:09]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. og þakka þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga og alvarlega viðfangsefni sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Ábyrgð samningsaðilanna er mikil og ég held að í lok þessara umræðna sé hægt að draga saman þá niðurstöðu að héðan frá Alþingi sendi menn alveg skýr skilaboð til forustumanna sjómanna og útvegsmanna um að til þess sé ætlast að þeir axli ábyrgð sína næstu daga og geri allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að skynsamlegri niðurstöðu og koma í veg fyrir að sú vinnustöðvun skelli á sem ella blasir við. Í húfi eru miklir þjóðarhagsmunir sem snerta hverja einustu fjölskyldu í landinu ef illa tekst til.

Ég fagna þeim samhljómi sem verið hefur við umræðuna í dag og vona að þau skilaboð létti mönnum róðurinn við samningaborðið fremur en hitt.

***Vegáætlun 1998–2002, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 676.

***og***

***Langtímaáætlun í vegagerð, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 677.

[14:11]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við ræðum tvö mikilvæg mál varðandi vegagerð í landinu, þ.e. vegáætlun til fjögurra ára, 1998–2002, og síðan langtímaáætlun til tólf ára. Hvort tveggja eru væntanlega afar þýðingarmikil mál í augum margra ef ekki allra landsmanna og skiptir miklu hvernig á er haldið.

Ég ætla að gera að umtalsefni fáein atriði til viðbótar því sem fram hefur komið af hálfu fulltrúa Alþb. í samgn., hv. þm. Ragnari Arnalds, sem kom með margar ábendingar varðandi málið. Ég tek undir þær og alveg sérstaklega varðandi hið takmarkaða fjármagn til þessa málaflokks miðað við þær brýnu þarfir sem fyrir liggja. Afleiðingarnar eru að sjálfsögðu þær að hér er mun minna til skiptanna en þyrfti að vera til vegaframkvæmda.

En aðrir þættir þurfa hér einnig umræðu. Að mínu mati skortir nýja hugsun í sambandi við þessa áætlunargerð og vöntun á því að jafnhliða henni liggi fyrir samgöngustefna fyrir landið, heildstæð samgöngustefna sem framkvæmdir í vegamálum taki mið af og falli að. Á það skortir mjög og það viðurkenndi hæstv. samgrh. í morgun í andsvari. Hann svaraði ábendingum mínum með því að bæta þyrfti úr eða þannig skildi ég orð hans.

Annar þáttur sem ég mun nefna hér varðar þörfina á því að draga úr notkun innlends eldsneytis í okkar vegasamgöngum, okkar samgöngum á landi ekki síður en í öðrum þáttum okkar þjóðarbúskapar vegna þeirra skuldbindinga sem við þurfum að búa okkur undir að uppfylla og liggja raunar þegar fyrir í rammasamningi um loftslagsbreytingar sem við erum aðilar að. En það mun reyna á í mjög auknum mæli á komandi árum að við tökum til hendi og búum okkur undir að uppfylla skuldbindingar sem við þurfum á okkur að taka og liggja fyrir í stórum dráttum eftir ráðstefnuna í Kyoto. Þar á auðvitað þáttur eins og samgöngur á landi, vegasamgöngurnar, sinn hlut að, því þær valda hátt í þriðjungi af losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið og um fjórðungi ef litið er til allra gróðurhúsalofttegunda samanlagt þannig að þar er mjög stórt mál á ferðinni. Ég sé ekki í þessari áætlun að neitt sé verið að hugsa um þau efni og hæstv. ráðherra vék ekki einu orði að þessu þýðingarmikla máli í framsöguræðu sinni.

Síðan eru það mál sem snúa að landsbyggðinni og mínu kjördæmi sérstaklega sem ég ætla að minna hér á og þar hlýt ég fyrst af öllu að koma að því sem hefur þegar verið minnst á í umræðunni, þ.e. að jarðgangaframkvæmdum er ýtt algerlega til hliðar í þessari langtímaáætlun og þar með horfið frá framkvæmdaáformum sem menn hafa gert ráð fyrir að væru í sjónmáli á því fjögurra ára tímabili sem tillaga að vegáætlun er um, en ekkert slíkt er á ferðinni. Jarðgöng eru eingöngu á blaði með fjárveitingu til 12 ára upp á 120 millj. kr. til rannsókna og skiptir það auðvitað sáralitlu fyrir framkvæmdir þó að rannsóknir þurfi auðvitað að koma til.

Varðandi þessa stöðu þá liggur málið þannig að Austfirðingar hafa staðið í þeirri trú — þá á ég við almenning á Austurlandi, sveitarstjórnarmenn og okkur þingmenn, a.m.k. þann sem hér talar og væntanlega flesta þar til þá nýlega að þessi áætlun var mótuð og liggur fyrir — að á næsta áætlunartímabili, næstu tveimur árum eða a.m.k. næstu fjórum árum, yrðu undirbúnar og hafist handa við framkvæmdir vegna jarðganga á Austurlandi. Á síðustu langtímaáætlun sem lá fyrir Alþingi og fjallað var um í þingnefnd þó hún yrði ekki endanlega samþykkt, var gert ráð fyrir því að framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi hæfust 1998. Okkur var ljóst eftir að ráðist var í Vestfjarðagöngin og þeim hraðað, að einhver dráttur kynni að verða, eitt eða tvö ár, á því að við þetta væri staðið. Ýtt hefur verið á eftir þessum málum eftir föngum úr kjördæmi, af sveitarstjórnarmönnum, af sambandi þeirra og almenningi, að við þessi markmið yrði staðið. En nú blasir það við að svo er ekki. Þeim er ýtt algerlega til hliðar. Jafnhliða eru settar fram óskir um jarðgangaframkvæmdir af þingmönnum annarra kjördæma sem ég veit ekki hvort eigi að taka alvarlega út af fyrir sig svo augljóst sem það er að röðin er komin að Austurlandi í þessum málum samkvæmt fyrri stefnumótun og allri sanngirni og ber að sjálfsögðu að vísa frá hugmyndum um brigður í þeim efnum.

Í rauninni má segja að ákvarðanir um Hvalfjarðargöng hafi gengið gegn þeim loforðum sem sneru að Austurlandi. Þó að þau séu fjármögnuð á annan hátt er ljóst að þau taka til sín verulegar upphæðir í vegafé, hundruð millj. kr. og kannski hátt í milljarðinn þegar allt er samanlagt sem kemur af vegafé til þeirra framkvæmda og tenginga við þau jarðgöng þannig að þau taka auðvitað frá öðrum framkvæmdum.

Af hálfu hæstv. samgrh. hefur því gjarnan verið svarað til þegar jarðgöng ber á góma á Austurlandi að ekki sé samstaða um það í fjórðungi hvar eigi að byrja. Þetta er málflutningur sem sæmir ekki hæstv. ráðherra því að það er alveg augljóst að á því stendur ekki á Austurlandi að menn taki saman á því verkefni þegar ljóst er að um alvöru er að ræða að ráðast í það að koma sér saman um þetta. Á síðasta ári voru þau mál rædd í hópi þingmanna Austurlands þar sem ég hef ýtt á eftir því að þessi mál væru rædd og stefna mótuð. Þar komu yfirlýsingar frá öllum um að menn mundu leggja sig fram um að móta sameiginlega stefnu, ekki mundi standa á því í hópi þingmanna Austurlands að finna málamiðlun í sambandi við það hvar skuli ráðist í næstu jarðgöng. Allur fyrirsláttur um að það standi á því að vísa á verkefni í jarðgangagerð er út í bláinn og ekki sæmandi ráðherra samgöngumála að hafa slíkt uppi í sambandi við þessi mál.

Það eru mikil vonbrigði að staðan skuli nú vera með þessum hætti þegar þessar áætlanir birtast á Alþingi og mikið undrunarefni í raun að á þetta skuli fallist. Það kemur kannski ekki á óvart með hæstv. samgrh. sem lengi hefur verið við það heygarðshorn að ýta frá framkvæmdum í jarðgangagerð. Hitt kemur meira á óvart að samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn skuli hafa fallist á að leggja fram þessar áætlanir með þeim hætti sem hér blasir við. Ég gæti vitnað til margra ummæla sem varða þetta efni. Ég ætla að spara mér það því að tími er hér naumur. En ég minni m.a. á það sem frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur komið og frá framkvæmdastjóra þeirra samtaka sem skrifaði m.a. í Morgunblaðið 22. feb. 1997 um þetta efni, auðvitað mjög hvetjandi, og þessi mál verða til umræðu áfram því að við

þetta verður ekki unað.

Margir aðrir stórir þættir varðandi samgöngumál á Austurlandi eru ekki hér á blaði að ég fæ séð. Ég nefni vegalagningu yfir Breiðdalsheiði, þ.e. framkvæmdir á þeim vegi sem ég sé ekki að reiknað sé með að komi til hér eins og á við um þéttbýlisstaði og á það er eðlilega minnt af Austurlandi að svo er ekki og það skiptir mjög miklu máli að stefna sé tekin varðandi þau mál. Það er ljóst að takmarkað fé, allt of naumt skorið fé, verður til þess að ýmsum framkvæmdaþáttum er ýtt til hliðar. Þar eru jarðgöngin stærsti þátturinn en fjölmörg önnur nauðsynjamál koma þar einnig til.

Í sambandi við nýmælin ítreka ég að þar skortir mjög á að eitthvað komi fram sem máli skiptir í þeim efnum. Það er ekki við hæfi að við skulum ekki leitast við hér á samræmdan hátt að draga úr notkun innflutts eldsneytis. Þar eru kostirnir margir. Lagning rafbrauta eða járnbrauta í einhverju formi á að vera til alvarlegrar skoðunar hér og nú. Ekki er orð um þetta. Sama gildir að sjálfsögðu um upptöku rafknúinna bifreiða og aðstöðu til þess að hefja notkun þeirra í þéttbýli sem og í sambandi við nýtt eldsneyti sem liggur kannski eitthvað lengra fram í tímann. Þetta er stórmál sem á að ræða í sambandi við þessar áætlanir og ég mun e.t.v. taka til máls frekar um það síðar í umræðum.

[14:24]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um það að framkvæmdir við Hvalfjarðargöng hafi orðið til þess að seinka öðrum verkefnum á sviði jarðgangagerðar þá vil ég segja að þar er um nokkurn misskilning að ræða vegna þess að eins og allir vita eru göngin fjármögnuð með tilteknum hætti sem ekki skerðir vegafé. Hins vegar eru tengingar við göngin fjármagnaðar að hluta af vegafénu. En þá er til þess að líta að ef ekki hefði verið farið í Hvalfjarðargöngin þá hefði þurft nú þegar að ráðast í mjög umfangsmiklar framkvæmdir í Hvalfirði og það hefði verið fjármagnað annars vegar af almennu vegafé og hins vegar af Stórverkefnasjóði vegna þess að þá hefði þurft að gera ráð fyrir mikilli brúargerð í Hvalfirðinum, á öðrum stað en brúað var og framar, til þess að stytta leiðir. Þetta hefði orðið mjög kostnaðarsamt og leitt til mun meiri útgjalda en sem nemur því sem tengingarnar við Hvalfjarðargöngin kosta.

Ég vildi koma þessu á framfæri hér við umræðuna því hér var misskilningur á ferðinni.

[14:25]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði ekki í mínu máli að framkvæmdir við Hvalfjarðargöng hefðu orðið til að seinka öðrum framkvæmdum. Ég sagði að þær hefðu komið þarna á milli og að fjárveiting sem tengist þeim hefði verið tekin af öðrum framkvæmdum á sama tíma. Hitt er jafnljóst að þær ábyrgðir og annað sem þessu tengdist minnti á þau fyrirheit sem gefin voru 1990–1991 í sambandi við langtímaáætlun þá og hafa í raun legið fyrir síðar, um að Austfirðingar yrðu næstir í röðinni þegar ráðist yrði í meiri háttar vegaframkvæmdir. Þetta er kjarni málsins.

Það er alveg ljóst sem hv. þm. minnir á að Hvalfjarðargöng koma að góðu gagni sem vegaframkvæmd og auðvitað verður ekki farið í sömu uppbyggingu í Hvalfirði eftir tilkomu þeirra. Það er auðsætt mál. En þegar það síðan gerist að hér kemur áætlun til 12 ára þar sem frekari jarðgöngum er ýtt til hliðar, þá verður þessi niðurstaða hörmuleg. Ég skil ekki að nokkur geti réttlætt það að standa þannig að máli í sambandi við áætlanagerð hér, sem á að taka til vegaframkvæmda í heild, að setja nauðsynjamál eins og jarðgangaframkvæmdir til hliðar. Þær verður auðvitað að vinna stig af stigi í áföngum og þar eru verkefnin mörg og brýn. Þess vegna er ekki við hæfi að leggja þær til hliðar eins og hér er gert og kistuleggja slíkar framkvæmdir.

[14:27]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er til þess að greiða fyrir því að þingmenn ættu að ná samkomulagi um jarðgöng þegar hv. þm. segir að hann viti ekki hvort taka eigi alvarlega óskir um jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Ég vil annars segja, herra forseti, að það er alveg út í hött hjá hv. þm. að halda því fram að skortur sé á nýrri hugsun í þeirri áætlunargerð sem hér er lögð fram og að hér sé ekki um heildstæða stefnu í samgöngumálum að ræða. Þetta er úr lausu lofti gripið eins og ég hygg að hv. þm. sé ljóst. Hann hefur glöggt auga fyrir áætlunargerð og hefur áreiðanlega tekið eftir því að sá mikli munur er á þessari langtímaáætlun og þeim sem áður hafa verið fram lagðar, að hér eru sett fram skýr markmið sem miða að því að reyna að fullnægja frumþörfum þéttbýlisstaða sem ná 200 íbúum eða fleiri, þeim frumþörfum að þangað liggi vegur inn á hringveginn, ekki margir vegir, en að sé hægt komast inn á hringveginn á fullgildum vegi með fullum þunga og bundnu slitlagi. Það er þessi hugsun sem veldur því að vonir standa til þess að Alþingi nái saman um að marka þessa heildstæðu stefnu sem skiptir mestu máli fyrir þá staði sem afskekktastir eru. Í því sambandi vil ég nefna Ísafjarðardjúp. Ég vil nefna Patreksfjörð–Barðaströnd. Ég vil nefna Norður-Þingeyjarsýslu og ég vil líka nefna staði eins og Vopnafjörð og Norður-Múlasýslu sem hv. þm. eru kunnir.

Auðvitað má alltaf, herra forseti, ræða um það að leggja meira fé til vegagerðar en ríkisstjórn leggur fram á hverjum tíma. Þó yrði nú seint svo komið að stjórnarandstaðan mundi kvarta yfir því að of mikið væri lagt fram, of mikil áhersla væri lögð á nýbyggingar vega. Óttaðist ég það raunar ekki núna.

Að síðustu vil ég segja um (Forseti hringir.) lagningu rafbrauta að eftir þeim upplýsingum sem ég hef er svo dýrt að leggja járnbrautarteina milli Keflavíkur og Reykjavíkur að óhugsandi er undir að standa. Reykvíkingar hafa þessi mál í athugun en frumathuganir hafa ævinlega sýnt að kostnaður er of mikill.

[14:30]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Einu sinni var sagt um einn ágætan frambjóðanda austur á landi að hann væri einfasa. Þá var m.a. til umræðu nauðsynin á þrífösun á rafmagni til sveita. Mér datt þetta í hug þegar ég heyrði viðbrögð hæstv. samgrh. Í máli mínu fann ég að því að ekki lægi fyrir heildstæð samgöngustefna. Hæstv. ráðherra bregst við með því að segja: Ja, er þetta ekki bara heilmikið og gott sem liggur fyrir í vegamálum?

Ég er að sjálfsögðu að tala um samgöngur í heild sinni. Við fáum áætlun sem tekur til vegamála eingöngu en ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina heildstæða samgöngustefnu sem tekur til samgangna að flutningum meðtöldum á sjó, á landi og í lofti. Það er það sem er um að ræða. Hæstv. ráðherra losnar ekkert frá því að áætlanagerðin hangir í lausu lofti að þessu leytinu til.

Í sambandi við nýtingu innlendra orkugjafa til samgangna er alveg skelfilegt að heyra frá hæstv. samgrh. að hann hefur ekki einu sinni haft fyrir því að kynna sér stöðu mála um þær athuganir sem fyrir mörgum árum fóru fram um hugsanlega lagningu á rafbraut milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Hver er þessi athugun og hver var kostnaðurinn? Gott væri að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það hér og nú. Ég fullyrði að það er eðlilegt mál og ætti að liggja skýrt fyrir við vinnu að þessari áætlun, hvaða möguleikar eru á því að taka í notkun innlenda orkugjafa í samgöngum á landi í auknum mæli, ekki síst með rafmagni, þar á meðal með lestum á teinum, ekki bara til Keflavíkur heldur miklu víðar á landinu. Ég hef nefnt austur á land eða til Hafnar í Hornafirði, á sléttu landi, og auðvitað innan bæjar í þéttbýli.

[14:32]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að það gerðist í fyrsta skipti á sl. vori að hafnaáætlun var samþykkt í þinginu. Nú er stefnt að því að ná því fram að langtímaáætlun í vegagerð verði samþykkt á þessu þingi og það yrði þá í fyrsta skipti sem slík langtímaáætlun næði samþykki þingsins svo langt ég man. Í þriðja lagi liggur flugmálaáætlun fyrir þinginu þannig að þess er að vænta að heildstæð áætlun um samgöngumál geti orðið afgreidd nú. Og síðan, lögum samkvæmt, ber að leggja nýja hafnaáætlun fyrir á hausti komanda. Eins og lög standa til hefur verið rétt staðið að þessu.

Ég vil í annan stað segja að ekki er rétt hjá hv. þm., og er ekki um það að fást og ekkert við því að segja þó honum sé það ekki kunnugt, að möguleikar á að leggja einhvers konar járnbraut milli Keflavíkur og Reykjavíkur hafa verið ræddir erlendis bæði af vegamálastjóra og flugmálastjóra óformlega og kannski formlega — ég veit það ekki — við menn sem hafa sem hafa reynslu í þessum efnum. Ég er algjörlega sammála hv. þm. um að ég tel rétt að samgn. kalli til sín þessa embættismenn og fái fram hugmyndir þeirra um hvort það sé raunhæft, t.d. að ráðast í einhverjar þær framkvæmdir sem sýndu að hagkvæmt væri eða mögulegt fyrir okkur Íslendinga að nýta okkur innlenda orkugjafa í almenningssamgöngum. Ég er síður en svo á móti því. En þær upplýsingar sem ég hef fengið um þau efni hafa ekki bent til að svo hafi verið.

[14:35]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Herra forseti. Fyrst þetta með innlendu orkugjafana. Einhver óformleg samtöl vegamálastjóra og flugmálastjóra, líklega við einhverja menn erlendis. Það eru öll svörin sem við fáum. Er það boðlegt, hæstv. forseti, að ráðherra, sem mælir fyrir tólf ára áætlun í vegamálum, komi og fræði okkur á því að það hafi ekki verið litið á það í alvöru hvort möguleiki væri á því að nýta innlenda orkugjafa í samgöngum á landi í staðinn fyrir mjög kostnaðarsamar framkvæmdir sem sama áætlun er að fjalla um, og vísa ég þar m.a. til Reykjanesbrautar, á þriðja milljarð kr. sem er verið að tala um leggja þar í tvöföldun á þeirri akbraut. Þetta gengur ekki upp og ég hvet hæstv. samgrh. til að bæta ráð sitt við fyrstu hentugleika.

Síðan kemur þetta með þessa þrífasa áætlunargerð, hafnir, flug og vegir. Gallinn við þá áætlanagerð, sem vel kann að vera að sé unnin samkvæmt lögum, ég ætla ekki að fullyrða neitt annað en það sé farið að lögum í þeim efnum en það eru bara einfasa vinnubrögð hverju sinni. Það er bara litið á eitt hverju sinni, hafnaáætlun út af fyrir sig, vegáætlun út af fyrir sig og flugið út af fyrir sig, og allar samtengingar vantar í dæmið. Það er þar sem þessi einfösun liggur, þessi einfeldningslega framsetning á framkvæmdum sem taka stórfé og skipta sköpum í sambandi við slagæðar í þjóðlífi okkar að séu samræmdar, auðvitað með hagkvæmni í huga, og jafnframt með það í huga að við nýtum okkar eigin orkulindir sem best til þess að knýja farartækin.

[14:37]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Til umræðu er vegáætlun ásamt langtímaáætlun til tólf ára. Það sem telst til nýmæla er að í langtímaáætluninni er fólgin stefnubreyting varðandi markmið og skiptingu í vegamálum. Vonandi fær langtímaáætlunin afgreiðslu á Alþingi nú en síðasta langtímaáætlun fékk ekki afgreiðslu sem ályktun þingsins. Stefnubreytingin hefur verið rakin hér, að það er sett það markmið að tengja þéttbýliskjarna með 200 íbúa og fleiri við hringveginn eins og það er kallað. Þetta felur í sér nýja skiptingu og að hin gamla kjördæmaskipting er þá lögð til hliðar.

Hvað varðar Austurland er að mínum dómi ekki eftirsjá fyrir okkur að gömlu skiptingunni. Eftir að hún hefur verið notuð um alllangt árabil stöndum við mjög illa í vegamálum svo vægt sé að orði komist. Þar eru eftir mjög mikil verkefni eins og hægt er að komast að raun um ef gluggað er í þann verkefnalista sem fylgir áætluninni. Ef fram gengur hefur áætlunin í för með sér miklar framfarir fyrir Austur- og Norðausturland í almennri vegagerð með einstöku undantekningum sem ég kem nánar að á eftir.

Þörf er á því að endurskoða vegáætlun og endurskoða markmiðin og einnig að endurskoða verkefnin í takt við breytta tíma. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hafa orðið gífurlegar breytingar í umferð á vegum á undanförnum árum, þungaflutningar hafa færst upp á land í auknum mæli og gámaflutningar eru gífurlegir hvort sem þeir eru um fjallvegi eða láglendi. Umferðarmannvirkin þola ekki umferðina. Vegir voru gjarnan lagðir eftir landinu í sparnaðarskyni, ef svo má að orði komast, þar sem umferð var ekki mjög mikil, brýr eru einbreiðar og þola ekki þann þunga sem nýtískuflutningatæki bjóða upp á núna. Eðlilega koma ný verkefni inn í langtímaáætlunina, t.d. í endurbyggingu brúa sem kosta mjög mikla fjármuni.

Þegar farið er yfir langtímaáætlun í vegamálum sem á að gilda til tólf ára vekur það mest umtal sem ekki er í áætluninni. Það er ekki þar fyrir að ég vil minnast á nokkur atriði sem rétt væri að taka til sérstakrar skoðunar í samgn. sem fær frv. til meðferðar að lokinni 1. umr.

Talað er um að tengja þéttbýlisstaði við hringveginn eins og það er kallað. En það er ekki reiknað með því að klára hringveginn á þessum tólf árum. Vegurinn um Breiðdalsheiði tilheyrir þjóðvegi 1, sem hefur til þessa verið kallaður hringvegur. Mér er kunnugt um að reiknað er með því að fara leiðina með fjörðum og klára hana. Það er mikið fagnaðarefni því að þar eru mjög erfiðir farartálmar en eigi að síður er erfitt að skiljast við þessa áætlun án þess að lokið sé við veginn frá Egilsstöðum til Breiðdals um Breiðdalsheiði eða fundin leið innan ramma áætlunarinnar til þess að ljúka við hann á þessum tíma.

Hér hafa spunnist umræður um jarðgangamál. Ég vil aðeins taka fram við 1. umr. örfá atriði í því efni til að undirstrika það sem gert hefur verið á þeim vettvangi. Á Austurlandi hafa um langan tíma verið umræður og undirbúningur undir ákvarðanatöku um jarðgangagerð. Sérstök

nefnd hefur skilað skýrslu um þau mál, velt upp ákveðnum kostum þar sem lögð voru til Austfjarðagöng og þar sem lögð var til ákveðin leið, þ.e. að tengja Norðfjörð, Seyðisfjörð aðalvegakerfinu með jarðgöngum um Mjóafjörð. Sú skýrsla liggur fyrir. Þessir kostir hafa verið skoðaðir á Austurlandi um nokkurt skeið og vissulega hefur sýnst sitt hverjum, ég neita því ekki, og skoðanir hafa verið skiptar um forgangsröðun í málinu. Hins vegar er ljóst að algjör samstaða er um að hlíta þeirri niðurstöðu sem sveitarstjórnarmenn og alþingismenn setja í forgang í þessu efni. Ég hef enga trú, og tek undir með 4. þm. Austurl. í því efni, að það verði til trafala varðandi jarðgangagerð.

Hins vegar er það rétt að ekki er gert ráð fyrir jarðgöngum í þessu plaggi nema tiltölulega takmörkuðu fjármagni til rannsókna. Það breytir því ekki að við höldum að sjálfsögðu undirbúningnum áfram á Austurlandi og komumst að niðurstöðu um hvar eigi að byrja, þrengjum hringinn, til þess að það sé hægt að beina rannsóknum að ákveðnum kosti og undirbúa hvar eigi að byrja. Ég lít svo á að Alþingi hafi sagt sitt álit í þessu efni og ég trúi ekki að farið verði að hverfa frá þeirri röð.

Í síðustu langtímaáætlun, þó að hún hlyti ekki endanlega afgreiðslu, er staðfest að vilji þingsins var þá að Austfjarðagöng yrðu tekin á öðru og þriðja tímabili þeirrar áætlunar. Það liggur fyrir í þingskjölum. Ég tel því að Alþingi hljóti að taka mið af sínum fyrri verkum í þessu efni og þeim umræðum sem þar hafa verið, því að þessi jarðgangaferill nær allt til ársins 1987, svo ekki sé farið lengra aftur, þegar framkvæmdir voru hafnar við Ólafsfjarðarmúla og göng þar. Var samkomulag um að Vestfirðingar kæmu næst og síðan var uppi sú almenna skoðun að Austfjarðagöng kæmu þar á eftir. Ég lýsi yfir vilja mínum til að vinna í þeim málum og undirbúa ákvarðanatöku um jarðgöng því að ég tel að þrátt fyrir þessa áætlun eigi það ekki að hafa áhrif á þá undirbúningsvinnu, og vinna verði að því að fá ákvörðun um jarðgangagerð. En aðstæður m.a. á Austurlandi geta leitt til þess að fara verði yfir þetta mál upp á nýtt og fá fram ákvörðun í því máli en ég lýsi því yfir að ég tel að við þingmenn Austurlands eigum að halda okkar striki varðandi þetta mál.

Það var einkum þetta tvennt sem ég vildi koma á framfæri um málefni kjördæmisins. Ég tel að þó að Hvalfjarðargöng hafi verið tekin inn á milli, ef svo má segja, sé það algerlega sérákvörðun. Það voru sérlög frá Alþingi. Það var framkvæmd sem var utan við Vegasjóð og fjármögnuð með veggjaldi og lántökum. Ég tel því að það eigi ekki að hafa áhrif á þá hugsanlegu framkvæmdaröð sem yrði í jarðgangagerð.

Nefna mætti fleiri atriði sem þyrfti að huga að og vafalaust verður hugað að þeim, því áætlunin er til endurskoðunar á fjögurra ára fresti hvað verkefni snertir. Ekki er gert ráð fyrir nýrri tengingu um Hornafjarðarfljót, svo dæmi séu nefnd, í þessari langtímaáætlun. Það er mál sem hefur verið til umræðu á heimavettvangi og væri full ástæða fyrir samgn. að rýna í það mál. Það er ábending frá minni hálfu og mætti lengi telja. Ég efast ekki um að ábendingar eru nægar í þessu efni.

Ég vil ljúka máli mínu með því, enda er tími minn búinn, að hvetja til þess að áætlanirnar hljóti vandaða umræðu, sem ég efast ekkert um, og verði samþykktar sem ályktun Alþingis fyrir vorið.

[14:49]

**Útbýting þingskjals:**

Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, 407. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 728.

[14:49]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við hv. þm. Jón Kristjánsson höfum átt ágætt samstarf í sambandi við vegamál í kjördæminu eins og gildir með fáum undantekningum um þingmenn Austurlands og miðað við þann fjárlagaramma sem hefur verið við að fást hverju sinni sem ríkisstjórn hefur markað eins og við þekkjum. Út af fyrir sig sýnist mér sú aðferð sem hér er upp tekin, sem er kannski ekki mjög auðveld til samanburðar, vera heldur til bóta hvað varðar hinar almennu framkvæmdir sem blasa við í kjördæmi okkar.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að auðvitað hljótum við þingmenn Austurlands sem aðrir að hugsa til jarðgangagerðar þó ekki sé bjartara yfir þeim málum en raun ber vitni og ekki ætla ég að skorast undan því að eiga hlut að því máli. En er ekki heldur dapurlegt að standa hér árið 1998, og miðað við þær áætlanir sem liggja fyrir væri það fyrst eftir 2010, að 12 árum liðnum, og miðað við þá bjartsýni yrði byrjað fljótlega á framkvæmdum eftir að því langtímaáætlunartímabili lyki? Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir vilja hv. þm. í þessum efnum en Framsfl. er núna aðili að ríkisstjórn með Sjálfstfl. og hefur skrifað upp á þá áætlunargerð. Ég tel það vera undrunarefni að jarðgangaframkvæmdir skuli lagðar til hliðar á þann hátt sem hér blasir við. Og þó að menn séu að nefna eitthvað hugsanlega og ef o.s.frv. í því sambandi, þá er þetta það sem við lesum úr þeim plöggum.

[14:52]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að taka undir það að við hv. 4. þm. Austurl. höfum átt ágætt samstarf um vegamál á Austurlandi og reyndar allur þingmannahópurinn. Um það hvort mér finnist þessi áætlun vera dapurleg eða ekki þá get ég tekið undir það að vissulega hefði ég viljað sjá áætlun um jarðgöng á næstu tólf árum. Það er alveg ljóst. Hins vegar er því ekki að neita að verkefnin í almennri vegagerð eru mjög mikil og þar á meðal hjá okkur. Þau hafa verið tekin í þessa áætlun í meira mæli en áður var og það er jákvætt. En ég vona svo sannarlega að þannig ári á næsta tólf ára tímabili að lag sé til að taka sértæka ákvörðun um jarðgöng. Ég ætla ekki að gefa neinar yfirlýsingar um hvenær ég tel að slíkt gerist. Það væri ekki ábyrg yfirlýsing af minni hálfu en ég vona að okkur takist að stýra efnahagsmálum okkar þannig að við getum aukið í að þessu leyti. Ég tel þá að ef menn vilja auka í væru jarðgöng í forgangi. Hins vegar hefur það verið svo, því miður, að ríkisfjármálum hefur verið þannig háttað á undanförnum árum að áætlanir hafa ekki staðist en vonandi verður þar breyting á.

[14:54]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki var mikill sannfæringarkrafturinn hjá hv. 2. þm. Austurl. að það hlaupi á snærið í sambandi við jarðgangaframkvæmdir þó að úr raknaði. Ég deili þeim áhyggjum sem komu óbeint fram í máli hv. þm. að það þurfi nokkuð til.

Tilhneigingin hefur verið sú að ýta svona stóru verkefni til hliðar og það var það sem farsællega var gert 1988 að breyta þessu og ákvarða að ráðist yrði í kostnaðarsamar

framkvæmdir. Vestfirðir urðu þá fyrir valinu með stuðningi Austfirðinga. Þetta gerist ekki nema með mjög mikilli ákveðni að sjálfsögðu, pólitískri ákveðni, að taka inn mál af þessum toga og því þarf sú stefna að vera uppi að jarðgangagerð sé fastur liður í vegaframkvæmdum hverju sinni og það er af nógu að taka af verkefnum. Það er langfarsællegast að ganga þannig til verka en ekki að ýta þessu frá eins og hér er gert.

Hæstv. samgrh. er lagstur í sýslulýsingar. Ég ætlaði að spyrja ráðherrann um safnvegina en það verður að bíða betri tími og ekki færi á því undir andsvari af þessum toga.

[14:56]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. þykir vanta sannfæringu í orð mín. Ég vil ganga að þessum málum með fullu raunsæi. Við höfum sett upp áætlun sem er nokkuð metnaðarfull en hins vegar vona ég, eins og ég sagði áðan, að okkur takist að stýra efnahagsmálum okkar þannig að það ári til þess að leggja meira fjármagn til vegagerðar og þá tel ég að framkvæmdir í jarðgangamálum eigi að hafa forgang. Það getur einnig komið til þess að stækka þurfi atvinnusvæði, rjúfa einangrun og einhverjar aðstæður kalli á það. Þá tel ég að ráðast eigi í það. Það skiptir t.d. máli hvort af áformum verður um stórfellda uppbyggingu í atvinnumálum á Mið-Austurlandi. Það gerbreytir þessari aðstöðu. (**HG:** Hefur þingmaðurinn trú á því?)

[14:57]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu annars vegar till. til þál. um langtímaáætlun og hins vegar vegáætlun fyrir árin 1998–2002. Það eru vissulega ánægjuleg tíðindi og gott tilefni til að fá tækifæri til að ræða vegamál og fjalla um langtímaáætlun. Það hefur vissulega skort nokkuð á að við reyndum að horfa til lengri tíma hvað varðar framkvæmdir í samgöngumálum en með því að leggja fram langtímaáætlun í vegagerð er komið til móts við þau sjónarmið.

Áætlun um vegagerð er vissulega áætlun um tiltekna byggðaþróun. Ég lít á viðfangsefnið þeim augum því bættar samgöngur auðvelda skipulag allrar þjónustu samfélagsins. Bættar samgöngur lækka kostnað við flutninga á milli landshluta og gera fyrirtækin vítt og breitt um landið samkeppnisfærari til að sinna þjónustu. Bættar samgöngur lækka vöruverðið og eru þess vegna mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir landsmenn alla og ekki síst þá sem þurfa að kaupa vöru sem flutt hefur verið af höfuðborgarsvæðinu út um landið. Eins og allir vita er langmest af því sem flutt er inn til landsins af þjónustu og vöru og selt út um landið selt héðan af höfuðborgarsvæðinu.

Auk þess bæta vegasamgöngur möguleika okkar til að efla ferðaþjónustuna og gera þá atvinnugrein fýsilegri kost til atvinnuuppbyggingar.

En allt sem gera þarf í vegamálum eins og öðru þarf fjármuni og þessari tillögu fylgir áætlun um tekjuöflun. Gert er ráð fyrir að verulegir fjármunir gangi til vegaframkvæmda og á þessu ári séu tekjur til vegaframkvæmda ríflega 7,5 milljarðar en hækki síðan á hinu fjögurra ára áætlunartímabili upp í tæplega 9 milljarða.

Það hefur verið gagnrýnt nokkuð gegnum tíðina að ekki skuli allir fjármunir sem innheimtir eru af umferðinni ganga til vegaframkvæmda. Sú gagnrýni er eðlileg en við höfum hins vegar staðið frammi fyrir því að þurfa að skerða markaða tekjustofna, nýta þá fjármuni til annars svo sem til heilbrigðismála eða mennta- og menningarmála. Við höfum því ekki náð að setja alla þá fjármuni í vegaframkvæmdir sem e.t.v. hefði þurft að gera. Hins vegar er það eðlilegt viðfangsefni og eðlilegt umfjöllunarefni að taka afstöðu til þess hversu miklir fjármunir fari til vegagerðar. Niðurstaðan er sú sem hér birtist og ég geri engar athugasemdir við hana í ljósi stöðu ríkisfjármála þrátt fyrir mikinn bata í þeim.

Samgöngunefnd fær tillögurnar til umfjöllunar og hlýtur þá að líta á þessa vegáætlun og langtímaáætlunina í ljósi annarra samgönguáætlana. Við hljótum að verða að meta nauðsyn framkvæmda í vegagerð út frá stöðunni í siglingum, uppbyggingu hafnarmannvirkja og þróun þeirrar þjónustu sem veitt er með strandsiglingum. Eins hljótum við að líta á þörfina fyrir uppbyggingu vegakerfisins í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið á undanförnum árum í flugsamgöngum. Það er ástæða til að hvetja hv. samgn. til að skoða vegaáætlun í þessu ljósi.

Hér liggur fyrir áætlun um framkvæmdir allt fram til ársins 2010 og tillögur um tilteknar framkvæmdir. Sú veigamikla breyting hefur hér orðið á vinnubrögðum að þingmenn koma ekki eins að tillögugerðinni, skiptingu milli einstakra framkvæmdaáfanga, eins og áður hefur verið. Ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh., sem mælir fyrir þessari tillögu og hefur kynnt hana, hún hefur verið rædd í þingflokkum stjórnarflokkanna og áður í ríkisstjórn, hafi komið að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti. Hins vegar er ljóst að Vegagerðin hefur lagt meginlínurnar. Mér sýnist svo vera og sakna þess að hafa ekki haft tækifæri til að koma fyrr að þessu verki en raun ber vitni. Mér þykir síðra að hafa tillöguna fyrirliggjandi án þess að geta rönd við reist nema þá í gegnum störf samgn. Ég vil að hæstv. samgrh. heyri að ég hefði viljað fá tækifæri til að koma að þeirri vinnu eins og eðlilegt er að þingmenn kjördæma fái. En nóg um það. Þessi leið er valin og við þurfum að fjalla um hana.

Þegar við lítum á vegáætlunina sjáum við að mikil áhersla er lögð á viðhald og þjónustu í sambandi við vegakerfið. Kostnaður við almenna þjónustu er mikill. Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir að setja 4 milljarða í almenna þjónustu og 6,3 milljarða í viðhald vega. Þetta eru miklar fjárhæðir en sýna okkur vel hversu umfangsmikið verkefnið er.

Eins og við er að búast vil ég fara nokkrum orðum um það sem snýr að mínu kjördæmi, Vesturlandskjördæmi. Þar hafa orðið heilmiklar framfarir við vegaframkvæmdir á umliðnum árum. Við höfum náð stórum áföngum þó margt sé ógert enn. Í því sambandi vek ég athygli á því sem ég sagði fyrr að það hafa orðið heilmiklar breytingar á Vesturlandi vegna þess að flugsamgöngur hafa nánast lagst af og siglingar til hafna á Vesturlandi tekið miklum breytingum. Nánast allir flutningar sjávarafurða fara landveg þannig að áherslan á uppbyggingu vegakerfisins er enn mikilvægari en áður ef litið er til þeirrar hliðar. Flutningar á sjávarafurðum um vegakerfið valda miklu álagi á vegina sem ekki eru alls staðar mjög burðugir og í því ljósi þarf að meta aðstæðurnar.

Eins og fram kemur í áætluninni eru helstu verkefnin þau — ég tel ástæðu til að nefna þau hér því hér er um mikilvæg framkvæmdaáform að ræða — að gert er ráð fyrir að ljúka tengingu við Hvalfjarðargöngin sem eru mikilvæg samgöngubót og munu gjörbreyta samgöngum á Vestur- og Suðvesturlandi. Stefnt er að því að byggja upp hluta af veginum í Norðurárdal þar sem hann fullnægir ekki þeim

kröfum sem gera þarf um þjóðveg 1. Gert er ráð fyrir að byggja upp veginn um Bröttubrekku, Vestfjarðaveginn og Svínadal. Byggja á nýjan veg um svokalla Vatnaheiði sem tengir Snæfellsnesið, suður- og norðursvæðið í stað Kerlingarskarðs. Auk þessa er gert ráð fyrir vegi um Kolgrafarfjörð og gert ráð fyrir framkvæmdum við breikkun brúa. Allt eru þetta mikilvægir áfangar en engu að síður hlýt ég að nefna atriði sem ekki er tekin afstaða til. Tímans vegna verð ég að segja frá því í stuttu máli.

Fyrst vil ég nefna að ég tel einsýnt að leita þurfi leiða til að lengja endurgreiðslutímabilið vegna fjármögnunar tenginga við Hvalfjarðargöngin. Það er nauðsynlegt að líta til þess og vil ég því nefna það sérstaklega vegna framkvæmda sem nauðsynlegt er að hraða.

Í þessari áætlun er ekki tekið á vandamálinu við uppbyggingu vegar um Fróðárheiði og Borgarfjarðarbrautarinnar sem eru mjög mikilvægir hlekkir í samgöngukerfinu. Á Snæfellsnesinu er hins vegar tekið á uppbyggingu vegar um Vatnaheiðina en í mínum huga er nýr vegur um Vatnaheiði og varanleg lausn á samgöngum í Kolgrafarfirði nátengd atriði og nauðsynlegt að líta á þau í samhengi. Ég hefði því kosið að í þessari áætlun væri gert ráð fyrir að fara yfir Kolgrafarfjörð en ekki fyrir hann.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, nefna að safnvegir mjög víða eiga mjög langt í land, ekki aðeins á Vesturlandi heldur um landið allt. Ég tel mjög nauðsynlegt að samgn. líti til þess að tryggja þarf framkvæmdir og uppbyggingu safnvegakerfisins ekki síður en aðra þætti vegakerfisins.

[15:10]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Þær áætlanir sem ræddar eru hér í dag, önnur til ársins 2002 og hin langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin frá 1999–2010 — það má, herra forseti, deila um metnað eða metnaðarleysi í framsetningu þessara áætlana. Ég tel þó gott að fá tækifæri til að ræða vegagerð til lengri tíma á hinu háa Alþingi þannig að menn geti gagnrýnt fyrirætlanir og lagt fram rök með og á móti framkvæmdum, hvernig þeim er raðað og hve mikil áhersla á þær lögð.

Ég gagnrýni að ekki skuli gert ráð fyrir jarðgangagerð á áætlunartíma til ársins 2010. Þó hér sé um áætlun að ræða mun engin sátt verða nema jarðgöng verði gerð á ákveðnum samgönguleiðum á þessu tímabili. Ég nefni t.d. kröfu Siglfirðinga, Ólafsfirðinga og Dalvíkinga um jarðgöng um Héðinsfjörð og þær kröfur sem Austfirðingar hafa lagt fram. Auðvitað þarf að gera mun nákvæmari úttektir á möguleikum annars staðar á landinu með hagkvæmni, öryggi og úrbætur í vegamálum fyrir augum. Jarðgangagerð, herra forseti, er komin til að vera sem möguleiki í vegagerð og á næstu árum verður tekist á um þau mál. Allir landshlutar munu setja fram kröfur þar að lútandi. Þá er spurning aðeins um forgangsröðun og ég segi við hæstv. samgrh.: Hvað sem öllum áætlunum líður og umræður um þær þá munu menn þegar tíminn kemur knýja fram jarðgangagerð hvað sem tautar og raular. Hæstv. ráðherra veit að sjálfsögðu að það er rétt.

Ég vil gjarnan víkja örlítið að Vesturlandskjördæmi og segja að milli þingmanna, sveitarstjórnarmanna, og viðkomandi aðila er nokkuð góð sátt um vinnubrögð og hvernig raða skuli verkefnum. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að tengja byggðirnar, tryggja samgöngur innan byggðarlaga og samgöngur sem eru boðlegar sameinuðum sveitarfélögum. Þarna er um að ræða öryggismál, atvinnumál og jafnréttiskröfu á við aðra landsmenn. Ég minni á að vegurinn um Fróðárheiði á Snæfellsnesi er í Snæfellsbæ, sameinuðu sveitarfélagi, og vegurinn um sunnanvert Snæfellsnes er í sameinuðu sveitarfélagi. Ég efast um að nokkurs staðar innan sveitarfélags á Íslandi séu óóruggari leiðir eða verri en þær sem hér um ræðir. Vegurinn milli Ólafsvíkur í Snæfellsbæ til Grundarfjarðar og vegurinn frá Grundarfirði í Stykkishólm er á köflum óþolandi. Enn fremur er vegurinn um Skógarströnd í Dali, það er ágætt fyrir hæstv. samgrh. að heyra, stundum nefndur fóstureyðingabrautin vegna þess hve slæmur hann er yfirferðar og í raun má segja hið sama um veginn um Svínadal í Gilsfjörð og einnig um Bröttubrekku sem er hluti af Vestfjarðavegi.

Ýmsar aðgerðir við brýr, við verstu snjóastaði og aðra tálma, þola að mínu mati enga bið. Ég gæti um leið nefnt þá hörmung sem vegurinn um Kerlingarskarð er.

Klæðning veganna og uppbygging er gífurlega brýn. Þó svo að menn séu að ræða um nýja leið sem heitir Vatnaheiði verða menn að gera töluvert miklar aðgerðir á þeim leiðum sem ég hef nefnt til að samgöngur séu boðlegar fyrir fyrirtækin sem þurfa að koma vörum að og frá og íbúana sem þurfa að fá til sín vörur og koma frá sér framleiðslunni.

Ég tel að ýmsar lagfæringar á hringvegi og á tengivegum milli byggða hafi forgang. Þá á ég við slitlagsgerð og breikkun brúa en þau verkefni verður að ráðast í strax því að þar er um öryggismál að ræða sem varða líf og heilsu vegfarenda um Ísland og þyrfti að fara fram sérstök úttekt vegna þessa.

Herra forseti. Ekki er tími til að ræða nákvæmlega einstök atriði víða um land. Þó get ég ekki látið hjá líða að nefna Borgarfjarðarbraut sem deilur hafa staðið um í þrjú ár hvort leggja eigi veg þar um gróin tún á einu af myndarlegri býlum landsins eða um svæði sem er vegtæknilega fyllilega jafngott ef ekki betra. Ég vona að slík saga sé einstök og menn læri af því hvernig á ekki að standa að undirbúningi vegagerðar. Þeirri deilu verður að ljúka. Hún er til vansa fyrir alla sem hafa ætlað að beita valdi til að koma vilja sínum fram varðandi vegstæði á svæðinu frá ánni Flóku að Kleppjárnsreykjum.

Herra forseti. Ég minni á að mér finnst koma fram metnaðarleysi í vegáætlun til margra ára þegar menn segja ekkert um hálendisvegi, ekkert um möguleika til að stytta leiðir milli landshluta svo tugum kílómetra skiptir og e.t.v. yfir 100 km og þar er ég að ræða um vegi um hálendi. Ég bendi mönnum á að í bók Trausta Valssonar skipulagsfræðings og Birgis Jónssonar, verkfræðings og jarðfræðings, er kafli um möguleika og óathuguð mál um vegagerð um hálendi Íslands sem er ástæða til að séu gaumgæfð alvarlega og tengist það mjög þjóðlendu- og skipulagsmálum hálendis sem deilur standa um.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og nefna það aðeins að hv. formaður samgn. átti í upphafi ræðu sinnar þau orð að lítill áhugi væri á umræðum um samgöngumál á hæstv. Alþingi. Ég vil þó nefna að enda þótt aðeins séu sjáanlegir sex þingmenn í salnum er 15 þingmönnum fleira sem taka þátt í umræðu um vegáætlun en tóku þátt í umræðu um fjárlög. Þó er vegáætlun aðeins lítið brot af því sem við þurfum að fjalla um. Ég tel að það sé mikill áhugi, ekki eingöngu hjá landsbyggðarmönnum heldur og hjá þeim sem búa á þéttbýlisstöðunum á suðvesturhorninu á þessum málum, og er það vel.

Herra forseti. Ég nefndi áðan bók Trausta Valssonar skipulagsfræðings og Birgis Jónssonar sem heitir Ísland hið

nýja og þar vil ég fá að vitna í nokkur atriði, með leyfi forseta. Þar segir:

„Hugmyndir um vegi. Í engum öðrum málaflokki er jafnbagaleg vöntun á stefnu af hálfu stjórnvalda og í samgöngu- og vegamálum þegar kemur að því að ákveða hvaða stöðu miðhálendið á að hafa í heildarvirkni landsins í framtíðinni. Hér er alvarlegt mál á ferðinni. Sú ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að vegir á miðhálendinu eigi ekki að verða hluti af almennu vegakerfi landsins heldur aðeins fjallvegir, hugsaðir fyrir sumarnotkun, útilokar í raun, ef hún verður staðfest af umhvrh., að nokkurn tíma í fyrirsjáanlegri framtíð geti kjörin stjórnvöld landsins mótað þá stefnu að almennir vegir verði lagðir yfir hálendið, vegir sem geta stytt vegalengdir milli byggðarlaga mestan hluta ársins. Þessir vegir gætu einnig bætt þá flutningsþjónustu sem nú tengist með sjó og minnkað þörf fólks fyrir að ferðast með dýru flugi. Í þessu dæmi verður vöntun á landsskipulagsstigi sem getur lagt línurnar, t.d. að því er varðar vegakerfi landsins í heild og mjög augsýnileg."

Herra forseti. Sú athugasemd sem felst í þessari umsögn er svo mikilvæg að ég tel að hv. samgn. verði að taka hana til skoðunar. Það hlýtur að liggja í valdi hæstv. samgrh. að taka þessar athugasemdir og skoða þær hvort ekki sé ástæða til að tengja þetta langtímaáætlun í vegagerð. Það er ótrúlegt ef við erum að útiloka með frv. um þjóðlendur möguleika til vegagerðar á hálendinu. Það getur ekki verið meining manna. Enn má ég til, herra forseti, að vitna til þessarar bókar:

„Það er landlæg sú tilfinning að vetrarumferð um miðhálendið sé mun erfiðari en yfir aðra fjallvegi eins og t.d. Möðrudalsöræfi og Öxnadalsheiði sem báðar eru á hringveginum. Þetta eru ýkjur sem ekki má gera að forsendu þegar verið er að skipuleggja framtíðarvegakerfi landsins. Það þarf að byggja að sjálfsögðu þjónustustöðvar á miðhálendinu vegna vetrarumferðar þar vegna þess að það er lengra á milli byggða þar en á öðrum fjallvegum."

Þessi atriði ítreka ég enn að fyllsta ástæða er til að taka til skoðunar og ekki er minnst á einu orði í langtímavegáætlun. Þar tel ég, herra forseti, að komi fram metnaðarleysi. Ég hygg að það sé bara að óathuguðu máli frekar en það sem ég sagði.

Hér segir enn fremur: „Sú ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að halda vegaframkvæmdum á hálendi í lágmarki og að uppbygging vegakerfis taki fyrst og fremst mið af sumarumferð þýðir ekki annað en það að nefndin sem hér er um að ræða er að taka sér það vald í framtíðarstefnumótun í samgöngumálum landsins sem ætti að vera hjá ríkisvaldinu."

Það eru þessi atriði, hæstv. samgrh., sem ég vil benda á og óska eftir að verði tekin til skoðunar áður en sú vegáætlun sem fyrir liggur verður endanlega samþykkt.

[15:22]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru einkum tvö atriði sem mig langar til að gera að umræðuefni. Annars vegar er laukrétt hjá hv. þm. að það væri gaman að geta gert meira í vegamálum. Ég man á hinn bóginn ekki eftir því frá síðasta kjörtímabili að flokkur hans hafi verið áhugasamari en Sjálfstfl. um vegagerð og allra síst þegar kom inn fyrir Elliðaár.

Hugmyndin um hálendisveg hefur oft verið rædd mjög ítarlega. M.a. var það í lok síðasta áratugar, frekar en árið 1990, sem ráðstefna var haldin í Mývatnssveit einmitt um möguleika þess að leggja veg yfir Sprengisand og þá í tengslum við það ef kæmi til þess að leggja háspennulínu suður sandinn. Var þá gert ráð fyrir því að reyna að nýta fjármagn svo að kæmi að notum við vegagerð, bæði vegna línulagnar og eins vegna þjóðvegarins sem yrði þá norður í Bárðardal.

Vegalanging af þessu tagi er auðvitað mjög dýr, kannski 2 milljarðar, og mikið hagsmunamál fyrir Norðlendinga og Sunnlendinga ef slíkur vegur yrði lagður. En því miður höfum við enn ekki fullnægt frumþörfunum. Því miður er ekki enn svo komið að búið sé að leggja sómasamlegan veg yfir Snæfellsnesfjallgarð né um Bröttubrekku þannig að maður mundi kannski halda að þingmanni Vesturlands þætti liggja meira á ýmsu öðru en að leggja allan metnað sinn í hálendisvegi.

[15:24]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti von á öðru frá hæstv. samgrh. en að hann reyndi að snúa út úr þeim orðum sem ég viðhafði um hvað er að gerast varðandi framtíðarsýnina um hálendið, þ.e. með þjóðlendufrv. er verið að útiloka framtíðarvegagerð ef rétt er farið með úr þeirri bók sem ég vitnaði hér til, Ísland hið nýja, eftir Trausta Valsson og Birgi Jónsson. Ég ræddi ekki nokkurn skapaðan hlut um að það ætti að fara í þessa vegagerð á undan annarri heldur er ég að benda hæstv. samgrh. á að verið er að útiloka möguleikana til framhalds með þeirri aðgerð sem felst í þjóðlendufrv. og því er tekið eins og að sá sem hér stendur hafi ekki áhuga á að klára þau mál sem ég rakti upp í máli mínu sem lýtur að samgöngum á Snæfellsnesi og annars staðar á Vesturlandi. Ég legg áherslu á, eins og kom fram í ræðu minni, að áherslumálin eru eins og ég dró þau fram. Ætlar hæstv. ráðherra að segja að Alþfl. hafi ekki haft áhuga á vegagerð? Ætlar hæstv. ráðherra að segja að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi ekki haft áhuga á vegagerð? Ætlar hæstv. ráðherra að segja mér að hv. fyrrv. þm., núv. sendiherra, Eiður Guðnason, hafi ekki haft áhuga á vegagerð um Vesturland? Þvílíkt bull. Hverjir stóðu að sérstöku átaksverkefni um vegagerð á síðasta kjörtímabili ef það voru ekki Alþfl. og þá Sjálfstfl. saman? Ætli það hafi ekki þurft að nugga hæstv. samgrh. til þess að fara í a.m.k. sumar þær framkvæmdir?

[15:26]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að það komi fram þá skal ég ekki segja hvort samstarf á milli Landsvirkjunar og Vegagerðar hafi hafist á þessum árum 1989–1991 um að reyna að glöggva sig á því hvað það kostaði og hvar rétt væri að leggja veg yfir Sprengisand sem yrði fyrsti hálendisvegur sem lagður yrði. Þetta samstarf var formlegt og vel skipulagt á sínum tíma og raunar er enn unnið að því þannig að það er ekki rétt að slík vinna liggi niðri. Hitt er augljóst að það er of snemmt að setja slíkan veg í umhverfismat eða hanna hann því að við sjáum ekki fram á að við eigum aflögu 2 milljarða kr. í veg af því tagi en ég ítreka að slíkur vegur er náttúrlega mjög þýðingarmikill bæði fyrir Sunnlendinga, Austfirðinga og Norðlendinga, hvort sem við erum að tala um vegna beinna viðskipta og samskipta milli Norður- og Suðurlands eða að velta fyrir okkur nýjum möguleikum í ferðaþjónustu.

[15:28]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kunni betur við tóninn í hæstv. samgrh. núna í stað þess bera það á mig að ég vilji ekki fullnægja frumþörfunum fyrst áður en kemur að þeim málum sem ég

var að gera að umræðuefni. Ég vildi benda hæstv. samgrh. á að með þeim frumvörpum sem eru að koma inn á Alþingi er verið að útiloka ákveðna möguleika. Ég bendi hæstv. ráðherra á bókina Ísland hið nýja eftir Trausta Valsson og Birgi Jónsson þar sem fjallað er sérstaklega um vegagerð og vegagerðarmál og fari ég með rangt mál eftir þeirri bók má leiðrétta það. En ég spyr og bið hæstv. ráðherra að svara því: Er það þá rangt sem sett er þar fram að með þessum svæðisskipulagstillögum sé verið að útiloka vegagerð að vissu marki á hálendinu í framtíðinni? Við erum sammála hæstv. ráðherra um að það beri að fullnægja frumþörfum í vegagerð, það beri að lagfæra brýr og vegi á hringveginum þannig að það verði boðlegt með tilliti til öryggis umferðar. Síðan tel ég að samgöngur beri að tryggja innan sveitarfélaga og bendi þá sérstaklega á Snæfellsbæ í mínu kjördæmi þar sem hefur í rauninni verið lofað að gera úrbætur langt umfram það sem nú er, herra forseti.

[15:30]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Í dag ræðum við þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og einnig langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010, eða alls í um 12 ár. Ég tel að þessar áætlanir séu spor í rétta átt og að hér sé á vissan hátt um ákveðna stefnubreytingu að ræða varðandi áætlanagerð í vegamálum. Það er nauðsynlegt fyrir þingmenn og aðra þegna þessarar þjóðar að fá nokkurs konar heildarmynd af því hvernig vegakerfið kemur til með að líta út í framtíðinni vegna þess að við þurfum að horfa inn í framtíðina hvað samgöngur snertir. Samgöngur eru mjög stór þáttur í allri byggðaþróun og hafa mjög mikil áhrif á byggðamunstur á Íslandi.

Þessi missirin er mjög mikið talað um sameiningu sveitarfélaga og greiðar samgöngur eru stór þáttur í því að mögulegt sé að sameina sveitarfélög, sameina atvinnusvæði og þess háttar. En eins og oft áður vantar sárlega fjármagn inn í þennan málaflokk eins og reyndar í svo marga aðra málaflokka. Ég er á vissan hátt óánægður með það hve seint þingmenn koma að þessu máli. Við höfðum of skamman tíma til að hafa áhrif á grunnvinnuna. En ég treysti því að þegar þáltill. þessi fer til samgn., verði tekið tillit til ýmissa atriða sem ég vil gera athugasemdir við.

Eins og þingheimur veit eru um 25% tengivega landsins í Suðurlandskjördæmi. Alls er vegakerfið á Suðurlandi um 2.900 km en einungis 700 km af þessum 2.900 km eru malbikaðir. Okkur hefur gengið illa að fá fjármagn í tengivegina en það er örlítið komið til móts við okkur varðandi nýjan flokk vega sem kallaðir eru ferðamannaleiðir. Mér finnst hins vegar vanta inn í þann flokk, þegar við erum að velta fyrir okkur þessum ferðamannaleiðum, vegi eins og t.d. Landveginn, þ.e. veginn sem liggur um Landmannahrepp upp að Galtalæk, inn í Landmannalaugar og þar inn að hálendinu. Þessi vegur er einnig mikið notaður til vikurflutninga og það er mjög brýnt að Landvegur verði flokkaður sem ferðamannavegur.

Nákvæmlega á sama hátt er vegurinn að Bakkaflugvelli í Landeyjum ekkert annað en ferðamannavegur. Bakkaflugvöllur er samgönguæð má segja, ein af samgönguæðum Vestmannaeyinga við fastalandið og þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að flokka þann veg undir ferðmannaleið. Það er og vert að vekja athygli á því í þessari umræðu hve dýrt er fyrir Vestmannaeyinga að nýta sér þjóðveginn milli lands og eyja, þ.e. að nýta Herjólf. Það er gríðarlega dýrt fyrir Vestmannaeyinga og full ástæða til þess að skoða þau mál enn þá nánar.

Annað vekur athygli mína í umræðunni þegar verið er að tala um t.d. gangagerð, að þá er Suðurland aldrei nefnt á nafn. Mér finnst full ástæða til þess að menn skoði af alvöru hvort ekki sé ástæða til þess að kanna hvort t.d. ætti ekki að grafa göng í gegnum Hellisheiði og tengja þannig Suðurland betur við höfuðborgarsvæðið. Ég ek þessa leið nánast á hverjum einasta degi og það er gríðarleg umferð á þessum slóðum. Ég er fyrst og fremst að tala um að kanna hvort þessi þáttur sé arðbær. Þá er ég líka að velta fyrir mér hlutum eins og að fjármagna slíka framkvæmd líkt og Hvalfjarðargöngin.

Það styttist einnig í þáltill. um göng til Vestmannaeyja og þess vegna finnst mér engin ástæða til annars en að Suðurland sé með í umræðunni þegar menn tala um gangagerð. Við þurfum líka að taka tillit til þess hve mikil umferð er á þessum svæðum og ég hvet þess vegna hæstv. samgrh. til að hafa okkur með í því tali.

Það er annað sem mér finnst full ástæða til þess að vekja athygli á og verja ákveðnu fé til þess að rannsaka, þ.e. arðsemi framkvæmda eins og t.d. svokallaðs Suðurstrandarvegar sem tengir Suðurland við Reykjanes. Það mundi gjörbreyta samskiptum og atvinnumynstri á þessum svæðum. Mér finnst líka full ástæða, eins og hv. þm. Gísli Einarsson benti á áðan, að rannsaka möguleika á hálendisvegi á milli Suðurlands og Norðurlands, reikna út arðsemi og þar fram eftir götum. Við getum líka nefnt framkvæmdir eins og við Uxahryggjaveg og tengja þannig saman Suðurland og Vesturland. Ég er ekki að tala um að við eigum að ráðast strax í þessar framkvæmdir heldur að könnun verði gerð á því hvort það sé arðsamt.

Enginn má þó skilja orð mín þannig að ég geri mér ekki grein fyrir því að við þurfum að fullnægja öllum grunnþörfum í vegamálum áður en ráðist er í jafnstórar og miklar framkvæmdir og ég er að benda á. En mér finnst þegar við erum að skyggnast inn í framtíðina að þá sé sjálfsagt að hafa þetta inni.

Ég sé líka í þessari áætlun, og það gleður mig mjög, að Vegagerðin er að ráðast í breikkun brúa. Með bættu vegakerfi hafa þessar þröngu brýr okkar verið ákveðinn farartálmi og ákaflega hættulegar en í þessari áætlun er gert ráð fyrir að ráðast í framkvæmdir hvað það varðar.

Að lokum vil ég að það komi fram að hér er um spor í rétta átt að ræða. Mér finnst engu að síður þegar við fjöllum um vegamál til svona langs tíma að við þurfum að vera nokkuð djarftæk í hugmyndaflugi og hugflæði.

[15:38]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að Sunnlendingar eru nú kannski ekki þeir landsmenn sem við bágastar aðstæður búa varðandi vegakerfið og ber auðvitað að fagna því. Bæði er nú að landið okkar er þeim að sumu leyti mildara en annars staðar og veðrið einnig.

En þegar verið er að tala um vegakerfið í heild þá kemur mér það oft afskaplega spánskt fyrir sjónir hvað menn eru hræddir við að setja fram ákveðna forgangsröð. Ég hef margsagt það áður að mér gjörsamlega óskiljanlegt af hverju menn taka breikkun Reykjanesbrautar fram fyrir Suðurstrandarveginn. Sá vegur ætti fyrir löngu að vera staðreynd, vegurinn frá Grindavík og niður á ströndina. (**Gripið fram í:** Hárrétt.) Vissulega mundi það spara umferð á Reykjanesbrautinni. Ég vil því enn og aftur berjast fyrir þessari leið sem mundi opna auðveldara samband milli blómlegra fyrir-

tækja sem eru niðri í Þorlákshöfn og suður á Suðurnesjum og allar samgöngur við flugvöllinn af Suðurlandi, þar sem menn verða alltaf að flækjast til Reykjavíkur ef þeir ætla að komast suður í Keflavík. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Menn eiga að taka sig saman í andlitinu og leggja þennan veg. Þá er það mál búið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég þarf nú að kyngja þrisvar áður en ég set í forgangsröð að komast í gegnum Hellisheiðina og vildi bara spyrja: Er ekki hægt að taka þar verstu veðravítin af með hreinlega einhvers konar skála eða yfirbyggingu? Ég mundi frekar líta til Hafnarfjallsins heima hjá honum hv. þm. Gísla Einarssyni, þar sem menn eru í lífshættu helminginn af árinu við að reyna að bögglast þarna fram hjá. Auðvitað má vegáætlun aldrei fara út í það að verða keppni milli hinna ýmsu kjördæma. Þar verðum við að reyna að stríða við þetta land okkar, berjast við verstu veðravítin og setja í forgangsröð þá vegarkafla sem mest skortir á hverjum tíma.

[15:41]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við hluta af ræðu minni. Ég skil vel að hv. þm. þurfi að kyngja þrisvar þegar talað er um samkeppni um göng og annað slíkt. Það er ekkert óeðlilegt. Ég er fyrst og fremst að benda á þessa fjölförnu leið og þennan möguleika þegar við erum að ræða um jarðgöng. Af hverju eru ekki göng í gegnum Hellisheiði inni í myndinni? Mér finnst það nauðsynlegt mál, hvenær svo sem við kæmum til með að framkvæma þetta.

Ég tel, og við hv. þm. erum mjög sammála um það, að við ættum að ráðast fyrr í svokallaðan Suðurstrandarveg heldur en að gera Reykjanesbrautina tvíbreiða. Um það skulum við sameinast og fyrir því skulum við berjast.

[15:42]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég staldraði aðeins við hugmynd þingmannsins um jarðgöng í gegnum Hellisheiði að hluta til. Mér finnst það dálítið djörf hugmynd svo ekki sé nú fastar að orði kveðið en auðvitað er það hugmynd sem er vert að skoða. Vissulega er það oft þannig að ýmsar gagnlega framkvæmdir hafa í upphafi komið fram sem óvæntar hugmyndir. Þannig að það að hugmynd þyki djörf er ekki ástæða til að vísa henni á bug.

Hins vegar finnst mér að nær mundi vera fyrir Sunnlendinga og þjóna þeirra hagsmunum betur og að byggja upp svokallaðan Suðurstrandarveg og koma þar á mjög öruggum samgöngum milli Suðurlandsundirlendis og Suðurnesja og síðan þaðan til Reykjavíkur ef á þarf að halda. Það hefði líka þann kost sem vegabætur á Hellisheiði hefðu ekki, að tengja saman sjávarútvegssvæðið á Suðurnesjum og Hafnarfirði við sjávarplássin á Suðurlandi, þ.e. Þorlákshöfn og Vestmannaeyjar, sem ég held að væri mjög áhugavert að gera.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, segja að ef menn eru að velta fyrir sér hugmyndum af stærðargráðu eins og þeirri að grafa jarðgöng í gegnum Hellisheiði að einhverju leyti — sem ég veit ekki alveg hvað gætu orðið löng en ímynda mér að það hljóti að vera vegalengd upp á sex til átta eða níu kílómetra — hvort ekki væri þá ástæða til að breyta hugmyndinni lítils háttar, einkum í ljósi þess sem ég segi um Suðurstrandarveg, og skoða möguleikana á jarðgöngum til Vestmannaeyja.

[15:45]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hinum víðsýna þingmanni, sem að hluta til fékk uppeldi sitt á Suðurlandi ef ég man rétt, fyrir að taka vel í þessar hugmyndir. Hv. þm. velti fyrir sér lengd þessara jarðganga sem ég er í raun að ræða um á algerum byrjunarreit. Ég hef látið mæla út ákveðið svæði á þessum stað sem er liðlega 8 km. Talið er að slík jarðgöng mundu kosta svipað og Hvalfjarðargöngin kosta í dag. Þetta er ekki eitthvað sem gerist í dag eða á morgun en það er sjálfsagt að slá þessum hugmyndum fram og sjálfsagt að skoða þetta í þaula. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að Suðurstrandarvegur er mörgum Sunnlendingum og reyndar Reyknesingum mjög hugleikinn vegna þess að ef hann yrði að veruleika þá værum við sannarlega að tengja saman atvinnusvæði bæði hvað fiskiðnað snertir og einnig varðandi ferðaþjónustu. Þetta eru atriði sem vert er að skoða.

[15:46]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vel við hæfi í umræðu um langtímaáætlun í vegamálum þar sem menn horfa 12 ár fram í tímann að velta fyrir sér hugmyndum sem virðast vera fjarri nútímanum. Við skulum minnast þess að ekki eru nema 15 ár síðan það var einróma álit þingmanna Vestfjarðakjördæmis og Vegagerðar ríkisins að um tómt mál væri að tala að gera 3,5–4 km löng jarðgöng um Óshlíð. Það var talið óviðráðanlegt verkefni bæði tæknilega og fjárhagslega. Í dag væri það ekkert áhorfsmál að menn mundu velja þann kostinn ef þingmenn kjördæmisins stæðu frammi fyrir því í dag sem var fyrir 15 árum, þ.e. að velja á milli jarðgangahugmyndar og endurbyggingar á þáverandi vegi.

Ef við horfum aðeins fram í tímann skulum við minnast þess að í dag eru uppi miklar hugmyndir um að gera jarðgöng á milli landa. Þar nefni ég göng á milli Englands og Frakklands, sem reyndar eru orðin að veruleika, og líka milli Englands og Írlands. Það eru líka svipaðar hugmyndir uppi á Norðurlöndum, þ.e. að gera göng á milli eyja og landa. Það er því ekki fráleitt að eftir 10–15 ár stöndum við frammi fyrir allt öðrum veruleika hvað þetta varðar en við gerum í dag. Það er því ekki nema eðlilegt að menn velti fyrir sér að draga slíkar hugmyndir inn í umræðuna og ég skora á hv. þm. að beita sér fyrir því sem þingmaður Suðurlandskjördæmis að láta skoða í alvöru þá hugmynd að gera jarðgöng til Vestmannaeyja.

[15:49]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þakka ég hv. þm. fyrir að taka þessum djörfu hugmyndum jafn vel og raun ber vitni. Á vissan hátt er ég hálffeiminn þegar ég legg svona hugmyndir fram vegna þess að menn hafa mikla tilhneigingu til að misskilja slíkar hugmyndir, eins og við myndum ætla að ráðast í framkvæmd sem þessa í dag eða á morgun. Það er alls ekki um það að ræða. Við erum að skyggnast inn í framtíðina. Það á bæði við um jarðgöng í gegnum Hellisheiði, jarðgöng til Vestmannaeyja og þess vegna einhvers staðar víðar. Það er sjálfsagt að vekja máls á þessu í umræðu um vegaframkvæmdir en ég geri mér grein fyrir því að líka er mjög brýnt að fullnægja þeim grunnþörfum sem eru í vegagerð í landinu. Það er mjög brýnt. Ég er alls ekki að tala um að framtíðarverkefni eins og þau sem við höfum verið að ræða í dag eigi að spilla

fyrir þeim grunnþörfum sem við erum að tala um, en það er sjálfsagt að vekja máls á þessu framtíðarmáli.

[15:50]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir vegna atvinnuleysis kvenna, 412. mál, fsp. JóhS, þskj. 733.

Atvinnuleysi kvenna, 411. mál, fsp. JóhS, þskj. 732.

Fjármagnstekjuskattur, 416. mál, fsp. JóhS, þskj. 737.

Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu, 409. mál, fsp. KHG, þskj. 730.

Langtímaatvinnuleysi, 410. mál, fsp. JóhS, þskj. 731.

Málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, 413. mál, fsp. SvG, þskj. 734.

Samgöngur á Vestfjörðum, 408. mál, fsp. KHG, þskj. 729.

Störf tölvunefndar, 417. mál, fsp. SF, þskj. 738.

[15:52]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg þessarar umræðu um vegáætlun og langtímaáætlun í vegagerð sem verið er að ræða. Saga þessarar áætlunargerðar er með nokkuð skrautlegum hætti í tíð hæstv. samgrh. Til að mynda er þannig ástatt um þessar mundir að starfað er samkvæmt hálfri vegáætlun. Það nýmæli var tekið upp síðast að afgreiða vegáætlun til tveggja ára. Nú kemur langtímaáætlun sem að vísu tekur samkvæmt vegalögum til tólf ára tímabils en margt mætti líka segja um aðdraganda hennar og langar fæðingarhríðir sem þar eru á undan gengnar. Það er t.d. athyglisvert að þetta er fyrsta áætlunin sem hér er lögð fram, ef ég veit rétt, af núv. hæstv. samgrh. eftir tæp sjö ár í embætti, þannig að á ýmsu hefur gengið.

Ég verð einnig að segja, herra forseti, sögunnar vegna að ég harma það að hæstv. ráðherra skyldi ekki standa svipað að undirbúningi þessarar áætlunar eins og áður hafði tíðkast, þ.e. að kalla fulltrúa allra þingflokka að því undirbúningsstarfi. Ég held að það sé mjög miður að menn „pólaríseri" vinnu af þessu tagi þegar um langtímaáætlunargerð og stefnumótun í málaflokki er að ræða, eins og hér er á ferðinni, áætlanagerð og stefnumótun til þriggja kjörtímabila og rúmlega það þannig að vænta má þess að pólitískir sviptivindar þýði einhver stjórnarskipti og breytingar á áherslum á þeim tíma. Þá liggur það í hlutarins eðli, herra forseti, að miklu betra sé fyrir stöðugleika og fagleg vinnubrögð á þessu sviði að reynt sé að leita þverpólitískrar samstöðu um grundvöll áætlunargerðarinnar og undirbúningsvinnuna. Það verður best gert með því að gefa fulltrúum allra stjórnmálaflokka og þingflokka kost á að koma að því verki. Þannig hafði það ætíð verið í tíð margra samgönguráðherra á undan þeim sem nú situr, í minni tíð, í tíð Matthíasar Bjarnasonar, í tíð Steingríms Hermannssonar, Ragnars Arnalds og ég hygg jafnvel fleiri hæstv. samgönguráðherra sem komið hafa að verki á þeim tíma sem áætlunargerð af þessu tagi hefur tíðkast. En auðvitað verður hver að velja sér verklag og hæstv. ráðherra hefur sem kunnugt er að mestu leyti horfið frá því að hafa þverpólitískt samstarf um hlutina og situr að sjálfsögu uppi með afleiðingarnar og ábyrgðina af því.

Herra forseti. Gallinn á þeirri ágætu vegáætlun og langtímaáætlun, sem hér er lögð fram, er sá að hún byrjar jafnilla og hún á endar fallega. Þannig er um glæst áform að þau verða þeim mun trúverðugri sem menn hafa staðið sig betur í raunveruleikanum og hafa af meiru að státa í verkum sínum sem af er. Staðreyndin er sú að það eru verkin sem tala skýrast og eru hinn eini raunhæfi dómur á frammistöðu manna og hæstv. samgrh. verður að kyngja því að hann hefur látið fara verr með sig en nokkurn samgrh. fyrr og síðar, a.m.k. fyrr, hvað varðar það að stela tekjum Vegasjóðs í ríkissjóð.

Herra forseti. Það er harla ótrúverðugt að leggja fram vegáætlun af þessu tagi, sem felur í sér að hætta eigi með öllu að krukka í tekjur Vegasjóðs frá og með næsta eða a.m.k. þar næsta ári, þegar talað er út frá þeirri staðreynd og á því ári þegar meira er gert upptækt af tekjum Vegasjóðs í ríkissjóð í miðju góðærinu en nokkru sinni fyrr. Hér er á ferðinni sá hæstv. ráðherra sem hefur orðið að sæta því flestöll árin í embætti að meira eða minna af tekjum Vegasjóðs hefur verið gert upptækt úr höndunum á honum og runnið í ríkissjóð.

Sú skerðing er núna samkvæmt fjárlögunum sem afgreidd voru fyrir jólin upp á litlar 1.164 millj. kr. Það er drjúgur hluti af fjárlögunum. Það er yfir 1% eða nálægt 1% (**KHG:** 3 millj. á dag.) af fjárlögunum, 3 millj. á dag, og svo geta menn haldið áfram að reikna, þeir sem eru flinkir í því, hvað þetta eru margar krónur á mínútu eða guð má vita hvað. Það er því ekki mjög trúverðugt að úr því að ekki gekk betur í sjálfu góðærinu, með tekjuafgang úr ríkissjóði, með miklar viðbótartekjur og skatttekjur af umferð, að halda þeim inni í Vegasjóði, að setja svo upp áætlun af þessu tagi sem í raun byggir öll á þeim sandi að þeirri skerðingu verði allri hætt. Áætlunin er með öðrum orðum þannig, herra forseti, að allur þungi framkvæmdanna á að byggjast á því að horfið verði frá skerðingu markaðra tekna. Reyndar er í mörgum tilvikum athyglisvert hversu stór hluti framkvæmdanna á beinlínis að vinnast á allra síðustu árunum, á árunum frá 2007–2010. Segja má að margar af þeim framkvæmdum eigi að vinnast í desember árið 2010, sem hæstv. ráðherra er hér að lofa, og það er ekki mjög trúverðugt. Það er ekki mjög gott.

Mér urðu það t.d. mikil vonbrigði hvernig ákveðin verkefni hverfa úr þessari langtímaáætlun þó að þau séu þar á blaði. Ég nefni þar, og kemur kannski ekki á óvart, hið stóra átak sem er að koma norðausturhorni landsins í nútímalegt vegasamband. Þar eru á ferðinni t.d. bara á leiðinni frá Húsavík til Þórshafnar, 2.600 millj. kr. framkvæmdir að áætlað er, en þunginn af þeim framkvæmdum á að vinnast á síðasta tímabili áætlunarinnar. Ekki er auðvelt að sjá að það vegakerfi geti beðið að miklu leyti án úrbóta í átta ár. Ég held að það hefði breytt miklu fyrir fólk á því svæði og gagnvart þeirri framkvæmd ef menn hefðu spýtt í lófana og gert myndarlegt átak þó ekki hefði verið nema fyrstu eitt, tvö árin, t.d. í að ryðja út versta þröskuldinum sem er Tjörnes eða Auðbjargarstaðabrekka, þó menn hefðu jafnvel orðið að sætta sig við að slaki hefði komið í framkvæmdirnar aftur. En að byrja þetta með niðurskorinni vegáætlun ársins í ár þar sem eru nánast engar framkvæmdir og síðan minna en helmingi á fyrsta tímabili á við það sem á að vera á því síðasta er ekki mjög trúverðugt. Það er von að fólk verði tortryggið þegar því eru sýndir slíkir pappírar.

Ég vil leyfa mér að spyrja að því hvort útilokað sé að einhver tilflutningur verði innan verkefna í verkefnaflokknum Ný verkefni sem svo heitir og er rökstutt m.a. út frá þeirri forsendu að markmiðið sé að koma bundnu slitlagi til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúum eða fleiri.

Herra forseti. Ég geri þá sérstöku athugasemd við þessa vegáætlun að ég held að það sé langt frá því að settur sé nægur kraftur í að bæta úr þeim hluta vandans sem er mest knýjandi nú, þ.e. að er að útrýma malarvegunum og koma vegum með

bundnu slitlagi í grófum dráttum til allra helstu byggðarlaga í landinu. Ég held að það hefði átt að gera alveg sérstakt þjóðarátak í því að koma þessum vegum fortíðarinnar út úr myndinni, út úr heiminum. Þetta eru ekki vegir í skilningi dagsins í dag. Þeir þjóna á engan hátt þeim markmiðum sem við hljótum að setja okkur varðandi umferðaröryggi, burðarþunga, afnotagildi og annað því um líkt.

Þó að það sé aldrei ámælisvert að fara á flug og vera með vangaveltur um að það ætti að kanna þetta og hitt upp á framtíðina, eins og jarðgöng til Vestmannaeyja, jarðgöng undir Hellisheiði eða hálendisveg eða hvað það nú er finnst mér menn býsna borubrattir að vera í slíkum vangaveltum á meðan ástandið er jafnhörmulegt og raun ber vitni hvað varðar grundvallarsamgöngur heilla byggðarlaga og landshluta. Átakið þarf að beinast að því að koma þeim landshlutum og þeim byggðarlögum sem eftir eru í nútímalegt vegasamband. Það eru Vestfirðir, það er vestanvert landið að hluta til og það er norðausturhornið og svæði á Austfjörðum. Þessi svæði standa algjörlega upp úr hvað það varðar að samgöngur heilla byggðarlaga og landshluta eru á malarvegum svo tugum eða hundruðum kílómetra skiptir á landi. Þetta gengur ekki, eins og ég veit að hæstv. samgrh. gæti átt til að taka til orða. Það er allt of mikill hægagangur í því að lofa fólki einhverjum úrbótum þegar liðinn verður næstum áratugur af næstu öld.

Ég held t.d. að einhver allra besta fjárfesting sem menn hefðu getað ráðist í og þá ráðstafað til þess tekjum úr ríkissjóði en ekki sífellt að hafa það fjárstreymi öfugt, að vera að stela tekjum af Vegasjóði, væri að leggja eins og milljarð kr. á ári í þrjú til fjögur ár af skatttekjum til viðbótar vegafénu í að gera sérstakt átak í þessum efnum. Menn geta fært það sem byggðaátak alveg eins og samgöngupólitískt átak mín vegna ef þeim líður eitthvað betur.

Ég segi þetta, herra forseti, og ég áskil mér allan rétt og hef allan fyrirvara á um það að geta stutt þá útfærslu sem hér er lögð til, t.d. hvað varðar dreifingu framkvæmdafjárins á framkvæmdum á norðausturleiðinni. Ég minni á tillögu mína til þál. á þskj. 60, sem ég flyt ásamt fleiri hv. þm. úr þingflokki Alþb. og óháðra um sérstakt átak í vegtengingu afskekktra landshluta.

Mig undrar, herra forseti, að hér skuli jarðgöngum í raun og veru vera ýtt út af borðinu. Ég verð að segja alveg eins og er að fyrir nokkrum árum hefði ég seint trúað þeirri niðurstöðu að t.d. þingmenn Austurlands stæðu að tillöguflutningi af því tagi. Nokkuð þykja mér þeir orðnir geðlitlir þeir garpar að sætta sig við að tillaga af þessu tagi komi á inn á borð þingmanna þar sem jarðgöng eru hvergi inni í myndinni, engin einasta króna ætluð í þau.

Auðvitað liggur í hlutarins eðli að það verður mjög erfitt ef menn ætluðu síðan að reyna að koma þeim inn í áætlun sem búið væri að samþykkja og ryðja þá öðru út. Menn skulu þá átta sig á því að verið er að leggja til að ekkert verði ráðist í slíkar framkvæmdir næstu tólf árin. Það er ég ekki tilbúinn til að skrifa upp á, m.a. vegna þess að ég lít svo á að um það hafi verið gert pólitískt samkomulag, sem mönnum beri nokkur skylda til að reyna að efna, að röðin kæmi að Austurlandi í kjölfar þess að framkvæmdum lyki á Vestfjörðum. Orð skulu standa, herra forseti, og ég vil a.m.k. standa við minn hlut í þeim efnum.

Herra forseti. Margt fleira hefði ég gjarnan viljað segja en tíminn leyfir það ekki. Því miður verð ég að láta nægja að endurtaka þau orð mín að það dapurlega við þessa áætlun er að hún á að enda jafnfallega og hún byrjaði illa.

[16:04]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað sammála hv. þm. Steingrími Sigfússyni um að brýn nauðsyn er til þess að gera átak til þess að ryðja burt malarvegunum. Ég er líka sammála honum um að mönnum er vandi á höndum þegar þeir eru að gera það upp við hvaða framkvæmd eigi að sitja fyrir annarri. Svo ég taki kjördæmi okkar var það t.d. álitamál hvort Fljótsheiði ætti að sitja fyrir Tjörnesi, svo ég taki gott dæmi. En niðurstaðan varð nú að láta Fljótsheiðina sitja fyrir eins og hv. þm. man.

Ég vek líka athygli á því að hv. þm. lauk ræðu sinni eins og ýmsir aðrir sem hafa talað hér með því að flytja eggjunarorð um að það væri geðleysi að sætta sig við að ekki væri gert ráð fyrir jarðgöngum á þessu 12 ára tímabili. Rök hans voru þau að síðar væri ekki hægt að koma inn jarðgöngum nema ryðja öðru út. Orð hans verða ekki skilin öðruvísi en að hann telji að erfiðlega muni ganga í framtíðinni að ná meiri fé til vegamála en hér er gert ráð fyrir að því leyti sé áætlunin raunsæ. Ég er að vísu ekki sammála honum um það og tel óhjákvæmilegt að ráðast í stórframkvæmdir á þessu 12 ára tímabili sem eru ekki inni í áætluninni.

En ef það er skoðun þingmannsins að ekki sé hægt að koma jargöngum inn í þessa 12 ára áætlun nema ryðja öðru út þá hlýtur það líka að eiga við ályktunina eins og hún liggur fyrir hér þannig að orð hans verða ekki skilin öðruvísi en að hann telji að jarðgöng og kostnaður við slík ættu að ryðja ýmsum vegaframkvæmdum út sem þó er gert ráð fyrir.

[16:06]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hálfgerður útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra um jarðgöngin sem ég sé varla ástæðu til að svara. Það liggur gjörsamlega í hlutarins eðli að það er miklu þyngri róður að berjast fyrir verkefnum sem hafa ekki þá hlotið náð fyrir augum manna að vera settar einhvers staðar inn í áætlun eða framkvæmdaröð á næstu 12 árum. Það verður a.m.k. ekki gert öðruvísi en annað tveggja komi til, hreint viðbótarfjármagn sem nemur öllum þeim kostnaði eða að annað verður að víkja því að sama krónan verður ekki notuð til að borga mismunandi hluti. Þetta er augljós staðreynd.

Einnig er alveg ljóst að það er miklu sársaukafyllra fyrir menn að sætta sig við að verkefni sem er þó búið að sýna í áætlun verði skorin niður. Það er verra að gera það vegna þess að það á að reyna að byggja upp tiltrú og traust á þessum áætlunum. Þar hefur hæstv. samgrh. verið að vísu verri en enginn því að hann hefur einmitt ekki umgengist þegar samþykktar áætlanir og ákvarðanir Alþingis um framkvæmdaröð af nægjanlegri virðingu að mínu mati og mætti þar færa ýmis dæmi til sönnunar. Það grefur undan tiltrú manna á þessu, það grefur undan trausti þeirra sem eiga að fá úrlausn mála sinna aftarlega á ætlunartímanum. Til þess að sæmileg sátt og friður geti verið um hlutina og menn sættist á að bíða úrlausnar sinna mála í einhver ár á grundvelli þess að hún komi seinna á áætlunartímanum verður að ríkja traust og trúnaður hvað það varðar að mönnum sé alvara. Þetta er alveg augljóst mál. Þess vegna er mjög erfitt að sjá það fyrir sér nema undur og stórmerki gerist í sambandi við stóraukið fé umfram það sem er á dagskrá að mjög fyrirferðarmiklum og dýrum framkvæmdaflokki eins og jarðgöngum verði auðveldlega komið inn á nýjan leik ef þeim verður hent út, en það er það sem verið er að leggja til. Jarðgöng hafa verið

hluti af áætlanagerðinni um langt árabil, þau hafa verið þar alveg frá því fyrir 1990 þangað til nú að hæstv. samgrh. leggur til að þau séu þar ekki á blaði nema með einhverju óljósu orðalagi um að þau geti þá komið til sögunnar sem hrein viðbót.

[16:09]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna jarðgangaumræðunnar vil ég segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að það er ekki skilningur minn að Alþingi hafi skuldbundið sig um framkvæmdaröð með frv. að vegáætlun sem náði ekki samþykki hér á sínum tíma. Ég minni sérstaklega á að í næstu vegáætlun á undan sem samþykkt var 1983 var gert ráð fyrir byrjunarframlögum til vegarins yfir Lágheiði en ég hef ekki séð að þessi þingmaður né aðrir þingmenn Norðurl. e. hafi samt sem áður talið að Lágheiði ætti að sitja fyrir ýmsum framkvæmdum öðrum sem ráðist hefur verið í í Norðurl. e. Það er því allt til um það að skoðanir manna á því hvað sé brýnast breytast með tímanum, þarfirnar breytast, atvinnuhættir breytast. Við sjáum þetta glöggt nú ef við hugsum til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Samruna fyrirtækja í þessum tveim kaupstöðum sá enginn maður fyrir á síðasta áratug. Það er hálfbroslegt að leggja þá framtíðarsýn sem menn höfðu þá til grundvallar þegar menn eru að velta fyrir sér nauðsynlegum vegtengingum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Út af fyrir sig virði ég það við hv. þm. að hann skuli lýsa því yfir að hann telji eðlilegt að jarðgöng á Austurlandi sitji fyrir jarðgöngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

[16:10]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er nú stórbrotinn þegar hann kemst á flug í útúrsnúningum sínum. Ég sagði ekkert af því tagi sem hæstv. ráðherra var að reyna að segja áðan. Að ég hefði lýst því yfir að jarðgöng á Austurlandi ættu að sitja fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, ég sagði ekkert af því tagi. Ég fór yfir bakgrunn málsins og söguna eins og hún liggur fyrir. Það er best að nota rétt orð í þessum efnum, ég talaði um pólitískt samkomulag og það var pólitískt samkomulag. Það var auðvitað meira en það vegna þess að Alþingi samþykkti endurtekið í vegáætlun eftir vegáætlun fé til undirbúnings jarðgangaframkvæmd á Austurlandi. Þetta veit ég að hæstv. samgrh. hlýtur að vita, a.m.k. geta rifjað upp og þá með hjálp góðra manna ef ekki vill betur til. Þetta liggur alveg fyrir. Í ljósi þessa sagði ég að mig undraði það geðleysi þingmanna Austurlands að samþykkja þetta plagg til framlagningar.

Hitt er svo alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, og auðvitað er tilgangurinn með því að endurskoða vegáætlun eins og aðra áætlanagerð, að aðstæður breytast. Menn geta að sjálfsögðu tekið nýjar pólitískar ákvarðanir. Menn framselja ekki vald eða ganga ekki frá því um aldur og ævi þó að stefna sé mótuð. Þar af leiðandi ber t.d. að endurmeta aðstæður þegar þær hafa breyst eða nýir hluti komið til sögunnar eins og segja má að gerist nú á Mið-Norðurlandi hvað varðar tengingu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og reyndar í stærra samhengi hugmyndir sem ég tel að séu mjög áhugaverðar, sem er einhvers konar stór bogi til norðurs, strandleið, þar sem vegur yfir Þverárhlíðarfjall gæti verið hluti af og myndað nýja samgönguæð sem tengdi byggðakeðjuna og þéttbýlisstaðina við ströndina frá Blönduósi um Skagaströnd, Sauðárkrók, Hofsós, Siglufjörð, Ólafsfjörð, Dalvík og áfram inn á Akureyri. Enginn vafi á því að slík megintenging gegnum byggðina með ströndinni væri geysilega spennandi kostur sem framtíðarmarkmið í þessum efnum þó það hljóti að taka nokkur ár. En auðvitað þarf alltaf að hafa þessa hluti til endurmats og skoðunar en eftir sem áður ber að reyna að láta orða standa og gangast við hlutunum eins og þeir liggja fyrir og það hef ég a.m.k. ætlað mér að gera, hvort sem það snertir jarðgöng á Austurlandi eða eitthvað annað.

[16:13]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna því að í fyrsta skipti er lögð fram þáltill. sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að skipuleggja vegaframkvæmdir 12 ár fram í tímann. Í mínum huga eru það stórpólitísk tíðindi að samgrh. skuli hafa styrk til að geta lagt slíkt plagg fram og ég hygg að ekki hafi áður reynt í raun eins rækilega á það hvað hægt er að ná fram með mikilli vinnu eins og mér finnst vera í þessu tilviki. Að sjálfsögðu er bæði stórpólitískt og mikið byggðamál að átta sig á því hvaða leiðir eru fram undan og hvernig leysa á úr þeim þáttum sem snúa að byggðinni í heild og hvernig löggjafinn og framkvæmdarvaldið hugsa sér að gera það saman.

*Ég er einn af þeim sem hafa haft mikið mál um það í* hv. Alþingi hversu brýnt sé að malbika t.d. allan hringveginn ásamt tengingum til allra þéttbýlisstaða landsins enda er það eitt mesta byggðamálið sem hugsast getur að koma samgöngum í það horf að hægt sé að tala um að við séum á 20. öldinni eða jafnvel í upphafi 21. aldarinnar. Ef eitthvað er hefur þetta dregist allt of lengi.

Ég fagna því að menn sjá fyrir endann á þessu þó framkvæmdir séu ekki komnar af stað en unnið verður samkvæmt þessari áætlun. Og ég held að engin ástæða sé til að ætla, þegar plagg eins og þetta hefur verið samþykkt í þinginu, að þó svo að nýtt kjörtímabil hefjist á næsta ári verði það til þess að menn fari að hlaupa út undan sér og svíkja það sem Alþingi hefur ákveðið, eins og í þessu tilfelli, eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur áðan, að efast um heilindi á bak við plagg eins og hér liggur fyrir. (**ÁRJ:** Hafa þær ekki allar verið sviknar?) Hv. þm. kallar hér fram í og spyr hvort þær hafi ekki allar verið sviknar. Ég held að það sé misjafnt og í þessu tilfelli held ég að engin ástæða sé til að ætla það, enda geri ég ráð fyrir því að Sjálfstfl. fari með þessi mál á næsta kjörtímabili og þá getum við staðið við það sem hér hefur verið lagt fram. Ég vona að kjósendur sjái til þess að svo verði, að við fáum styrk til að stýra þessum málaflokki áfram. Það er þó a.m.k. trygging fyrir því að hægt sé að standa við það sem hér er lagt til.

Ég vil fagna því líka hversu mikið af þeim málefnum sem kjördæmin hringinn í kringum landið hafa lagt fram á undanförnum árum, koma fyrir í þessari áætlun. Það er ekki einungis að verið sé að malbika hringveginn og tengivegi eins og á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og víðar heldur er einnig verið að laga leiðir sem lengi hafa þótt erfiðar eins og yfir Snæfellsnesfjallgarðinn með vatnaleiðinni og yfir Tröllatunguheiði, með styttingu leiðarinnar vestur á firði til Ísafjarðar með þeirri tengingu og fleiri leiðir sem hafa verið hér til umræðu.

Með þessari áætlun er einnig gefinn möguleiki á að hægt að sé að ljúka við aðrar þjóðvegaframkvæmdir eða stofnvegaframkvæmdir, eins og nefndar eru í þessari áætlun, með framlögum sem þingmenn geta sjálfir skipt og þar lít ég svo á að hægt sé að sinna verkefnum sem ekki koma fram í áætluninni beint. Vil ég þá nefna leiðir eins og Suðurstrandarveg

sem hefur verið á óskalista Reyknesinga og Suðurlandskjördæmis. Slík leið mundi skiptast nokkurn veginn að jöfnu milli kjördæmanna en hvort kjördæmi um sig hefur 750 millj. á þessu tímabili til að sinna slíkum óskráðum verkefnum, verkefnum sem ekki eru skráð í þessari áætlun. Bæði kjördæmin ættu því að hafa möguleika á að koma þeirri leið á enda á tímabilinu. Hvort það tekst fyrr verður að koma í ljós.

Aðrar leiðir koma einnig þarna inn í og vil ég sérstaklega tiltaka leiðina út á Snæfellsnes yfir Fróðárheiði og vestur á fjörðum sem gæti hæglega, eftir því sem þingmenn kjördæmisins velja, orðið með bundnu slitlagi mun fyrr en gert er ráð fyrir í þessari áætlun vegna þess að þingmenn telja brýnt að ljúka þeim leiðum. Ég held því að opnað sé fyrir það að koma brýnum verkefnum af stað sem ekki eru á áætluninni og eins eru gríðarlega mikilvæg verkefni á þessari áætlun sem sjá dagsins ljós.

Þar vil ég sérstaklega tiltaka Reykjanesbrautina sem verður samkvæmt þessari áætlun tvöfölduð alla leið til Reykjanesbæjar frá Kópavogshálsi. Leiðinni frá Kópavogshálsi og niður Breiðholt og þaðan eftir Sæbraut og niður á Granda verður væntanlega breytt þannig að gatnamót sem eru þar verulega mikil verða gerð mislæg sem er reyndar mjög dýrt. Gatnamótin við Kringlumýrarbraut verða mislæg og svo mætti lengi telja. Breytingar á Hringbrautinni eru líka inni í þessari áætlun og lagfæringar vegna mikillar mengunar sem kvartað hefur verið yfir af íbúum þessa svæðis. Við erum því að tala um feiknalegar breytingar á höfuðborgarsvæðinu jafnframt því sem við erum að fylla upp í þær glufur sem menn hafa horft til á Reykjanessvæðinu sjálfu.

Þegar þessi áætlun hefur runnið sitt skeið verðum við búin að sjá að Reykjanesbrautin verður tvöföld alla leið til Reykjanesbæjar ásamt lúkningu Suðurstrandarvegar, eins og ég sagði áðan. Tengivegir sem hafa þar að auki vægi í þessari áætlun, eins og vegur um Bláfjöll, Nesvegur frá Reykjanestá til Grindavíkur, Meðalfellsvegur, Ósabotnavegur og fleiri vegir eru innan áætlunar sem tengivegir.

Annar stofnvegur sem mætti minnast á er vegurinn út á Álftanes sem gert er ráð fyrir að falli innan höfuðborgarsvæðisins. Hann er einnig inni á þessari áætlun. Ég held því að þó svo að menn sjái þetta ekki á næstu tveimur til fjórum árum, þá geri það okkur kleift, þar sem við erum með fjármuni til allra þessara verkefna, að flýta þeim ef þingmenn og framkvæmdarvaldið telja það nauðsynlegt.

Hvað varðar Reykjanesbrautina tel ég að þar höfum við möguleika á að flýta tvöfölduninni verulega með t.d. svonefndu skuggagjaldi sem hefur oft verið til umræðu og felst í því að verktaki er fenginn til að framkvæma verkið og fjármagna það um leið, en endurgreiðslan fari fram í formi fjárveitingar á vegáætlun í takt við þá umferð sem um vegina fer og gæti fjármögnun og endurgreiðsla hennar þá tekið mun lengri tíma en áætlunin gerir ráð fyrir. Það væri að sjálfsögðu samningsatriði. En aðalatriðið er að hægt væri að ljúka verkefninu miklu fyrr en ella. Þannig hef ég a.m.k. séð fyrir mér að við gætum flýtt Reykjanesbrautinni þótt það sé ekki komið á neitt annað stig en að vera til umræðu manna á meðal. Ég mun alla vega sem þingmaður Reyknesinga leggja áherslu á að sú framkvæmd gæti orðið mun fyrr en gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Ég hygg að margir hafi hug á að gera eitthvað slíkt en það kemur í ljós hvernig það vinnst.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en vil ítreka ánægju mína með þessa áætlun og þann mikla stórhug sem fylgir henni. Ég veit að margt vantar eflaust upp á að öllum finnist sinn hlutur nógur og skil ég það vel að Austfirðingar vilji fá göng. En eins og komið hefur fram eru það framkvæmdir sem ekki er útilokað að verði fyrr á ferðinni en þessi áætlun gerir ráð fyrir og þá fjármagnaðar með öðrum hætti.

[16:25]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkrar athugasemdir og spurningar til hv. þm. Í fyrsta lagi: Er það ekki rétt munað, af því hv. þm. var trúaður á að þessi áætlunargerð gæti staðist, að frá því hv. þm. kom til þings í upphafi þessa kjörtímabils, hafi hann aldrei við fjárlagagerð afgreitt framlög til vegamála í samræmi við markaða tekjustofna til vegamála? Með öðrum orðum, hann hefur alltaf staðið að því, öll þau ár sem hann hefur setið á þingi, öll þessi þrjú ár, að skera þau niður. Er ástæða til að ætla að þar verði breyting á í framtíðinni?

Í öðru lagi. Hv. þm. nefndi með réttu að í þessa listun vantaði algerlega Suðurstrandarveg. Hann greip hins vegar til þess ráðs, eins og raunar kollegi hans annar, hv. þm. Magnús Stefánsson, fyrr í dag, að segja að það þýddi ekki að þessi mál væru ekki á dagskrá. Þingmenn viðkomandi kjördæma gætu einfaldlega notað almenna liðinn til að verja til slíkra verkefna. Ég hugsa að þótt þingmenn kjördæmisins yrðu ásáttir um að nota allan þennan almenna lið sem til staðar er þá dygði það tæpast til að ljúka þessu stóra og mikilvæga verkefni sem Suðurstrandarvegurinn er og þá undanskil ég ekki vegtengingu frá Krísuvík í Hafnarfjörð. Það eru því hreinar blekkingar þegar menn fara fram með þessum hætti og eru að halda því fram við allan almenning og kjósendur í viðkomandi kjördæmi að þessi mál séu á dagskrá þótt þau séu ekki hér niðurskrifuð, þegar þau eru það alls ekki í raun og sanni því verkefnin eru það stór og fjárfrek.

Virðulegi forseti. Hefur hv. þm. og aðrir þingmenn engar áhyggjur af því að þetta sé nú frekar vonarpeningur en hitt, að raunveruleikinn eigi þar að ráða ferð, þegar 60% mikilvægs verkefnis eins og Reykjanesbrautar eigi í þessari langtímaáætlun að framkvæma á síðasta tímabili? Eða eins og hér hefur verið orðað: Desember fyrir áramótin 2009/2010. Með öðrum orðum, langstærsti hluti þeirra fjármuna sem eiga að renna til þessa stóra verkefnis er á síðasta tímabilinu, rétt fyrir árið 2010, eftir tólf ár. Er það trúverðugt, virðulegi forseti?

[16:27]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beinir til mín nokkrum spurningum. Ég get ekki sagt að ég ábyrgist 100% að slíkar framkvæmdir verði á næsta kjörtímabili eða samkvæmt þessari áætlun. En samkvæmt minni reynslu af því sem gerst hefur á þessu kjörtímabili hef ég enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði. Ég get alveg rifjað það upp með hv. þm. að framkvæmdir t.d. á Suðurnesjum eins og Garðvegurinn, lýsing Reykjanesbrautarinnar, ýmsar framkvæmdir uppi í Mosfellssveit o.fl. hafa verið samkvæmt áætlun, á undan áætlun eða samkvæmt samkomulagi við heimamenn. Við getum t.d. tekið seinkunina upp í Mosfellssveit sem kemur einvörðungu vegna þess að framkvæmdin var miklu dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Hún var nærri helmingi dýrari. Í stað þess að vera 140 millj. varð hún 240 millj. Þannig að það er ýmislegt sem kannski má segja

að hafi orðið til að seinka framkvæmdum en ekki er hægt að kenna áætlanagerðinni einvörðungu um.

Suðurstrandarvegurinn kemur til með að kosta um 1 milljarð eftir því sem Vegagerðin áætlar núna, það er mjög gróf áætlun að vísu. Þetta óskipta fé er um 750 millj. í hvoru kjördæmi þannig að frá hvoru kjördæmi þyrftu að koma um 500 millj. til að ná þessum milljarði. Ég get ekki séð, alla vega hvað varðar Reykjanesskjördæmi, að það ætti að vera mikið vandamál þar sem aðrir stofnvegir eru fullkláraðir á þessu svæði samkvæmt þessari áætlun og þær 250 millj. sem eftir yrðu ættu að duga til að ljúka þeim framkvæmdum. Aðrir vegir eins og Ósabotnavegur og Nesvegur eru tengivegir sem koma ekki stofnvegaáætluninni við.

[16:30]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Ég lít þannig á að hv. þm. hafi svarað spurningu minni, sem var ósköp einföld og skýr, játandi. Hann hefur ekki lifað annað en að skera niður markaðar tekjur til vegamála. Hann hefur í öll þau skipti sem hann hefur tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga dregið peninga út úr vegamálum og inn í ríkissjóðshítina. Svarið er með öðrum orðum jákvætt.

Hv. þm. sagði að ýmislegt mætti nú gera þó ekki væri það á blaði og vísaði til þess að hv. þm. kjördæmisins hefðu í góðu samstarfi fjármagnað ýmsar aðrar markverðar framkvæmdir, Garðveg, Mosfellsbæ, og það er rétt. En af því hann nefndi hér sérstaklega, það er ástæða til að leiðrétta það í eitt skipti fyrir öll og bóka, þá hefur hv. þm. gjarnan talað um lýsingu Reykjanesbrautar eins og sitt einkamál. Að stærstum hluta voru fjármunir til lýsingar Reykjanesbrautar uppsafnaðir peningar frá síðasta kjörtímabili. Og ákvörðun um lýsingu Reykjanesbrautar var tekin af þingmannahópi sem var hér á síðasta kjörtímabili, hv. þm. var þá ekki kominn til skjalanna. Ég vildi bara hafa þetta á hreinu þó það skipti auðvitað ekki sköpum um þá framtíð sem við erum að skoða.

Ætlar hv. þm. að fullyrða hér og standa við það að nánast hver einasta aukatekin króna sem hér er frátekin til almennra verkefna eigi að fara í Suðurstrandarveg, þetta eina verkefni? Dettur honum í hug að ekki falli til ýmis önnur verkefni á svæðinu frá Hafnarfirði og suður úr? Mér dettur ekki í hug að ætla annað. Það er auðvitað fullt af verkefnum sem annaðhvort eru í deiglunni eða munu koma. Þar eru smáverkefni og kannski miðlungsstór verkefni þannig að auðvitað er ekkert um það að ræða að menn geti hér og nú ráðstafað heilum 750 millj. kr. til almennra verkefna í eitt verkefni, sem sannarlega er stórverkefni og á að lista það sem slíkt en ekki einhvers staðar á óskrifuðu blaði.

[16:32]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson brestur algjörlega minni þegar hann ræðir um framkvæmdir eins og þær hafa verið skipulagðar bæði á þessu kjörtímabili og því síðasta. Þegar hann talar um lýsingu Reykjanesbrautar, eins og það hafi verið ákveðið á síðasta kjörtímabili, þá er það algjör misskilningur. Þær tillögur sem komu inn á borð þingmanna á fyrstu mánuðum þessa kjörtímabils voru allt aðrar en að lýsa Reykjanesbrautina. Þær tillögur gengu út á að að setja eina akrein sitt á hvað sem kosta átti 650 milljónir með mislægum gatnamótum á leiðinni. Ekki var minnst á að lýsa ætti Reykjanesbraut. Það var ekki einu sinni í tillögum. Við sem komum nýir inn í þingið báðum um að fá það inn í tillögurnar hvað það mundi kosta að þessi leið yrði lýst. Síðan var reynt að meta þetta ásamt tillögum sem sérstakur hópur frá Vegagerðinni hafði gert fyrir atbeina þingmanna. Tillögur þessa hóps, sem skipaður var á síðasta kjörtímabili fólu ekki í sér lýsingu Reykjanesbrautarinnar. Hv. þm. virðist þannig algjörlega hafa gleymt því hvernig hópurinn frá Vegagerðinni varð til og að tillögur hans á kjörtímabilinu eru allar á þann veg að breikka brautina í stað þess að lýsa hana.

Varðandi tvöföldun á síðasta tímabili... (**Gripið fram í:** Hringdu í Salome, Kristján.) Ég þarf ekkert að hringja í Salome, ég get sýnt þér tillögur því ég fékk þær sjálfur nákvæmlega eins og þú í upphafi kjörtímabilsins. Og þú verður, hv. þm., að spyrja t.d. Vegagerðarmenn hérna frammi hvort þetta sé ekki rétt hjá mér.

[16:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að menn eigi nú ekki að vera að kýta um hver eigi heiðurinn af lýsingu Reykjanesbrautar. Ég veit ekki betur en þingmenn hafi allir verið sammála um að farið yrði í það verkefni. En ég kem í andsvar vegna ummæla hv. þm. þar sem hann vék að máli mínu frá því fyrr í dag, þar sem ég efaðist um að staðið yrði við þær vegáætlanir sem hér eru til umræðu. Hann höfðaði til skynsemi kjósenda í þeim efnum. Ef kjósendur hér á landi horfa til þess hvernig sjálfstæðismenn hafa staðið að verki í vegamálum á þessu kjörtímabili þá finnst mér ólíklegt að þeir vilji kalla það yfir sig aftur, hv. þm. Kristján Pálsson. Tveggja ára áætlun í stað fjögurra ára áætlunar í vor. Stór hluti markaðra tekjustofna beint í ríkissjóð. Aftur og aftur á kjörtímabilinu eru samþykktar vegáætlanir þar sem ekki stendur steinn yfir steini. Telur hv. þm., herra forseti, að þetta sé það sem kjósendur vilji? Auðvitað vilja kjósendur að staðið verði við þær áætlanir sem lagðar eru fram. Auðvitað vonum við að það verði staðið við þær. En það eru ekki miklar líkur á því miðað við vinnubrögðin á þessu kjörtímabili.

Vissulega vona ég að allir til þess markaðir tekjustofnar renni til vegamála í framtíðinni. En óskalisti eins og sá sem hér er lagður fram til umræðu undir lok kjörtímabilsins, er frekar ótrúverðugur miðað við vinnubrögðin undanfarin ár.

[16:36]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig er ekki verið að kýta um lýsinguna á Reykjanesbrautinni en ég er neyddur til að leiðrétta hv. þm. þegar þeir fara hér með rangt mál um tilurð framkvæmdarinnar. M.a. var fullyrt af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að þetta hafi verið uppsafnað fé frá síðasta kjörtímabili. Það er algjör misskilningur. Auðvitað verður að leiðrétta misskilning þann sem fram kemur frá hv. þingmönnum Alþfl.

Að öðru leyti held ég, herra forseti, að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sé ósköp vel inni í því hvernig staðið hefur verið að vegamálum. Ég tek alveg undir að auðvitað má gera betur í þeim. Ég hefði sannarlega viljað geta gert betur en eigi að síður finnst mér hafa verið unnið að þessu með mikilli ábyrgð og festu. Við komum því í fyrsta skipti í sögunni inn áætlun til langs tíma sem gefur þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum möguleika á því að flýta framkvæmdum þar sem þær eru komnar á áætlun. Slíkt hefði ekki verið mögulegt ef ekki hefði verið um slíka áætlun að ræða. Ég tel að við séum að opna dyr sem ekki hafa verið

opnar áður og eiga að geta fleytt okkur áfram með þau verkefni sem ég minntist á áðan, Suðurstrandarveginn, tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og mörg önnur verk í kringum landið sem fólkið bíður eftir.

[16:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist gjarnan viljað hafa gert betur. Hann hafði vissulega tækifæri til að gera betur við fjárlagaumræðuna fyrir jól. Frammi lágu t.d. tillögur um aukið fjármagn til Reykjanesbrautar svo flýta mætti tvöföldun hennar. Því verki lýkur ekki fyrr en langt verður liðið á næstu öld. Hv. þm. greiddi atkvæði gegn þessum tillögum, hann var á móti því að tvöföldun Reykjanesbrautar yrði flýtt.

Út af kýtum þingmanna um fé það sem kom til lýsingar á brautinni þá fagna ég því að hún skuli hafa verið lýst upp og ég veit ekki betur en að þetta sé uppsafnað fé til Reykjanesbrautar frá síðasta kjörtímabili.

[16:39]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess að hv. þm. Alþfl. komu með einhverja sýndartillögu fyrir jólin um að setja 23 milljónir í tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Hvers lags sýndarmennska er það að ætla 23 milljónir í tvöföldun á braut sem mun kosta 2,4 milljarða? Á sama tíma var verið að byggja upp ábyrga áætlunargerð sem gerði ráð fyrir því að hægt væri að ljúka þessari framkvæmd á ákveðnum tíma. Eins og ég sagði áðan, hv. þm., að koma slíkri framkvæmd á áætlun er í raun forsenda þess að hægt sé flýta og fjármagna framkvæmdir með öðrum hætti en þeim sem kemur fram á blaðinu. Þetta er gríðarlegt skref og ég tel að menn geti með fullri virðingu fyrir þessari tillögu frá hv. þm. áttað sig á því að þar var einungis verið að reyna að koma af stað moldviðri. Þ.e. tilraun til að gefa þingmönnum Alþfl. skárri stöðu í Reykjanesi. Þeir gætu þá sagt okkur hafa verið á móti tillögunni, aðra þingmenn kjördæmisins sem styðja ríkisstjórnina. Auðvitað sjá allir í gegnum svona málflutning. Hann virkaði sem betur fer ekki enda vilja kjósendur sjá ábyrg vinnubrögð hvað þetta varðar og getað trúað því að staðið verði við það sem um er talað. (**ÁRJ:** Eins og vinnubrögð Sjálfstfl.) Já.

[16:41]

**Útbýting þingskjala:**

Sérleyfi til fólksflutninga, 419. mál, fsp. SvanJ, þskj. 740.

Viðskiptabann gegn Írak, 418. mál, fsp. ÖJ, þskj. 739.

Þátttaka í sjávarútvegsverkefnum erlendis, 420. mál, fsp. SvanJ, þskj. 741.

[16:41]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Að gefnu tilefni vill forseti minna hv. þm. á þingsköp og að ekki skulu viðhöfð samtöl þingmanna í milli úr ræðustól.

[16:42]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Vegáætlun sú sem hér er lögð fram er um margt metnaðarfull og greinargóð. Hún er til langs tíma, hún er framtíðarsýn á vegamál og um hana hafa farið fram ágætar umræður, kýtur á köflum samkvæmt orðum sumra hv. þm. Samgöngur á landi eru sífellt að verða mikilvægari. Sjóflutningar eru komnir upp á land, á þjóðvegina og umferðarþunginn orðinn miklu meiri. Flugsamgöngur hafa líka verið að breytast og því má reikna með að innan skamms verði fastar áætlunarferðir með flugi aðeins til Vestfjarða, Norðausturlands, Austurlands og Vestmannaeyja. Það kallar á betri og öruggari samgöngur til hinna landshlutanna og vissulega stefnir í þá átt. Því þarf að auka fjármagn til vegamála, um það munu allir sammála. Viðhald stofnvega tekur meira til sín vegna vaxandi umferðarþunga, svo mjög undanfarin ár að fé til tengivega er orðið mjög af skornum skammti. Til þeirra vantar sárlega meira fé.

Herra forseti. Við þessa umræðu hefur hvað mest verið talað um þann þátt vegamálanna sem ekki er að finna í áætluninni, þ.e. jarðgangagerð. Jarðgöng eru raunhæfur kostur á samgönguvanda sumra byggða í landinu fyrir norðan, austan og vestan. Auðvitað væri best að þessi staðreynd væri viðurkennd og þeir jarðgangakostir sem nú eru í umræðunni yrðu metnir til hlítar. Þá mætti rannsaka og jafnvel reikna með að sérstök áætlun yrði gerð um þessa kosti og í hvaða röð ætti að ráðast í þá.

T.d. er reiknað með því, herra forseti, að leggja nýjan, uppbyggðan heilsársveg um Lágheiði. En komi nú í ljós að skynsamlegra sé að gera jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð, á þá samt að leggja veg um Lágheiði vegna þess að það er hér í áætlun, þrátt fyrir það að jarðgöng verði sífellt ódýrari og ódýrari?

Oft verða umræður í þjóðfélaginu um ákvarðanir Alþingis og það er vissulega gott. Um margar þeirra ríkir almenn sátt, um aðrar ekki. Stundum er gerður munur á pólitískum ákvörðunum og skynsamlegum ákvörðunum. Best er að þetta fari saman og oftast er það svo. En að leggja fé í rannsóknir á jarðgöngum en hafna þeim um leið, það er ekki skynsamlegt að mínu mati. Það þarf að vera nokkurt svigrúm í áætluninni og vissulega er það svo á marga lund og því er ekki eðlilegt að merkja beinlínis inn Lágheiði eingöngu í stað þess að láta þennan lið áætlunarinnar heita Vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Þá er auðvelt að breyta um ef jarðgangarannsóknir leiða í ljós að gangagerð sé eða verði skynsamlegri kostur.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur verið vísað til þess að fyrir löngu síðan hafi forgangsröðun í jarðgangagerð verið ákvörðuð og því sé ástæðulaust að fjalla mikið um það núna. Enn er hér við þessa umræðu talað um samkomulag sem gert hafi verið fyrr á öldinni, pólitískt samkomulag hét það í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrrv. samgrh. Þarna er aftur dæmi um mun á pólitískri ákvörðun og skynsamlegri ákvörðun að mínum dómi, þ.e. ef búið er að taka ákvörðun áður en farið er að rannsaka málið. Ég er alls ekki á móti því að allir þessir kostir séu metnir. Það er sjálfsagt að gera og ég mun standa að ákvörðun með þeim kosti sem skynsamlegastur þykir, hagkvæmastur í gangagerð, hvað skili mestu, hvað skili hámarksárangri. Jarðgöng verða grafin á Íslandi á næstu árum og það er alveg víst að umræðan um þau verður ekki stöðvuð, jafnvel ekki þótt þagað sé um hana í vegáætluninni sem á margan hátt er, eins og ég sagði, ágætlega unnin.

Umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar á Sauðárkróki og Akureyri hafa unnið kostnaðaráætlun um lagfæringar á veginum frá Ketilási í Fljótum til Ólafsfjarðar en vegna þess að langtímaáætlun í vegagerð reiknar nú með 680 millj. í Lágheiði á árunum frá 2003 til 2010 er komið stopp á það mál. Ég lít svo á að Lágheiðarvegur verði seint talinn viðunandi lausn á vegtengingu milli austurs og vesturs á Tröllaskaga. Það þarf að viðurkenna og leggja fram einhverja tugi milljóna til að styrkja og bæta veginn fram Austur-Fljótin og Stífluna, Lágheiði og til Ólafsfjarðar án þess að reikna með

að þar geti verið heilsársvegur. Hins vegar þarf að reikna þarna með jarðgöngum eins og ég hef margtekið fram. Þann möguleika eigum við að viðurkenna í ályktunum Alþingis.

Hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi fyrr í umræðunni þá hugmynd að lagður yrði 1 milljarður til hliðar fyrir framkvæmdir við jarðgöng, 1 milljarður á ári. Mér líst vel á það og ég treysti því að hv. samgn. taki þetta sem annað margt til athugunar í því mikilvæga starfi sem hún á nú fram undan áður en þáltill. verður lögð fram til síðari umræðu.

[16:49]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl.v. að þagað sé um jarðgöng í þessari vegaáætlun. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að leggja fé til jarðgangarannsókna næstu ár. Það liggur fyrir og er hv. þingmönnum kunnugt að menn treysta sér ekki á þessari stundu að segja til um það hvar besti kosturinn sé, — að jarðgöng komi milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar — hvað þá að menn geti með einhverri sannfæringu lagt fram kostnaðaráætlun. Ég vil líka minna á að hér stóð upp einn þingmaður áðan og sagði að hann vissi ekki hvort ætti að taka alvarlega óskir um jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Það sýnir þá samstöðu sem er í þinginu um það að taka ákvörðun um að slík jarðgöng verði látin ganga fyrir og upplýst af mörgum þingmönnum, þó ég sé ekki í þeirra hópi, að þeir telja að þingið hafi bundið sig á sínum tíma um það að næstu jarðgöng kæmu á Austurlandi og þær hugmyndir sem hér hefur verið lýst í þeim efnum, þó óljósar væru í dag sumar hverjar a.m.k., benda ekki til þess að þar sé um smáfjárhæðir að ræða. Ég held því að það sé alveg óhjákvæmilegt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að ákvörðun um hvar næstu jarðgöng komi verður að bíða að þessu sinni. Við erum að tala um verulegar fjárhæðir og það er fullkomlega óskiljanlegt að mínum dómi hvers vegna þingmenn geta ekki unað því að menn reyni fyrst að átta sig á því hvar jarðgöng eigi að vera, kostnaðaráætlun og öðru slíku, en inn í áætlun séu settar fastar fjárhæðir í þeim efnum.

[16:51]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að það eru lagðir aurar í jarðgangarannsóknir. Það tók ég fram. Það er nánast útilokað að farið verði í jarðgöng til 2010 samkvæmt vegáætluninni. Ég hef lesið það út úr henni. Ég vil hins vegar árétta það að við eigum að viðurkenna að jarðgangagerð geti komið til fyrir árið 2010. Það vil ég gera að höfuðmáli.

[16:52]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að líka sé nauðsynlegt að taka fram að hér er gert ráð fyrir að 680 millj. fari til vegagerðar yfir Lágheiði. Nú liggur fyrir að snjóþyngsli á þessum slóðum eru þvílík að eins og nú standa sakir býst Vegagerðin ekki við að um heilsársveg geti orðið að ræða á milli Fljóta og Ólafsfjarðar. Mætti búast við því að síðari hluta vetrar, í marsmánuði og jafnvel fram í apríl, yrðu snjóþyngsli slík að ógerningur yrði að halda vegi opnum. Eftir sem áður erum við að tala um 20% af þeim kostnaði sem búast má við að jarðgöng kosti milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Ég er ekki viss um að í annan tíma hafi verið lagt meira fé til hliðar í vegáætlun en þetta, fyrir fram, svo mörgum árum áður til þess að fara í jarðgöng, ef sá kostur verður fyrir hendi. Þess vegna skil ég ekki þegar hv. þingmenn eru að amast við því að þarna séu 680 millj. eyrnamerktar Lágheiði.

Og það er heldur ekki rétt að með þessu sé verið að útiloka jarðgöng síðar meir. Ég hef lýst því yfir og ég hygg að aðrir þingmenn séu mér sammála um það, að óðs manns æði væri að leggja veg yfir Lágheiði ef menn ætluðu síðan að fara í jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Þessar 680 millj. greiða fyrir því að hægt sé að taka slíka ákvörðun, spilla ekki fyrir því, og menn verða að gera upp við sig á næstu fjórum árum þangað til fjögurra ára áætlunin verður ákveðin næst, hvernig eigi að fara að því að tengja Ólafsfjörð og Siglufjörð. Það má raunar vera að menn telji byggðalega og atvinnulega þýðingu slíks vegar slíka að menn vilji jafnvel flýta göngum meir.

[16:54]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er full ástæða til að þakka hæstv. samgrh. fyrir þetta dýrmæta svar. Það var mikilvægt. Hann sagði að sjaldan eða aldrei hefði verið lagt meira fé til hliðar ef ske kynni að jarðgöng væru skynsamlegri kostur en uppbyggður vegur á Lágheiði. Í raun og veru er hann að segja að það geti komið til að vegtengingin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verði jarðgöng en ekki Lágheiðarvegur. Ég vissi að hæstv. samgrh. ætti meira inni en komið hafði fram í vegáætluninni beinlínis og ég fagna þessari yfirlýsingu hans hér í andsvari og hef engu við að bæta.

[16:55]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Í dag hefur nokkur gagnrýni komið fram á þá langtímaáætlun í vegagerð sem hér er til umræðu og eðlilegt er að menn hafi skiptar skoðanir á því í hvaða verkefni skuli ráðist á næstu árum og þá í hvaða röð. Sjálfur hefði ég ugglaust raðað málum í eitthvað aðra röð en hér er gert ef ég hefði samið þetta plagg, en ólíkt því sem er við gerð vegáætlunar var þessi langtímaáætlun ekki gerð í samráði við þingmenn kjördæmanna og það finnst mér að vissu leyti miður. Yfirleitt held ég að þingmenn hvers kjördæmis séu mjög samstiga í vegamálum og a.m.k. er það svo um okkur þingmenn Vesturlands sem höfum átt mjög gott samstarf um þessi mál. En það sem skiptir þó mestu máli er að þessi langtímaáætlun í vegagerð er metnaðarfull og skiptir landsbyggðina miklu máli. Þarna er lagt til að Alþingi álykti að verja skuli 110–111 milljörðum til framkvæmda í vegamálum á árunum 1999–2010 og ég tel að það skipti miklu máli í þeirri miklu umræðu sem er um þessar mundir um búseturöskun í landinu og flutning fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það skiptir miklu máli að Alþingi sýni fram á hvert markmiðið er í vegagerð á næstu árum, allt til ársins 2010. Samgöngumálin eru einn þeirra málaflokka sem hvað mestu valda um búsetu fólks og það höfum við glöggt heyrt í stjórn Byggðastofnunar sem höfum ferðast vítt og breitt um landið á síðustu tveimur árum og hitt heimamenn í flestum þéttbýlisstöðum landsins. Við höfum orðið mjög varir við það að eitt af því sem stendur upp úr hjá þessu fólki er áherslan á vegamálin.

Á bls. 4 er í sjö liðum drepið á að hverju helst skuli stefnt á þessu tímabili. Það er í fyrsta lagi að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúum eða fleiri. Þetta finnst mér afar gott markmið. Enn eru á hringveginum talsvert langir kaflar sem ekki hafa verið lagðir bundnu slitlagi og það hlýtur að vera metnaðarmál okkar að ljúka því að leggja þjóðveg 1 bundnu slitlagi.

Í öðru lagi er það að tengja saman með uppbyggðum vegi nálæga byggðarkjarna með fleiri en 1.000 íbúum á hvorum stað. Þetta tel ég líka ágætis markmið og get nefnt í því sambandi að sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi, Stykkishólmur, Grundarfjörður og það sem nú heitir Snæfellsbær, náðu samkomulagi fyrir nokkrum árum um að höfuðmarkmið í vegagerð á því svæði væri að tengja byggðirnar á norðanverðu Snæfellsnesi á þennan hátt. Það verk er reyndar komið í gang og nokkuð á veg og ég er ekki í vafa um að þessi tenging mun efla mjög þessa þrjá þéttbýlisstaði og þess vegna held ég að þetta sé ágætis markmið sem geti átt vel við víða um land.

Í þriðja lagi er það að leggja bundið slitlag á mikilvægar ferðamannaleiðir með mikla umferð. Talið er að ferðaþjónustan sé eitt af því sem við eigum kannski hvað mesta möguleika á að auka störf í á næstu árum og ekki er vafi á því að bundið slitlag á þessar ferðamannaleiðir skiptir mjög miklu máli ef ná á upp aukinni þjónustu á þessu sviði. Ég get nefnt sem dæmi Húsafell sem er nú einn þeirra staða á landinu sem ég tel að eigi hvað mesta möguleika í ferðaþjónustu. En það stendur þeim stað verulega fyrir þrifum að hafa ekki bundið slitlag á leiðinni inn að Húsafelli. Ég er ekki í vafa um að þegar það verður komið mun Húsafell verða einhver vinsælasti ferðamannastaður á landinu og eiga gríðarlega möguleika.

Í fjórða lagi að endurbyggja brýr á helstu flutningaleiðum sem ekki þola fullan þunga. Þetta er mjög mikilvægt líka. Það er staðreynd að á undanförnum árum hefur álagið á vegina aukist gríðarlega og brýr margar hverjar þola illa stóraukna umferð þungra bíla sem hefur fyrst og fremst komið til með fiskmörkuðunum þar sem gríðarlegir fiskflutningar eru þvers og kruss um landið frá þessum mörkuðum og einnig vegna þess að skipafélögin hafa á undanförnum árum nánast lagt strandferðirnar af, þ.e. að sækja afurðirnar á einstakar hafnir. Allt fer þetta nú fram með risastórum flutningabílum sem þræða þjóðvegina á nóttu sem degi og vegakerfið og ekki síst þessar brýr er, illa undir þetta búið. Þetta er því að mínu áliti mjög mikilvægur liður í þessari áætlun.

Í fimmta lagi að breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál. Sjálfsagt er einhvers staðar þörf á því, kannski fyrst og fremst á Reykjanesbrautinni. Einhverjir kaflar hennar þyrftu breikkun. Ég hef hins vegar efasemdir um að nauðsynlegt sé að breikka þá leið alla, þ.e. Reykjanesbrautina, eins og sumir hafa haldið hér fram. En einstakir kaflar hennar þurfa tvímælalaust á því að halda.

Í sjötta lagi að endurbyggja kafla með mikla umferð þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegi án endurbóta og reynst hafa hættulegir. Þetta er mjög aðkallandi verkefni. Við þekkjum öll þessa kafla vítt og breitt um landið þar sem malbiki eða einhverjum slíkum efnum var slett á gamla veginn, oft kannski á veginn miðjan og ekki út í kantana. Víða skapar þetta mikla slysahættu í dag og er mjög aðkallandi að ráðast í viðgerðir og endurbætur á þessu.

Í síðasta lagi að breikka einbreiðar brýr á hringveginum þar sem umferð er mikil. Þetta er auðvitað einnig mjög aðkallandi og hefur reyndar oft verið rætt í þinginu á undanförnum mánuðum og árum. Við vitum öll að einbreiðar brýr eru mikill slysavaldur og hafa því miður valdið mjög alvarlegum slysum. Eina sem ég finn að þessum lið er að ég hefði kannski viljað hafa þetta 400 bíla mark eitthvað lægra. Ég held að brýr á vegum þar sem er eitthvað minni umferð séu í mörgum tilfellum einnig mjög hættulegar. Þar hafa orðið mjög alvarleg slys þannig að ég hefði viljað binda þetta við eitthvað lægri tölu en 400 bíla. En markmiðið er gott.

Tekið er fram að verkefni á höfuðborgarsvæðinu séu ekki tekin með og þau hafi verið undir sérstökum lið og verði svo áfram. Það er út af fyrir sig eðlilegt en auðvitað bíða stór verkefni á því svæði líka og er það ekkert einkamál Reykvíkinga heldur okkar allra sem eigum leið til borgarinnar og vitum að leiðirnar að og frá borginni, vegirnir næst borginni, þola illa þá miklu umferð sem þar er og þar bíða vissulega veruleg verkefni.

Hér er tekið fram að jarðgöng séu ekki á þessum nýja verkefnalista og ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar, eins og hér segir. Ég efast ekkert um að á þessu tímabili verða gerð jarðgöng. Í framsöguræðu sinni fyrr í dag nefndi hæstv. samgrh. möguleikann á því að beita mætti óhefðbundnum aðferðum til að fjármagna vegaframkvæmdir og e.t.v. verður það gert við næstu jarðgangagerð líkt og var með Hvalfjarðargöngin og gafst afskaplega vel.

Hér er einnig til umræðu vegáætlun fyrir árin 1998–2002. Þar kemur fram það markmið að fjáröflun til vegagerðar verði frá og með árinu 1999 alfarið byggð á mörkuðum tekjustofnum og millifærslum í ríkissjóð hætt. Ég held að það sé ágæt breyting, þá eru nokkuð hreinar línur í því hvað er til útgjalda ár hvert.

Hér er getið um breytingu sem fyrirhuguð er, þ.e. að taka upp olíugjald í stað þungaskatts um næstu áramót og að ein af forsendum þeirrar breytingar sé að tekjustofninn skili sömu tekjum og áður í ríkissjóð og þessi tillaga miðast við það. Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi, þó það komi kannski ekki þessu þingmáli við, að ég sá dæmi um það nýlega hjá bifreiðarstjórum á Snæfellsnesi að þessi breyting mun leiða til aukinna útgjalda hjá þeim, misjafnt þó eftir því hversu mikil notkun bifreiðar er. Ég er sammála því að þessi breyting skili sömu tekjum og áður til vegagerðar og sé ein af forsendunum fyrir þessu plaggi en þessi kerfisbreyting má ekki verða til þess að íþyngja þeim sem við þessa skattheimtu búa.

Hér er kafli um vetrarþjónustu þar sem lagt er til að hún aukist nokkuð á næstu árum. Snjómokstur hefur verið stóraukinn á undanförnum árum og það er vel því að víða er fólk mjög háð þessari þjónustu, t.d. vegna atvinnustarfsemi og skólaaksturs. Þessi aukna þjónusta á undanförnum árum hefur mælst mjög vel fyrir þó að auðvitað megi alltaf gera betur. Þannig er t.d. nokkur óánægja með það á utanverðu Snæfellsnesi að aðeins skuli vera mokað fjórum sinnum í viku á Fróðárheiði en sjö sinnum á Kerlingarskarði þar sem umferð um þessa fjallvegi er mjög svipuð og munar þar aðeins samtals um þúsund bílum sl. fjóra mánuði. Þess verður þó að geta að það er mokað alla daga vikunnar milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðu nesinu.

Félagar mínir, hv. þm. Vesturl., hafa rætt nokkuð um vegamálin í okkar kjördæmi og hvað þar er mest aðkallandi. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni er samstaða okkar góð um þessi vegamál og við erum yfirleitt mjög sammála um þau þannig að ég ætla ekkert að vera að endurtaka það sem þau höfðu hér fram að færa um einstaka kafla í okkar kjördæmi. Ég vil aðeins nefna í lokin sem ég hef oft nefnt áður að ég er ekki sáttur

við það að helmingur af kostnaði við vegtengingar Hvalfjarðarganga skuli tekinn af vegafé þeirra kjördæma sem liggja að göngunum, en langstærstur hluti þess kostnaðar lendir á Vesturlandi. Hvalfjarðargöngin eru fyrst og fremst stórkostleg samgöngubót fyrir alla landsmenn. Þau stytta hringveginn um yfir 40 km og nýtast landsmönnum öllum. Auðvitað koma þau Vestlendingum til góða en ekki síður Vestfirðingum og Norðlendingum auk allra þeirra fjölmörgu landsmanna sem leið eiga um hringveginn. Mér finnst því að það þurfi að endurskoða þessa niðurstöðu og að lítið verði á vegtengingarnar sem hluta af kostnaði við göngin og þær fjármagnaðar samkvæmt því. Verði ekki samkomulag um það tel ég að endurgreiðslutími þessara lána þurfi að vera lengri en fimm ár eins og gert er ráð fyrir í þessari áætlun.

[17:07]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ráðist var í Hvalfjarðargöngin var gert ráð fyrir því að 400 millj. kr. yrðu fjármagnaðar af vegáætlun. Það er gert hér samkvæmt þessari áætlun og er ekki eyrnamerkt einu eða neinu kjördæmi heldur er einungis um endurgreiðslu á þessu fé að ræða og kemur inn í áætlunina sem slíkt. Þessi áætlun er ekki þannig byggð upp að fyrir fram séu fundnar deilitölur einstakra kjördæma heldur reyndu starfsmenn Vegagerðar að setja fram skynsamlega framkvæmdaáætlun sem búast mætti við að staðið yrði við og þingmenn mundu fallast á og væri nokkuð í takt við framkvæmdaþörf. Auðvitað er þörfin alls staðar mikil. Alveg eins og þegar nú er verið að borga lán vegna Reykjavíkur, þá verða greiðslurnar alltaf vegna vega á höfuðborgarsvæðinu. Eins er það svo að engu máli skiptir hversu lengi dregst eða dregst ekki, né hvar fyrir er komið endurgreiðslu á láni vegna vega á Vesturlandi. Endurgreiðslan verður alltaf vegna lána fyrir vegum á Vesturlandi. Þetta var ekki þannig hugsað að verið væri að taka eyrnamerkt fé Vesturlands til greiðslu á þessum lánum.

[17:09]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að þetta var ein af forsendunum þegar ráðist var í Hvalfjarðargöngin og tekin ákvörðun um þau á Alþingi. Ég var hins vegar alltaf ósammála þessu og hef alltaf haldið því fram að mér fyndist eðlilegast að vegtengingarnar væru hluti af kostnaðinum við göngin. Sé það svo að þetta lendi ekki að neinu leyti á Vesturlandi, þá hef ég orð hæstv. samgrh. fyrir því og vil bara fagna því.

[17:09]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í till. að langtímaáætlun í vegagerð sem hér liggur fyrir er ljóst að verið er að leggja nýjar og allt aðrar áherslur en verið hafa varðandi skiptingu á vegafé til einstakra verkefna. Hér er lagt upp með sjö meginmarkmið sem menn ætla að ná á þessu tólf ára tímabili. Áður hafa fjárveitingar til vega verið reiknaðar út sem hlutfall á milli kjördæma og þá verið reiknað út frá kostnaði, ástandi og arðsemi vega. Það hefur leitt til þess að mjög stór verkefni hafa orðið eftir og á það sérstaklega við á Austfjörðum, Norðurl. e. auk Vestfjarða.

Það er augljóst að ef á að ljúka þessum verkefnum einhvern tíma þá verður að breyta vinnubrögðum við úthlutun vegafjár og miða þá við framkvæmdaþörf.

Á síðustu árum hafa menn farið að líta á það sem nokkurs konar frumþarfir eða grundvallarþarfir að bundið slitlag sé á öllum helstu þjóðvegum landsins. Því markmiði er einfaldlega ekki hægt að ná með þeim aðferðum sem notast hefur verið við og því verður að breyta um vinnubrögð. Því hafa verið í þessari langtímaáætlun skilgreind ný markmið sem verða þá þau verkefni sem ætlað er að ljúka á tímabili þessarar langtímaáætlunar.

Það er í fyrsta lagi að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúum eða fleiri. Þetta er ákaflega mikilvægt með tilliti til byggðaþróunar eins og margoft hefur verið tekið hér fram. Í öðru lagi að tengja saman nálæga byggðarkjarna. Í þriðja lagi að leggja bundið slitlag á mikilvægar ferðamannaleiðir. Í fjórða lagi að endurbyggja brýr á helstu flutningaleiðum sem ekki þola fullan þunga samkvæmt Evrópustöðlum. Í fimmta lagi að breikka vegi með tilliti til umferðaröryggis. Í sjötta lagi að endurbyggja kafla þar sem bundið slitlag hefur verið lagt á gamla vegi. Í sjöunda lagi að breikka brýr á hringveginum þar sem umferð er mikil, en það er sjálfsagt öryggismál.

Þau verkefni sem talin voru stórverkefni hér áður samkvæmt eldri skilgreiningu eru á þessum nýja verkefnalista önnur en jarðgöng, en þau eru ekki fyrirhuguð á þessu tímabili eins og áætlunin er hér lögð fram. Gert er ráð fyrir 10 millj. kr. á ári til jarðgangarannsókna á þessu tólf ára tímabili, 120 milljónum í allt, þannig að gera má ráð fyrir að að þessu tólf ára tímabili liðnu þá muni vera svigrúm til þess að huga að jarðgangagerð aftur ef ekki koma til aðrar áherslur og ný tækifæri á tímabili langtímaáætlunarinnar.

Fram undir það síðasta hafa menn litið á jarðgangagerð sem þátt í því að rjúfa vetrareinangrun byggða. Í skýrslu nefndar um jarðgangaáætlun frá því 1987, eða eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson nefndi hér áðan „fyrr á öldinni“ — það er sem sagt fyrir um ellefu árum síðan — var þess freistað að ráða verkefnum í forgangsröð og þar var mælt með því að að lokinni gangagerð í Ólafsfjarðarmúla yrði ráðist í jarðgangagerð á Vestfjörðum en síðan á Austfjörðum og voru færð sterk rök fyrir því hvers vegna svona skyldi að farið.

Nú þarf ekki að koma neinum á óvart að Austfirðingar hafa beðið nokkuð óþolinmóðir eftir því að farið yrði að huga af alvöru að jarðgangamálum þar. Nefnd sem þáv. samgrh. skipaði 1988 um jarðgangagerð á Austurlandi skilaði verkefni sínu í skýrslu árið 1993. Í skýrslunni var jarðgangaverkefni til samgöngubóta á Austurlandi skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga var gert ráð fyrir jarðgöngum sem mundu leysa vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar og mundu stuðla að allþéttum byggðarkjarna á Mið-Austurlandi með 7.000 íbúa svæði.

Í öðrum áfanga átti að vinna jarðgöng sem mundu tengja einstök byggðarlög við þetta kjarnasvæði. Þar var í fyrsta lagi átt við göng sem tryggja mundu vetrarsamgöngur milli Vopnafjarðar og Héraðs og eins göng sem mundu stytta vegalengdina milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Í þriðja áfanga átti að vinna jarðgöng sem mundu stytta leiðina milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar um 16 km og milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur um 7 km.

Það er alveg ljóst að kostnaður við þessa þrjá áfanga var geysimikill eða 13–16 milljarðar á þágildandi verðlagi.

Nýlega hafa áætlanirnar verið endurreiknaðar lauslega og kemur í ljós að kostnaðurinn hefur ekki breyst mjög mikið þrátt fyrir að tími sé liðinn síðan þar sem raunkostnaður við jarðgangagerð hefur lækkað allverulega. Ef farið yrði

eftir þeim tillögum sem gert var ráð fyrir í skýrslu jarðganganefndarinnar, þ.e. með þrennum göngum; milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar, Mjóafjarðar og Norðfjarðar og Mjóafjarðar og Héraðs, svokallaður Gafall, yrði heildarkostnaður við alla þá jarðgangagerð um 6,7 milljarðar. Tenging Vopnafjarðar með jarðgöngum yrði á bilinu 800 milljónir upp í 1,9 milljarða eftir því hvaða leið yrði valin. Tenging Norðfjarðar og Eskifjarðar 1,7 milljarðar, tenging Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar 2,1 milljarður og tenging Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur 1,4 milljarðar.

Ljóst er að þegar menn unnu þessa skýrslu var litið á það sem meginmarkmið með jarðgangagerð á Íslandi að rjúfa vetrareinangrun byggða eins og ég sagði áðan. Markmiðið að stytta vegalengdir eða tengja nálæga byggðakjarna kæmi þar á eftir. Þessi forgangsröðun hefur eitthvað brenglast í hugum manna upp á síðkastið. Er þar skemmst að minnast jarðganga undir Hvalfjörð sem eru gerð í þeim tilgangi að stytta vegalengdir. Menn hafa farið að ræða tengingu byggðakjarna eins og Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Á Austurlandi hafa menn rætt um að tengja byggðakjarna betur, svo sem milli Eskifjarðar og Norðfjarðar eða að stytta vegalengdir eins og á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Öll þessi mál verður væntanlega að endurmeta og skoða aftur í því ljósi að nú er búið að byggja upp vegi, m.a. til Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Tiltölulega auðvelt er að halda þessum vegum opnum, a.m.k. í þeim snjóléttu vetrum sem hafa verið að undanförnu. Það er alveg ljóst að það breytir mjög hugmyndum manna að það skuli vera komin sjö daga vetraropnun á þá vegi sem eru svo gríðarlega mikilvægir og að það skuli vera hægt að halda þeim opnum með mjög miklu öryggi og minnkandi kostnaði. Árið 1996 gerði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu fyrir Vegagerðina um greiningu á arðsemi vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Með leyfi forseta stendur þar:

„Bætt vetrarþjónusta minnkar þörf á jarðgöngum til Seyðisfjarðar og Norðfjarðar og stuðlar því að frestun þeirra. Ávinningur frestunar um eitt ár er af stærðargráðunni 300 millj. kr. en kostnaðurinn við góða vetrarþjónustu af stærðargráðunni 20 millj. kr. Arðsemi vetrarþjónustu á Fjarðarheiði og Oddskarði er því allt að 1.500%. Af ofangreindu ætti að vera ljóst að það er tvímælalaust réttlætanlegt að veita daglega þjónustu á Fjarðarheiði og Oddskarði."

Þetta segir hins vegar ekkert um annan arð af hugsanlegri jarðgangagerð, t.d. tenginu atvinnusvæða og önnur byggðaleg áhrif.

Þetta segir hins vegar það að nú er hægt að skoða aðrar áherslur og forgangsröðun með því að komnir eru uppbyggðir vegir sem hægt er að halda opnum með litlum tilkostnaði. Það er samt ljóst að í þessari langtímavegáætlun er ekki gert ráð fyrir öðru varðandi jarðgangagerð en að nota tímann til rannsókna og skoðana. Megináherslur liggja í því að koma bundnu slitlagi á alla helstu stofnvegi og ég held að við getum öll verið sammála um að það er gríðarlega mikilvægt að það takist á þessu tímabili.

Nú eru auðvitað mörg önnur verkefni sem þarf að huga að en þau að koma á bundnu slitlagi. Samkvæmt kostnaðaráætlun Vegargerðarinnar þarf að leggja 40 milljarða kr. í þörfustu verkefnin fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Til þessara verkefna fara þó ekki nema 25 milljarðar samkvæmt frv. Eftir þetta tímabil á því eftir að framkvæma fyrir um 15 milljarða án jarðgangagerðar. Af þessum 15 milljörðum eru 4,5 milljarður eftir á Austurlandi en þrátt fyrir mikið átak er langmest eftir í því kjördæmi. Þó vantar inn í töluna, þessa 4,5 milljarða, stórverkefni eins og brú á Hornafjarðarfljót og þau jarðgangaverkefni sem áður eru talin.

Ljóst er að sjáanlegar framfarir á vegakerfinu verða mjög miklar á næstu árum samkvæmt tillögunum sem eru að ég tel mjög svo raunhæfar. Ég bind miklar vonir við að með breyttum áherslum og markmiðum getum við byggt upp öflugar vegasamgöngur til eflingar þjóðarhag og byggðum landsins.

[17:20]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins ein spurning: Mun hv. þm. samþykkja till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð eins og hún liggur fyrir, þ.e. án þess að fyrirheit séu gefin um jarðgöng á Austurlandi?

[17:21]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun samþykkja vegáætlunina eins og hún er lögð fram enda eru í henni mjög góð markmið og ég tel að þar sé verið að vinna mjög skipulega að því að bæta vegakerfi landsins. Ég hef samt þá bjargföstu trú og skoðun að næstu jarðgöng sem verður farið í verði á Austurlandi. Ég held að það liggi algjörlega ljóst fyrir.

[17:21]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að verða til þess að draga úr trú hv. þm. á það að jarðgöng á Austurlandi verði næst í röðinni og jafnvel svo að þau verði á þessu áætlunartímabili. En það breytir ekki þeirri staðreynd að í þeirri áætlun sem við erum að fjalla um, og munum væntanlega samþykkja á þessu vorþingi, er ekki kveðið á um þá framkvæmd. Ég spyr því hv. þm. enn á ný hvort henni og kjósendum hennar þyki það ekki býsna létt í vasa að einhverjir hv. þm. hér eða þar hafi þá trú að þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra og áætlunin hér segi það hreint og klárt að ekki verði ráðist í framkvæmdir við jarðgöng samkvæmt skrifuðum texta þessarar þáltill. þá trúi viðkomandi því samt. Er þá ekkert að marka þetta plagg? Er eitthvað annað í plagginu sem er okkur dauðlegum ekki sjáanlegt en öðrum trúuðum kannski frekar? Spurning mín er því þessi: Skipta þá engu máli þau fyrirheit sem þingmenn Austfjarða og raunar þingið allt hafa gefið kjósendum á Austurlandi og íbúum þar um langt árabil um að ráðist verði í þessa jarðgangagerð? Skiptir það þá engu máli í raun og sann þegar kemur til kastanna og menn ætla að sýna það svart á hvítu að það er ekki að finna hér? Er þetta plagg þá bara sumpart marktækt en að öðru leyti marklaust?

[17:23]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst hvað stendur í þessu plaggi. Þar er gert ráð fyrir 120 millj. kr. á þessu tímabili til rannsókna á jarðgöngum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að byrja á neinum jarðgöngum, hvorki á Austurlandi né annars staðar. Ég held að það sé alveg ljóst að samkvæmt allri þeirri forvinnu sem unnin hefur verið og áliti manna sem hefur birst víða í gegnum tíðina hljóti það að vera forgangsverkefni í jarðgangagerð að næstu jarðgöng komi á Austurlandi.

[17:24]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Sú till. sem er til umfjöllunar um þál. um vegáætlun fyrir 1998–2002 og till. til þál. um langtíma-

áætlun í vegagerð eru báðar allmerk plögg. Þess vegna er ástæða til að þakka fyrir þá vinnu sem hefur verið lögð í stefnumörkunina og þá tilraun sem þar er gerð til að horfa fram í tímann og forgangsraða verkefnum og framkvæmdum eftir mikilvægi þeirra. Að mínu áliti má segja að allvel hafi tekist til að mestu leyti en þó er þarna allmikill hængur á sem ég tel að þurfi að laga í meðförum þingsins.

Hængurinn er sá að gengið er út frá því í upphafi að ekki skuli ráðist í gerð jarðganga á þessu tímabili, þ.e. frá 1998 og til loka langtímaáætlunarinnar. Ég tel að ekki sé rétt stefnumörkun að útiloka þannig jarðgangagerð og að það þurfi að vega það og meta með tilliti til annarra framkvæmda og með tilliti til þeirra þarfa sem eru til staðar á viðkomandi stöðum. Það sem snýr fyrst og fremst að okkur þingmönnum Norðurl. v. er að sjálfsögðu umræðan um jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð.

Rætt hefur verið um þessi jarðgöng í nokkur ár. Ég hygg óhætt að nefna það að Sverrir Sveinsson, rafveitustjóri á Siglufirði, sem hefur oft komið inn sem varaþingmaður, hefur verið mjög ötull við að koma því máli á framfæri í þinginu. Síðan hafa Siglfirðingar og Ólafsfirðingar mjög horft til þessara ganga sem leiðar til þess að tengja saman byggðirnar. Eftir því sem tíminn hefur liðið hafa væntingar íbúa á þessum stöðum vaxið til þess að unnt væri að leggja göngin.

Fyrir nokkrum árum má segja að sú skoðun hafi verið útbreidd að jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar væru ekki raunhæfur kostur, að þau væru allt of dýr og í rauninni ekki á færi okkar að leggja þau. Þá var lögð allmikil áhersla á það að fá uppbyggðan veg yfir Lágheiði milli Fljóta og Ólafsfjarðar. Eftir því sem tíminn hefur liðið og jarðgöng eru almennt að verða ódýrari og auðveldari í lagningu hefur þetta breyst. Hin allra síðustu ár hafa sífellt fleiri álitið og nú er það orðin almenn skoðun á þessum stöðum, Siglufirði og Ólafsfirði og um utanverðan Eyjafjörð og um Skagafjörð, að jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar séu eina raunhæfa tengingin og eina lausnin sem er eitthvað vit í þegar horft er til framtíðar. Þess vegna er ekki auðvelt fyrir mig að lofa því að samþykkja að eftir svo og svo mörg ár eigi að leggja veg yfir Lágheiði sem er lausn sem er ekkert í takt við tímann og er lausn sem hefði kannski verið raunhæf fyrir 10–15 árum en er alls ekki raunhæf í dag. Ég vil láta þetta koma fram strax við fyrri umr. málsins og vona að hægt sé að taka tillit til þess í meðförum málsins í þinginu.

Ég að rétt sé að nefna að það er ekki eins og enginn trú hafi verið á byggð eða framtíð þessara staða. Það er búið að fjárfesta fyrir gífurlegar upphæðir í atvinnulífinu á Siglufirði. Ólafsfjörður hefur átt í töluverðum erfiðleikum en ég vona að þeir séu tímabundnir og að menn muni aftur fá trú á því að fjárfesta þar og byggja þar upp atvinnulíf jafnmyndarlega og tekist hefur að gera á Sigulfirði á undanförnum árum.

Ég tel þess vegna að það sé eðlilegt hlutverk ríkisvaldsins að sjá til þess að þær fjárfestingar sem verið hafa í atvinnulífinu nýtist sómasamlega og að þær fjárfestingar sem gerðar eru í samgöngumannvirkjunum stuðli að frekari atvinnuuppbyggingu á þessum stöðum. Ég tel að vegur yfir Lágheiði sé ekki nægilega góður stuðningur við það samstarf sem er nú komið milli atvinnulífsins á Siglufirði og Ólafsfirði og heldur ekki nægilega mikill stuðningur við þá viðleitni sem er á þessum stöðum að sameina þau byggðarlög í eitt sveitarfélag. Ég tel því að einboðið sé að ekki megi afskrifa þann möguleika sem er á jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með þeim hætti sem gert er í langtímavegáætluninni. Ef hún yrði samþykkt óbreytt mætti skilja það svo að verið væri að samþykkja að byggja veg yfir Lágheiðina en göngin væru ekki inni í myndinni. Og ég vil ekki að hægt sé að segja það um mig að ég hafi samþykkt að leggja þann veg.

Það er mjög gott að ákveðið skuli vera að leggja fé í rannsóknir á jarðgöngum á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Ég tel því eðlilegra að í stað þess að ræða um Lágheiðarveginn beint væri því orði skipt út fyrir hugtakið: vegtengingu á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þannig að þetta yrði opið. Ég tel að það væru fjárfestingarmistök að leggja fé í Lágheiðina og þess vegna ætti ekki að gera það miðað við þá stöðu sem uppi er í málinu. Málið er komið til umræðu og fer til hv. samgn. og það verður væntanlega ekki afgreitt fyrr en í vor. Ég tel að þvílíkir úrvalsmenn séu í samgn. og það mikill skilningur á þessu máli hjá samgrh. sem hefur verið annt um jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, að hægt ætti að vera að skoða þetta mál. Ég hef ekki trú á öðru en það endi með því að þessu verði breytt þannig að í staðinn fyrir að þarna standi Lágheiði komi inn orðið vegtenging. Ég treysti á að þeir samgöngunefndarmenn sem þekktir eru að réttsýni, sanngirni og drengskap muni taka þetta mál fyrir og hafa forustu um að þessu verði breytt í góðu samkomulagi við hæstv. samgrh.

[17:33]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti þm. taka undir að nú á sér stað mikið og gott samstarf milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í atvinnumálum. Ég hélt satt að segja — en það er kannski ókunnugleiki minn — að verið væri að byggja upp fiskvinnslu á Ólafsfirði og að því leyti væri bjart yfir staðnum, en ég rifja það kannski upp næst þegar ég kem til Ólafsfjarðar hvort ég man það rétt.

Ég vil aðeins segja um jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar að við erum þar að tala um 4 milljarða kr. Nú held ég menn verði að gæta sín að stíga ekki á stokk. Til stórverkefna á þriðja tímabili er varið 6,6 milljörðum, 760 millj. kr. Ef hugmyndin er að taka 4 milljarða af þessu og eyrnamerkja jarðgöngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar er ég hræddur um að miklir áróðursmeistarar verði að vera í þinginu til telja þingmenn annarra kjördæma á að þeir eigi að gefa svo mikið fé eftir. Það er þess vegna ekki um það að ræða að á meðan við erum með þessa vegaáætlun innan þess ramma sem hún er að við getum tekið milljarða króna hvort heldur við tölum um jarðgöng fyrir austan, norðan eða vestan og látið sem svo að raunhæft sé og að þingmenn muni fallast á það. Ég vil líka benda á að þessi langtímaáætlun er mjög gætileg. Þannig er svipað fé til stórverkefna á öllum tímabilunum, hinu fyrsta, hinu öðru, hinu þriðja, 6,4 milljarðar, 6,7 og 6,7. Þar er því farið mjög gætilega. Áætlunin gerir ráð fyrir því að opið sé síðar meir að taka ákvörðun um stórverkefni. Gert er ráð fyrir að vel verði staðið að rannsóknum á næstu árum og ég held að menn eigi ekki að vera hræddir við að segja eins og satt er, að í þessari áætlun er miðað við Lágheiðarveg. Við blekkjum engan mann með því að breyta um orð.

[17:35]

**Vilhjálmur Egilsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allra síst vil ég standa að því að beita blekkingum við gerð þessarar áætlunar. Ég vil kannski þess vegna velta því fyrir mér hvort ekki sé verið að blekkja með

því að setja inn þetta orð, Lágheiði, vegna þess að ég tel að sá vegur verði í rauninni aldrei lagður og ekkert þýði um það að tala að bjóða fólki upp á það á næstu öld að leggja þennan veg og hafa tengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar á þann hátt sem alls ekki er í takt við þá tíma og þær þarfir sem þar eru til staðar. Þess vegna tel ég að skynsamlegra væri að kalla þetta vegtengingu, þannig að þetta væri opið. Það væri alveg hugsanlegt að færa fjármagnið þarna til þannig að fjárveitingin byrjaði á þriðja tímabili að stærstum hluta, og að við værum í rauninni að reikna með því að hafin væri jarðgangagerð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar á þriðja tímabili sem síðan gengi yfir á tímabilið eftir 2010, og yrði fjármögnun á því verki þá lokið. Ég tel þess vegna að það væri útlátalaust fyrir þingmenn og í rauninni ekki frá neinum tekið að breyta þessu orði, Lágheiði, yfir í vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og það mundi þess vegna ekki ganga á hagsmuni neinna annarra.

[17:37]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju verið er að reyna að gera þessa áætlun tortryggilega með því að tala um Lágheiðina með þessum hætti. Ég er hiklaust þeirrar skoðunar að það geti ekki beðið í 14 eða 15 ár að koma á vegasambandi milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Og að láta sér detta í hug að það geti staðist að ekki verði farið að huga að jarðgöngum á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar fyrr en síðast á þriðja tímabili, eftir 12 ár. Það verður að vera komin niðurstaða í tengingu þarna á milli fyrir þann tíma. Ég er raunar þeirrar skoðunar að niðurstaða verði að vera komin í það á næstu fjórum árum hvort ráðist verður í göng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Með því að setja 680 millj. kr. í Lágheiðina er komið 20% af því fé sem búast má við að jarðgöng kosti. Ef hv. þm. Norðurl. v. kýs á hinn bóginn að við á þessum vetri látum sverfa til stáls um það hvort á næstu 12 árum verði ráðist í ein jarðgöng á Austurlandi eða Norðurlandi, þá er ég ekki viss um, eins og mál standa núna, að það verði neitt bjartara yfir þeirri niðurstöðu. Ég held þess vegna að þingmenn bæði Austurlands og Norðurlands eigi aðeins að athuga sinn gang, leggja fé til rannsókna og gera sér grein fyrir því hvernig þeir vilji standa að málum þegar að jarðgangagerðinni kemur. Það eru ekki forsendur fyrir því að hægt sé að heimta jarðgöng hér og jarðgöng þar. Ef við lítum á allt það fé sem er til stofnbrauta, ætli það sé ekki eitthvað í kringum 25–26 milljarðar á þessum 12 árum. Bara hér í dag er búið að stinga upp á jarðgöngum í fjórum fjórðungum sem er sennilega tvöföld sú fjárhæð. Um hvað eru menn að tala? Er þetta raunhæft?

[17:40]

**Vilhjálmur Egilsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. ræðir um að á næstu fjórum árum eigi að skoða málið varðandi jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Ég held að betur færi þá á því að í tillögunni stæði: vegtenging milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, fyrst það er á annað borð eitthvað skoðunarvert. Ef þar stæði einungis Lágheiðarvegur eða Lágheiði og eyrnamerkt ákveðin upphæð sem er nægileg til að leggja þann veg þá munu þingmenn náttúrlega koma eftir fjögur ár og halda því fram að Alþingi hafi samþykkt að leggja veg yfir Lágheiði en ekki samþykkt jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Þetta liggur að sjálfsögðu fyrir og ætti því að vera algerlega útlátalaust að breyta þessu orði, að kalla þessa tengingu vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í staðinn fyrir veg yfir Lágheiðina. Ég veit að íbúum á Siglufirði og Ólafsfirði mundi líða betur að vita af því að gera ætti jarðgöng þarna og byrja á þeim eftir tíu, ellefu ár eða vonandi níu ár eða átta ár frekar en vera með það í hendi að leggja veg yfir Lágheiði eftir sex eða sjö ár og standa þá frammi fyrir því að tómt mál væri að tala um göng, ekki bara á fyrri hluta næstu aldar heldur jafnvel á síðari hluta næstu aldar líka. Ég vil því eindregið hvetja samgrh. og samgn. til að hnika þarna til þessu orði og sýna ákveðinn sveigjanleika sem er algerlega útlátalaus fyrir þá og fyrir alla aðra þingmenn á hinu háa Alþingi.

[17:42]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þá langtímaáætlun í vegagerð sem hér er til umræðu og lögð hefur verið fram, áætlun sem gildir fyrir árin 1999–2010. Sérstaklega lýsi ég ánægju minni með þau breyttu vinnubrögð sem nú eru notuð þar sem á að stokka upp gamla úthlutunarreglu á því fé sem varið er til stofnvega. Hlutföll milli kjördæma hafa í langan tíma verið reiknuð út frá kostnaði, ástandi og arðsemi vega. Það er nokkuð ljóst að þegar menn eru með áætlun þar sem fyrirséð er að um 30–50 ár taki að koma almennilegu vegasambandi á úti í hinum dreifðu byggðum, þá eru slík vinnubrögð oft næsta marklítil. En núna er ríkisstjórnin að gera átak í því að koma þéttbýlissvæðum með 200 íbúum eða fleiri í almennilegt vegasamband við hringveginn. Ég held að flestir þingmenn séu mjög sáttir við það þótt menn kunni að greina á um hvernig röðun skuli háttað innan áætlunarinnar. Það er alveg ljóst að í mínu kjördæmi, á Vestfjörðum, er ástandið mjög erfitt. Þessa dagana er vegurinn um Ísafjarðardjúp nánast ekki fær, ekki sakir snjóalaga heldur þess hversu erfitt hefur verið að halda þeim vegi akfærum vegna þess að skort hefur fé til viðhalds á veginum.

Í áætluninni felst að menn ætla að gera átak í því að koma Ísafjarðarbæ og byggðunum þar í kring, Bolungarvík og Súðavík, í almennilegt vegasamband við hringveginn á næstu tveimur tímabilum, en fyrra tímabilið er frá 1999–2002, þar sem verja á 530 millj. kr. í Ísafjarðardjúpið og síðan 510 millj. á síðara tímabilinu, sem er frá árinu 2003–2006.

Rétt er að taka fram að þó að það séu nokkurn veginn jafnar fjárhæðir sem koma á hvort tímabil er næsta ljóst að á fyrra tímabilinu má laga mjög stóran hluta af veginum um Ísafjarðardjúp þó að ákveðnir erfiðir og dýrir kaflar verði skildir eftir eins og vegurinn inni í Ísafirði þar sem á honum eru nokkrar erfiðar brýr sem þarf að endurbyggja. Það er ekki eins og það taki þessi tvö tímabil að gera Djúpið að góðum vegi heldur mun stór hluti af því vinnast strax á fyrsta tímabilinu.

Auðvitað skyggir nokkuð á gleði okkar við að sjá fram á að Vestfirðir komist í samband við hringveginn að ekki er gert ráð fyrir því í áætluninni að komið verði á vetrarhringtengingu um Vestfirði þannig að enn um sinn mun verða lokað að vetri til úr Dýrafirði og yfir í Arnarfjörð. Hins vegar hafa menn þar verið með hugmyndir um að leysa þá tengingu með jarðgöngum úr Kjaransstaðadal og yfir að Mjólká. Rétt er að taka fram að í áætluninni eru 120 millj. kr. sem verður m.a. varið til rannsókna á jarðgöngum og vegarstæði í kringum þau á Vestfjörðum og fleiri stöðum á landinu.

Vestfirðinga greinir á um forgangsröðun vissra hluta á Vestfjörðum. Eitt af því sem hefur kannski valdið hvað

mestum deilum er vegurinn frá Hólmavík og tengingin við hringveginn. Í uppkasti að vegáætluninni var miðað við að sá vegur yrði um svokallaðan Arnkötludal en eftir að hæstv. samgrh. var bent á ýmsa vankanta í því sambandi féllst hann á þá þáltill. sem er síðan til umfjöllunar þar sem gert er ráð fyrir því að það verði annað hvort vegurinn um Strandir eða svokallaður Tröllatunguvegur.

Að vísu er rétt að taka fram, og ég bið hv. samgn. að taka það til athugunar, að það þarf að breyta þeim orðum sem notuð eru því að Hólmavíkurvegur er einungis vegurinn frá skemmu Vegagerðarinnar við Hólmavík og niður á höfn og að verja 700 milljónum í þann veg er náttúrlega vel í lagt því að það mundi þýða að hægt væri að gera býsna mikið á þessum stutta kafla fyrir þann pening. En auðvitað er þarna átt við að verja 700 millj. í veginn um Strandir til þess að laga veginn frá Hólmavík og að vegtengingu við Brú í Hrútafirði. Í rauninni er þetta kaflinn frá Þorpum og suður að Prestbakka, og ég treysti því að hv. samgn. lagi þessi orðamistök þarna.

Í mínum huga er ekki nokkur efi á að við þurfum að ljúka við veginn um Strandir áður en farið verður að huga að nýjum vegum eins og veginum um Arnkötludal en mér vitanlega hefur þar ekki enn þá farið fram nein athugun hvorki á snjóalögum né hversu fýsilegt sé að leggja veg um þann dal. Ég vonast til þess síðar að við fáum bæði almennilegan Strandaveg og veg um Arnkötludal en í mínum huga þarf að klára Strandaveginn fyrst áður en menn geta farið að huga að Arnkötludalsvegi.

Samgöngur við Vestur-Barðastrandarsýslu eru nánast engar í hefðbundnu vetrarárferði nema með ferjunni sem gengur úr Stykkishólmi í Brjánslæk. Hér er með miklum metnaði gert ráð fyrir að ljúka tengingunni Patreksfjörður í Bjarkarlund eða Gilsfjarðarbrú á því tímabili sem er til umræðu. Að vísu skiptist þetta á þessi þrjú tímabil þar sem byrjað er á því að ljúka við veginn frá Patreksfirði í Brjánslæk. Ég vek athygli á því að fyrirséð er að sú lausn sem nú er, þ.e. að vera með ferju frá Brjánslæk í Stykkishólm, þarf að vera áfram eða fram til þess tíma að vegtengingunni er lokið yfir í Gilsfjörðinn og það þarf að bæta þær ferjusamgöngur á meðan. Ég treysti hæstv. samgrh. til þess, núna þegar hann losnar við að þurfa að kosta ferjuna sem gengur upp á Akranes, að koma á betri ferjusamgöngum milli Stykkishólms og Brjánslækjar.

Við megum heldur ekki gleyma því að þó að talað hafi verið um Ísafjarðardjúp þarf auðvitað að gera átak í því að auka öryggi á veginum um Óshlíð. Það er líka mjög dýr aðgerð sem þarf að gera á vegtengingunni við Bolungarvík, á Ósánni þar, og það þarf að huga að öryggi á Súðavíkurvegi.

Þingmenn hvers kjördæmis hafa 700 millj. kr. úr að spila til þess að raða niður á verkefni sem er ekki skipt upp samkvæmt þeirri vegáætlun sem fyrir liggur. Við hljótum að verja hluta af þeim fjármunum í þau mál sem ég hef hér nefnt, þ.e. að auka öryggi á Óshlíðinni og Súðavíkurvegi. Auk þess hljótum við að þurfa að laga Ennishöfðann í Strandasýslu strax því að þar er einn helsti farartálminn að vetri og Kollafjörðurinn norðan megin þó að ég reikni með því að endanleg vegagerð þar sé hluti af þeim 700 millj. kr. sem á að verja til þess að tengja Hólmavík við hringveginn. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að mjög margir kostir séu fyrir Vestfirði að vetri að tengjast frekar hringveginum yfir á Holtavörðuheiði því að Holtavörðuheiðin er það þýðingarmikill hlekkur í samgöngum á landinu öllu að þar mun um ókomna tíð verða meiri snjómokstur en menn leyfa sér á öðrum vegum og þess vegna held ég að mikill kostur sé að fara þá leið þó að hitt komi til skoðunar síðar.

Í ánægju okkar með að hinar dreifðu byggðir geti farið að horfa fram á betri vegsamgöngur megum við ekki gleyma því að til eru svæði á landinu sem þarf að muna eftir, svo sem Árneshreppur þar sem eru þó um 80 manns og einnig þarf að muna eftir Kollsvíkurveginum. Nokkuð mikið mál var gert úr styrkveitingu til flugsamgangna á Norðurlandi eystra en ég tek fram að mér fannst, eins og hæstv. samgrh. stóð að því, að þar hafi verið fljótt og vasklega að verki staðið. Ég efast um að rétt sé að menn þurfi að vera að hlaupa með hvern smálegg og bjóða hann út á einhverju Evrópsku efnahagssvæði. Ég vænti þess að menn leysi málefni Árneshrepps og samgöngur þangað án þess að blanda Evrópska efnahagssvæðinu í það með einhverri kröfu um að menn séu að bjóða það út suður um alla Evrópu. Mér finnst það hreint rugl sem búið er að róta upp í því máli. Ég var mjög sáttur við hvernig hæstv. samgrh. leysti það mál á Norðurlandi eystra og vonast til þess að menn fari ekki að tefja mál í Árneshreppi þegar þau mál verða leyst, vonandi sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:55.

# 56. FUNDUR

mánudaginn 2. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Vegáætlun 1998–2002, stjtill., 378. mál, þskj. 676. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Langtímaáætlun í vegagerð, stjtill., 379. mál, þskj. 677. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, skýrsla, 92. mál, þskj. 685. — Ein umr.
4. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 707. — 1. umr.
5. Staða umferðaröryggismála, skýrsla, 393. mál, þskj. 714. — Ein umr.
6. Staðfest samvist, frv., 177. mál, þskj. 177. — 1. umr.
7. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173. — Fyrri umr.
8. Gjaldþrotaskipti, frv., 325. mál, þskj. 410. — 1. umr.
9. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715. — 1. umr.
10. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[15:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sérstakra anna leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, frv. alþm., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf."

Ólafur Þ. Þórðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[15:02]

**Útbýting þingskjals:**

Gjald af kvikmyndasýningum, 414. mál, frv. KHG, þskj. 735.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

frumvarp um hollustuhætti.

[15:02]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Umhvn. Alþingis er þessa dagana að halda áfram vinnu við frv. til laga um hollustuhætti, 194. mál þessa þings sem lagt var fram sem stjfrv. á haustþingi. Á fund nefndarinnar í morgun komu þrír stjórnarmenn. Það var aðstoðarmaður landbrh., sem er varaformaður í stjórn Hollustuverndar ríkisins að ég hygg. Og það voru stjórnarmenn úr Hollustuvernd ríkisins, Sigurður Óskarsson og Kristín Einarsdóttir. Þau eru fulltrúar Alþingis í stjórn Hollustuverndar. Þessir stjórnarmenn upplýstu á fundinum, og því var fylgt eftir með greinargerðum sem að hluta til höfðu borist áður til nefndarinnar í aðsendum gögnum, að þeim hefði verið bannaður aðgangur að þessu stjfrv. sem hafði verið unnið að á vegum stjórnskipaðrar nefndar. Ég hef dreift til þingmanna gögnum um þetta frá viðkomandi stjórnarmönnum, Sigurði Óskarssyni, fulltrúa Alþingis í stjórn Hollustuverndar, og Kristínu Einarsdóttur, þar sem þetta kemur fram.

Hér er að mínu mati um mjög alvarlegt mál að ræða í sambandi við undirbúning mála til Alþingis. Ég hafði reiknað með að hæstv. umhvrh. væri hér á þingfundi. Ég spurðist fyrir áður en þingflokksfundir hófust hvort hann væri með fjarvist. Það var ekki sagt vera, en forseti upplýsir mig um að hæstv. ráðherra hafi fjarvist. Það gefst þá tækifæri til þess að heyra sjónarmið hans síðar. Þetta er þess eðlis og snertir svo mjög mikilvægt mál að nauðsynlegt er að Alþingi hafi upplýsingar um þetta og því legg ég þetta hér til þingmanna.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. umhvrh. hefur fjarvistarleyfi samkvæmt skrá sem forseti hefur hér hjá sér þannig að hann mun væntanlega svara þegar hann kemur aftur til þings.)

[15:05]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil taka undir og ítreka þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. Nefndinni var ekki kunnugt um þau vinnubrögð sem hér er verið að lýsa fyrr en eftir að málið var tekið til 1. umr. og þess vegna gat ég t.d. ekki tekið það upp hér við 1. umr. sem hefði sannarlega verið eðlilegt. En skömmu síðar kom þetta í ljós, þegar nefndinni bárust athugasemdir frá báðum fulltrúum Alþingis. Ég þarf ekki að fara nákvæmlega út í málið því að staðreyndir þess liggja á borðum þingmanna og þeir geta kynnt sér þær. Þarna er að sjá athugasemdir frá fulltrúum Alþingis sem voru tilnefndir og kjörnir samkvæmt samkomulagi á Alþingi. Það er auðvitað grafalvarlegt mál þegar svona er staðið að verki, að sérlegur fulltrúi umhvrh. beiti valdi sínu og umboði til að hindra þingkjörna fulltrúa í því að taka þátt í stefnumótun stofnunar eins og þeir eru þó kjörnir til og þess vegna bið ég hv. alþm. að kynna sér þetta mál og taka afstöðu til þess. Ég tel að þetta sé svo alvarlegt mál að stjórn þingsins hljóti að taka á því og senda frá sér ályktun um það.

[15:07]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þetta mál er til meðferðar í hv. umhvn. og þessi greinargerð verður vafalaust rædd þar.

[15:07]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir mælti hér að það er nauðsynlegt að stjórn þingsins kynni sér þetta mál og fjalli um það. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherra væri hér til þess að skýra sjónarmið sín varðandi málið þar sem fulltrúi hans og formaður viðkomandi stjórnskipaðrar nefndar bannar tilnefndum fulltrúa stjórnar Hollustuverndar ríkisins að sýna tilteknum stjórnarmönnum málið, en svo vill til að þeir eru fulltrúar Alþingis í stjórninni. Málið kom þar einu sinni fyrir snemma á starfstíma nefndarinnar í nóvember 1996 en síðan ekki söguna meir. Þá stóð þetta bann gagnvart þessum stjórnarmönnum.

Þetta er satt að segja aldeilis óskiljanlegt jafnvel þó að menn átti sig á því varðandi þetta frv. að þar eru álitamálin mjög mörg.

Það er ekki vænlegt til undirbúnings þingmála af hálfu ríkisstjórnar að ganga þannig til verka að ætla að útiloka þá sem að eru kannski næst vettvangi, í þessum tilvikum stjórn Hollustuverndar ríkisins og þá fulltrúa sem eru kjörnir í þá stjórn af hálfu Alþingis. Ég vænti þess að málið verði athugað af forustu þingsins. Þetta er áhyggjuefni varðandi þetta mál sem gert hafði verið ráð fyrir að ljúka afgreiðslu á fyrir lok febrúarmánaðar með sérstöku samkomulagi í nefndinni en þar er sannarlega mikill og hár garður fram undan að vinna úr sem ég ætla ekki að taka til umfjöllunar hér. Ég held að undirbúningurinn hefði kannski orðið betri ef þessum dæmalausu vinnubrögðum hefði ekki verið beitt við undirbúning þessa stjfrv.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hefur heyrt þessar athugasemdir og mun taka þær til athugunar.)

### *Vegáætlun 1998–2002, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Langtímaáætlun í vegagerð, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, ein umr.*

Skýrsla dómsmrh., 92. mál. — Þskj. 685.

[15:11]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í desember sl. skilaði ég Alþingi skýrslu samkvæmt beiðni 11 þingmanna. Farið var fram á að flytti Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsókn sem fram fór í kjölfar umræðu á Alþingi um ásakanir á hendur lögreglunni þess efnis að meintur fíkniefnasali starfaði í skjóli hennar. Var þess jafnframt farið á leit að ég skilaði ítarlegri greinargerð og rökstuðningi um atriði sem talin voru upp í átta stafliðum.

Í umræddri skýrslu um rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar er í ítarlegu máli gerð grein fyrir aðdraganda málsins, niðurstöðum rannsóknar þeirrar sem efnt var til og þeim aðgerðum sem gripið var til í kjölfarið. Þá er þar að finna ítarlega greinargerð og rökstuðning vegna sérstakra fyrirspurna skýrslubeiðenda.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir forsögu málsins. Helstu málsatvik eru þau að skipaður var sérstakur rannsóknarlögreglustjóri til að annast rannsókn málsins og skilaði hann skýrslu sinni til ríkissaksóknara 11. júní 1997. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í samræmi við fyrirmæli í 77. gr. laga um meðferð opinberra mála en þar segir að rannsóknari skuli að jafnaði þegar rannsókn er lokið, senda greinargerð þar sem fram komi samandregin lýsing á atriðum sem hann telji ákæru geta beinst að.

Vikið er að helstu niðurstöðum setts rannsóknarlögreglustjóra í skýrslu minni. Ríkissaksóknari tók í kjölfarið málið til skoðunar og tilkynnti settum rannsóknarlögreglustjóra um niðurstöðu sína með bréfi dagsettu 5. sept. 1997. Í stuttu máli komst ríkissaksóknari að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til aðgerða af hálfu ákæruvaldsins í málinu.

Framangreint bréf ríkissaksóknara er birt í skýrslunni til Alþingis en rétt er að geta þess að það var einnig birt í heild sinni í fjölmiðlum. Ríkissaksóknari fer í bréfi sínu lið fyrir lið yfir öll þau atriði sem kynnu að leiða til saksóknar og kemst að þeirri niðurstöðu í öllum tilvikum að ekki sé tilefni til útgáfu ákæru. Ríkissaksóknari vakti athygli á því með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 11. september 1997, að í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra væri að finna umfjöllun um almennt skipulag ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Gerði hann síðan grein fyrir meginniðurstöðu setts rannsóknarlögreglustjóra varðandi skipulag innan deildarinnar. Taldi ríkissaksóknari fyrir utan verksvið sitt að hafa afskipti af skipulagi og stjórn einstakra lögreglustjóraembætta og vakti í því sambandi athygli á gagnrýni setts rannsóknarlögreglustjóra á skipulagi ávana- og fíkniefnadeildar.

Ráðuneytinu barst einnig bráðabirgðaskýrsla lögreglustjórans í Reykjavík vegna atriða í rannsóknarskýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Taldi lögreglustjórinn í Reykjavík að skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra gæfi ekki rétta mynd af starfsemi deildarinnar á því tímabili sem var til skoðunar.

Ráðuneytinu hafa einnig borist athugasemdir einstakra starfsmanna lögreglustjóraembættisins í Reykjavík vegna atriða sem fram komu í skýrslunni. Í framhaldi af þeirri gagnrýni óskaði ráðuneytið eftir því við Atla Gíslason, sem settur var til að fara með rannsókn málsins, að hann færi yfir þær skriflegu athugasemdir sem borist höfðu. Skilaði hann greinargerð sinni vegna þeirra atriða með bréfi til ráðuneytisins 23. janúar sl. Felur hann ráðuneytinu að meta með hliðsjón af rannsóknargögnum og athugasemdum hans hvort gagnrýni á skipulag ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á þessum tíma hafi verið réttmæt.

Eins og fram kemur í skýrslu minni til Alþingis vekja þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu Atla Gíslasonar, setts rannsóknarlögreglustjóra, upp réttmætar spurningar um það hvort skipulag og starfsemi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi á því tímabili sem rannsóknin náði til verið í samræmi við þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíkrar deildar.

Rétt er að árétta það sem fram kemur í áðurnefndu bréfi ríkissaksóknara, að hann telur að ekki sé um refsiverð brot að ræða í þessum eða öðrum tilvikum. Þá má einnig nefna að ég hef á liðnum árum gert ýmsar athugasemdir við atriði í skipulagi lögreglunnar í Reykjavík sem einnig tengjast heildarskipulagi löggæslu í landinu. Leiddi það m.a. til end-

urskoðunar á lögreglulögum og í framhaldi af því setningu nýrra lögreglulaga. Róttækar breytingar voru einnig gerðar á skipulagi innan lögreglunnar í Reykjavík, m.a. vegna gildistöku lögreglulaga 1. júlí 1997. Er það mat mitt að þær breytingar sem ráðist hefur verið í hafi leitt til þess að skipulagslega sé stjórn og ábyrgð yfirstjórnar lögreglunnar í Reykjavík nú eðlileg.

Eins og áður sagði óskuðu skýrslubeiðendur eftir því að sérstaklega yrði fjallað um og gerð grein fyrir ákveðnum atriðum. Í fyrsta lagi er óskað eftir upplýsingum um hvað rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra hafi leitt í ljós varðandi stjórnskipulag lögreglunnar í Reykjavík.

Í skýrslu minni er gerð grein fyrir þessum atriðum, m.a. því að skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra gefi til kynna að hann telji skipulag stofnunarinnar ekki hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til hennar. Árétta verður hins vegar skýrt og greinilega að niðurstaða ríkissaksóknara er sú, varðandi annmarka á skipulagi, að ekki sé um refsiverð brot að ræða hjá núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum lögreglu hvað þetta atriði eða önnur varðar. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég hef þegar rakið um breytingar á skipulagi lögreglunnar.

Í öðru lagi er spurt um hvort rannsóknin hafi leitt í ljós að lögregla hafi ekki sinnt ábendingum um starfsemi meints fíkniefnasala og hvort rannsóknir á hendur honum hafi verið jafnítarlegar og efni stóðu til.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir því að ríkissaksóknari hafi komist að þeirri niðurstöðu að rannsóknin hafi hvorki leitt í ljós að lögregla hafi í ákveðnum tilvikum ekki sinnt ábendingum um starfsemi meints fíkniefnasala né að rannsókn hafi í ákveðnum tilvikum ekki verið jafnítarleg og efni stóðu til.

Í þriðja lagi er óskað eftir upplýsingum um undanfara þess að Franklín Steiner var veitt reynslulausn, hver hafi tekið þá ákvörðun og hvaða meðferð málið hafi fengið í stjórnsýslunni. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um þær reglur sem um þessi mál giltu á þessum tíma og hvort afgreiðslan hafi verið í samræmi við þær.

Í skýrslu minni til Alþingis er ítarleg grein gerð fyrir þessu atriði og kemur þar fram að afgreiðsla stjórnvalda á þessu erindi var að öllu leyti í samræmi við reglur og venjur sem þá giltu. Upplýsingar um afgreiðslu reynslulausnarbeiðna fanga á árunum 1990 og 1991, sem afplánuðu dóma vegna fíkniefnabrota, sýna að afgreiðsla fullnustumatsnefndar og Fangelsismálastofnunar af þessu tagi var algeng. Á þessum tveimur árum fengu 25 fangar sem afplánuðu dóma vegna fíkniefnabrota reynslulausn. Sautján þeirra fengu reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsitíma og átta eftir að hafa afplánað $^2/_3$ tímans. Meðal þeirra sautján sem fengu reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsitíma var Franklín Steiner, en hann fékk reynslulausn á 435 daga, eftirstöðvum 29 mánaða fangelsisvistar. Af þessum sautján sem fengu reynslulausn á helming afplánaunar voru fjórir sem höfðu tveggja ára fangelsisdóm eða lengri.

Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að afgreiðsla fullnustumatsnefndar og Fangelsismálastofnunar á reynslubeiðni Franklíns K. Steiners virðist hafa verið í samræmi við afgreiðslu mikils meiri hluta beiðna um reynslulausn á þessum tíma. En rétt er að taka fram að hvorki ráðherra né ráðuneytið tóku efnislega afstöðu til þessa erindis.

Sú meðferð mála varðandi reynslulausn sem í gildi var á þessum tíma heyrir nú sögunni til. Með reglugerð nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma var ákveðið að fanga skyldi að jafnaði ekki veitt reynslulausn þegar liðinn væri helmingur refsitímans ef hann afplánaði refsingu fyrir m.a. meiri háttar fíkniefnabrot eða hann hafi áður afplánað óskilorðsbundar refsingar, tvívegis eða oftar, nema sérstakar ástæður mæli með því, eins og nánar er vikið að í umræddri reglugerð. Umfjöllun fullnustumatsnefndar um reynslulausnarbeiðni gagnvart Fangelsismálastofnun var afnumin en þess í stað mælt fyrir um að kæra mætti ákvarðanir Fangelsismálastofnunar til ráðuneytis. Á því stigi gefur náðunarnefnd nú umsögn.

Í fjórða lagi er spurt um rökstuðning ríkissaksóknara fyrir því að ákæra ekki að lokinni rannsókn málsins. Vísa ég í þeim efnum til bréfa ríkissaknsóknara frá 5. sept. og 5. nóv. 1997 sem er að finna í skýrslunni.

Í fimmta lagi er óskað eftir upplýsingum um hvort lögregla hafi farið fram á það við ríkissaksóknara eða dómsmrh. að settar yrðu reglur varðandi óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Er því svarað í skýrslunni, en þess má geta að ríkislögreglustjóri lagði til í bréfi til ráðneytisins í lok síðasta árs að sett yrði á laggirnar nefnd sem móta skyldi slíkar reglur. Slík nefnd hefur nú verið skipuð en hlutverk hennar er að fjalla um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglunnar, m.a. að kanna rannsóknir og rannsóknaraðferðir lögreglu í baráttu gegn afbrotum, sérstaklega í nýjum og nýlegum tegundum afbrota, og fara yfir heimildir lögreglunnar til rannsókna og til að beita óhefðbundnum rannsóknaraðferðum. Þá er nefndinni ætlað að gera tillögur um reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir og lagabreytingar sem kunna að þykja nauðsynlegar til að lögregla geti á fullnægjandi hátt tekist á við nýjustu afbrotaaðferðir.

Í sjötta lagi er óskað eftir upplýsingum um hvort ég hafi á einhvern hátt brugðist við skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra.

Í skýrslu minni til Alþingis geri ég grein fyrir því að skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra var beint til ríkissaksóknara í samræmi við lög um meðferð opinberra mála. Að mínu mati er ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslunni um skipulag og starfshætti ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Að frumkvæði dómsmrn. höfðu umtalsverðar breytingar þegar verið gerðar á skipulagi, ábyrgð og stjórnun innan lögreglunnar í Reykjavík. Og ég vil ítreka að mat mitt er að skipulagslega sé stjórnun og ábyrgð yfirstjórnar lögreglunnar í Reykjavík nú eðlileg.

Í sjöunda lagi er óskað eftir upplýsingum um hvers vegna ekki var skipaður sérstakur saksóknari til að fara með mál þetta. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort ég hyggist nýta mér heimild í 26. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ítarlegt svar við þessum spurningum er að finna í skýrslunni. Kemur þar m.a. fram að það er ekki hlutverk ráðherra að meta hvort ríkissaksóknari sé vanhæfur til meðferðar tiltekins máls. Jafnframt er þar upplýst að ég mun ekki óska eftir skýrslu frá ríkissaksóknara vegna málsins fyrir þá sök að sú greinargerð liggur nú þegar fyrir. Það eru heldur ekki forsendur til að leggja tillögu fyrir forseta Íslands samkvæmt 26. gr. laga um meðferð opinberra mála þess efnis að ákvörðun ríkissaksóknara verði felld úr gildi.

Í áttunda og síðasta lagi spyrja skýrslubeiðendur um hvort skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra greini frá rannsóknum sem ekki fengu eðlilega framhaldsmeðferð.

Í skýrslu sett rannsóknarlögreglustjóra er gerð grein fyrir þeim tveimur málum sem ekki fengu eðlilega framhalds-

meðferð eins og rakið er í skýrslunni. Fram kemur að ríkissaksóknari taldi ekki ástæðu til að gefa út ákæru vegna þeirra mála og er sú niðurstaða rökstudd í bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 5. september 1997. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur sjálfur tekið til rannsóknar hvers vegna þau tvö mál sem um ræðir fengu ekki eðlilega framhaldsmeðferð, en ekkert hefur komið fram sem skýrt gæti það með viðhlítandi hætti.

Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir skýrslu minni til Alþingis um rannsókn á störfum lögreglunnar í Reykjavík. Niðurstaða ríkissaksóknara í máli þessu var ótvíræð. Ekkert gaf tilefni til útgáfu ákæru á hendur lögreglumönnum eða öðrum fyrir brot í opinberu starfi eða önnur lögbrot. Sú niðurstaða er mikilsverð í ljósi þeirrar miklu umræðu sem verið hefur um þetta mál.

Skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra leiddi í ljós ýmsa gagnrýnisverða þætti varðandi skipulag lögreglunnar í Reykjavík á því tímabili sem rannsóknin tók til. Ég vil hins vegar ítreka að umtalsverðar breytingar hafa orðið til bóta á skipulagi lögreglunnar í Reykjavík. Við þetta má bæta að í bréfi Atla Gíslasonar, setts rannsóknarlögreglustjóra, til ráðuneytisins frá 23. janúar sl. sem ritað var í tilefni af athugasemdum við atriði í rannsóknarskýrslu hans, segir settur rannsóknarlögreglustjóri að rannsóknin hafi beinst að skipulagi og starfsháttum ávana- og fíkniefnadeildar og yfirstjórn hennar frá ársbyrjun 1988 til vors 1997. Síðan segir orðrétt:

„Skipulag og yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík hefur síðan, að frumkvæði dómsmrn., tekið gagngerum breytingum og margvíslegar úrbætur séð dagsins ljós með nýjum lögreglulögum, nr. 90/1996. Rannsóknarskýrslan varðar þannig fortíðarvandamál sem tekið hefur verið á. Vil ég ljúka þessari umfjöllun með því að fagna þessum skipulagsbreytingum og úrbótum."

Kjarni málsins kemur fram í þessum orðum í bréfi Atla Gíslasonar, setts rannsóknarlögreglustjóra. Það var mikilvægt að ráðast í þá rannsókn sem hér hefur orðið tilefni umræðu, ekki síst til að fá fram sannleikann í máli þessu og hreinsa lögreglu af ýmiss konar áburði um ólögmæta háttsemi við rannsókn sakamála. Dómsmrn. og settur rannsóknarlögreglustjóri eru sammála um að úrbætur þær og skipulagsbreytingar sem ráðist hefur verið í að undanförnu hafa gert það að verkum að starfsemi lögreglunnar í Reykjavík hafi tekið stakkaskiptum hvað þau atriði varðar sem gagnrýnin að skipulaginu beindist helst að.

[15:26]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel, áður en lengra er haldið í umræðu um skýrslu dómsmálaráðherra um störf fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, að nauðsynlegt sé að ræða sérstaklega hvernig þetta mál birtist á hinu háa Alþingi og á hvaða forsendum alþingismönnum býðst að ræða það.

Í skýrslubeiðni þingflokks jafnaðarmanna var þess farið á leit við hæstv. dómsmrh. að hann flytti Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsókn sem fram fór í kjölfar umræðu á Alþingi um ásakanir á hendur lögreglu þess efnis að meintur fíkniefnasali starfaði í skjóli hennar, en Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður var settur sérstakur rannsóknarlögreglustjóri til þess að framkvæma þessa rannsókn og skilaði hann skýrslu um rannsóknina ásamt gögnum þann 11. júní sl. Í beiðninni var þess jafnframt farið á leit við ráðherrann að hann skilaði Alþingi ítarlegri greinargerð um önnur atriði sem þar voru sérstaklega tilgreind, m.a. um afskipti og aðkomu dómsmrn. að þeirri ákvörðun að veita umræddum aðila reynslulausn á helming af afplánun fangelsisvistar í andstöðu við gildandi starfsreglur.

Það er mín skoðun að þar sem starfsemi lögreglunnar í Reykjavík var til rannsóknar verði að telja afar óeðlilegt að dómsmrh., sem fer með yfirstjórn lögreglumála í landinu, hafi sjálfdæmi um það hvaða upplýsingar og rannsóknir eru birtar á Alþingi, því sem yfirmaður lögreglu í landinu hljóta embættisfærslur hans einnig að koma til skoðunar við rannsókn sem þessa. Það skýtur að mínu viti skökku við að Alþingi Íslendinga sem hefur m.a. því hlutverki að gegna að veita stjórnvöldum aðhald og eftirlit, þurfi að þola að dómsmrh. skammti því upplýsingar um rannsóknina og alþingismenn verði að ræða málið á þeim forsendum.

Ég hefði talið mun eðlilegra að sérstök nefnd innan þingsins hefði farið ofan í saumana á þessari rannsókn og það er mín skoðun að þessi staðreynd sé enn ein sönnun þess að staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og ráðherrum sé mjög veik þegar kemur að því að Alþingi sinni sínu aðhalds- og eftirlitshlutverki.

Í skýrslu hæstv. ráðherra, ef skýrslu skyldi kalla því meginefni hennar er afrit eða útdráttur úr bréfum sem embættismenn hafa ritað, kemur m.a. fram sú skoðun að ekki sé ástæða til þess að birta í heild skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra um sína rannsókn og skipti engu þó alþingismenn eigi í hlut. Ég er ósammála þessari niðurstöðu ráðherra og tel að hann eigi að birta umrædda skýrslu, einkum þar sem embættisfærsla hans sjálfs sem yfirmanns lögreglu kemur að sjálfsögðu óbeint til skoðunar við þessa rannsókn. Það má halda því fram að hann sé vanhæfur til þess að taka ákvörðun um að birta hana ekki.

Jónatan Þórmundsson, prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands, hefur sjálfur lýst því yfir í viðtali við Morgunblaðið að hann telji að birta eigi skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasonar, og í sama streng hefur settur rannsóknarlögreglustjóri tekið.

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ráðist var í þessa rannsókn voru ásakanir um að tiltekinn fíkniefnasali nyti sérkjara við starfsemi sína hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Af þeim takmörkuðu upplýsingum sem fram koma í skýrslu hæstv. dómsmrh. er ljóst að umræddur fíkniefnasali hefur verið í einhvers konar upplýsinga- og/eða trúnaðarsambandi við fíkniefnalögregluna í Reykjavík á því níu ára tímabili sem rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra tekur yfir. Það vekur því sérstaka eftirtekt að lögreglustjórinn í Reykjavík virðist ekki hafa haft neina vitneskju um þetta samband eða hvers eðlis það hafi verið, enda kemur fram í skýrslunni hörð gagnrýni á skipulag lögreglunnar í Reykjavík. Í skýrslunni segir m.a. með leyfi forseta:

„... að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart ávana- og fíkniefnadeild, yfirstjórn og starfsháttum deildarinnar sé um margt ábótavant. Umsjón og eftirlit með störfum deildarinnar sé ófullnægjandi. Lögreglufulltrúar deildarinnar, deildarlögfræðingar, aðstoðaryfirlögregluþjónar og yfirlögregluþjónar hafi ekki fylgt gildandi erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum. Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki beitt sér fyrir nauð synlegum úrbótum."

Hér er á ferðinni mjög harkaleg gagnrýni á störf yfirmanna lögreglu og því nauðsynlegt að fá skýr svör við því frá hæstv. dómsmrh. hvernig hann hyggst bregðast við þess-

ari gagnrýni og jafnframt hvort hann telji að gagnrýnin eigi við rök að styðjast.

Í skýrslunni kemur fram að af ferilsskýrslu hins meinta fíkniefnasala hjá lögreglunni í Reykjavík megi ráða að margvíslegar upplýsingar um umfangsmikil umsvif hans í fíkniefnaheiminum sem fíkniefnasala og fíkniefnaneytanda hafi legið fyrir á því tímabili sem rannsóknin tekur til, þ.e. frá ársbyrjun 1988 til 11. júní 1997. Þrátt fyrir það hafi mál hans lítt eða ekki verið rannsökuð, a.m.k. ekki til hlítar.

Tvö dæmi eru um rannsökuð mál frá árinu 1988 og 1992 sem hafa ekki hlotið eðlilega framhaldsmeðferð. Þar er átt við svokölluð „Furugrundar-" og „Tunguvegsmál". Hið fyrrnefnda, „Furugrundarmálið", lýtur að því að hinn meinti fíkniefnasali hafi viðurkennt að hafa átt 134 g af hassi og 4 g af amfetamíni sem fundust við húsleit hjá honum í febrúarmánuði 1988. Málið hlaut ekki framhaldsmeðferð og ef marka má skýrslu hæstv. ráðherra virðist að gögn málsins hafi á einhvern óskiljanlegan hátt horfið á meðan á rannsókninni stóð. Það var ekki fyrr en við rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra níu árum eftir upphaf þess að gögn um málið komu í leitirnar en þá finnst mappa með afritum af framburðarskýrslum, úrskurðum, upplýsingaskýrslum og fleiru. En skjöl virðist vanta í númeraröð gagnanna. Frumgögn málsins hafa ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit og athugun leiddi í ljós að málið var aldrei sent til framhaldsmeðferðar. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur lýst því yfir að ítarleg rannsókn sé í gangi á embætti hans á því hvernig þessi mál gætu hafa horfið. Væri mjög fróðlegt ef ráðherra gæti upplýst þingheim við þessa umræðu hvernig sú vinna gengur.

Það sem vekur sérstaka eftirtekt er ekki aðeins að mál skuli hverfa á einhvern óútskýrðan og dularfullan hátt heldur einnig hitt að á sama tíma voru til meðferðar í dómskerfinu tvö önnur mál á hendur hinum sama meinta fíkniefnasala. En dómar í þeim málum féllu annars vegar 29. maí 1989 með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og hins vegar 8. júní sama ár í Hæstarétti. Dómarnir kváðu á um 29 mánaða fangelsisvist samanlagt. Ekki er ólíklegt ef hið svokallaða „Furugrundarmál" hefði verið afgreitt á svipuðum tíma með hinum málunum, eins og eðlilegt hefði verið ef málið hefði ekki týnst í meðförum lögreglu, að fangelsisdómarnir hefðu þá kveðið á um 15 til 20 mánaða lengri fangelsisvist en raun ber vitni. Verður því að segja alveg eins og er að mjög heppilegt var fyrir sakborning í þessu tilviki að umrætt mál skyldi hverfa eða týnast við þessar aðstæður. Varla hefði verið hægt að tímasetja tapið betur.

Hitt málið, svokallað „Tunguvegsmál", sem virðist einnig hafa horfið sporlaust með dularfullum hætti úr vörslu lögreglu, laut að því að þann 15. apríl 1992 var meintur fíkniefnasali handtekinn af lögreglumönnum úr almennri deild lögreglunnar. Málið finnst ekki í kæruskrá ávana- og fíkniefnadeildar og verður ekki séð hvort eða hvaða framhaldsmeðferð það hafi fengið. Hvorki finnast í málinu afrit né frumgögn önnur en húsleitarúrskurður og ljósrit efnaskrár en hún sýnir að málinu tengjast u.þ.b. 0,6 g af kannabisefni og u.þ.b. 2,2 g af amfetamíni og er efnaskráin dagsett 21. apríl 1992. Annað finnst ekki í skrám lögreglunnar um málið.

Því er full ástæða til að taka undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins frá 3. sept. sl. og gera þær hugleiðingar að sínum þegar hann spyr, með leyfi forseta:

„Hvað varð um frumrit rannsóknargagnanna? Á að láta staðar numið við svo búið? Rannsaka ber hvað varð um gögnin og hvers vegna þau skiluðu sér ekki til þeirra sem áttu að fjalla um málið. Það er ekki viðunandi að alvarlegt fíkniefnamál gufi upp innan kerfisins eins og ekkert sé. Það hefur verið efnt til rannsóknar af minna tilefni."

Sú staðreynd að frumrit rannsóknargagna í heilu málunum, sem varða öll sama einstaklinginn, skuli hverfa í hverju málinu á fætur öðru vekur upp margar spurningar. Meðal annars vekur það upp efasemdir um að stjórn og skipulag deildarinnar hafi verið eins og nauðsynlegt er og æskilegt verður að telja. Þá var þess sérstaklega farið á leit í skýrslubeiðni til hæstv. dómsmrh. að hann upplýsti hvers vegna dæmdur fíkniefnasali fékk reynslulausn eftir helming afplánunar — og ég ítreka það þrátt fyrir ræðu hæstv. dómsmrh. áðan — í andstöðu við starfsreglur fullnustunefndar sem hún vann eftir á þessum tíma. Eins og ég hef áður rakið fékk hinn dæmdi fíkniefnasali tvo dóma á árinu 1989 sem kváðu samtals á um 29 mánaða fangelsi. Hann hóf afplánun á dómunum 5. maí 1990 en var síðan veitt reynslulausn 8. júní 1991 eftir að hafa afplánað rúmlega 13 mánuði af þeim 29 sem hann hafði verið dæmdur í. Í umræddri skýrslubeiðni var þess farið á leit við hæstv. dómsmrh. að hann greindi frá því hver undanfari hafi verið að því að hinum dæmda fíkniefnasala var veitt reynslulausn eftir tæplega helming refsitímans. Jafnframt var þess farið á leit við hæstv. dómsmrh. að hann upplýsti um hvaða almennar reglur giltu um veitingu reynslulausnar á þeim tíma og eftir hvaða sjónarmiðum hafi verið farið þegar reynslulausn var veitt. Í 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga segir að veita megi reynslulausn á helming refsitíma ef sérstaklega stendur á.

Í skýrslunni kemur fram að fullnustumatsnefnd fjallaði fyrst um beiðni fangans um reynslulausn 1. mars 1991. Komst hún þá að þeirri niðurstöðu að engin rök mæltu með því að við erindinu yrði orðið. Fangelsismálastofnun hafnaði síðan í framhaldi af því erindi fangans með bréfi dagsettu 4. mars sama ár. Hins vegar kemur ekki fram í skýrslu dómsmrh. að við afgreiðslu á umsögn fullnustumatsnefndar sagði einn nefndarmanna sig frá málinu og tók því ekki þátt í afgreiðslu þess þá. Með bréfi dagsettu 9. apríl 1991 kærir fanginn þá ákvörðun Fangelsismálastofnunar til dómsmrn. til nýrrar ákvörðunar. Þar er verið að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds til æðra setts stjórnvalds. Ráðuneytið óskaði eftir nýrri umsögn fullnustumatsnefndar með bréfi dags. 28. júní 1991. Með bréfi dags. 4. júlí 1991 er kæranda tilkynnt um að fullnustumatsnefnd hafi að nýju fjallað um málið á fundi sínum 28. júní eða sama dag og bréf ráðuneytisins var sent og þar hafi verið lagt til að beiðnin yrði samþykkt. Því hafi Fangelsismálastofnun ákveðið að veita honum reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsivistar eða þar um bil.

Í skýrslu dómsmrh. kemur enn fremur fram það mat hans að síðari umsögn nefndarinnar hafi hvorki verið andstæð lögum né venjubundinni framkvæmd hjá nefndinni á þessum tíma.

Það sem vekur í fyrsta lagi sérstaka eftirtekt við afgreiðslu málsins er að dómþoli kærir ákvörðun Fangelsismálastofnunar til dómsmrn. en í stað þess að ráðuneytið afgreiði kæruna eins og eðlilegt hefði mátt telja tekur Fangelsismálastofnun nýja ákvörðun í málinu. Í skýrslunni er ekki að finna neinar viðhlítandi skýringar á þeirri málsmeðferð.

Í öðru lagi er ekki að finna í skýrslunni neinn rökstuðning fyrir því að Fangelsismálastofnun skyldi breyta fyrri

ákvörðun sinni sem hún hafði tekið um fjórum mánuðum áður og þá með þeim rökstuðningi að engin rök stæðu til þess að veita umræddum fanga reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsivistar. Þá kemur heldur ekki fram í skýrslunni að nefndarmaður í fullnustumatsnefnd, sem sagði sig frá málinu þegar það var fyrst afgreitt frá nefndinni, sagði sig ekki frá málinu þegar það kom að nýju til afgreiðslu í nefndinni og tók þátt í síðari afgreiðslu málsins.

Það sem þó vekur kannski mesta athygli við þessa undarlegu afgreiðslu er sú fullyrðing sem fram kemur í skýrslunni að afgreiðsla málsins væri í engu frábrugðin venjubundinni framkvæmd hjá nefndinni á þessum tíma.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að meðferð málsins er í engu samræmi við eðlilega afgreiðslu á kæru til æðra stjórnvalds eins og ég hef rakið. Auk þess eru sem samkvæmt mínum upplýsingum engin fordæmi til um að einstaklingur sem hefur hlotið jafnlangan fangelsisdóm og í þessu tilviki sem auk þess átti að baki jafnlangan afbrotaferil fái reynslulausn á helming refsivistar en hann hafði hlotið níu dóma samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá árinu 1972 til ársins 1989.

Ég fullyrði því að síðari afgreiðsla fullnustumatsnefndar á umsókn um reynslulausn hafi ekki átt sér neitt fordæmi og því hafi afgreiðsla nefndarinnar ekki verið í neinu samræmi við venjubundnar afgreiðslur á þessum tíma þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra um annað. Hafi ég rangt fyrir mér skora ég á hæstv. dómsmrh. að benda á önnur fordæmi.

Virðulegi forseti. Sú rannsókn sem settur rannsóknarlögreglustjóri var fenginn til að vinna að laut að því að varpa ljósi á þær ásakanir sem bornar höfðu verið á hendur lögreglu þess efnis að meintur fíkniefnasali hafi fengið sérstaka meðferð af hálfu fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Þegar sá útdráttur er skoðaður sem hæstv. dómsmrh. birtir á Alþingi úr rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra er mjög erfitt að komast að annarri niðurstöðu en að margt bendi til að svo hafi verið. Í fyrsta lagi segir settur rannsóknarlögreglustjóri að af ferilsskýrslu, sem liggi fyrir um hinn meinta fíkniefnasala hjá lögreglunni í Reykjavík, megi sjá að fyrir hafi legið margvíslegar upplýsingar um mikil umsvif hans sem fíkniefnasala og fíkniefnaneytanda það tímabil sem rannsóknin taki til, þ.e. frá ársbyrjun 1988 fram á mitt ár 1997. Þrátt fyrir það hafi mál hans lítt verið rannsökuð eða ekki til hlítar.

Í öðru lagi leiðir rannsóknin í ljós að tvö mál á hendur hinum meinta fíkniefnasala hverfa eða gufa upp við rannsókn og hvorki finnst tangur né tetur af rannsóknargögnum þrátt fyrir ítarlega leit. Einkum verður að telja merkilegt að gögn í svokölluðu „Furugrundarmáli", sem er nokkuð stórt mál á íslenskan mælikvarða, skuli hverfa á jafnheppilegum tíma fyrir viðkomandi einstakling og raun ber vitni.

Í þriðja lagi er varla hægt að skýra það öðruvísi en svo að þegar einstaklingi sem hefur hlotið jafnmarga dóma og raun ber vitni, er veitt reynslulausn á helming afplánunar, hljóti að teljast að mjög sérstök og ívilnandi sjónarmið hafi ráðið för við þá afgreiðslu, einkanlega þegar það er haft í huga að engin fordæmi eru fyrir slíkri afgreiðslu samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér. Ég ítreka enn og aftur við dómsmrh. að hann leiðrétti það ef það reynist rangt hjá mér að ekki séu fordæmi fyrir því að einstaklingur með jafnlangan afbrotaferil og jafnmarga dóma á bakinu hafi fengið reynslulausn á helmings refsitíma og jafnlangan fangelsisdóm og í þessu tilviki.

Það er því niðurstaða mín að sú sérstaka meðferð sem umræddur einstaklingur virðist hafa fengið hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík verði ekki skýrð svo að tilviljun ein hafi ráðið að svona hafi farið. Það þarf veigameiri rök en sett hafa verið fram af hálfu hæstv. dómsmrh. til að sannfæra mig um að meðferð mála hafi verið eins og best verður á kosið og eðlilegt má teljast.

Það er því hlutverk hæstv. dómsmrh. að gefa Alþingi ítarlegri skýringar svo komast megi til botns í þeim ásökunum sem bornar hafa verið á lögregluna um að umræddur fíkniefnasali hafi starfað í skjóli hennar.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum í fyrstu ræðu minni um þetta mál ítreka þá kröfu til hæstv. dómsmrh. að hann birti umrædda skýrslu. Það er ekki ásættanlegt fyrir Alþingi að fjalla um rannsókn sem þegar hefur farið fram á forsendum sem hæstv. dómsmrh. býr til og leggur fyrir Alþingi. Það er Alþingi ekki sæmandi að sætta sig við slík vinnubrögð.

[15:45]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. taldi í ræðu sinni að óeðlilegt væri að ráðherra hefði sjálfdæmi um að ákveða hvaða upplýsingar væru birtar í þessu efni. Hér gætir nokkurs misskilnings og vissulega væri staðan allt önnur ef ráðherrann hefði sjálfdæmi um þetta. Ég hygg að flestum þingmönnum sé kunnugt um að ríkissaksóknari er sjálfstæður og óháður embættismaður og lýtur ekki boðvaldi ráðherra. Það er eitt af grundvallaratriðunum í réttaröryggi í landinu. Skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra, greinargerð hans um rannsókn málsins, er afhent ríkissaksóknara og það er ríkissaksóknari einn sem getur tekið ákvarðanir um það hvað birt er af rannsóknargögnum og ráðherra er með öllu óheimilt að hlutast til um hvaða rannsóknargögn eru birt. Með því móti væri hann að brjóta niður það lögbundna sjálfstæði sem ríkissaksóknari hefur og þá réttarvernd sem borgararnir hafa af því að embættið sé sjálfstætt. Það er með öðrum orðum ekki sú staða uppi í málinu að það sé háð pólitísku mati hvaða rannsóknargögn eru birt eða ekki. Þess vegna er á misskilningi byggt hjá hv. þm. að halda því fram að ráðherra hafi sjálfdæmi um hvaða upplýsingar eru birtar. Sú aðstaða er ekki fyrir hendi í þessu máli.

[15:47]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að stjórnarskrá lýðveldisins, þar sem fram kemur sú skipting í þrígreiningu ríkisvaldsins sem þar er að finna, ber að sjálfsögðu með sér að Alþingi hefur það hlutverk að veita stjórnvöldum eftirlit og aðhald. Ef það á að vera undir einhverjum einstökum embættismönnum komið hvort Alþingi fái eðlilegar upplýsingar til að geta sinnt því hlutverki þá er það mjög sérstök túlkun á stjórnarskránni. Þegar ég segi að hæstv. ráðherra hafi sjálfdæmi um hvað hann birtir á Alþingi vitna ég til þess að í þeirri skýrslu sem hann setti fram á þinginu er að finna útdrátt úr rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra sem er valinn af hæstv. dómsmrh. til að birta hér. Það er það sem ég á við þegar ég segi að hann hafi sjálfdæmi hvað varðar upplýsingagjöf til Alþingis og það hljóti að teljast eðlilegt. Málum má ekki vera þannig fyrir komið að hann geti ráðið hvaða upplýsingar eru birtar á Alþingi og í öðru lagi þá um leið á hvaða forsendum Alþingi ræðir starfsemi stjórnvalda. Þá um leið er verið að koma í veg fyrir að Alþingi geti rætt og sinnt því hlutverki eðlilega að hafa eftirlit og aðhald með stjórnvöldum.

[15:49]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í skýrslu minni eru allar þær upplýsingar sem ráðuneytið ræður yfir í málinu. Skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra sem afhent var ríkissaksóknara er ekki birt í heild heldur er byggt á greinargerð sem ríkissaksóknari birti. Annað hefur ráðherrann ekki heimild til að birta. Alþingi sjálft hefur samþykkt lög um sjálfstæði ríkissaksóknara. Vilji Alþingi breyta þeirri skipan mála og kveða á um að stjórnmálamenn geti ákveðið hvaða rannsóknargögn skuli birt og hvenær verður Alþingi að taka þá afstöðu með því að breyta lögum. Það getur ekki ætlast til að ráðherra fari á svig við þau lög sem Alþingi hefur sjálft sett. Vilji Alþingi breyta þessari stefnu og að teknar verði pólitískar ákvarðanir um birtingu rannsóknargagna þá þarf Alþingi að breyta lögum til þess að svo megi verða.

[15:50]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem kom áðan fram að ef þessi skilningur er ofan á er ljóst að Alþingi á mjög erfitt með að sinna því hlutverki sem því er ætlað að sinna samkvæmt stjórnarskrá. Það er alveg kristaltært. Ég lagði áðan til að nefnd á vegum þingsins færi ofan í málið. Það held ég að sé alveg nauðsynlegt til þess að reyna að skýra það. Það er ekki eðlilegt að dómsmrh., sem er yfirmaður lögreglu og tengist því málinu óhjákvæmilega, birti það sem hann virðist hafa sjálfdæmi um, upplýsingar á Alþingi, og á þeim forsendum þurfi Alþingi að ræða málið. Kannski er kjarni málsins að það er illa komið fyrir Alþingi þegar það á í samskiptum við framkvæmdarvaldið og þetta er kannski enn eitt dæmi um hversu staða þess er orðin veik.

[15:51]

**Útbýting þingskjala:**

Einkahlutafélög, 421. mál, frv. LB o.fl., þskj. 743.
Húshitunarkostnaður, 424. mál, fsp. EKG, þskj. 747.
Málefni Hanes-hjónanna, 422. mál, fsp. SJóh, þskj. 745.
Túnfiskveiðar, 423. mál, fsp. KPál, þskj. 746.

[15:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Allir eru sammála um að innflutningur, dreifing og neysla fíkniefna sé einn mesti bölvaldur þjóðarinnar sem Alþingi og framkvæmdarvaldi beri að taka á með fullri hörku.

Í skýrslu frá forsrn. til Alþingis í apríl 1996 eru líkur að því leiddar að aðeins sé lagt hald á um 10% þeirra efna sem koma til landsins. Þær ásakanir sem fram hafa komið um að einn umsvifamesti fíkniefnasali landsins hafi starfað í skjóli lögreglunnar sem haldi hlífiskildi yfir honum og að hann hafi fengið sérstaka meðferð í fullnustu refsidóma eru því vissulega mjög alvarlegar. Það vakti athygli mína í máli dómsmrh. hve oft hann taldi ástæðu til að taka fram að starfsemi lögreglunnar hefði tekið stakkaskiptum að því er varðar þau atriði sem gagnrýni hafi beinst að. Nauðsynlegt er að taka fram að það er verið að spyrja um embættisfærslur í málinu áður en breytingarnar voru gerðar og vekur það vissulega athygli hve oft dómsmrh. sér ástæðu til þess að ítreka að eitthvað hafi kannski verið gagnrýnisvert í málinu áður. En það hefur t.d. ekki verið nægjanlega skýrt af hálfu dómsmrh. eins og fram kom í máli málshefjanda hvers vegna dómsmrn. óskaði eftir því við Fangelsismálastofnun í júní 1991 að beiðni sem Fangelsismálastofnun hafði hafnað um reynslu yrði á nýjan leik lögð fyrir fullnustumatsnefnd sem þá breytti úrskurði sínum og samþykkti reynslulausnina. Fróðlegt væri að fá fram hjá hæstv. dómsmrh. hvor um einsdæmi sé að ræða og hvort dómsmrh. hafi áður óskað eftir endurupptöku á reynslulausn sem fullnustumatsnefnd hefur hafnað. Maður veltir fyrir sér hvort það sé rétt sem haldið hefur verið fram að formaður fullnustumatsnefndar hafi hugleitt að hætta störfum í nefndinni vegna málsins en einmitt af því skýrslan er ekki birt í heild sinni eru svona vangaveltur uppi, herra forseti.

Þetta mál má líka að vissu leyti rekja til þess að dómsmrh. hefur ekki sett skýrar verklagsreglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir, t.d. um heimild ávana- og fíkniefnadeildar til að greiða fyrir upplýsingar sem leiða til að upplýst eru stærri brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Ég vil spyrja ráðherra nánar um reglurnar en hann kom að í máli sínu vegna þess að hálft ár er liðið frá því að ráðherra fól ríkislögreglustjóra að gera tillögur um slíkar reglur en nú upplýsir ráðherra að ríkislögreglustjóri hafi nýlega sent honum bréf þar sem hann óskar eftir því að ráðherra skipi nefnd í málið. Ég minni á að þetta mál er ekki að koma upp núna, að það þurfi þessar verklagsreglur og minni á að í september 1992 kom eftirfarandi fram, haft eftir Birni Halldórssyni hjá fíkniefnadeildinni, með leyfi forseta:

„Það er ekkert launungarmál að okkur hefur vantað skýrar vinnureglur til að fara eftir. Okkur skortir enn skýr rannsóknarfyrirmæli um hvenær og hvernig megi beita þessum svokölluðu óhefðbundnu rannsóknaraðferðum. Að sjálfsögðu verðum við að vinna eftir reglum og þess vegna erum við að biðja um skýr fyrirmæli."

Ég skil ekki af hverju þetta skuli taka svona langan tíma og þetta ferli er viðhaft að fyrst óskar dómsmrh. eftir tillögum ríkislögreglustjóra sem segir hálfu ári síðar við dómsmrh. að hann óski eftir því að skipuð verði nefnd sem geri þessar tillögur. Mér finnst mjög forvitnilegt að vita hvað tefur að hægt sé að setja slíkar vinnureglur.

Herra forseti. Mér finnst þetta mál líka vera skólabókardæmi um það sem ég hef oft gagnrýnt á Alþingi sem er veikleiki löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er með ólíkindum að hægt sé að koma í veg fyrir að Alþingi geti gegnt eftirlitsskyldu sinni með því að meina löggjafarþinginu um aðgang að öllum gögnum málsins og að dómsmrh. neiti að afhenda þinginu rannsóknarskýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasonar, í málinu. Það ýtir auðvitað undir tortryggni og vangaveltur um að ekki sé allt með felldu í málinu. Það eru ótæk vinnubrögð að Alþingi þurfi að búa við það eins og þessi skýrsla sýnir að þurfa að fjalla um málið á grundvelli einhverra valdra kafla úr skýrslunni af hálfu dómsmrh. Það hefði t.d. verið fróðlegt að sjá vitnisburð sem Jónatan Þórmundsson prófessor gaf hjá settum rannsóknarlögreglustjóra en í hann vísar Jónatan Þórmundsson, sem var fomaður fullnustumatsnefndar á þeim tíma sem Franklín Steiner fékk reynslulausn, þegar hann er spurður álits á því af hverju fullnustumatsnefnd breytti úrskurði sínum um reynslulausn til handa Franklín Steiner. Það er einnig álit Jónatans að birta eigi skýrsluna í heild sinni. Það er vissulega líka alvarlegt sem haldið hefur verið fram og fullnægjandi skýring ekki fengist á að a.m.k. tvö mál hafi týnst í kerfinu sem hefðu kostað Franklín Steiner fangelsisvist.

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem Alþingi ætti að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til að fara ofan í sem hefði

fullkominn aðgang að öllum skjölum og gögnum sem tengdust málinu og gæti kallað til alla þá aðila og vitni sem málinu tengjast. Síðan ætti rannsóknarnefnd að gefa Alþingi skýrslu um málið og tillögur um aðgerðir ef nauðsyn krefur. En því miður er staða Alþingis og þingnefnda til slíkrar rannsóknar nú afar veik.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða en þingið sjálft þarf að samþykkja tillögu um að slík rannsókn fari fram. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er nær óvirkt því að margir tugir þingmála hafa verið fluttir gegnum árin um rannsókn á ýmsum málum en Alþingi hefur aðeins samþykkt eina tillögu um mál sem sæta skuli rannsókn þingnefndar. *Vitaskuld kallar allt þetta mál Franklíns* Steiners á það að Alþingi verði sköpuð staða til að rannsaka slíkt mál. Ekki síst af tilefni þessa máls óska ég eftir því við formann allshn. að þegar verði tekið til umfjöllunar í allshn. frumvarp sem þar liggur fyrir og ég hef flutt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Ágústi Einarssyni sem kveður á um að fela þingnefndum að eigin frumkvæði víðtækt rannsóknarvald án atbeina þingsins. Frv., ef að lögum verður, er ætlað að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum eins og í því máli sem við fjöllum nú um. Mjög víða í erlendum þjóðþingum er að finna slíkar rannsóknarnefndir og eru völd rannsóknarnefndar oft sömu og völd rannsóknardómara. Rannsóknarnefndirnar geta tekið mál og rannsakað jafnvel þó þau séu fyrir dómstólunum á sama tíma. Yfirleitt er gripið til ráðstafana á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar og sums staðar er niðurstaða rannsóknarnefndar þjóðþinga send beint til dómstólanna þannig að unnt sé að höfða mál.

Hver er ástæða þess að löggjafarþingi íslensku þjóðarinnar er ekki sköpuð aðstaða til að rannsaka mál álíka og þekkist í flestum þjóðþingum í kringum okkur? Því miður tel ég ástæðu til að ætla að eftirlitsnefndin, sem forseti Alþingis hefur boðað til að fara ofan í skýrslu Ríkisendurskoðunar eða umboðsmanns Alþingis sem einnig hafi það verkefni að fara yfir frv. til breytingar á stjórnarskránni, hafi ekki svigrúm eða hið nauðsynlega rannsóknarvald sem ég kalla eftir hér og er víðast í nágrannalöndum. Það verður þó vitaskuld að koma í ljós.

Herra forseti. Álit ríkissaksóknara sem fram kemur í þessari skýrslu þarf sérstakrar skoðunar við, þ.e. að m.a. nýju upplýsingalögin komi í veg fyrir að Alþingi geti fengið þessa skýrslu. Hæstv. ráðherra upplýsir að það sé ekki í hans verkahring að ákveða hvort Alþingi fái þessa skýrslu. Af því tilefni spyr ég hæstv. dómsmrh.: Telur hann rétt og eðlilegt, ef löggjöf vantar í því efni, að frv. af hans hálfu eða annarra, t.d. um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, opni fyrir aðgang Alþingis að slíkri skýrslu sem hér er um að ræða? Er hæstv. dómsmrh. tilbúinn til að beita sér fyrir slíkri löggjöf? Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að skýla sér bak við það, sem ég efast um að sé rétt, að það sé ekki í hans verkahring að afhenda þessa skýrslu. Við þurfum að fá fram skoðun ráðherrans á því hvort hann telji rétt að Alþingi hafi aðgang að skýrslunni, hvort hann telji það eðlilegt. Í umræðunni hefur komið fram að Atli Gíslason, settur ríkislögreglustjóri, telur eðlilegt að þessi skýrsla verði opinber. Það hefur komið fram að Jónatan Þórmundsson, sem var formaður fullnustumatsnefndar, telur það eðlilegt að þessi skýrsla sé birt. Við hljótum því að kalla eftir afstöðu og skoðun yfirmanns dómsmála hér í landinu, hæstv. dómsmrh., á því, burt séð frá því hvort lög heimila það nú eða ekki. Telur hann eðlilegt að Alþingi fái slíka skýrslu? Telji hann það eðlilegt, er hann þá tilbúinn að beita sér fyrir breytingu á löggjöf þannig að við getum kallað eftir þessari skýrslu og fjallað um málið út frá réttum forsendum? Þar með þyrftu menn ekki að vera með efasemdir og tortryggni varðandi einstök atriði, kannski að óþörfu, af því að þingmenn hafa ekki skýrsluna til að fara eftir.

Skoðun mín, herra forseti, er að þetta máttleysi löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu gangi ekki og að úrræði skorti til að Alþingi geti haldið uppi aðhaldi og eftirliti með framkvæmdarvaldinu. Það ætti að vera hægt að *kalla eftir nauðsynlegum skýrslum sem hafi slíkt upplýsingagildi* að Alþingi geti með fullnægjandi hætti fjallað um mál eins og þetta. En Alþingi eru, herra forseti, hreinlega ekki sköpuð skilyrði til þess af því skýrslan er leyniplagg, sem fáir útvaldir hafa aðgang að. Ég vek athygli á því að rannsóknin í málinu er lokið, a.m.k. samkvæmt yfirlýsingu ríkissaksóknara og dómsmrh. Rannsókn er lokið þannig að það ætti ekki að hafa áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar þó þessi skýrsla væri birt opinberlega svo þingmenn hafi tök á að fjalla eðlilega um þetta mál.

Í lokin vil ég segja það, herra forseti, að mér finnst allt í kringum málið, ekki síst sú skýrsla sem hér er til umræðu, gefa fullt tilefni til að ráðuneytið nýti sér ákvæði 26. gr. laga um meðferð opinberra mála sem kveður á um að hægt sé að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og setja sérstakan saksóknara til að fara með málið. Hefðum við það úrræði sem ég nefndi um tafarlausa skipun sérstakrar rannsóknarnefndar í málinu og öll gögn uppi á borði til sérstakrar rannsóknar, þá gætum við fullreynt hvort slíkt væri nauðsynlegt.

Ég sé að hv. formaður allshn. er kominn í salinn og áður en ég lýk máli mínu vil ég því ítreka ósk mína um að frv. um að hægt sé að skipa sérstaka nefnd sem hafi víðtækt rannsóknarvald sem liggur fyrir nefndinni komist nú til umfjöllunar og afgreiðslu þar. Frv. var flutt í fyrra og fékk þá ekki mikla umfjöllun í allshn. Við hv. þm. stöndum bara aftur og aftur frammi fyrir því, herra forseti, að okkur vantar nauðsynleg úrræði til þess að geta haldið uppi eðlilegu eftirliti og aðhaldi með framkvæmdarvaldinu. Það hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að alþingismönnum séu sköpuð slík skilyrði að þeir geti sinnt starfi sínu vel.

[16:06]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári síðan var á Alþingi utandagskrárumræða í tilefni af skrifum í tímaritinu Mannlífi þar sem fjallað var ítarlega um starfshætti fíkniefnalögreglunnar og samskipti við ákveðinn einstakling sem talinn er hafa verið ansi umsvifamikill fíkniefnasali og oft komið, eins og hér hefur áður verið greint frá, við sögu hjá lögreglunni og hlotið fjölmarga dóma. Utandagskrárumræðan var fyrst og fremst vegna þess að hún var óhjákvæmileg eftir þær alvarlegu ásakanir sem fram voru settar í tímaritinu Mannlífi. Alþingi tók málið upp og beindi ákveðnum spurningum til dómsmrh. Í þeirri umræðu lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að láta vinna sérstaka skýrslu um þetta mál og kanna það mjög rækilega. Skýrslubeiðnin er því upphaflega komin frá Alþingi og í ljósi þess hefði mér fundist eðlilegt að margumrædd skýrsla, og ég tek undir þau orð hv. málshefjanda og þakka honum fyrir að hafa tekið þetta mál upp hér, væri birt Alþingi annaðhvort öllum al-

þingismönnum eða sérstakri nefnd, allshn. Hún hefði fjallað um skýrsluna og farið rækilega ofan í sauma hennar. Hér er lagt fyrir þingmenn, í sjálfu sér ekkert óskaplega merkilegt plagg en þó má segja að þar sé áfellisdómur yfir starfsemi lögreglunnar, fyrst og fremst. Þó fram komi að ýmsu hafi verið breytt í skipulagi og starfsemi lögreglunnar þá má í raun segja að of fátt sé sagt um þær breytingar í skýrslunni. Í fyrsta lagi kemur ekki fram hvað það er í starfsemi lögreglunnar sem helst mátti betur fara og síðan hvernig brugðist hafi verið við þeim athugasemdum.

Á fyrstu síðu skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi setts rannsóknarlögreglustjóra til ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1997, segir að rannsóknin hafi leitt í ljós að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart ávana- og fíkniefnadeild, yfirstjórn og starfsháttum deildarinnar sé um margt ábótavant. Umsjón og eftirlit með störfum deildarinnar sé ófullnægjandi. Lögreglufulltrúar deildarinnar, deildarlögfræðingar, aðstoðaryfirlögregluþjónar og yfirlögregluþjónar hafi ekki fylgt gildandi erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum." Síðan kemur setning sem lítið fer fyrir en segir þó töluvert: „Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki beitt sér fyrir nauðsynlegum úrbótum." Þessi setning er kannski alvarlegasti áfellisdómurinn í allri skýrslunni.

Á sínum tíma, í umræðunni um greinarnar í Mannlífi, í viðtölum við þáverandi yfirmenn fíkniefnalögreglunnar kom það margoft fram að þeir hefðu ítrekað leitað til lögreglustjóra varðandi úrbætur um starfsreglur sem þeir sjálfir töldu ábótavant hjá fíkniefnalögreglunni. Þeir vildu fá reglur um þessar óheftbundnu rannsóknaraðferðir sem beitt hafði verið. Í máli þeirra kom ítrekað fram að þeir hefðu beitt bæði tálbeitum og greiðslum fyrir upplýsingar.

Í skýrslunni kemur fram að lögreglustjóri eða aðrir yfirmenn hafi undirritað heimildir fyrir þessum greiðslum. Þá kom fram hjá lögreglustjóra að hann taldi sig vita afskaplega lítið um þau mál sem fjallað var um í þessum greinaskrifum í Mannlífi. Greinarnar voru það viðamiklar að mig minnir að þær hafi tekið yfir 20 síður af því blaði. Áðurnefnd setning finnst mér vera einhver sú alvarlegasta í skýrslunni því auðvitað eru öll störf lögreglunnar á ábyrgð lögreglustjóra. Auðvitað er það þannig. Þannig á það að vera, þannig hefur það verið og þó nú hafi verið sett lög sem taka af öll tvímæli, þá hefur það aldrei átt að orka tvímælis að lögreglustjórinn ber ábyrgð á allri starfsemi lögreglunnar í Reykjavík. Það er alveg klárt. Við getum og megum ekki missa umræðu um þessa skýrslu út í að kannski sé starfsemi fíkniefnadeildarinnar fyrst og fremst um að kenna. Við vitum að fíkniefnalögreglan og sú deild hefur búið við ákaflega takmarkað fjármagn og mannafla og í engu samræmi við þá þróun sem hér hefur verið. Eiturlyfjaneysla, sala og dreifing hefur aukist og þótt við höfum ítrekað rætt á Alþingi um vandamálin sem fylgja þessari auknu fíkniefnaneyslu, bæði unglinga, ungmenna, fullorðinna og jafnvel barna eins og fram kom í skýrslu fyrir nokkrum mánuðum síðan, hefur þessi deild ekki verið efld eins og til þarf. Lögreglustjórinn í Reykjavík skiptir fjárveitingum sínum innbyrðis, þannig að kannski má segja að ábyrgð hans á framlögum til þessarar mikilvægu starfsemi lögreglunnar sé til staðar líka.

Engu að síður stingur margt í skýrslunni í augu um framkvæmd þess máls sem þarna var skoðað. Þau atriði snúa auðvitað að fíkniefnalögreglunni, yfirmönnum lögreglunnar og síðan að reynslulausn sem þessi einstaklingur fékk um mitt ár 1991, þegar hann hafði aðeins lokið tæpum helming af þeim dómi sem hann átti að afplána. Á reynslulausnartímanum, líklega um níu mánuðum síðar, er hann tekinn fyrir alvarlegt fíkniefnabrot en öll málsgögn þess máls virðast hafa týnst í meðförum lögreglunnar. Þegar umræddur maður var á reynslulausn tekinn fyrir brot í apríl 1992, þá hefði hann samkvæmt dómi átt að vera í fangelsi í fjóra mánuði til að ljúka afplánun. Sú regla hefur verið viðhöfð hjá Fangelsismálastofnun í flestum tilvikum ef ekki öllum að þegar einstaklingur situr inni fyrir mjög alvarleg fíkniefnabrot fær hann ekki reynslulausn eins og þessi einstaklingur fékk. Ég tek undir þau orð sem fram komu um sama efni hjá fyrsta skýrslubeiðanda, að sú regla hafi verið til fyrirmyndar.

Menn hafa tekið mjög hart á afplánun þeirra sem hafa setið inni vegna fíkniefnaafbrota. Ég efast um að þess séu nokkur dæmi að einstaklingur sem tekinn er og dæmdur fyrir svo alvarlegt brot sem þarna er um að ræða og á að baki annan eins afbrotaferil þegar hann fær þennan dóm, að reynslulausn hafi fengist þegar afplánun er ekki einu sinni hálfnuð. Og ég efast um að þess séu einhver dæmi að einstaklingur sem brýtur af sér á meðan á reynslulausn stendur með þeim hætti sem þessi gerði sé ekki umsvifalaust settur í varðhald með þá afbrotasögu sem við þekkjum og getið er um sérstaklega í þessari skýrslu. Það er auðvitað mjög alvarlegt að slíkt skuli gerast og þetta skuli hafa átt sér stað og alvarlegt út af fyrir sig að rannsóknargögn tapist hjá lögreglunni. Það hlýtur líka að vekja upp þá spurningu hvort dómsmrh. sé kunnugt um að slíkt hafi gerst í fleiri tilvikum. Umræðan hér um að málsgögn eða rannsóknargögn hafi tapast hjá lögregluembættinu í Reykjavík í tveimur tilvikum hjá sama einstaklingi er eingöngu til komin vegna þess að farið var fram á að mál þessa einstaklings væru rannsökuð sérstaklega. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. dómsmrh. þeirrar spurningar, þegar svona kemur upp og dómsmrn. er kunnugt um að rannsóknarskjöl tapist, hvort hann hafi beint þeim spurningum til lögreglustjóra hvort slíkt hafi gerst í öðrum tilvikum. Við hljótum að fara fram á það ef dómsmrh. hefur þá vitneskju. Hafi dómsmrn. eða hæstv. dómsmrh. ekki spurt þeirrar spurningar hljótum við að fara fram á að hann geri það. Það er á ábyrgð lögreglustjórans þegar rannsóknargögn tapast, það hlýtur að vera á ábyrgð hans. Þess vegna skýtur það svolítið skökku við þegar síðan kemur fram í þessari sömu skýrslu að sá hinn sami lögreglustjóri, sem ber ábyrgð á því að gögnin tapast, ætlar nú að rannaska það sérstaklega hvernig það gerðist. Betra er seint en aldrei. En er ekki eðlilegra að einhver annar sjái um rannsóknina úr því að sofandaháttur inn gat verið með þeim endemum að gögn tapist í báðum þessum tilvikum? Ábyrgðin er lögreglustjórans, það verður ekkert frá honum tekið. Það er með öllu óeðlilegt að dómsmrn. láti sér nægja þau skilaboð frá þeim sama lögreglustjóra að nú ætli hann að koma sér í það að rannsaka málið, hvernig standi á því að þessi gögn töpuðust. Það hlýtur að verða farið fram á að ótengdur aðili skoði þessi mál sérstaklega og ekki beðið eftir niðurstöðu frá lögreglustjóranum, sem er kannski kominn með hana nú þegar þó að það komi ekki fram í skýrslunni.

Það er auðvitað fleira sem ég hefði viljað koma inn á en tíminn er stuttur. Ég vil þó nefna eitt þar sem mér fannst hæstv. ráðherra taka vel undir það fyrir tæpu ári að þessi skýrsla yrði til, að auðvitað skil ég að vissu leyti að aldrei er hægt að setja öll málsgögn inn á Alþingi til opinnar umræðu, það skil ég. Það liggur hins vegar fyrir frá Jónatan

Þórmundssyni, prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands, að hann telur rétt og hefur lýst því yfir í viðtali við Morgunblaðið, eins og kom fram hjá hv. málshefjanda, að birta eigi skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasonar. Ég hefði talið að þar sem beiðnin er upphaflega komin héðan þá hefðu það verið eðlileg vinnubrögð. Ef eitthvað er í þeirri skýrslu sem er þess efnis að ekki sé með nokkru móti hægt að birta í þinginu er auðvitað sá möguleiki fyrir hendi að taka það út og þá með sérstökum skýringum. En ég hefði talið það eðlilegt að við fengjum skýrsluna þar sem beiðnin kemur héðan.

Í þeirri umræðu sem átti sér stað fyrir ári síðan sagði hæstv. ráðherra einnig að hann mundi kanna hvort að ekki væri rétt að setja þær reglur sem ítrekað hafði verið beðið um af hálfu fíkniefnadeildarinnar, Björns Halldórssonar, sem þá var yfirmaður fíkniefnalögreglunnar, að settar yrðu reglur um hinar óheftbundnu rannsóknaraðferðir. Í skýrslunni kemur fram að formleg beiðni hafi aldrei borist. Nú skal ég ekkert um segja hvort það hefur verið gert skriflega en ítrekað hefur komið fram frá Birni Halldórssyni að hann hafi rætt það bæði við lögreglustjóra og embættismenn dómsmrn., um að hann telji mjög nauðsynlegt að slíkar reglur verði settar þannig að menn séu ekki eilíflega að starfa á svokölluðu gráu svæði, sem verður kannski alltaf að einhverju leyti, en það væri gjörsamlega óviðunandi fyrir fíkniefnalögregluna.

En skýrslan eins og við fáum hana, þau drög að skýrslu og þegar búið er að taka hana svona vel í gegn, er fyrst og fremst með einni lítilli setningu áfellisdómur yfir lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, hvernig embættið hefur staðið að verki. Ég tel að full ástæða sé til að fylgja því eftir hjá dómsmrh. að þar verði breyting á starfsháttum.

[16:21]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var þingflokkur jafnaðarmanna sem óskaði eftir því við dómsmrh. að hann flytti Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsókn sem fór fram í kjölfar umræðu á Alþingi um ásakanir á hendur lögreglu þess efnis að meintur fíkniefnasali starfaði í skjóli hennar og að ráðherra skilaði ítarlegri greinargerð og rökstuðningi um atriði sem talin voru upp í átta stafliðum. Það var hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem var fyrsti skýrslubeiðandi og það er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem hefur fylgt úr hlaði spurningum þingflokksins og brugðist við því hvernig dómsmrh. fylgdi skýrslunni eftir hér á Alþingi. Ég vil taka sérstaklega fram hversu mér fannst þingmaðurinn Lúðvík Bergvinsson gera þetta vel, hvernig hann æsingalaust hefur farið yfir það sem má lesa út úr skýrslunni, enda er þessi skýrsla ekki upphlaupsmál en hún er okkur þingmönnum mikið áhyggjuefni.

Það sem þingmaðurinn hefur dregið fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram er að sjálfsögðu rannsóknin. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að utandagskrárumræða fór fram á Alþingi 17. mars í fyrra og 19. mars óskar hæstv. dómsmrh. eftir því með bréfi til ríkissaksóknara að rannsókn fari fram til að reyna sannleiksgildi fullyrðinga um að þessi tiltekni einstaklingur stundaði umfangsmikil fíniefnaviðskipti sem varði við refsilög með vitund og samþykki lögreglunnar.

Ein fyrsta spurningin sem hlýtur að vakna hjá okkur er: Hvað ef Alþingi hefði ekki tekið þetta mál til umræðu utan dagskrár? Hefði þá ekki verið óskað eftir því að staðreyna sannleiksgildi fullyrðinga sem blómstruðu í þjóðfélaginu í ræðu og riti? Þetta hlýtur að vera fyrsta spurningin sem ég ber upp við hæstv. dómsmrh.

Það hefur líka komið fram af okkar talsmanni, að þrátt fyrir það að skýrsla væri unnin í kjölfar umræðu hér, þá hefur hún ekki birst og hún er ekki birt Alþingi. Hæstv. ráðherra segir að það eigi ekki að vera pólitískt mat hvaða gögn eru birt, það sé í höndum dómsvaldsins. Ég hlýt að bera þá spurningu fram við hæstv. dómsmrh., sem reyndar er ekki á þessu augnabliki í salnum en ég vona að hann hlýði á mál mitt og spurningar mínar: Heimila lög að skýrslan sem ekki er birt og ekki kemur fyrir augu Alþingis sé kynnt allshn., sem er sú nefnd sem mál dómsmrh. heyrir undir? Ég óska eftir því að þessari spurningu verði svarað í umræðunni hér á eftir.

Einnig var dregið fram af hálfu okkar talsmanns hver veikleiki okkar er, veikleiki Alþingis, veikleiki löggjafans. Það var líka vakin athygli á því af þingmanni okkar Jóhönnu Sigurðardóttur, að við erum að ræða þessi mál á forsendum framkvæmdarvaldsins, við ræðum þau á forsendum ráðherrans, framkvæmdarvaldsins en ekki okkar, ekki löggjafans. Löggjafinn er veikur þegar kemur að þessum málum. Hann getur ekki, eins og í mörgum öðrum þingum, kallað eftir upplýsingum. Þingnefnd getur ekki verið með svokallaða „hearing", ég veit ekki hvernig ég á að orða það, eins og við þekkjum svo oft frá öðrum þingum svo sem hinu bandaríska, og kallað eftir að upplýsingar séu lagðar á borðið þannig að þingnefnd geti lagt mat á hvort að kalla eigi eftir að farið sé í rannsókn eða gögn séu birt. Þetta eru veikleikar Alþingis og tímabært er orðið — og þessi umræða ætti að færa okkur heim sanninn um það — að rannsóknarnefnd Alþingis verði sett á laggirnar.

Síðan hefur það verið dregið fram efnislega hvort fíkniefnasali eigi sér skjól og þá hvar eða hverra. Það hefur verið nefnt hversu reynslulausn var hæpin og engin fordæmi eru um slíka reynslulausn. Við hljótum að spyrja: Af hverju er málsmeðferð svona? Tvö mál týnd sem gætu hafa haft áhrif á dóm, og skýrsla sem e.t.v. gæti hreinsað mannorð fíkniefnalögreglu, einstakra lögreglumanna, af ákveðnum áburði er ekki birt. Eftir þessu hljótum við að kalla.

Ég vil nefna eitt enn sem ekki hefur komið inn í umræðuna og sem mér finnst skipta máli þegar við tölum um okkur sem fagaðila og ræðum ákæru- og dómsvald, afplánun o.s.frv., að auðvitað er það eins og blaut tuska í andlitið á venjulegu fólki, sem fylgst hefur með allri umfjöllun um þetta undarlega mál, að þegar loksins á að sækja einstaklinginn til afplánunar, hvenær er það þá gert? Það er gert á Þorláksmessu. Á þeim tíma á allt í einu að setja einhvern hér í fangelsi þegar í öllum öðrum löndum er verið að leitast við að gera föngum — sitji þeir ekki inni fyrir því verri og ótíndari glæpi svo sem mannsmorð — kleift að fara heim yfir jólahátíðina til fjölskyldu sinnar, en þá viðhöfum við þá hætti að sækja fanga til afplánunar á Þorláksmessu. Þess vegna varð það, sem hefði átt að vera alvarlegt mál og alvarleg umfjöllun í þjóðfélaginu, hlálegt á þessum aðfaradögum jólahátíðarinnar.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um að fíkniefnavandinn er eitthvert stærsta einstaka mál samtíðarinnar. Þetta er eitthvert stærsta mál okkar þingmanna að taka höndum saman um, því að þessi vágestur sem vakir við dyrnar á hverju einasta heimili landsins með eyðileggingu ungmenna í kjölfarið, þar sem ung, efnileg líf eru lögð í rúst, er sú ógæfa sem allir foreldrar óttast að sæki börnin þeirra

heim. Þetta er það sem við höfum rætt aftur og aftur og aftur í þessum sal með svo litlum árangri. Með svo litlum árangri.

Ég ætla samt örlítið að víkja að því hvað það er sem við þurfum að tryggja og hverju við höfum komið að aftur og aftur í umræðunni. Það er innflutningur og dreifing, það er fræðsla til foreldra og barna, það er meðferð og hjálparstarf og það eru viðurlög. Það er hægt að telja upp í fjórum atriðum hvað það er sem við þurfum að hafa í lagi til að reyna að sporna við þessum vágesti. Og þegar ég nefni viðurlögin þá á auðvitað að taka hart á brotum þannig að hægt sé að afstýra því svo sem unnt er að efni komist inn í landið og í hendur barna og ungmenna.

Þegar við ræddum þessi mál síðast, sem ég held að hafi verið í utandagskrárumræðu á Alþingi í desember fyrir rúmu ári síðan, þá lögðum við einmitt mikla áherslu á þetta og hvort að forgangsröðun okkar væri skýr. Þá var bent á að í nágrannalöndum okkar hafi verið tekið af krafti á stórum málum sem snúa að lögreglunni, en jafnframt reynt að sinna „litlu málunum" með sólarhringsvöktum. Ég segi „litlu málunum" í gæsalöppum vegna þess hversu stór þessi „litlu mál" eru. Það væri verið að reyna að sinna þeim með sólarhringsvöktum og góðu samspili þeirra aðila sem eru að fást við hin stærri og smærri verk. Við spurðum hvort við hefðum riðið það öryggisnet sem okkur ber. Höfum við nætur- og helgarvaktir hjá fíkniefnalögreglunni? Ef ekki, stendur til að vinna bót á því? Kostum við til því sem þarf til að taka á stóru málunum og tengja netið? Höfum við ákveðið hvar við staðsetjum fíkniefnaglæpi, innflutning, fjármögnun og sölu, og teljum við þetta til alvarlegustu brota hjá okkur? Í Noregi eru þessi afbrot flokkuð næst á eftir manndrápum og kynferðislegu ofbeldi. Það er mjög erfitt að átta sig á hvar í dómskerfinu á Íslandi við staðsetjum þessi stóru og alvarlegu brot. Það er líka erfitt að henda reiður á hvernig samstarfi þeirra er háttað sem vinna að ólíkum sviðum auðgunarbrota, fjársvikamála og fíkniefnamála sem oft eru mjög samtengd, og hvernig samstarfi tollgæslu, skattyfirvalda, fíkniefnalögreglu og samstarfi landsbyggðar og þéttbýlis sé háttað. Við höfum spurt og spurt og spurt en svörin verið fá og aldrei svo hörmulega slæm og núna.

Í mörg ár, ég held alveg frá fyrsta árinu eftir að ég kom inn á þing, hefur þingflokkur Alþýðuflokksins og seinna jafnaðarmanna flutt tillögur um fíkniefnavandann. Við höfum flutt tillögur um fræðslumál og meðferðarmál, en fyrst og fremst um dómsmálin og hvernig skuli taka á innflutningi og dreifingu. Við höfum líka kallað eftir fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkni- og skynvilluefni. Og það var loks í fyrra, á 121. löggjafarþingi, sem sá samningur var fullgiltur. Þá höfðu tillögur okkar verið fluttar aftur og aftur frá 113. löggjafarþingi. Ég nefni þetta til að draga fram hve erfitt er að taka á þessum málum. Þarna er ég ekki að tala um stjórn og stjórnarandstöðu, aldeilis ekki, því á þessum tíma, frá 113. löggjafarþingi, höfum við líka verið í stjórn. Á þeim tíma náðist það reyndar að frv. kæmist hingað inn á borð þingmanna sem tók til starfsemi á vegum fleiri en eins ráðuneytis. Það náði ekki í gegn vegna þess að það er aldrei hægt að setja nein lög sem ná til fleiri en eins ráðuneytis því þá er orðinn árekstur. Því er betra og einfaldara að rúlla frv. út af borðinu en reyna að fara í gegnum það og ákveða hvort hægt sé að setja lög sem hjálpa okkur að taka á þessum vanda.

Hins vegar hefur ríkisstjórnin notið stuðnings okkar sem störfum í stjórnarandstöðu í þessu máli og við höfum lýst yfir stuðningi við öll verkefnin sem hafa verið sett í gang, m.a. verkefni af hálfu dómsmrh. sem ber yfirskriftina „Ísland án eiturlyfja árið 2002". Við höfum oft kallað sjálf eftir aðgerðum í þessum farvegi og þegar ríkisstjórnin setur sér markmið styðjum við þau og viljum leggja stjórnarflokkunum lið í viðleitninni. En við höfum ekki fengið að koma að þessu stóra máli. Alls ekki. Þá er stjórnarandstöðunni úthýst. Þessi mál komu ekki til þingsins og ég hef velt því fyrir mér hvort þetta góða verkefni „Ísland án eiturlyfja 2002" hafi orðið til þess að vana þingmennina í umræðu hér. Hvort það geri það að verkum að við finnum ekki farveg til að taka mál á dagskrá hér vegna þess að búið er að setja góð markmið undir eina yfirskrift og nú á að taka á málum á fimm árum. Að vísu er eitt ár liðið og við vitum ekki hversu vel hefur gengið en við höfum verið vönuð í umræðunni.

Ég óskaði eftir því fyrir einu og hálfu ári síðan að félmn., heilbrn. og allshn. ættu sameiginlegan fund þar sem þeir sem eru að vinna að verkefninu og aðrir í þjóðfélaginu sem koma að fíkniefnavandanum væru kallaðir til og upplýstu þingmenn um það sem verið er að gera. Þá værum við með eins konar „hearing" til að gera okkur meðvitaðri um það sem er verið að reyna að gera og við gætum lagt því lið hvar sem við komum að umræðunni. Þetta var borið upp í félmn. og í heilbrn. Það voru góð áform uppi og formaður heilbrn. var búinn að gera langan lista yfir þá sem yrðu kallaðir til. En stjórnarliðarnir ráða og af einhverjum orsökum verður svona fundur ekki haldinn.

Í sjö atriðum hafa stjórnarflokkarnir ákveðið hvernig þeir ætla að reyna að gera Ísland án eiturlyfja árið 2002: Virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni, vera með öflugar forvarnir og fræðslu, virkja frjáls félagasamtök, eiga samstarf við foreldrasamtök, beina athyglinni að ungu fólki í áhættu og mynda samstarfshópa á landsvísu og við sveitarfélög gegn eiturlyfjum.

Ég veit að margt af þessu er komið í gang þótt ég viti ekki hver árangurinn verður. Ég vona að hann verði góður.

Og sjöunda lagi: Snúa sér að toll- og löggæslu.

Ég verð að segja að þegar ég fer yfir þessi sjö atriði þá er það síðasta, toll- og löggæsla, ekki það sísta. En umræðan sem við stöndum fyrir hér í dag sýnir okkur svo mikla veikleika varðandi löggæsluna að ég hef áhyggjur. Mig langar að leggja þessu máli lið. Ég hef alltaf verið málefnaleg í umfjölluninni um fíkniefnavandann. En mér finnst þessi umræða leiða í ljós að gera þurfi betur, virðulegi forseti.

Þess vegna ætla ég í lokin að endurtaka spurningu mína til dómsmrh. sem ég spurði hann þegar hann var í hliðarherbergi: Heimila lög að skýrslan sem ekki er birt verði kynnt allshn. sem fer með mál á vegum dómsmrh.?

[16:37]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fagna skýrslunni sem hér er til umræðu. Hún var nauðsynleg eftir utandagskrárumræðu sem fram fór í þinginu í mars sl. Fram hefur komið í umræðunni og kemur skýrt fram í skýrslunni að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart yfirstjórn og starfsháttum ávana- og fíkniefnadeildar sé eða hafi verið um margt ábótavant, umsjón og eftirlit hafi verið ófullnægjandi. Í skýrslunni kemur fram að hugsanlega hafi lögreglumenn brotið hegningarlög og lög um ávana- og fíkniefni, ekki hafi verið fylgt erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum. Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki hafa beitt sér fyrir nauðsynlegum

úrbótum. Allt eru þetta mjög alvarlegar ásakanir og til þess fallnar að skapa tortryggni milli almennings og lögreglu.

Þá kemur fram að legið hafi fyrir í ferilskýrslum Franklíns Steiners að hann hafi verið umsvifamikill. En mál hans hafa ekki verið rannsökuð til hlítar. Tvö mál eru rannsökuð án eðlilegrar framhaldsmeðferðar og fram kemur að tveir fyrrverandi lögreglufulltrúar hafi verið í upplýsinga- og trúnaðarsambandi við Franklín Steiner, að því er virðist án heimildar eða vitundar yfirstjórnar. Þetta eru sem sagt mjög alvarlegar niðurstöður sem koma fram í þessari skýrslu, þó svo að þær séu, eins og fram hefur komið hér, skammtaðar af ráðherra til þingsins því hina raunverulegu rannsóknarskýrslu höfum við alþingismenn ekki fengið að sjá. Ríkissaksóknari ákveður að fenginni þessari skýrslu að ekki sé tilefni til aðgerða af hálfu ákæruvaldsins, þ.e. ekki ástæða til að gefa út ákæru.

Virðulegi forseti. Ég get ekki skilið skýrsluna öðruvísi en svo að ýmislegt hafi farið úrskeiðis í meðferð þessara mála hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, t.d. það að gögn týnast og fleira sem hér hefur komið fram í umræðunni. Furðuleg er því niðurstaða ríkissaksóknara að ekki hafi verið tilefni til ákæru og að skýrslan sjálf skuli ekki birt. Ég vil taka undir það að mér finnst þessi skýrsla að ýmsu leyti vera áfellisdómur yfir starfsemi lögreglunnar.

Þá kemur fram í skýrslunni að ráðherra telur að ný lögreglulög hafi kippt þessum málum í liðinn og hann hafi átt fund með yfirstjórn lögreglu þar sem hann hafi lagt áherslu á virkt eftirlit og stjórnun af hálfu yfirstjórnar gagnvart fíkniefnalögreglunni. Um réttmæti ályktunar ráðherra er ekki hægt að fullyrða þar sem skýrslan er ekki birt og ekki ljóst hvaða atriði skipaður rannsóknarlögreglustjóri gagnrýndi. Tryggt þarf að vera að skipulag, eftirlit og stjórnun sé slík að viðunandi sé.

Ég vil fagna því að skýrar reglur eru í mótun um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum en jafnframt vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst nánar um þau atriði sem skipaður rannsóknarlögreglustjóri gagnrýndi. Þó ef til vill finnist rök fyrir því að birta ekki skýrsluna, nefnilega þau að ekki var talin ástæða til að ákæra og ákvörðun ríkissaksóknara um að birta ekki skýrsluna, hefur allt málið valdið tortryggni í garð lögregluyfirvalda og skaðað nauðsynlegt traust á milli lögreglu og almennings. Slíkt er algjörlega óviðunandi að mínu mati, ekki síst þegar um þennan viðkvæma málaflokk er að ræða. Því tel ég annað óviðunandi en að þingnefnd, t.d. allshn. eða sérnefnd, fái nánari upplýsingar úr nefndri skýrslu, helst aðgang að skýrslunni sjálfri með heimild ríkissaksóknara og því vil ég að lokum, hæstv. forseti, spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann geti tekið undir þessa beiðni.

[16:43]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni og komið með sín sjónarmið. En því miður get ég ekki sagt annað en að hæstv. dómsmrh. hafi bætt litlu við þá skýrslu sem hann lagði fram á hinu háa Alþingi.

Til hæstv. dómsmrh. hefur verið beint nokkrum spurningum og ég ætla einnig að reyna að fá hann til að gera betur grein fyrir málsatvikum í þessu máli en hann hefur gert hingað til.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur þegar hún lýsir því yfir að skýrslan er fyrst og fremst áfellisdómur yfir lögreglustjóranum í Reykjavík, mjög harður áfellisdómur og vitaskuld ber hann fyrst og síðast ábyrgð á starfsemi lögregluembættisins. Þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi, líkt og hann gerði með sýslumanninn á Akranesi, óskað eftir því við lögreglustjórann í Reykjavík að hann gefi skýringar á því hvers vegna starfsemi hjá embættinu hafi verið jafnbágborin og raun ber vitni og skýrslan ber augljóslega með sér. Ég held að sömu reglur hljóti að gilda og um sýslumanninn á Akranesi sem nýverið fékk boð frá hæstv. dómsmrh. um að skýra sínar embættisfærslur og ég held því að það hljóti að vera að hæstv. ráðherra hafi þá óskað eftir því við lögreglustjórann í Reykjavík að hann skýri þær embættisfærslur sem hér hafa verið gagnrýndar.

Í öðru lagi vil ég segja, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að lögreglustjórinn í Reykjavík beri vissulega ábyrgð á því hvernig málum er komið hjá embætti hans þá verður ekki fram hjá því litið að dómsmrn. og hæstv. dómsmrh. hafa eftirlit með lögreglustarfsemi í landinu. Því má velta því upp hvort dómsmrn. sjálft hafi sinnt þessari eftirlitsskyldu eins og vera ber. Það er kannski þetta sem ég á við þegar ég segi að óhjákvæmilega kemur starfsemi dómsmsrh. og dómsmrn. til skoðunar í þessu samhengi. Dómsmrh. er yfirmaður lögreglumála á Íslandi.

Í þriðja lagi beindi ég þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvort hann gæti bent á önnur fordæmi um reynslulausn eins og þá sem ég minntist á í inngangsræðu minni. Hæstv. dómsmrh. á eftir að tala hér á eftir þannig að ég vænti þess að frekari skýringar komi fram. Ég vil nefna það sérstaklega að núverandi reglur, nr. 29/1993, sem fjalla um hvernig og hvenær veita skuli reynslulausn, eru í raun og veru ekkert annað en lögfesting á þeim reglum sem fullnustumatsnefnd starfaði eftir á þessum tíma. Í þeim reglum kemur m.a. fram að ekki skuli veita reynslulausn að hálfnaðri afplánun ef viðkomandi hafi fengið fleiri en tvo dóma. Ef viðkomandi hefur fengið fleiri en tvo dóma skal ekki veita reynslulausn að hálfnaðri afplánun dóms. Því er nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. upplýsi hvort einhvers staðar finnist fordæmi um að veitt hafi verið reynslulausn að hálfnaðri afplánun þegar í hlut á maður með jafnmarga dóma og raun ber vitni. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Eins og þetta mál liggur fyrir í skýrslunni er öll málsmeðferðin mjög óeðlileg og virðist benda til þess að dómsmrn. hafi á þessum tíma haft einhver afskipti af málinu þó erfitt sé að festa hendur á því. Dómsmrh. hefur í sjálfu sér haft sjálfdæmi um það hvaða upplýsingar hann leggur fyrir þingið og því mjög erfitt fyrir Alþingi að taka afstöðu til þess. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. reyni að koma í veg fyrir þá tortryggni sem virðist hafa skapast um þetta mál.

Í fjórða lagi vil ég enn og aftur taka undir það að nefnd í þinginu, hugsanlega allshn., taki málið til skoðunar. Ég get þó tekið undir með dómsmrh. um að ekki sé æskilegt að rannsóknargögn í málum séu birt. Í umræddri rannsókn kemur hins vegar hæstv. dómsmrh. sjálfur til skoðunar sem yfirmaður lögreglumála og þá er um leið skoðað hvernig hann hefur sinnt eftirlitshlutverki með lögreglustjórum í landinu. Eins er mjög margt sem bendir til þess að dómsmrn. og þá jafnframt hæstv. dómsmrh. hafi á einhvern hátt komið að þessari reynslulausn. Það er a.m.k. óeðlilegt að ráðuneytið hafi ekki afgreitt málið á sínum tíma heldur sent það að nýju til Fangelsismálastofnunar. Ég tel því nauðsynlegt, ef Alþingi á að geta sinnt skyldu sinni og veitt stjórnvöldum verulegt aðhald, að einhvers staðar á Alþingi, í nefndum

þess eða annars staðar, verði þingmönnum gefið tækifæri á að fara yfir þetta mál og þá sé ekkert dregið undan. Hvort sem það yrði gert í trúnaði eða ekki segi ég ekkert um en tel að það sé nauðsynlegt að einhverjir alþingismenn eða einhverjar nefndir komi að málinu frekar ef Alþingi á að geta sinnt hlutverki sínu.

Ég verð einnig að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það ekki stórmannlegt af hæstv. dómsmrh. að reyna að skáka hér í skjóli ríkissaksóknara þegar hann fullyrðir að það sé ekki í sínu valdi að birta þessa skýrslu. Ég veit ekki hvort fara eigi í langt mál um það en ég get tekið undir með prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands þegar hann segist telja að það eigi að birta þessa skýrslu. Ég er alveg sannfærður um að hann er fullfær um að meta hvort eðlilegt sé að þessi skýrsla sé birt. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að rannsókn málsins er lokið þannig að það er ekki verið að hafa nein áhrif á rannsóknina sem slíka. Ég vek sérstaka athygli á því að dómsmrh. hefur sagt það úr ræðustóli að hann muni ekki beita sér fyrir því að málið verði tekið upp að nýju. Málinu virðist því endanlega lokið. Í þessu tilviki virðist hæstv. dómsmrh. ætla sér að hafa sjálfdæmi um að ljúka málinu svona. Því er auðvelt að ímynda sér að ástæðan sé sú að eitthvað sé að fela sem hann vilji ekki birta.

Að lokum, virðulegi forseti, tek ég undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað og minnst á að nauðsynlegt sé að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því að settar verði almennar reglur um svokallaðar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að dómsmrh. beiti sér fyrir því, þar sem það er mjög erfitt fyrir undirmenn að starfa á hinum gráu svæðum sem þeir þurfa að fara inn á við að afla upplýsinga úr fíkniefnaheiminum. Menn þurfa að beita sérstökum aðferðum við þessar rannsóknir og því er nauðsynlegt að undirmenn, í þessu tilviki starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, standi föstum fótum þegar þeir eru að vinna sín störf og eigi það ekki á hættu að vera sjálfir dregnir til ábyrgðar í málinu eins og stundum hefur gerst við þessa umræðu. Ábyrgðin er eins og ég sagði í upphafi máls míns fyrst og síðast lögreglustjórans í Reykjavík.

[16:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef beint ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. sem hann mun væntanlega svara í lokaræðu sinni. Ég hafði ætlað mér að nýta seinni ræðutíma minn til að koma aftur inn á þessi mál eftir því sem svör ráðherra gæfu tilefni til. Er eitthvað í þingsköpum sem kemur í veg fyrir að ég geti nýtt mér síðari ræðutíma minn eftir að hæstv. ráðherra hefur kvatt sér hljóðs í annað sinn?

[16:53]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Forseti vill láta þess getið af þessu tilefni að ekki eru í þingsköpum nein bein ákvæði um þetta álitaefni. Hins vegar er það gömul þingvenja og löng hefð fyrir því að málshefjandi eigi kost á seinasta orðinu í þeirri umræðu sem hann vekur máls á í þinginu. Ég lít því svo á að í þessu tilviki hljóti hæstv. ráðherra, sem er óumdeilanlega málshefjandi, að eiga seinasta orðið. Hann ætti því seinast að eiga kost á að flytja ræðu í venjulegri merkingu þess orðs. Hitt er ljóst að ef eitthvað í ræðu hæstv. ráðherra kallar á viðbrögð af hálfu hv. þm. þá gefst kostur á andsvörum og það ekki aðeins einu sinni heldur tvisvar.

[16:54]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst þetta fyrirkomulag óeðlilegt. Auðvitað getur í máli hæstv. dómsmrh., sem hefur síðasta orðið, komið fram eitthvað sem gefur tilefni til frekari umræðu þar sem örstutt andsvör duga ekki til. Ég ítreka það að í þingsköpunum sjálfum, þó að hæstv. forseti vísi til hefðar, er ekkert sem segir að þingmenn þurfi að nýta þann 15 mínútna ræðutíma sem þeir hafa tvisvar áður en hæstv. dómsmrh. hefur flutt síðari ræðu sína.

[16:55]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Í tilefni orða hv. þm. verður forseti að vekja athygli þingmanna á því að samkvæmt þingsköpum mega hv. þm. einungis tala tvisvar. Þegar svo stendur á að þingmenn mega ekki taka til máls nema tvisvar sinnum þá liggur það í hlutarins eðli að einhver verði að eiga seinasta orðið og gömul þingvenja segir okkur að það sé málshefjandi. Ég styð mig við það í fundarstjórn að þessu sinni. Ég mun hins vegar að gefnu tilefni telja fulla ástæðu til að málið verði rætt í forsn. og vissulega mætti einnig ræða þetta við þingflokksformenn. Ég viðurkenni að auðvitað getur verið um visst álitamál að ræða en þannig hefur þetta verið og verður að þessu sinni. Því spyr ég að lokum hvort nokkur hv. þm. óski eftir því að taka til máls áður en hæstv. ráðherra kveður sér hljóðs.

[16:56]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að fyrir þessu er löng hefð. Það hefur hins vegar gerst, m.a. á þessum vetri, að við höfum tekið þetta til umræðu hér í þingsal í kjölfar stuttrar utandagskrárumræðu. Það hefur borið á því að ráðherra, þegar hann kemur í lokaræðu sína, eigi það jafnvel til að koma með aðdróttanir sem þingmönnum finnst erfitt að sitja undir og eiga engin tök á að svara. Ég tek því undir það að mikilvægt er að forsn. ræði þetta. Ég minnist þess að hæstv. forseti Guðmundur Árni Stefánsson gaf eitt sinn þingmanni orðið eftir að ráðherra hafði lokið síðari ræðu sinni í utandagskrárumræðu og það var gagnrýnt harðlega. Þetta er ekki brot á þingsköpum heldur erum við að styðjast við hefð. Erfiðast er að þegar þingmaður hefur borið fram margar fyrirspurnir, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert, þá óttast hún að ráðherra muni e.t.v. ekki svara þeim öllum og að stutt andsvör leyfi ekki þau skoðanaskipti sem hún kallar eftir. Sjálf hef ég aðeins kallað eftir svari við einni spurningu svo mér nægja andsvör. Þetta er vandi okkar þingmanna í umræðu sem þessari, virðulegi forseti.

[16:58]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Forseti vill af þessu tilefni taka undir orð hv. 5. þm. Reykn., Rannveigar Guðmundsdóttur, að það gildir almennt um allar umræður í þinginu að sá sem á seinasta orðið verður að gæta hófs. Það ættu allir hv. þm. að hafa í huga í umræðum á Alþingi.

[16:59]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram um að mikilvægt sé að þetta

mál skuli rætt á Alþingi því það snertir marga mjög alvarlega þætti í starfsemi löggæslunnar í landinu.

Ég ætla í seinni ræðu minni að koma að örfáum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni og fyrirspurnum. Fyrst vil ég víkja að þeim athugasemdum sem hér hafa verið gerðar varðandi reynslulausnina sem rætt hefur verið um. Ég ítreka að hvorki ráðherra né ráðuneyti tóku efnislega afstöðu til þessa máls. Á þeim tíma giltu nokkuð aðrar málsmeðferðarreglur en eru í dag. Þá var starfandi sérstök fullnustumatsnefnd og hún setti fram álit gagnvart Fangelsismálastofnun áður en slíkar ákvarðanir voru teknar. Um málskot voru engar sérstakar reglur í þágildandi reglum en auðvitað gilti hin almenna óskráða málskotsregla stjórnsýsluréttarins. Með breytingum sem við gerðum snemma árs 1993 voru þessar viðmiðunarreglur hertar. Sú efnislega breyting var gerð þar á að Fangelsismálastofnun tók eftir það ákvarðanir án þess að hafa áður fengið álit nefndar. Náðunarnefnd, sem svo hefur verið kölluð, starfaði í þeim tilgangi að gefa ráðuneytinu álit varðandi reynslulausn sem skotið var með stjórnvaldskæru eftir að það ákvæði var sett inn í reglugerðina um meðferð þessara mála og eins varðandi náðanir.

Ég hef í sjálfu sér ekki lagt neinn dóm á það hvort fordæmi séu fyrir því að menn með jafnlangan brotaferil og umræddur maður hafi fengið reynslulausn. Það eina sem ég var að vekja athygli á að á tveimur árum, 1990–1991 fengu 25 aðilar reynslulausn að afplánaðri hálfri refsingu, 17 höfðu framið brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni og fjórir þeirra höfðu fengið tveggja ára dóm eða lengri. Það voru aðeins þessar staðreyndir sem ég var að varpa fram en ekki neitt mat á því hvort þetta væri fordæmislaust varðandi lengd afbrotaferils. Ég vil að það komi skýrt fram. En ég vil ítreka að á þessum tíma var annar háttur hafður á varðandi þessi mál og með reglugerðinni frá 1993 er skýrt kveðið á um málskot til ráðuneytisins.

Þá ætla ég að víkja að athugasemdum um þá gagnrýni sem hefur komið fram af hálfu setts rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasonar, á skipulag lögreglunnar. Hv. 6. þm. Suðurl. óskaði eftir að skýr svör um álit mitt á þeim og viðbrögð. Þetta hvort tveggja kemur raunverulega fram í skýrslunni. Ég hef tekið undir gagnrýni setts rannsóknarlögreglustjóra á skipulag lögreglunnar á þessum tíma. Ég tel að sú gagnrýni sé réttmæt og það kemur fram í skýrslunni. Ég hafði áður en þetta mál kom upp vakið athygli yfirstjórnar lögreglunnar á því að yfirmenn lögreglunnar hefðu ekki þau afskipti af stjórnun þessarar deildar sem þeir ættu að gera og þetta var eitt af þeim atriðum sem réðu því að ég taldi nauðsynlegt að fara í mjög umfangsmiklar skipulagsbreytingar á löggæslunni í landinu. Þess vegna tel ég að með þeim breytingum hafi verið bætt úr þeim skipulagsannmörkum sem rannsóknarlögreglustjórinn bendir að mínu mati réttilega á. En ég verð auðvitað að taka það fram, sem er í skýrslunni, að lögreglustjórinn í Reykjavík og einn yfirlögregluþjónn við embættið í Reykjavík hafa ekki verið sammála settum rannsóknarlögreglustjóra eða mér um þessi efni og er rétt að halda því hér til haga að þeir hafa ekki fallist á þessa gagnrýni. En ég er henni sammála og taldi þess vegna nauðsynlegt að gera hér á breytingar. Í bréfi frá settum rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasyni, sem ráðuneytinu barst núna í janúar kemur fram að hann telur að þessi þáttur sé fortíðarvandi, að búið sé af hálfu ráðuneytisins að bregðast við honum.

Þá hafa menn vikið að þeim tveimur málum þar sem málsgögn hafa horfið varðandi rannsóknir á málum Franklíns Steiners. Ég verð að taka undir það sem hér hefur komið fram að það er gjörsamlega óafsakanlegt að slíkt skuli gerast og geta ekki verið nein rök eða neinar afsakanir fyrir því af hálfu lögreglunnar. Ég tel hins vegar mjög eðlilegt að lögreglustjórinn geri athugun á sínu embætti þegar slíkt mál kemur upp. Rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra leiddi ekki í ljós hvað varð um þessi mál. Það var auðvitað hluti af hans rannsókn. En hún leiddi ekki fram hver gat borið á því ábyrgð eða hvað varð um skjölin. Þess vegna var eðlilegt að lögreglustjórinn reyndi að kalla fram skýringar á þessu. Því miður hefur það ekki borið árangur enn. En ég tek undir það að þetta er algjörlega ólíðandi og ekki síst þegar í hlut á brotamaður sem hefur jafnlangan brotaferil að baki. Það liggur alveg í augum uppi.

Varðandi sjónarmið um reglur að því er varðar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir þá, eins og hér hefur komið fram, hafði lögreglan aldrei hafið máls á því gagnvart ráðuneytinu að hér skorti á reglur. En það hefur verið vitnað í blaðaviðtöl við lögreglufulltrúa sem stýrði ávana- og fíkniefnadeildinni og þetta sýnir e.t.v. þann skipulagsvanda sem var á ferðum í lögreglunni á þessum tíma, að lögreglufulltrúi skuli vera að tala um slíkt í blöðum meðan lögreglan kemur engum slíkum ábendingum til ráðuneytisins. Fyrstu formlegu ábendingar um þetta komu fram í starfshópi um ávana- og fíkniefnamál sem ég skipaði á sínum tíma. Ég fór fram á það við ríkislögreglustjóra á sl. ári að hann setti slíkar reglur. Undir lok liðins árs setti hann fram þá skoðun að betra væri að fá breiðari aðild að tillögugerð í þeim efnum og sérstaklega óskaði hann eftir því að embætti ríkissaksóknara kæmi að þeirri reglusmíð og lagði til að sérstök nefnd yrði skipuð þar sem aðild ríkissaksóknaraembættisins kæmi að og ég taldi það vera eðlilegt og þess vegna hefur nefndin verið skipuð á þeim grunni.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði hver afstaða mín væri til þess að sett yrðu í lög ákvæði sem heimiluðu birtingu rannsóknargagna eða hvort ég væri reiðubúinn til þess að beita mér fyrir því sjálfur. Í þessu sambandi verð ég að ítreka það sjónarmið mitt sem ég held að lúti að grundvallaratriðum um réttaröryggi, að embætti ríkissaksóknara sé sjálfstætt og óháð pólitískum afskiptum, hvort heldur það eru afskipti ráðherra eða Alþingis. Ég vil minna á að í þessu máli höfðu ekki færri en 40 lögreglumenn og yfirmenn lögreglunnar stöðu grunaðra manna. Og lögum samkvæmt er það ríkissaksóknari sem verður að taka ákvörðun um það hvað birt er af rannsóknargögnum. Hann hefur gert það í mjög ítarlegri skýrslu að birta það sem hann telur vera meginatriði málsins og upplýst bæði alþjóð og Alþingi þar um. En sjálf skýrsla rannsóknarlögreglustjórans hefur ekki verið birt og það hefur verið hans mat að svo eigi ekki að vera með tilliti til þeirra rannsóknarhagsmuna sem eru í málinu.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði hvort allshn. gæti fengið slíka skýrslu í trúnaði. Ég get ekki tekið slíka ákvörðun frekar en að birta skýrsluna öllum almenningi. Ef ríkissaksóknarinn tæki ákvörðun um að birta skýrsluna þá er það hans ákvörðun sem ráðuneytið mundi engin afskipti hafa af, hvort heldur það væri að birta allshn. hana í trúnaði eða birta hana almenningi. Aðalatriðið er að forræði málsins er ríkissaksóknara og sjálfstæði hans gagnvart framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu að þessu leyti samkvæmt lögum sem um embættið gilda, er alveg ótvírætt. Þarna er um mat að ræða. Einhverjir kunna að hafa þá skoðun að ríkissaksóknari eigi að birta rannsóknarskýrsluna og aðrir kunna að hafa þá

skoðun að hann eigi ekki að gera það. Ég tel það ekki vera í samræmi við stöðu ráðherra gagnvart þessum sjálfstæða embættismanni að ráðherrann sé að lýsa yfir því hvað ríkissaksóknari eigi að gera í þessu efni vegna þess að það hlyti líka að hafa fordæmisgildi um rannsókn annarra mála.

Ég held þá, herra forseti, að ég hafi vikið að flestum þeim athugasemdum sem komið hafa fram í þessari umræðu og vonandi svarað flestum spurningum sem fram hafa komið og vil aðeins að lokum ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég ítreka það af minni hálfu að mjög mikilvægt er að ræða málefni sem þetta og ef minnstu grunsemdir eru um að ekki sé trúnaður milli almennings eða löggjafarvaldsins og lögreglunnar í landinu þá ber okkur skylda til að freista þess að taka á því. Við höfum reynt að gera það af fremsta megni og ég tel að komið hafi verið í veg fyrir skipulagslegar brotalamir sem þetta mál leiddi í ljós og vona að þessi saga endurtaki sig ekki. En í þessu máli eru vissulega atriði sem eru algjörlega óásættanleg og var þess vegna full ástæða til þess að rannsaka og kanna til hlítar.

[17:12]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara því hvort hann teldi eðlilegt að Alþingi fengi skýrsluna og hvort hann teldi eðlilegt, ef lög bönnuðu það, að lögum yrði þá breytt til þess að Alþingi hefði aðgang að slíkum skýrslum. Mér finnst reyndar ráðherrann skýla sér of mikið á bak við ákæruvaldið og lögin um ákæruvaldið í því efni vegna þess að í þeim lögum stendur að dómsmrh. hafi eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og geti krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál.

Ráðherrann svaraði fyrirspurn frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur varðandi það að allsshn. mundi fjalla um þetta mál. Ég tel það eðlilegt miðað við þessa umræðu og stöðu málsins og mun þegar í fyrramálið á fundi allshn. óska eftir því með vísan til 26. gr. þingskapa sem kveður á um að þingnefnd geti haft frumkvæði að því að taka upp mál og gefið síðan Alþingi skýrslu um það. Ég mun láta reyna á þetta ákvæði strax í fyrramálið í allshn. og láta reyna á það hvort allshn. geti fengið þá skýrslu sem svo margsinnis hefur verið kallað eftir hér.

En ég vil líka vitna til þess, herra forseti, að hæstv. ráðherra segir að það sé óafsakanlegt að tvö fíkniefnamál hafi týnst í kerfinu. Engu að síður segir ráðherrann í þessari skýrslu að hann telji ekki ástæðu til þess að ráðuneytið nýti sér 26. gr. laga um meðferð opinberra mála sem kveður á um að hægt sé að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og setja sérstakan saksóknara til að fara með málið þegar ráðherrann á sama tíma lýsir því yfir að óafsakanlegt sé að tvö mál hafi týnst í kerfinu og þurfi að skoða málið frekar. Fyrst ríkissaksóknari taldi ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar í málinu þá átti ráðherrann auðvitað að nýta sér 26. gr. laga um meðferð opinberra mála, fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og setja sérstakan saksóknara til að fara með þetta mál.

Herra forseti. Allt þetta mál er þannig vaxið að nú mun ég láta reyna á hvernig ákvæði 26. gr. þingskapa virka og hvort sú nefnd hafi það vald sem þarf til þess að fara ofan í þetta mál og krefja aðila um umbeðna skýrslu og gögn og gefa síðan Alþingi skýrslu um málið.

[17:14]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það atriði sem hv. þm. vék að, þ.e. að ráðherra hafi heimildir til þess að fella ávarðanir ríkissaksóknara úr gildi, þá eru vissulega heimildir til þess. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þessi heimild lýtur að niðurstöðu saksóknara um hvort tilefni sé til ákæru í málinu. Ekkert hefur komið fram í þessu máli sem réttlætir að ráðherra breyti þeirri ákvörðun enda þarf annað tveggja að liggja í augum uppi, að hún hafi verið ólögmæt eða fullkomlega fjarstæðukennd. Ella hefur ráðherra ekki heimild til þess að beita þessu ákvæði og ég tel að sú heimild hafi einfaldlega ekki legið fyrir í þessu efni.

Varðandi afstöðu mína til þess hvort heimila eigi pólitískum stjórnvöldum, Alþingi eða framkvæmdarvaldinu, að taka ákvarðanir um það hvort rannsóknargögn séu birt opinberlega þá er ég ekki þeirrar skoðunar að slík lög eigi að vera og tel að sú löggjöf sem Alþingi hefur sett um sjálfstæðan ríkissaksóknara óháðan pólitísku valdi sé skynsamleg og betur fallin til réttaröryggis.

Um þau sjónarmið sem hv. þm. reifaði hér um almenna rannsóknarskyldu eða möguleika þingnefnda til þess að taka upp mál og rannsaka, þá á það við um stjórnsýsluverkefni en á ekkert skylt við opinberar sakarrannsóknir eða rannsóknir á því hvort menn hafi gerst brotlegir við refsilög eða ekki þannig að þar er um algjörlega óskylda hluti að ræða sem koma þessari sakarrannsókn ekkert við.

[17:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að lög heimili ekki að rannsóknargögn skuli birt en rannsókn í málinu er lokið. Í skýrslunni sem er til umræðu finnst mér hæstv. ráðherra vitna í rannsóknargögnin sem slík. Það kemur fram hvað eftir annað í skýrslunni að verið er að vitna í þessi rannsóknargögn. Mér finnst það því ekki halda sem hæstv. ráðherra segir og það hlýtur að skipta máli hvort rannsókn sé lokið eða ekki þegar verið er að fjalla þannig um málið.

Aðalatriðið er þetta: Getur Alþingi fengið eðlilegan aðgang að skýrslum sem skipta máli við umfjöllun máls á Alþingi? Það hefur alls ekki verið hægt samkvæmt því sem við höfum verið að ræða hér. Samkvæmt ákvæði 26. gr., sem ég mun vitna til í fyrramálið á fundi allshn., getur þingnefndin auðvitað tekið upp mál sem er til umfjöllunar á Alþingi og hefur birst í þskj. 685 og hefur fulla heimild til þess að fjalla um málið og gefa Alþingi skýrslu um það. Ég mun láta á það reyna hvort hin sérstaka þingnefnd, allshn., getur fengið þá skýrslu sem hefur verið kallað eftir.

[17:18]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. að um einhvern tvískinnung sé að ræða. Að sjálfsögðu byggir skýrsla mín á tilvitnunum í greinargerð ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari hefur gert mjög ítarlega og langa greinargerð um rannsókn málsins og niðurstöður sínar og rökstutt niðurstöður sínar í þeirri greinargerð. Það er hans að meta hvað hann birtir af upplýsingum um mál sem hefur verið í rannsókn og það hefur hann gert í greinargerðinni og á þeirri greinargerð hef ég byggt þá skýrslu sem liggur fyrir og hefur verið til umræðu. Það er fullkomlega eðlilegt og ekkert ósamræmi í því. Ég ítreka það sjónarmið mitt að hugmyndir um almennt eftirlitshlutverk þingnefnda gagnvart framkvæmdarvaldi eiga ekkert skylt við það hvort kollvarpa eigi grundvallarreglum í

réttaröryggi borgaranna, að ríkissaksóknari sé sjálfstæður og óháður gagnvart hinu pólitíska valdi og taki ákvarðanir um ákæru og birtingu rannsóknargagna án pólitískra afskipta.

[17:19]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir tvennt með ráðherranum: Mér finnst mikilvægt að þetta mál var rætt á Alþingi þó mér finnist umræðan ekki hafa varpað nægu ljósi á þetta undarlega mál. Ég ætla líka að taka undir það að ég vona að sú umfangsmikla breyting sem var gerð á skipan lögreglumála verði til þess að stjórnun og ábyrgð verði betri í framtíðinni en áður.

Hins vegar hef ég það á tilfinningunni að það sé í mjög mörgum tilfellum sem við höfum sótt fyrirmyndir til Norðurlandanna við lagasetningu og ýmislegt í uppbyggingu lýðræðisríkis okkar. Ég hef á tilfinningunni að það höfum við líka gert varðandi réttarfar. Því spyr ég ráðherra tveggja spurninga: Þekkir hann til þess hvort ríkissaksóknari í hverju Norðurlandanna sé jafnóháður framkvæmdarvaldinu og hann er hjá okkur? Þekkir hann til þess hvort þingnefndum á þjóðþingum Norðurlandanna séu birt gögn í trúnaði eða skýrslur þó að þær hafi ekki verið birtar opinberlega?

Síðan tek ég undir það að mér finnst skýrslan hafa fyrst og fremst upplýsingagildi þar sem rannsókn er lokið og því tel ég það rétt viðbrögð hjá hv. 13. þm. Reykv. að óska eftir því á fundi í allshn. að ríkissaksóknari kynni allshn. skýrsluna til að þinginu finnist það hafa fengið upplýsingar, geti lagt mat á að það sé sammála niðurstöðu dómsmrh. og geti tjáð okkur þingmönnum að þeir hafi nú skoðað málið og séu sammála dómsmrh. og við verðum öll sátt.

[17:21]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Saksóknaraembætti annars staðar á Norðurlöndum njóta svipaðs sjálfstæðis og hér á landi. Ég get ekki sagt um það hvort lögin eru nákvæmlega eins í öllum atriðum en í grundvallaratriðum er þar byggt á sömu réttarskipan.

Ég minni á að ég hef staðið að því að birta í allshn. upplýsingar sem ég taldi að væru trúnaðarmál og ég vildi ekki birta á Alþingi og gera heyrumkunnar. Það var fyrirspurn sem hér var lögð fram um vopnaeign lögreglunnar. Ég taldi það vera slíka lögregluhagsmuni að þær upplýsingar væru ekki gerðar opinberar að ég vildi ekki birta þær á Alþingi en ég birti þær í trúnaði fyrir allshn. En hér gildir hins vegar allt annað. Hér er verið að biðja um upplýsingar úr rannsókn á máli þar sem 40 lögreglumenn og yfirmenn lögreglunnar höfðu réttarstöðu grunaðra manna. Þá er það ekki á valdi ráðherra að taka ákvarðanir um hvort rannsóknarupplýsingar eru birtar, það er á valdi hins sjálfstæða ríkissaksóknara að taka ákvörðun þar um. Ég held að það hafi verið skynsamleg niðurstaða hjá Alþingi á sínum tíma að tryggja þetta sjálfstæði gagnvart hinu pólitíska valdi til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna. Við erum að tala um tvo ólíka hluti, hvort það eru upplýsingar sem eru á vettvangi stjórnsýslunnar og framkvæmdarvaldsins eða upplýsingar á vettvangi dómstóla eða saksóknaraembættisins.

[17:23]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber stöðu saklausra, grunaðra lögreglumanna fyrir brjósti og vil á engan hátt leggja einhvern stein í þann poka sem á þá hefur verið hengdur með rannsókn málsins. En ég minni á hvers vegna við erum að ræða þetta. Við erum að ræða leiðir okkar til að sporna við eiturlyfjavandanum. Við erum að ræða þetta vegna þess að við viljum að það sé tekið hart á þeim sem brjóta af sér í innflutningi og dreifingu. Ef það er svo að allshn. á möguleika á því að fá upplýsingar úr skýrslu sem hefur upplýsingagildi í máli sem rannsókn er lokið í tel ég að það sé gott mál. Ég fer þess á leit, virðulegi forseti, að forseti taki það upp í forsætisnefnd að fá upplýsingar um það hvort þingnefndir á Norðurlöndunum geti leitað eftir slíkum upplýsingum þar. Ég held að við þurfum að læra eins og unnt er af öðrum um framvindu mála hjá okkur.

[17:25]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. þarf ekki að brýna mig á því hversu mikilvægt það er að ganga fast fram í baráttunni gegn fíkniefnabrotum. Ég hef heldur verið gagnrýndur fyrir það að ætlast til þess af dómstólum að herða brot fyrir líkamsmeiðingar og ýmis brot sem tengjast fíkniefnabrotum þannig að ekki þarf að brýna mig í því efni. Við erum fyrst og fremst að tala um spurningar sem lúta að grundvallaratriðum í réttarskipun okkar og ég hef reynt að svara þeim samkvæmt bestu samvisku og samræmi við gildandi réttarreglur í landinu.

[17:26]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að fara hefði mátt ítarlegar yfir skýrsluna eða að óska eftir því að fulltrúi ráðuneytisins sæti fyrir svörum hjá allshn. og þá í fullum trúnaði til þess að fara yfir þau gögn sem liggja að baki skýrslunni. Hins vegar held ég að við þingmenn ættum að fara afar varlega í að krefjast þess að rannsóknargögn séu opin og okkur birtanleg þegar um er að ræða að rannsóknin leiðir til þess að kæra er ekki lögð fram. Það er með allt öðrum hætti ef niðurstaðan hefði verið sú að leggja fram kæru. Þá liggja gögnin fyrir opin og hægt er að fylgjast með. Ég held að enginn hafi í sjálfu sér með það að gera að fara yfir rannsóknargögn frá A til Ö þar sem niðurstaða þar til skipaðra embættismanna verður sú að ekki er lögð fram kæra þá er það réttur þess sem varð fyrir yfirheyrslunni að þurfa ekki sem sagt að standa okkur öllum skil á því sem hann sagði.

Mig langar til þess að ítreka spurningu mína til ráðherra vegna þess að það má vera að hann hafi svarað, ég heyrði það þá ekki, að það er ljóst að það tapast í tveimur tilvikum gögn sem tengjast ákveðnum sakamanni. Lögreglustjóri hefur ákveðið að leita að gögnunum og betra er seint en aldrei, hann hefði fyrir löngu átt að setja allt á annan endann til þess að leita að þessum gögnum. Er um það að ræða að dómsmrn. hafi vitneskju um að það hafi gerst í fleiri tilvikum að rannsóknargögn hafi týnst í meðförum lögreglu? Hefur hæstv. dómsmrh. beint þeim spurningum til lögreglustjóraembættisins og ef svo er, hvaða svör hafa fengist?

[17:28]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að mér láðist að svara fyrirspurninni. Ráðuneytið hefur ekki beint þeirri fyrirspurn til lögreglustjóraembættisins hvort þarna geti verið um fleiri mál að ræða og þar af leiðandi ekki fengið svör við því en það er vissulega réttmæt ábending að það kynni að vera skynsamlegt að bera slíka fyrirspurn fram.

[17:28]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fara fram á afdráttarlaus svör vegna þess að ef hæstv. ráðherra hyggst ekki beina þessum spurningum til lögreglustjóraembættisins finnst mér koma til greina að leggja hér fram formlega fyrirspurn til ráðuneytisins um hvort þetta hafi verið kannað því að þarna er um vítavert kæruleysi að ræða, kæruleysi sem á ekki að eiga sér stað, þetta er atburður sem á ekki að eiga sér stað. Við komumst að því vegna þess að þetta mál er tekið upp á þingi og það liggur í hlutarins eðli að við hljótum að fara fram á að það verði kannað hvort um fleiri tvilvik geti verið að ræða. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra gefi mér afdráttarlaus svör: Mun hann leggja fyrirspurnina fyrir lögreglustjóraembættið og birta okkur síðan þau svör sem það koma?

[17:29]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. mátti skilja svar mitt sem afdráttarlaust en kannski var það ekki orðað nægjanlega skýrt. En ég get tekið það hér fram að í tilefni af þessum athugasemdum verður þeirri fyrirspurn beint til lögreglustjórembættisins í Reykjavík.

## *Gjaldþrotaskipti, 1. umr.*

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 707.

[17:30]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Með frv. því sem hér liggur fyrir er lögð til sú breyting á 84. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, að skiptastjóri þrotabús sendi lögreglustjóra tilkynningu, í stað ríkissaksóknara, ef skiptastjóri fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur geta gefið tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaðurinn eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi. Telja verður eðlilegt að þeirri meginstefnu sé fylgt að kærum vegna refsiverðra brota sé beint til lögreglu og að skráning þeirra sé sem mest á einni hendi. Sú skipan horfir til skilvirkari meðferðar þessara mála og er í samræmi við þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á lögreglumálum í landinu að undanförnu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Staða umferðaröryggismála, ein umr.*

Skýrsla dómsmrh., 393. mál. — Þskj. 714.

[17:31]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)**:

Herra forseti. Í janúar sl. skilaði ég annarri áfangaskýrslu um stöðu umferðaröryggismála til Alþingis. Er það í samræmi við þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega."

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur mikið starf verið unnið í umferðaröryggismálum á undanförnum árum, ekki síst á liðnu ári, og er árangur af starfinu að skila sér í fækkun umferðarslysa. Í fyrstu áfangaskýrslu sem dreift var á Alþingi í byrjun mars á liðnu ári voru markmiðin skilgreind á nýjan hátt. Nú er miðað við að alvarleg slys, alvarlega slasaðir og látnir í umferðarslysum, verði færri en 200 fyrir árslok 2000. Með þessari markmiðssetningu er einfaldara og nákvæmara að bera saman tölur á milli ára.

Fjölmargir eru þátttakendur í umferðaröryggisstarfinu og er þáttur þeirra allra mikilvægur. Áfram verður lögð áhersla á að samhæfa störf og verkefni aðila til að ná sem bestum árangri. Einnig verða einstök verkefni er tengjast nýbreytni í umferðaröryggismálum styrkt af umferðaryggissjóði Umferðarráðs, Umferðarráði og fleirum eins og undanfarin ár. Lögð verður sérstök áhersla á fá en afmörkuð verkefni eins og á síðasta ári.

Á árinu 1998 verða meginviðfangsefnin þessi: Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum, ölvunarakstur, ökuhraði og ungir ökumenn.

Embætti ríkislögreglustjóra tók til starfa í júní 1997. Tilkoma embættisins gerir unnt að samræma enn frekar störf lögregluembætta á sviði umferðarlöggæslu og jafnframt að vinna að sérstökum verkefnum og hafa frumkvæði að nýjungum. Gerðar hafa verið breytingar á umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála, auk þess sem tillögur um frekari breytingar verða lagðar fram á Alþingi nú á vorþingi. Með þessum breytingum er ætlunin að auðvelda lögreglu meðferð mála vegna umferðarlagabrota og innheimtu sekta, svo og að gera henni kleift að nota löggæslumyndavélar og ný öndunarsýnatæki til að ákveða magn áfengis í blóði ökumanna. Jafnframt á að auka samræmi, skilvirkni og jafnræði hvað varðar refsingar og önnur viðurlög við brotum á umferðarlögum.

Árið 1997 var að mörgu leyti gott hvað umferðaröryggi varðar þótt alltaf megi gera betur. Alvarlegum slysum fækkaði um 19%, úr 254, sem er meðaltal áranna 1991–1996, í 207 árið 1997. Er það nálægt því markmiði sem stefnt er að fyrir lok ársins 2000. Það er markverð þróun því ekki hafa færri slasast alvarlega í umferðinni frá því skipuleg skráning umferðarslysa hófst. Árið 1997 létust 15 í umferðarslysum sem er undir meðaltali áranna 1992–1996, sem er 17, og 12 færri en meðaltal áranna 1980–1990. Þó að um fjölgun banaslysa sé að ræða frá árinu 1996 er breytingin innan tölfræðilegra marka þar sem um svo lágar tölur er að ræða. Tölur um slasaða í umferðinni eru byggðar á skýrslu Umferðarráðs um slys skráð af lögreglu.

Það er svo eftirtektarvert varðandi banaslysin á árinu að tæplega helmingur ökumanna og farþega sem létust voru í bifreið þar sem ekki var notaður öryggisbúnaður, þ.e. bílbelti og barnabílstólar. Er þessi niðurstaða dapurleg því öllum má

vera ljóst gildi þess að nota bílbelti, barnabílstóla og annan öryggisbúnað í bifreiðum.

Þjóðhagslegur sparnaður af fækkun slysa á síðastliðnu ári frá meðaltali áranna 1991–1996 liggur á bilinu 300–600 millj. kr. ef notaðar eru forsendur rannsóknar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á kostnaði vegna umferðarslysa.

Á árunum 1993–1997 létu 16 lífið í umferðarslysum að meðaltali á ári. Borið saman við önnur Norðurlönd er hér lægst dánartíðni eða 5,9 á hverja 100 þúsund íbúa. Það er vert að geta þess að á Íslandi er nú lægst dánartíðni í umferðinni í heiminum, samkvæmt heimildum PRI, alþjóðasamtaka umferðarráða.

Eins og fram kemur í skýrslunni voru verkefni og aðgerðir fjölmargar á árinu. Allmörg sveitarfélög hafa gert sínar eigin umferðaröryggisáætlanir og haldið umferðaröryggisdaga til að vekja athygli á umferðaröryggismálum í sveitarfélaginu. Vegagerðin vinnur eins og kunnugt er eftir eigin umferðaröryggisáætlun auk þess að vinna að mörgum verkefnum í samvinnu við Umferðarráð, sveitarfélög og lögreglu. Áhersla var lögð á samvinnu aðila sem vinna að umferðaröryggismálum því rannsóknir sýna að einir ná menn takmörkuðum árangri.

Eitt af höfuðmarkmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar er að efla viðurlagakerfið vegna umferðarlagabrota með það fyrir augum að gera það skilvirkara og einfaldara ásamt því að taka upp nýjungar í réttarvörslu vegna framangreindra brota. Auk þessa var og talið að nauðsyn bæri til að herða viðurlög við einstaka brotum og hækka sektarmörk almennt.

Með þetta markmið fyrir augum voru á árinu gerðar nokkrar breytingar á umferðarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og hegningarlögum sem ætlað er að stuðla að auknu umferðaröryggi. Einnig voru settar nýjar reglugerðir og öðrum breytt. Sett var reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og heimildir lögreglustjóra til að beita sektargerðum voru einfaldaðar og rýmkaðar.

Punktakerfi vegna umferðarlagabrota var tekið upp, auk þess sem nú er heimilt að refsa og svipta menn ökurétti vegna ölvunaraksturs á grundvelli öndunarsýna.

Öll börn yngri en 15 ára eru nú skyldug til að nota hlífðarhjálma við hjólreiðar samkvæmt reglugerð sem tók gildi 1. okt. 1997. Erum við fyrsta landið í Evrópu sem setur reglur um skyldunotkun af þessu tagi.

Einnig má nefna að ný reglugerð um ökuskírteini tók gildi 15. ágúst sl. en með henni voru teknar upp samræmdar reglur um ökuskírteini, ökukennslu og ökupróf sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við tilskipun um ökuskírteini. Nýmæli reglugerðarinnar eru þessi helst: Ný samræmd ökuskírteini af greiðslukortagerð voru tekin í notkun, ökuréttindaflokkar endurskilgreindir þar sem fullt tillit er tekið til eldri ökuréttinda og sérstök eftirvagnaréttindi tekin upp, breytingar voru gerðar á aldursmörkum og heilbrigðiskröfur gerðar skýrari. Kröfur um ökukennslu, ökuskóla og ökupróf voru auknar og komið á stigskiptum bifhjólaréttindum sem miðast við afl bifhjóla. Jafnframt hefur verið komið á gagnkvæmri viðurkenningu á ökuskírteinum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eins og kom fram í síðustu áfangaskýrslu álítur umferðaröryggisnefndin að besta leiðin til að ná árangri sé að einbeita sér að fáum lykilatriðum og forgangsraða verkefnum og að unnið sé á breiðum grundvelli með þátttöku allra er vinna að umferðaröryggismálum.

Eins og fram hefur komið eru höfuðviðfangsefni nú þessi: Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum, ölvunarakstur, ökuhraði og ungir ökumenn.

Mikilvægt er að þátttakendur í umferðaröryggisstarfinu séu margir. Umferðarráð mun gera verkefnaáætlun og tímaáætlun yfir einstök verkefni. Leitað verður eftir samvinnu um að einstök verkefni annarra aðila í umferðaröryggisstarfinu falli saman í tíma til að ná fram meiri áhrifum og athygli almennings.

Ég vil að lokum árétta að það markvissa starf sem hófst með samþykkt umferðaröryggisáætlunarinnar er farið að bera árangur. Ef litið er til baka hafa öll verkefni sem kynnt voru í þál. verið framkvæmd eða eru langt komin. Þetta sýnir svo ekki er um að villast að unnt er að fækka slysum með sameiginlegu átaki þeirra sem að þessum málum koma. Það er fagnaðarefni og ber að þakka hve margir hafa tekið virkan þátt í átakinu og sýnir glöggt að mikill vilji er fyrir því í þjóðfélaginu að vinna gegn þeim vágesti sem umferðarslysin eru.

Ef við lítum til framtíðar þá eru verkefni fram undan sem þarf að móta og gera tillögur um. Í því sambandi hef ég ákveðið að skipa þróunarnefnd til að vinna að nýjungum og framþróun í löggæslumálum. Nefndinni er ætlað að kynna sér nýjungar í löggæslumálum og gera tillögur til ráðherra um mótun löggæslumála á þessu sviði til lengri framtíðar. Einnig mun ég beina því til umferðaröryggisnefndarinnar að hún geri skýrslu um framtíðarsýn í umferðaröryggismálum þar sem stefnu og langtímamarkmiðum eru settar enn strangari kröfur en fram til þessa.

Eins og áður hefur komið fram hefur þeim sem láta lífið í umferðarslysum fækkað nokkuð á undanförnum árum. Einnig hefur orðið jöfn fækkun alvarlega slasaðra. Þetta gerist þrátt fyrir að akstur hefur farið lítillega vaxandi og fjöldi bifreiða aukist á sama tímabili. Við getum því sagt að þetta starf sé að skila verulegum árangri og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim hv. þm. sem hafa sýnt þessum málum mikinn skilning og unnið ötullega að framgangi margra verkefna á þessu sviði.

[17:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil fagna framkomu þessarar skýrslu og þakka fyrir hana og þá sérstaklega að hún kemur nú fram eins og samþykkt Alþingis gerir ráð fyrir í upphafi árs og dómsmrh. gerir með henni grein fyrir stöðu umferðaröryggismálanna og hvernig miðað hefur samkvæmt settum markmiðum starfs- og framkvæmdaáætlunar í umferðaröryggismálum.

Eins og kom fram er þetta framhald af starfi sem á sér nokkurn aðdraganda frá því fyrst komu fram tillögur á þingi um slíka framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Það var reyndar sá sem hér talar sem lagði sem þingmaður fram þingályktunartillögu um slíka stefnumótun og síðan kom fram sú tillaga sem byggði á starfi nefndar sem hæstv. páv. og reyndar núv. dómsmrh. skipaði. Ég held að þessi vinnubrögð séu tvímælalaust til bóta og það var vonum seinna að þau væru upp tekin hér á landi. Þau hafa um alllangt skeið verið viðhöfð í ýmsum nágrannalöndunum, til að mynda á hinum Norðurlöndunum þar sem menn standa framarlega í þessum efnum, og hafa tvímælalaust skilað árangri.

Ég vil jafnframt lýsa ánægju minni með að þau markmið sem nú er unnið eftir, þ.e. að fækka dauðsföllum og alvarlegum slysum niður fyrir 200 á árinu 2000, eru efn-

isleg og ákveðin markmið sem eru metnaðarfyllri en þau sem voru lögð til í upphaflegri áætlun. Það markmið að fækka umferðarslysum um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–1992 var gagnrýnt á sínum tíma sem of metnaðarlítið í ljósi þess að þar var um gamla viðmiðun að ræða sem tók ekki mið af þróuninni sem í gangi hafði verið. Hér er um að ræða raunhæf, efnisleg markmið sem mundu fela í sér allmikla fækkun alvarlegra slysa frá því sem verið hefur á undanförnum árum, frá og með 1990, eða á þessum áratug.

Ég tel að vísu að of snemmt sé að meta hvernig til hefur tekist og þó svo ánægjulega vilji til að á fyrsta ári slíkrar stefnumótunar hafi banaslysum í umferðinni fækkað nokkuð, sé auðvitað of snemmt að gefa sér að þar sé um varanlegan árangur af þessu starfi að ræða. En svo sannarlega vonum við að svo sé og það á reynslan á næstu árum eftir að leiða í ljós. Ég hygg að reynsla þurfi að koma á þessi störf í nokkur ár til að unnt verði að meta árangurinn þannig að hann verði a.m.k. tölulega marktækur. En reynslan erlendis frá af sambærilegum markvissum og skipulögðum vinnubrögðum gefur vissulega tilefni til ákveðinnar bjartsýni í þeim efnum.

Herra forseti. Eftir sem áður er ýmislegt í umferðinni sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Ég vil aðeins nefna tvennt eða þrennt. Það fyrsta og kannski það alvarlegasta eru þær upplýsingar sem liggja fyrir um aukinn ölvunarakstur og hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem slys verða og áfengi kemur við sögu. Slíkum slysum hefur fjölgað hér á landi á meðan umtalsverð fækkun er á þeim annars staðar á Norðurlöndum. Þetta kemur fram í skýrslunni. Á því er að vísu að einhverju leyti sú skýring að áfengisneysla er á niðurleið á sumum hinna Norðurlandanna. Þar hefur markvisst forvarnastarf og ýmsar aðgerðir skilað þeim árangri að áfengisneysla fer minnkandi en það gerir hún ekki hér. Með aukinni umferð má náttúrlega búast við því að slysum þar sem ölvunarakstur á í hlut fjölgi, þó ég þekki nú ekki hvernig hlutfallstölur standa nákvæmlega í þeim efnum. Þetta gefur sannarlega tilefni til að herða róðurinn og ekki síst vegna þess samhengis sem er milli ölvunaraksturs og slysa þar sem annaðhvort ungir ökumenn eða ungir þolendur eiga í hlut.

Í öðru lagi kemur fram, sem er auðvitað alveg svakalegt, að það sem einkennir banaslys á sl. ári er að tæpur helmingur ökumanna og farþega sem létust var í bifreiðum þar sem ekki var notaður öryggisbúnaður, þ.e. öryggisbúnaður eins og bílbelti og barnastólar. Þetta er náttúrlega ákaflega dapurleg niðurstaða og sýnir okkur að þrátt fyrir lög og reglur þá dugar ekkert annað en stanslaus fræðsla og áróður til þess m.a. að tryggja að slík öryggistæki séu notuð. Bílbeltanotkun virðist ekki fara vaxandi hér. Í besta falli stendur hún í stað miðað við kannanir milli ára og það er auðvitað á engan hátt nógu gott.

Í síðasta lagi nefni ég unga ökumenn. Það er ljóst að ástæða er til að beina áróðri alveg sérstaklega að þeim og hinni óheyrilega háu slysatíðni á t.d. fyrsta árinu í ævi hvers ökumanns. Það er reyndar eitt af fjórum meginviðfangsefnum sem á að einbeita sér að á nýbyrjuðu ári og það er vel. Ég hef sjálfur haft hugmyndir um að ástæða gæti verið til að gera breytingar á ákvæðum umferðarlaga hvað varðar útgáfu ökuréttinda. Ég tel t.d. að skoða ætti fyrsta missirið, fyrstu sex mánuðina í ferli hvers ökumanns og ástæða væri til að fá sundurliðaðar upplýsingar, greindar niður á mánuði. Reynslan sums staðar annars staðar erlendis þar sem ég hef komist yfir tölur sýnir að slysatíðnin er oft ótrúlega há, t.d. á þriðja, fjórða, fimmta og sjötta mánuði í ferli ökumanns sem bendir til þess að menn fari varlega fyrstu einn, tvo mánuðina en svo sé eitthvað farið að slá á það og þá taki við tímabil sem sé sérstaklega hættulegt. Spurningin er þá sú: Er hægt að bregðast við þessu? Er t.d. hægt að takmarka eða skilyrða ökuréttindin á einhvern hátt fyrsta hálfa til heila árið? Ég hef hugmyndir um að það mætti gera, m.a. með því að gera áskilnað um að reyndari ökumaður væri jafnan í bifreiðinni fyrsta árið á meðan menn væru að þjálfast þannig að í raun væru ökuréttindin einhvers konar áframhaldandi reynsluréttindi fyrsta árið sem menn hefðu bílpróf. Fleira af þessu tagi er sannarlega ástæða til að skoða í tengslum við það mál sem við ræðum.

Að lokum, herra forseti, fagna ég þessari skýrslu og þetta starf er alveg tvímælalaust á réttri braut. Ég hvet til þess að unnið verði markvisst og ötullega að þessum málum og vonandi sjáum við þá markmiðin rætast um umtalsverða fækkun dauðsfalla og alvarlegra slysa í umferðinni fyrir aldamót.

[17:50]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Tæp tvö ár eru frá því að Alþingi samþykkti þáltill. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi. Það verður að segjast að framkvæmd og vinnubrögð m.a. með áfangamarkmiðum hafa verið fagleg í þessu efni og hafa reynst árangursrík. Það er mjög til bóta fyrir starf Alþingis að nú skuli vera tekið upp það nýmæli að um umferðarmál skuli vera rætt og verða rætt í framtíðinni reglulega eins og gert er hér í dag. Til stendur að slík skýrsla verði flutt árlega og umræður um hana verði þar á eftir og mun þetta án efa vekja athygli bæði þingmanna og almennings á stöðu mála hverju sinni.

Það er einnig gleðilegt til að vita að alvarlegum slysum hefur fækkað um 19%, eins og komið hefur fram, þ.e. að 47 færri hafa slasast alvarlega árið 1997 miðað við meðaltal næstu fimm ára á undan. Með aukinni samræmingu og skipulegri skráningu umferðarslysa hefur tekist að fá glöggt yfirlit um hvar skórinn kreppir og hvernig nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum eða aðgerðum í umferðaröryggismálum eins og fram kemur í þeirri skýrslu sem við ræðum nú.

Það er ljóst að enn verður að auka áróður og brýna almenning til að nota nauðsynlegan og lögbundinn öryggisútbúnað. Það er alvarlegt að hugsa til þess að sjö mannslíf hafi glatast á síðastliðnu ári vegna þess að sjálfsagður öryggisbúnaður var ekki notaður.

Í skýrslunni kemur ljóslega fram hve samvinna þeirra aðila sem koma að umferðarmálum hefur aukist. Er það afar ánægjulegt og ber að fagna því en hvetja jafnframt til enn aukinnar samvinnu á öllum sviðum umferðarmála og vil ég einkanlega nefna til þess ýmis áhugafélög. Enn fremur er gott til þess að vita að eftir tæplega tveggja ára reynslu megi vænta nú þegar að áætlun um aðgerðir í umferðaröryggismálum muni skila okkur þeim árangri sem að var stefnt í upphafi þessa verkefnis, þ.e. að um verði að ræða 20% fækkun alvarlegra umferðarslysa miðað við meðaltal áranna 1982–1992. Eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði áðan er sú tala sem við höfum nefnt um fækkun alvarlegra umferðarslysa á sl. ári ekki gefin til frambúðar og betur má ef duga skal. Við þurfum að halda áfram markvissu starfi og hvetja til þeirra aðgerða sem sannanlega eru nauðsynlegar til að ná settum markmiðum. Ég vil hvetja þingheim til að standa á verði í þessum efnum og taka virkan þátt í umræðum

um umferðaröryggisskýrslu þegar hún kemur fram á næsta ári. En ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir góða skýrslu og vonast til þess að hún viti á gott.

### *Staðfest samvist, 1. umr.*

Frv. ÓÖH o.fl., 177. mál (ættleiðing). — Þskj. 177.

[17:54]

**Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um staðfesta samvist en gert er ráð fyrir því að við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gilda um einstaklinga í staðfestri samvist."

2. gr. frv. hljóðar svo:

„1. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist."

Virðulegi forseti. Þetta frv. er endurflutt frá síðasta þingi en þá voru flutningsmenn þeir sömu og nú, en þeir eru úr öllum flokkum. Ég vil stuttlega geta aðalatriða sem liggja að baki frv.

Meginatriðin eru þau að tryggja börnum sömu réttindi hvort heldur þau búa á heimilum eða við aðstæður þar sem staðfest samvist er eða samkynhneigðir annast uppeldi og forsjá barnsins. Í lögunum frá 1996 er gert ráð fyrir að samkynhneigðir geti veitt forræði hvort heldur um er að ræða kynforeldri eða ekki, en hins vegar var ekki í því frv. gert ráð fyrir að samkynhneigðir gætu ættleitt börn sem kæmu inn í sambúðina. Hér teljum við flutningsmenn að ekki sé gætt samræmis og það sé í anda þessara laga að stjúpættleiðingin sé líka hluti af þeim réttindum sem samkynhneigðum eru tryggð í samvist sinni. Með þessu móti er mun meiri festa sköpuð í fjölskyldulífi og fjölskyldubönd í samvistinni eru treyst en slíkt er afar mikilvægt. Það er einmitt við slíkar aðstæður, þ.e. þar sem tengslin við kynforeldri sem ekki hefur forræði eru með minna móti, að viljinn til að ættleiða börn kemur fram. Það er einmitt með slíkri festu sem ættleiðingin gæti komið barninu til góða.

Ég vil láta það koma fram að lögin, venjur og reglur um ættleiðingu eru mjög takmarkandi og háðar ströngum skilyrðum þannig að ljóst er að ekki verður um mjög marga einstaklinga að ræða, en þó finna þeir einstaklingar að þeirra réttindi eru ekki þau sömu og annarra í þjóðfélaginu. Við flutningsmenn væntum þess að allshn. sem væntanlega tekur þetta mál til umfjöllunar sinni því vel og að málið fái farsælan framgang í meðförum þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 17:59.

---

## 57. FUNDUR

þriðjudaginn 3. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 707. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Staðfest samvist, frv., 177. mál, þskj. 177. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599. — 1. umr.
4. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 195. mál, þskj. 199. — Fyrri umr.
5. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 197. mál, þskj. 205. — Fyrri umr.
6. Jarðalög, frv., 198. mál, þskj. 206. — 1. umr.
7. Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, þáltill., 266. mál, þskj. 334. — Fyrri umr.
8. Vörugjald af olíu, stjfrv., 358. mál, þskj. 569. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
10. Vörugjald, frv., 277. mál, þskj. 347. — 1. umr.
11. Innlend metangasframleiðsla, þáltill., 357. mál, þskj. 557. — Fyrri umr.
12. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715. — 1. umr.
13. Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frv., 407. mál, þskj. 728. — 1. umr.
14. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[13:32]

**Útbýting þingskjals:**

Þjóðgarðar á miðhálendinu, 406. mál, þáltill. HG, þskj. 727.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Í upphafi þessa fundar fer fram utandagskrárumræða um úrskurð umboðsmanns um ólögmæta hótelstyrki. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hæstv. forsrh. verður til andsvara. Forseti vill tilkynna að að lokinni utandagskrárumræðunni fer fram atkvæðagreiðsla um fyrstu tvö dagskrármálin.

### *Umræður utan dagskrár.*

Úrskurður umboðsmanns um ólögmæta hótelstyrki.

[13:33]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Opinberir styrkir eða ríkisstyrkir eru algengir í atvinnustarfsemi hér á landi. Tilgangurinn með þeim

er oft að halda uppi atvinnu í tilteknum starfsgreinum, hlúa að tilteknum atvinnugreinum eða framfylgja einhvers konar byggðastefnu. Á hinn bóginn er meðferð þessara styrkja vandmeðfarin og getur haft þveröfug áhrif ef ekki er vel á málum haldið.

Það mál sem við ræðum hér lýtur að úthlutun á 20 millj. kr. styrkjum til heilsárshótela á landsbyggðinni. Ég hef áður rætt þetta mál á hinu háa Alþingi en það var í kjölfar þess að samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að rökstuðningur og vinnubrögð úthlutunarnefndar sem hæstv. samgrh. skipaði færi í bága við gildandi samkeppnislög. Rökstuðningur sem nefndin notaði til skýringar á styrkveitingum var um margt mjög sérstakur og lítt skiljanlegur á köflum. Rökstuðningur nefndarinnar var tvíþættur: Annars vegar að þau hótel sem fengju styrki hefðu efnahagslega þörf fyrir styrki en af þessari röksemdafærslu má gagnálykta á þá leið að þau sem ekki hlutu styrki hafi ekki haft efnahagslega þörf á styrkjum. Hins vegar notaði nefndin þá röksemdafærslu að aðeins væru styrkt hótel sem hægt væri að skilgreina sem heilsárshótel. Skilgreiningin á heilsárshótelum var sú að þau ein teldust vera heilsárshótel sem væru forsenda aukins ferðamannastraums, og voru þau styrkt, en þau sem ekki fengu styrk væru þá meira til uppfyllingar eða afleiðing aukins ferðamannastraums. Sem dæmi um þessa dómadagsrökleysu má nefna að á Akureyri eru starfandi fjögur heilsárshótel en einungis eitt þeirra fékk styrk, þ.e. Hótel KEA, sem hlýtur að skýrast sem svo að önnur hótel væru afleiðing af auknum ferðamannastraumi, en Hótel KEA væri þá eitt hótela forsenda aukins ferðamannastraums. Að sjálfsögðu komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að aðferðafræði af þessu tagi stæðist ekki lög og átaldi hæstv. samgrh. harðlega fyrir vinnubrögðin.

Nýlega kvað umboðsmaður Alþingis upp úrskurð í þessu sama máli. Í úrskurði hans kemur fram að skipun umræddrar nefndar til úthlutunar þessum 20 millj. kr. styrkjum, sem Alþingi hafði ákveðið í fjárlögum að Ferðamálaráð skyldi úthluta, stæðist ekki lög. Í úrskurðinum segir svo, með leyfi forseta:

„Með vísan til ótvíræðs orðalags ákvæðisins [í fjárlögunum] var það hins vegar eingöngu á valdi þessara aðila [Ferðamálaráðs] að mæla fyrir um skipun undirnefndar" til þess að ráðstafa þeim fjármunum. — „Breytir þá engu, þótt samgönguráðuneytið fari ... með yfirstjórn þeirra mála, ... Samkvæmt þessu brast samgönguráðherra heimild til að takmarka valdsvið Ferðamálaráðs með þeim hætti sem raun varð á og skipun hinnar sérstöku úthlutunarnefndar fól í sér. ...

Það er því niðurstaða mín [þ.e. umboðsmanns], að nefnd sú er samgönguráðherra skipaði 10. maí 1995 til að gera tillögur" — þ.e. um ráðstöfun fjárins — „hafi ekki verið bær til að fara með það verkefni. Var því að lögum ekki staðið rétt að úthlutun þess fjár, sem hér um ræðir."

Virðulegi forseti. Niðurstaðan er því sú að tvær eftirlitsstofnana samfélagsins hafa komist að þeirri niðurstöðu, hvort heldur sem litið er til vinnubragða nefndarinnar eða tilvistar hennar, að þá fái hvorugt staðist landslög. Á mannamáli mundi þetta væntanlega vera kallað að opinberu fé hafi verið úthlutað eftir pólitískum geðþótta, þ.e. án viðunandi rökstuðnings, enda lentu hæstu styrkirnir hjá fyrirtækjum sem eru í kjördæmi formanns nefndarinnar.

Ég segi það alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég hélt og ég taldi að vinnubrögð af þessu tagi heyrðu fortíðinni til en svo virðist ekki vera. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsrh. hvers konar starfsumhverfi stjórnvöld eru að skapa einkarekstri í ferðaþjónustu. Áttar ríkisstjórnin sig ekki á því að athafnir nefndar samgrh. eru til þess fallnar að eyða öllu frumkvæði og grósku í hótelrekstri á landsbyggðinni? Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. forsrh. geri hinu háa Alþingi grein fyrir því í þessari umræðu hver stefna ríkisstjórnarinnar sé í styrkveitingum í ferðaþjónustu. Enn fremur tel ég nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsi hið háa Alþingi um það hvort hann muni beita sér fyrir því að hæstv. samgrh. sæti pólitískri ábyrgð í kjölfar þess að eftirlitsstofnanir samfélagsins hafa í tvígang komist að þeirri niðurstöðu að tilvist nefndar sem hann bar ábyrgð á og vinnubrögð hennar hafi ekki verið í samræmi við lög.

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að viðbrögð hæstv. forsrh. liggi fyrir áður en hið háa Alþingi getur tekið á því hvort það muni bregðast sérstaklega við úrskurði umboðsmanns Alþingis.

[13:37]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Atvik þessa máls eru þau að á fjárlögum fyrir árið 1995 var lögbundið framlag til Ferðamálaráðs hækkað um 20 millj. kr. og hugsað til skuldbreytinga á heilsárshótelum á landsbyggðinni. Samgrh. skipaði sérstaka nefnd til að gera tillögu um úthlutun fjárins samkvæmt tilnefningu Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs og samgrn. tilkynnti hlutaðeigandi aðilum um styrkveitingarnar en fól Ferðamálaráði að annast greiðslu þeirra. Álit umboðsmanns var það að löggjafinn hefði falið Ferðamálaráði að sjá um úthlutun hótelframlagsins og ráðið eða eftir atvikum framkvæmdastjórn þess hefði getað sett á laggirnar nefnd til að annast þetta verkefni undir yfirstjórn þess. Það hafi hins vegar eingöngu verið á valdi Ferðamálaráðs að mæla fyrir um skipun undirnefndar og þar með visst valdaframsal til ákvarðana á því sviði, en ekki ráðherra enda kveði skýr lagafyrirmæli ekki á um heimildir hans sem æðra stjórnvalds í þeim efnum. Samgrh. hafi því brostið vald eða heimild til að takmarka valdsvið Ferðamálaráðs með þeim hætti sem raun varð á og skipun hinnar sérstöku nefndar fól í sér. Tilnefning í ferðamálaráðsnefndina hafi engu breytt í þessum efnum. Nefndin var með öðrum orðum ekki bær til að annast úthlutun fjárins og því hafi ekki að lögum verið staðið rétt að úthlutun þess fjár.

Samgrh. hefur með bréfi dags. 30. janúar komið á framfæri sjónarmiðum og nýjum upplýsingum um málsatvik sem hann telur að eigi að hafa áhrif á niðurstöðu umboðsmanns, og hefur hæstv. ráðherra beðið hann að taka álit sitt til endurskoðunar á grundvelli hinna nýju upplýsinga. Í ljósi þess má halda því fram að ekki sé heppilegt að þingið ræði mál sem umboðsmaður hefur enn þá til athugunar.

Í bréfi samgrh. kemur fram að fjárln. Alþingis hafi með bréfi í febrúar 1995, þ.e. rösklega mánuði eftir samþykkt fjárlaga fyrir árið 1995, beint því til Ferðamálaráðs að fjárln. telji eðlilegt að Ferðamálasjóður sjái um úthlutun fjárins. Það má segja að við þessi afskipti fjárln. hafi meðferð málsins farið nokkuð út af sporinu.

Í framhaldi af þessu erindi virðist Ferðamálaráð hafa haft í undirbúningi að setja á fót nefnd á sínum vegum til að fjalla um þessa úthlutun en niðurstaðan varð samt sem áður sú að samgrh. skipaði nefndina og hafði þau afskipti af málinu sem lýst er í áliti umboðsmanns.

Eins og að framan var nefnt hefur samgrn. komið sjónarmiðum sínum á framfæri og telur sig hafa verulegar málsbætur en jafnframt er viðurkennt í bréfi ráðuneytisins að hið fyrra svar ráðuneytisins hefði mátt vera nákvæmara og þar með hefði verið komist hjá misskilningi um efni málsins.

Varðandi hitt sem hv. þm. nefndi, hvaða stefnu ríkisvaldið vildi hafa í þessum efnum, þá held ég að fyrir liggi að menn vilja gæta í hvívetna jafnræðis með þeim sem þarna eiga hlut að máli. Það er meginregla sem menn verða að leitast við að fylgja og jafnframt að leggja mat á hvar megi tryggja uppbyggilegan rekstur í ferðamannaþjónustu og byggja til viðbótar á að eðlileg arðsemi hljóti í framtíðinni að verða til staðar hjá þeim aðilum sem styrkja eða aðstoðar njóta. Ég tel reyndar að úr þessu máli hafi verið fullmikið gert miðað við efni þess og aðstæður og að hið nýja bréf samgrn. skýri málið nokkuð þó að ég vilji taka fram að ég tel meðferð umboðsmanns Alþingis á málinu fullkomlega eðlilega.

[13:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að fá nýjar upplýsingar inn í umræðuna með þeim hætti sem hér gerðist áðan og maður hlýtur eðlilega að spyrja hvers vegna þau gögn frá samgrn. komu ekki fram fyrr. Væntanlega hefur umboðsmaður samkvæmt venju óskað upplýsinga frá ráðuneytinu og innt eftir afstöðu ráðuneytisins til málsins. Eitthvað hafa þeir kunnað illa á skjalasafnið hjá sér í samgrn. úr því að þau gögn eru fyrst að koma í leitirnar nú, auk þess sem fljótt á litið verður ekki endilega séð að það breyti neinu um meginniðurstöðu umboðsmanns að ekki hafi verið lagastoð fyrir skipan þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar, þó svo að fjárln. hafi með einhverjum hætti verið tengd inn í málið á fyrri stigum.

Ég vil taka skýrt fram, herra forseti, að ég tel það geta komið vel til greina að stuðla að uppbyggingu í ferðaþjónustu, t.d. með fjárstuðningi við uppbyggingu og rekstur hótela eða annarrar þjónustu af því tagi sem Alþingi ákvað á sínum tíma, og er þá orðið vandlifað ef stjórnvöld mega aldrei beita sér með þeim hætti.

Í öðru lagi samkvæmt þeim venjum sem nú eru tíðkaðar ber slíkum stuðningi að vera í formi styrkja sem liggi fyrir og séu öllum aðgengilegir og sjáanlegir. Hitt er þó ljóst að vanda verður mjög vel til verka þegar slíkt er gert. Í fyrsta lagi þarf að skilgreina mjög vel þau markmið sem stuðningurinn byggir á og í öðru lagi þarf að standa þannig að málum að ekki sé um röskun á samkeppnisgrundvelli sjálfstætt starfandi aðila að ræða.

Í þriðja lagi verður að sjálfsögðu að standa þannig að framkvæmdinni að það sé í samræmi við lög og góðar stjórnsýsluvenjur. Svo virðist ekki hafa verið í þessu tilviki, því miður, og það verður að harma og átelja. Ég er ekki sammála hæstv. forsrh. um að verið sé að gera of mikið úr einhverju smámáli. Það er aldrei smámál ef framkvæmdarvaldið fer út af sporinu og starfar ekki í samræmi við lög.

[13:44]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir aðkomu núv. meiri hluta fjárln. að því máli sem hér er til umræðu. Á árinu 1995 urðu stjórnarskipti og fjárln. eða núv. meiri hluti fjallaði um málið um haustið í sambandi við fjárlög 1996. Í ræðu minni við 3. umr. fjárlaga kom ég inn á þennan lið en þá var úthlutað beint til samgrn. en ekki Ferðamálaráðs og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Að lokum er lagt til að taka inn nýjan lið, heilsárshótel á landsbyggðinni. Fyrr á þessu ári skipaði samgrh. nefnd til að gera tillögur um ráðstöfun á 20 millj kr. sem Alþingi ákvað að veita til hótela á landsbyggðinni sem eru opin allt árið. Meginhlutinn, eða 16 millj. kr., fer samkvæmt tillögu nefndarinnar til markaðsátaks hjá þeim hótelum sem helst uppfylla þau skilyrði að mati nefndarinnar að kallast heilsárshótel á landsbyggðinni. Það sem þá er eftir fer til samtaka hótela sem standa sameiginlega að markaðsátaki. Meiri hluti fjárln. leggur hins vegar til að veittar verði 15 millj. kr. til heilsárshótela á næsta ári og fjárveitingin verði notuð til markaðsaðgerða samkvæmt tillögum framangreindrar nefndar."

Síðan hefur ekki verið framlag í þessu skyni en hins vegar hefur álit meiri hluta Alþingis legið fyrir um þetta mál og fram hefur komið að Ferðamálaráð samþykkti á sínum tíma að nefnd yrði stofnuð til úthlutunar þeirra fjármuna sem gengu til ráðsins á árinu 1995 í tíð fyrri meiri hluta. Síðan álit umboðsmanns Alþingis var gefið út hafa komið fram viðbótarupplýsingar frá Ferðamálaráði sem lágu ekki fyrir þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Sjálfsagt er að taka þessar upplýsingar inn í umræðuna. Að öðru leyti er þetta mál allt saman áminning um að gæta formsins í því umhverfi sem nú er, á þeim sjónarmiðum sem nú gilda varðandi samkeppni, jafnræði milli aðila og annarrar stjórnsýslu.

[13:47]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Það er ljóst hvað segir í áliti umboðsmanns en hér er tilvitnun, með leyfi forseta: „Var því í lögum ekki staðið rétt að úthlutun þess fjár sem hér um ræðir." Sömuleiðis kemur áfellisdómur yfir framgang ráðherra og stofnana hans í áliti Samkeppnisstofnunar bæði varðandi það að raskað er samkeppnisskilyrðum og að vinnubrögð nefndarinnar, ef hún átti rétt á sér sem hún átti ekki samkvæmt áliti umboðsmanns, voru líka ólögmæt. Það er alveg ljóst af þessu, herra forseti, að þrátt fyrir að talað hafi verið um nýjar upplýsingar sem liggja ekki fyrir, það verður vitaskuld að leggja mat á þær upplýsingar, að hæstv. samgrh. er í mjög vondum málum. Þetta er ekki fyrsta málið af hans hálfu þar sem fram kemur að hann eða þær stofnanir sem undir hann heyra eru á mörkum þess að brjóta lög. Vitaskuld vakna pólitískar spurningar og þess vegna var þessari fyrirspurn beint til hæstv. forsrh. því þó svo að ríkisstjórnin sé ekki fjölskipað stjórnvald og hæstv. samgrh. beri ábyrgð á málaflokki sínum. Hæstv. forsrh. hefur oft og tíðum gripið inn í störf ráðherra í ríkisstjórn sinni.

Herra forseti. Það hlýtur að vera orðið íhugunarefni fyrir þessa ríkisstjórn og hæstv. samgrh. að íhuga stöðu sína í ljósi starfa hans undanfarnar vikur. Það er ekki gott fyrir framkvæmd laga og reglna og framkvæmdarvaldsins í landinu, sama hvaða ríkisstjórn er við völd, að það skuli í sífellu koma fram að einn hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni er bersýnilega ekki hæfur til að gegna starfi sínu. Þess vegna snýr þetta mál að hinu háa Alþingi. Þetta snýr ekki einungis að skoðun hæstv. samgrh. heldur hlýtur einnig að vera íhugunarefni og umhugsunarefni fyrir hæstv. forsrh. og þá flokka sem standa að ríkisstjórninni.

[13:49]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til að vekja aðeins athygli á því um hvað umræðan snýst og að hverju umkvörtunin til umboðsmanns laut. Í fyrsta lagi var kvartað yfir starfsaðferðum þeirrar nefndar sem um hefur verið rætt hér. Kvartað var yfir málsmeðferðinni sjálfri og síðan yfir almennu og sérstöku hæfi nefndarmanna.

Ég held að mjög mikilvægt sé að menn átti sig á því að umboðsmaður tók ekki afstöðu í málinu með þeim hætti sem umræðan hefur að mörgu leyti gefið til kynna. Niðurstaða umboðsmanns laut eingöngu að einum þætti málsins og hann sá ekki ástæðu til að fjalla um aðra þætti þess. Þetta er mjög mikilvægt að menn hafi í huga.

Menn hafa líka rætt töluvert um lögmæti þessarar nefndar og út á það gekk m.a. umfjöllun umboðsmannsins. Þá held ég að sé mikilvægt að við áttum okkur á því hvernig þetta mál hefur borið að. Málið var kynnt á fundi í stjórn Ferðamálaráðs Íslands, þriðjudaginn 31. jan. 1995 og þar segir í fundargerð, með leyfi virðulegs forseta:

„Eftir nokkrar umræður var tillaga framkvæmdastjórnar til ráðsins um fjárhagsáætlun samþykkt í þeirri mynd sem meðfylgjandi plagg sýnir. Þar eru 20 milljónir til hótela á landsbyggðinni inni í heildarupphæðinni og samþykkt var tillaga formanns [formanns Ferðamálaráðs] um að leggja til að komið verði á fót þriggja manna starfshópi til að fjalla um skiptingu fjárins. Lagt er til að í hópnum eigi sæti einn fulltrúi frá Ferðamálaráði, einn frá svokallaðri hótelnefnd og einn frá Ferðamálasjóði."

Síðan er málið áréttað aftur hálfum mánuði síðar þannig að það liggur fyrir að Ferðamálaráði var fyllilega kunnugt um það. Ferðamálaráð ályktaði um málið enda kemur það líka fram í fréttatilkynningu sem Ferðamálaráð hefur sent frá sér að því var fullkunnugt um málið. Ég tel því að þetta sé mjög sérkennileg umræða sem verið er að efna til fyrir utan það, eins og kom í raun fram fyrr í umræðunni, að oft hefur verið fundið að því að styrkir af öllu tagi séu ekki nægilega gagnsæir. Hér er því ákvæði þó a.m.k. fullnægt því að auðvitað er um að ræða gagnsæja styrki sem veittir voru af fjárlögum Alþingis og úthlutað formlega.

[13:51]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það var að frumkvæði fjárln. Alþingis sem þessar 20 millj. kr. voru teknar inn í fjárlög og þeim valinn staður undir Ferðamálaráði. Það er athyglisvert við framkvæmd málsins að þegar í janúarmánuði fóru fram viðræður milli Ferðamálaráðs og fulltrúa fjárln. um það hvernig skyldi staðið að úthlutun þessara styrkja. Niðurstaðan varð sú að hinn 31. jan. lá fyrir að fjárln. mundi skrifa Ferðamálaráði bréf um þau vinnubrögð sem fjárln. hafði í huga og þar segir í niðurlagi: „Fjárlaganefnd telur eðlilegt að Ferðamálasjóður sjái um framkvæmd þessa." Í samræmi við vilja fjárln. samþykkti Ferðamálaráð á árlegum fundi um fjárreiður ráðsins að skipuð skyldi þriggja manna nefnd, einum frá Ferðamálaráði, einum frá Ferðamálasjóði og einum fulltrúa úr hótelnefndinni svokölluðu til að úthluta þessu fé. Þetta mál kom síðan aftur upp hjá Ferðamálaráði. Það skal tekið fram að Sigbjörn Gunnarsson, fulltrúi Alþfl., var á þeim tíma formaður fjárln. En það dróst að nefndin yrði skipuð og að síðustu varð það að samkomulagi að samgrh. skipaði nefndina. Ég vil taka fram að störf nefndarinnar voru unnin í fullu samráði og með fullri vitund formanns og framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs. Ég vil líka að það komi skýrt fram að samgrn. hafði engin efnisleg áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Við í samgrn. höfum nú skýrt umboðsmanni frá viðhorfi okkar. Ég tek fram að ég tel að það hafi verið rangt að því staðið hjá samgrn. að senda ekki niðurstöðuna þegar í stað til Ferðamálaráðs í stað þess að afgreiða bréf nefndarinnar frá sér og tel að þar hefði verið staðið rétt að málum með því að endursenda það til Ferðamálaráðs. Ég undirstrika að Ferðamálaráð, fulltrúar þess, formaður og framkvæmdastjóri voru sammála niðurstöðum nefndarinnar en samgrn. kom þar hvergi að efnislega.

[13:54]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Málið snýst um vinnubrögð við úthlutun fjár og við höfum fengið rökstutt álit tveggja virtra stofnana sem lögum samkvæmt eiga að tryggja eftirlit og aðhald með stjórnsýslunni og leiðbeina um réttmæta stjórnsýsluhætti. Niðurstöður þeirra eru skýrar og ótvíræðar. Í því máli sem um ræðir var ekki staðið rétt að málum, það var ekki farið að lögum eins og umboðsmaður Alþingis segir. Aðalatriðið nú er hvernig brugðist verður við. Það er því miður plagsiður ráðamanna að verja gerðir sínar og sinna til hins ýtrasta og taka alltaf á svona málum með þeim hætti að ekki hafi öll kurl komið til grafar, það sé um misskilning að ræða og þar fram eftir götum eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. Ábyrgð er sí og æ vísað aftur, a.m.k. að hluta til, aftur til umboðsmanns Alþingis eða annarra sem um hafa fjallað.

Það er mjög áberandi í málinu, og reyndar ýmsum öðrum sem upp hafa komið, að þeir eru enn þá margir og ekki síst sá ráðherra sem um ræðir sem hafa ekki áttað sig á breyttum aðstæðum. Það sem þótti kannski gott og gilt fyrr á árum eða var a.m.k. látið viðgangast og erfitt að taka á, samrýmist ekki nútímakröfum um góða stjórnsýslu. Sem betur fer hefur margt breyst frá þeim dögum þegar pólitík snerist fyrst og fremst um fyrirgreiðslu og hagnýtingu eða jafnvel misnotkun aðstöðu. Það eru svo sem nógu mörg dæmi enn þá um slíkt en aðstæður eru aðrar að taka á þvílíkum málum. Við höfum fengið tæki til eftirlits og aðhalds og við eigum að nota þau. Það dugir ekki lengur að hrópa um pólitíska atlögu þegar ráðherrar og embættismenn eru gagnrýndir fyrir óeðlileg afskipti og röng vinnubrögð, t.d. fyrir að gera einum hærra undir höfði en öðrum. Nú er hægt að leita til þeirra stofnana sem Alþingi hefur sjálft komið á fót og við eigum að taka fullt mark á áliti og niðurstöðum þeirra stofnana sem löggjafinn hefur sett á fót í þessu skyni. Það er umhugsunarefni og ámælisvert hversu illa margir taka athugasemdum og niðurstöðum þeirra stofnana sem gegna því mikilvæga hlutverki að standa vörð um góða, eðlilega og réttmæta stjórnarhætti.

[13:56]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið við umræðuna skipaði hæstv. samgrh. nefnd sem gera skyldi tillögur um að styrkja rekstrargrundvöll heilsárshótela á landsbyggðinni. Auk mín voru í nefndinni einn hótelstjóri, fulltrúi Byggðastofnunar, skrifstofustjóri í fjmrn. og formaður Ferðamálaráðs. Nefndin skilaði tillögum sem fólu m.a. í sér breytingar á lögum, og tillögur um beina styrki til heilsárshótela á landsbyggðinni á grundvelli sérstakrar fjárveitingar. Ferðamálasjóður, sem átti mikilla hagsmuna að gæta gagnvart hótelunum, og Ferðamálaráð áttu aðild að starfi nefndarinnar og samþykkti Ferðamálaráð eins og fram hefur komið að

samgrh. skipaði þriggja manna nefnd er gera skyldi tillögur um skiptingu 20 millj. kr. fjárveitingarinnar. Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður áttu fulltrúa í nefndinni og voru því beinir aðilar þessa máls og unnu það í samstarfi og með atbeina samgrn. Yfirlýstur tilgangur aðgerða var að bæta stöðu þeirra hótela sem hafa leitt uppbyggingu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og hafa kostað mestu til allt árið, eru eins konar flaggskip ferðaþjónustunnar í landshlutunum og ráða yfir nauðsynlegri aðstöðu til ráðstefnuhalds og fundahalda og bjóða fram faglega þjónustu. Heilsárshótelin hafa verið rekin sem alvörufyrirtæki á erfiðum markaði í harðri samkeppni við þau gistihús sem fleyta rjómann yfir sumartímann og mörg hver eru í húsnæði sem hefur ekki hvílt á rekstrinum eða eru í eigu opinberra aðila. Það er ekki í þágu ferðaþjónustu á Íslandi að tortryggja viðleitni hæstv. samgrh. þegar hann beitir sér fyrir því að bæta stöðu heilsárshótela á landsbyggðinni.

[13:58]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Staðreyndir málsins eru ákaflega skýrar. Um það er ekki deilt á hinu háa Alþingi að pólitískur vilji er til þess að styrkja og styðja ferðamannaiðnað hér á landi. Það hefur margoft komið fram. Um það er heldur ekki deilt að framkvæmd þessa vilja Alþingis af hálfu hæstv. samgrh. hefur ekki farið í samræmi við lög. Úrskurður umboðsmanns Alþingis er ákaflega skýr þar um og ég heyri það ekki í umræðunni að nokkur hér inni vefengi þá niðurstöðu. Það eru hinar tvær stóru og veigamiklu staðreyndir málsins. Þá er sú spurning eftir hvernig skuli við bregðast og er einhver vilji til þess hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá hæstv. forsrh., sem var tilefni umræðunnar, að bregðast einhvern veginn við þessum veruleika. Hæstv. forsrh. sagði í upphafsræðu sinni, það mátti skilja hann þannig, að umræðan væri sumpart ekki tímabær því meintar málsbætur hefðu komið fram af hálfu hæstv. samgrh. til umboðsmanns í bréfi dags. 30. jan. sl. Ber þá að skilja hæstv. forsrh. þannig að ef umboðsmaður telur meintar málsbætur ekki breyta niðurstöðu hans og hann árétti þá meginniðurstöðu sína að rangt hafi verið að verki staðið, að þá komi hæstv. forsrh. til með að bregðast við með einum eða öðrum hætti? Er hann með öðrum orðum sagt að segja við þingheim: Þetta er rangur tímapunktur, við skulum taka umræðuna upp síðar meir þegar umboðsmaður Alþingis hefur metið meintar málsbætur samgrh. Og hvað telur hann að þá skuli gera?

[14:00]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Á undanförnum dögum hafa eftirlitsstofnanir Alþingis, umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, kveðið upp mjög ákveðna úrskurði yfir þremur ráðherrum Sjálfstfl. Þar er í öllum tilvikum um að ræða mjög alvarleg mál. Spurningin snýst ekki aðeins um stöðu einstakra ráðherra heldur um virðingu Alþingis. Tekur Alþingi mark á sínum eigin eftirlitsstofnunum?

Hvaða mál er ég að tala um? Ég er í fyrsta lagi að tala um þá niðurstöðu umboðsmanns Alþingis að sá dráttur sem varð í fjmrn. á að staðfesta tiltekna reglugerð lífeyrissjóðs væri í raun fráleitur.

Ég er í öðru lagi að tala um þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að vinnubrögð fjmrh. og dómsmrh. í svokölluðu ÞÞÞ-máli væru fyrir neðan allar hellur. Það mál verður rætt hér á mánudaginn kemur. Samið hafði verið um það á milli þingflokkanna að málið kæmi til umræðu væntanlega á morgun og stæði sú umræða í klukkustund. Niðurstaða ráðherranna varð sú að þeir þyrftu svo mikið að tala sér til málsbóta að ekki væri hægt að láta umræðuna standa aðeins í eina klukkustund, þess vegna þyrfti hún miklu lengri tíma. Umræðan fer því fram á mánudaginn kemur.

Í þriðja lagi er það málið um úthlutun rekstrarstyrkja til hótela sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hóf í dag. Greinilegt er með öðrum orðum, herra forseti, að hér er um að ræða mjög alvarlega hluti í embættisfærslu þriggja ráðherra Sjálfstfl. og málið snýst ekki um neitt annað núna en virðingu Alþingis. Hvernig ætlar Alþingi að taka á þessum ráðherrum og vinnubrögðum þeirra? Ætlar Alþingi Íslendinga að taka mark á sínum eigin stofnunum þegar þær kveða upp jafneindreginn áfellisdóm yfir vinnubrögðum ráðherra og hér liggur fyrir?

[14:02]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á hv. stjórnarliða tala í þessu máli vegna þess að þeir hafa verið að reyna að dreifa athyglinni frá því sem máli skiptir. Tvær eftirlitsstofnanir hafa komist að þeirri niðurstöðu að um ólögmætar aðgerðir sé að ræða hvort heldur skoðuð eru vinnubrögð nefndarinnar eða tilvist hennar. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Það breytir í raun engu hvort einhverjar nýjar upplýsingar berast umboðsmanni Alþingis því Samkeppnisráð hefur fyrir lifandis löngu dæmt þau vinnubrögð nefndarinnar dauð og ómerk og í andstöðu við gildandi samkeppnislög. En hér hafa menn verið að reyna að dreifa athyglinni frá því sem máli skiptir. Staðreyndin er einfaldlega sú að hér hafa verið margbrotin lög og það gerir nefnd sem hæstv. samgrh. ber ábyrgð á.

Hæstv. samgrh. fékk alla möguleika á að koma sínum vörnum við hjá umboðsmanni Alþingis. Hann sinnti því ekki sem skyldi. Ég get ekki ímyndað mér að nýjar upplýsingar í þessu máli breyti nokkru þar um. Það liggur bara fyrir að skipun þessarar nefndar var ólögmæt, hún var andstæð lögum. Og það er sorglegt að hlýða á málflutning stjórnarliða í þessu máli þar sem þeir í varnarbaráttu sinni fyrir ráðherra reyna að beita fyrir sig rökum sem eru á mörkum þess að vera boðleg á Alþingi.

Viðbrögð hæstv. forsrh. í þá veru að málið sé smámál, þ.e. að lög hafi verið margbrotin, þykir mér mjög merkileg yfirlýsing. Ég átta mig satt best að segja ekki á því að það skuli vera smámál ef ráðherrar brjóta landslög. Ég hreinlega vissi ekki til þess að það væri smámál. En það breytir því ekki — ég sé að tíminn er að renna út — að eftir stendur spurningin um það, og henni er enn ósvarað, hvort hæstv. forsrh. hyggst láta samgrh. sæta pólitískri ábyrgð á því að hann ber ábyrgð (Forseti hringir.) á að nefndir og ráð, sem undir hann heyra, hafa þverbrotið lög. Það er nákvæmlega kjarni málsins og fróðlegt verður að heyra svör við því.

[14:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Vegna orða hv. 8. þm. Reykv. áðan væri út af fyrir sig hægt til lengri tíma að fara yfir viðbrögð ýmissa fyrrv. ráðherra við áliti umboðsmanns Alþingis og hvernig þeir brugðust við slíkum álitum og töldu sér skylt að fara eftir þeim. Eða hvernig þeir í tví- eða þrígang brugðust við álitum Jafnréttisráðs og hvort þeir töldu sér rétt og skylt að fara eftir þeim. Þetta væri allt saman hægt að rifja upp í góðu tómi og góðum tíma.

En hvers vegna sagði ég að þetta mál væri ekki endilega mjög stórt mál, þótt athugasemdir umboðsmanns séu auðvitað teknar mjög gildar? Það er vegna þess að ef menn skoða málið í einfaldleik sínum, þá liggur það þannig fyrir: Ferðamálaráði var heimilt að skipa undirnefnd til að sjá um ráðstöfun þessa fjár. Lög um Ferðamálaráð gera beinlínis ráð fyrir því, af því að Ferðamálaráð er svo stórt, að það geti skipað undirnefnd til að fara með ráðstöfun þessa fjár. Ferðamálaráð undirbjó skipun þessarar nefndar. Samgrh. skrifaði hins vegar undir skipunarbréfið en hafði engin önnur afskipti af málinu. Ef sú undirskrift hefði ekki legið fyrir hefði ekkert verið að málinu, það er kjarni málsins. Samgrh. átti ekki að skrifa undir skipunarbréfið um nefndina sem Ferðamálaráð hafði útbúið. Það er nú allt málið. Það er nú allt stóra málið.

Og það get ég sagt við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson, eins og hann þekkir, að ég mundi ekki láta ráðherra fara út af slíku máli. Ég mundi ekki gera það. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að þetta mál hafi á engan hátt rýrt stöðu hæstv. samgrh. í ríkisstjórninni.

### *Gjaldþrotaskipti, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Staðfest samvist, frh. 1. umr.*

Frv. ÓÖH o.fl., 177. mál (ættleiðing). — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Búnaðarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 368. mál. — Þskj. 599.

[14:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til búnaðarlaga sem flutt er á þskj. 599 og er 368 mál þingsins.

Verði frv. þetta að lögum munu þau leysa af hólmi jarðræktarlög, nr. 56/1987, og lög um búfjárrækt, nr. 48/1989.

Ákvæði jarðræktarlaga eru undirstaða þess skipulags sem gilt hefur hér á landi á meginhluta þessarar aldar um stuðning ríkisins við jarða- og húsabætur í sveitum. Á sama hátt eru búfjárræktarlögin undirstaða þeirra framfara í búfjárrækt sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina. Þessi tvenn lög eru einnig meginundirstaða þeirrar ráðunautaþjónustu sem rekin hefur verið á vegum landbúnaðarins. Loks hafa lögin að geyma ákvæði sem verið hafa lagalegur grunnur þess félagsskipulags sem Búnaðarfélag Íslands, nú Bændasamtök Íslands, byggist á, en þessi samtök eru meðal elstu félagasamtaka í landinu og rekja sögu sína til ársins 1837.

Í gildandi jarðræktarlögum er Bændasamtökum Íslands falin framkvæmd jarðræktarmála. Í lögunum er bindandi listi yfir verkefni á sviði jarðabóta sem framlags geta notið. Þá eru í lögunum grundvöllur ráðunautaþjónustu í jarðrækt. Þar eru ákvæði um fjölda ráðunauta og þátttöku ríkisins í greiðslu launa þeirra, svo og ákvæði um menntunarkröfur sem gerðar eru til þeirra sem ráðnir eru til slíkra starfa.

Í gildandi búfjárræktarlögum er Bændasamtökum Íslands falin framkvæmd búfjárræktarmála og leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Í lögunum eru m.a. ákvæði um að ríkissjóður taki þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé og sóttvarnarstöðva vegna innflutnings búfjár. Ákvæði eru um búfjársæðingar og verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé.

Hafa þarf í huga að þegar sú löggjöf sem að framan er lýst var í mótun ríkti hér á landi skortur á öllum helstu búvörum og verulegt magn var flutt inn af þeim flest árin, bæði af kjöti og mjólkurvörum. Markmið þessarar löggjafar var að efla íslenskan landbúnað og gera hann færan um að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir helstu búvörur á viðráðanlegu verði. Þrátt fyrir að því marki væri náð um 1960 að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir helstu búvörur var hins vegar ekki að sama skapi dregið úr framlögum til jarðræktar og búfjárræktar. Á 7. og 8. áratugnum voru hér umfangsmestu framkvæmdir á sviði jarðræktar, búfjárræktar og annarra framkvæmda í sveitum sem nokkru sinni hafa orðið. Þá voru uppi ráðagerðir um umfangsmikla framleiðslu til útflutnings, enda var útflutningur búvara tiltölulega hagstæður allt fram yfir 1970 miðað við það sem síðar varð. Um það leyti fór hins vegar að halla undan fæti í útflutningsmálunum og ljóst varð að í verulega offjárfestingu og offramleiðslu stefndi innan landbúnaðarins. Árið 1979 voru samþykkt lög sem heimiluðu að gripið yrði til framleiðslutakmarkana í landbúnaðinum og í framhaldi af því var dregið úr lánveitingum til framkvæmda.

Hins vegar var áherslum að því er varðar framlög til jarðræktarframkvæmda og byggingar útihúsa lítið breytt og í gildandi lögum sem samþykkt voru árið 1987 er t.d. að finna ákvæði um að ríkið greiði 60% af kostnaði við vélgrafna skurði og ákvæði um styrki til túnræktar eru lítið breytt þrátt fyrir að þörf fyrir þessar jarðræktarframkvæmdir væru stórum minni en áður vegna fækkunar búfjár og samdráttar í framleiðslunni. Einnig var gagnrýnt það sem kallað var sjálfvirkni í styrkjum til jarðræktar og til framkvæmda við byggingar útihúsa og hve lítill sveigjanleiki væri í kerfinu og að ríkisvaldið hefði mjög takmarkaða möguleika eins og styrkjakerfið væri upp byggt til þess að hafa áhrif á ráðstöfun fjármunanna.

Þess ber þó að geta að við síðustu endurskoðun á þessum lagabálkum voru framlög verulega takmörkuð og til sumra hluta voru þau alveg felld niður. Enda þótt nokkuð væri dregið úr framlögum til jarðræktarframkvæmda við síðustu endurskoðun jarðræktarlaganna varð ekki samstaða um stefnubreytingu til samræmis við breytta stefnu í framleiðslumálum og þá breytingu á rekstrarumhverfi landbúnaðarins sem fyrirsjáanleg var í kjölfar þess að viðræður hófust um nýjan GATT-samning í lok síðasta áratugar. Leiddi þetta til þess að lögin hafa að miklu leyti verið óvirk síðustu árin þar sem ekki hefur verið veitt fé á fjárlögum til jarðabóta

samkvæmt ákvæðum þeirra og umtalsvert hefur verið dregið úr framlögum til búfjárræktar.

Það frv. sem hér er flutt gerir ráð fyrir að samþykkt verði ný lög sem leysi af hólmi gildandi lög um jarðrækt og búfjárrækt. Frumvarpið er samið af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar frá landbrn., fjmrn. og Bændasamtökum Íslands. Nefnd sú sem frv. samdi sendi búnaðarþingi 1997 drög að frv. til umsagnar. Í ályktun búnaðarþings kemur fram að þingið telji, með leyfi forseta: „að samþykkt fyrirliggjandi frumvarpsdraga til „búnaðarlaga" sé í aðalatriðum æskilegur gjörningur".

Um er að ræða rammalög sem gera ráð fyrir samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeininga og framleiðniaukandi verkefna sem notið geti fjárstuðnings ríkisvaldsins. Ekki þykir raunhæft né skynsamlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að íslenskur landbúnaður fremur en landbúnaður nálægra landa geti haldið hlut sínum án áframhaldandi stuðnings ríkisvaldsins við þau verkefni sem að framan greinir í því breytta rekstrarumhverfi sem við landbúnaðinum blasir vegna aukinnar samkeppni í kjölfar opnari viðskiptahátta með búvörur.

Með því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir er bændum og stjórnvöldum hins vegar tryggður möguleiki til að gera breytingar á, hætta við eða hefja ný verkefni með mun einfaldari og markvissari hætti en verið hefur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlög ríkisins miðist fyrst og fremst við að um sé að ræða stuðning við verkefni sem stuðli að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og aukinni hagkvæmni í búrekstri með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni landbúnaðar og efla hag bænda. Það er ekki gert ráð fyrir stuðningi sem stuðli að aukinni heildarframleiðslu. Þetta er í samræmi við þá stefnumörkun sem rutt hefur sér til rúms á undanförnum árum á alþjóðavettvangi og liggur m.a. til grundvallar landbúnaðarhluta nýgerðs GATT-samnings.

Með tilkomu samninga eins og hér er gert ráð fyrir hefur öll sú stefnumörkun sem mestu máli skiptir varðandi landbúnaðarframleiðsluna verið felld undir beina samninga milli ríkisins og samtaka bænda. Þar er í fyrsta lagi um að ræða búvörusamninga um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða samkvæmt búvörulögum og í öðru lagi samninga um framlög og verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi og hagræðingar samkvæmt ákvæðum frv. þessa. Benda má á að slíkt fyrirkomulag um heildarstefnumörkun á sviði landbúnaðar hefur um árabil tíðkast í nágrannalöndunum.

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera stuttlega grein fyrir þeim greinum frv. sem þarfnast frekari útskýringa.

Í 2. gr. eru rakin markmið laganna en með þeim er stefnt að því að skapa landbúnaðinum betri aðstöðu til þess að starfa í því opna viðskiptaumhverfi sem hann nú býr við og að sem mest jafnræði sé milli bænda hér á landi og bænda í nálægum löndum að því er rekstrarskilyrðin varðar.

Í 3. gr. er kveðið á um samninga milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi og atvinnuuppbyggingar í sveitum og aukinnar framleiðni. Gert er ráð fyrir að gerður sé samningur til fimm ára um verkefni og framlög til þeirra og skal hann endurskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Í greininni er kveðið á um að Bændasamtök Íslands hafi á hendi faglega og fjárhagslega umsjón þeirra verkefna sem frv. nær til. Þetta ákvæði er ekki breyting frá því sem nú er. Því er bætt við að semja megi öðruvísi enda sé það skipulag og þær starfsreglur í samræmi við ákvæði frv.

Um Framleiðnisjóð sem frv. gerir ráð fyrir að samið verði um fjárframlög til samkvæmt 1. mgr. greinarinnar gilda þó sérlög, lög nr. 89/1966, og fer því eftir ákvæðum þeirra laga um umsjón og ábyrgð á rekstri hans.

Í 4. gr. frv. er fjallað um hlutverk fagráða. Það fyrirkomulag sem hér um ræðir hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms innan félagskerfis landbúnaðarins. Fagráðin eru vettvangur samráðs milli heildarsamtaka bænda, samtaka bænda innan einstakra búgreina og fagmanna um stefnumörkun í faglegum málefnum samkvæmt þeirri félagsskipan sem tekin var upp við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar eða fagsviðs. Gert er ráð fyrir að fagráð geti einnig starfað á einstökum fagsviðum, svo sem í jarðrækt og hagfræði. Með þessu fyrirkomulagi er verið að auka áhrif bænda í einstökum búgreinum á faglega stefnumörkun í málefnum greinarinnar og um leið að skapa samráðsvettvang fyrir alla þá sem starfa að kynbótum, rannsóknum, fræðslu og öðru þróunarstarfi fyrir viðkomandi búgrein eða fagsvið.

Með ákvæðum 5. gr. er lögunum breytt til samræmis við þær breytingar á félagsskipulagi bænda sem urðu við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og verið hafa í jarðræktarlögum um áratugaskeið.

Í 6. gr. er kveðið á um markmið jarðabóta. Jarðabætur skulu samkvæmt ákvæðum greinarinnar miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og með því stuðla að framförum í landbúnaðinum og auka samkeppnishæfni hans. Hugtakið jarðabætur er hér túlkað mun opnara en í eldri lögum og getur átt við hvers konar hagræðingar- og þróunarverkefni á sviði ræktunar, landbóta og framkvæmda við rekstrarbyggingar og endurbætur á þeim.

Engar viðræður hafa enn farið fram milli ríkisvaldsins og Bændasamtaka Íslands um viðfangsefni á sviði jarðabóta sem stuðnings gætu notið samkvæmt samningi sem gerður yrði á grundvelli ákvæða þessara. Ég vil hins vegar vísa til þess að í greinargerð með frv. er listi sem nefnd sú er frv. samdi hefur tekið saman yfir viðfangsefni sem fallið gætu innan ramma samningsins sem gerður yrði á grundvelli væntanlegra búnaðarlaga og fælu ekki í sér hvatningu til aukinnar framleiðslu heldur bæru með sér nýjar áherslur, miðuðu að aukinni hagkvæmni og stefndu að aukinni umhverfisvitund og bættu starfsumhverfi.

Þá eru í greininni þau nýmæli í lögum að kveðið er á um að jarðabætur skuli taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun. Er þetta í samræmi við vaxandi skilning á hlutverki bóndans sem vörslumanns lands og nauðsyn þess að landbúnaður sé stundaður í sátt við umhverfið. Þá er lögð áhersla á að með jarðabótum sé stuðlað að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta og m.a. á þann hátt komið til móts við óskir neytenda um fjölbreyttara framboð búvara.

Um framkvæmd og eftirlit með jarðabótum er fjallað í 7. og 8. gr. en þar er skýrt kveðið á um að ekki verður hægt að fá jarðabætur nema um það hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. frv. Miðað við núgildandi lög verður hér töluverð breyting því að samið er til ákveðins tíma um ákeðna fjármuni. Þau markmið og fjármunir til jarðabóta sem samið er

um má síðan endurskoða á tveggja ára fresti svo sem áður segir. Hér er því engin sjálfvirkni eins og sumir tala um að sé í núgildandi lögum.

Ákvæði 9.–16. gr. eru hliðstæð ákvæðum gildandi laga um búfjárrækt sem hafa verið grundvöllur búfjárræktarstarfsins síðustu áratugi. Þrátt fyrir þær miklu breytingar sem frv. þó felur í sér og breytilegar áherslur varðandi einstök atriði er gert ráð fyrir því að standa áfram vörð um viss grundvallaratriði búfjárræktarinnar. Gert er ráð fyrir því að Bændasamtök Íslands séu í forsvari varðandi framkvæmd þessara mála og móti um það reglur.

Í 17. gr. eru skilgreind markmið leiðbeiningarþjónustu. Ákvæði þessi eru mun ítarlegri en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum og undirstrika hið mikilvæga hlutverk sem leiðbeiningarþjónusta gegnir í því starfsumhverfi sem nútímalandbúnaður býr við og þau fjölbreyttu verkefni sem slík þjónusta þarf að geta sinnt.

Ýmsir kunna að velta fyrir sér raunverulegu gildi þessarar starfsemi fyrir landbúnaðinn og þjóðfélagið í heild. Í könnun sem ÍM-Gallup gerði fyrir landbúnaðarráðuneytið í desember 1996 kom í ljós að um 80% bænda notfæra sér þjónustu héraðsráðunauta búnaðarsambandanna. Í könnuninni kemur fram að yngri bændur leita mun oftar til ráðunauta en þeir eldri. Einnig kemur fram greinileg fylgni milli bústærðar og tekna af búskap og þess hversu oft er leitað aðstoðar ráðunauts.

Gert er ráð fyrir að annars vegar starfi ráðunautar á leiðbeiningarmiðstöðvum sem reknar eru af búnaðarsamböndum, einu eða fleiri, á svæðagrundvelli, og hins vegar landsráðunautar í einstökum búgreinum og/eða fagsviðum eins og tíðkast hefur um langt skeið. Búnaðarsamböndin í landinu eru nú 15 talsins og hafa þau öll ráðunauta í sinni þjónustu. Vegna bættra samgangna, færri framleiðenda og vaxandi kröfu og aukna faglega fjölbreytni þjónustunnar, samhliða aukinni þörf á sérhæfingu má gera ráð fyrir að þessi starfsemi færist í það horf að búnaðarsambönd á stærri svæðum bindist samtökum um rekstur leiðbeiningarmiðstöðva þar sem ráðunautar og aðrir sérfræðingar í þjónustu búnaðarsambanda starfi.

Rætt hefur verið um að slíkar leiðbeiningarmiðstöðvar yrðu 4–5 á landinu öllu. Með slíku fyrirkomulagi skapast grundvöllur fyrir auknu faglegu samráði, aukinni verkaskiptingu og meiri fjölbreytni í þjónustunni.

Gert er ráð fyrir að landsráðunautar starfi í einstökum búgreinum og/eða á einstökum fagsviðum. Hlutverk landsráðunautanna verði m.a. að hafa á hendi yfirumsjón með kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein og að vera fagráðum til ráðuneytis um mótun ræktunarstefnu. Frv. gerir ráð fyrir að landsráðunautar starfi undir faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Bændasamtaka Íslands og á þess vegum, en geti einnig samkvæmt sérstöku samkomulagi starfað á vegum annarra aðila innan félagskerfis bænda, hjá rannsóknastofnunum, skólastofnunum og skyldum aðilum.

Í tengslum við þessa endurskoðun jarðræktarlaganna og laga um búfjárrækt náðist samkomulag á milli landbrh. og fjmrh. annars vegar og Bændasamtaka Íslands hins vegar um nokkur veigamikil atriði sem vert er að minnast.

Í fyrsta lagi var samið um fjármuni svo leita mætti eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–1997. Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um framkvæmd þessa. Til verkefnisins verður varið samtals 150 millj. kr. sem skipt verður niður á næstu þrjú ár eða 50 millj. á ári, þær fyrstu samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið í ár.

Í öðru lagi verður a.m.k. 117 millj. kr. á næstu þremur árum eða 39 millj. kr. á ári til jarðabóta samkvæmt ákvæðum þessa frv.

Í þriðja lagi var samið um breytingu á ákvæðum búvörusamningsins sem heimilar að færðar verði 30 millj. á þremur árum af liðnum Til niðurgreiðslna á vaxta- og geymslukostnaði yfir á liðinn Til niðurgreiðslna á ull.

Í fjórða lagi var samþykkt var að greiða uppbætur á verðstýringargjaldi sem lagt var á kindakjöt árið 1996. Samtals getur sú upphæð numið 30–35 millj. kr. Svo þessu mætti ná fram var einnig samið um breytingu á því ákvæði sem kveður á um fjármuni til uppkaupa á greiðslumarki í sauðfjárframleiðslu. Þar var fyrirséð að nýta mátti til annarra verkefna mikla fjármuni sem ekki færu í uppkaup á greiðslumarkinu. Af þessum lið var samið um að 59 millj. kr. færu til þeirra nýju verkefna sem ég taldi upp hér að framan.

Til uppgjörs á gömlu lögunum og til tilvonandi búnaðarlaga fengust því samtals 267 millj. kr. Með öðrum orðum má segja að það séu nettó um 208 millj. á móti þeim 59 millj. sem áður voru inni í búvörusamningnum.

Loks má nefna að ríkisstjórnin féllst á að verja 175 millj. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á fjárlögum ársins 1998 sem Alþingi samþykkti síðan með afgreiðslu fjárlaganna en um það voru engir samningar og jafnframt er gefið fyrirheit um að framlög verði ekki lægri næstu tvö árin.

Hæstv. forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðarinnar og athugasemdar með frv. Hvað varðar meðferð málsins vil ég leggja áherslu á nauðsyn þess að lögfesta frv. á þessu þingi.

Að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[14:24]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frv. þessu gætir nokkurra nýmæla. Hæstv. ráðherra fjallaði talsvert um nýmæli í II. kafla frv. þar sem fjallað er um jarðabætur. Þar er einmitt lögð áhersla á að stuðla skuli að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa. Í greinargerðinni segir einmitt, með leyfi forseta: „Hugtakið jarðabætur er hér túlkað mun opnara en í eldri lögum.“ Þessu fagna ég líka, herra forseti.

Hér er verið að veita opinbert fé til þess að stuðla að hvers konar jákvæðum aðgerðum í landbúnaði að mati frumvarpshöfunda. Ég vek athygli á því að undir hatti umhvrn. hafa átt sér stað mjög merkar tilraunir með að moka ofan í skurði og miða þær að því að endurheimta votlendi. Vegna þess að í greinargerðinni er rætt um það að jarðabætur eigi m.a. að ná til friðunar og verndunar votlendis þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki sé alveg ljóst að hugtakið jarðabætur í hinum nýja skilningi, sem á m.a. að stuðla að friðun og verndun votlendis, muni örugglega ná til verkefna sem miða að því að endurheimta votlendi með því að moka ofan í skurði sem ætlað var að eyða votlendi hér áður fyrr.

[14:26]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í framsögu minni hefur ekki enn verið rætt um það milli væntanlegra samningsaðila hvað samið verði um samkvæmt þessu frv. ef það verður að

lögum. Ég bendi hins vegar á lista sem nefndin sem samdi frv. lætur fylgja með greinargerðinni. Í umfjöllun um 6. gr. frv. eru talin upp verkefni og undir tölulið II „Stuðningur við verndun umhverfis og bætta nýtingu landgæða" er m.a. átt við friðun og verndun votlendis og eins og hv. þm. veit þá hefur verið unnið að því á vegum landbrn. með góðu samstarfi við umhvrn. og reyndar af nefnd sem skipuð er sameiginlega starfsmönnum þessara beggja ráðuneyta.

Við höfum ekki haft mikla fjármuni til þess að fylgja verkefninu eftir. Ég veit ekki hversu mikla fjármuni verður samið um til þessa verkefnis sérstaklega en bendi á að hér er um það getið ásamt öðrum þáttum sem umhverfismálin varðar. Ég vænti þess að um það geti náðst bærileg samstaða þó mér sé hins vegar ljóst að um þetta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir eins og komið hefur fram bæði í ræðu og riti. Ég held hins vegar að hér sé um bæði merkilegt mál og mikilvægt að ræða. Ég hef lýst því yfir sem skoðun minni að verkefnið verði ekki unnið í andstöðu við bændur sem nýta land sitt til ræktunar ef þurrkunin þar kemur þeim til góða. Hins vegar vitum við að í fjölmörgum tilfellum er ekki lengur þörf á því jarðraski eða þeim breytingum á landi sem gerðar voru í góðri trú á sínum tíma.

[14:28]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að ekki skuli ágreiningur milli hæstv. umhvrh. og hæstv. landbrh. um hvernig framkvæma eigi þessi lög. Það kemur heldur ekki á óvart. En það sem kemur svolítið á óvart er það að í fyrsta lagi hefur hæstv. umhvrh. sýnt því nokkurn áhuga að endurheimta votlendi.

Í öðru lagi hefur hann lagt fram frv. þar sem beinlínis er sagt að meðal viðfangsefna sem gætu notið jarðabótaframlaga sé friðun og verndun votlendis. Það liggur líka fyrir í skýrslu sem hæstv. umhvrh. afhenti að beiðni minni í þinginu í fyrra að ákveðnar fuglategundir á Íslandi eru að hverfa vegna þess að svo hefur verið gengið á heiðbundin búsvæði þeirra, þ.e. votlendið. Ég nefni flórgoðann sem dæmi. Hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir sérstakri verndaráætlun til þess að reisa þann ágæta fugl við.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur lýst sínum góðum áætlunum sem ég þekki líka annars staðar að en úr ræðum hans hér. Þess vegna finnst mér það skjóta skökku við hann skuli ekki vilja segja það hreint út að hann muni sem ráðherra málaflokksins beita sér fyrir því nýmæli að þeir fáu bændur sem vildu endurheimta votlendi með því að moka aftur ofan í skurði nytu jarðabóta alveg eins og þeir hafa notið jarðabóta öldina út til þess að eyðileggja votlendi og þar með búsvæði ýmissa mikilvægra og nýtilegra tegunda.

[14:29]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að heyra að hv. fyrirspyrjandi skuli telja svar mitt óljóst hvað þetta varðar. Ég vitnaði til þeirra þátta sem eru í greinargerðinni og ég hef með nefndarstarfi og störfum mínum sýnt vilja minn í þessu efni. Ég held að það hljóti að vera nokkuð skýrt hvert stefnir þar og verður varla um það að ræða að endurheimta votlendi öðruvísi en með því að moka ofan í skurði. Ég tók sjálfur þátt í slíku verkefni uppi í Borgarfirði í fyrra sem var mjög sérstætt að fást við og nokkuð andstætt því sem áður hafði verið gert.

En mig langar einnig að minna á að við ákvarðanir um sorpurðunarstað á Vesturlandi hefur umhvrh. gert það að skilyrði að grein yrði gerð fyrir því hvernig endurheimta ætti annað votlendi í stað þess sem þarf að þurrka upp vegna þeirra framkvæmda. Það er óskylt mál því sem hér er til umræðu en ég vildi aðeins nefna það til þess að árétta skoðanir mínar í þessu sambandi.

[14:31]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Meginefni þessa frv. sem hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir er að setja heildarlöggjöf um það sem hingað til hefur verið í tveimur lagabálkum, annars vegar í jarðræktarlögum og hins vegar í lögum um búfjárrækt. Jarðræktarlögin eru mjög gömul en þau marka þá umgjörð sem hefur verið í gildi hérlendis alla þessa öld, þ.e. að ríkið styðji sérstaklega við jarða- og húsabætur í sveitum. Í greinargerð með frv. kemur fram að í fyrstu fjárlögum Alþingis fyrir meira en 100 árum var kveðið á um slíka styrki til jarðabóta.

Búfjárræktarlögin eru rúmlega 60 ára gömul að stofni til en þar er kveðið á um skipulag búfjárræktar, þátttöku ríkisins við það starf og hvaða aðili sér um framkvæmd þeirra mála.

Þótt vissulega geti verið gott, herra forseti, að fella í ein lög tvenn eldri lög og endurmeta efni þeirra eins og gert er í hinu nýja frv. þá þarf vitaskuld samt sem áður að svara pólitískum spurningum sem vakna. Meginstefið í jarðræktarlögunum og lögum um búfjárrækt er þátttaka ríkisvaldsins í þessum verkefnum. Vitaskuld er hægt að færa rök fyrir því að í upphafi þessarar aldar og langt fram á öldina hafi ekki verið óeðlilegt að ríkisvaldið kæmi vel inn í þessa atvinnugrein á afmörkuðum sviðum jarðræktar og búfjárræktar og stuðlaði þannig að meiri hagkvæmni í atvinnugreininni. Í frv. er þessari meginstefnu haldið við. Ríkisvaldið skal áfram vera sá aðili sem fjármagnar og ber ábyrgð á jarðrækt og sá aðili sem ber ábyrgð á og fjármagnar búfjárrækt. Mér finnst, herra forseti, mjög mikið álitamál hvort þetta eigi við lengur.

Samskipti ríkisvaldsins og landbúnaðar hafa verið mjög mikil hérlendis alla þessa öld. Hin síðari ár höfum við séð búfjársamninga gerða, bæði í sauðfjárframleiðslu og í mjólkurframleiðslu, þar sem kveðið er á um framleiðsluskipulag og allt sem viðkemur atvinnurekstrinum sjálfum. Þetta skipulag í íslenskum landbúnaði hvað varðar framleiðslustýringuna og aðstoð ríkisvaldsins hefur ekki skilað bændum góðri afkomu.

Þótt hér sé ekki verið að fjalla um framleiðsluskipulagið í íslenskum landbúnaði verður að hafa í huga að allt eru þetta greinar af sama meiði, þ.e. samþætting atvinnugreinarinnar, hagsmunasamtaka hennar og ríkisvaldsins. Vitaskuld er enginn annar mælikvarði á árangur slíks kerfis en afkoma bænda og hún er slök. Bændur eru tekjulægsti hópur hérlendis. Á sama tíma er vernd landbúnaðarins kostnaðarsamari hérlendis en í nær öllum löndum í heiminum.

Ég vil aðeins í þessari umræðu, herra forseti, varpa ljósi á nokkrar staðreyndir í alþjóðlegu samhengi. Mig langar að vitna nokkuð til talna frá OECD í þessum efnum. Ég byggi á grein sem birtist á ensku fyrir nokkru og verður innan tíðar birt í Fjármálatíðindum hérlendis og er eftir Þorvald Gylfason prófessor. Hún var tekin sérstaklega saman fyrir þingmannafund EFTA núna á sl. ári. Ekki er hægt að fara ítarlega í þessa grein og upplýsingar sem þar koma fram, sem eru eiginlega samantekt á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins og yfirlit yfir það styrkjaumhverfi sem landbúnaður býr víða við.

Ýmsir merkilegir hlutir koma þar fram svo sem að í upphafi áttunda áratugs 19. aldar — fyrir 125 árum — var $^1/_3$–$^2/_3$ vinnuafls í Evrópu bundið við landbúnað. Í Sviss sem er mikið landbúnaðarland og hefðbundið um aldir, var fyrir rúmum 100 árum 60% af vinnuaflinu bundið í landbúnaði. Það er núna 5%. Sams konar tölur frá Frakklandi: Var 50%, er nú 5%. Í Þýskalandi var 47% af vinnuafli bundið í landbúnaði en núna 3%. Í Bretlandi, þar sem iðnbyltingin var í mestri framför á þessum tíma, var ekki nema 15% af vinnuaflinu bundið í landbúnaði en einungis 2% núna. Þetta segir okkur mikla sögu, herra forseti, um hvað umhverfi landbúnaðarins hefur breyst geysilega mikið á liðnum 100 árum og ekki hvað síst á síðustu 20–30 árum.

Sérstaða landbúnaðar í efnahagskerfi Vestur-Evrópu hefur verið viðurkennd almennt af pólitískum flokkum í meginatriðum þótt vitaskuld hafi verið ágreiningur um stefnuna, en þá hafa menn sama hvar þeir hafa verið í flokki sagt sem svo: Það gildir nokkur sérstaða um þessa atvinnugrein með tilliti til forsögu hennar. Og við jafnaðarmenn sem höfum verið þeir sem hafa hvað mest gagnrýnt landbúnaðarstefnu hérlendis undanfarna áratugi, höfum alltaf sagt: Þessi atvinnugrein hefur sérstöðu í íslensku þjóðlífi. Það breytir því ekki að sú stefna sem ríkisstjórnin, bæði þessi og fyrri ríkisstjórnir sem þessir flokkar hafa átt aðild að, hefur ekki verið hagkvæm, hvorki fyrir bændur né neytendur.

Það er athyglisvert að heildarstuðningur við landbúnað í OECD-löndunum 1997 hafði hækkað á milli áranna 1996 og 1997. Ef maður ber saman stuðning innan OECD við landbúnað tíu ár aftur í tímann, þá hefur stuðningurinn hækkað um 7 prósentustig. Þetta er athyglisvert vegna þess að fyrir mörg lönd hefur stuðningur að vísu lækkað, þar á meðal hjá okkur. Hins vegar hefur stuðningurinn lækkað minna hjá mörgum öðrum. Stuðningur við landbúnað er í mismunandi formi. Það geta verið beinar tilfærslur frá skattgreiðendum sem verða þá að greiða hærri skatta. Beingreiðslurnar teljast til þessa forms. Síðan getur það verið vernd sem kemur óbeint fram í verðstuðningi við landbúnað þannig að stuðningur við landbúnað getur verið margs konar. Þetta er hins vegar í opinberum alþjóðlegum skýrslum samræmt í efnistökum þannig að hér er um algjörlega sambærilega hluti að ræða.

Ef maður skoðar, herra forseti, hvað hefur gerst á Íslandi í samanburði við önnur land á síðustu tíu árum, kemur í ljós að dregið hefur úr stuðningi við landbúnað. Árið 1986, fyrir tíu árum, var þessi stuðningur tæp 4% af landsframleiðslu og hann er núna um það bil 2%. Það hefur dregið verulega úr stuðningi. En það sem meira er, ef við skoðum hvað aðrir hafa verið að gera, þá var þessi stuðningur hjá Evrópusambandinu tæp 3% og er núna kominn niður í rúmt 1%. Stuðningur okkar sem hlutfall af landsframleiðslu er tvöfalt meiri en stuðningur Evrópusambandsins við sinn landbúnað. Og Evrópusambandið, herra forseti, hefur alltaf verið tekið sem dæmi um glórulausa stefnu sem menn eru núna undir forustu Tonys Blairs að reyna að breyta. Ég veit ekki hve oft sú atlaga hefur eiginlega verið gerð. En það hefur verið viðurkennt af öllum stjórnmálaflokkum í Evrópu að þessi stefna, landbúnaðarstefna Evrópusambandsins, væri sú stefna sem brýnast væri að endurskoða. Samt sem áður eru þeir með helmingi minni stuðning við sinn landbúnað en við.

Lítum á meðaltal OECD-ríkja. Það eru 29 ríki, iðnríki að langmestu leyti, og þar er það sama uppi á teningnum. Við erum með helmingi meiri stuðning við okkar landbúnað. Það hefur dregið úr stuðningnum hérlendis en samt sem áður erum við langt fyrir ofan þessar þjóðir. Einu nágrannaþjóðirnar sem við gætum borið okkur saman við og tölur eru til um, eru Tyrkland, Pólland og Sviss. Þar er meiri stuðningur. Allir aðrir hafa dregið mun meira úr stuðningi og eru langt fyrir innan það sem við erum að gera.

Stuðningur við landbúnað sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er bara einn mælikvarði. Það er einnig hægt að taka stuðninginn á hvern íbúa. Það er ekkert ósanngjarnt að gera þetta. Þetta eru alþjóðlegar tölur. Þetta eru geysiháar tölur, herra forseti, sem við erum hér að tala um. Þar hefur dregið úr okkar stuðningi, farið úr tæpum 800 dollurum niður í tæpa 600, en við erum samt sem áður langt fyrir ofan t.d. Evrópusambandið sem er með um það bil 300 dollara á hvern íbúa í stuðning. Japanir eru aðeins fyrir ofan okkur, Noregur og Sviss, en önnur ríki langt fyrir neðan okkur. Þannig er stuðningur hjá okkur tæpir 600 dollarar, 568 dollarar á mann, en 66 dollarar á mann á Nýja-Sjálandi sem sker sig úr vegna þess hve þar er lítill opinber stuðningur við landbúnað. Þessi opinberi stuðningur kemur fram með annaðhvort beinum greiðslum eða sérstakri vernd.

Það er því ljóst, herra forseti, að við höfum verið í miklum ógöngum með okkar landbúnaðarstefnu um áratuga skeið. Samt er athyglisvert að skoða bústuðning á ársverk í landbúnaði, þ.e. á hvern bónda því það er líka sanngjarn mælikvarði. Þar lítur þetta ekki eins illa út fyrir okkur. Við erum að vísa langt fyrir ofan Evrópusambandið. En það er t.d. merkilegt að bústuðningur á ársverk í landbúnaði hér er svipaður og í Bandaríkjunum. Og í þessari umræðu gæti ég fullrar sanngirni gagnvart íslenskum landbúnaði þegar ég er að vitna til þessara nýju talna sem að ég held hafi ekki birst áður opinberlega hér á landi.

Þetta, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að draga fram í umræðunni vegna þess að frv. sem við erum að ræða hér er angi af þessari stefnumótun, það er angi af þessari stefnu sem hefur ekki skilað árangri. Ég nefndi að sárafáir eru fyrir ofan okkur. Vitaskuld hefur stuðningur og verndun minnkað nokkuð á síðustu árum en við erum langt fyrir ofan aðra. Þetta á að vekja okkur til umhugsunar.

Hér eru nokkrar staðreyndir sem eiga að vekja okkur til umhugsunar um stefnuna. Bændur á Íslandi eru tekjulægsta stétt landsins. Stuðningsumhverfið í landbúnaði er eitt það víðtækasta sem þekkist á byggðu bóli. Matvæli eru dýrari fyrir neytendur en í velflestum löndum. Matvæli hér eru 30% dýrari en að meðaltali í Evrópusambandslöndunum.

Það er engin furða, herra forseti, þó að sagt sé: Það er eitthvað rangt í þessu kerfi. Það er eitthvað rangt í kerfi sem skilar bændum lægstu tekjum allra stétta og neytendum hæsta matarverði í Evrópu. Og hvað framleiðslustýringuna varðar þá tel ég að treysta hefði þurft bændum miklu frekar til sjálfstæðs í þeim efnum en forsjárhyggja Framsfl. og Sjálfstfl. hefur leyft um áratuga skeið. Skynsamlegast væri að í landbúnaði giltu almenn lög um samkeppni og vitaskuld er hægt að opna möguleika á takmörkuðum innflutningi sem landbúnaður getur vitaskuld keppt við.

Tækifæri var til þess fyrir tveimur árum þegar GATT-samningurinn var lögfestur. Eitt af meginatriðum þess samnings var að innlend framleiðsla fengi 97% af innanlandsmarkaði og ég, herra forseti, studdi það, að innanlandsmarkaður væri verndaður fyrir íslenska bændur með 97%, að markaðshlutdeild íslenska bænda yrði 97%. En það átti

að vera hægt að lofta aðeins út og leyfa innflutning til að mæta 3%, ekki meira. Það átti að vera hægt að mæta 3% af innanlandsneyslunni með innflutningi.

Ríkisstjórnin kaus hins vegar að útfæra GATT-samninginn þannig að tollar voru hafðir svo háir að nær enginn innflutningur var á landbúnaðarvörum. Í svari utanrrh. við fyrirspurn minni á Alþingi fyrir tæpu ári síðan kom t.d. fram að í kjötvörum var einungis 0,2% af neyslunni flutt inn í stað þessara 3% sem ég ræddi um og hefði verið í anda GATT-samningsins. Vitaskuld er heilbrigðisreglna alltaf gætt. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi en vegna hárra tolla varð ekki af innflutningi. Niðurstaðan er ömurleg og grátleg útfærsla á GATT-samningnum. Hann hefði getað leitt til bættrar afkomu íslenskra bænda og bættrar stöðu íslenskra neytenda. Menn notfærðu sér ekki það tækifæri vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn vildu halda gömlu framsóknarhyggjunni við lýði. Herra forseti. Það er einmitt verið að gera í þeim lögum sem hér var verið að tala fyrir. Ný búnaðarlög sem eiga að koma í stað jarðræktarlaga og laga um búfjárrækt. Enn og aftur er gengið út frá því sem meginstefnu að ríkisvaldið fjármagni þá þætti sem frv. fjallar um. Í markmiðsgrein laganna, í 2. gr. þessa frv., er sagt með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum stuðli að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfsskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum."

Ættum við ekki, herra forseti, að setja samsvarandi lög fyrir sjávarútveg og afgreiða hér á hinu háa Alþingi lög sem orðist sem svo:

Fjárframlag ríkisins skv. lögum þessum stuðli að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan sjávarútvegs og í tengslum við hann og miðist við að útgerðarmenn, sjómenn og fiskverkafólk hafi ekki lakari starfskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum. — Af hverju setjum við ekki svona lög, herra forseti, um sjávarútveginn, um iðnaðinn og hverja aðra atvinnugrein hérlendis? Hvers vegna er landbúnaðurinn alltaf tekinn í faðm ríkisvaldsins? Faðmlag framsóknarhyggjunnar. Þetta faðmlag hefur ekki skilað bændum öðru en því að vera tekjulægsta stétt landsins en hið banvæna faðmlag framsóknarhyggjunnar skal enn vera við lýði.

Í frv. er í 3. gr. kveðið á um að landbrh. skuli gera samning við Bændasamtökin um verkefni skv. lögum þessum og framlag þeirra þar sem kveðið er á um framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum. Hér er verið að setja fjárlög, herra forseti. Ég efast um að þessi ákvæði standist vegna þess að í frv. segir einnig:

„Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lögum þessum ..." Hlutverk búnaðarlaga er ekki að kveða á um fjárframlög úr ríkissjóði. Það er Alþingis að gera það í sérstökum lögum sem heita fjárlög og við höfum samþykkt hér merka löggjöf um fjárreiður ríkisins. Þar eru sett skilyrði fyrir fjárveitingu úr ríkissjóði og kveðið á um vinnubrögð.

Hér er íslenskur landbúnaður enn og aftur gerður að bónbjargaraðila gagnvart umhverfi sínu. Að mínu mati eru fleiri atriði sem brjóta beinlínis í bága við önnur lög. Í ákvæði til bráðabirgða í frv. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra."

Hér er um að ræða uppgjör varðandi gamalt mál sem tengist framkvæmdum á lögbýlum frá árunum 1992–1997. Hér er verið að gera fjárlög til þriggja ára, skuldbinda ríkið og skuldbinda Alþingi til að hafa þennan lið á fjárlögum.

Herra forseti. Ég óska eftir því að formaður fjárln. eða forsn. skoðaði þetta mál. Er samræmis gætt við lög um fjárreiður ríkisins? Þessu til stuðning get ég dregið til vitnis ráðuneyti hæstv. fjmrh. því í umsögn frá fjmrn. sem fylgir frv. segir með leyfi forseta:

„Ekki verður ráðið af efni frumvarpsins né greinargerðarinnar hvaða fjárhagsleg markmið verða höfð að leiðarljósi við gerð þess samnings milli ríkis og bænda sem boðaður er og er því erfitt um vik að áætla breytingar á kostnaði ríkissjóðs." Það er laukrétt hjá þeim. Áfram segir: „Rétt er að vekja athygli á því að við gerð framangreinds samnings þarf að taka tillit til ákvæða 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem um er að ræða samning um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs. "

Þetta var hin fræga grein um þjónustusamning, 30. gr. úr fjárreiðufrv. sem mest var deilt á hér sl. vor. Ég mun óska eftir því í landbn., herra forseti, að þetta frv. verði skoðað sérstaklega út frá löggjöfinni um fjárreiður ríkisins og athugað hvort hér sé rétt að staðið. Meginþátturinn í gagnrýni minni er þó að ég tel þetta upplegg með hinni miklu þátttöku ríkisvaldsins á þessu sviði vera tímaskekkju. Ég tel að bændur geti vel staðið undir jarðabótum og bætt búskaparaðstæður á viðkomandi býlum. Hægt væri að veita þeim kost á að sækja um lán eða styrkveitingar. Það er ekki málið en hin sjálfvirka umgjörð sem hér er verið að laga er röng stefna að mínu mati.

[14:51]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Ágústs Einarssonar var að mörgu leyti merkileg og auðvitað fróðleg. Sá samanburður sem hann setur hér fram er á margan hátt hæpinn þegar hann talar um styrki ESB-landa við landbúnaðinn. Fjölmargar búgreinar eru alls ekki styrktar á Íslandi en hins vegar styrktar hjá ESB-löndum. Ég nefni sem dæmi kornrækt og margt fleira mætti nefna. (**Gripið fram í:** Fiskeldi.) Fiskeldi. Þakka þér fyrir, hv. þm., ég gæti nefnt fleira.

Þegar við berum Ísland saman við ESB-ríkin þá sést að við greiðum fleira niður en landbúnaðarvörur. Við erum að greiða niður ýmis konar menningarstarfsemi, sem betur fer. Ég spyr líka: Hvar við stæðum úti á landsbyggðinni ef við hefðum ekki búskapinn? Hvernig væri byggðarmynstur á Íslandi ef við hefðum ekki búskap? Í ljós hefur komið að samkvæmt jarðræktarlögum skuldar ríkið bændum stórar fjárhæðir sem ekki hefur tekist að standa við. Ég tel að frv. sem hér er til umræðu muni bæta úr þeirri stöðu. Það er auðvitað ekki forsvaranlegt að vera með lög í þessu landi sem ekki er hægt að standa við. En ég endurtek að þegar við berum saman svona tölur verðum við að vera klár á því sem við erum að tala um.

[14:53]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld á að vera búskapur í sveitum, hann á að vera myndarlegur og hann á að skila afkomu. Sú umgjörð sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa búið þessari atvinnugrein hefur ekki skilað þessu. Málið snýst um það. Tölurnar sem ég nefndi hér eru allar sambærilegar. Við

erum langt úti í móum hvað varðar skipulag, styrkveitingar og verndun landbúnaðarins. Framlag ríkisins hefur ekki skilað sér í bættum tekjum bænda. Það er meginatriðið í þessum efnum. Ég tel mesta ógæfu íslensks landbúnaðar vera að hafa ekki fengið að starfa eins og aðrar atvinnugreinar hérlendis, sjávarútvegur, iðnaður og verslun. Þessar þrjár atvinnugreinar sem hafa smátt og smátt stækkað og eflst og eru kraftmiklar meðan alltaf hefur verið ríghaldið í framsóknarhyggju Sjálfstfl. og Framsfl. gagnvart landbúnaði og atvinnugreinin aldrei fengið að standa á eigin fótum. Íslenskur landbúnaður getur staðið á eigin fótum. Hann gæti það ef hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. létu af tökum sínum á greininni. Árangur hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. sem standa fyrir þessari stefnu er ömurlegur þegar bornir eru saman tekjumöguleikar bænda og matarverð neytenda. Það er sá eini mælikvarði sem gildir. Ég vil öflugt starf í sveitum landsins. Ég vil að bændur hafi tekjur á við aðra þegna og þurfi ekki í hvert skipti að koma fram sem bónbjargaraðilar. Þetta frv. um búnaðarlög er áframhald á gjalþrotastefnu Framsfl. og Sjálfstfl. og það er sorglegt að tveir stærstu pólitísku flokkar landsins ásamt hagsmunasamtökum bændastéttarinnar skuli standa vörð um þetta kerfi. Þeir eru ekki að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda.

[14:55]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. erum sammála um að við viljum öflugan landbúnað á Íslandi. Í tíð núv. hæstv. landbrh. hefur orðið ákveðin breyting og losnað hefur um ákveðin tök varðandi styrki og annað slíkt. Menn eru að trappa sig niður að þessu leytinu eins og það er kallað. Ég var í Brussel um daginn og skoðaði m.a. fyrirtæki... (**ÖS :** Hver borgaði?) DV borgaði ekki. (**ÖS:** Er það feimnismál hver borgaði?) Það er ekkert feimnismál. Hv. þm. og ritstjóri hefur væntanlega skrifað um þetta í blað sitt. (**Gripið fram í:** Ekki orð.) Þar skoðaði ég m.a. fyrirtæki sem heitir Govee sem selur íslenskt lambakjöt. Í verslunarkeðjunni voru þeir með 52 íslenskar vörutegundir.

Í þessari ferð sáum við hvers við getum verið megnug þó það gerist ekki á stundinni. Það kann vel að vera að styrkjakerfið hafi verið barn síns tíma. Hæstv. landbrh. hefur verið að breyta ákveðnu mynstri í landbúnaðarmálum. Ég er sannfærður um að landbúnaður á Íslandi mun standa sig. Í dag komum við m.a. til með að ræða um lífrænan landbúnað og fleira. Möguleikarnir eru fyrir hendi.

[14:57]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess sérstaklega í ræðu minni að þessi vernd hafi minnkað verulega hérlendis á síðustu árum. Ég gat þess einnig að það hafi gerst hjá öðrum ríkjum. Við erum langt fyrir ofan nágrannaríkin, öll meðaltöl, hvort sem við tökum OECD eða Evrópusambandið varðandi þessa þætti. Það er staðreynd málsins. Það er ekki að okkur hafi ekki miðað áfram á réttri leið. Það er ekki hægt, herra forseti, að koma hingað og segja að þetta taki tíma. Í áratugi hafa íslenskir bændur verið fátækastir allra stétta hérlendis. Það er ekki nýtt. Að segja við bændastéttina og neytendur: Þið skuluð áfram búa við lágar tekjur og hátt matarverð vegna þess að við viljum ekki breyta stefnunni. Hér er ekki verið að boða góð stjórnmál. Þetta eru ekki góð stjórnmál. Af hverju í ósköpunum fallast ekki þessir aðilar, fulltrúar framsóknarhyggjunnar, hvort sem þeir eru í Sjálfstfl. eða Framsfl. ekki á að þessi stefna sé gjaldþrota? Stefnan hefur engu skilað. Stefnunni verður að breyta vegna þess að þeir sem líða fyrir hana eru ekki aðeins neytendur heldur einnig bændastéttin sem býr við verulega fjárhagsörðugleika. Það þarf ekki að segja hv. þingheimi það. Menn þekkja það mætavel í þingsölum. En þeir ættu að koma og segja: Gott og vel, það má vera að við höfum lagt upp með ranga hluti hér áður fyrr en við skulum þá taka höndum saman og reyna að bæta úr því. Það væri meiri manndómur í því, herra forseti, ef þessir fulltrúar framsóknarhyggjunnar gætu nú hugsað á þeim nótum. (**Gripið fram í:** Ómerkilegt.)

[15:00]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Það er jafnt á komið fyrir mér og hv. síðasta ræðumanni að við eigum báðir ásamt öðrum hv. þm. sæti í landbn. og þar verður að sjálfsögðu farið ítarlega yfir þetta mál. Ég held að það sé eðlilegur og sjálfsagður kostur að svo verði og þar af leiðandi ætla ég einungis að minnast á örfá atriði og þarf svo sem ekki endilega að óska eftir miklum skýringum af hendi hæstv. landbrh. þar að lútandi á þessu stigi málsins.

Fyrst er til að nefna það sem síðast er efnislega í þessu frv., þ.e. ákvæði til bráðabirgða, þar sem kemur að uppgjöri við bændur á jarðræktarframlögum frá árinu 1992 og til þessa árs. Þar finnst mér ekki stórmannlega farið að, að þegar ríkisvaldið hefur vanrækt að sinna þessum greiðslum öll þessi ár skuli ekki vera kveðið á um að gera það skikkanlega upp því að ekki eru upphæðirnar svo háar. Þessi tilgreindu ár hefðu jarðræktarframlög átt að nema 60–70 millj. á ári, að ég hygg, og það er $^{1}/_{10}$ hluti þess sem var árið 1984 eða þar um bil. Þá var auðvitað talað um að jarðræktarframlög væru umtalsverð, enda voru þau þá að upphæð, eitthvað í kringum 0,5 milljarðar kr. En þessu var breytt og þau voru komin niður í þetta og búið að semja um það og þá var hætt að borga. Og það er til lítils sóma fyrir þá sem þar hafa staðið að málum og gildir það einu þótt Sjálfstfl. hafi farið með forræði fjármála öll þessi ár.

Ég undirstrika það alveg sérstaklega að áður en frv. verður afgreitt frá landbn. verður að liggja fyrir hvernig þessi mál verða gerð upp. Ég hef ekki neitt sérstakt traust á bændaforustunni til þess að annast þau verkefni þannig að sómasamlegt geti talist fyrir bændur almennt í landinu.

Eins er farið með samningsákvæðið í 3. gr. Auðvitað er vel hægt að fallast á að samningar séu gerðir um þessi efni til ákveðins árafjölda. Jarðræktarlög hafa gjarnan verið endurskoðuð í gegnum tíðina á svona fimm ára fresti að jafnaði og ekkert er því til fyrirstöðu að gerður sé samningur sem nær yfir nokkur ár. En það þarf að liggja fyrir þegar þetta frv. verður afgreitt frá landbn. hvers eðlis sá samningur á að vera. Það tel ég mikið grundvallaratriði í þessum efnum.

Ég tek undir gagnrýni hv. þm. Ágústs Einarssonar á það sem segir í 2. gr. frv. Mér sýnist að þessi lagastafur um að landbúnaði á Íslandi skuli búin þau skilyrði að jafnræði sé á við bændur í nágrannalöndum, vekji miklar tálvonir, a.m.k. eins og landbúnaðarstefnan hefur verið allra síðustu árin. Ég bendi líka á það sem segir í 2. gr., að þessi fjárframlög skuli sérstaklega stuðla að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins. Mér er ekki alveg ljóst hvað er átt við í þessum efnum. Ég hefði satt að segja álitið að hefðbundnu greinarnar sem ekki hafa verið búin allt of góð skilyrði, væru í mestri þörf fyrir að bæta ræktun í okkar landbúnaði. Það var satt að segja svolítið broslegt að hlusta á hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefna þetta í sambandi við

votlendið. Staðreyndin er sú að mikill hluti af ræktuninni er orðinn stórspilltur vegna þess að ekki hafa verið möguleikar á því að viðhalda framræslukerfinu. Og það er mikill misskilningur hjá honum að eitthvað sérstaklega sé verið að þrengja að flórgoðanum. Það hefur vantað inn í alla þá umræðu hvað votlendi er gríðarlega mikið að aukast á Íslandi, m.a. vegna þess að land er að gróa upp og þar er gjarnan um votlendi að ræða.

Ég er þó nokkuð kunnugur þessu máli og það vill nú svo til að ég og hv. þm. höfum ferðast saman um lendur þar sem ekki var lifandi fyrir nokkurn fugl og allra síst votlendisfugla. Þarna hefur orðið gjörbreyting. Þetta landsvæði á þessum eina stað tekur til u.þ.b. 4.000 hektara. Breytingarnar, bara á þessum eina stað, eru ekkert mjög langt frá því sem tæki yfir stóran hluta af öllu framræstu landi í Austur-Skaftafellssýslu svo ég taki bara sem dæmi þannig að menn verða að horfa aðeins í kringum sig í þessari umræðu.

Vegna þess að hv. þm. var að benda á að jarðræktarlögunum yrði breytt eða þessum áherslum með tilliti til nýrra tíma og vistvænna umhverfis, er nauðsynlegt að fram komi að engin landgræðsluframkvæmd hefur verið gerð jafnþýðingarmikil og sú að rækta upp tún í þeim mæli sem verið hefur. Með því hefur verið dregið úr beitarálagi og það hefur einmitt gert það að verkum að land hefur verið að gróa upp í stórum stíl á síðustu árum. Það er eðlilegt að halda þessu til haga hér af því að það er svolítill skrumtónn í frv. að þessu leyti. Það er vel hægt tala um landvernd og landgræðslu án þess að draga hana á þennan hátt inn í umræðuna.

Hv. þm. Ágúst Einarsson flutti hefðbundna krataræðu sem reyndar fjallar ekkert sérstaklega um þetta frv. Hann talaði m.a. um stuðning og GATT í því sambandi. Maður verður að álykta út frá því að það sé andsvar við frv. sem hér er verið að flytja. En hver eru viðbrögð nágrannaþjóða okkar í sambandi við GATT? Hvað eru þær þjóðir að gera núna sérstaklega til þess að búa sinn landbúnað undir hugsanlegar breytingar? Þær eru að breyta útflutningsbótum, sem við afnámum nú í einu lagi og meira en það því við tókum upp útflutningsbann, yfir í jarðræktarframlög. Eins og hér hefur komið fram er t.d. í Norður-Evrópu og í Skandinavíu sérstaklega, verið að hækka jarðræktarframlögin. Það er verið að koma útflutningsbótunum fyrir í græna geiranum. Í þeim löndum hefur tekist þannig til, a.m.k. sums staðar — af því hef ég tiltölulega nákvæma vitneskju — að þar hefur afkoma bænda batnað á síðustu árum. T.d. í Skotlandi og á Norðurlöndum hefur afkoman batnað um 10% á síðustu árum en það hefur m.a. gerst vegna þess að menn hafa haldið fjármagninu inni í þessu kerfi og bændur hafa getað aðlagað sig þannig að því. Þar hygg ég að t.d. sé miklu meira lagt í að jarðir haldist í byggð en hér á Íslandi.

Síðast vildi ég aðeins segja, þótt það tilheyri ekki þessari umræðu, að framlög til landbúnaðarins núna eru beingreiðslurnar og það eru nánast engin önnur framlög til landbúnaðarins, ekki nokkur einustu. Það kemur bæði til af því að um er að ræða bókhaldsatriði sem búið er að vara í langan tíma og auk þess má ekki gleyma því að það fjármagn kemur við annars staðar en bara í landbúnaðinum, og það er mikið efni til að fara yfir. Þannig eru að því er ég hygg um 40% af öllum launagreiðslum sem heyra undir landbrn. inntar af hendi í þéttbýlinu. Um 40% af öllum störfum sem heyra undir landbrn. og í tengjast því eru hér á þessu svæði. Meira að segja Framleiðnisjóðurinn innir stóran hluta af sínum greiðslum inn í hagkerfið hér. (**Gripið fram í:** Er það ...svæðið?) Já, m.a. Og þetta er náttúrlega mikið áhyggjuefni. Spurningin er hvar það kemur þá verst niður ef sérstaklega er að þeim vegið. Það er því mikil ástæða fyrir Alþfl. að fara svolítið gætilega í þessa umræðu og athuga hvernig þessi flokkun er almennt séð.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að viðhafa lengri umræðu um málið að þessu sinni. Mér finnst skilgreiningin í 2. gr. — svo ég endurtaki aðalatriðin — þó hún skaði ekkert út af fyrir sig, náttúrlega vera algjörlega út í loftið. Ég tel að það þurfi að liggja algjörlega fyrir um hvað menn ætli að semja áður en frv. verður afgreitt frá nefndinni þannig að alþingismenn viti hvað hér er á ferðinni. Eins tel ég að það verði að vera algjörlega ljóst hvaða uppgjörsmáta á að beita við uppgjör á jarðræktarframlögunum eins og þau eru hér skilgreind.

[15:16]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nokkurs misskilnings gæti í máli hv. þm. Egils Jónssonar. Ég held að hann hafi ekki alveg skilið það sem ég sagði áðan við hæstv. umhvrh. Ég gat þessi hvergi í máli mínu að ég teldi að bændur hefðu vegið sérstaklega að flórgoðanum með aðgerðum sínum. Ég taldi ekki að um hnitmiðað átak væri að ræða af þeirra hálfu. Hins vegar benti ég á að í skýrslu eða svari sem kom fram frá hæstv. umhvrh. og var dreift í fyrra, kom mjög glöggt fram að m.a. í kjördæmi hv. þm. Egils Jónssonar hefur flórgoðinn mjög látið undan síga. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að mjög miklu af náttúrulegu votlendi hefur gegnum öldina verið breytt í ræktunarlönd. Það hafa bændur gert með tilstyrk skattborgaranna. Menn gerðu sér ekki grein fyrir þessu þá. Nú gera menn sér grein fyrir þessu og eru markvisst að reyna að endurheimta votlendið.

Ef hv. þm. telur að ég hafi farið með heimskulegt mál, eins og mátti ráða af ræðu hans, þá verður hann að beina sínum áherslum í þá veru til hæstv. umhvrh. Hvers vegna? Vegna þess að ráðherrann hefur lagt fram þetta frv. þar sem alls staðar er verið að tala um að haga þurfi þeim málum í samræmi við vistvænleika, í samræmi við sjálfbæra þróun. Það er bókstaflega tekið hér fram, herra forseti, að haga eigi jarðabótum þannig að tiltekin viðfangsefni, m.a þau sem lúta að friðun og vernd votlendis eigi að fá styrki. Þess vegna leyfði ég mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri ekki þeirrar skoðunar að styrkja ætti verkefni, eins og t.d. að endurheimta votlendin með því að moka ofan í skurði. Svar hæstv. ráðherra var jákvætt.

Mér finnst því að hv. þm. Egill Jónsson ætti nú líka að hella úr sínum koppum yfir hæstv. ráðherra fyrst hann kýs mig sem viðfangsefni þeirrar reiði.

[15:18]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek vissulega mið af því að hv. þm. er að biðjast vægðar. En að öðru leyti þarf ég ekki að endurtaka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni um tóninn í frv. og hæstv. landbrh. getur tekið til sín. Ég tók það sérstaklega fram í þeim efnum hvað jarðræktarlögin í gegnum árin hefðu orðið mikill örlagavaldur til að efla gróður í landinu. Ég var reyndar búinn að segja það.

En að öðru leyti var það góður kostur að hv. þm. kom upp aftur því að hann tók reyndar nokkuð skýrar til máls og tók ýmislegt aftur af þeim orðum sem hann lét áður falla. Það er auðvitað góður kostur því jafnan mun það reynast svo að batnandi mönnum er best að lifa.

[15:20]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn verða að meta það manni eins og mér, sem er lítt þingreyndur miðað við hinn langsjóaða hv. þm. Egil Jónsson, til vorkunnar þó að ég reyni nú að skjóta mér undan spjótalögum hans. Ég veit af sárri og beiskri reynslu hvernig hann er viðurskiptis þegar hann kemst í haminn og þess vegna reyni ég frekar að hafa hann sæmilega góðan í orðaskiptum okkar.

Hins vegar kom fram í máli hans það sem mér finnst vera orðinn leiður siður hjá hinum kjarkmikla hv. þm. að koma hingað og skamma Albaníu þegar hann á við Kína. Hv. þm. kemur hingað og skammar Alþfl. af því að hv. þm. brestur kjark til að segja hæstv. landbrh. til syndanna vegna þess að hinn kjarkmikli þingmaður Sjálfstfl. er núna lentur með myllustein Framsfl. um háls og hann rís ekki undir þeirri byrði. Hv. þm. kemur hingað og skammar Alþfl. fyrir frv. sem hann segir í öðru orðinu að sé handónýtt. En skammaði hv. þm. þann sem leggur frv. fram? Nei, hann gerði það ekki. Vegna þess að hann liggur hundflatur fyrir Framsfl. þegar landbúnaðarmálin eru annars vegar. Þetta veit hv. þm. og ætti ekki að koma hingað til að skammast yfir því lítilræði. Við vitum báðir að þetta er rétt. Framsfl. hefur algjörlega beygt hv. þm. í landbúnaðarmálunum.

[15:21]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða gefur ekki tilefni til mikilla andsvara í þessum efnum því að hún var ekkert um þetta mál. Hún var ekkert um þetta frv. Mér þykir leitt að ég skuli hafa með þeim fáu orðum þar sem ég var að ræða vistumhverfi, m.a. flórgoða, hafa orðið til þess að ergja hv. þm. og að hann skyldi þannig missa alla möguleika á því að ræða efnislega um þetta sérstaka frv. Ég þarf ekki að endurtaka það enn einu sinni, það er þá orðið í þriðja sinn, að ég var með athugasemdir um tóninn í frv. sem mér finnst á vissan hátt vera nokkuð yfirlætislegur. Þá vona ég nú að hv. þm. skilji orð mín.

[15:23]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir því að mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýna mikla skapstillingu að þola það að skvett sé yfir hann úr koppum og fara ekki fram á að því sé hætt en mælist aðeins til þess að landbrh. fái einnig gusur yfir sig. En svona breytast menn þegar þeir eru orðnir vanir því að sitja undir ákúrum.

Ástæðan fyrir því að ég ákvað að standa upp og ræða þau mál sem eru á dagskrá og flokkast undir landbúnaðinn er sú, að frv. sem hér er lagt fram hlýtur að hafa mikil áhrif á m.a. hverjar tölur í hagskýrslum frá Íslandi verða þegar menn meta stuðning við íslenskan landbúnað. Það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar það er skoðað hvort endurheimtur fornra landgæða, eins og stuðningur eða framlög til sandgræðslu, sem ég hygg að allir Íslendinga vilji að eigi sér stað, eigi að flokkast sem landbúnaður eða umhverfismál. Í mínum huga er það umhverfismál að endurheimta forn landgæði. Í mínum huga er það líka umhverfismál að sjá til þess að flórgoðinn fái að lifa á Íslandi en ástæðulaust að reyna að smygla því undir landbúnað og láta svo kannski annan skamma menn á eftir fyrir styrki til landbúnaðar út á að þeir eru að vernda flórgoða. Ég held að það sé þá eina þjóðin í heiminum sem hefur það í hagskýrslum sínum að stuðningur við villta fugla sé stuðningur við landbúnað.

Ég held nefnilega að mjög mikið atriði sé að við áttum okkur á því að íslenskur landbúnaður mun sitja undir þeim svipuhöggum í nánustu framtíð að gerður verður samanburður á því hver stuðningurinn er við hann hér og hver stuðningurinn er við hann erlendis.

Hv. þm. Ágúst Einarsson flutti mjög yfirgripsmikla ræðu þar sem hann vakti athygli á því að sá stuðningur hefur minnkað hjá Evrópusambandsríkjunum og hann hefur líka verið að minnka á Íslandi vegna þess að við lifum í öðru viðskiptaumhverfi en áður. Hitt má svo deila um hvort að okkur miðar hægar en öðrum. Hann fullyrti að svo væri. Þar hefur þróunin orðið sú að þeir hafa farið frá 3% niður í 1%, minnkað um 2%. Við höfum farið frá 4% niður í 2%, minnkað um 2%. Mér sýnist þetta vera sami hraði. Mér sýnist erfitt að skamma menn sem hafa staðið í því að breyta þeirri þróun á þennan veg fyrir að fara of hægt.

Hitt er annað mál að það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. að samanburður við útlönd er vissulega til staðar þegar verið er að meta hér verð á matvælum. En ég hygg að menn megi kannski örlítið hugleiða að kostnaður við íslenska heilbrigðiskerfið er ekkert smáræði. Ef menn fara yfir allar þær kröfur sem þar eru á ferðinni hlýtur hver maður að spyrja sjálfan sig: Eru þessar kröfur sambærilegar við þær sem eru erlendis? Ég segi nei.

Ég segi: Það er búið að dauðhreinsa íslenska þjóð svo, að senda þarf hana á sérstaka staði til að komast í almennilegt sýklaumhverfi svo hún sé orðin fær um að fara til útlanda án þess að bíða skaða á heilsu sinni á eftir. Þannig er ástandið orðið. Það er búið að dauðhreinsa allt liðið. Og spurningin er: Á að setja og skrá allan þann kostnað á íslenskan landbúnað? Hvað halda menn að þetta kosti í matvælaverðinu á Íslandi? Seinasta aðgerð var frumutalningin, það er verið að breyta henni enn. Ekki veit ég hvort þær hugmyndir sem þar eru uppi séu hugsaðar til að ýta mönnum út. En slík frumutalning, sem verið er að setja af stað á nýjan leik, er náttúrlega beinlínis til þess gerð að hækka verð á landbúnaðarvörum. Hún hlýtur að kosta eitthvað. Hún hlýtur að kosta bændurna eitthvað, hún hlýtur óbeint að kosta neytendur eitthvað.

Ég hygg líka að þegar menn standa upp og segja, — og ætla ég að víkja örlítið að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni: Sökudólgurinn fyrir því að flórgoðunum hefur fækkað er að búið er að breyta mýrum á Íslandi í valllendi. Það er eitt það ánægjulegasta sem gerst hefur í ræktunarmálum, að heilgrös hafa tekið við af hálfgrösum. En skyldi minkurinn ekki eiga einhvern þátt í þessu máli? Skyldi nú ekki umhvrh., sem var svo elskur að minkinum, eiga einhvern þátt í að flórgoðinn er í hættu? (Gripið fram í.) Ég hygg að það þurfi að hugleiða og sérstaklega væri gott að gera það að kvöldi dags svo að menn gætu haft draumfarir góðar til að meta hvort íslenskir bændur hefðu með ræktunaraðgerðum sínum vegið frekar að flórgoðanum en þeir sem telja það sjálfgefið að minkurinn eigi að verða eitt af hinum villtu dýrum íslenskrar náttúru. Fyrir mína parta tel ég að minkurinn hafi mjög orðið til þess að minnka mófuglalíf almennt í landinu og ég tel það ekki af hinu góða.

Ég ætla þá að víkja aftur að atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar. Hann gat þess að Nýfundnaland nyti minnstra styrkja allra landa sem hann var með tölur yfir í stuðningi við landbúnað. Ef ég man þetta rétt voru það 66 dollarar á íbúa.

Nú vill svo til að Nýfundnaland er trúlega eitt besta landbúnaðarland í heimi og flytur út mikið af landbúnaðarvörum.

Eitt af því ánægjulega sem orðið hefur á þessari öld er að mannkynið hefur borið gæfu til þess að hagnýta sér hin ýmsu landsvæði í samræmi við landkosti þeirra, þ.e. þar sem best er að framleiða landbúnaðarvörur hafa menn framleitt þær og flutt þær svo á milli. Hann gat þess aftur á móti að Noregur væri með einna hæstu styrkina. Ætli ástæðan sé ekki sú að Noregur er harðbýlt land? Að mínu viti er ekki hægt að tala um að þar sé auðvelt að stunda landbúnað, sérstaklega ef menn mundu bera Noreg saman við Danmörku sem er af Norðurlöndum trúlega best til þess fallið að landbúnaður sé stundaður. Þegar menn bera þetta saman hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni hvort það sé ekki á vissan hátt rökrétt að stuðningur við landbúnað á Íslandi sé meiri og eigi að vera meiri en í öðrum löndum. Hins vegar hljótum við að verða að gæta hófs í því hvað við viljum að sé framleitt hér á landi. Það er mikil spurning bæði varðandi kjúklingaframleiðslu og svínakjötsframleiðslu hvort það sé að öllu leyti sjálfgefið að framleiða alla þessa vöru innan lands. Það er mikil spurning vegna þess einfaldlega að þar eru menn fyrst og fremst að nýta erlend aðföng til framleiðslunnar eða að mjög miklu leyti.

Þegar menn skoða þróunina er líka rétt að horfa á að sú öld sem fer senn að kveðja hefur verið mjög viðburðarík. Í lok seinustu aldar gátu Íslendingar flutt út lifandi búfé til Bretlands. Engin heilbrigðisreglugerð bannaði slíkt. Við fengum að slátra þessu fé erlendis, þetta voru sauðir, og við höfðum greiðan aðgang inn á þennan markað og íslenskur landbúnaður var fullkomlega samkeppnisfær við breskan landbúnað í því að framleiða sauðakjöt eða koma kindakjöti á markað.

Þegar frystivélarnar komu til sögunnar gerðist það að hægt var að flytja, m.a. frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu, dilkakjöt til Bretlands og Bretar gripu til aðgerða til þess að tryggja að hægt væri að vernda breskan landbúnað. Þeir gripu til þeirra aðgerða sem við vitum hverjar voru, þ.e. að banna innflutning á lifandi búfé til slátrunar í Bretlandi. Þetta var fyrsta alvarlega áfallið sem sauðfjárræktin á Íslandi varð fyrir.

Við horfðum svo á það að þegar styrjaldir geisuðu vildu menn gjarnan kaupa mat frá Íslandi og flytja það inn til þeirra landa sem áttu erfitt með á þeim tíma að afla sér nægilegra matfanga, m.a. seldum við saltkjöt úr landi í nokkuð stórum stíl. Svo gerist það sem verður að skoða af mikilli alvöru, og þó að ég segi það hér og nú ætla ég ekki með þeim orðum að gerast neinn dómari yfir þeim mönnum sem tóku þær ákvarðanir. Ég hygg að þeir hafi gert það í góðri trú en það er vitað að á dögum viðrreisnarinnar sömdu Ingólfur Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason um það sín á milli að koma á sérstöku útflutningsbótakerfi sem var 10%. Fljótt á litið gat þetta verið nokkuð meinlaust en í framkvæmd var þetta þannig að sambandið á milli verðlagningar á vörunni erlendis og verðlagningarinnar sem þurfti að fást fyrir vöruna innan lands var rofið. Það miðaði aðeins að því að heildarútflutningurinn færi ekki upp fyrir ákveðið magn.

Ég er sannfærður um að þetta kerfi varð í reynd mjög skaðlegt fyrir íslenskan landbúnað vegna þess að það skapaði þær væntingar að það væri allt í lagi að framleiða, aðeins ef menn væru innan þessara leikreglna. Þegar ákvörðun var loksins tekin um að snúa frá þessu hlaut það að leiða til þess að hér væri komin mjög mikil offramleiðsla á dilkakjöti eins og allir vita. Segja má að í dag hafi svo tekist til að jafnvægi hefur náðst í framleiðslu á mjólkurafurðum án þess að það þyrfti að minnka búin. Nú bið ég hv. þm. Ágúst Einarsson að taka vel eftir því hér komum við að lykilatriði vandans varðandi sauðfjárræktina.

Ekki hefur tekist að ná þeim árangri að minnka sauðfjárræktina í landinu nema með því neikvæða formerki að minnka fjárbúin. Það hlaut að skapa vandræði. Það hlaut að leiða til óeðlilegs kostnaðar við framleiðslu á dilkakjöti. Þetta er sá hausverkur sem enn er til staðar og menn hafa ekki komið sér saman um. Bændasamtökin hafa gjarnan sagt: Við eigum ekki að bera ábyrgð á byggðastefnu. Gott og vel. En ég spyr á móti: Er óeðlilegt að þau landsvæði Íslands þar sem beitilönd eru best njóti vissra forréttinda varðandi sauðfjárframleiðslu? Mér sýnist að það sé takt við tíma okkar að taka eitthvert tillit til þess. Með þessu er ég ekki að segja að það sé algengt í dag að afréttir séu ofbeittir þó að e.t.v. megi finna þess dæmi.

Ég gat um sandgræðsluna áðan sem ég taldi að væri eðlilegt að flokka undir umhverfismál. Ég ætla að taka annan lið sem hefur fengið vaxandi fjármagn á seinustu árum og ég hef verið hlynntur að fengi það fjármagn alveg eins og ég hef stutt framlag til sandgræðslu og það er skógrækt. Er skógræktin á Íslandi í dag landbúnaður eða er hún endurheimt fornra landgæða?

Vel má vera að skógræktin á Íslandi eigi eftir að verða landbúnaður og það er hægt að segja að á vissum stöðum sé hún orðin það nú þegar. En í reynd er skógræktin á Íslandi miklu frekar endurheimt landgæða og á þess vegna ekki heima í tölum undir landbrn. heldur í kostnaði við umhverfismál.

Í 16. gr. frv. segur að landbrh. eigi að skipa fimm menn í nefnd og jafnmarga til vara og eitt af verkefnum nefndarinnar er að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum. Þarna komum við enn að þessu sama. Er þetta landbúnaður? Eru hreindýrin á Íslandi landbúnaður? Á að setja kostnað vegna þessa þarna inn? Ég segi nei. Þetta er ekki landbúnaður. Þetta eru umhverfismál og ekkert nema umhverfismál. Það er sjálfsagður hlutur að þjóðin kosti það en það á að setja þetta í þá dálka þar sem er eðlilegt að það sé haft svo að hagskýrslurnar verði ekki jafnskakkar og þær eru. Hér kemur áfram b-liðurinn: að gera tillögu til landbrh. um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar. Ef flórgoðinn er þarna inni, sem ég geri ráð fyrir, dreg ég enn í efa að hann verði nokkurn tíma nytjaskepna fyrir íslenskan landbúnað. Hvers vegna á hann þá að vera þarna? Hvers vegna á að skrá kostnaðinn af honum á bændur og segja svo: Það er verið að styrkja bændurna þegar menn eru að styðja allt annað og allt önnur verkefni.

Í 17. gr., þar sem vikið er að markmiðum, kemur í 3. lið enn eitt atriði fyrir: „kynna fyrir bændum og öðrum viðkomandi stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins og á öðrum þeim sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum.“ Vissulega á að veita fjármagn í þetta. En hvers vegna er verið að raða þessu á vitlausa hillu? Hvers vegna er verið að setja umhverfismál inn í frv. til landbúnaðarlaga og skekkja enn hagskýrslurnar sem munu segja að verið sé að styðja bændur? Ég held að það sé orðið mjög brýnt að menn taki það alvarlega að samanburður á kostnaði milli landa og stuðningi milli landa er eitt af því sem menn munu í vaxandi mæli horfa á. Þess vegna er mjög brýnt að kostnaður sé settur þar sem hann á

að vera þegar hann er bókfærður en ekki færður á milli liða eins og mér sýnist að verið sé að gera.

Ég vil bæta því við að því miður gerðist það að þegar ætlunin var að efla aðrar atvinnugreinar í sveitum lentum við í mikilli niðursveiflu varðandi verð á skinnum. Sú loðdýrarækt sem átti að fara af stað lenti í þeim hremmingum að miklir öfgamenn náðu því markmiði sínu að ófrægja alla þá sem notuðu skinn í klæðnað og það kostaði okkur Íslendinga mikið. Það hafði áhrif og ég fullyrði að það hefur haft áhrif á matarverð hjá Íslendingum. Ef loðdýrarækt hefði þá fengið að rísa í friði til þeirra verka sem henni var ætlað stæði íslenskur landbúnaður miklu betur að vígi í dag að ná fram því markmiði sínu að geta stækkað sauðfjárbúin en jafnframt tryggt að byggð héldist í sveitum.

Ég sé að ljósið er farið að blikka og nú er það orðið rautt. (Forseti hringir.) Það er nú svo að vafalaust er punktakerfið komið í gildi og ég ætla aðeins að koma með eina athugasemd til viðbótar.

Í lið 7 í 17. gr. stendur: „vinna að eflingu byggðar í sveitum og viðhalds menningararfs sveitanna." Þarna legg ég til að verði breytt um orð og standi: Menningararf íslenskrar þjóðar.

[15:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir þann áhuga sem hann sýndi flórgoðanum, uppáhaldsfugli mínum, en hann sýndi honum og mér þá virðingu að víkja til hans góðu nokkrum sinnum í ræðu sinni. Ég kem hingað til þess að bera hönd fyrir höfuð mér sem sérstaks minkavinar. Ég réð það af máli hv. þm. að hann teldi að ég hefði látið minkinn í friði sem umhvrh. á sínum tíma. Staðreyndin var sú að ég gerði mitt besta til að breyta áherslum í starfi veiðistjóra sem hæstv. umhvrh. hefur einmitt fylgt. Við höfum báðir gert það sem við getum til þess að fá embættið til þess að beina geiri sínum miklu harðar að einmitt minknum en áður.

Það er hárrétt sem hv. þm. sagði að líkast til er það minkurinn sem á seinni árum hefur verið stærsta orsökin í falli hins ágæta vinar okkar beggja, flórgoðans. En íslenskir bændur geta ekki vikist undan því heldur að sókn þeirra í að ræsa fram votlendi hefur leitt til þess að á stórum svæðum á landinu hafa votlendi horfið og þar með búsvæði þessa fugls. Ég gæti vel fallist á það sem hv. þm. sagði að seint mætti telja flórgoðann til nytjategundar fyrir íslenskan landbúnað. Þó kynni svo að fara á næstu áratugum að hann verði örlítill dráttur í þá nýju mynd sem íslenskir bændur eru að draga upp af sjálfum sér og framtíð sinni. Ferðaþjónusta hjá bændum mun ekki síst byggjast á því að geta leyft erlendum ferðamönnum og borgarbúum færi á að sjá hina óspjölluðu náttúru og þar mun tróna á hægum sessi, fljótandi í hreiðri í störinni, vinur okkar beggja en óvinur minksins, flórgoðinn.

[15:46]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki fróður um flórgoðann. (**ÖS:** Þú ert að verða það.) Í umhverfi mínu vestur í Súgandafirði sá ég hann aldrei. Þar var minkurinn kominn og fækkaði öðrum mófuglum. En hins vegar gerðist það sem mér þótti mjög slæmt í tíð Össurar Skarphéðinssonar, þáv. hæstv. umhvrh., að mikill vísindamaður sem var veiðimálstjóri lét af störfum. Ég held að það hafi verið mikill skaði fyrir það embætti að svo varð og þar með líka vitsmunalega stjórn á veiðum á mink og ref.

[15:47]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það auðvitað segir sína sögu um það hvernig búið er að leika blessaðan flórgoðann að hv. þm. tókst að komast á legg, yfir gelgjuna og verða fullorðinn án þess að sjá nokkru sinni flórgoðann. Það þykja mér stórkostlega skelfileg tíðindi. Kannski skýrir það þann skort á væntumþykju í garð þessa fugls sem mér finnst ég hafa skynjað hjá hv. þm.

En fyrst við erum farnir að ræða hér um embætti veiðistjóra, get ég alls ekki fallist á að þær breytingar sem urðu í mannaskipan hafi leitt til þess að minni áhersla yrði lögð á minkaveiðar. Sá ágæti prófessor, Páll Hersteinsson, sem var veiðistjóri, lagði fyrst og fremst áherslu á refinn. Rannsóknir hans voru aðallega á ref og ég sagði þá í umræðum að ég teldi nauðsynlegt að svipta áherslunni yfir á minkinn. Það var m.a. gert með áherslubreytingum í embættinu. Þáverandi veiðistjóri fékk hins vegar haldið við áhuga sínum innan Háskóla Íslands þar sem hann hefur staðið fyrir mjög merkilegum rannsóknum á ref. Þessar breytingar gerðu það að verkum að minkurinn á ekki eins auðvelt uppdráttar víðs vegar um landið og áður. Áhugann og viðleitnina til að stemma stigu við uppgangi hans má ekki hvað síst rekja til þess áhuga sem Alþýðuflokkurinn hafði þá og hefur enn á að ráða niðurlögum þessa ferfætta óvinar íslensks landbúnaðar.

[15:49]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar er hann ræddi um styrkveitingar og annað þá held að ég hafi rætt um Nýja-Sjáland, það var a.m.k. hugsunin, en ekki Nýfundnaland, eins og hv. þm. sagði. Þó virðist mér ljóst væri að við áttum við sama landið. Hann nefndi að Noregur væri mjög háður styrkveitingum. Það er alveg rétt. Hann rakti það til landslags og annars þess háttar. Svo einfalt er það ekki. Hægt væri að taka sem dæmi lönd eins og Sviss og Kanada. Sviss hefur mjög mikla verndun en Kanada ekki. Það er ekki háð hinu náttúrulega umhverfi nema að hluta. Aðalþátturinn varðandi þetta er skipulagið sem einstaka þjóðir hafa valið sínum landbúnaði. Ég hef verið að reyna að draga það fram. Það hefur dregið mjög úr verndun íslensks landbúnaðar. Eins hefur að hluta dregið úr verndun gagnvart landbúnaði erlendis. Hér höfum við dregið meira úr verndun. Ég vil að það sé alveg ljóst. Við höfum staðið okkur betur en flestar aðrar þjóðir. Hins vegar erum við enn langt fyrir ofan meðaltalsstuðning annarra þjóða við landbúnað.

Ég hef borið fram spurninguna hverra hagsmuna sé verið að gæta með kerfi sem skilar bændum lágum launum og neytendum háu matarverði. Er verið að gæta hagsmuna milliliðanna? Er það framsóknarhyggjan þessara tveggja flokka?

Varðandi sauðfjárrækt sem hv. þm. nefndi geri ég mér fulla grein fyrir þeim vandamálum sem þar eru. Störfum í landbúnaði er að fækka og það víða eins og ég nefndi. Ég vil hins vegar að það gangi fyrir sig með reisn og virðingu gagnvart þeim sem stunda sauðfjárrækt og hafa ekki tök á aukastörfum. Sumir hafa það, aðrir ekki og þeir sem minnstar tekjur hafa af atvinnu sinni hérlendis eru sauðfjárbændur sem ekki hafa í önnur hús að venda. Það verður að styðja vel við bakið á þeim, einkum ef þeir vilja hverfa frá sínu starfi. Það

er ekki hægt að horfa upp á fækkun starfa í landbúnaði með þeim afleiðingum að jarðir fari í eyði þegar ábúandi fer af jörðinni. Það er stefna mannsins með ljáinn sem ég kalla svo. Það er ekki samboðið virðingu okkar sem stjórnmálamanna að hafa slíka stefnu.

[15:52]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að leiðrétta mismæli sem mér urðu á og jafnframt vil ég segja að það hlýtur að verða að skoða á hverjum tíma í hvaða stöðu hlutirnir eru þegar fengist er við þá og hvernig hægt sé að hafa áhrif á þróun þeirra. Það er ekki hægt að setja það þannig upp að ef menn kæmu að ónumdu landi og vildu skipuleggja upp á nýtt hvernig staðið yrði að framleiðslumálum, þá yrði staðið eins að hlutum og gert er í dag. Ég vil bæta því við að mér sýnist landflóttinn utan af landi til þessa svæðis vera svo mikill að ég tel að það sé stór ábyrgðarhluti að reyna ekki að byggja upp atvinnugreinar í dreifbýlinu og tryggja að þar haldist nægilega sterk byggð til að hin félagslega heild samfélagsins haldi velli. Ef þetta verður ekki gert og menn gefast upp á að verja byggðirnar með nýjum atvinnugreinum, þar hefur okkur tekist vel í ferðamannaþjónustu t.d., þá held ég að Ísland sé í verulegri hættu með að verða borgríki án nægilegra tengsla. Borgríki sem vissulega væri borgríki Íslendinga en án nægilegra tengsla við þetta land. Því miður segir sagan það um flest borgríki að þau hafa tapað sjálfstæði sínu og liðið undir lok. Ég vona því að þessari þjóð auðnist sú gæfa að skynja að það eru hlunnindi að fá að búa í jafngóðu og stóru landi og Íslandi.

[15:54]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um mikilvægi þess að atvinnugreinar byggist upp í dreifbýli. Ég held það sé ekki hollt að landið sporðreisist hvað varðar búsetu. Ég er hins vegar að reyna að draga það fram að landbúnaður á að fá sömu skilyrði og aðrar atvinnugreinar hérlendis. Aðrar atvinnugreinar hafa náð að pluma sig hér á landi á þessari öld, hvort sem er sjávarútvegur, þjónusta, iðnaður eða verslun. Þar hefur ekki ríkt þetta heljartak framsóknarhyggjunnar, miðstýringarinnar og forsjárhyggjunnar sem ég hef lýst. Þetta vandamál er víða. Til að mynda má nefna að verði gerðar endurbætur á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins mun það leiða til kaupmáttaraukningar um 10% í Evrópu. Þetta er hins vegar mjög erfitt pólitískt vandamál alveg eins og það er hér.

Annað sem tengist þessu eru þróunarlöndin og möguleikar þeirra að hasla sér völl með sölu á matvælum. Kannski er eina von okkar að styðja við bakið á þróunarlöndum að heimila frjálsari verslun með matvæli. Í þeim löndum er fólk að deyja úr hungri. Við höfum ekkert rætt það í þessari umræðu.

Eina ályktunin sem ég dreg varðandi allt þetta mál og bendi á varðandi frv. til nýrra búnaðarlaga er að hér sé enn og aftur verið að framfylgja stefnu sem hefur ekki skilað neinu. Það þarf að snúa við blaðinu varðandi stefnuna í landbúnaði. Ég er reiðubúinn að taka þátt í því með öðrum þingmönnum, þannig að bæði tekjur bænda verði hærri og matvæli lækki í verði. Þetta er hægt en þá verða menn að viðurkenna, herra forseti, að sú stefna sem menn hafa viðhaldið hér undanfarna áratugi er komin að endalokum.

[15:56]

**Útbýting þingskjals:**

Ríkisreikningur 1996, 97. mál, nál. fjárln., þskj. 749.

[15:56]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Hér fer fram víðáttumikil umræða um landbúnaðarmál undir umræðu um frv. til búnaðarlaga sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram. Ég vil í upphafi fagna frv. enda tel ég málið mikilvægt. Eins og fleiri get ég sagt að auðvitað mun ég sem landbúnaðarnefndarmaður fá málið á mitt borð.

Hér hefur farið fram merkileg umræða. Alþýðuflokksmenn hafa blandað sér í umræðuna sem auðvitað er hið besta mál, en eigi að síður heyrir maður holhljóm eða falskan tón. Þessir menn ætla sér oft í gegnum þessa umræðu að slá tvær flugur, jafnvel þrjár í einu höggi. Jafnvel sá maður sem hefur sýnt það í verki að hann er vinur bænda og er þó í Alþýðuflokknum, hv. þm. Gísli S. Einarsson. Ég hélt nefnilega að tónninn væri að breytast í Alþfl. og að fleiri og fleiri alþýðuflokksmenn, eins og áðurnefndur hv. þm. skynjuðu að Alþfl. er í dag lítill flokkur vegna þess hvernig hann hefur talað um bændur og landbúnað. Vegna þess hvernig hann hefur í orði barist gegn þessum mikla atvinnuvegi. Sá maður sem sigldur er vestur um haf, Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra, hygg ég að hafi áttað sig á því á sínum síðustu missirum sem þingmaður að Alþfl. væri ekki til í sumum kjördæmunum fremur en flórgoðinn. Ástæða þess er að hann rak þannig málflutning í þjóðfélaginu gegn þessari stétt. Þannig er staðan og í raun furðulegt að menn skuli ekki átta sig á því við breyttar aðstæður að svona eigi flokkur ekki að tala.

Hv. þm. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., talaði eins og Alþfl. hefði aldrei komist í ríkisstjórn á Íslandi. Alþfl. hefur öðrum flokkum fremur setið í ríkisstjórn. Hann sat allan viðreisnartímann, tók þátt og bar ábyrgð á landbúnaðarmálum á þeim tíma er útflutningsbætur voru teknar upp. Ég vil minna á að Alþfl. sat í ríkisstjórn allt síðasta kjörtímabil þegar málefni landbúnaðarins voru strand í fyrri ríkisstjórn. Engin lausn var fyrirsjáanleg þar sem Alþýðuflokkurinn vildi ekki bjóða bændum sömu kjör eða aðlögunartíma og stéttarbræður þeirra um víða veröld fengu með GATT-samningunum. Hann vildi hér allt aðra niðurstöðu.

Ég er því ekkert hissa á því sem hér var borið á hv. þm. Egil Jónsson, að hann lægi hundflatur undir framsóknarmönnum í þessari ríkisstjórn, og þessi hv. þm. sýndi þann myndarskap að svara ekki svona bulli heldur gerir sér auðvitað grein fyrir því að hann er ekki hundflatur undir Framsókn heldur hefur hann séð það gerast á þessu kjörtímabili og nást fram sem strand var á því fyrra vegna þess að Alþfl., í undarlegri herferð gegn íslenskum landbúnaði, stöðvaði þá mörg mikilvæg mál sem nú eru að fá framgang.

Ég minntist á GATT-málið. Það náðist fram og það tókst að gefa íslenskum bændum sömu starfsskilyrði og stéttarbræður þeirra um víða veröld hafa fengið til að aðlaga sig breyttum tímum. Ég nefni sauðfjársamninginn sem var tekinn upp og lagfærður og allir viðurkenna að þar er batnandi staða. Enda sjáum við nú, í Morgunblaðinu í dag, að um leið og greint er frá því að menn séu að ná árangri í fjárfestingu í hugbúnaði, er sagt frá því að íslenskar afurðir eru að ná þeim árangri í nálægum löndum að t.d. SS hefur ekki undan að selja lambakjöt í Danmörku á hærra verði en gerist hér.

Slík er eftirspurnin. Svo er líka sagt frá því í Morgunblaðinu að hér sé kominn aðili sem bjóði bændum 10% hærra verð ef þeir vilji taka þátt í útflutningi á erlendan markað.

Ég get minnst á mjólkursamninginn sem er nýgerður nú og mun skipta sköpum fyrir bændur. Ég nefni Lánasjóð landbúnaðarins sem nú er kominn í höfn með nýjar reglur og mun taka þátt í þróun landbúnaðarins þannig að allt er þetta sem betur fer á réttri leið þó ég sé ekki að halda því fram að við séum komnir á neinn lokapunkt.

Við verðum þó að minnast þess að á þeim tímum þegar heimsbyggðin, og ekki síst unga fólkið, gerir kröfur um að fá lífræna og vistvæna vöru, er kannski staðan sú að íslenskur landbúnaður stendur fremstur meðal jafningja. Hann hefur meiri tækifæri þrátt fyrir hnattstöðu landsins en landbúnaður í mörgum öðrum löndum sem hefur siglt leið mengunar, offramleiðslu, stórbúa o.s.frv. þannig að þar blasir við ný staða. Og ekki er því að leyna að mesta spillingaraflið sem kannski er við að eiga er draumaland kratanna, Evrópusambandið, sem enn ver yfir 50% af tekjum sínum til þess að niðurgreiða landbúnað í Evrópu og halda uppi útflutningsbótum sem Íslendingar hafa lagt af fyrir sex eða sjö árum.

Ég vil lýsa því hér yfir að mér líkar vel að vinna með hv. þm. Ágústi Einarssyni í landbn. Hann hefur á margan hátt ágætar skoðanir og vinnur af samviskusemi. Þetta vil ég láta koma hér fram. Ég undra mig samt sem áður á þeirri breytingu sem oft verður á hv. þm. þegar hann stendur í ræðustól Alþingis. Þá er eins og komi í hann ókunnur andi frá öðru landi. Þá er eins og hann tali tungum og öðruvísi en hann gerir í nefndinni. Svo er það eitthvert sérstakt skammaryrði sem hv. þm. notar sem er framsóknarhyggja. (Gripið fram í.) Kannski er þetta kratabókin. En ég er viss um að hv. þm. mun vinna heilt með okkur að þessu frv. þegar í nefndina kemur og þar treysti ég honum ágætlega.

Ég vil svo segja um þetta mál að ég fagna því sem hæstv. landbrh. lýsti yfir, þ.e. að hann sagði hér frá samkomulagi sem landbrh. og fjmrh. hafa gert með sér um uppgjör á jarðræktarstyrkjum til bænda sem hafa því miður staðið föst í mörg ár og þar eru heilmiklar skuldir. Ég segi um það: Betri er hálfur skaði en allur, og fögnuður að þetta mál skuli í höfn um leið og menn ætla að setja viðbótarpeninga inn í nýja framtíð eins og hér var einnig greint frá.

Menn hafa eytt töluverðum tíma í að ræða friðun votlendis. Ég tek undir með mönnum að ef við stæðum í dag frammi fyrir ýmsu sem gert hefur verið í þessu landi mundum við gera það öðruvísi. Ég veit að bændur skynja þetta einnig og þar höfum við farið offari. Sannleikurinn er sá að við hljótum að styðja endurheimt votlendis og fuglalífsins, enda er fuglalífið ný auðlind sem Íslendingar eiga til að gera út á. Ég þekki dæmi um það í mínu kjördæmi. Ég get hins vegar tekið undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það er auðvitað landbúnaðinum mikilvægt að skilgreint sé hvað séu framlög til landbúnaðar og hvað eru framlög til endurheimtar landgæða. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt. Og hvað fuglalífið varðar, af því að það hefur tekið svo stóran tíma í þessari umræðu, þá þurfum við mjög að hugsa um það sem hér hefur komið fram, að halda minknum í skefjum. Hann fer enn offari í íslenskri náttúru. Við þurfum líka að hugsa um mávana sem ganga mjög að mófuglinum og ég vil beina því til hæstv. umhvrh. að huga einnig að því. Maður sér það þegar tún eru slegin í uppsveitum Árnessýslu að þá eru þau um leið þakin mávi sem þar er að leita að æti og gengur hart að mófuglinum þannig að við þurfum að hugsa um fuglafriðun á nýjan hátt. Ég er því ekkert sár yfir því þó að mokað sé ofan í einhverja skurði.

Ég vil að lokum segja, um leið og ég sé að landbúnaðurinn er að styrkja sig innan lands, að staða bænda fer sem betur fer batnandi, við sjáum nýja möguleika og að þjóðin er tiltölulega sátt við sinn landbúnað og fleiri og fleiri Íslendingar, ungir og aldnir, skilja að landbúnaðurinn er undirstöðuatvinnuvegur, ekki síst í því að ná sókn í nýrri atvinnugrein sem hér er farin að skila yfir 20 milljörðum í þjóðarbúið, ferðaþjónustunni, að ef við leggjum landið í eyði höfum við ekki þessa möguleika til þess að nýta náttúru Íslands og selja hana ferðamönnum. Þar er því landbúnaðurinn nýr og mikilvægur hlekkur og víða verið að gera góða hluti. Auðvitað er staðan sú, og það eru mín síðustu orð, að um leið og mörg mál þjóðarinnar eru sem betur fer á réttri leið, greinum við það að sóknin er einnig að hefjast í sveitunum. Við gerum nýjar og mikilvægar kröfur til bænda okkar og skynjum að þeir standast það besta sem boðið er upp á í veröldinni. Þeirri sókn eigum við að fylgja eftir og það væri fögnuður ef allir stjórnmálaflokkar, einnig Alþfl., gætu tekið þátt í þeirri sókn með málefnalegri umræðu.

[16:09]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin sókn í því sem hv. þm. ræddi. Það er einungis stöðnun. Það eina sem hann getur talið upp er til verndar því kerfi sem við búum við. Hann ræddi um að Alþfl. hefði verið í ríkisstjórn og nefndi viðreisnarárin. Það vita allir sem vilja vita að Alþfl. hefur ekki í samsteypustjórnum náð fram sinni landbúnaðarstefnu. Hann hefur alltaf orðið að gefa eftir vegna þess að í þessu máli eru tveir stærstu flokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., einhuga. Það er enginn munur á þessum tveimur flokkum í landbúnaðarmálum. Það er enginn grundvallarmunur í landbúnaðarstefnu hv. þm. Egils Jónssonar og hv. þm. Guðna Ágústssonar.

Leiðandi menn í Sjálfstfl., Sigurjón Benediktsson á Húsavík og Hannes Hólmsteinn Gissurarson hafa meira að segja rætt um að að sameina ætti þessa tvo flokka og það væri e.t.v. næsta verkefni hjá þessum flokkum að gera það. Það færi vel á því.

Það sem hv. þm. gerir hins vegar er að hann hafnar því að tekið sé upp kerfi sem bætir kjör fólksins í landinu, hvort sem það eru bændur eða neytendur. Það gerir hann. Hann hafnar því. Hann hafnar framförum. Það er meginniðurstaðan sem kemur fram í þessum málflutningi. Talandi síðan um sókn! Þetta er fráleitur málflutningur. Síðan ræðir hann um draumaland okkar kratanna sem átti að vera Evrópusambandið og gagnrýnir efnahagsstefnuna. Sé hún vitlaus í Evrópusambandinu þá er hún tvöfalt vitlausari hér vegna þess að stuðningur okkar við landbúnaðinn er tvöfaldur á við þann stuðning sem er í Evrópusambandinu. Það er þessi sannleikur sem ég er að draga hér fram og hvetja til þess að stefnan verði endurmetin og að reynt sé að gera hér skynsamlega hluti. Þjóðin er sátt við landbúnaðinn. Þjóðin er sátt við bændur, en þjóðin er ósátt við það að þurfa að borga herkostnað af þessari gjaldþrotastefnu framsóknarhyggjunnar.

[16:11]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta fór eins og ég minntist á, að fyrri kafli ræðu hv. þm. var nokkuð góður en síðan kom þessi andi frá ókunnu landi með hávaða, yfirgang og rökleysur. Ég hef aldrei hafnað kerfi framfara. Ég held að það sé mjög mikil-

vægt að landbúnaðurinn njóti frelsis og frelsið er bændum mikilvægt. Ég er þeirrar skoðunar að meira að segja GATT-stefnan muni eiga eftir að gefa Íslendingum mikið um leið og niðurgreiðslur og spilling Evrópusambandsins lúta í lægra haldi, þeir leggja niður útflutningsbætur sínar o.s.frv. og um leið og ég sé að gæðin muni ráða því hvaða vara verður á diski neytandans. Þannig að hagsmunir bænda og hagsmunir neytenda fara saman í mínum huga. Þess vegna þurfum við og erum að bæta þetta kerfi, hv. þm.

Ég skynja aldrei hver er stefna Alþfl. í landbúnaðarmálum því að hún kemur yfirleitt aldrei fram. Það er rógburður og æsingur þegar kemur að þessum kafla málflutningsins hjá flestum hv. þm. fyrir utan einn sem situr nú hljóður og les hér bók. En ég vona að um leið og Alþfl. hverfur inn í hina stóru sameiningu sem þeir tala um, þá deyi kannski þessi rödd út því að þeir þurfa eins og flórgoðinn að lifa í fleiri kjördæmum en fimm.

[16:13]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við alþýðuflokksmenn höfum svo sem engar áhyggjur af því hvort við lifum eða deyjum í einhverjum einstökum kjördæmum. Um það verða kjósendur að dæma. Við leggjum hins vegar fram okkar stefnu og stöndum við hana og þegar við vitum að stefna okkar er rétt, þá skömmumst við okkar ekki fyrir hana. Þegar hv. þm. talar um að hér sé um æsing og rógburð að ræða, þá er það fyrir neðan virðingu þingmannsins. Hann gat hlutað á mig áðan þegar ég ræddi landbúnaðarmálin og sagði að eitt það versta sem hefði komið fyrir íslenskan landbúnað væri að hann fékk ekki sambærileg skilyrði og aðrir atvinnuvegir hérlendis hvort sem það er sjávarútvegur, verslun, iðnaður eða þjónusta. Hann fékk það ekki vegna forsjárhyggju Framsfl. og Sjálfstfl. sem ég geri ekki greinarmun á í þessu efni.

GATT, sem hann nefndi í ræðunni, þýddi nær engar breytingar hér á landi. GATT var tækifæri til uppstokkunar sem hefði þýtt bætt kjör bænda og betri kjör neytenda. Þessi tækifæri voru ekki nýtt. Það eina sem þessi hv. þm. stendur vörð um er ónýtt kerfi. Ég átta mig ekki á því hvort þetta er milliliða- eða hagsmunagæsla. En það er algjörlega ljóst að hann er ekki að tala hér fyrir hagsmunum neytenda og ekki hagsmunum bænda. Þegar hagsmunum bænda er þannig komið eftir hagsmunagæslu Framsfl. að þeir eru tekjulægsti hópur á Íslandi og neytendur hér eru að borga hæsta matarverð í Evrópu, þá er eitthvað að. Þá eru þessir flokkar að gæta einhverra annarra hagsmuna. Alþfl. hefur býsna lengi lagt fram farsæla stefnu í landbúnaðarmálum en þar hafa varðhundar kerfisins, og þar með talinn hv. þm. Guðni Ágústsson, verið mjög vel á verði og ekki er enn þá komin glufa í þann varnarmúr. En kannski það verði í næstu kosningum.

[16:15]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég rakti áðan þá framfarabraut sem íslenskur landbúnaður er á og ég tel að íslenskir neytendur eigi samleið með íslenskum landbúnaði. Ég sagði frá því að við náðum GATT-málinu fram og buðum íslenskum bændum sömu aðstæður og keppinautum þeirra. Við endurbættum sauðfjársamninginn. Nú er nýgerður mjólkursamningur. Við erum búin að endurskipuleggja lánasjóðinn og hér er nýtt mál að koma fram. Það er verið að gefa bændum þau tækifæri sem þeir hafa beðið eftir. Ég er sannfærður um að sú mikla málefnavinna sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa staðið að á þessu tímabili og viðurkennt um leið að var mikilvæg fyrir íslenskan landbúnað er að skila sér og mun skila sér á næstu árum, bæði í betri afurðum, sterkari bændum og kannski í þeim möguleika, sem ég minntist á, að nú eiga menn orðið möguleika á að flytja út íslenskar úrvalsvörur. Ég læt mér fátt um finnast þó að Alþfl. hafi sinn hátt á þótt ég finni þar fyrir hjá einstaka manni eins og hv. þm. oft og tíðum góðum vilja þá átta ég mig ekki á hver sá vilji er. Mér finnst hann vera enn gamla kratagrýlan að reyna að búa til vont fólk úr framsóknarmönnum, reyna að gera vont fólk úr íslenskum bændum sem standi gegn hagsmunum neytenda. Þetta er ómerkilegasti áróður sem fram hefur farið í íslenskum stjórnmálum í þrjá áratugi og því miður ætlar hann að endast krötunum fram á næstu öld. Ég harma þá niðurstöðu.

[16:17]

**Steingrímur J. Sigfússon**:

Herra forseti. Í umræðunum um frv. til nýrra búnaðarlaga ætla ég aðallega að ræða eitt tiltekið efnisatriði frv. Ég ætla með öðrum orðum ekki að fara út í miklar umræður um stöðu flórgoðans eða framkvæmd GATT-samningsins og þaðan af síður ætla ég að hætta mér út í samanburð á því hvort kunni að vera í meiri útrýmingarhættu í landinu flórgoðinn eða Alþfl. en allt hefur þetta borið á góma hér eins og kunnugt er.

Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að sameina þau lög sem hér eru undir í einn búnaðarlagabálk eins og lagt er til með því að sameina ákvæði búfjárræktarlaga, jarðræktarlaga og hvort það eru einhver ein lög enn sem þarna hverfa undir, lög um búfjárrækt, í eina búnaðarlöggjöf. Það held ég að sé í sjálfu sér ágæt tiltekt í lagasafninu og einfaldi ýmislegt í leiðinni eins og mér sýnist vera gert án þess að ég hafi borið þetta nákvæmlega saman við gildandi lög, svo ég geri nú þá játningu hér, enda kemur það í hlut góðra manna í landbn. að fara nákvæmar yfir þetta.

Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að ræða er ákvæði til bráðabirgða í frv. og það mál sem það varðar, þ.e. uppgjör, ef uppgjör skyldi kalla, á þeim skuldahala sem tók því miður að myndast á nýjan leik frá árinu 1992 vegna jarðræktarstyrkja eða styrkja til ýmissa framkvæmda á bújörðum. Ég hef áður gagnrýnt það á þingi, bæði á síðasta kjörtímabili og þessu, hvernig þarna hefur til tekist. Svo ég rifji aðeins upp forsöguna, herra forseti, þá var það þannig við þau tímamót að stjórnarskipti urðu á árinu 1988 og kom upp úr kafinu þegar farið var að fara yfir stöðu þessara mála að gríðarlegur skuldahali hafði myndast vegna vangoldinna jarðræktarframlaga sem bændur áttu tvímælalausan og sjálfkrafa rétt á út á þær framkvæmdir sem þeir höfðu ráðist í. Þá var fyrirkomulagið þannig, og menn geta sagt að það hafi verið barn síns tíma eins og margt annað, að bændur þurftu ekki að sækja fyrir fram um slíkan stuðning heldur var hann sjálfvirkt veittur ef framkvæmdirnar höfðu staðist úttekt að þeim loknum. Hins vegar hafði ríkisvaldið ekki veitt nægjanlegt fé til að gera upp við bændur vegna framkvæmdanna og skuldahali hafði myndast sem var yfir hálfur milljarður kr. á þágildandi verðlagi þegar gerð var úttekt á stöðunni á árinu 1988, í árslok það ár eða á árinu 1989. Svo geta menn leikið sér við að slá á þá tölu eins og hún stæði í dag.

Þetta var ekki skemmtileg aðkoma, herra forseti, og það kostaði gríðarlegt átak að ná fram þeirri pólitísku niðurstöðu að gera hvort tveggja í senn, breyta lagaákvæðunum þannig að styrkveitingarnar væru ekki lengur sjálfvirkar og

fá fjárveitingar eða samning um uppgjör á þessum gríðarlega skuldahala sem mundi sjálfsagt nálgast það að vera einn milljarður kr. á núgildandi verðlagi. Ég minnist þess alveg sérstaklega, af því að hv. þm. Egill Jónsson kom í ræðustól einu sinni sem oftar til að ræða um þessi mál, að þá stóð ekki á gagnrýni hjá hv. þm. yfir því hversu linlega væri að málum staðið. Þá hafði hv. þm. verið stuðningsmaður ríkisstjórna sem höfðu safnað upp skuldahalanum. Það er svo furðulegt með hv. þm. Egil Jónsson, sem leggur gjarnan leið sína hingað til að gagnrýna frammistöðu manna, að hann situr uppi með það í sögulegu samhengi séð að hafa stutt allar þær ríkisstjórnir sem hafa látið þessa skuldahala myndast en ekki stutt þá einu ríkisstjórn sem tók til í kerfinu en það var ríkisstjórnin sem sat að völdum á árunum 1988–1991. Það var gert með því að stemma stigu við sjálfvirkum útgjöldum að þessu leyti og það tókst að minnsta kosti að verulegu leyti eins og sjá má á því hversu gríðarlega dró úr skuldbindingum ríkisins í kjölfar lagabreytinga á árinu 1989 eða 1990.

Menn höfðu þá trú að búið væri að koma skikk á þessi mál og eftir að lagabreytingin var gerð og uppgjörinu við bændur lauk með skuldabréfum á árunum 1991–1992 væri búið að taka til í kerfinu og eftir það yrði þessum málum haldið í skilum en svo hefur því miður ekki reynst. Nákvæmlega sama sagan hefur endurtekið sig. Að vísu bera menn við einhverri réttaróvissu um það hvort ríkið sé örugglega skuldbundið til að greiða styrki út á framkvæmdir sem sótt hefur verið um eða ekki. Það er í sjálfu sér ekki mergurinn málsins í mínum huga heldur hitt að þarna hefur myndast skuldahali sem margt bendir til að bændur gætu sótt á grundvelli laga fyrir dómi ef ekki vildi betur til. Í öllu falli er alveg ljóst að lögin gera ráð fyrir því að framkvæmdirnar séu styrkhæfar í takt við það að Alþingi leggi fé til þess að greiða styrkinn. Það er í öllu falli alveg ljóst.

Þá er ég kominn að því sem er niðurstaðan í frv. að lögð er til sú skipan mála að bændum verði gerðir þeir kostir, ef ég get lesið þetta rétt, að þiggja um helming af því sem þeir telja sig eiga inni í stuðning gegn því að afsala sér kröfu á frekari styrkjum. Með öðrum orðum, verið er að bjóða bændum þá kosti, og einhverjir hefðu sagt afarkosti, að þiggja helminginn, svo maður sletti á enskri tungu „take it or leave it" bændur góðir. Fáið þið helminginn og fallið þið frá kröfu um hitt, eða þá hvað? Eða ekki neitt? Eru það ekki kjörin sem er verið að bjóða?

Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta leiðinlegur endir á málinu. Staðreyndin er sú að upphæðirnar sem eru á ferðinni eru þrátt fyrir allt ekki hærri en það, og svo miklu lægri en sá vandi sem var tekist á við á árunum 1989–1991, að það hefði ekki átt að vera ofverk ríkisvaldsins í miðju góðærinu að klára þetta mál gagnvart bændum með því að gera þetta upp, þessar kannski 300 milljónir sem eru komnar.

Nú hefur verið ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að veita í verkefnið 150 millj. kr. og dreifa þeim ósköpum á þrjú ár, ekki ræður nú ríkissjóður við þetta nema fá að borga þetta á þremur árum, þessi gríðarinnar ósköp, 150 milljónir, upp í uppsöfnuð ógreidd framlög sem samkvæmt töflu á bls. 18 eru upp á 272 milljónir og síðan hefur hæstv. landbrh. góðfúslega bent mér á að þar muni eitthvað hafa bæst við og kannski hefur það komið fram í framsögu, að upphæðin sé trúlega um eða yfir 300 millj. kr.

Ég skora á hv. landbn. að fara rækilega yfir málið og það má hv. þm. Ágúst Einarsson bændavinur heyra líka, að hæstv. landbn. manni sig þá upp í það að fara rækilega yfir málið, fara ofan í saumana á því, fara yfir lögfræðilegu hliðina á því og skoða það hvort að nauðungartilboð af þessu tagi séu sæmandi, að bændur taki annaðhvort uppgjöri að hálfu og falli frá kröfu um afganginn eða fái ekki neitt. Og þá á þingið að taka þetta mál í sínar hendur og breyta þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið og sjá þá til þess að á fjárlögum eða fjáraukalögum verði fjármunir til að gera þetta mál sómasamlega upp við bændur þannig að þessari leiðindasögu ljúki. Ég trúi því ekki að menn þurfi að láta einhverjar 150 millj. kr. standa þannig í sér í þessum efnum að ekki sé hægt að ljúka þessu á forsvaranlegan hátt.

Hitt er svo allt annað mál að taka pólitískar ákvarðanir og lögfesta þær afdráttarlaust um framhaldið. Ég er og hef lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi að taka fyrir einhvers konar sjálfvirkni og hvers konar sjálfvirkni í þessum efnum og það eigi að vera háð stefnumótun og pólitískum ákvörðunum á hverjum tíma hvort og þá hvernig menn styðja einhverja einstaka framkvæmdaflokka. Fyrir því geta verið rök en þá þurfa menn að vanda öll vinnubrögð í því sambandi eins og m.a. utandagskrárumræða um annað skylt atriði fyrr í dag minnti menn á að væri nauðsynlegt að gera.

Ég trúi því að ekki muni skorta atbeina hv. þm. Egils Jónssonar til þess að gera betur og myndarlegar en honum fannst lagt til í frv. Honum er málið skylt sem hefur stutt allar þær ríkisstjórnir sem hafa látið skuldahalann myndast, bæði á síðasta áratug og aftur á þessum áratug en það er í tíð tveggja ríkisstjórna Sjálfstfl. og meira að segja að mestu leyti í tíð landbrh. Sjálfstfl., hæstv. ráðherra Halldórs Blöndals sem halinn myndaðist. Það var hlutskipti hæstv. núv. landbrh., eins og sumra forvera hans, að fá í arf heldur lélegt bú að þessu leyti. Það nýtur vonandi stuðnings góðra manna að taka á þessu atriði málsins, sem er í raun og veru fylgifiskur, er ekki aðalatriði frv., sem felur í sér að öðru leyti sameiningu búfjárræktarlaga og jarðræktarlaga í einn búnaðarlagabálk.

Hér hefur ýmislegt spekingslegt verið sagt um stöðu íslensks landbúnaðar, bæði í fortíð, nútíð og framtíð og horfur og allt það, og hefði svo sem verið gaman að blanda sér lítillega í þá umræðu. Þeir sem hafa áhuga á sagnfræði og vilja standa í skylmingum og ræða ábyrgð einstakra flokka, þar með talið Alþfl. á viðreisnarstjórnarárunum, mega mín vegna skemmta sér við það. Fyrir mér er það að mestu leyti að verða sagnfræði og hitt skiptir meira máli, staðan sem við stöndum frammi fyrir í dag og framtíðarhorfurnar. Íslenskur landbúnaður hefur gengið í gegnum gríðarlega erfiðleika, satt best að segja er aðdáunarvert hversu mikil seigla hefur reynst í greininni, ef svo má að orði komast, og þeim sem við hana starfa gagnvart þeim miklu erfiðleikum sem greinin er búin að ganga í gegnum, t.d. því gríðarlega tekjutapi sem fólk í sveitum hefur orðið að taka á sig á þessum þrengingartímum. Það að ekki skuli hafa orðið í miklu meira hrun í landbúnaðinum og búsetunni í sveitunum en raun ber vitni er aðdáunarvert í sjálfu sér. Við bindum vonir við það og það geri ég meðal annarra að landbúnaðurinn sé að verða kominn í gegnum það versta. Sem betur fer eru loksins á síðustu einu til þremur árum vissar vísbendingar um að svo sé. Ég tel ekki nokkurn vafa leika á því að t.d. eru heldur betri horfur í kjötframleiðslugreinunum og þá ekki síst í sauðfjárræktinni og var mál til komið eftir það langa samdráttar- og erfiðleikaskeið sem sú grein hefur gengið í gegnum.

Það hefur heldur verið þyngra fyrir fæti í mjólkurframleiðslunni síðustu missirin. Þó er nýbúið að gera samning

sem treystir verulega starfsgrundvöll greinarinnar til næstu ára litið. Mín skoðun er sú að sambærilegan samning þurfi að gera sem allra fyrst í sauðfjárræktinni þannig að í þeirri grein einnig viti menn að hverju þeir ganga hvað starfsumgjörðina snertir næstu árin. Ég held að ástæða sé til að minna á að engin ein grein, enginn einn fjárlagaliður í fjárlögum íslenska ríkisins undanfarin ár, hefur lagt neitt í líkingu við það af mörkum til sparnaðar og minni ríkisútgjalda en einmitt landbúnaðurinn. En á stuttu árabili í kjölfar búvörusamningsins 1991 lækkuðu bein framlög á fjárlögum til landbúnaðarins úr um 10–11 milljörðum kr. og niður undir 5 milljarða og geri aðrir betur.

Menn skulu einnig hafa í huga hina hliðina á því máli, sem eru gríðarlegir erfiðleikar og tekjufall í atvinnugreininni og þeim byggðarlögum sem mest byggja á henni. Ísland hefur fyrir vikið fært sig verulega til í litrófinu ef við lítum á þau lönd þar sem mestum fjármunum er varið til styrktar matvælaframleiðslu. Úr 1.–2. sæti sem við skipuðum nokkuð reglulega á árunum fyrir 1990 niður í líklega 5.–6. sæti um þessar mundir, þar sem lönd eins og Noregur, Japan og fleiri eru komin óumdeilanlega upp fyrir okkur, og það verulega. Vegna þess að við höfum verið að draga úr þeim stuðningi og náð miklum árangri í hagræðingu í greininni á sama tíma og minna hefur kannski gerst í þeim löndum. Og jafnvel er ekki pólitískur þrýstingur á að það sé gert vegna þess að í löndum eins og Noregi, Sviss og Japan er víðtæk pólitísk samstaða um að viðhalda t.d. smábúskap til fjalla og fleira því um líkt. Hér er þó verið að þróa landbúnaðinn á fullri ferð yfir í stærri einingar og hagkvæmari rekstur. Um það eru ekki allir sammála og því fylgir mikill sársauki. Ég er ekki í nokkrum vafa um að umtalsverð hagræðing á sér stað í greininni sem er að skila sér bæði í lægra vöruverði og fyrst og fremst þó í mun minni ríkisútgjöldum til greinarinnar, en því miður ekki enn þá í nægjanlega ríkum mæli í betri kjörum þeirra sem starfa í landbúnaðinum. Og það hlýtur að vera eitt meginmarkmiðið á komandi árum, að þróunin skili fyrst og fremst breytingum á þá hlið að kjör þeirra sem starfa í landbúnaði batni á nýjan leik. Það er úrslitaatriðið að mínu mati ef menn eiga að eygja hér einhverja framtíð fyrir greinina og einhver von á að vera til þess að eðlileg nýliðun geti orðið í landbúnaði á Íslandi, þá verða kjörin að batna á nýjan leik og meðaltekjur t.d. sauðfjárbænda að hækka.

Þetta ætla ég að láta nægja, herra forseti, af minni hálfu sem almenna hugleiðingu inn í umræðuna um stöðu landbúnaðarins. Ég endurtek það sem ég sagði fyrr og var aðaltilefni mitt í þennan ræðustól, að skora á landbn. og þingið að fara vel yfir þetta mál hvað varðar ákvæði til bráðabirgða um uppgjör á ógreiddum jarðræktarstyrkjum eða framlögum vegna skulda frá árunum 1992 til og með síðasta árs, eða a.m.k. þar síðasta, og gera þennan hlut eftir því sem hægt er úr þessu sómasamlegan og skammlausan.

[16:34]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa orðið, ekki bara um frv. sem hér liggur fyrir, heldur ekki síður almenna umræðu um landbúnaðarmál. Það er ekki svo oft sem hún á sér stað í þingsölum þó vissulega komi það þó fyrir. Það sem mér finnst mikilvægast að lesa út úr þeirri umræðu er í raun það, að allir hv. þm. sem hafa talað hafa látið í ljós þá skoðun sína að mikilvægt sé að reka öflugan landbúnað í landinu. Ég leyfi mér að skilja orð allra þingmanna þannig að í raun sé það ekki hugur neins að leggja niður landbúnað og ekki einu sinni hugur neins að hér sé einhver sýndarlandbúnaður eða landbúnaður fyrir ferðaþjónustu eða til að halda við afskekktri byggð eða slíkt, heldur sé þetta hluti af samfélagi okkar og atvinnulífi og einn af okkar mikilvægu atvinnuvegum.

Auðvitað greinir menn á um leiðir í þessu efni, og er raunar lengi búið að gera, og við því er ekkert að segja. En mér finnst dómurinn sem stundum er kveðinn upp um — hvað skal segja, forræðishyggju eða skammsýni manna eða að þeir sem réðu á árum áður eða áratugum saman hafi viðhaft alrangar og kolvitlausar stjórnunaraðferðir, mér finnst sá dómur stundum dálítið billegur og ekki alltaf í samræmi við það sem hefur verið í raun að gerast. Það er vissulega margt fleira sem hefur spilað inn í þá þróun og gert stöðuna í landbúnaði, eins og hún hefur verið um nokkurra ára bil, afar erfiða og gert þær breytingar sem menn hafa orðið að ganga í gegnum afar sársaukafullar fyrir atvinnugreinina í heild, bændastéttina, bændur og afkomu þeirra. Þar held ég að pólitískar ákvarðanir og stjórnvaldsákvarðanir hafi kannski ekki ráðið mestu, þó þær hafi sjálfsagt ráðið einhverju. Það hefur ekki síður verið þjóðfélagsbreyting, breyting í þjóðfélagsmunstri, breyting í neyslu og margt, margt fleira sem þarna spilar inn í. Þó er heldur ekki ástæða til að draga neina fjöður yfir það, og ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni í upphafi, að einmitt það sem var að gerast á sjöunda og áttunda áratugnum þegar menn voru með mikilli bjartsýni að leggja áherslu á framkvæmdir og á þeim árum hafa líklega verið umfangsmestu framkvæmdir í jarðrækt, búfjárrækt og uppbyggingu í landbúnaðinum, þá gerðu menn það í þeirri góðu trú að landbúnaðurinn ætti möguleika á umfangsmikilli framleiðslu til útflutnings. Það var kannski fyrst og fremst röksemdafærslan í þessu efni og líka að komast í þá stöðu að við gætum framleitt þær landbúnaðarafurðir sem við þyrftum á að halda en þyrftum ekki að flytja inn kjöt eða mjólkurafurðir. Þetta er sagan í þeim efnum. Síðan hafa breytingarnar gerst hratt á seinustu 10–20 árum, sem hafa valdið miklum erfiðleikum. Þar hafa menn verið að laga til hluti og reyna að koma til móts við hin ýmsu sjónarmið sem hafa verið uppi í þjóðfélaginu, eins og að draga úr miklum opinberum stuðningi í atvinnugrein sem ekki hafði lengur möguleika á útflutningi því hann var óhagkvæmur, óskynsamlegur og þurfti mikinn stuðning. Um það varð pólitísk samstaða að hætta þeim stuðningi. Það þýddi að framleiðsla í sauðfjárræktinni hefur dregist saman á örfáum árum um nær helming, úr um 12–14 þús. tonna framleiðslu af lambakjöti í 7–8 þús. tonn. Þetta er því ekki lítil breyting og hlýtur að koma einhvers staðar við. Ég tel að það sé eiginlega rangt að kenna skammsýni þar fyrst og fremst um — og ég veit ekki hvað, forræðishyggju, eða hvað við köllum það. Það má nefna það framsóknarhyggju, ef ég tek mér það orð í munn sem hv. þm. Ágúst Einarsson sérstaklega hafði uppi.

En mig langar aðeins, áður en ég held lengra með það, að fara örfáum orðum um það mál sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði einkum að umtalsefni í ræðu sinni um samninginn sem boðið er upp á samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða og finnst að sé nú ekki mikil reisn yfir og leiðinlegur endir á uppgjörsmáli sem verður að taka á. Ég vil aðeins minna á að lögin eins og þau eru núna um jarðræktarframlögin, og var þeim þó breytt nokkuð til að draga úr þeirri sjálfvirkni sem áður var, eru nokkuð flókin og gera ráð fyrir ákveðnu ferli í sambandi við það hvernig menn öðlast

rétt til þessa stuðnings og mig langar að lesa eina grein úr gildandi lögum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skilyrði þess að framkvæmd njóti framlags samkvæmt lögum þessum er að umsókn þar um ásamt framkvæmdaáætlun, sem samþykkt er af héraðsráðunaut, sé lögð inn hjá Bændasamtökum Íslands á árinu áður en verkið skal hafið. Bændasamtök Íslands áætla fjárþörf vegna jarðræktarframlaga að þeim umsóknum fengnum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar næsta árs áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt skulu Bændasamtök Íslands tilkynna bændum bréflega hvaða framkvæmdir á jörðum þeirra muni njóta framlags á árinu. Framlög skulu greidd svo fljótt sem við verður komið eftir að úttekt lýkur."

Af þessu er því miður ljóst að þetta ferli hefur ekki verið virt að undanförnu. Þetta ferli, þ.e. hvernig standa átti að fjárveitingum, umsóknum og áætlanagerð varðandi jarðræktina og þær framkvæmdir sem áttu að njóta stuðnings skv. þessari lagagrein, hefur ekki verið uppfyllt og ekki virt. Þess vegna er það í raun svo að það er álit stjórnvalda að um lagalega kröfu, endurkröfu á þessum upphæðum kunni að vera í það minnsta álitamál, sé það hreinlega ekki svo að veikur grunnur sé fyrir slíkri kröfu. Það er fyrst og fremst á þeirri forsendu og að fenginni þeirri reynslu að við stöndum frammi fyrir kröfu um uppgjör af hálfu bændastéttarinnar, að upphæð nær 300 millj. kr. ef hún hefur ekki hreinlega farið yfir það. Ég hef því miður ekki endanlegu töluna eftir nýliðið ár. En um áramótin þar áður var sú tala komin í tæpar 273 millj., eins og kemur fram í grg. með frv., en sjálfsagt hefur eitthvað bæst við. Það er því um 300 millj. kr. upphæð að ræða og ef litið er yfir þá sögu er ekki nema um sáralitlar fjárveitingar á undanförnum árum að ræða til að standa undir þeim framkvæmdum. Á árinu 1993 var hæsta upphæðin, 65 millj. kr., 1994 var hún 40 millj. Það kom reyndar inn, ef ég man rétt, í meðförum þingsins örlítill styrkur 1995 til að gera upp ákveðnar framkvæmdir aðeins í því skyni og með því skilyrði að einungis væri verið gera upp tvo flokka framkvæmda, vatnsveituframkvæmdir og áburðargeymslur eða haughús, síðan var ekkert 1996 og ekkert 1997. Það blasti í raun við að ekkert yrði 1998 nema gengið yrði til einhverra ákveðinna samninga, hugmynda eða tillögugerðar um samninga í þessu efni. Mín afstaða og niðurstaða varð sú að rétt væri að ganga fram með þessu móti til þess þó að tryggja í þetta einhverja fjárveitingu og til að koma þessum málum í nýjan farveg. Ég tel að það hafi raunar allt verið á sömu spýtunni — að fá samstöðu um frv. sem hér liggur fyrir, og að breyta nokkuð vinnubrögðum frá því sem áður hafði verið og reyna að ná einhverju ásættanlegu um að niðurstaða yrði að verða í málinu — maður má kannski vara sig á að nota orðið ásættanlegur því það fer eftir því hver talar og sínum augum lítur hver silfrið, hvað er ásættanlegt í þessu efni. Afstaða mín liggur fyrir í frv. og ég hef í raun ekki meira um það að segja. Ég veit að þetta eru kannski harðir kostir að þurfa að ganga að svona löguðu.

Hin hliðin á málinu var sú að eiga afar hæpna kröfu á hendur ríkissjóði af hálfu bændanna og þurfa að leita hennar með fyrirhöfn, ef sú afgreiðsla sem búin er að gilda í tvö undanfarin ár hefði staðið og má kannski segja í fjögur ár, ef litið er til þess hvernig fjárlagafrv. hafa verið lögð fram, að ekki hafa verið neinar fjárveitingar í þennan lið, þá hafi þetta verið ásættanleg afgreiðsla þessa máls, þótt ég þykist þess fullviss að um það kunni að vera skiptar skoðanir.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á það í lok máls síns að við höfum gert í tíð þessarar ríkisstjórnar samninga um stuðning við sauðfjárræktina og stuðning við mjólkurframleiðsluna sem eru reyndar ekki enn þá komnir inn í þingið en þeim samningum þurfa að fylgja lagabreytingar sem eiga eftir að koma hér inn til nánari umfjöllunar. En það er rétt hjá honum að fljótlega þarf að hefja að nýju viðræður um sauðfjársamning eða framhald þess gjörnings sem ekki stendur nema til ársins 2000 og tíminn er fljótur að líða í þessu efni. Það sjáum við á samningagerðinni eins og hún hefur verið að undanförnu. Þegar hafa komið fram óskir eða hugmyndir um að líta til þess því að í mínum huga er ljóst að áfram verður haldið í einhverri mynd að styðja við þessa atvinnugrein, þ.e. svipað og gert hefur verið og er enn gert í nágrannalöndunum. Það er afdráttarlaust mín skoðun að það hljóti að verða gert áfram og þess vegna er ljóst að það þarf að hefja fljótlega viðræður við Bændasamtökin um það hvernig staðið verði að slíkum samningi um sauðfjárræktina áfram þó ég ætli mér ekki á þessu stigi að gefa mér neitt fyrir fram í því hvernig að því verði staðið og hvort það komi inn nýjar áherslur og nýjar hugmyndir og verði farið með það að einhverju leyti öðruvísi en var í hinum síðasta.

Þá kem ég aftur aðeins að þessum vangaveltum um það hvernig eða hvort eigi að styðja íslenskan landbúnað. Þegar ég velti fyrir mér upplýsingum sem komu fram í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar um það hvernig þessu er háttað í mörgum löndum í kringum okkur og þeim löndum sem við erum að keppa við um ýmsa hluti þá held ég að líka sé ljóst af þeim upplýsingum sem þar komu fram og hv. þm. las upp úr tiltekinni grein, eða úttekt á þessum málum, að þó svo við séum enn í hærri kantinum hvað þennan stuðning varðar þá er ljóst að aðrar þjóðir eru að verulegu leyti að styðja við þessa atvinnugrein. Þess vegna er það, finnst mér, ekki alveg rétt hjá hv. þm. að bera það stjórnkerfi sem hér ríkir í landbúnaði og víða annars staðar, saman við sjávarútveg og iðnað. Og ekki er rétt að spyrja af hverju ekki séu svipuð lagaákvæði um stuðning við sjávarútveg eins og hér eru sett fram í 2. gr. frv. um markmið laganna og hver sé hugsunin með þessu frv. því að sjávarútvegurinn, í það minnsta hér hjá okkur, er rekinn á allt annan hátt. Hann er sú atvinnugrein sem er burðarás í okkar efnahags- og atvinnulífi. Við hins vegar getum sjálfsagt séð það sums staðar í nágrannalöndunum og ég býst við að hv. þm. sé kunnugri því en ég að sjávarútvegur í öðrum löndum, í næsta nágrenni, hefur opinberan stuðning. Það er ekki bara landbúnaðurinn þar sem er studdur á einn eða annan hátt af opinberum aðilum heldur sjávarútvegurinn einnig sem við gerum ekki hér af því að hér er sjávarútvegurinn allt annar þáttur í okkar atvinnu- og efnahagslífi en sums staðar annars staðar. Mér finnst það í það minnsta ekki alveg sanngjarn samanburður þegar hv. þm. dregur það upp sem dæmi um það hvernig við gætum rekið okkar íslenska landbúnað.

Ef það væri svo að við gætum, áður en langt líður, komist út úr svo miklum stuðningi sem landbúnaðurinn býr nú við þá væri það sjálfsagt fagnaðarefni fyrir alla. Ég sé það ekki gerast á næstunni. Ég minni þó á að við höfum verið að stíga stór skref í þá átt á undanförnum árum. Ég segi stór skref í að breyta stjórnkerfinu, breyta því sem stundum er kallað miðstýring eða forræðishyggja, þ.e. draga úr henni. Það er ekki síst gert í sambandi við verðlagsmálin í þeim samningum sem ég hef hér nefnt og ég hef staðið fyrir eða átt aðild að þannig að ég held að við séum sammála um það

alþingismenn flestir að hér þurfi að verða á breytingar og þær eru að gerast þó við séum kannski ekki alveg sammála um hversu hratt er hægt að stíga þau skref.

[16:49]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru fjölmörg atriði í umræðunni sem hæstv. ráðherra kom ekki inn á en verður fjallað um í þingnefndinni. Ég vil geta sérstaklega um 3. gr. sem fjallar um samninginn. Það hefur bæði komið fram hjá mér og hv. þm. Agli Jónssyni. Menn vilja gjarnan sjá hvað verður í þessum samningi. Ég bendi á að sennilega er þetta frv. í andstöðu við önnur lög, sérstaklega lög um fjárreiður ríkisins.

Það er ljóst að eins og gengið er frá ákvæðunum varðandi rekstrarverkefni þá brýtur það líklega í bága við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þetta verður kannað í þingnefnd. Ég er í sjálfu sér ekkert að ætlast til að hæstv. ráðherra tjái sig um það efni. Málið er núna á forræði þingsins.

Ég vil hins vegar geta þess, af því að hæstv. ráðherra fór aðeins inn á styrkveitingar eða verndun landbúnaðarins og sagði að við værum í hærri kantinum, að við erum meira en í hærri kantinum, herra forseti. Við erum með þeim allra hæstu. Stuðningur okkar við landbúnaðinn er tvöfalt meiri en stuðningur að meðaltali í OECD-ríkjum og tvöfalt meiri en stuðningur að meðaltali innan Evrópusambandsins þannig að þó svo að okkur hafi miðað rétt áfram, þá erum við samt utan vega. Þetta þarf að vera ljóst.

Þegar ég er að draga fram að hollast hefði verið fyrir íslenskan landbúnað að búa við sömu skilyrði og aðrir atvinnuvegir, þá er það einmitt sjávarútvegurinn sem er mjög gott dæmi um að okkur hefur tekist að byggja upp mjög öflugan sjávarútveg þegar nágrannalöndin hafa búið við forsjárkerfi framsóknarhyggjunnar, sem ég nota nú svona sem hugtak til að lýsa þessari aðkomu stjórnvalda að atvinnugreinum og sumir taka óstinnt upp. Menn verða að hafa það eins og þeir vilja.

Meginþátturinn í minni gagnrýni hefur verið sá að einmitt þessi forsjárhyggja og afskiptasemi stjórnvalda af atvinnugreininni, í stað þess að leyfa henni að þróast sjálfri þó viss sérstaða gildi um landbúnað, hefur valdið þessari atvinnugrein miklu tjóni og það held ég að hafi verið rökstutt ágætlega í umræðunum.

[16:52]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt vegna þess að það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að það kemur auðvitað fjölmargt fleira fram í þessari umræðu sem ástæða hefði verið til að fjalla aðeins nánar um. En það fór svo að ég féll á tíma að þessu sinni eins og stundum vill nú verða. Ég fékk á mig rauða ljósið. Ég hafði einmitt nóterað hjá mér athugasemdir hv. þm. um fjárreiðulögin að og samræmis þyrfti að gæta þar á milli og að sjálfsögu er ég honum algerlega sammála um það og hv. þm. öðrum sem hafa komið inn á þennan þátt. Að þessu þarf að huga. Það gerir nefndin væntanlega og eins og ég hef áður sagt í sambandi við nefndarstörf í hv. Alþingi, þá finnst mér sjálfsagt og eðlilegt og nauðsynlegt að nefndir fari vel yfir málin. Ég vil þá líka bjóða það fram að ráðuneytið og embættismenn þess sem hafa komið að málatilbúnaðinum eða undirbúningnum vinni með nefndinni eða nefndin leiti til þeirra um upplýsingar og athugasemdir þannig við getum átt sem best samstarf um það hvernig úrvinnsla þessa frv. eins og annarra fer fram og fer í gegnum þing.

Það var eitthvert annað atriði í andsvari hv. þm. sem ég ætlaði líka að nefna, en það hefur hrokkið úr huga mér enda tíminn liðinn svo ég læt það duga sem hér hafði áður komið fram af athugasemdum. En því er til skila haldið hér í umræðunni sem ekki hefur verið gerð grein fyrir. Hafi það verið einhverjar spurningar sem til mín var beint og ég hef ekki náð að svara, þá mun nefndin auðvitað taka það til frekari skoðunar.

[16:54]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hæstv. ráðherra vildi drepa á var e.t.v. þessi víðtæka heimild sem er í 3. gr. frv. til samninga sem þarf að skoða mjög vandlega og ég gat um að hv. þm. Egill Jónsson hefði gert athugasemdir við en ég vil gjarnan sjá betur á spilin þar ásamt honum.

Ég vil einnig nefna það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi um hið gamla uppgjörsmál sem hæstv. ráðherra nefndi, að vitaskuld verður nefndin að fara vandlega yfir það. Ég veit að hæstv. forseti sem af tilviljun er einnig formaður landbn. mun gæta þess vandlega að menn vinni vinnuna í nefndinni það vel að þessi lagasetning skarist ekki við önnur lög og ég mun reyna að aðstoða til við þá vinnu eins og ég get. Ég hef bent á álitaefni varðandi 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins og ég efast ekkert um að ef þetta nær fram að ganga, þó ég sé ósáttur við meginatriðið í stefnu málsins, þá geri ég mér satt að segja ekki vonir um að ég nái því að breyta hinni gamalkunnu stefnu Sjálfstfl. og Framsfl. í einu vetfangi hvað viðvíkur landbúnaðarmálum á grundvelli þessa frv. og þeirrar umræðu sem hefur farið fram í dag. Betur væri ef svo væri. En þó það nái kannski ekki að öllu leyti fram að ganga verðum við samt að vinna af ábyrgð í þessu máli.

[16:55]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var einmitt um þá samninga sem frv. gerir ráð fyrir að eigi sér stað milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna. Það er e.t.v. ekki auðvelt að gefa sér alveg fyrir fram hvernig þeir muni hljóða fyrr en við sjáum hvort og þá hvernig málsmeðferð frv. fær í þinginu. Í greinargerðinni hafa verið settar fram hugmyndir um hvað komi til greina að semja um í þessu breytta umhverfi miðað við það sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Í öðru lagi liggur fyrir, samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum ársins í ár, hvaða fjárveitingu við höfum úr að spila. Tæpar 40 millj. kr. sem gætu runnið til þessara verkefna þannig að þetta er a.m.k. sú umgjörð sem nefndin hefur fyrir sér í starfi sínu. En eftir því sem það þróast er auðvitað hægt með viðræðum við ráðuneyti og Bændasamtökin að komast nær því að gera það upp við sig.

Það allra seinasta sem mig langar að nefna er varðandi það sem hv. þm. fjallaði um í fyrstu ræðu sinni, að hér sé verið að framfylgja stefnu sem hefur ekki skilað neinu og að þetta frv. væri angi af henni. Ég held að hvað sem okkur kann að finnast um stuðning við framleiðsluna beint með samningum um sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu þá sé einmitt með þessu frv. verið að taka á málum sem er afar brýnt, nauðsynlegt og eðlilegt að hið opinbera styðji, sé á annað borð eðlilegt að stjórnvöld komi eitthvað að stuðningi við atvinnugreinina. Það eru leiðbeiningar, það eru rannsóknir og það eru þróunarverkefni og þau eiga sér ekki síst stað í

sambandi við búfjárræktarþátt þessa frv. eða lagasetningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðlögun að lífrænum landbúnaði, fyrri umr.*

Þáltill. ÞBack o.fl., 195. mál. — Þskj. 199.

[16:58]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég hef tekið að mér að fylgja úr hlaði till. til þál. sem nokkrir hv. þm. eru flutningsmenn að og eins og hæstv. forseti gat um er 1. flm. varamaður minn á þingi, Þuríður Backman. Hún flytur málið ásamt hv. þm. Agli Jónssyni, Gísla S. Einarssyni, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Eins og sjá má er því breiður stuðningur að baki þessarar tillögu sem nú kemur fyrir þingið öðru sinni. Hún var flutt á síðasta þingi og vísað til landbn. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu."

Þetta er tillögutextinn og rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í greinargerð og raunar einnig í fylgiskjali sem er grein úr Bændablaðinu frá því fyrir tveimur árum, rituð af dr. Ólafi Dýrmundssyni.

Lífrænn landbúnaður er grein sem er í örri þróun hér á landi en þó enn frekar í ýmsum öðrum löndum. Mönnum er að verða ljóst að finna megi verulega möguleika til nýbreytni í landbúnaðarframleiðslu. Markaður fyrir vörur sem ræktaðar eru undir merkjum lífræns landbúnaðar og uppfylla tiltekin skilyrði fer stækkandi. Því er nauðsynlegt að hlúa að þessari atvinnuþróun. Í sveitum landsins veitir ekki af að skjóta fótum undir það sem breikkað getur grundvöllinn og styrkt stöðuna.

Á fundinum var áður rætt um stórt mál sem tengist landbúnaðinum. Fleiri mál eiga að fylgja á eftir sem m.a. snerta lífræna landbúnaðarframleiðslu sem hv. þm. Gísli S. Einarsson, sem einnig stendur að þessu máli með fleirum, er 1. flm. að. Þessi tillaga og fleiri skyldar hafa verið til skoðunar í landbn. þingsins og fengið mjög jákvæðar umsagnir að því mér er tjáð. Væntanlega fer hv. landbn. yfir málin undir styrkri forustu formanns nefndarinnar til að þoka málinu fram og tryggja afgreiðslu þess eins í ljósi þess að hér er um mjög gott mál að ræða og undirtektir við það hjá þeim sem best ættu að þekkja til hafa verið jákvæðar.

Í greinargerðinni er vikið að mörgum atriðum sem snerta málið. Þar er komið inn á stöðu lífrænnar framleiðslu og þróunar í nágrannalöndum, á Norðurlöndum og víðar, og bent á að verið er að hverfa frá framleiðslutengdum stuðningi við landbúnað yfir í umhverfistengdan. Aðlögunarstyrkur við lífrænan búskap er veigamikill liður í þeirri þróun. Bóndi sem fer út í lífræna ræktun þarf að kosta töluverðu til endurræktunar og breytinga á aðstæðum á jörðum. Hann þarf að aðlaga vélakost og standa straum af eftirlits- og vottunarkostnaði og þannig þarf að kosta miklu til ef horfið er frá hefðbundnum búskap og aðstaðan notuð til þess að treysta lífrænan landbúnað.

Búnaðarþing hefur látið sig þetta mál skipta og ályktaði um það 1996. Í framhaldi af því var unnin skýrsla sem kom út í nóvember 1996 undir heitinu Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap, og segja má að það mál sem hér er flutt eigi rætur í þessum ályktunum og umfjöllun um þessi mál. Fyrsti flm. hefur sýnt þessum málum verulegan áhuga, t.d í heimahéraði. Þar hafa verið haldnar ráðstefnur um lífrænan landbúnað og vonir við hann tengdar á Austurlandi eins og víðar. Raunar er þegar fengin nokkur reynsla af lífrænum landbúnaði. Á Héraði koma mér í hug bændur í Vallanesi sem hafa um árabil þróað lífræna framleiðslu og staðið mjög myndarlega að verki í þeim efnum. Þeir hafa safnað reynslu sem getur orðið notadrjúg fyrir frekari þróun á því svæði og víðar. Alþekkt er það sem unnið hefur verið á Suðurlandi svo annað dæmi sé tekið, ekki síst í Mýrdal en einnig víðar þar sem menn hafa fengist við lífrænan landbúnað í allmörg ár.

Hér er, virðulegur forseti, gert ráð fyrir að undirbúa viðeigandi breytingar á löggjöf til þess að unnt sé að styðja bændur til að laga búskap sinn að viðurkenndum lífrænum búskaparháttum. Vísað er til ýmissa lagabálka sem þarf að athuga í því sambandi. Það er nefnt að í aðlögun að lífrænum búskap gæti einnig falist stuðningur við landgræðslu og skógrækt og þá sérstaklega ræktun skjólbelta sem telja má nauðsynlega forsendu lífrænnar ræktunar víða um land.

Virðulegur forseti. Ég legg til að mál þetta gangi til landbn. sem hefur áður fjallað um málið og vænti þess að það fái mikla athygli í hv. nefnd og helst jákvæða afgreiðslu á þessu þingi þar sem athugun á málinu hefur þegar farið fram á næstliðnu þingi. Ég vænti því þess að það hljóti afgreiðslu nú á þinginu.

[17:06]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg um þessa till. til þál. þar sem hreyft er máli sem ég tel að geti skipt miklu fyrir íslenskan landbúnað og að hann aðlagi sig að búskaparháttum sem gætu fallið undir lífræna ræktun. Ég held þó að það verði seint svo að við getum haft allan okkar landbúnað undir þessum merkjum þó kannski sé hann, a.m.k. verulegur hluti hans, ekki langt frá því að geta kallast vistvænn eða vistrænn. Til þess að fá lífræna vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þarf meira til og landshagir okkar og náttúra takmarka auðvitað nokkuð í þessu efni. Þó er sjálfsagt og nauðsynlegt að skoða þennan möguleika vel og vandlega og ef það getur orðið til þess að fjölga tækifærum og skapa ný tækifæri til sóknar í íslenskum landbúnaði, þá ber að gera svo.

Nú þegar hafa menn kynnst lífrænni ræktun nokkuð t.d. á vegum átaksverkefnisins sem gengur undir heitinu Áform. Í það hefur verið varið allnokkrum fjármunum á undanförnum árum til að vinna að nokkrum verkefnum þessu tengdum. Búnaðarþing hefur einnig fjallað um þessi mál og Bændasamtökin vilja fylgja því eftir.

Mig langar aðeins að gera grein fyrir því, í tengslum við þessa tillögu, að fyrir rúmu ári síðan, 15. janúar 1997, skipaði ég starfshóp til að vinna að framgangi og kynningu á stefnumörkun sem gengið hefur undir heitinu Vistrænt Ísland. Það er í framhaldi af þeirri vinnu sem ég nefndi, á vegum Bændasamtakanna, ráðuneytisins, Áforms og í framhaldi af ályktunum búnaðarþings að undanförnu, þó sérstaklega

ályktunum sem búnaðarþing samþykkti árið 1996. Nefndarstarfið er langt komið. Þar eru komnar ýmsar hugmyndir um hvað þurfi að gerast í íslenskum landbúnaði til þess að hægt sé að framfylgja stefnumörkun þeirri sem hér er sett fram um nauðsynlegar úrbætur á ýmsum sviðum og síðan hefur hópurinn sett niður tillögur um hvað gera þurfi.

Þar sem nefndarálit er ekki frágengið, ég er hér að vísu með drög að því dagsett 3. febrúar þannig að þetta þetta starf er vel á veg komið, þá held ég að það sé ekki rétt að ég sé að vitna beint í það. Auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að landbn. leiti til ráðuneytisins og þeirra sem þennan starfshóp hafa skipað þegar hún fjallar um þessa tillögu. Í starfshópnum sitja Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri í landbrn., sem er formaður hans og Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhvrn., þannig að það eru góð tengsl á milli ráðuneytanna tveggja um þetta markmið. Vissulega tengist það líka umhverfismálum ef við færum og okkur meira inn á framleiðslu undir þessum formerkjum. Auk tveggja fyrrnefndra eru Haukur Halldórsson bóndi, tilnefndur af stjórn Áforms, og Kjartan Ólafsson ráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökunum. Með þessum hópi hafa síðan starfað Álfhildur Ólafsdóttir, forstöðumaður upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, og Baldvin Jónsson, verkefnisstjóri hjá átaksverkefninu Áformi. Á þessu sviði hefur því verið margt verið unnið og merkilegt. Ég lýsi því þeirri skoðun minni að mikilvægt sé fyrir landbúnaðinn að reyna að þróa sig á þessu sviði og sjálfsagt og eðlilegt að landbn. fjalli ítarlega um þetta mál.

[17:10]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að leggja orð í belg og upplýsa um það sem verið er að vinna að á vegum landbrn. og tengist þessu. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að seint verði allur landbúnaður á Íslandi talinn lífrænn. Jafnmikilvægt er þó að skjóta fótum undir þennan þátt þannig að hann verði gildur þáttur í landbúnaði á Íslandi og vaxandi eftir því sem ár líða og markaðsaðstæður og kröfur neytenda og viðhorf til framleiðslu matvæla breytast. Ég tel að meðferð málsins í landbn. og stuðningur Alþingis við málið geti hjálpað framkvæmdarvaldinu til að þoka þessum málum áfram af skilvirkni. Ég vænti að ég megi skilja orð hæstv. ráðherra þannig að hann vilji sjá landbn. veita málinu verðuga meðferð og málið afgreitt af hálfu þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:12]

**Útbýting þingskjala:**

Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands, 382. mál, svar menntmrh., þskj. 744.

Samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, 427. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 752.

## *Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, fyrri umr.*

Þáltill. GE o.fl., 197. mál. — Þskj. 205.

[17:12]

**Flm. (Gísli S. Einarsson):**

Herra forseti. Ég held að rétt sé að gera grein fyrir því að það mál sem var til umræðu rétt áðan, 195. mál., till. til þál. um aðlögun að lífrænum landbúnaði, og sú tillaga sem nú er til umræðu, 197. mál, till. til þál. um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, hafa fylgst að frá því að fyrir þeim var mælt á síðasta þingi. Flutningsmenn eru í mörgum tilvikum hinir sömu að báðum málum og eftir því sem ég best veit eru allir þeir sem að málunum standa sammála um flutning beggja tillagnanna. Þeir eru auk undirritaðs hv. þm. Egill Jónsson, Svanfríður Jónasdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Sigríður Jóhannesdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Af þessu er ljóst að á bak við þessi mál stendur breiður hópur. Þar að auki get ég upplýst að þau hafa bæði fengið góðar undirtektir víða úti í þjóðfélaginu þar sem leitað hefur verið umsagna. Því ætti að vera létt að koma þessum tveimur málum í gegnum virðulega landbn. Þau þurfa að hluta til að fara þar í gegn.

Herra forseti. Í mörgum málum væri betra að menn sneru sér að athöfnum fremur en orðavaðli eins og átti sér stað áðan þegar fjallað var um frv. til búnaðarlaga. Þar virtust menn í málflutningi sínum á öndverðri skoðun en þó hygg ég að staðreyndin sé sú að mikill vilji ríki á hinu háa Alþingi til að bæta stöðu bænda og er sá vilji að mínu mati þvert á flokkslínur.

Ég hef skömm á því, herra forseti, þegar menn standa í því sem ég vil kalla fornháttaruppgröft í pólitík og ég tel að hann eigi ekki við eins og hér var notað í þeim orðræðum sem fram fóru. Það er langt því frá að verið væri að ræða það frv. sem var lagt fram og ég hafði ekki geð í mér, herra forseti, til að taka þátt í þeirri umræðu. Ég vil bara segja það. Við eigum nefnilega að sjá sóma okkar í því, hv. þm., að búa umhverfi landbúnaðarins á þann veg að þeir sem stunda hann hafi sambærilega afkomu og aðrir þegnar landsins. (**EgJ:** Þú verður rekinn úr Alþfl.)

Herra forseti. Sú þáltill. sem ég mæli fyrir lýtur einmitt að bættu umhverfi og ég lít þannig á að þau orð sem féllu hér frá hv. varaformanni landbn. hafi verið grín en ekki nein alvara sem fylgdi þeim því að á þeim tíma sem undirritaður hefur unnið að þessum málum hefur hann unnið að þeim af fullum heilindum.

Á síðasta þingi voru fluttar tillögur um vottun lífrænna og vistrænna vara og framleiðslu íslenskra matvæla og forsendur sjálfbærrar þróunar. Einnig var flutt sú tillaga sem ég gat um áðan um aðlögun að lífrænum landbúnaði. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að tillögurnar fái að fylgjast að á sama máta og gert var á síðasta þingi og ég treysti því að hv. formaður landbn. fari létt með að afgreiða þessi mál í gegnum þingið af því að þau hafa samstöðu í öllum flokkum. Ég tel að þrátt fyrir mikið annríki í landbúnaðinum hljóti að vera unnt að koma þessum litlu málum áfram sem eru með jákvæðar umsagnir. Og ég treysti því. Við flutningsmenn ákváðum að breyta lítillega tillögunni sem lýtur að framleiðslu íslenskra matvæla og hún miðar nú að forustu Íslendinga í vottun matvælaframleiðslu, einnig úr sjávarfangi, þar sem reynsla okkar er til forustu fallin. Það verður til þess að ég verð að óska eftir því þegar ég bið um brautargengi fyrir tillöguna að málinu verði einnig vísað til hv. sjútvn. Ég tel að ekki sé annað fært en að það sé gert á þann veg á sama tíma og landbn. fjallar um málið.

Reynsla okkar í sjávarútvegi er til forustu fallin á heimsmælikvarða. Við vitum að miðin kringum landið eru takmörkuð auðlind og auknir tekjumöguleikar felast í hærra verði fyrir afurðir en ekki fyrir aukið magn. Þar kemur að neytendur eru tilbúnir að greiða 20–40% hærra verð fyrir

vottaðar gæðavörur umfram aðrar. Við sem flytjum þáltill. viljum leggja okkar af mörkum til að hvetja til sóknar í þessum efnum og að tekin verði upp samræmd stefna í matvælaframleiðslu í landbúnaði og sjávarútvegi Íslendinga. Nauðsynlegt er að taka upp meiri samvinnu milli þessara greina þegar umræða um hollustu fer sífellt vaxandi. Það vekur upp hugsun að e.t.v. sé rétt að setja landbúnaðar- og sjávarútvegsmál undir sama ráðuneyti. Mat okkar flutningsmanna er að við Íslendingar eigum að byggja upp eigið vottunarkerfi fyrir sjávarafurðir á forsendum okkar þar sem viðurkennt er að við búum við ströng lög um veiðar og vinnslu sjávarafla, auk þess sem við byggjum afkomu okkar að mestu á sjávarútvegi. Það eru æ fleiri innan þessara atvinnugreina sem fjallað er um í tillögunni sem eru farnir að hugsa um framleiðslu okkar á þessum nótum og hlutverk löggjafarvaldsins er að bregðast við og leiða til lykta efnislega það sem þessar þáltill. fjalla um fyrir aldamót. Annað er ekki ásættanlegt fyrir þingmenn allra flokka sem standa að tillögunni eins og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið hvað varðar framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða. Þau búa þó við þann ókost að á mörgum svæðum er jörð mengaðri af völdum áburðarnotkunar en þekkist hér á landi. Íslendingar geta margt lært af nágrannaþjóðunum í þessu efni, en möguleikar okkar eru ekki síðri, m.a. vegna legu landsins. Hins vegar getur Ísland verið forustuland hvað varðar vottun sjávarafurða. Ekki þarf annað að gera en byggja á því stjórnunarkerfi sem nú er unnið eftir í landinu og er meðal þeirra fremstu í heiminum. Ísland hefur þá sérstöðu að 82% gjaldeyristekna vegna vöruútflutnings koma úr sjávarútvegi og það undirstrikar mikilvægi málsins sem verið er að fjalla um. Það er ekki hægt að bíða eftir því að aðrar þjóðir setji okkur leikreglur um hvernig skuli fara með sjávarafurðir heldur eigum við að setja upp vottunarkerfi á þeim grunni sem við höfum byggt upp í landinu. Það má ljóst vera að neytendur gera meiri kröfur um að vita um uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa, hvaða tegund sem um er að ræða. Spurt verður um alla þætti, frá veiðum á fiski eða framleiðslu landbúnaðarafurða til þess þegar afurðirnar eru komnar á borð neytenda. Því verður að vinna ötullega að framgangi vottunar íslenskra matvæla um heilbrigði, hreinleika og hollustu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um þetta mál frekar. Það hefur verið gert áður og í ljósi þess að umsagnir eru komnar víða að og það ætti að taka tiltölulega skamman tíma að fara í umfjöllun og kannski þær breytingar sem e.t.v. verður samkomulag um að gera á þessum þáltill. ætti að vera auðvelt að koma þeim til afgreiðslu til þingsins á tiltölulega skömmum tíma, eða a.m.k. fyrir lok þingsins. Ég mælist eindregið til þess, herra forseti, að tillögurnar sem liggja fyrir fylgist að og hljóti afgreiðslu á sama tíma frá hv. landbn. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál en læt staðar numið.

[17:22]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þá tillögu sem er til umræðu. Ég vil fyrst og fremst vísa til þess sem ég sagði áðan um dagskrármálið hið næsta á undan, um þá vinnu sem er í gangi í landbrn. og varðar ekkert síður málið sem nú er á dagskrá, um framleiðslu íslenskra matvæla og forsendur sjálfbærrar þróunar og vottunarkerfi fyrir það. Ég hygg að við eigum kannski meiri möguleika í því að votta landbúnaðarafurðir okkar á vistrænan hátt ef við uppfyllum ákveðin skilyrði sem nauðsynlegt er að höfð séu í huga. Þar búum við náttúrlega vel að því hvað það varðar að hafa t.d. ekki leyft hormónanotkun við framleiðslu landbúnaðarafurða okkar, að lyfjanotkun er í algjöru lágmarki og aðbúnaður dýra almennt þannig að menn geti verið sáttir við. Ég held að málefni eins og frárennsli, sorphirða, vatnið, jarðvegurinn sé allt saman þess eðlis líka að slíkt ætti að geta gengið. En við þurfum sjálfsagt í einhverjum tilvikum að skoða það vandlega að landnýting sé sjálfbær og með þeim hætti að ekki sé gengið á auðlindina. Auðvitað á það því betur einnig víðast hvar við en á því kunna þó að vera einhverjar undantekningar. Þetta eru allt saman hlutir sem þarf að skoða í þessu samhengi. Eins og ég sagði um fyrra málið hef ég efasemdir um að við getum framleitt mjög mikið af landbúnaðarafurðum okkar með lífrænni vottun og þó fer það eftir þeirri verðlagningu sem markaðurinn þolir á vörum af þessu tagi en þær eru í sókn. Það er vilji, bæði hér heima og ekki síður erlendis að kaupa vörur sem framleiddar eru á þann hátt að þær hafi vottun um vistræna framleiðslu. Ef það kemst upp í 40% hærra verð þá hygg ég að farið sé að muna verulega um það en menn hafa hingað til verið að tala um 10–15% hærra verð og það er að mínu áliti of lítið. Það þarf meira til. Til þess að þetta sé fjárhagslega eða efnahagslega mögulegt og hagkvæmt fyrir bændur að stunda þessa framleiðslu þarf verðmunur að vera umtalsvert meiri en það. 20% er sjálfsagt algjört lágmark. Það sem þar er fram yfir færi þá til þess að styrkja framleiðsluna.

Ég vildi aðeins minna á það, hæstv. forseti, að við höfum verið að vinna að verkefni þessu tengdu í landbrn. og þingið hefur það þá til hliðsjónar þegar það fjallar um tillögurnar.

[17:26]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Í dag ræðum við um tvær tillögur sem tengjast lífrænum málum, annars vegar þáltill. um aðlögun að lífrænum landbúnaði og hins vegar þáltill. um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Síðustu ár hefur orðið talsverð hugsunarháttarbreyting hjá Íslendingum og reyndar öðrum þjóðum. Fólk hugsar meira um það nú en áður var hvað það borðar og hvernig þau matvæli hafa orðið til. Landsmenn hafa í gegnum tíðina verið tilbúnir að borga heilmikið fyrir ákveðnar merkjavörur þegar um fatnað er að ræða, ýmiss konar tækni, hljómtæki, heimilistæki og þess háttar. Það sama gildir um bifreiðar, að fólk er tilbúið að greiða hátt verð fyrir ákveðin merki. Hins vegar hefur verið kappkostað að bjóða fram matvöru á sem allra lægstu verði. Auðvitað kemur þetta fram í gæðum matvörunnar. Það sjáum við t.d. á ýmsum kjötáleggstegundum sem boðið er upp á í matvöruverslunum hér á landi. Mismunandi aðferðir eru notaðar til að vinna áleggstegundirnar og við sjáum það líka á verðlagningu þeirra. En hinn almenni borgari gerir sér ekki alltaf grein fyrir þessum gæðamun. Munurinn kemur fram í verðlagningu og líka á gæðum matvælanna. Mér finnst ákveðin hugsunarháttarbreyting hafa orðið hvað þetta varðar. Við sjáum að á síðustu árum hefur verið boðið upp á lífrænar vörur í ýmsum verslunum og Íslendingar eru tilbúnir að borga örlítið meira, þó held ég að ég geti fullyrt að menn séu ekki tilbúnir enn þá að borga nema örlítið meira fyrir þessa vöru sem er ákaflega dýr í framleiðslu. Nágrannalönd okkar, t.d. Norðurlandaþjóðirnar, hafa náð lengra hvað þetta varðar, þ.e. þessar vörur eru mun dýrari þar en þær hafa verið hér á landi. En við sjáum að þær vörur sem boðið hefur

verið upp á í verslunum á Íslandi eru mjög vinsælar, t.d. önnum við ekki eftirspurn eftir þeim mjólkurvörum, lífrænt ræktuðum, sem boðið hefur verið upp á.

Þegar rætt er um vottaðar gæðavörur þá er nauðsynlegt að þær fari gegnum ákveðið ferli, ákveðnar vottunarstöðvar, sem eru tvær hér á landi. Það hefur verið ákveðin togstreita milli þessara tveggja vottunarstöðva. Það er eins og með ýmislegt annað sem við erum að gera að við erum ekki alltaf nógu dugleg við að fella hlutina í alveg ákveðinn farveg. Það er mýmargt í umhverfinu sem þarf að gæta vel að við vottun vöru, eins og t.d. fráveitumál, sorphirðumál, áburðargjöf og margt fleira því tengt.

Mörg landbúnaðarvara sem framleidd er á Íslandi er vistvæn eins og fram kemur. Í auknum mæli hafa bændur og framleiðendur landbúnaðarvara fengið vistvæn vottorð. En lífræni þátturinn er mun strangari og það þarf að fara eftir mun strangari fyrirmælum þegar um lífræna framleiðsluvöru er að ræða. Nokkur býli hér á landi sem hafa sérhæft sig hvað þetta varðar. Á svæðinu í Mýrdal má t.d. nefna Pétursey þar sem framleidd er mjólk og kartöflur. Í Skaftholti í Gnúpverjahreppi er framleiðsla á grænmeti og fleiri lífrænum vörum. Eins hafa íbúar á Sólheimum í Grímsnesi náð býsna langt í þessum efnum, einnig á Dyrhólum í Mýrdal og síðan á Neðra-Hálsi í Kjós og Vallanesi á Héraði.

Ég vonast til þess og treysti í raun formanni landbn. til að afgreiða þessar tvær þáltill. á þessu þingi. Áhugi okkar flm. er mikill á að hrinda þessum málum í framkvæmd og ég trúi því og treysti, þar sem virðulegur form. landbn. er nú nýstiginn niður úr forsetastóli, að hann bretti upp ermar í landbn. og afgreiði þessar tvær tillögur.

[17:33]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í umræðu um þessa tillögu. Ég held að það sé fagnaðarefni að þingmenn hugsi á nýjum nótum. Mér er það sérstakur fögnuður, eftir að hafa hlustað hér á gamaldags spólur Alþfl. sem fluttar voru hér í gær og mér finnst reyndar að beri að úrelda sem allra fyrst og taka úr hugskoti þeirra, að verða líka vitni að því jákvæða, þ.e. að hér hefur upp rödd sína hv. þm. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl., og flytur málefnalega tillögu og ræðir málefnalega um íslenskan landbúnað. Láti guð gott á vita að þeir séu á réttri leið í sinni baráttu.

Ég er í engum vafa um að hv. þm. og þeir sem þessa tillögu flytja með honum eru að vitna um það sem er að gerast um víða veröld, að fólkið vill flýja frá neyslu á matvælum sem standast ekki nútímakröfur, þar sem hormónar, alls konar lyf og stórbúskapur gerir það að verkum að það eru ekki vörur sem standast nútímakröfur og jafnvel að læknisfræðin vitnar um að það beri að gera þetta öðruvísi. Það er t.d. athyglisvert að landlæknir Íslands, Ólafur Ólafsson, hefur beðið um að fá að koma með prófessor og doktor með sér á fund landbn. til þess að segja nefndinni frá því hversu frábærar vörum við eigum, hversu hollt lambakjöt við höfum upp á að bjóða. Það stóð til að þetta færi fram í fyrramálið en því miður verður að fresta því en það verður tekið fyrir sem allra fyrst á fundi.

En þetta segir mikið um það sem hv. flm. hefur sagt um málið og það sem fleiri og fleiri Íslendingar eru að átta sig á, að við eigum dýrmætan landbúnað sem kannski vegna þeirrar bylgju sem um heiminn fer um gæði vörunnar og hollustu,veldur því að við stöndum fremstir meðal þjóða og eigum á nýjan leik mikla möguleika hvað okkar afurðir varðar. Ég er ekki í vafa um að einhverra ára þróun þurfi til þess að það skili því sem þarf, en mér finnst að við séum á réttri leið.

Ég get aðeins lofað því einu hvað landbn. varðar að hún fagnar báðum þeim málum sem hér hefur verið talað fyrir og mun vinna að þeim málefnalega. Hv. þm. talaði um að málið þyrfti að fara til sjútvn. einnig. Það held ég að sé sjálfsagður hlutur og þá yrði það hlutverk landbn. að senda það þangað til umsagnar og reyna að ná niðurstöðu í þessum málum fyrir vorið.

[17:36]

**Flm. (Gísli S. Einarsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka umræður og viðbrögð hæstv. ráðherra Guðmundar Bjarnasonar og hv. þm. og meðflutningsmanns, Ísólfs Gylfa Pálmasonar og einnig hv. formanns landbn. Guðna Ágústssonar, varðandi framsetningu og afgreiðslu þessa máls sem til umræðu er. Þar hafa menn lýst því yfir að þeir vilji leggja hönd á plóginn um framgang þessara mála.

Ég vil aðeins nefna vegna þeirra orða sem féllu í tilefni umræðunnar sem átti sér stað um búnaðarlög og fór fram hér áðan, að ég tel að þeir sem þar töluðu margir hafi gert sig seka um að fara út í fornháttaruppgröft og þar átti hv. þm. Guðni Ágústsson ekki síður hlut að máli.

Herra forseti. Ég ítreka nauðsyn á því að koma á vottun allrar íslenskrar matarframleiðslu frá haga í maga, ef þannig mætti að orði komast, hvað varðar landbúnað og frá miðum og í maga þegar rætt er um sjávarfang.

Ég vil að lokum þakka meðflutningsmönnum mínum að þessu máli góð ráð og ábendingar við vinnslu tillögunnar um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar. Ég vil einnig þakka það, herra forseti, að tillögur þær sem ég hef flutt um fráveitumál og mengunarmál hafa hlotið framgang hjá hæstv. núv. og fyrrv. umhverfisráðherrum. Það er mikið mál og ég sé ástæðu til þess að fagna því og þakka fyrir það.

Ég mælist svo aftur til þess að málið hljóti þá afgreiðslu sem hér hefur verið rætt um, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Jarðalög, 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 198. mál (kaup og sala jarða o.fl.). — Þskj. 206.

[17:39]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Gildandi jarðalög eru að stofni frá árinu 1976 og bera þess merki að umhverfi í búskap var þá með allt öðru móti en er nú. Meginkjarni laganna er sá að varðveita í byggð við óbreytta búskaparhætti allar þær jarðir sem byggðar voru og stundaður var hefðbundinn búskapur á árið 1972. Til þess að auðvelda þetta voru settar ýmsar takmarkanir á frjálsri ráðstöfun bænda á jarðeignum sínum. M.a. þurfa þeir áður en þeir ráðstafa jarðeignum sínum að fá leyfi jarðanefnda, ekki bara til þeirrar ráðstöfunar sem þeir hyggja á til einkanota, svo sem eins og til byggingar orlofshúsa eða sumardvalarheimila eða í aðra þágu ferðaiðnaðar á þeirra eigin vegum, heldur er þeim líka óheimilt, án samþykkis nefndarinnar, að skipta jörðum sínum meðal erfingja eða ganga frá ráðstöfun til erfingja á jörðum

sínum, og þeim er óheimilt að taka jarðir til annarra nota í sölu heldur en til hefðbundinna búskaparnota nema með samþykki jarðanefnda. Þá þurfa jarðanefndir einnig að samþykkja þann aðila sem hugsanlega vill kaupa bújörð af bónda og geta þá gert kröfu til þess að bújörðin verði ekki nýtt til annars en til hefðbundins búskapar. Og því miður, virðulegi forseti, eru ýmis dæmi um geðþóttaákvarðanir jarðanefnda í þessum efnum. Þær geta hafnað frjálsri ráðstöfun bónda á bújörð sinni án þess að þurfa að rökstyðja þá höfnun og jarðanefndir hafa líka í hendi sér mjög víðtækt vald til að ákveða hvaða einstaklingur má kaupa jörð af bónda sem vill selja jörðina. Dæmi eru einnig um að jarðanefnd hafi beitt sér gegn vilja jarðeigenda um ráðstöfun á jörð hans án þess að þurfa að skýra frá því eða rökstyðja þá ákvörðun sína með fullnægjandi hætti, þ.e. afgreiðslu sem ekki samrýmist stjórnarskipunarlögum eins og þau eru í dag og er ekki langt að minnast þess að upp kom dæmi um slíkt norður í landi sem hæstv. umhvrh. þurfti að hafa afskipti af og breyta ákvörðunum jarðanefndar.

Bændur búa við allt annað umhverfi nú en árin 1972–1976. Af hálfu ríkisvaldsins hefur m.a. verið gert sérstakt átak til þess að skera niður hefðbundinn búskap á jörðum, fækka sauðfé o.fl. og koma þannig til móts við þau sjónarmið að hefðbundinn búskapur væri stundaður á allt of mörgum jörðum og í allt of miklum mæli. Þessi gömlu lagaákvæði í jarðalögunum frá 1976, sem torvelda það að bóndi geti annaðhvort sjálfur eða með ráðstöfun til þriðja aðila tekið upp á jörð sinni aðra búskaparhætti en hefðbundna, standa að sjálfsögðu gegn þeirri stefnu sem rekin hefur verið, m.a. af stjórnvöldum í landbúnaðarmálum á undanförnum árum.

Frv. þetta er flutt til þess að auka sjálfræði bænda og frelsi þeirra um ráðstöfun sinna jarðeigna, hvort heldur er til eigin nota, svo sem til byggingar orlofshúsa og sumardvalarstaða og til ferðaþjónustu, eða til að ráðstafa til erfingja sinna eða í þriðja lagi með því að selja þeim sem kaupa vill án afskipta þriðja aðila eins og jarðanefndar. Það er megintilgangur frv.

Frv. var flutt á 120. löggjafarþingi, þ.e. ekki í fyrra heldur í hittiðfyrra og var þá sent til umsagnar og fékk mismunandi umsagnir, sumar mjög jákvæðar, m.a. vestan af Vestfjörðum, en aðrar neikvæðari. Frv. er nú flutt í óbreyttum búningi frá því sem þá var. Þá gerði ég mjög ítarlega grein fyrir meginefni frv. í framsögu. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það hér og nú þegar það er flutt í annað sinn en óska eftir því, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. landbn. Jafnframt óska ég eftir því að landbn. taki efnislega afstöðu til frv., enda benda umsagnir sem nefndin fékk í þá átt að talsverður vilji sé til þess að þessum gömlu ákvæðum verði breytt og bændur fái auknar heimildir til að ráðstafa jörðum sínum til þeirra nota sem þeim sjálfum eru best þóknanlegar og ráðstafa þeim jafnframt í sölu þannig að þeir fái sem mestan arð af sölunni. Það hvílir víst nóg af erfiðleikum á bændastéttinni í dag að ekki sé verið að tamarka það að bændur geti nýtt bújarðir sínar til þeirra þarfa sem þeir álíta sjálfir réttastar og bestar eða koma í veg fyrir að þeir geti selt jarðir sínar hæstbjóðanda á því hæsta verði sem fyrir þær fæst, auk þess sem það er mjög óeðlilegt að einhver nefnd aðila heima í héraði geti valið eða hafnað bjóðendum í jörð eins bónda, þ.e. ákveðið hver má kaupa og hver má ekki kaupa, hvað þá ef slík nefnd, eins og jarðanefnd, virðist fara eftir geðþóttaákvörðunum án þess að rökstyðja sína niðurstöðu eins og önnur stjórnvöld.

[17:46]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt innlegg af minni hálfu varðandi umræðu um frv. um breytingu á jarðalögum, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mælir fyrir.

Ég er algerlega sammála hv. þm. um það sem kom fram í máli hans sem rökstuðningur fyrir þeim breytingum að tímabært sé orðið að endurskoða ýmsa þætti í þeirri löggjöf. Jarðalögin eru sett, eins og hv. þm. nefndi, við allt aðrar aðstæður en nú ríkja í landbúnaði. Ég hef fundið og rekið mig á það í nokkrum tilvikum þann tíma sem ég hef setið í landbrn., að þar er ýmislegt barn síns tíma, ef orða má svo, og taka þarf á með öðrum hætti en lögin gera ráð fyrir. Ég hef þess vegna ákveðið að setja heildarendurskoðun í gang á þeim lögum, og einnig um Jarðasjóð og jarðeignir ríkisins þannig að allt sé tekið undir. Ég játa að ég hef ekki lesið þetta frv. í smáatriðum, en vafalaust er hér bent á fjölmarga þætti sem mundu koma fram við slíka heildarendurskoðun.

Ég ætla aðeins að segja að ráðuneytið hefur alla jafna reynt, og ég hygg að svo sé þó sjálfsagt megi finna aðra afgreiðslu mála í einstökum tilvikum, að samþykkja fljótt og vel breytingar sem óskað er eftir þegar bændur vilja leysa ákveðna hluta jarða sinna undan hefðbundnum landbúnaðarnotum og setja þá t.d. undir sumarbústaðalönd eða annað slíkt. Þetta er bara eins og þróun tímans gefur í skyn og leiðir af sér. Við vitum líka um stóraukinn áhuga bæði hjá bændum og fjölmörgum þéttbýlisbúum að fá land til uppgræðslu hvort heldur til landgræðslu eða skógræktar, og auðvelda þarf aðgang að slíku landrými. Byggingar- og skipulagslög sem voru samþykkt á seinasta þingi voru með nokkuð ströngum ákvæðum um framkvæmdaleyfi fyrir ýmsum slíkum verkefnum og tekið var á því að nokkru við breytingu á þeim lögum áður en þing fór í jólahlé. Það mál er í frekari skoðun í reglugerð þannig að huga þarf að því að það sé heldur ekki takmarkandi á þau verkefni sem vilji er til að vinna og allir eru sammála um að nauðsynlegt sé að vinna þó að leikreglum sé auðvitað fylgt eins og um náttúruvernd, mat á umhverfisáhrifum og gætt sé að öðrum slíkum þáttum á eðlilegan hátt.

Ég vil aðeins segja, hæstv. forseti, að tímabært er að hefja endurskoðun á þessari löggjöf og það hef ég ákveðið að gera í ljósi ýmissa atburða á undanförnum vikum og mánuðum og hér er vafalaust hreyft einhverju af því sem þar þarf að taka á.

[17:49]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra undirtektir hans við frv. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að nauðsynlegt er að endurskoða jarðalögin í heild. Þar eru ýmis mjög flókin umfjöllunarefni, t.d. eins og ákvæði IV. kafla laganna um forkaupsrétt sem kostar talsverðan tíma í endurskoðun og ekki verða endurskoðuð nema af mjög færum lögfræðingum. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því í frv. eða ekki er gerð tillaga um frekari breytingu laganna en kveður á um í lagagreinunum sjálfum, en gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra ljúki heildarendurskoðun jarðalaganna fyrir 1. okt. 1998. Þau atriði sem frv. vísar að eru hins vegar tiltölulega einföld og varða t.d. samræmingu þessara laga við stjórnsýslulög. Ekki er gert ráð fyrir að afnema jarðanefndir heldur að draga úr valdi þeirra og skylda jarðanefndir t.d. til að afgreiða erindi innan tilskilins frests sem

mikill misbrestur hefur verið á að þær hafi gert þannig að kaupendur og seljendur jarða hafa þurft að bíða mánuðum og jafnvel missirum saman í óvissu um hvort samningar þeirra um jarðakaup og jarðasölu fengju að standa eða ekki. Þetta er mjög óeðlilegt miðað við nútímastjórnsýsluhætti og þess vegna er gerð tillaga um það í frv. að jarðanefnd verði að fella úrskurð innan tilskilins tíma, ella skuli samningar standa.

Þá hefur einnig vantað ákvæði í jarðalögin um að niðurstaða jarðanefndar skuli vera rökstudd, þ.e. að jarðanefnd skuli gera grein fyrir niðurstöðu sinni og rökstyðja hana en krafa til þess er ekki gerð í núgildandi jarðalögum sem hefur valdið því að jarðanefndir hafa fellt mjög umdeilanlega úrskurði um jarðaviðskipti, m.a. nýverið norður í landi, eins og ég ræddi um áðan, sem hafa nánast falist í einni setningu, þeirri að jarðanefnd hafni því að bóndinn fái að selja þeim aðila sem hann vill selja og sá sem vill kaupa fái að kaupa á því verði sem samið hefur verið um. Punktur.

Þá er líka gert ráð fyrir því að jarðanefnd hafi ekki vald til að skikka bónda til að selja einum tilteknum aðila ef sá aðili er ekki sá hinn sami og bóndinn óskar eftir að selja sína jörð eða hefur náð samningum við. Þetta eru allt saman ákvæði sem mjög tímabært er að breyta til bóta og til aukinna réttinda fyrir bændur landsins. Ég tel ekki ástæðu til að bíða með þær breytingar eftir heildarendurskoðun laganna þannig að fleiri dæmi um óeðlileg afskipti jarðanefnda af ráðstöfun bónda af jarðeign sinni komi upp en þegar eru komin upp. Og ég minni enn á það að hæstv. umhvrh. hefur nýlega þurft að hafa afskipti af og fella úr gildi slíkar ákvarðanir sem stórsköðuðu þá aðila sem með frjálsum samningum höfðu náð samkomulagi sín á milli um jarðakaup.

Ég tel að þessi atriði í frv. a.m.k. eigi vissulega að geta fengið framgang á þessu þingi því að þau eru tiltölulega einföld og ættu ekki að vera umdeilanleg þó svo heildarendurskoðun laganna bíði betri tíma því að hún er, eins og ég sagði áðan, mjög flókin og þarf sérfróða og lögfróða menn til að koma að ýmsum köflum þar um.

Ef lögin halda áfram gildi sínu eins og þau eru koma þau í veg fyrir eða torvelda a.m.k. mjög, að bændur sem ekki eiga möguleika á því að halda áfram hefðbundnum búskap á jörðum sínum svo lífvænlegt sé geti tekið þær jarðir að hluta til eða öllu til annarrar og ábatasamari notkunar eða þá að þeir geti fengið sannanlegt markaðsverð fyrir jarðir sínar og náð hagstæðum samningum ef þeir kjósa að selja. Það er mjög óeðlilegt þegar verið er að þrengja að hefðbundnum búskap bænda, að beita þá slíkum reglum sem koma í veg fyrir að þeir geti nýtt sér eignir sínar til fullnustu, eins og allir aðrir þjóðfélagsþegnar geta gert án afskipta ríkisvaldsins. Þeim fyrirmælum laga á að eyða þannig að íslenskir bændur geti ráðstafað eignum sínum með sama frjálsa hætti og allir aðrir landsmenn geta gert í dag með þær eignir sem þeir hafa annaðhvort til rekstrar eða til sölu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, fyrri umr.*

Þáltill. EOK og StG, 266. mál. — Þskj. 334.

[17:55]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég flyt þessa þáltill. sem hér liggur fyrir ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig megi efla sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt."

Herra forseti. Eins og kemur fram í grg. með þáltill., og komið hefur verið inn á hvað eftir annað í umræðunni um landbúnaðarmálin í dag, er skemmst frá því að segja að sauðfjárrækt á Íslandi hefur átt óskaplega undir högg að sækja hin síðari ár. Það liggur alveg fyrir að engin stétt Íslendinga, enginn starfshópur Íslendinga hefur mátt þola slíkar tekjuskerðingar eins og sauðfjárbændur á þessum áratug.

Það er oft haft við orð að í byrjun áratugarins hafi tekist að ná þjóðarsátt og allir Íslendingar hafi fórnað miklu til að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Það er hverju orði sannara að menn lögðu heilmikið af mörkum, en þó liggur fyrir að tekjuskerðing engra stétta er neitt álíka þeirri sem sauðfjárbændur hafa tekið á sig. Sú ákvörðun var tekin að gerbreyta styrkjum til landbúnaðarins, útflutningsbætur á sauðfjárafurðir voru í einu vetfangi felldar niður. Það liggur fyrir, eins og ég sagði áðan, að tekjur sauðfjárbænda hafa rýrnað verulega mikið og eins og horfir eru þeir sú stétt sem er langsamlega fátækust Íslendinga.

Í umræðum í dag, herra forseti, var einmitt minnst á sauðfjárræktina, stöðu hennar og þau miklu vandræði sem af því hlutust þegar niðurgreiðslurnar á útflutningsbætur voru felldar niður og það er rétt að fara yfir það nokkrum orðum. Útflutningsbæturnar hófust 1956, í litlum mæli að vísu, og var mesta aukningin í þeim á árunum 1962–1964. Þær voru óskaplega miklar og miklir fjármunir sem fóru í þær. Það verður að segjast eins og er, og ég tel það liggja alveg fyrir, að einmitt sá stuðningur við landbúnaðinn sem þá var stundaður, er skólabókardæmi um hvernig við eigum ekki að styðja landbúnað. Það er rétt sem kom fram hjá mörgum ræðumönnum í dag að það er skólabókardæmi um að við eigum ekki að styðja landbúnaðinn á þann veg.

Ég ætla ekki frekar en aðrir ræðumenn í dag, sem hafa rætt um landbúnaðinn, að segja hver sé sekur í því máli en það eru eflaust allir stjórnmálaflokkar og ekki síður bændur vegna þess að bændur létu þessa aðferð yfir sig ganga og þótti harla góð meðan á því stóð.

Ég lét reikna fyrir mig hvað útflutningsbætur á sauðfjárrækt næmu háum upphæðum á árunum 1956–1990, á verðlagi haustsins 1997, og útkoman var rúmir 42 milljarðar kr. Þetta er óhemjumikið fé en verst af öllu er að þessi aðferð skilaði bændum engu. Þegar hætt var við útflutningsbæturnar var staða markaðsmála sauðfjárræktarinnar þannig að ekki var til markaður fyrir einn einasta lambaskrokk, ekki einu sinni eina kótelettu. Ég vil því einmitt rekja þetta hér vegna þess að þetta eru víti til varnaðar. Þannig á ekki að standa að málum og því miður er það svo að einmitt þessi misheppnaði stuðningur við landbúnaðinn, við sauðfjárræktina hefur orðið til þess að kasta mikilli rýrð á bændur í huga mjög margra.

Það er mjög nauðsynlegt að þeir fái risið úr öskustónni því þó þeir beri sameiginlega ábyrgð á þessu miðað við aðra

þá verðum við að reyna að finna nýjar aðferðir til að styðja landbúnaðinn og það höfum við verið að gera. Mikill vilji hefur risið upp meðal bænda og sláturhússhafa að reyna að að markaðssetja sláturafurðir, kindakjöt, á erlendum mörkuðum. Að því hefur reyndar aðeins verið unnið sl. tvö, þrjú ár á marktækan hátt. Enda þótt vinnan hafi ekki staðið nema í tvö, þrjú ár er hún þegar að skila okkur umtalsverðum árangri. Ég held það sé rétt um landbúnaðinn eins og allar aðrar atvinnugreinar að þar gildi þumalputtareglan, að það sé helmingi erfiðara að finna markaðinn en að stunda framleiðsluna. Í dag er það þannig að útflutt lambakjöt var að skila bændum nettó 170–180 kr. fyrir kílóið og það eru óskapleg umskipti frá því sem var í byrjun áratugarins þegar útflutningsbótunum var hætt. Ég veit að 177 kr. var greitt hjá Sláturfélagi Suðurlands og eitthvað svipað hjá helstu öðrum útflutningshöfum. Þetta er mjög merkilegt starf og ég tel mig hafa ýmsa vitneskju um að þarna séu gríðarlegir möguleikar fyrir íslenskan landbúnað, einmitt að sækja á útflutninginn. Útflutningurinn er það sem við eigum að treysta á varðandi sauðfjárræktina. Við getum selt þetta magn og menn verða að átta sig á því í þessu sambandi hversu lítið þetta magn er. Það er ekki nema um nokkur þúsund tonn að ræða. Ef við fáum það viðurkennt sem við höfum ástæðu til að ætla að muni takast þótt það geti tekið mörg ár að kjötið verði viðurkennt sem „gourmet-fæða", ef við komumst í þá verðflokka sem við vitum að eru á slíku kjöti, ætti þetta að geta staðið þannig að í framtíðinni ef okkur tekst að efla sauðfjárræktina og pössum upp á að hún deyi ekki, að hún geti staðið sjálfbær.

Við getum líka horft á það sem er að gerast. Til allrar hamingju eru í gangi miklar framfarir í landbúnaði á Íslandi. Mikið kynbótastarf hefur verið bæði í svínarækt og í kjúklingarækt og það er að skila okkur verulega lægra verði í kjötafurðunum. Það er þegar komið fram í svínaræktinni og mun koma fram í kjúklingaræktinni á næstu árum. Það er því full ástæða til að ætla að innanlandsneysla á kindakjöti muni halda áfram að lækka. Hún hefur farið lækkandi. Ýmsar neysluvenjur ráða því en það er líka verðlagningin sem ræður því. Við getum alveg búist við því að sú þróun haldi áfram og ef sauðfjárrækt á Íslandi á að geta haldið velli og staðist þá er það útflutningurinn sem mun verða á næstu öld aðalstoð hennar og stytta og engin fjarstæða að horfa svo til hlutanna.

Með flutningi þessarar þáltill. viljum við flm. vekja athygli á því að ástæða sé til að styrkja jaðarbyggðir landsins og þar er það sauðfjárræktin sem stendur undir því, þar eru möguleikarnir til þess. Sauðfjárræktin gefur möguleika til þess að búa á mjög afskekktum stöðum Íslands, bæði fram til dala og á útnesjum. Við vitum að mjög víða er gróðurfar þannig að beit er vannýtt, sérstaklega á þessum jaðarbyggðum. Það er mjög vandmeðfarið, herra forseti, að skilgreina nákvæmlega hvar það er sem við getum og eigum að efla þessa byggð og það þarf að vanda sig mjög við það. En það er ástæða til að gera það vegna þess að við sjáum það að byggð á Íslandi eru á miklu undanhaldi, því miður. Allir viðurkenna að þetta sé svo og enginn þrætir fyrir það. Við flm. erum þess fullvissir ef við getum ekki stoppað flóttann úr jaðarbyggðunum þá gerist ekkert annað en að eyðing byggðanna heldur áfram, víglínan um byggðirnar færist bara nær og nær nýjum byggðum. Ef sveitirnar leysast upp, ef sveitirnar fara í eyði, eru þéttbýliskjarnarnir og þorpin í nágrenni þeirra í verulegri lífshættu.

Það má líta á eyðibyggðirnar ekki ósvipað og við lítum stundum á uppblásturinn á jörðinni sjálfri og þeir sem eru að fást við uppblásturinn og reyna að stoppa gróðureyðinguna kunna sín ráð til þess. Þeir nota þau ráð eins og allir þekkja að þeir gróðursetja þar einmitt þær jurtir sem hafa hvað sterkast rótarkerfið og mestu möguleikana til að stoppa þessa eyðingu. Ég tel, herra forseti, að það sé nákvæmlega það sama sem á sér stað til að stoppa eyðingu byggðanna. Þar verði einmitt að reyna að skjóta þeim rótum sem duga og það liggur alveg fyrir og allir vita að þeir sem hafa sterkastar ræturnar til byggðanna eru einmitt bændurnir. Þeir sem nýta landið. Það eru þeir sem hafa langsamlega sterkustu böndin til þessara byggða og starf þeirra og vinna er langlíklegust til að standast þá miklu þróun sem á sér stað, þennan mikla flutning manna yfir á einn þéttbýliskjarna sem hrjáir okkur Íslendinga ekkert síður en svo margar vestrænar þjóðir.

Í greinargerðinni sem hér fylgir bendum við á ýmislegt sem er þess valdandi. Við bendum á þá möguleika sem við eigum. Við bendum á að víða eru til staðar fjárfestingar sem til þurfa, víða eru til ónýtt ræktuð lönd, víða eru til bæði útihús og íbúðarhús, og síðast en ekki síst er til í sveitum landsins gríðarlega mikil og verðmæt þekking á meðferð sauðfjár. Það er sú þekking sem við verðum að passa upp á að nýta og láta ekki fara forgörðum.

Eins og ég sagði í upphafi hef ég mikla trú á því og tel mig geta fært fyrir því rök að landbúnaður, sauðfjárrækt, á heilmikla möguleika á að standast tímans tönn á næstu áratugum og á næstu mannsöldrum vegna þess að verið er að framleiða alveg sérstaka vöru. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að koma til hjálpar þessum sveitum, þessum bændum, styrkja þá sem hafa orðið fyrir mestum áföllum á þessum áratug og hjálpa þeim að komast yfir erfiðasta hjallann. Ef það tekst er alveg víst að við munum ná nýjum og meiri árangri í að markaðssetja þessa vöru. Það skiptir öllu máli nú þegar svo er hart á dalnum einmitt hjá sauðfjárbændum að þeim sé hjálpað, þeir séu styrktir þannig að þeir eigi möguleika á að lifa af og landbúnaðurinn, sauðfjárræktin, haldi velli og geti starfað um komandi tíma.

[18:09]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég færi hv. þm. þakkir fyrir vandaða ræðu. Í máli hans kom greinilega fram umhyggja hans gagnvart miklu vandamáli. Það eru jaðarbyggðirnar, sauðfjárbændurnir og þessi atvinnugrein sem hefur átt undir högg að sækja. Ég er sammála því að vitaskuld á að skoða möguleika jaðarbyggða þar sem beitilönd eru vannýtt eða betri skilyrði eru til að stunda sauðfjárbúskap en annars staðar. Við þekkjum slík svæði hér á landi. Eina atriðið sem ég vildi gera athugasemdir við í ræðu hans er hófleg bjartsýni hans um útflutningsmöguleika á kindakjöti á næstu árum. Ég er ekki svo bjartsýnn með það. Eins og aðrir er ég sammála um sérstöðu vörunnar, þetta hefur verið reynt áður. Mér finnst ekki rétt þegar við erum að taka á vandamálum sauðfjárbúskapar, sem við þurfum að ræða, og skapa þeim möguleika til að hafa góða afkomu, að gefa í skyn að hægt sé að leysa þetta auðveldlega með aukinni framleiðslu. Það voru að vísu ekki orð hv. þm. en það var gefið nokkuð í skyn að þarna væri vannýttur og óskoðaður möguleiki. Ég lít ekki svo á. Það eru kannski aðrar leiðir sem koma frekar til styrkingar, aðrir þættir í landbúnaði sem mundu e.t.v. skila meiru, eflingu smærri byggðanna í kringum þessa staði. Það er allt til umræðu þannig að ég held að það verði að skoða þetta í dálítið víðara samhengi en hv. þm. lagði upp með.

Þó svo ég deili með honum áhyggjum hans af þessu held ég samt að það verði að leita fleiri ráða en að ganga út frá því að við getum á næstu árum auðveldlega stundað útflutning á kindakjöti. Það er torsótt leið þótt ekki sé hún útilokuð.

[18:11]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað þarf að leita mjög margra leiða til að styrkja byggðina en á jaðarsvæðunum er sauðfjárræktin grunneiningin. Hún er grunneiningin og ef grunnurinn er ekki til staðar, styrkjum við ekki neitt. Ef sauðfjárbændur gefast upp í starfi sínu er ekkert að styrkja. Hins vegar vil ég segja um útflutning á landbúnaðarafurðum, sauðfjárafurðum, að það hefur ekki verið reynt áður. Það er rangt. Ég fór yfir það í ræðu minni að þær tilraunir voru dæmdar til að mistakast. Ríkið sá um það, fól einum aðila að selja, hann fékk sölulaun og ég ætla ekki að rekja það neitt. Þessi vara var gefin í stórum stíl. Þetta var selt í heilum skrokkum. Þetta var einmitt aðferðin sem á ekki að nota. Það eru aðeins tvö, þrjú ár síðan menn fóru að stunda útflutning á lambakjöti, síðan bændur, framleiðendur, fóru að stunda þennan útflutning. Ég fullyrði, herra forseti, að árangur þessara aðila er stórkostlegur miðað við það hvernig við stóðum að þessu áður. Ég hef aldrei sagt og mun aldrei segja að það verði auðvelt. Ég er alveg viss um að það verður erfitt eins og öll markaðssetning á allri vöru. Ekki munu allir dagar verða sigurdagar heldur munu verða þar mikil vonbrigði á milli eins og gengur. En það er í því ákveðin mikil von að þetta eigi að vera hægt og við skulum ótrauðir styðja framleiðendurna til að reyna þetta og leggja sig alla fram því það skiptir öllu máli að framleiðendurnir sjálfir standi að þessum hlutum.

[18:13]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég nú gera of lítið úr vonum hv. þm. varðandi útflutning á kindakjöti og víst er það rétt að vitaskuld er allt öðruvísi staðið að þessu núna en var á árum áður og þarf ekkert að hafa mörg orð um það. En það er eitt lögmál sem gildir í þessum fræðum og það er að enginn vandi er að framleiða vörur en það er mikill vandi að selja. Margir hafa brennt sig á þessari einföldu staðreynd og ekki hvað síst við Íslendingar á mörgum sviðum. Við teljum að þegar við séum búin að framleiða góða vöru sé auðvelt að selja hana. Það er ekki svo. Það er mjög erfitt að selja landbúnaðarvörur alls staðar í heiminum, það eru heldur ekki ný sannindi. Vitaskuld fylgja hjá mér eins og hjá hv. þm. góðar óskir til þeirra bænda og framleiðenda sem standa í þessu og ég gleðst yfir hverjum sigri á því sviði. Hins vegar vara ég við því að ofmeta stöðuna þó ein og ein sala takist og þó við vitum að við séum með góða vöru í höndunum. Þetta er mjög erfitt. Þetta hefur yfirleitt ekki gefið tekjur og ég er ekki að tala um hér á landi heldur erlendis. Ég endurtek enn og aftur og hv. þm. tók undir það að þetta þarf að skoða í víðara samhengi en e.t.v. einungis aukningu á sauðfjárframleiðslu og við erum alveg sammála í þeim efnum. Þarna þarf að koma til margþætt stefna. Hluti af því verður vitaskuld stuðningur við markaðssetningu á kindakjöti en einungis hluti af þeirri aðstoð sem er nauðsyn.

[18:15]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það fram í framsöguræðu minni að mér væri fullkunnugt um að í þessum málum gilti þumalputtareglan, eins og hjá öllum öðrum framleiðendum, að eflaust væri a.m.k. helmingi erfiðara að selja en framleiða. Kannski er það miklu meira. Ég vil hins vegar benda á að á örskotsstund, tveim, þrem árum hefur þó tekist að skila í útflutningi 180 kr. á kg nettó fyrir bóndann.

Ég vil benda á, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að víða eru fjárfestingarnar ónýttar, beitarlöndin, þekkingin, útihúsin, ræktaða landið o.s.frv. Það er því um það að ræða að mjög fátækt fólk með mjög tekjulág bú, að jaðaráhrifin, þ.e. ef það getur bætt tekjur sínar getur það haft umtalsverð áhrif og úrslitaáhrif á hvort menn lifa af þessa miklu þrengingartíma eða ekki. Þess vegna er þessi tillaga flutt til að reyna að koma til móts við þá og til að hjálpa til við að mönnum takist að lifa þetta af.

[18:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er svo merkilegt til þess að hugsa að þegar maður veltir fyrir sér stöðu sauðfjárbænda á Íslandi, þá eru lífskjör þeirra nú í lok aldarinnar sennilega verri en þau hafa nokkurn tíma verið á öldinni. Ég rökstyð það með því að lífskjör eru ekki bara þau kjör sem menn hafa á hverjum tíma heldur eru lífsjör líka það hvernig mönnum líður, hvernig þeir hafa það og hvaða tekjur menn hafa miðað við aðra. Ég er alveg sannfærður um að ef við berum saman kjör sauðfjárbænda í dag við það sem var fyrir 50 eða 60 árum, þá var staða þeirra í þjóðfélaginu miklu betri og miklu sterkari en hún er núna.

Núna er veruleikinn sá að þetta er í raun sú stétt manna sem hefur fórnað mestu fyrir þær lífskjarabreytingar sem hafa verið að ganga yfir í íslenska þjóðfélaginu. Og það er mjög alvarlegt umhugsunarefni ef við ekki tökum á þessu máli af fullri alvöru. Ég segi fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég gef ekkert fyrir almennt tal um að menn vilji taka á vanda bænda og jaðarbyggðanna, ekkert. Spurningin er: Hvað vilja menn gera? Hverju vilja menn kosta til að styrkja stöðu þessa fólks, ekki síst sauðfjárbænda á litlum búum í jaðarbyggðunum sem lifa við afskaplega slæm, svo ég segi ekki niðurlægjandi lífskjör, hreint út sagt? Hvað vilja menn gera til að styrkja stöðu þeirra og þá á kostnað annarra, þ.e. þeirra sem betur hafa það? Það gerist ekki óðruvísi. Eru menn tilbúnir til að gera eitthvað í þeim efnum? Eru menn tilbúnir til að láta þessa bændur, þessi svæði hafa forgang? Eru menn tilbúnir til að segja: Svæðin t.d. Mið-Mýrar, Dalir, Vestfirðir, Skaginn, Norður-Þingeyjarsýsla, hluti Austurlands eiga að hafa forgang umfram önnur svæði? Ég svara þeirri spurningu þannig, herra forseti, að þau eigi að hafa forgang. Ég tel að það ætti að gera að því er varðar stuðning hins opinbera hvernig svo sem hann birtist, þá eigi hann að koma fyrr inn á þau svæði en önnur, svo lengi sem hann er til. Ég held líka að það sé stórkostlega mikið álitamál hvort nokkur rök eru fyrir því að hneppa það fólk sem býr á þeim svæðum í framleiðslufjötra þó að það eigi við um aðra. Ég held að það eigi að opna þessu fólki meiri möguleika til sölu og framleiðslu á dilkakjöti innan lands og erlendis. Ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að mér finnst að verulegan kraft og fjármuni eigi að setja í þennan útflutning og ég tek einnig undir með honum að nálgast á málið nákvæmlega eins og hann lýsti því. Þetta er lítið magn í hinum stóra heimi sem menn eru að tala um í þessu sambandi.

Hvað er það sem hefur gerst? Fyrir 20 árum eða svo töluðu menn um að eðlilegt væri að miða við að á Íslandi væri vetrarfóðrað sauðfé sennilega yfir 1 milljón kinda. Það væri

stefna. Það væri eðlilegt að vera með 1,4 millj. sauðkinda á fóðrum samkvæmt skýrslu Rannsóknarráðs ríkisins sem kom út árið 1977. Þetta voru menn að tala um. Hvað erum við með núna? Erum við með 400–500 þúsund fjár eða svo? Menn sjá því hversu gífurleg breyting hefur átt sér stað. Hún kemur fram í því að þessi hópur þjóðfélagsins hefur tekið á sig lífskjaraskerðingu sem er í raun algerlega ólýsanleg. Þeir sem þekkja eitthvað til í sveitum þekkja þetta sjálfir. Maður finnur það þegar maður fer um þær byggðir hvernig lífskjarahrunið hefur leikið þetta fólk sem einstaklinga.

Hvað hefur gerst? Það eru fjögur atriði sem skipta þarna mestu máli. Í fyrsta lagi er það hinn almenni umhverfisvandi, ofbeitarvandinn sem birtist okkur á stórum svæðum og hafði mjög mikla þýðingu. Í öðru lagi fór þjóðin að bera saman verð á þessum vörum við það sem gerðist í öðrum löndum. Í þriðja lagi varð almenn fæðuvalsbreyting og breytt viðhorf til fæðuvals í landinu. Og í fjórða lagi var það sá veruleiki að ríkissjóður hefur ekki takmarkalausa peninga og skera varð niður þann kostnað sem skattgreiðendur höfðu af kerfinu eins og það var. Allt þetta lagðist saman og lagðist eins og ofurfarg á þessa stétt, bændastéttina í landinu, sérstaklega sauðfjárbændur.

Ég hef verið þingmaður fyrir Reykjavík um allmargra ára skeið og ég er sannfærður um það eftir umræðum og kynnum mínum af fólki í mínu byggðarlagi, Reykjavík, að verulegur skilningur er á þessum vanda. Það hefur þó verið reynt að slá keilur og atkvæði á því að tala illa um bændur og þar greina menn ekki sundur hvort um er að ræða bjargálna menn eða fátækt fólk.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ódýr málflutningur af því tagi er fordæmanlegur vegna þess að í rauninni eru menn að setja hlutina upp með öðrum hætti en eðlilegt er. Ég gagnrýni það að það liggur við að í hvert einasta skipti sem talað er um landbúnað, þá rísi menn sjálfvirkt upp til að hjóla í landbúnaðinn í heild og athuga ekki að sá málflutningur, eins og hann hefur verið um landbúnaðinn, bitnar líka á þessu fólki. Ég nefni engin nöfn, enga fjölmiðla, enga hópa í þessu sambandi en ég harma þennan málflutning vegna þess að hann hefur spillt fyrir því að Alþingi Íslendinga geti með eðlilegum hætti tekið á vanda sauðfjárbænda í jaðarbyggðum.

Hér er flutt tillaga sem er lítil. Hún segir í raun ekki neitt annað en það að menn vilji gera eitthvað jákvætt í þessum efnum og ég lýsi stuðningi mínum við að eitthvað ákveðið, tiltekið verði gert, ekki bara talað heldur tekið á málinu í alvöru. Þetta fólk sem hefur tekið á sig meiri byrðar af lífskjarabreytingu undanfarandi ára en nokkrir aðrir í samningum um lífskjör sín á skilið að við sýnum því a.m.k. virðingu.

[18:24]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég hlýt sem landbrh. að lýsa ánægju minni með þá umræðu sem farið hefur fram í dag um landbúnaðarmálin og ekki síst nú síðustu mínúturnar í tengslum við þá þáltill. sem hér liggur fyrir vegna þess að ég leyfi mér að skilja það svo, eins og ég reyndar gat um fyrr í umræðum í dag, að lesa mætti út úr þessum umræðum vilja löggjafans til að viðurkenna þessa atvinnugrein sem mikilvæga og enn væri nauðsyn að styðja hana á einn eða annan hátt, þó menn hafi kannski skiptar skoðanir um hvernig, hversu lengi og hversu mikið. En það sjá allir að atvinnugreinin er mikilvæg í mörgu tilliti og ekki síst í sambandi við byggðamál og byggðaþróun. Það er út frá því sem mig langar til að nálgast það mál, sem hér er til umræðu, að ég er sammála flutningsmönnum og hv. frsm. tillögunnar, þegar hann talar um jaðarinn. Jaðarinn er veikastur. Þar eyðist gróðurinn og þar eyðist byggðin og þá er spurning hvernig við styrkjum þann jaðar. Ég er líka viss um að þeir erfiðleikar sem hafa verið í landbúnaðinum á undanförnum árum, breytingar sem þar hafa orðið, samdráttur, tekjuhrun og fólksflutningar hafa ekki bara áhrif á búsetuna í sveitunum eða jaðarbyggðunum eða hvað sem við köllum það, það hefur líka áhrif á búsetuna í þéttbýliskjörnunum um allt land og hefur átt sinn þátt í þeirri byggðaþróun sem við horfum upp á núna og hefur mjög verið til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum vikum og mánuðum.

Mig langar líka að geta þess að þegar við höfum endurskoðun á búvörusamningnum hvað varðar sauðfjárræktina síðla árs 1995 viðraði ég þær hugmyndir og bað um að það yrði rætt í upphafi þeirra samninga, hvort menn væru tilbúnir til að mismuna í einhverju eða á einhvern hátt í stuðningi við atvinnugreinina eftir landsvæðum, eftir getu einstakra svæða til að bera ákveðnar atvinnugreinar eða þeim aðstæðum sem menn töldu að væru öðruvísi frá einu svæði til annars. Niðurstaðan varð sú að menn treystu sér ekki í þá mismunun eða í þær aðferðir við stjórnunina og töldu að afar erfitt væri að haga opinberum stuðningi þannig að þeir sem stunduðu sauðfjárrækt ættu ekki völ á sama stuðningi hvar svo sem þeir stunduðu sinn atvinnurekstur. Þetta er því ekki einfalt mál. Ég vil láta það koma fram strax. Ég hugleiði einnig hverju hv. flutningsmenn eru að velta fyrir sér þegar þeir tala um jaðarbyggð. Ég hafði ímyndað mér að það væri þrengri skilgreining en kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, þegar hann talar um Vestfirði, Strandir, Húnavatnssýslu eða hluta af Norðurlandi vestra, Norður-Þingeyjarsýslu, hluta af Austfjörðum, þá er hann náttúrlega að tala um talsvert stóra hluta af landinu sem vissulega eru betur fallnir til sauðfjárræktar en ýmsir aðrir sem ekki hafa verið nefndir, hvorki af honum né mér en menn gætu kannski stundað aðrar atvinnugreinar. (**Gripið fram í:** Það verður nú að vera fólk til staðar á þessum svæðum.) Það er fólk á þeim svæðum sem við höfum nefnt, og það er einmitt fólkið sem enn er að glíma við sauðfjárræktina, eins og hv. þingmenn hafa sagt og hv. frsm. hefur ítrekað, að þar er sauðfjárræktin kannski undirstaða á mörgum þessum svæðum. Og spurningin er hvort hægt er að ná samkomulagi eða samstöðu um að styðja það sérstaklega ef við þrengjum þau svæði um leið og við veltum fyrir okkur einhverjum séraðgerðum eða sérstökum stuðningi á slíkum svæðum þar sem sveitahreppar eru kannski hreinlega að leggjast í eyði sem ástæða væri til að halda uppi búsetu í, fremur en við séum að hugsa um sauðfjárræktina heildstætt í þessu efni, sem ég tel að verði mjög erfitt að ná samkomulagi um. Ég tala þar af þeirri reynslu sem ég upplifði við upphaf endurskoðunarinnar á búfjársamningnum hvað sauðfjárræktina varðaði síðla árs 1995.

Ég verð líka að taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni varðandi framleiðslu til útflutnings, þó að sannarlega hafi mjög ánægjulegir atburðir gerst varðandi útflutning á lambakjöti á seinustu missirum og við höfum verið að sjá þar nýja hluti. Staðið er öðruvísi að útflutningi en gert var og verðið í sumum tilfellum að nálgast það sem menn geta kannski sagt viðunandi, en þó tel ég nú samt að það sé enn þá undir því sem þyrfti að vera til að við gætum farið að framleiða fyrir

slíkan markað í einhverjum mæli. Það verður að vera breyting á, 160–170 kr. er alls ekki nægjanlegt í því efni. Það þarf meira til. Það er hægt að framleiða fyrir þessar upphæðir eða kannski 200–250 kr. ef um er að ræða tiltölulega lítinn hluta af framleiðslunni, umframframleiðslu í einhverjum mæli, en ef það á að vera meiri hluti eða meginhluti af framleiðslunni hygg ég að verðið þurfi að vera hærra án þess að ég ætli að setja nokkrar krónutölur á þann verðmiða.

Þetta er eins og ég sé fyrir mér. Ég fagna því út af fyrir sig að þingið vilji ræða þetta og að landbn. taki málið til sérstakrar skoðunar. Við verðum að styðja þetta eins og hægt er og skoða til hlítar hvað má ná út úr þessum útflutningi — þegar ég segi styðja er ég ekki að tala um að taka upp útflutningsuppbætur — en við höfum hins vegar stutt í nokkrum mæli við þá aðila sem hafa lagt áherslu á að byggja sig upp til þess að geta mætt útflutningskröfunum, t.d. í þeim sláturhúsum sem þurfa að leggja í fjárfestingar í því efni. Það er því reynt að koma til móts við þau sjónarmið á einn eða annan hátt. En hér hygg ég að menn séu að tala um öðruvísi aðgerðir og þarf auðvitað að skilgreina það betur, a.m.k. í umfjöllun nefndarinnar ef tillagan fær þar frekari skoðun sem ég tel mjög eðlilegt.

Ég vildi aðeins láta þessar hugleiðingar mínar koma fram. Ég er ánægður með umræðuna og efni málsins en ég veit líka að á þessu eru vissir vankantar sem við þurfum að skoða betur.

[18:32]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég verð rétt að segja það eins og er að þessi umræða er býsna ólík því sem hún hefur verið núna um árabil og ber önnur merki með sér heldur en hefur komið fram í ýmsum áherslum, m.a. þeim samningum sem gerðir hafa verið. Það er ekki ætlan mín að vekja upp þá umræðu en kannski má minna á að þegar samið var um þessi mál árið 1991, þá var í rauninni bannað að flytja út dilkakjöt og þegar búvörusamningurinn kom endurskoðaður inn í þingið árið 1995, þá var enn þá þetta harða fyrirkomulag á útflutningsmálum í sauðfjárræktinni að deila öllu upp jafnt sem hefði að sjálfsögðu falið það í sér að engin viðleitni hefði verið til þess að flytja út þessa afurð og allra síst að leita þar að traustum mörkuðum.

Ég tek undir það sem kom fram í vandaðri ræðu hv. frsm., að í þessum efnum hafa málefni mjög skipast með öðrum hætti. Þeir aðilar, sem einkum eru þrír, sem flytja á erlenda markaði allt saman í smáum stíl, hafa skilað núna betra verði en áður eru dæmi um um langan tíma og flytja þeir út, eins og menn vita, til Belgíu, Danmerkur og Bandaríkjanna. Það má ekki gleyma því í þessu sambandi að verðlag á markaði erlendis fyrir íslenskt lambakjöt, og það er auðvitað grundvallaratriði, er u.þ.b. 20% hærra en á öðru dilkakjöti. Það er grundvallaratriði að markaðurinn skuli viðurkenna íslenskt lambakjöt sem sérstaka afurð. Þetta er grundvallaratriði.

Það hlýtur að vera eftirtektarvert að fylgjast með þeim málflutningi þeirra sem hér hafa talað um áhyggjur af stöðu sauðfjárbænda og þá mikilvægu viðurkenningu sem kemur fram bæði í gildi sauðfjárræktarinnar í jaðarbyggðum og svo í þeim mannlega þætti sem snýr að afkomu þess fólks sem þar býr. Byggðastofnun lét framkvæma afar nákvæma úttekt á kjörum sauðfjárbænda og sú niðurstaða var fengin á tvennan hátt. Þar kom í ljós að síðasta ár var það bágasta fyrir sauðfjárbændur um margra, og áreiðanlega mjög margra, ára skeið. Nærtækasta skýringin í þeim efnum er að frá árinu 1991 drógust fjölskyldutekjur í sauðfjárrækt saman um 46%, hvorki meira né minna en 46%. Sem betur fer skaut það gríðarlega skökku við það sem gerðist annars staðar í þjóðfélaginu, þar sem fjölskyldutekjur höfðu þó aukist frá þessu sama ári. Það er afar þýðingarmikið að menn viðurkenni staðreynd sem þessa.

Hæstv. landbrh. skýrði það að ekki hefur verið vilji fyrir því innan bændastéttarinnar að horfa sérstaklega til jaðarbyggðanna. Ég held að það þurfi að láta reyna á það öðru sinni. Það hefur reyndar verið lítill skilningur á þörfum jaðarbyggðanna og má í því sambandi minna á, sem er í nokkru framhaldi af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Ágúst Einarssonar, að á síðasta ári þegar tekin var ákvörðun um að veita umtalsvert fjármagn til skógræktar, þá var farið með þá fjárveitingu í það byggðarlag þar sem skógræktarskilyrðin voru reyndar verri en annars staðar og sauðfjárræktin hafði tiltölulega lítið gildi sem atvinnugrein. Það er ekki að ástæðulausu þótt hv. þm. Ágúst Einarsson hnykki á því að það þurfi auðvitað að horfa til sauðfjárbyggðanna í víðara samhengi. Af þessu er æðigóð reynsla að því er varðar skógræktarstarf á Fljótsdalshéraði sem hefur skilað án nokkurs vafa góðum árangri í sambandi við tekjur og afkomu bænda á Fljótsdalshéraði. Ég hygg að finna megi fyrir því rök að það sem hefur verið borgað fyrir þá starfsemi af opinberu fjármagni sé nokkuð í takt við það sem hefur dregist saman í sauðfjárræktinni á þessu tímabili þannig að full ástæða er til þess að að því sé hugað hvernig farið er með aðrar fjárveitingar í þessu sambandi.

Ég orðlengi þetta ekki frekar enda er tími minn búinn. Ég þakka flutningsmönnum fyrir þennan tillöguflutning og vona að umræðan um hann í landbn. skili árangri.

Umræðu frestað.

## *Vörugjald af olíu, 1. umr.*

Stjfrv., 358. mál. — Þskj. 569.

[18:41]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997. Frv. er 358. mál þingsins og er að finna á þskj. 569.

Umræðan um vörugjald af olíu eða olíugjald eins og það er yfirleitt nefnt hefur staðið yfir um árabil. Gildistöku laga sem samþykkt voru á árinu 1995 um upptöku olíugjalds hefur í tvígang verið frestað og er nú gert ráð fyrir að þau taki gildi 1. janúar 1999. Ég vil í upphafi máls míns gera í stuttu máli grein fyrir forsögu málsins en hún sýnir að mínu mati að nauðsynlegt er að málið fái rækilega umfjöllun hér á hinu háa Alþingi og þá kannski fyrst og fremst í hv. efh.- og viðskn. svo að endanleg niðurstaða fáist í þessu máli nú á vorþingi.

Með lögum nr. 34/1995 samþykkti Alþingi að tekið skyldi upp vörugjald af olíu frá 1. janúar 1996. Í lögunum var kveðið á um að lagt skyldi olíugjald á alla gas- og dísilolíu óháð því til hvaða nota olían væri. Hins vegar voru viðtækar endurgreiðslureglur í lögunum sem fólu í sér að skattyfirvöld skyldu endurgreiða olíugjaldið í þeim tilvikum er olía var nýtt til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki.

Í framhaldi af setningu laga þessara skipaði ég sérstaka samráðsnefnd sem átti að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar fjmrn., samgrn. og skattyfirvalda, svo og fulltrúar frá helstu samtökum hagsmunaaðila sem upptaka olíugjalds snertir. Samráðsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að mjög erfitt yrði að hafa eftirlit með því að endurgreiðslukerfið yrði ekki misnotað og í ljósi þess, svo og upplýsinga um að í Danmörku hefði verið þróaður tæknibúnaður sem gerði litun gjaldfrjálsrar olíu að hagkvæmari kosti en áður, lagði nefndin til að gildistöku laganna yrði frestað um tvö ár og sá tími yrði nýttur til að útfæra hagkvæma litunarleið í stað þeirrar endurgreiðsluleiðar sem lögin kváðu á um. Jafnframt yrði löggjöf um þungaskatt endurskoðuð í því skyni að draga úr undanskotum á skattinum.

Með lögum nr. 120/1995 samþykkti Alþingi síðan að fresta gildistöku laga nr. 34/1995 og þar með upptöku olíugjaldsins, til 1. janúar 1998 í samræmi við tillögur samráðsnefndarinnar.

Er þessi niðurstaða lá fyrir var í fjmrn. hafist handa við endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með það fyrir augum að styrkja þungaskattskerfið. Frv. þess efnis var lagt fram og samþykkt á vorþingi 1996. Meginatriði breytinganna voru þau að álagning og framkvæmd skattsins að öðru leyti var færð undir embætti ríkisskattstjóra. Teknar voru upp almennar málsmeðferðarreglur skattalaga og reglur hertar hvað varðar m.a. álestrarskráningu, akstursáætlun o.fl. Óumdeilt er að breytingar þær sem gerðar voru á þungaskattinum hafa leitt til þess að stórlega hefur dregið úr undanskotum á skattinum og hafa tekjur Vegagerðarinnar af þungaskatti aukist stórlega frá því að breytingin var gerð.

Á vorþingi síðasta árs var síðan á ný lagt fram frv. til laga um breyting á lögum nr. 34/1995. Meginefni þess frv. var að í stað þess endurgreiðslukerfis sem kveðið var á um í lögunum yrði tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Í frv. var ekki kveðið á um endurskoðun á fjárhæð olíugjaldsins en tekið fram í greinargerð að forsendur gjaldsins yrðu endurskoðaðar fyrir haustþingið. Þetta frv. hlaut hins vegar ekki afgreiðslu úr hv. efh.- og viðskn. þingsins. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frv. sem kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað á ný og að þessu sinni til 1. janúar 1999. Það frv. var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi, samanber lög nr. 90/1997.

Í athugasemdum með frv. hv. efh.- og viðskn. kom m.a. fram að í umsögnum sem borist höfðu frá olíufélögunum hefði komið fram að viðamikið mál sé að taka upp litunarkerfi og sé af þeim sökum lagt til að gildistöku laganna verði frestað. Sl. haust skipaði ég síðan tvær nefndir til að undirbúa upptöku olíugjalds með litun til samræmis við niðurstöður hv. efh.- og viðskn. Önnur nefndin var skipuð fulltrúum fjmrn., samgrn. og ríkisskattstjóra. Þeirri nefnd var ætlað að kanna forsendur og fjárhæð olíugjaldsins og varð nefndinni gert að hafa samráð við samtök helstu hagsmunaaðila sem upptaka olíugjalds snertir einkum.

Hin nefndin var skipuð fulltrúum ráðuneytisins, ríkisskattstjóra og olíufélaganna og var þeirri nefnd falið að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að framkvæmd olíugjalds hér á landi, m.a. hvað varðar litun gjaldfrjálsrar olíu og eftirlit.

Í ljósi þessarar forsögu málsins er rétt að ítreka það sem þegar hefur komið fram að Alþingi hefur nú þegar samþykkt lög sem kveða á um upptöku olíugjalds frá 1. janúar 1999 af allri gas- og dísilolíu til hvaða nota sem hún er. Þessi lög kveða á um að gjaldið skuli endurgreitt þegar olían er nýtt til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki. Ljóst er að þessi endurgreiðsluleið þykir ekki lengur raunhæfur kostur og þess vegna verður hið háa Alþingi, auk þess að taka afstöðu til þess frv. sem nú er mælt fyrir, að taka afstöðu til málsins í heild sinni, þ.e. hvort olíugjald verði tekið upp með litun eða hvort endanlega verður fallið frá hugmyndum um upptöku olíugjalds. Þegar litið er til þess tíma sem liðið hefur frá því að lögin um vörugjald af olíu voru upphaflega samþykkt, er mín skoðun sú að brýnt sé að fá niðurstöðu í þessu mikilvæga máli sem fyrst og helst að málið verði endanlega afgreitt nú á vorþingi.

Áður en ég vík að tillögum frv. um fjárhæð olíugjalds og um sérstaka gjaldtöku á þyngri ökutæki og um framkvæmd olíugjaldsins að öðru leyti, svo og að niðurstöðum á mati á kostnaði við upptöku litunarkerfis, vil ég gera grein fyrir þeim rökum sem færa má fyrir því að tekið verði upp olíugjald hér á landi.

Í greinargerð með upphaflega frv. um gjald á olíu kom fram að megintilgangurinn með upptöku olíugjalds væri sá að tekin yrði upp ný leið til skattlagningar á dísilknúnar bifreiðar í stað þungaskatts vegna mikilla undanskota sem talin voru vera í þungaskattskerfinu. Undanskotin voru talin leiða til verulegs tekjutaps ríkissjóðs og jafnframt talin brengla mjög samkeppnisstöðu aðila í rekstri, skilvísum aðilum í óhag. Það voru ekki síst samtök þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni sem kröfðust þess að tekið yrði upp olíugjald í stað þungaskatts til þess að leiðrétta þá röskun á samkeppnisstöðu sem undanskot á skattinum voru talin valda. Breytingar þær sem gerðar voru á þungaskattskerfinu á árinu 1996 hafa hins vegar leitt til þess að verulega hefur dregið úr undanskotum á skattinum. Stórauknar tekjur af þungaskatti sýna þetta ljóslega en þær má þó reyndar að hluta til rekja til aukningar á akstri. Þessar umbætur í þungaskattinum hafa orðið til þess að dregið hefur úr þeirri brýnu þörf sem á sínum tíma var talin á því að taka upp vörugjald.

Eins og vikið er að í greinargerð frv. sem nú er mælt fyrir eru önnur mjög veigamikil rök sem færa má fyrir því að olíugjald verði tekið upp. Fyrst og fremst má þar nefna umhverfissjónarmið. Vægi umhverfismála í hinni pólitísku umræðu hefur aukist mjög á síðustu mánuðum og árum eins og kunnugt er. Nægir í því sambandi að vísa til umræðna sem fóru fram á Alþingi nú fyrir áramótin um niðurstöðu Kyoto-ráðstefnunnar, en talið er mjög brýnt að takmarka og draga úr notkun á orkugjöfum sem valda mengun og má þar kannski fyrst og fremst nefna bensín og olíu. Með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er verið að beina kaupum að sparneytnari ökutækjum sem þar af leiðandi gefa frá sér minna magn koltvísýrings. Olíugjaldið stuðlar jafnframt að því að ökumenn hagi akstri sínum þannig að olíunotkun verði sem minnst og þar af leiðandi dragi úr losun þess efnis.

Í öðru lagi er með upptöku olíugjalds í stað þungaskatts stuðlað að því að dísilknúðar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur en verið hefur hingað til. Dísilknúnar fólksbifreiðar hafa ekki hlotið jafnmikla markaðshlutdeild hér á landi og í nágrannalöndum okkar og hefur það fyrst og fremst verið rakið til þess hve mikið óhagræði fylgir þungaskattskerfinu, m.a. sökum þungrar greiðslubyrði á gjalddögum og óhagræði við að setja ökumæli í bifreiðar og láta lesa af honum.

Samkvæmt upplýsingum FÍB má ætla að olíunotkun dísilbifreiða sé 25–30% minni en bensínbifreiða.

Í þriðja lagi má nefna að upptaka olíugjalds leiðir til jafnari dreifingar á greiðslubyrði eigenda þeirra. Þungaskattur af atvinnubifreiðum er í flestum tilfellum greiddur þrisvar á ári, í hvert skipti vegna aksturs fjögurra mánaða í senn. Með því að færa gjaldtökuna yfir í olíuna er stuðlað að jafnari dreifingu á greiðslubyrði eigenda sem þannig bætir rekstrarskilyrði þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni.

Loks má í fjórða lagi nefna að enda þótt umbætur hafi verið gerðar á þungaskattskerfinu sem dregið hafa verulega úr undanskotum á þungaskattinum, er ljóst að mjög erfitt er að koma með öllu í veg fyrir slík undanskot. Með upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu verða möguleikar til undanskota hins vegar minni og eftirlit og sönnun vegna brota mun auðveldari en í þungaskattinum.

Eitt mikilvægasta atriðið við upptöku olíugjalds er að tryggja að breytingin úr þungaskatti yfir í olíugjald valdi sem minnstri röskun frá því sem verið hefur á annars vegar tekjum Vegagerðarinnar og hins vegar á gjaldbyrði þeirra sem greiða skattinn, annars vegar vegna tekna og hins vegar sem gjaldbyrði skattgreiðendanna. Það er alveg ljóst að mjög erfitt er að tryggja að þessum markmiðum verði náð gagnvart öllum hagsmunahópum. Sú undirbúningsvinna sem fram hefur farið af hálfu fjmrn. og samgrn. og unnin hefur verið í samráði við öll helstu hagsmunasamtök þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni, hefur miðast við að þessi markmið verði tryggð. Ég vil hins vegar leggja á það sérstaka áherslu að ég tel mikilvægt að einstök samtök hagsmunaaðila ásamt Vegagerðinni fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að þegar málið verður tekið til meðferðar hjá hv. efh.- og viðskn. Ljóst er að forsendur hafa breyst verulega frá því að olíugjaldið var upphaflega ákveðið. Þar var fjárhæðin miðuð við að árlegar tekjur af þungaskatti næmu 2,1 milljarði kr., en tekjur af þungaskatti hafa hins vegar aukist mjög frá þeim tíma. Þannig námu þungaskattstekjur ársins 1997 tæpum 3,1 milljarði kr.

Eins og ég hef getið um eru tvær meginskýringar á þessari miklu hækkun, annars vegar að akstur dísilknúinna ökutækja hefur aukist og hins vegar hefur mjög dregið úr undanskotum á þungaskatti eftir að breytingar voru gerðar á þungaskattskerfinu. Vegna þessara breytinga, sem orðið hafa frá því að lög sem kváðu á um upptöku olíugjalds voru fyrst samþykkt, var nauðsynlegt að endurmeta allar forsendur fyrir fjárhæð gjaldsins. Við þá vinnu var reynt að meta á nýjan leik hversu mikil dísilolía er notuð á ári hverju á dísilknúin ökutæki, en það skiptir að sjálfsögðu miklu um ákvörðun á upphæð gjaldsins. Einnig var metið á nýjan leik hvaða áhrif upptaka olíugjaldsins hefði á gjaldbyrði einstakra notendahópa miðað við tilteknar forsendur um áætlaða meðalnotkun ökutækja þeirra í dísilolíu.

Niðurstaða á þessu endurmati á forsendum olíugjalds var sú að ef tryggja ætti óbreyttar tekjur til vegagerðar með olíugjaldi einu og sér, yrði að hækka gjaldið verulega frá því sem kveðið var á um í lögum nr. 34/1995. Þegar jafnframt er til þess litið að virðisaukaskattur leggst ofan á olíugjaldið og að þeir sem stunda fólksflutninga, t.d. hópferðaleyfishafar og leigubifreiðastjórar, geta ekki fengið skattinn dreginn frá sem innskatt, var það mat fulltrúa fjmrn. og samgrn. að olíugjald sem væri nægilega hátt til að skila eitt og sér óbreyttum tekjum í ríkissjóð frá því sem þungaskatturinn gerir nú, mundi auka gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda verulega.

Af þessari ástæðu var ákveðið að skoða leiðir til sérstakrar gjaldtöku til viðbótar olíugjaldinu sem tryggja mundi óbreyttar tekjur til vegagerðar og jafnframt raska greiðslubyrði á einstaka hópa greiðenda eins lítið og framast væri unnt. Í því sambandi koma tvær leiðir einkum til skoðunar. Í fyrsta lagi að taka upp fast gjald á ökutæki af tiltekinni þyngd, en slíkt gjald yrði þó óhjákvæmilega að vera nokkuð hátt. Hins vegar að taka upp eða kannski öllu heldur að viðhalda kílómetragjaldi vegna aksturs ökutækja yfir tiltekinni þyngd. Niðurstaðan var sú að sérstök gjaldtaka í formi kílómetragjalds væri sanngjarnari en fast gjald og þar að auki líklegri til þess að draga úr röskun á greiðslubyrði greiðenda og til að tryggja að gjaldtaka tengdist raunverulegu sliti vega.

Í frv. því sem nú er lagt fram er lagt til að olíugjald lækki verulega frá því sem upphaflega var ákveðið með lögum nr. 34/1995 eða úr 38,50 kr. á hvern lítra af olíu í 34 kr. á lítrann. Meginástæður þessa voru tvær: Annars vegar var talið að með því að taka upp sérstakt kílómetragjald til viðbótar við olíugjaldið, mætti stýra gjaldtökunni betur þannig að kerfisbreytingin leiddi til sem minnstrar röskunar á gjaldbyrði einstakra greiðendahópa. Í greinargerð með frv. því er varð að lögum nr. 34/1995 kom fram að olíugjald að fjárhæð 38,50 á hvern lítra af olíu, mundi auka gjaldbyrði aðila í fólksflutningum m.a. vegna áhrifa virðisaukaskatts sem áður er lýst. Með lækkun gjaldsins er stefnt að því að koma í veg fyrir þessa röskun. Hin ástæðan fyrir tillögu um lækkun olíugjalds er sú að með því verður lítraverð á dísilolíu heldur lægra en lítraverð á bensíni, en með því má stuðla að fjölgun dísilknúinna fólksbifreiða.

Hvað varðar kílómetragjaldið þá er lagt til að það leggist ekki á fólksflutningabifreiðar. Ástæðan er sú að það mundi auka umtalsvert gjaldbyrði á þessar bifreiðar frá því sem verið hefur í þungaskattinum, m.a. vegna áhrifa virðisaukaskatts. Gert er ráð fyrir að gjaldið leggist einungis á bifreiðar og eftirvagna að heildarþyngd 10 tonn eða meira. Við ákvörðun á fjárhæð kílómetragjalds var reynt að meta hver gjaldbyrði af slíkum ökutækjum er í dag og ákvarða gjaldið þannig að gjaldbyrðin verði sem næst óbreytt frá því sem verið hefur. Í þessu sambandi vil ég þó vekja sérstaka athygli á því að breytingin mun óhjákvæmilega auka gjaldbyrði flutningsaðila sem aka mikið og á það fyrst og fremst við þá sem stunda vöruflutninga og aka meira en 50 þús. km á ári. Það stafar af því, eins og kunnugt er, að í lögum um fjáröflun til vegagerðar er kveðið á um stigvaxandi afslátt á þungaskatti með auknum akstri. Þegar um vöruflutningabifreiðar er að ræða er afslátturinn 10% eftir 25 þús. km akstur, 20% eftir 35 þús. km akstur en 50% eftir 45 þús. km akstur. Af akstri annarra bifreiða er afslátturinn 10% eftir 25 þús. km en 20% eftir 45 þús. km akstur.

Samkeppnisráð gaf sl. haust álit þess efnis að afsláttarreglurnar færu gegn markmiði samkeppnislaga þar sem þær drægju úr samkeppnishæfni sambærilegra atvinnubifreiða til að þjóna sama markaði og möguleikum nýrra keppinauta á markaðnum með því að tryggja aðilum sem mikið aka viðskiptalegt forskot á nýja og smærri aðila á markaðnum. Og þeim tilmælum var beint til fjmrh. að hann hlutaðist til um að leiðrétta þessar reglur eða flýta upptöku olíugjalds. Ekki verður annað séð en að þessi niðurstaða samkeppnisráðs kalli á afnám sérstakra afsláttarreglna vegna aukins aksturs alveg óháð upptöku olíugjalds, en það hefur óhjákvæmilega í för með sér aukna gjaldtöku á þá sem mest aka.

Ég legg sérstaka áherslu á þetta vegna þess að ég held að það skipti máli í starfi hv. nefndar að þessi sjónarmið

komi alveg skýrt fram. Af þessum sökum er reynt að ákveða fjárhæð kílómetragjalds þannig að gjaldtaka verði því sem næst óbreytt frá því sem verið hefur í þungaskatti án tillits til afsláttar. Standist þær forsendur mun breytingin ekki raska gjaldbyrði hjá stærstum hluta aðila í vöruflutningum, en þess má geta að um 90% ökutækja sem eru yfir 10 tonn að þyngd er ekið minna en 50 þús. km á ári. Gjaldbyrðin mun hins vegar aukast nokkuð hjá þeim sem aka mjög mikið en það er eins og áður segir vegna afnáms sérstakra afsláttarreglna sem menn verða að grípa til alveg burt séð frá því hvort þetta frv. verður samþykkt eður ei.

Lagt er til að fjárhæð kílómetragjalds verði tvöföld á eftirvagna. Ástæðan er sú að þar sem gjaldtaka mun fyrst og fremst tengjast olíunotkun en ekki eknum kílómetrum, mun einfalt kílómetragjald á eftirvagna leiða til þess að gjaldbyrðinni verði létt af þeim við breytinguna. Með tvöföldu kílómetragjaldi á eftirvagna er reynt að tryggja að gjaldtaka af þeim breytist sem minnst frá því sem verið hefur og hún verði þannig áfram tengd sliti á vegum og jafnframt að gjaldtakan verði sem hlutlausust varðandi hagkvæmni flutninga, hvort sem eftirvagnar eru notaðir við flutningana eður ei. En eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá slitna vegir mun meira þegar ekið er um þá á þyngri bifreiðum en léttari bifreiðum.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um þá útreikninga sem liggja að baki fjárhæðum olíugjalds og kílómetragjalds. Ég vil þó undirstrika að mjög brýnt er að upptaka olíugjalds valdi eins lítilli röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda og framast er unnt, án þess þó að rýra þann mikilvæga tekjustofn sem þungaskatturinn hefur verið fyrir Vegagerðina. Ég vænti þess að fjallað verði rækilega um þennan þátt málsins í hv. efh.- og viðskn.

Í fjmrn. er þessa dagana verið að taka saman ítarlega greinargerð um þær forsendur sem lágu að baki ákvörðun á fjárhæðum gjaldanna og verður sú greinargerð send til hv. efh.- og viðskn. og jafnframt til allra helstu hagsmunasamtaka þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni.

Eins og ég hef þegar getið um námu tekjur af þungaskatti á árinu 1997 að teknu tilliti til endurgreiðslna og greiðslu kostnaðar við framkvæmd skattsins tæpum 3,1 milljarði kr. Þar sem reiknað er með að endurgreiðslur og greiðsla kostnaðar við framkvæmd olíugjalds muni alls nema um 60 millj. kr. á ári má áætla að olíugjald og kílómetragjald þurfi samtals að skila á milli 3,1 og 3,2 milljörðum kr. til að skila óbreyttum tekjum til Vegagerðar. Við ákvörðun á fjárhæð olíugjaldsins var lagt til grundvallar að árleg notkun dísilolíu á skráningarskyld ökutæki væri nánast 70 millj. lítrar. Miðað við það má áætla að tekjur af olíugjaldi muni nema um 2,4–2,5 milljörðum á ári. Ef tekið er mið af akstri ársins 1997 má áætla að tekjur af kílómetragjaldi muni nema um 700 millj. kr. Því má gera ráð fyrir að heildartekjur til Vegagerðar af olíugjaldi og kílómetragjaldi verði því sem næst óbreyttar frá þeim tekjum sem fengist hafa af þungaskatti.

Rétt er að taka fram að töluverð óvissa ríkir um hversu mikil dísilolía er notuð á skráningarskyld ökutæki á ári hverju. Af þeim sökum og að ósk bæði Vegagerðarinnar og ýmissa hagsmunasamtaka þeirra aðila sem stunda akstur í atvinnuskyni er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um endurskoðun á fjárhæðum olíugjalds og kílómetragjalds að nokkrum tíma liðnum en þá munu liggja fyrir upplýsingar um raunverulega olíunotkun. Gert er ráð fyrir að þessi endurskoðun fari fram í upphafi ársins 2001. Komi í ljós að árleg dísilolíunotkun á ökutæki sé meiri en gert var ráð fyrir í forsendum frv. mundi slík endurskoðun leiða til lækkunar gjalda.

Einnig er rétt að vekja sérstaka athygli á að virðisaukaskattur leggst ofan á olíugjald ólíkt því sem er með þungaskattinn. Við upptöku olíugjalds munu því koma til nýjar virðisaukaskattstekjur í ríkissjóð vegna olíukaupa aðila, sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir og geta því ekki fengið skattinn frádreginn sem innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri. Hér er um að ræða olíukaup einstaklinga, svo og aðila í fólksflutningum, a.m.k. á meðan fólksflutningar eru utan við kerfið. Gera má ráð fyrir að auknar virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs af olíugjaldinu muni nema u.þ.b. 150 millj. kr. á ári hverju.

Ég tel koma til greina, og vil undirstrika það, að þeim virðisaukaskattstekjum verði skilað með einhverjum hætti til þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni, t.d. með lækkun vörugjalds af atvinnubifreiðum. Ég held að það skipti máli og væri því hægt að auðvelda mönnum að endurnýja flotann og kaupa þannig sparneytnari bifreiðar og slá með þeim hætti tvær flugur í einu höggi. Þetta er þó eitt þeirra atriða sem ég tel að nefndin eigi sérstaklega að fjalla um. Eins og virðulegur forseti hefur heyrt í ræðu minni beini ég því sérstaklega til nefndarinnar að hún fari mjög vandlega yfir þetta flókna mál og skoði það frá öllum hliðum. Ég er ekki að leggja ofuráherslu á að málið verði afgreitt óbreytt heldur fyrst og fremst að benda hv. Alþingi á hversu nauðsynlegt það er að Alþingi sjálft taki nú afstöðu til þessa máls sem hefur í raun verið til ákvörðunar um nokkurra ára skeið án þess að almenningur og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta í málinu átti sig nákvæmlega á því hvað framtíðin ber í skauti sér í þessu máli. Það verður ekki undan því vikist nema til vors að svara þeirri meginspurningu.

Virðulegi forseti. Ég kem nú aðeins að framkvæmd og kostnaði vegna upptöku litunarkerfis.

Í upphafi ræðu minnar gerði ég grein fyrir tillögum sérstakrar samráðsnefndar um olíugjald sem starfaði á árinu 1995. Eins og ég greindi frá lagði nefndin til að gildistöku laga nr. 34/1995 yrði frestað meðan unnið yrði að útfærslu hagkvæmrar litunarleiðar í stað endurgreiðsluleiðar. Byggðust þær tillögur m.a. á því að fram hefðu komið upplýsingar um að í Danmörku hefði verið þróaður og sannreyndur búnaður sem gerði litun gjaldfrjálsrar olíu langtum hagkvæmari en áður.

Nefnd sem starfaði í haust og skipuð var fulltrúum olíufélaganna og embættismönnum kannaði m.a. framkvæmd litunar í öðrum löndum og hugsanlegan kostnað við upptöku litunarkerfis. Meðal annars fór hluti nefndarmanna í kynnisför til Noregs og Danmerkur til að kynna sér mismunandi tækni til litunar og reynslu þeirra þjóða af þeirri tækni. Fram kom að tæknibúnaður sá sem Danir hafa verið að þróa og vonir stóðu til að mundi gera litun gjaldfrjálsrar olíu ódýrari en áður, þ.e. búnaður sem gerir kleift að lita olíu við afgreiðslu frá olíubíl, hefur ekki reynst eins hagkvæmur kostur og vonast var og hyggjast dönsku olíufélögin að mestu nota hefðbundnar aðferðir til litunar. Þetta er í raun athyglisvert í ljósi sögunnar.

Þess má geta að Danir hafa ekki enn tekið upp litunarkerfið en það mun vera vegna ágreinings um litunarefni sem nota á í olíuna. Það ber reyndar að hafa í huga að Danir hyggjast einungis taka upp litun olíu í eftirlitsskyni. Áfram verður viðhaldið núverandi olíugjaldskerfi sem byggir á endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsra nota. Í Noregi og Svíþjóð

hefur olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu hins vegar verið við lýði um nokkurra ára skeið og hafa þessar þjóðir leyst þá byrjunarörðugleika sem komu upp og gengur kerfið vel í þeim löndum.

Óhjákvæmilegt er að upptaka olíugjalds með litun verði allkostnaðarsöm. Nefnd sú sem ég gat um áðan og falið var að undirbúa upptöku olíugjalds með litun kannaði m.a. hver yrði hugsanlegur kostnaður olíufélaganna við að kaupa búnað til litunar gjaldfrjálsrar olíu, dreifingu á bæði litaðri og ólitaðri olíu, breytingu á geymum auk annars kostnaðar við upptöku gjaldsins. Fulltrúar olíufélaganna í nefndinni mátu í því skyni hvaða leiðir væru hagkvæmastar til litunar og dreifingar litaðrar olíu, svo og hver líklegur kostnaður yrði af því, bæði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður. Niðurstaðan varð sú að stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði mundi nema um 330 millj. kr. m.a. vegna byggingar birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.s.frv. Við þessa fjárhæð bætast um 84 millj. kr. vegna fjölgunar olíugeyma fyrir viðskiptavini félaganna. Olíufélögin áætla að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra vegna upptöku olíugjaldsins verði um 143 millj. kr. Þar af nemi beinn rekstrarkostnaður um 70 millj. kr. en fjármagns- og afskriftakostnaður um 73 millj. kr. Líklegt verður að telja að sá kostnaður sem fylgir upptöku litunarkerfis muni leiða til einhverrar hækkunar á olíuverði. Það eru að sjálfsögðu olíufélögin sjálf sem munu ákveða hvernig þau ná til baka kostnaði sínum vegna kerfisbreytingarinnar, en ég tel að mjög nauðsynlegt sé að þetta komi fram en tek jafnframt fram að þessar tölur hafa auðvitað ekki verið staðreyndar eða sannreyndar af fjmrn. eða öðrum aðilum. Þetta eru tölur sem koma frá olíufélögunum en með þessum orðum er ég alls ekki að bera brigður á þær tölur.

Ef litið er til annarra atriða frv. í lokin, virðulegi forseti, þá má segja um efni frv. að lagt er til að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald verði í höndum ríkisskattstjóra en hann getur þó falið Vegagerðinni eða skattstjórum að fara með einstök verkefni. Er þetta í samræmi við framkvæmdina í þungaskatti eins og henni var breytt á árinu 1996, en sú breyting þykir hafa gefið mjög góða raun. Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði við eftirlitið frá því sem verið hefur í þungaskattinum og er gert ráð fyrir í frv. að óbreyttur hluti skattteknanna, þ.e. 0,5%, verði ráðstafað í ríkissjóð vegna kostnaðar við framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin hafi áfram eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlitið breytist þó að því leyti að það beinist fyrst og fremst að því að lituð olía verði ekki notuð á skráningarskyld ökutæki. Komi í ljós að lituð olía hafi verið notuð á skráningarskyld ökutæki er kveðið á um greiðslu sérstaks olíugjalds en þar er um mjög háar fjárhæðir að ræða. Hér er um sambærilegar reglur að ræða og þekkjast t.d. í Noregi og Svíþjóð.

Hæstv. forseti. Ég hef gert allítarlega grein fyrir efnisatriðum þessa lagafrv. sem hér hefur verið lagt fram um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. Ég vil að lokum ítreka það sem fram hefur komið í ræðu minni að ég tel að hér sé um mjög brýnt hagsmunamál að ræða sem niðurstaða þarf að fást í sem allra fyrst. Hins vegar er ljóst að þetta mál þarf að skoðast mjög vandlega einkum vegna þess að um kostnaðarsama breytingu er að ræða sem varðar mikilvæga atvinnuhagsmuni þeirra aðila sem stunda akstur í atvinnuskyni.

Eins og ég hef þegar gert grein fyrir er verið að vinna greinargerð í fjmrn. um þær forsendur sem voru lagðar til grundvallar við ákvörðun á fjárhæðum gjalda, svo og um upptöku litunarkerfis. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að sjónarmið einstakra hagsmunasamtaka verði einnig tekin til ítarlegrar skoðunar, og ef tilefni verður talið til að breytingar verði gerðar á efni frv. í meðferð þingsins.

Eins og hv. alþm. hafa heyrt á máli mínu er þetta frv. lagt fram fyrst og fremst vegna þess að ekki verður undan því vikist að Alþingi taki afstöðu til þessa máls. Frumvarpið er unnið af fjmrn. og í samvinnu við alla hagsmunaaðila og reynt er að nálgast niðurstöðuna eins og heppilegast er út frá því að það raski sem minnst því kerfi sem nú er við lýði. Við stöndum hins vegar frammi fyrir breytingum t.d. vegna þess að Samkeppnisstofnun hefur gert athugasemdir.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta mál þurfi að skoðast mjög vandlega í nefnd. Ég geri mér grein fyrir því að nefndin muni þurfa að leggja mikla vinnu í málið en ég treysti engri þingnefnd betur en hv. efh.- og viðskn. undir forustu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til að gera það. Nefndin hefur svo sannarlega sýnt það í verki á yfirstandandi þingi og reyndar á undanförnum þingum.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. til nánari skoðunar þar.

[19:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil fyrst segja vegna síðustu orða hæstv. fjmrh. og reyndar kom það ítrekað fram í máli hans að frv. þyrfti að fara í rækilega skoðun í hv. þingnefnd. Það mun að sjálfsögðu ekki standa á efh.- og viðskn. að fara yfir þetta mál eina ferðina enn. Hér er um gamlan kunningja að ræða, ef svo má að orði komast, bæði efh.- og viðskn. sem starfaði á fyrra kjörtímabili og sú sem hefur starfað á þessu kannast við þetta mál, eða a.m.k. margir nefndarmanna sem komið hafa að því starfi.

Hæstv. fjmrh. rakti forsögu málsins þannig að ég þarf ekki að eyða tíma í það. Það jaðrar við að kalla megi tilurð þessa máls hálfgerðan vandræðagang sem verið hafi með þetta mál og það á ekki aðeins við í tíð hæstv. núv. fjmrh. Sú saga nær reyndar enn þá lengra aftur. Það er búið að vera til skoðunar meira og minna linnulaust í stjórnkerfinu, í líklega upp undir 15 ár, að breyta þessari aðferð, að hverfa frá þungaskatts- og mælakerfinu og koma á í staðinn einhvers konar olíugjaldi eða annarri skattheimtu. Síðan hefur ýmislegt orðið til þess að tefja framgang málsins. Menn hafa verið að bíða eftir tækniframförum. Um tíma biðu menn eftir að til sögunnar kæmu svo fullkomnir ökumælar að ekki væri nokkur leið að svindla á þeim. Það reyndist mikill barnaskapur því að mannshugurinn sá fljótt við þeirri tækni. Þeir sem það vilja ástunda fundu nýjar og nýjar aðferðir til að komast fram hjá skattinum. Síðan var stefnt á olíugjaldskerfi með litun en þar hafa menn einnig verið að velta fyrir sér möguleikum á nýrri tækni sem væri ódýrari í rekstri og sparaði tvöfalt dreifingarkerfi. Þessa sögu þekkja menn, og hæstv. fjmrh. rakti síðasta kaflann, þ.e. það sem gerst hefur frá því að lög voru sett á árinu 1995 með gildistöku 1996. Þeim var síðan frestað til 1. jan. 1998 og var þá um að ræða hugmyndir um endurgreiðslukerfi án litunar og síðan frv. sem lagt var fram um litun, sem ekki var afgreitt, en í staðinn flutti hv. efh.- og viðskn. enn frestunarfrv. og nú er gert ráð fyrir tímamótum að þessu leyti að upptöku olíugjalds 1. jan. 1999, þ.e. 1. jan. á næsta ári.

Og enn erum við í þeim sporum að hingað kemur frv. Það leggur að vísu til tiltekna útfærslu í málinu en því fylgir úr hlaði það veganesti hæstv. fjmrh. að í raun þurfi að fara yfir málið frá grunni á nýjan leik eina ferðina enn, endurmeta stöðuna algerlega í ljósi breyttra aðstæðna, þeirra aðstæðna sem við stöndum nú frammi fyrir.

Í því sambandi er nauðsynlegt að skoða hversu miklum árangri menn hafa raunverulega náð í því að uppræta undanbrögð í núverandi þungaskattskerfi og hvort það hafi tekist, sem ýmislegt bendir reyndar til, að lagfæra það fyrirkomulag þannig að það sé að verða sæmilega ásættanleg aðferð. Í ljósi þess sem hér er lagt til má ekki útiloka þann kost .

Varðandi frv. og það sem það felur í sér hlýt ég að segja, herra forseti, að ég er nokkuð undrandi. Ég hef að vísu kannski mildari tón í þeim orðum mínum en ég hefði ella haft ef hæstv. fjmrh. hefði boðað þetta sem endanlega niðurstöðu og stefnu sem knúin yrði til afgreiðslu. Ég verð satt best að segja að játa það að ég hafði ekki átt von á því að þessi útgáfa af málinu ætti eftir að koma fyrir. Ég bjóst ekki við þeirri ótrúlegu niðurstöðu að eftir allt talið um kerfisbreytinguna, nauðsyn þess að losna við þungaskattinn, mælana og það vesen, þá römbuðu menn á þá niðurstöðu í kerfinu að gera hvort tveggja, taka upp olíugjaldið og halda í þungaskattinn. Að vísu er það ekki nema á hluta bílaflotans en nóg samt. Þetta er að mínu mati, herra forseti, stórgölluð niðurstaða. Í fyrsta lagi er það vegna þess að í raun er verið að baksa við að halda við tvöföldu kerfi, olíugjaldinu með öllu sem því fylgir og líka mælakerfi þó það sé gagnvart mun færri greiðendum en býsna mörgum samt.

Í öðru lagi er niðurstaðan að mínu mati algerlega ótæk vegna þess að hún skattleggur aukinn akstur tvöfalt. Hugsunin bak við olíugjaldskerfið sem leysti af hólmi að einhverju leyti fastagjald og að einhverju leyti mælagjald var auðvitað sú að gjald fyrir notkun á vegunum kæmi í gegnum aukna olíueyðslu. Þeim mun meira sem menn keyra þeim mun meira eyða menn væntanlega af olíu og borga því þeim mun hærra olíugjald. En hér hafa menn fengið þá furðulegu útkomu að þeir ætli að láta olíugjaldið telja að fullu gagnvart t.d. flutningabílum sem keyra 100 þús. eða 200 þús. km á ári, eða hvað það nú getur farið upp í, og leggja einnig á það kílómetragjald þannig að þeir borgi tvöfalt fyrir aukinn akstur. Mér sýnist þetta gersamlega útilokuð niðurstaða vegna þess að hún bitnar af óhóflegum þunga á þeirri flutningastarfsemi sem um lengstan veg fer.

Í þriðja lagi virðist þetta líka nokkuð erfið lending vegna þess að hún mun fela í sér dýrt kerfi. Hún felur í sér mikinn stofnkostnað olíufélaganna upp á 300 og eitthvað millj., 80 millj. til viðbótar í tönkum og rekstrarkostnað upp á á annað hundrað millj. á ári. Niðurstaðan felur einnig í sér áframhaldandi mælakerfi með eftirlitskostnaði og kostnaði þeirra sem þurfa að leggja til mælana. Fyrir þá sem lenda í hvoru tveggja verður þetta augljóslega mjög dýrt.

Ég heyrði því fleygt á dögunum að ekki væri ólíklegt að olíuverðið þyrfti að vera um tveimur kr. hærra á lítrann, fyrstu árin a.m.k, vegna viðbótarkostnaðarins af upptöku olíulitunarinnar. Það er mikill fórnarkostnaður við það að taka upp kerfið ef flutningabílar, sem ættu áfram að bera mælagjöldin, fá á sig olíugjaldið og að auki tveggja kr. hækkun vegna stofnkostnaðar í kerfinu sem þeir jafnframt fá á sig að fullu. Þá er þeirra hlutur orðinn nokkur strembinn. Langalvarlegasti þáttur þessa máls og sá sem gerir það að verkum að það mun ekki teljast nein hemja að lenda málinu svona er sá sérstaki kostnaður sem leggst á flutninga út á landsbyggðina. Það gengur ósköp einfaldlega ekki.

Ég tek það að vísu fram að ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kom í máli ráðherra, að þörf sé á að endurmeta þessar áherslur og menn þurfi líka að hafa umhverfismálin í huga. Það er vissulega rétt að olíugjaldið sem skattlagningaraðferð hefur þann stóra kost að það hvetur til orkusparnaðar. Með þeim rökum mætti segja að ef menn vilji minnka þessa miklu flutningastarfsemi á landi sem hér hefur farið hraðvaxandi undanfarin ár, þá væri skynsamlegt að reyna að stýra því eitthvað í gegnum skattlagningu af þessu tagi, t.d. olíugjöld. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þeim staðreyndum að mestöll almenn vörudreifing út í heilu landshlutana fer nú fram á landi. Sjósamgöngur í þeim skilningi sem áður var, þegar almenn vörudreifing fór fram með skipum, eru liðin tíð. Sjósamgöngurnar eru núna fyrst og fremst, sé vörunum ekki öllum ekið frá Reykjavík, í því fólgnar að stór skip komast inn á 4–6 hafnir á landinu og þaðan er þá vörunni dreift með bílum. Sá kostnaður sem endabyggðarlögin í þessu kerfi lenda í er óheyrilegur. Ég hef stundum tekið sem dæmi upplýsingar sem ég fékk á ferðalagi okkar þingmanna um Norðurl. e. í haust í starfsviku þingsins. Bóndi sem var að fá merkt búskapartæki, skítadreifara, gat fengið hann fluttan með skipi til Húsavíkur og borgaði að sjálfsögðu fulla frakt fyrir hann þangað. Síðan bauðst honum að flytja dreifarann áfram með flutningabifreið til Þórshafnar og ofan á skipafraktina áttu að leggjast 50 þús. kr. — 50 þús. kr. fyrir þetta stykki sem er kannski eitt tonn á þyngd og tekur svona 3 m á dekki eða í bíl. Það var gjaldið. Halda menn að þetta séu aðstæður sem hyggilegt sé að skattleggja alveg „extraordinert" því lengstu flutningaleiðirnar borga langþyngsta tollinn í kerfi af þessu tagi. Það gengur auðvitað ekki, herra forseti.

Ég er með útreikninga sem að vísu eru frá hagsmunaaðila, Félagi vöruflytjenda á landi, Landvara. Þar er gerð tilraun til að reikna þetta út og meta fyrir mismunandi flutningabíla eftir því hvort þeir eru með tveggja hásinga tengivagna eða ekki. Þeir með tengivagninum fengju á sig tvöfalt gjaldið. Frv. leggur til að til viðbótar kílómetragjaldinu sem bíll yfir 10 tonnum borgar komi tvöfalt það gjald á tengivagna. Þá er gjaldtakan orðin þrefaldur sá skali sem settur er upp í frv. Tökum stóran bíl, myndarlega samstæðu sem fer upp í þak þess sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. 40 tonna leyfilegan heildarþunga, 26 tonna bíl og 14 tonna tengivagn sem ekið er 160 þús. km á ári. Um slíkt geta auðveldlega verið dæmi, svo sem lengstu leiðir vestur á Firði, norður eða austur á land. Þessi bíll borgar í núverandi kerfi ef hann fer með sínum tengivagni 160 þús. km, ég viðurkenni að hér er um að ræða nokkurn veginn eins hátt dæmi og eins mikinn akstur og hægt er að hugsa sér, borgar 4,2 millj. í þungaskatt. Olíukostnaðurinn, þ.e. miðað við núverandi olíuverð eru síðan tæplega 2,2 millj. í viðbót. Samtals gerir þetta kostnað upp á tæpar 6,4 millj. kr. í skatt og olíukostnað í núgildandi kerfi. Samkvæmt lagafrv. mundi þessi flutningsaðili greiða 2 millj. 880 þús. í hið sérstaka kílómetragjald, 5 millj. 630 þús. í olíukostnað, þ.e. í olíukaupin plús greiðslu olíugjaldsins. Samtals eru þetta 8,5 millj. eða rúmlega 2,1 millj. meira en í núgildandi kerfi sem er 33,34% hækkun.

Hægt væri að taka mismunandi dæmi en ég tek hér hæsta dæmið þar sem munurinn er mestur. Þó má ljóst vera að allur akstur flutningsaðila af þessu tagi, ég tala nú ekki um ef þeir hafa tengivagna, og akstursleiðin er yfir 45–50 þús. km.,

þá þýðir þetta íþyngingu. Og hvaða leiðir eru það? Það eru nánast allar leiðir utan við 200–300 km radíus frá Reykjavík. Bílar sem fara að lágmarki eina ferð og jafnvel tvær ferðir í viku fara auðveldlega langt upp fyrir þessi mörk. Hvort sem menn hafa þá pólitík að sú þróun að flutningarnir hafi flust af sjó upp á land sé æskileg eða ekki, þá stöndum við frammi fyrir þessum staðreyndum og það er ekkert í sjónmáli bendir til þess að þar verði á snögg breyting. Fyrstu árin yrði þetta hreinn viðbótarskattur á flutningskostnaðinn út á land og er hann ærinn fyrir.

Í dag eru sjósamgöngur bannorð eða a.m.k. að stuðla að styrkingu þeirra. Ég á ekki von á því að menn taki þannig á hlutum hér á Íslandi á næstu árum að styrkja ýmist járnbrautarlestir eða sjósamgöngur af umhverfisástæðum eins og víða er gert á meginlandi Evrópu. Það þykir ekki fínt hér á Íslandi í dag og Heimdallur mundi örugglega álykta gegn því en hann kaus samgrh. mann ársins fyrir að leggja niður Ríkisskip. Eitt af því sem við erum að horfast í augu við hér eru afleiðingar þess. Það þýddi auðvitað stóraukna landflutninga á vegum sem ekki þola þá og slit á þeim vegum er mikið. Menn gætu sagt að þess vegna eigi umferðin að borga. En það verður ekki umferðin sem borgar. Það verða neytendurnir úti á landi. Fólkið á landsbyggðinni mun borga í gegnum sín lífskjör og það er sú staðreynd sem við verðum að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál. Þetta er, herra forseti, niðurstaða sem gerir það að verkum að ég gæti engan veginn sætt mig við hana í þessari mynd.

Að síðustu, herra forseti, eru rökin fyrir því að fara út í þetta tvöfalda kerfi fátækleg. Fyrst og fremst eru þau að halda þurfi inni tekjum Vegagerðarinnar. Menn hafi lent í einhvers konar klandri þegar þeir ætluðu að fara að stilla af upphæðum olíugjaldsins og náðu ekki inn nógum tekjum með því að hafa gjaldið ekki hærra en raun ber vitni, 34 kr. eða svo á km. Til þess að olíulítrinn yrði ekki dýrari en bensínlítrinn völdu menn þessa hallærisleið að taka það sem á vantar gegnum viðbótarskatt, kílómetragjald á stærri flutningabíla. Þetta er algjör magalending.

Það eru margar miklu skynsamlegri leiðir til þess að bæta sér að fullu þennan tekjumissi. Sú gáfulegasta er auðvitað sú að líta á tekjustofninn í heild, á bensíngjaldið og olíugjaldið saman og stilla af upp á nýtt þannig að bilið á milli sé hóflegt. Þannig mætti gera þetta en ekki gegnum tvöfalt innheimtukerfi á þungaskattinum eða olíugjaldinu. Ég er sammála því að hóflegt bil þarf að vera þarna á milli til þess að hvetja til olíunotkunar. Sú þróun gæti orðið hér að minni dísilbílar komi til sögunnar, fólksbílar með dísilvél o.s.frv. Við skerum okkur nokkuð úr með að þeir eru nánast ekki til nema þá atvinnutæki leigubílstjóra og þar þarf að sjálfsögðu að verða á áherslubreyting. Til eru miklu skynsamlegri leiðir til að kalla hana fram en sú sem menn hafa hér rambað á.

Sem rök gegn afsláttarkerfinu sem verið hefur við lýði gagnvart þeim sem mest keyra er sagt að það sé bannað, hin heilaga Samkeppnisstofnun bannar það. Það getur vel verið að menn verði að ganga með einhverjum öðrum hætti frá því máli þó það finnist mér nokkuð sérkennilegur úrskurður. Það er undarlegt að ekki sé heimilt að veita magnafslátt, ef við orðum það svo, til þeirra sem greiða svona mikið og eru stórir kúnnar hjá Vegasjóði í gegnum þungaskattinn. Þeir leggja hann að miklu leyti til með því að aka meira en aðrir. Því skyldu þeir ekki mega fá magnafslátt eins og þeir sem kaupa mikið af mjólk eiga núna heimtingu á að fá magnafslátt? Nú er bannað að hafa fasta verðlagningu á slíkum vörum af því að Samkeppnisstofnun kemur í veg fyrir það að menn njóti hagkvæmninnar af stórum innkaupum. Stundum finnst mér ýmislegt rekast á í þessari röksemdafærslu.

Aðalatriðið er í mínum huga það að þarna eru mun vænlegri leiðir en sú sem hér er. Hún er stórgölluð. Úr því að Samkeppnisstofnun er blandað í málið má spyrja: Er eitthvað skárra að undanskilja fólksflutningabíla, stóra og þunga fólksflutningabíla en leggja þetta á stóra og þunga vöruflutningabíla? Hvers vegna þessa mismunun? (**Fjmrh.:** Virðisaukaskattskerfið.) Já, að vísu er virðisaukaskattskerfið þar líka en auðvitað lendir virðisaukaskattur inni í flutningskostnaði á vörum út á land, það vitum við, og safnast reyndar þar upp. (**Fjmrh.:** Leggst á sem virðisaukaskattur.) Já, já, það er hárrétt hjá hæstv. fjmrh., sem kemur hér fram í framhjáhlaupi, að hið sérstaka uppgjörskerfi sem gildir vegna þess að fólksflutningagjöldin eru ekki virðisaukaskattsskyld, það veldur þarna vissum vandkvæðum. En ýmsar aðrar leiðir eru heppilegri en sú sem þarna er lögð til.

Niðurstaða mín er sú, herra forseti, að taka þurfi þetta mál og skoða ofan í kjölinn og það mun efh.- og viðskn. að sjálfsögðu taka að sér að gera og bregðast vel við tilmælum hæstv. ráðherra í því sambandi. Mér sýnist þrennt koma til greina í stöðunni. Í fyrsta lagi að hætta einfaldlega við þetta, slá þessi lög um olíugjaldið af, fella þau úr gildi og reikna með því um sinn að betrumbætt þungaskattskerfi haldist áfram. Annað væri að taka upp olíugjald með endurgreiðslukerfi og þó einhvers konar eftirliti af því tagi sem Danir eru að reyna. Í þriðja lagi væri hægt að taka upp olíugjald með litun olíunnar, endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs og ríkissjóðs í dæminu í heild sinni, stilla bensíngjaldið/olíugjaldið af upp á nýtt og búa við einfalt innheimtukerfi, vörugjald á bensíni og olíugjald á olíu.

[19:31]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðu hans. Það er rétt sem kemur fram hjá honum að það er kaldhæðni örlaganna að nú vinnur það gegn framgangi frv. hve vel hefur tekist með innheimtu á þungaskattinum á undanförnum árum.

Hv. þm. segir að með samþykkt frv. sé verið að leggja aukaskatt á þá sem keyra mest og á þyngstu bílana og það er út af fyrir sig rétt með því að halda í kílómetragjaldið. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú að Samkeppnisstofnun hefur komist að ákveðinni niðurstöðu og frv. þarf að bera saman við þá niðurstöðu. Það er athyglisvert í þessu öllu saman að það mál var sérstaklega til umræðu á þinginu í nóvember sl. Þá flutti einn hv. þm. ræðu og þar sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. skýri frá því hér að hann muni beita sér fyrir því að breyta lögunum þannig að allir þeir sem eru að vinna á þessum nótum vinni við hliðstæð skilyrði.“ — Og síðar: — „Og það er raunverulega óviðunandi að lögunum skuli ekki vera breytt þannig að öll tvímæli verði tekin af um það að allir aðilar sitji við sama borð eins og segir í úrskurði Samkeppnisstofnunar.“

Sá sem segir þessi orð er hv. þm. Guðmundur Lárusson, varaþingmaður hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, formanns Alþb. Með þessu er ég að sýna hve sjónarmiðin eru mörg og hve þetta sker í sundur flokkana og hve nauðsynlegt er að menn kanni þessi mál mjög vel í nefndinni. Ég tek undir það með hv. þm. að nefndin þarf að sjálfsögðu að skoða þessi mál. Nú er grundvöllur, búið er að safna öllum upplýsingum,

frv. er heildstætt en þingið kemst ekki hjá því að taka afstöðu til málsins.

[19:33]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mestu máli skipti að átta sig á efnislegum áhrifum eða afleiðingum af breytingum af þessu tagi. Þegar skattlagning á í hlut verða menn að reyna að átta sig á þessu: Er hún sanngjörn? Hvernig leggst hún á? Hvernig er best að afla teknanna sem menn eru sammála um að reyna að afla og láta byrðarnar af þeirri tekjuöflun dreifast? Ég fullyrði að fyrirkomulagið með tvöfaldri skattlagningu á aksturinn í reynd, í gegnum olíueyðsluna annars vegar og viðbótarkílómetragjald hins vegar, er hroðalegur gaffall á þá flutningsaðila eða öllu heldur greiðendur þeirrar þjónustu sem fá til sín vöru um lengstan veg, og það er fólkið í afskekktustu byggðarlögum landsins.

Varðandi úrskurð samkeppnisráðs þá get ég haft mínar skoðanir á honum. Ég er yfirleitt ánægður með störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs en ég leyfi mér líka að gagnrýna það og ég tel mig ekki verri mann en hvern annan til þess því að ég kom talsvert við sögu þegar verið var að setja þá löggjöf á sínum tíma og átti þátt í því að móta hana, þó að ég segi sjálfur frá, og hef reynt að fylgjast með því hvernig til hefur tekist síðan. Að sjálfsögðu á bæði að gagnrýna og hrósa því sem vel er gert. Ég var ekki sammála því að öllu leyti að úrskurðurinn væri heilög vísindi og vel getur verið að við flokksbræðurnir, ég og Guðmundur Lárusson, höfum ekki verið alveg sama sinnis þar og það er bara heilbrigt og gott að menn greini einstöku sinnum á, ágæta menn eins og okkur sem erum annars oft og iðulega sammála.

Menn verða auðvitað að bregðast við úrskurðinum. Hann liggur fyrir og menn verða að finna einhverjar leiðir sem hafa ekki þá annmarka sem þar er verið að benda á og ég er sannfærður um að við munum finna þær.

[19:35]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. Við höfum rætt það og efnisatriði þess áður. Eins og fram hefur komið er meginatriðið þess að við tökum upp kerfi með litaðri olíu og leggjum þungaskatt af, þó þannig að þungaskattur verði áfram á stærri bíla. Olíugjaldið sjálft mun skila 2,4 milljörðum og þungaskatturinn 0,7, samtals 3,1 milljarði þannig að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði óbreyttar.

Eitt meginatriði frv. er þó að hægt er að færa rök fyrir því að þessi útfærsla sé umhverfisvænni og skynsamlegri en fyrri álagning. Viðbótarrök í málinu voru að menn voru komnir í það mikil vandræði með þungaskattskerfið og innheimtu þess að einhverjar róttækar breytingar þurfti að gera. Það hefur hins vegar verið endurbætt þannig að tekjur hafa þar orðið miklu meiri en áætlað var og hefur greinilega verið komið í veg fyrir þá misnotkun eða einhvers konar vantalningu sem áður var.

Það er hins vegar rétt og ég fagna eiginlega því uppleggi hæstv. fjmrh. að leggja málið dálítið í hendur á hv. efh.- og viðskn. til frekari útfærslu. Þetta er ekki einfalt mál. Það þarf að vanda sig mjög vel við þetta. Með nýlegum breytingum á lögum um þungaskatt sjáum við að mönnum geta verið mjög mislagðar hendur hvað þann þátt varðar og er ég þar með að vísa til frv. sem var afgreitt í haust af stjórnarmeirihlutanum þegar Samkeppnisstofnun hafði úrskurðað að 30% álag á þungaskatti á smærri bílum bryti í bága við samkeppnislög, að í stað þess að létta 30% álaginu af þeim bifreiðum sem málið snerist um var 25% gjald lagt á alla þá bíla sem þar komu til greina og þar með hækkaðir skattar á öðrum bílum sem hafði ekki þurft að greiða þungaskatt af. Við í stjórnarandstöðunni lögðumst harkalega gegn þessu.

Það kennir okkur hins vegar að við þurfum að passa okkur mjög vel þegar við gerum þær breytingar sem um er að ræða því þó svo að hægt sé að færa rök fyrir málinu varðandi umhverfisáhrif og að eðlilegra sé að taka gjaldið í kringum olíu eins og hér er lagt til, þá getur þetta allt saman verið álitaefni, t.d. það hvort nota eigi þessa gjaldtöku og þungaskatt með sem svo stóran skattstofn eins og talað er um. Umferðin er skattlögð mjög verulega og þetta orkar allt nokkuð tvímælis, hvort við eigum að hafa svo mikinn hluta af tekjuöflun ríkisins tengdan umferð.

Herra forseti. Sömuleiðis er kostnaður af litun mikið tæknilegt álitamál. Hæstv. fjmrh. upplýsti kostnaðaráætlun upp á 330 millj. Þetta er mikið fé og mér skilst að ekki séu öll kurl komin til grafar í því. Hv. efh.- og viðskn. mun vitaskuld skoða hvort önnur útfærsla á málinu sé heppilegri.

Sömuleiðis er gengið út frá því í frv. að olíuverðið verði 90% af bensínverði en jafnframt er vikið að því að í nágrannalöndunum er algengast að það sé 80% af verði bensíns. Það er mikið álitamál og mér finnst munurinn of lítill eins og sett er upp í frv. en eins og hæstv. ráðherra hefur sagt er þetta allt saman til umræðu og þess vegna breytingar ef menn komast að samkomulagi um betri útfærslu.

Herra forseti. Það verða lokaorð mín að ég tel brýnt að skoða málið í víðara samhengi, þ.e. skattlagningu almennt af bifreiðum. Ég hef verulegar áhyggjur af því hve illa hefur gengið að endurnýja atvinnubílaflotann. Það á bæði við um vöruflutningabíla og ekki hvað síst rútur. Við erum að gera okkur vonir um að nýta ferðaþjónustu enn betur en gert hefur verið og það er til skammar hvernig rútubílafloti okkar lítur út. Greinilegt er að ekki hefur verið afkoma og staða í þeirri atvinnugrein til að endurnýja bílaflota okkar eðlilega. Ég þarf ekki að lýsa því hve þetta er til vansa og dýrt fyrir okkur að vera ekki með góðan atvinnubílaflota en í þessu er líka fólgin slysahætta og ég mundi gjarnan vilja, herra forseti, að hv. efh.- og viðskn. reyndi að skoða málið í víðara samhengi. Við höfum öðru hverju lagt fram hugmyndir og tillögur sem eiga að örva endurnýjun á tilteknum bílum. Ég vil mjög gjarnan halda áfram á þeirri leið vegna þess að vinna atvinnubílstjóra er mjög mikilvæg. Þessi stétt manna hefur ekki notið neinnar sérstakrar velvildar af hálfu löggjafans og mér finnst vel kominn tími til að skoða mál þeirra sérstaklega þannig að þeir geti bæði búið við betri afkomu og eðlilega endurnýjun á atvinnutækjum sínum. Það kemur að þeirri hugsun, sem ég nefndi í upphafi, hvort við séum að leggja of mikil gjöld á þann hluta atvinnulífsins sem tengist atvinnubílum, þ.e. vöruflutningum og fólksflutningum.

Þetta eru allt saman álitaefni. Ég er ekki að kveða upp úr um hvaða stefnu eigi beinlínis að taka í þessu heldur miklu frekar að segja að ég vil skoða málið með opnum huga eins og fjmrh. hefur lagt til. Hins vegar bendi ég á að það er brýnt fyrir okkur að ganga frá málinu þannig að réttlæti og sanngirni séu fólgin í því og að samkeppnisskilyrði séu jöfn en einnig að þessi atvinnugrein nái að rétta úr sér að lokinni þeirri lagasetningu sem við munum fara að vinna að.

[19:42]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veiti andsvar þó kannski sé varla hægt að kalla það því nafni en ég hygg að ég geti sparað umræðuna með því að gera það.

Í umræðunni hefur komið greinilega fram að ekki er á ferðinni flokkspólitískt mál. Í raun liggja öll sjónarmið fyrir. Hv. nefnd þarf að ljúka málinu hvernig sem niðurstaðan verður.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um skattlagningu á bifreiðum almennt þá tók ég það skýrt fram í máli mínu að nota mætti virðisaukaskattsviðbótina sem kæmi af þessu gjaldi, ef af yrði, til þess að lækka vörugjöldin af atvinnubifreiðunum og endurnýja flotann þannig hraðar en ella hefði orðið. Það gerir það að verkum, til viðbótar því sem hv. þm. minntist á sem er samkeppnin, að bílarnir kæmu inn með nýrri vélar og þar af leiðandi minni eldsneytiseyðslu, og hefðu þess vegna umhverfisbætandi áhrif þegar á alla myndina er litið. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að hugmyndin er einmitt sú að lækka gjöld á þessum atvinnurekstri eins og hér er nefnt.

Að lokum vil ég geta þess til að hafa það undir að á undanförnum árum hafa verið tekin nokkur dugleg skref í þá átt að lækka vörugjöld á atvinnubifreiðum eins og ég veit að hv. þm. þekkir en hann á sæti í virðulegri nefnd sem hefur fjallað um þessi mál. Þegar atvinnubifreiðunum sleppir vil ég einnig benda á að það er stefna fjmrn. að draga úr neyslustýringu með mismunandi háum gjöldum eftir stærð bifreiða, jafnvel til einkanota, og eitt skref var tekið í þeim efnum ekki alls fyrir löngu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:44.

---

## 58. FUNDUR

miðvikudaginn 4. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til utanríkisráðherra:*

1. Minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum, fsp. ÁE, 296. mál, þskj. 368.
2. Viðskiptabann gegn Írak, fsp. ÖJ, 418. mál, þskj. 739.

*Til heilbrigðisráðherra:*

3. Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands, fsp. ÖS, 380. mál, þskj. 679.
4. Fjármagn vegna mælinga á geislavirkum efnum í sjó, fsp. HG, 395. mál, þskj. 716.

*Til menntamálaráðherra:*

5. Fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands, fsp. ÖS, 381. mál, þskj. 680.

*Til fjármálaráðherra:*

6. Fjármagnstekjuskattur, fsp. JóhS, 416. mál, þskj. 737.

*Til dómsmálaráðherra:*

7. Störf tölvunefndar, fsp. SF, 417. mál, þskj. 738.
8. Málefni Hanes-hjónanna, fsp. SJóh, 422. mál, þskj. 745.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarráði Eskifjarðar.

[13:30]

**Útbýting þingskjala:**

Nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 274. mál, svar landbrh., þskj. 713.

Þrávirk lífræn efni í lífríki Íslands, 428. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 753.

### *Minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum.*

Fsp. ÁE, 296. mál. — Þskj. 368.

[13:31]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 368 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum.

Forsaga málsins er sú að deilur risu með mönnum vestra vegna hugmyndar um minnismerki um breska sjómenn og staðsetningu þess. Eins og málinu var lýst í fjölmiðlum hafði Egill Ólafsson á Hnjóti, forvígismaður eins merkasta byggðasafns hérlendis, stungið upp á því að reist yrði minnismerki um drukknaða breska sjómenn að Hnjóti. Slíkt minnismerki mundi falla vel að safninu, en Hnjótur er í grennd við þá staði þar sem miklir skipsskaðar urðu forðum. Má þar nefna strandið við Látrabjarg, en kvikmynd Óskars Gíslasonar um þann atburð er öllum kunn.

Egill var í sambandi við utanrrn. og breska aðila frá fyrrum togarabæjum á Bretlandi við vinnu sína að málinu. Bæjaryfirvöld á Patreksfirði tengdust þessu en þau telja að minnismerkið eigi að rísa á Patreksfirði, m.a. vegna þess að það yrði þá staðnum sem slíkum lyftistöng. Bresku aðilarnir virðast samþykkja þá staðsetningu en þó virðist ýmislegt óljóst við málið. Þess var getið í fjölmiðlum að utanrrn. hafi tengst málinu, væntanlega vegna samskipta við bresku aðilana og e.t.v. vegna annarra afskipta.

Það er aldrei til góðs, herra forseti, að deilur vakni vegna slíkra mála en hugmyndin um minnismerkið er góð og virðingarverð. Fyrirspurn mín til hæstv. utanrrh. er gerð til að skýra málið en almenningur áttaði sig ekki á því á sínum tíma. Það er hvorki ætlun mín að ýfa upp nein sár vegna málsins né tengja hæstv. utanrrh. málinu nema að því marki að óska eftir upplýsingum um þau tvö atriði sem í fyrirspurn minni felast. Þau eru:

Í fyrsta lagi: Hver hafa verið afskipti ráðuneytisins eða annarra stjórnvalda í tengslum við hugmynd Egils Ólafssonar á Hnjóti um að reisa minnismerki um drukknaða breska sjómenn að Hnjóti?

Í síðara lagi óska ég eftir að vita hvort hæstv. ráðherra hyggist beita sér fyrir því að fyrrgreint minnismerki verði reist að Hnjóti eða mun hann leggja því lið að minnismerkið verði reist á Patreksfirði.

[13:34]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Egill Ólafsson á Hnjóti ritaði ráðuneytisstjóra utanrrn. bréf, dagsett 15. febr. 1996, þar sem hann

skýrði frá hugmynd sinni um minnisvarða um hinn hörmulega atburð er togarinn Sargon frá Grimsby strandaði við Hafnarmúlann í Patreksfirði og 11 manns létu lífið. Óskaði Egill milligöngu við félag breskra togaraeigenda til að kanna viðbrögð þeirra við hugmyndinni og áhuga á þátttöku í framkvæmdinni. Sendiráð Íslands í London og Jón Olgeirsson, ræðismaður í Grimsby, önnuðust þá milligöngu og var sjútvrn. á sama tíma kynnt erindi Egils Ólafssonar. Beint samband tókst síðan milli Egils Ólafssonar og hinna bresku aðila sem hafa komið að málinu.

Að því er varðar síðari spurninguna þá hefur ráðuneytið verið milligönguaðili í þessu máli og telur sig ekki eiga aðild að ákvörðun um staðsetningu minnismerkisins en harmar þær deilur sem risið hafa.

[13:35]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Að hleypa af stað deilum um staðsetningu þessa minnisvarða er dapurleg staðreynd, enda þykir breskum aðstandendum þeirra sjómanna sem farist hafa við Íslandsstrendur mjög miður ef deilur um staðarval á minnisvarða hafa áhrif á tilganginn. Ég tek undir með ræðismanni Íslendinga í Grimsby, Jóni Olgeirssyni, svo og öðrum þeim sem vilja reisa minnisvarðann á Hnjóti.

Afstaða mín í máli þessu er sú að landsvæðið frá Hafnarmúla um Blakk fyrir Bjargtanga og inn með Látrabjargi tengist, svo með ólíkindum er, björgunar- og sjóslysasögu Íslands.

Þá er þess að geta að strandstaður breska togarans Sargons sem strandaði undir Hafnarmúla í desember 1948 er í augsýn frá Hnjóti. Á þessu landsvæði var unnið eitt af mestu björgunarafrekum Íslendinga þegar breski togarinn Dhoon strandaði 12. des. 1947 undir Geldingsskorardal á Látrabjargi. Ég bið menn að láta af deilum í máli þessu og sameinast í sátt með virðingu um hina látnu bresku sjómenn og tillitssemi við aðstandendur þeirra. Reisum minnisvarðann á Hnjóti. Þar er hin sögulega staðsetning.

[13:36]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það ber að harma mjög þær deilur sem sprottið hafa meðal heimamanna vegna staðsetningar á þessu minnismerki. Öllum er ljóst að Egill Ólafsson á Hnjóti hefur unnið einstakt verk varðandi uppbyggingu safnsins þar og það er mikilvægt að við stöndum á bak við þá uppbyggingu sem þar hefur farið fram og það hefur sem betur fer tekist.

Ég tel ekki rétt að Alþingi eða utanrrn. setji sig í þá stöðu að verða úrskurðaraðili í þessu efni. Það verða aðilar málsins að útkljá á annan hátt. En það sem ber fyrst og fremst að leggja mikla áherslu á er að menn reyni að ná sáttum í þessu máli, máli sem er mjög mikilvægt og varðar bæði þá sem minnismerkið er reist til minningar um en einnig auðvitað þá sem koma að þessu máli með öðrum hætti. Ég vil aðallega í þessu sambandi leggja áherslu á að menn reyni að leita sátta í þessum efnum þannig að deilurnar verði ekki meiri eða magnaðri en þær þegar hafa orðið.

[13:37]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Þau voru skýr og upplýstu þetta mál og afskipti ráðuneytisins af því.

Ég vona að málið fái farsælar lyktir og að sátt takist um staðsetningu þessa minnisvarða og tek undir óskir annarra þingmanna sem hafa látið orð falla í þá átt. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi góða og virðingarverða hugmynd nái fram að ganga og að menn setji niður allar deilur um staðsetningu minnisvarðans. Ég hvet menn til að gera það en tel það ekki vera á mínu valdi og reyndar ekki annarra hér að gefa miklar ráðleggingar um hvernig eigi að leysa þetta, en hvet menn fyrir vestan til að finna sameiginlega lausn á þessu máli og vænti þess að menn séu eftir svör ráðherra betur upplýstir um málið.

[13:38]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram að eftir að hafa rætt við þá sem hafa sýnt þessu máli hvað mestan áhuga, tel ég allan möguleika á því að ná í þessu máli þeirri sátt sem sómi geti verið að fyrir okkur sem þjóð og alla þá sem að þessu máli standa. Ég tel enga ástæðu til annars en ætla að svo geti orðið eftir að ég hef rætt við þá sem tengjast málinu án þess að ég telji að það sé beinlínis hlutverk utanrrn. að leita sátta í svona máli, en ég tel að allir möguleikar séu á því.

## *Viðskiptabann gegn Írak.*

Fsp. ÖJ, 418. mál. — Þskj. 739.

[13:39]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Þegar Alþingi kom saman í janúarlok vakti ég máls á því að þingið hefði nú þriðja árið í röð þurft að una því að svæfð sé í utanrmn. þáltill. um að viðskiptabannið á Írak verði tekið til tafarlausrar endurskoðunar. Því hefur verið haldið fram af ábyrgum rannsóknarstofnunum að viðskiptabannið hafi leitt til dauða mörg hundruð þúsund manna, að á aðra milljón saklausra borgara hafi látið lífið af völdum þess, fyrst og fremst börn. Talað hefur verið um 750 þús. börn í þessu sambandi á þeim tíma sem viðskiptabannið hefur verið í gildi nær allan þennan áratug. Menn deila ekki um þessar hörmulegu afleiðingar viðskiptabannsins og manntjónið af völdum þess. Menn deila hins vegar um ábyrgð og hvort tilgangurinn helgi meðalið. Þær spurningar sem ég set hér fram eru fjórar.

Í fyrsta lagi er spurt hvort ríkisstjórnin hafi einhvern tíma gert formlega samþykkt um viðskiptabannið gegn Írak og ef svo er, hvenær hún hafi verið gerð og hvert hafi verið efni hennar.

Löggilding bannsins, dagsett 28. apríl árið 1992, birtist í Lögbirtingablaðinu í júní tveimur árum síðar. Ekki hefur komið fram hvort fyrir þessu hafi legið samþykkt ríkisstjórnar, en umræða um málið hefur aldrei farið fram á Alþingi.

Í öðru lagi er spurt hvort hæstv. ráðherra séu ljósar afleiðingar viðskiptabannsins, en eins og ég gat um áðan, þá hefur það leitt til dauða á annarrar milljónar manna.

Einhver kann að velta því fyrir sér hvort það sé vanvirðing við hæstv. utanrrh. að spyrja hvort hann og ríkisstjórnin hafi þekkingu á þessum málum. Þessi spurning er af minni hálfu ekki hugsuð sem lítilsvirðandi en e.t.v. byggir hún á óskhyggju, að vanþekking skýri fylgispekt Íslendinga við hinar grimmdarlegu refsiaðgerðir gegn írökskum almenningi sem vissulega eru í nafni Sameinuðu þjóðanna. En á allra vitorði er að þær eru að frumkvæði og undirlagi Bandaríkjastjórnar

sem fyrst og fremst er að hugsa um hernaðarhagsmuni sína. Það hefur utanríkisráðherra Bandaríkjanna ítrekað staðfest. Þess vegna er spurt: Vita menn hvað þeir eru að gera og hverjar eru afleiðingar gerða þeirra?

Í þriðja lagi er spurt um álit ráðherra á þeirri staðhæfingu að viðskiptabannið gegn Írak og afleiðingar þess hafi brotið gegn Genfarsáttmálanum og viðaukum hans sem skilgreina stríðsglæpi, og gegn samþykktum og grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi.

Margir málsmetandi einstaklingar, þar á meðal reyndir lögfræðingar og stjórnmálamenn — og má í þeirra hópi nefna Ramsey Clark, fyrrv. dómsmálaráðherra Bandaríkjanna — telja að refsiaðgerðirnar gegn Írak hafi brotið gegn þessum sáttmálum og hafa margir þessara aðila staðhæft að jafna megi refsiaðgerðunum við stríðsglæpi og alþjóðahryðjuverk.

Hér á landi hafa á annað hundrað manns undirritað ásakanir gegn núv. og fyrrv. utanrrh. á þessum grundvelli og ég verð að segja að mér finnst ekki ganga að afgreiða ásakanir af þessu tagi sem öfgar sem ekki séu svaraverðar. (Forseti hringir.) Um er að ræða ábyrgð okkar þjóðar í þessum efnum og hæstv. utanrrh. skuldar Alþingi og þjóðinni skýringar á því hvers vegna hann telji ásakanir af þessu tagi ekki eiga við rök að styðjast sem hann væntanlega gerir. (Forseti hringir.) Mér er kunnugt um að þeir einstaklingar sem í hlut eiga vildu (Forseti hringir.) að ráðherra lögsækti þá fyrir dómstólum vegna meiðyrða.

Í fjórða lagi er spurt hvort írakska þjóðin hafi gefið Íslendingum tilefni til að taka þátt í árásum á grundvallarmannréttindi Íraka.

[13:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er mjög erfitt að svara svo umfangsmiklu máli sem þetta er í stuttum fyrirspurnatíma en ég skal reyna að gera mitt besta.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki gert formlega samþykkt um viðskiptabannið gegn Írak. Fyrri ríkisstjórn auglýsti hinn 9. ágúst 1990 ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 vegna innrásar Íraka í Kúveit. Sama ríkisstjórn áréttaði meginákvæði þessarar auglýsingar hinn 28. apríl 1992. Núv. ríkisstjórn er sammála þessum aðgerðum fyrri ríkisstjórnar og hefur ekki séð ástæðu til að gera sérstaka samþykkt um það efni.

Í öðru lagi. Viðskiptabannið miðar að því að knýja stjórnvöld í Írak til samstarfs um afvopnun sem er hluti friðarsamkomulagsins sem gert var að loknum Flóabardaga. Til þessa hefur Saddam Hussein neitað að verða við þessum skilmálum undanbragðalaust. Öryggisráðið ákvað þegar árið 1991 að gera sérstakar ráðstafanir til að heimila einstökum ríkjum tímabundið að kaupa olíu af Írak. Heimild þessi var áréttuð árið 1995 og ákveðið að Írakar mættu selja olíu fyrir allt að einum milljarði Bandaríkjadala á 90 daga tímabili í senn og nota ágóðann til kaupa á vörum í mannúðarskyni. Þessu boði höfnuðu Írakar fyrst um sinn. Náðust samningar fyrst um framkvæmd þessarar heimildar árið 1996 og hófust flutningar á matvælum til Íraks 20. mars 1997.

Að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna var einnig komið á fót sérstakri samstarfsáætlun sérstofnana þeirra um mannúðaraðstoð við Írak. Starfsemi þessara stofnana spannar fjölmörg svið, m.a. fæðuöflun, landbúnað, vatnsveitu, heilbrigðismál, menntun og samgöngubætur. Þrátt fyrir góða viðleitni fer fjarri að ástandið í landinu sé viðunandi. Öllum þeim stofnunum sem koma við sögu ber saman um að næringarþörf almennings í Írak sé hvergi nærri fullnægt og bitni það ekki síst á heilbrigði barna undir fimm ára aldri. Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var öryggisráðinu í byrjun þessarar viku, og þar eru gerðar tillögur um að efla hjálparstarfið í samstarfi við stjórnvöld í Írak en einmitt þar hefur hnífurinn staðið í kúnni.

Sameinuðu þjóðunum er vandi á höndum að þræða öngstigi milli refsiaðgerða annars vegar og mannúðaraðstoðar hins vegar. Það væri alrangt að gefa í skyn að stofnunin sé á einhvern hátt ábyrg fyrir því alvarlega ástandi sem nú ríkir í landinu. Sannleikurinn er sá að stjórnvöld í Bagdad bera fulla ábyrgð á því hvernig komið er.

Í þriðja lagi. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd Genfarsamninganna. Það hefur ekki látið fara frá sér neinar yfirlýsingar um að Sameinuðu þjóðirnar hafi gerst brotlegar við samningana um beitingu viðskiptabannsins. Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að aflétta beri viðskiptabanni Sameinuðu þjóðanna á Írak jafnskjótt og aðstæður leyfa. Þær aðstæður virðast þó enn ekki í sjónmáli, því miður. Uns það verður er rökrétt að menn velti því fyrir sér hvort það þjóni málstað mannúðar og mannréttinda að aflétta refsiaðgerðum án þess að stjórnvöld í Bagdad sem sannanlega hafa beitt sinnepsgasi gegn eigin þegnum geri grein fyrir umfangsmiklum viðbúnaði sínum til lífefnahernaðar. Spyrja mætti enn fremur hvort líklegt sé að aflétting viðskiptabanns mundi hafa tilætluð áhrif í landi þar sem stjórnvöld hafa eytt meira en milljarði Bandaríkjadala til hallarbygginga yfir yfirstétt landsins á sama tíma og almenningur býr við sult og seyru.

Að því er varðar síðustu spurninguna vil ég taka fram eftirfarandi. Íslenska þjóðin tekur ekki þátt í árásum á grundvallarréttindi Íraka eða annarra þjóða. Íslendingar taka aftur á móti þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna að tryggja frið og öryggi í heiminum. Íraksstjórn hefur, eins og flestum er kunnugt, haldið uppi árásarstefnu, gert innrás í nágrannaríki og brotið mannréttindi þegna landsins. Í þessu samhengi má minna á skýrslu sérstaks eftirlitsfulltrúa Sameinuðu þjóðanna, Max van der Stoel, um mannréttindaástandið í Írak þar sem felldur er þungur áfellisdómur yfir stjórnvöldum í Írak vegna gróflegra mannréttindabrota þeirra, þar á meðal aftökum án dóms og laga og pyndingum á föngum. Þessu ófremdarástandi vilja íslensk stjórnvöld taka þátt í að breyta.

Afstaða Íslands er því skýr í þessu efni. Við gerum kröfu til þess að Írakar virði friðarsamkomulagið sem gert var við lok Flóabardaga og hlíti öllum viðeigandi ályktunum öryggisráðsins sem m.a. kveða á um óheftan aðgang eftirlitsmanna Sameinuðu þjóðanna að mannvirkjum í Írak þar sem þarlend stjórnvöld kynnu að leyna gereyðingarvopnum eða búnaði til framleiðslu þeirra. Enn fremur líta íslensk stjórnvöld svo á að viðhalda beri viðskiptabanninu frá árinu 1990 uns Írakar sýni í verki að þeir virði vilja samfélags þjóðanna og geri hreint fyrir sínum dyrum á sviði afvopnunarmála.

[13:49]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það er vissulega eðlilegt að þessi mál komi ítrekað til umræðu á Alþingi. Það er engin tilviljun. Það liggur hér reyndar fyrir þingmál sem sæmst væri að tekið yrði til efnislegrar afgreiðslu í viðkomandi þingnefnd þannig að menn geti þá greitt atkvæði um hlutina eða fái a.m.k. rökstuðning með og á móti ef þar eru skiptar skoðanir.

Ég tel að það sem hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. svari ekki þeim spurningum sem uppi hljóta að vera og eru eðlilegar í sambandi við þetta mál.

Bandaríkin sem forusturíki og sterkasta ríki í heiminum hafa gert þetta mál að sérstökum prófsteini og tekið þetta alveg út úr samhengi að vissu leyti, sérstaklega ef litið er til mannréttindamála. Þar væri hægt að fara yfir langan lista þar sem ekki er fagurt ferli og er iðulega á það minnst. Það er því mjög hæpið að leggja þann mælikvarða sérstaklega á þetta ríki. Einnig þurfa menn (Forseti hringir.) vitanlega að fara yfir hina stóru spurningu um viðskiptabann, hvort það sé réttlætanlegt í þessu tilviki og ýmsum fleiri, og vænlegt til árangurs.

[13:50]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að ekki væri hægt að afgreiða málflutning þeirra sem hafa tekið málstað Íraks sem öfgar. En það er því miður einmitt vegna málflutnings sumra þeirra, sem hefur verið það öfgakenndur að mjög erfitt er að styðja þennan málstað. En ég kem hér samt sem áður til að lýsa því yfir að ég styð hann. Ég tel að kominn sé tími til að íslensk stjórnvöld taki til endurskoðunar aðild sína að viðskiptabanninu á Írak.

Ég tók eftir að hæstv. utanrrh. sagði að rökrétt væri að menn veltu því fyrir sér hvort það þjónaði þeim markmiðum sem að var stefnt. Ég held að það geri það ekki lengur. Hæstv. utanrrh. sagði líka að öllum stofnunum sem hefðu rannsakað málið bæri saman um að næringarástand t.d. barna í Írak væri slíkt að það væri ekki viðunandi. Þá segi ég einfaldlega að ég held að það sé ekki siðferðilega verjandi fyrir okkur Íslendinga annað en a.m.k. að leyfa okkur þann munað að taka þetta til umræðu, hvort við eigum að styðja þetta viðskiptabann, og ég held að það sé kominn tími til að við gerum það ekki. Ég held að það nái ekki þeim tilgangi sem upphaflega var að stefnt. Ég held að saga síðustu ára sýni það. Ég held að kominn sé tími til að við (Forseti hringir.) hugum að niðurstöðu þeirra fjölmörgu alþjóðlegu sendinefnda sem hafa skoðað ástandið þarna og drögum af því okkar sjálfstæðu ályktanir.

[13:52]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Vandamálið í Írak er ekki viðskiptabannið. Vandamálið er stjórnarfarið í landinu og þau stjórnvöld sem þar ráða ríkjum sem kúga þjóðina og hafa gert til margra ára, m.a. beitt hana sinnepsgasi eins og bent var á áðan.

Það er rangt að viðskiptabannið sé aðgerð eins lands gegn öðru. Þetta er aðgerð alþjóðasamfélagsins sem stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna gerir beinlínis ráð fyrir að sé beitt við ákveðin tækifæri og það var niðurstaða öryggisráðsins að grípa til þessa úrræðis sem vissulega er neyðarúrræði.

Hverjir sitja í öryggisráðinu? Er þingmönnum ekki kunnugt um að þar sitja stórveldin öll og þar sitja löndin öll sem hafa neitunarvald og að helsti stuðningsmaður Bandaríkjamanna í þessu máli er auðvitað enginn annar en uppáhaldsvinur vinstri manna á Íslandi, Tony Blair og ríkisstjórn Verkamannaflokksins? Vita menn ekki að Svíar sitja í öryggisráðinu og taka fullan þátt í þessu? Vita menn ekki að hér er alþjóðasamfélagið allt á ferðinni með þessar aðgerðir? Ísland á ekki að skorast úr leik. Íslendingar eiga ekki einir að draga sig út úr þessu viðskiptabanni. Við eigum að standa með aðgerðum Sameinuðu þjóðanna. Við getum síðan rætt það á almennari grundvelli hvort viðskiptabann sem slíkt á rétt á sér en í þessu máli eigum við ekki að skerast úr leik.

[13:53]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir hv. utanrmn. liggur tillaga um breytta afstöðu Íslendinga varðandi viðskiptabannið. Það á auðvitað að afgreiða þá tillögu. Það er kjarni þessa máls að Alþingi taki afstöðu til þess hvaða skoðun það hefur sem slíkt á viðskiptabanninu. Það sýnir náttúrlega sérkennilega stöðu málsins að núverandi ríkisstjórn hefur í raun ekki tekið formlega afstöðu í málinu, hefur ekki afgreitt það með sínum hætti. Ég skora því á þingið og sérstaklega formann utanrmn. að beita sér fyrir því að sú tillaga sem legið hefur fyrir nefndinni óafgreidd í þrjú ár verði afgreidd.

[13:54]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að íslenska ríkisstjórnin væri sammála refsiaðgerðunum. Hann sagði jafnframt að hún hefði ekki séð ástæðu til að gera sérstaka samþykkt um málið.

Við erum að tala um staðhæfingar þess efnis sem koma frá ábyrgum aðilum, þar á meðal stofnunum Sameinuðu þjóðanna, að mörg hundruð þúsund manns hafi látið lífið af völdum þessara refsiaðgerða. Ég hef einvörðungu tvær mínútur til ráðstöfunar og ég ætla að segja þetta:

Ákvörðun um viðskiptabannið á Írak var tekin í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmd viðskiptabannsins er hins vegar í höndum einstakra fullvalda ríkja sem bera hvert fyrir sig ábyrgð á gerðum sínum og afleiðingum þeirra. Þessi ábyrgð er lagaleg, siðferðileg og pólitísk. Enda þótt ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna séu skuldbindandi þá eru til þær aðgerðir sem undir öllum kringumstæðum er rangt að framfylgja. Ef ákvarðanir öryggisráðsins stríða gegn grundvallarreglum og markmiðum Sameinuðu þjóðanna og þeim samningum og sáttmálum um mannréttindi sem þjóðir heimsins hafa skuldbundið sig til að fylgja, þá er rangt undir öllum kringumstæðum að fara að vilja öryggisráðsins og þetta segir maður sem vill veg Sameinuðu þjóðanna sem mestan. Ég tel hins vegar að verið sé að misnota nafn Sameinuðu þjóðanna á grófan hátt og grafa undan tiltrú almennings á þessari mikilvægustu alþjóðastofnun heimsins.

Hér gefst ekki tími til að ræða hinar lagalegu hliðar þessa máls, t.d. þá staðreynd að það mundi flokkast undir alvarlegt hryðjuverk að hóta og síðan framkvæma aðgerðir sem hafa í för með sér dauða 100 saklausra barna á degi hverjum. Þetta er hins vegar að gerast í Írak. Hér gefst ekki heldur tækifæri til að ræða nánar hinar pólitísku hliðar þessa máls, t.d. þá staðreynd að Bandaríkjamenn og Bretar sem virðast ákafastir talsmenn aðgerðanna gegn Írökum studdu (Forseti hringir.) sjálfir Saddam Hussein beint og óbeint með vopnasölu þegar hann var Washington þóknanlegur, jafnvel eftir að ljóst var að hann bjó yfir efnavopnum og beitti þeim gegn saklausu fólki. Og efnin (Forseti hringir.) í þessi efnavopn keypti hann m.a. af Bretum eftir árásirnar á Kúrda 1988.

Kjarni málsins er sá að fórnarlamb (Forseti hringir.) þessara aðgerða er ekki Saddam Hussein (Forseti hringir.) heldur alþýða manna í Írak. Þess vegna er sú krafa sem við hljótum að reisa að viðskiptabannið verði numið úr gildi og þjóðir heimsins hætti að ofsækja saklaust fólk.

(**Forseti** (ÓE): Forseti verður nú að hvetja hv. þingmenn til þess að gæta tímamarka. Það getur ekki verið mjög skemmtilegt að tala undir þessum bjölluhljómi.)

[13:57]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er að öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna er skylt að virða ályktanir öryggisráðsins og framfylgja refsiaðgerðum gegn einstökum ríkjum sem ráðið setur hverju sinni. (**ÖJ:** Það er rangt.) Hv. þm. hefur talað hér lengi og hátt og ég ætla ekki að gefa honum tíma af mínum stutta tíma, en hann hélt því fram að það væri rangt að framfylgja ályktunum öryggisráðsins. Hvernig halda hv. þingmenn að væri umhorfs í heiminum og hvernig væri friðarástand í heiminum ef allar þjóðir hugsuðu þannig að menn gætu beitt geðþóttaákvörðunum að því er varðar ályktanir öryggisráðsins? (Gripið fram í.) Þá væri skrýtið um að litast í heiminum. Og ég vil spyrja þá sem halda því fram að Sameinuðu þjóðirnar eigi nú að aflétta viðskiptabanninu, hvernig þeir sjái fyrir sér þróun öryggismála á svæðinu verði banninu aflétt. Í ljósi reynslunnar, hvaða aðferðir aðrar að frátöldum hernaðaraðgerðum hefur hið alþjóðlega samfélag yfir að ráða til að þrýsta á íröksk stjórnvöld?

Málflutningur þeirra sem vilja afnema viðskiptabannið byggir á þeirri staðhæfingu að Sameinuðu þjóðirnar og aðildarríki þeirra, þar á meðal okkar ástkæra þjóð, Ísland, séu að brjóta alþjóðalög. Halda menn virkilega að það verði forgangsverkefni Saddams Husseins og hans skósveina allra að bæta hag hins almenna borgara í Írak verði banninu aflétt? (Gripið fram í.) Að maður sem er fær um slíka ógnarstjórn skeyti um hag hins almenna borgara? Trúir hv. þm. Össur Skarphéðinsson því?

Ég trúi því ekki að fólk sé haldið slíkri blindni og skora á menn að sýna samstöðu með Sameinuðu þjóðunum, framverði alþjóðafriðar, og beina spjótum sínum frekar að írökskum stjórnvöldum og hvetja þau til að fara að samþykktum Sameinuðu þjóðanna og hlíta þeim samþykktum og vinna undir merki Sameinuðu þjóðanna og það ættu allir hv. þingmenn að gera.

## *Fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands.*

Fsp. ÖS, 380. mál. — Þskj. 679.

[13:59]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Fjöldatakmarkanir eru að mínu viti jafnan af hinu illa. Ég tel að ef þeim hefði verið beitt á ýmsar aðrar deildir háskólans en þær sem nú eru við lýði þá hefði getað farið illa. Ég tek sem dæmi líffræði þar sem halda má fram að á undanförnum árum hafi verið nokkur offramleiðsla á líffræðingum og þeir hafa fundið sér störf í óskyldum greinum.

Nú gerist það hins vegar að upp kemur fyrirtæki eins og Íslensk erfðagreining og getur þá sótt til þessa fólks sem hefur fundið sér önnur störf. Forsendan fyrir því að hægt er að byggja upp þetta merka fyrirtæki er að ekki voru lagðar á fjöldatakmarkanir í líffræðideildinni eins og raddir voru uppi fyrir nokkrum árum um að gera.

Núna hefur það komið fram í svari við fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. menntmrh. að á síðustu árum hafa reglur um fjöldatakmarkanir verið hertar allverulega. Það hefur líka komið fram, herra forseti, að læknaekla er fyrirsjáanleg innan 8–12 ára. Þetta hefur komið fram í könnunum sem Læknafélag Íslands hefur staðið fyrir og byggir aðallega á því aldursbili sem læknastéttin í dag er einkum á.

Í öðru lagi hefur komið fram að eftir árið 1992 fækkaði þeim sem teknir voru inn í læknadeild háskólans um fimmtung. Það leiðir auðvitað til þess að sú læknaekla sem er fyrirsjáanleg verður að öllum líkindum erfiðari fyrir vikið. Einnig hefur komið fram í umræðum um heilbrigðismál og stöðu sjúkrahúsanna og mönnunarmál sjúkrahúsanna að erfitt er að manna stöður aðstoðarlækna einmitt vegna þess að hert hefur verið á kröfunum um aðgang að læknadeild Háskóla Íslands eins og var gert milli 1992 og 1996.

Í fjórða lagi nefni ég, herra forseti, að einn af þingmönnum Framsfl., hv. þm. Guðni Ágústsson, hefur lýst því yfir í þessum stóli að stefna eigi að því að rýmka aðgang að læknadeildinni og draga helst úr fjöldatakmörkunum. Í ljósi þess sem ég hef sagt leyfi ég mér, herra forseti, að varpa þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. og henni er að sjálfsögðu kunnugt um það allt saman, hvort hæstv. ráðherra telur ekki að tímabært sé að rýmka aðganginn að læknadeildinni eða að aflétta numerus clausus með öllu.

[14:02]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni er svohljóðandi:

„Telur ráðherra tímabært að rýmka aðgang að læknadeild Háskóla Íslands eða aflétta fjöldatakmörkunum numerus clausus?“

Forsvarsmenn Háskóla Íslands byggja ákvarðanir um fjöldatakmarkanir annars vegar á klínískri kennslugetu læknadeildar en einnig hefur verið höfð til hliðsjónar spá um læknaþörf sem gerð var á vegum samnorrænnar nefndar er öll læknafélögin eiga aðild að. Hvað varðar inntöku læknanema í háskóla miðað við mannfjölda standa Íslendingar ekki illa samanber eftirtalda töflu sem ég mun lesa hér upp. Tölurnar miðast við eina milljón íbúa:

Danmörk 185, Svíþjóð 98, Finnland 72, Noregur 112 og Ísland 133.

Ef litið er til spádóma læknafélaganna, sem birtust síðast í Læknablaðinu 1996, hefur spáin verið sú fyrir Ísland að nokkurt offramboð væri á læknum miðað við þann fjölda sem læknadeild hefur kennt og að það ástand standi a.m.k. fram til ársins 2010. Væntanleg er ný spá á þessu ári en frá gerð síðustu spár hefur umræðan um vinnutímatilskipan Evrópubandalagsins orðið æ háværari auk þess sem mikill skortur er á læknum í Noregi. Sá skortur hefur leitt til þess að verulegum fjármunum og auglýsingastarfi hefur verið beitt af Noregs hálfu til þess að ná þangað inn læknum erlendis frá og hafa íslenskir læknar því hugsað sér til aukins hreyfings eins og kollegar þeirra annars staðar í Evrópu.

Það sem vekur mesta athygli er aldursdreifing starfandi lækna á Íslandi. Aldurshópurinn frá 30–34 ára er mjög fámennur og hlutfallslega fámennari en annars staðar Norðurlöndunum. Þetta er að sjálfsögðu hópurinn sem er í framhaldsnámi, hópurinn sem hefur mjög sérstöku hlutverki að gegna innan heilbrigðiskerfisins, gjarnan í fyrstu viðbragðslínu. Vitað er að þessi hópur er fámennur á Íslandi vegna þess að íslenskir læknar verða að sækja sér framhaldsmenntun erlendis. Þetta er aldursbilið sem er sem sagt erlendis í námi. Það er mikilvægt að finna leið til að stækka það hlutfall þessara lækna er starfa á Íslandi. Það verður einungis gert með endurskoðun og eflingu framhaldsnáms á Íslandi.

Fyrirsjáanlegt er að áðurnefndar mannaflaspár komi til með að breytast við næstu spágerð. Allt bendir til þess að yfirvofandi sé skortur á ungum læknum. Ég mun því beita mér fyrir því að flýtt verði gerð næstu spár og staðfesti hún þann grun sem ég hef nefnt mun ég leggja það til að menntmrn. og heilbrrn. vinni að því sameiginlega að fjölga útskrifuðum íslenskum læknum á ári hverju og jafnframt að ráðuneytin beiti sér fyrir því í samvinnu við sjúkrastofnanir og læknadeild Háskóla Íslands að endurskipulagt verði framhaldsnám á Íslandi þannig að hlutfallsleg fjölgun verði á læknahópnum á aldrinum 30–34 ára.

[14:06]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Við stöðum í því fyrir líklega nokkrum áratugum að berjast gegn því að þessi takmörkun væri sett og það var mjög umdeilt á þeim tíma hvort rétt væri að setja numerus clausus. Numerus clausus hefur verið við lýði alllengi og nú virðist svo komið að menn sjá fyrir læknaskort. Ég held að skýringin á þessum læknaskorti og þeim upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. heilbrrh. hvað varðar unga lækna séu ekki síst þau kjör sem læknum hefur verið boðið upp á undanfarin ár. Ég átta mig ekki á því hvort nýgerðir samningar muni breyta þeirri stöðu að einhverju leyti en ég vona það. En það er svo margt að breytast í þessum efnum eins og fyrirspyrjandi rakti, ný fyrirtæki og auðvitað margt sem er að gerast í rannsóknum og vísindum. Ég hvet hæstv. heilbrrh. og hæstv. menntmrh. til að skoða málin af mikilli alvöru og að í það minnsta rýmka töluna þó að ég geti ímyndað mér að það muni kosta mjög mikla peninga að afnema hana með öllu en það ber að gera í áföngum.

[14:07]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi skýru svör. Þetta voru mjög jákvæð svör. Efnislega fólu þau í sér eftirfarandi tvo þætti. Í fyrsta lagi að hæstv. ráðherra telur að skortur verði á læknum innan ákveðinna ára og hún ætlar að láta fara fram sérstaka könnun á því. Í öðru lagi, ef grunur hennar reynist á rökum reistur, hyggst hún beita sér fyrir því að útskrifuðum læknum á Íslandi verði fjölgað. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, herra forseti, en að hæstv. heilbrrh. sé að lýsa því skorinort yfir að hún muni að öllum líkindum beita sér fyrir því að fjöldatakmarkanir verði rýmkaðar.

Það er mjög athyglisvert að hæstv. ráðherra nefndi sérstakt aldursbil sem væri mjög fámennt og það væri út af því sem líklegt væri að það yrði læknaekla innan ákveðinnar tíðar. Það eru læknar á aldrinum 30–34 ára gamlir. Það eru með öðrum orðum læknar sem útskrifast eftir árið 1992.

Og hvað gerist árið 1992? Þá allt í einu, samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið í svari við fsp. frá hæstv. menntmrh., fellur fjöldi sem tekinn er inn í deildina úr 36 niður í 30. Þetta er heimatilbúinn vandi stjórnvalda. Þetta er rugl í einhverjum ráðuneytum eða einhverjum kontórum háskólans sem gerir það að verkum að hér er verið að búa til vandræði. Hæstv. ráðherra sagði að það væri m.a. klínísk geta sjúkrahúsanna sem réði fjölda þeirra sem færu í gegnum námsferilinn á sjúkrahúsunum. Hvaða klíníska breyting var það sem gerði það að verkum að árið 1992 féllu námsstöðurnar úr 36 niður í 30? Hvaða klíníska breyting var það sem leiddi til þess að 1996 fjölgaði þeim úr 30 upp í 39? Getur hæstv. ráðherra sagt mér hvaða breytingar urðu á klínískri getu sjúkrahúsanna til að taka við læknum í námsstöður, sem leiddu til þessara óútskýranlegu breytinga sem hafa leitt til heimatilbúins vanda í íslenska spítalakerfinu?

[14:10]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það hlýtur alltaf að vera mat læknadeildar Háskóla Íslands hversu mikil geta er til klínískrar menntunar og auðvitað er tekið tillit til þess. Mjög mikilvægt er að þær spár gangi hratt fyrir sig sem ég minntist áðan á vegna þess að þær síðustu spár sem voru gerðar sýndu að ekki væri yfirvofandi unglæknaskortur eða skortur á læknum. Síðan hafa orðið þær breytingar eins og ég kom inn á í fyrri ræðu minni að vinnutímatilskipanir Evrópubandalagsins hafa breytt hér miklu um og eins það að Noregur hefur sótt mjög í lækna okkar. Svörin eru þau að geysilegar breytingar hafa orðið á mjög stuttum tíma.

## *Fjármagn vegna mælinga á geislavirkum efnum í sjó.*

Fsp. HG, 395. mál. — Þskj. 716.

[14:11]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir fsp. á þskj. til heilbr.- og trmrh. svohljóðandi:

1. Hefur ráðherra tryggt að Geislavarnir ríkisins geti stundað á fullnægjandi hátt vöktun og mælingar á geislavirkum efnum á íslenskum hafsvæðum?

2. Hefur ráðuneytið gripið til sérstakra ráðstafana til að Geislavarnir ríkisins geti byrjað vöktun vegna teknesíum frá Sellafield, sem nú hefur mælst við Noregsstrendur?

Upphaf þessa máls í þinginu var fyrir rúmri viku þegar ég beindi fyrirspurn til hæstv. umhvrh. varðandi fregnir af mengun við Noregsstrendur frá Sellafield einmitt á þessu sérstaka efni og vék að því að nauðsynlegt væri að tryggja Geislavörnum ríkisins fjármagn og aðstöðu til þess að fylgjast með mengun jafnhliða því sem íslensk stjórnvöld mótmæli endurvinnslu á geislavirkum efnum í Bretlandi og Frakklandi.

Nú frétti ég í gær í allítarlegum fréttum frá Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi og fleiri fréttamiðlum að fyrirspurninni væri svarað. Hæstv. ríkisstjórn hefði í gær afgreitt mál það sem spurt er um um fjárveitingar og möguleika fyrir Geislavarnir ríkisins til þess að tryggja eðlilega vöktun. Ég velti fyrir mér hvort ég ætti að vera að taka upp tíma þingsins hér, virðulegur forseti, til þess að bera fram þessa fsp. Þó að aðalatriði sé að sjálfsögðu það að leyst sé úr þessum vanda þá get ég ekki annað en fundið að því að hæstv. ráðherrar, í þessu tilviki heilbr.- og trmrh., skuli halda þannig á máli og ekki virða Alþingi þess að tilkynna um slíkar afgreiðslur í þinginu þegar slík fsp. liggur fyrir. En það gleður mig að það skuli hafa fengist úrlausn. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra varpi nánara ljósi á það hvað er um að ræða, hversu mikið fjármagn, hver er þörfin metin af Geislavörnum ríkisins og er það tryggt að þarna verði sú vöktun sem um er beðið? Það upplýstist þá væntanlega á eftir.

[14:14]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hægt er að svara báðum fyrirspurnum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar játandi varðandi það í fyrsta lagi hvort ráðherra hafi tryggt að Geislavarnir ríkisins geti stundað á fullnægjandi hátt vöktun og mælingar á geislavirkum efnum á íslenskum hafsvæðum og í öðru lagi hvort ráðuneytið hafi gripið til sérstakra ráðstafana til að Geislavarnir ríkisins geti byrjað vöktun vegna teknesíum frá Sellafield sem nú hefur mælst við Noregsstrendur.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um geislavarnir en uppbygging á aðstöðu Geislavarna ríkisins til mælinga á geislavirkum efnum í umhverfi og matvælum hófst árið 1986 í samvinnu við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina sem lagði til ýmis mælitæki og allan búnað.

Uppbyggingin á vöktun og mælingu á geislavirkum efnum á íslenskum hafsvæðum var skipulögð í áföngum. Fyrsta áfanga þar sem áhersla var lögð á geislavirk efni sem gefa frá sér gammageislun eða sesíum 137 lauk fyrir nokkrum árum. Annar áfangi hófst með því að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin lagði fram mælitæki til mælinga á betageislun. Er ætlunin að mælingar á geislavirkum efnum sem gefa frá sér betageislun með áherslu á teknesíum 99 verði hafnar í byrjun næsta árs en undirbúningur þess er þegar hafinn. Í þriðja og síðasta áfanga felst uppbygging á aðstöðu til alfagreiningar.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 2. febr. sl. tillögur heilbr.- og trmrh. um að veita fjármagn til þess að öðrum áfanga verði lokið í ár þannig að vöktun vegna geislavirkra efna sem gefa frá sér betageislun geti hafist þegar á næsta ári. Áætlaður kostnaður á árinu 1998 eru 3,5 millj. vegna beinna launa og stofnkostnaðar en árlegur beinn rekstrarkostnaður er áætlaður um 3,9 millj. Geislavarnir munu standa straum af ýmsum óbeinum kostnaði. Þess er vænst að norrænar kjarnorkurannsóknir styrki verkefnið næstu fjögur ár með styrk að upphæð 1 millj. kr.

Virðulegi forseti. Það er því hægt að svara fyrirspurn hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að búið er að styrkja Geislavarnir þannig að Geislavarnir geta uppfyllt þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

[14:16]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það færist í vöxt að þingmenn bera fram fyrirspurnir og þeim er svarað í fjölmiðlum daginn áður en fyrirspurnin er á dagskrá í Alþingi. Það er ósmekklegt. Það mikilvæga í málinu er málefnið sjálft eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. En þessi framkoma við þingmenn og þingið er beinlínis ólíðandi. Mér fyndist koma til greina að hæstv. forseti skrifaði öllum ráðherrum og setti ofan í við þá fyrir vinnubrögð af þessu tagi, þetta er ekki hægt. Það eru engin rök fyrir því að gera þetta svona. Það hefði t.d. mátt hugsa sér það að málið hefði verið kynnt í dag í svari við fyrirspurninni og sagt frá því að á morgun eða seinna í dag yrði málið afgreitt í ríkisstjórn eða eitthvað því um líkt. En að gera það eins og ráðherra gerði er ekki mjög merkileg framkoma við alþingismenn og ég skora á hæstv. ráðherra að taka tillit til þessara sjónarmiða.

[14:17]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja máls á þessu. Tildrögin eru þau að við Noregsstrendur hafa menn mælt teknesíum í auknu magni. Hér á Íslandi hafa menn ekki haft rétt tæki og aðferðir til þess að geta mælt þetta og þess vegna nauðsynlegt að afla þess sem hv. þm. hefur reyndar gert með fyrirspurn sinni. Ég tek hjartanlega undir umvöndunarorð hans og hv. þm. Svavars Gestssonar að það er ólíðandi að hæstv. ráðherrar svari fyrirspurnum áður en kemur í fyrirspurnatíma þingsins.

Mig langar að nota tækifærið, herra forseti, og benda á ákveðna þverstæðu í málflutningi íslenskra stjórnvalda. Einmitt út af teknesíum-málinu kom fram að hæstv. umhvrh. ætlar að hafa samband við kollega sinn í Bretlandi og veita honum nokkrar átölur fyrir að haga sér illa með því að auka losun á þessu efni. En þetta er nákvæmlega sami ráðherrann og hefur ekki treyst sér til þess að lýsa því yfir fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar að Íslendingar muni reyna að hlíta niðurstöðum Kyoto-ráðstefnunnar. Með öðrum orðum, herra forseti, á annan bóginn heimtum við gagnvart öðrum þjóðum að þær hagi sér vel en á hinn bóginn lýsum við því yfir að við ætlum að halda áfram að haga okkur eins og ruddar sjálfir.

[14:19]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem komu frá hæstv. ráðherra um aðstöðu Geislavarna ríkisins. Það er grundvallaratriði að þessi stofnun sé ætíð sem best búin til vöktunar og mælinga sem er undirstaða undir slíku og gildir þá í rauninni einu hvort komnar eru vísbendingar um hættu. Engu að síður þurfum við að staðfesta gott ástand þegar það liggur fyrir því að það er stuðningur við okkur og það eru auk þess nauðsynlegar bakgrunnsmælingar ef síðan kemur til mengunar.

Ég vil aðeins nota minn tíma til að hvetja hæstv. heilbrrh. eins og ríkisstjórnina alla og umhvrh. að sjálfsögðu sem hlýtur að vera þar í fararbroddi að taka þar upp öfluga baráttu á alþjóðlegum vettvangi og af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir því að endurvinnslustöðvunum í Bretlandi, bæði Sellafield og Dounreay og La Hague-stöðinni í Frakklandi verði lokað og þar verði hætt þeim óviðunandi rekstri og framgöngu að losa mikið magn geislavirkra efna í hafið og kasta því fyrir dyrnar hjá öðrum. Þetta er gersamlega ólíðandi og það er ánægjuefni að hæstv. umhvrh. hefur nú ámálgað þetta við breskan starfsbróður sinn. Umhvn. og aðrar nefndir þingsins, utanrmn. þar á meðal, taka málið væntanlega til athugunar fyrir þingsins hönd nú á næstunni. Ég hef komið upplýsingum um þetta á framfæri í umhvn. og viðræður standa fyrir dyrum milli þingnefnda hvernig á málinu skuli haldið en ég tel sjálfsagt að Alþingi láti rödd sína heyrast kröftuglega eins og áður hefur verið gert í þessum efnum.

[14:21]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég held að öll aðalatriði málsins hafi komið fram. Aðalatriðið er að við getum fullnægt þeirri vöktun sem nauðsynleg er til þess að geta mælt hvort um geislavirk efni er að ræða í hafinu í kringum okkur.

Um það umvöndunaratriði sem kom fram að það hafi verið óeðlilegt að þetta hefði verið kynnt í fjölmiðlum er það nú þannig að ríkisstjórn Íslands samþykkti aukafjárveitingu til þessa málefnis og á þessu ári er varið 3,5 millj. og það var samþykkt á ríkisstjórnarfundi og dagskrá ríkisstjórnarfundar er ekki leyniplagg. En það vill svo til að fyrirspurnin lá fyrir þinginu og ég held að það geti varla truflað málið á nokkurn hátt og gott að hv. þm. vakti athygli á því. Ekki það að við höfum ekki verið búin að rannsaka þetta áður og verið

með þetta mál í undirbúningi en ég virði mjög svo skoðanir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og þau varnaðarorð sem hann hefur oft uppi. En aðalatriðið er að við getum fullnægt vöktuninni.

## *Fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands.*

Fsp. ÖS, 381. mál. — Þskj. 680.

[14:23]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég flyt til hæstv. menntmrh. er efnislega samhljóða fyrri fyrirspurn minni í dag til hæstv. heilbrrh. Hún felur annars vegar í sér spurninguna: Hvaða rök liggja til grundvallar fjöldatakmörkunum við læknadeild Háskóla Íslands?

Nú kom fram í máli hæstv. heilbrrh. fyrr í dag að það er fyrirsjáanleg að hennar mati læknaekla sem mun fara fyrr að bíta en menn töldu áður, m.a. vegna þess að það er mikil sókn frá Noregi í lækna okkar og líka vegna þess að það er gerbreyting á vinnutilhögun lækna sökum vinnutímatilskipunar Evrópusambandsins. Þetta gerir það að verkum að þau rök sem menn höfðu áður fyrir numerus clausus við læknadeild Íslands hljóta að vera miklu léttvægari en áður.

Það hefur líka komið fram í máli þess ráðherra sem hefur talað að þegar menn eru að ákveða aðgangstakmarkanir að læknadeild Háskóla Íslands er það m.a. gert í ljósi klínískrar getu spítalanna til þess að taka við læknum í námsstöður. Ég hlýt að nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. menntmrh. sérstaklega um það hvaða breytingar hafa orðið á klínískri getu sjúkrahúsanna til þess að taka við læknanemum í námsstöður sem gera það að verkum 1992 var einungis hægt að taka við 36 en það var hægt að taka við 30 árið 1993 og til ársins 1995 þegar hin klíníska geta breyttist skyndilega þannig að samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu læknadeildar var tekið við 39. Hverjar eru breytingarnar og hvernig stendur á því að menn rokka svona með þetta frá ári til árs? Ég held að skýringin sé einföld. Ég held að þetta sé læknastéttin í krafti einokunar sinnar á þessari deild sem er að takmarka fjöldann til þess að halda uppi launum sínum. Ég held að þarna sé að nokkru leyti að finna rót sérfræðingavandans og ég held að rök af þessu tagi séu ekki verjanleg. Því hef ég velt því fyrir mér, herra forseti, hvort hæstv. menntmrh. sé ekki reiðubúinn til þess að lýsa því yfir við umræðuna að hann telji tímabært að rýmka aðgang að deildinni eða aflétta fjöldatakmörkunum.

Ég get fallist á að það þurfi einhvers konar fjöldatakmarkanir en það verða þá að vera skýrar reglur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er tekin árleg ákvörðun. Það er ekki mjög skýrt. Það er ekki hægt að halda því fram að aðstæður háskólasjúkrahúsanna breytist ár frá ári. Ég held að þetta séu bara tiktúrur læknanna sem ráða þessu og ég held að hæstv. menntmrh. eigi að taka fram fyrir hendurnar á þeim, beita sér fyrir því að settar séu skýrar gagnsæjar reglur en hann eigi líka að fallast á þau rök sem liggja fyrir og hæstv. heilbrrh. hefur m.a. flutt og vísa beinlínis til þess að nauðsynlegt sé að rýmka þessar reglur. Ég vísa til þess að þegar ég var í háskólanum fyrr á þessari öld voru til námsstöður fyrir 45 lækna. Hvað hefur breyst síðan? Ekki hefur spítölunum fækkað.

[14:26]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil í upphafi svars míns geta þess hvernig staðið er að ákvörðunum um fjöldatakmarkanir. Það byggist á lögum um Háskóla Íslands og síðan reglugerð um Háskóla Íslands en menntmrh. leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerðinni fyrir háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs þannig að frumkvæði í málinu er á vettvangi háskólaráðs þegar breyta á reglugerðinni en í 74. gr. reglugerðarinnar segir að ef fjöldi stúdenta sem stenst próf í lok haustmisseris í læknisfræði er meiri en svo að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma geti háskólaráð eftir rökstuddum tillögum læknadeildar takmarkað fjölda þeirra sem halda áfram námi. Það er því háskólaráð sem byggir á rökstuddum tillögum læknadeildar sem tekur ákvarðanir um fjölda þeirra sem halda áfram námi í læknadeildinni.

Forseti læknadeildar, Einar Stefánsson prófessor, hefur vegna þessarar fyrirspurnar lagt til upplýsingar við menntmrn. þar sem m.a. er svarað þeirri spurningu sem hefur brunnið á vörum hv. fyrirspyrjanda um það hvers vegna breytingin varð árið 1992. Skýringarinnar á henni er að leita í þeirri staðreynd að þá hætti bráðastarfsemi á Landakotsspítala. Hún hætti fyrirvaralítið og féll þar út einn af þremur meginkennsluspítölum læknadeildar. Þetta er ástæðan fyrir því að læknadeildin lagði til á árinu 1992 að bráðastarfsemin á Landakotsspítala félli fyrirvaralítið niður og ættum við hv. þingmenn að minnast umræðna um það mál og sérstaklega hv. þm. og fyrirspyrjandi að vita það því að ákvarðanir um það efni voru að sjálfsögðu ítarlega ræddar á Alþingi og einnig í hans ágæta þingflokki. Það er þessi ástæða sem gefin er þegar læknadeildin útskýrði það hvers vegna breytingin varð.

Hins vegar er það svo að læknadeildin hefur einnig verið með aðstöðu á Akranesi og Akureyri og telur að fjárveitingar til þess að halda uppi kennsluaðstöðu á þeim stöðum séu þröngar og þess vegna sé svigrúmið ekki eins mikið og æskilegt væri. Þetta eru þær skýringar sem gefnar eru fyrir utan almenn sjónarmið um fjármál, fjárveitingar og nauðsyn þess að hækka fjárveitingar til skólastarfs og einnig til þess að launa lækna.

Þá vil ég geta þess að þegar spurt er hvort ég telji tímabært að rýmka aðgang að deildinni eða aflétta fjöldatakmörkunum þá tel ég eins og hæstv. heilbrrh. að tölurnar verði að taka mið af þörfinni og það liggur fyrir greinargerð frá 1996 sem birtist í Læknablaðinu þar sem segir að gert sé ráð fyrir að offramboð verði á íslenskum læknum fram til ársins 2010. Þessi greinargerð liggur fyrir en eins og fram hefur komið er nauðsynlegt með hliðsjón af ýmsum breyttum aðstæðum væntanlega að endurskoða spána. Komi í ljós að menn telji að þörfin fyrir lækna aukist og það verði ekki offramboð á þeim til ársins 2010 þá er sjálfsagt að taka þessi mál til skoðunar.

Ég tek undir með hæstv. heilbrrh. þegar hann leggur áherslu á að framhaldsnám í læknadeild verði styrkt. Það hefur verið farið inn á þær brautir á undanförnum árum og að frumkvæði menntmrn. var settur fjárlagaliður inn í fjárveitingar til Háskóla Íslands. Þar verður veitt fé til rannsóknarnáms og þessi fjárlagaliður hækkar verulega á þessu ári. Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga að hækka fjárveitingar á þennan lið um 35 millj. kr. Á þessum fjárveitingum byggist framhaldsnámið. Því er mjög mikilvægt að

þingmenn hafi það í huga þegar þeir fjalla um fjárveitingar til Háskóla Íslands og lýsa áhuga sínum á að efla stöðu hans til að veita framhaldsnám að litið sé á þessar fjárveitingar. Þær ber að efla og styrkja í því skyni að háskólinn geti veitt framhaldsnám sem taki mið af ströngum, faglegum kröfum og miði að því að hér á landi sé hægt að menntast sem mest í einstökum greinum. Að þessu þarf að standa þannig að það standist alþjóðlegar kröfur og alþjóðlegan samanburð.

[14:31]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Af því hæstv. ráðherra drap á leiðir til að fjölga þeim læknum sem stundum hafa verið kallaðir stríðslæknarnir á íslenskum sjúkrahúsum, þá er það rétt hjá honum að ein leiðin er sú að koma upp einhvers konar vísi að framhaldsnámi. Ég er sammála því. Önnur er auðvitað sú að reyna að fækka þessum aðstoðarlæknastöðum og ráða fleiri sérfræðinga. Þriðja leiðin væri sú að fjölga þeim námsmönnum sem fara í þessar stöður.

Ég spurði hæstv. ráðherra: Hvaða breytingar urðu á klínískri getu sjúkrahússkerfisins sem leiddu til fækkunarinnar 1993? Hann svaraði mér skýrt. Hún var sú að bráðadeild var lokað. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Á ég þá að gera ráð fyrir því að þegar aftur er fjölgað 1996, þá höfum við opnað bráðadeild? Nei. Það get ég ekki gert. En svar hans og sú staðreynd sem ég bendi hér á sýnir aðeins eitt. Þetta er byggt á geðþótta. Þetta er ekki byggt á sérstökum reglum eða því raunverulega námsrými sem er fyrir höndum. Ég vek athygli á því að ég dreg það mjög í efa að klínískt nám hafi verið eitthvað verra fyrir 15–20 árum en þá voru 45 og stundum upp í 50 kandídatar í námsstöðum á spítölunum. Þetta er mergur málsins. Reglurnar eru ekki skýrar og hæstv. ráðherra sem er þekktur fyrir að vilja hafa sín mál á hreinu, ætti að beita sér fyrir því að þetta yrði miklu gegnsærra. Í dag er staðan ekki nógu góð. Hæstv. ráðherra kemur síðan og vísar í einhverja skýrslu frá 1996 þar sem mat er lagt á læknaþörf. Hæstv. heilbrrh. er í mjög greinargóðu svari búinn að benda á að sú úttekt er löngu fokin út í veður og vind. Það er alveg sama hvaða yfirmann í læknaliði á ríkisspítölunum eða á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hæstv. menntmrh. hefur talað við, þeir munu allir segja honum að læknaekla sé fyrirsjáanleg. Að hluta á hún sök á innbyrðis vanda í ráðuneytunum sem tóku vitlausar ákvarðanir árin 1992 til 1996.

[14:33]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil í tilefni af orðum hv. þm. vitna hér orðrétt í bréf forseta læknadeildar þar sem segir, með leyfi forseta:

„1992 hætti bráðastarfsemi á Landakotsspítala fyrirvaralítið og féll þar úr einn af þremur meginkennsluspítölum læknadeildar. Vegna hinnar minnkuðu kennslugetu neyddist læknadeild til að fækka í hverjum árgangi niður í 30 á ári að undangenginni kennslugetukönnun. Enda þótt aukið álag, þröngar fjárveitingar á kennsluspítölum læknadeildar og breytt starfsemi hafi í raun dregið úr getu kennsluspítalanna til klínískrar kennslu, var fjöldinn í hverjum árgangi aukinn aftur upp í 36 á ári 1996.“

Þetta er afstaða læknadeildarinnar og eins og fram kom í svari mínu þá gerir læknadeildin tillögu um þetta reglum og lögum samkvæmt til háskólaráðs. Háskólaráð tekur síðan ákvarðanir í þessu efni. Þarna er skýringin og ég tel ástæðulaust að gera því skóna að á bak við þetta búi eitthvað annað en þarna segir. Árið 1992 urðu breytingar en síðan hafa menn lagað sig að þeim og aftur lagt til að fjöldinn yrði aukinn og nú er hann 36 á ári eins og fyrir þetta fall árið 1992.

## *Fjármagnstekjuskattur.*

Fsp. JóhS, 416. mál. — Þskj. 737.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Þegar fjármagnstekjuskattur var til umræðu fyrir um tveimur árum voru mjög skiptar skoðanir um hvernig staðið skyldi að framkvæmd og álagningu skattsins. Stjórnarandstaðan lagði áherslu á að skattheimtan yrði af hinum raunverulegu fjármagnseigendum og ákveðið frítekjumark tryggði að almennum sparnaði yrði hlíft við skattlagningu. Stjórnarflokkarnir kusu að fara aðra leið með 10% flötum skatti á fjármagnstekjur. Stjórnarandstaðan hélt því fram að það þýddi að tekjur af fjármagnstekjuskatti myndu að verulegu leyti koma frá hinum almenna sparifjáreiganda. Það var ekki síst vegna áforma um að lækka skattgreiðslur á arð og söluhagnað og að þeir sem stofnuðu til einkahlutafélags gætu tekið verulegan hluta þess fjár sem nú er skattlagt hjá þeim sem reiknað endurgjald, launatekjur eða rekstrarhagnaður, fært yfir í arð og greitt af því 10% skatt í stað þess að greiða af tekjum sínum eða hagnaði um 40% skatt.

Hvað sem mismunandi sjónarmiðum um leiðir til skattlagningar líður, verður auðvitað að ganga út frá því að allir vilji hafa skattlagninguna sem réttlátasta og sanngjarnasta. Í því sambandi hljóta þeir að vera tilbúnir að endurskoða framkvæmdina ef í ljós kemur að skattlagningin sé óeðlileg, ósanngjörn og lendi fyrst og fremst á hinum almenna sparifjáreiganda. Því er nauðsynlegt að þingið fylgist með framkvæmdinni frá upphafi, leggi mat á hana og kanni hvort breytinga sé þörf, bæði hvað skattlagninguna og eftirlitið varðar. Af því tilefni er þessi fyrirspurn fram komin til hæstv. fjmrh. þó ég geri mér vissulega grein fyrir því að skammt er liðið frá álagningu fjármagnstekjuskatts og erfitt getur reynst að fá umbeðnar upplýsingar. Þó hlýtur að vera stefnt að því að þær geti legið fyrir í nánustu framtíð. Því hef ég, herra forseti, lagt fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um fjármagnstekjuskatt þar sem spurt er:

1. Hve miklar tekjur skiluðu sér í ríkissjóð af fjármagnstekjuskatti á sl. ári, skipt eftir fjármálastofnunum?

2. Er hægt að fá fram upplýsingar um skiptingu fjármagnstekjuskattsins eftir eigna- og tekjustöðu og aldri greiðenda og ef svo er, hvernig var skiptingin? Ef svo er ekki, telur ráðherra rétt að hægt væri að kalla fram slíkar upplýsingar og ef ekki, hver er skýringin á því?

3. Telur ráðherra að komið hafi fram einhverjir gallar á framkvæmd laganna, svo sem vegna nauðsynlegs eftirlits eða sanngirni í álagningu skattsins, sem kalla á breytingu?

[14:38]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Fyrst langar mig að segja örfá orð um fjármagnstekjuskattinn en hann var fyrst lagður á árið 1997. Um er að ræða 10% tekjuskatt af vöxtum, söluhagnaði, leigutekjum og arði. Skatturinn er innheimtur í staðgreiðslu

og skal standa skil á honum að tekjuári loknu. Því mun fjármagnstekjuskattur vegna ársins 1997 ekki koma til greiðslu fyrr en á árinu 1998 og uppgjöri á skattinum verður ekki lokið fyrr en álagningu vegna ársins 1997 verður lokið. Til að skýra þetta betur er framkvæmdin sú að þær innlánsstofnanir sem innheimta skattinn taka skattinn af öllum vöxtum og þar sem fyrirtækin í landinu fá vextina frádregna í sínu bókhaldi er engin leið að sjá hver nettóniðurstaðan verður fyrr en uppgjör á sér stað á miðju þessu ári. Á árinu 1997 var eingöngu greiddur fjármagnstekjuskattur vegna söluhagnaðar hlutabréfa en sérákvæði þess efnis komu fyrr til framkvæmda.

Svarið við fyrstu fyrirspurninni er það að á síðasta ári voru greiddar tæplega 62 millj. kr. í ríkissjóð í fjármagnstekjuskatt og var þar um að ræða fjármagnstekjuskatt vegna sölu hlutabréfa. Þegar spurt er um upplýsingar um skiptingu fjármagnstekjuskatts eftir eign, tekjustöðu og aldri, þá liggur það að sjálfsögðu ekki fyrir fyrr en í álagningu í júlí og reyndar kann að verða erfitt að gefa fullnægjandi svar við þessari fyrirspurn, því suma reikningana eiga margir og ekki nokkur leið að greina í sundur eftir aldri o.s.frv.

Þá er að lokum spurt hvort gallar hafi komið fram við framkvæmdina. Ég tel ekki tímabært að svara þessari spurningu fyrr en reynsla er komin á. Það ætti að sjást á síðari hluta þessa árs. Á þessu stigi málsins hefur ekkert komið fram sem segir okkur að það kerfi sem við tókum upp gangi ekki upp.

Ég minni á, virðulegi forseti, að þetta mál fékk meðferð í nefnd allra stjórnmálaflokkanna, flestra a.m.k. og allra held ég þegar að lokum dró. Jafnframt áttu þar aðild ASÍ og VSÍ. Í nefndinni var mikil samstaða en á síðari stigum, eftir að nefndin hafði lokið störfum, kom hins vegar fram hér í þinginu að einstakir flokkar höfðu aðra skoðun en þeir menn sem störfuðu í nefndinni. Þetta minni ég á og ég tel að svo komnu máli ekki hægt að segja annað en að framkvæmdin hafi gengið nokkuð sæmilega. Eins og ég hef rakið er ekki hægt að gefa haldbær svör við því sem hv. þm. er að spyrja um. Lögin leyfa einfaldlega ekki að upplýsingarnar liggi fyrir fyrr en síðar á þessu ári, líklega í byrjun ágúst.

[14:41]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég bjóst að vísu ekki við að fá fullkomin svör við þeim spurningum sem ég lagði fram. Þó taldi ég að hægt væri að ná fram fyllri upplýsingum en fjmrh. gaf. Einungis liggja fyrir upplýsingar um söluhagnað á hlutabréfum, 62 millj. kr. En ég hlýt að velta fyrir mér hvort ekkert liggi fyrir um innlánsstofnanir sem færa fjármagnstekjuskattinn um áramót. Bankar og innlánsstofnanir hafa fengið fjármagnstekjuskatt, staðgreiðsluskatt sem ætti strax að skila sér til ríkissjóðs. Þegar á þessu ári hafa verið teknar út inneignir í bönkunum. Þess vegna spyr ég: Ef ekkert uppgjör liggur fyrir fyrr en á miðju ári halda þá bankarnir því sem inn hefur komið í fjármagnstekjuskatt í sinni vörslu og skila ekki í ríkissjóð fyrr en síðar á árinu? Það hlýtur að liggja fyrir uppgjör um áramót hjá bönkunum um það sem þeir hafa fært sem fjármagnstekjuskatt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um hve mikið hafi verið gert ráð fyrir að skilaði sér á árinu 1997 í fjármagnstekjuskatt. Áætlanir frá nefndinni sem samdi frv. gerðu ráð fyrir að fyrstu árin kæmu í skatt um 600 eða 700 millj.

Ég vil líka spyrja ráðherrann beint, varðandi lið 2 þar sem ég bið um upplýsingar um skiptinu fjármagnstekjuskattsins eftir eigna- og tekjustöðu og aldri greiðenda, hvernig þessi skattur hefur komið niður. Hæstv. ráðherra telur að það sé alls ekki víst, þegar þetta liggur fyrir hvort við getum fengið slíka skiptingu og upplýsingar sem væru mjög gagnlegar og nauðsynlegar fyrir okkur þegar við erum að meta hvort endurskoða þurfi þennan skatt. Ef ráðherrann telur erfitt að kalla hann fram í núverandi kerfi, telur hann þá ekki nauðsynlegt að gera þær breytingar að við getum örugglega fengið þær upplýsingar sem hér er kallað eftir um mitt næsta ár? Tilefni þessarar fyrirspurnar er einmitt það að þingmenn geti nú eða á miðju ári lagt mat á það framkvæmdina og hvernig hún hefur komið niður á einstökum greiðendum. Ég spyr því um álit fjmrh. á því hvort hann telji ekki eðlilegt að hægt verði að fá að vita skiptinguna og hvort hann muni ekki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að við getum fengið að vita hver hún er ekki síðar en á miðju ári.

[14:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Í fjárlögum ársins 1998 er gert ráð fyrir að á rekstrargrunni skili fjármagnstekjuskatturinn á yfirstandandi ári 950 millj. kr., þ.e. álagningin á þessu ári verði 950 millj., og af henni skili sér í ríkissjóð 833 millj. kr. Þá er átt við að sjóðshreyfingin sé 833 millj., þ.e. það sem hreinlega kemur inn í ríkissjóð en ekki það sem verður til eða stofnað er til. Það er ekki ástæða til þess að geta um það hve mikið bankar og aðrar innlánsstofnanir og slík fyrirtæki hafa greitt í ríkissjóð. Ég get þó sagt hv. þm. frá því að þessar stofnanir standa skil á skattinum til ríkissjóðs. Ef ég man rétt er gjalddaginn 15. janúar þannig að ég hygg að nú liggi það fyrir hve miklir peningar komi inn í ríkissjóð bróttó. Sú tala er okkur gjörsamlega gagnslaus í þessu sambandi vegna þess að fyrirtækin, þeir sem eru með rekstur og lífeyrissjóðirnir í landinu sem eiga stóran hluta fjármagnsins greiða ekki þennan skatt og fá hann endurgreiddan. Það er nettótalan sem hefur þýðingu þegar upp er staðið.

Ástæðan fyrir því að ég hafði efasemdir um að við gætum tekið allan skattinn, sem liggur síðan hjá einstaklingum og gert hann upp á grundvelli þeirra óska sem hv. þm. hefur lagt fram, er að margir reikningarnir í bankanum eru þess eðlis að þeir eru ekki færðir á einn einstakling heldur kannski á saumaklúbba, svo að ég nefni dæmi og þekki dæmi um það reyndar sjálfur. Það er erfitt að rannsaka það hve margir eru í saumaklúbbnum, á hvaða aldri þeir eru, hvernig það skiptist niður o.s.frv. Aðalatriði málsins er að það kerfi sem var sett í þetta er þannig að allar tekjurnar, allar vaxtatekjurnar, eru stofn og ríkið fær sitt, en við getum ekki séð (Forseti hringir.) hins vegar fyrr en í uppgjörinu í byrjun ágúst hverjir síðan telja þetta fram og hvernig. Og það er hægt að greina þá skiptingu sem þar kemur fram, eftir aldri, kynferði o.s.frv.

## *Störf tölvunefndar.*

Fsp. SF, 417. mál. — Þskj. 738.

[14:47]

**Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Að undanförnu höfum við séð miklar breytingar í samfélagi okkar. Við sjáum hina svokölluðu upplýsingavæðingu ryðja sér til rúms, tölvuvæðing er mikil og skráning upplýsinga. Þessi skráning er oft og tíðum mjög persónuleg og ég nefni sem dæmi sjúkraskrár sem geyma oft viðkvæm persónuleg mál. Lífsýni eru líka atriði sem við skoðuðum sérstaklega í þinginu þegar við samþykktum lög um réttindi sjúklinga. Samkvæmt þeim eru lífsýni hluti af sjúkraskrá, en lífsýni geyma afar miklar upplýsingar um hvern einstakling.

Vegna þess að við erum farin að sjá þetta nýja samfélag hér, þá er afar mikilvægt að við höfum góð lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og ég tel að lögin okkar séu ágæt. Þau vernda þessar upplýsingar sæmilega. Hins vegar verður að segja eins og er að samkvæmt lögunum á tölvunefnd að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, en að mínu mati hefur tölvunefnd allt of lítinn viðbúnað, of lítinn mannafla og of litla aðstöðu til þess að geta sinnt eftirliti nægjanlega þannig að við tryggjum þá persónuvernd sem við krefjumst samkvæmt lögunum. Tölvunefnd á að veita margs konar leyfi til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem vilja safna upplýsingum og skrá þær. Tölvunefnd á líka að vera með eftirlitið þannig að tryggt sé að eftir reglum sé farið.

Í dag er tölvunefnd skipuð fimm mönnum en þeir eru allir í fullu starfi annars staðar en í tölvunefndinni. Tölvunefnd hefur einungis starfsmann að hluta til, sem sagt ekki í fullu starfi og síðan eru nokkrir eftirlitsmenn sem reyna að sinna eftirliti. Álagið er gífurlega mikið eins og fram hefur komið í fréttum að undanförnu. Yfir 400 erindi á hverju einasta ári berast til tölvunefndar þannig að afar lítill tími gefst í virkt eftirlit. Það má segja að tölvunefnd sé að drukkna í álagi. Erlendis eru sambærilegar stofnanir miklu sterkari og fjölmennari.

Ég held að það sé afar brýnt að hæstv. dómsmrh. upplýsi okkur hvað hann hyggist gera, þar sem það er alveg ljóst að það er öllum til hagsbóta að tölvunefnd geti sinnt sínu hlutverki, t.d. þeim fyrirtækjum sem eru að fá leyfi og þeim sem stunda t.d. vísindarannsóknir. Og það er líka mjög mikilvægt fyrir fólkið í landinu að vita að tölvunefnd getur sinnt lögbundnu eftirliti þannig að persónuvernd sé tryggð.

[14:50]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Störf tölvunefndar hafa aukist mjög verulega á undanförnum fimm árum. Á árinu 1992 voru erindi sem nefndin afgreiddi 157 en á síðasta ári 439. Af þessu má sjá að verkefni nefndarinnar hafa aukist mjög mikið. Auk þess er ljóst að þau erindi sem nefndin hefur haft til meðferðar hafa sífellt orðið flóknari og umfangsmeiri, m.a. vegna stóraukinnar tækni við að safna og vinna með persónuupplýsingar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Þessi aukning verkefna hefur komið fram í miklu álagi á starfslið nefndarinnar, það er rétt. Nú annast einn starfsmaður, sem jafnframt er deildarstjóri í ráðuneytinu, störf fyrir nefndina og má segja að störf þessa deildarstjóra í ráðuneytinu snúist nær einvörðungu, eins og málum er komið, í þágu tölvunefndar.

Það er hins vegar alveg ljóst að miðað við núverandi álag er þörf fyrir aukið starfslið. Eigi að síður hygg ég að hægt sé að fullyrða að tölvunefnd hafi sinnt sínu verkefni mjög vel og þeim erindum sem til hennar hefur verið beint.

Það er fyrirsjáanlegt að aðstæður munu breytast að ýmsu leyti á næstu árum og ekki bara vegna aukinna verkefna. Þar kemur í fyrsta lagi til að tilskipun Evrópusambandsins um meðferð persónuupplýsinga verður væntanlega felld undir samninga um Evrópska efnhagssvæðið. Það krefst endurskoðunar laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga til að aðlaga þær reglur Evrópusambandstilskipuninni og verður væntanlega tilbúið frv. um þetta efni á þessu ári. Samkvæmt reglum tilskipunarinnar mun hlutverk tölvunefndar breytast nokkuð og afgreiðslum fjölga verulega. Auk þess kallar tilskipunin á virka þátttöku í samstarfi evrópskra gagnaverndarstofnana. Starfsmaður tölvunefndar tekur nú þegar þátt í því starfi að nokkru leyti sem áheyrnaraðili.

Rétt er að taka fram að tilskipunin áskilur að eftirlitsnefndir eins og tölvunefnd séu fyllilega sjálfstæðar í störfum sínum og af því leiðir að eðlilegt er að nefndin starfi utan skrifstofu ráðuneytisins og nefndin og starfslið hennar lúti ekki beinni daglegri yfirstjórn ráðuneytisins heldur verði um sjálfstæða stofnun að ræða sem heyri undir dómsmrn.

Í öðru lagi er ljóst að tölvunefnd mun sem eftirlitsaðili með meðferð persónuupplýsinga þurfa að sinna auknu eftirliti varðandi persónuvernd innan Schengen-samstarfsins þegar það kemur til framkvæmda. Það mun hafa í för með sér umtalsverða vinnu og þátttöku í samstarfi evrópskra stofnana á því sviði. Starfsmaður nefndarinnar sinnir því verkefni nú að nokkru leyti sem áheyrnaraðili.

Unnið verður að því í samræmi við þessar breytingar og í samræmi við áhrif um breytt skipulag og breytt fyrirkomulag þessa starfs, að sjá svo um að nefndin fái í samræmi við breyttar aðstæður nægjanlegt starfslið og eðlilega starfsaðstöðu til að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er gríðarlega þýðingarmikið og veltur á miklu gagnvart persónuvernd að þessi störf séu innt vel af hendi og við sinnum þeim af fullri festu og af metnaði.

[14:55]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að það er nauðsynlegt að Alþingi tryggi vernd á persónulegum upplýsingum sem koma fram í rannsóknastofnunum í þessu landi. Eins og kemur fram hjá hæstv. dómsmrh. þá er ekki hægt að sjá annað en að sú vernd sé tryggð með lögum og eins kom það fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Ástæða þessarar fyrirspurnar og tilurð vekur mann dálítið til umhugsunar. Það hefur ekkert farið leynt að hv. fyrirspyrjandi hefur haft sérstaka löngun til þess að koma höggi á ákveðið fyrirtæki í landinu, Íslenska erfðagreiningu, og það skyggir dálítið á umræðu eins og hér fer fram. Ekkert hefur komið fram um það að hjá þessu fyrirtæki hafi nokkur óeðlileg starfsemi farið fram og ég veit ekki betur en að þeir sem þar starfa hafi lagt sig alla fram um það að upplýsa og jafnvel boðist til þess að kosta sérstakan starfsmann hjá tölvunefnd.

[14:57]

**Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil nú byrja á því að leiðrétta hv. þm. Kristján Pálsson sem fer hér með rangt mál. Það hefur ekki verið neitt sérstakt hagsmunamál mitt að koma höggi

á eitt einasta fyrirtæki hér í bæ, alls ekki. Ég tel mér hins vegar skylt að gæta almannahagsmuna. Ég tel rétt að við tryggjum að hér sé ávallt persónuvernd og ég verð að viðurkenna að ég varð mjög hissa um daginn þegar fyrirtækið sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, var með t.d. lista með nöfnum og kennitölum sjúklinga hjá SÁÁ. Það fannst mér afar furðulegt. Þetta var hins vegar misskilningur að mér skilst þannig að það er búið að leiðrétta það.

Hins vegar er alveg ljóst að þegar fyrirtæki af þessari gráðu kemur hér inn á markaðinn, þá er afar mikilvægt að við tryggjum að allt sé í lagi, öll persónuvernd sé í lagi. Ég held að það sé þessu fyrirtæki í hag og það hafa stjórnendur þessa fyrirtækis sagt. Þeir vilja hafa þessi mál í lagi. Og það hefur komið fram hjá forstjóranum í erlendum tímaritum sem ég hef lesið, að hann vill að þessi mál séu skotheld og það er einmitt þannig sem við eigum að vinna og þess vegna þarf tölvunefnd að geta fullnægt því. Þess vegna þarf þetta fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki að geta fengið starfsleyfi hratt og örugglega og geta sýnt fram á það með tölvunefnd að allt sé í lagi.

Ég vil fá aðeins betri svör hjá hæstv. dómsmrh. Hann tók undir að það þyrfti að styrkja tölvunefnd og nefndi einmitt þessa tilskipun sem er á leiðinni. Ég hefði viljað fá skýrari svör um það hvenær hæstv. ráðherra sér ástæðu til þess að styrkja tölvunefnd. Ég held að það eigi að gera það strax. Tölvunefnd þarf starfsmann í fullt starf. Hún þarf líka lögfræðing og hún þarf tölvusérfræðing. Þarna verða að vera nú a.m.k. þrír starfsmenn, að mínu mati, á fullum launum og ég held að það þýði ekkert að bíða með það. Ég hefði því viljað fá tímasetningar hjá hæstv. ráðherra, þ.e. hvenær hann telji æskilegt að styrkja tölvunefnd.

[14:59]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér finnst ágætt að hv. þm. kemur fram með þessa fsp. En mergurinn málsins hlýtur að felast í eftirfarandi: Er þörf á því núna að starfsgeta tölvunefndar verði styrkt? Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að líkur eru á ákveðnum breytingum sem munu sjálfkrafa kalla á breytta tilhögun í starfi nefndarinnar. Mér finnst ekkert sjálfgefið að menn hlaupi til og auki við mannafla tölvunefndar nema það liggi algerlega fyrir að þess sé þörf og það kom ekki fram í máli hæstv. dómsmrh. hvort nokkur þörf sé á því.

Ég held að hæstv. dómsmrh. ætti þess vegna að svara eftirfarandi spurningu: Hefur tölvunefnd talið nauðsynlegt að bæta við starfsfólki hjá sér vegna aukinna verkefna? Og ef svo er: Hyggst hann verða við því með einhverjum hætti?

[15:00]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég hygg að flestar ríkisstofnanir hafi sett fram hugmyndir um að fá aukið starfslið og það eigi einnig við um þessa stofnun. Það er vissulega rétt að mikið álag er á starfsmanni nefndarinnar og nefndinni. En við í ráðuneytinu höfum talið eðlilegt að aukin umsvif þeirrar nefndar, sem eru fyrirsjáanleg, tengdust þeim skipulagsbreytingum sem í vændum eru. Fjárlög hafa verið samþykkt fyrir þetta ár og það var mat ráðuneytisins að þau framlög sem samþykkt eru á fjárlögum væru nægjanleg til þess að nefndin gæti rækt lögbundið hlutverk sitt á þessu ári. Þingmenn stjórnarflokkanna voru sammála því mati og samþykktu fjárlög fyrir þetta ár með þeim hætti. En þetta mál er að sjálfsögðu í mikilli þróun og ráðuneytið mun vinna að framgangi þess í samræmi við þá þróun, og tryggja jafnharðan og nauðsyn krefur eðlilega starfsaðstöðu nefndarinnar.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 15:02.

---

# 59. FUNDUR

miðvikudaginn 4. febr.,
að loknum 58. fundi.

**Dagskrá:**

1. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 195. mál, þskj. 199. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 197. mál, þskj. 205. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Jarðalög, frv., 198. mál, þskj. 206. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vörugjald af olíu, stjfrv., 358. mál, þskj. 569. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, þáltill., 266. mál, þskj. 334. — Frh. fyrri umr.
7. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

## *Tilhögun þingfundar.*

[15:03]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti lætur þess getið að ætlunin er að atkvæðagreiðslur fari fram um 1.–5. dagskrármálið í lok fundarins þar sem ekki eru nægilega margir í húsinu til að atkvæðagreiðsla geti farið fram. Atkvæðagreiðslan fer fram í síðasta lagi kl. 10 mínútur fyrir 4.

## *Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, frh. fyrri umr.*

Þáltill. EOK og StG, 266. mál. — Þskj. 334.

[15:04]

**Stefán Guðmundsson:**

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram er að hefjast umræða, sem frestað var í gær, um þáltill. um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum. Staðreyndin í málinu er

sú að gríðarlegur samdráttur hefur orðið í sauðfjárbúskap hér á landi á síðustu árum og lætur nærri að fé hafi fækkað um helming frá því sem var flest á árinu 1978.

Ég sé ástæðu til þess í upphafi máls míns að þakka þá umræðu sem fram fór í gær og ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir innlegg hans í umræðuna og taka undir það sem mér hefur æðioft fundist gleymast, þegar við höfum rætt um vandamál bændastéttarinnar í landinu og þá erfiðleika sem að henni steðja nú um sinn, en það er sá mikli skerfur sem íslenskir bændur lögðu til þeirra þjóðarsáttarsamninga sem gerðir voru á sínum tíma. Ég efast um að á nokkurn sé hallað þó að sagt sé úr þessum ræðustól að fáir eða trúlega engir hafi lagt á sig meiri byrðar en íslenskir bændur í þeirri sáttargjörð sem þá náðist og íslenska þjóðin nýtur svo ríkulega í dag.

Vegna þess sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um samdráttinn í framleiðslunni og tekjur bænda vil ég vitna aðeins í grg. sem fylgir með tillögunni frá okkur flutningsmönnum, en 1. flm. hennar er, eins og áður hefur komið fram, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og sá er hér stendur. Í grg. segir svo, með leyfi forseta.

„Frá 1991 til 1996 dróst framleiðsla kindakjöts saman um 1.178 tonn, afurðaverð til sauðfjárbænda lækkaði að raungildi um 11,2% og tekjusamdráttur framleiðenda nam alls u.þ.b. 1,5 milljörðum kr. Framleiðendum fækkaði ekki að sama skapi og afkoman hrundi. Reiknað á föstu verðlagi féll hagnaður fyrir laun eigenda á sauðfjárbúum um [hvorki meira né minna en] 46,4% frá 1991 til 1996 samkvæmt uppgjöri Hagþjónustu landbúnaðarins."

Menn sjá því að það þarf engan að undra þó að hrikti verulega í stoðum einnar af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar.

Það er rétt að sauðfjárbúin eru flest of lítil og skapa þeim er við þau starfa hvorki ásættanlegar tekjur né atvinnu. Um þetta held ég að menn þurfi ekki að deila í dag. Framtíð þeirra er í þessari búgrein vilja starfa byggist því mjög á því að finna þeim viðunandi starfsumhverfi og það er m.a. af því sem verið er að leitast við að verða að liði með þessari þáltill. þó að vissulega sé ekki gripið nema á hluta vandans.

Ég er sannfærður um að það sem veldur langmestu um framtíð greinarinnar er að reynt verði til þrautar að leita leiða til mjög aukinnar sölu og markaðsstarfs erlendis er skili framleiðendum ásættanlegu skilaverði. Ætti það ekki að ýta við þeim er að þessum málum starfa, sú staðreynd að sá sem fremstur hefur farið í sölu á íslensku lambakjöti í Danmörku er yfirmaður kjöt- og fiskviðskipta þar í landi, sem eru samtök danskra samvinnuverslana, en þessi keðja ræður yfir hvorki meira né minna en 38% af danska matvörumarkaðnum? Væri því ekki skynsamlegt að athuga möguleika á því að ná samningum til einhverra ára við íslensk útflutningsfyrirtæki í sjávarútvegi um tilraunir til sölu- og markaðsmála á dilkakjöti erlendis? Hjá þessum fyrirtækjum er gríðarlega mikil þekking á markaðs- og sölumálum matvæla og það eigum við Íslendingar að sjálfsögðu að notfæra okkur.

Mér er ljóst að hér er um margslungið mál að ræða sem gæti orðið mjög viðkvæmt að leysa en þar er ég að tala um stuðning við bændur í jaðarbyggðum og sjálfsagt erfitt að ná sátt milli þeirra er innan greinarinnar starfa. En vissulega eru leiðir til að ná því marki sem þessi tillaga fjallar um. Mín skoðun er að höfuðáherslu beri að leggja á markaðssókn erlendis eins og ég hef reyndar reynt að draga hér fram. En þolir greinin þá bið sem það mál óhjákvæmilega tekur?

Þegar fjallað er um slík mál koma óneitanlega upp í hugann hinar svonefndu stoðgreinar eða nýgreinar sem menn vildu draga fram og mættu vera landbúnaðinum til stuðnings og sú spurning hvort það gæti orðið enn að gagni til lausnar á þessum vanda. Ég nefni t.d. möguleika til fiskeldis. Fiskeldisumræðan hefur í gegnum tíðina ekki fengið góðar undirtektir í þingsölum eða úti í þjóðfélaginu, því miður. En vita menn að hér liggja örugglega margir milljarðar ef ekki margir milljarðatugir í ónýttum tækjum og búnaði og til fiskeldis á Íslandi? Vita menn hvað þessi atvinnugrein skilar erlendum þjóðum í tekjum? Ég efast um það.

Ég nefni bætta aðstöðu, t.d. til sjósóknar til búdrýginda á þessum stöðum, sem víða er ekki kostnaðarsöm en hefur vissulega létt undir með þeim sem í þeirri grein starfa.

Ég held, virðulegi forseti, vegna þess að ég sé að mjög gengur á tíma minn hér, að ég verði að geyma hluta ræðu minnar og bið því hæstv. forseta að setja mig aftur á mælendaskrá.

[15:13]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að segja örfá orð við þessa umræðu. Ég held að um þáltill., um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, megi segja að hreyft sé heilmiklu máli sem skiptir þjóðina miklu og að menn hugsi um hvernig þjóðin byggir og varðveitir landið allt. Þess vegna tel ég þáltill. tímabæra og eðlilegt að þingið fari yfir á mörgum sviðum hvernig hægt er að koma þessum byggðum og því fólki sem þar á sína lífsafkomu til hjálpar.

Það er enginn vafi í mínum huga að enginn einn hópur hefur tekið á sig jafnmiklar fórnir og sauðfjárbændur á liðnum árum nema ef vera skyldu loðdýrabændur. Þess vegna er staðan sú að við stöndum frammi fyrir erfiðleikum í mörgum byggðarlögum vegna fólksflótta og versnandi afkomu þar. Ég er kannski ekkert á því að deilan eigi einmitt að snúast um að taka sauðfé af einum og færa það til annars, þó að í þeim efnum megi vissulega spyrja hvort það geti háð sauðfjárræktinni í dag, sem ég tel vera á réttri leið, að gæðastjórnun og aftur gæðastjórnun, þ.e. nýting á öllum þeim hráefnum sem af sauðkindinni koma, muni gera það að verkum að þessi grein eigi framtíð fyrir sér fyrir utan hitt, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, að þessi atvinnugrein verður ekki frjáls og bændur ekki frjálsir nema þeir eignist á ný erlenda markaði sem gefa viðunandi verð. Ég vil því taka undir það. En auðvitað getum við velt því fyrir okkur hvort það hái greininni að beingreiðslurnar, sem eru hluti framleiðsluverðsins, eru fastar og að greinin mundi þróast með öðrum hætti ef svo væri ekki og ég velti þessu því inn í umræðuna.

Ef einhver í Kjósinni vildi flytja á Strandir með sitt sauðfé, eða sonur eða dóttir viðkomandi fara héðan til að búa þar, þá eru beingreiðslurnar ekki færanlegar. Allir verða að gera sér grein fyrir því að beingreiðslur eru fyrst og fremst niðurgreiðsla á matvælum og hluti af framleiðsluverðinu.

Byggðastofnun vann mjög merkilega skýrslu í haust sem segir mikið um stöðu greinarinnar. Við skulum fara yfir, með leyfi forseta, helstu niðurstöður, og ég bendi á þrjá punkta:

„Árið 1994 höfðu um 600 sauðfjárbændur og makar þeirra litlar sem engar aukatekjur utan bús. Áætlaðar tekjur þeirra eru mun lægri en meðalatvinnutekjur hjóna á landinu öllu."

Og til að bera það saman við annað sem gerðist líka:

„Ráðstöfunartekjur einstaklinga í landinu öllu hækkuðu um 5,5% frá 1991–1996. Á sama tímabili lækkaði launagreiðslugeta sauðfjárbúa um 35%."

Og enn fremur:

„Kílóverð af lambakjöti til bænda lækkaði um 13,6% frá 1991–1996, en smásöluverð lækkaði um 3,9%. Því hefur samband á milli markaðsverðs og verðs til framleiðenda (framleiðslukostnaður) orðið veikara."

Þarna sjáum við hversu miklu hefur verið fórnað. Í umræðunni má vissulega velta því fyrir sér, þar sem til er mælikvarði um hversu margir starfa við búið, að í jaðarbyggðum á fólk ekki kost á annarri atvinnu til að bæta tekjur sínar og þá er spurningin um hvort atvinnuleysisbætur til annars aðilans gætu um sinn styrkt bæði framtíðina á viðkomandi stað og þá stöðu meðan fólk er að bíða eftir, að ég vona, nýrri sókn.

Þessu vildi ég velta upp við umræðuna. Ég segi sem Íslendingur, sem ferðast hefur um þetta land, að ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við hugum nú að þeim jaðarbyggðum því þar er unnið merkilegt starf og það er mikilvægt fyrir þjóðina alla að mannlíf sé sem víðast um landið. Þess vegna kemur hitt inn í, sem Byggðastofnun veltir inn í umræðuna í skýrslu sinni og segir á þá leið, að það sé mikilvægt að huga að fjölbreyttu og arðbæru atvinnulífi sem sé undirstaða búsetunnar. Þess vegna eru það auðvitað nýjar greinar atvinnulífs, styrking þeirra, þ.e. nýting landsins og hlunnindanna og ný atvinnusköpun á mörgum sviðum sem getur líka komið til hjálpar alveg eins og átök um það hvert menn færa sauðfé. En ég er sannfærður um að við erum á elleftu stundu hvað margar jaðarbyggðir varðar, og sem Íslendingur vil ég huga að því að ekki verði það slys að við töpum þeim tökum að margar glæsilegar byggðir sem mikilvægt er að mannlíf haldist í hverfi. Þess vegna er þáltill. flutt á elleftu stundu en mér finnst hún vera mikilvægt innlegg í að hugsa þessi mál upp á nýtt og það munum við vissulega reyna að gera í landbn. Ég vænti þess að sú tillaga fari einnig t.d. til búnaðarþings og verði til umræðu á flestum stöðum þjóðfélagsins.

Ég lýk orðum mínum með því að mikilvægt er að einblína ekki bara á sauðfjárræktina í þessu efni heldur svo margt annað sem nú á möguleika, ný atvinnusköpun, ný verkefni þannig að það sé einnig tekið inn í þessa tillögu og grunnur hennar breikkaður því að bændurnir eiga í mínum huga fyrst og fremst að huga að einu — þeir verða að standa saman sem heild í landinu. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði.

[15:21]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja nokkur orð í belg í umræðunni um þá þáltill. sem hér er til umræðu, um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum.

Það er enginn vafi í mínum huga að hér er mjög mikilvægt mál til umræðu og ég vil nota tækifærið og þakka flutningsmönnum fyrir að koma með tillöguna fram.

Ljóst er að jaðarsvæði á landinu, þar sem sauðfjárræktin hefur vegið hvað þyngst, eiga virkilega undir högg að sækja og byggðirnar eru því miður orðnar töluvert grisjaðar víða á þessum svæðum og þar með komnar í ákveðna hættu. Umræða um þetta málefni er auðvitað nátengd umræðunni um byggðamál almennt og þess vegna vel við hæfi að ræða þetta mál ítarlega.

Eins og fram hefur komið og bent er á í grg. tillögunnar eru þau landsvæði, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, vel fallin til sauðfjárræktar. Þar eru beitilönd góð og að því leytinu til ætti að vera öflugur sauðfjárbúskapur á þeim svæðum. En eins og kemur einnig fram í grg., í tölulegri samantekt m.a., hefur sauðfjárræktin dregist mikið saman og það sama á reyndar við um annan landbúnað og landbúnaðarframleiðslu á þeim svæðum, því miður. Ég held að sá kaldi veruleiki blasi við, ef ekkert gerist í þessum málum, að þessi búgrein muni dragast enn meira saman á þeim jaðarsvæðum, sem ég hygg að menn séu fyrst og fremst að ræða um. Meinið er kannski það m.a. að nánast lítil sem engin nýliðun er í þessari atvinnugrein. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni og okkur ber auðvitað skylda til að ræða þessi mál og fara ofan í þau og leita leiða hvort við getum ekki komist niður á einhverjar leiðir til þess að breyta um.

Í þessu tilefni er einnig rétt að benda á að í þessum landshlutum, svo ég nefni sérstaklega norðvesturhorn landsins, hefur til viðbótar við þá þróun í sauðfjárræktinni orðið ákveðin öfugþróun í sjávarútvegi og fólki hefur fækkað mjög verulega á þessum landsvæðum. Þær staðreyndir hljóta að valda stjórnvöldum og okkur alþingismönnum verulegum áhyggjum og raunverulegum áhyggjum þegar litið er til slíkrar byggðaþróunar. Þetta er því nátengt annars vegar atvinnugreininni og þróuninni í henni og byggðaþróuninni á viðkomandi svæðum.

Það hefur verið nefnt í umræðunni hve þrengt hefur að í kjörum sauðfjárbænda á síðustu allmörgum árum. Ég ætla í sjálfu sér ekki að orðlengja það, en það er engu að síður staðreynd sem liggur fyrir. Ég eins og fleiri bind vonir við að heldur sé að rétta af í þeim efnum. Ég hygg að sýnt hafi verið fram á það að sá búvörusamningur sem gerður var síðast um sauðfjárræktina er þegar farinn að skila ákveðnum árangri. En í þessum efnum eins og öðrum er markaðurinn og markaðsmálin auðvitað grundvöllurinn. Ekki er hægt að framleiða þessar framleiðsluvörur frekar en aðrar ef ekki er fyrir markaður. Og ég er þeirrar skoðunar þegar rætt er um möguleika sauðfjárafurðanna að varla sé raunhæft að gera ráð fyrir því að innanlandsneysla á lambakjöti aukist á næstu árum. Það er mín skoðun. En þó er hugsanlegt að segja að einhver neysluaukning verði samfara þeirri þróun sem er þegar farin af stað, þ.e. að sláturtíminn sem var lengi vel hefðbundinn hefur lengst og farið er að slátra sauðfé á lengra tímabili yfir árið en áður var. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það sé e.t.v. sú leið sem mögulegt er að fara ef við ætlum að reyna að auka innanlandsneyslu á lambakjöti.

Ég tel hins vegar að framtíðin fyrir þessa grein byggist öðru fremur á því að okkur takist að nýta möguleika sem eru fyrir hendi á erlendum mörkuðum og ég tel að þeir séu víða fyrir hendi. En að sjálfsögðu verðum við að vara okkur á að vera með óraunhæfa bjartsýni í þeim efnum.

Ég átti þess kost fyrir stuttu að vera á ferð í Belgíu þar sem ég kom í verslun sem seldi íslenskt lambakjöt. Þar var okkur sagt að íslenska lambakjötið væri langtum betra að gæðum en lambakjöt frá öðrum löndum. Þetta er náttúrlega mál sem við höfum vitað og höfum gjarnan haldið fram en þarna fengum við staðfestingu á þessu. Hins vegar er vandamálið það að markaðurinn þolir ekki, enn sem komið er, það verð sem við þurfum að fá til þess að slíkur útflutningur beri sig að einhverju marki.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni varðandi markaðsmálin. Ég held að mjög

mikilvægt sé fyrir þessa atvinnugrein að nýta sér það sölunet sem sölusamtök í sjávarútvegi hafa byggt upp úti um allan heim. Dæmi eru um að þau sölusamtök hafa skilað árangri í sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum og ég tel að þar felist ýmsir möguleikar í slíku samstarfi. En eins og ég segi, verðið á afurðunum er þannig að það sem hægt er að fá fyrir þær á erlendum mörkuðum — það er kannski enn þá of lágt til að það gangi upp en þó hefur þetta allt verið í áttina en lykilatriðið er auðvitað að ná niður tilkostnaði innan lands við slátrun og ýmsa aðra liði þannig að bændur fái hærra verð í sinn hlut.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu lengra mál um tillöguna en ég ítreka að ég er þakklátur fyrir að fá að ræða þetta. Ég tel þetta mjög mikilvægt mál og landbn. þarf að fara mjög rækilega yfir þetta, og ekki eingöngu hún, því þetta tengist auðvitað byggðamálunum. Tillagan er því mjög gott formlegt innlegg í umræðuna. Ég vona að umræðan um þau mál verði á þeim nótum að okkur takist að finna leiðir til að efla sauðfjárræktina á þessum svæðum sem sannarlega er mjög mikilvægt og eins og hv. formaður landbn. sagði hér: Málið er til umræðu á elleftu stundu — ég tek undir þau orð.

[15:28]

**Stefán Guðmundsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær ræður sem fluttar hafa verið og hafa vissulega verið innlegg í þetta mál. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að við megum kannski ekki alveg gleyma okkur í að fjalla um þessar svokölluðu jaðarbyggðir. Auðvitað geri ég mér grein fyrir þeim vanda sem þar er, bæði að greina jaðarbyggðirnar og hvernig koma megi þar til aðstoðar. Það verður örugglega lengi hægt að deila um það að þar gæti orðið um verulega mismunun að ræða. En við viljum láta reyna á það hvort hugsanlegt er að finna leiðir. Ég trúi því og er enn sannfærðari um skilning hv. 1. flm. þessarar tillögu, Einars Odds Kristjánssonar, á því að menn geta fundið leiðir að því marki sem tillagan stefnir að.

Hv. þm. Guðni Ágústsson minntist einmitt á nýgreinarnar eða hvort sem við köllum það stoðgreinar eða nýgreinar. Við veltum því fyrir okkur og ég hef velt því mjög fyrir mér hvort þessar greinar gætu orðið að liði meðan menn eru að komast upp úr þeim öldudal sem við erum nú í með hinn hefðbundna búskap. Ég nefndi t.d. fiskeldi sem hefur átt undir högg að sækja og þau gríðarlegu verðmæti sem liggja ónýtt núna vítt og breitt um landið, ég fullyrði upp á marga milljarða ef ekki milljarðatugi, og bíða þess eins að grotna niður og verða engum að gagni. Það er auðvitað áhyggjuefni. Meðan aðrar þjóðir stórgræða á fiskeldi. Ef við opnum erlend blöð þar sem fjallað er um þetta segja menn að við séum víðast hvar komnir að nýtingarmörkum þess sem hafið gefi og nú sé það fiskeldið sem menn horfa helst til.

Ég vil líka nefna loðdýraræktina sem oft hefur verið nefnd hér og hefur því miður mátt búa við mjög óvægna umræðu bæði hjá ákveðnum þingmönnum og í fjölmiðlum. En þá er okkur skylt að gera okkur grein fyrir: Af hverju loðdýrarækt? Af hverju datt mönnum í hug að byggja upp loðdýrarækt á Íslandi? Var það tilviljun eða hvað? Eða var það sérviska einhverra manna sem börðust fyrir því? Nei, það var ekki aldeilis svo. Við sem fórum þar fyrir gerðum okkur grein fyrir því að Danir flytja út loðskinn fyrir 30–40 milljarða kr. á ári. Hvað er það sem Danir hafa fram yfir okkur Íslendinga til þess að geta framleitt loðskinn? Hvað er það? Er það veðurfarið? Er það heilbrigði dýra? Er það þekkingin? Eða er það fóðrið, möguleikar á hráefni til fóðurgerðar sem Danir eru núna að safna saman hringinn í kringum Ísland og ætla sér að gera til framtíðar, og flytja út til Danmerkur til að fæða loðdýrin hjá sér? Skekkir þetta samkeppnisstöðu okkar? Nei. Það er kannski aðeins eitt sem er til umhugsunar fyrir okkur sem í þessu vorum að reyna að vinna og verða að liði, það var spurningin um þekkinguna, þ.e. hvort við Íslendingar hefðum hana. Þar held ég við höfum staðið Dönum að baki og ekki að furða. En ég undraðist hvað íslenskir bændur voru þó fljótir að ná tökum á þessari atvinnugrein og nú stöndum við okkur svo sannarlega í stykkinu hvað þessi mál varðar. Ég er sannfærður um að við eigum mikla möguleika en þá þarf skilningur að aukast á þessari starfsemi.

Ég nefni einnig aðra grein sem má vissulega kalla nýgrein þó ekki sé hún alveg ný því við hana hafa menn vissulega verið að vinna, þ.e. kornrækt á Íslandi sem menn höfðu ekki trú á fremur en svo mörgu öðru, að hægt væri að stunda á Íslandi. Það er engin spurning að þar er búið að vinna mikið brautryðjendastarf og þeir sem í því hafa staðið eiga þakkir skildar.

Ef ég lít heim í mitt kjördæmi og velti fyrir mér þeirri þróun sem þar er í þessari ungu grein, þá kemur mér á óvart og ábyggilega einnig þeim ágætu þingmönnum sem hér sitja og hlýða á mál mitt ekki síður, og enn frekar, að nú hafa hvorki fleiri né færri en 30 bændur í Skagafirði hafið að þróa sig áfram í kornrækt. Það vekur kannski enn meiri undrun að þar er nú búið að brjóta land til kornræktar hvorki meira né minna en um 300 hektara lands. Um 300 hektara lands er búið að brjóta í Skagafirði til að hefja kornrækt. Og það sem er kannski gleðilegast, er að þessi starfsemi lofar ótrúlega góðu. Og enn eru vísindamenn okkar, hinir hæfustu vísindamenn að þróa enn betri kvæmi sem lofa okkur enn betri árangri. Því velti ég því fyrir mér hvort það sé alveg rétt að tala um þessar geinar sem stoðgreinar við aðra atvinnustarfsemi í landinu. Ég segi það fyrir mig að ég trúi því að svo sé ekki. Við erum að tala um nýgreinar sem eiga mikla framtíð fyrir sér í íslenskum landbúnaði. En þá þarf skilningur manna að breytast og eðlilegur stuðningur að koma til, til að þessar atvinnugreinar geti þrifist. Ég trúi því að svo muni verða.

Ég hlustaði nýverið á ágæta ræðu hæstv. landbrh. þar sem hann fjallaði um þessi mál af mikilli þekkingu og víðsýni og ég trúi því að hann sé tilbúinn og muni vilja verða að liði til að styrkja þessar greinar.

Virðulegur forseti. Að lokum vil ég segja að ég trúi því að hv. landbn. taki þessari tillögu okkar vel og ég hef heyrt það þegar á hv. þm. Guðna Ágústssyni, formanni landbn. og ég trúi því að hún muni verða íslenskum landbúnaði til góðs.

[15:36]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem urðu um þetta mál bæði í gær og nú í dag. Þær hafa verið ákaflega gagnlegar og ákaflega uppörvandi. Eins og gefur að skilja er þessi tillaga ósköp fyrirferðarlítil og það er náttúrlega ekki skilgreint neitt hvað átt er við þegar talað er um að efla jaðarbyggðirnar. Það er ekki farið út í að skilgreina það, enda þótti okkur það ekki við hæfi. Hæstv. landbrh. kom inn á þetta í máli sínu í gær. En það sem við erum að hugsa held ég sé nokkuð ljóst. Jaðarbyggðir þar sem beit er nóg og beitiland er mikið. Ég þekki margar slíkar sveitir heima á Vestfjörðum. Ég gæti nefnt dæmi úr kjördæmi hæstv.

ráðherra. Ég gæti nefnt Þistilfjörð þar sem lambféð gengur sumardaginn langan í konfekti. Á þessum svæðum er mjög æskilegt að geta beitt sauðfé.

Ég vil líka taka undir það sem komið hefur hér fram að auðvitað er það svo að margt annað gæti orðið til styrktar jaðarbyggðinni. Og það er rétt að horfa til þeirra hluta, svo sem hlunnindabúskapar, æðarvarpsins, hrognkelsaveiðanna og rekans, sem ég þekki vel heima og styrkir byggðirnar þar víða. En hugsun okkar flutningsmanna var að þetta væri tillaga um að styrkja sauðfjárrækt vegna þess að við trúum því og þykjumst vita að sauðfjárræktin er þrátt fyrir allt sá hornsteinn þessara byggða sem margt annað stendur og fellur með.

Í snarpri og snöfurmannlegri ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar í gær, fluttri þessu máli til styrktar, kom fram að auðvitað hefði það litla þýðingu að vilja styðja jaðarbyggðirnar ef ekki fylgdi með sá vilji að vera tilbúinn til að mismuna. Ég tel þetta, herra forseti, alveg hárrétt hjá hv. þm. Það verður að fylgja með vilji til að mismuna og það er sannarlega hugsun flutningsmanna þessarar þáltill. Þetta er tillaga um að mismuna til þess að styrkja þessar byggðir þar sem beitin er nægjanleg, þar sem sauðfjárræktin getur haft úrslitaáhrif um hvort byggðirnar lifa eða deyja. Ég vil líka taka fram að ég held að það væri óráð ef við létum Bændasamtökin um þetta. Við skulum forða þeim frá að drekka úr þeim bikar. Við eigum að gera þetta sjálfir. Menn eiga að axla pólitíska ábyrgð sjálfir. Við, sem viljum styðja þessi mál, eigum að gera það og við eigum að koma fram með tillögur um það hvernig menn vilja mismuna, því það er ofraun Bændasamtökunum að gera það. Þeim er það er alger ofraun.

Ég vil þakka þessa umræðu. Mér hefur fundist hún mjög góð þó einstaka atriði valdi mér dálitlum vangaveltum, samanber ummæli hv. formanns landbn., Guðna Ágústssonar, hér áðan vegna þess að ég trúi því að óframleiðslutengdir styrkir til jaðarbyggðanna geti verið eitruð peð. Ég hef a.m.k. mjög á tilfinningunni að það sé einmitt aðferðin sem þeir í Brussel nota, ekki til að halda jaðarbyggðum lifandi til frambúðar, heldur einmitt til að deyða jaðarbyggðirnar. Ég vil því vara við þeirri hugsun þó ég þykist vita að góður hugur sé þar að baki, vegna þess að það verður einmitt að styrkja framleiðsluna, styrkja bændurna, styrkja þá vinnu sem þeir eru sérfræðingar í og styrkja þær atvinnugreinar sem landið býður upp á til að við getum nýtt þarna það sem skiptir öllu máli og eins og kom fram í grg. okkar, þar sem einmitt fjárfestingarnar eru svo mjög til staðar, einmitt þar sem þekkingin á atvinnugreininni er til staðar og svo nauðsynlegt er að varðveita hana.

Ég vil, herra forseti, að lokum mælast til þess að þetta mál verði að lokinni þessari umræðu sent hv. landbn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fæðingarorlof, frh. 1. umr.*

Frv. GGuðbj o.fl., 265. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 333.

[15:42]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég óska eftir að hæstv. heilbrrh. verði viðstödd þessa umræðu.

Ég get aðeins byrjað mitt mál, herra forseti, í þeirri von að hæstv. heilbrrh. láti sjá sig hér í salnum vegna þess að ég hef kvatt mér hljóðs út af þessu máli aðallega til að ræða við hæstv. heilbrrh.

**Forseti** (RA)**:** Þegar hafa verið gerð boð til hæstv. heilbrrh. og ég á von á að hún gangi í salinn á hverri stundu.)

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingar á lögum um fæðingarorlof sem rætt var hér í síðustu viku og flutt er af þingmönnum stjórnarandstöðunnar undir forustu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, er að mínu viti eitt stærsta jafnréttismál sem við höfum fjallað um í þingsölum í langan tíma. Við ræddum stjórnarfrv. um fæðingarorlof fyrir jólin, þ.e. frv. heilbrrh. sem tryggja átti feðrum á almennum vinnumarkaði tveggja mánaða fæðingarorlof. Í þeirri umræðu varð nokkur umræða almennt um fæðingarorlof þó takmörkuð væri vegna þess knappa tíma sem við höfðum til að afgreiða það mál fyrir jólin. En það brann mjög á mörgum þingmönnum að ræða almennt um fæðingarorlof og heyra viðhorf hæstv. heilbrrh. til breytingar almennt á löggjöf um fæðingarorlof. En þar sem ég vissi þá að von væri á umræðu um fæðingarorlof eftir áramótin vegna frv. þess sem ég nefndi, taldi ég rétt að bíða með almenna umræðu um fæðingarorlof sem ég taldi að mundi skapast þá. Þess vegna kom það mér satt að segja mjög á óvart þegar við ræddum þetta mál fyrir helgi að hæstv. heilbrrh., sem þá var stödd hér í húsinu, skyldi ekki vera í þingsalnum meðan verið var að ræða þetta mál, eða a.m.k. mjög takmarkað. Og það stefndi í að umræðunni lyki án þess að hæstv. heilbrrh. tæki þátt í henni eða svaraði fyrirspurn sem beint var til hennar af hv. 1. flm. þessa máls.

Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs var að ég vildi fá fram afstöðu hæstv. heilbrrh. til ýmissa atriða sem koma fram í frv. Við erum að ræða mjög stefnumarkandi mál sem er kannski einn stærsti þátturinn í opinberri fjölskyldustefnu sem þingið samþykkti fyrir ekki mörgum mánuðum. Því hlýtur það að kalla á að við fáum afstöðu hæstv. heilbrrh. til þeirra atriða sem fram koma þegar við erum að ræða eitt stærsta atriði sem um getur í opinberri fjölskyldustefnu. Herra forseti, þetta frv. er nefnilega mjög stefnumarkandi. Við erum í fyrsta skipti í langan tíma að fjalla á heildstæðan hátt um fæðingarorlofslöggjöfina, hvernig við viljum sjá fæðingarorlof í framtíðinni og hvernig við viljum búa að fjölskyldum landsins, varðandi þetta stóra mál.

Hér er verið að taka á mörgum þáttum sem hafa brunnið á fólki. Við erum að samræma fæðingararorlofið almennt vegna þess að við þekkjum að það er mismunandi á almenna markaðinum og hjá hinu opinbera. Þeir sem eru á almennum markaði, foreldrar, nú bæði feður og mæður, þurfa að búa við það að þiggja aðeins bætur almannatrygginga meðan þeir sem eru hjá hinu opinbera eins og við þekkjum, fá þriggja mánaða óskert laun og síðan grunnlaun í þrjá mánuði. Það hefur komið fram í umræðunni þegar við komum loks á feðraorlofi að mismunurinn sem þar er, bæði varðandi almenna markaðinn og vinnumarkaðinn, bryti í bága við

jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þó vorum við í mörg ár og áratugi búin að búa við þetta misræmi að því er varðar konur. Ég er alveg sammála því að við erum að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar með því að hafa svona mismunandi fæðingarorlof. Þess vegna er það mjög stefnumarkandi að samræma fæðingarorlofið. Við erum vitaskuld ekki að tala um að fæðingarorlof foreldra hjá hinu opinbera, sem búa við betri aðstöðu varðandi fæðingarorlof, sé trappað niður til jafns við það sem er á almenna markaðnum, heldur erum við að tala um að samræma þetta upp á við. Við erum í frv., herra forseti, að tala um að lengja fæðingarorlofið í tólf mánuði eins og er víðast hvar í þeim löndum sem við þekkjum þannig að mæður hafi sex mánaða fæðingarorlof, feður þrjá mánuði og síðan skipta foreldrar á milli sín síðustu þrem mánuðunum. Við erum líka að tala um mjög mikilvægt atriði í frv. sem er fjármögnunin á fæðingarorlofinu sem hefur verið þannig að foreldrar, eða mæður, hafa verið sett í þá stöðu að það geti bitnað á vinnu þeirra eða stöðu ef þær taka fæðingarorlof. Þess vegna er lagt til breytt fyrirkomulag á fjármögnun þannig að fæðingarorlof verði fjármagnað úr sameiginlegum potti sem atvinnurekendur greiða.

Herra forseti. Við erum að tala um samræmingu, við erum að tala um lengingu á fæðingarorlofi og við erum að tala um breytta fjármögnun. Það er mjög mikilvægt að það sé rætt áður en við tökum afstöðu til þess og áður en stjórnarfrv. kemur fram um málið hvernig þingmenn vilja sjá fyrir sér fæðingarorlof. Ég spyr því hæstv. ráðherra um þá þrjá þætti varðandi fæðingarorlof sem ég hef nefnt og fer fram á að hún geri okkur þingmönnum ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til þessara þátta. Hver er skoðun hennar á því? Hver er framtíðarsýn hennar á því? Hvernig vill hún sjá fæðingarorlof hér í framtíðinni? Ekki síst vil ég spyrja að því, herra forseti, er hæstv. ráðherra sjálf með eitthvað í undirbúningi að því er varðar breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni? Það var nefnd að störfum sem náði ekki niðurstöðu og mér skilst að hún hafi hætt störfum. Kallað var eftir því fyrir jólin hvort hæstv. ráðherra væri með slíkt í undirbúningi, hvort hún væri með í undirbúningi að skipa nefnd til að endurskoða og koma með heildarendurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfinni og hvort stjórnarandstaðan, sem hefur mikið til málanna að leggja eins og sést á frv., fengi þá aðgang að því starfi? Þetta vil ég spyrja um vegna þess að það skiptir nokkru máli í umfjöllun málsins þótt málið geti staðið sjálfstætt út af fyrir sig og þingið samþykkt það án þess að það komi inn stjórnarfrv. en það er oft bent á að ráðherrar séu með hitt og þetta í undirbúningi. Þess vegna þurfum við að vita það, bara fyrir framgang málsins á þingi, hvort eitthvað sé á döfinni hjá hæstv. ráðherra, eða hvort hún ætli að láta við það sitja sem hún hefur gert í fæðingarorlofsmálunum, sem er vissulega mjög góð bót á fæðingarorlofslöggjöfinni.

Ég vil í lokin, herra forseti, spyrja hæstv. ráðherra um það sem mér finnst mjög athyglisvert sem kemur fram í greinargerð með frv. á bls. 6, en þar segir eftirfarandi með leyfi forseta:

„Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda stjórnvöld sig til að tryggja launafólki sama lágmarksrétt hér á landi og gildir í löndum Evrópusambandsins. Með tilskipun um vinnuvernd barnshafandi kvenna frá 19. október 1992 eru aðildarlöndin skyldug til að lögbinda að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum sem jafngilda veikindalaunum konunnar. Ljóst er að nauðsynlegt er að breyta reglum um fæðingarorlof hér á landi til að standa við ákvæði ofannefndrar tilskipunar en aðlögunartíminn, sem er tvö ár, er þegar útrunninn."

Sá aðlögunartími, sem við höfum til að aðlaga okkur að þessari tilskipun og greiða að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof á óskertum launum, er þegar útrunninn. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún viti af tilskipununni? Hefur það verið skoðað í ráðuneyti hennar og mun hún beita sér fyrir því að við getum framfylgt og uppfyllt þau ákvæði sem felast í tilskipuninni? Það er mjög mikilvægt að fá fram afstöðu ráðherra til þessa máls, hvort hún þekki þá þessa tilskipun, og hvernig hún hyggst beita sér fyrir því að hún komist til framkvæmda. Ég vænti þess að fá svör hæstv. ráðherra við þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hennar og ekki bara fyrirspurnum heldur er ég að spyrja um afstöðu ráðherrans til mjög stórra þátta í þeirri framtíðarsýn sem við í stjórnarandstöðunni viljum sjá í fæðingarorlofsmálum.

Umræðu frestað.

***Um fundarstjórn.***

Framhald umræðu um fæðingarorlof.

[15:54]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það stefnir í að við munum þurfa að ræða þetta mál aftur í þriðja skipti í bútum og pörtum. Að ræða svona stórt mál án þess að hægt sé að ljúka því og taka til þess tilskildan tíma finnst mér mjög óeðlilegt. Ég óska eftir því að málum verði hagað þannig að næst þegar málið kemur á dagskrá, sem ég vona að verði þá sem allra fyrst, vegna þess að það er vont eins og hæstv. forseti veit að það líði langt á milli umræðna, að við fáum þá nægan tíma til að ljúka umræðunni og það sé tryggt að hæstv. heilbrrh. verði við umræðuna.

[15:54]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég vil gjarnan taka þátt í umræðunni um fæðingarorlof. Hér hef ég aðeins tækifæri til andsvars en ég er spurð ítarlegra spurninga sem ég þarf meira en fimm mínútur til að svara. Það er alveg ljóst að þótt ég klári andsvör mín er umræðunni ekki lokið. Ég vil að það komi fram þannig að það sé enginn misskilningur í því máli að það stendur ekki á ráðherra hvað varðar þetta mál, heldur eru fleiri á mælendaskrá.

[15:54]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Vegna þess sem ég vildi koma á framfæri áðan þegar ég bað um orðið um stjórn fundarins þá var ég alls ekki að gagnrýna hæstv. ráðherra því að ég skil mætavel að hún láti ekki duga að svara þeim viðamiklu spurningum sem komu fram í máli mínu í stuttu andsvari. Fyrr má nú vera. Ég heyri á orðum hæstv. ráðherra að hún er mér sammála um að biðja um góðan tíma til þess þegar við fáum næst tækifæri til að ræða málið.

[15:55]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan. Þetta er þriðji eða fjórði dagurinn sem málið er á dagskrá og það er alltaf sett síðast á dagskrá og aldrei tekst að ljúka því. Hér er um stórmál að ræða og ég

vil taka undir þá ósk að málið verði sett framarlega á dagskrá einhvern allra næstu daga og að hæstv. ráðherra verði viðstödd. Ég vil t.d. vekja athygli á því að það mál sem var rétt áðan til umræðu var líka framhald fyrri umræðu og hefur hærra númer en frv. um fæðingarorlof.

[15:56]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti væntir þess að tekið verði tillit til þeirra ábendinga sem fram komu í umræðunni og að það mál sem verður nú óhjákvæmilega að fresta verði tekið á dagskrá innan tíðar og að reynt verði að tryggja að hæstv. heilbrrh. geti líka verið viðstödd þá umræðu.

[15:57]

**Útbýting þingskjala:**

Bygging tónlistarhúss, 431. mál, fsp. KÁ, þskj. 756.
Heimilisofbeldi, 432. mál, fsp. KÁ, þskj. 757.
Ofbeldi á börnum, 430. mál, fsp. KÁ, þskj. 755.
Ólympískir hnefaleikar, 433. mál, fsp. KHG, þskj. 758.
Tíðni og eðli barnaslysa 1990 - 96, 429. mál, beiðni ÖS o.fl. um skýrslu, þskj. 754.

***Búnaðarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 368. mál. — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Aðlögun að lífrænum landbúnaði, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÞBack o.fl., 195. mál. — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GE o.fl., 197. mál. — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Jarðalög, frh. 1. umr.***

Frv. SighB o.fl., 198. mál (kaup og sala jarða o.fl.). — Þskj. 206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Vörugjald af olíu, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 358. mál. — Þskj. 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. EOK og StG, 266. mál. — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:03.

## 60. FUNDUR

fimmtudaginn 5. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Tíðni og eðli barnaslysa 1990–96, beiðni um skýrslu, 429. mál, þskj. 754. *Hvort leyfð skuli.*
2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598. — 1. umr.
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 238. mál, þskj. 271. — 1. umr.
4. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574. — 1. umr.
5. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 406. mál, þskj. 727. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.

[10:33]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnuleysistryggingar, 437. mál, frv. GHelg o.fl., þskj. 763.
Ársreikningar, 434. mál, frv. GÁ, þskj. 760.
Eignarhald á auðlindum í jörðu, 425. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 750.

Virkjunarréttur vatnsfalla, 426. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 751.

## *Þjóðlendur, 1. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 598.

[10:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir máli sem óhætt er að segja að hafi átt sér alllangan aðdraganda en leit loks dagsins ljós í fyrra undir heitinu Frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, en heiti þetta skírskotar til hugtaka sem nánar verða skýrð hér á eftir.

Frv. var lagt fram til kynningar á fyrra þingi og er nú lagt fram óbreytt að nýju ef frá eru talin nokkur tæknileg atriði er varða gildistöku og annað tengt henni.

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hverju risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar. Deiluefni þessi hafa í senn verið uppi í umræðum manna úti í þjóðfélaginu, hér á þessum vettvangi og í einstökum dómsmálum sem rekin hafa verið vegna ágreinings um ákveðin landsvæði. Lengst af snerist umræðan um hvort þessi landsvæði teldust að fullu eign aðliggjandi sveitarfélaga, þar sem íbúar þeirra hefðu nýtt svæðin einkum til upprekstrar fyrir búfénað, eða hvort ríkið teldist eigandi landsvæðanna eins og haldið var fram af hálfu ríkisins í nokkrum dómsmálum.

Með tveimur stefnumarkandi dómsniðurstöðum Hæstaréttar vegna sama landsvæðisins, Landmannaafréttar, má hins vegar segja að umræðunni hafi verið beint í þann farveg sem hún er nú á vettvangi Alþingis og inn á þennan vettvang sem við erum stödd á. Í fyrri dóminum sem kveðinn var upp árið 1955 var því hafnað að eignarréttartilkall sveitarfélaga gæti byggst á afréttarnotum af slíkum svæðum. Í hinum síðari frá árinu 1981 var kröfu ríkisins um að það gæti sjálfkrafa talið til eignarréttar yfir þeim einnig hrundið en um leið gefinn tónninn um, svo að vitnað sé til niðurstöðu Hæstaréttar, með leyfi forseta: „að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess“ sem mál þetta snerist um. Í þessu fólst sem sagt að leita bæri atbeina löggjafans til að ráðstafa eignarréttindum yfir þeim landsvæðum sem ekki væru undirorpin eignarrétti annarra en sá er megintilgangur þess frv. sem mælt er fyrir.

Í kjölfar þessa dóms var af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem þá sat, skipuð nefnd sérfræðinga til að semja lagafrv. um eignarrétt að almenningum og afréttum. Í nefndina voru skipaðir þeir dr. Gaukur Jörundsson, þá prófessor, sem jafnframt var formaður, Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, nú hæstaréttardómari, og Magnús Sigurðsson, bóndi að Gilsbakka á Hvítársíðu. Dr. Gaukur var að eigin ósk leystur frá störfum í nefndinni þegar hann tók við embætti umboðsmanns Alþingis og var Allan Vagn Magnússon héraðsdómari skipaður í hans stað. Jafnframt hefur Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður lengst af starfað með nefndinni sem ritari hennar.

Nefndin hefur á ferli sínum gert ítarlegar úttektir á þeim álitaefnum sem á reynir við lagasetningu af þessu tagi og í því skyni rannsakað upplýsingar um eignarhald og afnot af þeim svæðum landsins sem fallið geta undir hugtökin almenningur og afréttir, kannað afréttaskrár í stjórnsýsluumdæmum sýslnanna, gert úrtakskannanir um eignarhald og önnur réttindi á nánar afmörkuðum svæðum og enn fremur litið til þess hvernig stjórnvöld í Noregi hafa hagað sams konar starfi að því er varðar hálendið þar. Á grundvelli þessara rannsókna og greinargerð þeirri um gildandi rétt á þessu sviði sem birt er með almennum athugasemdum við frv. þetta byggir það í megindráttum á eftirtöldum atriðum:

Í 1. gr. er lagt til að tekin verði upp ný hugtakanotkun um eignarhald á landi en það hefur verið til baga jafnt í lagamáli sem í daglegu tali að mjög hefur verið á reiki hvaða hugtök hafa verið notuð til að lýsa þeim réttindum og þá um leið hvert raunverulegt inntak þeirra á að vera. Lagt er til að eignarréttindum á landi verði skipt í tvo flokka og eru hugtökin „almenningur og afréttur“ ekki notuð við þá flokkun. Annars vegar er þá um að ræða eignarlönd sem háð eru einkaeignarrétti þannig að eigendi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Hins vegar eru landsvæði utan eignarlanda. Landsvæði utan eignarlanda þar sem einstaklingar eða lögaðilar kunna þó að eiga takmörkuð eignarréttindi, t.d. beitar- eða veiðiréttindi. Lagt er til að um hin síðarnefndu svæði verði tekið upp nýyrðið „þjóðlenda“ en með því hugtaki er átt við þau landsvæði sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar sem ekki teljast innan eignarlanda falla undir flokk þjóðlendna. Fer reyndar einkar vel á að í því orði, sem valið hefur verið um sameiginlega auðlind þjóðarinnar allrar, sé einmitt skírskotað til hennar sjálfrar. Hugtakinu „afréttur“ er hins vegar aðeins ætlað að lýsa tilteknum afnotaréttindum í frv., þar á meðal beitarréttindum og hugsanlega öðrum réttindum en er ekki notað um eignarhald viðkomandi lands.

Í 2. gr. er því síðan lýst yfir með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem eru ekki þegar háð einkaeignarrétti, t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Hér er rétt að hafa í huga að Alþingi hefur í nokkrum tilvikum öðrum mælt fyrir um það með lögum hver skuli eiga rétt til að hagnýta einstök landgæði innan þeirra landsvæða sem lagt er til að nefnd verði þjóðlendur. Þannig hafa í lögum verið settar reglur um hverjir eigi rétt til veiða í þessum löndum. Ákvæði eru til um upprekstrarrétt. Ríkið á eitt rétt til jarðefna í þeim samkvæmt námulögum og fyrir hinu háa Alþingi liggur frá iðnrh. frv. sem mælir fyrir um nýtingu vatnsorku og jarðhita á þessum svæðum.

Það er fyrst og fremst aukin og breytt nýting á hálendinu sem kallar á að settar verði skýrar reglur um hver fari með eignarráð lands þar og sé bær um að taka ákvarðanir um þau málefni. Sem dæmi um þetta má nefna aukinn fjölda ferðamanna sem sækja heim þessi landsvæði og óskir um uppbyggingu og aðstöðu fyrir ferðamenn þar. Líkur eru á að ásókn í að nýta auðlindir í formi jarðefna, vatnsorku og jarðhita á hálendinu muni aukast og rýmkaðar heimildir erlendra aðila til að fjárfesta og reka slíka starfsemi hér á landi ítreka enn nauðsyn þess að reglur um eignarráð á þessum landsvæðum séu skýrar.

Þegar að því kemur að setja lagareglur um hver fari með eignarráð þess lands og landsréttinda sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til er viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver skuli fara með eignarréttindi innan

þess lands sem annars kæmi í hlut landeigandans að fara með. Hér er lagt til að tekið verði af skarið um að íslenska ríkið sé eigandi þessa lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem eru ekki háð einkaeignarrétti. Fyrir liggur sú skýra afstaða dómstóla að heimildir sveitarfélaganna, íbúa þeirra og einstakra upprekstraraðila innan umræddra hálendissvæða, sem enginn getur sannað eignarrétt sinn að, takmarkist við þröngar nýtingarheimildir og þá fyrst og fremst beitarafnot og þau veiðiréttindi sem upprekstraraðilum hafa verið fengin með lögum.

Með því að mæla fyrir um að landið sjálft og önnur landsréttindi séu eign ríkisins verður því ekki séð að verið sé að taka nein réttindi frá þeim sveitarfélögum eða þeim sem eiga rétt til upprekstrar á þessu svæði. Hlutverk ríkisins er að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verður að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til.

Vegna samanburðar við auðlindir í hafinu og skipan lagareglna um yfirráð þessarar auðlindar er þó rétt að hafa í huga að þar er sá veigamikli munur á að á landi er átt við eignarráð fasteigna og réttinda sem þeim fylgja. Í mörgum tilvikum getur því verið þörf á að þinglýsa gerningum sem varða ráðstöfun og meðferð þessara fasteigna og að þinglýsingarlögum þarf sá aðili sem slíkum réttindum ráðstafar að hafa til þess eignarheimild.

Jafnframt því að lýsa eignarrétti ríkisins að landi og hvers konar landsréttindum utan eignarlanda er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um forræði og meðferð þessara réttinda. Til að brýna á um sérstöðu þeirra og aðgreiningu frá hefðbundnum eignum ríkisins er í 2. mgr. 2. gr. og í 3. gr. lagt til að forsrh. fari með mál sem varða þjóðlendur og ráðuneyti hans og sveitarstjórnir þá með stjórnsýslu sem ekki er lögð til annarra ráðuneyta. Þannig taka reglur frv. um stjórn og meðferð þjóðlendna mið af því að í flestum tilvikum hafa sveitarfélögin hvert á sínum svæði farið með og sinnt um stærstan hluta þessara landsvæða.

Forræði og ráðstöfun lands og landgæða innan þjóðlendna er því að hluta til skipt á milli ráðuneytisins og sveitarfélaganna eftir þeim reglum sem frv. lýsir. Þó ber að leggja áherslu á að heimildir þeirra eru fyrst og fremst þær sem landeigandi færi annars með. Auk þeirra sérstöku leyfa sem afla þarf samkvæmt frv. ber því vitaskuld að afla allra annarra lögmætra leyfa til framkvæmda innan þjóðlendna, svo sem byggingarleyfa, og framkvæmdir þar verða að vera í samræmi við reglur skipulagslaga. Að þeim málum koma eftir sem áður hlutaðeigandi stjórnvöld og þjóðlendur verða þar af leiðandi undir eftirliti þar til bærra skipulags- og byggingaryfirvalda og stjórnvalda sem fara með veitingu heimildar til nýtingar jarðefna og orkulinda.

Til að draga úr hættum á árekstrum milli hinna ýmsu aðila sem þannig munu koma að ráðstöfunum og framkvæmdum á þjóðlendum er í 4. gr. frv. lagt til að komið verði á fót sérstakri samstarfsnefnd allra hlutaðeigandi stjórnvalda sem verði forsrh. til ráðuneytis um stjórn þjóðlendna.

Áherslu ber að leggja á að með frv. þessu er ekki raskað við réttindum þeirra sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða hafa haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja. Er þetta sérstaklega áréttað í 5. gr. frv.

Annar megintilgangur þessa frv. er, eins og heiti þess ber með sér, að leysa úr álitaefnum sem uppi eru í landinu um eignar- og afnotaréttindi á svæðum utan eignarlanda.

Í III. kafla frv. er lagt til að komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, sem falið verði að eiga frumkvæði að því að skera skipulega úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna, mörk afrétta innan þjóðlendna og annarra réttinda þar. Gert er ráð fyrir að nefndin starfi innan ákveðins tímaramma og ljúki störfum sínum fyrir árið 2007. Þessi kafli fjallar að öðru leyti mestmegnis um skipun nefndarinnar og málsmeðferð hennar. Þau ákvæði eru öll í samræmi við reglur stjórnsýslulaga og jafnvel réttarfars í nokkrum atriðum og vísast til athugasemda við frv. um skýringu þeirra. Ég vil þó aðeins hnykkja á því að úrskurðir nefndarinnar verða að sjálfsögðu bornir undir dómstóla uni aðilar máls þeim ekki.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á hvert meginefni frv. þessa er. Það felst í því að slá eign ríkisins á landsvæði sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á og hulin hafa verið móðu að því er varðar réttindin yfir þeim. Það eitt er sögulegt skref og stórmál út af fyrir sig og ætti því að nægja hv. alþingismönnum til umræðu hér í dag án þess að drepa henni á dreif um allt önnur og jafnvel óskyld mál. Við höfum ekki áður búið að slíkum eignarheimildum yfir þessum svæðum og varsla þeirra verður vandmeðfarin. Ekki verður fyrir fram séð við öllum þeim vandamálum sem kunna upp að koma og úr þeim verður ekki leyst á einu bretti. Ég legg þess vegna áherslu á að með samþykkt þessa frv. er aðeins fyrsta skref á lengri leið tekið og með því er ekki svarað hvernig framtíðarskipan ýmissa þeirra málaflokka sem nefndir hafa verið til sögunnar, verði háttað. Um það hljótum við að fjalla sérstaklega og ekki í sömu andrá og þetta skref er tekið.

Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:48]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Þegar frv. til sveitarstjórnarlaga var til 1. umr. í þinginu fyrr í vetur kom fram gagnrýni á að ákvæði til bráðabirgða rímaði ekki við þjóðlendufrv. Ég er að vísu ekki sammála þeirri gagnrýni, en til þess að taka af allan vafa um það að þessi frumvörp stemmi saman, þá mun ég óska eftir því við hv. félmn. að hún flytji brtt. um breytt orðalag á ákvæðinu til bráðabirgða. Þetta ákvæði kæmi þá til með að orðast svo:

„Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með töldum jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt, nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags.

Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast, sker óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, úr. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur, skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miða við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrlegum mörkum eða mörkum sem byggja á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það eiga betur við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið um samið milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félmrh. staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum. Félmrn. skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum."

Herra forseti. Þetta er sú brtt. sem ég mun biðja hv. félmn. að flytja.

Sú breyting er orðin frá fyrri útgáfu á bráðabirgðaákvæðinu að óbyggðanefnd, sem áformað er að setja á fót samkvæmt þjóðlendufrv., er fengið hlutverk sérstakrar fimm manna úrskurðarnefndar sem getið er um í frv. til sveitarstjórnarlaga, þ.e. að óbyggðanefndin bara yfirtekur það hlutverk sem sérstakri úrskurðarnefnd var ætlað að hafa með höndum. Að öðru leyti hefur þetta ekki efnisbreytingu í för með sér. En þetta tengir frumvörpin fastar saman þannig að lagalega er þetta heildstæðara svona þar sem vísað er beinlínis til þjóðlendufrv. í lagagerðinni.

Þetta vildi ég að kæmi fram strax við upphaf umræðunnar, herra forseti, til þess að forðast óþarfa málalengingar.

[10:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega sögulegt að hér skuli vera fyrstur á mælendaskrá eftir framsögumanni frv. um þjóðlendur, hæstv. félmrh. Hæstv. ráðherra hefur valið skynsamlegan kost sýnist mér. Þó ég hafi ekki farið yfir þessa brtt. sem hann er að leggja hér fram við stjfrv. til sveitarstjórnarlaga, þá sýnist mér fljótt á litið að þar sé að minnsta kosti verið að leiðrétta aldeilis ótæka galla sem voru á frv. til sveitarstjórnarlaga. Ég vil nú þakka hæstv. félmrh. fyrir að koma hreint til dyranna og viðurkenna að þarna hafi verið hrapað að máli af hans hálfu og ríkisstjórnarinnar væntanlega allrar sem ber ábyrgð á framlagningu málsins og ekki seinna vænna að koma því á framfæri. Á þetta var bent rækilega við 1. umr. um frv. til sveitarstjórnarlaga og þá leituðust ráðherrar við að verja það og töldu að hér stönguðust ekki á ákvæði stjórnarfrumvarpanna, frv. um þjóðlendur og frv. til sveitarstjórnarlaga, en það er þó augljóst eftir það sem hér hefur komið fram að hæstv. ráðherrar hafa að nánar athuguðu máli, þ.e. hæstv. félmrh., komið fram með leiðréttingu. Ég tel það góðra gjalda vert. En að öðru leyti þarf auðvitað að gaumgæfa þetta atriði.

[10:55]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni nú ekki að það hafi verið hrapað neitt að máli. Hitt fyrirkomulagið gat líka gengið. En eins og menn vita þá er ég alltaf sveigjanlegur í samningum og ég tel rétt að koma til móts við þá gagnrýni sem fram kom og tengja þetta enn fastar saman þannig að ekki orki neitt tvímælis um að frumvörpin stemmi saman.

[10:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt. Þetta er góðra gjalda vert sem hér kemur fram. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra velji þann kost að viðurkenna ekki með öllu að hafa haft rangt fyrir sér. Það er mannlegt. En jafnljóst er það að þetta liggur hér fyrir sem hans tillaga að breyta til. Skörunin og ósamræmið var augljóst öllum sem lásu málið og auðvitað hefur hæstv. ráðherra komist að sömu niðurstöðu um það efni.

[10:56]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt að félmrh. hefur nú viðurkennt að þeir sem gagnrýndu bráðabirgðaákvæðið í frv. hans um breytingar á sveitarstjórnarlögum höfðu rétt fyrir sér. En það er ekki meginatriði málsins þó hann viðurkenni það því hann hefði ekki komist hjá því að viðurkenna það í meðförum málsins á Alþingi. Meginefni málsins er það að með þessari brtt. er félmrh. ekki að gera neinar breytingar á þeirri stefnu að skipta hálendinu öllu upp í stjórnsýslusneiðar eftir mörkum sveitarfélaga sem mun gera það að verkum að öll skipulagsmál á hálendinu og nýting þess, verður margfalt erfiðari en ástæða væri til. Þessari meginstefnu hefur ráðherrann ekki breytt og ég vara við því að svo skuli gengið frá málum vegna þess að það mun skapa stórkostleg vandamál í framtíðinni í sambandi við nýtingu þessara auðlinda og stjórnsýslu á hálendinu.

Annað athyglisvert kom þó fram hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. forsrh. bað um að umræður hér á eftir yrðu einskorðaðar við þetta tiltekna mál, frv. til laga um þjóðlendur. Eins og hæstv. forsrh. sagði sjálfur tengjast fjölmörg önnur mál sem eru til meðferðar á Alþingi frv. um þjóðlendur og hæstv. félmrh. hefur látið það vera sitt fyrsta verk að draga þau mál inn í þessa umræðu eins og óhjákvæmilegt er.

[10:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjóðlendufrv. byggir á þeirri hugsun að landinu sé skipt á milli sveitarfélaga. Þar af leiðandi er ekki horfið frá þeirri stefnu í sveitarstjórnarlagafrv. Það er verið að fela óbyggðanefndinni hlutverk sem sérstakri úrskurðarnefnd var ætlað og úrskurðarnefndina þarf þá ekki að setja á fót.

Varðandi það að hér sé verið að ræða annað mál og ekki farið að tilmælum hæstv. forsrh., þá tel ég að þetta sé afsakanlegt þar sem þetta málefni hefði óhjákvæmilega dregist inn í umræðurnar og ég tel að ég hafi verið að stytta umræðurnar með því að kynna þessa brtt. nú, en ekki senda hana beint til félmn.

[11:00]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að óhjákvæmilegt væri að draga önnur mál inn í umræðu um þjóðlendufrv. forsrh. og það hefur hann gert. Það er rétt, ég álasa honum ekkert fyrir það. En ég ítreka að fyrsta verk hæstv. félmrh. eftir að hæstv. forsrh. hafði lokið máli sínu var að draga önnur mál, önnur frv. inn í umræðuna.

[11:00]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að þessi breyting kemur svolítið flatt upp á mann og maður er ekki alveg búinn

að átta sig nákvæmlega á því í hverju hún felst. Mig langar að reyna að fá skýrari svör við ákveðinni spurningu vegna þess að nú hefur hæstv. ráðherra talað um að það sé mikill misskilningur að við séum að tala um 40% af miðhálendinu, að sveitarfélögunum eigi að vera falið vald yfir 40% af miðhálendinu, að það séu einungis jöklarnir og einhver örfá önnur svæði. Þar er vísað í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga um sveitarfélög.

Felur sú breyting sem kemur fram með því að fela óbyggðanefndinni að skera úr um þessi svæði á miðhálendinu í sér viðurkenningu á því að við erum að tala um mjög stóran hluta af miðhálendinu? Eða er hæstv. ráðherra enn þá á þeirri skoðun að við séum einungis að tala um jöklana og einhver afar lítil svæði þar fyrir utan sem eiga nú að falla sveitarfélögunum í skaut varðandi stjórnsýsluréttinn?

[11:02]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Brtt. mín heyrir einungis bráðabirgðaákvæðinu, ekki 1. mgr. sveitarstjórnarlagafrv. þar sem segir að landinu skuli öllu skipt í sveitarfélög. Þjóðlendufrumvarpið segir nákvæmlega fyrir um að landinu skuli skipt í sveitarfélög því að þar stendur á bls. 8:

„Nefndin vekur athygli á þeirri grundvallarreglu sem fylgt hefur verið hér á landi, að stjórnsýslumörk sveitarfélaga ráðast af eignarmörkum þeirra fasteigna sem eru innan hvers sveitarfélags. Um afrétti hefur verið sett sú sérstaka regla í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, að eigi íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skuli hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr."

Hæstv. forseti. Þetta heyrir einungis til aðferðinni við að leysa úr deilumálum ef upp kunna að koma.

[11:03]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég les þetta með mínum gleraugum sem hæstv. ráðherra var að lesa þá hljómar þetta svona: „... að eigi íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skuli hann" — hann hvað? — upprekstrarrétturinn eins og ég hef skilið það? — „þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann" — þ.e. upprekstrarrétturinn — „skuli teljast sker ráðuneytið úr."

Þetta hefur hæstv. ráðherra túlkað sem svo að þá fari viðkomandi sveitarfélag líka með stjórnsýsluréttinn. Ég hef ekki skilið það svo þannig að ég spyr: Breytir breytingin á bráðabirgðaákvæðinu ekki túlkun hæstv. ráðherra á lagagreininni?

[11:04]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Skemmst er frá því að segja að það breytir ekki túlkuninni. En ef ég má lesa aðeins lengra úr þjóðlendufrumvarpinu:

„Í frv. þessu eru sveitarfélögum fengin ákveðin verkefni um stjórnsýslu innan þjóðlendna óháð því hvort sá hluti þjóðlendu telst afréttur. Með úrlausn um mörk þjóðlendna og eignarlanda af hálfu óbyggðanefndar ætti að skapast grundvöllur til að leggja enn frekari grunn að því að skipa öllu landinu innan staðarmarka sveitarfélaga, en telja verður rétt að ákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við þá hugtakanotkun sem viðhöfð er í þessu frumvarpi og settar efnisreglur um hvernig beri að skipa svæðum í þjóðlendum innan staðarmarka sveitarfélaga þegar ekki verður byggt á afréttarnotum."

Þegar ekki verður byggt á afréttarnotun eins og er um jöklana.

[11:05]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggja ein níu þingmál sem varða eitt og sama málið, skoðað frá ýmsum hliðum, þ.e. eignarhald á landi og landgæðum, ákvarðanir um stjórnsýslu á hálendinu, ákvarðanir um nýtingu landgæða og ákvæði um umhverfisvernd. Öll þessi þingmál fjalla um sama málefnið sem er eitt það stærsta sem hefur komið til umræðu og afgreiðslu á Alþingi um langan aldur.

Þessi frv. eru það frv. sem hér er rætt, stjfrv. um þjóðlendur, en meginefni þess er í fyrsta lagi að skilgreina hugtök um eignarrétt á landi og landgæðum, eins og fram kemur í 1. gr. frv. Í öðru lagi að einskismannsland skuli lýst alþjóðareign og nefnt þjóðlendur. Í þriðja lagi hvernig fara eigi að því að draga mörk eignarlanda og þjóðlendna og er þá farið eftir fyrirmyndum frá Noregi en þar voru þessi mörk dregin áður en umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir hófust þar til að koma í veg fyrir deilur og ágreining milli aðila. Í fjórða lagi er meginefni frv. að fjalla um hver skuli fara með stjórnsýslumál á hálendinu.

Í frv. félmrh., um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem hæstv. félmrh. hefur þegar dregið inn í umræðuna, er gert ráð fyrir þeirri stjórnsýslu á hálendinu að því verði öllu upp á miðja jökla, um 40% alls Íslands, skipt upp í eins konar ræmur á milli 40 tiltölulega lítilla sveitarfélaga þar sem um 4% landsmanna búa, og að stjórn þess svæðis verði að verulegu leyti í höndum þessara sveitarfélaga en þó undir yfirstjórn forsrh. Þessi skipan mála mun hafa í för með sér margvíslega erfiðleika, t.d. þá að erfiðara verður eftir en áður að taka ákvarðanir, marka framtíðarstefnu um nýtingu þessa lands og þessara landgæða þegar búið er að skipta hálendinu í örsmáar ræmur sem 40 sveitarfélög hafa meiri og minni stjórnsýslu yfir.

Þá verða allar framkvæmdir á þessu svæði, t.d. virkjunarframkvæmdir, miklu erfiðari en ella þyrfti að vera því að þá þarf að ná samkomulagi við fjölmarga sveitarstjórnaraðila um nýtingu lands. Þannig háttar til ef menn líta á hugsanlega tekjuöflun sveitarfélaga af nýtingu slíks lands að t.d. ef um virkjunarmannvirki er að ræða fær það sveitarfélag tekjur í fasteignagjöldum þar sem stöðvarhúsið rís. Þess vegna getur verið að virkjun taki yfir svæði margra sveitarfélaga, með öðrum orðum að það þurfi að ná samkomulagi um byggingu háspennulínu sem liggur t.d. í landi sveitarfélaga a, b, c og d. Það þurfi að ná samkomulagi um virkjanalón sem liggur t.d. á svæði allra þessara sveitarfélaga og auk þess sveitarfélags e, f og g. En stöðvarhúsið, eina mannvirkið sem sveitarfélag hefur tekjur af, standi t.d. í umdæmi sveitarfélags h sem þarf ekki að taka á sig neinar aðrar umhverfiskvaðir en eru vegna byggingar stöðvarhússins. Það eitt fær þá tekjurnar en ná þarf samkomulagi við öll hin sveitarfélögin, þar sem virkjunarlón og háspennulínur liggja um, að þau heimili framkvæmdirnar. Þarf engum getum að því að leiða hvílíkir erfiðleikar yrðu á slíkum framkvæmdum.

Þessu máli hæstv. félmrh. tengist síðan mjög umdeilt svæðisskipulag á hálendinu þar sem m.a. hefur komið fram að í því svæðisskipulagi sem nú liggur fyrir hafa menn verið að geta sér til um virkjunarmöguleika sem enginn mér vitandi hefur haft í frammi heldur eru einvörðungu tilbúningur þeirra aðila sem svæðisskipulagið unnu og auk þess gengið út frá ýmsum breytingum á mannvirkjum sem þegar hafa verið heimilaðar án nokkurs samráðs eða vitundar þeirra sem verkið eiga að vinna. Þá hefur ekki heldur, áður en svæðisskipulagið var gert, nein stefna verið mótuð af þeim sem á að hafa forræði yfir þjóðlendunum, þ.e. ríkinu, um nýtingu lands eða landgæða á þessum svæðum, en forsenda t.d. fyrir skipulagi sveitarfélaga er, samkvæmt lögum þar um, að skipulagið sé í samræmi við landnýtingaráætlanir sveitarfélagsins sem þurfa að liggja fyrir áður en frá skipulaginu er gengið. Engin slík stefnumótun hefur hins vegar farið fram um þetta svæði af hálfu ríkisins, þ.e. ríkisstjórnar né Alþingis, þannig að það svæðisskipulag sem byggt hefur verið upp á þeim grunni er verulega gallað því að öll sú stefnumótun um nýtingu lands og landgæða sem verður að fara fram áður en frá skipulagi af þessu tagi er gengið hefur ekki átt sér stað.

Þá er um að ræða frv. til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu frá hæstv. iðnrh. en meginefni þess frv., sem er á dagskrá í dag en hefur enn ekki verið rætt, er að allar auðlindir á einkalandi skuli teljast einkaeign hvort sem um er að ræða auðlindir sem eru nýttar í dag eða auðlindir sem eru ekki nýtanlegar af einum einstaklingi heldur aðeins fyrir sameiginlegt átak þjóðarinnar eða með fjársterkum framkvæmdaaðila. Þetta er að mínu mati einhver mesta eignatilfærsla sem orðið hefur á auðlindum, sem eru í vitund þjóðarinnar sameign okkar allra, að því skuli slegið föstu í eitt skipti fyrir öll í slíku frv. að slíkar auðlindir, finnist þær á landi í einkaeign, skuli framvegis teljast einkaeign viðkomandi landeiganda.

Í frv. hæstv. iðnrh. er umhverfismat mjög vanrækt og eftirliti mjög ábótavant vegna þess að bókstaflega er gert ráð fyrir því í frv. að einkalandeigandi sem hyggst nýta sér einkaeign sína á auðlindum í landi sínu þurfi nánast engin umsvif að hafa áður en hann hefst handa, hvorki að láta framkvæmdir fara í umhverfismat né leita eftir leyfum.

Þá eru tvö frv. 14 þingmanna jafnaðarmanna, Kvennalistans og Kristínar Ástgeirsdóttur um virkjunarrétt fallvatna og um auðlindir í jörðu og gjald fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda.

Þetta frv. greinir verulega á við þjóðlendufrumvarp forsrh., að maður tali ekki um frv. iðnrh. sem ég minntist á áðan, því að þau frumvörp gera ráð fyrir því að ef tekið er gjald fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda, þá verði því öllu ráðstafað til þess að sjá um umbætur og aðgerðir á því svæði þar sem auðlindin er numin. Það er ekki gert ráð fyrir því að til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar renni ein króna af þeirri gjaldtöku sem heimiluð er í frumvörpum um þjóðlendur og í frv. hæstv. iðnrh. og er þetta auðvitað í algjörri og hróplegri andstöðu við frv. okkar 14 þingmanna sem gerir ráð fyrir því að mótuð verði sameiginleg auðlindastefna um sameiginlegar auðlindir til lands og sjávar og tekin upp sú sjálfsagða krafa að þjóðarheildin fái hlutdeild í arði af nýtingu þessara auðlinda, hvort sem það eru orkulindir í jörðu eða fiskurinn í sjónum, með greiðslu auðlindagjalds til þjóðarinnar af þeirra hálfu sem þessar auðlindir nýta.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv. okkar fjórtánmenningana að allar auðlindir í jörðu og á, sem í huga þjóðarinnar eru sameign okkar allra, verði lýstar sameign þjóðarinnar en ekki, eins og gert er ráð fyrir í frumvörpum ríkisstjórnarinnar, að tekin séu af tvímæli í þá átt að allar auðlindir, allt niður fyrir möttul jarðar, sem fyrirfinnast í landi einstaklings, hvort sem hann hefur nokkur færi um að nýta þær sjálfur eða ekki, verði lýstar einkaeign, þ.e. að Ísland verði einkavætt að þessu leyti eins og framast eru föng á.

Í þessum frumvörpum okkar eru líka miklu skýrari ákvæði en í frv. ríkisstjórnarinnar um umhverfisvernd, þar sem gert er ráð fyrir því að allt frá því að veitt sé leitarleyfi fyrir auðlindum, rannsóknarleyfi fyrir auðlindum og nýtingarleyfi fyrir auðlindum, skuli umhverfismat fara fram án tillits til þess hvort sú nýting, þær rannsóknir eða sú leit eigi sér stað á landi einstaklings í einkaeigu eða á landi í sameign þjóðarinnar.

Auk þessara frumvarpa sem ég hef nefnt liggja önnur frumvörp fyrir Alþingi um sömu efni. Það er frumvarp til laga sem er á dagskrá þessa þingfundar, um breyting á stjórnarská frá Ragnari Arnalds, um sameign þjóðarinnar á auðlindum og það eru frumvörp sem Alþb. hefur flutt undir forustu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um orku fallvatna og um jarðhitaréttindi.

Öll þessi nýju þingmál snerta sama stóra málið og verða ekki afgreidd nema í samhengi. Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, að þessum málum öllum verði vísað í sérnefnd sem samkvæmt ákvæðum þingskapa er heimilt að kjósa. Þannig að í stað þess að félmn. fjalli um bráðabirgðaákvæði um stjórnsýslu á hálendinu, allshn. fjalli um sama mál og þjóðlendufrumvarp forsrh. og iðnn. fjalli um málefni er varða nýtingu auðlinda í jörðu, þar á meðal á þessu sama hálendi, verði því ákvæði þingskapa beitt að kjörin verði sérstök þingnefnd til þess að taka öll þessi mál til skoðunar því að þau varða eitt og sama stóra málið og að hv. félmn., sem þegar hefur fengið frv. hæstv. félmrh. til umræðu og afgreiðslu, fallist á að vísa bráðabirgðaákvæðinu í því frv. sem hæstv. ráðherra var að kynna nýjar tillögur um, til þessarar sömu sérnefndar til afgreiðslu. Ég held að þetta sé miklu skynsamlegra fyrirkomulag, virðulegi forseti, heldur en að skipta þessum málum sem varða einn og sama stóra hlutinn, upp í þrjár eða jafnvel fjórar nefndir Alþingis eins og ég lít svo á að gera verði þegar t.d. stjórnarskrárfrv. hv. þm. Ragnars Arnalds verður vísað til nefndar því þá er eðlilegt að það fari til sérnefndar. Og ef sá háttur yrði á hafður væru fjórar nefndir á Alþingi að fjalla um sama málið. Ég ítreka því þá tillögu mína, virðulegi forseti, sem ég held að sé skynsamleg gersamlega án tillits til þess hvaða afstöðu þingmenn hafa í þeim umdeildu málum sem hér koma til afgreiðslu, að þessum málum öllum verði vísað til einnar og sömu nefndarinnar. Ég fer þess líka á leit, virðulegi forseti, að þau frumvörp sem kynnt voru á þingfundi í dag, frá 14 þingmönnum í þingflokki jafnaðarmanna, þingflokki Kvennalista og frv. sem Kristín Ástgeirsdóttir stendur að, verði tekin sem allra fyrst á dagskrá til þess að þau geti orðið samferða afgreiðslu þessara mála til einnar og sömu nefndar, sérnefndar sem kosin yrði samkvæmt þingsköpum.

Mál það sem hér er til umræðu á sér langa sögu á Alþingi eins og m.a. kom fram í máli hæstv. forsrh. Fyrst kom það til kasta Alþingis með fossamálinu svokallaða sem kom inn á borð alþingismanna árið 1919, en síðan má segja að þessi hálendismál í einni eða annarri mynd hafi verið nánast ár hvert á borði þingsins með einum eða öðrum hætti, eins og

fyrrv. þingmaður sem hér var í salnum ekki alls fyrir löngu tók gjarnan til orða.

Þingmenn Alþfl. og þingmenn Alþb. hafa um áratuga skeið flutt mál af þessum toga hér í þingsölum. Þingmenn Alþfl. fluttu slíkt mál í fyrsta skipti árið 1970. Stefnan sem mörkuð var í því fyrsta þingmáli sem flutt var af þingmönnum Alþfl. fyrir 28 árum síðan, var eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m.a. athugað:" — Svo kemur töluliður 1 sem ég vitna orðrétt í:

„Hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar."

Þetta er kjarni þess máls sem flutt er hér í dag. Það má segja að þessi tilvitnaða grein gæti verið greinargerð frv. hæstv. forsrh. um þjóðlendur vegna þess að þetta er nákvæmlega það sem nú er verið að reyna að gera 28 árum eftir að þingmenn Alþfl. hófu að flytja þetta mál á Alþingi. Það er ekki svo að það hafi vantað slíkan málatilbúnað á Alþingi á þessum 28 árum, hvorki af hálfu okkar alþýðuflokksmanna né af hálfu alþýðubandalagsmanna svo dæmi sé tekið. Á hverju einasta ári eftir árið 1970 var sama tillaga flutt af þingmönnum Alþfl. en fékk ekki hljómgrunn á Alþingi vegna andstöðu þeirra þingmanna sem þá börðust fyrir sérhagsmunum á kostnað almannahagsmuna, þ.e. vegna andstöðu þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. Það hefur tekið 28 ár að fá þá til að skipta um skoðun.

Það er mjög eðlilegt að það hafi komið mönnum á Íslandi nokkuð á óvart þegar Hæstiréttur, í tveimur málum um eignarhald á afréttum og hálendi, komst að þeirri niðurstöðu að það sem einstaklingar ekki ættu, þyrfti að taka af öll tvímæli um að ríkið ætti vegna þess að það er sú almenna regla sem gildir á hinum Norðurlöndunum. Það sem einstaklingur ekki á, það á þjóðin sameiginlega. Sá var t.d. skilningur manna, virðulegi forseti, þegar fossamálið og deilan um það hófst hér á Alþingi, þ.e. að ekki væru nein (Forseti hringir.) tvímæli um að það sem einstaklingar ekki ættu, ætti þjóðin sameiginlega. Hæstiréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu, virðulegi (Forseti hringir.) forseti. Þess vegna þarf að flytja það frv. sem hæstv. forsrh. hefur flutt og afgreiða það. Ég hef ýmsar athugasemdir að gera við efni þess en í meginatriðum málsins er ég stuðningsmaður þess frv.

[11:26]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki gera lítið úr sögulegu hlutverki Alþfl. hvað þetta mál varðar en hlýt þó að vekja athygli á því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. undir forustu Steingríms Hermannssonar, þáv. forsrh., setti þessa vinnu í gang fyrir 14 árum og ástæðan var auðvitað sú að skömmu áður hafði fallið hæstaréttardómur hinn síðari, sem skildi þetta mál eftir í því uppnámi sem ég gat um fyrr. Áður hafði verið ákvarðað, þá allmörgum árum fyrr, að sveitarfélögin gætu ekki gert eignarréttarlegt tilkall til þessara svæða, og þegar síðar lá fyrir annar dómur um sama efni, þ.e. að ríkisvaldið gæti heldur ekki gert eignarréttarlegt tilkall til sömu svæða, þá varð að höggva á þennan hnút og því fékk þessi ágæti fyrirrennari minn færustu menn til að leggja drög að þessu máli og nú liggur sú niðurstaða fyrir 14 árum síðar.

[11:27]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Rökin hafa verið þekkt í 28 ár. Nefndin sem hæstv. forsrh. talaði um þurfti 14 ára starfstíma. Var það vegna þess að málið væri svo flókið? Nei, það var ekki vegna þess. Það var vegna þess að ágreiningur var um efnisatriði og framgang málsins.

Ég minni hæstv. forsrh. á að í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Jafnframt hyggst ríkisstjórnin skýra ákvæði um mörk eignarlands og almenninga og veita aðilum er sinna gróður- og skógrækt aðgang að jörðum í ríkiseign"

Um þetta var því samið þegar sú ríkisstjórn tók til starfa. Það voru, á meðan sú ríkisstjórn starfaði, í það minnsta þrisvar sinnum gerðar tilraunir til þess að fá samþykkt ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna við frumvörp um þau efni, en það tókst aldrei þrátt fyrir að um þetta væri samið í stjórnarsáttmálanum. Það er skýringin á því af hverju það hefur tekið 28 ár að fá efnisatriði málsins afgreidd á Alþingi og af hverju það tók umrædda nefnd 14 ár að ná niðurstöðu í máli og komast að sömu niðurstöðu og fólst í þáltill. þingmanna Alþfl. fyrir 28 árum.

[11:29]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að eins og málið liggur núna virkar það næsta einfalt, auðskiljanlegt og létt, sem er kostur við alla lagasetningu. En málatilbúnaðurinn, til að mynda fyrir Hæstarétti, í málum sem þetta varða hafa verið einhver allra stærstu og flóknustu mál sem fyrir réttinn hefur borið vegna þess að málið var afar flókið og snúið. Við finnum það reyndar jafnframt í þessum umræðum sem tengst hafa þessu frv. að enn eru miklar vangaveltur sem reyndar eiga kannski ekki allar beint við um þetta frv. Ég er ekki að finna að því að menn fari eitthvað örlítið út fyrir efnið, það kann að vera nauðsynlegt. Málið snerist um mjög mikla hagsmuni, stóra hluti og var flókið, en hinum vísu mönnum sem fengnir voru til verks hefur tekist mjög vel að finna málinu auðskiljanlegan og ágætan farveg.

[11:30]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið er ekkert flóknara en svo að árið 1975 fluttu þingmenn Alþfl. frv. um eignarhald á landi og um sameiginlega eign þjóðarinnar á landi. Í því frv. var lagt til að farin yrði nákvæmlega sama leið, að skipuð yrði óbyggðanefnd eins og hér er verið að ræða um 21 ári síðar. Tillögur í frumvarpsformi um þá framkvæmd sem nú á að fara í eru meira en 20 ára gamlar í sögu Alþingis. Því ítreka ég það sem ég sagði: Það að málið væri flókið eða nýtt hefur ekki torveldað afgreiðslu þess í 28 ára sögu Alþingis. Skýringin er mjög einföld. Það er ekki fyrr en nú eftir öll þessi ár að þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sannfærst um að rétt væri að taka eitthvert tillit til almannahagsmuna.

[11:31]

**Ragnar Arnalds:**

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er löngu orðið brýnt að taka af öll tvímæli um eignarhald á landi í óbyggðum og ákvarða mörk eignarlanda í almenningum og afréttum. Ég tel því mikið fagnaðarefni að fram sé komið það frv. sem hæstv. ríkisstjórn flytur hér. Ég tel frv. á margan hátt ágætlega samið og að þeir vísu menn sem þar lögðu hönd á plóg hafi komið málinu í skynsamlegan farveg eins og hæstv. forsrh. komst að orði hér rétt áðan. Ég er því eindregið jákvæður gagnvart þessu máli.

Þetta segi ég þó ég hafi reyndar í rúm 30 ár flutt frv. hér á Alþingi sem fjallar um nákvæmlega sama efni en efnistök eru gerólík og málsmeðferð séð frá allt öðrum sjónarhól en hér er gert. Niðurstaðan í þessu frv. er það keimlík því frv. sem ég hef flutt á fjórða áratug að ég get ekki annað en glaðst yfir því að málið sé komið á það spor sem ég hef lengi lagt til. Hér á ég við frv. okkar um stjórnarskrárbreytingu. Þar er gert ráð fyrir að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljist sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi. En þar stóð einnig, með leyfi forseta:

„Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Eins og sjá má er hér fjallað um nákvæmlega sama efni hvað landareignir snertir og gert er í þessu frv. Reyndar er stjórnarskrárfrv. okkar alþýðubandalagsmanna mun víðtækara en þetta frv. vegna þess að það tekur einnig á eignarhaldi og nýtingu auðlinda í jörðu og í sjó. Um þann mun er ástæðulaust að fjölyrða enda verður síðar í dag rætt um frv. ríkisstjórnarinnar um þau efni. En hitt er auðvitað ljóst að nú nálgast menn viðfangsefnið á allt annan hátt en ég hafði gert tillögu um. Í okkar tillögu var gert ráð fyrir að það væri tekið af skarið um stefnumótun á þessu sviði í stjórnarskrá. Í frv. ríkisstjórnarinnar er áherslan aftur á móti lögð á vinnubrögðin við að komast að niðurstöðu. En frv. okkar, stjórnarskrárfrv., og frv. hæstv. ríkisstjórnar mætast í þremur punktum.

Í fyrsta lagi er því slegið föstu að landsvæði utan eignarlanda séu eign ríkisins, þ.e. sameign þjóðarinnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að óbein eignarréttindi haldist. Þetta kemur skýrt fram í 5. gr. í frv. ríkisstjórnarinnar. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um."

Þetta höfum við alþýðubandalagsmenn eins og ég hef þegar rakið orðað á þann veg að bændur skuli halda eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Þriðji punkturinn sem þessi frumvörp mætast í er sá að á skuli lagt auðlindagjald vegna nýtingar þessara auðlinda.

Í stjórnarskrárfrv. því sem við höfum flutt er komið að málinu á þann veg að rétturinn er skilgreindur í stjórnarskrá og takmörk réttarins einnig, staða bænda ákveðin og mörkin dregin. En stjórnarfrv. það sem hér er til umræðu er fyrst og fremst lögbinding á aðferðinni til að skera úr ágreiningi um þessi efni. Af þessu tilefni vek ég athygli á stjórnarskrárfrv. sem verður til umræðu á eftir og ég mun þá gera nánari grein fyrir þessu. Það á að sjálfsögðu fullan rétt á sér þrátt fyrir samþykkt þessara laga vegna þess að efnið er þess eðlis að það á sannarlega heima í stjórnarskrá. Með stjórnarskrárákvæði er verið að tryggja að ekki sé auðveldlega hægt að svipta þjóðina þeim rétti sem hún hefur. Auðvitað er mikill munur á því hvort réttindi eru bundin í lögum eða stjórnarskrá.

Ég tel það ánægjuefni að hér skuli gert ráð fyrir auðlindagjaldi eins og í okkar tillögu og eins er það sameiginlegt með tillögu okkar og tillögu ríkisstjórnarinnar að hér er gert ráð fyrir hóflegri gjaldtöku. Það er ekki gert ráð fyrir því að lagðar séu einhverjar drápsklyfjar á einstaka atvinnuvegi með óhóflegum sköttum á auðlindina en miðað við hóflega gjaldtöku sem fyrst og fremst sé varið til endurbóta innan þjóðlendnanna í þessu tilviki. Í frv. okkar er miðað við að gjaldtökunni sé fyrst og fremst varið til þess að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu auðlindanna, stuðla að rannsóknum á þeim en ekki sé um að ræða almenna stórfellda skattlagningu sem kæmi þá í staðinn fyrir aðra skattlagningu eins og vissulega hafa verið uppi hugmyndir um hér á Alþingi. Á þessu tvennu er verlegur munur, hvort lögð eru stórtæk gjöld á einstaka atvinnuvegi sem numið gætu tugum milljarða kr. eða hvort um er að ræða hóflega gjaldtöku sem fyrst og fremst er varið til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Að þessu leyti er stefna Alþb. í fullu samræmi við þá meginlínu sem lesa má út úr þessu frv. hvað varðar auðlindagjaldið.

Eftir sem áður er því ekki að leyna að álitamálin eru fjöldamörg. Þetta frv. leysir ekki vandann að öllu leyti. Eitt af þessum álitamálum er hvernig fara skuli með vatnsorku. Í stjórnarskrárfrv. okkar alþýðubandalagsmanna hefur áherslan alla tíð verið lögð á að vatnsorkan skuli vera sameign þjóðarinnar en í þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar er ekki að finna nein orð sem víkja að vatnsorku. Að vísu er í 2. gr. frv. talað um að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti en hugsanlega gæti það vafist fyrir einhverjum hvort þetta nær til vatnsorku. Ég ætla þó að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að með þessu orðalagi sé einnig náð til þeirrar miklu auðlindar sem felst í orku rennandi vatns. Ég vildi biðja hæstv. forsrh. að svara þeirri spurningu á eftir og taka af skarið hvað þetta varðar. Ég finn ekki bein ákvæði um vatnsorku í frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem kannski er ekki nema von vegna þess að varla er hægt að segja að orka í rennandi vatni sé auðlind í jörðu. Vatnsorkan væri þá frekar auðlind á jörðu. Kannski stafar þetta af því að vissulega eru til orkulög en ég vek á því athygli að í orkulögum eru ekki tekin af tvímæli hvað þetta varðar.

Vatnsorkan er einhver mestu auðæfi Íslendinga, ein af okkar dýrmætustu auðlindum og hún verður nýtt í mjög stórum stíl á komandi árum. Það hefur viðgengist að ríkið tæki ákvörðun um að þessi eða hinn virkjunaraðilinn fái í hendur virkjunarrétt án þess að greiðsla komi þar fyrir. Ég veit t.d. ekki til þess að Landsvirkjun hafi þurft að greiða fyrir virkjunarrétt þegar hún hefur byggt sínar stóru virkjanir við Búrfell, Sigöldu, Hrauneyjafoss eða Blöndu. Hún hefur vissulega ekki greitt landeigendum fyrir þennan rétt. Íslensk-

ur réttur hefur ekki viðurkennt að vatnsorka á hálendinu og utan heimalanda hafi verið háð eignarrétti bænda.

En eðlilegt virðist að gert væri ráð fyrir því að þeir sem byggja virkjanir sem kosta tugi milljarða þurfi að borga þjóðinni eitthvað fyrir afnot af slíkum auðlindum, sérstaklega þegar haft er í huga að Landsvirkjun, sem hefur einkum og sér í lagi byggt slík orkuver á síðari árum, er ekki sameign þjóðarinnar. Hún er að hálfu leyti eign ríkisins en að hálfu leyti eign Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og hefur síðan verið að greiða þeim eigendum sínum arð í stórum stíl. Manni finnst ekki nema sjálfsagður hlutur að fyrir þessa miklu auðlind greiði sá sem virkjar nokkurt gjald í almenna sjóði.

Ég sagði áðan að margt orkaði tvímælis og áfram væri ágreiningur um marga þætti málsins. Um leið og ég fagna frv. og tel það mjög jákvætt minni ég samt á ágreininginn. Ég minni á að ágreiningur er um sveitafélagafrv. en mér finnst kannski eðlilegra að ræða þann ágreining frekar þegar það frv. er á dagskrá í þinginu þó að ég sé út fyrir sig ekkert að gagnrýna að það mál skuli hafa komið eitthvað til umræðu hér nú þegar.

Eins er mikill ágreiningur um meðferð á jarðhita. Það er skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að jarðhiti á yfirborði eigi tvímælalaust að vera háður einkaeignarrétti eins og verið hefur öldum saman og allt fram á þennan dag. Hins vegar höfum við talið að einhvers staðar ætti að draga mörkin og annaðhvort ætti þá að miða við hitastigið, þ.e. hvort um væri að ræða háhitasvæði eða lághitasvæði, ellegar hitt hvað borað væri djúpt niður í jörðu. Við höfum talið að jarðhiti sem væri undir einhverjum vissum mörkum ætti að teljast sameign þjóðarinnar. Í frv. okkar höfum við miðað við 100 metra dýpi. Margar hugmyndir og tillögur í þessum efnum hafa komið fram og ég ætla ekki að gera svo mikið upp á milli þeirra, ég tel að þær komi út af fyrir sig margar til greina. Alveg væri hægt að hugsa sér að miða við hvort um væri að ræða skilgreindan háhita eða lághita og eins mætti hugsa sér 200 metra dýpi eins og 100 metra dýpi, ég geri ekki mikinn mun á því.

Ég tel hins vegar einsýnt að það standist ekki að jarðeigandi eigi allt sem felst í jörðunni undir landi hans, allt inn að miðpunkti jarðar, þúsundir kílómetra djúpt niður í jörðu. Það segir sig nokkuð sjálft að slíkt stenst ekki almenna skynsemi. Ég sé ekki betur en að í frumvörpum ríkisstjórnarinnar sé viðmiðunarreglan að reikna megi með því að landeigandi eigi bara allt undir sinni jörð inn að miðpunkti jarðar. Það tel ég ekki að standist neina skynsemi og þarna verði að setja einhver mörk.

Ég minni líka á að um þetta hafa íslenskir fræðimenn verið sammála mér. Ég minni á margar ritgerðir Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. forsrh. og fyrrverandi prófessors í eignarrétti og stjórnskipunarrétti, og ég minni á álitsgerðir Ólafs Lárussonar prófessors en þeir voru báðir þeirrar skoðunar að það stæðist ekki að landeigandi ætti rétt til jarðhita og annarra réttinda, hversu djúpt í jörð sem sótt væri. Þetta kemur skýrt fram í ritgerð Ólafs Jóhannessonar sem hann skrifaði árið 1957 og einnig í bók Ólafs Lárussonar, Eignaréttur. Þeir miða við venjulega hagnýtingu fasteigna yfirleitt og spyrja sig: Er um að ræða venjulega hagnýtingu fasteigna eða ekki? Sé ekki um að ræða venjulega hagnýtingu fasteigna telja þeir að einhvers staðar verði að draga mörkin.

Hér hefur lítillega komið til umræðu hver hafi fyrstur flutt tillögur á Alþingi um að óbyggðir, almenningar og afréttir, séu ekki háðar einkaeignarétti og um þau efni þurfi að setja reglur. Ég ætla ekki að fara að metast allt of mikið við hv. 4. þm. Vestf. um það hver flutti fyrstur tillögur um þetta efni í þinginu en ég minni hann samt á það vegna orða hans áðan að ég flutti tillögur um þetta efni þegar í kringum 1965, þ.e. fyrir 33 árum, og vísa þar í stjórnarskrárfrv., 6. gr., þar sem einmitt er slegið föstu að almenningar, afréttir og aðrar lendur og svæði séu ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Ég hef því miður ekki tíma til þess að fjalla frekar um þennan þátt málsins en geri það kannski síðar í dag þegar betra tækifæri gefst til.

[11:52]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi er það skoðun mín og þeirra sem ég ráðgast við að ákvæði frv. um þjóðlendur taki fyrir sitt leyti á þáttum eins og rennandi vatni innan vébanda þjóðlendna þannig að þar væri jafnframt hægt að beita gjaldtökuákvæði 3. gr. í þeim lögum.

Í hinu frv. sem hv. þm. nefndi segir í 31. gr., með leyfi forseta:

„Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk þess leyfi samkvæmt þessum lögum, leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.“

Ég hygg að þetta sé eina ákvæðið um endurgjald eða leigu í því frv. Vísað er til þessa frv. um það efni. Hins vegar yrði sú gjaldtaka vísast takmörkuð eins og hv. þm. nefndi. Um er að ræða hóflega gjaldtöku sem á að nýtast til sjálfbærrar þróunar innan þjóðlendna og er því ekki um eiginlega skattheimtu að ræða í þeim skilningi.

[11:53]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið og ég fagna því að hann tekur af skarið um að þjóðlendufrumvarpið nái einnig yfir orku í rennandi vatni þó að ekki sé sérstaklega getið um það í frv. Ég teldi að atriði af þessu tagi ætti að orða skýrt í frv. en ekki að það þyrfti að vera með neinar ágiskanir eða túlkanir á svo mikilvægum atriðum sem þessu. Engu að síður hlýtur yfirlýsing hæstv. forsrh. að skipta miklu máli í þessu samhengi.

Þetta minnir svo aftur á hitt sem ég hafði ekki tíma til að koma að hér áðan að auðvitað eru hnökrar á frv. og ég tel að þá þurfi að skoða betur. Ég hef ekki fulla sannfæringu fyrir því að forsrh. eigi að hafa það mikla vald sem hann hefur samkvæmt frv. Ég teldi að samstarfsnefndin sem er nefnd í frv. ætti að hafa meira vald og má skoða það nánar í nefnd.

Ég spyr hæstv. forsrh. hvort orðin „enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig“ hafi nokkra sérstaka merkingu. Væri ekki eðlilegt að fella niður þessi orð þar sem þau virðast vera dálítið takmarkandi og gætu verið misvísandi að viðkomandi gæti haft þennan rétt ef það væri fyrir einhvern annan en hann? Þetta er í upphafi 3. gr. og ég held það væri líka gott að taka af skarið um að þarna megi lagfæra pennaglöp.

[11:56]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins gott að fara varlega þegar fjallað er um fáein einstök atriði um flókin lögfræðileg efni eins og þetta þannig að ég vil ekki kveða upp úr með þetta úr

ræðustólnum. Ég vil fá að skoða það aðeins. Ég vona að hv. þm. fyrirgefi mér það.

[11:56]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í upphafi framsöguræðu sinnar óskaði forsrh. þess að frv. væri rætt sérstaklega og ekki yrði blandað inn í umræðu um þetta frv. öðrum sjónarmiðum sem tengjast öðrum frumvörpum og öðrum tillögum sem liggja fyrir þinginu. Ég skil þá ósk mætavel og ég hefði kosið að við værum hér og nú að ræða frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta eitt og sér og Alþingi samhent og í sátt mundi marka stefnu um þjóðareign á landi. Að því loknu mundi önnur lagasetning taka mið af þeirri mikilvægu stefnu.

En því er ekki að heilsa. Á Alþingi hefur þegar farið fram 1. umr. um sveitarfélagafrv., sem okkur er tíðrætt um, sem gjörbreytir anda þeirrar stefnumörkunar sem ríkisstjórnin er að flytja okkur í frv. um þjóðlendur. Hins vegar hlýnar okkur alþýðuflokksmönnum vissulega um hjartaræturnar við að fjalla um þá hugmynd sem fram kemur í frv. til laga um þjóðlendur. Þetta er eins og að hitta fyrir gamlan vin enda höfum við verið, eins og fram kom í máli formanns Alþfl., að flytja þingmál á þinginu um landið, eign allra landsmanna, allar götur síðan árið 1970 þegar Alþfl. flutti tillögu um að sett yrðu skýr ákvæði um eignarréttindi, afnot og umgengni um óbyggðir landsins, svo og um nýtingu auðlinda, fallvatna, jarðhita og hvers konar námaur og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Árið 1971 lögðum við fram tillögu um að allt hálendi landsins og óbyggðir yrði alþjóðaeign að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins lægju ekki fyrir. Í tillögunni var einnig lagt til að kveðið yrði á um mörk þeirrar ríkiseignar, þ.e. nákvæmlega sama tillaga og er hér til meðferðar. Sama þingmál var lagt fyrir aftur og aftur, lagt fyrir Alþingi á hverju ári á tímabilinu 1972–1978. Skoðun forsrh. breytir hér engu um.

Eins og fram hefur komið verða í dag jafnframt flutt nokkur frv. sem tengjast stefnunni um miðhálendið. Formaður Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, hefur gert því vel skil að hvaða marki þau tengjast frv. og því mun ég bara vísa til orða hans.

Frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er að mörgu leyti vönduð smíð. Með frv. fylgir ítarleg grg. um þau hugtök sem íslenskur eignarréttur grundvallast á svo sem skilgreining á hugtakinu „beinn eignarréttur“ eða „fullkominn eignarréttur“, hvað felst í hinum óbeina eignarrétti afréttareignar sem er eins og menn vita réttur til beitarnota, svo og hugtakið „almenningur“ en það er það landsvæði sem er núna einskismannsland.

Þessi hugtök og notkun þeirra verður að vera skýr við þessa umræðu því við erum hér að fjalla um mjög mikilvægt mál, líklega það mikilvægasta á þessum áratug, kannski allt frá upphafi. Við erum nefnilega að ákveða hér hver verður eigandi þess hluta landsins sem fólkið hefur litið á sem sína sameign. Ég vek sérstaka athygli á að við erum ekki bara að fjalla um eignarráðin yfir hálendissvæðum landsins, því vegna smáa letursins sem er að finna í frv. erum við líka að ákveða hver fer með stjórnsýslu á þessu sama svæði.

Í frv. er gert ráð fyrir fullkomnum eignarrétti ríkisins að þjóðlendunum, eða eins og segir í 2. gr., að íslenska ríkið verði eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þó er gert ráð fyrir því að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur not, haldi þeim rétti þó ríkið fari með grunneignarréttinn.

Þetta er nákvæmlega sama hugsun og við jafnaðarmenn höfum verið að boða sl. 30 ár a.m.k.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að forsrh. veiti heimild til nýtingar á auðlindum innan þjóðlendna svo sem til nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, náma og annarra jarðefna. Gert er ráð fyrir að hann veiti einnig heimild til hagnýtingar og afnota af landi og landgæðum. Við jafnaðarmenn getum ekki einungis tekið undir hugmyndir um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindanna heldur höfum við á undanförnum árum verið, eins og þjóðin veit, ötulir talsmenn slíkra hugmynda og oftast í óþökk sjálfstæðismanna. Þessar hugmyndir getum við jafnaðarmenn tekið undir enda ríma þær við okkar hugmyndafræði. Öræfi landsins þjóðareign. Hálendið fyrir alla Íslendinga.

En frv. villir á sér heimildir því smáa letrið í því gjörbreytir efni þess og hugsunarhætti og það gerir það óaðgengilegt fyrir okkur jafnaðarmenn að óbreyttu. Mun ég nú víkja að því, virðulegi forseti.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að miðhálendinu verði skipt upp milli sveitarfélaganna sem færir þeim valdið á þessu svæði, þvert ofan í það sem segir í 2. gr. þar sem ríkinu eru færð eignarráð þess. Ef við skoðum þetta nánar og veltum fyrir okkur hvað felst í hugsuninni: Hálendissvæði landsins eru eign allrar þjóðarinnar. Það merkir að landskjörin stjórnvöld fari með eignarráðin og megi þar með ráðstafa eigninni, svo sem veita leyfi til nýtingar vatns og jarðvarmanýtingar svo og nýtingar ýmiss konar jarðefna. En ég hygg að fólkið í landinu skilji það svo að samfara þjóðareignarhugtakinu fylgi einnig rétturinn til að ákveða hvað verði gert við hið viðkvæma svæði, þ.e. hvernig skipulagi þessa svæðis verði háttað. Hvar verði byggt, hvar verði lagðir vegir, hvaða svæði verði vernduð, hvar verði virkjað og svo mætti lengi telja. Það eru einmitt þessir hlutir sem fólkið í landinu telur að sig varði um. Um það hefur umræðan á síðasta ári vitnað.

Það er á þessum sviðum sem fólkið vill hafa áhrif. Það hefur berlega komið í ljós að meginþorri þjóðarinnar telur það vera brýnt réttlætismál að fleiri en þau sveitarfélög sem liggja að hálendinu komi að stefnumótun og skipulagningu miðhálendisins, enda yrði tveim þriðju hluta þjóðarinnar haldið utan áhrifa ef miðhálendinu yrði skipt upp milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Ég get ekki skilið hvað ætti annað að felast í greininni en það að hlutaðeigandi sveitarfélög séu þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Ef ríkisstjórnin ætlar að þvinga þetta frv. í gegnum þingið í skjóli þingstyrks mun það leiða til mikillar óeiningar í þjóðfélaginu því umræðan hefur sýnt að ágreiningurinn er mikill. Og þá er ég að vísa til 3. mgr. 3. gr. þar sem segir að til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þurfi leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Vissulega fjallar frv. ekki um stjórnsýslu. Frv. fjallar um eignarréttindi. En eins og ég hef þegar getið um gerir frv. ráð fyrir skiptingu sveitarfélaganna, eða eins og þar segir, að hlutaðeigandi sveitarstjórnir veiti leyfi til nýtingar á landi og landsréttindum innan þjóðlendna enda erum við farin að fjalla um stjórnsýsluna.

Ég tel nauðsynlegt að flytjendur skýri hvað átt sé hér við. Hvaða sveitarstjórnir er átt við? Frv. er galopið hér. Byggir frv. á þeirri hugsun að þjóðlendum verði skipt upp milli sveitarfélaga eins og frv. hæstv. félmrh., Páls Péturssonar,

gerir ráð fyrir? Það kemur ekki fram í frv.? Menn vita að það frv. hefur mætt mikilli andstöðu í samfélaginu.

Í 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, kemur fram sú meginregla að sveitarfélögin stýri sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð og í 4. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, segir að öll sveitarfélög séu skipulagsskyld. Enn fremur segir að allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Hér erum við komin að kjarna málsins. Ef þjóðlendufrumvarpið gerir ráð fyrir að skipta miðhálendinu upp milli sveitarfélaga þá eru sveitarfélögin komin með forræði á skipulagi miðhálendins. Þá kemur það í hlut einstakra sveitarfélaga að ákveða samspil landnýtingar og náttúruverndar. Þau skipuleggja þetta sameiginlega svæði, fara með byggingarmál, eftirlit með hollustu o.s.frv. eins og áður hefur verið rætt í þessum þingsal.

Það er hlutverk ríkisins, landskjörinna stjórnvalda, að fara með þessi mál. Með því er tryggt að meiri hluti þjóðarinnar komi að ákvörðun um landnýtingu og stjórnsýslu á miðhálendinu. Það er eðlilegt að landskjörin stjórnvöld ákveði stefnu í ferðamálum og í orkumálum, að landskjörin stjórnvöld ákveði náttúruvernd, landnýtingu o.s.frv. á þessu sameiginlega svæði okkar landsmanna.

Ókostirnir við það að hin staðbundnu stjórnvöld fari með þetta vald koma berlega fram í svæðaskipulaginu sem er auðvitað, eins og menn vita, skipulagstillögur þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu, eða umboðsmanna mikils minni hluta þjóðarinnar. Þar speglast að mörgu leyti hagsmunir viðkomandi sveitarfélaga sem í mörgum tilvikum ríma ekki við heildarhagsmuni þjóðarinnar. Fram kemur í athugasemdum við svæðaskipulagið að það rími ekki við þær virkjunarhugmyndir sem landskjörin stjórnvöld hafa mótað. Þá er mjög óeðlilegt að staðbundin stjórnvöld séu að skipuleggja svæði áður en stefnumótun í ferðaþjónustu hefur litið dagsins ljós. Í skipulagstillögum kemur fram að staðbundnir hagsmunir eru í fyrirrúmi enda er lítið gert með beitarfriðun þar sem hún er ekki talinn þáttur í skilgreiningu verndarsvæða í skipulagstillögunni.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að málflutningur félmrh. hefur verið mjög villandi þegar hann klifar stöðugt á því að sá hluti lands sem er utan eignarlanda og afrétta sé ekki annað en jöklar. Af hans málflutningi má ráða að sveitarfélög séu þegar komin með stjórnsýslu á þessu svæði.

Þetta er fráleitur málflutningur. Hann er bæði villandi og beinlínis rangur enda notar hann gjarnan orð eins og: „næstum allt svæðið". Hið rétta er að drjúgur hluti landsins flokkast undir eignarréttarhugtakið „almenning" og er einskismannsland, enda væri félmrh. ekki svo umhugað um að skipta þessu svæði upp milli sveitarfélaga ef þau væru þegar komin með stjórnsýslu á þessu svæði.

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. um þjóðlendur sé mjög gott frv. að mörgu leyti og við jafnaðarmenn styðjum megininntak þess. En ég tel þó að ekki verði unað við þá hugmynd sem fram kemur í 3. gr., þ.e. skiptingu landsins milli sveitarfélaga. Ég tel vel koma til greina að ljúka þjóðlenduferlinu fyrst og fá úr því skorið hvar mörk þjóðlendna og einkaeignarlaga liggja. Síðan er hægt að taka afstöðu til þess hvers konar stjórnsýslumörk við viljum hafa. Það er alls ekki sjálfgefið að skipta miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga og þar með skipta stjórnsýslunni á milli þeirra. Það kæmi allt eins til greina að miðhálendið yrði allt ein stjórnsýsluleg heild. Síðan færi landskjörið stjórnvald með stjórnsýsluna, en nauðsynlegt væri að tryggja aðkomu sveitarfélaganna að henni. Með því móti væru áhrif og völd allrar þjóðarinnar tryggð.

Virðulegi forseti. Formaður Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, gerði það að tillögu sinni hér fyrr í dag að hin skyldu frumvörp sem eru til umræðu í dag og eiga eftir að koma til umfjöllunar Alþingis, fari til sérstakrar nefndar þannig að tryggt sé að þau verði unnin skilmerkilega út frá því sjónarmiði sem hvert þeirra setur fram og með það að leiðarljósi að Alþingi vinni sem best og afgreiði mál eins og best verður unað við.

[12:12]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins út af því orðalagi sem hv. þm. notaði nokkrum sinnum í ræðu sinni, þ.e. að í smáa letri þessa frv. fælist eitt og annað. Nú er það þekkt að menn hafa stundum á tilfinningunni að tryggingafélög og slíkir aðilar um víða veröld sem bjóða mönnum gull og græna skóga, takmarki tilboð sín með afar smáu letri sem fólk rekur ekki augun í fyrr en það þarf að vitja réttar síns. (**Gripið fram í:** Á þá forsrh. við FÍB?) Ég er eingöngu að segja það, hv. þm., við þá sem fylgjast með umræðunni en hafa ekki frv. við höndina, að frv. er allt prentað með sama letri. Það er ekkert smátt letur hér sem notað er til þess að draga úr meginákvæðum frv. Frv. skýrir sig afar vel sjálft og er sjálfu sér samkvæmt og það er ekki verið að koma aftan að neinni meginhugsun frv. á þann hátt sem hv. þm. lýsti hér. Ég veit að hún var ekki að meina þetta bókstaflega en það gat litið þannig út gagnvart þeim sem hér fylgjast með að verið væri að lauma einu eða öðru inn í frv.

Í annan stað vil ég nefna og árétta að með þjóðlendufrv. er í meginatriðum verið að höggva á það vandamál að skort hefur, að mati dómstóla landsins, fullnægjandi eignarréttarheimildir á víðtækum svæðum landsins. Menn eru að höggva á þann hnút með þessu frv. Frv. byggir síðan á því að til staðar sé tiltekin sveitarstjórnarleg skipting í landinu. En frv. byggir ekki á því hvernig sú skipting er. Menn eiga því að samþykkja þetta frv. Síðan er hægt, í öðru frv., að takast á um þá skiptingu sem þarf að vera fyrir hendi með einum eða öðrum hætti

[12:14]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég uni ágætlega við það að forsrh. komi í ræðustól til að undirstrika það að í frv. er ekki allt í einu vikið yfir í örsmátt letur. Það er hárrétt. Og þegar ég tala um að í smáa letrinu sé að finna annan anda en þann sem er í frv., þá er ég ekki í bókstaflegri merkingu að tala um smátt letur.

Eftirfarandi setning er úr 3. gr. frv.: „Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar." Þessi setning er án nánari skýringa og án útfærslu á því við hvaða sveitarstjórnir er átt. Er átt við að leyfi allra sveitarstjórna á landinu þurfi, líka Reykjavíkur og Kópavogs, eða aðeins sveitarstjórna sem liggja að ákveðnum svæðum? Ég var því að segja, eins og maður segir oft: „Æ, það var í smáa letrinu." Þ.e. eitthvað sem maður víkur ekki nægilega að af því að það brýtur í bága við heildarhugsunina.

Heildarhugsunin í frv. er feikilega góð. Í 2. gr. segir:

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum."

Í frv. þessu eru afar góð ákvæði sem við jafnaðarmenn tökum undir og það að ganga loksins frá einkaréttarheimildum og þeim óljósu málum sem hafa verið tilefni deilna um áratuga skeið er mjög mikilvægt. Ég vildi óska að við hefðum gert það fyrir 20–30 árum vegna þess sem á eftir hefur komið. En engu að síður segi ég: Þetta er afskaplega mikilvægt frv. og tók það fram í ræðu minni að sennilega væri þetta ekki aðeins mikilvægasta frv. þessa þings heldur liðinna ára. Svo stórt tók ég upp í mig, virðulegi forseti.

[12:16]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar taka þarf ákvarðanir og gera ráðstafanir á tilteknum svæðum, ég tala nú ekki um framkvæmdir og ráðstafanir sem deilur eru um, þá þarf tvennt að liggja fyrir. Hvaða stjórnvald á að fjalla um málið og hver fari með eigendaforræði. Á þetta hefur skort hvað varðar eigendaforræðið á hálendinu til að mynda, á þeim svæðum sem við viljum nú kalla þjóðlendur með þessu frv. og við verðum að bæta úr þeim skorti.

Til þess að hitt atriðið sé í lagi þarf að skipa þeim málum þannig að sveitarstjórnarþátturinn komist að. Þeim þætti er skipað með öðru frv. Ég tel ekki að ágreiningur um þann þátt eigi að verða til að þetta mál tefjist eða verði tekið í gíslingu með vísan til þess að menn séu ekki sáttir við þá skiptingu sem þar á sér stað. Það er annað deiluefni.

[12:17]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að mér sé óhætt að lýsa því yfir að þingflokkur jafnaðarmanna mun ekki taka frv. með svo ágætu innihaldi í gíslingu.

Hins vegar geri ég mér fulla grein fyrir því að með því að Alþingi ákvað á sínum tíma að skipa samvinnunefnd til að koma með skipulagstillögu, þá hafa þeir sem um þau mál hafa vélað litið svo á að ljúka ætti málinu. Öll umfjöllun um það hefur verið þannig að erfitt er fyrir Alþingi að taka á sveitarfélagamálinu. Því árétta ég enn á ný að ef Alþingi hefði fengið tækifæri til að fjalla um frv. um þjóðlendur án þess að hafa þekkinguna á því sem þegar hefur verið unnið að á bæði svæðisskipulagi og tillögum um að skipta öllum sveitarfélögum alveg upp á jökla, þá værum við öðruvísi stödd. En þetta frv. styðjum við að megininnihaldi eins og margoft hefur komið fram í máli mínu.

[12:18]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur verið nokkuð vandlifað og minni manna nær misjafnlega langt aftur. Það er kostur að hafa hér á þingi þingmenn sem setið hafa áratugi eins og fram kom í máli eins hv. þm. áðan. Mér finnst að minni Alþfl. í sambandi við mál sem nýlega hafa verið rædd hér á þingi og ákvörðuð nái harla skammt. Án þess að reyna að ýfa upp einhverjar deilur hér, þá finnst mér óhjákvæmilegt að nefna það.

Hér var, að frumkvæði ráðherra Alþfl. 1992, flutt frv. til breytinga á skipulagslögum sem markaði þann farveg um skipulagsmál miðhálendisins sem unnið hefur verið eftir síðan. Það var hæstv. þáv. umhvrh. Eiður Guðnason sem bar frv. fram. Það var samþykkt og hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson kom einnig að því máli. Alþfl. hefur líka verið þátttakandi í að setja ný skipulags- og byggingarlög hér á þinginu sem voru afgreidd sl. vor þar sem landinu er sannanlega skipt milli sveitarfélaga og gert er ráð fyrir ákveðinni svæðisskipulagsmeðferð. Það bráðabirgðaákvæði sem samþykkt var, líklega 1993 eða 1994, varðandi þetta svæðisskipulag miðhálendisins, gekk inn í þessa löggjöf. Sú löggjöf sem við samþykktum einróma á Alþingi í fyrravor tekur við þessari vinnu varðandi svæðisskipulag miðhálendisins. Þó ég hefði á sínum tíma kosið það og full samstaða hafi verið með talsmönnum Alþfl. 1990 auk þess að hæstv. þáv. ráðherra Eiður Guðnason reyndi að fylgja eftir tillögu um miðhálendið sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu, þá náði það mál ekki fram og því var brugðið á annað ráð fyrir frumkvæði ráðherra Alþfl.

[12:21]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að alveg megi velta fyrir sér hvort það hafi tilgang að vera að velta fyrir sér þessari sögu en þingmaðurinn kýs það. Honum er fullkunnugt um að sú tillaga sem Eiður Guðnason umhvrh. kom með hingað á Alþingi var felld. Seinna kom til þess að ákveða að setja upp samvinnunefnd. Hins vegar eiga Eiður Guðnason umhvrh. eða Össur Skarphéðinsson sem umhvrh. engan þátt í því að marka stefnu um að stjórnsýslulegt vald fari til allra sveitarfélaganna sem að hálendinu liggja. Annað hef ég ekki um það mál að segja.

Virðulegi forseti. Af því að þingmaðurinn nefndi að gott væri að hafa þingmenn á þingi sem myndu áratugi aftur í tímann, þá er það alveg hárrétt. Það er ekki nema um einn áratugur sem ég hef verið hér á hv. Alþingi. En svo vill til að ég hef haldið til haga þeim málum sem flutt hafa verið af fyrirrennurum mínum og félögum eftir að ég kom inn á þing. Öll þessi ár var kallað eftir því að ríkisstjórnin stuðlaði að samningu frv. um eignarrétt yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita, hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu. Á síðari tímum þegar engin leið var að fá stuðning við þessi mál á Alþingi þannig að þau hefðu framgang, var farið út í að reyna að brjóta þessi mál upp og ná afmörkuðum þingmálum í gegn sem stefndu að sama markmiði.

Stundum er sagt að dropinn holi steininn eða það síist inn og þess vegna fögnum við nú þegar forsrh. kemur með þetta ágæta frv. Þó ég hafi getið um þá annmarka sem við sjáum á því, þá fagna ég þessu frv. og við jafnaðarmenn munum styðja það.

[12:23]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. blandar saman óskyldum málum, annars vegar þessu þjóðlendufrv. og hins vegar spurningunni um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands. Ég verð að rifja það upp fyrir hv. þm. að í tíð hv. þm. Eiðs Guðnasonar var engin slík tillaga felld. Málið strandaði vegna pólitískrar andstöðu meiri hluta hér á Alþingi, þar á meðal í stjórnarandstöðu. Framsóknarmenn sem þá voru í stjórnarandstöðu áttu hlut að því að bregða fæti fyrir það að miðhálendið yrði eitt afmarkað stjórnsýslusvæði eða tilraun gerð með það. En það breytir hins vegar ekki því að þingmenn Alþfl. og þingflokks jafnaðarmanna hafa átt fulla aðild að þeim sveitarstjórnarlögum sem nú gilda og voru samþykkt sl. vor.

Þeir höfðu beinlínis frumkvæði að myndun þeirrar svæðisskipulagsnefndar sem skilaði tillögu í maí sl. varðandi miðhálendið.

Mér finnst það ekki ganga upp hjá þingflokki jafnaðarmanna að taka undir almenna úthrópun á því verki sem þar hefur verið unnið og margt jákvætt má segja um. Ég hvet hv. þm. til að kynna sér þetta skipulag. E.t.v. hefur þingmaðurinn gert það ágætlega og ég er alveg reiðubúinn að taka þátt í endurskoðun þessa máls. Ég minni jafnframt á að þó eðlilegt sé að fólk utan þessa svæðis og utan þeirra sveitarfélaga sem þar eiga hlut að máli komi að þessari vinnu, þá megum ekki hlaupa frá gerðum okkar og orðum frá því fyrir örfáum árum og jafnvel mánuðum. Það væri óábyrgt en mér finnst talsmenn þingflokks jafnaðarmanna gera þetta hér og slík ósamkvæmni í afgreiðslu mála og afstöðu manna er algerlega óviðunandi.

[12:25]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka pirringi þingmannsins, sessunautar míns, út í þingflokk jafnaðarmanna með jafnaðargeði. Einnig ætla ég, virðulegi forseti, að breyta orðum mínum og segja að Alþingi felldi ekki tillögu umhvrh. Eiðs Guðnasonar. Tillaga Eiðs Guðnasonar umhvrh. strandaði á pólitískri andstöðu á Alþingi Íslendinga. Sú tillaga var um að miðhálendið yrði eitt afmarkað stjórnsýslusvæði. Nú hef ég leiðrétt það, virðulegi forseti, og þessi orð mín eru síst verri en hin fyrri.

Hins vegar hefur þingflokkur jafnaðarmanna, þingmenn Alþfl., enga ákvörðun tekið um það að skipa skuli hálendinu upp í sveitarfélög. Það er rangt. Og við erum ekki með billegan eða ósæmilegan málflutning. Við erum með heiðarlegan málflutning í þessu máli eins og við höfum alltaf haft. Það var ekkert, *virðulegi forseti, í þeim forsendum sem lagðar* voru til grundvallar vinnu svæðisskipulagsins sem gaf til kynna að það ætti að skipta hálendinu milli sveitarfélaga.

Málflutningur okkar hefur verið góður. Við viljum styðja framgang þjóðlendufrv. Það er gott mál, það er sterkt, það er stórt mál og mikilvægt. Á því er sá annmarki að það opnar fyrir sveitarfélagafrv. Páls Pétursson ar með einni setningu í 3. gr. og það er það eina sem setur höft á okkur þingmenn jafnaðarmanna.

[12:27]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræðum hér um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er hið mikilsverðasta mál. Ég tek undir orð þeirra sem lýst hafa yfir ánægju með að frv. þetta skuli nú liggja fyrir þinginu til umræðu þó það hafi verið kynnt á síðasta þingi en þá var það ekki rætt.

Hægt væri að fara yfir ýmsa þætti í sögu þessa máls og aðdraganda. Svo hefur verið gert af ýmsum sem hér hafa áður talað og hv. þm. Ragnar Arnalds hefur lýst almennum sjónarmiðum okkar alþýðubandalagsmanna til þessa máls. Ég hef engar ástæður til að gera athugasemdir við það sem þar kom fram. Það var allt í samhljómi við mína skoðun á *því frv. sem við ræðum hér og enginn ágreiningur* þar á milli. Hins vegar vil ég koma að nokkrum atriðum sem ég tel ástæðu til við 1. umr. m.a. í ljósi þess að ég hef verið aðili að frumvörpum sem varða þetta mál um langt skeið og er meðflutningsmaður í frv. okkar þingmanna Alþb. um breytingu á stjórnarskipunarlögum sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að og minnti á í framsögu sinni hér áðan.

*Það er engin tilviljun að menn eru að rifja upp söguleg* atriði varðandi málið og það kemur að sjálfsögðu fram í greinargerð með þessu frv. að þar hefur verið lítið til sögunnar og mikil vinna lögð í að fara yfir lagatúlkanir, forn lög og dómsniðurstöður sem varðar þessi efni. Það er verulega jávætt að fram skuli hafa farið grundvallarvinna í þeim málum og ég tel að það sé verulegur fengur að þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir þó að vafalaust mætti reiða þar fleiri þætti fram og þá sérstaklega varðandi ýmis atriði sem verið er að tengja við þetta mál í umræðunni, þ.e. í sambandi við nýtingu auðlinda. Það gefst hins vegar færi á því síðar á þessum fundi að ræða þau efni og ég ætla því ekki að leggjast djúpt í þau mál.

Það hefur komið fram að eftir minni þeirra þingmanna sem nú sitja á Alþingi hafa mál verið reifuð sem varða þetta efni. Hv. þm. Ragnar Arnalds minnti á að þegar á árinu 1965 hefðu komið fram tillögur um breytingu á stjórnarskipunarlögum af hálfu Alþb. sem beinlínis varða það mál sem hér er til umræðu, frv. um þjóðlendur, þar sem gert var ráð fyrir að öll núverandi óbyggð, almenningar, afréttir og aðrar lendur og svæði sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu sem þar eru, yrði ævinlega eign íslensku þjóðarinnar eins og sett er fram í þessari tillögu *til breytingar á stjórnarskrá. Mikið vatn hefur* runnið til sjávar síðan það frv. var flutt en jafnvel fyrir þann tíma fóru fram á Alþingi, og það snemma á öldinni, umræður sem vörðuðu þessi mál og sem varða réttargrundvöll þeirra frumvarpa sem við ræðum hér í dag og ég kem að undir öðrum dagskrárlið.

Það er hins vegar eðlilegt að menn bendi á að ótrúlega langur tími hefur farið í það af hálfu ríkisstjórna að undirbúa þetta mál til framlags og auðvitað hefði verið ástæða til þess að búið væri að ganga frá þessum málum skilmerkilega. Alveg sérstaklega blasti sú nauðsyn við þegar við vorum að undirbúa og ræddum hér það stóra álitamál, samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, því að það var og er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi að ekki sé kveðið skýrt á um þessi efni í ljósi þess stóra alþjóðasamnings sem gerir Ísland í raun hluta í réttarfarslegu tilliti, einnig að því er varðar fasteignir, af allri Vestur-Evrópu með fáum undantekningum. Það eitt út af fyrir sig hvetur auðvitað mjög til þess að frá þessum málum sé gengið eins og stefnt er að í þessu frv. í aðalatriðum.

Vonir stóðu til þess að á árunum eftir 1990 kæmu þessi mál inn í þingið og það var bundið í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar núv. hæstv. forsrh. að skila þessum málum hér inn. En eins og fram hefur komið gerðist það ekki vegna pólitísks ágreinings sem var um málið á þeim tíma. Um þetta er ekki að sakast en ég lýsi ánægju yfir því að þetta mál er fram komið og ég tel að í þessu frv. sé að finna mjög margt jákvætt og athyglisvert sem sjálfsagt er að byggja á við lagasetningu og hef ekki athugasemdir fram að færa við nein grundvallaratriði sem hér eru sett fram í frv. varðandi það markmið sem þar er að stefnt, að fá skorið úr um eignaryfirráð yfir þeim svæðum þar sem þetta hefur verið óljóst.

Eins og ég gat um hefur mikil vinna farið fram varðandi söguleg atriði og lögfræði sem að baki liggur. Nefndin sem skilar þessu til stjórnvalda hefur starfað í 12 ár eins og fram kemur í greinargerð og hefur verið byggt á þeirri vinnu ekki síst í sambandi við frv. Grundvallaratriði samkvæmt frv. er skipting landsins í eignarlönd annars vegar og þjóðlendur

hins vegar. Eignarland er þar skilgreint sem landsvæði sem er háð einkaeignarrétti innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þjóðlendur eru hins vegar skilgreindar sem landsvæði utan eignarlanda og því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi lands og landsréttinda sem ekki eru háð einkaeignarrétti á þeim svæðum er verða þjóðlendur. Að sjálfsögðu getur íslenska ríkið verið og er í hlutverki eigenda á ýmsum eignarlöndum þar fyrir utan, bæði bújarða og afmarkaðra fasteigna. Það væri fróðlegt að hafa á uppdrætti fyrirliggjandi yfirlit um slík eignarlönd í eigu ríkisins og raunar einnig þau sem eru í eigu sveitarfélaga. Ég hef slík gögn ekki handa á milli en e.t.v. liggja þau einhvers staðar fyrir.

Samkvæmt 2. gr. frv. er því haldið opnu að aðrir en ríkið geti átt tilkall til réttinda innan þjóðlendna séu þau réttindi háð einkaeignarrétti. Þar mun, samkvæmt 5. gr. frv., fyrst og fremst verið að hugsa um hefðbundin réttindi þeirra sem nýtt hafa land m.a. á afréttum fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja og að þeir geti haldið slíkum rétti. Þó að þetta virðist vera nokkuð grátt svæði sem hér er vísað til ætti ekki að vera um mörg óljós tilvik að ræða hvað þetta varðar. Það er hins vegar sjálfsagt og nauðsynlegt að fara ofan í saumana á því hvað það er og reyna að hafa sem gleggst yfirlit yfir það því að það snýr að meðferð mála á síðari stigum að því er varðar stýringu á þjóðlendum og þau atriði sem þar reynir á.

Það kemur fram í athugasemdum með 1. gr. frv. þar sem skilgreiningar eru, að eignarráð ríkisins yfir þjóðlendum séu m.a. í ljósi dóma Hæstaréttar frekar hluti af forræðisrétti ríkisins heldur en að ríkið sé að fara með hin hefðbundnu eignarráð fasteignareigenda. Þetta er síðan notað sem rök fyrir þeirri tillögu að forsrh. fari með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki eru með öðrum lögum lögð til annarra ráðuneyta.

Samkvæmt frv. eru hugtökin afréttur og raunar einnig almenningur, ekki notuð í eignarréttarlegu tilliti og ítarleg rök færð fyrir því samkvæmt greinargerð. Þjóðlenduhugtakið á samkvæmt frv. að koma í staðinn fyrir og ná til landsvæða sem nú eru ýmist nefnt afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Það er gert ráð fyrir því að jöklar sem ekki teljist innan eignarlanda falli undir flokk þjóðlendna.

Meginspurningin sem Alþingi þarf að svara er sú hvort þingið fallist á þessar meginskilgreiningar frv. og þá aðferðafræði sem þeim tengjast og sem nota á til að skera úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna.

Málið er engan veginn einfalt eins og vel er dregið fram í greinargerð með frv. þar sem m.a. er fjallað um hugtakið „fasteign" með tilliti til eignarréttar og það atriði fær ítarlega umfjöllun. En þrátt fyrir það sýnist mér að í öllum meginatriðum megi nota aðferðafræði frv. þó að ég hafi fyrirvara á um ýmislegt sem henni tengist og sem þingnefnd, gjarnan sérnefnd eins og hér hefur komið fram, þarf að fara vandlega yfir. Þetta snertir m.a. hugsanleg áhrif lögfestingar þessa frv. á svigrúm til löggjafar um yfirráð yfir náttúruauðlindum almennt og atriði sem nánar má ræða af tilefni þess máls sem hér er á dagskrá síðar á þessum fundi, þ.e. frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég er ekki að fullyrða að þetta frv. hafi þar nein bein áhrif. Hins vegar er rétt að yfir það sé farið og það sé gaumgæft. Þar vil ég að heimildir séu sem rýmstar til þess að lýsa náttúruauðlindir almennt almannaeign og hér kom raunar fram í máli hæstv. forsrh. sem viðbrögð við fyrirspurn frá hv. þm. Ragnari Arnalds, afar þýðingarmikið atriði sem þetta varðar, þ.e. um orku fallvatna og yfirráðaréttinn yfir henni. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf um það efni.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að forsrh. fari með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta og í 3. gr. er kveðið á um að forsrh. fari með leyfisveitingar til að nýta þjóðlendur, endurgjald fyrir nýtingu og ráðstöfun á tekjum af leyfum til nýtingar lands innan þjóðlendna. Þar er líka kveðið á um heimildir sveitarstjórna til skammtímanota lands og landsréttinda annarra en vatns og jarðhitaréttinda, náma og jarðefnatöku innan þjóðlendu, þ.e. innan marka eins árs, en sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þurfi jafnframt samþykki forsrh. Gert er ráð fyrir því samkvæmt 4. gr. að sérstök sjö manna samstarfsnefnd fulltrúa ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga eigi að vera forsrh. til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna.

Í þessu sambandi skiptir, virðulegur forseti, meginmáli að ljóst sé og skýrt hvað í þessari skipan mála eigi að felast, hvaða málefni það eru sem forsrn. á að fara með og hvað fellur undir önnur ráðuneyti að lögum. Eins og fram hefur komið í umræðunni, en mér finnst ekki nægilega skýrt orðað í sjálfu frv., er hugsunin sú — eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. áður á fundinum — að forsrh. á hverjum tíma komi fram sem fulltrúi eigandans, þ.e. ríkisins. Og sé það innihaldið í 3. gr., þá hef ég ekki athugasemdir við það að gera. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að tiltekið stjórnvald fari með umboð eiganda og hvort það er forsrn., forsrh. eða aðrir ráðherrar, er kannski ekki meginatriðið en aðalatriði er að það sé tiltekinn skilgreindur aðili.

Það sem á vantar hins vegar í sambandi við 3. gr. er, að mér þykir, bein tilvísun í lagatexta til grundvallarefna eins og laga um skipulag og byggingarmálefni þannig að sá misskilningur sé ekki uppi að þær ákvarðanir sem liggja í skipulags- og byggingarlöggjöf séu ekki hluti af inngripum eigandans í samhengi þessa frv. og ákvarðana sem á því byggja. Skipulags- og byggingarlögin eru slíkt grundvallarmál í sambandi við málsmeðferð á landinu öllu að það þarf að halda öllu sem skýrustu sem að þeim lýtur. Samkvæmt lögum fer umhvrn. með skipulags- og byggingarlög. Það gæti að mínu mati vafist fyrir mönnum að skilja inntakið í þessu samspili forsrn. og sveitarstjórna sem hér liggur fyrir og því vil ég beina því til þingnefndar sem fær þetta mál til meðferðar að þessi atriði verði gerð sem ljósust, ekki bara lögfræðilega heldur einnig að því er varðar almennan skilning, svo að innihaldið sé sem skýrast.

Í þessu samhengi, virðulegur forseti, er kannski ástæða til að fara örfáum orðum um það álitaefni sem hér hefur verið dregið inn í umræðuna og kom upp í sambandi við orðaskipti mín og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan. Ég kom ekki með mínar athugasemdir vegna þess að stór ágreiningur þurfi að vera á því hvað sé æskilegt í þessum efnum við hv. þm. eða þá þingmenn sem hafa barist fyrir því á fyrri stigum að miðhálendið væri ein stjórnsýslueining. Fyrir því mátti færa mjög skýr rök og það eru agnúar á því, eðlilega, sem hefur verið fundið að af fólki, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu sem ekki á beina aðild eða fulltrúa í þeirri nefnd sem hefur unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Í þessu samhengi minni ég náttúrlega á þá afgreiðslu sem hefur farið fram á Alþingi á undanförnum árum og sem þingið allt hefur verið þátttakandi í. Ég minni einnig á að auðvitað eru kostir í því og ákveðin rök fyrir því að það

fólk sem er nálægt vettvangi hafi skýran íhlutunarrétt í þessi málefni. Þar er líka fólk og engin trygging er fyrir því út af fyrir sig að út úr skipulagi kæmu miklu betri tillögur eða aðrar tillögur þó svo að öll sveitarfélög landsins ættu með einhverjum hætti aðgang að málinu. Ef menn eru reiðubúnir til þess og um það skapaðist samstaða á Alþingi að tryggja betur sameiginleg málstök varðandi svæðisskipulag þess sem við teljum vera miðhálendi þá er ekki nema gott um það að segja og er sjálfsagt að leita eftir slíku. Ég hef orðað það í umhvn. þingsins að það gæti verið efni til þess og ástæður að styrkja ákvæði 12. gr. núverandi laga um skipulags- og byggingarmál einmitt til þess að tryggja ákveðna samfellu í málsmeðferð og heildarsýn, heildstæð tök um hugsanlega meðferð þessa svæðis. Ég held að það geti verið full nauðsyn á að gera það. En það gefur okkur ekki leyfi til þess að hlaupa frá ákvörðunum sem hafa verið teknar með þátttöku þingsins alls og stefna málum í uppnám af þeim sökum. Það teldi ég vera ábyrgðarlaust og vil ekki vera þátttakandi í slíku enda hef ég sjálfur átt hlut að nefndum ákvörðunum.

Virðulegur forseti. Ég vil í lokin leggja áherslu á mikilvægi þessa máls. Ég vænti þess að frv. fái afgreiðslu í þinginu að vandlegri yfirferð lokinni á vegum þingsins og ég hvet til þess að athugað verði hvort réttmætt sé að málið verði sett í sérstaka þingnefnd, sérnefnd, til þess að fara yfir það og þá e.t.v. með öðrum þingmálum sem teljast skyld.

[12:48]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þessu stigi er aðeins eitt atriði sem ég vil víkja að vegna orða hv. þm., það er um stöðu forsrh. í málinu. Ég ítreka það sem ég kom að að hann kemur aðeins og eingöngu fram sem handhafi eignarréttar í þessu tilviki og verður sem aðrir slíkir að beygja sig fyrir ákvörðunum bærra stjórnvalda sem fara til að mynda með byggingar- og skipulagsmál og önnur slík mál. Hann hefur engin réttindi umfram aðra handhafa eignarréttar samkvæmt frv. eins og ég skil það.

[12:49]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir yfirlýsingu hæstv. forsrh. Ég tel að hún styrki málsmeðferðina og tel einmitt eðlilegt að í athugun á texta frv. verði tekið upp hvort ekki sé rétt að hafa ákvæðin enn þá ljósari þannig að enginn misskilningur skapist af þessum sökum. Mjög mikilvægt er að staða sérlaga eða laga sem gætu talist sérlög í ljósi frv. og væntanlegra laga sé skýr svo enginn misskilningur verði þar á milli. Jafnframt er mikilvægt að ekki komi upp einhver staða sem varðar skipulagsmálin, staða sem við þekkjum t.d. í sambandi við svokölluð varnarsvæði þar sem annað ráðuneytið fer með ákveðna þætti skipulagsmála. Það væri illa farið enda ekki til þess stofnað og því er yfirlýsing hæstv. forsrh. kærkomin.

[12:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um þjóðlendur sem er eitt fjölmargra frv. sem liggja fyrir þinginu um eignarhald á landi, ákvarðanir um stjórnsýslu, nýtingu og umhverfismál á miðhálendi Íslands.

Þjóðlenda er nýtt hugtak eins og fram kemur í greinargerð og í frv. sjálfu. Ég held að rétt sé að íhuga vel skilgreiningu á því. Þetta er hugtak sem er okkur ekki tamt en eins og kemur fram í greinargerð er það notað fyrir landsvæði utan eignarlanda sem tekur til landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Þá falla jöklar sem teljast ekki innan eignarlanda undir þjóðlendur.

Með frv. er verið að slá eign ríkisins yfir þau landsvæði sem enginn á og því er ég fyllilega sammála og ég fagna því að mörgu leyti þessu frv. Samkvæmt frv. er forsrh. yfirmaður þjóðlendna og getur einn veitt leyfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna. Til að nýta land og landréttindi að öðru leyti þarf leyfi viðkomandi sveitarstjórna og bæði sveitarstjórnum og forsrh. er heimilt að semja um gjald fyrir nýtingu.

En hvernig á að verja gjaldinu? Skv. 3. gr. frv. á að verja tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna eftir nánari ákvörðun forsrh. Tekjur af leyfum sem sveitarstjórn veitir skal varið til svipaðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til.

Virðulegi forseti. Kannast þingheimur ekki við þessa nálgun frá öðrum lögum, nefnilega lögum um stjórn fiskveiða? Jú, það er viðurkennt samkvæmt frv. og lögum um stjórn fiskveiða að þjóðlendurnar séu almenningseign á sama hátt og fiskimiðin en nýtingarrétturinn á að fara til einstaklinga gegn vægu gjaldi, sem rennur til viðkomandi málaflokks, þ.e. til þjóðlendnanna sjálfra eða hins vegar til sjávarútvegsins. Ekki er litið á þetta sem grundvallarauðlindir þjóðarinnar sem þjóðin öll eigi að njóta afrakstursins beint. Þó að ríkisstjórnarflokkarnir viðurkenni með frv. að miðhálendið, þjóðlendurnar, eigi að vera sameign íslensku þjóðarinnar eins og þeir hafa formlega gert um fiskimiðin er augljóst hvers vegna Sjálfstfl. náði ekki saman með Alþfl. um þessi mál í síðustu ríkisstjórn því í raun er um grundvallarágreining að ræða. Grundvallarágreiningurinn felst m.a. í því hvernig á að fara með afrakstur af auðlindunum, af þjóðlendunum, þó að raunar sé mun skýrar tekið á því máli í frv. iðnrh. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem verður til umræðu á eftir. Þar er nefnilega skýrt kveðið á um hvernig á að fara með nýtingarrétt á auðlindum í jörðu á eignarlandi.

Ég verð, herra forseti, að leyfa mér að fara aðeins út fyrir frv., það er mjög erfitt að ræða það eitt og sér því að þessi mál hanga öll saman. Í frv. iðnrh. er gert ráð fyrir og að landeigendur eigi land alveg niður að miðpunkti jarðar og það er þá augljóslega stefna ríkisstjórnarinnar og þetta frv. breytir engu um það. Í frv. ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að ríkið og landsmenn allir njóti góðs af gjaldtöku af þessum auðlindum eins og gert er í frv. jafnaðarmanna og Kvennalista. Þar er hugsunin alveg skýr að almannahagsmunir séu ráðandi, að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Því eigi að taka auðlindagjald sem ásamt umhverfisköttum geti smám saman verið uppistaðan í skattheimtu á landsmenn og leyst hinn óréttmæta tekjuskatt einstaklinga smám saman af hólmi sem eina helstu tekjulind ríkisins.

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir beiðni forseta er mjög erfitt að ræða þetta mál eitt og sér því að þetta tengist mjög mörgum frv., bæði þeim sem hér liggja fyrir svo og lögunum um stjórn fiskveiða. Með frv. er forsrh. fengið mjög mikið vald, bæði til að skipa alla nefndarmenn í óbyggðanefnd og til að setja reglugerð um nýtingu þjóðlendna, samanber 4. gr. frv. Óbyggðanefnd er falið stórt hlutverk sem er þó útfært nokkuð vel í frv., samanber 7. gr. og síðan ýmsar greinar þar á eftir. Í frv. er þó mjög

óljóst hvaða reglur eiga að gilda um umhverfismat í kringum nýtingu á landi, vatni eða jarðhita innan þjóðlendanna. Ég spyr hvort það sé vegna þess að þarna eiga að gilda almenn lög um umhverfismat. Ég væri mjög ósátt við það. Eða hefur hreinlega gleymst að fjalla um þennan mikilvæga þátt í frv.? Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh. um þetta.

Ég get tekið undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að hér er að mörgu leyti um gott frv. að ræða og það er gott markmið að með þjóðlendufrv. er viðurkennt að ríkið eigi þau landsvæði sem eru til umræðu. Stóri vandinn er hins vegar sá að þetta virðist vera meira formleg viðurkenning en nokkuð annað, samanber við fiskveiðistjórnarlögin, og engan veginn er tryggt að hálendið verði skipulagslega á einni hendi, sem ég tel mjög mikilvægt, þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. félmrh. áðan.

Ekki er heldur tryggt að þjóðin njóti afrakstursins af þeim auðlindum sem í þjóðlendusvæðunum finnast og kemur þar tvennt til. Annars vegar er gefið til kynna að gjaldtaka af nýtingarleyfum verði mjög hógvær þar sem hún á fyrst og fremst að renna til uppbyggingar innan þjóðlendnanna og í öðru lagi má ætla að forræði sveitarfélaga verði til þess að hugsanleg aðstöðugjöld af virkjunum og öðru renni til einstakra sveitarfélaga en ekki til ríkisins.

Það sem ekki er síður athyglisvert er að umræðan er um margt á mjög svipuðum nótum og umræðan um forræði íslensku þjóðarinnar yfir fiskimiðunum. Þar á ég bæði við afstöðu stjórnarflokkana núv. annars vegar og þingflokka jafnaðarmanna og Kvennalista hins vegar eins og hún kemur fram í þeim frumvörpum sem hér liggja frammi og einnig við sérstöðu Alþb. í þessu máli sem um margt virðist svipa til sérstöðu þeirra varðandi lögin um stjórn fiskveiða. Sú afstaða til þessara mála sem fram kemur í frumvörpum jafnaðarmanna og Kvennalista samræmist að mestu því frv. sem nú er til umræðu um þjóðlendur, þ.e. þessu frv. sem nú er formlega eitt til umræðu, þó augljóslega verði að breyta 3. gr. varðandi forræði sveitarfélaganna og hugsuninni um gjaldtöku, ef þessi frv. eiga að samræmast.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en vil að lokum taka undir þá skoðun að mikilvægt er að öll þau mál sem nú liggja fyrir þinginu um málefni miðhálendisins verði rædd í þessari lotu, þ.e. að þau komist öll fljótlega á dagskrá þingsins og að einhver ein nefnd fái þau öll til umræðu til nauðsynlegrar samhæfingar, hvort sem það er ein af fastanefndum þingsins eða sérnefnd.

Við kvennalistakonur leggjum mikla áherslu á að miðhálendi landsins verði gert að friðlandi sem lúti sérstakri stjórn og sérstakri löggjöf með vernd náttúrunnar í fyrirrúmi og að hvers konar nýting og mannvirkjagerð verði háð ströngu mati og skilyrðum um umhverfisvernd. Miðhálendið á að vera sameign þjóðarinnar allrar, bæði í orði og á borði. Þjóðlendurnar eru ómetanleg auðlind sem ekki eiga að lúta ströngum sérhagsmunum. Þær á að vernda og nýta í þágu almannaheilla.

[13:03]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins út af nokkrum atriðum sem komu fram hjá hv. þm. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að þetta frv. trufli neitt mál er varðar aðstöðugjöld sveitarfélaga eins og nefnt var. Aðstöðugjöld sveitarfélaga voru lögð niður fyrir fáeinum árum og koma því ekki hér til kasta.

Í annan stað vil ég ítreka það að í meginatriðum eru menn að afmarka og ákvarða eignarréttarþáttinn sem vantað hefur á þessum svæðum sem hér eru til umræðu og sú ákvörðun breytir ekki neinu um sérlög sem lúta að skipulagsmálum, byggingarmálum, umhverfismálum eða öðrum slíkum þáttum þannig að þar stendur allt saman óbreytt og er ekki hróflað við því með þessu frv.

Í þriðja lagi tel ég ekki að neinn sérstakur samhljómur sé með þessu frv. sérstaklega og lögum um stjórn fiskveiða og átta mig ekki alveg á því af hverju það er dregið inn í myndina í svo ríkum mæli og hér er gert. Hér þurfti að leysa úr, af brýnni nauðsyn, spursmálum um eignarhald til þess að úrlausn gæti fengist í máli sem þau varðar. Engir slíkir þættir eru til staðar varðandi stjórnun fiskveiða þó að menn kunni að hafa sjónarmið uppi um það sem þeir kalla réttlætismál og þess háttar í því sambandi. Ég sé því ekki að menn eigi að fjalla um þessi tvö mál saman. Þau eiga fátt skylt.

[13:04]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka forsrh. fyrir að leiðrétta mig varðandi aðstöðugjöldin. En ég vil spyrja aftur hvort það sé rétt skilið hjá mér að hugsunin sé að þessi svæði lúti bara almennum lögum um umhverfismat og annað slíkt og að ekki sé nauðsynlegt að skilyrða leyfi til nýtingar eða rannsókna við það að áður verði að fara í umhverfismat eins og gert er ráð fyrir í frumvörpum jafnaðarmanna og Kvennalista.

[13:05]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Almenn lög um þá þætti sem þingmaðurinn nefndi munu standa óbreytt og möguleikar Alþingis til þess að setja víðtækari lög eða reglur um atriði sem snúa að skipulagsmálum, umhverfismálum, byggingarmálum og slíkum málum standa óbreyttir og óhaggaðir þrátt fyrir að þetta frv. yrði gert að lögum.

Eitt atriði í viðbót sem ég gleymdi að nefna áðan. Hv. þm. taldi nauðsynlegt að breyta 3. gr. frv. vegna frv. um sveitarstjórnarmál. Það er ekki nauðsynlegt. Það er þannig að hvernig sem menn mundu í frv. um sveitarstjórnarlög breyta reglum um afmörkun sveitarfélaga, þá mundi 3. gr. þessa frv. geta staðið óbreytt þess vegna. Ég er ekki að mæla með neinum breytingum á því frv. En kysu menn að gera það, þá hefði það engin áhrif á 3. gr. þessa frv.

[Fundarhlé. — 13:06]

[13:41]

**Útbýting þingskjals:**

Búfjárhald, 415. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 736.

[13:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Við erum að fjalla um stærsta mál þingsins í langan tíma, mál sem jafna má við mikilvægi sameignarákvæðis íslensku þjóðarinnar á auðlindum sjávar og sem hefur gífurlega þýðingu fyrir framtíð og komandi kynslóðir. Við erum í raun og sanni að fjalla um það hverjir eigi Ísland, svo mikilvægt er þetta mál fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar. Þess vegna er afar þýðingarmikið að vel sé til þessarar lagasetningar vandað og þannig að málum staðið að skýrt sé kveðið á um að hálendið og allt landsvæði utan eignarlands sé sameign íslensku þjóðarinnar. Því er það nokkur fingurbrjótur í annars mjög góðu frumvarpi sem er í samræmi við þau frumvörp sem við jafnaðarmenn höfum í marga áratugi

lagt fram um þetta efni, að í því eru ákvæði sem hafa þann tilgang að reyna að ná einhverri tengingu við fráleitt frv. hæstv. félmrh. sem gengur þvert á ákvæði þessa mikilvæga máls sem við ræðum hér.

Það er vissulega meginatriði í því frv. sem hér er til umfjöllunar að verið er að staðfesta eignarrétt þjóðarinnar á hálendinu þar sem helstu náttúruperlur landsins eru og auðlindir þjóðarinnar fyrirfinnast. Það er tímamótaákvörðun sem hér er tekin verði þetta frv. að lögum og stærsta ákvörðun þingsins um langan tíma. En það skiptir líka öllu máli hvernig stjórnsýslunni verður háttað á hálendinu og hvernig eigi að ákveða landnýtinguna. Eiga nokkur sveitarfélög að hafa stjórnsýsluréttinn og ráða landnýtingu og skipulagi á miðhálendinu sem er um 40% af öllu Íslandi, eða viljum við hafa aðra skipan þar á?

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. komi fljótlega í sal til að hlýða á mál mitt því ég hef nokkrar spurningar fram að færa.

(**Forseti** (StB): Hæstv. forsrh. er í húsinu og verður hér innan stundar.)

Með frv. um þjóðlendur er fyrst og fremst verið að ákvarða eignarrétt þjóðarinnar á hálendinu en ekki hver fari með stjórnsýsluna. Mér finnst afar mikilvægt að fyrir liggi í þessari umræðu hver sé skilningur hæstv. forsrh. varðandi stjórnsýsluna, þ.e. nú og ef frv. félmrh. verður samþykkt. Annars er ekki verið að ræða málið út frá réttum forsendum. Hæstv. félmrh. hefur haft þann ótrúlega skilning að staðan í dag sé þannig, eins og hann orðar það, að hér um bil allt hálendið skiptist í afrétti að undanteknum jöklum. Hæstv. félmrh. telur að stjórnsýsla sveitarfélaga og stjórnsýsluskyldur nái nú til alls landsins að undanteknum jöklunum. Ég tel afar mikilvægt að hæstv. forsrh. svari því hvort hann sé sammála hæstv. félmrh., að stjórnsýslan nái nú til alls landsins að jöklum undanteknum.

Ég hef nokkrar spurningar fram að færa við hæstv. forsrh. Því miður gat ég ekki verið við umræðuna síðari hluta þessa morguns og ég vona að ég sé ekki að endurtaka spurningar sem hæstv. forsrh. hefur fengið áður. Ef svo er vil ég biðja hann um að virða mér það til betri vegar.

Í sveitarstjórnarlögum og breytingum sem urðu á þeim 1986 um afrétti segir, með leyfi forseta:

„Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags."

Með þessu ákvæði má segja að stjórnsýslan nái til afrétta. En það er auðvitað fjarstæða sem félmrh. heldur fram, að afréttir nái til alls hálendisins og óbyggða. Stór landsvæði teljast ekki til afrétta. Varla telst Ódáðahraun sem er 8.000 km svæði, til afréttar eða þá Sprengisandur. Og þó heldur ráðherrann því blákalt fram úr ræðustól að hér um bil allt hálendið skiptist í afrétti að undanteknum jöklum og því hafi sveitarstjórnir nú þegar stjórnsýsluvald á öllu landinu að undanskildum jöklum. Um þetta vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort hann sé þessu sammála. Það er brýnt að fá fram skoðun ráðherrans á þessu og hvort hann sé sammála því að stjórnsýsluvald sveitarfélaganna nái nú þegar til alls landsins nema jöklanna.

Einnig vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji eðlilegt að sveitarstjórnirnar fái stjórnsýsluvald og þar með ákvarðanir um landnýtingar- og skipulagsvald á landinu öllu og þar með talið hálendinu og jöklunum sem hæstv. félmrh. heldur fram að sé það eina sem nú er undanskilið stjórnsýsluvaldi sveitarfélaganna en jöklunum vill hann nú ná undir stjórnsýslu þeirra. Ég spyr að gefnu tilefni vegna orða hæstv. forsrh. við umræðuna fyrir jól um frv. hæstv. félmrh. þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er rétt að taka fram þannig að það sé ekki misskilið að þjóðlendufrv. byggir á því að landinu öllu sé skipt í sveitarfélög ..."

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvað hann meinar með þeim orðum að þjóðlendufrv. byggi á því að landinu sé öllu skipt í sveitarfélög. Það hafa ýmsir orðið til að gagnrýna það mjög að fela stjórnsýslu- og skipulagsmál á hálendinu örfáum sveitarfélögum. Vandamálin við það geta orðið margvísleg og nefni ég, með leyfi forseta, athyglisverða ábendingu frá orkumálastjóra sem fram kom í Morgunblaðinu 9. janúar sl. Hann bendir m.a. á í athugasemd sinni, að ef stjórnsýsla og skipulagsmál á hálendinu verði í umsjá þeirra 50 hreppa sem liggja að hálendinu, sé viðbúið að sama virkjunarmannvirkið tilheyri mismunandi, hreppum: stöðvarhús í einum, stíflur og lón í öðrum og línulagnir og aðkomuvegir í enn öðrum. Hagsmunir þessara sveitarfélaga muni rekast á því opinber gjöld, einkum fasteignaskattar, miðist við þann hrepp þar sem stöðvarhúsið er. Þetta bjóði þeirri hættu heim að virkjunaraðili hljóti mjög misjafnar undirtektir í mismunandi hreppum með tilheyrandi deilum og tilkostnaði við sættir.

Ég teldi það mikið slys ef frv. hæstv. félmrh. nær fram að ganga en með því yrði sveitarfélögum sem liggja að hálendinu falið stjórnsýsluvald yfir hálendinu en með því fengju nokkur sveitarfélög allt framkvæmdarvald og ákvörðun um nýtingu á miðhálendinu sem telst vera 40% af öllu landinu jafnvel þó staðfest væri með lögum að miðhálendið væri sameign allrar þjóðarinnar. Með því værum við í raun að taka sömu stefnuna og orðið hefur með fiskinn í sjónum, að jafnvel þótt hann sé sameign allrar þjóðarinnar, þá hafa örfáir sægreifar ráðstöfunarrétt yfir honum og selja síðan nýliðum aðgang að fiskimiðunum. Svipar þetta ekki í raun og sanni til þess sem getur gerst varðandi landið ef frv. hæstv. félmrh. nær fram að ganga? Erum við ekki þrátt fyrir lög um að miðhálendið sé sameign þjóðarinnar að fela 3–4% landsmanna vald og ákvörðun um nýtingu yfir svæði sem nær yfir hálft Ísland? Gætu þau 40 sveitarfélög þá ekki, ef þau hefðu stjórnsýsluna á sinni hendi, tekið ákvörðun um að taka upp gjald eða aðgangseyri að einhverjum náttúruperlum þjóðarinnar á hálendinu? — svo ég reyni að draga upp samlíkingu með því sem gerst hefur með sameign okkar á fiskimiðunum þegar þeir sem hafa heimildirnar selja nýliðunum aðgang að auðlindum sjávar, sem við skulum ekki útiloka að geti orðið ef hið stórvarasama frv. félmrh. nær fram að ganga.

Grundvallaratriðið er auðvitað að hálendið verði með lögum lýst sem sameign þjóðarinnar en það skiptir líka máli í höndum hvaða stjórnsýsluvalds stjórnsýslan er og hvað sé lagt til grundvallar í ákvörðun um landnýtingu. Það er ekki vafi í mínum huga að stjórnsýslan á hálendinu á að vera í höndum ríkisvaldsins en ekki örfárra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu því að skipulag hálendisins skiptir alla íbúa landsins máli en ekki bara þá sem búa í nálægð við hálendið. Það er vissulega eitthvað sem ekki er óumbreytanlegt eða endilega rétt að stjórnsýslan á afréttum eigi að vera í höndum sveitarfélaganna þó ákvæði sveitarstjórnarlaga frá 1986 kveði á um slíkan stjórnsýslulegan rétt sveitarfélaga. Það er ekki sjálfgefið að réttasta og eðlilegasta skipulagið sé að stjórnsýslan á afréttum sé í höndum sveitarfélaga þó þau hefðu þar áfram beitarrétt. En aðalatriðið er nú hvernig við viljum haga stjórnsýslunni á hálendinu og hvaða forsend-

ur eigi að liggja til grundvallar við ákvörðun landnýtingar. Kannski þurfum við einfaldlega að átta okkur á því hvort við höfum markað þá framtíðarstefnumótum í stórum málaflokkum eins og orkumálum, umhverfismálum, ferðamálum og samgöngumálum á hálendinu, sem að mínu mati þurfa að liggja til grundvallar þegar við skipuleggjum hálendið. Og einnig hitt: Liggur eitthvað á að ákvarða hvernig við viljum haga stjórnsýslunni á svæðinu eða er nauðsynlegt að ákvarða hér og nú samhliða því að við setjum á lögbókina að hálendið sé sameign þjóðarinnar, hver fari þá með stjórnsýsluvald?

Fari mál svo að þau umdeildu ákvæði í frv. félmrh. nái ekki fram að ganga, þá er ekki að óbreyttu þjóðlendufrv. verið að ákveða hver fari með stjórnsýsluvald á hálendinu eða ákvörðun um landnýtingu þar en spurningin er líka sú hvort eitthvað liggi á að ákveða hver fari þar með stjórnsýsluvald. Við getum auðvitað velt fyrir okkur hvort rétt sé að ráðast í skipulagningu á hálendinu áður en við höfum markað okkur stefnu í stórum málaflokkum, hvernig við viljum haga nýtingar- og verndarsjónarmiðum á hálendinu, hvernig við viljum marka stefnu í ferðamálum til framtíðar o.s.frv. Við hljótum að leggja mikla áherslu á náttúruverndarsjónarmið og umhverfisvernd á hálendinu. Þar er einnig að finna helstu vatnsaflsvirkjunarkosti landsmanna og um það þarf að nást víðtæk sátt hvernig við finnum jafnvægi milli nýtingar- og verndarsjónarmiða á hálendinu. Örfá sveitarfélög sem hagsmuna hafa að gæta geta því ekki og eiga ekki að hafa rétt til að ráða því hvernig við skipuleggjum og nýtum hálendið. Ég tel að skynsamlegra væri að taka þessi mál í réttri röð, samþykkja frv. forsrh. sem sennilega þarf að taka breytingum, a.m.k. ef frv. hæstv. félmrh. nær ekki fram að ganga, og setja á grundvelli þess í gang vinnu svokallaðrar óbyggðanefndar sem hefur það hlutverk að úrskurða um eignarrétt innan þjóðlendna, að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra eignarlanda og skera úr um mörk þess hluta þjóðlendna sem nýtt eru sem afréttur. Þeirri vinnu á að vera lokið 2005. Að því loknu væri hægara að ráðast í framtíðarskipulag miðhálendisins Íslands þegar búið er að skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Á þeim tíma hefði Alþingi mótað framtíðarstefnu í stórum málaflokkum sem þarf að liggja til grundvallar skipulagi á hálendinu eins og í orkunýtingar-, umhverfis- og náttúru- og ferðamálum og hvernig við viljum haga stjórnsýslunni á svæðinu og ákvörðun um landnýtingu.

Ef nú er talið nauðsynlegt að fyrir liggi ákvörðun þingsins um hver hafi stjórnsýsluvald yfir miðhálendinu mætti út af fyrir sig gera það í frv. um þjóðlendur og tel ég vel koma til álita tillögu þá sem fram kom árið 1991 sem margir gagnrýndu þá, um að miðhálendi Íslands væri sérstakt umdæmi og sérstök samráðsnefnd undir forsæti forsrh. færi með stjórnsýsluvald þar. Ég vil í þessu sambandi vitna í þá vinnu sem fram hefur farið um framtíðarskipulag miðhálendisins sem unnin hefur verið á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða um breytingu á skipulagslögum sem varð að lögum 1993. Vissulega hefur farið fram mjög gagnleg vinna í þeirri samvinnunefnd sem skipuð var á sínum tíma til að gera tillögur um skipulag miðhálendisins en a.m.k. sums staðar virðist gæta misskilnings í því að með þessu ákvæði hafi verið tekin ákvörðun um hver fari með stjórnsýsluvald á miðhálendinu og um það hefur ekki verið tekin ákvörðun. Aftur á móti mundi frv. félmrh. ákvarða stjórnsýsluna á miðhálendinu og skjóta um leið lagastoð undir tillögur þær sem nú liggja fyrir um skipulag miðhálendisins sem ég teldi vera stórslys. Þar með væri í reynd tekin úr höndum þingsins stefnumótun í stórum málaflokkum sem ákvarðanir um landnýtingu á miðhálendinu ættu að byggja á en stefnumótun í þeim málaflokkum væri í veigamiklum atriðum tekin af þeim aðilum sem að þessum skipulagstillögum hafa unnið sem síðan yrði staðfest af ráðherra. Vil ég í þessu sambandi vitna í grein í Morgunblaðinu eftir Trausta Valsson. En þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Nefndinni hefur verið leyft að búa til nýja orkumála-, samgöngu-, ferðamála- og verndunarstefnu" — þegar hann vísar í tillögur miðhálendisnefndar. Og reyndar hefur verið á það bent að samvinnunefndin hafi farið út fyrir það valdsvið sem markað var með ákvæði til bráðabirgða. Um það segir Trausti Valsson, með leyfi forseta:

„Það er ekkert minnst á að lögsöguréttur og uppskipting hálendisins eigi að fylgja í kjölfarið. Samt sem áður hafa skipulagsyfirvöld og umhvrn. leyft nefndinni að gera slíka uppskiptingu að nánast forsendu og á þessu sama tímabili hleypt af stokkunum aðal- og svæðisskipulögum sem ganga út frá því að land ofan markalínunnar verði með fullvissum hætti aukið við lögsagnarumdæmi viðkomandi byggða. Bráðabirgðaákvæði hefur ekki veitt leyfi til skipulagsstarfsins heldur það að nefndin og skipulagsyfirvöld skyldu túlka þetta ákvæði sem ákvörðun Alþingis um að skipta miðhálendinu milli aðliggjandi sveitarfélaga."

Tillögur þær sem nú liggja fyrir um skipulag miðhálendisins hafa verið töluvert gagnrýndar m.a. fyrir það sem ég áðan nefndi og að ekki liggi fyrir framtíðarstefnumótun í stórum málaflokkum sem skipulag hálendisins þurfi að taka mið af. Það er ástæða til að taka undir þá gagnrýni. Það sem vakti athygli mína á ráðstefnu sem haldin var í september um tillögu um skipulag miðhálendisins var að í raun er undir það tekið af skipulagsstjóra sem sagði eftirfarandi á ráðstefnunni, með leyfi forseta:

„Auðvitað má segja sem svo að áður en ráðist var í gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið hefði átt að gera fimm ára áætlun um víðtækar rannsóknir á svæðinu. Að þeim loknum hefði ríkisstjórnin átt að marka stefnu í landnotkun og landnýtingu ýmissa málaflokka. Þegar sú stefna hefði legið fyrir hefði þurft að gera landsskipulag sem næði til landsins alls þar sem mörkuð hefði verið stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Að því loknu hefði þurft að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega skiptingu alls landsins og í kjölfar þess að setja lög um eignarhald á afréttum og almenningum."

Þarna er skipulagsstjóri raunverulega að segja að rangt hafi verið farið að og við förum ekki í réttri röð í þetta mál eins og ég hef lýst. Ég held að það væri gagnlegt, herra forseti, að átta sig á því hvernig við förum í þessar ákvarðanir og vinnu til að við stöndum ekki fyrr en síðar frammi fyrir skipulagsslysi sem ekki verður úr bætt.

Ég vil í lokin nefna tvö eða þrjú atriði í frv. forsrh. um þjóðlendur sem ég tel að þurfi e.t.v. sérstakrar skoðunar við. Ég nefni þar 2. mgr. 3. gr. sem kveður á um að leyfi forsrh. þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu og að heimilt sé ráðherra að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum. Hvað felur þessi grein í sér? Er hætta á að Alþingi sé að framselja of mikið vald til framkvæmdarvaldsins? Þessi ábending er einungis sett fram til þess að það sé athugað sérstaklega.

Ég velti líka fyrir mér ákvæði sömu greinar um að tekjur af leyfum til nýtingar lands skuli vera í höndum forsrh. án nokkurra afskipta eða atbeina þingsins. Hér gæti verið um umtalsverðar tekjur að ræða sem forsrh. hefur einn ákvörðunarvald um þó að hann eigi að leita tillagna frá sérstakri samstarfsnefnd samkvæmt 4. gr. frv.

Ég bendi einnig á 19. gr. frv. þar sem segir að sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skuli höfða mál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess. Þarf ekki að athuga hvort hér sé um óeðlilega skamman frest að ræða?

Að lokum bendi ég á ákvæði 6. gr. um skipan óbyggðanefndar.

Í fyrsta lagi. Er það rétt að skipan þessarar nefndar sé alfarið í höndum forsrh.?

*Í öðru lagi. Felur ákvæðið um að nefndarmennirnir þrír* skuli fullnægja skilyrði til að gegna embætti héraðsdómara, að starfandi héraðsdómrarar gætu verið skipaðir í þá nefnd sem hefur úrskurðarvald sem hægt er að skjóta til dómstóla þar sem sömu dómarar eiga kannski sæti? Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji rétt að starfandi héraðsdómarar eigi sæti í slíkri nefnd. Þó að áskilið sé að þeir skuli fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara, þarf þá ekki að segja að þeir séu starfandi héraðsdómarar? Hver er skoðun hæstv. forsrh. á því að starfandi héraðsdómarar taki sæti í nefnd sem hefur úrskurðarvald í málum sem hugsanlega eiga eftir að fara fyrir dómstólana?

Herra forseti. Það skulu vera mín lokaorð að gífurlega mikilvægt er og miklir hagsmunir eru í húfi fyrir framtíð þjóðarinnar að vel takist til með landnýtingu á hálendinu og þar megum við ekki rasa um ráð fram.

[13:59]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er snýr að hæfi þeirra sem mega skipa sæti í óbyggðanefndinni, þá er það skýrt í greinargerðinni hvers vegna þessi hæfisskilyrði eru gerð. Að öðru leyti mundu slíkir aðilar lúta almennum vanhæfisreglum þannig að ef þeir tækju þátt í meðferð mála eru þeir vanhæfir til að taka þátt í framgangi málsins ef það gengi síðan til dómstóla síðar.

Vegna þess sem hv. þm. vék síðan að í 2. mgr. 3. gr., þá svarar hún því vandamáli sem orkumálastjóri virðist hafa haft áhyggjur af. Hv. þm. nefndi það og reyndar nefndi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson áður að tugir sveitarfélaga þyrftu að koma að málum þegar þannig stæði á. Þessi grein setur undir þann leka og tryggir að slík mál gætu fengið framgang án þess að lenda í misvísandi niðurstöðum hinna fjölmörgu sveitarfélaga.

Í þriðja lagi er spurt um atriði sem reyndar tilheyra frekar umræðunni um sveitarstjórnarfrv. Spurt er um hvort það sé rétt mat hjá hæstv. félmrh. að nú þegar liggi fyrir mörkun á stjórnsýslu sveitarfélaga á meginhluta landsins ef frá eru taldir jöklar og hugsanlega einhver svæði án afréttarskilyrða vegna nýtingarleysis um áratuga skeið. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að sú regla sem sett var í lög með lögum 52/1972 tekur af öll tvímæli um þetta efni. Hæstv. félmrh. fer því vissulega með rétt mál í þeim efnum. Menn verða að átta sig á því að frv. um þjóðlendur er í raun ekkert bundið af þessum þætti. Ef þingið kysi nú eða síðar að koma sveitarstjórnarskipuninni og takmörkununum fyrir með öðrum hætti, þá mundi það ekki hafa nein áhrif á þjóðlendufrv. eða þjóðlendulög. Þjóðlendufrv. byggir hins vegar á því að sveitarstjórnarlegt vald sé til staðar á svæðinu og við höfum lagt áherslu á það.

[14:02]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Varðandi óbyggðanefndina er ljóst að héraðsdómarar lúta almennum vanhæfisreglum ef þeir eiga sæti í nefndinni og ættu síðan að dæma í málefnum sem fara til dómstólanna. Ég held að við ættum að reyna að framfylgja þeirri reglu að héraðsdómarar sitji ekki í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins sem hafi úrskurðarvald.

En það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan veldur mér vissulega vonbrigðum. Ég túlka orð hans svo að hann telji ekkert athugavert við að sveitarfélögin hafi stjórnsýsluvald á öllu miðhálendinu. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er það hans skoðun, ef frv. félmrh. verður samþykkt og þjóðlendufrv., að þá hafi ráðherrar rétt og geti staðfest það skipulag sem núna er í vinnslu og á lokastigi varðandi miðhálendið? Ég hef gagnrýnt það hér og teldi stórslys í þessu máli að fara út í skipulag á miðhálendinu án þess að fyrir liggi stefnumótun í stórum málaflokkum eins og ég nefndi hér áðan. Spurningar mínar til forsrh. eru því þessar:

Telur hann að ef frv. félmrh. nær fram að ganga, þá hafi Alþingi gefið ráðherrum umboð og það skipulag sem nú liggur fyrir og verið er að vinna varðandi hálendið hafi þar með fengið lagastoð?

[14:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú regla sem ég vitnaði til og kom inn í lögin 1972 hljóðar þannig:

„Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli heyra sker félmrn. úr."

Í dag hljómar þessi klásúla svona:

„Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr."

Þetta er eins og félmrh. hefur skýrt það og hans skilningur á því er réttur. Ég ætla ekki að fara að skera úr um einstök önnur atriði en ég bendi á að þeir þættir sem þurfa að vera til staðar með sveitarstjórnarlegu valdi eftir að lögin liggja fyrir, verða þá til staðar. Ég ítreka á nýjan leik að það er áfram hægt, þrátt fyrir þjóðlendufrv., að skipa sveitarlegu þáttunum hvernig sem menn vilja. Menn gætu til að mynda, þjóðlendufrv. breytir því ekkert, tekið allan skipulagsþáttinn undan. Það höfum við gert áður. Það höfum við gert t.d. varðandi varnarsvæðið í Keflavík. Þar eru svæði tekin undan, óháð því hvernig því er almennt skipað í landinu.

[14:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. hefur ekki svarað þeirri lykilspurningu sem ég beindi til hans: Með samþykki frv. forsrh. sem kveður á að stjórnsýslan á miðhálendinu skuli vera í höndum sveitarfélaga, munu þá tillögur sem nú liggja fyrir um miðhálendið fá lagastoð? Getur ráðherra staðfest það skipulag? Erum við þar með að samþykkja

skipulag á miðhálendinu sem ekki byggir á stefnumörkun Alþingis í ferðamálum, orkumálum, samgöngumálum eða umhverfismálum? Eru þá nokkrir aðilar sem að miðhálendistillögu þessari hafa staðið að marka stefnu til framtíðar í þessum málaflokki?

[14:06]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef áhyggjur af því hvernig hv. þm. Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna réttara sagt koma inn í þessa umræðu að því er varðar skipulagsmál miðhálendisins. Það er satt að segja með ólíkindum en hv. þm. virðast ætla sér að stöðva framgang þessa frv. eða vinnu að þessu frv. með vísan til þess að ekki hafi verið unnið að skipulagsmálum miðhálendisins eins og þeim þykir rétt vera. Ég veit ekki betur en hv. síðasti ræðumaður hafi verið ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem bar fram stjórnarfrv. um breytingu á skipulagslögum sem er grundvöllurinn að þeirri vinnu sem síðan hefur farið fram. Það gekk síðan inn í skipulagslöggjöfina, löggjöf um skipulag- og byggingarmál, sem allir viðstaddir alþm. samþykktu hér sl. vor og e.t.v. viðkomandi þingmaður líka.

Hv. þm. ætti að kynna sér þá greinargerð sem ráðherra Alþfl. lagði fram með þessari tillögu þar sem þetta er beinlínis rökstutt með því að ekki hafi verið hljómgrunnur fyrir þeirri tillögu sem upphaflega var lögð fyrir. Ég var m.a. einn af meðhöfundum þeirrar tillögu um sérstakt stjórnsýslusvæði. En vegna þess að það fékk ekki hljómgrunn var brugðið á annað ráð og síðan hefur verið unnið samkvæmt því.

Ætli það sé skynsamlegt, virðulegur forseti, að hverfa frá því vinnuferli sem hefur verið í gangi og setja þau mál í uppnám, hver veit í hve langan tíma, vegna þess að menn kjósi að í fortíðinni hefði verið unnið með allt öðrum hætti, rannsóknarvinnu o.s.frv? Af hverju lagði Alþfl., ráðherrar hans og þingmenn, það ekki til á sínum tíma? Hvaða samhengi er hér á milli orða og athafna? Þetta er ekki boðlegt, virðulegur forseti.

[14:09]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að síðasti ræðumaður hafi fylgst með þeirri umræðu sem fram hefur farið hér í morgun. Við erum svo sannarlega ekki að stöðva framkvæmd þess frv. sem hér er til umræðu. Við höfum þvert á móti lýst stuðningi við frv. En við höfum gagnrýnt frv. félmrh. með réttu. Og af því að vísað hefur verið í ákvæði til bráðabirgða varðandi samvinnunefndina þá vil ég undirstrika að með því var ekki tekin ákvörðun um stjórnsýsluvald á miðhálendinu. Ég vil líka vitna í það sem fram kemur í frv. til laga sem Eiður Guðnason, þáv. umhvrh., flutti um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Til þess að bæta úr því ástandi sem nú er í skipulags- og byggingarmálum kom fram fyrir nokkru sú hugmynd að framlengja mörk sveitarfélaga sem að hálendinu liggja þannig að landinu yrði öllu skipt í sveitarfélög. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf" stendur hér. Það hefur varla verið skoðun hæstv. umhvrh. þá að rétt væri að hafa stjórnsýsluvaldið allt í höndum sveitarfélaga.

Og mér heyrist, og það veldur mér miklum áhyggjum, af orðum síðasta ræðumanns að hann sé sammála því að hæstv. félmrh. fái lagastoð til að samþykkja það stórslys sem þær tillögur sem nú liggja fyrir um miðhálendið eru. Er síðasti ræðumaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að leggja blessun sína yfir þessa tillögu? Ég gat ekki heyrt betur á hans orðum.

[14:11]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er allt í graut hjá hv. þm. jafnaðarmanna hér í þessari umræðu og ekki síst hjá síðasta hv. ræðumanni. Hver lagði lagagrunninn að þeirri vinnu sem fram hefur farið varðandi skipulag miðhálendisins? Það var Alþingi allt að frumkvæði Alþfl., þingmanna hans og ráðherra. Þar sem vísað hefur verið til frv. félmrh. sem hefur komið með vissa leiðréttingu á sínum gjörningi, þá breytir það ekki því að landið er skipulagsskylt. Viðstaddir þingmenn jafnaðarmanna lögðu blessun sína yfir það sl. vor að áframhaldandi vinna að málinu yrði felld að þeim skipulags- og byggingarlögum sem þá voru samþykkt. Það samþykktu menn.

Það er bara allt annað mál hvort ég er samþykkur þessu skipulagi í hólf og gólf. Ég get upplýst hv. þm. um það að ég skilaði athugasemdum við skipulagið á tíu blaðsíðum samkvæmt auglýstum fresti. Ég veit ekki hvað hv. þm. hefur gert. Auðvitað þarf að gaumgæfa gjörninginn en það má ekki rugla öllu saman og tefla mjög þýðingarmiklum málum í tvísýnu, út af einhverjum áróðursbrögðum. Auðvitað er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en ómerkilegan áróður þingmanna. Nema mönnum hafi svo snarsnúist hugur, þeir hafi kannski umpólast. Það væri verkefni fyrir þá sem hafa farið á pólinn að kanna sérstaklega hvort að þingflokkurinn hafi umpólast síðan sl. vor. Það kann að vera. En þetta er alveg með ólíkindum.

Af hverju flytur þingmaðurinn ekki brtt. um skipulagslög. Það kæmi vel til greina og þannig væri gætt fyllstu samkvæmni í sambandi við skipulagstök á miðhálendinu. Ég er þeirrar skoðunar að það þyrfti að gera. Það þyrfti að styrkja ákvæði skipulagslaga og ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að skoða það.

[14:13]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvers vegna hv. þm. er svona hornóttur. Eina skýringin sem ég hef á því er að sameiningarferli jafnaðarmanna er á miklum skriði og ég las grein hans í morgun sem kannski er einhver skýring á þessu. En auðvitað veit ég að hv. þm. hlýtur að athuguðu máli að styðja okkur jafnaðarmenn í að stöðva frv. félmrh. enda hefur hann sjálfur gert athugasemdir á tíu blaðsíðum við þær tillögur sem liggja fyrir að miðhálendisskipulagi. Auðvitað verður það stórslys ef frv. félmrh. verður til þess að framkvæmdarvaldið geti bara samþykkt þessar tillögur. Og að nokkrir aðilar sem að þessu skipulagi standa marki stefnu fyrir Alþingi í stórum málaflokkum eins og uhverfismálum sem ég veit að hv. þm. vill hafa áhrif á, náttúruverndarmálum, samgöngumálum, orkumálum o.s.frv. Auðvitað verður það raunin ef við samþykkjum þetta frv. félmrh. Ég er ekki viss um að allir hv. þm. hafi áttað sig á því hvaða stórslys yrði ef við samþykktum frv. hæstv. félmrh. Og það er lykilatriðið í þessu máli.

[14:15]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég kvaddi mér hljóðs um fundarstjórn forseta vil ég taka fram að fundarstjórn forseta er með hreinum ágætum. En mér finnst ástæða til að óska eftir við þessar aðstæður að yfirmaður skipulagsmála, þ.e. hæstv. umhvrh., verði viðstaddur umræðuna. Það er mjög eðlilegt

því að margir hv. þm. koma einmitt inn á skipulagsmálin á hálendi Íslands og að sjálfsögðu er það fyrst og fremst hæstv. umhvrh. sem er fær um að svara þeim spurningum um fyrirætlanir sínar sem hér hafa verið bornar fram. Ég vil því óska eftir því við virðulegan forseta að hann geri ráðstafanir til þess að hæstv. umhvrh. geti verið við umræðurnar. Í ræðu minni síðar í dag ætla ég að beina sérstökum spurningum til hans þannig að tilefnið er nægilegt.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir vegna þessara óska sem hafa komið fram.)

[14:16]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef staðið í þeirri trú að hér væri verið að ræða frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ég óska eftir að forseti upplýsi hvort að svo er eða hvort hér hafi verið ákveðið að ræða mörg frv. samtímis og m.a. frumvörp sem búið er að vísa til nefndar, því ef svo er þarf ég í það minnsta að leita að fleiri gögnum en þeim sem eru á borðinu hjá mér. Mér finnst með ólíkindum að hlusta margsinnis á það úr ræðustól að það sé stórslys ef eitthvert frv. sem félmrh. flytur verði samþykkt, þegar verið er að fjalla um frv. sem forsrh. flytur, nema líka sé farið að blanda saman þeim embættum.

(**Forseti** (StB): Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa að 2. dagskrármálið er til umræðu, þ.e. þjóðlendur, sem er stjfrv. og hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir hér á þessum degi.)

[14:17]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á því sem fram hefur komið, bæði í mínu máli og annarra hér, að frv. forsrh. og frv. félmrh. tengjast með ákveðnum hætti. En ég skil mætavel að framsóknarmönnum líði illa þegar verið er að rifja upp innihaldið í frv. hæstv. félmrh.

[14:18]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að minna á að það var hæstv. félmrh. sjálfur sem kvaddi sér hljóðs næstur á eftir forsrh. og hóf umræðu um tillögu sem hann ætlar að biðja félmn. að flytja við annað frumvarp, frv. til sveitarstjórnarlaga. Þannig að hafi einhver leitt það mál inn í umræðu á Alþingi var það hæstv. félmrh. sem hafði að því frumkvæði.

[14:18]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að hafa úrskurðað um það hvaða mál er á dagskrá. Það var mjög þarft að fá það á hreint. Jafnframt vænti ég þess að forseti sjái til þess að það mál fáist rætt áður en önnur mál eru tekin á dagskrá.

[14:19]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi segja að ég tel að það sé afar erfitt að ræða einungis um þetta dagskrármál. Það er alveg rétt sem hefur komið fram áður, að önnur mál tengjast þessu frv. sem er sérstaklega á dagskránni núna, enda held ég að nánast allir sem ræddu það í morgun hafi farið ofan í fleiri mál en einungis þjóðlendufrv. Ég vil byrja á því að segja að við tökum, að mínu mati, mjög jákvæð skref með þessu frv.

Hæstiréttur hefur ítrekað beðið um að sett verði skýr lög til að taka á eignarrétti á miðhálendinu. Mig langar, virðulegur forseti, að lesa aðeins upp úr grg. með frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar er tekið fram að í málinu leiti stjórnvald, fjármálaráðherra, dómsviðurkenningar á beinum eignarrétti ríkisins á Landmannaafrétti og síðan segir:

„Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið.““

Í grg. er verið vísa í dóm Hæstaréttar en hann hefur dæmt þannig að hvorki ríkið né sveitarfélögin ættu Landmannaafrétt, þ.e. enginn átti Landmannaafrétt. Það er að sjálfsögðu óviðunandi að búa við slíkt lagaumhverfi að menn viti ekki hverjir eigi ákveðin landsvæði. Í Noregi er þetta öðruvísi. Þar hefur það tíðkast að það sem einstaklingar eiga ekki og geta ekki fært sönnur á að þeir eigi, það á kóngurinn. Hérna erum við að færa málin í þann búning að ríkið á, samkvæmt þjóðlendufrv., það land sem enginn getur fært sönnur á að hann eigi og að hæstv. forsrh. fer með eignarréttinn fyrir hönd þjóðarinnar.

Samkvæmt frv. á óbyggðanefnd að úrskurða um það hver eigi viðkomandi landsvæði og kemur mjög skýrt fram í 8. gr. frv. hvernig fara eigi með slík mál. Þar segir að óbyggðanefnd eigi að taka að eigin frumkvæði til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2007. Þannig að þessu ferli á að ljúka árið 2007 og þá eiga landsmenn að vita nákvæmlega hvaða landsvæði eru þjóðlendur. Þeir einstaklingar sem telja sig eiga rétt á landi á miðhálendinu eiga að fara fyrir nefndina og sýna heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á. Óbyggðanefnd getur líka haft frumkvæði að því að afla sér gagna sem hún telur að skipti máli. Síðan getur óbyggðanefnd einnig heimilað að fram fari munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni. Hér er því um að ræða mikið ferli og þetta ferli virkar á mig sem frekar vandað og ég get ekki séð hvernig þessi málsmeðferð getur orðið betri. Ég er því mjög ánægð með hvernig þetta er sett upp í frv.

Flestir sem hafa skoðað þetta mál telja að eftir þetta ferli muni þjóðin eignast umfangsmikil svæði sem eru á miðhálendinu þannig að við erum að horfa fram á þá daga að uppi á miðhálendinu verði umfangsmikil svæði kölluð þjóðlendur.

Mig langar til að koma inn á nokkur önnur mál sem tengjast þjóðlendufrv. Þó að ég viti að hæstv. forsrh. var frekar að falast eftir því að menn héldu sig einungis við þjóðlendufrv., tel ég mér það varla unnt. Ég tek fram að þetta eru allt stjfrv. Í fyrsta lagi vil ég ítreka skoðun mína á sveitarfélagafrv. okkar, þ.e. 1. gr. þar sem á að skipta öllu miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna, þar á meðal jöklum og öðrum svæðum, þannig að sveitarfélögin fara með málefni þessara svæða. Þetta er að mínu mati röng aðferð vegna eðlis miðhálendisins og ég gerði ítarlega grein fyrir því í fyrri ræðu minni þegar frv. um sveitarfélögin var til umræðu. Ég tel miklu æskilegra að miðhálendið sé eitt sérstakt stjórnsýslusvæði, sérstaklega hvað varðar skipulags- og byggingarmál. Ég hef mestar áhyggjur af því. Ég tel að hægt sé að finna út slíkt svæði. Það má t.d. draga línu milli heimalanda og

afrétta sem í stórum dráttum er sú lína, að mér skilst, sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins vinnur eftir. Þannig að við erum komin með svæði á miðhálendinu sem hægt væri að skoða sem eitt stjórnsýslusvæði.

Inn í þessar umræður hefur tvinnast mikið karp á milli Alþb. og Alþfl. vegna þessarar svæðisnefndar, samvinnunefndar um skipulag miðhálendisins. Ég skal nú ekki segja hvort þetta er forleikurinn að sameiningu þessara flokka en þetta karp hefur tekið á sig ýmsar myndir í dag. Það er mitt mat, eftir að hafa skoðað öll gögn sem ég hef komist yfir í þessu máli, að Alþfl. var í afar þröngri stöðu á sínum tíma. Hann vildi gera allt miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði, eins og hér hefur komið fram hjá fulltrúum Alþb. líka. Því var hafnað í þinginu og þá var staðan (Gripið fram í.) afar þröng, að mínu mati. Alla vega var staðan afar þröng í þinginu og ólíklegt að það mál næði fram að ganga og þá var spurning hvað átti að gera. Þannig að ég býst við því að Alþfl. hafi hugsað sem svo: „Það er skárra að fara þessa leið, þ.e. að skipa svæðisnefnd um skipulagsmál miðhálendisins, en að gera ekki neitt vegna þess að skipulagsmál miðhálendisins hafa verið í algjörum lamasessi. Þar hafa risið um 400 byggingar án þess að þar hafi verið skipulagt neitt sérstaklega." Þetta held ég að sé forsagan.

Ég tel að þetta eina stjórnsýslusvæði sem ég sé fyrir mér á miðhálendinu gæti t.d. fallið undir samstarfsnefndina sem getið er um í 4. gr. þjóðlendufrv. og á að fara með málefni þjóðlendna á vegum forsrh. Það má líka hugsa sé aðrar útfærslur, að þetta stjórnsýslusvæði falli undir umhvrh. eða einhverja nefnd tengda honum. Einnig má hugsa sér að slík nefnd væri vistuð hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

En gott og vel. Ég sé að ekki er vilji til að fara þessa leið samkvæmt stjfrv. þannig að ég hef skoðað aðra leið sem mér finnst koma vel til greina að fara. Það er að skipta miðhálendinu á milli sveitarfélaganna eins og nú er búið að ákveða með frv. en taka skipulags- og byggingarmál sérstaklega út fyrir sviga eins og er gert í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga, en þar eru varnarsvæðin í Keflavík tekin út fyrir sviga, má segja. Ég ætla að vitna aðeins í þessa grein, með leyfi forseta. Þar segir:

„Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951."

Hæstv. forsrh. kom einmitt inn á það áðan í sínu máli að það væri þekkt fyrirbæri að taka ákveðin landsvæði undan sveitarfélögunum varðandi skipulags- og byggingarmál, eins og varnarsvæðin í Keflavík og ég vil sérstaklega spyrja hæstv. forsrh., vegna þess hve hann kom skýrt inn á þetta atriði í máli sínu: Kemur þessi leið til greina? Kemur til greina, að mati forsrh., að taka skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu út fyrir sviga og fella þau þá undir annaðhvort forsrn. eða umhvrn., en sveitarfélögin færu þá með önnur mál á miðhálendinu eins og hreinlætismál, löggæslu og annað slíkt? Ég beini þessari spurningu sérstaklega til hæstv. forsrh.

Ég hef skilið 3. gr. þjóðlendufrv. svo að ef menn vildu t.d. byggja þjónustuskála — tökum sem dæmi á Hveravöllum. Það hefur nú verið talsvert til umræðu — þá þyrfti leyfi hæstv. forsrh. til þess og þá gef ég mér þær forsendur að Hveravellir falli innan þjóðlendu eftir samþykkt þessa frv. og ferlið í óbyggðanefndinni.

Hér er um afnot til meira en árs að ræða, þjónustubygging rís, þannig að forsrh. ætti samkvæmt þessu að veita þetta leyfi. Hins vegar færi Svínavatnshreppur með skipulags- og byggingarvaldið og skipulegði svæðið samkvæmt frv. hæstv. félmrh. Mér hugnast þessi aðferð ekki vegna þess að ég tel áhrifin vera yfirgnæfandi hjá því valdi sem býr til fyrstu tillögu að skipulagi, þ.e. hjá sveitarfélaginu, hjá Svínavatnshreppi. Ég tel að forsrh. yrði í talsvert þröngri stöðu hvað varðar höfnun á slíku skipulagi og ég beini þeirri spurningu aftur til hæstv. forsrh.: Hvað telur hæstv. ráðherra eðlilegt að gera varðandi hugmyndir Svínavatnshrepps um byggingu þjónustuskála á Hveravöllum? Eru einhverjar líkur á því að hæstv. forsrh. segði: Nei, það er óeðlilegt að byggja þjónustuskála á Hveravöllum. En eins og allir vita hefur Svínavatnshreppur hug á því og hefur látið hanna skála.

Að lokum langar mig að nota tímann til að koma inn á mál sem m.a. hv. þm. Ragnar Arnalds gerði að umtalsefni um 2. og 3. gr. þjóðlendufrv. og snertir líka nýtingu auðlinda í jörðu og tengist þar af leiðandi frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu og verður rætt seinna í dag ef tími gefist til. Þar er eitt megininntakið að landeigandi eigi t.d. nýtingarrétt á jarðvarma ótakmarkað niður í jörðina. Ég er með sérstakan fyrirvara einmitt við þetta atriði. Er það var lagt fram í þingflokki okkar, þá setti ég fyrirvara við þetta atriði. Ég vil skoða það betur og fá betri rök. Skoðun mín er sú að þjóðin eigi sameiginlega að eiga nýtingarrétt umfangsmikils jarðvarma, t.d. undir 100 eða 200 metra marki eða yfir ákveðnu hitastigi. Ég tel óæskilegt að einstaklingar, landeigendur sem eru svo heppnir að eiga land þar sem er t.d. mikill háhiti eigi þann háhita án þess að hafa nokkuð til hans unnið. Ég sé ekki að það sé þjóðinni til hagsbóta.

Svörin sem ég hef fengið þegar ég hef viðrað þessa skoðun í mínum hópi er að þetta sé ekki hægt vegna eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar og að það sé vegna ákveðinna tæknilegra galla sem þar koma til. Það sé hægt að bora á ská inn undir land annarra o.s.frv. Ég hef hins vegar ekki sannfærst um að þessi rök séu jafnsterk og álitið er. Væntanlega verður meiri umræða um þessi mál þegar frv. hæstv. iðnrh. verður til umfjöllunar seinna í dag.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ég tel þjóðlendufrv. sem við erum að fjalla um afar jákvætt og ég styð það heils hugar. Að vísu er ég eins og þingheimur veit andsnúin hugmyndinni um að sveitarfélögin fari með skipulags- og byggingarvaldið á miðhálendinu. Sveitarfélagafrv. er gallað að því leyti og ég er með fyrirvara við frv. hæstv. iðnrh. um nýtingu og eignarhald á auðlindum í jörðu.

[14:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra spurninga sem var beint til mín ítreka ég að þjóðlendufrv. sem slíkt, ef að lögum verður, stendur alveg sér óháð því hvaða skipan menn ákveða að hafa á valdmörkum sveitarfélaga. Þeim er komið fyrir með tilteknum hætti í frv. sem liggur fyrir sem er stjfrv. sem ég styð auðvitað. Það er eins einfalt og það getur orðið.

Varðandi hið tiltekna einstaka dæmi sem hv. þm. nefndi, um Hveravelli, mundi forsrh., hver sem hann væri, ef það kæmi til hans, fjalla um málið út frá sjónarmiðum þess sem færi með eigendaforræðið. Áður en hann gæfi svar opinberlega þá teldi ég að honum væri skylt að leita til þeirrar samstarfsnefndar um ráðgjöf sem nefnd er í 4. gr. þar sem sitja fulltrúar forsrh., félmrh., iðnrh., landbrh. og umhvrh. og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Eins og menn sjá af þessu væri ekki boðlegt fyrir mig að ósamþykktu frv. að taka efnisafstöðu til þessa máls hér og nú. Að frv. samþykktu sem lög mundi ég einnig sem forsrh. fyrst leita umsagnar þessarar ráðgefandi nefndar áður en ég færi að tjá mig opinberlega um þau efni.

[14:35]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil svar hæstv. forsrh. þannig að hann telji að ekki komi til greina að taka skipulags- og byggingarmál miðhálendisins út fyrir sviga eins og gert er með varnarsvæðin í Keflavík og það hryggir mig.

Varðandi Hveravelli kemur fram í svari að samstarfsnefndin, sem verður undir forsrh., mundi gefa ráðgjöf, t.d. um uppbyggingu þjónustuskála á Hveravöllum. Það er gott og vel. Hins vegar spyr ég hæstv. forsrh.: Er líklegt að sú samstarfsnefnd hafni beiðni Svínavatnshrepps sem er t.d. búinn að skipuleggja þar þjónustuskála? Er ekki slík samstarfsnefnd í afar þröngri stöðu vegna þess að aðalvaldið þegar menn búa til skipulagstillögu er falið á þeim stað þar sem tillagan verður til? Eins og við sjáum með svæðisskipulagið á miðhálendinu er samvinnunefndin skipuð 13 fulltrúum. Það eru fulltrúar 12 sýslna sem liggja þarna á miðhálendinu, allt karlmenn á svipuðum aldri með sama bakgrunn. Það er ákveðið vald sem felst í því. En aðalvaldið liggur hjá landslagsarkitektastofunni Landsmótun sem semur tillöguna ásamt nefndinni. Þar er að mínu mati hin faglega þekking og aðalvaldið þannig að ég spyr aftur hvort líklegt sé að samstarfsnefndin um þjóðlendurnar hafni tillögum sveitarfélags um skipulagsmál.

[14:37]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að geta í eyður hvað slík nefnd mundi ráðleggja forsrh. að gera í því tilviki, hver sem hann væri. Það er ómögulegt um það að segja.

Ég ítreka hins vegar einnig að þjóðlendufrumvarpsins vegna gætu menn haft þá skipan á sveitarstjórnarþættinum á miðhálendinu sem menn hafa rætt. Það væri hægt að hafa þá skipan þó að þar búi ekkert fólk að það væri sérstakt stjórnsýsluvald, til að mynda kosið hlutfallskosningu á Alþingi sem færi með sveitarstjórnarþáttinn á því svæði. Það væri hægt þjóðlendufrumvarpsins vegna. Það hef ég reynt að undirstrika og ítreka að við erum ekki að brenna brýr að baki okkar hvað frv. varðar.

Að öðru leyti ítreka ég að félmrh. flytur hér stjfrv. sem ég styð auðvitað.

[14:39]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur langar mig til þess að beina til hennar nokkrum spurningum.

Kynnti hæstv. félmrh. ekki þingflokki Framsfl. þær breytingar sem hann hyggst óska eftir við félmn. að hún geri á bráðabirgðaákvæðinu í frv. ráðherrans til breytinga á sveitarstjórnarlögum?

Það hefur áður komið fram hjá hv. þm. að hún er þeirrar skoðunar í sambandi við skipulagsmál hálendisins sem hún rökstuddi vel og tilgreindi áðan. Við það tilefni kom fram hjá hæstv. félmrh. að hún var ein um þessa skoðun í þingflokki Framsfl. Það fullyrti hæstv. félmrh. Af því tilefni vil ég spyrja hv. þm. hvort ekki sé rétt að fleiri þingmenn Framsfl. en hún hafi á þingflokksfundi tjáð sig hafa fyrirvara um þetta atriði í frv. hæstv. félmrh. og sagst í stórum dráttum vera sammála hv. þm. um afstöðu hennar í skipulagsmálum hálendisins.

[14:40]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi fyrri spurninguna hvort hæstv. félmrh. hafi kynnt þá breytingu í þingflokki framsóknarmanna, sem var flutt áðan eftir að hæstv. forsrh. talaði, þá svara ég því neitandi. Sú breyting var ekki kynnt í þingflokki okkar. Við vorum með fund í þingflokknum í gær en ég heyrði þessa breytingu fyrst áðan í þingsölum og hef ekki kynnt mér hana nákvæmlega. Hún er talsvert löng í texta þannig að það er eitthvað sem verður skoðað í félmn. þangað sem hæstv. félmrh. er að beina breytingunni.

Varðandi fyrirvara framsóknarmanna við sveitarfélagafrv., þá kom fram fyrirvari hjá nokkrum þingmönnum þegar það frv. var fyrst flutt inn í þingflokkinn, ég man ekki dagsetningarnar á því núna. Ég get kannski ekki nafngreint þá alveg alla en hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson bókuðu fyrirvara og hugsanlega einn þingmaður í viðbót. Ég skal ekki alveg segja. Ég hef ekki lesið fundargerðabækurnar svo vel. En ég kom því skýrt á framfæri að ég styð sjálf ekki þá grein þar sem segir að allt landið eigi að skiptast inn í innsta punkt á milli sveitarfélaganna. Ég get ekki stutt þá hugmyndafræði sem felst í þeirri grein. Ég tel miðhálendið vera þess eðlis að það eigi ekki að skiptast milli sveitarfélaganna heldur vera eitt stjórnsýslusvæði þar sem skipulags- og byggingarmál verða undir einum hatti.

[14:42]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. mjög skýrt og hreinskilið svar. Hæstv. félmrh. hefur sem sé ekki kynnt þingmönnum Framsfl. þá breytingu sem hann kynnti fyrir Alþingi rétt áðan þannig að þingflokkur Framsfl. hefur þá ekki tekið afstöðu til tillögu hennar.

Miklu merkara var þó að það kom fram sem ég raunar vissi, að vísu ekki fyrr en eftir þá umræðu, að það var ekki rétt sem hæstv. félmrh. upplýsti Alþingi um í umræðum um frv. fyrir jólin að aðeins einn þingmaður Framsfl. hefði fyrirvara um þá afstöðu sem kemur fram í frv. til hálendismálanna. Mér er nær að halda að þeir séu ekki bara fjórir eins og kom fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan heldur fimm. Það er eðlilegt frá sjónarmiði hæstv. félmrh. að hann hafi ekki svarað rétt um afstöðu samflokksmanna sinna til frv. fyrir jólin en það er óskiljanlegt frá sjónarmiði samstarfsmanna hans í þingflokknum að hann skuli ekki hafa getið þess að það eru fleiri en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem hafa fyrirvara við tillöguflutningi hans.

[14:44]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var eini þingmaðurinn sem kom fram með þessa skoðun mína mjög skýrt, bæði í þingflokknum og á opinberum vettvangi þannig að ég býst við því að það hafi verið það sem hæstv. félmrh. átti við. Hins vegar urðu ansi líflegar umræður um þetta mál í þingflokki framsóknarmanna og við ræddum málið fram og til baka en ég er ekki viss um að hæstv. félmrh. hafi skoðað fundargerðabækurnar eftir fund okkar og skoðað nákvæmlega hvort einhverjir voru með bókaða fyrirvara en mér er kunnugt um að svo var.

[14:45]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga sem felur í sér að ríkið er að slá eign sinni á allt hálendi Íslands, þ.e. hvorki meira né minna en 40% af landinu. Því er mikilvægt að mínu mati að skoða þróun eignarhalds hér á landi. Við landnám þegar landið var numið í upphafi, var það numið af einstaklingum og í upphafi var landið algerlega í eigu einstaklinga sem námu landið eftir ákveðnum reglum. Síðan var lagður á skattur, eignarskattur, tíundin, sem ásamt aflátssölu og erfðum fluttu hluta af þessum eignum til kirkjunnar, ekki til ríkisins. Ákveðin kirkjuvæðing var á eignunum. Við siðbótina verður aftur flutningur á þessum eignum frá kirkjunni til kóngsins, þ.e. ríkisins.

Á öldinni sem er að líða hafa orðið miklar breytingar á eignum. Við erum að sjá eignir sem ekki eru lengur áþreifanlegar, en þær eignir sem áður voru til voru allar áþreifanlegar. Það var sem sagt land, lifandi sauðfé og annar búpeningur og allt einhvern veginn áþreifanlegt. En eftir að leið á þá öld sem við lifum nú fara að myndast eignir sem eru óáþreifanlegar, t.d. verðbréf ýmiss konar sem eru ávísun á eignir og svo höfundaréttur og hugbúnaður og alls konar slíkt sem í vaxandi mæli er að koma upp.

Herra forseti. Nú er eignarhaldið að $^1/_3$ í eigu einstaklinga. Allar eignir landsins eru að $^1/_3$ í eigu einstaklinga, $^2/_3$ eru í eigu ríkis, sveitarfélaga eða í einskis eigu. Það merkilega er að eignirnar í eigu einstaklinga eru hægt og bítandi fluttar til hins opinbera með eignarsköttum á 30–70 árum eftir því hvað eignarskattarnir hafa verið háir og svo eru þeir fluttir til sveitarfélaganna með fasteignagjöldum mjög myndarlega. Þetta virkar svipað og tíundin þannig að einstaklingseignin á stöðugt í vök að verjast.

Eignir opinberra aðila eru orkufyrirtækin, heilbrigðiskerfið, menntakerfið, skrifstofubyggingar o.s.frv. — og hálendið, ef þetta frv. verður að lögum. Það er ómetið og kannski ómetanlegt. Það er spurning hvað t.d. Langjökull færi á ef einhver mætti kaupa hann og girða hann af og gera við hann hvað sem hann vildi sem sína prívateign.

Við höfum óljóst eignarhald á óáþreifanlegum eignum eins og lífeyrissjóðunum. Ég lagði fram brtt. þegar við ræddum um lífeyrissjóðina fyrir áramót um að þær eignir yrðu skilgreindar sem eignir sjóðfélaga, en það var því miður kolfellt. Það er því enn þá óljóst eignarhald á lífeyrissjóðunum, kaupfélögum, sparisjóðum og sjúkrasjóðum auk fjölda annarra eigna eins og samlaga. Hver á Mjólkursamsöluna í Reykjavík? Þetta eru óljósar eignir nákvæmlega eins og hálendið.

Herra forseti. Auðlindir geta myndast og þær geta horfið. Þegar takmarkaður var aðgangur að fiskveiðiheimildum myndaðist þar eign. Menn hafa verið að tala um að orka fallvatna sé líka ákveðin auðlind. Ég fullyrði að hún er verðlaus enn þá vegna þess að eftirspurnin eftir orku er minni en framboðið. Við eigum núna mjög mikla orku sem rennur engum til gagns til sjávar. Við höfum ekki getað virkjað hana vegna þess að eftirspurnin er engin jafnvel þótt hún væri ókeypis. Verð á orkunni myndast ekki fyrr en við fáum fleiri til að virkja en við höfum orku í boði. Sama gildir um útvarps- og sjónvarpsrásir. Þær hafa hækkað mikið í verðgildi undanfarið en kunna að lækka í verðgildi þegar aðrir miðlar koma upp t.d. ljósleiðarar.

Herra forseti. Mér finnst mjög margir hv. þingmenn rugla saman þjóð og ríki og jafnvel landi, þjóð og ríki og einstaklingum. Við þekkjum ríki sem eru með margar þjóðir, ég nefni Belgíu sem dæmi. Ég er hræddur um að Íslendingar á liðnum öldum hefðu ekki sætt sig við að sett hefði verið samasemmerki milli íslensku þjóðarinnar og danska ríkisins. Og við þekkjum þjóðir sem eru í mörgum ríkjum, ég nefndi Kúrda sem dæmi. Þannig að það er engan veginn hægt að setja samasemmerki á milli þjóðar og ríkis nema kannski hér á landi sem stendur, þar sem ein þjóð myndar eitt ríki.

Samt er það svo að ríkið og einstaklingurinn er alls ekki sama fyrirbærið og ég ætla að biðja hv. þingmenn að setja sig í spor vesalings skattgreiðandans sem á við fulltrúa ríkisins, þ.e. fjmrh. Það er yfirleitt mjög ójafn leikur eins og hæstv. forsrh. hefur bent á. Ríki og þjóð er því alls ekki sami hluturinn. Þess vegna er það spurning hvort fyrirbæri sem hér er kallað þjóðlendur ætti ekki að heita ríkislendur eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Í þessu frv. eins og víðast hvar annars staðar eru samskipti ríkis og borgara yfirleitt þeim seinni til óhagræðis. Í 9., 10. og 19. gr. er fjallað um það að menn þurfi að sanna eignarrétt sinn og menn eigi að gera það snöggt og vel og eigi aldeilis að vera vakandi. Ef þeir standa ekki við það, tapa þeir eignarrétti sínum. Það er getið um þriggja mánaða frest og sex mánaða frest. Það getur vel verið að menn séu jafnvel búsettir erlendis og viti ekkert af þessum ósköpum og lesi ekki Stjórnartíðindi. Mér finnst að milda þurfi þessi ákvæði og gera frestinn miklu lengri vegna þess að eignarrétturinn er verndaður í stjórnarskránni og á að hafa langtímavirkun.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér um er mesta ríkisvæðing frá siðbót. Þá voru verulegar eignir fluttar frá kirkjunni yfir til kóngsins. Hér er verið að flytja 40% af öllu Íslandi yfir til ríkisins. Eitthvað sem áður var einskismannsland og enginn átti er nú allt í einu orðið eign ríkisins. Þetta gerist til viðbótar því sem ég nefndi áðan að eignarskattar og fasteignagjöld hafa stöðugt verið að flytja eignir frá einstaklingum til ríkis og sveitarfélaga.

Margar spurningar vakna þegar frv. er lesið, t.d. hvað felst í því að íslenska ríkið er eigandi lands? Ef ég er eigandi lands eða eigandi bíls eða fasteignar get ég læst mínum bíl, ég get girt af mitt land og ég get lokað minni íbúð og það hefur enginn heimild til að koma þar inn. Gildir það sama um ríkið? Getur hæstv. forsrh. í framtíðinni lokað landinu? Getur hann læst því fyrir aðgangi annarra borgara? Þetta er algerlega óljóst og ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu. Auðvitað koma inn í þetta skipulagslög en ríkið á oft og tíðum samskipti við sveitarfélög. Ríkið getur samið um það við sveitarfélagið að það fái einhverja umbun frá ríkinu en í staðinn megi ríkið loka t.d. Langjökli algerlega og girt hann af. Þetta er því mjög mikið mál og ég vildi gjarnan fá þetta skýrt.

Herra forseti. Ég mun ekki ræða um stjórnsýslu eða skipulagsforræði á þjóðlendum vegna þess að það er í öðru þingmáli. Ég vil þó benda á að það er verulega veigamikið. Og ég er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að 5% þjóðarinnar fái skipulagsforræði yfir öllu hálendinu meðan 95% þurfa að hlíta því að þeir séu svo góðir við þá að leyfa þeim aðgang að því landi, vegna þess að með skipulagi má banna aðgang að landi.

Mikil þörf er á þessari lausn vegna þess að landið er áþreifanlegt. Menn ganga á landinu og koma þarf skikki á hver á landið. Má Jón Jónsson byggja sér hús uppi á hálendinu og reisa í kringum það girðingu eða hvað? Svo er ekki

talið vera í dag. Þetta er einskismannsland og enginn getur rekið málið gegn honum. Þess vegna er mjög mikilvægt að koma einhverju skikki á þá eign, mjög mikið atriði, og að því leyti samþykki ég þá lausn sem hér hefur verið fundin. En það eru aðrar eignir sem eru eigendalausar og ekki síður mikilvægt að finna eiganda að. Það er það sem ég hef nefnt „fé án hirðis". Það eru, eins og ég nefndi áðan, lífeyrissjóðir, mjólkursamlög, sparisjóðir og sjúkrasjóðir og fjöldinn allur af öðrum sjóðum sem eru með óáþreifanlegar eignir, en mjög mikilvægt er að komast að því hver á þessar eignir. Ég mundi vilja skora á hæstv. forsrh. að vinna að því að finna eigendur að öllum eignum í landinu, hvort sem það er ríkið, sveitarfélög, einstaklingar eða fyrirtæki einstaklinga.

Þar sem við erum að stunda hér gífurlega ríkisvæðingu af illri nauðsyn, finnst mér mjög brýnt að einkavæðingu sé hraðað á móti og legg ég til að bankar verði allir seldir hið hraðasta, Póstur og sími og gjarnan Landsvirkjun og fleiri góð fyrirtæki.

Herra forseti. Hvernig gætum við leyst vandann með hálendið öðruvísi? Ég hef lagt til í þáltill. að skoða þann kost að skipta veiðiheimildum sjávar á alla landsmenn og það er til umræðu núna í hv. sjútvn. Í þessu tilfelli sé ég ekki að sú lausn gangi upp vegna eðlis eignarinnar. Hvernig geta allir Íslendingar átt hlut t.d. í Langjökli? Ég sé það ekki ganga upp þannig að ég held að þetta sé illskásta lausnin á þessu vandamáli, sem mjög brýnt er að finna lausn á, og ég styð þar af leiðandi þetta frv.

[14:56]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. þá er eigendaforræði forsrh. margvísleg takmörk sett í þessu frv. og í öðrum lögum sem verða áfram í gildi. Í frv. er um að ræða nýtingarrétt og þess háttar. Það má nefna lög um veiðiskap og þess háttar og önnur frv. sem verða rædd hér síðar meir þannig að eigendaforræðið er með mjög öðrum brag en ef tekið er einfalt og venjulegt eigendaforræði á fasteign. Það er því engin hætta á því, held ég, að forsrh., hver sem hann er, kunni að loka landinu.

En hvers vegna erum við að vinna að þessum málum á þann hátt sem við erum nú að gera? Hlutirnir hafa breyst þannig að menn geta ekki lengur haft þá í óvissu. Það var hægt áður fyrr vardandi miðhálendið vegna þess að það var sáralítið nýtt og árekstrar litlir sem engir en þær aðstæður hafa breyst. Það er alveg sama og gerðist varðandi nýtingu á hafinu, á landhelginni. Þar var ekki lengur hægt að láta menn valsa frjálsa vegna þess að það dugði ekki, það varð að finna á því skikk. Einhvern tíma hefði manni þótt undarlegt ef þannig gæti farið að meira að segja andrúmsloftið yrði ríkisvætt. Við erum nú kannski að stefna í það á næstu áratugum að það verði a.m.k. heimsvætt. Það verði niðurstaða þjóðanna að andrúmsloftið sé sameign veraldarinnar og þurfi að koma skikki á það með tilteknum hætti. Það er neyðin sem rekur okkur í þessa átt af því að menn kunna ekki aðra leið til þess að koma skikki á málin og finna ekki betri stöðu til þess en þá sem við erum að vinna að núna.

[14:58]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég hafði reyndar gert mér grein fyrir því að ákveðin takmörkun væri á eignarhaldi ríkisins en ég legg samt sem áður áherslu á það að hv. allshn., sem fær þetta frv. til skoðunar eða önnur nefnd sem kannski er ekki búið að ákveða, skoði mjög nákvæmlega hvað felst í því að ríkið eigi allt hálendið.

[14:59]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir stutta ræðu. Það er sjaldgæft að heyra svona stuttar og hnitmiðaðar ræður en hv. þm. gat samt ekki í sinni stuttu ræðu hamið sig frekar en aðrir og fór inn á sveitarfélagafrv., 1. gr. þess, og mig langar aðeins að spyrja hv. þm. út í það.

Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að mjög óeðlilegt væri að 5% þjóðarinnar ættu að skipuleggja miðhálendið og með skipulagsmálum mætti hefta aðgang að miðhálendinu. Ég held að það sé ekki meiningin að neinn fari að gera það, en ég get tekið undir með þingmanninum að frekar óheppilegt er að einungis 5% þjóðarinnar skuli fara með þetta vald. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að þó að hver einasti Íslendingur byggi í þessum hálendissveitarfélögum, þá væri þetta jafnrangt vegna þess að rangt er að skipta skipulagslegri heild upp á milli 40 aðila. Ég vil því spyrja hv. þm. Pétur Blöndal hvort hann sé mótfallinn 1. gr. laga um sveitarstjórnarmál, sem við höfum talað um í þinginu. Mér var það ekki ljóst að hann væri hugsanlega mótfallinn þeirri grein og mig langar einnig að spyrja hv. þm. hvort hann sé sömu skoðunar ef allir Íslendingar byggju í sveitarfélögunum sem næðu inn í miðhálendið, þ.e. 100%, hvort það væri eðlilegt og betra að hans mati og hann mundi þá samt þola að miðhálendinu yrði skipt upp þá milli þeirra sveitarfélaga.

[15:01]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða um eignarhald á þjóðlendum á hálendinu, við erum ekki að ræða um skipulagsmál. Þess vegna kom ég ekki meira inn á það í ræðu minni en ég gerði. Hins vegar mun ég leitast við að svara hv. þm. óundirbúið því að við erum ekki að ræða það mál. Ef þjóðin byggi öll í þeim sveitarfélögum sem ná að hálendinu hefði ég minni efasemdir um að þau skipulegðu þetta. Hins vegar tek ég undir það sem hæstv. forsrh. gat áðan um í andsvari að ekkert í frv. kemur t.d. í veg fyrir að hálendið yrði gert að einu sveitarfélagi. (**Gripið fram í:** Ef allir byggju þarna hverjir aðrir ættu þá að skipuleggja það?) Einmitt.

[15:02]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fjandskapur hv. þm. gagnvart almannavaldi er eins og rauður þráður í málflutningi hans. Hann vill einkaeign á öllu, sérstaklega verðmætum. Við búum við almannavald á margvíslegum sviðum, forsrh. hæstv. skýrði þáttinn sem snýr að frv. Þetta almannavald er skilyrt, og það er m.a. kosið um það. Hv. þm. er fulltrúi fólks, hann er ekki fólkið. Það sem hv. þm. vill er að hverfa aftur til þess tíma þegar allt eignarvald og vald í þjóðfélaginu var fyrst í höndum konunga, síðan eigna- og aðalsmanna. Við höfðum þetta fyrirkomulag á öldum áður. Þá var einkarétturinn viðurkenndur út í gegnum þjóðfélagið.

Herra forseti. Hjá hv. þm. skín í gegn hatur á öllu almannavaldi, ríkisvaldi. Þetta snýst ekki um að einkavæða fyrirtæki eða þess háttar. Þetta er spurning um lífsskoðanir. Ýmsir hlutir eru sameign, verða að vera sameign, við eigum mjög margt sameiginlegt. Allur menningararfur okkar er sameiginlegur, handritin okkar eru sameiginleg. Eigum við að rífa handritin í sundur uppi í Árnasafni og láta hvern hafa eina síðu þannig að þetta sé orðið einkaeign? Það er þetta

sem hv. þm. vill í reynd halda fram. Ég hef alltaf gaman af því þegar þessi hv. þm. kemur í ræðustól því að hann talar frá hjartanu. Það er mjög gaman og ánægjulegt þegar maður fær hreinræktaða stefnu Sjálfstfl., en a.m.k. er maðurinn í Sjálfstfl., ég ætla ekki að eigna Sjálfstfl. allar skoðanir hv. þm. Péturs H. Blöndals, en það kemur svo frá hjartanu þegar hann fjandskapast út í almannavaldið.

[15:04]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, það er aldeilis að hv. þm. er hornóttur í dag. Málið er það að ég er alls ekki hlynntur konungsvaldi, langt í frá. Ég minni á það að einn ágætur konungur sagði: Ríkið, það er ég. Það var hvorki meira né minna. Og ég er nefnilega akkúrat á móti ríkisvaldinu. (Gripið fram í.) Nei, langt því frá. Ég er alls ekki hlynntur forréttindum aðalsmanna frekar en kvótaeigenda. Ég er að verja einstaklinginn fyrir ágangi ríkisins. Ég er að verja einstaklinginn sem hefur lent á þessari öld, sem á fyrri öldum, undir ofurhæl ríkisvaldsins. Ég minni á stöðu einstaklingsins í Sovétríkjunum hinum liðnu og fornu, sem byggðu á samhjálp en í skjóli samhjálpar sölsuðu allt undir ríkið og virtu einstaklinginn einskis. Það er því ekki bara út í bláinn sem ég óttast ríkið. Ég er ekki fjandsamlegur ríkinu en ég óttast það fyrir hönd einstaklingsins.

Ég hef þá lífsskoðun að eignir séu betur geymdar í eigu einstaklinga en í eigu fulltrúa ríkisvaldsins. Ég held að einstaklingurinn fari ætíð betur með eignir en einhverjir fulltrúar sem eiga ekki eignirnar en fara með þær fyrir hönd ríkisins. Það er í sívaxandi mæli sem einstaklingar fara með í gífurleg völd og eignir en eiga ekkert í því sjálfir.

[15:06]

**Ólafur Örn Haraldsson:**

Herra forseti. Eins og aðrir þingmenn ræði ég um frv. til laga um þjóðlendur. Það er tímabært að þetta frv. kemur fram og ef það verður að lögum og kemur til framkvæmda verður eytt þeirri miklu óvissu sem ríkt hefur um eignarrétt á stórum svæðum landsins. Þessi svæði eru á hálendinu og óvissan hefur leitt til þess að víða hafa sprottið af deilur, vaxandi deilur, þær hafa ekki aðeins komið fram í þinginu heldur hafa þær snert atvinnurekstur í landinu og þær hafa snert tómstundir og lífsskoðanir og lífsviðhorf margra sem stunda veiðar og tómstundir á hálendinu. Það er því afar mikilvægt að það frv. sem liggur fyrir fái farsæla og skjóta meðferð í þinginu og verði að lögum.

Margt hefur verið reynt til að leysa þá óvissu sem ríkt hefur en þrautalendingin hefur gjarnan orðið sú að leitað hefur verið til dómstóla. Dómstólar hafa fellt þá úrskurði sem við þekkjum allt frá 1955 þar sem komið hefur í ljós að hálendið er ekki eign sveitarfélaganna sem hafa haft þar hinar hefðbundnu nytjar um aldaraðir heldur er landið einskismannseign og við það höfum við orðið að búa.

Þó að það sé að mörgu leyti heillandi sýn að land geti verið einskismannsland og um leið að veita þegnum mikil réttindi til umferðar og aðgangs að því landi dugir hún ekki lengur. Umferð og nytjar hálendisins til ánægju og atvinnurekstrar eru orðnar það miklar að við getum ekki við svo búið. Þessar nytjar eru ekki eingöngu hinar hefðbundnu sem fylgt hafa upprekstri og tengjast landbúnaði, þær nytjar hafa dregist saman en í stað þess hefur hálendið, vil ég fullyrða, verið nytjað meira en nokkru sinni áður. Það er nytjað af fólki til atvinnurekstrar í ferðamennsku og það er nytjað til tómstunda. Þess vegna hafna ég alfarið þeirri skilgreiningu sem hefur oft komið fram að aðeins þau sveitarfélög sem hagsmuna eiga að gæta eigi að koma nálægt málinu án þess að ég vilji fara að taka upp umræðuna um hálendisnefndina.

En hvar er sá atvinnurekstur sem hefur hagsmuna að gæta á hálendinu? Er sá atvinnurekstur ekki einmitt í þéttbýlinu, er það ekki ferðamennskan sem aflar gjaldeyris í stórum stíl og eru þau fyrirtæki ekki rekin í höfuðborginni, nálægum sveitarfélögum og þéttbýli um allt land? Þetta er hin breytta mynd, hinn breytti búskapur sem við búum við og þar við bætast þær tómstundir sem ég minntist á og eru mönnum æ meira virði en áður. Nú þykir sjálfsagt að fólk fari yfir landið á örskömmum tíma, menn finna til væntumþykju og virðingar fyrir landinu og þær tilfinningar og þeir hagsmunir eru ekki minna virði en hinir fornu og hefðbundnu hagsmunir.

Að sjálfsögðu þarf að leiða þetta ferli allt í gegnum þessa breytingatíma með farsælu samkomulagi þar sem ekki er níðst á þeim sem hinar fornu nytjar höfðu um leið og rýmt er fyrir nýjungum sem eru sjálfsagðar í landi okkar.

Frv. er því tímabært. Ég fagna því hversu vel það er unnið og vandað enda kemur fram í meginmáli allra þingmanna sem hafa talað, vil ég telja, að frv. sé vel úr garði gert og forsrh. hefur fært það fram með vönduðum málflutningi. Frv. viðurkennir ekki eingöngu eignarréttinn sem við langflest teljum eitt af grundvallaratriðum þjóðfélags okkar, heldur skýrir það einnig eignarréttinn með þeim vinnubrögðum sem frv. er ætlað að koma til framkvæmda. Stuðningur minn við frv. er þar af leiðandi afdráttarlaus þó að ég lýsi að sjálfsögðu yfir fyrirvara um einstök efnisatriði sem betur mega fara og verða tekin fyrir í nefnd. Ég vil eiga þar tillögurétt eftir því sem frv. nær fram, hvort heldur það verður eins og fyrirhugað er í hefðbundinni nefnd eða í sérnefnd eins og sumir hafa lagt til enda þótt ég sé ekki að flytja þá tillögu hér. Ég tel að frv. sé til þess fallið að tryggja rétt almennings í landinu. Almenningur á sinn rétt vegna hagsmuna, fjárhagslegra, eignalegra og atvinnulegra og vegna tilfinningalegra hagsmuna. Sá almenningur er einmitt í þéttbýlinu, ekki síst í höfuðborginni og öðrum nálægum þéttbýlisstöðum en sá almenningur hefur með réttu verið nokkuð uggandi síðari ár að þessir vaxandi hagsmunir á hálendinu verði fyrir borð bornir ef ekki verður skorið úr um þessi atriði sem eru til umfjöllunar.

Það er fyllilega í samræmi við vitund og viðhorf almennings á Íslandi að eignarrétturinn verði skýrður og afdráttarlaust fenginn ríkinu. Ríkið er sá eini aðili sem ég sé tiltækan til þess að gæta þessara hagsmuna. Við sjáum það á mörgum öðrum sviðum, með fullri virðingu fyrir þeim skoðunum sem komu fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal.

Ég tel mikilvægt að þetta frv. fái framgang án þess að við þurfum að hnýta önnur mál þar við. Þess vegna tel ég mikilvæga yfirlýsingu og orð forsrh. sem hann lét áðan koma fram um sjálfstæði þessa frv. þó að það hljóti að sjálfsögðu að verða að skoðast með hliðsjón af öðrum málum sem liggja fyrir.

[15:14]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrr í umræðunum í dag fékk ég fyrirspurn um það hvort margir þingmenn Framsfl. væru með fyrirvara við sveitarfélagafrv. og ég svaraði því til að ég teldi að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og Hjálmar Árnason, hugsanlega einn í viðbót, væru með bókaðan fyrirvara. Því vil ég spyrja úr þessum ræðustól, þar sem viðkomandi þingmaður var að ljúka máli sínu, hvort að það sé ekki réttur

skilningur hjá mér að viðkomandi þingmaður, Ólafur Örn Haraldsson, sé með bókaðan fyrirvara við það mál.

[15:14]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðum sem urðu áðan um stjórn forseta og þingsköp kom það fram að við erum að sjálfsögðu að ræða efni þjóðlendufrv. en ég skorast ekki undan að svara afdráttarlaust um afstöðu mína sem kom fram í bókun um sveitarstjórnarfrv. þar sem rætt var um stjórnsýslu sveitarfélaganna allt inn til miðju landsins, að þegar frv. var kynnt í þingflokki framsóknarmanna á síðasta þingi — við erum ekki að ræða þingið fyrir jól heldur á því þingi sem var fyrr á síðasta ári — þá bókaði ég fyrirvara um afstöðu mína um sveitarstjórnarfrv. Það er rétt hjá hv. þm.

[15:16]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil það þannig að fyrirvarinn hafi komið bókaður inn þegar málið var flutt hér fyrst inn í þingflokkinn okkar og það er þá sami skilningur og ég hef á þessu ferli.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hæstv. félagsmálaráðherra óskar að bera af sér sakir.

[15:16]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Að mér hefur verið dróttað í þessari umræðu að ég hafi farið með ósannindi hér (**Gripið fram í:** Hver dróttaði?) úr ræðustólnum og (**SF:** Sighvatur.) af því tilefni lét ég fletta upp í gjörðabók þingflokksins. Það er nú ekki viðkunnanlegt að vera að vitna í trúnaðarskjöl eins og gjörðabækur þingflokka, en ég hafði ekki frumkvæði að því. Þar er sagt frá því að ég hafi kynnt frv. til sveitarstjórnarlaga 5. nóvember 1997. Allir þingmenn flokksins voru á fundi að undanskildum hæstv. iðnrh., Finni Ingólfssyni, og hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og í stað hæstv. umhvrh., Guðmundar Bjarnasonar, sat þá á þingi hv. þm. Ingunn Svavarsdóttir. Þar er greint frá því að ég hafi skýrt frá efni frv. og síðan er bókað: „Siv gerði athugasemdir." Og þar er átt við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Þetta er sú bókun sem gerð var þegar frv. var afgreitt úr þingflokknum. Ég man ekki svo nákvæmlega ræðuhöld manna, en þetta var gert á fundi þar sem þetta frv. var afgreitt frá þingflokki framsóknarmanna.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. 11. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:18]

**Ólafur Örn Haraldsson:**

Herra forseti. Þetta er ábyggilega rétt sem hæstv. félmrh. segir hér. Fyrirvari minn var bókaður þegar málið var sýnt þingflokki framsóknarmanna, ekki 4. eða 5. nóvember því ég var ekki þeim fundi. En málið var kynnt á þinginu fyrr á árinu, vorþinginu, og þá kom þessi fyrirvari minn fram. Þannig að báðir hafa rétt fyrir sér um þetta efni.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. 4. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[15:19]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil bara að það komi skýrt fram hér vegna orða hæstv. félmrh. um að það hefðu verið aðdróttanir um að hann hefði ekki farið rétt með. Þær aðdróttanir komu alls ekki af minni hálfu. Ég ímynda mér að sumir hafi getað skilið það þannig. En þær komu frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, bara svo að allt sé hér sem réttast.

[15:20]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta er orðið nokkuð sérkennilegt millispil í þessari umræðu, þ.e. að hæstv. félmrh. ber af sér sakir og hér hefst umræða milli þingmanna Framsfl. Ég vildi ekki taka til máls undir þeim dagskrárlið. Ég er hvorki að bera sakir á félmrh. né bera af mér eða öðrum sakir, en mér þykir ástæða til að koma upp til að tala um stjórn fundarins vegna þess að mér finnst málið vera mjög óljóst og það er krafa sem við getum gert í stjórnarandstöðinni að það liggi nokkuð ljóst fyrir hvernig háttað er stuðningi við stjfrv. sem eru hér til umræðu.

Það hefur verið upplýst í umræðunni af hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að fyrirvarar hafi verið við málið og hún tilgreindi nokkra þingmenn sem höfðu gert fyrirvara. Síðan upplýsti hæstv. félmrh. það að þegar málið var til afgreiðslu í nóvember, ef ég hef tekið rétt eftir, hafi þessir fyrirvarar ekki komið fram, þeir hafi gilt við fyrri framlagningu málsins.

Það sem ég óska eftir, herra forseti, til að ég átti mig á þessu því ég þekki náttúrlega ekki hvernig vinnubrögðum er háttað í þingflokki Framsfl. ... (**Gripið fram í:** Er þetta mál á dagskrá?) Við erum að ræða þetta mál sem tengist þessari umræðu (**Gripið fram í:** Hvaða mál er á dagskrá?) Ég óska eftir, herra forseti, að það verði upplýst varðandi þetta mál sem kemur mjög sterklega inn í þá umræðu sem hér stendur yfir og hefur verið því nátengt, þ.e. sveitarstjórnarumræðuna, hvaða stuðningur sé í reynd er við það af hálfu Framsfl.

[15:22]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill vekja athygli hv. þingmanna á því að sú umræða sem nú er hafin um lögsögumörk sveitarfélaga er ekki á dagskrá hér og finnst ekki við hæfi að óska eftir upplýsingum um mál sem ekki er á dagskránni undir liðnum fundarstjórn forseta.

[15:23]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég felst vitaskuld á allt sem forseti segir um þetta mál. Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram, af því hann taldi óeðlilegt að gerð væri athugasemd við þetta mál, að það er að gefnu tilefni. Þingmenn Framsfl. tóku þetta mál sérstaklega upp í umræðunni, báru sakir hver á annan, a.m.k. sá hæstv. félmrh. sig knúinn til að bera af sér sakir. Það voru framsóknarmenn sem drógu hið fyrra frv. hér inn í umræðuna og þess vegna er ég að óska eftir skýringum á því. Ég tók þetta mál ekki upp að fyrra bragði heldur vegna þessara óvanalegu orðaskipta hjá þingmönnum Framsfl. Ég vil að það komi alveg skýrt fram hér í umræðunni.

[15:23]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti mælist eindregið til þess að hv. þingmenn láti niður falla þessa umræðu um fundarstjórn forseta sem augljóslega fjallar ekki um það efni.

[15:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta hafa verið mjög áhugaverðar umræður sem hér hafa farið fram og maður hefur á tilfinningunni að maður hafi verið staddur á þingflokksfundi hjá Framsfl. síðustu mínúturnar fremur en inni í þingsal.

Ég vil spyrja hæstv. forseta, vegna þess að það er a.m.k. mjög áhugavert að skoða það, hvort einhver fordæmi séu fyrir því í þingsögunni að þingmaður sem ekki er í Framsfl. geti óskað eftir áheyrnaraðild að næsta þingflokksfundi framsóknarmanna. (**ÖS:** Forsrh. brennur í skinninu eftir að fá að svara þessu.) (**Gripið fram í:** Þú ert velkominn ef þú þegir bara.)

[15:25]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég kem hingað til að ræða frv. til laga um þjóðlendur og vil lýsa því yfir að að mínu viti er hér um tímamótafrumvarp að ræða sem tekur mjög afgerandi á því hver eigi að fara með eignarhald á afréttum eða þeim löndum sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á. Það kemur afdráttarlaust fram í frv. hvernig og hverjir eigi að fara með það vald og hvaða lög önnur komi til greina — það kemur m.a. fram í skýringum — sem grípa inn þetta og takmarka það vald sem hæstv. forsrh. er falið með þessum lögum.

Ég kem hingað upp til þess að fá fram skýringar á ýmsum atriðum sem ég hef orðið var við að hafi valdið misskilningi í þjóðfélaginu. Hópur manna telur að með þessu frv. sé verið að færa sveitarfélögum vald, eða réttara sagt, banna ákveðnum hópum manna aðgang að hálendinu vegna þess að sveitarfélög hafi einhvern skipulagslegan rétt yfir þeim. Ég vil taka sem dæmi að skotveiðimenn hafa miklar áhyggjur af því að með lögfestingu þessa frv. og frv. til sveitarstjórnarlaga sem hæstv. félmrh. mælti fyrir breytingu á hér strax í upphafi umræðunnar, og með samtengingu þessara frv. komist almenningar eða afréttir undir yfirráð sveitarfélaganna og að með þeim verði komið í veg fyrir nýtingu samkvæmt lögum um veiðar á villtum dýrum, þ.e. lög nr. 64/1994, og þar með geti sveitarfélög með einhliða ákvörðunum bannað veiðar á svæðum sem í dag eru afréttir.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að koma strax afdráttarlaust í veg fyrir að viðhalda þessum misskilningi því að að mínu áliti mun meiningin ekki vera sú með þessu frv. Þess vegna vil ég fá það staðfest hjá hæstv. forsrh. hvort einhverjar breytingar séu í frv. um þjóðlendur sem banni veiðar samkvæmt lögum nr. 64/1994, um veiðar á villtum dýrum, innan þjóðlendna eða innan afrétta sem falla undir þjóðlendur samkvæmt þessu frv. Þar á ég við fuglaveiðar, veiðar á villtum spendýrum og einnig um veiðar í vötnum. Margir mismunandi frístundahópar hafa nýtt þessa möguleika uppi á hálendinu og hafa fengið þær upplýsingar, að því er virðist, að með lögfestingu þessa mál sé verið að færa allt vald yfir hálendinu yfir til sveitarfélaganna og þau geti þar með útilokað þessa hópa frá þeim tómstundum sem þarna hafa verið stundaðar á undanförnum árum.

[15:30]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að vafi hafi ríkt um eignarhald á hálendinu, bæði vafi á eignarrétti sveitarfélaga og ríkisins, hefur Alþingi talið sér fært að mæla í lögum fyrir um nýtingu og hagnýtingu gæða á landsvæðum utan eignarlanda. Engin ástæða er til þess að ætla að með frv. sé verið að skerða þær ákvarðanir Alþingis sem liðnar eru hvað þetta varðar eða framtíðarmöguleika Alþingis hvað þetta varðar eftir að lögin hafa verið sett. Þetta þýðir með öðrum orðum að þeim reglum sem nú gilda, þar með lög nr. 64/1994, og ákvæðum sem þar standa er í engu haggað þrátt fyrir þau lög sem við erum að undirbúa samþykkt á um þjóðlendur. Ég tek því undir með hv. þm. að það er misskilningur aðila sem hafa óttast að með lagasetningunni væri verið að gera breytingar hvað það varðar. Sá réttur er áfram fyrir hendi. Á hinn bóginn getur ríkið sem landeigandi haft afskipti af þáttum eins og þeim ef menn fara að koma sér upp veiðiaðstöðu án leyfis eða að hafa þannig framferði á lendum ríkisins við veiðar og annað þess háttar sem spillti landi.

[15:31]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta hafi komið fram því að það afsannar þær fullyrðingar að verið sé að afhenda 4% þjóðarinnar allt vald yfir hálendinu. Það sýnir okkur einnig að ekki er verið að útiloka þá hópa sem hafa haldið af einhverjum misskilningi að það gerðist með þessu frv. Fyrst og fremst er verið að tryggja að hálendið sem slíkt sé skipulagt eða að ákveðið eignarhald sé á þessu landi sem hingað til hefur verið nýtt ótæpilega án skipulags og mörg viðkvæm svæði landsins, náttúruperlur, hafa verið ofnýtt og ekki náðst samkomulag um hvernig þau skyldi nýta. Ekki hefur verið hægt að sýnt fram á hverjir ættu í raun að stjórna.

Auðvitað er mjög nauðsynlegt skipulagslega og eignarlega að geta sýnt fram á rétt til þeirrar stjórnunar sem nauðsynleg er eins og á viðkvæmum ferðamannastöðum. Þá komum við einmitt inn á það mál sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson talaði um fyrr í umræðunni að væri ástæða hans til þess að geta verið á móti frv. að sveitarstjórnin tæki við skipulagsskyldum. Ég held að það sé einmitt full ástæða til að gera þessar breytingar til að ná tökum á þeim vandamálum sem hann var að lýsa. Ég hygg, herra forseti, að þeir sem lýstu yfir andstöðu sinni við þessi tvö mál byggi afstöðu sína á misskilningi.

[15:34]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Mér hefur fundist þess gæta nokkuð í umræðunni að menn litu svo á að verið væri að taka land af einstaklingum og færa það ríkinu eða færa þjóðinni eitthvað sem hún ætti ekki fyrir. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eru skýr. Það er óheimilt að taka nokkra eign af einstaklingi nema almannaheill krefji og þá komi bætur fyrir. Engin ákvæði eru í frv. um að það eigi að greiða bætur fyrir eitt eða neitt þannig að ég lít svo á að ekki sé hægt samkvæmt því að taka eitt eða neitt frá einstaklingum eða færa þjóðinni eitthvað sem hún á ekki nú þegar. Þá hefðu menn til lítils unnið eið að stjórnarskránni ef menn trúa því í alvöru að svo sé með frv. því að það ákvæði hennar er þó í það minnsta skýrt. Hér er þess vegna að mínu viti fyrst og fremst verið að reyna að koma skikkan á það pappírslega hvers er hvað í skjalasöfnum þjóðarinnar. Það er e.t.v. full nauðsyn á að það sé gert þegar maður hlustar t.d. á dóma Hæstaréttar þar sem landamerki jarðar, þinglesin réttindi, eru ekki talin segja rétt til um hvaða land tilheyrir viðkomandi jörð heldur er farið aftur til landnáms Guðrúnar Ósvífursdóttur og talið að gróðurfar á því tímabili og nú sanni að þetta hafi ekki verið hluti af tilheyrandi jörð á sínum tíma. Mér var að vísu ekki ljóst hvernig þeir áttuðu sig á gróðurfarinu í tíð Guðrúnar.

Burt séð frá því hafa verið alls konar deilur fram og til baka um þessi mál. Hér eru þjóðlendur skilgreindar landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Ég hefði ekki talið óeðlilegt þó að þarna stæðu eyjar líka. Ég veit ekki til þess að ríkið eigi Surtsey. Á ríkið Kolbeinsey? Er það einhvers staðar þinglýst í eignarskránni miklu sem tók nokkur ár hjá fjmrh. að fara yfir til að finna hvað ríkið ætti? (**Forsrh.:** Við erum búin að steypa hana.) En það er búið að steypa þar og steypustjórnin var að sjálfsögðu spurð ráða þannig að það er allt eftir réttum formerkjum. (**Gripið fram í:** Þetta er landnám.) En því segi ég þetta að ef ekki eru tekin af tvímæli í textanum hefði ég talið eðlilegt að það væri gert þannig að ekki yrðu deilur um það seinna því að sá sem með réttu ætti að geta kallast landsnámsmaður í Surtsey væri hv. þm. Árni Johnsen sem dvaldist þar á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Steingrímur Hermannsson.) Undir stjórn Steingríms en ekki að Steingrímur dveldist þar þannig að ég tel eiginlega að Árni hafi þar meiri réttindi.

Aftur á móti hefur komið fram hjá sumum að þetta eigi að tryggja almannarétt til umferðar. Það væri vel ef svo væri en Grágás gekk mjög vel frá þeim málum á sinni tíð. Hún heimilaði almenningi umferðarrétt um öræfin. Hún heimilaði jafnframt beit fyrir hesta ef menn væru þar á ferð og einnig að menn mættu veiða sér til matar. Þessi ákvæði voru öll þar inni. Við höfum aftur á móti horft á land sem hefur verið gert að þjóðgörðum. Það er skylt þjóðlendum. Kannski vildu menn gera þetta að þjóðgarði seinna. Á Þingvöllum fór það svo að ríkið leigði einstaklingum land og þess vegna var ekki öllum almenningi aðgengilegt eftir það. Við Jökulsárgljúfur í Öxarfirði var reiðgata niður með gljúfrinu. Ákveðið var að afnema rétt hestamanna til að ferðast þarna niður ríðandi eftir götunni nema með tilkynningarskyldu, viku fyrirvara. Þess vegna er ég er dálítið hræddur um að það hafi kannski bjargað nafna mínum að hann komst á Suðurpólinn að ekkert eignarhald var á pólnum. En það stöðvaði aftur á móti breska loftfarið að það var eignarhald á Kína. Það var alveg á hreinu að ríkið átti Kína og þar með bönnuðu þeir að þar mættu menn fara yfir þannig að það tryggir alfarið ekki ferðafrelsið þó að ríkið eigi einhvern hlut. Það er mikill misskilningur.

Þegar farið er yfir það í 5. gr. hverjir eigi að hafa sama rétt og áður þá kemur hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um."

Hér hefði gjarnan mátt bæta við réttarákvæði Grágásar, um að ferðafrelsi almennings skuli að fullu virt, þannig að það sé alveg skýrt að almenningur hafi rétt til að ferðast yfir hálendið, hafi rétt til að veiða þar fisk til matar fyrir sig á ferðalögum sínum, hafi rétt til að hafa þar beit fyrir hest sinn ef þeir eru ríðandi. Ég held nefnilega hvort sem okkur líkar það betur eða verr að dálítið sé til í því sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að ekki er alltaf víst að almenningur njóti þess að vera eigandi ríkisins. Það er miklu algengara að ríkið líti eiginlega á almenning sem eign sína. Í það minnsta fengu þeir ungu menn sem voru kvaddir til herskyldu í Evrópu og féllu í seinustu tveimur heimsstyrjöldum aldrei að kynnast þeim stórkostlegu réttindum sem þeir höfðu af því að vera þegnar viðkomandi ríkja en þeir fengu aftur á móti að kynnast því að ríkið leit á þá sem eign sína.

Ég held líka að þegar farið er yfir frv. sé hægt að líta svo á að sá andi sem svífur yfir vötnunum sé jákvæður. Andinn er sá að ekki eigi í neinu flaustri að vinna það verk að komast til botns í þessum málum og skrásetja rétt hvað hvers er í skjalasöfnum Íslands. Menn eiga að hafa frið til að vinna þetta verk til 2007. Þess vegna finnst mér að það skjóti dálítið skökku við þegar kemur að því hvaða tíma einstaklingarnir eiga að hafa til þess að gera grein fyrir stöðu sinni. Menn hafa vissulega þrjá mánuði til að lýsa kvöðum en nú er það kannski bara einhver sem telur að þessi mál séu á hreinu hjá sér. Hann hafi þinglýstan samning og svo brestur á úrskurður nefndarinnar og hvað skyldi sá maður hafa langan tíma til að reyna að ná vopnum sínum? Hann hefur 15 daga. Ekki frá því að hann fær Lögbirting heldur frá því að Lögbirtingur er gefinn út. Þetta kemur fram í 12. gr. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan 15 daga frá þeim degi er kynningu lauk.

Ég held að það þurfi ekki svona mikið óðagot. Ég held að það hljóti að vera miðað við þá hugsun sem kemur fram að það eigi að vinna þetta verk til 2007 sem segir manni að engin hugsun er í því að það eigi með einhverri hraðsuðu að svipta menn rétti, þá hljóti sú nefnd sem fær þetta til meðferðar, og ég trúi ekki öðru en það væri að vilja hæstv. forsrh., að lengja í svona fresti.

Mönnum mundi bregða nokkuð mikið ef þjóðþing Íslendinga setti á stofn nefnd og tilkynnti að fram ætti fara allsherjarrannsókn á því hverjir væru sakamenn. Menn yrðu að gera skriflega grein fyrir því til nefndarinnar að þeir væru það ekki. Síðan fengju þeir 15 daga til að bjarga sér ef eitthvað annað skyldi koma í ljós.

Almenningur á Íslandi stendur yfirleitt ekki í málaferlum. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá eru þeir sem eiga land hluti af almenningi á Íslandi. Sú kvöð að þurfa allt í einu að sanna eignarrétt sinn er þó nokkuð mikil kvöð.

Indíánarnir vissu það fyrir víst hvernig landi var skipt í Norður-Ameríku áður en hvítir menn komu þangað. En þeir fóru flatt þegar þeir áttu að sýna fram á landamerkin.

Þegar þetta er sett upp eins og hér er gert og rúmur tími ætlaður til verksins, þ.e. til 2007, þá hlýtur að vera hægt að lengja þann frest sem hér er settur fram.

Ég set spurningu við 19. gr. þegar kemur að málskotsrétti til dómstóla. Mönnum eru ætlaðir sex mánuðir í því skyni. En nefndin á aftur á móti að starfa í mjög mörg ár. Með fullri virðingu fyrir dómstólum þá skiptir máli hver ver mál eigi maður að ná fram rétti sínum. Veruleg örtröð gæti skapast hjá þeim mönnum sem helst væru til þess færir að standa í málsvörn á þessu sviði. Ekki er víst að svo auðvelt yrði að fá lögfræðinga með reynslu til að standa í málsvörn. Einnig þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þessi frestur sé of stuttur. Það hefur nefnilega komið fram, með réttu hjá hæstv. forsrh., að þessi mál hafa verið gífurlega umfangsmikil þegar þau hafa komið í réttarsali. Þau hafa verið alveg ótrúlega umfangsmikil. Hver man ekki eftir málaferlunum um botninn í Mývatni svo maður taki dæmi?

Ég held að það sé af hinu góða að þannig sé gengið frá þessum málum að enginn sitji sár eftir á þeirri forsendu einni að honum hafi verið skammtaður svo stuttur frestur að óeðlilegt geti talist.

Úrskurðir óbyggðanefndar um málskostnað eru þess eðlis að það má fullnægja þeim með aðför, eins og fram kemur í 18. gr. Ég veit að réttarríkið hefur þessa heimild og notar hana oft en undir þessum kringumstæðum er spurning hversu grimmt eigi að ganga fram, vegna þess að þegar einstakling-

ur lendir í málaferlum við hið opinbera þá finnst honum hann vera að borga bæði sinn málskostnað og eins ríkisins. Hann er að borga sinn málskostnað með eigin peningum og hann er að málskostnað ríkisins með sköttum sínum. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá finnst mér þetta að mörgu leyti minna mál en hitt sem ég gat um áðan.

Hafi einhver talið mig hikandi gagnvart lagasetningunni vil ég að það komi fram að ástæðan er aðeins ein. Sú ástæða að hægt væri að setja hf. á eftir þjóðlenda. Það er ekki mikið mál. Það tekur ekki nema smátíma í Alþingi Íslendinga. Og það er hægt að selja allt sem ríkið á. En ríkið á ekki gott með að selja það sem kallað hefur verið almenningur og þar með eign þjóðarinnar. Það stendur misvel á hjá ríkinu á hinum ýmsu tímum. Það vill svo til að inni á hálendi Íslands eru gífurlegar auðlindir, m.a. háhitasvæði. Ég vona að sá skilningur sé fjarri öllum sem standa að þessu frv. og hér sé ekki verið að taka ákvörðun um að stofna þjóðlendu með það fyrir augum að eftir nokkur ár verði hf. sett fyrir aftan. Þá væru menn í reynd að snúa dæminu við, taka eignir almennings í landinu og gera þær að eignum kaupandans.

Ég vil aftur á móti geta þess að mér hefur oft fundist lagasetning fyrri tíma, t.d. grágásarlög, standast miklu betur tímans tönn en lagasetning okkar tíma. Ég held að hluti af því sé það að menn flýttu sér ekki jafnmikið við lagasetninguna. Menn litu ekki á það sem kappsmál að lög væru nauðsynlega afgreidd fyrir ákveðinn tíma, það væri meira virði að afgreiða þau síðar og hafa þau jafnframt skynsamleg. Ég tel að það sé frekar kostur en hitt að menn hafa gefið sér góðan tíma við að undirbúa þetta lagafrv. með það fyrir augum að geta lagt það fram með þeim afleiðingum að stjórnarandstaðan hefur keppst við að sýna fram á hvorir hafi fyrr flutt þetta frv. á Alþingi Íslendinga, Alþfl. eða Alþb. Ég trúi hæstv. forseta ansi vel í þeim málflutningi.

[15:54]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. þm. um eyjar og þess háttar vek ég athygli á því að þjóðlendufrv. er ekki bundið við miðhálendið heldur nær það yfir landsvæði utan eignarlanda þannig að samkvæmt þessu frv. mundi Surtsey falla þar undir, eins og ég skil frv.

Í annan stað vil ég nefna þær ábendingar sem hv. þm. kom með varðandi frest þann sem gefinn er og hann gat sérstaklega um. Ég hygg að þar hafi hv. þm. komið með ábendingar sem eigi fullan rétt á sér. Ég vænti þess að nefndin sem fær málið til meðferðar athugi það sérstaklega. Ég hygg að hv. þm. eigi þar sæti, hann átti a.m.k. sæti þar. Ábendingar um að fresturinn megi vera rýmri eru réttar. Það stendur hins vegar ekki til af minni hálfu að bæta hf. aftan við þjóðlenduna.

[15:55]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Eins og aðrir hv. þm. tel ég að hér sé um að ræða eitt mikilvægasta mál íslensku þjóðarinnar, þ.e. þjóðlendufrv. hæstv. forsrh. Umræðan er ekki ný en frv. ber þess merki að málið er þroskað, enda hefur það verið í umræðunni í a.m.k. 30 ár, allt frá því að það kom fram í þingsályktunarformi frá fyrrv. þm. Braga heitnum Sigurjónssyni og fleirum. En þar segir með, leyfi forseta, í þremur greinum sem ég ætla að vitna í.

Í fyrsta lagi er spurt hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggi ekki fyrir, og hvernig glöggt megi vera um mörk þessara ríkiseigna.

Í öðru lagi er ályktað að rétt sé að öll not afrétta sem ekki eru í einkaeign skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga eins og þau yrðu nánar skilgreind.

Í þriðja lagi er því velt upp hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundin viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.

Árið 1970 var þetta sett fram í þingsályktunarformi. Ég er ekki að segja að það sé endilega upphafið en a.m.k. hluti af því máli sem þroskast hefur í 30 ár. Ég kalla það að þroskast þar sem mér heyrist að loks sé komin sátt meðal hv. þm. um flest sem að frv. þessu lýtur þó að það tengist óneitanlega öðrum frv. sem lögð hafa verið fram. Ég tel það skarast verulega við frv. sem við ræðum hér.

Í fyrrnefndri þáltill., 143. mál árið 1970, segir m.a. í grg., með leyfi forseta:

„Þá er alkunnugt, að vaxandi ágreinings gætir um eignarráð og eignarréttindi yfir ýmsum gæðum landsins svo sem um veiðirétti, fiskræktarrétti, virkjunarrétti, jarðhita- og námurétti o.fl. Virðist því mál komið til, að sett verði skýr og afdráttarlaus lög um þessi mál, en þá eðlilegt, að ýmislegt verði tekið til endurmats, svo sem það, hvort aðild og réttur sveitarfélaga skuli ekki gjarnan vaxa, en einkaeigendum markaður þrengri bás, þannig að heildarhagur sé rétthærri einkahag, að sveitarfélag hafi fremur afraksturinn af veiðiá og veiðivatni en ákveðnir veiðibændur."

Þegar á þessum árum, herra forseti, eru menn að fjalla um það sem við erum að reyna að skilgreina í dag. Það er ósköp eðlilegt að svona mikilvæg mál taki langan tíma. Ég sé ekki að það bráðliggi á að afgreiða þessi mál, eins og einn hv. þm. komst að orði hér áðan, hið snarasta. Ég tel að þetta mál þurfi að fá mjög nákvæma umfjöllun.

Þessi mál sem ég áður nefndi þyrftu að fá sameiginlega umfjöllun hjá einhverjum ákveðnum hópi aðila sem fjallar um þau samtímis. Það er mín skoðun, herra forseti.

Ég vil geta þess að það mál sem ég vitnaði í var síðan á dagskrá nánast á hverju einasta þingi frá 1970 að frumkvæði alþýðuflokksmanna o.fl., í áraraðir. Ég tel, herra forseti, ástæðu til að minna á að 1976–1977 fluttu Bragi heitinn Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson frv., nánar tiltekið 85. mál. Í 1. gr. þess frv. segir, með leyfi forseta:

„Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum."

Ég hef ekki rekist á, herra forseti, að þessi grein hafi komið fram fyrr en á þessu ári. Mér þykir það athyglisvert. (Gripið fram í.) Þetta var, af því að spurt er úr sal, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, árið 1976. Ég finn þessa skilgreiningu ekki fyrr í gögnum svoleiðis að ég tel ástæðu til að nefna það. Fyrir mitt leyti skiptir það mestu máli að þetta hafi komið fram í þessu frv. og en ekki hvort það er bundið við Alþfl., Framsfl., Sjálfstfl. eða Alþb, það er fyrst og fremst það að þetta kemur þarna fram. En ekki er hægt að neita því að alþýðuflokksmenn setja þetta fram fyrstir, ef ég fer með rétt mál.

Ég sé einnig ástæðu til, herra forseti, að vitna einnig til nokkurra annarra greina í því frv. sem ég minntist á. Þar segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, fé-

lagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings."

Þarna held ég, herra forseti, að séu einnig orð sem eru mjög mikilvæg í þeirri umræðu sem við erum að fara í um þau frv. sem gat um áðan.

Það er ástæða til, herra forseti, að vitna einnig í 3. gr., þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum ..."

Þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum. Þetta tel ég að sé mjög athyglisvert. Og þá ekki síður 4. gr. sem ég held að menn ættu kannski að velta fyrir sér, a.m.k. þeir sem koma til með að fjalla um þetta frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli metna til verðs."

Hér voru á ferðinni mjög athyglisverð mál og það er auðséð og auðfundið að þessi mál hafa þurft þann tíma til að þroskast sem hefur liðið, til þess að menn geti verið tilbúnir til að afgreiða þau. Og ég veit að hæstv. forseti er mér algjörlega sammála um að það þarf þennan tíma til þess að svo mikilsverð mál sem hér um ræðir fái eðlilega afgreiðslu.

Þá eru það þær skilgreiningar sem eru í því frv. sem við erum að fjalla um hér. Skilgreiningin á eignarlandi er þar þessi, með leyfi forseta:

„Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma."

Þetta er auðvitað ágæt skilgreining en ég er ekkert frá því að menn þurfi að velta því fyrir sér hvernig þetta skuli nákvæmlega útfært. Enn fremur segir þar um þjóðlendur, með leyfi forseta:

„Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi."

Ég hygg að það þurfi að skoða þessa skilgreiningu betur eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi og hann óskaði eftir að fá skilgreint hvar eyjar féllu þar sem ekki hefði verið fest nein byggð á eða hvað yrði um eyjar sem væru í lögsögunni.

Herra forseti. Ég tel ríka ástæðu til að gera grein fyrir því að ég tel að þau mál sem einnig eru í umræðu og eru að koma til umræðu, eins og ég gat um áðan, sem varða eign og umráð hálendisins, sem varða orkuvinnslu, orkusölu o.s.frv., verði skoðuð samtímis. Það er ástæða til að þessi mál séu skoðuð í samhengi og e.t.v., eins og ég sagði áðan, af sömu aðilum þannig að hver þingflokkur fái rétt til að tilnefna fulltrúa í samræmi við þingstyrk sinn til þessa verks. Þar er ég að óska eftir, herra forseti, að þetta mál fari í þann farveg að það verði tekið til skoðunar af sérstakri nefnd sem verði skipuð til að fjalla um þessi þrjú eða fjögur málefni sem tengjast svona mikið, svo sem sveitarstjórnarfrv. sem hér hefur verið getið um, þjóðlendufrv. og þáltill. hæstv. iðnrh. um orkuvinnslu og eignarhald.

Það þarf e.t.v. langan tíma til að ljúka þessu verki eins og ég sagði áðan en við verðum að gefa okkur tíma til þess og við megum ekki flýta okkur vegna þess að það er ekki auðvelt að breyta því sem verður bundið á einhvern hátt í lög. Ég tel að hér sé um skilgreiningu á umráðarétti að ræða, eignarrétti og meðferð okkar ástkæra lands, herra forseti. Um það snýst þetta mál. Það er nefnilega svo að mannskepnan hefur á ýmsan hátt spillt stórum landsvæðum, hefur mengað loft og vatn og við verðum því að spyrna við fótum. Og ég tel að þau mál sem ég hef nefnt hér þurfi öll að taka samtímis til umræðu, af sömu aðilum, til að samræma meginhugsun í þeim.

Ég held að vaxandi skilningur sé á þessum staðreyndum sem ég hef nefnt og varða verndun og það að komast hjá óvissu. Ég held að almenningur viti að það verður að skilgreina mest allt landið sem þjóðareign, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár heldur mikinn hluta byggilegs lands á Íslandi. Þetta tel ég að sé mjög mikilsvert og það á að koma fram í þeim frumvörpum sem hér eru reyndar ekki til umræðu, ásamt frv. til laga um þjóðlendur. Þess vegna segi ég, herra forseti: Það er nauðsynlegt að koma þessum málum öllum í þann farveg að þau séu rædd í einni nefnd, þó svo að einstakar nefndir Alþingis fjalli um málin hver í sínu lagi eins og þau koma þar fyrir.

Grundvallarsjónarmið mitt er að landið og miðin séu takmörkuð auðlind. Meðferð þessara auðlinda á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu þjóðar. Það getur þurft að breyta eignarréttarformi liðins tíma til samræmis við breytilegar þjóðfélagsþarfir í þágu almannaheilla.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég er ekki að leggja til upptöku eigna sem taldar hafa verið í einkaeign heldur að taka undir meginefni þessa frv. um þjóðlendur sem sett er fram til að leiða til lykta og skera úr margháttuðum deilum um eignarrétt og yfirráð.

[16:10]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég vil undirstrika örfá atriði varðandi þetta mikilvæga mál sem hér er til umræðu. Þetta frv. er eitt af stærstu málum og áreiðanlega það allra stærsta sem þingið hefur tekið fyrir í vetur ásamt öðrum málum sem eru skyld því og eru til umræðu bæði í dag og hafa verið til umræðu áður í hv. Alþingi.

Ég tel að þetta frv. sé af hinu góða og taki á brýnum málum sem varða eignarrétt á hálendinu. Ég tel að frv. tryggi ríkisvaldinu og þar með almenningi, eignarrétt og aðgang að hálendinu. Ég vil vara við því að blanda saman, eins og reyndar var gert fyrr í umræðunni í dag, eignarrétti og gjaldtöku fyrir auðlindir til lands og sjávar. Þessu ber að halda aðskildu. Hér er verið að kveða á um eignarrétt ríkisvaldsins á hálendinu á þeim landsvæðum sem ekki lúta einkaeignarrétti.

Það er mikið verkefni að framkvæma þessa löggjöf og til þess er ætlaður nokkuð rúmur tími og veitir ekki af. Sú nefnd, svokölluð óbyggðanefnd, sem fær það verkefni samkvæmt frv. að vinna að þessu á mikið verk fyrir höndum eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Það er afar flókið verkefni að skilgreina eignarréttinn og ekki veitir af að vanda það verk og taka tíma í það. Frumvarpið hefur lengi verið í undirbúningi og það hefur verið lagt fram áður til kynningar á Alþingi og það er áríðandi að sem mest sé vandað til þeirrar vinnu sem verður við það.

Nokkuð hefur verið rætt um það í dag að hér hafi verið blandað saman frv. til sveitarstjórnarlaga — en 1. umr. um það var fyrr í vetur — og þessu máli og hæstv. félmrh. hefur verið ásakaður um að hefja umræðuna eftir framsöguræðu hæstv. forsrh. með því að blanda ákvæði til bráðabirgða við frv. til sveitarstjórnarlaga saman við þessa umræðu. Ég tel að það hafi verið eðlilegt og fullkomlega innan dagskrár að gera svo vegna þess að sú brtt. sem ráðherrann beindi til félmn. varðaði beinlínis ákvæði þessa frv. um óbyggðanefnd og verkefni hennar sem um er fjallað í þessu frv. þannig að ræða hæstv. félmrh. var beint innlegg í umræður um það mál sem hér er á dagskrá. Það er ekkert athugavert við það.

Afstaða mín til frv. til sveitarstjórnarlaga og ákvæðis til bráðabirgða um stjórnsýslu á hálendinu liggur fyrir. Ég gerði rækilega grein fyrir henni í 1. umr. við frv. til sveitarstjórnarlaga og ætla ekki að endurtaka þau orð. Það liggur fyrir að ég er því fylgjandi að skipta öllu landinu í sveitarfélög og ég ætla ekki að orðlengja um það frekar við þessa umræðu. Það mál er í nefnd og það mál þarf að vinnast vel í hv. félmn. og ég efast ekki um að þar verður vandað til vinnu. Mér er fullkunnugt um skiptar skoðanir eru í Alþingi um það mál því snörp umræða um það var tekin við 1. umr. málsins.

Óbyggðanefnd mun fara með skilgreiningu eignarréttar. Það er hennar aðalverkefni. Ég endurtek að til þeirrar vinnu þarf vel að vanda. Þetta frv. byggist á því að ekki er gengið á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar en það er jafnáríðandi að skilgreina eignarrétt á miðhálendinu utan þeirra svæða sem eru í einkaeigu eða einkaafnotum. Um þetta þurfa að vera skýrar reglur.

Þetta frv., frv. til sveitarstjórnarlaga og frv. um nýtingu auðlinda í jörðu, sem hæstv. iðnrh. talar fyrir síðar í dag, eru allt saman stjfrv. sem hafa verið lögð fyrir í þingflokkum stjórnarflokkanna og lögð fram af ríkisstjórninni þrátt fyrir einstaka fyrirvara þar um. Sú stefna sem var uppi í umræðum í Framsfl. er í stuttu máli þessi:

Í fyrsta lagi að setja verði skýrar reglur um eignarrétt á miðhálendinu og eðlilegt sé að forsrh. fari með þetta mál í umboði þjóðarinnar með þeim takmörkunum sem önnur lög setja, eins og hér hefur komið fram. Það er einnig stefna okkar að aðgengi almennings að miðhálendinu verði sem greiðast með þeim takmörkunum, sem e.t.v. þarf að setja af öðrum ástæðum, eins og þegar örtröð er á landi og af öðrum slíkum ástæðum.

Hv. 2. þm. Vestf. ræddi áðan um ákvæði Grágásar í þessu efni. Hann er manna fróðastur, a.m.k. í okkar þingflokki, um þá góðu bók. Hins vegar kunna aðstæður eitthvað að hafa breyst frá þeim tíma þegar sú löggjöf var sett. (**ÖS:** Er það víst?) Þannig að ég er ekki alveg viss um að hægt sé að fara að öllu leyti eftir því sem hún mælir fyrir en jafnsjálfsagt er að taka öll þau sjónarmið inn í þá umræðu sem þarf að fara fram um þetta mikla mál.

Við viljum að umsagnarréttur almennings um skipulagsmál sé tryggður samkvæmt skipulagslögum þó að ég sé þá kominn á grátt svæði varðandi það mál sem hér er á dagskrá, en það er auðvitað ljóst að öll þjóðin hefur umsagnarrétt um það skipulag sem á að ríkja í framtíðinni á miðhálendinu. Það er alveg rétt sem kom fram í umræðunni í dag, m.a. hjá hv. 4. þm. Austurl., að það varð niðurstaða Alþingis á sínum tíma að fara þá leið að skipa þá nefnd sem hefur fjallað um skipulag miðhálendisins og unnið feikilega gott verk á undanförnum árum og kynnt tillögur sínar um land allt og þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hygg að ef frv. um þjóðlendur verður samþykkt styrki það mjög rétt almennings í landinu til aðgangs að miðhálendinu og til að fjalla um þau mál sem miðhálendið varðar. Ég tel það af hinu góða. Hins vegar verður forsrh. í þessu tilfelli, þó að skiptar skoðanir kunni að vera um slíkt, að fara með þann rétt í umboði almennings í landinu. Ég hef ekki aðrar tillögur sem eru vænlegri en þær.

Ég veit að frv. mun fá vandaða umfjöllun í nefnd. Ýmsar ástæður kunna að mæla með því að setja frv. í sérnefnd en það fer eftir niðurstöðunni um hvort fleiri skyld frv. fara til slíkarar nefndar. Ég get alveg stutt þá skipan mála, ef forusta þingsins og ríkisstjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að svo verði.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni og hef í máli mínu að mestu haldið mig við það frv. sem hér er á dagskrá.

[16:23]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. umhvrh. yrði viðstaddur, a.m.k. þegar kæmi að því að ég flytti mína ræðu því að ég hef ákveðnum spurningum til hans að beina, m.a. spurningum sem hv. þingmenn hafa fyrr í umræðum beint til hæstv. forsrh. sem hann á eðli málsins samkvæmt mjög erfitt með að svara því að þau mál, sem þar var um að ræða, skipulagsmál, falla ekki undir ráðuneyti hans heldur undir ráðuneyti hæstv. umhvrh. sem verður þá að vera til andsvara. Ég spyr virðulegan forseta hvort ekki megi vænta þess að hæstv. umhvrh. geti komið hér. — Jú, hér er hann og ég þakka honum fyrir það.

Á þeim stutta tíma sem ég hafði til ráðstöfunar fyrr í dag vildi ég rekja nokkuð forsögu þessa máls og enn fremur tengsl þess við önnur frv. sem eru til meðferðar til að rökstyðja þá tillögu mína að öll þessi frumvörp fengju sérmeðferð í sérstakri þingnefnd. Ég gat því ekki, herra forseti, tímans vegna farið í einstök atriði í þessu frv. sem ástæða er til að nefna. Ég vil hefja mál mitt á að gera það alveg ótvírætt að við jafnaðarmenn styðjum allt meginefni þessa frv., teljum það mjög til bóta og að flestu leyti í fyllsta samræmi við þau þingmál sem við höfum verið að flytja í tæplega 30 ár. Athugasemdir mínar má því ekki skoða sem athugasemdir við meginefni málsins heldur aðeins sem athugasemdir við nokkur atriði sem mætti haga með öðrum hætti í þessu frv. ef menn vildu.

Í fyrsta lagi langar mig til að benda á að eins og frá frv. er gengið er eiginlega alger ógerningur að ræða það eitt út af fyrir sig án tengsla við önnur mál. Það kemur fram þegar menn lesa 3. gr. vegna þess að þar er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.“

Hvað átt er við með þessari setningu geta menn ekki fengið á hreint nema með skírskotun til annaðhvort gildandi sveitarstjórnarlaga eða þeirra breytinga sem hæstv. ríkisstjórn hyggst gera á sveitarstjórnarlögum samfara afgreiðslu þessa frv. Því hlýtur tillaga hæstv. félmrh. um ákvæði til bráðabirgða í frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum að koma inn í þessa umræðu. Vegna þess að sú setning sem ég vitnaði til verður ekki skýrð til fullnustu nema menn hafi hliðsjón af því hvernig menn hyggjast skipa þeim málum í sveitarstjórnarlögum. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. forsrh.

að menn geta breytt skilningi málsgreinarinnar eða málsliðarins í 3. gr. með breytingu á sveitarstjórnarlögum einhvern tíma í framtíðinni og breytt því kerfi stjórnsýslu sem menn hyggjast koma sér upp með samvirku kerfi frv. til laga um þjóðlendur og laga um skipan sveitarstjórnarmála. En það breytir ekki því, þó að menn geti breytt lögunum seinna, að menn verða að ræða þetta frv. í samhengi við það skipulag sem menn hugsa sér varðandi brtt. og meðferð Alþingis á frv. til sveitarstjórnarlaga því að af sjálfu leiðir að menn geta ekki rætt frv. til þjóðlendna algerlega eitt út af fyrir sig án þess að taka tillit til þeirrar lagasetningar jafnframt og ekki er eðlilegt að tvær nefndir fjalli um jafnnátengd mál heldur á ein og sama nefndin að sjálfsögðu að gera það. Þá er ég ekki að ræða frv. hæstv. félmrh. í heild heldur aðeins tillögurnar um bráðabirgðaákvæði.

Í öðru lagi eru ákvæði í 3. gr. líka um leyfi, hvernig skuli hátta leyfisútgáfu til rannsókna, leitar og nýtingar á auðlindum í sameign þjóðarinnar og hvernig skuli haga gjaldtöku fyrir þær sömu auðlindir. Þetta snertir beint frv. hæstv. iðnrh. um auðlindir í jörðu og frv. okkar jafnaðarmanna, kvennalistakvenna og hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um nákvæmlega sömu mál, því að þar er lögð til framkvæmd sem er með gjörólíkum hætti frá því sem kveðið er á um í 3. gr. þessa frv. Þar með er því einnig orðið ljóst að ekki er hægt að ræða og afgreiða frv. til laga um þjóðlendur eitt út af fyrir sig án þess að hafa jafnframt hliðsjón af því hvernig menn hyggjast ráðstafa sameiginlegum auðlindum í jörðu og auðlindum fallvatna í öðrum lagafrumvörpum sem eru á ferð í Alþingi, hvort menn hyggjast taka gjald fyrir nýtingu þeirra auðlinda og þá hvernig, því um nákvæmlega þessi mál er fjallað í 3. gr. frv. til laga um þjóðlendur. Auðvitað geta menn ekki afgreitt það með öðru móti í frv. til laga um þjóðlendur en þeim sem menn hyggjast viðhafa í frv. um virkjunarrétt fallvatna og gjald fyrir nýtingu virkjunarréttar sem við þingmenn jafnaðarmanna höfum flutt, í frv. um auðlindir í jörðu og auðlindagjald sem við þingmenn jafnaðarmanna höfum flutt og í frv. hæstv. iðnrh. um auðlindir í jörðu sem einnig fjallar um hvernig nýta skuli auðlindir í sameign þjóðarinnar, hvernig leyfi fyrir nýtingu þeirra skuli háttað og hvernig gjald skuli taka fyrir.

Ef við víkjum að fyrsta atriðinu, þ.e. um samspil frv. við það fyrirkomulag um stjórnsýslu á hálendinu sem bráðabirgðaákvæðið í frv. hæstv. félmrh. gerir ráð fyrir, er stóra spurningin fyrir utan sjálfa stjórnsýsluna þessi: Hvernig hyggjast menn standa að útgáfu svæðaskipulags fyrir þetta landsvæði sem tillögur hafa þegar verið gerðar um? Þetta svæðaskipulag hefur aðeins komið til umræðu fyrr í dag og hefur verið gagnrýnt af ýmsum þingmönnum fyrir ýmsar sakir, m.a. með ábendingu um að þar séu uppi hugmyndir um virkjanakosti sem enginn veit til að uppi hafi verið hjá þeim stofnunum sem fjalla um virkjunarmál á Íslandi og er því hreinn tilbúningur þeirra sem sömdu svæðisskipulagstillöguna. Í öðru lagi sem hefur verið gagnrýnt líka á þeim forsendum að þarna sé verið að breyta án samráðs við virkjunaraðila ýmsum áformum sem hafa þegar verið samþykkt en ekki hrint í framkvæmd. Í þriðja lagi hefur þetta líka verið gagnrýnt fyrir þær sakir að þarna sé nánast fjallað um hömlur og náttúruvernd í öllum efnum nema hvað varðar beit búfjár. Einu náttúrueyðingaráhrifin sem er ekki fjallað um í þessum skipulagsuppdrætti er því beit búfjár og umgengni búfjár um hálendið. Að því virðist ekki vera vikið einu orði en það virðist ekki vera neitt áhyggjuefni þeirra sem hafa fjallað um málið þó að svo sé komið vegna ofbeitar á Íslandi að Ísland sé orðið eitt af stærstu eyðimerkursvæðum jarðar sökum uppblásturs jarðvegs vegna of mikils ágangs búfjár einmitt á þessi fallegu svæði. Auk þess hefur verið gagnrýnt að forsenduna skortir fyrir skipulagstillögum, þ.e. stefnumótun stjórnvalda um nýtingu jarða og orkuauðlinda á svæðinu. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra umhverfismála hvort hann hyggist staðfesta skipulagstillögurnar sem fyrir honum liggja á grundvelli þeirra laga sem gilda í dag, hvort hann treystir sér til þess, eða hvort hann telji nauðsynlegt að fá fram þær breytingar á skipulagsmálum sem bráðabirgðaákvæðið fjallar um áður en hann getur gengið til staðfestingar á tillögunum.

Virðulegi forseti. Ég á eftir að koma að öðru stórmáli sem ég kemst ekki til með að spyrjast fyrir um í þessum knappa umræðutíma og verður þá svo að vera en það varðar heimildir þær til gjaldtöku sem hæstv. forsrh. eru gefnar í 3. gr. (Forseti hringir.) Þar vantar allar reglur um málsmeðferð og þar er verið að heimila hæstv. forsrh. án neinna sérstakra málsmeðferðarreglna að semja um afgjald fyrir t.d. nýtingu á helstu orkuauðlindum landsins án undangengins útboðs og án annarrar lagastoðar en felst í frv. þessu. Ég tel þetta mjög varhugavert, virðulegi forseti, og ég mundi gjarnan vilja heyra skýringar hæstv. forsrh. á þessu.

[16:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess síðasta sem hv. þm. nefndi vek ég athygli á því að gert er ráð fyrir mjög hóflegum — nú held ég að hv. þm. sé ekki að hlusta, ég hef skamman tíma. *Ef þingmaðurinn sem bað um svar vildi hlusta.* — Vegna þess sem hann nefndi sérstaklega vek ég athygli á því að um er að ræða mjög hóflega gjaldtöku eins og þarna er stefnt að og jafnframt er mjög skýrt tekið fram til hvaða þátta þessar tekjur skulu ganga. Þær eru afmarkaðar og vel skýrðar í frv.

Vegna tillögu um að þau þrjú mál sem hafa verið tengd saman verði vísað til sömu nefndar, hef ég eftir nokkra umhugsun um það og eftir að hafa borið mig saman við hæstv. félmrh., finnst mér það óheppilegt vegna þess að þó að málin tengist að hluta til, til að mynda í gegnum þetta bráðabirgðaákvæði, eru þessi þrjú mál að meginefni til að mörgu leyti mjög ólík og fjalla um ólíka þætti. Ég held þess vegna að það verði ekki til framdráttar málunum að þau gengu öll til einnar nefndar.

Þá hlýt ég einnig að vekja athygli á því að frv. hæstv. félmrh., sveitarstjórnarlögin, er þegar komið til nefndar. Þá var þess getið að ósk að frv. um þjóðlendur yrði flutt og við þær aðstæður kom engin ósk fram um að þess yrði gætt að þessi mál færu saman og ættu samflot til nefndar. Mér finnst það því ekki heppileg lausn og vildi svara þessu hér meðan hv. þm. getur brugðist við.

[16:36]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta hæstv. forsrh. Ég hef óskað eftir því við þá umræðu sem fór fram um frv. hæstv. félmrh. að bráðabirgðaákvæðin þar færu í sömu nefnd og þjóðlendufrv. hæstv. forsrh. þannig að sú ósk kom þá þegar fram.

Í öðru lagi um gjaldtökuna að þetta væri svo lítilvægt að það væri allt í lagi að heimila forsrh. að semja um þetta án þess að setja nokkrar málsmeðferðarreglur. Ja, lítilvægt? Þarna er verið að gefa forsrh. heimild án þess að setja nokkrar reglur um það hvernig skuli staðið að því að semja t.d.

leyfisgjöld fyrir stærstu rísavirkjanir á hálendi Íslands. Er þetta smámál? Er það eitthvert smámál að heimila forsrh. án nokkurrar málsmeðferðarreglu að semja t.d. um virkjanir á vatnasvæðinu norðan Vatnajökuls við einhvern tiltekinn aðila og taka fyrir það gjald? Er nokkurt vit í því að miða við að Íslendingar leigi slíka sameiginlega auðlind sína fyrir lítið sem ekki neitt eins og mátti skilja á hæstv. forsrh.? Það yrði svo lítið sem kæmi í tekjur fyrir slíka leigu að það væri allt í lagi að veita hæstv. forsrh., nú er ég ekki að tala um þann hæstv. forsrh. sem nú situr í stólnum, heldur hæstv. forsrh. um alla framtíð, að veita þeim heimild til að ganga án nokkurrar málsmeðferðarreglu til samninga við hvern sem honum dettur í hug. Hann þarf ekki einu sinni að leita útboða eða tilboða. Hann getur gengið til samninga við hvern sem honum dettur í hug um slíka framkvæmd og um leigugreiðslur til þjóðarinnar þar sem það séu svo litlir peningar sem munu koma inn fyrir leigu til einkaaðila fyrir nýtingu verðmætustu auðlinda Íslands. Ég held að menn verði aðeins að spyrna við fótum og hugsa sig um.

[16:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé kominn á vafasama braut í þessum umræðum. Menn eru ekki að gera ráð fyrir því að forsrh. fari með vísun til þessara heimilda að leigja út virkjanir eða stórfljót eða þess háttar. Lögin gefa ekki tilefni til þess. Á hinn bóginn var vakin athygli á því í upphafsræðu að ekki væri gert ráð fyrir öðru en lágum gjöldum sem ættu að ganga til þeirra hluta sem þarna er um að ræða, til þjóðlendnanna sjálfra. Þarna væru menn ekki að hugsa um auðlindaskatt, skatttekjur sem gengju til ríkissjóðs. Þetta er allt saman skýrt bæði í ræðu minni og í greinargerðinni þannig að þetta er ljóst.

Varðandi hitt atriðið þá var ég ekki viðstaddur og bið forláts á því að hv. þm. hafi mælst til þess að málið gengi til sömu nefndar þá hefur Alþingi tekið afstöðu til þess því að ljóst var að þjóðlendufrv. mundi aldrei ganga til félmn. Þá hefur Alþingi tekið afstöðu til þeirrar beiðni og því er óþarft að fara að taka aðra afstöðu öndverða þeirri.

[16:39]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það og ekkert sem kemur í veg fyrir að ein og sama nefnd geti fjallað um þessi mál. Það þarf ekki annað en hv. félmn. óski eftir því að sú nefnd gefi umsögn sína eða fjalli um það ákvæði til bráðabirgða sem hér er rætt um. Annað er ég ekki að biðja um en það að ein og sama nefnd fjalli um þjóðlendufrv. og frv. sem fer ... (Gripið fram í.) Nákvæmlega.

Um hitt er það að segja að það er ekkert óeðlilegt við það og ég bið menn enn að hafa það í minni að ég er ekki að tala um þann einstakling sem situr í forsætisráðherrastólnum í dag heldur forsætisráðherraembættið sem slíkt. Það er ekkert óeðlilegt við að forsrh. sem fer með eignarráðin fyrir hönd þjóðarinnar á þjóðlendum hafi heimild til að semja við aðila um takmörkuð not, um greiðslur fyrir að reisa ferðamannaaðstöðu eða eitthvað svoleiðis. En það er mjög óeðlilegt að gert sé ráð fyrir því í lögum að þessi einstaklingur hafi heimild til þess án nokkurra málsmeðferðarreglna að ganga eins og gert er ráð fyrir í frv. til samninga um endurgjald fyrir nýtingu réttinda sem íslenska ríkið eignast samkvæmt 2. gr. og eru hvers konar landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum Íslands, þar á meðal virkjanaréttur stórfallvatna og jarðhita. Enginn greinarmunur er gerður á því í frv. og ég segi: Ég efa að það standist þá venju sem við höfum í dag að afhenda ráðherra, sama hver hann er, slíkan rétt til gjaldtöku fyrir jafnverðmæt réttindi án sérstakra lagaheimilda þar um þar sem ákveðnar málsmeðferðarreglur eru settar í samræmi við eðli málsins.

[16:41]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. um skipulagsmál á miðhálendinu vil ég að það komi skýrt fram að afstaða mín til þess máls er sú að það verði að vera ljóst hver fer með stjórnsýslu á miðhálendinu. Ég beitti mér fyrir því að svæðisskipulagsnefndin fengi aðstoð sérstakrar lögfræðinefndar til að skýra sveitarstjórnarmörk og takast á við nokkur atriði sem voru ágreiningsefni milli sveitarfélaga um þessi efni og um það er í megindráttum samstaða milli aðila. Að vísu er enn þá á því ein undantekning og sýnir hvað brýnt er að á þessu sé tekið. Það er í Þórsmörk þar sem fyrir vikið er ekki vitað hver fer með skipulagsmál og hver gefur út byggingarleyfi og annað í þeim dúr. Ég tel því mjög brýnt að koma skikki á þessi mál og þess vegna er ég líka mjög sammála þeirri tillögu sem kemur fram í frv. hæstv. félmrh., í frv. til sveitarstjórnarlaga, ákvæði til bráðabirgða sem hv. þm. spurði um.

Þá er spurningin hvort hægt er að staðfesta svæðaskipulagið sem hann spurði um áður en afstaða liggur fyrir í þessu efni (**SighB:** Án þess að afstaða liggi fyrir.) eða án þess að afstaða liggi fyrir, það má kannski orða það þannig. Ég tel að það sé mjög erfitt að staðfesta skipulagið án þess. Ég minni síðan á að svæðisskipulagsnefndinni hafa borist ótal athugasemdir, ég held að það séu tugir ef ekki hundruð athugasemda sem hún er að yfirfara samkvæmt hlutverki hennar. Hún hefur beðið um framlengdan frest til þess að vinna verkefni sitt. Ég hef veitt þann frest til áramóta og verði þetta ákvæði til bráðabirgða í frv. hæstv. félmrh. að lögum er gert ráð fyrir því að þessum málum verði skipað eins og þar segir fyrir 31. des. 1998 þannig að þetta ætti að geta farið saman.

[16:44]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir mjög skýrt og greinargott svar. Hann tekur af öll tvímæli um að verði frv. hæstv. félmrh. um bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlögunum samþykkt eins og hann hefur lýst því mun hann staðfesta hinar mjög svo gagnrýndu skipulagstillögur fyrir árslok. Verði ákvæði til bráðabirgða hins vegar ekki samþykkt treystir hæstv. ráðherra sér ekki til að staðfesta tillögur skipulagsnefndar, auðvitað með þeim breytingum sem kunna að vera gerðar frá því frv. kom fram. Þetta held ég að þingmenn ættu að hafa sterklega í huga vegna þess að ég veit að margir þingmenn eru mjög efins um að rétt sé að ganga frá skipulagi miðhálendisins á þeim grundvelli sem tillagan gerir ráð fyrir án þess að stjórnvöld hafi markað neina stefnu áður sem hægt er að segja að sé stefna ríkisstjórnar og Alþingis um nýtingu lands og landgæða á hálendi Íslands. Þar með er enn komið fram að það hangir saman afgreiðsla Alþingis á tillögum félmrh. og staðfesting umhvrh. á hinni umdeildu skipulagstillögu.

[16:45]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil árétta að ég tel brýnt að koma skikki á hver fari með skipulagsmál á hálendinu en það er óljóst eins og sakir standa. Svo mörg mál og stór eru óleyst í svæðisskipulagi miðhálendisins að þar verður að fara saman ákvörðun um það hver fari með skipulagsstjórnina og hver fari með sveitarstjórnarmálin eða þann hluta af stjórnvaldsákvörðunum. Í raun er það alveg óskylt ákvæðum um eignarrétt og að því leyti óskylt meginefni þjóðlendufrv. Menn hafa stundum blandað saman skipulagsmálunum og stjórnskipunarvaldinu á svæðinu annars vegar og eignarréttinum hins vegar. Hér er ekki tími til að gera því ítarleg skil. En þetta vildi ég hafa alveg skýrt af minni hálfu. Það er mjög brýnt að koma á skipulagi um stjórnskipunarvaldið þar með talið skipulagsmálin og eins er brýnt að það fari saman við staðfestinguna á svæðisskipulaginu.

[16:47]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. umhvrh. Hann hefur tekið af öll tvímæli um að þessi mál eru samtvinnuð. Hann hefur lýst því yfir að hann muni staðfesta hið umdeilda skipulags með þeim breytingum sem hann e.t.v. gerir á þeim fyrir árslok, verði tillögur hæstv. félmrh. um bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlögum samþykkt. Verði það hins vegar ekki samþykkt, þá mun hæstv. ráðherra ekki treysta sér til þess. Þetta liggur fyrir og það er vissulega mikilvægt innlegg í málið.

Því miður er ekki tilefni til þess að ræða tillögu um svæðisskipulag hálendisins en ef til þess væri svigrúm mundi ég nota það til að gera fjölmargar athugasemdir. Ég mundi ekki bara gera athugasemdir við tillögurnar í skipulaginu heldur einnig að það skyldi unnið áður en stjórnvöld lýstu vilja sínum um nýtingu lands og landgæða í dag.

[16:48]

**Útbýting þingskjala:**

Afsal aflaheimilda vegna úthafsveiðileyfa, 440. mál, fsp. SvanJ, þskj. 767.

Löggæsla í austurhluta Reykjavíkur, 439. mál, fsp. SvG, þskj. 766.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 438. mál, frv. EOK o.fl., þskj. 764.

[16:48]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þjóðlendufrv. sem við ræðum hér er í meginatriðum byggt á þeirri stefnu sem Alþfl. hefur fylgt um áratuga skeið. Við höfum í meginatriðum lýst yfir stuðningi við í frv. umræðunni. Það bætir úr réttaróvissu og er að því leyti nauðsyn.

Meginatriði frv. er að íslenska ríkið er lýst eigandi að landi utan einkaeignar og sérstök óbyggðanefnd er sett á laggirnar til að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda. Þetta eru skynsamlegar aðferðir að mín mati. Það má árétta að ef menn vilja ekki hlíta úrskurði óbyggðanefndar, hafa menn þann rétt að fara fyrir almenna dómstóla þannig að mér sýnist þetta atriði vel úr garði gert.

Hins vegar er mjög mikilvægt að þetta mál sé skoðað í víðara samhengi eins og gert hefur verið í umræðunni að hluta. Þó hér sé tekist á um eignarhald á þjóðlendum eða landi utan eignarréttar eru fjölmörg önnur álitamál sem koma þar upp. Í umræðunni höfum við heyrt spurningar og ýmiss konar vafamál varðandi skipulagsmál. Fleiri þættir í öðrum frumvörpum tengjast þessu. Ég vil þar einkum benda á þau tvö frumvörp sem þingflokkur jafnaðarmanna hefur flutt ásamt öðrum, þ.e. um eignarhald á auðlindum í jörðu og virkjunarrétt fallvatna þar sem mótuð er afdráttarlaus stefna.

Ég styð eindregið þá ósk sem komið hefur fram um að frv. um þjóðlendur fari í sérnefnd. Ég styð að kosin verði sérnefnd og hún fjalli þá einnig um önnur mál sem tengjast þessu og hafa ekki þegar gengið til nefnda. Þar á meðal eru nokkur frumvörp borin fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, hv. þm. Ragnari Arnalds auk frumvarpa sem ég nefndi að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er 1. flm. að. Ég teldi skynsamlegt að þessi mál væru skoðuð í samhengi. Eins og hæstv. forsrh. vék að væri vitaskuld auðvelt að leita umsagnar í annarri sérnefnd um það mál sem þegar er í félmn. Þetta er vitaskuld vinnuregla sem þingið sjálft verður að ákveða og ég á fastlega von á því að forseti muni hafa forgöngu um að finna þessu máli góðan farveg. Mér sýnist á ýmsu að margir telji skynsamlegt að fjalla um þetta í sérnefnd. Ég bendi á að á síðasta þingi afgreiddum við mjög merkilegt frv. um fjárreiður ríkisins. Þá var kosin sérnefnd til að fjalla sérstaklega um málið. Þetta er stærsta málið sem við komum til með að fjalla um núna á vorþingi.

Við sjáum að ýmis atriði sem hafa verið óljós í tengslum við þetta frv. gera það að verkum að mikilvægt er að vanda til þinglegrar vinnu við þetta. Þó nokkuð sé á huldu hverjir styðja einn hluta þessa máls eins og rakið var fyrr í dag og þó að ég vilji ekki gera það neitt hér meira að umtalsefni, þá held ég að það sé stuðningur við þá málsmeðferð að menn taki sér góðan tíma í málin.

Þó í þjóðlendufrv. sé kveðið á um að forræði málsins sé á höndum forsrh. gæti það vitaskuld verið álitaefni. Á það að vera forsrh. eða annar ráðherra, umhvrh., sem fer með þá þætti? Vitaskuld er þetta álitaefni. Við höfum rætt um það áður á hinu háa Alþingi hvort skynsamlegt gæti verið að stofnsetja annaðhvort sérstakt ráðuneyti eða sérstakt stjórnvald innan ráðuneytis, sérstaka skrifstofu sem færi með málefni sameiginlegra auðlinda hvort sem það eru auðlindir á miðhálendi eða til sjávar. Þetta er vitaskuld þáttur sem vert væri að velta fyrir sér þó ekki væri nema vegna gjaldtökunnar af þessum sameiginlegu auðlindum. Það er beinlínis gert ráð fyrir slíkri gjaldtöku í þjóðlendufrv. og hafa verið nokkur skoðanaskipti hér varðandi þann þátt.

Í hugum okkar jafnaðarmanna er mjög mikilvægt að arður af sameiginlegum auðlindum, hvort sem þær eru til lands eða sjávar, sé nýttur í þágu samfélagsins alls. Auðlindagjaldtaka hefur verið tekið upp víða erlendis og kemur að hluta í staðinn fyrir aðra skatta. Ég legg sérstaka áherslu á að slík auðlindagjaldtaka þarf ekki að vera viðbót á aðra skatta. Skattar eru reyndar lágir hér á landi en látum það nú vera. Þetta kæmi frekar í staðinn fyrir aðra skatta og tengdist umhverfismálum mjög mikið. Umhverfisgjaldtaka til að stuðla að umhverfisvernd er sú aðferð sem mest er talað um í opinberri skattlagningu í nágrannalöndunum. Við ættum því að fikra okkur áfram á þessari braut. Við eigum ekki að skoða aðeins einstakar auðlindir. Við jafnaðarmenn höfum stundum verið gagnrýndir fyrir að einblína á auðlindir sjávar og tala um veiðileyfagjald. Það gjald er vitaskuld mjög mikilvægur þáttur þó ber að draga skýrt fram að þetta á auðvitað að skoðast í víðara samhengi.

Margt í þessu frv. verða menn einnig að hafa í huga, ekki einungis umhverfisvernd og skipulagning þeirra mála, við

getum tekið vegamál á hálendinu. Öllum þeim sem vilja vita er kunnugt um að vegagerð á þessu stóra svæði landsins, hálendinu, hefur meira og minna verið tilviljunarkennd á undanförnum árum.

Ekki er síst mikilvægt fyrir okkur að öðlast einhverja framtíðarsýn varðandi landið. Í hvaða átt erum við að stefna í sambandi við nýtingu á auðlindum okkar? Á þetta að verða meira ferðamannaland í en það er? Á þetta fyrst og fremst að verða stóriðjuland með álver og olíuhreinsunarstöð í hverjum firði eins og stefna núv. ríkisstjórnar stuðlar að? Eigum við að reyna að byggja á öðrum aðferðum, menntun og hátækni? Vitaskuld er hægt að segja að allt eigi þetta að vera í bland en samt er það ekki svo einfalt. Stjórnvöld og stjórnmálaflokkar á hverjum tíma eiga að hafa ákveðna stefnumörkun á því sviði.

Hins vegar er að mínu mati mikilvægt að hér sé um samræmdar reglur að ræða. Þó þetta frv. bæti mjög úr núverandi stöðu, eru hér ýmis efni sem kannski þyrfti að kveða skýrar á um. Athygli hefur verið vakin á því að í 3. gr. frv. kemur fram að forsrh. hefur nokkuð rúmar heimildir varðandi ýmislegt í málefnum sem honum eru falin. Það þarf að skoða vandlega og hvort menn kjósi að hafa nánari lagafyrirmæli hvað þann þátt varðar. Ég tel þetta eitt af þeim atriðum sem verði skoðað vandlega í þeirri nefnd sem fjallar um frv.

Sú tenging við önnur frumvörp sem hér hefur verið nefnd gerir það brýnna en áður að skoða þessi mál í samhengi. Eins hæstv. umhvrh. upplýsti áðan varðandi þær skipulagstillögur sem unnar hafa verið, yrðu þær staðfestar ef sveitarstjórnarfrv. verður samþykkt. Að öðrum kosti yrði gripið til annarra úrræða. Reyndar er það frv. ekki til umræðu hér en tengist þessu samt sem áður. Við vitum að bæði skipulagstillögurnar og vinnubrögðin eru umdeild. Ég ætla ekkert að leggja mat á það. Við skulum bara segja að það sé umdeilt. Ég held að brýnt sé að líta á þessi mál í samhengi vegna þess, herra forseti, að ég held að það gæti orðið farsælt ef við fyndum sameiginlegan farveg í þessu efni, ekki einungis í sérnefnd. Við gætum unnið málið í sérnefndinni yfir sumarið og hefðum þá sameiginlega umgjörð um þetta stóra mál. Þannig mundum við einangra pólitísk ágreiningsefni sem auðvitað eru í umræðu, við getum nefnt hluti eins og gjaldtöku o.s.frv. Ég á ekki von á því að pólitískt samstaða skapist um það. Ég tel þó mikilvægt að hafa sameiginlega umgjörð um mikilvæga þætti eins og skipulag, vinnubrögð og útfærslu á samt sem áður margvíslegum þáttum sem snerta miðhálendið.

Hér hafa verið borin fram merk frumvörp varðandi þjóðgarða og fleira sem tengist þessum málum. Ég tel mikilvægt, herra forseti, að sem víðtækust sátt náist um þessi mál. Menn ættu ekki að knýja fram vilja sinn í krafti þingstyrks án þess að athuga málið. Vitaskuld er það á valdi ríkisstjórnar hverju sinni hvernig hún hagar því en ég mundi hvetja til að finna því annan farveg og einangra þau pólitísku ágreiningsefni sem auðvitað eru til staðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að þessi málaflokkur sem hefur ekki fengið almenna umræðu fyrr en núna hin síðari missiri. Þó talað hafi verið fyrir þessum málum á pólitískum vettvangi mjög lengi, þá hefur þetta ekki hlotið almenna athygli og umræðu fyrr en síðari ár. Ég tel nauðsynlegt að sá meðbyr sem umræðunni fylgir sé nýttur. Það væri náttúru Íslands og umhverfi til bóta. Þetta er að sjálfsögðu angi af umræðunni um hver eigi Ísland og hvaða skipulag eigi þar að vera. Í frv. er að mínu mati tekið á mjög mikilvægum þáttum varðandi það, herra forseti. Ég held að ef þessu yrði fundinn sérstakur farvegur innan þings og inn í það tekin álitaefni og stefnumótun úr viðlíka frv., a.m.k. til umræðu og skoðunar, þá væri hægt að ganga frá lagasetningu þó að pólitísk ágreiningsefni væru til staðar. Í meginatriðum væri hægt að ganga frá lagasetningu sem býsna mikil samstaða væri bak við þar sem þetta frv. forsrh. um þjóðlendur er í meginatriðum góð stefnumörkun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. RA o.fl., 238. mál (eignarréttur á náttúruauðæfum og landi). — Þskj. 271.

[17:02]

**Flm. (Ragnar Arnalds):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins, en þar er gert ráð fyrir að við bætist þrjár nýjar málsgreinar við 72. gr. stjórnarskrárinnar og er fyrsta málsgreinin svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi."

Forsaga þessa máls hefur nokkuð komið til umræðu í þinginu og þá einkum að frumkvæði talsmanna þingflokks jafnaðarmanna. Hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, hélt því fram í framsöguræðu sinni í morgun að Alþfl. hefði fyrstur flokka hreyft þessu máli á Alþingi með frv. sem flutt hefðu verið snemma á áratugnum milli 1970 og 1980. Ég leyfði mér að leiðrétta hv. þm. í morgun. Þó að þetta sé hálfgert aukaatriði þá verður satt að vera satt, og staðreynd að vera staðreynd. Ég vakti athygli á því þá að ég hefði ásamt fleiri þingmönnum Alþb. flutt árið 1966 stjórnarskrárfrv. þar sem svo sagði, með leyfi forseta:

„Öll núverandi óbyggð, — það er almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár, — og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu, sem þar eru, er ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Ákveða skal með lögum beitirétt, veiðirétt og annan hefðbundinn afnotarétt af þessum svæðum, svo og hvernig með eyðijarðir, sem þar eru, skuli fara."

Ég væri ekki að rifja þetta upp ef ekki vildi svo illa til að hv. talsmenn þingflokks jafnaðarmanna hafa síðan haldið áfram að halda þessari fullyrðingu fram í umræðunni alveg óháð þeirri leiðréttingu sem ég gerði í morgun. Vitna ég þar m.a. í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar, sem vitnaði mjög í frv. sem flutt var árið 1976, en 1. flm. þess var Bragi Sigurjónsson, þingmaður Alþfl.

Það er kannski rétt úr því að tilefni er gefið til, að rifja upp þessa sögu ögn nánar, en staðreyndin er sú að nefndur Bragi Sigurjónsson flutti reyndar frv. um þetta mál á þinginu 1975. Það sem vakti athygli við það frv. á sínum tíma var sérstaklega það, að þar var ekki verið að fjalla um óbyggðirnar sérstaklega heldur sagði þar í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Sú grundvallarregla verði mörkuð að landið allt, eins og miðin umhverfis það, sé sameign þjóðarinnar allrar." Alþfl. gerði sem sagt ráð fyrir því á þessum tíma að þjóðnýta allt

land. Síðan var það tekið sérstaklega fram í sama tölulið að „bændum sé tryggður kaup- og söluréttur (eignarréttur) á bújörðum til búrekstrar, ef þeir svo kjósa, fremur en erfðafestu eða lífsábúð."

Við þingmenn Alþb. vorum þessu mjög ósammála á sínum tíma. Við töldum að þarna færi Alþfl. út í öfgar og fullkomlega óraunhæft og engin skynsemi í því að þjóðnýta allt land. Þess vegna fluttum við frv. þar sem tillögur mínar frá fyrri áratug, sem oft höfðu verið fluttar á árunum milli 1966 og 1970, voru endurunnar og þá mjög í þeim anda sem einmitt þetta frv. sem ég er hér að mæla fyrir segir til um. Þar var nefnilega sérstaklega tekið fram eins og reyndar er gert í frv. sem ég er að mæla fyrir, með leyfi forseta, að „með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Það má segja að tillöguflutningur okkar alþýðubandalagsmanna á árunum 1975 og 1976 og árunum þar á eftir hafi að nokkru leyti verið svar við þeim tillögum Alþfl. sem við töldum að varpaði rýrð á hið góða mál með nokkuð öfgakenndum hætti. Við töldum að það væri fullkomlega óraunhæft að svipta bændur þeim rétti sem þeir hefðu átt í gegnum aldirnar og flytja yrði þetta mál á eðlilegan hátt.

Árið eftir endurskoðaði Alþfl. sitt frv. og hafði þá gjörbreytt því frá því að það var fyrst flutt og flutti nýtt frv. sem var allt öðruvísi orðað en það fyrra og það var frv. sem hv. þm. Gísli S. Einarsson vitnaði til áðan. En ég vil vekja á því athygli að þó að í því frv. væri sagt að bændum sé frjálst ef og meðan þeir svo kjósa að eiga jarðir til eigin búrekstrar, þá var sérstaklega tekið fram að bújörðum skyldu ekki fylgja hlunnindi á borð við veiðirétt í ám eða vötnum sem auðvitað var mjög ólíkt tillöguflutningi okkar alþýðubandalagsmanna að því leyti að við lögðum áherslu á að ekki ætti að svipta bændur neinum þeim réttindum sem þeir hefðu átt í gegnum aldirnar. Ég hygg að eftir þá gagnrýni sem við höfðum uppi á tillögum Alþfl. á sínum tíma hafi Alþfl. enn lagfært stefnu sína hvað þetta varðar og ekki heyrist lengur að að þjóðnýta eigi allan rétt bænda til veiði í ám og vötnum enda fullkomlega óraunhæf tillaga.

Það hefur sem sagt gengið á ýmsu í þessum efnum og tillöguflutningur Alþfl. hefur því miður ekki alltaf verið allt of skynsamlegur og þar hafa ýmsir komið að við að reyna að færa til betri vegar. En hitt stendur eftir að það er síður en svo að Alþfl. hafi haft forustu á þessu sviði eins og talsmenn þingflokks jafnaðarmanna hafa reynt að telja mönnum trú um endurtekið í þessari umræðu heldur hefur sú forusta verið á hendi Alþb.

Svo ég víki aftur að frv. sem ég flyt ásamt sex öðrum þingmönnum Alþb., þá leggjum við áherslu á að taka þurfi af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum á landi og marka skýra stefnu í því efni. Við höfum talið að eðlilegast væri að gera þetta með stjórnarskrárákvæði á þann veg að eignir, sem enginn hefur sannarlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, verði í stjórnarskrá lýðveldisins lýstar sameign þjóðarinnar allrar. En um leið, eins og ég hef þegar tekið fram, leggjum við áherslu á að staða bænda sé ekki skert í neinu heldur haldi þeir þeim hlunnindum sem hafa fylgt íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Við höfum gert ráð fyrir að mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar verði ákveðin með löggjöf þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu.

Í frv. sem var til umræðu fyrr í dag, þ.e. frv. um þjóðlendur, er hins vegar gert ráð fyrir að þetta verði ekki gert með lagasetningu heldur með nefndarstörfum og dómstörfum. Ég get ekki annað en fagnað því að svo ágæt vinna verði lögð í það mál og mun ekki af veita, að ríkisvaldið hafi forustu um að skera úr í þeim efnum. En ef okkar frv. til stjórnarskipunarlaga yrði að lögum, þá var ráð fyrir því gert að menn yrðu að sækja rétt sinn fyrir dómstólum og ég viðurkenni að sú aðferð sem lögð er til í frv. ríkisstjórnarinnar er á margan hátt miklu öruggari og æskilegri og ekki nema eðlilegt að fagna þeirri leið.

Við leggjum áherslu á að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni meðfram ströndum landsins verði lýst sameign þjóðarinnar. Ég þarf ekki að orðlengja það að einmitt þessi verðmæti, sem auðvitað er ekkert minnst á í frv. ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur, eru mikið bitbein í stjórnmálaumræðunni í dag. Það er ótti meðal almennings um það að útgerðarmenn eignist formlega fiskinn í sjónum. Ég tel hins vegar að það hafi verið mjög til hins betra að í fiskveiðistjórnarlögunum var á sínum tíma ákveðið að rétturinn til veiða og auðæfin í sjónum væru sameign þjóðarinnar, enda er það tilkomið að frumkvæði okkar alþýðubandalagsmanna, og sú lagasetning tryggir vissulega margt í þessum efnum. En vissulega er hitt enn skýrara og betra að þetta sé ákveðið í stjórnarskrá.

Það er líka fleira sem kemur þarna til álita en fiskurinn í sjónum. Það gætu fundist olíulindir í íslenskri lögsögu. Það gætu fundist námur undir sjávarbotni og þá er kannski ekki alveg nógu ljóst hver fer þá með eignarrétt á þessu svæði nema það sé skýrt tekið fram í lögum og þá helst í stjórnarskrá.

Ég ætla ekki að fjölyrða um eignarrétt að afréttum og almenningum vegna þess að við ræddum það svo ítarlega í dag í umræðunum um þjóðlendurnar. Ég legg hins vegar á það áherslu að þó að ákveðið sé að þjóðlendurnar séu sameign þjóðarinnar og það jafnvel stjórnarskrárbundið, þá hindrar það að sjálfsögðu ekki að ríkisvaldið standi fyrir aðgerðum gegn ofbeit og slíkar aðgerðir eiga að geta átt sér stað án þess að til bóta komi.

Ég vil sérstaklega víkja að jarðhitanum sem er, eins og menn vita sem fylgst hafa með þeim frumvörpum sem liggja fyrir til umræðu á þessum degi, aðallega til umfjöllunar í frv. um eignarhald á auðæfum í jörðu. En við erum hér með tillögu um að það verði stjórnarskrárbundið að jarðhitinn neðan við 100 metra dýpi verði lýstur sameign þjóðarinnar. Þetta er hins vegar ekki tillaga sem við alþýðubandalagsmenn komum fyrstir með. Ég hygg að um þetta mál hafi fyrst verið fjallað í fræðibókum af prófessorum við Háskóla Íslands. Ólafur Jóhannesson fjallaði mjög ítarlega um þetta efni í ritgerðum á árinu 1957 og áður hafði prófessor Ólafur Lárusson fjallað mjög um eignarrétt á jarðhita í bók sinni um eignarrétt. Báðir komust þeir að þeirri niðurstöðu að það hlyti að vera eðlilegt að setja réttindum yfir jarðhita einhver takmörk þannig að ekki væri um það að ræða að landeigandi ætti rétt til jarðhita svo djúpt sem hann kysi, heldur var það niðurstaða þeirra að jarðeigandinn hefði fyrst og fremst þau not af landi sínu sem heyrði til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum, þ.e. ef um væri að ræða mjög djúpa borun eftir jarðhita þá væri það ekki eitthvað sem gæti flokkast undir venjulega hagnýtingu á fasteignum og þar af leiðandi hlyti slíkt að falla frekar undir almenningseign

en undir eign viðkomandi landeiganda. Hitt er óumdeilt og hefur lengi verið, að jarðhiti á yfirborði á einkaeignarlandi sé í einkaeign og um það er ekki deilt.

Ég minni í þessu sambandi á að í kjölfar þessara álitsgerða sem ég vitnaði nú til var flutt frv. á Alþingi um jarðhita og þar var gert ráð fyrir því að eignarréttur ríkisins á jarðhita byrjaði neðan við 100 metra dýpi eða nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu okkar alþýðubandalagsmanna. Þetta var stjfrv. á sínum tíma en varð ekki afgreitt á Alþingi. Í þessu stjfrv. var ítarleg greinargerð um fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum og þar kom fram að í mjög mörgum löndum væri umráðaréttur yfir jarðhita í höndum ríkisins. Var þar sérstaklega tilgreint Nýja-Sjáland sem er mikið jarðhitaland, einnig Ítalía og Mexíkó. Í öllum þessum löndum er mikill jarðhiti eins og menn þekkja og þar eru einmitt fordæmi fyrir því að menn hafa talið að um væri að ræða þess háttar réttindi að þegar komið væri niður fyrir ákveðið dýpi eða upp fyrir ákveðinn hita, þá væri óhjákvæmilegt að ríkið teldist réttur eigandi að þeim verðmætum. Svo ég vitni í greinargerð með því frv. sem flutt var sem stjfrv. árið 1957, þá sagði þar, með leyfi forseta:

„Þegar tillit er tekið til framangreindra atriða og þess að aðrar þjóðir telja jarðhita djúpt í jörðu undanskilinn eignarrétti landeigenda og háðan umráðarétti ríkisins (Nýja-Sjáland, Ítalía og Mexíkó), virðist eðlilegt að löggjafinn hverfi hér inn á svipaða braut í þessu efni, þ.e. dragi hér alveg ákveðna markalínu á milli einstaklingseignarréttar og umráðaréttar ríkisins."

Í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1971–1974 flutti þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar var öðruvísi tekið á málinu. Þar var miðað við háhitasvæðin og gert ráð fyrir því að þau teldust sameign þjóðarinnar. Háhitasvæði voru þar skilgreind sem þeir staðir þar sem finna mætti yfir 200 stiga hita á minna en 1.000 metra dýpi og þar voru þekkt og líkleg háhitasvæði sem uppfylltu þessa skilgreiningu talin upp.

Þetta hef ég sagt hér vegna þess að ég ítreka að hugmyndin um það að takmarka einstaklingseignarrétt á jarðhita við ákveðið dýpi er ekki komin frá okkur alþýðubandalagsmönnum heldur byggir hún á langri umræðu á Íslandi um það efni, m.a. ítarlegum álitsgerðum virtustu fræðimanna á þessu sviði á sínum tíma. Ég tók það fram í umræðunni fyrr í dag að það væri í sjálfu sér ekki neitt skilyrði af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna að miðað væri við nákvæmlega þetta dýpi. Við gætum kannski alveg eins hugsað okkur 200 metra dýpi þess vegna ellegar einhverja allt aðra viðmiðun, eins og t.d. að miða við háhitasvæði ... (**StG:** Hnédýpi.) Ég er hræddur um að það skilji ekki margir fleiri en hv. þm. þessa athugasemd. En ég ítreka að það er hægt að koma að viðmiðun í þessum efnum með ýmsum hætti. Aðalatriðið frá sjónarhóli okkar alþýðubandalagsmanna er að um einhverja takmörkun sé að ræða því að við teljum það fráleitan skilning með öllu að landeigandi geti átt slík réttindi inn að miðpunkti jarðar. (**StG:** Landeigandi?) Landeigandi. Það getur ekki staðist almenna skynsemi og ég veit að svo skynsamur maður sem hv. 3. þm. Norðurl. v. er, hlýtur að vera mér sammála í því efni (**StG:** Þó er hann eigandi.) þó hann sé hugsanlega eigandi að einhverjum jarðhita. En hann veit það alveg jafn vel og ég að um leið og farið er að bora á litlu landi og borunin gengur kannski marga kílómetra í jörðu niður, þá eru menn auðvitað farnir að rugla saman reytum við eigendur á stóru svæði. Ein borhola dregur orku frá öðrum jarðhitasvæðum þannig að með einni borholu geta menn verið að hafa veruleg áhrif á eignarrétt manna í talsverðri fjarlægð. Bara þetta eitt sýnir hversu sterk rök hljóta að vera fyrir því að hafa þarna einhver takmörk. (**SJS:** Svo er hægt að skábora.) Svo er það alveg hárrétt ábending hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að í dag er ekkert því til fyrirstöðu að skábora. Það er sem sagt hægt að bora út á hlið frá einni holu og koma kannski inn í annarra manna land nokkrum kílómetrum fyrir neðan yfirborð þess. (Gripið fram í.) Jafnvel er hugsanlegt að borarnir rekist saman.

Ég vil leggja á það áherslu að í þessu máli sem við alþýðubandalagsmenn höfum svo lengi barist fyrir, er eitt nýmæli nú sem ekki hefur áður verið í frv. okkar, en það er það nýmæli að heimilt sé að ákveða að nýtendur auðlinda í sameign þjóðarinnar greiði hóflegt gjald er standi undir kostnaði við rannsóknir og stuðli að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra samkvæmt nánari ákvörðun í lögum.

Ég legg á það áherslu að í þessari tillögugerð er eitt orð sem skiptir kannski meira máli en flest önnur og það er orðið: Hóflegt. Það er áhersluatriði af okkar hálfu að hér sé haft visst hóf á og ekki gengið svo langt að það íþyngi um of einstökum atvinnuvegum. Ég er ekki ýkjahrifinn af þeirri tillögugerð sem fram hefur komið frá þingflokki jafnaðarmanna, þar sem gert er ráð fyrir því að auðlindagjald verði svo stórtækt að það ryðji burtu tekjuskatti, eins og kemur fram í greinargerð við frv. þeirra jafnaðarmanna sem dreift var í dag. Þeir eru þar að leggja áherslu á bæði auðlindagjald og veiðileyfagjald og þeir ganga svo langt í þessari greinargerð að gera ráð fyrir því að þarna sé um svo stórtækan skatt að ræða að það verði óþarfi að leggja á tekjuskatt. Ég þori að fullyrða það að ef af þessu yrði þá mundi heldur betur heyrast hljóð úr horni víða í hinum dreifðu byggðum landsins, ég tala nú ekki um samtök sjómanna sem eiga í verkfalli þessa dagana og eru mjög hörð á móti skattheimtu af því tagi.

Ég vek á því athygli líka að hefðbundnir atvinnuvegir landsmanna eiga undir högg að sækja. Fiskvinnslan er víða rekin með tapi og ég get t.d. nefnt það sem dæmi að í mínu kjördæmi, á Norðurl. v., fer ekki fram nein landvinnsla á bolfiski vegna þess að fiskvinnslan stendur það tæpt víðast hvar að það hefur orðið að leggja hana niður. (**KHG:** Það er eitthvað lítið um alþýðuflokksmenn í fiski.) Þá er ég að sjálfsögðu að tala um hina klassísku frystingu á bolfiski. Hún er beinlínis horfin í okkar kjördæmi og það stafar af því að sjávarútvegurinn á í mörgum greinum undir högg að sækja. Þess vegna er alveg ljóst að ef farið væri að leggja einhver tröllsleg gjöld á sjávarútveginn í líkingu við það að hægt sé síðan að létta tekjuskattinum af, þá mundi sjávarútveginum og fiskvinnslunni og afkomu sjómanna og afkomu útgerðarmenna vera teflt í mikla tvísýnu. Ég get ekki tekið undir slíkar tillögur. Og þegar ég flyt hér ásamt þingmönnum Alþb. tillögu um auðlindagjald, þá hlýt ég að taka þetta fram vegna þess að ég vil ekki láta setja mína tillögu og okkar tillögu undir sama hatt og tillögur sem ganga svo langt út í bláinn, vil ég segja, eða út í öfgar.

Ég tel að þetta auðlindagjald verði að vera hóflegt og við höfum reynt að skilgreina hvað við eigum við með því með því að benda á í tillögunni sjálfri að gjaldið gæti staðið undir kostnaði við rannsóknir og stuðlað að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra samkvæmt nánari ákvörðun í lögum. Við göngum út frá því sem meginreglu að gjöldin yrðu ekki hærri en svo að þau yrðu fyrst og fremst nýtt til

þess að létta kostnaði af ríkinu vegna rannsókna sem það þarf að standa undir í þágu viðkomandi atvinnuvegs og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu viðkomandi auðlinda. Þetta er ekki ósvipuð hugsun og kemur fram í frv. um þjóðlendur þar sem gert er ráð fyrir því að auðlindagjaldið sem lagt yrði á vegna óbyggðanna, yrði notað til þess að koma málum í gott lag í þessum margnefndu þjóðlendum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vakti athygli á því áðan að óbyggðirnar hefðu verið einskis manns eign samkvæmt þeim dómum sem fallið hefðu, reyndar almenningar, almenningseign en ekki formleg ríkiseign. Þetta mun vera lögfræðilega rétt og hann vakti athygli á því að ef um væri að ræða að breyta þessum eignum í ríkiseign, þá væri verið að opna fyrir það að einkavæða þjóðlendurnar með því að breyta þeim í hlutafélög og síðan kannski að selja þær. Ég held að þessi ábending hv. þm. eigi fullan rétt á sér. Þarna er ákveðin hætta á ferðum. Það þarf þess vegna að tryggja að þetta gerist ekki og það verður best gert með því að setja ákvæði þess efnis í stjórnarskrá og það er einmitt tillaga okkar alþýðubandalagsmanna.

Fram hefur komið sú hugmynd að tillaga sú sem hér er til umræðu fari til sérnefndar eins og önnur þau frumvörp sem eru til umræðu í dag. Ég tek ekki afstöðu til þessarar hugmyndar að svo stöddu. Mér finnst þetta góð hugmynd, jákvæð hugmynd, og mun styðja hana, en geri þess vegna ekki tillögu að svo stöddu um nefnd.

[17:33]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt atriði sem ég vil gera athugasemdir við. Hv. þm. Ragnar Arnalds fór rangt með þegar hann var að ræða um málflutning okkar jafnaðarmanna varðandi veiðileyfagjald. Ég vil einfaldlega vitna í þá greinargerð sem fylgir tillögu okkar, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir:

„Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema 15–30 milljörðum kr. árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð. Núverandi fiskveiðiarður er mun minni eða innan við 5 milljarðar kr. Að mati flutningsmanna er eðlilegt að í fyrstu verði u.þ.b. 2 milljarðar greiddir í veiðileyfagjald en það þýddi að mikill hagnaður væri enn innan atvinnugreinarinnar. Fæstir talsmenn veiðileyfagjalds hafa talað um að mjög stór hluti fiskveiðiarðsins yrði tekinn út úr greininni."

Ég vil biðja hv. þm., sem ég veit að er vandur að virðingu sinni í sambandi við málflutning, að fara rétt með. Við höfum lagt til að lagt verði á veiðileyfagjald upp á 2 milljarða við núverandi aðstæður. Við höfum sömuleiðis sagt að þegar hagnaður muni aukast í þessari grein þegar fram líða stundir og fiskstofnar byggjast upp, þá verði hægt að auka þá gjaldtöku. Þetta þarf alveg að liggja ljóst fyrir. Ég veit að hv. þm. þarf ekki að tileinka sér málflutning LÍÚ eða sjálfstæðismanna varðandi þetta efni, að skrumskæla okkar málflutning. Það er algerlega ljóst að málflutningur okkar jafnaðarmanna varðandi veiðileyfagjald er reyndar í anda þess sem hv. þm. talaði um, hófleg gjaldtaka, en svo þegar fram líða stundir verður hægt að auka hana en samt skilja vel eftir innan sjávarútvegsins, þannig að allt tal um að leggja eitthvað í rúst og annað slíkt er fjarri öllum sannleika í þessum málum.

[17:35]

**Flm. (Ragnar Arnalds)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er illt ef hv. þm. Ágúst Einarsson kannast ekki við þau frumvörp sem þingflokkur jafnaðarmanna hefur lagt fram í dag, en það segir m.a. í greinargerð á þskj. 751, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn telja að tekjur sem skapast af gjöldum eins og þeim sem í frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði fyrir nýtingu virkjunarréttinda eigi því að nýta til þess að lækka tekjuskatta einstaklinga að sama skapi og að með tíð og tíma geti gjöld fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda ásamt umhverfis- og mengunarsköttum leyst núverandi skattkerfi að verulegu leyti af hólmi."

Í greinargerð með frv. á þskj. 750 segir m.a.:

„Flutningsmenn frumvarpsins vilja því að slík gjaldtaka fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda ásamt með gjaldtöku fyrir mengandi atvinnustarfsemi nýtist til þess að draga mjög verulega úr því rangláta skattkerfi sem einkennir nú tekjuöflun ríkisins, einkum og sér í lagi með lækkun á tekjusköttum einstaklinga. Í framtíðinni getur slíkt nýtt tekjuöflunarkerfi ríkisins sem byggist á samræmdri auðlindaskattheimtu, þar á meðal veiðileyfagjaldi og umhverfissköttum, og ekki hefur neikvæð áhrif á framleiðsluþættina, í stöðugt vaxandi mæli leyst af hólmi það órétttláta skattkerfi sem ríkissjóður byggir nú tekjuöflun sína á."

Ég bið bara hv. þingmenn að meta það hvort ég hef nokkuð ofsagt í þessum efnum. Ég held að ég hafi gert grein fyrir þeirri hugmynd þingflokks Alþfl. mjög í þeim anda sem kemur fram í greinargerðinni og verður bara hver og einn að dæma fyrir sig hvort ég fer þar ekki með rétt mál.

[17:37]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilvitnun sem hv. þm. var með er vitaskuld rétt og þar segir skýrt eins og hann las „með tíð og tíma". Og alveg eins og ég gat um áðan að þegar fiskveiðiarður hefur aukist, þá verður hægt að hækka gjaldtöku í sjávarútvegi úr þessum 2 milljörðum. Þarna verða menn að vera sanngjarnir og ég veit að hv. þm. er það.

Við höfum talað um að hægt er að taka gjald af auðlindum þessa lands. Það er hægt að gera það smátt og smátt eftir því sem tök eru á því gagnvart atvinnugreinunum. Umræðan hefur verið hvað skörpust í sambandi við sjávarútveg. Það hefur aldrei verið stefna jafnaðarmanna að leggja eitthvað í rúst í sambandi við sjávarútveg. Þetta er fráleitur málflutningur og ég er þó mest hissa á því að þingmenn Alþb. skuli taka undir þessa hagsmunagæslu útgerðarmanna sem vitaskuld vilja ekki greiða krónu fyrir veiðileyfi eins og þeir fá afhent ókeypis í dag. Ég skil þeirra afstöðu. Ég skil afstöðu LÍÚ. En það að þingmenn Alþb. skuli ganga fram fyrir skjöldu með Kristjáni Ragnarssyni í því að viðhalda hér gjafakvótakerfinu, því botna ég hreinlega ekki í, enda eru nú ýmsir alþýðubandalagsmenn annarrar skoðunar.

Mig langar að lokum að vitna í einn frægasta vísindamann Norðmanna á sviði fiskihagfræði, Ole Flåten, og í Morgunblaðinu um daginn var grein eða frásögn þar sem hann leggur til veiðileyfagjald í norskum sjávarútvegi, og talar um að eðlilegt gæti verið að ræða um 5 milljarða. Ef hlutfallsreikningi væri beitt, þá er þetta svona álíka aðferðafræði og við erum með, svolítið tekið út úr greininni, ekki of mikið og ekki of íþyngjandi því að það er það sem við erum að gera. Við erum að tala um hóflega gjaldtöku sem má okkar vegna fyrst renna til umhverfismála til að gæta að auðlindinni en á líka að dreifast sem arður til þegna landsins af sameiginlegum auðlindum og þar sker kannski á milli í skoðunum einstakra manna.

Sá stóri flokkur sem við ætlum að reyna að búa til rúmar margar skoðanir og auðvitað eiga menn að vera með ágreiningsefni í þeim flokki. Það er sjálfsagt og eðlilegt.

[17:39]

**Flm. (Ragnar Arnalds)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn erum eindregið þeirrar skoðunar að auðlindagjöld eigi rétt á sér. Ég hef mælt mjög fyrir því bæði í mínu kjördæmi og í mínum flokki að svo verði gert, slík gjöld verði lögð á, auðlindagjöld. Ég er hins vegar alveg klár á því að ef gengið er mjög langt í þessum efnum, ef gengið er svo langt að verið er að leggja mjög háar upphæðir á atvinnuvegi landsmanna þá mun því ekki verða unað og þá er verið að kasta rýrð á þessa hugmynd. (**Gripið fram í:** Við erum ekki að tala um það.) Ég tel að t.d. athugasemdir, eins og þær sem komu fram í greinargerð þingflokks jafnaðarmanna, sem ég var að vitna í áðan, séu til þess fallnar að fá t.d. landsbyggðarfólk, svo ég tali nú ekki um sjómenn eða fiskvinnslufólk, mjög andsnúið þessu hugtaki eða þeirri hugmynd almennt. Það verður að ganga fram af ákveðinni hófsemi í þessum efnum. Og ég er eins viss um það að landsbyggðarfólk getur vel stutt okkur í því og telur það sanngjarnt og réttlátt að leggja á auðlindagjöld en um leið og farið er að tala um málið í þeim dúr, sem þeir jafnaðarmenn hafa gert í þinginu á undanförnum vikum og mánuðum, þá snúast menn á móti og þá verður þetta æpt niður og það er það sem ég er að vara við. Ég tel að tillöguflutningur þeirra jafnaðarmanna gangi út í öfgar svipað og gerðist á sínum tíma þegar þeir lögðu til að allar jarðir á landinu yrðu þjóðnýttar. Það var öfgakenndur tillöguflutningur og þeir drógu það til baka sem betur fer.

[17:42]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð merkilegt sem hefur verið að gerast í umræðunum í dag. Það merkilega er að tveir þingmenn Alþb., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Ragnar Arnalds, hafa lagt sig í framkróka um að ráðast sérstaklega á Alþfl. Það er eins og þeir séu hættir í andstöðu við ríkisstjórnina og allt í einu farnir í stjórnarandstöðu við Alþfl. Hvernig í ósköpunum stendur á þessu? Hvernig stendur á þeim taugatitringi hv. þm. að þeir eru hættir í stjórnarandstöðu við ríkisstjórn en eru komnir í stjórnarandstöðu við Alþfl.? (**Gripið fram í:** Góð ríkisstjórn!)

Það er margt merkilegt, virðulegi forseti, við frv. til stjórnarskipunarlaga sem þingmenn Alþb. flytja. Hvað er merkilegast við það? Það vantar tvo. Formaður Alþb. flytur þetta frv. ekki. Hvernig stendur á því? Skyldi það vera vegna þess að hún sé ósammála öðrum þingmönnum flokksins um að ekki eigi að gera ráð fyrir því að þjóðin fái sanngjarna hlutdeild af auðlindagjaldi? Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb. flytja ekki þetta frv. með Ragnari Arnalds og félögum, sem eru nú allt í einu komnir í stjórnarandstöðu fyrst og fremst við Alþfl.? Skyldi það ekki vera vegna þess að formaður Alþb. er ekki á sömu skoðun um hvernig skilgreina eigi auðlindagjöld eins og flutningsmenn þessa frv.?

[17:43]

**Flm. (Ragnar Arnalds)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. 4. þm. Vestf. Sighvat Björgvinsson um að bæði formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb. styðja það frv. sem hér er til umræðu. Ég vek á því athygli að frá því hefur verið skýrt í fjölmiðlum hvað eftir annað að formaður Alþb. hafi haft í undirbúningi sérstakt lagafrv. um athugun á álagningu auðlindagjalds. Ég get upplýst það að í því lagafrv. hefur einmitt verið talað um hóflegt auðlindagjald eða réttlátt auðlindagjald og ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. að formaður flokksins eða formaður þingflokksins séu andvígir þessu frv. sem ég hef lagt fram. Þetta frv. hefur út af fyrir sig aldrei verið flutt af öllum þingflokki Alþb. í gegnum árin enda er það kannski ekki alltaf gert. Það er einhver hópur sem tekur sig saman um að flytja mál og þetta er á misskilningi byggt.

Mér finnst hins vegar að formaður Alþfl. verði að sætta sig við það að verk hans eru ekki hafin yfir gagnrýni frekar en annarra og þegar okkur alþýðubandalagsmönnum mislíkar tillöguflutningur eða málflutningur þeirra alþýðuflokksmanna þá hljótum við að hafa uppi gagnrýni til þess um leið að gera grein fyrir okkar afstöðu og hver væri munurinn á tillöguflutningi þeirra og tillöguflutningi okkar. Það er slæmt að okkar dómi að fólk rugli hugmyndinni um auðlindagjald sem við höfum verið að flytja saman við hina hugmyndina, sem þeir alþýðuflokksmenn hafa verið málsvarar fyrir. Þar af leiðir að við verðum að taka þátt í umræðum þó að báðir flokkarnir séu í stjórnarandstöðu.

[17:46]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka undrun mína á því hvernig einstakir þingmenn Alþb. hafa komið fram í umræðum í dag. Þeir eru búnir að skipta um skotspón. Það er ekki lengur ríkisstjórnin heldur Alþfl. sem er þeirra skotspónn. Ég á ekki aðra ósk heitari en þá að það fjölmarga fólk sem styður þá og þeirra flokk hafi heyrt þennan málflutning. Ég ætla ekki að taka þátt í honum. Ég var búinn að kveðja mér hljóðs næst á eftir framsögumanni en ég ætla að biðja forseta að strika mig út af mælendaskrá því ég ætla ekki að taka þátt í þessu hanaati sem þeir eru að hefja hér, hv. þingmenn tveir, gegn Alþfl. af einhverjum óútskýrðum ástæðum.

Ég ætla aðeins að segja þetta. Það er engin tilviljun að formaður Alþb. er ekki meðflm. að þessu frv. Og eins og fjallað er um auðlindagjald í þessu frv., það er ekki í samræmi við yfirlýsingar sem formaður Alþb. hefur látið frá sér fara um það að þjóðin eigi að hafa sanngjarna hlutdeild af arði vegna nýtingar auðlinda í hennar þágu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Ég segi bara við þingmenn Alþb.: Gætið að hvað þið eruð að gera, góðir menn. (**GÁ:** Dagsverkinu er lokið.)

[17:47]

**Flm. (Ragnar Arnalds)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú kannski ekki margt fleira að segja um þá draugasögu sem formaður Alþfl. er að reyna að koma hér á loft um afstöðu formanns Alþb., hv. 5. þm. Suðurl., til þessarar tillögu. Það er úr lausu lofti gripið og þarf ekki að hafa frekari orð um það.

Það er leitt að hv. þm. skuli ekki ætla að taka þátt í frekari umræðum um þetta mál. Alþfl. hefur vissulega verið nefndur á nafn í þessari umræðu og hann er ekkert hafinn yfir gagnrýni frekar en aðrir. Hann verður að standa við sinn málflutning og gera grein fyrir honum og sætta sig við það að ekki geta allir fellt sig við þau sjónarmið sem þeir setja fram.

[17:49]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að vekja athygli hv. þm. á því að hér streðar Alþfl. við að kljúfa Alþb. Hannibal lét sér nægja að kljúfa rekavið vestur á fjörðum en hér er sameiningarumræðan á þeirri braut að heggur sá sem hlífa skyldi og ræðst að Alþb. Hér hafa því orðið í dag að mínu viti stórpólitísk tíðindi. Sameiningarferlinu hlýtur að ljúka.

[17:50]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér hefur verið mikil umræða í allan dag, um margt mjög athyglisverð og góð að mínu mati, þar sem að langmestu leyti málflutningur hefur verið á afar efnislegum og málefnalegum og upplýsandi nótum um stór og mikilvæg þjóðþrifamál sem eru fyrirkomulag og meðferð á eignarhaldi eða stjórnsýslu á hálendinu og mál af því tagi sem við ræðum nú sem er frv. til stjórnskipunarlaga og varðar það hvernig búið verði um í löggjöf eða stjórnarskrá, ákvæði sem varðar sameiginlegar eignir þjóðarinnar í formi lands, orku og annarra slíkra félagslegra sameigna, sem sameign þjóða á réttindum eða gæðum af þessu tagi hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera.

Ég hef ekki, að því er ég hef heyrt umræðuna og fylgst með ýmist hér í salnum eða í gegnum sjónvarp, heyrt nema eitt frávik frá þessari málefnalegu og efnislegu umræðu í allan dag og það er innlegg formanns Alþfl. hér áðan sem var auðvitað með ólíkindum. Það er fullkomlega fráleitur málflutningur að mínu mati að kvarta undan þeim efnislegu athugasemdum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Ragnar Arnalds hafa gert undir umræðunni í dag og að mestu leyti sneru að sögulegum atriðum sem varða framlag flokka í gegnum tíðina, til þess að þróa umræður eða hugtök á þessu sviði og tillöguflutning hér á þinginu. Það er furðulegt að líkja því við árásir á Alþfl. eða tala um það sem stjórnarandstöðu við Alþfl. Ég vissi nú ekki að hann væri bara heil ríkisstjórn í sjálfu sér þannig að hægt væri að fara í stjórnarandstöðu við hann hvar sem hann er staddur í litrófinu og þó að hann sé í grenjandi minni hluta, þá sé hann samt einhvers konar ríkisstjórn sem menn geti lent í stjórnarandstöðu við. Það er sérkennilegt. Og enn furðulegra er að líkja t.d. athugasemdum eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði í umræðunni í dag varðandi bæði efnislegan mun á áherslum Alþb. annars vegar og þingflokks Alþfl. eða jafnaðarmanna hins vegar, við árásir. Það er bókstaflega fráleitt.

Enn ósmekklegri, herra forseti, voru tilraunir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, formanns Alþfl., til að fara að reka fleyg á milli þingmanna í öðrum flokkum. Ég minnist þess ekki oft að hafa heyrt slíkt uppi haft og framkoma hans í garð formanns Alþb. var með ólíkindum í þessari umræðu. Það var þá aldeilis innleggið í gott samstarf og góð samskipti þessara flokka.

Auðvitað hlýtur það að vera svo, herra forseti, að eðli málsins samkvæmt koma upp mál milli flokka þó að þeir séu saman í stjórnarandstöðu eða saman í ríkisstjórn þar sem þeir eru ekki með sameiginlegar áherslur og þá er eðlilegt að gerð sé grein fyrir því og menn geti ekki vikist undan því. Það eru ekki árásir þó að farið sé yfir mismunandi áherslur tveggja stjórnarandstöðuflokka í máli af þessu tagi og það er óskaplegur misskilningur ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gengur orðið um með þá grillu í höfðinu að hann ráði orðið yfir eða fyrir málflutningi þingmanna Alþb. Það er ekki svo. Við höfum enn prókúruna á því og gerum vonandi áfram um skeið að ráða orðum okkar og það gera auðvitað þingmenn hver fyrir sig. Þess vegna er með öllu fráleitt að blanda sér inn í umræðurnar á þeim nótum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði áðan.

Herra forseti. Efnislega um þetta mál er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt að koma grundvallaratriðum af því tagi sem fyrirkomulag á sameiginlgum eignum eða auðlindum þjóðarinnar eru, inn í stjórnarskipunarlögin, inn í stjórnarskrána, þ.e. almennum leiðbeinandi reglum í þeim efnum og taka þar af tvímæli. Síðan má að sjálfsögðu, og er yfirleitt gert, útfæra einstök atriði nánar í sérlögum. Þess vegna held ég að viðbótargrein við stjórnarskrána af því tagi sem hv. þm. Ragnar Arnalds ásamt fleirum, hefur flutt í frumvarpsformi — hann hefur reyndar lengi flutt sambærileg ákvæði — eigi tvímælalaust heima í stjórnarskrá. Að sjálfsögðu er ég svo einnig efnislega sammála því að þessi réttind eigi að vera félagslegar sameignir.

Reyndar vil ég láta það sjónarmið mitt koma fram að ég er hrifnastur af því sem ég kalla stundum grænlenska fyrirkomulagið. Í menningu Grænlendinga var og er hugtakið séreign á landi eða veiðislóð ekki til og Grænlendingum gekk lengi mjög illa að skilja það þegar aðrar þjóðir fóru að nema þar land eða koma þar við sögu, hvað menn væru að fara þegar þeir voru að helga sér land eða ætluðust til þess að þeir gætu átt einhvern blett því að þeim var það í blóð borið og það var inngróið í þeirra menningu að þetta ættu allir saman, þ.e. réttinn til að ferðast um landið, setja sig niður, taka sér bækistöð og veiða, þetta væri sameiginleg eign allra. Og vegna þess að séreignaréttur var ekki kominn á í Grænlandi og var ekki í þeirra menningu, þá gátu þeir komið í lög þeirri skipan mála að það á enginn land. Það sem menn eiga er þá tiltekinn réttur tímabundinn. Það er t.d. ekki hægt að eiga lóð undir hús í Grænlandi en hægt er að hafa byggingarrétt eða lóðarrétt í 99 ár. Þetta held ég að sé besta fyrirkomulagið og það fari best á því að það sem menn hafa sé afnotaréttur en ekki eignarréttur. Það mundi greiða úr annars mörgum vandamálum af því tagi sem við höfum verið að ræða einmitt í dag og varðar fyrirkomulag á almenningum og þess hvernig mörkin eru dregin milli almenninga í sameign og einkaeignar á afmörkuðu landi.

En því er ekki að heilsa að sú skipan mála hafi verið við lýði hér á Íslandi, enda er okkar saga og okkar menning önnur. Hér hafði séreign að sjálfsögðu komist á fyrir löngu síðan. Menn helguðu sér tiltekið land þegar þeir námu land eins og kunnugt er og æ síðan hefur sú skipan verið við lýði hér. Þar af leiðandi er ég sammála þeirri niðurstöðu að það var ekki raunhæft og er ekki raunhæft að flytja tillögur af því tagi sem Alþfl. gerði á áttunda áratugnum um að þjóðnýta allt land á Íslandi eða ég ímynda mér ekki að um það geti orðið mikil sátt í fyrirsjáanlegri framtíð. Því er tillöguflutningur eða fyrirkomulag af því tagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir tvímælalaust skynsamlegri nálgun.

Hv. þm. Ragnar Arnalds rakti mjög ítarlega, að vísu greinilega við litla hrifningu sumra, frumkvæði Alþb. í þessu máli. En ætli mönnum muni ekki ganga seint að endurskrifa söguna svo nærri atburðunum eins og hér er verið að reyna þegar ekki er um meira en 30 ára sögu að ræða eða svo og gögnin liggja fyrir í jafnmerkilegum pappírum og þingskjölunum, þingtíðindunum og þingskjölunum, að þá verði því við snúið hverjir eiga frumkvæðið að þessu. Ég held ekki þannig að ég held að þessi þræta sé tilgangslaus fyrir hv. þingmenn Alþfl., þeir séu fyrir fram dæmdir til að tapa

henni, ef ekki í núinu þá a.m.k. í framtíðinni því að vandaðir sagnfræðingar munu væntanlega ekki láta taka sig í bólinu hvað það snertir að reyna að falsa þingtíðindin.

Sömuleiðis er ástæða til að minna á að alveg nákvæmlega sams konar tilburðir hafa verið uppi af hálfu alþýðuflokksmanna — og nú er ég sjálfsagt orðinn einn af þessum vondu mönnum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að gráta undan áðan — en það er nú staðreynd samt að nákvæmlega sömu tilburðir hafa verið hafðir uppi til þess að þegja yfir eða beinlínis rangfæra frumkvæði þingmanna Alþb. að því að koma inn í lög ákvæðum um sameign á fiskstofnum. Því hverjir voru það sem fluttu það fyrst í formi þingmála hér þar sem tekið var til fiskstofnanna sérstaklega? Það voru þingmenn Alþb. Í neðri deild í byrjun desember 1983 fluttum við þrír þingmenn Alþb., sá sem hér talar, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Geir Gunnarsson, fyrstu brtt. um það efni og hún var felld svo merkilegt sem það nú er og mönnum til umhugsunar. Þá var málið ekki lengra komið en svo að meiri hluti þáverandi þingmanna hikaði ekki við að fella ákvæði nákvæmlega samhljóða því sem síðar kom inn í lög um að fiskstofnanir ættu að vera sameign þjóðarinnar. En sem betur fer þróaðist málið og umræðan og menn tóku rökum og þar kom að um miðjan níunda áratuginn var orðinn meiri hluti fyrir þessu og það var fært inn í lögin á árunum 1987–1988, ef ég man rétt, og síðan voru þau ákvæði aftur styrkt í sessi árið 1990, um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum. Ég leyfi mér að fullyrða að sömuleiðis hvað þetta mál snertir sem við erum hér að tala um, þá hefur dropinn holað steininn og það eru greinilega miklu jákvæðari viðhorf ríkjandi gagnvart því að ganga lögformlega frá því í stjórnarskrá eða lögum t.d., að þjóðin eigi sameiginlega almenningana og miðhálendið og það er vel. Og því ber að fagna að þetta frumkvæði þingmanna Alþb. hefur skilað sér í verulegum árangri á þessu sviði.

Að lokum, herra forseti, er vert að minnast aðeins á auðlindagjaldsákvæðin í frv. þessu sem við hv. þingmenn Alþb. stöndum að í sameiningu. Ég tel þá nálgun sem þar er mjög skynsamlega og ég ætla að gerast svo spámannlega vaxinn að segja að það verði niðurstaðan í þessu mikla máli sem svo mikið hefur verið rætt í tengslum við gjaldtöku fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum. Ég tel a.m.k. að nálægt þessu muni niðurstaðan að liggja að lokum. Ég held sæmileg sátt muni takast um það með þjóðinni að eðlilegt sé að atvinnugreinar sem njóta auðlinda af þessu tagi og hafa í sínum höndum réttinn til þess að nýta gæðin í þágu þjóðarinnar, leggi sitt af mörkum. Þeir fá þennan rétt frá þjóðinni gegnum löggjafann og greiða til baka hófsamlega til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af nauðsynlegum rannsóknum af stýringu nýtingarinnar og af öðru því sem tengist því máli. Að öðru leyti séu þær greinar eins settar og aðrar atvinnugreinar, greiði sína skatta og skili verðmætum sínum inn í þjóðarbúið nákvæmlega eins og aðrar. Í sjónmáli er farsæl niðurstaða í þessum efnum, enda hafa andstæð sjónarmið nálgast.

Það er athyglisvert að talsmenn þeirra tillagna sem Alþfl. hefur borið inn í þingið í þessu efni eru smátt og smátt að ná sér niður úr skýjunum eins og hæstv. forsrh. hefur reyndar verið iðinn við að benda á. Að því leyti til má segja að málin hafi nálgast úr báðum áttum og það stefni í niðurstöðu nákvæmlega á þeim nótum sem við þingmenn Alþb. erum að leggja hér til. Ég spái því að það verði að lokum niðurstaðan. Hvað þetta atriði varðar tel ég eðlilegt að einfalt ákvæði um það komi inn í stjórnskipunarlög. Síðan geta menn útfært nákvæmar hvernig búið verði að þessu að öðru leyti í sérlögum.

Ég hef að vísu á þann fyrirvara að ákveðnir þættir sem tengjast auðlindanýtingu af þessu tagi, eins og annarri atvinnustarfsemi, eigi ætíð að greiðast af ríkinu. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að grunnrannsóknir eigi að greiðast af ríkinu ótengt atvinnugreinum. Ég held að það sé nauðsynlegt svo þekkingaröflun og rannsóknir á hverjum tíma séu ævinlega og örugglega óháðar skammtímahagsmunum. Grunnrannsóknirnar séu þá kostaðar af sameiginlegu aflafé en ekki af tengdum atvinnugreinum til að mynda.

Þjóðir sem hafa leiðst út á þá braut að hagsmunir atvinnulífsins hafi ráðið ferðinni um of hafa oft lent úti í mýri vegna þess að að þá hafa skammtímahagsmunir ráðið of miklu um áherslu þá sem lögð er á þekkingaröflun og menn hafa ekki reynst nægilega framsýnir í þeim efnum. Varðandi það orðalag sem ég hef af okkar hálfu sett, set ég þennan fyrirvara. Ég sé það ekki endilega þannig að t.d. grunnrannsóknir í háskólastofnunum eigi að færast undir þennan hatt en það geta ýmsar hagnýtar rannsóknir gert. Ýmis þjónustustarfsemi af hálfu stjórnvalda við atvinnugreinina gæti gert það og reyndar eru atvinnugreinarnar þegar farnar að sjá sjálfar um að standa straum af kostnaði í ríkum mæli, t.d. ýmiss konar eftirlitsstarfsemi sem sjávarútvegurinn hefur tekið á sínar herðar, veiðieftirlitið, og fleiri greinar hafa tekið á sig kostnað.

Þetta vildi ég, herra forseti, láta koma fram í tengslum við þessa umræðu þó ég neyddist til að taka nokkrar mínútur í hinn sérkennilega málflutning þingmanna Alþfl. sem reyndu að búa til storm af litlu tilefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, 1. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574.

[18:06]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 574 sem er 359. mál þingsins, um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frv. það sem ég mæli hér fyrir er liður í almennri mótun löggjafar um meðferð og nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi. Frv. var samið af nefnd sem skipuð var af hálfu ríkisstjórnarinnar en í henni sátu: Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður og Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur.

Frv. var lagt fram til kynningar á síðasta löggjafarþingi.

Frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem forsrh. hefur nú mælt fyrir er einnig liður í þessari almennu mótun löggjafar. Almenn löggjöf um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu hefur aldrei verið sett hér á landi. Í staðinn hefur sú leið verið farin að setja löggjöf um eignarhald og nýtingu á auðlindum og verðmætum, samanber námulög um jarðefni og orkulög um jarðhita. Alla þessa öld hafa verið uppi umræður á Alþingi um eignarhald auðlinda í jörðu og vatnsréttinda. Í því efni hefur bæði verið deilt um inntak eignarréttar landeigenda og

eignarréttarlega stöðu afrétta og almenninga. Þessar umræður komu fram á fyrstu árum aldarinnar bæði í tengslum við setningu námulaga, nr. 61/1907, og í tengslum við störf svokallaðrar fossanefndar og setningu vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig má nefna setningu laga nr. 98/1940, um jarðhita.

Í öllum þessum lögum var þeirri stefnu fylgt að auðlindirnar fylgdu landareign og það ber að undirstrika. Ítrekað hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp sem miðað hafa að því að takmarka eignar- og umráðarétt landeigenda. Í þessu sambandi má nefna stjfrv. um jarðhita frá 1957, þar sem lagt var til að réttur landeigenda til nýtingar næði niður á 100 metra dýpi en ríkið ætti rétt til jarðhita að öðru leyti. Rétt er að geta þess að umræða og meðferð þessara mála á fyrri hluta og fram á miðja þessa öld fór fram við allt aðrar kringumstæður en nú, m.a. með tilliti til réttarframkvæmdar, nýtingarmöguleika og tækni til nýtingar.

Frumvörp sem byggja á takmörkun eignarréttar á jarðhita við 100 metra hafa verið lögð fram af þingmönnum Alþb. mörg undanfarin ár. Einnig má nefna brtt. við frv. til núgildandi orkulaga þess efnis að hiti í jörðu niðri væri eign þjóðarinnar. Þá má nefna frumvörp sem þingmenn Alþfl. hafa lagt fram hin síðari ár þar sem lagt hefur verið til að verðmætari jarðefni skuli vera eign ríkisins og einnig háhitasvæði.

Þessar hugmyndir hafa ekki fengið neinn hljómgrunn á Alþingi og hafa aldrei náð afgreiðslu. Lengi hefur verið deilt um vatnsréttindi á afréttum og almenningum og hafa dómstólar þurft að taka afstöðu til inntaks eignarréttar á slíkum svæðum.

Með hliðsjón af þessari forsögu verður að telja brýnt að kveða skýrt á um meðferð náttúruauðlinda. Nýting náttúruauðlinda verður sífellt umfangsmeiri. Þjóðhagslegt mikilvægi nýtingar er jafnframt mikið. Sífellt verður brýnna að kveða með samræmdum hætti á um nýtingu og tryggja þannig heildstæða sýn yfir auðlindirnar, nýtingarmöguleika og vinnslu. Aðeins þannig er hægt að tryggja að nýting og vinnsla samræmist heildarhagsmunum og að umhverfissjónarmið séu í heiðri höfð.

Með þeim frumvörpum sem hér eru lögð fram eru stigin stór skref í þessa átt. Aldrei fyrr hefur ríkisstjórn Íslands tekið af skarið með þessum hætti.

Í frv. er gert ráð fyrir samræmdri nýtingu auðlinda í jörðu. Með auðlindum í jörðu er átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, án tillits til þess hitastigs sem þau kunna að finnast við. Í frv. er auðlindum þessum skipt í þrjá flokka: jarðefni, jarðhita og grunnvatn. Frv. tekur til nýtingar þessara auðlinda innan eignarlanda og utan. Það tekur hins vegar ekki til fyrirkomulags raforkuvinnslu. Þannig gilda orkulög um nýtingu á jarðhita til raforkuvinnslu auk þess sem frv. tekur ekki til vatnsréttinda á yfirborði jarðar.

Rétt er að vekja athygli á að frv. til laga um þjóðlendur kveður á um eignarréttindi og forræði á vatnsréttindum utan eignarlanda. Sérstaklega er fjallað um raforkumál í þáltill. um framtíðarskipan raforkumála sem lögð var fyrir Alþingi í haust. Í þáltill. er gert ráð fyrir að mótuð verði skilyrði fyrir veitingu virkjanaleyfa og að um virkjunarleyfi verði fjallað í nýjum raforkulögum. Gert er ráð fyrir að frv. til raforkulaga verði lagt fyrir Alþingi á haustþingi 1998. Í frv. verði m.a. fjallað heildstætt um þá þætti raforkuvinnslu sem nú eru í orkulögum, vatnalögum, lögum um raforkuver og sérlögum um tiltekin raforkufyrirtæki. Höfð verður hliðsjón af og gætt samræmis við tilskipun Evrópusambandsins um innri markað raforku en þar er m.a. kveðið á um málsmeðferð og veitingu nýrra virkjunarleyfa.

Grundvallarforsenda þess að koma megi á samræmdu skipulagi í nýtingu auðlinda er að kveða skýrt á um eignarétt á þeim. Í réttarframkvæmd hefur eignarréttur landeigenda að auðlindum á eignarlandi hans verið viðurkenndur. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að sú réttarframkvæmd verði staðfest. Þá hefur verið viðurkennt að handhafar ríkisvalds eigi rétt á að setja reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis utan eignarlanda. Með hliðsjón af þessu, segir í 3. gr. frv.:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Þrátt fyrir þetta gerir frv. ráð fyrir að nýting auðlinda verði almennt auðveldari en nú þar sem landeiganda er ekki kleift að standa í vegi fyrir rannsókn og nýtingu auðlinda á eignarlandi sínu hafi ráðherra veitt til þess leyfi. Landeigandi á þó rétt á bótum vegna tjóns og endurgjaldi fyrir auðlindina. Þannig má segja að umráðaréttur landeiganda yfir tilteknum auðlindum sé skertur að þessu leyti.

Í þessu sambandi legg ég ríka áherslu á að sú stefnumörkun sem frv. byggir á felur ekki í sér neina eignatilfærslu. Þvert á móti má segja að eignarráðum landeiganda sem nú eru almennt viðurkennd séu settar frekari takmarkanir en verið hefur. Hér á eftir er rétt að rekja hvernig eignarrétti á auðlindum hefur verið háttað hingað til, annars vegar í eignarlöndum og hins vegar í þjóðlendum. Umræðu síðustu áratuga um þessi mál verða einnig gerð skil.

Þótt ekki hafi verið sett heildstæð lög um eignarrétt á auðlindum í jörðu hefur í löggjöf verið byggt á því að þær fylgi eignarlandi en hagnýtingu þeirra sett almenn takmörk. Nefna má að skv. 1. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973, fylgir landareign hverri réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem þar finnast í jörðu. Einnig segir í 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, með þeim takmörkum sem lögin tilgreina. Samkvæmt lögunum er landeiganda veittur víðtækur hagnýtingarréttur. Ekki er í lögum kveðið sérstaklega á um grunnvatnsréttindi en litið hefur verið svo á að grunnvatn tilheyri eignarlandi. Þá hafa landeigendum verið ákvarðaðar bætur fyrir þessi réttindi, einkum jarðhita, með samningum, við eignarnám og fyrir dómstólum.

Á síðustu áratugum hafa verið lögð fram frumvörp um eignarhald á jarðhita, sem miðað hafa að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda ýmist við ákveðna dýpt eða við skilgreindan lághita sem miðaður hefur verið við tiltekið hitastig innan tiltekinnar dýptar. Gert hefur verið ráð fyrir að jarðhiti utan þessara marka verði sameign þjóðarinnar eða eign íslenska ríkisins.

Þá hafa einnig verið lögð fram frumvörp sem takmarkað hafa eignarrétt landeigenda að jarðefnum. Þannig hefur verið lagt til að íslenska ríkið eigi eða hafi umráðarétt yfir jarðefnum eins og málmum, kolum, olíu og jarðgasi hvar sem er á landinu. Þau frumvörp hafa ekki hlotið afgreiðslu. Sérstaklega hefur verið dregið í efa að forsendur séu til þess að skilja eignarrétt að tilteknum auðlindum bótalaust frá eignarráðum sem fylgt hafa eignarlandi. Telja verður að slík tilhögun fái tæpast staðist ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar. Í því efni hefur verið litið er til þeirra viðhorfa sem mótast hafa til eignarréttar hér á landi og fylgt

hefur verið við mótun löggjafar og í framkvæmd t.d. við ákvörðun bóta við eignarnám á jarðhitaréttindum og við frjálsa samninga um slík réttindi. Nefna má sem dæmi að landeigendum hafa fengið greiddar bætur samkvæmt mati fyrir jarðhita á háhitasvæði á Suðurnesjum í þágu hitaveitu þar. Þessu til viðbótar verður einnig að taka fram að öll flokkun jarðhita eftir hitastigi eða dýpt er þeim annmörkum háð að erfitt getur reynst að staðreyna mörk milli flokka, auk þess sem tækniþróun á þessu sviði veldur því að flokkunarmörk, sem nú byggja á tilteknum rökum, geta verið úrelt að fáum árum liðnum.

Með örum tækniframförum verður sífellt auðveldara að nýta auðlindir á meira dýpi. Landeigandi getur því í dag nýtt sér auðlindir sem honum var áður ókleift að nýta vegna ónógrar tækniþekkingar eða mikils kostnaðar. Skilin milli eignarréttar verða því ekki byggð á slíkum mörkum til langframa.

Sem rök fyrir eignarráðum ríkisins á háhita hefur það sjónarmið verið uppi að vinnsla hans væri kostnaðarsamari en svo að það væri almennt á færi einkaaðila að leggja út í slíka vinnslu. Þó að slíkt kunni vissulega að eiga við í ýmsum tilvikum er þó ekki ástæða til annars en ætla að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði á grundvelli samninga við viðkomandi rétthafa. Hins vegar ber að hafa í huga að mikill kostnaður við virkjun jarðhita á háhitasvæðum á almennt að hafa áhrif til lækkunar við mat á endurgjaldi fyrir slík réttindi þegar þau eru metin, t.d. vegna eignarnáms, á grundvelli þess verðs sem ætla má að slík réttindi hafi í frjálsri sölu.

Með hliðsjón af þessu er því lagt til að sú regla verði staðfest sem í raun hefur verið fylgt við túlkun eignarréttar, að eignarlandi fylgi réttur til auðlinda sem þar finnast.

Í námulögum er staðfest að ríkið eigi rétt til jarðefna utan eignarlanda. Ekki er hins vegar að finna sambærileg lagaákvæði um rétt ríkisins til jarðhita eða grunnvatns utan eignarlanda.

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fjallað um atriði er vörðuðu eignarrétt að afréttum og almenningum. Milliþinganefnd sem starfaði á árunum 1917–19, svokallaðri fossanefnd, var falið að gera úttekt á eignarrétti og vatnsréttindum, og skilaði hún tveimur frumvörpum til vatnalaga sem hvorugt var samþykkt. Þótt nefndin hafi klofnað vegna ágreinings um það grundvallaratriði hvernig eignarrétti að vatni væri háttað var hún í meginatriðum sammála um að vatnsréttindi á almenningum og afréttum utan eignarlanda væru ríkiseign. Umræðan á þingi snerist um það hvernig fara skyldi með afrétti sem kynnu að falla undir beinan eignarrétt. Svo fór að í þingsályktun frá 1919 var því sleppt að fjalla um afrétti sérstaklega. Einungis er skorað á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins. Í meðförum á þingi var ályktunin þó skýrð svo að tryggja bæri ríkinu vatnsréttindi í almenningum og afréttum sem ekki gætu talist eign einstakra jarða eða sveitarfélaga. Á þessum tíma átti sú skoðun almennu fylgi að fagna að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti er tekið á þessu atriði. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á eignarrétt ríkisins með fullnægjandi rökum, en hreppum þeim, sem töldu sig hafa rétt til afréttarins, hafði í dómsmáli á sjötta áratugnum mistekist að sýna fram á fullan eignarrétt yfir afréttinum. Þá segir í dóminum: „Hins vegar verður að telja, að handhafa ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða ...“ Hæstiréttur undirstrikar enn fremur þörfina á að setja lagaákvæði um þetta atriði og segir að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“.

Í frv. til laga um þjóðlendur og frv. til laga um eignarrétt og nýtingu auðlinda í jörðu er lagt til að handhafi ríkisvaldsins taki af skarið um hvernig þessum réttindum skuli háttað. Í frv. til laga um þjóðlendur og fleira er þannig lagt til að kveðið verði á um „að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti ...“ Með þjóðlendum er átt við landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Í frv. er einnig að finna reglur um með hvaða hætti eigi að skera úr um mörk á eignarlöndum og þjóðlendum. Í samræmi við þetta er í þessu frv. lagt til að kveðið verði á um að ríkið sé eigandi að auðlindum í þjóðlendum nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

Í frv. til laga um þjóðlendur o.fl. er gert ráð fyrir að forsrh. fari með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum. Það er því hlutverk þessa ráðuneytis að fara með þau verkefni sem annars kæmu í hlut landeigandans að fjalla um. Samkvæmt frv. því sem hér er mælt fyrir er hins vegar lagt til að iðnrh. fari með hið opinbera vald sem felst í veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa.

Rétt er að síðustu að gera grein fyrir meginefni frv. en það er eftirfarandi:

Eins og fram er komið er gert ráð fyrir að staðfestur verði eignarréttur landeiganda á auðlindum í jörðu, á eignarlandi hans og innan netlaga í vötnum og sjó.

Lýst er yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda eins og áður segir. Slík regla hefur verið í lögum um jarðefni en ákvæði um jarðhita, grunnvatn og aðrar auðlindir í jörðu eru nýmæli.

Lagt er til að samræmdar reglur gildi um leit, rannsóknir og nýtingu þessara auðlinda og leyfi opinberra yfirvalda í þeim efnum. Iðnrh. er ætlað að veita rannsóknar- og nýtingarleyfi en Orkustofnun falin stjórnsýsluverkefni á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir að iðnrh. verði heimilt að hafa frumkvæði að og láta leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu, jafnt innan sem utan eignarlanda og hvort sem landeigandi sjálfur hefur haft slíka rannsókn eða heimilað hana öðrum nema sá aðili hafi áður fengið rannsóknarleyfi. Ráðherra getur með sama hætti heimilað öðrum að annast slíkar rannsóknir. Er þetta hliðstæð regla og er í núgildandi lögum um heimild ríkisins til að láta leita að jarðefnum og jarðhita hvar sem er á landinu.

Lagt er til að nýting auðlinda á jörðu sé háð leyfi iðnrh. hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Í frv. felst að þó landeiganda verði heimilt án leyfis að nýta á eignarlandi sínu grjót, möl, leir, sand, vikur og gjall og önnur slík gosefni og steinefni svo og mó, mold og surtarbrand. Þá verði honum heimilt að nýta án leyfis jarðhita og grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa innan tiltekinna marka. Til þess að nýta jarðefni, svo sem málma, jarðolíu og jarðgas, svo og jarðhita og grunn-

vatn yfir hinum tilteknu mörkum þarf landeigandi hins vegar nýtingarleyfi frá ráðherra.

Kveðið er á um skilyrði og efni rannsóknar- og nýtingarleyfa. Lögð er áhersla á að nýting auðlindanna sé í samræmi við umhverfissjónarmið og hún sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Gert er ráð fyrir samræmdum reglum um samskipti landeigenda og leyfishafa, vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga og fleira.

Lagt er til að sveitarfélög hafi forgang til nýtingarleyfa vegna grunnvatns og jarðhita innan sinna marka vegna þarfa sveitarfélagsins. Leita ber umsagnar viðkomandi sveitarfélags áður en nýtingarleyfi er veitt.

Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti heimilað sveitarfélagi að taka að eignarnámi auðlindir ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu óháð því hvort viðkomandi réttindi eru innan marka sveitarfélagsins eða ekki.

Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að taka auðlindir eignarnámi ásamt öðrum réttindum sem nauðsynleg eru til að nýtingarleyfi komi að notum.

Þá er gert ráð fyrir að landeigandi fái fullt endurgjald fyrir auðlind í hans eigu sem nýtt er af öðrum. Ef auðlind er tekin eignarnámi er landeiganda ætlað val um það hvort endurgjald fyrir þær verði metið sem bætur sem greiðist í einu lagi eða árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar stendur yfir. Slík árleg greiðsla yrði ákveðin sem tiltekin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi.

Samkvæmt frv. mundi íslenska ríkið fá greitt fyrir undirbúning og útgáfu leyfis, kostnað af eftirliti, bætur fyrir tjón sem það verður fyrir vegna leyfis og endurgjalds fyrir hina nýttu auðlind sem staðsett er á eignarlandi ríkis eða á þjóðlendum. Um endurgjald fyrir nýtingu auðlinda í þjóðlendum er kveðið í frv. til laga um þjóðlendur o.fl.

Verði frv. að lögum falla úr gildi núgildandi námulög og III. og VII. kafli orkulaga en þessir kaflar fjalla um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða.

Með frv. því sem ég mæli hér fyrir standa vonir til þess að komið verði á skipulagi sem leiðir til þjóðhagslegrar hagkvæmninýtingar á auðlindum hvar sem er á landinu þar sem eðlilegt tillit er tekið til eignarréttar- og umhverfissjónarmiða. Með samþykkt þessa frv. og annarra frumvarpa um tengd efni sem hér hafa verið nefnd verður stigið stórt skref í að setja samræmdar reglur í stað óskýrra og sundurleitra ákvæða sem nú gilda um nýtingu náttúruauðlinda.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til hv. iðnn.

[18:29]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður svigrúm til að ræða þetta mál ítarlega síðar en gert er ráð fyrir að fresta umræðum á eftir. Ég vil þó nota tækifærið hér og víkja að einum þætti þessa máls sem er grundvallaratriði og þar sem ágreiningur er uppi við hæstv. iðnrh., m.a. af þeim sem hér talar, samanber frv. sem flutt hefur verið um jarðhitaréttindi og liggur fyrir hv. iðnn.

Þetta frv. sem hér er mælt fyrir gerir ráð fyrir því að landi í einkaeign eða eignarlandi, eins og segir í 3. gr., fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, og þar á meðal er jarðhitinn. Ég vil vísa til þess að á árum áður var um það fjallað af mönnum sem voru taldir standa mjög framarlega sem fræðimenn í lögfræði og stjórnskipunarrétti. Þar nefni ég sérstaklega Ólaf Jóhannesson, fyrrv. forsrh. og prófessor í lögum, og Bjarna Benediktsson sem létu frá sér fara greinargerðir sem tengjast þessu máli, og í þeim greinargerðum, frá 1945 að því er Bjarna Benediktsson varðar, og frá 1956 að því er prófessor Ólaf Jóhannesson varðar, kom fram að hægt væri að setja nýtingu jarðhita, þótt á eignarlandi væri, almenn takmörk án þess að það varðaði bótarétt eða rækist á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þau hin sömu og eru í gildi í dag. Þetta liggur skjalfest fyrir. (Forseti hringir.) Þetta er vissulega matsatriði og matið fellur á annan veg samkvæmt þessu frv. Ég bið um skýringar.

[18:31]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú ætla ég ekki að leggja mat á hér um það bil hálfrar aldar gamalt mat þessara virtu fræðimanna á þessu sviði. Við verðum hins vegar horfa á að það mat kom fram fyrir svo löngu síðan. Réttarframkvæmd hefur síðan orðið allt önnur en þessir ágætu fræðimenn sáu fyrir á þeim tíma, fyrir utan það að ýmsar breytingar aðrar hafa orðið, þó það séu ekki nema tæknilegar breytingar eins og ég vonast til að hv. þm. hafi heyrt af minni ræðu. Það hafa orðið miklar tæknilegar breytingar á nýtingu jarðhitans á undanförnum árum og skilin á milli háhita og lághita og hvernig hann er tæknilega nýttur eru ekki skilgreind eins nú og menn gerðu fyrir áratugum síðan.

[18:33]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er verið að vísa til þess að það sé svo langt um liðið síðan þetta mat umræddra hv. lögspekinga og stjórnmálamanna hafi komið fram og legið fyrir, og miklar breytingar hafi orðið. Stjórnarskráin er óbreytt. Þótt tæknin hafi breyst, tel ég að í engum þeim veigamiklu greinum er þetta varðar hnekki það þeirra áliti. Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að prófessor Ólafur Jóhannesson var forsrh. 1978 í ríkisstjórn sem fékk það veganesti að setja löggjöf um djúphita, eins og það var orðað, þ.e. jarðhita í iðrum jarðar. Það mál var undirbúið — hið sama mál og ég hef leyft mér að flytja sem þingmannafrv. — fyrst sem stjfrv. þeirrar ríkisstjórnar sem prófessor Ólafur Jóhannesson sat í, þ.e. ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens. Þetta var lagt fram sem stjfrv. í ársbyrjun 1983 með heimild þeirrar ríkisstjórnar þannig að ekki var ágreiningur við viðkomandi þingmann og þá ráðherra utanríkismála um þetta efni. Ég tel að í rauninni hafi engin gild rök komið fram um þetta geysilega þýðingarmikla atriði. Það er því spurning meira um pólitíska vilja, hvort menn vilji setja slík almenn takmörk sem víða hafa verið sett í löndum og m.a. í nágrannalöndum okkar Noregi og Danmörku, varðandi jarðgrunninn að því er varðar nýtingu olíu. Réttarþróunin í nágrannalöndunum hefur ekki gengið gegn þessum sjónarmiðum. Þetta er spurning um pólitíska vilja og spurning um að láta reyna á eðlilega réttarþróun að því er varðar sameiginlegar auðlindir landsmanna.

[18:35]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel það ekki vera mitt að leggja mat á þá niðurstöðu sem þessir ágætu fræðimenn komust að á sínum tíma. Hins vegar held ég að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson verði að viðurkenna að tímarnir eru breyttir. Réttarframkvæmdin hefur ekki verið eins og kannski var búist við að hún mundi þróast. Það staðfesta í fyrsta lagi samningar sem menn hafa gert um þessi

réttindi þar sem menn hafa horft á þau sem eignarréttindi. Í öðru lagi hafa gengið dómar sem líka hafa staðfest að þarna væri um eignarréttindi að ræða. (**HG:** Hvaða dómar?)

Umræðu frestað.

[18:36]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 444. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 771.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 436. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 762.

Fjárfestingaráform í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, 336. mál, svar forsrh., þskj. 748.

Heilsugæsla í skólum, 449. mál, fsp. HjÁ, þskj. 776.

Íþróttalög, 447. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 774.

Listskreytingar opinberra bygginga, 446. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 773.

Lögreglulög, 442. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 769.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 445. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 772.

Meðferð opinberra mála, 441. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 768.

Skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustu, 450. mál, fsp. ÖJ, þskj. 777.

Umferðarlög, 443. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 770.

## *Þjóðgarðar á miðhálendinu, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 406. mál. — Þskj. 727.

[18:38]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál fyrir á þessum fundi. Það er nýlega fram komið í þinginu, þessi till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu. Ég vil leyfa mér að lesa tillögutextann, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000."

Þetta er tillögugreinin. Tillögunni fylgir greinargerð og sérstakur uppdráttur sem fylgiskjal til glöggvunar á tillöguflutningnum. Þar eru lauslega dregin hugsanleg mörk umræddra þjóðgarða og þeirra svæða sem þeim gætu tengst í nágrenni umræddra jökla.

Ástæður fyrir því að þessi tillaga kemur nú fram eru kannski fleiri en ein. En það sem hvatti flutningsmann þó mjög til að leggja málið fram var sú tillaga að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands sem kynnt hefur verið og lá frammi til umsagnar til 10. desember sl. Í athugasemdum mínum við það svæðisskipulag sem ég kom á framfæri við samvinnunefndina vék ég að því máli sem hér er reifað sem þingmál, að vænlegt væri til árangurs sem vinnuaðferð, að koma á fót þjóðgörðum sem tækju til helstu jökla miðhálendisins og aðliggjandi svæða. Eftir að ég hafði rætt þetta mál við nokkra aðila fann ég að hljómgrunnur var fyrir því að skoða verndun á miðhálendinu út frá því sjónarmiði sem hér er lagt til.

Vissulega geri ég ráð fyrir því að talsverð umræða og athugun þurfi að fara fram áður en slík tillaga fær afgreiðslu. Ég lít því á það sem vænlega aðferð að þessi tillaga sem ég legg til að verði vísað til hv. umhvn. þingsins, verði send út til umsagnar. Ég er reiðubúinn til þess að endurskoða eða endurmeta málið út frá undirtektum, en jafnframt leita frekara fylgis á Alþingi við þá meginhugsun sem sett er fram í tillögunni. Þá geri ég ráð fyrir því að tillagan, verði hún ekki samþykkt á þessu þingi sem ég geri vart ráð fyrir að svigrúm verði til eða aðstæður, yrði endurflutt í byrjun næsta þings og þá hugsanlega breytt í ljósi þeirra ábendinga sem fram koma í þinginu og athugasemda þeirra sem umsögn gefa.

Gert er ráð fyrir samkvæmt tillögunni að stofnaðir verði fjórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi svæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Við Íslendingar höfum tekið upp þessa stefnu sem endurspeglast m.a. í friðlýsingu í Skaftafelli þar sem stofnað var til þjóðgarðs 1967 og í stofnun þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum að náttúruverndarlögum nokkru síðar.

Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft að njóta náttúru þeirra „að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir" svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna."

Í okkar náttúruverndarlöggjöf, nr. 93/1996, er kveðið á um skilyrði varðandi stofnun þjóðgarða í 29. gr. Ég tel rétt að lesa þá grein hér upp, með leyfi forseta, en þar stendur:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings."

Þetta er 29. gr. laganna, en nánar er kveðið á um framkvæmd friðlýsingar í 33. gr. náttúruverndarlaga og um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í 6. og 7. gr. sömu laga.

Ég legg áherslu á það við flutning þessa máls að ekki aðeins æðstu stjórnvöld náttúruverndarmála, hæstv. umhvrh., Náttúruvernd ríkisins og fleiri sem vísað er til í lögunum komi að þessu máli heldur tel ég brýnt að fólk á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu líti á stofnun þjóðgarðanna sem jákvæða aðgerð og komi að undirbúningi hennar og eigi hlut í stjórnun svæðanna. Því ber að leggja áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimaaðila, hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa við undirbúning málsins.

Ég vek athygli á því og vísa þá til uppdráttar og nánari lýsingar á hugsanlegri afmörkun umræddra þjóðgarða að að

hluta til liggja þessi mörk að heimalöndum jarða. Það á m.a. við um svæðin við sunnanverðan Vatnajökul og sunnanverðan Mýrdalsjökul og Eyjafjallajökul svo dæmi séu tekin. Það eru kannski aðalsvæðin þar sem svona hagar til. Í þessum efnum reynir að sjálfsögðu, þegar kemur að svæðinu utan sjálfra jöklanna, á samkomulag við heimamenn og rétthafa og verður ekki lengra gengið en samkomulag næst um.

Auðvitað má hugsa sér, og það er tekið fram í greinargerð með tillögunni og kemur fram í uppdrætti, að einstök svæði hljóti verndun samkvæmt öðrum ákvæðum náttúruverndarlaga en greininni um þjóðgarða en verði samt með vissum hætti felld að þjóðgörðunum sjálfum og gætu notið þess hagræðis að umsjón væri samræmd og yrðu þá hluti af umsjón þjóðgarðanna með nánara samkomulagi. Það tel ég að komi fyllilega til álita. Svo hagar til að sum þeirra svæða sem eru í nágrenni við stóru jöklana hafa einmitt verið sett á náttúruverndarskrá eða verið friðlýst beint. Dæmi um slíkt er friðland á Lónsöræfum eða í Stafafellsfjöllum, Kringilsárrani og Hvannalindir norðan Vatnajökuls. Þetta eru dæmi. Sama gildir um Eldborgaraðir sem almennt eða oftast eru kallað Lagagígar, en hér er fylgt málvenju heimamanna í nafngift. Einnig má nefna Þjórsárver við sunnanverðan Hofsjökul sem er þegar friðlýst svæði.

Með þeirri gjörð sem hér er gerð tillaga um væri verið að tryggja og ákvarða betur en nú er, verndun á stórbrotinni og einstæðri náttúru sem tengist jöklum miðhálendisins og næsta nágrennis þeirra. Jöklarnir sjálfir verðskulda að sjálfsögðu vernd og þarf að hafa uppi ákveðnar reglur í sambandi við meðferð þeirra. Ég vek athygli á því að jöklarnir eru bakhjarl í vatnsbúskap landsins á vissan hátt, jafnt vatni á yfirborði sem og grunnvatni sem sumpart kemur fram í lindám þannig að af þeim sökum er að sjálfsögðu skylt að tryggja hreinleika þessara svæða þannig að þau mengist ekki af gáleysi eða vegna mannanna tilverknaðar. Einnig eru þessi svæði í vaxandi mæli með mikið aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu og nú þegar að nokkru leyti nýtt af aðilum í ferðaþjónustu. Við þá þarf að sjálfsögðu að leita samkomulags í sambandi við þessi mál sem hér er gerð tillaga um og gildir það um þá sem aðra sem teljast ljóslega rétthafar.

Ég vek einnig athygli á því að jöklar landsins eru það afl sem hefur verið mikilvirkast í landmótun hérlendis eftir að ísöld gekk í garð eða það tímabil sem við köllum einu nafni ísöld og hófst hér fyrir nokkrum milljónum ára. Algeng viðmiðun er fyrir rösklega 3 millj. ára, en kannski var hún hafin að einhverju leyti nokkru fyrr en það tímatal segir til um. Það er því engin tilviljun að í nágrenni jöklanna er að finna bæði stórbrotið land vegna rofs og veðrunar en einnig mjög verðmætar minjar um landmótun sem vekja hvarvetna athygli þeirra sem fást við jarðfræðileg efni. Hér á Íslandi er að finna í náttúru landsins og ekki síst á miðhálendinu sýnishorn af aðstæðum sem ríktu sunnar í Evrópu og annars staðar en á Íslandi, á Norðurlöndum, suður af Þýskalandi og víðar og einnig er að finna í Norður-Ameríku, leifar af samspili jökla ísaldarskeiðanna og landsins sem var sunnan þeirra. Það er því eðlilegt að sjónir manna beinast að Íslandi þar sem þessar myndanir er að finna og þær liggja fyrir eins og kennslubók, opin bók til skoðunar og rannsókna.

Ferðaþjónustan er orðinn gildur þáttur í búskap okkar Íslendinga. Við þurfum að huga mjög vandlega að því að tryggja undirstöðu undir þá mikilvægu atvinnugrein. Það er alveg ljóst að náttúra landsins er aðalaðdráttaraflið fyrir þá sem sækja okkur heim og eins fyrir okkur Íslendinga sem ferðast um okkar land. Það fer því mjög vel á því og væri tvímælalaust til mikils stuðnings við þessa atvinnugrein, að stofnað væri til þjóðgarða eins og hér er gerð tillaga um og því er ástæða til þess að hvetja til þess að ráðist verði í slíkt við fyrstu hentugleika og það færi mjög vel á því að til slíkrar stofnunar þjóðgarða kæmi einmitt í tilefni komandi aldamóta þó ég geri mér ljóst að tíminn fram að þeim er ekki langur.

Ég legg líka áherslu á að auðvitað koma upp álitaefni í sambandi við þetta mál. Auðvitað er um að ræða hagsmuni af ýmsum toga sem tengjast þeim svæðum sem hér er gerð tillaga um. Á þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að líta og meta. En þá verða menn einnig að fara yfir málin með opnum huga og gæta þeirra verðmæta sem við þurfum að gæta, gæta þess að þeim verði ekki spillt með mannlegum athöfnum og vera mjög gætnir þegar um er að ræða breytingu og röskun á þeim víðernum sem tengjast víða jöklum landsins og öðrum svæðum sem skylt er að vernda. Þó hér sé fyrst og fremst hugað að nágrenni stóru jöklanna, þá tek ég fram að auðvitað þarf að skoða allt hálendið eins og landið allt út frá verndunarsjónarmiði til viðbótar við það sem hér er lagt til.

[18:53]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Örfá orð í tilefni af þeirri till. til þál. sem hér er mælt fyrir. Ég tel að full ástæða sé til að leggja nokkur orð í belg og tel tillöguna fullrar athygli verðar og reyndar kannski ekki síður margt sem kemur fram í greinargerðinni og rökstuðningi fyrir þeirri tillögu sem hér er flutt.

Ég er sammála hv. flm. um að okkur ber að gæta mjög að því hvernig við umgöngumst náttúruna, landið okkar allt og ekki síður hálendið en aðra hluta landsins og þau svæði sem hér eru sérstaklega gerð að umtalsefni. Vissulega er ýmislegt í gangi hvað þetta varðar núna eins og kemur fram í greinargerðinni. Það er tínt til og greint frá ýmsu sem er að gerast og ástæða er til að hafa í huga þegar fjallað er um þetta mál.

Mig langar aðeins í upphafi máls míns — ég ætla reyndar ekki að vera langorður — að nefna það að þegar við tölum um náttúruvernd og friðlönd, þjóðgarða, friðlýsingu svæða eða skrásetningu á náttúruminjaskrá, þá er nú oft svo að menn telja kannski að aðalþættirnir sem þurfi að varast séu virkjunarframkvæmdir, orkuframkvæmdir, stóriðja og mál sem því tengjast og ber að hafa allt þetta í huga. En það ber að hafa líka fleiri þætti í huga í hinni daglegu umgengni og hegðan okkar og í þeirri nýju iðju eða nýja iðnaði sem við höfum lagt mikla áherslu á að byggja upp í landinu okkar og viljum auglýsa landið mjög hæft til þess að annast þann iðnað eða þá þjónustu. Þetta er ferðamannaþjónustan. Og þó að kannski sé ekki hægt að líkja því í sjálfu sér við stóriðju og áhrif hennar á náttúru eða umhverfi, þá þarf að gæta sín líka í uppbyggingu ferðamannaiðnaðarins og gæta þess að beina honum á þau svæði sem þola aukna umferð af því tagi og eins að búa þannig um á þeim svæðum að ferðamannaþjónustan geti notið svæðanna án þess að spilla þeim.

Vissulega er það ekki síst náttúran og náttúrufegurð og sérkennileiki íslenskrar náttúru sem dregur erlenda ferðamenn til landsins. Það hefur komið fram í skoðanakönnunum þó að það sé nú kannski fleira sem dregur ferðamenn til landsins eins og borgarlíf og næturlíf og eitt og annað sem við erum að bjóða hér upp á, jafnvel matargerð og matargerðarlist sem hefur sótt mjög fram á seinustu missirum

hér á landi. Ég hygg að erlendir ferðamenn margir hverjir átti sig á að við kunnum líka að búa til góðan mat úr okkar heilnæmu matvælum hvort heldur það eru landbúnaðarfurðir eða sjávarafurðir.

En þetta var nú ekki efni þáltill. eða það sem ég ætlaði aðallega að ræða um heldur vildi ég lýsa því yfir að mér finnst full ástæða til þess að skoða það mál sérstaklega sem er hér til umræðu. Ég vil þó minna á að út af fyrir sig er ýmislegt í gangi hjá okkur á þessu sviði eins og er. Við erum nýlega búin að fjalla um undirbúning að þjóðgarði á Snæfellsnesi. Þar hefur nýlega lokið störfum nefnd og skilað tilögum til umhvrh. og á fjárlögum þessa árs er að finna heimildir til þess að vinna því máli framgang m.a. með kaupum á jarðeignum sem kynnu að falla innan þess þjóðgarðs. Það hefur auðvitað bæði töluverða vinnu og nokkurn kostnað í för með sér hvernig staðið er að málum af þessu tagi.

Ég vil líka minna á að núna er að störfum nefnd sem fjallar um og skilgreinir ósnortin víðerni. Sú nefnd starfar samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti á seinasta þingi. Ég hef nýlega átt viðræður við formann þeirrar nefndar sem hefur tjáð mér að störf hennar séu nú á lokastigi.

Síðast en ekki síst vil ég minna á að svæðisskipulag miðhálendisins er í fullri vinnslu um þessar mundir. Því ferli er alls ekki lokið. Það á enn eftir að taka nokkurn tíma. Ég hef nýlega framlengt þann tíma sem nefnd sú sem að því máli hefur starfað fær til þess að ljúka sínum verkefnum, enda hefur borist gríðarlegur fjöldi athugasemda við tillögurnar eins og þær hafa verið lagðar fram þannig að nefndin hefur úr miklu að vinna.

Mér finnst full ástæða til að þetta sé haft í huga og að við skoðum þá tillögu sem hér er sett fram í samhengi við nefndarstarf svæðisskipulags miðhálendisins. Ég þykist þess reyndar fullviss að það hafi hv. flm. gert að verulegu leyti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. flm. þá er málið hér nýlega fram lagt þegar það er tekið til umræðu og ég hef ekki haft tíma til að skoða það ítarlega eða bera það saman við þær hugmyndir sem þar eru framsettar. Þó er hér getið um að gert er ráð fyrir mannvirkjabeltum og samgönguleiðum sem eru einnig í tillögum svæðisskipulagsnefndarinnar, miðhálendisnefndarinnar sem stundum hefur verið kölluð svo, og vafalaust er reynt að gæta nokkurs samræmis við þær tillögur sem þar eru fram settar, þó ég hafi ekki borið það saman.

Mig langar líka að taka undir það sjónarmið sem hér er sett fram um hversu brýnt það er að hafa góð samskipti við fólk á þeim svæðum sem liggja að þjóðgörðum, við þá friðun, því sú friðun sem felst í stofnun þjóðgarða getur haft áhrif á aðstöðu fólksins sem býr í næsta nágrenni, þannig að þess sé gætt að þetta fólk eigi aðild að undirbúningi af þessu tagi og reynt sé að tryggja jákvæð viðhorf. Ég hygg að ég sé ekki ljóstra upp neinum leyndarmálum þó að ég segi að stundum hafi orðið misbrestur á hvað þetta varðar og því miður megi finna mörg dæmi um að þeir sem búa næst þjóðgörðum hafi ýmsar athugasemdir við það hvernig að málum er staðið.

Ég sé, hæstv. forseti, að tími minn er að renna frá mér. Mig langar aðeins þó að hafa það sem mín lokaorð að ég tel að það sé líka afar mikilvægt að við skoðum verndarskipulag jöklanna okkar vegna þess að þó að þeir séu líka aðdráttarafl fyrir ferðamenn og í vaxandi mæli, þá má það ekki verða svo að þeir verði fyrst og fremst umferðaræð, eins og ég hygg að stundum megi segja að eigi við um Snæfellsjökul. Þess vegna er tímabært að huga að þjóðgarðinum þar og huga að því hvernig við getum látið fara saman náttúruverndina, þær auðlindir sem búa í jöklunum og að nýta þá til þeirrar uppbyggingar atvinnulífs sem vissulega er hægt að efla ef rétt er að málum staðið.

[19:02]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þátttöku í umræðunni og það sem fram kom í máli hans. Ég er alveg sammála þeim ábendingum sem ráðherrann kom með og þær falla alveg að þeim sjónarmiðum sem bæði sumpart koma fram í tillögunni eða ég tel réttmæt í sambandi við meðferð mála af þessum toga. Það má e.t.v. segja að mér hafi láðst í framsögu minni áðan að taka skýrt fram að þó að ég hafi komið þessum sjónarmiðum á framfæri sem ábendingu eða athugasemd við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins, þá var á mjög ákveðinn hátt höfð hliðsjón af þeim tillögum sem þar lágu fyrir og ég taldi mig geta tekið undir.

Sú skipan mála að tala um fjögur svæði eða fjóra þjóðgarða er einmitt til komin vegna þeirrar hugsunar sem einnig kemur fram í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins, að gera ráð fyrir mannvirkjaleið eða mannvirkjabeltum eins og það er kallað, á tveimur stöðum yfir miðhálendið frá norðri til suðurs eða öfugt eftir því hvert menn horfa, þ.e. um Sprengisand og um Kjöl. Sama er látið gilda í þessari tillögu um Fjallabaksveg nyrðri eins og hann er stundum kallaður nú til aðgreiningar frá leiðinni nær Mýrdalsjökli, þannig að um Fjallabaksveg nyrðri þar sem er að finna vegslóða og raflínu, stofnlínu sem tengir hluta af hringtengingu landsins, er gert ráð fyrir aðgreiningu á milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Mýrdalsjökulsþjóðgarðs eins og þeir eru hér kallaðir. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að þarna er horft til aðgreiningar.

Jafnframt er í tillögunni lögð áhersla á það að til hagræðis og vegna þess hve þessi svæði eru landmótunarlega skyld og að mörgu leyti svipaðs eðlis, mætti hugsa sér allnána samfellu í yfirstjórn og eftirliti þessara svæða til sparnaðar varðandi aðkomu hins opinbera að málinu.

Ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með það hvernig miðar með þjóðgarð á Snæfellsnesi og að það stefni í að þar verði hægt að ganga frá málum og tek mjög eindregið undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hæstv. ráðherra um gildi þess máls og að við þurfum að gæta þess — og það er einmitt ágætt dæmi — að leggja ekki jöklana okkar undir umferð í of ríkum mæli. Það þarf að gæta hófs í því og verndarsjónarmiða að sjálfsögðu. Og vegna þess að hér er á ferðinni tillaga sem varðar miðhálendið sérstaklega, vil ég þó vekja athygli á því að auðvitað eru svipaðar aðstæður víðar á landinu og mætti með vissum hætti færa ekki ósvipuð rök fyrir því að bæta við verndarsvæði með sömu rökum. Þar nefni ég sérstaklega Drangajökul og svæðið hið næsta honum þar sem er að finna geysilega litríka og verðmæta náttúru sem dregur að sér fólk til skoðunar, hvort sem menn eru að halda á Hljóðabungu og Hrolleifsborg eða njóta veðurblíðu í Reykjafirði í næsta nágrenni.

Ég bendi á að á uppdrætti sem fylgir þessari tillögu hafa verið færð inn þau svæði sem eru á opinberri náttúruminjaskrá frá árinu 1996 á því sem kallað er miðhálendi Íslands. Eins og menn sjá er þar að finna allstór svæði. Raunar er sett undir sömu skilgreiningu á uppdrætti þau svæði sem eru vernduð samkvæmt sérlögum, þ.e. Mývatns- og Laxársvæðið með verndun sem nær alveg suður í jökul. Sama gildir um þjóðgarð á Þingvöllum sem er verndaður samkvæmt sérlög-

um. Hugmyndir hafa verið uppi um að færa út mörk hans til norðausturs sem mundu þá tengjast nokkurn veginn eða geta tengst Langjökulsþjóðgarði, hugsanlega með aðgreiningu um vegslóða sem er kominn ásamt raflínu norðan Skjaldbreiðar milli Langjökuls og Þórisjökuls og Skjaldbreiðar. En það er mál sem hugsanlega ber fyrir innan tíðar, þ.e. stækkun þjóðgarðs á Þingvöllum þó að ég véli ekki um málefni hans nú eins og á meðan ég átti sæti í Þingvallanefnd.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að orðlengja þetta frekar hér. Ég tek það fram að þó að megintillaga mín um nefnd sem fjalli um þetta efni sé umhvn. þá hef ég ekkert á móti því, ef að það þætti betra — hugmynd er um að vísa ýmsum málum sem snerta eignar- og umráðarétt á miðhálendinu, til sérnefndar — og ef það yrði að ráði, að tillaga þessi mætti út af fyrir sig alveg hljóta slíka vísun frá þinginu til sérnefndar. En aðaltillaga mín er samt um umhvn. sem auðvitað er eðlilegt að fái þetta mál til skoðunar og mun þá væntanlega leita álits margra á þeirri tillögu sem hér er flutt.

Ég fagna jákvæðum undirtektum hæstv. ráðherra við málið. Ég átta mig fyllilega á því að þetta mál er það stórt í sniðum að það þarf að gaumgæfa það. En vonandi verður það til þess að menn fái á vissan hátt nýja sýn til möguleikanna á því að vernda þarna stór svæði með því einmitt að taka jöklana inn í sem ekki er umdeilt að eru að langmestu leyti a.m.k. almenningar að gömlu tali, þjóðlendur þá samkvæmt skilgreiningum þess frv. sem rætt var fyrr á þessum fundi í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:09]

**Útbýting þingskjals:**

Átak til að draga úr reykingum kvenna, 435. mál, þáltill. KÁ, þskj. 761.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 19:10.

# 61. FUNDUR

mánudaginn 9. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Tíðni og eðli barnaslysa 1990 - 96, beiðni um skýrslu, 429. mál, þskj. 754. *Hvort leyfð skuli.*
3. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 238. mál, þskj. 271. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 406. mál, þskj. 727. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.

## *Minnst Halldórs Kiljans Laxness.*

[15:01]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Í gær, 8. febrúar, lést Halldór Kiljan Laxness, tæplega 96 ára að aldri. Þegar Íslendingar horfa aftur til 20. aldar munu þeir flestir staldra við nafn hans, ekki vegna þess að hann var nánast samtíða öldinni heldur vegna þess að hann bar vonir hennar, þrár og drauma og jafnvel martraðir í sjálfum sér og orðaði þær af fágætri snilld.

Þegar hann gaf út fyrstu stóru skáldsöguna sína var sagt: Loksins, loksins. Og verk hans mörkuðu vissulega tímamót í íslenskum bókmenntum. Á fjórða, fimmta og sjötta áratug aldarinnar gaf Halldór Laxness út hverja skáldsöguna af annarri þar sem hvort tveggja var rammíslenskt, yrkisefni og efnistök. Hið mikla vald hans á íslensku máli, endurnýjunarmáttur hans og sköpunargleði og orðkynngi samfara næmu skopskyni veldur því að menn munu njóta verka hans um ókomna tíð. Þótt Halldór segði sjálfur í Ljósvíkingnum að fegurðin og mannlífið væru tveir elskendur sem fengju ekki að hittast má ýkjulaust segja að fegurðin og mannlífið hafi hist í verkum hans.

Þjóðin átti ekki alltaf öll samleið með skáldinu en hún samfagnaði Halldóri Laxness innilega þegar hann hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955. Hann var lifandi stórveldisdraumur lítillar þjóðar, ein röksemdin fyrir áframhaldandi sjálfstæði hennar og tilveru.

Þegar Halldór tók við Nóbelsverðlaunum sagði hann að honum yrði nú hugsað til þeirrar fámennu fjölskyldu, hinnar bókelsku þjóðar Íslands sem haft hefði á honum vakandi auga um langan aldur, hefði gagnrýnt hann eða talið í hann kjark á víxl. Eins hlýtur okkur nú, þegar leiðir skilja, að verða hugsað til þessa snjalla rithöfundar sem hafði vakandi auga á okkur, gagnrýndi okkur og taldi í okkur kjark á víxl.

Allt líf Halldórs Laxness var eitt stórbrotið ferðalag en hvar sem hann var staddur þrumaði hann yfir okkur þrunginn af ættarjarðarást, sannfærandi og sefjandi.

Um leið og ég votta fjölskyldu hans og raunar Íslendingum öllum samúð vegna fráfalls hans bið ég hv. alþingismenn að rísa úr sætum í virðingarskyni við hið látna þjóðskáld. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[Fundarhlé. — 15:05]

[18:06]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, 452. mál, þáltill. KÁ, þskj. 781.

Bifreiðakostnaður bankanna, 306. mál, svar viðskrh., þskj. 765.

Búsetumál fatlaðra, 231. mál, svar félmrh., þskj. 742.

Eftirlit með áfengissölu, 375. mál, svar fjmrh., þskj. 780.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, 370. mál, svar menntmrh., þskj. 759.

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 363. mál, svar félmrh., þskj. 783.

Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, 453. mál, þáltill. KÁ, þskj. 782.

Stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum, 454. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 784.

Vegtenging milli lands og Eyja, 448. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 775.

Virðisaukaskattur af barnafatnaði, 321. mál, svar fjmrh., þskj. 779.

## *Tíðni og eðli barnaslysa 1990–96.*

Beiðni ÖS o.fl. um skýrslu, 429. mál. — Þskj. 754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]
Beiðni leyfð til heilbrrh. með 62 shlj. atkv.

## *Þjóðlendur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 598.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 62 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

## *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. RA o.fl., 238. mál (eignarréttur á náttúruauðæfum og landi). — Þskj. 271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 62 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

## *Þjóðgarðar á miðhálendinu, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HG, 406. mál. — Þskj. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 62 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 18:10.

---

## 62. FUNDUR

mánudaginn 9. febr.,
að loknum 61. fundi.

**Dagskrá:**

Stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum, stjfrv., 454. mál, þskj. 784. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:29]

Of skammt var liðið frá útbýtingu dagskrármálsins. — Afbrigði felld með 22:39 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, ÓÞÞ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, ÓE.

**nei:** SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GHelg, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

1 þm. (ArnbS) fjarstaddur.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Framkoma hæstv. ríkisstjórnar í garð sjómanna, stjórnarandstöðunnar og Alþingis á þessum degi er sérlega fruntaleg. Hæstv. forsrh. hefur talað í fjölmiðlum í dag eins og til standi að setja bráðabirgðalög þó að Alþingi sitji að störfum. Málið ber allan keim af því að lagasetning hafi verið lengi í undirbúningi og aldrei hafi staðið til af hálfu útvegsmanna né ríkisstjórnar að leyfa sjómönnum að nýta samtakamátt sinn til að knýja fram úrlausn sinna mála. Ég mótmæli þessari framkomu við sjómenn, ég mótmæli þessari framkomu við stjórnarandstöðu, ég mótmæli þessari framkomu og lítilsvirðingu í garð Alþingis. Í ljósi þessa greiði ég atkvæði gegn afbrigðum og legg til að þetta mál fái venjubundna þinglega meðferð. (Gripið fram í.)

[18:13]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti biður gesti á pöllum að hafa hljótt.

[18:13]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við búum í lýðræðis- og þingræðisríki og það er lágmarksréttur þeirra sem í hlut eiga að fá að kynna sér mál. Í dag átti að knýja í gegn frv. um að banna verkfall sjómanna. Sjómenn hafa ekki fengið að kynna sér málið, þeim hefur ekki verið sýnt frumvarpið. Stjórnarandstaðan hefur ekki fengið að kynna sér málið, þingið hefur ekki farið yfir málið með eðlilegum hætti. Þjóðin hefur heldur ekki fengið að kynna sér þetta mál. Það er greinilegt að það var aldrei alvara af hálfu útgerðarmanna í þeim samningaviðræðum sem staðið hafa yfir vegna þess að útgerðarmenn treystu því að ríkisstjórnin mundi hlaupa undir bagga áður en yfir lyki. Þessu mótmæli ég og greiði atkvæði gegn afbrigðunum.

[18:14]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er um það að ræða að binda endi á deilu sem öll þjóðin veit að deiluaðilar ná ekki að leysa. Það er nauðsynlegt vegna þjóðarhagsmuna að stjórnvöld grípi inn í þetta mál með lagasetningu. Því segi ég já.

[18:15]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að brýn nauðsyn er fyrir Alþingi að takast á við að ræða það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég hygg að flestir sem hafa fylgst með þessu máli hefðu óskað þess að það hefði ekki þurft að koma hér fyrir heldur að deiluaðilar hefðu náð saman um það. Þetta frv. er ekki lagt fram vegna þess að menn vilji það neitt sérstaklega heldur vegna þess að það er talin brýn nauðsyn að grípa inn í deiluna.

Með því að heimila ekki afbrigði er einungis um það að ræða hversu langt verkfallið eigi að vera. Það vita allir sem nálægt þessu koma að það að leyfa ekki afbrigði lengir aðeins verkfallið en hefur engin áhrif á efnislega lausn málsins. Þess vegna segi ég já.

[18:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eina ferðina enn sýnir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sitt rétta andlit, að þessu sinni gagnvart sjómönnum. Það er ekki nóg með að ríkisstjórnin vilji banna verkfall sjómanna með lögum, það er ekki nóg með að ríkisstjórnin sé staðráðin að þjóna útvegsmönnum hvað sem það kostar, það er ekki nóg með að hún leggi fram lagafrumvarp sem reisir vegatálma til að torvelda sjómönnum réttinda- og kjarabaráttu. Það er ekki nóg með allt þetta heldur fer ríkisstjórnin einnig þess á leit við Alþingi að það greiði fyrir valdníðslunni með sérstakri flýtimeðferð í Alþingi. Ég segi nei við ríkisstjórn sem beitir launafólk valdi. Ég segi nei við ríkisstjórn og fylgismenn hennar á hv. Alþingi sem misbeita valdi. Ég segi nei við þessari tillögu.

[18:18]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er verið að óska eftir afbrigðum eða flýtimeðferð um frv. um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Hæstv. ríkisstjórn setur í búning, orð og lagaumgjörð hugsanir og vilja Kristjáns Ragnarssonar og hans félaga í fimm lagagreinum. Þó að brýna nauðsyn beri til að leysa þessa deilu er ekki hægt að samþykkja slík vinnubrögð. Sjómannafélögin fengu tilkynningu í dag kl. 16.45 um þessa aðgerð á faxi. Ég hafna slíkum vinnubrögðum og met þau sem aðför. Ég segi nei.

[18:19]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Það er ekki af hinu góða að sett eru lög sem grípa inn í kjaradeilur yfirleitt. Þegar frv. fær efnislega

umræðu í þinginu mun ég að sjálfsögðu gera grein fyrir afstöðu minni en við þinglegri meðferð þessa máls segi ég já.

[18:19]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Gestir eru velkomnir á þingpalla en það er algjört skilyrði að þeir hafi hljóð.

[18:20]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að sett verði lög á verkfall sjómanna með flýtiaðferð eins og um bráðabirgðalög væri að ræða og verkfallinu aflýst. Það á sem sagt enn einu sinni að taka samningsrétt af sjómönnum og það fram í júlí, eina ferðina enn. Þetta frv. er lagt fram án samráðs og gegn vilja bæði sjómanna og stjórnarandstöðu. Aðilar þurfa því tíma til að átta sig á þessari nýju stöðu og því tel ég rétt að málið fái eðlilega þinglega meðferð en ekki flýtimeðferð. Ég segi því nei við að veita afbrigði.

[18:21]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Hér er búið að leggja fram frv. til laga vegna deilu sjómanna og útgerðarmanna. Það sem greitt er atkvæði um nú er hvort efnisleg umræða megi fara fram strax eða hvort bíða eigi í tvær nætur eftir að slík umræða geti hafist. Þar sem ég hygg að stjórnarandstaðan muni lítt hugsa þessar tvær nætur um málið og ekki batnar umræðan við biðina, þá tel ég að það sé fyrirsláttur að þá skorti þekkingu til að ræða málið strax því þeir fóru í utandagskrárumræðu fyrir viku síðan um þetta mál. Ég segi því já.

[18:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er verið að beita fantavinnubrögðum við framlagningu þessa máls bæði gagnvart þinginu og sjómönnum. Þeim hefur ekki einu sinni verið kynnt málið eða fengið tækifæri til að kynna sér efnisinnihald frv. Þetta er makalaus ósvífni af hálfu ríkisvaldsins gagnvart sjómannastéttinni sem hefur staðið í löngum kjaradeilum. Ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir því að þingið situr og hún getur ekki hagað sér þannig að málið fái meðferð eins og um bráðabirgðalög væri að ræða. Ríkisstjórnin er að fótumtroða lýðræðið og þingræðið í landinu. Ég mótmæli slíkum vinnubrögðum og segi nei.

[18:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er andvíg því að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilur með lagasetningu. Slík mál á að leysa með samningum. Ég mun greiða atkvæði gegn frv. sem hér á að taka á dagskrá. Þetta er vinnumarkaðsmál og ég vil gera þá kröfu nú þegar að hv. félmn. fái þetta mál til umsagnar. Það þarf þó afar sterk rök til að greiða atkvæði gegn því að málið verði tekið á dagskrá og þess munu afar fá dæmi í þingsögunni að slíkum beiðnum sé hafnað. Meginmálið er að frv. fái þinglega meðferð og rækilega umfjöllun í nefnd og að allir fái þar að tjá skoðun sína á málinu. Ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði gegn afbrigðunum og greiði því ekki atkvæði.

[18:24]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega dálítið óvanalegt að þegar óskað er eftir flýtimeðferð í þinginu segi stór hópur þingmanna nei. En þetta mál er þannig til komið að í langan tíma hafa sjómenn átt í kjaradeilu, m.a. vegna þess að lögbundinn réttur þeirra, lög sem við settum, hafa ekki verið virt. Það er stór hluti af þeirri ástæðu að þeir grípa til þeirrar nauðvarnar að fara í verkfall. Það hefur ekki af hálfu ríkisstjórnarinnar verið brugðist við því. En þegar svo er komið að þeir sjá enga aðra leið en að fara í verkfall, þá stendur ekki á viðbrögðum ríkisstjórnarinnar að setja lög á kjaradeiluna. Við skulum taka þetta mál til umræðu og láta það hafa eðlilegan framgang í þinginu en gefa okkur og þeim stéttum sem þarna eiga hlut að máli tíma til að skoða það. Ég segi nei.

[18:26]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna greiðir atkvæði gegn því að veita afbrigði fyrir þessu máli og sér ekki ástæðu til að frv. fái sérstaka flýtimeðferð í þinginu. Með frv. er gripið inn í kjaradeilu sem er á ábyrgð samningsaðila. Það er ekki verjandi að banna verkfall eins og lagt er til í frv. en verkfallinu er ekki frestað heldur bannað um tiltekinn tíma. Verkfallið hefur einungis staðið í örfáa daga og frv. er gert þannig úr garði að meira að segja er stuðst við orðalag LÍÚ í frumvarpstextanum. Framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart sjómönnum í dag þar sem þeim var ekki kynnt efni frv. þrátt fyrir fyrirheit þar um er sérlega ámælisverð. Með frv. er stefnt að lögfestingu þátta sem tilheyra kjarasamningum. Þingflokkur jafnaðarmanna er andvígur frv. og mun takast á við ríkisstjórnina um efni þess en vill að það fái eðlilega umræðu á Alþingi. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar að knýja fram bann á löglegt verkfall (Forseti hringir.) sjómanna á einum sólarhring er lítilsvirðing við sjómenn og Alþingi.

Virðulegi forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna mun ekki greiða fyrir afgreiðslu málsins með sérstakri undanþágu frá þingsköpum. Þingflokkurinn greiðir atkvæði gegn afbrigðum. Ég segi nei.

[18:27]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Dagurinn í dag er fyrsti dagurinn þegar reynir á sjómannaverkfall því að dagurinn í dag er fyrsti dagur sem stóru bátarnir fara ekki á sjó en hefðu ella getað farið á sjó vegna helgarfrís. Þann dag, fyrsta dag verkfalls, velur hæstv. ríkisstjórn til að leggja fram frv. það sem hér er til umræðu og ætlast til að það verði tekið til afgreiðslu á Alþingi strax, áður en nokkur hagsmunaaðili hefur getað kynnt sér efni málsins. Það er erfitt fyrir alla að þurfa að þola verkfall, það er tjón fyrir þjóðarbúið. Hvað segir hæstv. ríkisstjórn um þá sjómenn sem hún er nú að dæma með þessum frumvarpsflutningi til að sætta sig við einn fjórða af þeim aflahlut sem sjómenn eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum. Hvaða tjón er það, virðulegi forseti, fyrir þá sjómenn og fjölskyldur þeirra? Ég segi nei.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um afbrigði.

[18:30]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Nú hefur það gerst að mikill minni hluti þingsins hefur fellt tillögu þess efnis að mál sem er mikilvægt fyrir þjóðarhagsmuni fái að koma á dagskrá og menn hafa sagt úr þessum ræðustól að þeir vilji að málið fái eðlilega málsmeðferð. Það er algerlega nauðsynlegt að þjóðin viti að sú málsmeðferð, sem mikill minni hluti þingsins hefur

ákveðið, er ekki eðlileg. Hún er algerlega óeðlileg og reyndar óþekkt. Það er ekki venja, og þvert á móti gerist það einmitt aldrei, að neitað sé um afbrigði þannig að mál megi fást á dagskrá. Það eina sem felst í þessu er að tveir sólarhringar líða þar til brýnt mál fæst rætt í þingsölum. Hv. þingmenn, sem hefðu viljað fá meiri umræðu um málið, hefðu getað beitt sér gegn afbrigðum á síðari stigum máls ef þeir hefðu kosið. En þeir kjósa að tefja umræður um málið um tvo sólarhringa. Það væri vit í því að gera þetta ef þeir vissu að málið mundi leysast á meðan á þessum töfum stendur. Ef þeir hafa engar heimildir fyrir því og engar skoðanir á því, þá eru þeir að tefja lausn málsins og hafa af mönnum fé, sjómönnum sem þjóðinni allri. Ábyrgð þeirra er því gríðarlega mikil.

[18:31]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Við lifum í þingræðislandi. Í slíku landi sækir löggjafarsamkundan vald sitt til fólksins en ekki til forsrn. Forsenda fyrir því að löggjafarsamkundan geti afgreitt lög rétt og satt er sú að þeir sem hafa hagsmuna að gæta, fólkið í landinu sem verið er að fjalla um í þessum lagasetningum og samtök þeirra, fái tækifæri til að skoða mál og tjá sig um þau, ekki síst þegar verið er að svipta þessi samtök félagslegum lögvernduðum réttindum til að semja um kaup og kjör.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara efnislega í það frv. sem hefur verið lagt fram. Við munum gera það síðar. En það er lýðræðisleg krafa fólksins í landinu og samtaka, sem slíkri lagasetningu er beint gegn, að þeim sé sýnd sú virðing að þau fái möguleika til að fjalla um tillögugerð hæstv. ríkisstjórnar áður en málið er tekið til umræðu og síðan afgreiðslu á Alþingi. Það er það sem á skortir. Sjómönnum var lofað, virðulegi forseti, í morgun að frá málinu yrði ekki gengið öðruvísi en að þeir yrðu a.m.k. látnir vita af því. Það var hins vegar ekki gert og það sýnir að Alþingi ber sú skylda að tryggja að hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu og fólkið í landinu geti fengið að fjalla um mál áður en umræða hefst á Alþingi. Það er ekkert óeðlilegt, það er þinglegt, virðulegi forseti, að teknir séu tveir sólarhringar í slíka skoðun á málum.

[18:34]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þingsköp Alþingis eru lög. Lögin eru sett af meiri hluta Alþingis og það lagaákvæði sem er um að ræða var sett samhljóða af öllum þingmönnum þannig að árás hæstv. forsrh. áðan á stjórnarandstöðuna er árás á þingið, er árás á lögin; lítilsvirðing við þingið, lítilsvirðing við lögin. Þótt ekkert annað komi til en að það var bersýnilega nauðsynlegt að láta hæstv. forsrh. vita hvernig lýðræðislegar og þingræðislegar leikreglur eru, var nauðsynlegt að láta það koma áðan skýrt fram vegna þess að hótanir hans gagnvart þinginu, lítilsvirðing hans gagnvart þinginu, lítilsvirðing hans gagnvart stjórnarandstöðunni, gagnvart sjómannastéttinni í landinu og gagnvart þjóðinni er með slíkum endemum að því verður að svara hér og annars staðar.

[18:35]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Hér hafa vissulega orðið þó nokkur tíðindi. Hér hefur verið beitt því sem ég vil leyfa mér að kalla þingtæknilegum brögðum eða brellu til að koma í veg fyrir að mál komist á dagskrá með þeim hætti sem er alvanalegur hér (**SvG:** Eru landslögin brellur?) — með þeim hætti sem alvanalegur er í störfum þingsins.

Vissulega er athyglisvert að stjórnarandstaðan skuli velja þetta mál til að hefja upp stríð við stjórnarflokkana um atriði sem lúta að störfum þingsins og þingsköpunum, og það er geymt en ekki gleymt. (Gripið fram í.) Hins vegar er vissulega ömurlegt að hlusta á hræsnina í þingmönnum jafnaðarmanna sem sátu í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili og beittu sér fyrir bráðabirgðalögum, t.d. í janúar 1994, á sömu stétt manna og hefur verið til umræðu. Hvers slags málflutningur er þetta, hv. jafnaðarmenn? Hvað eiga þessi látalæti að þýða? Hafa menn ekki heyrt um að það eru nefndastörf á Alþingi og menn koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndirnar þegar mál koma til meðferðar? Allt er þetta tómur fyrirsláttur, allt er þetta hræsni og allt er þetta gert til að slá ryki í augun á almenningi og draga athyglina frá þeirri staðreynd að allt er í óefni að því er varðar samningamálin, gríðarlegir hagsmunir í húfi, samningsaðilar geta ekki komið sér saman og því miður neyðist löggjafarsamkoman til þess að taka í taumana. En vinnubrögð stjórnarandstöðunnar í málinu tala fyrir sig sjálf og þau eru forsprökkum hennar ekki til sæmdar eða virðingarauka.

[18:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mér virðist tvennt vera alveg ljóst af viðbrögðum hæstv. forsrh. og fleiri stjórnarsinna. Það fyrra er, og það á sérstaklega við um hæstv. forsrh., að hæstv. forsrh. getur ekki sætt sig við að ráða ekki bæði lögum og lofum. Það er ósköp einfaldlega þannig að ef eitthvað annað gerist en það sem hæstv. forsrh. hefur ákveðið fer allt í hnút hjá honum og við sjáum birtast þann mann sem talaði áðan og sama manninn og sleit þinginu og sendi það heim í fússi áður en forseti fékk að flytja lokaræðu sína vorið 1992.

Hið síðara er að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar eru að reyna að snúa málinu við í ljósi þeirrar ofboðslegu framkomu sem hæstv. ríkisstjórn sýnir með lagasetningu sinni og íhlutun þar sem verkfalli er ekki frestað heldur aflýst og verkfallsrétturinn tekinn af mönnum um mánaðarskeið, að reyna að snúa þessu upp á stjórnarandstöðuna. Það mun ekki takast. Þjóðin mun sjá í gegnum þetta.

Ég vek svo að lokum, herra forseti, athygli á því að hæstv. forsrh. gaf sér að með niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, sem fór fram á fundinum, væri ákveðið að málið kæmi ekki fyrir fyrr en á miðvikudag. Það er ekki svo. Það sem hefur gerst er eingöngu það að fundurinn hefur hafnað því að taka málið fyrir með afbrigðum og annað hefur ekki verið ákveðið. Það er þá hæstv. forsrh. sjálfur sem er í því skyni að koma höggi á stjórnarandstöðuna og velta ábyrgðinni af eigin herðum að reyna að láta líta svo út sem að þar með hafi málið verði afgreitt með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Hvenær má taka málið fyrir?)

(**Forseti** (ÓE)**:** Við skulum hafa hljóð í salnum.)

Þegar Alþingi ákveður að gera eitthvað annað en það sem það ákvað núna, þá hefur það fullt vald til þess, hv. framm íkallandi. Það er alveg ljóst. Það sem hér hefur verið gert er ósköp einfaldlega að fella það að taka málið fyrir með afbrigðum á fundinum. Um það snerist atkvæðagreiðslan. Ég held að það sé alveg skýrt.

[18:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúna til að taka þátt í umræðunni þó undarleg sé. Það er hárrétt að oft á vetri greiðum

við atkvæði með afbrigðum um að taka frumvörp ríkisstjórnarinnar á dagskrá vegna þess að þau eru seint fram komin og það liggur á að mæla fyrir þeim, koma þeim til nefndar, vinna með þau þar og gera þau að lögum á skömmum tíma. Við höfum oft gagnrýnt að okkur skuli boðið upp á þetta. Samt höfum við alltaf greitt atkvæði með slíkum afbrigðum.

En hvað gerðist í dag? Eftir hádegi í dag eru okkur þingflokksformönnum kynnt áform ríkisstjórnarinnar um að setja þau lög sem átti að taka á dagskrá með afbrigðum. Hlupum við til í offorsi og upphlaupi og sögðum nei, takk? Aldeilis ekki. Við í stjórnarandstöðunni höfum átt saman efnislega fundi í þingflokkum okkar í dag og kallað á fund okkar fulltrúa sjómannasamtakanna sem eiga hlut að málum. Eftir ítarlega umfjöllun og niðurstöðu okkar förum við á fund forseta og hver eru skilaboð okkar? Hver eru skilaboð okkar, virðulegi forseti? Eingöngu þessi: Það er niðurstaða stjórnarandstöðunnar að hún fellst ekki á að sitja hjá við afbrigði og hleypa málinu þar með á dagskrá fundar í dag.

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni ætla ég að segja að það var ekki spurt: Hvað með morgundaginn? Það var bara sagt: Úr því að málið er ekki tekið á dagskrá í dag eru það tveir dagar. Að sjálfsögðu ... (Gripið fram í.) Virðulegi forseti, nú óska ég eftir að það verði hljóð í salnum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hljóð í salnum.)

Allt í lagi, forseti. Ég er alveg róleg að standa hér til að ljúka máli mínu. Að sjálfsögðu er eðlileg málsmeðferð á almennu frv. að leggja það fram og taka það til umræðu að tveim dögum liðnum. Þetta vildi ég sagt hafa að gefnu tilefni, virðulegi forseti.

[18:42]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst eftir atkvæðagreiðsluna að málið verður ekki tekið fyrir fyrr en á miðvikudag samkvæmt þingsköpum. Ef menn hafa einhvern annan skilning þarf það að koma betur fram.

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og auðvitað má deila um það hvort sú aðgerð sem farið er út í er rétt eða ekki. Það er eðlilegt að menn deili um það. En ég held að það megi vera alveg ljóst að fyrst þessi aðgerð er hafin mun verkfallinu ekki ljúka nema Alþingi ljúki störfum um málið. Hverjum er greiði gerður með því að fresta því sem mest? Haldið þið að ekki liggi alveg ljóst fyrir af frv. hvað um er að ræða? Ekkert þýðir að segja að það þurfi langan tíma til þess að setja sig inn í það. Málið er ekki þannig vaxið. Við verðum að átta okkur á því að gífurlegir hagsmunir eru í húfi og þess vegna eru það ekki aðeins stjórnarliðar sem bera mikla ábyrgð í þessu heldur líka stjórnarandstaðan. Ef stjórnarandstaðan er að tilkynna okkur það að hún sé tilbúin að fallast á þinglega meðferð á morgun held ég að það sé nauðsynlegt að það komi fram því að auðvitað óskum við eftir því að þingleg meðferð málsins fari fram sem fyrst. Það er öllum fyrir bestu.

[18:43]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Þessi fýla í stjórnarandstöðunni sem hefur komið fram í atkvæðagreiðslunni kostar að sjálfsögðu stórfé og ég held að það væri öllum fyrir bestu að Alþingi fengi að takast á við málið efnislega. Mér fannst áðan í ræðum tveggja hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar, m.a. ræðu hv. formanns sjútvn., að eitthvað aðeins væri að léttast á honum brúnin í sambandi við málið. Ég spyr hvort ekki sé hægt að boða fund þegar að loknum þessum fundi og byrja að takast á um þetta mál.

[18:44]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. stjórnarsinnar láta í veðri vaka að við stjórnarandstæðingar viljum koma í veg fyrir þinglega meðferð málsins. Málið er þegar komið til þinglegrar meðferðar. Því hefur verið dreift á Alþingi og þingleg meðferð þess er hafin og fer eftir eðlilegum reglum um þinglega meðferð mála.

Hins vegar er stundum brugðið út af hefðbundnum reglum. Í fyrsta lagi ef samstaða er um mál eru gjarnan veitt afbrigði til þess að flýta meðferð þess í gegnum þingið. Í öðru lagi er það líka gert þótt ekki sé samstaða um efnisleg atriði máls ef samstaða er um að það þurfi að hraða viðkomandi lagasetningu eins og kostur er.

Ekki er samstaða um efnisleg atriði málsins og það er heldur ekki samstaða um að það þurfi að taka það svo hratt til 1. umr. að hagsmunaaðilum gefist ekki eðlilegt færi á að tjá sig. Þess vegna velur stjórnarandstaðan að veita málinu ekki flýtimeðferð til 1. umr. en stjórnarandstaðan styður þinglega meðferð málsins. Hún hefur ekkert á móti því að málið fái eðlilega þinglega umfjöllun. Sú umfjöllun hófst um leið og málinu var dreift til þingmanna og sú þinglega meðferð mun halda eðlilega áfram eins og þingleg meðferð flestra annarra mála er á Alþingi Íslendinga. Það er því ósatt að stjórnarandstaðan sé að koma í veg fyrir eðlilega þinglega meðferð málsins.

[18:46]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Aðeins af því menn tala um eðlileg þingsköp og notkun þeirra og að veita ekki flýtimeðferð og undantekningar. Það er ekkert dæmi þess, svo að sérfræðingum hér sé kunnugt, að stjfrv. hafi áður í þingsögunni verið meinað að komast á dagskrá við 1. umr. (Gripið fram í.) Til þess hefur aldrei komið. En menn láta eins og við séum að biðja um einhverja algera sérmeðferð. Það hefur aldrei komið fyrir fyrr í sögunni ... (**SvG:** En þetta er nýtt ákvæði, forsrh.) Það hefur aldrei komið fyrir fyrr í sögunni ... (**SvG:** Þetta er nýtt ákvæði.) Það hefur þurft afbrigði, en það hefur aldrei komið fyrir í þingsögunni að stjfrv. hafi ekki fengið að koma til 1. umr. Svo tala menn eins og að við séum að biðja um eitthvað undarlegt en aðrir séu að halda uppi eðlilegri þingumræðu. Og svo byrja menn að draga í land, byrja að hlaupa til og segja: „Við vorum að vísu að ákveða að málið yrði að bíða í tvo daga. En við gætum kannski komið núna eitthvað smávegis ... Hleypt þessu af stað fyrr og þess háttar.“ Menn eru komnir með bakþanka eins og skot. (**Gripið fram í:** Nei.) Menn eru farnir að hafa áhyggjur af framferði sínu og framkomu. En þetta hefur aldrei gerst fyrr. Mönnum verður haldið í verkfalli af þessum ástæðum og stjórnarandstaðan ber ábyrgðina.

[18:48]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki betur en þessi umræða færi fram undir heitinu stjórn fundarins.

(**Forseti** (ÓE)**:** Nei, störf þingsins.)

Ég hef nú haft þann skilning að umræða um athugasemdir um störf þingsins ætti að gerast í upphafi fundar en efni þessarar umræðu er að stjórnarliðar eru að upplifa þá tilfinningu að verða undir í lýðræðislegri kosningu á hinu háa Alþingi og ausa úr skálum reiði sinnar yfir stjórnarandstöðuna vegna

þess arna. Hér hefur verið rétt og lýðræðislega að málum staðið og menn verða að horfast í augu við þann veruleika. Þetta mál er komið til þingsins og þingið mun afgreiða það á réttum tíma og á réttan hátt þegar það hefur lokið sinni umfjöllun. Flóknara er þetta mál ekki. Ég hygg því að tími sé til kominn að menn ljúki þessari kúnstugu umræðu, þessum sárindum sem er að finna hjá stjórnarliðum þannig að menn geti farið í að kynna sér það efni máls sem þegar er komið til þingsins. Ég legg til, virðulegi forseti, að við ljúkum þessari undarlegu umræðu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Henni er að ljúka.)

[18:49]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mig langaði til að fagna þessari umræðu alveg sérstaklega. Hér áðan gerði ég grein fyrir því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar væri núna að sýna sitt rétta andlit, valdhrokann og yfirganginn, að þessu sinni gagnvart sjómönnum. Nú hefur ríkisstjórnin líka sýnt afstöðu sína, yfirganginn og valdhrokann gagnvart Alþingi.

Það er rangt að hér sé verið að reyna að koma í veg fyrir þinglega meðferð. Menn eru hins vegar að koma í veg fyrir að sjómenn verði beittir órétti. Það er verið að tala um lög sem banna löglega boðað verkfall sjómanna. Þetta er mjög alvarlegur hlutur.

Ef við gætum treyst á dómgreind meiri hluta þingmanna sem við tryðum að mundu hlusta á rök í málinu, með og á móti — þau rök sem sjómenn hafa fram að færa og sem útgerðarmenn hafa fram að færa — þá þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af framgangi málsins. En við vitum vel hvað þingleg meðferð Davíðs Oddssonar þýðir. Hún þýðir að Alþingi gleypi hrátt frv. sem því er skipað að samþykkja og það er gegn þessum vinnubrögðum sem Alþingi er að rísa og ég fagna því.

[18:51]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég heyrði þessi orð hjá hæstv. forsrh.: „Hér heldur stjórnarandstaðan mönnum í verkfalli.“ Ég hef hlustað á það þegar menn segja að tap þjóðarbúsins verði svo og svo mikið vegna þess að umræðan fer ekki fram fyrr en á miðvikudag. Við séum að halda sjómönnum í verkfalli. En það hefur enginn nefnt hvers vegna þeir eru í verkfalli. Það hefur enginn nefnt það af því hv. stjórnarliði sem hér hefur talað.

Við búum við ranga fiskveiðilöggjöf. Samningsbundin réttindi sjómanna og lögbundin hafa verið brotin æ ofan í æ. Þetta er í þriðja sinn síðan 1994 sem þeir fara í verkfall vegna þessa og tapi þjóðarbúið, sem það gerir í sjómannaverkfalli eins og reyndar alltaf þegar gripið er til þessa vopns sem enginn gerir nema út úr neyð, þá er það vegna þess að búið er að ganga á rétt þessarar stéttar í mjög langan tíma. Þeir eru búnir að reyna allt til þess að ná fram rétti sínum. Um þetta snýst málið. Við ætlum að taka þessa tvo daga í að skoða þetta og við ætlum að ræða þetta mál málefnalega þegar þar að kemur og það verður tekið á dagskrá.

Út af dagskrá var tekið eina mál fundarins.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

# 63. FUNDUR

þriðjudaginn 10. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 376. mál, þskj. 649. — Fyrri umr.
2. Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
3. Lækkun fasteignaskatta, frv., 178. mál, þskj. 178. — 1. umr.
4. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 200. mál, þskj. 209. — Fyrri umr.
5. Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, þáltill., 250. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
6. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, þáltill., 251. mál, þskj. 296. — Fyrri umr.
7. Gjaldþrotaskipti, frv., 325. mál, þskj. 410. — 1. umr.
8. Félagsleg aðstoð, frv., 352. mál, þskj. 496. — 1. umr.
9. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 366. mál, þskj. 587. — Fyrri umr.
10. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 391. mál, þskj. 709. — 1. umr.
11. Atvinnuleysistryggingar, frv., 437. mál, þskj. 763. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 451. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 778.
Starfsréttindi tannsmiða, 458. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 788.

## *Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, fyrri umr.*

Stjtill., 376. mál. — Þskj. 649.

[13:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Tillagan er á þskj. 649. Þessi áætlun til fjögurra ára er um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og hún er lögð fyrir Alþingi samkvæmt ákvæði 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála er eitthvert mikilvægasta tæki jafnréttisráðherra, ríkisstjórnarinnar allrar og raunar Alþingis til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Því skiptir miklu að vel sé til tillögunnar vandað. Í jafnréttislögum er kveðið á um að við gerð framkvæmdaáætlunar sé leitað tillagna einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs.

Ég mat það svo að ekki væri fært að setja upp verkefnalista framkvæmdaáætlunar án þess að heyra hvað almenningur vildi í þeim efnum og jafnframt, til þess að reyna að koma á almennri umræðu sem víðast í þjóðfélaginu, efndi ég til fundahalda um jafnréttismál til undirbúnings þessari jafnréttisáætlun. Fundir voru haldnir á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Varmahlíð, Ísafirði, Borgarnesi, Keflavík og í Reykjavík. Jafnréttis- eða félagsmálanefndir sveitarfélaganna á hverjum stað aðstoðuðu félmrn. við undirbúning þessara funda.

Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að þarna komu fram margar gagnlegar hugmyndir og þeirra sér stað í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir.

Jafnréttismál hafa talsvert verið til umræðu í samfélaginu á undanförnum missirum og það er afar mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um þarfir og vilja samfélagsins í jafnréttismálum. Vissulega ber stjórnvöldum að sýna fordæmi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að koma á jafnrétti kynjanna þó engum dyljist að jafnrétti verður ekki tryggt með stjórnvaldsaðgerðum einum. Nauðsynlegt er að allir leggist á eitt.

Samhliða þeim fundum sem ég gat um áðan var að störfum starfshópur fulltrúa ráðuneytanna og skrifstofu jafnréttismála. Þessi starfshópur skilaði tillögum sínum að framkvæmdaáætlun til Jafnréttisráðs. Tillögur Jafnréttisráðs voru síðan sendar til umsagnar til annarra ráðuneyta. Viðbrögð ráðuneytanna voru nokkuð mismunandi. Ýmist var nýjum heildstæðum tillögum að verkefnalista í framkvæmdaáætlun skilað inn eða lagðar fram breytingar á tillögu Jafnréttisráðs. Allar ábendingar ráðuneytanna hafa verið teknar til greina við lokafrágang þál. Ég tel það styrk þessarar framkvæmdaáætlunarinnar að öll ráðuneytin séu fús að leggja í þau verkefni sem þar eru tilgreind. Allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru einbeittir í því að beita sér fyrir þeim, hver á sínu sviði.

Þessi áætlun er afrakstur virks samstarfs allra ráðuneyta, skrifstofu jafnréttismála og fólksins sem tók þátt í fundunum okkar um allt land. Enn fremur er erlendu samstarfi á sviði jafnréttismála sinnt og það setur mark sitt á framkvæmdaáætlunina. Í fylgiskjali I með tillögunni er gerð grein fyrir helstu verkefnum á þeim vettvangi. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála er mikilvægt stjórntæki. Það er mikilvægt að verkefni hennar tryggi aðgerðir þar sem þörfin er mest.

Í inngangskafla framkvæmdaáætlunarinnar segir að leiðarljós hennar sé að flétta sjónarmið jafnréttis inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem gefur allri framkvæmdaáætluninni aukið vægi. Því er mikilvægt að skilgreina sérstök verkefni sem stuðlað geti að auknu jafnrétti kvenna og karla. Rétt er að minna á að jafnrétti verður aldrei tryggt fyrr en það er samþætt öllum verkefnum okkar. Eins skal minnt á að framkvæmdaáætlunin getur, eðli málsins samkvæmt, aldrei verið tæmandi upptalning á sértækum verkefnum sem ríkisstjórnin þarf að vinna á vettvangi jafnréttismála.

Í I. kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru sérstaklega tilgreind tvö meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, annars vegar samvinna karla og kvenna og hins vegar samþætting jafnréttissjónarmiða í alla stefnumótun og ákvarðanatöku. Hvort tveggja er mikilvægt fyrir framkvæmd jafnréttismála og í raun nauðsynleg forsenda þess að árangur náist.

Í II. kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru verkefni ríkisstjórnarinnar tíunduð. Þau varða starfsemi allra ráðuneyta og leggja meginlínurnar í stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um áætlunina á þremur fundum og á milli funda hafa ráðherrar lagt fram ýmsar breytingar á verkefnalistum ráðuneyta sinna og ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna sérstaklega að fjórum verkefnum sem mynda eina heild.

Í fyrsta lagi skal unnið að kyngreiningu allra tölulegra gagna. Gagnasöfnun og úttekt á stöðu mála er grundvallaratriði í allri réttindabaráttu. Séu upplýsingar greindar eftir kyni má ráða ýmislegt af þeim er varðar bæði stöðu og stefnu í jafnréttismálum. Í framkvæmdaáætluninni er lagt til að öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum verði gert að greina upplýsingar eftir kyni í tölfræðilegum samantektum og skýrslum.

Í öðru lagi verði kannað hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Eins og áður sagði leggur ríkisstjórnin áherslu á að við alla stefnumótun og ákvarðanatöku sé jafnrétti kynjanna haft í huga. Til að hægt sé að meta hvar úrbóta er þörf er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem falið verði að kanna hvort og hvernig opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Þriðja atriðið varðar jafnrétti hjá ríkisstofnunum. Á undanförnum missirum hefur ítrekað verið sýnt fram á kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Afar brýnt er að uppræta þennan mun og hefur ríkisstjórnin lagt til að í samningum milli ráðuneyta og stofnana og í erindisbréfum forstöðumanna ríkisstofnana verði sérstaklega vakin athygli á jafnréttissjónarmiðum í þeim tilgangi.

Í fjórða lagi er lagt til að rannsókn verði gerð á stöðu kvenna hvað varðar efnahagsleg völd. Oft hefur verið haft á orði að ríkjandi staða karla þegar efnahagsleg völd eru annars vegar komi í veg fyrir að konur geti notið frelsis og jafnréttis í samfélaginu. Ekki liggja fyrir nægjanlegar rannsóknir á því hvernig efnahagslegir valdaþræðir í samfélaginu eru og hvort þeir liggi fremur í höndum karla. Lagt er til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem gerir tillögu að rannsóknarverkefnum um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

Í III. kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru verkefni sérhvers ráðuneytis fyrir sig tíunduð. Framkvæmdin er á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Því var lögð áhersla á að sérhvert ráðuneyti samþykkti eða legði fram sinn eigin verkefnalista. Enda er það í anda samþættingar að ráðuneytin gangi meðvituð til verks og að eigin frumkvæði í jafnréttismálum.

Það er of langt mál, herra forseti, að fara yfir öll verkefnin og gera sérstaklega grein fyrir þeim hér. Þó er rétt að minnast á nokkur þeirra.

Forsrh. hefur ákveðið að beita sér sérstaklega fyrir tveimur verkefnum, þ.e. að gerð verði sérstök úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Bent hefur verið á að núv. kjördæmaskipun og kosningalöggjöf sé konum ekki til framdráttar og erlendar rannsóknir og skýrslur sýna að kosningakerfið hefur bein áhrif á möguleika kvenna til að ná kjöri í kosningum. Forsrn. mun að auki fela verkefnisstjórn um málefni upplýsingasamfélagsins það verkefni að fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasam-

félagsins með tilliti til mismunandi stöðu karla og kvenna. Konur og karlar koma að þessum málaflokki á mjög ólíkan hátt. Karlar eru mun virkari þátttakendur í þróun tækninnar og fjölbreyttri notkun hennar.

Á vegum dómsmrn. eru lögð til níu verkefni. Fjögur þeirra varða fjölda kvenna í störfum á vegum ráðuneytisins, í nefndum, ráðum, stofnunum og í ráðuneytinu sjálfu. Ráðgert er að vinna markvisst að auknum hlut kvenna. Þá hyggst dómsmrn. fylgja eftir vinnu nefndar sem dómsmrh. hefur skipað til að fara ofan í saumana á meðferð heimilisofbeldismála, stöðu þolenda afbrota, stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar og stöðu kynjanna í forsjár- og umgengnismálum. Á vegum dómsmrn. verða einnig skipulögð námskeið fyrir opinbera starfsmenn um mannréttindi, sérstaklega mannréttindi kvenna.

Á vegum félmrn. verður unnið að 20 verkefnum. Átta verkefnanna varða konur á vinnumarkaði enda staða kvenna á vinnumarkaði nokkurt áhyggjuefni. Kynbundinn launamunur, hugsanlega kynbundið atvinnuleysi og fæð kvenna í hópi atvinnurekenda eru með helstu viðfangsefna ráðuneytisins á verkefnalista áætlunarinnar. Þar skal einnig könnuð sérstaða kvenna hvað varðar hlutastörf, sérstaða kvenna í dreifbýli og vandamál aðfluttra kvenna. Samþætting atvinnulífs og fjölskyldulífs eru einnig á meðal verkefna ráðuneytisins. Til stendur að kanna hvernig auka megi virkni kvenna í almennu stjórnmálastarfi. Á vegum ráðuneytisins verða skipulögð námskeið um markmið og leiðir í jafnréttisstarfi fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana sem og aðra stjórnendur sem þess óska.

Fleiri verkefni mætti nefna en tímans vegna ætla ég aðeins að tiltaka eitt af verkefnalista félmrn., verkefni sem lætur lítið yfir sér en kann þó að marka nýja tíma í jafnréttismálum. Ráðgert er að koma á reglubundnu mati á stjfrv. með tilliti til jafnréttis kynjanna. Félmrn. geri jafnréttisumsögn sem fylgi öllum stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi líkt og fjmrn. gerir nú með kostnaðarmati.

Fjmrh. hefur átta verkefni á sínum verkefnalista sem m.a. varða jafnrétti í starfsmannastefnu ríkisins, feðraorlof og jafnréttisátak í ráðuneytinu. Fjmrn. hefur og með höndum mikilvæga fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana sinna.

Heilbr.- og trmrn. mun vinna að tíu fjölbreyttum verkefnum. Þar má nefna jöfnun á þeim mun sem er á rétti vinnandi fólks til greiðslna í fæðingarorlofi, fræðsla til verðandi feðra og könnun á þætti karlmennskuímyndar í áhættuhegðun karla. Ráðuneytið mun einnig, svo fátt eitt sé talið, í samstarfi við félmrn. beita sér fyrir því að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Iðnrn. og viðskrn. hyggst m.a. halda áfram að vinna að fjölbreyttum verkefnum til stuðnings atvinnuuppbyggingu kvenna og öryggi þeirra á vinnumarkaði.

Þá hyggst ráðuneytið leggja sérstaka áherslu á aukinn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og könnun á því hvort og þá hvernig samdráttur í einstökum atvinnugreinum hafi komið við konur.

Á vegum landbrn. verður sérstaklega gert átak í að rétta hlut kvenna í bændastétt og skilgreind eru fjögur verkefni í þessu skyni.

Menntmrh. hefur á verkefnalista ráðuneytis síns tólf viðamikil verkefni. Sjö þeirra tengjast beint skólastarfi og þar er m.a. um að ræða jafnréttiskennslu, að jafnréttis sé gætt við gerð námskrár, rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar sem og íþróttauppeldi stúlkna. Þá hyggst menntmrh. skoða sérstaklega menntun stúlkna og þekkingu í stærðfræði og um tölvur og upplýsingatækni. Þá mun menntmrn. beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla.

Samgrn. hefur eitt verkefni á sinni könnu. Fyrirhugað er að kanna framlag kvenna til ferðaþjónustunnar.

Sjútvrh. hyggst skoða sérstaklega stöðu kvenna í fiskvinnslu og í atvinnurekstri í sjávarútvegi en eins og kunnugt er eru fáar konur í hópi útgerðarmanna. Þá mun sérstaða sjómanna og fjölskyldna þeirra einnig verða skoðuð.

Umhvrn. hefur m.a. sett sér að stofna jafnréttisnefnd ráðuneytisins sem fengið verði margþætt verkefni eins og fram kemur í framkvæmdaáætluninni. Á vegum utanrrn. er fyrirhugað að vinna að þremur jafnréttisverkefnum á gildistíma áætlunarinnar, þar á meðal að unnin verði aðgerðaáætlun til að auka hlut kvenna í utanríkisþjónustunni og virkni utanrrn. í málefnum kvenna og barna á alþjóðavettvangi.

Framkvæmdaáætlunin verður endurskoðuð eftir tvö ár og mun félmrh. leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Félmrn. mun standa fyrir almennri kynningu á áætluninni og gefa hana út í aðgengilegu formi til almennrar dreifingar.

Herra forseti. Gildistími áætlunarinnar er frá upphafi þessa árs til loka 2002. Hér er um aldamótaáætlun að ræða, tveggja alda sýn, og það er von mín að hún verði til þess að með nýrri öld renni upp nýir tímar í jafnréttismálum, tímar jafnréttis og réttlættis kynja á milli. Að lokinni umræðunni í dag, herra forseti, geri ég tillögu um að þessi þáltill. verði send hv. félmn. til athugunar.

[13:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun fjalla um þessa merkilegu áætlun á eftir í ræðu. En mig langar að spyrja ráðherrann strax hvort hann hafi gert eitthvað til þess að samráðherrar hans fari að 12. gr. jafnréttislaganna sem flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar virðast hafa brotið ef marka má upplýsingar sem komu fram á Alþingi við skiflegri fyrirspurn minni fyrr á þinginu. Þá var lofað bót og betrun í þeim efnum og nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi átt sér stað.

[13:48]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er til að svara að ég hef vakið athygli annarra ráðherra á 12. gr. Erindi mínu var tekið vel og ég á von á því að þarna verði staðið betur að málum en gert hefur verið.

[13:49]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og vona að þau séu séu rétt.

[13:49]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að koma með eina sérstaka, afmarkaða spurningu til félmrh. og freista þess að fá svar við henni áður en efnisumræður byrja um frv. Spurningin er þessi: Er hugsanlega veikleiki í því að jafnréttismál heyri undir félmrn.? Við jafnaðarmenn höfum verið þeirrar skoðunar að þar eigi þessi mál heima en það er tregða í ráðuneytum að fá tilsögn eða lúta ábendingum frá öðrum fagráðuneytum. Er ástæða til að huga að því hvort jafnréttismál eigi e.t.v. að heyra undir forsrn., að með því verði þeim

gefin aukin vigt? Spurninguna ber ég fram við félmrh. eftir að hann hefur unnið með þessi mál og er ekki þar með að setja fram skoðun mína. Menn hafa áhyggjur yfir því hversu hægt miðar í jafnréttismálum og staðan krefst þess að við reynum að leggja allt mat á stöðuna sem hugsanlegt er.

[13:50]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti félmrn. prýðilega til þess að fara með þessi mál og sé ekki að þeim væri betur skipað með öðrum hætti. Ég myndi a.m.k. sakna þess mjög ef þessi málaflokkur hyrfi frá félmrn. í minni tíð því að mér hefur fundist verulega gaman að vinna að þessum málum. Það er margt ógert og það eru mörg verkefni sem er áhugavert að vinna að. Ég mun ekki hafa neitt frumkvæði að því að breytt verði verkefnaskiptingu ráðuneytanna í þessu efni. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að þau séu best komin hjá félmrn.

[13:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil félmrh. vel. Ef ég tæki að mér embætti félmrh. kysi ég að jafnréttismálin væru vistuð þar, þetta eru áhugaverð og afar mikilvæg pólitísk mál. Hins vegar hefur komið fram, m.a. í skriflegum fyrirspurnum sem þingmenn hafa borið fram og fengið svör við, að þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar félmrn. til annarra ráðuneyta, bæði hvað varðar skipan kvenna í nefndir og ráð og fleira sem hefur verið borið upp, er alveg ljóst að það virðist ekki duga þó góður ásetningur félmrh. á hverjum tíma sé sá að hafa áhrif á ráðuneytin. Ég tek það sérstaklega fram af því að ég þekki mjög vel til forustu Jóhönnu Sigurðardóttur í þessum málum í félmrn. hve ítarlega var gengið eftir því við önnur ráðuneyti að tekið væri á í þessum málaflokki. Ég harma það að líta yfir farinn veg heilum áratug síðar að sjá hve mjög við erum í sömu sporum og við höfum verið á liðnum árum.

[13:52]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að okkur miði síður en svo aftur á bak, okkur miðar á rétta leið. Því til staðfestingar minni ég á að félmrn. er í algjörri forustu í þessu efni. Ég minni á að í athugun, sem var gerð í fyrra, kom í ljós að í nefndum sem ég hef skipað er kynjahlutfall réttast af nefndum allra ráðuneyta, eða 40%. Félmrn. var eina ráðuneytið sem komst nálægt því að hafa 40% þátttöku kvenna í nefndum. Hjá okkur er fullur vilji að áminna önnur ráðuneyti og við höfum líka gætt þess arna.

Hins vegar eru ráðherrum settar nokkrar skorður þegar leitað er tilnefninga í nefndir því að venjulega ræður ráðherrann ekki nema einum í hverri nefnd og verður að fara eftir tilnefningum annarra aðila. Við höfum beint því til þeirra sem við óskum tilnefninga frá að þeir gefi valkosti þannig að hægt sé að halda kynjajafnvægi innan nefnda.

[13:54]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar skuli komin til umræðu. En jafnframt hlýt ég að minna á að þegar skýrsla var síðast lögð fram á hinu háa Alþingi um framkvæmd þeirrar áætlunar sem er enn í gildi kom í ljós að þeirri áætlun hafði verið fylgt afskaplega slælega eftir. Í ráðuneytunum var mjög víða pottur brotinn og því hlýtur sú grundvallarspurning að vakna hvernig hægt verður að fylgja áætluninni betur eftir til þess að þau orð hæstv. félmrh. megi rætast að við höldum inn í nýja öld í samfélagi sem býður körlum og konum upp á mun jafnari kjör og jafnari stöðu en við þekkjum nú. Við hljótum að spyrja okkur hvernig hægt verður að auka áhrif félmrn. og jafnframt að tryggja að önnur ráðuneyti standi við það sem þau hafa heitið í áætluninni.

Áður en ég kem að einstökum þáttum áætlunarinnar vekur það líka athygli, hæstv. forseti, hve hlutur ráðuneytanna er misjafn. Þar sker félmrn. sig úr hvað varðar mörg og ítarleg og merkileg verkefni en neðst á blaði er hv. samgrn. sem finnst jafnréttismál koma sér greinilega lítið við og sér ekkert sér viðkomandi annað en ef vera mætti konur í ferðaþjónustu. Þarna held ég að viðhorfin komi fram í hnotskurn, að menn átta sig ekki á því út á hvað málin ganga. Hér þarf og þyrfti hvert einasta ráðuneyti að byrja á sjálfu sér, skoða hvernig málum er háttað innan dyra, beina síðan sjónum að þeim nefndum og ráðum sem starfa á vegum ráðuneytanna og stofnunum sem undir þau heyra. Hverjum hv. þm. er kunnugt að margar stofnanir heyra undir samgrn. og það hlýtur að þurfa að kanna stöðu jafnréttismála þar eins og annars staðar. Það stingur í augu þegar áætlunin er lesin yfir að það er afar misjafnt hvort ráðuneytin ætla sér sjálf að gera einhverja skoðun innan dyra, hvort þau ætla að taka á því hvernig skipað er í ráð og nefndir og hvort þau ætla að skoða þær stofnanir og semja jafnréttisáætlanir yfir þær stofnanir sem heyra undir þau. Mér fyndist sanngjarnt og eðlilegt að samræmi væri í þessu í gegnum alla áætlunina, að ráðuneytunum verði gert að vinna að jafnréttisáætlun og að skoða stöðu jafnréttismála innan sinna dyra og að það verði líka samræmi hvað varðar nefndir og ráð hjá öllum ráðuneytunum því að þau þurfa öll að taka á þessum málum.

Í áætluninni er að finna mörg mjög athyglisverð og góð verkefni og þar er ekki síst að nefna að ríkisstjórnin ætlar að taka sér tak hvað varðar alla tölfræði. Ég held að það sé afar mikilvægt en vil þó nefna að Hagstofa Íslands hefur staðið sig ákaflega vel í þeim efnum og gefið út ljómandi góðan bækling um konur og karla, sem hefur að geyma mjög margvíslegar og mikilvægar upplýsingar um stöðu karla og kvenna.

Ríkisstjórnin ætlar að skoða sérstaklega konur og efnahagsmál. Ég held að það sé afar brýnt að skoða efnahagslega stöðu kvenna, skoða völd þeirra í efnahagskerfinu, en í því sambandi minni ég á að hluti hagkerfisins er ósýnilegur, þ.e. hin ólaunuðu störf sem á ensku er kallað „home economics" og hefur víða verið lögð mikil áhersla á að draga öll þau miklu störf inn í þjóðhagsstærðir.

Ég nefni að forsrn. ætlar að beita sér sérstaklega fyrir skoðun á kjördæmaskipaninni út frá möguleikum kvenna. Eins og fram kemur eru til miklar, erlendar rannsóknir á kosningakerfum og því hvernig þau reynast. Allt er þetta mjög af hinu góða.

Ég hef ekki tíma til að stikla á öllu því sem væri gaman að velta fyrir sér en mig langar til að nefna viðkvæma spurningu hvað varðar dómsmrn. og snýr að forsjár- og umgengismálum og skilnuðum. Því hefur stundum verið varpað fram hvort hjónaskilnaðir séu of auðveldir á Íslandi. Er hugsanlegt að það hvað þeir eru auðveldir skapi ákveðið kæruleysi? **(Gripið fram í:** Þunglyndi.)

Ég vil upplýsa hv. þm. um það, af því að hann kallar hér fram í, að þunglyndi er helmingi algengara meðal kvenna en karla. Um 20% íslenskra kvenna finna fyrir verulegu

þunglyndi einhvern tíma á ævi sinni meðan hlutfall karla er 10%. Þetta er mjög alvarlegt mál, hv. þm. Reyndar er ekki komið inn á það í kaflanum um heilbrigðismál en þar eru ýmsar athyglisverðar tillögur að finna og m.a. er tekið undir tillögu sem ég lagði fram fyrir nokkrum dögum um sérstakt átak gegn reykingum kvenna. Þá tillögu er að finna í þessu, ég hafði ekki áttað mig á því. En það sem snýr að hjónabandinu og breytingum á samsetningu fjölskyldna er eitt af því sem Evrópusambandið hefur sett í forgang í félagsmálastefnu sinni að kanna hvað þarna býr að baki. Í löggjöf Norðurlandanna, m.a. í Noregi, hafa menn verið að setja aukin skilyrði til að brýna fyrir fólki ábyrgð þess sem foreldra. Meðal annars er foreldrum í Noregi sem hyggja á skilnað gert skylt lögum samkvæmt að leita sér ráðgjafar. Það eru ýmsar spurningar sem vakna í tengslum við þetta.

Mér líst afar vel á verkefni félmrn. og vona svo sannarlega að þau komist sem flest í framkvæmd. Það er greinilegt að gera á allmargar rannsóknir og ég fagna því sérstaklega því að okkur skortir mjög rannsóknir á stöðu kvenna.

Í sambandi við félmrn. vil ég sérstaklega benda á að hér er ekkert komið inn á fatlaðar konur. Ég held að það væri mikil ástæða til að kanna stöðu fatlaðra kvenna sérstaklega.

Tíma mínum er alveg að ljúka. Að lokum vil ég ítreka að ég held að hér þurfi að vinna svolitla vinnu í að samræma þessar áætlanir ráðuneytanna og tel að það beri að gera þeim skylt að fara að jafnréttislögum að sjálfsögðu og að þau setji inn í verkefnaáætlanir sínar þau atriði þar sem verulega þarf að taka á.

[14:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var mjög tíðrætt um konur og karla og jafnrétti milli þeirra, tölfræði og annað slíkt. Ég hef eina litla spurningu til hennar. Ef einhver ráðherra í framtíðinni, að sjálfsögðu ekki núv. ráðherrar, skipar móður sína í nefndir og ráð, konu sína í nefndir og ráð og ræður hana til starfa, dætur sínar og systur, er þá jafnrétti náð?

[14:03]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ætti að kynna sér stjórnsýslulögin sem í gildi eru en í þeim er kveðið á um að ekki er heimilt að skipa skyldmenni sín og menn skuli gæta þar sérstaklega að hagsmunatengslum. Þannig að á meðan stjórnsýslulögin gilda geta þær aðstæður sem þingmaðurinn stakk upp á hreinlega ekki komið upp.

[14:03]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu gæti hann gert það með því að víkja og fá einhvern til að skipa fyrir sig. Það sem ég er að leggja á áherslu er að jafnrétti næst ekki eingöngu með því að ná fram jafnmörgum konum og körlum alls staðar. Jafnrétti næst með því að allir borgarar, jafnt karlar sem konur, hafi sama rétt til að gegna ákveðnum störfum. Ég fullyrði að kona í réttum flokki með rétt ættartengsl er með miklu meiri rétt í dag en karlmaður sem er ættlaus og ekki í réttum flokki.

[14:04]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kalla það undur og stórmerki ef í ljós er komið að hér eru komnir klónaðir menn á þing því að undir öllum öðrum kringumstæðum tel ég að þeir hljóti að hafa ættir á bak við sig og vildi ég gjarnan fá að vita hjá forseta hvort svo langt sé komið í þróun mála hér á landi.

(**Forseti** (StB): Vegna orða hv. þm. verður forseti að viðurkenna að hann brestur allar upplýsingar til þess að geta svarað.)

[14:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því alveg sérstaklega þegar við ræðum framkvæmdaáætlun til fjögurra ára og aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, að þá skuli vera hér nokkrir karlmenn í salnum og ætla greinilega að taka þátt í umræðunni. Mér sýnist næsta ljóst að þeir ætli að leggja umræðunni til léttan brag og tel ég það ágætt.

Virðulegi forseti. Það er nokkuð oft sem við höfum rætt framkvæmda- og jafnréttisáætlanir og tekið hér jafnréttisumræðu. Á liðnum árum hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða eins og ég vék að í andsvari mínu fyrir fáum mínútum. Það hefur verið gripið til nýjunga til að leiða okkur í allan sannleika um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna svo sem að stofna karlanefnd Jafnréttisráðs sem ég held að hafi verið mjög gott mál og hefur komið að jafnréttisumræðunni á annan hátt en áður og leitað að nýjum fleti á henni.

Það er líka afar mikilvægt að leitað hefur verið samráðs bæði á milli ríkis og sveitarfélaga, ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka fyrir utan alla þá sem eru að vinna að þessum málum. Þetta er allt mjög mikilvægt.

En það er líka umhugsunarefni fyrir okkur sem ræðum jafnréttismál að á sama tíma og við lítum um öxl og á umræðu sem farið hefur fram í meira en áratug skuli ný umræða vera sprottin í þjóðfélaginu. Hver er hún? Það er umræða um ofurkonuna. Ekki af því að hellingur af konum í þjóðfélaginu sé að verkum, sem eru svo frábærar að þær eigi að fá stimpilinn ofurkonur. Nei, umræðan er ekki um það þó að ég sé sannfærð um að margar konur ættu skilið þá nafnbót. Nei, umræðan sem upp er sprottin og er áleitin um þessar mundir er vegna þess að fjöldi kvenna hefur tekið þátt í samfélaginu til jafns við karla í sannfæringu þess að með ákveðnu viðhorfi, vilja til að breyta, sé hægt að skipa sér hlið við hlið til verka á jafnréttisgrundvelli. En þegar upp er staðið kemur í ljós að sú kona virðist hafa ætlað sér ofurverkefni. Það er það sem umræðan snýst um núna. Konur, sem hafa skipað sér á bekk með körlum í erfiðum verkefnum, merkilegum verkefnum, minni verkefnum, hver svo sem þau eru, eru líka að hugsa um heimili og börn, eru líka að hugsa um foreldra, aldraða og sjúka sem í fjölskyldunni eru, eru líka að reyna að taka þátt í samfélagslegum verkefnum, eru líka að reyna að eiga tómstundir og bogna jafnvel undan öllu saman. Það er full ástæða til að við stöldrum við þetta í dag þegar við enn á ný leitum leiða til að efla jafnrétti kynjanna.

Virðulegi forseti. Í inngangi að þessari till. til þál. um framkvæmdaáætlun segir:

„Jafn réttur og jöfn staða kynjanna verða þó ekki tryggð með stjórnvaldsaðgerðum einum saman.“ Og það er hárrétt. Þegar leitað er að beinum stjórnvaldsaðgerðum í þessari framkvæmdaáætlun, sem ég tek fram að er með mjög gott innihald, virðulegi forseti, er að finna margt af því sem við höfum talað um í gegnum árin og sem við munum standa saman að, góð orð og góðar ásetningur. En það er alveg ljóst að á stjórnvaldsaðgerðir skortir til að við getum stuðlað að því virka jafnrétti sem við viljum að verði til, líka með hugarfarsbreytingum, ég tek undir það.

Við höfum rætt oftar en ekki og endanlega afgreitt frá Alþingi tillögu um opinbera fjölskyldustefnu, en það sem

skiptir máli er að hún verði virk. Þegar ég segi að stjórnvaldsaðgerðir skorti, nefni ég launamálin, ég nefni skólann, ég nefni stuðningsúrræði fjölskyldunnar svo sem leikskóla, úrræði fyrir aldraða, allt það sem skapar fjölskyldunni það umhverfi að allir einstaklingar, ungir og eldri innan hennar geti blómstrað. Það vantar stjórnvaldsaðgerðir og í mörgum tilfellum kosta þær peninga.

Ég nefndi fjölskyldustefnuna. Í tillögu félmrh. var tillaga um fjölskyldusjóð tekin út. Hins vegar er í þáltill. á bls. 6 falleg markmiðsgrein 3.18. „Félagsmálaráðuneytið mun standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða." Þetta eru góð orð. Þetta er nokkurn veginn það sama og áformað er fjölskyldustefnunni en sjóðurinn sem átti að standa undir þessu var tekinn út, peningarnir eru ekki til staðar.

Ég ætla líka að vekja athygli þingmanna á því þegar við ræðum þær góðu markmiðsgreinar, sem eru á bls. 20, að í þskj. er umsögn fjmrn. en þar segir, með leyfi forseta:

„Flest verkefnin falla að núverandi starfsemi ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að þau hafi í för með sér aukinn kostnað en þau kunna hins vegar að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna innan ráðuneyta og stofnana ríkisins. Þau atriði sem horfa til aukins kostnaðar er að finna í starfi nokkurra nefnda sem sérstaklega yrðu settar á laggirnar vegna framkvæmdaáætlunarinnar."

Síðan eru taldar upp nefndir a, b, c, d og alveg aftur til g. Þær nefndir á að setja á laggirnar og kostnaðarauki ríkisins vegna þeirra er á bilinu 7–10 millj. kr. Við verðum að horfast í augu við það, virðulegi forseti, að þegar við tölum um aðgerðir og að fjmrn. skuli meta þær, vonum við auðvitað að það séu aðgerðir sem skapi nýja umgjörð um fjölskylduna og nýja möguleika. Þarna er það ekki að finna.

Ég vil líka nefna annað, virðulegi forseti, og vil bera fram beina fyrirspurn til ráðherra um það. Við höfum lagt fram skýrslur. Ég nefni skýrslu um launamyndun og kynbundinn launamun, sem lögð var fram 1995, og ég nefni áfangaskýrslu starfshóps um starfsmat félmrn. frá febrúar 1996. Þá komum við konurnar á Alþingi saman og fórum yfir þessa áfangaskýrslu, fullar af væntingum um hvað hún gæti hugsanlega fært konum í launajafnrétti og nú spyr ég ráðherrann: Hvað líður þessum verkefnum sem þarna voru boðuð? Ríkisspítalarnir sem voru teknir út sem tilraunaverkefni, Hitaveitan, Félagsmálastofnun og Reykjavíkurborg. Þetta er eitt af því sem þarf að gerast til að skapa rammann um líf kvenna svipaðan því sem gerist hjá körlum.

Virðulegi forseti. Ég hef nefnt að mjög margt gott er að finna í þessari skýrslu og ég ætla mér að gera henni svolítið betri skil ef ég fæ tækifæri til að tala aftur. En ég vil gjarnan nefna eitt, af því að það var gert frekar lítið úr athugasemd minni í andsvari við félmrh., að frá 1985 hafa jafnréttismál verið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórna, ýmist jafnréttis- eða framkvæmdaáætlanir. Ég held að þetta sé fimmta jafnréttis- og framkvæmdaáætlunin. Mjög mikilvægir þættir hafa verið teknir inn, t.d. strax í annarri framkvæmdaáætlun. Þá voru meginmarkmiðin aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólasviðum, aðgerðir varðandi launamál kvenna og karla og aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði og í dreifbýli ásamt félagslegum verkefnum og réttindum.

Virðulegi forseti. Ég verð að koma hér í síðari ræðu minni og rekja það hvað við höfum verið að fara í gegnum hin síðari ár til að við horfum meðvitað á það hverju hefur verið reynt að hrinda af stokkunum og hverju er ábótavant enn þá, þrátt fyrir rúman áratug í vinnu að þessum málum.

[14:14]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram í upphafi að langflestir Íslendingar séu svo réttsýnir að telja jafnrétti kynjanna sjálfsagt eða a.m.k. æskilegt. Þó skal ekki svarið fyrir það að allnokkrir hugsi eins og karlinn sem sagði: Jafnrétti er svo sem allt í lagi bara að það gangi ekki of langt.

Einhvern veginn er það svo að hvert einasta skref í átt til jafnrar stöðu og jafnra réttinda kynjanna hefur kostað baráttu, stundum alveg ótrúlega harða baráttu. Sú barátta hefur verið nánast öll á aðra hlið. Það eru konur sem hafa unnið með öllum ráðum og gerðum að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna. Hvers vegna skyldi það nú vera? Auðvitað vegna þess að það hefur hallað á konur og það hallar enn á konur. Öll þessi barátta hefur skilað árangri og raunar mjög miklum árangri en samt er enn furðulangt í land.

Á lagalega sviðinu stöndum við bærilega í samanburði við aðrar þjóðir. Kveðið er á um jafnan rétt kynjanna í stjórnarskrá og í 22 ár höfum við haft sérstök lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Í þeim er kveðið á um fjölmörg atriði sem eiga að jafna stöðuna á vinnumarkaði, í skólum og hvarvetna í samfélaginu. Þar er meðal annars kveðið á um hvernig tryggja skuli sem mest jafnræði kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þannig mætti áfram telja og ætla mætti að hér væri allt í sóma og blóma á þessu sviði. En er það svo í raun? Slíkri spurningu er erfitt að svara játandi. Hún snertir okkur auðvitað með mismunandi hætti og til eru þeir sem halda því blákalt fram að konur og karlar hafi sömu möguleika á öllum sviðum.

Meinið er auðvitað að lög og reglur eru eitt og framkvæmd þeirra allt annað mál eins og nýlegir dómar sanna. Fyrst og fremst skortir eftirfylgni við þessi lög og þær yfirlýsingar og fyrirheit sem gefin hafa verið. Það er t.d. athyglisvert að bera saman tvær stofnanir í íslensku þjóðfélagi sem eiga að sjá um eftirlit og fylgja eftir framkvæmd laga. Þar á ég við skrifstofu jafnréttismála annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar.

Til að sinna verkefnum Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála sem og öðrum verkefnum sem ráðherra kann að ákveða, starfar skrifstofa jafnréttismála. Þar hafa undanfarin ár verið fimm til fimm og hálft stöðugildi og skrifstofan hefur um 27 millj. kr. til rekstursins í ár. Með þessu fjármagni og fámennu starfsliði verða auðvitað engin stórvirki unnin, hversu mikill sem viljinn er þar innan veggja.

Til samanburðar höfum við Samkeppnisstofnun sem hefur það hlutverk að framfylgja samkeppnislögum. Þar starfa yfir 20 manns og fjárveiting til stofnunarinnar nemur rétt tæpum 89 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Þessi mikli aðstöðumunur segir auðvitað sitt um áherslur og raunverulegan vilja stjórnvalda.

Hér er til umfjöllunar eitt af þeim tækjum sem ráðamenn hafa til að vinna að þessu göfuga markmiði, þ.e. framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára eða allt til loka ársins 2001, aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Leiðarljósið er að sjónarmið jafnréttis verði flétttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Hér hefur

ríkisstjórn Íslands lagt fram á þingskjali fyrirbrigðið sambættingu sem af mörgum er talin vænlegri leið en að afgreiða jafnréttismálin sér eins og reyndar er títt. Ég vil nú leyfa mér að segja að í raun sé stefna Kvennalistans komin á þingskjal frá ríkisstjórninni því þetta hefur alla tíð verið okkar stefna, að jafnréttismálin fléttist inn í aðra þætti samfélagsins.

Spurningin er þó hvort um eitthvað annað sé að ræða í þessari framkvæmdaáætlun sem talist geti til nýmæla. Ég verð að segja eins og er: Mér finnst það. Mér finnst ýmislegt gott í þessari framkvæmdaáætlun.

Stærsta spurningin er auðvitað hvaða árangri slíkar áætlanir hafi skilað. Hvað og hversu mikið hefur verið framkvæmt af öllum þeim ágætu áformum sem tíunduð hafa verið, t.d. í síðustu framkvæmdaáætlun. Um það ræddi hæstv. félmrh. ekki svo ég heyrði, en honum er reyndar vorkunn miðað við þau tímamörk sem gilda í þessari umræðu. Verkin tala ekki háum rómi. Ráðherrar hafa t.d. verið staðnir að því að brjóta jafnréttislög og sniðganga framkvæmdaáætlun þar sem auðveldast ætti að vera að bæta ástandið. Ráðherrar hafa ekki tryggt jafna möguleika kynjanna til áhrifa með þátttöku í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Vegna orða hv. 16. þm. Reykv. held ég að hann hljóti að sjá að miklu máli skiptir að kynin hafi svipuð áhrif í stjórnum, nefndum og ráðum.

Hæstv. forsrh. viðurkenndi, að því er virtist blygðunarlaust í umræðum hér á Alþingi, að hafa brotið gegn ákvæði laga um að minna tilnefningaraðila á 12. gr. jafnréttislaga. Sú grein er þess efnis að tilnefna beri bæði karl og konu. Það vekur athygli að forsrn. sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefna ríkisstjórnarinnar skuli ekki nefna þetta í sínum kafla í áætlunarinnar.

Ég vil þó fyrir alla muni vera jákvæð og trúa því að hægt og bítandi fari ástandið batnandi. Það hefur gert það og þó að við vildum gjarnan sjá stærri stökk ber að fagna því sem vel er gert. Í þessari áætlun eru fjölmargir góðir punktar. Þeir eru þó um of orðaðir á þann veg að stefnt skuli að hinu og þessu en lítið fast í hendi um hvernig gera skuli.

Fróðlegt verður að sjá hvernig til tekst með lið 2.7. á bls. 4, þar sem dóms- og kirkjumrh. ætlar sér að beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt skal að aukinni þátttöku kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og jafna hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Þarna er um að ræða einhverja íhaldssömustu stofnun þjóðfélagsins og víst að konur eru afar ósáttar með sinn hlut innan hennar. Það verður fróðlegt að sjá hvernig fer.

Ég fagna auðvitað sérstaklega fyrsta áhersluatriðinu undir lið 3.1. sem félmrn. ber ábyrgð á. Þar kemur fram að félmrh. muni á gildistíma áætlunarinnar sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á frv. með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsókn verði látin fylgja stjórnarfrv. við framlagningu þeirra á Alþingi. Þarna er á ferðinni nákvæmlega sama hugmynd og útfærð er í frv. til laga sem nú liggur fyrir Alþingi og var mælt fyrir því í byrjun nóvember. Frv. þetta var um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis með það fyrir augum að mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði skuli fylgja áliti þegar afgreidd eru lög eða ályktanir frá nefnd. Því miður hef ég ekki tækifæri til að fjalla frekar um þetta að þessu sinni.

[14:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það sem mér finnst vanta í umfjöllun okkar um þessa tillögu til þingsályktunar, samantekt á því hvaða árangri síðasta framkvæmdaáætlun, sem var stofnað til árið 1993, hefur skilað. Ég held að þegar við fjöllum um nýja framkvæmdaáætlun sé nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvaða árangri sú síðasta hefur skilað. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni afla þeirra upplýsinga og láta taka saman hver árangurinn hefur orðið af síðustu framkvæmdaáætlun. Þannig gæti nefndin sem fær málið til umfjöllunar haft það til hliðsjónar í sínu starfi. Í tillögu þeirri sem hér er til umræðu rekst ég á ýmis atriði úr gömlu framkvæmdaáætluninni sem segir mér að lítið hafi verið gert í málunum. Nefndin verður auðvitað að átta sig á þeirri stöðu.

Árið 1993 óskaði ég eftir því við Jafnréttisráð að það fylgdi framkvæmdaáætluninni eftir og fylgdist með framgangi hinna ýmsu markmiða hennar. Ég á því von á að þetta gæti legið fyrir og spyr ráðherrann sérstaklega að því.

Enginn vafi leikur á, herra forseti, að það er góður hugur sem fylgir máli hjá hæstv. ráðherra þegar hann fylgir þessari framkvæmdaáætlun úr hlaði. Hann hefur að mörgu leyti viðhaft góð vinnubrögð og lagt sig fram um að kynna málið mörgum aðilum og leita samráðs um efnið. Markmiðin sem sett eru fram í inngangínum eru vissulega mjög háleit og göfug. Þar segir, með leyfi forseta:

„... sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að konur og karlar skuli njóta jafnra tækifæra og hafa sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu."

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eitt af meginmarkmiðum hennar sé að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis.

Í tillögunni segir síðan: „Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar tímabilið 1998 til loka árs 2001 um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla er lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna er mannréttindamál. Íslenskum stjórnvöldum ber, á grundvelli laga, sem og vegna alþjóðlegra sáttmála sem þau hafa staðfest, að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum til að auka jafnrétti kynjanna." En síðan kemur hér og ég velti því fyrir mér hvað þetta þýðir, á bls. 2: „*Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort*" — ég vek athygli á þessu orði, hvort — „og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna." Það á að athuga hvort opinber stefnumótun eigi að taka mið af jafnrétti kynjanna. Þetta þarf auðvitað að skoða.

Þegar maður fer yfir einstaka kafla tillögunnar, veltir maður fyrir sér hvort hugur fylgi máli, ekki síst þegar maður lítur á kostnaðarumsögn fjmrn. við tillögurnar. Hvað það kostar það ríkissjóð á þessum fjórum árum að framfylgja jafnréttislöggjöfinni og koma á meira jafnrétti kynjanna? Jú, herra forseti. Á næstu fjórum árum kostar framkvæmd þessara tillagna 7–10 millj. kr. 7–10 millj. á að láta í jafnréttismálin úr ríkissjóði á næstu fjórum árum. Það segir mér nú, herra forseti, að hér fylgi ekki mikill hugur máli um framkvæmdina á öllu þessu.

Auðvitað er misjafnt milli ráðuneyta, hvað þau ætla að gera á þessu fjögurra ára tímabili. Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að gegnumgangandi í þessari ályktun, sem og fyrri áætlunum eru tölfræðiathuganir. Þær

koma aftur og aftur og þó þær séu af hinu góða viljum við fara að sjá framkvæmdir í jafnréttismálum.

Svo ég vitni nú í Vísbendingu frá árinu 1996, þá eru það konur sem halda að miklu leyti uppi lífskjörum hér á landi. Þar kemur fram að atvinnuþátttaka kvenna er langmest hér á landi þegar OECD-löndin eru borin saman. Þar kemur einnig fram að þessi mikla atvinnuþátttaka kvenna heldur landsframleiðslu þjóðarinnar uppi, svo verulega að á árinu 1994 var Ísland í sjöunda efsta sæti þegar skoðuð er landsframleiðsla á hvern íbúa. Ef atvinnuþátttaka hér á landi væri að meðaltali hin sama og gerist hjá öðrum Evrópuþjóðum þá dytti Ísland niður í 20. sæti. Konur halda því að verulegu leyti uppi lífskjörum þjóðarinnar og þurfa síðan að búa við að fylla láglaunahópana og sætta sig við verulegan launamismun í starfs- og launakjörum í sambærilegum störfum og karlar.

Ég sakna þess, herra forseti, að ekki skuli vera getið um jafnréttisáætlanir hjá ráðuneytum og stofnunum. Í minni tíð sem félmrh. var í ríkisstjórninni samþykkt að árunum 1989–1992 skyldi hver opinber stofnun og ráðuneyti gera jafnréttisáætlanir. Ég tel að þær hafi skilað nokkrum árangri. Auðvitað þarf að meta það. Ég spyr ráðherrann hvort því hafi verið fylgt eftir í ráðuneytinu að gera þessar jafnréttisáætlanir. Svar sem ég fékk frá viðskrh. um stöðu kvenna í bankakerfinu segir mér að þetta sé nauðsynlegt. Þar fékk ég svar varðandi þrjá banka: Seðlabankann, Búnaðarbankann og Landsbankann. Þar kemur fram að mjög hallar á konur í yfirmannsstöðum innan bankakerfisins. Sérstaklega í Seðlabanka og Landsbanka og að kerfi fastra bílastyrkja er notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, ekki síst innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Seðlabankinn hefur einn þessara banka gert jafnréttisáætlun, gerði hana 1996, og það skilar sér þegar vegna þess að þótt að þeir standi sig slaklega í að fjölga konum í ábyrgðarstöðum þá standa þeir sig betur en hinir við að jafna launakjörin.

Í svari ráðherra kemur fram, með leyfi forseta, að bílastyrkir sem raunverulega eru aðeins uppbót á launin geti gert það að verkum að nærri helmingi muni greiðslum til kvenna og karla þótt um sambærilegar stöður sé að ræða. Þannig kemur fram að Landsbankinn greiddi fasta bílastyrki til æðstu yfirmanna. Það voru að meðaltali um 610 þús. kr. á ári til karlmanns en um 320 þús. kr. til konu í sambærilegri stöðu. Konur í ábyrgðarstöðum fá aðeins 50% af bílastyrk karla í sambærilegum stöðum. Eins er athyglisvert að þó meiri hluti skrifstofustjóra í Búnaðarbankanum séu konur þá er fastur bílastyrkur þeirra einungis um 60% af föstum bílastyrk karla í stöðu skrifstofustjóra. Þarna eru borin saman sambærileg störf í sömu stofnun og það leiðir í ljós helmings mun á hinum föstu bílastyrkjum.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að fylgja þurfi eftir þessum jafnréttisáætlunum innan stofnana og gera þær að föstum lið í þeirri framkvæmdaáætlun sem við erum að ræða. Ég er alveg sannfærð um að það skilar árangri. Það er auðvitað kafli út af fyrir sig hvað konur fylla lítið þann hóp sem gegna ábyrgðarstöðum innan bankanna og nefni ég aðeins eitt dæmi. Af 70 af æðstu yfirmönnum í Landsbanka Íslands eru aðeins níu konur eða um 13%. Þess vegna vil ég spyrja sérstaklega um jafnréttisáætlanirnar.

Að lokum vil ég nefna það sem veldur mér verulegum vonbrigðum, vegna þess að þegar við erum að tala um jafnréttismál og framkvæmdaáætlanir, þá skiptir mestu máli staðan í atvinnumálum kvenna, sem ég mun ræða sérstaklega við ráðherra á morgun í fyrirspurnatíma, staðan í launamálum sem er mjög slök, hvernig opinberri fjölskyldustefnu er framfylgt og hvernig við framfylgjum því stóra jafnréttismáli sem er fæðingarorlof. Mér sýnist í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir, samanborið við fyrri áætlun, að við séum að ganga skref til baka vegna þess að í fyrri framkvæmdaáætlun áttu á gildistíma áætlunarinnar að vera lögfestar reglur sem tryggja áttu sambærilegan rétt til kvenna og karla, hvort sem það var á opinberum markaði eða á almennum markaði. Það er ekki gert í þessari áætlun. Þó að margt sé gott í henni að finna þá eru líka dæmi um að við séum að ganga skref til baka.

[14:31]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé mjög mikilvægt mál á ferðinni. Þetta er mikilvægt innlegg í jafnréttisumræðuna og ýmis nýmæli eru í þessari þáltill. Það er hins vegar af mörgu að taka og ekki hægt að komast yfir allt það efni í stuttri ræðu en ég ætla að stikla hér á stóru.

Mig langar að byrja á því að taka undir þau sjónarmið sem komu fram áðan, m.a. í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um ofurkonuna. Greinar hafa einmitt birst síðastliðna daga um ofurkonuna. Þessar greinar hafa verið í Morgunblaðinu. Ég hef farið víða og er oft að ræða við kvennahópa, talsvert stóra hópa. Ég var fyrir stuttu að ræða við 80 ungar konur í Viðskipta- og tölvuskólanum, og hitti við og við allstóra kvennahópa. Mér finnst alls staðar þar sem ég kem núna konur vera einmitt að ræða um ofurkonuna og þessar greinar í Morgunblaðinu. Umræðan snýst nákvæmlega um ofurkonuna, um það atriði í augnablikinu. Konurnar staldra við. Þær líta í eigin barm og mér finnst þetta hafa vakið þær aftur til umhugsunar um stöðu sína eftir þá lægð sem umræðan hefur verið í að mínu mati.

Þessar konur taka ábyrgð á sínu heimili. Við vitum að konur sjá að mestu leyti um sín heimili enn þá. Að vísu hefur vinnuframlag karla aukist og það er gott. Konur eru líka þátttakendur úti á vinnumarkaðnum. Ætli þátttaka þeirra á vinnumarkaði sé ekki um 80%. Þær eru að sjálfsögðu í ýmsu félagslífi, í íþróttum og öðru slíku þannig að fáar hvíldarstundir gefast.

Þegar ég hlusta á þessar konur verð ég æ sannfærðari um að þær kynslóðir sem nú lifa, þær konur sem eru nú á lífi eru fyrstu og síðustu kynslóðirnar sem munu sætta sig við þetta álag. Ég held að konur í framtíðinni muni ekki sætta sig við það umhverfi sem við lifum í núna, þ.e. að taka ábyrgð bæði á heimili að mestu leyti og að vera úti á vinnumarkaðnum. Framtíðarkonan mun ekki sætta sig við þetta. Það má svo sem segja að að sjálfsögðu er þetta val okkar kvennanna. Við höfum sjálfar komið okkur í þær aðstæður að einhverju leyti.

En mér finnst krafturinn í jafnréttisbaráttunni hafa dvínað. Það var mikill kraftur í henni fyrir nokkrum árum, en ég hef á tilfinningunni að það hafi færst ákveðinn doði yfir þá baráttu. Það er eins og ekki sé í tísku að ræða um jafnréttismál og það er alvarlegt. Það er hugsanlega vegna þess að þeir sem stýra umræðunni um jafnréttismál eða hafa gert það hingað til, eru m.a. konur, konur í stjórnmálum, konur sem eru leiðandi í atvinnulífinu, og það er eins og þær beiti sér ekki nægjanlega í jafnréttismálunum. Það er eins og ekki sé í tísku að tala um þessi mál. Það er hugsanlega vegna þess að skilaboðin, sem þessar konur fá þegar þær taka sterkt til orða í jafnréttismálunum, eru frekar slæm. Það er gert grín að

umræðunni. Maður er ekki tekinn hátíðlega og umræðunni er snúið gegn konunum. Mér finnst því eins og konur hafi dálítið gefist upp við að taka sjálfar á jafnréttismálunum og það er afar alvarlegt að mínu mati.

En varðandi þessa þáltill. þá finnst mér afar jákvætt að sjá hástemmdar yfirlýsingar um að jafnréttismálin séu mál karla og kvenna og að nauðsynlegt sé að kynin vinni saman til að ná meiri árangri. Það minnir mig á nýlega heimsókn nokkurra þingmanna hingað til okkar frá Kúveit þar sem þeir voru einmitt spurðir að því af hverju konur hefðu ekki kosningarrétt í Kúveit. Og svarið var: „Svona er lýðræðið." Þetta mál kom fyrir þingið þar en var fellt með meiri hluta atkvæða. En það er svo sannarlega rétt að hér er mál sem skiptir konur og karla verulegu máli og kynin eiga að vinna saman að því.

Mér finnst jákvætt að sjá að öll tölfræði á að verða kyngreind í framtíðinni. Það er algjör undirstaða umræðunnar að vita nákvæmlega hvernig staðan er þannig að málflutningurinn verði ekki á einhverjum tilfinninganótum eða byggður á mati, heldur á algjörlega óyggjandi upplýsingum. Það er mikið vopn í þeirri baráttu að hafa óyggjandi upplýsingar. Það hef ég séð sérstaklega t.d. í Framsfl. þar sem við gerðum ítarlega úttekt á stöðu kvenna í stjórnmálum í okkar flokki og þær tölur sýna svart á hvítu hvernig staðan er, en hún er ekki nógu góð enn þá.

Mér finnst líka mjög gott varðandi 2. lið II. kafla, að kanna eigi hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Það er alveg ljóst varðandi opinbera stefnumótun að ég tel að hún verði ekki mjög markviss í anda jafnréttis fyrr en konur hafa náð hærra hlutfalli í nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda. Nú er það hlutfall um 23% eða svo og þar þarf að gera mikla bragarbót á.

Það er líka mjög ánægjulegt að sjá að taka eigi á kjördæmaskipuninni og gera úttekt á hvernig kjördæmaskipun hefur áhrif á stöðu kvenna í stjórnmálum. En það vita held ég allir sem hafa skoðað þau mál að eftir því sem kjördæmi stækka og eru fjölmennari eða fleiri þingmenn komast inn af listum í viðkomandi kjördæmi, þeim mun líklegra er að konur komist að. Þannig að segja má að ef landið væri eitt kjördæmi, þá er nokkuð líklegt að fleiri konur væru á Alþingi. (**KHG:** En ef það væri einn flokkur?)

Varðandi fræðslu um jafnréttismál er mjög ánægjulegt að sjá að skipuleggja á námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og það veitir svo sannarlega ekki af. (**Gripið fram í:** En ráðherra?) Ég held að yfirmenn bæði í ráðuneytum og ríkisstofnunum, og jafnvel ráðherrar, séu nokkuð óupplýstir um stöðuna. Það má vera að það sé hugsanlega okkar baráttuaðferðum að kenna hingað til að þessi málaflokkur, jafnréttismál, hefur að verulegu leyti verið í umræðu á milli kvenna.

Einnig á að gera átak í að auka virkni kvenna í stjórnmálum og þar má lyfta miklu grettistaki að mínu mati. Á Norðurlöndunum hefur ríkisvaldið kostað til talsverðum fjármunum til að fara í þverpólitískar aðgerðir til að auka hlut kvenna. Hér höfum við ekki gert það. Jafnréttisráð hefur reyndar staðið fyrir herferð í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, herferð sem heitir: „Sterkari saman." En það var ekki mikið fé lagt í hana og ég held að það þurfi að gera stóraukið átak til þess að við tökum eins vel á málum og gert er á Norðurlöndunum.

Ég hef ekki meiri tíma að sinni en hugsanlegt er að ég komi upp og reyni að klára mína ræðu á eftir.

[14:40]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti athyglisverð röksemdafærsla þingmannsins um að færri kjördæmi leiddu af sér meira jafnrétti milli kynja í fjölda þingmanna. Mig langar að spyrja þingmanninn hvort hann telji þá, með sömu rökum, að færri stjórnmálaflokkar leiði til aukins jafnréttis. (**Gripið fram í:** Útúrsnúningur.)

[14:40]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki skoðað það sérstaklega hvort að færri stjórnmálaflokkar leiði til aukins fjölda þingmanna af kvenkyni. Það má þó hugsanlega vera. En það er alla vega alveg ljóst að eftir því sem kjördæmunum fækkar sjáum við á tölum að hlutur kvenna eykst.

Flestar konur koma frá Reykjavík og Reykjanesi inn á þingið. Við getum skoðað lönd eins og Bretland þar sem eru einmenningskjördæmi og aðeins einn þingmaður kemur úr hverju kjördæmi. Þar er hlutur kvenna alveg ótrúlega lágur. Það er alveg ótrúlegt.

Ég er sannfærð um að ef við gerðum landið að einu kjördæmi og sömu flokkar og nú eru byðu fram — við getum skoðað t.d. Sjálfstfl. og Framsfl. Í Framsfl. eru þrjár konur á þingi, í Sjálfstfl. fjórar. Það er alveg öruggt að ef við byðum fram einn lista, t.d. í Framsfl., og næðum inn 15 þingmönnum, eins og við höfum í dag, þá væru örugglega ekki einungis þrjár konur í þeim 15 manna hópi. Það yrði aldrei stillt upp þannig á lista hjá okkur að einugis þrjár konur mundu skipa efstu 15 sætin. Hins vegar er ekkert víst ef landið væri eitt kjördæmi að flokkarnir myndu endilega stilla upp listum. Það má líka hugsa sér að listum yrði óraðað og það yrði eitthvað svipað og í Finnlandi þar sem persónuvalið er miklu sterkara. Það yrði þá bara stafrófsröð á listanum og kjósendur mundu velja sér sína fulltrúa beint. Það væri því eiginlega prófkjör í kjörklefanum. Ég er nokkuð sannfærð um að þannig mundum við líka fá fleiri en þrjár konur í 15 manna þingmannahópi.

[14:42]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að málið hljóti að ganga þannig miðað við röksemdir þingmannsins að þá fyrst færi hlutur kvenna að aukast ef stjórnmálaflokkarnir hefðu hver um sig fleiri en eitt þingsæti í hverju kjördæmi. Það halli á konur vegna þess að stjórnmálaflokkarnir hafa ekki í mörgum kjördæmum svo mörgum þingsætum á að skipa að hlutföllin verði jöfnuð. Þar með hlýtur fækkun stjórnmálaflokkanna að leiða til þess að hver og einn hafi tvö eða fleiri þingsæti í hverju kjördæmi og þar af leiðandi að stuðla að auknu jafnrétti á þessu sviði. Og í því var fólgin mín ábending varðandi röksemdafærslu þingmannsins sem taldi að færri kjördæmi leiddu af sér það sama. Ég bendi því á að með sömu rökum hljóta færri stjórnmálaflokkar að leiða af sér aukið jafnrétti.

Hitt er svo annað mál að þó að þetta sé rétt ályktun út frá gefinni forsendu, þá er veruleikinn ekki svona. Við höfum stóra stjórnmálaflokka, sérstaklega Sjálfstfl. sem hefur frá tveimur og upp í átta þingmenn í kjördæmi, og reyndar Framsfl. sem hefur tvo þingmenn í öllum kjördæmum nema einu. Varðandi báða þessa stjórnmálaflokka, þá gerist það ekki að þeir skili meira jafnrétti á þessu sviði en minni flokkarnir. Það er dálítið athyglisvert.

[14:44]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég held ég geti bara fallist á þá röksemdafærslu, að ef stjórnmálaflokkarnir væru færri og þeir mundu raða upp sjálfir þannig að fleiri kæmu þá inn af hverjum lista og ef forsendurnar væru þær að þeir mundu raða upp sjálfir, þá býst ég við að það mundi auka hlut kvenna með sömu rökum og að ef landið væri eitt kjördæmi þá kæmu fleiri konur inn.

En varðandi það að við erum með stjórnmálaflokka eins og Sjálfstfl. sem fær inn marga af lista í ákveðnu kjördæmi, t.d. í Reykjanesi, en það skilar samt ekki konum inn þar, því þar er einungis ein kona í þeirra þingmannahópi, þá þurfum við líka að skoða að inn í það blandast hvernig raðað er upp á listann. Prófkjör eru mjög mikið notuð hjá Sjálfstfl. og almennt séð virðist það vera niðurstaðan að konur koma illa út úr prófkjörum. Það eru til undantekningar og sú sem hér stendur er ákveðin undantekning frá því. En almennt séð koma konur illa út úr prófkjörum. Við getum bara skoðað nýjustu fréttir varðandi t.d. prófkjör A-flokkanna í Reykjanesbæ. Þar eru karlmenn í fjórum efstu sætunum. Það er því ekki endilega bundið við Sjálfstfl. að konur koma oft illa út úr prófkjörum, en ég vona svo sannarlega að jafnréttið sé að ná það langt að konur fái betri hlut í gegnum prófkjörin líka. En það kostar mikla peninga að fara í gegnum prófkjör og konur virðast yfirleitt ekki hafa úr eins miklum fjármunum að spila í því sambandi og karlmenn. Því miður.

[14:46]

**Útbýting þingskjala:**

Greiðslur í fæðingarorlofi, 457. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 787.
Starfssvið tölvunefndar, 456. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 786.
Umfjöllun um skólastarf, 455. mál, fsp. SvanJ, þskj. 785.

[14:46]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu að það mál sem hér er á dagskrá er ákaflega þýðingarmikið og gefur tilefni til langrar umfjöllunar því að í eðli sínu tekur það á mjög mörgum þáttum. Við þurfum ekki annað en lesa í gegnum tillgr. sjálfa til þess að átta okkur á því að þar er verið að fara mjög vítt um þjóðmálasviðið í heild sinni. Það er komið inn á verkefni sem lúta að öllum ráðuneytunum og taka til mjög margra þátta í okkar þjóðfélagi þannig að í raun stendur kannski það upp úr þessari umræðu að jafnréttisumræðan hafi e.t.v. á köflum verið óþarflega hólfaskipt. Menn hafa talað um jafnréttismálin, eða jafnréttismálið nánast í eintölu, án þess að gera sér kannski grein fyrir því að auðvitað snerta jafnréttismálin alla málaflokka og að ákvarðanir í einum málaflokki geta haft áhrif á annan einmitt á þessu sviði.

Ég hef setið í félmn. Alþingis síðan 1991 og haft tækifæri til þess að fara yfir jafnréttisáætlanir af þessu taginu, bæði í nefndarstarfinu og eins við seinni umræðu málsins í þinginu og sú spurning sem er hvað áleitnust í upphafi er einfaldlega þessi: Er eitthvert gagn að þessu? Skiptir þetta einhverju máli? Það er út af fyrir sig alveg rétt sem hér hefur komið fram að sumt af því sem stendur í þessu plaggi eins og fyrri plöggum er ákaflega almenns eðlis og þegar farið er að kafa ofan í þetta og fjalla skipulega um þetta í þingnefndinni, þá kemur fljótlega á daginn að sumt af þessu er svo almenns eðlis að varla er hönd á því festandi. Eitt af því sem ég velti mjög fyrir mér við síðustu afgreiðslu, og ég hygg að það hafi valdið því að ég hafi skrifað undir þá nefndarafgreiðslu með fyrirvara ef ég man rétt, var einmitt nákvæmlega þetta, hvort það væri gagn að þessu og hvort hið almenna orðalag gæfi ekki allt of mikið svigrúm fyrir framkvæmdarvaldið til þess að vinna úr. Auðvitað er þetta efni á margan hátt dálítið erfitt viðfangs og þess vegna er eðlilegt að maður velti þessari spurningu fyrir sér.

Ef ég hins vegar ber saman annars vegar þá tillögu sem við höfum í höndunum og ræðum hér í dag og hins vegar þá jafnréttisáætlun sem er til að mynda í gildi núna, þá sýnist mér við fljótlegan samanburð að ráðuneytin hafi náð miklu betri tökum á viðfangsefni sínu. Ég sé ekki betur, ef ég ber þetta saman, en ýmsar þær tillögur sem hér eru séu fastari í hendi þó að vissulega, eins og ég hef áður sagt, séu þarna líka atriði sem eru ákaflega almenns eðlis og erfitt út af fyrir sig að túlka eða ræða um.

Það sem ég held að sé kannski eitt stærsta atriðið varðandi þessa tillögu er að þetta gefur okkur tilefni til að ræða þetta mál, þ.e. jafnréttismálin, sem við ella mundum ekki ræða. Þetta er málaflokkur sem gengur þvert í gegnum þjóðmálaumræðuna og er kannski ekki alltaf færi á að ræða skipulega eins og þó er tækifæri hérna. Því held ég að umræða af þessu taginu eigi sinn þátt í því að valda þeirri hugarfarsbreytingu sem auðvitað er nauðsynleg í þessari jafnréttisumræðu, samanber þá umræðu sem hér hefur farið fram um ofurkonurnar sem eru afsprengi nútímasamfélagsins þar sem konan vinnur úti og axlar líka mjög stóran hluta af heimilisskyldunum eins og við þekkjum svo víða.

Það væri ástæða til að fjalla sérstaklega um ýmislegt í þessari þáltill. Ég held að það sem skiptir miklu máli í þessu sé það sem segir á bls. 2 undir fyrirsögninni „Öll stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja", sem sagt að ríkisstjórnin heitir því að jafnréttissjónarmið verði jafnan samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Þetta eru gríðarlega stór orð og það verður að koma á daginn hvernig mönnum gengur að fylgja þessu eftir. Þetta er nákvæmlega það sem ég var að tala um áðan og vara við þegar ég talaði um hólfaskiptinguna. Hér er hins vegar verið að reyna að nálgast málið öðruvísi, ekki að horfa á þetta út frá einhverjum hólfum heldur fremur að það eigi að vera rauður þráður almennt í allri löggjöf að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem liggja hér til grundvallar.

Síðan er atriði sem ég held að skipti mjög miklu máli og er í raun og veru hliðstætt og var ákveðið þegar Alþingi samþykkti fjölskyldustefnu sína og það er að á gildistíma þessarar framkvæmdaáætlunar eigi að fara fram reglulegt mat á stjórnarfrumvörpum með hliðsjón af jafnrétti kynjanna. Þetta held ég að skipti líka gríðarlega miklu máli og er, eins og ég sagði áðan, nákvæmlega sama hugsun og lá til grundvallar þessari ákvörðun varðandi fjölskyldustefnuna.

Ég vildi vekja hér máls á einu atriði sem mér finnst vera mjög athyglisvert en vekur með mér margar spurningar. Þannig er að við vitum, virðulegi forseti, að sérstök nefnd starfar nú á vegum forsrh. við endurskoðun á kosningalögum og kjördæmaskipun. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvað út úr þessu nefndarstarfi kemur, sérstaklega í ljósi þess sem segir á bls. 3 um þær fyrirætlanir sem ríkisstjórnin ætlar sér varðandi þetta nefndarstarf, en það er að í skýrslu þessarar nefndar, þegar hún leggur fram tillögur sínar eða hugmyndir að breyttri kjördæmaskipan og kosningalögum, eigi að fara fram sérstök úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna.

Virðulegi forseti. Þetta segir mér bara eitt: Næstu vikur eða mánuði verða ekki neinar hugmyndir á dagskrá um að breyta kosningalögum og kjördæmaskipan sem hefur í för með sér aðra eins grundvallarvinnu og hér á eftir að fara fram. Mér er ekki kunnugt um það, virðulegi forseti, að slík úttekt hafi farið skipulega fram frá íslenskum sjónarhóli. Ég veit að víða erlendis eru til einhverjar slíkar athuganir en auðvitað getur ekki íslensk nefnd sem er að skoða kjördæmaskipan í landinu látið sér nægja að þýða einhverjar slíkar hugmyndir úr útlendum málum og gera það að grundvelli að sinni tillögugerð fyrir íslenskar aðstæður. Ég verð því að segja það, virðulegi forseti, að þeta er mjög mikilvæg ábending sem ég mun fylgjast mjög rækilega með hvernig vindur fram og hlakka mjög til að ræða þessi mál þegar að því kemur. (**Gripið fram í:** Meinarðu þetta?) Já, mjög einlæglega, virðulegi forseti og hv. þm.

Síðan er það atriði, virðulegi forseti, sem ég hefði gjarnan viljað að hæstv. félmrh. heyrði — en ég sé að tími minn er á þrotum — og það er að áætlun sú sem núna er í gildi gerir ráð fyrir því að sérstök athugun fari fram á orsökum brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli. Nú hefur Byggðastofnun látið fara fram sérstaka athugun á þessum sviðum og þar kemur mjög margt fróðlegt fram, m.a. það að meginorsök búseturöskunarinnar í landinu er skortur á fjölbreytni atvinnulífsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því í núgildandi áætlun að sérstakt átak verði gert í því að auðvelda fólki í dreifbýli aðgang að störfum í þéttbýli með fjarvinnslu og með því að nýta nútímatækni. (Forseti hringir.) Því miður hefur gengið ákaflega illa að hrinda þessu í framkvæmd og þess vegna hefði ég gjarnan viljað, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. ræddi í svarræðu sinni sérstaklega um þennan þátt málsins sem ég held að skipti mjög miklu máli og sé kannski einn af þessum stóru þáttum er snúa að stöðu kvenna í dreifbýli og þar með stöðu kvenna í heild.

[14:55]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. kom undir lok máls síns að athyglisverðu máli sem er flutningur af landsbyggðinni. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér könnun Byggðastofnunar og vil því spyrja hv. þm.: Var sú könnun kyngreind? Voru konur spurðar sérstaklega og karlar sérstaklega? Ég veit að ekki aðeins á undanförnum áratugum heldur alla þessa öld hefur straumur kvenna úr dreifbýlinu til þéttbýlisins verið meiri en straumur karla. Þær hafa að hluta til horfið heim aftur en það er nú svo að í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu eru konur fleiri en karlar. Ég held að þetta sé einmitt dæmi um það sem þarf að kanna, þ.e. hinar mismunandi ástæður þess að konur og karlar flytja og þar af leiðandi að hugsanlega komi mismunandi hugmyndir um aðgerðir ef menn vilja sporna við. Ég kynnti mér slíka könnun sem gerð var í Vestmannaeyjum. Þar voru tölurnar ekki kyngreindar og gefa því ekki nógu góða hugmynd um það hverjir flytja og hvers vegna. Ég vil því undirstrika að þetta er enn eitt dæmi um það hversu mikilvægt er að fá kyngreindar upplýsingar vegna þess að það sem að baki býr getur verið svo misjafnt. Við vitum t.d. að atvinnumöguleikar kvenna á landsbyggðinni hafa því miður verið afar einhæfir.

[14:57]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég muni það alveg nákvæmlega rétt að í því riti sem gefið var út og grundvallaðist á könnuninni sem hv. þm. nefndi og ég reyndar vék að í ræðu minni áðan, var kannski ekki mjög mikið um það að niðurstöðurnar væru kyngreindar. Hins vegar eru þau gögn auðvitað til staðar sem gefa möguleika á þeirri úrvinnslu og mér er kunnugt um það, af því að ég sit í stjórn Byggðastofnunar, að frekari úrvinnsla á ýmsum þáttum sem ástæða hefur þótt að skoða sérstaklega hefur farið fram. Ég tek því undir það með hv. þm. að ég held að nauðsynlegt sé að þessi mál séu skoðuð einmitt í þessu ljósi vegna þess að það kemur svo glögglega fram í könnuninni að sú ástæða sem vegur þyngst fyrir því að fólk flytur burtu úr híbýlum sínum á landsbyggðinni er atvinnuástandið, skortur á fjölbreytileika.

Ég held að við sjáum það einfaldlega í hendi okkar að sú þróun sem hefur orðið á síðustu árum og áratugum, guði sé lof, að konur ekki síður en karlar sækja sér aukna menntun, hefur gert það að verkum að möguleikar þeirra til þess að starfa þar sem vinnumarkaðurinn er þröngur og þar sem fábreytni atvinnulífsins er mikil verða fyrir vikið mun minni. Mjög mörg dæmi eru þekkt um það að fólk sem hefur kannski haft hug á því að flytja út á land eða halda áfram að búa úti á landi hefur ekki átt möguleika á því vegna þess að ekki hefur verið til starf nema fyrir annan aðilann. Þjóðfélagið er að breytast í þá áttina að bæði er eftirspurnin meiri eftir óhefðbundnari störfum en áður var og þessi fábreytni atvinnulífsins gerir það að verkum að mjög margar konar sjá sig knúnar til þess að hverfa burtu af landsbyggðinni.

[14:59]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við hv. þm. Einar Guðfinnsson ættum að leggja saman kraftana í félmn. og leggja til að þessi áætlun verði styrkt, hvað þetta atriði varðar. Hér er komið inn á styrki til atvinnusköpunar úti á landsbyggðinni. Ég held að til þess að þeir styrkir hafi eitthvert gildi og að menn geti gripið til aðgerða til þess að sporna við miklum flutningum fólks, ef það er viljinn, þá þurfi einmitt slík kyngreind könnun að liggja fyrir og væri fróðlegt að kalla eftir þeim upplýsingum frá Byggðastofnun.

[15:00]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessa áskorun hv. formanns félmn. og tel að það sé alveg einsýnt að við förum sérstaklega ofan í þennan þátt og styrkjum hann í meðförum þingsins. Ég held að ef við skoðum þessi mál með mikilli sanngirni þá sé ekki annað hægt en segja að við hljótum sérstaklega að beina sjónum okkar að hlut kvenna á landsbyggðinni og þeim vanda sem þær margar hverjar standa frammi fyrir vegna þessa skorts á fjölbreytni í atvinnulífinu sem nútímaþjóðfélag bókstaflega kallar á.

Þá hljótum við að velta fyrir okkur hvernig við getum svarað þessu. Ég held að eitt svarið sé að flytja skipulega verkefni úr stofnunum ríkisins út á landsbyggðina vegna þess einfaldlega að nútímatækni, nútímasamgöngur og nútímaaðstæður gera það að verkum að mjög einfalt og auðvelt er að gera þetta. Við þurfum ekki annað en skoða hverja stofnun fyrir sig og eftir hvaða lögum hún starfar til að sjá að mjög mörg þau verkefni sem þessum stofnunum er ætlað að sinna geta allt eins verið unnin á Vestfjörðum, Austfjörðum, Norðurlandi og Suðurlandi. Það er einfaldlega einhvers konar vani. Pólitískan kæk hef ég stundum kallað það, að setja þessar stofnanir allar niður á einn stað og gera þar með fólki ómögulegt annað en flytja búferlum. Fólkið á

með öðrum orðum enga aðra völ. Konur eiga engra kosta völ þegar þær hafa leita sér menntunar á ýmsum sviðum en að fara til Reykjavíkur, þar sem atvinnutækifærin bíða, vegna þess að ríkisvaldið hefur verið að búa þau til hér á þessu svæði. Þess vegna skiptir það svo miklu máli að við reynum, ef við ætlum í raun og veru að taka á vandamálum kvenna á atvinnusviðinu, að nálgast þetta mál eins ég hef verið að lýsa og ég tel að formaður félmn. hafi verið að hvetja til.

[15:02]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég vil byrja á að taka undir þá ósk að hæstv. ráðherra taki saman upplýsingar um hvað af síðustu framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum komst í framkvæmd og hvað ekki. Miðað við síðustu áfangaskýrslu hæstv. ráðherra virtist ansi margt vera óunnið og þá er vert að velta því fyrir sér hver tilgangurinn er eiginlega með áætlun af þessu tagi.

Ég vil taka undir það með öðrum að þótt tilgangurinn væri ekki annar en sá að ræða málin þá er það betra en ekkert, en vissulega væri óskandi að hér væri raunveruleg framkvæmdaáætlun sem gert væri ráð fyrir að kæmist í framkvæmd. En því miður hafa framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum sem hafa verið gerðar á síðustu árum ekki sýnt að þær komist í framkvæmd og ég hef enga ástæðu til að ætla að núverandi ríkisstjórn sýni meiri stórhug í þessum málaflokki en þær sem á undan henni hafa setið.

Ég vil taka undir það að ýmislegt nýtt er í þessari áætlun og margar ferskar hugmyndir og því ber vissulega að fagna og ég vil viðurkenna það. Þar vil ég fyrst nefna þá merku stefnumörkun að ríkisstjórnin segist ætla að samþætta jafnréttismálin inn í alla málaflokka og nota til þess samþættingaraðferðina svokölluðu sem nýlega hefur verið kynnt sérstaklega í bæklingi frá skrifstofu jafnréttismála. Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt á vettvangi Norðurlandaráðs og víðar að vinna í þeim anda.

Þá vil ég sérstaklega fagna verkefni ríkisstjórnarinnar sem nefnt er á bls. 2 í þessu plaggi um að kyngreina tölfræði og að kanna hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja og einnig liðnum um konur og efnahagsmál. Þetta eru þó yfirleitt allt saman kannanir eða nefndarskipanir. Oft virðist því vera auðveldara að fá einhvers konar athuganir í gang fremur en að gera eitthvað sem skiptir máli.

Vegna samþættingaraðferðarinnar vil ég ítreka það sem við höfum gert áður hér á þessu þingi í tengslum við frv. sem við kvennalistakonur og fleiri höfum flutt, að til þess að samþættingaraðferðin komist í framkvæmd í raun þarf í fyrsta lagi pólitískan vilja. Í öðru lagi þarf ákveðin tæki eins og t.d. almennileg jafnréttislög eða kyngreindar upplýsingar eða fjármagn til að fylgja þessum málum eftir og einhvers konar eftirlitsstofnun og eftirfylgni og í þriðja lagi þarf fræðslu og þekkingu. Því miður virðist ýmislegt af þessu skorta hjá núverandi ríkisstjórn, þó svo virðist að taka eigi á fræðsluþættinum, samanber lið 3.2. í III. kafla og það eigi einnig að taka á þessum lið með kyngreind gögn sem er smátt og smátt að komast í æ betra horf, samanber þennan bækling frá Hagstofu Íslands sem áður hefur verið nefndur í umræðunni. En ég kem nánar að því hvað skortir á í kyngreiningu gagna á eftir þegar ég ræði um málefni einstakra ráðuneyta.

Hæstv. forseti. Áður en ég kem að því vil ég vekja athygli á því að þótt komin séu kyngreind gögn og það eigi að koma á fræðslu, vantar verulega fjármagn. Og ég vil taka undir það sem bent var á áðan, að öll þau verkefni sem eru í þessari áætlun eiga að kosta á bilinu 7–10 millj. kr. En ef við berum saman stofnanir eins og Jafnréttisráð og Samkeppnisstofnun, þá fær Samkeppnisstofnun sem er eftirlitsaðili fyrir framkvæmd samkeppnislaga, um fjórum eða fimm sinnum meira fjármagn en Jafnréttisráð. Það er alveg ljóst að til að þessi mál verði tekin alvarlega þá þarf mun meira fjármagn til að fylgja þeim eftir og betri stofnanir eins og ég kem að á eftir.

Ég vil í sambandi við fræðsluþáttinn sem nefndur er í lið 3.2. benda á tillögu til þingsályktunar sem hér er á dagskrá í dag, um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn. Sú tillaga er flutt að fyrirmynd Svía en þar var greinilega mjög mikill pólitískur vilji fyrir þessu máli sem birtist m.a. í því að ríkisstjórn Ingvars Carlssonar, sú sem síðust sat, byrjaði á því að setja alla ráðamenn, ráðherra þar með talda og aðstoðarmenn þeirra, á námskeið í jafnréttismálum og kom upp alveg ákveðnu kerfi til að fylgja því eftir að þeir sinntu þessum málum innan sinna ráðuneyta. Þetta var m.a. gert vegna þess að þá var útlit fyrir kvennaframboð, svokallaðar „stuðningssokkur" er gætu fengið 30–40% atkvæða í sænskum kosningum ef þær hefðu boðið fram, og því buðu stjórnmálaflokkarnir kvenfrelsiskonum gull og græna skóga og m.a. var þetta það sem Ingvar Carlsson lagði til, að jafnréttismálin yrðu sett á oddinn á þennan hátt. Þetta tókst ákaflega vel enda eru Svíar núna meðal fremstu þjóða í jafnréttismálum. Ég sé engin merki þess, því miður, að þessi ríkisstjórn hafi þennan pólitíska vilja.

Tíminn flýgur sé ég. Ég ætla aðeins út af umræðunum áðan að nefna málefni frá forsrn. og þá liðinn 1.1. í III. kafla, Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum, sem hér hefur nokkuð komið til umræðu. Þar er um að ræða nefnd sem ég reyndar sjálf sit í, nefnd forsrh. um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga. Þessi nefnd á samkvæmt þessum lið að skoða sérstaklega hvernig breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum komi til með að hafa áhrif á jafnrétti kynjanna. Þetta er fagnaðarefni. Ég hef auðvitað lagt áherslu á þetta nú þegar í nefndinni en það er gott að vita af þessum lið þarna og ég mun sannarlega sjá um að honum verði fylgt eftir.

Ég hef ekki meiri tíma að sinni, hæstv. forseti, en mun reyna að komast aftur á mælendaskrá og ljúka ræðu minni.

[15:11]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sjónarmið sem fram hefur komið hjá mörgum hv. þm., nú síðast hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að það er mikilvægt að ríkisstjórn og Alþingi setji sér framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þetta setur þrýsting á stjórnvöld og skapar nauðsynlega umræðu í þjóðfélaginu og hefur gert allar götur frá því þáv. hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, hafði forgöngu um fyrstu jafnréttisáætlun af þessu tagi í byrjun síðasta áratugar.

Ýmis nýmæli eru í þessari jafnréttisáætlun sem ég tel vera mjög jákvæð og þá ber þar fyrst að nefna að nú er unnið út frá þeirri grundvallarstefnu að öll stefnumótun á vegum hins opinbera taki mið af jafnrétti kynjanna. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft

í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum."

Þetta er fráhvarf frá þeirri hugsun sem áður var við lýði, að líta á jafnréttismál sem afmarkaðan málaflokk. Nú þurfi hins vegar að taka jafnréttismálin inn í alla umræðu. Og í samræmi við þetta er síðan hverju ráðuneyti falið að vinna að tilteknum verkefnum á málasviði sínu.

Mikilvægast af öllu tel ég vera það sem fram kemur í verkefnum félmrn. og lýtur að þessari samþættingu því að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar ætlar ráðuneytið að sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð og látin fylgja stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, að ekki er nóg að gera áætlun. Það þarf líka að fylgja slíkri áætlun eftir og að það er mikilvægt að félmrn. beiti sér fyrir slíkri úttekt. Krafa þar að lútandi hefur komið frá fleirri hv. þingmönnum sem hafa tjáð sig um þetta mál í þessari umræðu.

Í áætluninni er að finna ýmsar góðar fyrirætlanir sem margar hverjar eru þó mjög opnar. Það á að gera rannsóknir á ýmsum sviðum. Það á að kanna efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku þjóðfélagi. Það á að gera margvíslegar kannanir og úttektir á vegum fjmrn. á t.d. starfsmannastefnu og áhrifunum af henni. Það á að kanna áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Það er bara einn hængur á þessu öllu saman. Á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn kemur fram með áætlun af þessu tagi og fyrirheit af þessu tagi, gerir hún allt til þess að loka á upplýsingar um þessi efni. Stéttarfélögin eru nú með herskara lögfræðinga til að reyna að koma í veg fyrir að sama fjmrn. og segist hér ætla að beita sér fyrir athugunum og könnunum, loki þessum sömu launakerfum og á að rannsaka. Það er staðreynd málsins. Þess vegna leyfi ég mér að fagna sérstaklega því sem kemur fram á bls. 2 í greinargerðinni þar sem segir að ríkisstjórnin ætli að skipa nefnd sem verði falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. En ég leyfi mér stórlega að efast um að hún geri það í öllum grundvallaratriðum. Hér eru ýmis góð fyrirheit. En þegar farið er að skoða raunverulegar gerðir þessarar ríkisstjórnar og hvaða áhrif þær hafa á stöðu kynjanna er allt annað upp á teningnum.

Ég held að ákveðin áherslubreyting hafi átt sér stað í jafnréttisumræðunni á síðustu árum. Í upphafi síðasta áratugar þegar róttæk kvennasjónarmið komu til sögunnar var iðulega sagt: „Fellum valdastólana. Það mun gagnast jafnréttisbaráttunni best að skapa þjóðfélag með breyttum viðhorfum, breyttri grundvallarhugsun." Nú í seinni tíð eru áherslur aðrar. Nú er áherslan að komast í valdastólana. En þá vill gleymast sá munur sem verður á háum og lágum, láglaunafólki og hálaunafólki. Ofuráhersla lögð á hitt að jafnmargar konur og karlar sitji í stjórn fyrirtækja og stofnana og jafnmargar konur og karlar séu í nefndum og ráðum. Og það skiptir máli. Það skiptir máli að jafnræði sé með kynjunum í stjórn fyrirtækja, stofnana og í nefndum. Það skiptir máli. Og þetta hefur komið fram í máli hv. þingmanna sem hafa tjáð sig um þessi efni í dag. Það skiptir miklu máli. Ég er ekki að gera lítið úr því.

En mér finnst grundvallaratriði að spyrja: Hvað er að gerast þegar litið er á hinar breiðu láglaunastéttir kvenna annars vegar og hálaunastéttir hins vegar? Þar er munurinn að aukast. Eða er það í anda framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynja að bjóða út skúringar í skólum? Er verið að bæta hlut kvenna sem starfa við slík störf með slíkum útboðum? Eru þær breytingar sem verið er að gera á launakerfunum til þess fallnar að bæta stöðu láglaunakvenna? Ég held nú síður. En við fáum ekki upplýsingar um það vegna þess að sama ríkisstjórn og talar hér um upplýsingu lokar á upplýsingar. Ég held að við þurfum að fá nánari upplýsingar og umræðu um þessi efni og ég mun koma að því í seinni ræðu minni við þessa umræðu.

[15:19]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum sem hafa talað á undan mér að málið sem hér er verið að ræða er mjög mikilvægt, þáltill. um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Áður en ég vík að einstökum þáttum sem ég tel ástæðu til að gera að umtalsefni hér vil ég aðeins staldra við það sem kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrr í dag og velta þeirri spurningu líka inn í umræðuna hvort jafnréttismálin séu rétt staðsett vegna þess að eingöngu eitt fagráðuneyti ber þar ábyrgð.

Þegar við sjáum þessa framkvæmdaáætlun er ljóst að hún tekur til málefna allra ráðuneyta og þess vegna er rétt að við skoðum með opnum huga hvort þessum málum sé t.d. betur borgið hjá forsrn.

Mig langar til, með leyfi forseta, að vitna aðeins í þáltill. Þar segir orðrétt:

„Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar tímabilið 1998 til loka árs 2001 um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla er lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna er mannréttindamál."

Undir þetta get ég tekið af heilum huga og auðvitað er þetta í samræmi við það sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til í alþjóðlegum sáttmálum. Þar er staðfest að jafnréttismál eru mannréttindamál og ber að fara með sem slík.

Af mörgu er að taka í þessari áætlun, herra forseti. Ég vil fá að staldra við örfá þeirra atriða og byrja á því að ræða um forsjár- og umgengnismál. Það er mjög mikilvægt að kannað verði betur hvernig hægt sé að koma forsjár- og umgengnismálum í betri farveg með þarfir barna í huga. Auðvitað verður að líta á þessi mál fyrst og fremst sem réttindamál barna þó vissulega snerti það réttindi feðra og mæðra um leið. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni hefur m.a. verið falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar ..."

Ég vil í þessu sambandi minna á að vísindamenn eru þegar farnir af stað með slíka rannsókn hér á landi. Það eru þær Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir. Ég tel mikilvægt að vinna þeirra verði lögð til grundvallar þessari könnun sem dómsmrh. hyggst beita sér fyrir, en minni á um leið að mikilvæg reynsla hefur fengist í þessum málum í nágrannalöndum okkar og e.t.v. gætum við notað þá reynslu í æ ríkari mæli en við gerum og flýtt þar með fyrir úrbótum í þessum málum.

Í framkvæmdaáætluninni er talað um ýmsa hópa kvenna og er það vel. Ég tel að það endurspegli þá breyttu þjóðfélagsmynd sem við búum við á Íslandi í dag. Það er talað um nýja

stétt vinnukvenna. Ég veit ekki hvort allar eru vinnukonur en a.m.k. tek ég undir að mjög mikilvægt er að huga að stöðu aðfluttra kvenna. Talað er um konur sem flóttamenn og enn fremur er talað um könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur og að skrifstofu jafnréttismála verði falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur henti jafnt konum sem körlum. Undir þetta tek ég af heilum huga og tel þetta mjög mikilvægt því að þarna held ég einmitt að töluverð brotalöm sé á.

Ég sakna þess hins vegar í þessari upptalningu um konur, sem eru einhverra hluta vegna í erfiðri stöðu, að ekki skuli vera minnst einu orði á konur með fötlun. Vitað er að þær búa við tvöfalda mismunun. Það er annars vegar sú mismunun sem hlýst af fötlun þeirra og hins vegar sú sem hlýst af kynferði þeirra. Ég vil skora á hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því að inn í þennan þátt verði líka fellt ákvæði um að það beri að kanna þjóðfélagsstöðu þessara kvenna og koma með tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um mörg atriði sem ekki vinnst tími til að ræða á þessum stutta ræðutíma. Mig langar þó til þess að staldra við eitt þeirra atriða sem lýtur að þætti fjmrn. og varðar feðraorlof. Það er ljóst að einn þeirra þátta sem hefur verið talinn jákvæður fyrir frekari þróun í jafnréttismálum er réttur feðra til að taka orlof og fá greiðslu í fæðingarorlofi. Nýverið ákvað fjmrh. að feður sem starfa hjá ríkinu skuli eiga sjálfstæðan rétt til launaðs fæðingarorlofs í tvær vikur. Það er gott framtak og vonandi fylgja fleiri atvinnuveitendur í kjölfarið.

Eins og allir vita er meginreglan sú í dag að á Íslandi er fæðingarorlof í sex mánuði. Það getur orðið lengra, t.d. ef um fleirburafæðingu er að ræða. Einn mánuður af þessu orlofi er bundinn við töku móður. Síðan geta foreldrar skipt með sér orlofinu eftir því sem þeim hentar. Þessi réttur, sem er afleiðing af rétti móður, nær ekki eingöngu til réttar til orlofs heldur hafa stjórnvöld túlkað það svo að hann taki einnig til greiðslna. Þannig getur faðir sem tekur fæðingarorlof ekki fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins hafi móðirin ekki fengið slíkar greiðslur þaðan. Þær mæður sem starfa hjá ríki fá fæðingarorlof greitt frá atvinnuveitanda sínum en ekki Tryggingastofnun. Ríkið hefur því hafnað að greiða feðrum í sinni þjónustu laun taki þeir hluta af þessu orlofi og ef mæður eru einnig ríkisstarfsmenn eiga þeir hvergi rétt á greiðslu.

Virðulegi forseti. Kærunefnd Jafnréttisráðs hefur í þrígang fjallað um þetta mál og vil ég vitna í álit nefndarinnar frá árinu 1993 en þar segir, með leyfi forseta:

„Með framkvæmd almannatryggingalaganna stendur stór hluti feðra ... án nokkurs réttar til greiðslna, taki þeir fæðingarorlof og eru beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir" og sem virðist ekki hafa verið ætlun löggjafans."

Kærunefnd Jafnréttisráðs telur með öðrum orðum að synjun fjmrn. á greiðslum til feðra í fæðingarorlofi vera brot á jafnréttislögunum. Kærunefndin lætur nú reyna á þetta mál fyrir dómstólum og það er vert að minna á að sambærilegt mál er nú til umfjöllunar hjá Mannréttindadómstóli Evrópu.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum en ég ítreka að ég teldi það vera æskilegt að fleiri ráðuneyti og jafnvel forsrn. kæmu að þessari umræðu og því er ekki að leyna að það er söknuður að því að hvorki heilbrrh. né fjmrh. séu viðstödd þessa umræðu þar sem þetta snýr svo mjög að ráðuneytum þeirra.

[15:28]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þá tilraun sem hér liggur frammi til framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum til fjögurra ára. Einhvern veginn finnst mér ég hafa séð svona gögn áður og ég verð að segja það alveg hreinskilnislega að ég er ósköp hrædd um að nokkur bið verði á að slík áætlun, þó hún yrði framkvæmd, breytti í nokkru eða að nokkru verulegu leyti því samfélagi sem við lifum í. Og ég vona að það verði ekki tekið illa upp þó ég segi að ég efast enn þá meira um að hún breyti miklu til góðs.

Það er nefnilega skoðun mín, hæstv. forseti, að jafnréttisbaráttan sé á villigötum og sé búin að vera það lengi. Ég held að hún beri svolítinn keim af því að karlmenn sem að henni koma haldi að okkur langi óskaplega mikið til að vera alveg eins og þeir. Ég held að þetta sé bara rangt. Okkur langar ekkert til þess. Það sem við viljum er að fá að lifa í friði og sátt á okkar forsendum í samfélagi manna. Og því fyrr sem okkar góðu meðbræður skilja þetta því líklegri eru þeir held ég til þess að gera eitthvað af viti í þessum málum.

Við höfum öll a.m.k. tvö hlutverk í þessu lífi. Annað er að vinna samfélaginu allt það gagn sem við megum og hitt er að viðhalda því og það hlutverk er ekki það ómerkasta. Það er hlutverk okkar flestra að ala upp nýjar kynslóðir til að taka við því samfélagi sem við höfum byggt upp og það er þessi þáttur sem hefur verið með öllu lítilsvirtur. Hann er nefnilega nákvæmlega sá mikilvægasti vegna þess að ekki þarf að byggja upp samfélag ef við höfum ekkert fólk til að taka við því. Ég er ein af þeim sem hef umtalsverðar áhyggjur af framtíð þjóðarinnar vegna þess að ég held að við höfum vanrækt þá kynslóð sem er að taka við.

Við verðum að horfast í augu við þá ábyrgð sem við berum á börnum okkar. Það er okkar hlutverk, ekki skólakerfisins eingöngu, ekki leikskólakerfisins né menntakerfisins í heild, að ala upp vel skrifandi, vel talandi og vel hugsandi kynslóð. Foreldrarnir eiga að bera ábyrgð á því. Til þess að þeir geti gert það þurfa þeir að hafa tíma til þess. Íslenskir foreldrar hafa ekki þann tíma.

Ég er ekki alveg viss um að það sé æðsti vilji allra kvenna að taka þátt í stjórnmálum, sitja í nefndum og ráðum eða stjórna verksmiðjum landsins, en þær hafa ekkert val. Það er ekki boðið upp á að annað foreldri, t.d. konan — ég er ekkert feimin við að stinga upp á því — sé heima hjá börnunum á meðan þau eru að vaxa úr grasi. Ég held að það sé engin nauð. Ég tel að æðimargar konur viti fátt yndislegra en að vera með börnum sínum á meðan þau eru lítil og þurfa umhyggju. Ég ætla að leyfa mér að segja að ég átti þess kost að vera heima í fimm ár með litlu börnin mín og ég held að það sé einhver besti tími sem ég hef lifað. Ég er ekki í nokkrum vafa um að börnin búa að þessu enn þann dag í dag.

Nú er ég ekki að segja að þetta eigi allir að gera því auðvitað er til það fólk sem hefur ekkert gaman af að vera með lítil börn. Svoleiðis fólk ætti eiginlega ekkert að eiga börn en það er önnur saga. En þá eiga að vera til aðrir kostir.

Það sem mér finnst vanta í þessa framkvæmdaáætlun eru forsendurnar til að framkvæma hana. Fólk hefur of lág laun, hæstv. forseti, það býr í of erfiðu og dýru húsnæði. Það býr við óréttlátt skattkerfi. Það hefur oft og tíðum lélega leikskólaþjónustu, þó að Reykjavík sé þar svo sannarlega undantekning. Skólarnir taka vissulega í auknum mæli að sér uppeldi barna en ég er ekki viss um að það sé æskilegt.

Það er ekkert jafnrétti í því fólgið fyrir lítil börn að vera innan um tuttugu, þrjátíu æpandi börn, jafnvel í átta tíma á dag. Það er erfitt og börn hafa líka tilfinningar. Þetta er ekkert valfrelsi, a.m.k. ekki fyrir börnin.

Við sem viljum búa í frjálsu þjóðfélagi eigum að geta boðið upp á að hver hagi lífi sínu eins og hann helst vill. Auk þess lifum við í mörgum hlutverkum eins og frægt er orðið af kvikmynd Ingmars Bergmans um Fanny og Alexander. Þar var svo skemmtilega fjallað um þau hlutverk sem við höfum í lífinu og við m.a. skiptum um nöfn. Frá því að heita mamma heitum við amma. Þetta er yndislegt og hvert tímabil krefst sinna aðstæðna.

En þetta ágæta gagn er fyrst og fremst skrifræðislegt. Ef ég á að vera alveg heiðarleg er mér nokkuð sama hvort það er nokkrum konum færra eða fleira í ráðuneytum landsins ef þau eru vel mönnuð að öðru leyti. Ég vil frekar að þar séu starfandi hamingjusamir einstaklingar sem þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnunum sínum heima við. Ég held að við verðum hugsa þessi mál upp á nýtt.

Ég ætla ekki að fella neina sleggjudóma um kvennabaráttuna eða, ef menn vilja, jafnréttisbaráttuna sem hófst af fullum krafti upp úr 1960. Ef ég væri spurð um það hvort ég teldi hana hafa verið til góðs þá mundi ég gerast afar framsóknarleg og segja: bæði og. Ég er ekki viss. Ég held að margt hafi farið úrskeiðis en annað hafi verið til góðs. Auðvitað eru engin mannanna verk fullkomin.

Vinnutími hér á landi er allt of langur og það er ekki bæði hægt að ala upp börn og vinna í átta eða tíu tíma á dag. Það er ekki hægt. Þess vegna hljóma þessi neyðaróp nú um þjóðfélagið frá svokölluðum ofurkonum, því enn er byrðin að meira leyti á konunum þegar að fjölskyldunni kemur. Auðvitað erum við engar ofurkonur. Við viljum bara fá að vera í friði, ala upp börnin okkar, stunda þau störf sem við viljum stunda og getum stundað en við eigum að hafa frelsið til þess að velja. Þannig framkvæmdaáætlun langar mig að sjá næst.

[15:36]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég get tekið undir hvert orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Þó að hún hafi að mestu leyti rætt um fjölskyldumál þá tengjast þau að sjálfsögðu jafnréttismálum.

Jafnréttisumræðan er orðin ansi þreytt. Við höldum hér ræður og endurtökum sömu rökin aftur og aftur og þetta er þreytt umræða. Sum okkar hv. þingmanna trúa á lög og reglur og halda að þeir geti breytt hegðun fólks, heillar þjóðar, með reglugerðum og framkvæmdaáætlunum. Ég hef því miður ekki mikla trú á þessu. Misréttið vex. Nýlegar kannanir sýna að launamunur karla og kvenna vex og þátttaka kvenna í stjórnmálum er sáralítil.

Hvernig stendur á þessu? Ég tel að jafnréttisbaráttan sé algjörlega á villigötum, enda hefur Kvennalistinn og aðrir flokkar sem hafa tekið þessa baráttu upp á sína arma beðið skipbrot. Jafnréttisbaráttan, þessi gamla góða, hefur beðið skipbrot.

Og einmitt í dag fara hátekjukarlar með skattfríðindi í verkfall á meðan lágtekjukonur í fiskvinnslunni verða atvinnulausar og missa hugsanlega vinnuna vegna þess að þess er krafist að hátekjumennirnir fái enn þá hærri laun með því að hækka fiskverð uns frystihúsin ráða ekki við það. Menn eru því að auka launamuninn enn meira í dag.

Herra forseti. Í gærkvöldi ræddi ég við unga konu. Við vorum að ræða um ungt fólk, par sem við þekkjum bæði. Þau eiga lítið barn og það gerðist fyrir nokkru síðan að maðurinn varð atvinnulaus. Konan dreif sig út og fór að vinna, fékk vinnu eins og skot, en hvað gerist? Á leiðinni úr vinnunni þá kaupir hún inn. Þegar hún kemur heim þá tekur hún til matinn og tekur til í eldhúsinu eftir bóndann sem hafði séð um barnið. Svo skúrar hún um kvöldið og þvær þvotta. Breytum við þessu með framkvæmdaáætlun? Nei. Henni finnst þetta eðlilegt, merkilegt nokk, og honum líka. Hann er nefnilega „karlmaður".

Fæðingarorlofið gerir það að verkum að konur eru vandar á að vera heima frá fæðingu barns og sjá um heimilið, taka ábyrgð á rekstri heimilisins. Afleiðingin er sú að konan er heima ef eitthvað bjátar á og tekur að sér öll störfin. Hún er yfirlestuð, þetta er súperkona. Afleiðingin er sú að þessi kona er ekki í fullu starfi eins og karlmaðurinn þegar hún er að vinna. Hún ber nefnilega ábyrgð á öðru starfi annars staðar. Það gerir karlmaðurinn ekki. Þar af leiðandi er karlmaðurinn verðmætari á vinnumarkaðnum. Vegna þessarar afstöðu og líka vegna fæðingarorlofsins, sem kostar heilmikið, þurfum við að breyta þessu viðhorfi en við gerum það ekki með lögum. Ég hef ekki trú á því.

Herra forseti. Undanfarið höfum við orðið vör við mjög merkilegar breytingar á stjórnun. Forstjórar fyrirtækja hafa verið látnir fara í auknum mæli. Þeir hafa verið látnir hætta. Áður fyrr var vandinn leystur þannig þegar óhæfur stjórnandi var við stjórnvölinn að við hliðina á honum var ráðinn maður til að stýra fyrirtækinu og sá gamli látinn dankast áfram þangað til hann fór á eftirlaun. Nú er breyting á. Menn eru látnir fara, bara reknir samdægurs. Af hverju er þetta? Það er vegna þess að það er komin krafa um arðsemi. Ég hef margoft sagt að launamisréttið er vegna þess að arðsemiskröfuna vantar í fyrirtækin. Það þarf að gera þær kröfur að menn hafi ekki efni á því að ráða óhæfari karlmenn í starf sem hæfari kona gæti ráðið við og ódýrari jafnvel. Það þarf ekki að borga henni bifreiðahlunnindi.

Jafnrétti byggir á því að gerð sé krafa um arðsemi. Það er fáránlegt að ráða óhæfari manneskju í starf bara af því að viðkomandi er karlmaður. Jafnréttisbaráttan á því ekki að beinast að því að telja konur í nefndum og ráðum. Hún ætti fremur að beinast að því að gerð sé krafa um arðsemi, að hæfasti einstaklingurinn sé ætíð ráðinn, jafnt hjá einkafyrirtækjum sem hjá ríkinu.

Ég hef fullyrt að fátækur, ættlaus karl í röngum flokki — og ég fór í orðabókina út af umræðu hér áðan — ættlaus maður þýðir: sá sem á enga ættingja eða er af ætt lítt metinni. Það er ættlaus maður. Þessi maður er verr settur heldur en rík kona af réttri ætt í réttum flokki. Ég fullyrði það. (Gripið fram í.) (**RG:** Í hvaða flokki?) Til dæmis Alþfl. Það hefur hentað og nýst mjög vel undanfarið. (Gripið fram í.)

Þetta er því spurningin um jafnrétti fólks, ekki jafnrétti kynja. Þó við teljum konur endalaust í nefndum og ráðum, þá breytir það ekki jafnréttinu eins og ég gat um áðan. Ráðherra gæti ráðið móður sína, konu sína, dætur og systur í embætti og farið sínar leiðir til þess. Hann gæti fengið meðráðherra til þess að skipa þær, vikið á meðan, og þannig væri ekkert jafnrétti. En samt gætum við talið jafnmargar konur og karla þannig að það breytir engu.

Þessi framkvæmdaáætlun sem við ræðum hér er eflaust eitthvað til bóta en ekki mikið. Ég hef ekki mikla trú á henni. Mér finnst það niðurlægjandi fyrir konu ef hún á að fá stöðu

bara af því að hún er kona. Það er virkilega niðurlægjandi. Hún á að fá stöðu af því að hún er hæf til þess. Og ég hef trú á því að ef farið væri eftir hæfni manna þá mundi jafnrétti nást og þá yrðu jafnmargar konur og jafnvel fleiri en karlar í sumum stöðum.

Ég hef áður sagt það og spurt: Af hverju viljum við jafnrétti? Af hverju erum við yfirleitt að vilja jafnrétti? Nú, við getum talað um réttlæti. Ég vil t.d. ekki að systir mín sé hlunnfarin bara af því að hún er kona, eða móðir mín eða dætur. (**Gripið fram í:** Eða konan þín.) Eða konan mín, já. En þetta er ekki aðalmálið. Ég vil að manneskja með hæfileika, hvort sem hún er karl eða kona, t.d. hæfileikaríkur karlmaður í banka, eigi sjens á að fá bankastjórastöðu en ekki einhverjir stjórnmálamenn. Ég vil þetta. Það væri jafnrétti. Jafnréttið er ekki til staðar. Þær upplýsingar sem komu hér fram um bifreiðastyrki í bönkunum eru mjög einfaldar. Í bönkunum er óréttlætið ekki bara milli karla og kvenna. (**Gripið fram í:** Það er misrétti.) Það er misrétti, já. Það er vegna þess að í þessum bönkum hefur ekki verið gerð arðsemiskrafa hingað til. Þeim er alveg sama hvað reksturinn kostar.

Málið er að þjóðfélagið tapar á misrétti. Þegar óhæfari einstaklingur, karl eða kona, er ráðinn til starfa í staðinn fyrir hæfari mann, sérstaklega í stjórnunarstöður í stórum ríkisfyrirtækjum, þá er fyrirtækinu verr stjórnað og það kostar lifandis býsn fyrir þjóðfélagið. Þjóðfélaginu blæðir fyrir ójafnréttið. Þess vegna er svo mikilvægt að koma á jafnrétti. Það eru hrein efnahagsleg rök fyrir því að koma á jafnrétti, fyrir utan réttlætisrökin sem ég met líka og ekki síður. Ég vil að menn taki á honum stóra sínum og reyni að finna út úr því: Af hverju minnkar jafnréttið? Af hverju eykst launamunurinn? Hvernig stendur á þessu? Hvernig getum við lagað þetta?

[15:44]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Á Íslandi er risið stórfyrirtæki sem byggir á því hvað Íslendingar eru fróðir um ættir sínar. En nú er það komið fram hér í umræðunni að ættirnar geti jafnvel verið grunnurinn að misréttinu því sumir séu svo stórættaðir.

Ég hef nú aldrei hugleitt það hversu stór ætt liggur á bak við nafnið Blöndal, (**Félmrh.:** Mjög stór.) en ég hef heldur ekki áttað mig á því að menn þurfi að vera í réttum flokki til að þetta nýtist. Mér fannst eiginlega hv. þm. tala í nokkru líkindamáli, þ.e. hvort það væri Sjálfstfl., Alþfl., Kvennalistinn, (**Gripið fram í:** Eða Framsfl.) eða Framsfl. Það þarf að tala miklu skýrar svo menn átti sig á þessu. Það þýðir ekki að fara í kringum þetta eins og köttur kringum heitan graut. Ég skora á hv. þm. að gera hreint fyrir sínum dyrum: Hverjar eru þessar ættstóru konur sem hann telur að muni nú sigla fram og hafa sigur? Þá áttum við okkur á því hver flokkurinn er ef þetta er á dagskrá þannig að þingheimur verði upplýstari eftir.

Ég ætlaði að víkja að nokkrum atriðum sem mér virðast hafa þvælst fyrir lengi. Eitt er að ráðherrar hafa löngum sagt: „Þessir aðilar eiga að tilnefna og því ræð ég engu. Þeir tilnefndu karlmenn." Það er ekki nema ein leið til að leysa þetta og það veit ég að hæstv. félmrh. af sínu klækjaviti hefur fyrir löngu áttað sig á. Það er að gefa fyrirmæli um það að ekki verði farið eftir neinum tilnefningum nema viðkomandi tilnefni tvo. Annars vegar karl og hins vegar konu og svo velji ráðherrann á milli og tryggi að niðurstaðan verði í samræmi við þessa kenningu, 40–60 á annan hvorn veginn. Þetta er út af fyrir sig mjög einfalt og getur ekki verið mjög flókið. Það þarf enga fimm ára áætlun til að framkvæma þetta.

Hitt atriðið er að það þýðir ekki að hefja hér umræðu um jafnréttismálin á þann hátt að stilla karlpeningnum upp sem sakamönnum sem beri ábyrgð á því hvernig komið er. Sannleikurinn er nefnilega sá að við studdum fimm ára áætlun á sínum tíma. En ég játa það hér og nú að ég hef aldrei haft mikla trú á svona áætlanagerð vegna þess að þegar ég kynnti mér rússnesku áætlanagerðina þá var hún alltaf til fimm ára og það var alltaf niðurstaðan að hún hefði ekki tekist og menn eyddu aldrei mikilli umræðu í það hvers vegna hún hefði ekki tekist, heldur var ákveðið að fara af stað með nýja fimm ára áætlun. Bandaríkjamenn eru fyrir löngu búnir að leysa það mál og segja: Hvað gerir forsetinn á fyrstu 90 dögunum? Það held ég sé kjarni málsins. Snúa menn sér að þessu af alvöru eða ekki?

Ég ætla líka að gagnrýna það að mér finnst að konur hafi aðeins sótt fram í pólitíkinni en ekki á sviði efnahagsmála sem þær þó hafa haft nokkuð á hreinu hvað þær þyrftu að gera. Hvers vegna hættu þær við að stofna sparisjóðinn? Það er snjallasta hugmyndin sem fram hefur komið. Það var vísasti vegurinn til að færa konum völd í öllum bönkum Íslands ef þær hefðu gert það. Hvers vegna? Vegna þess að þá hefði karlpeningurinn orðið skíthræddur um að konur færðu sitt fjármagn úr bönkunum yfir í þennan banka nema þeir myndu auka völdin í hinum bönkunum. Þetta er einfalt lögmál og þetta lögmál gildir. En meðan þetta er ekki leyst og þær geta ekki sýnt fram á að þær séu búnar að stofna lánastofnun sem þjónar konum — „komið með peningana hingað" — þá nenna hinir ekki að taka mark á þessu og þrjóskast við og það kemur fram eftir ýmsum leikreglum hvernig þeir hafa farið í kringum þetta.

Annað atriði sem ég tel út af fyrir sig að hafi verið af hinu góða hefur verið framkvæmt að vissu marki og er Lánatryggingasjóður kvenna. Sannleikurinn er aftur á móti sá að hér er verið að tala um skiptimynt, hreina skiptimynt. Þetta ræður ekki úrslitum. Það sem þarf að skoða í þessu sambandi er hvort sjóðurinn sem verið er að tala um hér, Nýsköpunarsjóðurinn, er líklegur til að leysa þessi mál. Ég held hann sé ekki líklegur til þess og ég skal segja ykkur hvers vegna. Það er búið að taka ákvörðun um það að sjóðurinn ætlar fyrst og fremst að leggja fram hlutafé. Lægsta upphæð er 10 millj. og skilyrði sjóðsins fyrir að leggja fram hlutafé er að hann fái stjórnarformanninn í viðkomandi fyrirtæki, þ.e. ef konur stofna fyrirtæki og ætla að fá stuðning hjá Nýsköpunarsjóðnum, þá mega þær hér um bil eiga það víst að þær fá karlmann til að vera stjórnarformann í viðkomandi fyrirtæki. Mér sýnist því að þetta muni ekki leysa þetta mál. Ég held aftur á móti að sá sjóður sem einu sinni var notaður til að byggja upp atvinnulífið í landinu eigi að vera notaður í dag í þessu skyni og það er Atvinnuleysistryggingasjóður. Það á að nota hann í þessu skyni. Og hvers vegna á að nota hann í þessu skyni? Vegna þess að atvinnuleysi kvenna er miklu meira en atvinnuleysi karla. Það blasir við. Og allt bendir til þess að uppbygging atvinnulífsins í þjóðfélaginu í dag stefni í þá átt að mun meiri aukning verði í störfum sem karlmenn sækjast eftir en störfum sem konur sækjast eftir. Þess vegna held ég að það sé rökrétt hjá félmrh., svo hann eigi það ekki undir neinum öðrum ráðherrum, að beita sér fyrir því að farið verði í þá aðgerð að bjóða konum, sem vilja taka þátt í atvinnurekstri og leysa þann vanda sem þjóðfélaginu er á höndum við að afla nægra starfa fyrir konur, stuðning á

sviði fjármagns til að leysa þetta. Ef menn halda að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni, þá ætla ég að fullyrða að þessi aðferð var notuð um land allt á sínum tíma til að leysa staðbundið atvinnuleysi á hinum ýmsu stöðum um land allt.

Það er fleira sem kemur inn í þetta. Hvernig halda menn að það geti gerst, þegar lögmál framboðs og eftirspurnar er slíkt að miklu minni eftirspurn er eftir konum hlutfallslega í stöðunni og miklu meira offramboð af þeim en karlmönnum til starfa, að það jafnist út í réttlætisátt? Það gerist einfaldlega ekki undir þeim kringumstæðum. Og svo má segja til viðbótar að kerfið lekur. (Forseti hringir.) Það er nefnilega staðreynd að dælt er alveg stöðugt inn í samfélagið útlendingum sem fara í samkeppni um þau störf sem konur eru að vinna. Þetta er gert. Þetta var gert af hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma. Þetta er einnig gert nú af hæstv. félmrh. Páli Péturssyni. Ég fullyrði að meðan (Forseti hringir.) þetta er svona þá gengur dæmið ekki upp.

Nú er forseti staðinn á fætur þannig að ekki er um annað að ræða en að yfirgefa stólinn. En hvernig bregðast karlmenn við ef það á að dæla mönnum inn í þeirra stéttir? Þá er bara öskrað og sett á fulla ferð til að stoppa það.

[15:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er ekki að spyrja að því þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kemur inn á þing að hann flytur athyglisverðar ræður og kemur með merkilegar hugmyndir inn í umræðuna. Ég vil taka undir margt af því sem hann sagði, ekki síst það síðasta um sókn kvenna í efnahagslífinu. Þótt konur séu að verða þar heldur meira áberandi og sæki fram í atvinnurekstri hefur það þó ekki verið í neinum þeim mæli sem við höfum séð í öðrum löndum, hvort sem litið er til Norðurlandanna eða Bandaríkjanna. Það var einmitt vikið að því í þáltill. sem hér er til umræðu að ýmsar aðgerðir sem beitt hefur verið, t.d. í Bandaríkjunum, hafa gefist vel.

Mér finnst athyglisvert það sem hann sagði um Nýsköpunarsjóðinn og við þurfum nú að kanna það mál aðeins. Þótt konur stofni fyrirtæki og takist að ná í 10 millj. er ekki þar með sagt að Nýsköpunarsjóðurinn sendi þeim einhvern karlmann. Þeim gæti til hugar komið að finna konu til þess að veita stjórninni forstöðu. En þarna þarf að vera vakandi og vekja athygli á þessu sjónarmiði.

Býsna margt hefur komið fram í umræðunni í dag, hæstv. forseti. Hér hefur verið rætt um ofurkonuna og það mikla álag sem er á konum og í framhaldi af því var því haldið fram að minni áhugi væri en verið hefur á kvenfrelsisumræðu eða jafnréttisumræðu. Ég vil ekki fella neinn dóm um það. Mér hefur sýnst að þessi umræða væri býsna vakandi. Hins vegar vil ég segja að mér finnst við ekki hafa séð eins mikinn árangur nú um nokkurra ára skeið. Við höfum verið að hjakka mikið í sama farinu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að því að í umræðunni um jafnréttismál hefði verið mjög ríkjandi að auka hlut kvenna í stjórnmálum og í nefndum og ráðum. Þetta tengist þeirri umræðu sem hefur verið mjög áberandi og kölluð hefur verið: ríkisfemínismi, þ.e. að sjónir hafa mjög beinst að ríkiskerfinu, hinu opinbera. En að sama skapi — og það var rétt hjá hv. þm. — hefur umræðan um stöðu kvenna úti á hinum almenna vinnumarkaði, hlut þeirra í efnahagskerfinu og hvernig mætti bæta stöðu verkakvenna, verið mjög víkjandi. Ef ég hugsa til áranna þegar Rauðsokkahreyfingin starfaði og var með sinn verkalýðsmálahóp og hélt ráðstefnur um kjör verkakvenna, má glöggt sjá hve áherslurnar hafa breyst mikið enda hafa síðustu upplýsingar um launakjör leitt í ljós að verkakonur hafa dregist allmikið aftur úr í launum. Það sýna upplýsingar um kaupmátt. Ég get bent á að það verður Kastljósþáttur í Ríkissjónvarpinu annað kvöld um kjör verkakvenna og þessa þróun hjá þeim. Það er því hárrétt að áherslurnar hafa mjög mikið verið innan kerfisins ef svo má segja, hjá ríkinu og hjá sveitarfélögunum og það á auðvitað allt saman rétt á sér. En það má segja að umræðan hafi kannski verið býsna þröng.

Hér hefur líka verið spurt hvar jafnréttismálin eigi heima og þeirri spurningu varpað fram hvort betri árangur næðist ef þau væru vistuð annars staðar í ríkiskerfinu. Ég hef í sjálfu sér enga trú á því. Ef við horfum t.d. til Noregs þar sem staða kvenna, fjölskyldna og barna er með því besta sem þekkist í heiminum, þá hefur þar verið starfandi fjölskyldu- og barnamálaráðuneyti sem hefur skilað mjög miklum árangri. Þetta er spurning um áherslur og pólitískan vilja og auðvitað hugarfarið sem er ríkjandi í þjóðfélaginu.

Vakin hefur verið athygli á því að samkvæmt þessari tillögu er ekki reiknað með miklum peningum í jafnréttismál. Ég held að margt af því sem á að fara að framkvæma hljóti að kosta peninga. Þær aðgerðir sem á að grípa til á næstunni, og við hljótum að gera kröfu um að verði fylgt eftir, hljóta að kosta peninga eigi þær að koma að einhverju gagni.

Ég vék í máli mínu fyrr í dag að einstaka ráðuneytum og ég vil koma sérstaklega að landbrn. í framhaldi af orðaskiptum okkar hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að ekki er verkefnalisti landbrn. langur. Ég held einmitt að það sé dæmi um ráðuneyti sem þarf verulega að taka sér tak. Það kom í ljós í síðustu áfangaskýrslu um framkvæmd jafnréttisáætlunarinnar að landbrn. stóð sig langsamlega verst hvað varðar skipan kvenna í ráð og nefndir og ég held að það sé margt fleira sem þar þarf að skoða, m.a. í tengslum við að reyna að efla sveitir landsins og draga úr því að t.d. konur flytji þaðan. Ég tók með mér í ræðustólinn plagg frá hollenska landbúnaðarráðuneytinu, sem ég á, og er jafnréttisáætlun hollenska landbúnaðarráðuneytisins þar sem þeir leggja megináherslu á að auka hlut kvenna í allri ákvarðanatöku og stjórnun og að styðja þær með margvíslegum hætti til frumkvæðis og til sjálfstæðrar þátttöku í atvinnulífinu og þetta held ég að landbrn. þurfi að athuga mun betur.

Það er margt í þessari áætlun sem væri spennandi að velta fyrir sér en ég ætla að lokum aðeins að nefna menntmrn. Það er tvennt sem ég vil nefna. Ég held að í menntamálum væri ástæða til að beita sér mun ákveðnar að starfsvali, bæði pilta og stúlkna, karla og kvenna en starfs- og menntunarval hefur verið ótrúlega einhæft hér og ekki í neinu samræmi við það sem við höfum séð í öðrum löndum.

Ég vil líka nefna íþróttamálin en það er einmitt dæmi um að menn hugsa ekki í samhengi, þ.e. að um leið og menntmrn. ætlar að beita sér fyrir íþróttauppeldi stúlkna, þá liggur fyrir frv. til nýrra íþróttalaga þar sem ráðuneytið virðist ekki gera sér nokkra grein fyrir því að þetta tvennt kunni nú að tengjast og að lögin um íþróttir, hin almennu lög um íþróttir, þurfi hugsanlega á því að halda að þar sé greint á milli þarfa karla og kvenna, drengja og stúlkna, og einmitt þar sé möguleikinn á að samþætta og beita áhrifum til að auka hlut kvenna í íþróttum. En eins og nýlega hefur verið vakin athygli á, hæstv. forseti, er mjög mikið og alvarlegt misrétti ríkjandi (Forseti hringir.) í íþróttamálum og það er eitthvað sem stjórnvöld hljóta að taka á í ljósi þess fjármagns

sem veitt er til íþróttamála og á auðvitað að skilyrða að því sé skipt nokkuð jafnt milli karla og kvenna.

[16:03]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Undir lok fyrri ræðu minnar í dag vildi ég koma inn á orð og athafnir ríkisstjórna. Það er mikilvægt að halda því vel vakandi að hver einasti ræðumaður í dag hefur talað um markmiðssetningarnar í þessari framkvæmdaáætlun, tekið undir þær, fagnað því sem hefur verið nýtt í henni, en allir hafa látið í ljós áhyggjur yfir að þrátt fyrir hin fögru orð sem ríkisstjórnin hefur sett fram hefur okkur miðað of hægt fram á veg.

Virðulegi forseti. Fyrsta framkvæmdaáætlunin náði til ársins 1986–1990. Önnur framkvæmdaáætlunin náði yfir tímabilið 1990–1994 og ég lýsti því hversu góðar markmiðsáætlanir þær voru. Þriðja framkvæmdaáætlunin tók gildi 1991 og náði til ársins 1994 og fjórða framkvæmdaáætlunin stóð frá 1993 til ársloka 1997. Við erum nú að fjalla um fimmtu framkvæmdaáætlunina til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég verð að viðurkenna að oft á þessum árum hef ég verið með vissa hugljómun yfir því sem menn settu sér fyrir og væntingar um hvaða áhrif það mundi hafa á möguleika kvenna í karlasamfélaginu sem við höfum hingað til búið við.

Ég vil líka nefna að í inngangi þessarar framkvæmdaáætlunar segir að leiðarljós framkvæmdaáætlunarinnar sé að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Hérna hefur því líka verið fagnað að hið nýja orð, samþætting, er nú komið inn í áætlunargerð ríkisstjórnarinnar. En það er ekki svona einfalt vegna þess að í fyrri framkvæmdaáætlun, sem tók gildi í maí 1993, segir að þessi áætlun byggi á þeirri hugmyndafræði að flétta þurfi jafnréttissjónarmiðin inn í starfsemi opinberra stofnana. Sú mikla og góða áhersla hefur verið í gildi í fjögur ár en þrátt fyrir það höfum við ekki getað séð samþættinguna í framkvæmd ríkisstjórnar t.d. á þessu kjörtímabili. Ég vil líka minna á það, virðulegi forseti, sem hér hefur verið bent á af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að gerðar voru jafnréttisáætlanir ríkisstofnana frá því í mars 1991 og næstu tvö, þrjú árin og voru þær mjög mikilvægar. Ekkert slíkt hefur leitað sína leið inn í framkvæmdaáætlun í kjölfarið og ég spyr sérstaklega um það hvort félmrh. hyggist kalla eftir slíkum jafnréttisáætlunum til að efla vitund stofnana ríkisins í jafnréttisátt.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um nokkrar greinar sem er að finna í frv. Ég held t.d. að mjög mikilvægt sé, að það áform komist í framkvæmd að öll tölfræði verði kyngreind vegna þess að ég tel að allar upplýsingar sem unnar eru og sýna svart á hvítu stöðuna hjá konum og körlum hjálpi okkur að finna leiðirnar út úr vandanum. Ég er líka alveg sannfærð um að gagnlegt verður að fá nefnd sem kannar með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna vegna þess að ég er sannfærð um, að því máli er enn mjög ábótavant, því miður. Það væri hægt að gera mikla betur.

Ég ætla líka að leggja áherslu á þriðja atriðið sem er í inngangsverkefni ríkisstjórnar og það er að nefnd eigi að leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Á öllum Norðurlöndunum hafa konur farið fram undir slagorðinu — hela lönen, halva makten — sem þýðir ósköp einfaldlega að konur eiga að fá full laun fyrir sömu störf og þær eiga að hafa helming valdanna. Þetta er svo einfalt. Það er hægt að fara fram í raun og veru með eina markmiðsgrein og hún er þessi: Full laun og helmingur valdanna. Ekki vegna þess að konur séu valdasjúkar og heimti völd til að hafa völd, heldur hvar sem konur koma að kjötkötlunum til jafns við karla, hvort heldur er í opinberum nefndum og ráðum, hvort heldur að vera helmingur þingmanna á löggjafarsamkundunni, ég tala ekki um að vera helmingurinn í ríkisstjórn — það er þá sem sjónarmið kvenna fara að skila sér í blandaðan hóp karla og kvenna þannig að áhrif kvennanna sýni sig í verki. Þetta hefur ekki gerst í karlasamfélaginu sem við höfum búið við fram að þessu og þess vegna erum við ekki komin lengra. Svo einfalt er það.

Fyrr í dag barst endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum í tal í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og að það hefði mikil áhrif á möguleika kvenna að komast t.d. á þing. Það er ekki nokkur vafi og ég tek undir það að eitt af þeim kerfum sem mundi þar geta breytt miklu er að landið yrði eitt kjördæmi. Ég tek líka undir það að erfitt er að sjá að sú nefnd sem nú skilar tillögum til þingsins geti um leið lagt fyrir okkur sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa. Nefndin er að fara að skila tillögum til okkar um hvað hún treystir sér í núna. Það er ágætt, við skulum skipa nefndir og fleiri nefndir. En við erum að nálgast aldamótin og það eru óteljandi nefndir búnar að vera að störfum og við skipum alltaf nýjar og nýjar nefndir en þokumst áfram.

Virðulegi forseti. Annað gerólíkt sem ég ætla að nefna er liður 2.8 á bls. 4, sem er um forsjár- og umgengnismál. Ég tek heils hugar undir það sem þar kemur fram. Þetta er þáttur sem þarf að skoða mjög vel, en ég bendi líka á að af stjórnarandstöðunnar hálfu liggja mjög fín þingmál fyrir í þinginu um þau mál og sem við munum væntanlega benda á þegar við vinnum þetta í nefnd.

Aðeins um aukna virkni kvenna í stjórnmálum og af því að ég dró inn í umræðuna ofurkonuna í dag, ofurkonuna sem er ekki svo mikil ofurkona að hún sé að gera allt jafn vel eða betur en karlarnir, ofurkonuna sem hefur tekið að sér of mikil verkefni í löngun sinni eftir að standa jafnfætis. Það er ekkert í þessu plaggi sem víkur að stóra málinu sem íþyngir ofurkonunni, nefnilega verkaskiptingunni á heimilunum. Konur verða að standa frammi fyrir þeirri óþægilegu spurningu hvort þær hafi haldið of lengi og of fast í sameiginlegu verkefnin þar og haldið þeim öllum á sinni könnu samhliða því að leita út og ákveða að standa jafnfætis körlunum úti á vinnumarkaði, í pólitíkinni, í félagsstörfunum og annars staðar þar sem hugurinn leitar til starfa. Og sé það niðurstaðan að konan hafi haldið í of ríkum mæli í verkefnin á heimilunum, þá verðum við að standa frammi fyrir því að leita leiða þar.

Virðulegi forseti. Ég hefði einnig viljað ræða um konur og atvinnuleysi vegna þess að félmrh. hefur gefið til kynna að ákveðinn hópur atvinnulausra kvenna sé í rauninni ekki atvinnulausar konur heldur konur sem kjósi að vera á atvinnuleysisbótum heima hjá litlum börnum eða börnum á skólaaldri. Hvað segir þetta okkur? Við höfum ekki svarað samfélagslegu kröfunni um að konur (Forseti hringir.) með ung börn eða konur með börn á skólaaldrei geti farið út á vinnumarkaðinn, geti skipt með sér verkum með maka sínum og verið að afla tekna til jafns við hann. Þess vegna hef ég sagt, virðulegi forseti, — og auðvitað er ég búin að ljúka seinni ræðu minni án þess að ljúka á nokkurn hátt þeirri umfjöllun sem ég hefði kosið, enda er umræðan þess eðlis

— en þetta segir okkur það sem ég vék að í máli mínu í fyrri ræðu minni, að samfélagslegar aðgerðir vantar (Forseti hringir.) sem kosta peninga til að konur geti staðið jafnfætis körlum, til að fjölskyldur geti sinnt hlutverki sínu samhliða því að konur og karlar eru úti á vinnumarkaði og vinna þar hlið við hlið, jafngild.

[16:12]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni lagði ég áherslu á mikilvægi samþættingar og að hér skorti bæði pólitískan vilja, fræðslu, fjármagn og stofnanir til eftirfylgni til að sú stefna komist í framkvæmd. Ég tel því að í raun þurfi ný jafnréttislög með mun sterkari stofnunum sem sjá um eftirfylgni og tilheyrandi fjármagn. Ég vil því nota tækifærið og spyrja hæstv. félmrh. hvort þessi ríkisstjórn fyrirhugar að setja fram ný jafnréttislög á kjörtímabilinu.

Áður en ég kem aftur að málefnum einstakra ráðuneyta vil ég ítreka að það er ótrúlegt þegar litið er yfir núgildandi jafnréttislög hvað hægt miðar samanber t.d. 2. gr. sem er um jafna möguleika til atvinnu og launa, 3. gr. um jákvæða mismunun sem er mjög lítið notuð hér, 4. gr. um jöfn laun fyrir sambærileg störf, 10. gr. um jafnrétti og jafnréttisfræðslu sem lagt er til í skólum, 11. gr. um auglýsingar sem oft eru brotnar, þ.e. jafnrétti í auglýsingum og 12. gr. um jafnrétti kynjanna í nefndum og ráðum ríkisins. Þessar greinar eru meira og minna þverbrotnar og hefur það verið gert í 20 ár.

Kaflinn um viðurlög í núgildandi lögum er allt of veikur þó að ljóst sé af 22. gr. að þeir sem brjóta lögin eru skaðabótaskyldir. Að óbreyttum lögum virðist því nauðsynlegt að nota dómstólana meira en tíðkast hefur hérlendis, eitthvað í ætt við það sem t.d. er í Bandaríkjunum.

Á undanförnum dögum hafa komið fram sláandi upplýsingar, t.d. varðandi launamun kynjanna og á ég þar einkum og sér í lagi við verkakonur og afgreiðslufólk. Þar virðist tímakaup kvenna hreinlega vera æ lægra hlutfall af tímakaupi karla. Þó hafa einnig komið fram góðar fréttir og þar vil ég nefna nýfallinn hæstaréttardóm vegna fæðingarorlofs feðra. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, fyrst hann er viðstaddur, hvaða áhrif hann telur að hinn nýfallni dómur hafi á fæðingarorlof feðra í þjóðfélaginu. Mun þetta ýta við ríkisstjórninni til að breyta lögunum þannig að bæði kynin fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og meira en þær tvær vikur sem hingað til hafa fengist?

Herra forseti. Næst kem ég stuttlega að einstökum ráðuneytum. Ég byrja á forsrn. Í lið 1.2. virðist mér klórað í bakkann varðandi jafnrétti og upplýsingaþjóðfélagið. Ég vona svo sannarlega að þarna takist betur til en gerðist við mótun núverandi stefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna var mótuð af nefnd sem í voru að mig minnir átján karlar og tvær konur.

Í kaflanum um félmrn. fagna ég sérstaklega liðum 3.1, 3.2 og 3.15 sem fjalla um jafnréttisumsögn, fræðslu um jafnréttismál og um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Þetta eru allt mál sem kvennalistakonur hafa flutt sérstök frumvörp um á Alþingi og ég tek það svo að þetta sé vísbending um að ríkisstjórnin ætli að styðja þessi mál og hleypa þeim í gegnum þingið. En ég spyr þá einnig: Hvenær hefst t.d. framkvæmdin á lið 3.1? Þessi áætlun á að taka gildi frá byrjun árs 1998 og ég vildi gjarnan sjá að stjfrv. væru greind þannig að fram komi áhrif þeirra á bæði kyn.

Þá vil ég sérstaklega nefna eitt atriði enn og það er úr fjmrn. Þar eru mörg áhugaverð verkefni en ég sakna sérstaklega eins hinna mikilvægari, það getur hugsanlega tengst lið 3.1, en það er að sjálft fjárlagafrv. sé kyngreint. Þar sé greint hversu mikið fjármagn af fjárlögum ríkisins fer til sérþarfa, atvinnumála og þátta er tengjast konum annars vegar og körlum hins vegar. Þetta hefur verið reynt sums staðar í nágrannalöndunum og t.d. í Suður-Afríku. Ég vildi mjög gjarnan spyrja hvort eitthvað standi til að gera í þeim efnum.

Herra forseti. Tíminn er stuttur. Ég ætla ekki að fjalla frekar um einstök verkefni en vil að lokum taka undir það sem hér hefur komið fram um ofurkonuna. Það er rétt að þessi grein um ofurkonuna sem birtist í dagblaði hefur vakið mikla umræðu meðal íslenskra kvenna. Kannski tengist hún að einhverju leyti bakþönkum þeim sem fram komu í ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur áðan.

Ég fór sjálf að taka þátt í stjórnmálum vegna þess að ég vildi að þjóðfélagið breyttist í takt við það að bæði kynin eru úti á vinnumarkaðnum. Þetta hefur verið erfið breyting. Margt hefur breyst til batnaðar, t.d. í dagvistarmálum og skólamálum frá því árið 1980, þegar ég fór að fylgjast með þessu, þó enn sé margt óleyst. Samt virðist ljóst að til þess að árangur náist þarf margar konur í valdastóla. Það þarf þennan „krítiska massa" kvenna eins og núv. borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur orðað það. Þá má loks búast við að átak eigi sér stað.

Þessi ríkisstjórn með einn kvenráðherra er að mínu mati alls ekki trúverðug í jafnréttismálum þó að vissulega sé mikilvægt að karlmenn sinni jafnréttismálum eins og hæstv. félmrh. hefur lýst. Reynslan sýnir því miður að karlmenn hafa ekki sama áhuga á þessum málum. Ég bind þó vissulega vonir við unga karla og t.d. starf karlanefndarinnar en hún hefur verið kröftug rödd í jafnréttisumræðunni að undanförnu. En ég vil þó, hæstv. forseti, leyfa mér að láta í ljós þá skoðun að ég tel að það hafi verið mikil einföldun hjá starfsmanni karlanefndarinnar að fæðingarorlof til karla mundi leysa ofurkvennavandann. Vissulega er það mikilvægt að karlmenn taki strax þátt í uppeldi barna sinna en ég er hrædd um að meira þurfi að koma til. Aðalmálið er að núverandi ríkisstjórn átti sig á að það er ekki nóg að hafa áhugasama femókrata í ráðuneytum. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Það þarf kvenstjórnmálamenn þannig að jafnræði ríki í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Þá fyrst er hægt að gera ráð fyrir því að jafnrétti verði, jafnt á forsendum kvenna og karla.

[16:21]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan vakti ég athygli á því að meðal þess sem verið er að leggja til í þessari þáltill. er að nefnd forsrh. um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga eigi í skýrslu sinni að leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Hv. þm. sem rétt í þessu var að ljúka máli sínu situr í þessari nefnd eftir því sem ég best veit. Af því að ég veit að hv. þm. er mjög áhugasöm um þessi málefni, væri mjög fróðlegt að hv. þm. greindi okkur aðeins frá því. Þetta er sérstaklega nefnt í tillögu þeirri sem hér er til umræðu og fróðlegt væri að fá að vita hvort nefndin hefur látið vinna að þessu máli. Ég vek athygli á því að hér er verið að tala um sérstaka úttekt, ekki þýðingar á plöggum frá útlöndum heldur sérstaka úttekt. Þetta er mjög viðurhlutamikil athugun, enda alveg augljóst að vegna sérstöðu Íslands getum við ekki annað en stuðst við okkar eigin frumrannsókn á þessu sviði.

Nú vildi ég spyrja hv. þm., vegna þess að ég veit að þessi mál eru komin á nokkurt skrið, hvernig eða hvort nefndin hafi á einhvern hátt unnið að þessu. Er það þá ekki ljóst að forsenda þess að hægt sé að leggja fram tillögur að nýjum kosningalögum sé að slík úttekt hafi farið fram? Lægi þá klárlega fyrir hvaða áhrif þær breytingar á kosningalögum sem til yrðu lagðar hefðu á stöðu kvenna og möguleika til þess að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórnar?

[16:23]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom inn á þessi mál í fyrri ræðu minni en þá var hv. þm. ekki í salnum. Ég nefndi þessa grein sérstaklega. Ég nefndi jafnframt að ég hefði þegar beðið um upplýsingar af þessum toga í nefndinni en ég fagna auðvitað að þetta skuli vera inni í jafnréttisáætlun á þessu stigi málsins. Greinin er ekki þar á mína ábyrgð en ég mun svo sannarlega fylgja því eftir að þessar upplýsingar komi fram í nefndinni.

Ég vil að lokum taka undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um kvennabanka. Ég skora á íslenskar konur að stofna sérstakan sparisjóð. Það yrði kannski til þess að bankarnir ráði kvenbankastjóra og geri betur við kvenfólk í launa- og risnumálum þeirra, eins og hér hefur verið rætt á Alþingi. Þannig mundu þeir jafnvel taka við sér eins og Ingvar Carlsson gerði þegar hótun um sérframboð kom fram í Svíþjóð.

[16:24]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. hefur beðið um þessar sérstöku upplýsingar varðandi áhrif mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Ég er sammála hv. þm. um að þetta er algert grundvallaratriði ekki síst í ljósi þessa plaggs sem við ræðum hérna. Því vil ég spyrja hv. þm. hvort hún sé ekki sammála mér um það að forsenda þess að hægt sé að ljúka vinnu að endurskoðun kosningalagafyrirkomulagsins sé að þessar upplýsingar liggi fyrir og menn séu, þegar tillögur nefndarinnar verða lagðar fram, alveg klárir á því hvaða áhrif það hefur á möguleika kvenna til þess að hljóta kjör á Alþingi eða í sveitarstjórn.

Erum við ekki sammála um að mikilvægt sé að efla hlut kvenna í stjórnmálum? Erum við ekki sammála um að mikilvægt sé að hlutur kvenna verði stærri á Alþingi heldur en er í dag? Erum við ekki sammála um að við viljum ekki verða eftirbátar Norðurlandaþjóðanna hvað þetta áhrærir? Er þá ekki alveg ljóst, þegar við erum að taka ákvarðanir um grundvallaratriði eins og kosningalagafyrirkomulagið, að kosningalögin í sjálfu sér bæti hlut kvenna að þessu leyti? Getum við þá gengið frá kosningalagafyrirkomulagi eða tillögum að breyttri kördæmaskipan án þess að vera alveg viss um það að þessar nýju tillögur hafi tilætluð áhrif? Er þá ekki alveg ljóst að til þess að þetta sé hægt verði að fara fram sérstök úttekt á íslenskum forsendum? Auðvitað eru kosningalög mjög misjöfn, kosningakerfi eru misjöfn, kjördæmaskipun er hefur mismunandi áhrif. Við verðum að skoða þetta í ljósi íslensks veruleika.

[16:26]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sannfærð um að sú nefnd sem nú er að störfum getur lokið störfum sínum á þeim tíma sem ætlaður er til þess, þ.e. með vorinu og í sumar. Ég tel auðvelt að komast yfir þessar upplýsingar. Með nefndinni eru góðir starfsmenn og ég tel víst að þessi vinna styrki það að þetta sjónarmið verði haft að leiðarljósi í vinnu nefndarinnar.

[16:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég kem nánast til að ljúka ræðu minni sem ég fékk ekki lokið í fyrri umganginum. Ég hafði farið nokkrum orðum um þáltill. í heild sinni og tekið undir margt sem þar er fram sett. Sérstaklega tók ég undir þá nýhugsun sem kölluð hefur verið samþætting, að jafnréttissjónarmið skuli samþætt allri opinberri stefnumótun, og vék að því nýmæli að félmrn. hyggst kanna og fara yfir alla lagasetningu sem ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi með þessi jafnréttissjónarmið í huga. Þetta finnst mér vera jákvætt.

Ég tók undir ýmsa aðra þætti, hugmyndir um upplýsingaöflun, en gagnrýndi jafnframt að á sama tíma og talað væri um upplýsingu væri lokað á upplýsingar. Í því sambandi vék ég að því sem er að gerast í launakerfinu á vegum fjmrn. og hæstv. fjmrh.

Að lokum ætlaði ég að koma að því sem er að gerast í launamálum almennt. Ég hélt því fram að verið væri að smíða kerfi sem til þess væri fallið að auka launamun, ekki síst milli karla og kvenna. Hv. þm. Pétur Blöndal tók af mér ómakið. Hann lýsti þessum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar, sagði reyndar að þær væru til þess fallnar að draga úr launamun kynjanna og talaði um að markaðsvæða launakerfið. Þó að hann notaði ekki þau hugtök lagði ég þann skilning í orð hans. Ég skildi hann svo að mikilvægt væri að koma á einstaklingsbundnum kjarasamningum þar sem einstaklingurinn gæti notið sín, konur ekki síður en karlar. Ef fyrirtækin hefðu arðsemissjónarmið að leiðarljósi mundi það draga úr launamun kynjanna.

Þetta kann að eiga við um tiltekna hópa í launakerfinu. En ég er jafnviss um að markaðsvæðing launakerfisins á þeim forsendum sem hér var talað um, með einstaklingsbundnum kjarasamningum, er sannanlega til þess fallin að auka launamun. Þegar arðsemissjónarmiðin ein ráða ýtir það enn undir þennan launamun. Þetta er einmitt að gerast í launakerfinu núna. Valdinu er dreift og einstökum stofnunum fært vald um launamyndun innan sinna veggja. Það ræðst af þeim fjármunum sem viðkomandi stofnun hefur milli handa.

Það segir sig sjálft að sumar stofnanir hafa úr meiru að spila en aðrar, t.d. í orkugeiranum, ef við tökum hann annars vegar og síðan uppeldis- og heilbrigðisstofnanir hins vegar. Þær eru flestar hverjar fjársveltar á sama tíma og hinar hafa fjármuni milli handa. Það mun síðan gerast að einstaklingar sem sinna sama starfi, t.d. annast símavörslu í rafmagnsveitustofnun annars vegar og spítala hins vegar, munu verða á ólíkum kjörum. Þá er aðeins eftir að spyrja: Hvar starfa karlarnir og hvar starfa konurnar? Konurnar starfa almennt hjá stofnunum sem eru fjársveltar en karlana er fremur að finna í stofnunum sem hafa meiri fjárráð. Ég er sannfærður um að allt þetta mun verða þess valdandi að launamunur muni aukast og þá einnig launamunur milli karla og kvenna. Þessu ber að sporna við og þess vegna sagði ég í fyrri ræðu minni og ítreka aftur að ég tel mikilvægt að ríkisstjórnin ætli að láta kanna sérstaklega hvort og hvernig opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna og í því sambandi þurfi ríkisstjórnin að kanna afleiðingar eigin gjörða.

[16:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka fyrir umræðuna. Hún hefur verið ágæt og ákaflega málefnaleg. Framkvæmdaáætlunin hefur fengið afar góðar viðtökur. Þeir sem hafa helst verið með einhverjar efasemdir hafa þá flutt snilldargóðar ræður og sem hafa líka verið mikilsvert innlegg í umræðuna.

Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín sem ég reyni að svara eftir því sem ég hef tækifæri til. Spurt hefur verið að því hvernig unnið hafi verið úr síðustu framkvæmdaáætlun. Ég hef ekki á takteinum ný svör. Hins vegar sést staðan í yfirferð í skýrslu sem ég lagði fyrir Alþingi í hittiðfyrra. Ég hef ekki nýrri upplýsingar en ég tel víst að hv. félmn. hafi tækifæri til að kanna hvernig önnur ráðuneyti hafa staðið sig. Ég get hins vegar upplýst að við fórum í naflaskoðun í félmrn. í þessu efni nú í vor eða sumar og annaðhvort var búið að vinna þau verk eða unnið var að þeim verkum sem félmrn. voru ætluð fyrir utan eitt. Ekki var búið að skipa jafnréttisfulltrúa sem var á verkefnaskrá félmrn. en nú er búið að ganga frá því máli.

Ég tel að það sé meginstyrkur jafnréttisáætlunarinnar og það sem hún hafi fram yfir aðrar, fyrir utan það að líklega hefur verið lögð meiri vinna í undirbúning núna en nokkurn tíma áður, að allir núverandi ráðherrar eru samþykkir þeim verkefnum sem til þeirra er beint og hver og einn hefur lagt mikla vinnu í áætlunina. Ég nefni sérstaklega hæstv. menntmrh. sem hefur lagt mjög mikla vinnu í verkefni menntmrn. og fyrir það er ég mjög þakklátur.

Það er rétt að ekki er samræmi í verkefnafjölda á milli ráðuneytanna en verkefnasvið ráðuneytanna er ólíkt og ég neita því ekki að einhver áherslumunur kunni að vera hjá ráðherrunum innbyrðis um hvað þeir eru áhugasamir um jafnréttismál.

Ég tel að einn af merkustu þáttunum af mörgum merkilegum í áætluninni sé að kanna hvernig hægt væri að auka þátttöku kvenna í stjórnmálastarfi því að aukin þátttaka kvenna í stjórnmálastarfi er lykill að aukinni þátttöku í trúnaðarstörfum, auknum áhrifum í pólitík. Pólitískir forustumenn koma fyrst og fremst úr grasrótinni og það er eðlilegt. Því miður er þátttaka kvenna í almennu stjórnmálastarfi miklu minni en karlanna. Ef hægt væri að laga þetta mundi hitt lagast af sjálfu sér, þ.e. konum fjölga í áhrifastöðum í stjórnmálum og áhrifastörfum í þjóðfélaginu.

Nú er jafnrétti ekki kvennamál heldur er það mál beggja kynja. Á þeim fundum sem ég hef sótt til undirbúnings áætluninni eru nokkur umkvörtunaratriði sem heyrast aftur og aftur. Hjá konunum er það fyrst og fremst launamunurinn og hjá körlunum er það vandamál í sambandi við forræði barna. Þegar hjón sem eiga börn skilja er dómapraksísinn þannig að í hér um bil öllum tilfellum fær móðirin forræðið og faðirinn missir ekki einungis heimilið heldur líka sambandið við börnin. Það er miklu frekar að föðurforeldrar haldi sambandi við börnin en hinn fráskildi eiginmaður. Ef hjón skilja í mikilli sundurþykkju getur það skapað óskaplegar sálarkvalir hjá föðurnum. Ég tel að þetta sé eitt af því sem mjög brýnt er að laga og þurfi að rétta hlut karla í þessu efni. Ég fagnaði því mjög þegar ég komst á snoðir um að merkileg rannsókn er að fara í gang á vegum háskólans hjá dr. Sigrúnu Júlíusdóttur sem er rannsóknarverkefni um sameiginlegt forræði. Mér var sérstök ánægja að fá tækifæri til að styrkja það verkefni fyrir hönd félmrn.

Hér hefur verið minnst á karlanefndina og ég held að það sé maklegt. Við höfum að því leyti til tekið forustu meðal Norðurlandaþjóðanna og í sumar gengum við norrænir jafnréttisráðherrar frá áætlun sem var unnin undir forustu formanns íslensku karlanefndarinnar.

Varðandi launamun kynjanna höfum við verið með tilhlaup í að laga það og er fyrst að nefna kynhlutlaust starfsmat sem við höfum lagt mjög mikið í í ráðuneytinu og er í gangi núna og væntanlega koma þaðan niðurstöður í vor.

Annað mál sem hefur hallað á konur er réttleysi sveitakvenna. Þær hafa t.d. ekki haft aðstöðu til að fá atvinnuleysisbætur þó að þær hafi verið atvinnulausar. Það er að lagast með nýjum lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Lagaleg staða kvenna á Íslandi er betur tryggð en í flestum eða öllum öðrum löndum. Það var mjög lærdómsríkt að mæta fyrir hönd Íslands fyrir sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám mismununar gagnvart konum en ég fékk tækifæri til þess snemma árs 1996. Ég tel og það var niðurstaðan að við stöndum allvel á heimsvísu í þessu efni.

Áðan var minnst á stöðu kvenna innan kirkjunnar. Það er skoðun mín að innan fárra ára muni konur ráða kirkjunni vegna þess að prestastéttin er að verða kvennastétt. Það þarf ekki nema að líta á hverjir nema guðfræði í dag, yfirgnæfandi hluti þeirra er konur, og ég hef látið mér um munn fara þá spá að næst þegar valinn verði biskup á Íslandi verði a.m.k. helmingur kjörmanna konur. Ég held því að þetta lagist áður en langt um líður.

Hv. 13. þm. Reykv. gerði athugasemd við orðalagið: „Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumörkun taki mið af jafnrétti kynjanna.“ Mér finnst þetta vera eðlilega orðað og hóflega sterkt, þ.e. að kanna hvort og hvernig opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Ég finn ekkert athugavert við þessa setningu, hv. þm., og finnst að hún standi alveg fyrir sínu.

Varðandi jafnréttisáætlanir í ráðuneytum og opinberum stofnunum er ég ekki kunnugur því hvað það er útbreitt en ég get látið þess getið að fyrir nokkrum vikum barst mér formleg jafnréttisáætlun frá utanrrn. Ég veit að formlegar áætlanir eru í fleiri ráðuneytum en seinast varð ég var við að hún var gerð í utanrrn.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom með ofurkonuna inn í umræðuna. Ég er kannski ekki rétti maðurinn til þess að fjalla um það eða sálarlíf ofurkvenna en ég vil hins vegar bera á móti því að einhver doði sé kominn í jafnréttisumræðuna. Ég hef setið á mörgum þingum en á síðustu þingum hefur verið líflegri jafnréttisumræða og miklu almennari en var fyrr á tíð. Ég er nærri viss um að ef menn leggjast í rannsóknir á Alþingistíðindunum mun umræðan í dag standa upp úr jafnréttisumræðu undanfarinna þinga.

Jafnframt vil ég bera til baka þær efasemdir sem hv. þm. lét í ljósi um Jafnréttisráð. Ég tel að Jafnréttisráð sé mjög virkt og því sé vel stjórnað og vinni vel að verkefnum sínum. Ég held að framkvæmdaáætlunin sé raunveruleg, raunhæf og framkvæmanleg og muni verða framkvæmd. Að vísu er alveg ljóst að við núv. ráðherrar höfum ekki húsbóndavald í þeim ráðuneytum sem við sitjum í nema fram að næstu kosningum. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. En allir núverandi ráðherrar eru einbeittir í því að vinna að þeim verkefnum sem eru tekin fram hér.

Það fjármagn hefur verið borið saman sem samkeppnisráð annars vegar og Jafnréttisráð hins vegar hafa úr að spila. Ég get tekið undir það að ég tel að allt of miklum peningum hafi verið varið til Samkeppnisstofnunar og miklu af þeim peningum væri betur varið með öðrum hætti.

Varðandi feðraorlofið sem hefur borið á góma og áhrif hæstaréttardómsins sem féll fyrir nokkrum dögum upplýsi ég að í ríkisstjórninni eru hugmyndir um feðraorlofið til umræðu. Það þarf að taka betur á því máli. Ákveðin skref hafa verið stigin og þeim ber að fagna en það er ekki fullkominn áfangi og ég vænti þess að samstaða verði um að stíga frekari skref í þessa átt.

Í síðustu viku samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína að taka tilskipun Evrópusambandsins um foreldraorlof upp í samninginn um Evrópskt efnahagssvæði þannig að við skuldbindum okkur til að fara eftir því skipulagi. Það þarfnast lagabreytingar en báðir foreldrar eiga rétt á því á fyrstu átta árum í ævi barns að taka allt að þriggja mánaða orlof án þess að fyrirgera starfi sínu. Ekki er gengið frá launaliðnum, hann getur verið samningsatriði milli vinnuveitenda og launþega, hann getur líka verið tryggingamál en ég tel að þetta sé mjög fjölskylduvæn aðgerð og fagna henni mjög.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að auðvitað verða hæfileikar að ráða þegar fólk er valið til starfa og ég vænti þess að svo sé í flestum tilfellum. Hæfileikarnir eiga að ráða fram yfir kynferðið. (Forseti hringir.) En ég vil mótmæla því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði í annars ágætri ræðu að verið sé að dæla erlendu fólki inn í kvennastörf. Það er síður en svo. Engin atvinnuleyfi eru veitt öðruvísi en að tryggilega sé gengið úr skugga um það að Íslendingar séu ekki tiltækir til að vinna þessi verk.

Ég verð að láta staðar numið, herra forseti, því að tími minn er búinn.

[16:48]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef því miður misst af stórum hluta umræðunnar og vona að ég fari ekki að endurtaka neitt en ég hélt reyndar umræðunni áfram í leigubílnum sem ég tók því að leigubílstjórinn reyndist mikill áhugamaður um jafnréttismál, nýkominn úr fæðingarorlofi, og mjög þakklátur fyrir það. En ég vil spyrja út í tvö atriði. Hið fyrra snertir utanrrn., en í síðustu framkvæmdaáætlun var ákveði um að þróunaraðstoð þyrfti að beina sérstaklega að konum en ekkert slíkt er í þessari áætlun og mér skilst að þetta atriði hafi ekki borið á góma í umræðunni. Þetta er mjög mikilvægt atriði og mér finnst slæmt að það skuli hafa dottið út og ég spyr hæstv. ráðherra hvers vegna. Annað atriði sem ég get ekki stillt mig um að minna á er á bls. 5 og er 3. liður undir hatti hæstv. félmrh. og lýtur að aukinni virkni kvenna í stjórnmálum og hljóðar svo: „Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi."

Af því tilefni hlýt ég að minna á stórmerkilega ráðstefnu á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldin var fyrir réttu ári í Nýju-Delhí í Indlandi. Þar var nákvæmlega þetta efni rætt í heila fjóra daga og mjög mörg atriði komu fram á þeirri ráðstefnu. Gerð var skýrsla um ráðstefnuna og þar komu fram fjölmörg atriði sem væri áreiðanlega gott að hafa í veganesti inn í slík nefndarstörf. Þetta er því fremur ábending en spurning en þó væri mjög æskilegt ef hæstv. ráðherra hefði ráðrúm til þess að gera stuttlega grein fyrir því hvernig hann hyggst framkvæma þetta eða hvernig verði staðið að framkvæmd þessa liðar.

[16:50]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki fullmótaðar hugmyndir um það og ég er mjög þakklátur fyrir ráðleggingar og góðar ábendingar í þessu efni. Þetta er verk sem ég tel að þurfi að vinna. Ég tel mjög mikilvægt að reyna að ná betri tökum á þessu og af því leiði annað sem léttir okkur viðfangsefnið en út af fyrir sig eru hugmyndir ekki fullmótaðar þar um.

Varðandi spurninguna um utanrrn. skilst mér að í aðgerðaáætlun utanrrn. sé tekið á þessu máli en það getur vel verið að ástæða sé til þess að hnykkja á því í nefndarstarfinu í félmn., a.m.k. að kanna hvort gengið er eðlilega frá þessu.

[16:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég teldi afar brýnt að annaðhvort Jafnréttisráð eða félmrn. hlutuðust til um að félmn. fengi í umfjöllun sinni um málið yfirlit yfir hvernig síðasta áætlun hefði verið framvæmd, hvað af því sem þá átti að gera hefði komist til framkvæmda og hvað ekki. Öðruvísi getum við ekki metið árangurinn af framkvæmdaáætlunum.

Hæstv. ráðherra fór einungis yfir sitt eigið ráðuneyti, hvað hefði verið gert og hvað stæði út af og taldi að nefndin hlyti að leita til annarra ráðuneyta um hvað þau hefðu gert. Ég tel eðlilegt að það sé ráðuneytið sjálft eða eftir atvikum Jafnréttisráð, sem hefur haft frumkvæði að því að halda utan um framkvæmdaáætlunina, sem gefi nefndinni skýrslu þar um, og ég spyr ráðherrann hvort hann taki ekki undir það með mér.

Í annan stað spyr ég ráðherrann, af því að ég tel að það geri gagn, hvort ekki sé rétt að setja inn í framkvæmdaáætlunina þá skyldu að hvert einasta ráðuneyti og undirstofnanir þeirra vinni reglulega jafnréttisáætlanir. Ég held að sú samþykkt sem var gerð í ríkisstjórninni 1989, um fjögurra ára jafnréttisáætlanir fyrir ráðuneyti og undirstofnanir, hafi skilað árangri. Að vísu voru ekki gerðar nema um 40–60 áætlanir en ég tel mikilvægt að hvert einasta ráðuneyti og undirstofnanir þeirra geri jafnréttisáætlanir, ekki síst, herra forseti, að því er varðar launamisrétti karla og kvenna. Við höfum það borðliggjandi fyrir okkur í bönkunum að launamisrétti viðgengst og þar hafa aldrei verið gerðar áætlanir.

Að síðustu spyr ég ráðherra hvað hann telji að hægt sé að gera til að auka þátt kvenna í stjórnmálum. Telur ráðherrann t.d. ekki rétt að núverandi ráðherrar sýni gott fordæmi, taki til heima hjá sér og rýmki fyrir konum í ríkisstjórninni nú þegar ráðherraskipti verða, vonandi á næstu vikum eins og hæstv. forsrh. hefur boðað? Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess að standa upp fyrir konu í Framsfl. þannig að hægt sé að fjölga konum í ríkisstjórninni? Það er grundvallaratriði að fjölga konum í ríkisstjórninni. Við erum bara með eina og ef ráðherrann meinar eitthvað með því sem hann segir um að auka hlut kvenna í stjórnmálum beitir hann sér fyrir því að sú fjölgun verði við ráðherraskiptin eftir nokkrar vikur.

[16:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fjarri í lagi að ég hafi í huga að segja af mér starfi mínu og jafnvel þó að einhver kona kæmi þar í staðinn minn. Ég tel meginatriðið að úr grasrótinni spretti upp nægilega margar konur með almennri þátttöku þannig

að þá lagast hitt í trúnaðarstörfum og forustustörfum í stjórnmálum. Ef þátttaka kvenna í almennum stjórnmálafundum er jöfn þátttöku karla og jafnmargar konur eru í boði til hinna ýmsu trúnaðarstarfa er enginn vafi á því að þær fylla sinn kvóta og vel það.

Ég tel ekki rétt að skylda ráðuneyti til eins eða neins, þ.e. ég vil fara vel að fólki, ekki að skipa því. Ég er tilbúinn að fara fram á það við ráðuneyti að þau vinni að jafnréttismálum og geri jafnréttisáætlanir en ég er ekki tilbúinn að skylda einn eða neinn til að gera það sem hann er e.t.v. tregur til að gera því að það væri vísasti vegurinn til þess að hleypa kergju í fólk og koma í veg fyrir að það vinni hlutina. Ég er fús til að hafa milligöngu um það og mun biðja Jafnréttisráð að útvega þær upplýsingar sem hefur verið talað um að standi út af og hvað er ógert úr síðustu jafnréttisáætlun.

[16:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra var mjög snöggur að svara þegar ég spurði hann um hvernig hann vildi beita sér í að auka þátt kvenna í stjórnmálum. Þarna liggur einmitt hundurinn grafinn eins og kom fram í svari ráðherra og ráðherrann sagði svo: „Það er fjarri lagi að ég segi af mér." Það er nefnilega svo að ef konur eiga að komast að þurfa karlmenn líka að víkja, sætin eru fá, en alltaf er bent á einhvern annan. Ekki ég. Ég er ekki tilbúinn til að víkja en ég vil gjarnan auka hlut kvenna. Þetta er einmitt vandamálið. Ráðherrann opnaði ekki einu sinni á það að ef ráðherraskipti yrðu að hleypa konu inn í ríkisstjórnina þó að ekki sé nema ein kona þar núna. Ég get því ekki tekið ráðherrann alvarlega eða þessa setningu í framkvæmdaáætluninni þegar hæstv. ráðherra er ekki einu sinni tilbúinn að taka til heima hjá sér og að fjölga konum í ríkisstjórninni.

Ég tel jafnréttisáætlanir mjög mikilvægar og ég ítreka það. Ég er ekki endilega að tala um að skylda öll ráðuneyti og undirstofnanir til að gera þær þó að út af fyrir sig væri rökrétt að gera það vegna þess að það gekk erfiðlega að fá ráðuneytin og ríkisstofnanir til þess á sínum tíma. En það er margt í áætluninni sem segir einungis: að beina tilmælum til, að athuga o.s.frv. Þess vegna tel ég að hjá hverju einasta ráðuneyti ætti að standa að það ætti að stefna að því að gera jafnréttisáætlanir reglulega. Ég beini því til nefndarmanna í félmn. að það verði sérstaklega skoðað að gerðar séu jafnréttisáætlanir sem hafi ákveðið markmið og þá er ég sérstaklega að tala um launamálin vegna þess að launamisrétti viðgengst hjá hinu opinbera. Hið opinbera brýtur jafnréttislög hvað eftir annað og sýnir ekki gott fordæmi í því efni. Ég tel mjög brýnt að fá það inn og beini því til ráðherrans, hvort hann sé eitthvað mótfallinn því að nefndin taki inn ákvæði undir hvert einasta ráðuneyti að jafnréttisáætlanir séu gerðar.

[16:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður ræð ég ekki skipan ríkisstjórnarinnar. Ég er að vísu mjög ánægður með hvernig hún er skipuð og geri en gar athugasemdir við það. Það eina sem ég gæti gert persónulega til þess að hafa áhrif á þetta mál væri að segja af mér í þeirri von að kona yrði valin í minn stað sem liggur alls ekki ljóst fyrir að verði gert. (**Gripið fram í:** Þá tæki Stefán við.) Ég hef ekki nein áform uppi um það. Ég mun sitja í ráðuneytinu út kjörtímabilið hvað sem síðar verður.

Varðandi fyrirskipanir til annarra ráðherra eða annarra ráðuneyta, þá er ég andvígur fyrirskipunum og ég tel að við séum búin að horfa nóg upp á það að fyrirskipanir beri ekki árangur. Það þarf að laða menn til að gera hlutina, ekki endalaust að skipa þeim.

[17:00]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var sett á laggirnar Samkeppnisstofnun eftir að samkeppnislög höfðu verið samþykkt. Og fólkið í landinu hefur verið að upplifa það að þessi stofnun hefur verið því vörn gegn einokun ýmissa fyrirtækja og gegn rangsleitni og mismunun sem borgararnir hafa orðið fyrir jafnvel af hálfu stofnana. Þetta er stofnun, herra forseti, sem bæði gætir jafnréttis einstaklinga og fyrirtækja. Mig langaði þess vegna til þess að vita hvort það var misheyrn eða hvað, þegar hæstv. félmrh. sagði héðan úr ræðustól áðan að honum þætti Samkeppnisstofnun hafa of mikla fjármuni.

[17:00]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt heyrt hjá hv. þm. Ég tel að 87 millj. eins og hér hefur verið upplýst í umræðunni að sé kostnaður við þessa stofnun, sé of hár og það mætti komast af með lægri upphæð. Ég ætla ekki að ræða málefni Samkeppnisstofnunar eða úrskurði hennar eða álitsgerðir í einstökum atriðum hér og nú. Það væri efni í heilan fund. En ég tel að sumar þeirra séu a.m.k. það gagnrýniverðar að ástæða sé til þess að sjá eftir þeim peningum sem hafa farið í að vinna þær.

[17:01]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar ráðherrans veitti einstæða innsýn í hugsunarhátt hans og viðhorf gagnvart samkeppni og gagnvart því hvaða vernd borgararnir þurfa og eiga að hafa gagnvart einokun í samfélaginu. Hann sagðist ekki vilja taka málefni Samkeppnisstofnunar hér til umræðu. Hann gerði það nú samt með því að bera brigður á störf hennar.

En ég vil gjarnan að það komi fram, herra forseti, að mál Samkeppnisstofnunar, þau sem aðilar sem ekki vilja við una þegar úrskurðir eru annars vegar og þau mál sem hafa farið til dóms, hafa unnist. Það vill svo til að Samkeppnisstofnun er stofnun sem hægt er að treysta vegna þess að dómar sem fallið hafa hafa fallið stofnuninni í vil.

[17:02]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá ætla ég ekki að ræða málefni eða niðurstöður Samkeppnisstofnunar eða hvar mér finnst að henni hafi verið mislagðar hendur. Ég get upplýst að mér finnst að úrskurður hennar um að Osta- og smjörsölunni bæri að selja dýrar til minni verslana og á lægra verði til Bónuss og Hagkaups, ekki eðlilegur úrskurður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, fyrri umr.***

Þáltill. SvG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

[17:03]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Atvinnuleysi hefur ekki sem betur fer verið viðvarandi á Íslandi um mjög langan aldur en segja má að það hafi skipt um í upphafi þessa áratugar. Allt frá því í kreppunni miklu og frá því að henni lauk og fram til ársins 1991 með undantekningu á árunum 1968 og 1969, hefur verið full atvinna á Íslandi og það hefur verið svo að menn hafa ekki gert ráð fyrir því hér að heitið gæti, að svo gæti farið að um yrði að ræða verulegt atvinnuleysi.

Þau tíðindi sem urðu hins vegar með þeirri efnahagsstjórn sem fylgt var frá og með árinu 1991, þ.e. frá því að Davíð Oddsson tók við völdum hér á landi, þ.e. sú efnahagsstjórn hefur haft það í för með sér að verið hefur viðvarandi atvinnuleysi hjá mörgum þúsundum manna allan þann tíma sem liðinn er frá því á árinu 1991. Þessi fjöldi hefur verið mismunandi mikill. Nú um stundir er heldur fámennara í þessum hópi en var um skeið. En það breytir því ekki að þúsundir Íslendinga búa nú við atvinnuleysi og þá félagslegu og efnhagslegu óvissu sem því fylgir.

Því miður er ekki mikið talað um atvinnuleysi og rétt atvinnulausra í þessari virðulegu stofnun. Það er heilmikið talað stundum um Atvinnuleysistryggingasjóð og stöðu hans en því miður eru umræður allt of litlar um hag þeirra sem ekki hafa atvinnu, hag þeirra sem hafa ekki aðstöðu til þess og möguleika á því að selja vinnuafl sitt sem er það eina sem þeir eiga.

Af þeim ástæðum er mjög mikilvægt að hér er komin fram tillaga sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Kristínu Ástgeirsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Guðmundi Árna Stefánssyni um rétt þeirra sem ekki hafa atvinnu. Ég vildi kannski nefna það, herra forseti, hvort það er ekki nokkuð ljóst að hæstv. félmrh. er hér ekki langt undan vegna þess að ég hefði viljað leggja fyrir hann eina eða tvær spurningar í tengslum við þetta mál. Er hann farinn? Það gengur ekki.

(**Forseti (GÁ):** Nú hefur það gerst að hæstv. félmrh. er farinn úr húsi.)

Ef svo er, herra forseti, þá óska ég eftir að gera hlé á ræðu minni því að um það var talað að ég tæki málið því aðeins fyrir að hæstv. félmrh. væri í húsinu.

(**Forseti (GÁ):** Forseti verður við þeirri ósk og frestar umræðunni á meðan og tekur fyrir næsta mál.)

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort hann geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. komi aftur á þessum fundi.

(**Forseti (GÁ):** Ég get upplýst að ég hef ekki kynnt mér málið en verð að fá tíma til þess.)

Ég mun halda áfram ræðu minni ef hæstv. forseti vildi kynna sér málið og kanna hvort hæstv. félmrh. er væntanlegur fljótlega.

(**Forseti (GÁ):** Þá höldum við áfram umræðunni.)

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og vinnumarkaðarins til þess að semja heildstæða skýrslu um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, eru að leita sér að vinnu eða hafa misst vinnu og gera tillögur til að bæta hag þeirra og tryggja þeim skilyrðislaust sömu mannréttindi og aðrir hafa. Nefndin skili áliti fyrir 1. júní 1998 og fjalli m.a. um eftirfarandi atriði:

1. Hvort þeir sem ekki hafa atvinnu njóti sömu mannréttinda og þeir sem hafa atvinnu og ef svo er ekki hvaða aðgerða sé þörf til úrbóta, bæði hvað varðar opinbera aðila og einkaaðila.

2. Hvernig unnt sé að tryggja að enginn verði atvinnulaus lengur en sex mánuði í senn.

3. Hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur eins og nú er gert, enda verði nýtt fyrirkomulag ekki notað til að knýja fólk til vinnu sem það á erfitt með að sinna.

4. Hvort koma eigi upp miðstöðvum fólks í atvinnuleit um land allt með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur í Reykjavík og á Akureyri.

5. Hvort unnt sé að draga verulega úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu.

6. Hvort unnt sé að ná um það víðtæku samkomulagi að afnema atvinnuleysi á tilteknu árabili og tryggja það í lögum eða stjórnarskrá að allir eigi rétt á vinnu við hæfi.

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Vinnuaflið er það eina sem ekki verður frá okkur tekið nema við heilsubrest. Flestir hafa framfæri af því að selja vinnuafl sitt og hafa af því tekjur. Vinnuaflið er margs konar þekking eða þjálfun og hvað eina annað. Við“ — sem hér erum — „höfum tekið ákvörðun um að notast við markaðsþjóðfélagið sem efnahagslega hreyfivél samfélagsins. Í slíku samfélagi skapast oft þær aðstæður að fólk missir atvinnuna nema gripið sé til sértækra ráðstafana og gildir þá einu hvort um er að ræða ríkisfyrirtæki, annan félagslegan rekstur eða einkafyrirtæki. Hvar sem fólk vinnur getur það orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi. Þess vegna er það sameiginlegt verkefni okkar allra en ekki aðeins þeirra sem verða atvinnulausir að grípa til samfélagslegra ráðstafana til þess að tryggja að atvinnulausir geti staðið uppréttir frammi fyrir vandamálum dagsins rétt eins og þeir sem geta selt vinnuafl sitt; að sá sem er án atvinnu njóti með öðrum orðum mannréttinda.

Mikið vantar á að atvinnulausir geti treyst því að staða þeirra sé metin sem skyldi. Þess vegna er tillagan flutt, bæði til að knýja fram úrbætur og minna á skyldur þingmanna og ráðherra í þessum efnum. Atvinnuleysistryggingasjóður var mikið baráttumál á sinni tíð. Hann hefur þjónað vel en sl. vetur var hann skemmdur verulega með löggjöf sem félagsmálaráðherra knúði í gegnum þingið þar sem m.a. bótaréttur var skertur.

Tillagan er að nokkru leyti framhald af tillögum Alþýðubandalagsins á fyrri þingum um rétt atvinnulausra.“

Á síðasta kjörtímabili var ég 1. flm. að mjög ítarlegu frv. um réttindi atvinnulausra sem við fluttum þá öll í þingflokki Alþb. Það mál var lagt hér fyrir tvisvar og er skemmst frá því að segja að um það gilti ekki það sem oft gildir um stjórnarandstöðutillögur, að því hafi verið tekið með þegjandahætti. Því var beinlínis mjög illa tekið af þáverandi ríkisstjórn. Og þáv. ráðherrar beittu sér mjög harkalega gegn því frv. eins og það lá fyrir, um rétt þeirra atvinnulausu. Þessi tillaga er í framhaldi af þeim tilöguflutningi.

Í þessu frv. er hreyft því nýmæli að kannað verði hvort líta eigi á atvinnuleysisbætur sem atvinnuleysislaun. Rökin eru þau að bæturnar séu í raun laun sem samfélagið, sem ber ábyrgð á atvinnuleysinu, greiðir hinum atvinnulausa. Hins vegar er þessi hugmynd vandmeðfarin þar sem hætta ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að ekki er búist við að hæstv. félmrh. komi til baka á þennan fund.)

Með hliðsjón af því, herra forseti, óska ég eftir því að gera nú hlé á ræðu minni en halda henni áfram þegar hæstv. félmrh. er hér. Ég minni á að þetta er 71. mál þingsins og ég

er búinn að bíða eftir því í allan vetur að fá tækifæri til að ræða þetta við hæstv. félmrh. á fundi. Það er þegar orðinn of langur tími. Ég kýs þó að gera hlé á ræðu minni nú í trausti þess að ég fái málið tekið fyrir hið allra fyrsta og óska eftir því við hæstv. forseta að hann ljái mér atbeina sinn til þess að svo geti orðið.

(**Forseti** (GÁ): Forseti skal fylgja því eftir að þetta mál komi hér sem allra fyrst á dagskrá aftur)

Umræðu frestað.

### *Um fundarstjórn.*

Viðvera ráðherra.

[17:12]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég segi alveg eins og er að þessi vinnubrögð ganga náttúrlega ekki lengur. Hér eru á dagskrá eða lágu fyrir samkvæmt yfirliti sem við fengum hjá hæstv. forseta fyrir nokkrum dögum, ég held ein 70 þingmannamál sem eru ekki komin til nefndar. Og þegar loksins kemur að því að hægt er að fara að ræða þessi mál þá hlaupa ráðherrar héðan í burtu. Það vill svo til að þetta mál sem ég var áðan að tala fyrir, herra forseti, er þannig vaxið að það er ekki hægt að ræða það öðruvísi en að ráðherrann veiti tiltekin andsvör í málinu og verður þess vegna að vera viðlátinn. Ég samþykkti að málið yrði sett á dagskrá í dag í trausti þess að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur. Ef ég hefði vitað að hann hlypi í burtu þá hefði ég hagað mínum vinnutíma öðruvísi í dag en ég hef gert, að bíða eftir því að þetta mál kæmi hér fyrir. Það er því engin framkoma við þingmenn að koma aftan að þeim eins og hæstv. félmrh. gerir hér, að hlaupa út þegar málið er að koma á dagskrá. Ég mótmæli þessari lítilsvirðingu ráðherranna við tíma okkar þingmanna og tilraunir okkar til að skipuleggja okkar vinnu og óska eftir því að forsetinn og forsætisnefndin taki á þessu máli því að það er ekki búandi við svona lagað.

Þetta mál sem er 71. mál þingsins er búið að bíða eftir umræðu í allan heila vetur, síðan 15. okt., en hefur aldrei komist að af því að það hefur ekki verið hægt að stilla hlutunum þannig til að hæstv. félmrh. gæti verið hér til þess að hlusta á umræðurnar. Þetta gengur ekki. Þetta er lítilsvirðing við þingmenn en umfram allt auðvitað lítilsvirðing við það mál sem hér átti að ræða og það fólk sem það snertir.

[17:14]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti tekur undir með hv. þm. að það er mikilvægt að ná góðu samstarfi milli þingmanna og ráðherra. Forsn. hefur margrætt þessi mál og reynt að stilla þannig upp dagskrá funda að það henti mjög báðum aðilum og raðað þá inn á dagana málum sem heyra undir sama ráðherrann. Undir þetta skal því tekið og forseti mun flytja þessi orð hv. þm. inn í forsn.

[17:14]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það gildir sama um mig og hv. þm. Svavar Gestsson, að ég á hér mál á dagskrá í dag. Það er 5. mál á dagskrá og hefur reyndar mun hærra númer en mál hv. þm. Svavars Gestssonar. Svo hafði talast til að ég mælti fyrir mínu máli að hæstv. félmrh. viðstöddum vegna þess að um er að ræða mál sem ég vil gjarnan bera undir hann og heyra hans viðbrögð við og hvað sé að gerast í vikomandi máli sem er atvinnuleysi kvenna. Ég vil því óska eftir því við hæstv. forseta að 5. máli á dagskrá verði einnig frestað vegna fjarveru ráðherra. Ég harma það að þegar það hefur talast þannig til við þingmenn að þeir mæli fyrir sínum málum á degi þar sem ráðherra getur verið viðstaddur, þá komi í ljós að hann geti það hreinlega ekki. Mér er kunnugt um það hvar ráðherrann er. Hann er viðstaddur ákveðna athöfn sem snertir hans ráðuneyti. En við hefðum auðvitað þurft að vita um þetta því það var löngu vitað að sá viðburður yrði. Ég ítreka þá beiðni mína, hæstv. forseti að fá að fresta mínu máli, 5. máli á dagskrá.

[17:16]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti mun verða við því og ítrekar það að hann skilur vel að þingmenn óski þess að viðkomandi ráðherrar séu viðstaddir umræður þegar þeir hafa lagt mikla vinnu í að semja þingmál.

[17:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er ekki nóg með að menn séu búnir að leggja mikla vinnu í frv. heldur er verið að fjalla um málefni tæplega 5 þús. Íslendinga sem eru án atvinnu. Hér er verið að fjalla um málefni atvinnulausra og mér finnst stefna ríkisstjórnarinnar koma berlega fram í fjarveru hennar nú. Í gær voru hér til umfjöllunar lög sem banna verkfall sjómanna. Þá var hvert einasta sæti í þingsalnum skipað. Nú er verið að ræða málefni atvinnulausra Íslendinga. Hér í fundarsalnum er ekki einn einasti hæstv. ráðherra og ekki einn einasti stjórnarþingmaður. Þetta er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar. Þetta er nöturleg stefnuyfirlýsing og nöturleg stefna.

[17:17]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill að þessi umræða snúist um störf fundarins en ekki málefnalegan ágreining. Hann mun ræða um þetta í forsn., að mjög mikilvægt sé að skipuleggja þingfundina og tryggja að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir umræðu ef þingmenn óska þess og reynt verði að binda það þannig að menn verði ekki fyrir áföllum.

### *Lækkun fasteignaskatta, 1. umr.*

Frv. KHG og SvG, 178. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 178.

[17:18]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Frá því var gengið að ég mundi mæla fyrir þessu máli að ráðherra viðstöddum. Ég vek athygli á því að málið var lagt fram snemma í haust og hefur síðan beðið þess að komast á dagskrá. En það hefur ekki verið hægt fá fundartíma þannig að hæstv. ráðherra gæti verið viðstaddur fyrr en nú í dag. Þegar til kastanna kemur rýkur hæstv. félmrh. á dyr. Auðvitað kann eitthvað að hafa komið upp sem hann verður að sinna, en engar skýringar um það hafa komið fram. Mér finnst það óvirðing við þingmenn sem hafa óskað eftir því að fá að flytja sín mál í viðurvist ráðherrans og vonandi fleiri stjórnarþingmanna. Það er búið að hafa fyrir því að raða þeim málum saman sem heyra undir málasvið hæstv. félmrh. þannig að hann þurfi ekki að ómaka sig niður í Alþingi nema

einu sinni út af þeim frv. og þingsályktunartillögum sem fyrir þinginu liggja á þessu sviði.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er afar ósáttur við þennan framgang hjá hæstv. ráðherra að því gefnu að ekki séu gildar skýringar á en þær hafa ekki komið fram.

(**Forseti** (GÁ): Vill hv. þm. fá að fresta málinu?)

Í ljósi þess að frv. var lagt fram snemma á haustdögum og málið kemst til umræðu nú í febrúar, treysti ég ekki á að láta þetta tækifæri til að mæla fyrir málinu fram frá mér fara. Mér þykir ekki líklegt að fyrir þingfrestun í vor verði unnt að finna annan dag til að mæla fyrir þessu máli jafnframt því að hæstv. félmrh. geti verið viðstaddur. Ég verð því að láta af þeirri ósk minni að hæstv. ráðherra sé viðstaddur og mæli fyrir frv. þrátt fyrir það.

Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni að leggja fram, á þskj. 178, frv. til laga um lækkun fasteignaskatta og hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti. Í frv. er að finna róttækar tillögur um breytingar á skattkerfinu.

Tilgangur frumvarpsins er fjórþættur. Í fyrsta lagi er lagt til að skattar almennings verði lækkaðir með því að lækka fasteignaskatta. Sú aðgerð lækkar húsnæðiskostnað fólks bæði í eigin íbúð og í leiguhúsnæði og má ætla að dreifing skattalækkunarinnar verði þannig að lágtekjufólk fái jafnvel meira í sinn hlut en yrði við almenna lækkun á tekjuskatti.

Í öðru lagi er lagt til að afnumin verði skattlagning á annan álagningarstofn en fasteignamat, en það endurspeglar markaðsvirði eignarinnar. Í þriðja lagi er fasteignaskattur gerður að skatti til ríkissjóðs einvörðungu samhliða þeirri breytingu að fella saman að nokkru leyti eignarskatt til ríkissjóðs og fasteignaskatt til sveitarfélaga og að nokkru leyti fella niður fast eignaskattinn.

Loks eru þau nýmæli að sveitarfélögum er ætlaður hlutur úr sköttum á vörur og þjónustu, en lagt er til að hluti af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga.

Ákvæði frumvarpsins lækka fasteignaskatt í tveimur áföngum. Lækkun vegna breytinga á álagningarstofni tæki strax gildi, en gerð er tillaga um þá breytingu að álagning miðist við fasteignamat í stað þess að leggja skattinn á afskrifað endurstofnverð fasteigna margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Víða er mikill munur á þannig reiknuðum álagningarstofni og fasteignamati. Í dreifbýli getur munurinn verið á bilinu 50–75% sem þýðir að lagt er á t.d. 10 millj. kr. stofn í stað 2,5–5,0 millj. kr. Í þéttbýli er einnig víða mikill munur, oft 30–40%. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins er það einungis í fimm sveitarfélögum landsins sem fasteignamatið er gjaldstofn til fasteignaskatts. Í öðrum sveitarfélögum er fasteignamatið uppreiknað samkvæmt framangreindri aðferð. Þessi fimm sveitarfélög eru Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður. Frumvarpið lækkar gjaldstofn til fasteignaskatts á mannvirki í öðrum sveitarfélögum en þeim fimm sem áður eru talin úr 433 milljörðum kr. í 309 milljarða kr. og miðað við áætlaða meðalálagningarprósentu 0,38 verður skattalækkunin tæplega 500 millj. kr. á ári. Samkvæmt áðurgreindum upplýsingum kemur einnig fram að að meðaltali er fasteignamat eigna hækkað um 40% til að fá út gjaldstofninn.

Ef íbúðir og íbúðarherbergi eru athuguð sérstaklega kemur í ljós að fasteignamat þeirra er um 178 milljarðar kr. en gjaldstofninn liðlega 265 milljarðar kr. Þar er hækkunin liðlega 87 milljarðar kr. eða um 50%. Með öðrum orðum er að meðaltali lagður 50% hærri fasteignaskattur á íbúðareigendur í sveitarfélögum landsins, að frátöldum sveitarfélögunum fimm, en fasteignamat eignarinnar réttlætir. Með því að færa gjaldstofn til fasteignamats verður lækkunin að meðaltali um þriðjungur af núverandi fasteignaskatti hjá hverjum íbúðareiganda.

Síðari áfanginn verður í upphafi árs 1999, en þá fellur niður fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði jafnhliða því að eignarskattur ríkisins hækkar úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting lækkar skatta á einstaklinga um 1.800 millj. kr., fasteignaskatturinn sem fellur niður er um 2.500 millj. kr. og hækkun eignarskattsins á móti er um 700 millj. kr.

Þá er til viðbótar lagt til að fasteignaskattur á landbúnað sé alveg felldur niður og er áætlað að það nemi um 100 millj. kr. Stærstur hluti er vegna útihúsa á jörðum og ræktaðs lands.

Þá er ákvæðum um álagningarstofn til vatnsgjalds breytt til samræmis við breytingar á álagningarstofni til fasteignaskatts og leiðir sú breyting til svipaðrar hlutfallslegrar lækkunar á vatnsgjaldi að óbreyttri álagningarprósentu. Lækkunin gæti numið um 150 millj. kr. en á það er að líta að vatnsgjald á að standa undir kostnaði sveitarfélags við rekstur vatnsveitu og leiði breytingin til þess að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum munu sveitarfélögin væntanlega hækka álagningarhlutfallið til að auka tekjurnar. Ekki er því gert ráð fyrir að til lengdar verði um neina lækkun að ræða vegna þessarar breytingar.

Þó ber á það að líta að þann tíma sem lög um vatnsgjald hafa gilt þá hefur að jafnaði verið innheimt mun hærra gjald til reksturs vatnsveitu en lög gera ráð fyrir að heimilt sé. Ég hef gengið nokkuð eftir því á undanförnum árum að félmrh. gangi komi því til leiðar að sveitarfélögin fari að lögum um vatnsgjald. Enn sem komið er hefur það ekki borið árangur og óvíst að félmrn. beiti sér í þeim efnum.

Samanlögð áhrif af breytingunni eru að fasteignaskattur lækkar um 2.100 millj. kr. á einstaklinga og um 300 milljónir á atvinnurekstur, eða samtals um 2.400 millj. kr. Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir að lækkun gjalda einstaklinga verði um 21 þús. kr. á ári að meðaltali um landið allt þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Lækkunin verður eðlilega meiri í sveitarfélögum sem í dag leggja á uppreiknað fasteignamat eða um 27 þús. kr. á ári.

Af lækkuninni leiðir einnig að húsaleiga ætti að lækka sem nemur lækkun á rekstrarkostnaði húsnæðisins.

Á árinu 1990 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt þannig að í stað þess að leggja fasteignaskatt til sveitarfélaga á samkvæmt fasteignamati, sem endurspeglar mat á markaðsvirði eignarinnar, var tekin upp sú regla að miða við áætlað markaðsverð eignarinnar eins og það væri, ef eignin væri í Reykjavík. Með öðrum orðum var verðmæti eignarinnar ekki lengur álagningarstofninn heldur hærri tala. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að óeðlilegt hlýtur að teljast að mönnum sé gert skylt að borga eignarskatt af verðmætum sem þeir eiga ekki. Það hlýtur að koma mjög til álita hvort slík skattlagning hafi nokkurn tíma staðist ákvæði stjórnarskrár, ekki síst eftir að ákvæði jafnræðisreglu voru færð í stjórnarskrána fyrir tveimur árum. Má færa fyrir því gild rök að skattlagningu af þessu tagi svipi mjög til eignaupptöku.

Skiljanlegt er að sveitarfélög telji sig þurfa svipaðar tekjur þar sem þau hafi sambærileg verkefni og útgjöld, en það

er ekki réttlætanlegt að jafna tekjur sveitarfélaga með misháum eignarskatti. Benda má á að eignarskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður á raunverulegt matsverð eignarinnar, þ.e. fasteignamat og álagningarreglur gilda um land allt.

Lagt er til í frumvarpinu að fasteignaskattur verði tekjustofn ríkissjóðs. Fyrir því eru gild rök. Eðlilegt er að skattar af fasteignum séu á einni hendi og þannig verði betra samræmi milli álagningarreglna og yfirsýn yfir það hverju skatturinn skilar. Þá er verðmæti fasteigna mjög mismunandi eftir því hvar á landinu eignin er og því skilar eignarskattur mismunandi miklum tekjum. Af þeim sökum eru skattar á fasteignir óheppilegur tekjustofn fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fellur niður fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og annar fasteignaskattur flyst til ríkissjóðs. Þá er lagt til að eignarskattur einstaklinga hækki úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni. Með þessari breytingu greiða einstaklingar einungis eignarskatt af eignum sínum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sú grundvallarbreyting verður þá að eignarskattur verður lagður á eignir samkvæmt markaðsvirði og að frádregnum skuldum, en telja verður afar óeðlilegt að lagður sé eignarskattur á hærra mat en markaðsvirði eignarinnar og auk þess án þess að skuldir séu dregnar frá eigninni eins og nú er gert með fasteignaskatti til sveitarfélaganna.

Gert ráð fyrir að í framtíðinni verði núverandi eignarskattur og fasteignaskattur á atvinnurekstur samræmdir á sambærilegan hátt og lagt er til varðandi einstaklinga og verður auðveldara við það að eiga þegar báðir skattarnir eru orðnir ríkisskattar.

Samkvæmt núgildandi lögum eru tekjustofnar sveitarfélaga ekki tengdir almennum hagvexti í þjóðfélaginu beint heldur ráðast þeir að mestu af staðbundnum efnahagssveiflum auk launabreytinga samkvæmt kjarasamningum. Þannig hafa sveitarfélög, sem byggjast að mestu á sjávarútvegi, búið við verulegan samdrátt á undanförnum árum, sérstaklega þar sem stuðst er við botnfiskveiðar, á sama tíma og nokkur hagvöxtur varð almennt í efnahagslífi landsmanna. Þetta er mjög áberandi um þessar mundir þar sem umtalsverð uppsveifla er í hagkerfinu bæði vegna þess að uppsveiflan nær ekki til landsins alls og hins að tekjur af uppsveiflunni renna nær eingöngu í ríkissjóð. Telja verður eðlilegt að aukinn hlutur af tekjum sveitarfélaga komi af óbeinum sköttum en minni af staðbundnum tekjustofnum. Þannig verði leitast við að jafna að nokkru um landið mismunandi efnahagslegum áhrifum eftir atvinnugreinum og landsvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að 12% tekna af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð nú jafngildi tekjum sveitarfélaga af fasteignaskatti.

Á þessu ári koma til hjá ríkissjóði tekjur af fjármagnstekjuskatti. Er áætlað að þær nemi um 700 millj. kr. fyrst í stað en geti orðið um 1.100 millj. kr. Reyndar var þessi áætlun endurskoðuð við gerð fjárlaga við síðustu áramót og er nú áætlað að tekjur á árinu 1998 verði meiri en þær 700 millj. sem gert var ráð fyrir þegar frv. þetta var samið. Þykir eðlilegt að verja þessum tekjum til þess að lækka skatta almennings af fasteignum. Slík skattalækkun skilar sér vel til almennra launþega og dreifing hennar verður þannig að stærri hluti skattalækkunarinnar fer til tekjulágra en við lækkun á skattprósentu til tekjuskatts.

Á þessu ári nemur lækkun fasteignaskattsins um 500 millj. kr. ef ákvæði frv. ná fram að ganga. Sveitarfélögunum verður bætt tekjutapið með greiðslu úr ríkissjóði. Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti á þessu ári gera það að verkum að ríkissjóður stendur jafnréttur eftir og vel það.

Á árinu 1999 koma ákvæði frumvarpsins að fullu til framkvæmda, ef samþykkt verður. Skattalækkun verður um 3.100 millj. kr., um 300 millj. kr. á atvinnurekstur vegna lækkunar á álagningarstofni fasteignaskatts og afnámi skattsins á eignir í landbúnaði og um 2.800 millj. kr. vegna niðurfellingar fasteignaskatts á einstaklinga. Þá flyst fasteignaskattur á atvinnurekstur til ríkissjóðs. Fasteignaskattur hefur skilað sveitarfélögum um 5.800 millj. kr. og er lagt til að þeim verði bætt það með hlutdeild í virðisaukaskatti. Á móti þessu tekjutapi ríkissjóðs kemur í fyrsta lagi fasteignaskattur sem er áætlaður vera um 2.700 millj. kr., þ.e. fasteignaskattur á atvinnurekstur, hækkun á eignarskatti einstaklinga um 700 milljónir kr. og áætlaðar tekjur af fjármagnstekjuskatti sem hér eru áætlaðar um 1.100 millj. kr. Samtals eru þetta um 4.500 millj. kr. Gera má ráð fyrir að nýjar tekjur ríkissjóðs af óbreyttum tekjustofnum vegna hagvaxtar skili þeim 1.300 millj. kr. sem upp á vantar. Má í því sambandi benda á að í skattatillögum ríkisstjórnarinnar sem samþykktar voru á Alþingi síðasta vor er gert ráð fyrir að lækkun skatta frá og með 1999 nemi liðlega 5.000 millj. kr. sem tekjur vegna hagvaxtar muni borga að mestu leyti.

Frumvarpið skiptist í þrjá meginkafla. I. kaflinn fjallar um lækkun tekjuskatta. Þar eru lagðar til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í II. kafla er að finna ákvæði til breytingar á lögum um virðisaukaskatt og í III. kafla frv. er að finna ákvæði um gildistöku.

Lagt er til að fella úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga nokkur ákvæði, fyrst og fremst það að álagningarstofn fasteignaskatts skuli miðast við annað en fasteignamat og verður þá fasteignamat eftir að frv. hefur náð fram að ganga.

Í öðru lagi er felldur niður a-liður 3. mgr. 3. gr. laganna sem kveður á um að undanþegið fasteignaskatti verði íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, svo og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Þá er lagt til að úr lögunum verði felld ákvæði sem verða óþörf ef þær breytingar ná fram að ganga sem ég hef þegar kynnt.

Gerð er tillaga um þá breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarféalga, að álagningarstofn vatnsgjalds skuli vera fasteignamat eignar í stað þess sem nú er, að miðað er við uppreiknað fasteignamat samkvæmt reglum sem kynntar hafa verið fyrr í framsöguræðunni.

Þá er í II. kafla frv. um breytingar á lögum um virðisaukaskatt lagt til að til sveitarfélaga renni 12% af þeirri fjárhæð sem ríkissjóður hefur í tekjur af virðisaukaskatti, eins og fyrr var greint. Er gert ráð fyrir að fjárhæðinni verði skipt á milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þeirra. Skal hlutfallið þannig ákvarðað að ár hvert verði íbúafjöldinn í hverju sveitarfélagi miðaður við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Loks er í gildistökuafla frv. kveðið á um gildistöku einstakra greina þess, en frv. mun að fullu koma til framkvæmda um næstu áramót, 1. janúar 1999.

Fylgiskjal er með frv. þar sem fram kemur yfirlit sem Fasteignamat ríkisins hefur tekið saman um samanlagt fast-

eignamat á landinu öllu, stærðir fasteigna og sundurliðun eftir einstökum fasteignum og það síðan sundurliðað eftir fasteignamati annars vegar og gjaldstofni hins vegar, lóðarmati, flatarmáli og fjölda matseininga. Einnig er önnur tafla, sem er sú sama og fyrri taflan, en þó með þeirri breytingu að sveitarfélögin fimm eru dregin frá þar sem fasteignamat er ekki uppreiknað. Í þeirri töflu kemur glögglega fram hversu mikil breyting verður á gjaldstofni við þá breytingu sem kveðið er á um í lögunum um upphækkun fasteignamatsins áður en fasteignaskattur er lagður á.

Ég fer ekki nánar út í þessa töflu en þarna er að finna mjög fróðlegar upplýsingar sem ég hvet hv. alþingismenn til að kynna sér. Frv. var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga og er endurflutt lítið breytt frá því sem þá var.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir efnisatriðum þessa frv. og legg til að því verði vísað til félmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umboðsmaður aldraðra, fyrri umr.*

Þáltill. GHall o.fl., 200. mál. — Þskj. 209.

[17:42]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um umboðsmann aldraðra. Meðflutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Guðjón Guðmundsson, Árni Ragnar Árnason og Arnbjörg Sveinsdóttir. Þáltill. hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Þessi þáltill. var flutt á 121. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt hér nú. Í greinargerð segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að um 27.000 Íslendingar eru 67 ára og eldri og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða.“

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa þáltill. svo rækilega sem ég hef kynnt hana hér áður, en legg til að tillögunni verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og síðari umr. að lokinni umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 437. mál (elli- og örorkulífeyrir). — Þskj. 763.

[17:46]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum. Frv. er 437. mál þingsins og er á þskj. 763. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Ögmundur Jónasson. Þetta frv. er ekki langt en 1. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna bætist: þó ekki greiðslur vegna látins maka eða barnalífeyrir vegna látins foreldris.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi“.

Þetta mál er stærra en það lítur út fyrir að vera. Á vorþinginu 1980 tókst okkur þremur hv. alþm. að fá samþykkt á hinu háa Alþingi að tekjur maka hættu að hafa áhrif á greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það voru auk mín hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Pétur Sigurðsson. Áður höfðu tekjur maka komið í veg fyrir að t.d. konur fengju atvinnuleysisbætur. Frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar og hún gerði það síðan að lögum á sama þingi að mig minnir.

Lög um atvinnuleysisbætur voru endurskoðuð á síðasta þingi og núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar eru nr. 12/1997. Þegar þau lög voru sett á síðasta ári varð 4. mgr. 7. gr. laganna svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Nú fær hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.“

Hvað er hér nýtt? Jú, það er setningin: „Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum.“ Þetta ákvæði hefur ekki verið í lögunum áður og þess vegna höfðu greiðslur úr lífeyrissjóðum ekki haft áhrif á atvinnuleysisbætur. Í framkvæmd er það nú þannig að eigi umsækjandi um atvinnuleysisbætur rétt á bótunum en sé jafnframt ellilífeyris-, örorkulífeyris- eða örorkustyrkþegi hjá Tryggingastofnun ríkisins, skerða bætur greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Eigi umsækjandi rétt á hluta atvinnuleysisbóta, t.d. vegna þess að hann hafi ekki verið í nema hálfu starfi eða af einhverjum öðrum ástæðum, þá skerða bætur Almannatrygginga atvinnuleysisbætur í sama hlutfalli og rétturinn til þeirra er. En mörgum brá illilega í brún þegar lögleitt var að hið sama gilti um greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þau lög tóku

gildi 1. júlí 1997. Engar undanþágur voru frá greiðslum úr lífeyrissjóðunum, þannig að greiðslur vegna látins maka og barnalífeyrir skertu einnig atvinnuleysisbætur.

Hver getur sagt sér sjálfur hvaða áhrif þetta ákvæði hefur haft á fjárhag ekkna sem misst hafa atvinnu sína og hafa fyrir börnum að sjá. Hægt væri að hugsa sér konu sem vinnur fyrir kannski 60 þús. kr. á mánuði. Það gæti verið lífsbjörg hennar að hafa 45–50 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og jafnvel barnalífeyri líka. Og þannig hefði dæmið kannski gengið upp.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sá fljótlega þann vanda sem hér var á höndum og tók án lagaheimildar þá ákvörðun að barnalífeyrir skyldi ekki skerða atvinnuleysisbætur. Fyrir því er raunar engin stoð í lögum en ég held að við getum öll verið sammála um að fyrirgefa stjórninni það enda nær það ekki nokkurri átt þar sem lífeyririnn er auðvitað ætlaður börnunum. En hitt hefur ekki verið lagfært að bætur vegna látins maka skerða enn þá atvinnuleysisbætur hins sem eftir lifir. Tekjur lifandi maka hafa engin áhrif á rétt hins makans til atvinnuleysisbóta.

Þetta er auðvitað óviðunandi. Ég hef raunar rætt þetta við hæstv. félmrh. og ég fékk ekki betur heyrt en hann væri sammála því að þarna yrði að gera breytingu. Ég hef einnig talað við afgreiðslufólk í Atvinnuleysistryggingasjóði og hef rætt við Margréti Tómasdóttur, forstöðumann þar. Hún lýsti því að mikil nauðsyn væri að laga þetta þar sem það væri ákaflega hvimleitt að útskýra fyrir fólki að það gæti ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna bóta eftir látinn maka.

Svo ég taki dæmi sem ég fékk þar á skrifstofunni þá má hugsa sér ekkju sem hefur 50 þús. kr. í lífeyri á mánuði eftir látinn maka. Hún missir vinnu sína og sækir um atvinnuleysisbætur. Þá fengi hún, eins og lögin eru núna, 9.636 kr. á mánuði. Þarna skiptir engu máli í raun og veru hvorum megin skattkortið er notað. Það breytir ekki því. Allir ættu að sjá að af þessu lifir auðvitað enginn eða deyr. Ég efast um að þetta hafi verið ætlun löggjafans þegar lögin voru sett. Við getum deilt um það hvort beri að láta eigin eftirlaun skerða atvinnuleysisbætur en það er algerlega fráleitt að tekjur sem kona hefur, eða karlmaður, vegna látins maka sem hann hefur sjálfur tryggt sig fyrir, geti skert atvinnuleysistryggingar hins makans og slíkt óréttlæti verður auðvitað að leiðrétta.

Ég vona svo sannarlega að þessu máli verði tekið með vinsemd. Ég hef fengið margar ábendingar um þetta, einmitt frá konum sem hefur verið synjað um atvinnuleysisbætur vegna lífeyris eftir látinn maka. Oft er hann nú svo lítill og lélegur að það er ekki af miklu að taka. Ég býst við að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem hér situr viti hvernig eftirlaun eftir látna sjómenn eru. Ég býst ekki við að ekkjur þeirra eða ekklar megi við að missa þær upphæðir sem þar eru á ferðinni.

Ég fór í gegnum, hæstv. forseti, umræður um þetta mál, sem var reyndar mikill lagabálkur sem lögleiddur var á síðasta ári. Eins og menn vita sat ég ekki hér sjálf á þeim tíma. Umræður voru feiknamiklar og bunkinn þykkur en ég gat ekki séð að neinn hefði komið auga á þetta atriði. Þess vegna hlýt ég að álykta að hér hafi verið um slys að ræða. Ég held að enginn hv. þm. hefði talið þetta sanngjarnt og þess vegna höfum við flutt þetta frv.

Ég treysti því að hv. félmn. taki frv. vinsamlega og geri að lögum á þessu þingi. Ef það er ákaflega erfitt að samþykkja mál frá stjórnarandstæðingi, þá treysti ég hæstv. félmrh. til að gera mitt mál að sínu og bæta úr. Það getur ekki gengið þannig að tekjur lifandi maka hafi ekki áhrif á atvinnuleysisbætur, en lífeyrir eftir látinn maka hafi það. Það getur ekki gengið og ég treysti því, hæstv. forseti, um leið og ég legg til að þetta mál fari til hv. félmn. að það fái vinsamlega móttöku hér í þinginu.

[17:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og hér kom fram, standa fjórir hv. þm. að þessu frv. en fyrir okkur hefur farið 1. flm., hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Ég lít svo á að mikilvægt sé að hraða afgreiðslu þessa máls. Kjarni þess er sá að einstaklingur sem missir atvinnu sína fær atvinnuleysisbætur. Þær bætur fær viðkomandi þótt maki hans sé vinnandi og afli tekna. Deyi makinn hins vegar og fái hinn eftirlifandi makabætur er hann sviptur atvinnuleysisbótunum eða þær lækkaðar stórlega.

Á Alþingi í gær var rætt um að láta lög um bann við verkföllum sjómanna fá flýtimeðferð í þinginu. Ef eitthvert frv. á skilið að fá flýtimeðferð á Alþingi þá er það þetta.

[17:57]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég tek undir með 1. flm. og þakka honum fyrir að hafa bent á þær skekkjur sem orðið hafa til við lagasetningu á hinu háa Alþingi á síðasta ári. Hér er vissulega þarft verk að vinna og ég mun ekki liggja á liði mínu við að vinna að framgangi þessa máls. Þetta er mjög þarft verk. Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þetta mál og þakka flm. fyrir að hafa flutt þetta mál.

[17:58]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Fyrir rúmum tveimur árum tók ég þátt í undirbúningi nýrra laga um atvinnuleysistryggingar ásamt fleirum. Þegar ég hlusta á málflutning hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur heyrist mér það sem hún er að benda á alveg rétt. Ég ætla að okkur hafi orðið á mistök vegna þess að við höfum ekki skoðað þetta í réttu ljósi.

Ég vona því, herra forseti, að hv. félmn. taki þetta mál til mjög vinsamlegrar athugunar og reyni að leiðrétta lögin hvað þetta varðar.

[17:59]

**Flm. (Guðrún Helgadóttir):**

Hæstv. forseti. Ég kem aðeins upp til að þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir og skal verða síðust til að dæma þau mistök sem ég held að hér hafi orðið á síðasta þingi. Satt að segja er það ekki neinn leikur að átta sig á þeim frumskógi sem atvinnuleysisbætur, almannatryggingar og lífeyrissjóðir eru orðin að. Þessi mistök verða því auðveldlega fyrirgefin en ég held að hér sé atriði sem auðvelt er að leiðrétta og ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttur til launa í veikindaforföllum, 1. umr.*

Frv. HG o.fl., 391. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 709.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

# 64. FUNDUR

miðvikudaginn 11. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Flutningur húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar, fsp. ÖS, 345. mál, þskj. 447.
2. Atvinnuleysi kvenna, fsp. JóhS, 411. mál, þskj. 732.
3. Langtímaatvinnuleysi, fsp. JóhS, 410. mál, þskj. 731.
4. Aðgerðir vegna atvinnuleysis kvenna, fsp. JóhS, 412. mál, þskj. 733.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Öldrunardeildin Ljósheimar á Selfossi, fsp. MF, 398. mál, þskj. 719.
6. Málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, fsp. SvG, 413. mál, þskj. 734.

*Til samgönguráðherra:*

7. Samgöngur á Vestfjörðum, fsp. KHG, 408. mál, þskj. 729.

*Til menntamálaráðherra:*

8. Bygging tónlistarhúss, fsp. KÁ, 431. mál, þskj. 756.
9. Ólympískir hnefaleikar, fsp. KHG, 433. mál, þskj. 758.

*Til dómsmálaráðherra:*

10. Heimilisofbeldi, fsp. KÁ, 432. mál, þskj. 757.
11. Löggæsla í austurhluta Reykjavíkur, fsp. SvG, 439. mál, þskj. 766.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 459. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 789.

Bifreiðakaupastyrkir fyrir hreyfihamlaða, 461. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 791.

Fóstureyðingar, 460. mál, fsp. ÍGP, þskj. 790.

## *Tilhögun þingfundar.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess strax að það má ætla að nýr fundur verði boðaður um kl. 15.30 og verða þá atkvæðagreiðslur á dagskrá fundarins auk þess sem verður utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. þar sem hæstv. utanrrh. verður til andsvara um afstöðu Íslands til mögulegra hernaðaraðgerða Bandaríkjamanna gegn Írak. Þetta verður um kl. 15.30.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afturköllun stjórnarfrumvarps um bann við verkföllum sjómanna.

[13:34]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar var komið í veg fyrir að frv. ríkisstjórnarinnar um bann við verkfalli sjómanna yrði tekið fyrir með afbrigðum á Alþingi í fyrradag og afgreitt sem lög frá Alþingi í gær eins og hæstv. forsrh. lýsti í viðtali við fjölmiðla sl. mánudag að ríkisstjórnin hefði ákveðið. Afstaða stjórnarandstöðunnar varð til þess að sjómönnum gafst ráðrúm til að koma fram með nýjar tillögur um lausn vinnudeilunnar sem þeir hefðu ella ekki getað. Jafnvel ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að þeir fagni frumkvæði sjómanna og lausn getur verið innan seilingar.

Frv. ríkisstjórnarinnar um lögþvingun liggur hins vegar enn fyrir Alþingi þótt það sé ekki á dagskrá þessa fundar. Hótunin um þá lagasetningu stendur enn og í skjóli þeirrar hótunar kunna viðsemjendur sjómanna að vilja draga lausn deilunnar á langinn vilji þeir fremur lög en lausn. Því er rík ástæða til að spyrja nú um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um málatilbúnað sinn. Ég spyr því hæstv. forsrh. þessarar spurningar: Mun ríkisstjórnin ekki þegar kalla lagafrv. sitt um lögþvingun á sjómenn til baka eða hyggst hún áfram láta frv. liggja fyrir Alþingi sem hótun um lögþvingun þrátt fyrir sáttatilboð sjómanna sem ráðherrarnir sjálfir hafa sagt að geti leyst deiluna?

[13:35]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Í bréfi sem fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sendu til ríkissáttasemjara er hvergi minnst á hið mikla þrekvirki stjórnarandstöðunnar sem nefnt var. Á hinn bóginn er vísað til fram komins frv. ríkisstjórnarinnar sem ástæðu til þess að bréfið er skrifað.

Í annan stað er vísað til þeirrar forsendu sem í því frv. er getið, að það þurfi sérstaka óháða nefnd til að koma málinu af stað.

Í þriðja lagi er því lýst yfir, með leyfi forseta: „Deiluaðilar hafa til þessa ekki fundið grundvöll til lausnar á yfirstandandi deilu en telja að starf nefndar óháðra aðila gæti hugsanlega leitt til lausnar á ágreiningi aðila á meðan frestun verkfalls stæði."

Mér þykir fyrir því eins og fleirum að sjómannasamtökunum hafi yfirsést hið mikla þrekvirki stjórnarandstöðunnar og hin mikla framganga þeirra í þingsalnum. Auðvitað er miður að það afrek skuli hafa farið svona alveg fyrir ofan garð og neðan hjá þessum aðilum. En það er komið á daginn og orðið ljóst að deilan var í fullkomnum hnút og frv. ríkisstjórnarinnar varð til þess að aðilar leita nú annarra leiða en vísa í forsendur ríkisstjórnarinnar. Auðvitað er það svo að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa ætíð lýst því yfir að þeir vildu fyrst og fremst að aðilar hefðu sjálfir forræði málsins. Fyrst frv. ríkisstjórnarinnar varð til þess að mál skipuðust eins og stendur í bréfinu, sem ég vitnaði til, er sjálfsagt að láta á það reyna og ef sú verður niðurstaðan mun það frv. sem nú liggur fyrir að sjálfsögðu verða kallað til baka.

[13:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með að það skuli hafa verið gamansami hæstv. forsrh. sem fór í fötin í morgun en ekki reiði hæstv. forsrh. sem var hér á mánudaginn. Það er alveg ljóst, herra forseti, að það er sú ákvörðun stjórnarandstöðunnar að bremsa af hin bráðræðislegu og gerræðislegu lagaáform ríkisstjórnarinnar sem gáfu það svigrúm sem hafa nú komið málum í þann farveg sem raun ber vitni ella hefði lagafrv., ef óskir hæstv. forsrh. hefðu náð fram að ganga, verið langleiðina orðið að lögum áður en það tilboð sjómanna barst sem hefur nú sett málin í nýjan farveg. Það er alveg ljóst að með þessu hafa skapast möguleikar til að komast hjá lagasetningu sem hæstv. forsrh. viðurkennir væntanlega að hefði verið neyðaraðgerð og þvingunaraðgerð. Eða hvað? Varla mátti merkja eftirsjá í rödd hæstv. forsrh. áðan.

Það er nauðsynlegt að þetta komi fram og hin ósvífnu áform hæstv. ríkisstjórnar svo ekki sé minnst á þær ásakanir sem hæstv. forsrh. og formaður þingflokks Sjálfstfl. viðhöfðu á mánudagskvöldið var, bæði í garð stjórnarandstöðunnar og í raun Alþingis í heild sinni.

Framvinda málsins síðan segir allt sem segja þarf í þessu efni. Eftir stendur að hæstv. ríkisstjórn hugðist brjóta á bak aftur löglega boðað verkfall sjómanna með lagasetningu af því tagi sem liggur fyrir í drögum á borðum þingmanna. Sú ætlan hæstv. ríkisstjórnar verður geymd en ekki gleymd svo að notuð séu nýlega viðhöfð ummæli.

[13:40]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Því ber að fagna að frumkvæði sjómannasáttarinnar hafi leitt til þess að verkfalli hafi verið frestað og viðræður hafist aftur. Í því ljósi er frumhlaup ríkisstjórnarinnar enn þá alvarlegra og ótímabær afskipti hennar af deilunni. Þetta var lítilsvirðing ekki einungis við sjómenn heldur einnig við Alþingi og kom í ljós að frv. sjálft var þannig úr garði gert að það var álitamál hvort um var að ræða stjórnarskrárbrot og brot á alþjóðlegum samningum. Málsmeðferð hefði eðlilega tekið einhverjar vikur en það sem hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera var að afgreiða málið og gera það að lögum í gær.

Ákvörðun stjórnarandstöðunnar að hleypa málinu ekki í flýtimeðferð leiddi til lausnar þess, þ.e. að málið kæmi aftur upp á samningaborðið. Sárindi hæstv. forsrh. þegar hann er gerður afturreka með frv. sitt eru augljós. Í þessu máli tapaði ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Í þessu máli höfðu sjónarmið sjómanna og stjórnarandstöðunnar sigur. En mikilvægast er að það var þjóðin öll sem vann málið vegna þess að nú fara skip á flot og eðlilegar viðræður byrja milli samningsaðila um kaup og kjör. Þannig eru leikreglurnar og þannig eiga þær að vera. Af þeirri atlögu að samningsrétti og Alþingi, sem gerð var í fyrradag, getum við dregið þann lærdóm að okkur í stjórnarandstöðunni ber að standa hart gegn slíku og virða lög og reglur eins og kveðið er á um í þingsköpum. Við höfðum rétt fyrir okkur hvað það varðar og mátum stöðuna rétt og ég fagna því að sjónarmið sjómannasáttarinnar hafi leitt til þessarar niðurstöðu.

[13:42]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Til þess að allir geti komist að sem beðið hafa um orðið biður forseti ræðumenn að stytta sem mest mál sitt og verður að loka mælendaskránni.

[13:42]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það er vitaskuld fagnaðarefni að nú liggur fyrir yfirlýsing oddvita ríkisstjórnarinnar um að það frv. sem var kynnt á mánudaginn verði kallað til baka gangi mál eftir með þeim hætti sem menn binda vonir við. Engin ástæða er að deila um að afstaða stjórnarandstöðunnar sl. mánudag leiddi til þess að nauðsynlegt svigrúm fékkst í þessari erfiðu og viðkvæmu kjaradeilu. Það er heldur ekkert deiluefni að hefðu áform hæstv. ríkisstjórnar gengið fram sl. mánudag væru nauðungarlögin í gildi núna og það svigrúm sem ég nefndi áðan hefði ekki verið til staðar. Um þetta þarf ekki neitt að deila. Þetta er deginum ljósara og þetta vita allir.

Ljóst er að eðlilegir samningar geta hafist í þessu nýja andrúmslofti en á hinn bóginn er jafnljóst að ríkisstjórnin hefur kallað boltann til sín og augu samningsaðila og þjóðarinnar allrar beinast nú að ríkisstjórninni og bjargráðum hennar. Hún hefur óskað eftir því að fá málið til sín að verulegum hluta. Þriggja manna nefnd sjútvrh. mun væntanlega hefja störf hið fyrsta. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort þeir tímarammar sem er að finna í þessum drögum að samkomulagi deiluaðila, 10. mars annars vegar og 15. mars hins vegar, séu þess eðlis að hægt sé að búast við því að bjargráð ríkisstjórnarinnar í deilunni komi fyrir hið háa Alþingi fljótlega upp úr 10. mars nk. þannig að Alþingi geti fyrir sitt leyti komið að deilunni verði þess óskað og verði þess þörf á þeim tíma sem um ræðir.

[13:44]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. kvað frv. verða dregið til baka, ef ... En það er kannski rétt að rifja það aðeins upp af hverju hinar langvinnu deilur sjómanna og útgerðarmanna hafa staðið.

Krafa sjómanna er tiltölulega einföld. Ekki hefur verið staðið við lög og kjarasamninga sjómanna þar sem segir að útgerðarmenn skuli greiða sjómönnum hækkað verð fyrir hlut þeirra og sjómenn eigi ekki að taka þátt í kvótakaupum útgerðar. Það er ótrúlegt að útgerðarmenn, jafnvel með stuðningi stjórnvalda, skuli fá að halda slíkum réttmætum kröfum burt frá borðinu.

Ég skil vel að hæstv. forsrh. reyni með útúrsnúningum, jafnvel bröndurum, að breiða yfir frumhlaup stjórnarinnar á mánudaginn. Það voru þó viðbrögð stjórnarandstöðunnar við þessum yfirgangi sem björguðu ríkisstjórninni og urðu til þess að skapa nýtt svigrúm í málinu og það svigrúm hafa sjómenn sem betur fer nýtt. Ég skora á forsrh. að draga frv. strax til baka svo að útgerðarmenn sýni fulla ábyrgð því að það er fráleitt að láta löggjöf hanga yfir þegar sjómenn eru tilbúnir til að fresta verkfalli sínu.

[13:45]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þegar þessi mál voru rædd í fyrradag réðst hæstv. forsrh. mjög harkalega að stjórnarandstöðunni og að þingsköpunum, talaði um að hér væri um einstakan atburð að ræða sem ætti sér ekkert fordæmi í þingsögunni, gleymdi því að lögin sem við studdumst við eru frá 1991. Formaður þingflokks Sjálfstfl. hafði í hótunum við þingið og stjórnarandstöðuna í tengslum við þetta mál.

Ég tel að þeir eigi ekki bara að draga frv. til baka, endemis frv. frá í fyrradag sem liggur hér enn þá, heldur eigi þeir að biðja Alþingi afsökunar á hótunum sínum, báðir

tveir. Þetta var svo ósmekklegt, hvernig þeir settu hlutina upp, að óhjákvæmilegt er að krefjast þess að forsrh. biðji Alþingi afsökunar á tilætlunarseminni gagnvart Alþingi við afgreiðsluna á þessu máli, af því að ekki var farið fram á að það yrði að lögum í dag. Það var um það talað við stjórnarandstöðuna í fyrradag að það yrði að lögum milli hálfeitt og eitt í gær, þriðjudag. Þannig liggur málið. Það er veruleikinn sem við blasir.

Síðan þetta gerðist á mánudaginn var hefur Alþingi beðið í fjötrum og varla getað komið saman sínum dagskrám. Alþingi kom t.d. saman dagskrá fyrir fundinn í dag um hádegi, með 1–2 tíma fyrirvara. Það er búið að gera tilraun til þess að mínu mati af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að lítillækka Alþingi í þessum efnum og það er sérstakt áhyggjuefni.

Ég fagna því fyrir hönd þingræðisins á Íslandi, liggur mér við að segja, að minni hluti Alþingis sló á puttana á hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni á mánudaginn var. Ég vona að hann læri eitthvað af því eins og sumir ráðherrar hans hafa stundum gert af svipuðu tilefni.

[13:47]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Öll þessi umræða sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar setja á er heldur skringileg við þær aðstæður sem við búum við. Ég hygg að allir, sem hlut eiga að máli og hafa tekið þátt í ríkisstjórnum og hafa átt þátt í að þurfa við neyðaraðstæður að bregðast við kjaradeilum á þann veg að Alþingi hafi þurft að grípa inn í, hljóti að gera sér grein fyrir því að enginn fagnar meir þegar sú staða kemur upp en sú ríkisstjórn sem í hlut á, þegar aðilar eru reiðubúnir að fresta deilum, láta hjól atvinnulífsins snúast og taka sér meiri tíma í að finna lausn. Fulltrúar allra þeirra flokka, sem hér hafa talað, hafa verið í ríkisstjórn og staðið í þeim sporum og sjálfsagt oft kosið að þessi staða kæmi upp og hljóta að vita það a.m.k. með sjálfum sér að enginn fagnar því meir en sú ríkisstjórn sem á hlut að máli.

Staðreyndin sem liggur fyrir er sú að sjómannasamtökin hafa boðist til að fresta boðuðu verkfalli. Forsenda þess að verkfallinu er frestað er sú að 1. gr. frv., sem hér var lagt fram, komi til framkvæmda. Frumvarp, sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa verið að lýsa svo mikilli vanþóknun á. Það er þetta frv. sem kemur hreyfingu á hlutina. Í yfirlýsingu sjómannasamtakanna segir að það hafi enginn viðræðugrundvöllur fundist. Nú er auðvitað engin trygging fyrir því að hann komi með þessum hætti en í þessu er alla vega sú von að það gerist og þá von hafa sjómannasamtökin gripið og við hljótum að þakka þeim og öðrum samningsaðilum fyrir að grípa það tækifæri og skapa það svigrúm og væri nú miklu nær að við byndumst samtökum um að þakka samningsaðilum fyrir að taka sér þetta svigrúm og nota þennan tíma fremur en standa í svo gagnslausu og kjánalegu karpi sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa haft hér í frammi.

[13:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þróunin í sjómannadeilunni undanfarna daga hefur svo sannarlega sýnt að stjórnarandstaðan gerði rétt í því að stöðva hið illræmda frv. ríkisstjórnarinnar, um stöðvun verkfalla sjómanna, fengi ekki flýtimeðferð á Alþingi. Mér skilst reyndar að nú standi á samþykki Vélstjórafélagsins, en ef það verður jákvætt má ljóst vera að verkfallinu verður aflýst og frv. ríkisstjórnarinnar óþarft. Frumvarpið á auðvitað að draga til baka og það strax.

Það verður svo sannarlega ánægjulegt ef stjórnarandstöðunni tekst að afstýra því að enn einu sinni verði sett lög á sjómenn og vonandi verður það ekki reynt aftur að troða svo á mannréttindum heillar stéttar að samningsréttur hennar sé tekinn af henni ár eftir ár. Vonandi verður nú farið í lagabreytingar sem sjómenn, þingið og þjóðin öll getur sætt sig við.

Lögin um stjórn fiskveiða eru mjög umdeild og þau þarf að laga með aðkomu sem flestra sjónarmiða þannig að óánægjuöldurnar sem nú ríkja um gildandi lög og vegna sífelldra brota á kjarasamningum sjómanna lægi. Gildandi þingsköp reyndust vel og verður fróðlegt að fylgjast með hvort nú eigi að herða enn einu sinni að möguleikum stjórnarandstöðunnar með væntanlegum breytingum á þingsköpum. Slíkt væri aðför að þingræðinu og ólíðandi með öllu.

[13:52]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Tilgangurinn með frv. ríkisstjórnarinnar sl. mánudag var að sjálfsögðu sá að koma í veg fyrir að yfirstandandi verkfall yfir hábjargræðistímann á loðnuvertíðinni héldi áfram. Síðan hafa mál skipast þannig að nú bendir allt til þess að verkfallinu verði frestað, sem var markmið frv. Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að frv. skuli hafa orðið til þess að sjómenn bjóðist til að fresta verkfallinu og ef það verður niðurstaðan í dag, að svo fari sem við öll hljótum að vona, þá er fullkomlega ljóst að frv. hefur náð tilgangi sínum. Þetta er kjarni málsins. Frumvarpið varð til þess að atburðarásin tók þessa stefnu ella er mjög hætt við því að þetta hefði ekki gerst með þessum hætti og við sætum hér enn þá uppi með óleysanlega deilu. Þetta er að sjálfsögðu kjarni málsins hvað sem líður misbeitingu stjórnarandstöðunnar á þingskapaákvæðunum sl. mánudag.

[13:53]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Mér finnst að allir eigi að vera kátir. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar eru himinlifandi yfir því að verkfalli verður frestað. Útgerðarmenn og sjómenn geta farið kátir á sjóinn og dettur nokkrum í hug að sjómenn hefðu beitt sér fyrir frestun verkfalls nema af því að frv. var fram komið? Þeir tóku það viturlega ráð að vísa til þeirrar leiðar sem vörðuð var í frv. og vísa beinlínis til frv. í bréfi sínu. Herra forseti, ég vitna til bréfs sjómannasamtakanna:

„Ósk þessi er sett fram á þeirri forsendu að skipuð verði nefnd í samræmi við 1. gr. fyrrnefnds frv. er hafi það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Nefndin skal skila tillögum er beinast að því að koma í veg fyrir viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir er hafi áhrif á skiptakjör sjómanna. Nefndin skili tillögum í síðasta lagi 10. mars 1998."

Þessi nefnd verður skipuð og áður en frestinum lýkur vita samningsaðilar hvert lagaumhverfi þeir komi til með að þurfa að búa við. Og stjórnarandstaðan má vel fá „kikk" út úr því að 23 stjórnarandstæðingar skyldu hafa betur en 39 stjórnarsinnar og mega fyrir mér kalla það sigur þingræðisins.

[13:55]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er auðvitað sérstakt ánægjuefni hvað stjórnarliðar hafa verið glaðir síðustu daga út af framgangi málsins, enda hefur lífsgleðin beinlínis skinið af ráðherrunum eins og sjá má undanfarna þrjá daga. Frumvarpið sem

ríkisstjórnin lagði fram var hins vegar ekki ein grein heldur fimm greinar. Frumvarpið var ekki um að fresta verkfalli sjómanna heldur að banna það, afnema verkfallið. Ef vilji ríkisstjórnarinnar hefði náð fram að ganga hefði þetta frv. orðið að lögum á Alþingi milli hádegis og kl. eitt í gær, þremur, fjórum klukkutímum áður en sjómönnum gafst ráðrúm til að ganga frá því tilboði sem nú er að leysa deiluna. Það er því algerlega rangt að þetta frv. hafi orðið til þess.

Það eru líka rangar fullyrðingar bæði hæstv. forsrh. og annarra stjórnarsinna um að þetta sé eitthvað sérstakt sem gerðist í atkvæðagreiðslu um afbrigði. Þetta hefur tvívegis gerst áður í tíð núverandi þingforseta, að afbrigði hafi verið felld fyrir málum. Það hefur margoft gerst áður fyrir 1991, að stjórnarandstaða greiði atkvæði gegn tillögu um afbrigði vegna flýtimeðferðar máls hjá ríkisstjórn. Það bara nægði ekki til á þeim tíma því að það þurfti einfaldan meiri hluta hjá ríkisstjórn til að knýja slíkt fram. Breytingin var gerð árið 1991 til að koma í veg fyrir að ríkisstjórn gæti beitt slíku valdi á kostnað þingræðisins og um það voru allir sammála. Einn af flm. var hv. þm. Geir H. Haarde. Framsögumenn fyrir þessari tillögu um að styrkja þingræðið með þessum hætti voru hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. núv. félmrh. hvor í sinni deild. Um þetta ákvæði var full samstaða og þeir sem mæltu fyrir því og studdu það á Alþingi gerðu að sjálfsögðu ráð fyrir því að til þess kynni að koma að því yrði beitt. Þarna var verið að styrkja þingræðið. Þingræðið hefur fengið sinn framgang og það er vel.

[13:57]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Aðeins út af þessu síðasta. Það kom fram á fundi með forráðamönnum stjórnarflokkanna og þingflokksformanna, að þá rifjaði hæstv. utanrrh. upp, og það var sérstaklega tekið fram við þá gerð sem hv. þm. var að lýsa, að auðvitað mundu menn ekki misbrúka ákvæði af þessu tagi. (Gripið fram í.) Það stendur klárt að því hefur aldrei verið neitað áður að mál megi koma til umræðu. Það hefur auðvitað komið til álita þegar mál hafa verið til umræðu hvort of hratt sé farið í sakir. Það er meginmálið.

Á hinn bóginn er alveg augljóst á stjórnarandstöðunni að hún áttar sig á því að hún hljóp á sig með framferði sínu á dögunum. Hún áttar sig á því og það er út af fyrir sig ágætt jafnvel þó að stjórnarandstaðan flissi. Ég hef tekið eftir því að þeir fara yfirleitt að flissa þegar þeim líður illa í salnum, þannig að þeir hafa áttað sig verulega á því.

Af því að spurt var sérstaklega um tímasetningarnar, tímarammann, þá er hann auðvitað þröngur en ég vonast til þess að hann dugi. Það er mikilvægt að spurt sé um tímarammann vegna þess að ég hlustaði á hv. þm. Sighvat Björgvinsson á Stöð 2 fara með langa rullu um þetta stutta frv. þar sem hann sagði að tímaramminn væri þannig að nefndin ætti að skila áliti í lok júni, þá ætlaði ríkisstjórnin að setja bráðabirgðalög, þó að það standi á þessari einu síðu, sem hv. þm. vildi ekki láta ræða hér, að nefndin ætti að skila áliti 10. mars, þá fór hv. þm. svona frjálslega með sannleikann. Ef menn eru að tala um afsökunarbeiðni, þá ættu þeir auðvitað að biðjast afsökunar á þess háttar upplýsingum til almennings í landinu.

***Um fundarstjórn.***

Túlkun þingskapa.

[13:59]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vona að hæstv. forseti hafi lagt eyru við og heyrt hvaða ásakanir komu fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde, formanni þingflokks Sjálfstfl., og síðan var undir þær tekið með vissum hætti af hæstv. forsrh. Þessir hv. þingmenn og hæstv. ráðherra, héldu því fram að hér hefði farið fram misbeiting af hálfu stjórnarandstöðunnar á þingsköpum eða hennar stöðu í þinginu.

Nú er það ótvírætt að þau ákvæði þingskapanna sem þarna koma til eru skýr og á ekki að þurfa að deila um túlkun þeirra. Ég fer því fram á það að hæstv. forseti kveði upp úr um það hvort hann telji að hér hafi átt sér stað misbeiting á þingsköpum eða stjórnarandstaðan hafi með einhverjum hætti misbeitt þeim rétti sem hún hefur eða minni hluti á hverjum tíma og skýrt er búið um að þessu leyti í þingsköpunum. Sé það skoðun forseta og hans niðurstaða eða úrskurður að svo sé ekki, þá hljótum við að ætlast til að þessir hv. þingmenn dragi þau ummæli sín til baka og biðjist afsökunar á þeim. Annað er algerlega ósæmilegt og menn verða að standa ábyrgir orða sinna einnig þótt þeir beri háa titla. Við getum ekki setið undir því við slíkar aðstæður að þingstörfin gangi áfram fyrr en búið er að skýra úr þessum málum, herra forseti.

[14:00]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti tekur sér þann tíma sem hann telur sig þurfa til að kveða upp slíkan úrskurð.

[14:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það hefði mátt túlka orð forsrh. um fund með þingflokksformönnum á þann veg að þingflokksformenn hefðu á einhvern hátt gengist undir eða viðurkennt það sem utanrrh. staðhæfði, að þegar þetta ákvæði var sett í þingsköpin hefði jafnframt verið tekin ákvörðun um að því yrði aldrei beitt. Utanrrh. staðhæfði þetta á fundi með þingflokksformönnum. Að öðru leyti brugðumst við ekki við því, enda getum við ekki haft neitt um það að segja hvaða skoðun menn höfðu á ákvæði í þingsköpunum þegar þeir settu það. Ekki tók ég þátt í því og hef ekki heyrt um þetta.

Í allri þeirri vinnu sem ég hef tekið þátt í með þingflokksformönnum og forseta að breyta þingsköpum, gera þingið skilvirkara og þingið ábyrgara gagnvart framkvæmdarvaldinu, hef ég litið svo á að hvert einasta orð sem ég hef tekið þátt í að setja í þingsköpin ætti að vera virkt og að það merkti það sem það segði.

Umræðan hér gefur til kynna að við séum í þingsköpum með grein sem ekki á að virka, grein um að til að taka mál á dagskrá með afbrigðum þurfi atkvæði tveggja þriðju hluta þingmanna. Ég hef trúað því að þetta ákvæði í þingsköpum okkar væri gilt. Hér er verið að segja að þetta ákvæði sé ómark, það hafi verið sett í þingsköpin til fegurðarauka fyrir þingið. Ákvæðinu átti aldrei að beita. Það var skilningur þeirra sem settu ákvæðið. Ég harma þetta, virðulegi forseti, ég vil ekki skilja þingsköp á þennan veg. Ég mun ekki taka þátt í því að setja nokkurn hlut inn í þingsköpin sem síðan á aðeins að vera ómark.

[14:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti verður að láta þá skoðun í ljós að þetta sé alveg á mörkunum að vera um fundarstjórn forseta.

[14:03]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en þar sem nafn mitt bar hér á góma sé ég mig knúinn til þess. Ég tel út af fyrir sig ánægjulegt að þetta verkfall er að leysast. Auðvitað er það mjög ánægjulegt. Út af fyrir sig er ánægjulegt að það skyldi fyrst og fremst snúast út í umræður um þingsköp en ekki um það hvernig málum er komið.

Ef stjórnarandstaðan telur að henni sé að þakka í þessu máli er það ánægjulegt. Ríkisstjórnin telur líka að þetta sé henni að þakka og sjómennirnir telja að þetta sé þeim að þakka, þannig að mér heyrist að allir geti verið glaðir og sáttir.

Að því er varðar þingsköpin get ég rifjað það upp að þegar þetta ákvæði var sett á sínum tíma fór að sjálfsögðu fram umræða um það í þeirri nefnd sem þá starfaði. Þá var talið að rétt væri að setja þessa almennu reglu um tvo þriðju og að líða þyrftu tvær nætur. En í þeim umræðum, og ég hef vitnað til þess, kom einnig fram að ef ríkisstjórn á hverjum tíma kæmi inn í þingið með svo brýnt mál að hún teldi að það gæti ekki beðið þá væri óhugsandi að stjórnarandstaða kæmi í veg fyrir það. Það þótti svo sjálfsagt í þeirri umræðu sem þar fór fram (**Gripið fram í:** Til hvers er það þá?) að það mundi ekki þurfa að taka það fram. Ég er aðeins að rifja upp þá umræðu sem þar fór fram.

Það er ljóst að stjórnarandstaðan hefur rétt til að beita umræddu ákvæði. Hins vegar kom það mér og ýmsum öðrum á óvart að stjórnarandstaðan skyldi vilja beita því af slíkri hörku. Hver maður hlýtur að sjá að ef kalla þyrfti þingið saman að sumarlagi til þess að grípa til einhverra ráðstafana af brýnni nauðsyn, þá verðum við að gera ráð fyrir því að það taki eina viku. Það er ekki til þess að hvetja til þess að hætta við að nota ákvæði stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög. Og ef núverandi stjórnarandstaða vill vinna að því að menn hætti að beita bráðabirgðalögum þá hefur núverandi stjórnarandstaða staðfest það að hún vill það ekki. Það er hvað alvarlegast í þessu máli. Ég hef verið þeirrar skoðunar, og hélt að allir þingmenn væru þeirrar skoðunar, að við ættum að draga verulega úr beitingu bráðabirgðalaga. Núverandi stjórnarandstaða hefur með þessu framferði sínu lagt áherslu á að það skuli ekki gert. Það er alvarlegt.

[14:06]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Því er svo farið með þetta ákvæði um afbrigði að þingsköpum var breytt árið 1991 eins og hér hefur komið fram. Ákvæðin voru þannig að áður þurfti helming viðstaddra til þess að heimila afbrigði ef um var að ræða stjórnarfrv. Þrjá fjórðu þurfti, ef ég man rétt, (**Gripið fram í:** Tvo þriðju.) ef um var að ræða þingmannamál. Það var því samræmt í tveimur þriðju á þeim tíma. Auðvitað datt engum í hug að þetta ákvæði yrði notað til þess að koma í veg fyrir að stjórnarfrv. kæmust til meðferðar á þeim hraða sem alla tíð hefur tíðkast. Það er staðreynd að aldrei áður hefur það komið fyrir að ákvæði sem þessu, núverandi ákvæði frá 1991 eða forvera þess, hafi verið beitt til þess að koma í veg fyrir að ríkisstjórnarfrv. kæmist á dagskrá við 1. umr.

Við skulum gá að því hvað það þýðir. Afbrigði eru veitt sem venjubundinn þáttur í starfi þingsins allt þingárið. Það er mjög algengt, t.d. fyrir jól þegar stjórnarandstaða kemur með tillögur til breytinga á fjárlagafrv., að þá séu heimiluð afbrigði. Það hefur aldrei verið neinn ágreiningur um það og þykir sjálfsagt að veita afbrigði þegar eftir þeim er leitað. Þannig liggur nú þetta mál.

Að því er varðar spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi ummæli mín áðan þá virðast sumir menn ekki mega hagnýta sér skoðana- og málfrelsi sitt í þinginu án þess að allt fari hér á annan endann. Það virðast bara vissir þingmenn mega koma hér í ræðustólinn hvenær sem þeim hentar með stóryrði og hávaða. Ég hef ekki dregið í efa að úrskurður forsetans um að atkvæðagreiðslan, eins og hún var á mánudag, hafi verið rétt og niðurstaða í henni liggur fyrir. Hún var samkvæmt þingsköpum formlega rétt. Það þarf ekkert að spyrja forsetann frekar að því. Hann kvað upp úrskurð sinn í því máli á mánudaginn.

Ég tel hins vegar að hér hafi verið um pólitíska misbeitingu að ræða þegar stjórnarandstaðan kom í veg fyrir að mikilvægt þingmál frá ríkisstjórninni gæti komið til umræðu í þinginu. Við erum ekki að tala um afgreiðslu heldur 1. umr. Það hef ég leyft mér að kalla misbeitingu og sé enga ástæðu til þess að draga það til baka eða biðjast afsökunar á þeim ummælum. Ekki einu sinni þó hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon biðji um það.

[14:08]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Enn er einn hv. þm. á mælendaskrá um fundarstjórn forseta og forseti ætlar að gefa honum orðið en vonast til að þar með geti þessari umræðu um fundarstjórn forseta lokið. Ef menn vilja ræða sérstaklega skilning á þingskapalögum er forseti tilbúinn að setjast yfir það með þingflokksformönnum og finna því annan stað í umræðunni en í ákvæði þingskapa um fundarstjórn forseta.

[14:09]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara fram á að gert verði hlé á þessum fundi svo ráðrúm fáist til að ræða við hæstv. forseta um þær ávirðingar sem hér eru ítrekað bornar á stjórnarandstöðuna af forustumönnum stjórnarflokkanna, um misbeitingu og fleira þess háttar. Þannig er það líka nauðsynlegt vegna þess, herra forseti, að hæstv. forseti hefur ekki kveðið upp úrskurð af þessum stól í dag þó hann hafi verið beðinn um það. Af þeim ástæðum fer ég fram á að gert verði hlé á þessum fundi þannig að ráðrúm vinnist til að ræða um málin og fá á því nánari skýringar af hálfu hæstv. forseta. Stjórnarandstaðan þarf að komast að því hvort hún hafi misbeitt rétti sínum til ákvörðunar og afskipta af þessu máli í fyrradag. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. forseti ræði þetta við forustumenn þingflokkanna núna tafarlaust. Í raun er ekki hægt að halda áfram þingstörfum við þær aðstæður sem nú eru, meðan aðrar eins ávirðingar eru bornar á stjórnarandstöðuna.

Í öðru lagi, herra forseti, er hitt enn þá alvarlegra að hæstv. utanrrh. rangtúlkar umræðurnar 1991. Rangtúlkar segi ég, með þeim hætti að það eigi framvegis, vegna þess hvernig stjórnarandstaðan beitti atkvæði sínu á mánudaginn, að nota bráðabirgðalagavaldið á ný í vaxandi mæli. Hér er gefin út yfirlýsing um að nota eigi bráðabirgðalagavaldið á næstunni í vaxandi mæli af núv. hæstv. ríkisstjórn. Það eru pólitísk stórtíðindi fyrir þjóðina og fyrir þingið. Þess vegna er óhjá-

kvæmilegt að um það verði einnig rætt sérstaklega, ekki aðeins á vettvangi forustumanna þingflokkanna og forsn. heldur á vettvangi Alþingis. Þar eru einnig mikil tíðindi, herra forseti, sem nauðsynlegt er að glöggva sig á.

Það er rangt, sem ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi sagt áðan, að málið hafi verið lagt þannig fyrir 1991 að menn hafi alltaf gert ráð fyrir því að ríkisstjórn á hverjum tíma gæti komið með sitt mál inn í þingið og fengið það rætt. Þannig er það ekki því að þá mundi það standa í þingsköpunum. Og þá mundi það einnig standa í þingsköpunum að ríkisstjórnin á hverjum tíma réði yfir Alþingi og dagskrá Alþingis. Og það er einmitt það, herra forseti, sem hæstv. forseti Alþingis hefur orðið að þola undanfarna sólarhringa. Alþingi hefur beðið eins og í fjötrum eftir því að hæstv. ríkisstjórn þóknaðist að óska eftir því að mál yrðu sett hér á dagskrá. Þannig er nú staða Alþingis Íslendinga.

[14:12]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hafði þegar sagt að hann tæki sér þann tíma sem hann teldi sig þurfa til að kveða upp umbeðinn úrskurð og hann verður ekki kveðinn upp hér á staðnum. Til þess þarf forseti að fara yfir þær umræður, útskrift af þeim umræðum sem hér hafa farið fram. En hann mun hitta þingflokksformenn á eftir, þó ekki fyrr en upp úr hálfþrjú.

Hv. 4. þm. Vestf. hefur kvatt sér hljóðs til þess að bera af sér sakir.

[14:12]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er verið að bera á þingmenn sakir þegar fullyrt er að þeir misnoti atkvæði sitt á Alþingi. Umræða um slíkt á að fara fram undir slíkum dagskrárlið. Það er verið að bera á okkur þær sakir að við misnotum atkvæði okkar á Alþingi til þess að koma í veg fyrir að vilji þingsins nái fram að ganga. Það sem hæstv. utanrrh. sagði er mjög einkennandi fyrir þessa umræðu. Hann sagði: Þessi ákvæði voru ekki sett inn — hann sagði eitthvað á þá leið — til þess að stjórnarandstaðan gæti nýtt sér stöðu sína.

Nei, það er alveg rétt. Þessi ákvæði voru sett í lög árið 1991 til þess að auka veg Alþingis Íslendinga sem stofnunar. Þetta var til þess að styrkja stöðu Alþingis. Ég hef farið yfir allar umræður frá árinu 1991 um frumvarpið sem þá var lagt fram, virðulegi forseti. Þær yfirlýsingar sem komið hafa fram frá hæstv. utanrrh. og fleirum, komu aldrei fram í þeirri umræðu.

Það var alveg ljóst hvað var verið að gera þar. Það var verið að tryggja það að almennar þingræðislegar reglur um meðferð mála hér á Alþingi skyldu ná fram að ganga. Það var gert með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að lengja frest frá framlagningu frumvarps til 1. umr. úr einni nótt í tvær. Í öðru lagi að setja sama ákvæði um afbrigði varðandi stjórnarfrv. og þingmannafrv., þ.e. að tveir þriðju þingmanna þyrftu að samþykkja afbrigðilega meðferð frumvarps til þess að sú meðferð yrði heimiluð. Þetta var ekki gert fyrir stjórnarandstöðuna. Þetta var ekki gert fyrir hv. þm. sem þá var, Halldór Ásgrímsson, eða hv. þm. Pál Pétursson sem stóðu að þessum tillögum. Þetta var gert til þess að styrkja þingræði á Íslandi og koma í veg fyrir að ríkisstjórn gæti tekið mál til afbrigðilegrar meðferðar á Alþingi með einföldum meiri hluta, með meiri hluta kannski eins þingmanns. Það hefur oft gerst, virðulegi forseti, að stjórnarandstaða hafi greitt atkvæði á móti slíkri málsmeðferð en það bara dugði ekki til fram á árið 1991. Þá þurfti ekki nema eins þingmanns meiri hluta til að knýja afbrigðilega meðferð málsins í gegn. Og þingmenn úr öllum þingflokkum voru sammála um að það bæri að setja skorður við þessu, ekki út frá hagsmunum stjórnarandstöðu heldur út frá hagsmunum Alþingis sem löggjafarstofnunar. Og ég skil ekki þær yfirlýsingar sem koma nú frá þeim mönnum á Alþingi sem annaðhvort fluttu tillögurnar um þetta eins og hv. þm. Geir H. Haarde (Forseti hringir.) eða mæltu fyrir þeim og báðu um samþykki fyrir þeim eins og hv. þáv. þm. Halldór Ásgrímsson og hv. þáv. þm. Páll Pétursson. (Forseti hringir.) Ég skil ekki framkomu þeirra manna nú.

## *Atvinnuleysi kvenna.*

Fsp. JóhS, 411. mál. — Þskj. 732.

[14:16]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Á þessu þingi hefur ekki mikið verið rætt um atvinnuleysi þó að yfir 5 þús. manns hafi verið atvinnulausir á sl. ári. En nú í desember sl. — þ.e. samkvæmt nýjustu atvinnuleysistölum — voru 5.554 á atvinnuleysisskrá og það í góðæri eins og ríkisstjórnarflokkarnir eru sífellt að klifa á. Vissulega er nauðsynlegt að taka umræðu á Alþingi almennt um atvinnuleysi, en hitt er enn brýnna að ræða atvinnuleysi kvenna sem er gífurlega mikið og var í desember sl. helmingi meira hjá konum en körlum eða 5,4% hjá konum og 2,5% hjá körlum. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við hefur atvinnuleysi kvenna verið um 6% allan tímann meðan atvinnuleysi karla hefur verið á þessum árum allt að helmingi minna.

Herra forseti. Tímabært er að leitað sé skýringa á þessu. Því liggja hér fyrir tvær fyrirspurnir til hæstv. félmrh. á þskj. 732 þessu máli tengdar. Sú fyrri hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hvaða skýringu hefur ráðherra á því að atvinnuleysi var rúmlega tvöfalt meira á landinu öllu hjá konum en körlum í desember sl., eða 5,4% hjá konum og 2,5% hjá körlum?

2. Er einhver sérstök skýring á því að á Norðurlandi vestra var atvinnuleysi kvenna nærfellt þrisvar sinnum meira en karla í desember sl., eða 7,8% hjá konum og 2,8% hjá körlum?

Varðandi 2. tölul. fyrirspurnarinnar vekur það athygli að atvinnuleysi kvenna er nærfellt þrisvar sinnum meira en karla á Norðurl. v. sem vill til að er kjördæmi félmrh. Nauðsynlegt er að fá fram hvaða sérstaka skýring liggur til grundvallar svo miklu atvinnuleysi kvenna á Norðurl. v. Sama á reyndar við um fleiri staði eins og Suðurland og Suðurnes þar sem sjá má svipaða þróun. Því er sérstaklega spurt um þetta kjördæmi.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi svör við þessum spurningum.

[14:19]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég deili áhyggjum með hv. fyrirspyrjanda vegna atvinnuleysis kvenna. Það er reyndar rétt að hafa það í huga þegar maður skoðar þessar atvinnuleysistölur að þá eru yfir 25% þeirra kvenna sem skráðar eru atvinnulausar í hlutastörfum, þ.e. atvinnuþátttaka þeirra gefur ekki laun sem eru fullar atvinnuleysisbætur og þá fá þær til viðbótar úr Atvinnuleysistryggingasjóði en ekki er gerður greinarmunur í tölunum um atvinnuleysið. Allt frá árinu 1992 hefur munurinn á atvinnuleysi kvenna og karla farið vaxandi.

Árstíðasveiflur í atvinnuleysi kvenna eru miklu minni en karla sem helgast auðvitað af hefðbundinni mikilli þátttöku karla í verklegum framkvæmdum yfir sumarmánuðina. Hins vegar hefur þessarar árstíðasveiflu hjá körlum gætt lítið seinni hluta ársins 1997. Hefðbundin lokun fiskvinnsluhúsa í seinni hluta desember eykur að jafnaði atvinnuleysi kvenna verulega umfram karla í þeim mánuði.

Síðan var spurt um skýringar á miklu atvinnuleysi hjá konum í Norðurl. v. Það er reyndar svo að munurinn á atvinnuleysi kvenna og karla hefur ekki verið bundinn við Norðurl. v. eingöngu. T.d. er munurinn nær þrefaldur á Suðurnesjum. En þessi munur hefur farið vaxandi með minnkandi atvinnuleysi karla. Fjölgun atvinnulausra á landsbyggðinni í desember ræðst mikið af lokum fiskvinnsluhúsa vegna hráefnisskorts og kvað rammt að þessu í desember á Norðurl. v. Fjölgun atvinnulausra á skrá í desember í Norðurl. v. er þannig að verulegu leyti tilkomin vegna hráefnisskorts.

Seinasta atriðið sem við í félmrn. áttum eftir að uppfylla í gildandi jafnréttisáætlun var stofnun jafnréttisráðgjafa. Jafnréttisráðgjafi hefur verið skipaður og að tillögu Byggðastofnunar er honum fenginn staður á Norðurl. v. einmitt með tilliti til þess atvinnuleysis sem þar er við lýði. Og ef ég má lesa úr auglýsingunni sem við settum þegar við auglýstum þetta starf, þá eru meginverkefnin þessi, með leyfi forseta:

„Að vinna með atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur. Vinna að mati á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Jafnframt sinni jafnréttisráðgjafi eftir því sem þörf krefur jafnréttisstarfi á sviði menntamála, fjölskyldumála og félags- og heilbrigðismála í samvinnu við jafnréttisnefndir og starfsfólk viðkomandi ráðuneyta og stofnana."

Þessi jafnréttisráðgjafi er nú fundinn og tekur til starfa innan skamms og ég vænti mjög mikils af starfi hennar.

Ég kannaði það sérstaklega í morgun á svæðisvinnumiðluninni á Blönduósi, svæðisvinnumiðlun Norðurl. v., hvernig staðan væri í dag í kjördæminu og fékk svohljóðandi fax sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Ég hef haft samband við skráningarstaði á Siglufirði, Skagaströnd og Sauðárkróki.

Á Siglufirði er mikið af fólki í hlutastarfi og á atvinnuleysisbótum á móti. T.d. vill Þormóður rammi ekki ráða fullorðið fólk nema í hlutastörf. Þá er einnig nokkuð á skrá af kvenfólki fæddu 1930–1935 sem ekki fær vinnu.

Á Skagaströnd var sagt upp í rækjuvinnslunni eins og verið hefur undanfarin ár um miðjan desember. Voru það um 30 manns. Þar var farið að vinna strax eftir áramót aftur, en t.d. hefur þar vöktum verið breytt í sex tíma í staðinn fyrir átta tíma fyrir áramót og hafa því nokkrar konur komið á atvinnuleysisbætur þessa tvo tíma og einnig hefur verið unnið að skipulagsbreytingum með það að markmiði að fækka um sjö til níu manns á vinnslubandinu þar sem eingöngu vinna konur.

Á Sauðárkróki er eins og á Siglufirði mikið af hlutastörfum og fólk á atvinnuleysisbótum á móti. Það hefur verið nokkur aukning á svona hlutastörfum hjá Sjúkrahúsi Sauðárkróks. Önnur skráning er af ýmsum ástæðum.

Hér á Blönduósi sagði Fiskur 2000 upp um miðjan desember um 40 manns og það fyrirtæki er ekki farið af stað aftur. Það byggir vinnslu sína á kola sem keyptur er á mörkuðum og þeir hafa haldið að sér höndum vegna yfirvofandi sjómannaverkfalls, en væntanlega rætist úr því innan skamms."

[14:24]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að mikil þörf er á því að ræða sérstaklega um atvinnuleysi kvenna. Það sýnir sig mánuð eftir mánuð að atvinnuleysi meðal þeirra er allt að helmingi meira en meðal karla og virðist vera orðið viðvarandi í vissum landshlutum. Ég held þó að það sé brýnast að kanna mjög rækilega hvað þarna býr að baki, hverjar orsakirnar eru og til hvaða ráða er hægt að grípa í framtíðinni og jafnframt að horfa enn lengra fram í tímann því að við erum auðvitað að upplifa miklar tæknibreytingar sem eru líklegar til þess að fækka hinum hefðbundnu störfum kvenna.

Í því samhengi, hæstv. forseti, vil ég benda á að hér liggur fyrir tillaga um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því sem var á dagskrá í gær en komst ekki að. Hún verður vonandi rædd hér á allra næstu dögum þannig að við getum gefið okkur góðan tíma til að ræða þetta mjög svo alvarlega mál.

[14:25]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn því að það er svo sannarlega áhyggjuefni hve atvinnuleysi kvenna er mikið. Ég vil í framhaldi af svari hæstv. félmrh. um ástandið á Norðurl. v. spyrja hann hvort hann telji ekki að atvinnustefna ríkisstjórnarinnar skýri að hluta til hve atvinnuleysi kvenna er mikið á því svæði og þar á ég bæði við áherslu ríkisstjórnarinnar á stóriðju og hins vegar á þróunina í sjávarútvegsmálum. Og ef svo er, hvort hann eða ríkisstjórnin fyrirhugi átak í atvinnumálum kvenna í þessu kjördæmi eða almennt.

[14:26]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi reynt að gera sitt besta til að svara þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Engu að síður tel ég þessi svör alls ekki fullnægjandi. Ég get ekki tekið það sem fullnægjandi skýringu á atvinnuleysi kvenna sem er tvöfalt meira en hjá körlum og sums staðar þrisvar sinnum meira, að ástæðunnar sé eingöngu að leita í því að konur séu meira í hlutastörfum en karlar þó að vissulega geti það verið ein skýring á málinu. Ég get heldur ekki trúað því að atvinnuleysi í Norðurl. v. sé sérstaklega vegna hráefnisskorts. Af hverju bara í Norðurl. v.? Hlýtur það þá ekki að vera víðar ef rekja má þetta til hráefnisskorts?

Ég held, herra forseti, að skýringin á þessu sé kannski miklu víðtækari en hér er verið að tala um og miklu alvarlegri og það kallar raunverulega á að þessi mál verði skoðuð miklu betur en hér hefur verið gert og því þurfi reyndar að grípa til sérstakra aðgerða vegna þess að atvinnuleysi hjá konum hefur verið, eins og ráðherra nefndi, miklu meira en karla frá árinu 1993 og allt til dagsins í dag. Ég held að hagræðing og sameining í fyrirtækjunum sem er af hinu góða, hafi miklu meira bitnað á konum en körlum. Ég held að þenslan sem hefur verið á vinnumarkaðnum á undanförnum mánuðum og árum sé fyrst og fremst í mannvirkjagerð þar sem karlar fá frekar vinnu heldur en konur, í stóriðjuframkvæmdum o.s.frv. Ég held að skýringarinnar sé líka að leita í að tæknibreytingar og tæknibylting hafi meira bitnað á konum en körlum. Ég held því að að grípa þurfi til mjög

víðtækra aðgerða. Einn liður í því væri t.d. starfsmenntunin. Þurfum við ekki að skoða hvort þetta hafi sérstaklega bitnað á ófaglærðu fólki o.s.frv.?

En það eru tvær aðrar fyrirspurnir hér á dagskrá þar sem ég get komið inn á þetta mál. En mér finnst svör ráðherrans ekki fullnægjandi þó að hann hafi af bestu getu reynt að svara þessum fyrirspurnum.

[14:28]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig gert mitt besta til þess að svara þessum fyrirspurnum samviskusamlega og naut til þess góðrar aðstoðar Gunnars Sigurðssonar, deildarstjóra á Vinnumálastofnun, og fyrir það er ég honum þakklátur. Hitt er svo annað mál að ég kann ekki skýringar við öllu sem ég kann að vera spurður um.

Það er alveg hárrétt að breytt tækni á þarna verulegan hlut. Mér er minnisstætt tilsvar sem ég fékk þegar ég kom í rækjuvinnslu á Blönduósi fyrir nokkrum árum. Þar var mér sagt að búið væri að panta kvennabana. Mér varð nokkuð um því að ég vissi að þarna mundu átta eða tíu konur missa störfin sín og fór að finna að þessu við framkvæmdastjórann. Þá spurði hann: „Ertu ekki hættur að slá með ljá á Höllustöðum?" Ég varð að viðurkenna að ég var hættur að slá með ljá en þetta kemur niður á kvennastörfum.

Í Norðurl. v. er tiltölulega mikill hluti atvinnuþátttöku kvenna í fiskvinnslu. Þróunin hefur orðið sú hvort sem manni líkar betur eða ver að í rækjunni hefur verið aukin vélvæðing og mikil tækni. Síðan hefur þróunin orðið sú í frystingunni að hún hefur færst út á sjó í stórauknum mæli og miklu færri konur í kjördæminu fá vinnu við fiskvinnslu en var fyrir nokkrum árum síðan. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að vinna að fjölbreyttari úrræðum við að skapa kvennastörf, bæði á Norðurl. v. og eins víðar um land. Ég kem að því vonandi í svörum við öðrum fyrirspurnum sem hér eru á dagskránni.

## *Langtímaatvinnuleysi.*

Fsp. JóhS, 410. mál. — Þskj. 731.

[14:31]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Það sem vekur athygli í atvinnuleysistölum frá því þessi ríkisstjórn tók við er vaxandi langtímaatvinnuleysi. Það er mjög mikilvægt að greina hvaða hópar lenda sérstaklega í langtímaatvinnuleysi, t.d. hvernig það skiptist milli kynja, aldurs og stöðu. Þannig væri frekar hægt að leggja mat á hvernig á að bregðast við þessu vaxandi langtímaatvinnuleysi. Er það t.d. svo að hagræðing og tækniþróun á vinnumarkaðnum hafi með einum eða öðrum hætti frekar bitnað á ákveðnum hópi en öðrum, t.d. ófaglærðu fólki? Hefur langtímaatvinnuleysi t.d. bitnað sérstaklega á ungu fólki, á öryrkjum, á konum? Er það virkilega svo sem maður heyrir oft að konur séu síður gjaldgengar á vinnumarkaðnum en karlar eftir að þær hafa náð miðjum aldri? Hver er skýringin á langtímaatvinnuleysi? Á hverjum bitnar þetta langtímaatvinnuleysi sem hefur farið vaxandi? Því er lögð fyrir hæstv. félmrh. eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hvaða skýring er á því að langtímaatvinnuleysi, þ.e. atvinnuleysi sem varir sex mánuði eða lengur, hefur meira en tvöfaldast frá árinu 1992 til 1997 og hver hefur verið þróun langtímaatvinnuleysis á þessum árum, skipt eftir kyni og aldri?

2. Hve margir voru atvinnulausir lengur en eitt ár á framangreindu tímabili, samtals og skipt eftir kyni og aldri?

3. Telur ráðherra ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða vegna langtímaatvinnuleysis?

[14:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það gildir það sama um þetta svar og það síðasta að hafa ber í huga þegar atvinnuleysistölur eru athugaðar að a.m.k. fjórðungur þeirra kvenna sem eru skráðar atvinnulausar er í hlutastörfum. Ég hef hins vegar ekki greiningu á því hvort það sama gildi um langtímaatvinnuleysið og skammtímaatvinnuleysið.

Atvinnuástandið hélt áfram að versna á tímabilinu 1992 til 1995. Á þessu tímabili fjölgar þeim sem hafa verið atvinnulausir meira en sex mánuði, úr 865 í 1.962 miðað við meðaltal þeirra sem eru skráðir atvinnulausir í lok febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert. Frá því atvinnuástandið fór að batna á árinu 1996 hefur ekki dregið úr þessu langtímaatvinnuleysi í heild, en árið 1996 eru þeir samtals 1.957 og 1.974 á árinu 1997. Hins vegar hefur það minnkað hjá körlum en aukist hjá konum.

Helsta skýring á þessari þróun er sú að langtímaatvinnulausir hafa tilhneigingu til að fá síðastir vinnu þegar betur árar í þjóðfélaginu. Þeir sitja eftir á atvinnuleysisskrá. Hreyfanleiki þessa hóps til að taka vinnu þar sem vinnu er að fá, eins og t.d. í fiskivinnslu úti á landi og við verklegar framkvæmdir, virðist mjög takmarkaður. En veiting atvinnuleyfa hefur farið mjög vaxandi á árunum 1996 og 1997 og nú er svo komið að yfir þúsund erlendar konur eru með atvinnuleyfi hjá félmrn. og þar fyrir utan eru allar þær konur sem hér vinna og eru búsettar á Evrópska efnahagssvæðinu þannig að það kann að vera að hér séu að störfum um 2.000 erlendar konur.

Önnur skýring er sú að með hagræðingu í fyrirtækjum að undanförnu hafa kröfur um menntun og hæfni vinnuafls aukist. Reynslan sýnir einnig að eldra fólk á erfiðara með að fá vinnu eftir langtímaatvinnuleysi, sérstaklega þegar breytingar verða miklar á kröfum til verkþekkingar og verkkunnáttu.

Átaksverkefni sveitarfélaga hafa farið minnkandi frá árinu 1994 bæði vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaga og aukinnar eftirspurnar á almennum vinnumarkaði og einnig var að átaksverkefnin gáfu ekki nægilega góða raun. Farsælla var að eyða peningunum í að skapa varanleg störf. En átaksverkefnin höfðu það hins vegar í för með sér að hægt var að draga úr því að fólk lenti í langtímaatvinnuleysi.

Langtímaatvinnuleysi eftir aldri er mest í aldurshópunum 30–39 ára. Næststærsti hópurinn er 60–69 ára. Það er einkennandi að langtímaatvinnuleysi hjá konum er langmest í hópnum sem er 30–39 ára en aftur hjá körlunum þegar þeir eru komnir yfir sextugt, eins og ég. Hafa ber í huga að langtímaatvinnuleysi hefur minnkað í lok tímabilsins í yngstu aldurshópunum og það er þó ánægjulegt.

Svar við spurningu tvö: Þeir sem eru búnir að vera atvinnulausir eitt ár eða lengur voru 922 árið 1996, 981 árið 1997. Karlarnir voru 122 árið 1992 en 346 árið 1997. Konurnar voru 133 árið 1992 en 635 árið 1997. Konurnar eru sem sagt, eins og ég sagði áðan, flestar í aldurshópnum 30–39 ára, en karlar í aldurshópnum 60–69 ára, eða 125. Aðrar tölur eru miklu lægri en að framan greinir.

Þriðja spurningin var hvort ráðherra teldi ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða vegna langtímaatvinnuleysis. Ég tel ástæðu til þess og það erum við að reyna að gera. Með gildistöku nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp þjónustu fyrir atvinnulausa með opnun svæðisvinnumiðlana. Þær eiga að gera starfsleitaráætlun með atvinnulausum, þeim sem hafa verið atvinnulausir í tíu vikur, og þaðan af er fólki raunverulega borgað fyrir að leita sér að vinnu. Þessi starfsemi er að fara í gang. Það er líklegt að margir langtímaatvinnulausir (Forseti hringir.) þarfnist sértækra úrræða til að geta tekið vinnu á almennum vinnumarkaði og þessi úrræði þurfa að miðast við þarfir hvers og eins.

Ég gæti svarað þessu í miklu lengra máli og þyrfi raunar að gera það en kemst ekki lengra í bili vegna tímatakmarkana.

[14:38]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Þetta voru mjög athyglisverð svör hjá hæstv. ráðherra og eru þess eðlis að það þarf að kryfja þau miklu meira og ræða þau betur á Alþingi en við höfum tíma til nú. Það er alveg ljóst að hagræðing og kröfur hafa aukist og það hefur komið niður á konum og langtímaatvinnulausum. Ég held það sé staðfest af ráðherra. Það kemur líka fram að átaksverkefnin sem voru mjög mikið í gangi á árum áður, og sem ekki eru í gangi núna, hafa verulega skilað sér á þeim tíma og greinilegt að þau eiga fullan rétt á sér áfram miðað við þessar tölur sem hér eru settar fram.

Hér stöndum við frammi fyrir því að langtímaatvinnuleysi, þ.e. atvinnuleysi í sex mánuði eða lengur, hefur meira en tvöfaldast á nokkurra ára tímabili og hið sama gildir um atvinnuleysi í eitt ár eða lengur, að það hefur meira en tvöfaldast á tiltölulega skömmu árabili.

Það er alveg ljóst að við þurfum að grípa til töluvert víðtækra aðgerða til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Víða erlendis er gripið til margvíslegra og fjölbreyttra aðgerða til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi hjá fólki. Hæstv. ráðherra nefnir vissulega nokkra þætti sem er verið að vinna að til að fyrirbyggja langtímaatvinnuleysi, en ég held við þurfum að gera betur. Og ég spyr: Er langtímaatvinnuleysi kannski meira en hæstv. ráðherra nefnir hér? Ég nefni tölur sem komu nýlega fram á Alþingi um að öryrkjum hafi fjölgað á tíu ára tímabili úr 3.456 í 7.834, eða meira en tvöfaldast og Hæstv. heilbrrh. skýrir þannig þessa miklu fjölgun öryrkja sem hefur meira en tvöfaldast, með leyfi forseta:

„Mestu skiptir að atvinnuleysi jókst mjög á tímabilinu sem varð til þess að öryrkjar áttu erfiðara með að fá vinnu og ýmsir misstu vinnu sína. Við það jókst ásókn í örorkubætur, m.a. vegna fyrirkomulags á greiðslu atvinnuleysisbóta, biðtíma o.fl."

Þetta segir mér að langtímaatvinnuleysi sé meira og þeir sem eru raunverulega atvinnulausir séu í raun fleiri og að Tryggingastofnun hafi kannski beitt meira félagslegum úrræðum (Forseti hringir.) og tekið við fólki sem hefur ekki fengið vinnu á atvinnumarkaðnum.

[14:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að það eru ekki allir atvinnulausir á skrá. Atvinnulausir eru fleiri, þ.e. það er dulið atvinnuleysi í landinu. Ég nefni sérstaklega sveitakonur þar sem þær hafa ekki haft rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en nú nýlega, eða mjög takmarkaðan rétt, þ.e. þær hafa orðið að hætta allri búvöruframleiðslu og skila inn virðisaukanúmeri búsins ef þær ættu að eiga nokkurn rétt til atvinnuleysisbóta. Þannig að þá þegar af þeirri ástæðu er töluverður hópur sem ekki er á atvinnuleysisskrá en ætti með réttu að vera það.

Ég held einmitt að afskaplega mikilvægt sé að reyna að rífa fólk einhvern veginn upp úr langtímaatvinnuleysinu. Við höfum tekið þátt í ýmsum merkilegum tilraunum í félmrn. í samvinnu við aðra. Ég vil nefna hér sérstaklega eitt af mörgum tilhlaupum. Það er vinnuklúbbur sem við rekum í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þessi vinnuklúbbur hefur skilað mjög góðum árangri. 70% þeirra sem hafa sótt vinnuklúbbinn hafa fengið vinnu á tímabilinu og margt af því fólki hefur verið lengi atvinnulaust. En gallinn er sá að mjög erfitt er að fá þetta atvinnulausa fólk — ég tala nú ekki um hið langtímaatvinnulausa — til að taka þátt í þessum verkefnum og það var svo komið að við gátum ekki mannað vinnuklúbbinn með fullri þátttöku nema leita út fyrir Reykjavíkurborg. Þó var hér skráð atvinnuleysi hjá konum í Reykjavík allt of mikið og allt of margar konur voru búnar að vera atvinnulausar lengi.

Það er mjög nauðsynlegt að herða á um starfsleitaráætlanirnar, að þær séu rétt unnar, og reyna að hjálpa þessu fólki til að finna vinnu.

[14:43]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Það er ljóst að þetta er mál sem kallar á ítarlegri umræðu en við höfum tök á hér vegna þess að það er alltaf að koma betur í ljós eftir því sem við ræðum þetta meira. Hæstv. ráðherra viðurkennir það hér að atvinnuleysi sé raunverulega meira, að það sé dulið atvinnuleysi þannig að atvinnuleysi sé meira en kemur fram í þeim tölum sem við ræðum hér.

Ég vil spyrja félmrh. um skýringu hans á þessu varðandi öryrkjana. Er það virkilega svo að öryrkjar hafi á síðustu árum átt mjög erfitt með að fá vinnu á atvinnumarkaðnum? Er skýringin á því að öryrkjum hafi fjölgað um helming á síðastliðnum tíu árum sú að þeir fái hreinlega ekki vinnu á vinnumarkaðnum og að vinnumarkaðurinn hafni hreinlega öryrkjum og þeir neyðist þess vegna til þess að fara á bætur hjá Tryggingastofnun? Ég held að það þurfi að skoða þetta sérstaklega.

Ég held líka að við þurfum að skoða sérstaklega það sem hæstv. ráðherra nefndi í svari sínu áðan varðandi eldri konur. Hæstv. ráðherra segir að þær eigi erfitt með að fá vinnu. Ég hygg að það sé alveg rétt. Konur á miðjum aldri hafa mjög oft leitað til mín, kannski konur bara rétt um fimmtugt sem eru þá á besta aldri og hafa ítrekað reynt að sækja um störf sem hafa verið auglýst. En þeim er ávallt hafnað. Það er mjög alvarlegt ef konur eru hættar að vera gjaldgengar á vinnumarkaðnum þegar þær eru um fimmtugt. Er það ekki eitthvað sem við þurfum að skoða, herra forseti? Ég beini því til ráðherrans alveg sérstaklega að ég held að það þurfi að skoða stöðu öryrkja á vinnumarkaðnum og stöðu kvenna á miðjum aldri sérstaklega.

Við þurfum kannski að grípa til miklu meiri og skilvirkari úrræða gagnvart þeim sem eru langtímaatvinnulausir. Hæstv. ráðherra segir að þeir fái (Forseti hringir.) síðastir atvinnu á vinnumarkaðnum. Það er mjög alvarlegt þegar svo er vegna þess að það brýtur auðvitað niður hvern einasta mann að þurfa að vera marga mánuði eða kannski árum saman atvinnulaus. Og jafnvel þó að við séum í uppsveiflu í atvinnulífinu þá

er þessu fólki hreinlega hafnað á vinnumarkaðnum. Það er mjög alvarlegt.

### *Aðgerðir vegna atvinnuleysis kvenna.*

Fsp. JóhS, 412. mál. — Þskj. 733.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Eins og fram kom hér áðan hefur atvinnuleysi vaxið mikið undanfarin fjögur ár. Á tímum kreppu og niðursveiflu í atvinnu- og efnahagslífinu á árunum 1988–1993 var atvinnuleysi kvenna tiltölulega lítið miðað við það sem það er nú. Þannig var atvinnuleysi kvenna 0,9% 1988, 2,2% 1989, 2,3% 1990, 1,8% 1991, 3,6% 1992 og 5,4% 1993. Eftir þann tíma hefur atvinnuleysi verið um og yfir 6%.

Á árum áður þegar við gengum í gegnum kreppu og niðursveiflu í efnahags- og atvinnulífi var talin ástæða til að grípa til sértækra aðgerða vegna stöðunnar í atvinnumálum. Yfirleitt hafa allar aðgerðir sem gripið hefur verið til snúist um að fjölga störfum þar sem karlar vinna fremur en konur. Þannig hafa sértækar aðgerðir í atvinnumálum beinst að vegamálum, viðhaldsverkefnum, mannvirkjagerð o.s.frv. Og á síðustu mánuðum og árum hafa ný störf einkum verið í mannvirkjagerð eins og stóriðjuframkvæmdum. Á móti hefur í gegnum árin fækkað eða fjöldinn staðið í stað í svokölluðum kvennastarfsgreinum. Við getum talað um banka og fjármálastofnanir þar sem á undanförnum árum hefur fækkað um 1.200 störf og heilbrigðisgeirann má einnig nefna í þessu sambandi.

Á árinu 1993 var gripið til sértækra aðgerða vegna stöðunnar í atvinnumálum. Þá átti að beina miklu fjármagni einkum í karlaverkefni, vegamál og viðhald o.fl. en þá knúði ég á um 60 millj. kr. framlag sem sérstaklega fór í atvinnuátak fyrir konur. Það framlag nýttist geysilega vel og skilaði miklum árangri. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna minna en nú er, þegar gripið var þá, 1993, til sértækra aðgerða til þess að bæta stöðuna í atvinnumálum kvenna.

Nú er atvinnuleysi kvenna miklu meira en það var þá þegar gripið var til sértækra aðgerða. Þess vegna veltir maður fyrir sér hvort ekki þurfi nú, þegar tvöfalt til þrefalt meira atvinnuleysi hefur verið viðvarandi um nokkur síðustu ár hjá konum en körlum, líkt og 1993 og kannski miklu frekar, að grípa þurfi nú til sértækra aðgerða vegna þess alvarlega atvinnuleysis sem nú er víða hjá konum. Og vil ég spyrja ráðherrann sérstaklega að því hvort hann telji ekki ástæðu til þess miðað við stöðuna að grípa til sértækra aðgerða. Og hverja telur ráðherra vera meginskýringuna á vaxandi atvinnuleysi kvenna frá árinu 1994 miðað við árin þar á undan? Þá er ég að bera saman tvö tímabil, annars vegar tímabil þar sem við vorum í niðursveiflu í efnhags- og atvinnulífinu og atvinnuleysi kvenna var minna og hins vegar stöðuna nú þegar uppgangur er í efnahags- og atvinnulífinu en þá bregður svo við að atvinnuleysi kvenna er miklu meira.

[14:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Vafalaust kann ég ekki allar skýringar og þær eru áreiðanlega margar. Ein skýringin er sú að nú eru erlendar konur komnar til starfa í þjóðfélaginu í miklu meira mæli en áður hefur verið. En rétt er að hafa í huga að á útmánuðum 1995 var allt að 7% atvinnuleysi. Nú er það þó komið niður í 3–3,5% mínus þessi 20% sem eru í hlutastörfum þannig að um 2,5–3% eða 2,8% eru alveg án vinnu. Það er of mikið og ég er sammála því.

Varðandi þetta með örorkuna þá er sjálfsagt eitthvað til í því að fólk, sem á í einhverjum erfiðleikum þannig að um örorku getur verið að ræða, eigi erfiðara með að fá sér vinnu en þeir sem eru fleygir og færir. Ég býst við að eitthvað sé til í því. Hins vegar er það út af fyrir sig áhyggjuefni hvað öryrkjum virðist hafa fjölgað geysilega mikið. Það er eitthvað að ef öryrkjum fjölgar eins hratt og tölur benda til á síðustu árum. Og það er ekki allt atvinnuleysi að kenna. Ég hef ekki nokkra trú á því.

Það er verið að grípa til mjög margvíslegra ráðstafana, mjög margvíslegra aðgerða til þess að reyna að örva atvinnuþátttöku kvenna eða að fjölga störfum. Á vegum félmrn. eru t.d. sjö verkefni ákveðin í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem við ræddum hér í gær sem öll miða að því að fjölga kvennastörfum. Við höfum sett á fót svokallaðan Lánatryggingasjóð kvenna sem á að hjálpa konum til að hefja atvinnurekstur. 20 millj. kr. eru sérmerktar til atvinnumála kvenna á fjárlögum 1998 og þeir peningar koma í góðar þarfir.

Ég ritaði Verslunarmannafélagi Reykjavíkur nú í janúarmánuði svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Í kjölfar frétta af atvinnuleysi meðal félagsmanna í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur er þess hér með farið á leit við yður að komið verði á samstarfi félmrn. og Verslunarmannafélags Reykjavíkur um sérstaka úttekt á orsökum atvinnuleysisins. Vegna mikils meiri hluta kvenna meðal atvinnulausra félagsmanna verði gerð sérstök athugun á aðstæðum þeirra með það m.a. í huga að koma á fót sértækum úrræðum þeim til handa."

Félmrn. sendi Vinnumálstofnun einnig bréf varðandi þetta mál sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með vísan til bréfaskrifta félmrn. og Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem þér hafið fengið afrit af, fer félmrn. þess á leit að Vinnumálastofnun tilnefni tengilið sem vinni með Árna Leóssyni, starfsmanni VR, að úttekt á orsökum atvinnuleysis meðal félagsmanna VR. Vegna mikils atvinnuleysis meðal kvenna í VR verði gerð sérstök athugun á aðstæðum þeirra með það m.a. í huga að koma á fót sértækum úrræðum þeim til handa."

Þessi athugun er komin í gang en niðurstöður af henni liggja ekki fyrir enn þá.

Þá vil ég bæta því við að ég hef átt afar gott samstarf við Sókn í þessu efni. Við höfum staðið fyrir í félagi heimaþjónustunámskeiðum. Það vantar stórlega alltaf fólk í heimaþjónustu. Það eru a.m.k. tvö námskeið búin og þau hafa gefið afar góða raun. Ég hef í hyggju að beita mér fyrir tilraun í samstarfi við Sókn til að koma atvinnulausum til vinnu þar sem verið er að auglýsa eftir ófaglærðu fólki. Eldhús Landspítalans óskar eftir því að fá að flytja inn konur til að vinna þar í eldhúsinu. Sama gegnir með Grund. Ég hef í hyggju að koma á (Forseti hringir.) námskeiði til þess að þjálfa ófaglærðar konur í eldhússtörfum.

[14:55]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það kemur afar margt athyglisvert fram í þessari umræðu. Hjá mér vaknaði sú spurning við það sem fram kom hjá ráðherra hvort að við þurfum ekki að

beina verulega sjónum að launakjörum þessa hóps kvenna og tengslunum við atvinnuleysisbæturnar. Maður spyr sig að því þegar hæstv. ráðherra er að nefna Sókn og eldhúsin þar sem vantar vinnukraft, hvort staðan sé ekki sú að það hreinlega borgi sig ekki að vinna, miðað við það hvað launin eru lág og hverjar atvinnuleysisbæturnar eru og hver kostnaðurinn er við sækja sér vinnu.

Ég ætlaði að nefna það að hæstv. félmrh. verður tíðrætt um erlendu konurnar og vissulega er eitthvað um þær hér í Reykjavík þar sem reyndar atvinnuleysið er mest. En þær eru þó fyrst og fremst í fiskvinnslunni úti á landi eftir því sem ég best veit og ég hef sjálf séð þær þar. Þær eru ekki á þeim svæðum þar sem atvinnuleysið er mest.

Ég vildi líka skjóta því að vegna þess sem fram kom áðan að ég held að veruleg ástæða væri til þess að bæta inn í (Forseti hringir.) jafnréttisáætlunina sem við höfum til meðferðar einhverjum hugmyndum eða áætlunum um að reyna að breyta hugarfari vinnumarkaðrins gagnvart fimmtugum konum og jafnvel fertugum. (Forseti hringir.) Það þarf verulegt átak í því vegna þess að þarna eru að mínum dómi miklir fordómar á ferð, hæstv. forseti, því að konur eru góður vinnukraftur. En ég vek athygli á að atvinnuleysið er mest meðal verslunarmanna og það er ekki endilega ófaglært fólk. Það þarf að skoða hvað býr þarna að baki.

[14:57]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég get ekki sagt annað en að svar ráðherra við fsp. minni um hvort ráðherra telji ekki rétt að grípa til sértækra aðgerða vegna mikils atvinnuleysis kvenna, hafi valdið mér miklum vonbrigðum. Það stoðar lítt að benda á að til sé 20 millj. kr. sjóður til sérverkefna. Hann var líka til, herra forseti, 1993 þegar einnig var sett viðbótarframlag upp á 60 millj. vegna átaks í atvinnumálum kvenna. Það átak, þessi beinu framlög, skiluðu sér mjög vel beint til þeirra kvenna sem voru atvinnulausar. Þetta fór mikið til þess að fjölga störfum, aðhlynningar- og umönnunarstörfum ýmiss konar, og skilaði sér verulega til þess að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaðnum, ekki í stuttan tíma heldur í langan tíma. Ég sé ekki að það að vísa í Lánatryggingasjóð kvenna sé endilega til þess fallið, þó að það sé gott með til þess að tryggja stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, að við förum á næstu vikum og mánuðum að sjá lægri atvinnuleysistölur hjá konum. Það er auðvitað fráleitt að halda slíku fram. Og ég sé ekkert sérstakt í þeirri framkvæmdaáætlun sem við ræddum í gær sem mun skila sér á stuttum tíma þó svo að ef við horfum langt inn í framtíðna þá geti það einhvern tímann skilað sér.

En við erum að tala um hér og nú, herra forseti. Telur ráðherrann ekki að það þurfi að grípa til sértækra aðgerða hér og nú vegna stöðu kvenna sem hafa kannski verið mánuðum og árum saman atvinnulausar?

Það er mjög gott að það sé verið að skoða konur í VR sérstaklega og huga þar að sérstökum úrræðum fyrir þær. Ég held að það sé mjög gott. En það eru fleiri konur og það þarf að skoða þetta á miklu víðtækari hátt en hér hefur verið gert.

Ég vil spyrja að lokum hvort ráðherra hafi gert tilraun (Forseti hringir.) til þess í ríkisstjórn að fá sérstakt framlag til þess að slá á mikið atvinnuleysi kvenna? Hefur ráðherrann gert tilraun til þess? Það væri gott að fá það hér fram. Það mundi þá sýna vilja ráðherrans í verki.

En ef ráðherrann hefur ekki einu sinni reynt að fá stuðning ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) til slíks framlags þá veldur það mér miklum vonbrigðum og sýnir að hugur ráðherra stendur ekki eins mikið til þess að reyna að slá á atvinnuleysið og hann lætur í veðri vaka hér í ræðustól.

[15:00]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Borgar sig að vinna? Það er spurningin. Ég kannaði hvað borgað væri í eldhúsinu á Landspítalanum. Þar standa þessum konum til boða 80–90 þús. kr. Atvinnuleysisbæturnar eru rétt um 60 þús. Kannski eru þær orðnar rúm 60 þús. núna. Ferðakostnaður fyrir þessar konur er ekki mikill afráði þær að hefja störf á Landspítalanum en hugmyndin er sú að reyna að fá hóp, borga fleirum en ráðnar eru, leyfa þeim að reyna við þetta og vita hvort þær kunna ekki við starfið.

Einn þátturinn í þessu er sá að ásókn er mikil í skrifstofustörf. Konur biðja um skrifstofustörf og vilja síður taka umönnunarstörf, matreiðslu, ræstingar og þess háttar. Þær sækja fyrst og fremst í þetta og að tala um að þær fari í fisk, þýðir ekkert við töluverðan hóp af þeim. Fjórðungur þeirra útlendinga sem við veitum atvinnuleyfi er hér í Reykjavík. Þeir eru ekki allir í fiski vestur á fjörðum þó þar sé töluverður hópur og útlendingar orðinn mikill þáttur í atvinnulífinu á Vestfjörðum.

Það er alveg rétt að eldra fólki er mismunað á vinnumarkaði og það er mjög ósanngjarnt. Við höfum gripið til sérstakra ráðstafana. Hv. þm. spurði hvort ég hefði gert tilraun í ríkisstjórninni til að fá viðbótarframlag til atvinnumála. Ég hef rekið þá pólitík, og geri það með góðri samvisku, að þeir peningar sem ég get herjað út skuli ganga til fatlaða geirans fremur en til annars. Við reynum að bjarga hinu með öðrum hætti. Ef ég hefði meiri fjárráð mundi ég fyrst og fremst verja þeim til málefna fatlaðra. (**JóhS:** Það er sem sagt engin tilraun hjá ríkisstjórninni til að bæta stöðu kvenna.) Endalausar tilraunir og bera væntanlega árangur.

## *Málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.*

Fsp. SvG, 413. mál. — Þskj. 734.

[15:06]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég flyt litla fyrirspurn um málefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar en fyrirspurnin er á þessa leið:

Í fyrsta lagi: Hefur ráðherra uppi áform um að leggja niður Heyrnar- og talmeinastöðina?

Í öðru lagi: Hver er stefna ráðuneytisins að því er varðar framtíðarskipan þeirra verkefna sem þar hefur verið sinnt?

Tilefni fyrirspurnarinnar er það að staða Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hefur að mörgu leyti verið óljós. Fyrir nokkrum árum, ég hygg að það hafi verið 1993–1994, var flutt frv. um að leggja niður starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, afnema lögin og að flytja starfsemina í heilu lagi til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Jafnframt var þá gert ráð fyrir því að starfsmenn Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar yrðu um leið starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur. Fyrir þessu voru ýmis rök, m.a. fjárhagsleg hygg ég og án þess að fara nánar út í það mál má segja að Heyrnar- og talmeinastöðin hafi hangið dálítið í lausu lofti æ síðan að þetta gerðist. Því hafa borist mjög alvarlegar kvartanir, m.a. frá heyrnarlausum og heyrnardaufum, vegna starfsemi

stöðvarinnar og þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta. Menn telja að stöðin uppfylli ekki skyldur sínar að því er varðar heyrnartæki og hjálpartæki. Fjöldi heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur komið að máli við mig og kvartað yfir stöðu mála þarna.

Þess vegna ber ég þessa fyrirspurn fram. Ég tel mjög brýnt að fá svar við því hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. hvaða stefnu hún hefur varðandi málefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar.

[15:06]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spyr í fyrsta lagi hvort ráðherra hafi áform um að leggja niður Heyrnar- og talmeinastöðina. Ég vil að það komi skýrt fram að slík áform eru ekki uppi. Allt frá því að lög um Heyrnar- og talmeinastöðina voru sett á árinu 1980 var gert ráð fyrir nánu samstarfi stöðvarinnar við háls-, nef- og eyrnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og að hún yrði staðsett í húsakynnum sjúkrahússins. Þetta hefur ekki náð fram að ganga að neinu leyti, m.a. vegna húsnæðisskorts.

Nýverið óskaði formaður stjórnar stöðvarinnar eftir því að verða leystur frá störfum. Jóhannes Pálmason forstjóri Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur verið skipaður nýr stjórnarformaður. Ástæða þess að ég valdi hann sem stjórnarformann er að á undanförnum árum hefur ítrekað komið til umræðu að samhæfa þyrfti betur störf Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og störf háls-, nef- og eyrnadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í því sambandi hefur verið rætt um að hagkvæmt kynni að vera að bæta jafnframt þjónustu og tengja a.m.k. hluta af starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar við starfsemi Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Eins og fram kom hjá hv. þm. áðan, lagði forveri minn í starfi fram frv. um að Heyrnar- og talmeinastöðin sameinaðist Sjúkrahúsi Reykjavíkur en það náði ekki fram að ganga.

Nýr stjórnarformaður ásamt stjórn er í lykilstöðu til að fara í starfsemi beggja þessara eininga og gera tillögur um hvernig bæta megi þjónustu þeirra og jafnframt gæta hagkvæmni. Þannig mætti tryggja góða þjónustu við þá sjúklinga sem þurfa að leita aðstoðar á þessu sviði. Á þessari stundu get ég ekki sagt til um hvort einungis verði meiri samvinna milli stofnananna eða sameining að hluta eða öllu. Ég tel eðlilegt að ný stjórn fái ráðrúm til að meta kosti þess og galla.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi spyr hv. þm. hver stefna ráðuneytisins sé að því er varðar framtíðarskipan Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og þeirra verkefna sem þar hefur verið sinnt. Í svari mínu við fyrri spurningu hv. þm. tel ég mig hafa svarað þessari spurningu að mestu leyti. Að því er varðar heyrnarmælingar og hjálpartæki tel ég að skoða verði verkefni stöðvarinnar í heild, forgangsraða þeim og taka mið af nýjustu tækni sem í boði er fyrir heyrnarlausa og heyrnardaufa. Fyrir liggja beiðnir um aukið fjármagn til kaupa á hjálpartækjum en á þessu ári var fjármagn til hjálpartækja aukið. Þó verður að gæta þess að skipulag þessa gefi að þau hjálpartæki sem sjúklingar fá nýtist þeim eins og kostur er.

Ég bendi á að heyrnarlausir og heyrnardaufir geta í vaxandi mæli nýtt sér tölvutækni til að rjúfa einangrun sína. Það er þegar hafið. Þeirri þjónustu er verið að koma í fastara og tryggara horf en nú er.

Ég átti fund með Félagi heyrnarlausra og heyrnardaufra um þau mál og mun á næstunni eiga fund með þeim og nýrri stjórn stöðvarinnar um framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar. Tryggja þarf að nýting þess tækjabúnaðar sem fyrir hendi er til heyrnarmælinga verði betri en nú er og starfsfólk sem við það vinnur, sérstaklega á landsbyggðinni, fái nægilega þjálfun til að sinna sínum verkefnum.

Varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina vil ég til viðbótar taka fram að með tilfærslu grunnskólans yfir til sveitarfélaganna er Heyrnleysingjaskólinn, Vesturhlíðarskóli, undir forsjá Reykjavíkurborgar. Á vegum skólans hefur hingað til verið sinnt ráðgjafarþjónustu og þörfum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og unglinga um allt land svo eitthvað sé nefnt. Ég mun taka það mál sérstaklega upp við stjórn stöðvarinnar og Félag heyrnarlausra. Í framhaldi af því mun ég óska eftir viðræðum við menntmrn. og Reykjavíkurborg um þjónustu við þessa einstaklinga og hvernig henni verði sem best háttað um allt land.

[15:10]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Svavari Gestssyni, fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel hana mjög brýna og gott að þetta mál komist hér á dagskrá. Ég tel að Heyrnar- og talmeinastöð ríkisins hafi unnið mjög mikið og mikilvægt brautryðjendastarf með því að koma málefnum heyrnarskertra í betra horf en áður var.

Annir á stöðinni eru miklar, t.d. voru í janúar bókaðar þangað tæplega 900 heimsóknir. Eins er ljóst að stofnunin hefur búið við fjárskort sem þarf að bæta úr.

Úthlutun heyrnartækja er háð fjárveitingum til stofnunarinnar en ekki fjölda þeirra sem þurfa á þeim að halda. Mikilvægt er að úr þessu verði bætt. Dæmi um hlutdeild öryrkja í kostnaði á heyrnartækjum í dag geta verið á bilinu 30–40 þús. kr. Ég tel að það verði að líta á tækin sem bráðnauðsynleg til að rjúfa einangrun fólks. Því ber að fá þessi tæki greidd að fullu frá ríkinu. Ég tel að bæta verði úr þessu og skora á hæstv. heilbrrh. að líta á það mál.

[15:12]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv., Ástu B. Þorsteinsdóttur, fyrir undirtektir við þetta mál og þakka einnig hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir prýðileg svör hennar sem ég er fullkomlega sáttur við, miðað við aðstæður. Ég tel að aðalatriðið sé að leita eftir samvinnu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og síðan Vesturhlíðarskólans. Miðað við það sem hæstv. ráðherra lýsti virðist málið því í grófum dráttum á sínum stað.

Hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga það sem hv. 15. þm. Reykv. benti á, að málið snýst ekki aðeins um lagaramma og góðan vilja ráðherranna heldur og kannski ekki síst fjárveitingarnar. Það er sá vandi sem Heyrnar- og talmeinastöðin hefur oft og tíðum staðið frammi fyrir.

Ég tel mikilvægt að þessi umræða hafi farið hér fram, svör ráðherra hafi verið mikilvæg. Ég er sannfærður um að á næsta þingi, ef ástæða verður til, verður fróðlegt að inna ráðherra eftir því hvernig þeim verkum vindur fram sem hún hefur þegar sett af stað eða hafa verið í undirbúningi hjá ráðuneytinu.

## *Samgöngur á Vestfjörðum.*

Fsp. KHG, 408. mál. — Þskj. 729.

[15:14]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 729 hef ég leyft mér að bera fram til hæstv. samgrh. eftirfarandi fyrirspurn:

Hvernig verða tryggðar samgöngur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða?

Hvenær verður breytt reglum um snjómokstur á Dynjandis- og Hrafnseyrarheiðum og verður veittur styrkur til áætlunarflugs milli Ísafjarðar og Bíldudals/Patreksfjarðar?

Á Vestfjörðum eru aðstæður þannig að ekki hefur verið unnt að halda uppi daglegum samgöngum allan ársins hring milli norðurhluta og suðurhluta Vestfjarða. Á veturna verða Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði ófærar vegna snjóalaga og vegur ekki ruddur mánuðum saman. Samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins er enginn mokstur á þessum leiðum. Miklu skiptir að stytta þann tíma sem landleiðin er lokuð og áríðandi að vegum verði haldið opnum meðan fært þykir.

Á yfirstandandi vetri hefur verið einmuna snjólétt. Við þær aðstæður á að sjálfsögðu að moka vegi á kostnað ríkissjóðs og halda þeim opnum í stað þess að krefja sveitarsjóði um hlutdeild í kostnaði eins og gert mun hafa verið að þessu sinni. Ég vil því spyrja hvenær reglum um snjómokstur á þessum leiðum verði breytt.

Enn fremur vil ég benda á að engar ferðir eru sjóleiðis á milli svæðanna og enginn stuðningur er af hálfu ríkisvaldsins við áætlunarflug. Ég minni á að þrjár flugleiðir eru styrktar til þess að tryggja reglubundnar samgöngur við þá staði sem eru Grímsey, Gjögur og Raufarhöfn. Aðstæður eru því algerlega sambærilegar í þessu tilviki. Því spyr ég hæstv. ráðherra um hvort veittur verði styrkur til áætlunarflugs á milli svæðanna tveggja, þ.e. milli Ísafjarðar annars vegar og Bíldudals eða Patreksfjarðar hins vegar.

[15:17]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. vil ég segja það fyrst að ekki er styrkur á fjárlögum til áætlunarflugs milli Ísafjarðar og Bíldudals eða Patreksfjarðar. Íslandsflug flýgur á þessari flugleið tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina, tvisvar á miðvikudögum og einu sinni á fimmtudögum. Það er auðvitað mismæli hjá hv. þm. að aðstæður séu algerlega sambærilegar á Patreksfirði og Bíldudal borið saman við Gjögur eða Grímsey. Þar er mjög ólíku saman að jafna. Vestur á Strandir liggur engin ferð nema loftleiðis og hið sama er að segja um Grímsey að það er óhjákvæmilegt að styrkja flug þangað ef við á annað borð ætlum okkur að halda þessum byggðarlögum í byggð. Á hinn bóginn var það svo síðast þegar ég vissi að tvö flugfélög fljúga reglulegt áætlunarflug vestur til Patreksfjarðar og til Bíldudals.

Ekkert flug er til Raufarhafnar nema þrisvar í viku til Akureyrar þannig að það er heldur ekki nákvæmlega sambærilegt við það sem er á Patreksfirði eða Bíldudal en ég minni á að fjárveiting er á Alþingi til þess að styrkja flug milli Raufarhafnar og Akureyrar. Það er beinlínis styrkur til þess í fjárlögum.

Að öðru leyti vil ég segja þetta: Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði eru mjög erfiðir fjallvegir, bæði er um háar og snjóþungar heiðar að ræða og vegurinn er gamall og ekki gerður til vetrarferða. Lokið var við lögn núverandi vegar um Hrafnseyrarheiði um miðjan fimmta áratuginn. Hæst er vegurinn í 552 metra hæð yfir sjó. Snjóþyngsli eru langmest á tiltölulega stuttum kafla, 3–3,5 km frá Þverfelli að norðan og að Þórðarhorni að sunnan. Á þessum kafla liggur vegurinn í yfir 450 metra hæð í þröngum sneiðingi. Snjóflóðahætta við þessar aðstæður gerir það að verkum að vegur á þessum stað getur aldrei orðið viðunandi vetrarleið, sama hve mikil vinna yrði lögð í snjómokstur.

Gerð vegar um Dynjandisheiði lauk 1959. Með vegarlagningunni var lítt hugsað um snjóalög því ekki var gert ráð fyrir vetrarnotkun. Vegurinn fer mest í um 500 metra hæð við sýslumörk á hinni eiginlegu Dynjandisheiði og í 468 metra í Helluskarði. Á milli er vegurinn lægri og fer í 300 metra hæð þar sem lægst er í Tröllladölum. Heiðin er mjög löng, t.d. eru 12 km úr Helluskarði norður á sýslumörk á háheiðinni. Á löngum köflum liggur vegurinn um mishæðótt landslag. Vegurinn er missnjóþungur eftir köflum. Það sem lokast gjarnan fyrst á haustin eru sneiðingarnir upp úr Arnarfirðinum, bæði efst í Dynjandisdal og upp úr afréttisdalnum. Einnig getur lokast fljótt í sneiðingi undir Botnshestinum.

Á vorin er mikið um stórar fannir uppi á heiðinni en minni snjór á milli. Vonlítið er að halda núverandi vegi opnum. Ekki eru snjóflóð þekkt uppi á heiðinni en þau koma hins vegar í sneiðinginn upp úr Dynjandisdalnum. Sjálfsagt geta komið smásnjóflóð í sneiðinginn upp úr Vatnsfirði og undir Botnshestinum.

Varðandi snjómokstur segir Vegagerðin að notfæra megi sér þá reynslu sem fékkst á Breiðadals- og Botnsheiðum en reynt var að moka þar í 20 ár frá 1975–1995. Þessar heiðar eru líklega snjóþyngri og veðrasamari en Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði en vegurinn var mun betur uppbyggður og betur gerður til vetrarferða. Árangurinn var mjög misjafn, svo misjafn að langtímum saman má um það deila hvort tekist hafi að halda veginum opnum. Efst í Breiðadalsheiði er mikil snjóflóðahætta og lá oft við slysi og varð eitt banaslys árið 1991.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er sú að ekki sé hægt að tryggja samgöngur á milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða að vetrarlagi á landi við óbreytt vegakerfi. Ekki er ráðlegt að taka upp reglulegan snjómokstur á þessari leið, bæði þjónustan og áhættan fyrir vegfarendur og starfsmenn yrði óviðunandi. Spyrja má hvort ekki sé hægt að lengja opnunartímann eitthvað frá því sem nú er. Því er til að svara að líklega væri oft hægt að opna reglulega út nóvember eða fram undir jól og hefur raunar verið gert síðustu ár. Margföld reynsla er fyrir því að apríl er mjög erfiður á þessum háu heiðum og þá bætir oft mikið á snjó þannig að ekki er hægt að tala um vor fyrr en í maí, stundum seint í maí. Á snjóléttum vetri gæti verið opið fram í miðjan desember og opnast aftur um miðjan maí en samt er lokunartíminn fimm mánuðir. Það er því ekki hægt að lengja opnunartímann neitt sem skiptir máli og vil ég þá enda ræðu mína með því að segja að ögn lengur hefur heiðunum verið haldið opnum á þessum vetri en hér er gert ráð fyrir að geti orðið að reglu.

[15:23]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra að ekki er við því að búast að unnt verði að halda opnum vegi á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða með snjómokstri. Aðstæður eru þannig að þess er ekki að vænta enda fór ég ekki fram á það í fyrirspurn minni heldur hitt sem ég var að ýja að, hvort ráðherra hygðist setja snjómokstur á áætlunarplan

Vegagerðarinnar í því skyni að halda þessum heiðum opnum svo lengi fram á haustið sem unnt er. Það munar mikið um þann tíma sem unnt er að treysta á samgöngur fram á haustið frá því sem ella er og hefur verið á undanförnum árum.

Staðreyndin er sú að atvinnulegir hagsmunir eru orðnir gríðarlega miklir á milli þessara svæða og þörfin fyrir tryggar samgöngur hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum. Ekki verður undan því vikist að skoða hvernig hægt er að tryggja daglegar samgöngur á milli þessara svæða. Þar er litið til þess að veginum verði haldið opnum svo lengi sem unnt er en þar fyrir utan verði litið til flugsamgangna og að ríkisvaldið tryggi að haldið verði uppi reglubundnu áætlunarflugi, a.m.k. fimm daga vikunnar eins og var um langt árabil meðan ríkisvaldið styrkti það flug óbeint með því að fela flugfélaginu að annast póstflutninga milli svæða. Ég skora því á hæstv. ráðherra að íhuga þessi mál vandlega og beita sér fyrir því að á fjárlögum verði veittur styrkur til þess að styrkja áætlunarflug á milli þessara svæða á næsta ári.

[15:25]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það er svo að fyrirspurnir hafa komið til samgrn. um ýmsar flugleiðir, hvort um það væri að ræða að flug þangað yrði styrkt. Við höfum haldið okkur við það í grófum dráttum að styrkja flug norður á Strandir og til Grímseyjar. Að vísu er rétt að Raufarhöfn var tekin upp nú í fjárlögum og eru þessi mál í athugun og auðvitað verða flugleiðirnar til Raufarhafnar, norður á Strandir og til Grímseyjar boðnar út eða með öðrum hætti staðið að því að styrkja þessar flugleiðir og að gætt sé jafnræðis milli flugfélaga. Auðvitað má ekki gleyma því að þetta flug er náttúrlega fyrst og fremst fyrir íbúana á stöðunum. Ég geri ráð fyrir því að hið sama sé að segja um sjúkraflugið að reglur um styrki til sjúkraflugs verði endurskoðaðar þannig að þar verði líka jafnræði milli flugfélaga og að tryggt sé að þjónusta sé góð við íbúana. Á hinn bóginn er ekki við því að búast að unnt sé að styrkja áætlunarflug víða, ég tala nú ekki um fimm daga í viku, til þess að halda uppi samgöngum milli tveggja staða í sama landsfjórðungi. Ég á ekki von á því að Alþingi treysti sér til þess enda hefur ekki verið þrýstingur á samgrn. frá einstökum héruðum eða þingmönnum í þá átt.

## *Bygging tónlistarhúss.*

Fsp. KÁ, 431. mál. — Þskj. 756.

[15:27]

**Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég hef um árabil verið mikil áhugakona um byggingu tónlistarhúss eins og reyndar þúsundir annarra landsmanna og þykir mér ganga afar hægt í því mikla menningarmáli.

Í júní sl. sendi hæstv. menntmrh. frá sér fréttatilkynningu þar sem hann greindi frá því að nefnd sem hafði málið til skoðunar hefði skilað af sér og lagt fram ákveðnar tillögur. Hæstv. menntmrh. lagði ákveðnar tillögur fyrir ríkisstjórnina sem samþykkti að fengið yrði sérfræðilegt mat á kostum og göllum þeirra þriggja hugmynda sem fyrrnefnd nefnd lagði fram og skyldi athugað hvernig mætti standa að fjármögnun og rekstrarskilyrðum og voru ýmsir aðilar nefndir í því samhengi. Nú beini ég þeim spurningum til hæstv. menntmrh. hvað líður framkvæmd þessarar samþykktar ríkisstjórnarinnar, og ég spyr:

1. Hefur farið fram sérfræðilegt mat á þeim tillögum sem nefnd undir forustu Stefáns P. Eggertssonar lagði fram vorið 1997 um byggingu tónlistarhúss, samanber samþykkt ríkisstjórnarinnar þar um? Ef svo er, hver er niðurstaða þess?

2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um byggingu tónlistarhúss, hvað varðar ákvörðun um byggingu þess, fjármögnun og staðsetningu?

[15:29]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Það er rétt sem fram kom í máli hennar að í júní samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína um hvernig staðið skyldi að þeim áfanga að undirbúningi að því að reist sé tónlistarhús í Reykjavík sem nú er unnið að.

Þrjár hugmyndir komu fram. Í fyrsta lagi að húsið yrði reist í Laugardal í Reykjavík. Í öðru lagi að gengið yrði til samninga við eigendur Hótel Sögu um að tónlistarhús verði tengt fyrirhugaðri ráðstefnumiðstöð hótelsins. Í þriðja lagi að gengið yrði til samninga við Reykjavíkurborg á grundvelli tillögu borgarstjóra um að tónlistarhús yrði reist neðan jarðar í Öskjuhlíð þar sem unnt væri að byggja upp ráðstefnuaðstöðu í tengslum við Perluna.

Síðan var gengið þannig til verks að þrír aðilar, þ.e. ríkisvaldið, Reykjavíkurborg og eigendur Hótel Sögu hafa komið sér saman um stýrihóp til að vinna úr þessu tillögum og þessir þrír aðilar bera sameiginlega straum af kostnaði við það skref til undirbúnings tónlistarhúsi sem nú er unnið að. Það hefur verið ráðinn ráðgjafi, þ.e. fyrirtækið VSÓ Rekstraráðgjöf ehf. til þess að annast verkefnisstjórn og áætlunargerð vegna þessa matsverkefnis og þar að auki hefur verið leitað til erlendra aðila, þ.e. fyrirtækisins Artec Consultans í New York sem er eitt fremsta fyrirtæki að því er varðar byggingarmál og hljómburð og einnig til danska fyrirtækisins Scanticon sem er sérfræðifyrirtæki varðandi ráðstefnuaðstöðu. Þessir erlendu aðilar hafa m.a. komið hingað til landsins og kynnt sér allar aðstæður og ég tel að mjög málefnalega hafi verið unnið að þessum þætti málsins eins og hinum fyrra eftir að ríkisstjórnin og menntmrn. tóku að sér að leiða þetta starf til að komast að endanlegri niðurstöðu og taka ákvarðanir um tónlistarhúsið.

Í skýrslunni sem liggur til grundvallar því starfi sem nú er unnið kemur skýrt fram að full þörf er á því að reisa hér tónlistarhús og það eru slík umsvif í tónlistarstarfsemi í landinu að líklegt er að skortur á húsi standi þróuninni þar fyrir þrifum auk þess sem augljóst er að starfsaðstaða Sinfóníuhljómsveitar Íslands er með öllu óviðunandi í Háskólabíói eins og málum er háttað. Þess vegna er nauðsynlegt, eins og hv. þm. orðaði það, að komast fljótt að niðurstöðu í málinu. Ég veit að þeir sérfræðingar sem vinna að því munu á næstu vikum skila tillögum sínum og þá verður unnt að ganga til þess sem felst í annarri spurningu hv. þm., að ríkisstjórnin taki ákvarðanir um næstu skref í þessu mikilvæga máli.

[15:32]

**Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég heyri að það er verið að leggja töluvert mikla vinnu í allan þann undirbúning sem auðvitað þarf að vera til staðar til þess að hægt sé að taka endanlega ákvörðun. Þetta mál

hefur verið mjög lengi í umræðunni og dregist mjög á langinn að taka ákvörðun, en það er m.a. vegna þess að ljóst er að þetta hús mun kosta verulegt fjármagn.

Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að mikil þörf er á því að byggja tónlistarhús. Það er okkur til lítils sóma hvernig búið er að tónlistarfólki í landinu. Ég hygg að Reykjavík sé eina höfuðborgin í allri Evrópu ef ekki heiminum sem á ekki einu sinni lítinn sérhannaðan tónlistarsal. Það er því mjög brýnt að bæta úr og ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til þess að beita sér fyrir skjótri ákvörðun um leið og niðurstöður þeirra kannana sem verið er að vinna liggja fyrir.

[15:33]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að þetta mál hefur verið mjög lengi á döfinni og menn lengi velt því fyrir sér hvernig best væri að sinna því. En það er fyrst í tíð þessarar ríkisstjórnar sem nú situr sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta málið til sín taka. Ég tel að það sé alveg ljóst þegar menn skoða gang málsins á undanförnum missirum að mjög skipulega hefur verið unnið að framgangi þess og ljóst er að fullur vilji er að komast að skynsamlegum niðurstöðum og hinir færustu sérfræðingar hafa verið kallaðir til til þess að allt liggi sem skýrast fyrir þegar til lokaákvörðunar kemur.

## *Ólympískir hnefaleikar.*

Fsp. KHG, 433. mál. — Þskj. 758.

[15:34]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á 117. löggjafarþingi var flutt till. til þál. um ólympíska hnefaleika. Í tillögunni var lagt til að skipuð yrði nefnd sem aflaði upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Alþingi afgreiddi þessa tillögu með nefndaráliti þar sem lagt var til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd tekur ekki afstöðu til efnis tillögunnar en telur rétt að í menntamálaráðuneytinu verði aflað upplýsinga um þau atriði sem tilgreind eru í tillögunni þannig að unnt verði að taka vel ígrundaða ákvörðun um hvort ástæða sé til að leyfa iðkun ólympískra hnefaleika hér á landi."

Í framhaldi af þessu hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 758 til hæstv. menntmrh.:

Hvað líður athugun á máli því sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar 23. febrúar 1995 varðandi keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis?

Í lögum nr. 92/1956 eru hnefaleikar bannaðir. Í 1. gr. þeirra laga segir, með leyfi forset:

„Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik."

Í framhaldi af því vil ég bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

Telur ráðherra að bann við sýningum á hnefaleikum nái til sýninga í sjónvarpi, í tölvu eða á internetinu og ef svo er, hvernig hyggst ráðherra framfylgja banninu?

[15:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í menntmrn. hefur verið unnið að þeirri gagnaöflun sem getið var um í áliti menntmn. og hv. þm. og fyrirspyrjandi nefndi. Hjá ráðuneytinu liggja fyrir lög og reglur alþjóðasambands áhugamanna í hnefaleikum og Íþróttasamband Íslands hefur undir höndum keppnisreglur ólympískra hnefaleika þannig að þessi gögn liggja fyrir.

Erfitt hefur reynst að afla nákvæmra upplýsinga um slysatíðni í ólympískum hnefaleikum en þess er að vænta, m.a. með aðstoð Læknafélags Íslands, að á næstunni hafi menn aflað sér þeirra upplýsinga um þau mál sem gefa a.m.k. vísbendingu. En að fá þetta þannig að algilt sé og fullnægjandi miðað við að allar upplýsingar liggi fyrir kann að reynast mjög erfitt. Enska læknafélagið hefur hins vegar gefið út upplýsingar um þetta og hægt er að fá aðgang að þeim en víðar kann að reynast erfitt að fá þessar upplýsingar svo að viðunandi sé miðað við orðalagið í áliti menntmn.

Menntmrn. óskaði eftir því við nefnd um eflingu íþróttastarfs sem starfaði á liðnu ári á grundvelli þál. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi í maí sl., að hún fjallaði m.a. um hvort það bæri að heimila ólympíska hnefaleika hér á landi. Nefndin treysti sér ekki til að taka sjálf afstöðu til málsins og taldi eðlilegt að Íþróttasamband Íslands, íþróttanefnd ríkisins og læknastéttin fjölluðu um málið. Raunar er það svo eftir að Íþróttasamband Íslands og Ólympíunefnd Íslands eru orðin að einu sambandi, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, þá virðist það vera hinn rétti vettvangur til þess að fjalla um þetta mál og komast að niðurstöðu því að hér er um það að ræða að ákveða hvort Íslendingar taki þátt í þessu sem ólympískri íþróttagrein. Þar er nú orðinn einn vettvangur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands sem virðist kjörinn til þess að menn fjalli um þetta og komist að niðurstöðu um það hvort gerðar verði tillögur um að þetta bann verði fellt úr gildi.

Ég vil minna á að þegar þessi lög voru samþykkt á Alþingi árið 1956 lá þingmannafrv. þar til grundvallar. Meðal annars var annar flutningsmaður læknir þannig að þingmenn hafa látið þetta mál mjög til sín taka og höfðu frumkvæði að því á sínum tíma að þetta var fest í lög.

Lögin eru frá 1956 og þá höfðu menn ekki sjónvarpssendingar eða internetið í huga þegar ákveðið var að leggja bann við sýningum, enda tel ég að orðið „sýningar" í þessum skilningi laganna beri að vísa til þess að menn séu að sýna hnefaleika hér á landi á til þess gerðum palli eða við þær aðstæður sem menn stunda hnefaleika, en að ekki sé um það að ræða hvort hnefaleikar séu sýndir í kvikmyndum, í sjónvarpi eða á internetinu. Ég skil lögin þannig að ekki sé verið að leggja bann við því að sýna hnefaleika í þeim miðlum heldur að sýna þá þannig að menn takist á innan hnefaleikahringsins hér á landi. Þetta er minn skilningur en hann kann að vera rangur því að lokum eru það dómstólarnir sem kveða upp úr um það hvað felst í þessu orðalagi laganna.

[15:41]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör. Mér finnst eðlilegt að menn geri athugasemd við að ein íþróttagrein sé bönnuð með lögum, sérstaklega þegar lögin eru túlkuð þannig að þau nái yfir aðra íþróttagrein sem reyndar var ekki til þegar lögin voru sett og um er að ræða íþróttagrein sem viðurkennd er sem ólympísk íþróttagrein.

Mér finnst það mjög óeðlilegt og bera vott um litla þekkingu á málum og jafnvel fordóma að gripið er til þeirrar túlkunar sem ég gat um gagnvart þessari grein sem fyrirspurnin lýtur að.

Ég bendi á að iðkaðar eru hérlendis og erlendis margar íþróttagreinar þar sem um er að ræða meiðsl og jafnvel alvarleg meiðsl. Sú íþróttagrein sem hvað mest slys eru í og jafnvel hvað alvarlegust slys, er vinsælasta íþróttagreinin hérlendis og víða erlendis, þ.e. knattspyrna, þannig að ef beitt væri þeim mælikvarða að fjöldi slysa og alvarlegir áverkar í greininni ættu að leiða til þess að hún væri bönnuð, þá væri knattspyrna sú grein sem væri efst á lista yfir þær íþróttagreinar sem ætti að banna.

Ég vil, herra forseti, fagna þeim skilningi sem hæstv. menntmrh. kvað upp úr með af sinni hálfu varðandi skilning á ákvæðum laganna um bann við sýningum. Ég tel þann skilning ráðherrans eðlilegan að vísa til þeirra aðstæðna sem voru þegar lögin voru sett og að lögin nái til banns á þeim sýningum sem þá tíðkuðust en ekki þeim sem tækniframfarir síðan hafa gert mögulegar.

[15:43]

**Útbýting þingskjals:**

Mælingar á geislavirkni í lífríki Íslands, 462. mál, fsp. ÖS, þskj. 792.

Út af dagskrá voru tekin 1., 5. og 10.–11. mál.

Fundi slitið kl. 15:44.

---

## 65. FUNDUR

miðvikudaginn 11. febr.,
að loknum 64. fundi.

**Dagskrá:**

1. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 376. mál, þskj. 649. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Lækkun fasteignaskatta, frv., 178. mál, þskj. 178. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 200. mál, þskj. 209. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 391. mál, þskj. 709. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuleysistryggingar, frv., 437. mál, þskj. 763. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

***Tilkynning frá ríkisstjórninni.***

Afturköllun frumvarps um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum.

[15:44]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Fyrir nokkurri stundu gaf ríkissáttasemjari út svohljóðandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Eftir að sáttafundi sl. nótt lauk þar sem slitnaði upp úr tilraunum til samkomulags um frestun verkfalls barst sáttasemjara bréf í dag, 11. febr. 1998, frá samninganefnd útvegsmanna þar sem hún fellst á erindi samninganefndar Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða frá 10. febr. 1998, enda frestist þá verkfall allra sjómannasamtaka með sama hætti.

Á samningafundi í dag var staðfest að samkomulag hefur náðst á grundvelli erindis sjómannasamtakanna. Verkfalli er því frestað frá kl. 23.00 í dag, 11. febr. 1998, til kl. 23.00 þann 15. mars 1998 með samþykki samninganefnda Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Matsveinafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Ísafjarðar, Vélstjórafélags Suðurnesja, Vélstjórafélags Vestmannaeyja, Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna."

Í ljósi þessara ánægjulegu tíðinda sem hér hafa verið birt lýsi ég því yfir að engar efnisástæður liggja lengur til grundvallar því frv. sem lagt hefur verið fram um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum á þskj. 784 og er það því hér með afturkallað. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim forustumönnum samninganefndanna sem hér eiga hlut að máli fyrir að hafa stigið þetta skref. Þó að kjaradeila þeirra sé ekki leyst hefur verkfalli verið frestað og við hljótum að binda við það vonir að samninganefndarmenn noti þann tíma til þess að finna farsæla lausn á þeirri alvarlegu deilu sem hér hefur staðið.

[15:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. sjútvrh. að fagna þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Það munaði vissulega litlu, herra forseti, að gönuhlaup ríkisstjórnarinnar yrði til þess að eyðileggja möguleikana á að samningar tækjust í þessari alvarlegu kjaradeilu. En niðurstaðan sem nú liggur fyrir bendir til þess að niðurstaðan sem fékkst á mánudaginn var, þar sem stjórnarandstaðan stöðvaði framgang frv., hafi í raun leyst málið, skapað svigrúm til að sjómenn og aðilar deilunnar gætu tekið á því með eðlilegum hætti. Það er fagnaðarefni fyrir Alþingi og fyrir alla aðila þessa máls og ég tek undir þau orð hæstv. sjútvrh.

Ég tel líka ástæðu til að ítreka í tilefni af þessum tíðindum og því sem fram fór hér fyrr í dag að stjórnarandstaðan var í sínum fulla rétti. Stjórnarandstaðan misbeitti ekki valdi að neinu leyti í þessu máli. Hún hafði sinn fulla rétt samkvæmt þingsköpum sem eru lög landsins. Við stjórnarandstöðuþingmenn mótmæltum ásökunum um það í umræðum um þessi mál í dag, að við hefðum misbeitt valdi okkar, og á fundi hjá hæstv. forseta fyrr í dag ítrekuðum við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar þau mótmæli og hæstv. forseti Alþingis ákvað að fara yfir þau mál sérstaklega og kvaðst mundu tilkynna mat sitt á stöðunni væntanlega í upphafi fundar á morgun. Það er mjög mikilvægt að þannig hefur verið komið til móts við þau sjónarmið sem við settum hér

fram. Þetta vil ég láta koma fram um leið og ég fagna því að gönuhlaup ríkisstjórnarinnar varð ekki til þess að þjóðin yrði fyrir stórfelldu tjóni af þeirri vinnudeilu sem hefur staðið yfir.

[15:49]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég fagna því að verkfalli hafi verið frestað á fiskiskipaflotanum og ég fagna því sömuleiðis að hæstv. ríkisstjórn hefur dregið frv. sitt til baka. Nú er málið komið í eðlilegan farveg og það er von mín að kjarasamningar náist. Það er hins vegar alveg ljóst að þetta hefði ekki náð fram að ganga ef vilja ríkisstjórnarinnar hefði verið fylgt að fullu eins og hann var kynntur hér á mánudaginn, því að það gekk út á að það frv. sem hér er verið að draga til baka, hefði verið lögfest í gær. Það sýnir að mínu mati, herra forseti, að afstaða okkar í stjórnarandstöðunni við þinglega meðferð málsins var rétt, formlega rétt, og hún var líka rétt mat á þeirri stöðu augnabliksins.

Það fylgja góðar óskir til samningsaðila við það verkefni sem núna bíður þeirra. Þeir hafa ekki langan tíma til að ganga frá þessu máli. Ég vil ítreka að lokum, herra forseti, ábyrgð samningsaðila í þessu ferli. Nú er málið hjá þeim og þeim ber að reyna að leiða það til lykta með kjarasamningi þannig að þetta mál komi ekki aftur inn á Alþingi. Það er ósk mín, herra forseti, að svo takist til.

***Umræður utan dagskrár.***

Afstaða ríkisstjórnarinnar til mögulegra hernaðaraðgerða Bandaríkjanna gegn Írak.

[15:50]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Heimsbyggðin hefur fylgst með því undanfarna daga og vikur hvernig Bandaríkjamenn hafa hert á áróðursstríði sínu gegn Írak. Þeir hafa dregið ógrynni liðs saman á Persaflóa og bandarískir ráðamenn hafa farið eins og þeytispjöld um heiminn til að afla liðsmanna í þessar fyrirhuguðu árásir á Írak. Ekki þarf ýkja frjótt hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að hin aukna harka Bandaríkjamanna undir forustu forsetans standi í samhengi við vandræði hans heima fyrir. Vel heppnað sjónvarpsstríð sem CNN og allar hinar stöðvarnar sæju um að koma inn í stofur vítt og breitt um heiminn mundi auðvitað draga athyglina frá öllum fíflaganginum í kringum meint kvennafar forsetans.

Liðssafnaðurinn hefur gengið fremur illa og lengi vel voru það einungis Bretar sem fylgdu hinum stríðsáköfu Bandaríkjamönnum að málum. Nú hafa að vísu nokkrar aðrar þjóðir verið að láta undan þrýstingi enda ekkert til sparað.

Mjög hörð andstaða er á hinn bóginn við þessar fyrirhuguðu árásir. Mörg Arabaríki sem studdu aðgerðirnar gegn Írak í kjölfar innrásarinnar í Kúveit hafa nú algerlega neitað stuðningi þrátt fyrir þrýsting og hótanir frá Bandaríkjamönnum. Rússland, Kína, Frakkland og fleiri stórþjóðir hafa sömuleiðis mismunandi ákveðið komið andstöðu sinni á framfæri.

Andstaðan við þessar fyrirhuguðu árásir nú ofan í allar þjáningarnar sem almenningur í Írak hefur þolað undir sjö ára viðskiptabanni byggir m.a. á þessu:

Í fyrsta lagi orkar það mjög tvímælis að hægt sé að túlka ályktanir Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þannig að í þeim felist að Bandaríkjamenn eða nokkrir aðrir þess vegna hafi rétt til að gera einhliða árás á Írak út af ágreiningi um vopnaeftirlit. Staðan er að þessu leyti gerólík því sem var í Flóabardaga. Aðgerðin verði því hrein og klár árás, ófriðaraðgerð og ofbeldisaðgerð og þar með margfalt brot á alþjóðalögum.

Í öðru lagi er óhugsandi annað en að óbreyttir borgarar verði fórnarlömb í stórum stíl. Þannig er talið að 150 þúsund óbreyttir borgarar hafi fallið í loftárásunum sem tengdust Flóabardaga.

Engar líkur eru á því í þriðja lagi nú frekar en í Flóabardaga að Saddam Hussein verði steypt af stóli, enda ekki yfirlýstur tilgangur aðgerðanna að sögn Bandaríkjamanna. Þvert á móti eru líkur til að aðgerðin auki enn á hatur almennings í Írak á Vesturlöndum og Bandaríkjamönnum sem Hussein hefur nýst vel til að viðhalda ógnarstjórn sinni.

Í fjórða lagi munu tilraunir til að leysa deiluna um vopnaeftirlitið með friðsamlegum hætti og slaka í kjölfarið á viðskiptabanninu til að lina þjáningar og koma í veg fyrir áframhaldandi dauða barna og almennings í Írak fara út um þúfur. Þær tilraunir verða sprengdar í tætlur ef árásir hefjast.

Það kom því, herra forseti, eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson bauð Bandaríkjamönnum stuðning óumbeðið nú í hádegisfréttunum. Þannig gerðist hæstv. ráðherra í raun og veru fyrsti sjálfboðaliðinn í þessari stuðningsmannasveit fyrirhugaðra hernaðaraðgerða sem vitað er um í heiminum.

Hæstv. ráðherra sagði í viðtali við fréttamenn m.a.: „En ef hann [Saddam Hussein] fer ekki að tilmælum Sameinuðu þjóðanna þá tel ég að nauðsynlegt sé að íhuga það vandlega þegar þar að kemur hvort ekki verði að fylgja því fram með öðrum hætti og þá með þeim hætti sem Bandaríkjamenn eru að leita til."

Halldór Ásgrímsson segir að ekki hafi borist sérstakar beiðnir frá Bandaríkjunum vegna aukinnar flugumferðar um Keflavíkurflugvöll vegna hugsanlegra átaka við Persaflóa — eða svo vitnað sé beint: „Það hefur engin beiðni borist. Hins vegar geri ég ráð fyrir því að ef til þess kemur þá þurfum við að vera viðbúnir slíku eins og var í Flóabardaga á sínum tíma þannig að við erum viðbúnir því að slík beiðni berist."

Fréttamaður spyr: „Og verður henni svarað jákvætt?"

Halldór Ásgrímsson svarar: „Það er að mínu mati ekkert annað að gera en að taka því jákvætt."

Manni verður auðvitað, herra forseti, einnig hugsað til hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar og herstyrksins sem hann hugðist koma á fót. En sá her er víst ekki kominn til sögunnar og verður ekki boðinn fram að þessu sinni.

Ég mótmæli því, herra forseti, að Ísland verði dregið inn í þennan vitfirrta stríðsleik Bandaríkjamanna. Ég fer fram á að hæstv. utanrrh. lýsi andstöðu við þessi áform af Íslands hálfu. Ég spyr: Er það virkilega mótuð stefna af Íslands hálfu að styðja loftárásir á Írak e.t.v. á næstu sólarhringum sem geta kostað þúsundir óbreyttra borgara lífið? Hefur verið gerð ríkisstjórnarsamþykkt í því sambandi? Hefur utanrmn. Alþingis verið höfð með í ráðum eða verður það gert?

[15:56]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er sjálfsögðu von okkar allra að friðsamleg lausn fáist á þeirri deilu sem stendur yfir. Margir koma að því og vinna þar mjög gott starf. Það er gert á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er gert tvíhliða gagnvart Írak, bæði

hafa Rússar komið þar að og Frakkar. Það er algjört lykilatriði í þessu máli að Saddam Hussein veiti eftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna óheftan aðgang að byggingum í Írak. Án þess að það sé gert er ekki um neina lausn að ræða. Það liggja því miður fyrir staðfestar upplýsingar um að til séu 25 eldflaugaoddar sem eru fullir af antraxbakteríum. Og Írakar höfðu fullyrt að þeir hefðu eyðilagt þessa eldflaugaodda í kjölfar Persaflóastríðsins.

Þegar eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna báðu Íraka um að sýna eyðileggingarvottorð eða þann stað þar sem eyðilegging þessara odda hefði farið fram gátu þeir hvorki né vildu orðið við slíkri beiðni.

Jafnframt er annað dæmi um framleiðslu efnavopna í vökvakenndu formi. Írakar héldu því fyrst fram að þeir hefðu ekki framleitt slík vopn. Síðan breyttu þeir því og sögðust aðeins hafa framleitt um sex þúsund lítra af þessum eiturvökva en það liggur fyrir full vitneskja um að magnið sé ekki undir 200 þúsund lítrum. Þetta vandamál er dæmigert fyrir það hvernig eftirlitsverkið hefur gengið. Og það er ekki hægt að líða að Saddam Hussein komist upp með að brjóta það sem hann hefur undirgengist áður í þessu sambandi. *Það eru því miður engar líkur á því að hann muni gera* það nema fyrir þann þrýsting sem hann er nú beittur bæði af Bandaríkjamönnum og öðrum, því miður. Hann má ekki komast upp með það að virða að vettugi kröfur um eftirlit. Hann hefur sýnt það að hann getur framleitt og er tilbúinn til að beita ógnarvopnum. Og það gerir hann jafnvel gegn eigin borgurum, fyrir utan annað framferði sem hann viðhefur gagnvart þeim.

Að mínu mati er valdbeiting síðasta úrræðið sem hægt er að hafa í frammi í þessu máli. En hann verður að skilja að hér er um raunverulega hótun að ræða og þetta mál verður að leysa. Það er sjálfsögðu Saddam Hussein sem hefur valdið varðandi það hvaða úrræði verði beitt.

Eins og ég sagði í hádegisfréttum þá hafa ekki komið fram formleg tilmæli um að hér fari umferð í gegn vegna hugsanlegra átaka, enda hefur engin slík ákvörðun verið tekin. En það er rétt að við erum viðbúnir slíkri beiðni og það er mat mitt að ef slík beiðni kemur, þá eigum við að taka hana til umfjöllunar með jákvæðum hætti. En ég vona svo sannarlega að til þess komi ekki því ég vænti þess að Saddam Hussein láti undan þrýstingi heimsbyggðarinnar. Það eru ekki aðeins Bandaríkjamenn sem vilja stöðva þennan mann, það er öll heimsbyggðin því hann ógnar heimsöryggi. Og það er nauðsynlegt að þessi maður skilji hlutina eins og þeir eru fram settir. Ég hef ekki trú á því, samkvæmt þeirri reynslu sem heimsbyggðin hefur af glæpum hans, að hann skilji neitt annað en alvöruna. En við verðum að vænta þess og vona að hann láti undan áður en til einhvers slíks kemur.

[16:00]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Vissulega eru alvarlegir hlutir að gerast við Persaflóa og eins og áður hefur komið fram í umræðum á Alþingi er vandinn enn á ný einræðisherrann og hinn miskunnarlausi harðstjóri sem ræður ríkjum í Írak og stjórn hans. Málið er ekki tvíhliða deila milli Íraks og Bandaríkjanna ef *einhver skyldi halda það. Málið er deila milli Íraks og Sam*einuðu þjóðanna, þ.e. Íraks og alþjóðasamfélagsins í heild sinni. Enginn ráðamaður, hvorki á Vesturlöndum né annars staðar, hefur neinn sérstakan áhuga á því að ráðast á Írak að tilefnislausu. Menn eru ekki að hugsa sér til landvinninga á þeim slóðum. Hins vegar er það svo að stjórnin í Írak liggur undir þeim rökstudda grun að hafa komið sér upp gríðarlegu magni af stórhættulegum sýklavopnum og efnavopnum og lá um tíma undir grun um að vera að koma sér upp kjarnorkuvopnum sem menn telja reyndar að ekki sé lengur hætta á. Stjórnin í Írak hefur gengist undir skuldbindingar gagnvart Sameinuðu þjóðunum um að Sameinuðu þjóðirnar megi leita af sér allan grun í þessu efni. Við þær skuldbindingar hefur hún ekki staðið og vopnaeftirlitsnefndin undir forustu Ástralíumannsins Butlers fær ekki að vinna sitt verk eins og ætlast er til. Þetta er vandamálið í hnotskurn, þetta er vandinn sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir. Á að taka áhættuna á því að einræðisherrann í Írak byrji að kasta vopnum sínum og sprengjum og noti eldflaugar sínar á nágrannaríki sín, til að mynda á Ísrael eða önnur Arabaríki þar í nágrenninu sem hafa verið honum andsnúin eða á að grípa í taumana fyrir fram? Á að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann eða ekki? Um það snýst málið. Íslendingar verða að standa með hinu alþjóðlega samfélagi sem við erum hluti af, í þessu máli, og ekkert annað kemur til greina að mínum dómi.

[16:02]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel brýnt að þetta mál sé rætt á hinu háa Alþingi en tenging Íslands við hugsanleg hernaðarleg átök er mikið alvörumál. Af svörum hæstv. ráðherra mátti dæma að hann byggist jafnvel við að sérstök ósk kæmi um flugumferð um Keflavíkurflugvöll og þá yrði því svarað jákvætt.

Í fyrsta lagi ítreka ég þá spurningu sem var borin fram hvort málið hafi verið rætt í utanrmn. Einnig tek ég fram að þetta er ekki alveg sambærilegt mál og aðdragandinn að Flóabardaga þar sem mun fleiri þjóðir voru aðilar að. Ég vildi gjarnan að upplýst væri hvort jákvætt svar, ef slík beiðni bærist, væri á grundvelli varnarsamningsins eða á grundvelli aðildar okkar að NATO sem svör yrðu gefin í þeim efnum. En afstaða okkar Íslendinga gagnvart Írak og deilunum við Persaflóa markast fyrst og fremst af afstöðu Sameinuðu þjóðanna. Að sjálfsögðu styðjum við ályktanir og stefnu Sameinuðu þjóðanna, þar með talinn þrýsting þeirra sem hefur komið fram í afstöðu Kofi Annans aðalritara og Bandaríkjanna við að framfylgja samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Þar ber vitaskuld hæst að staðið verði við ákvæði sem lúta að vopnaeftirliti. Þar hafa Írakar alls ekki staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt er algjörlega ólíðandi og ber að styðja aukinn þrýsting á því sviði. Vitaskuld kemur til álita að létta á viðskiptabanninu í áföngum, eins og m.a. Kofi Annan hefur lagt til enda áhrif þess á saklaust fólk óbærileg. Þetta hangir allt saman og við jafnaðarmenn vonumst til að friðsamleg lausn finnist á málinu en ekki má leika nokkur vafi á því að við ásamt öðrum þjóðum erum reiðubúin til að knýja á um að lögmætar samþykktir Sameinuðu þjóðanna nái fram að ganga. Við verðum hins vegar, herra forseti, að ræða markvisst afstöðu og þátttöku Íslendinga í málinu, ekki aðeins á hinu háa Alþingi heldur einnig innan utanrmn.

[16:05]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það þurfti að segja mér oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að hæstv. utanrrh. væri farinn að bjóða að fyrra bragði fram hernaðaraðstöðu hér á landi vegna yfirvofandi árásar á Írak. Það fer ekki milli mála þegar skoðuð eru orð hans í útvarpsfréttum í dag að þar er ekki um venju-

leg viðbrögð að ræða heldur ótímabært frumkvæði. Hvaða nauðsyn bar til þessa frumkvæðis? Er hæstv. ráðherra einhver sérstakur áhugamaður um þátttöku Íslendinga í slíkum hernaðarátökum sem eru hugsanlega fram undan? Því miður má segja að þetta, ég vil segja frumhlaup hæstv. ráðherra, sé í stíl við það sem þjóðin hefur orðið vitni að á þeim langa tíma sem hún hefur mátt þola erlenda hersetu í landinu.

Það er einu sinni svo að þrátt fyrir mikinn ágreining og átök um hersetuna var þó framan af hægt að skilja röksemdir þeirra sem vilja fyrir alla muni hafa samskipti við Bandaríkjamenn í þessu efni og alltaf var því haldið á lofti að um tímabundna aðgerð væri að ræða. En eftir gagngerar breytingar á heimsmyndinni og aðstæðum öllum hefur talsmönnum hersetunnar gengið æ verr að rökstyðja nauðsyn hennar og augljóst að þar ráða fyrst og fremst efnahagslegir hagsmunir. Þannig hafa íslenskir ráðamenn sótt fast við bandaríska ráðamenn að þeir dragi ekki úr starfsemi á Keflavíkurflugvelli eins og þeir hafa viljað gera. Frumhlaup hæstv. utanrrh. gæti bent til þess að hann sé á vissan hátt að grípa þetta tækifæri, svo geðfellt sem það er, til að reyna að sannfæra bandaríska ráðamenn um nauðsyn áframhaldandi hersetu og hernaðarumsvifa á Keflavíkurflugvelli. Herra forseti. Ég harma það og mótmæli því að Íslendingar taki þátt í þessum hildarleik eins og allt bendir til ef marka má ótímabær orð hæstv. utanrrh.

[16:07]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Tilefni umræðunnar eru ummæli hæstv. utanrrh. um notkun á Keflavíkurflugvelli ef til hernaðarátaka Bandaríkjanna gegn Írak kemur. Ummæli ráðherrans gefa til kynna að ef sóst verður eftir heimild til að nota flugvöllinn sem þjónustuflugvöll vegna hernaðaraðgerða sé ekkert annað að gera en svara því jákvætt. Íslendingar styðja stefnu Sameinuðu þjóðanna um vopnaeftirlit og vonandi kemst það friðsamlega á. Hótanir Bandaríkjamanna um hernaðaríhlutun eru mjög umdeildar í nágrannalöndum okkar, bæði innan og utan NATO. Nú spyr ég hæstv. utanrrh. hvort ég skildi hann rétt áðan að hann og íslenska ríkisstjórnin séu sammála stefnu Bandaríkjamanna um nauðsyn á hernaðarárás ef friðsamlegu vopnaeftirliti verður ekki komið við eins og Sameinuðu þjóðirnar óska.

Vegna orða Geirs H. Haardes áðan um eðli deilunnar vil ég enn fremur spyrja hæstv. utanrrh. Það er skilningur minn að það séu Bandaríkjamenn sem eru að boða hernaðaraðgerðir en ekki Sameinuðu þjóðirnar og ekki NATO og því vil ég spyrja hvort utanrrh. sé sammála því og þá hvort þess vegna sé ekki mögulegt að neita því að Keflavíkurflugvöllur verði notaður í þessu skyni þótt við séum í NATO eða hvort vera okkar í NATO takmarkar möguleika íslensku ríkisstjórnarinnar til sjálfstæðrar afstöðu í málinu. Árás á Írak mun bitna á saklausum borgurum og því ber að leysa þessa deilu sem aðrar á friðsamlegan hátt án hernaðarátaka. Að nota Keflavíkurflugvöll sem hernaðarflugvöll skapar hættuástand sem ber að forðast með öllu.

[16:09]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegi forseti. Mjög margar spurningar koma upp þegar hæstv. utanrrh. Íslands gefur yfirlýsingar af því tagi sem komu fram í fjölmiðlum í hádeginu. Það er m.a. spurningin: Hefur hæstv. utanrrh. fullvissu fyrir því að sú hernaðaratlaga sem ráðgerð er af hálfu Bandaríkjanna hafi stuðning öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og um leið hinna Sameinuðu þjóða? Er hæstv. utanrrh. viss um að sú árás sem er í undirbúningi sé undirbúin eða yrði framkvæmd með skýru umboði Sameinuðu þjóðanna? Ég held að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, sé í miklum vafa um að hægt sé að teygja samþykktir sem tengdust Flóabardaga og því tímabili yfir á þær aðstæður sem nú ríkja. Þetta eru lykilspurningar í sambandi við frumhlaup hæstv. utanrrh. sem er ekki hægt að kalla annað. Ef það er svo að hæstv. utanrrmn. hafi ekki einu sinni fjallað um málið áður en hæstv. ráðherra gefur yfirlýsingarnar finnst mér að hæstv. ráðherra sé kominn á ansi tæpt vað.

Við lesum í málgögnum, í virtum blöðum Vestur-Evrópu, miklar og sterkar efasemdir við þær aðgerðir sem eru nú í undirbúningi. Þar eru bæði dregin fram almenn pólitísk rök en einnig hernaðarleg rök um leiðangra af þessum toga og hættuna á því að ef illa færi og árásarskeyti hittu t.d. meint sýklavopn og annað þess háttar til hvers það myndi leiða. (Forseti hringir.) Og staða Butlers, þess sem fer fyrir samninganefndinni, hefur verið gagnrýnd mjög mikið og framganga hans eins og yfirlýsingar um það að hætta sé á því að Tel Aviv yrði hugsanlega þurrkuð út af hálfu Íraks. Slík atriði ætti hæstv. utanrrh. að gaumgæfa áður en hann gefur yfirlýsingar af því tagi sem við höfum rætt í dag.

[16:12]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég tek undir þann málflutning sem hæstv. utanrrh. hafði um málið og tel að hann sé í fullu samræmi við afstöðu Íslands í málum af þessu tagi sem upp hafa komið á undanförnum árum og áratugum. Ísland hefur aldrei skorist úr leik að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum á vegum Sameinuðu þjóðanna sem miða að því að stuðla að friði í heiminum og sporna við því að einræðisherrar færi út veldi sitt.

Það liggur alveg ljóst fyrir í málinu hvað sem hv. stjórnarandstæðingar segja að heimsbyggðin öll stendur frammi fyrir því að einræðisherra við Persaflóa hefur komið sér upp sýklavopnum og eiturvopnum og menn vænta þess að hann muni jafnvel búa sig undir að beita þessum vopnum. Það er þetta sem menn standa frammi fyrir. Það er gagnvart slíkum hótunum sem menn standa frammi fyrir og eru að velta fyrir sér hvernig við á að bregðast.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið að aðgerðirnar eru flóknar og ekki auðvelt að átta sig á því hvernig á að beita vopnavaldi til að koma í veg fyrir æðið í þessum manni en hitt er ljóst að hann hefur komið sér upp þessum vopnum og menn hafa kynnst því að hann er reiðubúinn til að beita þeim vopnum sem hann ræður yfir. Það er þessi hætta sem mannkynið stendur frammi fyrir og það er málstaðurinn gegn þessum manni sem Ísland er að leggja lið með þeim yfirlýsingum sem utanrrh. gaf í dag. Ef menn telja að með því snúist menn gegn hagsmunum Íslands held ég að þeir séu algerlega á röngu róli og átti sig í raun ekki á því um hvað málið snýst. Það alvarlega í málinu er að einræðisherra hefur náð að sölsa undir sig og koma sér upp eiturefnum, efnavopnum og virðist reiðubúinn að beita þeim fái hann tækifæri til þess.

[16:14]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hvað sem öllu öðru líður hefur komið í ljós að við eigum í ríkisstjórn Íslands einkar öfluga hermálaráðherra sem eru greinilega tilbúnir til að fara sjálfir í stríðið.

Málflutningur hæstv. menntmrh. og hæstv. utanrrh. áðan í þessum efnum var satt að segja alveg ótrúlegur. Þeir tala alltaf eins og það búi bara einn maður í Írak. Hann heitir Saddam Hussein. Þar séu ekki konur, þar séu ekki börn, þar sé ekki annað fólk. Þar sé bara þessi eini vondi maður sem búi í þessu landi og auðvitað megi sýna honum hvaða hörku sem er. Veruleikinn er hins vegar ekki svona. Þess vegna vekur málflutningur þeirra upp fjölmargar mjög alvarlegar spurningar. Í fyrsta lagi þessa: Er utanrrh. Íslands tilbúinn að axla fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þá meðábyrgð sem kynni að skapast vegna loftárása á írösku þjóðina, þ.e. á enn frekari dauða og þjáningum saklausra borgara? Erum við tilbúin að axla þessa ábyrgð?

Í öðru lagi: Telur utanrrh. rétt að hervaldi verði beitt gegn öllum ríkjum sem neita að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og búa yfir tortímingarvopnum?

Í þriðja lagi: Er utanrrh. tilbúinn til að beita sér fyrir því að hann eða einhverjir á hans vegum heimsæki Írak til að sjá af eigin raun afleiðingar þeirra aðgerða gegn írösku þjóðinni sem hann hótar nú fyrir hönd íslensku þjóðarinnar?

Í fjórða lagi: Hvað er það sérstaklega sem ríkisstjórn Íslands vill sprengja í Írak, hve mikið, hversu lengi og hvað svo?

Fimmta spurningin er: Getur Ísland ekki haft sjálfstæða afstöðu og neitað um aðgang að Keflavíkurflugvelli?

Þessar spurningar og margar fleiri vakna. Það er líka umhugsunarefni að þegar svo alvarleg stríðsyfirlýsing birtist af hálfu Íslands, þá skuli menn ekki hafa svo mikið við að kalla saman utanrmn. til fundar.

[16:16]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Menn hafa haldið því fram að skilin milli flokka hafi minnkað á undanförnum árum. Þó er athyglisvert að Alþb. virðist vera algerlega einangrað í umræðunni, í þeim gamla tíma sem þeir standa fyrir í þessari umræðu. Það vekur vissulega pólitíska athygli.

Hér er því haldið fram að hæstv. utanrrh. hafi aðspurður sýnt frumhlaup með varfærnislegum yfirlýsingum sínum í útvarpi í dag. Það er auðvitað fjarri öllu lagi. Jafnvel er látið þannig í veðri vaka að þessar agaráðstafanir gagnvart Saddam Hussein hangi alfarið á afstöðu Íslands og íslenska utanrrh. Það er jafnvel gefið í skyn að árásir þær sem hugsanlega þurfa að fylgja sem liður í að halda þessum einræðisherra til aga eigi að fara fram héðan. Menn eru aðeins að tala um að umferð um Keflavíkurflugvöll geti aukist vegna uppbyggingar og umsvifa til að tryggja að þessum manni sé sýnt hver afstaða þjóða heimsins er til hans.

Það er gefið til kynna að hæstv. utanrrh. hafi hvað fyrstur manna gefið slík svör. Portúgalar hafa þegar gefið yfirlýsingar varðandi Azor-eyjar. Spánn hefur gefið yfirlýsingar. Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, hefur þegar gefið yfirlýsingar, ekki bara um að liðsflutningar geti átt sér stað um flugvelli í Þýskalandi, heldur að árásir á Írak megi fara fram þaðan. Það að gefa hér í skyn að hæstv. utanrrh. sé með flumbrugang og fari á undan öllum öðrum er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Hæstv. utanrrh. hefur tekið fullkomlega eðlilega á þessu máli í alla staði.

[16:18]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka svörin skv. venju, en ég hlýt um leið að lýsa yfir bæði furðu og vonbrigðum með það hvernig hæstv. ráðherrar og hv. formaður utanrmn. tala hér. Að heyra þá tala eins og hauka og nota sömu rök og Bandaríkjamenn hafa notað undanfarna daga til að réttlæta hugsanlegan dauða þúsunda eða tugþúsunda óbreyttra borgara í þessum árásum er með ólíkindum.

Það er rangt sem haldið er fram um að hér sé um alþjóðaaðgerðir að þar sem Íslandi beri skylda til að axla nokkra ábyrgð. Við gætum að sjálfsögðu tekið til þessari deilu nú og stöðunni í henni með sjálfstæðri afstöðu eins og t.d. NATO-ríkið Frakkland. Hér er auðvitað ekkert annað á ferðinni en venjubundinn aftaníossagangur við Bandaríkjamenn.

Þegar Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var spurð að því hvernig Bandaríkjamenn hygðust að alþjóðalögum réttlæta hugsanlegan dauða þúsunda eða tugþúsunda óbreyttra borgara í væntanlegum loftárásum m.a. á Bagdad, þá svaraði ráðherrann að sjálfsögðu: „Það verður þá Saddam Hussein að kenna." Þannig var endir hennar ræðu. Hér eru hafðar uppi sambærilegar réttlætingar. Það er ömurlegt, herra forseti. Ég mótmæli því að Ísland sé dregið inn í þennan vitfirrta stríðsleik. Ég skammast mín fyrir það, herra forseti, að íslenskir ráðamenn skuli ekki hafa haft manndóm í sér til að hverfa frá stuðningi við viðskiptabannið. Þannig bera íslenskir ráðamenn, fyrir hönd þjóðarinnar, ábyrgð á harmleiknum í Írak. Það er ömurlegt að vita til að meira en ein og hálf milljón manna skuli fallin í þessum harmleik. Enn tala menn eins og þessar sjö ára hörmungar hafi ekkert kennt þeim. Enn þá ömurlegra verður það ef aukið verður á hörmungar almennings í Írak með þeim vitfirrtu árásum sem nú eru fyrirhugaðar.

[16:20]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Hér hafa komið fram margar spurningar sem ég get því miður ekki svarað á þeim stutta tíma sem ég hef hér til umráða. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að enda við að segja að við hefðum ekki átt að standa að viðskiptabanninu. Hann sagði að við hefðum átt að draga okkur út úr því og brjóta þar með gegn samþykktum Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins. Er þingmaðurinn að halda því fram að við eigum að segja okkur úr Sameinuðu þjóðunum eða hvað? (**SJS:** Nei.)

Við höfum skyldur gagnvart Sameinuðu þjóðunum og við getum ekki dregið okkur einhliða út úr viðskiptabanninu. Það er ekkert hægt að hlusta á það daglega hér á Alþingi að við getum dregið okkur einhliða út úr þessu viðskiptabanni. Þingmenn stjórnarandstöðunnar, Alþb., hafa verið að halda því fram. (**SJS:** Nei.) Það er algerlega rangt. Nú segir hv. þm. nei. (**SJS:** Að beita sér fyrir því að...) Hann er að beita sér fyrir því. Það er dálítið annað og ekki það sem hv. þm. sagði hér áðan.

Það liggur fyrir að Ísland verður ekki dregið inn í þessar hernaðaraðgerðir vegna þess að Ísland hefur engan her. Í mesta lagi yrði leyft, ef til þess kemur sem við skulum vona að verði ekki, að einhverjir flutningar gætu farið hér um, m.a. til að tryggja öryggi þeirra sem taka þátt í þessu. Það skiptir líka máli, því þar er um bandamenn okkar að ræða. Við verðum líka að huga að öryggi þeirra sem þrátt fyrir allt eru að reyna að tryggja heimsfriðinn.

Ég ítreka að ég vona að til þessa komi ekki og ég er sannfærður um að Saddam Hussein lætur ekki undan í þessu sambandi nema hann horfi framan í alvöruna. Ég spyr þá þingmenn sem deila á okkur fyrir þá afstöðu sem við höfum tekið: Hvernig vilja þeir leysa þetta mál? Hafa þeir trú á því að þau vopn sem þeir vilja beita muni duga?

***Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 376. mál. — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Lækkun fasteignaskatta, frh. 1. umr.***

Frv. KHG og SvG, 178. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Umboðsmaður aldraðra, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GHall o.fl., 200. mál. — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Réttur til launa í veikindaforföllum, frh. 1. umr.***

Frv. HG o.fl., 391. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 709.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. GHelg o.fl., 437. mál (elli- og örorkulífeyrir). — Þskj. 763.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:27.

---

# 66. FUNDUR

fimmtudaginn 12. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Frh. fyrri umr.
2. Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, þáltill., 250. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
3. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, þáltill., 251. mál, þskj. 296. — Fyrri umr.
4. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 366. mál, þskj. 587. — Fyrri umr.
5. Ríkisreikningur 1996, stjfrv., 97. mál, þskj. 97, nál. 749. — 2. umr.
6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 441. mál, þskj. 768. — 1. umr.
7. Lögreglulög, stjfrv., 442. mál, þskj. 769. — 1. umr.
8. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770. — 1. umr.
9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771. — 1. umr.
10. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173. — Fyrri umr.
11. Hjálmanotkun hestamanna, frv., 324. mál, þskj. 409. — 1. umr.
12. Almenn hegningarlög, frv., 451. mál, þskj. 778. — 1. umr.
13. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762. — 1. umr.
14. Búfjárhald, frv., 415. mál, þskj. 736. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

***Atkvæðagreiðsla um afbrigði og túlkun þingskapa.***

[10:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka þetta fram:

Í umræðum um fundarstjórn forseta á fyrra fundi Alþingis í gær óskaði hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, eftir því að forseti kveði upp úr um það, eins og það var orðað, hvort stjórnarandstaðan hefði misbeitt þingskapaákvæðum sl. mánudag þegar greidd voru atkvæði um afbrigði um stjfrv. Þingmaðurinn vísaði þar til orða hv. 4. þm. Reykv. Geirs H. Haardes. Síðar í þessum umræðum skýrði hv. þm. Geir H. Haarde ummæli sín svo að um hefði verið að ræða pólitíska misbeitingu og tók jafnframt fram að hann hefði engar athugasemdir við úrskurð forseta um atkvæðagreiðsluna sl. mánudag. Þar hefði formlega verið rétt að öllu staðið er lýst var úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Eins og skýrt er tekið fram í fræðiritum um stjórnskipan Íslands sker forseti úr ágreiningi um skilning á þingsköpum

og úrskurðir hans eru fullnaðarúrskurðir. Þessu úrskurðarvaldi beitir forseti aðeins um réttan skilning á þingsköpunum, þ.e. til þess að leysa úr fyrirliggjandi ágreiningi eða álitamáli. Beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. lýtur ekki að því að úrskurða um réttan skilning á þingsköpum heldur um réttmæti orða annars þingmanns. Úrskurð um slíkt telur forseti sér ekki fært að kveða upp né heldur heppilegt að hann blandi sér á þann veg í pólitísk átök stjórnar og stjórnarandstöðu. Atkvæðagreiðslan fór fram samkvæmt ákvæðum þingskapa og ekki hafa verið gerðar formlegar athugasemdir við hana. Þess vegna er ekki ástæða til frekari afskipta forseta af málinu.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Túlkun þingskapa.

[10:33]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka forseti fyrir þessi orð eða þessa yfirlýsingu sem e.t.v. má kalla svo þar sem ekki var samkvæmt því sem forseti sagði um formlegan úrskurð að ræða. En orð forseta staðfesta ótvírætt að það sem stjórnarandstaðan gerði sl. mánudag var ekkert annað en það að nýta sér ótvíræðan og óumdeildan rétt sinn samkvæmt þingsköpum. Atkvæðagreiðsla um afbrigði við mál þegar svo stendur á sem þarna gerði er ekki formsatriði. Allt tal um misnotkun er því tilefnislaust með öllu og þeim til vansa sem slíkt hafa uppi og ekki eru þá menn til að draga það til baka eða biðjast afsökunar á því.

Pólitíska ábyrgð á þeirri afstöðu, sem við hins vegar tókum sem greiddum atkvæði gegn afbrigðunum, berum við að sjálfsögðu eins og við gerum jafnan þegar við tökum afstöðu til mála, og þarf ekki hv. þm. Geir H. Haarde til að fræða okkur um að við stöndum ábyrg fyrir þeirri efnislegu afstöðu sem við tökum til mála hér á Alþingi. Þar af leiðandi, herra forseti, er sömuleiðis allt tal um pólitíska misbeitingu jafnfjarri öllu sanni eins og hið fyrra. Ég lít því svo á að tilefnislaust sé með öllu að hafa uppi slíkar ásakanir. Þær falla hér dauðar og ómerkar með þeim rökstuðningi sem ég hef haft og með þeim orðum sem hæstv. forseti viðhafði áðan.

[10:35]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vonar að ekki upphefjist hér umræður, hvorki um úrskurðinn né efnislegar umræður um það sem honum lá til grundvallar.

[10:35]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forseti notaði orðið úrskurður núna og ég held að mjög mikilvægt sé að halda sig við það að hér var um úrskurð að ræða, úrskurð um að stjórnarandstaðan var auðvitað í sínum fulla rétti og hagaði sér samkvæmt landslögum. Ásökunum á okkur um annað af hálfu stjórnarliða er því í raun hafnað úr forsetastól og ég tel það mjög mikilvægt. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þennan úrskurð og vil gjarnan halda því til haga.

Hitt atriðið sem ég vil koma á framfæri, herra forseti, er ekki síður mikilvægt. Það eru hótanir hæstv. utanrrh. í gær um beitingu bráðabirgðalaga í vaxandi mæli á komandi árum. Það er í fullkominni mótsögn við þann anda sem ríkt hefur í þinginu frá því að nýju þingsköpin voru sett vorið 1991. Við höfum gert allt sem við höfum getað í stjórnarandstöðu á þessum tíma til að reyna að ná samkomulagi um mál og fara eðlilega fram með málin. Það er ekki hægt að tala um neitt annað en eðlilega notkun á þingskaparákvæði þegar það er notað einu sinni þannig að athygli vekur, liggur mér við að segja, á sjö árum. Þess vegna er valdshótun utanrrh. algerlega tilefnislaus. Það er greinilegt að ef hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin komast upp með að láta þær hótanir standa er verið að stofna í hættu þeim almenna, góða starfsanda sem hér hefur verið á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég skora á forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna að skýra sjónarmið sín í þessu efni vegna þess að ef þeir eru líka þeirrar skoðunar að beita eigi bráðabirgðalögum á þingið og þjóðina í vaxandi mæli á komandi árum, verður það að koma fram.

Ég tel líka nauðsynlegt, herra forseti, að láta það koma fram af minni hálfu, og þar tala ég sem einstaklingur en ekki endilega fyrir minn þingflokk vegna þess að ég hef ekki borið það upp, en ég segi: Ef það er skoðun meiri hlutans að eyðileggja eigi nýju þingsköpin með þessu er ég fyrir mitt leyti tilbúinn til að ganga í það verk að vinna þá hluti með þeim hætti að um það geti orðið samkomulag, (Forseti hringir.) einnig þessi ákvæði, þannig að valdaráðherrar, eins og hæstv. utanrrh., sem vilja beita valdi af ýtrustu hörku, (Forseti hringir.) geti ekki beitt svona hótunum þannig að þær verði marklausar, og farið verði í þá vinnu af hálfu forustu þingsins næstu daga og vikur að ná samkomulagi um fyrirkomulag sem hindrar að slík bráðabirgðalagahótanir standi.

[10:38]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það voru hörð pólitísk átök í þingsal sl. mánudag. Það var réttur þingmanna að ganga til atkvæðagreiðslu. Stjórnarandstaðan nýtti sér þann rétt. Alþingi á að bera pólitíska ábyrgð gagnvart framkvæmdarvaldinu sé um átök að ræða. Forseti hefur úrskurðað í þessu máli. Ég er sátt við úrskurð forseta og mun hér eftir sem hingað til taka þátt í að aðlaga þingsköpin að nútíðinni og að sjálfstæði Alþingis eins og við viljum hafa það.

[10:39]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka forseta úrskurðinn. Það kom fram í máli hans að farið var til fullnustu eftir lögum um þingsköp.

Það var ekki tilviljun, herra forseti, að þessi tvö ákvæði voru sett inn 1991 þ.e. að lengja frest frá því að frv. er lagt fram þar til það er tekið til 1. umr. úr einni nótt í tvær, og að krefjast aukins meiri hluta fyrir afbrigði vegna stjórnarfrv. Þetta var gert í fullri sátt þingmanna vegna þess að þingmenn voru orðnir óánægðir með hversu oft ríkisstjórn gat beitt valdi til að knýja fram afbrigðilega meðferð mála á Alþingi. Ég ítreka að flutningsmaður þessa ákvæðis var hv. þm. Geir H. Haarde og framsögumaður fyrir þeim tillöguflutningi í efri deild var núv. hæstv. utanrrh.

Ég vil hins vegar beina þeirri ósk til virðulegs forseta vegna þess að fram hefur komið að það séu einhver undantekningartilvik að ágreiningur hafi verið milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afbrigðilega meðferð mála, að gefa sér tíma til þess, herra forseti, að fara yfir þingsöguna í þessu sambandi og afgreiðslu mála í þinginu og gefa okkur upplýsingar um hversu oft það hefur gerst að ríkisstjórn hafi krafist flýtimeðferðar mála á Alþingi og knúið það fram með

einföldum meiri hluta gegn vilja stórs hluta þingsins. Þetta ákvæði var ekki sett til að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar. Þetta ákvæði var sett til að styrkja stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

[10:41]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Ég tel að yfirlýsing forseta í upphafi fundar staðfesti í einu og öllu það sem ég hef haldið fram. Ég hef aldrei haldið því fram að formreglur hafi verið brotnar í atkvæðagreiðslu sl. mánudag. En ég hef leyft mér að hafa þá pólitísku skoðun að stjórnarandstaðan hafi misbeitt valdi sínu pólitískt. Það hefur ekkert með formreglurnar að gera og það er algerlega staðfest af hálfu hæstv. forseta. Reyndar er það óskiljanlegt að pólitískt kjörnir þingmenn megi ekki lýsa skoðunum sínum án þess að menn fari að spyrja forseta hvort það sé í góðu lagi. Yfirlýsing forseta tekur af öll tvímæli í þessu efni og ég þakka fyrir hana. Síðan geta menn ef þeir vilja haldið áfram að karpa um það hvort mín skoðun í þessu máli sé rétt eða ekki. Það er tilgangslaust stagl ef menn vilja halda því áfram.

Að því er varðar ummæli hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, vegna ræðu utanrrh. í gær vil ég benda á að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa ekki verið sett ein einustu bráðabirgðalög, aldrei. Og það er áreiðanlega einsdæmi í þingsögu síðustu áratuga að liðið hafi þrjú ár af starfstímabili ríkisstjórnar án þess að sett væru bráðabirgðalög, þannig að ég held að menn ættu ekki að magna upp einhvern draug í því sambandi. Það hafa ekki verið sett bráðabirgðalög á Íslandi síðan hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sat í ríkisstjórn. Það er bara staðreynd.

Ég ætla ekki að elta ólar við ummæli hans um breytingarnar á þingsköpunum 1991. Ég stóð að þeim málum ásamt fleirum. Ég er satt að segja heldur hróðugur yfir því hvernig þær breytingar sem samist hefur um frá 1991 hafa í heild sinni tekist. Ég er ánægður með störf mín á þeim (Forseti hringir.) vettvangi og minna kollega og ég vænti þess að við getum haldið áfram að bæta þingstörfin. En það þýðir samt ekki að menn eigi að neita staðreyndum og það er staðreynd að það hefur aldrei áður gerst að meinað hafi verið um að stjfrv. kæmi til umræðu eins og gerðist sl. mánudag í skjóli þeirra ákvæða sem menn hafa verið að ræða.

[10:44]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er enginn vafi á því, alla vega ekki í mínum huga, að farið var að lögum sl. mánudag þegar stjórnarandstaðan nýtti sér þann rétt sem hún hefur samkvæmt lagatextanum að heimila ekki afbrigði miðað við þann þingstyrk sem hún hefur á þingi þótt hann sé ekki sérstaklega sterkur.

Mig langar aðeins að rifja það upp, hæstv. forseti, þó svo þessari umræðu megi gjarnan fara að ljúka mín vegna, að það sem verið var að biðja um var raunar ekki annað en það að fá að taka málið til 1. umr. Ég vil minna á að í nágrannaríkjum okkar, þar sem við leitum oft ráða þegar við erum að setja lög hér, er ekki einu sinni vaninn að mál komi til 1. umr. heldur fari fyrst til nefndar til umfjöllunar. Þess vegna er þetta enn þá sérkennilegri afstaða sem stjórnarandstaðan tók á mánudaginn. En ég vil halda því fram að sú framkoma og sú nýting stjórnarandstöðunnar á þingsköpum út í ystu æsar verði til þess að setja þingsköpin í nýtt ljós. Auðvitað er enginn að hóta því að hér verði beitt bráðabirgðalögum. En það er ekki hægt að neita því þegar maður sér það fyrir sér að annars vegar sé um að ræða eða geti verið um að ræða að setja bráðabirgðalög og hins vegar að kalla þing saman til viku skrafs og ráðagerða og umræðu, er komin upp önnur staða sem ríkisstjórn stendur frammi fyrir en áður. Í þessum orðum mínum felast engar hótanir. Ég er bara að vekja athygli á þessu og ég held að það séu margir hv. þingmenn sem hafa kannski ekki áttað sig á því fyrr en núna hvað það er í raun mikil breyting sem var gerð á lögum um þingsköp.

[10:46]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég hvet stjórnarsinna til þess að horfa ekki bara á málið frá sjónarhóli hagsmuna þeirra á líðandi stund. Framsfl. var í stjórnarandstöðu þegar þetta ákvæði var sett og þeir sem muna eftir stjórnarandstöðu Framsfl. þurfa ekki að velkjast í vafa um það að með stuðningi sínum við þessi tvö ákvæði sem ég nefndi var Framsfl. að tryggja að ríkisstjórn með einföldum meiri hluta gæti ekki vaðið yfir Alþingi. Það kynni að vera að Framsfl. ætti einhvern tíma eftir að fara í stjórnarandstöðu og þá er ég alveg sannfærður um að Framsfl. mun skoða þetta ákvæði þingskapa eins og þingið hefur nú gert. Þetta er ekki mál stjórnar og stjórnarandstöðu. Þetta er mál þingsins sem stofnunar sem er að tryggja stöðu sína gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Það er rétt hjá hv. þm. Geir H. Haarde að það hefur aldrei fyrr gerst að mál ríkisstjórnar hafi ekki fengið flýtimeðferð ef hún hefur óskað eftir því. En skýringin á því er sú að með þingskapabreytingunni 1991 var í fyrsta skipti gefinn möguleiki á því að það þyrfti aukin meiri hluta á Alþingi til slíks. Ég spyr hv. þm. Geir H. Haarde sem var tillögumaður að þessu: Vakti það fyrir honum í tillögu hans að því aðeins ætti ákvæðið um aukinn meiri hluta að gilda ef ríkisstjórn vildi það, en ef ríkisstjórn vildi það ekki, þá ætti það ákvæði í þingsköpum Alþingis að víkja?

[10:48]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að pexa um þessa atkvæðagreiðslu frekar en orðið er. Ég ætla bara að segja við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það er rangt sem hún sagði áðan. Það var ekki verið að biðja um það eitt að málið kæmi til 1. umr. Það var verið að biðja okkur formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar um það að frv. yrði að lögum milli klukkan tólf og eitt daginn eftir, á þriðjudegi. Það var það sem var verið að biðja um og það var þess vegna sem stjórnarandstaðan brást við eins og hún gerði. Það er þess vegna röng uppsetning hjá henni sem fram kom í hennar máli áðan. (**VS:** Atkvæðagreiðslan ...) Atkvæðagreiðslan er upphaf á ferli. Hitt finnst mér alvarlegra að báðir formenn þingflokka stjórnarflokkanna taka undir þau sjónarmið sem fram koma hjá hæstv. utanrrh. Þau taka ekki undir það tilboð sem fram kom í ræðu minni áðan um það að við setjumst yfir það að ganga þannig frá þingsköpum að bráðabirgðalagavaldinu verði aldrei misbeitt með þeim rökum sem hæstv. utanrrh. flutti hér í gær.

Það er auðvitað hægt að ganga þannig frá texta þingskapanna og lögum þar með að þegar um það er að ræða að þingið er sérstaklega kallað saman, t.d. að sumarlagi, þá gildi um það tiltekin sérstök ákvæði sem geta að einhverju leyti verið önnur en þau sem gilda að öðru leyti varðandi meðferð þingmála. Þegar við tókum þessi mál upp vorið 1991, þá skrifuðum við inn í texta frv. áður en það var lagt fyrir þingið ákveðnar hugmyndir í þessu efni sem síðan urðu

ekki að lögum vegna þess að menn fengust ekki til að taka á því. Ég tel að það sé grafalvarlegt mál ef málið liggur þannig að forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna vilja ekki fara í þessa vinnu. Ef þeir vilja halda svo þétt utan um rétt framkvæmdarvaldsins til að setja bráðabirgðalög, þá eru þeir með orðum sínum og yfirlýsingum (Forseti hringir.) að stofna samvinnunni hér, sem hefur í grófum dráttum verið góð milli stjórnar og stjórnarandstöðu á þessu kjörtímabili, í verulega hættu. Ég tel að það sé mjög alvarlegt umhugsunarefni að þeir skuli ekki með hálfu orði taka undir það tilboð sem hér birtist áðan.

[10:50]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þann úrskurð sem hann kvað upp í byrjun fundar. Ég vildi nefna það að við skulum fara okkur hægt að vísa til nágrannalanda um fordæmi varðandi þingsköp eins og hér var gert af formanni þingflokks Framsfl. þó að sjálfsagt sé auðvitað á þau að líta. En okkar aðstæður eru um margt aðrar og ekki ástæða til að gleypa allt hrátt sem að utan kemur. Það á m.a. við um það að ræða mál við 1. umr. í þinginu sem ég held að sé mjög þýðingarmikið að gert sé eins og störfum og aðbúnaði nefnda er háttað hér.

Ég vil líka vara mjög við þeirri hugsun sem fram hefur komið, að taka upp aukna beitingu bráðabirgðalagavalds. Ég hélt að það viðhorf væri að komast á að að falla ætti frá beitingu bráðabirgðalaga nema í allra ýtrustu neyð eða ef alveg sérstök óvenjuleg tilefni skapast. Það er kannski það sem veldur því að skrefið var ekki stigið til fulls að afnema réttinn til að setja bráðabirgðalög. En ég vil ganga mjög langt í þeim efnum og ég andmæli öllum hugmyndum um að fara að rýmka til um þau efni eða veifa þeirri svipu gagnvart þinginu sem situr allt árið. Aðstæðurnar eru breyttar frá 1991 eftir að þingtíminn var lengdur. Alþingi situr í raun allt árið þannig að það er mjög auðvelt og eðlilegt að kalla þing saman ef þörf er á lagasetningu þar sem áður var gripið til bráðabirgðalaga.

[10:53]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Atburðir síðustu daga hafa verið mjög fróðlegir og lærdómsríkir að mínu mati. Hér hafa stór orð verið látin falla svo sem gerist stundum þegar reiðin tekur völdin eins og ljóst var af hegðun ýmissa stjórnarliða. En ira furor brevis est eins og latneski málshátturinn segir sem rétt er að hafa í huga og vonandi — ég segi vonandi — hafa þessir atburðir og orðaskak ekki alvarleg eftirköst. Það alvarlegasta sem gerst gæti væri ef lýðræðisleg þingsköp yrðu þrengd þannig að meiri hlutinn gæti ævinlega haft sitt fram í krafti stærðar.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir hans þátt og tök á málinu. Ég vil segja að við kvennalistakonur erum fúsar til þess að endurskoða og taka fullan þátt í endurskoðun þingskapalaga og gera þau þannig úr garði að þingstörf geti gengið vel og eðlilega og greiðlega. En ég mun ekki samþykkja neinar breytingar sem leiða kunna til þess að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hverju sinni geti vaðið yfir minni hlutann að geðþótta. Það er lýðræði í þessu landi og lýðræðislegar leikreglur eiga að gilda. Ég vona að þessi atburður verði ekki til þess að ákvæðum um bráðabirgðalög verði beitt í auknum mæli. Það eru ákvæði sem á aðeins að beita í ýtrustu nauðsyn.

[10:55]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Núv. ríkisstjórn hefur ekki beitt bráðabirgðalögum. Bráðabirgðalög eru afskaplega mikið vandræðaúrræði og ég hef verið mjög lengi þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að komast hjá því að beita bráðabirgðalögum. Í þeim anda var gerð breyting á þingsköpunum og þingið ekki leyst upp að sumrinu til þess að unnt væri að kalla það saman ef brýna nauðsyn bæri til lagasetningar. Ég lít ekki svo á að í orðum utanrrh. hafi falist nein hótun um að breyta þeirri vinnureglu sem ríkisstjórnin hefur fylgt, að forðast setningu bráðabirgðalaga. Hins vegar liggur það náttúrlega ljóst fyrir að ef það þarf að taka tvær nætur að koma máli á dagskrá auk eðlilegra nefndastarfa og dreifingar þingskjala, þá tekur það a.m.k. viku. Ef unnið er með og nýttir eru ýtrustu frestir þá tekur a.m.k. viku að koma lagaákvæði í gegnum þingið. Af þeirri ástæðu verður það freisting fyrir ríkisstjórnir framtíðarinnar að fara fremur í bráðabirgðalagasetningu en hina þinglegu leið.

Varðandi meðferð þess máls sem hér hefur verið til umræðu undanfarna daga eða öllu heldur komst ekki til umræðu, þá var einungis verið að tala um að fram færi 1. umr. Síðan hefði málið farið til hv. sjútvn. undir forustu hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, og þaðan af réði hann hraða málsins og framvindu. (**Gripið fram í:** Meiri hluti nefndarmanna ræður.)

Ég lít svo á, herra forseti, að við búum við allgóð þingsköp og það sé ekkert mjög brýnt að breyta þeim. Ég sætti mig ágætlega við þau ákvæði í þingsköpunum um fresti sem þarna eru. (Forseti hringir.) En ég tel að menn eigi að beita þeim af hófsemi og fyrst og fremst á síðari stigum máls, en ekki að neita að taka mál á dagskrá.

[10:57]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér fer fram mjög athyglisverð umræða að gefnu tilefni. Ég vil taka undir athugasemdir annarra vegna orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um að eingöngu hafi verið ætlun að taka umrætt frv. til 1. umr. þar sem okkur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna hafði verið tilkynnt að það illræmda frv. ætti að verða að lögum á einum sólarhring.

Tímans vegna ætla ég að láta nægja að taka undir þau orð stjórnarandstæðinga sem hér hafa fallið og ítreka þann skilning að stjórnarandstaða fór að þingsköpum og var í fullum rétti eins og hæstv. forseti hefur staðfest með sínum úrskurði sem ég vil þakka honum fyrir.

Að lokum vil ég ítreka furðu mína yfir orðum hæstv. utanrrh. um að þetta mál yrði til þess að hvetja ríkisstjórnina til setningar bráðabirgðalaga í framtíðinni. Það er ljóst að ríkisstjórnin virðir þingið og þingræðið ekki mikils ef þau sjónarmið eru ráðandi vegna þessa tilviks.

## *Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SvG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

[10:59]

**Flm. (Svavar Gestsson)** (frh.)**:**

Herra forseti. Hér kemur fyrir í annað sinn till. til þál. um rétt þeirra sem ekki hafa atvinnu. Það er ótrúlega lítið talað um það fólk hér í þessari stofnun. Þó eru þeir sem ekki hafa atvinnu mörg þúsund, 3–5 þús. manns búa við þær aðstæður að geta ekki selt vinnuafl sitt. Sumir halda

því fram að það sé eðlilegt ástand að fjöldi fólks hafi ekki atvinnu. Veruleikinn er ekki sá að mínu mati. Veruleikinn er sá að það þjóðfélagskerfi sem við höfum kosið að búa við og engar tillögur eru uppi um að breyta í grundvallaratriðum, þ.e. markaðshagkerfið, hefur það í för með sér að fólk missir atvinnu.

Atvinnuleysið er að mínu mati ekki aðeins á ábyrgð þeirra sem verða atvinnulausir. Atvinnuleysið er á ábyrgð okkar allra. Þess vegna eigum við að reyna að búa eins vel og mögulegt er að fólki sem missir atvinnuna og er að leita sér að atvinnu. Það verður ekki gert með því einu að hafa sæmilegan Atvinnuleysistryggingasjóð, sem við höfum reyndar ekki lengur, heldur einnig með því að tryggja að hinir atvinnulausu búi við sömu mannréttindi og aðrir. Á því er verulegur skortur í mörgum tilvikum eins og menn kannast við.

Sú tillaga sem hér er flutt, og ég hafði að nokkru leyti lokið við að mæla fyrir á þriðjudaginn, er flutt af mér og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Guðmundi Árna Stefánssyni. Í henni eru í raun sex aðalefnisatriði sem nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka og vinnumarkaðarins mundi kanna:

1. Hvort þeir sem ekki hafa atvinnu njóti sömu mannréttinda og þeir sem hafa atvinnu og ef svo er ekki hvaða aðgerða sé þörf til úrbóta, bæði hvað varðar opinbera aðila og einkaaðila.

2. Hvernig unnt sé að tryggja að enginn verði atvinnulaus lengur en sex mánuði í senn.

3. Hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur eins og nú er gert, enda verði nýtt fyrirkomulag ekki notað til að knýja fólk til vinnu sem það á erfitt með að sinna.

4. Hvort koma eigi upp miðstöðvum fólks í atvinnuleit um land allt með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur í Reykjavík og á Akureyri.

5. Hvort unnt sé að draga verulega úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu.

6. Hvort unnt sé að ná um það víðtæku samkomulagi að afnema atvinnuleysi á tilteknu ára bili og tryggja það í lögum eða stjórnarskrá að allir eigi rétt á vinnu við hæfi.

Hér er í raun og veru hreyft mjög mikilvægum atriðum. Sum þeirra verða væntanlega að flokkast undir það sem kallað er róttækt, ekki síst það síðasta, þ.e. að kannað verði hvort hægt sé að ná víðtæku samkomulagi um að afnema atvinnuleysi á tilteknu árabili og tryggja það í lögum eða stjórnarskrá að allir eigi rétt á vinnu við hæfi.

Í greinargerðinni er farið nokkuð ítarlegar yfir þetta ákvæði og bent á að auðvitað geti það farið svo að fólk missi vinnuna af einhverjum ástæðum þegar fyrirtæki hætta eða því líkt gerist. Þá skapast sérstakar aðstæður. Við flm. gerum ráð fyrir því að við þær aðstæður sé ferli í samfélaginu sem opni fyrir það að allt verði gert sem unnt er til að tryggja hinum atvinnulausu atvinnu aftur, eins fljótt og mögulegt er. Þetta er á þeim forsendum að atvinnuleysið sé vandamál sem er á ábyrgð okkar allra.

Eins má segja ályktunina þar á undan róttæka og flókna í framkvæmd, þ.e. að draga úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu. Hugmyndir þessar eru mjög víða uppi, hafa lengi verið ræddar t.d. í Danmörku, að stytta vinnutímann kerfisbundið og flytja vinnuna til þeirra sem eru atvinnulausir. Í þeirri miklu atvinnuleysisbylgju sem nú er í Þýskalandi er þetta aðalkrafa hreyfingar atvinnulausra. Þeir krefjast ráðstafana í þessum efnum þannig að vinnutíminn hjá þeim sem hafa vinnu verði styttur svo að atvinnulausir fái atvinnu.

Ég held að það teljist einnig róttæk tillaga, og hefur örugglega aldrei verið hreyft hér á Alþingi fyrr, sem nefnd er í þriðja tölulið þessarar tillögu. Þar er lagt til að kannað verði hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur eins og nú er gert enda verði nýtt fyrirkomulag ekki notað til að knýja fólk til vinnu sem það á erfitt með að sinna. Þessi mál hafa einnig verið til umræðu í grannlöndum okkar, t.d. í Þýskalandi nú að undanförnu. Í Frakklandi er einnig verið að ræða nákvæmlega þessa hugmynd. Í Danmörku hefur þessi hugmynd verið til umræðu, sennilega um tíu ára skeið. Þar er talað um það sem heitir „borgerløn". Þau laun fengju allir og um þær hugmyndir eru mjög skiptar skoðanir í verkalýðshreyfingunni og víðar. Ég tel eðlilegt að þetta mál verði sett á dagskrá hér og knúið til umræðu. Af þessum ástæðum er tillagan flutt, herra forseti.

Vandi atvinnulausra vill gjarnan fara fram hjá fólki, ekki síst þegar góðæri og hagvöxtur virðast vera. Þá eru menn svo uppteknir af sjálfum sér og því að allt sé í góðu lagi hjá þeim sjálfum að þeir fást ekki til þess að taka á eða ræða vanda þess fólks sem er atvinnulaust. Það var dálítið sláandi í kosningabaráttunni í Bretlandi síðast að Verkamannaflokkurinn, sem vann þennan mikla og glæsilega kosningasigur, nefndi ekki vanda atvinnulausra í allri kosningabaráttunni fyrr en kirkjan sagði: Já en hér eru milljónir manna atvinnulausar, ætlið þið ekki að tala um það fólk? (**Gripið fram í:** Fyrirmyndarflokkurinn ...) Út af fyrir sig má vel segja að þar sé fyrirmyndarflokkur, ég skal ekkert um það segja. En þetta hlýtur að ýta við okkur svo við látum það ekki henda að þessi stóri þjóðfélagshópur sem býr við hræðilegar aðstæður, gleymist í hinni pólitísku umræðu. Pólitísk umræða sem ekki tekur á vanda þeirra sem við erfiðastar aðstæður búa, hvort sem það eru t.d. fatlaðir eða atvinnulausir, er umræða sem ég hef ekki mikinn áhuga á.

Fyrir hönd míns flokks, Alþýðubandalagsins, vil ég segja að ég tel að hann sé til þess að sinna vanda þess fólks sem hér er um að ræða, þeirra sem eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér. Ég tel að við séum kosin á þing til þess að sinna vandamálum þessa fólks ekki síður en annarra. Í samræmi við það beittum við okkur fyrir því að þessi tillaga yrði flutt. Það er ánægjuefni að sjá að á tillögunni eru einstaklingar og þingmenn úr öðrum flokkum af því að þetta er mikilvæg tillaga. Atvinnulausir skipta líka máli þó rödd þeirra heyrist allt of sjaldan í þessari stofnun eða annars staðar í þjóðfélaginu.

Að lokum spyr ég hæstv. félmrh. hvort að hann sé ekki sammála mér um að eðlilegt væri að setja í gang sérstaka könnun á þeim þáttum sem nefndir eru hér í þáltill. Er hann mér ekki sammála um að eðlilegt væri að Alþingi hefði frumkvæði um að setja slíkt af stað? Ef ekki, mun hann þá gera það sem ráðherra þessa málaflokks? Ég tel að nauðsynlegt sé fyrir stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn, að sinna þessum málum skipulega.

Herra forseti. Ég legg svo til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[11:08]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að láta í ljós að mér þótti slæmt að geta ekki hlýtt á fyrri hluta ræðu hv. þm. Ég vissi reyndar ekki, þegar ég fór úr húsi hér í fyrradag, að þessi

tillaga kæmi á dagskrá og hafði ekki verið beðinn sérstaklega um að vera hér til að fylgjast með þessu tiltekna þingmáli. Ég mun þó hafa sagt skrifstofu þingsins að ég mundi reyna að vera við þennan dag en umræða um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum tók lengri tíma en ég hugði. Ég ræddi hins vegar við hv. 13. þm. Reykv., sem hafði beðið mig persónulega að vera viðlátinn mál sem var á dagskránni frá henni. Ég sagði henni að ég gæti ekki verið hérna nema til fimm, því klukkan fimm var afhjúpuð brjóstmynd af fyrrv. forseta lýðveldisins, Vigdísi Finnbogadóttur. Ríkisstjórninni bar að sjálfsögðu að vera þar og í kjölfarið á þeirri athöfn var boðaður ríkisstjórnarfundur. Ég missti sem sagt af fyrri hluta ræðu hv. þm. og þykir það leiðinlegt. Ég reyni að sinna þeirri skyldu sem ég tel mig hafa sem þingmaður, að vera ekki fjarri þegar þingfundir standa og sérstaklega þeir þingfundir sem fara inn á svið ráðuneytis míns.

Ég er ekki kominn til að lýsa stuðningi við þessa tillögu. En þetta er viðfangsefni sem sjálfsagt er að hafa í umræðu og að skoða vandlega og hjálpast að við að bæta úr. Atvinnuleysi er ekki eðlilegt ástand. Atvinnuleysi er óeðlilegt ástand og ég lít svo á að það hljóti að vera hið mesta þjóðfélagsböl. Það er þó sérstaklega böl fyrir þá einstaklinga sem í atvinnuleysinu lenda. Það hlýtur að vera ömurlegt líf að hafa ekki lífsfyllingu af starfi og ótrúlegt ef einhver kýs sér að búa við atvinnuleysi. Sem betur fer erum við nú á því skeiði að atvinnuleysi hefur farið verulega minnkandi.

Á útmánuðum 1995, áður en núv. ríkisstjórn tók til starfa, var atvinnuleysið rétt undir 7%. Nú er það í kringum 3%. Það er mjög góður árangur og honum ber að fagna. Reyndar er rétt að hafa það ávallt í huga þegar við tölum um þessar atvinnuleysistölur að í kringum 20% þeirra sem skráðir eru atvinnulausir eru á hlutabótum. Þeir hafa starf hluta úr degi en launin ná ekki upphæð atvinnuleysisbóta og þar af leiðandi hafa viðkomandi rétt á því að fá viðbót úr atvinnuleysistryggingunum. Nýjustu tölur um atvinnuleysið í janúar sem venjulega er einn versti mánuður ársins liggja ekki alveg fyrir. Bráðabirgðatölur sem ég fékk í morgun á Vinnumálaskrifstofu benda til að atvinnuleysið í janúar hafi verið rétt um 4%. Mannaflatölur eru ekki alveg frágengnar þannig að þetta getur munað einu eða broti úr prósentu til eða frá. Væntanlega verður það í kringum 4% en í janúar í fyrra var það 5,1%. Það er út af fyrir sig mikið fagnaðarefni. Ég kveið því að atvinnuleysistölurnar yrðu hærri í janúar en þær reynast, þar sem sjómannaverkfall var yfirvofandi í janúar og fiskvinnslufyrirtæki sem segja fólki venjulega í kringum jólin, og það fer þá á atvinnuleysisskrá um miðjan desember, voru ekki öll búin að kalla fólk til starfa aftur af ótta við hráefnisskort.

Það eru sem sagt horfur á því að atvinnuleysi meðal karla hafi verið 2,8% í janúar en 5,5% hjá konum. Í janúar í fyrra var það hins vegar 6,7% hjá konum en 3,9% hjá körlum. Þetta tel ég mikið fagnaðarefni og við hljótum öll að vera ánægð með það. Allt er þetta á réttri leið þó að tölurnar séu ennþá allt of háar. Við þurfum að gera betur til að hjálpa fólki við að finna vinnu.

Reyndar er rétt að hafa í huga að það er mikill vinnuaflsskortur í landinu. Í félmrn. verðum við í sífellt auknum mæli að veita útlendingum utan Evrópska efnahagssvæðisins atvinnuleyfi og á síðasta ári veittum við um 1.600 leyfi fyrir útlendinga til að koma hér til vinnu. Við höfum ekki nákvæma tölu um hve margir eru hér að störfum af Evrópsku efnhagssvæði. Þó er ekki ólíklegt að það sé álíka hópur og sá sem hefur atvinnuleyfi.

Konur eru meira en helmingur af þeim útlendingum sem við veittum atvinnuleyfi í fyrra, talsvert aukinn meiri hluti eins og menn ræða í þinginu nú á síðustu og verstu tímum. Það gæti verið að hér væru um 2.000 erlendar konur að störfum í landinu.

Vandinn er sá að það er eins og einhver hópur af því fólki sem er skráð atvinnulaust vilji ekki taka vinnu sem er í boði. Nú eru það ekki allt saman láglaunastörf og er fjarri því að það séu allt saman störf einhvers staðar úti á landsbyggðinni því að um fjórðungur af atvinnuleyfunum fer til Reykjavíkur eða á höfuðborgarsvæðið.

Hér er drepið á nokkur atriði í þáltill. sem mig langar til að fjalla nokkuð um en ég sé að tíminn er að verða búinn þannig að ég verð að geyma það til betri tíma, herra forseti, en vænti þess að fá tækifæri til þess að segja nokkur orð á eftir.

[11:16]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns tek ég undir þá till. til þál. sem hér hefur verið flutt og er til umræðu, um rétt þeirra sem hafa ekki atvinnu, enda bera flutningsmenn með sér að þarna er um þverpólitíska samstöðu að ræða, a.m.k. hvað varðar stjórnarandstöðuflokkana. Félmrh. var tíðrætt um góðærið og hafði um það mörg orð hvað það skipti miklu máli og að það hefði breytt atvinnuleysistölum hjá okkur. Undir það ætla ég að taka. Að því stefna allir sem starfa að stjórnmálum að reyna að haga málum þannig að hagvöxtur sé í landinu á þá lund að þar njóti allir og að góðæri geri það virkt að allir eigi möguleika til starfa, allir eigi möguleika til að framfleyta sér og sínum og að þjóðin skiptist ekki í þá sem hafa mikið og sífellt meira og hina sem hafa lítið eða jafnvel ekkert.

Því miður er það svo að í góðærinu er þessa báða hópa að finna. Hópurinn sem hefur mikið og sífellt meira bólgnar stöðugt út og hópurinn sem hefur lítið, hópurinn sem hefur næstum ekkert, atvinnulausi hópurinn, er að einangrast frá þjóðinni á þann hátt sem kom ágætlega fram í máli flutningsmanns. Hætt er að tala um þá sem eru atvinnulausir og það er eins og það sé bara nokkuð gott þegar atvinnuleysið er komið niður í 3%. Andlitin, heimilin, fjölskyldurnar á bak við þessi 3% verða einhvers staðar á floti í grárri þoku sem þarf ekki að hugsa um og e.t.v. ekki að hafa áhyggjur af. Ég ætla þó að undirstrika það sem kom fram í máli máli ráðherra að í þeim 3% atvinnulausra í janúar er talsvert stór hópur kvenna og að konur bera talsvert hærri prósentu en þarna er um að ræða. Þess vegna ætla ég líka að vísa til þeirrar tillögu sem verður til umræðu að lokinni þessari umræðu, en það er um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því. Báðar þessar tillögur eru þess eðlis að þæ r eru í raun sjálfsagðar og þingið ætti að samþykkja þær þó að þær komi frá þingmönnum í stjórnarandstöðu. Þetta er nefnilega það sem þarf að gera.

Ég minni enn á ný á að góðærið var reyndar í uppsiglingu áður en Framsfl. settist í valdastólana vegna þess að strax á útmánuðum, eins og ráðherra benti á, var búið að spá fyrir um hagvöxt á því ári og ástandið í efnahagsmálum var strax að byrja að rétta sig við í upphafi árs 1995 og ljóst að sem betur fer værum við að brjótast út úr þeim þrengingum sem þjóðin hafði verið í árin á undan. En góðærið, sem kom um svipað leyti og Framsfl. settist á valdastóla, tók ómakið af Framsfl. sem fólk trúði að ætlaði að kanna með hvaða hætti

mætti fjölga störfum fyrir alla og aðstoða fólk og heimilin við það að allir ættu rétt á vinnu og allir gætu orðið virkir þegnar landsins. Ekki hefur borið á aðgerðum og því eru þær tvær tillögur sem við ræðum hér svo mikilvægar.

Virðulegi forseti. Það hefur líka borið nokkuð mikið á því þegar ráðherrann ræðir um vinnuaflsskortinn í ýmsum atvinnugreinum að hann er að senda frá sér ákveðin skilaboð, nefnilega þau að það fólk sem er atvinnulaust kæri sig ekki um að fara til vinnu, fólkið sem er atvinnulaust nenni ekki að fara í störfin sem útlendingarnir koma í. Við verðum að staldra við þetta. Ætlum við að vera með atvinnustefnu sem er þess eðlis ef einhverja vinnu er að hafa, t.d. annars staðar en í heimabyggð eins og kveður á um í umdeildum lögum um vinnumarkaðsmál sem voru sett að tilhlutan félmrh., að fólk fari í hvaða starf sem er? Ætlum við að reyna að búa þjóðfélag okkar þannig að hér sé blómstrandi atvinnulíf og allir finni atvinnu við hæfi og bregðast við þeim breytingum í atvinnuháttum sem hafa orðið til á liðnum árum og sem þessi tillaga í raun og veru tekur á? Ég ætla þá að víkja að henni.

Það er mjög mikilvægt að skoða mannréttindi þeirra sem hafa ekki atvinnu og það á að vera eitthvað sem er sífellt í gangi. Ég ætla að staldra við það sem getið er um í 2. lið tillögunnar, hvernig unnt er að tryggja að enginn verði atvinnulaus lengur en sex mánuði í senn. Það er svo undarlegt að stundum gerist eitthvað hjá þessu skrímsli, Evrópusambandinu, sem oft má ætla að það sé miðað við umræður og tek ég þá fram að ég er ekki sjálf að nota orðið skrímsli heldur nota það í yfirfærðri merkingu út af neikvæðninni sem þessu orði oft fylgir. Þarna hafa verið búin til réttindamál sem hafa borist okkur algerlega fyrirhafnarlaust inn í þjóðlíf okkar með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Minni ég þar á leyfi foreldra vegna ungra barna, sem ráðherrann kom einmitt fram í fréttatíma í vikunni sem leið út af, vegna þess að Evrópusambandið hefur þegar samþykkt, og sú grein er orðin virk núna, að foreldrar ungra barna eiga rétt á leyfi frá störfum og þetta verða réttindi hér. En það á eftir að skoða hvort þau réttindi verða með greiðslum í orlofi og ráðherrann hefur gefið fyrirheit en ekkert slíkt var nefnt, t.d. í úrbótum í jafnréttisskýrslunni sem við ræddum um í vikunni þar sem fullt tilefni hefði verið til að geta þessa sem sérstaks verkefnis í þágu fjölskyldna og til að gefa konum betri möguleika og ungum fjölskyldum á vinnumarkaði. Ég lít því svo á að það sé mikið vafamál að þarna eigi greiðslur að koma til.

Ég vil nefna annað sem hefur verið ákveðið hjá Evrópusambandinu og var tekið upp á leiðtogafundinum sem var haldinn var í Lúxemborg að mig minnir, sem er að enginn verði lengur atvinnulaus en sex mánuði og til að bregðast við því verði tekin upp leyfi fyrir starfsfólk, ýmist til þess að vera heima hjá börnum eða fara til þess að bæta við sig starfsþekkingu eða auka við sig menntun og að á meðan viðkomandi fari í þessi leyfi séu opnuð tímabundin störf fyrir þá sem eru atvinnulausir og gera þeim þar með kleift að sækja sér starfsþekkingu og starfsþjálfun í viðkomandi atvinnugrein. Þetta eigum við að sjálfsögðu að skoða líka og bregðast við því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur eins og flutningsmaðurinn benti réttilega á.

Einnig varðandi 4. lið, þar sem getið er um miðstöðvar fólks í atvinnuleit, vil ég sérstaklega draga fram það sem hefur verið að gerast í Reykjanesbæ en þar hefur vinnumiðlunin tekið að sér skráninguna og atvinnuleysisúrræðin. Þar fer fram feikilega áhugavert starf sem byggir á því að kalla fólk í persónuleg viðtöl. Byrjað á því að byggja upp einstakling sem hefur verið langtímaatvinnulaus áður en hann er sendur út á vinnumarkaðinn og tekið einstaklingsbundið á vandanum.

Virðulegi forseti. Þar sem tími minn er búinn ætla ég í lokin að minna aðeins á það líka sem tengist 5. lið tillögunnar að þegar yfirvinnubann var sett á fyrir nokkrum árum sýndi það sig að það dró mjög lítið úr framleiðni. (Forseti hringir.) Þess vegna er enn þá einn þáttur sem við getum sameinast um að reyna að stytta vinnutíma vegna þess að það mun eflaust verða til þess að framleiðni verður frekar meiri en minni hjá þessari þjóð.

[11:25]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flutningsmönnum tillögunnar fyrir það frumkvæði sem þeir hafa sýnt og ég tel mjög mikils virði. Vert væri að staldra við nokkur atriði í þáltill. og gera að umræðuefni. Ég vil samt, með leyfi forseta, byrja á því að vitna aðeins til starfa sem hafa verið unnin á vegum félmrn. en hafa legið í láginni og ekki fengið verðuga umfjöllun en það lýtur að skýrslu sem var unnin á vegum nefndar sem félmrh. skipaði um úrræði til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðra. Sú skýrsla hefur að geyma mikinn fróðleik sem gæti einmitt nýst inn í þá umræðu sem hér fer fram.

Í henni er að finna ný viðhorf sem mundi ekki eingöngu gagnast fötluðu fólki til aukinnar atvinnuþátttöku heldur mundi það vera gagnlegt fyrir aðra hópa sem eiga undir högg að sækja á atvinnumarkaðnum um þessar mundir. Vil ég með þessum orðum hvetja hæstv. félmrh. til þess að draga skýrsluna upp og gera henni verðug skil og láta þær tillögur sem þar er að finna komast til framkvæmda.

Áðan var talað var um að atvinnuleysi hafi minnkað og það var rétt en atvinnuleysi hjá fólki sem á erfitt um vik hefur því miður ekki minnkað. Fatlaðir eiga nær enga von í atvinnu í þjóðfélaginu. Konur eiga undir högg að sækja eins og hefur verið rætt um í þingsölum í þessari viku og því miður gagnast þau nýju störf sem eru að skapast, t.d. vegna stóriðjuframkvæmda, hvorugum þessara hópa.

Ef ég vík aftur að þeirri hugmyndafræðilegu umræðu sem ég tel að sé verðugt að sækja inn í umræðuna þá byggist hún m.a. á því að líta með öðrum hætti á störfin, brjóta þau upp í minni verkþætti sem gætu einmitt gagnast hópum sem eiga erfitt með að sinna fullu starfi eins og margir fatlaðir og margar konur eiga erfitt með.

Ég hef staldrað við atvinnuleysi kvenna og ég varpa því inn í umræðuna að auðvitað verðum við að taka á því af fullri alvöru með nýjum hugmyndum. Atvinnuleysi kvenna hefur m.a. aukist vegna niðurskurðar í velferðarkerfinu eins og við vitum. Umönnunarstörfin eru hefðbundin kvennastörf og þeim hefur ekki fjölgað þrátt fyrir brýna þörf.

Til þess að bæta úr atvinnuleysi þessara hópa þarf öfluga endurmenntun og á það hefur verið bent, m.a. af sérfræðingum frá OECD, að það sé mjög mikilvægt að endurmenntun og umskólun sé eitt af því mikilvægasta sem þarf að grípa til ef sporna á við atvinnuleysi. Hins vegar vil ég líka aðeins staldra við 3. liðinn í þáltill. í upptalningu þeirra þátta sem hv. flutningsmenn leggja áherslu á að verði skoðaðir um það hvort megi líta á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur eins og nú er gert. Undir þetta tek ég heils hugar og

tel mjög brýnt að þessu verði breytt eins og þarna er lagt til. Ég hef reyndar fyrr í vikunni lagt fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvernig ráðuneyti heilbrigðismála túlkar greiðslur, t.d. í fæðingarorlofi, því að þarna hafa ráðuneytin kannski ekki fylgt eftir þeim hugmyndum sem eru viðurkenndar af öðrum aðilum. Þar vísa ég t.d. til Jafnréttisráðs sem hefur látið það álit frá sér fara að greiðslur í fæðingarorlofi séu launaígildi eða kjör.

Ég fagna því að þessi liður er þarna inni og tel að þetta sé hluti af þeirri nýju hugmyndafræði, þeirri nýju sýn og viðhorfum sem við þurfum að tileinka okkur til að koma á úrbótum vegna atvinnuleysis og til að bæta mannréttindi þeirra sem líða hvað mest fyrir atvinnuleysið. Ég fagna því þessari þáltill. og vona að hún fái verðuga umfjöllun og gott brautargengi á Alþingi.

[11:31]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessarar tillögu en vil þó sérstaklega vegna orða hæstv. félmrh. leggja nokkur orð í belg. Ég hef verið að velta fyrir mér þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra lagði fram á þessum morgni og einnig í gær þegar töluverðar umræður urðu um atvinnuleysi, sérstaklega atvinnuleysi kvenna. Það er sú staðreynd að í raun virðist vera skortur á vinnuafli í landinu. Fyrirtækin reyna að leysa þann vanda með því að flytja inn vinnuafl sem vekur síðan upp spurningar um hvernig búið er að því vinnuafli, hvaða réttinda útlendingar njóta hér og hvað verður um þá ef t.d. hráefnisskortur verður í fiskvinnslunni, eins og reyndar var bent á í fréttum nýlega.

Sú staðreynd að vinnuaflsskortur er í ákveðnum greinum, jafnhliða 3% atvinnuleysi, sýnir þær miklu breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaði og jafnvel á hugarfari og aðstæðum fjölskyldna í landinu. En til að geta fullyrt eitthvað slíkt þyrfti maður að vita nákvæmlega hverjir það eru sem eru atvinnulausir. Einu staðreyndirnar sem ég hef varðandi þennan hóp eru þær, sem fram hafa komið, að verulegur hópur félagsmanna VR er atvinnulaus, við vitum að konur eru í miklum meiri hluta hinna atvinnulausu, við vitum að atvinnuleysið er mest á höfuðborgarsvæðinu þó að, vonandi tímabundin, vandamál hafi komið upp t.d. á Norðurl. v. og einnig hefur atvinnuleysi, sérstaklega meðal kvenna, verið viðloðandi á Suðurnesjum. Til að átta sig á þessu þarf að greina þennan vanda miklu betur en gert hefur verið. Ég hygg að þarna búi að baki töluvert miklar breytingar sem við kannski áttum okkur ekki á.

Þegar ég þekkti til í Danmörku á sínum tíma var sú regla þar við lýði og kann að vera að hún sé það enn, að þeim sem urðu atvinnulausir bar ekki skylda til að taka vinnu ef vinnan var ekki í þeirra atvinnugrein. Þar tíðkaðist ekki að t.d. iðnaðarmenn færu í verkamannavinnu eða einhverja aðra vinnu. Það kann að vera að búið sé að breyta þessu. Danir hafa mikla og slæma reynslu á þessu sviði og hafa gripið til ýmissa ráða gegnum tíðina til að draga úr atvinnuleysinu, en þeir voru líka mjög lengi að átta sig á þessu alvarlega fyrirbæri.

Þrátt fyrir þá góðu tillögu sem hér er, þá óttast ég að við munum horfa upp á viðvarandi atvinnuleysi á næstu árum. Það er því spurning í hagfræðinni hversu lítið atvinnuleysi getur í rauninni verið til staðar. Menn hafa haldið því fram að þetta sé nokkurn veginn eðlilegt ástand. Ég hef vikið að því áður, að eitthvert atvinnuleysi er alltaf til staðar vegna breytinga, vegna þess að verið er að loka fyrirtækjum og vegna alls konar breytinga sem eiga sér stað og getur tekið tíma fyrir fólk að finna vinnu.

Í Bandaríkjunum hefur verið talað um 4–5% atvinnuleysi. Það er talið eðlilegt ástand því þar er einfaldlega svo mikil hreyfing á vinnumarkaðnum. Þeir hafa því ekki miklar áhyggjur af því ástandi.

Hins vegar hefur Evrópusambandið gríðarlegar áhyggjur af hinu himinhrópandi atvinnuleysi sem þar er, sem er ef ég man rétt, í kringum 11% að meðaltali í Evrópusambandinu, en er yfir 20% í einstökum ríkjum eins og t.d. á Spáni, sem hlýtur að vera alveg gríðarlegt vandamál. Ég held því að ástæða sé til að horfa til Evrópusambandsins hvað þetta varðar, því þeir hafa setið yfir því á undanförnum mánuðum og líklega undanförnum tveimur árum, að móta nýja félagsmálastefnu og tengja hana þeim breytingum sem eru að verða á samsetningu þjóðfélaganna með mikilli fjölgun aldraðra. Þar er lögð áhersla á þá stefnu að reyna að halda fólki lengur á vinnumarkaði. Taka verður með í reikninginn að fólk hefur betri heilsu, er vinnufært lengur og umræða er innan Evrópusambandsins um að lengja þann tíma sem fólk er í fullri vinnu. Ekki verður það til þess að fjölga störfum en þá getur aftur komið á móti stytting hins vikulega vinnutíma, sem reyndar er umdeilt og hefur gengið afar erfiðlega að ná fram styttingu úr 40 stunda vinnuviku sem víðast hvar er við lýði, en einstaka ríki eru þó að brjóta þar ísinn.

Allt er þetta því mjög umhugsunarvert, hæstv. forseti, til hvaða ráða hægt er að grípa til að draga úr atvinnuleysi hér á landi. Ég ætla að koma að því betur þegar ég mæli fyrir næstu tillögu. Ég vil að lokum minna á að atvinnuleysinu fylgja gríðarleg félagsleg vandamál. Það er mjög mikilvægt og yfirleitt orðin hin viðurkennda stefna núna að reyna að virkja hina atvinnulausu. Þar hlýt ég að minna á það sem m.a. Jón Erlendsson hjá Upplýsingaþjónustu Háskólans hefur verið óþreytandi að benda á en það eru hinir gríðarlega miklu möguleikar upplýsingaheimsins, þeirra upplýsingakerfa sem við höfum aðgang að, sem gefa fólki auðvitað alls konar hugmyndir um það sem gera má, en fólk verður þá að vera í því ástandi að geta nýtt sér slíka tækni og þá reynir kannski ekki minnst á opinbera aðila hvað varðar menntun og endurmenntun. Ég vona að þessi tillaga verði til að auka umræðu um málefni atvinnulausra og að hún nái fram að ganga. Þótt atvinnuleysi sé 3% og hafi farið minnkandi er það þó nógu erfitt og okkur ber að reyna að ná því eins mikið niður og mögulegt er.

[11:39]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Með nýrri löggjöf um atvinnuleysistryggingar var sannarlega farið út á nýjar brautir. Í þeirri löggjöf er ný hugsun og ný viðhorf til þess hvernig megi meðhöndla þetta vandamál. Mér finnst þó umræðan um atvinnuleysi dálítið á skjön. Ég er ekki alveg viss um hvort flm., sem eflaust hafa nú allt gott í huga, líta þetta sömu augum og ég. Tilfellið er að á Íslandi er skráð atvinnuleysi mjög lítið. Við verðum að líta til þess að það er eðlilegt í slíku þjóðfélagi sem okkar að þær aðstæður komi upp á einum stað eða öðrum að þar verði atvinnuleysi. Atvinnureksturinn rís og hnígur. Þau atriði koma alltaf upp og þær aðstæður að einn atvinnuvegur verður fyrir áfalli, stendur verr að vígi en áður og atvinnuleysi getur myndast. Við þekkjum það á stöðum eins og t.d. Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi er almennt óþekkt, að í ákveðnum þorpum geta orðið atvinnuleg áföll þannig að upp kemur tímabundið atvinnuleysi, sem er eðlilegt, og á

þá fólk sem þar býr við mikinn vanda að stríða og eðlilegt að samfélagið reyni að koma til móts við það á allan hátt. Hins vegar liggur það fyrir á Íslandi, og allar kennitölur um efnahagslífið á Íslandi í dag segja að atvinnulífið sé heilbrigt. Atvinnulífið er heilbrigt hvar sem við lítum á það. Það er líka staðreynd að mjög mikil eftirspurn er eftir vinnuafli. Það vantar mjög víða vinnuafl og við erum að flytja inn í stórum stíl vinnuafl vegna þess að við fáum ekki Íslendinga til að vinna.

Það er nokkuð sem kallað er á ensku „náttúrlegt atvinnuleysi", þ.e. að alltaf sé til staðar í hverju þjóðfélagi fólk sem einhverra hluta vegna getur ekki unnið, hefur ekki aðstæður til að vinna eða ástæður þess eru þannig að það treystir sér ekki til að vinna. Þetta er hlutur sem við verðum að líta á. Ég held að engin nákvæm rannsókn hafi farið fram á Íslandi á því hvað sé eðlilegt atvinnuleysi hér á landi, en 3% í öllum öðrum löndum þætti eðlilegt. Hins vegar er Ísland það lítið og menn svo nákomnir hver öðrum, að ég mundi giska á að eðlilegt atvinnuleysi, ef ég nota þetta enska hugtak, ætti að vera miklu minna á Íslandi en í öðrum stærri þjóðríkjum.

Hins vegar er ég alveg sannfærður um það bæði gegnum reynslu mína sem atvinnurekandi, eftir stjórnarsetu í Atvinnuleysistryggingasjóði og af fleiri ástæðum, að við eigum við það að búa á Íslandi, eins og alþekkt er í heiminum, að til er fólk sem einhverra hluta vegna getur ekki unnið. Ég held, herra forseti, að þegar við ræðum um atvinnuleysi eigum við að reyna að beina sjónum okkar í þá átt. Hvernig má það vera? Hvernig er komið fyrir því fólki sem getur ekki, má ekki eða kann ekki að vinna? Það er mjög alvarlegt. Ég rak augun í það í haust þegar ég skoðaði staðtölur almannatryggginga, að öryrkjum á Íslandi fjölgaði á undanförnum árum um tæp 10% á ári. Það þarf nú ekki mikið stærðfræðilegt innsæi til að sjá hvert stefnir með þjóð sem fjölgar um 1,5% en öryrkjum um tæp 10%. Ég spurði eftir því hvernig á þessu gæti staðið, hvort einhver hrörnunarsjúkdómur væri í gangi, eða heilsubrestur eða hvernig stæði á þessu. Ég fékk þau svör að fjölgun öryrkja á Íslandi stafaði fyrst og fremst af fjölgun félagslegra öryrkja. Takið eftir því. Það gat hins vegar enginn skilgreint fyrir mér í hverju það væri nákvæmlega fólgið að vera félagslegur öryrki. Ég þarf kannski heldur ekki á því að halda frekar en neinn annar. Félagslegur öryrki hlýtur að vera eitthvað skelfilegt, þ.e. maður sem einhverra hluta vegna hefur beðið það tjón á sálu sinni að hann er óhæfur til vinnu, treystir sér ekki til að taka þátt í lífsbaráttunni. Ég er sannfærður um að það atvinnuleysi sem við erum að skrá í mjög mörgum tilfellum er fyrst og fremst vegna persónulegra aðstæðna, félagslegra vandamála, sem við þurfum sannarlega að taka á. Ég er alveg viss um að þar koma t.d. eiturlyf við sögu, og önnur óreiða. Það vandamál er sannarlega mjög mikið, sem við köllum atvinnuleysi, sem á sér eins og ég sagði áðan eðlilegar skýringar að sumu leyti gagnvart einstaka stöðum og einstaka landshlutum vegna tímabundinna ástæðna. Hluti af þessu gæti sannarlega líka verið vandamál manna sem eru með skerta starfsgetu, eins og komið hefur verið inn á, en að stærstum hluta held ég að atvinnuleysi sé félagslegt vandamál sem við þurfum að horfa til þeim augum.

Vandamálið er ekki að efnahagslífið sé ekki fært um að taka við fólki, það er sannarlega fært um það. Við erum með eitthvað yfir tvö þúsund erlenda verkamenn og fleiri sem vilja koma. Atvinnurekendur eiga erfitt með að fá leyfi. Það er vandamál að fá leyfi fyrir verkafólk, ég þekki það mjög vel. Það kostar mikla eftirgangsmuni við félmrn. að fá leyfi þannig að innstreymið væri eflaust meira ef sú tregða væri ekki til staðar.

Ég vil nú ekkert nema gott segja um tillöguflutning eins og þennan en ég er sannfærður um að við eigum að beina sjónum okkar að innri málum samfélagsins. Það hlýtur eitthvað að vera að hjá okkur, þeirri heilbrigðu þjóð sem við teljum okkur vera. Það hlýtur að vera eitthvað að félagslega sem við ættum að rannsaka, reyna að átta okkur á því hvernig við getum komið þessu fólki til aðstoðar.

[11:46]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur ekki á óvart hversu uppteknir stjórnarliðar eru af því að reyna að finna það út að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum séu ekki atvinnulausir. Ýmist er þetta fólk sem vill ekki fara í þá vinnu sem í boði eða það getur ekki unnið. Þetta eru félagslegir öryrkjar eða hvað það er sem tínt er til.

Til er fólk sem ekki getur unnið. Það er alveg rétt og til er fólk sem flosnar á unga aldri upp úr skólakerfinu. Unglingar flosna úr skólakerfinu án þess að nægilega sé rannsakað hvers vegna. Unga fólkið sem fellur út úr skólakerfinu strax 15, 16 eða 17 ára, dettur jafnframt út úr atvinnulífinu í ríkari mæli en aðrir. Hvað verður um ungt fólk, ómenntað, óþroskað, sem ekki hefur aðlagast samfélaginu? Það hefur flosnað upp úr skóla, tapað fyrstu vinnunni sinni, annarri vinnunni sinni, þriðju o.s.frv. Ég held að við ættum að staldra við þetta og reyna þá að gera eitthvað í því.

Í skýrslu sem unnin var um atvinnuleysið frá árinu 1994 var skoðað hvort á atvinnuleysisskrá væri fólk sem e.t.v. ætti ekki heima þar, hvort þarna væru öryrkjar sem ekki hefðu verið metnir, væru á atvinnuleysiskrá og ættu ekki möguleika á að taka við þeirri vinnu sem væri í boði. Þetta átti að skoða og í þessu yrði að vinna. Það sem ég hef gagnrýnt í þessari umræðu er einmitt að þessir hlutir hafa ekki verið gerðir. Tillagan sem við erum að ræða hér biður um að farið sé í að skoða þessa hluti og finna úrbætur til að hjálpa þessu fólki. Enn á ný nefni ég sjóðinn um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hefur hjálpað mörgum ungum mönnum og konum sem flosnað hefur upp úr skóla 15 ára, úr fyrsta, öðru og þriðja starfinu en komist inn á nýjar brautir í gegnum starfsnámið. Einnig þar dregur ríkisstjórnin úr.

[11:48]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni áðan skoraði ég á menn að beina sjónum sínum til einstaklinganna og þeirra vandamála sem þeir ættu við að stríða. Ég mótmæli því að það eigi nokkuð skylt við það hvort að ég sé stjórnarþingmaður eða stjórnarandstöðuþingmaður. Ég var að segja frá reynslu minni af vinnumarkaðnum gegnum áratugi, af reynslu minni þar og reynslu minni í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Við eigum að beina sjónum okkar að einstaklingunum sem eru í þeirri skelfilegu stöðu að geta ekki unnið.

Við höfum lengi vitað um það vandamál sem víða kemur fram að Atvinnuleysistryggingasjóður sé misnotaður. Ég þekki það hins vegar mjög vel að verkalýðsfélög taka mismunandi á því vandamáli. Alla tíð hefur það verið til mikillar fyrirmyndar hvernig Framsókn og Dagsbrún hér í Reykjavík hafa staðið að þeim málum. Þau hafa alltaf og ætíð gætt þess að að gera allt til að koma í veg fyrir það að sjóðurinn væri misnotaður. Árið 1955 þegar sjóðurinn var stofnaður var það baráttumál að hann væri fyrir fólk sem vildi vinna en

fengi ekki að vinnu, ekki fyrir aðra. Skera átti úr á milli þess hvernig við ynnum að félagslegum vandamálum og hvernig við hjálpuðum fólki sem ekki fengi vinnu.

Ég var aðeins að benda á þetta. Ég ítreka það að ég þykist vita að við þurfum að beina sjónum okkar að því hvað valdi því að hjá okkar heilbrigðu þjóð séu að skapast þau viðhorf hjá allt of mörgum að þeir treysti sér ekki, af ýmsum ástæðum sem eflaust eiga sér skýringar, til að vinna. Við eigum að nálgast málin þannig og ég held að þannig getum við komið þessu fólki til hjálpar.

[11:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er í sjálfu sér að taka undir þetta. Það á að skoða hvort að einhverjir geti ekki unnið. Það á skoða hvernig hægt sé að gera ungum og eldri kleift að vinna. Við tökum undir það. Ég bendi á að þegar árið 1994 lá það fyrir í skýrslu í félmrn. að vinna þyrfti að þessum málum. Áður hefur komið fram af hverju sú vinna var ekki farin í gang. Það að þingmaðurinn er stjórnarliði er að sjálfsögðu dregið inn í umræðuna vegna þess að ríkisstjórnin getur skapað úrræðin. Hún setur skoðunina í gang. Ríkisstjórnin skapar fjármálaleg úrræði, eykur framlög í starfsmenntasjóð og setur hin ýmsu verkefni af stað. Það er hún sem mundi setja peninga í að menn fái leyfi frá störfum til að endurmennta sig og fara í starfsþjálfun. Aðrir gætu farið í þessi störf á meðan til þess að kynnast vinnumarkaðnum. Það er ríkisstjórnin sem er lykilatriði í því að eitthvað gerist. Stjórnarandstaðan ýtir við.

[11:52]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er allt gott og blessað. Ég minni þó á að það var í tíð núv. ríkisstjórnar og núv. hæstv. félmrh. sem sett var ný löggjöf um þessi mál til að ná betri tökum og nálgast þessa hluti á nýjan hátt. Og hv. þm., fyrrv. hæstv. félmrh., mætti alveg minnast þess. Það mætti minnast þess að núv. hæstv. félmrh. tók við af hv. þm. Þessi löggjöf er vissulega tilraun til að taka á þessum málum. Persónulega veit ég að allt er reynt til að finna færar leiðir til að hjálpa þeim sem þarna eiga hlut að máli.

[11:53]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við nálgumst þetta mál frá ólíkum sjónarhornum. Ég held að við ættum nú ekki að fara í pólitískt tog um það alvarlega mál sem hv. 3. þm. Vestf. kallar „félagslega örorku". Ég er ansi smeykur um að sá ágæti félagi og flokksbróðir sé kominn út á nokkuð hála braut þegar hann tekur svo til orða. Skýringin liggur að nokkru leyti ljós fyrir.

Í fyrsta lagi er skýringin kannski sú að réttur til töku lífeyris miðast við of háan aldur, ekki fyrir alla þjóðfélagsþegna, heldur fyrir fiskverkakonuna, konuna sem vinnur í ræstingum og fyrir sjómanninn. Ef grannt er skoðað hvernig hagar með örorkuna og hvar fjölgunin er, þá eru þessir þrír hópar sláandi dæmi um það hvernig örorkan hefur þróast og vaxið. (**RG:** Slitið fólk.) Það er hárrétt, hv. þm., það er slitið fólk. Það er fólk sem hefur alla sína ævi starfað í frystihúsi og staðið þar langan og strangan daginn. Það ætti hv. þm., Einar Oddur Kristjánsson, að vita betur en flestir aðrir hér. Hinu er þó ekki að leyna að fleiri hér í þingsalnum hafa starfað við fiskvinnslu og þekkja álagið og áreynsluna.

Ég tel það hafa verið, varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta, mistök að þjappa útborgun greiðslu atvinnuleysisbóta saman á fáeina staði. Það voru mistök vegna þess, eins og hv. 3. þm. Vestf. kom inn á áðan, að það var til sóma hvernig verkalýðshreyfingin stóð að afgreiðslu atvinnuleysisbótanna. Þá var eftirlit með því að menn misnotuðu ekki aðstöðu sína til að fá greiddar atvinnuleysisbætur sem áttu ekki rétt til þeirra. Á skrifstofum verkalýðsfélaganna var fylgst með því. Og ég er hræddur um að með því að færa greiðslu atvinnuleysisbóta á fárra hendur sé verið að ganga villu vegar.

[11:55]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að hv. þm. hafi alveg misskilið orð mín. Félagslegur öryrki er persóna, dæmd til örorku án þess að þess að fyrir séu líkamlegar ástæður. Það er erfiðisvinnufólk til sjós og lands, slitið fyrir aldur fram vegna erfiðis og vosbúðar, hefur líkamlegar ástæður og telst til hinna venjulegu öryrkja. Félagslegur öryrki, eins og það er skilgreint fyrir mér, er persóna sem getur ekki tekið þátt í lífsbaráttunni þrátt fyrir að líkamlega sé ekkert til fyrirstöðu. Ég ætla því að hv. þm. hafi alveg misskilið það sem ég var að tala um áðan.

Ég nefndi þetta vandamál áðan vegna þess að mér finnst ástæða til að kanna það. Við þurfum að átta okkur á því hvernig það má vera, í þjóðfélagi sem við viljum meina að sé svo heilbrigt, að slík þróun eigi sér stað. Ég var aðeins að benda á að það er mjög nauðsynlegt að átta sig á því að þetta er vísbending sem er afar slæm.

[11:57]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég misskildi ekki málið. Meðan hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson velti í ræðu sinni vöngum yfir þeirri miklu aukningu sem orðið hefði á örorku og talaði um 10% aukningu, vék hann máli sínu beint að hinni félagslegu örorku. Svo mikið var um þá örorku að hann hafði leitað sér upplýsinga hvernig á þessu stæði og ekki fengið nægilegar skýringar á því. Þannig kom ekki skýring á því hjá hv. þm. fyrr en nú, hvað hann ætti við þegar hann var að tala um félagslega örorku. Hann gerði áður engan greinarmun og lét í veðri vaka að þessi mikla aukning á öryrkjum hér á landi, hjá svo heilbrigðri þjóð sem Íslendingum, væri vegna félagslegrar örorku. En hins vegar hefur hann skýrt mál sitt þannig að nokkuð styttra er orðið á milli sjónarmiða okkar gagnvart örorku af völdum líkamlegs erfiðis.

[11:58]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk það á tilfinninguna, eftir að hafa hlustað á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, að sú aukning sem orðið hefði á öryrkjum og atvinnulausum væri vegna þess að þegnar þjóðarinnar væru að verða meiri aumingjar. Mér finnst það ekki nægjanlega gott að á þessum háttvirta stað sé talað þannig til þeirra sem eiga um sárt að binda. Ég hef kynnst fólki, og efast ekki um að hv. þm. hafi gert það einnig, sem hefur sent tugi og jafnvel hundruð umsókna til fyrirtækja eftir störfum, farið í marga tugi viðtala án þess að fá nokkur viðbrögð. Það hefur sent inn umsóknir án þess að fá svör, og ég þekki fólk sem verið hefur gjörsamlega niðurbrotið eftir slíka reynslu. Þetta fólk á oft í sálrænum erfiðleikum upp frá þvílíkum hremmingum og í þeim tilfellum þarf oft sérstaka aðstoð.

Mér finnst samt ekki hægt að tala um það að þetta fólk sé orðin byrði á þjóðfélaginu. Þarna er fyrst og fremst um að ræða vandamál sem skapast hefur vegna ýmissa orsaka, breytinga á rekstri fyrirtækja ellegar vegna þess að þjóðin er í fjárhagslegum vandamálum sem kemur þá niður á fólki hér

og þar sem enginn hefði í sjálfu sér getað séð fyrir. Í þessu lendir mjög duglegt fólk sem hefur bæði burði, getu og kraft til að gera það sem þjóðfélagið krefst af því en það fær ekki tækifæri til þess. Mér fannst þessi tilfinning dálítið erfið að sitja undir og þess vegna vildi ég koma í andsvari við hv. þm.

[12:00]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu áliti er það ósæmilegt að gera manni upp orð og skoðanir og hugsanir. Ég hef aldrei notað orðið aumingi hér. Ég hef aldrei notað orðin, að menn væru þjóðfélaginu til byrði. Ég fór yfir þetta, sagði frá því hvernig ég þættist vita að þetta væri, hvaða upplýsingar ég hefði fengið frá Tryggingastofnun ríkisins en bað þingheim að horfa til þess að það væru einstaklingarnir sjálfir. Og til að nálgast þá ættum við að reyna að ná tökum á þessu máli. Það var það sem ég sagði, sem ég veit að menn gátu skilið og allir skildu nema kannski hv. þm. Kristján Pálsson.

[12:01]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú sú tilfinning sem ég fékk eftir ræðu hv. þm. Ef það hefur verið misskilningur hjá mér, þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn til að draga það til baka að sú hafi verið meiningin hv. þm. Ég fagna því að við erum þá sammála um að þarna er að sjálfsögðu um margar ástæður að ræða þegar fólk berst í þessum geira, sem er atvinnuleysisgeirinn, á bótum sem enginn vill vera á. Það vill enginn vera á örorkubótum eða atvinnuleysisbótum. Allt þetta fólk vill vera heilbrigt eða í atvinnu og ég held að um það séu allir sammála.

[12:02]

**Útbýting þingskjala:**

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 466. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 799.

Samningsslit sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins, 396. mál, svar heilbrrh., þskj. 793.

[12:03]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram hef ég á tilfinningunni að eðlilegt væri og rétt að leita leiða til að fá svör við þeim hugleiðingum sem hér hafa komið fram. Ég tel að þessi þáltill. leiði okkur kannski í meiri sannleika um þá óvissuþætti sem falla undir það atvinnuleysi sem við höfum verið að ræða um. Ég held að við gætum fengið svör við þeim spurningum sem fallið hafa úr ræðustól og tel þess vegna rétt að þessari þáltill. sé mjög góður gaumur gefinn vegna þess að, eins og segir hér, með leyfi forseta, gengur þáltill. út á „að skipa nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og vinnumarkaðarins til þess að semja heildstæða skýrslu um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, eru að leita sér að vinnu eða hafa misst vinnu og gera tillögur til að bæta hag þeirra og tryggja þeim skilyrðislaust sömu mannréttindi og aðrir hafa."

Ég held að það hljóti að falla inn í störf slíkrar nefndar ef af verður, að fá gleggri mynd af atvinnuleysinu. Fá gleggri mynd af því hvers vegna fólk hefur dottið út af vinnumarkaðnum og hvers vegna örykjum hefur fjölgað svo mjög sem raun ber vitni. Ég veit að þó nokkrar upplýsingar liggja örugglega hjá lífeyrissjóðunum, t.d. svarið við því hvernig fjölgun örorkuþega innan lífeyrissjóðakerfisins hefur átt sér stað og hvers vegna. Er um að ræða sérstakan aldurshóp, karla frekar en konur? Eða ræstingarkonur, eða konur sem vinna í frystihúsi eða eru það e.t.v. sjómenn eða verkamenn sem vinna mjög hörðum höndum t.d. í hafnarvinnu, þar sem fólki hefur fækkað mjög en hraði aukist. Umfang starfsins er orðið miklu meira, miklu meira vörumagn fer með ótrúlegum hraða, t.d. í gegnum hendur hafnarverkamanna. Þar hefur vinnuálag aukist geysilega. Þó ekki sé það kannski átakavinna þá er það samt langur vinnutími og mikill hraði sem fylgir. Auðvitað er fullt af öðrum störfum sem ég hef ekki nefnt þar sem líkamlegt vægi skiptir miklu máli og menn þurfa að leggja mikið á sig til starfans. Ég tel því, herra forseti, þó ekki væri nema vegna umræðna sem hér hafa farið fram og þeirra spurninga sem hafa hrotið af vörum hv. þingmanna í þessum ræðustól, að full ástæða sé til að þessi nefnd verði sett á laggirnar til að fá svör við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Þess vegna tel ég, herra forseti, að eðlilegt sé og rétt að þetta mál fái vandaða og góða umfjöllun bæði í þingsölum og í þeirri nefnd sem þessu máli verður vísað til.

[12:06]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir prýðilega umræðu sem hefur farið fram um þetta mál. Ég tel að hún sé mjög gagnleg og Alþingi til sóma að þingmenn skuli gefa sér tíma til að ræða þessi mál og hugleiða. Hér hafa komið fram mjög margar ábendingar og bersýnilegt að menn nálgast þessi mál á býsna ólíkan hátt.

Ég tel að í þeim málflutningi sem fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, þá er bersýnilegt að hann nálgast þessi mál allt öðruvísi en flestir aðrir sem hér hafa talað. Það er bersýnilegt að hann gerir meira úr því að verulegur hluti þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá búi við önnur vandamál en þau að vera atvinnulausir en það finnst mér vera að nokkru leyti að drepa málinu á dreif.

Hér er bara verið að tala um þá sem eru atvinnulausir, þá sem eiga vinnuafl að selja. Það eru þeir sem verið er að tala um í þessari tillögu. Mér finnst það í raun og veru ekki skynsamlegt og slær mig alltaf illa þegar verið er að reyna að hlaupa frá vanda atvinnulausra með því að tala um aðra hópa sem eiga auðvitað við vanda að stríða í þjóðfélaginu hvort sem það eru öryrkjar eða þeir sem þurfa á framfæri að halda hjá félagsmálastofnunum eða eitthvað þess háttar, en það eru tilteknir afmarkaðir hópar. Hér erum við að tala um það fólk sem á vinnuafl að selja en enginn vill kaupa vinnuaflið. Það er það fólk sem við erum að tala um hér.

Ég skil ósköp vel að hæstv. félmrh. skuli reyna að telja fram þær tölur sem hann hefur um fækkun á atvinnuleysisskrá. Það er mjög gott og eðlilegt að hann skuli gera það. Hitt er hins vegar alveg ljóst að í raun hefur ekkert lagast í þjóðfélaginu að marki vegna atvinnulausra. Ef þrengir að aftur, ef hagvöxturinn minnkar á næstunni eða ef verulegur samdráttur verður í þjóðfélaginu, þá er alveg ljóst að við munum aftur standa frammi fyrir miklum her atvinnulausra í landinu. Það hefur ekkert verið gert sem í raun og veru tekur á móti þessu fólki með þeim hætti sem eðlilegt væri. Þess vegna er ekki hægt fyrir hæstv. félmrh. að hlaupa á bak við tölur um færri atvinnulausa því að þær segja ekki neitt um þá sem eru atvinnulausir og það er það fólk sem við erum að tala um en ekki eitthvert annað fólk.

Mér finnst einnig ódýrt í þessari umræðu að setja hana þannig upp, eins og mér finnst oft vera gert af ríkisstjórninni og einkum framsóknarmönnum, að frá árinu 1995 hafi þetta

farið að lagast eins og það sé allt þeim að þakka. Veruleikinn er ekki þannig. Ég hef út af fyrir sig ekki lagt það sérstaklega í vana minn að taka upp hanskann fyrir þá alþýðuflokksmenn í sambandi við síðustu ríkisstjórn og tel að þeir séu alveg fullfærir um það. Ég tel líka að það hafi verið vond ríkisstjórn að mörgu leyti. En að setja málin þannig upp, eins og hæstv. félmrh. gerði áðan, að hattað hafi fyrir í þessum málum af því að Framsókn komst í ríkisstjórn, svo einfalt er málið ekki. Ef málið væri svo einfalt, þá ætti Framsókn alltaf að vera í ríkisstjórn og vera með alla þingmenn á Alþingi en það er ekki þannig.

Mér finnst mikilvægt að við áttum okkur á því að við erum með félagsleg kerfi af margvíslegu tagi sem hljóta alltaf að skarast og það er ekkert óeðlilegt við að þau skarist. Það er þannig t.d. í sambandi við tryggingastofnunarkerfin og örorkubótakerfin að tilhneiging er til þess t.d. á atvinnuleysistímum að þeim fjölgar heldur sem eru úrskurðaðir öryrkjar. Málið er bara þannig. Ólafur Ólafsson landlæknir hefur aftur og aftur bent á að beint samband sé þarna á milli, að þegar einstaklingur missir vinnu, þegar hann getur ekki lengur selt vinnuafl sitt, þá hrynur sjálfsmynd hans og þar af leiðandi hlýtur hann að leita inn á einhver önnur mið til að tryggja framfærslu sína. Þess vegna er það eðlilegt miðað við aðstæður, þó að það sé ekki gott, þá er það rökrétt miðað við aðstæður að þarna geti orðið nokkur fjölgun á örorkuskrám.

Eins er það með félagsmálastofnanirnar. Það hefur orðið nokkur fjölgun þar. En það fólk sem ég er að tala um er fólk sem á ekkert að selja nema vinnuafl sitt og verður þess vegna að lifa af því. En því er hafnað. Það vill enginn kaupa vinnuafl þess fólks. Ég vona að við séum ekki svo veruleikafirrt í þessum sal, ekkert okkar, að við getum ekki ímyndað okkur hvað það er vont og hvað það er sárt fyrir einstakling að geta ekki lifað af vinnunni sinni. Við skulum bara augnablik reyna að setja okkur í spor þess manns, að við værum sjálf í þeirri stöðu að enginn vildi kaupa þá þekkingu og verkfærni sem við þrátt fyrir allt eigum. Það er ægilegur dómur og það er dómur sem hinn atvinnulausi á ekki að bera einn. Grunnþátturinn í þessari tillögu er sá, að á atvinnuleysinu og þeim vanda sem því fylgir eigi að taka með samfélagslegri ábyrgð. Það er á ábyrgð okkar allra en ekki bara þeirra sem lenda í atvinnuleysinu. Það er aðalatriðið af því að atvinnuleysið er að nokkru leyti afurðin að markaðsþjóðfélaginu og því efnahagskerfi sem við höfum kosið að búa við og við höfum út af fyrir sig ekki flutt neinar tillögur um að breyta því kerfi í grundvallaratriðum.

Ég vil líka láta það koma fram, herra forseti, að í rauninni sýnir þessi tillaga að mörgu leyti hvað Alþingi er veikt. Auðvitað ætti Alþingi undir forustu félmn. að geta látið þessa könnun fara fram. Það er ekkert í þessari könnun sem Alþingi ætti ekki að geta látið fara fram. Við erum hins vegar svo vön því að biðja alltaf ríkisstjórnina um að gera þessa hluti af því að við erum undir hælnum á framkvæmdarvaldinu að því er varðar sjálfstæðar ákvarðanir. Ef formaður félmn., hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, legði það til á næstunni að félmn. færi í þetta verkefni, þá er ég alveg sannfærður um að meiri hlutinn í félmn. mundi hafna því. Það er dálítið alvarlegt umhugsunarefni því að í öðrum löndum sem var vitnað til í sambandi við þingskapaumræðu fyrr í dag, fara þingnefndirnar í slík verk, þær kalla fyrir fólk, þær gefa út skýrslur, þær rannsaka mál og af þeim ástæðum er það sem við í þessari tillögu förum svo að segja bónarveg að félmrn. vegna þess að við eigum í raun engan annan kost.

Ég tel það mjög mikilvægt að hæstv. félmrh. taki þátt í þessari umræðu og hlýði á hana. Mér finnst hann taka vel þeim ábendingum sem þarna er um að ræða því hreyft er mörgum nýjum róttækum hugmyndum í sambandi við umræður um atvinnuleysi og atvinnuleysisvanda sem okkur flm. finnst að þurfi að fjalla rækilega um.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson blandaði sér í umræðuna og að mörgu leyti var ég honum fullkomlega ósammála. Ég var honum þó sammála í einu grundvallaratriði. Það er að nálgast eigi þessi mál út frá einstaklingunum. Með öðrum orðum að þegar maður verður atvinnulaus þá á að vera til samfélagslegt kerfi sem hjálpar viðkomandi manni að taka utan um hans vanda. Ég ætla að nefna dæmi um það sem ég á við.

Það vill svo til að ég þekki dálítið til nokkurra fjölskyldna í Noregi. Þar býr ein íslensk kona sem ég kannast við og hún hefur verið þar í vinnu í 20 ár. Hún hefur starfað við umönnunarstörf. Hún hefur verið með mjög erfiðan og veikan einstakling og sinnt honum á hverjum einasta degi í nærri 20 ár. Að lokum fór svo að þessi kona brotnaði undan því fargi. Hún fann að hún réð ekki við það og gat ekki hugsað sér að mæta í vinnuna aftur af því að þetta var svo erfitt farg sem á hana var lagt og hún fann að vinnan hennar skilaði engum árangri og engum breytingum á þeim einstaklingi sem þarna var um að ræða.

Í okkar landi hefði konan farið strax á atvinnuleysisskrá. Hún hefði orðið að gera það og hún hefði orðið að taka við svo að segja hvaða vinnu sem er sem rétt er að ófaglærðum einstaklingum. Í Noregi var tekið þannig á málinu að þegar konan missti vinnuna var henni boðin aðstoð og hún var ekki sett á atvinnuleysisbætur, heldur á eins konar biðlaun eða breytingalaun í eitt ár. Á meðan er verið að þjálfa hana upp, úr þessum vanda, úr þessum erfiðleikum, til að hún geti gengið upprétt inn í samfélagið aftur og tekið þátt í að þróa velferðarkerfið og skapa verðmæti í þjóðfélaginu. Þessa nálgun er ég að biðja um þannig að ekki sé litið á atvinnulausa einstaklinga eins og vandamál heldur sé litið á atvinnuleysið eins og vandamál sem einstaklingurinn verður fyrir.

Mér finnst þess vegna alveg hægt að ljúka þessu af minni hálfu með því að taka undir það sem hér kom fram að við þurfum að beina sjónum okkar að einstaklingnum og tryggja að tekið sé vel á móti honum því að það er ekki honum að kenna nema í algerum undantekningartilvikum að hann verður atvinnulaus heldur er það á ábyrgð okkar allra, m.a. okkar sem hér erum, bæði þingmanna og ráðherra. Að öðru leyti þakka ég fyrir þá ágætu umræðu sem hefur farið fram um tillöguna.

[12:17]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Þegar ég kom næstsíðast í ræðustól taldi ég að þingsköpin væru ágæt. Ég kom ekki öllu því frá mér í síðustu ræðu minni sem ég ætlaði að segja og ég er ekki viss um nema við höfum farið aðeins of langt í tímatakmörkunum í umræðum um þingsályktunartillögur.

Mig langar að nefna nokkur atriði um tillöguna. Varðandi fyrsta liðinn í tillögugreininni um mannréttindin þá unnum við að því 1994 að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og gerðum okkar besta í því efni og ég held að við búum við góðan mannréttindakafla í stjórnarskránni. Það er líka talað um hvernig unnt sé að tryggja að enginn verði atvinnulaus lengur en sex mánuði í senn. Það er ákaflega

mikilvægt atriði í tillögunni og verið er að vinna að því með starfsleitaráætlunum sem eru í nýlega settum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að svæðisvinnumiðlun beri að gera starfsleitaráætlun með þeim sem hefur verið 10 vikur samfellt á atvinnuleysisskrá. Þar undir fellur hugsanlega líka endurmenntun og ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði til að endurhæfa fólk og koma því út á vinnumarkaðinn aftur.

Um vangavelturnar hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur vil ég segja að ég lít svo á að þetta sé út af fyrir sig umræða sem getur orðið nokkuð flókin. Við köllum þetta atvinnuleysisbætur og það er í málvitund okkar, atvinnuleysislaun þætti mér vera nokkuð skothent. Ég lít svo á að atvinnuleysisbætur séu öryggisnet fyrir fólk sem missir vinnuna eða fær ekki vinnu, fyrir fólk sem missir vinnuna og er að leita sér að vinnu. Hins vegar eru hugsanlega einhverjir á bótum sem ættu að hafa annars konar aðstoð frá samfélaginu. Við höfum örorkubætur, við höfum bætur almannatrygginga, við höfum félagsþjónustu sveitarfélaga og mér finnst eðlilegt að einskorða bætur atvinnuleysistrygginga við það fólk sem er tilbúið að taka vinnu og er að leita sér að vinnu. Ekki fólk sem getur ekki unnið. Að sjálfsögðu á að sjá um það með öðrum hætti. Samfélagið á að koma til móts við það en mér finnst ekki eðlilegt að það sé á atvinnuleysisbótum og nýtt fyrirkomulag á ekki að nota til að knýja fólk til vinnu, sem það á erfitt með að sinna eins og segir í tillögugreininni. Það verður ekki praxísinn meðan ég ræð að knýja fólk til vinnu sem það getur ekki sinnt og ég lít á atvinnuleysisbæturnar að þær eiga að vera fyrir vinnufært fólk.

Ég held að ekki hafi farið fram nægilega vönduð úttekt á reynslunni af miðstöðvum fólks í atvinnuleit. Ég veit að reynslan hefur verið ákaflega góð á Akureyri en ég er ekki sannfærður um að jafn vel heppnuð starfsemi hafi farið fram í Reykjavík. Síðan er spurt hvort unnt sé að draga verulega úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir eins og hv. frsm. kom réttilega inn á. Sums staðar hefur gefist illa að skipta vinnunni. Ég þekki til sjávarútvegsfyrirtækis þar sem stunduð er vaktavinna og þar voru vaktirnar styttar niður í sex tíma til að ná meiri afköstum út úr hverjum einstaklingi en sex tíma laun dugðu ekki til að ná atvinnuleysisbótaupphæðinni þannig að starfsfólkið þar er líka á atvinnuleysisskrá. Ég lít á þetta með nokkurri tortryggni og held við eigum að fara varlega í því að feta okkur langt inn á þessa braut.

Hvort unnt sé að ná viðtæku samkomulagi að afnema atvinnuleysi á tilteknu árabili til að tryggja það í lögum eða stjórnarskrá að allir eigi vinnu við hæfi sýnist mér vera hálfgerð útópía. Ég finn ekki alveg hvernig hægt væri að höndla þetta verkefni. En nóg um það.

Ég hef farið yfir efnisatriði tillögunnar. Varðandi það sem komið hefur fram í umræðunum hef ég ekki tíma til að drepa nema á fátt eitt. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um að glósað hafi verið um fólk sem nenni ekki að vinna. Ég veit ekki hvort við eigum að nota það orðalag en reynslan mun vera sú að sumt af því fólki sem hefur verið atvinnulaust á afar erfitt með að semja sig að venjulegum háttum aftur, t.d. því að vakna á morgnana og mæta í vinnu. Reynslan er sú að það virðist vera töluvert átak og einn af fræðimönnum á þessu sviði orðaði það svoleiðis í útvarpi á síðastliðnu sumri að þetta fólk væri næturþjóðin því það væri farið að snúa sólarhringnum við. Unglingar sem væru atvinnulausir vektu á nóttunni og svæfu á daginn og skriðu á lappir á kvöldin. Það er erfitt fyrir fólk að komast á rétt skrið en það þarf að hjálpa því. Ég legg mjög mikla áherslu á að við eigum að beina okkur að námskeiðahaldi og starfsþjálfun eftir því sem við höfum mögulega tækifæri til og ég hef átt mjög gott samstarf t.d. við Sókn um námskeiðahald sem hefur gefið góða raun. Við eigum samstarf við Reykjavíkurborg um rekstur vinnuklúbba sem hafa gefið mjög góða raun og við erum að fara í vinnu með bæði Sókn og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur um greiningu á atvinnuleysi félagsmanna í þessum viðkomandi félögum. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Enn glymur klukkan mér og hefði ég þó haft löngun til að segja meira í umræðunni. Hv. flm. sagði að ekkert hefði verið gert til að mæta auknu atvinnuleysi, þ.e. hugsanlegu auknu atvinnuleysi. (Forseti hringir.) Ég vil bera á móti því.

Herra forseti. Ég er að hætta. Við höfum breytt löggjöfinni, bætt úrræðin, erum að fjölga störfunum um 13 þús. til aldamóta og ég vil láta það verða lokaorð mín að þegar við erum að meðhöndla þessi mál eigum við að reyna að taka vel á móti einstaklingunum og hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi.

[12:26]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir yfirferðina yfir tillögurnar. Ég er ánægður með hversu hann tekur virkan þátt í umræðu um málið og ætlaði aðeins að nefna þessi atriði tillögunnar og hvernig hann kom að þeim.

Í fyrsta lagi segir hann að verið sé að vinna að því að enginn þurfi að vera atvinnulaus lengur en í sex mánuði með þessum starfsleitaráætlunum. (**Félmrh.:** Tíu vikur.) Það er gott og blessað, ég þekki það ekki í einstökum atriðum en það er mál sem er sjálfsagt að fara yfir og ég hygg t.d. að mætti hugsa sér að félmn. færi yfir um leið og hún skoðaði þessar tillögur eða gerði í öðru samhengi ef nefndin teldi það rétt.

Í öðru lagi kom hæstv. ráðherra að 3. lið tillögunnar um það hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en sem bætur. Mér fannst hann satt að segja ekki alveg hafa náð því sem ég er að reyna að segja. Ég er að nokkru leyti að tala um að litið verði á atvinnuleysistímann hjá fólki í tveimur eða þremur skrefum og það verði t.d. litið þannig á að eftir að fólk hefur misst þá atvinnu sem það hefur haft, að í hálft til eitt ár, eða eitt og hálft ár, hafi þetta fólk laun, biðlaun eða breytingalaun eða eitthvað því um líkt þangað til menn eru orðnir úrkula vonar um að fólk geti fengið vinnu. Veruleikinn er því miður orðinn sá að litið er á atvinnuleysi sem stimpil, sem sérstakan vanda og því miður er stundum talað illa um það fólk sem er atvinnulaust og það sett í flokk með fólki sem býr við allt aðrar aðstæður. Það er þungur stimpill og dálítið farg að hafa verið atvinnulaus þótt það sé ekki nema mjög stuttan tíma með þennan stimpil á bakinu. Þess vegna er ég að velta því fyrir mér í tillögunni hvort ekki megi hugsa sér að þetta verði nefnt biðlaun eða breytingalaun meðan verið er að þróa ný atvinnutækifæri fyrir viðkomandi. (Forseti hringir.)

Varðandi 5. lið finnst mér eðlilegt í tillögu að nefna það sem 1. flm. að þetta sé að nokkru leyti kjarasamningamál en ég tel þó að allar tillögurnar séu þannig að þær eigi að skoða betur.

[12:28]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nota tækifærið til að bjóða hv. félmn. að koma og heimsækja Vinnumálastofnunina og kynna sér starfsemina þegar hún verður komin í það horf sem við ætlum henni að verða því að ég held það sé mjög mikilvægt og heppilegt að hv. félmn. fylgist með hvernig þessi nýju lög koma til með að virka.

Einn þátturinn var tekinn upp í þingmáli í fyrradag og varðaði það þegar ekknabætur eru látnar skerða atvinnuleysistryggingar. Það er óréttlátt og það verðum við að afnema.

Það eru reyndar fleiri smáatriði sem betur mega fara í atvinnuleysistryggingalögunum sem hafa komið í ljós með reynslunni og það er sjálfsagt að reyna að laga það.

Varðandi hugsunina um biðlaun þegar menn hafa misst vinnuna, þá er það að vissu leyti innifalið í löggjöfinni, þ.e. á fyrstu 10 vikunum eftir að viðkomandi missir vinnuna er búist við að hann reyni hjálparlaust að leita sér að vinnu. Ef það gengur ekki og hann ekki búinn að fá vinnu eftir 10 vikur er hugmyndin að (Forseti hringir.) hann fái aðstoð frá svæðisvinnumiðlun.

Að endingu, herra forseti, má út af fyrir sig segja að nokkurs konar biðlaun hafi verið í gangi undanfarna daga því að ég beitti mér fyrir því í góðu samstarfi og eftir ábendingu fyrirtækja í sjávarútvegi, að við borguðum atvinnuleysisbæturnar beint til fyrirtækjanna til að þau færu ekki að reka fólkið inn á atvinnuleysisskrá.

[12:31]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasta atriðið sem hæstv. ráðherra nefndi er einmitt mjög mikilvægt vegna þess að þá slitnar ekki réttarsambandið á milli launamannsins og fyrirtækisins. Það er í rauninni það sem ég er að nokkru leyti að lýsa eftir, þ.e. að þetta réttarsamband rofni ekki jafnalgerlega og nú er gert samkvæmt gildandi lögum um rétt fyrirtækja til uppsagna. Við erum því farin að ræða úr þessum ræðustól um slík mál í einstökum mjög mikilvægum tæknilegum atriðum. Mér finnst það í rauninni sýna að réttlætanlegt er að setja nefnd í málið, annaðhvort á vegum Alþingis eða ríkisstjórnarinnar. Mér finnst hugmynd hæstv. ráðherra um að félmn. fari og heimsæki Vinnumálastofnunina, vera góð hugmynd, og ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til að verða samferða í þá för vegna þess að ég held að skynsamlegt sé að Alþingi og alþingismenn taki saman á þessu máli og ég held að það sé hægt. Við höfum nefnt nokkur atriði sem geta vel verið góður samnefnari fyrir breytingar í þessum efnum.

Það kom mér ánægjulega á óvart, herra forseti, að hæstv. félmrh. skuli loksins hafa séð að lögin um atvinnuleysistryggingar eru ekki fullkomin. Það hefur hann ekki viðurkennt fyrr.

[12:33]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur aldrei dulist að engin löggjöf er alfullkomin og ég er fús að reyna að breyta löggjöf eftir því sem ég sannfærist um að hægt sé að gera það.

Hv. þm. er mjög velkominn í þessa för með félmn. í Vinnumálastofnun og jafnvel vil ég nota tækifærið og bjóða honum í ráðuneytið líka ásamt nefndinni.

Síðan er eitt enn. Það er að mínu mati mjög mikilvægt atriði sem hv. þm. nefndi um réttarsambandið, sjálfsímyndina og stöðu fiskverkafólks. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrirkomulag að við höfum borgað allt að 60 daga í atvinnuleysisbætur til fyrirtækjanna til að halda fólki á launaskrá og segja því ekki upp í hráefnisskorti.

[12:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. var með tilvísun í orð sem féllu hjá mér um fólk sem nennir ekki að vinna. Ég vil undirstrika að þau orð féllu í umfjöllun minni um að mér fyndust viðbrögð stjórnarliða, félmrh. og stjórnarliða, varðandi atvinnulaust fólk vera of mikið á þá lund, að margt fólk væri þar að finna sem ekki nennti að vinna. Hér undirstrika ég að ég nota ekki þessi orð um fólk sem er atvinnulaust.

Það er gott að heyra hæstv. félmrh. tala um að hann vilji grípa til aðgerða sem hjálpi fólki á rétt skrið. Hann nefnir líka námskeiðahald, starfsþjálfun og vinnuklúbba máli sínu til stuðnings. Vissulega urðu átaksverkefni, námskeiðahald og starfsmenntun í atvinnulífinu til á hinum miklu samdráttartímum. En það sem við erum að tala um hér er miklu, miklu stærra mál. Það er framhald, það eru aðgerðir, víðtækar aðgerðir til að afnema það sem er að í dag. Þar erum við að tala um þá sem flosna úr skóla og þá sem flosna úr störfum og það er ekki spurning um að nenna ekki að vakna á morgnana. Það er spurning um að aðlaga fólk til samfélagsins á ný.

Ég minni líka á það, virðulegi forseti, að fullorðinsfræðsla er ekki ókeypis. Það fólk sem sækir sér hana að lokinni vinnu þarf að borga. Ég minni á þetta enn á ný og ég hef gert það áður.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að grípa til nýrra víðtækra aðgerða. Þær aðgerðir kosta peninga og því miður hefur þeim fjármunum ekki verið fyrir að fara.

[12:36]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ímynda mér að ef atvinnuleysisskráin er skoðuð séu ýmsar ástæður að baki því fólki sem þar er. Eitthvað af þessu fólki vinnur e.t.v. svart og það er ástæða til að stugga því út af skránni. Eitthvað kann að vera af fólki sem ekki kann við sig í vinnu, getur ekki vaknað á morgnana, getur ekki tamið sér eða vill ekki temja sér þá hætti sem vinnumarkaðurinn útheimtir. Eitthvað er þarna um fólk sem er ekki vinnufært og ætti að vera á annars konar bótum. Þarna eru 20–25% sem eru í hlutastörfum og að einhverju leyti kunna hlutastörfin að vera sjálfvalin og þetta fólk gæti e.t.v. fengið vinnu allan daginn. Ég held að meginuppistaðan sé fólk sem getur unnið og vill vinna og ég tel að okkur beri skylda til, og til þess stendur líka fullur vilji, að hjálpa því til að finna sér störf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, fyrri umr.*

Þáltill. KÁ o.fl., 250. mál. — Þskj. 295.

[12:38]

**Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðum til að draga úr því.

Í gær og í dag hafa orðið töluverðar umræður á hinu háa Alþingi um atvinnuleysi og um atvinnuleysi kvenna sérstaklega. Það er mjög forvitnilegt að skoða hvernig atvinnuleysi kvenna hefur þróast á undanförnum árum á því tímabili sem hefur verið kennt við atvinnuleysi, tímabilið frá 1991 og

fram á þennan dag. Samkvæmt þeim tölum sem er að finna í bæklingi Hagstofunnar um konur og karla, þá virðist svo að þegar þetta tímabil byrjar 1991 er atvinnuleysið nokkuð jafnt milli kynjanna, aðeins meira hjá konunum en síðan sýna tölurnar að atvinnuleysið er yfirleitt miklu meira hjá konum en körlum, þó að á tímabilinu 1993 og 1994 sé munurinn reyndar ekki mjög mikill. Þá er atvinnuleysið hvað mest meðal karla. En það er mjög athyglisvert að sjá að það er stöðugt atvinnuleysi upp á 4–5% hjá konum á þessu tímabili meðan atvinnuleysi hefur farið lækkandi hjá körlum frá árinu 1994. Þetta ásamt ýmsu öðru veldur því að full ástæða er til að skoða sérstaklega hvað býr að baki þessu atvinnuleysi meðal kvenna.

Þegar horft er yfir allt síðasta ár var atvinnuleysi karla 2,6% en kvenna 5,6% og árið þar á undan var það 3,2% hjá körlum og 5,8% hjá konum, þ.e. aðeins hefur dregið úr atvinnuleysinu hjá báðum kynjum en það er þó þetta mikið meðal kvennanna. Ég held, hæstv. forseti, að ef við sæjum þessar tölur hjá körlum hefði heldur betur verið rekið upp ramakvein og kallað á sértækar aðgerðir eins og gripið var til á sínum tíma þegar heill milljarður var settur í að reyna að bæta atvinnuástandið.

Það sem er mikilvægast er að reyna að átta sig á orsökunum. Hvað býr þarna að baki? Hvað veldur því að t.d. í desembermánuði voru yfir 3 þús. konur atvinnulausar? Samkvæmt þeim tölum sem hæstv. félmrh. nefndi í morgun hafa þær verið enn fleiri í janúar. Hvað er það sem býr þarna að baki? Ég hygg að það séu margar og flóknar ástæður.

Það er jafnframt mjög brýnt að átta sig á þeim miklu breytingum sem nú eru að verða og eru fram undan á vinnumarkaði sem samkvæmt spám eiga í rauninni eftir að gjörbreyta vinnumarkaðnum Vinnumarkmaðurinn á eftir að gjörbreytast. Hinum ófaglærðu störfum á eftir að fækka mikið þar sem tæknin er að taka við á ýmsum sviðum. Ég hygg þó að mikil þörf verði fyrir umönnunarstörfin, þar muni tæknin ekki taka við nema að litlu leyti, en þegar horft er á hvar vinnuaflið er, hvernig karlar og konur skiptast á vinnumarkaðnum, þá er alveg augljóst að miklar breytingar eiga eftir að verða í þjónustugreinunum þar sem konur eru mjög fjölmennar. Þá er ég ekki síst að hugsa um banka, verslun og viðskipti og vissulega þarf ýmislegt að gera til að sjá til þess að konur sæki þar í sig veðrið.

Ég treysti mér ekki til að fullyrða hvaða ástæður nákvæmlega búa að baki þessu mikla atvinnuleysi meðal kvenna. Ég hygg að hlutastörfin eigi þar að einhverju leyti þátt og sú sérkennilega regla sem hér er við lýði að atvinnurekendur borga hluta vinnunnar en Atvinnuleysistryggingasjóður kemur svo þar á móti. Ég er alveg sannfærð um að allverulegir fordómar eru á vinnumarkaði gagnvart konum, sérstaklega eldri konum og reyndar líka konum með lítil börn. Það hefur vakið sérstaka athygli mína hve konur yfir fimmtugt virðast eiga erfitt með að fá vinnu þó þær hafi jafnvel langa og mikla starfsreynslu. Þarna eru einhverjar hugmyndir á ferð sem nauðsynlega þarf að breyta og vinna gegn.

Einnig eru tæknibreytingar þarna að verki og að fyrirtæki hafa verið lögð niður eða erfiðleikar eru í ýmsum greinum. Ég hygg að menntunarskortur eigi líka hlut að máli og eflaust eru fleiri ástæður að baki. Þetta þarf allt saman að greina og kanna og reyna að átta sig á því hvað er til ráða.

Ég vil nefna t.d. að ég held að það þurfi að vinna mjög skipulega að því að fá stúlkur og konur til þess að breyta starfsvali sínu. Við virðumst vera langt á eftir hvað það varðar að hér fara konur í mjög hefðbundin kvennastörf eða þau störf sem áður voru að mestu leyti unnin á heimilunum og fluttust svo út í samfélagið. Það er mjög skýr verkaskipting á vinnumarkaði hér meðan miklu meiri breytingar hafa í öðrum samfélögum þar sem ég þekki til, m.a. á Norðurlöndunum, innan Evrópusambandsins og ekki síst í Bandaríkjunum. Þar þykir miklu sjálfsagðara og eðlilegra að konur leiti í alls konar tæknistörf og jafnvel verksmiðjustörf eins og í áliðnaði, sem eru vel launuð störf, en hér virðist hafa gengið afar illa að fá konur til þess að leita í þessi störf. Ég er ekki þar með að segja að þetta séu skemmtileg störf eða eitthvað sem konur ættu endilega að sækjast eftir en það er eitthvað sérkennilegt við það þegar konum í öðrum löndum finnst alveg sjálfsagt að vera í slíkum störfum. Eftir því sem ég hef séð í Bandaríkjunum er launamunur milli kynjanna miklu minni hjá þessum stóru fyrirtækjum þar sem bæði karlar og konur eru í öllum störfum hlið við hlið. Ég held reyndar, svo maður færi sig á önnur svið, að auðvitað séu konur að sækja í sig veðrið en það má miklu betur í ýmsum vísindagreinum á sviði raunvísinda og tækni. Það er ekki eðlilegt hvað konur eru fáar hér á landi í þeim greinum.

Það þarf að bjóða upp á miklu fjölbreyttari menntun og huga þar sérstaklega að símenntun og endurmenntun. Núna er sagt að allt bendi til þess að fólk verði meira og minna allt lífið að endurmennta sig á næstu áratugum til að geta skipt um störf og til að geta aðlagast miklum breytingum sem eiga sér stað og þarna þurfum við einnig að taka okkur tak.

Ég vil nefna styttingu vinnutímans þó að vinnutími kvenna sé almennt styttri en vinnutími karla, þ.e. utan heimilis, þá er stytting vinnutíma leið til þess að fjölga störfum en það má að sjálfsögðu ekki verða á kostnað launanna. Það þarf að kanna félagslegar aðstæður kvenna sérstaklega og hvað það er sem hamlar því að þær fái vinnu eða geti unnið, ef það er raunin, og jafnframt til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að auðvelda konum að fara út á vinnumarkaðinn og að sækja sér vinnu. Við komum inn á það í gær að því miður eru laun margra kvennahópa svo lág að ef þær eru t.d. með lítil börn og ef þær þurfa að kosta til barnapössunar borgar sig jafnvel að vera á atvinnuleysisbótum. Þetta er fullyrðing sem ég hef heyrt en þori ekki svo sem að fullyrða að sé sönn. Reynt var að gera átak í því að hækka lægstu laun í síðustu kjarasamningum og sennilega er bilið þarna á milli eitthvað að breikka en það þarf töluvert mikið til til þess að vera að sækja vinnu ef kostnaðurinn við það er mjög mikill.

Ég nefndi í morgun að Evrópusambandið er að marka sér stefnu hvað varðar atvinnuleysi og félagsmál og þeir hafa ekki síst beint sjónum að hinum miklu breytingum sem eru að verða á samsetningu fjölskyldna og því hvernig öll samhjálpar- og fjölskyldugildi virðast eiga í vök að verjast. Innan Evrópusambandsins er mikil fjölgun hjónaskilnaða og mikil fjölgun einstæðra foreldra en þar eins og hér eru konur í meiri hluta í þeim hópi. Þetta hefur þýtt að stór hópur kvenna missir vinnuna og lendir í gildru atvinnuleysis og fátæktar. Það er talað um þetta sem sérstakt félagslegt fyrirbæri og væri afar fróðlegt að reyna að átta sig á því að hve miklu leyti þessi gildra á við hér sem er svo erfitt að komast út úr.

Ég ítreka enn og aftur hve mikilvægt er að horfa til framtíðar, átta sig á því hvar störf munu þróast á næstunni og að beina sérstakri hvatningu til stúlkna og kvenna um að leita inn á nýjar brautir jafnframt því að bæta kjörin og fjölga störfum þar sem það er hægt á öðrum sviðum sem konum eru kannski hugnanlegri. En við megum passa okkur á því

að vera ekki allt of fastar í hefðunum og að hugsa hlutina upp á nýtt og sækja inn á nýjar brautir því að reynslan sýnir að alls staðar þar sem konur koma inn í greinar, hvort sem það er læknisfræði, lögfræði eða guðfræði, koma líka nýjar hugmyndir og nýjar áherslur og auðvitað er líka þörf á því í tækniheiminum þar sem karlar hafa verið allsráðandi til þessa.

Að lokinni umræðunni, hæstv. forseti, vísa ég þessari tillögu til síðari umræðu og til hv. félmn. til umfjöllunar.

[12:51]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það blasir nokkuð við að sultur er tekinn að sverfa að þingmönnum sem skilar sér í fámenni í þingsal og kannski þykir þeim líka að nóg sé komið af orðum í orðabelg um atvinnuleysið því ekki einasta hefur atvinnuleysið verið á dagskrá í dag heldur var það líka á dagskrá í umræðum um fyrirspurnir í gær.

Herra forseti. Ég er meðflytjandi tillögunnar og þarf því ekki að hafa mörg orð um hana né rökstyðja nauðsyn þess að hún nái fram að ganga. Ég vil aðeins ítreka þá nauðsyn og ekki síst með tilliti til þeirra hugmynda sem eru í gangi um þetta efni. Ég hef áhyggjur af þessum hugmyndum. Það hefur vakið furðu mína og áhyggjur hvernig hver étur upp eftir öðrum, t.d. í einkasamtölum eða litlum hópum, að atvinnuleysi meðal kvenna sé ekki raunverulegt, a.m.k. ekki jafnraunverulegt og hjá körlum og að konur leiki á kerfið í miklum mæli, þær misnoti kerfið. Ótrúlega margir halda þessu fram eins og algildum sannleika.

Vissulega er ekkert kerfi þannig úr garði gert að ekki finnist á því glufur og því miður eru alltaf einhverjir tilbúnir til að nýta þær glufur og vega þar með hugsanlega að rétti annarra. En að konur séu sérstaklega sekar í þessu efni er aldeilis fráleitt að mínum dómi og byggist jafnvel á fordómum. Auðvitað er mismunur launa og atvinnuleysisbóta ekki hvetjandi fyrir láglaunafólk eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns og eins og við vitum þá eru konur fjölmennar í hópi láglaunastéttanna. Þar að auki þarf fólk oft að mæta verulegum kostnaði vegna vinnu, svo sem vegna barnagæslu, ferða á vinnustað, kostnaði vegna hlífðarfatnaðar og annars, að ekki sé farið út í flóknari hluti eins og millifærslu persónuafsláttar en það lagaákvæði hefur haft ákveðnar hliðarverkanir sem ekki er haft mjög hátt um. Það kemur að vísu ekki beint inn á þetta mál því að fólk sem er heimavinnandi nýtir ekki persónuafsláttinn til fulls heldur kemur hann í hlut makans og er yfirleitt ekki á atvinnuleysiskrá. En ég þekki dæmi þess að konur hafi orðið fastar inni á heimilum sínum vegna þess að þær hafa orðið að hætta að vinna tímabundið af einhverjum orsökum og síðan ekki notið stuðnings maka við að fara aftur út á vinnumarkaðinn vegna þess að það hefur þótt borga sig frekar að nýta persónuafsláttinn en að fara og vinna fyrir einhverjum launum sem eru kannski ekki há.

En nóg um það. Það er staðreynd að samdráttur í atvinnulífi bitnar alltaf og alls staðar fyrst og fremst á konum, einnig oft illa á ungu fólki og eldra fólki. Það eru sem sagt rétt eina ferðina enn karlar á góðum og viðurkenndum aldri sem hafa sterkustu stöðuna og þessar fullyrðingar styðjast við raunveruleikann. Það væri kannski fróðlegt að snúa þeirri hugsun við, sem kemur fram í þeirri tillögu sem hér er til umræðu, og leita svara við því hvers vegna karlar á viðurkenndum aldri hafa svo sterka stöðu í atvinnulífinu sem reyndar annars staðar.

Auðvitað vitum við svarið, það snýst fyrst og fremst um hugarfar og hefðir og einnig þeir þættir ráða miklu þegar reynt er að skyggnast á bak við þær staðreyndir sem ráða atvinnuleysi kvenna. Þar ráða áreiðanlega að stórum hluta hefðir og hugarfar eins og hv. 1. flm. kom einmitt inn á í sambandi við starfsval og aðra slíka þætti. Að vísu er óvíst að það komi skýrt fram í niðurstöðum þeirrar nefndar sem falið verður að kanna orsakir atvinnuleysis kvenna samkvæmt tillögu okkar en þar munu koma fram upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að átta sig á þessu mynstri og hvað hægt er að gera til þess að breyta því og bæta úr. Það er margt hægt að gera og er raunar bent á ýmislegt í greinargerðinni sem hægt er að gera ef vilji er fyrir hendi. Við höfum ýmsar hugmyndir og nánast vissu fyrir því hvaða ástæður búa að baki en það er með þetta eins og t.d. með launamun kynjanna að konur þurfa fótfestu í baráttunni fyrir skilningi og bættum hag. Við munum mætavel að það munaði heldur betur um þá könnun sem birt var í upphafi árs 1995 um launamisrétti kynjanna. Sú könnun sagði okkur í raun og veru ekki annað en við vissum en kerfið heimtar skjalfestar sannanir og staðreyndir og þá eigum við að láta kerfið hafa skjalfestar staðreyndir. En það er ekki nóg að þekkja staðreyndirnar, það þarf að taka á óréttlætinu. Staðreyndirnar koma fyrst, herra forseti, og þess vegna á Alþingi að samþykkja þessa tillögu og tillöguna sem var áðan á dagskrá. Íslenskt samfélag má ekki yppta öxlum gagnvart atvinnuleysi, það á að leita orsaka og ráðast að vandanum.

[12:58]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er góð tillaga og eins og ég sagði í ræðu minni um fyrsta dagskrármálið er það svo að umræða um þessar tvær tillögur skarast. Við erum að tala um rannsókn og úttekt á atvinnuleysi, á langtímaatvinnuleysi annars vegar og rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því hins vegar. Þetta eru afar mikilvæg mál og áhugavert væri að það næðist að afgreiða þau frá Alþingi og að þau fengju brautargengi þrátt fyrir að vera þingmannamál.

Ég harma að félmrh., sem að öðru leyti hefur verið duglegur að hlýða á umræðu okkar í morgun, skuli vera horfinn á braut en ég geri enga kröfu um það að hann sé kallaður í salinn.

Hér var umræða á miðvikudag um langtímaatvinnuleysi í fyrirspurnatíma og þar var m.a. bent á það að á sama tíma og ráðherrann og ríkisstjórn vekja mjög athygli á því að atvinnuleysi hafi minnkað, þá hefur atvinnuleysi kvenna verið um 6% allan tímann í tíð þessarar ríkisstjórnar þrátt fyrir að atvinnuleysi karla hafi á sama tíma verið allt að helmingi minna. Það er umhugsunarefni fyrir okkur þegar svo góðar yfirlýsingar eru um vilja til að taka á, skoða og koma með úrbætur, að nú eru liðin þrjú ár af stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar og þrátt fyrir hin stóru orð í upphafi ferils hennar hefur ekkert verið reynt að kryfja þetta mál til mergjar með konurnar.

Það var líka vakin athygli á því hversu mikið atvinnuleysi kvenna var í Norðurl. v., eða nær 8%. Ráðherra svaraði í þessum fyrirspurnartíma og hvað kom þá í ljós? Hann vísar til þess sem hefur verið að gerast hjá Þormóði ramma á Siglufirði, í rækjuvinnslunni á Skagaströnd og í Fiski 2000 á Blönduósi og svo er vikið aðeins að aukningu hlutastarfa hjá Sjúkrahúsi Sauðárkróks. Þetta segir okkur náttúrlega hver

hin hefðbundnu kvennastörf eru, hvaða störf það eru sem bjóðast konum sem eru með heimili og börn eða konum sem eru komnar á efri aldur og hafa ekki sérstaka menntun til að fara inn í hin sérhæfðu störf og hversu ótrygg þessi störf eru, t.d. störfin í fiskvinnslu þegar eitthvað gerist.

Annað kemur líka í ljós þegar skoðaðar eru atvinnuleysistölur og það er varðandi konur með börn á skólaaldri sem eru langstærsti hópur atvinnulausra og hér er aftur og aftur komið inn á það hvað þetta þýðir. Ég er sannfærð um að þetta er samfélagslegt vandamál. Við höfum ekki búið fjölskyldunum í landinu þau úrræði sem þarf til að börnunum sé vel sinnt þegar báðir foreldrar eru á vinnumarkaði og svo hitt sem kom fram í máli framsögumanns, að laun kvenna í þessum störfum eru svo lág að þegar um það er að ræða að vera kannski í hálfu starfi og vera heima hluta úr deginum þá er það betri kostur fyrir konurnar. Og þá er spurningin: Eru þetta tryggingabótasvik? Eða er þetta í raun og veru það sem fólk er að gera í kerfi sem er vanbúið af því líka að önnur úrræði skortir? Þetta eru samfélagsleg verkefni sem er eitthvað það brýnasta fyrir okkur að skoða og taka á og sem ég held að verði eitt stærsta verkefni okkar í þeirri samvinnu sem fram undan er hjá þeim sem eru að fara saman í stjórnmálastarfi.

Annað sem ég vil líka nefna er að í ljós kemur að konur rétt um fimmtugt eru hinn hópurinn sem er stærstur á atvinnuleysisskrá og það er alveg purkunarlaust talað um það í dag í þjóðfélaginu að konur sem komnar eru um fimmtugt séu bara ekki gjaldgengar. Þetta er líka eitthvað sem er öðruvísi en hjá körlunum og það má e.t.v. leiða að því líkur að þetta sé vegna þess hve vinnumarkaðurinn er markaðstengdur. Vinnumarkaðurinn hjá okkur er að verða sífellt markaðstengdari eins og hér kom fram í umræðunni í morgun. Sífellt meiri krafa gerð til sérhæfingar. Samkeppnin er mjög hörð og e.t.v. er það enn þá svo, a.m.k. hjá fólki á miðjum aldri, að þar sé fremur að finna menntaða karla en menntaðar konur fyrir ýmis þau störf sem samkeppni er um. En við hljótum líka að staldra við það sem oft er nefnt, hvort konur séu góður kostur. Konur eru feikilega góður kostur á vinnumarkaði. Það hefur næstum alls staðar verið staðfest. Þær eru vinnusamar. Þær mæta vel. Þær eru iðjusamar. Þær hafa yfirleitt gaman af sínu starfi. Þær skila starfi sínu vel og þær eru samviskusamar og félagslyndar. Þetta eru allt almennir kostir sem nefndir eru um konur af þeim sem eru starfsmannastjórar og af þeim sem eru með stóra vinnustaði. En af einhverjum orsökum er svo komið að konur virðast ekki gjaldgengar á vinnumarkaði þegar þær eru komnar um fimmtugt og það er auðvitað algerlega óviðunandi að ekkert liggi fyrir um það hvers vegna þetta gerist.

Þetta er eitt af því sem gerir það að verkum að mjög mikilvægt er að rannsaka hverjar séu orsakir atvinnuleysis meðal kvenna og skoða hvernig þetta skiptist á kannski ólíka hópa, m.a. með tilliti til aldurs, fjölskyldugerðar, menntunar, möguleika o.s.frv. Ég er mjög ánægð með það að líka verði reynt að komast til botns í því hvernig störfum fjölgar eða fækkar, hvar þeim muni fjölga eða fækka og að unnt sé að skoða hvert við erum að halda nú þegar dregur að aldamótum.

Virðulegi forseti. Það er orðið fáskipað í salnum enda á að fara að gera hlé. En ég vil minnast á það enn einu sinni að þeir sem hafa verið að reyna að rýna inn í framtíðina, þeir sem hafa verið að skoða vinnumarkaðinn og möguleika ungs fólks í framtíðinni segja að það sé alveg ljóst að fólk verði að mennta sig til tveggja, þriggja starfa á næstu öld. Enginn muni geta menntað sig á einhvern hátt í eina gerð af starfi. Þeir sem fara í háskólanám muni jafnvel þurfa að taka tvær gráður eða þrjár til að eiga möguleika á að fara milli þeirra starfa sem breytast á nýrri öld. Og hvað þá um hina sem ekki hafa sæmilega starfsþjálfun eða þá sem flosna úr skóla? Þess vegna er lykilatriðið líka í þessu dæmi: Starfsmenntun og menntun. Þetta er hitt stóra verkefnið, virðulegi forseti, sem bíður okkar, þess fólks sem hefur jafnaðarstefnu og félagshyggju að leiðarljósi og ætlar sér að starfa saman hér á komandi árum og breyta því sem þessi ríkisstjórn hefur verið of úrræðalaus til að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

## *Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, fyrri umr.*

Þáltill. RG o.fl., 251. mál. — Þskj. 296.

[13:33]

**Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég vekja athygli á því að þetta mál er flokkað með málum sem heyra undir félmrh. Ég geri engar athugasemdir við stað þess í dagskránni en hins vegar hefði ég sjálf álitið að þetta mál ætti heima undir forsrh. miðað við eðli þess. Ég mundi óska eftir að forseti kannaði að lokinni umræðu, til hvaða nefndar það ætti að fara og hvaða ráðherra mundi fá þetta verkefni ef Alþingi bæri gæfu til þess að samþykkja málið.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

Flutningsmenn ásamt mér eru Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Ég vil sérstaklega þakka þessu fólki fyrir að vera meðflutningsmenn að þessu máli og gefa því þá vigt sem felst í stuðningi þeirra.

Þó þessi tillaga láti ekki mikið yfir sér er hér um stórt mál að ræða. Það gildir um öll mál sem snúa að réttindum fólks.

Virðulegi forseti. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Í reglunum verði m.a. tekið fram hvenær starfsmenn eigi rétt til þess að fá ólaunað leyfi frá störfum, hvernig reikna skuli leyfistímann til starfsaldurs, annarra réttinda og mats á starfshæfni og hver sé réttur starfsmanns til fyrra starfs eftir að leyfi lýkur.“ Þetta er mjög mikilvægt.

Á hverju ári fær nokkur fjöldi ríkisstarfsmanna leyfi frá störfum, ýmist án launa eða að einhverju leyti á launum. Í fyrra tilvikinu er oft um að ræða starfsmenn sem ráða sig tímabundið til starfa, t.d. á vegum alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, en í síðara tilvikinu t.d. fólk sem fær leyfi frá störfum til þess að afla sér framhaldsmenntunar er síðan nýtist því í áframhaldandi störfum fyrir ríkið.

Í tillögunni er lagt til að reglur verði settar sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og er eðlilegt að um þær reglur verði haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna.

Í ljósi tilvika sem upp hafa komið er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvaða réttindi starfsmenn ávinna sér eða tapa með því að fá launalaust leyfi og hver sé réttur þeirra til þess að taka á ný við fyrra starfi þegar leyfi frá störfum lýkur. Nauðsynlegt er að eyða óvissu sem upp er komin um þetta efni og valdið getur því að hæfir einstaklingar fáist ekki til þess að taka að sér tímabundin störf erlendis. Störf íslenskra starfsmanna á erlendum vettvangi geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar um leið og þeir afla sér verðmætrar þekkingar til áframhaldandi starfa í opinberri þágu.

Mikilvægt er að um þessi leyfi séu skýrar reglur þannig að starfsmanni sé kunnugt um rétt sinn áður en hann sækir um slíkt leyfi. Benda má á að í lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað frá árinu 1995 er í 4. gr. kveðið á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi sem hann gegnir þegar hann er kjörinn til Alþingis.

Virðulegi forseti. Við lifum í breytilegum heimi og umhverfi okkar er gjörbreytt frá því sem var fyrir nokkrum áratugum, jafnvel nokkrum árum. Hægt væri að halda því fram að einstaklingur ljúki aldrei námi. Margir telja jafnvel að í dag þurfi þeir sem sækja sér háskólamenntun tvær til þrjár háskólagráður á komandi áratugum vegna þess að krafan um betri þekkingu er mjög mikil á mörgum sviðum þjóðlífsins. Það er líka meira um það en áður að þeir sem hafa menntað sig á ákveðnu sviði, eða þeir sem hafa í störfum sínum áunnið sér þekkingu, vilja bæta við sig og sækjast eftir því að stunda nám eða sinna störfum tímabundið erlendis. Hægt er að nefna stéttir sem hafa af því mikinn hag að vera tímabundið í öðru landi að störfum eða viðbótarnámi. Nefna mætti starfsmenn ríkisfjölmiðla, háskólakennara og yfirmenn í velferðarkerfi okkar sem dæmi um stéttir sem mikilvægt er að hafi tækifæri til að kynna sér þróun mála á erlendum vettvangi og afla sér reynslu til að koma með heim. Þannig getur verið mjög erfitt að skilja á milli starfs og náms. Að kynna sér reynslu annarra og nota þá þekkingu í starfi heima fyrir er vissulega ígildi náms.

Til viðbótar því sem ég hef nefnt er auðvitað eðlilegt að vísa til starfsmanna ráðuneytanna. Þeir fá oftast tækifæri og nýta sér oftast tækifæri til að starfa tímabundið við verkefni sem koma síðar að góðu gagni heima fyrir.

Virðulegi forseti. Þegar starfsmaður, sem hefur starfað erlendis um hríð í þágu þjóðar, kemur heim og veit ekki betur en að hans bíði það starf sem hann var í leyfi frá, þá er harkalegt, svo vægt sé til orða tekið að komast að raun um að hann verði að víkja úr því að geðþótta ráðherra. Ég er að vísa til dæmis frá síðasta ári þar sem starfsmaður í ráðuneyti hafði í góðri trú horfið til starfa hjá alþjóðastofnun. Hann hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að hann gengi að embætti sínu að lokinni þjónustu á erlendri grund. Svo reyndist þó ekki. Þegar heim var komið var kominn köttur í ból bjarnar. Ekki var ætlast til þess að umræddur embættismaður gengi að starfi sínu, stól sínum og skrifborði. Þetta vakti athygli allra sem fylgdust með og hversu ranglátt það er að hverfa til starfa erlendis í góðri trú, koma heim og þurfa að sækja rétt sinn til fyrra starfs.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að Íslendingar eigi kost á að starfa hjá alþjóðastofnunum, t.d. þeim stofnunum sem reknar eru í alþjóðasamstarfi sem við viljum vera aðilar að. Þessi störf geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar. Þegar heim er komið bera starfsmenn sem þannig hafa aflað sér verðmætrar þekkingar með störfum sínum sömu þekkingu inn í íslenska stjórnsýslu. Ég met það svo að það gæti orðið erfitt fyrir Ísland að hafa þennan rétt á reiki vegna þess að þá mun fólk ekki fást til slíkra starfa.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu. Hún er mjög skýr. Hún skýrir sig sjálf. Ótal viðhorf búa í brjóstum manna eftir að þeir verða vitni að því að eitthvað sem þeir töldu eðlilegt og sjálfsagt er ekki sjálfsagt. Þannig var það í því tilviki sem ég benti á. Ég tel mjög mikilvægt að settar verði reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum. Í þessari stuttu ræðu minni, og í greinargerð með tillögunni, eru færð skýr rök fyrir því hvers vegna ætti að setja slíkar reglur.

Ég hafði vonað að ég fengi tækifæri til þess að ná þessari tillögu í gegn á síðasta þingi. Því miður komst hún ekki á dagskrá nægilega snemma þannig að nefnd gæti fjallað um hana og skilað áliti. Ég treysti því að sú nefnd sem fær þetta mál til umsagnar líti á málið með því hugarfari sem við þingflokksformenn höfum gert og veiti þessari tillögu brautargengi.

Virðulegi forseti. Ég hef mælt fyrir þessari tillögu og fylgt henni úr hlaði út frá mínum eigin sjónarhóli. Mér finnst afar mikilvægt að varaformaður þingflokks Sjálfstfl. og formaður þingflokks Framsfl. ásamt þeim Svavari Gestssyni, þingflokksformanni Alþb., og Kristínu Ástgeirsdóttur, þáv. formanni þingflokks Kvennalista, skuli öll styðja tillögugreinina og það að settar skuli reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum. Ég tek þetta sérstaklega fram til að afstýra því að með þessari uppáskrift séu þeim gerðar upp skoðanir sem ég hef á því sem ég hef hér vísað til. Það fannst mér mjög ranglátt og það hefur orðið hvati til að leita eftir stuðningi við tillöguna.

[13:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég stend hér til að lýsa sérstökum stuðningi við þessa tillögu. Okkur vantar samræmdar reglur í þessu efni. Við höfum reglur Norðurlandaráðs og af þeim er góð reynsla. Að mínu mati er ástæða til að útvíkka þær yfir á aðrar alþjóðastofnanir og önnur svið. Það getur verið erfitt að sjá hvar við eigum að stoppa með kjörin trúnaðarstörf en ég held að í þessu máli sé úrbóta þörf og sjálfsagt að vinna að því.

Þetta er öðrum þræði málefni fjmrn., finnst mér, en þetta er líka mál sem mér finnst vera vinnuréttarlegs eðlis og að því leyti tel ég að mér sem félmrh. sé greið leið að málinu. Ég sé ekkert á móti því að þessi tillaga hljóti meðferð í hv. félmn.

Ég tel að í mörgum tilfellum hafi þeir starfsmenn sem fara í svona starfsleyfi gott af því. Þeir læra ýmislegt, öðlast reynslu, víkka sjóndeildarhringinn og eru í mörgum tilfellum a.m.k. hæfari til að gegna starfi sínu heima er þeir koma til baka. Ég legg til að þessi tillaga verði samþykkt svo fremi ríkisstjórnin hafi ekki komið þessu þarfa máli í framkvæmd áður en þingi lýkur. Ég styð þetta mál eindregið.

[13:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu og tel að það sé þarft að á málinu verði tekið og vil láta það koma fram með nokkrum orðum. Ég held við þurfum að átta okkur á því að þessir embættismenn sem aðallega er

verið að fjalla um í tillögunni búa við alþjóðlegar ráðningarkringumstæður. Það er meira og meira orðið þannig að þetta fólk getur unnið hjá alþjóðasamtökum og í ýmsum löndum og ber sig saman við það sem tíðkast hjá embættismönnum í öðrum löndum. Ég held við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við þurfum að eiga góða og hæfa embættismannastétt sem getur staðið embættismönnum í öðrum löndum fyllilega á sporði, bæði hjá alþjóðastofnunum og í tvíhliða samskiptum þjóða. Þess vegna er mjög mikilvægt að um það gildi fastar og skýrar reglur hvaða réttindi og skyldur þessir einstaklingar hafa á hverjum tíma og þeir geti alltaf treyst því að staðið sé við þau orð sem sögð eru og að reglurnar séu svo skýrar að þeir þurfi ekkert að velkjast í vafa um stöðu sína.

Þess vegna segi ég þetta, að á Íslandi hefur þetta verið á einhvers konar frumstæðu geðþóttastigi. Þetta hefur farið dálítið eftir því hvaða ráðherrar hafa átt í hlut, hver hefur setið í Stjórnarráðinu þá og þá. Og ef menn hafa verið svo óheppnir að vera í útlöndum einmitt þegar stjórnarskipti eru, þá hafa þeir átt á hættu að einhverjir allt aðrir tækju á móti þeim þegar þeir kæmu heim og vissu ekkert um rétt sinn. Þetta er óþolandi staða fyrir þessa menn. Hróplegasta dæmið er auðvitað meðferðin á Birni Friðfinnssyni svo að ég tali hreint út um þetta mál. Það er frægasta dæmið í seinni tíð þótt ýmis önnur séu til. Þar er málið þannig að téður embættismaður mun enn þá vera uppi í forsrn. í vinnu við Evrópumál, en hann hafði gert ráð fyrir því að hann færi í sitt starf sem ráðuneytisstjóri þegar hann kæmi aftur.

Nú getur það auðvitað oft verið þannig að ráðherrar vilji skipta um forustumenn í ráðuneytum og það geta verið full rök fyrir því. Aðalatriðið er þó að til séu reglur og að þær séu sanngjarnar, skýrar og opnar og að menn viti að hverju þeir ganga og að reglurnar séu a.m.k. það skýrar og ljósar að útilokað sé fyrir viðkomandi ráðherra, hver sem hann er, að ganga á bak orða sinna því orð ráðherrans í dag hafa auðvitað áhrif á þær efndir sem eftirmenn hans eru bundnir af. Það vill oft brenna við í þessu frumstæða stjórnkerfi okkar að sitjandi ráðherrar líta þannig á að þeir beri helst enga ábyrgð á því sem forverar þeirra gerðu. Það er tóm vitleysa.

Stjórnarfarslega fyrir þjóðina er það þannig að það er einn félagsmálaráðherra þó hann heiti auðvitað ýmsum nöfnum. Stundum heitir hann Jóhanna og stundum Rannveig og stundum Páll og stundum Svavar, svo ég nefni nú ólíklegustu nöfn í þessu samhengi. En þjóðin á rétt á því að ráðherrann sé með samfelldan vilja og viðhorf og standi við þau fyrirheit sem annar gefur, nema það sé beinlínis tekið fram að viðkomandi vilji það ekki. Þessir hlutir hafa hins vegar verið dálítið geðþóttalegir og dyntóttir hér á landi og það er algerlega ólíðandi.

Mér er það í minni að þegar þetta mál kom upp með Björn Friðfinnsson, reis hér upp honum til varnar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég vil halda því til haga. Hann var fyrsti maðurinn sem nefndi það í þessum stól. Ég geri það vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var ekkert sérstaklega elskur að viðkomandi embættismanni í þessu svokallaða EES-máli, en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði áherslu á að málefnin væru í fyrirrúmi og svo á að vera í svona málum. Þess vegna tek ég undir með hæstv. ráðherra. Mér fannst gott það sem hann sagði um málið og hv. 1. flm.

Ég spyr: Er þetta ekki í raun og veru forsætisráðherramál eða utanríkisráðherramál? Ég hefði haldið að þetta væri kannski helst forsætisráðherramál. Ég gæti fjarska vel hugsað mér að einmitt hæstv. félmrh. héldi utan um málið því þetta eru auðvitað líka almenn vinnuréttindi sem hér er um að ræða að því er þetta fólk varðar. Þó er hér fyrst og fremst um starfsmenn Stjórnarráðsins að ræða og þess vegna fyndist mér í fljótu bragði líklegast að þetta mál væri forsætisráðherramál og að það ætti að ætlast til þess að hann setti reglur um það, en náttúrlega ekki einhliða. Það þarf að semja um þær reglur við viðkomandi stéttarfélög, í þessu tilviki t.d. Starfsmannafélag Stjórnarráðsins.

Ég kvaddi mér hljóðs, herra forseti, til að ítreka afstöðu mína til þessarar tillögu sem hér liggur fyrir.

[13:51]

**Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hér hefur farið fram og þær undirtektir sem hafa komið við þessa tillögu okkar. Ég tek undir það að þessi mál eiga ekki að vera neitt undir því komin hvað ráðherra heitir eða hvað starfsmaðurinn heitir. Að mínu mati var þetta afskaplega gróft brot á starfsmanni sem við höfum vísað til í umræðunni. Ég get alveg eins bent á annan starfsmann sem mér er afar vel við, sem er í leyfi frá félmrn. og starfar í jafnþungu og sams konar starfi hjá alþjóðastofnun. Ég er hrædd um að okkur mundi öllum bregða við ef hún kæmi hingað til að sækja starfið sitt aftur og væri send upp í forsrn. Þetta á því ekki að snúast um hvað starfsmaðurinn heitir, hvað ráðuneytisstjórinn heitir þegar um það er að ræða eða hvað ráðherrann heitir, heldur á það að vera ljóst hvaða reglur gilda um launalaus leyfi, hvaða réttindi starfsmaður hefur og hvað bíður hans þegar hann kemur til baka.

Ég met það sérstaklega mikils að félmrh. skuli hafa tekið til máls í þessari umræðu og lýst stuðningi við tillöguna og það að við þurfum reglur. Hann hefði alveg getað látið það vera og ég þakka þær undirtektir og þann stuðning.

Ég viðurkenni að ég hef litið svo á að þetta mál eigi kannski að heyra undir forsrn. vegna eðlis þess. En félmrh. hefur bent á að sem starfsmannamál ríkisins mætti líka hugsa sér að það væri mál fjmrn. Svo er það vinnuréttarlegi þátturinn sem bent er á hér. Ég verð að viðurkenna að við í félmn. æskjum yfirleitt eftir því að mál sem er vinnuréttarlegs eðlis komi til kasta félmn., a.m.k. til umsagnar ef talið er að það eigi heima annars staðar. Þetta segir okkur að það er nokkurt álitamál hvar þetta þingmál á heima. Ég vil fela forseta að kanna hvort það álit félmrh. kunni að vera rétt að þar sem málið sé svo vinnuréttarlegs eðlis, þá sé eðilegt að það fari til félmn. Ég set það í hendur forseta og starfsmanna þingsins að skoða það.

Ég treysti því, virðulegi forseti, að ágætar undirtektir félmrh. verði til þess að kollegar hans í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar fari að ráðum hans þar sem hann er einn af ráðherrunum í þessari ríkisstjórn og að stuðningur hans verði til þess að þetta mál fái brautargengi eftir umfjöllun í nefnd. Ég þakka ágæta umræðu og sérstaklega stuðning sem hér hefur komið fram.

[13:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða málefni einstakra starfsmanna sem hafa borið á góma í þessari umræðu eða hvort svínað hafi verið á einhverjum. Eftir því sem ég man best voru rök fyrir því að viðkomandi ráðuneytisstjóri tók ekki við starfi sínu strax, það voru veigamikil verkefni sem annar hafði verið að vinna og hæstv. iðnrh. óskaði eftir því að hann lyki þeim.

Ég hélt að þetta mál væri í sæmilegu samkomulagi og því hefði verið lent. Ég veit ekki betur en viðkomandi ráðuneytisstjóri taki við starfi sínu á einhverjum tilsettum tíma og ég treysti því alveg hreint fyrir fullt og fast að hann hefur áreiðanlega ekki verið iðjulaus í forsrn. þann tíma sem hann hefur verið þar innan dyra.

[13:56]

**Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hefur það komið mjög skýrt fram í máli mínu að þessi tillaga er flutt að gefnu tilefni. En ég hef heldur ekki kosið að fara beinlínis í umfjöllun um einstaklinga eða geta nafna manna. Tillagan er mjög mikilvæg. Ég efast ekki um að sá sem hér hefur verið vikið að hefur haft nóg að gera og yfrin verkefni, enda maðurinn verkfús og hæfur. Hitt er annað mál að það fór ekki fram hjá þjóðinni eftir að hann kom heim frá starfi sínu erlendis og úr sínu ólaunaða leyfi, að það kom honum fullkomlega á óvart að geta ekki gengið að sínu fyrra starfi. En ég tek undir með ráðherranum að það er ekki beinlínis tilefni til að reyna að kryfja það mál til mergjar hér. Það er fortíðin. Við lítum til framtíðar og ákveðum það saman að reglur skuli settar þannig að hér eftir gangi enginn gruflandi að því hver réttur hans er eða að hverju hann hverfi þegar hann kemur til baka, hvort heldur hann hefur farið í launalaust leyfi vegna náms eða starfa hjá alþjóðastofnunum.

[13:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að staðið geti misjanflega á verkum í ráðuneytum og það sé eðlilegt að menn sem hafa verið að vinna að vandasömum verkefnum, afleysingamennirnir, fái tækifæri til að ljúka þeim ef svo vill verkast. En réttur hins, þess sem fór og kemur aftur, skerðist að sjálfsögðu ekki við það til neinnar frambúðar. Við nánari athugun hygg ég að þetta sé málefni sem stjórnarfarslega heyri frekast undir fjmrn. samkvæmt reglugerðinni um Stjórnarráðið og þar af leiðandi væri líklega réttast að það færi til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, fyrri umr.*

Þáltill. GGuðbj o.fl., 366. mál. — Þskj. 587.

[13:59]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn. Flutningsmenn auk mín eru úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum eða þau Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir og Svavar Gestsson.

Tillaga þessi er flutt að fyrirmynd frá Svíþjóð þar sem þessi skipan mála hefur gefið mjög góða raun. Ástandið í jafnréttismálum hér, ekki síst það hve hægt gengur að koma konum eða körlum með áhuga á jafnréttismálum í æðstu valdastöður með tilheyrandi afleiðingum á jafnréttismálin almennt, hefur sannfært mig um mikilvægi þess að fræðsla um jafnréttismál fyrir æðstu ráðamenn sé nauðsynleg, ekki síst nú þegar ákveðin aðferðafræði, svokölluð samþætting, á að notast í stefnu stjórnvalda. Þessa aðferðafræði þarf að kenna til að hægt sé að beita henni á markvissan hátt.

Tillögugreinin hljóðar svo með leyfi forseti:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að móta stefnu um aðgerðir sem tryggi að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu almennt og á sínu sviði sérstaklega. Í því skyni verði tekið saman vandað námsefni og haldin námskeið sem ráðamönnum verði gert að sækja. Tryggt verði að þekkingunni verði haldið við með eftirliti og aðhaldi og með því að halda námskeið með reglulegu millibili."

Svo mörg voru þau orð. Markmiðið með framangreindum jafnréttisaðgerðum er að skapa samfélag þar sem bæði kynin búa við sömu möguleika, réttindi og skyldur á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að það markmið náist þarf að beita svokallaðri kynjaðri hugsun við alla stefnumörkun og aðgerðir framkvæmdarvaldsins, Alþingis, fyrirtækja og stofnana.

Íslenska ríkisstjórnin hefur á alþjóðavettvangi skuldbundið sig til að samþætta sjónarhorn kynjajafnréttis hefðbundnum stjórnmálum og stjórnun. Má þar nefna að samþætting gengur eins og rauður þráður í gegnum framkvæmdaáætlunina frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking frá 1995. Norræna ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að samþætting skuli einkenna allt starf á vegum nefndarinnar. Innan Evrópuráðsins og í framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum, sem Íslendingar eiga aðild að í gegnum EES-samninginn, er samþætting lykilhugtak og miklar vonir eru bundnar við þessa aðferðafræði.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til næstu fjögurra ára er komið að þessum samþættingarhugmyndum. Þess vegna er alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að koma þeim í framkvæmd. Til þess að svo verði þarf ýmislegt að koma til, t.d. er nauðsynlegt að pólitískur vilji sé fyrir hendi til að leiðrétta þann ójöfnuð á milli kynjanna sem allt samfélagið líður fyrir. Þennan vilja þarf að sýna í verki.

Samþætting byggir á þeirri staðreynd að staða kynjanna sé á flestum sviðum ólík og taka þurfi tillit til þess við alla ákvarðanatöku. Grunnforsenda þess að samþætting takist er því pólitískur vilji, kyngreindar upplýsingar, fræðsla og eftirfylgni. Þarna vil ég undirstrika fræðsluna sem er sérstaklega til umræðu.

Fræðin um hið félagslega kyn — sem uppi í Háskóla eru kölluð „kynjafræði" og eins og þau eru líka nefnd í nýútkomnum bæklingi frá skrifstofu jafnréttismála — er sérstakt þekkingarsvið. Það er ekki hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem hefur ekki til þess kunnáttu. Til þess að raunveruleg samþætting eigi sér stað þarf jafnréttisfræðsla því að vera forgangsverkefni.

Flestir vita að jafnréttisvinnan er oft unnin af sérfræðingum, hvort sem þeir eru í ráðuneytum eða hjá Jafnréttisráði. Oft eru þetta sérfræðingar sem ekki hafa pólitísk völd eða hafa mjög mikið fjármagn til eigin nota. Samþættingin gerir ráð fyrir að jafnréttisvinnan verði eðlilegur hluti allra starfa í stjórnmálum og stjórnsýslu. Áhrifamestu gerendurnir eru að sjálfsögðu þeir sem hafa mestu völdin og fjármagnið eða æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Með æðstu ráðamönnum er átt við ráðherra ríkisstjórnarinnar, forstjóra ríkisstofnana, biskup, ríkissaksóknara, dómara og rektora háskóla, en að sjálfsögðu mætti teygja þetta til fleiri embætta. Þessum aðilum verður að vera ljóst hver ábyrgð þeirra og áhrifamáttur er á stöðu kynjanna. Þeirri ábyrgð má líkja við ábyrgð á fjármálum eða öryggismálum sem engir stjórnendur geta skorast undan, hver svo sem starfsvettvagnur þeirra er eða

hvort þeir hafa sérstakan áhuga á þessum sviðum. Ég vil vekja athygli á því að í greininni er gert ráð fyrir að þessum embættismönnum eða ráðamönnum sé gert að sækja þessi námskeið.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan hafa Svíar gert mjög myndarlegt átak til að tryggja lágmarksþekkingu æðstu stjórnenda sinna á ólíkri stöðu kynjanna á mismunandi sviðum samfélagsins. En hvers vegna fóru Svíar út í það? Jú, það er rétt að geta þess að það var vegna þess að fyrir þingkosningarnar í Svíþjóð árið 1994 voru konur þar mjög óánægðar með þróun jafnréttismála og svokallaðar stuðningssokkur íhuguðu af alvöru að bjóða fram sérstakan kvennalista. Samkvæmt skoðanakönnunum leit svo út fyrir að þær mundu fá 30–40% fylgi kjósenda.

Þegar til kom höfnuðu stuðningssokkurnar framboðsleiðinni enda brugðust stjórnmálaflokkarnir þannig við að konum var fjölgað í öruggum sætum á framboðslistum, t.d. setti Verkamannaflokkurinn konur í annaðhvort sæti og hét því að ef flokkurinn kæmist í ríkisstjórn mundi hann tryggja að konur yrðu helmingur ráðherra sem reyndar varð raunin. Það var Mona Sahlin sem þá var jafnréttisráðherra sem hóf þessi námskeið strax að loknum kosningum og fyrstur til að setjast á skólabekk var Ingvar Carlsson, þáverandi forsætisráðherra, og sýndi hann þannig fordæmi fyrir aðra ráðamenn. Síðan hafa allir sænskir ráðherrar farið á slík námskeið ásamt aðstoðarmönnum sínum, ráðuneytisstjórum, biskupum, forstjórum ríkisstofnana, blaðafulltrúum og fleirum. Það er mjög athyglisvert að það orðspor komst strax á þessi námskeið að þau væru eftirsóknarverð, þau væru eingöngu fyrir toppana og þar af leiðandi varð það virðingaratriði og það kom töluverður þrýstingur frá þeim sem litu á sig sem toppa um að komast á slík námskeið. Þessi námskeið eru því enn í gangi og eru mjög vinsæl.

Námskeiðin hafa verið tvíþætt. Annars vegar hefur sænsku þjóðinni verið lýst á námskeiðunum út frá stöðu kynjanna á mismunandi aldri, farið t.d. yfir aðstöðu aldraða, stöðu barna, stöðu kvenna á mismunandi aldri o.s.frv. og kyngreind tölfræði óspart notuð í þeim tilgangi. Þetta er sem sagt hinn almenni hluti námskeiðanna sem allir hafa fengið. Hins vegar hefur seinni hlutinn verið þannig að efnið hefur verið aðlagað mismunandi þekkingarsviðum þeirra ráðamanna sem sækja námskeiðin hverju sinni. Þessi fræðsla og vitundarvakning er ein ástæða þess að staða kvenna í Svíþjóð er umtalsvert betri en staða íslenskra kvenna. Það er ekki nóg að hafa Jafnréttisráð, þessi sjónarmið verða að hafa talsmenn í toppstöðum í öllum ráðuneytum og í öllum ríkisstofnunum.

Á Íslandi hefur safnast mikil þekking á ólíkri stöðu kynjanna og kynjafræðum, þótt enn sé mikið verk óunnið. Mikilvæg sérfræðiþekking hefur myndast við Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og tekin hefur verið upp kennsla á þessu sviði við háskólann. Skrifstofa jafnréttismála, Kvennaathvarfið, Kvennalistinn, Stígamót, kvennablaðið Vera, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélagið og fleiri aðilar hafa einnig dregið fram í dagsljósið mikilvægar upplýsingar um stöðu kynjanna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Kyngreind tölfræði er að verða mun aðgengilegri, samanber t.d. bækling Hagstofunnar, „Konur og karlar“ (1993, 1997) og það ætti því að vera vel framkvæmanlegt að taka saman gagnlegt fræðsluefni og fá til þess hæfa sérfræðinga til kennslustarfa. Símenntun þarf að tryggja með því að halda námskeið með reglulegu millibili og með eftirliti og aðhaldi. Aðhald mætti veita með ýmsum hætti. Í Svíþjóð hefur það verið gert með því að aðstoðarmenn ráðherra hittast mánaðarlega og eiga að fylgja því eftir, hver á sínu sviði, að öll starfsemin sé í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um samþættingu. Þeir bera einnig ábyrgð á að nauðsynleg þekking sé aðgengileg.

Ef vilji er fyrir hendi til að sýna samþættingu í verki er jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn einföld, ódýr og áhrifarík aðgerð til vitundarvakningar og hefur mikilvægt fordæmisgildi fyrir aðra þjóðfélagsþegna.

Herra forseti. Að lokum vek ég athygli á því að í áðurnefndri jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar sem var lögð fram í þinginu eftir að þetta þingskjal var birt segir um nákvæmlega þetta atriði í lið 3.2. Þar er talað um fræðslu um jafnréttismál, og þá vitna ég beint í þá jafnréttisáætlun sem hér var til umræðu fyrr í vikunni:

„Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.“

Þetta sýnir ótvírætt að mínu mati að ríkisstjórnin virðist vera sammála í þessu mikilvæga máli, að fræðsla af þessu tagi eigi sér stað. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. félmrh. sem hér er staddur hvort sú tímaáætlun sem þarna er nefnd, þ.e. í byrjun árs 1998, sé raunhæf að hans mati, óháð því hvenær jafnréttisáætlunin verður afgreidd frá þinginu. Í þessum lið er vísað til þess að námskeiðin verði svipuð og nýafstaðið námskeið um stjórnsýslu og jafnréttislög sem mér er ekki alveg kunnugt um hvernig voru. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort sú framkvæmd er í samræmi við það sem lagt er til og hvort við flm. getum búist við stuðningi, a.m.k. flokks hæstv. félmrh. við þessa tillögu sem samræmist stefnu ríkisstjórnarinnar? Slík fræðsla hlýtur að þurfa gaumgæfilegan undirbúning, t.d. að tekið verði saman vandað námsefni sem samþykkt tillögunnar gæti tryggt.

Ég geri mér miklar vonir um að tillagan verði samþykkt á þessu þingi þar sem ríkisstjórnarflokkarnir og bæði þingflokksformenn og formenn allra stjórnarandstöðuflokkanna virðast sammála um að slík fræðsla fyrir æðstu ráðamenn eigi fullan rétt á sér.

[14:14]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég er ekki sannfærður um að það sé brýnt að samþykkja akkúrat þessa tillögu vegna þess, eins og hv. síðasti ræðumaður og flm. tillögunnar kom að, að í framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem rædd var hér fyrir skömmu, er ákvæði um akkúrat þetta verkefni, þ.e. að skipulögð verði námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, hlutverk þeirra, ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta árs 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.

Nú er þess að geta að þessi framkvæmdaáætlun var lögð fram fyrir jól. Hún varð ekki útrædd á haustþinginu og kom reyndar ekki til 1. umr. fyrr en í fyrradag og gekk til nefndar í gær þannig að að vera kann að það verði eitthvað knappur tími og væntanlega tekur einhvern tíma að afgreiða hana á þinginu þannig að það styttist í fyrri hluta ársins 1998. Ég reikna með að þegar framkvæmdaáætlunin hefur verið samþykkt eða afgreidd á Alþingi þá muni ég efna til fund-

ar með yfirmönnum ríkisstofnana til að kynna efni hennar, bæði þetta og annað og í framhaldi af því verða væntanlega þessi námskeið haldin. Ég hef einu sinni áður efnt til slíks fundar meðal yfirmanna ríkisstofnana. Það mun hafa verið fyrir svona tveimur árum síðan og hann tókst afar vel að því leyti til að hann var mjög vel sóttur og forstöðumenn ríkisstofnana sýndu málinu alveg sérstakan áhuga. Ég var að vísu ekki ánægður með allt sem þar var sagt en í stórum dráttum. Fundarsóknin bar í sjálfu sér vott um áhuga manna á málinu.

Þessu til viðbótar vil ég geta þess, eins og ég hef kannski gert úr þessum ræðustól áður, að ég hef í undirbúningi endurskoðun jafnréttislaganna og vænti þess að geta lagt fram frv. þess efnis á næsta haustþingi. Það yrði þá verkefni næsta þings og þar má e.t.v. taka enn frekar á fræðslumálunum.

[14:17]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að þau hafi vissulega valdið mér vonbrigðum. Í fyrsta lagi veldur mér vonbrigðum að hann er að segja að það eigi ekki að hefja þessi námskeið í ársbyrjun 1998 eins og stendur í áætluninni heldur verði að bíða eftir að þáltill. ríkisstjórnarinnar verði samþykkt sem væntanlega verður ekki fyrr en undir þingslit eða í vor.

Í öðru lagi útskýrði hann ekki hvort þau námskeið sem þarna á að nota sem módel séu eitthvað í svipuðum dúr og þau sem lýst er í þessari tillögu, en þar er þess m.a. krafist að sérfræðingar á sviði jafnréttismála sjái um fræðsluna, að útbúið verði sérstakt námsefni og að alveg ákveðin stefna liggi að baki, þ.e. að verið sé að fræða m.a. um samþættingaraðferðafræðina. Mér finnst tilgangur fyrirhugaðra námskeiða svolítið óljós og kannski of almennur ef það á bara að kynna fyrirliggjandi löggjöf. Ég vil því spyrja nánar um hvort ráðherrann sé ekki á því að það þurfi að semja sérstakt námsefni og að til þess þurfi sérfróða aðila og hvort ekki þurfi einhvers konar nefnd, eins og lagt er til í þáltill. minni, til að sjá hreinlega um framkvæmd á þessu máli.

[14:19]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt vinnulag að doka við eftir því að framkvæmdaáætlunin verði afgreidd áður en farið er að vinna að einstökum verkefnum sem þar eru tilgreind, þ.e. með auknum þrótti. Auðvitað eru mörg þeirra þegar í gangi. Afgreiðslan fer væntanlega fram í mars eða í fyrri hluta apríl þannig að nokkurt svigrúm gefst til að vinna að málinu.

Það er alveg rétt að ég útskýrði ekki í smáatriðum hvernig námsefni yrði háttað. Það er vegna þess að ekki er búið að ákveða það. Það hefur engin ákvörðun verið tekin nákvæmlega um það hvernig þetta verkefni verður unnið í smáatriðum. Ég er ekkert viss um að við bindum okkur við sænska módelið þó að við höfum það sennilega til hliðsjónar að einhverju leyti.

[14:20]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. En mig langar að spyrja hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórn að ráðamönnum, t.d. ráðherrum, verði gert að sækja þessi námskeið. Það skiptir mjög miklu máli hvort þetta er frjálst val eða hvort þetta verður liður í því að koma á samþættingarstefnunni sem ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt á opinberum vettvangi að vinna eftir og er í þessari þáltill. um jafnréttisáætlun. Ég vil því aðeins heyra frá hæstv. ráðherra hvort það hefur verið rætt í ríkisstjórn eða hvað hann hugsar sér í þeim efnum. Ég er uppeldisfræðilega menntuð og þar af leiðandi almennt hlynntari því að fólk sæki sér fræðslu af fúsum og frjálsum vilja, en reyndin virðist vera sú að þessi mál eru oft talin vera mjúk mál og að konur hafi meiri áhuga á þeim. En aðferðin sem notuð var í Svíþjóð reyndist mjög vel, þ.e. að tengja þetta við virðingu þannig að það yrði hreinlega skylda toppráðamanna að sækja þau. Og ég tel í raun og veru að sú aðferð sé skilyrði þess að takmarkið náist, þ.e. að þetta verði liður í því að fræða æðstu ráðamenn í raun um þessi mál.

[14:22]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég ekki hámenntaður uppeldisfræðingur en ég tel vænlegra að reyna að laða fólk til verka en að skipa því eða skylda það og ég mun ekki beita mér fyrir því að skylda neinn. Ég held að þess þurfi ekki vegna þeirrar reynslu sem ég fékk af námskeiðinu sem boðað var til, og ég gat hér um áðan, fyrir tveimur árum síðan þar sem á annað hundrað yfirmenn ríkisstofnana komu af fúsum og frjálsum vilja, alveg án þess að það væri skyldumæting. Ég tel því alls ekki tímabært að gera þetta að einhverri skyldu. Við skulum sjá hvað hægt er að gera með góðu áður en farið er að ganga í það með illu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um skyldumætingu eða annað í ríkisstjórninni og þessi grein hefur ekki verið rædd sérstaklega svo að ég muni eða færð til bókar. En þetta er hluti af framkvæmdaáætluninni og var að sjálfsögðu rætt þar með öðrum verkefnum áætlunarinnar.

[14:24]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi svör valda mér mjög miklum vonbrigðum og sýna enn einu sinni að þessi ríkisstjórn hefur í raun og veru engan pólitískan vilja í þessum efnum. Það er algert grundvallaratriði til að þau fallegu orð sem eru í jafnréttisáætluninni eða í stefnumálum og jafnréttismálum yfirleitt gangi fram, að til staðar sé pólitískur vilji. Og þessi orð ráðherrans sýna að þetta eiga aðeins að vera orð á blaði. Hér er ekki sú stefnufesta sem t.d. kom fram hjá Monu Sahlin í Svíþjóð, að þetta yrði forgangsmál og gengi í gegnum allt saman. Þetta á kannski að vera áhugamál jafnréttisráðherrans úti á útjaðrinum og nær e.t.v. ekki til neinna annarra ráðuneyta. Ég er mjög óánægð með þessi svör.

[14:25]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það verður að hafa það þó að hv. þm. sé mjög óánægð. Ég get ekkert gert að því. Það er hennar mál. Ég hef mitt vinnulag sem ég að vísu viðurkenni að er kannski ekki það vinnulag sem hámenntaðir uppeldisfræðingar nota. En ég tel hins vegar að það sé betra að fá fólk til að leggja sig fram með því að fara vel að því heldur en illa. Í þeim verkum sem ég hef verið að reyna að vinna í mínu ráðuneyti hef ég reynt að gera hlutina ekki með fyrirskipunum heldur með tilmælum og ég hef náð sæmilegum árangri held ég til þess að ná vilja mínum með því verklagi.

[14:26]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem hámenntaður uppeldisfræðingur vil ég taka undir það með hæstv. ráðherra að það er mun vænlegra almennt að fræðsla eigi sér stað af fúsum og frjálsum vilja. Reynslan í kvennabaráttunni og jafnréttisbaráttunni í 20 ár hefur sýnt að í þessu máli duga engin vettlingatök. Og það er vegna þeirrar góðu reynslu og stefnufestu sem hefur verið í þessum málum í Svíþjóð sem ég hika ekki við að leggja til það módel sem þeir nota og tel að það sé eina leiðin til þess að árangur náist.

[14:27]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka uppeldisfræðingnum, doktornum, fyrir þá viðurkenningu að upplýsa það að aðferðafræðin sé rétt. En ég fæ mig ekki til þess að skilja að ef aðferðafræðin er rétt, sem ég fagna mjög og sé að ég hef verið á réttri leið, þá eigi hún ekki við um þetta efni eins og önnur. Ef það þarf að vinna að jafnréttismálum með nauðung þó að betra sé að vinna með ljúfleika í öðrum málefnum, þá er ég bara ekki með. Ef þetta er góð aðferðafræði sem hér hefur verið upplýst, þá ætla ég að vinna eftir henni áfram.

[14:28]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra talar um ljúfa aðferðafræði. Er það sú aðferðafræði sem hefur sýnt okkur þann árangur sem er nú að verða í launamálum kynjanna og felst í því að jafnréttislögin eru brotin af svo til öllum ráðherrum í þessari ríkisstjórn og þeirri sem sat þar áður? Reynslan sýnir okkur að þessi ljúfa aðferðafræði sem hér er notuð er ein meginskýringin á því að jafnréttislög eru brotin daglega af ráðherrum sem öðrum. Það er kominn tími til að íslensk stjórnvöld taki þessi lög jafnalvarlega og önnur, láti fjármagn núna fylgja þeim eftir og stingi ekki höfðinu í sandinn og telji best að ná þessu öllu fram með hægindum. Það gerist bara einfaldlega ekki þannig. Við höfum 20 ára reynslu sem sýnir að svo er ekki.

[14:29]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það ekki til mín að 12. gr. jafnréttislaga sé brotin. Ég tel að ég hafi unnið eftir henni. Ég get ekki svarað fyrir aðra ráðherra. Það er þeirra mál ef þeir ekki fara nákvæmlega að lögum. Ég ber alls enga ábyrgð á því hvað ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn gerðu. Ég tel að mér hafi gengið vel að ræða um jafnréttismál. Ég hef getað fengið fólk til þess að hlusta á mig sem er meira en sumir aðrir sem um þau mál hafa rætt geta hrósað sér af.

Hryggilegur launamunur sem virðist vera að aukast milli karla og kvenna er úrlausnarefni og það er ástæða til þess að gaumgæfa það. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það þó að karlar með lengri vinnudegi fái hærri laun en konur, þ.e. eins og þetta hefur verið sett upp með meðaltímakaup, þá legg ég þann skilning í að þar sé unnum vinnustundum deilt í heildarlaunapakkann. Það er ekki rétt uppsetning. Sömu laun eiga að vera fyrir sömu vinnu eða jafnverðmæt störf. Við erum að vinna að starfsmati sem getur verið þáttur í þessu og ég er alveg opinn fyrir því.

Varðandi árangurinn með nauðung eða frelsi og að laða fólk að, lofa því að átta sig, þá vitna ég til sameiningar sveitarfélaga sem er dálítið hliðstætt verkefni. Ég hef ekki verið að knýja sveitarfélög til sameiningar. Ég hef varast að gera það. (Forseti hringir.) Ég hef varast að reyna að þrýsta á sveitarfélögin til sameiningar, enda eru þau í óða önn að sameinast af því að menn sjá að það er skynsamlegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ríkisreikningur 1996, 2. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97, nál. 749.

[14:32]

**Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherra taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ítrekuðu ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur að öðru leyti til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Gísli S. Einarsson, Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[14:33]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Eins og hér kom fram undirrita allir fjárlaganefndarmenn ríkisreikninginn. Út af fyrir sig er kannski ekki rétt að flytja langar ræður um hann. Þetta er ríkisreikningur fyrir árið 1996 og raunar er ástæða til að fagna ákveðnum atriðum um ríkisreikninginn við þessa umræðu í ár, t.d. að nú er verið að ræða um niðurstöðu síðasta árs eða reyndar komið svolítið fram á þetta ár en það er raunverulega fyrir árið 1996 en ekki langt aftur í tímann eins og algengt var fyrir nokkrum árum þegar jafnvel tveir til þrír reikningar voru til umræðu þegar stjórnvöldum hentaði. Þetta var vegna þess að stofnanirnar í A- og B-hluta ríkisreiknings virtu ekki sem skyldi fresti Ríkisbókhalds um skil á ársreikningum og í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa einungis 10–15% ríkisstofnana skilað reikningum á réttum tíma en síðan mánuði seinna voru 60–70% í skilum."

Ég velti því fyrir mér að rétt hefði verið að spyrja hæstv. fjmrh. hefði hann verið viðstaddur: Hvað með þá sem ekki höfðu skilað 1. maí miðað við skilatímann 1. apríl eins og á að fara með ríkisreikninginn? Ég ætla ekki, herra forseti, að gera kröfu til þess að náð sé í hæstv. fjmrh. en auðvitað ætti hæstv. fjmrh. að vera við umræðuna svo hægt væri að beina til hans spurningum. Ég get ekki annað en vakið á því athygli einu sinni enn að það er skylda hæstv. ráðherra að vera við þegar verið er að ræða afgreiðslu mála í viðkomandi ráðuneytum. Ég má til með, herra forseti, að hafa orð á þessu og bið um að forsn. skoði þau mál ítarlega að hæstv. ráðherrar í viðkomandi málaflokkum séu við þegar er verið að afgreiða mál endanlega úr ráðuneytum þeirra.

Nettóskuldir ríkissjóðs er helsti mælikvarði sem hægt er að tala út frá. Þær voru í árslok 1996 238,7 milljarðar og

höfðu hækkað um 14,4 milljarða eða um 6,4% á milli ára. Á annan hátt sagt er búið að ráðstafa þegar þetta er skatttekjum 22 mánuði fram í tímann miðað við óbreytta tekjuöflun á þeim tíma. Hækkun tekinna lána nam á árinu 12,5 milljörðum, lántökur voru 54,3 milljarðar en endurgreiðslurnar voru 42,8 milljarðar. Þetta segir að mikið þarf ríkissjóður að bæta sig á þessum tíma þegar þetta var gert vegna þess að ríkissjóðstekjur voru 14,1 milljarði hærri 1996 en 1995. Sem betur fer hafa mál skipast dálítið á annan veg en við þurfum að velta því fyrir okkur þegar þar að kemur þegar uppgjör verður á ríkisreikningi fyrir árið 1997, hvers vegna. Hvers vegna var afgangur? Ég minni menn á að þegar þar að kemur munu menn fara vel yfir það af hverju afgangur varð til, eins og menn hafa verið að gera grein fyrir á undanförnum dögum.

Það sem er mesti áhyggjuvaldur þegar ríkisreikningur er skoðaður er breyting lífeyrisskuldbindinga til hækkunar á hverju ári. Þessar hækkanir voru vart ræddar fyrir nokkrum árum en hækkunin vegna starfandi og eldri starfsmanna nemur 7,9 milljörðum og liðlega tveimur milljörðum í verðbreytingum. Ég vil kalla þetta glóð sem getur blossað upp áður en menn átta sig á. Í þessum málum eru kjarasamningar mesti áhrifavaldurinn vegna þess að þeir virka ekki aðeins gagnvart þeim sem gera samninginn heldur gagnvart öllum þeim sem unnu eftir þeim samningum en taka síðan lífeyri. Þess vegna myndast spenna.

Það sem skiptir mestu varðandi lífeyrismálin er ávöxtun sjóðanna og rétt er að benda á að samkvæmt mati tryggingafræðings vantar 36 milljarða kr. upp á að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins geti staðið undir skuldbindingum miðað við eignir. Þetta, herra forseti, er mikill áhyggjuvaldur og er ekki að furða þó að hæstv. fjmrh. sé skelfdur yfir þessum staðreyndum því að þetta eru staðreyndir sem við vitum að blasa við. Ég hafði hugsað mér að vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi afskriftir lána en ég læt mér nægja að vísa til þeirrar skýrslu. Ástæða er til þess að menn skoði hversu mikið tap er hjá ríkinu í þeim málaflokki.

Ég vil aðeins ræða um vanskil vörslufjárskatta. Fjöldi gjaldenda sem eru í vanskilum er 480. Það eru 480 gjaldendur í vanskilum með kröfur sem nema 2,6 milljörðum. Það sem vekur áhyggjur er að það tekst aðeins að afgreiða 30–40 vanskilamál á ári. Ég hefði spurt hæstv. fjmrh., ef hann hefði verið við hvort hann ætlaði ekki að grípa til róttækra ráðstafana í þessum málum. Enn er slæmt að hæstv. ráðherra er ekki við til þess að svara tveimur til þremur lykilspurningum sem þarf að koma að og ástæða er til að fá svar við á hvern hátt menn ætla að bregðast við.

Þeir sem eru skuldarar við banka og einstök fyrirtæki verða að sæta hörðum aðgerðum við innheimtu skulda. En hvað með skuldarana við aumingja ríkissjóð? Rétt er að vitna til þess að í svari sem gefið var á Alþingi um vanrækslu í virðisaukaskatts- og staðgreiðslumálum frá árinu 1994 voru 30 af 53 gjaldendum gjaldþrota. Svona má segja að dæmin séu hvert af öðru. Á þann hátt erum við að glata fjármunum.

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að gerður sé samanburður á því hvernig staðan er í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í þeim málum sem ég var að fara yfir. Hvernig er staðan varðandi gjaldþrotin? Hvernig er farið með einstaklinga í gjaldþrotum? Hvernig er farið með fyrirtækin? Þetta er mál sem þarf stöðugt að vera í skoðun, herra forseti.

Eins og ég sagði í upphafi er ekki ástæða til flytja langa ræðu um ríkisreikning frá 1996 annað en það að ég hældi því í upphafi að við værum að fjalla um reikning sem væri tiltölulega nýr og margt hefur breyst til batnaðar í meðferð ríkisfjármála og það ber að þakka. En ég lýk þessari umfjöllun með tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta, sem er svona:

„Að mati Ríkisendurskoðunar má draga þá heildarniðurstöðu að það verður að gera átak til að lagfæra innra eftirlit og bókhald fjármála ríkisstofnana."

Ekki er ásættanlegt að svo margar athugasemdir séu gerðar varðandi eigna-, tekju- og viðveruskráningu ríkisstofnana eins og raun ber vitni í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1996.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Meðferð opinberra mála, 1. umr.*

Stjfrv., 441. mál (sektarinnheimta). — Þskj. 768.

[14:43]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í samráði við réttarfarsnefnd. Tilgangur frumvarpsins er að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu.

Undanfarið hefur sektarinnheimta hjá lögreglustjórum verið til sérstakrar athugunar í dómsmrn. Í nokkrum af stærri umdæmum landsins hefur ekki náðst viðunandi árangur við þá innheimtu og bíður umtalsverður fjöldi slíkra mála afgreiðslu. Nauðsynlegt er að tryggja að þessi mál hljóti afgreiðslu lögum samkvæmt enda er það forsenda þess að refsingar hafi tilætluð varnaðaráhrif. Ekki verður heldur við það unað að þeir sem greiða sektir af skilvísi þurfi að þola að aðrir komist hjá viðurlögum í fyllingu tímans vegna fyrningar með því einu að hirða ekki um að sinna sektarboði lögreglustjóra.

Til að tryggja bætta sektarinnheimtu hjá lögreglu hefur meðferð þessara mála sætt gagngerri endurskoðun í því skyni að gera hana markvissari. Til að ná því markmiði var reglugerð um lögreglustjórasáttir endurskoðuð og tók ný reglugerð gildi 16. jan. sl. Í þeirri reglugerð er að finna ítarlegar reglur sem mæla fyrir um skilvirka og samræmda meðferð þessara mála. Einnig hefur verið tekin í notkun hjá embætti ríkislögreglustjóra samræmd skráning þessara mála á landsvísu og mun hún bæta mjög allt skipulag og eftirlit með sektarinnheimtum.

Með þessu frv. er lögð til einfaldari og hraðari meðferð smærri sakamála fyrir dómi með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu. Lagt er til að þá ákvörðun taki dómari með áritun á sektarboð sem sakborningur hefur ekki sinnt. Gert er ráð fyrir að þessari málsmeðferð verði einvörðungu beitt þegar brot varða ekki þyngri viðurlögum en vægum sektum en slík mál eru jafnframt mikill þorri þeirra sakamála sem lögregla hefur til meðferðar. Þannig væri í flestum tilvikum unnt að komast hjá útgáfu ákæruskjals í einföldustu málum, en saksókn eftir almennum reglum í málum þar sem vörnum er ekki haldið uppi leiðir af sér mikið annríki fyrir dómstóla og lögreglu.

Ég hef nú í helstu atriðum gert grein fyrir tilgangi frv. Til að ná þeim markmiðum eru gerðar tillögur um þar til greindar breytingar á lögunum. Til að mál sæti þeirri meðferð fyrir dómi sem lögð er til með frv. verða viðurlög við broti að vera sekt sem fer ekki fram úr 50 þús. kr. Þessi meðferð getur ekki átt við ef til greina kemur að beita öðrum viðurlögum eins og sviptingu ökuréttar eða eignaupptöku. Í þeim tilvikum sem málsmeðferð á við samkvæmt frv. gefur lögreglustjóri sakborningi kost á að ljúka málinu með greiðslu sektar en í sektarboði skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið, og þau refsiákvæði sem það varðar. Einnig skal í sektarboði geta um hverjar afleiðingar geti orðið, sé því er ekki sinnt.

Ef sakborningur sinnir ekki sektarboði með því að hafna því eða greiðir ekki sekt getur lögreglustjóri að liðnum 30 dögum frá því að sektarboð barst sakborningi með sannanlegum hætti sent málið til einfaldrar ákvörðunar dómara um sekt og vararefsingu. Þannig verði máli lokið með áritun á sektarboð nema dómari telji viðurlög geta farið fram úr 50 þús. kr. sekt eða fyrirliggjandi gögn ekki nægjanleg til að sýna fram á sök sakbornings. Þessi einfalda málsmeðferð telst ekki varhugaverð í ljósi þess að athafnaleysi sakbornings við sektarboði lögreglustjóra vegna minni háttar brots felur almennt í sér líkur fyrir sekt hans ef gögn málsins hníga einnig að þeirri niðurstöðu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í frv. er heimild til endurupptöku máls ef sakborningur kemur fram með varnir sem hefðu getað haft áhrif fyrir niðurstöðu málsins.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginatriðum og markmiðum þessa frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og umfjöllunar hjá hv. allshn.

[14:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að þetta mál sé komið fram m.a. vegna þess að í fjárlögum þessa árs voru skornar niður um 30 millj. kr. fjárveitingar til lögreglustjórans í Reykjavík og embættinu ætlað að ná þeim tekjum með bættri innheimtu sekta.

Í frv. eru nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt, þegar við 1. umr. málsins, að fá fram afstöðu ráðherrans til.

Í fyrsta lagi vil ég benda á skýringu við 2. gr. frv. en þar segir svo:

„Verði frumvarpið að lögum er lagt til að þau öðlist þegar gildi. Við gildistöku laganna geta þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frumvarpinu þótt brot hafi verið framið fyrir það tímamark."

Ég tel að þetta ákvæði og túlkun þess orki mjög tvímælis, að ógreiddar sektir í kerfinu eigi að sæta meðferð samkvæmt þessu frv. þar sem hert er á sektarinnheimtunni, þó um sé að ræða brot sem framin voru áður en lögin taka gildi. Vissulega er búið að ákveða refsingu, en sektarinnheimtunni sjálfri er breytt. Maður horfir nokkuð til stjórnarskrárinnar í þessu efni, bæði 69. gr. og 77. gr. þar sem segir:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað."

Hvað varðar 77. gr., þá er oft vitnað til hennar þegar verið er að ræða um afturvirkni þó að hún fjalli ekki um refsingu. Ég lít svo á að þetta orki nokkuð tvímælis af því að segja má að um nokkra afturvirkni sé að ræða. Í 77. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið skoðað sérstaklega í tengslum við að láta ákvæði þessa frv. ná til þeirra mála og þeirra sekta sem eru ógreiddar í kerfinu. Má ekki líta svo á að um afturvirkni sé að ræða og skoða þurfi hvort hún sé heimil?

Í greinargerð með frv. er talað um að verði ekki gripið til aðgerða af þessu tilefni megi reikna með að fjöldi þessara mála falli niður vegna sakarfyrningar. Ég spyr því hæstv. dómsmrh., herra forseti: Hve mörg mál eru að nálgast það að falla undir sakarfyrningu? Ég er ekki viss um að þau mál séu svo mörg. Það kom fram í umfjöllun allshn. fyrir jól að í kerfinu eru enn mörg mál sem ekki hafa verið greiddar sektir af. Fram kom að samtals væru til innheimtu hjá embættinu dómsektir, viðurlagaákvarðanir, sáttir, umferðarmál og sakarkostnaður í 5.352 málum sem nemur tæplega 292 millj. kr. Auðvitað eru þetta miklar fjárhæðir sem ekki hefur tekist að innheimta. Maður veltir því fyrir sér hvort öll úrræði sem finna má í lögum um meðferð opinberra mála hafi verið notuð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort reynt hafi verið að beita ákvæðum 115. gr., varðandi ógreiddar sektir, sem kveður á um aðför samkvæmt fyrirmælum aðfararlaga. Hefur verið látið reyna á það ef viðkomandi sekt er ekki greidd? Samkvæmt mínum upplýsingum hefur ekki verið látið reyna á þetta ákvæði í mörg ár. Því er spurning hvort öll úrræði sem fyrir hendi eru hafi verið reynd til þess að innheimta þessar sektir.

Ástæða er til að nefna það að þegar við fjölluðum um þetta mál fyrir jól, þau mörgu mál og sektir sem ekki hafa verið greiddar að fjárhæð tæplega 300 millj. kr., kom fram að það er ekki vitað hvernig þessi fjárhæð skiptist milli brotaflokka. Það að innheimtuhlutfall sekta sé um 20–25% er auðvitað mjög lágt og sérkennilegt að ekki sé hægt að komast að því hvernig þessar sektir skiptist milli brotaflokka. Þetta lága innheimtuhlutfall, 20–25%, vekur auðvitað athygli.

Á fundi allshn. fyrir jól, kom í ljós að innheimtuhlutfallið annars staðar á Norðurlöndum er 90%. Þar annast lögreglan ekki innheimtu, enda mat minni hlutinn það svo að það ætti ekki að vera í verkahring hennar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki komi aðrar leiðir til greina en að lögreglan hafi á sinni hendi innheimtu sektanna.

Þetta eru athugasemdir mínar við þetta frv. Þær lúta sérstaklega að því sem kemur fram um 2. gr., um afturvirknina gagnvart þeim sektum sem ógreiddar eru í kerfinu fyrir gildistöku þessara laga. Ég tel einnig ástæðu til að skoða hvort sá frestur sem um er getið í 3. tölul. 1. gr. sé ekki of skammur. Þar segir:

„Sinni sakborningur ekki sektarboði skv. 1. mgr. innan 30 daga frá því að það sannanlega barst honum eða einhverjum þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra." — Hið síðastnefnda er meginbreytingin hér. — „Slík áritun hefur sama gildi og dómur".

Getur ekki verið að hér sé um óeðlilega skamman frest að ræða sem allshn. ætti að skoða sérstaklega?

Þetta eru fyrirspurnir mínar til hæstv. dómsmrh. nú við 1. umr. málsins.

[14:55]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Varðandi fyrstu spurningu hv. 13. þm. Reykv. er það að segja að hér er ekki um að ræða breytingar á refsingum og þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem hv. þm. vitnaði til eiga því ekki við. Hér er því síður um skattamál að ræða og þau ákvæði í stjórnarskránni sem hv. þm. vitnaði til þar um eiga því heldur ekki við. Málið snýst um framkvæmd á innheimtu sekta sem búið er að leggja á lögum samkvæmt og þeim sem í hlut eiga er skylt að greiða. Innheimtuaðferðin er gerð skilvirkari í þeim tilgangi að ná að innheimta þessar sektir og tryggja að allir sitji við sama borð. Það gerist ekki ef innheimtuaðferðirnar eru of flóknar. Þá hrannast sektirnar upp og fyrnast. Því er óhjákvæmilegt að grípa til einfaldari innheimtuaðferða við minni sektir eins og hér er fjallað um. Um afturvirkni er ekki að ræða því hér er einvörðungu framkvæmdinni breytt en ekki refsingum.

Ég hef ekki við höndina hversu mörg mál hafa hrannast upp að þessu leyti en fyrir liggur að þau eru of mörg. Ef ég man rétt er fyrningarfresturinn þrjú ár þannig að við stöndum frammi fyrir vanda sem kallar á úrlausn.

Hv. þm. spurði hvort allar aðferðir hefðu verið nýttar, svo sem heimildir til aðfarar. Það sem við vekjum athygli á er að gildandi reglur um þessar smásektir eru of flóknar, tímafrekar og kostnaðarsamar. Þess vegna þarf að gera breytingar til einföldunar. Öðruvísi náum við ekki árangri í þessum málum.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um það hvort 30 daga fresturinn væri of skammur, þá er það ekki mitt mat. Ég tel að þessi mál þurfi að ganga greiðlega fyrir sig og þeir sem hér eiga hlut að máli fái eðlilegt svigrúm með þeim 30 daga fresti sem hér er gefinn. Það væri ekki skynsamlegt að hafa þann frest lengri.

[14:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir orð hæstv. dómsmrh. tel ég að í þessu frv. felist afturvirkni varðandi óinnheimtar sektir sem orki mjög tvímælis. Ég tel nauðsynlegt að nefndin skoði mjög ítarlega það sem hæstv. dómsmrh. er að leggja til. Vissulega er ég ekki að segja að þetta nákvæmlega brjóti í bága við stjórnarskrána varðandi þau ákvæði sem ég nefndi vegna þess að það er búið að ákveða refsingu. Engu að síður tel ég að skoða þurfi hvort jafna megi þessu til ákvæða stjórnarskrárinnar, sérstaklega 69. gr.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurn minni um það hvort hann teldi rétt og eðlilegt að innheimta sekta sé almennt hjá lögreglunni og hvort hann teldi ekki rétt og eðlilegt að reyna aðrar leiðir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur einhvern tíma komið til tals eða skoðunar að bjóða út þessa innheimtu þannig að hún sé ekki í verkahring lögreglunnar?

Því er haldið fram í greinargerð með frv. að það sé andstætt jafnræðissjónarmiðum að mál þessi hljóti ekki sömu meðferð í einstökum umdæmum landsins. Því spyr ég ráðherrann: Er það svo að það sé mismunandi eftir umdæmum landsins hvernig gengið er eftir greiðslu sektanna? Hvað á hæstv. ráðherra nákvæmlega við með þessum orðum?

[15:00]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er það svo að sektarinnheimta gengur misjafnlega hjá einstökum embættum og geta verið á því margar skýringar. Álagið mismunandi og þar fram eftir götunum og það hefur leitt til þess að verulegir erfiðleikar eru á innheimtunni. Þeir sem greiða skilvíslega þurfa að horfa upp á það að þeir sem trassa þetta hafa komist upp með að víkja sér undan sektunum og aðstæður geta verið mismunandi frá einu umdæmi til annars eftir því hversu hart þau hafa gengið fram í innheimtunni og sjálfsagt líka eftir því hve álagið hefur verið mikið. Meðal annars með tilliti til þessa teljum við nauðsynlegt að gera á þessar skipulagsbreytingar til að gera innheimtuna einfaldari, tryggja að allir sitji við sama borð og að engir geti vikist undan því að greiða sektir. Menn segja kannski sem svo að það skipti ekki öllu máli þótt lágar refsingar komi ekki til framkvæmda en það er svo að það skiptir mjög miklu máli að haldið sé uppi lögum og reglu og að refsingar komi til framkvæmda hvort sem þær eru þungar eða léttbærar.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hvort til greina geti komið að fela einkaaðilum sektarinnheimtu hefur það verið til skoðunar og getur fyllilega komið til álita. Allt sem horfir til aukinnar skilvirkni og greiðari framkvæmdar á þessum málum kemur til skoðunar við þá endurskipulagningu sem stendur yfir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:02]

**Útbýting þingskjals:**

Dánarvottorð, 464. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 795.

## *Lögreglulög, 1. umr.*

Stjfrv., 442. mál (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.). — Þskj. 769.

[15:02]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögreglulögum.

Í kjölfar lögreglulaga sem sett voru á síðasta ári hafa orðið grundvallarbreytingar á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar. Með frv. sem hefur verið lagt fram eru lagðar til nokkrar breytingar á lögreglulögunum sem þykja nauðsynlegar í ljósi reynslunnar. Er um að ræða breytingar sem fela í sér minni háttar lagfæringar og einnig breytingar í þá veru að skýrar verði kveðið á um einstök atriði svo sem markmið laganna þannig að markmiðum þeirra verði betur náð.

Í 1. gr. frv. er lagt til að dómsmrh. verði heimilt samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra að kveða á um samstarf lögregluliða um lengri tíma í tilteknum landshluta eða héraði. Þetta samstarf gæti t.d. lotið að samnýtingu tækjabúnaðar, samræmingu löggæslustarfa og þjálfun lögreglumanna. Nauðsynlegt er að hreyfanleiki lögreglu verði tryggður svo unnt sé að skipuleggja hvernig haga skuli miðlun mannafla milli lögregluliða um lengri tíma til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.

Í 2. og 3. gr. frv. eru lagðar til smávægilegar breytingar á ákvæðum um handhöfn lögregluvalds og lögregluskírteini. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þau ákvæði frekar.

Í 4. gr. frv. er lagt til að ríkislögreglustjóri í stað dómsmrh. skipi lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Þykir sú tilhugun vera í samræmi við hlutverk ríkislögreglustjóra.

Í 5. gr. frv. er síðan lagt til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði er heimili valnefnd Lögregluskóla ríkisins að víkja tímabundið frá aldursskilyrðum við inntöku nemenda í skólann.

Með þessum tillögum er horft til hagsmuna lögreglumanna sem voru lausráðnir eða ráðnir tímabundið til starfa í tíð eldri laga. Ákvæðið er í samræmi við það markmið að tryggja framkvæmd lögreglulaga með þeim hætti að sem minnst röskun verði á stöðu og högum starfsmanna lögreglunnar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og umfjöllunar í hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umferðarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770.

[15:05]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum en með því eru lagðar til tvennar breytingar á ákvæðum laganna. Eru þessar breytingar á lögunum lagðar til í kjölfar þess að á síðasta þingi var lögfest heimild til að láta sönnun um ölvunarástand ökumanns ráðast af mælingu á lofti sem hann andar frá sér.

Í 1. gr. frv. er lagt til að í þeim tilvikum sem ölvunarakstur er sannaður með öndunarsýni úr ökumanni verði honum gert að greiða 6.500 kr. sem teljast til sakarkostnaðar. Með þessu verði náð jafnræði milli ökumanna sem aka undir áhrifum áfengis, án tillits til þess hvort gerð er rannsókn á vínandamagni í öndunarsýni eða blóði, en útlagður kostnaður við töku og rannsókn á blóðsýni telst til sakarkostnaðar.

Skv. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn vegna ætlaðs ölvunaraksturs. Ef kanna á ölvunarástand ökumanns með mælingu á vínandamagni í lofti þarf hann að vera fús til samvinnu við lögregluna. Að öðrum kosti er nauðsynlegt að færa ökumann til töku blóðsýnis. Fyrirhugað er að festa kaup á færanlegum tækjabúnaði til mælinga á vínandamagni í öndunarsýni. Slíkur búnaður mun bæta umferðareftirlit, m.a. á fjölmennum samkomum á landsbyggðinni. Til að svo verði er nauðsynlegt að ökumaður hindri ekki mælingu á vínandamagni í lofti þannig að aka þurfi honum um lengri veg til töku blóðsýnis. Því er lagt til í 2. gr. frv. að viðurlög verði ákveðin við vanrækslu ökumanns á að veita atbeina við rannsókn máls og að það varði sviptingu ökuréttar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771.

[15:07]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem miða að því að mæla refsiverða nánar tiltekna háttsemi sem tengist tölvum og notkun þeirra. Frumvarpið er samið af refsiréttarnefnd sem skipuð var af dómsmrh. 2. júní 1997.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er sérstaklega tilgreint að eitt af verkefnum hennar sé að semja frv. til laga um refsinæmi svokallaðra tölvubrota.

Í nefndinni eiga sæti Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn., sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ritari nefndarinnar hefur verið Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðingur í dómsmrn.

Hlutverk refsiréttarnefndar er að vera ráðuneytinu til ráðgjafar um málefni á sviði refsiréttar. Hefur nefndin þau föstu verkefni að fylgjast með réttarþróun á sviði refsiréttar og gera tillögur um breytingar á almennum hegningarlögum og sérrefsilögum eftir því sem ástæða þykir til. Einnig ber nefndinni að fylgjast með þróun erlendra refsilaga, einkum á Norðurlöndum, og alþjóðlegum viðhorfum á þessu sviði. Þá fól ég nefndinni að kanna hvort ástæða sé til að endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar og refsilög um ávana- og fíkniefni. Loks var nefndinni falið að endurskoða ákvæði V. kafla hegningarlaga um refsingar og VII. kafla um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna. Auk þessara helstu verkefna nefndarinnar, sem ég hef nú rakið, munu henni verða falin ýmis fleiri verkefni við lagasetningu á sviði refsiréttar.

Ég vil láta þess getið að ráðuneytið mun á næstunni leggja aukna áherslu á endurskoðun refsilaga og lagasetningu á því réttarsviði. Skipun umræddrar refsiréttarnefndar, sem er fastanefnd á vegum ráðuneytisins, er veigamikill liður í því mikilvæga löggjafarstarfi.

Ég mun í stuttu máli gera grein fyrir því frv. sem liggur fyrir. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á hegningarlögum til að refsivernd verði næg gegn brotum sem framin eru með tölvum eða brotum sem beinast að tölvum. Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðri löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Skal tekið fram að refsiréttarnefnd mun í framtíðinni fylgjast með umræðu hér á landi og annars staðar um þau refsiréttarlegu álitaefni sem upp kunna að koma vegna þróunar tölvutækni og sífellt vaxandi notkunar hennar.

Í 3. gr. frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skjalabrot í XVII. kafla hegningarlaganna þannig að þau taki ekki eingöngu til skriflegra gagna heldur einnig til gagna sem geymd eru á tölvutæku formi. Ekki leikur vafi á því að fölsun á efni upplýsinga, sem geymdar eru á tölvutæku formi, getur haft jafnalvarlegar afleiðingar og fölsun skriflegra gagna.

Í 4. gr. frv. er lagt til að nýr málsliður bætist við 1. mgr. 228. gr. hegningarlaganna þess efnis að sá sem verður sér á ólögmætan hátt út um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi skuli sæta refs-

ingu. Með þessu ákvæði er verið að sporna við innbrotum í tölvukerfi en slík innbrot eru algeng og geta orðið mjög alvarleg.

Lagt er til í 5. gr. frv. að nýtt ákvæði komi í XXVI. kafla hegningarlaganna vegna auðgunarbrota sem framin eru með tölvum. Þetta ákvæði er reist á því að ákvæði 248. gr. laganna um fjársvik og 249. gr. um umboðssvik veiti ekki í öllum tilvikum fullnægjandi refsivernd þegar auðgunarbrot eru framin með tölvutækni.

Loks er lagt til í 6. gr. frv. að eignaspjallaákvæðið í 257. gr. hegningarlaganna taki til þeirrar háttsemi að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu. Þykir nauðsynlegt að refsiverndin taki einnig til þessara verðmæta, ekki síður en þegar um líkamleg verðmæti er að ræða.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hjálmanotkun hestamanna, 1. umr.*

Frv. KH o.fl., 324. mál. — Þskj. 409.

[15:12]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu og nettu frv. sem vegur þó þyngra en umfang þess gefur e.t.v. til kynna vegna þess að það getur, ef að lögum verður, komið í veg fyrir örkuml og bjargað mannslífum. Það snýst um hjálmanotkun hestamanna og er á þskj. 409. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður Jóhannesdóttir. Eins og heyra má eru þetta þingmenn úr öllum þingflokkum sem er vonandi til marks um breiðan stuðning við málið.

Frumvarpið er aðeins þrjár greinar sem hljóða svo:

„1. gr. Menn á hestbaki skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.: Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en eftir 1. janúar 2000."

Lengra er þetta frv. ekki, enda um einfalt öryggisatriði að ræða. Ég velti því vissulega fyrir mér hvort þetta atriði ætti heima innan ramma umferðarlaganna en að ráði lögfræðings varð niðurstaðan sérstakt frv. Hvers vegna erum við að leggja fram frv. um þetta efni? Á ekki hver maður einfaldlega að bera ábyrgð á sjálfum sér og eigin lífi og heilsu? Auðvitað er alltaf álitamál hversu langt á að ganga í því að hafa vit fyrir fólki en þess sér vissulega stað víða í löggjöf okkar. Við getum nefnt ákvæðið um notkun bílbelta sem var afar umdeilt ákvæði á sínum tíma og er jafnvel enn. Þó hefur það svo sannarlega sannað gildi sitt.

Notkun öryggisbelta í bifreiðum hefur í mörgum tilvikum komið í veg fyrir mikil meiðsli, örkuml og jafnvel dauða. Svo eru mörg öryggisatriði sem skylduð hafa verið með lögum. Minna má á hliðstæðu þess öryggisatriðis sem þetta frv. leggur til, þ.e. lagaskyldu ökumanna vélhjóla til að nota öryggishjálm. Ég minnist þess varla að hafa heyrt það ákvæði gagnrýnt og nánast aldrei að hafa séð ökumann vélhjóls án hjálms. Þarna er um að ræða ákaflega sambærilegt atriði við það að hestamenn noti öryggishjálma á hestbaki. Ástæða þess að ég legg til lögfestingu þess er sú að mér þykir vænt um lífið og ég trúi því að allir menn vilji heldur vera heilir heilsu en örkumla, hvað þá dánir.

Það er gaman að segja frá því að þetta frv. hefur hlotið ótrúlega mikil viðbrögð. Ég fagna því. Þau hafa verið á tvo vegu. Margir hafa fagnað því og gert sér það ómak að senda mér tölvupóst, hringja í mig og taka mig tali á förnum vegi. Þeir hafa haft skoðanir á þessu og fagnað því að þetta ákvæði yrði lögfest vegna þess að þeir eru sömu skoðunar, að það sé þess virði að reyna að gera allt sem unnt er til að tryggja að ekki verði slys af þessari skemmtilegu og gefandi íþrótt sem hestamennskan er.

Það eru líka margir sem hafa lýst andstöðu við þetta frv. Þeir fullyrða að þeir muni aldrei setja upp hjálm og færa svo sem ekki margar ástæður fyrir því aðrar en þær að þeir vilji það bara ekki, þeir séu ekki vanir að nota hjálm, muni ekki gera það, þurfi þess ekki og því um líkt. Sá rökstuðningur hefur heyrst að aðeins viðvaningar og klaufar þurfi að hafa hjálm. Góðir hestamenn detti aldrei af baki, hvað þá að þeir meiði sig. Þó eru mörg dæmi einmitt um það að góðir, slyngir hestamenn hafa farið flatt á því að hafa oftrú á sjálfum sér. Oftraustið er oft að meini, eins og segir í vísunni góðu. Það eru bæði til skriflegar frásagnir og munnlegar um það. Sjálf ber ég stolt merki þess að öryggishjálmur bjargaði a.m.k. því höfði sem hér hreyfist í ræðustól og ég væri ekki með fullri heilsu ef ég hefði ekki notað það öryggisatriði.

Snemma í morgun hringdi í mig undrandi útvarpsmaður hjá Útvarpi Matthildi. Hann hafði sagt frá því hvað ætti að vera á dagskrá Alþingis í dag og það var eins og við manninn mælt, að eftir að hafa lesið upp að hér yrði á dagskrá frv. um hjálmanotkun hestamanna, hefði síminn orðið rauðglóandi og fólk hefði hringt og skipst til helminga með og á móti. Ein kona hafði hringt og sagt: Ég mun aldrei bera hjálm, það er púkalegt að vera með hjálm. Útvarpsmaðurinn ræddi við mig þetta mál og hann spurði: Er ekki bara flott að vera með hjálm? Og við komum okkur saman um að það væri flott að bera hjálm vegna þess að hann tryggði það að viðkomandi væri að gera sitt til þess að verða hvorki þjóðfélaginu né sjálfum sér byrði.

Ég hef síðustu árin safnað saman ýmsum gögnum sem hafa komið fram, viðtölum og greinum í blöðum sem taka á þessu máli vegna þess að vaxandi fylgi er við notkun öryggishjálma í hestamennsku. Ég ætla ekki að vitna neitt sérstaklega í greinargerð frv. Ég hafði hana af ásettu ráði ekki langa eða ítarlega. Þó kemur það fram að þegar unnið var að frv. var leitað upplýsinga um slys í sambandi við hestamennsku og kom reyndar í ljós að það var ekkert sérlega auðvelt að afla skráðra upplýsinga um slys tengd hestamennsku. Það er nýbyrjað að skrá nákvæmlega og sundurliðað slys sem koma til kasta slysadeildar við Sjúkrahús Reykjavíkur en engar heildarupplýsingar liggja enn fyrir og engar upplýsingar var að fá frá landlækni. Hins vegar fengum við upplýsingar hjá Óskari Jónssyni, lækni á Sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki, en þar um slóðir hefur hestamennska lengi verið í hávegum höfð og væntanlega hefur einmitt sú staðreynd orðið honum hvatning til að fara yfir skrár yfir umferðarslys og slys í tengslum við hestamennsku og niðurstöður hans koma fram í greinargerðinni. Þær eru mjög sláandi vegna þess að sú skráning og yfirferð leiðir í ljós að fleiri slasast í

hestaslysum en í venjulegum umferðarslysum á þessu svæði og margir hafa hlotið alvarlega áverka.

Ég veit líka til þess að Landssamband hestamanna hefur oftar en einu sinni fjallað um hjálmanotkun og sýnist þar sitt hverjum. Á 45. ársþingi Landssambands hestamanna, sem var haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994, samþykkti ársþingið viðbót við reglur Landssambandsins svohljóðandi:

„Í reglugerð um gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálm og skal hann vera tryggilega festur með hökubandi. Missi knapi reiðhjálm af höfði í keppni fær hann ekki dóm eða sæti í úrslitakeppni."

Þetta sýnir og sannar að hestamenn eru sér æ meira meðvitandi um hverju það skiptir, bæði að nota þetta öryggisatriði og gefa gott fordæmi.

Þá vil ég nefna að í 11. tölubl. Eiðfaxa árið 1997, sem ég er með fyrir framan mig, er fjallað um hjálmanotkun og vísað í viðtal við Kára Arnórsson sem er þekktur hestamaður og vakti athygli manna í haust þegar hann tók þátt í leitum á Hrunamannaafrétti að hann var með forláta reiðhjálm á höfði. Hann var sá eini vegna þess að svo virðist sem margir sveitamenn, reyndir gangnamenn, leitarmenn, telji ekki þörf á því að vera með hjálm og telji það, að mér skilst, til hálfgerðrar fordildar. Þeir séu bara fyrir sportreiðmenn í þéttbýlinu. En það eru reyndar ekki allir á þessum slóðum og þess vegna langar mig til að vitna aðeins í þessa grein sem birtist í Eiðfaxa í nóvember 1997, þar sem segir frá hjálmanotkun eða öllu heldur þegar hjálmurinn gleymdist. Það segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Reiðhjálmar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt. Um það vitna þau slys sem af og til verða meðal hestamanna. Skemmst er að minnast þess hryggilega atburðar þegar Eiður Matthíasson, tamningamaður á Akureyri, slasaðist alvarlega þegar hann datt af hestbaki fyrir hálfu öðru ári með þeim afleiðingum að hann lamaðist að hluta. Eiður var ekki með reiðhjálm í umrætt sinn — frekar en Jón Jónsson, tamningamaður á Hvolsvelli, sem slasaðist alvarlega í mars sl. þegar hann datt á höfuðið — án reiðhjálms.

Jón, sem stundar þjálfun og hrossarækt á Hvolsvelli, hafði það fyrir reglu að nota reiðhjálm við tamningar. Hann segist hafa verið að temja kargt trippi þegar slysið átti sér stað.

„Ég man að hjálmurinn var ekki á sínum stað þegar ég fór út með trippið og þess vegna var ég hjálmlaus. Ég hafði áður farið á bak þessu trippi og þá hafði allt gengið vel. Í þetta sinn teymdi ég hestinn út á þjóðveg eitt og var nýkominn á bak þegar hann tók að prjóna með mig — enda kargur og staður. Ég hangi nú yfirleitt á hrossunum og læt mig ekki fyrr en í fulla hnefana en í þetta sinn gerðist þetta allt svo snöggt; hesturinn prjónaði aftur fyrir sig og datt síðan á hliðina með þeim afleiðingum að ég stakkst á höfuðið í vegkantinn. Ég stóð strax upp og náði hestinum og teymdi hann áleiðis að hesthúsunum. Svo sortnaði mér fyrir augum og ég datt niður."

Jón var þegar fluttur á sjúkrahús í Reykjavík þar sem í ljós kom að hann var höfuðkúpubrotinn auk þess sem blætt hafði inn á litla heilann.

„Ég var lengi að ná mér og er í raun ekki enn orðinn fullbata. Ég var lengi rugladur á eftir og mundi ekkert í nokkurn tíma; varla hvað ég hét eða hvað ég var gamall. Ég var eins og gömul tölva með lélegt minni," segir hann og hlær. Hann segist þó allur vera að koma til þótt enn sé einhver tími í að hann bregði sér á bak. „Fyrst um sinn mun ég láta tamningarnar vera og ríða einungis þýðum og þægum hestum — enda fer allur titringur illa með mig. Tamning trippisins verður bara að bíða betri tíma. Sonur minn á þennan hest og hann mun taka við tamningunni," segir Jón og ber sig vel. „En hjálmnum mun ég ekki gleyma í framtíðinni og víst er að slysið hefur haft áhrif á marga hestamenn hér um slóðir sem sýnir sig best í því að reiðhjálmar seldust upp nokkrum sinnum hér í bænum í kjölfar þessa slyss. En eitt er víst: Hjálmurinn mun skipa háan sess í lífi mínu þegar ég fer aftur af stað.""

Þetta er reynslusaga þrautreynds hestamanns og sýnir að þetta öryggisatriði er ekki aðeins nauðsynlegt fyrir viðvaninga og klaufa heldur einnig fyrir atvinnumenn í hestamennsku.

Margar fleiri sögur mætti segja af þessum málum og eins og ég sagði áðan, sjálf ber ég stolt öryggishjálm á höfði sem ber þess merki að hann hafi bjargað a.m.k. heilsu minni, ef ekki lífi þegar ég datt af baki og lenti á malbikuðum vegi. Ég fagna því að mér virðist sem sá ágæti siður að vera með hlífðarhjálm á hestbaki sé að færast í vöxt og æ fleiri skilji þýðingu þess að verja það sem okkur ætti að þykja líklega einna vænst um af okkar líkamspörtum.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:29]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég er stoltur af því að vera einn af flutningsmönnum þessa frv. þó sveitamaður sé, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, sem talaði um að sveitamönnum þætti jafnvel miður að bera hjálm á höfði. Ástæðan fyrir því að ég er einn af flutningsmönnum frv. er að mér þykir eins og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur vænt um lífið. Mér finnst afar góð rök að tala um að meginástæðan fyrir þeirri lögfestingu að hestamenn beri hjálm á höfði sé sú að okkur þykir auðvitað vænt um lífið.

Það vill þannig til að ég kem úr héraði þar sem eru flest hross á landinu. Þar eru einir allra bestu hestamenn landsins. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur reyndar sagt reynslusögur af þessum ágætu hestamönnum og það er ekki nóg með að þar séu einir allra bestu hestar landsins heldur einir allra bestu hestamenn.

Viðbrögð við þessu frv. hafa yfirleitt verið mjög jákvæð. Fjölmargir hestamenn hafa komið að máli við mig og talið nauðsynlegt að lögfesta það að menn bæru hjálm á höfði. Þó eru til góðir hestamenn sem vart geta hugsað sér þetta. Okkur þykir sjálfsagt að setja hjálm á höfuð barns sem sest á hest og það á vel við hið gamla máltæki hvað ungur nemur gamall temur, enda kemur fram í frv. að ekki er gert ráð fyrir að refsa mönnum fyrir að nota ekki hjálm fyrr en á næstu öld. Við viljum því gjarnan að hestamenn venji sig á að bera hjálm.

Hestaíþróttin er afar vinsæl hjá leikmönnum og reyndar atvinnumönnum. Menn ríða gjarnan út sér til ánægju og hesturinn brúar bilið á milli kynslóða. Hesturinn brúar bilið á milli dreifbýlisfólks og þéttbýlisfólks. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls mín: Ég er stoltur af því að vera einn af flutningsmönnum þessa frv. og vonast til þess að það verði lögfest á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 451. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 778.

[15:32]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Efni þessa frumvarps er í fyrsta lagi að lögð er til sú breyting að fyrningarfrestur varðandi kynferðisbrot gegn börnum hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri, þ.e. er orðinn 18 ára. Í öðru lagi kemur fram í frumvarpinu ákvæði um eins árs lágmarksrefsingu vegna kynferðisbrota gegn börnum og loks er lagt til að bætt verði við 202. gr. sérstakri ítrekunarheimild þannig að þyngja megi refsingu ef um endurtekið brot er að ræða.

Kynferðisbrot gegn börnum eru í augum þjóðarinnar einn alvarlegasti glæpur sem framinn er, enda ljóst að sá glæpur getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð. Uppi hafa verið mjög háværar kröfur um þyngingu refsinga, en nokkurra mánaða dómar fyrir slíka glæpi hafa oft misboðið þjóðinni. Í könnunum sem fram hafa farið um viðhorf fólks til refsingar hefur iðulega komið fram að 70–80% þeirra sem spurðir eru telja refsingar of vægar.

Í yfirliti um refsingar í kynferðisbrotamálum, sem birt var á Alþingi, komu fram fimm dómar vegna kynferðisbrota gagnvart börnum þar sem refsing var ákveðin 2–30 mánaða fangelsi, en í tíu dómum sem gengu í nauðgunarmálum var refsing ákveðin 12–48 mánaða fangelsi, en þar er kveðið á um eins árs refsilágmark. Það er skoðun flutningsmanna að refsingar fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum eigi ekki að vera minni en refsingar vegna nauðgunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði refsilágmark vegna kynferðisbrota gagnvart börnum, sem verði það sama og vegna nauðgunar og þannig kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við brotum sem fela í sér samræði eða önnur kynferðismök við barn. Lengi hefur verið kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, nauðgunarbrotum. Er þetta lagt til að norrænni fyrirmynd, en í norskri og sænskri refsilöggjöf er að finna ákvæði um lágmarksrefsingu vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Þykir flutningsmönnum síst ástæða til að hafa refsingar vægari þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum en fullorðnum.

Ég vil minna á í tengslum við þessa umræðu að á Alþingi hafa orðið nokkrar umræður um kynferðislega misnotkun á börnum og komu m.a. fram í fyrirspurn sem ég lagði fram um þetta mál til félmrh. á síðasta löggjafarþingi mjög alvarlegar og ógnvekjandi staðreyndir í þessu máli. Þar kom m.a. fram að barnaverndarnefndir hafa á sl. fimm árum fengið 465 mál til meðferðar vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar á börnum og áttu þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára.

Umboðsmaður barna lét á síðasta ári vinna skýrslu um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Í töflu sem er fylgiskjal með frumvarpinu kemur fram yfirlit og samanburður á refsirammanum á Íslandi og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þessum samanburði kemur m.a. fram að löggjöf í Noregi og Svíþjóð kveður á um sérstaka lágmarksrefsingu. Í Noregi skal dæma mann í fangelsi ekki skemur en eitt ár hafi verknaðurinn falið sér samræði við barn eða ungmenni og er það óháð því hvort brot telst að öðru leyti sérlega gróft eða ekki. Í Svíþjóð er í lögum ákvæði um að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot af þessu tagi sem telst mjög gróft verði ekki skemmri en fangelsi í tvö ár. Í skýrslu umboðsmanns kemur einnig fram að samanburður á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum leiðir í ljós að viðmiðunaraldur er lægstur hér á landi eða 14 ár. Í Danmörku og Svíþjóð er hann 15 ár, en 14–16 ár í Noregi. Einnig kemur fram að almennt refsihámark vegna brota á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum er hærra hér á landi en í samanburðarlöndunum. Þó kemur fram að í Noregi er kveðið á um þyngri hámarksrefsingu, eða fangelsi í allt að 21 ár, þegar brot telst sérstaklega gróft. Þetta á t.d. við þegar barn er yngra en 10 ára og þegar um síendurtekin brot hefur verið að ræða.

Um kynferðisbrot gegn börnum gilda nú almennar fyrningarregur í almennum hegningarlögum, en samkvæmt þeim ákvæðum fer lengd fyrningarfrests eftir þyngd refsingar sem við brotinu liggur. Meginreglan er að öll brot eru fyrnanleg nema þau sem ævilangt fangelsi liggur við. Þessu var breytt árið 1981, en fram að þeim tíma voru mun fleiri brot ófyrnanleg. Samkvæmt almennum hegningarlögum eru fyrningarfrestir fjórir. Sök fyrnist á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem unnið er til fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi. Sök fyrnist á tíu árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en tíu ára fangelsi og undir þennan flokk falla flest kynferðisbrot nema þau alvarlegustu. Þá fyrnist sök á 15 árum ef þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi og falla m.a. brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga undir þessa fyrningarreglu.

Herra forseti. Þá fer ég í þær tvær greinar sem frv. þetta tekur til. Í 1. gr. er lagt til að bætt verði við 81. gr. almennra hegningarlaga ákvæði þar sem mælt er fyrir um að fyrning sakar að því er varðar brot gegn 200., 201. og 202. gr. hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur öðlast sjálfræði, þ.e. náð 18 ára aldri. Rök fyrir þessari breytingu lúta að eðli kynferðisbrota gegn börnum, en algengt er að ekki sé upplýst um slík brot fyrr en löngu eftir að þau voru framin. Þannig fyrnast mörg kynferðisafbrot gegn börnum löngu áður en börnin verða fullorðin og eru orðin sjálfstæð og líkleg til að tjá sig um brot sem framin hafa verið gegn þeim í æsku. Sem dæmi má taka brot gegn 202. gr., samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára. Samkvæmt núgildandi ákvæðum fyrnist slíkt brot á 10 árum, en samkvæmt tillögum frumvarpsins yrði áfram um 10 ára fyrningarfrest að ræða en hann hæfist ekki fyrr en við 18 ára aldur og því fyrnist brotið ekki fyrr en brotaþoli er orðinn 28 ára. Ef breytingar þær sem lagðar eru til í 2. gr. um ítrekun eru teknar með í reikninginn þá fyrnist slíkt brot á 15 árum og yrði þolandinn þá orðinn 33 ára þegar brotið fyrntist.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 202. gr. almennra hegningarlaga, en í gildandi ákvæði er að finna almenna reglu sem lýsir samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, refsiverð. Um þvingað samræði við eldri börn gilda ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga eins og áður hefur komið fram.

Einnig er lagt til að við ákvæðið verði bætt sérstakri ítrekunarheimild, þannig að heimilt verði að hækka refsingu í allt að 16 ára fangelsi, ef sá sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum 202. gr. hefur áður verið dæmdur samkvæmt ákvæðinu eða honum hefur verið refsað fyrir kynferðisbrot

gegn börnum. Þykir nauðsynlegt að hækka refsirammann vegna ítrekaðra kynferðisbrota gegn börnum, þar sem um alvarleg brot er að ræða. Má benda á að hér er um að ræða sömu leið og farin hefur verið í Noregi og lögfest var árið 1992 en þar er hámarksrefsing vegna ítrekaðra kynferðisbrota gegn börnum allt að 21 árs fangelsi.

Herra forseti. Ég tel mjög brýnt að Alþingi taki þessi mál til skoðunar. Þau hafa iðulega verið til umfjöllunar og mjög margir lýst því yfir að þyngja beri refsingar vegna kynferðisbrota og margir hafa lýst þeirri skoðun að lítið samræmi sé í því að hafa lágmarksrefsingu eins og er í 194. gr., eins árs fangelsi, meðan ekki eru nein slík ákvæði þegar um börn er að ræða.

Hæstv. dómsmrh. hefur oft látið eftir sér hafa að hann telji að ástæða sé til að skoða það að þyngja refsingar og hefur hann nefnt þar til þau brot sem um ræðir í frv. sem hér er til umræðu.

Ég vil þakka það að hæstv. dómsmrh. er viðstaddur umræðuna. Hæstv. dómsmrh. hefur haft þessi mál til skoðunar í sínu ráðuneyti og út af fyrir sig er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi fjalli um þetta mál og taki efnislega afstöðu til þess þó að hæstv. dómsmrh. hafi ekki komist að niðurstöðu eða skilað frv. til þingsins. Vil ég því, með leyfi forseta, beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hver er afstaða hans til þeirra ákvæða sem fram koma í því frv. sem hér er til umfjöllunar?

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:43]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 13. þm. Reykv. get ég sagt að ég hef lesið þetta frv. nú undir umræðunni. Ég hef ekki skoðað efni þessara ákvæða þannig að ég geti tekið afstöðu til þeirra hér og nú, en vil gjarnan upplýsa að refsiréttarnefnd hefur skilað mér áliti varðandi endurskoðun á fyrningarákvæðum í hegningarlögum. Og mér sýnist að sú endurskoðun taki einnig til atriða sem 1. gr. þessa frv. fjallar um.

Ég get sagt frá því um þau viðfangsefni sem fjallað er um í 2. gr. frv. að ég óskaði eftir því við refsiréttarnefnd á sl. ári að þau yrðu tekin til endurskoðunar, m.a. í framhaldi af athugasemdum sem höfðu borist frá umboðsmanni barna. Þau mál eru því til umfjöllunar sérstaklega á vegum refsiréttarnefndar. En fyrningarákvæði, endurskoðun þeirra og tillögur um þau liggja núna fyrir og ég vænti þess að geta lagt það frv. mjög fljótlega fyrir Alþingi.

[15:45]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem mér fannst vera í samræmi við þau viðhorf sem hæstv. ráðherra hefur áður lýst til þessara mála, að rétt sé að breyta lögum og herða refsirammann að því er varðar kynferðisbrot og einnig varðandi fyrninguna sem við höfum rætt um. Ég skil það svo að fljótlega verði lagt fram stjfrv. sem tekur þá til 1. gr. þessa frv. sem fjallar um fyrningu að því er varðar kynferðisbrot gegn börnum, en það taki þá lengri tíma að fjalla um hitt ákvæði þessa frv. sem fjallar um að setja lágmarksrefsingu að því er varðar kynferðisbrot gegn börnum með líkum hætti og nú er í 194. gr. frv. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að meiri hlutinn mun áreiðanlega vilja hafa það a.m.k. til hliðsjónar, þó að minni hlutinn geri örugglega ekki athugasemdir við að ráðherra hafi ekki lagt fram sitt frv., hvort vænta megi þess að frv., komi einnig fyrir á þessu þingi frá ráðherranum sem snertir 2. gr. þessa frv. sem er ekki síður mikilvæg en sú fyrri eða hvort ráðherra telji að það verði þá ekki fyrr en á næsta ári sem það ákvæði liggi fyrir. Það mundi greiða fyrir störfum nefndarinnar og umfjöllun um málið varðandi þetta tiltekna mál sem við ræðum ef við fengjum nánari upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra.

[15:47]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna síðustu fyrirspurnar hv. 13. þm. Reykv. verð ég að segja að mér þykir ólíklegt að refsiréttarnefnd geti skilað fullbúnu frv. þannig að það geti komið til meðferðar á þessu þingi en þetta er eitt af þeim verkefnum sem hún hefur sérstaklega fengið til meðferðar auk almennrar endurskoðunar á hegningarlögunum.

[15:48]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. og langar til að leggja aðeins orð í belg.

Það mál sem hér er til umræðu fjallar um tvö mikilvæg atriði er snerta börn og kynferðisofbeldi. Breytingartillögurnar eru gerðar við almenn hegningarlög en umboðsmaður barna sendi frá sér afar athyglisverða skýrslu um það mál í september 1997 eins og fram kom hjá hv. 1. flm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Í framhaldi af skýrslu umboðsmanns barna skilst mér að þessi mál séu til skoðunar í dómsmrn. en þær breytingar sem hér eru lagðar til eru að mati okkar flutningsmanna þær brýnustu sem gera þarf og þess vegna töldum við ekki stætt á að bíða með að flytja frv. af þessu tagi.

Eins og fram hefur komið fjallar 1. gr. frv. um að lagt er til að fyrning sakar samkvæmt 200., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri. Umboðsmaður barna fjallar um þetta sérstaklega í sinni skýrslu og bendir réttilega á að eins og málin standa núna þá eru slík mál oft orðin fyrnd loksins þegar þau komast upp á yfirborðið, þ.e. að mjög algengt er að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum kemst ekki upp á yfirborðið fyrr en viðkomandi einstaklingur er orðinn fullorðinn og gerir sér grein fyrir því sem hefur átt sér stað.

Í skýrslu umboðsmanns er lagt til að slík brot fyrnist ekki eða til vara að tekin verði upp sérstakur fyrningarfrestur fyrir þessi brot sem verði t.d. 25 ár. Við flutningsmenn ræddum þessi mál og kynntum okkur gögn og það varð okkar niðurstaða að eðlilegra væri að hafa málið með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að fyrning sakar hæfist ekki fyrr en viðkomandi hefði náð sjálfræðisaldri. Það er ekki síst vegna þess að oft er talað um að ef slík ákæra kemur mjög seint sé það kannski fyrst og fremst hefnigirni sem ráði slíkum málaferlum, og við teljum að það eigi ekki að vera ástæða fyrir slíku þannig að við teljum þetta vera eðlilega aðferð.

Seinni greinin fjallar í fyrsta lagi um að tekin verði upp lágmarksrefsing varðandi brot sem snerta samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sæti fangelsi ekki skemur en eitt ár. Það hefur mikið verið rætt m.a. í allshn. um gildi lágmarksrefsinga. Það hefur verið notað sem mótrök að það gæti leitt til þess að ekki sé kært eða ákært í málum ef gert er ráð fyrir lágmarksrefsingum og tilhneigingin geti orðið sú að ákært sé þá á grundvelli annarra lagagreina. En að vandlega íhuguðu máli

förum við að tillögu umboðsmanns barna og teljum eðlilegt að lágmarksrefsing sé eitt ár.

Seinni hluti greinarinnar er einnig að tillögu umboðsmanns barna en þar er lagt til að heimild verði til að þyngja refsingu ef um endurtekin brot er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvæga réttarbót að ræða sem þingið verði að taka á með festu og það sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, fyrri umr.*

Þáltill. ÁRJ og ÖS, 173. mál. — Þskj. 173.

[15:53]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Flutningsmaður ásamt mér er Össur Skarphéðinsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á íslenskum lögum og réttarframkvæmd sem varða réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Nefndin geri tillögur sem miði að því að tryggja að börnin fái notið umgengni og samvista við báða foreldra sína betur en nú er.

Nefndin skili tillögum sínum um úrbætur fyrir 1. maí 1998.

Mikil umræða hefur orðið að undanförnu um réttarstöðu þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns síns. Auðvelt virðist að brjóta rétt forsjárlauss foreldris til umgengni við barn sitt en vegna skorts á úrræðum í löggjöf reynist erfitt að fylgja eftir lögbundnum rétti þeirra. Þá eru og engar reglur sem segja fyrir um hvernig bregðast eigi við því þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum til umgengni við barn, þ.e. umgengst barnið ekki.

Fyrst árið 1972 var umgengnisréttur forsjárlauss foreldris við skilgetið barn sitt festur í lög. Fyrir þann tíma voru engar lögbundnar reglur um umgengnisrétt. Lögin tóku aðeins til skilgetinna barna og gert var ráð fyrir að foreldrar semdu um fyrirkomulag umgengninnar. Með 40. gr. barnalaga frá 1981 var kveðið á um umgengnisrétt foreldris við barn sem það hafði ekki forsjá fyrir og átti það jafnt við um óskilgetin börn sem skilgetin.

Í núgildandi barnalögum, nr. 20/1992, er kveðið á um að barn eigi rétt á umgengni við það foreldri sitt sem ekki fer með forsjá og samkvæmt sama ákvæði er því foreldri skylt að sinna umgengni við barn sitt. Í sömu lögum er það talið meðal forsjárskyldna að forsjárforeldri stuðli að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema það sé andstætt hag og þörfum þess að mati lögmælts stjórnvalds. Í lögunum er gengið út frá því að umgengnisréttur sé fyrir hendi, síðan sé það foreldra að semja um inntak hans. Ef samningar milli foreldranna takast ekki úrskurðar sýslumaður um fyrirkomulag umgengninnar að kröfu annars foreldrisins. Þá getur umgengnisréttur flust til náinna vandamanna við sérstakar aðstæður.

Samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að er réttur barnsins til samveru við báða foreldra sína tryggður og má þar nefna mannréttindasáttmála Evrópu og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en þar segir að barn sem skilið hefur verið frá foreldri sínu eða foreldrum sínum eigi rétt til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði reglulega, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

Þegar foreldri sem hefur forsjá barns tálmar hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið sem úrskurðaður hefur verið getur sýslumaður skyldað þann sem fer með forsjá barnsins til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum allt að 5.000 kr. Dagsektirnar má síðan innheimta með fjárnámi og renna þær í ríkissjóð. Þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni skyldu sinni til umgengni við barn sitt er engar reglur að finna í íslenskum rétti sem hægt er að beita til að knýja fram slíka umgengni.

Í Danmörku er gert ráð fyrir að hægt sé að fylgja eftir ákvörðunum um umgengni með sektum eða beinni fógetagerð. Fógetinn er ekki bundinn af gerðarbeiðni við val á þvingunarúrræðum en gert er ráð fyrir sektum sem meginreglu. Óheimilt er að beita þvingunarúrræðum ef það gæti haft í för með sér einhverja áhættu fyrir sálarlega eða líkamlega velferð barnsins. Í vafatilvikum er yfirvöldum boðið að ráðfæra sig við sérfróða einstaklinga. Í Noregi er álagning sekta eina úrræðið við brotum á umgengnisrétti. Í Svíþjóð er heimilt að beita lögregluvaldi til að knýja fram umgengnisrétt ef sýnt er að annars mundi ekki verða af umgengninni og barnið hefur sérstaklega mikla þörf fyrir forsjárlaust foreldri sitt. Þar er ekki gert ráð fyrir sektum þegar brotinn er umgengnisréttur. Flutningsmönnum er ókunnugt um að til séu reglur hjá nágrönnum okkar annars staðar á Norðurlöndum sem heimila að knýja foreldri til umgengni við barn sitt.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum föðurleysis á börn, en eins og menn þekkja er algengara að börn fylgi móður við skilnað, og ber þessum rannsóknum flestum saman um að það hafi miður góð áhrif á tilfinningaþroska barna, félagsmótun og frammistöðu þeirra í námi. Nú er svo komið að hjónaskilnaðir eru um 40% á móti fjölda árlegra hjónavígslna. Þannig leysast rúmlega 500 heimili upp á ári hverju vegna hjónaskilnaða, en þá er óvígð sambúð ekki talin með. Við bætast börn fædd utan hjónabands eða sambúðar og njóta þau oft ekki samvista nema við annað foreldrið. Alls eru greidd meðlög með á fjórtánda þúsund barna í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Mikilvægt er að skilnaður foreldra hafi ekki þær afleiðingar að börn missi af öðru foreldri sínu. Rétturinn til samveru með báðum foreldrum telst til grundvallarmannréttinda. Það er ljóst að viðhorf manna og virðing fyrir rétti barna hefur breyst mikið síðari ár. Þá er afstaða til aukinnar þátttöku feðra í uppeldi barna öll önnur en var. Menn líta til aukinnar ábyrgðar feðra á uppeldi barna sinna, svo og réttar þeirra til þátttöku í forsjárskyldum og réttar til rúmrar umgengni við börn sem búa ekki hjá þeim.

Rannsókn á högum barnafjölskyldna, sem kom út í skýrslu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1995, leiddi í ljós að feður án forsjár vildu almennt hafa meiri tengsl við börn sín og bera meiri ábyrgð á þeim. Í meðfylgjandi samantekt Félags einstæðra foreldra á erindum sem berast félaginu hefur það færst mikið í vöxt að feður leiti aðstoðar í forsjár- og umgengnismálum.

Ef umgengnisréttur yrði betur tryggður leiddi það til þess að sameiginleg forsjá barna yrði ákjósanlegri kostur. Hugmyndin um sameiginlega forsjá hefur hins vegar átt fremur erfitt uppdráttar hér á landi.

Sektarákvæðið var fyrst sett í lög með 3. mgr. 40. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Það var síðan tekið efnislega óbreytt upp í núgildandi barnalög en útfært nánar. Tekið er fram að öðrum lagaúrræðum verði eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti. Það er almennt sjónarmið þeirra sem fara með þessi mál að úrræðið sé máttlaust, enda er því í reynd lítið beitt. Ýmis sjónarmið mæla gegn beitingu þess, t.d. að auknar fjárhagsbyrðar einstæðs foreldris mundu auka enn aðstöðumun barna einstæðra foreldra og barna sem búa hjá báðum foreldrum sínum. Þá eru dagsektirnar engin trygging fyrir því að foreldri láti af tálmunum. Séu brot á umgengnisrétti forsjárlausra foreldra við börn sín síendurtekin særir það hins vegar réttlætiskennd þeirra. Brot gegn rétti barns til umgengni og samvista við báða foreldra sína er gróft mannréttindabrot gegn þeim sem ekki hafa burði til að vernda rétt sinn.

Rökin fyrir því að ekki hafa verið settar í lög reglur til að knýja foreldri til að sinna lögbundinni skyldu sinni til umgengni við barn eru m.a. þau að það þjóni síst hagsmunum barnsins að foreldri sem skortir áhuga á að umgangast barn sitt sé þvingað til samvistanna. Flutningsmenn telja að stuðla beri að því að skilnaður foreldra hafi ávallt sem minnsta röskun í för með sér fyrir barnið. Eðlilegt og uppbyggilegt samband við báða foreldra er bæði mikilvægt fyrir uppeldi og þroska barnsins og samfélagið í heild. Nauðsynlegt er að laga löggjöf okkar að þessari staðreynd. Löggjöfin er alls ekki í samræmi við almenn viðhorf og ef ekki verður brugðist við getur hún orðið dragbítur á frekari þróun.

Nauðsynlegt er að nefnd sú sem sett verður á laggirnar, verði þessi þál. samþykkt, geri úttekt á íslenskum rétti og réttarframkvæmd og komi með tillögur til úrbóta. Við val á leiðum er nauðsynlegt að horfa til nágrannaþjóðanna og bera aðstæður og úrræði þeirra saman við íslenskan veruleika. Í fyrsta lagi þarf að skoða framkvæmd umgengnisréttarmála hér á landi og athuga hvort gagnrýni sem fram kemur á seinagang í stjórnsýslunni eigi við rök að styðjast. Stjórnvald er bundið af reglum um málshraða og á það sérstaklega við í þessum málum því að verði óeðlilega langt hlé á samskiptum foreldris og barns getur það haft í för með sér varanlegan skaða fyrir tilfinningatengsl milli þeirra. Þá má athuga hvort eðlilegt væri að ágreiningur um umgengni fari til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytisins. Þetta á sérstaklega við þegar leyst er úr ágreiningi um forsjá. Úrskurður um ríflega umgengni til handa þeim sem fer halloka í forsjárdeilu getur verið þýðingarmikill hluti af ákvörðun um forsjá barns.

Flutningur barns af heimili sínu með yfirvaldsaðgerð er vissulega hastarlegur og getur í mörgum tilvikum magnað upp deilur foreldra og komið beint niður á hagsmunum barnsins. Úrræðið getur hins vegar hentað vel við ýmsar aðstæður, t.d. í þeim tilvikum þegar barn sýnir mótþróa við umgengni til að þóknast forsjáraðila. Ákveðin, örugg skilaboð sem taka af skarið geta hjálpað barni við þær aðstæður. Því kemur vel til greina að hafa svipað úrræði sem farið yrði varlega í að beita. Þessi leið, ásamt sektarákvæðinu, er úrræði sem hefur á sér blæ þvingunar og refsingar.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt er að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða staðfestingar forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. 3–5 ráðgjafartíma þar sem lögfræðingur og félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Þetta eru fyrirbyggjandi úrræði sem hafa reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi og nýlega rakst ég á fréttir af því að náðst hefði ótrúlega góður árangur af svipuðum leiðum í Danmörku. Í niðurstöðum áðurnefndrar skýrslu félmrn. um rannsóknir á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum. Í umsögn Félags einstæðra foreldra sem hér fylgir með í þskj. kemur fram að eitt viðtal við báða foreldra geti verið árangursríkt til að eyða spennu milli foreldra. Þar kemur einnig fram að deilur foreldra snúist oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barna.

Flutningsmenn telja að við úrlausn á því vandamáli sem hér er til meðferðar skuli réttur barnsins ávallt lagður til grundvallar. Til þess að tryggja hagsmuni þess sem best telja flm. að til greina komi að skipa barni talsmann um leið og ágreiningur verður um umgengni. Talsmaður gæti þá orðið milligöngumaður milli foreldra og milli foreldra og barns. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnsins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá.

Með lögum um vernd barna og unglinga er heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann við úrlausn barnaverndarmála. Í barnalögunum er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármála. Heimildir til þessa eru settar í lög til að þær séu notaðar en eins og kom fram í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur nýlega, hefur þetta ákvæði ekki verið nýtt. Þó hafa án efa verið ærnar ástæður til þess í einhverjum tilvikum.

Eðlilegt væri að skipa barni talsmann um leið og umgengnismál eru komin í hnút. Milligöngumaður gæti einnig komið að gagni þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni umgengnisskyldu sinni. Dæmi eru um að áhugaleysi foreldris stafi af óuppgerðum tilfinningum gagnvart barnsmóður eða barnsföður. Skipaður talsmaður sem hefur aðeins það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barns gæti hugsanlega komið sambandi á milli foreldra þegar svo háttar. Ljóst er að hér er nýtt úrræði sem ekki felur í sér þvingun eða refsingu heldur miðar gagngert að því að styrkja fjölskyldutengsl. Reynsla og rannsóknir sýna að aðgerðir til stuðnings barnafjölskyldum geta beinlínis komið í veg fyrir að börn bíði skaða af óhjákvæmilegum skilnaði. Þetta úrræði ásamt vandaðri ráðgjöf sem nauðsynlegt er að koma hér upp í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit miða að því að laða fram hæfni foreldra og skila hamingjusamari einstaklingum út í þjóðfélagið.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka framsögu minni fyrir þessari þáltill. en bendi á fskj. með till. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allshn. Ég hefði kannski talið, vegna þess sem í því felst, að það yrði sent til samgn. þar sem um samgöngur milli foreldra og barna er að ræða. Þó er víst réttara samkvæmt reglum þingsins að það fari til allshn.

[16:09]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í tilefni af þessari umræðu vil ég upplýsa að í maímánuði á sl. ári skipaði ég nefnd sem ætlað er að fjalla um þau atriði sem umrædd þáltill. fjallar um. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að henni sé ætlað að kanna hvort úrræði gildandi laga til að koma á umgengni foreldra og barna séu fullnægjandi og ef ekki, hvaða leiðir komi þá til álita til úrbóta. Eins er henni ætlað að kanna hvaða upplýsingar og

fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál og hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf. Auk þess þarf að finna út hverjar raunverulegar samvistir barna eru við það foreldri sem þau búa ekki hjá. Jafnframt var nefndinni falið að kanna reynslu sem fengist hefur af sameiginlegri forsjá annars staðar á Norðurlöndunum.

Í nefndinni eiga sæti Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Oddný Vilhjálmsdóttir, sem tilnefnd var í nefndina af Kvenréttindafélagi Íslands, og Ólafur Þ. Stephensen blaðamaður. Þetta vildi ég að kæmi fram í tilefni af þeirri umræðu sem nú á sér stað.

[16:11]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um þessa nefndarskipan hæstv. dómsmrh. en fagna því ef sú miklivæga vinna sem lögð er til í þessari þáltill. er farin af stað. Ég efast ekki um að þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í allshn. þá komist menn að þeirri niðurstöðu að þessi samantekt og grg. till. gæti komið að gagni í þeirri nefnd sem þegar hefur hafið þessa vinnu. Þá væri eðlilegt að þessari till. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar ef hún er örugglega á verksviði nefndarinnar. Ég vissi ekki að þessi vinna væri farin í gang í ráðuneytinu.

[16:12]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá till. til þál. sem hér er til umræðu. Eins vil ég láta í ljós ánægju mína með þær upplýsingar sem ráðherra hefur gefið og vona að hin góða grg. sem er í þessari till. nýtist í starfi nefndarinnar.

Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. ráðherra hvenær hann gerir ráð fyrir að nefndin ljúki störfum. Það kom ekki fram, en þetta er mjög brýnt mál sem þarf að taka á sem allra fyrst.

[16:12]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var óskað eftir því við nefndina að hún hraðaði störfum svo sem kostur væri. Henni voru ekki sett dagsett mörk í þeim efnum. Ég vona að ekki líði á löngu þar til niðurstöður hennar liggja fyrir en á þessari stundu get ég ekki greint frá því nákvæmlega hvenær það verður.

[16:13]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær var þessi nefnd skipuð og hve oft hefur hún komið saman? Tilefnið er kannski það að oft þegar hér eru lagðar fram tillögur ýtir það við framkvæmdarvaldinu. Um það er ekkert nema gott að segja en ég vil fá að heyra hvernig þetta nefndarstarf gengur eða hve langt það er komið.

[16:13]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. hefði hlustað á fyrri ræðu mína hefði þm. tekið eftir því að nefndin var skipuð í maímánuði á sl. ári. Ég hef ekki tölu yfir það hve oft hún hefur haldið fundi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 1. umr.*

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 762.

[16:14]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem flutt er á þskj. 762 og er mál nr. 436.

Frv. byggir á tillögum nefndar sem skipuð var 1. febrúar 1996 til að endurskoða lög um dýralækna, nr. 77/1981, með síðari breytingum. Í nefndina voru skipaðir auk yfirdýralæknis sem var formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands, einn tilnefndur af yfirdýralækni og einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Tillögur þeirrar nefndar lagði ég fram til kynningar á Alþingi á sl. vori. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu og ákvað ég því á liðnu sumri að skipa sérstakan starfshóp til að undirbúa endurframlagningu frv. á næsta löggjafarþingi. Í þeim hópi áttu sæti fjórir þingmenn auk fyrrverandi og núverandi yfirdýralæknis.

Helstu breytingar frá fyrra frv., því sem lagt var fram í fyrravor, eru á skipan umdæma héraðsdýralækna og vaktumdæma þar sem fjölgað er um einn héraðsdýralækni og eitt vaktumdæmi frá því sem áður var lagt til. Enn fremur var fellt út ákvæði um sérstakan aðstoðarmann yfirdýralæknis eða aðstoðaryfirdýralækni og fækkað var um einn sérgreinadýralækni frá því sem áður var gert ráð fyrir.

Á undanförnum 30 árum hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á dýralæknalögum. Flestar þeirra hafa hnigið að því að fjölga dýralæknisumdæmum að tilmælum Bændasamtakanna sem hafa talið bændur fá ófullnægjandi dýralæknisþjónustu eða afskipta hvað þjónustu varðar vegna búsetu. Af þessari ástæðu hefur dýralæknisumdæmum stöðugt fjölgað. Þau voru 12 árið 1950, 20 árið 1970 og 31 árið 1990.

Samkvæmt núgildandi lögum er landinu skipt í 31 dýralæknisumdæmi og starfa nú héraðsdýralæknar í 27 umdæmum. Héraðsdýralæknar hafa aldrei verið skipaðir í þrjú umdæmi, Hafnarfjarðarumdæmi, Akranesumdæmi og Norðfjarðarumdæmi, vegna skorts á fjárveitingu. Eitt hérað er nú ósetið, Norðausturlandsumdæmi, og tveimur umdæmum, Barðastrandar- og Strandaumdæmum, er þjónað frá Ísafirði.

Auk fastlaunaðra héraðsdýralækna starfa dýralæknar á sérsviðum varðandi sóttvarnir, fisksjúkdóma, fugla-, svína-, hrossa- , loðdýra-, sauðfjár-, nautgripa- og júgursjúkdóma. Einn dýralæknir starfar við eftirlit með sláturafurðum og er hann jafnframt stað gengill yfirdýralæknis.

Auk framantalinna dýralækna hefur sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgað á síðustu árum. Nú munu 15 dýralæknar starfa með sjálfstæðan rekstur. Sjálfstætt starfandi dýralæknar eru nær eingöngu á þeim svæðum landsins þar sem dýrafjöldi er mestur, greiðastar samgöngur og þar sem flest er gæludýra og dýra til afþreyingar. Á þess um svæðum sinna sjálfstætt starfandi dýralæknar einnig hluta af þjónustu við bændur vegna búfjárhalds þeirra.

Aðstæður til dýralæknisþjónustu hafa breyst mikið síðustu áratugi þannig að öll rök hníga að því í tillögum um nýja skipan dýralæknisþjónustu að taka tillit til þeirra breytinga. Samgöngur hafa batnað til mikilla muna víðast um landið og einangrun landsvæða er hvergi svo sem hún var til skamms tíma.

Í nágrannalöndum okkar er skipan dýralækninga nokkuð mismunandi.

Í Noregi er ríkjandi héraðsdýralæknakerfi á þann hátt að á þéttbýlum svæðum gegna héraðsdýralæknar eingöngu eftirlitshlutverki en í dreifbýli gegna þeir bæði eftirlitsstörfum og almennum dýralækningum.

Í Svíþjóð hefur nýlega verið innleitt opinbert kerfi varðandi dýralækningar. Ríkið greiðir héraðsdýralæknum laun en innheimtir síðan kostnað af bændum fyrir aðgerðir, lyf og ferðir. Auk héraðsdýralækna starfa sjálfstæðir dýralæknar með frjálsa gjaldskrá.

Í Danmörku er almennum dýralækningum eingöngu sinnt af sjálfstætt starfandi dýralæknum en umdæmisdýralæknar hafa eftirlit með höndum eða skipuleggja það og njóta þá starfskrafta sjálfstætt starfandi dýralækna ef með þarf.

Í Finnlandi starfa flestir dýralæknar á eigin vegum með styrk frá sveitarfélögum. Auk þess eru fastráðnir dýralæknar í eftirlitsstörfum.

Ég vík nú að frv. eins og það er lagt fram og því skipulagi sem þar er ráðgert að koma á. Markmið þessarar endurskoðunar er að bæta nýtingu fjárframlaga hins opinbera til dýralæknisþjónustu, gera skipulag dýralæknisþjónustu sveigjanlegra, tryggja dýralæknisþjónustu um allt land eftir því sem við verður komið, auka heilbrigðiseftirlit með innflutningi búvara og tryggja eðlilegt samstarf eftirlitsaðila í landbúnaði og koma í veg fyrir skörun á þeim vettvangi.

Núgildandi löggjöf um dýralækna hér á landi er nær eingöngu miðuð við störf héraðsdýralækna sem bæði annast eftirlit og almenna dýralæknisþjónustu. Við breyttar aðstæður þykir rétt að leggja til aðra skipan þannig að störf sjálfstætt starfandi dýralækna nýtist betur en verið hefur og jafnframt að leggja meiri áherslu á hlutverk dýralækna við hvers konar eftirlit með heilbrigði búfjár og með allri framleiðslu úr búfjárafurðum, þó þannig að komist verði hjá skörun við eftirlit, svo sem eftirlit á vegum sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins.

Tekið er tillit til aðstæðna þar sem samgöngur, t.d. að vetri, eru oft erfiðar og búfjárstofn lítill, einkum á strjálbýlli svæðum. Á slíkum svæðum er þess vart að vænta að sjálfstætt starfandi dýralæknar sjái rök til þess að setjast að með dýralækningaþjónustu og þar því þörf á aðstoð opinberra aðila við almenna dýralæknisþjónustu.

Telja verður að samkvæmt stjórnsýslu- og samkeppnislögum sé brýnt að skilja að eins og aðstæður leyfa eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það samrýmist illa góðri stjórnsýslu að aðili gefi út starfsleyfi og hafi jafnframt tekjur af þjónustu við þá starfsemi sem fær leyfið.

Á þessum sjónarmiðum byggist sú tillaga að skipta verkefnum dýralækna í eftirlitsstörf og almennar dýralækningar. Við þá skiptingu er horft til búsetu, fjölda og dreifingar dýra og samgangna. Þannig eru talin upp þau svæði landsins þar sem gert er ráð fyrir að aðeins starfi héraðsdýralæknir sem eingöngu fáist við eftirlitsstörf og þiggi laun sín úr ríkissjóði en öll almenn dýralæknisþjónusta verði á vegum sjálfstætt starfandi dýralækna. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki alls staðar við komið og því er gert ráð fyrir að í önnur umdæmi verði skipaðir dýralæknar sem áfram gegna hinu tvíþætta hlutverki eftirlits og almennrar dýralæknisþjónustu en þeir þiggi aðeins laun úr ríkissjóði fyrir eftirlitsstarfið.

Fyrirkomulag samkvæmt frv. eykur líkur á því að upp verði komið dýralæknastöðvum þar sem sérhæfni yrði meiri og gæti það orðið til þess að lengra verði fyrir suma að sækja dýralækni en við núverandi skipan og þar með dýrara. Möguleiki er á að draga úr slíku, t.d. með því að dýralæknar annist í auknum mæli sæðingar búfjár því að þá mundi heimsóknum dýralækna fjölga og þær gætu nýst við tilfallandi dýralæknis- og forvarnastörf vegna heilbrigði gripa.

Augljós ávinningur af hinu nýja skipulagi felst einnig í því að sveigjanleiki er meiri og því unnt að hliðra til störfum eftir áherslum innan kerfisins og því hvar álagið er mest hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir nokkrum helstu greinum frv. sem fela í sér nýmæli frá því sem nú er í lögum.

Í 4. gr. er ákvæði um dýralæknaráð sem verður eins konar ráðgjafi ráðherra og yfirdýralæknis í veigamiklum málum, t.d. varðandi innflutning búfjár. Við höfum sloppið við fjölda hættulegra sjúkdóma sem hafa valdið miklum usla þar sem þeir hafa komið upp í öðrum löndum. Jafnframt hafa sjúkdómar, sem lítið ber á í heimalandi, valdið ómældu tjóni á íslensku búfé þegar þeir hafa borist til landsins.

Stöðug varnarbarátta gegn því að smit berist til landsins hefur oft sætt harðri gagnrýni af hendi þeirra sem ekki þekkja hversu ómetanlega hagsmuni er verið að verja, þ.e. gott heilbrigðisástand og lítil útgjöld við dýralækningar ásamt lágum lyfja- og bóluefniskostnaði. Með skipan dýralæknaráðs er skotið styrkari stoðum undir margar þær veigamiklu ákvarðanir sem tengjast hagsmunum þjóðarinnar í þessum efnum. Næsta víst er að með aukinni samkeppni og fjölgun dýralækna koma upp fleiri ágreiningsefni sem ávinningur felst í að geta leitað lausnar á án þess að fara með mál til dómstóla. Niðurstaða lögskipaðs hóps sérfróðra manna mun að öðru jöfnu verða til styrktar í varnarbaráttunni og við úrlausn ágreiningsefna og styrkja yfirstjórn dýralæknamála.

Ákvæði 5. gr. um að aðstoðaryfirdýralæknir skuli vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans er nýmæli. Aðstoðaryfirdýralæknir skal valinn úr hópi sérgreinadýralækna.

Þá eru einnig í greininni ákvæði um verksvið yfirdýralæknis. Verkefni embættis yfirdýralæknis hafa aukist mjög á síðustu árum. Kemur þar margt til, svo sem auknar heilbrigðiskröfur, aukin samskipti og viðskipti milli landa, stóraukin verkefni vegna fjölþjóðasamninga á sviði dýrasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits og samræmingar starfshátta landa sem aðild eiga að slíkum samningum.

Ísland er aðili að mörgum alþjóðastofnunum sem fjalla um heilbrigði dýra og búfjárafurða. Embætti yfirdýralæknis fær sendar skýrslur og tilkynningar sem varða þessi mál og er jafnframt skuldbundið til að gera grein fyrir slíkum málum hér á landi, m.a. vegna inn- og útflutnings dýra og búfjárafurða. Þessi samskipti eru mjög mikilvæg þar sem kröfur um opnun markaða milli landa hafa aukist á síðustu árum og munu enn aukast með nýjum samningum um alþjóðaviðskipti.

Í frv. er gert ráð fyrir að allt eftirlit með framleiðslu sláturafurða og mjólkur verði undir yfirstjórn yfirdýralæknis til að samræming náist og til að koma í veg fyrir skörun við aðra aðila sem hafa eftirlit með afurðunum þegar þær eru komnar í dreifingu.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að eingöngu dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar megi framkvæma læknisaðgerðir á dýrum.

Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga er unnt að veita mönnum sem ekki hafa dýralæknismenntun leyfi til að starfa að dýralækningum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að slík heimild falli niður. Bæði er það að dýralæknum hefur fjölgað og

margir eru við nám í dýralæknisfræðum, auk þess sem skilningur og kröfur um dýravernd og góða meðferð dýra hafa aukist.

Í 8. gr. er ákvæði sem fært er til samræmis við ákvæði lyfjalaga. Henni er ætlað að skapa meira aðhald og árvekni um meðferð lyfja. Í flestum tilvikum verður að reikna með að sjúkdómsgreining byggist á skoðun við heimsókn dýralæknis, en greining á rannsóknarstofu eftir heimsókn dýralæknis eða eftir símaviðtal þar sem dýralæknir hefur farið yfir einkenni og gang sjúkdómsins með eiganda eða umráðamanni dýrsins telst einnig fullnægjandi sé ekki um neinn vafa að ræða af hálfu dýralæknis.

Í 4. mgr. 9. gr. er ákvæði sem byggist á þeim skipulagsbreytingum sem felast í frv. þessu, þ.e. að dýralæknar sem stunda almennar dýralækningar eru skyldugir til að taka þátt í opinberri vaktþjónustu á því svæði þar sem aðalstarfsstöð þeirra er. Vaktþjónustan verður kostuð af ríkissjóði. Þessi vaktþjónusta bannar ekki öðrum starfandi dýralæknum á svæðinu sem ekki eru á vakt að taka að sér vitjanir en þeir fá þá aðeins greitt hjá dýraeigendum sjálfum fyrir vitjunina. Geti dýralæknir sem ekki er á vakt ekki tekið vitjun getur hann alltaf vísað á vakthafandi dýralækni utan almenns þjónustutíma. Vaktþjónustan verði skipulögð af héraðsdýralækni í viðkomandi umdæmi samkvæmt nánari reglum sem fram koma í samningum við Dýralæknafélag Íslands.

Í 11. gr. felst mikil skipulagsbreyting. Dýralæknisumdæmum fækkar úr 31 í 13 umdæmi. Í tíu umdæmanna er einn dýralæknir skipaður með búsetu í hverju þeirra en tveir dýralæknar skulu starfa í þeim þremur sem eru landfræðilega stærst.

Lögð er áhersla á að héraðsdýralæknar sinni eftirlitsstörfum en sjálfstætt starfandi dýralæknar sinni almennum dýralækningum og er það meginreglan. Í sumum umdæmum verður aftur á móti að ætla héraðsdýralæknum það hlutverk að sinna bæði eftirlitsþættinum og almennum dýralækningum eins og áður hefur komið fram.

Gert ráð fyrir að héraðsdýralæknirinn í þremur umdæmum, Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum, sinni eingöngu eftirlitsstörfum en hinir tíu sinni bæði eftirlitsþættinum og almennum dýralækningum. Það er þó ljóst að breyttar aðstæður í framtíðinni í einstökum byggðarlögum koma til með að gefa tilefni til endurmats á þessu fyrirkomulagi.

Í 13. gr. felst nýmæli sem á sér hliðstæður annars staðar, t.d. í Noregi, þ.e. að greiða skuli hluta ferðakostnaðar þegar um langan veg er að fara til nauðsynlegra dýralæknisstarfa bæði til að veita reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Slíkt auðveldar þeim sem búa afskekkt að nýta þjónustu dýralækna.

Með 14. gr. verður lögð stóraukin áhersla á að fá til starfa dýralækna með sérþekkingu á einstökum sviðum innan landbúnaðarins. Þeim hefur í samvinnu við búgreinafélögin tekist að bæta heilbrigði og auka arðsemi búanna ásamt því að tryggja hollari afurðir. Ekki er æskilegt að þeir dýralæknar, sem vinna á sérsviðum, vinni jafnframt að almennum dýralækningum.

Til þess að nánari tengsl skapist milli sérgreinadýralækna og bænda er einn dýralæknir með sérþekkingu á júgurbólgu er staðsettur við Bændaskólann á Hvanneyri og annar með sérþekkingu á hrossasjúkdómum við Bændaskólann á Hólum.

Áríðandi er að þessi þjónusta sé fyrir hendi, en betra heilsufar búfjár, bættur aðbúnaður og minnkandi notkun lyfja er í samræmi við þau markmið að framleiða vistvænar og lífrænar afurðir.

Hæstv. forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðarinnar og athugasemda með frv. Hvað varðar meðferð máls vil ég leggja mikla áherslu á nauðsyn þess að lögfesta frv. á þessu þingi og að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:29]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu mikilsvert mál sem er frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Það er lagt fram af hæstv. landbrh. sem hefur mælt fyrir málinu. Þetta mál er flutt hér öðru sinni en á því hafa verið gerðar einhverjar breytingar sem hæstv. ráðherra gat um, af tilkvöddum fjórum alþingismönnum, ef ég hef tekið rétt eftir, sem fóru yfir málið.

Það er ágætt að mál komi fyrir þingið til kynningar á fyrsta stigi og fái síðan skoðun á milli þinga. Hitt finnst mér ekki alveg nógu gott hjá hæstv. ráðherra að skila málinu ekki endurmetnu fyrr til þingsins. En hugsanlega nægir sá tími sem eftir lifir þings fyrir hv. landbn. til að fjalla um málið og taka afstöðu til þess. Ég get út af fyrir sig tekið undir að æskilegt er að unnt sé að ganga frá breyttri löggjöf um þetta efni þó að margt geti verið við þetta frv. að athuga. Ég hef nokkrar athugasemdir og ábendingar að gefa sem ég vil koma á framfæri við 1. umr. málsins.

Mér sýnist að verið sé að gera mjög róttækar breytingar frá þeirri skipan sem verið hefur í sambandi við dýralækningar, a.m.k. róttækar breytingar frá gildandi löggjöf. Þó má vera að í raun hafi verið þróun í þá átt sem verið er að gera breytingar um og vil ég ekki taka djúpt í árinni um það því að ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega. Vafalaust er margt fært til betri vegar í gildandi löggjöf enda er fjallað um málið af vísum mönnum.

Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands, sem haldinn var á Egilsstöðum í ágúst 1995, mun upphaflega hafa hvatt til endurskoðunar á lögum um dýralækna þannig að hvatning hefur komið frá starfandi dýralæknum um þetta efni. Hins vegar þykist ég vita að ýmsar athugasemdir hafi einmitt komið frá dýralæknum við frv. eins og það var lagt fyrir á síðasta þingi og sum ákvæði sem athugasemdir voru gerðar við munu vera í fullu gildi þar sem þeim hefur ekki verið breytt. Meðal þeirra ábendinga sem ég hef við frv. eru ákvæði 11. og 12. gr. um umdæmi héraðsdýralækna og vaktsvæði dýralækna en áður en ég kem að því meginefni í ábendingum mínum vil ég koma að fáeinum atriðum sem varða frv. að öðru leyti. Sumt af því er kannski minni háttar en engu að síður af því ég á ekki sæti í hv. landbn. tel ég rétt að nefna það. Sumt varðar orðalag og skal ég ekki staldra lengi við það og bendi t.d. á í 1. gr. þar sem segir:

„Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.“ Orðin „þar að lútandi“ í 1. gr. eru svolítið óljós í þessu samhengi, a.m.k. þegar ég les þetta yfir. Þetta er minni háttar mál en orðalag sem varðar rammann.

Í 2. efnisgrein er orðalagið að: „Þeir skulu vera á verði [þ.e. dýralæknar] gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma.“ Ég skil

alveg merkingu þess arna en það er kannski svolítið tvírætt orðalag að setja þetta svona fram. Einstaklingar sem geti beðið tjón af völdum dýrasjúkdóma. Auðvitað er átt þarna við óbeint en ég leyfi mér að nefna þetta atriði hér.

4. gr. er mikilvæg og mun vera nýmæli um dýralæknaráð. Þar er verið að setja á fót ráð sem m.a. á að fjalla um innflutning búfjár ef eftir er óskað og innflutning annarra dýra og búfjárafurða o.s.frv. Mér sýnist þetta skynsamlegt. Ég skal ekki taka afstöðu til skipunar þess en gert er ráð fyrir fjórum dýralæknum sem eigi sæti í þessu fimm manna ráði auk formanns. Það getur verið vel ráðið. Auðvitað kæmi til greina að fleiri kæmu að málinu. Í 2. grein segir: „Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis." Kannski er allt í lagi að hafa það svona í lögum. Mér finnst það í rauninni sjálfsagt mál að þessi heimild liggi fyrir og sakar ekki að hafa hana lögfesta þó að slíkt ákvæði mætti teljast sjálfsagt því að auðvitað verða ráð af þessu tagi þó skipuð séu fróðum aðilum að geta leitað sér upplýsinga.

Síðan kemur næsta efnisgrein þar sem segir: „Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknaþjónustu til ráðsins." Tilvísunin í 2. mgr. mun ekki samræmast því sem algengt er á Alþingi varðandi setningafræði. Ég hef að vísu verið andsnúinn þeirri málnotkun sem hefð er fyrir í þinginu og oft þurft að reka hornin í það því að það sem hér er kölluð málsgrein almennt vil ég kalla efnisgrein, þ.e. það sem er milli greinarskila. Það er það sem við lærðum í skóla fyrir allnokkrum árum í setningafræði Björns Guðfinnssonar en hér er þetta ekki notað í merkingu þeirrar setningafræði ef ég er rétt upplýstur, ef ég er á réttri slóð með þetta, heldur vísar þetta til 2. efnisgreinar og þar eru ekki þeir sem verið er að vísa til. Þá er að finna í 1. mgr. Ég bið nefndina að líta á þetta litla atriði en auðvitað er nauðsynlegt að svona mál séu einnig skilmerkileg.

Síðan segir og það er nú efnislegt en ekki form: „Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara." Mér finnst dálítið merkileg skipan að ætla að kalla til lögfræðing sem verði til að hjálpa til við úrlausn ágreiningsmála og ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina að setja upp formlega úrskurðarnefnd. Hér virðist sem þessu ráði í heild sinni að tilkvöddum lögfræðingi að auki sé ætlað að skera úr og vera eins konar úrskurðarnefnd. Þetta er dálítið sérstök skipan og óljóst af orðalaginu hvort sá lögfræðingur skal vera fast tilnefndur eða hvort hann komi til eftir efni máls, þá hverju sinni. Ég hef ekki athugað hvort eitthvað er að finna í greinargerð eða athugasemdum um þetta sérstaklega en ég leyfi mér að benda á þetta og jafnframt það að í æ meiri mæli eru settar upp sjálfstæðar úrskurðarnefndir til að kveða upp úr um ágreining og það finnst mér hljóta að koma til álita varðandi málið þó að ég vilji ekki kveða upp úr um það.

Þá kem ég að 5. gr. sem er um yfirdýralækni og verksvið hans, sem og aðstoðaryfirdýralæknis. Aðstoðaryfirdýralæknir er nokkuð langt orð, virðulegur forseti, en kannski ekki hægt að finna betra embættisheiti. Ég tók eftir að hæstv. ráðherra sagði að þar hefði verið fækkað frá því sem var. Hér er sú skipan að aðstoðaryfirdýralæknir skal valinn úr hópi sérgreinadýralækna og vera yfirdýralækni til aðstoðar en mun hafa verið sjálfstæður aðili samkvæmt fyrra frv. á síðasta þingi. Ég vil ekki leggja dóm á þetta en sami aðili á að vera tengiliður samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frv. Á bls. 11 í athugasemdum við 5. gr.: „Aðstoðaryfirdýralæknir mun sinna ýmsum verkum á móti yfirdýralækni og verða tengiliður í samskiptum embættis yfirdýralæknis við dýralækna sem starfa samkvæmt lögum þessum." Þetta er verksviðið eins og það er tilgreint. Mér er ekki alveg ljóst hvort þetta er skynsamleg skipan mála. Viðkomandi á að vera sérgreinadýralæknir en jafnframt að sinna umfangsmiklu starfi. Trúlegt er að hér hafi menn verið að hugsa um sparnað eða eitthvað þess háttar og ég tel að það þurfi að athuga hvort þetta sé rétt. Ég kann ekki við orðalagið „að sinna ýmsum verkum á móti einhverjum" en það er smekksatriði og það er ekki einu sinni í lagatexta heldur í athugasemdum.

Þá er það 8. gr. sem ég ætla aðeins að nefna en þar segir, með leyfi forseta: „Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn." Sagt er að þetta sé í samræmi við ákvæði lyfjalaga og sett til að skapa meira aðhald og árvekni um meðferð lyfja. En hér segir og það kom fram í ræðu ráðherra að símaviðtal geti nægt sé um engan vafa að ræða. Vafalaust eru mörg álitaefni í reynd hvað þetta snertir en ekki ætla ég að hafa á móti því en bendi þó á að það er mjög örðugt, ekki síst eftir þá breytingu ef lögfest verður, sem hér er gerð varðandi umdæmin, að kveðja nánast alltaf til dýralækni þannig að eftir því sem lengra er að leita læknis þeim mun umsvifameira verður þetta og kostnaðarmeira, jafnvel þó um þátttöku sé að ræða í ferðakostnaði að hluta, eins og gert er ráð fyrir skv. 13. gr. Þetta held ég að þingnefnd þyrfti að líta á hvernig með verði farið og athuga vel en það tengist því hvaða niðurstaða verður um 11. og 12. gr., þ.e. um umdæmin og vaktirnar.

Varðandi það sem ég hef kannski veigamestar athugasemdir við, 11. og 12. gr., er það að segja að hér eru mjög róttækar breytingar frá núverandi skipan þar sem eru tilgreind 31 umdæmi í gildandi löggjöf og þeim á að fækka í 13 og það á greina á milli eftirlits og dýralækninga. Þó er það ekki meira en svo að eftir því sem fram kom í máli hæstv. landbrh. áðan er gert ráð fyrir að 10 sinni hvoru tveggja, hafi ég tekið rétt eftir, þannig að mér sýnist það vera meginreglan, a.m.k. ef talið er búfé, en mér fannst hæstv. ráðherra túlka þetta sem aukaatriði. Mér finnst satt að segja nokkuð merkilegt að það skuli tilgreint sem niðurstaða að sú skipan mála sem á að gilda í 10 umdæmum af 13 samræmist illa samkeppnislögum. Nú er ég ekki sérstakur varðmaður samkeppnislaga og tel að þar séu mörg álitamálin og það kann að vera einmitt hér. Mér finnst fara illa á því að okkur sé ætlað að samþykkja löggjöf sem kveður upp úr um að samrýmast illa meginsjónarmiðum eða löggjöf sem ryður úr vegi og við þekkjum mjög mörg dæmi um upp á síðkastið að gerður er ágreiningur um.

Ég held að þingnefnd verði að fara vandlega ofan í þessi efni ef hér er verið að koma á meginstefnu, nánast í felum, sem samræmist illa samkeppnislögum. Ég bið hæstv. ráðherra að bregðast við ábendingu minni. Ég er hins vegar ekki að fullyrða að þetta geti ekki farið saman eða sé réttmætt miðað við aðstæður okkar en það er þó ekki rétt að sú svipa sé yfir mönnum að löggjafinn segi nánast að þetta samræmist illa samkeppnislögum.

Síðan kemur það sem varðar umdæmin, virðulegur forseti. Ég tek sérstaklega til, því að tíminn sem ég hef í fyrri ræðu um þetta efni styttist, að hér er t.d. Austurlandskjördæmi, partað sundur með tilliti til umdæma. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar í Norður-Múlasýslu, eins og segir í frumvarpstexta, eiga að vera í Þingeyjarumdæmi sem nær

alla leið vestur undir Fnjóskadal ef ég hef tekið rétt eftir og er sett upp sem eitt umdæmi. Verið er að fella niður norðausturumdæmið sem ráðherra sagði að væri ekki mannað eins og stendur og það tekið sem sérstök rök fyrir þessari skipan. Síðan kemur Austfjarðaumdæmi sem er hér samkvæmt lagafrumvarpstexta Egilsstaðir, Eskifjörður, Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Norður- og Suður-Múlasýslur að undanskildum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum. Það er umdæmi sem nær frá Þvottá í Álftafirði og upp í Aðalból að öllum fjörðunum meðtöldum. Þetta er jafnframt sett upp eins og hin umdæmin, eins og Þingeyjarumdæmi, sem vaktsvæði dýralækna. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra vildi bregða á það ráð að fara í dýralæknanám og taka að sér vakt á þessu svæði. Ég er hræddur um að það tæki nú í hjá þeim sem eiga að sinna þeirri vakt. Nú er þó dýralæknir á suðurfjörðum, fyrir utan dýralækni á Héraði er dýralæknir á suðurfjörðum með aðsetur á Breiðdalsvík sem gegnir þar og heimild er samkvæmt gildandi lögum að hafa lækni á Norðfirði svo dæmi séu tekin. Ég er ekki að fara yfir skipanina eins og hún er nákvæmlega en mér líst satt að segja ekki á blikuna varðandi þetta. Þó er í frv. talað um að í raun eigi ekki að gera þjónustuna erfiðari gagnvart þeim sem þurfa að nota hana. Ég held að þetta stangist á við bæði það sem eðlilegt er að bjóða dýralæknum og einnig varðandi þá sem eiga að nota þjónustu þeirra og þá er ég að meta þetta út frá staðarþekkingu minni í Austurlandskjördæmi.

Síðan kemur sem 11. umdæmi Austur-Skaftafellsumdæmi. Það finnst mér vera raunsæ skipting að líta á Austur-Skaftafellssvæðið sem eitt. Þó að gert sé ráð fyrir tveimur héraðsdýralæknum í Austurlandsumdæmi er ekki um boðlega skipun mála að ræða að mínu mati og ég geri mjög alvarlega athugasemd við þetta efni við 1. umr. málsins.

Virðulegur forseti. Varðandi efni 13. gr. um þátttöku í ferðakostnaði er æskilegt að heyra hjá hæstv. ráðherra nánar um það efni. Hér er sagt: „... heimilt [er] við sérstakar aðstæður að semja við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar" o.s.frv. Hvernig hyggst ráðherra útfæra efni greinarinnar? Ég held að æskilegt væri að heyra um það.

Tími minn í þessari umferð er þrotinn þó að ég hefði viljað nefna fleira varðandi þetta mikilvæga mál. Ég met það á eftir hvort ég tek aftur til máls og nota rétt minn. Það má vel vera, virðulegur forseti, en fyrst vænti ég að heyra í hæstv. ráðherra.

[16:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir ýmsar ábendingar sem hafa komið fram í máli hv. 4. þm. Austurl. og vil fara örfáum orðum um nokkrar þær athugasemdir sem hann hefur gert og e.t.v. reyna að svara einhverjum af þeim fyrirspurnum sem hann hefur beint til mín en eitthvað af því verður að sjálfsögðu skoðað nánar í hv. landbn. þegar hún fær frv. til skoðunar. Ég ætla í sjálfu sér ekki að eyða miklum tíma í athugasemdir um orðalag en auðvitað er vel þegið að fá slíkar ábendingar. Menn velta því þá fyrir sér hvort ekki er þörf á að gera smávegis lagfæringar þannig að bæði sé skýrara hvað átt er við og þó kannski ekki síður að lagfæra, ef ég má nota það orð, kauðalegt orðalag eins og kann að vera hægt að finna í einstökum greinum sem hv. þm. hefur bent á þó að við séum báðir sammála um að t.d. orðalagið sem hann gerði athugasemd við í 2. gr. er auðvitað skiljanlegt og að sjálfsögðu vel meint en það má líka snúa út úr því. Svona lagað þarf að lagfæra. Ég tala nú ekki um þar sem kunna að vera rangar vísanir í einstakar greinar eða milli málsgreina eða efnisgreina.

Varðandi athugasemdir hv. þm. um 4. gr., þ.e. dýralæknaráðið, þá er þar eins og fram kom í framsögu minni og greinargerðinni um að ræða nýjar hugmyndir til þess að styrkja það vandasama verkefni sem yfirdýralæknir hefur oft verið í bæði við að taka ákvarðanir og kveða upp úrskurði eða takast á við ágreiningsmál. Ég held að hér sé stigið skref sem er mjög til bóta en sjálfsagt þarf að skoða nánar hvaða rétt ráð af þessu tagi hefur til þess að vera beinlínis úrskurðaraðili eða úrskurðarnefnd sem hér kemur þó fram þar sem talað er um að hægt sé að vísa ágreiningsmálum til nefndarinnar og þá geti ráðið kallað til lögfræðing sem má skilja af þessu orðalagi, finnst mér fyrst og fremst, sem ráðgjafa fremur en aðila að nefndinni eða dýralæknaráðinu sjálfu. Ég verð að svara ábendingu hv. þm. á þann hátt að þetta sé greinilega mál sem þarf að skoða nánar í landbn. Ég sé ekki af þessu að gert sé ráð fyrir því að tilkallaður lögfræðingur sé orðinn hluti af dýralæknaráðinu eins og þetta heitir nú enda er þá spurning hvort það er þá lengur dýralæknaráð ef kominn er lögfræðilegur ráðgjafi, enda talað um aðra sérfræðinga til ráðuneytis í næstu málsgrein þar á undan. Þetta þarf að hafa alveg skýrt þegar a.m.k. kemur að því að ráðið kunni að gerast úrskurðaraðili.

Þetta er einnig gert, og kemur fram í athugasemdum og greinargerð, til þess að koma í veg fyrir að mál þurfi að verða að dómsmálum eða lenda fyrir dómstóla til að hægt sé að ná niðurstöðum í slíku ráði en þá þarf líka að vera skýrt að það hafi slíkt verksvið.

Með aðstoðaryfirdýralækninn er rétt sem hv. þm. dró fram að í hinu fyrra frv. sem var aðeins lagt fram til kynningar í lok seinasta þings, svo seint að ekki var einu sinni mælt fyrir því því að ekki voru tök á því og reyndar stóð nú ekki til heldur bara til þess að sýna málið og koma því til umræðu og var þá vitað mál að þar voru uppi ágreiningsefni. Það hafði m.a. komið fram í þingflokki okkar framsóknarmanna að ekki var fullkomið samkomulag var um ákveðna þætti frv. eins og það var sýnt í fyrravor en samkomulag var um að sýna það. Því varð að ráði að ég fékk sérstakan starfshóp á liðnu sumri til þess að fara yfir málið að nýju til þess að líta á þá þætti sem ágreiningur var um, kannski fyrst og fremst um 11. og 12. gr. sem hv. þm. gerði aðalathugasemdir sínar við í ræðu sinni áðan enda gerðar á því nokkrar breytingar þó að ég geti svo sem vel ímyndað mér að það séu fleiri en hv. þm. sem hafa enn athugasemdir við þessar tvær greinar og það skipulag sem boðað er. Endanlega var frv. ekki á borði mínu fyrr en skömmu fyrir áramót, að vísu fyrir áramót en ekki fyrr en skömmu fyrir áramót. Þess vegna er það á þessu róli að vera ekki komið inn í þingið fyrr og hefði þó kannski getað verið einhverjum vikum fyrr á ferðinni en raun ber vitni.

Varðandi aðstoðaryfirdýralæknisembættið var gert ráð fyrir í hinu fyrra frv. að það væri sérstakt embætti. Til þess að draga m.a. úr kostnaði og hugsanlega úr yfirbyggingu og of þunglamalegu stjórnkerfi varð það samkomulag að reyna þetta form sem hér er lagt til að viðhafa að einn af sérgreinadýralæknunum skipi stöðu aðstoðaryfirdýralæknis. Það verður að koma í ljós hvernig það þróast en það er sú tillaga sem hér er sett fram og samkomulag varð um í hinni síðari nefnd sem fjallaði um málið í fyrrasumar og fram á haustið.

Vissulega er það rétt sem hv. þm. bendir á að okkur tekst ekki við aðstæður okkar að skilja eins á milli embættisstarfanna og þeirra hlutverka sem dýralæknar okkar gegna eins og við hefðum kannski viljað. Það skapast af landfræðilegum aðstæðum og því hversu stór svæði en fámenn og með tiltölulega lítilli þjónustu sem geta illa staðið undir kostnaði er um að ræða. Mér finnst reyndar ekki hægt að segja að þetta sé í felum því að þetta er mjög augljóst og meira að segja var tekið fram í framsögunni að hér tækist okkur ekki að verða við þeim sjónarmiðum að skilja á milli. Hvað samkeppnislög koma svo til með að segja um þessa þætti og þá kannski ekki síður hugsanlegar kröfur um aðskilnað á annars vegar eftirliti og hins vegar almennri þjónustu samkvæmt alþjóðlegum reglum skal ég ekki segja um heldur en niðurstaða okkar varð sú að við hefðum ekki tök á því að gera þetta öðruvísi. Það eru að vísu ekki landfræðilega stærstu svæðin heldur þau þar sem byggð er þéttust og búskapur er mestur og skepnufjöldi er mikill, það eru þau svæði sem þó er reynt að aðskilja þetta í, þ.e. Gullbringu- og Kjósarsvæðið. Þar eru að vísu ekki mörg öflug bú en þar er mikið dýrahald, bæði mikil hrossaeign og gæludýrahald. Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi sem er sett í eitt er auðvitað mikið landbúnaðarsvæði og mikið af skepnuhaldi þar, og svo Suðurlandsumdæmið allt. Enda þótt svæðin séu að vísu færri, 3 af 13 en hin svæðin 10, þá er auðvitað mikill fjöldi búa og húsdýra sem um er að ræða á þessum svæðum.

Þá eru aðeins að lokum örfá orð um 11. og 12. gr., þær tvær greinar sem skipta gríðarlega miklu um skipan héraðsdýralæknisumdæma. Þar ræðst tillagan að verulegu leyti af þeirri þróun sem við höfum horft upp á á undanförnum árum, þeirri staðreynd að erfitt er að manna þau svæði sem eru strjálbýlust og þó svo hafi vel til tekist á Vestfjörðum að undanförnu, það er að manna þau umdæmi, hefur það ekki alltaf verið svo. Oftar en ekki hafa þau svæði verið dýralæknislaus og af og til það svæði sem við þekkjum báðir vel til, við hv. þm., norðaustursvæðið, svæðið í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu eða hluti þess, Þistilfjarðar-, Vopnafjarðar- og Bakkafjarðarsvæðið. Þar hefur oft verið erfitt að manna dýralæknisstöðurnar sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum og svo er einmitt nú í augnablikinu.

Hv. þm. velti því fyrir sér hvernig ætti að vera hægt að sinna vöktum skipulega eða skipuleggja vaktina á þessu svæði. Það er alveg ljóst að vegna gríðarlegra vegalengda er það alls ekki auðvelt. Það hefur þó verið reynt að sinna þessu á þennan hátt og þá með öflugri þjónustu í gegnum síma og það er einnig gert ráð fyrir því í 13. gr. að reynt verði að setja reglur í samráði við Dýralæknafélagið og Bændasamtökin um að taka þátt í greiðslu ferðakostnaðar í þessum landfræðilega stærstu héruðum.

Við höfum ekki sett okkur enn þá reglur um þetta sem hægt er að greina frá hér eða nú. Ég hef hins vegar átt viðræður við Bændasamtökin um þetta mál og á þetta atriði var sérstaklega bent í ályktun búnaðarþingsins síðasta sem fékk drögin að frv. eins og það var lagt fram í fyrravor. Síðasta búnaðarþing fékk þau frumvarpsdrög til umfjöllunar og gerði ekki sérstakar athugasemdir við þau en fól stjórn Bændasamtakanna að eiga viðræður við landbrn. og landbrh. um málið með sérstöku tilliti til þess hvernig staðið yrði að kostnaði og greiðslu ferðakostnaðar. Það mál verður því að taka frekar til umfjöllunar. Ef ég man rétt er auk þess getið um það einnig í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að gert sé ráð fyrir því að viðbótafjármuni þurfi. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í 13. gr. er heimild til landbúnaðarráðherra til að semja, við sérstakar aðstæður, við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar. Mun þetta gert í því skyni að tryggja byggðum sem eru fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Ætlunin er að setja reglur um þetta efni í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands. Áætlað er að þessi kostnaður verði ekki undir 2 millj. kr. árlega."

Ég skal ekkert segja um hvar það endar. Hér er samt a.m.k. gert ráð fyrir því að verja nokkrum fjármunum til að sinna þessari þjónustu og búnaðarþingið lagði sérstaka áherslu á að þess yrði gætt.

Ég held að ég fari rétt með það að eins og sakir standa er dýralæknisþjónusta veitt a.m.k. til Þórshafnar frá Húsavík í augnablikinu. Dýralæknirinn sem situr á Húsavík sinnir núna því svæði. Ég verð að játa að ég hef það ekki alveg á hreinu hvernig er með Vopnafjarðarsvæðið. En álit nefndarinnar hinnar fyrri var að með því að gera ráð fyrir að hugsanlega sætu þrír læknar í þessu umdæmi sem kallað er Þingeyjarumdæmi, tveir héraðsdýralæknar og hugsanlega einn sjálfstætt starfandi dýralæknir og ef það í raun tekst er það þó einum lækni fleira en í dag. Það sitja tveir á Húsavík. Það er ekkert sem segir að búseta þessara lækna, fáist þeir til starfa, sé á einhverjum einum ákveðnum stað í hverju umdæmi. Hún getur auðvitað verið samkomulag við dýralækninn sjálfan, hugsanlega samkomulag milli þeirra, en ekki er þó talið ólíklegt og það kemur einhvers staðar fram hér í grg., að þeir muni frekar en hitt sækja um að sitja saman til að eiga auðveldara með ýmiss konar samræmingu og samstarf í þjónustu sinni og skipulag vakta og annað slíkt. En það verður reynslan að leiða í ljós. Við höfum hins vegar reynsluna af hinu að þó að umdæmin séu til staðar, þá er ekki alltaf tryggt að þau séu mönnuð og oft verið verra reyndar en kannski er ástatt í augnablikinu.

Þetta vildi ég nú láta koma fram, hæstv. forseti, þó ég hafi e.t.v. ekki svarað öllum fyrirspurnum. Ég sé að tími minn er að renna út. En þetta eru vangaveltur yfir þeim athugasemdum sem hv. þm. setti fram í ræðu sinni áðan.

[17:05]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögð hans við máli mínu og þó ekki sé mjög fjölmennt í þingsölum á þessum tíma ætla ég að leyfa mér að bæta svolitlu við, enda er það efni málsins sem skiptir mig máli en ekki fjöldi áheyrenda að þessu sinni fyrst ég hef eyru hæstv. landbrh.

Um leið og ég ítreka áhyggjur mínar vegna 11. og 12. gr. vil ég víkja aðeins að því að í 11. gr. sem á nú kannski að einhverju leyti að koma til móts við athugasemdir og áhyggjur manna vegna hinna stóru umdæma segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum."

Þetta er heimild. Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé líklegt að heimild af þessu tagi verði notuð. Það væri æskilegt að það upplýstist hér hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að nota þessa heimild ef ástæða þykir til samkvæmt efni máls og þá er ég að vísa til þess kostnaðar sem þessu að sjálfsögðu fylgir og ekki ætla

ég að draga úr heimildinni nema síður sé. Um þetta hlýtur að verða spurt. Hér er tekið þannig til orða að ef dýralæknir væri ráðinn til aðstoðar, þá væri það vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum, en ekki eru tilgreindar almennar dýralækningar. Ber að skilja þetta svo að sá hinn sami megi ekki stunda almennar dýralækningar ef um það semst í umdæminu?

Síðan segir í lok þessarar greinar varðandi eftirlitsstörfin og skoðanir, með leyfi forseta:

„Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralækis."

Þetta „sem nemur kostnaði", ber að skilja það svo að það gildi um allt eftirlit og skoðanir sem reglur eigi að taka til eða falla einhver eftirlitsstörf og athuganir utan við heimild til gjaldtöku eða skyldu til gjaldtöku samkvæmt kostnaði? Þetta finnst mér ekki með öllu skýrt.

Aðeins síðan til áherðingar varðandi umdæmið — ég nefni sérstaklega Austfjarðaumdæmið þó ég hafi einnig áhyggjur vegna Þingeyjarumdæmis, ekki síður reyndar — þá vil ég vísa til þess að á síðasta ári bárust okkur þingmönnum Austurlands afrit af sjálfstæðu erindi vegna þess frv. sem þá lá fyrir þinginu um dýralækna. Og vegna Þingeyjarumdæmis sem nú er svo kallað, nr. 9, fengum við erindi einmitt frá sameiginlegum fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps og stjórnar Búnaðarfélags Vopnafjarðar sem haldinn var 13. mars 1997 og mótmælti svo vitnað sé beint í samþykkt, orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi fundur mótmælir harðlega framkomnum drögum að frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu dýra sem fjallar m.a. um að leggja niður embætti dýralæknis í Norðausturlandsumdæmi. Fundurinn telur fráleitt að skerða dýralæknisþjónustu á þessu svæði."

Þessu fylgir allítarleg greinargerð þar sem þeim rökum er m.a. mótmælt að engir dýralæknar fáist til starfa á þessu svæði. Því er mótmælt þar með orðréttri tilvitnun, með leyfi forseta:

„Síðastliðið ár hefur gengið illa að manna stöðu dýralæknis á svæðinu, en það segir ekkert um þörfina fyrir þjónustuna. Það eru engin rök að það fáist enginn dýralæknir til að starfa hér og þá sé best að leggja niður þetta embætti. Fundarmenn telja að ekki hafi verið nægilega reynt að fá dýralækni á svæðið."

Síðan er bent á Vopnafjarðarsvæðið sem mjög mikilvægt landbúnaðarsvæði eins og allir taka undir sem til þekkja og vakin er athygli á því að í grg. með þessu frv. komi fram að gætt sé byggðarsjónarmiða og jafnræðis þegnanna og þetta megi ekki verða til þess að þjónusta sem landsmönnum er tryggð í dag breytist til hins verra, svo vitnað sé til athugasemda í grg. sem eru teknar upp úr því frv. sem lá fyrir í fyrra.

Virðulegur forseti. Þá vil ég nefna vegna Austfjarðaumdæmis að við þingmenn Austurlands fengum athugasemdir frá stjórn Sláturfélags suðurfjarða, dagsettar 10. mars 1997, og erindi frá stjórn Búnaðarfélags Breiðdæla, dagsett sama dag, 10. mars 1997, sem beinist sérstaklega að því að greinilega er stefnt að því að leggja niður það embætti sem nú er á suðurfjörðum, nánar tiltekið dýralæknisembættið á Breiðdalsvík. Og það er lögð rík áhersla á að ekki verði við því hróflað að Austurlandsumdæmi verði áfram skipt niður í svæði þannig að eftir á verði ekki ráðskast með staðsetningu héraðsdýralæknisembætta og Breiðdalsvík tekin sem dæmi þar um.

Virðulegur forseti. Ég vil segja, um leið og ég tek undir þessa athugasemd, að suðurfirðir eru svæði sem hefur átt undir högg að sækja, verulega raunar í atvinnulegu tilliti. Það á bæði við um sjó og sveitir, sjávarútveg og landbúnað og opinber störf sem hefur verið vegið að, alveg sérstaklega í Breiðdal að undanförnu. Þar gæti ég talið upp fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi í því tiltölulega fámenna en stóra byggðarlagi, að verið er að flytja til fólk úr störfum eða gera mönnum ókleift að starfa við opinber störf sem þar hafa verið og skipta mjög miklu fyrir byggðarlagið sem gefur að skilja.

En hér er auk þess um efnisleg rök að ræða þar sem er þetta stóra svæði, suðurfjarðasvæðið eða það svæði sem héraðsdýralæknir staðsettur á Breiðdalsvík hefur gegnt. Það segir sig sjálft að ef þeir tveir héraðsdýralæknar sem um er að ræða í Austurlandsumdæmi, ef þetta verður lögfest, settust að á sama stað — ekki er ólíklegt að þá yrði horft til Fljótsdalshéraðs sem stærsta landbúnaðarbyggðarlagsins — þá sjá menn í hvert efni er komið um þessa þætti. Ég leyfi mér því að vekja rækilega athygli, virðulegur forseti, á þessum atriðum.

Aðeins varðandi sérgreinadýralækna skv. 14. gr. Það kann að vera eðlileg skipan. Hins vegar sýnist mér sitt hvað óljóst um hvernig samskiptum héraðsdýralækna og sérgreinadýralækna verður háttað. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, í samráði við héraðsdýralækna, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeiningar- og forvarnastarfi. Sérgreinadýralæknum má fela önnur verkefni, enda komi slíkt fram í erindisbréfi."

Ég sé ekki hvaða verkefni það eru. Hér er greinilega grátt svæði á ferðinni.

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á 18. gr. þar sem kveðið er á um hugsanlegar ávirðingar dýralækna. Ég leyfi mér að vitna til þess sem tekið er fram í textanum og bið aðeins um þolinmæði virðulegs forseta. Ég er að ljúka máli mínu:

„Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber yfirdýralækni að greina ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra skal leita álits dýralæknaráðs um slík mál. Svipta má viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef dýralæknaráð leggur það til."

Ég hef ekki kannað hvort í öðrum lögum um opinbera starfsmenn sé að finna viðlíka ákvæði. Í gildandi lögum er ekki ósvipað orðalag en þar eru að vísu notuð orðin „eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu". Ég spyr hvort þetta séu ekki almennir þættir sem varða opinbera starfsmenn. Er ástæða til að ætla að dýralæknum sé hættara við að tapa geðheilsu eða fara út í óreglu? Eru bein fordæmi í læknalögum um hliðstæður þessa? Ég spyr um þetta vegna þess að það kemur mér á óvart þegar ég les frumvarpstextann. Nú hef ég reynt virkilega á þolinmæði virðulegs forseta og ég þakka fyrir þá þolinmæði sem virðulegur forseti sýnir mér.

[17:16]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara í örfáum orðum því sem hér hefur komið fram. Ég byrja á því sem hv. þm. var að velta fyrir sér í lok ræðu sinnar, varðandi ákvæði og upptalningu í

18. gr. Ég hef nú auðvitað ekki læknalögin fyrir framan mig og veit því ekki hvernig þau hljóða í þessu sambandi. Ég man þó eftir því frá því ég sat í embætti heilbr.- og trmrh. að þá átti ég viðræður um það við landlækni að þó nokkur erfið mál kæmu upp í þeirri stétt af því tagi að taka þyrfti á þeim sérstaklega þó ekki sé ástæða til að rekja það hér frekar.

Auðvitað þarf að gera töluverðar kröfur til þessara stétta og kannski finnst mönnum sem hér hafa setið yfir frumvarpstextanum ástæða til að setja skýrari reglur en almennt gerist með opinbera starfsmenn eða aðrar starfsstéttir. Ég skal þó ekkert um það segja hvort þetta er í samræmi við læknalögin eða hversu nærri þetta er hinum eldri lögum. Það skoðar nefndin að sjálfsögðu og hversu tilhlýðilegt það er að setja fram slíkar kröfur um eina stétt umfram aðrar. Ég hygg þó að rök séu fyrir miklum kröfum til opinberra starfsmanna í þeim embættum sem hér er fjallað um sérstaklega.

Tvær fyrirspurnir hv. þm. voru sérstaklega varðandi 11. gr. Annars vegar um heimild til að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess gerðist þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Eftir því sem ég kemst næst og man eftir að hafa rætt um við höfunda frv. og yfirdýralækni, þá er heimildin til þess á álagstímum, t.d. í sláturtíð og þegar sérstök verkefni koma upp þannig að bæta þurfi við eftirlitslæknum. Ég man nú ekki hvort talað var sérstaklega um það í sambandi við sjúkdómavarnirnar en ef upp koma sérstök sjúkdómstilfelli eða pestir gæti það aukið þörfina á viðbótarliði. Ég held að hér sé ekki verið að tala um almenna dýralæknaþjónustu. Þó væri út af fyrir sig æskilegt að hafa heimild til að ráða dýralækna tímabundið, þótt ekki væri nema yfir sauðburðartíma, á hin stóru, strjálbýlu svæði, t.d. á Norðausturlandi og Austurlandi þar sem t.d. sauðfjárrækt er ríkjandi í búskap. Greininni mun þó ætlað annað hlutverk eins og hún hljóðar eftir því sem ég tel mig muna frá því farið var yfir frv. með yfirdýralækni og nefndarmönnum.

Varðandi seinustu málsgrein umræddrar greinar þar sem fjallað er um gjald fyrir eftirlit og skoðanir held ég að fullyrða megi að þetta sé nokkurn veginn í samræmi við það sem nú þegar er fyrir hendi. Í dag er tekið gjald fyrir þessa þjónustu og auðvitað er, svipað og í áðurnefndri grein, t.d. í afurðastöðvum og sláturhúsum. Ég hygg að þetta sé nokkurn veginn svipað því formi sem nú þegar hefur tekið gildi.

Tími minn er að renna út, hæstv. forseti, en varðandi vangaveltur hv. þm. um búsetu lækna, er ekkert sem segir að þótt þrír læknar séu búsettir í Þingeyjarsýsluumdæmi þurfi þeir allir að vera á sama stað. Þeir gætu auðvitað setið á þremur stöðum, sama á auðvitað við um Austurlandsumdæmið. Ef læknar fást til að sitja, annar á Egilsstöðum og hinn á Breiðdalsvík er ekkert sem segir sérstaklega hvar þeir skuli búa. Þó mun líklegra að þeir setjist að skammt hver frá öðrum til að hafa stuðning hvers annars í störfum sínum.

[17:22]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer nú svo að bæði ég og hæstv. ráðherra tæmum þann tíma sem við höfum til að ræða þetta mál, hér tveir saman á þingi og ekki fleiri að sjá. Þar á meðal sakna ég auðvitað þess að hér skuli ekki vera, virðulegi forseti, a.m.k. forusta landbn. þingsins til að taka þátt í þessari umræðu. Ég get nú ekki á mér setið, þótt það heyri undir störf þingsins, að nefna það hér.

Það sem ég vildi inna hæstv. ráðherra um varðar II. ákvæði til bráðabirgða sem ég hafði ekki vikið að.

„Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til biðlauna í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996."

Við þetta ákvæði til bráðabirgða eru engar skýringar. En hins vegar segir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að í stað 111 millj. kr. sé áætlað að greiða 68 millj. kr. í föst laun en 31 millj. til greiðslna fyrir vaktir.

„Ástæða þess að ekki dregur meir úr launakostnaði þrátt fyrir fækkun starfa úr 42 í 31 er sú að héraðsdýralæknum verður að einhverju leyti bættur upp tekjumissir vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi. Þessu mati fylgir nokkur óvissa þar sem enn er ósamið um kjör dýralækna við breytt fyrirkomulag vakta.

Ekki verður hægt að bjóða öllum núverandi héraðsdýralæknum sambærileg störf hjá ríkinu. Ætla má að allt að níu einstaklingar fari á biðlaun."

Hvaða einstaklingar, virðulegi forseti?

„Kostnaður við biðlaun þeirra er um 16 millj. kr. sé gert ráð að jafnaði níu mánaða rétti." Hverjir eru þeir níu sem eru þarna á stokknum? Svo ég hafi nú ekki forskeyti á undan.

[17:25]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef náttúrlega alls ekki lista yfir það og get ekki svarað spurningunni nákvæmlega sem hv. þm. setur fram hvaða einstaklingar þarna kann að vera um að ræða. En það er ljóst að héraðsdýralæknisstöðunum fækkar eins og fram kemur í lagatextanum ef frv. verður að lögum eins og það lítur hér út þá verða ráðnir færri héraðsdýralæknar en þeir sem nú eru. Gert er ráð fyrir að þeim fjölgi að sama skapi sem kallaðir eru sjálfstætt starfandi dýralæknar og ef svo fer að einhverjum af starfandi héraðsdýralæknum verði sagt upp störfum hljóta þeir að öðlast við það biðlaunarétt eins og kemur fram í umsögn fjmrn. um málið. Ég sé að það er rétt hjá hv. þm. að ekki er gerð grein fyrir því ákvæði í athugasemdum um einstakar greinar sem hefði þó kannski verið full ástæða til að láta koma betur fram hvernig það er hugsað nákvæmlega að koma þessum málum fyrir. Það má vera nokkuð ljóst að í einhverjum tilfellum fer það fram eins og boðað er í lagatextanum og athugasemdum frá fjmrn.

Mig langar þessa sekúndu sem ég á eftir að segja við hv. þm. og þingheim, eða a.m.k. við þingritunina, þannig að það komi fram, að ég deili áhyggjum mínum nokkuð með hv. þm. Það er víða vegið að opinberum störfum á landsbyggðinni. Út af fyrir sig er áhyggjuefni ef velmenntuðu fólki með tiltölulega góð laun fækkar umtalsvert í hinum dreifðu byggðum. Sumt af þessu er nú fyrir það að það eru að skapast aðstæður sem við ráðum ekki við hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[17:27]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki sæmandi að leggja málið fyrir með algera eyðu að því er varðar skýringar við ákvæði til bráðabirgða og eftirláta það fjmrn. að koma fram með efnisatriði sem varða málið beint. Þetta hefur hæstv. ráðherra tekið undir og hefði þurft að ráða bóta á því áður en frv. kom fram. Ég hef verulegar áhyggjur af málinu með tilliti til stöðu landbúnaðarins og þeirra sem við hann starfa og eiga að njóta þjónustu dýralækna. Mér sýnist að ekki sé aðeins teflt á tæpt vað varðandi ýmis ákvæði og alveg sérstaklega umdæmin sem verið er að setja upp þannig að ekki verði uppfylltar þær

kröfur sem eru þó settar fram í orði í greinargerð að þjónusta skuli ekki versna við þetta. Væri það mælikvarðinn mundi þetta ekki vera sett fram með þeim hætti sem það liggur fyrir. Það er hverju orði sannara að það er stórfellt áhyggjuefni hvernig haldið er á fjölmörgum málum sem varða þjónustu og samskipti hins opinbera við fólk um hinar dreifðu byggðir í landinu. Á sama tíma og ráðandi öfl í samfélaginu, þar á meðal ríkisstjórn landsins, viðurkennir að illa horfi í þessum efnum eru aðgerðirnar sem gripið er til í engu samræmi við þau efni sem menn ráða þó yfir, burt séð frá því sem menn hafa þegar afsalað sér í hendur framandi valds með reglugerðum og öðru slíku og er ákvarðað úti í Brussel fyrir okkur. Hér er þó um að ræða efni sem menn gætu tekið á ef vilji væri fyrir hendi og væri það langt mál að víkja að.

Ég þakka umræðuna. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þátttöku í umræðunni og viðbrögð við athugasemdum mínum. Ég finn ekki að því, síður en svo. Ráðherra hefur brugðist vel við í þeim efnum. Ég hvet hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, til þess að taka á í þessu máli og breyta frv. róttækt.

[17:30]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að minna á það aftur að þegar ég gegndi embætti heilbr.- og trmrh. beitti ég mér fyrir því að læknar í nokkrum heilsugæsluumdæmum, og reyndar ekki bara læknar heldur hjúkrunarfólk líka, fengju svokallaða staðaruppbót sem hefur leitt til þess að þau héruð eru enn í dag mönnuð, sem höfðu ekki verið mönnuð þá um langan tíma. Það er á norðausturhorninu, á Vestfjörðum og reyndar á suðurfjörðum Austfjarða, ef ég man rétt. Það kann að vera nokkurt áhyggjuefni í augnablikinu hvernig þau mál skipast þegar kveðinn hefur verið upp kjaradómur um laun og kjör þeirra ágætu starfsmanna. En það er önnur saga og kemur væntanlega upp síðar ef miklar breytingar verða. Þá gæti komið aftur upp sú staða að erfitt verði að manna svæðin. Hitt er ljóst að það hefur verið erfitt að manna sum svæði héraðsdýralæknanna og í ljósi þess eru þær breytingar gerðar eða fram lagðar og einnig vegna þess að við sitjum nú uppi með að hluta til tvöfalt kerfi, annars vegar héraðsdýralæknana og hins vegar hina sjálfstætt starfandi dýralækna. Það er auðvitað verið að reyna í þessu frv. að koma til móts við þau sjónarmið. Það var ekki síst kveikjan að þeirri ályktun sem kom fram á aðalfundi Dýralæknafélags Íslands, sem hv. þm. gat um í upphafi. Þetta eru því mál sem verður að skoða frekar í nefndinni, ekki hef ég á móti því, en þetta er sú niðurstaða sem við höfum komist að í tveimur nefndum sem hafa unnið að málinu ásamt fyrrverandi og núverandi yfirdýralækni sem báðir hafa þurft að glíma við þetta viðfangsefni.

Ég vil allra seinast segja að það er sjálfsagt og eðlilegt að hv. landbn. afli sér frekari upplýsinga um bíólaunamálið sem var hér til umræðu seinast og ég átti fá svör við.

[17:33]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins undir þessum lið að ítreka það sem fram kom óbeint eða með beinum hætti reyndar í andsvari og var kannski ekki á réttum stað, að við erum þó ekki síðar á degi hér en svo að klukkan er rétt rúmlega hálfsex. Hér er vægast sagt þunnskipað á bekkjum og ekki nokkurn hv. þm. úr þeirri þingnefnd að sjá, sem á að fá það mikilvæga mál sem hér er mælt fyrir til meðferðar. Hér brá fyrir einum hv. þm. úr landbn., þingmanni sem hefur átt hlut að því að móta þetta frv. og sá hinn sami staldraði ekki lengi við en sást þó. En það er ekki vel til fallið að við ræðum mál af þessum toga án þess að hafa eyru þeirra sem skipa viðkomandi þingnefnd. Nú er mér ljóst að menn geta að sjálfsögðu farið yfir umræður sem hér fara fram, þeir sem í nefndum sitja, og gera það væntanlega oft, en ég get ekki látið hjá líða að hafa nefnt þetta og sakna þess líka að þá hafa kannski ekki komið fram við 1. umr. ábendingar eða skýringar og viðbrögð þeirra sem mestu ráða um mótun málsins eða framhaldsmeðferð málsins á vegum þingsins. Þetta er áhyggjuefni, virðulegur forseti, sem ég vil koma á framfæri.

[17:34]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson)**:

Forseti hlustar á þessar athugasemdir hv. þm. en vill þó vekja á því athygli að 17 hv. þingmenn eru í húsinu og eru væntanlega að fylgjast með umræðum þó að þeir hafi kosið að taka ekki þátt í þeim að þessu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 14. mál.

Fundi slitið kl. 17:35.

---

# 67. FUNDUR

föstudaginn 13. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 772. — 1. umr.
2. Listskreytingar opinberra bygginga, stjfrv., 446. mál, þskj. 773. — 1. umr.
3. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774. — 1. umr.
4. Grunnskóli, frv., 199. mál, þskj. 208. — 1. umr.
5. Gjald af kvikmyndasýningum, frv., 414. mál, þskj. 735. — 1. umr.
6. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr.
7. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
9. Ráðherraábyrgð, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.
10. Stjórnarskipunarlög, frv., 187. mál, þskj. 189. — 1. umr.
11. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 202. mál, þskj. 211. — 1. umr.
12. Almannatryggingar, frv., 228. mál, þskj. 260. — 1. umr.
13. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 246. mál, þskj. 291. — Fyrri umr.
14. Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv., 263. mál, þskj. 330. — 1. umr.

15. Setning reglna um hvalaskoðun, þáltill., 264. mál, þskj. 332. — Fyrri umr.

16. Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, þáltill., 269. mál, þskj. 337. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

[10:30]

**Útbýting þingskjala:**

Aðstaða landsmanna til að nýta sér ljósleiðarann, 468. mál, fsp. HG, þskj. 801.

Almannatryggingar, 470. mál, frv. ÁRJ og ÖS, þskj. 803.

Launamunur verkakvenna og verkakarla, 469. mál, fsp. JóhS, þskj. 802.

Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, 465. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 798.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum, 467. mál, fsp. ÓÞÞ, þskj. 800.

## *Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 1. umr.*

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

[10:31]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Á þskj. 772 er frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frv. þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Hér er frv. lagt fram að nýju nánast óbreytt en þó er lagt til að breytt verði ákvæði varðandi skil sveitarstjórna til menntmrn. á upplýsingum um menntun grunnskólakennara. Þetta ákvæði er fellt niður í ljósi þess að kennaraskrá grunnskóla er ekki lengur í umsjá menntmrn. Aðrar breytingar á frv. frá því að það var lagt fram á 121. löggjafarþingi lúta að orðalagi eða tæknilegum atriðum.

Kveikjan að því að frv. var samið má segja að leiði af flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna, sem Alþingi samþykkti vorið 1996, svo og sérstökum samþykktum sem gerðar voru af sama tilefni. Undirbúningur að gerð frv. fór fram í menntmrn. og síðan var efnt til viðræðna við fulltrúa kennarasamtakanna, þ.e. Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

Frv. er skipt í tvo hluta og fjallar fyrri hlutinn um grunnskóla og sá síðari um framhaldsskóla. Með þessu verða lögin aðgengilegri og framsetning skýrari en í gildandi lögum.

Með frv. er m.a. leitast við að leggja áherslu á þýðingu aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skuli hafa forgang til kennslu í sinni grein í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður til.

Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þá kemur fram í 12. gr. frv. að framhaldsskólakennari, sem hefur aflað sér fagmenntunar sem er verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem almennri reglu, þurfi aðeins að taka 15 einingar í kennslufræði. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að menn ljúki 30 einingum í kennslufræði en hér er sem sagt gert ráð fyrir að í tveimur tilvikum dugi mönnum að taka 15 einingar í kennslufræðum, þ.e. ef þeir hafa aflað sér fagmenntunar sem er verulega umfram það lágmark sem frv. gerir ráð fyrir og hins vegar ef um kennara í iðngreinum er að ræða enda hafi þeir öðlast mikla reynslu í atvinnulífinu og gengið menntunarveginn á enda í sinni iðngrein.

Þá er kveðið á um það í frv. að próf frá Kennaraskóla Íslands sé fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara. Til þessa hefur þetta próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla. Allmargir kennarar munu fá réttindi til kennslu við framhaldsskóla samkvæmt þessu ákvæði.

Í 2. og 12. gr. frv. er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og er þetta nýmæli.

Í frv. eru ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Í 7. gr. gildandi laga er kveðið á um menntun kennara við tiltekna sérskóla og í tilteknu sérnámi. Þessi upptalning er felld brott, sjá 15. gr. frv., og í staðinn er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð. Þessi breyting er nauðsynleg vegna örrar þróunar á vinnumarkaði og þar af leiðandi breytilegra krafna til skólakerfisins hvað varðar námsframboð.

Ákvæði laganna um matsnefndir, sbr. 4. og 14. gr., eru einfölduð. Ákvæði um starfshætti nefndanna eru felld brott og er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð.

Í 15. gr. frv. er kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein án þess að viðkomandi hafi öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Þessi heimild miðast við að um sé að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.

Í 21. gr. frv. er kveðið á um að lögin taki ekki til kennslu í listgreinum á framhaldsskólastigi. Þetta er gert til þess að auðvelda framhaldsskólum að fá til starfa viðurkennda listamenn en það er vandkvæðum bundið samkvæmt gildandi lögum.

Að lokum hafa ákvæði um undanþágunefndir verið endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndanna sem lægra settra stjórnvalda gerð skýrari. Hlutverk þeirra er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu efnisatriðum frv. að því er varðar breytingar frá núgildandi lögum. Rétt er að taka fram að af hálfu Hins íslenska kennarafélags hafa menn hreyft athugasemdum og gagnrýnt þá tillögu sem í

frv. er um að stytta kennslufræðinámið úr 30 einingum í 15 einingar í þeim tilvikum sem getið er um í 12. gr. frv. Um þetta hef ég rætt við forustumenn Hins íslenska kennarafélags og mér er ljóst að sjónarmið þeirra ganga þvert á þetta ákvæði frv., sérstaklega að því er varðar það sem segir um kennara í iðngreinum. Síðast í gær átti ég fund með stjórn Hins íslenska kennarafélags þar sem þetta sjónarmið var áréttað af hálfu þeirra. Af minni hálfu eru þau rök hins vegar fyrir þessum tillögum, sérstaklega að því er varðar kennara í iðngreinum, að ég tel mjög brýnt að opna leiðir og stuðla að betra sambandi ef ég má orða það svo á milli atvinnulífsins og framhaldsskólanna.

Lögin um framhaldsskóla, sem Alþingi samþykkti og gengu í gildi 1. ágúst 1996, gera ráð fyrir því að sambandið á milli framhaldsskóla og atvinnulífsins verði stóreflt. Ég tel að með þessu ákvæði í frv. sé komið til móts við þau sjónarmið og stuðlað að því að skólarnir geti ráðið til starfa hjá sér fólk sem hefur mikla reynslu í atvinnulífinu og skólarnir opni þannig frekar dyr sínar fyrir samstarfi við atvinnulífið.

Herra forseti. Með þessum orðum legg ég frv. fram og óska eftir því að því verði að lokinni umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[10:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir er svipað því frv. sem lagt var fram í fyrra. Þó hefur verið gerð á því ein mjög veigamikil, alvarleg og róttæk breyting frá síðasta þingi, breyting sem er ágreiningur um við kennarasamtökin eins og kom mjög lauslega fram í máli hæstv. menntmrh. áðan.

Eins og frv. var lagt fyrir á síðasta þingi hafði það einnig falið í sér ágreiningsatriði sem m.a. er gerð grein fyrir í bréfi sem kennarasamtökin, Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag, skrifuðu menntmrh. 17. apríl 1997. Þar kemur fram að kennarafélögin telja að tímabært hafi verið að endurskoða lögverndunarlögin og eru sátt við ýmsar breytingar sem frv. felur í sér, t.d. að nú verður kennslugrein eða sérsvið tilgreind í leyfisbréfi framhaldsskólakennara o.s.frv. en síðan gagnrýna kennarasamtökin það að í frv. er gert ráð fyrir því að gjaldfella uppeldis- og kennslufræðimenntun frá því sem nú er eða eins og segir í bréfi kennarasamtakanna, með leyfi forseta:

„Það er eitthvað alvarlega bogið við þá ákvörðun að minnka kröfur um menntun framhaldsskólakennara í uppeldis- og kennslufræði á sama tíma og ný lög og reglugerðir um framhaldsskólann gera auknar kröfur til fagmennsku kennarans, t.d. í námsmati, mati á skólastarfi og skólanámskrárgerð."

Í bréfi kennarasamtakanna er einnig vitnað til þeirra áforma sem þá voru uppi en nú eru orðin að veruleika um að sameina uppeldisháskólana og þar segir einnig um það mál, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessarar þróunar að sameina uppeldisháskólana, sem er mjög jákvæð þróun, verður ofangreind breyting á lögverndunarlögum að teljast afar sérkennileg." Síðan segir, með leyfi forseta: „Nú er skortur á kennurum með kennsluréttindi í raungreinum og ýmsum iðn- og tæknigreinum en það er ekki rétt að leysa það vandamál með því að gjaldfella menntun framhaldsskólakennara."

Þetta er mál sem við ræddum talsvert á síðasta þingi en þó ræddum við það alveg sérstaklega að við framlagningu málsins og undirbúning myndaðist trúnaðarbrestur á milli kennarasamtakanna og hæstv. menntmrh. vegna þess að eftir að starfshópur hafði skilað af sér til ráðuneytisins og samtaka kennara breytti menntmrh. frumvarpsdrögunum einhliða, án þess að ræða það við kennarasamtökin, á mjög róttækan hátt að því er varðar þennan þátt sem lýtur að uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara. Um það mál sagði svo í bréfi kennarasamtakanna, með leyfi forseta:

„Eftir að starfshópurinn hafði skilað af sér ákvað menntamálaráðherra Björn Bjarnason hins vegar að beita valdi sínu og breyta frumvarpsdrögunum á ofangreindan hátt. Þetta teljum við ekki lýðræðisleg vinnubrögð og hörmum þann trúnaðarbrest sem þessi ákvörðun ráðherra orsakar á milli kennarafélaganna og menntmrn. Við lítum þennan trúnaðarbrest sérstaklega alvarlegum augum í ljósi þess mikla og mikilvæga samstarfs sem nú stendur yfir við að hrinda í framkvæmd nýjum lögum um framhaldsskólann og endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskólastigið."

Þessi alvarlegu gagnrýnisefni sem komu fram á síðasta þingi, sem lúta bæði að vinnubrögðum og að efni málsins, voru út af fyrir sig rækilega rædd þá og ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram koma í þessum bréfum að því er varðar vinnubrögð menntmrn. alveg sérstaklega því að ég tel að þau séu óeðlileg og óheppileg miðað við þann anda sem þarf að ríkja milli ráðuneytisins og kennarasamtakanna. Það er þeim mun brýnna nú en áður var að þessi andi sé góður vegna þess að það er í sjálfu sér mjög lítið af málefnum grunnskólans sem eftir er í menntmrn. og mér finnst einhvern veginn af viðbrögðum ráðherra, eiginlega við öllum vandamálum sem koma upp í málefnum grunnskólans í seinni tíð, að hann vilji helst henda grunnskólanum algerlega út úr ráðuneytinu og vilji ekkert nálægt grunnskólanum koma að öðru leyti en því að hann vill bersýnilega ráða því áfram hvernig námskráin verður skrifuð niður.

Að öðru leyti sýnist mér að grunnskólinn sé að verða hrein hornreka í menntmrn. og að flutningurinn til sveitarfélaganna sé notaður sem yfirvarp og skálkaskjól til að losa sig við allar skyldur gagnvart grunnskólunum nema þá að skrifa niður námskrá grunnskólans.

Eins og frv. lítur út núna er bætt um betur í þessu efni og gert er ráð fyrir því að kennaraskránni verði hent út úr lögunum og það eru vissulega stórtíðindi miðað við þær umræður sem farið hafa fram. Kennarasamtökin halda því t.d. fram að gengið hafi verið út frá því við flutning skólans yfir til sveitarfélaganna að kennaraskráin yrði áfram í ráðuneytinu, eða eins og segir í grein eftir varaformann Kennarasambands Íslands, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur, í Kennarablaðinu fyrir nokkru, með leyfi forseta:

„Í undirbúningnum fyrir flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga var gert ráð fyrir því að kennaraskráin yrði áfram í menntmrn. enda var ekki áætlaður kostnaður vegna hennar í tekjuyfirfærslunni. Því til sönnunar má benda á bréf til menntmrh. frá verkefnisstjórn um flutning grunnskólans og tillögur réttindanefndar. Hafi verið rætt um að menntmrh. héldi skrána „fyrst um sinn" telja kennarafélögin að enn sé ekki komin full reynsla af flutningnum og því ástæða til að bíða með að taka ákvörðun um breytingu. Kennarafélögin líta á það sem brot á samkomulagi um flutninginn ef ekki er tryggt að kennaraskráin verði með óbreyttum hætti."

Þetta var úr grein eftir varaformann Kennarasambands Íslands, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur.

Í grein eftir þær Elnu Katrínu Jóndóttur og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur í sama blaði er fjallað um þessi mál mjög

rækilega og þar er sagt frá því að það fyrsta sem kennarasamtökin fréttu af þessum áformum menntmrh., að henda kennaraskránni út úr ráðuneytinu, var í fréttabréfi menntmrn. Það var ekki þannig að haft væri samband við kennarasamtökin og þau látin vita af því að þetta væri hugmyndin heldur var byrjað á því að senda það út í fréttabréfi menntmrn., eða eins og segir í grein þeirra Elnu Katrínar Jónsdóttur og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, með leyfi forseta:

„Í fréttabréfi menntmrn. í des. sl. er skýrt frá því að ráðuneytið muni hætta að halda kennaraskrá fyrir grunn- og tónlistarskóla frá og með 1. janúar 1998 en starfsmenn ráðuneytisins fá tíma til loka febrúar til að ganga frá gögnum og færa inn upplýsingar sem bárust fyrir áramót. Þá segir orðrétt í fréttinni [og er vitnað í fréttabréf menntmrn.]: „Að því loknu er gert ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga og samtök kennara taki við kennaraskránni og haldi henni við."" — Síðan segir í grein þeirra stallsystra:

„Hvorki Samband íslenskra sveitarfélaga né kennarafélögin hafa fallist á að taka við kennaraskránni enda hefur aldrei verið formlega farið fram á það, a.m.k. ekki við kennarafélögin enda eru þau ekki rekstraraðili skólanna."

Síðar segir í sömu grein, með leyfi forseta:

„Í fréttabréfi menntmrn. er einnig sagt frá því að námsmatsnefndin muni flytjast úr ráðuneytinu. Skipan hennar og verksvið er bundið í kjarasamningum, nánar tiltekið í grein 1.3.2.1.2, en þar segir að námsmatsnefnd skuli skipuð" eins og þar greinir.

Af þessu tilefni og út af einhliða ákvörðunum hæstv. menntmrh. og undarlegum aðferðum við að tilkynna kennurum þær ákvarðanir settu kennarafélögin fram kröfur til menntmrn. að það „sendi öllum kennurum og skólastjórum stöðu yfir stigamat samkvæmt kennaraskránni eins og hún var 1. janúar. sl. og gefi þeim jafnframt tíma til að gera athugasemdir. ... Kennarafélögin ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga fóru fram á sérstakan fund um kennaraskrána og þá ákvörðun að vísa námsmatsnefndinni út úr ráðuneytinu. Sá fundur var haldinn þriðjudaginn 20. janúar sl. Á fundinum féllst menntmrn. á ofangreindar kröfur kennarafélaganna og jafnframt á að taka við upplýsingum um viðbótarnám til 1. mars nk. Ráðuneytið er enn fremur tilbúið að skipa áfram oddamann í námsmatsnefndinni.

Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um vörslu kennaraskrárinnar eftir 1. mars nk."

Þetta var úr grein Elnu Katrínar Jónsdóttur og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur í Kennarablaðinu.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið í dag frá kennarasamtökunum eru í gangi samningaviðræður um hvernig verður farið með þessa kennaraskrá og þeim viðræðum er ekki lokið. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst að stöðugt sé verið að stofna þeirri gríðarlegu vinnu sem fram hefur farið í menntmrn., hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hjá kennarasamtökunum í hættu með þeim undarlegu vinnubrögðum sem tíðkast gagnvart kennarasamtökunum í seinni tíð. Aftur og aftur eru teknar einhliða ákvarðanir. Nefndarálitum er breytt áður frumvarpsdrög eru lögð fyrir Alþingi. Aldrei er talað við þá aðila sem semja þau frumvarpsdrög heldur er þeim breytt einhliða án þess að tala við nokkurn mann. Auðvitað er það þannig að ráðherrann hefur valdið og hann leyfir kennurunum svo sannarlega að finna að hann hefur valdið í þessum málum.

Í öðru lagi er mjög veigamiklum atriðum, sem kennarar telja jafnvel að hafi verið gengið út frá sem forsendu flutningsins til sveitarfélaganna, einnig breytt og tilkynnt um það í fréttabréfum menntmrn. án þess að talað sé um það við kennarana.

Í þriðja lagi er einnig athyglisvert að þetta frumvarp skuli vera lagt fram á Alþingi og mælt fyrir því af hæstv. menntmrh. í þessum sal án þess að gera grein fyrir því að samningaviðræður standi yfir við kennarasamtökin um þessi mál. Ég vil að lokum nota tækifærið til að inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort hann telji ekki óhjákvæmilegt að afgreiðsla þessa máls bíði a.m.k. í þessari virðulegu stofnun þangað til niðurstöður fást í þeim efnum hvað verður um kennaraskrána, hver heldur hana og verður sátt um meðferð hennar á milli ráuneytisins, kennarasamtakanna og Sambands ísl. Sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga telur sig ekki hafa gengið frá málum í einstökum atriðum að því er kennaraskrána varðar.

Ég tel að þau fljótfærnislegu og valdsmannslegu vinnubrögð í menntmrn. gætu stofnað flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna í verulega hættu og það ber að harma, því að í grófum dráttum hefur sú tilfærsla gengið allvel og greinilegt að sveitarfélögin eru að laga sig að þessum nýja veruleika. En eftir stendur þessi spurning: Er það ætlun menntmrh. að knýja þetta mál í gegnum þingið án þess að ákvarðanir hafi verið teknar um það í sátt við kennara og aðra og sveitarfélögin hvað verður um kennaraskrána og hver heldur hana? Að öðru leyti hlýt ég að vísa til þeirrar meðferðar sem þetta mikilvæga mál hlýtur að fá í hv. menntmn.

[10:51]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseeti. Ég lít á ræðu hv. þm. sem sögulegt yfirlit því að það er alrangt að halda því fram að samstarf ráðuneytisins við Hið ísl. kennarafélag sé slæmt. Það er mjög gott samstarf við forustumenn Hins ísl. kennarafélags. Það er ljóst að við erum ekki sammála um þennan þátt sem hv. þm. vék að, og ég vék sjálfur að. Það lýtur sérstaklega þó að þeim sem hafa iðnréttindi og kennslu iðngreina í framhaldsskólum. Það er því sögulegur ágreiningur og heyrir sögunni til það bréf sem hv. þm. las og var það staðfest m.a. á fundi sem ég átti með stjórn Hins ísl. kennarafélags í gær. Það er ekkert sem ber í milli ráðuneytisins og stjórnar Hins ísl. kennarafélags sem segir að ágreiningur eða tortryggni sé í okkar samskiptum.

Varðandi kennaraskrána sem hv. þm. las svona sem sagnfræði, því að málinu hefur að sjálfsögðu miðað frá því að þær ákvarðanir voru teknar og það hefur verið unnið að því. Það liggja fyrir tillögur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um hvernig unnt verði að standa vel að þessu. Ráðuneytið hefur fallist á þær tillögur og kennarasamtökin hafa fylgst nákvæmlega með því og var m.a. rætt ítarlega á fundi mínum með stjórn Hins ísl. kennarafélags í gær og farið yfir málið. Og hvað varðar námsmatsnefndirnar þá er það líka auðleyst mál ef menn vilja koma sér saman um það og ráðuneytið hefur lýst vilja sínum til að gera það með þeim hætti að kennarasamtökin geti vel við þetta unað.

Um afstöðu ráðuneytisins til grunnskólans er einnig alrangt hjá hv. þm. að grunnskólinn sé hornreka í ráðuneytinu. Þvert á móti hefur ráðuneytið starfað nákvæmlega samkvæmt grunnskólalögunum og tekið á öllum þeim málum sem grunnskólann varðar í samræmi við lögin. Við erum núna að vinna að aðalnámskránni og það er rétt, en það er líka okkar lagaskylda í samræmi við ákvæði í grunnskólalögunum.

[10:53]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar ábendingar en ég tók eftir því að hann sagði frá fundum sínum með Hinu ísl. kennarafélagi. Hann nefndi ekki að hann hefði rætt sérstaklega við Kennarasamband Íslands um þau mál sem hér er verið að ræða um. Það er auðvitað bersýnilegt að það er fyrst og fremst Kennarasamband Íslands sem þessi kennaraskrá og spurningin um hana snýr að. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fram komi hjá hæstv. ráðherra svar við þeirri spurningu: Ætlast hann til þess af Alþingi að það afgreiði þetta frv. án þess að samkomulag, skýrt samkomulag, liggi fyrir við alla aðila, bæði kennarasamtökin og Samband ísl. sveitarfélaga um málið?

Í öðru lagi varðandi stöðu grunnskólans í menntmrn. þá ætla ég hvorki að endurtaka það sem ég sagði né mótmæla því sem hæstv. ráðherra sagði því þar stendur bara fullyrðing gegn fullyrðingu og hefur ekkert upp á sig að halda þeirri þrætu áfram. Ég bendi honum hins vegar á að tala við kennara vegna þess að það er útbreidd óánægja í kennarastéttinni og skólum landsins með vinnubrögð ráðuneytisins í þessum efnum.

[10:55]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef rætt þessi mál um kennaraskrána við Eirík Jónsson, formann Kennarasambands Íslands, og honum hefur alveg verið ljós minn hugur í þessu máli. Ég hef einnig rætt þetta við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga og tel ég að komin sé niðurstaða í málinu sem er ásættanleg fyrir alla aðila. Það er sjálfsagt fyrir hv. menntmn. að kynna sér stöðu málsins. Ráðuneytið er að undirbúa útsendingar á þeim bréfum sem hv. þm. las um í sínum upplestri úr gögnum frá kennarasamtökunum og um stöðu kennaranna.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er mjög undrandi að heyra þessar dylgjur um menntmrn. og grunnskólann án þess að það sé sagt fullum fetum hvar það er sem menn telja að ráðuneytið hafi brugðist og það sé útbeidd skoðun meðal kennara að menntmrn. hafi brugðist þeim eða grunnskólanum eftir að grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna. Ég verð að skora á hv. þm. að færa betri rök fyrir máli sínu svo að unnt sé að bregðast við, en ekki tala í hálfkveðnum vísum um þá hluti og benda ekki á nein atriði sem valda þessum leiðindum eða tortryggni í garð ráðuneytisins meðal grunnskólakennara. Ég hef ekki orðið var við þetta. Ég er í góðu sambandi við kennara, bæði framhaldsskólakennarar og grunnskólakennarar hafa greiðan aðgang að mér, þannig að það kemur mér í opna skjöldu að heyra þennan málflutning hv. þm.

[10:56]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri velkomið að fara yfir þessi mál enda hef ég mjög oft gert það en það þýðir ekki neitt vegna þess að hæstv. menntmrh. segir alltaf: Það er mjög gott samband við kennarana, mjög gott samband við skólana. Og það er alveg sama hvað sagt er, það er ekki bara sama hvað ég segi, látum það nú vera, það er líka sama hvað kennararnir segja, og ekki nóg með það heldur líka sama hvað þeir skrifa í sín blöð. Menntmrh. segir alltaf: Heyrðu, það er mjög gott samband við kennarana, mjög gott samband við kennarasamtökin, en málið er bara ekki þannig. Hæstv. ráðherra ber höfðinu við steininn, því miður, í þessu máli og hlustar ekki á rök.

Eins er það í því máli er varðar kennaraskrána. Hann fullyrðir að mjög gott samband sé við Kennarasamband Íslands, og kennarasamtökin um kennaraskrána, um meðferð hennar. Það er ekki rétt. Niðurstaða í þeim efnum liggur ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Kennarasambandi Íslands fyrir klukkustund kom það greinilega fram að niðurstaða í þessu máli liggur ekki fyrir. Þannig að hæstv. menntmrh. neitar bara að horfast í augu við þær staðreyndir sem eru óþægilegar fyrir hann. Það er vissulega okkar vandi á Alþingi að rökræða við hæstv. ráðherra við slíkar aðstæður en það er sérstaklega vandi skólakerfisins.

[10:57]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. er aftur komið fram. Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. menntmrh. var frv. flutt í fyrra eða á síðasta þingi en var þá ekki útrætt. Það er hins vegar fyllilega tímbært að sett verði ný lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og það frv. sem hér liggur fyrir er mörgu leyti gott og tímabært.

Það er alveg ljóst að það sem helst kemur til með að valda ágreiningi varðandi frv. sem hér liggur frammi er 12. gr. Ég held að mjög mikilvægt sé að hv. menntmn. skoði það mál alveg sérstaklega vegna þess að þar takast auðvitað á tvö mikilvæg sjónarmið, annars vegar sjónarmið kennarasamtakanna og einnig Kennaraháskólans að aukin fagmenntun kennara sé ekki bara faggreinar heldur líka uppeldis- og kennslufræði og þess vegna sýna þessir aðilar því mikið viðnám að verið sé að slá af í þeim efnum. En á móti koma þau viðhorf sem hæstv. menntrh. túlkar og snúa að því að opna verði leiðir og stuðla að samvinnu og samstarfi atvinnulífs og skóla.

Hægt er að hafa samúð með báðum þessum sjónarmiðum og þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að hv. menntmn. taki þetta sérstaklega fyrir og skoði allar mögulegar leiðir til að brúa það bil sem greinilega er þarna á milli aðila.

Það sem strandar kannski á að mörgu leyti og hefur strandað á varðandi það að sú fagmenntun sem felst í uppeldis- og kennslufræði gæti verið jafnmikil innan skólanna og æskilegt hefði verið, eru fjárveitingar til réttindanáms. Ljóst er að fleiri leiðbeinendur og þeir sem eru með fagréttindi eða fagnám af einhverju tagi sækja um réttindanám á hverju ári en komast að. Skref í því að efla uppeldis- og kennslufræðiþekkingu innan skólanna væri að auka fjárveitingar til réttindanámsins þannig að fleiri kæmust til slíks náms.

*Herra forseti. Ég kom með fyrirspurn til hæstv. menntmrh.* fyrir nokkru síðan þar sem ég spurði m.a. um það hversu margir leiðbeinendur hefðu lokið réttindanámi síðan lögin voru sett um lögverndun árið 1986 og hversu margir þeirra væru við kennslu. Það er ljóst af þeim svörum sem ég fékk að mjög hátt hlutfall, eða nær 80%, þeirra sem fara í réttindanám staðnæmist síðan við kennslu og það er hærra hlutfall en hlutfall þeirra sem útskrifast úr kennaranámi. Þess vegna er þetta mjög mikilvægur þáttur í menntun kennara á Íslandi.

Ég vil fara yfir nokkur atriði þessa frv. sem mér finnst annaðhvort ástæða til að gera athugasemdir við eða lýsa skoðun minni á í einhverjum efnum. Í fyrsta lagi finnst mér mikilvæg sú áhersla að leggja meira upp úr þýðingu aukinnar fagmenntunar kennara að svo miklu leyti sem hún snýr að faggreininni sjálfri og fram kemur hér í frv.

Í 5. gr. frv. er sérstaklega vísað í kennslugreinar í 8.–10. bekk. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort ástæða er til þess að tilgreina þessa bekki sérstaklega. Það hefur komið fram vilji til þess innan Kennaraháskólans — ekki er ólíklegt að fleiri kennaramenntunarstofnanir velti því fyrir sér — að bjóða upp á sérnám kennara sem kenna t.d. byrjendum eða yngri börnum. Þá er spurning hvort það eigi að festa í lögum nákvæmlega 8.–10. bekk því að ef farið verður að mennta kennara með það sem sérgrein að kenna byrjendum, má velta því fyrir sér hvort þeir eigi þá ekki að njóta sama forgangs til þeirra starfa og aðrir, eða þeir sem hér er getið um.

Í öðru lagi fagna ég því að gamla kennaraprófið skuli nú fá þann sess sem það hefur átt skilið hvað varðar mat á uppeldis- og kennslufræði, þ.e. að það próf skuli þykja fullgilt til kennslu á framhaldsskólastigi. Mér fannst alltaf dálítið merkilegt að gamla kennaraprófið skyldi nægja til að kenna byrjendum og grunnskólabörnum þar sem að mínu mati er enn þá brýnna að menn hafi staðgóða uppeldis- og kennslufræði sem hluta af sinni þekkingu en í framhaldsskólanum. Þess vegna finnst mér þetta vera skref sem er mjög eðlilegt og gott að er stigið.

Ég velti fyrir mér ákvæði 2. gr. og 12. gr. frv. þar sem talað er um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræðum til kennsluréttinda. Ég þykist sjá í hendi mér að að einhverju leyti er reiknað með því að þetta mat eigi að ríma við 3. lið 12. gr. þar sem gerð er krafa um annaðhvort 15 eininga próf í uppeldis- og kennslufræði eða 30 eininga eftir reynslu manna. Mér finnst eðlilegt að litið sé til þessa. Hins vegar veltur á miklu hvernig sú reglugerð verður sem um þetta verður sett.

Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, varðandi 3. gr. hvort það þurfi að taka eitthvað fram í lögum um íslenskuþekkingu þeirra kennara sem fá leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er spurning hvort það sé tekið fram annars staðar og þurfi þess vegna ekki.

Í 6. gr. frv. sjáum við ruglingslegan texta sem stafar af því að ákveðnir hlutar laga sem snúa að stöðu kennara voru teknir óbreyttir yfir þegar grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna. Ég met það a.m.k. svo að þetta hljóti að vera leifar af slíku sem við munum koma til með að laga að breyttum veruleika jafnharðan og kennarasamtökin semja við sína nýju viðsemjendur um aðra skipan þessara mála sem ég hef reiknað með að hljóti að verða vegna þess að hér, eins og menn lesa 6. gr., hlýtur að vera um fyrirkomulag að ræða sem þarf að einfalda einhvern veginn og ekki ólíklegt að þess muni sjá stað í samningum á milli aðila.

Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þetta frv. eins og það liggur fyrir. Fjallað verður um ýmsar greinar þess og ákvæði í hv. menntmn. En eins og ég sagði áðan er mikilvægast að menn reyni að ná saman um stærsta ágreiningsatriðið og í rauninni eina ágreiningsatriðið sem skiptir máli, þ.e. þá afslætti sem talið er að verið sé að gefa í 12. gr., vegna þess að mikilvægt er að það sé ákveðin sátt um það eftir hvaða leiðum kennarar fá réttindi sín. Það þarf jafnframt að hafa í huga að við þær breytingar sem hafa orðið og eru að verða í umhverfi skólanna og í umhverfi kennara, verður kennslufræði líklega mikilvægara fag á næstu árum en hún hefur verið. Verið er að setja nýjar kröfur á skólana og kennarana um námsmat og mat á skólastarfi. Það krefst aukinnar þekkingar á eðli náms og kennslu sem hlýtur þá að leiða af auknu kennslufræðinámi.

Sömuleiðis met ég það svo, herra forseti, að breyting á sviði fjarskipta sem hefur leitt af sér og mun sýna okkur í æ ríkari mæli nýja upplýsingatækni, geri líka nýjar kennslufræðilegar kröfur vegna þess að miðað við þetta breytta umhverfi sem við bæði sjáum nú þegar inni í skólunum og sjáum fyrir, er ljóst að kennarar hafa þurft og verða í auknum mæli að breyta kennsluaðferðum sínum og einnig að þróa námsefni og framsetningu þess í takt við nýja tækni. Þess vegna, herra forseti, held ég að mjög mikilvægt sé að við skoðum mjög vel í hv. nefnd hvernig við getum náð þessum sjónarmiðum saman, þ.e. þeim sjónarmiðum sem sannarlega og réttilega leggja áherslu á aukna uppeldis- og kennslufræði í námi kennara annars vegar og hins vegar því sjónarmiði sem leggur áherslu á að opna leiðir og stuðla að samvinnu og samstarfi atvinnulífs og skóla. Endurskoðun á kennaranámi og umfjöllun um kennaranám hlýtur einnig að taka mið af þessum breyttu aðstæðum.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að ég fái í hv. nefnd tilefni til að fjalla um og kalla eftir upplýsingum um önnur atriði sem mér finnst ástæða til að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Listskreytingar opinberra bygginga, 1. umr.*

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 773.

[11:08]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins, á þskj. 773.

Á vegum menntmrn. hefur verið samið frv. það sem hér er lagt fram um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins. Verði það að lögum leysa þau af hólmi núgildandi lög um Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 71/1990, með síðari breytingum. Frv. er að mestu byggt á tillögum tveggja nefnda sem fjallað hafa um þessi mál að tilhlutan menntmrn. á undanförnum árum.

Megintilgangur frv. er að tryggja svo sem auðið er framkvæmd þeirrar meginreglu að listskreyting sé þáttur í hverri byggingu sem reist er á vegum ríkisins með því að lögbinda að 1% af heildarkostnaði við bygginguna skuli varið í þessu skyni. Að því er nýbyggingar varðar verður það á ábyrgð þeirra sem forræði hafa um hverja byggingarframkvæmd að lagaskyldu í þessu efni sé framfylgt en leita skal faglegrar ráðgjafar um listskreytinguna.

Hlutverk Listskreytingasjóðs ríkisins að því er fjárframlög til listskreytinga varðar verður samkvæmt frv. bundið við opinberar byggingar sem fullgerðar eru við gildistöku nýrra laga, svo og útisvæði sem ríkið hefur forræði á. Jafnframt verður stjórn sjóðsins til ráðgjafar um listskreytingu í þeim mannvirkjum sem lögin taka til. Fjárveiting til sjóðsins fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Með þeirri tilhögun sem frumvarpið mælir fyrir um er gert ráð fyrir að ákveðnir fjármunir renni milliliðalaust til listskreytingar í hverri nýrri byggingu sem ríkið stendur að en jafnframt leitast við að tryggja faglegan grundvöll ákvarðana um það viðfangsefni eins og aðra þætti byggingarframkvæmdanna.

Lengi var gert ráð fyrir því í lögum að fjárhæð sem svaraði 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs til byggingarframkvæmda samkvæmt A-hluta fjárlaga rynni til Listskreytingasjóðs ríkisins og stjórn hans úthlutaði styrkjum til listskreytingar á grundvelli umsókna. Lög um þetta efni voru upphaflega sett árið 1982. Allt frá byrjun varð á því mikill misbrestur að þessari viðmiðun um ríkisframlag til sjóðsins væri framfylgt og árið 1995 var hún formlega afnumin.

Í þessu frv. er farin sú leið að tengja fjármögnun listskreytingar hverri einstakri byggingu, enda verði listskreytingin skyldubáttur sem taka skal tillit til við undirbúning og áætlanagerð vegna framkvæmdanna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir einstakar greinar frv. eða athugasemdir við þær en ég hef í þessu stutta máli lýst megintilgangi frv. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað eftir þessa umræðu til hv. menntmn. og 2. umr.

[11:12]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég held að megintilgangur þessa frv. sé afskaplega góður. Mér sýnist að hér sé verið að gera tilraun til að ná fram því markmiði sem við höfum séð áður, þ.e. að tiltekin prósenta, í þessu tilfelli 1% af heildarbyggingarkostnaði, fari til listskreytinga. Um þetta hygg ég að hafi verið almenn samstaða og verði áfram. En eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh., og kemur einnig fram í athugasemdum við frv. sjálft, hurfu menn frá því um tíma að hafa ákvæði um 1% af byggingarkostnaði í lögum. Þá var í rauninni annars konar fyrirkomulag, þ.e. að tiltekin fjárhæð átti að renna í sjóð og síðan var úthlutað úr honum.

Herra forseti. Ég held að það geti verið til bóta að gera þá tilraun að hafa þessi fjárframlög milliliðalaust en ekki í sjóð. Þá eru meiri líkur á því að við ákvæðið verði staðið. Hins vegar hlýt ég að velta því fyrir mér, vegna þess að hér hefur mikið verið fjallað um markaða tekjustofna við fjárlagagerð, hvort um sé að ræða afturhvarf í stefnu ríkisstjórnarinnar frá þeirri ákvörðun eða þeim markmiðum sem hér hefur verið lýst, en þau hafa eindregið verið gegn mörkuðum tekjustofnum. Að sumu leyti hefur mér fundist að markaðir tekjustofnar væru oft blekkingar þegar verið er að setja lög, eins konar dúsa fyrir þá sem gagnrýnir hafa verið, enda hefur það því miður oft komið í ljós að við þá hefur ekki verið staðið. Það þekkja menn af hinum fjölmörgu „þrátt-fyrir"-ákvæðum fjárlaga á hverju ári. En eins og ég gat um, herra forseti, hefur þessum ákvæðum fækkað vegna þess að það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að hverfa frá mörkuðum tekjustofnum. Hér er hins vegar verið að taka slíkt upp.

Herra forseti. Ég styð þessa tilraun sem mér sýnist vera lagt út í — ég vil kalla þetta tilraun því að við eigum eftir að sjá hvernig þetta gengur — vegna þess að ég, eins og ég sagði áðan, styð megintilgang frv. sem er að tryggja þá meginreglu að listskreyting verði þáttur í hverri byggingu sem reist er.

Ég veiti því athygli, herra forseti, að þegar hér er fjallað um opinberar byggingar og svæði þá er fyrst og fremst fjallað um það sem heyrir undir ríkið. Í gildandi lögum er vikið að sveitarfélögunum í 2. gr. en þar segir með leyfi forseta:

„Heimilt skal einnig að veita úr sjóðnum styrki vegna listaverka sem komið er fyrir á almannafæri á vegum ríkis eða sveitarfélaga þótt ekki sé í beinum tengslum við opinberar byggingar."

Ég held, herra forseti, að þetta hafi verið afar mikilvægt ákvæði fyrir sveitarfélög. Ég veit að einhver þeirra nýttu sér þennan möguleika og hann varð til þess að listaverk risu þar sem þau hefðu ella líklega ekki gert. Það væri fengur að því ef hæstv. menntmrh. vildi upplýsa af hverju hlutur sveitarfélaganna er enginn í þessu frv. Ég tek eftir því að Samband ísl. sveitarfélaga hefur átt fulltrúa þeirri nefnd sem endurskoðaði lögin en hins vegar kemur ekki fram hvort það hafi verið að vilja þeirra að sveitarfélögin eru ekki aðilar að þessu lengur. Mér finnst þetta, herra forseti, þeim mun erfiðara að horfast í augu við þar sem ljóst er að þeim byggingum sem ríkið stendur að innan sveitarfélaganna hefur farið fækkandi. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um landsbyggðarsveitarfélögin sem eru ekki með margar ríkisstofnanir. Þetta ákvæði ætti því ekki að virka mikið nema sveitarfélögin taki sig þá til og hafi uppi heitstrengingar um það að horfa með sama móti til mála hjá sér sem auðvitað væri óskandi.

Ég held að hér sé lagt í gott mál sem ætti að geta skilað listinni í landinu verkefnum og þroska. Ég styð því megintilgang þessa frv.

[11:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Lög um listskreytingar voru fyrst sett hér árið 1982. Þau voru sett að frumkvæði þáv. menntmrh., Ingvars Gíslasonar. Hann beitti sér fyrir því að frv. um þau efni yrði að lögum við óvenju erfiðar aðstæður. Sjálfstfl. var mjög andvígur því á þeim tíma, beitti sér gegn frv. og reyndi það sem hann gat til að tefja málið. Sem betur fer tókst ekki að spilla fyrir því og eyðileggja. Þetta varð að lögum.

Hins vegar er það rétt sem fram kom hér að erfiðlega hefur gengið að fá menn til þess að standa við þetta 1% viðmiðunarákvæði. Raunar var ég aldrei viss um að það væri mjög skynsamlegt að gera það nákvæmlega þannig. Auðvitað verður ákvörðun um fjármuni til listskreytinga að fylgja ákvörðun um fjármuni til viðkomandi byggingar. Þannig liggur málið eiginlega.

Af frv., eins og það lítur út, virðist mér að þar sé ákveðin uppgjöf. Ekki er aðeins talað um listskreytingar heldur einnig umhverfi. Við frágang á opinberum byggingum þarf oft að setja í nánasta umhverfi viðkomandi bygginga talsverða fjármuni, og hefði stundum betur verið lagt í það eins og menn sjá t.d. í kringum Kennaraháskólann og Sjómannaskólann. Ég óttast að kröfur um að ganga snyrtilega frá umhverfi í kringum opinberar byggingar verði til þess að lítið fari til listskreytinganna. Ég sé í umsögn fjmrn. um þetta mál að fjmrn. veit í raun og veru ekki hvernig það á að taka á því. Ég skil umsögn fjmrn. þannig að í þetta verkefni fari nú 8 millj. kr. Ráðuneytið gerir hins vegar ráð fyrir því að helmingurinn af þeirri upphæð sem áætlað er 1% af kostnaði við allar opinberar byggingar, þ.e. milli 9 og 16 millj. kr., fari til listskreytinga og það sem eftir er til umhverfismála. Mér sýnist að þessi áætlun fjmrn. sé algjörlega skot út í loftið. Í raun og veru geti menn ekkert sagt til um hvaða afleiðingar þetta frv. hefur ef það verður samþykkt.

Það er einnig sérkennilegt að hugsa um þetta frv. út frá því að menntmrh. ræður litlu um opinberar byggingar. Það eru eingöngu menningarbyggingarnar sem hann hefur um að segja og síðan eru aðrar byggingar meira og minna á vegum annarra, fyrir utan framhaldsskólana í seinni tíð. Að öðru leyti eru þetta ekki síst heilsugæslustofnanir og sjúkrahús

sem hér er talað um og auðvitað geysilega mikilvægt að þær fylgi með.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. um það hvernig hann sjái þetta fyrir sér. Gerir hann ráð fyrir því að menn verði bundnir af því að setja peninga í listskreytingar? Eða geta þeir alltaf valið um? Þá óttast ég að valið yrði að setja peningana í lóðina, ef ég þekki okkur rétt. Ég gæti best trúað því miðað við það hvernig aðstæður eru oft þegar lokið er við smíði opinberrar byggingar.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvað hann veit um afstöðu samtaka listamanna varðandi þetta mál.

Hæstv. fyrrv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, skipaði nefnd til að fjalla um þetta mál á síðasta kjörtímabili. Það var ekki síst í ljósi þeirrar erfiðu reynslu menntmrh. af því að fá menn til að standa við þetta 1%. Það á ekki við um síðustu ríkisstjórn frekar en ýmsar aðrar. Það hefur alltaf gengið illa. Í þeirri nefnd voru fulltrúar frá samtökum listamanna. Ég hugsa að það hefði verið til bóta ef álit þeirra hefði að einhverju leyti verið tengt frv., t.d. sem fylgiskjal. En þar sem þeirra álit fylgir ekki þá ber ég þessa spurningu fram við hæstv. menntmrh.

[11:22]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Varðandi hlut listamanna að þessu máli þá er það rétt að þeir hafa setið í nefndum. Þeir sátu í nefnd sem hæstv. fyrrv. menntmrh. skipaði og einnig nefnd sem ég skipaði 16. júlí 1996. Þeir hafa komið að þessari tillögugerð. Endanleg gerð frv. er samin í menntmrn. og hefur ekki verið borin sérstaklega undir samtök listamanna. Ég get því ekki vísað til þess að þau hafi formlega sagt álit sitt á þessari frumvarpsgerð. Ég tel eðlilegt að það komi fram í störfum nefndarinnar en hins vegar hafa listamenn verið mjög ákafir stuðningsmenn þess að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag varðandi listskreytingar í opinberum byggingum og fjárveitingar til þeirra.

Ég vænti þess að náist samstaða um þetta mál hér á Alþingi og verði vilja lýst til þess að framfylgja þessu frv. eins og það er, þá komi það til móts við þau sjónarmið sem listamenn hafa haft. Í viðræðum við listamenn hefur komið fram að þeir telja æskilegt að stjórn Listskreytingasjóðs hafi meira vald en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Af frv. á að vera ljóst að stjórnin á að vera til ráðgjafar vegna nýbygginga en ákveður ekki listaverk í þeim byggingum. Hún er þar ráðgefandi aðili og ég taldi skynsamlegra að fara inn á þá braut. Með því hefðu byggingarnefndirnar sjálfar endanlegt ákvörðunarvald um listskreytinguna en gætu leitað ráðgjafar hjá stjórn Listskreytingasjóðs. Ég tel að margir listamenn séu þeirrar skoðunar að stjórn Listskreytingasjóðs ætti frekar að taka um þetta ákvarðanir og þá væri, að þeirra mati, tryggður sá faglegi vettvangur sem ætti að ráða þessu. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að byggingarnefndirnar eigi að hafa síðasta orðið. Ég tel að það verði frekar hvati til þess að menn líti til þessara hluta þegar þeir ákvarða framgang byggingarframkvæmdanna. Eins og hér er sagt og bent hefur verið á, er mælt fyrir um það í 1. gr. frv. að verja skuli einu prósenti af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytinga hennar og umhverfis hennar.

Ég lít þannig á, varðandi það sem hv. þm. Svavar Gestsson vék að, að þetta fari ekki í umhverfismál frekar en listskreytingar. Ég lít þannig á að það séu listskreytingar í byggingunni sjálfri, listskreytingar utan húss, höggmyndir eða annað slíkt sem þarna er vísað til en ekki verið að vísa til frágangs á lóð. Það eru slík atriði sem menn hafa talað um, þ.e. að unnt sé að kosta af þessu byggingarfé listaverk sem ekki einungis séu innan dyra heldur einnig umhverfis bygginguna eða í nágrenni hennar og þar með hluti af byggingunni. Ég túlka þetta ekki sem framlag til umhverfismála, í þeim skilningi sem menn leggja í það orð, eða lóðafrágang, nema hann sé þá með listrænu sniði og hluti af heildstæðu listaverki. Þannig vil ég túlka þetta ákvæði en sjálfsagt er fyrir hv. nefnd að fara ofan í orðalagið ef þetta teldist ná yfir lóðafrágang sem alls ekki var ætlan mín með flutningi frv.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði hvort ríkisstjórnin væri með þessu að hverfa af þeirri braut sem hún markaði með að hafa ekki bundna tekjustofna. Ég lít ekki á þetta sem bundinn tekjustofn. Ég lít á þetta sem skilgreiningu á byggingarkostnaði, að menn eigi alltaf að reikna með því að 1% af kostnaði við byggingu opinberra húsa fari til listaverka. Ég lít því ekki á þetta sem markaðan tekjustofn, heldur sem meginreglu sem fylgt er, fari menn að frv. og verði það gert að lögum.

Varðandi hlut sveitarfélaganna, herra forseti, hef ég í þeim frv. sem ég flutt, t.d. um almenningsbókasöfn á síðasta þingi og í þessu frv., markað þá stefnu að skuldbinda ekki sveitarfélögin á nokkurn hátt. Sérstök málefni þarf að taka upp í samvinnu við sveitarfélögin en ekki skuldbinda þau með einum eða öðrum hætti.

Í þessu frv. eru engar kvaðir lagðar á sveitarfélögin og því ekki gert ráð fyrir því að þau geti sótt um í Listskreytingasjóðinn. Ef sveitarfélögin vilja eiga aðilda að Listskreytingasjóði, leggja honum til fjármagn og hafa þetta undir einum hatti sameiginlegt verkefni ríkisins og sveitarfélaganna, þá er það athugunarefni sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv. Eins og fram kemur verður breyting á skipan stjórnar Listskreytingasjóðs þannig að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga hverfur úr stjórninni sem er í góðu samræmi við þá meginstefnu sem frv. mótar.

Þegar talað er um opinberar byggingar, þá eigum við við byggingar á vegum ríkisins en ekki sveitarfélaganna. Þetta er sú einfalda meginstefna sem mótuð var með frv. og talið að gott væri í þessu efni eins og flestum öðrum að hafa hreinar línur í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna. Það er meginástæðan fyrir því að frv. þetta er lagt fram.

[11:28]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá útskýringu á 1. gr. frv. varðandi umhverfi sem mér finnst benda til að kannski þurfi að skrifa hana aðeins skýrar. Ég er sammála þeirri útskýringu hæstv. menntmrh. Hins vegar þarf að vera glöggt hvað átt er við.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að þeirri stefnu sem mótuð var á síðasta kjörtímabili, að hafa sérstakt samráð við listamenn í sambandi við frágang á þessa frv. hafi ekki verið fylgt. Ég held að það sé þeim mun nauðsynlegra að menntmn. kalli talsmenn listamanna fyrir áður en frá málinu verður gengið. Ég óttast að í rauninni sé ekki framför í frv. heldur afturför og uppgjöf. Og þó að menn geti gagnrýnt það að Alþingi hafi lítið staðið við þetta eina prósent til listskreytinga í opinberum byggingum, t.d. úti á landi, þá skiptir samt máli að svona ákvæði skyldi hafa orðið til í lögum. Það hjálpaði menntmrh. til þess að ýta á að þarna væru teknar mikilvægar ákvarðanir.

Ég óttast því að með því að taka þetta út hafi fjmrn. eða þeim sem fara með yfirstjórn opinberra framkvæmda verið afhent málið. Þar með vantar hið menningarlega sjónarhorn að málinu. Ég tel að það gæti verið til bóta að skrifa hinar menningarlegu áherslur og kröfur skarpar inn í frv. en nú er gert ef menn vilja ekki líta á það sem hreina uppgjöf að breyta lögunum eins og þar er gert ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íþróttalög, 1. umr.*

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 774.

[11:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Frv. til íþróttalaga var lagt fram sem stjórnarfrv. á 121. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Ég lagði þá frv. fram með því fororði að það færi til athugunar og skoðunar í nefnd um eflingu íþróttastarfs og byggði þá tillögu mína á því að ég vænti þess að samþykkt yrði á Alþingi, 121. þingi, till. til þál. sem lá fyrir og það gekk eftir. Nefnd starfaði síðan í sumar um eflingu íþróttastarfs á grundvelli þáltill. og hún fjallaði um frv. meðal annarra starfa sinna sem eru mjög mikilvæg og liggja fyrir í ítarlegri skýrslu sem kynnt var þingmönnum fyrir jólin. Einnig læt ég þess getið að á síðasta sumri og síðasta ári starfaði önnur nefnd á grundvelli þáltill., þ.e. nefnd sem kannaði hlut kvenna í íþróttum og sú nefnd skilaði einnig mjög athyglisverðri skýrslu um málefnið sem hún fjallaði um.

Á síðasta ári var því fjallað ítarlega um málefni íþrótta á vettvangi menntmrn. í þessum tveimur nefndum og þær skýrslur sem nefndirnar unnu liggja nú fyrir og ég vænti þess að hv. menntmn. taki skýrslurnar til athugunar í meðferð sinni á þessu frv. til íþróttalaga. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir hv. menntmn. að kynna sér skýrslurnar. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um stöðu íþróttamála, stöðu kvenna í íþróttum og stöðu íþróttamála almennt og hvernig best væri að því staðið að efla íþróttastarfið með auknu samstarfi ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar. Ég skora á hv. nefnd að hún taki skýrslurnar til meðferðar samhliða því sem hún fjallar um frv. til íþróttalaga þannig að menn fái heildstæða mynd af stöðu íþróttamálanna og nefndin leggi mat á það og láti þess getið í áliti sínu, ef ég má fara fram á það, hvernig hún telur best staðið að þessum málum í ljósi þessara skýrslna þegar hún fjallar um frv. Íþróttahreyfingin væntir mikils af samstarfi við Alþingi og ríkisvaldið um málefni íþróttanna og það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að um sameiginlegt átak allra stjórnvalda í landinu og hinna frjálsu íþróttahreyfinga verði að ræða.

Frv. hefur ekki tekið miklum breytingum frá því að það var lagt fram á síðasta þingi. Ef ég get um þær breytingar sem helstar eru er lagt til að fjölgað verði í íþróttanefnd um tvo, annars vegar samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hins vegar samkvæmt tilnefningu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands en auk þessara aðila tilnefna Íþrótta- og Ólympíusamband og Ungmennafélag Íslands fulltrúa í nefndina en formaður íþróttanefndar er skipaður af menntmrh. án tilnefningar. Mér finnst þetta mikilvæg breyting á íþróttanefndinni, að hún nái til sveitarfélaganna og nái einnig til kennaraskorarinnar í Kennaraháskóla Íslands þar sem farið er með málefni íþrótta. Eins og við vitum var íþróttakennslan færð á háskólastig með lögunum um Kennaraháskóla Íslands sem tóku gildi 1. jan. sl.

Annað atriði sem hefur verið talsvert mikið til umræðu er staða Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands annars vegar og Ungmennafélags Íslands hins vegar. Á grundvelli þess álits sem kom frá nefndinni um eflingu íþróttastarfs hefur 5. gr. frv. verið breytt frá því að hún var lögð fram og kynnt á síðasta þingi og hún hljóðar nú þannig:

„Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta."

Ég lít þannig á að með þessu orðalagi sé komin á góð sátt um þessa grein og að menn velkist ekki í vafa um það, ef það hefur verið í huga einhverra vegna orðalags á greininni eins og hún var lögð fram á síðasta þingi, hvernig á þessum málum er tekið og um þetta efni hefur náðst góð samstaða og náðist í nefndinni um eflingu íþróttastarfs og ég vona að á hinu háa Alþingi verði menn einnig sammála um að sú niðurstaða, eins og orðalagið er í 5. gr. núna, sé viðunandi miðað við það mál sem fjallað er um í greininni.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er fyrir mig að fara yfir einstök atriði í frv. Ég gerði það við framlagningu þess á síðasta þingi en þó vil ég geta nokkurra helstu breytinganna, þ.e. að fellt er brott ákvæði um íþróttafulltrúa í menntmrn. en gert ráð fyrir að ráðuneytið fari sem fyrr með yfirumsjón íþróttamála af hálfu ríkisins. Fulltrúum í íþróttanefnd er fjölgað úr þremur í fimm og hlutverki nefndarinnar er breytt nokkuð. Verksvið Íþróttasjóðs er rýmkað og gert ráð fyrir að úthlutun fjár úr honum sé í höndum menntmrh. að fengnum tillögum íþróttanefndar. Ákvæði er varða tilhögun á aðstöðu til íþróttakennslu í skólum eru felld brott en skírskotað til skólalöggjafar.

Gert er ráð fyrir lögfestingu heimildar fyrir aðild ríkisins að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Hér er t.d. veitt með þessu lagaheimild fyrir ríkið að standa að vetraríþróttamiðstöðinni á Akureyri sem er að hefja starfsemi sína og samþykkt hefur verið að veita fé til á næstu árum til uppbyggingar aðstöðu á Akureyri í samræmi við reglugerð og tilgang þeirrar samvinnu sem stofnað hefur verið til.

Menntmrh. er ætluð forganga um setningu reglna um öryggisráðstafanir við íþróttamannvirki. Þetta er mjög brýnt ákvæði. Felld eru brott ýmis sérstök ákvæði er tengjast styrkveitingum, m.a. til íþróttamannvirkja en gert ráð fyrir heimild til að setja ákveðin skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði í reglugerð.

Þetta eru meginatriðin sem ég stikla á, herra forseti, án þess að fara frekar út í frv. eða rekja einstök atriði þess.

Ég vil að lokum, herra forseti, gera grein fyrir því að eftir að nefndin um eflingu íþróttastarfs skilaði tillögum sínum og áliti í desembermánuði sl. hefur ráðuneytið stofnað til viðræðna við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, m.a. um afreksmannasjóð og hvernig ríkisvaldið gæti komið að því að efla afreksmannasjóð fyrir íþróttamenn. Einnig hefur því verið beint til íþróttanefndar af hálfu ráðuneytisins að hún fjallaði um hugmyndir varðandi þjóðarleikvanga sem er ein af hugmyndunum sem reifaðar eru í skýrslunni.

Það er því verið að vinna að ýmsum málefnum samkvæmt tillögum nefndarinnar um eflingu íþróttastarfs og ég ítreka það sem ég sagði áður, herra forseti, að mér þætti mjög æskilegt ef hv. menntmn. tæki skýrslurnar til athugunar við afgreiðslu málsins.

Herra forseti, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að frv. verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[11:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir frv. sem ég tel allrar athygli vert um leið og ég læt í ljós ánægju mína með þá ábendingu hæstv. menntmrh. að menntmn. taki til umfjöllunar samhliða frv. nýlegar skýrslur um konur og íþróttir. Um leið vil ég láta í ljós vonbrigði yfir því að þetta nýframkomna frv. sé nær óbreytt frá því það var lagt fram í fyrra og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að nefndar skýrslur kalli á lagabreytingar og þá um leið um breytingar á frv. Ef ekki, til hvers á nefndin þá að að fjalla um skýrslurnar samhliða þessu máli?

[11:39]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mæltist aðallega til þess að nefndin fjallaði um skýrslurnar til að fá úr því skorið hvort hv. menntmn. teldi ekki, af því hún fjallaði um þær þáltill. sem liggja að baki skýrslunum, að um fullnægjandi verk væri að ræða hjá þeim nefndum sem skýrslurnar unnu. Mér finnst mjög æskilegt í meðferð mála af þessu tagi þegar starf er unnið á grundvelli þingsályktunartillagna að ráðuneytið og aðrir fái ábendingar frá þeirri nefnd sem fjallar um málið í þinginu, hvort það sé eitthvað frekar sem þurfi að athuga í ljósi þess sem gerst hefur og það finnst mér bara til marks um góð og vönduð vinnubrögð.

Í sjálfu sér sé ég ekkert í þeim skýrslum sem kalla á breytingar í þessu frv. enda fjallaði nefndin um eflingu íþróttastarfs sérstaklega um frv. og gat gert hvaða tillögur um breytingar á því sem hún kaus en hún taldi ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðum í frv. umfram það sem ég hef þegar rakið.

Ég vil einnig geta þess að í 2. gr. stendur:

„Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf."

Þarna er mjög mikilvægt nýtt ákvæði sem hefur ekki verið í lögum sem kemur inn á marga þætti. Undir þessu ákvæði er hægt að sinna mörgum þáttum sem menn fjalla einmitt um í skýrslunni um eflingu íþróttastarfs, um stöðu kvenna í íþróttahreyfingunni þannig að þessi ákvæði eru almennt orðuð og í krafti þeirra getur ráðuneytið komið að þessum málum öðruvísi en áður.

[11:41]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. ráðherra fyrir svörin. Þau skýrðu vel til hvers hann ætlast af nefndinni að mínu mati. Ég held að þetta ákvæði sem hann nefndi um fyrirbyggjandi starf sé mjög mikilvægt varðandi þessar nýframkomnu skýrslur. Ýmislegt fleira er verulega umhugsunarvert og ekki síst fjármál íþróttahreyfingarinnar og hvernig þau koma inn á íþróttir kvenna. Ég mun beita mér fyrir því að það verði sérstaklega athugað við meðferð frv.

[11:42]

**Svanfríður Jónasdóttir**:

Herra forseti. Ég met það svo að það frv. sem hér liggur fyrir ef að lögum verður myndi í grófum dráttum hæfilegan ramma um íþróttastarf í landinu. Það er tiltölulega hófsamt hvað varðar bein fyrirmæli eða afskipti af hvernig slíkt skal fara fram og mér sýnist að eigi að síður sé hér inni flest af því sem þyrfti að vera til að allir fái notið sín, bæði frjáls félagasamtök og einnig er ákveðinn stuðningur við starf hins opinbera að íþróttamálum.

Ég met það svo, herra forseti, að ákvæði 2. gr. sem áðan var getið um sé mikilvægt, þ.e. hvert samstarfi hins opinbera við hina frjálsu íþróttahreyfingu skuli beint. Það hefur verið vilji opinberra aðila, og ég þekki það frá sveitarfélögunum, til að beina fjármagni til íþrótta sérstaklega að því starfi sem fram fer með börnum og ungmennum. Ég lít svo á að ákvæðið inni í frv. muni, ef að lögum verður, verða ákveðinn styrkur við þá stefnumótun sem hefur falist í því.

Sömuleiðis vil ég fara aðeins inn á það sem getið var um áðan, sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gat um, og snýr að stöðu kvenna í íþróttum. Þær upplýsingar sem við höfum verið að fá um stöðu þeirra, hvort sem er í gegnum skýrslur eða eftir öðrum leiðum, eru þannig að maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort inn í ramma um íþróttastarf í landinu þurfi ekki að koma jafnréttisákvæði. Það er alveg ljóst að einhverra hluta vegna hefur telpum og drengjum verið gert mjög mishátt undir höfði innan íþróttahreyfingarinnar, reyndar ekki bara innan íþróttahreyfingarinnar því að við sjáum það líka á allri umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum og annars staðar, að því sem karlarnir eru að gera er lyft mun hærra en því sem konur eru að gera. Þess vegna, herra forseti, velti ég því fyrir mér og við munum áreiðanlega skoða það í umfjöllun hv. nefndar hvort ástæða er til að setja jafnréttisákvæði inn í löggjöfina, hvort það er nauðsynlegur hluti af ramma um íþróttastarfið til að tryggt sé að tekið sé tillit til þeirra þátta sem við teljum mikilvæga.

Hér er fjallað um Íþróttasjóð sem hingað til hefur verið skipt af fjárln. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, er það Íþróttasjóður sem veitir fjárframlög innan þess liðar sem heitir 02-989 á fjárlögum ríkisins. Vegna þess hvernig gildandi lög gera ráð fyrir að úthlutað sé úr sjóðnum kemur hann ekki fyrir sem slíkur á fjárlögum heldur einungis skiptingin og ég velti því fyrir mér hvort þar sé um að ræða fjármuni úr Íþróttasjóðnum, en mér sýnist að samanlagt sé um að ræða 14 millj. og 800 þús. kr. Það eru sannarlega ekki miklir peningar en það væri áhugavert að vita hvort að hér er um þennan sama sjóð að ræða.

Annað atriði langar mig að nefna. Það er áhugavert að bera saman gildandi lög og það frv. til íþróttalaga sem hér liggur fyrir. Í gildandi lögum er í 1. gr. stefnt að því að auka ekki bara heilbrigði manna og hreysti, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur einnig líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Þetta er afskaplega hátimbrað orðalag sem hér kemur fyrir og ég get svo sem skilið að menn treysti sér ekki lengur til þess að stefna að slíku í löggjöf, en óneitanlega er orðalagið skemmtilegt.

Í öðru lagi, herra forseti, og það er nú aðeins alvarlegra, væri fróðlegt að fá að vita meira um 5. gr. Sátt milli hverra hefur náðst þar? Fyrir þann sem er ekki innvígður í þá deilu sem þarna hefur nú verið leidd til einhverra lykta er satt að segja síðasti málsliðurinn, þ.e. sá að Ungmennafélag Íslands séu sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta, eins og hortittur í

þessari grein. Maður áttar sig ekki alveg á því af hverju þurfi að taka sérstaklega fram í íþróttalögum að Ungmennafélag Íslands séu sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta. Það er ljóst og hér kemur fram að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og auðvitað þarf að taka það fram. Maður getur jafnvel velt því fyrir sér hvort það þyrfti að taka fleira fram eins og er í gildandi lögum, um ábyrgð og hlutverk Íþrótta- og Ólympíusambandsins. En ég átta mig ekki alveg á þessari setningu þarna sem lýtur að ungmennafélaginu. Ég ímynda mér, miðað við þau orð sem hér voru látin falla um sátt einhverra, að kannski sé þetta orðalag hugsað sem nokkur sárabót. En ég átta mig ekki á deilunni þannig að það væri fróðlegt ef hægt er á þessum vettvangi að útskýra það nánar, ella verður eftir því leitað á vettvangi hv. nefndar.

Ég held að það sé alveg rétt sem hér hefur verið nefnt að það er gagnlegt fyrir hv. menntmn. að kynna sér og fara sameiginlega yfir þær skýrslur sem komu nú í desember um stöðu íþróttamála og stöðu kvenna í íþróttamálum og ég hlýt að líta svo á að ef hv. nefnd sýnist að efni þeirra gefi tilefni til breytinga á þessu frv. muni nefndin geta náð samstöðu um slíkt.

[11:49]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurninguna um Íþróttasjóð þá gerir íþróttanefndin núna tillögu til fjárln. um skiptingu þessa fjár. Hér er mælt fyrir um að sjóðurinn verði í höndum menntmrh. og nefndin gerir tillögu til menntmrh. í staðinn fyrir að gera tillögu til fjárlaganefndar eins og nú er. Og það eru þessar 14,8 milljónir sem hv. þm. vék að.

Varðandi 5. gr. veit ég ekki nema að hv. þm. ætti að kynnast launhelgum íþróttahreyfingarinnar í nefndinni um þetta atriði og átta sig á því þar hvað hér er um að ræða. Hér er um mikilvægt atriði að ræða varðandi farsælan framgang þessa frv. En ég held að það væri rétt að menn ræddu það á vettvangi nefndarinnar. Einnig vek ég athygli á ítarlegri skýrslu sem nefndarmenn geta fengið, þ.e. fylgiskjali með skýrslunni um eflingu íþróttastarfs þar sem eru allar fundargerðir nefndarinnar sem fjallaði um þetta. Þar geta menn líka kynnst umræðum um málið þannig að sjálfsagt er að hv. nefnd fái aðgang að þeirri skýrslu líka þegar hún fer yfir þetta mál.

[11:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í ljósi nýrra alvarlegra upplýsinga sem fram hafa komið hefur þingflokkur jafnaðarmanna óskað eftir umræðu utan dagskrár um embættisfærslur ráðherra. Við höfum óskað eftir því að umræðan fari fram á mánudag svo að tryggt sé að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir og að hæstv. ráðherrum, Þorsteini Pálssyni og Halldóri Ásgrímssyni, gefist ráðrúm til að undirbúa svör sín, m.a. um að þinginu hafi verið veittar villandi upplýsingar og um meinta aðild þeirra að reynslulausn dæmds sakamanns.

Með vísan til þessa teljum við einnig sanngjarnt að 96. mál, um ráðherraábyrgð, sem fjallar um að ráðherra gefi Alþingi rangar eða villandi upplýsingar og er á dagskrá fundarins í dag, verði tekið út af dagskrá og rætt í tengslum við þetta mál eftir helgi.

[11:51]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseta sýnist að þessari ósk hefði mátt koma á framfæri við forseta með venjubundnum hætti en óskin er meðtekin. Það er sjálfsagt að verða við beiðni um að níunda dagskrármálið, ráðherraábyrgð, verði tekið út af dagskrá og það er hér með gert.

[11:52]

**Guðjón Guðmundsson**:

Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með það að komið skuli vera fram frv. til íþróttalaga. Gildandi íþróttalög eru komin nokkuð til ára sinna. Þau voru upphaflega sett árið 1940 og þeim breytt nokkuð árið 1956 og aftur árið 1972. Síðan hefur nokkrum sinnum staðið til að setja ný íþróttalög og m.a. verið skipaðar nefndir til að undirbúa slíka lagasmíð, síðast árið 1992. Ekki leiddi það nefndarstarf til þess að frv. til íþróttalaga liti dagsins ljós á Alþingi. En á síðasta þingi flutti hæstv. menntmrh. hins vegar slíkt frv. sem hér er endurflutt lítillega breytt.

Á þeim aldarfjórðungi sem liðið hefur síðan síðasta breyting var gerð á íþróttalögum hefur margt breyst á þessu sviði og því mjög tímabært að færa íþróttalögin að nútímanum. Hlutverk íþrótta í þjóðlífinu eykst stöðugt eins og sést best á sífauknum fjölda þeirra sem leggja stund á íþróttir í einhverri mynd. Íþróttahreyfingin er langfjölmennust félagasamtaka landsins og starfsemi hennar spannar yfir vítt svið, ekki bara leiki og keppni heldur fjölþætt félagsstarf og ekki síst öflugt forvarnastarf.

Á undanförnum árum hefur frítími fólks aukist og jafnframt fer ungt fólk seinna út á vinnumarkaðinn en áður. Af þessu leiðir að tómstundir og tómstundastarf verður sífellt ríkari þáttur í lífi landsmanna. Skilningur á gildi íþrótta sem þætti í heilbrigðum og hollum lífsháttum eykst stöðugt og æ fleiri átta sig á því að iðkun íþrótta, hvort heldur er til keppni eða afþreyingar, skiptir miklu máli fyrir vellíðan, félagsþroska og uppeldi. Það er ástæða til að vekja athygli á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála árið 1992 og vitnað er til í athugasemdum með þessu frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þeir unglingar sem iðka íþróttir og eru í góðri líkamlegri þjálfun eru ekki eins líklegir til að reykja, drekka eða neyta fíkniefna og þeir sem ekki ástunda íþróttir eða eru í lélegri þjálfun. Þeir segjast að jafnaði fá hærri einkunnir í skóla, telja sig betur undirbúna fyrir kennslustundir og líður betur í skólanum."

Ég held að þessar niðurstöður segi okkur skýrt að öflugur stuðningur við íþróttastarfið í landinu er einhver besta varnaraðgerð sem við eigum gegn sívaxandi notkun vímuefna.

Í 1. gr. frv. er hugtakið íþrótt skilgreint sem hvers konar líkamleg þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti. Það skiptir miklu að vel sé staðið að íþróttastarfinu í landinu og að lagarammi þessarar starfsemi sé skýr án þess þó að ríkið sé þar með of mikil afskipti. Og þetta frv. er einmitt þeirrar gerðar.

Meðal þeirra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir er fjölgun fulltrúa í íþróttanefnd úr þremur í fimm, auk þess sem hlutverki nefndarinnar er breytt nokkuð eins og hæstv. menntmrh. gat um í ræðu sinni. Ég er almennt þeirrar skoðunar að nefndir séu því skilvirkari sem þær eru fámennari. Samt tel ég þessa breytingu til bóta og að það muni styrkja starf nefndarinnar að fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og annar frá íþróttakennaraskor Kennaraháskólans taki þar sæti, en til þessa hefur nefndin verið skipuð fulltrúum ÍSÍ og UMFÍ ásamt formanni sem tilnefndur er af ráðherra.

Vorið 1997 samþykkti Alþingi till. til þál. um eflingu íþróttastarfs sem ég flutti ásamt níu öðrum hv. þingmönnum úr öllum þingflokkum. Þar var ályktað um skipun nefndar til að gera tillögu um að efla íþróttahreyfinguna og samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu. Þessi nefnd, sem hæstv. menntmrh. skipaði undir forustu Ásgerðar Halldórsdóttur, vann mjög gott starf og skilaði ítarlegri skýrslu með fjölmörgum tillögum í desember sl. Ég vil taka undir það sem hæstv. menntmrh. sagði um ágæti þessarar skýrslu. Það kemur fram í athugasemdum með þessu frv. að tillögur nefndarinnar hafi verið hafðar til hliðsjónar.

Í 13. gr. frv. er menntmrh. heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt en fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi verði háð fjárveitingum í fjárlögum. Ein af ábendingum nefndarinnar sem fram kemur í skýrslu hennar um eflingu íþróttastarfs, er einmitt að komið verði á samvinnu ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingar um byggingu þjóðarleikvanga í ýmsum greinum.

Þegar verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var breytt um áramótin 1989/1990 yfirtóku sveitarfélögin það verkefni að byggja íþróttamannvirki, en fram að þeim tíma hafði ríkið veitt stuðning í þessu augnamiði með framlögum úr Íþróttasjóði ríkisins að því tilskildu að mannvirkin uppfylltu ákveðnar alþjóðlegar kröfur. Ekki voru þó allir endar hnýttir því að hvert sveitarfélag lagði áherslu á að koma upp íþróttaaðstöðu fyrir íbúa sína og það var í hendi hvers sveitarfélags hvaða kröfur um staðla hvert íþróttamannvirki uppfyllti.

Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur vissulega verið byggð upp myndarleg íþróttaaðstaða víða um land en hvergi var hvatning fyrir einhvern aðila til að byggja íþróttamannvirki sem uppfylltu kröfur samkvæmt alþjóðlegum stöðlum fyrir landskeppnir eða alþjóðlegar keppnir. Íþróttahreyfingin hefur þurft að standa frammi fyrir stórum vandamálum af þeim sökum, t.d. þegar heimsmeistaramótið í handknattleik fór hér fram árið 1995, þó að þau mál væru að lokum farsællega leyst eftir nokkrum krókaleiðum. Með lagasetningunni frá árinu 1989 voru sérsambönd íþróttahreyfingarinnar nánast skilin eftir á vergangi því að hvergi var ákvæði eða hvatning til sveitarfélaganna til að leysa úr brýnni þörf fyrir íþróttamannvirki sem uppfylla skilyrði fyrir landskeppnir og alþjóðleg mót.

Hér hillir hins vegar undir lausn á þessu vandamáli, en í 13. gr. frv. er menntmrh. heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt.

Í skýrslu nefndarinnar er þjóðarleikvangur skilgreindur sem íþróttaaðstaða sem tengist sérstaklega ákveðinni íþróttagrein. Hér er um íþróttamannvirki að ræða sem þegar er til staðar eða eftir á að reisa. Hver íþróttagrein sem hér á landi er stunduð fær því fastan samastað eða þjóðarleikvang. Einkenni þessa staðar væri að þar væru fullkomnar aðstæður til keppni og æfinga viðkomandi greinar. Hér er því um löglegar aðstæður að ræða sem nota má til keppni á landsmótum eða mótum landa á milli, Evrópukeppni, heimsmeistarakeppni o.s.frv. Í dag má segja að þjóðarleikvangar séu til staðar fyrir nokkrar íþróttagreinar, t.d. vetraríþróttamiðstöðin á Akureyri fyrir vetraríþróttir, Laugardalsvöllurinn fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir og Laugardalshöllin fyrir handknattleik og körfuknattleik. En sambærileg aðstaða er ekki til staðar fyrir ýmsar aðrar íþróttagreinar, t.d. ekki 50 metra löng viðurkennd, yfirbyggð keppnislaug fyrir sundíþróttina eða aðstaða til stórmóta í frjálsum íþróttum innan húss, sem vissulega væri gaman að hafa til staðar nú þegar við höfum eignast heimsmeistara á því sviði. Við erum fámenn þjóð sem verðum að sníða okkur stakk eftir vexti en smátt og smátt mun okkur vafalaust takast að skapa þessar aðstæður fyrir fleiri íþróttagreinar.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annist skiptingu landsins í íþróttahéruð og breytingu á þeim, en í gildandi lögum annast íþróttanefnd þessa skiptingu í samráði við þessi fyrrnefndu íþróttasamtök. Búast má við talsverðri breytingu á skiptingu landsins í íþróttahéruð í kjölfar þeirrar miklu sameiningar sveitarfélaga sem nú á sér stað víða um land. Ég tel það eðlilegt að íþróttasamtökin sjálf skipti landinu í íþróttahéruð og tek undir það sem kemur fram í athugasemdum með frv., að hæpnar forsendur virðast fyrir því að lögskipa íhlutun ríkisvaldsins um það fyrirkomulag.

Ég vil eindregið hvetja alla þá sem hafa áhuga á íþróttum og gildi þeirra í nútímaþjóðfélagi til að kynna sér skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs. Í skýrslunni er vakin athygli á að margt bendi til þess að nýrri öld muni fylgja enn hraðari breytingar en á þeirri öld sem nú er að líða. Stórstígar tækniframfarir munu eiga sér stað, aukið frjálsræði í viðskiptum og samskiptum og þessu fylgir að vinnutími verður styttri, frítími einstaklinga og fjölskyldna eykst og tómstundum á eftir að fjölga. Íþróttir eiga eftir að verða mun fyrirferðarmeiri en þær eru þar sem einstaklingurinn og fjölskyldan verða í brennidepli.

Í þjóðfélagi okkar sem annars staðar í heiminum eru afreksíþróttir afar vinsælt skemmtiefni og stór liður í samskiptum ríkja á alþjóðavettvangi. Fátt vekur meiri ánægju og athygli en þegar íslenskir íþróttamenn vinna góð afrek og frækna sigra á alþjóðavettvangi og hlutverk afreksíþrótta er einnig mikilvægt í þeim tilgangi að laða æskufólk að íþróttastarfi. Þetta sýnir vel hve samtvinnaðar afreksíþróttir eru öðru íþróttastarfi þar sem stjörnur afreksíþrótta eru fyrirmyndir æskufólks.

Það er rétt að minna á þátttöku barna og unglinga í íþróttum. Þar er fjöldinn mestur. Börnin og unglingarnir sækja ekki einungis í íþróttirnar heldur í þann félagsskap sem fylgir íþróttastarfinu. Þar fá þau að vinna að tómstundaiðju með félögum sínum auk þess sem þau fá bæði hvatningu og ánægju út úr starfinu. Umbunin er oft fólgin í þátttöku í leik og keppni að viðbættri þeirri gleði og ánægju sem fylgir því að gera sitt besta og ná persónulega góðum árangri. Slíkt eykur einnig sjálfsvirðingu og styrkir sjálfsmyndina. Þá er það einnig markmið að bæta líkamlegt atgervi, móta með sér nýjan lífsstíl sem felst í líkams- og heilsurækt og hollum lífsháttum. Þessi lífsstíll getur orðið einhver besta vörn unglingsins til að standast ýmsar freistingar sem verða á vegi æskumannsins. Oft og tíðum fylgir þessi lífsstíll einstaklingnum allt lífið, því hvað ungur nemur, gamall temur.

Nauðsynlegt er að hvetja til aukinnar þátttöku fullorðinna en flest bendir til að hún eigi eftir að aukast til muna frá því sem nú er. Slík aukning er í samræmi við þann skilning sem nú fer vaxandi á gildi líkams- og heilsuræktar.

Íþróttahreyfingin hefur á hendi veigamikið hlutverk því ljóst er að samfélagslegt gildi íþrótta er mikið. Hafa verður í huga að starf íþróttafélaga byggist að verulegum hluta á sjálf-

boðastarfi og eru nánast öll stjórnunarstörf hreyfingarinnar unnin í sjálfboðavinnu. Þá er reynt að stilla iðkendagjöldum í hóf til að sem flestir geti stundað íþróttir sem veldur því að mörg íþróttafélög berjast fjárhagslega í bökkum. Í þessu sambandi hefur komið fram áhugaverð stefna varðandi samstarf á sviði íþrótta. Hér er um að ræða samvinnu sveitarfélaga og skóla annars vegar og íþróttahreyfingar í nánu samstarfi við foreldra hins vegar. Við þetta þróunarstarf eru bundnar miklar vonir.

Á komandi öld er afar áríðandi að hver einstaklingur hafi til að bera þroska og hæfni til að velja og hafna því ýmsar freistingar munu verða enn áleitnari en nú er. Margt bendir til að vímuefni verði enn aðgengilegri og ódýrari en nú, auk þess sem auðveldara verði að nálgast þau. Þar sem vel er á málum haldið hefur það sýnt sig að öflugt íþróttastarf getur átt drjúgan þátt í að sporna við að börn og unglingar villist inn á braut vímuefna og þeirra neikvæðu afleiðinga sem slíkum efnum fylgja. Í þessu sambandi er áfengi og tóbak ekki undanskilið.

Ég vil taka undir þessar skoðanir nefndar um eflingu íþróttastarfs og vek sérstaka athygli á hve íþróttirnar eru tengdar nútímalífsstíl, heilbrigði og hollum lífsvenjum.

Herra forseti. Ég hef e.t.v. farið nokkuð út fyrir efni þessa frv. og leyft mér að minna á mikilvægi íþrótta í nútímaþjóðfélagi. Ég tel eins og ég sagði í upphafi máls míns að íþróttalög eigi að vera einföld og skýr eins og frv. gerir ráð fyrir, en jafnframt eigi ríki og sveitarfélög að styðja íþróttastarfið í landinu myndarlega. Ég er ekki í vafa um að því fé sem ríkið ver til þessara mála er vel varið og það stuðlar að heilbrigðara og hamingjusamara lífi ótal einstaklinga vítt og breitt um landið. Ég tek undir það sem hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni, að íþróttahreyfingin væntir mikils af samstarfi við Alþingi og ríkisstjórn. Þetta samstarf er að mínu áliti sem betur fer gott og hæstv. menntmrh. hefur sýnt þessum þýðingarmikla málaflokki mikinn áhuga og velvild.

[12:06]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég fagna framlagningu frv. um íþróttalög og tel það ágætis ramma utan um íþróttastarf í landinu. Íþróttastarf á Íslandi er mikið að vöxtum og líklega er íþróttahreyfingin ein alfjölmennasta félagsmálahreyfing landsins. Markmið laganna er að allir landsmenn eigi kost á að iðka íþróttir og taka mið af gildi í uppeldis- og íþróttastarfi.

Við Íslendingar þurfum að reka mjög hvetjandi íþróttapólitík, ekki einungis fyrir ungmenni þessa lands heldur alla. Gildi íþrótta er margþætt. Íþróttaiðkan hefur í för með sér uppeldislegt gildi. Ungt fólk lærir að virða reglur sem ber að fara eftir. Ungt fólk lærir ákveðinn aga á íþróttavöllunum fyrir utan það að félagsleg samskipti eru heilmikil gegnum íþróttirnar. Þess vegna þarf að vanda mjög til þegar leiðbeinendur eru valdir til að sjá um þjálfun ungmenna og þess vegna skiptir mjög miklu máli að íþróttakennaraskorin í Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni móti mjög ákveðna stefnu hvað þetta varðar, bæði með tilliti til uppeldislegs gildis íþrótta fyrir börn og einnig fyrir frjáls félagasamtök. *Mjög miklu máli skiptir að skólinn sinni því hlutverki sínu* sem allra best.

Ég er einn þeirra sem fara mjög gjarnan á svokallaðar líkamsræktarstöðvar og í allt of mörgum tilfellum er ekki fagfólk á þessum stöðvum. Þó er þetta mismunandi eftir líkamsræktarstöðvum. En það skiptir mjög miklu máli þegar verið er að leiðbeina almenningi að kunna til verka. Þess vegna endurtek ég það hve miklu máli skiptir að eigendur stöðvanna hafi í vinnu fólk með réttindi sem hefur lært að kenna íþróttir.

Það hefur komið fram í máli manna þegar fjallað er um íþróttalögin að rannsóknir sýna að mun minni líkur eru til að ungmenni sem stunda íþróttir leiðist út í óreglu. Þetta hefur líka hvetjandi áhrif fyrir námsmenn og reyndar alla. Íþróttir eru iðkaðar í grunnskólum landsins. Almenningur stundar í auknum mæli íþróttir í mjög mörgum greinum og auk þess eigum við sem betur fer ýmsa afreksmenn sem ber að sinna sérstaklega.

Við höfum ekki í umræðunni komið inn á gildi kynningarstarfs íþrótta fyrir einstök byggðarlög. Við sjáum það á Íslandi að einstaka byggðarlög hafa skapað mjög góða aðstöðu til íþróttaiðkunar. Á móti kemur að hægt er í raun að tala um ákveðna íþróttamenningu á þessum stöðum. Þegar nefnd er knattspyrna dettur mönnum yfirleitt Akranes í hug sem er ekki stór bær á alþjóðamælikvarða en hefur skapað ákaflega góðan ramma utan um knattspyrnuiðkan hér á landi og eru Skagamenn þar fremstir í flokki. Þegar nefndur er körfubolti dettur mönnum á sama hátt Keflavík í hug. Í handknattleik voru Hafnfirðingar lengi vel í fremsta flokki. Það hefur hugsanlega orðið einhver breyting á því á síðustu missirum, herra forseti, en það er einmitt eitt af því sem gerist í íþróttunum að sigrar skiptast á milli byggðarlaga. Ég er að benda á gildi kynningarstarfs fyrir viðkomandi byggðarlög í íþróttastarfi. Það er hægt að segja að hverri krónu sem sveitarfélög verja til að byggja upp íþróttastarfsemi sé vel varið, bæði varðandi forvarnastarf og kynningarstarf fyrir viðkomandi byggðarlag.

Það er ákveðið áhyggjuefni hve kvennaíþróttum er gert lægra undir höfði en karlaíþróttum, og þetta kemur strax fram í íþróttaiðkan ungra kvenna. Ég hlustaði á það í fréttum ekki alls fyrir löngu að t.d. þjálfarar í meistaraflokki kvenna í afreksíþróttum eru á svipuðum launum og þeir sem þjálfa barna- og unglingaflokka í karlagreinum. Þetta er mikið alvöruefni og þessu verðum við að sjálfsögðu að breyta vegna þess að íþróttir eru fyrir alla og það þarf að vera ákveðið jafnrétti hvað þátttöku varðar. Hver veit nema frækileg frammistaða Völu Flosadóttur sem er heimsmeistari í stangarstökki verði til þess að opna augu okkar enn betur fyrir því hversu mikils virði það er að íþróttir séu fyrir alla? Hún er í raun og veru að undirstrika það að konur eru jafningjar karla í íþróttum. Við verðum að breyta þessum áherslum í íþróttum, þ.e. að jafnmikið fé verður að renna til iðkunar íþrótta kvenna og íþrótta karla. Eins skiptir miklu máli að hafa það í huga að þegar íþróttafélög ná miklum árangri, t.d. í meistaraflokki, renna oft og tíðum miklir fjármunir til meistaraflokksins en ungmennastarfið gleymist. Þetta eru atriði sem vert er að hafa í huga.

Svo ég víki örlítið nánar að frv. sjálfu þá fagna ég því ef menn hafa komist að samkomulagi í 5. gr. frv. um Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands annars vegar og starfsemi Ungmennafélags Íslands hins vegar. Ég hygg að þessu sé svipað varið á Norðurlöndum eins og fram kemur í 5. gr. Þessi stóru félagasamtök hafa ákveðnum hlutverkum að gegna. Við eigum að virða þær hefðir sem skapast hafa vegna þess að bæði ÍSÍ og UMFÍ vinna mjög gott starf hvort á sinn hátt.

Það gleður mig að sjá í 8. gr. frv. að Íþróttasjóður verður enn við lýði, en í gegnum árin hafa menn verið að ræða um að leggja Íþróttasjóð niður. Eins og fram hefur komið

í umræðunni er að vísu tiltölulega litlum peningum varið í dag til Íþróttasjóðs eða tæplega 15 millj. kr. Það eru auðvitað mjög litlir peningar sem dreifast reyndar á mjög marga aðila og hafa komið sér býsna vel. Ég er mjög fylgjandi því að Íþróttasjóður verði við lýði og við þurfum að styrkja starfsemi hans.

Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að engin breyting sé á því að jöfnunarsjóður greiði nú hlutdeild í íþróttahúsabyggingum eins og verið hefur, þ.e. eftir ákveðnum normum og stöðlum, miðað við íbúafjölda, stærð húsa o.s.frv. Er ekki gert ráð fyrir að þau lög og þær reglur sem gilt hafa um byggingu íþróttahúsa séu enn í gildi, eða stendur jafnvel til að Íþróttasjóður komi til með að sjá um þátt ríkisins í íþróttahúsabyggingum? Mig langar að spyrja um þetta til að fá það alveg á hreint.

Ég endurtek að ég fagna mjög þessu frv. og tel að því fé sem varið er til íþrótta sé vel varið, hvort heldur er til byggingarframkvæmda á íþróttahúsum, íþróttavöllum, íþróttasvæðum eða til þess að aðstoða ungt fólk og gamalt til að stunda íþróttir.

[12:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir hv. þm. um það hróplega misrétti sem er í íþróttahreyfingunni, bæði varðandi laun þjálfara kvennaflokka í samanburði við karlaflokka og almennt um fjármagn til kvennaíþrótta. Á nýafstaðinni ráðstefnu um heilbrigði kvenna veitti Vanda Sigurgeirsdóttir upplýsingar sem voru mjög sláandi og vöktu almenna reiði ráðstefnugesta. Það er svo sannarlega athyglisvert að fyrsti heimsmeistari okkar í íþróttum skuli vera kona, Vala Flosadóttir, þrátt fyrir það að aðeins örlítið fjármagn af því sem Íslendingar hafa veitt til íþrótta hafi farið til kvenna. Þessu verður að breyta og ég vona að þetta frv. verði til þess.

[12:17]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir að taka undir þau atriði sem ég benti á í ræðu minni áðan. Það má skjóta því inn sem er á vissan hátt kannski alvörumál líka að Vala Flosadóttir hefur fengið íþróttalegt uppeldi sitt að stórum hluta í Svíþjóð en við erum svo heppin að hún er íslenskur ríkisborgari þannig að við eigum öll saman þennan heiður en við getum í raun og veru vart þakkað okkur það nema að litlu leyti. En mig langar að benda á að hér eigum við enn eitt sameiginlegt áhugamál, við framsóknarmenn og Kvennalistinn, þ.e. að koma á jöfnuði í íþróttaiðkun á Íslandi.

[12:18]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun vera rétt að Vala Flosadóttir hefur að mestu leyti alist upp í Svíþjóð og fengið íþróttauppeldi sitt þar enda tel ég að það hefði varla verið mögulegt miðað við þær aðstæður sem íslenskum íþróttastúlkum eru boðnar að ná þeim árangri sem hún hefur gert. Ég held því að þetta ætti að vera okkur hvatning til að bæta þar úr.

[12:19]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Ég vil fagna því frv. sem er til umræðu í dag. Ljóst er að lengi hefur staðið til að endurskoða löggjöf um þennan mikilvæga málaflokk og það er afar brýnt að málið fái framgang og því ber að fagna að hæstv. menntmrh. hefur látið til sín taka á þessu sviði í ráðuneyti sínu sem og á öðrum sviðum. Skipulegt íþróttastarf er hluti af skipulegri menningarstarfsemi í landinu og skipulegt íþróttastarf treystir almennt stoðir uppeldis- og menntamála.

Ég tek undir það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson gat um áðan í góðri ræðu sinni að 13. gr. frv. er afar mikilvæg. Hún styrkir lagagrundvöllinn undir því sem hefur þegar verið gert á þessu sviði og á eflaust eftir að gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki í framtíðinni. Það var skynsamlegt þegar verkaskipting var ákveðin milli ríkis og sveitarfélaga fyrir nokkrum árum að láta íþróttamálin í hendur sveitarfélaganna á hverjum stað en á sama hátt var mjög nauðsynlegt að stíga viðbótarskref og skilgreina hvernig væri hægt að ýta undir íþróttastarfsemi sem væri miðuð við landið allt. Þetta er afar mikilvægt skref. Fyrrverandi menntmrh. steig ákveðin skref í þessa átt og núverandi menntmrh. hefur sýnt þessu áhuga og skilning sem staðfestist í frv.

Við þurfum að ýta undir aðstöðu og kynningarstarfsemi sem miðast við íþróttir og íþróttagreinar og þjónustu sem beinist að öllu landinu þar sem aðstæður eru fyrir hendi og þar sem þær koma að gagni fyrir þjóðina í heild. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að hér á landi búum við við veðurfarslegar aðstæður sem hafa skapað ákveðin vandamál með þjóðinni. Ekki er hægt að neita því að veturinn þykir hér langur og strangur. Vetrartíminn, sem við köllum því lýsandi orði skammdegi, leggst þungt á margt fólk og dregur úr útivist og íþróttaiðkun í mesta skammdeginu. Langur vetur er því hluti af lífsskilyrðum þjóðarinnar og við þurfum eftir því sem við getum að ýta undir að þjóðin líti á langan vetur sem vettvang útivistar og heilbrigðra lífshátta ekki síður en sumarið. Það er því liður í því að sætta þjóðina við landið og veðurfarið að efla íþróttir og útivist sem mest við getum.

Að vísu eru mjög breyttir tíma frá því sem áður var þegar vetrarhörkur þýddu felli og það var ekki að ástæðulausu sem þjóðin gaf hörðum vetrum alveg sérstök nöfn, eins og Fellir og Píningur. Það var eiginlega meitlað inn í þjóðarsálina að veturinn var hættulegur tími eins og hafið var hættulegt svæði. Við bjuggum við hættulegar aðstæður á Íslandi og það hefur grópast sterkt inn í þjóðarsálina en við eigum og getum nú við þær tæknilegu aðstæður sem við búum við, lifað hér mjög góðu lífi, svo góðu lífi að hér geta lífskjör verið með því allra besta sem gerist í heiminum, og eru það raunar nú þegar. Það er því full ástæða til þess að nota öll tækifæri til þess að sætta þjóðina enn betur en nú er við landið og veðurfarið. Ekki er ástæða til að fara niðrandi orðum um þetta land eins og stundum heyrist, því miður. Þegar talað er um klakann og skerið þá er það gert vegna þess að landið er borið saman við sólríkari strendur en það er þá gert á þann hátt að þar er verið að vanmeta þá möguleika sem við Íslendingar búum við til að lifa hollu og góðu lífi þar sem hér eru sérstaklega góðar aðstæður til að njóta útivistar og íþrótta.

Þetta vildi ég nefna sérstaklega vegna þess að mér finnst að í þessu frv., þá ekki síst í 13. gr., sé opnað á að ríkið taki þátt í því að efla verulega íþróttir og ég held að það sé mikið mennta- og menningarmál.

Ég vil undirstrika það sem komið hefur fram í máli margra ræðumanna, ekki síst hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, að íþróttahreyfing landsins stendur undir afar mikilvægu uppeldisstarfi. Fórnfýsi þeirra sem starfa launalaust í þessari hreyfingu, standa á bak við íþróttahreyfinguna, er afar mikils

virði og þetta starf er ómetanlegt framlag til menningarmála, til forvarnamála og þar með jafnframt til heilbrigðismála.

Það er rétt, þótt við séum að fara út fyrir efni frv. í sjálfu sér, að velta því fyrir sér hvers vegna íþróttir vekja svona mikinn áhuga hjá fólki. Hver er ástæðan fyrir því? Íþróttaáhugi stendur afar djúpum rótum í mannlegu eðli og þótt íþróttirnar þjóni ólíkum tilgangi nú, borið saman við fortíðina, hefur mikilvægi þeirra ekkert minnkað. Skipulögð líkamsþjálfun var öldum og árþúsundum saman hluti af undirbúningi undir lífsbaráttuna í breiðustu merkingu þess orðs. Þessi þáttur hefur að sjálfsögðu vikið eftir því sem tækniframfarir hafa gert lífsbaráttuna auðveldari og líkamlegt atgervi hefur skipt minna máli fyrir afkomu fólks. En eftir því sem tæknin hefur ýtt undir kyrrsetu og dregið úr útvist og hreyfingu verður einmitt starfsemi íþróttafélaganna og starfsemi sveitarfélaga og ríkis á sviði íþrótta mikilvægari þáttur í menningu og heilbrigðum lífsháttum. Mannslíkaminn, en líka mannsandinn, er gegnum árþúsundin mótaður af aðstæðum sem hafa krafist líkamlegs atgervis og þótt þessar aðstæður hafi breyst hefur maðurinn í raun jafnmikla eðlisþörf fyrir hreyfingu og líkamlegt atgervi nú eins og áður og þeirri þörf þarf að sinna.

Ég vil geta þess í lokin að ég tel að þetta frv. sé gott frv., það er einfalt, það er tekið á því sem máli skiptir og ég mun reyna eftir því sem ég get að greiða götu þess sem fyrst í gegnum þingið.

[12:27]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem ljóst er að þingmenn hafa mikinn áhuga á. Í grg. með frv. er lögð áhersla á að starfsemi íþrótta í landinu fari nú fram við allt önnur skilyrði en var fyrr á öldinni. Undir þetta vil ég taka. Mér finnst sú umfjöllun sem sett er fram í grg. mjög skynsamleg, að gengið sé út frá því að tilgangur lagasetningar um íþróttamál sé fyrst og fremst að mynda formlega umgjörð um atbeina hins opinbera til eflingar íþróttastarfi, án íhlutunar um hvernig íþróttahreyfingin hagar störfum sínum.

Mér finnst að mjög vel hafi tekist til í þessu frv. hvað þetta varðar og ég tel líka mikilvægt að þær umræður sem orðið hafa eru mjög jákvæðar. Ýmsar ábendingar hafa komið fram sem ég veit að munu koma að góðu gagni við umfjöllun málsins í hv. menntmn. og ég tel alveg sjálfsagt að nefndin taki til athugunar þær ágætu skýrslur sem komu út fyrir jólin þar sem er afrakstur af nefndaskipan, bæði um stöðu kvenna í íþróttum og líka um eflingu íþróttastarfs. Ég tel að þar hafi verið unnið afar gott starf sem sé allrar athygli vert.

En það sem varð til þess að ég vildi leggja sérstaklega orð í belg um þetta mikilvæga mál voru ummæli hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar áðan um að það væri sameiginlegt áhugamál Kvennalistans og Framsóknarflokksins að efla íþróttaiðkun kvenna. Ég tel að þetta sé sameiginlegt áhugamál allra flokka og flokkarnir hafa sýnt það í verki hér í þinginu með því að þingmenn hafa flutt saman þingsályktunartillögur og umræður hafa margsinnis orðið um þetta mál. Ég tel því að þetta sé sameiginlegt áhugamál allra flokka en ekki bara Framsfl. og Kvennalistans.

[12:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka ágætar umræður um þetta mikilvæga mál, málefnalegar umræður og þau sjónarmið sem fram hafa komið. Sérstaklega vakti athygli mína ræða hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, sem er jafnframt formaður íþróttanefndar ríkisins og var 1. flm. þáltill. sem samþykkt var á síðasta þingi um eflingu íþróttastarfs. Það var mikilvægt að heyra sjónarmið hans til þessara mála vegna starfa hans á vegum íþróttahreyfingarinnar eða í tengslum við hana og á vegum íþróttanefndar ríkisins sem fær aukið hlutverk með þessu frv. Eins og ég hef skilið umræðurnar eru allar líkur til þess að frv. verði samþykkt á hinu háa Alþingi og ekki séu deilur um meginefni þess þótt auðvitað kunni menn að vilja líta á orðalag í einstökum greinum.

Eins og ég gat um er í 2. gr. gert ráð fyrir því að það geti orðið samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu þar sem tekið er mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf. Ég vek einnig athygli á því almenna ákvæði sem er í 3. gr. frv. um hlutverk menntmrn. og skyldu þess, eins og greinin er orðuð, til að afla upplýsinga um iðkun íþrótta í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðla að rannsóknum á sviði íþróttamála. Í ljós hefur komið m.a. í því nefndarstarfi sem hefur verið unnið að þessi þáttur er ekki síst mikilvægur. Að aflað sé upplýsinga, það liggi fyrir upplýsingar eins og t.d. umræðurnar um stöðu kvenna í íþróttum benda til, að menn telja mjög mikilsvert að þær upplýsingar liggja nú fyrir og geta þess vegna betur gripið á þeim viðfangsefnum sem skýrslan um það mál leiðir í ljós.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt um hið glæsilega íþróttaafrek Völu Flosadóttur, fyrsta heimsmeistara okkar í frjálsum íþróttum, og tel ég æskilegt og vona að hún komi fljótlega til landsins og þá fái menn tækifæri til þess að hylla hana eins og ber við slíkan afreksmann í íþróttum eins og Vala er. Fleiri afreksmenn eigum við að sjálfsögðu í íþróttum en hún hefur náð lengst af Íslendingum í frjálsum íþróttum og er vert að halda nafni hennar á lofti og hylla hana með þeim hætti sem okkur er fært. Eins og ég segi þá vona ég að hún komi bráðlega til landsins og við getum sýnt henni þann sóma sem henni ber hér á landi.

Sérstaklega var vikið að því að í líkamsræktarstöðvum væru ekki fagmenn. Ég vil láta þess getið við hv. þingmenn að það kom til álita og hefur legið fyrir í drögum að frv. til íþróttalaga að þar yrði tekið sérstaklega á málefnum líkamsræktarstöðva og heilsuræktarstöðva. Hins vegar valdi ég þann kost í frv. að fara ekki inn á það svið. En ef menn lesa t.d. skýrslu nefndarinnar um eflingu íþróttastarfs og umfjöllun hennar um þetta frv. þá kemur það sjónarmið þar fram að nauðsynlegt sé að huga að því hvort eigi að setja sérstakar reglur eða lög um líkamsræktarstöðvar og heilsuræktarstöðvar. Mér finnst það alveg sérgreint viðfangsefni og eigi ekki að fara inn í almennan lagabálk um íþróttamálefni. Ég árétta þessa skoðun mína hér því að þetta málefni hefur oft komið til umræðu þegar fjallað er um íþróttalög, hvort eigi að gera lágmarkskröfur varðandi líkamsræktarstöðvar og heilsuræktarstöðvar. Ég tel að það sé sérstakt úrlausnarefni ef menn vilja setja slík ákvæði í lög og eigi ekki heima í almennum íþróttalögum.

Spurt var hvort breyting væri á greiðslum jöfnunarsjóðs til íþróttamannvirkja með þessu frv., það er ekki. Ekki er vikið að því máli enda fellur það ekki undir íþróttalögin, þar er um aðra lagabálka að ræða þegar litið er til þeirra þátta.

Herra forseti. Í lokin þakka ég hv. þingmönnum fyrir málefnalegt framlag til umræðunnar. Það er ljóst að á Alþingi eru sterkir málsvarar fyrir íþróttahreyfinguna og ég vænti þess að sá áhugi sem fram hefur komið í umræðunum skili sér í greiðri afgreiðslu hv. menntmn. á frv. Ég fagna sérstaklega

þeim ummælum formanns nefndarinnar að í nefndinni verði einnig fjallað um skýrsluna um stöðu kvenna í íþróttum og eflingu íþróttastarfs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Grunnskóli, 1. umr.*

Frv. SvanJ o.fl., 199. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 208.

[12:35]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum, nr. 66/1995, en það er 199. mál á þskj. 208. Meðflm. mínir að frv. eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Með frv. er gert ráð fyrir því að fulltrúar nemenda eigi rétt til setu bæði á kennarafundum og skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar fjallað er um mál sem snerta beint hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

Herra forseti. Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Frá því að barnasáttmálinn var undirritaður af Íslands hálfu hefur íslenskur réttur víða verið aðlagaður ákvæðum barnasáttmálans og hafa verið gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var ánægju með ýmsa þá þætti en það voru líka gerðar athugasemdir við aðra þætti um framkvæmd íslenskra stjórnvalda. Ég vil, herra forseti, nota tækifærið og nefna nokkra þá þætti þar sem vel hefur verið unnið í samræmi við sáttmálann en þar ber hæst að í VI. kafla stjórnarskrárinnar hefur verið lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun.

Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, var starfsháttum Barnaverndarráðs breytt og lögfestar voru reglur um starfsaðferðir og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Við úrlausn barnaverndarmála var lögfestur réttur barna til að tjá sig um málið, og þegar sérstaklega stendur á heimilað að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

Árið 1995 var Barnaverndarstofa sett á laggirnar en tilvist hennar skapar ákveðna festu og samfellu í störfum barnaverndaryfirvalda og skapar barnaverndarmálum góðan ramma. Þá hafa barnalögin verið endurbætt og afnumin hugtökin skilgetið og óskilgetið barn og réttur barna þannig jafnaður að lögum.

Árið 1994 var síðan stofnað embætti umboðsmanns barna og þannig sköpuð umgjörð og aðstaða til að lyfta málefnum barna, þörfum þeirra og réttindum og þannig að styrkja stöðu þeirra. Þó eru dæmi um löggjöf sem sett hefur verið frá því að barnasáttmálinn var undirritaður og staðfestur þar sem löggjafanum virðist hafa yfirsést. Dæmi um það eru núgildandi grunnskólalög. Í ljósi þess er þetta frv. fram komið en meginefni þess er, eins og ég gat um, að grunnskólanemum verði með lögum tryggður formlegur réttur til þess að setja fram skoðanir sínar og viðhorf varðandi þá þætti skólastarfsins sem með beinum hætti snerta hagsmuni þeirra.

Í 12 gr. barnasáttmálans segir, með leyfi forseta: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kosta að setja formlega og skipulega fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu sem þeim er búin og vinnubrögðum sem notuð eru á þessum mikilvæga vinnu-, uppeldis- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var. Er það vel vegna þess að það er nokkuð ljóst þegar skoðaðar eru þær athuganir sem gerðar hafa verið á skólastarfi a.m.k. erlendis, ég veit ekki hvort þær athuganir hafi nokkurn tíma farið fram hérlendis, að einn af stóru lyklunum að góðu starfi í skólunum er þátttaka og afskipti foreldra. En í þessum sömu lögum er réttur nemenda til að geta formlega komið skoðunum sínum á framfæri um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður þeirra skertur frá áður gildandi lögum.

Í eldri grunnskólalögum var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs svo og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti þegar rætt er um skipulag skólastarfs. Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með þeim rökstuðningi í grg. að rétt þætti að hafa það á valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans væri fyrir komið. Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljós skoðanir á öllum málum sem þau varða teljum við flm. rétt að afdráttarlaus ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börn eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla. Það er ólíklegt að nemendur sæki það almennt að tekin verði afstaða í hverjum skóla fyrir sig til þess hvort þeir fái aðild og þá hvernig að stjórn skólans. Þá virðist það vera alfarið á valdi skólans hvernig hann tekur á slíkri ósk komi hún fram.

Flm. telja heldur ekki rétt að staða nemenda til að koma skoðunum sínum skipulega á framfæri sé svo miklu lakari að lögum en annarra sem koma að skólastarfinu sem og foreldra. Með frv. er því gert ráð fyrir því að fulltrúar nemenda eigi rétt til setu bæði á kennarafundum og skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar fjallað er um mál sem snerta beint hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

Gert er ráð fyrir því að fulltrúar nemenda verði ætíð tveir og þannig tekið tillit til þess að staða barna er veikari en staða hinna fullorðnu. Ætla má að það styrki stöðu nemenda að þeir séu jafnan tveir við þessar aðstæður.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega eins og hér er gerð tillaga um.

Í eldri grunnskólalögum var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og

nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við eldri ákvæði um skólaráð. Þetta ákvæði kemur alls ekki í stað ákvæðis um rétt barna til að koma skoðunum sínum á framfæri enda, eins og segir í lögunum, hugsað sem vettvangur þar sem skólayfirvöld koma upplýsingum sínum á framfæri og fjalla um starfsemi ráðanna, foreldraráðs, kennararáðs og nemendaráðs. Í þessu sambandi er líka rétt að geta þess að ekki er skylda samkvæmt lögum að nemendaráð séu í hverjum skóla heldur er það heimilt.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi þó að þeir hafi verið fullgiltir heldur þarf löggjafinn að taka sérstaklega á þeim ákvæðum sem hinn staðfesti samningur kann að fela í sér.

Ég rakti fyrr í ræðu minni, herra forseti, nokkur þau ákvæði þar sem löggjafinn hefur þegar tekið á ákvæðum sem lúta að réttindum barna til bóta fyrir börn. Til að tryggja, betur en nú er, formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum skólans eru þetta frv. lagt fram, á þskj. 208, um breytingu á grunnskólalögum.

Í 1. gr. er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ég tók eftir því, herra forseti, á ágætum málfundi um stöðu ungmenna með virkri þátttöku félagsmiðstöðva sem umboðsmaður barna gekkst fyrir á Akureyri sl. haust, að nemendum fyrrv. Gagnfræðaskóla Akureyrar fannst sér hafa verið misboðið freklega þegar ákvarðanir voru teknar um grundvallarbreytingu á skólanum þeirra. Það var gert án þess að þeim væri gefinn kostur á að tjá sig um þær breytingar. Þeim var formlega greint frá yfirvofandi breytingu rétt áður en endanleg ákvörðun var staðfest. Þau höfðu verið sniðgengin af skólayfirvöldum við allan undirbúning. Þeim ekki verið gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri. Þetta var ekki til þess fallið að gera þau jákvæð og skilningsrík gagnvart því umróti sem breytingin hafði í för með sér. Í þessu tilviki var verið að fella saman tvo gamalgróna skóla, Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar og gera að einum heildstæðum grunnskóla.

Þá er lagt til að ný málsgrein bætist við 13. gr. laganna sem fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að fella nýja 2. mgr. inn í 17. gr.

Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Á seinni árum, herra forseti, hefur umræða um mannréttindamál farið mjög vaxandi. Ég hef velt því fyrir mér hvernig á því stóð að réttur barna til þess að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á það sem þau varðar, fór forgörðum við lagasetninguna um grunnskóla vorið 1995. Af umræðum sem þá urðu og þeim brtt. sem fram voru bornar er ljóst að hugur þingmanna var á þeim tíma ekki bundinn við nemendur og þeirra rétt. Menn voru greinilega mjög uppteknir, mér liggur við að segja helteknir, af yfirvofandi flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna, þeim breytingum á réttindum kennara sem því kynnu að fylgja og þeim breytingum sem grunnskólanum væri ætlað að takast á við á næstu árum.

Nú getum við, herra forseti, hins vegar farið af sæmilegri yfirvegun yfir lögin og fært ákvæði um réttindi einstaklinga til betri vegar og nær umræðunni. Eins og ég sagði fyrr, álít ég að þau ákvæði sem lutu að rétti barna hafi ekki fengið þá athygli sem þau verðskulda.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:50]

## *Gjald af kvikmyndasýningum, 1. umr.*

Frv. KHG, 414. mál. — Þskj. 735.

[13:33]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 735 hef ég leyft mér að bera fram frv. til laga um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum en þau lög eru nr. 28 og voru sett 4. febrúar 1952. Í frv. er lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í ljós hefur komið að sveitarstjórnir nýta ekki heimild í lögunum um álagningu og innheimtu gjalds af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, öðrum en íslenskum kvikmyndum og fræðslumyndum, allt að 10%, sem verja skal til menningar- og líknarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á þessu þingi kom fram að leitað var upplýsinga frá öllum kaupstöðum landsins. Svör bárust frá 17 og í ljós kom að enginn þeirra nýtir sér lengur þessa lagaheimild. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður gerðu það en hættu því fyrir nokkrum árum. Þykir því ekki lengur forsenda fyrir umræddum lögum og er lagt til að þau verði afnumin.

Með frv. þessu fylgir sem fskj. svar menntmrh. við fyrirspurn flutningsmanns um gjald af kvikmyndasýningum sem borin var fram fyrr á þessu þingi og kemur fram í svarinu það sem vitnað er til í greinargerðinni.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. Að öðru leyti skýrir það sig sjálft. Ég legg til að málinu verði vísað til 2.umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 1. umr.*

Frv. JóhS og ÖS, 70. mál. — Þskj. 70.

[13:36]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka. Frv. þetta hefur verið flutt á þremur síðustu þingum en ekki náð fram að ganga.

Tilgangur frv. er ekki síst sá að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg og setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna. Leynd sem er í kringum fjármál stjórnmálaflokka er einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings í garð stjórnmálaflokka. Sama gildir ef leynd hvílir yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum til stjórnmálaflokka. Hætta getur skapast í slíkum tilvikum á hagsmunaárekstrum sem leitt geta til óeðlilegrar afgreiðslu mála í stjórnsýslu þar sem fáum aðilum er hyglað á kostnað heildarinnar.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir, aðeins bókhaldsskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum gegnum fjárhirslur þeirra, ekki síst í kosningabaráttunni. Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir úr ríkissjóði og það er einmitt það sem knýr ekki síst á um að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og að reikningar þeirra verði birtir opinberlega.

Herra forseti. Frv. er ítarlegt og þar er lagt til annars vegar að settur verði almennur lagarammi um starfsemi stjórnmálasamtakanna en hins vegar er kveðið á um fjárreiður þeirra. Segja má að það sem lýtur að fjárreiðum stjórnmálaflokkanna sé einkum tvíþætt. Það er í fyrsta lagi að stjórnmálasamtök verði framtalsskyld og gert að skila skattframtali en reikningar þeirra skuli endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir opinberlega.

Í öðru lagi að stjórnmálasamtökum verði óheimilt að taka við fjárframlögum eða ígildi þeirra frá einstökum aðilum sem fara yfir 300 þús. kr. á ári nema að birta nafn þess styrktaraðila opinberlega, en víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Lagafrumvarpi þessu er ætlað að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka og fjárreiður þeirra sýnilegri en áður hefur verið.

Herra forseti. Þegar mælt var fyrir þessu máli á undanförnum þingum óskaði ég eftir nærveru forsrh. við umræðu um þetta mál. Hann sýndi okkur þann heiður, að mig minnir á síðasta þingi, að vera viðstaddur umræðuna og láta í ljós álit sitt á þessu frv. sem hér er til umræðu. Það verður að segjast eins og er að viðbrögð hæstv. forsrh. vöktu mér ekki mikla bjartsýni um það að hann væri sérstakur áhugamaður um að ná fram löggjöf um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.

En nefnd er að störfum á vegum forsrn. Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Nefnd hefur verið að störfum síðan 1994 og virðist lítt miða í störfum hennar og síðustu spurnir sem ég hef af starfinu er að hún hefur ekki komið saman í eitt ár. Því er ávallt borið við í umfjöllun nefnda um þetta mál að verið sé að vinna málið á vettvangi forsrn. Ég verð að segja, herra forseti, að ég er nú orðin ansi óþolinmóð að bíða eftir niðurstöðum þessarar nefndar vegna þess að allan vilja virðist vanta til að hún skili niðurstöðum sínum.

Þegar þing kom saman í haust lagði ríkisstjórnin fram málefnaskrá sína fyrir þetta þing og þar mátti sjá á málaskrá forsrn. að forsrh. hafði í hyggju að leggja þetta mál fram á þessu þingi. Ég er orðin ansi svartsýn á að það geti orðið, ekki síst þegar ég hef þær spurnir af starfi nefndarinnar að hún hafi ekki komið saman í eitt ár. Þess vegna hefði verið æskilegt, herra forseti — og því dvel ég aðeins við þennan punkt — að hæstv. forsrh. hefði verið viðstaddur umræðuna þannig að hann hefði getað upplýst þingið um hvað störfum nefndarinnar miðar og vil ég spyrja hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu?

(**Forseti** (GÁS): Nei, hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.)

Það er miður að þessari umræðu þurfi að ljúka án þess að við höfum fengið upplýst hvað starfi nefndarinnar miðar. Ég geri ráð fyrir að nefndin sem fær þetta mál til umfjöllunar muni kalla fulltrúa forsrn. fyrir þannig að hægt sé að frá fram, a.m.k. í umfjöllun nefndar um málið, hvað starfi nefndar forsrh. miðar í þessu efni.

Við samningu frv. hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda.

Sennilega var það á árinu 1975 að Benedikt Gröndal lagði fram frv. til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í því frv. var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka svo og reglur um fjárframlög til þeirra, en frv. náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis. Einnig hefur Kvennalistinn, ef ég man rétt, flutt þingsályktunartillögu um að hugað verði að því að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Þetta mál hefur því komið fyrir þingið í nokkur skipti án þess að það hafi verið útkljáð.

Í frv. því sem ég mæli fyrir er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna, en ég sé engin haldbær rök fyrir því að stjórnmálasamtök sem bjóða fram til sveitarstjórna þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis, en í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að dómsmrh. undirbúi löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur vissulega skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er

það óeðlilegt. Hætta getur vissulega einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðum sem verið hafa á undanförnum árum á Alþingi um frv. hafa komið fram ýmsar ábendingar sem ég tel rétt að nefndin, sem fær málið til skoðunar, kanni sérstaklega. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Öll þau atriði, sem ég hef nefnt og ábendingar hafa komið fram í umræðum manna í þingsölum um málið, tel ég þess virði að eigi að skoða sérstaklega og t.d. hafa oft komið fram hugmyndir og tillögur um að setja eigi fjárhagslegan ramma sem takmarkar umfang auglýsinga í kosningabaráttuni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Þegar ég hef mælt fyrir þessu frv. á undanförnum þingum hef ég ávallt lagt áherslu á hve brýnt væri að lögfesta frv. um fjárreiður stjórnmálasamtaka og ég held að þeir atburðir sem urðu í ársbyrjun sýni ljóslega að mjög brýnt er að þingið manni sig upp í að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Það er einu sinni svo að aðeins sérfræðiaðstoðin hefur raunverulega lagastoð en önnur fjárframlög, sem eru einungis samþykkt á fjárlögum, sem fara til annars en sérfræðiaðstoðar. Það á sér því ekki lagastoð nema í fjárlögum og það hef ég gagnrýnt vegna þess að það er stærsti liðurinn í þeim tæplega 180 millj. sem rennur á fjárlögum til stjórnmálaflokkanna.

Ég hef líka gagnrýnt, herra forseti, að nefnd óháðra aðila utan þings skuli ekki ákveða hve há fjárlög eða tillögur um hve háum fjárlögum er varið til stjórnmálaflokka af opinberu fé heldur séu það þingflokkarnir sjálfir sem ákveði hverju sinni hver sú fjárhæð eigi að vera.

Ég held líka að það hafi komið í ljós síðustu vikum að sú nefnd sem hefur það verkefni utan þings að útdeila þessu fé síðan til stjórnmálaflokkanna vinnur eftir mjög ómarkvissum og ósamræmdum reglum og líka hefur komið fram að hún hefur beitt — ég vil leyfa mér að segja það — geðþóttaákvörðunum þegar hún hefur ákvarðað hvernig þingmenn utan flokka á hverjum tíma hafa fengið framlög.

Ég ætla ekki að rifja umræðuna frekar upp sem hefur farið fram á síðustu vikum um þetta mál þó að ég gæti vissulega gert það en vil einungis benda á, herra forseti, að hún tekur af allan vafa, ef einhver hefur velkst í vafa um að það væri nauðsynlegt að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokka. Við verðum að geta búið við það að ekki ríki tortryggni úti í þjóðfélaginu í garð stjórnmálaflokkanna um þessi framlög, hvernig þau eru ákvörðuð og hvernig þeim er ráðstafað og auðvitað er grundvallaratriði að flokkarnir séu framtalsskyldir og skili skattframtölum. Ég held að segja megi að allir stjórnmálaflokkar, að ég best veit, hafi birt ársreikninga sína með einum eða öðrum hætti opinberlega nema þá Sjálfstfl. sem er athyglisvert út af fyrir sig. Það er með misjöfnum hætti sem stjórnmálaflokkarnir hafa birt opinberlega reikninga sína. En ef það er gert eins og hér er lagt er til, þar sem væri um samræmd reikningsskil að ræða, þá væri miklu meiri festa í öllum þessum málum og markvissara staðið að því af hálfu stjórnmálaflokkanna að kynna opinberlega ársreikninga sína.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. nema tilefni gefist til. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Herra forseti. Þetta frv. hefur gengið til allshn. á síðustu þremur þingum. Segja má að það hafi nánast enga umfjöllun fengið á þremur síðustu þingum í allshn. nema að málinu hefur verið vísað til nefndar þrátt fyrir ítrekaða tilraun flm. sem á sæti í þeirri nefnd að fá umfjöllun um málið í allshn. Því mun ég leggja mikið kapp á að nefndin fjalli nú um málið og eftir atvikum mun ég leita atbeina forseta til að málið verði tekið þar fyrir ef nauðsyn krefur.

[13:53]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Hér er flutt frv. sem vekur margar spurningar og ég efa ekki að tilgangurinn með flutningnum sé góður. Það má segja sem svo að félagafrelsi er eitt af þeim grundvallaratriðum sem lýðræðið byggir á. Og lýðræðið er þeim mun lengra þróað sem minna er af skráðum reglum og meira af óskráðum leikreglum sem menn virða. Þannig má t.d. segja að Englendingar hafi komist upp með það og geta búið við það að hafa enga stjórnarskrá og farnast nokkuð vel en Weimar-lýðveldið þýska hafði trúlega þá fullkomnustu stjórnarskrá sem nokkurn tíma hefur verið útbúin í þessum heimi. Og þar fór nú allt sem fór.

Ég minnist þess að menn hafa rætt mikið um fjárreiður stjórnmálaflokka og hvernig þeir fái peninga sína. Auðvitað er það svo að stjórnmálaflokkarnir fá peninga frá einhverjum. Þeir fá peninga frá innlendum aðilum og undir einum kringumstæðum var það sannað á Alþingi að þeir fengu peninga erlendis frá. Það var Alþýðuflokkurinn sem átti hlut að máli, það var Benedikt Gröndal sem upplýsti að þeir hefðu fengið peninga frá Noregi. Jafnframt var gefin yfirlýsing um að gefin yrði nánari skýring á því en sú skýring kom aldrei. Við vissum það þá að CIA hafði undir höndum þó nokkuð fjármagn sem þeir dreifðu til Alþjóðasambands jafnaðarmanna sem var svo dreift út um allan heim og við

því fékkst aldrei svar hvort að þessir peningar væru norskir peningar eða hvort að þeir væru komnir inn í flokkssjóði Norðmanna með þessum hætti og hefðu komið til landsins frá því landi sem þá var tvímælalaust talið að væri einna best til að þvo peninga til að koma þeim heim til Íslands sakir vinfengis Íslendinga og Norðmanna.

Nú er ég ekki að segja þetta til að halda því fram að Alþfl. sé eini flokkurinn sem hafi fengið erlent fé. Ég hef engin gögn í höndum til fullyrða slíka hluti. Oft verið sagt að systurflokkar jafnaðarmanna í Evrópu hafi litið á það sem hlutverk hjá sér að stunda visst trúboð fyrir jafnaðarmannastefnuna í heiminum og vafalaust gengið gott eitt til. Hins vegar sækir mjög að mér hvort ekki þurfi að vera jafnræði gagnvart félagafrelsi. Ef stjórnmálaflokkar eiga að vera skattskyldir hvers vegna ekki trúfélögin? Hvers vegna eiga trúfélögin ekki að vera skattskyld? Hvers vegna á að halda þá þeirri glufu opinni? Og hvað með önnur félög? (**JóhS:** Gripið fram í.) Framtalsskylt, svo að þú þarft að skila þá öllum gögnum. En þurfa trúfélögin að skila öllum gögnum? Hvað með virðisaukaskatt o.fl.? Hvað með heimildir til að þiggja gjafir þar inn í? Og hvað með möguleika þar í gegn? Ég held að menn séu komnir út á mjög hálan ís. Og ég vil segja að ég sé ekki betur en að 4. gr. muni leggja niður starfsemi Kvennalistans.

„Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi."

Ef karlmenn eru í Kvennalistanum, stuðningsmenn hans og félagar, eins og ég veit ekki betur en að sé, væri skylda samkvæmt þessu að hafa þá einnig á framboðslistum. Þetta verður ekki skilið á annan veg. Jafnræði er ekki jafnræði ef sumir eiga að vera þar algjörir þjónar og aðrir eigi aftur á móti að vera herrarnir sem hafi allt í hendi sér.

Ég vil líka bæta því við að þegar menn setja upp svona kerfi hlýtur maður að spyrja: Hverjir verða eftirlitsaðilar með hverjum? Eftirlitsaðilarnir verða alltaf hinir ríkjandi stjórnmálaflokkar. Hinir sterku verða þeir sem líta eftir hinum veiku. Í þessu tilfelli hefðu fyrst og fremst verið tveir stjórnmálaflokkar á Íslandi í gegnum tíðina sem hefðu verið eftirlitsaðilar á hina stjórnmálaflokkana, þ.e. Sjálfstfl. og Framsfl. Að vísu eru þess dæmi að aðrir hafi farið með dómsmál hér á landi en það hefur verið í mjög skamman tíma. Þá spyr maður sjálfan sig: Er það til að styrkja lýðræðið í landinu að stjórnarandstaðan búi við að eftirlitsaðilarnir yfir starfsemi þeirra séu hin ríkjandi stjórnmálaöfl í landinu? Hefði verkalýðshreyfingin átt gott með það þegar hún studdi Alþfl. á sínum tíma og harkan var hvað mest í íslenskum stjórnmálum? Hefði það auðveldað henni baráttuna að þurfa að ganga með reikninga sína á fund ríkjandi stjórnmálaafla og leggja fram hverjir væru aðalstyrktaraðilar samtakanna? Þetta eru spurningar sem hljóta að vakna.

Ég játa að ég veit að það getur farið út í öfgar hversu miklu er eytt í auglýsingar. Það getur líka farið út í öfgar hversu mikið fé stjórnmálaflokkar hafa til ráðstöfunar. Svo er nú skaparanum fyrir að þakka að Íslendingar hafa haft þá dómgreind til að bera að fjármagnsstyrkur hefur ekki alltaf ráðið úrslitum í kosningum. Seinustu forsetakosningar eru dæmi um þetta. Þar réð fjármagn ekki úrslitum. Ég hygg að segja megi svo um allar forsetakosningar á Íslandi. Íslenska þjóðin hefur séð í gegnum óhófið og haft það aðhald með sínum óskráðu siðareglum að veruleg farsæld hefur ríkt í þeim efnum.

Mér finnst það veikleiki í starfi löggjafarþings Íslendinga, þannig er það á Norðurlöndum og víðast í Evrópu, þegar alltaf er gengið út frá stjórnmálaflokkunum sem grunneiningunni. Aðeins einu sinni er gengið út frá þingmönnum sem grunneiningu. Það er þegar hlutað er út sætum í þinginu. Þá eru þingmenn allir jafnir, ganga hér upp og ná sér í kúlu, þar sem skráð er hvaða sæti þeir hafa. Þeir einu sem nutu þó ekki jafnréttis hvað þetta snertir voru ritararnir því þeim var alltaf úthlutað vissum sætum.

Við þurfum að fara til Bandaríkjanna til að sjá að litið sé á þingmennina sem grunneininguna. Stuðningurinn við stjórnmálaöfl þar í landi er stuðningur við viðkomandi þingmenn. Þeir fá jafna upphæð hver og einn til þess að vinna að framgangi sinna mála. Annars vegar fá þeir upphæð til að nota í sínum kjördæmum og hins vegar upphæð til að sinna bæði málum í Washington. Þetta kerfi er mjög merkilegt hvað það snertir að það byggir á algjöru jafnræði milli þingmanna. Ég er þeirrar skoðunar að þetta kerfi sé bæði betra og réttlátara en það kerfi sem við höfum.

Okkar kerfi byggir á því að flokksræðið ræður skiptingu fjármagnsins eftir að það er komið til forustumanna flokkanna og þar með borin von um að jafnræði ríki í skiptingunni eftir það. Segja má að þeir ráði ríkjum hverju sinni hafi mest að segja um notkun peningana. Hitt kerfið mundi t.d. eyða öllum misskilningi um það hvernig skipta ætti fjármunum, eftir að þeir eru komnir til þingsins.

7. gr. vekur sérstaka athygli mína.

„Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega."

Eitt af því sem alltaf hefur verið mikið átakamál er svarið við spurningunni: Er þingmaður fulltrúi þeirra sem kusu hann eða stjórnmálaaflanna sem hann bauð sig fram fyrir? Þetta er stór siðferðileg spurning.

Það verður að segja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til hróss að hún hefur staðið föst á að vera fulltrúi þess stjórnmálaafls sem hún var kosin fyrir á sama tíma og hennar félagar hafa valið þann kost að söðla yfir. Á seinasta kjörtímabili gerðist hins vegar það að hún yfirgaf hópinn á miðju tímabili. Þarna komum við að stóru álitamáli sem stjórnarskráin hefur tekið harða afstöðu til. Stjórnarskráin segir einfaldlega að þingmaðurinn sé ekki bundinn af neinu nema sannfæringu sinni. Þeir sem setið hafa í sveitarstjórnum hafa litið svo á að eftir að þeir séu kosnir séu þeir aðeins bundnir af sannfæringu sinni.

Ef þetta frv. yrði gert að lögum mætti segja að samkvæmt lögum gætu stjórnmálasamtök sett þá reglu að ef einhver því lýsti yfir að hann hygðist yfirgefa þá fylkingu sem hann áður studdi þá bæri honum að segja af sér öllum trúnaðarstörfum sem hann hefði fengið í gegnum kosningar. Ég veit ekki hvers vegna á að setja þetta hér inn en reglur eru reglur. Mestu snillingarnir í að semja reglur áður fyrr voru farísearnir. Þeir höfðu útbúið svo mikið af reglum að þær voru farnar að standa þeim fyrir þrifum. En auðvitað settu þeir reglu ofan á reglu. Í dag er það Evrópusambandið með sitt skrifræði sem er að ná þeim árangri að enginn maður veit lengur hvaða lög eða reglur eru í gildi.

Með þeim vangaveltum sem ég set hér fram er ég fyrst og fremst að velta upp ýmsum möguleikum um það hvernig þetta verkar og gæti verkað. Hér stendur í 6. gr.:

„Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi."

Í þeim stjórnmálaflokki sem ég hef aðhyllst hefur landsfundur vissulega haft mikið að segja en uppröðun á lista hefur t.d. alfarið og ávallt verið í höndum hvers kjördæmasambands fyrir sig. Það yrði heldur betur hvellur ef mönnum *dytti í hug að hafa þá miðstýringu að þessu væri stjórnað frá* einum stað, frá landsfundi. Það eru því margar hliðar á þessu máli.

Hér kemur að 8. gr. Það er gamalt deiluefni, hvort stjórnmálasamtökum eigi að vera heimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað. Það ákvæði, að hafa trúnaðarmenn á kjörstað, var upprunalega hugsað af þeirri lýðræðislegu ástæðu að minnihlutaöflin í þjóðfélaginu gætu fylgst með því að hin ríkjandi öfl færu að lögum á kjörstað. Flestir vita trúlega að nokkrum sinnum hefur það komið fyrir í Reykjavík að maður hafi komið á kjörstað, ætlað að kjósa en verið tjáð að búið væri að kjósa fyrir hann.

Eins vita allir var kosningasvindl vestur á fjörðum. Þar höfðu sjómenn kosið utan kjörstaðar en urðu að koma í land vegna vélabilunar. Þeim bar þá að kjósa á kjörstað og *vildu* fá þessi utankjörstaðaratkvæði sín til baka. Þá kom í ljós að bókstafurinn sem þeir hugðu þar var ekki sá sami og þeir höfðu sett.

Eftirlit með valdaöflum samfélagsins á kjörstað er þess vegna réttur minni hlutans til að koma í veg fyrir að meiri hlutinn sem skipar starfsmennina, fái framgengt vilja sínum til þess að stunda kosningasvindl. Allir vita að menn hafa verið sendir frá Sameinuðu þjóðunum til að fylgjast með á kjörstað. *Eitt af því sem menn hafa gjarnan viljað kanna er* það hverjir kjósa. Það má vel vera að of langt hafi verið gengið. Í sumum tilfellum hefur það þó orðið til þess að menn hafi ekki fengið að kjósa á tveimur stöðum þó þeir hafi ætlað sér að gera það.

2. gr. er mjög afgerandi: „Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir."

Ég hélt að allir stjórnmálaflokkar stefndu að því að birta sínar stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir. Ég hélt að þeir reyndu að útbúa samþykktirnar á þann veg að það yrði til að auka þeim kjörfylgi og bæta stöðu þeirra. En þarna er það sett upp að hugsanlega sé eitthvað í stefnuskrá og *stefnumarkandi samþykktum sem sé ekki birt, heldur geymt* á bak við, og hugsanlega notað ef menn fái völdin.

Jafnvel Hitler skrifaði heila bók til að gera grein fyrir stefnu sinni. Menn trúðu bara illa að honum væri alvara með skrifum sínum. En þar kom fram hvað hann ætlaði að gera í öllum aðalatriðum og þurfti ekki að kalla eftir því. Þarna kemur aftur á móti spurningin: Hvað ef stjórnmálasamtök fara svo ekki eftir stefnu sinni? Ef stjórnmálasamtök hafa skráð eina stefnu hjá dómsmrn. en fara svo ekki eftir stefnunni, er það þá orðið refsivert athæfi? Hvernig ber að skilja það? Hvernig á að taka á slíku? Varla eru settar reglur með það fyrir augum að allt í lagi sé að brjóta þær. Allt til þessa höfum við haft það þannig að ef stjórnmálasamtök standa ekki við stefnuskrá sína og aðrir telja sér feng í því, þá hefur sú orrusta staðið innan Alþingis Íslendinga, á *ritvellinum* og fjölmiðlum þar sem þeim hefur verið borið á brýn að þeir hafi svikið stefnuskrá sína. Allt í einu er þetta komið inn í dómsmrn. til eftirlits og aðhalds.

Ég ætla að halda áfram að fara yfir þetta. 9. gr. fjallar um að þeim beri að skila skattframtali. Þegar ég las þetta hélt ég í einfeldni minni að þeir einir skiluðu skattframtali sem væru skattskyldir. Ég hef aldrei heyrt að menn væru látnir skila skattframtali nema þeir ættu að borga skatta. Ég hef ekki farið yfir lögin um tekjuskatt og eignarskatt til að átta mig á því hvort gert sé ráð fyrir þeim möguleika ef einhver skilar skattframtali með stórum hagnaði, t.d. stjórnmálaflokkur, þá finnst mér ólíklegt annað en að krafa yrði gerð um að hann greiddi skatt.

Orð mín má enginn skilja svo að ég sjái ekki eitt og annað jákvætt við að setja reglur. En ég endurtek að reglurnar eru fyrst og fremst ætlaðar hinum stóru til að líta eftir þeim smáu.

[14:13]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. yfirgripsmikla ræðu þar sem drepið var á ýmis mál. En eitt atriði í ræðu hans kallar mig upp í ræðustól. Það var að sá annars ágæti og sómakæri hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, skuli hafa verið að fiska í gruggugu vatni með dylgjur um lausafregnir frá árum áður, um meint fjármagn til Alþfl. frá systurflokkum. Hér bætti hann um betur og heldur því fram að ekki hafi verið um að ræða stuðning og samvinnu systurflokka heldur bandaríska dollara frá leyniþjónustunni CIA. Ég átti nú von á öðru en að menn færu að hræra í þessu grugguga vatni og hafa uppi þessar dylgjur. Þær eru auðvitað ekkert annað en órökstuddar vangaveltur sem hefur fyrir löngu verið vísað frá sem fullkomnum ósannindum.

Hins vegar vakna upp spurningar í þessu sambandi. Umræðan var á sínum tíma og hefur allar götur síðan verið á ákveðnum villigötum þegar kemur að samskiptum stjórnmálaflokka við systurhreyfingar í útlöndum.

Ég vek á því athygli að enginn hefur nokkru sinni gert við það athugasemdir þegar systursamtök verkalýðshreyfingarinnar styðja við Íslendinga og öfugt í verkfallsátökum með fjárframlögum og öðru slíku. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar og er enn, að að mörgu leyti eru það eðlilegri samskipti að stjórnmálahreyfingar þvert á lönd styðji hver aðra í baráttu sinni fyrir sameiginlegum hugsjónum, geri það fyrir opnum tjöldum, heldur en hitt að stjórnmálaflokkar hér eigi það undir innlendum fyrirtækjum, ég nefni gamlar gróusögur í því sambandi, samvinnuflokkinn og Framsóknarflokkinn. Það er auðvitað gjörsamlega eðlisólíkt þegar við erum að ræða um mikilvægi þess að alþingismenn og stjórnmálaflokkar séu óháðir óeðlilegum þrýstingi. Það eru þeir auðvitað eftir sem áður þó að þeir njóti samstarfs við systurhreyfingar í stjórnmálum.

[14:16]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að hér voru engar órökstuddar gróusögur. Þetta var upplýst á sínum tíma og jafnframt upplýsti Benedikt Gröndal að hann mundi skýra málið betur. Það vita það allir sem eitthvað vita um pólitíska sögu að CIA á sínum tíma — þá er ég ekki að tala um að þeir peningar komi frá CIA, auðvitað koma peningarnir frá Bandaríkjaþingi í fjárlögum þeirra, CIA býr ekki til peninga — *dreifði peningum til jafnaðarmannaflokka Evrópu*, Alþjóðasambands jafnaðarmanna, til þess að sporna gegn kommúnisma í heiminum. Hvers lags söguleg vanþekking er það ef menn þora ekki að viðurkenna þessa staðreynd? Hvað er að ef menn þora ekki að viðurkenna þetta? Það brast ekki kjarkinn hjá dönskum jafnaðarmönnum að viðurkenna að þeir hefðu vitað um kjarnorkuvopnin á Grænlandi, þótt

þeir hefðu þagað yfir því lengi. Þetta eru staðreyndir, þetta eru staðreyndir kalda stríðsins, þetta vita allir.

Það vita líka allir að Sovétríkin dældu fé víða út um heimsbyggðina til að byggja upp pólitískt afl. Þeir studdu t.d. Castro á Kúbu. Þetta er vitað svo maður nefni dæmi.

Ég hygg að hv. þm. hafi mismælt sig þegar hann talaði um samvinnuflokkinn, ég hygg hann hafi átt við samvinnuhreyfinguna. Og það er ekkert vafaatriði að samvinnuhreyfingin studdi Framsfl. Hver efast um það að Jónas hafi notið stuðnings samvinnuhreyfingarinnar? Hver efast um það að Sjálfstfl. hafi notið stuðnings stórfyrirtækja á Íslandi, efast nokkur um það? Menn mega ekki koma hér upp og tala eins og þeir viti ekki nokkurn skapaðan hlut um þessi mál.

[14:18]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mikil bjartsýni af minni hálfu að reikna með að ég gæti átt eðlileg skoðanaskipti við hv. þm. um þessi efni. Það er auðvitað deginum ljósara og rétt að upplýsa það í eitt skipti fyrir öll, ef hv. þm. vill ekki kannast við það, að Alþfl. hefur aldrei og mun aldrei njóta fjármuna frá CIA, það er bara svo einfalt.

Mér dettur ekki í hug við þessar kringumstæður að halda því fram eitt andartak að náin samskipti Framsfl. og Búlgaríukommúnista hafi verið með óeðlilegum hætti eða að einhverjir fjármunir frá Sovétríkjunum hafi runnið hingað til lands. Mér dettur ekki í hug að halda slíkri vitleysu fram þó að auðvitað mætti með svipuðum rökum og hv. þm. gerði áðan færa rök að því í gegnum þá kanala sem hann nefndi.

Ég er hins vegar að segja það, og það er auðvitað meginatriði þessa máls, að mér finnst umræða um fjármál stjórnmálaflokka og stuðning til þeirra héðan og þaðan stundum vera á villigötum. Ég var að undirstrika það að að mörgu leyti er eðlilegra og heiðarlegra að stjórnmálaflokkar njóti stuðnings af einum eða öðrum toga frá almenningi, frá stofnunum sem eru sömu lífsskoðunar og þeir sjálfir en að sækja það frá óskyldum aðilum.

Hafi mér orðið á mismæli áðan og ég talað um samvinnuflokkinn, þá voru þau dálítið kúnstug mismæli því að auðvitað var það stundum þannig að ekki samvinnuhreyfingin heldur Samband ísl. samvinnufélaga og fyrirtækjanet þess voru stundum nefnd í sömu andrá og Framsfl. Það getur því vel verið að ruglingurinn hafi stafað af því einu, og biðst ég velvirðingar á því. En þar er vissulega um að ræða hagsmuni sem eru óeðlilegir á ýmsan hátt. Fyrirtækjanetið er auðvitað allt annar handleggur en málfundahreyfing eins og samvinnuhreyfingin. Þarna verðum við að gera glöggan greinarmun á, virðulegi forseti.

[14:21]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líka staðreynd að samvinnuhreyfingin naut stuðnings miklu fleiri aðila en framsóknarmanna. (**GÁS:** Sambandið.) Jafnaðarmenn studdu samvinnuhreyfinguna (**GÁS:** Sambandið.) og erlendis var það t.d. víða þannig að jafnaðarmenn voru aðalstjórnendur samvinnuhreyfingarinnar. Í Reykjavík voru það alþýðubandalagsmenn sem stýrðu mestu, á Ísafirði voru þetta kratar. (**GÁS:** Í Hafnarfirði líka.) Og þannig er hægt að fara yfir þetta.

Ég er bara hissa á því að menn telji að það sé allt í lagi að stórfyrirtæki styðji vissa flokka en aftur á móti að svona fyrirtæki megi ekki styðja aðra. Ég er sannfærður um að Alþfl. hefur fengið stuðning frá samvinnuhreyfingunni á Íslandi. En mikið væri nú fróðlegt ef þeir mætu menn, Guðmundir Í. og Stefán Jóhann væru nú til staðar og segðu sannleikann um fjáröflun Alþfl. Ég gæti trúað því að við Guðmundur yrðum nú báðir mun fróðari á eftir.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hv. þm., á að segja.)

... hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, svo allt sé með réttu, því það er ekki ætlun mín á nokkurn hátt að vega að hans persónu eða æru Alþfl. En ég vil undirstrika það að ég tel þá peninga sem Roosevelt hefur sent af stað eða Truman ekki óhreinni peninga heldur en þá sem hafa komið frá Evrópu og því jafnaðarmannaliði sem þar er.

[14:22]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir þátttöku í þessum umræðum þó að mér finnist að hann hafi a.m.k. sums staðar þegar hann fór yfir greinar frv. misskilið tilganginn og hugsunina á bak við hinar ýmsu greinar sem hann rakti sig í gegnum. Ég vil sérstaklega nefna 7. gr. frv. sem kveður á um að stjórnmálasamtök skuli setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega. Hver er tilgangurinn á bak við þetta? Þetta er gert á ýmsum þjóðþingum og er hugsað á þann hátt að þingmennirnir leggi fram lista yfir öll störf sín og þátttöku í nefndum utan þings. Sem dæmi um slíkar reglur væri að alþingismenn birtu í lok hvers árs opinberlega lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum sem þeir inna af hendi utan þings. Þetta gæti verið skynsamlegt til að hindra hagsmunaárekstra eða eyða grun um um hagsmunatengsl. Þá er ég t.d. að ræða um það þegar einhver stjórnmálaflokkur hefur það prinsipp að þingmenn hans eigi ekki að sitja í bankaráðum eða sjóðum eða fyrirtækjum á vegum hins opinbera eða stofnunum sem hafa útlánastarfsemi með höndum. Ég held að það væri mjög eðlilegt að stjórnmálaflokkar hefðu slík prinsipp. Mér finnst ekki eðlilegt að þingmenn séu t.d. í bankaráðum, í fyrirtækjum, eigi sæti í fyrirtækjum eins og hjá Pósti og síma og sitji þar í stjórn og eigi svo sæti hér á löggjafarsamkomunni og hafi síðan eftirlit með þessu sama fyrirtæki. Það er ekki verið að segja að setja eigi slíkar reglur heldur er það bara eðlilegt ef stjórnmálaflokkar hafa þessi prinsipp að það sé þá birt opinberlega að þeir telji eðlilegt að sínir fulltrúar, sem sæti eiga á þingi, eigi t.d. ekki í sitja í stjórnum og nefndum og fyrirtækjum og bankaráðum utan þings sem ekki samræmist þingstörfunum. Ég tel það ekki samræmast þingstörfunum. þó að sumir stjórnmálaflokkar hafi þennan háttinn á.

[14:25]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skýrist nú margt í þessari umræðu. En hins vegar sýnist mér ef þetta væri markmið að það væri þá miklu skynsamlegra að fara að dæmi Þjóðverja sem setja bara ákveðnar reglur um það hvað þingmenn yfir höfuð megi hafa miklar tekjur fram yfir það að vera þingmenn og það sé þá eitthvert jafnræði í því. En það er ekkert vafaatriði að það hefur komið mjög sterkt inn í þessa mynd, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að þingmenn hafa verið láglaunahópur miðað við ýmis önnur félagsleg störf sem menn hafa verið að vinna. Bæjarstjórar eða sveitarstjórar svo maður nefni dæmi um störf, hafa oft verið miklu betur launaðir. Það hefur kallað á það sem má kalla sérkenni Íslands í þessum efnum að menn hafa verið í tveimur stöðum oft og tíðum. Og kannski var það grunnurinn að því að menn gætu verið

fjárhagslega sjálfstæðir og staðið þannig fastari fyrir, að þeir hefðu meiri tekjur.

En á sama tíma og forseti ASÍ hefur komið fram og hellt sér yfir þingmenn fyrir laun þá hafa allir vitað að hann hefur verið á tvöföldum launum á við þingmenn. Það er því ekkert skrýtið þó að spurt sé: Hvert er markmiðið?

Ég held nefnilega að það sé staðreynd að allar svona reglur eins og þarna er verið að tala um, ef þjóðin vill ákveðna hluti þá kemur það fram í kosningum hvaða leikreglur hún vill að gildi. Ef stjórnmálaflokkum er refsað fyrir það í kosningum að þeir hafa t.d. haft þennan háttinn á og misnotað það, þá á það að koma fram í kosningunum sjálfum. Þjóðin á að vera sá aðhaldsaðili sem lítur eftir þingmönnum umfram alla aðra.

[14:27]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. 7. gr. þessa frv. snýst ekki um tekjur þingmanna eða laun þeirra. Hún snýst um ákveðið prinsipp, ákveðið siðferði í íslenskum stjórnmálum, sem snýst um að þingmenn geti sinnt skyldum sínum með þeim hætti að þeir geti haft eðlilegt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu, sem ég tel að þeir eigi erfiðara með ef þeir sitja í stofnunum sem lána út peninga, í bankaráði, í fyrirtækjum á vegum hins opinbera, sem þeir síðan eiga að hafa eftirlit með. Herra forseti. Ég ítreka það að þessi grein snýst ekki um laun þingmanna, hún snýst um prinsipp og siðferði í íslenskum stjórnmálum og að við hér inni gætum þess að ekki sé um að ræða óeðlilega hagsmunaárekstra í störfum á vegum framkvæmdarvaldsins og innan þingsins.

[14:28]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir viss misskilnings hjá hv. þm. varðandi það að meginatriði þingsins er að setja lög og samkvæmt því skipulagi sem hér er, þá búum við ekki við þrískiptingu valdsins. Við búum við það að Alþingi Íslendinga ber ábyrgð á framkvæmdarvaldinu. Við búum við það kerfi að við höfum forsætisráðherra sem ber ábyrgð en ekki forseta sem ber ábyrgð. Þess vegna er ávallt rúmur helmingur þingsins og vel það ekki í eftirlitshlutverkinu. Hann er í því að stjórna landinu beinlínis í gegnum þessa ráðherra sína. Þetta er sannleikurinn um íslenska kerfið. Þetta veit hv. þm. mætavel, hefur verið ráðherra í ríkisstjórnum Íslands. Eftirlitshlutverkið er ekki höfuðhlutverk íslenska þingsins eins og það er útbúið, við erum ekki með bandaríska þingið. Ef Íslendingar vilja breyta þessu, sem væri siðbót út af fyrir sig, þá eigum við að leggja það niður að hafa forsætisráðherra. Þá eigum við að fela forsetanum völdin og hafa þrískiptingu valdsins. Það er grundvallaratriðið. Og þá yrði virkileg siðbót í þessum efnum því að þá fengi Alþingi annað hlutverk. Þá yrði það orðið eftirlitsaðilinn ásamt löggjafanum en ekki að það væri að vasast í framkvæmdarvaldinu.

En mér finnst út í hött að telja að þingmaður geti borið ábyrgð á fjárreiðum ríkissjóðs, stærsta sjóðnum sem um er að ræða. Hvaða sjóður er stærri? Getur það verið meiri spilling að láta mann í stjórn hjá sjóð sem er kannski með 10 millj. en setja mann í stjórn á ríkissjóði sjálfum, sem er stærsti sjóðurinn, sem er með á annað hundrað milljarða undir höndum? Ég næ ekki áttum í því að hægt sé að sakfella annan en undanskilja hinn.

[14:30]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka. Nýlega er afstaðið hið árlega fárviðri í fjölmiðlum sem á sér gjarnan stað um það leyti sem þingið samþykkir árleg framlög sín til stjórnmálaflokkanna og þegar þeim fjármunum er úthlutað. Við síðustu úthlutun kom glöggt í ljós hve reglur þær sem stuðst hefur verið við eru óskýrar, einkum er varðar stöðu þingmanna utan flokka.

Í allri þessari vinnu kom fram merk yfirlýsing frá formanni þeirrar nefndar sem sér um að úthluta þessu fé um að þörf væri á að setja lög eða a.m.k. skýrari reglur um þessi mál. Þetta var afar merkileg yfirlýsing í ljósi þess að það hefur verið afstaða fulltrúa Sjálfstfl. í þeim nefndum, sem skipaðar hafa verið til að smíða slík lög, að Sjálfstfl. sé á móti opinberum stuðningi við stjórnmálaflokka. Þótt afstaðan hafi verið skýr og kannski vegna þess, hefur það fjármagn sem veitt hefur verið til starfsemi stjórnmálaflokka verið hálfpartinn falið með því að það hefur verið kallað útgáfustyrkur til þingflokka. Þróun úthlutunarreglnanna hefur verið athyglisverð þar sem stærsti stjórnmálaflokkurinn virðist smám saman hafa hagnast á þeim breytingum sem gerðar hafa verið. Til dæmis var 47% af upphæðinni varið þannig að skipt var jafnt milli þingflokka fyrst þegar Kvennalistinn kom að þessum málum, árið 1984, en nú er þessi upphæð komin niður í 12,5% og síðan fer úthlutunin eftir atkvæðum í síðustu kosningum. Með öðrum orðum hefur Sjálfstfl. hagnast mest á því ástandi sem ríkt hefur og þrátt fyrir andstöðu hans við að opinbert fé fari til stjórnmálaflokkanna fær hann mest. Nú tel ég að sú skoðun eigi sér æ fleiri talsmenn að það beri að setja skýrari reglur og helst lög um þessi mál og ég fagna því svo sannarlega ef þeirri skoðun er að vaxa fylgi innan Sjálfstfl. sem og annarra flokka.

Við kvennalistakonur höfum flutt þáltill. á Alþingi um að sett verði lög um þessi mál og því fögnum við því frv. sem liggur fyrir og er til umræðu. Fyrsti flm., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur gert skýra grein fyrir frv. og ég ætla því ekki að fara efnislega nákvæmlega í einstakar greinar þess. Ég tel að frv. eigi að fá alvarlega skoðun, hvort sem það verður notað sem hinn endanlegi grunnur fyrir löggjöf eða skýrari reglur um þessi mál sem sátt næst um á Alþingi. Ég sit í hv. allshn. og mun styðja að þetta mál fái alvarlega umræðu þar en það er rétt, eins og kom áðan fram, að þótt þetta frv. hafi verið lagt fram nokkrum sinnum hefur það aldrei fengið efnislega umræðu í nefndinni, fremur en mörg önnur stjórnarandstöðufrv.

Að mínu mati er tími til kominn að íslenska þjóðin og forsvarsmenn stjórnmálaflokkanna viðurkenni að opinberir styrkir til stjórnmálaflokka eru liður í því að styrkja lýðræðið í landinu. Ég hef kynnt mér hvernig þessum málum er fyrir komið í nágrannalöndunum og það er alveg ljóst að víðast hvar þykir eðlilegt að opinbert fé sé veitt til þessara mála. Annað býður upp á spillingu og skerðir lýðræðið.

Varðandi ábendingu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar áðan um að 4. gr. frv. stríði gegn starfsemi Kvennalistans ég ekki verið sammála honum um það en í 4. gr. segir: „Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.“ Karlar eiga rétt á að ganga í Kvennalistann og þar eru vissulega nokkrir karlar meðlimir en það þarf þó alls ekki að tryggja að þeir komist á framboðslista eða í fulltrúastöður. Ég leyfi mér að fullyrða að hlutfallslegt mis-

rétti sé ekki meira innan Kvennalistans en í öðrum flokkum, þ.e. þar eru víðast hvar margar konur meðlimir en ákaflega fáar sem komast í fulltrúastöður. En þessa grein þarf hv. nefnd að sjálfsögðu að kanna vel eins og aðrar og ég mun svo sannarlega vera til í þá umræðu.

Annað sem kom fram í orðum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar var að í Bandaríkjunum sé stuðningur beint við þingmenn en ekki við stjórnmálaflokka. Mér er ekki ljóst hvort hann er þarna að tala um eitthvað sem við mundum kalla sambærilegt við sérfræðiaðstoð, eða hvort hann er að tala um það sem við köllum útgáfumál þingflokka þannig að ég get ekki rætt það nákvæmlega. Ég velti því fyrir mér hvort þetta fyrirkomulag í Bandaríkjunum skýri hugtök sem voru t.d. notuð í greinargerð þeirrar nefndar sem úthlutaði styrk til stjórnmálaflokkanna þar sem talað var um þingmannshluta sem er að mati okkar út í hött vegna þess að skiptingin og sú regla sem hefur verið notuð er sú að 12,5% hefur verið skipt jafnt milli þingflokka og hinum 87,5% til flokkanna eftir atkvæðum í síðustu kosningum. Ég tel að þarna séu hugsanlega einhver áhrif frá bandarísku kerfi sem fram kom hjá formanni þessarar nefndar en hér hefur yfirleitt ekki verið talað um þingmannshluta vegna þess að þetta er skiptiregla sem hefur ávallt verið notuð um þessa upphæð, a.m.k. svo lengi sem ég veit til. Það er hins vegar nokkuð frábrugðið með sérfræðiaðstoðina því að hún fer annars vegar eftir þingmannafjölda og hins vegar fer samkvæmt lögum nokkur hluti til þingflokka.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hæstv. forseti, hvaða reglur eigi að nota ef ný lög verða sett, en vek athygli á því að víða tíðkast sú regla að flokkur sem er í stjórnarandstöðu fær meira fé en flokkar sem eru í stjórn vegna þess að stjórnarflokkarnir eiga yfirleitt mun greiðari aðgang að sérfræðingum ráðuneyta og ríkisstofnana en stjórnarandstaðan. Þetta ætti að mínu mati að hafa í huga en lykilatriðið er að reglur verði skýrar og helst lögbundnar þannig að ekki verði hentistefna sem ræður því hvernig úthlutun er hverju sinni.

Hæstv. forseti. Að lokum tek ég fram að öll fjármál Kvennalistans eru yfirfarin af löggiltum endurskoðendum og fjármálin og reikningarnir eru opnir hverjum sem vill. Svona hefur þetta verið lengi. Samtökin kosta miklu til og leggja mjög mikla áherslu á að allar fjárreiður Kvennalistans séu á hreinu. Samtökin gefa út tímaritið Veru og tvö fréttabréf og þau voru skuldlaus við síðustu áramót.

Virðulegi forseti. Vonandi verður það að veruleika fyrir næstu áramót að þessi mál verði komin í betra horf en þau eru nú. Fulltrúi Kvennalistans í nefnd þeirri, sem á formlega að vera að búa til lög eða reglur um þessi mál, hefur beðið um fund í nefndinni eða mun gera það á næstu dögum í þeirri von að flýta fyrir málefnalegri lausn á þessu mikilvæga lýðræðismáli og að þegar til næstu úthlutunar kemur geti málið gengið friðsamlega fyrir sig.

[14:41]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja orð í belg í umræðuna og segja fyrst að ég tel þarft mál að vekja athygli á þessu viðfangsefni og er sammála flutningsmönnum að nauðsyn er að gera bragarbót á í þeim efnum sem málið tekur til og þar er víða pottur brotinn þótt ég geti ekki tekið undir allt sem fram kemur í atugasemdum með frv. eða í einstökum greinum þess. Ég er sammála því að setja þarf sérstaka löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka eða stjórnmálastarfsemi. Ég er ekki viss um að rétt sé að binda framlögin við flokk sem starfi á landsvísu. Ég er líka sammála því að það þarf að vera í lögum, hvort sem það er í sérstökum lögum eða almennum lögum, ákvæði um að stjórnmálaflokkar og samtök geri grein fyrir fjárreiðum sínum, geri ársreikninga og láti löggilta endurskoðendur fara yfir fjármál sín og árita reikningana og að þessir reikningar séu opinber gögn þannig að öllum sé a.m.k. heimilt að nálgast þau og hugsanlega kæmi til athugunar að gera kröfu um birtingu upplýsinganna en þó er ég ekki viss um að nauðsyn sé á því. Ég held að nægjanlegt væri að aðgangur að ársreikningum og gögnum um fjármál flokkanna væri greiður hverjum sem það vill. Þá tel ég líka nauðsynlegt að í lögum sem kveða á um að stjórnmálaflokkarnir hafi sömu skyldur og atvinnurekendur að því marki sem starfsemi þeirra lýtur að því að hafa starfsfólk í vinnu þurfi auðvitað að gera grein fyrir launagreiðslum sínum, skila nauðsynlegum gjöldum því tengdum og gera skattyfirvöldum grein fyrir þessum gögnum. Þá er líka eðlilegt að stjórnmálaflokkar lúti sömu lögum og reglum og aðrir hvað varðar framtal og skil á virðisaukaskatti. Öll þau atriði sem ég hef talið upp tel ég nauðsynlegt að séu skýr og ljós, þannig að ljóst sé að stjórnmálasamtök eða stjórnmálaflokkar séu hluti af almennri löggjöf og falli undir sömu kvaðir og öðrum eru settar í þessum efnum. Að því marki tek ég undir efni frv. og hvet til þess að hv. allshn. taki málið til alvarlegrar athugunar og leitist við að afgreiða frá sér löggjöf sem tekur á þeim þáttum sem ég hef nefnt.

Þó er ekki svo að ég taki undir allt sem í frv. stendur og ég vil leyfa mér, herra forseti, að fara aðeins yfir þau efnisatriði sem í því eru og rekja viðhorf mín til þeirra.

Ég vil fyrst taka fram hvað varðar 1. gr. frv. sem kveður á um skyldu til þess að skrá stjórnmálasamtök hjá dómsmrn., að ég skil lagatextann þannig að þarna sé um að ræða einfalda tilkynningu samtakanna til ráðuneytisins. Ef það þýðir hins vegar eitthvað annað þannig að ráuneytið hafi það í sinni hendi að ákveða hvort það tekur við skráningunni og viðurkennir hana gilda þá tel ég það mjög alvarlegt mál því að við megum ekki undir neinum kringumstæðum að mínu viti fela einu ráðuneyti úrskurðarvald um það hvaða samtök ákveða að vera stjórnmálasamtök. Ákvörðunarvald í þeim efnum verður að vera í höndum samtakanna sjálfra.

Ég tek undir athugasemdir sem fram hafa komið hjá hv. 2. þm. Vestf. um síðari málslið 2. gr. frv. Ég tel eðlilegt að stjórnmálasamtök leggi fram lög sín og stefnuskrá. En á hinn bóginn tel ég kvaðir sem er að finna í 2. málslið 2. gr. um að samtökin birti opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir vera óþarfar með öllu. Mér er ekki alveg ljóst hvað þýðir að birta opinberlega. Það gæti þýtt að birta t.d. í Morgunblaðinu. Og ef það er kvöðin þá geta því fylgt umtalsverðir fjármunir. Ég tel að þennan hluta 2. gr. ætti að fella brott. Það leiðir af eðli máls ef samtök eru stjórnmálasamtök að þá er það þeirra hlutverk að afla fylgis við viðhorf sem þau setja fram og það geta þau ekki gert ef þau lúra á stefnuskrám sínum og stefnumarkandi samþykktum. Það þarf því ekki að mínu mati að setja kvöð um að það skuli vera aðgengilegt.

Þá tel ég að 3. og 4. gr. frv. megi fella brott og séu óþarfar. Meira að segja held ég að ekki sé til bóta að hafa þær í frv. Ég tel t.d. varðandi 3. gr., kvöðina um það að stjórnmálasamtök séu opin öllum landsmönnum, vera óeðlilega. Það á að vera réttur stjórnmálasamtakanna, þeirra sem skipuleggja sig í samtökum, að ákveða þessa hluti. Og eins og 3. gr. er sett fram í frv. þá felur hún kvöð í sér fyrir einn stjórnmálaflokk

að viðurkenna sem fullgildan félagsmann einhvern í öðrum stjórnmálaflokki. Samkvæmt 3. gr. frv. er óheimilt að banna manni að skrá sig í einn stjórnmálaflokk þó að hann sé félagi í öðrum, einum eða fleiri stjórnmálaflokkum því það segir í 3. gr. að stjórnmálasamtök skuli opin öllum landsmönnum kvaðalaust. Mér finnst þetta ekki eðlilegt skilyrði.

4. gr. finnst mér óþarfi. Það á líka að vera að mínu mati á valdi þeirra sem skipuleggja sig í stjórnmálasamtök að ákveða hvernig þeir starfa innbyrðis. Það er ekki eðlilegt að mínu viti að setja þá lögboðnu kvöð að þau skuli gæta jafnræðis meðal félagsmanna sinna. Mér finnst það ekki eðlileg krafa. Mér finnst það eðlilegt sjónarmið að menn hafi það því að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera jafnræði á milli manna. En það geta verið menn í þjóðfélaginu sem vilja stofna samtök sem byggja á öðrum viðhorfum, sem finnst ekkert eðlilegt að jafnræði sé í einhverjum skilningi. Og eigum við að banna þeim að skipuleggja sig í samtök til að vinna sínum skoðun fylgi? Það finnst mér ekki. Þannig að ég mundi leggja til að 4. gr. frv. yrði felld brott.

5. gr. er að mínu viti eðlileg og sjálfsögð, að það sé skýrt kveðið á um það að óheimilt sé að skrá menn í stjórnmálasamtök að þeim forspurðum. Við höfum því miður mörg dæmi þess, einkanlega frá Sjálfstfl. sem hefur boðið ungu fólki á sínar samkomur og beitt því sem skráningu í flokkinn þannig að þegar ungmennin hafa þekkst boðið um að mæta á dansleik eða á einhverja samkomu, þá hefur það jafngilt því að vera skráð í flokkinn jafnvel þó þau hafi aldrei undirritað neitt af því tagi. Um þetta veit ég mörg dæmi, herra forseti, og veit að fleiri þingmenn eru kunnugir þessu. Mér finnst eðlilegt að reistar séu skorður við svona starfsemi af hálfu stjórnmálaflokks.

Ég vil svo segja líka, herra forseti, um 6., 7. og 8. gr. frv. að mér finnst þær óþarfar. Ég er ekki að segja endilega að ég sé ósammála því sem í þeim stendur en mér finnst þær óþarfar út frá því viðhorfi að löggjafinn á ekki að setja reglur um það hvernig samtök skipuleggja sig inn á við eða hvort að ákveðin viðhorf eigi að hafa meiri stuðning innan þeirra en önnur viðhorf. Það á að vera mál þeirra sem skipuleggja sig í félög hvernig þeir starfa og hvaða viðhorf þeir setja fram. Í því felst hugtakið félagafrelsi.

Ég er sammála því sem kemur fram í 9. gr. um að stjórnmálasamtök eigi að vera bókhaldsskyld, leggja fram ársreikninga og framtöl að því marki sem það lýtur að skattskyldri starfsemi eins og greiðslu launa, virðisaukaskatti og því um líku. Ég er líka sammála því sem kemur fram á bls. 2 í 2. mgr. 9. gr. um að það eigi að árita reikninga stjórnmálasamtaka af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir fundi í samtökunum og þeir eigi að vera aðgengilegir almenningi. Og ég minni á það til þess að halda því til haga að í Alþb. eru ársreikningar þess áritaðir og yfirfarnir af löggiltum endurskoðendum. Ég tel því að allir landsmenn megi treysta því að þeir eru réttir.

Um II. kafla frv. um ríkisframlög til stjórnmálasamtaka vil ég segja að ég er almennt sammála því að ríkisvaldið á að styrkja stjórnmálasamtök. Þau eiga að fá framlög úr ríkissjóði til starfsemi sinnar eftir almennum reglum sem menn koma sér saman um.

Ég vil segja um þá umræðu sem varð um daginn um úthlutun þess styrks sem er á fjárlögum að nokkur tvískinnungur er í þessum málum um þessar mundir af hálfu Alþingis. Að formi til er um að ræða úthlutun fjár til þingmanna og þingflokka undir heitinu sérfræðiaðstoð og útgáfustyrkur. En ekki er um að ræða í núgildandi fyrirkomulagi að stjórnmálasamtök fái styrk. Þessu er úthlutað þannig að aðeins þau stjórnmálasamtök sem hafa fengið þingmann kjörinn eiga rétt á peningum. Ég tel það mjög bagalegt og skerða lýðræðið í landinu og möguleika til lýðræðislegrar umræðu af hálfu þeirra samtaka sem ekki hafa fengið kjörinn fulltrúa á Alþingi að þeim stendur ekki til boða neinn stuðningur af hálfu ríkisvaldsins. Það eiga að vera almennar reglur um það að slíkum samtökum standi til boða styrkur.

Ég vil gera mikinn greinarmun á framlögum til stjórnmálasamtaka annars vegar og framlögum til þingflokka og þingmanna hins vegar. Það er tvennt ólíkt að mínu viti. Það kerfi sem við höfum í dag að formi til, að styrkja þingmenn og þingflokka sem í raun er styrkur til stjórnmálaflokka, er ómögulegt kerfi. Það hefur gert þingmenn afar veika í faglegum undirbúningi þingmála og flókinni umræðu gagnvart sérfræðingum framkvæmdarvaldsins. Þingmenn hér hafa búið við fremur slæman aðbúnað að þessu leyti þó að hann hafi vissulega batnað á seinni árum. Ég nefni sem dæmi Evrópuþingið í Brussel og verður ekki dregið í efa að þar eru flokkarnir sterkar einingar sem mikið tillit er tekið til við skipulagningu þingsins. En hver þingmaður fær styrk á Evrópuþinginu. Það er styrkur til þingmannsins. Hann fær styrk. Og það er enginn smástyrkur. Það eru 700 þúsund kr. á mánuði sem eru veittar til þess að þingmaðurinn geti haldið úti útgáfustarfsemi eða sambandi við sína kjósendur eða ráðið sér aðstoðarmann. Það er hans að ákveða það.

Ég held nefnilega að við þurfum að gera hvort tveggja, skipuleggja betur stuðning Alþingis við stjórnmálastarfsemi í landinu og hins vegar skipuleggja betur stuðning við þingmenn. Ég vil leggja nokkra áherslu á það að menn beini stuðningnum meira að þingmönnum en þingflokkum. Við vitum að það er nauðsynlegt að skipa sér í flokka og það hafa mörg dæmi sannað að er nauðsynlegt til þess að ná árangri. En við verðum að hafa jafnvægi milli styrks flokksins og styrks einstaklingsins í flokknum. Mér finnst að á seinni árum hafi flokkurinn styrkst. Forustumenn stjórnmálaflokkanna hafa orðið miklu öflugri tök á sínum flokki, ákvörðunum um hvað skuli gert og ekki gert á hverjum tíma, ekki hvað síst þegar flokkarnir eru í ríkisstjórn. Staða þingmannanna innan flokksins er fremur veik. Og því meiri áherslu sem við leggjum á flokkinn þeim mun veikari verður staða hvers þingmanns. Því held ég að til þess að jafnvægi sé í þessum hlutum þurfi stuðningurinn að fylgja manninum í ríkari mæli en nú er þannig að hver þingmaður hafi nokkurt afl í sjálfum sér sem flokkinn munar um, sem hann geti beitt til þess að ná jafnvægi í völdunum, togstreitunni innan flokksins. Við megum ekki búa til kerfi sem er hannað fyrir forustumenn flokkanna. Við verðum að búa til kerfi sem gefur öllum fulltrúunum 63 sæmilega styrka stöðu til að vinna út frá. Þar með höfum við gefið kjósendunum um land allt ákveðinn áhrifamátt sem þeir annars hafa ekki.

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem fram er komið í mínu máli og vil almennt endurtaka það að ég tel rétt að skoða þetta þingmál af nokkurri alvöru og í ljósi þeirra sjónarmiða sem ég hef sett fram og þeirra athugasemda sem ég hef sett fram um einstakar greinar.

[14:58]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þátttöku í þessari umræðu sem var á margan hátt athyglisverð og málefnaleg. Mér heyrist koma fram í máli hv. þm. að hann hafi marga

fyrirvara við kannski þann þátt frv. sem snýr að skipulagi stjórnmálaflokkanna en hann sé mjög jákvæður fyrir því sem er meginmál þessa frv., þ.e. að stjórnmálaflokkarnir birti ársreikninga sína opinberlega og að þeir séu framtals- og skattskyldir. Það hefur mér fundist líka koma fram í máli annarra sem hér hafa talað og það eru fulltrúar allra flokka nema Sjálfstfl., sem er út af fyrir sig athyglisvert, en Sjálfstfl. hefur helst beitt sér gegn því að sett yrðu lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.

Ég vil bara segja í tilefni orða síðasta ræðumanns að mér eru einstök ákvæði í frv. sem snerta skipulag stjórnmálaflokkanna út af fyrir sig ekkert heilög. Meginatriði og kjarni frv. er að birta ársreikningana opinberlega, að þeir séu framtals- og skattskyldir og líka það ákvæði, sem ég man nú ekki hvort hv. þm. fór inn á, að setja ákveðið þak á framlög frá einstaklingum, en á því held ég að þurfi á einn eða annan hátt að taka í þinginu. Þess vegna fagna ég þeirri umræðu sem fram hefur farið hér um þetta mál.

[15:00]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Ég var ekki kominn á leiðarenda að fjalla um greinar frv. og ætla að snúa mér að 10. gr. þar sem sett er hámarksupphæð um hvað einstaklingur eða félag má greiða til stjórnmálasamtaka án þess að þess sé getið hver sá einstaklingur er. Þetta er út af fyrir sig fallegt á pappírnum en ég held að í framkvæmd yrði þetta þannig að það yrði enginn sem færi yfir þessa upphæð. Það yrðu bara skrásettir ótal margir leppar sem sæju um að koma þessum peningum á framfæri. Ég sé ekki að það ætti að vera mikið vandamál fyrir stjórnmálaflokkana yfir höfuð að gæta þess að enginn borgaði nema 299.990 kr. Það er nefnilega svo að hægt er að fara í kringum þetta út og suður. Það er líka hægt að fara í kringum þetta á þann hátt að flokkarnir gefa út happdrættismiða og þeir seldir. Það er hvergi skylda að skrá það hver kaupir happdrættismiðana. Hver ætlar að segja fyrir um það ef Sjálfstfl. gefur út happdrættismiða að eitthvert stórfyrirtæki kaupi ekki bara helminginn af miðunum? Hvernig ætla menn að sjá við þessu? Heldur þetta? Eru menn ekki að útbúa sér leikreglur sem eru einskis virði vegna þess að þær halda ekki nokkurn skapaðn hlut? Mér sýnist nefnilega að það þurfi að hugsa þetta mjög „grundigt". Ef menn eru í alvöru að setja svona lagað upp í þeirri trú að þeir séu að skapa einhverjar leikreglur væri miklu meiri spurning að setja þak, hversu mikið stjórnmálaflokkur mætti vera með af fjármunum miðað við hvern alþingismann í umferð í kosningum, en þá vaknar hin spurningin: Er ekki hægt að fara í kringum það líka? Geta fyrirtæki ekki haft starfsmenn á launum og skráð þá hjá sér, en látið í reynd viðkomandi starfsmann vinna fyrir stjórnmálaflokk? Er sú leið ekki opin? Er ekki hægt að skrá síma á einhvern annan en þann sem borgar hann? Leyninúmer sem hringt er úr. Það eru ótal möguleikar. Er ekki hægt að hafa rangt verð á húsnæði? Geta ekki stéttarfélög komið inn í þetta mál líka og notað sína starfskrafta, sem þeir eru með þó nokkuð mikið af, til að taka þátt í aðalátökum kosninga, og er þetta ekki einnig gert? Heldur þetta?

Ég ætla að víkja örlítið aftur að 3. og 4. gr. og lesa þær saman, því ég las 4. gr. þegar ég vakti athygli á því að mér sýndist að Kvennalistinn yrði útilokaður. Ef 3. og 4. gr. eru lesnar saman gæti það t.d. gerst að Sjálfstfl. tæki ákvörðun um að 5.000 félagar í Reykjavík skyldu allir ganga í Kvennalistann. Það er skylda samkvæmt 3. gr. að taka á móti þeim. Og svo er næsta kvöð. Það er skylda að hafa jafnræði meðal þeirra sem eru komnir í félagið. Og þá er ég nú hræddur um að þrátt fyrir að hv. 19. þm. Reykv., Guðný Guðbjörnsdóttir, sé sannfærð um að þær héldu velli, er ég ekki viss nema svo færi að þær lentu bara undir Sjálfstfl. undir þessum kringumstæðum. Ég er bara ekki viss nema það mundi gerast. Þær yrðu þá að safna ansi vel liði ef þær ættu að sleppa. Það er nefnilega kannski hollt að hugleiða þetta dálítið út frá því hvernig slíkt kerfi hefði virkað þegar þeir sem stjórnuðu landinu eða öðrum löndum vildu hafa svona kerfi til að koma stjórnarandstöðu undir. Hvernig hefði Hitler notað slíkt kerfi? Hefði hann haft dómsmálaráðherra til að taka á móti skráningum og þar fram eftir götunum? Hefði hann tapað gögnunum? Týnt þeim bara, eða nokkurn tímann tekið á móti þeim? Það hafa nú horfið pappírar hér hjá embættum. Ég veit ekki betur en Alþfl. hafi verið krítískur á dómsmrn. En allt í einu á að setja allt traust á dómsmrn. Er búið að ræða þetta mál við þingmann flokksins frá Suðurlandi, ég spyr nú bara beint að því, ef þetta er skipulagið? Er eitthvað sem segir að Alþingi Íslendinga sé í þeirri stöðu, og þingið og flokkarnir, að það þurfi nauðsynlega að setja þetta undir framkvæmdarvaldið? Geta menn þá ekki alveg eins treyst forseta þingsins til að taka á móti skráningu stjórnmálaflokka í landinu? Eða er talið fullvíst að þar sitji slíkur skúrkur að honum sé síður treystandi en dómsmrh.? Þetta verða menn að gera upp við sig. Vilja menn endilega að þingið sé alltaf sett undir framkvæmdarvaldið, að passað sé vel upp á það? Ég segi nei.

Ég vil undirstrika það, alveg eins og mér er ljóst að ég hygg að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi noti löggilta endurskoðendur til að fara yfir sína reikninga, gæti verið jákvætt að láta birta þessa reikninga. Það gæti verið jákvætt, og að setja einhverjar leikreglur um það. En ég vara mjög ákveðið við því að menn falli niður í gryfjuna sem farísearnir fóru í forðum, að setja reglur um allt og trúa að þeir hafi frelsað heiminn með tiltækinu. Þeir voru búnir að ganga þannig frá því að ef asninn datt í brunninn á sunnudegi mátti ekki hífa hann upp. Menn urðu að standa hringinn í kringum brunninn og horfa á hann drukkna þar og eitra vatnið fyrir fjölskylduna. Þannig voru reglurnar. Það mátti heldur ekki lækna sjúka á sunnudegi. Þeir urðu að deyja drottni sínum. Farísearnir voru með þetta allt á hreinu og höfðu reglur fyrir alla hluti.

Ég vona að þeir sem setjast niður og skoða þetta átti sig á því að það eru hin óskráðu siðalögmál samfélagsins sem hljóta að fylgja hverri þjóð og það er það sem gerir þjóð að menningarþjóð og aðgreinir hana frá öðrum þjóðum sem láta það gerast trekk í trekk að einræðisherrar hrifsi völdin og haldi þeim. Spurningin er hve rík er lýðræðisástin í brjósti íslensku þjóðarinnar, hefur hún þrek til að fylgja því eftir? Þarf alltaf að vera einhver húsbóndi sem skipar fyrir sem siðameistari? — Svona átt þú að vera. Ég held að það sé ekki gott kerfi. Ég held að aðhaldið hljóti alltaf að verða að koma frá kjósendunum í landinu. Þeir setja þessa menn til valda. Ef þeir bregðast eru það kjósendurnir sem eiga að setja þá af. En ég er líka sannfærður um að bandarískt lýðræði er miklu fullkomnara en það íslenska og miklu meira vald sem kjósendur þar hafa til að hafa áhrif í kosningum en hér á landi. Þeir fá að kjósa um miklu fleira og það er miklu eðlilegra.

Ég vil líka minna á, af því við erum að takast á um þessa hluti, að núverandi forseti Íslands flutti mjög athyglisvert

frv. á Alþingi Íslendinga sem snerist einmitt um skiptingu valdsins, þ.e. hverjir ættu að skipa hæstaréttardómara, og taldi að það ætti að vera þingið sem hefði neitunarvald gagnvart skipuninni en ekki bara ráðherra einn sem skipaði þá. Ég teldi það mikla framför ef þetta kæmist á. Og ég ekki með neinar aðdróttanir til þeirra dómsmálaráðherra sem hafa skipað menn í þessar stöður. Ég er aðeins að undirstrika að með þessu móti mundu þeir líka losna við að hafa einhverja leppalúða á herðunum sem endilega teldu að þeir ættu nú rétt á starfinu þótt flestir aðrir vissu að þeir væru ekki hæfir til starfsins. Það væri hægt að segja: Við getum prófað hvort þingið samþykkir.

Ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur þetta frv. í góðri trú. Það er ég sannfærður um. Ég hef verið á Alþingi alllengi með þeim þingmanni og mér er ljóst að góðar hugmyndir eru á bak við, þ.e. viljinn til að skapa meira réttlæti, en hættan liggur í því ef menn trúa að hægt sé að stjórna öllu með reglum og lögum. Það er ekki hægt að stjórna siðvæðingu þjóðar með reglum og lögum. Það verður að koma innan frá að miklu leyti.

[15:09]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er nú miklu betra en ég hélt og gerði mér raunverulega grein fyrir. Ég hafði satt að segja ekki hugarflug til að sjá að frv. gæti leitt til þess að fjölga félögum í Kvennalistanum um 5.000. Ég tel þetta vissulega mjög jákvætt og velti því fyrir mér hvort ekki sé hægt að búa svo í haginn að hægt sé að fjölga félögum í Kvennalistanum enn meir. Þetta er satt að segja mjög athyglisvert innlegg í umræðuna sem kemur úr frjóum huga hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, verð ég að segja.

Varðandi 10. gr. sem ég tel mjög mikilvæga í frv., þ.e. að stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við framlagi eða ígildi þess frá einstökum aðila, einstaklingum eða fyrirtækjum þó þannig að framlagið fari ekki yfir 300.000 kr. Hv. þm. sér fyrir sér drauga í hverju einasta horni þegar hann les frv. og talar um leppa hér og þar sem munu koma þannig að stjórnmálaflokkarnir muni geta haldið því sem þeir hafa og er sjálfsagt að vitna þar til Sjálfstfl. einkum og sér í lagi. Mér finnst það ekki góð skilaboð úr þingsölum að við séum að segja að þegar við loksins mönnum okkur upp í það að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna förum við á sama tíma að gefa okkur það að leið sé í þessu til að fara á bak við lögin o.s.frv. Við erum ekki eina landið sem hefur sett slíkar skorður, ef af verður. Ég vil minna t.d. á Noreg sem um síðustu áramót setti sér einmitt lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna, þar sem var að finna ákvæði um það að ef framlag frá einstaklingi eða fyrirtæki færi yfir 20 þús. norskar kr., sem er þá svipuð upphæð og hér um ræðir, skuli birta nafn viðkomandi opinberlega. Ég get nefnt fleiri lönd, ég get nefnt Bandaríkin. Upphæðin sem þar er tilgreind er alveg ótrúlega lág sem gerir það að verkum að birta þarf nafn viðkomandi opinberlega. Það má líka hugsa sér að fara þá leið að setja heildarþak á hvað stjórnmálaflokkar mega þiggja frá einstaklingum og opinberum aðilum, ef menn telja það auðveldara eftirlits.

[15:12]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að allmargir hafi tekið þátt í þeim prakkaraskap á Íslandi að vilja hafa áhrif í skoðanakönnun á önnur stjórnmálaöfl en þeir hafa stutt í gegnum tíðina. Ég held að það sé ekkert nýtt og benti einfaldlega á þá leið sem þarna væri opnuð. En út af fyrir sig hef ég engar áhyggjur af 3. gr. Hún stenst einfaldlega ekki stjórnarskrána, svo einfalt er það mál. Félagafrelsi byggist á því annars vegar að mega stofna félög og mega setja sér reglur um hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til að geta gengið í þau félög. Menn yrðu þá að afnema stjórnarskrána ef þeir ætluðu að gera þetta ákvæði að lögum. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu því þetta er út af fyrir sig bara nokkuð sem mönnum getur dottið í hug að setja í lög en hefur þó ekki lagagildi.

Hitt er svo annað mál að við erum eftir ýmsum leiðum að reyna að skapa leikreglur sem við teljum góðar og heiðarlegar og mönnum finnst að þá eigi ekki að horfa neitt á hvernig hægt væri að fara í kringum þær. Það sé bara hlutur sem eigi ekki að líta á. Samt er það nú svo t.d. þegar við setjum skattalög, þá hefur það fyrst og fremst gildi í lagasetningunni hvort mönnum hafi tekist að búa lögin þannig úr garði að ekki sé auðvelt að fara í kringum þau. Hafi það mistekist hefur lagasetningin sem heild líka mistekist. Það var þetta atriði sem ég vildi vekja athygli á, en ekki hitt að einhver einn sérstakur stjórnmálaflokkur þyldi þetta ekki. Ég held það yrði svo að ekki nema einn stjórnmálaflokkur gæti þolað það að öllum væri alveg frjálst að ganga í hann. Ég held að hinir hafi ekki fjölmenni til að ráða sínum málum ef það væri þannig að allir mættu ganga í alla stjórnmálaflokkana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:15]

**Útbýting þingskjala:**

Greiðsla bóta til leigubílstjóra, 364. mál, svar samgrh., þskj. 797.

Útboðsskilmálar í vegagerð, 401. mál, svar samgrh., þskj. 796.

## *Fæðingarorlof, frh. 1. umr.*

Frv. GGuðbj o.fl., 265. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 333.

[15:15]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)**:

Virðulegi forseti. Það eru orðnir nokkrir dagar síðan að umræða um frv. til laga um breytingar á lögum um fæðingarorlof fór fram á Alþingi og var það í annað skipti sem frv. var á dagskrá. Ég vona að við getum lokið umræðunni í dag og komið þessu ágæta frv. til nefndar.

Ég var spurð að ýmsu í tengslum við þetta frv. og framtíðarskipun mála varðandi fæðingarorlof. Þar sem svo langt er liðið frá því að umræðan var ætla ég að fara nokkrum orðum um það sem gerst hefur á undanförnum missirum varðandi fæðingarorlofsmál. Það eru tvö ár síðan ég skipaði nefnd sem fékk það verkefni að endurskoða heildarlöggjöf um fæðingarorlof. Að því máli komu launþegar í landinu og fulltrúar atvinnulífsins og eftir mikla vinnu lauk nefndarstarfi þeirra án þess að tillögur kæmu. En það var ætlast til þess af nefndinni í fyrsta lagi að jafna rétt fólks til fæðingarorlofs og í öðru lagi að lengja hann.

Í framhaldi af því að þessi nefnd gat ekki komið sér saman um hvernig skipa ætti málum lagði ég fram frv. á Alþingi sem var samþykkt. Það var nokkur réttarbót varðandi lengingu fæðingarorlofs til fjölburaforeldra, til foreldra sem eiga

veik börn, til mæðra sem eru veikar eftir fæðingu og einnig til foreldra sem taka fósturbörn. Þessu frv. var vel tekið á Alþingi og hlaut það flýtimeðferð og hefur komið mörgum til góða. Í öðru lagi lagði ég fram frv. um fæðingarorlof feðra og er það orðið að lögum að feður fá nú hálfan mánuð í fæðingarorlof.

Eftir að ljóst varð að nefndin sem ég ræddi um áðan og fékk það hlutverk að endurskoða heildarlöggjöfina, gat ekki komið sér saman hefur verið starfandi hópur innan heilbrrn., félmrn. og fjmrn. sem mun koma með tilögur um næstu skref í málinu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að fæðingarorlof er mjög mikilvægur réttur og lykill að góðu fjölskyldulífi er að foreldrar fái tíma og tækifæri til að vera samvistum við börn sín. Grundvallaratriði er að foreldrar hafi jafnan rétt til þess og það er fyrst og fremst réttur barnanna að foreldrar hafi jafnan rétt til fæðingarorlofs.

Hv. þingmenn spurðu ýmissa spurninga og 1. flm. frv., hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, spurði hvort einhver lapsus væri varðandi framkvæmd þeirra frv. sem ég hér áður minntist á. Svo er ekki af hendi heilbrrn. eða Tryggingastofnunar. En þær breytingar sem ég lagði fram eru einungis varðandi almannatryggingakerfið, á almenna vinnumarkaðnum, því að lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987, taka til foreldra án tillits til þess hvar þeir starfa. Í 2. gr. laganna kemur fram að foreldrar eigi rétt á fæðingarorlofi í sex mánuði, samanber þó ákvæði almannatryggingalaga um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Það er ljóst að ríkisstarfsmenn eiga sama rétt til lengingar leyfis samkvæmt lögunum og starfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Samkvæmt starfsmannalögum frá 1996 skal samið um laun ríkisstarfsmanna í fæðingarorlofi en samkvæmt bráðabirgðaákvæði með lögum skal reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi, gilda þar til um annað hefur verið samið. Þar sem ekki hefur verið samið um breytingar á þessum rétti eiga ríkisstarfsmenn, sem eiga rétt á framlengingu leyfis samkvæmt breytingum á fæðingarorlofslögum sl. vor, því einungis rétt á greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins þegar launagreiðslum samkvæmt reglugerðinni sleppir. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru sem kunnugt er á forræði fjmrh. og því rétt að fyrirspurnin sem slík beinist til fjmrn. því að ég get aðeins svarað fyrir það sem kemur inn á svið Tryggingastofnunar eða almannatryggingakerfisins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði einnig nokkurra spurninga, m.a. hver væri framtíðarsýn þeirrar sem hér stendur varðandi fæðingarorlof. Ég hef nú þegar rakið það. Mín framtíðarsýn er sú að meiri jöfnuður ríki varðandi fæðingarorlof og að í framhaldi af því verði fæðingarorlof lengt.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort tilskipunum Evrópusambandsins sé fullnægt og hvort mér sé kunnugt um þær tilskipanir. Mér er kunnugt um þær. Ég hef einmitt fengið álit lögfræðinga á því hvort við fullnægjum þeim tilskipunum og með leyfi hæstv. forseta mun ég lesa upp það lögfræðiálit:

„Eins og áður hefur komið fram er íslenska kerfið að mörgu leyti ólíkt því sem gerist í löndum innan ESB og EES. Miðað við þau lönd má telja að réttur foreldra í fæðingarorlofi sé allvel tryggður hér á landi þannig að fæðingarorlof er lengra hér á landi en í flestum aðildarlöndum ESB. Réttur láglaunakvenna og kvenna í hlutastarfi er sennilega betur tryggður en víðast annars staðar og sama er að segja um rétt námsmanna. Sé hins vegar eingöngu litið til annarra norrænna landa eru greiðslur þar, a.m.k. til kvenna sem hafa miðlungstekjur eða hærri, mun hærri en kvenna á almennum vinnumarkaði hér á landi."

Þetta svarar fyrirspurn hv. þm. um það hvort að við séum ekki samkvæmt lögum og reglum að uppfylla þau skilyrði sem okkur eru sett. En aðalatriðið er, eins og ég kom inn á, að mjög mikilvægt er að jafna þennan rétt og ég tel mjög mikilvægt að frv. sem hér liggur fyrir fari fljótt til hv. heilbrn. til umfjöllunar. Auðvitað er gengið töluvert langt í þessu frv. og í öðru skemur. Mér finnst t.d. það sem kemur fram í 2. gr. frv. vera mjög til athugunar, þ.e. að konur fái fæðingarorlof mánuði áður en þær eignast barnið. Þetta tókum við einmitt fyrir í þessari margumræddu nefnd sem ég skipaði. Þá var það álit þeirra sem þar sátu að ekki ætti að lögfesta þetta. En mér finnst gott að þetta komi fram í þessu frv. því að mér finnst rétt að endurskoða það.

[15:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þá ræðu sem hún flutti hér og við erum kannski nokkurs vísari um skoðun hennar á þessu máli. Þó vildi ég spyrja hana um þennan hóp félmrn., fjmrn. og heilbrrn. sem er að skoða næstu skref í málinu. Hvert er markmiðið hjá hópnum? Hefur ráðherra sett þessum hópi erindisbréf? Og að hverju er þessi hópur að vinna? Er hann að skoða hvernig eigi að skipuleggja vinnubrögðin varðandi það að leggja drög að framtíðarfyrirkomulagi þessara mála? Er hann að vinna að undirbúningi löggjafar? Vinnur þessi hópur í samráði við aðila vinnumarkaðarins og hver er hugsunin þarna á bak við? Hvenær á hópurinn að skila af sér?

Mér finnast verkefni þessa starfshóps mjög óljós og mér líst satt að segja ekki vel á að það séu bara fulltrúar þriggja ráðuneyta sem séu að koma sér saman um skipulag á fæðingarorlofsmálum. Það kann ekki góðri lukku að stýra ef t.d. á að halda stjórnarandstöðunni frá því eða, að ég tali nú ekki um, aðilum vinnumarkaðarins.

Varðandi tilskipunina sem ráðherra nefndi þá stendur að aðildarfélögin séu skyldug að lögbinda a.m.k. 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum. Þótt fólk á almennum vinnumarkaði sem er kannski með 80–90 þús. kr. mánaðarlaun, hafi lengra fæðingarorlof en 14 vikur þá er það ekki með fyrstu 14 vikurnar t.d. á óskertum launum. Ég lít a.m.k. þannig á þessa tilskipun að það þurfi að lögbinda a.m.k. 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum, eins og hér stendur. Mér finnst það því ekki vera fullnægjandi sem fram kom í svörum ráðherra varðandi þetta atriði, jafnvel þó að hún hafi látið lögfræðing skoða það.

Ég spyr um þessi tvö atriði, herra forseti.

[15:26]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um það hvernig þessi hópur sem starfar innan ráðuneytanna muni vinna. Þessi hópur er að móta næstu skref. Við fullgiltum hér fyrir nokkrum dögum foreldraorlof og það sem félmrn. hefur lagt fram kemur mjög inn á foreldraorlof, tillögu um fullgildingu á foreldraorlofi. Það er því mjög mikilvægt að félmrn. komi þarna að og eins fjmrn. því að næstu skref kosta töluvert mikla peninga og því meiri eftir því sem við tökum fleiri skref. Þessi mál verða ávallt samningsatriði, líka á vinnumarkaðnum. Við munum því aldrei geta lokið þessu máli án þess að kalla aftur til þá fulltrúa sem voru í fyrri nefndinni og þá er ég að tala

um fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Á seinni stigum kemur að sjálfsögðu til kasta stjórnarandstöðunnar varðandi þessi mál. Það er lýðræðislegt. En þar sem þessir mikilvægu aðilar, launþegar í landinu, hafa ekki getað komið sér saman um stefnuna verður það að fara fram innan ráðuneytanna áður en lengra er haldið.

Varðandi önnur atriði fyrirspurnar hv. þm. um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipanir þeirra, þá hef ég farið ítarlega yfir lögfræðiálit sem ég tel að hafi verið fullnægjandi svar.

[15:28]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst enn nokkuð óljóst hvert verksvið þessarar nefndar er og hvaða erindisbréf hún hefur frá ráðherra. Mér heyrist á ráðherra að þessi ráðuneytisnefnd sé fyrst og fremst að skoða hvernig standa eigi að framkvæmd ákveðinnar tilskipunar varðandi foreldraorlof. Ég vil því spyrja ráðherrann beinnar spurningar: Hefur nefndin það erindisbréf og það verkefni að leita leiða til þess að jafna rétt fólks á almennum og opinberum markaði til fæðingarorlofs? Hefur hún það í erindisbréfi frá ráðherra eða á sínu verksviði að vinna að því hvernig við getum lengt fæðingarorlof, t.d. í áföngum? Hefur hún það á sínu verksviði að skoða hvernig breyta eigi fjármögnunarfyrirkomulaginu svo ég nefni þrjá grundvallarþætti sem eru í frv. sem við ræðum hér? Ef hún er einungis að skoða hvernig uppfylla eigi þessa tilskipun, þá finnst mér hún ekki vera að móta þessa framtíðarsýn sem við viljum sjá í fæðingarorlofsmálum.

Hæstv. ráðherra nefndi að stjórnarandstaðan mundi á síðari stigum koma að þessu máli. Aðeins nánar um það, herra forseti, frá hæstv. ráðherra: Á ráðherrann við að stjórnarandstaðan komi að málinu þegar það er komið í fullum búningi frá ráðherra inn til þingsins? Eða á hæstv. ráðherra við það að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fái að koma að málinu á undirbúningsstigi áður en það verður fullmótað í stjfrv.?

[15:29]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom ekki fram áðan í andsvari hjá mér að þessi hópur hefur ekki erindisbréf sem slíkt. Þetta er hópur sem er að vinna að samhæfingu varðandi fæðingarorlofsmálin. Ég ætlast ekki til að hópurinn komi með endanlegar tillögur því eins og ég sagði áðan þá verða fulltrúar vinnumarkaðarins að koma að því máli, launþegar fyrst og fremst. Hv. þm. spurði líka að því að hverju hópurinn væri að vinna og það kom skýrt fram í ræðu minni að hverju við erum að vinna. Við erum fyrst og fremst að vinna að því að jafna rétt foreldra til fæðingarorlofs og í öðru lagi að lengja það. Þessi tvö atriði eru grundvallaratriði og hópurinn er að koma sér saman um hvernig þeim verður best framfylgt, áður en við köllum til þá sem ég hef hér um rætt og ... (**JóhS:** En stjórnarandstaðan ...) Hv. þm. kallar fram í og spyr hvort stjórnarandstaðan komi að þessu á frumstigi. Reynsla okkar er sú varðandi svo viðamikil og flókin mál að mikilvægt er að hafa stjórnarandstöðuna með, en fyrst og fremst, af því þetta er samningamál við aðila vinnumarkaðarins, verðum við að vera komin lengra í því áður en stjórnarandstaðan er kölluð til.

[15:31]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um fæðingarorlof, að ég held í þriðja sinn til 1. umr. eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra.

Ég er 1. flm. þessa frv. en einnig flytja fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna frv. með mér ásamt Kristínu Halldórsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Þegar ég mælti fyrir málinu 28. janúar sl. endaði ég á að gera grein fyrir forsendum kostnaðar án þess að setja fram nákvæma kostnaðaráætlun. Ég endaði á því að þrátt fyrir mikinn kostnað sé nauðsynlegt að leggja traustan grunn að tengslum milli foreldra og barna á fyrsta æviárinu því vanræksla og þeytingur á ungbörnum mun koma niður á þessum einstaklingum, foreldrum þeirra og öllu þjóðfélaginu ella síðar. Því tel ég að við verðum að setja markmiðið hátt að þessu leyti eins og önnur Norðurlönd hafa gert og tímabært að jafna kjör allra íslenskra foreldra, og þá á ég við að jafna þau upp á við, og lengja orlofið upp í 12 mánuði í áföngum á fullum launum með sjálfstæðum rétti beggja foreldra. Þetta er mjög mikilvægt uppeldismál fyrir þjóðfélagið allt og um leið stórt skref til jafnréttis kynjanna. Fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna standa að þessu máli og því er það von mín að það fái góðar undirtektir í þinginu.

Veruleg umræða um fæðingarorlof á sér nú stað í velflestum OECD-landanna, um vaxandi atvinnuþátttöku kvenna á öllum sviðum og þá kröfu að foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur til fæðingarorlofs. Stórfyrirtæki og atvinnurekendur sýna málinu yfirleitt mikinn áhuga því mikið er í húfi, ekki síst þegar um sérhæfðan mannafla er að ræða. Fæðingarorlofskerfið hefur ekki þróast í takt við breytingarnar í þjóðfélaginu. Fólk eignast æ færri börn, foreldrar af báðum kynjum vinna að jafnaði utan heimilis og æ fleiri líta á það sem sjálfsögð mannréttindi barna jafnt sem mæðra og feðra að fá að njóta samvista á fyrsta æviári barnsins. Ekki verður lengur unað við ríkjandi ástand og því er þetta frv. flutt.

Á nýlokinni ráðstefnu um heilbrigði kvenna kom til umræðu hin þreytta ofurkona nútímans, sem hefur reyndar borið á góma í þingsölum áður, og versnandi lífslíkur íslenskra kvenna, en lífslíkur þeirra hafa hrapað úr 1. sæti OECD-landanna í það 10. á tíu árum. Á þessari ráðstefnu var því haldið fram að lykilatriðið til að jafna álag vegna heimilisstarfa og uppeldis barna sé einmitt það að báðir foreldrar fái fæðingarorlof í 12 mánuði alls. Það var starfsmaður karlanefndar sem hélt þessu fram og mælti með að mæður fái fjóra mánuði, feður fjóra mánuði og síðan gætu þau skipt með sér fjórum mánuðum. Hér er lagt til að mæðrum verði tryggðir sex mánuðir, feður fái sérstakan rétt til þriggja mánuða, og þrír mánuðir verði valfrjálsir fyrir foreldra. Niðurstaðan gæti verið sú sama, en meginástæðan fyrir því að mæðrum eru hér tryggðir sex mánuðir er í fyrsta lagi það sjónarmið að konur þurfa að fá tækifæri til að jafna sig eftir barnsburð, þ.e. umfram feður, og að barnið þarf oft sérstaklega á móður sinni að halda vegna brjóstagjafar. En það breytir ekki því að þetta frv. getur alveg samræmst því að foreldrar skipti þessu jafnt á milli sín. Ég tel að þótt sjónarmiðið sé athyglisvert, sem kom fram á þessari ráðstefnu, sé það kannski fullmikil bjartsýni að telja að þetta leysi öll vandamál ofurkonunnar. En það var mjög skemmtileg tilviljun að á sama tíma og þessi ráðstefna stóð yfir var einmitt verið að mæla fyrir þessu frv. hér á þinginu.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég vil bæta við spurningu sem kemur til vegna nýfallins hæstaréttardóms, sem reyndar féll í millitíðinni frá því málið var rætt fyrst, þ.e. í máli 208/1997, kærunefnd jafnréttismála gagnvart Sigurði Torfa Guðmundssyni. Telur ráðherra að þessi dómur kalli á frekari endurskoðun á lögum um fæðingarorlof en stefna ríkisstjórnarinnar segir til um? Ég er þá að vitna til fyrirliggjandi jafnréttisáætlunar, en í þeirri áætlun verður ekki séð að ætlunin sé að lengja orlofið, eins og ráðherra hélt fram áðan, heldur eingöngu að jafna rétt foreldra. Það kemur heldur ekki skýrt fram að ætlunin sé gera sjálfstæðan rétt feðra mun sterkari en hann er núna, þ.e. þessar tvær vikur. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort sá dómur breyti einhverju eða hvort áhrifin verði eingöngu þau að ríkisstarfsmenn, feður, geti tekið hluta af rétti sem eiginkonur þeirra eiga í raun og veru, þ.e. þeir geti tekið hluta orlofsins á launum.

Mér finnst sú upplýsing sem kom fram hjá ráðherranum áðan mjög athyglisverð að lagabreytingin varðandi nýburana tryggi ekki laun, þ.e. að allir ríkisstarfsmenn sem nú eru í fjölburafæðingarorlofi eða bankastarfsmenn, eða þingmenn þess vegna, fái eingöngu greidd laun samkvæmt ákvæðum Tryggingastofnununar en ekki full laun eins og samningar þeirra gera að öðru leyti ráð fyrir. Þetta tel ég mikinn lapsus og nauðsynlegt að breyta.

Tíðkast hefur á Alþingi að frv. um fæðingarorlof hafi fengið umfjöllun í heilbr.- og trn. Ég tel að þetta frv. eigi að fara í þá nefnd en þar sem hér er í raun og veru um mjög mikilvægt vinnumarkaðsmál að ræða líka, mæli ég með því að nefndin fái umsögn félmn. jafnframt því að þetta tengist beint atvinnureynslu og réttindum á vinnumarkaði. En það er ljóst að þessi mál heyra nú undir kjarasamninga, meira og minna, t.d. ríkisstarfsmanna, og þar sem þeir eru fastir til ársins 2000 er ljóst að þessu verður ekki breytt nema með lögum fyrir þann tíma.

Þess má geta að í áðurnefndri jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1998 til 2001 er gert ráð fyrir að reynsla af því að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof verði metin í byrjun árs 1999 með viðtölum og spurningum til þeirra sem orlofsins nutu á árinu 1998. Þetta tel ég lofsvert og minnir á merka tilraun sem nú er verið að gera í Reykjavíkurborg með styrk frá Evrópusambandinu. Vonandi verður sú tilraun og tilheyrandi rannsókn til þess að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Reykjanes taki sig á í því að heimila feðrum að taka fæðingarorlof og helst ætti sá réttur að verða óháður rétti móður. Mín tilfinning er sú að þetta þyki æ sjálfsagðara mál og fyrst og fremst sé spurning um hvenær nægilegur pólitískur vilji verði til staðar til að koma fæðingarorlofsmálum í viðunandi horf, ekki hvort.

Það er ekki að sjá á áðurnefndri jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin stefni hátt í þessum málum, því miður. Eingöngu er lagt til að jafna rétt foreldra, það er ekki ljóst hvort á að jafna rétt feðra og mæðra og ekkert kemur fram um lengingu. En ég fagna því sem segir í lið 6.5. um feðrafræðslu til verðandi feðra.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta mál sé mikilvægt og það er í raun og veru mjög ergilegt hve umræðan teygðist yfir á marga daga, því hún kristallaðist kannski aldrei almennilega. Ég vil að lokum mælast til þess að frv. fái ítarlega umfjöllun í nefnd og verði sent út víða og vona að það fái góða umfjöllun.

Varðandi athugasemdir hæstv. ráðherra um 2. gr., þá tel ég að þar sé helsta nýmælið að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof eins og kemur fram í greinargerð. Önnur nýmæli eru ekki að mínu mati í þeirri grein.

[15:42]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði spurninga varðandi hæstaréttardóm sem féll fyrir nokkrum dögum og hvort sá dómur muni hafa áhrif á framhaldið varðandi fæðingarorlofsmál. Ég býst við að svo sé, en það er of fljótt að segja til um það. Þarna féll dómur varðandi ríkisstarfsmann og eðlilegt að húsbóndi þess ríkisstarfsmanns svari því.

Hv. þm. minntist á ráðstefnu sem haldin var um heilsufar kvenna og þar var réttilega rætt um að þetta væri einn af mörgum lyklum til farsælla fjölskyldulífs, eins og hv. þm. sagði, að lengja fæðingarorlof. Hv. þm. talaði um að ríkisstjórnin væri ekki metnaðarfull í tillögum sínum. Ég tel það ekki vera rétt og tel að ríkisstjórnin hafi sýnt vilja sinn í verki með því að lengja fæðingarorlof hjá þeim sem mest þurfa á þeirri lengingu að halda og það hafi verið mjög mikilvægt skref. Ríkisstjórnin hefur þó borið gæfu til að setja í lög að feður fá fæðingarorlof í fyrsta skipti, þótt ekki sé það langt. Ég tel því að nú þegar sé búið að stíga mjög mikilvæg skref og næsta skref sé jöfnunin, áður en við tökum lenginguna. Jöfnunin er auðvitað geysilega mikilvægt jafnréttismál fyrir foreldra.

[15:44]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hefur ríkisstjórnin stigið lítil skref í rétta átt. Þó er þar á verulegur annmarki að ekki skuli jafnframt hafa verið tryggt að sömu laun væru greidd fyrir viðbótarmánuðina og fyrir hina.

Ég fagna því hinum fremur jákvæða tón hjá hæstv. ráðherra vegna þessa frv. Ég tel að mikilvægt sé að við komumst á svipaðan stall í umræðunni og nágrannalöndin. Það er langt frá því að svo sé.

Mér er kunnugt um að áherslur ráðherrans á jöfnun hafa verið túlkaðar þannig að verið sé að jafna niður á við. Auðvitað kemur það ekki til greina að þeir sem hafa samið um sex mánuði fari að skerða sín kjör. Annað kostar peninga og það virðist ekki hafa verið vilji fyrir því. En ég get vissulega sætt mig við að fyrsta skrefið yrði að allir fengju sex mánuði á fullum launum og síðan yrði farið í að lengja það.

Ég vil endurtaka fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frá því áðan. Þýða þessar góðu undirtektir að ráðherrann sé tilbúinn að hleypa fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna að endurskoðun á stjórnarfrumvarpi um fæðingarorlof?

[15:46]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svaraði hv. þm. áðan. Áður en að því kemur að stjórnarandstaðan komi að málinu tel ég mikilvægt að launþegar og atvinnurekendur sýni samningsvilja. Þetta er, eins og ég sagði áðan, samningamál. Ég held að það hafi komið fram hver stefna stjórnarandstöðunnar er í þessu máli. Það er gott innlegg í þessa umræðu og ég þakka fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. StB o.fl., 76. mál (rannsókna- og þróunarverkefni). — Þskj. 76.

[15:48]

**Flm. (Sturla Böðvarsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á skattalögum, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Flm. eru auk mín þingmennirnir Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich og Árni R. Árnason. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en ekki afgreitt. Það verður því lagt fram að nýju í þeirri trú að afgreiðsla þess takist á vorþingi.

Á mörgum sviðum er nú unnið að því að efla rannsóknir og þróunarstarf. Það er gert í þeim tilgangi að koma á fót nýrri framleiðslu, auka framleiðni, bæta afkomu atvinnulífsins og um leið þjóðarbúsins sem heildar. Þessa verður vart innan rannsókna- og háskólastofnana. Í alþjóðlegu samstarfi eru umtalsverðir fjármunir lagðir til margs konar rannsókna- og vísindastarfsemi sem verður fyrr eða síðar lykill að framförum. Við flm. metum það svo að nauðsynlegt sé að hvetja atvinnulífið, jafnt sem einstaklinga sem stunda atvinnustarfsemi, til að leggja fjármuni til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Það má m.a. gera með því að beita skattkerfinu svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera grein fyrir frumvarpinu.

Framfarir og framþróun í atvinnulífinu byggjast að verulegu leyti á rannsóknum. Mörg dæmi eru um mikinn kostnað við rannsóknir og þróun sem fyrirtæki og einstaklingar hafa þurft að leggja í til að hefja starfsemi eða þróa starfsemi sína. Fleiri dæmi eru eflaust um að rannsóknir hafi ekki farið fram áður en fjárfest var í búnaði, tækjum og byggingum sem engan arð báru en koma hefði mátt í veg fyrir með rannsóknum. Slík tilvik hafa kostað þjóðarbúið mikið.

Það er því skoðun flutningsmanna að hvetja eigi til rannsókna og hvers konar þróunarstarfa. Það leiði til framfara, auki hagsæld og skili sér til ríkissjóðs með tekjum af öflugra atvinnulífi. Rannsóknaverkefni af ýmsu tagi eru atvinnulífinu afar mikilvæg og brýn. Sé litið til nýrrar aldar er augljóst að auka verður þann þátt. Því er mikilvægt að fyrirtæki fái hvatningu eins og hér er gert ráð fyrir til að efla rannsóknir á öllum sviðum. Þar með yrðu rannsóknir hagnýtari þar sem þær miðuðust við þarfir atvinnulífsins.

Sú kenning er viðurkennd að vöxtur atvinnulífsins á komandi árum felist í uppbyggingu smárra fyrirtækja. Lítil fyrirtæki hafa ekki burði til að sinna miklum rannsóknum eða þróun en með hvatningu eins og þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir gætu þau sinnt slíkri starfsemi í samstarfi við stærri fyrirtæki, auk þess sem svigrúm og möguleikar þeirra til þess að stunda rannsóknir og þróun á eigin vegum ykjust. Það er mat flutningsmanna að samþykkt frumvarpsins muni auka rannsókna- og þróunarstarf í smærri fyrirtækjum, svo og þátttöku stærri fyrirtækja í því starfi.

Það hefur lengi verið markmið að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna. Með stofnun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknarráðs Íslands var stigið mikilvægt skref í þá átt og hefur það sýnt sig að þátttaka fyrirtækja í rannsóknum hefur aukist. Markmiðið með frumvarpi þessu er að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna enn frekar. Enn fremur að auðvelda öflun einkaleyfa og hlutafjár á vegum eigenda fyrirtækja með vinnuframlagi við viðurkenndar rannsóknir og þróunarstörf. Það mun síðan draga úr þörf fyrir sérstakar aðgerðir af hálfu hins opinbera.

1. gr. frv. miðar að því að heimila einstaklingum að sækja um lækkun á tekjuskatti vegna framlaga og vinnuframlags til rannsókna- og þróunarstarfa. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Tekjur skv. 2. mgr. A-liðar 7. gr. sem aflað er við rannsókna- eða þróunarverkefni að fjárhæð allt að 500.000 kr. Skilyrði þess að skattstjóri veiti slíka undanþágu er að umsögn liggi fyrir um verkefnið frá Rannsóknarráði Íslands sem hafi staðfest það sem rannsókna- og þróunarverkefni og skráð sem slíkt. Fjármálaráðherra skal setja reglur um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.“

Í greinargerð og athugasemd við 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Greinin gerir ráð fyrir tilfellum þar sem einstaklingar taka þátt í þróunar- og rannsóknaverkefnum. Til slíkra verkefna telst t.d. öflun verkefna erlendis sem í mörgum tilfellum skila ekki arði fyrr en eftir langan tíma. Einnig er um að ræða verkefni sem lítil einstaklingsfyrirtæki vinna að, t.d. þróun nýrrar framleiðsluvöru þar sem langur tími líður þar til hún skilar arði. Oft á tíðum byggist verðmætasköpunin í slíkum verkefnum á mikilli og fórnfúsri vinnu þeirra einstaklinga sem leggja vinnuframlag sitt til viðkomandi verkefnis. Ekki er hægt að sýna vinnuframlag í bókhaldi því að þá þarf að greiða tekjuskatt af því. Þetta leiðir til þess að verðlagning á verkefninu verður röng og oft heftir það framgang verkefnanna. Enn fremur er hægt að nefna dæmi um verkefnaöflun erlendis þar sem gerðir hafa verið samningar um kostnaðarþátttöku innlenda aðilans sem í mörgum tilfellum er vinnuframlag. Í mörgum tilfellum verður slík kostnaðarþátttaka erfiðari, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum, því að greiða þarf tekjuskatt af vinnuframlaginu.

Ákvæðið miðast við að heimilt verði að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þeirra einstaklinga, sem leggja fram vinnu í rannsókna- og þróunarverkefni, um 500.000 kr., þar til ljóst verður hvort verkefnið skilar arði eða ekki. Fá verður viðurkenningu Rannsóknarráðs á því að verkefnið teljist rannsókna- og þróunarverkefni og veitir skattstjóri síðan heimild. Fjárhæðin er óveruleg miðað við þá vinnu sem venjulega er lögð í rannsókna- og þróunarverkefni og verður í flestum tilvikum aðeins lítill hluti heildarkostnaðar vegna vinnu.“

2. gr. frv. miðar að sama marki, þ.e. að skapa skilyrði til þess að lækka skattgreiðslur. 2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Jafnháa fjárhæð og færð hefur verið til gjalda sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. við rannsókna- og þróunarverkefni samkvæmt nánari skilyrðum sem fjármálaráðherra setur í reglugerð. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.“ Þannig hljóðar 2. gr.

Sem skýring við 2. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að fyrirtæki sem stunda markvisst rannsókna- og þróunarstarf fái heimild til að gjaldfæra tvöfaldan þann kostnað sem þau hafa lagt í þróun eða rannsóknir. Þetta er beinlínis gert til að lækka skattskyldar tekjur viðkomandi fyrirtækja og hvetja fyrirtæki til þess að leggja fjármuni í rannsókna- og þróunarstörf.

Erfitt er að meta áhrif heimildarákvæða 2. gr. frumvarpsins. Hægt er þó að benda á þrjú atriði:

Með því að lækka skattstofn fyrirtækja mun afkoma þeirra batna.

Áhrif á möguleika fyrirtækjanna til þess að ráða meiru um eigin framtíð án þess að þurfa að hætta öllu til eða takmarka getu sína við að bregðast við breyttum ytri aðstæðum sem áhrif hafa á reksturinn.

Líkur á auknum framlögum fyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Ekki verður með neinni vissu spáð fyrir um aukin framlög fyrirtækjanna til rannsókna- og þróunarstarfsemi ef sú heimild sem hér um ræðir verður lögfest. Þó má leiða líkur að því að aukningin verði nokkur og liggja til þess nokkrar ástæður.

Með því að takmarka réttinn til að nota heimildina við þau fyrirtæki sem verja umtalsverðum fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi er verið að skapa rýmri skilyrði til slíkra verka hjá fyrirtækjum þar sem skilningur ríkir á mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs og á tækifærunum sem í því felast.

Einnig er vert að benda á að rýmri möguleikar fyrirtækjanna til þess að fjárfesta í rannsókna- og þróunarstarfsemi sem skattaívilnun skapar ættu að geta leitt til þess að rannsóknaverkefnin verði umfangsmeiri og um leið markvissari. Því meira sem fyrirtækin leggja til einstakra verkefna þeim mun meira er í húfi að vel takist til. Þannig ætti að fást aukin trygging fyrir markvissri stjórnun verkefnanna.

Geta fyrirtækjanna við núverandi aðstæður til þess að verja tiltölulega háum fjárhæðum til rannsókna- og þróunarverkefna takmarkar líklega nokkuð viðleitni til að stytta úrlausnartíma verkefnanna. Dæmi eru um að of langur tími líði uns niðurstöður rannsóknaverkefna liggja fyrir og það leiði til þess að tækifæri renna úr greipum fyrirtækja. Með samþykkt frumvarpsins ætti að fást nokkur úrlausn í þessu efni. Þetta atriði, sem og þau sem áður var getið, ræðst mest af þeim ákvörðunum sem stjórnendur fyrirtækjanna taka.

Í greininni er gert ráð fyrir að skattstjóri úrskurði um heimild til frádráttar, að fenginni umsókn fyrirtækisins, en hún skal staðfest af löggiltum endurskoðanda fyrirtækisins. Það hvílir á herðum endurskoðandans að fylgja reglum um hvað telst rannsókna- og þróunarkostnaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett yrði samkvæmt þessari grein.

Þeim sem nýta sér heimildina er skylt að halda sérstakt bókhald fyrir rannsókna- og þróunarverkefnin sem fyrirtækið tekur þátt í. Í álitamálum skal skattstjóri leita umsagnar Rannsóknarráðs um hvort tæknilegt nýnæmi og framvinda verkefnisins sé þannig að fullvíst sé að alvara fylgi málum. Ráðið fær nauðsynlegar upplýsingar beint frá fyrirtækjum sem í hlut eiga.

Í reglugerð skal kveðið á um hvaða kostnaðarliðir heyra til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Við samningu reglugerðarinnar má taka mið af skilgreiningum OECD og Evrópusambandsins svo að samsvörun náist við þær aðstæður sem fyrirtækjum í samkeppnislöndum okkar eru búnar. Jafnframt verði höfð hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 9, en hann fjallar um reikningsskil fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í reglugerð skal fylgja þeirri meginreglu að einungis verði meðtalinn kostnaður lögaðila sem beinlínis verður rakinn til verkefnisins sem sótt er um heimild fyrir. Stofnkostnaður lýtur öðrum reglum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er heimilt að reikna sem eigin framlög styrki sem opinberir sjóðir veita til verkefnanna."

Í 3. gr. frv. er fjallað um þriðja þátt þeirra hugmynda sem uppi eru um ívilnanir fyrir aðila sem vilja leggja áherslu á rannsókna- og þróunarstarf. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. 31. gr. A bætist nýr stafliður, c-liður, sem orðast svo: Jafnháa fjárhæð og árlega er færð skv. b-lið þessarar málsgreinar, enda sé um að ræða kostnað fyrirtækis við öflun einkaleyfis eða hönnunarverndar til að hagnýta þekkingu sem rekstraraðili hefur sjálfur aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi á eigin vegum eða í samvinnu við rannsóknastofnanir. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest."

Í grg. með frv. segir um þessa grein:

„Með þessu ákvæði er verið að tryggja hagsmuni íslenskra fyrirtækja vegna tækniþekkingar sem þau hafa lagt í kostnað við og aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi sem annaðhvort hefur verið stunduð hjá þeim sjálfum eða í vísindastofnunum, samkvæmt samningum, hvort sem um er að ræða háskólastofnanir eða aðrar. Það er mikilvægt að hvetja og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækjanna um leið og tryggja verður að ávinningur af rannsókna- og þróunarstarfinu hafni hjá þeim sem borið hafa kostnaðinn. Þetta ákvæði má skoða sem aukinn opinberan stuðning við rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna í landinu.

Ekki þykir annað fært en að bæði einkaleyfishæfar uppfinningar og vörur sem þróaðar hafa verið og njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1993, um hönnunarvernd, falli undir þetta ákvæði.

Gera má ráð fyrir að útlagður kostnaður fyrirtækis fram að veitingu einkaleyfis hér á landi gæti verið 200 þús. kr. Sótt er um 20–30 einkaleyfi á ári og má gera ráð fyrir að fjórða hver umsókn endi með veitingu einkaleyfis sem bundið er við Ísland. Sé gert ráð fyrir að meðalkostnaður við öflun einkaleyfis í öðrum löndum sé 250 þús. kr. og sótt sé um einkaleyfi fyrir veitt íslensk einkaleyfi í átta löndum er kostnaðurinn um 10 millj. kr. Bókfært 100% álag nemur þá tvöfaldri þeirri upphæð og tekjuminnkun hins opinbera því 5 millj. kr. frá því sem nú er. Hér er um óverulega upphæð að ræða en kostnaður fyrirtækjanna af því að sleppa einkaleyfisumsóknum getur hins vegar verið verulegur, einkum ef haft er í huga að í rannsókna- og þróunarstarfinu hefur fyrirtæki með stuðningi opinberra aðila, háskóla, rannsóknastofnana og sjóða einatt varið tugum milljóna króna í verkefnið. Mikilvægt er að tryggja frekari árangur af rannsókna- og þróunarstarfi með því að hvetja fyrirtæki til að afla einkaleyfis- og hönnunarverndar að því loknu."

Síðustu daga höfum við verið minnt á hversu rannsókna- og vísindastofnanir og vísindastarf er orðinn mikilvægur þáttur í allri framþróun. Sú breyting á skattalögum sem frv. gerir ráð fyrir ætti að geta orðið nokkurt lóð á þá vogarskál sem atvinnulífið þarf á að halda til að auka rannsóknir og þróunarstarf. Með lækkun skatta sem nemur viðurkenndum kostnaði, ætti að geta orðið bæði hvatning og sá stuðningur sem þarf svo stjórnendur geti réttlætt þau útgjöld sem fylgja en geta ef vel tekst til orðið uppspretta arðs í atvinnulífinu og vaxandi skattstofn svo nemur margfaldri þeirri lækkun sem frv. gerir ráð fyrir að verði á sköttum fyrirtækjanna.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um það frv. sem hér er til afgreiðslu og meðferðar en ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 187. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 189.

[16:06]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Með frv. því sem ég mæli fyrir til stjórnarskipunarlaga, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrv. sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál svo sem opnun áfengisútsölu og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum. Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipun okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórn það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrá.

Einnig má benda á í tengslum við þetta mál að með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar.

Þetta frv. hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum og var vísað til sérnefndar á síðasta þingi. Sérnefndin fjallaði ekki um málið fyrr en undir lok þingsins, og þá var ákveðið að nefndarsviðið mundi fara yfir málið. Nefndarsviðið hafði frv. til skoðunar sl. sumar og vann mjög ítarlega og vandaða greinargerð um þjóðaratkvæðagreiðslur í löndunum víða í kringum okkur og hvernig fyrirkomulagið er á þeim, og fór yfir frv. og tillögur sem í gegnum árin hafa verið flutt á Alþingi um þetta efni.

Að fengnu þessu áliti nefndarsviðsins hef ég nokkuð breytt frumvarpsgreininni sjálfri. Ég held að mikill fengur sé að nefndarálitinu og vil, með leyfi forseta, fá að vitna í örfá atriði úr greinargerð nefndarsviðs Alþingis, einkum þann kafla sem kveður á um með hvaða hætti fyrirkomulag þessara mála er í öðrum löndum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins.

Almennt er þeim ríkjum sem kenna sig við lýðræði stjórnað samkvæmt ákveðnu ferli sem nefnt er fulltrúalýðræði. Í því felst að þjóðin kýs sér fulltrúa á nokkurra ára fresti, hér alþingismenn til fjögurra ára, og veitir þeim umboð til að setja landinu lög. Íslensk stjórnskipun er reist á slíkum hugmyndum, ... Í nokkrum ríkjum hefur aftur á móti þróast önnur skipan sem er sambland af fulltrúalýðræði og beinu eða milliliðalausu lýðræði. Í því felst að hinir kjörnu fulltrúar geta ekki gert ráð fyrir óheftu frelsi fram til næstu kosninga vegna þess að meiri hluti þjóðarinnar getur hvenær sem er á kjörtímabilinu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, gripið í taumana. Í þessu skyni er beitt aðferð sem nefnd hefur verið þjóðaratkvæði en með því er átt við atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið og 48. gr. stjórnarskrárinnar lætur svo mælt, að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Í stjórnarskránni er hvorki mælt fyrir um rétt kjósenda til þess að krefjast þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvörp til laga né kveðið á um rétt þeirra til flutnings lagafrumvarpa. Ákvæði stjórnarskrár mæla hins vegar í tveimur tilvikum fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál. Annars vegar segir í 26. gr. stjórnarskrárinnar að lagafrumvarp sem forseti synji staðfestingar skuli svo fljótt sem kostur er lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Hins vegar er skylt samkvæmt 2. mgr. 79. gr., sbr. 62. gr., stjórnarskrárinnar að leggja frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipuninni undir atkvæði allra kosningarbærra manna til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Í öðrum tilvikum er ekki um að ræða lagaskyldu til þess að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmálefni.

Í stjórnarskrám nokkurra ríkja sem byggja á fulltrúalýðræði er að finna almenn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Af stjórnarskrám Norðurlandanna koma fyrst til skoðunar ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 42. gr. hennar getur þriðjungur þingmanna krafist þess að greitt verði þjóðaratkvæði um samþykkt lagafrumvarp. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni er krafist synjunar meiri hluta kjósenda og að lágmarki 30% allra kosningarbærra manna eigi að koma í veg fyrir að lögin taki gildi. Aftur á móti verður þjóðaratkvæðagreiðslu ekki krafist um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga, bráðabirgðafjárlaga, laga um lántökur ríkisins, laga um fjölda stöðugilda hjá ríkinu, laga um launa- og lífeyrismál, laga um veitingu ríkisborgararéttar, laga um eignarnám, skattalaga auk laga vegna samningsbundinna skyldna ríkisins. Sama gildir um frumvörp um samninga við önnur ríki vegna áskilnaðar 19. gr. stjórnarskrárinnar um samþykki þingsins. Á miðjum 9. áratugnum hafði þjóðaratkvæðagreiðsla alls farið fram sex sinnum að kröfu minni hluta danska þingsins. Í þessu sambandi má geta þess að þegar tekin var ákvörðun um að afhenda Íslendingum fornritin skorti aðeins undirskriftir þriggja þingmanna til þess að ákvörðunin yrði borin undir dönsku þjóðina. Í dönsku stjórnarskránni er krafist samþykkis tveggja þinga til stjórnarskrárbreytinga, líkt og í þeirri íslensku. Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt að loknum kosningum skal innan sex mánaða leggja það undir atkvæði allra kosningarbærra manna til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni er krafist samþykkis meiri hluta kjósenda og að lágmarki 40% allra kosningarbærra manna.

Í norsku stjórnarskránni er hvorki mælt fyrir um rétt ákveðins hluta alþingismanna né þjóðarinnar til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál. Aftur á

móti hafa Norðmenn í tvígang verið spurðir um afstöðu sína til inngöngu Noregs í Evrópusambandið og hefur Stórþingið virt afstöðu þjóðarinnar í bæði skiptin. Við stjórnarskrárbreytingar er krafist samþykkis tveggja þinga og tveggja þriðju hluta þingmanna.

Í sænsku stjórnarskránni er krafist samþykkis tveggja þinga til stjórnarskrárbreytinga. Þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin um breytinguna ef þriðjungur þingmanna samþykkir tillögu þess efnis. Þar verður breytingin felld með meiri hluta greiddra atkvæða enda hafi helmingur allra kosningarbærra manna tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Þá segir enn fremur að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla verði ákveðin með lögum.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er ekki að finna ákvæði um að binda megi gildi staðfestra laga við niðurstöðu þjóðaratkvæðis og hefur fram til þessa ekki verið gripið til slíkra lagaákvæða. Aftur á móti hefur viðhorf kjósenda í nokkur skipti verið kannað á fyrri hluta þessarar aldar eftir ályktanir Alþingis. Þar var ekki um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslur í þeirri mynd sem birtist í ákvæðum stjórnarskrárinnar og fela í sér synjunarvald þjóðarinnar heldur var um að ræða svonefndar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Á árunum 1908 og 1933 voru greidd atkvæði um innflutningsbann á áfengi og árið 1916 um þegnskylduvinnu. Jafnframt hefur tvisvar komið til þjóðaratkvæðagreiðslu vegna fyrirmæla stjórnarskrár. Á árinu 1918 var frumvarp til svonefndra sambandslaga lagt undir atkvæði þjóðarinnar. Frumvarpið var samþykkt og lögin staðfest af konungi, og gengu í gildi þann 1. desember 1918. Árið 1944 voru greidd atkvæði um lýðveldisstjórnarskrána og niðurfellingu sambandslagasamningsins samkvæmt fyrirmælum þeirra stjórnarskipunarlaga sem þá giltu.

Hér á landi hefur af og til komið til umræðu annars vegar hvort setja eigi í stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og hins vegar hvort leggja skuli ákveðin mál sem hafa legið fyrir Alþingi undir atkvæði þjóðarinnar. Fyrir hartnær þremur áratugum komst Þór Vilhjálmsson svo að orði, með leyfi forseta:

„Hitt skiptir meira máli, hvort til greina komi að fela kjósendum sjálfum löggjafarvald með þjóðaratkvæðagreiðslum í meira mæli en nú er. Sjálfur tel ég svo vera, og ég álít einnig hugsanlegt að afnema hið svokallaða neitunarvald forsetans um leið og sett eru ný stjórnarskrárákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Meginrökin sem mæla með þjóðaratkvæðagreiðslum eru þau, að við kosningu Alþingismanna er valið milli pólitískra meginstefna, í sumum tilvikum er þó kosið með tilliti til nokkurra mála eða jafnvel eins máls. Kjósandinn veit, í hvaða anda frambjóðendur á lista þeim, sem hann setur krossinn á, muni haga störfum sínum á Alþingi. Hann veit einnig um afstöðu þeirra til fáeinna tiltekinna mála. En á kjörtímabilinu þurfa þeir frambjóðendur, sem náð hafa kosningu, að greiða atkvæði um mörg mál, sem alls ekki hafa verið rædd í kosningabaráttunni og umbjóðendur þingmanna hafa því ekki átt kost á að taka tillit til, þegar þeir greiddu atkvæði. Ef um er að ræða algeng viðfangsefni stjórnmálamanna, er þó líklegt, að afstaðan ráðist af sjónarmiðum, sem um var kunnugt, þegar kosið var. Sé hins vegar um mál að ræða, sem lítt eru skyld hinu daglega stjórnmálaamstri, getur afstaða þingmannsins komið umbjóðendum hans í opna skjöldu. Af þessum sökum tel ég heppilegast, að þjóðaratkvæðagreiðslur séu viðhafðar, þegar um slík mál er að tefla. Nefna má sem dæmi áfengismál, minkaeldi og annað slíkt. Hins vegar virðist mér minni ástæða til að gera þjóðaratkvæðagreiðslur að eins konar áfrýjunarleið á stórpólitískum ákvörðunum ...“

Með hliðsjón af framangreindum orðum virðist Þór Vilhjálmsson telja að til greina komi að í stjórnarskrá verði tekin upp ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og um leið komi til greina að afnema hið svonefnda neitunarvald forsetans. Þjóðaratkvæðagreiðslur sé heppilegast að viðhafa í málum sem lítt eru skyld hinu daglega stjórnmálaamstri en minni ástæða sé til að gera þjóðaratkvæðagreiðslur að eins konar áfrýjunarleið á stórpólitískum málum.

Nokkrum árum síðar rita bæði Gunnar Thoroddsen og Hannibal Valdimarsson í Andvara um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Meðal þeirra atriða sem Gunnar Thoroddsen nefnir er endurskoðun ákvæða stjórnarskrárinnar um valdsvið og verkefni forseta Íslands og setning reglna um það, hvenær heimilt skuli eða skylt að bera mikilvæg mál undir þjóðaratkvæði. Í ritgerð Hannibals Valdimarssonar kemur fram að hann telji að því fari fjarri „að öll mál — þótt stórmál séu — séu til þess fallin að bera þau undir úrskurð kjósenda. Málið ... [þurfi] að vera þess eðlis, að hægt sé að fella úrskurð um það með Jái eða Neii.“

Með leyfi forseta hef ég lokið að mestu leyti tilvitnun minni í þetta ágæta álit nefndasviðs Alþingis sem ég tel mjög gott innlegg í þetta mál, en nefndasviðið ver þó nokkrum síðum í það að gera grein fyrir ýmsum tillögum sem gegnum árin hafa verið fluttar hér á þingi og allar stefna að sama markmiði, þ.e. að hér verði hægt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Og á síðari árum hafa síðan verið flutt bein frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnaskrá lýðveldisins.

Tillögugreinin sem ég vil fá að lesa, með leyfi forseta, í þessu frv. orðast svo:

„Þriðjungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum þriðjungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði þriðjungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.“

Þannig hljóðar þessi frumvarpsgrein, virðulegi forseti, og hér hefur frá síðasta þingi verið tekið tillit til ábendinga sem fram koma í þessu áliti sem ég var að vitna í frá nefndasviði þingsins sem ítarlega hefur farið yfir frv.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum í lokin um framkvæmdina verði frv. þetta að lögum. Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi eins og hér er lagt til, þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að þriðjungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildistöku laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá þriðjungur kosningarbærra manna sem knýr á um þjóðaratkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði.

Til skýringar er í greinargerð, herra forseti, tekið dæmi:

„Í apríl 1996 voru 194.705 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft þriðjung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 64.900 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 66% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 155.764, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.882 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 66% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta þriðjungsreglunnar þannig að a.m.k. 33% kosningarbærra manna þarf að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu."

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að ýmsar aðrar leiðir eru færar í þessu efni en sú sem hér er lögð til og vel má vera að það sé álitamál sem hér er lagt til, að þriðjung kosningabærra manna í landinu þurfi til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég get vel hugsað mér að sjá lægri tölu, 10 eða 20% kosningabærra manna. Ég teldi það auka lýðræði í landinu ef samstaða næðist um slíkt þannig að flutningsmenn þessa frv. eru að sjálfsögðu opnir fyrir því.

Síðan er auðvitað til önnur leið sem ég kom inn á og fram kom í greinargerð nefndasviðsins. Það er sú leið sem sums staðar hefur verið farin, þ.e. að minni hluti Alþingis geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðið mál og minnir mig að — ég þori nú ekki alveg að fara með það — í þýska þjóðþinginu geti 25% þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál þannig að ýmsar leiðir eru til í þessu efni og ýmsar útfærslur.

Eitt er víst, herra forseti, eins og ég rakti og fram kemur í greinargerð nefndasviðs þar sem rakin er saga þeirra mála sem í gegnum árin og áratugina hafa verið hér til umfjöllunar, þingsályktanir og frv. þar sem þingmenn kalla eftir því að slíkt ákvæði sé fyrir hendi sem hægt sé raunverulega að beita, um að fólk geti gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin málefni, að í gegnum árin hefur verið vilji fyrir því að til slíks ákvæðis væri stofnað sem hægt væri að beita.

Herra forseti. Því miður hafa þau frumvörp sem snerta breytingar á stjórnarskránni og fram hafa komið hér á liðnum missirum og árum og eru að verða sífellt fleiri, fengið fremur litla umfjöllun í þingsölum og það sem verra er, herra forseti, þau fá nánast enga umfjöllun í þeirri sérnefnd sem þeim hefur verið vísað til. Ég held að hér þurfi að verða breyting á. Ég held að þessi mál séu þess eðlis að þau eigi að fá þinglega meðferð í nefnd og menn eigi að leggja vinnu í að skoða þau. til þess eru þau flutt.

Herra forseti. Ég legg til í lokin að málinu verði vísað til 2. umr. og til sérstakrar sérnefndar samkvæmt þingsköpum sem frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni fara til. En ég legg á það höfuðáherslu og mun fylgja því eftir að ekki fari eins og á síðasta þingi, þ.e. að nefndin fjallaði ekkert um þessi mál fyrr en á lokadögum þingsins eftir að ég hafði margkallað eftir því að þessi nefnd, sem skipuð var, kæmi saman og fjallaði um málið. Það má ekki endurtaka sig, virðulegi forseti, að þannig sé farið með mál sem snerta stjórnarskrárbreytingar. Eðli málsins samkvæmt þurfa þau ítarlega umfjöllun í nefnd þegar við erum að leggja til breytingar á stjórnarskránni. Ég verð að vona að breyting verði á í meðförum sérnefndar varðandi þetta mál, um breyting á stjórnarskránni að því er varðar þjóðaratkvæðagreiðslur, og fleiri mál sem þingmenn hafa áhuga á að leggja fram varðandi breytingar á stjórnarskránni. Þau eiga að fá *eðlilega umfjöllun í sérnefnd annars getum við bara sleppt* því, herra forseti, að vísa þessum málum til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.*

Frv. KHG, 202. mál (leyfi frá opinberu starfi o.fl.). — Þskj. 211.

[16:26]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 211 hef ég leyft mér að bera fram frv. til laga um breytingu á lögum þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Þetta er 202. mál þingsins. Frv. er stutt, aðeins tvær greinar. Í þeirri fyrri er kveðið á um að 4. gr. laganna falli brott og í hinni síðari að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að brott falli 4. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Greinin kveður annars vegar á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi sem hann gegnir, í allt að fimm ár frá þeim tíma er hann hlýtur kosningu, og enn fremur um forgangsrétt að öðru jöfnu að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera þaðan í frá í önnur fimm ár. Hins vegar er ákvæði þess efnis að alþingismaður sem starfar hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku skuli njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

Fyrra ákvæðið er nýmæli, kom fyrst í lög fyrir rúmum tveimur árum. Um það segir svo í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem síðar varð að núgildandi lögum: „Eðlilegt þykir að alþingismaður geti fengið leyfi frá störfum fram á annað kjörtímabil sitt, þ.e. að hann verði að sleppa starfinu ef hann er kosinn á Alþingi í annað sinn í röð. Sanngjarnt þykir líka að þingmaður, sem þannig verður að velja milli opinbers starfs og þingmennsku, hafi tryggingu fyrir hliðstæðu starfi hjá hinu opinbera í nokkurn tíma, fimm ár, ef hann afsalar sér því starfi sem hann er skipaður eða ráðinn í. Áherslu ber að leggja á í þessu sambandi að um lágmarksrétt

alþingismanns er að ræða samkvæmt greininni og ekkert því til fyrirstöðu að hann njóti rýmri réttar ef stofnun ákveður svo, en dæmi eru um það, m.a. í Háskóla Íslands. Loks ber að nefna að í 48. gr. stjórnarskrárinnar voru ákvæði hliðstæð þessu, þ.e. að embættismenn, sem kosnir eru til Alþingis, þurfi ekki „leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna". Málsgreinin, 2. mgr. 48. gr., var hins vegar felld brott með stjórnarskipunarlögum 1991."

Lýkur þá tilvitnun í þingskjal það sem hafði að geyma frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað sem samþykkt var fyrir tveimur árum.

Um þetta ákvæði fórust framsögumanni, Geir H. Haarde, svo orð í ræðu sinni 15. júní 1995, með leyfi forseta:

„Ákvæðið um rétt alþingismanna til að fá leyfi frá opinberu starfi í allt að fimm ár til þess að gegna þingmennsku er nýtt. Það er hins vegar eðlilegt að dómi okkar flutningsmanna að afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi eigi hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. Hér er verið að tryggja opinberum starfsmönnum sem hljóta kosningu til Alþingis ákveðin lágmarksréttindi og er að okkar dómi eðlilegt að kveða á með skýrum hætti um slíkt í lögum, en á það hefur nokkuð skort að um þetta atriði væru skýr ákvæði."

Í framangreindum rökstuðningi fyrir lagaákvæðinu er ekki að finna nein rök sem réttlæta að veita alþingismönnum sem áður störfuðu hjá hinu opinbera starfsöryggi í allt að tíu ár. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim alþingismönnum sé hættara við að missa þingsæti sitt en hinum sem áður störfuðu á almennum vinnumarkaði. Verður því ekki séð að ástæða sé til þess að grípa til mismununar af þessu tagi og því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Þá er jafnræðis milli þegnanna ekki gætt í lagasetningunni og vafasamt verður að teljast að lagaákvæðið sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því er umrætt lagaákvæði hvorki eðlilegt né sanngjarnt.

Eftir stendur þá að það verður samningsatriði milli viðkomandi stofnunar og alþingismannsins hvort hann heldur stöðu sinni, þó innan ramma gildandi lagaákvæða sem varða stofnunina. Eðlilegra verður að telja að í löggjöf um þingfararkaup séu almenn ákvæði um starfsmöguleika þingmanns að lokinni þingmennsku, fremur en sérstök ákvæði í þágu fárra eins og nú er.

Síðara ákvæði lagagreinarinnar sem lagt er til að falli brott setur mörk á launagreiðslur til alþingismanns ef hann starfar hjá hinu opinbera jafnhliða þingmennskunni og er miðað við að laun hans verði að hámarki 50% af launum fyrir fullt starf. Ekki þykir eðlilegt að festa í lög ákvæði sem geta falið í sér að starfsmanni hins opinbera sé gert að vinna að einhverju leyti án þess að fá laun fyrir. Vinni starfsmaðurinn meira en hálft starf á hann að sjálfsögðu að fá laun í samræmi við starfshlutfall sitt. Lagaákvæðið gerir í raun upptæk laun fyrir vinnu umfram 50% af starfi. Slík lagasetning getur ekki talist samboðin lýðræðisríki og er því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Það er hins vegar annað mál hvort eðlilegt er að alþingismenn hafi aðra launaða vinnu samhliða þingmennskunni og kemur til greina að reisa skorður við því. En á meðan ekki hafa verið settar almennar reglur þar um verða allir alþingismenn að sitja við sama borð í þessum efnum og eiga það við sig og kjósendur sína hvort þeir hafi annað starf samhliða þingmennskunni.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið geri ég það að úrslitaatriði í þessum tillögum að jafnræðis sé gætt meðal alþingismanna. Einfaldasta leiðin til að ná því takmarki er að leggja til að brott falli það ákvæði sem gefur sumum alþingismönnum meiri rétt en öðrum. Hin leiðin er auðvitað til einnig, að halda því ákvæði svipuðu og er en bæta við nýjum ákvæðum sem styrkja rétt hinna sem ákvæðið nær ekki til í dag. Ég er alveg tilbúinn að ræða við aðra alþingismenn um möguleika á lagasetningu af því tagi. Markmið lagasetningarinnar yrði enda að jafna aðstöðu manna að þessu leyti. Á meðan það er talið eðlilegt að þeir sem voru á vinnumarkaði áður en þeir voru kjörnir alþingismenn, starfsmenn í verslunum, á skrifstofum, bændur eða sjómenn, njóti engra réttinda að þingstarfi sínu loknu, þá er ég algjörlega ósammála því að öðrum alþingismönnum sé tryggt starfsöryggi í allt að tíu ár. Ég greiddi atkvæði gegn því á sínum tíma að þetta yrði fest í lög og legg áherslu á að breytingar verði gerðar til þess að jafna stöðuna að þessu leyti. Það er hægt að krefjast þess að tryggja mönnum starfsöryggi að lokinni þingmennsku með sömu rökum og beitt er hjá opinberum starfsmönnum þar sem rökin eru þau að ekki sé eðlilegt að þeir fórni starfi sínu ef þeir sitja uppi, kannski innan skamms tíma, án starfs ef þeir ná ekki endurkjöri. Sama gildir gagnvart hinum, þeir fórna sínum störfum. Þeir verða að gera það. Á almennum markaði er ekki hægt að gera þá kröfu til fyrirtækja að þau hafi sömu skyldur í þessu og fyrirtæki ríkisins.

Herra forseti. Ég vil ekki orðlengja þetta frekar en vænti þess að málið fái athugun á þessu þingi. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

Ég hef ekki ákveðna tillögu um hvert skuli vísa málinu en mér sýnast vera þrír möguleikar í þeim efnum. Fyrst að vísa málinu til hv. efh.- og viðskn. sem hafði til umfjöllunar frv. sem síðar varð að lögum, um þingfararkaup og þingfararkostnað alþingismanna. Í öðru lagi væri mögulegt að vísa málinu til forsn. Alþingis. Að mörgu leyti virðist mér það vera eðlilegasta fyrirkomulagið. Í þriðja lagi væri, að mínu mati, mögulegt að vísa málinu til sérstakrar nefndar. Ég geri ekki tillögu um það, herra forseti, en fel í vald forseta að gera tillögu til þingsins um hvaða nefnd fái málið til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Setning reglna um hvalaskoðun, fyrri umr.*

Þáltill. KH o.fl., 264. mál. — Þskj. 332.

[16:37]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um setningu reglna um hvalaskoðun sem er þskj. 332.

Flm. eru auk mín hv. þingmenn Árni M. Mathiesen, Guðrún Helgadóttir, Ingunn St. Svavarsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Eins og flestum mun vera ljóst er ferðaþjónusta sú grein atvinnulífsins sem vaxið hefur og dafnað hvað mest hér á landi á undanförnum tveim áratugum. Vægi hennar í þjóðarbúskapnum er orðið mjög verulegt. Á síðasta ári mun tala erlendra ferðamanna hafa orðið liðlega 200 þúsund og gjaldeyristekjur af þeim numu um 22 milljörðum kr. Erfiðara er skiljanlega að kasta tölu á innlenda ferðamenn en engum dylst að Íslendingar ferðast nú orðið miklu meira

*um eigið land en á árum áður og skila miklum tekjum inn í ferðaþjónustuna.*

Augljóst er hvert helsta aðdráttaraflið er á ferðamenn, hvort heldur þeir eru innlendir eða erlendir. Fyrst og fremst er það sérstætt og fagurt landslag og íslensk náttúra í sinni fjölbreytilegu mynd. Langt fram á allra síðustu áratugi fólst íslensk ferðaþjónusta nánast í því einu að sinna brýnustu þörfum þeirra gesta sem komu til að skoða íslenska náttúru, flytja þá á milli staða, selja þeim mat og gistingu og leiðsögn eftir þörfum. Hins vegar má líkja því við sprengingu er menn áttuðu sig á þeim möguleikum sem felast í afþreyingu af ýmsu tagi. Ég ætla ekki að eyða þeim fáu mínútum sem ég hef í að telja þá möguleika upp eða lýsa nánar þróuninni á þessu sviði en sný mér að tilefni þeirrar tillögu sem hér er á dagskrá.

Æ fleiri íslenskum ferðafrömuðum hefur orðið það ljóst að hafið umhverfis landið er ekki aðeins nýtilegt til veiðiskapar heldur býr það yfir ótal möguleikum til nýtingar í þágu ferðaþjónustu. Nú er siglt með ferðamenn til að sýna þeim eyjar og fuglabjörg, boðið upp á sjóstangaveiði og skoðunarferðir á torsótta staði af landi. Nýjasti möguleikinn er hvalaskoðun. Ljóst er að hvalaskoðun felur í sér mikla möguleika ekki bara á sjó heldur einnig á landi. Víða er unnið að markaðssetningu þessarar tegundar ferðaþjónustu. Mest eru umsvifin þó á Húsavík. Þaðan fóru um 14 þúsund ferðamenn í skipulagðar hvalaskoðunarferðir á liðnu sumri og er búist við um 18 þúsund manns í slíkar ferðir sumarið 1998. Þar er nú í undirbúningi opnun Hvalamiðstöðvar, upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar þar sem frætt verður um lifnaðarhætti hvala og sögð saga hvalveiða og nýtingar hvalaafurða á liðnum árum og öldum. Ætlunin er að opna Hvalamiðstöðina á hafnarsvæðinu vorið 1998. Þar hefur reyndar einnig verið sett á stofn Strandmenningarsetrið sem býður ekki aðeins upp á hvalaskoðun heldur ferðir og fróðleik af ýmsu tagi sem tengist hafinu og ströndum landsins.

Ég tel þó óhætt að fullyrða að það eru hvalirnir sem hafa mesta aðdráttaraflið í þessum ferðum. Þátttakendur í skoðunarferðum eru aldeilis ekki sviknir. Ég hef undir höndum logg-bók sumarsins 1997 frá Norðursiglingu á Húsavík. Þar segir að farið hafi verið í 384 ferðir sumarið 1997. Af þessum 384 ferðum sáust hvalir í 382 ferðum. Árangurinn var sem sagt 99,5%. Hrefnur sáust í 363 ferðum, höfrungar í 144 ferðum, hnísur í 35 ferðum, hnúfubakar í 26 ferðum, steypireyðar í 15 ferðum, andanefjur í sjö ferðum, háhyrningar í 5 ferðum og langreyðar í 4 ferðum.

Ferðirnar voru farnar frá apríl til september, flestar í júlí eða 152. Alla þessa mánuði nema einn var 100% árangur. Aðeins í ágúst brást það í tveimur ferðum af 109 að hvalir sæjust. Þessi árangur mun vera á heimsmælikvarða. Sérfræðingar álíta að í þessum efnum séu nánast hvergi jafngóðir möguleikar á því að sýna hvali og hér við land. Því má með sanni segja að hvalaskoðun er leið til umhverfisvænnar nýtingar hvala hér við land. Sérfræðingar telja raunhæft að reikna með að fjöldi hvalaskoðenda muni tvöfaldast á næstu árum og verði komin í 40 þúsund um aldamótin.

Áætlað er að heildartekjur þjóðarbúsins af hvalaskoðun hafi numið allt að 860 millj. kr. á síðasta ári. Margir ætla að talan sé hærri en að sumu leyti er vandasamt að áætla fjöldann. Við skulum halda okkur við þessa tölu, að hún sé a.m.k. í kringum 860 millj. kr. á síðasta ári og geti orðið á annan milljarð eftir tvö til fjögur ár ef þróunin verður sú sem ætlað er. Vegna þessa er mikið í húfi að uppbygging greinarinnar verði á faglegum forsendum og fyllsta öryggis gætt.

Umferð báta í námunda við hvali er nú þegar nokkur og fer vaxandi. Sjálfsagt er að gæta varfærni í umgengni við þá, tryggja að dýrin verði ekki fyrir skaða og að mönnum og bátum stafi ekki hætta af hvölunum. Alþjóðahvalveiðiráðið hefur nýverið sett reglur um hvalaskoðun og þau lönd sem boðið hafa upp á hvalaskoðun um árabil hafa einnig sett sér reglur um þessa atvinnugrein sem hafa má til hliðsjónar við samningu reglugerðar fyrir hvalaskoðun hér við land. Okkar tillaga gerir ráð fyrir því.

Ásbjörn Björgvinsson, forstöðumaður Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík og leiðsögumaður í hvalaskoðunarferðum hér við land síðustu fimm ár, hefur mótað eftirfarandi tillögur að lágmarksreglum sem hafa beri í heiðri við hvalaskoðun. Þessar tillögur taka mið af reglum sem tíðkast í löndum sem boðið hafa upp á hvalaskoðunarferðir um árabil. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þær upp:

1. Ávallt skal farið eftir almennum reglum sjófarenda og öryggisákvæðum Siglingastofnunar ríkisins.

2. Í upphafi ferðar skal kynna öryggisútbúnað bátsins, staðsetningu björgunarbáta og björgunarvesta. Fara skal yfir öryggisreglur um borð, kynna áhöfn og hlutverk áhafnar fyrir þátttakendum í ferðinni.

3. Þegar bátur nálgast hval skal slegið af vél, hún sett í lausagang.

4. Ef hvalaskoðunarbátur er þegar til staðar við hvalinn/hvalina skal aðkomandi bátur ekki koma nær en 200–300 metra, þar til báturinn sem fyrir er hverfur frá eða gefur til kynna að óhætt sé að koma nær.

5. Þegar bátur nálgast hval skal ekki farið nær honum en 50 metra.

Hér vil ég aðeins staldra við vegna þess að ýmsir hafa reynst hafa áhuga á málinu og hafa haft samband við mig eftir að þáltill. var lögð fram og ein af þeim ábendingum sem ég hef fengið er sú að þetta sé ekki raunhæft. Ég vænti þess að þeir sem fá tillöguna til umsagnar þegar hún er komin til nefndar muni fá tækifæri til þess að koma skoðunum sínum þar á framfæri.

6. Ekki skal nálgast hval beint framan frá né beint aftan frá. Best er að nálgast hann rólega frá hlið aftan frá.

7. Valda skal eins litlum hávaða og ónæði fyrir dýrin og frekast er mögulegt.

8. Gott er að láta bátinn reka í lausagangi, þegar komið er að hvalnum, og jafnvel drepa á vélinni, vilji hvalurinn nálgast bátinn.

Hér má benda á að síðasta tillagan fer ekki saman við reglu nr. 5 þar sem fjallað er um að ekki eigi að fara nær hvalnum en 50 metra, en sannleikurinn er sá t.d. með hrefnur að þær eru mjög forvitnar um umhverfi sitt og nálgast gjarnan hvalaskoðunarbátana mjög mikið, jafnvel svo að það liggur við að fólk geti klappað þeim.

9. Ekki skal keyra vél og skrúfu á fullri ferð í námunda við hvali né breyta snögglega um stefnu.

10. Forðast skal eltingaleik við hvali. Ef hvalur fælist bátinn skal hverfa frá og leita annars staðar.

11. Ekki skal henda rusli til hvalanna eða í sjóinn. Hafa skal sorpílát á áberandi stöðum um borð í bátnum.

Þetta eru þær ábendingar sem koma fram í greinargerðinni og eru einungis tillögur að lágmarksreglum.

Það er ýmislegt fleira sem þyrfti að hafa í huga við uppbyggingu þjónustu á þessu sviði. Vorið 1995 var haldið

námskeið í hvalaskoðun hér á landi og augljós þörf fyrir fleiri slík til að tryggja fagleg vinnubrögð þeirra sem starfa í greininni sem er svo ný sem raun ber vitni.

Námskeiðið var haldið að frumkvæði Marks Carwardine, bresks blaðamanns og sérfræðings í hvalaskoðun, sem hefur ferðast mikið og skrifað fjölda greina um Ísland á undanförnum árum. Hann lýsir þeirri skoðun sinni í nýlegri blaðagrein að Ísland hafi algjöra sérstöðu á þessu sviði, það sé orðið Mekka hvalaskoðenda hvaðanæva að. Þann orðstír er brýnt að varðveita.

Í fylgiskjali með tillögunni eru ýmsar tölur úr skýrslu Ásbjarnar Björgvinssonar um hvalaskoðun á Íslandi árið 1997. Þar eru talin upp þau fyrirtæki sem hafa boðið upp á hvalaskoðunarferðir það ár og þau eru þrettán talsins. Ekki er ólíklegt að einhver fleiri fyrirtæki hafi boðið upp á hvalaskoðun í tengslum við sjóstangaveiðiferðir en þetta er það sem tiltækt er. Einnig eru tölur yfir fjölda farþega en þegar skýrslan var samin var heildarfjöldi ferðamanna sem farið höfðu í hvalaskoðunarferðir kominn yfir 20 þúsund og þar af er áætlað að Íslendingar hafi verið um 2.000–2.500 en erlendir ferðamenn 18.000–18.500 manns og þar af gagngert vegna hvalaskoðunarferða 2.000 manns.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta enda orðið áliðið á föstudegi og fáir til að hlusta, hvað þá til að taka þátt í umræðunni. Ég vona engu að síður að þetta þingmál hafi fengið þá athygli sem það á skilið og verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 12.–14. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 16:51.

# 68. FUNDUR

mánudaginn 16. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
3. Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, þáltill., 250. mál, þskj. 295. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, þáltill., 251. mál, þskj. 296. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 366. mál, þskj. 587. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Ríkisreikningur 1996, stjfrv., 97. mál, þskj. 97, nál. 749. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 441. mál, þskj. 768. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lögreglulög, stjfrv., 442. mál, þskj. 769. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Hjálmanotkun hestamanna, frv., 324. mál, þskj. 409. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Almenn hegningarlög, frv., 451. mál, þskj. 778. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 772. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Listskreytingar opinberra bygginga, stjfrv., 446. mál, þskj. 773. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Grunnskóli, frv., 199. mál, þskj. 208. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
20. Gjald af kvikmyndasýningum, frv., 414. mál, þskj. 735. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
21. Fæðingarorlof, frv., 265. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
22. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
23. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
24. Stjórnarskipunarlög, frv., 187. mál, þskj. 189. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
25. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 202. mál, þskj. 211. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
26. Setning reglna um hvalaskoðun, þáltill., 264. mál, þskj. 332. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[15:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill tilkynna að utandagskrárumræða fer fram um uppboð á skuldabréfum ÞÞÞ á Akranesi að loknum atkvæðagreiðslum. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir og dómsmrh. og fjmrh. verða til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Ofgreidd skráningargjöld.*

[15:04]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Nýlega kom í ljós að fjmrn. hafði látið innheimtumenn ríkissjóðs innheimta 5 þús. kr. skráningargjald í hvert sinn sem undanþágumaður var skráður í skipsrúm. Gjaldtaka þessi byggðist á lögum um aukatekjur ríkissjóðs frá 1991 en heimildin féll niður við setningu laga nr. 50/1994. Henni var hins vegar haldið áfram allt þar til Jón Guðbjartsson, útgerðarmaður í Bolungarvík, náði sambandi við einhvern starfsmann í tekju- og lagaskrifstofu fjmrn. eftir margítrekaðar tilraunir til að benda á ólögmæti innheimtunnar. Spurningar mínar eru því þessar til hæstv. fjmrh.:

1. Verður nú farið yfir allar þessar gjaldtökur frá því að lögin nr. 50/1994 tóku gildi?
2. Verða gjaldendum endurgreiddir þessir ofgreiddu fjármunir, ekki aðeins tvö ár aftur í tímann eins og tilkynnt hefur verið heldur allan tímann?
3. Hvernig verður landsmönnum tryggt að annað viðlíka endurtaki sig ekki? Hvernig verður landsmönnum tryggt að fjmrn. lesi eigin frumvörp og fylgist með hvenær þau verða að lögum þannig að fjmrn. gangi ekki fram í því að innheimta ólögmætar fjárkröfur frá landsmönnum?

[15:06]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Því miður hef ég ekki kynnt mér þetta mál nákvæmlega en stundum ber við að áhorfsmál er hvernig túlka beri lög. Það getur að sjálfsögðu gerst að ákvæði falli úr lögum og það hefur farið fram hjá mönnum þannig að tekið sé við greiðslum sem eiga sér ekki stoð í lögum.

Varðandi þetta tiltekna mál og önnur skyld í þeim lögum sem hv. þm. vitnaði til er þó rétt að hafa í huga að ekki eru mörg ár síðan öll þessi gjöld voru tekin án lagaheimilda. Það var ekki fyrr en í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að við settum í lög reglugerðir sem voru áður taldar vera nægilega sterkar heimildir til þess að hægt væri að fara fram á greiðslu fyrir hin og þessi viðvik sem alls konar þjónustugjöld eða skráningargjöld.

Á undanförnum árum hefur verið farið vandlega yfir þessi ákvæði, bæði reglugerðarákvæði og lagaákvæði og ég vonast

til þess að framkvæmdin í þessum málum sé betri en áður. Ég get ekki svarað því hvort þetta verður endurgreitt meira en tvö ár aftur í tímann né heldur get ég tryggt að slíkt endurtaki sig ekki í framtíðinni. Það eina sem ég get sagt er að það verður að sjálfsögðu reynt að haga bæði lögum og reglum þannig að stætt sé á því að taka inn gjöld á grundvelli þeirra.

[15:08]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en heldur þótti mér þau ófullkomin. Mér finnst skipta töluverðu máli hvort fólk er að borga það sem því ber eða hvort verið er að innheimta fjárkröfur sem er ekki lagaheimild fyrir. Það er alveg óskiljanlegt að fjmrn. og starfsmenn þess og þar með húsbóndinn á heimilinu, hæstv. fjmrh., fylgist ekki með hvenær heimildir til fjárkrafna eru afnumdar með lögum. Ég hygg að fjmrn. hafi gengist fyrir þeirri lagasetningu sjálft.

Ég ítreka spurningu mína til ráðherra því að það er ekkert smámál. Sagði hann virkilega að það væri óljóst hvort fólkið sem er búið að borga þetta án heimilda í lögum fái fjármuni sína endurgreidda og ekki sé víst að tryggt verði að annað eins og þetta geti ekki komið fyrir aftur? Heyrði ég þetta virkilega rétt, hæstv. ráðherra?

[15:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Herra forseti. Ég get ekkert sagt um hvort endurgreitt verði lengra en í tvö ár aftur í tímann. Ég þarf að skoða þetta tilvik til þess að ég geti svarað því. Það sem ég sagði um það hvort slíkt mundi endurtaka sig var eingöngu það að ég hygg að enginn, ekki einu sinni hv. fyrirspyrjandi, geti tekið á sig ábyrgð á því að það gerist ekki einhvern tíma í framtíðinni að innheimt séu gjöld sem eru ekki gjaldbær af ýmsum ástæðum.

Þessi mál eru að því leyti til sérstök, hæstv. forseti, að hér er um að ræða svokölluð þjónustugjöld sem er safnað saman í lagabálk, aukatekjur ríkissjóðs, og sá lagabálkur er undirbúinn í mismunandi ráðuneytum þó að fjmrh. fari með framkvæmd málanna. Ég veit ekki einu sinni á þessari stundu hvort þetta gjald hvarf úr lögunum fyrir mistök eða hvort það var gert vegna þess að um það var beðið af hálfu viðkomandi ráðuneytis.

Ef hv. þm. og aðrir vilja fá frekari upplýsingar er að sjálfsögðu opin leið að koma með fyrirspurn sem verður þá svarað eftir venjulegum leiðum.

*Smíði nýs varðskips.*

[15:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vík orðum til hæstv. dómsmrh. vegna þess að nú hillir loksins undir að löngu tímabær endurnýjun á varðskipaflotanum hefjist. Í tengslum við þau tímamót hefur sú umræða komið upp hvort ekki sé kjörið tækifæri til að nota smíði varðskips sem verkefni til að koma skipasmíðum á Íslandi af stað á nýjan leik og efla þann iðnað. Þetta mál var sömuleiðis rætt nokkuð þegar smíði hafrannsóknaskips var til umfjöllunar en þá töldu menn tormerki á því, m.a. af samkeppnisástæðum, að skilgreina slíka smíði sem tilraunaverkefni, sem ýmsir telja þó að væri hægt, og frá því virðist hafa verið horfið að reyna að nota smíði hafrannsóknaskips í þessu skyni. Reyndar er ýmislegt sérkennilegt í því máli í framhaldinu eins og að ekki virðist eiga að ræða við lægstbjóðendur. Ef tilgangurinn hefur verið sá einn að ná sem hagkvæmustu verði stangast það á við þá staðreynd að ekki hefur enn verið svo mikið sem rætt við þá sem buðu þó lægst smíðaverð.

Varðandi varðskip er hins vegar alveg ljóst að okkur er í sjálfsvald sett að ákveða hvernig við stöndum að smíði þess þar sem viðurkennt er að þegar komið er inn á svið landvarna eða gæslu hafa stjórnvöld ríkari heimildir en ella til að skilgreina það sem hluta af öryggismálum sínum að vera sjálfbjarga á því sviði. Nú er ég ekki að mæla sérstaklega með því að farið verði að líta á varðskipið eða smíði þess sem hluta af hergagnaiðnaði en hitt er ljóst að við gætum vísað til þess að okkur væri þarna í sjálfsvald sett að ráða tilhögun framkvæmdarinnar og engin ástæða til að við gefum þann rétt eftir frekar en aðrir. Ég minni t.d. á að Danir hafa notað þetta rækilega á undanförnum árum, m.a. til þess að styðja við bakið á skipasmíðaiðnaði sínum þegar hann átti í erfiðleikum að byggja þar gæsluskip. Ég spyr því hæstv. dómsmrh. hvort það sé til skoðunar hjá hæstv. ríkisstjórn að nýta þetta tækifæri í þessu skyni.

[15:13]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Fyrst vil ég víkja að þeim orðum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði vegna fyrirhugaðrar smíði á hafrannsóknaskipi. Ríkiskaupum var falið að gera tillögur um hvaða tilboð væri hagkvæmast fyrir ríkið í því efni og á þeim grundvelli hefur verið unnið.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um fyrirhugaða smíði á varðskipi vil ég segja að það væri mjög áhugavert ef unnt væri að smíða skipið hér heima og í því sambandi verður kannað hvort unnt er að víkja frá útboðsreglum. Ég legg áherslu á þetta, m.a. með því að ég óskaði eftir því við hæstv. iðnrh. að hann tilnefndi af sinni hálfu fulltrúa í smíðanefndina sem hann gerði. Samtök iðnaðarins hafa gert sérstaka ályktun um þetta mál, sem ég hef sent smíðanefndinni, og óskaði eftir sérstakri umfjöllun hennar um það erindi. Ég vænti þess að þegar þeirri umfjöllun er lokið, og athugun á þessum aðstæðum, geti legið fyrir hvort möguleiki er á því að smíða skipið hér heima sem ég tel vera mjög áhugavert fyrir okkur ef þess er nokkur kostur.

[15:15]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og lýsi nokkurri ánægju með þau. Ég tek það svo að ríkur vilji sé hjá hæstv. ráðherra að skoða í alvöru en ekki bara til málamynda að þetta tækifæri verði notað til að hleypa af stað skipasmíðum af stærri gráðunni á nýjan leik á Íslandi, en Íslendingar hafa sem kunnugt er ekki byggt stærri skip í talsvert á annan áratug. Hér mæla öll rök með því að skoða þetta vandlega, líka þjóðhagsleg. Benda má á að um þá samsetningu verksins gæti verið að ræða að ódýrasti hluti stálvinnunnar væri jafnvel unnin erlendis en samsetning færi fram á Íslandi, niðursetning búnaðar o.s.frv. Því fylgja líka ýmsir kostir fyrir okkur þegar kemur að því að þjónusta skipið og halda því við að um innlenda aðila sé að ræða sem öllum hnútum séu kunnugir.

Enn fremur má benda á að vonandi verður síðan fram haldið endurnýjun á skipaflotanum á komandi árum og þá gæti orðið um einhvers konar raðsmíðaþróun að ræða.

*Biðlistar áfengis- og eiturlyfjasjúklinga.*

[15:16]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu 27. jan. sl. er viðtal við Þórarin Tyrfingsson, yfirlækni á Vogi. Í viðtalinu kemur fram að að mati þeirra hjá SÁÁ er meira um fíkniefni nú í umferð á Íslandi en nokkru sinni áður og einnig eru tíðkaðar nýjar aðferðir við neyslu. Yfirlæknirinn fullyrðir að ástandið hafi versnað að mun frá 1995, mun meira af ólöglegum fíkniefnum sé í umferð, fleiri séu að nota alls konar efni og neysluaðferðirnar fjölbreyttari. Yfirlæknirinn fullyrðir einnig að lækning sé mun erfiðari en var fyrir þremur til fjórum árum.

Hann segir að þetta skapi mikinn vanda hjá sjúkrahúsinu Vogi þar sem fólk sem er illa á sig komið og í afeitrun þurfi mikla umönnun og Vogur hafi hreinlega ekki undan, sjúklingar sem þurfi að sinna séu á biðlistum en göngudeildir og vaktir stóru spítalanna leggi fram mikla vinnu í þágu þeirra. Hann fullyrðir að mikill skortur sé á skyndiþjónustu fyrir áfengissjúklinga og allt að 300 sjúklingar séu á biðlista, misjafnlega illa á sig komnir.

Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort ríkisstjórnin sé, í ljósi þess mikla vanda sem nú blasir við og mjög versnandi ástands í þessum efnum, með einhverjar aðgerðir í huga til að fjölga úrlausnun fyrir afeitrun af þessu tagi.

[15:19]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr að því hvort það sé rétt sem kemur fram í Morgunblaðinu að harðari fíkniefni séu í umferð og hvort SÁÁ þurfi á meira fjármagni að halda til að fjölga úrræðum og hvort ríkisstjórnin sé með eitthvað í gangi þar af leiðandi.

Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst verið með visst forvarnaátak í gangi. Við höfum gert samning við SÁÁ um það átak og sveitarfélögin koma þar að. Fyrsti samningurinn var gerður í síðustu viku við Höfn í Hornafirði, sveitarfélagið þar. Við teljum mikilvægast af öllu að efla fyrirbyggjandi starf og að að því komi ekki aðeins foreldrar heldur íþróttafélög, skólar, sveitarfélög og allir þeir sem hafa með uppeldi barna að gera. Þar kemur lögregla líka mjög sterkt inn í því eins og hv. fyrirspyrjandi sagði áðan þá er hér um ólölgleg fíkniefni að ræða og því verður auðvitað að efla lögregluna. Ríkisstjórnin hefur gert verulegt átak þar að lútandi með auknu fjármagni. Það verða sem sagt allir að koma að þessu dæmi.

Spurt var hvort fjölga þurfi úrræðum varðandi afeitranir. Þau eru víðar en á Vogi. Landspítalinn sér líka um það á sinni geðdeild og göngudeildarþjónusta á Landspítala hefur verið stóraukin.

[15:20]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég tel vissulega góðra gjalda vert að meira fé sé veitt til forvarna en áður hefur verið gert. En það eru vandamálin sem blasa við varðandi þá 300 sem eru á biðlista á Vogi og komast ekki í meðferð þó þeir hafi sjálfir farið fram á að fá hana. Það þekkja allir aðstandendur slíks fólks að það er þyngra en tárum taki að horfa upp á fólk engjast og kveljast í mikilli neyslu sem leiðir það oft á barm þess sem getur kostað það lífið og það er að bíða eftir sjúkrarúmi sem það sjálft hefur beðið um en fær ekki vegna þess að svo mörg enn þá brýnni tilfelli koma á undan.

Ég verð að segja að þó að ég sé mjög hlynnt forvörnum þá tel ég að þetta mál megi ekki bíða til 2002 þegar við verðum væntanlega búin að útrýma fíkniefnaneyslu. Þetta krefst brýnna úrræða strax.

[15:22]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hefur úrræðum fjölgað mjög og göngudeildarþjónusta fer sífellt vaxandi. Að því er unnið, að auka göngudeildarþjónustuna því að það er hið nútímalega meðferðarform þó að margir þurfi innlagna við. Ef litið er til liðinna ára þá hefur úrræðum fjölgað og fleiri fá meðferð nú en nokkru sinni fyrr.

[15:22]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. fullyrðir að úrræðum hafi fjölgað. Ég hef vissar efasemdir um það. Heimilinu að Tindum var lokað og nú blasir við að þeim sem leita lækninga á Vogi og eru undir 20 ára aldri hefur fjölgað um helming á örfáum árum. Ég tel að það standi í sambandi við það að úrræðum hafi einmitt verið fækkað fyrir fólk á þessum aldri.

Ég tel auðvitað mjög gott að göngudeildarþjónustu hafi verið komið á fót og þess þurfti. En það blasir samt við að fjölga verður afeitrunarplássum fyrir langt leidda vímuefnaneytendur þar sem 300 manns bíða á biðlista, margir í mjög slæmu ásigkomulagi. Vill þjóðin taka ábyrgð á slíku?

[15:24]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það að úrræðum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Hv. þm. sagði að vissu heimili hefði verið lokað og það er rétt. En það kom annað heimili í staðinn. Og úrræðin þar eru ekki síðri. Það er rétt að það komi hér fram að úrræðum hefur fjölgað verulega og miklu nútímalegri meðferð er gefin varðandi þennan vanda en var fyrir nokkrum árum síðan. Á Íslandi eru t.d. fleiri úrræði fyrir áfengissjúka og vímuefnasjúka en annars staðar í löndunum í kringum okkur, fleiri rúm fyrir þessa sjúklinga.

*Heimsmet Völu Flosadóttur.*

[15:25]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Nú um helgina gerðist það að ung, glæsileg, íslensk kona, Vala Flosadóttir, setti heimsmet í stangarstökki kvenna. Það er sannarlega glæsilegur árangur og ekki síst fyrir það að þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem þessi unga stúlka setur heimsmet. Það er afskaplega mikils virði fyrir ungt fólk og þjóðina í heild að eignast heimsmethafa og er sannarlega ekki daglegur viðburður. Ég minni á að rannsóknir, m.a. frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, sýna að ungu fólki sem tekur virkan þátt í íþróttum vegnar almennt betur í námi og betur í lífinu almennt. Ekki leikur nokkur vafi á því að afrek eins og það sem Vala Flosadóttir vann um helgina virkar hvetjandi á ungt fólk hjá okkur í dag og ekki síst á ungar konur eða ungar stúlkur. Þær sömu rannsóknir og ég vitnaði til sýna nefnilega að þátttaka kvenna í íþróttum er heldur minni en meðal karla og þeim hættir frekar til þess að hætta að stunda íþróttir. Þess vegna, herra

forseti, er afrek það sem Vala Flosadóttir vann núna um helgina alveg einstakt.

En nú er það svo að hún nýtur kannski ekki jafnræðis á við aðra afreksmenn þar sem í ljós hefur komið að afreksmannasjóður ÍSÍ er nokkuð vanburðugur til þess að taka við enn einum afreksmanninum. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh., ráðherra íþróttamála, hvort hann hyggist á einhvern hátt sýna heimsmethafa okkar Íslendinga sérstakan sóma og þá hvort í bígerð sé almenn stefnumörkun varðandi afreksfólk í íþróttum sem er þjóðinni afskaplega mikilvæg.

[15:27]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Varðandi spurninguna um stefnumörkun í afreksíþróttum og afstöðu til afreksmanna í íþróttum þá er þess að geta að í framhaldi af skýrslu um eflingu íþróttastarfs sem var lögð fram í desember sl., hefur menntmrn. gengið til samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun stefnu að því er varðar þátttöku í afreksmannasjóði ÍSÍ eða Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Ég vænti þess að niðurstaða fáist í því máli og menn komist að niðurstöðu um það og átti sig þá á því hvernig með sameiginlegu átaki íþróttahreyfingarinnar, ríkisvaldsins og almennings verði unnt að efla afreksmannasjóðinn.

Að því er varðar hin miklu afrek Völu Flosadóttur þá er rétt að þau hafa verið mikil og eftirtektarverð. Þau minna okkur á mikilvægi þess að efla hlut kvenna í íþróttum og af hálfu menntmrn. liggja einnig fyrir tillögur um það hvernig unnt sé að standa að því.

Varðandi sérstakan virðingarvott við Völu Flosadóttur vil ég láta þess getið að ég hef boðið henni hingað til landsins og hún mun koma hingað að kvöldi 3. mars og verður hér í eina viku í boði menntmrn. ásamt þjálfara sínum þannig að við munum sýna henni þann sóma sem við getum á þeim tíma.

[15:28]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil fagna því sérstaklega sem hér kom fram í máli hæstv. menntmrh. um þá stefnumörkun sem kom í kjölfar skýrslunnar sem hæstv. ráðherra vitnaði til. Þá hlýtur það einnig að vera fagnaðarefni að heimsmethafanum Völu Flosadóttur skuli boðið sérstaklega hingað til landsins. Ég ítreka enn og aftur gildi þess að heimsmethafa kvenna skuli vera sýndur þessi sómi því að eins og áður hefur komið fram þá er mikilvægt fyrir ungar konur að fá hvatningu til þess að stunda íþróttir og Vala Flosadóttir hefur sannarlega verið slíkt fordæmi.

### *Réttur þeirra sem ekki hafa atvinnu, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SvG o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. KÁ o.fl., 250. mál. — Þskj. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, frh. fyrri umr.*

Þáltill. RG o.fl., 251. mál. — Þskj. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, frh. fyrri umr.*

Þáltill. GGuðbj o.fl., 366. mál. — Þskj. 587.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Ríkisreikningur 1996, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97, nál. 749.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 441. mál (sektarinnheimta). — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Lögreglulög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 442. mál (samstarf lögreglulíða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.). — Þskj. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Umferðarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁRJ og ÖS, 173. mál. — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Hjálmanotkun hestamanna, frh. 1. umr.***

Frv. KH o.fl., 324. mál. — Þskj. 409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 451. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 762.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Listskreytingar opinberra bygginga, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Íþróttalög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Grunnskóli, frh. 1. umr.***

Frv. SvanJ o.fl., 199. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Gjald af kvikmyndasýningum, frh. 1. umr.***

Frv. KHG, 414. mál. — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Fæðingarorlof, frh. 1. umr.***

Frv. GGuðbj o.fl., 265. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS og ÖS, 70. mál. — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. StB o.fl., 76. mál (rannsókna- og þróunarverkefni). — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 187. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

***Þingfararkaup alþingismanna, frh. 1. umr.***

Frv. KHG, 202. mál (leyfi frá opinberu starfi o.fl.). — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Setning reglna um hvalaskoðun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KH o.fl., 264. mál. — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Uppboð á skuldabréfum ÞÞÞ á Akranesi.

[15:43]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. 25. nóvember sl. fór fram hjá sýslumannsembættinu á Akranesi uppboð á tveimur skuldabréfum að upphæð samtals um 87 millj. kr. Bréfin voru seld á 50.000 kr. til einstaklings sem er nátengdur eigendum bréfanna, en hann var eini bjóðandinn.

Mál þetta hefði í sjálfu sér ekki vakið neina sérstaka athygli nema vegna þess hve sérstök forsaga málsins og aðdragandi uppboðsins er. Fjárnám hafði tvisvar verið gert í þessum skuldabréfum vegna skulda annars eiganda bréfanna við ríkið. Skuldirnar, hátt í 200 millj. kr., eru til komnar vegna stórfelldra skattsvika og eina trygging ríkisins fyrir greiðslu þessara skulda voru þau tvö skuldabréf sem boðin voru upp 25. nóvember. Áður hafði húseign viðkomandi einstaklings verið boðin upp.

Fyrir rúmum tveimur árum, í desember 1995, gerir sýslumaðurinn á Akranesi fjárnám í skuldabréfunum vegna ógreiddra opinberra gjalda, þá á annað hundrað millj. kr. Í dag nemur skuldin um 154 millj. Fjárnáminu var ekki fylgt frekar eftir og 1. febrúar 1997, á fyrsta gjalddaga bréfanna, var fyrsta afborgun þeirra um 14 millj. kr. greidd upp í áðurnefndar kröfur.

Rúmlega einu og hálfu ári eftir að fjárnámið er gert, í júní 1997, fellur dómur í Hæstarétti í umræddu skattsvikamáli og var þeim einstaklingi sem í hlut á gert að greiða 50 millj. kr. sekt eða sæta 12 mánaða fangelsisvist ef sektin yrði ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppkvaðningu.

Lögmaður þess dæmda gerir þá kröfu fyrir hans hönd um að greiðslur samkvæmt skuldabréfunum verði fyrst látnar ganga til greiðslu sektarinnar, þá opinberu gjaldanna.

Sýslumaðurinn á Akranesi skrifar 3. júlí 1997 bréf til fjmrn. og fer fram á afstöðu ráðuneytisins til þessarar kröfu lögfræðingsins. Fjmrn. svarar með bréfi 15. júlí þar sem það tekur ekki beina afstöðu til erindisins en segir að sýslumaður hljóti að meðhöndla kröfuna vegna opinberu gjaldanna í samræmi við þær reglur sem gilda um innheimtu á opinberum gjöldum. Afrit af þessu svari var sent dómsmrn. sem ábyrgðaraðila varðandi innheimtu sektarinnar.

Á meðan á þessum bréfaskriftum stendur gengur á þann frest sem sá dæmdi hafði til að ganga frá greiðslu sektarinnar sem var aðeins fjórar vikur frá því að dómurinn var upp kveðinn. En það gerist ekkert fyrr en 9. september sl. haust.

Þá ákveður sýslumaður að leysa skuldabréfin undan fjárnámi vegna skattaskuldanna en gerir samdægurs nýtt fjárnám þar sem sektargreiðslan er sett á undan skattkröfunni. Svo virðist vera að engin athugasemd hafi verið gerð við þessa ákvörðun og aðgerð sýslumanns, hvorki af hálfu fjmrn. né af hálfu dómsmrn. Er fjárnáminu fylgt eftir með ákvörðun um uppboð á skuldabréfunum. Ráðuneytunum er tilkynnt um þessa ákvörðun og biður fjmrn. um viku frest frá áður ákveðnum uppboðsdegi sem orðið var við.

Sýslumaður virðist hafa gert ráð fyrir því að fjmrn. sem hagsmunagæsluaðili ríkissjóðs mætti á uppboðið og byði í bréfin. Enda kemur fram í nýlegri greinargerð sýslumannsins um málið að sú ákvörðun fjmrn., sem kom sama dag og uppboðið var haldið, að bjóða ekki í bréfin kom honum algerlega í opna skjöldu.

Ráðuneytið mat það svo að bréfin væru ill- eða óseljanleg og því ekki ástæða til að bjóða í þessa einu tryggingu sem það þó hafði fyrir greiðslu skattaskuldar, hátt á annað hundrað millj. kr. Ef til vill hefur það einhverju ráðið um þá ákvörðun fjmrn. að opinberu gjöldin voru ekki lengur forgangskrafa.

Dómsmrn. bauð ekki heldur í bréfin. Taldi það ekki í sínum verkahring. Eða eins og segir í skriflegu svari ráðuneytisins við fyrirspurn minni um það hverjar væru ástæður þess að dómsmrn. ákvað að mæta ekki til þessa uppboðs og bjóða í skuldabréfin, þá svarar ráðuneytið, með leyfi forseta:

„Í spurningu þessari felst sá grundvallarmisskilningur að ætla að ráðuneytinu beri í einhverjum tilvikum að mæta við slík uppboð. Svo er ekki. Eins og áður hefur verið vikið að annast lögreglustjórar innheimtu sekta og eru stjórnvaldsákvarðanir þeirra í tengslum við slíka innheimtu kæranlegar til ráðuneytisins. Við innheimtu sekta leita lögreglustjórar allra leiða til að fá sektina greidda eftir atvikum með fjárnámi og í kjölfarið nauðungarsölu og fáist sekt ekki greidd með þeim hætti er gripið til vararefsingar. Sektarinnheimta er ekki fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð heldur fullnusta á refsingu sem ákveðin er af dómstólum."

Enn fremur segir í svarinu:

„Nú liggur fyrir í málinu [og þetta svar berst um miðjan janúar] að ÞÞ hefur óskað eftir því við sýslumanninn á Akranesi að samið verði um greiðslu sektarinnar í samræmi við almenn hegningarlög eins og þeim var breytt með lögum nr. 57/1997."

Þessi síðasta setning í svari ráðuneytisins við spurningunni er merkileg í ljósi þeirra samninga sem síðar voru gerðir um greiðslu sektarinnar og viðbragða ráðuneytis. Þá er þetta svar einnig merkilegt í ljósi þeirra staðhæfinga sýslumannsins á Akranesi að í dómsmrn. sjálfu hafi verið gengið frá samningum um greiðslu sektar, eins og ég kem betur að á eftir. En dómsmrn. mætti ekki og bauð ekki í skuldabréfin sem tekið hafði verið fjárnám í sem tryggingu fyrir greiðslu þeirrar sektar sem um ræðir og taldi það alls ekkert vera í sínum verkahring.

Fjmrn. var reyndar á annarri skoðun í þessu máli. Í því svari sem mér barst frá fjmrn. varðandi þetta sama atriði kemur skýrt fram að hvað varðar dómsektina er um að ræða kröfu sem er á forræði Fangelsismálastofnunar sem heyri undir dómsmrn. og því gæti þeir aðilar hagsmuna ríkissjóðs hvað þá kröfu snerti.

Það er vissulega rétt að sektarinnheimta er ekki fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð heldur fullnusta á refsingu og sé sektin ekki greidd verður viðkomandi að sæta fangelsisvist. En það er ekki heldur markmið út af fyrir sig að stefna endilega að því að einstaklingur skuli dvelja í fangelsi ef önnur úrræði eru sjáanleg, eins og ég tel að hafi verið í þessu tilviki, og ráðuneytinu beri að fylgja eftir slíkum úrræðum. Ráðuneytinu var fullkunnugt um þá ákvörðun sýslumanns á Akranesi að færa sektina fram fyrir kröfuna vegna ógreiddra opinberra gjalda og gerði að því er virtist enga athugasemd við þann gjörning sem framkvæmdur var vegna þeirrar ætlunar að andvirði bréfanna gengi til greiðslu sektarinnar. Það er því ekkert skrýtið í ljósi þess sem á undan er gengið að það veki furðu, svo ekki sé nú sterkara til orða tekið, að hvorugt ráðuneytanna gerir tilraun til að eignast bréfin.

Það má vera að einhverjir telji að bréfin séu ekki mikils virði en þarna var þó eina tryggingin sem ráðuneytin höfðu fyrir greiðslu skuldanna og á þetta sérstaklega við um fjmrn. Auk þess lá fyrir að fyrsta afborgun bréfanna hafði átt sér stað, 14 millj. höfðu verið greiddar, næsti gjalddagi að nálgast og ekkert benti til annars en að staðið yrði við þá afborgun, líklega á milli 7 og 8 millj. króna. Því hefði mátt gera ráð fyrir að ef fjmrn. ætlaði ekki að eignast bréfin færi það fram á frestun uppboðs um lengri tíma en gert var.

Því fjárnámi sem gert var í bréfunum í desember 1995 var ekki fylgt eftir á þeim tíma sem lög gera ráð fyrir. Því má spyrja hvers vegna nú var brugðist við með svo skjótum hætti að fjárnáminu var fylgt eftir með sölu innan tveggja mánaða þegar fresturinn til aðgerða er eitt ár.

Það hefur reyndar komið á daginn að öll vinna og bréfaskriftir bæði lögmanns þess dæmda og sýslumanns vegna kröfu um endurupptöku fjárnáms frá 1995 var óþörf því fjárnáminu hafði ekki verið fylgt eftir innan lögboðins tíma og var því í raun ekki lengur til staðar. En enginn málsaðili virtist hafa áttað sig á því ef marka má greinargerð Ragnars Halls sem hann vann fyrir dómsmrn., en sú greinargerð var reyndar ekki unnin vegna þess að dómsmrn. hefði eitthvað við framgang þessa sérstæða máls að athuga. Þvert á móti er greinargerðin unnin til að mótmæla þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið að öllu leyti rétt staðið að málum af hálfu ráðuneytanna hvað varðar hagsmunagæslu fyrir ríkissjóð.

Eins og ég hef áður nefnt sendi ég 7. janúar sl. skriflega nokkrar spurningar um framkvæmd þessa máls til fjmrn. og dómsmrn. Spurningarnar voru í nokkrum liðum og lutu allar að því hvort eðlilega hefði verið staðið að framkvæmd og meðferð málsins með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs og fullnustu refsingar.

Svör bárust fljótlega frá báðum ráðuneytunum. Út úr þeim svörum var ekki hægt að lesa annað en það mat starfsmanna eða ráðherra þessara ráðuneyta að fullkomlega eðlilega hafi verið staðið að málum. Þingflokkur Alþb. og óháðra óskaði einnig eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Í þeim svörum kveður við allt annan tón.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir málsmeðferð beggja ráðuneyta og þó fyrst og fremst aðgerðarleysi fjmrn. og aðgerðir eða aðgerðarleysi sýslumannsins á Akranesi. Þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir eru eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi telur Ríkisendurskoðun að fjmrn. hefði átt að synja sýslumanninum á Akranesi um endurupptöku á fjárnámi vegna opinberra gjalda í skuldabréfunum.

Í öðru lagi álítur Ríkisendurskoðun að sýslumaðurinn á Akranesi hafi ekki haft heimildir að lögum til endurupptöku fjárnámsins og þar með að færa sekt fram fyrir opinber gjöld í veðröð. Einnig að þær röksemdir sem sýslumaður styður embættisfærslur sínar við eigi ekki við í málinu, sérstaklega

þegar horft er til þess að innheimta sýslumannsins er til komin vegna umfangsmikilla skattsvika.

Í þriðja lagi álítur Ríkisendurskoðun að engin rök hafi verið til að selja umrædd skuldabréf nauðungarsölu. Þar kemur bæði til að reynt hafði verið að selja bréfin á almennum markaði en enginn kaupandi fundist. Það var vísbending um að kaupverð bréfsins á uppboði yrði ekki í samræmi við þá hagsmuni ríkissjóðs sem í húfi voru. Einnig sú staðreynd að ein afborgun hafði verið greidd af bréfinu, sem var í skilum er uppboð fór fram, og benti það til þess að vilji væri hjá ÞÞÞ ehf. til að greiða ríkissjóði afborganir af bréfunum.

Í fjórða lagi verður að teljast óviðunandi að ekki var mætt á nefnt uppboð fyrir hönd ríkissjóðs þegar haft er í huga hvaða hagsmuni ríkissjóður hafði af því að eiga umrædd bréf. Í ljós hefur komið að samræmdar reglur skortir um hagsmunagæslu fyrir ríkissjóð í heild þegar fleiri en einn ríkisaðili eiga kröfu í sömu eign. Á daginn hefur komið í máli þessu að hver og einn ríkisaðili skoðar málið einangrað út frá eigin hagsmunum en ekki hagsmunum ríkissjóðs í heild. Ríkisendurskoðun telur að hér þurfi að gera breytingu á þannig að einn aðili sé ábyrgur fyrir gæslu hagsmuna ríkissjóðs í heild."

Þessar niðurstöður Ríkisendurskoðunar er vissulega þungur áfellisdómur. Enda stóð ekki á viðbrögðum. Bæði fjmrn. og dómsmrn. hafa í fréttatilkynningum, viðtölum og í sérstökum greinargerðum mótmælt þessari gagnrýni og niðurstöðum.

Fyrir réttri viku var dreift til allra þingmanna svörum Ríkisendurskoðunar við málflutningi ráðuneyta og sýslumannsins á Akranesi. Eftir stendur að sú upphaflega niðurstaða Ríkisendurskoðunar, að hagsmunir ríkissjóðs hafi verið fyrir borð bornir og ekki hafi verið staðið að málum með eðlilegum hætti á við full rök að styðjast.

Vegna þeirrar afstöðu ráðuneytanna að hér hafi verið staðið fullkomlega eðlilega að málum hlýtur sú spurning að vakna hvort þetta mál eigi sér fordæmi. Ef svo er hversu stórar fjárhæðir, háar kröfur, hafi þannig tapast og hversu mikil áhersla er yfirleitt lögð á það hjá fjmrn. að ná inn kröfum vegna skattsvika. Þetta mál snýst ekki um þann einstakling sem um ræðir í þessu einstaka máli. Málið snýst um málsmeðferðina, um það með hvaða hætti staðið er að innheimtu á kröfum vegna skattsvika og hversu vel því er fylgt eftir að ná þeim inn, hversu vel ráðuneytið sinnir hagsmunagæsluhlutverki sínu fyrir ríkissjóð. Og hvernig dómum er framfylgt og hvort jafnræðis sé gætt í slíkum málum þannig að allir sem brotið hafi af sér sitji við sama borð.

Samkvæmt niðurstöðum Ríkisendurskoðunar skortir verulega á að nægjanlega vel sé að verki staðið og það er vissulega áhyggjuefni og ástæða til að ræða það, megi það leiða til betri vinnubragða. Reyndar má segja að umfjöllun um þetta sérstaka mál hafi nú þegar á vissan hátt skilað sér. Alla vega hvað snertir framgang þess. Á meðan beðið var eftir niðurstöðum úr athugun ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar samdi sýslumaðurinn á Akranesi um greiðslur vegna eftirstöðva sektarinnar hátt í 50 millj. króna. Samkvæmt þeim samningi átti sektin að greiðast á einu ári frá því að samningur var gerður. Svo virðist vera að hann hafi ekki borið samninginn undir dómsmrn. enda ráðuneytið lýst því yfir að slík mál beri sýslumanni að leysa. Ráðuneytið fréttir því ekki af samningnum fyrr en viku eftir að hann var gerður og brást ókvæða við, telur samninginn ekki innan þess ramma sem lög leyfa og ógilti hann. Síðan hafa gengið á báða bóga látlausar ásakanir í fjölmiðlum milli embættismanna í dómsmrn. og sýslumannsins á Akranesi. Jafnvel ráðherra hefur fellt sinn dóm í fjölmiðlum. Það er auðvitað með ólíkindum að ráðuneyti dómsmála og löggæslan, í þessu tilviki sýslumaður, skuli vera að rífast opinberlega á þennan máta. Allt þetta mál er því með hreinum ólíkindum eftir því sem fleiri þættir því tengdir koma upp á yfirborðið, hvort sem um er að ræða fjmrn. eða dómsmrn. hvað varðar samskipti þess og sýslumannsins. Það er of langt mál að rekja allar þær ásakanir sem gengið hafa þar á milli. En eitt atriði verður þó ekki komist hjá að nefna.

Það hefur ítrekað komið fram hjá embættismönnum dómsmrn. að algjörlega óheimilt sé að semja um greiðslur vegna sekta til lengri tíma en eins árs frá því að dómur er upp kveðinn. Dómsmrh. lýsti því sjálfur í viðtali 30. janúar að sýslumanni hafi verið óheimilt að semja með þeim hætti sem gert var. Sektir verði að greiða innan ákveðinna tímamarka. Þessi samningur sé ekki innan þeirra.

4. febrúar sl. lýsir sýslumaður því yfir í viðtali á Bylgjunni að hann viti til þess að dómsmrn. hafi gert a.m.k. fjóra samninga um greiðslu sektar með afborgunum þar sem samningurinn hljóði upp á það að sektin skuli greiðast á fimm árum. Áður hafði sýslumaður lýst því í fréttaviðtali að hann væri ekki lögbrjótur eins og komið hefði fram í máli embættismanna dómsmrn. og benti háttsettum embættismanni ráðuneytisins á að líta sér nær þegar hann leitaði að eða lýsti menn lögbrjóta.

Þetta eru svo alvarlegar staðhæfingar að ekki verður fram hjá þeim litið, og vart dæmi þess að slíkar ásakanir hafi gengið opinberlega í milli embættismanna áður. Dómsmrn. verður að svara þessum alvarlegu ásökunum og ef þær eiga við rök að styðjast verður að greina frá því í hvaða tilvikum dómsmrn. stóð að því að gerðir voru samningar um greiðslur sekta og til hversu langs tíma þeir samningar voru gerðir. Þessar staðhæfingar sýslumannsins á Akranesi hafa ekki einungis komið fram í fjölmiðlum, heldur einnig í greinargerð sem sýslumaðurinn skrifaði um afskipti embættisins af máli ÞÞÞ. En í þessari greinargerð segir um samningagerð dómsmrn., með leyfi forseta:

„Dómsmrn. hefur á undanförnum árum gert nokkra samninga um greiðslu sekta með afborgunum. Svo sem skýrt er tekið fram í 52. gr. almennra hegningarlaga hefur ráðuneytið ekki neina lagaheimild til að gera slíka samninga."

Og síðar í sama kafla greinargerðarinnar:

„En ekki aðeins hefur ráðuneytið án heimildar í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, tekið sér vald til að gera slíka samninga heldur hefur það og í nokkrum stórum sektarmálum gert samninga við sökunaut um greiðslu dæmdrar sektar með afborgunum á allt að 5 árum. Því má halda fram að samningar um greiðslufrest til svo langs tíma breyti eðli refsidóms og brjóti einnig af þeirri ástæðu í bág við lög." — Og áfram heldur sýslumaður í greinargerð sinni: — „Slíka samninga hefur ráðuneytið ekki gert einungis við þá, sem dæmdir hafa verið til greiðslu sektar, en verið peningalausir og jafnvel gjaldþrota eins og Þ.Þ., heldur við menn, sem taldir voru auðugir á samningsstundu ..."

Hæstv. dómsmrh. Gagnrýni sýslumannsins á Akranesi á starfsemi dómsmálaráðuneytisins er hörð og ekki hægt að horfa fram hjá því að sýslumaðurinn er í þessari greinargerð að gefa í skyn að alvarleg spilling þrífist í dómskerfinu.

Fullyrðingar hans eru sýnu alvarlegri ef horft er til þess að þær stangast á við þau svör er mér bárust um málið frá

dómsmrn. Ég spurði hvort einstaklingur sem hefur verið dæmdur til að greiða sekt geti samið um að greiða hana með skuldabréfi eða öðrum sambærilegum hætti. Svarið sem barst frá ráðuneytinu er í engu samræmi við það sem fram kemur í greinargerð sýslumannsins. En í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Það hefur verið afdráttarlaus stefna ráðuneytisins til þessa að heimila mönnum ekki að greiða sekt með skuldabréfi. Byggist sú afstaða á því að krafa samkvæmt skuldabréfi er annars eðlis en krafa um greiðslu sektar í ríkissjóð, en viðtaka á skuldabréfi um greiðslu fyrir sekt fæli í sér fullnaðargreiðslu á sektinni án þess þó að ljóst væri hvort skuldarinn myndi að endingu greiða umrædda fjárhæð með afborgunum af umræddu skuldabréfi. Hins vegar eru lögreglustjórum veittar heimildir í almennum hegningarlögum, 52. gr., til að semja um að sekt sé greidd með afborgunum en ekki er þó heimilt að veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu."

Hér er ekki eitt orð um þá samninga sem sýslumaður fullyrðir að gerðir hafi verið þó spurt sé um þá. Það er alvarlegt ef fullyrðingar þær sem koma fram í greinargerð sýslumannsins reynast réttar og ráðuneytið þá vísvitandi gefið rangar upplýsingar. Svör ráðuneytisins við spurningum sem ég sendi voru meðal þeirra gagna sem Ríkisendurskoðun byggði niðurstöður sínar á.

Afar margt í greinargerð sýslumannsins á Akranesi kemur einkennilega fyrir sjónir, sérstaklega hvað varðar samskipti embættisins við dómsmrn. Í mörgu er sýslumaðurinn ósammála niðurstöðu Ríkisendurskoðunar en styður þó afdráttarlaust eina af meginathugasemdum hennar en það er sú niðurstaða að fjmrn. hafi brugðist í hlutverki sínu sem hagsmunagæsluaðili ríkissjóðs hvað varðar tilraunir til innheimtu títtnefndrar skattaskuldar.

Sýslumaður tekur skýrt fram að hann hafi ekki efast um að fjmrn. léti bjóða í skuldabréfin 25. nóv. sl. því þannig fengi það mikil verðmæti og tryggði að ríkissjóður næði einhverju af skuldinni inn.

Í skýrslunni segir hann, með leyfi forseta: „Ekki lét ráðuneytið heldur mæta við uppboðið. Þau viðbrögð ráðuneytisins komu mér gersamlega í opna skjöldu, því ég áleit fjármálaráðuneytið hafa á hendi fjárhagslega hagsmunagæslu ríkisins í hvívetna."

Sýslumaður telur að á uppboðinu hafi ríkið hlunnfarið sjálft sig og ÞÞÞ með þeirri ákvörðun að bjóða ekki í bréfin. Hlunnfarið ríkið með því að gera ekki tilraun til að halda í mikil verðmæti. Hlunnfarið ÞÞÞ með því að hann átti rétt á sannvirði fyrir skuldabréfin sem aftur hefði nýst honum til greiðslu sektarinnar og skuldar vegna vangoldinna opinberra gjalda.

Það að ríkið hafi hlunnfarið sjálft sig með því að mæta ekki á uppboðið eða stýrt málum öðruvísi en eðlilegt var, er í raun meginniðurstaða greinargerðar Ríkisendurskoðunar varðandi þetta mjög svo sérstæða mál. Þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar hefur ekki verið hnekkt þrátt fyrir þær greinargerðir og athugasemdir sem ráðuneytin hafa sent frá sér.

Virðulegi forseti. Þetta mál er um margt ótrúlegt. Sú ákvörðun ráðuneyta að mæta ekki og bjóða í skuldabréf sem voru nánast eina trygging ríkissjóðs til þess að ná inn einhverjum hluta þeirra hátt í 200 millj. kr. krafna sem ríkið átti í þessu einstaka tilviki er illskiljanleg. Hafi ákvörðunin áður verið óljós eða lítt skiljanleg þá er ákvörðunin óskiljanleg eftir lestur allra þeirra greinargerða sem birst hafa um málið.

Fjárhagslegir hagsmunir ríkissjóðs eru, eins og kröfurnar sýna, mjög miklir. Því er ekki nema von að við veltum því fyrir okkur hvort rétt og eðlilega hafi verið staðið að því að ná inn þeim kröfum sem ríkissjóður á í þessu tilviki. Hér er einnig um að ræða sérstakt mál vegna þess að krafan er vegna stórfelldra skattsvika og því horft á málið í ljósi þeirrar staðreyndar.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að hagsmuna ríkissjóðs hafi ekki verið gætt sem skyldi í þessu máli. Ekkert hefur enn komið fram sem hnekkir þeirri niðurstöðu.

Í framhaldi af viðbrögðum ráðuneytanna er eðlilegt að velta fyrir sér hvort þessi dómur Ríkisendurskoðunar eigi við í fleiri tilvikum en því sem hér um ræðir. Spurningar hljóta einnig að vakna varðandi fullnustu dóma og hvort sakamenn sitji þar allir við sama borð. Ef marka má orð sýslumannsins á Akranesi og þá umfjöllun Friðriks Þórs Guðmundssonar sem birtist um þennan þátt málsins í Degi nú í janúar, þá virðist jafnræðis ekki vera gætt. Virðulegi forseti. Það eru alvarleg tíðindi.

[16:05]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Fyrst mun ég víkja að þeim ummælum hv. 4. þm. Suðurl. þar sem vitnað er í gagnrýni sýslumannsins á Akranesi. Sýslumaður segir að dómsmrn. hafi gert eina fjóra samninga um það að taka við skuldabréfum vegna greiðslna á sektum. Það er ekki nema von að ekkert hafi verið getið um þetta í bréfi ráðuneytisins til hv. þm. þar sem enginn af starfsmönnum ráðuneytisins kannast við að slíkir samningar hafi verið gerðir.

Hér þarf að minna á að lögin sem setja því skorður hvað innheimtumenn geta samið um langan greiðslufrest tóku gildi 1997. Þangað til hafði um áratuga skeið myndast venja um að innheimtumenn gátu samið um greiðslur sekta en þó gaf ráðuneytið jafnan fyrirmæli um að það færi aldrei fram yfir fyrningartímann. Þetta er nú staðreynd málsins.

Ástæða þess að ég beitti mér fyrir því að Alþingi setti lög um að eins árs frestur yrði settur er sú að ég taldi ótækt að þessi áratugavenja viðgengist lengur. Frá mínum bæjardyrum séð gat það orkað tvímælis að jafnræðis væri gætt í þessu efni án skýrra lagaheimilda, og þess vegna voru lögin flutt og samþykkt á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið leitaði dómsmrn. lögfræðilegs álits Ragnars Halls, hæstaréttarlögmanns, sem sérfróðs og hlutlauss aðila um niðurstöðu Ríkisendurskoðunar frá 29. janúar sl. um uppboð á skuldabréfum Þórðar Þ. Þórðarsonar á Akranesi. Hann kannaði einkum lögfræðileg atriði í tengslum við fjárnám og nauðungarsölur. Ríkisendurskoðun hefur nú með greinargerð frá 5. febrúar sl. svarað athugasemdum Ragnars við niðurstöður hennar. Eftir sem áður er meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar sú að fjárhagslegra hagsmuna ríkissjóðs hafi ekki verið gætt á uppboði á bréfunum í eigu ÞÞÞ. Ég tel að í þessum síðustu svörum Ríkisendurskoðunar skorti enn á skýringar varðandi þær lagalegu niðurstöður sem birtar voru í samantekt hennar frá 29. júní sl.

Í ljósi þess að upprunalegum niðurstöðum Ríkisendurskoðunar hefur verið slegið upp í umræðum fjölmiðla sem staðreyndum um að ekki hafi verið farið að lögum, get ég ekki látið hjá líða að reifa hér helstu athugasemdir Ragnars Halls um þetta mál.

Eftir að hafa farið yfir atvik málsins og kannað öll gögn sem varða fjárnámsgerð og nauðungarsölu sýslumannsins á Akranesi vegna innheimtu sektar og opinberra gjalda hjá Þórði Þórðarsyni, kemst Ragnar Hall að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð Ríkisendurskoðunar séu ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti hjá eftirlitsaðila. Honum virðist það hafa leitt til hæpinna ályktana stofnunarinnar um ýmis atriði málsins. Vegna ófullnægjandi gagnaöflunar m.a., yfirsást Ríkisendurskoðun skýr lagaákvæði sem gilda um efnið. Einnig er vísað til lagaákvæða sem ekki eiga við. Þótt Ríkisendurskoðun hefði í höndum skrifleg svör dóms- og fjmrn. til formanns Alþb. er ljóst að þau gögn voru ekki nægjanleg til að draga þær víðtæku ályktanir sem Ríkisendurskoðun gerði. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar frá 5. febrúar sl. segir í öðru orðinu að skýrslubeiðni til hennar hafi verið afmörkuð við uppboðið sem slíkt og hvernig fjárhagslegri hagsmunagæslu var háttað í málinu. Engu að síður er ljóst að mat er lagt á hinn langa aðdraganda uppboðsins og málið í heild sinni.

Helstu athugasemdir Ragnars Halls um niðurstöðu Ríkisendurskoðunar má draga saman í nokkrum meginatriðum.

Í fyrsta lagi er athugasemd um heimild sýslumanns til að endurupptaka fjárnám fyrir opinberum gjöldum. Ríkisendurskoðun heldur því fram í fyrstu skýrslu sinni að sýslumaður á Akranesi hafi ekki haft heimildir í lögum í september 1997 til að endurupptaka fjárnám sem gert var í fasteign og skuldabréfum ÞÞÞ í desember 1995. Er þar á því byggt að sýslumanni hafi ekki verið stætt á að fallast á kröfu gerðarþola um endurupptöku skv. 67. gr. aðfararlaga. Ragnar telur að hér sé beinlínis vísað til rangrar lagagreinar sem sést augljóslega þegar bókun sýslumanns um fjárnámið er skoðuð. Þar stendur skýrum stöfum að aðilar máls séu sammála um endurupptöku en með því eru tvímælalaust uppfyllt skilyrði annars ákvæðis aðfararlaga sem hér á við, þ.e. 65. gr. Hefði Ríkisendurskoðun aflað endurrits úr gerðabók sýslumanns um endurupptöku fjárnámsins, hefði þetta legið ljóst fyrir og kippt stoðunum undan yfirlýsingu um að sýslumaður hefði ekki farið að lögum.

Jafnframt lúta athugasemdir Ragnars Halls að rétti sýslumanns til að selja bréfin á uppboði. Ríkisendurskoðun heldur því fram að engin rök hafi verið til að selja skuldabréfin á uppboði og hefði augljóslega verið hagfelldara að halda bréfunum áfram í vörslu ríkissjóðs og innheimta þau þegar þau féllu í gjalddaga.

Niðurstaða Ragnars Halls um þetta er að ríkissjóði sé beinlínis óheimilt samkvæmt lögum að halda fjárnumdum skuldabréfum í sinni vörslu án takmarkana og innheimta af þeim afborganir. Í fyrsta lagi veitir fjárnám í skuldabréfi ekki sjálfstæða heimild fjárnámshafa til greiðslna samkvæmt bréfinu, heldur verður að endurupptaka fjárnám í hverri greiðslu fyrir sig þegar hún berst.

Í öðru lagi er niðurstaðan sú að Ríkisendurskoðun hafi yfirsést skýr fyrirmæli 60. gr. laganna. Samkvæmt henni fellur fjárnám í lausafé og kröfum sjálfkrafa niður að liðnu einu ári frá því það er gert. Þar með falla allar heimildir fjárnámshafa til skuldabréfsins niður.

Af ummælum í fyrstu skýrslu Ríkisendurskoðunar er ómögulegt að ráða annað en að skilningur hennar sé að fjárnám veiti takmarkalausan rétt til að láta greiðslur af bréfunum renna til ríkissjóðs. Í því ljósi hélt Ríkisendurskoðun því fram að sýslumanni hefði verið rétt að setja bréfin á uppboð. Hefur Ríkisendurskoðun nú í svari sínu frá 5. febrúar einfaldlega lýst því yfir að auðvitað hafi verið gengið út frá því að réttra og lögboðinna aðferða hefði verið gætt og í reynd hafi verið átt við að sýslumaður hefði átt að halda bréfunum fram yfir næsta gjalddaga, 1. febrúar sl., og innheimta afborganirnar. Þetta er hins vegar ekki hægt að ráða af upphaflegri umsögn Ríkisendurskoðunar.

Í þriðja lagi þarf að fjalla um þá fullyrðingu að ekki hafi verið mætt á uppboðinu fyrir hönd ríkissjóðs. Ragnar Hall víkur sérstaklega að þeim ummælum Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið mætt á uppboði skuldabréfanna. Hann bendir á að þetta sé ekki alls kostar rétt, enda hafi sýslumaður sjálfur verið gerðarbeiðandi við nauðungarsöluna. Sýslumaðurinn hélt nauðungaruppboðið sjálfur eins og lög gera ráð fyrir. Annar starfsmaður embættisins var þar mættur sem fulltrúi gerðarbeiðanda. Ef ekki hefði verið mætt af hálfu gerðarbeiðanda, þ.e. ríkissjóðs, þá hefði ekki verið unnt að halda uppboðið samkv. lögum. Athugasemdir Ríkisendurskoðunar frá 5. febrúar sl. breyta engu um að rangt er með farið varðandi mætingu af hálfu ríkissjóðs á margnefnt uppboð.

Í fjórða lagi ætla ég að víkja að afleiðingum þess ef boðið hefði verið í bréfin vegna sektarskuldarinnar.

Ragnar Hall víkur að þeim sérkennilegu aðstæðum sem voru uppi í málinu þegar nauðungarsalan fór fram. Sektarkrafan, 50 millj. kr., var tryggð með fyrsta veðrétti í bréfunum en nafnverð þeirra var um 80 millj. kr. Í ljósi þess hversu sérstæð þessi bréf voru, þ.e. til 20 ára án nokkurrar verðtryggingar né heimildar til gjaldfellingar, var ljóst að erfitt yrði að meta raunverulegt söluverð þeirra á almennum markaði. Sennilega væri ekki hægt að meta söluverð þeirra nema með öflun tilboða í þau. Ljóst var að hvert svo sem söluverð bréfanna yrði, gengi það beint upp í sektarkröfuna. Þar með hefði sýslumaðurinn í raun látið ríkissjóð kaupa skuldabréfin fyrir hærra verð en aðrir væru tilbúnir að greiða fyrir þau, í því skyni að koma ÞÞÞ undan afplánun vararefsingar. Með því að bjóða í skuldabréfin hefði ríkissjóður því setið uppi með þau sem greiðslu sektarinnar til næstu 20 ára. Það er andstætt skýrum fyrirmælum dómsmrn. til innheimtumanna sekta að taka við skuldabréfum upp í sektir. Frestur til greiðslu sekta má fara fram úr einu ári, svo sem skýr fyrirmæli eru um í 2. mgr. 52. gr. almennra hegningarlaga.

Í athugasemdum sínum frá 5. febrúar sl. telur Ríkisendurskoðun að gera verði skýran greinarmun annars vegar á heimildum innheimtumanna skatta og sekta til að ganga til samninga við skuldara um greiðslu krafna af þessu tagi og hins vegar skyldu þeirra til að tryggja vanskilakröfur með fjárnámi og eftirfarandi uppboði. Hér leggur Ríkisendurskoðun því að jöfnu innheimtu skatta og sekta og hversu langt verður gengið til að tryggja fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs í þeim efnum.

Dómsmrn. gerir hins vegar verulegan greinarmun á þessu tvennu. Þannig er markmið sekta ekki að afla fjár í ríkissjóð, líkt og á við um skattheimtu, heldur er sektin refsing í eðli sínu sem ætlað er að hafa ákveðin varnaðaráhrif. Þetta eru viðtekin sjónarmið um markmið og eðli sektarefsinga á sviði refsiréttarins. Greiðist sekt ekki innan þess frests sem ákveðinn er með lögum tekur við vararefsing, afplánun í fangelsi í ákveðinn dagafjölda. Með því er markmiði refsingarinnar náð óháð því hvort sektin sem slíkt telst innheimt að fullu eða ekki.

Ljóst er að Ríkisendurskoðun yfirsést algerlega þetta höfuðmarkmið sektarákvarðana sem verður að engu ef ríkissjóður tekur við skuldabréfi með algerlega óvissu verðgildi

sem innheimtist á 20 árum og leysir mann undan vararefsingu að einhverju eða öllu leyti.

Hér hefur verið lýst helstu athugasemdum sem Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður hefur gert og mati hans á skýrslu Ríkisendurskoðunar. (**Gripið fram í:** Er ráðherrann sammála þessu mati?) Fyrir utan þau atriði sem lýst hefur verið lýsir hann áliti sínu á máli þessu í heild sinni og ýmsum hnökrum sem voru á meðferð málsins, einkum framkvæmd fjárnámsins og nauðungarsölunnar sem bæði sýslumanni á Akranesi og Ríkisendurskoðun hafa yfirsést. Eins og komið hefur í ljós var upprunalega fjárnámið á skuldabréfunum vegna skattaskuldarinnar gert í desember 1995 og þar með sjálfkrafa fallið úr gildi þegar sýslumaður leitaði álits fjmrn. í júlí 1997 um hvort færa mætti fjárnám fyrir sektinni fram fyrir það. Þetta virðist öllum aðilum málsins hafa yfirsést og var endurupptaka þess því óþörf. Þrátt fyrir að fjárnámið væri fallið úr gildi ráðstafaði sýslumaður greiðslu af því upp í skattaskuldir ÞÞÞ án þess að hann hefði neina formlega heimild til þess. Loks lýsir Ragnar H. Hall því að röksemdafærsla sýslumanns fyrir því að láta sektina ganga framar skattaskuldum sé í meira lagi sérkennileg. Sektarkrafan hafi ekki verið til þegar innheimtuaðgerðir hófust vegna skattaskuldarinnar. Engu að síður er það beinlínis tilgangur sýslumanns, með aðgerðum sínum eftir að sektin kemur til einu og hálfu ári eftir að fjárnám var gert fyrir skattaskuldinni, að upphefja sem allra stærstan hluta hennar til að koma í veg fyrir að ÞÞÞ þurfi að afplána eins árs vararefsingu. Hann lítur svo á að jafnræðis- og meðalhófsreglur stjórnsýslulaga og ólögfestar meginreglur laga um sanngirni og réttlæti geti ekki riðlað réttmæð krafna við þessar aðstæður.

Að lokum bendir Ragnar H. Hall á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar sé ekki vikið að því að fleiri fullnustumöguleikar hafi verið fyrir hendi fyrir sýslumann til að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Þegar gert var árangurslaust fjárnám að hluta vegna skattaskulda ÞÞÞ í desember 1995 hafi aðeins verið liðnir 10 mánuðir frá því að ÞÞÞ ráðstafaði eignum sínum, þar með talið fyrirtæki sínu, til einkahlutafélags sem nákomnir ættingjar hans stóðu að. Fyrir sölu þessara eigna komu m.a. margumrædd skuldabréf. Ragnar telur í lok samantektar sinnar að misráðið hafi verið að krefjast ekki gjaldþrotaskipta í kjölfar framangreinds fjárnáms. Með því hefðu skapast möguleikar samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga til að rifta sölunni á eignum ÞÞÞ til ættingja sinna og tryggja að þær eignir stæðu til fullnustu skattkröfu ríkissjóðs. Slíkir riftunarmöguleikar eru nú úr sögunni vegna þess að tilskildir tímafrestir eru útrunnir. En þess má geta að Ríkisendurskoðun er enn sömu skoðunar og Ragnar H. Hall að þessu leyti en hún ítrekar eigi að síður að skýrslu hennar hafi aðeins verið ætlað að fjalla um uppboðið sem slíkt og hagsmunagæslu fyrir hönd ríkissjóðs á því.

Þá erum við, herra forseti, komin að kjarna málsins sem lýtur að því hvernig staðið var að uppboðinu og afstöðu ráðuneytanna til þess. Það liggur fyrir í lögum sem Alþingi hefur samþykkt og gengu í gildi um mitt ár 1997 að óheimilt er að taka við skuldabréfum fyrir sektargreiðslu og það er óheimilt fyrir innheimtumenn að veita lengri tíma en eins árs frest til að gera upp sektargreiðsluna. Ríkisendurskoðun segir hins vegar að dómsmrn. hefði átt að mæta á uppboðinu og taka skuldabréf til 20 ára sem eru ekki einu sinni veðskuldabréf og ekki einu sinni með gjaldfellingarákvæðum. Það hefði verið skýrt brot á gildandi lögum. Dómsmrn. yrði sett í þá aðstöðu, segir Ríkisendurskoðun, að til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs átti dómsmrn. að brjóta lög. Það er óþolandi fyrir dómsmrn. að sitja undir slíkri niðurstöðu. Það fordæmi sem afstaða Ríkisendurskoðunar gefur er að embættismenn ríkisins geti staðið frammi fyrir þeirri spurningu að þeir þurfi og eigi að brjóta lög til að gæta hagsmuna ríkissjóðs að mati Ríkisendurskoðunar. Það er óþolandi að setja embættismenn ríkisins í þá aðstöðu. Það er líka auðvitað óþolandi, bæði fyrir ráðuneytin og Alþingi, að segja að niðurstaða Ríkisendurskoðunar sé svo fjarri öllu lagi að hún sé að engu hafandi og þá er spurningin: Hvernig á að bregðast við?

Við fjmrh. höfum rætt það okkar í milli og tillaga okkar er sú og ég beini henni hér með til hæstv. forseta að forsn. þingsins fái óvilhalla aðila eins og hugsanlega Lagastofnun háskólans eða einhverja aðra slíka aðila til þess að leggja dóm á það atriði hvort ráðuneytin fóru rétt að gagnvart því uppboði sem er til umræðu. Þetta er óhjákvæmilegt að gera því ekki er unnt að setja ráðuneyti í þá aðstöðu að Ríkisendurskoðun segi að eina leiðin til að gæta hagsmuna ríkissjóðs sé að brjóta lög. Ekki er hægt að senda þau skilaboð til embættismanna sem eru að vinna í þágu ríkisins. Það er heldur ekki hægt að setja okkur í þá stöðu að segja að álit Ríkisendurskoðunar séu svo illa unnin að þau séu að engu hafandi. Þess vegna verðum við að fá óháð mat á þessari aðstöðu og það er tillaga okkar, herra forseti, að svo verði gert.

[16:23]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur heyrt tillögu hæstv. ráðherra um að forsn. feli óháðum lögfræðingum að segja álit sitt á þeim ágreiningi sem er uppi milli ráðherra og Ríkisendurskoðunar um tiltekin atriði í álitsgerð stofnunarinnar og hvort niðurstöður hennar byggist á réttum lagareglum eða lagalegum forsendum. Forseti vill bregðast strax við tillögunni með því að segja að hann mun taka málið fyrir í forsn. við fyrstu hentugleika.

[16:23]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta nokkuð greið afgreiðsla hæstv. forseta á tillögum sem einn þingmaður flytur þó hann sé 1. þm. Suðurl. og dómsmrh. Ég sé ekki betur en að ráðherrar eigi að sitja í þessum efnum við sama borð og aðrir þingmenn. Ég tel reyndar að málið sé svo alvarlegt eftir þann áburð sem hefur komið fram frá hæstv. dómsmrh. á Ríkisendurskoðun að taka verði það sérstökum tökum og það sé algerlega út í hött að ímynda sér að einhverjir lögfræðingar úti í bæ, þótt þeir séu hjá Lagastofnun háskólans, geti greitt úr þessum ágreiningsefnum. Ég sé ekki betur en málið liggi þannig, miðað við þann heiftarlega áburð sem kemur fram frá ráðherrunum á Ríkisendurskoðun, að það verði að setja í þetta sérstaka rannsóknarnefnd því að það er alveg útilokað fyrir Alþingi að sitja undir því að deilum við stofnun eins og Ríkisendurskoðun sé skotið til Lagastofnunar háskólans. Það getur ekki dugað Alþingi Íslendinga. Ef ekki verður kosin sérstök rannsóknarnefnd í málið, sem ég teldi koma til greina, þá fyndist mér að það kæmi til greina að fara fram á það við nefnd eins og t.d. efh.- og viðskn. að hún fari í málið og rannsaki aðstæður þess. En ég tel fráleitt að afgreiða ósk einstaks þingmanns og ég legg hér með fram, herra forseti, ósk mína um að fram fari könnun á því í forsn. hvort ekki á að taka ákvörðun um sérstaka rannsókn og sérstaka rannsóknarnefnd í þessu máli. Ég tel að sú ósk hljóti að vera alveg

nákvæmlega jafnrétthá og ósk hv. 1. þm. Suðurl., hæstv. dómsmrh.

[16:25]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það er einhver misskilningur í þessu hjá hv. þm. Forseti var ekkert að afgreiða málið öðruvísi en að segja að tillaga ráðherranna yrði tekin til umfjöllunar í forsn. Forseti hefur ekki afgreitt málið að öðru leyti en því. Sjálfsagt er að taka tilmæli hv. þm. einnig til athugunar í forsn.

[16:25]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur eftirlit með skattframkvæmd verið hert og efnt til yfirgripsmeiri rannsókna á skattsvikum en áður tíðkaðist. Refsiviðurlög hafa verið hert. Allt þetta hefur leitt til betri skila og innheimtu. Skattkröfur sem eru til innheimtu eru ekki eingöngu upphafleg álagning heldur eru þær að verulegu leyti álögur og viðurlög samkvæmt skattalögum. Þetta þarf að hafa í huga þegar rætt er um innheimtu skattkrafna ríkissjóðs. Í því tilviki sem um er að ræða er stór hluti skattkröfunnar kominn til af þessum ástæðum.

Í öðru lagi bendi ég á að um innheimtu á opinberum gjöldum gilda lög og reglur og til viðbótar ítarlegar leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út. Fjmrn. fylgist með aðgerðum og árangri innheimtumanna en skiptir sér yfirleitt ekki af einstökum málum. Hins vegar hafa innheimtumenn víðtækt umboð til aðgerða innan marka laga og reglna og eins og ég sagði áður hefur innheimtan batnað.

Það mál sem um ræðir er í sjálfu sér ekkert öðruvísi en önnur mál af sama toga og fjmrn. telur að það hafi fyrir sitt leyti tekið eðlilegar og lagalega réttar ákvarðanir í málinu. Skýrsla og viðbótargreinargerð Ríkisendurskoðunar breyta engu þar um.

Hér á eftir mun ég fyrst og fremst fjalla um þær ávirðingar Ríkisendurskoðunar sem snúa að fjmrn. Ríkisendurskoðun hefur reyndar dregið heilmikið í land með greinargerð sinni sem kom á eftir skýrslunni en ekki nóg til að viðunandi sé. Ég hef skrifað bréf til hæstv. forseta þar sem fram kom tillaga, sem hér var nokkuð til umræðu áðan, og ég fagna því að það eru undirtektir í þingsal um að málið þurfi að rannsaka og athuga betur.

Í ræðu minni verður ekki fjallað um það hvort innheimtumaður hafi í sumum tilvikum átt að taka aðrar ákvarðanir en hann tók eða hvort óeðlilegur dráttur var á málinu. Fyrst og fremst ræði ég það sem snýr að fjmrn. en þó ber að hafa í huga að sýslumaðurinn á Akranesi kemur að málinu í mörgum gervum og honum ber að sjálfsögðu að samræma hlutverk ríkisins þegar kröfur eru á forræði fleiri en eins ráðuneytis. Þetta þarf að hafa í huga þegar málið er skoðað í heild sinni.

Tíminn til að ræða málið er ekki langur en fyrir liggja skrifaðar greinargerðir og ég hvet hv. alþingismenn, og einnig þá hina sem fylgjast með umræðunni, að líta til þessara greinargerða því að ég held að þær skýri margt af því sem ekki er tími til að fjalla um að sinni.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að kynna bréf sem sent var frá fjmrn. 15. júlí á sl. sumri. Þetta bréf var svar við bréfi sýslumannsins á Akranesi þegar hann fer þess á leit, vegna bréfs sem lá fyrir frá Helga V. Jónssyni fyrir hönd Þórðar Þ. Þórðarsonar, að greiðslur samkvæmt skuldabréfum sem sýslumannsembættið á Akranesi hefur gert fjárnám í til innheimtu á opinberum gjöldum verði látnar ganga til greiðslu á sekt og sektin gangi þannig fram fyrir skattana. Þessu bréfi er svarað 15. júlí og þar er sagt mjög ákveðið, með leyfi forseta, þetta:

„Í þessu sambandi vill ráðuneytið benda á að innheimta á sektum heyrir undir dómsmálaráðuneytið en ekki fjármálaráðuneytið.“

Síðar segir: „Með vísan til framanritaðs er ljóst að fjármálaráðuneytið getur ekki haft afskipti af því með hvaða hætti staðið er að innheimtu á umræddri sekt.“

Og síðar er sagt: „Að því er varðar innheimtu á skattaskuldum Þórðar Þórðarsonar telur ráðuneytið ekki ástæðu til að hafa sérstök afskipti af því máli. Sýslumaður hlýtur að meðhöndla það mál í samræmi við þær reglur sem gilda um innheimtu á opinberum gjöldum. Jafnframt vill ráðuneytið benda á að sýslumaður verður sjálfur að taka afstöðu til þess hvort skuldari hafi rétt til þess að ráðstafa greiðslum af umræddu skuldabréfi til greiðslu sekta samkvæmt dómi Hæstaréttar.“

Hér er hvergi minnst á, hvorki í bréfi sýslumanns né í bréfi ráðuneytisins, endurupptöku fjárnáms. Þetta bréf hefur ekkert með slíkt að gera, ekkert. Og það skýrir kannski ýmislegt þegar menn hafa það í huga að ávirðingar Ríkisendurskoðunar snúast um endurupptöku fjárnáms. Þessi bréfaskipti fjölluðu ekkert um það.

Virðulegi forseti. Ég ætla að snúa mér að þeim atriðum sem ávirðingar Ríkisendurskoðunar snúast um. Ég vil þó að það komi fram að mest af því sem hún kom fram með í upphafi hefur verið dregið til baka. En það hefur verið gert á þann hátt að óþolandi er. Menn verða að geta viðurkennt þegar þeir hafa haft rangt fyrir sér eða eru ekki betur að sér í lögum eins og virðist vera þegar um er að ræða skýrslur sem frá Ríkisendurskoðun hafa komið.

Í fyrsta lagi er minnst á fjárnámið og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta, á bls. 5:

„Því telur Ríkisendurskoðun að fjármálaráðuneytinu hafi borið skylda til þess, sem fjárnámshafi í nefndum skuldabréfum, að hafna endurupptöku fjárnámsins.“

Þessu svarar fjmrn. ítarlega í bréfi sem hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi og ég þarf ekki að lesa. Hvert er þá svar Ríkisendurskoðunar? Svarið er á þá leið að nú er sagt, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar leiða gildandi reglur og leiðbeiningar um innheimtu skatta til þess að sýslumaður hefði átt að synja þessari beiðni að sjálfsdáðum því að Þórður Þ. Þórðarson verður ekki talinn eiga lögvarinn rétt til þess að greiðslum samkvæmt skuldabréfinu eða andvirði þess verði fyrst varið til greiðslu á sekt hans í ljósi þess að innheimta ríkissjóðs átti fyrsta veðrétt í þeim í skjóli fjárnámsins.“

Með öðrum orðum, það er horfið frá því hjá Ríkisendurskoðun að segja að þetta hafi verið fjmrn. yfir í það að nú er það sýslumaður sem ber ábyrgðina og í skjóli fjárnáms sem ekki var til. Það liggur fyrir þegar Ríkisendurskoðun kemur fram með seinna álit sitt að fjárnámið var ekki fyrir hendi. Þrátt fyrir allt þetta er ekki skýrlega dregin til baka ávirðing Ríkisendurskoðunar. Þetta þarf að hafa í huga.

Varðandi aðra ávirðinguna, þá snýr hún að sölu bréfanna og hvort þau hafi verið eign ríkissjóðs eða ekki. Á bls. 8 í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru vangaveltur um þetta atriði og á bls. 9 segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar bar þeim aðilum ríkisins sem hagsmuni áttu í umræddum skuldabréfum að hafa sam-

ráð sín á milli og láta mæta á uppboðið fyrir hönd ríkissjóðs til að tryggja annað tveggja að ríkissjóður yrði áfram eigandi bréfanna eða að viðunandi verð fengist fyrir bréfin."

Ég vek athygli á því sem ég sagði, virðulegi forseti: „Að ríkissjóður verði áfram eigandi bréfanna." Þetta er beint upp úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þessu er svarað og ítarlega farið yfir þetta og sýnt fram á villu Ríkisendurskoðunar. En hvað er sagt í nýrri langri skýrslu hennar? Ég les á bls. 7 í greinargerð Ríkisendurskoðunar. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hér skal það tekið fram, eins og sjá má við lestur skýrslu Ríkisendurskoðunar, að auðvitað er það misskilningur af hálfu ráðuneytisins að halda því fram að Ríkisendurskoðun telji að fjárnám feli í sér eigendaskipti á hinni fjárnumdu eign. Notkun hugtaksins „eign" yfir verðmæti í IV. kafla skýrslunnar kann hins vegar að hafa villt um fyrir ráðuneytinu í þessu sambandi."

Það virðist vera þannig, virðulegi forseti, að Ríkisendurskoðun lesi ekki sín eigin gögn á milli þess að þau eru gefin út. Það er mjög alvarlegt þegar hægt er að sýna fram á að því er haldið fram í síðari skýrslunni, greinargerðinni, að Ríkisendurskoðun hafi aldrei haldið því fram að um eign væri að ræða þegar hægt er að lesa það upp úr fyrri skýrslunni að þar stendur: „yrði áfram eigandi bréfanna". Með öðrum orðum, Ríkisendurskoðun les ekki sína eigin pappíra.

Í þriðja lagi og það hefur hæstv. dómsmrh. fjallað ítarlega um, er því haldið fram í fyrri skýrslunni — það er þriðja ávirðingin — að fjmrn. hafi látið undir höfuð leggjast að sækja uppboðið, að mæta á uppboðinu. Þessu var auðvitað ítarlega svarað af hálfu fjmrn. og á það bent sem Ríkisendurskoðun á að vita að það getur ekkert uppboð eða engin nauðungarsala farið fram nema gerðarbeiðandi sé mættur og það liggur í hlutarins eðli að sýslumaðurinn á Akranesi er mættur þar til þess að fara með þetta mál. Hann er mættur fyrir hönd fjmrn., eða fulltrúa hans ef verkast vill. Hann er líka mættur þar fyrir hönd dómsmrn. Sýslumaðurinn á Akranesi á að sjálfsögðu að samræma þær kröfur sem koma frá opinberum aðilum. Það liggur því í hlutarins eðli að nákvæmlega eins og gerist í öllum slíkum tilvikum, er fulltrúi fjmrn. á staðnum af því að sýslumaðurinn er fulltrúi fjmrn. Og það er ótrúlegt að Ríkisendurskoðun skuli ekki hafa áttað sig á þessari staðreynd. Það er gjörsamlega ótrúlegt.

Virðulegi forseti. Á bls. 8 í greinargerðinni þegar fjallað er um mætinguna, segir Ríkisendurskoðun þetta, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi bendir fjármálaráðuneytið á að sú staðhæfing að ekki hafi verið mætt á uppboði fyrir hönd ríkissjóðs sé ekki rétt þar sem sýslumaður, sem jafnframt er innheimtumaður ríkissjóðs, mætir fyrir hönd gerðarbeiðanda."

Svo segir með látlausum orðum, virðulegi forseti:

„Þetta er út af fyrir sig rétt ábending, en það breytir ekki þeirri staðreynd, sem er kjarni þessa máls að sá sem mætir á uppboð skuldabréfanna hefur ekki umboð til að gæta fjárhagslegra hagsmuna ríkissjóðs. Ráðuneytið er, áður en uppboð hefst, búið að gefa sýslumanni fyrirmæli um að sá sem mætir fyrir ríkissjóð, (gjarnan einn af starfsmönnum á sýsluskrifstofunni) skuli ekkert aðhafast á uppboðinu, því fyrir fram hafði verið ákveðið að ekki skyldi boðið."

Og í framhaldi af því eru tekin upp sjónarmið sýslumannsins á Akranesi um að hann hafi ekki haft heimild til að bjóða í bréfin.

Um hvað snýst þetta mál? Þegar ég las hér áðan bréf sem sent var sýslumanninum á Akranesi var skýrt mjög skilmerkilega að innheimta dómsekta tilheyrir ekki fjmrn. Eftir það hafði sýslumaðurinn sjálfur ákveðið að viðkomandi aðili ætti lögvarinn rétt til þess að greiðslur gengju til sektarinnar áður en þær gengju til skattsins. Eftir að það hafi gerst er boðað til sölu á þessum bréfum, uppboðs, og fjmrn. óskar þá eftir því að fá nokkurn frest til þess að skoða málið. Fjmrn. tekur bréfin, lætur kanna hver verðgildi þeirra er, en þau eru á nafnvirði milli 80 og 90 millj. kr. og niðurstaðan er sú eftir lauslega athugun að þau gætu verið 36 millj. kr. virði. Með öðrum orðum, ef bréfin væru keypt á sannvirði, eins nærri og hægt væri að komast að sannvirði í þessu máli — það er auðvitað kannski aldrei hægt vegna þess að markaðurinn ræður verðgildi bréfanna — þá renna allir fjármunirnir upp í sektargreiðsluna og ekkert kemur upp í skatta. Þetta lá fyrir í málinu. Og hver voru viðbrögð fjmrn.? Þau voru ekki önnur en þau að segja við sýslumanninn á Akranesi: „Þú býður ekki í bréfin til fullnustu skattkröfunni." Ekkert annað. Með öðrum orðum, umboðsmaður ríkisins, sýslumaðurinn á Akranesi, gat auðvitað sjálfur brugðist við eins og hann hafði umboð til. Hann gat t.d. hugsanlega frestað uppboðinu því að fyrirmæli fjmrn. voru eingöngu þau að tilgangslaust væri að kaupa bréfin og eignast bréfin upp í skattkröfuna þegar ljóst var að þau dygðu ekki einu sinni upp í sektina. Þetta var allt og sumt og þetta verður að hafa í huga þegar verið er að tala um það hvort fjmrn. hafi bannað sýslumanninum á Akranesi að grípa til viðeigandi aðgerða. Svo er aldeilis ekki.

Virðulegi forseti. Um þetta mál hefur talsvert verið fjallað. Við höfum lagt fram okkar gögn í málinu og því miður er það svo að þrátt fyrir að það sé borðleggjandi, að mínu áliti, að fjmrn. hefur í þessu máli ekkert gert annað en það sem er eðlilegt og löglegt, þá virðist eins og Ríkisendurskoðun geti ekki með berum orðum dregið til baka fyrri ávirðingar sínar. Því miður er sú staða uppi. Þess vegna hef ég látið dreifa á borð hv. þm. athugasemdum við viðbótargreinargerð Ríkisendurskoðunar um uppboð á skuldabréfum ÞÞÞ. Þar er farið í gegnum þessi þrjú atriði sem ég hef nefnt hér sérstaklega, fyrst endurupptöku fjárnámsins sem aldrei var talað um eða minnst á af hálfu fjmrn. Þar er sagt að þrátt fyrir það sem komið hefur fram dragi Ríkisendurskoðun ekki til baka fullyrðingu um að fjmrn. hafi borið skylda til þess að hafna endurupptöku fjárnámsins. Þetta er sagt þó að það liggi fyrir að ekkert fjárnám var í gildi á þeim tíma sem um ræðir og engin endurupptaka því möguleg. Og þetta er sagt þó að það erindi sem barst ráðuneytinu og svar þess snerti ráðstöfun á greiðslu af skuldabréfinu en ekki fjárnám eða veðtryggingu og þrátt fyrir ráðstöfun á greiðslum af skuldabréfunum skipti ekki máli hvort fjárnám er fyrir hendi í skuldabréfunum eða ekki. Svo er vandlega farið yfir þetta og sýnt fram á hvernig Ríkisendurskoðun breytir um afstöðu og segir: Nú er það ekki lengur fjmrn. Nú er það sýslumaðurinn. En hún dregur í raun og veru ekkert til baka af sínum fyrri ummælum.

Í öðru lagi er minnst á nauðungarsölu skuldabréfanna. Auðvitað er stærsti feill Ríkisendurskoðunar þar eða einn af þeim stóru, að halda að ríkið hafi átt þessi bréf, eins og ég hef fyrr farið yfir, virðulegi forseti. En þótt dregið hafi úr fullyrðingum Ríkisendurskoðunar þá situr eftir að Ríkisendurskoðun lætur þessa fullyrðingu standa þrátt fyrir að ríkissjóður hafi ekki verið eigandi bréfanna, að lög kveði á um að fjárnámsandlag skuli selt innan tiltekinna

tímamarka, að fjárnám í skuldabréfunum veitir ekki rétt til þess að ráðstafa afborgunum af þeim og að eignarhald á skuldabréfunum með þessum hætti er ígildi skuldbreytingar sem ekki er heimil samkvæmt lögum.

Ég hef líka, virðulegi forseti, fjallað um mætingu á uppboðinu og sýnt fram á að auðvitað var fulltrúi fjmrn. á staðnum eins og við allar slíkar athafnir. Ég vil að það komi hér fram sem er reyndar bent á í skjalinu sem liggur fyrir á borðum hv. þm., að það er út í bláinn að halda því fram að fjmrn. hafi gefið sýslumanninum fyrirmæli um að ekkert skuli aðhafst. Þetta er della og þetta veit Ríkisendurskoðun mætavel því að einu fyrirmælin sem voru gefin voru þau að ekki væri ástæða til þess að bjóða í skuldabréfin, engin ástæða væri fyrir ríkissjóð að eignast þessi skuldabréf til lúkningar skattkröfunni einfaldlega vegna þess að skuldabréfin, ef þau hefðu farið á því verði (sem rannsakað hafði verið hvort að væri rétt) hefðu ekki dugað til sektargreiðslunnar.

Það sem skiptir máli í þessu öllu saman er að átta sig á því að þegar fram kom ósk um sumarið um að taka sektargreiðsluna fram yfir, þá hlýtur sú ósk að hafa byggst á því að viðkomandi aðilar, þ.e. Þórður Þ. Þórðarson á Akranesi og lögmaður hans, hafi ætlað sér að greiða sektina til þess að leysa Þórð Þórðarson undan vararefsingunni. Þetta liggur í augum uppi.

Virðulegi forseti. Svo virðist vera sem tilgangurinn helgi meðalið hjá Ríkisendurskoðun. Í stuttu máli má segja að niðurstöður Ríkisendurskoðunar séu þessar þegar farið er yfir lagaatriðin og bent á villurnar: „Vel má vera að ekki sé farið rétt með lög og reglur en aðalatriðið er að ríkið tapaði peningum." Á því byggist málflutningur Ríkisendurskoðunar. Við skulum skoða þetta eitt út af fyrir sig. Það lítur þannig út þegar það er skoðað að bréf sem talið er vera 30–40 millj. kr. virði er selt á 50 þús. kr. Ég ætla ekki að draga dul á að ég tel að sýslumaður hefði að sjálfsögðu átt að skoða hvort ástæða var til að láta þessa sölu fara fram á þessum stað á þessum tíma. Hann gat frestað sölunni. Það liggur alveg í augum uppi. En menn verða þá að hafa annað í huga í þessu máli og það er að ekki er ljóst hvort ríkið tapar þessum peningum fyrr en fyrir liggur hvort dómsektin verður greidd eða ekki.

Verði sektin greidd hefur ríkið ekki tapað neinu í því máli sem hefur verið rætt um í dag. Ég spyr hv. fyrirspyrjanda: Ef greiðslur koma til lúkningar sektinni, aðalrefsingunni, sem eru 50 millj. kr. og það þarf ekki þá að grípa til vararefsingarinnar, er hv. þm. sammála mér um að þá hafi ríkið ekki tapað neinum fjármunum? Einfaldlega vegna þess að verðgildi bréfanna er talið vera 35–40 millj. kr. og mótmælir Ríkisendurskoðun ekki þeirri fjárhæð heldur tekur undir það. Með öðrum orðum verði niðurstaðan sú að sektin sé greidd hefur ríkissjóður ekki tapað neinu. Það er ekki séð á þessari stundu hvort af því verður því ef greiðslan kemur áður en til vararefsingarinnar er gripið hefur ríkissjóður engu tapað á þessu máli. Um það get ég ekkert sagt hvort það verður á þessari stundu, það verður einungis að koma í ljós.

Eins og fram hefur komið hef ég skrifað hæstv. forseta bréf. Í bréfinu segir m.a.:

„Á undanförnum árum hefur undirritaður oftsinnis gert að umtalsefni nauðsyn þess að Alþingi geti sjálft tekið afstöðu til skýrslna Ríkisendurskoðunar. Bent hefur verið á að sérstök nefnd þingsins þurfi að fjalla um skýrslur stofnunarinnar, ræða við málsaðila og gefa þinginu formlegt álit um aðgerðir eða ábendingar ef ástæða þykir til.

Að mínu áliti er óviðunandi að fyrirliggjandi skýrsla og greinargerð Ríkisendurskoðunar séu ekki teknar til frekari skoðunar í ljósi þeirra alvarlegu athugasemda sem gerðar hafa verið við þær. Af því tilefni er hér með farið fram á að forsn. Alþingis leiti til óháðra lögfræðinga til að athuga vinnubrögð og efnistök Ríkisendurskoðunar. Einkum þarf athugunin að beinast að því hvort umfjöllun og niðurstöður Ríkisendurskoðunar byggist á réttum lagalegum forsendum."

Síðar í bréfinu er bent á að mikilvægt sé að treysta niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Stofnunin þurfi að vera tilbúin til að leiðrétta augljósar villur þegar það á við og það sé út af fyrir sig í lagi ef sérstakri þingnefnd verði í framtíðinni falið að fara yfir skýrslur stofnunarinnar. Þá er hægt að koma að athugasemdum og leiðréttingum við umfjöllun nefndarinnar en af því að slíku er ekki til að dreifa, eins og þekkist þó víða annars staðar og við höfum margoft fjallað um í þingsalnum, er farið fram á að forsn. þingsins láti óháða aðila athuga málið sérstaklega. Ég tek það fram og veit að margir eru sammála um það í þessum sal, þar á meðal hv. þm. Svavar Gestsson sem hefur oftsinnis tekið þátt í slíkri umræðu hér, að kominn er tími til að þingið kjósi sérstaka nefnd sem fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar þannig að það komi ekki fyrir æ ofan í æ að Ríkisendurskoðun grafi undan því starfi sem unnið er í ráðuneytinu. Vissulega er það stundum þannig, og kannski oft, að innihald skýrslnanna á fullan rétt á sér og þar er gagnrýni sem á fullan rétt á sér, og þá verður auðvitað að taka því, en það er líka óviðunandi fyrir Alþingi við slíkar aðstæður að Alþingi sjálft geti ekki tekið afstöðu til skýrslnanna og gert tillögur um hvernig eigi að bæta úr í ríkisrekstrinum. Ég tek fyllilega undir það en á hinn bóginn hlýtur það að þurfa að gerast þegar Ríkisendurskoðun skjöplast að þingmenn geti farið yfir málið, tekið afstöðu til þess, gefið út álit, komið með tillögur um það hvernig þingið eigi að bregðast við. Að mínu áliti, virðulegi forseti, fjallar málið fyrst og fremst um þetta. Það fjallar fyrst og fremst um hvernig Alþingi á að taka á skýrslum Ríkisendurskoðunar þannig að menn sitji ekki uppi með skýrslur Ríkisendurskoðunar og þá hörðu gagnrýni sem þær hafa fengið, eins og þessar skýrslur, án þess að Alþingi taki nokkra afstöðu til málsins.

Ég tek undir og ítreka það sem sagt hefur verið að auðvitað á gagnrýnin í skýrslum Ríkisendurskoðunar stundum rétt á sér og þá er kannski enn meiri ástæða til þess en ella að þingið sjálft geti tekið afstöðu til slíkra skýrslna. Um þetta hefur margoft verið fjallað í þingsal og ég held að þetta mál sé dæmi um að það er nauðsynlegt að gera breytingar á þingsköpum.

Virðulegi forseti. Að allra síðustu þetta: Málið snýst um að annars vegar kemur fram krafa um að greiða sekt og hins vegar skatta. Sýslumaðurinn metur það svo að viðkomandi einstaklingur hafi átt lögvarinn rétt til að borga sektina á undan skattinum og nefnir þau rök mjög ítarlega í bréfi sínu. Krafan um tilfærsluna er auðvitað sett fram til að viðkomandi aðili losni við vararefsinguna og þetta er þekkt í íslenskum rétti þar sem skuldari getur í vissum tilvikum greitt þessa kröfu en ekki aðra. Ég og ráðuneyti mitt höfum ekki tekið afstöðu til þess hvort niðurstaða sýslumannsins er rétt eða ekki. Hún stendur þar til henni verður haggað.

Í öðru lagi kannaði fjmrn. verðgildi bréfanna og tilkynnti sýslumanni það auk þess sem það tilkynnti honum að bjóða ekki í bréfin enda væri verðgildið innan við sektarskuldarfjárhæðina. Sýslumaður hafði að sjálfsögðu að öðru leyti

fullt umboð til hagsmunavörslu fyrir ríkið og kröfuhafa ríkisins. Það er því rangt, bæði hjá sýslumanni og Ríkisendurskoðun, sem kemur fram í skýrslu hennar að fjmrn. hafi á einhverju augnabliki sagt við sýslumanninn að hann mætti ekki aðhafast nokkurn skapaðan hlut því að fyrirmælin snerust eingöngu um boð fyrir hönd þeirra sem voru að krefjast skattgreiðslna. Ekkert annað. Eins og hefur margoft komið fram gat sýslumaðurinn auðvitað brugðist öðruvísi við.

Í þriðja lagi vil ég benda á, og það hefur rækilega verið tekið fram án þess að Ríkisendurskoðun beri það fullkomlega til baka, hún þakkar að vísu ábendinguna, þá liggur það fyrir að sýslumaður og fulltrúar hans mættu á uppboðið og eru fulltrúar gerðarbeiðanda. Að þeim fjarstöddum hefði ekkert uppboð farið fram.

Í fjórða lagi er ekki enn séð hvort ríkissjóður tapar fjármunum á sölu þessara eigna. Ég minni á að eignirnar hafa lent í höndum sonar þess sem hér á í hlut og það á eftir að koma í ljós hvort þeir aðilar sem eiga bréfin greiða sektina og það er ekki fyrr en við vitum það sem við vitum hvort ríkissjóður hefur tapað peningum.

Loks minni ég á það, virðulegi forseti, að Ríkisendurskoðun virðist ekki einu sinni lesa eigin plögg. Þeir mótmæla því að þeir hafi haldið því fram að bréfin séu eign ríkisins en svo er hægt að lesa það og það stendur skýrum stöfum í greinargerðinni að þeir telji að þarna geti verið um áframhaldandi eign ríkisins að ræða svo vitnað sé orðrétt til þeirra.

Virðulegi forseti. Loks held ég að þetta mál eigi að verða okkur lexía um að útilokað er annað en að breyta starfsháttum og þingsköpum Alþingis þannig að skýrslur Ríkisendurskoðunar, sem eru stundum ágætar og stundum lakari, lendi í höndum þingsins sjálfs sem getur þá tekið afstöðu til þeirra. Það er í raun óþolandi að ráðuneytið þurfi að vera að elta ólar við niðurstöðu Ríkisendurskoðunar með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Þess vegna var neyðarúrræði af hálfu ráðherranna að grípa til þess að óska eftir að forsn. láti óháða aðila í þessu tilviki kanna hvort Ríkisendurskoðun hafi byggt niðurstöður sínar á réttum lagalegum forsendum.

[16:54]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Lengi hefur verið gagnrýnt og með réttu á Alþingi að staða löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu sé allt of veik. Hluti svars við þeirri gagnrýni var að samkomulag varð um það meðal allra þingflokka að gera Ríkisendurskoðun að sjálfstæðri stofnun sem heyrði undir Alþingi, undir löggjafarvaldið, í stað þess að hún starfaði á vegum framkvæmdarvaldsins eins og áður. Þessi breyting var gerð, ekki síst að tilhlutan hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar á sínum tíma, og allir voru mjög sáttir við. Áðan tók hæstv. ráðherra hins vegar svo til orða að það hefði gerst æ ofan í æ síðan þessi breyting var gerð að Ríkisendurskoðun, stofnun á vegum Alþingis, grafi undan því starfi sem unnið er í ráðuneytinu. Það eru stór orð, herra forseti, að það gerist æ ofan í æ að Ríkisendurskoðun grafi undan því starfi sem unnið er í Stjórnarráði Íslands af framkvæmdarvaldinu. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann á við með þessum orðum. Ég ætla að óska eftir því að hann greini Alþingi Íslendinga frá þeim dæmum sem hann hefur fyrir því að þessi stofnun á vegum Alþingis hafi æ ofan í æ grafið undan því starfi sem unnið er í ráðuneytinu. Æ ofan í æ, sagði hæstv. ráðherra. Ég óska eftir að hann geri þinginu grein fyrir því við hvað hann á og tilfæri þau dæmi þar sem hann telur að Ríkisendurskoðun og starfsemi hennar hafi grafið undan starfi Stjórnarráðs Íslands.

[16:56]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi og ég hygg að við höfum báðir staðið að því en tillagan kom m.a. frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Síðan hefur það hins vegar gerst að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa verið lagðir af og innan þingsins er enginn lengur sem tekur afstöðu til þeirra álita sem koma frá Ríkisendurskoðun og það er ekki hægt að búa við það.

Ég sagði að í vissum tilvikum hefði Ríkisendurskoðun, því miður, grafið undan starfsemi framkvæmdarvaldsins en ég bætti því líka við, sem ekki kom fram hjá hv. þm., að í mörgum tilvikum væri gagnrýnin afar gagnleg en þá hefði Alþingi ekki tæki til þess að koma sjónarmiðum sínum formlega á framfæri. Ég get rakið fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi varðandi Ríkisendurskoðun þar sem hún hefur greinilega haft rangt fyrir sér. Ég get líka bent á fjölmargt sem hefur komið frá Ríkisendurskoðun sem er mjög gagnlegt. Ég get lýst því yfir að við höfum átt fundi með Ríkisendurskoðun á mínum langa starfsferli og margt ágætt hefur komið út úr þeim fundum. Það sem skiptir máli og það sem ræða mín gekk út á þegar ég var að ræða um þennan þátt er að Alþingi Íslendinga verður að taka á málinu með því að setja nefnd sem fer yfir álitin þannig að hægt sé að ræða við málsaðila og bregðast við með einhverjum hætti en skilja ekki mál eftir eins og nú hefur gerst. Í þessu máli deila tveir aðilar með mismunandi sjónarmið og enginn endanlegur dómur um það hver hafi haft rétt fyrir sér er felldur. Þetta var mergur málsins í minni ræðu og ég vonast til þess og spyr hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um það að tími sé kominn til að gera þessar breytingar á þingsköpum.

[16:58]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn hefur meiri áhuga á eða hefur beitt sér frekar fyrir því að þessar breytingar verði gerðar á þingsköpum en forsn. Alþingis sjálf og Ríkisendurskoðun. Það sem hæstv. ráðherra er að leggja til er því ekkert nýmæli. Það er verið að vinna að þessu að frumkvæði þessara aðila en það er ekki aðalatriði málins. Ég skrifaði það orðrétt niður sem hæstv. ráðherra sagði og hann sagði að „æ ofan í æ hafi Ríkisendurskoðun grafið undan því starfi sem unnið er í ráðuneytunum". Hann sagði ekki bara að sumar álitsgerðir Ríkisendurskoðunar væru gagnlegar og aðrar vafasamar. Hann sagði að þessi stofnun á vegum Alþingis hafi æ ofan í æ grafið undan því starfi sem unnið er í ráðuneytunum. Ég geri þá kröfu til hæstv. ráðherra að hann skýri annaðhvort frá því í umræðunum hvernig þetta hefur æ ofan í æ átt sér stað ellegar, ef hann treystir sér ekki til þess, geri ég sömu kröfu til hans og hann til annarra að hann skili þá til forsn. Alþingis og þingflokka skriflegri greinargerð um þau dæmi sem hann telur vera fyrir því að stofnun á vegum Alþingis hafi æ ofan í æ grafið undan starfi ráðuneytanna. Þetta var það sem hæstv. ráðherra sagði orðrétt. Þetta eru stór orð og honum er skylt að finna þeim stað. (**Gripið fram í:** Eða kalla þau til baka?)

[17:00]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að breyta orðalaginu úr „æ ofan í æ" til dæmis í „oftsinnis", ef það hjálpar hv. þm. (**SighB:** Grafa undan líka?) Það er að sjálfsögðu þannig,

og það kemur kannski best fram í þessu máli, að þegar Ríkisendurskoðun notar þau vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað er auðvitað verið að grafa undan starfi framkvæmdarvaldsins, starfi sem Alþingi hefur falið framkvæmdarvaldinu að sinna. Sýnt hefur verið fram á það í þessari umræðu að niðurstöður Ríkisendurskoðunar styðjast ekki við lög. Því hefur jafnframt verið lýst yfir að þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun viðurkenni það, að nokkru leyti, þá fást þeir ekki til að draga ávirðingar til baka. Þetta kalla ég að grafa undan framkvæmdarvaldinu.

Ég sagði líka, og hv. þm. tók eftir því, ég þakka honum fyrir það, að í mörgum tilvikum hefur gagnrýni Ríkisendurskoðunar komið sér vel. Málið snerist um það að þingið sjálft gæti tekið afstöðu til málsins. Ég er hissa á því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli reyna að drepa þessu máli á dreif, koma hér upp til að benda á það sem sagt hefur verið í þessu máli — sem við getum rætt og ég er tilbúinn að koma með dæmi. Hann reynir að víkja málinu frá því sem hér er til umræðu, þ.e. því máli sem við erum að ræða í dag og snýst um að Ríkisendurskoðun hefur ekki fengist til að afturkalla skýrslur sínar, ávirðingar, þótt sýnt hafi verið fram á með gildum rökum, lagarökum og öðrum, að Ríkisendurskoðun hafi orðið á skyssa í þessu máli.

[17:02]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Umræðan sem hér hefur farið fram sýnir mér að hæstv. ráðherrar eru í vondum málum og komnir á bullandi flótta. Tillagan sem hæstv. ráðherrar bera hér fyrir þingið er auðvitað alveg fráleit. Hér er um að ræða tvo ráðherra sem liggja undir því að hafa beitt ámælisverðum vinnubrögðum í tilteknu máli og að þingið fari síðan að þiggja einhverjar leiðbeiningar frá þeim um hvernig þingið haldi á málinu í framhaldinu er auðvitað alveg fráleitt. Þingið sjálft er alveg fullfært um að halda á þessu máli, og auðvitað á þingnefnd að fjalla um það og kalla fyrir sig þá aðila sem hún telur þurfa, leita til Lagastofnunar eða fá frekari umfjöllun hjá Ríkisendurskoðun. Það er hin rétta leið. Þetta mál og önnur sem við höfum verið að ræða undanfarna daga, herra forseti, sýna mér að við þurfum að fá raunverulega rannsóknarnefnd með rannsóknarvald sem getur tekið á slíkum málum. Aftur og aftur eru að koma upp mál sem sýna að þess þurfi.

Herra forseti. Ríkisendurskoðun hefur með skýrslu sinni staðfest að meðferð ráðuneyta og innheimtumanns ríkissjóðs í stærsta skattsvikamáli á Íslandi er hreint hneyksli. Við annað verður ekki unað en að þetta mál verði rannsakað ofan í kjölinn og þeir látnir sæta ábyrgð sem ekki hafa gætt hagsmuna ríkissjóðs, eins og þeim er áskilið lögum og reglum samkvæmt. Þó að við á Alþingi fáum iðulega upplýsingar um tugmilljarða útlánatöp opinberra sjóða og fjármálastofnana eða miklar afskriftir hjá ríkissjóði á skattkröfum þá ber enginn ábyrgð. Nú stefnir í það sama, þ.e. að enginn beri ábyrgð þegar í kerfinu er tekið með silkihönskum á stærsta skattsvikamáli sögunnar.

Hvaða skilaboð eru gefin út í þjóðfélagið með því máli sem nú er til umræðu? Að stjórnsýslan og framkvæmdarvaldið beri alls enga ábyrgð á gjörðum sínum? Og að enginn beri ábyrgð þó að stærsta skattsvikamál Íslandssögunnar fái sérmeðferð í kerfinu með þeim afleiðingum að í stefnir að ríkissjóður verði af á annað hundrað millj. kr.

Kjarninn í þessu máli snýst um tvennt, sem ræður ráðherranna áðan hafa í engu hrakið. Þvert á móti bera ræður, greinargerðir og tillögur ráðherranna þess merki að þeir eru á flótta í málinu. Kjarni málsins er í fyrsta lagi embættisafglöp sýslumannsins á Akranesi, sem eru tvíþætt. En sýslumaðurinn virðist fremur hafa litið á sig sem umboðsmann skattsvikarans en ríkissjóðs þegar allar hans gjörðir snúast um að forða ákærða frá fangelsi.

Embættisafglöp sýslumannsins snúast um að hann skyldi ekki þegar eftir fjárnámið á skuldabréfunum að nafnvirði 86 millj. kr. gera kröfu um gjaldþrotaskipti sem gaf tækifæri til að kanna hvort eignum skattsvikarans hafi verið komið undan með ólögmætum hætti og þar með gefið ríkisvaldinu eða kröfuhöfum tækifæri á að rifta slíkum gjörningum áður en það varð um seinan.

Í öðru lagi er það meðferðin á uppboði skuldabréfanna í lok síðasta árs, sem bæði snýr að sýslumanni, fjmrn. og dómsmrn. Þessi tvö kjarnaatriði málsins eru svo alvarlegar embættisfærslur framkvæmdarvaldsins að þær kalla á nánari könnun, eins og við höfum farið yfir, og það af þinginu sjálfu. Ég vil nú fara nánar út í þessi tvö kjarnaatriði málsins.

Um það leyti er skattrannsókn í málinu hefst er stofnað til einkahlutafélags af hálfu ÞÞ og aðstandenda hans en áður hafði ákærði í málinu lengi verið með sinn einkarekstur. Skattrannsókn málsins hefst í nóvember 1994 og lýkur fyrri part árs 1995, en þá voru endurálagðir skattar á ÞÞ að upphæð 140 millj. kr. Fyrri hluta árs 1995 kaupir félagið hvers eigendur eru ákærði og synir hans rekstur ÞÞ og greiðir fyrir með skuldabréfi að upphæð 86 millj. kr. Skömmu síðar gerir sýslumaðurinn á Akranesi fjárnám í skuldabréfunum sem var auðvitað eðlilegt og rétt en fjárnámið reyndist árangurslaust að hluta.

En stóra spurningin er: Hvers vegna krafðist sýslumaðurinn ekki gjaldþrotaskipta strax þar sem fjárnámið var árangurslaust að hluta, ekki síst til að láta á það reyna hvort eignum úr búi hins sakfellda hefði verið ráðstafað með ólögmætum hætti og hefðu því verið riftanlegir á þeim tíma, en væntanlega er sá frestur liðinn núna.

Hitt meginatriðið er: Hvers vegna var engin virk hagsmunagæsla fyrir ríkissjóð þegar uppboðið fór fram í lok síðasta árs? Það er auðvitað hreint með ólíkindum að sýslumaðurinn skyldi ekki fresta uppboðinu þegar fram kemur hreint skrípatilboð frá syni þess dæmda upp á 50 þús. kr. í 86 millj. kr. skuldabréf sem metið hafði verið á 36 millj. kr. Ekki nóg með það heldur var gjalddagi næstu greiðslu af skuldabréfinu tveimur mánuðum síðar upp á um 7 millj. kr. sem staðið hafði verið í skilum með á fyrsta gjalddaga. Ég bendi á 67. gr. laga um nauðungarsölu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ef sýslumaður telur boðin óhæfilega lág með hliðsjón af líklegu markaðsverði hlutar getur hann orðið við kröfu aðila um að hafna þeim öllum og frestað til annars uppboðs að reyna sölu á ný."

Mátti ráðuneytunum og sýslumanninum ekki vera ljóst að svona gæti farið? Áttu þá ekki báðir þessir aðilar eða eftir atvikum annar hvor að tryggja að hagsmunagæsla ríkissjóðs væri virk á þessu uppboði til að koma í veg fyrir að skuldabréf upp á 86 millj. kr., sem ríkissjóður var með fjárnám í, væru nánast gefin eins og raunin varð á? Virk hagsmunagæsla felst ekki endilega í því að bjóða í bréfin heldur að koma í veg fyrir að menn léku sér þar með fé skattborgaranna eins og raunin varð á. Skýringar sem fjmrn. gefur á sinnuleysi sínu í þessu máli er óviðunandi með öllu. Í því sambandi bendi ég einnig á frétt í Viðskiptablaðinu 23.

des. sl. en þar er haft eftir Indriða H. Þorlákssyni eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það var búið að meta bréfin og niðurstaðan af því mati var að ekki var talið rétt að bjóða, enda hefði það eingöngu leitt til þess að ríkissjóður væri að borga sektina."

Hvaða vitleysa er þetta nú, herra forseti? Auðvitað þurfti ekki að mæta á uppboðið fyrir hönd ríkissjóðs og bjóða í bréfin 50 millj. kr. til að ÞÞ gæti greitt sektina sem forðaði honum frá fangelsi, heldur átti ráðuneytið og sýslumaðurinn að tryggja virka hagsmunagæslu á uppboðinu til að koma í veg fyrir þann skrípaleik sem þarna fór fram, þar sem leikið var sér með hagsmuni ríkissjóðs og þar með skattgreiðenda.

Þegar fjmrn. neitaði að koma nálægt málinu átti sýslumaðurinn, sem á uppboðinu var í kápu uppboðshaldara, að tryggja að fulltrúi hans, sem var til staðar, kæmi í veg fyrir þennan fáránleika allan, ekki endilega til að bjóða í skuldabréfin heldur til að óska frestunar á uppboðinu. Eða eins og segir í 67. gr. laga um nauðungarsölu, að sýslumaður getur frestað uppboði ef boðið er óeðlilega lágt með hliðsjón af markaðsvirði bréfanna. Hefðu ráðuneytin og sýslumaður tryggt virka hagsmunagæslu ríkissjóðs á uppboðinu hefðu hagsmunir ríkissjóðs verið tryggðir með tvennum hætti. Í fyrsta lagi komið í veg fyrir að skuldabréf að nafnvirði 86 millj. kr., sem var eina trygging ríkissjóðs fyrir skattaskuldinni og skattsektinni, væri nánast gefið aftur til þeirra sem eru útgefendur að skuldabréfinu, þ.e. fjölskylda hins sakfellda. Þessi bréf voru líka eini aðgangur ríkissjóðs að fyrrum fyrirtæki Þórðar því auðvitað má ganga að útgefanda bréfsins, einkahlutafélaginu ÞÞÞ, ef greiðslufall verður á bréfunum.

Fjmrn. heldur því fram að ekki sé heimilt að gjaldfella bréfin vegna vanskila. Þetta er auðvitað útúrsnúningur. Hægt er að gera fjárnám í fyrirtækinu fyrir afborgununum án dóms. Fáist afborgunin ekki greidd er hægt að krefjast þess fyrir dómi að skuldabréfið sé allt fallið í gjalddaga og verulegar vanefndir réttlæta það.

Í annan stað hefði þá reynt á aðra afborgun skuldabréfanna nokkrum vikum síðar upp á 7 millj. kr. Hefði sú afborgun lent í vanskilum hefði verið hægt að ganga að félaginu og þá eftir atvikum með aðfararheimild að gjaldfella allt skuldabréfið og ganga að eignum í félaginu sem stofnað var 1994 um það leyti sem skattrannsóknin á sakfellda fer fram. Þó Þórður hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta þá er einkahlutafélagið í fullum rekstri og á einhverjar eignir. Það vekur athygli hve fjmrn., sem greinilega veit upp á sig sökina, gerir í greinargerð sinni lítið úr því að nokkrar eignir séu til í einkahlutafélagi ÞÞÞ og nefnir að hlutafé sé aðeins 400 þús. kr. Maður veltir fyrir sér: Var kaupverðið á fyrirtæki ákærða, Þórðar, til sona sinna á einkafyrirtækinu fyrir þremur árum síðan bara málamyndagjörningur eða eru virkilega engar eignir að baki 86 millj. kr. skuldabréfi sem synir Þórðar greiddu fyrir fyrirtækið? Var kaupverðið bara markleysa?

Auðvitað læðist að manni sá grunur að einmitt í þessu félagi sé að finna hinn ólögmæta ávinning sem stórfelld skattsvik Þórðar höfðu í för með sér. Bréfin voru gefin út af nefndu félagi til Þórðar og eiginkonu hans til greiðslu á andvirði fyrir einkafyrirtæki Þórðar. Ég veit ekki betur en að félagið sé í eigu Þórðar og sona hans sem stjórna því.

Herra forseti. Í þessu máli hafa talsmenn ráðuneytanna ítrekað haldið því fram að þeim sé almennt óheimilt að taka við skuldabréfum til greiðslu á sköttum og sektum. Að mínu mati er grundvallarmunur á því að ríkissjóður gangi til samninga um greiðslu á skatti eða sekt með skuldabréfum og því að reyna að tryggja hagsmuni ríkissjóðs þegar verðmæti, sem hann hefur gert fjárnám í til tryggingar kröfum sínum, fer fram. Ríkissjóður hefur örugglega margoft eignast bæði fasteignir og lausafé ýmiss konar í nauðungaruppboðum án þess að nokkur athugasemd hafi verið gerð við það.

Í 31. gr. laga um fjárreiður ríkisins er beinlínis gert ráð fyrir því að ríkisaðilar í A-hluta geti án sérstakrar lagaheimildar keypt eignir við nauðungarsölu á grundvelli veðréttar eða skilmála að baki áfallinna ábyrgðaskuldbindinga. Eignir sem keyptar eru með þessum hætti ber að selja jafnskjótt og það er talið hagkvæmt. Af þessu má ráða að lög geri beinlínis ráð fyrir því að ríkissjóður mæti á uppboð sem þessi og tryggi hagsmuni sína í hvívetna, eins og staðfest er í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Þegar lesin er málsvörn dómsmrn. sem kemur fram í fréttatilkynningu 29. janúar sl. er hún vægast sagt allsérkennileg. Við lestur hennar vaknar sú spurning hvernig á því gat staðið yfirleitt að sýslumanni hafi liðist það að færa sektina framar í veðröð með því að taka fjárnámið upp. Mér finnst að ráðuneytið verði að skýra nánar hvað það á við í fréttatilkynningunni þegar fullyrt er að hefði sýslumaður keypt bréfin á uppboðinu sem innheimtumaður sektarinnar hefði sektin talist greidd miðað við mat á markaðsverði bréfanna samkvæmt 57. gr. laga um nauðungarsölu. Þarna gefur ráðuneytið sér, eins og segir í skýrslu Ríkisendurksoðunar, að markaðsvirði bréfanna sé a.m.k. jafnhátt hinni vangoldnu sekt. Það er enginn að tala um að bjóða tugi millj. kr. í þau heldur einungis að ekki yrði fallist á skrípaboð frá syni uppboðsþola sem jafnframt er framkvæmdastjóri félagsins, sem er skuldari samkvæmt skuldabréfunum. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvort misræmi sé hjá innheimtumönnum ríkissjóðs að fylgja eftir skattkröfum eða greiðslu sekta og hvort önnur viðbrögð gildi um fyrirmenn í héraði en aðra.

Í þessu stærsta skattsvikamáli sögunnar þarf að fá skýringu og svör við eftirfarandi, herra forseti:

Í fyrsta lagi. Af hverju gætti fjmrn. ekki hagsmuna ríkissjóðs með því að synja sýslumanninum á Akranesi um endurupptöku á fjárnámi vegna opinberra gjalda?

Í öðru lagi. Vissi ráðuneytið að fjárnámið var fallið úr gildi þegar leitað var endurupptöku á fjárnáminu?

Í þriðja lagi. Telja ráðherrar eðlilegt að tvö ár hafi liðið frá því að fjárnám var gert þar til skuldabréfin fóru á uppboð og hafa þeir kynnt sér af hvaða sökum það var ekki gert?

Í fjórða lagi. Hvaða rök lágu að baki því að bjóða ekki í skuldabréfið eða biðja um frestun — biðja um frestun á nauðungaruppboðinu þó ekki væri meira — og koma þannig í veg fyrir að skuldabréfin yrðu nánast gefin?

Í fimmta lagi væri einnig nauðsynlegt að fá það fram hjá hæstv. dómsmrh. hvort þau sjónarmið og aðferðir við innheimtu og nauðungarsölu sem sýslumaðurinn á Akranesi reifar í svari sínu til dómsmrn. séu í samræmi við þær reglur sem gilda almennt um sektarinnheimtu í öðrum umdæmum landsins eða hvort ósamræmi gildi í málsmeðferð slíkra mála hjá umdæmunum.

Og í sjötta lagi spyr ég bæði dómsmrh. og fjmrh. hvort þeir telji rétt að uppboðið á skuldabréfunum verði ógilt, séu til þess forsendur.

Herra forseti. Í mínum huga er ljóst að þessu stærsta skattsvikamáli sögunnar má ekki ljúka án þess að við fáum frekari vitneskju um það. Af því sem fram hefur komið í dag er sýnt að Alþingi og þingnefnd verður að fara nánar í málið

en tök eru á við þessa umræðu. Við verðum að hafa það klárt og kvitt hvar ábyrgðin liggur og ég tel að efh.- og viðskn. sé rétti vettvangurinn til að taka málið og skoða, á grundvelli 26. gr. laga um þingsköp og kalla fyrir sig þá sem hún telur þurfa.

Það er ekki gott að þurfa að taka við leiðbeiningum og tillögum frá framkvæmdarvaldinu um frekari málsmeðferð meðan handhafar framkvæmdarvalds eru bornir sökum um ámælisverð vinnubrögð í sama máli. Auðvitað á þingið að fjalla um þetta mál og eftir því sem fram hefur komið hér í dag verður ekki við annað unað en farið verði nánar í málið en við höfum tækifæri til við þessa umræðu.

[17:16]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkrum fyrirspurnum hv. þm. held ég að best sé að svara strax.

Í fyrsta lagi var spurt hvers vegna fjmrh. hefði ekki synjað um endurupptöku fjárnáms. Spurningin er alveg út í bláinn. Málið snerist um það hvort viðkomandi aðili átti rétt á því að færa greiðslur til og bréf fjmrn. er alveg skýrt í þeim efnum. Sýslumanni er falið að kanna þann rétt. Hvergi er minnst á fjárnám eða endurupptöku fjárnáms. Þetta er svarið við fyrstu tveimur spurningunum.

Í þriðja lagi var spurt, ef ég hef skilið það rétt: Er eðlilegt að svo langur tími líði frá fjárnámi til uppboðs? Ég tek undir það að mér finnst óeðlilega langur tími líða hjá sýslumanninum frá því að málið byrjaði þar til að loks er efnt til gjaldþrotaskipta.

Í fjórða lagi er spurt: Af hverju var ekki beðið um frestun á uppboðinu? Ég hef líka spurt að því. Fyrirmælin til sýslumannsins voru eingöngu þau að bjóða ekki bréfin til fullnustu skattkröfunni. Ég get alveg spurt að því eins og hv. þm.: Hvers vegna bað sýslumaðurinn ekki um frest þegar þessi mál komu upp með þessum hætti? Hann hafði umboð til þess. Hann gat gert það. Hann er hagsmunaaðili ríkissjóðs og allra þeirra aðila sem þarna koma að verki. (**SvG:** Hvers vegna ... á þessari stundu?) Ég get ekki svarað því. Ég kaus fyrst og fremst að fjalla í máli mínu um ávirðingar í garð fjmrn. Ég tel mig hafa gert það. Ég hef hins vegar ekki farið yfir aðgerðir sýslumannsins í þessu efni.

Að síðustu, virðulegi forseti, þá er ég sammála hv. þm. um að það er ekki hægt að skilja svona við þetta mál. Þingið verður að taka afstöðu til málsins með einum eða öðrum hætti, eins og einhvern tíma hefði verið sagt. Ég held að best færi á því að gera það með því að leita til óvilhallra lögfræðinga. Síðan getur þingnefnd farið yfir málið. Það finnst mér alveg sjálfsagt. En það er ekki hægt að skilja við málið eins og það er nú.

[17:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. ráðherra viðurkennir tvennt. Hann telur óeðlilegt að tvö ár hafi liðið frá því að fjárnám var gert og þar til skuldabréfin fóru á uppboð. Þetta var eitt aðaðlatriðið í máli mínu. Það var mjög óeðlilegt að ekkert skyldi gert á þessum tíma.

Hæstv. ráðherra viðurkennir líka að vörslumenn ríkissjóðs hafi á uppboðinu ekki staðið sig sem skyldi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er það gegnumgangandi og eins hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað að ekki er talið eðlilega staðið að þessu uppboði. Hæstv. ráðherra viðurkennir það. Hann viðurkennir að tilboðið, 50 þús. kr., hafi gefið tilefni til að fresta nauðungaruppboðinu. Þarna liggja fyrir tvö stór atriði sem við höfum gagnrýnt. Hæstv. fjmrh. viðurkennir að þetta séu réttar ábendingar, réttmæt gagnrýni sem hér hafa komið fram á þessi tvö atriði.

Ég vil spyrja ráðherra, af því að það virðist koma fram í síðustu greinargerðum ráðherranna. Kannski eiga þær eftir að verða fleiri. Vissi fjmrn. að fjárnámið, sem þeir gera svo mikið með nú, var fallið úr gildi? Ef þeir hefðu vitað að fjárnámið var fallið úr gildi, þá hefðu þeir orðið að svara sýslumanninum öðruvísi.

[17:20]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðasta atriðið þá var það ekkert skoðað. Fyrirspurnin sem kom til fjmrn. snerist ekki um fjárnámið eða endurupptöku þess. Þess vegna var það ekkert kannað. Þetta þarf að liggja algerlega fyrir og af því að ég heyrði að hv. þm. hamraði á þessu í sinni ræðu. Um það var ekki spurt og því lá engin skoðun fyrir hvort það hafi verið í gildi eða ekki. Það kom ekki í ljós, að ég held, fyrr en Ragnar Hall skoðaði málið.

Það er ekkert skrýtið að hv. þm. skuli segja mig viðurkenna tvö atriði. Sýslumenn, innheimtumenn ríkissjóðs, hafa tiltölulega mikið frelsi í umboði sínu til þess að innheimta skattkröfur á grundvelli laga, reglna og þeirra leiðbeininga sem fjmrn. hefur gefið út. Ég hef ekki rætt það sérstaklega hvort óeðlilega langur tími hafi liðið. Í fljótu bragði sýnist mér að þetta sé óvenjulangur tími. Ég hef ekki borið það saman við það sem gerst hefur í öðrum málum.

Svo skal ég fjalla um hvort ástæða hefði verið að biðja um frestun. Ég hefði í sporum sýslumannsins spurt mig að því hvort eðlilegt hefði verið að taka boði upp á 50 þús. kr. þegar fyrir lá að bréfið gæti farið kannski á 30 millj. Hefði þá ekki átt að fresta uppboðinu? Ég tek undir það.

Við megum þó ekki gleyma hinu sem skiptir auðvitað verulegu máli í þessu öllu saman. Það er að enn ekki ljóst hvort sektin verður greidd. Verði hún greidd þá hefur ríkissjóður ekkert farið halloka í þessu máli. Þetta gleymist alltaf. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að skyldmenni skuldarans hafa áreiðanlega keypt þetta bréf. Eins hafði skuldarinn beðið um að sýslumaðurinn tæki sektargreiðslu fram fyrir af þeirri ástæðu að þeir vildu koma í veg fyrir það að varareffsingin næði fram að ganga. Á mæltu máli þýðir það að þeir hafa ætlað sér að greiða dómsektina.

[17:23]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. vék hér að tveimur lykilatriðum. Annars vegar ábendingu um að eðlilegt hefði verið að keyra þetta mál í gjaldþrot strax í upphafi. Hins vegar hefði sýslumaður átt að knýja fram riftun á samningi milli skyldra aðila áður en frestur til þess rann út.

Hið athyglisverða í þessu máli er þó að Ríkisendurskoðun gerir hvergi athugasemd í þessa veru. Það er fyrst að dómsmrn. fær lögmann til þess að fjalla um málið að ábending í þessa veru kemur fram. Þá fyrst að Ragnar Hall skilar skýrslu er þetta sjónarmið sett fram á vegum dómsmrn.

Síðan víkur hv. þm. að því að umræddur einstaklingur hafi fengið sérmeðferð á vegum ráðherranna. Hvernig víkur því við? Því er alveg öfugt farið. Ríkisendurskoðun gerir þá kröfu að við tökum skuldabréf til 20 ára án veðheimilda og gjaldfellingarmöguleika sem greiðslu upp í sekt. Það mundi víkja til hliðar öllum grundvallarreglum og jafnræðisreglum. Við höfnum því að þessi einstaklingur fái sérmeðferð. Ráðuneytin hafna því. Ég stend við það og mun standa við að það

er útilokað að ráðuneytin taki aðra afstöðu. Málið snýr þess vegna algerlega öfugt við það sem hv. þm. segir að þessu leyti. Við flytjum þann boðskap að lög standi ekki til þess að veita sérmeðferð. Þó að Ríkisendurskoðun krefjist þess að hún sé veitt, þá eigi ekki að gera það því að það sé bæði löglaust og siðlaust.

[17:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vefst fyrir hvorugum ráðherranum, fjmrh. og dómsmrh., að kasta allri ábyrgð á sýslumanninn á Akranesi. Já, hann er sekur. Hann hefði átt að setja málið í gjaldþrot o.s.frv. Þeir eru algerlega sammála um það. En þeir bera enga ábyrgð í þessu máli. Nei, af og frá. Þeir eru báðir sammála um það líka. En sýslumaðurinn, það er allt í lagi að hengja hann. Hann ber ábyrgð í málinu.

Vissulega ber hann mikla ábyrgð í málinu. Ég hef margfarið yfir það. En ráðherranir gera það einnig og ég er alls ekki sammála hæstv. ráðherra um að þarna hafi verið um að ræða skuldabréf án gjaldfellingarmöguleika. Hvaða möguleika hefði ríkissjóður haft ef afborgun af þessu skuldabréfi hefði ekki verið greidd núna í febrúar? Það hefði verið hægt að ganga að fyrirtækinu og gjaldfella alla skuldina með dómi. Það er rangt hjá hæstv. dómsmrh. að hér sé um að ræða skuldabréf án gjaldfellingarmöguleika.

Mér finnst mjög sérkennilegt að hæstv. dómsmrh. þessa lands skuli halda slíku fram.

[17:26]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur það mjög á óvart að hv. 13. þm. Reykv., í ljósi þingreynslu hennar, skuli gera kröfu til þess að dómsmrn. taki 20 ára skuldabréf sem greiðslu upp í sekt, mismuni þannig öllum þeim sem þannig er ástatt fyrir og gangi gegn skýrum ákvæðum laga sem hér voru samþykkt. Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að það kemur mér mjög á óvart að hv. 13. þm. Reykv. skuli gerast talsmaður slíkra viðhorfa. Jafnvel þótt Ríkisendurskoðun hafi orðið á mistök um lagalega túlkun í skýrslu sinni þá undrast ég að hv. 13. þm. Reykv., meðan lagalegar niðurstöður þess máls liggja fyrir, skuli gerast talsmaður þessa. Það kemur mér sannarlega á óvart en maður lærir alltaf eitthvað nýtt.

[17:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kynnst hæstv. dómsmrh. það vel í gegnum árin að ég sé alltaf þegar honum líður illa og hann veit upp á sig sökina. Þannig var því farið nákvæmlega í þessu tilviki vegna þess að þetta er auðvitað útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að ég hafi verið að segja að ríkissjóður hefði átt að kaupa skuldabréf til 20 ára.

Ég er fyrst og fremst að gagnrýna að ekki hafi verið virk hagsmunagæsla á þessu uppboði. Auðvitað er ljóst að fjárnám, eins og gert var, er tryggingaraðgerð eða veð fyrir greiðslu skulda og ekki hægt að beina afborgun af skuldabréfum til nokkurs annars en þess sem er með vörslu skuldabréfanna, þ.e. innheimtumanns ríkissjóðs. Ég sagði að það hefði betur verið gert. Auðvitað hefði átt að fresta uppboðinu þegar fyrir lá tilboð upp á 50 þús. Þá hefði afborgunin í febrúar gengið til þess sem var með fjárnámið, til ríkissjóðs, og ef sú afborgun hefði ekki verið greidd, þá hefði verið hægt að ganga að fyrirtækinu. Hér er enginn að tala um kaup á skuldabréfinu. Ég margfór yfir það í mínu máli. En hæstv. dómsmrh. líður illa í þessu máli og ég skil hann vel.

[17:29]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Um þetta mál er svo margt að segja að erfitt gæti reynst að koma því að á þeim knappa tíma sem við höfum til umráða, 15 mínútum. Þetta mál er gríðarlega flókið og mætti halda því fram að það hafi verið flækt heilmikið í umræðunni. Kannski mætti halda því fram að ekki hafi verið reynt að skýra kjarna málsins vegna þess að í sjálfu sér er hann einfaldur.

Áður en ég kem að meginmáli ræðu minnar er athyglisvert að benda á að allir eru sammála um að dropinn sem fyllti mælinn hafi verið uppboðið og 50 þús. kr. tilboðið í bréfin. Það setur skriðuna af stað, veldur reiði og ólgu í þjóðfélaginu. Enginn þarf að vera neitt hissa á því. Þá spyr ég, ef allir eru í raun og veru sammála um það, af hverju er ekki gripið til úrræða í framhaldi af því og teknar nauðsynlegar ákvarðanir í þeim efnum. Það mundi bersýnilega hafa það í för með sér að sýslumaðurinn á Akranesi yrði a.m.k. minntur á að þegar uppboð fer fram sé hann mættur þar fyrir hönd tveggja sviða ríkisvaldsins, þ.e. bæði fjmrh. og dómsmrh.

En í staðinn fyrir að þrengja málið inn í þetta aðalatriði þá tekur nákvæmlega þarna steininn úr og dregin eru fram atriði, alls konar meira og minna rammflóknar lagaskýringar og aðalávirðingar hæstv. fjmrh. á Ríkisendurskoðun eru ekki efnislegar heldur fyrst og fremst þær að Ríkisendurskoðun hafi vitnað í rangar lagagreinar með tilteknum hætti í þeim greinargerðum sem Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér.

Ég held að líka sé nauðsynlegt, herra forseti, að láta það koma fram — ég læt það a.m.k. koma fram af minni hálfu — að ég tel að málflutningur dómsmrh. og fjmrh. gegn Ríkisendurskoðun hér í dag sé hneyksli vegna þess að aftur og aftur nota þeir sér það að hér er enginn sem talar fyrir Ríkisendurskoðun. Enginn hér í þessari stofnun getur tekið upp hanskann fyrir Ríkisendurskoðun annar en forseti Alþingis sem allir vita að gerir það ekki. Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun eigi sér engan formlegan málsvara hér inni eins og staðan er þá fara þeir aftur og aftur með ótrúlegum svigurmælum að þessari stofnun sem vinnur á vegum forsn. Alþingis. Hæstv. dómsmrh. segir að vinnubrögð hennar séu löglaus og siðlaus. Hæstv. fjmrh. segir aftur og aftur að Ríkisendurskoðun grafi undan því starfi sem unnið er í ráðuneytunum. Hæstv. fjmrh. segir: „Ríkisendurskoðun les ekki þau gögn sem hún gefur út.“ Hæstv. fjmrh. segir að Ríkisendurskoðun dragi ekki neitt til baka eða að það sem hún dragi til baka geri hún þannig að óþolandi sé, án þess að hæstv. fjmrh. upplýsi hvernig Ríkisendurskoðun á að biðjast afsökunar. Hvernig á hún að láta í ljós sína iðrun fyrir hina háæruverðugu og hæstvirtu ráðherra þessa lands? Hvernig á Ríkisendurskoðun að iðrast miðað við málflutning hæstv. ráðherra hér? Síðan segir hæstv. fjmrh. það sem er hápunkturinn á ósmekklegum, hneykslanlegum svigurmælum í garð Ríkisendurskoðunar og það er þetta: „Í vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar gerast hlutirnir þannig að þar helgar tilgangurinn meðalið.“ Hæstv. fjmrh. notar með öðrum orðum orðalag um Ríkisendurskoðun og samlíkingu sem gjarnan hefur verið notuð um verstu fanta sögunnar. Og þetta er um Ríkisendurskoðun. Hún hefur engan mann hér í þessum stólum eða sætum til að svara fyrir sig, engan.

Í Austurríki er það þannig að ríkisendurskoðandi hefur rétt til að koma á þingfundi til að svara fyrir sína stofnun þegar skýrslur hennar eru teknar fyrir. Það er einsdæmi í Evrópu. Sums staðar eru skýrslur ríkisendurskoðananna þannig að niðurstöðurnar hafa dómstólagildi. Í Suður-Evrópu eru ríkisendurskoðunarstofnanirnar kallaðar dómstólar. Annars staðar er um að ræða skýrslur. En í þessu tilviki, þó að hæstv. fjmrh. í öðru orðinu viðurkenni að ekki megi ljúka málinu og það þurfi að fara yfir málið í þinginu, þá notar hann tækifærið, a.m.k. tíu sinnum í ræðu sinni, til að ráðast að Ríkisendurskoðun með algerlega óheyrðum fyrirgangi. Ég segi alveg eins og er: Ef forsn. Alþingis ætlar að sitja þegjandi undir þessum ósmekklegu dylgjum og árásum á Ríkisendurskoðun, er í raun og veru spurning hvort hæstv. ráðherra er ekki þar með að ná nokkru fram, þ.e. því að hann vilji helst losna við þessa stofnun.

Ég tel að málflutningur hæstv. fjmrh. áðan hafi ekki snúist fyrst og fremst um þá skýrslu sem hér er verið að ræða, þ.e. þornin þrjú, heldur sé hæstv. fjmrh., eftir sjö ára viðureign við Ríkisendurskoðun, að reyna að ná sér niðri á henni, uppsafnaður pirringur fjmrn. á Ríkisendurskoðun sé að birtast í þessum ótrúlegu ræðuhöldum hæstv. fjmrh. í dag. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi mjög skýrt fram að þetta er hneykslanlegur málflutningur og ósmekklegur í garð stofnunar sem hefur engan til að verja sig hér á þessum stað.

*Í öðru lagi ætla ég, herra forseti, að benda á það sem mér* finnst vera svo ótrúlega einfalt í þessu máli en er eiginlega aldrei talað um. Það er sá veruleiki að um er að ræða uppboð á skuldabréfum. Þau eru tvö. Þau eru hvort að fjárhæð 43,5 millj. kr. eða svo. Þessi bréf eru til 20 ára og bera 5% ársvexti og er einn gjalddagi á ári, 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1997. Reyndar hefur það ekki verið nefnt í umræðunum í dag að sú eina afborgun sem þegar er gjaldfallin var upp á 14 millj. kr. og var greidd af báðum bréfunum til fjárnámshafa, þ.e. til innheimtumanns ríkissjóðs árið 1997. Þetta finnst mér sanna það sem sanna þarf í þessu máli, þ.e. það að í hendi ríkissjóðs, í vörslu ríkissjóðs, gátu þessi bréf auðvitað þýtt tiltekin verðmæti fyrir skattgreiðendur og þjóðina.

*Þarna voru tvö bréf og það var greinilegt að ríkissjóður* hafði tangarhald á þessum bréfum. Engum dettur í hug að segja hér að ríkissjóður hafi átt þessi bréf. Ríkissjóður hafði tangarhald á þessum bréfum. Og þá kemur hitt: Tangarhald til hvers? Jú, til þess að greiða annars vegar vangoldna skatta í stórum stíl og hins vegar sektir. Hvaða upphæðir er þar um að ræða? Þar er um að ræða upphæðir sem eru á fyrsta veðrétti, sektarfjárhæð þeirri sem Þórður Þ. Þórðarson hafði verið dæmdur til að greiða vegna umfangsmikilla skattsvika sinna, að fjárhæð 50 millj. 796 þús. kr. En á öðrum veðrétti gerði sýslumaður nýtt fjárnám vegna opinberu gjaldanna, hið umdeilda fjárnám, að fjárhæð 93.204.394 kr. auk vaxta. Með öðrum orðum: Ríkið, þ.e. þjóðin, skattgreiðendur, áttu inni hjá þessum aðila um 150 millj. kr. og til þess að tryggja sína stöðu er greinilegt miðað við allar aðstæður að ríkið á fárra kosta völ. Einn er sá að reyna að hafa hendur í hári þessara bréfa. Og um hvað snýst síðan málið af hálfu *þeirra manna sem hér um ræðir?* Það snýst um það að þegar formaður Alþb. og þingflokkur Alþb. og óháðra skrifar Ríkisendurskoðun, þá spyrjum við einfaldlega: Var hagsmuna ríkissjóðs gætt? Var hagsmuna þjóðarinnar gætt? Var hagsmuna skattgreiðenda gætt? Ríkisendurskoðun segir nei við þessu af því að ríkissjóður sleppti bréfunum. Menn voru ekki að vinna vinnuna sína vegna þess að menn gættu þess ekki að tryggja það að hagsmuna ríkissjóðs væri gætt. Og þegar öllum lagaflækjunum er flett utan af þessu máli þá stendur þetta upp úr. Annars vegar það að formaður Alþb. og við spyrjum: „Var hagsmuna ríkissjóðs gætt?“ Ríkisendurskoðun svarar: „Nei, hagsmuna ríkissjóðs og skattgreiðenda var ekki gætt.“ Og þá er alveg ljóst, eins skýrt og tvisvar tveir eru fjórir, herra forseti, að ekki er nokkur leið fyrir hæstv. fjmrh. að ætla sér að leysa þennan vanda með því að ráðast að Ríkisendurskoðun eins og hann gerði í dag. Það gengur ekki.

*Ríkisendurskoðun er að vinna þau verk sem henni er* skylt að vinna og kemst að þeirri niðurstöðu að ríkinu eða þeim sem með mál þess fara, þ.e. sýslumanninum í þessu tilviki sem er vinnumaður hjá báðum þessum ráðherrum sem hafa hér verið með miklar ræður í dag, hafi láðst að gæta hagsmuna þjóðarinnar, þ.e. ríkissjóðs. Og á vegum hverra er hann? Hann er á vegum þeirra. Á ábyrgð hverra er hann? Hann er á ábyrgð þeirra. Þannig er málið. Svo einfalt er málið og þess vegna held ég að í framhaldi af þessari umræðu sé alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, að Alþingi taki á þessu máli. Ég tel út af fyrir sig að það geti gerst með ýmsum hætti. Ég hefði talið heppilegast að í þetta mál yrði sett rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni vegna þess hvernig málið er vaxið, að það þurfi alveg sérstök efnistök til að taka á þessu máli.

Ég tel að engin venjuleg þingnefnd geti náð utan um þetta mál eins og það er orðið því það er bersýnilega orðið hápólitískt. Ræður ráðherranna í dag taka í raun og veru málið út úr faglegu samhengi. Ræður ráðherranna eru svo ofstækisfullar í dag að þeir taka málið algerlega út úr öllu faglegu samhengi. Og þeir segja sem svo: „Hér erum við mættir, tveir ráðherrar Sjálfstfl. og það er hin pólitíska æra okkar sem hér er að veði.“ Þannig að því miður er búið að setja málið í allt annað samhengi en það þyrfti að vera fyrir Alþingi vegna þess að í sjálfu sér er það ekki mál Alþingis heldur Sjálfstfl. í þessu tilviki hvort þessir ráðherrar hafa pólitíska æru eða ekki. Það er ekki málefni Alþingis út af fyrir sig. Því er það mikil spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að taka málið út úr þessu samhengi sem ráðherrarnir hafa sett það í, út úr hinu þrönga flokkspólitíska samhengi Sjálfstfl. og setja það í vítt, faglegt samhengi, með því að kjósa rann*sóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni til að fara yfir það.* Nú geri ég hins vegar ekki ráð fyrir að það takist. Það er ekki vegna þess að ég hafi rangt fyrir mér í þeim efnum að það ætti að kjósa svona nefnd heldur er það vegna þess að *ég* er eiginlega sannfærður um að þessir hæstv. ráðherrar muni líka beita sér af öllu afli gegn því að svona nefnd verði til því þeirra er mikill mátturinn í þessu máli og þeir eru greinilega tilbúnir að ganga mjög langt í því að beita valdi.

Það sést t.d. best á þessum utandagskrárumræðum í dag og er kannski rétt að rifja það upp að þegar Alþb. óskaði eftir þessum utandagskrárumræðum, þá óskuðum við eftir að umræðurnar stæðu í hálftíma. Það var hins vegar ósk ráðherranna að umræðurnar færu fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapanna en ekki þeirri fyrri vegna þess að þeir þurftu svo mikið að tala og það kemur í ljós í dag af hverju þeir þurftu að tala svona mikið. Þeir þurftu að efna til svona ofboðslegra árása á Ríkisendurskoðun. Efni máls þeirra var *fyrst og fremst árásir á Ríkisendurskoðun og ekkert annað.* Í raun og veru komu þeir aldrei að kjarna málsins sem er sá að

þeir og þeirra stofnanir vanræktu að gæta hagsmuna þjóðarinnar, skattgreiðenda eða ríkissjóðs. Það er aðalniðurstaða Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Það mætti síðan ná utan um þetta mál ef það virtist ekki vera miklu alvarlegra en þetta því að í greinargerð sýslumannsins á Akranesi eru aftur og aftur dregnar fram enn þá alvarlegri ávirðingar. Það er t.d. fullyrt í greinargerðinni, eins og fram kom í upphafsmáli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, að ráðuneytið hefði gert svona samninga ekki „einungis við þá, sem dæmdir hafa verið til greiðslu sektar, en verið peningalausir og jafnvel gjaldþrota eins og Þ.Þ., heldur við menn, sem taldir voru auðugir á samningsstundu ...“ Þetta stendur í greinargerð sýslumannsins á Akranesi. Annars staðar í greinargerðinni segir orðrétt, herra forseti:

„Dómsmálaráðuneytið hefur gerst brotlegt við lög með málflutningi og dómsáfellingu á opinberum vettvangi.“

Í greinargerð sýslumannsins á Akranesi eru nefnd sex tilvik þar sem sýslumaðurinn telur að dómsmrn. hafi gerst brotlegt við lög með málflutningi og dómsáfellingu á opinberum vettvangi. Og það segir sína sögu að þegar (Forseti hringir.) dómsmrn. vill fjalla um þetta mál þá dugir því ekki að notast við eigin lögfræðiþekkingu heldur eru kallaðir til menn utan úr bæ til að fara yfir málin. Það er því bersýnilegt að víða er pottur brotinn í þessu máli og hinar pólitísku árásarræður ráðherranna á Ríkisendurskoðun leysa þá ekki frá þessum vanda.

[17:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði. Í fyrsta lagi var sýslumanni tilkynnt sérstaklega — þótt að sjálfsögðu hefði ekki þurft að gera það — að hann væri umboðsmaður beggja, það voru tveir sem fóru með kröfurnar. Þetta var mjög skýrlega sett fram í bréfi 15. júlí og auðvitað átti sýslumaðurinn að vita það samkvæmt öllum reglum.

Í öðru lagi var enginn að notfæra sér það að tala yfir Ríkisendurskoðun eins og hér er sagt að sé verið að gera. Við erum einmitt að kvarta undan hinu gagnstæða. Við viljum fá að tala við Ríkisendurskoðun og við teljum að hv. Alþingi þurfi að koma á fót nefndum þar sem Ríkisendurskoðun er gert að standa fyrir máli sínu og aðrir aðilar sem koma að málum, ekki bara í þessu máli, heldur í mörgum öðrum. Ég hef líka margoft sagt að Alþingi verður að taka formlega af skarið og setja fram álit á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar sem mörg hver eru góð og önnur lakari eftir atvikum.

Í þriðja lagi er sagt að afborganirnar hafi komið strax af bréfinu. Það er rangt. Afborgun af öðru bréfinu frestaðist a.m.k. í hálft ár og þess vegna var ekki greitt af skattinum heldur af sektinni. Hv. þm. gerði mikið úr þessu en bréfið er ekki öruggara en svo að það varð greiðsludráttur á fyrstu afborgun á öðru bréfinu líklega a.m.k. sex mánuðir. Það getur vel verið að Ríkisendurskoðun hafi ekki gáð að því en það er staðreynd málsins.

Loks er verið að gagnrýna Ríkisendurskoðun fyrir að fella dóma um ráðuneytið sem standast ekki. Þegar sýnt er fram á að þeir gera villur og fara rangt með fást þeir ekki til þess að leiðrétta það eins og ætlast má til. Þetta eru umkvörtunarefnin. Þess vegna þarf að breyta þingsköpunum og fara öðruvísi með mál af þessu tagi en gert hefur verið að undanförnu.

[17:46]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég sagði áðan um bréfin er ekki það að greitt hefði verið strax af þeim. Ég vitnaði orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 3 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sú afborgun, sem er sú eina sem þegar er gjaldfallin, u.þ.b. 14 milljónir kr., var greidd af báðum bréfunum til fjárnámshafa, þ.e. innheimtumanns ríkissjóðs árið 1997.“ Þetta var það sem ég sagði. Ég notaði aldrei orðið strax.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að þetta er auðvitað tiltekið lykilatriði í málinu. Bersýnilegt var að ef staðan var þannig að ríkissjóður hafði tak á þessum bréfum þá gat hann gert sér vonir um að vera að fá peninga og það var það sem ríkissjóður og fulltrúar hans í þessu tilviki vanrækja, þ.e. að sækja fjármunina þannig að þeir gæta ekki hagsmuna skattgreiðenda og þjóðarinnar. Það er aðalniðurstaða Ríkisendurskoðunar í málinu að þeir gæta ekki hagsmuna skattgreiðenda og þjóðarinnar. Ég held að það sé alveg skýrt af þeim umræðum sem hafa farið fram í dag þrátt fyrir þessa pólitísku árás á Ríkisendurskoðun sem ráðherrarnir hafa flutt í dag, þær hafa engu breytt um þetta aðalatriði. Frammi fyrir þjóðinni liggur það fyrir að skuldir og vanskil, m.a. skattsvikum, eru upp á 150 millj. kr. Í staðinn fyrir að sækja þá peninga sem eru hugsanlega til upp í þær upphæðir láta menn það undir höfuð leggjast. Það er stórkostlega gagnrýnivert, m.a. frá sjónarmiði þeirra Íslendinga sem verið er að rukka harðri hendi af skattkerfinu út um allt land um þessar mundir og formaður Sjálfstfl. að reyna að gera sig dýrlegan í augum skattgreiðenda á einhverri ráðstefnu um að það þurfi nú að sýna þeim sérstaklega tillitssemi, stuðning og jafnvel allt aðra stöðu en gert hefur verið af fjmrn. Á sama tíma og þetta er gert er sagt við þessa aðila sem eru með hrikalegri skattaskuldir á bakinu en nokkur annar: Þetta er allt í lagi. Þið sleppið þó að bréfin hafi verið keypt á 50 þúsund kall. Það er þetta sem þjóðin sér og pólitískar varnarræður þeirra félaganna duga ekki til að verja.

[17:49]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi aðeins eitt atriði en ég nefndi það að afborgun hefði ekki komið strax vegna þess að hv. þm. var að gefa í skyn hver væru gæði bréfanna. Ég vildi láta það koma fram að það gerðist ekki með þeim hætti að það hefði verið borgað strax en það má vel vera að hv. þm. hafi orðað það þannig að það hefði verið borgað á sama árinu. En það er út af fyrir sig annað mál.

Sala á bréfum og sala á eignum er það úrræði sem er gripið til og ég held að enginn geti gagnrýnt að það hafi átt að selja bréfin en ekki taka þau sem greiðslu. Ég held að allir séu sammála um það og loksins séu allir farnir að skilja. Menn geta hins vegar deilt um það hvort salan eða uppboðið átti að fara fram þegar ljóst var hvernig boðið var í bréfin. Það er svo önnur saga. (**SvG:** Það er sama sagan.)

Það skiptir líka máli, þegar sagt er að ríkissjóður sé að tapa fjármunum, ef það gerist að sektin verður greidd. Þetta er atriði sem þarf að fá svar við þegar ráðuneytin eru gagnrýnd. Ef sektin verður greidd þá hefur ríkissjóður ekki tapað neinu. Það er alveg augljóst af afskiptum sýslumannsins á Akranesi og afskiptum lögmanns Þórðar Þórðarsonar að verið var færa greiðslu upp í sektirnar fram fyrir til þess að losna við vararefsinguna. Þess vegna skiptir miklu máli hvort hv. þm. er sammála formanni Alþb. um það að ef sektargreiðslurnar

*koma þá hefur ríkissjóður ekki tapað neinum fjármunum.*

[17:51]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er ekki bara rukkari sekta, hélt ég. Ég hélt að hann væri aðallega rukkari skatta. (**Fjmrh.**: Eingöngu.) Já, eingöngu, takk fyrir. Þess vegna tel ég að miðað við hagsmunagæslu hans fyrir þjóðina hafi spurning hans verið út í hött. En svarið er auðvitað þetta að ef aðilinn borgar allt sem á að borga er það mjög gott. Ég skil ekki hvaða þýðingu spurning af þessu tagi hefur inn í umræðuna því að það liggur alveg í augum uppi að ef viðkomandi kemur á harðahlaupum og borgar alla þessa peninga er það hið besta mál. En ég sé ekki að málið liggi þannig, ég sé ekki betur en það hafi verið haldið þannig á þessu máli að hætta sé á því að ríkissjóður fái ekki neitt upp í kröfur upp á hálft annað hundrað millj. kr.

Varðandi það sem fjmrh. nefndi áðan að það þyrfti að vera hægt að tala við Ríkisendurskoðun erum við algerlega sammála. Ég verð hins vegar að segja að það er dálítill beygur í mér eftir að hafa hlustað á hann varðandi það sem verið er að fara fram á. Mér finnst að hann sé uppi með óskir um það að ef svona nefnd verður til, segjum að það verði til svona nefnd á Alþingi, þá verði hennar hlutverk aðallega að reyna að finna út úr því hvernig Ríkisendurskoðun á að biðjast afsökunar ef hún gerir vitleysu. Allur málflutningur hans hefur gengið út á það að Ríkisendurskoðun hafi tekið eitthvað til baka en gert það á vitlausan hátt. Ef hæstv. ráðherra ímyndar sér að slík nefnd verði eins konar þvottavél fyrir vitleysur framkvæmdarvaldsins er hún einskis virði og þá er ég ekki til í að taka þátt í því að mynda svona nefnd. Hins vegar ef slík nefnd verður til að taka málefnalega á hlutunum með hliðsjón af öllum aðstæðum á hverjum tíma og veita þar öllum aðilum kost á því að flytja mál sitt eðlilega og af sanngirni þá gæti hún verið til góðs.

[17:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram vegna ræðu hv. þm. að ég hafði fyrr í umræðunni svarað því vegna fyrirspurna frá hv. 4. þm. Suðurl. að embættismenn dómsmrn. hafa tjáð mér að þeir þekki engin dæmi þess, a.m.k. ekki síðustu 10 ár, að dómsmrn. hafi gert samninga um greiðslu sekta og ávirðingar sýslumannsins séu þess vegna rakalausar um þetta atriði. Hins vegar eru ugglaust dæmi um það áður en lögunum var breytt 1997 að dómsmrn. hafi leiðbeint einhverjum sýslumönnum um það hvernig þeir gátu gert samninga innan þágildandi reglna og venja og innan hvaða marka. En enga slíka samninga virðist dómsmrn. hafa gert og þessu hef ég þegar svarað í umræðunni.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að minna hv. þm. á er þetta: Gert var fjárnám í skuldabréfunum vegna sektargreiðslna og nú er verið að gera kröfu til þess við okkur að við hefðum lagt fram peninga á uppboðinu til að taka skuldabréf til 20 ára sem greiðslu á sekt. Þetta hefði leitt til alveg óþolandi mismununar og óeðlilegrar fyrirgreiðslu við þennan tiltekna aðila. Engin lög heimila að taka skuldabréf til 20 ára sem greiðslu á sekt og við erum að verjast því að gerð sé til okkar sú krafa að við veitum þessum aðila fyrirgreiðslu af þessu tagi. Það er allt og sumt sem við erum að gera. Við erum að víkja okkur undan þeirri kröfu að til okkar sé gerð sú krafa að við veitum þessum eina aðila þá einstöku fyrirgreiðslu að við leggjum út fjármuni til þess að hann geti lagt fram skuldabréf til 20 ára í þeim tilgangi að greiða upp sekt. Við erum að verjast þessu. Ásakanirnar á Ríkisendurskoðun eru ekki annað en þetta, að við erum að víkja okkur undan því að standa að svo einstakri fyrirgreiðslu og mismunun gagnvart þeim sem standa í slíkum sporum.

[17:55]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg bersýnilegt að hæstv. dómsmrh. er um það bil að verða rökþrota vegna þess að hann hamrar aftur og aftur á máli sem er ekkert á dagskrá. Enginn í þessum sal, svo ég hafi tekið eftir í dag, hefur heimtað að ríkið hirti þessi bréf með þeim hætti sem hann er að lýsa og að mismuna kröfuaðilum í stórum stíl. Enginn hefur sett fram kröfur um það. Það sem menn hafa hins vegar verið að tala um er t.d. að uppboðinu hefði verið frestað og að það hefði verið tryggt að ríkissjóður hefði aðgang að þeim peningum sem yndust hugsanlega út úr þessum bréfum frekar en vera skilið eftir slyppt og snautt í málinu. Hæstv. dómsmrh. getur ekki reynt að losa sig frá rökum í málinu með þeim málflutningi sem hann flutti áðan. Mér finnst satt að segja dálítið alvarlegt umhugsunarefni ef hæstv. dómsmrh. landsins, yfirmaður alls dómstólakerfisins, réttarkerfisins í landinu, grípur til röksemda af þessu tagi ef röksemdir skyldi kalla.

Það sem við erum að segja er bara þetta: Hagsmuna þjóðarinnar var ekki gætt. Hagsmunum þjóðarinnar, skattgreiðenda eða ríkissjóðs var ekki sinnt eins og ætti að gera. Hæstv. dómsmrh. ætti frekar að skoða allt umhverfi málsins eðlilega en að flytja rök ef rök skyldi kalla eins og hann gerði í andsvari sínu áðan.

[17:56]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla Ríkisendurskoðunar og álit hennar um að ráðuneytin hefðu átt að mæta á uppboði og kaupa skuldabréf. Það er ekkert annað til umræðu. Ég er þess vegna ekki að víkja mér undan aðalatriðum málsins. Ég er að tala um það atriði sem er til umræðu og það er miklu frekar hv. þm. sem er að beina því inn á aðrar brautir. Ég þarf ekkert að vera ósammála honum um það hvernig hefði átt að standa að uppboðinu.

Það sem við erum að fjalla um er að Ríkisendurskoðun hefur borið sakir á dómsmrn. fyrir að kaupa ekki þessi bréf á uppboðinu og taka þau þannig sem greiðslu á sektinni. Undan því erum við að víkja okkur. Ríkisendurskoðun hefur aldrei talað um að það hefði átt að fresta uppboðinu eða þar fram eftir götunum. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið með hv. þm. en við erum að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar og þær ávirðingar sem hún hefur borið á okkur tvo ráðherra í ríkisstjórninni. Hv. þm. getur ekki vikið sér undan því að ræða þann kjarna málsins. Hann lýtur að því að ekki er hægt að neyða okkur til þess að kaupa slík bréf á uppboði og taka slík skuldabréf sem sektargreiðslu. Hvað halda hv. þm. að hefði verið sagt ef málið hefði komið þannig upp að fjmrh. og dómsmrh. hefðu lagt fram peninga á uppboði til þess að kaupa skuldabréf og þar með hefði þessum tiltekna aðila verið gefinn kostur á því að greiða sektina á 20 árum? Ég er hræddur um að það hefði hvinið mjög réttilega bæði í hv. þm. og úti í þjóðfélaginu ef við hefðum staðið að þannig mismunun. Undan þessu erum við að víkja okkur og ætlumst til þess að sé rétt málefnalega en ekki með útúrsnúningum.

[17:58]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Hæstv. dómsmrh., meira að segja dóms- og kirkjumrh., ber málflutning sinn upp með því að það hafi verið krafa Ríkisendurskoðunar að við, eins og hann sagði, mættum á uppboði og keyptum bréfin. Þá er næsta spurning þessi: Segir Ríkisendurskoðun það? Ríkisendurskoðun segir það ekki. Ríkisendurskoðun segir hins vegar: Meðan greitt var af bréfunum telur Ríkisendurskoðun að nauðungarsala þeirra hafi verið til þess fallin að valda ríkissjóði fjártjóni. Þetta er aðalatriðið þannig að hér snýst málið ekki um það að Ríkisendurskoðun hafi verið að heimta að menn mættu á uppboði til að kaupa heldur að menn mættu á uppboði til að gæta hagsmuna ríkissjóðs sem gat verið fólgið í því að fresta uppboðinu í þessu tilviki. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég sé ekki betur en þessi málflutningur hjá hæstv. dómsmrh., því miður, nái engu máli. Það þýðir greinilega ekki að ræða þetta við hann því að hann er kominn í einhvern þannig lagaðan pólitískan ham að hann vill rífa málið út úr öllu sem heitir faglegt samhengi. Aðalatriðið er það sem Ríkisendurskoðun var að segja að ekki var gætt hagsmuna skattgreiðenda og þjóðarinnar í þessu máli. Það er aðalatriðið. (Gripið fram í.) Því hefur ekki verið mótmælt. Svo vil ég frábiðja mér það með fullri virðingu fyrir hæstv. ráðherra og Ríkisendurskoðun að kalla mig sérstakan talsmann Ríkisendurskoðunar. Ég vil gjarnan vera það en ég er fyrst og fremst mættur sem þingmaður utan úr þessum sal því að Ríkisendurskoðun á engan sérstakan talsmann í þessum sal í dag.

[18:00]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni flókið mál sem snýst um nokkur grundvallaratriði þar sem skoðanir stangast á og oft er erfitt að átta sig á hvaða sjónarmið eru rétt. Málið verður þó að útkljá og mér virðist að skoða þurfi eftirfarandi atriði betur.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að hagsmuna ríkisins hafi ekki verið gætt þegar ríkið bauð ekki í umrædd bréf þó að þau væru eina trygging ríkisins fyrir greiðslu á skattaskuldum. Einnig er því haldið fram að ekki hafi verið rétt staðið að umræddu uppboði.

Í öðru lagi er Ríkisendurskoðun sökuð um vinnubrögð sem ekki samrýmist góðum stjórnsýsluháttum. Þau eru sögð hafa „æ ofan æ truflað eðlilega starfsemi ráðuneyta," svo haft sé orðrétt eftir hæstv. fjmrh.

Í þriðja lagi er ljóst að jafnræðisreglu er ekki gætt þegar refsingar og afplánun refsingar eru annars vegar. Stjórnvöld virðast beita sér fyrir því að greiðsla á sektum gangi fyrir greiðslu skattaskulda til að koma í veg fyrir að viðkomandi taki út fangelsisvist. Þetta er gert í einu stærsta skattsvikamáli landsins.

Í fjórða lagi snýst þetta um hugsanleg embættisafglöp viðkomandi sýslumanns.

Í fimmta lagi virðist Ríkisendurskoðun gera þá kröfu að ríkið taki við skuldabréfum fyrir sektargreiðslum sem dómsmrh. fullyrðir að sé ólöglegt athæfi. Fleiri atriði mætti sannarlega tína til í þessu máli en ég læt þessa upptalningu duga.

Virðulegi forseti. Það langalvarlegasta við þetta mál er að mínu mati það að hér standa fullyrðingar gegn fullyrðingum. Því er mikilvægt að málið verði rannsakað enn frekar, ekki síst vegna Ríkisendurskoðunar sem heyrir beint undir þingið. Að sjálfsögðu reyna hæstv. ráðherrar að verja sína pólitísku æru en Ríkisendurskoðun þarf einnig að koma sínum sjónarmiðum að. Þetta er annað málið í nýliðinni viku sem kallar á að nefndir hafi heimild til að rannsaka mál að eigin frumkvæði. Slík breyting á þingsköpum er æskileg en þangað til verður 26. gr. þingskapa að duga og eðlilegt að taka þetta mál upp í efh.- og viðskn.

Fullyrðingar og túlkanir stangast á og því er ekki nóg að hæstv. forsn. taki málið til skoðunar með aðstoð lögfræðinga. Það verður þingnefnd að gera og það sem allra fyrst. Samkvæmt stjórnarskránni kæmi rannsóknarnefnd einnig til greina en ólíklegt er að slík skipan yrði samþykkt miðað við fordæmin, þegar áður hefur reynt á þá stjórnarskrárgrein.

[18:05]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta mál er um margt sérstakt eins og áður hefur komið fram. Þar sem við erum að ræða um skýrslu Ríkisendurkoðunar sem heyrir undir Alþingi er auðvitað einkennilegt að hér geta ráðherrar, meðan þeir svara fyrir skýrslu sem kom frá Ríkisendurskoðun í upphafi árs ásamt greinargerð sem skilað var vegna athugasemda ráðuneytanna, mætt með aðstoðarmönnum sínum sem m.a. hafa tekið þátt í því að vinna þau minnisblöð, fréttatilkynningar og greinargerðir sem hafa birst frá ráðuneytunum, en Ríkisendurskoðun sem heyrir undir Alþingi hefur hins vegar enga möguleika til þess að koma og svara fyrir sig. Vissulega hefur það gerst hér í dag að þessi umræða hefur, að mínum mati, snúist of mikið um Ríkisendurskoðun. Umræðan snýst ekki um niðurstöður Ríkisendurskoðunar heldur Ríkisendurskoðun sem stofnun. Stofnunin hefur staðið sig mjög vel og við höfum átt mjög góð samskipti við hana. Að vísu ekki hæstv. fjmrh. en flestir aðrir hafa átt góð samskipti við Ríkisendurskoðun.

Mér finnst þetta mál vera tiltölulega einfalt. Sú niðurstaða Ríkisendurskoðunar að fjmrn. eða fulltrúar þess hafi brugðist sem hagsmunagæsluaðilar ríkissjóðs er réttmæt. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar sem eingöngu er studd rannsókn þeirra á uppboðinu. Það er því óþarft að eyða löngum tíma í allra handa lagaflækjur vegna þess að Ríkisendurskoðun fékk ekki annað hlutverk en að skoða uppboðið sérstaklega og hvort eðlilega hefði verið staðið að því. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar eftir að hafa skoðað uppboðið er sú að fjmrn. hafi brugðist sem hagsmunagæsluaðili ríkissjóðs.

Ragnar Hall kemst í raun að sömu niðurstöðu í sinni greinargerð, þó það sé út frá öðrum forsendum. Ragnar skoðaði gang málsins lengra aftur í tímann en Ríkisendurskoðun var falið. Í niðurstöðu hans í 8. lið telur hann að fjmrn. eða sérlegur fulltrúi fjmrn., sem er í þessu tilviki sýslumaðurinn á Akranesi, hafi brugðist hlutverki sínu þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki vikið að því, að fleiri fullnustumöguleikar kunni að hafa verið fyrir hendi í sambandi við umrædda skattkröfu ríkissjóðs en ekki verið nýttir. Í því sambandi bendi ég á, að fyrsta fjárnámsgerðin, sú sem framkvæmd var 28. des. 1995, var lýst árangurslaus að hluta. Sú gerð heimilaði kröfuhöfum að knýja fram gjaldþrotaskipti á búi gerðarþolans. Vitað var á þessum tíma að skuldabréfin sem fjárnám var gert í höfðu orðið til við ráðstöfun eigna gerðarþolans til aðila sem voru honum nákomin í skilningi gjaldþrotaskiptalaga og kynnu af þeim sökum að vera riftanleg, ef verð og greiðsluskilmálar teldust óeðlileg. Gjaldþrotaskipti hefðu á engan hátt rýrt fullnustumöguleika

ríkissjóðs af öðrum eignum þrotamanns, því að ljóst mátti vera að hann skuldaði ekki öðrum en ríkissjóði.

Þegar umrædd fjárnámsgerð fór fram voru liðnir tæpir tíu mánuðir frá því að ÞÞÞ hafði ráðstafað eigum sínum til einkahlutafélagsins sem er skuldari á margnefndum skuldabréfum. Ráðstöfun eigna til nákominna er að öðrum skilyrðum uppfylltum riftanleg ef hún hefur átt sér stað á síðustu 24 mánuðum fyrir þann dag sem krafan um gjaldþrotaskipti kemur fram."

Síðan segir Ragnar: „Ég tel að það hafi verið misráðið að setja ekki fram kröfu um gjaldþrotaskipti á búi ÞÞÞ áður en þessi tími rann út, sem var í byrjun mars 1997, en innheimtuaðilar ríkissjóðs hafa af minni tilefnum knúið fram gjaldþrotaskipti á búum skuldara. Þegar fjárnámin voru gerð 9. september 1997 voru riftunarmöguleikar hins vegar úr sögunni og þess vegna tilgangslítið að knýja fram gjaldþrotaskipti."

Niðurstaða Ragnars Halls er sú að ríkisstjórnin og þá fyrst og fremst fjmrh. hafi brugðist sem hagsmunagæsluaðili ríkissjóðs.

Það er hægt að varpa ábyrgðinni yfir á þennan ágæta títtnefnda sýslumann á Akranesi. Auðvitað er hægt að segja að ábyrgðin sé hans, að hann hafi ekki sinnt störfum sínum sem skyldi. Það má vel vera. Engu að síður er hann eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, sérstakur fulltrúi hans við svona aðgerðir. Þannig að fjmrn. átti í öllum tilvikum fulltrúa á staðnum, sýslumanninn á Akranesi. En niðurstaða Ragnars er hin sama og niðurstaða Ríkisendurskoðunar þó hún byggi á öðrum forsendum og hann hafi skoðað málið frá upphafi sem Ríkisendurskoðun var ekki falið. Sjálfsagt væri hægt að draga fram margt fleira í þessu máli væri það skoðað frá byrjun. Hjá skattrannsóknastjóra hefur komið fram að hann vilji sem fæst orð hafa um það sem á eftir rannsókninni sjálfri kom.

Eftir að þessu er klúðrað, Hæstiréttur hefur fellt sinn dóm og gert manninum að greiða 50 millj. kr. sekt, óskar lögmaður hins dæmda eftir því við sýslumann að fá sektarkröfuna færða fram fyrir kröfu vegna skattaskuldar. Það er ósköp eðlilegt vegna þess að bréfin eru eina tryggingin sem eftir er fyrir greiðslu. Og þessi 154 millj. kr. skattaskuld er nánast afskrifuð. Þegar sýslumaður breytir fjárnáminu, færir sektina fram fyrir og gerir ekki nýtt fjárnám fyrir skattaskuldunum þá er hann að taka ákvörðun, þó ég sé auðvitað ekki lögfróð, um það að afskrifa 154 millj. kr. skattaskuld.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að verði sektin greidd þá hefur það fé, sem menn gerðu ráð fyrir að ná inn eftir að nýtt fjárnám var gert, ekki tapast. En hins vegar er alveg ljóst að flest bendir til þess að um 154 millj. kr. hafi tapast. Allir gera sér grein fyrir því að þegar að baki þessarar sektarkröfu liggur sú vararefsing að viðkomandi einstaklingur sitji í tólf mánuði í fangelsi ef hann ekki greiðir, þá er öll pressan á það að greiða sektina en ekki skattkröfuna. Þess vegna finnst mér sú ákvörðun sýslumanns með öllu óskiljanleg, tveimur mánuðum eftir að bréf ráðuneytis er sent þar sem ráðuneytið biður um eðlilega meðferð á opinberum gjöldum sem þessi einstaklingur skuldaði, að færa sektina fram fyrir og keyra allt í uppboð. Þar með hefur hann tekið ákvörðun um að sektin verði greidd með skuldabréfunum, fáist eitthvert verð fyrir þau, en skattkröfurnar standi eftir. Auðvitað er það mjög alvarlegt að standa svona að málum frá upphafi. Ef fjmrn. hefði fylgst með þessum sérstaka fulltrúa sínum, sýslumanninum á Akranesi, og gjörðum hans í þá hefði fjmrn. e.t.v. getað bent á að óeðlilega væri staðið að málinu í upphafi, eins og Ragnar Hall bendir á. Auðvitað er dómur hans harður í þeirri greinargerð sem hann vinnur fyrir dómsmrn. Hann er jafnharður og sá dómur Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið staðið nægjanlega vel að því að verja hagsmuni ríkissjóðs. Hér er um mjög stóra upphæð að ræða.

Ég get nefnt sem dæmi að í því þorpi sem ég bý eru um 540 íbúar. Heildartekjur þess sveitarfélags til að standa undir öllum útgjöldum, sama hvort um er að ræða rekstur eða stofnkostnað á ári hverju, eru 80 millj. kr. Skuldin, sem að öllum líkindum verður afskrifuð því við skulum gefa okkur að sektin verði greidd, annars er refsing þar til vara, samsvarar tveggja ára tekjum þessa sveitarfélags. Þetta er ekkert lítið hagsmunamál. Og 154 millj. er ekki lítil upphæð og margt væri hægt að gera fyrir hana, t.d. verja henni til sjúkrahússins á Akranesi eða í Stykkishólmi, til heilsugæslunnar á Vesturlandi eða til skólamála á Vesturlandi, ef við bindum þetta við þann landsfjórðung þar sem allt þetta mál á nú heima. Auðvitað er erfitt að horfa upp á slíkt þegar við erum á sama tíma að skera niður til samfélagslegrar þjónustu.

Eignatilfærslan sem átti sér stað í upphafi innan þessarar fjölskyldu, eignirnar hafa auðvitað að hluta orðið til vegna þess að þær 154 millj. voru notaðar til annarra hluta en að greiða það sem okkur ber til ríkisins til að standa undir samfélagslegum verkefnum. Auðvitað.

Það sem mér finnst alvarlegast í þessu máli er að það er ákveðin tilfinning fyrir því að þetta sé ekkert einsdæmi. Kröfur hafi tapast á þennan hátt, fyrir handvömm innheimtumanns ríkissjóðs og sá hinn sami innheimtumaður sem hagar sér á þennan hátt sem fulltrúi fjmrn. hagar sér á annan hátt með það sem snýr að dómsmrn. þegar hann er fulltrúi þess. Það er líka mjög alvarlegur hlutur. Þær ásakanir sem fram hafa komið af hans hálfu gagnvart starfsmönnum dómsmrn. og jafnframt hæstv. dómsmrh. eru mjög alvarlegar. Fjölskyldum sakamanna sem sitja í fangelsi í fimm mánuði, fjölskyldumenn, vegna þess að þeir gátu ekki greitt 2,5 millj. kr. skuld, svíður þessi mismunun. Vararefsingin var fimm mánaða fangelsisvist samkvæmt dómi sem féll fyrir nokkrum árum — fjölskyldumaður hirtur, settur inn og engin miskunn. Fimm mánuðir fyrir 2,5 millj. en í þessu máli eru mánuðirnir 12 fyrir 50 millj. Þarna er ákveðinn mismunur á ferðinni, mismunun sem aðstandendur fá ekki skilið. En þessir einstaklingar fá að heyra af hálfu þessa fulltrúa dómsmrn. að það sé samið í dómsmrn. um greiðslu skulda og hann fullyrðir að það hafi verið gert í fjögur skipti. Hæstv. dómsmrh. segir að það kannist enginn starfsmaður dómsmrn. við þetta. Það segir hann í ræðustól. Við hljótum þá að eiga heimtingu á að sýslumaðurinn, sem fer fram í fjölmiðlum og skilar inn greinargerð, sem nú er opinber um þetta mál þar sem þessar fullyrðingar standa, komi fram og rökstyðji þær með afgerandi hætti. Vegna þess að þarna eru það alvarlegar ásakanir á hendur starfsmönnum dómsmrn. að við það verður ekki unað. Það er ekki hægt að sitja undir þessu, og það af ábyrgum embættismanni, fulltrúa lögregluvaldsins, fulltrúa ríkissjóðs, hann gegnir þarna þó nokkuð mörgum embættum í þessu máli, það getum við ekki látið átölulaust. Það verður að komast til botns í þeim ásökunum sem hann hefur borið fram. Þær eru ekki bara um að dómsmrn. hafi brotið 52. gr. almennra hegningarlaga, heldur segir hann að þetta þýði að verið sé að breyta fullnustu dóma, það brjóti önnur lög. Síðan kemur fram í lok greinargerðarinnar, ég held í einum fimm liðum, hvernig hann telur að dómsmrn.

hafi brotið lög gagnvart hans eigin persónu. Við getum ekki látið slíkar fullyrðingar frá sýslumannsembætti sem vind um eyru þjóta. Það er ekki nóg að hæstv. ráðherra komi hér og segi: Starfsmenn dómsmrn. og embættismenn kannast bara ekkert við að þetta hafi verið gert. Ef ástæða er til að fá einhverja löglærða menn úr háskólanum til að fjalla sérstaklega um skýrslu Ríkisendurskoðunar, þá er fullkomin ástæða til að fá einhverja aðila til að fjalla sérstaklega um afstöðu og fullyrðingar sýslumannsins á Akranesi. Svo alvarlegar eru þær og geta haft mjög alvarlegar afleiðingar, því þær eru ekki til þess að auka tiltrú fólks, hvorki á störfum dómsmrn. né sýslumannsembættisins í þessu tilviki. Við hljótum því að fara fram á að þarna verði farið rækilega ofan í þær fullyrðingar.

Ég vil aðeins að lokum, virðulegi forseti, segja að þetta mál er í raun einfalt. Það snýst um að hagsmunum ríkissjóðs var ekki fylgt eftir sem skyldi. Ábyrgðin er auðvitað hjá hæstv. fjmrh. þó að það hafi verið embættismaður hans sem ekki fylgdi því eftir. Og við getum ekki sagt í öðru orðinu: Hann er ekki fulltrúi fjmrn. en í hinu orðinu að hann sé fulltrúi fjmrn. ef hann mætir sem sérstakur fulltrúi þess á uppboði.

Þessi títtnefndi maður hefur sagt í greinargerð sinni að það hafi komið honum algerlega í opna skjöldu að fjmrn. sendi ekki fulltrúa á staðinn. Hæstv. fjmrh. sagði að sýslumaður væri fulltrúi fjmrn. og hreint ótrúlegt að Ríkisendurskoðun hefði ekki áttað sig á því, því það kæmi ekki fram í skýrslunni.

En það sem öllu verra er að þessi ágæti sýslumaður virðist bara alls ekki hafa áttað sig á því hvert hlutverk hans var þennan dag miðað við þær fullyrðingar sem koma fram í greinargerð hans, því hann tekur alveg sérstaklega fram að hann hafi vænst þess að fulltrúi fjmrn. mætti og byði í bréfin, annað hafi komið sér algerlega á óvart og fullyrðir jafnframt að ríkissjóður hafi tapað verulegum verðmætum á því að mæta ekki á staðinn, eins og hann orðar það í greinargerðinni.

Það verður svo sem af nógu að taka fyrir þann óháða aðila sem fer yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar og öll fylgiskjöl sem með henni eru, því í greinargerð vegna athugasemda við skýrslu Ríkisendurskoðunar um uppboðið á skuldabréfunum, sem Ríkisendurskoðun skilaði núna síðast, fylgir m.a. þessi ágæta greinargerð frá sýslumanninum á Akranesi og frá Ragnari Hall.

Ég held að rétt sé að fara yfir málið frá upphafi og jafnframt að gera þá kröfu til þeirrar nefndar að hún skoði hvort um önnur hliðstæð mál sé að ræða. Það sem snýr að fjmrn. er að það brást í hagsmunagæsluhlutverki sínu og á því hlýtur ráðuneytið að bera fulla ábyrgð, en það sem snýr að dómsmrn. eru í raun miklu, miklu alvarlegri hlutir varðandi þær fullyrðingar sem fram hafa komið frá sýslumanninum á Akranesi.

[18:24]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en undrast nokkuð niðurstöður hv. þm. þegar hann sagði áðan og vitnaði í því sambandi til Ríkisendurskoðunar sem heldur því fram að fjmrn. hafi brugðist í þessu máli. Þegar betur er að gáð, og ég fór nú vandlega yfir það í máli mínu til að byrja með, kemur í ljós að Ríkisendurskoðun skiptir um sökudólg ef svo má að orði komast, á milli útkomu skýrslunnar og greinargerðarinnar. Ríkisendurskoðun segir í upphaflegu skýrslunni: Fjmrn. átti að gæta þess að synja endurupptöku fjárnámsins. Í síðari greinargerðinni eftir að fjmrn. er búið að leggja fram sín skjöl breytir Ríkisendurskoðun um og segir: Sýslumaðurinn átti af sjálfsdáðum að synja þessu. (**MF:** Sem fulltrúi fjmrn.)

Þá kem ég einmitt að því sem ég held og vona að stafi bara af ókunnugleika hv. þm., að sýslumaðurinn starfar sem slíkur í sínu embætti á grundvelli laga, reglna og leiðbeininga og hann hefur sjálfstætt vald til ýmissa hluta. Það sem skiptir mestu máli í þessu er að átta sig á því að þegar fram kemur krafa af hálfu gerðarþolans á sínum tíma um að greiðslur sektar megi fara fram fyrir skattgreiðsluna, segir fjmrn. alveg skýrt við sýslumanninn sem hefur þessa sjálfstæðu stöðu: Sýslumaður á að kanna hvort viðkomandi aðili á rétt til að ráða því hvert greiðslurnar fara. Þetta er ekkert einsdæmi. Það hafa fallið hæstaréttardómar, þar á meðal einn ekki mjög gamall, um að viðkomandi aðili megi stýra greiðslunum ef hann skuldar peninga. Sýslumaðurinn á sem innheimtumaður ríkissjóðs, ekki bara skattinnheimtu heldur líka sekta þó þær séu fyrir annan aðila, að kanna þetta sjálfstætt og komast að rökstuddri niðurstöðu og það gerði sýslumaðurinn. Ég hef ekki gagnrýnt það hér. Ég hef ekkert farið ofan í það hvort hann gerði það á röngum eða réttum forsendum, en það er rækilega rökstutt af hans hálfu og kemur fram í þeim skjölum sem liggja fyrir hinu háa Alþingi.

Það sem hins vegar skiptir máli er að sýslumanni ber líka að kanna rétt skuldarans, gerðarþolans, hins dæmda en ekki eins og hv. þm. segir alltaf, að hann eigi bara að gæta réttar ríkisins. Það er nefnilega ekki þannig. Sýslumaðurinn á að líta á mál beggja. Ekki er víst að allir átti sig á því í hve mörgum gervum sýslumaðurinn kemur fram, bæði þegar hann stendur að sölunni og er síðan fulltrúi eða hans fólk tveggja ráðuneyta. Þetta þarf að koma fram. Það sem er kannski bitastæðast en kemur því miður ekki nægilega vel í gegn er að Ríkisendurskoðun skiptir um sökudólg, segir ekki lengur fjmrn. heldur sýslumaðurinn. Það virðist hafa farið fram hjá hv. þm.

Í öðru lagi segir hv. þm. að kröfur ríkissjóðs hafi glatast í stórum stíl og telur upp samanlagt sektarkröfuna, sem byggir náttúrlega á dómi og er refsiviðurlög, og síðan skattkröfuna sem er miklu hærri. Það var auðvitað alveg ljóst frá upphafi að greiðslugeta viðkomandi aðila mundi aldrei nægja til að greiða allar þessar kröfur. Það lá allan tímann fyrir og það gerist sjaldnast í slíkum málum. Einfaldlega vegna þess að oft er búið að eyða verulegum hluta fjármunanna en líka vegna hins að í skattkröfunni eru viðurlög í stórum stíl samkvæmt skattalögum. Það er sem sagt skylda að margfalda skattkröfuna með ákveðnum stuðli vegna þess að það er hluti af viðurlögum sem talin eru upp í skattalögunum þannig að grunnkrafan sem kom fram var auðvitað miklu lægri en sú krafa sem að lokum verður skattkrafa, kannski u.þ.b. helmingur. Ég hef ekki gáð að því sérstaklega. Þetta eru skattar, álögur, dráttarvextir og viðurlög. Það er því ekkert hægt að fullyrða um það að ríkissjóður hafi orðið af einhverjum stórkostlegum fjármunum þegar um þetta er rætt. Reyndar er ég sammála hv. þm. um að það kemur auðvitað ekki í ljós fyrr en ljóst er hvort sektargreiðslan verður greidd eða ekki. En ég vísa því algerlega á bug að það geti staðist að ákvarðanir fjmrn. hafi verið rangar því meginákvörðun fjmrn. var að segja við sýslumanninn: Þú verður að gæta að því hvort viðkomandi aðili á lögvarinn rétt til að borga í þetta en ekki hitt. Þegar kom að sölu eignarinnar eða uppboðinu í síðara sinnið, fyrst var því frestað að beiðni fjmrn., þá voru

fyrirmælin mjög skýr. Þau voru einfaldlega þessi: Fjmrh. býður ekki í bréf sem eru verðlögð það lágt að þau duga engan veginn fyrir sektinni einni saman. Og það verður líka að hafa í huga að auðvitað hlýtur hugmyndin frá upphafi að vera sú að viðkomandi aðili hafi ætlað að greiða sektina til að losna við vararefsinguna.

Ég gerði minnst af því að gagnrýna sýslumanninn. Hins vegar viðurkenndi ég það, eins og hefur ekki farið fram hjá nokkrum hér, að ég tel að það megi mjög gjarnan skoða hvort eðlilega hafi verið að málum staðið í hans athöfnum allar götur frá því að þetta mál byrjaði og þar til því lauk, ef hægt er þá að tala um að því sé lokið.

Loks vil ég, virðulegi forseti, segja að þessi umræða í dag er alveg bráðnauðsynleg. Hún er ekki einungis nauðsynleg vegna þessa máls sem hér er til umræðu. Við höfum t.d. orðið vör við það í dag að hv. þm. taka enn þá hið upphaflega plagg Ríkisendurskoðunar og lesa upp úr því eins og engar athugasemdir hafi komið. Dæmi um þetta var þegar hv. þm. Svavar Gestsson las upp úr fyrra plagginu þar sem hann sagði að fram kæmi hjá Ríkisendurskoðun að meðan greitt væri af bréfunum, þá teldi Ríkisendurskoðun að nauðungarsala hefði verið til þess fallin að valda ríkissjóði fjártjóni, að þetta sé stærsta málið. Frá því að þessi skýrsla var gefin út hafa komið fram harðar athugasemdir m.a. við þetta atriði. Ég bendi á að í athugasemdum fjmrn. er ítarlega farið ofan í þetta og þar sem er beinlínis bent á að niðurstöður Ríkisendurskoðunar er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að hún haldi að með því að gera fjárnám í umræddum skuldabréfum hafi ríkissjóður eignast skuldabréfin en það er rangt.

Ríkisendurskoðun skrifar svo í seinni skýrsluna að það sé misskilningur af hálfu fjmrn. að þeir hafi haldið því fram að ríkið hafi eignast kröfuna. Samt stendur skýrum stöfum í skýrslunni að ríkið eigi áfram eignina eftir fjárnámið. Það rekur sig því svo margt hvað á annars horn í þessum skýrslum að það er með ólíkindum satt að segja.

Umræðan í dag hefur fyrst og fremst sýnt okkur hvað þetta er ómöguleg staða sem hv. Alþingi er í. Það er hægt að biðja Ríkisendurskoðun að fara ofan í vissa þætti málsins sem snúa að framkvæmdarvaldinu. Síðan kemur skýrsla og hún hefur í raun og veru enga stöðu. Hún er ekki álit Alþingis heldur einungis álit Ríkisendurskoðunar. Síðan þegar viðkomandi alþingismaður tekur upp skýrsluna og ávirðingar í henni hér á hinu háa Alþingi, þá hefur Ríkisendurskoðun engan talsmann og það er alveg óþolandi fyrir þá. En það er líka óþolandi fyrir ráðherrana sem fara með framkvæmdarvaldið að ekki skuli vera hægt að ná til Ríkisendurskoðunar. Þess vegna er svo brýnt að menn læri af þessu núna og setji niður nefnd eins og margoft hefur verið talað um, sem getur talað við alla málsaðila og farið yfir málið og komið með formlegt álit af hálfu Alþingis. Þetta er kannski sá lærdómur sem við getum dregið af þessum málum í dag.

Ég vil einnig taka fram að gefnu tilefni að samskipti fjmrn. og Ríkisendurskoðunar hafa yfir höfuð verið mjög góð. Þau eru eðli máls mjög mikil en það verður að segjast alveg eins og er að í vissum tilvikum hefur mér fundist Ríkisendurskoðun fara langt út fyrir það sem eðlilegt getur kallast og sem hefur orðið til þess að það er erfitt fyrir þann sem er í starfi fjmrh. að hreinsa sig af slíku vegna þess að hann nær ekki til Ríkisendurskoðunar. Hann getur aldrei rætt við hana opinberlega því að hún hefur ekki aðild að fundi hv. Alþingis og það er þetta sem þarf að laga. Þetta þarf að laga þannig að Alþingi hafi nefnd sem getur komið saman þessum sjónarmiðum og sett fram formlegt álit ef Alþingi sýnist svo.

Ég tel þrátt fyrir allt að þessi umræða sé ágæt og nauðsynleg en ég fer ekki ofan af því sem kemur fram í bréfi til hæstv. forseta að það er nauðsynlegt vegna þess hvernig þetta mál er vaxið að fá óvilhalla lögfræðinga til að kanna lögfræðilega þætti málsins. Það er ekki hægt að skilja við það í þeirri stöðu sem það er. (**SvG:** Hvaðan ætli þeir séu?) Hv. forsn. hlýtur að geta fundið lögfræðinga utan þingsins og utan framkvæmdarvaldsins sem geta farið ofan í málið og sett fram grunn sem hægt er þá að ræða á á skynsamlegum nótum. Þetta er auðvitað hallærisbragð. Þetta er auðvitað gert vegna þess að þingið hefur enn ekki komið sér upp þeirri nefnd sem svo sárlega vantar til þess að geta afgreitt mál eins og þessi. Ég skal hafa það sem mín lokaorð að þetta er að sjálfsögðu jafnóþolandi fyrir Ríkisendurskoðun og fyrir ráðuneytið þannig að það er áreiðanlega sameiginleg krafa beggja að hægt sé að fara yfir málin á þennan hátt.

Ég held að því miður hafi verið sýnt fram á það í þessu máli, bæði í umræðunni og eins líka að undanförnu með nánast skriflegum málflutningi, að Ríkisendurskoðun skjöplaðist í sinni skýrslu og í stað þess að leiðrétta lagaleg atriði í skýrslunni, þá féll Ríkisendurskoðun í þá gryfju — það er kannski eðlilegt — að reyna að hanga á upphaflegum sjónarmiðum sínum jafnvel þó þeim hafi verið ljóst að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Svo gerist það sem hlaut að gerast til þess að sá fræjum efans að ýmsir hv. þm. taka upp gömlu skýrsluna sem er búið að leiðrétta og lesa úr henni rétt eins og hún sé einhver eilífur sannleikur frá Ríkisendurskoðun. Þetta er stærsta hættan í málum eins og þessu þegar fyrir liggur álit Ríkisendurskoðunar sem Alþingi og alþingismenn geta ekki farið yfir eins og eðlilegt væri.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir allt held ég að þessi umræða hafi verið til góðs. Ég held að hún verði til þess og skal viðurkenna það að menn muni fara yfir öll þessi mál og skoða þau mjög nákvæmlega. Getum við t.d. með frekari leiðbeiningum, með lögum og með reglum gert hlutina betur þannig að við lendum ekki í árekstrum eins og þessum sem hér hafa komið upp á milli Ríkisendurskoðunar og ráðuneyta.

Að allra síðustu vil ég segja að ekki eru öll kurl komin til grafar í þessu máli. Þau koma ekki til grafar fyrr en við vitum hvort þessi sekt verður greidd eða ekki.

[18:38]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær upphæðir sem ég nefndi áðan, þ.e. 154 millj. kr., eru ekki samanlagðar skattaskuldir og sektarkrafan. Þessar 154 millj. kr. eru eingöngu opinberar skattaskuldir en staða ógreiddrar dómssektar er í dag um 44 millj. kr. Þetta eru upplýsingar sem koma beint frá ráðuneytinu.

Það er alveg rétt að sýslumaðurinn starfar á grundvelli laga og reglna og hann á að gæta hagsmuna bæði ríkissjóðs og eins þess skuldara sem í hlut á og hann færði rök fyrir öllum sínum athöfnum. Ákvarðanir hans og gjörningar hafa verið gagnrýndir af Ríkisendurskoðun en ekki síður í þeirri skýrslu sem Ragnar Hall skilaði inn til dómsmrn. og hæstv. fjmrh. hefur örugglega lesið. Þar gagnrýnir Ragnar Hall nánast í öllum liðum ákvarðanatöku sýslumannsins á Akranesi varðandi þetta mál.

Sýslumaðurinn sjálfur er sammála þeirri niðurstöðu Ragnars að hagsmuna ríkissjóðs hafi ekki verið gætt eins og skyldi því að hann fer yfir það í skýrslu sinni að hann reiknaði með

því að fulltrúi fjmrn. mætti. Og hann segir m.a. í sinni skýrslu, með leyfi forseta:

„Ekki lét ráðuneytið heldur mæta við uppboðið. Þau viðbrögð ráðuneytisins komu mér gersamlega í opna skjöldu, því að ég áleit Fjármálaráðuneytið hafa á hendi fjárhagslega hagsmunagæslu ríkisins í hvívetna."

Hann nefnir ekki að þarna sé hann sérstakur fulltrúi fjmrn., ekki einu orði. Og hann segir líka þar sem hann fjallar um heiðursmannasamkomulag sitt og Helga V. Jónssonar um greiðslu sektar ÞÞ, á einum stað, með leyfi forseta:

„Samkomulag okkar Helga V. Jónssonar hrl. var heiðursmannasamkomulag, sem miðaði að því að bjarga því sem bjargað yrði í máli, sem var komið í óefni fyrir mistök af hálfu ríkisins."

Þetta stendur í skýrslu þessa ágæta manns þannig að hann er í raun og veru sammála Ragnari Hall (Forseti hringir.) og Ríkisendurskoðun um að ekki hafi verið staðið þarna rétt að málum. En að vísu gleymir hann að geta þess að hann var sá sem átti að framkvæma.

[18:40]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið áður en síðasta setning hv. þm. var sögð því að hún lýsir nákvæmlega því sem hér á sér stað. Við skulum ekki gleyma því að það var sýslumaðurinn sem tók ákvörðun um að færa sektina fram fyrir með rökstuðningi. Það sem fjmrh. sagði við sýslumanninn var ósköp einfaldlega þetta: „Ef maðurinn á rétt á því þá verður þú að fara að því en annars ekki." Eftir að það hafði gerst og eftir að fjmrn. hafði fengið upplýsingar um það hvers virði bréfin voru var alveg ljóst, sýslumanninum eins og okkur öllum, að tilgangslaust var fyrir fjmrn. að bjóða í bréfin til þess að verja skattkröfuna. Það breytir hins vegar ekki því að sýslumaðurinn hafði að sjálfsögðu umboð til þess að grípa til annarra aðgerða, eins og t.d. að fresta uppboðinu, fresta sölunni. Það hefur enginn deilt um það. Fjmrn. svaraði eingöngu þeirri spurningu hvort það ætti að bjóða í bréfin upp í skattkröfuna og það var auðvitað út í bláinn að eignast bréfin upp í skattkröfuna, gjörsamlega út í bláinn. Og þegar talað er um mistök ríkisins í þessu sambandi, þá getur auðvitað vel verið að sýslumaðurinn eigi við sjálfan sig. „Ég er ríkið" sagði einhvern tíma einhver. Það getur vel verið að hann eigi við sjálfan sig. En ég andmæli því algerlega að það sé á ábyrgð fjmrn. Ég tel að sýslumaðurinn fari mjög einkennilega að þegar hann sakar fjmrn. um að hafa ekki staðið sig og segir að þeir hafi ekki mætt þegar hann veit að ekki er hægt að láta uppboðið fara fram nema gerðarbeiðandi sé viðstaddur og hann er samkvæmt lögum fulltrúi ráðuneytisins. Það sjá náttúrlega allir að málsvörn af þessu tagi stenst ekki og það veit ég að hv. þm. veit nákvæmlega jafn vel og ég.

[18:42]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einkennileg eða ekki einkennileg. Niðurstaða sýslumanns er þessi. Hún liggur hér fyrir í opinberum gögnum. Það sama segir í raun og veru í niðurstöðu Ragnars Halls og Ríkisendurskoðunar, að fjmrn. hafi brugðist þessu hlutverki sínu.

Sýslumaðurinn færði rök fyrir því að færa sektina, það er rétt. Ragnar Hall tekur þau rök, tætir þau niður og það stendur ekkert eftir af þeim svo að maður einskorði sig ekki við málflutning Ríkisendurskoðunar. Hann gerir það líka. Ráðuneytið hafði ákveðinn tíma. Bréfið er skrifað að mig minnir 3. júlí og er svarað 15. júlí. Það hefur þennan tíma til þess að fara yfir erindi sýslumanns og hafði alla möguleika til þess að skoða hvort einhver rök lægju þarna að baki úr því að sýslumaðurinn leitar sérstaklega eftir áliti ráðuneytisins.

[18:43]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt hvernig sumu fólki getur skjöplast. (**MF:** Hvað stendur í skýrslunum?) Það getur vel verið að hv. þm. sé ekki að lýsa eigin skoðunum heldur að reyna að lesa upp úr skýrslum. En ég verð að taka það samt þannig að hv. þm. geri þessa skoðun að sinni.

Í hverju brást fjmrn.? (**Gripið fram í:** Hagsmunir.) Og í hvaða hagsmunagæslu? Allar kröfurnar í málinu eru kröfur sem ríkisvaldið á. Er það að bregðast hagsmunavörslu að fela sýslumanninum það sem hann fékk í svari frá fjmrn. og hefur löngum komið fram, að hann eigi að athuga það sjálfstætt og sjálfur hvort einstaklingurinn eigi rétt á því að greiða þessa skuld á undan hinni? Er það að bregðast einhverju? (**MF:** Það er í niðurstöðu Ragnars Halls.) Niðurstaða Ragnars Halls lá ekki fyrir fyrr en löngu eftir að atburðurinn átti sér stað og löngu eftir að sjálft uppboðið fór fram. (**SvG:** Hvað með það?) Hvað með það? Það var auðvitað ekki hægt að skoða það þá fyrir fram af því að álitið kemur löngu löngu seinna. (**SvG:** ...hljóta að vita þetta.) Ég tel það í raun og veru lagalegt hlutverk sýslumannsins að ákveða í hvaða röð eigi að greiða kröfur til ríkisins því að þó að þarna sé um að ræða tvo arma ríkisvaldsins, þá er hann eini maðurinn sem á að gæta þess samræmis.

Málið er sáraeinfalt. Það eru ákveðnir fjármunir til skipta. Þeir fara til ríkisins annaðhvort í formi sekta eða skattkröfu og það eina sem situr eftir er það hvort sektin greiðist eða ekki. Það eru tveir möguleikar til. Viðkomandi fer í fangelsi, tekur vararefsinguna út, eða þá að sektin er greidd. Mín trúa er sú að frá upphafi — og það hafi ráðið því að þessi krafa kom fram hjá viðkomandi aðila og beiðni til sýslumannsins hafi byggst á því — hafi ætlun þessara manna verið að borga sektarkröfuna. Sé sú niðurstaðan þá er málið ósköp einfalt. Ríkið hefur hirt allar eignirnar sem voru í búinu og það er kannski það sem skiptir máli.

[18:45]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af þessum skoðanaskiptum er auðvitað ljóst að ríkið er að tapa fjármunum sem það hefði getað fengið í hendur ef það hefði stundað eðlilega starfshætti.

En það sem ég ætla að vekja athygli á í sambandi við orð hæstv. fjmrh. áðan er aðallega hugmynd hans um óháða lögfræðilega úttekt. Satt að segja sé ég ekki í fljótu bragði hvernig hún á eiginlega að fara fram. Hvar eru þessir óháðu lögfræðingar sem eiga að geta beitt sér fyrir þessari úttekt? Það getur svo sem vel verið að þeir séu til. Er hugsanlegt að fara einhvern veginn öðruvísi í þetta mál?

Væri hægt, eins og við nefndum fyrr í dag, að láta þingnefnd fara í málið? Eða er hugsanlegt að taka hæstv. fjmrh. á orðinu? Er hann tilbúinn að taka þátt í að breyta þingsköpum á þeim vikum sem eftir eru af sitjandi þingi? Ekki til að taka á þessari skýrslu vegna þess að hún er sérmál. Þessi skýrsla er orðin stórpólitísk eftir málflutning ráðherranna. Eru þeir tilbúnir til að beita sér fyrir því, í samvinnu við stjórnarandstöðuna og aðra hér, að nefnd til að fara yfir svona skýrslur verði til á þeim dögum sem eftir eru af sitjandi þingi? Ég held að ef umbótavilji hæstv. fjmrh. er einhver, þá sé nauðsynlegt

að fá það alveg skýrt fram hvort hann er tilbúinn að fylgja því máli eftir.

[18:47]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru tvö mál. Annars vegar er spurningin, hvað eigi að gera við þessar skýrslur og greinargerðir sem eru orðnar nokkuð margar í þessu máli. Mín skoðun er sú að það verði ekki hjá því komist úr því sem komið er, að leggja þá þraut fyrir óháða lögfræðinga. Málið hefur farið í þann farveg að ég tel það alveg óhjákvæmilegt. Hvort þingið tekur síðan málið upp, læt ég ósagt.

Það á hins vegar ekki að koma hv. þm. á óvart að heyra að ég styð breytingar á þingsköpum. Ég hef beðið um þessar breytingar árum saman. Ég hef skrifað um það greinar, látið það í ljós í blaðaviðtölum, ég hef flutt margar ræður á Alþingi og sagt bráðnauðsynlegt að setja hér upp nefnd, svipaða þeirri sem kölluð er kontrollkomité í Noregi, sem tæki fyrir álit Ríkisendurskoðunar. Það er óþolandi, jafnt fyrir Ríkisendurskoðun, Alþingi og framkvæmdarvaldið að ekki komi formlegt álit frá Alþingi um skýrslur Ríkisendurskoðunar.

Að sjálfsögðu styð ég að gerðar verði breytingar á þingsköpum og slík nefnd sett á laggirnar. Ég get auðvitað ekkert lofað því hér og nú nákvæmlega hvernig sú nefnd á að vera eða hvort ég ætla að eiga eitthvert samstarf við stjórnarandstöðuna. Málið er í höndum forsn. og tel ég því miður málið hafa verið allt of lengi í höndum hennar.

[18:49]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði nú ekki alveg þessu síðasta skoti um að málið hefði verið of lengi í höndum forsn. Ég vil aðeins rifja það upp að við höfum alllengi haft í gangi endurskoðun á þingsköpunum. Fyrir nokkrum dögum komu upp hugmyndir um að nauðsynlegt væri að endurskoða þingsköpin, aðallega vegna þess að stjórnarliðið taldi stjórnarandstöðuna hafa gengið of langt í að hafna beiðni um að mál yrði tekið fyrir. Þá komu upp þau sjónarmið hjá hæstv. utanrrh. að hætta væri á að þessi afstaða stjórnarandstöðunnar yrði til þess að menn mundu auka beitingu bráðabirgðalaga. Menn kannast við þessa umræðu.

Í þeirri umræðu benti ég á hvort ekki væri hugsanlegt að búa sérstaklega um frestinn þegar Alþingi væri kallað saman utan venjulegs samkomutíma. Þá væri litið þannig á að þessi tveggja nátta frestur sem venjulega er talað um, yrði styttri og þar af leiðandi væri hægt að hugsa sér að þing kæmi saman, kannski í þrjá eða fjóra daga til að fjalla um tiltekið mál án þess að hafa það í för með sér að allt vaknaði upp á ný. Mér finnst að sú breyting varðandi meðferð mála á aukaþingum, sem sett væru að sumri til, sé brýn vegna þess að það er mikilvægt fyrir Alþingi að eyða þessari bráðabirgðalagahótun. Hún stenst ekki og verður að taka á henni með breytingum á þingsköpum.

Í öðru lagi segi ég, út af því sem hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan, að mér er algerlega ljóst að hann semur ekki um eitt eða neitt í þessu máli frekar en ég. Hans vilji skiptir þó miklu máli og ég tel einboðið að hann verði tekinn á orðinu.

[18:51]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu máli virðist maður þurfa að segja hlutina margoft. Ég hef sagt þó nokkrum sinnum í dag. Nánast á hverju einasta ári frá því stjórnarskrárbreytingin varð sem gerði það að verkum að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga voru lagðir af, hef ég sagt að nýtt úrræði vantaði, nútímalegt úrræði. Ég hef margoft farið yfir það að slík úrræði eru til í löndunum í kringum okkur. Þar á meðal í Noregi, kontrollkomité eða eftirlitsnefnd. Þar hefur hún þessu hlutverki að gegna.

Þetta er nefnilega ekki í fyrsta skipti sem það gerist sem er óþolandi að Ríkisendurskoðun og handhafar framkvæmdarvaldsins lenda í árekstri og engin niðurstaða fæst í málinu. Þetta er óþolandi, fyrir báða aðila er þetta óþolandi. Þetta er eins og að tala við guð vegna þess að enginn hér tekur upp hanskann fyrir Ríkisendurskoðun eins og hér hefur verið sagt. Í hæsta máta er eitthvað lesið upp eins og menn séu að lesa úr Biblíunni og fyrir vikið verður umræðan aldrei markviss. Það þarf að ganga þannig frá málum að þingið taki afstöðu til álita Ríkisendurskoðunar og sem betur fer held ég að í mjög mörgum atriðum mundi þingið taka afstöðu með ábendingum Ríkisendurskoðunar og beita sér fyrir breytingum. Það held ég.

Í öðrum tilvikum yrði þetta til þess að menn mundu sjá aðra hlið en frá sjónarhorni Ríkisendurskoðunar og þess vegna væri hægt að hreinsa ráðuneytið af ávirðingum sem settar eru fram, kannski óvart.

Það er auðvitað óþolandi fyrir þessa þrjá aðila að þurfa að stunda sín störf án þess að eitthvað sé gert í þessu máli eins og hér hefur verið bent á.

[18:53]

**Ólafur G. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil segja örfá orð í lok umræðunnar sem ég reikna með að sé að ljúka.

Bæði hjá hæstv. fjmrh. og hv. 8. þm. Reykv. hefur það komið fram að Ríkisendurskoðun eigi sér engan málsvara hér í þinginu. Það má allt saman rétt vera. Hv. 8. þm. Reykv. sagði að það væri kannski helst forseti Alþingis sem ætti að bregðast við og verja gerðir Ríkisendurskoðunar „en allir vissu að hann mundi ekki gera það".

Það er rétt hjá hv. þm. að ég taldi ekki rétt að blanda mér í þessar umræður núna. Það var ekki vegna þess að ég teldi að forseti Alþingis gæti ekki tekið til máls í umræðum um mál sem koma fyrir hv. Alþingi. Ég tel það hins vegar ekki sérstakt hlutverk mitt að bregðast við og verja gerðir Ríkisendurskoðunar, þótt hún sé stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Ég tel það ekki endilega vera hlutverk forsetans. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Ég lýsi sérstakri ánægju minni með það sem fram hefur komið í máli hæstv. fjmrh. og raunar fleiri um að það vanti nefnd til að taka mál eins og þetta, skýrslur Ríkisendurskoðunar og álit, til umræðna. Hæstv. fjmrh. verður að virða það við mig þó ég muni ekki eftir honum sem sérstökum baráttumanni fyrir þessu. Hann hefur aftur á móti ítrekað sagt í ræðum sínum að hann hafi margsinnis mælt með þessu og ég fagna því.

Þetta mál hefur verið til sérstakrar umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem staðið hefur yfir núna undanfarin missiri á þingsköpum Alþingis. Ég hef ekki orðið var við annað en að í þeim hópi sem þar hefur komið að verki sé mikil og rík samstaða um að slíka nefnd þurfi að setja á laggirnar í þinginu. Hún mundi fá viðfangsefni sem þetta til umfjöllunar. Hún mundi fá allar skýrslur sem lagðar eru fyrir þingið, ekki eingöngu hinar árlegu skýrslur Ríkisendurskoðunar og skýrslu umboðsmanns, heldur einnig skýrslur sem einstakir hæstv. ráðherrar leggja fyrir þingið, bæði að eigin

frumkvæði og fyrir beiðni einstakra þingmanna. Þannig fengi Alþingi tækifæri til að ályktа í málunum. Í þessari umræðu hefur þörfin á slíkri nefnd sýnt sig. Eins og ég segi fagna ég sérstaklega stuðningi hæstv. fjmrh. við þessa hugmynd. Það munar um hans stuðning í sambandi við þetta mál. Ég hlýt að láta í ljós þá von að slík ákvörðun verði tekin nú á þessu þingi.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég sagði fyrr úr forsetastól. Það er sjálfsagt að forsn. Alþingis taki til umfjöllunar þá tillögu sem hæstv. ráðherrar lýstu í umræðunni fyrr í dag. Það mun forsn. kanna og sjálfsagt að kanna hvort einhver önnur úrræði eru fær til að ræða þetta mál frekar. Það munum við ræða í forsn.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 18:57.

---

## 69. FUNDUR

þriðjudaginn 17. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — 1. umr.
2. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789. — 1. umr.
3. Dánarvottorð, stjfrv., 464. mál, þskj. 795. — 1. umr.
4. Almannatryggingar, frv., 228. mál, þskj. 260. — 1. umr.
5. Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, þáltill., 284. mál, þskj. 355. — Fyrri umr.
6. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374. — Fyrri umr.
7. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 342. mál, þskj. 431. — 1. umr.
8. Félagsleg aðstoð, frv., 352. mál, þskj. 496. — 1. umr.
9. Málefni aldraða, frv., 353. mál, þskj. 507. — 1. umr.
10. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 435. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.
11. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 452. mál, þskj. 781. — Fyrri umr.
12. Almannatryggingar, frv., 470. mál, þskj. 803. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:30]

**Útbýting þingskjala:**

Smíði á varðskipi, 474. mál, fsp. SvanJ, þskj. 807.

Stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar, 472. mál, fsp. HG, þskj. 805.

Stuðningur Íslands við hugsanlegar loftárásir á Írak, 473. mál, fsp. SvG og MF, þskj. 806.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 471. mál, frv. KÁ, þskj. 804.

***Umræður utan dagskrár.***

Samskipti dómsmálaráðuneytisins og lögregluyfirvalda.

[13:31]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Fá mál í samfélaginu ef nokkur eru jafnvandmeðfarin í almennri umræðu og málefni lögreglu. Verkefni lögreglu eru einhver þau mikilvægustu sem nokkur stofnun hefur á hendi, enda felast þau m.a. í því að vernda borgarana í sínu daglega lífi og halda uppi allsherjarreglu í samfélaginu. Vegna mikilvægis hennar eru störf stofnunarinnar einnig viðkvæm þannig að hvatvís og óábyrg umræða á opinberum vettvangi getur skaðað orðstír hennar og hætta er á að sá skaði gæti orðið okkur öllum til mikillar óþurftar. Á hinn bóginn breytir það ekki því að umræða um starfsemi lögreglu verður að fara fram. Skynsamleg, fordómalaus og gagnrýnin umræða er forsenda allra framfara og það á einnig við um starfsemi og starfshætti lögreglu.

Markmiðið með þessari umræðu hefur frá upphafi verið það að um lögregluna fari fram skynsamleg, gagnrýnin og uppbyggileg umræða. Umræðan hefur aldrei verið hugsuð þannig að henni sé beint að eða eigi að beinast gegn persónu eins eða neins og breytir þá engu hvort hæstv. dómsmrh. á í hlut eða einhverjir aðrir þó verk þeirra komi að sjálfsögðu til skoðunar við þessa umræðu. Ég vil því í upphafi vekja sérstaka athygli á því að ábyrgð okkar hv. alþingismanna sem tökum þátt í þessari umræðu er mikil og við verðum að gæta þess að hún verði ekki til þess að skaða orðstír lögreglu og trúverðugleik gagnvart almenningi.

Það er mín skoðun að sú umræða sem fram hefur farið undanfarin ár um starfsaðferðir, starfsemi og skipulag lögreglu hafi verið til góðs og leitt af sér margt jákvætt. Í fyrsta lagi hefur hún orðið þess valdandi að löngu tímabær rannsókn eða skoðun á starfsemi, skipulagi og stjórnun á stærsta lögregluembætti í landinu hefur farið fram og menn eru almennt sammála um að niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að þar á bæ hafi ekki allt verið eins og best verður á kosið. Upplýsingar um niðurstöður þessarar skoðunar koma m.a. fram í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. birtir á hinu háa Alþingi 20. desember sl. og var rædd 2. febrúar sl. Í henni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra vekja að sjálfsögðu upp réttmætar spurningar um hvort skipulag og starfsemi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi á umræddu tímabili verið í samræmi við þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíkrar deildar. Til þess verður hins vegar að líta nú að umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar til bóta á starfsháttum og skipulagi innan einstakra rannsóknardeilda hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, auk þess sem yfirstjórn lögreglunnar hefur verið endurskipulögð í grundvallaratriðum. Það er mat ráðuneytisins að þær breytingar sem nú hefur verið ráðist í ... hafi leitt til þess að skipulagslega sé stjórnun og ábyrgð yfirstjórnar lögreglunnar í Reykjavík nú með eðlilegum hætti.“

Af orðum hæstv. dómsmrh. verður því ekki annað ráðið en rannsóknin hafi verið löngu tímabær og hann hafi brugðist við niðurstöðum hennar. Það sem á hinn bóginn vekur kannski sérstaka eftirtekt í þessu sambandi er sú staðreynd að skoðun á starfsemi, skipulagi og yfirstjórnun á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík skuli ekki hafa farið fram fyrr en gerð var um það krafa á hinu háa Alþingi í mars í fyrra. Í því sambandi hef ég m.a. í huga upplýsingar sem fram koma í Morgunblaðinu á síðasta ári því strax á árinu 1992 ritaði þáv. lögreglufulltrúi í ávana- og fíkniefnadeild dómsmrh. og fleirum greinargerð þar sem kvartað var undan skorti á markvissri yfirstjórn á embættinu, vöntun á lögfræðilegri ráðgjöf auk skorts á stjórnunarlegu og fjárhagslegu sjálfstæði deildarinnar.

Allar götur síðan sú greinargerð var rituð og til dagsins í dag hefur sami einstaklingur gegnt starfi dómsmrh. Því beini ég þeirri spurningu til hans hvort hann hafi í engu sinnt þessum ábendingum lögreglufulltrúans. Hafi hann sinnt þeim eða brugðist við, er nauðsynlegt að hann upplýsi þing og þjóð um hver þau viðbrögð hafa verið. Það breytir því hins vegar ekki að umræðan undanfarna mánuði varð til þess að þessi löngu tímabæra skoðun á embætti lögreglustjórans í Reykjavík fór fram auk þess sem þingflokkur jafnaðarmanna ásamt hæstv. dómsmrh. hafa farið þess á leit í kjölfar hennar að fram fari almenn stjórnsýsluendurskoðun á embættinu í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun.

Í öðru lagi hefur umræðan undanfarna mánuði leitt til þess að gerð hefur verið gangskör að því að settar verði reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu því nú loksins hefur verið sett á laggirnar nefnd sem á að gera tillögur að reglugerð um það efni sem mun vonandi leiða til þess að starfsumhverfi þeirra manna sem að þessum rannsóknum starfa batni til mikilla muna.

Það er mitt mat að helsta átæða þess að þeir óvanalegu atburðir sem áttu sér stað í dómsmrn. fyrir um það bil sjö árum eigi rætur að rekja til þess að ekki voru til almennar verklagsreglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu. Það er því eftirtektarvert að nú fyrst í kjölfar þessarar umræðu skuli vera gerður reki að því að slíkar reglur verði settar þrátt fyrir að lögreglan hafi um langt skeið óskað eftir því að slíkar reglur yrðu settar, enda hafa yfirvöld í flestum þróuðum ríkjum fyrir nokkuð löngu sett reglur um þessa starfsemi lögreglunnar. Má í því sambandi nefna að Danir fóru í gegnum sambærilega umræðu og við höfum gert nú um miðjan síðasta áratug og settu þá í kjölfarið almennar reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Það er skoðun mín að enginn hafi rakið betur nauðsyn þess að slíkar reglur verði settar en fyrrv. lögreglufulltrúi í ávana- og fíkniefnadeild í greinargerð sem hann ritaði og birtist í Morgunblaðinu 19. ágúst sl. en þar segir hann svo, með leyfi forseta:

„Starfsumhverfi það sem mönnum hefur hins vegar verið boðið upp á hefur verið vonlaust og í rauninni hlaut að koma að því að steytt yrði á skeri þar sem stjórnendur lögreglumála hafa aldrei fengist til að setja þessum viðurkenndu vinnubrögðum formlegan ramma en hafa haldið sig til hlés þegar á hefur reynt."

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna áfram til sömu greinargerðar lögreglufulltrúans fyrrverandi því að þar eru í hnotskurn dregin fram þau vandamál sem lögreglumenn hafa átt við að etja í starfi sínu sökum þess að stjórnvöld hafa ekki sinnt því hlutverki sínu að setja almennar reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Í umræddri greinargerð undir fyrirsögninni „Er lögreglumanni heimilt að vera í upplýsingasambandi við sölumann fíkniefna?" segir, með leyfi forseta:

„Slík vinnubrögð [en þar er vitnað til óhefðbundinna rannsóknaraðferða] hafa verið viðhöfð hér á landi frá því að rannsóknir fíkniefnamála hófust um 1970. Starfsmenn ávana- og fíkniefnadeildar voru á starfstíma lögreglufulltrúans fyrrverandi 1985–1990 hvattir til að ná sem bestum tengslum við fíkniefnaumhverfið sjálft, m.a. með því að komast í trúnaðarsamband við brotamennina sjálfa. Þar með hefur lögreglan ávallt tök á púlsinum, veit hvernig landið liggur, hverjir eru virkastir og hvað er í gangi á hverjum tíma. Lögreglumenn í fíkniefnarannsóknum hafa starfað samkvæmt línu sem lögð hefur verið af yfirvöldum lögreglumála að þessu leyti. En spurningin hvort rétt sé að rannsóknarlögreglumenn séu yfir höfuð í upplýsinga- og trúnaðarsambandi við brotafólk er afar erfið og viðkvæm. Í henni togast á ýmis sjónarmið. Þess vegna hafa yfirvöld allra þróaðra ríkja velt þessari spurningu rækilega fyrir sér og öll fyrir mörgum árum sett lögreglumönnum skýrar reglur um framkvæmd slíkra upplýsingasambanda sem og annarra óhefðbundinna rannsóknaraðferða nema reyndar Íslands."

Enn fremur segir í sömu greinargerð lögreglufulltrúans fyrrverandi, með leyfi forseta:

„Ég hef margoft bent á nauðsyn þess að setja nákvæmar reglur um framkvæmd allra þeirra óhefðbundnu rannsóknaraðferða sem yfirvöld vilja að stundaðar séu. Samstarfsmenn mínir í fíkniefnadeild á sínum tíma, á árunum 1985–1990, bentu einnig á þessa nauðsyn. Eftirmaður minn benti einnig á þessa nauðsyn. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur bent á ríkissaksóknara en hann bent aftur á dómsmrn. Engar reglur hafa þó verið settar."

Sú greinargerð sem hér er vitnað til og lögreglufulltrúinn fyrrverandi ritaði í Morgunblaðið snýst um grundvallaratriði. Það sem umræddur lögreglufulltrúi bendir réttilega á í greinargerð sinni er það að aldrei hafi verið tekist á við og reynt að svara þeirri grundvallarspurningu hvort rétt sé að rannsóknarlögreglumenn séu yfir höfuð í upplýsinga- og trúnaðarsambandi við brotafólk. Það hafa flestar þjóðir gert, sem við viljum bera okkur saman við, og sett um það skýrar reglur. Tilvist slíkra reglna er forsenda þess að lögreglumönnum sem eru að berjast við jafnalvarleg lögbrot og fíkniefnabrot sé búið það starfsumhverfi sem lögregla verður að hafa ef hún á að ná árangri í baráttu sinni við fíkniefnasala. En umræðan undanfarna mánuði virðist ætla að leiða til þess að loksins verði settar löngu tímabærar reglur um þetta atriði og því ber að fagna.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í greinargerð lögreglufulltrúans fyrrverandi um síendurteknar óskir af hans hálfu og fleiri á sínum tíma um að stjórnvöld settu almennar og skýrar reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir er nauðsynlegt að fá upplýst, það sem þetta einstaka atriði hefur ekki mér vitanlega verið borið sérstaklega undir ráðherra né umræðu á Alþingi fyrr, hvernig yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að lögreglan hafi aldrei farið þess formlega á leit við ráðuneytið að settar yrðu reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir komi heim og saman við greinargerð umræddsfulltrúa. Þetta er nauðsynlegt að skýra við þessa umræðu því að upplýsingarnar sem fram eru komnar eru misvísandi auk þess sem ég tel nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. skýri það á hinu háa Alþingi hvers vegna þessar reglur hafa ekki verið settar fyrir löngu.

Þrátt fyrir að æskilegt sé að hæstv. ráðherra geri þingi og þjóð grein fyrir því hvers vegna hann hafi ekki fyrir löngu reynt að tryggja þeim lögreglumönnum sem starfa í fíkniefnadeild viðunandi starfsumhverfi með því að setja þessar almennu reglur er ekki þar með sagt að verið sé að leita að einhverjum sérstökum sökudólg. Á hinn bóginn virðist það nokkuð augljóst í ljósi sögunnar að Alþingi og stjórnvöld hafi gersamlega brugðist því hlutverki sínu að setja ramma utan um þessar óheftbundnu rannsóknaraðferðir lögreglu. En sem betur fer er umræðan undanfarna mánuði að skila því að þessar reglur verði settar.

Það er enn fremur mín skoðun að sú umræða sem fram hefur farið að undanförnu hafi leitt í ljós ýmsa veikleika á störfum Alþingis, einkum er varðar það hlutverk Alþingis að veita ráðherrum aðhald og eftirlit í störfum sínum. Í fyrsta lagi tel ég það ekki ásættanlegt fyrir Alþingi að ráðherra, í þessu tilviki hæstv. dómsmrh., taki sér sjálfdæmi um það hvaða upplýsingar hann lætur þinginu í té og leyfi sér að bera fyrir sig ákvæði í almennum lögum í því skyni. Slík röksemdafærsla er að mínu viti gersamlega fráleit. Ég efa það stórlega að nokkurt þjóðþing, þar sem byggt er á sams konar stjórnskipun um þrígreiningu ríkisvalds, léti sér það nokkru sinni til hugar koma að láta svo lítið sem hlýða á röksemdafærslur af þessu tagi, svo fráleitar sem þær eru. Á hinn bóginn er hverjum manni ljóst að ýmsar upplýsingar geta verið þess eðlis að þær verða ekki gerðar opinberar í einu vetfangi. Í þessu ljósi tel ég nauðsynlegt að forusta þingsins taki þessa stöðu til alvarlegrar athugunar og leiti leiða til þess að Alþingi geti óhindrað aflað sér nauðsynlegra upplýsinga.

Enn fremur er það skoðun mín að forusta þingsins hafi átt að taka undir þær kröfur sem minni hlutinn í allshn. Alþingis hefur haft uppi um að þetta tiltekna mál verði tekið upp í fagnefnd án þess að slík upptaka sé háð fyrirvörum því um trúnaðarupplýsingar er að ræða og vitaskuld ber að fara með þær í slíkri nefnd sem slíkar. Reyndar skilst mér að samþykkt hafi verið í allshn. á fundi hennar í morgun að málið verði tekið til skoðunar í nefndinni og vil ég fagna því sérstaklega.

Ég tel það enn fremur vera veikleika í þingsköpum að þegar þingið vill bregðast svo skjótt sem auðið er við nýjum upplýsingum í málum sem þegar hafa verið til umræðu á þinginu, þá er umræða utan dagskrár nánast eina færa leiðin til þess að koma spurningum til ráðherra og fá svör.

Tilefni þess að þetta mál er nú rætt í þriðja sinn á hinu háa Alþingi, eru hinar nýju upplýsingar sem fram hafa komið í fjölmiðlum undanfarna daga, um það hvernig dæmdum fíkniefnasala var veitt reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsivistar. Fyrir mér vakir fyrst og fremst að bera hinar nýju upplýsingar sem fram hafa komið og lágu ekki fyrir þegar málið var rætt síðast, saman við þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra hefur áður látið falla um málið. Ég mun ekki gera það að umræðuefni á hinu háa Alþingi hvort umrætt samkomulag ráðuneytisins og brotamanns hafi skilað tilætluðum árangri. Í ræðu minni ætla ég ekki að rekja allar þær upplýsingar sem fram hafa komið um þetta mál í fjölmiðlum, heldur einblína á það sem birtist í Morgunblaðinu sl. laugardag. Þar kristallast þær upplýsingar sem áður höfðu komið fram í dagblöðum og ljósvakamiðlum.

Í Morgunblaðinu, sl. laugardag, er haft eftir hæstv. dómsmrh. að vorið 1991 hafi komið á hans fund tveir lögreglumenn, óskað reynslulausnar fyrir umræddan brotamann og vísað til þess að Halldór Ásgrímsson, þáv. dómsmrh., hafi verið búinn að veita samþykki sitt en framkvæmdin ekki komist á. Þeir hafi enn fremur sagt að forveri hæstv. núv. dómsmrh. hafi veitt þeim leyfi til þess að afla upplýsinga frá brotamanni um starfsemi í fíkniefnaheiminum gegn vilyrði um reynslulausn. Hæstv. dómsmrh. segir enn fremur í umræddu viðtali að hann hafi fengið það staðfest hjá Halldóri Ásgrímssyni að hann hefði fallist á samkomulag um reynslulausn.

Hvað svo sem er rétt í allri þessari umfjöllun þá virðist mér að lögregla og dómsmrn. hafi á árinu 1991 staðið í þeirri trú að á árinu 1989 hefði verið gert samkomulag milli lögregluyfirvalda með vitund og vilja hæstv. dómsmrh. og umrædds sakamanns. Samkomulagið var að gegn því að hann veitti lögreglunni upplýsingar um fíkniefnaviðskipti yrði hann látinn laus eftir að hafa afplánað helming refsivistar. Samningur þessa efnis á að hafa legið fyrir. Skilningur lögregluyfirvalda á því herrans ári 1991 virðist samkvæmt greininni sá að þetta samkomulag hafi verið til staðar.

Að mínu viti hlýtur að þurfa að skoða ummæli í skýrslu dómsmrh. til Alþingis í nýju ljósi eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir. Í þeirri skýrslu er að finna ummæli sem tekin eru upp úr bréfi setts rannsóknarlögreglustjóra, með leyfi forseta:

Af ferilsskýrslu hins dæmda brotamanns hjá lögreglustjóraembættinu má sjá að fyrir hafi legið margvíslegar upplýsingar um mikil umsvif hans sem fíkniefnasala og fíkniefnaneytanda það tíma bil sem rannsóknin setts rannsóknarlögleglustjóra tók til, þ.e. frá ársbyrjun 1988 til rit-unardags bréfsins, 11. júní 1997. Mál hans höfðu lítt verið rannsökuð eða ekki til hlítar. Tvö dæmi séu, frá árinu 1988 og 1992, um rannsökuð mál sem ekki höfðu hlotið eðlilega framhaldsmeðferð.

Ég tel nauðsynlegt að bera þessar nýju upplýsingar um tilvist umræddra samkomulags saman við upplýsingar og yfirlýsingar sem þinginu hafa áður verið gefnar um þetta efni svo umræðan geti farið fram á grundvelli nýjustu upplýsinga.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. dómsmrh. í umræðu utan dagskrár í mars á síðasta ári, með leyfi forseta: „að óheimilt væri með öllu og refsivert af hálfu lögreglu að semja um að menn geti sloppið við viðurlög ...“ Hér verður ekki annað skilið af ummælum hæstv. dómsmrh. en að ólöglegt sé að gera samninga um að brotamenn sleppi við viðurlög að hluta eða öllu leyti.

Í öðru lagi kemur ekkert fram um það í skýrslu hæstv. dómsmrh. til Alþingis að ráðuneytið hafi haft frumkvæði að því að koma upplýsingum um tilvist umræddra samkomulags á framfæri við fullnustumatsnefnd áður en hún gaf síðari umsögn sína um reynslulausn viðkomandi brotamanns. Þó virðist það koma fram í áðurnefndu viðtali við hæstv. dómsmrh. í Morgunblaðinu sl. laugardag að þessum upplýsingum hafi verið komið á framfæri við fullnustumatsnefnd.

Í þriðja lagi hefur hæstv. dómsmrh. lýst því yfir í fjölmiðlum að hvorki hann né dómsmrn. hafi haft áhrif á að umræddum fíkniefnasala yrði veitt reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsivistar. Því vil ég í ljósi nýrra upplýsinga um tilvist þessa samkomulags, umræddra brotamanns og lögregluyfirvalda, beina eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra fékk þessar spurningar í morgun:

1. Hvernig var nýjum upplýsingum um að vilyrði hafi legið fyrir um reynslulausn komið til nefndarmanna í fullnustumatsnefnd?

2. Hafði ráðherra persónuleg afskipti af því að þessum upplýsingum var komið á framfæri? Hafði ráðherra samband við einhvern nefndarmanna í fullnustumatsnefnd í því skyni að koma þessum upplýsingum á framfæri?

3. Telur ráðherra að þessar nýju upplýsingar hafi haft áhrif á að fullnustumatsnefnd tók nýja ákvörðun?

4. Voru nefndarmenn einróma um að taka nýja og breytta ákvörðun? Hafi svo verið, hvernig skýrir þá hæstv. ráðherra fréttir sem birtust í Dagblaðinu fyrir skömmu um að formaður fullnustunefndar hafi íhugað afsögn í kjölfar þessa máls?

5. Sat starfsmaður ráðuneytisins í nefndinni á þessum tíma, þ.e. fullnustumatsnefnd, og átti hann þátt í báðum ákvörðunum? Telur ráðherra eðlilegt að starfsmaður ráðuneytis sitji í nefnd ætlað er að veita lægra settu stjórnvaldi umsögn áður en ákvörðun er tekin þar?

6. Á hvaða lagaheimild var byggt þegar umræddur samningur var gerður? Ummæli hæstv. ráðherra verða ekki skilin öðruvísi en svo að lögregluyfirvöld, þar með talið dómsmrn., hafi litið svo á að samningur eða samkomulag lægi fyrir.

7. Stendur ráðherra enn við fyrri fullyrðingar sínar um að hann hafi, hvorki persónulega né gegnum ráðuneytið átt neinn þátt í því að dæmdur brotamaður fékk reynslulausn?

[13:53]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Aðdragandi þessarar utandagskrárumræðu hér í dag er nokkuð sérstakur. Hann hefst með því að formaður þingflokks Alþfl. kveður sér hljóðs um fundarsköp forseta og tilkynnir um utandagskrárumræðu, sem er brot á þingsköpum. Mér er sagt að þingflokksformaðurinn hefði tilkynnt ýmsum fjölmiðlum um þá ræðu áður en hún var flutt. Hann tilkynnti ekki þeim ráðherra sem verið var að drótta að, með beiðni um þessa utandagskrárumræðu, að hefði jafnvel gerst brotlegur við lög. Heppilegra þótti að hann væri fjarstaddur til þess að dylgjurnar gætu komist á framfæri og í fréttir. Þetta er einstakur aðdragandi að utandagskrárumræðu og ég man ekki eftir öðru slíku dæmi meðan ég hef setið á þingi.

Hv. málshefjandi hér í dag þorði ekki að biðja sjálfur um utandagskrárumræðuna. Formaður þingflokks jafnaðarmanna lýsti því yfir á föstudaginn að óskað væri eftir umræðunni þá til þess að ráðherrann gæti undirbúið vörn sína yfir helgina. Spurningarnar sem fyrir mig voru lagðar bárust mér á tólfta tímanum í morgun. Þetta vildi ég, herra forseti, geta um vegna þess hversu einstakur aðdragandi er að þessari utandagskrárumræðu.

Upphaf þessa máls er líka nokkuð sérstakt. Það hefst með umræðum í blöðum fyrir tæpu ári síðan þegar varaþm. Alþfl. í Suðurl. skrifar grein í tímarit þar sem bornar eru mjög þungar ásakanir á lögregluna. Þar var henni borið á brýn að vera á bandi fíkniefnasala og fíkniefnaglæpamanna og þjóna hagsmunum þeirra. Heimildarmenn varaþm. Alþfl. í þessari grein eru ýmsir glæpamenn og andstæðingar Franklíns Steiners í fíkniefnaheiminum, eins og fram kemur í skýrslu ríkissaksóknara.

Í skýrslu ríkissaksóknara segir svo um þetta:

„*Hinn nafngreindi lykilmaður, [sem varaþm.* Alþfl. á Suðurl. vitnar til] ásamt gæslufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, sem hlotið hefur dóma fyrir fíkniefnaviðskipti, voru yfirheyrðir. Framburðir þeirra virðast gefa til kynna að undirrótin að andúð þeirra á Franklín Steiner sé reiptog milli aðila um fíkniefnamarkaðinn og að þeir telji Franklín hafa útvegað fíkniefnalögreglunni „fórnarlömb" eins og það er orðað."

Ég hef aldrei orðið var við það að þingmenn Alþfl. vitnuðu í þennan kafla í skýrslu ríkissaksóknara og ég hef aldrei orðið var við það að blaðamenn vitnuðu í þennan kafla í skýrslunni, þó að hún sé lykilatriði um upphaf þessa máls. Ég hef aldrei orðið var við að þingmenn Alþfl. hafi ætlast til að varaþm. í Suðurl. upplýsti hverjir heimildarmenn hans væru um ásakanir á lögregluna. En ég hef orðið var við það að þingmenn Alþfl. hafa krafist þess að lögreglan upplýsti um heimildarmenn sína í baráttu sinni gegn glæpamönnum.

Ég óska eftir því að hv. formaður þingflokks jafnaðarmanna svari því hvort að hann telji að varaþm. Alþfl. í Suðurl. eigi meiri rétt á að halda nafnleynd yfir heimildarmönnum úr glæpaheimi fíkniefnanna en lögreglan í baráttu sinni við þá sömu glæpamenn. Svar formanns þingflokksins skiptir miklu máli því að það lýsir því hvaða hagsmunum jafnaðarmenn eru að þjóna með þessari umræðu.

Ég man eftir því þegar hv. 4. þm. Vestf. hóf um árið atlögu að Ólafi Jóhannessyni. Ég ætla ekki að líkja þessum málflutningi saman við það mál. Hliðstæðan er þó um margt sérkennileg. Þá var hafði varaþm. Alþfl. á Vestf. heimildarmenn í undirheimunum og einn opinberan starfsmann og hóf skrif í blöð en þingmaður Alþfl. á Vestf. kom með málið inn á þing í utandagskrárumræður. Nú er það varaþm. Alþfl. á Suðurl. sem hefur heimildarmenn í röðum glæpamannanna og einn opinberan embættismann sem ekki er tilgreindur og þingmaður Alþfl. á Suðurl. hefur utandagskrárumræðuna. Þó að þessi mál séu ekki hliðstæð þá vekur athygli hvað aðdragandinn er svipaður.

Það er e.t.v. eðlilegt að þessum orðum sögðum að einhverjir spyrji: *Er óeðlilegt að taka framburð glæpamanna* alvarlega þegar þeir bera fram ásakanir á lögregluna? Nei, það er mjög eðlilegt að mínu mati. Það er svo eðlilegt að á þeim grundvelli tók ég ákvörðun um að óska eftir umfangsmestu opinberu rannsókn sem gerð hefur verið gagnvart lögreglu á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Þar höfðu 40 lögreglumenn og yfirmenn lögreglunnar í Reykjavík réttarstöðu grunaðra manna. Svo alvarlega voru þessar ásakanir teknar.

Niðurstaða eftir rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra og ríkissaksóknara hefur verið birt opinberlega. Hvert einasta atriði sem fram kemur í rannsókninni er tilgreint í skýrslu ríkissaksóknara auk rökstuddrar niðurstöðu hans. Í öllum tilvikum kemst ríkissaksóknari að þeirri niðurstöðu að þeir lögreglumenn sem bornir hafa verið sökum hafi ekki gerst brotlegir við lög eða brotið gegn starfsskyldum sínum sem opinberir starfsmenn.

Nú vil ég að hv. þm., formaður þingflokks jafnaðarmanna, svari þessari spurningu: Hvort lítur þingflokkur jafnaðarmanna á framburð glæpamannanna sem varaþm. Alþfl. ber fyrir sig með meiri trúnaði eða niðurstöður ríkissaksóknara? Þegar sú niðurstaða liggur fyrir treysti ég því að þeir lögreglumenn sem hér eiga hlut að máli hafi staðið heiðarlega að verki og verði ekki, hvorki með beinum ásökunum né aðdróttunum, sakaðir um ólöglegt athæfi. Ég tel mjög mikilvægt að þeir njóti þess trausts sem niðurstaða ríkissaksóknara hefur í för með sér og ég vil gjarnan fá að vita hvort þingflokkur jafnaðarmanna sé sömu skoðunar í þessu efni.

Ég ætla að víkja aðeins að því sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Suðurl. um starfsreglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Yfirstjórn lögreglunnar hafði ekki komið

slíkum tilmælum til ráðuneytisins. Fyrstu formlegu tilmælin sem ég man eftir að hafa séð í þeim efnum komu fram í skýrslu starfshóps sem ég skipaði til þess að undirbúa átak gegn fíkniefnavandanum undir stjórn Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmanns og í framhaldi af því var hafinn undirbúningur að því að fela væntanlegum ríkislögreglustjóra að undirbúa slíkar reglur. Það voru því ekki umræður að undanförnu eins og hv. þm. segir sem leiddu til þess heldur þessi skýrsla starfshópsins.

Löngu áður en þessar umræður hófust fyrir forgöngu varaþingmanns Alþfl. í fyrra hafði dómsmrn. hafið undirbúning að endurskipulagningu lögreglunnar í landinu og sakarannsókna í landinu. Ég hafði rætt þau mál persónulega við yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík og ég hafði hafið þann undirbúning sem leiddi til þeirra umfangsmiklu skipulagsbreytinga sem Alþingi síðan ákvað, löngu áður en þessi umræða hófst. Þær skipulagsbreytingar eiga ekkert skylt við þá umræðu og það er rangt hjá hv. þm. Og settur ríkisrannsóknarlögreglustjóri segir í bréfi sem birt hefur verið og sent dómsmrn. í byrjun þessa árs, að sú gagnrýni sem ég hef talið réttmæta á ýmis vinnubrögð og skipulag lögreglunnar í Reykjavík á sínum tíma sé fortíðarvandi vegna þess frumkvæðis sem ráðuneytið tók í endurskipulagningu lögreglumálanna. Ég hef aldrei heyrt þingmenn jafnaðarmanna vitna í þetta og því síður hef ég heyrt fjölmiðla vitna í þessa lykilsetningu. En það er nauðsynlegt að þetta komi fram við umræðuna.

Ég ætla þá að gera að umtalsefni þann hluta í ræðu hv. þm. og þær fyrirspurnir sem hann bar fram vegna reynslulausnar Franklíns Steiners. Vorið 1991, skömmu eftir að ég tók við embætti, komu til mín í viðtal lögreglumenn og gerðu mér grein fyrir því að þeir hefðu á sínum tíma þegar mál Franklíns Steiners var til rannsóknar komið að máli við þáv. dómsmrh. og talið sig geta fengið mjög umtalsverðar upplýsingar sem leitt gætu til þess að unnt væri að koma lögum yfir ýmsa fíkniefnaglæpamenn ef heitið yrði reynslulausn að hálfu. Þeir sögðu að ráðherra hefði veitt vilyrði fyrir því að unnið yrði áfram í málinu á þeim grundvelli. Þeir fullyrtu við mig að sú viðleitni hefði leitt til þess að margir komust undir manna hendur sem ekki hefðu gert það ella.

Ráðherrann var vissulega settur í erfiða stöðu en hann hlaut í þessu tilviki að taka þá afstöðu að beita öllum löglegum ráðum til þess að laganna verðir tækju höndum sem flesta fíkniefnaglæpamannanna. Það var eðlileg afstaða þáv. ráðherra og rökrétt þó að ég líti svo á að lögreglan hafi sett hann í mjög erfiða stöðu.

Ég tók þannig á þessu máli að ég gerði að sjálfsögðu embættismönnum í ráðuneytinu sem fóru með þessi mál grein fyrir þessu viðtali. Niðurstaða okkar varð sú að í ljósi nýrra upplýsinga væri rétt að senda málið aftur til meðferðar fullnustumatsnefndar og Fangelsismálastofnunar en báðir þessir aðilar höfðu á fyrra stigi, án þessara upplýsinga, hafnað erindinu. Sú niðurstaða var kærð og sú kæra barst dómsmrn. þremur vikum áður en ég tók við embætti. Forveri minn í embætti afgreiddi ekki það mál. Hann tók aldrei afstöðu til þess. Ef hann hefði gert það hefði það aldrei komið til minna kasta að veita því í nýjan farveg og aldrei komið til kasta fullnustumatsnefndar og Fangelsismálastofnunar að taka efnislega afstöðu. Málið var óafgreitt í nokkrar vikur áður en ég kom í ráðuneytið.

Hér er um að ræða mál sem þagnarskylda ríkir um. Vegna hvers? Vegna þess að fíkniefnalögreglan eða sú deild lögreglunnar sem er að berjast fyrst og fremst gegn fíkniefnunum á ekki mörg önnur úrræði en að afla upplýsinga hjá glæpamönnunum sjálfum. Ef það upplýsingastreymi á að vera óhindrað, þá verða þeir sem upplýsingarnar gefa að geta treyst því að lögreglan segi aldrei frá nöfnum þeirra sem upplýsingarnar gefa. Þetta er forsenda þess að unnt sé að halda þessari baráttu á þessum grundvelli áfram. Í annan stað þarf að gæta öryggishagsmuna þeirra sem upplýsingarnar gefa og öryggishagsmuna þeirra sem að rannsóknunum vinna. Þess vegna ríkir um þetta þagnarskylda og það er rangt sem hv. 6. þm. Suðurl. segir að það sé einhver einkaákvörðun mín að svo sé. Sú ákvörðun byggist á gildandi reglum og niðurstöðu Hæstaréttar.

Í skýrslu minni sem liggur fyrir Alþingi — þetta er niðurstaða úr skýrslu ríkissaksóknara — segir svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Lögreglumanni ber þannig að afla upplýsinga um brot og taka við upplýsingum sem fram eru bornar. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt þær kunni að vera veittar af afbrotamanni. Lögreglufulltrúarnir, Arnar og Björn, neituðu við lögregluransóknina að gefa upp nöfn þeirra er veitt höfðu þeim upplýsingar í trúnaði. Var þeim það bæði rétt og skylt, m.a. samkvæmt dómi Hæstaréttar 1985 bls. 1436 ...“

Þeim var bæði rétt og skylt að þegja um nöfn uppljóstraranna. Þegar lögreglumenn greina dómsmrh. frá slíku máli flyst sú þagnarskylda yfir á dómsmrh., ella er hann að grafa undan starfsemi lögreglunnar með því að birta nöfnin og gera það að verkum að hugsanlega nýir uppljóstrarar geta ekki treyst því að nafnleyndin ríki áfram. Fyrir því er ráðherrann bundinn þagnarskyldu. Af þeim sökum hef ég ekki getað greint frá þessum ástæðum fyrr en lögreglan sjálf ákvað að rjúfa þessa þagnarskyldu. Það var ekkert sérstakt trúnaðarbrot gagnvart mér þó það hafi verið það í raun og veru. Alvarleiki þess var sá að lögreglan steig það skref að greina frá nafni trúnaðarmanns og það skapar þá hættu að slíkar upplýsingar verði ekki veittar síðar. Þetta var ástæðan. Ég hefði gjarnan viljað svara því fyrr því að það hafa verið ómæld pólitísk óþægindi fyrir mig svo ég kveði ekki fastar að orði að hlusta hér á dylgjur um að ég hefði óhreint mél í pokahorninu í þessu efni. Ég hefði gjarnan viljað hreinsa það mál. Og lögreglumennirnir sem hér eiga hlut að máli hafa þurft að sitja undir dylgjum um að þeir hafi verið að brjóta lög. En þeir hafa metið almannahagsmuni meira en svo að þeir hafi brotið trúnaðinn sjálfs sín vegna og það taldi ég mér skylt að gera.

En það er athyglisvert að þingmenn jafnaðarmanna telja, ef ég get ráðið rétt í þær umræður sem hér hafa farið fram, að ráðherra eigi að brjóta trúnað og veikja starf lögreglunnar í þessu efni. Ég óska eftir því að hv. þm., formaður þingflokks jafnaðarmanna, svari því hvort það er í raun og veru afstaða þingflokks jafnaðarmanna að ráðherra eigi að brjóta trúnað í slíkum tilvikum og veikja stöðu lögreglunnar. Það þjónar líka almannahagsmunum að fá að vita hvaða hagsmuni Alþfl. er að verja þegar það svar liggur fyrir.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að það var einn af þingmönnum Alþfl. sem ber ábyrgð á því að lagður var þrýstingur á fulltrúa lögreglustjórans í blaðaviðtali að rjúfa þagnarskylduna, hv. 15. þm. Reykv. sem jafnframt er ritstjóri DV. (**ÖS:** Níundi.) Eða níundi. Telur formaður þingflokks jafnaðarmanna að vegsauki sé að því fyrir Alþfl. að einn af þingmönnum hans skuli hafa átt aðild að því og bera ábyrgð á því að slíkur þrýstingur var lagður á fulltrúa lögreglustjórans

í Reykjavík að rjúfa þessa þagnarskyldu? Telur hv. þm. að það auki álit manna á því að Alþfl. sé í fullri alvöru að taka þátt í baráttunni gegn fíkniefnaglæpamönnunum?

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um að beina málinu í hefðbundinn farveg á grundvelli nýrra upplýsinga þar sem fullnustumatsnefnd gaf álit og Fangelsismálastofnun tók ákvörðun, þá lét ég tilkynna lögreglustjóranum í Reykjavík að ég óskaði ekki eftir því að ráðherrar yrðu á ný settir í þá stöðu að þurfa að taka ákvarðanir af þessu tagi og þeim fyrirmælum hefur að ég best veit verið hlýtt síðan. Vissulega er ráðherra stillt svolítið upp við vegg þegar lögreglan leggur mál með þessum hætti fyrir hann. Ég neita því ekki. Vissulega. En ég tel að hér hafi í einu og öllu verið farið að lögum. Ef lögreglumennirnir hefðu verið að leggja fyrir mig mál sem hefði verið andstætt lögum, þá hefði mér borið skylda til ekki aðeins að taka á því máli heldur að gera það opinbert, að sjálfsögðu.

Ég beitti mér enn fremur fyrir því mjög fljótlega á mínum ferli að reglur um reynslulausn voru hertar og skilyrðin þrengd með setningu nýrrar reglugerðar. Og kveðið var á um, áður en stjórnsýslulög um stjórnsýslukærur komu til, að slíkar ákvarðanir yrðu teknar af Fangelsismálastofnun, fullnustumatsnefnd yrði lögð niður og ráðuneytið gæti tekið á stjórnsýslukærum ef þær bærust. Það var því mín ákvörðun að leggja nefndina niður. Þeir sem í hana voru skipaðir meðan hún starfaði voru ekki skipaðir af mér og ég taldi það fyrirkomulag ekki vera í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti.

Ég vil gjarnan, herra forseti, fá að lesa minnisblað sem ráðuneytisstjórinn í dómsmrn. sendi mér í morgun eftir samtal við Jónatan Þórmundsson prófessor sem var formaður fullnustumatsnefndar á þessum tíma. Minnisblað ráðuneytisstjórans er svohljóðandi:

„Í samtali Þorsteins Geirssonar og Jónatans Þórmundssonar þann 16. febrúar sl. sem Jónatan staðfesti svo í síma í morgun kom fram að fullnustumatsnefnd hefði verið sammála um seinni afgreiðslu í máli Franklíns Steiners og bókað hefði verið að ný afgreiðsla sem var í andstöðu við fyrri afgreiðslu væri vegna nýrra upplýsinga sem nefndinni hefðu borist.

Jónatan kvaðst hafa komið fyrir allsherjarnefnd Alþingis og þar verið spurður að því hvort hann teldi afgreiðslu nefndarinnar hafa verið lögmæta og hvort að reynslulausnin hefði brotið í bága við lög. Hann sagðist hafa skýrt nefndarmönnum frá því að afgreiðslan væri fyllilega lögmæt enda hefði nefndin sérstaklega litið til ákvæðis í lögunum þar sem segði að veita mætti reynslulausn eftir helmingsafplánunartíma þegar sérstaklega stæði á. Hann taldi að þarna hafi sérstaklega staðið á og að nefndin hefði verið í sömu sporum og ráðherrann að þessu leyti. Þetta hefði verið óþægilegt en rétt eins og á stóð.

Hann kvaðst hafa verið spurður um það í allhsn. hvort málið væri ekki hliðstætt danska Tamíla-málinu. Hann kvaðst hafa skýrt nefndarmönnum frá því að það væri af og frá. Í Tamíla-málinu hefðu verið brotin lög, í þessu máli hefðu engin lög verið brotin. Í Tamíla-málinu hefði verið um að ræða samsæri þagnar, í þessu máli hefði um trúnaðarupplýsingar að ræða. Það mun hafa verið ákveðið á fundinum að samtal hans við allshn. skyldi vera trúnaðarmál. Hann kvaðst telja að fullnustumatsnefnd hefði verið sett upp að vegg á nákvæmlega sama hátt og ráðherra og samtalinu lauk með því að hann sagði: „Það getur verið að ég sé ósammála Þorsteini Pálssyni í einhverjum hlutum en ekki þessu máli." Það kom fram hjá Jónatan að nefndin hefði að sjálfsögðu einungis haft ráðgefandi hlutverk. Hins vegar hefði meginreglan verið sú að eftir hennar tillögum var farið. Hann gat þess að hann vissi ekki til að núverandi dómsmrh. hefði vikið frá tillögum nefndarinnar en hún var lögð niður í árslok 1992.

Ég hef borið textann hér að ofan undir Jónatan og hann er samþykkur því að það sem þar stendur megi lesa upp í þinginu í dag.

Þorsteinn Geirsson."

Ég get svo bætt því við að það er ekki einasta að ég hafi aldrei óskað eftir því meðan fullnustumatsnefnd fór með þessi mál að hliðrað yrði til með reynslulausn í einu einasta máli og eftir að nýr háttur var tekinn upp að frumkvæði mínu hef ég aldrei, ekki í eitt einasta skipti, óskað eftir því að hliðrað yrði til í einstöku máli. Að því er varðar náðanir man ég ekki til þess, ég hef að vísu ekki gert nákvæma rannsókn á því, að ég hafi í eitt einasta skipti utan einu sinni vikið frá tillögum náðunarnefndar en í því tilviki hafnaði ég tillögu nefndarinnar að svo stöddu um að veita náðun til þess að gefa skýrari fyrirmæli um að ég vildi strangari reglur í þessu efni.

Ég held að þingmenn Alþfl. geti leitað með logandi ljósi í sögu dómsmrn. alla þessa öld og ég held þeir finni ekki annað sjö ára tímabil þar sem jafnsjaldan hefur verið vikið frá tillögum um reynslulausn og náðun og á undanförnum sjö árum. Svo situr maður hér viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, að sjálfsögðu ekki undir ásökunum því að þær þora þeir ekki að bera fram, en dylgjum um að maður hafi gengið í lið með dæmdum fíkniefnasölum eins og ásakanir voru bornar á lögregluna og sé að þjóna þeim hagsmunum. Gjarnan er vitnað til þess að dæmdum fíkniefnaglæpamanni hafi verið veitt reynslulausn. Flestir sem dæmdir eru í fangelsi fá reynslulausn. Afskaplega fáir fá hana ekki og látið er liggja að því að sú yfirlýsing sanni að Franklín Steiner hafi gengið laus með vitund og vilja lögreglunnar og aðild tveggja ráðherra og ekki verið settur í fangelsi. Í hinu orðinu er sagt að reynslulausnin hafi verið óeðlileg af því Franklín Steiner hafi haft fleiri dóma og lengri fangelsisvist en nokkur annar. Hér ber engu saman í dylgjunum sem fram eru bornar.

Herra forseti. Hér hefur í einu og öllu verið staðið rétt og eðlilega að málum af hálfu dómsmrn. Ekki er með neinum rökum hægt að færa fram líkindi fyrir því að annað sé uppi á teningnum. En það er mjög mikilvægt að okkur takist að herða baráttuna gegn fíkniefnaglæpunum.

Ég skil mætavel og hef staðið að því eins og hefur komið fram að það þarf að rannsaka ofan í kjölinn ásakanir sem glæpamennirnir sjálfir bera fram þótt fyrir liggi að það eigi rætur í innbyrðis átökum þeirra en þegar fyrir liggur og hefur legið fyrir mánuðum saman, rökstudd niðurstaða ríkissaksóknara lið fyrir lið, að ekki sé tilefni til aðgerða gegn viðkomandi lögreglumönnum, hefði ég talið að við ættum að einbeita okkur að því að byggja lögregluna upp en halda ekki áfram að sá grunsemdum og efasemdum um trúverðugleika lögreglunnar. Þegar fyrir liggur að dómsmrn. hefur staðið að endurskipulagningu rannsóknarlögreglunnar og lögreglustarfseminnar í landinu og settur rannsóknarlögreglustjóri hefur lýst því yfir að skipulagsvandinn sem lýst hefur verið að sé fortíðarvandi, skiptir meira máli að halda áfram uppbyggingarstarfinu en að sá grunsemdum og efasemdum um trúverðugleika lögreglunnar. Auðvitað getur það farið allt eftir því hvaða hagsmuni menn vilja verja. Ég tel að það

séu almannahagsmunir í landinu að byggja lögregluna upp, taka á þeim vandamálum sem þar hafa verið eins og gert hefur verið og taka af fullu afli á í þessum efnum og skapa trúnað um það. Á þeim grundvelli höfum við reynt að vinna í dómsmrn. um langan tíma og ég vona að okkur takist það á komandi árum og að þeir atburðir sem hafa verið til umræðu lami ekki til lengdar þrótt og getu lögreglunnar til að taka á í þessum efnum.

[14:22]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna óskaði eftir umræðu utan dagskrár við forseta sl. fimmtudagskvöld að hún færi fram sl. föstudag, eftir atvikum á mánudag eða í dag. Það var rökrétt miðað við fyrri umfjöllun að þingflokkur jafnaðarmanna kallaði eftir svörum ráðherra á Alþingi í kjölfar frétta um nýjar upplýsingar í málinu. Ég ætla að leiðrétta ráðherra að það var Stöð 2 sem byrjaði umfjöllun um þetta mál. Þeirri umfjöllun var reyndar fylgt eftir af fjölmörgum blaða- og tímaritsgreinum og í kjölfar þess vakti Margrét Frímannsdóttir athygli á málinu í utandagskrárumræðu á þinginu. Sú umræða hafði sín áhrif og tveimur dögum síðar setti ráðherra rannsókn í gang.

Umræða og gagnrýni er sem betur fer oftast til góðs, samanber þá utandagskrárumræðu, en ráðherrann hefur valið það í ræðu sinni, og hafa væntanlega fleiri orðið undrandi á ræðu ráðherrans en ég, að snúa utandagskrárumræðunni í umræðu gegn formanni þingflokks jafnaðarmanna. Það er allt í lagi, ég er tilbúin til þess. Ég hlýt að koma síðar í umræðunni með mitt innlegg. Ráðherrann drepur umræðunni á dreif með því að snúa henni upp í spurningar til annarra. Hann gerir athugasemdir við hvernig utandagskrárumræðuna bar að. Þingflokkur jafnaðarmanna biður oftast nær um umræður utan dagskrár sem leitað er eftir við forseta og tilkynnir síðan hver tekur umræðuna. Það gerðum við líka núna. Sú sem stendur hér braut ekki þingsköp og mun ræða þá ásökun við forseta síðar. Sú sem stendur hér talaði ekki við fjölmiðla og sú sem stendur hér talaði reyndar ekki fyrr en á laugardag við ráðherrana enda er það oftast nær það sem gert þegar búið er að ganga frá viðkomandi degi við forsetann.

Ráðherrann nefnir það að fyrir ári hafi eins konar aðför að sér hafist með skrifum varaþingmanns Alþfl. Það er fráleitt að kenna Alþfl. um þá miklu fjölmiðlaumfjöllun, virðulegi forseti, sem hefur átt sér stað. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég veit að andsvari mínu er lokið en ég vil vekja athygli á því að það var veist mjög harkalega að formanni þingflokks jafnaðarmanna í ræðu ráðherra. (Forseti hringir.) Það var dapurlegt, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að hlusta á ráðherra búa til samsæri gegn sér og búa til hliðstæðu við annað meint samsæri sem hann gefur til kynna að Alþfl. hafi átt aðild að.

[14:25]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. formaður þingflokks jafnaðarmanna hefur engu breytt varðandi fullyrðingar mínar um að hér var staðið mjög óvenjulega að ósk um utandagskrárumræðu og ég man ekki eftir því að það hafi verið gert með þessum hætti áður og hv. þm. hefur ekki hrakið það. Ég hef svarað efnislega með ræðu minni og með tilvitnun í samtal við prófessor Jónatan Þórmundsson öllum spurningum sem hv. 6. þm. Suðurl. varpaði fram í umræðunni. En málatilbúnaður þingmanna jafnaðarmanna og varaþingmanns Alþfl. hefur verið með þeim hætti að óhjákvæmilegt var að varpa fram mjög alvarlegum spurningum til þingflokksformannsins. Í því felast engar árásir á þingflokksformanninn en þjóðin hlýtur að vænta þess að þeim spurningum verði svarað hreinskilnislega og til þess eru umræður á Alþingi og einkennilegt ef Alþfl. er að kinoka sér við að svara spurningum í umræðum sem hér fara fram, ekki síst þegar það eru umræður sem eiga sér stað að hans eigin frumkvæði. Ég man varla eftir að það hafi gerst áður að þingmaður hafi kvartað undan því að bornar væru fram spurningar til þingmanns eða þingflokksformanns en það hefur þá gerst núna.

[14:27]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru fullkomnir útúrsnúningar. Ég ætla að víkja að því af því ráðherrann talar um dylgjur. Hér hefur þingmaður jafnaðarmanna, Lúðvík Bergvinsson, flutt mjög faglega ræðu sem inngangsræðu að utandagskrárumræðunni. Hins vegar dregur ráðherrann það fram að varaþingmaður Alþfl. eigi heimildarmenn í undirheimum, það er ráðherra dómsmála sem segir að þingmenn jafnaðarmanna hlusti á framburð glæpamanna fremur en saksóknara, og það er dómsmrh. sem dregur fram einhvers konar hliðstæðu í þessu máli við mál sem hafi snúið að Ólafi heitnum Jóhannessyni. Ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti: Hver er það sem er með dylgjur í ræðustól Alþingis?

[14:28]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það rangt að varaþingmaður Alþfl. hafi í tímaritsgrein fyrir einu ári borið ásakanir á lögregluna? Er það rangt að í skýrslu ríkissaksóknara komi fram að heimildarmenn hans séu ótilgreindir glæpamenn í fíkniefnaheiminum og einn nafngreindur? Er það rangt? Ég óska eftir að þegar hv. þm. fær tækifæri til síðar að hann geri grein fyrir því hvort þessar staðreyndir séu rangar. (Gripið fram í.) Eru menn að draga í efa að nefndur maður sé varaþingmaður Alþfl. í Suðurl.?

(**Forseti** (ÓE): Forseti biður menn að hafa hljóð meðan ráðherrann talar.)

Herra forseti. Ég heyri að sumir þingmenn jafnaðarmanna eiga erfitt með að hlusta á sannleikann. Sannleikanum verður stundum hver sárreiðastur.

[14:29]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi einhver farið með dylgjur úr þessum ræðustóli í umræðunni er það hæstv. dómsmrh. sjálfur. Hann er gamall ritstjóri og veit mætavel að trúnaður sérhvers ritstjóra er fyrst og fremst við þá stofnun sem hann vinnur við. Skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi er varaþingmaður einhvers flokks, þingmaður einhvers flokks eða flokksbundinn sjálfstæðismaður eins og varaþingmaður Alþfl. á Suðurl. er nú orðinn. Það er trúnaður hans við stofnun sína sem ritstjóri sem skiptir máli.

Ég spyr hæstv. ráðherra. Hann sagði að þetta væri samsæri þingmanna og varaþingmanna Alþfl. eins og orðið hefði áður í máli sem var tekið til umræðu gagnvart þáv. dómsmrh. Það blað sem hafði forustu um þá umræðu var dagblaðið Vísir. Þar komu þessar umræður fyrst fram. Ritstjóri og ábyrgðarmaður þess blaðs var þá Þorsteinn Pálsson. Voru upplýsingar hans sem ritstjóra og ábyrgðarmanns þess blaðs, þegar sú umræða fór fram, sóttar til glæpamanna og undirheimalýðs? Hvers konar ásakanir og dylgjur eru þetta, virðulegi forseti? Það að þingmaður og varaþm. Alþfl. eigi með samsæri að

hafa stjórnað allri fjölmiðlaumfjöllun um þetta mál í Morgunblaðinu, á tveimur sjónvarpsstöðvum, í DV og hvarvetna, er svo út í hött að það þarf ekki einu sinni um það að tala. Hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því sem gamall ritstjóri að ritstjórar meta fréttir eftir fréttagildi og trúnaður ritstjóra (Forseti hringir.) er við það blað og þá stofnun þar sem þeir vinna.

[14:32]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt munað hjá hv. 4. þm. Vestf. að ég var ritstjóri Vísis. Páv. varaþm. Alþfl. á Vestfjörðum skrifaði höfundargrein undir nafni og höfundargreinar undir nafni í það blað sem samkvæmt prentlögum eru á hans ábyrgð en ekki ritstjórans. Þær voru tilefni til þeirrar utandagskrárumræðu sem ég vitnaði hér til. Ég tók það fram að ég var ekki að líkja þessum málum saman. Ég var að benda á hliðstæðuna, þ.e. hvernig það mál bar að hér inn á Alþingi og hvernig þetta mál ber að í umræðum hér inn á Alþingi. Það var allt og sumt sem ég var að gera. Ég skil bara ekki hvers vegna hv. þm. æsist svona út af þessu. Ég taldi þetta ekki vera neitt erfitt eða viðkvæmt mál fyrir Alþfl. heldur bara eðlilega upprifjun eða ábendingu um hliðstæðu í aðdraganda umræðu. En hv. þm. kemur hér og skelfur og nötrar í umræðunni eins og þetta sé eitthvað alvarleg ásökun. Viðbrögð hv. þm. koma mér algerlega á óvart. Ég verð að segja það alveg eins og er.

[14:33]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri gaman að vita hvort hæstv. dómsmrh. telur sig á þessum ritstjóraárum sínum hafa verið þátttakanda beint eða óbeint í samsærum þingmanna Alþfl. Og það að kenna þingmanni Alþfl. um það að starfsmaður lögreglustjóraembættisins í Reykjavík skuli koma fram með upplýsingar, sem er ástæðan fyrir þessari umræðu, er auðvitað út í hött. Það er ekki þingmanni Alþfl. að kenna að fjölmiðlar grafast fyrir um nýjar upplýsingar um málið sem verða til þess að óskað er efnislegrar umfjöllunar um málið hér, ekki í neinum dylgjustíl heldur beinlínis til þess að óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann skýri frá því hver hans viðbrögð séu við þeim nýju upplýsingum sem hafa komið fram.

Ég hef ekki tíma til þess í stuttu andsvari að fara yfir það mál. En mín niðurstaða er sú að fyrri helmingur ræðu hæstv. ráðherra hafi verið dylgjur, pólitískar dylgjur í garð pólitískra andstæðinga og að í seinni helmingi ræðu sinnar hafi hann ekki svarað nema einni spurningu af þeim sem til hans var beint. Hann sagði í seinni hluta ræðu sinnar að ástæðan fyrir því að fullnustumatsnefnd hefði breytt afstöðu sinni hefði verið nýjar upplýsingar. En hann var sérstaklega spurður að því hvaða nýju upplýsingar það voru sem gerðu það að verkum að fullnustumatsnefnd breytti fyrri niðurstöðu sinni og frá hverjum þær upplýsingar voru fengnar. Ég vil gjarnan óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu. Hún er mjög einföld. Hún er laus við allar dylgjur. Hún er efnisleg og hann hefur nógan tíma í andsvari til að svara þeim.

[14:35]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú var tíð að ritstjórar dagblaða voru gjarnan þingmenn og dagblöðin nátengd stjórnmálaflokkunum. Svo leið þetta undir lok. En nú vill svo til að einn af þingmönnum Alþfl. er jafnframt ritstjóri DV. Ég get ekkert að því gert þó að sú aðstaða sé uppi. En hann er jafnt þingmaður Alþfl. þegar hann situr á þingflokksfundum og þegar hann er í sínu starfi. Hann er ekki bara þingmaður Alþfl. stundum og stundum ekki. Þessi er aðstaðan og ég get ekkert að því gert þó að aðstaðan sé þessi. Bæði er honum frjálst og eigendum þess blaðs að ákveða þá skipan mála. En ég benti aðeins á ákveðna staðreynd í þessu máli og hún liggur fyrir. Í því er engin aðdróttun. Það er bara staðreynd sem hér liggur fyrir (Gripið fram í.) og menn verða svo auðvitað að meta ... Nei, hv. þm. Ég er ekki glaður yfir henni.

[14:36]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)**:

Herra forseti. Ég hef lítið blandað mér í þá umræðu sem hefur verið hér á Alþingi undanfarið ár og mér finnst að hafi verið hálfgert gerningaveður. Ég hélt satt best að segja þegar fyrir liggur skýrsla um það að lögreglan í landinu hafi ekki gert neitt ólöglegt, að þá væri kominn tími til að snúa umræðunni við, snúa blaðinu við og standa við bakið á lögreglunni í því að berjast við fíkniefnasalana.

Ég tel að þessi umræða hafi veikt lögregluna til muna hvað svo sem þingmönnum Alþfl. finnst um það. Mér þykir hins vegar vænt um að heyra að svo var að skilja á framsögumanni að honum fyndist komið nóg, væntanlega eftir þennan dag, og nú ættu menn að taka höndum saman um að styðja lögregluna og ég vona að það geti orðið niðurstaða þessarar umræðu þrátt fyrir ýmislegt sem kann að koma þar fram.

Mitt nafn hefur komið inn í þessa umræðu vegna þess að ég gegndi starfi dómsmrh. í stuttan tíma á árunum 1988 og 1989. Það er rétt að menn úr lögreglunni komu til mín oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og ég gekk líka á fund þessara lögreglumanna inn á lögreglustöð og skoðaði aðstæður þeirra. Ég taldi það vera skyldu mína vegna þess að ég bar ábyrgð á þessum embættum og þeirra embættisfærslu.

Það liggur ljóst fyrir að þessir aðilar áttu með mér og einum embættismanni í dómsmrn. tvo fundi á árinu 1989 þar sem fjallað var um þetta erfiða mál í algjörum trúnaði, enda veit ég að hv. þm. skilja það. Ég vildi ekki útiloka það að lögreglumennirnir notuðu þessar óhefðbundnu aðferðir. Og hvers vegna vildi ég ekki útiloka það? Vegna þess að mér var sagt að hægt væri að koma upp um mjög alvarleg fíkniefnamál sem menn hefðu grun um en ekki væri hægt að upplýsa öðruvísi. Átti þáv. dómsmrh. fyrst hann var settur í þessa stöðu umhugsunarlaust að vísa því frá eða var kannski eðlilegt að hann hugsaði til þeirra fjölmörgu ungmenna sem verða þessum vanda að bráð og hvort hugsanlegt væri að koma í veg fyrir að eitthvert þessara fórnarlamba yrðu sölumönnum dauðans að bráð? Ég skal ekkert segja um það hvernig aðrir hefðu brugðist við í því sambandi en ég trúi því að enginn hv. þm. hefði algjörlega umhugsunarlaust hafnað því, enda væri ljóst að hér væri um löglega aðgerð að ræða.

Síðan fór ég fljótlega úr dómsmrn. Það lá alveg ljóst fyrir að þetta yrði aldrei gert ef það kæmi ekki að gagni. Síðan hafði núv. dómsmrh. samband við mig skömmu eftir að ég fór úr ríkisstjórn 1991 og ræddi þetta mál við mig og í ljósi þeirra aðstæðna sem hann þar lýsti og uppi voru var ég sammála honum um að ekkert annað væri að gera en senda málið til fullnustumatsnefndar. Það var gert og menn vita framhaldið.

Það er hins vegar mjög alvarlegt að upplýsingar sem þessar leki út eins og hér hefur gerst og kannski miklu alvarlegra

mál en margir gera sér grein fyrir. Ég tel að það gerningaveður sem hófst á Alþingi hafi með réttu eða röngu leitt fram þessa niðurstöðu. Ég tek því undir með hv. frummælanda að menn ættu að gæta að sér í þessari umræðu þó mér fyndist hann farinn að gæta sín mun betur í þeirri ræðu sem hann flutti hér núna en mér hefur fundist hann gera oft áður.

Spyrja má: Komu þessar tilteknu upplýsingar að einhverju gagni? Já, þær komu að gagni og þær komu að miklu gagni — það hef ég fengið upplýst — í tveimur mjög stórum málum. En það er ekki líklegt að slíkt komi að miklu gagni í framtíðinni því allir hljóta að skilja að erfiðara verður að nota óhefðbundnar aðferðir í þessari baráttu eins og nú er komið málum þó það liggi fyrir að ekki er hægt að berjast við þennan vágest nema með óhefðbundnum aðferðum.

Hvað gerir Alþingi Íslendinga? Mér skilst að allshn. þingsins eða stjórnarandstaðan í allshn. þingsins hafi verið að hamast síðustu daga og krefjast þess að allt yrði birt, allt yrði gert opinbert. Gera menn sér enga grein fyrir því hvað þingmenn eru með í höndunum? Gera nefndarmenn stjórnarandstöðunnar í allshn. sér ekki grein fyrir því að í þessari skýrslu eru trúnaðarupplýsingar sem ekki er rétt að birta og er heldur ekki rétt að birta til þingnefndarinnar? Af hverju í ósköpunum vill þingnefnd liggja inni með slíkar trúnaðarupplýsingar? Það er náttúrlega af og frá og er ekki hlutverk Alþingis, að mínum dómi, nema menn vilji breyta Alþingi í einhvers konar lögreglustofnun og að hér eigi að fara fram yfirheyrslur. Það er ekki hlutverk Alþingis. Það er Alþingis að setja lög og það er Alþingis að sjá til þess að þeir sem berjast gegn fíkniefnunum hafi aðstæður til þess og standa við bakið á þeim því að ég vænti þess að við séum sammála um að einn versti glæpur sem fyrir getur komið sé að koma fíkniefnum inn á fólk og stuðla að útbreiðslu þeirra. Það hlýtur að vera skylda okkar að nota öll tiltæk lögleg ráð til þess að koma í veg fyrir það.

Ég tek undir með núv. dómsmrh. að það er erfitt fyrir ráðherra á hverjum tíma að vera í slíkri aðstöðu. Það kemur fyrir í þessum störfum, þó að það virðist ekki vera mjög ríkt í umræðunni, að ráðherrar þurfa að gera ýmislegt fleira en gott þykir. Það mun aldrei verða hægt að koma í veg fyrir að ráðherrar standi ekki í erfiðri aðstöðu. Þá er mikilvægt að þeir ráðherrar hafi góða embættismenn sér við hlið og hafi réttlætiskennd til að taka réttar ákvarðanir. Auðvitað má deila um þær ákvarðanir, það má gagnrýna þær. Ég tel að réttilega hafi verið staðið að málum og ég skora á Alþingi og alþingismenn að taka höndum saman í baráttunni gegn fíkniefnum og standa fast við bakið á þeim ágætu mönnum sem hafa verið að reyna að ráða við þennan vanda á undanförnum árum. Sá aðili sem rannsóknin beindist fyrst og fremst gegn hefur orðið fyrir ómaklegum árásum. En nú liggur fyrir að hann hefur ekkert ólöglegt gert. Er þá ekki kominn tími til að hætta þessu?

[14:46]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt í réttarríki að lögreglan og æðsti yfirmaður hennar, dómsmrh., njóti trúnaðar og trausts. Sem betur fer er óhætt að fullyrða að allar helstu grundvallarstofnanir réttarríkisins hafi notið þessa mikilvæga trúnaðartrausts almennings, þær hafi gætt laga og reglu þannig að fólk hafi almennt fundið það nauðsynlega öryggi sem þar á að finna. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar sú umræða stendur yfir sem hér er og hún er skilgreind og metin. Ég tek skýrt fram að hér eiga ekki að mínu mati að fara fram neinar nornaveiðar, engar galdrabrennur. Ég er ekki að tala þannig að ég vilji æruna af hæstv. dómsmrh., núv. eða fyrrv. Hér er enginn pólitískur skotgrafarhernaður í gangi af einu eða neinu tagi af minni hálfu.

Ég þekki sjálfur býsna vel hvernig það er að sitja á ráðherrastóli og verða fyrir ásökunum á ásakanir ofan, oft upplognum, eða mál eru tekin úr samhengi þar sem andstæðingar hér eða þar vilja það eitt að tilgangurinn helgi meðalið, nefnilega að koma höggum á sitjandi ráðherra algjörlega burt séð frá efnisatriðum máls. Ég vil því að það sé alveg kristalklárt af minni hálfu að innlegg mitt í umræðuna helgast ekki af neinum slíkum hvötum eða hugsanlegum pólitískum ávinningi heldur tel ég einfaldlega brýnt fyrir dómsmrh., lögregluna í Reykjavík, fyrir baráttuna gegn fíkniefnabölinu, fyrir réttarríkið í landinu og fyrir þingræðið og lýðræðið í samfélagi okkar, svo nefndir séu nokkrir grundvallarþættir sem tengjast umræðunni, að undan því verði ekki vikist úr því sem komið er að öll spil séu lögð á borðið, allar nauðsynlegar upplýsingar verði gerðar opinberar. Það er best fyrir alla aðila til skemmri og lengri tíma litið.

Mér finnst það því ekki rétt viðbrögð af hálfu hæstv. dómsmrh. og raunar að hluta til einnig hæstv. fyrrum dómsmrh., núv. utanrrh., að bregðast þannig við að þingflokki jafnaðarmanna gangi eitthvað annað til en að fá sem bestu og réttustu upplýsingar um þau mál sem eru til umræðu og hefur verið fjallað um í opinberri umræðu um nokkurra mánaða skeið.

Ég minni á að í gær fór fram utandagskrárumræða um óskylt mál sem var þó að því leytinu tengt yfirstandandi umræðu að það laut að embættisfærslu tveggja ráðherra. Þar var að heyra á viðkomandi ráðherrum að þeim þætti mikilvægt að frekari athugun færi fram á þeim fullyrðingum sem komu fram í því máli og voru talsmenn þess að óháðir aðilar og enn fremur nefndir þingsins könnuðu nánar ýmis þau atriði sem þar voru til umfjöllunar. Því má spyrja: Gilda einhver önnur lögmál um þau mál sem eru nú til umfjöllunar? Er ekki algjör nauðsyn á því í ljósi opinberrar umræðu síðustu daga, vikna og mánaða, að við þetta mál verði ekki skilið í hálfkveðnum vísum með upphrópunum og sleggjudómum, heldur að það verði einfaldlega rannsakað ofan í kjölinn þannig að efnisatriði, sönn og rétt, verði dregin fram í dagsljósið? Ég taldi raunar að það væri hæstv. dómsmrh. fagnaðarefni úr því sem komið væri að þessi mál fengju málefnalega og hlutlæga umræðu þannig að einhver botn fengist í ýmis þau atriði sem fram að þessu hefur verið fjallað óljóst um. Í þeim efnum er hreint ekki hægt að undanskilja hæstv. dómsmrh. sem hefur því miður valið þann kostinn, að vísu með vísan til trúnaðar, að ræða þessi mál við hið háa Alþingi m.a. í hálfkveðnum vísum og með opnu orðalagi sem hefur með réttu verið túlkað á misvísandi vegu.

Í þessu sambandi er einnig athyglisvert að nýjustu fréttir málsins, sem urðu til í kjölfar upplýsinga yfirlögfræðings lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, komu fram á þann veg að fyrrv. og núv. hæstv. dómsmálaráðherrar upplýstu hvor um hlutdeild annars. Fyrst nefndi núv. hæstv. dómsmrh. til sögunnar að það hefðu verið forverar hans sem hefðu gefið ádrátt um reynslulausn dæmdum manni til handa í stað upplýsinga. Fyrrum dómsmrh. Halldór Ásgrímsson brást þannig við upplýsingum Þorsteins Pálssonar, hæstv. núv. dómsmrh., að hann greindi frá samtali sem Þorsteinn hefði átt við sig þar sem hann aflaði upplýsinga um málið og staðfesti þannig að í ráðherratíð Þorsteins hefði verið tekið

efnislega á málinu, þvert á það sem áður hafði verið gefið til kynna. Þar með er komið að einum mikilvægasta þætti málsins. Hver voru í raun og sanni efnisleg afskipti ráðherra dómsmála af reynslulausn þessa tiltekna fanga og hverjar voru heimildir til slíkra afskipta? Halldór Ásgrímsson, fyrrum hæstv. dómsmrh., hefur sagt eftirfarandi um það erindi lögreglunnar að veita þessum tiltekna manni reynslulausn á helmingi afplánunar í stað upplýsinga að hann hefði, og ég vitna orðrétt, með leyfi forseta, í Morgunblaðsviðtal í því sambandi: „Ég sagði sem svo að ef þetta samræmdist lögum og reglum teldi ég að þetta gæti komið til greina." Svo mörg voru þau orð.

Samræmist það lögum og reglum að dómsmálaráðherrar taki ákvarðanir um reynslulausn með þessum hætti? Í öðru lagi voru þá efnislegar ástæður til þess í þessu tilviki að heimila reynslulausn á helmingi afplánunar? Í 40. gr. refsilaga segir um þetta efni, með leyfi forseta:

„Þegar fangi hefur tekið út $^{2}/_{3}$ hluta refsitímans, en þó minnst 2 mánuði, getur dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu."

Síðan segir: „Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans."

Í reglugerð nr. 569, um upphaf og lok fangavistar, segir að fullnustumatsnefnd og Fangelsismálastofnun gegni lykilhlutverkum varðandi mat og ákvarðanir um reynslulausn. Þar kemur fram það framsal á valdi sem kveðið er á um í áðurnefndri 40. gr. refsilaga, þetta „annað dómsvald" sem dómsmálaráðherra hefur falið úrlausn slíks máls.

Í þessu ljósi má því vel vera að fyrrum hæstv. dómsmrh. hafi við nánari athugun máls komist að þeirri niðurstöðu, í kjölfar erindis lögreglunnar um reynslulausnina, að hæpið væri að afskipti ráðherra samræmdust lögum og reglum þannig að það vilyrði sem núv. hæstv. dómsmrh. hefur orðað sem svo, en fyrrv. hæstv. dómsmrh. hefur orðað þannig að hann hafi ekki útilokað að koma að málinu, hafi af þessum ástæðum ekki komið til framkvæmda í ráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar né heldur í ráðherratíð Óla Þ. Guðbjartssonar.

Ekki var að heyra á hæstv. fyrrv. dómsmrh. að hann tæki af skarið í þeim efnum hvort að hann hefði komist að skýrri og klárri niðurstöðu um það hvort lög stæðu til þess að dómsmrh. gæti komið að málinu beint eða óbeint með þeim aðdraganda sem um ræðir. Væri fróðlegt að fá svar við því.

Hins vegar er athyglisvert í þessu sambandi að það er aðeins núv. hæstv. dómsmrh. sem hefur rætt um að um vilyrði hafi verið að ræða af hálfu fyrrv. hæstv. dómsmrh. og að hann hafi í ráðherratíð sinni fallist á að reynslulausn kæmi til álita. Við skulum orða það þannig að þarna nálgast ráðherrarnir tveir hæstv. málið með mjög ólíkum hætti og þarna er að finna athyglisvert misræmi. Það kann að vera ekki stórt í fljótu bragði en engu að síður athyglisvert og þess vegna vek ég athygli á því.

Raunar hefur hæstv. núv. dómsmrh. einnig sagt um erindisrekstur af þessum toga gagnvart ráðherra og, ítrekað það í þessum umræðum, í Morgunblaðsviðtali á laugardag sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Mér fannst hins vegar mjög óeðlilegt að lögreglan setti pólitísk stjórnvöld í þá stöðu að þurfa að taka afstöðu til mála eins og þessara." Hann orðaði það í umræðunni að hann hefði verið settur upp við vegg. Ber að skilja hæstv. dómsmrh., að það hafi verið forveri hans í embætti sem hafi sett hann upp við þennan vegg og vilyrðið meint af þeim toga? Nauðsynlegt er að fá það upplýst. Einnig hafa verið nefndar nýjar upplýsingar sem fullnustumatsnefnd hafi tekið mið af. Voru þessar nýju upplýsingar meint vilyrði forvera hæstv. núv. dómsmrh. eða voru þessar nýju upplýsingar um efnisatriði máls, upplýsingar í stað reynslulausnar? Úr því sem komið er er mikilvægt og nauðsynlegt að fá þetta algjörlega skýrt og ljóst fram. Ég tek skýrt fram, virðulegi forseti, að mér finnst fyllilega koma til greina að lögreglan hafi heimildir til svokallaðra óhefðbundinna rannsóknaraðferða. Það er að sönnu hárrétt sem fram hefur komið í umræðunni að þjóðin á í harðskeyttri baráttu við það böl sem fíkniefnin hafa í för með sér og mikilvægt að veita lögreglunni þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að stemma stigu við þeirri ógn. Það verður þó að gera innan ákveðins ramma og samkvæmt vel skilgreindum heimildum frá réttum aðilum. Um slíkar reglur og heimildir hafa okkar ötulu og duglegu lögreglumenn beðið hin síðari ár en ekki fengið. Hina pólitísku ábyrgð á því er að finna í dómsmrn. Enn liggja slíkar reglur ekki fyrir. Enn þá er verið að vinna að gerð þeirra. Það skapar lögreglunni umtalsverða erfiðleika í störfum sínum og enn fremur sannarlega hinu pólitíska valdi. Hæstv. dómsmrh. segir í Morgunblaðsviðtali sl. laugardag eftir að hafa lýst því hversu óeðlilegt hann teldi að lögreglan setti pólitísk stjórnvöld í þá stöðu að taka afstöðu til mála á borði margnefndrar reynslulausnar, með leyfi forseta:

„Þess vegna gaf ég um það fyrirmæli þegar þetta gamla mál lá fyrir að lögreglan bæri ekki fleiri mál af þessu tagi upp við ráðuneytið og það hefur ekki verið gert. Sú viðmiðunarregla var strax sett eftir að málið til minnar vitundar."

Með öðrum orðum taldi dómsmrh. málið á mörkum þess eðlilega eða raunar óeðlilegt, eins og hann orðaði það, og bannaði að fleiri slík erindi bærust inn á borð hans. Þarf frekari vitna við um hið gráa svæði sem við erum að ræða en einmitt sjálfan ráðherrann?

Þetta voru að mörgu leyti skiljanleg viðbrögð af hálfu ráðherra en það vantaði hins vegar hið mikilvæga í málinu, að koma böndum, festu og reglu á hinar óhefðbundnu rannsóknaraðferðir og stöðu þeirra í stjórnkerfinu. Það hefur brugðist. Þessar reglur hefur vantað.

Það er augljóst að samskipti lögreglustjóraembættis og dómsmrn. þarf að færa í betra horf og ekki seinna en nú. Ég hef fulla samúð með núv. hæstv. dómsmrh. í þessari orrahríð. Mér dettur ekki í hug annað en þeim báðum hafi gengið gott eitt til í stjórnsýslu sinni.

Það breytir hins vegar ekki staðreyndum máls og þeim veruleika sem við blasir. Við þurfum svo sannarlega með öllum ráðum að treysta réttarríki okkar og trúnaðartraust milli lögreglu. Þar undanskil ég ekki yfirvald hennar, dómsmrn. og svo aftur þjóðarinnar. Ég ber traust til lögreglunnar. Ég þekki þar raunar allvel til eftir að hafa starfað sem lögreglumaður á yngri árum mínum, á áttunda áratugnum, þar á meðal um skamma hríð í fíkniefnadeild lögreglunnar og veit því af eigin reynslu að þar er að finna trausta og dugmikla einstaklinga sem vinna oft við erfiðar aðstæður og bág kjör. Ég hef því ekki og mun ekki gagnrýna lögregluna í þessari umræðu. Ég tel hins vegar óumflýjanlegt að svarað verði skýrt og afdráttarlaust um samskipti lögreglu og dómsmrh. fyrr og nú og leitað verði leiða til að koma þeim í viðunandi horf. Þar þurfum við skýrar reglur til stuðnings lögreglu og ekki síður til stuðnings stjórnmálamönnum.

Við erum að ræða alvörumál, virðulegi forseti. Það þarf að gera af hófstillingu eins og málshefjandi, Lúðvík Berg-

vinsson, gerði í upphafi umræðunnar og ég vona að ég hafi gert í ræðu minni. Ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að upphefja pólitískar skylmingar og sumpart útúrsnúninga sem mátti að sumu leyti finna í svörum hæstv. ráðherra og ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það. Slíkur málflutningur, þótt skiljanlegur sé út frá mannlegu sjónarmiði, er tæpast til þess fallinn að styrkja lögregluna í baráttu við fíkniefnabölið sem er eitt aðalatriði í þeirri mikilvægu umræðu sem fram fer.

[15:02]

**Árni R. Árnason:**

Virðulegi forseti. Það er svolítið merkilegt að upplifa það í umræðu hér sem ég vona að sé lokakafli umræðu sem staðið hefur lengi á hv. Alþingi, í hv. nefndum Alþingis og víðar í þjóðfélaginu um málefni löggæslunnar og baráttu hennar við fíkniefnaglæpamenn, að málshefjandi hefur mál sitt ekki á því efni sem tilkynnt var, raunar ekki af forseta Alþingis, heldur einum þingflokksformanni sl. föstudag að yrði umræðuefnið. Ekki síst var merkilegt að upplifa að megintími málshefjanda fólst í að biðjast nánast afsökunar á að hafa ekki fundið fleira ámælisvert en fáein álitamál um framkvæmd óhefðbundinna rannsóknaraðferða lögreglunnar í þessari baráttu. Þess vegna, herra forseti, vil ég benda á að það er rangt að fyrir slíkum aðferðum sé ekki lagagrundvöllur. Umræðuefnið í dag er ekki hvort þær eigi að heimila eða leggja niður, heldur er til meðferðar það mál hvernig eigi að skilgreina heimildir til þeirra, aðferðir og réttarstöðu þeirra sem blandast í þær. Hins vegar er rétt að geta þess og það sé ljóst að réttarstaða lögreglumanna sem stunda þessar aðferðir skyldu sinnar vegna, og yfirmanna þeirra sem hafa upplýsingar um það undir höndum, er alveg klár og hefur komið fram í umræðunni.

Það er rétt, herra forseti, og ástæða til að geta þess aftur og aftur í umræðunni að hvatvís eða óvönduð umræða um störf eða starfshætti lögreglunnar er ekki til þess fallin að hún verði traustari fyrir okkur borgarana, og getur í raun orðið réttarríkinu Íslandi að fótakefli. Af þeim ástæðum verð ég að viðurkenna, herra forseti, að mér hefur oft sýnst álitaefni hvort sumir málshefjendur í þingsölum um þessi mál hefðu ekki átt að láta kyrrt liggja á stundum. Einhverjir hafa spurt sig hvort einmitt þetta geti átt við um rætur umræðunnar, ekki aðeins í dag, ekki aðeins sl. föstudag, heldur allt frá því á síðasta ári þegar hún var hafin, að varkárara hefði verið að fara fetið og hafa jafnvel í huga að stundum er ekki betur af stað farið.

Herra forseti. Ég tel alveg ljóst og það hefur komið fram í þessari umræðu eins og raunar áður, að kröfur til ráðherra um skýr svör við tilteknum spurningum um þau efni sem hafa verið nefnd, hafa ekki verið réttmætar kröfur um upplýsingar sem eigi skilyrðislaust að koma fram heldur hafi jafnvel einhver þeirra verið krafa um að ráðherra brjóti þagmælskuskyldu um að gæta upplýsinga þar sem fjallað er um gögn eða fram eru lögð gögn sem varða persónulega hagi einstakra manna og sem skylt er að lögum að vernda. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég er ekki sannfærður um að við allir, hv. þm., höfum farið rétt með þessi ákvæði.

Nú er ljóst, herra forseti, og það hefur skýrlega komið fram í umræðunni að nokkur ástæða er til að spyrja um heilindi nokkurra þingmanna sem hafa aftur og aftur vakið máls á þessum málum í þingsölum. Það kynni kannski svo að vera að fleiri en einn þurfi að benda á að það sé hugsanlegt eins og áðan var sagt að menn hafi eitthvað betra í huga þegar þeir hófu ræðuna. Ef það er, sem vel kann rétt að vera, verðum við hins vegar að viðurkenna að mikið skelfing hafa mönnum verið mislagðar hendur.

Herra forseti. Það hefur komið fram og var lesið upp í fyrri ræðum við umræðuna að hv. allshn. hefur undanfarna daga og vikur fjallað um erindi minni hluta í nefndinni. Það var einmitt lagt fram með þeim orðum að það væru tilmæli minni hlutans í nefndinni að hún kynnti sér frekar þau mál sem nú hafa verið gerð að umtalsefni. Vegna þess að einn af viðmælendum nefndarinnar hefur sjálfur gert uppvíst það sem hann bað um í nefndinni að yrði haft í trúnaði verð ég að viðurkenna sem nefndarmaður og áheyrandi þeirra orða hans að þau voru öll rétt eftir höfð, en hitt er merkilegt að íhuga að stundum hafa tilteknir nefndarmenn beðið um að sú umræða færi fram í trúnaði og jafnvel haft við þau orð að nefndin væri lokuð nefnd. Það verð ég að viðurkenna fyrir félögum mínum á hv. Alþingi að mér finnst sérkennilegt að þingnefnd geti sjálf álitið sig lokaða nefnd en samt sem áður ryðjast einhverjir ótilkvaddir inn í nefndina til myndatöku eða fréttaöflunar eins og gerðist á einum af þessum fundum.

Herra forseti. Ég held að það sé brýn nauðsyn í þessu samfélagi sem stendur í sívaxandi og síþyngri baráttu við fíkniefnaglæpamenn, einhverja þá erfiðustu sem við höfum kynnst, að við styrkjum og eflum starfshætti og öryggi löggæslunnar svo að við getum sjálf treyst á hana. Ég tel að umræða um að lögreglumenn hafi misfarið með heimildir sínar eða trúnað sé ekki til þess fallin að efla trú á lögregluna sem ég tel að hún verðskuldi. Ég held að rétt sé að við höfum í huga að þau efni sem hér hefur verið vikið að eða dróttað um, að ekki hafi verið rétt með farið, geta varðað lög um ráðherraábyrgð. Þau geta varðað ákvæði í sjálfri stjórnarskránni. Þau geta varðað ákvæði í lögum, sem eru ekki mjög gömul, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, þau geta varðað ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að og hefur löggilt sérstaklega. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ef hæstv. ráðherra hefði orðið það á að svara hreint út þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hann í dag og hafa raunar verið bornar upp áður, er vel hugsanlegt að hann hefði orðið ábyrgur gagnvart öllum þessum ákvæðum vegna þess að hann hefði ekki gætt trúnaðar. Ég verð líka að viðurkenna, herra forseti, að ef svo hefði farið teldi ég hugsanlegt að fyrsta mál á dagskrá þessa fundar yrði ekki rætt í dag heldur yrðum við kannski knúin til að leggja fram frv. eða tillögu um að Ísland segði sig frá ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu vegna þess að þá hefði Ísland ákveðið að gæta ekki upplýsinga um persónulega hagi manna. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að það væri ekki það sem ég tel vera aðal réttarríkisins Íslands.

Herra forseti. Ég tel líka að það að krefja lögreglumenn eða yfirmenn þeirra um upplýsingar um mál sem leynt eiga að fara samkvæmt réttindum manna ekki vera aðal réttaríkisins Íslands. Ég tel það, herra forseti, ekki vel til þess fallið að fást við alvarlega glæpi sem verða sennilega börnum okkar mun skeinuhættari en okkur sjálfum, sem erum hér í dag að draga úr aðalsmerkjum og sterkustu kostum réttarríkisins Íslands.

[15:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum og missirum hafa iðulega komið upp árekstrar milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Árekstrarnir eru af misjöfnum toga og snúast iðulega um að löggjafarvaldið telur á sig hallað af

framkvæmdarvaldinu og veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu koma æ betur fram, m.a. að framkvæmdarvaldið hunsi iðulega þingið og ætlist til að þingið sé afgreiðslu- og stimpilstofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Einnig birtist þetta iðulega í að þingið telur að verulega skorti á nauðsynlega upplýsingagjöf frá ráðuneytum og framkvæmdarvaldi og ráðherrar svari oft illa og seint fyrirspurnum og skýrslum frá alþingismönnum, auk þess sem framkvæmdarvaldið skáki í skjóli laga eins og upplýsingalaga og hlutafélagalaga til að leyna Alþingi upplýsingum sem það kallar eftir og fari oft villandi og frjálslega með staðreyndir sem það gefur þinginu.

Sú sem hér stendur hefur ítrekað bent á að Alþingi skorti úrræði til að geta haft nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdarvaldinu og tvívegis flutt ásamt öðrum þingmönnum frv. um að komið verði á fót sérstökum rannsóknarnefndum þingsins, líkt og þekkist í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Tvö mál hafa komið upp á þessum síðustu vikum sem staðfesta að nauðsyn sé á slíkum rannsóknarnefndum þingsins sem geti að eigin frumkvæði tekið upp mál og rannsakað og kallað til sín málsaðila.

*Allshn. hefur samþykkt á fundi sínum í dag á grundvelli* 26. gr. þingskapa að taka til sérstakrar umfjöllunar og athugunar það mál sem við ræðum í dag. Sérstaklega þau atriði sem snúa að störfum og starfsháttum lögreglunnar og að reynslulausninni. Ég tel mjög mikilvægt að nefndin vandi til verka en athugun nefndarinnar á málinu gæti hugsanlega leitt til bættra vinnubragða af hálfu framkvæmdarvaldsins í þessum vandmeðfarna málaflokki og styrkt eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu.

Herra forseti. Ég held að varðandi upplýsingar gagna frá framkvæmdarvaldinu og líka þeirra sem leynt eiga að fara, eigi framkvæmdarvaldið að gera greinarmun á því hvort verið er að veita þingnefndum upplýsingar í trúnaði til að auðvelda þeim að sinna eftirlitsskyldu sinni eða að birta gögn opinberlega. Mál það sem við fjöllum um nú og tengist fíkniefnum, baráttu lögreglunnar við fíkniefnasala og meint óeðlileg afskipti dómsmrn. af því máli er vissulega vandmeðfarið. Makalausar ásakanir dómsmrh. hér áðan um að þingmenn jafnaðarmanna gangi erinda glæpamanna eru alveg með ólíkindum og ekki til þess fallnar að skapa málefnalega umræður um þetta mál. Í baráttunni gegn neyslu fíkniefna, innflutningi þeirra og dreifingu þarf að ríkja breið samstaða og gagnkvæmur skilningur löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, um hvernig taka beri á þessum málum í löggjöf, dómum og framkvæmd mála og fullnustu refsinga á vegum framkvæmdarvaldsins. Ábyrgð hvers aðila fyrir sig þarf að vera skýr í þessu máli og sameiginleg markmið allra þessara aðila eiga vitaskuld að vera öllum ljós. Þannig og aðeins þannig fær fólkið í landinu trú á réttarkerfinu og baráttu stjórnvalda gegn þessum eiturlyfjum sem ógna lífi og framtíð þúsunda einstaklinga í landinu og eru bölvaldur og orsök gríðarlegra vandamála fjölda heimila í landinu. Því er afar brýnt að fólkið hafi trú á réttarkerfinu þegar fíkniefnamálin eru annars vegar og getu þeirra til að vinna eins og kostur er gegn fíkniefnum og kannski það sem mest er um vert að fíkniefnasalar og dreifingaraðilar eitursins fái þannig skýr og afdráttarlaus skilaboð um að tekið sé af fullri hörku í öllu kerfinu af löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi, réttarkerfinu og fullnustuaðilum á þessu máli. Sá hlekkur sem þarf að vera hvað sterkastur til að ná til innflutnings- og dreifingaraðila fíkniefna er vitaskuld lögreglu- og tollyfirvöld. Þess vegna er skylda löggjafar- og framkvæmdarvalds að búa þannig að þessum yfirvöldum að ekkert sé til sparað að þeir geti komið böndum á fíkniefnasalana og stöðvað innflutning og dreifingu fíkniefnanna.

Herra forseti. Ég held að í því máli sem við erum að ræða hafi margt farið úrskeiðis og af þessu máli þurfum við að draga ákveðinn lærdóm. Við þurfum að svara þeirri spurningu hvort nægilega sé búið að lögreglunni, sérstaklega fíkniefnalögreglunni, í tækjum, mannafla og úrræðum, þar á meðal óheftbundnum rannsóknarúrræðum til að fíkniefnalögreglan geti tekist á við það sem við ætlumst til af henni. Ég tel að verulega skorti á að fíkniefnalögreglan hafi yfir nauðsynlegum tækjum að ráða og var það m.a. staðfest í skýrslu forsrh. til mín frá árinu 1996 um fíkniefnamálin. Hvað hitt atriðið varðar um óheftbundnar rannsóknaraðferðir og skort á reglum í því sambandi, þá er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að dómsmrn. á verulega sök í því efni að ekki hafa verið settar reglur um slík úrræði.

Eftir þeim reglum hefur verið kallað í mörg ár af lögregluyfirvöldum og má með fullum rökum gagnrýna dómsmrh. og hans ráðuneyti fyrir að hafa ekki beitt sér sem skyldi í *því efni sem á nokkra sök á því hvernig þetta sérstaka mál* sem hér er til umræðu hefur þróast. Þegar þetta mál var til umræðu snemma á sl. ári sagði hæstv. ráðherra að von væri á slíkum reglum en nú fyrst fyrir nokkrum vikum er skipuð nefnd í málið til að semja slíkar reglur. Þessi vinnubrögð dómsmrh. eru gagnrýnisverð og hefur hann ekki fært fram neina haldbæra skýringu á því að slíkar reglur hafi ekki verið settar þó kallað hafi verið eftir þeim a.m.k. allt frá árinu 1992. Vil ég í því sambandi vitna til þess sem fram kom í dagblaði 19. mars 1997 og haft var eftir Birni Halldórssyni hjá fíkniefnadeildinni. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að sjálfsögðu verðum við að vinna eftir reglum og þess vegna erum við að biðja um skýr fyrirmæli.“ Þetta er haft eftir honum 1992 og ekki bólar enn á þeim reglum.

Þær upplýsingar sem nýverið hafa komið fram og eru tilefni þessarar umræðu um afskipti núverandi og fyrrverandi dómsmrh. um fullnustu refsingar síbrotamannsins og kannski stórtækasta fíkniefnasala hingað til eru afar sérstakar og *málsvörn ráðherranna í málinu satt að segja afar* hæpin. Að auki er það varla til málsbóta í þessu máli að á reynslulausnartímanum, um mitt ár 1992, var Franklín Steiner handtekinn með fíkniefni og er það hið svokallaða Tunguvegsmál sem er annað þeirra mála sem týndust í kerfinu og aldrei hefur verið dæmt í eða þetta skilorðsrof á reynslulausninni hafi leitt til þess að Steiner hafi verið settur inn á nýjan leik vegna brota á reynslulausninni. Þannig er þetta mál allt hið sérstæðasta og erfitt að sjá nokkuð sem réttlætir reynslulausnina.

Herra forseti. Það hlýtur að hafa verið fullnustumatsnefndar en ekki dómsmrh. að leggja mat á hvort rök fyrir reynslulausn væru þess eðlis að þau réttlættu reynslulausn. Það er afar þýðingarmikið í réttarkerfinu að fullnusta dóma fari fram án afskipta dómsmrn. eða ráðherra, enda er fullnusta lögum samkvæmt á hendi sérstakrar fullnustumatsnefndar sem metur allar umsóknir um reynslulausn og annast veitingu reynslulausna samkvæmt 40. gr. almennra hegningarlaga. *Hlutverk dómsmrh. er aftur á móti að búa svo um* hnútana að fíkniefnalögreglan geti sinnt sínu verkefni, m.a. með því að setja reglur um óheftbundnar rannsóknaraðferðir, sem ekki hefur verið gert, eins og áður hefur fram komið þó að stíft hafi verið eftir því leitað af lögreglunni.

Fullnustumatsnefnd veitir að jafnaði ekki reynslulausn fyrr en liðinn er helmingur refsitímans, eins og segir í reglugerð um upphaf og lok refsivistar frá 1988, ef um meiri háttar fíkniefnabrot er að ræða eða ef um síbrotamann er að ræða. Hvort tveggja var fyrir hendi í þessu máli, margítrekuð meiri háttar fíkniefnabrot og um síbrotamann var að ræða. Auk þess segir í reglugerðinni að fanga verði ekki veitt reynslulausn nema sérstakar ástæður mæli með því og nefnt í reglugerðinni framúrskarandi hegðun fangans í refsivistinni. Engu að síður hefur komið fram að þegar Franklín Steiner sat inni varð hann tvisvar uppvís að agabrotum og fíkniefnaneyslu innan fangelsisins sem varla getur talist framúrskarandi hegðun í refsivistinni eins og segir í reglugerðinni.

Hæstv. dómsmrh. ber fyrir sig að ráðuneytið hafi engin efnisleg afskipti haft af málinu. Hvað eru efnisleg afskipti, herra forseti? Eru það ekki efnisleg afskipti þegar dómsmrn. telur rétt að fengnum þeim upplýsingum að fyrrv. dómsmrh. hafi veitt lögregluyfirvöldum leyfi til að afla upplýsinga hjá fíkniefnasalanum gegn vilyrði fyrir reynslulausn, að senda málið aftur til fullnustumatsnefndar þannig að hún gæti tekið afstöðu í ljósi nýrra upplýsinga?

Hæstv. ráðherra hafði í ræðustól áðan eftir Jónatan Þórmundssyni að fullnustumatsnefnd hafi verið sett upp við vegg með sama hætti og ráðherra. En ég spyr ráðherra, sem ég vona að hlýði á mál mitt: Sett upp við vegg af hverjum? Af hverjum var fullnustumatsnefnd og ráðherra settur upp við vegg? Var það e.t.v. af fyrrv. dómsmrh. sem hafði tekið ákvörðun í þessu máli eða var ráðherra og fullnustumatsnefnd sett upp við vegg af einhverjum öðrum? Því hefur ekki verið svarað í þessari umræðu og ég óska eftir skýrari svörum frá hæstv. ráðherra um það.

Herra forseti. Hvaða leið átti fullnustumatsnefnd í málinu ef reynslulausn hafði í reynd verið ákveðin í dómsmrn. hver svo sem tímasetning þeirrar ákvörðunar var í tíð fyrrv. eða núv. dómsmrh.? Ég ætla ekki að fullyrða að hæstv. dómsmrh. hafi gefið Alþingi villandi eða rangar upplýsingar um þetta mál en a.m.k. er full ástæða til að skoða það sérstaklega.

Herra forseti. Mér finnst líkt og fyrirspyrjanda afar athyglisvert sem fram kom á Alþingi 17. mars á sl. ári þar sem hæstv. ráðherra sagði að það væri refsivert að semja um að menn gætu sloppið við viðurlög. En orðrétt sagði hæstv. ráðherra:

„Í þessu efni er rétt að taka fram að óheimilt er með öllu og refsivert af hálfu lögreglu að hylma yfir grun um refsiverða háttsemi, semja um að menn geti sloppið við viðurlög eða ákæru eða á nokkurn annan hátt að láta grun um refsiverða háttsemi afskiptalausa."

Mér finnst að þetta þurfi frekari skýringa við af hálfu hæstv. dómsmrh. vegna þess að líta verður á það að hér hafi verið samið um að þessi tiltekni maður gæti sloppið við viðurlög. Mér finnst líka að orð og gerðir hæstv. dómsmrh. fari ekki saman þegar hann fullyrðir á Alþingi eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra er með öllu óheimilt að hlutast til um það hvaða rannsóknargögn eru birt." Engu að síður óskaði hæstv. ráðherra eftir að fá birtan þann hluta úr skýrslu Atla Gíslasonar sem snýr að skipulagi lögreglunnar en sá hluti skýrslunnar er vafalaust unninn upp úr rannsóknargögnum. Ef hæstv. ráðherra heldur því fram að sá kafli í skýrslu Atla Gíslasonar sé ekki rannsóknargagn, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Af hverju hlutaðist hann ekki til um að sá kafli sem snýr að meintum afskiptum dómsmrn. af reynslulausninni yrði einnig birtur opinberlega eða a.m.k. fyrir þingnefnd? Sá kafli sem snýr að meintum afskiptum framkvæmdarvaldsins snertir varla rannsóknargögn sem leynt skulu fara samkvæmt lögum. Ég er hér að tala um framkvæmdarvaldið og afskipti ráðherra af málinu. Hvers vegna í ósköpunum birti ráðherrann ekki um leið þann kafla sem snýr að reynslulausninni á sama hátt og hann birtir opinberlega, ekki fyrir þingnefnd, þann kafla sem snýr að skipulagi lögreglunnar? Það getur varla fallið undir ákæruvaldið og sjálfstæði þess. Það er fyrst og fremst dómsmrh. sem getur ákveðið eða leitað til saksóknara um að sá kafli verði birtur og það vekur furðu mína að ráðherra skuli ekki hafa beitt sér í því efni. Það hefði e.t.v. sparað okkur þá umræðu sem hér fer fram í dag.

Ég tel eðlilegt að hæstv. ráðherra muni með sama hætti og hann gerði varðandi skipulag lögreglunnar óska eftir því við saksóknara að sá þáttur dómsmrn. varðandi reynslulausnina verði birtur. Ég minni á að fram hefur komið í fjölmiðlum að Jónatan Þórmundsson, sem var formaður fullnustunefndar á þeim tíma þegar reynslulausn var veitt, hefur óskað eftir því að sá kafli verði birtur opinberlega. Það er reyndar mín skoðun í þessu máli öllu að hæstv. dómsmrh. hefði strax þegar þess var óskað í þingsölum að allshn. fjallaði um málið á grundvelli 26. gr. þingskapa að greiða fyrir því að lokuð þingnefnd eins og allshn. fengi þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að Alþingi gæti a.m.k. í trúnaði sinnt eftirlitsskyldu sinni í málinu. Mér finnst það afar sérkennilegt að dómsmrh. skyldi ganga til verka eins og hann gerði að birta opinberlega eingöngu þann kafla sem snýr að skipulagi lögreglunnar þó að gagnrýnin í þingsal hafi einnig og ekki síður beinst að meintum afskiptum dómsmrn. í því máli. Sú spurning er því áleitin: Af hverju bar að óska eftir birtingu á þeim kafla sem snýr að lögreglunni? Hvar er upphafið? Hver braut trúnað og þá gagnvart hverjum? Af hverju hlutaðist hæstv. dómsmrh. bara um birtingu kaflans í skýrslunni gagnvart lögreglunni en ekki ávirðingum dómsmrn. sem ekki er rannsóknargagn í málinu um meinta íhlutun ráðuneytisins í fullnustu reynslulausnar? Ef ráðherrann hefur ekkert að fela í því efni og afskipti hans og ráðuneytisins fyrr og síðar hafa verið með eðlilegum hætti, þá er sú spurning áleitin af hverju hæstv. dómsmrh. hlutaðist ekki um leið um birtingu þess kafla sem snýr að hans ráðuneyti.

Herra forseti. Týnd gögn í fíkniefnamálum hjá lögreglunni, sérkennileg meðferð upptækra fíkniefna hjá lögreglunni, meint afskipti dómsmrh. af ákvörðun fullnustumatsnefndar sem heimilaði ekki reynslulausn síbrotamanns sem síðar er heimiluð vegna afskipta ráðherra í stað upplýsingagjafa um aðra fíkniefnasala, sinnuleysi dómsmrn. um að setja reglur um óheftbundnar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum, allt eru þetta mál sem kalla á svör og sem skoða þarf sérstaklega, kryfja til mergjar og læra af til að á nýjan leik sé hægt að byggja upp þá þéttu varnargirðingu sem þarf að vera til staðar til að sporna gegn innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna. Það er mikið undir því komið að hæstv. dómsmrh. takist að eiga eðlilegt samráð og samskipti við þingið og allshn. sem að eigin frumkvæði fær nú málið til efnislegrar skoðunar sem leitt getur til úrbóta í góðri samvinnu löggjafar- og framkvæmdarvalds.

[15:25]

**Útbýting þingskjala:**

Heilbrigðisþjónusta, 248. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 810.

Öryggismiðstöð barna, 37. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 809.

[15:25]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Töluvert hefur verið rætt um það hér að þetta er í þriðja sinn sem mál tengt afbrotum ákveðins einstaklings, afplánun hans og lausn frá fangelsi er tekið upp í þinginu. Hæstv. utanrrh. gerði það sérstaklega að umtali í ræðu sinni að hann teldi að umræðan hefði orðið til þess að veikja lögregluna og frá því að Mannlífs-greinin birtist, um ákveðinn einstakling, Franklín Steiner og afbrot hans og síðan meðferð mála hans, hafi það allt í rauninni orðið til þess að veikja lögregluna. Jafnvel fannst mér ýjað að því að þarna væri um það að ræða að þeir sem tækju þátt í þessari umræðu og umfjöllun allri væru jafnvel á móti því að tekið væri sérstaklega á varðandi fíkniefnavanda barna. Mér finnst þetta afar mikil einföldun á því sem hér hefur gerst á einu ári.

Fyrir rétt um ári voru hér miklar fjölmiðlafréttir, almennar fjölmiðlafréttir, ekki bara Mannlífs-greinin heldur var í flestum fjölmiðlum fjallað um starfshætti fíkniefnalögreglunnar og ýmsar getgátur voru uppi varðandi þá starfsemi. Rætt var í fjölmiðlum um að ákveðinn einstaklingur hefði fengið undirritað byssuleyfi, starfsmaður lögreglunnar hefði mælt með því að hann fengi byssuleyfi. Sagt var frá því að lögreglan hefði selt sínar gömlu byssur einstaklingum úti í bæ og síðan var talað um að lögreglan keypti upplýsingar. Gagnrýnin fólst kannski fyrst og fremst í því að ekki voru til neinar reglur um slík vinnubrögð. Getgáturnar og fréttaflutningurinn sem var uppi var því fyrst og fremst um það að þarna ætti sér stað ákveðinn þáttur í starfsemi lögreglunnar sem hefði hvergi lagastoð. Um það var verið að tala. Er þetta löglegt eða ekki? Þegar Mannlífs-greinin birtist, hin umrædda Mannlífs-grein, þá tel ég hana vera í rauninni rökrétt framhald af þeirri umræðu sem átti sér stað í þjóðfélaginu. Vegna þess að það var nánast sama hvar maður kom þar sem á annað borð var verið að ræða um fíkniefni, sölu, neyslu, afbrot tengd fíkniefnum, þá voru uppi ákveðnar getgátur þess efnis að fíkniefnalögreglan eða lögregluembættið í Reykjavík keypti upplýsingar af þeim sem selja fíkniefni, fíkniefnasölum og glæpamönnum og það gert án allrar heimildar. Í beinu framhaldi af því er síðan farið að rannsaka málið. Og við skulum ekki gleyma því að í grein Mannlífs, sem tók yfir 20 síður, er talað við mjög marga sem gáfu upp nafn sitt. Ekki var eingöngu um að ræða einstaklinga sem óskuðu eftir nafnleynd, heldur var einnig talað við einstaklinga sem gáfu upp sitt nafn og voru þar af leiðandi tilbúnir til að standa við þær upplýsingar sem þeir gáfu.

Þegar þetta var tekið upp í þinginu fyrir rétt tæpu ári var það vegna þess að í greininni og í viðtölum komu fram mjög þungar ásakanir í garð lögreglunnar, sérstaklega fíkniefnalögreglunnar, sem var gersamlega útilokað fyrir okkur á Alþingi að sitja undir og taka ekki til greina. Við urðum að krefjast þess að rannsókn færi fram. Enda segir í skýrslu dómsmrh. um rannsóknarstörf fíkniefnadeildar lögreglunnar, sem lögð er fram samkvæmt beiðni, um ástæðu þess hvers vegna var farið í að vinna þessa skýrslu, þar sem haft er eftir fyrirspyrjanda — en ég fór fram á að dómsmrh. beitti sér fyrir því að þessi skýrsla yrði unnin — þá segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Hins vegar er full ástæða til þess að Alþingi krefjist þess að fram fari rannsókn á því hvort þessar fullyrðingar eru réttar, [þ.e. þær sem komu fram, ekki bara í Mannlífsgreininni heldur í fjölmiðlum yfirleitt] þar sem um er að ræða starfsheiður manna og ekki síður vegna þess að sagt er þannig frá starfsaðferðum fíkniefnalögreglunnar að útilokað er fyrir Alþingi að láta sem vind um eyru þjóta.“

Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af þessum umræðum ritaði dómsmálaráðherra ríkissaksóknara bréf þann 19. mars sl. en þar segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að beina því því til yðar, herra ríkissaksóknari, að fram fari opinber rannsókn á samskiptum lögreglunnar í Reykjavík og Franklíns Kristins Steiners. Markmið þeirrar rannsóknar yrði að staðreyna sannleiksgildi fullyrðinga um að Franklín Steiner stundaði umfangsmikil fíkniefnaviðskipti, sem varði við refsilög, með vitund og samþykki lögreglunnar. Með því yrði sannreynt hvort lögreglumenn hafi, einn eða fleiri, gerst sekir um brot í opinberu starfi eða eftir atvikum gerst brotlegir við refsilög“.“

Dómsmrh. tók undir í þeirri umræðu að full þörf væri á að vinna slíka skýrslu og beitti sér fyrir því að skýrslan yrði unnin. Það hefði því kannski verið eðlilegt í ljósi þess að beiðnin kom fram á Alþingi að Alþingi fjallaði með einum eða öðrum hætti um skýrsluna. Ég hef fram til þessa verið algerlega mótfallin því að skýrslan væri birt í heild sinni. En miðað við hvernig umræðan hefur þróast tek ég undir þá beiðni, sem ég veit að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur lagt fram í allshn., að skýrslan verði skoðuð þar í fullum trúnaði. Það hefur enginn farið fram á það í stjórnarandstöðunni, mér vitanlega, að innihald þeirrar skýrslu verði birt algerlega opinberlega, og að öllum verði ljóst allt sem í henni stendur. Það hefur ekki verið farið fram á það, enda eru þessar skýrslur þannig að þær eiga ekkert erindi fyrir almenningssjónir, þ.e. yfirheyrsla yfir fólki sem hefur réttarstöðu grunaðra manna þegar niðurstaðan er síðan sú að ekki er talin ástæða til að sækja það til saka í framhaldi af yfirheyrslum. Það er niðurstaðan. Þá hafa slíkar yfirheyrslur ekkert að gera fyrir almenningssjónir en ýmsir aðrir þættir í skýrslunni geta skipt máli. En hættan er sú, sem hlýtur að hafa komið upp við umfjöllun málsins, að mörg önnur mál tengd þessum einstaka sakamanni og afbrotaferli hans, sem staðið hefur yfir í mörg ár, hljóta að hafa komið fram í þessari skýrslu. Um það hefur hins vegar ekkert verið fjallað hvernig var farið með. Var unnin upp sérstök greinargerð um hvert mál? Eða var það bara látið liggja? Um það hefur ekkert verið fjallað. Það eru slíkir einstaka þættir sem væri kannski ástæða til að taka fyrir til umfjöllunar og þá kannski fyrst og fremst í ljósi þess að beiðnin kemur frá þinginu, en yfirheyrslur yfir einstaka mönnum á ekki að birta. Ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að gera þá kröfu að slíkar yfirheyrslur yrðu birtar, hvar ættum við þá að stoppa í þeim efnum? Og ætlar Alþingi að taka á sig þá vinnu að fara yfir þau gögn og yfirheyrslur í stórum sakamálum sem þeim tilheyra hverju sinni? Eða ætlum við bara að gera það í þessu einstaka tilviki að fara yfir yfirheyrslurnar? Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort sú skýrsla sem hér birtist í þingsölum inniheldur öll þau atriði sem ég hefði talið rétt að kæmu fyrir þingið, a.m.k. finnst mér að það hefði mátt gera betur grein fyrir þeim sakamálum sem tengjast þeim einstaklingi sem hér um ræðir, sem ég veit að eru nokkur.

Ég tel að umræðan hafi frá upphafi ekki snúist um annað en það að við höfum ekki búið nógu vel að þessum málum

almennt. Þess vegna eru þessi mál tekin upp aftur og aftur og aftur því að ítrekað hefur komið fram að reglur vantar um hinar óhefðbundnu rannsóknaraðferðir. Það vantar fjármagn til fíkniefnalögreglunnar og við bregðumst ekki við með þeim hætti sem við ættum að gera. Mér finnst gott að heyra frá hæstv. utanrrh. að hann ætli nú að beita sér alveg sérstaklega fyrir því að tekið verði á fíkniefnavandamálum barna og unglinga þannig að til dugi. Við þingmenn þekkjum það mjög vel því við erum með slík vandamál nánast daglega á borðum að ekki hefur verið tekið á þeim hvorki hvað varðar lögreglu, forvarnastarfsemi né meðferðarúrræði. Þessi umræða er hluti af því en hún hefur því miður snúist upp í það að ákvörðun sem tekin var fyrir nokkrum árum um hvort beina ætti því til fullnustumatsnefndar að ákveðinn einstaklingur, Franklín Steiner, fengi reynslulausn. Þeirri beiðni er beint til dómsmrh. að hann óski eftir að nefndin fjalli aftur um hvort hann eigi að fá reynslulausn. Það finnst mér ekki rétt. Þetta mál snýst ekki um það. Það snýst ekki um reynslulausn þessa einstaklings. Og ég spyr: Er einhver hér inni sem hefði tekið aðra ákvörðun?

Við erum nú að fara inn í algerlega nýtt umhverfi. Vita þingmenn ekki að ekki eru mörg ár síðan örfáir einstaklingar voru á Litla-Hrauni eða í fangelsum landsins vegna afbrota sem tengdust fíkniefnum eða eiturlyfjum, fyrir utan brennivín og víndrykkju? Það hefur gerbreyst, þetta er algerlega nýtt umhverfi. Við höfum engar reglur um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir sem eru tíðkaðar alls staðar. Og þegar tveir lögreglumenn vinna eftir bestu vitund að því að upplýsa tvö stór fíkniefnamál sem eru liður í að koma upp um mjög alvarlegt fíkniefnamál — sem hefur hinar ógnvænlegustu afleiðingar og ég bendi á að sölumenn fíkniefna hafa stundum verið kallaðir réttilega sölumenn dauðans — óska þeir eftir því að þetta sé tekið til endurskoðunar, menn vísi því aftur til fullnustunefndar hvort þessi einstaklingur geti hugsanlega fengið reynslulausn vegna þess að hann býður þeim upplýsingar um þessi tvö stóru mál sem þeir höfðu verið að rannsaka og ekki komist lönd né strönd, þá vísaði ráðherra málunum áfram og nefndin kemst að þessari niðurstöðu.

Við erum á vissan hátt að kaupa upplýsingar. Við höfum engar reglur. Og ég held að hver og einn hljóti að velta því fyrir sér hvort hann hefði tekið aðra afstöðu á þeim tíma. Ég held ekki. En þetta verður hins vegar til þess að reglurnar verða settar. Þessi umræða og sú þróun sem hefur orðið í þjóðfélaginu verður til þess að reglurnar verða settar. Og lögreglumennirnir hefðu aldrei verið settir í þá stöðu að leita eftir þessu í dómsmrn. hefðum við haft reglur, hefðu þeir þekkt þetta umhverfi og kunnað að bregðast við því á annan hátt.

Við verðum að skoða alla þætti þessa máls. Ég tel að reynslulausnin sé ekki það versta. Hins vegar bregst lögreglan þegar viðkomandi einstaklingur brýtur af sér á tíma reynslulausnar. Þá á auðvitað að húrra honum beint í fangelsið aftur, að sjálfsögðu, því aldrei var talað um að maður á reynslulausn mætti brjóta af sér að vild á þeim tíma. Að sjálfsögðu ekki. Um leið og hann gerist brotlegur við lögin á hann að fara eins og skot inn í fangelsið aftur. Þar bregst lögreglan af einhverjum ástæðum, sem mér skilst að lögreglustjóri sé að rannsaka en hafi ekki enn komist að neinni niðurstöðu um hvernig standi á því að gögn máls hafi týnst. Það er vissulega mjög slæmt en hæstv. dómsmrh. hefur beint þeirri spurningu til hans hvort þetta hafi gerst í fleiri tilvikum.

Við skulum ræða þetta út frá því þjóðfélagi og þeim veruleika sem við bjuggum við á þeim tíma sem atburðurinn á sér stað og þeim veruleika sem við búum við í dag, hvernig við bregðumst við og hvað réttlætiskenndin segir okkur, því í þessu tilviki verður jafnvel að fara meira eftir henni en einhverju öðru. Hvað bauð hún að gera á þeim tíma?

Við skulum ekki snúa þessari umræðu í persónulegar orðahnippingar, eins og mér finnst hafa gengið hér á báða bóga. Umræðan um Franklín Steiner, greinarskrifin í Mannlífi, umfjöllun fjölmiðla, umræðan á þingi hefur aðallega snúist um eitt: Að við lærum að bregðast við þeim vanda sem við blasir, þ.e. aukinni eiturlyfjaneyslu sem þýðir aukna eiturlyfjasölu og fleiri glæpi. Þess vegna erum við fyrst og fremst að ræða þetta. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beina reiði sinni annað en til okkar þingmanna, t.d. í þann farveg að auka fjármagn til lögreglunnar, í forvarnastarfsemi og til meðferðarúrræða.

[15:41]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að hafa það sem réttara reynist var það ekki ég sem óskaði eftir frekari rannsókn á skýrslu dómsmrh. heldur kom hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir með þá tillögu í hv. allshn. Þegar við höfðum fengið skýrslu hæstv. dómsmrh. fyrir þingið þar sem vafaatriði komu fram eins og reynslulausn sakamanna, fíkniefnagreiðsla fyrir upplýsingar, byssuleyfi til sakamanna, rannsóknargögn sem fjarlægð höfðu verið o.s.frv. var ekki óeðlilegt að hv. þm. kastaði því fram í nefndinni hvort ekki væri ástæða til að fara nánar ofan í þessa skýrslu. Hv. formaður nefndarinnar, sem nú er við skíðaiðkanir í Ameríku og er ekki til andsvara, kom þá með langa bókun. Nefndin tók undir þessa beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom með langa bókun um hvað við ættum ekki að biðja um. Það var þá sem ég bókaði beiðni mína og hún er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allshn. Alþingis [ég á við alla nefndina] samþykkir með vísan til 26. gr. þingskapa að nefndin fái að athuga nánar efnisatriði í skýrslu dómsmrh. um rannsókn á stórfum fíkniefnadeildar lögreglunnar sem unnin var skv. beiðni, 92. mál þingsins (þskj. 685). Felur nefndin forseta þingsins að sjá svo til.“

Það var einmitt þess vegna sem ég bar fram þá bókun, að ég vildi ekki taka fram hvað við mættum fá að skoða, það er annarra að ákveða það. Nefndin þurfti ekki að svara sér sjálf. En auðvitað vildi meiri hluti nefndarinnar, sem er skyndilega kominn upp í hv. allshn. sem hefur hingað til ekki skipst í pólitíska vængi, koma í veg fyrir að við fengjum að skoða nokkurn skapaðan hlut. Þetta vildi ég að kæmi fram hér.

[15:43]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil nefna fjögur atriði sem mér eru ofarlega í huga við þessa umræðu. Í fyrsta lagi að á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum er fíkniefnaneysla vaxandi vandamál. Unglingar og börn ánetjast neyslu þessara efna og þjóðin stendur frammi fyrir gífurlegum vanda og berst vanmáttug gegn þeirri vá.

Í öðru lagi að við harðsvíraða glæpamenn er að fást sem stunda innflutning og sölu ólöglegra efna og er öllum hugsanlegum brögðum beitt til að koma þeim inn í landið og í hendur neytenda.

Í þriðja lagi. Enginn mælir því gegn að hefðbundnar aðferðir lögreglu duga skammt til að koma böndum á glæpa-

mennina. Því hefur þurft að beita því sem kallað hefur verið óhefðbundnar aðferðir af hálfu lögreglu og er það einnig gert á meðal annarra þjóða.

Í fjórða lagi. Stjórnmálamenn hafa haft stór orð á hv. Alþingi um þennan gífurlega vanda og formaður Alþfl. hefur um tvenn áramót gert unglingavandamálið að aðalatriði í áramótahugleiðingum sínum. En hvað gerist þá? Þessum vandamálum sem varða börnin okkar og framtíð þeirra er ýtt til hliðar. Aðalatriðið í augum jafnaðarmanna, hv. þm. Alþfl. og nokkurra annarra þingmanna stjórnarandstöðunnar, hefur síðustu vikurnar verið hvernig fíkniefnalögreglan starfar og er hún gerð tortryggileg í alla staði, þrátt fyrir að rannsókn hafi farið fram á störfum hennar og æðsti handhafi ákæruvaldsins hafi ákveðið að ákæra ekki í málum lögreglunnar, þ.e. starfsaðferðir lögreglunnar brjóta ekki í bága við lög og hún hefur ekki gerst sek um brot í opinberu starfi.

Síðan gerist það að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í allshn., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Guðrún Helgadóttir, koma fram með tillögu um að nefndin taki málið upp. Þetta mál átti nefndin að taka upp að eigin frumkvæði samkvæmt 26. gr. þingskapa, að því er mér virtist, fyrst og fremst til að komast yfir skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, sem hefur að geyma rannsókn á störfum fíkniefnalögreglunnar. Ríkissaksóknari hefur tekið þá ákvörðun að birta skýrsluna ekki opinberlega. Sú ákvörðun ríkissaksóknara byggir á þeirri reglu að birta ekki gögn úr rannsókn sem ekki leiðir til ákæru. Sú regla styðst við meginreglu um vernd persónuupplýsinga. Það að birta skýrsluna gæti varðað mannréttindasáttmála Evrópu.

Í skýrslunni er að finna yfirheyrslur yfir fimm tugum einstaklinga sem í dag hljóta að teljast saklausir þar sem ekki hefur verið ákært í málinu. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þá er það sérkennilegt að hv. þm. kemur upp í andsvari við sinn formann til þess að koma því á framfæri að hún hafi ekki óskað eftir frekari umfjöllun um málið. Þetta er dálítið ruglingslegt. Hún segir síðan frá bókun sem hún lagði sjálf fram.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það kom aldrei nægilega skýrt fram í nefndinni, hvað hv. þm. vildu gera með skýrslu Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns og hvernig ætti að ljúka málinu. Ég undrast að formaður Alþb. skuli taka undir það að skýrslan skuli birt og tekin fyrir í nefndinni, miðað við það hvernig málið er vaxið. (**MF :** Hluti af henni.) Niðurstaða nefndarinnar í morgun var hins vegar sú að hafna beiðninni, eins og hér hefur þegar komið fram hjá þeim sem þar voru staddir, tveir hv. þm. voru fjarstaddir, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og Guðrún Helgadóttir. Meiri hlutinn hafnaði því að beiðni kæmi frá nefndinni um að skýrslan skyldi birt í heild sinni en hins vegar var hún sammála um bókun sem felur í sér að málið verði tekið til meðferðar skv. 26. gr. þingskapa, en með almennum takmörkunum. Bókunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga hefur verið lögð fram í allsherjarnefnd, með vísan til 26. gr. þingskapa, að nefndin taki til athugunar efnisatriði í skýrslu dómsmálaráðherra um rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar sem unnin var samkvæmt beiðni (92. mál, þskj. 685). Samkvæmt þeirri grein er þingnefnd heimilt að ákveða að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem Alþingi vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu telji hún ástæðu til.

Mikil umræða hefur átt sér stað um rannsóknarskýrslu Atla Gíslasonar hrl., setts rannsóknarlögreglustjóra, dags. 11. júní 1997. Samkvæmt beiðni lagði dómsmálaráðherra fram skýrslu um rannsóknina sem rædd var á Alþingi 2. febrúar 1998. Þar að auki hefur dómsmálaráðherra birt opinberlega þann hluta rannsóknarskýrslunnar sem fjallar um stjórnunarleg atriði viðvíkjandi almennt skipulag og vinnubrögð ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Loks hefur dómsmálaráðherra óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að framkvæmd verði stjórnsýsluendurskoðun hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Þrátt fyrir þessa ítarlegu umfjöllun telur allsherjarnefnd í ljósi alvöru þessa máls eðlilegt að fjalla frekar um það, með vísan til 26. gr. þingskapa, sérstaklega þau atriði er snúa að störfum og starfsháttum lögreglunnar og að reynslulausn fanga. Nefndin telur þó eðlilegt að umfjöllun um þann þátt málsins sem lýtur að störfum og starfsháttum lögreglunnar ljúki ekki fyrr en niðurstaða stjórnsýsluendurskoðunar Ríkisendurskoðunar liggur fyrir.

Frá árinu 1961 hefur ákæruvaldið verið í höndum ríkissaksóknara og er hann æðsti handhafi þess. Afskipti löggjafarvalds af ákæruvaldi samrýmast ekki meginreglum réttarríkis. Í samræmi við vinnubrögð embættis ríkissaksóknara hefur hann ákveðið að birta ekki opinberlega rannsóknarskýrslu Atla Gíslasonar. Sú regla að birta ekki opinberlega gögn úr rannsókn sem ekki leiðir til ákæru styðst m.a. við meginreglur um vernd persónuupplýsinga. Nefndin mun ekki gera meðferð ákæruvalds í þessu einstaka máli að umfjöllunarefni í skoðun sinni en áskilur sér rétt til þess að óska eftir upplýsingum frá dómsmálaráðherra um eftirlit hans á meðferð ákæruvalds, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála. Jafnframt áskilur nefndin sér rétt til að leita frekari gagna frá opinberum aðilum, sé það samrýmanlegt lögum að veita umbeðnar upplýsingar. Nefndin er reiðubúin til að gæta trúnaðar um slíkar upplýsingar.

Allsherjarnefnd minnir á að í áliti hennar með frumvarpi til upplýsingarlaga á þskj. 899 á 120. löggjafarþingi lagði nefndin áherslu á að endurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála sem boðuð var af dómsmálaráðherra yrði hraðað eins og kostur væri og að sérstaklega yrði hugað að í rétti til upplýsinga í lögum um meðferð opinberra mála. Hyggst nefndin kanna stöðu þessa máls."

Lýk ég þar með vitnun í þá bókun sem samstaða náðist um í hv. allshn. í morgun.

Hæstv. forseti. Þetta er að mörgu leyti nokkuð sérkennileg umræða en hún hefur þó einkum beinst að reynslulausn Franklíns Steiners. Hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. hafa farið yfir það mál. Þar voru engin lög brotin eins og hefur komið fram hjá allshn. en að sjálfsögðu orkar allt tvímælis þá gert er. Það getur þó engan veginn verið aðalatriði í fíkniefnavanda þessa þjóðfélags hvort sá síbrotamaður, sem ég að sjálfsögðu hef skömm á, fékk reynslulausn eftir að hafa afplánað dóm sinn að hálfu eða tveimur þriðju ef það leiddi til þess að fleiri glæpamenn næðust og hugsanlega yrði einhverjum forðað frá eitrinu.

Á þessum tíma var löng hefð fyrir því að náðun ætti sér stað þegar afplánun væri hálfnuð, þó ekki tíðkaðist það með alvarlegri brot. Í þessu tilfelli var ekki um náðun að ræða heldur reynslulausn.

Ég vil að lokum segja það að áherslur margra hv. þm. í þessu máli eru mér illskiljanlegar þegar um svo alvarlegt mál er að ræða, þ.e. fíkniefnavandann. Ég ætla ekki að kveða upp úr um það hvort ákveðnir fjölmiðlar stjórna hv. þm. eða

öfugt. Þó er víst að ef þessari umræðu fer ekki senn að ljúka, á þeim nótum sem hún hefur verið, þá verður efnt til mikillar veislu í undirheimum glæpamannanna.

[15:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm., starfandi formaður allshn., leggja mjög undarlega fram hvernig þetta mál var rætt í allshn. og vekja hér upp þær deilur sem þar hafa orðið. Vissulega hafa orðið deilur þar. Ég gat ekki um þær í minni ræðu af því ég vildi ekki vekja þær upp. Um hvað snerust þær? Þær snerust um hvernig beita ætti ákvæði þingskapa, sem sett var inn til þess að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis. Meiri hlutinn vildi taka málið upp á grundvelli 26. gr. þingskapa með mjög þröngum efnistökum sem við í minni hlutanum áttum að gangast undir. Það gengur auðvitað ekki, herra forseti. Við höfum hér fyrir okkur afstöðu ríkissaksóknara sem leggur þingmenn og þá væntanlega þingnefndir að jöfnu við fjölmiðla og þær geti því ekki fengið upplýsingar til að sinna sínu hlutverki. Þess vegna finnst mér formaðurinn leggja þetta upp með afar sérstökum hætti.

Í þessari bókun, sem varð að fylgja og var skilyrði hjá meiri hlutanum til þess að málið yrði tekið upp, náðum við fram miklu meiri opnun í málinu. Nefndin getur betur fjallað um það heldur en fyrst var lagt upp með. Hv. þm. segist aldrei hafa skilið hvað ætti að gera með skýrsluna eða þá vinnu sem fram fer í allshn. Nefndir þingsins ákveða ekki í upphafi þegar fjallað er um mál, hvað þær ætli að gera. Fyrst er farið í efnislega umfjöllun um málið og síðan ákveðið hvernig eigi að taka á því.

Þessi grein, 26. gr. þingskapa, kveður á um að nefndir þingsins geti gefið Alþingi skýrslu um málið, ef það svo kýs. Það er síðari tíma mál að ákveða hvernig farið yrði með þá niðurstöðu sem nefndin kæmist að.

Ég harma að formaður nefndarinnar taki málið svona upp en fyrst hún gerir það þá er rétt að upplýsa að það átti að setja nefndinni svo þröngar skorður að hún gæti raunverulega ekki fjallað um málið. Hún átti að fjalla almennt um skipulag lögreglunnar og reynslulausn fanga.

[15:55]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær þröngu skorður, sem hv. þm. talar um, eru svo að segja nákvæmlega þær sem hún samþykkti í morgun. Þau drög að bókun sem upphaflega voru lögð fram eru nánast það sem við náðum niðurstöðu um. Það var einfaldlega vegna þess, hv. þm. mega eiga það, að þeir áttuðu sig á því að það er ekki hlutverk löggjafarvaldsins að hafa afskipti af ákæruvaldinu. Það bjó undir í þessu máli. Þar greindi okkur á, meiri hlutann og minni hlutann, að minni hlutinn vildi hafa afskipti af ákæruvaldinu sem starfar sjálfstætt samkvæmt lögum.

Ríkissaksóknari var búinn að kveða upp að hann mundi ekki ásaka lögregluna í málinu. Engu að síður vildu hv. þm. rannsaka þetta frekar og fara inn á verksvið ríkissaksóknara. Við gátum ekki samþykkt það. Þess vegna gengur þessi bókun út á það að gera það ekki heldur áskiljum við okkur rétt til þess að fara í ákveðna þætti málsins, fá dómsmrh. á okkar fund o.s.frv. En það er alveg skýrt að við munum ekki óska eftir því í nefndinni að fá skýrslu Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns til umfjöllunar.

[15:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf versnar nú málið. Mér finnst hv. formaður nefndarinnar draga verulega í land með sína túlkun á þessari bókun. Túlkunin var skýr í nefndinni í morgun. Hún var sú að nefndin gæti leitað eftir því að fá a.m.k. hluta af skýrslu Atla Gíslasonar birta. Minni hlutinn fór ekki fram á að hafa afskipti af ákværuvaldinu heldur einungis að þeirri ósk yrði beint, annaðhvort til dómsmrh. eða til ríkissaksóknara, að fá að fara yfir þessa skýrslu í trúnaði. Hægt væri að fara yfir hluta hennar eða skýrsluna alla, allt eftir því hvað ríkissaksóknari sjálfur ákvæði. Það væri auðvitað í hans valdi að ákveða hvort nefndin fengi skýrsluna, með hvaða hætti hún fjallaði um hana og hvort hún gæti fjallað um einhverja ákveðna hluta hennar.

En meiri hlutinn ætlar að ákveða það strax að nefndin, sem á að sinna eftirlitshlutverki, að hún geti ekki einu sinni beðið um ákveðna kafla í skýslunni, t.d. þann sem snýr að reynslulausninni. Það væri þá auðvitað saksóknara sjálfs að hafna því ef svo bæri undir. Ég tel það ekki óeðlileg afskipti af ákæruvaldinu, langt í frá.

[15:58]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Ef einhver hefur dregið í land, hæstv. forseti, þá er það hv. þm. Hún hefur náttúrlega samþykkt þessa bókun sem gengur út á að biðja ekki um þessa skýrslu. Ég sagði áðan að nefndin mundi ekki fara fram á það vegna þess að það er ekki innan hennar valdsviðs að biðja um skýrsluna. Hins vegar er ekki útilokað, og það kemur fram í textanum sem ég las rétt áðan, að einhverjir hlutar eða þættir skýrslunnar yrðu teknir til meðferðar af nefndinni. Því hef ég aldrei mótmælt.

Hvað reynslulausnina varðar, þá hefur það alltaf verið inni í textanum að til greina komi að fara yfir þann þátt málsins enda fellur hann undir upplýsingalög.

Það verður bara að vera skýrt, þegar við tökum málið fyrir í nefndinni, hver ramminn er. Okkur er annt um virðingu Alþingis og við förum ekki að biðja um upplýsingar sé það ekki í okkar verkahring vegna þrískiptingar valdsins. Ég veit að hv. þm. gerir sér fulla grein fyrir því enda hefur hún mikla þingreynslu.

[15:59]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Engum dylst að afbrotamál á Íslandi hafa tekið grundvallarbreytingum á síðustu tveimur áratugum. Með tilkomu fíkniefna og mikillar aukningar afbrota sem með einum eða öðrum hætti tengjast innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna, hafa orðið eðlisbreytingar á glæpastarfsemi. Okkur hefur opnast sýn inn í dapurlegan heim þar sem ríkir áður óþekkt mannfyrirlitning þeirra sem glæpina stunda, samfara takmarkalausri örvæntingu fórnarlambanna. Fíklarnir geta orðið viljalaus verkfæri í höndum glæpamanna. Aðgerðir lögreglunnar til að stemma stigum við afbrotum tengdum fíkniefnum hafa, hér sem annars staðar í heiminum, leitað inn á nýjar brautir. Það hefur að sjálfsögðu verið gert út úr neyð þar sem ekki er um aðrar leiðir að velja.

Afbrot sem tengjast fíkniefnamálum eru mjög sérstæð. Þau eru ekki kærð af brotaþola eins og flest önnur afbrot. Fíkniefnabrotin hafa þá sérstöðu að brotaþolar eru oft þátttakendur í brotunum. Þeir eru ofurseldir fíkninni og verða þannig verkfæri í höndum afbrotamannanna. Þeir gera á stundum sitt ýtrasta til að koma sönnunargögnum undan og svo öfugsnúið sem það hljómar getur það oft gerst að

fórnarlömbin líta á glæpamanninn, sölumanninn og dreifingaraðilann, sem bjargvætt sinn og velgerðarmann, standa vörð um starfsemi hans og sjá hag sínum borgið í því að glæpastarfsemi hans geti gengið hindrunarlaust fyrir sig. Þetta er hin ömurlega hlið þessarar glæpastarfsemi. Fórnarlömbin verða verkfæri í höndum glæpamannanna.

Af þessum sökum rís upp í kringum fíkniefnaglæpi þagnarmúr sem oftast nær er illrjúfanlegur. Yfirvöld geta hert eftirlit með innfluttum fíkniefnum en eftir að efnin eru á annað borð komin inn í landið er ekki um aðrar leiðir að velja til að rjúfa þennan þagnarmúr en leita eftir upplýsingum frá þeim sem eru þátttakendur í glæpastarfseminni. Þegar löggæslumenn leita þessara leiða er í raun komið á samstarf milli glæpamanns og löggæslu. Það er að sjálfsögðu vandrötuð leið. Hún er reyndar þrædd hvarvetna í heiminum þar sem stríðið við fíkniefnin er háð.

Rétt er að við höfum í huga vægi þeirra upplýsinga sem aflað er með slíku samstarfi. Í langflestum tilfellum er þetta eina leiðin sem lögreglan hefur til að brjóta upp viðskiptahringa fíkniefnaheimsins. Má af því verða ljóst hve mikilvægt er að fara að með fullri gát þegar rætt er opinberlega um mál af þessu tagi. Á það við um fjölmiðla, um þingmenn og aðra sem er annt um það að tryggja sem best stöðu samfélagsins í baráttunni við það böl sem fíkniefnin eru.

Þegar lögreglan aflar upplýsinga frá afbrotamönnum er ljóst að fullkominn trúnaður löggæslumanna gagnvart þeim sem upplýsingarnar veitir sé sjálf forsenda þess að þessi leið sé fær. Sé trúnaður brotinn lokast þær mjóu glufur sem geta opnast. Það vekur því mikla athygli að sú krafa skuli hafa komið fram að dómsmrh. birti í heild skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Slík krafa jafngilti því að loka þeim fátæklegu leiðum sem lögreglan hafði til að upplýsa fíkniefnabrot.

Kröfuna verður einnig að skoða í ljósi þess að hæstaréttardómur hefur fallið í fíkniefnamáli þar sem fram kom að rannsóknarlögreglumönnum sé ekki aðeins rétt heldur og skylt að neita að gefa upp nöfn þeirra sem höfðu gefið þeim upplýsingar í trúnaði.

Einnig er ljóst að sú skýrsla sem settur rannsóknarlögreglustjóri samdi um störf fíkniefnadeildar lögreglunnar hefur gefið vísbendingar um meinbugi á skipulagi lögreglumála. Jafnframt liggur fyrir að hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir róttækum breytingum á lögreglulögum sem urðu á árinu 1996 en með þeirri breytingu var málaflokkurinn endurskipulagður í veigamiklum atriðum. Enn fremur lét dómsmrh. skipa snemma árs 1996 sérstaka verkefnisstjórn í ávana- og fíkniefnamálum og lagði hún til að dómsmrh. léti hefja undirbúning að samningu skýrra verklagsreglna um svokallaðar óheftbundnar rannsóknaraðferðir í ávana- og fíkniefnamálum.

Nú er unnið að samningu slíkra verklagsreglna. Enn fremur má nefna að hæstv. dómsmrh. beitti sér fyrir því að stjórnsýslukafli í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra væri birtur. Þegar þetta er skoðað er ljóst að hæstv. dómsmrh. hefur tekið á málinu af festu.

Ekki er gæfulegt hlutskipti fyrir þingmenn að stuðla að því með flumbrulegum málflutningi í þinginu að slá þau fáu vopn úr höndum lögreglunnar sem henni eru fengin í baráttunni gegn fíkniefnabölinu. Að vísu er ljóst að stjórnarandstaðan er á undanhaldi í þessu máli. Þegar borinn er saman málflutningurinn sl. ár í málinu og svo þær tiltölulega kurteislegu athugasemdir sem komu fram af hálfu málshefjanda er ljóst að stjórnarandstaðan og sérstaklega þingmenn þingflokks jafnaðarmanna eru á undanhaldi í málinu og hafa að einhverju leyti eins og segir í fornu máli, fengið geig af vopnum sínum.

Áður var talað um stórfellt misferli dómsmrh. í starfi. Nú hafa þessar athugasemdir snúist upp í frekar léttvæg málefni sem reyndar er ekki samkomulag um meðal þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég hjó sérstaklega eftir því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði að umræðan snerist ekki um reynslulausn. Ég reikna með að hún hafi átt við það að hún ætti ekki að snúast um reynslulausn og ég er sammála henni um það. En umræðan í dag hefur einmitt snúist um reynslulausnina og réttlætingu þeirrar gjörðar og nægir þar að vitna sérstaklega í málflutning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og málshefjanda sjálfs, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar.

Ýjað var að afskiptum ráðherrans af reynslulausninni. Það er ljóst að málið var sent fullnustumatsnefnd til athugunar vegna nýrra upplýsinga í málinu. Eru það afskipti ráðherrans af málinu? Eru fólgin í því efnisleg afskipti hæstv. dómsmrh. af málinu með því að vísa því til fullnustumatsnefndar? Í raun og veru hefðu fólgist í því efnisleg afskipti ef ráðherrann hefði kosið að vísa málinu ekki til fullnustumatsnefndar því að málinu var vísað til nefndarinnar í ljósi nýrra upplýsinga og ef ráðherrann hefði ekki vísað málinu til fullnustumatsnefndar þá hefði hann verið að leggja það efnislega mat á upplýsingarnar að þær væru ekki gildar. Það fólst nákvæmlega í afgreiðslu ráðherrans á málinu á sínum tíma að hann tók ekki efnislega afstöðu til málsins.

Í ræðu sinni minntist hv. þm. Lúðvík Bergvinsson áðan á það að hæstv. dómsmrh. hefði lýst því yfir í mars 1997 að óheimilt væri að semja um að menn gætu sloppið við viðurlög og var þar með að gefa í skyn að í reynslulausninni hefði einmitt falist slíkt samningamakk. Þetta er að sjálfsögðu fullkominn misskilningur, ég vona að það sé fyrst og fremst tæknilegur misskilningur vegna þess að ekki er hægt að jafna reynslulausn við einhvers konar samningamakk um viðurlög. Það er alveg út í hött. Reynslulausn er allt annars eðlis og á ekkert skylt við samninga um viðurlög og athugasemdin var því út í hött.

Ég held að mikilsvert sé að geta þess í lok ræðu minnar að það er athyglisvert í málinu öllu saman að umræðan sl. ár hefur beinst gegn hæstv. dómsmrh. en þess eru sennilega engin dæmi í sögu lýðveldisins að dómsmrh. hafi gengist fyrir jafnvíðtækum breytingum á dómsmálum, á lögum um dómstóla og lögreglulögum og sá ráðherra sem nú situr, hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson, og að nú skuli hafa komið fram alvarlegar ásakanir um starfsferil hans verður að harma en jafnframt verður að fagna því að þingmenn stjórnarandstöðunnar með þingmenn þingflokks jafnaðarmanna í broddi fylkingar skuli í hverju málinu á fætur öðru vera farnir að draga í land og málið sé af þeirra hálfu farið að breyta um svip.

[16:10]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Að undanförnu hefur átt sér stað mikil umræða um störf fíkniefnalögreglu og má segja að sú umræða hafi þróast yfir í harðnandi orrahríð sem hefur ýmist farið fram innan veggja Alþingis eða í fjölmiðlum nema hvort tveggja sé. Reyndar er athyglisvert að sjá hvernig tengsl ýmissa fjölmiðla og þingsins eru varðandi mál þetta og er út af fyrir sig umhugsunarefni.

Hinn stöðugt vaxandi þrýstingur nokkurra krossfara hefur smám saman þróast með þeim hætti að nú er spjótum beint að hæstv. dómsmrh., fyrrv. hæstv. dómsmrh., ríkissaksóknara og fíkniefnalögreglu og má segja að dagamunur sé hvar áherslan liggi hverju sinni. En það er jafneinkennilegt að þessum aðilum virðist nú stillt upp sem hinum seku, hinum grunsamlegu, meðan fíkniefnasalarnir virðast hvítþvegnir sakleysingjar.

Um hvað snýst málið? Í rauninni snýst það aðeins um eitt: Hvort fíkniefnalögreglan hafi beitt óheföbundnum aðferðum til þess að upplýsa fíkniefnamál. Hvort fíkniefnalögreglan hafi brotið lög og reglur og hvort yfirmenn þeirra hafi vitað af því. Um það snýst umræðan og hér hefur komið fram og reyndar legið fyrir um hríð að ekkert ólögmætt hefur komið fram um málið. En ég minnist þess varla í eitt skipti að hafa heyrt hina siðvöndu krossfara spyrja grundvallarspurningarinnar, nefnilega þeirrar spurningar hver skyldi vera ástæðan fyrir vinnulagi fíkniefnalögreglunnar.

Herra forseti. Rétt er að vekja athygli á því að fíkniefnalögreglan er ekki að fást við umferðarlagabrot. Veruleiki hennar er allur annar. Það er nefnilega til annar heimur í þessu samfélagi. Það eru svokallaðir undirheimar, heimur glæpa, heimur fíkniefna og hinna alvarlegri brota. Í þeim heimi gildir frumskógarlögmálið eitt. Þar streyma vænar fúlgur fjármagns sem harðsvíraðir og kaldrifjaðir glæpamenn stýra. Hjá þeim gilda engin lög eða reglur aðrar en þær að koma út eitrinu og græða pening með öllum tiltækum ráðum. Hvort neytandinn er karl eða kona, barn eða fullorðinn má einu skipta, bara varan, eitrið sjálft, komist á markað. Þessum kóngum undirheima hefur orðið vel ágengt. Nýjustu fregnir herma að hassneysla sé að verða vel þekkt meðal 12 ára barna á Íslandi. Þessir glæpamenn eru hægt en bítandi að ná tökum á samfélagi okkar þrátt fyrir yfirlýstan vilja almennings til að ráðast gegn þeim. Þeir vaða fram með fullar hendur fjár og beita nýjustu og fullkomnustu tækni. Þeir eru ávallt skrefinu á undan. Svo teflum við fram fíkniefnalögreglu til að halda í við þessa glæpamenn. Hver skyldi vígstaða hennar vera gagnvart öflugum her glæpalýðsins? Hún er fjársvelt, fámenn, illa búin tækjum og bundin lagarömmum sem gefa smyglurum og eiturlyfjabarónum Íslands víðáttumikið svigrúm til glæpsamlegra starfa sinna. Lögreglan er ávallt í þeirri stöðu að vera skrefinu á eftir. Ég spyr: Láir þeim nokkur maður að grípa til óheföbundinna aðgerða? Þær eru réttlætanlegar í því skyni að komast inn í þann dulda heim sem fíkniefnaheimurinn er. Þær eru nauðsynlegar og réttlætanlegar til að ná árangri. Lögreglumennirnir setja sjálfa sig í lífshættu daglega við að berjast gegn vel skipulögðu sölukerfi dópsalanna.

Ég lýsi því sem skoðun minni að sé lagaramminn þröngur um of þá á að víkka hann. Séu reglur of takmarkandi á að opna þær og af þeim sökum fagna ég því sérstaklega að á vegum hæstv. dómsmrh. skuli starfa nefnd til þess að skoða hinar óheföbundnu aðferðir fíkniefnalögreglunnar og lögreglunnar með þátttöku reyndra fíkniefnalögreglumanna þar sem ég teldi að einnig ættu að koma að tollverðir og dómarar úr ávana- og fíkniefnadómi. Ég trúi því að sú nefnd muni skila tillögum þar sem tekið er mið af því starfsumhverfi sem þessar hetjur landsins eru að glíma við og að ramminn verði sniðinn að þeim. Það er skylda okkar.

En eftir krossför nokkurra þingmanna sitja fíkniefnalögreglan og yfirmenn hennar skyndilega uppi sem hinir seku, hinir grunuðu. Skyldu ekki barónarnir glotta? Skyldu þeir ekki fagna því hvernig grafið hefur verið undan trúverðugleika fíkniefnalögreglunnar, flett ofan af vinnulagi hennar og þeim þannig fært á silfurfati aðgengi að íslenskum ungmennum með fíkniefni sín? Ég kalla þetta eina aumustu og lágkúrulegustu aðför í pólitísku upphlaupi þar sem aðstandendur virðast kæra sig kollótta um afleiðingarnar. Það er ástæða til að velta afleiðingunum fyrir sér.

En á þessu máli eru fleiri hliðar. Það er umhugsunarefni hvernig ónefndir fjölmiðlar leyfa sér að veitast að æru einstakra manna samhliða því sem þeir boða heiðarlega stjórnsýslu. Sömu fjölmiðlar taka sér dómsvald og skirrast ekki við að svipta dugmikla aðila málsins ærunni. Þar gilda önnur siðalögmál. Þeir sem hætta lífi sínu og limum í baráttunni í hinum grimma fíkniefnaheimi eru gerðir sökudólgar. Hinir eiginlegu glæpamenn gleymast.

Hver er tilgangurinn með því að velta sér upp úr sjö eða átta ára gömlu máli sem þar að auki er talið löglegt að öllu leyti? Gera menn sér ekki grein fyrir því að lögreglan verður að hafa ákveðið sjálfstæði? Henni er nauðsynlegt að starfa með leynd til þess að geta upplýst mál og náð árangri í að vernda börn okkar og unglinga gegn glæpamönnum.

Í mínum huga leikur enginn vafi á að lögreglan á að njóta vafans ef einhver vafi er. Markmið hennar er að berjast gegn eiturlyfjum í þágu barna okkar og unglinga. Þar tek ég eindregna afstöðu með lögreglunni og gegn fíkniefnasölum. Vinnulag krossfaranna í þessu máli minnir á helst á tíðaranda villta vestursins þar sem ekki var óalgengt að fólkið á götunni drægi hina grunuðu úr fangelsum og hengdu í næsta tré án án dóms og laga. Mér finnst samspil krossfaranna og æsifréttablaða vera af svipuðum toga utan það að ekki er sótt í fangelsin heldur ráðist á dugmikla lögreglumenn, embættismenn og stjórnmálamenn og tilraun gerð til að svipta þá mannorði og starfsheiðri. Það skyldi þó ekki vera raunverulegur tilgangur krossfaranna? Málflutningurinn allur ber slíkan keim.

Ekki er langt síðan sú stjórnsýsla tíðkaðist hérlendis að embætti sýslumanna önnuðust rannsókn mála og dæmdu síðan í sömu málum. Þessu var breytt á hv. Alþingi til að skerpa stjórnsýsluna og styrkja aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds. Í kjölfarið þótti eðlilegt að efla sjálfstæði lögreglu og embætti ríkissaksóknara. Í herför krossfara virðast menn hins vegar vilja ryðja þessum þætti til hliðar, kippa stoðum undan sjálfstæði ríkissaksóknara og leggja starfsaðferðir lögreglunnar fyrir almenning, jafnt hina heiðvirðu sem glæpalýðinn. Ég fæ ekki betur séð en krossfarar vilji blanda öllum stigum málsins í einhvern einkennilegan, pólitískan hrærigraut. Hver skyldi hagnast á því? Skyldu það vera börnin okkar, lögreglan, saksóknari eða fíkniefnasalar? Ég tel að þessar árásir á fíkniefnalögregluna og dylgjur um embættisfærslur skili í raun engu öðru en því að veikja löggæsluna og styrkja fíkniefnaheiminn. Það kalla ég lágkúru.

Herra forseti. Mál er að linni. Fíkniefnaváin er ein mesta ógnin við íslenskt samfélag í dag. Gerum okkur grein fyrir því að dópsalinn er sjúkur. Hann leitar stöðugt nýrra leiða til að fjármagna fíkn sína. Í þeirri leit lætur hann sig engu varða hverjum er fórnað. Fórnarlömbin eru í vaxandi mæli börnin okkar og unglingarnir. Skylda okkar er að vernda þau með öllum tiltækum ráðum. Við erum á villigötum ef púðrinu er eytt í að gera þá tortryggilega sem leggja sig hvað harðast fram í þessum vörnum, lögreglumenn, sérmenntað lið í fíkniefnabrotum, embættismenn og stjórnmálamenn. Á meðan flæða eiturlyfin yfir landið og sýna engum grið. Við

skuldum börnum okkar það að snúa bökum saman til að styrkja með öllum tiltækum ráðum löggæslu á þessu sviði. Séu leikreglur óskýrar eða lagarammi of þröngur ber okkur að breyta þeim og bæta þannig að lögreglan geti sótt fram af fullri hörku gegn þeirri vá sem eiturlyfin eru. Það er kjarni málsins. Að beina athyglinni að öðru er ekkert annað en eymdarlegt, pólitískt upphlaup sem skaðar þá sem síst skyldi.

[16:22]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Við lok þessarar umræðu vekur athygli að málshefjendur hafa ekki verið í salnum og virðast ekki þola þá gagnrýni sem komið hefur á málflutning þeirra. Það er út af fyrir sig skiljanlegt því að margt í aðdraganda umræðunnar, herra forseti, var kannski ekki af þeim toga að þegar það kæmi inn á hv. Alþingi væri hægt að skoða augliti til auglitis við hv. þingmenn. Enda hefur það komi á daginn. Hv. málshefjandi hefur ekki sést í þingsalnum, hátt í heila klukkustund. (**KH:** Það er tæknin ...) Ég ætla mér ekki að deila um tækni í því máli, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, heldur vil ég almenna umræðu, augliti til auglitis.

Í sjálfu sér er kannski ekki mjög miklu við það að bæta sem hér hefur verið rætt um þetta viðkvæma mál. Að mínu viti er það eitt hið viðkvæmasta sem verið hefur til umræðu í lengri tíma. Það varðar rannsóknaraðferðir lögreglunnar til að upplýsa glæpamál, hvernig einstakir embættismenn hafa leitað upplýsinga og hvaða aðferðum þeir hafa beitt til þess. Margt af því sem komið hefur fram hjá einstökum embættismönnum undanfarið hefur orkað mjög tvímælis. Ég tek undir það sem komið hefur fram varðandi þær upplýsingar að það er spurning hvort almannahagsmuna og réttaröryggis hafi verið gætt gagnvart borgurum þessa lands. Upplýsingar sem eru þannig að maður veltir því fyrir sér hverjir græði helst á því að þær komi fyrir almannasjónir.

Krafan, sem síðan hefur komið fram, um að birta alla skýrslu Atla Gíslasonar er enn til að kóróna þá vitleysu sem ríkt hefur í þessu máli. Í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur kom fram að hún teldi eðlilegt að birta alla skýrsluna þó um sé að ræða hagsmuni borgaranna sem eru stjórnarskrárvarðir, sbr. 71. gr. stjórnarskrár Íslands og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Þar er tvímælalaust tryggður réttur fólks sem komið hefur til yfirheyrslu en reynst saklaust. Því væri óeðlilegt að gera slíka rannsókn opinbera. Að sjálfsögðu er ekki líðandi á hinu háa Alþingi að reynt sé að koma slíkum vinnubrögðum inn í þingið. Slík málsmeðferð mun því ekki verða viðhöfð af hálfu hv. allshn.

Hér hefur skipulag fíkniefnadeildar lögreglunnar einnig verið til umræðu og birtar upplýsingar úr skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lét gera. Það verður að viðurkennast að skipulag fíkniefnalögreglunnar hefur verið mjög laust í reipunum og óþarft að taka á því með silkihönskum. Á því máli hefur þó verið tekið svo sem eðlilegt er og Ríkisendurskoðun falið að gera sérstaka stjórnsýsluúttekt á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Ég tel því vangaveltur um það ótímabærar þar til úttektin liggur fyrir.

Annað sem snýr að þessu máli er reynslulausn Franklíns Steiners. Ekkert bendir til þess að þar hafi verið brotin lög eins og reyndar hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra. Það var birt sem trúnaðarmál í hv. allshn. þar sem ég á sæti að Jónatan Þórmundsson teldi ekkert hafa komið fram í sambandi við afgreiðslur dómsmrh., fullnustumatsnefndar eða fangelsismálastjóra sem bryti lög eða reglur. Fleiri lögmenn hafa einnig álitið þessa meðferð málsins eðlilega miðað við þær reglur og lög sem þá voru í gildi. Ég tel að allt sem um það mál hefur verið sagt hafi verið á misskilningi byggt og hæstv. dómsmrh. hreinsað sig af áburði sem þar hefur komið fram.

Herra forseti. Ýmislegt annað hefur komið inn í umræðuna sem varðar allshn. sem, eins og fleiri hafa minnst hér á, hefur samþykkt ákveðna bókun. Sú bókun var til umræðu í nefndinni í marga daga. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir vann þá bókun og undirbúning hennar mjög rækilega áður en hún þurfti að fara utan. Ég vil taka það fram að mér fannst ómaklegt af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að gera ferð hennar ómerkilega í þingsölum áðan. Mér finnst ekki við hæfi að höggva til formanns allshn. þó hún hafi þurft að fara af landi brott. Starf hennar til að leysa málið farsællega með nánast einróma samþykki nefndarinnar var mjög mikið. Það var síðan í morgun undir stjórn varaformanns nefndarinnar, hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, að það samkomulag náðist að endingu um þá bókun.

Með bókuninni er allshn. að taka á þáttum í þessari skýrslu sem ekki stangast á við aðskilnað dómsvalds og löggjafarvalds, ég ítreka það, enda eðlilegt og alls ekki gengið á réttaröryggi eða þagnarskyldu. Með þessari bókun er ekki verið með neinar efasemdir um það að málsmeðferð dómsmrh. hafi verið rétt þannig að þessi rannsókn eða könnun sem allshn. mun gera á næstunni verður einungis til þess að fara yfir efni þeirra atriða sem við höfum fullan rétt til að skoða.

Herra forseti. Það er gríðarlega mikilvægt að styrkja lögregluna, ákæruvaldið, dómsvaldið og framkvæmdarvaldið í þeirri erfiðu stöðu sem þessir mikilvægu hlekkir í kerfinu eru. Harðsvíraðir glæpamenn eru eitthvert erfiðasta verkefni sem löggjafinn þarf að sinna. Setja þarf lög sem lögreglan og aðrir sem koma að þessum málum geti unnið eftir. Að því ber að vinna hér á hinu háa Alþingi á næstu mánuðum. Að mínu áliti er það fyrst og fremst sú krafa sem almenningur gerir til okkar hv. þm. að tryggja þann lagaramma sem um þessi mál þarf að vera þannig að embættismenn og stofnanir sem að þessum málum vinna geti starfað eðlilega og skynsamlega.

[16:31]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umræðu er í senn stóralvarlegt og vandmeðfarið bæði vegna þess að um mjög alvarlegan og viðkvæman málaflokk er að ræða og ekki síður hins að upplýsingar hafa komið fram sem grafa undan trausti almennings á lögregluyfirvöldum.

Miðpunktur umræðunnar í dag hefur verið reynslulausn Franklíns Steiners eftir helming dæmds refsitíma árið 1990 til 1991 sem orkar mjög tvímælis. Bæði það hvernig að endurupptöku erindisins var staðið eftir að því hafði verið hafnað af einum dómsmrh. og að reynslulausn skuli yfir höfuð hafa verið veitt í þessu máli sem á sér fáar ef nokkrar hliðstæður að mér skilst. Hér er um alvarlegt mál að ræða sem krefst nánari athugunar þótt ekki væri nema til að róa almenning og lagfæra það sem virðist óljóst bæði í skipulagi lögreglunnar og varðandi vinnureglur fyrir óheftbundnar rannsóknaraðferðir hennar.

Því hefur allshn. samþykkt á fundi sínum í morgun að taka málið upp til athugunar á grundvelli 26. gr. þingskapa eins og hér hefur verið ítrekað og rætt allítarlega. Ég vil því bíða með stór orð þar til ljóst er hvort lög og reglur hafa verið

brotnar í meðferð málsins. Mér finnast lýsingar hæstv. núv. og fyrrv. dómsmrh. skýrar á sínum þætti í því að umrædd reynslulausn var veitt. Þeir viðurkenna að hafa samþykkt fyrir sitt leyti að heimila slíka lausn þar sem það átti að geta skipt afar miklu máli um uppljóstranir í mikilvægum málum. Formlega var þó um ákvörðun fullnustumatsnefndar að ræða.

Það er rétt sem hefur komið fram að hv. allshn. fékk Jónatan Þórmundsson og fleiri á sinn fund í síðustu viku en nefndin lítur svo á að þær upplýsingar sem þar komu fram hafi verið trúnaðarmál. Nú hefur hæstv. dómsmrh. hins vegar vitnað í þennan framburð óbeint í gegnum minnisblað og einn hv. þm. Sjálfstfl. í allshn. hefur staðfest að þau ummæli voru rétt eftir höfð. Þau ummæli sem minnst var á var allt það sem kom ráðherranum vel í málinu. Það er staðfest opinberlega en ekki allt það sem kom fram án þess að ég ætli að vera með nokkrar dylgjur. T.d. hefur ekki komið alveg skýrt fram hvers vegna viðkomandi, Jónatan Þórmundsson, hugleiddi að segja af sér sem formaður fullnustumatsnefndar eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Það verður fróðlegt að mínu mati að fylgjast með framvindu þeirrar athugunar sem allshn. hefur samþykkt að fara í þótt ekki væri nema til að skýra réttarstöðu þingnefndarinnar sem lögfræðingar hafa bent á að sé óljós í athugun af þessu tagi. Það er von mín að sú athugun og umræður um þetta mál leiði til betri vinnubragða og bættra starfsreglna innan lögreglunnar og að réttarstaða þingnefnda til að fara ofan í mál í trúnaði sé styrkt.

Það var furðulegt að heyra hæstv. ráðherra og þingmenn gefa áðan til kynna að þingnefndir séu ekki lokaðar eða bundnar trúnaði. Slíkt er stundum reglan, t.d. í utanrmn. og ákvæði eru um trúnað í þingnefndum í reglum um þingstörf, þ.e. það er hægt að ákveða að mál séu tekin fyrir í trúnaði og það hefur hv. allshn. gert. Það var nefnt sem dæmi um það hve þingnefndir væru opnar að þangað kæmu oft inn fjölmiðlar. Það er vissulega rétt, stundum koma þar inn ljósmyndarar en það er ávallt gert með heimild nefndarmanna.

Að mínu mati er lágmarkskrafa, virðulegi forseti, að þingmönnum sé sýndur trúnaður og að lokuð þingnefnd fái meiri upplýsingar en fjölmiðlar fá. Réttur þingnefnda í athugunum sem þeirri sem nú stendur fyrir dyrum er ekki nógu skýr og úr því verður að bæta. Nokkrar umræður hafa átt sér stað í nefndinni eins og hefur reyndar komið fram hvort slík lokuð nefnd fái að skoða umrædda skýrslu í trúnaði eða ekki annaðhvort í heild eða afmarkaða hluta hennar. Ég lít svo á að samkomulag hafi náðst um málsmeðferð sem ég tel viðunandi og fagna því. Það er vonandi ekki tilgangur neins að fara á pólitískar nornaveiðar í þessu máli. Slíkt er svo sannarlega fyrir neðan virðingu hv. allshn.

Fíkniefnavandamálið er eitt af stóru vandamálum þessa samfélags. Það er svo sannarlega rétt þótt ég vilji jafnframt vara við því að öll önnur mál sem snerta ungt fólk falli í skuggann fyrir þeirri umræðu. Allt sem getur styrkt baráttuna gegn þeim vágesti sem fíkniefnin eru er til góðs. Það tel ég fyrirhugaða athugun allshn. vera svo og þær aðgerðir sem hæstv. dómsmrh. hefur þegar beitt sér fyrir um úttekt á störfum lögreglunnar og vinnu við setningu reglna um óhefðbundnar starfsaðferðir lögreglunnar. Vonandi verður þetta mál einnig til þess að eftirlitshlutverk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu styrkist, lýðræðinu sjálfu til framdráttar.

[16:39]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Sumir stjórnarsinnar, en þó ekki allir, hafa haldið því fram í umræðunni að hún sé að einhverju leyti óeðlileg. Svo er ekki. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem vakti þessa umræðu flutti mál sitt með mjög efnislegum rökum, veittist ekki að einum eða neinum, síst hæstv. dómsmrh. og óskaði eftir svörum við spurningum sem hann hafði afhent dómsmrh. í morgun. Við málflutning hans var ekkert óeðlilegt eða óæskilegt. Svar hæstv. ráðherra var hins vegar á allt öðrum nótum. Hann eyddi helmingi ræðutíma síns í aðdróttanir að tilteknum hópi þingmanna, lét í veðri vaka að umfjöllun fjölmiðla á undanförnum vikum og missirum um mál tengd fíkniefnaheiminum væru samsæri tveggja alþýðuflokksmanna, eins þingmanns og eins varaþingmanns. Með öðrum orðum, lét í ljós þá furðulegu skoðun að þessir tveir einstaklingar með hjálp þess þriðja hefðu stjórnað allri fjölmiðlaumfjöllun um málið sem hefur verið í öllum blöðum og í öllum ljósvakamiðlum um langa hríð. Þetta væri allt saman samsæri nokkurra þingmanna Alþfl. Við þingmenn Alþfl. erum þá orðnir áhrifamiklir, fyrst við erum farnir að stjórna allri fjölmiðlaumfjöllun í landinu og jafnvel hið volduga Morgunblað hlaupi eftir fyrirskipunum frá einum þingmanni og einum varaþingmanni. Alþfl. í umfjöllun sinni um málið. Mikið er veldi okkar orðið. Finnst hæstv. dómsmrh. virkilega eitthvað óeðlilegt við það eins og þetta mál er vaxið að fjölmiðlar hafi fjallað um það? Er það ekki skylda fjölmiðla að leita frétta af málsatvikum eins og þeim sem hafa komið upp, segja fréttir af þeim, skrifa um þau fréttaskýringar og fjalla um þessa atburði með öðrum hætti? Er það samsæri? Á ég að trúa því að fyrrv. ritstjóri dagblaðs telji að ritstjórar dagblaða, fréttastjórar ljósvakamiðla og aðrir slíkir sem hafa fjallað um málið, séu þátttakendur í samsæri alþýðuflokksmanna sér til höfuðs? Hann hefur líka undrast að málið sé tekið upp á Alþingi. En hvað er óeðlilegt við það? Eini aðilinn sem Alþingi getur rætt við um þessi mál er hæstv. dómsmrh., æðsti yfirmaður löggæslunnar í landinu. Við alþingismenn getum ekki snúið okkur til annars en hans með beiðni um upplýsingar og skýringar og það höfum við gert. Það er ekkert óeðlilegt við það, nákvæmlega ekkert óeðlilegt við það. Alvarlegasta ásökunin sem hefur komið fram í umræðunum er ekki ásökun frá þingmönnum jafnaðarmanna í garð hæstv. dómsmrh., því þær hafa engar verið, heldur aðeins spurningar og beiðni um skýringu. Alvarlegasta ásökunin sem komið hefur fram í þessum umræðum er ásökun hans sjálfs í garð okkar og þeirra annarra sem hafa fjallað um þetta mál þegar hann, eins og hann sagði í ræðu sinni áðan, lætur í veðri vaka að helstu bandamenn okkar í umfjölluninni séu eiturlyfjasalar, glæpamenn og undirheimalýður. Það séu þeir bandamenn sem við og ritstjórar fjölmiðla og fréttamenn hafi haft í málinu, helstu bandamenn okkar séu fíkniefnasalar, undirheimalýður og glæpamenn og sameiginlegt markmið okkar sé að rífa niður starfsemi lögreglunnar á Íslandi og að því er virðist mannorð hans sjálfs, þótt við höfum ekki mælt til hans öfugt orð í umræðunni.

Er óeðlilegt að fjallað sé um þessi mál, virðulegi forseti, sem hafa verið í fréttum undanfarin missiri? Það hefur komið fram og verið viðurkennt að margdæmdum fíkniefnasala og fíkniefnaneytanda hafi verið sleppt við hálfa refsingu. Það hefur komið fram að þessi einstaklingur var ekki látinn afplána uppkveðinn dóm á reynslutíma, jafnvel þótt hann hafi brotið skilorð. Það hefur komið fram að gagnvart þessum

einstaklingi hafa tvö alvarleg brotamál ekki verið rannsökuð til fulls og gögn hafa týnst.

Finnst mönnum óeðlilegt að um þetta mál sé fjallað? Telja menn það samsæri að fjalla um slík tíðindi? Til viðbótar hefur nýlega komið fram að í fórum lögreglu hafi fíkniefni glatast og loks að nauðsyn hafi þótt til þess að endurskipuleggja fíkniefnalögregluna og starfsemi hennar vegna alvarlegra ágalla sem á málinu hafi verið. Er það virkilega samsæri í augum hæstv. ráðherra að fjalla um þessi mál? Er þetta niðurstaða af samsæri og er það samsæri fjölmiðla, þingmanna jafnaðarmanna og glæpamanna til þess að hafa af honum æruna? Þetta er furðulegur málflutningur og honum ekki sæmandi.

Meðal þeirra nýju upplýsinga sem fram hafa komið er stytting á afplánun umræddS brotamanns. Hæstv. dómsmrh. sagði um það mál á Alþingi í mars á sl. ári orðrétt, með leyfi forseta: „... að óheimilt er með öllu og refsivert af hálfu lögreglu ... að semja um að menn geti sloppið við viðurlög ...“ Með öðrum orðum, það eru engar lagalegar forsendur fyrir að gera slíka samninga. Slíkt er óheimilt og refsivert. Þetta eru orð hæstv. ráðherra sjálfs sem hann mælti á Alþingi í mars. Engu að síður hefur komið fram að lögreglumenn sem fóru með rannsókn þessa tiltekna fíkniefnamáls óskuðu eftir því við dómsmrh. að hann staðfesti slíkan samning um að menn gætu ekki sloppið við viðurlög heldur að menn fengju reynslulausn eftir að hafa afplánað helming refsitíma. Það er upplýst að slíkt samkomulag var gert og var borið undir dómsmrh. til staðfestingar. Það er líka upplýst að lögreglumennirnir sem hlut áttu að máli töldu árið 1991 að þetta samkomulag hefði verið staðfest af þáv. dómsmrh. og það er líka upplýst að málið var þá sent til fullnustumatsnefndar til endurúrskurðar. Þetta er upplýst og menn skoða þetta að sjálfsögu í ljósi þess sem hæstv. ráðherra sagði sjálfur, að óheimilt væri og refsivert að gera slíkt samkomulag.

Hæstv. dómsmrh. sagði að í ljósi nýrra upplýsinga hefði fullnustumatsnefnd endurskoðað ákvörðun sína. Hann sagði það áðan og ég dreg ekki í efa að það sé rétt. Ég ítreka því spurningu mína sem ég spurði hann fyrr í þessari umræðu: Í ljósi hvaða nýju upplýsinga? Var það, hæstv. dómsmrh., í ljósi þeirra nýju upplýsinga að samkomulag hefði verið gert við umræddan brotamann af hálfu lögreglu, sem aðilar máls stóðu a.m.k. í þeirri trú að hefði verið staðfest af dómsmrh., að samið hefði verið um að hleypa hinum dæmda brotamanni úr fangelsi eftir að hafa afplánað helming refsingar sinnar? Hvaða nýju upplýsingar voru þetta, hæstv. dómsmrh., sem urðu til þess að fullnustumatsnefnd breytti afstöðu sinni? Hæstv. ráðherra sagði sjálfur og las upp bréf um það áðan að þessi breyting hefði gerst í ljósi nýrra upplýsinga. Voru þetta nýju upplýsingarnar? Ef ekki, hvaða nýju upplýsingar voru þá lagðar fyrir nefndina? Í öðru lagi: Hver lagði þær upplýsingar fyrir nefndina? Hver lagði hinar nýju upplýsingar fyrir nefndina? Þær nýju upplýsingar sem byggðust á samkomulagi sem hæstv. ráðherra upplýsti okkur um í mars sl. að væru óheimilar og refsiverðar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sjálfsögðu að hæstv. dómsmrh. svari þessum spurningum, svo og þeim öðrum spurningum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lagði fyrir hann en hann af einhverjum ástæðum lét hjá líða að svara í ræðu sinni í dag. Þar á meðal var spurning frá hv. þm. hvort ráðherra hafi haft persónuleg afskipti af því að þessum upplýsingum var komið á framfæri. Einnig var spurning frá hv. þm. um hvort starfsmaður ráðuneytisins hafi setið í fullnustumatsnefnd á þessum tíma og átt þátt í báðum ákvörðunum, bæði þeirri fyrri og þeirri seinni, og ekki síst á hvaða lagaheimild hafi verið byggt þegar þetta samkomulag var gert við hinn dæmda brotamann. Það er alveg ljóst, ráðherra hefur sagt það sjálfur, að slíkt samkomulag var gert, eða a.m.k. hafi aðilar málsins staðið í þeirri trú og þar á meðal lögreglumennirnir að samkomulagið væri til staðar. Á hvaða lagaheimildum, virðulegi ráðherra, byggðist það samkomulag? Eða er hæstv. ráðherra ekki enn þeirrar skoðunar að slíkt samkomulag, miðað við óbreyttan lagaramma, hafi verið óheimilt með öllu og jafnvel refsivert?

Ekki má skilja orð mín svo, virðulegi forseti, að ég sé að draga í efa að óheftbundnar starfsaðferðir lögreglu þurfi til að ná tökum á jafnerfiðum málum og fíkniefnamálin eru. Sjálfsagt þarf þess og ég efa það ekki að slíkar aðferðir geti skilað árangri. En það stendur engu að síður sem hæstv. ráðherra segir. Samkvæmt gildandi lögum — ef hann stendur við yfirlýsingu sína frá því í mars — eru slíkar starfsaðferðir ólöglegar og jafnvel refsiverðar. Ég er alveg reiðubúinn til þess, og tel að aðrir þingmenn séu það líka, að gera þær breytingar sem gera þarf á lögum til að gera lögreglunni fært að stunda með eðlilegum hætti sína starfsemi í meðferð fíkniefnabrota, þannig að hæstv. ráðherra hafi þá lagaheimildir ef hann skortir þær nú til að setja reglur um þau efni.

Ég vísa því alfarið á bug að með þessum orðum eða umræðum sem hafa verið í dag séum við stjórnarandstæðingar að ráðast að lögreglunni eða að mannorði hæstv. ráðherra. Það er rangt. Við alþingismenn eigum einfaldlega engan annan aðila til að ræða við um þessi mál á Alþingi en hæstv. ráðherra sem er æðsti yfirmaður löggæslunnar. Og það að ræða við hæstv. ráðherra um þau mál og krefjast skýringa frá honum er ekki persónuleg árás á hann heldur sú eina aðferð sem löggjafarsamkundan hefur til að geta komið að slíkum málum og fengið upplýsingar. Hæstv. ráðherra ætti að hafa það hugfast að hér er ekki um að ræða neinar persónulegar árásir, hvað þá samsæri glæpagengis á Íslandi, þingmanna jafnaðarmanna og fjölmiðla, gegn honum persónulega. Það er hrein „paranoia“ að halda slíku fram.

Herra forseti. Það er aðeins einn maður sem hefur tekið svo til orða, í ljósi nýjustu frétta, að þegar þær komu fram hafi verið svartur dagur í sögu lögreglunnar á Íslandi eða lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, svartur dagur í sögu þeirra. Það var hæstv. ráðherra sjálfur. Þannig að hafi einhver gagnrýnt lögregluna harkalega fyrir málsmeðferð hennar er það hæstv. ráðherra sjálfur, yfirmaður lögreglunnar sem tók þannig til orða að nýjustu fréttir væru svartur dagur í sögu löggæslu á Íslandi. Hver var þar að veitast að löggæsluyfirvöldum og gagnrýna þau harkalegar en nokkur annar þingmaður hefur gert í umræðum á þingi?

[16:54]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Umræðan í dag er endapunktur á margra missira umræðu. Fram hafa komið miklar upplýsingar, mikilli vitneskju hefur verið dreift um þjóðfélagið en það stendur samt eftir að upplýst hefur verið af sérstökum ríkissaksóknara að ekkert saknæmt var gert af hálfu yfirvalda. Það var ýmislegt aðfinnsluvert hjá lögreglunni á þessum tíma en það hefur líka verið upplýst að þar hafi farið fram endurskipulagning til þess að bæta það áður en þessi umræða hófst.

Við borgararnir vitum miklu meira um lögregluna og starfsaðferðir hennar í dag en við vissum áður en umræðan

hófst. En glæpamennirnir vita líka miklu meira en þeir vissu áður. Munum við borgararnir sofa betur vegna þeirrar vitneskju? Það hefur verið staðfest að öll þessi umræða hefur skaðað starfsemi fíkniefnalögreglunnar stórkostlega. Það er þá kannski ekki nema von að maður spyrji sjálfan sig: Var öll þessi umræða þess virði? Það er kannski rétt að hv. málshefjandi, og kannski sérstaklega hv. allshn. sem fjallað hefur talsvert um þessi mál, velti þessu fyrir sér. Var hin mikla umræða, þessi mikla upplýstrun þess virði að hún ætti sér stað? Sofum við borgararnir betur eða höfum við meiri áhyggjur en áður?

[16:56]

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 478. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 813.

Ólögmæt innheimta gjalda við skráningu í skipsrúm, 476. mál, fsp. GHelg, þskj. 811.

[16:57]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég mátti eiga von á þessari ómerkilegu ræðu dómsmrh. í dag og ráðherrann veit til hvers ég er að vísa með þessum orðum. Ég viðurkenni þó að ég var henni óviðbúin. Hann skilur líka hvað felst í orðum mínum. Lærir svo lengi sem lifir. Inngangi er lokið.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti mjög góða ræðu og opnaði þessa utandagskrárumræðu en því var öðruvísi farið með viðmælandann. Hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson ákvað að árás væri besta vörnin, árás á Alþfl., árás á þingflokk jafnaðarmanna, árás á ritstjóra sem væru þingmenn eða varaþingmenn Alþfl. Og ræða hæstv. ráðherra féll undir hið fornkveðna: Nú skal drepa sendiboða válegra tíðinda.

Virðulegi forseti. Umræða sem beint er til ráðherra er ekki beint til persónu. Gagnrýni og spurningar beinast að embætti. Ráðherrar mega ekki samsama sig embættinu þó þeir sitji árum saman á ráðherrastóli. Það er alvarlegt þegar það gerist og það er óþægilegt að upplifa það.

Ýmislegt vekur athygli í undarlegri ræðu dómsmrh. sem valdi að svara fáu af því sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson beindi til hans. Eitt af því er að vitnisburður afbrotamanna er í lagi þegar lögreglan er í sambandi við þá en ef afbrotamaður upplýsir ritstjóra, þá er eitthvað dularfullt við það, a.m.k. ef ritstjóri tímarits er varaþm. Alþfl. Þetta mátti skilja á málflutningi dómsmrh. og ég harma slíka umfjöllun.

Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að ræður stjórnarliða í dag hafa fylgt foringjanum. Hver af öðrum hafa þeir talað um aðför að lögreglunni í þingsal og það er alveg rakalaus málflutningur. Við skulum fara örlítið yfir ferli umræðunnar á Alþingi.

17. mars í fyrra fór fram umræða utan dagskrár og spurt var hvort ráðuneytið hafi veitt heimildir til viðskipta, annaðhvort fjárgreiðslur eða aðrar fyrirgreiðslur fyrir uppljóstranir eða ábendingar, hvort settar verði reglur um slík viðskipti, hvort ráðherra muni beita sér fyrir að opinber rannsókn fari fram á alvarlegum fullyrðingum sem settar voru fram um samninga sem fíkniefnalögregla átti að hafa gert, að meintur fíkniefnasali starfaði í skjóli hennar.

Dómsmrh. brást við og fékk viðurkenningu okkar þingmanna fyrir það. Tveimur dögum seinna óskaði hann eftir því við ríkissaksóknara að fram færi opinber rannsókn á samskiptum lögreglu og Franklíns Steiners. Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, settur rannsóknarlögreglustjóri, var fenginn til að fara með rannsókn málsins. Hann skilaði skýrslu 11. júní.

Ég lít svo á að það að Alþingi sinnti eftirlitshlutverki sínu hafi orðið þess valdandi að þessi rannsókn fór fram. Tímasetningarnar bera þess merki. Rannsóknarlögreglustjórinn skilaði skýrslu 11. júní. Ákveðið var að skýrslan yrði ekki birt almenningi og hún yrði ekki kynnt Alþingi. Seinna kom í ljós, virðulegi forseti, að í henni kemur fram hörð gagnrýni á skipulag og jafnvel starfsemi lögreglunnar í Reykjavík. Ég vek sérstaka athygli á því vegna þess að hver af öðrum hafa stjórnarliðar borið þingmenn stjórnarandstöðunnar þeim sökum að veikja lögregluna í Reykjavík.

Reyndar má nefna það, virðulegi forseti, að ræður ráðherranna hér í dag voru ólíkar. Það voru ræður hæstv. dómsmrh. Þorsteins Pálssonar og hæstv. utanrrh., fyrrv. dómsmrh., Halldórs Ásgrímssonar, þó sá síðarnefndi ætti aðild að þeirri reynslulausn sem talsvert hefur verið til umræðu. Sá síðarnefndi hvatti til þess að staðið væri við bakið á lögreglunni, hún yrði ekki veikt í umræðunni. Og hverjir veikja lögregluna? Svari sá sem hlustað hefur á og tekið þátt í umræðum á Alþingi í dag.

Virðulegi forseti. Við höfum viljað styrkja stöðu fíkniefnalögreglunnar. Við höfum margoft flutt tillögur um að aðbúnaður hennar yrði styrktur og starfsumhverfi hennar bætt, bæði hvað varðar starfsaðstöðu og fjárveitingar. Það veit ráðherrann. Við höfum boðið ríkisstjórninni samstarf í baráttunni við fíkniefnavandann. Ég hef oft staðið í þessum ræðustól og kallað eftir því samstarfi, bæði að nefndir gætu farið í slíka vinnu og að við gætum tekið þátt í þeim góðu áformum sem ríkisstjórnin hefur sett fram um fíkniefnalaust Ísland. Því hefur ekki verið ansað.

Ég minni einnig á að við utandagskrárumræðuna 2. febr. lagði stjórnarandstaðan fram þá tillögu í umræðunni að skýrslan umdeilda færi til umfjöllunar allshn. sem trúnaðarmál svo hún yrði ekki á allra vörum. Þar með hefði þessari umfjöllun lokið enda hefði nefndin getað tekið málið að sér, séð um það og fjallað um það sem trúnaðarmál. Það hefur tekið hálfan mánuð að velta málinu fyrir sér. Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það hefði verið farsælla að nefndin hefði umsvifalaust fengið málið til meðferðar.

Virðulegi forseti. Í október þegar þing kom saman óskaði þingflokkur jafnaðarmanna eftir því að dómsmrh. flytti Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsóknina og önnur atriði svo sem afskipti dómsmrh. af umræddri reynslulausn. Þeirri skýrslu var dreift hér á síðasta þingdegi fyrir jól. Hún var síðan tekin til umræðu núna 2. febr. eins og fram komið. Í þeirri skýrslu voru glefsur úr skýrslu Atla Gíslasonar. Þar kom m.a. fram að frumgögn rannsóknargagna hefðu horfið og annað sem fengið hefur athygli fjölmiðla. Í byrjun febrúar í umræðum um skýrsluna, lýstum við því yfir hversu erfitt það væri fyrir Alþingi að sinna aðhalds- og eftirlitshlutverki sínu. Áhersla var lögð á að þingnefnd þyrfti að hafa tækifæri til að fara ofan í viðkvæm mál og þar sem við hefðum enga rannsóknarnefnd hjá okkar þingi þá yrðum við að fela fagnefnd slíkt.

Fyrir viku var óskað eftir stjórnsýsluendurskoðun á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, bæði af hálfu þingflokks jafnaðarmanna og dómsmrh., í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun sem naut þá a.m.k. enn þá nokkurrar virðingar með ráðherrum. Fyrir helgi var svo hluti skýrslu Atla Gísla-

sonar birtur og þar komu fram ýmsar þær upplýsingar sem hafa verið í umræðunni síðan.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um atburðarásina 1991 eins og hún birtist mér í þeim upplýsingum sem fram hafa komið. Þáv. hæstv. dómsmrh. Halldór Ásgrímsson er beðinn um afskipti af reynslulausn svo lögreglan geti fengið umtalsverðar upplýsingar til að koma böndum á fleiri glæpamenn. Hæstv. núv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson fær síðar upplýsingar um vilyrði hæstv. þáv. dómsmrh. Halldórs Ásgrímssonar. Hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson sendi málið aftur til fullnustumatsnefndar, nefndin fellst samdægurs á reynslulausn, Fangelsismálastofnun veitir reynslulausn. Hæstv. dómsmrh. Þorsteini Pálssyni finnst óeðlilegt að lögreglan setji pólitísk stjórnvöld í þá stöðu að taka afstöðu til svona mála. Hann frábiður ráðuneyti sínu svona málaleitan á ný. Samt, tæpum sjö árum síðar, er enn ekki búið að setja reglur um þessi mál. Þau eru aftur á móti komin í hámæli í fjölmiðlum og hér á þingi.

Virðulegi forseti. Ég hef talið óumdeilt að svokallaðar óhefðbundnar rannsóknir væru fyllilega lögmætar. Það hefur m.a. verið staðfest af Hæstarétti, 1993, þegar notuð var tálbeita í stóra fíkniefnamálinu svokallaða. Hins vegar truflar það mig og eflaust fleiri sem fram kom í svari hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um reynslulausn Franklíns Steiners. Þar sagði sagði hæstv. dómsmrh. orðrétt:

„Í þessu efni er rétt að taka fram að óheimilt er með öllu og refsivert af hálfu lögreglu að hylma yfir grun um refsiverða háttsemi, semja um að menn geti sloppið við viðurlög eða ákæru eða á nokkurn annan hátt að láta grun um refsiverða háttsemi afskiptalausa. Slíkt væri hvort tveggja í senn brot í opinberu starfi sem og hlutdeild í viðkomandi afbroti. Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefur því alfarið verið hafnað að slíkt hafi gerst eða tíðkast hjá lögreglunni í Reykjavík."

Ráðherrann bætir því við að ekki sé ástæða til að vefengja þá fullyrðingu og óþolandi sé að sitja undir slíkum ásökunum. Ég minni á að þegar Fangelsismálastofnun ríkisins synjaði um reynslulausn, kærði viðkomandi ákvörðunina til dómsmrn. Að mínu mati hefði verið eðlilegra að dómsmrn. sem stjórnvald á æðra stjórnsýslustigi hefði fjallað efnislega um kæruna og tekið ákvörðun. Dómsmrn. kaus hins vegar að fara aðra leið, þ.e. að senda bréf til Fangelsismálastofnunar, þann 28. júní 1991, þar sem þess er farið á leit að stofnunin endurupptaki málið.

Í Ríkisútvarpinu, þann 12. febr. sl., kom fram að vorið 1991 hefðu lögfræðingur og yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík gengið á fund Þorsteins Pálssonar dómsmrh. og beðið um reynslulausn fyrir Franklín Steiner. Þeir töldu hann geta veitt mikilvægar upplýsingar. Síðar hefur dómsmrh. staðfest þetta. Í viðtali í Morgunblaðinu greinir hæstv. dómsmrh. frá því að hann sem yfirmaður dómsmrn. hafi tekið ákvörðun um að senda málið aftur til Fangelsismálastofnunar í stað þess að fjalla efnislega um kæruna eins og eðlilegt hefði verið. Einnig kemur fram að ákvörðunin um að senda málið aftur til endurupptöku hafi byggst á nýjum gögnum, þ.e. væntanlega einhvers konar samkomulagi lögreglunnar og Franklíns Steiners.

Því verður ekki á móti mælt, virðulegi forseti, að hér var um nýjar upplýsingar að ræða. Í ljósi þess er eðlilegt að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh., nú þegar vitað er að lögreglan með vitneskju dómsmrh. gerði samkomulag við brotamann um að hann slyppi við helming viðurlaga, hvort hann sé enn þá þeirrar skoðunar að slíkt framferði sé hvort tveggja, brot í opinberu starfi sem og hlutdeild í viðkomandi afbroti.

Virðulegi forseti. Við skulum staldra við baráttuna gegn fíkniefnaglæpum. Hefur reynsla liðinna ára, atburðir á árinu 1991, tryggt betra og árangursríkara starfsumhverfi fíkniefnalögreglu? Bera upplýsingarnar um stöðu fíkniefnalögreglunnar ekki einmitt þess merki að þeim er ætlað ofurmannlegt verkefni án þess að starfsumhverfi þeirra sé tryggt með lagaramma, reglum og fjárveitingum? Hefur ekki árum saman verið kallað eftir því, m.a. í þessum sal, að starfsaðstaða fíkniefnalögreglu væri bætt? Ég minni enn á tilboð okkar um samstarf.

Virðulegi forseti. Ég hef skoðun á því hvers vegna þessir veikleikar hafi komið í ljós í dómsmálunum. Skoðun mín er sú að árum saman hafi dómsmrn. verið skúffuráðuneyti. Á meðan þetta er eitt af virtustu ráðuneytum í nágrannalöndunum þá hefur það verið þannig um árabil og jafnvel áratugi að öflugur og duglegur ráðherra hefur haft þetta í rassvasanum. Mér er kunnugt um að hæstv. dómsmrh. hefur flutt mörg góð mál inn á þing. Ég veit einnig að sá hinn sami ráðherra er ekki sá sem fær mál á dagskrá með hávaða og látum. Ég vek athygli á því að sami ráðherra hefur gjarnan fengið flest mál í gegnum þingið. Margir mættu huga að því hvort það gæti átt rætur í þeirri prúðmennsku sem fram að þessum degi hefur einkennt þennan hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og ég vil að lokum segja þetta að gefnu tilefni: Ég er afskaplega stolt af mínum þingflokki og finnst að yfir störfum þingflokks jafnaðarmanna á Alþingi Íslendinga sé mikil reisn.

[17:12]

**Útbýting þingskjals:**

Hafnalög, 477. mál, frv. ÁMM o.fl., þskj. 812.

[17:13]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Fíkniefnalaust Ísland árið 2002. Reykjavíkurborg og ríkisstjórn Íslands standa að því markmiði. Vel meinandi fólk. En þetta markmið er óraunhæft. Umræðan og málatilbúnaðurinn hér í dag hefur heldur ekki þokað okkur nær þessu markmiði. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði áðan að þessi utandagskrárumræða snerist um reynslulausn Franklíns nokkurs Steiners. Það sannar mér enn þá frekar að tilgangurinn með umræðunni var ekki að taka upp baráttu gegn glæpamönnum sem eitra fyrir fólk. Hæstv. dómsmrh. svaraði þessu strax þannig að þrefinu um keisarans skegg hefði mátt ljúka, þegar eftir framsögu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og svar ráðherra.

Herra forseti. Það er vaxandi vandamál hvernig fíkniefnin flæða yfir landið og hversu margir ánetjast þeim. Bannið við fíkniefnum hefur ekki dugað. Samt sem áður er eitrað fyrir ístöðulitlu fólki.

Lögreglan hefur undanfarna áratugi barist gegn útbreiðslunni og þróað starfsaðferðir með líkum hætti og gert hefur verið í öðrum löndum. Vissulega hafa duglegir menn valist til starfa á fíkniefnadeild lögreglunnar. Þeir hafa aflað sér margháttaðrar þekkingar, kynnt sér aðferðir meðal annarra þjóða, fært starfsaðferðirnar hingað heim og reyna að vinna eftir þeim við íslenskar aðstæður. Vafalaust má benda á einhverjar misfellur, mistök á undanförnum árum og áratugum í baráttu þeirra gegn fíkniefnaglæpum. Það er í raunni

ekkert óeðlilegt. En afar margt hefur þeim samt tekist vel þó að vissulega hafi ekki tekist að útrýma fíkniefnum. Það fer heldur á hinn veginn. Hörmungar og óhamingja einstaklinga og fjölskyldna, hræðilega margra, tala sínu sorglega máli um þróun mála.

En hvað er til ráða? Hvað mundi hið háa Alþingi vilja leggja til mála gegn eitrinu og því að eitrað skuli fyrir fólki? Er það með því að taka heilan starfsdag til þess að ræða um nánast að segja smáatriði í samanburði við allan vandann sem fyrir liggur? Hví að efna til vaðals hér á hinu háa Alþingi um þetta? Er það rétt aðferð gagnvart þessari ógn að ráðast gegn þeim sem mest og best vinna gegn henni? Er það kappsmál nokkurs þingmanns að lögreglumenn segi unnvörpum upp störfum vegna þess að löggjafarvaldið, einstakir alþingismenn og jafnvel heilir þingflokkar taki þátt í slefburði götunnar gegn lögreglunni, dómsmrn. og ákæruvaldinu? Ég trúi því ekki.

Þref eins og hér hefur átt sér stað bjargar ekki börnum og unglingum frá því að ánetjast eiturefnum. Það er kjarni málsins og um það ættum við að ræða á hinu háa Alþingi. Hvernig getum við styrkt varnirnar gegn þessari vá?

Fáir hafa minnst á það hér í umræðunni að auðvitað ber allt þjóðfélagið ábyrgð og einnig uppalendur. Ekki veit ég hvort menn muna eftir þeirri hvössu krítík Spaugstofumanna um árið þegar þeir skilgreindu Íslendinga sem svo að hér á landi lyki ábyrgð foreldranna á börnum sínum við getnað.

Það mun aldrei takast, herra forseti, að draga úr neyslu eiturefna ef ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu taka ekki höndum saman. Heilbrigði byggist á mörgum þáttum og ekki síst á samheldni í fjölskyldum. Ég vona að umræðan í dag hafi ekki valdið skaða og að mögulegt verði að byggja upp í beinu framhaldi. Ef unglingar hafa ekki verðug verkefni að fást við, ef þeir finna til tómleika, skorts á athygli eða umhyggju, þá verður með einhverjum hætti fyllt upp í það tóm. Það eru þau blessuð börn sem verða á vegi sölumanna dauðans. En þeir eru sjálfir ógæfumenn og vita ekki hvað þeir eru að gera. Einnig þeir eru hjálparþurfi og gegn öllum þessum vanda þurfum við að snúast af meiri ábyrgð en verið hefur í umræðunni í dag.

[17:18]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú fremur þungar fullyrðingar sem koma hér frá hv. þm. og nauðsynlegt að hann skýri þær. Eru þess raunveruleg dæmi að lögreglumenn hafi sagt upp störfum sínum vegna þess að þingmenn hafi hér í þingsölum tekið þátt í slefburði götunnar gegn lögreglunni og dómsmrn. og þeim sem barist hafa móti eiturlyfjavánni í landinu? Ég veit ekki betur en að þeir sem hér hafa talað í dag hafi aftur og aftur rætt um eiturlyfin, um þá þróun sem hér hefur átt sér stað og hvernig eigi að bregðast við. Menn hafa leitað eftir samstöðu um að bregðast við þessum mikla vanda. Mér finnst þetta mjög þung orð og mér finnst þau ljót, ef menn geta ekki staðið við þau að fullu og svarað: Hversu margir lögreglumenn hafa sagt upp störfum vegna þess að við hv. þm. tökum þátt í slefburði götunnar? Og kannski að hv. þm. skýri út fyrir mér um leið hvað „slefburður götunnar" er.

[17:20]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði nú reyndar að það væri varla kappsmál nokkurs þingmanns að lögreglumenn segðu upp störfum. Ég bið hv. þm. að gæta að því að fara a.m.k. rétt með. Hitt er annað mál að lögreglan hefur legið undir árásum. Traustið á lögreglunni í landinu hefur minnkað. Ýmsar ástæður eru fyrir því. Vissulega hefur verið ráðist gegn lögreglunni og ýmsir gert starf hennar tortyggilegt. Ég vona að þingmenn hafi ekki tekið þátt í því, ekki einu sinni varaþingmenn. Ég vona að svo sé ekki þó annað hafi komið fram í ræðum manna hér í dag.

[17:21]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú umræða sem hefur átt sér stað um störf lögreglunnar hafi ekki einkennst af slefburði. Fjarri því. Í þeirri skýrslu sem hér var skilað af hæstv. dómsmrh. koma ýmsar athugasemdir mjög skýrt fram. Ákveðnar fyrirspurnir hafa verið lagðar fram um störf lögreglunnar. Lögreglan hefur við athugun Atla Gíslasonar fengið fremur harða dóma. Hæstv. dómsmrh. hefur brugðist við ýmsum þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Enginn getur sagt að hér hafi verið hafður uppi málflutningur sem einkenndist af einhvers konar slefburði. Þannig er það ekki. Menn hafa reynt að vera málefnalegir, viljað styrkja stöðu lögreglunnar og lagt fram tillögur, m. a. stjórnarandstaðan, um að efla lögregluna. Hluti af vandamálum lögreglunnar og ekki síst fíkniefnalögreglunnar hefur verið sá að ekki hefur fengist nægjanlegt fjármagn. Það er okkar að sjá til þess að bæta úr því. Hún þarf að fá alla þá möguleika og vinnuaðstöðu sem til þarf í baráttunni við þetta vandamál. Það er hin raunverulega ástæða fyrir því að við tökum þessi mál upp.

Að segja ætlun okkar aðra er slæmt. Slíkur málflutningur í okkar garð er afar ósanngjarn.

[17:22]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hóf ræðu mína á því að minnast á yfirlýst markmið stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og ríkisins, að Ísland verði fíkniefnalaust árið 2000. Ég á ekki von á því að nokkrum detti í hug að þetta markmið náist. Ég vil frekar hafa það að umtalsefni, hvernig við getum stuðlað að því að Ísland verði vímuefnalaust. Ég vil ekki deila um keisarans skegg, um einhverja smámuni. Því miður hafa menn eytt tímanum í það í dag.

Varðandi slefburðinn þá get ég upplýst hv. þm. um að undanfarna daga og jafnvel vikur, hafa vissir nefndarmenn í hv. allshn. viljað taka ákæruvaldið úr höndum saksóknarans og fara með það sjálfir. Kalla hann til yfirheyrslu í allshn. ásamt öllum öðrum sem komið hafa að þessu máli. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Því miður liggur þetta svona og fleiri geta vitnað um það en ég.

[17:24]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Sagt er að einn frægasti stjórnmálamaður Íslands hafi einu sinni verið beðinn um liðveislu til að tryggja að ákveðinn þingmaður færi ekki aftur í framboð og kæmist á þing. Og hann spurði: „Er þetta ekki lýðræðislega uppbyggður flokkur?" Hinir jánkuðu því. „Eiga þá ekki asnarnir að eiga sinn fulltrúa líka?" sagði hann og neitaði alfarið að taka þátt í aðför að viðkomandi þingmanni.

Ef við göngum út frá því að þingmenn séu og verði þverskurður af þjóðinni, eins og ég hygg að þeir séu, hvorki betri né verri, þá hlýtur það ævinlega að gerast að á Alþingi séu menn með mjög skiptar skoðanir á ýmsum málum.

Á undanförnum árum höfum við sameinast um margt í breytingum á réttarkerfi okkar og unnið að því að aðgreina

sem mest dómsvaldið og ákæruvaldið. Þar með höfum við reynt að stuðla að því að pólitísk áhrif drottni ekki á nokkurn hátt yfir ákæruvaldinu eða dómsvaldinu. Við höfum ekki stigið þessi skref til fulls, erum ekki búin að ganga jafnlangt og t.d. Bandaríkjamenn hafa gert í þessum efnum. Þeir hafa þá reglu að þegar skipt er um hæstaréttardómara þá hefur forsetinn tilnefningarvaldið en þingið neitunarvald, telji það af einhverri ástæðu að hægt hefði verið að velja hæfari mann. Þetta getur leitt til þess að nokkurn tíma taki að skipa dómara en ég tel að þetta sé til mikillar fyrirmyndar. Hér á landi mundi þetta líklegast eyða grunsemdum um of sterka stöðu einhverra aðila í Hæstarétti Íslands.

Við höfum lagt á það mikla áherslu að sjálfstæði dómsvaldsins sé ótvírætt og ekki um það deilt. Og við höfum jafnframt haft þá stefnu að ákæruvaldið eigi að vera sjálfstætt. Það á ekki að lúta pólitískum duttlungum ráðherra.

Í V. kafla laga um meðferð opinberra mála er vikið að ákæruvaldinu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 25. gr.:

„1. Með ákæruvald fara ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri.

2. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið."

Með þessu er komið í veg fyrir það m.a. að hann verði settur af, t.d. af ráðherra sem telur hann ekki hafa verið sér þóknanlegan. Mikið þarf að gerast svo hægt sé að setja slíkan mann af, það þarf lögsókn á hendur honum. Ég hygg að það væri skrýtið ef staða ríkissaksóknara væri sú að hægt væri að sópa honum burt eins og hverjum öðrum manni. Það væri þá hægt á þeirri forsendu að verkefni hafi þrotið eða eitthvað þvílíkt eða að sú skoðun yrði ofan á að yngja bæri upp í embættinu. Hér er ekki verið að tjalda til einnar nætur enda mundi það skerða sjálfstæði ríkissaksóknara.

Ég vona að allir þeir sem fjallað hafa um þessi mál séu sammála um að nauðsyn er að embætti ríkissaksóknara sé sjálfstætt. Pólitískur ráðherra má ekki hafa tök á að ráðskast með það fram og til baka. Þess vegna kemur nú upp sú áleitna spurning: Er það eðlilegt að pólitískt vald í landinu taki ákvörðun um að virða að vettugi þá ákvörðun ríkissaksóknara að birta ekki ákveðna skýrslu, hversu ósammála sem menn eru því, jafnvel þó að aðeins allshn. eigi að fjalla um þá skýrslu?

Ég vona að allir sem um þessi mál hafa fjallað séu sammála um að mikil nauðsyn er og mikil alvara að embætti ríkissaksóknara sé sjálfstætt og að ekki sé hægt af neinum pólitískum ráðherra að ráðaskast með það fram og til baka. Þess vegna hlýtur sú spurning að vera mjög áleitin hvort það sé eðlilegt, hafi hann tekið þá ákvörðun hvort sem okkur líkar hún vel eða illa, að leggja til að ákveðin skýrsla sé ekki gerð opinber og að pólitískt vald í landinu taki ákvörðun um að breyta því jafnvel þó að menn segi að það eigi aðeins að vera á þann veg að allshn. fjalli um þá skýrslu. Það er þó nokkuð stór ákvörðun að leggja slíkt til.

Eins og ég gat um í upphafi máls mín eru stjórnmálamenn þverskurður af þjóðinni, allsherjarnefndarmenn eru það sömuleiðis og gamli málshátturinn segir: Þjóð veit þá þrír vita. Þetta eru nú hin gömlu sannindi. Þess vegna hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar mjög alvarlega hvort rétt sé undir slíkum kringumstæðum að leggja á það mikinn þrýsting að breyta afstöðu slíks manns.

Nú hef hvorki ég né aðrir hér inni lesið þessa skýrslu og erum við því ekki dómbærir á það af þeirri ástæðu hvort þetta sé röng eða rétt ákvörðun. Kannski mundum við breyta um skoðun ef við læsum skýrsluna, kannski kæmumst við þá að því að við hefðum talið rétt að birta hana. En hitt er staðreynd að ef við viljum beita pólitískum þrýstingi til að þvinga það fram að skýrslan verði birt, þá erum við að draga úr styrkleika þessa embættis, þá erum við aftur að færa það til fortíðarinnar þar sem ákæruvaldið var mjög tengt dómsmrh. sjálfum prívat og persónulega. Þetta segi ég hér og nú vegna þess að mér finnst að þessi skýrsla geti aldrei verið svo stór og geti aldrei verið slíkur örlagavaldur að rétt sé að stíga það skref til baka. Ég held að það væru mikil mistök ef það væri gert.

Þetta er annað af þeim stóru málum sem hér hafa verið til umræðu. Ég skil út af fyrir sig vel þá aðila sem telja að birting þessarar skýrslu mundi gefa þeim betri stöðu til að verja sitt mál og sínar gerðir. Ég skil þess vegna vel afstöðu lögreglustjóra Reykjavíkurborgar og ég skil líka út af fyrir sig afstöðu þeirra sem hafa sótt þetta mál. Þeim finnst að þeir eigi aðeins litla sókn eftir til að fá allan vilja sinn fram. En engu að síður hljóta menn að verða að gera það upp við sig í þessu máli hvort við ætlum að stíga skrefið til baka. Ætlum við að leggja það til að ríkissaksóknari verði háður stjórnmálum landsins á þann hátt að hann verði þjónn þeirra þó það sé ekki nema í því tilfelli að hann þurfi þvert um geð að afhenda skýrslu sem hann telur rétt að sé bundin trúnaði? Ég hef gert grein fyrir skoðun minni í þeim efnum og ætla ekki að fjalla nánar um það.

Hitt atriðið sem ég tel rétt að víkja að er að samkvæmt 33. gr. laga um meðferð opinberra mála er vikið að yfirheyrslu yfir sakborningi, og með leyfi forseta vildi ég fá að lesa þá grein:

„Sakborningur skal við yfirheyrslu fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki. Sakborningi má ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða friðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi yfirheyranda að veita þau.

Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati yfirheyranda. Nú greinir yfirheyranda og verjanda á við yfirheyrslu, og skal henni eigi að síður fram haldið, en rétt á verjandi að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun."

Hérna er fjallað um þetta stóra ágreiningsefni sem er á þann veg í íslenskum lögum að þú kaupir þér ekki frið fyrir gjörðir þínar þó að þú upplýsir sakir á annan mann.

Í bandarískum rétti er þetta á annan veg. Það hefur komið mjög skýrt fram í umræðunni að sá saksóknari sem skipaður hefur verið til að sækja að forseta Bandaríkjanna virðist hafa vald til þess að geta boðið vissa hluti ef viðkomandi aðili skýrir frá málum sem snerta forsetann. Mér finnst þetta mjög tvíbent því mér finnst eiginlega að með þessu móti sé óbeint verið að gera því skóna að hægt sé að kaupa mann til að bera ljúgvitni. Nú getur verið að viðkomandi segi satt og hann viti eitthvað um annan mann og það með réttu. En ef hann aftur á móti veit að hans sakir verði minnkaðar lýsi

hann einhverju yfir, þá er freistingin vissulega mikil að bera ljúgvitni gagnvart einhverjum og tryggja sér þannig léttari refsingu en hann hefði ella hlotið. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það orki mjög tvímælis hvort nokkurt vit sé í því að breyta þessu ákvæði.

En ég vil ekki að þessu ákvæði sé ruglað saman við hitt, hvað gerist eftir að maður hefur verið dæmdur og situr í fangelsi. Eftir að maður hefur verið dæmdur og situr í fangelsi, þá er það svo að við höfum það í okkar venjum að hugsanlegt sé að hann fái náðun. Ég tel að náðunarkerfið sé eins og hver önnur vitleysa ef því er beitt á þann hátt að það sé sama hvernig maðurinn hegðar sér eða hvað hann gerir, hann skuli alltaf fá náðun. Þá þýðir það í reynd ekkert annað en að dómurinn er í praxís styttri en upp er kveðinn. Ég tel að einmitt þarna hljóti það að koma inn í hvort maðurinn á einhvern hátt reyni að verðskulda náðun. Ég er þeirrar skoðunar að ef fangi sem situr inni og hefur, hvort sem við teljum af góðum eða slæmum hvötum, breytt hátterni sínu og vill stuðla að því að vera löghlýðnari borgari en hann hefur verið, þá sé beint og óbeint ómögulegt annað en að fullnustunefnd taki tillit til slíkra hluta.

Við skulum hugsa okkur bankaræningja sem steinþegði yfir því hvar hann hefði grafið 100 millj. þegar hann var settur inn. En eftir að hann væri búinn að sitja í steininum helminginn af sínum tíma, þá vill hann upplýsa hvar féð er og skila því. Mundum við ekki telja rétt að taka tilboðinu og taka þátt í að náða hann til að fá peningana til baka? Þetta virðist kannski of einfalt dæmi til að réttlætanlegt sé að nota það sem dæmi.

Mundum við ekki líka hugsa okkur um tvisvar ef maður sem væri aðili að mjög stóru eiturefnamáli, og við vissum að fleiri aðilar hefðu staðið að því með honum og búið væri að dæma hann og hann kominn inn, tæki þá ákvörðun að upplýsa meira um málið? Mundum við ekki á þeirri stundu telja það mjög freistandi að verða við þeirri beiðni og reyna að gera eitthvað til að ná meiri tökum á því máli sem við áður höfðum óupplýst að stórum hluta, hvort sem hann mundi stunda eiturlyfjasölu eða ekki eftir það? Þess vegna finnst mér að ekki sé með öllu sambærilegt hvort menn eru að tala um það sem fram kemur í 33. gr., hvað er gert meðan réttarhöld fara fram eða áður en búið er að dæma, eða hvað er gert á þeirri stundu þegar menn taka ákvörðun um að náða mann.

Ég vil bæta því við í lokin að mér er illa við og tel það ávallt mjög hæpið mál að fara með umræður um einstaka sakamenn á Alþingi Íslendinga.

[17:40]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég gerði þá tilraun í dag að reyna að eiga vitrænan málflutning við hæstv. dómsmrh. Ég hlýddi á hæstv. dómsmrh. flytja mál sitt hér í gær í umræðu um svokallað ÞÞÞ-mál þar sem honum tókst með einstaklega snjöllum hætti að koma málum þannig fyrir að allur vandræðagangur í tveimur ráðuneytum og hjá sýslumanninum á Akranesi væri Ríkisendurskoðun að kenna. Ég verð að viðurkenna að ég átti ekki von á því að hæstv. dómsmrh. kæmist jafnlangt eða gæti orðið jafnómerkilegur í umræðu eins og hann var í gær. En ég held að ég verði að fullyrða það, virðulegi forseti, að þann skamma tíma sem ég hef setið á þingi, þá held ég að fyrri hluti ræðu hæstv. dómsmrh. í dag sé líklega það ómerkilegasta sem ég hef heyrt í málflutningi og er þá miklu til að jafna.

Ég vakti athygli á því í upphafi máls míns í dag að veikleiki væri í þingsköpunum, þ.e. að ef nýjar upplýsingar koma fram um þau mál sem rædd hafa verið á Alþingi þá sé vart annar möguleiki fær til að taka þau upp aftur í umræðu en að gera það í umræðu utan dagskrár. Þetta mál hafði þegar verið rætt tvisvar í umræðu utan dagskrár en í ljósi þeirra nýju upplýsinga og þess hvaða möguleikar eru á því að taka mál hér upp, þá taldi ég ekki fært annað en gera þetta með þessum hætti.

Eftir að hafa hlýtt á hæstv. dómsmrh. bera okkur þingmönnum jafnaðarmanna það á brýn að upptaka þessa máls og umræða um lögregluna almennt sé í raun samsæri þingmanna gegn, ég veit ekki hverjum, hæstv. dómsmrh. eða lögreglunni, að þingmenn jafnaðarmanna hafi það eitt að markmiði að brjóta niður lögregluna ef marka má orð hv. stjórnarsinna sem hafa talað hér í dag, mætti spyrja hvert menn séu að fara? Hvað í veröldinni eru menn að fara? Er öll umræða um lögregluna einungis til þess fallin að brjóta niður lögregluna? Ég er alveg sannfærður um að sú umræða sem fram hefur farið, og ég nefndi í máli mínu fyrr í dag, hefur orðið til þess að kannski verði hæstv. dómsmrh., loksins eftir sjö ára veru í dómsmrn., rifinn upp á rassinum til að gera eitthvað. Það er kannski það sem hefur gerst. Það hefur kannski komið í kjölfar umræðunnar að loksins reif hæstv. dómsmrh. sig upp á rassinum til að setja t.d. á fót nefnd til að gera tillögu að reglugerð um óheftbundnar rannsóknaraðferðir. Það er kannski kjarni málsins.

Hæstv. dómsmrh. talaði um að þingmenn jafnaðarmanna hefðu verið að dylgja um sitt lítið af hverju, verið með dylgjur um alla skapaða hluti, verið að dylgja um að einhver hefði brotið lög o.s.frv. Ég skora á hæstv. dómsmrh., þar sem hann situr nú í sæti sínu, að koma hér upp á eftir og nefna eitt dæmi um að þingmenn jafnaðarmanna hafi verið með dylgjur á hendur honum, eitt dæmi. Það verður fróðlegt að heyra nákvæmlega það dæmi. Ég þori að fullyrða að sú umræða öll sem fram hefur farið hefur verið mjög málefnaleg og við gerðum heiðarlega tilraun til þess strax í upphafi þessa dags að halda hér uppi málefnalegri umræðu. Því miður fór það úr þeim farvegi strax eftir að hæstv. dómsmrh. hafði flutt fyrri hluta ræðu sinnar í dag.

Hann sagði um þann sem hér stendur, að hann hefði ekki þorað að biðja um umræðu utan dagskrár. Ég spyr og vænti þess að hann svari því þá á eftir: Hvað var að óttast? Það væri fróðlegt að heyra hvað hann á við þegar hann talar um að menn hafi ekki þorað að biðja um umræðu. Það skyldi þó ekki vera eitthvað að óttast. Það væri þá fróðlegt ef það kæmi fram hvað er að óttast. Þetta er náttúrlega hreint með ólíkindum, virðulegi forseti, og kannski er það svo að hæstv. forseti hefði hugsanlega átt að stöðva ræðu hans áðan. En ég held að það sé hans lán að hún var flutt innan þingsala en ekki utan.

Í öðru lagi sagði hæstv. dómsmrh. í ræðu sinni að þingmenn Alþfl. gengju hagsmuna fíkniefnasala. Ég held að við verðum að fá þessi ummæli skýrð. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Það er ekki nóg að flytja einhverja lærða, æfða ræðu frá Heimdallartímanum, það verður að vera eitthvað á bak við það. Ég krefst þess að hann komi upp á eftir og geri okkur grein fyrir því hvernig þingmenn jafnaðarmanna gangi erinda fíkniefnasala. Ég held að það sé hreinlega ekki hægt að sitja undir ásökunum af þessu tagi. En það var eitt aðalinntak ræðu hæstv. dómsmrh. fyrr í dag að hv. þm. Alþfl. og væntanlega jafnaðarmanna gangi erinda fíkniefnasala.

Svo bætti hann við, virðulegi forseti, að þeir væru á mála við að brjóta niður lögregluna í landinu. Það væri þá líklega hjá fíkniefnasölunum því að það er væntanlega ekki hægt að vera á mála hjá mörgum öðrum. Er einhver möguleiki, virðulegi forseti, að reyna að halda uppi einhverri málefnalegri umræðu í þingsal ef hæstv. ráðherrar bregðast við með þessum hætti? Er það einhver möguleiki? Ég segi alveg eins og ég sagði í upphafi máls míns að ég hélt að hæstv. dómsmrh. hefði kórónað málflutning sinn í gær þegar hann fann Ríkisendurskoðun allt til foráttu vegna þess að menn sem heyra undir hana töpuðu tryggingum sem ríkissjóður hafði og fyrst og síðast vegna klaufagangs. Ég hélt að hann hefði toppað málflutning sinn þar en ég er ekki frá því að hann hafi gert betur í dag en hann gerði í gær og er þá langt til jafnað.

Virðulegi forseti. Eftir að hafa hlýtt á stjórnarliða í dag, sem eru þó kannski tíðindi þessa máls að stjórnarliðar tóku a.m.k. til máls og reyndu að setja upp leikrit sitt, verð ég að segja að af málflutningi þeirra mátti ráða að sú umræða sem fram hefur farið í samfélaginu væri að undirlagi þingmanna jafnaðarmanna og hefði ekkert með raunveruleikann að gera. Ég veit ekki betur en að hæstv. dómsmrh. hafi óskað eftir því og skipað rannsóknarlögreglustjóra í þessu sérstaka máli sem hafi skilað skýrslu og dómsmrh. síðan skilað þinginu a.m.k. einhvers konar útdrætti, eða hvað sem kalla má skýrslu hans. Þar koma fram mjög mörg gagnrýniverð atriði og það eru þau sem við höfum verið að ræða. Við höfum verið að ræða lögregluna því að umræðan er nauðsynleg ef við ætlum að byggja hana upp og styrkja hana. Menn mega ekki dæma allar umræður með þeim hætti að ef viðkvæm mál eru rædd þá sé það gert af einhverjum annarlegum hvötum. Það er voðalega erfitt að eiga samskipti við dómsmrh. Ég held hann hafi í dag nánast dæmt sig úr leik í málefnalegri umræðu á þinginu. Ég held að hann hafi gert það einn og óstuddur.

Virðulegi forseti. Ég lagði fyrr í dag nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég vil endurtaka á eftir vegna þess að hann sá sér ekki fært í skítkastinu fyrr í dag á hendur þingmönnum jafnaðarmanna að svara þeim spurningum þannig að ég mun í lok ræðu minnar endurflytja þær spurningar og vænti þess að hæstv. dómsmrh. svari einhverju. Það er kannski vert að nefna það sérstaklega þar sem hæstv. dómsmrh. sagði í morgun að ég hefði ekki látið svo lítið nema láta hann hafa þessar spurningar um tólfleytið í morgun svo að hann hefði lítinn tíma til að svara. Það vill þannig til að hér er símbréfið sem hann fékk. Á því stendur kl. 10 þannig að hæstv. ráðherra gat ekki einu sinni farið rétt með það hvenær hann fékk spurningarnar. Það er alveg með ólíkindum hvernig málflutningurinn hefur verið.

Markmið mitt með umræðunni í dag var eins og ég sagði áðan fyrst og fremst að reyna að ræða málefnalega þær upplýsingar sem hafa komið fram frá því að málið var rætt síðast. Við þingmenn höfum ekki aðra leið ef við ætlum að ræða þessi mál en taka þau upp með þessum hætti og spyrja þá hæstv. dómsmrh. því að það er ekki við neinn annan að tala. En ég verð að segja eins og er að maður hlýtur að hugsa sig tvisvar um áður en maður gerir það aftur eftir þær svívirðingar sem yfir þingmenn jafnaðarmanna hafa gengið í dag. Ég ætla ekki einu sinni að elta ólar við það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði í dag um slefbera götunnar. Ég ætla ekki að leggjast svo lágt að svara þeim áburði.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fara að ræða um það í dag hvort birta eigi þessa skýrslu eða ekki. Ég nefndi sérstaklega að ég taldi og tel að þessa skýrslu eigi að skoða sérstaklega í allshn. og mér virðist sem svo að hlutirnir muni veltast á þann veg að það verði gert. Úr því sem komið er held ég að það sé óhjákvæmilegt að ræða sérstaklega þá ákvörðun dómsmrh. að birta hluta skýrslunnar. Það held ég sé alveg nauðsynlegt vegna þess að í þeim hluta skýrslunnar sem er birtur koma fram mjög harðar ásakanir á starfsmenn lögreglustjóraembættisins í Reykjavík þar sem gefið er í skyn að þeir hafi ekki sinnt starfi sínu sem skyldi. Með öðrum orðum að um vanrækslu í starfi væri að ræða. Það eitt getur leitt til þess að menn þurfi að sæta ákæru skv. 141. gr. almennra hegningarlaga. Röksemdir hæstv. ráðherra fyrir því að birta þennan kafla en ekki annan eru engar. En það hefur verið dálítið sérstakt við þetta mál að það eru alltaf að koma fram nýjar upplýsingar. Það er kannski þess vegna sem þetta mál hefur lifað áfram. Það er vegna þess að það hefur alltaf verið hálfgerð skítalykt af málinu. Þrátt fyrir að búið sé að ræða málið tvisvar á þinginu og það er nú rætt í þriðja sinn eru alltaf að koma nýjar upplýsingar og virðist enginn endir vera á því. Ég dreg ekki í nokkurn efa að það koma líka fram nýjar upplýsingar í allshn. Ég held að leikrit eins og það sem hæstv. ráðherra flutti í fyrri hluta ræðu sinnar komi ekki í veg fyrir það. Staðreyndin varðandi birtingu þessa hluta skýrslunnar virðist vera sú að hæstv. ráðherra birtir bara það sem honum sýnist. Það eru engin rök til að birta þennan hluta frekar en annan vegna þess að hann getur líkt og aðrir hlutar skýrslunnar, ef þeir eru sama eðlis og það sem þarna er birt, leitt til þess að einhver tiltekinn starfsmaður yrði ákærður því að þetta varðar við almenn hegningarlög. Það eru engin rök að birta þennan hluta skýrslunnar frekar en annan, a.m.k. ef taka má mið af þeirri röksemdafærslu sem hæstv. dómsmrh. hefur haft í frammi þegar hann hefur verið að rökstyðja það að skýrsluna eigi ekki að birta.

Virðulegi forseti. Ég fjallaði um það í ræðu minni í dag að markmið umræðunnar væri fyrst og síðast að styrkja lögregluna því að almenn umræða um málefni, gagnrýnin, markviss og rökföst er til þess fallin að tryggja að um framfarir sé að ræða. Málefnin verða að vera rædd og þau verða að vera rædd á þeim nótum að það leiði eitthvað jákvætt af sér og það hefur umræðan gert þrátt fyrir hnútur og skítkast hæstv. dómsmrh. í dag. Hún hefur í fyrsta lagi leitt til þess að í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra kemur fram að það er löngu tímabært að skoða starfsemi, skipulag og stjórnun á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Það gerist núna í kjölfar umræðunnar á hinu herrans ári 1998. Hæstv. dómsmrh. er búinn að sitja síðan 1991 og ætlar einhver að ímynda sér að þessi skoðun hefði farið fram ef þessi umræða hefði ekki komið til? Er einhver að ímynda sér það? Af einhverjum ástæðum þurfti hæstv. dómsmrh. að ryðjast fram fyrir þingflokk jafnaðarmanna sem hann hefur hnýtt vel í í dag þegar hann óskaði eftir því að stjórnsýsluendurskoðun yrði gerð á embættinu. Að mínu viti hefur verið með ólíkindum hvernig hæstv. ráðherra hefur haldið á málinu frá upphafi og reyndar kórónað málflutning sinn í dag.

Í öðru lagi er loksins von á því að reglur verði settar um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir eftir allan þennan tíma og hæstv. ráðherra sagði í dag í ræðu sinni að sig minnti að ekki væri önnur formleg erindi að finna í ráðuneytinu en á einhverjum tíma sem honum hentaði.

Ég fór í ræðu minni í dag vel yfir greinargerð fyrrverandi lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík. Þar kemur fram að í hátt í áratug hafi verið

óskað eftir þessum reglum. Þessar reglur eru forsenda þess að rannsóknarlögreglumenn í fíkniefnadeild standi föstum fótum í samskiptum sínum við fíkniefnasala sem er algerlega nauðsynlegt ef einhver árangur á að nást í þessu starfi. Ég vitnaði til þess þar sem hann sagði að það gæti ekki farið öðruvísi en svo að steytt yrði á skeri ef þessar reglur yrðu ekki settar enda hefur það komið á daginn. Þetta mál er allt saman þannig til komið og upplýst er um að í þessu máli er algerlega steytt á skeri þrátt fyrir leikrit hæstv. dómsmrh. í dag. Öðruvísi gat það ekki farið.

Ætlun mín í upphafi var að fara yfir þær upplýsingar sem hefðu komið nýjar í málinu. Ég taldi reyndar nægjanlegt að ræða málið á hálftíma og ræða það eftir þeim reglum en hæstv. ráðherra þurfti í það minnsta hálftíma einn og sér til að svívirða heilan þingflokk með orðum sem ég man ekki eftir á mínum skamma þingferli að hafi verið viðhöfð í þingsal þannig að ég skil vel að hann hafi ekki treyst sér í stutta, hnitmiðaða og málefnalega umræðu. Það var svo mikið í skítakamrinum að það þurfti heilan hálftíma til að ausa því yfir þingheim.

Virðulegi forseti. Ég segi alveg eins og er að það er dálítill uppgjafartónn í mér að reyna að ræða málefnalega við hæstv. dómsmrh. Hann sýndi bakhliðina í gær og sparihliðina í dag svo ég ætla að lokum ræðu minnar að fara yfir þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. dómsmrh. og hann treysti sér ekki til að svara í dag. Ég ætla ekkert að fara yfir ummæli hans þess efnis að eftirgjöf viðurlaga væri lögbrot. Ég ætla ekki að fara yfir neitt af því enda held ég að hæstv. dómsmrh. hafi skrifað hjá sér nokkuð margar spurningar sem menn hafa lagt fyrir hann í dag. Ég ætla aðeins að endurtaka þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. dómsmrh. í dag og hann treysti sér ekki til að svara.

Ég spurði hæstv. dómsmrh.: Sat starfsmaður ráðuneytisins í fullnustumatsnefnd á þessum tíma og átti hann þátt í báðum ákvörðunum? Telur ráðherra eðlilegt að starfsmaður ráðuneytis sitji í nefnd sem ætlað er að veita lægra settu stjórnvaldi umsögn áður en ákvörðun er tekin? Þessar spurningar hefur hæstv. dómsmrh. undir höndum.

Ég spurði: Á hvaða lagaheimild var byggt þegar umræddur samningur um reynslulausn var gerður? Ummæli hæstv. dómsmrh. verða ekki skilin öðruvísi en að lögregluyfirvöld, þar með talið dómsmrn., hafi litið svo á að samningur hafi legið fyrir.

Jafnframt spurði ég: Stendur ráðherra enn við fyrri fullyrðingar sínar um að hann persónulega eða ráðuneyti hans hafi ekki átt nokkurn þátt í því að dæmdur brotamaður fékk reynslulausn?

[18:01]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni í dag. Ég held að hún hafi að mestu verið gagnleg. Ég met það svo að umræðan í dag hafi að ýmsu leyti færst inn á nýjar brautir og verið með talsvert öðru sniði en undanfarið ár. Ég tel að þannig hafi átt sér stað jákvæð þróun í þessari umræðu.

Hér hafa farið fram nokkrar umræður á milli hv. þm. um þingsköp Alþingis og með hvaða hætti nefndir þingsins geti tekið mál eins og þessi til umfjöllunar. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þann hluta umræðnanna hér í lokaorðum mínum. Þær ræður skýra sig alveg sjálfar.

Í lokin ætla ég að gera nokkra grein fyrir atriðum þar sem ég tel að gætt hafi nokkurs misskilnings og öll þau atriði komu fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. Í fyrsta lagi var talið að ég hafi verið með aðdróttanir í garð þingmanna Alþfl. og jafnaðarmanna. Það sem ég var að gera var að vekja athygli á því hvernig þessi umræða hófst.

Ég vakti athygli á nokkrum staðreyndum sem eru í skýrslu ríkissaksóknara um þær ásakanir sem bornar hafa verið á lögregluna. Í umræðunni undanfarið ár hefur oft verið látið að því liggja að jafnvel dómsmrh. hafi verið flæktur í vafasamar ef ekki ólöglegar athafnir lögreglunnar. Þessar ásakanir byggjast, samkvæmt skýrslu ríkissaksóknara, á upplýsingum sem varaþingmaður Alþfl. á Suðurl. fékk frá ýmsum ónafngreindum aðilum í fíkniefnaheiminum. Í skýrslu ríkissaksóknara segir um þetta, með leyfi forseta:

„Höfundur greinarinnar í Mannlífi var kvaddur til skýrslugjafar sem vitni. Upplýsingar sínar kvað hann byggðar á mjög miklum fjölda trúnaðarsamtala við fólk, m.a. fólk sem stundar viðskipti með fíkniefni, menn úr fjölskyldu-, vina- og kunningjahópi Franklíns Kristins Steiners og við menn sem setið hafi með honum í fangelsi. Hann benti á og nafngreindi mann sem hann kvað lykilmann sinn í undirheiminum, sem hafi sína einkarannsókn á umsvifum Franklíns. Þá kvað hann annan lykilheimildarmann sinn úr því sem hann kysi að kalla „kerfinu". Hann kvað þetta vera embættismann sem hann vissi að gjörþekkti þessi mál, og hafi sá talið að menn væru „komnir langt út fyrir það sem lög leyfa". Hann kvaðst ekki undir nokkrum kringum stæðum gefa upp nafn þessa manns vegna stöðu hans í kerfinu.

Hinn nafngreindi lykilmaður, ásamt gæslufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, sem hlotið hefur dóma fyrir fíkniefnaviðskipti, voru yfirheyrðir. Framburðir þeirra virðast gefa til kynna að undirrótin að andúð þeirra á Franklín Steiner sé reiptog milli aðila um fíkniefnamarkaðinn og að þeir telji Franklín hafa útvegað fíkniefnalögreglunni „fórnarlömb" eins og það er orðað."

Ég er ekki að gera upp neinar sakir. Ég er aðeins að vitna í staðreyndir sem koma fram í virtri skýrslu ríkissaksóknara.

Síðan vakti ég athygli á því í ræðu minni að ríkissaksóknari hefði, að undangenginni opinberri réttarrannsókn undir stjórn setts rannsóknarlögreglustjóra, komist að þeirri niðurstöðu að engar af þeim ásökunum sem bornar voru á lögregluna gæfu tilefni til ákæru vegna brota á hegningarlögum eða vegna brota í starfi. Niðurstöður ríkissaksóknara eru um hvert einstakt atriði sem fram kemur í rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra, skýrðar og rökstuddar.

Ég sagði í ræðu minni að eftir að ríkissaksóknari hefur komist að þeirri niðurstöðu að þær sakir sem bornar hafa verið á lögregluna ættu ekki við rök að styðjast og ekki gæfist tilefni til að hefjast handa gegn þeim lögreglumönnum sem höfðu réttarstöðu grunaðra manna í rannsókninni, þá væri hvorki tilefni né rök til þess að halda áfram að kyrja þann söng um áburð sem hér hefur verið til staðar. Þá er frekar ástæða til þess að segja: Hér hefur hinn óháði embættismaður komist að niðurstöðu í þessu efni. Við styðjum þá lögreglumenn sem hér eiga hlut að máli til áframhaldandi starfa. Ríkissaksóknari hefur ekki fundið neitt saknæmt í athöfnum þeirra og um það snýst málið. Ég hef lýst skýrri afstöðu minni og hvaða niðurstöðu ég treysti í þessu efni.

Ég tók það hins vegar mjög skýrt fram í ræðu minni að ég taldi fullkomlega eðlilegt að efna til þeirrar umfangsmiklu rannsóknar sem fram fór vegna þeirra ásakana sem fram komu frá ónefndum sakamönnum og einum nafngreindum. Ég taldi mjög eðlilegt af hálfu hv. 5. þm. Suðurl. að bera

slíka ósk fram í umræðum hér á Alþingi fyrir ári síðan. Ég taldi rétt að óska sjálfur eftir því að slík rannsókn færi fram. Ég hef aldrei sagt að það eigi að hafa að engu slík ummæli, jafnvel þó að þau hafi komið frá afbrotamönnum. Þvert á móti bera viðbrögð mín vott um að ég vildi taka þau alvarlega og lét því efna til þessarar viðamiklu rannsóknar. Þeim orðum er hvergi hægt að finna stað að ég hafi talið það vera óeðlilegt, enda bera athafnir mínar í því vitni um annað.

Þá hélt hv. 4. þm. Vestf. því fram að ég hefði í ræðu minni talið óeðlilegt að fjölmiðlar fjölluðu um þetta mál. Ég lýsti því aldrei yfir að ég teldi óeðlilegt að fjölmiðlar fjölluðu um þetta mál. Það er hvergi hægt að finna þeirri fullyrðingu stað í ræðu minni.

Hann sagði einnig að ég hefði furðað mig á því að málið hafi verið tekið upp á Alþingi. Ég undraðist það aldrei. Ég hef alltaf talið það í meira lagi sjálfsagt. Ég furðaði mig á því hvernig þessa utandagskrárumræðu bar að en ekki að málið væri tekið til umræðu. Þeim orðum er ekki heldur hægt að finna stað.

Þá vék hv. 4. þm. Vestf., og reyndar nokkrir aðrir þingmenn einnig, að orðum mínum frá því í fyrra. Þar sagði ég að það væri óheimilt að semja um refsingu og semja við sakamenn að þeir yrðu ekki dregnir til refsingar og þessi ummæli standa að sjálfsögðu. Hvorki lögregla né ráðherra geta gert slíka samninga að þeir hafi áhrif á þá refsingu sem menn hafa unnið til með afbrotum. Einungis dómstólar geta tekið ákvarðanir um refsingu. Þeir hafa heimild til þess að meta það til refsilækkunar ef menn hafa verið samvinnuþýðir og hjálpað til við upplausn mála. Ráðherra getur ekki beitt dómstóla neinum þrýstingi og haft með því áhrif á dóma. Lögreglumönnum er að sjálfsögðu með öllu óheimilt að stinga málum undir stól og koma í veg fyrir að þau gangi til dómstóla, enda hefur ekkert mál af því tagi komið fram.

Þegar reynslulausn er veitt er um allt annað að ræða. Langflestir þeirra sem dæmdir eru, fá reynslulausn. Það er allt annar hlutur en ákvörðun um refsingu. Ég tel til að mynda að ráðherra gæti ekki veitt náðun með tilliti til þess að sá dæmdi hefði veitt upplýsingar. Ég tel að það sé ekki hægt. Þarna hafa menn fyrir einhvern misskilning ruglað saman tveimur ólíkum málum, ákvörðun um refsingar og hins vegar ákvörðun um reynslulausn.

Í upphafsræðu minni svaraði ég öllum þeim fyrirspurnum sem til mín var beint af málshefjanda. Ég hygg að þegar hv. þingmenn lesa þá ræðu yfir muni þeir komast að raun um að þar er öllum spurningum svarað. Spurningunum var svarað bæði í ræðu minni og eins þeirri bókun sem ég hafði eftir prófessor Jónatan Þórmundssyni. Ég ætla því ekki að endurtaka öll þau svör hér og nú.

Ein spurning hefur þó oftar verið borin fram en aðrar, þó að ég hafi svarað henni í upphafi. Hún lýtur að því hvaða lagaheimildir hafa verið til þess að veita reynslulausn. Ég svaraði því skilmerkilega með tilvitnun í prófessor Jónatan Þórmundsson sem vakti athygli á því að í hegningarlögum er ákvæði þess efnis að það sé heimilt, standi sérstaklega á, að veita reynslulausn að hálfnaðri afplánun. Ég get jafnframt endurtekið það hér að í 40. gr. hegningarlaganna segir svo:

„Reynslulausn má þó veita ef sérstaklega stendur á þegar liðinn er helmingur refsitímans."

Þessari ábendingu kom prófessor Jónatan Þórmundsson til nefndarmanna í hv. allshn. Allir þeir sem þar sátu áttu að hafa vitneskju um það eftir heimsókn hans þangað. Frá þessu greindi ég í upphafsræðu minni og geri það enn einu sinni til áréttingar vegna þess að þessi spurning hefur verið endurtekin nokkrum sinnum.

Ég held þá, herra forseti, að ég hafi vikið að þeim atriðum sem ástæða er til í lok þessarar umræðu. Að öðru leyti vil ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel hana að mestu hafa verið til gagns.

[18:14]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur væntanlega slæma samvisku. Hann ræðst með fúkyrðum og dylgjum á þingmenn jafnaðarmanna en svarar sáralitlu af þeim efnismiklu spurningum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur beint til hans.

Hæstv. ráðherra er á hröðum flótta í þessu máli og forðast efnislega umræðu. Þetta mál snýst um tvennt:

Í fyrsta lagi einkennilega framkvæmd við rannsókn fíkniefnamála og dularfull atvik við reynslulausn dæmds glæpamanns.

Í öðru lagi snýst málið um yfirlýsingar hæstv. ráðherra á Alþingi. Hann er tvísaga vegna þess að hann og ráðuneyti hans komu að reynslulausninni þótt hann hafi áður sagt að slík framkvæmd væri lögleysa.

Hæstv. ráðherra er í vondum málum. Steiner-málið er eitt, ÞÞÞ-málið er annað og mál Haraldar Johannessens er hið þriðja. Í öllum þessum málum er ráðherra sakaður um misferli í embættisfærslum. Það er athyglisvert, herra forseti, að Davíð Oddsson forsrh. sér ekki ástæðu til að koma dómsmrh. til aðstoðar eða lýsa yfir trausti á störf Þorsteins Pálssonar. Það, herra forseti, segir margt um stöðu hæstv. ráðherra.

Niðurstaða þessarar umræðu er að hæstv. dómsmrh. hefur litlu eða engu svarað, öðru en dylgjum um aðra þingmenn. Þetta mál verður áfram til umræðu á Alþingi, hjá fjölmiðlum og meðal almennings. Þessu máli er ekki lokið.

[18:16]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hv. þm. jafnaðarmanna hafa í þessari umræðu keppst við, hver á fætur öðrum, að lýsa því yfir að enginn þeirra hafi sakað mig um brot í starfi. Svo kemur hv. þm. og segir að aðalmálið og öll umræðan af hálfu Alþfl. snúist um ávirðingar í minn garð. Nú er eitthvað nýtt komið upp í þessu og ég skora á þingmenn jafnaðarmanna að skjóta á fundi og ræða þetta. Þessar yfirlýsingar ganga hver í sína áttina. Ég hygg að þeim væri það afskaplega hollt að halda smáfund og koma sér saman um það hver hafi verið kjarninn í þeirra málflutningi hér í dag.

[18:17]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og oft vill verða í lok umræðu þar sem hæstv. dómsmrh. er þátttakandi að hann svarar ekki neinu. Ég sagði ljóst um hvað þessi umræða snerist. Hún snýst um einkennilega framkvæmd við rannsókn fíkniefnamála og dularfull atvik við reynslulausn dæmds glæpamanns. Um það hefur umræðan snúist. Í öðru lagi um yfirlýsingar hæstv. ráðherra á Alþingi. Hann vitnaði reyndar sjálfur þau í og rakti hér áðan. Ég tel að þar hafi hann orðið tvísaga.

Áherslumunur eða breytingar í málflutningi okkar jafnaðarmanna er ekki til staðar. Hins vegar er það lenska hjá hæstv. ráðherra þegar hann er kominn út í horn að svara út í hött. Hann sleppur býsna oft með það. Þetta er ekki í fyrsta

skipti. Menn skulu taka eftir því þegar hann kemur upp í ræðustól á eftir að hann mun þá engu svara um það sem ég hef verið að fjalla um heldur veitast að mér eða öðrum þingmönnum jafnaðarmanna með sömu dylgjunum og hann hefur verið með í dag.

[18:18]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að ítreka leiðréttingu á þeim misskilningi sem fram hefur komið hjá hv. þm. sem ekki hefur gert greinarmun á dómi og reynslulausn. Hér liggur fyrir yfirlýsing frá prófessornum í refsirétti um að það hafi að öllu leyti verið farið að lögum við reynslulausnina. Í skýrslu hefur ríkissaksóknari komist að þeirri niðurstöðu að enginn lögreglumaður hafi gerst brotlegur við hegningarlög eða brotið af sér í opinberu starfi. Þetta eru þær staðreyndir sem hv. þm. hefur fyrir sér.

Hv. þm. getur reynt að koma einhverju öðru að sem ekki byggir á staðreyndum. Það byggir á útúrsnúningum.

[18:19]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að játa það að seinni ræða hæstv. dómsmrh. var með allt öðrum brag en sú sem hann flutti fyrr í dag. Ég þakka fyrir að hann skuli hafa komist niður á jörðina.

Vegna þess að ég skoraði á hæstv. dómsmrh. að benda á hvar sá sem hér stendur eða aðrir þingmenn jafnaðarmanna hefðu verið með dylgjur eins og hann lýsti hér fyrr í dag held ég að nauðsynlegt sé að vekja athygli á því að þingflokkur jafnaðarmanna átti frumkvæði að því að taka þetta mál á dagskrá með beiðni um skýrslu í haust. En allur málflutningurinn um samsærið og allt það sem hann setti fram í dag tengist tímanum áður en þingflokkur jafnaðarmanna kom að þessum málum. Ætli það sé ekki hálft ár eða svo? Þessum staðreyndum þarf að halda til haga.

Í öðru lagi fór þingflokkur jafnaðarmanna, að mínu frumkvæði, fram á að umræðan um skýrslu þá sem hæstv. dómsmrh. lagði fyrir þingið yrði 2. febr. sl. Þingflokkurinn fór fram á að fá skýrslu um málið áður en það var tekið til umræðu. Svo sitjum við undir því í dag að við höfum verið að brjóta niður lögregluna, staðið í einhvers konar samsæri, og raunar náði ég nú ekki nema broti af þeim dylgjum sem heyra mátti í því leikriti sem hæstv. dómsmrh. flutti í fyrri ræðu sinni.

Í seinni ræðunni var hæstv. ráðherra þó aðeins að ná áttum og ég er sáttur við það. En ég vil ítreka þá fyrirspurn sem ég lagði fyrir hann áðan og hann treysti sér ekki til þess að svara: Hvaða dylgjur hefur sá sem hér stendur eða aðrir þingmenn jafnaðarmanna verið með í garð hæstv. dómsmrh.? Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram svo við vitum hvernig því beri að svara.

[18:21]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. vill fá eitt dæmi um slíkar dylgjur sem hann er að spyrja um þá vek ég athygli hans á andsvari hv. 11. þm. Reykn. hér rétt áðan.

[18:22]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar dugar ekki vegna þess að umræddar dylgjur komu fram fyrr í dag, hæstv. dómsmrh. Eins og lýsti hér áðan þá hef ég aldrei, frá því að ég kom á þing, heyrt aðra eins orðræðu og þá. Ég krefst þess, af því að sá er hér stendur átti frumkvæðið að því að þetta mál væri tekið til umræðu, að bent verði á a.m.k. eina af þeim dylgjum sem ég á að hafa haft um embætti hæstv. dómsmrh. svo ég gæti a.m.k. svarað fyrir mig.

[18:22]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 11. þm. Reykn. hér áðan í andsvari var mjög í samræmi við málflutning hv. þingmanna jafnaðarmanna á undanförnum missirum. Ég tók það hins vegar fram að ræður þeirra hefðu í dag verið á annan veg og þeir kepptust allir, fyrir utan 11. þm. Reykn., við að halda því fram að í málflutningi þeirra fælist ekki nokkur aðdróttun um misferli í starfi af minni hálfu.

[18:23]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bar tvær fyrirspurnir fram til hæstv. dómsmrh. í dag en hann hefur ekki svarað þeim.

Í fyrsta lagi: Telur hæstv. ráðherra ekki eðlilegt að birta þann hluta skýrslunnar sem snýr að reynslulausninni með sama hætti og hann beitti sér fyrir því að kaflinn sem snýr að skipulagi lögreglunnar yrði birtur opinberlega? Er þar einhver eðlismunur á?

Í annan stað spurði ég hæstv. dómsmrh. að því hvað hann ætti við þegar hann vitnaði í Jónatan Þórmundsson prófessor. Ráðherra hafði eftir honum að fullnustumatsnefnd hefði verið stillt upp við vegg með sama hætti og ráðherra. Stillt upp við vegg af hverjum? Við hverja á hæstv. ráðherra? Á hann við að það hafi legið fyrir ákvörðun frá fyrrv. ráðherra og þess vegna hafi honum og fullnustumatsnefnd verið stillt upp við vegg því að þegar hafi verið tekin ákvörðun í ráðuneytinu um þessa reynslulausn? Við hvað á hæstv. ráðherra? Ég spyr þessara tveggja spurninga. (**Dómsmrh.:** Hver var fyrri spurningin?) Hvort ráðherrann telji ekki eðlilegt að birta þann hluta skýrslunnar sem snýr að reynslulausninni.

[18:24]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar birtingu á sakargögnum þá hef ég áður gert grein fyrir því máli. Ástæða þess að ég óskaði eftir því við ríkissaksóknara að þessi tiltekni kafli fengist birtur var sú að í bréfi hans kom fram að sá hluti þessara gagna sem lyti að skipulagi lögreglunnar félli ekki undir starfssvið ríkissaksóknara. Með tilliti til þess óskaði ég eftir þessu. Ég hef ekki séð að ríkissaksóknari hafi tekið þannig til orða um aðra þætti í þessum gögnum og ítreka afstöðu mína í því efni.

Síðari spurning hv. þm. laut að ákvörðun fullnustumatsnefndar. Mundi hv. þm. vilja endurtaka það? (**JóhS:** Hæstv. ráðherra nefndi að honum og fullnustumatsnefnd hefði verið stillt upp við vegg ...) Ég bið hv. þm. afsökunar á því að þetta féll mér úr minni.

Ég gerði ítarlega grein fyrir þessu í upphafsræðu minni, ég veit ekki hvort hv. þm. heyrði það, en þá gerði ég rækilega grein fyrir því að ég teldi lögregluna hafa sett þá ráðherra sem hlut áttu að máli í mjög óeðlilega stöðu. Þá gaf ég um það fyrirmæli og setti nýjar reglur um að lögreglan gerði það ekki aftur. Ég átti við þetta og ekkert annað og gerði skýra grein fyrir því í upphafsræðunni.

[18:26]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af síðasta svari hæstv. ráðherra, af því að hér hefur verið vitnað í allshn. og fund sem nefndin átti með

Jónatan Þórmundssyni og það sem hann sagði þar, þá sagði prófessorinn að fullnustumatsnefnd hefði staðið frammi fyrir ákvörðun sem þá þegar hefði verið tekin í þessu máli. Ég get ekki skilið málið öðruvísi en svo að hér sé verið að vitna til skuldbindinga fyrrv. ráðherra í þessu máli og þannig hefði fullnustumatsnefnd og ráðherra verið stillt upp við vegg.

Varðandi fyrri spurningu mína um birtingu gagna um reynslulausnina, þá vísar ráðherra til birtingar á sakargögnum. Varla er sá hluti skýrslunnar, sem snýr að reynslulausninni, birting á sakargögnum. Þar erum við að tala um málsmeðferð framkvæmdarvaldsins, í þessu tilfelli dómsmrn. og meintum afskiptum þess af reynslulausninni. Þar er varla um að ræða birtingu sakargagna. Ég spyr hvort hæstv. ráðherra hafi leitað eftir því við saksóknara að sá kafli yrði birtur. Ég tel það auðvitað mikilvægt vegna þess að gagnrýnin hefur í dag og áður beinst að reynslulausninni.

Ég spyr því ráðherrann: Hefur hann leitað eftir því við saksóknara að fá þennan kafla birtan eins og þann er varðar skipulag lögreglunnar?

[18:28]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom skýrt fram í svari mínu að ég hef ekki leitað eftir því. Ég leitaði eftir því að tiltekinn kafli væri birtur þar sem saksóknari hafði sjálfur tekið fram í bréfi að það sem þar væri fjallað um félli ekki undir hans starfssvið. Og um önnur atriði tekur hann að sjálfsögðu sjálfur ákvörðun í samræmi við lög, hvort birta skuli eða ekki.

Ég ítreka jafnframt það sem áður hefur komið fram og *prófessorinn í refsirétti hefur margsinnis staðfest*, að ákvörðunin um reynslulausn byggðist á gildandi lögum. Hér hefur verið gerð nákvæm grein fyrir atburðarásinni í því efni. Málið var í upphafi borið undir þáv. dómsmrh., þeir lögreglumenn sem hlut áttu að máli héldu áfram að vinna á grundvelli hans vilyrða. Þeir fengu umtalsverðar upplýsingar. Þegar málið kom til minna kasta og mér hafði verið gerð grein fyrir því þá vísaði ég því til efnismeðferðar hjá fullnustumatsnefnd og *Fangelsismálastofnun sem tóku fullnaðarákvörðun*. Á þeim tíma tók ráðuneytið eða ráðherrann ekki efnislega afstöðu til málsins.

Allt hefur þetta legið skýrt fyrir og furðulegt að hv. þm. hafi ekki tekið eftir því í hinni löngu umræðu í dag.

## *Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. umr.*

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799.

[18:30]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Frv. þetta er samið í dómsmrn. en í því er lagt til að samningsviðauki nr. 11 um mannréttindasáttmála Evrópu verði lögfestur hér á landi. Samningsviðauki nr. 11 var fullgiltur af Íslands hálfu 29. júní 1995 í kjölfar ályktunar Alþingis 25. febrúar sama ár. Í viðaukanum felst endurskipulagning á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans. Meginbreytingin er sú að mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn verða lögð niður í núverandi mynd og stofnaður nýr dómstóll, Mannréttindadómstóll Evrópu, er kemur í stað þessara stofnana.

Með samningsviðauka nr. 11 stefna aðildarríki Evrópuráðsins að því að gera eftirlitskerfi sáttmálans skilvirkara en kerfið hefur reynst þungt í vöfum og með auknum kærufjölda hefur afgreiðslutími mála verið talinn óviðunandi. Þegar sáttmálinn var lögtekinn hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni, þ.e. ekki einungis efnisreglurnar um mannréttindin, heldur einnig ákvæði um stofnanirnar sem leysa úr kærum vegna brota á sáttmálanum og meðferð mála fyrir þeim. Í samræmi við það er lagt til í frv. að samningsviðauki nr. 11 verði lögtekinn hér á landi. Í frv. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. nóvember 1998 en þann sama dag tekur viðauki nr. 11 gildi, ári eftir að öll aðildarríkin hafa fullgilt hann.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir tilgangi frv. en mun nú víkja nánar að þeim breytingum á mannréttindasáttmálanum sem samningsviðauki nr. 11 felur í sér.

Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar á II.–IV. kafla upphaflega samningsins þar sem nú er að finna ákvæði um mannréttindanefndina og Mannréttindadómstólinn og þau sameinuð í einn kafla, II. kafla.

Í öðru lagi er samningsviðauki nr. 2 sem fjallar um vald Mannréttindadómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit felldur brott sem sjálfstæður viðauki en ákvæði hans í staðinn felld inn í meginmál sáttmálans í hinum nýja II. kafla.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum núverandi V. kafla samningsins og viðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 sem leiðir af breyttu eftirlitskerfi.

Í fjórða lagi er einstökum köflum og greinum mannréttindasáttmálans og viðauka við hann gefin fyrirsögn í samræmi við efni sitt.

Í fimmta og síðasta lagi er samningsviðauki nr. 9 felldur úr gildi en hann hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Stjfrv., 459. mál (endurgreiðsla sérfræðikostnaðar). — Þskj. 789.

[18:33]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Í frv. er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar bætist nýr töluliður þess efnis að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að endurgreiða sjúklingum þeirra sérfræðinga sem verið hafa án samnings við stofnunina frá 1. september sl.

Sem kunnugt er *fá sérfræðingar sem vinna læknisverk* á læknastofum utan sjúkrastofnana annars vegar greitt frá sjúklingum og hins vegar frá Tryggingastofnun ríkisins. Um heildargreiðslur fyrir læknisverk fer samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins frá 7. mars 1996. Viðræður samningsaðila um endurskoðun á þeim samningi hafa staðið yfir með hléum allt síðasta ár, en samningar hafa enn ekki tekist. 1. júní 1997 tilkynntu *nokkrir læknar* að þeir *mundu hætta störfum fyrir sjúkra*tryggingar frá og með 1. september 1997 og síðar hafa fleiri

bæst í hópinn. Nú eru starfandi 73 sérfræðingar, einkum í skurðlæknisgreinum, sem ekki starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins, en starfandi sérfræðingar eru samtals um 400.

Í b-lið 36. gr. laga um almannatryggingar kemur fram að sjúkratryggingar skuli greiða nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Greiðsluhlutdeild sjúklings er hins vegar ákveðin með reglugerð sem sett er með heimild í 2. mgr. 36. gr. almannatryggingarlaga.

Í samræmi við b-lið 36. gr. laga um almannatryggingar hefur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ekki greitt fyrir læknisverk sem unnin hafa verið af þeim sérfræðingum sem samkvæmt framansögðu hafa verið án samnings við stofnunina. Þeir sjúklingar sem leitað hafa til fyrrgreindra sérfræðinga hafa því þurft að greiða læknisverkin að fullu og hafa greiðslur verið samkvæmt ákvörðun sérfræðings í hverju tilviki.

Í frv. er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að endurgreiða sjúklingum, sem leita til sérfræðinga sem sagt hafa sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins, hlut sjúkratrygginga vegna þessara læknisverka. Ekki þykir þó rétt að láta ákvæðið ná til þeirra sérfræðinga sem kynnu að vilja starfa áfram án samnings við Tryggingastofnun ríkisins. Því er gert ráð fyrir að sjúklingar fái ekki endurgreiðslu fyrr en viðkomandi sérfræðingur hefur endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Endurgreiðslur miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur frá 7. mars 1996 þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiði ávallt það sama og hún hefði greitt ef viðkomandi sérfræðingur hefði verið með samning við stofnunina.

Eins og ég vék að á undan hafa greiðslur verið í samræmi við ákvörðun sérfræðings hverju sinni. Því má gera ráð fyrir að greiðslur hafi í ýmsum tilvikum verið hærri en fyrrgreindur samningur gerði ráð fyrir. Ekki þykir þó fært að víkja frá þeirri meginreglu að fjárhæð greiðslna almannatrygginga sé ávallt í samræmi við stjórnvaldsákvörðun eða samning. Einnig má benda á að með því að hafa greiðslur mismunandi eftir því hvernig einstakir sérfræðingar hafa verðlagt þjónustu sína má segja að verið væri að gefa út óútfyllta ávísun á ríkissjóð.

Til þess að fá endurgreiðslu þarf sjúklingur að framvísa fullnægjandi reikningi. Samkvæmt kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjmrn. er áætlað að þær endurgreiðslur geti numið um 30–50 millj. kr. Ég bendi hins vegar á að hér er um að ræða kostnað sem Tryggingastofnun ríkisins hefði greitt ef viðkomandi sérfræðingur hefði ekki sagt sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins og því ekki um að ræða neinn viðbótarkostnað miðað við það sem annars hefði verið.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í upphafi máls míns hafa sjúklingar sem leitað hafa til þeirra sérfræðinga sem sagt hafa sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins þurft að greiða þjónustuna að fullu. Á sama tíma hefur Tryggingastofnun í raun sparað sér greiðslur á hluta sjúkratrygginga vegna slíkra læknisverka. Vegna þessara sérstöku aðstæðna tel ég nauðsynlegt að koma til móts við þá sjúklinga með því að veita Tryggingastofnun heimild til að endurgreiða hlut sjúkratrygginga, enda verður um tímabundið ástand að ræða þar til sérfræðingar endurnýja samning sinn við stofnunina.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[18:39]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Hér liggur fyrir stjórnarfrv. um breytingu á almannatryggingum. Ég er í hópi stjórnarþingmanna og hef mikinn og einlægan vilja til að styðja mína góðu stjórn, en þó hef ég miklar efasemdir um frv. sem hér er lagt fram, og tel að heldur fljótfærnislega sé að málum staðið. Ég veit mjög vel, enda kemur það fram alls staðar, að við höfum staðið í þessari deilu, Tryggingastofnun og heilbrrn. við lækna og það hefur skapað mjög mikil vandamál hjá sjúklingum. Ég tek undir að það er mjög alvarlegt.

Ég er hins vegar þess fullviss að hið rétta hjá minni góðu ríkisstjórn hefði verið að breyta þeim samningum á þann veg að setja einhliða taxta og ef til þess hefði skort lagaheimildir hefði átt að afla þeirra á Alþingi. Það hefðu verið hin réttu viðbrögð ríkisstjórnarinnar.

Hér er farið, herra forseti, með mjög vafasama hluti, þ.e. að áætla að borga mönnum eftir á það sem þeir læknar unnu sem voru ekki með samning við Tryggingastofnun ríkisins.

Herra forseti. Við verðum að líta þannig á að uppsögn lækna, sem verktaka, við Tryggingastofnun ríkisins sé þrýstiaðgerð vegna kjara, vegna launa. Því er uppsögn þeirra ígildi verkfalls. Ég held að staða okkar sé hörmuleg gagnvart öðrum starfsstéttum landsins ef við stöndum frammi fyrir því að hafa búið til lög sem ákvarða að þeir sem eru í verkfalli eða verkfallsígildi skuli fá greidd laun eftir á. Ég veit ekki hvernig við ættum að svara þeim starfsstéttum sem eru í kjaradeilum, t.d. sjómönnum.

Ég held líka að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða vegna þess að ég er þess fullviss að mikil samstaða ríkir um það í stjórnmálum Íslands að við stöndum þannig að heilbrigðismálum að til þeirra sé aflað með almennum sköttum og þannig sé staðið undir þeim greiðslum sem til heilbrigðismálanna fara. Ég held að mjög mikil samstaða sé um að gera þetta svona. Að við ætlum að láta samhjálpina í samfélaginu standa undir kostnaði við heilbrigðisþjónustuna og viljum ekki breyta því. Ég held að pólitísk samstaða sé um það meðal allra flokka.

Hins vegar vil ég benda á að t.d. í mínum stjórnmálaflokki, Sjálfstfl. og ég held í fleiri stjórnarflokkum, hafa menn ályktað sem svo að æskilegt væri ef við gætum einkavætt einhvern hluta heilbrigðisþjónustunnar. Ég hef tekið þátt í slíkum samþykktum og er þeim sammála. Ég hef litið þannig á að slík einkavæðing stuðli þá að því að lækka kostnað og reyna að koma upp samkeppni þannig að kostnaður geti lækkað. En til þess að svo geti orðið er ég viss um að við þurfum þá að snúa okkur að því að meta á hlutlægan hátt hver þessi störf eru. Ég veit að núna á annað ár hafa farið fram svokallaðar samningaviðræður milli Tryggingastofnunar og lækna um hvað skuli borga fyrir þessi læknastörf. Ég fullyrði að þeir samningar hafa verið fólgnir í því að hnoðast á þessu, reyna að toga og tosa um það hvað ber að greiða í stað þess sem bráðnauðsynlegt er að snúa sér að, þ.e. að meta störfin á hlutlægan hátt. Alls staðar í kerfinu, hjá Ríkisspítölunum, alls staðar, liggur fyrir kostnaðargreining aðgerða. Vandræðin eru þau að menn hafa því miður tiltölulega lítið viljað hafa með þetta að gera. En allar þessar upplýsingar af þeim gríðarlegu upplýsingum um vinnurannsóknir liggja fyrir hjá spítölunum.

Ég vil líka benda á að við höfum verið að vinna að þessum hlutum á öðrum sviðum. Ég hygg, herra forseti, að Eysteinn Jónsson, fyrrv. fjmrh., hafi byrjað fyrst að vekja

athygli á því að koma upp íslenskum stöðlum. Jóhann heitinn Hafstein, fyrrv. iðnrh. gerði mikið átak kringum 1969 og 1970 í íslenskum stöðlum og íslenskt staðlaráð hefur verið að vinna síðustu áratugina að grunnvinnunni til að við gætum unnið samkvæmt nútímanum. Ég er þess fullviss að við gætum nálgast það mjög á þennan hátt að ná yfir þessa kostnaðarliði. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig gengi t.d. hjá Vegagerðinni, Húsameistara ríkisins eða Ríkiskaupum o.s.frv. að bjóða út verk ef engir staðlar væru til. Ég held því að í heilbrigðismálunum sé lífsnauðsynlegt að vinna að því að koma upp slíkum stöðlum, vegna þess að það er lausnin á hinu eilífa reiptogi um þessa liði.

Ég er líka handviss um það, herra forseti, að nauðsynlegt er að höggva á þennan hnút, þessa löngu deilu sem er búin að vera allt of lengi milli sérfræðinganna, og mjög nauðsynlegt að heilbrrn. og Tryggingastofnun hafi húsbóndavaldið í sínum höndum. Sá sem borgar verður að ráða því annars missum við alla þessa hluti úr höndum okkar. Því hefði ég talið, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að hin rétta málsmeðferð ríkisstjórnarinnar hefði verið sú að gefa út einhliða taxta um hvað skyldi borga sérfræðingum. Ef lög leyfa það ekki í dag, þá er að afla til þeirra lagaheimilda. Ég veit að þingið hefði auðfúslega orðið við slíkri beiðni.

[18:46]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, er ekki sammála mér varðandi þá lagabreytingu sem liggur fyrir þinginu. Ég held að það sé vegna grundvallarmisskilnings sem kom fram í máli hans áðan. Hann sagði að óeðlilegt væri að greiða mönnum laun í vinnudeilu. Ég er alveg sammála því, enda er ekki um það að ræða í þessu tilviki. Við erum eingöngu að ræða um það að þeir sjúklingar fái endurgreitt sem eru hjá þeim læknum sem ekki eru á taxta Tryggingastofnunar í dag en verða það innan skamms tíma vonandi. Það er eingöngu verið að minna þá sjúklinga á, sem fara til þeirra lækna, að halda saman reikningum sínum til að hægt sé að endurgreiða þeim eftir á, því það er ekki hugsað að Tryggingastofnunin sem slík safni einhverjum fjármunum vegna þessarar deilu.

Annað grundvallaratriði sem við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson erum ekki sammála um — við erum reyndar oftast sammála þannig að það er ekki nema tilbreyting í því að við skiptumst nú á skoðunum — er að heilbrrn. og Tryggingastofnun eigi að setja einhliða taxta. Ja, svo mikið veit fyrrv. formaður Vinnuveitendasambandsins í samningamálum að þá fyrst mundi flotinn sigla að landi ef þannig væri að málum staðið.

[18:48]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég misskil alls ekki þetta lagafrv. Ég veit að frv. er lagt fram undir þeim þrýstingi að óbærilegt sé að þeir sjúklingar fái ekki sinn hlut greiddan, sem hafa leitað sér lækninga hjá læknum sem hafa ekki samninga. Ég veit alveg nákvæmlega um það, enda stendur það nákvæmlega skráð hér.

Ég er bara að halda því fram að með því að stíga þetta skref, með fullri virðingu og fullum skilningi á þörfum sjúklinganna, þá sé ráðuneytið að missa tökin vegna þess að menn geta leikið þennan leik áfram. Þeir geta byrjað á því hvenær sem er að segja bara upp, byrja síðan að vinna, segja öllum: Ja, þið fáið borgað þegar við semjum næst. Það er enginn vandi fyrir bankastofnanir og hvern sem er að taka að sér að fjármagna þetta. Á nokkrum árum gætum við misst þetta úr höndunum. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég efast um þessa málsmeðferð ríkisstjórnarinnar. Ég tel að hitt hefði verið réttara vegna þess að þá gætu sjúklingarnir fengið þetta endurgreitt. Ég hef ekkert á móti því. Það er nákvæmlega rétt hjá hæstv. ráðherra að mjög brýnt er að sjúklingarnir fái sínar greiðslur vegna þess að það er óbærilegt fyrir fátækt fólk að fá ekki greidda læknisaðstoð hjá hinu opinbera. Ég bara efast um þessa málsmeðferð.

Það kann að vera, herra forseti, að þá fyrst sigli flotinn í land, en stundum þurfa menn að takast á. Þessar deilur eru búnar að standa á annað ár. Það gengur ekki. Á annað ár hafa menn verið að reyna að ná samningum en það hefur bara ekkert gengið. Við getum ekki sætt okkur við það þó að slík lagasetning, eins og ég lagði til, stefni flotanum kannski í land. Þetta er neyðarráðstöfun vegna þess að þetta er búið að standa á annað ár. Ég minni á að menn voru reiðubúnir til þess, þar á meðal ég, að taka í taumana þó að verkfall hefði verið búið að standa í mjög stuttan tíma. En þessi vinnustöðvun eða uppsögn samninga, slík þrýstiaðgerð er búin að standa á annað ár þannig að ég tel mjög brýnt að grípa til ráðstafana.

[18:50]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við verðum ekkert sammála um þetta, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Út af fyrir sig er það allt í góðu lagi. En ég ætla að minna hv. þm. á það að ef hann hefði fylgst með þessum samningaviðræðum sem hafa verið í alvarlegri umræðu síðan í september sl., þá komst fyrst hreyfing á málið eftir að þetta var ákveðið, þ.e. að fara þessa leið. Og það er búið að semja við meginþorra þeirra 17 sérfræðigreina sem verið er að semja fyrir. Þar sem hnífurinn stendur í kúnni eru einstaka skurðlæknissvið sem gengur illa að semja við, ég viðurkenni það fúslega, og kröfur hafa verið alveg út úr öllu korti. En þar sem hreyfing var að komast af stað og við vorum að ná jafnvægi í þessari umræðu, þá var rétt að minna sjúklinga á að halda sínum reikningum til haga. Um það snýst þetta frv. sem hér liggur fyrir.

[18:51]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann rétt að vera hjá hæstv. ráðherra að við verðum seint sammála um þetta. En mér er óskiljanlegt hvernig þetta frv. á að leiða til að frekari samningar náist. Ég mundi álykta alveg öfugt, að með því að vera búinn að tryggja sjúklingunum einhvern tíma í framtíðinni, einhvern tíma langt úti í blámanum, að þeir fengju þetta greitt, þá gætu læknar haldið áfram aðgerðum þeim mun lengur. Ég lít þannig á að ef áhrif frv. eru einhver, eru þau helst til að lengja deiluna, ekki til að stytta hana.

[18:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem við í stjórnarandstöðunni höfum lengi kallað eftir. Ég hlýt því að fagna frv. þó að ég geri athugasemdir við einstök atriði þess.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að nokkur breyting hefur orðið á afstöðu ráðherrans vegna þess að þegar á fyrri hluta þessa þings var kallað eftir slíku, mig minnir af hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur, þá hafði hæstv. ráðherra allt á hornum sér um að slíkt lagafrv. kæmi fram.

Ég vil, herra forseti, víkja að þeim athugasemdum sem ég vil gera við frv.

Í fyrsta lagi eru þeir annmarkar á frv., sem ég óttaðist þegar ég spurði hæstv. ráðherra í fyrirspurn í síðasta mánuði hvort von væri á þessu frv., að ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frv. nái til þeirra sjúklinga sem hafa þurft á þessu tímabili að leita til læknis, ef ekki näst samningar við þá lækna sem sjúklingarnir hafa leitað til. Ég vil ítreka, herra forseti, að mín skoðun er sú að þarna standi ekki allir jafnir fyrir lögum. Hér er um að ræða fólk sem er eins ástatt fyrir á þessu tímabili og það getur auðvitað ekki gengið að löggjöfin sé með þessum hætti. Ég tel það brot á lögum um réttindi sjúklinga og hef sagt það áður úr þessum ræðustól vegna þess að þar er óheimilt að mismuna sjúklingum eftir efnahag. Ég tel líka að það sé a.m.k. álitamál hvort hér sé ekki líka brot á stjórnarskránni þar sem kveðið er á um að öllum sem þurfa skuli í lögum tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika óháð efnahag. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að gæta sín aðeins hvort hér sé rétt að málum staðið. Á ekki eitt yfir alla að ganga í þessu efni, þ.e. þá sjúklinga sem hafa þurft að leita til sérfræðinga meðan þessi deila hefur staðið yfir?

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi látið skoða þetta mál sérstaklega. Ég er alveg viss um að hv. heilbrn., sem fær þetta mál til umsagnar, mun skoða þennan þátt sérstaklega. Hitt er svo annað mál hvort menn komast að þeirri niðurstöðu þegar endanlega liggur fyrir að ekki verður samið við einhverja sérfræðinga, að á þeim tímapunkti, eftir að það liggur fyrir yrði hlutur sjúklinganna ekki greiddur sem leita til þeirra. Við erum að tala um sjúklinga sem eins er statt um á ákveðnu tímabili, þ.e. frá því að samningarnir losna og þar til samningar takast og sýnt er og fyrir liggur niðurstaða um að ekki näst samningar við einhverja tiltekna sérfræðinga. Þarna er um að ræða hóp á ákveðnu tímabili sem eins var ástatt um. Eiga þeir sjúklingar sem leituðu til sérfræðinga sem ekki näst samningar við að gjalda þess að ekki hafi náðst samningar við þá? Allir þessir sjúklingar hafa beðið í mikilli óvissu um hvernig þessari endurgreiðsu yrði háttað. Ég bið því ráðherrann lengstra orða að skoða þetta mál betur.

Hæstv. ráðherra nefndi stöðuna í sérfræðingadeilunni og að samningar hefðu tekist við meginþorra sérfræðinga. Þýðir það, herra forseti, og ég beini því til ráðherra, að um leið og þetta frv. verður samþykkt, segjum að það gerist innan viku, þriggja daga eða hvað nefndin tekur sér langan tíma í þetta, að á þeim degi megi fara að endurgreiða til þeirra sjúklinga sem leitað hafa til þeirra sérfræðinga sem samið hefur verið við? Ég spyr bara til að menn átti sig á stöðunni í þessu máli. Ég skal, herra forseti, ekki taka langan tíma í að fjalla um þetta frv. en ég bendi á þennan stóra annmarka á því.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um eitt af því að fyrir liggur að þetta frv. geti kostað um 50–60 millj. kr., sem er sá kostnaður sem Tryggingastofnunin hefði eðlilega haft ef samningar hefðu verið í gildi, þannig að við getum ekki talað um nein ný útgjöld. Ég spurði hæstv. ráðherra reyndar um það í síðasta mánuði og fékk þá mjög óljós svör frá hæstv. ráðherra af því að ráðherrann nefndi á þeim tímapunkti að áhrif kjarasamninga væru ekki ljós á þeirri stundu. Ráðherrann svaraði þessu í tilefni af fyrirspurn minni sem að gefnu tilefni kom fram: Er ástæða til þess að ætla að til standi að hækka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði, meðal annars vegna þessara kjarasamninga? Nú hlýtur ráðherrann að vera eitthvað nær því hvað þessir kjarasamningar kosta. Það er búið að semja við meginþorra sérfræðinganna. Það liggur fyrir að endurgreiðslurnar eru 50–60 millj. Hefur það verið rætt, annaðhvort innan ráðuneytis hennar eða innan ríkisstjórnarinnar að hækka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði? Ef svarið er nei, herra forseti, þá spyr ég ráðherrann beinnar spurningar í því efni: Telur ráðherrann sjálfur að til greina komi að hækka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði?

Það er ákaflega mikilvægt þegar þingið er að fjalla um slíkt frv. sem við erum að fjalla um, endurgreiðslur til sjúklinga, að þingið og nefndin sem fær málið til umsagnar fái það alveg á hreint hvort þetta standi til en að við stöndum ekki frammi fyrir því þegar búið er að afgreiða þetta mál að fá það í bakið að ríkisstjórnin ætli að hækka hlutdeild sjúklinga í kostnaði. Þess vegna liggja þær spurningar fyrir, þ.e. um þann hóp sem hugsanlega verður settur til hliðar og fær engar endurgreiðslur, alveg sama hvernig á stendur fyrir honum ef svo tekst til að ekki näst kjarasamningar við einhverja sérfræðinga. Það er ólíðandi að ekki skuli það sama yfir allan þann hóp ganga. Ég spyr sérstaklega um það. Ég spyr hvenær endurgreiðsla geti hafist. Og ég spyr hvort til standi að hækka hlutdeild sjúklinga í lækniskostnaði.

[18:59]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir jákvæð viðbrögð við frv. Hv. þm. spurði þriggja spurninga. Hv. þm. spurði hvenær sjúklingar fengju endurgreitt. Það kemur skýrt fram í frv. — þegar heildarsamningar näst því að læknar eru ekki tilbúnir að skrifa undir samning fyrr en heildarsamningar näst. Það verður því ekki greitt fyrr en þeir samningar eru í höfn.

Varðandi það atriði hvort fyrirhugað sé að hækka þjónustugjöld, þá hefur það verið stefna mín að halda þjónustugjöldum niðri og þjónustugjöld hafa ekki hækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar nema um 4–5%. Við höfum haldið þjónustugjöldum niðri og munum halda þeim niðri eins og mögulegt er. Það hefur ekkert verið rætt um hækkun þjónustugjalda í þessu sambandi en við erum í dag ekki komin með þá heildartölu sem þessir samningar munu kosta. Við þurfum auðvitað að taka ákvörðun um hvar þeir fjármunir verða teknir því að við gerðum ekki ráð fyrir svo miklum hækkunum sem hafa orðið á kostnaðarliðum varðandi launahækkanir eins og við sjáum að er að gerast í dag. En það eru auðvitað ýmis ráð til þess. Hægt er að hækka skatta, hagræða eða hækka þjónustugjöld og auðvitað verða menn bara að takast á um það þegar þar að kemur.

Varðandi þriðja atriðið sem hv. þm. minntist á, að hún telur það ekki réttlátt að sjúklingar fái ekki allir endurgreitt. Þá er hv. þm. að meina þá sjúklinga sem verða hjá læknum sem ekki verða á samningi hjá Tryggingastofnun. Ég tel það algert grundvallaratriði. Það kemur mjög skýrt fram í frv. að það eru aðeins þeir einstaklingar sem leita til þeirra lækna sem eru á samningi hjá Tryggingastofnun sem fá greitt. Annars erum við komin með tvöfalt kerfi, sem ég trúi ekki að þingmenn séu sammála um að viðhafa hér því þar með værum við búin að brjóta þetta tryggingakerfi sem er svo mikilvægt þjóðinni.

[19:02]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að það liggi alveg klárt og kvitt fyrir, nema hæstv. ráðherra mótmæli því, að hún muni beita

sér gegn því að hækka gjöldin á sjúklingum. Ég gat ekki skilið ráðherrann öðruvísi. Ef það gerist síðar meir, þá hefur ráðherrann orðið undir. Það er þó greinilegt að hún mun berjast gegn slíkum tillögum ef þær koma fram.

Í annan stað spyr ég, þar sem nú er svo komið að samið hefur verið við meginþorra sérfræðinga: Hefur verið reiknað út hvað áætla megi að þessir samningar muni kosta? Hafa verið gerðir útreikningar á því? Hvenær býst ráðherrann við því að heildarsamningar náist?

Síðan er það grundvallaratriði, herra forseti, að hæstv. ráðherra misskilji mig ekki varðandi þann hóp sem hugsanlega *mun ekki fá endurgreiðslu af því að ekki muni nást* samningar við ákveðna sérfræðinga. Þar geri ég greinarmun, herra forseti. Gefum okkur að 1. mars liggi fyrir að samningar náist við tiltekinn hóp lækna og á grundvelli þess verði gerðir heildarsamningar en við einhverja lækna verði ekki gerðir samningar. Frá t.d. 1. september til 1. mars fengju sjúklingar, hjá þeim sérfræðingum sem ekki næst samningar við, ekki endurgreiðslu og yrðu áfram í sömu sporum.

Ég geri greinarmun á því hvort þessir sjúklingar fái endurgreiðslu óháð því hvort samningar náist eða ekki og því að á nýju tímabili, þegar við vitum við hverja samningar nást, gangi fólkið að því vísu hvaða læknar hafi samið. Með því að sækja til þeirra fengju menn kostnaðinn endurgreiddan en einhverjir örfáir stæðu þar fyrir utan án möguleikans á endurgreiðslu. Þá kæmi fólk til með að vita hvaða læknar það væru. En frá því að deilan hófst, þessa mörgu mánuði, hafa menn staðið í óvissu um frá hverjum fengist endurgreitt og frá hverjum ekki. Ég spyr því ráðherrann um það hvort hún sé ekki reiðubúin að endurskoða afstöðu sína hvað þennan hóp varðar. Ég er aðeins að tala um tímabilið frá því að samningunum var sagt upp og þar til séð verður hvaða samningar náist.

[19:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er keppst að því að ná samningum við alla sérfræðinga. Hvenær þeir samningar nást get ég ekki sagt frekar en almennt er hægt, áður en samningar nást. Ég veit að hv. þm. hefur fullan skilning á því.

[19:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hæstv. ráðherra komist ekki hjá því í þessari umræðu að segja til um það hvort hún geri greinarmun á þessum sjúklingum. Ég vona að fleiri þingmenn reyni að fá fram skoðun ráðherrans á því hvort greiða eigi fyrir allan þann hóp sem leitað hefur til sérfræðinga meðan þeir hafa verið án samninga. Þeir sjúklingar hafa þurft að borga lækniskostnaðinn að fullu. Ég held að heilbrn. hljóti að komast að þeirri niðurstöðu verið sé að brjóta lög um réttindi sjúklinga í þeim tilvikum að endurgreiðsla fáist ekki. Eins væri það brot á stjórnarskránni. Þannig bið ég hæstv. ráðherra, þó ekki væri nema hér í ræðustól, að lofa að hugleiða þetta mál. Ég teldi það mjög mikilvægt þar sem hæstv. ráðherra virðist ætla að gera stór mistök í þessu máli.

[19:07]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna framlagningu þessa frv. þó það sé með ákveðnum göllum sem ekki var reiknað með miðað við þá umræðu sem fram hefur farið. Þá tilkynnti hæstv. ráðherra að lagt yrði fram mál sem heimilaði greiðslur til þeirra sjúklinga sem hefðu þurft að greiða fyrir læknisþjónustu þeirra sérfræðinga sem ekki væru á samningi við Tryggingastofnun. Fyrst og fremst er það þetta atriði, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á, að ekki verði um endurgreiðslur að ræða fyrr en samningarnir hafi verið gerðir og aðeins greitt vegna þjónustu þeirra sérfræðinga sem endurnýja samning sinn við Tryggingastofnun.

Ég dreg stórlega í efa að þetta samrýmist öðrum lögum um rétt allra til þjónustu heilbrigðiskerfisins. Eins finnst mér óeðlilegt að greiðsla skuli ekki hafin til þeirra sjúklinga sem þegar hafa notað þessa þjónustu. Samningarnir, lok samninga og hverjir endurnýja samning sinn við Tryggingastofnun skiptir ekki máli. Þá er ekki verið að að búa til tvöfalt kerfi vegna þess að við lok samninga liggur það fyrir hverjir endurnýja samning sinn við Tryggingastofnun og hverjir ekki. Greiðslum til þeirra sem ekki endurnýja yrði hætt þann dag sem það yrði ljóst. Mér finnst þetta vera stór galli á frv. sem hlýtur að verða tekinn sérstaklega fyrir í umfjöllun í heilbr.- og trn. Þá þyrfti jafnframt að leita eftir áliti sérfræðinga á því hvort þetta brjóti ekki í bága við önnur lög sem í gildi eru. Í raun og veru mundi það bitna á sjúklingi sérfræðingsins ef sá sami mundi ákveða að endurnýja ekki samning sinn við Tryggingastofnun. Þeir sjúklingar sem keypt hafa þjónustu viðkomandi sérfræðings eru þá þeir einu sem gjalda þessa. Á það er varla hægt að fallast.

Mér fannst koma fram mikill misskilningur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Þó að vissu leyti sé hægt að jafna saman því að læknar segi upp samningum sínum við Tryggingastofnun og því að fara í verkfall, þá er alls ekki um það að ræða að þeir sem fara í verkfallið, að mati þessa hv. þm., séu að fá eftirágreiðslu. Læknar hafa þegar fengið greiðslurnar. Það er sjúklingurinn sem geldur þessarar deilu. *Það er sjúklingurinn sem borgar.*

Mér hefur skilist á hæstv. forseta að rétt sé að við höfum þessa umræðu eins stutta og mögulegt er. Við höfum tækifæri til að taka hana upp í nefndinni og því ekki ástæða til að lengja umræðuna. Ég ætla þó að benda á að í frv. er kostnaðarumsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Í fjárlögum fyrir árið 1997 og 1998 hlýtur að hafa verið gert ráð fyrir þessum greiðslum til sérfræðinga miðað við gildandi fjárlög árið á undan. Í raun hlýtur að vera um það að ræða eins og fram kemur í þessari umsögn en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef miðað er við meðaltalskostnað Tryggingastofnunar á hverja komu til sérfræðilæknis og að 70–80 sérfræðilæknar af um 380 hafi þegar sagt sig af samningi má áætla að endurgreiddur kostnaður Tryggingastofnunar af störfum þeirra hefði numið á bilinu 50–60 millj. kr.“

Þannig virðist hafa verið gert ráð fyrir þessum kostnaði á fjárlögum 1997 og 1998. Menn gera a.m.k. ekki ráð fyrir öðru en að samningar náist og kostnaðurinn sé greiddur. Það er því ekki um nein viðbótarframlög til Tryggingastofnunar ríkisins að ræða. Þvert á móti er niðurstaða ráðuneytisins sú að þarna sparist frá áætluðum fjárlögum. Niðurstaða fjmrn. er sú að þessi greiðsla á hlut almannatrygginga í lækniskostnaði geti numið um 30–50 millj. kr. Það er töluvert minni upphæð en gert hefur verið ráð fyrir að öllu eðlilegu. Þannig má áætla að eitthvað sparist ef umsögn þeirra gengur eftir. Reikna má með því að tölurnar séu inni í fjárlögum þessa árs og síðasta þannig að eitthvað hefur sparast á síðasta ári og sú upphæð hlýtur þá að færast yfir á þetta ár.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta öllu lengra. Fyrst og fremst ber að athuga að skilyrði endurgreiðslunnar er að

sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins.

Miðað við það svar sem ég fékk frá hæstv. heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn um afleiðingar samningsslita sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins, reikna ég með að ekkert eftirlit hafi verið með útgefnum reikningum. Það sé hvorki eftirlit af hálfu Tryggingastofnunar né heilbrrn. með útgefnum reikningum þeirra sérfræðinga sem sagt hafa upp samningum enda liggi engar upplýsingar fyrir um fjölda þeirra sjúklinga sem hafa sótt þjónustu þessara sérfræðinga á þeim tíma sem þeir hafa verið án samninga. Erfitt er að átta sig á því hvort þeir reikningar sem hafa verið gefnir út eru fullnægjandi að mati Tryggingastofnunar ríkisins og hvernig með það verður farið ef sjúklingar framvísa ófullnægjandi reikningum. Það hefur ekki legið fyrir að ráðuneytið mundi nokkru sinni greiða þetta fyrr en nú á síðustu vikum. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra eða Tryggingastofnun ríkisins fara með þá reikninga sem eru ekki fullnægjandi að mati stofnunarinnar? Munu sjúklingar verða aðstoðaðir við að fá þá reikninga á þeim eyðublöðum sem Tryggingastofnun viðurkennir?

[19:14]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill láta þess getið að reiknað hafði verið með að þessum fundi lyki um klukkan sjö. Forseti hefði viljað freista þess að ljúka þessari umræðu og verður umræðunni því haldið áfram enn um stund til að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að ljúka henni á skömmum tíma. Ella verður að fresta henni. (Gripið fram í.) Fleiri mál verða ekki tekin fyrir í dag, tímans vegna. Átta mál eru eftir á dagskránni. Við erum þegar komin fram yfir tilsettan tíma og því gefst greinilega ekki tækifæri til að taka fleiri mál fyrir.

[19:15]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en mér finnst mikilvægt að svör komi frá hæstv. ráðherra sem varðar það umræðuefni sem hefur verið til umræðu hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur um þá sjúklinga sem hafa leitað til lækna sem ekki munu ná samningi við Tryggingastofnun ef þeir læknar verða einhverjir.

Samkvæmt almannatryggingalögum eru allir sjúkratryggðir sem eru með lögheimili hér á landi og samkvæmt sömu lögum eiga þeir sem þurfa að leita læknis rétt á greiðsluhlutdeild frá almannatryggingunum leiti þeir til lækna sem eru á samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Með þessu frv. er verið að opna fyrir tryggingu eftir á, ef svo má að orði komast. Með þessu bráðabirgðaákvæði verður hluti sjúklings greiddur til baka til þeirra sjúklinga sem hafa verið svo heppnir að leita til lækna sem munu ná samningi aftur við Tryggingastofnun ríkisins. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að auðvitað er verið að mismuna þarna sjúklingum því að menn vita ekki fyrir fram hverjir munu ná samningum og stór hópur lækna, t.d. allir læknar í ákveðnum sérgreinum, voru ekki með samning við Tryggingastofnun ríkisins um tíma. Þeir sjúklingar höfðu því ekkert val. Þeir sem fara til læknis sem ekki nær samningi standa uppi með allan kostnaðinn. Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að hún hugleiði hvort þarna þurfi ekki að koma til móts við þá sjúklinga sem þurfa síðan að bera allan kostnað, sjúklinga sem gerðu ráð fyrir að tryggingaskilmálarnir giltu jafnt um þá sem aðra, því vissulega er það ákveðin óheppni að lenda á þannig lækni þótt ég viti að hæstv. ráðherra vilji ná samningum við alla eða sem flesta lækna.

Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi íhugað að hún gæti t.d. komið til móts við þann hóp, ef hæstv. ráðherra er ekki tilbúin að fallast á að hlutur sjúklings hjá þessum hópi verði endurgreiddur eins og hjá þeim sem fara til lækna sem ná samningi, með því að breyta t.d. reglunum um endurgreiðslu vegna mikils læknis- og lyfjakostnaðar, reglum sem eru fyrir í Tryggingastofnun ríkisins sem reyndar miða við að hlutdeild Tryggingastofnunar sé greidd af þeim kostnaði, eða hvort hæstv. ráðherra sé tilbúin að breyta þeim reglum til að koma til móts við þá sjúklinga, því auðvitað er verið að mismuna sjúklingum gróflega ef ekki verður á einhvern hátt komið til móts við þá.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvort bráðabirgðaákvæði sem þetta sé ekki fordæmisgefandi þegar litið er til samningaumleitana og samningum við lækna í framtíðinni, þegar búið er að setja inn bráðabirgðaákvæði sem þetta. Hvort menn megi þá ekki gera ráð fyrir að það verði gripið til svipaðra úrræða í framtíðinni. Það er náttúrlega lögfræðilegt atriði en ég velti þeirri spurningu upp. En ég tel mjög mikilvægt að svar komi frá hæstv. ráðherra um það hvernig og hvort hún telji ekki eðlilegt að koma til móts við þessa sjúklinga sem samkvæmt þessu frv. munu ekki fá endurgreiddan sinn hlut af kostnaði vegna læknishjálpar.

[19:19]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Markmiðið með samningum við lækna er að allir læknar verði á samningi við Tryggingastofnun og því markmiði munum við halda til streitu og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að til séu læknar hér á landi sem eru tilbúnir til að ganga alfarið út af samningi við Tryggingastofnun og eru þar með að kljúfa þetta tryggingahugtak, sem er svo mikilvægt sjúklingum í landinu. Það er svar mitt við spurningum hv. þm. þegar þeir tala um að mismuna sjúklingum. Ég trúi því ekki að læknar ætli svo gróflega að mismuna sjúklingum. En við stefnum að því, eins og ég segi, að læknar verði allir á samningum.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hvort þetta sé fordæmisgefandi, þá er það svo með alla hluti sem gerðir eru að þeir kunna að vera fordæmisgefandi. Ég tel hér um þannig mál að ræða að það hafi ekki þolað bið þar sem hlutirnir voru komnir í þann farveg sem ég vona að verði til þess að við sjáum innan tíðar samning við sérfræðinga og þá er ég að tala um alla sérfræðinga.

Það atriði sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á, hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim 50 millj. sem eru í frv., þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir þeim. Það sem ég var að ræða um áðan var sá umframkostnaður sem verður vegna samninga við heilbrigðisstéttir, sem er nokkuð umfram það sem áætlað var.

[19:21]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki nægjanleg trygging fyrir okkur að heyra frá hæstv. ráðherra að hún trúi því ekki að læknar valdi slíkri mismunun varðandi greiðslu til sjúklinga

sem frv. gerir ráð fyrir. Það er ósköp einfaldlega ekki hlutverk lækna að tryggja jafnan rétt sjúklinga til heilbrigðisþjónustu. Það er hlutverk löggjafans og framkvæmdarvaldsins, ekki þeirra, og þess vegna er ekki hægt að fallast á að þetta svar sé nægjanlegt fyrir okkur sem viljum sjá að þeim lögum, sem eiga að tryggja jafnan rétt sjúklinga til þjónustu, sé framfylgt.

[19:22]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. sé sammála þeim markmiðum sem við setjum okkur og við ætlum ekki að hvika frá þeim markmiðum. Það er nú einu sinni samábyrgð okkar, og þá er ég að tala um heilbrigðisstarfsmenn og löggjafann, að búa þannig um hnútana að það sé jafn aðgangur og jafn réttur sjúklinga. Ef við hvikum frá þeim markmiðum sem við höfum sett okkur, þá erum við ekki í góðum málum, eins og þar stendur.

[19:23]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með þessum rökum og væru þau rétt hefðu læknar aldrei sagt upp samningum við Tryggingastofnun til að tryggja að sjúklingurinn fengi sinn hlut í greiðslunum — ef þessi rökstuðningur væri gildandi, en hann er það ekki.

[19:23]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki gefið nein svör við því hvort hún sé tilbúin til að koma til móts við þá sjúklinga sem þurfa að bera allan kostnað verði þetta frv. óbreytt að lögum. Ég kalla því eftir afstöðu hæstv. ráðherra því komi í ljós að einhverjir læknar semji ekki, ég virði markmið hæstv. ráðherrans að vilja ná samningum við alla, en komi í ljós að einhverjir læknar nái ekki samningum, er hæstv. ráðherra þá tilbúin að endurskoða afstöðu sína á þann veg að þeir sjúklingar, sem hafa þurft að bera allan kostnað vegna þess að læknar þeirra hafa ekki náð samningum, fái sinn hluta, sjúklingshlutann greiddan frá Tryggingastofnun? Er ráðherra tilbúin að endurskoða afstöðu sína komi í ljós að þeir nái ekki samningum?

Ég spyr aftur vegna þess að svar kom ekki fram í ræðu ráðherrans við þeirri spurningu í ræðu minni áðan, hvort e.t.v. kæmi til greina að koma til móts við þá sjúklinga með endurgreiðslum vegna reglunnar um endurgreiðslu mikils læknis- og lyfjakostnaðar. Ég kalla eftir því hvort hæstv. ráðherra sé tilbúin til að endurskoða afstöðu sína hvað þetta varðar. Síðan munum við auðvitað skoða þetta mál í heilbr.- og trn. þegar þar að kemur en það er mikilvægt að afstaða ráðherrans komi fram í þessari umræðu.

[19:25]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég virði það við hv. þingmenn að þeir skuli vera sammála mér varðandi markmiðin, þau eru alveg skýr. En það er ekki hægt að svara á þessari stundu einhverjum spurningum sem eru ef eða kannski. Það er það sem hv. þm. eru að þrýsta þeirri konu sem hér stendur til að svara. Ef eða kannski. Mér finnst aðalatriðið vera að við séum sammála um markmiðin. Við stefnum að þeim sameiginlega og síðan verður tekið á því sérstaklega ef þeim markmiðum verður ekki náð.

[19:26]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég túlka svar hæstv. ráðherra á þann veg að hún sé tilbúin að skoða málin ef hún nái ekki samningum við alla lækna. Við vitum að það eru ekki allir læknar á Íslandi á samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Það er því ekki ólíklegt að það geti komið upp að einhverjir semji ekki við stofnunina. Ég get ekki túlkað svar hæstv. ráðherra við spurningu minni öðruvísi en svo að hæstv. ráðherra sé tilbúin að skoða hvernig hægt er að koma til móts við þessa sjúklinga sem hafa þurft að bera allan kostnað og munu ekki fá neina endurgreiðslu ef þetta frv. verður samþykkt óbreytt, hvort hún sé tilbúin að skoða það ef sú staða kemur upp að þeir standi uppi með allan kostnaðinn.

[19:27]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kom réttilega inn á að það eru nokkrir læknar sem ekki eru á samningi við Tryggingastofnun og það mun náttúrlega jafnt yfir þá ganga og sjúklinga almennt sem eru hjá læknum sem ekki eru á samningi og vita það fyrir fram að þessir læknar eru ekki á samningi. Þetta hlýtur að vera nægilegt svar fyrir hv. þm.

[19:28]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég bið um orðið var sú að ég gat ekki beðið um andsvar aftur.

Hæstv. ráðherra sagði að við værum að þrýsta á sig vegna þess að við vildum fá svör við einhverju sem er ef eða kannski. Það er eðlilegt vegna þess að frv. felur í sér þetta ef eða kannski fyrir sjúklingana og þann vafa viljum við taka af. Þess vegna er verið að biðja ráðherra um skýrari svör en frv. felur í sér. Frv. segir ef eða kannski fyrir þá sjúklinga sem sitja uppi með þá reikninga sem þeir hafa nú þegar orðið að greiða suma hverja mjög háa sem hafa valdið þeim erfiðleikum.

[19:29]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Aðeins örstutt. Þetta var kjarni málsins sem kom fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Og enn einu sinni þurfum við að fá svör frá hæstv. ráðherra í umræðunni við þeim spurningum. Hvernig standa þeir sjúklingar eftir að heildarsamningum er náð ef læknarnir þeirra eru ekki á samningi við Tryggingastofnun? Munu þeir verða látnir bera allan kostnað eða er hæstv. ráðherra tilbúinn að koma til móts við þá? Svo einfalt er það.

Það kemur ekki fram í frv. hvort þeir muni standa uppi með allan kostnaðinn ef frv. verður samþykkt eins og það er. Þess vegna þurfa að koma svör frá hæstv. ráðherra um þetta mál núna.

[19:30]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Frv. er alveg skýrt. Þetta stendur alveg skýrt í frv. og þar er hvorki ef né kannski. Í frv. stendur að þeir sjúklingar sem eru hjá læknum, á samningi hjá Tryggingastofnun ríkisins, fái greitt. Markmiðið er að þannig skuli á málum haldið. Ég held að það þurfi ekki meiri umræðu um það.

[19:30]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er málið bara það að hæstv. ráðherra hefur ekki skilið hvað í frv. felst. Og nú er hæstv. ráðherra farin. (**Heilbrrh.**: Er ég farin hvert?) Ég sá þig ekki.

Frv. felur í sér bæði ef og kannski fyrir sjúklinga vegna þess að þeir verða að bíða. Þeir verða að bíða þar til samningar hafa náðst og síðan, ef þeirra sérfræðingur fer á samning hjá Tryggingastofnun, þá fá þeir greitt. Hinir fá ekki greitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

## 70. FUNDUR

miðvikudaginn 18. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Flutningur húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar, fsp. ÖS, 345. mál, þskj. 447.
2. Launamunur verkakvenna og verkakarla, fsp. JóhS, 469. mál, þskj. 802.

*Til viðskiptaráðherra:*

3. Nýjar starfsreglur viðskiptabankanna, fsp. JóhS, 350. mál, þskj. 484.

*Til iðnaðarráðherra:*

4. Húshitunarkostnaður, fsp. EKG, 424. mál, þskj. 747.

*Til heilbrigðisráðherra:*

5. Öldrunardeildin Ljósheimar á Selfossi, fsp. MF, 398. mál, þskj. 719.
6. Skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustu, fsp. ÖJ, 450. mál, þskj. 777.
7. Greiðslur í fæðingarorlofi, fsp. ÁÞ, 457. mál, þskj. 787.
8. Bifreiðakaupastyrkir fyrir hreyfihamlaða, fsp. ÁRJ, 461. mál, þskj. 791.

*Til umhverfisráðherra:*

9. Brunavarnir í Hvalfjarðargöngum, fsp. JóhS, 400. mál, þskj. 721.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

10. Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu, fsp. KHG, 409. mál, þskj. 730.
11. Túnfiskveiðar, fsp. KPál, 423. mál, þskj. 746.

*Til dómsmálaráðherra:*

12. Málefni Hanes-hjónanna, fsp. SJóh, 422. mál, þskj. 745.
13. Heimilisofbeldi, fsp. KÁ, 432. mál, þskj. 757.
14. Löggæsla í austurhluta Reykjavíkur, fsp. SvG, 439. mál, þskj. 766.

[13:32]

**Útbýting þingskjals:**

Umboðsmaður aldraðra, 475. mál, frv. ÓÞÞ og GÁ, þskj. 808.

### *Flutningur húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar.*

Fsp. ÖS, 345. mál. — Þskj. 447.

[13:32]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Þegar núv. ríkisstjórn hóf feril sinn, gaf hún út stefnuyfirlýsingu og í henni segir, með leyfi forseta:

„Stefnt verður að því að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið."

Í framhaldi af þessu skipaði ráðherra sérstaka nefnd. Hún skilaði af sér í janúar 1996 og lagði til að strax yrði hafist handa við að færa afgreiðslu og alla þjónustu vegna húsbréfakerfisins yfir til viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja með sérstökum þjónustusamningi.

Framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar, sem sat í nefndinni, skilaði hins vegar séráliti og sagði að hann treysti sér ekki til þess að mæla með þessum flutningi nema athugun sýndi ótvírætt að það væri skynsamlegt og hagkvæmt. Þá má einnig geta þess, herra forseti, að starfsmenn húsnæðismálastjórnar samþykktu áskorun í janúar 1997 til húsnæðismálastjórnar. Þar skoruðu þeir á hana að láta fara fram sérstaka athugun á því hvort einhver ávinningur væri af þessu fyrir viðskiptamenn stofnunarinnar og almenning í landinu.

Eins má geta þess, herra forseti, að í stjórnsýsluúttekt sem gerð var á Húsnæðisstofnun að ósk félmrh. var þessi möguleiki reifaður í niðurstöðunum. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Grundvallarforsenda þess frá rekstrarlegu sjónarmiði hlýtur þó ávallt að vera sú að fjármálastofnanir geti sinnt þessu verkefni með hagkvæmari hætti en Húsnæðisstofnun."

Svo vill til að hæstv. félmrh. er sammála þessu. Hann sagði í morgunþætti Rásar 2, hinn 30. janúar 1997, þar sem rætt var um húsbréfakerfið, með leyfi forseta:

„Við hreyfum okkur ekki nema það sé verið að finna ódýrara form á þjónustunni og öruggara." Í lok viðtalsins sagði hæstv. ráðherra: „Ég vona að það skýrist núna á útmánuðum hvort hægt er að gera þetta með ódýrari hætti heldur en verið hefur, þ.e. með því að færa þetta út í bankana. Það hefur ýmsa kosti ef Húsnæðisstofnun getur út af fyrir sig annast þetta verkefni áfram þannig að þessi þjónusta er ekki kaupandi af bönkunum ef hún er dýrari og óhentugri heldur en við fáum hana í dag."

Hæstv. félmrh. tók í sama streng í RÚV, í sunnudagsþætti hjá Kristjáni Þorvaldssyni um miðjan febrúar í fyrra, en þar sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Við förum ekki í að færa þetta til bankanna nema það verði leyst með ódýrari hætti fyrir fólkið í landinu, heldur en Húsnæðisstofnun gerir."

Herra forseti. Niðurstaðan liggur fyrir í úttekt VSÓ á kostum og göllum þess að færa afgreiðslu og þjónustu húsbréfadeildar til annarra fjármálafyrirtækja. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki verður séð að mikilvægur árangur náist með því einu að flytja afgreiðslu og þjónustu húsbréfadeildar til viðskiptabanka og sparisjóða. Slík breyting nær skammt í

frekari framþróun húsnæðislána og er helsti veikleiki hennar að hún er ekki til þess fallin að lækka kostnað við rekstur húsbréfakerfisins. Þvert á móti mun kostnaður geta aukist."

Því spyr ég, herra forseti: Hefur ráðherra fallið frá því sem stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að flytja húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar yfir til bankakerfisins?

[13:36]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vitna til ágætra ummæla minna í fjölmiðlum, sem hann gerði réttilega. Ég hef ekki skipt um skoðun síðan ég sagði það sem hann vitnaði til.

Í byrjun síðasta árs skipaði ég nefnd til að vinna að endurskipulagningu á rekstri og skipulagi Húsnæðisstofnunar. Í nefndinni eiga sæti Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður minn, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Halldór Árnason úr fjmrn., Hákon Hákonarson, stjórnarformaður húsnæðismálastjórnar, Sigurður E. Guðmundsson, forstjóri Húsnæðisstofnunar, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félmrn. Starfsmaður nefndarinnar er Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., og Sigurður Kr. Friðriksson viðskiptafræðingur sem starfaði með nefndinni um tíma.

Hlutverk nefndarinnar var að gera víðtækar tillögur um framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins. Hún hefur enn ekki skilað af sér endanlegum tillögum en starf hennar er á lokastigi. Eitt af verkefnunum er að gera tillögur um framtíð húsbréfakerfisins. Nefndinni um endurskipulagningu Húsnæðisstofnunar var m.a. ætlað að styðjast við niðurstöður stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar og niðurstöður annarrar nefndar sem skipuð var í ársbyrjun 1996 og starfaði undir forsæti Magnúsar Stefánssonar alþm. Þeirri nefnd var falið að kanna möguleika á að draga úr ríkisábyrgð í húsbréfakerfinu og færa starfsemi húsbréfadeildar frá Húsnæðisstofnun ríkisins til lánastofnana.

Nefndin um endurskipulagningu Húsnæðisstofnunar ræddi sl. vor við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um yfirtöku og afgreiðslu húsbréfa. Bankar og sparisjóðir annast nú þegar framkvæmd greiðslumats vegna umsókna viðskiptamanna sinna um húsbréfalán. Þær hugmyndir sem ræddar hafa verið eru að bankar og sparisjóðir taki yfir alla forvinnslu umsókna um húsbréfalán. Þetta yrði gert með þjónustusamningi milli Húsnæðisstofnunar og banka og sparisjóða þannig að ekki yrði um neina viðbótargjaldtöku af hálfu banka og sparisjóða að ræða. Forsenda ráðuneytisins fyrir því að teknar verði upp viðræður um að öll þjónusta og afgreiðsla húsbréfakerfisins verði færð frá húsbréfadeild til viðskiptabanka og sparisjóða er að með því náist fram aukin hagkvæmni við afgreiðslu húsbréfa, bætt þjónusta við neytendur og öryggi og jafnrétti til þess að lán raskist ekki.

Viðskiptabankar og sparisjóðir telja að til þess að geta tekið á sig aukna ábyrgð við afgreiðslu og umsýslu húsbréfa þurfi að koma til bætt aðgengi lánveitenda að upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga. Þeir telja jafnframt að nýjar reglur þurfi að koma um gerð greiðslumats húsbréfaumsækjenda.

Í samvinnu við viðskrh. skipaði ég nefnd 4. apríl sl. til þess að kanna hvernig bæta megi aðgengi lánveitenda að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántakenda. Í nefndinni áttu sæti, auk fulltrúa ráðuneytanna, fulltrúar Neytendasamtakanna, tölvunefndar, húsnæðismálastjórnar, viðskiptabanka og sparisjóða. Starfshópurinn hefur skilað af sér skýrslu með niðurstöðum og tillögum, en þar er lögð rík áhersla á að bætt aðgengi að upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga fari ekki gegn markmiðum laga um persónuvernd og verði ekki veittar nema með heimild viðkomandi viðskiptamanns.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða milli þessara aðila var undirritað 27. janúar sl. Vinna starfshóps um greiðslumat er á lokastigi og er gert ráð fyrir að á næstunni liggi fyrir tillögur um nýtt greiðslumat þar sem m.a. verði tekið tillit til neyslustaðla, fjölskyldustærðar og barnafjölda.

Frumvarpsgerð um endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar er enn fremur á lokastigi og þau frumvörp koma væntanlega til meðferðar á Alþingi innan skamms. Ég tel rétt að bíða með að semja við bankana um aukna þjónustu þar til nýtt skipulag húsnæðismála hefur tekið gildi. En ég endurtek að forsendan fyrir þessum breytingum er að mínu mati að þjónustan við viðskiptamennina batni, öryggi aukist, jafnrétti til húsbréfalána raskist ekki og nýtt skipulag verði neytendum ekki dýrara en það sem við höfum búið við.

[13:41]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir svörin. Ég tel að við breytingar á húsnæðislánakerfinu beri að hafa í huga að það raski ekki hag núverandi lántakenda og allir flutningar og breytingar á kerfinu verði að miðast við það. Einnig þurfa breytingarnar að færa kerfið í betra horf. Það þarf að bæta hag væntanlegra lántakenda. Aðgengi lántakenda að kerfinu þarf að aukast og þjónustan við þá að batna. Þegar ég tala um aðgengi lántakenda að kerfinu á ég við að ef það verður flutt til bankanna, þá batnar auðvitað aðgengi lántakenda úti á landsbyggðinni.

Þegar um svo sérhæfða og tiltölulega örugga lánastarfsemi eins og er í húsnæðiskerfinu, á að vera hægt að reka þetta á ódýrar en almenna bankakerfið. Þetta er hagkvæm lánastarfsemi.

[13:42]

**Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ræða hæstv. félmrh. var fróðlegt yfirlit yfir allar þær nefndir sem hæstv. ráðherra er að kaffæra þetta mál í. Ég verð þó að segja það hæstv. ráðherra til hróss að ræða hans var skýr í lokin. Hann sagði afdráttarlaust að hann hefði ekki skipt um skoðun. Hann segir að forsenda þess að flytja þessa þjónustu yfir til banka og lánastofnana sé að þjónustan við þá sem eiga að njóta hennar batni.

Nú vill svo til, herra forseti, að ég hef hér í höndunum svar viðskrh. við fyrirspurn minni um þjónustugjöld fjármálastofnana. Þar kemur fram að almenna reglan er sú að lántökugjöld hjá bönkum og sparisjóðum eru 100% hærri en það lántökugjald sem Byggingarsjóður ríkisins tekur af fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild kaupir. Það er því ljóst að þjónustan yrði dýrari. Hið sama er ljóst samkvæmt ráðgjafarstofu sem hæstv. ríkisstjórn hefur notað og tekið mikið mark á, til að mynda varðandi sjúkrahúsakerfið. Hér á ég við ráðgjafarstofu VSÓ.

Það er alveg sama hvað hæstv. félmrh. segir í dag eða aðrir ágætir stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun. Samkvæmt mati hlutlausrar ráðgjafarstofu kemur það skýrt fram að líklegt er að kostnaður muni aukast við að flytja þjónustu deildarinnar yfir til bankanna. Þess vegna segi ég: Annaðhvort verður hæstv. ráðherra að koma hingað og segja að hann hafi skipt um skoðun eða segja það hreint út að hann, og þar með

ríkisstjórnin, hafi enga trú á ráðgjafarstofu þeirri sem þeir hafa þó prísað og lofað í öðrum verkefnum.

Ræða ráðherrans verður að vera skýr og hann á að segja það hreint út hvort hann ætlar sér að fylgja því sem hann hefur sagt eða hvort ráðgjafarstofa VSÓ er bara punt.

[13:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég held að það sé ekki efni til þess að alhæfa neitt í þessu máli og fullyrða að þjónustan sé dýrari hjá bönkunum. Ég lít svo á að það yrði gert samkvæmt verktakasamningi og hann hefur ekki verið gerður. Hitt er alveg hárrétt hjá hv. þm. að meining mín er ekki að skapa neytendum kostnað eða óhagræði. Ég færi ekkert út í þetta nema með því að hafa trú á því og fullvissu um að neytendur muni hafa hag af breytingunni.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði um að breytingar mættu ekki raska hag neytenda. Ég mundi vilja orða það þannig að ekki megi gera hag neytenda lakari en verið hefur.

## *Launamunur verkakvenna og verkakarla.*

Fsp. JóhS, 469. mál. — Þskj. 802.

[13:46]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Fram hefur komið í fjölmiðlum að launamunur verkakvenna og verkakarla hafi aukist mikið allt frá árinu 1989. Árið 1980 voru dagvinnulaun verkakvenna 96% af launum verkakarla. Sá munur hélst óbreyttur til 1988 en 1989 jókst hann. Árið 1990 voru dagvinnulaun verkakvenna 93% af launum verkakarla og árið 1997 var hlutfallið komið niður í 87% af launum verkakarla. Hér er, herra forseti, á ferðinni mjög alvarleg þróun sem leita þarf skýringa á og leiðrétta. Í fyrsta lagi þarf að skoða hvort þessi launamunur sé innan sömu starfsgreina verkakarla og verkakvenna en þá verður að ætla að um sé að ræða brot á jafnréttislögum. Í annan stað þarf að skoða hvort um verulegan mun sé að ræða milli ólíkra starfsgreina verkafólks. Hvort tveggja er mjög alvarlegt sem kallar á að málið sé tekið föstum tökum.

Við erum að tala um þann hóp launafólks sem veikast stendur á vinnumarkaðnum og sem iðulega vinnur erfiðisvinnu fyrir laun sem eru smánarblettur á þjóðfélaginu og ekkert hægt að segja annað um en að séu undir fátæktarmörkum. Er það virkilega svo að þetta fólk hafi orðið eftir á vinnumarkaðnum og ekki notið góðs af góðærinu í þjóðfélaginu? Er það virkilega svo að þetta fólk hafi setið eftir á vinnumarkaðnum með þeim alvarlegu afleiðingum sem við sjáum birtast í launamun verkakvenna og verkakarla? Hér er m.a. um að ræða fólk í fiskvinnslu, við ræstingar, í verksmiðjum og við umönnunarstörf. Stöndum við frammi fyrir því að hagræðing í fiskvinnslunni hafi fyrst og fremst bitnað á konum og að niðurskurðurinn í heilbrigðiskerfinu og breytt form í ræstingu hafi fyrst og fremst bitnað á kvennastörfum? Er það svo að í allri hagræðingunni hjá atvinnulífinu á undanförnum árum hafi þetta fólk fyrst og fremst lent undir niðurskurðarhnífnum? Er það svo að fyrirtækin hafi hagrætt eingöngu á kostnað fólksins á gólfinu en ekki í yfirbyggingunni?

Í blaðinu Vinnan, sem gefið er út af ASÍ, er ítarlega farið yfir þetta og bent á að á undanförnum árum hafi stór hópur verkakvenna sem stóð veikast fyrir á vinnumarkaðnum orðið sérstaklega hart fyrir barðinu á margvíslegri hagræðingu og niðurskurði. Einnig er bent á að vöxtur og þensla er nú í hefðbundnum karlastéttum en hinar hefðbundnu kvennastéttir nærast ekki á góðærinu.

Og síðan er bent á og sagt orðrétt: „Ef til vill stöndum við frammi fyrir sömu þróun og verkalýðshreyfingin í Evrópu. Þar er vaxandi fjöldi starfa hlutastörf, tímabundin störf, störf sem leigð eru atvinnurekendum og verktakavinna."

Síðan er sagt að fórnarlömb þessarar þróunar séu fyrst og fremst konur.

Ég hef því borið fram fsp. til hæstv. félmrh. í tilefni af þessari alvarlegu þróun sem orðið hefur hjá konum því að þeirri þróun þarf að snúa við. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Telur ráðherra jafnréttismála ástæðu til að ætla að ákvæði jafnréttislaga hafi verið brotin þegar upplýst er um verulegan mun á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla?

Mun ráðherra með vísan til jafnréttislaga beita sér fyrir því að munur á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla verði leiðréttur?

Með síðari spurningunni er ég að leita eftir hvort hæstv. ráðherra muni hafa frumkvæði að því að kalla til aðila vinnumarkaðarins til að leita skýringa á því hvað hér er á ferðinni og hvort þessir aðilar ásamt ríkisvaldinu þurfi ekki að grípa til sérstakra aðgerða til að leiðrétta þennan launamun og fara í markvissar aðgerðir eins og aukna starfsmenntun og starfsþjálfun fyrir þetta fólk til að styrkja stöðu þess á vinnumarkaðnum.

[13:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Fyrsta spurningin hljóðaði svo: Telur ráðherra jafnréttismála ástæðu til að ætla að ákvæði jafnréttislaga hafi verið brotin þegar upplýst er um verulegan mun á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla?

Lögum samkvæmt er bannað að mismuna kynjum í launum. Það er samið um sömu launataxta fyrir bæði kyn. Fyrirtækja- og vinnustaðasamningar hljóta að vera undir sömu sök seldir, að það sé óheimilt að greiða mismunandi dagvinnulaun eftir kynjum. Hvað varðar aukagreiðslur, svo sem einstaklingsbónus þar sem mælt er vinnuframlag og afköst er tæplega unnt að tryggja með lögum að einstaklingar, hvað þá kynin, beri nákvæmlega jafnt úr býtum.

Ég treysti mér ekki hér og nú til að fullyrða að jafnréttislög séu brotin eða hafi verið brotin. Slíkt þarf vandaðri athugun en ég hef haft aðstöðu til þess að gera. En það verður tvímælalaust að greiða báðum kynjum sömu dagvinnulaun fyrir sömu vinnu. Meðaltímakaup gefur ekki fullnægjandi mynd þar sem karlar vinna fremur eftirvinnu en konur og eftirvinnutímarnir eru hærra borgaðir en dagvinnan. Kjararannsóknarnefnd hefur skilgreint þetta og ég vil, með leyfi forseta, lesa þá skilgreiningu:

„Meðaltímakaup er skilgreint sem útborguð laun, þ.e. allar tekjur á tímabilinu, deilt með fjölda unninna stunda. Greidd dagvinnulaun á mánuði eru reiknuð sem margfeldi dagvinnutíma á mánuði og meðaltals greidds tímakaups. Hreint tímakaup er skilgreint sem laun án orlofs fyrir dagvinnu, að viðbættum hvers kyns aukagreiðslum svo sem yfirborgunum, fæðis-, ferða-, fata- og verkfærapeningum, deilt með dagvinnutímanum. Greitt tímakaup er skilgreint sem hreint tímakaup að viðbættu bónusálagi."

Hér er um nokkuð flókinn útreikning að ræða. Það má hugsa sér að karlar fremur en konur fái t.d. verkfærapeninga og e.t.v. eru fleiri atriði sem erfitt er að bera saman.

*Seinni spurningin er: Mun ráðherra með vísan til jafnréttislaga beita sér fyrir því að munur á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla verði leiðréttur?*

Ég hef ritað ASÍ og VSÍ bréf sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Félmrh. hefur ákveðið að skipa þriggja manna nefnd er fái það hlutverk að kanna launamun verkakvenna og verkakarla. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands en formaður verður skipaður af félmrh. Hér með er óskað eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands á einum fulltrúa í nefndina.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna karla, sem segir:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Jafnframt skal minnt á að tilnefna ber varamann samanber skýr ákvæði stjórnsýslulaga."

Sé það tilfellið að slík nefnd komist að því að jafnréttislög hafi verið brotin og launamunur, sem ekki verði skýrður nema með kynferði, viðgangist þá ber mér hiklaust að bregðast við og leita leiða til úrbóta. Ég hef óskað samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um þetta mál. Ég er ekki með því að rengja með nokkrum hætti niðurstöður kjararannsóknarnefndar og niðurstöður kjararannsóknarnefndar hljóta að verða mjög mikilvægt málsgagn í vinnu nefndarinnar, en ég tel ástæðu til að fara yfir málið og reyna að finna ef um misbrest er að ræða. Ef launamunur er sem ekki verður skýrður nema með kynferði verðum við að grípa til aðgerða.

[13:54]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn sem vissulega er ástæða til að flytja hér í kjölfar þeirra frétta að nú séu ekki einu sinni verkakonur jafnokar karla í launum, en hjá verkafólki hefur verið minnsti munurinn á launum kvenna og karla, samanber bók Hagstofunnar, Konur og karlar '97, þar sem þessi þróun kemur mjög skýrt fram.

Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra óskar samstarfs við verkalýðshreyfinguna en í þessu máli hefur verkalýðsforustan haft skýringar, nefnilega þær að verkakonur hafi orðið fyrir pólitískum aðgerðum sem m.a. felist í útboðum á skúringum og öðru slíku og þess vegna lendi þær í verktakavinnu sem lækki laun þeirra. Mér virðist ljóst, og um það deili ég við verkalýðshreyfinguna, að þarna gætu lögbundin lágmarkslaun tryggt að þetta gerist ekki þrátt fyrir verktakavinnu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti hugsað sér að taka með einhverjum hætti á þessu máli skúringakvenna og fleiri.

[13:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins í tilefni þeirra orða sem hér voru sögð síðast að bágan hlut verkakvenna mætti að hluta til rekja til útboða á vegum ríkisins, skúringa t.d., og að heyra hæstv. ráðherra svara spurningunni um lágmarkslaun, þá vildi ég fá að vita hvort hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir því að ríkið láti af útboðum á skúringum t.d. í skólum og öðrum opinberum stofnunum.

[13:57]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þau viðbrögð sem hann hefur sýnt við þessari fyrirspurn. Ég tel að ráðherrann bregðist rétt við í þessari stöðu, að kalla til aðila vinnumarkaðarins og skipa nefnd sem fari ofan í þetta mál. Við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegri og skuggalegri þróun varðandi kjör verkakvenna en sú þróun hefur verið að eiga sér stað á undanförnum árum. Og auðvitað þarf að fara ofan í þær skýringar sem nefndar eru til. Er það t.d. svo að aðgerðir ríkisvaldsins hafi bitnað sérstaklega á ófaglærðu fólki og verkafólki? Er það svo að við stöndum okkur ekki í starfsmenntun og starfsþjálfun fyrir ófaglært fólk sem hefur bitnað á því með þessum hætti? Og er það svo að hagræðing í atvinnulífi hafi fyrst og fremst bitnað á verkafólki?

Auðvitað hlýtur nefndin að skoða alla þessa þætti og það sem t.d. kemur fram í Vinnunni um að ákveðinn hópur á vinnumarkaði hafi ekki notið sömu launaþróunar og aðrir í samfélaginu og þetta eigi sérstaklega við um hinn stóra hóp verkakvenna og þessarar þróunar megi e.t.v. leita í þeim skýringum sem ég nefndi áðan. Þetta er auðvitað mjög alvarleg staða. Þess vegna tel ég að viðbrögð hæstv. ráðherra séu rétt. Ég fagna þeim og að ráðherrann hafi brugðist við þessari fsp. með því að skipa nefnd. Og ég treysti því að eitthvað komi út úr þeirri vinnu. Í fyrsta lagi það að leiðréttur verði þessi launamunur, og ég heyri á orðum ráðherrans að hann muni beita sér fyrir því, ef það kemur fram sú skýring að hér sé um að ræða brot á jafnréttislögum. Í annan stað að almennt verði staða þessa hóps bætt á vinnumarkaðnum. Þar er ég sérstaklega að tala um starfsmenntun og starfsþjálfun. Þar hefur ríkisstjórnin ekki staðið sig sem skyldi vegna þess að á tímum góðæris hefur fjármagn til starfsmenntunar í atvinnulífinu ekkert verið aukið.

*Ég ítreka þakklæti mitt til ráðherra fyrir þessi svör og hvernig hann ætlar að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin.*

[13:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég er ekki einungis að bregðast við fyrirspurninni þó ég sé þakklátur að hafa fengið hana. Nokkru áður en hún var lögð fram setti skrifstofustjórinn í félmrn., Sigríður Lillý Baldursdóttir, sig í samband við fulltrúa frá ASÍ til að ræða þetta mál. Þetta er niðurstaðan af þeim samtölum sem við í félmrn. höfum átt við aðila vinnumarkaðarins.

Ég hef jafnframt óskað eftir samstarfi við Sókn um að greina aðstæður og leita ráða til úrbóta vegna atvinnuleysis Sóknarkvenna. Sömuleiðis hef ég leitað eftir samstarfi við VR og ég veit að báðir þessir aðilar eru tilbúnir að leggja vinnu í að leita þarna leiða.

Ég er ekki tilbúinn að fordæma útboð. Þegar útboð voru tekin upp t.d. í Vegagerðinni var ég mjög tortrygginn á þá ráðstöfun en ég hef sannfærst um að þau eiga rétt á sér. Ég er hins vegar tilbúinn að fordæma gerviverktöku og ég hef margítrekað leitað eftir samstarfi við aðila vinnumarkaðarins til að reyna að ... (**ÖJ:** Hvað með útboð á skúringum?) Ég vil ekki undanskilja skúringar. Ég tel að útboð geti komið þar til greina, en gerviverktaka er orðin meinsemd á íslenskum vinnumarkaði og ég vil vinna gegn henni.

Ég vil bíða eftir athugun nefndarinnar og í framhaldi af því taka ákvarðanir um hvað helst er til ráða.

### *Nýjar starfsreglur viðskiptabankanna.*

Fsp. JóhS, 350. mál. — Þskj. 484.

[14:02]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Nokkur umræða hefur orðið á sl. einu til tveimur árum um starfskjör bankastjóra og stjórnenda ríkisbankanna og Seðlabanka. Í framhaldi af fyrirspurnum á Alþingi hefur gagnrýnin beinst að því hve launakjör stjórnenda bankanna virðast hafa hækkað langt umfram almenna launaþróun í landinu auk þess sem gagnrýnd hafa verið mikil lífeyrisréttindi bankastjóranna. Einnig hefur gagnrýnin beinst að því að stjórnendur bankanna sitja í nefndum og stjórnum hjá fyrirtækjum tengdum bönkunum og þiggja fyrir það háar tekjur umfram bankastjóralaunin.

Sömuleiðis hafa tíðar ferðir bankastjóranna og háar dagpeningagreiðslur ásamt því að ferðakostnaður og dagpeningar hafa einnig verið greiddir mökum bankastjóranna orðið tilefni til þess að hávær krafa hefur komið fram um breytingar á þessu ferðahvetjandi fyrirkomulagi og einnig hitt að enginn virðist bera ábyrgð á því fyrirkomulagi sem gilt hefur í þessu efni. Krafa hefur því komið fram um breytingar á öllum starfskjörum stjórnendanna og að opnar og sýnilegar starfsreglur verið settar um ferðir og ferðakostnað stjórnendanna svo að hætt verði að greiða ferðakostnað og dagpeninga maka bankastjóra. Hæstv. viðskrh. hefur í kjölfar þeirra umræðna á sl. ári látið að því liggja að breytingar yrðu á launa- og starfskjörum bankastjóranna. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

Hvaða reglur munu gilda um starfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna um næstu áramót, þar með taldar aukagreiðslur fyrir setu í nefndum, stjórnum, ráðum og fyrirtækjum tengdum bönkunum og risnu- og bifreiðahlunnindi?

Hver verða heildarstarfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna með nýjum starfsreglum?

Verða settar almennar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað fyrir bankana? Ef svo er, hverjar eru þær reglur og hver mun leggja mat á nauðsyn utanlandsferða á vegum bankanna eftir breytinguna?

Mun áfram verða greiddur ferðakostnaður maka, þar með taldir dagpeningar?

Mun ráðherra beita sér fyrir því að nýjar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað og starfskjör stjórnenda bankanna verði einnig teknar upp í Seðlabankanum?

[14:04]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 484 spyr hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um nýjar starfsreglur fyrir viðskiptabankana. Í fyrirspurn hv. þm. er spurt um hvaða reglur muni gilda um starfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna þegar þeir hafa tekið til starfa, þar með taldar aukagreiðslur fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum og fyrirtækjum tengdum bönkunum og risnu- og bifreiðahlunnindi.

Sú breyting sem gerð var á launafyrirkomulagi aðalbankastjóra og bankastjóra Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. þegar þeir tóku til starfa um síðustu áramót byggir á tillögum þeirrar nefndar sem stóð að undirbúningi að stofnun hlutafélaganna og þeim áherslum sem ég lagði fyrir stjórn hlutafélaganna á stofnfundi þeirra 10. september sl. Þar var lögð áhersla á að heildarlaun bankastjóra yrðu ákveðin í ráðningarsamningi. Þannig kæmu launatengdar greiðslur fram sem heildarlaun. Í heildarlaunum væri gert ráð fyrir störfum bankastjóranna sem tengdust setu þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum bankanna. Bankastjórar fengju þannig ekki sérstaklega greitt fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum og gert var ráð fyrir að ef til slíkra greiðslna kæmi rynnu þær beint til bankanna.

Einnig var lögð áhersla á að risnugreiðslur yrðu ekki þáttur í launasamningum bankastjóranna eins og áður var en gert er ráð fyrir að bankastjórarnir geti haft afnot af bifreið í vinnu sinni.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hver verða heildarstarfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna með nýjum starfsreglum? Með ráðningu bankastjóra hlutafélagabankanna var gengið út frá því að launatengdar greiðslur yrðu í formi fastra heildarlauna eins og áður sagði. Um önnur starfskjör vísa ég til þess sem fram kom í svari mínu. Ég lít svo á að með spurningu þessari sé ekki leitað eftir upplýsingum um upphæðir, enda hef ég þegar svarað fyrirspurn um það atriði og vísa þar til fyrirspurnar Ástu R. Jóhannesdóttur á þskj. 402 sem svarað var fyrr í vetur.

Í þriðja lagi er spurt hvort settar hafi verið almennar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað fyrir bankana og þá hverjar þær reglur séu og hver muni leggja mat á nauðsyn utanlandsferða á vegum bankanna. Sérstakar reglur hafa verið settar um heimildir til að stofna til kostnaðar vegna risnu. Reglurnar byggja á því að risnukostnaður verði aðeins greiddur til að afla nýrra viðskiptasambanda, viðhalda þeim eða styrkja viðskiptatengsl. Risna verður aðeins greidd samkvæmt reikningi að uppfylltum skilyrðum um staðfest frumgögn, tilefni og fleira. Gert er ráð fyrir að bankaráðsformaður fylgist með umfangi risnukostnaðar.

Einnig hafa verið settar reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga bankastjóra hvors hlutafélagabanka. Ferðakostnaður er greiddur af bönkunum, þ.e. fargjöld og gisting með morgunmat og að bankastjórar fá dagpeninga til að standa undir öðrum ferðakostnaði. Samkvæmt reglunum er lögð áhersla á aðhald og ber að áætla árlegan ferðakostnað og gera bankaráðsformanni grein fyrir ferðakostnaði og ferðatilefnum.

Þá er spurt sérstaklega hvort greiddur verði ferðakostnaður maka, þar með taldir dagpeningar. Heimilt er að greiða fargjöld og gistingu vegna maka ef tilefni ferðanna er þannig vaxið að talið er nauðsynlegt að maki viðkomandi bankastjóra fari með í ferðina. Óheimilt er hins vegar að greiða mökum dagpeninga.

Að síðustu er spurt hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að nýjar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað og starfskjör stjórnenda bankanna verði einnig teknar upp í Seðlabankanum. Bankaráð Seðlabankans ákveður laun og ráðningarkjör bankastjóra. Það er því á ábyrgð hins þingkjörna bankaráðs hvernig reglum um ferðakostnað, risnukostnað og starfskjör bankastjóranna er háttað.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Allt er þetta nú í áttina og ljóst að aðhald og eftirlit þingsins með bönkunum og gagnrýni á starfskjör og fríðindi bankastjóra eru smám saman að skila árangri þó

vissulega finnist mér ekki hafa verið settar nægilega skýrar reglur eða að nægilega hafi verið dregið úr þeim miklu starfs- og launakjörum sem bankastjórar hafa. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hafa heildarlaun bankastjóranna, þegar ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í stjórnum og ráðum og þær greiðslur falla inn í launakjörin, staðið í stað við þá breytingu, hafa þau lækkað eða hækkað? Ég er ekki að spyrja neinna persónulegra spurninga varðandi einstaka bankastjóra þó að þessari spurningu sé svarað og bið um svör.

Ég fagna því vissulega að risnugreiðslur eru ekki lengur þáttur í launum bankastjóranna sem er með öllu óeðlilegt og settar eru ákveðnar reglur varðandi risnuna. En ég get ekki heyrt að verið sé að breyta dagpeningafyrirkomulagi til bankastjóranna. Ég gat ekki skilið það af orðum ráðherrans þannig að ég bið hann um að skýra það nánar hvort verið sé að breyta fyrirkomulaginu, t.d. þannig að dagpeningagreiðslur og ferðakostnaður hjá stjórnendum bankanna verði eins og er hjá opinberum starfsmönnum.

Síðan ber að fagna því að ekki skuli lengur greiddir dagpeningar til maka bankastjóranna sem var með öllu óeðlilegt. Samt er enn þá opnað fyrir það að makar bankastjóranna geti, ef nauðsyn beri til, farið í slíkar ferðir með bankastjórunum. Ég leyfi mér að draga í efa, herra forseti, að þarna sé kórrétt að öllu staðið og hafði vonast til að hinar nýju starfsreglur yrðu öðruvísi en hér er lýst. En ég spyr ráðherrann að því sérstaklega varðandi dagpeningana að skýra það aðeins betur, og hvort heildarlaunakjör bankastjóranna hafi breyst með nýjum starfsreglum.

[14:11]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Með þeim reglum sem ég hef þegar lýst held ég að fullyrða megi að um grundvallarbreytingu á launakjörum bankastjóranna verði að ræða eins og þau voru við ríkisviðskiptabankanna og eins og þau verða og eru núna í hlutafélagabönkunum. Hún felst m.a. í því að áður fyrr gátu bankastjórar ríkisviðskiptabankanna hækkað mjög mikið í launum eftir því hversu mörgum stjórnum, nefndum og ráðum þeir sátu í. Nú er það ekki fyrir hendi vegna þess að samið hefur verið um eina heildarlaunagreiðsu fyrir þau störf sem þeir eiga að sinna.

Á þessu stigi, og það hefur reyndar komið fram í svari mínu áður við skriflegri fyrirspurn frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, er ég ekki tilbúinn að svara heildarlaunatölum í þessum efnum. Þær upplýsingar munu birtast í ársreikningum viðkomandi fyrirtækja að loknu þeirra fyrsta starfsári. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja til á þessari stundu hvaða áhrif þessir samningar munu hafa á bein launakjör til hækkunar eða lækkunar fyrir viðkomandi starfsmenn þessara félaga.

Breytingar verða líka nokkrar á dagpeningagreiðslum án þess að ég vilji þó nákvæmlega á þessu stigi tiltaka hverjar þær eru. Ég átti kannski ekki von á því að hv. þm. væri alls kostar ánægður með reglurnar en ég held að þær séu býsna góðar fyrst hv. þm. lýsir því yfir að þær séu nú heldur í rétta átt.

## *Húshitunarkostnaður.*

Fsp. EKG, 424. mál. — Þskj. 747.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Í hinum meitlaða texta stjórnarsáttmálans segir m.a.: „Unnið verður að lækkun húshitunarkostnaðar.“ Það er ekki að ástæðulausu að þetta er sett inn í textann vegna þess að eins og menn vita þá hefur það víða verið svo á landsbyggðinni að menn hafa búið við sligandi kostnað af þessum sökum og enginn vafi er á því að þetta hefur haft veruleg áhrif á búsetuþróunina á undanförnum árum. Það kemur t.d. í ljós í ákaflega fróðlegri skýrslu, sem unnin hefur verið fyrir Byggðastofnun um rannsókn á orsökum búferlaflutninga af Félagsvísindastofnun háskólans undir forustu Stefáns Ólafssonar, að m.a. á þeim stöðum þar sem búseturöskunin hefur orðið hvað mest er óánægjan mest með húshitunarkostnaðinn. Í þessu sambandi eru nefndir staðir eins og Ísafjörður, Höfn í Hornafirði, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Eskifjörður og Vestmannaeyjar auk Akureyrar og Akraness.

Við sjáum á þessu að hér er um að ræða mjög stórt mál sem þarf nauðsynlega að takast á við. Það er með öðrum orðum ljóst að ein af forsendum fyrir að hægt sé að snúa við hinni óæskilegu búsetuþróun sem hefur orðið í landinu á undanförnum árum er að okkur takist að lækka húshitunarkostnaðinn þar sem hann hefur verið hæstur og er hæstur núna.

Það verður að segjast eins og er að í þessum efnum hafa menn haft mismikinn vilja en reynt þó og reynslan er sú, ef við skoðum þetta yfir lengra tímabil, að okkur hefur miðað ótrúlega illa. Að vísu hefur þetta þróast misjafnlega á milli staða. Til dæmis er alveg ljóst að Orkubú Vestfjarða hefur staðið sig einna best í þessum efnum. Hjá Orkubúi Vestfjarða var kostnaðurinn 1. desember 1989 2,89 kr. á kwst. en var 15. október 1996 2,30 kr. Til samanburðar tek ég Rafmagnsveitur ríkisins þar sem þróunin hefur verið sú að frá sama tíma, 1. desember 1989, var kostnaðurinn á kwst. 2,89 kr., þ.e. sá sami og hjá Orkubúinu, en var 15. október 1996 2,60 kr. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram á 121. löggjafarþingi og hæstv. iðnrh. svaraði þá og leiðir í ljós að þrátt fyrir að heldur hafi miðað í rétta átt er enn svo að ekki hafa orðið neinar stökkbreytingar, engar grundvallarbreytingar, og enn þá er þetta mjög sligandi og verulegur þáttur í útgjöldum heimilanna á þessum stöðum.

Mér er kunnugt um að hæstv. iðnrh. skipaði nefnd til að vinna að því markmiði stjórnarsáttmálans, sem ég nefndi hér, og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. á þskj. 747:

Í fyrsta lagi. Hvað líður störfum nefndar er ráðherra skipaði 23. nóvember 1995 til þess að vinna að því markmiði stjórnarsáttmálans að lækka húshitunarkostnað í landinu?

Í öðru lagi. Hvert er markmiðið með störfum nefndarinnar og er að því stefnt að tillögur hennar feli í sér tiltekna lækkun orkukostnaðar á ári?

Í þriðja lagi. Eru á döfinni frekari aðgerðir til þess að vinna að því að lækka húshitunarkostnað á þeim svæðum þar sem hann er mestur nú?

[14:16]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 747 spyr hv. þm., Einar K. Guðfinnsson, um húshitunarkostnað. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.:

Hvað líður störfum nefndar er ráðherra skipaði 23. nóvember 1995 til þess að vinna að því markmiði stjórnarsáttmálans að lækka húshitunarkostnað í landinu?

Ljóst er að verulegur munur getur verið á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis, annars vegar vegna mismunandi gjaldskráa og hins vegar vegna þess að orkunotkun á rúmmálseða flatarmálseiningu er breytileg. Mörg dæmi eru um að hitun einnar húseignar kosti tvö- til þrefalt meira en annarrar þó þær séu á sama gjaldskrársvæði og sambærilegar að öllu leyti. Ljóst er að niðurgreiðslur og afsláttur á raforku til húshitunar jafna ekki slíkan mun. Því þarf að grípa til annarra aðgerða og hlutverk umrædds starfshóps er m.a. að setja fram tillögur þar um.

Hópurinn hóf störf í lok árs 1995 og fljótlega var ljóst að kostnaður við þau verkefni sem nauðsynleg þóttu yrði töluverður. Þess vegna urðu tafir á störfum hópsins en í árslok 1996 samþykkti Alþingi breytingar á orkulögum þar sem hlutverk Orkusjóðs var útvíkkað. Með lagabreytingunni var Orkusjóði m.a. gert kleift að taka þátt í að fjármagna væntanlegar tillögur nefndarinnar.

Að undanförnu hefur verið unnið að tillögum um aðgerðir á vegum starfshópsins og þess má geta að formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum á sæti í nefndinni. Í byrjun þessarar viku samþykkti hópurinn tillögu um átaksverkefni sem hefst í vor og byrjun sumars á svæðum þar sem rafmagn er notað til húshitunar. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði stýrt af verkefnisstjórn. Í henni eiga sæti fulltrúar Rariks, Orkubús Vestfjarða, Samtaka ísl. sveitarfélaga, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Orkustofnunar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.:

Hvert er markmiðið með störfum nefndarinnar og er að því stefnt að tillögur hennar feli í sér tiltekna lækkun orkukostnaðar á ári?

Verkefni hópsins eru eins og segir í skipunarbréfi hópsins: Í fyrsta lagi að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til að draga úr notkun orku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Í öðru lagi að stuðla að því að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um húshitunarþörf og hitunarbúnað. Í þriðja lagi að sjá til þess að þeir sem nota meiri orku en eðlilegt getur talist til að hita híbýli sín eigi kost á ráðgjöf og leiðum til að draga úr orkunotkun. Það er m.a. hægt að gera með betri einangrun og stillingu hitunarkerfa. Í fjórða lagi er nefndinni ætlað að stuðla að því að húseigendur hafi aðgang að lánum til orkusparandi aðgerða.

Þriðja spurning hv. þm. er:

Eru á döfinni frekari aðgerðir til þess að vinna að lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum þar sem hann er mestur nú?

Heildsölugjaldskrá fyrir rafmagn hækkaði eins og kunnugt er um síðustu áramót. Sú hækkun hefði að óbreyttu leitt til 2–3% hækkunar á rafhitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Til að koma í veg fyrir að þessi hækkun yki rafhitunarkostnað íbúðarhúsnæðis var ákveðið að auka niðurgreiðslur til rafhitunar. Nú nema niðurgreiðslur, afsláttur orkufyrirtækja og endurgreiðsla á virðisaukaskatti, samtals um 73 þús. kr. á ári fyrir notendur með 30 þús. kílóvatta notkun á ári. Það eru um um 48% notenda á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Eins og áður segir hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum orkulaga til að gera Orkusjóði kleift að taka þátt í ýmsum verkefnum. Þar er m.a. um að ræða jarðhitaleit og heildarúttekt á möguleikum til að auka húshitun með jarðvarma á svæðum þar sem hús eru nú hituð upp með rafmagni. Að þessu verkefni veit ég að orkuráð, Orkustofnun og orkufyrirtækin Rarik og Orkubú Vestfjarða vilja vinna. Enn fremur var sjóðnum heimilað að styrkja fyrirtæki og einstaklinga við þróun og frumsmíði búnaðar sem ætlað er að draga úr óhagkvæmri orkunotkun, einkum olíunotkun og stuðla þannig að minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Orkustofnun hefur gert tillögur um skipulagða leit að heitu vatni á svæðum sem til þessa hafa verið skilgreind köld. Eins og alþjóð veit hefur að undanförnu verið að finnast heitt vatn á slíkum svæðum, svo sem undir Eyjafjöllum og í nágrenni Stykkishólms. Sem dæmi um þetta starf Orkustofnunar má nefna að fyrir frumkvæði Orkubús Vestfjarða hefur farið fram jarðhitaleit á Ísafirði þar sem vatn er hitað með raforku áður en það fer um dreifikerfi hitaveitunnar. Allt heitt vatn sem fengist úr jörðu mundi nýtast hitaveitunni án mikils tilkostnaðar. Ekki þarf að fjölyrða um hvílík búbót það yrði fyrir mörg sveitarfélög á landinu að finna heitt vatn í jörðu sem nýtanlegt væri fyrir hagkvæmt verð. Öll skilyrði til búsetu geta með slíkum fundi tekið stakkaskiptum og er því um gríðarlegt hagsmunamál byggðarlaganna að ræða.

[14:22]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta mál er nauðsynlegt að leiða til lykta. Það hefur verið til umræðu áratugum saman.

Það er brýn nauðsyn að lækka hitunarkostnað víða á landinu. Fyrst og fremst er nauðsynlegt að jafna hitunarkostnað milli Íslendinga. Það getur ekki gengið að upphitun húsnæðis sé allt að fjórfalt dýrari í Búðardal og Bolungarvík á móti sambærilegu húsnæði á Reykjavíkursvæðinu eða þar sem hitunarkostnaðurinn er lægstur. Ég er að sjálfsögðu að tala um að lækka kostnaðinn á dýru svæðunum en ekki hækka hann á þeim ódýru.

Þetta ástand hefur leitt til búseturöskunar. Þetta er eins og svo margt annað. Víða er svo dýrt að nálgast nauðsynjar úti á landi að fólkið hrökklast af svæðunum. Það leiðir síðan til verðlækkunar á eignum þess.

[14:23]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að verðlagning Landsvirkjunar til almenningsveitnanna sé veigamikið atriði í þessu sambandi. Ég er með tölur um það að Rarik skili Landsvirkjun árlega um 700 millj. kr. umfram langtímajaðarkostnað. Það segir sig sjálft að auðvitað kemur það fram í orkuverði Rariks þegar orkuöflunin er svo dýr. Á þjónustusvæði Rariks eru um 24% landsmanna en þeir skapa 42% af tekjum Landsvirkjunar til almenningsveitna. Þessar tölur segja einnig að íbúar á þjónustusvæði Rariks standa undir afborgunum, vöxtum og ekki síst arðgreiðslum til Reykvíkinga og Akureyringa, í meira mæli en aðrir landsmenn. Við gætum svo sem spurt okkur um réttlæti þess.

[14:24]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. sér sig knúinn til þess, þegar hartnær þrjú ár eru liðin af kjörtímabili núv. ríkisstjórnar, að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvernig gengið hafi að lækka orkuverð um landið allt. Hann getur þess réttilega að ein af veigameiri forsendum fyrir því að snúa við óheillaþróuninni í byggðamálum væri að lækka orkuverð. Ég er sammála honum í því. Hann segir enn fremur að „okkur", og á þá við ríkisstjórnarflokkana, hafi miðað ótrúlega illa og ég er alveg sammála þingmanninum í því. Stjórnarflokkunum hefur miðað alveg ótrúlega illa við þetta.

Skýringin kom fram í svari hæstv. iðnrh. Iðnrh. er andvígur því að jafna orkuverð um landið. Vífilengjurnar og undanslátturinn í svari hans leyndist engum sem á hlýddi og flestir sáu að ráðherrann hyggst ekkert gera til þess að lækka hið háa orkuverð á landsbyggðinni. Hann býður mönnum lán og ráðgjöf en hækkaði orkuverðið frá Landsvirkjun um síðustu áramót. Það eru ráð hæstv. iðnrh. þessarar ríkisstjórnar.

[14:26]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Jöfnun húshitunarkostnaðar hefur oft og lengi verið rædd á Alþingi og leiða leitað til að lækka hitunarkostnaðinn þar sem hann er hæstur. Kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis á Íslandi er um 5,5 milljarðar kr. á ári. Um 34% þjóðarinnar búa við dýra eða meðaldýra kyndingu. Því er augljóst að í hvert skipti sem tekst að lækka kyndingarkostnaðinn um eitt prósent, þá skiptir það þessi 34% þjóðarinnar miklu. Talið er að kostnaður við kyndingu sé um það bil tvöfalt dýrari hjá dýrum hitaveitum en ódýrum og um 25–30% dýrari hjá meðaldýrum veitum en ódýrum.

Ég er þeirrar skoðunar að auk framlaga ríkisins til niðurgreiðslu vegna rafhitunar sem hér hefur kannski mest verið rætt, þá þurfi að huga að leiðum hvað varðar dýrustu hitaveiturnar. Slíkt var gert var hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar þar sem afborganabyrði veitunnar var lækkuð m.a. með skuldbreytingum, niðurgreiðslu lána og eftirliti með þróun erlendra gjaldmiðla. Auk þess var svo Hitaveitan á Akranesi sameinuð rafveitu, vatnsveitu og áhaldahúsi bæjarins. Ríkið aðstoðaði nokkuð við þessa miklu endurskipulagningu sem skilaði verulegum árangri. Þessi fyrirtæki eru í dag mun rekstrarhæfari en þau voru áður og hafa jafnframt lækkað verð á heitu vatni verulega. Mér sýnist að það mætti skoða svipaðar aðgerðir varðandi aðrar dýrar hitaveitur.

[14:27]

**Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við fyrirspurn minni. Ég vil láta það koma hér fram að ég er heldur óánægður með þau fyrirheit sem ég fann í máli hæstv. ráðherra. Ef maður skoðar það sem hæstv. ráðherra sagði, þá var hann að benda á það, sem er auðvitað út af fyrir sig athyglisvert, að innan gjaldskrársvæðanna er kostnaður einstakra húseigenda mismunandi. Auðvitað er sjálfsagt mál að reyna að ráða bót á því. Við höfum áður séð að menn gera átak á því sviði með bættri einangrun og auknum fróðleik um það hvernig fólk geti lækkað húshitunarkostnað sinn með eigin aðgerðum og það hefur skilað árangri.

En ef við skoðum hins vegar kostnað á kílóvattstund sem er hinn raunhæfi samanburður sem við getum beitt, þá eru þær upplýsingar sem ég hef frá 15. október 1996. Ég hef ekki handbærar nýrri upplýsingar þó þær séu að sjálfsögðu til. Þar kemur það fram að kostnaðurinn hjá Hitaveitu Reykjavíkur er 1,52 kr., hjá Orkubúi Vestfjarða 2,30 kr. og Rafmagnsveitum ríkisins 2,60 kr. Auðvitað eru það þessar tölur, virðulegi forseti, sem segja okkur til um hinn raunverulega mismun á kostnaði við að kynda hús á Vestfjörðum, á Rarik-svæðinu og hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Og það er þessi kostnaðarmunur sem stingur í augun svo sviður.

Út af fyrir sig er alveg rétt að það sé mikilvægt að nýta jarðhitann eftir því sem hægt er. Menn hafa reynt þetta, t.d. í mínu kjördæmi á Drangsnesi. Eins hafa verið skoðaðir möguleikar bæði í Bolungarvík og Ísafirði en við erum ekki enn farin að sjá hvernig það fer. Ég held, hvað sem líður öllum þessum athugunum, að til þess að við getum lækkað orkukostnaðinn úti á landi, þá verði allt að koma til í senn. Landsvirkjun verður að auka afslátt sinn á orkusölu til húshitunar á næstu árum og ríkið verður að setja meira fé í að greiða kostnaðinn niður. Til viðbótar því að skipulagsbreytingar verði gerðar á orkusölumálunum, þá tel ég að með þessum hætti getum við ráðist að þessum vanda sem er alvarlegur víða um landið.

[14:30]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Þessi umræða er orðin allgömul á Alþingi Íslendinga. Raunar hefur þróunin ávallt verið sú að ódýrustu hitaveiturnar hafa náð að lækka sig það verulega að þó hinar dýrari næðu einnig að lækka verð sitt, þá hefur mismunurinn eftir sem áður verið mjög mikill. En það þýðir ekki að horfa fram hjá því að einstök sveitarfélög verða að gera það upp við sig hvort þau vilji komast í þá aðstöðu að geta samið um raforkuverð eða ekki. Lykillinn að því væru t.d. kyndistöðvar þar sem aðstaða væri til að kynda með kolum, enda er það langódýrasti orkugjafinn. Þegar Landsvirkjun sér fram á að engin viðskipti verði, nema á eðlilegu verði, þá lækka þeir sig. Það hefur ávallt verið gert, annaðhvort með því að hækka framlög ríkisins til niðurgreiðslna eða þá að þeir hafi lækkað raforkurverðið. Miðað við þær hengingarólar sem menn eru búnir að setja á sig um að menga minna, yrðu sennilega greiddir háir styrkir fyrir að hætta með kolin og leiðrétta þetta á nýjan leik.

Það er því grundvallaratriði að sveitarfélögin velti því fyrir sér að taka upp mengunarvaldandi kyndingu á þessum stöðum svo hægt sé að ná kostnaðinum niður.

[14:32]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson kom inn á að mikilvægast væri að lækka og jafna orkukostnaðinn, ég tek alveg undir það. Hins vegar kom mér á óvart og ég hafði ekki veitt því næga athygli áður að við greiðum niður stórkostlegan hluta af þessum kostnaði. Niðurgreiðslurnar, afsláttur orkufyrirtækjanna og endurgreiðsla á virðisaukaskatti nema samtals, eins og ég sagði áðan, 73 þús. kr. á ári fyrir notendur með 30.000 kílóvatta notkun á ári. Með öðrum orðum erum við í dag að greiða kostnaðinn niður um 48%, hvorki meira né minna.

Hitt stendur svo eftir að þrátt fyrir þetta munar miklu á þessum kostnaði eftir einstökum landsvæðum. Ég held að þessi kostnaður verði aldrei jafnaður með áframhaldandi niðurgreiðslum. Leita þarf nýrra leiða og ég benti á það að nú væru tækifæri til þess af hálfu Orkusjóðs og Orkustofnunar að leita að nýjum orkugjöfum á köldu svæðunum, m.a. með jarðhitaleitinni. Það sannar sig að orkukostnaðurinn er

lægstur þar sem ódýru hitaveiturnar eru og nægur jarðhiti er til staðar.

Menn horfa sem betur fer fram á breytta tíma í þessum efnum. Eigendur Landsvirkjunar hafa komist að samkomulagi, sem var mikið til umfjöllunar hér fyrir réttu ári síðan, um að marka fyrirtækinu ákveðna gjaldskrárstefnu sem byggist á því að viðhalda gjaldskránni að raunvirði fram til ársins 2000 en að lækka gjaldskrána um 2–3% á ári frá árinu 2000 til ársins 2010. Það er um 20–30% lækkun að raunvirði. Þá held ég að menn fari fyrst að sjá árangurinn af raunverulegri lækkun. (Forseti hringir.) Ég tek jafnframt undir það með hv. fyrirspyrjanda að breytt skipulag orkumála sem ríkisstjórnin hefur boðað, mun geta valdið breytingum í þessum efnum.

## *Öldrunardeildin Ljósheimar á Selfossi.*

Fsp. MF, 398. mál. — Þskj. 719.

[14:35]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í nóvember og desember sl. var gerð úttekt á húsnæði öldunardeildar Sjúkrahúss Suðurlands að Ljósheimum á Selfossi. Greinargerðum var skilað frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, frá Vinnueftirliti ríkisins og byggingarfulltrúa Selfoss. Of langt mál væri að fara yfir allar þær athugasemdir sem þessir aðilar gera við húsnæði og aðstöðu hinna öldruðu sem þarna dvelja og aðstöðu starfsmanna. Í 3. umr. um fjárlög fór ég rækilega yfir þessar niðurstöður og er skemmst frá því að segja að húsnæðið sem hýsir öldrunardeild Sjúkrahúss Suðurlands er talið með öllu ónothæft fyrir núverandi starfsemi. Það er raunar talið beinlínis hættulegt.

Þetta er ekki ný vitneskja. Þegar upphaflega var ákveðið að reka þessa öldrunardeild átti það aðeins að vera til bráðabirgða. Margir mótmæltu reyndar þeirri ráðstöfun á sínum tíma, m.a. á þeim forsendum að nær óverjandi væri að vera með rúmfasta einstaklinga að Ljósheimum. Ógerlegt væri að tryggja öryggi fólksins, t.d. ef upp á kæmi eldsvoði eða jarðskjálfti. Öll vinnuaðstaða að Ljósheimum er jafnframt fyrir neðan allar hellur. Aðstaða aðstandenda þeirra sem dvelja að Ljósheimum er slæm, vilji þeir vera nálægt sínu fólki.

Á Ljósheimum eru aldraðir langlegusjúklingar sem þurfa gífurlega mikla umönnun. Aðstaðan sem þessum öldruðu sjúklingum, aðstandendum þeirra og starfsfólki Ljósheima er boðið upp á, er til háborinnar skammar. Nú liggur fyrir, frá þeim aðilum sem ég taldi upp áðan, samdóma niðurstaða þess efnis að húsnæðið sé í óviðunandi ástandi, hvort sem um er að ræða aðstöðu sjúklinga eða starfsfólks. Hið alvarlegasta er að öryggi sjúklinga og starfsfólks er í engu tryggt.

Í niðurstöðu frá Heilbrigðiseftirlitinu segir m.a., með leyfi forseta: „Húsnæðið er óhæft til notkunar sem hjúkrunarheimili í núverandi ástandi. Gagngerar endurbætur þurfa að fara fram á húsnæðinu hið fyrsta og skal þeim lokið eigi síðar en 1. júní 1998. Í þeim felast m.a. endurnýjun á þaki yfir miðhluta hússins og að hindra allan leka og rakamyndun í húsinu. Að öðru leyti er húsið óhentugt til notkunar sem sjúkradeild vegna þrengsla og vanbúnaðar.“ Þetta eru aðeins örfáar línur úr niðurstöðunni. Of langt mál væri að fara yfir greinargerðina að öðru leyti.

Af þessum ástæðum hef ég lagt fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um öldrunardeildina og hún er svo:

„Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum sem birtust í skýrslum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vinnueftirliti ríkisins og byggingarfulltrúa Selfossbæjar varðandi húsnæði og allar aðstæður sjúklinga og starfsfólks öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi?“

[14:38]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr hvernig ráðherra hyggist bregðast við niðurstöðum í skýrslum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vinnueftirliti ríkisins og byggingarfulltrúa Selfossbæjar, varðandi húsnæði og aðstæður sjúklinga og starfsfólks öldrunardeildar Ljósheima á Selfossi.

Skýrslur þær sem hv. þm. vitnar til eru ritaðar í lok síðasta árs. Þar koma fram alvarlegar athugasemdir við aðbúnað sjúklinga og starfsfólks á Ljósheimum. Húsnæðið sem hér um ræðir hýsti áður Sjúkrahús Suðurlands og var byggt árið 1945, með viðbyggingu árið 1955, 1959 og aftur árið 1966. Húsið er því komið til ára sinna. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu árið 1984 og fram til ársins 1987 veitti Framkvæmdasjóður aldraðra samtals um 17 millj. kr. til endurbóta í húsnæðinu. Auk þess hafa ýmis félagasamtök og áhugamenn lagt fram verulega fjármuni og vinnu til að endurbæta og lagfæra húsnæðið til þess að unnt yrði að taka það í notkun sem öldrunar- og hjúkrunarheimili.

Ég veit að þingmanninum er fullkunnugt um það átak sem heimamenn stóðu fyrir af miklum myndarskap til þess að endurbæta og lagfæra húsnæðið sem öldrunar- og hjúkrunarheimili. Þetta hús er þó að mörgu leyti barn síns tíma enda var, stuttu eftir að þessar síðustu meiri háttar viðgerðir og endurbætur voru gerðar á húsnæðinu, ljóst að það gæti ekki nýst sem hjúkrunarheimili til frambúðar þar sem sífellt eldri og sjúkari einstaklingar vistuðust þar. Ýmis öryggismál og aðbúnaður hafa því smátt og smátt nálgast að vera ófullnægjandi eftir því sem sjúklingar hafa þurft meiri þjónustu.

Fyrir rösku ári síðan skipaði ég nefnd er kanna skyldi húsnæðisþörf heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. Ég vænti þess að fá álit hennar og tillögur innan skamms. Í drögum að skýrslu nefndarinnar er lagt til að á þessu ári hefjist undirbúningur að nýrri byggingu eða flutningi vistmanna Ljósheima í annað húsnæði. Ljóst er að byggja þarf nýtt húsnæði fyrir þá vistmenn sem nú eru á Ljósheimum enda er undirbúningur þess þegar hafinn í ráðuneytinu. Hins vegar mun ég bíða tillagna frá nefndinni varðandi fyrirkomulag, stærð og fleiri atriði.

Ég vil taka það fram að nú er unnið að nýbyggingu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Hveragerði, þ.e. á dvalarheimilinu Ási. Ásbyrgi fjármagnar bygginguna en ríkið mun að sjálfsögðu reka hjúkrunarheimilið. Það heimili verður tekið í notkun annaðhvort í lok þessa árs eða byrjun næsta árs. Þrátt fyrir þessar miklu framkvæmdir í Hveragerði er ljóst að þörf mun á nýju húsnæði á Selfossi til að búa núverandi vistmönnum á Ljósheimum góðar aðstæður og starfsfólki eðlilega vinnuaðstöðu.

[14:42]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég hef verið baráttumaður þess að Ljósheimar á Selfossi verði endurbyggðir. Á liðnu hausti átti ég ásamt Þorsteini Pálssyni, 1. þm. Suðurl. og hæstv. ráðherra, fund sem við höfðum óskað eftir með ráðamönnum Sjúkrahúss Suðurlands. Þar gerðum við áætlun um úttekt á ástandi Ljósheima. Húsnæðið stenst ekki kröfur um öryggi og vinnuaðstöðu. Ég þakka hæstv. heilbrrh. og starfsfólki

heilbrrn. gott samstarf að þessu máli. Ég vil jafnframt þakka þann farveg sem hæstv. heilbrrh. hefur fundið málinu. Nú sýnist mér að langþráður draumur Sunnlendinga um nýja öldrunardeild við Sjúkrahús Suðurlands verði að veruleika.

Um Ljósheima vil ég jafnframt segja, þótt húsið standist ekki þær kröfur sem gerðar eru, að þar virðist mér öldruðu fólki hafa liðið afskaplega vel. Ég hef aldrei heyrt kvartað yfir þeim stað. Ég held að þar hafi öldruðum liðið vel, þar hafi verið góður starfsandi og gott starfsfólk. Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umræðu.

[14:43]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég efa ekki að á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum hafi verið góður starfsandi og gott starfsfólk. En mér blöskruðu upplýsingarnar í úttekt þeirri er gerð var á aðstæðum sjúkraheimilisins og lesin var upp í fjárlagaumræðunni fyrir jólin. Þetta húsnæði er á mesta jarðskjálftasvæði landsins. Það eru innan við 100 ár síðan þarna urðu mannskæðir jarðskjálftar. Þvílíkar lýsingar á húsnæði þar sem sjúklingar eru rúmliggjandi, ófærir um að bjarga sér sjálfir. Þetta vakti með mér óhug og úr þessu verður að bæta. Þó að hægt verði að gera við húsið, þó það verði gert nokkurn veginn vatnshelt með umtalsverðum viðgerðum, þá verður auðvitað að gera ráð fyrir annars konar úrræðum fyrir rúmliggjandi sjúklinga. Það segir sig sjálft.

[14:44]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þetta Ljósheimamál en ég þekki af nokkurri reynslu að fólki hefur liðið ágætlega í því húsi. Þar var borið í heiminn býsna efnilegt fólk fyrr á öldinni.

En það var ekki það sem ég ætlaði að tala um heldur hitt að hæstv. ráðherra hefur komið sér upp ákveðnu kerfi. Það er alveg sama hvar nefndur er vandi aldraðra, alltaf er sama stofnunin nefnd. Ef nefndur er vandi aldraðra í Reykjavík, er elliheimilið nefnt sem verið er að byggja í Hveragerði, og ef vandi aldraðra er nefndur á Suðurlandi er Hveragerði líka nefnt. Þetta tæki heitir í gömlum bókum fjölmúlavíl og er t.d. oft hjá Halldóri Laxness. Þetta tæki er notað í sambandi við hvað sem mönnum dettur í hug og er það mjög athyglisverð nýjung sem hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir í sambandi við þetta öldrunarheimili í Hveragerði, að það á að leysa úr vanda aldraðra í öllum kjördæmum landsins. Hún hefur þegar nefnt tvö.

[14:46]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist við ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það er enginn sem efast um góðan starfsvilja og þekkingu starfsfólks á heilbrigðisstofnunum, Ljósheimum sem öðrum stofnunum, en það er lágmark að öryggissjónarmið séu í heiðri höfð þannig að starfsfólk sé ekki sett í þær aðstæður að geta ekki bjargað fólki út ef eitthvað kæmi upp á.

[14:46]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá ræðu sem hún flutti þó kannski væri í sjálfu sér óþarfi að fara yfir lýsingu á húsnæðinu, sögu byggingarinnar og endurbætur þessa húss. Við þekkjum það. Við vitum líka að stór hópur starfsfólks Ljósheima og Sjúkrahúss Suðurlands mótmælti því á sínum tíma þegar ákveðið var að hafa öldrunardeildina í þessu húsnæði.

Það er rétt að þarna höfum við haft mjög gott starfsfólk. En starfsfólkið hefur ítrekað kvartað undan vinnuaðstæðum og ekki síður kvartað undan þeim aðstæðum sem sjúklingunum er boðið upp á og aðstandendum þeirra sem vilja gjarnan dvelja með sínum þegar mikil veikindi steðja að, þá er það útilokað.

En það sem er auðvitað alvarlegast í þessu máli eru öryggisaðstæðurnar, hvað öryggi er lítið á staðnum. Það kemur beinlínis fram í skýrslum og í samtölum við starfsfólk þessa sjúkrahúss, að mjög erfitt geti verið að bjarga einstaklingum þarna út ef einhverjir alvarlegir atburðir eiga sér stað, t.d. eldsvoði eða jarðskjálfti, vegna þess að öryggisaðstæður eru ekki í lagi.

En ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu ráðherra að strax á þessu ári verði farið í hönnun eða tekin ákvörðun um að leysa þessi húsnæðismál. Hins vegar vek ég athygli á því að í skýrslu sem Heilbrigðiseftirlitið og byggingarfulltrúinn skilaði frá sér er fresturinn gefinn til 1. júní. Eftir 1. júní má leggja á dagsektir og hver á að borga þær? Það er mjög erfitt fyrir okkur eftir að hafa séð þessar skýrslur og þær niðurstöður liggja fyrir að una því að þarna verði sjúklingar áfram á þessu ári nema gripið verði til verulegra úrbóta á húsnæðinu meðan beðið er eftir öðru. Fresturinn er til 1. júní.

[14:49]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Mér er vel kunnugt um aðstæður allar á Ljósheimum. Ég fór þangað í heimsókn fyrir nokkru. Eftir það skipaði ég nefnd, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, sem á að gera úttekt á þörfinni og hversu stórt húsnæði þyrfti til framtíðar fyrir langlegusjúklinga á Suðurlandi.

Vegna þess að hv. þm. vitnaði í Halldór Kiljan Laxness varðandi þá byggingu sem verið er að reisa í Hveragerði, en þar er einnig verið að byggja hjúkrunarheimili og aðeins 10 mínútna akstur á milli Selfoss og Hveragerðis, þá fannst mér rétt að minna á að þar er mikil uppbygging í gangi fyrir eldri borgara en ég sagði það jafnframt í ræðu minni að það muni ekki uppfylla þá þörf sem er á Suðurlandi. Og það er þess vegna sem undirbúningur er þegar hafinn í heilbrrn. varðandi nýframkvæmdir við hjúkrunarheimili á Selfossi.

[14:50]

**Útbýting þingskjala:**

Áfengis- og vímuvarnaráð, 479. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 814.

Gjald af áfengi, 480. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 815.

Stimpilgjald, 481. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 816.

## *Skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustu.*

Fsp. ÖJ, 450. mál. — Þskj. 777.

[14:50]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því opinberlega yfir að unnið sé að gerð þjónustusamninga innan heilbrigðisþjónustunnar og jafnframt að stefnumótun um framtíð hennar. Nú segir það sig sjálft að mjög mikilvægt er að vel sé að þessu staðið og um niðurstöðurnar ríki sem víðtækust sátt. Innan heilbrigðisþjónustunnar er verkaskipting

þannig að tvær heilbrigðissléttir, læknar og hjúkrunarfræðingar, sinna mikilvægu hlutverki í stjórnsýslunni jafnframt faglegum skyldum sínum, og hafa þannig mikil áhrif á gang mála umfram aðrar starfssléttir innan þessa geira.

Þegar hugað er að stefnumótun er fólk úr stjórnsýslunni yfirleitt kallað að borði öðrum fremur en fyrir bragðið er sú hætta fyrir hendi í umræðu af þessu tagi og þá væntanlega einnig í stefnumótun að slagsíða skapist.

Stefnumótun innan heilbrigðisþjónustunnar hér á landi mun hugsanlega kalla á endurmat á verkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar og þar af leiðandi starfssviði heilbrigðissétta. Að sjálfsögðu þarf að taka tillit til sjónarmiða einstakra starfssétta og hópa en lokaniðurstöður þurfa að vera samfélaginu öllu, þeim sem þjónustunnar njóta og skattborgurunum til hagsbóta. Til þess að tryggja slíkar niðurstöður þarf þessi vinna að hvíla á breiðum grunni og allar starfssléttir að koma að máli, sjúkraliðar og Sóknarfólk, ekki síður en læknar og hjúkrunarfræðingar. Mikilvægt er að vita hvaða starfsnefndir eru að hefja vinnu á vegum hæstv. heilbrrh. um stefnumótun og hvert sé verksvið þeirra og hvernig þær verði skipaðar en skriflega fyrirspurn mínar til ráðherra orðaði ég á þessa leið, með leyfi forseta:

Á hvern hátt hyggst ráðherra tryggja aðgang starfssétta innan heilbrigðisþjónustunnar að umræðum og ákvörðunum um svokallaða þjónustusamninga og framtíðarskipan heilbrigðiskerfisins?

[14:53]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr: Á hvern hátt hyggst ráðherra tryggja starfssléttir innan heilbrigðisþjónustunnar að umræðum og ákvörðunum um svokallaða þjónustusamninga og framtíðarskipan heilbrigðiskerfisins?

Þegar ákvarðanir eru teknar varðandi framtíðarskipan heilbrigðiskerfisins er unnið að stefnumótandi lagaframvörpum eða endurskoðun á heilbrigðislögum. Eru þá venjulega skipaðar sérstakar nefndir eða vinnuhópar til að vinna að tillögum í viðkomandi máli.

Í umræddum nefndum eða vinnuhópum eiga venjulega sæti embættismenn, sérfræðingar, fulltrúar fag- og hagsmunafélaga og síðar meir fulltrúar neytenda. Erfitt er hins vegar að koma því svo við að allar heilbrigðissléttir eigi fulltrúa í öllum þeim nefndum sem skipaðar eru þar sem þær eru alls 26 talsins. Flestar hinna þýðingarmeiri tillögur eru hins vegar sendar fagfélögum heilbrigðissétta til umsagna áður en mál eru lögð fyrir þingið eða stefnumótandi ákvarðanir eru teknar. Þannig gefst starfssléttum innan heilbrigðisþjónustunnar iðulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þeim málum er þær varða með einum eða öðrum hætti.

Á vegum heilbr.- og trmrn. fer fram margþætt starf er lýtur að framtíðarskipan heilbrigðisþjónustunnar. Má þar nefna forgangsröðunarnefnd, nefnd um endurskoðun heilbrigðisáætlunar og framtíðarsýn heilbrigðisþjónustunnar og nefnd um stefnumótun í málefnum geðsjúkra. Í þessum nefndum eiga sæti fulltrúar heilbrigðissétta, neytenda, frjálsra félagasamtaka og fleiri aðila eftir því sem við á í hverju tilviki. Ráðuneytið leggur sig líka ætíð eftir því að eiga sem víðtækast samstarf við fag- og hagsmunaaðila um málefni sem snerta hagsmuni þeirra og framtíðarskipan heilbrigðisþjónustunnar.

Þjónustusamningar snúast einkum um kaup hins opinbera á þjónustu viðkomandi heilbrigðisstofnunar, á hvaða verði hún er keypt og ýmis skilyrði um magn og gæði þjónustunnar. Þessir samningar eru gerðir á milli ráðuneytisins og yfirstjórnar viðkomandi stofnunar. Starfsmenn stofnunarinnar eiga samkvæmt lögum aðild að stjórnum heilbrigðisstofnana og fá þar væntanlega tækifæri til að fylgjast með undirbúningi samninga, taka þátt í umræðum um þá og svo endanlega að taka afstöðu til þeirra. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að stjórnendur heilbrigðisstofnana leiti álits heilbrigðissétta á faglegum hliðum slíkra samninga.

Ég vona að þetta svari þeirri fyrirspurn sem hv. þm. lagði fyrir.

[14:57]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að spyrja um hvernig væri hægt að tryggja aðgang allra starfssétta sem vinna innan heilbrigðisþjónustunnar að úrræðum og ákvörðunum um skipan mála þar. Ég þekki heilbrigðisstofnanir býsna vel og veit að þar starfa a.m.k. 15–20 ólíkir starfshópar. Það gæti því orðið flókið að koma öllum þeim hópum og þar með þeirra sjónarmiðum að við skipan mála. Ákveðnar stéttir bera lögum samkvæmt ábyrgð á þjónustu, bæði faglega og fjárhagslega þannig að það hefur auðvitað skipast svo að oft er leitað til þeirra með tilnefningu í nefndir.

Ég vil minna á að leita mætti t.d. til starfsmannaráða sem gætu þá tilnefnt í starfshópa fyrir heildina á stofnunum. Auk þess má, eins og ég veit að hefur verið gert t.d. á Landspítala, við framtíðarskipan og stefnumörkun mynda innanhússkipaða þverfaglega hópa að þá er leitað til allra starfssétta þar sem fólk getur komið sjónarmiðum sínum á framfæri sem vonandi rata alltaf inn í þann farveg þar sem ákvarðanir eru teknar.

[14:58]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Spurningin var mjög almenns eðlis og svarið er almennt eftir því. Við því er ekkert að gera, ekki var við öðru að búast. Þar kom fram að leitað yrði álits faghópa og er það hið besta mál að leitað sé sem víðast fanga í upplýsingaöflun og um alla ráðgjöf. En það sem ég er kannski fyrst og fremst að vekja athygli á er að þegar nefndir eru skipaðar, þá er leitað fyrst og fremst inn í stjórnsýsluna sjálfa og þar eru tveir hópar, tvær stéttir, sem gegna stærra hlutverki en aðrar. Það eru læknar og hjúkrunarfræðingar.

Alþingismenn fengu nýlega í hendur gögn um úttekt sem gerð var á heilbrigðisþjónustunni í Noregi. Þar kemur fram að nýta megi mannafla á mun markvissari hátt en gert hefur verið til þessa. Ráða má af þessari skýrslu að stjórnsýslustéttirnar hafi ráðið miklu um alla stefnumótun sem síðan hafi leitt út á hálan ís. Ég vara við þessu og kalla eftir sem breiðastri samvinnu þegar kemur að því að endurmeta ýmsa þætti í stjórnsýslu heilbrigðiskerfisins, þ.e. að leitað verði sem víðast fanga hjá sem flestum starfshópum og sem flestum sjónarmiðum hleypt að þeirri vinnu.

[15:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta hafi verið ágætis ábending hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni enda las ég fsp. hans áðan tvisvar upp. Það er rétt sem hv. þm. sagði, þetta er mjög almenns eðlis, en reglan er sú að þegar um þýðingarmikil mál er að ræða þá fá félagasamtök heilbrigðisstétta málið til

umsagnar og það er að mínu mati hin rétta leið. Eins og kom fram áðan er útilokað að allar 26 starfsstéttirnar fjalli um öll mál því þá mundum við aldrei taka neina ákvörðun.

### *Greiðslur í fæðingarorlofi.*

Fsp. ÁÞ, 457. mál. — Þskj. 787.

[15:02]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Herra forseti. Ég hef beint tveimur spurningum til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

1. Hvernig skilgreinir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti greiðslur á fæðingarstyrk og dagpeningum til mæðra í fæðingarorlofi? Eru greiðslurnar skilgreindar sem laun, tekjutrygging eða bætur?

2. Hvar er að finna stoð í lögum eða reglugerð fyrir ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að greiða foreldrum langveikra eða fatlaðra barna ekki umönnunarbætur á meðan móðir er í fæðingarorlofi?

Í svari fjmrh. hæstv. á þskj. 311 við fsp. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi kom fram að konur í þjónustu ríkisins njóta launa í barnsburðarleyfi í samræmi við reglugerð frá 1989 um barnsburðarleyfi. Þegar kona nýtur launagreiðslu í barnsburðarleyfi er litið svo á að hún sé enn áfram í starfi og ávinni hún sér þar af leiðandi rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda. Greitt er í lífeyrissjóð af launum í barnsburðarleyfinu. Þess ber að geta að kærunefnd jafnréttislaga telur líka að laun í fæðingarorlofi falli undir hugtakið „kjör" í skilningi jafnréttislaga.

Í lögum um félagslega aðstoð er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna sem dveljast heima eða á sjúkrahúsi. Greiðslum þessum er ætlað að koma til móts við tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu og má greiða þær frá þriggja mánaða aldri barnsins. Umönnunarbætur eru augljóslega grundvallaðar á allt öðrum forsendum en greiðslur í fæðingarorlofi. Nýlegur úrskurður tryggingaráðs um samspil fæðingarorlofs og umönnunarbóta, sem segir í raun að líta beri á fæðingarorlofsgreiðslur sem bætur og því megi ekki greiða umönnunarbætur samtímis, sýnir að ráðuneytin túlka lögin um fæðingarorlof ekki með sama hætti.

Í reglugerð heilbrrn. er miðað við að umönnunarbætur taki við af fæðingarorlofsgreiðslum þó heimilt sé að greiða bæturnar á fæðingarorlofstímabilinu. Þetta ákvæði hefur ráðuneytið túlkað á þann veg að ef barn fæðist alvarlega fatlað eða með lífshættulegan sjúkdóm getur móðir fengið umönnunarbætur gegn því að hún afsali sér fæðingarorlofsgreiðslum. Rétt er að taka það fram að launuð vinna móður á öðrum tímum skerðir ekki réttinn til umönnunarbóta.

Ef túlkun fjmrh. hæstv. og túlkun Jafnréttisráðs er höfð í huga, um að um laun sé að ræða, verður ekki annað séð en að úrskurður tryggingaráðs hafi verið á þá leið að verið sé að mismuna fjölskyldum alvarlega, fjölskyldum fatlaðra og langveikra barna.

[15:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um hvar sé að finna stoð í lögum eða reglugerð fyrir þeirri ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að greiða foreldrum langveikra og fatlaðra barna ekki umönnunarbætur á meðan móðir er í fæðingarorlofi og fær greiddan fæðingarstyrk og dagpeninga.

Umönnunargreiðslur byggjast á 4. gr. laga um félagslega aðstoð, en samkvæmt henni er Tryggingastofnun heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, og á reglugerð 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Greiðslur í fæðingarorlofi byggjast hins vegar á 15. og 16. gr. almannatryggingalaga frá 1993.

Hvað varðar fyrri hluta fyrirspurnar hv. þm., þ.e. hvernig heilbr.- og trmrn. skilgreini greiðslur fæðingarstyrks og dagpeninga til mæðra í fæðingarorlofi bendi ég á að það sem skiptir máli í þessu sambandi er hvort fæðingarstyrkur, fæðingardagpeningar og umönnunargreiðslur falli undir hugtakið „bætur" í skilningi 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt 43. gr. laga um almannatryggingar frá 1993 getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum. Bætur eru í 1. mgr. 43. gr. skilgreindar sem bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðara sem veitt er á annan hátt. Allar greiðslur samkvæmt lögum eru því bætur í skilningi 43. gr., þar með talið fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar.

Samkvæmt 13. gr. laga um félagslega aðstoð gilda ákvæði almannatryggingalaganna um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á. Í 1. gr. laganna eru taldar upp bætur félagslegrar aðstoðar og eru umönnunargreiðslur m.a. taldar þar. Hugtakið bætur er því notað í mjög víðtækri merkingu í almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð og tekur það m.a. til fæðingarstyrks, fæðingardagpeninga og umönnunargreiðslna. Samkvæmt 3. og 4. gr. reglugerðar um umönnunargreiðslur er tímabil umönnunargreiðslna frá lokum greiðslna í fæðingarorlofi til 16 ára aldurs. Þegar réttur skapast til framlengingar á greiðslum í fæðingarorlofi er foreldri hins vegar heimilt að velja þær greiðslur sem hærri eru. Hér er í raun aðeins verið að árétta það sem felst í lögunum að fæðingarorlofsgreiðslur og umönnunarorlofsgreiðslur skuli ekki greiddar á sama tíma. Hins vegar getur foreldri valið þær greiðslur sem hærri eru. Móðir sem á t.d. aðeins rétt á fæðingarstyrk getur því valið umönnunargreiðslur í staðinn og þess eru nokkur dæmi.

Loks bendi ég á að bætur félagslegrar aðstoðar, þar með taldar umönnunargreiðslur, eru heimildargreiðslur sbr. 4. gr. laga um félagslega aðstoð en þar segir:

„Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna."

Þetta kemur einnig fram í 1. gr. reglugerðar um umönnunargreiðslur en þar segir:

„Heimilt er að veita framfærendum fatlaðra og langveikra barna aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins.'

Ég tel því að framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins, að greiða foreldrum fatlaðra og langveikra barna ekki umönnunarbætur á meðan móðir er í fæðingarorlofi og fær greiddan fæðingarstyrk og dagpeninga, eigi stoð í lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og reglugerð um umönnunargreiðslur.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum benda á að tilgangur fæðingarorlofsgreiðslna er að gera foreldri fært að vera heima og annast barn sitt. Tilgangur umönnunargreiðslna er sá sami og því þykir ekki eðlilegt að greiða tvöfalt. Mér er þó ljóst að nauðsynlegt er að koma betur til móts við foreldra í

sérstökum tilvikum, t.d. vegna barna utan af landi sem þurfa að dveljast langdvölum í Reykjavík vegna læknismeðferðar. Flóknar aðgerðir, sem áður voru gerðar erlendis, eru að flytjast meira og meira inn í landið, of það er að sjálfsögðu jákvætt fyrir alla aðila. Þegar aðgerðir eru gerðar erlendis er hins vegar greiddur dvalarkostnaður en það sama á ekki við þegar foreldrar utan af landi þurfa að dveljast í Reykjavík. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu.

Nefnd á vegum Tryggingastofnunar er að vinna að tillögum til úrbóta, m.a. varðandi dvalar- og ferðakostnað og er von á áfangaskýrslu nefndarinnar innan skamms.

[15:11]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Hér hefur verið vakið máls á atriði sem var til umræðu á tryggingaráðsfundi nýlega og ber að þakka hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur fyrir að víkja að þessu. Ég held að hér sé um reginmisskilning að ræða af hálfu ráðuneytisins. Fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar eru auðvitað ígildi launa vegna þess að í flestum tilfellum missir konan vinnu við barneignina og auk þess er þetta hjálp við að fæða nýjan einstakling. Í upphafi 43. gr. almannatryggingalaga segir, með leyfi forseta:

„Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt."

Ég held að fæðingarorlof og fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur geti ekki talist bætur vegna sjúkdóma né slysa, þó það sé það nú stundum, að þá held ég að það eigi ekki við hér. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja hæstv. ráðherra af því ég hef því miður engan tíma:

Hvernig fer með konu sem er á atvinnuleysisbótum? Ef hún skyldi eignast barna sem þarfnast sérstakrar umönnunar verður hún að velja á milli atvinnuleysisbóta og umönnunar barnsins síns?

[15:12]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur rakið lagatexta og túlkun ráðuneytisins á lagatexta. Ástæðan fyrir fyrirspurn minni er auðvitað sú að ég tel að skoða þurfi túlkun heilbrrn. og Tryggingastofnunar á þessu máli og skoða það á nýjan leik í ljósi ákvarðana sem tryggingaráð hefur tekið. Ég tel að þarna sé verið að blanda saman tveimur ólíkum þáttum. Greiðslur í fæðingarorlofi hafa hingað til haft þá túlkun að þetta séu laun, þetta séu greiðslur vegna þess að foreldri gefur upp atvinnuþátttöku meðan á barnsburðarleyfi stendur. Það er ósköp skýrt, held ég, og ef ég má vitna aftur í svar hæstv. fjmrh. við fyrirspurninni fyrr í vetur kemur þar mjög glögglega í ljós að alltaf er verið að tala um laun og launaígildi enda fá konur sem taka barnsburðarleyfi allar uppbætur á laun sem þær hafa náð í gegnum samninga sína.

Umönnunarbætur til foreldra fatlaðra og langveikra barna eru allt annars eðlis. Það er verið að mæta tilfinnanlegum kostnaði sem hlýst af veikindum eða fötlun barnsins og mun meiri umönnun en er almennt lagt á foreldra ófatlaðra barna. Þarna er ekki sambærilegur hlutur á ferðinni og ég skora á hæstv. heilbrrh. að láta fara fram endurskoðun á túlkun ráðuneytisins á greiðslum umönnunarbóta og samspili þess við fæðingarorlof. Ég tel brýnt að þarna verði skorið úr og ekki verði áfram mismunun í gangi eins og mér virðist vera reyndin í dag, þ.e. að foreldrum fatlaðra og langveikra barna er gert ófært að afla sér tekna á sama grundvelli og aðrar fjölskyldur hafa.

[15:15]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Texti 43. gr. laganna um almannatryggingar er alveg skýr að okkar mati eins og fram kom í fyrri ræðu minni.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði hvort atvinnuleysisbætur féllu niður hjá konu á atvinnuleysisbótum sem fengi fæðingarorlof. Þær falla niður þannig ... (**GHelg:** Ég spurði hvort kona á atvinnuleysisbótum fengi jafnframt umönnunarbætur.) Ég þori ekki að fara nákvæmlega með það. Það er ekki á mínu borði í mínu ráðuneyti, heldur á borði félmrn. en ég skal kynna mér það og kynna síðan þinginu því mikilvægt er að ljóst sé hvernig þeim málum er háttað. En það er skýrt að sá sem er á atvinnuleysisbótum missir þær um leið og fæðingarorlofið kemur til og það er á mínu borði.

Eins og kom fram í fyrri ræðu minni eru nokkrir þættir í endurskoðun þar sem viss skörun er og Tryggingastofnun er að vinna að tillögum til heilbrrn. þar að lútandi, en ég endurtek að samkvæmt 43. gr. laganna er textinn skýr.

## *Bifreiðakaupastyrkir fyrir hreyfihamlaða.*

Fsp. ÁRJ, 461. mál. — Þskj. 791.

[15:16]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um bifreiðakaupastyrki frá Tryggingastofnun ríkisins sem greiddir eru mikið hreyfihömluðu fólki. Styrkirnir eru greiddir samkvæmt reglugerð frá 1987 en tvær breytingar hafa verið gerðar á reglugerðinni síðan. Minnisstæð er breytingin frá því fyrir þremur árum þegar með bandormi við fjárlagagerðina var tekin sú ákvörðun að fækka styrkjum. Styrkir þessir eru tvenns konar, hærri styrkir, 50 styrkir sem eru 700 þús. kr. og lægri styrkir 235 þús. kr. sem voru 600 styrkir en var fækkað niður í 335 styrki. Einnig voru reglurnar þrengdar þannig að lægri styrkirnir voru greiddir til fimm ára í staðinn fyrir fjögurra og einnig var aldurstakmark lækkað þannig að menn fengu ekki styrkinn ef þeir voru komnir yfir sjötugt.

Ég orðið vör við það og fengið margar athugasemdir frá mikið hreyfihömluðum einstaklingum, sem hafa sótt um þessa styrki, að þeim hefur verið synjað, annars vegar vegna þess að svo margir hafi sótt um styrkina og hins vegar vegna þess að þeir uppfylla ekki skilyrðin, m.a. aldurstakmörkin eða jafnvel að tekjutenging er borin fyrir um synjun.

Eftir að hafa skoðað þessi mál nokkuð tel ég að þær reglur sem gilda um bifreiðastyrkina séu ekki í takt við tímann. Það að synja hreyfihömluðum manni, fötluðum einstaklingi um styrk af því að hann er orðinn sjötugur og er fullfær um að komast leiðar sinnar en er algerlega háður því að hafa bíl, að synja honum um styrkinn er auðvitað ekki í takt við lög í landinu. Þar vil ég nefna stjórnsýslulögin, en ein af meginreglum þeirra er jafnræðisreglan, sem segir að allir skulu jafnir fyrir lögum og borgurunum skuli ekki mismunað við afgreiðslu frá stjórnvöldum. Sams konar mál skuli fá sömu afgreiðslu o.s.frv.

Ég tel að skoða þurfi þessar reglur verulega en vil gjarnan fá upplýsingar og spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Hversu

mörgum hefur verið synjað um styrk til bifreiðakaupa frá því að styrkjunum var fækkað 1996? Og hversu margir hreyfihamlaðir sem bundnir eru við hjólastól — en það er skilyrði fyrir að fá hærri styrkinn — eða með gervilimi, sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir hærri styrknum, hafa fengið synjun eða jafnvel lægri styrkinn vegna þess hve fáir hærri styrkirnir eru? Ég vil gjarnan fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðherra því að ég tel að endurskoða þurfi þessar reglur.

[15:20]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spyr hve mörgum umsækjendum um styrk til bifreiðakaupa hafi verið synjað um styrkinn á árunum 1996, 1997 og 1998. Að meðaltali hafa farið um 130 millj. kr. á þessu árabili til styrkja. Um 400 styrkir hafa verið veittir að meðaltali. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar var 659 einstaklingum synjað árið 1996, 294 einstaklingum synjað árið 1997 og 358 einstaklingum synjað árið 1998. Nokkrir af þeim sem var synjað var vegna þess að þeir voru að sækja um að kaupa bifreið innan þeirra fimm ára sem reglurnar segja til um að verði að líða milli þess að einstaklingar skipta um bíl. En varðandi hærri styrkina gildir þessi regla í þrjú ár eins og hv. þm. eflaust kannast við.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort margir hreyfihamlaðir bundnir hjólastól eða með gervilimi, sem uppfylltu skilyrði fyrir hærri styrknum, hafi fengið synjun eða lægri styrkinn vegna þess hve fáir hærri styrkirnir eru. Ástæður synjunar fyrir styrkveitingum eru ekki sérgreindar hjá Tryggingastofnun en úthlutunarnefnd fer yfir allar umsóknir og þeir einstaklingar sem verst eru haldnir líkamlega og fjárhagslega ganga fyrir styrkveitingu. Þannig byggir nefndin á læknisfræðilegu mati við úrvinnslu umsókna. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar liggur fyrir að einhverjir einstaklingar sem læknisfræðilega geta uppfyllt skilyrði fyrir hærri styrknum hafi fengið úthlutað lægri styrknum þar sem fjöldi hærri styrkjanna er takmarkaður, eða um 50, og hefur fjöldi þeirra verið óbreyttur frá upphafi eða frá árinu 1987. Ekki liggur fyrir um hve marga einstaklinga er að ræða og slíkar upplýsingar yrðu handavinna úr umsóknum á læknisfræðilegum forsendum. Starfsmenn Tryggingastofnunar telja að ekki sé um nema mjög fáa einstaklinga að ræða en treysta sér ekki til að áætla fjöldann nákvæmlega án þess að fara yfir allar umsóknir.

Vert er að benda á til frekari skýringar að árlega hafa fjórir til sjö einstaklingar af þeim 50 sem fá úthlutað hærri styrkjum fengið styrk sem nemur 40% af kostnaði þar sem þeim sé óhjákvæmilega nauðsyn að hafa yfir sérútbúinni bifreið að ráða til að sækja vinnu. Er þar í öllum tilvikum um að ræða einstaklinga sem bundnir eru hjólastól, þurfa á sérútbúnaði að halda og eru í fastri vinnu.

Ég hef áður útskýrt í svari við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur hvernig og hvenær upphæðir, réttindi og reglur um styrki til bifreiðakaupa hafa breyst á undanförnum fimm árum. Í því svari kemur fram að hærri styrkirnir eru óbreyttir, veittir til þriggja ára en lægri styrkirnir veittir til fimm ára. Þá kemur einnig fram að mun fleiri af styrkþegum hafa getað notfært sér styrkinn nú síðustu ár en áður var eða 94% nú í stað 78% áður.

Í lokin vil ég benda á, virðulegi forseti, að í síðasta mánuði gaf ég út reglugerð sem heimilar styrkþegum að kaupa notaða bifreið. Þannig var afnumið það skilyrði styrkveitingar að keypt sé ný bifreið. Þetta tel ég vera í fullu samræmi við lengri endingu bifreiða þar sem þær eru betri en áður og vegir hafa batnað mikið sem dregur úr sliti þeirra. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um frekari breytingar á reglum sem varða bifreiðamál en ég mun í næstu viku fá í hendur álit sérstakrar nefndar sem fór yfir þessi mál og samtök hagsmunaaðila áttu sæti í. Ég mun fara yfir þær tillögur áður en ákvarðanir verða teknar um frekari breytingar á reglum þessum.

[15:25]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég hef eina stutta spurningu til hæstv. ráðherra og hún er á þessa leið: Telur ráðherra það vera í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að binda akstur hreyfihamlaðra við 70 ára aldur á meðan ófötluðum er heimilt að aka bifreið allt þar til læknir metur þá óhæfa sökum heilsubrests?

[15:26]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru fleiri en spurningarnar, meira að segja kom svar við fyrirspurn sem ég hafði lagt fyrir ráðherrann fyrir þó nokkru síðan og þegar fengið svör við. En það sakar svo sem ekki að svara nógu oft.

Aftur á móti var ekki hægt að svara fyllilega þeirri spurningu sem ég beindi til ráðherrans. Engu að síður kemur fram í svari hæstv. ráðherra að árið 1996 voru synjanir tvöfalt fleiri en úthlutanir bifreiðastyrkja hreyfihamlaðra. Helmingi fleirum var synjað um styrkinn en fengu hann. Árið 1997 var nánast jafnmörgum sem fengu styrk synjað um styrkinn og sama er í ár. Þá er 385 styrkjum úthlutað en 348 synjað um styrkinn. Það segir okkur auðvitað að þessir styrkir eru of fáir.

Hæstv. ráðherra treysti sér ekki til að svara síðari fyrirspurn minni um hversu margir sem sóttu og hefðu átt rétt á hærri styrknum fengu lægri styrkinn vegna þess hvernig málum er háttað í Tryggingastofnun ríkisins og ég virði það svar. En ég veit að það eru þó nokkuð margir mikið fatlaðir einstaklingar sem hefðu átt rétt á hærri styrknum og hefðu fengið hann ef styrkirnir hefðu verið nógu margir, en fengu einungis lægri styrkinn.

Ég held að það sé rétt metið að ekki stenst lög að mismuna fólki eftir aldri eins og kom fram í fyrri ræðu minni og hjá hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur. Það stangast á við stjórnsýslulögin og jafnræðisregluna í stjórnarskránni. Ég tel því að hæstv. ráðherra verði að taka upp þessar reglur og gera þær réttlátari því að ég get ekki ímyndað mér að það sé hagur nokkurs og alls ekki ríkisins að vera að þrengja að þeim einstaklingum sem þurfa að leita aðstoðar, eins og þeirrar að fá bifreiðastyrki frá Tryggingastofnun vegna hreyfihömlunar. Það þarf að breyta þessum reglum þannig að þær verði sanngjarnar og að hægt verði að koma til móts við þá sem þurfa sannanlega slíkan stuðning.

[15:28]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta mál er eins og annað þegar kemur að því sem verið er að gera varðandi bætur almannatrygginga. Það er hvorki haus né sporður á neinu sem gert er í þeim málaflokki.

Til þess að menn tali íslensku og segi sannleikann, þá er eftirfarandi að gerast í bifreiðamálefnum öryrkja og ellilífeyrisþega: Það er verið að reyna að losna við þetta úr

Tryggingastofnun. Hvert fer það? Það fer auðvitað í tryggingafélögin. Það er verið að ýta þessu öllu þangað þó að margoft hafi komið fram að skil á lánum, þegar um lán hefur verið að ræða, hafa verið svo til 100%.

Til að bæta við, hæstv. forseti, sögum af misrétti skal ég segja eina. Manni, sem sótti nýlega um bifreiðastyrk og er kominn yfir sjötugt, var synjað af því að hann hafði ekki verið öryrki fyrir. Einungis þeir sem hafa verið öryrkjar fyrir 67 ára aldur fá þessa fyrirgreiðslu. Ef þetta er jafnrétti, þá veit ég ekki hvað jafnrétti er.

[15:30]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér var rætt um að fyllstu sanngirni yrði að gæta í þessum málum. Það er gert með læknisfræðilegu mati og fjárhagsleg geta einstaklingsins metin. Þannig ganga þeir fyrir sem mest þurfa á þessum styrkjum að halda, bæði læknisfræðilega og fjárhagslega.

Eflaust má metast um það hvort styrkirnir séu nógu margir en það ætla ég ekki að gera.

Varðandi það að hv. þm. spurði áðan hvort fólki væri ekki mismunað verulega með því að það fái ekki greidda styrki eftir sjötíu ára aldur, þá er það mikið umhugsunaratriði. Eins og einnig kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan þá er þyrftu flestir á því að halda upp úr sjötugu, eftir 70–75 ára aldur. Þá er spurningin þessi: Eiga allir aldraðir sem eiga erfitt með hreyfingar að fá þessa styrki? Þetta er spurning sem við þurfum öll að spyrja okkur. **(Gripið fram í:** Hvað segja lögin um réttindi sjúklinga?) Ég held að þetta sé nákvæmlega það sem menn verða að spyrja sig um. Eigum við að ganga svo langt að allir aldraðir fái þennan styrk, hafi þeir læknisfræðilegt mat um að þeir þurfi á því að halda og takmarkað fjármagn til að eignast sína eigin bifreið?

Ég held að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi áðan verið að tala um að menn vilji ýta þessu öllu út úr Tryggingastofnun. Það er ekki rétt. Menn vilja ekki að styrkirnir fari út úr Tryggingastofnun. En það er rétt hjá hv. þm., varðandi lánin, að mikill áhugi hefur verið fyrir því að lánin fari út úr Tryggingastofnun. Ég er hins vegar á móti því og hef staðið gegn því hingað til.

## *Brunavarnir í Hvalfjarðargöngum.*

Fsp. JóhS, 400. mál. — Þskj. 721.

[15:32]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til umhvrh. um brunavarnir í Hvalfjarðargöngum. Tilefni hennar er að Brunamálastofnun hefur gert alvarlegar athugasemdir um brunavarnir í Hvalfjarðargöngum. Þar vitna ég til bréfs brunamálastjóra til verkefnastjóra Spalar hf. frá því í september sl. en þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Brunamálastofnun hefur unnið að athugun og úttekt á þeim upplýsingum og vinnu sem unnin hefur verið á sviði brunavarna Hvalfjarðarganga og er niðurstaða þeirrar athugunar sú að mikið vanti á að þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru séu fullnægjandi. Legið hefur fyrir hjá Vegagerð ríkisins allt frá 1990 krafa undirritaðs og Brunamálastofnunar um að veggöng séu brunahönnuð af til þess hæfum aðila. Brunamálastofnun setti fram kröfu um brunahönnun Hvalfjarðaganga í bréfi til Spalar hf. þann 20. 2. 1996. Eini opinberi aðilinn eða eftirlitsaðili hér á landi sem getur um það dæmt hvort slík hönnun sé viðunandi er Brunamálastofnun. Meðfylgjandi skýrsla Brunamálastofnunar sýnir að enn hefur ekki verið tekist á við brunahönnun Hvalfjarðaganga og skýrsla sú er breska verkfræðifyrirtækið Atkins vann fyrir Spöl hf. er alls ófullnægjandi."

Í skýrslu þeirri sem brunamálastjóri vísar í hér, kemur fram samandregin niðurstaða Brunamálastofnunar þar sem hún gerir alvarlegar athugasemdir við brunaöryggi í Hvalfjarðargöngum í 13 liðum. Eftir því sem ég best veit, hefur verið farið eftir sumum ábendingum Brunamálastofnunar en ekki öðrum. Nú hefur yfirstjórn brunamála verið flutt til umhvrn. og ég tel mikilvægt að öll tvímæli séu tekin af um að lög um brunavarnir og brunamál nái til Hvalfjarðaganga þrátt fyrir ákvæði í 3. gr. samnings við Spöl hf. Þar er gert ráð fyrir að ákvörðun um gerð og búnað ganga skuli miðuð við að fullnægja norskum stöðlum um tilsvarandi jarðgöng, hvað varðar þægindi, öryggi umferðar og rekstraröryggi.

Af þessum ástæðum er eftirfarandi fyrirspurn sett fram:

1. Telur ráðherra að lög um brunavarnir og brunamál nái til brunavarna í Hvalfjarðargöngum og að Brunamálastofnun ríkisins eigi þar með að hafa eftirlitsskyldu með öryggi brunavarna í göngunum?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að farið verði eftir athugasemdum og ábendingum Brunamálastofnunar um brunavarnir í Hvalfjarðargöngum, en stofnunin hefur bent á að mikið vanti á að öryggisráðstafanir vegna brunavarna í göngunum séu fullnægjandi?

[15:35]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi benti á var þessi málaflokkur, um brunavarnir, brunamál og málefni Brunamálastofnunar, fluttur til umhvrn. um síðustu áramót. Því hefur okkur ekki gefist langur tími til að fjalla um málefni er varða þennan málaflokk. En mál það sem hv. þm. hreyfir hefur verið í umræðu og athugun á undanförnum mánuðum. Meðal annars var fjallað um það í félmrn. á sl. ári.

Varðandi fyrri lið fyrirspurnar hv. fyrirspyrjanda, um viðhorf ráðherrans, er ég ótvírætt þeirrar skoðunar að lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, sbr. lög nr. 83/1997, um breytingu á þeim lögum, nái til brunavarna í Hvalfjarðargöngum og samkvæmt því fari Brunamálastofnun ríkisins með eftirlit með brunavörnum í því mannvirki.

Hv. þm. minnir síðan á að skiptar skoðanir hafi verið um það hvort farið sé að þeim reglum sem Brunamálastofnun telur rétt að framfylgja. Síðari liður fyrirspurnarinnar er um það. Auðvitað er nauðsynlegt að þar sé farið að tillögum Brunamálastofnunar. Við höfum hins vegar átt viðræður við málsaðila á seinustu dögum. Ráðuneytið var upplýst um að hlutaðeigandi aðilar hafi átt í viðræðum um lausn málsins, þ.e. Brunamálastofnun Íslands, Vegagerðin og Spölur hf. Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þokast verulega í rétta átt og allt útlit fyrir að það sem kann að hafa borið á milli verði leyst með samkomulagi.

Hv. þm. rifjaði upp að samkvæmt bréfi eða greinargerð frá því í september sl. hafi verið tekið tillit til sumra þátta en ekki allra.

Þetta eru upplýsingar þær sem ég hef. Ég geri mér vonir um að þetta mál leysist farsællega og ekki þurfi að koma til afskipta ráðuneytisins. Ef þörf krefur mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því að farið verði eftir ábendingum Brunamálastofnunar um brunavarnir í Hvalfjarðargöngunum og

vísa þá til svars míns við fyrri lið fyrirspurnar hv. þm.

[15:38]

**Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Ég tel hann hafa svarað að fullu og öllu því sem ég spurði um. Greinilegt er að áhöld hafa verið um þetta þar sem Brunamálastofnun telur ástæðu til að óska eftir úrskurði félmrn. um það hvort brunavarnir í Hvalfjarðargöngum heyrðu undir lög um brunavarnir og brunamál. Eins hefur sjálf stofnunin leitað lögfræðilegs álits í þessu efni. Ég vildi því fá alveg afdráttarlaust, eftir að umhvrh. hefur tekið við þessum málaflokki, hvort afstaða hans væri sú hin sama.

Auðvitað er mikið í húfi með að hafa fullkomnar bruna- og öryggisvarnir í Hvalfjarðargöngum. Ekki er hægt að láta sem vind um eyrun þjóta þegar upplýst er um alvarlegar athugasemdir Brunamálastofnunar varðandi öryggi brunavarna þar.

Ég fagna því sem hæstv. ráðherra segir, að hann muni beita sér fyrir því að farið verði eftir athugasemdum og ábendingum Brunamálastofnunar. Hann getur þess jafnframt að hann telji að sá ágreiningur sem þarna hefur verið, verði leystur með samkomulagi. Ég skildi ráðherra líka svo, ég bið hann að andmæla ef ég hef ekki skilið hann rétt, að ef málið leysist ekki með samkomulagi og Brunamálastofnun telur vanta á öryggi brunavarna, þá hefði Brunamálastofnun lokaorðið í því. Ráðherra lýsti því áðan yfir að hann mundi beita sér fyrir því að eftir athugasemdum og ábendingum Brunamálastofnunar yrði farið. Ég fagna því.

[15:40]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum í það sem áður kom fram í svari mínu. Ég árétta þó að félmrn. fjallaði um málið áður í þessu ferli og komst að þessari niðurstöðu. Á þeim viðhorfum er engin breyting. Lög um brunavarnir og brunamál hljóta að gilda um brunavarnir í Hvalfjarðargöngunum.

Ég árétta einnig að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum nýjastar frá brunamálastjóra séu allar líkur á að fullkomin samstaða náist og auðvitað er það besta úrlausnin. Mikilvægt er að eins vel og tryggilega sé unnið að brunavörnum í þessu mannvirki og öðrum. Ef farið verður að settum reglum mun ekki þörf fyrir neinar stjórnvaldsaðgerðir.

Varðandi hið fyrra svar, hlýtur það að vera ljóst að umhvrh. mun þurfa að hafa afskipti af málunum ef samkomulag næst ekki.

## *Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.*

Fsp. KHG, 409. mál. — Þskj. 730.

[15:42]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. 7. maí á síðasta ári samþykkti Alþingi þál. um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum þeirra, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði."

Þegar till. var til umfjöllunar á Alþingi sl. vetur fylgdi henni ítarleg greinargerð. Þar kemur fram að Frakkar taki árlega um 300.000 lestir af kalkþörungaseti af hafsbotni við Bretagne-skaga. Úr kalkþörungum vinna þeir kalkáburð til notkunar í landbúnaði auk þess að því hefur verið blandað í skepnufóður og notað til síunar á súru neysluvatni.

Um árabil hafa menn vitað að í Húnaflóa og Arnarfirði er að finna auðug mið kalkþörunga. Sýni úr Arnarfirði voru tekin árið 1969 og þar voru einnig stundaðar rannsóknir árið 1975.

Flatarmál kalkþörungamiðanna við Langanes í Arnarfirði reyndist vera um 2,4 km og á því svæði ætti því samkvæmt mælingum á rúmþyngd kalkþörunga að vera um 2 millj. tonna af ferskum kalkþörungum í eins metra þykku lagi. Þykkt lagsins er hins vegar ókönnuð. Ef miðað er við að vöxtur þörunganna sé 1 sm á ári, má búast við að framleiðslan gæti verið um 20 þús. tonn af kalkþörungum á Langanessvæðinu einu saman.

Árið 1979 var gerð könnun á Húnaflóa og tilgangur þeirrar ferðar að finna skeljasand sem nýta mætti til áburðar á ræktað land. Niðurstaðan sýndi að í Húnaflóanum, þ.e. á Miðfirði, Hrútafirði og utanverðum Bitrufirði, eru víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti.

Í framhaldi af ályktun Alþingis hef ég því leyft mér að bera fram á þskj. 730 svohljóðandi fyrirspurn til sjútvrh. um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu:

„Hver var niðurstaða könnunar þeirrar á hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum kalkþörunga, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1997 að fela sjávarútvegsráðherra að láta gera?"

[15:45]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins hefur haft þetta mál til skoðunar og þar hafa verið uppi hugmyndir um möguleika á samvinnu við franska aðila. Verðáætlun fyrir slíka rannsókn, sem mundi beinast að almennri úttekt á framleiðslu kalkþörunga, hljóðar upp á 1,5–2 millj. kr. Jafnframt hefur Hafrannsóknastofnun haft málið til athugunar. Það liggja fyrir rannsóknir sem gerðar voru á árunum 1975–1979 en það er könnun á útbreiðslu kalkþörungs. Útbreiðslan var þá könnuð en ekki magn þörunga eða árleg framleiðsla þeirra. Einnig er til efnagreining á samsetningu mjöls úr kalkþörungum. Heildarkostnaður við þær rannsóknir sem þyrfti að fara í á kalkþörungaseti í Arnarfirði og Húnaflóa er áætlaður að muni liggja á bilinu 23–25 millj. kr. Þeim kostnaði er unnt að áfangaskipta niður í nokkra verkhluta.

Samkvæmt mati Hafrannsóknastofnunar yrði heppilegast að mælingar sem þessar færu fram að sumarlagi í tvö sumur og fyrra sumarið yrði notað til þykktarmælinga en það seinna til borana og þá væntanlega einnig til vaxtarmælinga. Það hefur ekki enn verið ákveðið hvenær unnt er að hefja þessar rannsóknir þar sem þær falla ekki inn í kostnaðarramma Hafrannsóknastofnunar en það mál er enn til athugunar.

[15:47]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Margt nýtt kom fram í þeim sem er áhugavert og lýsir því ferli sem er fram undan til að framfylgja ályktun Alþingis. Þó er ljóst að verkið er ekki hafið af þeim ástæðum að ekki er fjármagn fyrir hendi. Ég minni á að Alþingi fól ráðherra að gera þessa athugun og því hefði átt að koma frá ráðherranum ef þörf var

á ósk um fjárveitingu til verksins við gerð síðustu fjárlaga. Ég minnist þess ekki að það hafi komið fram í þeim gögnum sem fyrir lágu að erindi væri frá ráðuneytinu eða stofnunum á vegum þess um fjárveitingu til þessa verkefnis.

Ég hvet því hæstv. fjmrh. til þess að beita sér fyrir því að afla fjár til þess að unnt verði að hefja framkvæmdir þegar á þessu sumri og undirbúa síðan tryggari fjármögnun rannsóknarinnar í heild við gerð fjárlaga fyrir næsta ár.

[15:49]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég minni aðeins á í þessu sambandi að það er ekki svo að sjútvrh. flytji tillögur á Alþingi um fjármögnun einstakra rannsóknarverkefna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun fær á fjárlögum heildarfjárveitingu og þarf síðan að skipta henni niður á fjölmörg verkefni. Auðvitað þarf oft að hagræða verkefnum, koma inn nýjum verkefnum með því að láta önnur sitja á hakanum eða víkja. Allt fer það eftir því hvernig á stendur í verkefnaáætlunum og vinnu. Í ályktun Alþingis fólst ekki nein krafa um að öðrum verkefnum yrði vikið til hliðar fyrir þetta.

Ég minni svo á að flutningsmenn málsins hafa heldur ekki flutt tillögur um það við afgreiðslu fjárlaga að fjármunir yrðu sérstaklega veittir til þessa verkefnis.

## *Túnfiskveiðar.*

Fsp. KPál, 423. mál. — Þskj. 746.

[15:50]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ekki er hægt að segja annað en að tilraunaveiðar Japana á túnfiski í íslenskri landhelgi síðustu tvö ár hafi gefið góða raun og veiðin meiri á síðasta ári en nokkur þorði að vona. Á meðan á tilraunaveiðinni hefur staðið hafa íslenskir útgerðarmenn beðið á hliðarlínunni og fylgst með japönskum sjómönnum róta upp túnfiskinum. Að mínu áliti er komið að lokum þessara tilraunaveiða og tímabært að gera íslenskum útgerðarmönnum kleift að taka þátt í þessum dansi jafnt og ríkinu. Að mínu áliti gerist það vart á annan hátt en þann að íslenskir útgerðarmenn og sjómenn geti aflað sér nauðsynlegrar þekkingar til að geta stundað túnfiskveiðar með bestu tækni til að ná árangri við veiðarnar og vinna aflann fyrir öflugustu markaðina, og þá m.a. með leigu á erlendum skipum.

Auðvitað geta Íslendingar gert þetta einir og gera, en árangurinn er aðeins einn fjórði af veiði Japananna með þeirri þekkingu og útbúnaði sem þeir ráða yfir. Því getur samstarf hjálpað okkur og flýtt þróuninni á þessu sviði hér á landi.

Fyrir íslensk stjórnvöld er einnig mjög mikilvægt að floti á vegum Íslendinga nái að afla sér veiðireynslu í lögsögunni áður en sótt verður um inngöngu í ICAT, Alþjóðatúnfiskráðið. ICAT telur sig reyndar geta stjórnað túnfiskveiðinni um allan heim, innan og utan landhelgi. Ríki sem eru að byrja túnfiskveiðar hafa þó ákveðna aðlögun áður en kemur að afskiptum ráðsins og því er betra að rasa ekki um ráð fram um inngöngu í ráðið en nýta tímann á meðan við getum verið utan þess og aflað okkur veiðireynslu.

Til að ná upp veiðireynslu á stuttum tíma þarf öflugan flota og tæknivæddan en sá floti er til staðar ef lög heimila nýtingu hans innan fiskveiðilögsögunnar. Þá nýtingu hugsa ég mér sem leigu íslenskra aðila á erlendum túnfiskveiðiskipum sem frysta aflann um borð. Ekki er heimilt að nýta þennan flota í landhelginni samkvæmt núgildandi lögum og þarf því lagabreyting að koma til sem heimilar erlendum túnfiskveiðiskipum veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar með ákveðnum skilyrðum.

Frændur okkar Færeyingar hafa fetað í fótspor okkar í fyrsta sinn í fyrra með rannsóknarsamningi við japönsk túnveiðiskip. Veiðin var mjög góð hjá þeim og áhugi fyrir túnfiskveiðum í Færeyjum mjög mikill. Túnfiskurinn gengur inn í fiskveiðilögsögu beggja landanna og heyrst hefur um áhuga Færeyinga á samstarfi við okkur Íslendinga á þessu sviði. Mikilvægt er að mínu áliti að slík samvinna gæti orðið m.a. með gagnkvæmum veiðiheimildum á túnfiski innan fiskveiðilögsögu landanna. Ef af þessu á að verða þarf einnig lagabreytingu til þess.

Í framhaldi af þessum formála hef ég, hæstv. forseti, borið fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

1. Er ástæða til frekari tilraunaveiða á túnfiski innan íslensku fiskveiðilögsögunnar? Ef svo er, hvers vegna?

2. Ef ekki verður um frekari tilraunaveiðar að ræða mun ráðherra þá beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum svo að hægt verði að heimila erlendum túnfiskveiðiskipum veiði innan landhelginnar?

3. Er samstarf við Færeyinga um gagnkvæmar veiðiheimildir á túnfiski innan fiskveiðilög sögu landanna til athugunar?

[15:54]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í upphafi vil ég taka fram að settur hefur verið á fót starfshópur eða vinnuhópur til þess að móta tillögur um það hvernig nýting túnfiskstofnsins geti skapað okkur hámarksarð í framtíðinni. Er hópnum m.a. ætlað að fjalla um þörf á áframhaldandi rannsóknum um túnfisk hér við land, hvernig standa eigi að samvinnu á alþjóðavettvangi varðandi stjórnun á túnfiskveiðum og hvernig stjórnun þeirra veiða íslenskra skipa eigi að vera. Er að því stefnt að vinnuhópurinn skili skýrslu um málið fyrir lok aprílmánaðar.

Eins og ég hef þegar tekið fram á vinnuhópurinn m.a. að athuga þörf á frekari rannsóknum. Hins vegar má benda á að síðustu tvö ár hafa farið fram tilraunaveiðar á túnfiski innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi á vegum Hafrannsóknastofnunar. Fyrra árið var árangur fremur dræmur en hið síðara mjög góður. Hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum þessara rannsókna hér á Alþingi.

Meðal annars vegna þess hversu mikið fannst af túnfiski í rannsóknunum virðist ástæða til að afla frekari vitneskju um göngur hans hingað og hvað ráði þeim. Slík vitneskja gæti bæði fengist með tilraunaveiðum sem færu fram á vegum Hafrannsóknastofnunar og eins veiðum íslenskra skipa. Þegar hefur komið fram að íslenskum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni innan íslenskrar lögsögu, er að sjálfsögðu heimilt að stunda túnfiskveiðar þar. Fram hefur komið að íslenskir aðilar hyggjast halda til þessara veiða næsta sumar, en komi ekki til þess eða ef talið verður að afla þurfi enn frekari upplýsinga getur til þess komið að Hafrannsóknastofnun beiti sér fyrir tilraunaveiðum og þá e.t.v. með svipuðum eða sama hætti og undanfarin tvö ár.

Ekki hefur staðið til að leggja fram frv. að lögum sem heimili erlendum skipum veiðar í íslenskri lögsögu. Raunar er meginatriðið í þessu sambandi, verði túnfiskveiðar taldar arðbærar í lögsögunni, að veiðar íslenskra skipa hefjist úr

þessum stofni enda styrkir slíkt stöðu okkar best varðandi nýtingu þessa stofns í framtíðinni.

Varðandi samvinnu okkar við Færeyinga er rétt að taka fram að á fundi sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja í desember sl. var rætt um þessi málefni og um mögulega samvinnu Íslendinga og Færeyinga, fyrst og fremst um upplýsingagjöf á milli landanna hvernig að málum væri staðið. En um formlegar viðræður varðandi gagnkvæmar veiðiheimildir er það að segja að engar slíkar viðræður hafa enn farið fram. Þróist mál á þann veg að það verði talinn fýsilegur kostur erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að skoða þau málefni.

[15:57]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig verið ánægður með að búið sé að stofna vinnuhóp til að skoða hvernig þróunin eigi að vera á næstu árum og hlýtur að vera vandað til verka þar. Eftir því sem hæstv. ráðherra segir á sá hópur að vera búinn að ljúka sínu starfi fyrir lok apríl. Að sjálfsögðu er mjög skammur tími til þingloka ef það verður ekki búið að slíta þingi þegar þessi hópur verður búinn að skila áliti sínu. Ef við hyggjumst nýta okkur möguleika erlendra skipa til að veiða í landhelginni undir stjórn íslenskra útvegsmanna og sjómanna er að sjálfsögðu enginn tími til þess að setja lög til þess að ná þeim markmiðum. Ég lýsi því vonbrigðum mínum með að þessi hópur skuli þurfa allan þennan tíma. Búið er að stunda þessar tilraunaveiðar í tvö ár. Það er alveg ljóst hvernig þróunin hefur verið. Ekki er verið að fiska túnfisk í fyrsta skipti við Íslandsstrendur, það hefur verið gert í áraraðir. Því hefði ég gjarnan viljað sjá þessa vinnu ganga hraðar fyrir sig.

Ég fagna því að einhverjar viðræður hafa farið fram við Færeyinga um samstarf þjóðanna í þessum efnum en ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur upp á framtíðina að slíkt samstarf geti orðið sem nánast.

Að lokum beini ég einungis þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann reyni að flýta störfum vinnuhópsins sem allra mest. Ég held að við megum ekki sofna á verðinum því að ég er hræddur um að við komum ekki þessum málum á þann grunn að við séum farnir að veiða að einhverju marki innan skamms tíma frjósum við inni í samningum okkar við ICAT sem við verðum að vinna með og erum þá reynslulausir í túnfiskveiðum framtíðarinnar.

[15:59]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Rétt er að ítreka að öllum íslenskum fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í landhelginni er að sjálfsögðu heimilt að hefja túnfiskveiðar og við höfum verið mjög hvetjandi til þess að íslenskir útvegsmenn gerðu tilraunir til að stunda þessar veiðar og vonumst til þess að þeir geri það. Þar eru engar takmarkanir og engar hindranir í vegi sem þarf að ryðja í burtu.

Varðandi þann rétt sem við sköpum okkur á alþjóðavettvangi vegna þess að veiðum úr þessum stofni er stjórnað af alþjóðastofnun er líka rétt að minna á að veiðireynsla erlendra skipa kemur okkur Íslendingum ekki að góðu. Ég tel þess vegna að erfitt sé að færa fram fyrir því rök að það eigi að opna landhelgi Íslands fyrir erlendum skipum til að styrkja veiðireynslu þeirra á þessu sviði. Við eigum fyrst og fremst að huga að því að styrkja veiðireynslu okkar sjálfra til að tryggja framtíðarhagsmuni Íslands í þessum veiðum.

## *Málefni Hanes-hjónanna.*

Fsp. SJóh, 422. mál. — Þskj. 745.

[16:01]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. Sjálfsagt mun okkur öllum í fersku minni þeir atburðir er ollu á sínum tíma hingaðkomu Hanes-hjónanna en þó eflaust öllu fremur þau eftirmál sem urðu vegna þess hversu tekið var á máli þeirra hér á landi. Hér er hvorki staður né stund né heldur ástæða til að ræða þann harmleik sem olli því að umrædd hjón sáu sér þann kost vænstan að flýja land sitt. Þegar Bandaríkjamenn reistu svo kröfu um framsal barns þess sem málið snerti brást dómsmálaráðuneytið undraskjótt við. Varð það niðurstaða Hæstaréttar að brotið hefði verið á lögvörðum réttindum hjónanna af ráðuneytinu. Framsalskröfu Bandaríkjamanna á hjónunum var hafnað af Hæstarétti á þeim forsendum að meðalhófsreglu hefði ekki verið fylgt gagnvart þeim og að auki væri meðferð fanga í Arisona með þeim hætti að Íslendingum væri ekki stætt á því að selja fólk undir slíka meðferð vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Undir þetta sjónarmið hefur bandaríska alríkisstjórnin raunar tekið með því að höfða mál á hendur umrædds fangelsisstjóra fyrir ómannúðlega meðferð á föngum.

Hanes-hjónin hafa ítrekað boðist til að mæta fyrir rétti í Arizona ef tryggt verði að þau þurfi ekki að sitja í fangelsi við ómannúðlegar aðstæður meðan á málarekstri stendur eða þola niðurlægjandi fangaflutninga innan lands í Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa ekki látið svo lítið að svara þeirri málaleitan. Þar sem þau hjónin geta ekki vegabréfalaus fengið neina vinnu að gagni eru þau með þessu sett í óþolandi aðstöðu bjargarleysis. Það virðist svo sem Bandaríkjamenn ætli sér að þreyta þau til uppgjafar með þeim einfalda hætti að virða þau ekki svars.

Í ljósi þessa hefur eftirfarandi fyrirspurn verið lögð fram á hinu háa Alþingi. Samkvæmt fréttum er von á fulltrúum frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu viðvíkjandi máli Hanes-hjónanna og ég hef frétt að sá fundur fari fram á morgun.

1. Getur ráðherra upplýst hvert er erindi þeirra fulltrúa sem samkvæmt fréttum er von á frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu viðvíkjandi máli Hanes-hjónanna og á hvern hátt það tengist þeim?

2. Geta íslensk stjórnvöld á einhvern hátt stuðlað að því að hjónin fái aftur vegabréf sín í ljósi þess að þau hafa ítrekað boðist til að mæta fyrir rétti í Bandaríkjunum án þess að fá nokkrar undirtektir?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þeim verði veitt landvist hér á landi til frambúðar af mannúðarástæðum jafnvel þótt þau hafi verið svipt vegabréfum sínum?

[16:04]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Á síðasta ári óskuðu bandarísk stjórnvöld eftir framsali á bandarískum ríkisborgurum, Connie Jean Hanes og Donald Hanes til Bandaríkjanna þar sem þau voru grunuð um að hafa með ólögmætum hætti numið á brott dótturdóttur konunnar. Í samræmi við lög um framsal sakamanna frá árinu 1984 tóku íslenskir dómstólar það til skoðunar hvort lagaskilyrði fyrir framsali væru fyrir hendi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu 17. október sl. að ekki væru lagaskilyrði nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum fyrir framsali þeirra til Bandaríkjanna. Bandarískum

stjórnvöldum var tilkynnt um þá niðurstöðu og framsalskröfu þeirra formlega hafnað af dómsmrn.

Í framhaldi af því komu fram óskir frá bandarískum stjórnvöldum um viðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda vegna þessa máls svo og um almennar viðræður um samskipti landanna á þessu sviði. Féllst dómsmrn. á slíkar viðræður og von er á fulltrúum frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu hingað til þessa lands og það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þau samtöl munu fara fram á morgun.

Varðandi aðra spurninguna er það að segja að ekki eru forsendur til þess fyrir íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að bandarísk stjórnvöld falli frá ógildingu vegabréfa eða krefjist þess að ný vegabréf séu gefin út til bandarískra ríkisborgara.

Varðandi þriðju spurninguna er það að segja að útlendingaeftirlitið fjallar á fyrri stigum um umsókn um landvist af mannúðarástæðum eða öðrum sérstökum ástæðum en ákvörðun útlendingaeftirlitsins er unnt að skjóta til dómsmrn. Það er því ekki eðlilegt að æðra stjórnvald láti í ljós skoðun sína á tilgreindu máli áður en það hefur komið til afgreiðslu hjá lægra settu stjórnvaldi.

[16:07]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Bæði á Alþingi og í dómsorði sjálfs Hæstaréttar hefur komið fram að Hanes-hjónin hafi verið beitt órétti hér á landi. Brotið var á lögvörðum réttindum þeirra þegar þau voru svipt ættleiddu barni sínu. Nú er spurningin þessi: Á að beita þetta fólk enn meira ranglæti?

Hanes-hjónin höfðu verið sökuð um brot á umgengnisrétti í Bandaríkjunum og þessum ásökunum vilja þau svara fyrir rétti þar í landi. Þangað vilja þau mæta sem frjálst fólk og verja rétt sinn sem frjálst fólk. Bandaríkjamenn neita þessu og vilja skilyrðislaust framsal. Hæstiréttur Íslands segir ekki skilyrði fyrir slíku og hæstv. dómsmrh. Íslands stendur nú frammi fyrir þessu. (Forseti hringir.) Ætlar hann að hlýða fyrirskipunum Bandaríkjanna eða fara að vilja íslenska réttarkerfisins? Ég er ekki í vafa um hvaða leið ég vil fara. Ég vil fara leið íslenska réttarkerfisins sem á auk þess samleið með sanngirninni.

[16:08]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Hanes-hjónin frömdu ekki glæp, hvorki í Bandaríkjunum né hér á landi. Umhyggja fyrir litlu barni er ekki glæpur. Óvissa sú sem þau búa við og sonur þeirra er óbærileg og ómannúðleg.

Mér er ljóst að málið er ekki einfalt. Ég spyr: Gæti Alþingi hoggið á þennan hnút með því að veita þeim íslenskan ríkisborgararétt og íslenskt vegabréf sem fyrst, nú? Slíkt hefur verið gert hafi menn verið nýtilegir í boltaleiki af öllu tagi. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að meta umhyggju fyrir litlu barni til jafns við hæfileika til að sparka eða kasta bolta.

[16:09]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er um afar sérstakt mál að ræða og eins og við þekkjum úr dómskerfi okkar og samskiptum við aðrar þjóðir þar sem átök um börn eiga í hlut verða slík mál afar erfið. Mér fannst hæstv. dómsmrh. koma sér hjá því að svara þriðju spurningunni. Hann vísar til lægra stjórnvalds en hér er auðvitað um mannúðarmál að ræða og mikil þörf á því að binda endi á það mikla óöryggi sem Hanes-hjónin búa við.

Réttarvitund Bandaríkjamanna og meðferð þeirra á föngum er allt önnur en við þekkjum og Hæstiréttur hefur kveðið upp úr um að þarna beri að fara að með gát. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að skoða málið með mjög jákvæðum hætti og að við sýnum og sönnum að við virðum mannréttindi og að við viljum aðstoða fólk í jafnerfiðum málum og um er að ræða. (Forseti hringir.) Við erum að krefja aðrar þjóðir um að þær standi við sitt í slíkum sambærilegum málum.

[16:10]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í frétt sem birtist í DV fyrir nokkrum dögum þar sem er m.a. fjallað um umsókn Hanes-hjónanna um hæli hér kemur fram að þau hafi óskað eftir því að eiga aðild að þeim viðræðum sem eiga að hefjast á morgun samkvæmt því sem hæstv. dómsmrh. sagði, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta er haft eftir lögfræðingi þeirra hjóna. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvort afstaða hafi verið tekin til þess að þeim verði gert kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þá fulltrúa sem eru væntanlegir hingað.

[16:11]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég var stoltur af Hæstarétti Íslands þegar hann staðfesti að Hanes-hjónunum skyldi ekki vísað úr landi af mannúðarástæðum. Ég var ekki stoltur af dómsmrn. þegar það kom í veg fyrir að hjónin fengju að njóta lögvarins réttar síns þegar barnið var tekið af þeim og sent úr landi. Mér finnst að Íslendingar eigi þessu fólki skuld að gjalda.

Ég tek af heilu hjarta undir hugmynd hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Hér á Alþingi kost á að grípa inn í málið og leysa það í eitt skipti fyrir öll. Ég tel að hæstv. dómsmrh. hefði verið maður að meiri ef hann hefði viljað segja það hreint út að ef málið kæmi til kasta hans mundi hann beita sér fyrir því að þetta fólk fengi hér landvistarleyfi af mannúðarástæðum vegna þess að gild rök liggja fyrir því að slíkt leyfi verði veitt. Við skuldum þessu fólki það.

[16:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka málið upp. Mér líka ekki tilburðir Bandaríkjamanna í þessu máli, bæði þeir sem eru þegar fram komnir og eiga e.t.v. eftir að koma fram í formi sendinefndar þeirra hingað til þess að hlutast í reynd til um innlend mál. Sama mætti reyndar segja t.d. um þá ótrúlegu frekju og afskiptasemi bandarískra sendiráðsins vegna frétta um hugsanlegan innflutning á hvalspiki frá Noregi þó það sé annað mál. Hvað halda þessir menn að þeir séu? Er það algerlega gleymt í Bandaríkjum Norður-Ameríku að Ísland sé þó þrátt fyrir allt sjálfstætt ríki?

Það sem ég tel skipta mestu máli er að menn nálgist þetta viðkvæma mál út frá réttum forsendum, þ.e. á mannúðargrundvelli. Þetta snýst um það og málið sé skoðað sem slíkt ótruflað af utanaðkomandi þrýstingi. Það er skoðun mín að ekki sé unnt að tryggja þessu fólki að leita réttar síns í Bandaríkjunum eins og það óskar sjálft án þess að vera þar meðhöndlað fyrir fram sem sakamenn eigi að sjálfsögðu að veita þeim hæli hér, landvist og ef með þarf ríkisborgararétt.

[16:14]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og hv. alþingismönnum, sem hafa lagt orð í belg, sérstaklega fyrir að hafa komið og lagt þessu máli lið. Ég held að þetta sé mjög brýnt mál. Ég vil í fyrsta lagi taka fram og ítreka að von er á sendinefnd frá Bandaríkjunum á morgun til að ræða framsalsreglur milli landa með sérstöku tilliti til þessa máls. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera yfirleikur hjá Bandaríkjamönnum og ekki mjög góður bragur á þessu. Við erum sjálfstæð þjóð og það er Hæstiréttur Íslands sem tók þessa ákvörðun og hún er fyllilega lögleg.

Það kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að hann telur sig ekki eiga að hafa skoðun á því hvort Hanes-hjónunum verði veitt landvist vegna þess að þarna eigi að koma ákvörðun frá lægra settu stjórnvaldi, þ.e. útlendingaeftirlitinu. Það hefur komið fram í umræðum undanfarna daga að skoðun ráðherra hefur heilmikið að segja varðandi það hvaða ákvarðanir eru teknar af lægra settu stjórnvaldi svo ég held að það væri allt í lagi að hæstv. ráðherra hefði heilbrigða skoðun á málinu og léti hana í ljós.

Að síðustu tek ég heils hugar undir þau orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að Alþingi afgreiði málið með því að veita þessu fólki landvist ef ekki verður hægt að afgreiða það öðruvísi.

[16:16]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem borin var fram af hálfu hv. 17. þm. Reykv. vil ég ítreka það sem ég hef áður sagt og reyndar hefur komið fram um leið og dómsmrn. afgreiddi erindi bandarískra stjórnvalda þar að lútandi. Dómsmrn. hafnaði kröfu bandarískra stjórnvalda um framsal vegna þess að bandarísk stjórnvöld gátu ekki uppfyllt eða vildu ekki uppfylla þau skilyrði sem Íslendingar setja fyrir framsalinu og Hæstiréttur hefur staðfest. Ég held að þau skilyrði séu algerlega ágreiningslaus, eðlileg og sjálfsögð í máli sem þessu og verður að sjálfsögðu ekki hvikað frá þeim. Ég veit ekki til þess að nokkrum manni hafi komið það í hug. Bandarískum stjórnvöldum hefur verið gerð mjög glögg grein fyrir því hver aðstaðan er í því efni.

Fyrst og fremst vildi ég koma og skýra þetta atriði svo ekki leiki nokkur vafi á því. Að öðru leyti liggja svör mín í upphafi fyrir og ég hef engu við þau að bæta.

## *Heimilisofbeldi.*

Fsp. KÁ, 432. mál. — Þskj. 757.

[16:18]

**Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Vorið 1997 lagði hæstv. dómsmrh. fram merka skýrslu um heimilisofbeldi hér á landi og var hún rædd ítarlega á hinu háa Alþingi. Í kjölfarið setti hæstv. dómsmrh. á laggir þrjár nefndir. Verkefni þeirra er svo lýst í Voginni, fréttabréfi Jafnréttisráðs frá því í nóvember 1997:

„Ein nefndin mun huga að stöðu málsins hjá lögreglu, önnur að dómskerfinu og sú þriðja mun skoða almennt hvað unnt sé að gera til að draga úr og á endanum útrýma ofbeldi gegn konum."

Í sama fréttabréfi er einnig sagt frá aðgerðaáætlun nefndar sem Evrópuráðið skipaði á sínum tíma og skilaði áliti á síðasta ári. Þar er m.a. greint frá því að sú nefnd leggi til að ríkisstjórnir Evrópuráðsins leggi til grundvallar í vinnu sinni gegn heimilisofbeldi að allt ofbeldi sé glæpur og ólíðandi. Í öðru lagi er lagt til að ríkisstjórnir setji sér þriggja ára áætlanir þar sem fram komi ákveðin markmið sem verði metin og endurskoðuð árlega. Þá er einnig lagt til af þessari nefnd að lögregla, dómarar og lögfræðingar fái sérstaka fræðslu varðandi eðli og einkenni ofbeldis gegn konum og börnum.

Í framhaldi af þessu vil ég beina tveimur spurningum til hæstv. dómsmrh.:

Í fyrsta lagi. Hvað líður störfum þeirra þriggja nefnda sem skipaðar voru í kjölfar skýrslu dómsmrh. um heimilisofbeldi vorið 1997? Hvenær má vænta niðurstaðna af starfi þeirra?

Í öðru lagi. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum nefndar Evrópuráðsins um heimilisofbeldi sem birtar voru á síðasta ári, þannig að tillögur hennar nýtist og komist í framkvæmd hér á landi?

[16:20]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið mælti ég á Alþingi í marsmánuði 1997 fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í framhaldi af því ákvað ég að skipa þrjár nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði.

Hlutverk fyrstu nefndarinnar er að huga að meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu á rannsóknarstigi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf.

Önnur nefndin á að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómkerfinu og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf.

Þriðju nefndinni er ætlað að það hlutverk að huga að nauðsynlegum breytingum og löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því hvernig unnt sé að efla starf félagasamtaka er sinna forvörnum og veita hjálp á því sviði, gera tillögur um forvarnaaðgerðir, um hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis og um meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Vinna framangreindra nefnda hefur að undanförnu verið í fullum gangi en þeim er ætlað að ljúka störfum fyrir 1. apríl nk. Nefndirnar hafa aflað upplýsinga um stöðu mála hér heima og erlendis og fundað með fjölmörgum aðilum sem að þessum málum koma. Er starf þeirra vel á veg komið. Nefna má sem dæmi að þriðja nefndin hefur þegar hafið gerð lokaskýrslu sinnar en í þeirri skýrslu verður að finna auk upplýsinga um stöðu mála í dag tillögu nefndarinnar um forvarnir, kynningu, fræðslu og úrræði fyrir brotaþola og úrræði fyrir gerendur.

Varðandi síðari spurninguna er það að segja að niðurstöður nefndar Evrópuráðsins um heimilisofbeldi eru til skoðunar og athugunar í framangreindum nefndum sem hafa munu tillögur hennar til hliðsjónar við gerð lokaskýrslna sinna.

[16:22]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt hv. þáv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur tillögur um kannanir á orsökum, ástæðum og afleiðingum heimilisofbeldis hér á landi og í framhaldi af því var samin skýrsla og rædd á hv. Alþingi. Mér finnst nauðsynlegt upp á samhengi málsins að nefna það hér að þannig stendur þetta verk og ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma þessu máli á dagskrá. Ég

vil einnig nefna það í framhaldi af svari hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að ræða vinnu þessara nefnda í þeim nefndadrögum sem kunna að liggja fyrir áður en þessu þingi lýkur vegna þess að ég held að þetta mál liggi þannig að eðlilegt sé að ræða á þessum vettvangi fjöldamarga þætti varðandi heimilisofbeldi almennt. Sú umræða sem við áttum um þessi mál á síðasta þingi var góð. Það voru allir sammála um það, en ég held að það sé skynsamlegt samhengisins vegna að einhver umræða náist um málið á þessu þingi auk þessa mikilvæga fyrirspurnatíma.

[16:23]

**Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Á honum var að skilja að þessari vinnu miðaði mjög vel og miðað væri við að nefndirnar skili sínu verki fyrir 1. apríl. Auðvitað getur það raskast eitthvað, það tekur oft langan tíma að ganga frá skýrslum á lokastigi.

Ég reikna með að eitthvað af því sem lagt verður til af þessum nefndum eigi eftir að koma til Alþingis sem lagafrv. ef lagt verður til að gerðar verði breytingar á lögum. Ég tek undir þá hugmynd hv. þm. Svavars Gestssonar að ég held að það væri af hinu góða að ræða þessi mál hér hvernig sem það verður gert, hvort sem hægt verður að fá skýrslurnar ræddar í allshn. eða eitthvað slíkt því það koma auðvitað oft nýjar hugmyndir og merkar athugasemdir þegar farið er yfir þessi mál.

En ég fagna því að þetta góður gangur skuli vera í þeirri vinnu því að það er afar brýnt að komið verði á umbótum hér á landi og þeim aðilum sem koma að ofbeldismálum verði gert auðveldara fyrir að taka á þeim.

## *Löggæsla í austurhluta Reykjavíkur.*

Fsp. SvG, 439. mál. — Þskj. 766.

[16:25]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég flyt litla fyrirspurn til dómsmrh. um löggæslu í austurhluta Reykjavíkur, einkum í Árbæ. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Hver er stefna ráðherra varðandi löggæslu í svokölluðum úthverfum Reykjavíkur, þ.e. einkum í austurhluta borgarinnar, í Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því sérstaklega að komið verði til móts við óskir íbúa í Árbæ um betri löggæslu?

Tilefni fyrirspurnarinnar eru ítrekaðar kvartanir íbúa í Árbæjarhverfi yfir ófullnægjandi löggæslu.

Þann 12. janúar sl. skrifuðu forráðamenn flestallra félaga í Árbæjarhverfi til allra þingmanna Reykvíkinga og til dómsmrh. út af þessu máli. Undir það rituðu fulltrúar frá Foreldrafélagi Árbæjarskóla, Foreldrafélagi Selásskóla, Foreldrafélagi Ártúnsskóla, skólastjóri Árbæjarskóla, skólastjóri Selásskóla, skólastjóri Ártúnsskóla, formaður Íþróttafélagsins Fylkis, formaður Framfarafélags Árbæjar og aðstoðarforstöðumaður Ársels. Allir þessir aðilar lýstu verulegum áhyggjum vegna ástandsins í hverfinu. Þetta er 9 þús. manna hverfi og þar er engin regluleg löggæsla eins og var. Það var löggæsla í þessu hverfi og gekk mjög vel hjá henni að vinna að sínum verkum. Hverfalögreglan í Árbæ var gjarnan nefnd sem dæmi um vinsæla hverfalögreglu. Hverfalögreglan í Árbæjarhverfi átti mjög gott samstarf við íbúana, íbúasamtökin, við unga fólkið, við skólana en nú er svo komið að eftir að hverfalögreglan í Árbæ hefur verið lögð niður að ýmsir aðilar eins og t.d. skólastjórar Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla, telja að alls konar vandamál hafi farið stórvaxandi í hverfinu. M.a. sagði skólastjóri Árbæjarskóla mér frá því á dögunum að um eina helgi voru rúðubrot í þeim skóla fyrir 500 þús. kr., aðeins eina helgi. Ég er út af fyrir sig ekki að segja að lögregla leysi allan vanda í þessum efnum en ég er að segja að mér finnst að þetta 9 þús. manna hverfi, sem er í raun tiltölulega lokað af sem íbúaheild, eigi rétt á því að fá svipaða þjónustu og önnur hverfi. Þannig er sæmileg þjónusta í Breiðholtshverfi en þó ekki nægilega góð að mínu mati og það hefur verið góð þjónusta að mörgu leyti í Grafarvogshverfi og fer batnandi. Þar hefur lögreglumönnum verið fjölgað úr þremur í fimm. Og af þessum ástæðum öllum, herra forseti, beini ég þessum spurningum til hæstv. ráðherra, bæði varðandi löggæsluna í svokölluðum úthverfum Reykjavíkur, Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti og sérstaklega Árbæjarhverfi.

[16:28]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Um fyrstu spurningu hv. þm. er það að segja að á vegum lögreglustjóraembættisins í Reykjavík eru starfandi fimm hverfastöðvar; á Seltjarnarnesi, í miðborginni, Mosfellsbæ, Grafarvogi og Breiðholti. Lögreglumönnum sem starfa við þessar hverfastöðvar hefur verið fjölgað að undanförnu og starfa þar nú samtals 46 lögreglumenn sem sinna sérstaklega þeim verkefnum sem upp koma í hverju hverfi fyrir sig. Starf þessara stöðva felst einkum í eftirliti með viðkomandi hverfum og rannsóknum mála er upp koma í hverfunum. Unnið er að hugmyndum hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík um enn frekari eflingu hverfalöggæslu og er stefnt að því að kynna endanlegar hugmyndir um það efni fljótlega.

Þess ber að geta að þegar er farið að hrinda hugmyndum þessum að hluta til í framkvæmd, m.a. með því að settir hafa verið aðalvarðstjórar yfir allar úthverfastöðvarnar til að styrkja stjórn þeirra og efla sjálfstæði þeirra.

Ný tilhögun var tekin upp í haust innan forvarna- og fræðsludeildar lögreglunnar í Reykjavík. Hófu þá störf svokallaðir hverfalögreglumenn sem ætlað er að hafa samskipti við íbúa og skóla hver í sínu hverfi borgarinnar auk þess að sjá um málefni er varða börn og ungmenni í hverfinu. Þessir lögreglumenn hafa aðsetur í hverfastöðvum lögreglunnar og bætast við þá lögreglumenn sem þar eru fyrir.

Auk þessa eru skráðar eftirlitsbifreiðar í hverfin eftir nánara samkomulagi og er fjölda þeirra skipað eftir tíma dags og álagi verkefna. Þessu til viðbótar sinnir umferðardeild lögreglunnar eftirliti í hverfum borgarinnar. Stefnt er að því hjá lögreglunni í Reykjavík að halda áfram að móta það kerfi sem nú er við lýði og þróa það áfram þannig að hægt sé að laga löggæslu í borginni að þörfum einstakra hverfa borgarinnar og borgarinnar í heild.

Þá spyr hv. þm. hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því sérstaklega að komið verði til móts við óskir íbúa í Árbæ um betri löggæslu. Um þetta er það að segja að nýtt skipulag löggæslu fyrir austurhluta Reykjavíkur var tekið upp fyrir rúmu hálfu ári. Eftirliti lögreglu í Árbæjarhverfi er nú einkum sinnt af lögreglumönnum sem starfa í Breiðholtsstöð en einnig sinna þar eftirliti lögreglumenn frá umferðardeild auk almenns eftirlits frá aðalstöð lögreglunnar. Rannsókn-

arlögreglumenn í Breiðholtsstöðinni rannsaka þau mál sem tengjast Árbæjarhverfi. Þá hefur verið starfandi sérstakur hverfalögreglumaður í Breiðholti og Árbæ sem ætlað er að vinna sérstaklega að málefnum barna og unglinga og skapa tengsl við íbúa.

Eftir að nokkrir fulltrúar íbúa í Árbæjarhverfi gengu á minn fund ræddi ég þetta mál sérstaklega við lögreglustjórann í Reykjavík og í framhaldi af því hefur hann ákveðið að þessi sérstaki hverfalögreglumaður muni framvegis alfarið sinna Árbæjarhverfinu. Með þessum breytingum hefur lögreglumönnum er þessu hverfi sinna verið fjölgað frá því sem áður var og þeim falin skýrari verkefni.

[16:31]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég deili áhyggjum mínum með hv. fyrirspyrjanda Svavari Gestssyni varðandi þetta mál. Í bréfi frá Árbæingum segir m.a., með leyfi forseta:

„Við höfum undanfarna mánuði fundið fyrir vaxandi óróa og öryggisleysi meðal íbúa. Vímuefnaneysla ungmenna, svo og endurtekin atvik þar sem ofbeldi er beitt og spjöll unnin á einka- og almannaeignum eru orðin það áberandi að við svo búið má ekki láta standa."

Herra forseti. Ég hjó eftir því að í máli hæstv. dómsmrh. að málið væri að hluta til leyst með því að hafa einn lögregluþjón til staðar í Árbæjarhverfi. Ég tel að þarna hafi ekki verið stigið verulega heillavænlegt skref fyrir íbúa í Árbæ. Ég tel nauðsynlegt að þarna verði sett upp stöð, sambærileg þeirri sem er í Breiðholti. Sú stöð var lögð niður fyrir skömmu en síðan tekin í notkun aftur. Lögreglumenn á lögreglustöðinni í Breiðholti unnu mjög gott verk og mörgum kom mjög á óvart að sú stöð skyldi lögð af um tíma. Ég treysti því að Árbæingar fái betri löggæslu og óskir þeirra verði að mestu uppfylltar.

[16:33]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli í þingsölum. Ég held að það sé ljóst að ástandið er ekki nógu gott í austurhluta borgarinnar. Það á ekki eingöngu við um Árbæinn heldur má benda á hið gríðarlega stóra og vaxandi hverfi í Grafarvoginum. Þarna er sívaxandi byggð og óviðunandi að löggæsla skuli ekki vera meiri og betri en hún er.

Það gefur auga leið að lögreglustöð hefur ákveðin varnaðaráhrif. Menn eru fljótari á vettvang og það eykur öryggi borgaranna. Ég hvet hæstv. dómsmrh. til að flýta úrbótum í þessum efnum þannig að ástandið komist í betra horf. Þó þarf vissulega meira til að draga verulega úr skemmdarfýsn og glæpum sem því miður eru of margir.

[16:34]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og ég þakka hv. þingmönnum Guðmundi Hallvarðssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir undirtektirnar við það erindi sem hér er borið fram.

Ljóst er að löggæsla í austurhluta borgarinnar verður áfram ófullnægjandi, því miður, þrátt fyrir þær umbætur sem nú er talað um.

Löggæslan er orðinn mikilvægur þáttur í félagskerfi borga. Staða löggæslunnar og lögreglumanna er að mörgu leyti allt önnur en hún var fyrir 20, 30, ég tala nú ekki um 50 árum eða svo. Nú er löggæslan gríðarlega mikilvægur þáttur í að eðlilegt félagskerfi borga geti gengið svo viðunandi sé og verið öruggt fyrir íbúa. Það þarf auðvitað að vera þannig að börn, unglingar og fullorðið fólk geti farið út á kvöldin án þess að vera hrætt. Veruleikinn er því miður sá að þetta fólk fer oft og tíðum ekki út á götur á kvöldin af því að það er hrætt við ástandið. Í raun og veru er það engum sérstökum um að kenna. Hins vegar er margsannað að með virkri og góðri löggæslu er hægt að draga úr hættunni og vandanum. Ég óttast því að úrbæturnar séu ófullnægjandi en ég þakka engu að síður fyrir þær og svör hæstv. ráðherra.

Ef hæstv. ráðherra kemur hér aftur, vildi ég spyrja hann: Ef það á nú að fjölga löggæslumönnum örlítið á sumum svæðum, eins og t.d. í Grafarvogi nýlega, úr þremur í fimm ef ég man rétt, hvar er þá verið að fækka? Er ekki veruleikinn sá að um er að ræða niðurskurð á raunframlögum til löggæslu á þessu svæði og stöndum við ekki frammi fyrir því að þurfa að breyta þar um stefnu? Ég held að í óefni stefni ef við tökum ekki af alvöru á þessum málum og sinnum málefnum lögreglunnar eins og hverjum öðrum mikilvægum þætti í að rekstri þessa samfélags.

[16:36]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Lögreglan hefur, eins og fram hefur komið, lagt mjög ríka áherslu á að auka starf sitt í hverfunum. Stefna dómsmrn. og lögreglunnar í Reykjavík hefur verið að að auka hverfalöggæslu. Það hefur verið gert með auknum mannafla, bættri aðstöðu og ákvörðun um að áfram verði hverfalöggæslumaður í fullu starfi í Árbæjarhverfinu.

Jafnframt er verið að vinna að endurskoðun á heildarskipulagi lögreglunnar í Reykjavík sem ég tel að hafi að mörgu leyti mótast á grundvelli gamalla hugmynda og aðstæðna. Nú eru aðstæður aðrar en áður voru og því verður að horfa til þess að við þessar breytingar kunni að þurfa að hnika einhverju sem lengi hefur verið í föstu formi. Það kann að vera nauðsynlegt til að geta tekið með skilvirkari og markvissari hætti á nýjum verkefnum.

Því miður er oft skortur á skilningi á því að þegar nýr tími og ný verkefni kalla, þá þarf gjarnan að endurskoða eitthvað sem verið hefur í föstu fari um langan tíma og miðast við gamlar aðstæður. Ég vonast til að þessar umræður geti þá a.m.k. aukið skilning á því hér á hinu háa Alþingi að slíkar breytingar eru óhjákvæmilegar þegar lögreglan þarf að mæta nýjum aðstæðum.

[16:38]

**Útbýting þingskjals:**

Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga, 482. mál, fsp. ArnbS, þskj. 818.

Fundi slitið kl. 16:38.

---

## 71. FUNDUR

miðvikudaginn 18. febr.,
að loknum 70. fundi.

**Dagskrá:**

1. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[16:38]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**
Út af dagskrá fundarins eru tekin 1. og 2. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 16:39.

---

## 72. FUNDUR

fimmtudaginn 19. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
4. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574. — Frh. 1. umr.
5. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 425. mál, þskj. 750. — 1. umr.
6. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 426. mál, þskj. 751. — 1. umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 152. mál, þskj. 152. — 1. umr.
8. Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, þáltill., 465. mál, þskj. 798. — Fyrri umr.
9. Ráðherraábyrgð, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.
10. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 246. mál, þskj. 291. — Fyrri umr.
11. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — 1. umr.
12. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:31]

**Útbýting þingskjala:**
Dómstólar, 176. mál, nál. allshn., þskj. 821.
Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 483. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 819.
Rannsókn á refsingum við afbrotum, 484. mál, þáltill. allshn., þskj. 820.

### *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574.

[10:33]

**Hjörleifur Guttormsson:**
Virðulegur forseti. Það mál sem við ræðum nú er hið fyrsta á dagskrá af mörgum málum sem varða eignarhald og nýtingu auðlinda. Þetta er framhald umræðu sem hófst 5. febrúar sl. með framsöguræðu hæstv. iðnrh. og áttum við stutt orðaskipti í framhaldi af því í andsvörum. Fyrir utan stjfrv. sem hæstv. ráðherra mælti fyrir þá liggja fyrir þinginu og á þessum fundi raunar, tvö frv. flutt af hv. þingmönnum jafnaðarmanna, annars vegar um hliðstætt efni og hins vegar um virkjunarrétt vatnsfalla.

Hér er einnig á dagskrá frv. um stjórnarskipunarlög, á þskj. 152, og síðan er á dagskrá þáltill. frá þingflokki Alþb. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Áður eru komin til þingnefnda nokkur frv. er varða sömu mál eða skyld, þ.e. frv. ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur sem hæstv. forsrh. mælti fyrir ekki alls fyrir löngu og er komið til allshn. Þá var mælt fyrir frv. Alþb. um breytingu á stjórnarskipunarlögum sem við þingmenn Alþb. flytjum, með hv. þm. Ragnar Arnalds sem 1. flm. Fyrir iðnn. liggja tvö frv. sem þingflokkur Alþb. hefur flutt, raunar á mörgum umliðnum þingum, um virkjunarrétt fallvatna og um jarðhitaréttindi. Þau voru send til hv. iðnn. á haustþingi.

Ég vil einnig geta, virðulegur forseti, um till. til þál. sem ég er flutningsmaður að, um þjóðgarða á miðhálendi Íslands. Það mál varðar meðferð lands og hvernig náttúruverndarlögum skuli beitt til verndunar á stórum svæðum miðhálendisins.

Eðlilegt er, virðulegi forseti, að umræða um þessi mál blandist nokkuð saman í þinginu. Í þeim kemur fram mismunandi afstaða stjórnmálaflokka til grundvallarmála sem lengi hafa verið rædd í þjóðfélaginu en eru enn óútkljáð.

Meginefni þess frv. sem við ræðum hér, frv. ríkisstjórnarinnar, er að lögfesta ákvæði um það að landareign fylgi eignarréttur á auðlindum í jörðu. Verði frv. þetta að lögum hefur Alþingi m.a. fallist á að lögfesta eftirfarandi sjónarmið og stefnu: Í fyrsta lagi að jarðhiti hversu djúpt í jörðu sem hann er sóttur teljist eign landeigandans, þ.e. fylgi einkaeignarrétti á eignarlöndum. Í öðru lagi að grunnvatn fylgi með sama hætti einkaeignarrétti á eignarlöndum. Í þriðja lagi að hvers kyns jarðefni svo sem gosefni að steinefnum meðtöldum, málmar og jarðolía teljist eign landeiganda. Síðan boðar hæstv. ráðherra að á komandi haustþingi verði flutt frv. sem tengist nýtingu vatnsfalla. Það tekur þá væntanlega til orku fallvatna og ákvæða um virkjunarrétt, hafi ég lesið mál hæstv. ráðherra rétt. Þessi gæði verða þannig látin fylgja landareign svo sem hér er gert ráð fyrir.

Hér er, virðulegur forseti, um stórpólitískt mál að ræða og í raun koma mikil tíðindi fram í því frv. hæstv. ríkisstjórnar sem við ræðum hér. Þessi ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. vill með lögum færa svonefndum landeigendum náttúruauðlindir landsins. Þeir hafa þó engan þátt átt í að skapa þær

eða auka við þær og fæstir hafa í raun nokkurt bolmagn til að nýta þessar náttúruauðlindir. Áður en kemur til nýtingar þessara auðlinda ber nýtingarleyfishafa, samkvæmt frv., að greiða landeiganda endurgjald fyrir auðlindina eða greiðslu samkvæmt mati sé hún tekin eignarnámi.

Frv. þetta er borið fram af stjórnmálaflokkum sem fyrir nokkrum áratugum lutu forustu manna eins og Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar, virtra fræðimanna í lögum. Þeir stóðu fyrir og vörðu allt önnur sjónarmið í þessum málum, þau sjónarmið að eðlilegt gæti talist að slíkar auðlindir væru lýstar almannaeign, þ.e. sameign þjóðarinnar eða takmörk væru sett varðandi nýtingu þeirra með tilliti til bótaréttar. Þeir hefðu ekki talið að lögfesting slíkra viðhorfa þyrfti að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Þessi viðhorf, virðulegur forseti, eru rækilega rakin í greinargerð með frv. okkar alþýðubandalagsmanna um jarðhitaréttindi og orku fallvatna. Ég tel, virðulegur forseti, rétt að víkja nánar að því hér á eftir. Þau frv. sem nú eru fyrir iðnn. þingsins gera ráð fyrir að þessar náttúruauðlindir verði með lögum lýstar þjóðareign. Orka fallvatna verði þjóðareign án undantekninga, þótt landeigendum sé heimill takmarkaður nýtingarréttur án sérstakra heimilda, og allur jarðhiti neðan 100 metra dýptarmarka verði með sama hætti lýstur þjóðareign. Þá gerir frv. okkar alþýðubandalagsmanna til stjórnarskipunarlaga ráð fyrir að sett verði ákvæði um sameign náttúruauðlinda í stjórnarskrá Íslands.

Í þessum efnum erum við öndverðrar skoðunar við núverandi stjórnarflokka og göngum mun lengra en Alþfl. að því er varðar jarðhita og orku fallvatna.

Stefna Alþfl. og þingflokks jafnaðarmanna kemur, eins og ég hef nefnt, fram í tveimur frv. sem verða síðar á dagskrá þessa fundar. Samkvæmt ákvæðum frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu, sem þingmenn jafnaðarmanna flytja, er aðeins gert ráð fyrir að orka háhitasvæða sem sótt er í jörð með borum, tilheyri ríkinu. Jafnframt eru þar hliðranir, svo sem að ráðherra megi ákveða að fallið skuli frá slíkum eignarrétti. Lághiti er hins vegar samkvæmt sama frv. látinn fylgja einkaeignarrétti á landi þótt sækja þurfi hann í iður jarðar. Orka fallvatna er ekki lýst þjóðareign á einkalendum, samkvæmt sérstöku frv. hv. þingmanna jafnaðarmanna, en bætur til landeigenda skulu takmarkaðar við tiltekna þætti samkvæmt 11. gr. þess frv.

Þannig liggja, virðulegi forseti, fyrir þinginu þrjú meginsjónarmið sem snerta þessi mál. Í fyrsta lagi skýlaus einkaeignarstefna hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar. Í öðru lagi víðtæk sameignarstefna Alþb., varðandi náttúruauðlindir, þar sem jafnframt er gert ráð fyrir að hóflegt auðlindagjald komi fyrir afnot. Í þriðja lagi er það takmörkuð sameignarstefna Alþfl., ef ég má orða það svo, þar sem gert er ráð fyrir auðlindaskatti að meðtöldu veiðileyfagjaldi. Í greinargerð með því frv. er vikið að því að það gæti með tímanum skilað háum upphæðum í ríkissjóð og jafnvel komið í stað fyrir núverandi tekjuskattskerfi.

Ég vek athygli, virðulegur forseti, á þeirri breyttu stöðu sem þessi mál eru í eftir tilkomu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Að þeim samningi gerðum deila Íslendingar í reynd réttindum með öllum íbúum Vestur-Evrópu að Sviss undanskildu. Útlendingar af þessu svæði geta keypt hér lendur sem á annað borð ganga kaupum og sölum án takmarkana. Með því að lögfesta víðtækan einkaeignarrétt á náttúruauðlindum er í reynd verið að afhenda nær 400 millj. manna og innan tíðar enn fleiri ef að líkum lætur rétt til að eignast þær verði þessar auðlindir ekki lýstar sameign þjóðarinnar og það tryggt með lögum og/eða stjórnarskrárákvæðum.

Viðbrögð hæstv. ráðherra í andsvörum við fyrirspurnum mínum fyrr í þessari umræðu, þann 5. febrúar sl., voru einkar athyglisverð, virðulegur forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra um það hvers vegna hann bæri hér fram allt aðra stefnu um yfirráð yfir náttúruauðlindum en lögspekingar og stjórnmálaforingjar á borð við Ólaf Jóhannesson og Bjarna Benediktsson og sem fræðimaður eins og prófessor Ólafur Lárusson hefur fært rök fyrir fyrr á tíð. Hvers vegna Framsfl. bæri fram ramma einkaeignarstefnu þegar náttúruauðlindir eru annars vegar andstætt því sem var um prófessor Ólaf Jóhannesson, sem fræðimann og í reynd sem þingmann og ráðherra. Raunar má hið sama segja um fyrrv. formann Framsfl., Steingrím Hermannsson, eins og hann lýsti viðhorfum sínum til þessara mála að gerðum samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Mér fannst hæstv. iðnrh. vefjast tunga um tönn er hann svaraði fyrirspurnum mínum eða ábendingum um þetta efni. Hæstv. ráðherra talaði um hálfrar aldar gamalt mat. Það er nokkuð frítt með farið. Ólafur Jóhannesson var forsrh. í ríkisstjórn 1978–1979. Í sáttmála þeirrar ríkisstjórnar var það sem stefnumið að lýsa djúphita í jörðu og orku fallvatna þjóðareign og mál voru undirbúin í tíð þeirrar ríkisstjórnar og þeirrar sem á eftir fór sem hæstv. ráðherra sat í sem utanrrh. og átti hlut að þeim málum sem lögð voru fyrir á þinginu 1982–1983 og hafa síðan oft verið flutt sem þingmannafrumvörp.

Hæstv. iðnrh. sagði að réttarframkvæmd hafi síðan orðið allt önnur. Ekki rökstuddi hæstv. ráðherra það frekar en kannski eigum við eftir að heyra nánari rökstuðning síðar. Hæstv. ráðherra vísaði til þess að tæknilegir möguleikar hafi orðið til að breyta skilgreiningum í þessum málum. Jafnframt að dómar hafi einnig staðfest að þarna sé um eignarréttindi að ræða og væri fróðlegt að heyra um það í hvaða dóm er hér verið að vitna. Í raun er hæstv. ráðherra m.a. að enduróma viðhorf sem lögfræðilegir ráðunautar hæstv. ríkisstjórnar halda að ráðherrum í ríkisstjórninni til þess að auðvelda þeim að rökstyðja þá stefnu sem felst í því frv. sem við ræðum hér. Þó blasa alls staðar við fyrirvararnir í greinargerð með þessu frv. þegar rætt er um einkaeignarréttinn og skírskotun til stjórnarskrárákvæða. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til greinargerðar þessa frv. þar sem segir:

„Sérstaklega hefur verið dregið í efa að forsendur séu til þess að skilja eignarrétt að tilteknum auðlindum bótalaust frá eignarráðum sem fylgt hafa eignarlandi eða gera í því efni mun á jarðhita eftir hitastigi. Telja verður að slík tilhögun fái tæpast staðist“ — ég vek athygli á þessu orðalagi „fái tæpast staðist“ — „ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, einkum þegar litið er til þeirra viðhorfa sem mótast hafa til eignarréttinda hér á landi og fylgt hefur verið við mótun löggjafar og í framkvæmd t.d. við ákvörðun bóta við eignarnám á jarðhitaréttindum og við frjálsa samninga um slík réttindi.“

Það væri hægt að vitna til fleiri atriða í greinargerð frv. sem við ræðum. Ég vil benda á bls. 10 þar sem frekar er vikið að þessum efnum og þar koma áfram fyrir fyrirvarar við þá fullyrðingu eða við þá stefnu og skoðun að víðtæk sameign fái ekki staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þessu er því lagt til að staðfest verði sú regla sem í raun hefur verið fylgt við túlkun eignarréttar, að eignarlandi fylgi réttur til auðlinda sem þar finnast."

Sannfæringarkrafturinn í röksemdafærslu hæstv. ráðherra í þessum efnum er ekki mikill. Þeir sem unnið hafa þessar álitsgerðir fyrir hæstv. ráðherra slá engu föstu um þessi efni að því er varðar heimildir til að setja í lög víðtæk ákvæði um sameign á náttúruauðlindum.

Ég held að rétt sé, virðulegi forseti, að ég vitni örstutt í Ólaf Jóhannesson eins og greint er frá hans sjónarmiði í frv. sem ég er 1. flm. að, um jarðhitaréttindi, því frv. sem er í hv. iðnn. Þar segir í greinargerð sem fylgdi frv. sem lagt var fyrir Alþingi 1956 um jarðhita. Var það ítarlegt frv. á þeim tíma og í 8. gr. þess frv. var svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, samanber þó 14. gr."

Með frv. þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið „Um eignar- og umráðarétt að jarðhita". Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem skrifuð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum. Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þótt réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé að því er virðist litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum, þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa séu sameign þjóðarinnar allrar.

Virðulegur forseti. Það er jafnframt rétt að vekja athygli á því hvað menn hafa gert í öðrum löndum þar sem einka-eignarréttur í almennum skilningi er þó í hávegum hafður og vísa ég í því efni til bls. 7 í greinargerð með frv. til jarðhitaréttinda.

Virðulegur forseti. Ég sé að grænt ljós blikkar í borðinu en ég hef ekki séð klukku ganga hér. Ég á ekki langt mál eftir af ræðu minni en mér hefur ekki verið kleift að fylgjast með neinum tíma.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður því miður að biðja hv. þm. afsökunar á því að kerfið er í ólagi í dag og því höfum við orðið að handstýra þessum upplýsingum og nú mun það vera svo að verið er að blikka af því að hv. þm. á aðeins eina mínútu eftir af sínum ræðutíma.)

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir upplýsingarnar en betra hefði verið að þær hefðu legið fyrir fyrr eða í upphafi. Ég skal draga saman viðhorf mín í fáeinum lokaorðum.

Hér er, virðulegur forseti, á ferðinni gífurlega stórt mál. Jarðhitinn svo dæmi sé tekið er ein stærsta auðlind þjóðarinnar, sambærileg við fiskimiðin og svipuðu máli gegnir um orku fallvatna. Grunnvatnið í landinu á eftir að verða æ verðmætari auðlind — en um það er einnig fjallað í þessu frv. með sama hætti að því er varðar eignarrétt og yfirráð — í heimi þar sem ferskvatn að ekki sé talað um hreint og heilnæmt ferskvatn er takmarkað og fólk á stórum svæðum jarðarinnar er að komast í þrot.

Hvaða rök standa til þess, herra forseti, að Alþingi Íslendinga afhendi slík gæði þeim sem fengið hafa rétt til yfirborðs landsins, til hefðbundinna nota í búskap, til beitar búfjár eða til að reisa þar þak yfir höfuðið? Það væri óheillaverk ef meiri hluti á hv. Alþingi léti hafa sig til þess að festa í sessi með lögum skilning sem er andstæður heilbrigðri skynsemi að mínu mati, að ekki sé talað um réttlætiskennd og þau viðhorf að allir menn séu fæddir jafnir.

[10:57]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni Hjörleifi Guttormssyni að hér er um að ræða mikið og stórt mál. Það frv. sem hér er rætt er mjög merkilegt fyrir margra hluta sakir en e.t.v. fyrst og fremst vegna þess að þar er fjallað um eignarhald og nýtingu á öllum auðlindum í jörðu, ekki bara á jarðhita heldur grunnvatni, námum og öðrum auðlindum svo sem jarðefnum. Strax í 1. gr. er nákvæmlega skilgreint hvaða auðlindir í jörðu þetta viðamikla frv. tekur yfir, þ.e. hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

Þetta er í fyrsta skipti, virðulegi forseti, sem tilraun er gerð af hálfu stjórnvalda til að skilgreina nákvæmlega og setja lög um allar þær auðlindir sem finnast í og á jörðu á Íslandi. Að vísu hefur slíkt frv. áður verið flutt á Alþingi, þ.e. af þingmönnum jafnaðarmanna, en þetta er í fyrsta skipti sem stjfrv. um þau efni kemur fram. Um þetta viðamikla mál, um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem þessar auðlindir eru allar nákvæmlegar skilgreindar og tillögur gerðar um hvernig með skuli fara, liggja aðeins tvö frv. fyrir hv. Alþingi, þ.e. frv. hæstv. iðnrh. og frv. um jafnvíðtækt efni sem þingmenn jafnaðarmanna, þingmenn Kvennalista og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir flytja.

Athyglisvert er að mjög margt er líkt í þessum tveimur frv. Meðal annars er 1. gr. beggja frv. nánast orðrétt eins, þ.e. við erum sammála um að fullnægjandi og yfirgripsmikil skilgreining er þar á þeim auðlindum sem verið er að fjalla um og er það í fyrsta skipti sem slík skilgreining yrði fest í lög á Alþingi þannig að hennar þarf ekki frekar að leita. Tillögur um það liggja fyrir.

Það er ekki tilviljun að margt líkt er í þessum tveimur frv., frv. sem hæstv. iðnrh. flytur og frv. okkar. Ástæðan er m.a. sú að í stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, var samkomulag um að líkt mál skyldi flutt og var unnið að því í iðnrn. í tíð þeirra tveggja ráðherra Alþfl. sem þar voru og frumvarpssmíði a.m.k. tvívegis lokið um þau efni en samkomulag tókst aldrei um flutning málsins. Núv. hæstv. iðnrh. hefur að sjálfsögðu haldið áfram vinnu málsins eins og það var í iðnrn. en það sem gerst hefur er að sá ágreiningur sem var við samstjórnarflokk okkar, Sjálfstfl., í stjórnartíð fyrri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hefur nú verið leystur þannig að framsóknarmenn hafa fallist á sjónarmið Sjálfstfl. en ekki haldið til streitu þeim sjónarmiðum um þjóðareign sameiginlegra auðlinda sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði áðan að umtalsefni og hefur verið fram að þessu stefna allra þeirra forustumanna Framsfl. sem ég hef unnið með á þingmannsferli mínum.

Þetta kemur fram strax í 3. gr. frv., eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á, þar sem ákveðið er með einu pennastriki að allur eignarréttur að auðlindum í jörðu teljist vera einkaeign, að allur einkaréttur á einkajörðum, eftir því sem má skilja, alveg niður að miðju jarðar, skuli falla í hlut viðkomandi jarðeiganda. Um þetta var tekist á öll þau fjögur

ár sem fyrrv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sat, milli okkar og sjálfstæðismanna. Við héldum mjög sterklega fram þeirri stefnu að óréttlætanlegt væri með öllu að gera ráð fyrir því að landeigandi gæti átt öll verðmæti djúpt í iðrum jarðar sem kynnu að finnast undir landareign hans. Í frumvörpum okkar voru ákvæði þess efnis að það sem í vitund þjóðarinnar um aldir hefur verið sameiginleg auðlind okkar allra skyldi staðfestast í lögum. Þar erum við sammála Alþb. og höfum lengi verið. Sá ágreiningur sem verið hefur á milli flokkanna í þeim efnum er nánast um skilgreiningar en ekki um meginstefnu, hvort miða eigi við einhverja tiltekna dýpt eða hvort miða eigi við eitthvert tiltekið hitastig. En það eru að sjálfsögðu aukaatriði. Meginatriðin í stefnu flokkanna eru mjög ljós í þessum málum og þau eru hin sömu.

Á ágreiningi um þessi efni, þ.e. kröfu Sjálfstfl. til þess að allar auðlindir Íslands á einkajörðum og djúpt í iðrum jarðar á þeim slóðum yrðu einkavæddar, teknar af þjóðinni og færðar með lögum í hendur einstaklinga, strönduðu tilraunir okkar til koma fram frumvörpum til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Ég átti satt að segja von á því miðað við fyrri málflutning forustumanna Framsfl., ekki síst m.a. þess forustumanns sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði að umræðuefni, núverandi bankastjóra í Seðlabankanum, að Framsfl. mundi ekki svo auðveldlega fallast á að láta af þessu sjónarmiði og fallast á niðurstöður Sjálfstfl. um að einkavæða auðlindir Íslands. En það hefur hann gert því að í 3. gr. frv. er afdráttarlaust farið þess á leit við Alþingi að Alþingi lýsi því yfir að allar auðlindir í jörðu, hversu djúpt sem farið er, hversu verðmætar sem þær eru, sem finnast kunni í einkalendum séu einkaeign viðkomandi. Þetta er ekki lítil ákvörðun sem verið er að taka því að við erum að fara inn í gerbreytt umhverfi. Við erum að fara inn í umhverfi þar sem Alþingi og ríkisvald hafa ekki nema takmarkað vald á því hvernig auðlindir á Íslandi eru nýttar, t.d. til raforkuframleiðslu. Við erum að fara inn í umhverfi þar sem bygging og rekstur orkuvera verða að meira eða minna leyti gefin frjáls og ekki háð einhverjum einkarétti. Á þeim tíma eða á þröskuldi þess tíma ætlar ríkisstjórn með aðild Framsfl. að afhenda einstaklingum t.d. rétt til þess að virkja djúphita á einkalöndum í því umhverfi sem við erum að fara inn í þar sem allir til þess bærir aðilar á hinu Evrópska efnahagssvæði geta gert samkomulag við slíkan landeiganda um virkjun, byggingu og rekstur virkjana. Með öðrum orðum er verið að skapa nýja gróðamöguleika fyrir útvalinn hóp manna á Íslandi, þá tiltölulega fáu Íslendinga sem geta gert eignarréttarlegt tilkall til jarðeigna þar sem mikil verðmæti kunni að finnast í iðrum jarðar. Framsfl. stendur að því að undirbúa slíkan eignaflutning frá almenningi til einkaaðila, að afgreiða þannig mál sem hefur verið til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga meira og minna allar götur síðan á fyrstu áratugum aldarinnar þar sem almenningur og þingmenn stóðu lengi vel í þeirri meiningu að auðlindir, sem enginn gæti sannað eignarrétt sinn á, væru sjálfkrafa eign íslenska ríkisins. Nú ætlar Framsfl. með tilstyrk Sjálfstfl. að taka af öll tvímæli um það að einstaklingarnir skuli eiga. Nú er verið að svara spurningunni „hver á Ísland?" í hverju málinu á fætur öðru. Það er ekki bara verið að einkavæða sameign þjóðarinnar í fiskimiðum, nú er líka hafin einkavæðing á sameign þjóðarinnar í auðlindum í og á jörðu.

Virðulegi forseti. Það eru mörg önnur atriði sem okkur greinir á við hæstv. iðnrh. í því frv. sem hann flytur hér. Ég leyfi mér t.d. að benda á að í frv. eru nánast engin ákvæði um umhverfisvernd. Ef menn skoða saman ákvæði í frv. um rannsóknir og leit í 4. og 5. gr. og um nýtingu auðlinda í 6. gr., sjá menn að ekki er gert ráð fyrir því að neitt umhverfismat eða umhverfisskoðun fari fram á neinu stigi málsins, allt frá rannsóknar- og leitarstigi og til nýtingarstigs, eftir því sem lesa má út úr frv. Þar segir t.d. um rannsókn og leit á einkalandi í 4. gr.:

„Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar."

Ekki orð, ekki hálft orð um að krafist sé umhverfismats eða umsagnar umhverfisyfirvalda í þessa veru.

Í 5. gr. um rannsóknarleyfi er rætt um að áður en leyfi skuli veitt skuli leita umsagnar Orkustofnunar. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt. Engin krafa er gerð um það að umhverfisyfirvöld komi að málinu ef marka má þessa grein.

Í 6. gr. um nýtingu auðlinda er sagt, með leyfi forseta:

„Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar."

Það sem vantar í þessi ákvæði, þ.e. um rannsóknir og leit og nýtingu, er að sjálfsögðu í fyrsta lagi að menn skilgreini hvað átt er við með leitarleyfum, nýtingarleyfum og rannsóknarleyfum. Hvað ná slíkar leyfisveitingar langt, hvaða skyldur fylgja þeim og hvaða réttindi? Hvernig ber ráðherra að haga sér við veitingu slíkra leyfa? Svo vantar algjörlega ákvæði um hvernig að skuli standa í frv., með hvaða hætti menn ætla að tryggja að leit, rannsókn og nýting valdi ekki umhverfisspjöllum, með hvaða hætti hæstv. ráðherra ætlar að tryggja að sú sterka krafa sem hefur komið fram, ekki síst á síðari árum frá almenningi á Íslandi, um að umhverfissjónarmiða verði gætt við allar rannsóknir og framkvæmdir af þessu tagi. Ákvæði um það vantar algjörlega í frv. ráðherrans.

Þar greinir mjög á við okkur jafnaðarmenn og kvennalistakonur sem stöndum að frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem er hitt frv., hinn valkosturinn sem fyrir Alþingi liggur um afgreiðslu málsins.

Síðasta atriðið þar sem mikill ágreiningur er á milli okkar og hæstv. ráðherra, er síðan varðandi XI. kaflann í frv. hæstv. ráðherra en þar gerir ráðherra sér lítið fyrir og leggur til að Alþingi veiti honum heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir. Engar málsmeðferðarreglur, engar reglur til að tryggja jafnræði aðila. Enginn greinarmunur gerður á því hvort um er að ræða nýtingarleyfi fyrir tiltölulega lítið verðmæta auðlind eða jafnvel fyrir stórverðmæti svo sem virkjanaréttindi eða fleira. Gert er ráð fyrir því að ráðherra sæki sér heimild til Alþingis í eitt skipti fyrir öll til þess að semja um endurgjald fyrir slík réttindi án nokkurra meðferðarreglna, án þess að tryggja að aðilar njóti jafnræðis, án þess að ákvæði séu um það hvað gera eigi við þetta fé og með hvaða hætti eigi að meta það gjald sem greitt yrði fyrir afnot af slíkum auðlindum. Það er gjörsamlega fáránlegt að ráðherra skuli fengið svo víðtækt vald, eins og þarna er um að ræða, án þess að nokkur ákvæði séu fyrirfinnanleg í frv. um það hvernig hann eigi að beita því mikla valdi sem honum er fengið.

Ég ætla ekki að gera því skóna að hæstv. ráðherra mundi fara þá leið að semja t.d. við Norsk Hydro um virkjanir norðan Vatnajökuls og hvað þeir greiddu fyrir það því að ég býst ekki við að nokkrum ráðherra mundi detta í hug að taka

sér slíkt samningsvald í hendur einhliða, jafnvel þó að hann gæti bent á að Alþingi hefði veitt honum slíkt vald.

Það er hins vegar ekkert sem kemur í veg fyrir það samkvæmt þessu eða neinar reglur um það að ráðherra geti ekki einn og sjálfur gert samkomulag við nánast hvaða aðila sem er um t.d. minni háttar aðstöðu á hálendi eða til nýtingar á jarðefnum eða til framkvæmda við þjónustumiðstöð eða hvað sem er, geti gert slíkt samkomulag um nýtingu auðlinda án þess svo mikið sem gefa nokkrum öðrum en þeim aðila sem hann semur við kost á eða jafnvel vitneskju um að slíkt standi til. Það er auðvitað gersamlega fráleitt að halda svona á málum og ég vísa á að sama ákvæði er í þjóðlendufrv. um vald til forsrh. og ég sé ekki betur en ákvæðin í 31. gr. þessa frv. og ákvæðin í þjóðlendufrv. forsrh. skarist að þessu leytinu til.

Við jafnaðarmenn flytjum hins vegar í frv. okkar mjög ítarlegar tillögur um hvernig að svona gjaldtöku skuli staðið, þ.e. hvernig með málið skuli fara. Og það má segja að þumalfingursreglan hjá okkur, herra forseti, sé sú að ef um er að ræða minni háttar nýtingarrétt á sameiginlegum auðlindum þar sem ekki eru miklar fjárhæðir í húfi, þá verði settar reglur um það í lög um aukatekjur ríkissjóðs. Ef hins vegar er um að ræða verðmæt réttindi sem samið er um við einkaaðila eða aðra hvað varðar nýtingu á sameiginlegum auðlindum, þá verði meginreglan sú að nýtingarrétturinn verði boðinn út. Þarna eru ráðherra settar ákveðnar málsmeðferðarreglur m.a. til þess að tryggja að ráðherra misbeiti ekki valdi sínu, allir séu jafnir fyrir lögunum og allir hafi sömu tækifæri til að fá afnot af þeim auðlindum í jörðu eða á sem eru okkur sameiginleg. Í öðru lagi að tryggja að almenningur, ríkissjóður, fái eðlilegt afgjald fyrir slíka notkun. Hins vegar er það í þessu frv. lagt einhliða í vald ráðherra án þess að nokkrar málsmeðferðarreglur séu gefnar. Það er, virðulegi forseti, gersamlega fráleit afgreiðsla.

[11:18]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði í upphafi að umtalsefni hversu margt væri líkt í frv. ríkisstjórnarinnar, sem ég sem iðnrh. flyt, og í þeim frv. sem hefðu verið samin í tíð hans sem þáv. iðnrh. og fyrrv. þáv. iðnrh., Jóns Sigurðssonar. Síðan þegar hv. þm. fór að fara yfir frv. virtist allt vera þar í kaldakoli og ekkert af því sem í svona frv. þyrfti að vera væri þar inni. Mikið óskaplega hefur þetta frv. þá verið gallað sem hv. þm. var að vitna í að hefði verið samið í tíð hans sem iðnrh. í iðnrn.

Meginástæðan fyrir því að það frv. leit aldrei dagsins ljós á Alþingi var ekki bara sú að ekki náðist pólitískt samkomulag milli þáv. stjórnarflokka heldur hitt að fyrir liggur álitsgerð í ráðuneytinu frá prófessor Markúsi Sigurbjörnssyni, nú hæstaréttardómara, og prófessor Þorgeiri Örlygssyni sem unnin var fyrir Friðrik Sophusson fjmrh. og Jón Sigurðsson þáv. iðnrh. um það frv. sem þar lá fyrir. Í álitsgerðinni er komist að þeirri niðurstöðu að í frv. sé um slíka skerðingu eignarréttinda að ræða sem landeigandi þurfi ekki að þola bótalaust og þar af leiðandi sé frv. brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar. Skyldi nokkurn furða þó að ríkisstjórn á þeim tíma væri ekki tilbúin til að flytja slíkt frv.?

[11:20]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. gleymir því að eftir að þessi álitsgerð barst varð það að samkomulagi í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að frv. yrði tekið fyrir að nýju og endursamið með hliðsjón af þessari álitsgerð. Það var gert í minni tíð og breytt frv. var lagt fram á ríkisstjórnarfundi í minni tíð sem að mati umsagnaraðila stóðst ákvæði stjórnarskrár. Á því frv. höfum við jafnaðarmenn og kvennalistakonur byggt okkar tillöguflutning á Alþingi. Það er því rangt hjá hæstv. iðnrh. að frv. mitt sem iðnrh. í þáv. ríkisstjórn, sem lagt var fram í ríkisstjórninni með beiðni um afgreiðslu hafi verið dæmt að stæðist ekki stjórnarskrána. Þvert á móti, því það var álit þeirra aðila sem umsögn um það veittu, þar á meðal annars þeirra umsagnaraðila sem hann gat um, að með þeim breytingum sem gerðar hefðu verið á frv. stæðist það fyllilega stjórnarskrána.

Þetta vildi ég að kæmi fram til að leiðrétta það sem hæstv. iðnrh. sagði. Ég vil trúa því að hann hafi ekki vitað betur því að ég trúi því vart að hann hefði farið upp með þessa yfirlýsingu ef honum hefði verið kunnugt um málsatvik.

[11:21]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitthvað held ég að þetta sé nú málum blandið hjá hv. þm. því meginástæðan fyrir því að þeir lagaprófessorar komust að þessari niðurstöðu var sú eins og þar segir: „Í frv. var landeigendum aðeins tryggður réttur til jarðefna annarra en málma og málmblendinga og réttur til jarðhita niður á 100 metra dýpi."

Það er nákvæmlega það sama og er í frv. því sem Alþfl. og Kvennalistinn hafa flutt á Alþingi. Gert var ráð fyrir að ríkið væri eigandi annarra auðlinda í jörðu landeigenda, þar með málma hvar sem er og allra auðlinda undir 100 metra dýpi. Frv. byggði á þeirri forsendu að ekki væri um eignaskerðingu samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að ræða. Í álitsgerðinni komust hinir áðurnefndu lagaprófessorar hins vegar að þeirri niðurstöðu að þetta bryti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er mjög merkilegt ef það er rétt hjá hv. þm. að annar þessara prófessora hafi breytt afstöðu sinni til þessara hluta. Ég hef hins vegar grun um að í tíð þáv. iðnrh. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hafi verið leitað til annarra aðila, og þá ekki í samráði við hinn stjórnarflokkinn, til að leita eftir hagstæðari álitsgerð.

[11:23]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hæstv. iðnrh. að benda mér á hvar í frv. um eignarráð á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra er miðað við 100 metra dýpt. Ég bið hann um að benda mér á það.

Í öðru lagi er í þessu frv. og því frv. sem samið var í minni ráðherratíð bætt heilum kafla inn í frv., það sem þessir tveir heiðursmenn höfðu fjallað um í sinni álitsgerð. Sá kafli er kafli VII, eignarnáms- og bótaákvæði í frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu á þskj. 750. Sá kafli var ekki til í upprunalega frv. sem umsögnin var gerð um. Þannig að þær breytingar sem gerðar voru á frv. frá því að Jón Sigurðsson lagði þau fyrst fram í ríkisstjórn og þangað til ég flutti þau inn á borð, ríkisstjórnar aftur en fékk þau ekki samþykkt vegna andstöðu Sjálfstfl., fullnægðu fyllilega þeim athugasemdum sem fram höfðu komið. Ég ítreka að þær breytingar voru gerðar í samráði við annan umsagnaraðilann og heilum kafla bætt inn um eignarnáms- og bótaákvæði til að taka af öll tvímæli. En ég spyr hæstv. iðnrh. aftur: Vill hæstv. ráðherra ekki gera svo vel og finna orðum sínum stað sem hann mælti

úr ræðustól áðan og benda mér á hvar í frv. þau ákvæði eru sem hann fullyrti að þar væru?

[11:25]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Út af þeim orðaskiptum sem áttu sér stað milli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og hæstv. iðnrh. væri kannski eðlilegt að fara fram á að sú greinargerð sem hæstv. iðnrh. vitnaði til væri birt og jafnvel dreift á borð þingmanna því það getur verið nauðsynlegt að hafa svona plagg í umræðunni til skoðunar. Ég fer fram á það, herra forseti.

Við erum að ræða ákaflega mikilvægt mál sem mun koma væntanlega til kasta iðnn. og ugglaust fleiri nefnda því þetta mál tengist umhverfismálum og ég ímyndað mér að það gæti jafnvel verið að allshn. Alþingis þyrfti að hluta til að fá þetta mál til umfjöllunar.

Við erum að ræða um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það sem telst til gæða og auðlinda vill verða breytilegt frá einum tíma til annars. Það þarf ekki annað en vitna til þess að ekki er langt síðan fólk áttaði sig á því hver auðlindin er í hafinu. Það er ekki langt síðan fólk áttaði sig á því hver auðlindin er í ósnortinni náttúru. Það er ekki langt síðan fólk áttaði sig á því að ýmislegt annað en jarðarauðlindir svo sem kol eða olía eru auðlindir. Það eru svo hraðar breytingar að fólk er að átta sig á því að kalt vatn er gífurleg auðlind. Í þeim löndum þar sem skortur er á þeirri auðlind fer ekki milli mála að kalt vatn er mikil auðlind.

Orkan er mikið lykilatriði og eins og við öll munum var olían á stærstum hluta 20. aldarinnar lykillinn að áframhaldandi uppbyggingu og velmegun. Þetta sýnir hvernig matið breytist á milli ára, nærri því að segja milli mánaða, hvað þá áratuga.

Það eru mörg atriði í frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem ber að skoða. Ég hefði talið að hv. þingmenn sem sitja í iðnn., ég tala nú ekki um formaður og varaformaður iðnn. hefðu þurft að vera viðstaddir umræðuna og fylgjast með hvað verið er að fjalla um. En væntanlega er búið að fara yfir þetta mál í þingflokki þeirra eða þingflokkum þannig að þeim er alveg ljóst hvað verið er að fara hér. Ég þarf ekki annað en vitna til 10. gr. í VI. kafla frv. þar sem verið er að fjalla um jarðhita. Þar er segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði í 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum."

Síðan á að fara með heimildir til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu samkvæmt ákvæðum orkulaga. Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvað sé verið að fara í þessu máli. Ég vil vitna í umsögn um lagagreinina, með leyfi forseta: „Lagt til að öll venjuleg nýting jarðhita á eignarlandi sé heimil án leyfis ráðherra." Hvað með umhverfismat í slíkum tilvikum? Erum við ekki farin að kækja inn á önnur lög sem við höfum sett? Þarf ekki að skoða samhengið þarna á milli? Landeigandi á að geta stundað atvinnurekstur sem er tengdur búskap eða eðlilegri nýtingu landsins. Þetta er auðvitað skiljanlegt. Mér finnst skiljanlegt að þetta sé gert á þennan veg en ég held að menn þurfi á hverjum tíma að leggja mat á hversu mikið umfang er verið að fara í. Lagt er til að mörkin verði 5 MW og síðan er útskýringin sú að vermið miðist við þrípunktsástand vatns, þ.e. þegar vatnið er 0,01°C heitt og undir 611,2 Pa, eða 6,112 mb þrýstingi. Þá er átt við að ísvatn og gufa séu í varmafræðilegu jafnvægi. Þetta er náttúrlega mikil og flókin skýring en þetta er sjálfsagt einfalt fyrir þá sem fjalla um þetta. En það ber að tilkynna Orkustofnun um framkvæmdir eða ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Ég hygg að það verði mikill vandi að setja reglugerð um þessi lög þegar þau verða komin í framkvæmd. Ég segi „þegar", því ég hygg að þetta mál eigi eftir ansi langt ferli til þess að hljóta afgreiðslu. Ég velti fyrir mér, herra forseti, umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. um kostnað. Þar er sagt, með leyfi forseta: „Með frumvarpi þessu er lagt til að öllum lögum um auðlindir í jörðu verði skipað í einn lagabálk." Er þetta alveg hárrétt? Einnig segir: „Með því yrði skýrt kveðið á um eignarrétt og nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó." Er þetta rétt? Er ekki aðeins verið að fjalla um í frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu? Er umsögnin rétt, herra forseti? Er verið að kveða skýrt á um eignarrétt á nýtingu á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó með frv.? Ég dreg fullkomlega í efa, herra forseti, að þessi umsögn standist. Ég held að ástæða sé til að vísa þessari umsögn heim til föðurhúsanna og biðja um nýtt mat á því frv. sem fyrir liggur. Ég get ekki annað sagt, herra forseti, og ég mælist til þess að svo verði gert.

Komið er inn á að gert sé ráð fyrir skýrum reglum og leyfi til rannsókna og nýtingar auðlinda. Það er ugglaust rétt þar sem miðað er við þetta frv. En það er ekki talað um sjó. Það er ekki verið að tala um rannsóknir á sjó eins og er vitnað til í þessu frv. Ég held að menn verði að skoða hvað sett er fram og skoða þetta miklu betur.

Herra forseti. Ég dreg líka í efa að eins og sagt er hér, með leyfi forseta: „Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að nokkur kostnaður við rannsóknir og leyfisveitingar falli á Orkustofnun." Ætli megi ekki reikna með, herra forseti, að verulegur kostnaður falli á Orkustofnun? Hvaða aðili á að fjalla um eða fara með þessar rannsóknir af hálfu ríkisins annar en Orkustofnun, a.m.k. þegar ríkið er að kanna stöðu sína um eignarhald og auðlindirnar í jörðinni?

Gert er ráð fyrir að kostnaður af samþykkt frv. geti verið 4–5 millj. kr. við að kanna auðlindir okkar í jörðu og eins og segir í frv. „í vötnum og í sjó". Halda menn að það kosti ekki meira en 4–5 milljónir að kanna auðæfi okkar? Þetta stenst náttúrlega ekki. Ég spyr hæstv. iðnrh. hvort ekki sé um einhver mistök að ræða í þessari umsögn. Er í frv. verið að fjalla um „nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó"? Ef svo er þá er heiti þessa lagafrv. rangt því að það heitir Um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég held að ástæða sé til þess að athuga þetta og þetta er aðeins, herra forseti, athugasemd um smáatriði, um örlítið atriði í frv. til laga um leið og ég ítreka beiðni mína um það plagg sem ég bað um í upphafi máls til hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Ég velti því áfram fyrir mér: Hver er auðlindin sem Ísland hefur upp á að bjóða? Ég nefndi áðan að orkan í formi olíu hefði verið talin hvað mikilvægast á 20. öldinni. Ég hef líka nefnt að mat manna er að breytast gífurlega. Ég bendi á að Alþjóðabankinn er farinn að meta auð landa út frá þremur hugtökum, þ.e. frá mannauði, fjármagni og náttúruauðlindum. Það er mjög mismunandi á milli landa hvernig þessi auðæfi eru metin. Á Íslandi

eru náttúruauðlindir metnar mikilvægastar, þær eru metnar sem 56% þjóðarauðsins en mannauðurinn aðeins 29%. Hafa menn velt því fyrir sér hvernig hlutfallið í þessum málum er t.d. í Sviss, Japan eða Lúxemborg? Þar er mikill munur á hve mannauðurinn er metinn hærra.

Það er líka rétt að velta því fyrir sér að á þeim tíma þegar landbúnaður var meginatvinnuvegur þjóðanna var Ísland fátækt land og var talið á mörkum hins byggilega heims. Út af hverju var það? Jú, það var út af því að hér eru léleg ræktunarskilyrði út af því að við liggjum svo norðlægt og út af því hvað landið er talið kalt. En við höfum þróað auð okkar og grunnurinn að auði okkar er hafið. Þegar eftirspurn jókst í nágrannalöndunum og þegar bændasamfélagið var ekki lengur ríkjandi gátum við farið að þróa okkur sem fiskveiðiþjóð. Þá fóru menn fyrst að gera sér grein fyrir því að aðalauður Íslendinga úr náttúrunni er fiskurinn úr hafinu. Svona breytast þessir hlutir á tiltölulega skömmum tíma. Við þurfum ekki annað en að rifja upp, herra forseti, að heimsstyrjaldirnar breyttu sýn manna á auðlindinni. Þá áttuðu menn sig á því að Ísland var forðabúr fyrir heiminn, a.m.k. sem matvælabúr. Við þurfum ekki annað en að rifja upp hvernig aðstaða Breta var gagnvart því að ná í matvæli frá Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari.

Við Íslendingar sjálfir höfðum ekki hugmynd um fyrr á öldinni hve mikil auðæfin eru í heita vatninu, hve mikil auðæfi eru í fossunum. Ég er ekki viss um að menn hafi áttað sig á því hve mikil auðæfi gætu verið fólgin í Gullfossi og Geysi. Ég er ekki viss um það að menn hafi velt því fyrir sér. Einar Benediktsson, sá mikli maður, komst áfram með hugmyndina um að virkja Búrfell. Til hvers átti að virkja Búrfell? Til að framleiða áburð. Ugglaust værum við meira iðnaðarríki í dag ef þetta hefði tekist þannig til og ekki eins háð sjávarauðlindinni. (Gripið fram í.) Það var alveg prýðilegt. Hitt er annað mál, hv. þm., að menn þurfa að gera sér grein fyrir því þegar verið er að fjalla um mál eins og hér er til umræðu, um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu, að við þurfum að meta allar þessar auðlindir á einhvern hátt. Ég er alveg viss um það og það hygg ég að hv. þm. séu almennt, að við gerðum okkur ekki grein fyrir því hver auðæfin eru, eins og ég nefndi, í náttúru landsins, jafnvel í eyðiflákunum. Það er mismunandi mat manna á því hver auðlegð er fólgin í þeim.

Herra forseti. Ég vil geta þess eins og hér hefur komið fram áður í ræðum manna að það eru frv. til hliðar við þetta frv. frá þingflokki jafnaðarmanna og frá þingflokki Kvennalistans ásamt Kristínu Ástgeirsdóttur þar sem fjallað er um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra. Það kemur ekkert fram í því frv. hver gæti orðið kostnaðurinn af setningu laga þessara. En ég spyr hæstv. ráðherra: Er það rétt sem segir um kostnaðarhlutdeildina? Er rétt að miða við í frv. að auðlindum í jörðu verði skipað í einn lagabálk þar sem kveðið verði á um „eignarrétt og nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó"? Ég get ekki séð né fundið þessu nokkurn stað og því spyr ég m.a. um þetta. En í þeim frv. sem við jafnaðarmenn leggjum fram eru tekin öll tvímæli af um eignarhald á auðlindum fallvatna, jarðhita, náma í jörðu og annarra slíkra auðlinda. Í þeim frv. er sú meginstefna mörkuð að auðlindir þessar, umfram þær sem þegar eru nýttar til einkanota, megi nýta til einkaþarfa eða eru ótvírætt í einkaeign, skuli teljast sameign þjóðarinnar. Í þeim frv. sem ég er að geta um eru ítarleg ákvæði um hvernig eigi að nýta þessar sameiginlegu auðlindir með almannahag fyrir augum. Ég bendi á, herra forseti, að meginefnið í þeim frv. sem þingflokkur jafnaðarmanna leggur fram, er almannahagur. Ekki fyrir einhverja einstaklinga sem geta dregið til sín eða á einhvern hátt gert sér mat úr því sem við teljum vera sameiginlega auðlind.

Í þessum frv. er gert ráð fyrir því að ávallt verði tekið gjald fyrir réttinn til nýtingar á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, fyrir virkjunarréttinn, rétt til djúphita og fallvatna, fyrir réttinn til nýtingar á námum, jarðefnum og grunnvatni, svo sem til vatnsútflutnings, þar sem grunnvatnið telst vera sameign þjóðarinnar. Ef um er að ræða minni háttar nýtingarrétt verði aðalreglan sú að gjaldtaka verði ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Sé hins vegar um mjög verðmæt nýtingarréttindi að ræða, svo sem vegna virkjunar fallvatna og djúphita, verði nýtingarrétturinn boðinn út. Það er í samræmi við ákvæði um frjálsa samkeppni, um byggingu og rekstur orkuvera sem taka munu gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði í nánustu framtíð.

Herra forseti. Þetta er aðeins innlegg inn í þessa umfjöllun. Mér þætti vænt um það ef hæstv. iðnrh. vildi svara spurningu minni um kostnaðinn við að meta eignarrétt og nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og á sjó eins og getið er um í umsögn með þessu frv.

[11:46]

**Útbýting þingskjala:**

Bifreiðakaup ráðuneyta, 365. mál, svar fjmrh., þskj. 817.
Dómstólar, 176. mál, brtt. allshn., þskj. 822.

[11:46]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eins og komið hefur fram við umræðuna er hér um að ræða mikilvægt mál sem snýst um eignarhald og eignarréttindi og þarf því ekki að koma á óvart þó pólitískur ágreiningur sé um það mál. Í raun ætti stjórnmálaumræðan að snúast um þessi atriði.

Vitanlega er tiltölulega einfalt fyrir einstaka flokka á Alþingi að leggja frv. fyrir Alþingi og segja: Við höfum margoft lagt þessi stóru mál fyrir. Það á ekki að koma á óvart þó að innan einstakra stjórnmálaflokka sé samkomulag um slík stórmál sem þetta. Menn hljóta að skipa sér í flokka m.a. eftir því hver viðhorf manna eru til eignarhalds og eignarréttinda. Fram undir þetta hefur hins vegar vafist fyrir ríkisstjórnum að ná samkomulagi um slík stórmál. Í framsöguræðu minni fór ég nokkuð nákvæmlega yfir sögu þessa máls og aðdraganda allan og ætla ekki að gera aftur hér. En nú hefur það gerst að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur orðið ásátt um að leggja fram þessi þrjú stóru mál á Alþingi sem öll tengjast á einhvern hátt.

Segja má að í hnotskurn staðfesti þetta frv. eignarrétt landeigenda á auðlindum í jörðu, eignarhald hans á landi og réttinn innan netlagna í vötnum og sjó. Á móti kemur að iðnrh. fær víðtækari heimildir en áður hafa verið til að nýta réttindi eða láta nýta í almannaþágu, réttindi á landareign í einkaeigu. Það hlýtur að skipta höfuðmáli.

Umræðan og ágreiningurinn hefur hins vegar snúist um jarðhitann og ég vil fara nokkrum orðum um hann í ljósi þeirra orðaskipta sem ég átti við hv. þm. Hjörleif Guttormsson í andsvari eftir framsögu mína. En vegna umræðna um þetta frv. má ætla að þetta snúist fyrst og fremst um eignarhald á jarðhitanum og hvort hægt sé að afmarka þau réttindi við 100 metra dýpi annars vegar eða háhita eða lághita hins vegar eins og skýrt kemur fram í 7. og 10. gr. frv. Alþfl. og Kvennalistans sem hér liggur fyrir. Menn hafa, fram undir

þetta, talað um að háhita- og lághitasvæðin gætu legið á um 100 metra dýpi. Þó, eins og margoft hefur komið fram, hefur tækniþróunin orðið slík á undanförnum árum að erfitt er að skilgreina nákvæmlega hvar mörkin liggja. Í því skyni hefur skoðunum manna eins og Ólafs Jóhannessonar vera haldið fram, og það gerði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hér við umræðuna. Þeir töldu að hægt væri að takmarka eignarréttindi að jarðhita með almennum hætti.

Í Tímariti lögfræðinga frá 1956 segir Ólafur Jóhannesson að hann telji að eins og lögum hátti verði réttur landeigenda ekki takmarkaður við tiltekið dýpi heldur verði að meta það í hverju falli ef á reynir með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmuna og vandkvæðum þeim sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, milli eigenda. Í greininni klykkir hann síðan út með því að setja megi rétti landeigenda til umráða og hagnýtingar ýmis takmörk með nýrri löggjöf. Í þessu frv. er einmitt verið að gera það. Skýrt er kveðið á um hvar eignarréttindin liggi en um leið eru settar mjög skýrar reglur um það hvernig hagnýta megi þessi réttindi í almannaþágu.

Í þessu sambandi skiptir máli að raunverulegir ráðstöfunarmöguleikar landeigenda hafa stóraukist á undanförnum árum. Þessi verðmæti eru þekktari nú en fyrir áratugum síðan. Nýting sem var fráleit fyrir nokkrum árum er möguleg í dag, m.a. vegna þess hve tækninni hefur fleygt fram. Þannig má segja að raunverulegur umráða- og hagnýtingarréttur landeigenda hafi aukist og færst niður á við ef við horfum á það út frá jarðhitanum. Ef tekið er mið af skoðunum Ólafs heitins Jóhannessonar um að meta verði rétt landeigenda í hverju tilfelli, þá er það í fullu gildi. Afleiðing þess er sú að erfiðara verður að taka þessi réttindi af bótalaust. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar er hið sama en verðmætin sem í jarðhitanum felast hafa breyst. Ég tel ekki rétt að leggja Ólafi heitnum Jóhannessyni orð í munn en held að ólíklegt sé að hann mundi telja frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri alþýðubandalagsmanna, standast stjórnarskrána í þessum efnum. Ég skildi hv. þm. Hjörleif Guttormsson þannig í andsvörum hans við mig, við upphaf þessarar umræðu, að hann væri að leggja út af því að Ólafur heitinn Jóhannesson hefði talið það frv. sem Alþb. hefur lagt hér fyrir standast stjórnarskrána. Á grundvelli þess sem ég hef sagt tel ég ólíklegt að svo hefði verið.

Eins er rétt að benda á og segja nokkur orð um það frv. sem hér liggur fyrir frá Alþfl. og Kvennalistanum. Ég tel að í því frv. felist alger rökleysa. Rökin fyrir þeirri fullyrðingu minni eru þessi: Því er haldið fram að landeigandi eigi ekki rétt til háhita og afmarka megi eignarrétt við lághita án bóta. Engu að síður er tekið fram í frv. að ef landeigandi hafi nýtt háhita fyrir gildistöku laganna, þ.e. ef frv. yrði að lögum, þá eigi landeigandi réttinn áfram. Í þessu felst auðvitað viðurkenning á því að menn hafa hingað til talið þessi verðmæti háð einkaeignarrétti landeigenda. Það má eiginlega segja það sama um frv. Alþb. í þessum efnum. Með öðrum orðum eru menn að viðurkenna að í dag gildi eignarrétturinn fyrir þá sem hafa nýtt auðlindir innan sinna eignarlanda til þessa dags en segja svo: Þetta gildir, en ef frv. verður að lögum ætlum við að taka þetta af þeim. Í þessu felst því alger rökleysa og frv. stenst ekki að þessu leyti.

Við upphaf umræðunnar efaðist hv. þm. Hjörleifur Guttormsson um fullyrðingar mínar um að réttarframkvæmd, lagaálit og einstakir úrskurðir, gætu staðfest, m.a. samninga sem gerðir hefðu verið um einkaeignarrétt á jarðhita. (**HG:** Ég var að tala um dóma.) Ég kem með tvö slík tilfelli á eftir, hv. þm.

Árið 1974 var leitað álits Lagastofnunar á því hvort frv. til breytinga á orkulögum bryti í bága við stjórnarskrána. Í því frv. var gert ráð fyrir því að ríkið ætti allan rétt til umráða yfir hagnýtingu jarðhita á háhitasvæðum. Þetta var árið 1974. Í álitsgerð eftir Jónatan Þórmundsson, en hans álits var óskað á þessu frv., kemur fram að þar sem ákvæði frv. áskilji ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum, án tillits til þess hve djúpt hann liggur í jörðu, verði að ætla að frv. hafi það í för með sér að eigendur jarðhitaréttinda á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum. Eins og eignarskerðingum þessum sé háttað verði að líta svo á að skylt sé, skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar, núna 72. gr., að láta eigarnámsbætur koma fyrir þær ef á annað borð sé um jarðhitaréttindi að ræða sem hafi fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna. Þetta tel ég vera ótvírætt. Þetta tel ég að gildi einnig um 7. og 10. gr. í frv. Alþfl. og Kvennalistans sem hér liggur fyrir. Þar af leiðandi mundu þau frv. ekki standast stjórnarskrána.

Ég get nefnt annað dæmi. Í gerðardómsúrskurði í máli milli eigenda Járngerðarstaða og Hópstorfu og Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi sem kveðinn var upp 21. janúar 1976 segir m.a. að ekki séu í settum lögum reglur er takmarki jarðhitaréttindi landeigenda við ákveðna tegund jarðhita eða jarðhita að tilteknu dýpi. Með hliðsjón af því og hagnýtingu jarðhita hér á landi með borunum í skjóli eignarréttar á landi verði að telja ótvírætt að jarðhiti sá sem fjallað sé um í málinu sé eign landeigenda, Járngerðarstaða og Hópstorfu. Samkvæmt almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta teljist réttindi til hagnýtingar landgæða verðmæti á fjárhagslegan mælikvarða enda þótt aðeins sé til að dreifa fáum aðilum eða jafnvel einum aðila er hafi áhuga og getu til að afla sér og nota þær hagnýtingarheimildir sem um sé að ræða. Á grundvelli þessa er komist að niðurstöðu um ákvörðun á fjárhæð endurgjalds um jarðhitaréttindi. Undir þennan úrskurð skrifar m.a. Gaukur Jörundsson fyrrv. lagaprófessor.

Í þriðja lagi. Í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta vegna Deildartunguhvers frá 1980 segir m.a., með leyfi forseta: „... að ekki sé neinum vafa bundið að jarðhitaréttindi séu samkvæmt núgildandi lögum verðmæt réttindi sem bæta beri rétthöfum við eignarnám."

Það er rétt að það eru ekki margir hæstaréttardómar sem staðfesta eignarrétt að jarðhita. Hér skal nefndur hæstaréttardómur frá 1987, á bls. 1201, en þar deildu annars vegar kaupstaður nokkur og hins vegar jarðeigandi jarðarinnar Bjarkar um greiðslu fyrir nýtingu jarðhita og voru landeigandanda dæmdar bætur og ótvírætt talið að um eignarrétt væri að ræða.

Einnig má nefna hæstaréttardóm frá 1973, á bls. 390, þar sem deilt var um hvort borunaraðgerðir hreppsnefndar Hrunamannahrepps á nærliggjandi jörð hefði valdið minnkandi vatnsrennsli úr Grafarhver. Sýknað var af bótakröfu þar sem tengslin voru talin ósönnuð. Þessir dómar slá því föstu, að mínu viti, að um eignarréttindi sé að ræða og þau sé ekki hægt að taka af nema bætur komi fyrir. Enn undirstrika ég að þar af leiðandi munu þau frv. Alþfl. og Alþb. sem fyrir liggja brjóta eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég ætla ekki að vitna í álitsgerð þeirra Markúsar Sigurbjörnssonar og Þorgeirs Örlygssonar, sem ég vitnaði áðan í efnislega og fyrr við umræðuna, en með hliðsjón af þessum

dæmum verðum við að telja að auðlindir sem fjallað er um í frv., þar á meðal jarðhiti, séu verðmæti sem tilheyri landareign og verði ekki tekin af landeiganda nema með lögum. Landeigandinn á hins vegar ekki bótarétt ef þessi réttindi eru tekin af honum með lögum nema hann geti sýnt fram á verðmætin og þar með tjón við eignaskerðinguna og þar af leiðandi að hann sé að missa verðmæti og tapa tilteknum réttindum. Ég tel að þessi dæmi, herra forseti, sýni svo ekki verður um villst að sú leið sem farin er í stjfrv. sé sú eina færa til þess að tryggja að ekki sé gengið á lögvarin og stjórnarskrárvarin eignarréttindi skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

[12:02]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni áðan að það væri mjög einfalt mál fyrir stjórnarandstöðu að búa til frv. um þessi efni og leggja þau fram á Alþingi. Ég bið hæstv. iðnrh. forláts en væri hann ekki tilbúinn að bera t.d. saman þau tvö frv. sem liggja fyrir Alþingi um þetta mál, eignarhald á auðlindum í jörðu, frv. hans og frv. jafnaðarmanna og Kvennalista? Þá er ég bara að tala um tæknilega útfærslu frv. og vandaða smíði. Skyldi hæstv. ráðherra ekki komast að raun um að það frv. sem hann leggur fram í nafni hinnar voldugu ríkisstjórnar er miklu einfaldari og lakari smíð en það frv. sem liggur frammi frá okkur? Það eru fjölmörg atriði sem er aðeins tæpt á í frv. hæstv. iðnrh., atriðin sem ég nefndi áðan. Engin skilgreining er gerð á því hvað er rannsóknarleyfi, hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að hljóta slíkt leyfi, hvaða skyldur og réttindi það veitir, hvað er leitarleyfi, hvaða réttindi og skyldur það veitir, hvað er nýtingarleyfi og hvaða réttindi og skyldur fylgja því. Þetta er tæknilega illa unnið verk.

Vissulega er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er erfitt fyrir þingmenn í stjórnarandstöðu, sem verða að vinna mest af tæknivinnu sinni sjálfir, að leggja fram vönduð frv. En ef menn bera saman þessi tvö frv. hreinlega út frá því sjónarmiði einu hver vöruvöndunin sé í meðferð málsins óttast ég ekki þann samanburð.

Hæstv. ráðherra sagði líka réttilega að það hafi vafist fyrir ríkisstjórnum að ná samkomulagi um það hvernig skera skuli úr um einkaeignarrétt og almannaeign á auðlindum. Það er ekki rétt. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sat sem iðnrh. í ríkisstjórn undir forsæti framsóknarmanna og ekkert vafðist fyrir þeirri ríkisstjórn að komast að niðurstöðu. Það hefur ekki vafist fyrir okkur í stjórnarandstöðunni í þessum umræðum að komast að niðurstöðu í málinu. Hingað til hefur ekki vafist fyrir forustumönnum Framsfl. að komast að niðurstöðu. Niðurstaða þeirra hefur hingað til verið sú að það ætti ekki að ganga þannig frá málum að einkaeignarréttarinn næði niður fyrir kvöl og pínu, næði inn að miðkjarna þessa hnattar sem við búum á því að engin takmörk eru á einkaeignarréttinum samkvæmt frv. hæstv. iðnrh. Hann á samkvæmt frv. að ná eins langt niður í iður jarðar og framast er hægt að komast á hverjum tíma. Það er ekkert sem takmarkar það.

Hvernig tókst hæstv. iðnrh. síðan að ná samkomulagi í ríkisstjórninni sem hefur vafist fyrir mörgum ríkisstjórnum en ekki öllum? Hvernig tókst honum það? Honum tókst að komast að samkomulagi með því einfaldlega að fallast á sjónarmið Sjálfstfl. Þau sjónarmið um einkaeignarréttindi, sem koma fram í frv. hæstv. ráðherra, hafa ávallt verið óskoruð og óumdeild sjónarmið Sjálfstfl. í málunum alveg frá upphafi en hann hefur einn flokka á Alþingi verið afdráttarlaust þessarar skoðunar. Auðvitað er enginn vandi að komast að niðurstöðu í samsteypustjórn með því að fallast bara á sjónarmið þess sterka og það hefur hæstv. iðnrh. gert. Hann komst að samkomulagi í ríkisstjórninni með því að fallast á sjónarmið Sjálfstfl. Svo einfalt er það mál.

Hæstv. iðnrh. segir að það sé allt í lagi þó svo menn skeri úr um það með löggjöf að stór hluti auðlinda Íslands skuli framvegis teljast einkaeign, vegna þess að frv. veiti honum svo víðtækar heimildir til að nýta auðlindir á slíku landi í almannaþágu. Hann geti t.d., ef samkomulag næst ekki, beitt eignarnámsheimild. En eins og gengið er frá frv. er engin takmörkun gerð á kröfurétti landeigenda í því tilviki, eins og er t.d. gert í frv. okkar jafnaðarmanna. Það eru t.d. engin ákvæði í frv. um að við slíka eignaupptöku eða við slíka aðgerð af hálfu ráðherra, vegna þess að ekki náðist samkomulag við jarðeiganda, skuli bætur fyrst og fremst miðaðar við það sannanlega tjón, jarðspjöll og annað tjón sem viðkomandi landeigandi verður fyrir. Bætur skuli ekki miðast við að greiða landeiganda bætur fyrir að hann hefði í eigin þágu eða fyrir eigin afli í samvinnu við aðra getað gert þá framkvæmd sem hæstv. iðnrh. er að stefna að vegna upptökunnar. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. hæstv. ráðherra að settar séu neinar skorður við slíkri kröfugerð. Þegar búið er að festa það í lög að jarðeigandi eigi allar auðlindir í jörðu undir eignarlandi sínu, eins og hér er gert, er opnað á þá leið að jarðeigandi geti gert kröfur til þess, verði um eignarnám að ræða, að sem bætur til hans fái hann t.d. greiddan einhvern ákveðinn ágóðahlut eða arðshlut af starfrækslu, t.d. jarðgufuvirkjunar, á landi hans langt fram í tímann, fái árlegan ágóðahlut í vasa sinn, auk þeirra spjalla sem menn kunna að valda á landi hans, ellegar að hann geti í eitt skipti fyrir öll gert kröfu um að við eignarnámið yrði honum bætt það tjón sem hann kynni að hafa orðið fyrir ef hann eða aðilar í umboði hans hefðu t.d. reist viðkomandi jarðgufuvirkjun í stað þess að það væri gert af almannavaldinu.

Það stenst ekki að setja svona ótvíræð ákvæði um einkaeign auðlinda í lög eins og þarna er verið að gera og segja síðan að þetta sé allt í lagi því að iðnrh. hafi möguleika á því að grípa inn í með eignarnámsákvæðum til þess að nýta í almannaþágu auðlind sem næst ekki samkomulag um og liggur af tilviljun djúpt í jörðu tiltekins landeiganda. Það vantar þau ákvæði í frv. varðandi eignarnámsbætur, sem eru í frv. jafnaðarmanna, að bætur í slíku tilviki skuli einskorðast við það tjón og þau spjöll sem landeigandi kynni að verða fyrir vegna framkvæmdarinnar en ekki verði tekið tillit til kröfu hans um það að hann fái annaðhvort einskiptisbætur í staðinn fyrir framkvæmd sem hann hefði getað unnið að sjálfur eða aðilar á hans vegum ellegar að hann geti gert kröfu um arðshlutdeild af rekstri viðkomandi verkefnis til framtíðar. Hæstv. iðnrh. er með þessum lögum að opna fyrir slíkar kröfur frá einkaaðilum sem hann er að afhenda þessar auðlindir fyrir ekki neitt. Hann er að opna fyrir sams konar kröfugerð og flokkur hans og Sjálfstfl. hafa opnað fyrir varðandi nýtingu fiskimiðanna (Forseti hringir.) að menn geti krafist þess að fá bætur fyrir auðlindir og aðgang að auðlindum sem þeim hefur verið afhent af hæstv. iðnrh. og flokki hans fyrir ekki neitt.

[12:12]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi örlítið misskilið mig þegar ég sagði í upphafi annarrar

ræðu minnar að ég teldi að tiltölulega auðvelt væri fyrir einstaka flokka að ná samkomulagi innbyrðis eða innan flokka að ná samkomulagi um að leggja frv. um eignarhald og eignarrétt fyrir Alþingi. Það sagði ég vegna þess að ég tel að það eigi að vera tiltölulega gott samkomulag innan flokkanna um slík grundvallarréttindi í stjórnmálaflokkum. Það er það sem ég átti við. En mér þykir leitt að heyra ef það eru slík átök innan Alþfl. að það sé erfitt að koma slíkum frv. fram.

Ég ætla ekki að fara í samjöfnuð á gæðum þeirra afurða sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að bera saman, annars vegar hvernig stjfrv. lítur út og svo hins vegar það ágæta frv. sem Alþfl. og Kvennalistinn hafa lagt hér fyrir. En af því að hv. þm. gerði það að umtalsefni, bæði í fyrri ræðu sinni og nú síðar líka, að það vantaði mikilvæga hluti inn í skilgreiningar um leyfi og annað slíkt, verð ég að biðja hv. þm. að lesa frv. örlítið betur. Þar verð ég að biðja hv. þm. að lesa 4. gr. um rannsóknir og leit, hvað rannsóknarleyfi felur í sér í 5. gr., í 2. mgr. 6. gr. hvað nýtingarleyfi felur í sér samkvæmt lögunum. Svo verð ég að biðja hv. þm. að lesa allan VIII. kafla frv., þar sem í rannsóknum og nýtingarleyfum er m.a. krafist tiltekinna skilgreininga áður en þau eru gefin út. Ég sé ekki jafnnákvæmar kröfur gerðar um nýtingar- og rannsókarleyfi í því ágæta frv. sem Alþfl. og Kvennalistinn hafa lagt fyrir þingið. En ég ætla ekki að eiga orðastað við hv. þm. um samjöfnuð á gæðum þessara afurða.

[12:15]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Engin átök hafa verið í Alþfl. eða þingflokki jafnaðarmanna um þessi mál. Við höfum alltaf verið sammála og samstiga um skoðun okkar á því, líka um það að falla ekki frá henni og aðhyllast niðurstöður Sjálfstfl. en það hefur einmitt gerst í Framsfl. Framsfl. hefur fram að þessu, eða a.m.k. forustumenn hans, verið þeirrar skoðunar að varðveita sjálfstæða skoðun Framsfl. í auðlindamálunum sem hefur til þessa verið sú að þjóðin eigi Ísland saman. Nú hefur Framsfl. hins vegar skipt um skoðun og gengið til liðs við Sjálfstfl., leyst deilurnar í ríkisstjórninni með því að gera stefnu Sjálfstfl. í auðlindamálunum að sinni.

[12:16]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur alltaf verið stefna Framsfl., og hún hefur ekki breyst í áranna og áratuganna rás, að virða eignarrétt einstaklinganna. Það er ekki hægt að leggja fram á Alþingi frumvörp til laga sem brjóta svo bersýnilega gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar eins og þau frv. sem Alþb. og Alþfl. og Kvennalistinn hafa lagt fram. Framsfl. stendur ekki að slíkri tillögugerð. Eins og ég sagði áðan er sú leið sem þarna er farin, að skilgreina og tryggja einkaeignarréttinn skýrum stöfum í frv. en um leið að fá víðtækar nýtingarheimildir í almannaþágu, eina færa leiðin í þessu máli.

[12:17]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mætavel hægt og bæri að setja lög um það á Alþingi sem skæru úr um mörk almannaeignarréttar og einkaeignarréttar á auðlindum og það hefur hingað til verið skoðun Framsfl. að ekkert bannaði að þetta væri gert þó svo um einkaeignarlönd væri að ræða. Ég hef hins vegar ekki fyrr orðið þess var að það væri skoðun Framsfl. að einkaeignarrétturinn ætti að ná langt niður fyrir gröf og dauða, að einkaeignarrétturinn á auðlindum og jarðargæðum ætti að ná inn í miðju jarðar. Ég hef ekki orðið þess var fyrr. Það er ný afstaða Framsfl.

Eignarrétti fylgja líka skyldur því að sá sem á eign ber ábyrgð á henni. Er það þá skoðun Framsfl. að verði eldsumbrot eða jarðeldar á einkaeignarlandi skuli eigandi þess lands bæta þau spjöll sem af slíku gætu orðið því að það er einkaeign hans sem er að gjósa? Einkaeignin gýs og veldur öðrum tjóni og ber þá ekki einkaeigandinn ábyrgð á því gagnvart öðrum eða finnst Framsfl. sjálfsagt að þjóðin beri ábyrgð á því ef einkaeignin gýs en ef einkaeign er notuð með þeim hætti að gos sé temprað til orkuframleiðslu eigi einkaeigandinn að njóta þess? Þetta hefur hingað til verið boðskapur Sjálfstfl. en nú er þetta orðinn boðskapur Framsfl. Nú er einkaeign Framsfl. allt í einu farin að gjósa.

[12:19]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég gladdist þegar ég heyrði upphaf ræðu hæstv. iðnrh. áðan, ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hann hafi verið að vísa til þess að eðlilegt væri að leita samkomulags í málum af þessu tagi. Ég var að vona að það tilboð um samkomulag, að leita samkomulags, væri ekki aðeins samkomulag milli ríkisstjórnarflokka heldur gagnvart þinginu í heild sinni. Ég vísa til þess að á árum áður þegar fyrir hv. iðnn. lágu frumvörp sem ég hef oft verið 1. flm. að og hafa verið nefnd í umræðunni, þá var því tekið af opnum huga hjá mönnum í hv. þingnefnd að leita samkomulags um þau efni, alveg sérstaklega að skoða málin vítt og óbundið. Af hálfu iðnrh. á síðasta áratug kom ítrekað fram að þeir væru reiðubúnir til þess að leita sem víðtækastrar samstöðu um lög um þessi efni. Ég held að ég geti nefnt þar til sögunnar flesta hæstv. iðnaðarráðherra sem sátu á tímabilinu eftir að ég vék úr stóli iðnrh. 1983. Ég man sérstaklega eftir Albert Guðmundssyni, fyrrv. hæstv. ráðherra, og Jóni Sigurðssyni, sem sat lengi á stóli iðnrh. Birt var frv. sem var í undirbúningi í tíð hans ráðuneytinu sem fskj. og hefur verið birt sem fskj. með frv. sem ég hef flutt um jarðhitaréttindi og við alþýðubandalagsmenn.

Þetta vildi ég nefna fyrst af öllu um leið og ég skora á hæstv. ráðherra að hnýta svo ekki upp á í þessu máli eins og mér fannst hæstv. ráðherra gera að verið væri að loka leiðum af hans hálfu, að málið yrði athugað út frá öðrum forsendum en hæstv. ráðherra sló föstum í seinni ræðu sinni, þ.e. við þessa umræðu á þessum degi, sem mér fannst vera mjög óskynsamlegt af hæstv. ráðherra að orða málin eins afdráttarlaust og hann gerði.

Ég geri mjög ákveðnar athugasemdir við niðurstöðu hæstv. ráðherra að þau frumvörp, sem hafa verið flutt af þingmönnum Alþb. æ ofan í æ um jarðhitaréttindi og orku fallvatna og þau frumvörp sem fyrir liggja af hálfu þingflokks jafnaðarmanna og koma til umræðu síðar á þessum fundi, brjóti skýrt gegn ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nánar tiltekið 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta staðhæfði hæstv. ráðherra oftar en einu sinni. Þetta eru stór orð í ljósi stöðu þessara mála, í ljósi niðurstöðu og rökstuðnings virtra fræðimanna í lögfræði á mörgum liðnum árum og áratugum. Breytir þar engu þær tilvitnanir sem hæstv. iðnrh. hafði uppi í sambandi við úrskurði, álitsgerðir eða dóma um þetta efni að mínu mati. Hæstv. ráðherra er vægast sagt á hálum ís þegar hann tekur svo sterkt til orða sem hann gerði í umræðunni, virðulegur forseti, og ég harma það að hæstv. ráðherra skuli stilla málum svona upp.

Fyrst vil ég aðeins koma að því sem sagt var af hæstv. ráð-

herra um Ólaf Jóhannesson og viðhorf hans til þessara mála. Í greinargerð með frv. okkar alþýðubandalagsmanna um jarðhitaréttindi er einmitt vikið að álitsgerð prófessors Ólafs Jóhannessonar frá árinu 1956 og það er ekki sama túlkun sem hæstv. iðnrh. hefur hér uppi og fram kemur í greinargerð með frv. Látum það vera. Kannski er meiri ástæða til að leiða fram þá staðreynd að hæstv. ráðherra Ólafur Jóhannesson, fyrrv. utanrrh. í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens 1980–1983, heimilaði ásamt öðrum í ríkisstjórn að fram væri lagt sem stjfrv. bæði frv. um jarðhitaréttindi sem og frv. um orku fallvatna. Ég man ekki eftir neinum sérstökum fyrirvörum af hálfu hæstv. þáv. ráðherra Ólafs Jóhannessonar um þetta efni. Ég má segja, og það er algerlega eftir minni sagt, að af hálfu ráðherra Alþfl. í ríkisstjórn hafi verið fyrirvarar um einstök atriði í efni nefndra frumvarpa þó að heimilaður væri flutningur þeirra og mér væri að sjálfsögðu ríkt í huga ef fram hefðu komið sterkar efnislegar athugasemdir af hálfu Ólafs Jóhannessonar við þessi frumvörp á þeim tíma en undirbúningur að þeim hófst í ríkisstjórn sem hann veitti forsæti á árunum 1978–1979.

Ég tel nauðsynlegt að af hálfu hv. þingnefndar, sem fær þessi mál til athugunar, væntanlega iðnn. þingsins, verði farið mjög rækilega ofan í stöðu þessara mála með tilliti til réttarþróunar, auðvitað með tilliti til ákvarðana á liðinni tíð og álitsgerða og dóma en einnig í ljósi réttarþróunar bæði hér á landi sem erlendis í þessum veigamiklu málum. Ég vísa til þess, virðulegur forseti, sem fram kemur í greinargerð með frv. okkar alþýðubandalagsmanna um jarðhitaréttindi þar sem er rækilega farið yfir stöðu þessara mála í mörgum öðrum löndum, vestrænum ríkjum sem svo eru kölluð eða OECD-ríkjum, á liðnum árum og er þar leidd fram staðan í Noregi og Danmörku, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og víðar. Niðurstaðan er sú að í þessum löndum hafa verið settar mjög skýrar takmarkanir í lögum að því er varðar réttindi til auðlinda í jarðgrunni, þar á meðal jarðhita. Nægir þar að vitna til Nýja-Sjálands þar sem aðstæður hvað jarðhita snertir eru um margt hliðstæðar því sem er hér á landi.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vísa líka til niðurstöðu í greinargerð frv. um jarðhitaréttindi á bls. 8 þar sem segir m.a.:

„Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita sem finnst djúpt í jörðu niðri að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni."

Enn fremur segir: „Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvaps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti."

Enn er vitnað þar til hæstaréttardóma m.a. varðandi eignarrétt á botni Mývatns sem og hæstaréttardómsins þekkta og margumrædda um eignarrétt á Landmannaafrétti.

Ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, sem hér kemur fram. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða, mál sem er brýnt að Alþingi fari ofan í saumana á með opnum huga. Ég vil ekki leggja neitt niðrandi mat eða dóm á þær álitsgerðir eða þau sjónarmið sem koma frá öðrum um þetta efni, en jafnbrýnt er að farið verði yfir þetta opnum huga og að Alþingi taki ákvarðanir í ljósi fyllstu upplýsinga um réttarþróun og möguleika til að tryggja rétt þjóðarinnar yfir auðlindum sem aðrir hafa ekki átt þátt í skapa, bæta eða auka við.

[12:31]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Þar sem komið er að lokum þessarar umræðu vil ég þakka fyrir þátttökuna í henni. Það er mikill munur á málflutningi þessara tveggja hv. þingmanna, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem aðallega hafa lagt orð í belg í umræðunni. Milli mín og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar held ég að hafi verið bæði lagalegur og pólitískur ágreiningur og ekkert við því að gera. Þar verður þingið að skera úr um þegar þar að kemur og sá pólitíski meiri hluti sem þá er til staðar. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu í þessum efnum.

Aftur á móti fannst mér — það er verst að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er farinn úr þingsalnum — málflutningur hans í þessari umræðu bera mikinn keim af sleggjudómum. Einn þeirra er t.d. sú fullyrðing að í frv. ríkisstjórnarinnar væru engar skilgreiningar á því hvað þyrfti að vera til staðar, engar forsendur fyrir útgáfu nýtingarleyfa eða útgáfu rannsóknarleyfa. Ég hef bent á að þetta er skýrt í 5. gr. og 6. gr. frv. og síðan í VIII. kafla þess.

Í lokaræðu sinni gerði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson það að umtalsefni að með þessu frv. væri verið að kasta eign landeigenda á allar auðlindir í jörðu inn að miðju jarðar. Hér er um útúrsnúninga að ræða, einfaldlega vegna þess að hv. þm. á að vita miklu betur. Margir lögfræðingar, eins og Ólafur heitinn Jóhannesson, sem oft hefur verið nefndur við þessa umræðu, Gaukur Jörundsson o.fl., hafa talið að hagnýtingar- og umráðarétturinn miðaðist við aðstæður og nýtingarmöguleika hverju sinni. Möguleikarnir byggjast á þeirri tækni sem menn hafa yfir að ráða til þess að geta nýtt þessar auðlindir. Það eru því auðvitað sleggjudómar þegar því er haldið fram að menn séu að slá eign sinni á auðlindir inn að miðju jarðar.

Hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni kom fram að ekki hefði verið leitað samkomulags í þessu máli áður en það var lagt fyrir Alþingi. Það er rétt. Samkomulags var ekki leitað við stjórnarandstöðuna um flutning þessa máls á þinginu. Hins vegar var það pólitískt samkomulag milli stjórnarflokkanna að leggja málið fyrir svo sem gert hefur verið, að því vann nefnd stjórnarflokkanna sem komst að þessari niðurstöðu.

Að aflokinni þessari umræðu fer málið hins vegar til þingnefndar, því verður vísað til hv. iðnn. Alþingis. Það er rétti vettvangurinn til þess að fram fari umræða um málið og ég vil leggja mitt af mörkum til að hægt verði að ná

eins víðtæku samkomulagi um málið í þinginu og kostur er. Án þess að ég gefi mér neitt í þeim efnum finnst mér mjög djúpstæður pólitískur ágreiningur um málið sem m.a. byggist *viðhorfum stjórnmálaflokkanna til eignarréttarins.*

Þær fullyrðingar mínar, í annarri ræðu minni, að frv. Alþb. og Alþfl. væru brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar, byggði ég m.a. á álitsgerðum, úrskurði og dómum. Ég vitnaði til alls þessa í annarri ræðu minni. Á þeim forsendum gef ég mér það að frv. eins og þau liggja fyrir brjóti eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það verðum við að varast en auðvitað er það jafnsjálfsagt að Alþingi, iðnn. þingsins, fari mjög *nákvæmlega* yfir það mál og meti hvort svo sé eða ekki. Þeim frv. sem hér verða til umræðu á eftir, bæði frv. Alþb. og frv. Alþfl. og Kvennalistans, verður einnig vísað til iðnn. og verða til umfjöllunar þar á sama tíma. Ég tel því að iðnn. gefist gott tækifæri til að skoða málið mjög rækilega.

[12:36]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er út af fyrir sig ánægður með að hæstv. ráðherra leggur áherslu á að þingmenn fari óbundið yfir málið og athugi það. Um leið tel ég það mjög miður að hæstv. ráðherra *skuli af sinni hálfu hafa* kveðið upp þann dóm að frv. Alþfl. og Alþb. um þessi efni gangi gegn stjórnarskránni. Ef ég man rétt eru ákvæði — gott ef ekki í þingsköpum — sem slá varnagla við því að slík frv. séu lögð fram. Ég spyr hæstv. ráðherra: Á hann von á því að hæstv. fyrrv. utanrrh. og formaður Framsfl., margnefndur Ólafur Jóhannesson, hefði heimilað flutning stjfrv. sem hann teldi að gengi gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar? Hefði hann viljað eiga hlut að því máli, þar sem m.a. er byggt á skoðunum hans og í hann vitnað? Mér finnst það ekki ganga upp.

Ég vil einnig vara við því að menn dragi ályktanir og komist að niðurstöðu af tiltölulega takmörkuðu safni álitsgerða og afmörkuðum dómum. Hér er miklu stærra mál en svo að menn geti leyft sér að draga ályktanir öðruvísi en að fram fari mjög viðamikil skoðun máls út frá almennum forsendum og vitanlega því sem gerst hefur í fortíðinni.

Ég bendi á það að lokum, virðulegur forseti, að eðli margra þeirra auðlinda sem við erum að ræða, t.d. grunnvatns og jarðhita, er að þær takmarkast ekki við yfirborð þess lands sem einhver hefur slegið eign sinni á. Sambandið sem tengir landareignina, yfirborðið, við auðlindirnar er ekki staðbundið. Þær eru háðar nýtingu annarra í grenndinni sem þar eiga rétt. Þetta með öðru sýnir að það er ekki forsvaranlegt að líta á þetta mál út frá eignarrétti á yfirborði landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:39]

## *Eignarhald á auðlindum í jörðu, 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 425. mál. — Þskj. 750.

[13:14]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra, á þskj. 750. Hér er um að ræða frv. með nánast sama heiti og um sama efni og frv. sem við vorum rétt að ljúka við að ræða og flutt var af hæstv. iðnrh.

Flutningsmenn eru þingmenn jafnaðarmanna, þingmenn Kvennalista og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem er utan flokka.

Eins og komið hefur fram í fyrri umræðum á þetta mál sér mjög langa sögu í sölum Alþingis og má rekja það allt til annars áratugs aldarinnar þegar miklar umræður fóru fram um fossavatnsmálið svokallaða sem var því miður kallað hrossamálið í einhverjum fjölmiðli og útskýrt þannig að það hefði verið um deilur um beit hrossa á hálendi Íslands. En það var nú ekki svo heldur var þarna um að ræða mál sem hét fossamál og var deilumál um yfirráð yfir virkjunarrétti *fallvatna og fallvötnum.*

Mig undrar nokkuð hvernig umræðan hefur snúist á undanförnum 15–20 árum einmitt vegna þess að þegar umræða hófst á Alþingi og lengi fram eftir var það skilningur alþingismanna, eins og kemur m.a. fram í greinargerð með þjóðlendufrv. hæstv. forsrh., að sama regla gilti á Íslandi og í grannlöndunum að það sem enginn gæti gert eignarréttarlegt tilkall til ætti ríkið. Þessi regla gilti og er í lögum í Danmörku og *gilti sem lög hjá okkur á meðan við vorum í hinu nána* sambandi við Danmörku áður en Ísland varð sjálfstætt ríki. Sama máli gegndi um Noreg. Í Noregi var gengið út frá þessari reglu sem var í dönskum rétti áður en Noregur öðlaðist sjálfstæði og þegar Noregur öðlaðist síðan fullt sjálfstæði var þessi meginregla þar áfram í gildi þó að hún hafi aldrei verið fest í lög í Noregi eftir því sem ég best veit, þ.e. reglan um að það sem enginn á það á kóngurinn eða með öðrum orðum ríkið á það sem enginn getur gert eignarréttarkröfu til.

Flestir Íslendingar stóðu í þeirri trú að sama viðhorf væri uppi hér vegna þess að það viðhorf sem var uppi í Noregi var eins og áður sagði sótt til þeirrar fyrirmyndar að þessi regla hefði gilt á meðan Noregur og Danmörk voru sambandsríki. Hún gilti áfram þó svo að sambandsríkjasáttmálinn þeirra á milli væri afnuminn og Noregur yrði sjálfstætt ríki, jafnvel þó svo að Noregur setti þessi ákvæði aldrei í lög, þ.e. að það sem enginn á það á kóngurinn. Menn héldu lengi vel á Íslandi að þessi regla væri að sjálfsögðu í gildi hér með *sama hætti og hefði með sama hætti komist inn í íslenska* réttarvenju eins og hún komst inn í Noregi.

Það hefur einfaldlega verið þannig að íslenskir dómstólar hafa jafnan dregið taum landeigenda í flestum málum eftir því sem þeir hafa talið efni standa til og því varð það svo þegar það kom til kasta íslenskra dómstóla að fjalla um spurninguna „hver á það sem enginn á?“ að þá komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að slík auðæfi til lands eða sjávar féllu ekki sjálfkrafa í eigu ríkisins þó að enginn gæti sannað eignarrétt sinn og eignarhald sitt á þeim og væru því eins konar einskismannsland en tilheyrðu þó engu að síður *Íslandi sem landi og þjóðinni sem sjálfstæðri þjóð.* Öfugt við það sem gildir í Noregi og grannlöndunum var það allt í einu með þessum dómi Hæstaréttar orðin regla á Íslandi að setja þyrfti sérstök lög til þess að ákvarða hver mörk skyldu vera milli einkaeignarréttar og almannaeignarréttar og síðan þar sem það mundi ekki duga til þyrfti að setja í lög ákvæði um það hver ætti það sem félli utan marka eignarlendna. Það er nú loksins verið að gera á Alþingi eftir öll þau ár sem liðin eru frá því að úrskurður Hæstaréttar féll og þau frv. og þáltill. sem eru til umræðu í dag eru liður í því.

Frumvarp til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra, sem hér er flutt, er annað af eins konar tvíburafrumvörpum sem þingmenn jafnaðarmanna, kvennalistakonur og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir flytja um sama og sambærilegt efni, þ.e. um eignarhald og nýtingu á öllum auðlindum í jörðu og á, þar með virkjunarrétti fallvatna, og sammerkt með báðum frv. er það að gert er ráð fyrir því að gjald verði tekið sérstaklega fyrir nýtingu þeirra.

Í þessum frv. eru tekin af öll tvímæli um eignarhald á auðlindum fallvatna, jarðhita, náma í jörðu og annarra slíkra auðlinda. Sú meginstefna er mörkuð í þessum frv. að auðlindir þessar umfram þær sem nú þegar eru nýttar til einkanota, nýta má til einkaþarfa eða eru ótvírætt í einkaeigu, skuli teljast sameign þjóðarinnar eða réttara sagt eign íslenska ríkisins. Í frv. eru síðan ítarleg ákvæði um hvernig nýta eigi þessar sameiginlegu auðlindir með almannahag fyrir augum.

Þá er nýmæli í þessum tveimur frv. að í þeim er gert ráð fyrir að framvegis verði ávallt tekið gjald fyrir rétt til nýtingar á sameiginlegum auðlindum okkar, þ.e. fyrir virkjunarréttindi djúphita og fallvatna, fyrir réttindi til nýtingar á námum og jarðefnum í sameign þjóðarinnar og fyrir nýtingu grunnvatns svo sem til vatnsútflutnings á landsvæðum þar sem grunnvatnið telst vera sameign okkar allra.

Sú tillaga er gerð um framkvæmdina á gjaldtöku að sé um að ræða minni háttar nýtingarrétt verði aðalreglan sú að gjaldtaka verði ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs en sé um að ræða mjög verðmæt nýtingarréttindi svo sem vegna virkjana vatnsfalla og djúphita verði nýtingarrétturinn boðinn út og er það í samræmi við ákvæði um frjálsa samkeppni um byggingu og rekstur orkuvera sem taka munu gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði í náinni framtíð. Gjöld fyrir nýtingarrétt sameiginlegra auðlinda renni í ríkissjóð. Með þessu hafa flutningsmenn útfært samræmda stefnu um gjaldtöku fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda til lands og sjávar en allir þessi flutningsmenn hafa áður ýmist flutt eða stutt tillögur á Alþingi um veiðileyfagjald í fiskveiðum sem er auðvitað aðeins hluti af samræmdri auðlindastefnu með samræmt auðlindagjald að markmiði.

Þá er í frv. báðum gert ráð fyrir þrenns konar leyfisútgáfu til aðila sem hyggjast leita að, rannsaka og nýta auðlindir í og á jörðu sem teljast vera sameign þjóðarinnar. Þessi leyfi eru flokkuð í leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Þá er gert ráð fyrir því að innheimt verði gjöld fyrir öll þessi leyfi samkvæmt nánari ákvæðum í frv. og þar eru einnig sérstök ákvæði um hvaða réttindi og skyldur skuli fylgja slíkum leyfum.

Þá er einnig nýmæli að í frv. eru sett miklu strangari skilyrði um umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum um framkvæmdir til leitar, rannsóknar og nýtingar á auðlindum í og á jörðu en nú eru. Ákvæði eru t.d. um að leitað skuli álits umhverfisyfirvalda og umhverfismats, samkvæmt lögum nr. 63/1993, eftir því sem við á, áður en leitar- og rannsóknarleyfi eru gefin út, og að umhverfismat skuli skilyrðislaust fara fram áður en nýtingarleyfi eru gefin út. Auk þess að með slíkum ákvæðum sé stuðlað að miklu vandaðri umfjöllun um umhverfismál tengd slíkum framkvæmdum en nú á sér stað eykur þetta til muna öryggi þeirra sem eftir leita því umhverfismat þarf að hafa farið fram á öllum undirbúningsstigum áður en til framkvæmda kemur þannig að framkvæmdaraðili þarf ekki að leggja í umtalsverðan kostnað án þess að hafa tryggingu fyrir því að hver og einn þáttur framkvæmdanna geti orðið í samræmi við fyrirætlanir.

Einnig er gert ráð fyrir því í frv. að framkvæmdir samkvæmt framkvæmdaleyfum, sem þegar hafa verið gefin út en ekki eru byrjaðar framkvæmdir við, geti ekki hafist fyrr en umhverfismat hefur farið fram hafi það ekki þegar verið gert.

Þá eru einnig í frv. mjög ítarleg ákvæði í sérstökum köflum um hvernig greiða skuli jarðeiganda bætur fyrir framkvæmdir á landi hans vegna nýtingar auðlinda á því landi svo sem við virkjun djúphita og fallvatna sem samkvæmt frv. teljast vera sameign þjóðarinnar en ekki einkaeign jarðeiganda. Meginreglan er sú að landeigendur eigi rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en eigi ekki rétt á að geta krafist tapaðs hagnaðar þeirra t.d. af því að byggja eða láta byggja virkjanir sjálfir eða að gera kröfu til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess er virkjun reisir. Með þessu ákvæði er reynt að skera úr um langvinnar og erfiðar deilur um bótarétti landeigenda sem hafa risið við allar slíkar framkvæmdir á Íslandi til þessa og engar samræmdar reglur hafa skapast um.

Með þessum tveimur frv. er því tekið á málum sem varða stærstu viðfangsefni samtímans, þ.e. eignar- og umráðarétt yfir auðlindum Íslands á og í jörðu, í þeim er mörkuð samræmd auðlindastefna í þágu almannahagsmuna og sett skýr og ákveðin skilyrði um vandaða umhverfisumfjöllun á öllum stigum framkvæmda við nýtingu þeirra auðlinda.

Ef við víkjum sérstaklega að ákvæði frv. þess sem hér er mælt fyrir eru fyrstu tvær greinar frv. skilgreining á því hvaða auðlindir það eru í og á jörðu sem rætt er um í frv. Skilgreiningin er í 1. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem unnin eru úr jörðu, hvort heldur í fljótandi, föstu eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við."

Í 2. gr. frv. eru enn nákvæmari skilgreiningar á þeim þáttum sem fjalla um auðlindir þessar í frv. Þar er skilgreining á hvað er jarðefni, hvað er jarðhitasvæði, hvað er háhitasvæði, hvað er lághitasvæði og hvað er grunnvatn. Í fyrstu tveimur greinum frv. er nákvæmlega skilgreint hvaða auðlindir það eru sem um er að ræða í jörðu og á og geta í sumum tilvikum verið sameign þjóðarinnar og í öðrum tilvikum eign einstaklinga. Eins og áður hefur komið fram hefur ekki fyrr verið gerð tilraun til þess á Alþingi, að undanteknu þinginu í hittiðfyrra þar sem frv. þessu líkt var flutt í fyrsta skipti, að skilgreina nákvæmlega hverjar auðlindirnar eru og við hvað er átt með umræðu um auðlindir í og á jörðu en í því frv. sem hér liggur fyrir og í frv. hæstv. iðnrh. sem rætt var um áðan. Skilgreiningarnar eru því gefnar þar í fyrsta skipti í einu og sama þingmáli.

Í II. kafla er síðan rætt um jarðefni sérstaklega. Þar er gert ráð fyrir því að landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgi réttur yfir grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum svo og mó og surtarbrandi. Hafi önnur jarðefni en þarna eru talin upp sannanlega verið hagnýtt innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti áður en lög þau taka gildi sem frv. gerir ráð fyrir fylgir rétturinn þeim áfram. Með öðrum orðum, hvað jarðefni varðar er ekki verið að gera tillögur um að skerða réttindi jarðeigenda til nýtingar jarðefna að neinu leyti frá því sem nú er og sérstaklega er tekið fram að þau jarðefni sem nú eru nýtt af landeigendum og talin eru upp í 1. mgr. verði áfram í einkaeign þeirra, hvort sem nýtingarrétturinn hefur hafist eða ekki. Hins vegar er talað um að önnur jarðefni sem kunni að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar og málmblendingar,

kol, jarðolía og jarðgas, sé eign ríkisins nema það viðurkenni að rétturinn fylgi landareign. Almenna reglan sem verið er að móta hér er því sú að hefðbundin not jarðefna sem við þekkjum í dag og eru nýtt af einstaklingum í dag verði áfram í eigu þeirra en finnist óvænt önnur jarðefni sem ekki eru í nýtingu í dag svo sem eins og olía, kol o.fl., sem hafa ekki fundist á Íslandi svo vitað sé, þó í einkalendum séu, skoðist þau eign ríkisins.

Síðan kemur fram í 5. gr., og má láta nægja að vitna í hana því að sama skilgreining kemur fyrir í greinum varðandi nýtingu annarra jarðefna síðar í frv., hvað átt er við með orðunum leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi og eru þessi leyfi skilgreind þar öfugt við það sem er í frv. hæstv. iðnrh. þar sem slíkar skilgreiningar eiga sér ekki stað.

Merkilegasta ákvæðið er hins vegar í 6. gr. Þar er sérstaklega tekið fram að leita skuli umsagnar umhverfisyfirvalda áður en leyfin eru gefin út, þ.e. leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi. Leyfin skal setja í mat á umhverfisáhrifum, sé um að ræða viðkvæm svæði þar sem röskun lands er óafturkallanleg eða í öðrum tilvikum þar sem við á. Nýtingarleyfi skal fylgja skilyrði um að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63/1993 eftir því sem við á. Þetta þýðir m.a. að áður en leyfi er veitt til þess að leita jarðefna eða rannsaka þau skuli leita umsagnar umhverfisyfirvalda og láta fara fram umhverfismat eftir því sem við á. Hin almenna regla er að áður en nýting hefjist skuli ætíð hafa farið fram umhverfismat.

Þetta er mikil breyting frá því sem nú er. Eins og er gera menn ekki ráð fyrir að leita umsagnar umhverfisyfirvalda áður en leit eða rannsókn hefst. Í flestum tilvikum fer umhverfismat ekki fram fyrr en eftir að nýtingarleyfi hefur verið gefið út og lagt hefur verið í umtalsverðan kostnað við hönnun mannvirkja. Þarna er gert ráð fyrir því að umhverfismat skuli fortakslaust fara fram áður en nýting náttúruauðlinda hefst og leyfi ekki veitt fyrr en að loknu umhverfismati.

III. kafli frv. fjallar um lághitasvæði með svipuðum hætti og fjallað er um jarðefni í II. kafla. IV. kafli fjallar um háhitasvæði, V. kafli um rannsókn og nýtingu jarðhita, VI. kafli um grunnvatn og VII. kafli um vernd og eftirlit með vinnusvæðum o.fl. Síðan koma tveir kaflar, VIII. og IX. kafli, sem ástæða er til þess að geta sérstaklega um. Ég útskýrði umhverfismat og útgáfu leyfa með ákvæðum í II. kafla, um jarðefni. Sambærileg ákvæði er að finna í öðrum köflum þessa frv. sem fjalla um aðrar náttúruauðlindir í og á jörðu en jarðefnin.

VIII. kafli fjallar um eignarnáms- og bótaákvæði. Það er nauðsynlegt að hafa slíkan kafla í frv. vegna þess að rætt hefur verið um að sú takmörkun á einkaeignarrétti, sem felst t.d. í þessu frv. en ekki er að finna í frv. hæstv. iðnrh., brjóti í bága við stjórnarskrá. Hæstv. iðnrh. greindi réttilega frá að gerðar hefðu verið athugasemdir eftir að fyrsta frv. um þessi efni var lagt fram í iðnrn. í tíð Jóns Sigurðssonar. Yfir þær athugasemdir var sest og þær ræddar. Niðurstaðan kemur m.a. fram í sérstökum eignarnáms- og bótaákvæðum í þessu frv. og í virkjunarréttarfrv. sem mælt verður fyrir á eftir.

Meginefni þessa kafla um eignarnáms- og bótaákvæði er að setja mörk eða viðmið um hvaða bætur eigi að greiða í þeim tilvikum að nýtt er sameiginleg auðlind í landi jarðeigenda. Í þessum ákvæðum er gengið út frá því að við ákvörðun slíkra bóta skuli aðeins tekið tillit tjóns vegna verðrýrnunar af landareign og spjöllum á henni, vegna afnotamissis á landgæðum og hlunnindum og vegna umferðar eða átroðnings á landareign. Einnig á landeigandi rétt til bóta vegna tjóns ef aðgerðir leyfishafa valda því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareigninni. Hins vegar er það skýrlega tekið fram að ef sameiginleg auðlind er nýtt á landi í einkaeigu, geti sá sem bótanna krefst ekki óskað þess að honum verði greitt líkt og hann geti gert tilkall til framtíðararðsemi af rekstri þeirra mannvirkja eða umsvifa sem ætluð eru til nýtingar viðkomandi auðlinda. Þetta er helsta takmörkunin í þessum kafla og að vandlega athuguðu máli, eftir að hafa fengið álit ýmissa lögfræðinga, fullyrði ég að þessi ákvæði standast stjórnarskrá. Þó er engin ástæða til að draga fjöður yfir það að ekki eru allir lögmenn sammála. Sumir lögmenn eru þeirrar skoðunar að engar takmarkanir sé hægt að setja á einkaeignarrétt manna, hversu langt í jörð niður þeir krefjast að sá einkaeignarréttur nái. Úr þessu máli verður ekki skorið nema fyrir dómstólum en ég er þess fullviss að ákvæðin í VIII. kafla þessa frv., um eignarnáms- og bótaákvæði, standast fyllilega stjórnarskrá.

IX. kaflinn er mjög athyglisverður fyrir þær sakir að þar er í fyrsta skipti lagt til hvernig útfæra skuli það að leggja gjald á sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar sem nýttar eru í og á jörðu. Þetta er gert í 32. gr. frv. Þar segir að ávallt skuli greiða gjald fyrir leyfi sem veitt eru samkvæmt ákvæðum laganna, hvort heldur um er að ræða leitarleyfi sem gefin eru út til leitar að auðlind sem talin er í sameign þjóðarinnar, rannsóknarleyfi sem gefin eru út til þess að rannsaka slíka auðlind eða nýtingarleyfi. Samkvæmt frv. skal ávallt greiða gjald fyrir útgáfu slíkra leyfa. Ráðherra muni ákveða gjaldið fyrir leitarleyfi og rannsóknarleyfi og gjaldið skuli miðað við að það standi undir greiðslu alls kostnaðar sem af leit og/eða rannsókn hlýst. Þar á meðal kostnaðar vegna umsýslu, eftirlits og jarðrasks. Með öðrum orðum eru gefin fyrirmæli um það sem miða skuli við þegar kemur að gjaldtöku fyrir útgáfu slíkra leyfa, öfugt við það sem gert er í frv. hæstv. iðnrh. þar sem engar viðmiðunarreglur eru gerðar og engar málsmeðferðarreglur settar.

Um nýtingarleyfi segir að þegar það sé gefið út skuli taka tillit til hugsanlegs verðmætis þess sem kann að verða unnið, vinnslu- og dreifingarkostnaðar þess, svo að þjóðin öðlist sanngjarna hlutdeild í arði af nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta orð „sanngjarn" hefur oft komið fyrir í umræðunni og ég bendi á að það stendur einmitt þarna. Nánari ákvæði um þessa gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þarna eru einnig lagðar til ákveðnar málsmeðferðarreglur. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi frjálsar hendur til að semja við hvern sem er um hvað sem er, eins og í frv. hæstv. iðnrh. Hér er gert ráð fyrir því að sett verði ákvæði í lög um aukatekjur ríkissjóðs sem skapi lagastoðina fyrir gjaldtöku vegna útgáfu nýtingarleyfa á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar í og á jörð. Meginreglan yrði sú að þjóðin öðlist sanngjarna hlutdeild í arði af nýtingu þessara auðlinda.

Herra forseti. Þetta ákvæði er nýmæli á Alþingi. Slíkar tillögur um útfærslu auðlindagjalds vegna nýtingar, rannsóknar og leitar að sameiginlegum auðlindum í jörðu og á, hafa aldrei áður verið fluttar. Þetta er í fyrsta skipti sem slík útfærsla er gerð í frv. hér á Alþingi. Við flutningsmenn höfum lagt talsverða vinnu í það að finna leið til að útfæra þessa gjalddtöku og við höfum fundið hana. Hún stendur hér svart á hvítu. Ég vona að menn geti sameinast um að þetta séu mun skynsamlegri aðferðir til að tryggja sanngjarna hlutdeild þjóðarinnar í nýtingu sameiginlegra auðlinda en

frv. sem hæstv. iðnrh. var að kynna fyrr í dag. Það frv. miðast við að hann einn fái sjálfdæmi um samninga, við hverja er samið, um hvað og um hversu hátt gjald án þess að honum sé nokkur frekari lagastoð gefin í þeim efnum eða nokkrar málsmeðferðarreglur tryggi sanngjarna, eðlilega og óhlutdræga meðferð þeirra mála.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri, enda tími minn að verða búinn. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[13:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt af mörgum frumvörpum um skyld viðfangsefni. Samtals liggja fyrir svo mörg frumvörp og tillögur sem tengjast því hvernig fara skuli með sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, gjaldtöku vegna afnota o.s.frv. að ekki er víst að maður hafi fullkomna yfirsýn yfir það allt. Það eru þó a.m.k. 10 þingmál sem liggja fyrir þinginu og koma inn á þetta svið.

Ég held að tvímælalaust sé ástæða til að fagna því hversu rækilega þessi mál eru komin á dagskrá. Margt bendir til að nú loksins megi vænta meiri árangurs í löggjöf um þessi mál en verið hefur hingað til. Til að nefna það helsta í þessum efnum minni ég á frv. um þjóðlendur, sem hæstv. forsrh. mælti fyrir og er vissulega hluti í heildarsamhenginu. Hér var áðan á dagskrá frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, stjfrv. sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir. Síðan eru á dagskránni tvö frv. frá þingmönnum Alþfl. eða þingmönnum jafnaðarmanna. Áður hefur verið mælt fyrir tveimur þingmannafrv. um mjög skyld mál. Þar ber að nefna frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri þingmanna Alþb. og óháðra, frv. um jarðhitaréttindi og um orku fallvatna.

Þá er ótalið frv. um breytingu á stjórnarskipunarlögum sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að og flytur ásamt okkur sex þingmönnum Alþb. og óháðra. Það frv. á sér tvímælalaust lengsta og merkasta sögu í þessum efnum. Það var, að stofni til, fyrst flutt af sama hv. flm. fyrir 32 árum og að því leyti er frumkvæði Alþb. og hv. þm. Ragnars Arnalds óumdeilt. Þar var fyrst lagt til að lögfesta og taka upp í stjórnarskrá almenn ákvæði um sameign þjóðarinnar á mikilvægustu auðlindum, verðmætum í sjó, á hafsbotni innan efnahagslögsögu, almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda sem og námum í jörðu, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 metra dýpi.

Hér lá einnig fyrir frv., flutt af þremur hv. þingmönnum þingflokks Kvennalistans um að nytjastofnar innan fullveldissvæðis Íslands yrðu lýstir sameign þjóðarinnar.

Þetta nefni ég, herra forseti, til að rifja það upp að hér erum við að tala um mjög mörg frumvörp sem öll tengjast.

Þá er enn þess að geta, herra forseti, að nokkuð hefur áunnist í þessum efnum og ég tel að ekki skuli gleyma því sem þegar hefur verið gert af hálfu löggjafans og það er hin merka löggjöf frá 1990 um sameign þjóðarinnar á auðlindum hafsbotnsins. Á 112. löggjafarþingi árið 1989 lögðu fjórir þingmenn Alþb. undir forustu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fram frv. um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins og voru það hv. þingmenn Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir og Ragnar Arnalds. Síðar á sama þingi var samhljóða samþykkt frv., nánast efnislega eins, en það kveður á um eins og segir í 1. gr. þeirra laga, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera."

Þetta var mjög merk lagasetning, herra forseti, og hefur kannski gleymst að geta hennar í samhengi við þau mál sem við erum að fjalla um. Auðvitað var stefnan að nokkru leyti mörkuð þarna með þessari samhljóða afgreiðslu Alþingis á lögunum um eignarrétt íslenska ríkisins á hafsbotninum. Ég lít svo á að það hljóti að vera í rökréttu og eðlilegu samhengi og framhaldi af því að við göngum sömuleiðis frá meðferð þessara mála hvað varðar sameiginlegar auðlindir á landi og í formi orku og náma í jörðu og annarra slíkra hluta.

Ég ætla að víkja betur að þeim frv. sem hv. þingmenn Alþfl. eða jafnaðarmanna flytja undir forustu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, það er málið sem nú er á dagskrá, á þskj. 750, um eignarhald á auðlindum í jörðu, og síðan um eignarhald á virkjunarrétti vatnsfalla og gjöld fyrir nýtingu á þessum auðlindum. Í þessu sambandi finnst mér tvennt vera mikilvægast og standa upp úr sem hin stóru pólitísku grundvallaratriði og reyndar á það við um öll þessi mál. Hið fyrra er spurningin um sameignina eða hin sameiginlegu réttindi versus einkaeignarréttinn. Hvar eru mörkin dregin í þessum efnum og hvernig er um þau búið? Hið síðara er spurningin um gjaldtöku fyrir þær auðlindir eða þau réttindi sem þarna eru skilgreind sem sameign. (**SighB:** Og umhverfismál.) Síðan er margt fleira sem lýtur að nýtingu þeirra í þágu þjóðarhagsmuna, hvernig því er fyrir komið og að sjálfsögðu umhverfishliðin á málunum. En mér finnst að pólitísku grundvallaratriðin, sem að einhverju leyti er verið að ræða eða takast á um, kristallast í þessu tvennu, þ.e. mismunandi nálgun hvað varðar annars vegar eignarréttinn eða sameignarhugtakið í þessum efnum og hversu víðtækt það skuli vera og það kom ágætlega fram í orðaskiptum áðan milli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Sighvats Björgvinssonar annars vegar og hæstv. iðnrh. hins vegar og hins vegar er spurningin um gjaldtökuna.

Ef við lítum á fyrra hugtakið, sameignina, og hvernig því er fyrir komið er ljóst að í frv. þingmanna Alþb. og óháðra annars vegar og þingmanna jafnaðarmanna hins vegar er í raun og veru um mjög sambærilegar áherslur að ræða hvað það snertir. Ég held að enginn vafi sé á því að sameignarhugtakinu hefur að þessu leyti vaxið mjög stuðningur. Skilningur á því hefur aukist meðal þjóðarinnar að þessum undirstöðuauðlindum beri að skipa þannig að þau séu sameign, það sem ég kalla félagslega sameign þjóðarinnar og með þau skuli fara sem slík. Þar veldur að vísu vonbrigðum að frv. hæstv. iðnrh. nálgast þetta með talsvert öðrum hætti. Það gerir það eins og sjá má á 3. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Þetta er að sjálfsögðu verulega önnur nálgun en sú sem við alþýðubandalagsmenn höfum viljað nota og þar má segja að frv. okkar og tillögur hafi gengið lengst eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom rækilega inn á.

Ef við lítum þá á síðara meginhugtakið í þessum efnum sem umdeilt er því að ég lít t.d. svo á að að nýta þetta í þágu þjóðarhagsmuna og vernda og varðveita auðlindirnar

séu í sjálfu sér ekki umdeild mál þó að þau séu vissulega mikilsverð í þessu sambandi en bæði þetta með eignarhaldið og gjaldtökuna er umdeilt. Gjaldtakan er síðara stóra málið í þessu. Þá er búið þannig um þá hluti af hálfu okkar þingmanna Alþb. og óháðra að í þrennum tillögum eða frv. sem liggja fyrir þinginu er fjallað sambærilega um þau mál. Það er í fyrsta lagi í frv. til stjórnarskipunarlaga sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að. Þar segir í 2. mgr., 1. gr., með leyfi forseta:

„Heimilt er að ákveða að nýtendur auðlinda í sameign þjóðarinnar greiði hóflegt gjald er standi undir kostnaði við rannsóknir og stuðli að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra samkvæmt nánari ákvörðun í lögum."

Þetta er að sjálfsögðu í samræmi við eðli þessa máls að um einföld og almenn ákvæði yrði að ræða sem kæmu inn í stjórnarskrá að þetta er orðað svona og að sjálfsögðu er síðan útfærslan og framkvæmdin viðfangsefni sérlaga.

Í frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem við þrír þingmenn Alþb. og óháðra flytjum, sá sem hér talar, hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, á þskj. 330, er þetta nálgast með þeim hætti að inn í lögin um stjórn fiskveiða kæmi kafli hvað varðar þann þátt auðlindanýtingarinnar, þ.e. það sem snýr að nýtingu hinna lífrænu auðlinda hafsins. Eins og segir í 2. tölul. 5. gr. þess frv. verður greinin sjálfstæður kafli, IV. kafli, undir fyrirsögninni Eftirlits- og auðlindagjöld. Við 18. gr. laganna bættist ný málsgrein sem mundi orðast svo, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra er í samráði við fjármálaráðherra rétt að leyfa, eftir samkomulagi við heildarsamtök sjávarútvegsins um tilhögun, gjaldtöku samkvæmt þessari grein, skv. 4.–6. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, svo og vegna mögulegrar þátttöku sjávarútvegsins í greiðslu kostnaðar vegna rannsóknar- og þróunarstofnana og starfsemi sem tengjast sjávarútvegi."

Hér er málið sömuleiðis nálgast á sambærilegan hátt þannig að um einhvers konar samningsbundinn farveg milli heildarsamtaka í sjávarútvegi og ríkisvaldsins gæti orðið að ræða þar sem þessum gjaldtöku- og kostnaðarmálum hvað varðar rannsóknir, stjórnun og skipulagningu nýtingar sem og þróunarstarf í tengslum við þessa grein yrði fyrir komið. Inn í það kæmu þau gjöld sem fyrir eru, bæði eftirlitsgjöld, veiðieftirlitsgjöld, gjöld til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og fleira af því tagi. Þannig mætti hugsa sér að um slíkan samningsbundinn farveg yrði að ræða en framkvæmdin yrði síðan að sjálfsögðu viðfangsefni sérlaga og ákvörðuð með lögum og öll gjaldtaka í þessu efni hlyti að sjálfsögðu að byggjast á útfærslu í lögum.

Að síðustu er svo tillaga okkar allra þingmanna Alþb. og óháðra sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er 1. flutningsmaður að, um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald. Þar er í málsgreinum komið inn á það hvernig nefndin skuli einmitt kanna „hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru" og að nefndin skuli kanna „möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra er hagsmuna hafa að gæta. Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð um landið". Þarna er sömuleiðis um sams konar nálgun að viðfangsefninu að ræða nema hvað hér er verið að leggja upp forsendur nefndarstarfs sem skilgreini viðfangsefnið, nálgist það þannig og skapi forsendur fyrir þeirri löggjöf á hverra grundvelli slík auðlindagjaldtaka yrði byggð.

Herra forseti. Ég tel engan vafa leika á því að við nálgun af þessu tagi er unnt að skapa víðtækan stuðning í samfélaginu. Á síðustu dögum hefur m.a. komið í ljós að sú hófsamlega stefna sem Alþb. hefur verið að móta sér á undanförnum mánuðum og missirum og birtist í öllum þessum þingmálum sem og samþykkt miðstjórnar okkar og ég hef verið að gera grein fyrir hér að nýtur mikils stuðnings. Þarna skilur hins vegar að nokkru leyti að áherslur okkar annars vegar og þær sem birtast í frv. hv. þingmanna jafnaðarmanna hins vegar. Þar vísa ég fyrst og fremst til þeirrar leiðsagnar eða vísunar sem er að finna í greinargerð með frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu og um virkjunarréttinn enda er samkvæmt greinargerðunum meginmarkmið þeirra frv. tvíþætt. Annars vegar heildarlöggjöfin um eignarhaldið og hins vegar ákvæðin um gjaldtökuna. Ljóst er að það sem fyrst og fremst er ólíkt í þessum áherslum er sú vísan í greinargerðum frv. að smátt og smátt verði tekjuöflun á grundvelli slíkrar gjaldtöku að umtalsverðu fjáröflunartæki í höndum ríkisins til ráðstöfunar til annarra þarfa en þeirra sem tengjast sjálfum auðlindunum eða viðkomandi atvinnugreinum beint. Ég held að það sé ekki neinn misskilningur eða ósanngjarnt á nokkurn hátt að reyna að greina þetta svo að það er fyrst og fremst í þessu sem ágreiningurinn eða hvað menn vilja kalla það liggur. Það er a.m.k. þannig hvað ræðumann snertir að það sem ég geri fyrst og fremst ágreining um varðandi þessi frv. þingmanna jafnaðarmanna, sem eru að öðru leyti ágæt og að mörgu leyti mjög vel unnin og taka vel á þeim hlutanum sem snýr að þessu með eignarhaldið, enda munu þau einhver að stofni til vera unnin í tíð hv. 1. flm. í ráðuneyti með þeim liðsstyrk sem þar var til staðar til vinnu í þessum efnum, en þegar kemur hins vegar að þeirri framtíðarsýn sem liggur að baki hugmyndunum um gjaldtökuna þá er ég ekki sammála þeim áherslum. Það vil ég að sé alveg skýrt, herra forseti, og held að heppilegast sé að enginn ágreiningur standi um það.

Ég var og er og hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar að það væri rétt og skynsamlegt að móta samræmda auðlindastefnu, hluti af hverri gæti verið hóflegt gjaldtaka á forsendum auðlindanna, til að stjórna nýtingu og bera þann kostnað sem hið opinbera ber af forvöltun þessara auðlinda. Hinu gagnstæða er að vísu stundum haldið fram, jafnvel í leiðurum Morgunblaðsins, að ég hafi tekið sérstökum sinnaskiptum á síðustu dögum í þessum efnum en það er rangt. Ég get leitt fram skriflegar heimildir bæði úr bókum, ræðum og greinum því til sönnunar að mörg undanfarin ár hef ég einmitt verið talsmaður þeirrar stefnu að menn gerðu skýran greinarmun á þessu tvennu. Annars vegar gjaldtöku í formi einhvers konar auðlindagjaldtöku á forsendum auðlindanna sjálfra til að standa straum af stjórnun og nýtingu, rannsóknum og skynsamlegri forvöltun þeirra sem að sjálfsögðu er í þjóðarhag og hins vegar því hvort menn gerðu einhver slík gjöld á notendur þeirra að tekjustofni fyrir ríkið til óskyldra þarfa. Það er allt annar hlutur. Þar eru menn í raun og veru komnir að vatnaskilunum í málinu. Sjá menn þetta fyrir sér sem tekjuöflunartæki, skattstofn fyrir ríkið og í staðinn verði létt af öðrum sköttum eins og tekjusköttum á einstaklinga eða hagnað fyrirtækja eða annað því um líkt eða ekki? Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að þetta eigi ekki að verða skattstofn. (**Gripið fram í:** Af hverju ekki?) Ég get rökstutt það fyrir hv. þm. ef það er í fyrsta skipti sem hv. þm. heyrir

þessa hugsun og þá er ekki seinna vænna en að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir fari að átta sig á því að fyrir þessu eru rök. (**GGuðbj:** Það eru þín rök fyrir þessu.) Fyrir því eru ærið gild rök, hv. þm. Síðan getur hv. þm. farið á mælendaskrá og við getum kannski rætt þetta þannig. Það er lítið eftir af ræðutíma mínum.

Ég er ekki stuðningsmaður sértækrar skattlagningar sem mundi beinast að einstökum atvinnugreinum. Ég held að skattur sem mundi lenda af langmestum þunga t.d. á sjávarútveginn, yrði ekki til blessunar fyrir þjóðarbúið. Ég sé ekki réttlæti í því fólgið, í verkaskiptu þjóðfélagi þar sem tilteknir aðilar annast tiltekna atvinnustarfsemi í þágu þjóðarbúsins meðan aðrir gera annað o.s.frv., að þeir beri sérstaka skatta umfram aðra. Ég held að hófsamleg nálgun af því tagi sem við leggjum til í okkar þingmálum, þingmenn Alþb. og óháðra, sé skynsamlegri og farsælli leið. Hún er líklegri til þess að um hana geti orðið breið samstaða. Reyndar hillir þegar undir það að í þjóðfélaginu verði farsæl málamiðlun sem leiði þessa miklu umræðu til lykta, deilu sem staðið hefur í þjóðfélaginu um árabil. Þar hefur tvímælalaust orðið jákvæð þróun, sameignarhugtakið er í sókn og vaxandi skilningur á að sameignarákvæði eigi að búa í löggjöf og stjórnarskrá jafnvel. Ég er einnig bjartsýnn á að í sjónmáli sé farsæl málamiðlun um gjaldtökuna sem komi til með að liggja nálægt tillögum okkar þingmanna Alþb.

[14:02]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Hér liggur fyrir Alþingi frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra. Vafalaust hefur mikil vinna verið lögð í þetta frv. en ef það væri samþykkt mundi Hæstiréttur Íslands í sumum tilfellum þurfa að taka afstöðu til þess hvort það stæðist stjórnarskrána. Þetta atriði, hvort Hæstiréttur Íslands á að dæma í einstökum efnum um eignarréttinn, vekur athygli mína. Ég held að undan því verði ekki vikist þar sem stjórnarskráin segir fyrir um það.

Stjórnarskráin hefur það alveg á hreinu með eignarréttinn, að fyrir hann verði að koma bætur og að sanna verði að almenningsþörf krefjist viðkomandi eignar.

Nú ætla ég að hv. þm. sé það fróður um Vestfirði að hann viti að í fjalli þar, Stálfjallinu, eru brúnkol. Segjum nú svo að eigandi Stálfjallsins kæmist að því að það væri búið að ganga frá því með þessum lögum að brúnkolin væru eign ríkisins. (**SJS:** Er það nú ekki eiginlega surtarbrandur?) Það þýðir ekki að móðga Vestfirðinga með svona orðalagi og ég vil minna á það að forseti sameinaðs þings á sínum tíma hefði tekið það mjög óstinnt upp ef slík vanþekking hefði komið frá jarðfræðingi.

Segjum að eigandi Stálfjallsins kæmist að þeirri niðurstöðu að sannanlega væri búið að taka af honum fjallið og krefðist eignarnámsbóta. Þá yrðu skipaðir matsmenn. Mundu þeir gera þá kröfu að eigandanum yrðu greiddar kolabirgðirnar á markaðsverði í einni útborgun? Ég væri ekki ánægður með að fá slíka kröfu á ríkið og þurfa að borga hana. Ég held að eigendurnir mættu eiga sitt Stálfjall í friði fyrir mér og ég sé heldur ekki að almannaheill krefðist þess að við leggðum undir okkur Stálfjallið. Allt þetta hefur flm. að sjálfsögðu skoðað mjög nákvæmlega.

Þetta leiðir þess vegna hugann að því að það sem menn greinir á um í þessum lögum og þeim hugmyndum sem fyrir liggja hjá hæstv. iðnrh. snýst fyrst og fremst um það að iðnrh. ætlar ekki í nein slagsmál. Hann ætlar sér ekki fyrir fram í deilur um eignarrétt á því sem vafi leiki á að verði ríkisins eða einstaklinga. Hann setur dæmið þannig upp að með eignarnámsheimildum og í gegnum skattkerfið hafi hann öll tök á að ná þeim arði sem hann þarf af viðkomandi eigendum. Þessi aðferð stenst í alla staði stjórnarskrána og mundi að sjálfsögðu færa almenningi fjármuni ef til nýtingar á náttúruauðlindum kæmi.

Ég hjó eftir því að í umræðum um frv. iðnrh. ræddi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson um þá áhættu sem bændur tækju á sig ef þeir væru eigendur lands og þar kæmi upp eldgos. Þeim bæri trúlega að greiða bætur ef tjón yrði af eldgosinu. Vafalaust er það rétt að þetta gæti orðið spauglaust gaman ef því væri svo háttað. En má þá gagnálykta: Er þá hv. flm. að lýsa því yfir að verði eldgos, eftir að þetta væri allt eign ríkisins, þá beri ríkið ábyrgð og verði að borga hverjum þeim eintaklingi bætur sem fyrir tjóni yrði?

Nú er ekki deilt um loft himinsins yfir Íslandi, að það sé á umráðasvæði íslenska ríkisins og hafa menn þó ekki sótt þangað bætur fyrir stórviðri eða ofankomu. Þá verður að spyrja um hver eigi að bæta fyrir snjóflóð sem fellur úr fjallshlíð, á sem flæðir yfir bakka sína. Verður hægt að sækja eiganda miðhálendisins til saka fyrir að of mikið komi í ána? Ég veit ekki hvort röksemdafærsla eins og sú sem hv. þm. setti fram þegar hann var að ræða um eldgosin, geti verið annað en lélegur brandari, illa grundaður. Ég held að það sé ekki rétt að flytja þessa umræðu yfir í jafnóljósrar hugmyndir um ábyrgð vegna náttúruhamfara.

Eitt atriði í íslenskum lögum tel ég þó að orki mjög tvímælis þegar kemur að því hvort eignarnámsbætur séu eðlilegar eða ofgreiddar. Við vitum öll um dæmi þess að land hafi hækkað í verði, ekki vegna þess að þar hafi fundist einhverjar auðlindir, ekki vegna þess að landeigandinn hafi gert eitthvað fyrir landið, heldur hafi verið fjárfest umhverfis landið í stórum stíl. Þannig hefur landið orðið verðmætt undir byggingarlóðir. Menn hafa deilt um það hvort þetta sé sanngjarnt, að eigandinn geti grætt jafn ótæpilega og hann gæti gert. Skoðanir um það hvernig taka beri á þessu hafa verið skiptar. Sumir hafa litið svo á að einfaldasta leiðin til að rétta hlut almennings í þessum efnum væri að beita skattakerfinu til að ná til baka verulegum hluta af þvílíkum gróða landeigandans.

Ég tel að ef skattkerfið væri notað þá lægi ljóst fyrir að framkvæmdin væri í samræmi við stjórnarskrá. Ég hef út af fyrir sig sætt mig við þá leið. Ég hef aftur á móti hvergi fundið þess stað að eðlilegt geti verið að meta land eftir því hvar það er á landinu og hef talið vafa leika á því hvort þeir sem í þessar matsnefndir hafi valist hafi að öllu leyti haft raunverulegan vilja Hæstaréttar á bak við sig til að meta hvernig á málunum skuli taka.

Undir þessum kringumstæðum tel ég þó að um verulegar ofgreiðslur hafi verið að ræða og líta verði svo á að með skattaaðgerðum sé eðlilegt að taka eitthvað af því fé til baka.

Þó sum ákvæði þessara laga séu góð og hugsunin á bak við þau að tryggja ríkinu kaup á jarðhita, þá mundi t.d. 17. gr. laganna mjög flækja öll viðskipti með landareignir á Íslandi. Þar eru sett inn mikil forkaupsréttarákvæði og, með leyfi forseta, þá hljóðar þessi grein svo:

„Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.“ Þarna ætla menn ríki og opinberum aðilum annan rétt en eigendum lands. Ég er ekki viss um

að það sé yfir höfuð skynsamlegt að setja það þannig upp. Síðan heldur hér áfram, með leyfi forseta:

„Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á."

Þannig væri hægt að taka heilu sýslurnar og segja: Þarna eru jarðhitaréttindi. Það gæti komið í ljós, á jörð sem maður hefði keypt og talið kalda en síðan borað eftir heitu vatni á viðkomandi stað, að þá stæðu menn frammi fyrir því að kaupin væru ólögleg. Þau hefðu einfaldlega átt sér stað án þess að menn áttuðu sig á því að þar væri jarðhiti. Ríkið hefði þar með rétt á þessu landi. Ríkið hefði þá, samkvæmt þeim réttarreglum sem giltu, rétt á því að leysa landið til sín á sama verði og viðkomandi aðili keypti landið á áður.

Engin ákvæði eru um að þá bæri að bæta þeim aðila sem þannig yrði ástatt um kostnaðinn við jarðborun eða eitthvað slíkt. Það kæmi hvergi fram. Og ef menn halda að hér sé verið að tala um einhverja litla hluti, er rétt að hugleiða að það svæði landsins sem einu sinni var talið kalt er stöðugt að minnka. Það svæði á Íslandi sem menn hafa fundið heitt vatn á hefur stöðugt verið að stækka. Hægt er að vísa til árangurs sem náðst hefur á Snæfellsnesi, á Suðurlandi og í Skaftafellssýslum þannig að þetta um hvar jarðhiti er og það að binda forkaupsrétt eins og hér er verið að tala um, er ákvæði sem mundi leiða til mikilla vandkvæða að mínu viti í framkvæmd á sölu á jörðum í landinu og skapa mikla réttaróvissu.

Ég ætla ekki að fara í neinar stórar umræður um það hvernig þessi lög að öðru leyti eru. Ég sé að þau eru sett upp með þá hugsun að það sem kóngurinn norski taldi sína eign eigi að vera eign ríkisins á Íslandi á þeirri forsendu að ef hér hefði verið kóngur hefði hann hugsað á svipaðan veg og í Noregi og framkvæmt það að eignast hér allt sem ekki væri almennings. Það skyldi konungsins eign. (**SJS:** Það er allt skylt þetta kóngafólk í Evrópu.) Allt kóngafólkið í Evrópu er skylt er upplýst utan úr sal og talar þar maður sem vafalaust hefur mikla þekkingu á því þó að hann hafi ekki lagt það beinlínis fyrir sig í háskóla að safna upplýsingum um slíka hluti.

Mér finnst að við megum njóta þess stundum, þessi þjóð, að hafa ekki konung. Það var mikil guðs blessun að við þurftum ekki ávallt að sitja uppi með það að hafa konung. Það voru mjög daprir dagar þegar íslenska þjóðin þurfti að búa við það að hafa konunga yfir landinu. Þessi söknuður sem kemur fram ... (**SighB:** Er þingmaðurinn ekki sáttur við Jörund?) Hv. 1. flm. rifjar upp minningar um að ágreiningur var meðal alþýðuflokksmanna á sínum tíma um það hvort við skyldum afsala okkur konungnum eða ekki. En það er söguleg staðreynd að þeir urðu undir í því máli og kóngurinn var látinn fjúka. Mér finnst þess vegna óeðlilegt að reynt sé að lauma konungsvaldinu inn bakdyramegin eins og hér er verið að gera. Ég veit ekki hvort nokkur maður hugleiddi það, þegar sú atkvæðagreiðsla fór fram, hversu mikil hugsun var á bak við þetta hjá þingmönnum Alþfl. Þeir hafa auðvitað séð þetta allt fyrir, að hér væri almannaheill í stórkostlegri hættu.

Það eru tvær leiðir til að tryggja það að hægt sé að nýta hverja þá auðlind sem finnast mun í jörðu á Íslandi á eðlilegan hátt. Annars vegar eru þær hugmyndir sem iðnrh. hefur sett fram og byggjast á rétti til að nýta þetta og fara samningaleið ef hún er fær. Annars verður að beita eignarnámslögum og nota svo skattkerfið til að hirða af mönnum ef um óhóflegan gróða einstaklinga verður að ræða. Hins vegar væri það af hinu góða að menn teldu að veruleg von væri á fjármagni með því að leita eftir ýmsum efnum í iðrum jarðar. Og kannski hefðum við þurft að eiga menn sem hefðu lagt á sig að reyna að afla sér sem mestra upplýsinga um það hvort von væri á einhverjum möguleikum í þessum efnum.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það t.d. alveg forkostulegt að Íslendingar skuli ekki hafa sett fjármagn í að kanna möguleika á að finna olíu norðaustur af landinu og í Þingeyjarsýslum á því svæði þar sem margt bendir til að jarðgas sé í jörðu. Mér finnst það forkostulegt. Og mér finnst ákaflega undarlegt að það skuli hafa verið liðið að hætt hafi verið við þær tilraunaborholur sem átti að bora. Það er eins og menn slái því fyrir fram föstu að þarna sé ekkert að hafa.

Þessi lög bera það þó með sér að menn trúa því að eitthvað verðmætt sé í iðrum jarðar og það jákvæða við lögin er að þingflokkur jafnaðarmanna hefur þó á því fulla trú að það sé þess virði að rannsaka hvað sé í iðrum jarðar og undir það vil ég taka. Ég tel að mikil nauðsyn sé að fara í slíkar rannsóknir. En að mínu viti er það ódýrari leið að rannsaka hvað sé til í Stálfjallinu og hvað hægt sé að gera við kolin en að samþykkja lög sem hægt væri að túlka á þann veg að landeigandi gæti gert kröfu um og honum yrði borgað út eitt stykki Stálfjall úr ríkissjóði sem búinn væri að hirða það af honum með eignarnámi. Ég er ekki viss um að íslenska ríkið sé reiðubúið að greiða eignarnámsbætur fyrir allt sem hér hefur verið sett fram ef á þann veg féllu dómar.

[14:22]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa talað fyrir þeirra orð. Þeir hafa báðir komist að þeirri niðurstöðu að hér væri að mögu leyti um vandaðan málflutning að ræða og það er rétt, þó að þeir séu ekki fyllilega sammála öllum efnisatriðum.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði því að í máli hans er grundvallarmisskilningur um nokkur atriði. Fyrst það sem ekki skiptir neinu máli, þ.e. það sem ég var að vitna til í norskri og danskri löggjöf sem á náttúrlega ekkert skylt við það hvort við alþýðuflokksmenn viljum hafa hérna kóng eða ekki. Ég var aðeins að vitna til þess, (**ÓÞÞ:** Eruð þið andvígir því að hafa kóng yfir landinu?) virðulegi forseti, að ég var að tala um réttarvenju. Sú réttarvenja sem skapast hefur í þessum löndum sem áður tilheyrðu danska konungsríkinu er sú að það sem enginn getur sannað eignarheimildir sínar á fellur til ríkisins. Það er vegna þess að fyrrum voru ákvæði í lögum um það í danska konungsríkinu að það sem enginn eigi, það eigi kóngurinn. Kóngurinn á það ekki lengur. Það er ekki hans prívateign heldur ríkisins. Þessi ákvæði voru í gildi í hinu sameinaða danska konungsríki og síðan hefur þetta verið réttarvenja í Danmörku þar sem kóngurinn á nú ekki lengur allt það sem enginn á heldur ríkið. Í Noregi, virðulegi forseti, hafa svona ákvæði aldrei verið sett í lög heldur hefur þetta aðeins verið réttarvenja frá fornum tíma og menn stóðu í þeirri trú á Íslandi fram yfir miðja þessa öld að þessi réttarvenja væri líka virt hér. Það er fyrst þegar Hæstiréttur fellir úrskurð sinn að það kemur í ljós að Hæstiréttur álítur að þessi réttarvenja eigi ekki við á Íslandi þó hún hafi átt við á meðan Ísland var sambandsríki Danmerkur og þó svo hún

eigi við í dag bæði í Danmörku og Noregi samkvæmt hefð frá þessum gamla tíma. Þess vegna kallar Hæstiréttur eftir sérstakri lagasetningu á Alþingi þar um. Ég bendi hv. þm. á að ganga úr skugga um það, m.a. með því að lesa greinargerð með þjóðlendufrv. forsrh., að allir þeir alþingismenn sem tóku þátt í umræðu um þessi mál fyrstu áratugi aldarinnar stóðu í þeirri trú að enga slíka lagasetningu þyrfti því þessi réttarvenja væri í gildi á Íslandi eins og í nágrannalöndunum.

Í öðru lagi hefur hann ruglað saman frv. okkar jafnaðarmanna og frv. iðnrh. vegna þess að það er einmitt frv. iðnrh. sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að hafa uppi kröfur eins og þær sem hann minntist á í kolanámudæminu. En frv. jafnaðarmanna gengur út frá því að ekki sé hægt að hafa slíkar kröfur uppi. Ég bið hv. þm. að lesa ákvæðið í 28. gr. frv. og skýringarnar við hana, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til rannsóknar og hagnýtingar á jarðefnum og jarðhita á eignarlandi viðkomandi landeiganda. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir."

Þetta er okkar frv. Ég talaði um það fyrr að gallinn á frv. iðnrh. sá að engin svona ákvæði væru í því frv. heldur einstaklingum beinlínis afhentur fullkominn og algjör eignarréttur yfir öllum auðlindum á þeirra jörð og með tilvísan til þess geta þeir einmitt krafist þess að fá greiddar bætur, ekki bara fyrir spjöll, heldur fyrir tapaðan hagnað af því að nýta sjálfir viðkomandi auðlind eða gert kröfu um hlutdeild í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir. Þarna hefur hv. þm. gjörsamlega ruglað saman frv. Þetta er hættan við frv. iðnrh., þ.e. sú sem hann var að lýsa. En fyrir þetta er tekið í frv. okkar. Það er hins vegar alveg laukrétt sem hann segir að mjög líklegt er að málið verði ekki endanlega útkljáð fyrr en fyrir dómstólum, þ.e. spurningin um það hvort þau takmörkunarákvæði standist sem við erum með í þessu sambandi.

Kolafjallsdæmið er hins vegar ekki gott dæmi í þessu sambandi eða Stálfjallsdæmið því tekið er sérstaklega fram í frv. okkar jafnaðarmanna og raunar í frv. iðnrh. líka, að brúnkolanámur, þ.e. surtarbrandsnámur séu hluti af einkaeign viðkomandi landeigenda og því verði ekki breytt. Hann hefði átt að velja eitthvert annað dæmi. Misskilningur hans er einmitt sá að það sem hann var að vara við með réttu er hættan í frv. iðnrh. en ekki í frv. okkar.

Í þriðja lagi ræddi hv. þm. um ákvæði í 17. gr. í frv. okkar jafnaðarmanna um að landeigandi megi ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi o.s.frv. Ég vil benda hv. þm. á að nákvæmlega sama efni, meira að segja í sumum tilvikum orðrétt, er í 12. gr. í frv. hæstv. iðnrh., nákvæmlega það sama og hann gerði athugasemdir við. Athugasemdir hans við efnisatriði 17. gr. í frv. okkar jafnaðarmanna og kvennalistakvenna eru því athugasemdir við 12. gr. í frv. iðnrh. svo að hann hefur þá jafnmikinn og sterkan fyrirvara við þeim atriðum þar eins og hjá okkur.

Aðeins um það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan. Ég þakka honum fyrir þau orð sem hann fór um frv. Hann greindi það rétt. Það sem við höfum gert er mjög einfalt. Við höfum gert það sem nauðsynlegt er til þess að skilgreina þær auðlindir í og á jörðu sem eru eða geta verið í sameign þjóðarinnar og hægt er eða rétt er að skoða að taka auðlindagjald af. Við höfum fullnægt skilgreiningarþörfinni. Hún liggur fyrir.

Í öðru lagi höfum við útfært nákvæmlega hvernig hægt er að taka samræmd auðlindagjöld fyrir þessar auðlindir með sanngjarni gjaldheimtu. Það höfum við líka gert. Vissulega vorum við jafnaðarmenn lengi vel einir um að flytja mál veiðileyfagjalds og auðlindagjalds. Nú hafa fleiri gengist inn á þær meginhugmyndir þó ágreiningur sé um útfærslu. Auðvitað er gleðilegt og ánægjulegt að fleiri skuli hafa komið til liðs við þær hugmyndir. En við erum bara komnir skrefinu lengra. Við erum að útfæra þetta vegna þess að það er svo langt síðan við tókum þessa grundvallarafstöðu að við höfum verið að nýta tímann til þess einmitt að svara þeim spurningum sem menn hafa uppi um það: Af hverju ætlið þið að taka auðlindagjald? Við höfum skilgreint það. Hvernig ætlið þið að útfæra það? Er ekki alltaf verið að spyrja um það? Við erum búin að því. Menn geta síðan deilt um hvort þetta á að vera krónunni hærra eða lægra en við erum að vinna heimaverkefni okkar. Þau hafa verið unnin. Við höfum lokið við að sýna fram á hvernig hægt er að gera þetta, af hverju á að taka, hvað við eigum við með samræmdri auðlindagjaldspólitík, hvað við eigum við með því að taka auðlindagjald af auðlindum í og á jörðu og hvernig hægt er að framkvæma það.

Hátt gjald eða lágt vil ég ekkert um segja endilega hér og nú. Ég var bara að benda hv. þm. á það sem þeir hljóta að vita að í flestum nálægum löndum eiga sér stað miklar umræður um skattamál og þar á mikil endurskoðun sér stað á skattstofnum. Ég vitna t.d. til þess að Danir eru í óðaönn að taka upp mengunarskatta. Þeir taka þá ekki upp sem viðbót við almenna skattheimtu heldur í staðinn fyrir hefðbundna skattstofna sem virka truflandi á framleiðsluþættina eins og vinnuvilja fólks o.s.frv. Ég bendi einnig á að í Bandaríkjunum fer nú fram mikil umræða um endurskoðun skattkerfis þar sem m.a. er rætt mikið um svokallaðan „Fair-tax" sem hagfræðingar skrifa margar og lærðar greinar um. Sú endurskoðun gengur út á að afnema skatta af tekjum sem eins og ég sagði áðan er skattstofn sem virkar letjandi á vinnuafl sem framleiðsluþátt í þjóðfélaginu en taka í staðinn upp aðra skatta. Í skattaumræðunni í Bandaríkjunum er nú sérstaklega nefnd hækkun á söluskatti upp í 23% en fella í staðinn niður tekjuskatt. Allt í kringum okkur er umræða um að endurskoða skattstofna með þeim tilgangi að finna réttlátari skattstofna en við notum í dag, skattstofna sem virka ekki letjandi á vinnuvilja fólks. Það sem menn staðnæmast helst við í þeirri umræðu eru einmitt auðlindagjöld, gjöld fyrir aðgang að auðlindum, mengunarskattar og umhverfisgjöld hvers konar, þ.e. gjöld til að reyna í senn að afla tekna, varðveita náttúruauðlindir án þess að spilla þeim með því að verðleggja aðgang að þeim þannig að menn gangi betur um verðmæti en þeir gera í dag og finna leiðir sem eru betri en þær sem við förum í dag til að afla tekna fyrir ríkissjóð. Þessi umræða er í gangi alls staðar í kringum okkur. Auðvitað mun hún koma til kasta okkar eins og annarra og eðlilegt er að menn ræði það eins og við erum að gera hvort ekki sé ástæða til að fara að huga að því að fara sömu leið í a.m.k. umræðu um skattamál og í löndunum í kringum okkur, þ.e. gefa því gaum hvort ekki sé kominn tími til að leita annarra skattstofna og þá ekki síst á sviði auðlindagjalda, auðlindagjaldtöku, umhverfis- og mengunarskatta til þess að leysa af hólmi skatta eins og tekjuskattinn að einhverju

leyti eða jafnvel að öllu leyti einhvern tímann í framtíðinni, tekjuskattskerfið sem við vitum að er óréttlátt, marggötótt og virkar letjandi á vinnuvilja fólks.

Auðvitað getur mönnum vaxið þetta mjög í augum og þeir sagt: Þetta eru allt of stórar fjárhæðir. Við erum ekki að tala um að gera þetta í einni svipan. Ég bendi bara á og ítreka það sem ég sagði áðan. Um þetta snýst t.d. umræðan vestur í Bandaríkjunum. Einmitt um að afnema þar alla tekjuskatta með annars konar skattheimtu. Það er því ekkert guðlast að nefna það hér hvort ekki sé ástæða til og tímabært að menn hefji skoðun á þeim möguleika, ekki með það fyrir augum að fara út í svo stórkostlega aðgerð á morgun eða hinn daginn eða um næstu áramót, en a.m.k. að gera sér það ljóst að það er hægt að stefna í þá átt að nota nýja skattstofna sem virka ekki truflandi á framleiðsluþættina í þjóðfélaginu til þess að taka smátt og smátt við hlutverki þeirra skattstofna eins og tekjuskattsins sem hefur verið vandræðabarn á Alþingi og meðal þjóðarinnar í mörg ár. Það er ekkert óeðlilegt að það sé rætt, virðulegi forseti.

[14:37]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti miður að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vildi ekki upplýsa úr ræðustól hvort hann vildi hafa konung yfir landinu eða ekki en ég verð að búa við áframhaldandi óvissu í þeim efnum. Hins vegar er það rétt að ekki er samræmi milli 3. gr. og skýringanna við 3. gr. Hér stendur: „Kol, önnur en surtarbrandur". Brúnkolin fyrir vestan í Stálfjallinu eru ekki surtarbrandur, þau eru brúnkol. Þetta er mun betra efni en surtarbrandurinn sem almennt er og í skýringunum er aftur á móti talað um að þeir eigi aðeins við það sem ekki hefur áður verið fundið. Samkvæmt því hefðu brúnkolin átt að njóta þeirrar virðingar að vera talin upp með surtarbrandinum. En það sem gerir það að verkum að umræðan er svona mikið á skjön er annars vegar að hv. flm. gengur í einu orðinu út frá því sem gefnu að lögin standist gagnvart eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar en þegar hann vill vanda sig í málflutningi viðurkennir hann að það sé ekkert víst að þau standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ef það er tilfellið að þau standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar er verið að kalla yfir sig bótakröfu á hendur ríkinu án þess að þær séu nauðsynlegar á þessari stundu. Þess vegna sýnist mér vitlegra að stíga skrefin þannig að farin sé sú leið að nota skattkerfið til að ná þeim fjármunum sem menn vilja ná ef óeðlileg auðsöfnun á sér stað vegna þess að menn nýta auðævi sem finnast í jörðu. Þessu vill hv. þm. ekki una og talar því á tvo vegu stöðugt í ræðustól um þessi mál en ég ruglaði ekki saman frv., ég var aðeins með þetta í höndunum.

[14:39]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. en hann hefði átt að lesa hitt frv. líka því að athugasemdirnar sem hann gerði við frv. jafnaðarmanna eru líka við frv. iðnrh. því að það er sama ákvæði varðandi forkaupsrétt í frv. iðnrh. eins og okkar. Það vantaði bara að hv. þm. læsi það frv. líka.

Ég hef því ekki dregið dul á það, virðulegi forseti, að svo kann að fara að ákvæði um eignarrétt og mörk einkaeignar og almannaeignar endi fyrir dómstólum. Ég er hins vegar sömu skoðunar og Ólafur Jóhannesson að heimilt sé að setja lög um þau efni eins og þau lög sem hér er verið að setja. Við tveir erum sammála um að það sé heimilt en auðvitað getur komið til kasta dómstóla að skera úr um það.

Í þriðja lagi er aðferðin að Alþingi skeri úr um slíkt með lagasetningu ekki sú að ganga eins langt og þeir sem aðhyllast einkaeignarréttarsjónarmið framast vilja ganga með því að segja einfaldlega: Gott og vel, þá leysum við bara úr ágreiningnum með því að einkaaðilarnir skuli eiga þetta allt saman og síðan sé það ráðherra að taka eignarnámi ef almannahagur krefst. Gallinn við frv. ráðherra, ég ítreka það enn, er sá að þar er ekki gert ráð fyrir því eins og í frv. jafnaðarmanna að kröfuréttur einstaklingsins til bóta sé neitt takmarkaður og nái frv. ráðherra fram að ganga getur einkaeigandi krafist þess í slíkum tilvikum að honum sé greitt eins og hv. þm. sagði, á einu bretti út andvirði brúnkolanna í Stálfjalli. Það getur hann ekki gert samkvæmt frv. okkar jafnaðarmanna og á því er meginmunur. Athugasemdirnar sem hv. þm. gerði við frv. okkar voru því ekki athugasemdir við frv. okkar heldur athugasemdir við frv. eins og það er úr garði gert frá hæstv. ráðherra.

[14:41]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rakti áðan hvers vegna ég teldi það hæpið að setja inn þessi ákvæði 17. gr. vegna þess að þá yrði að mínu viti hver einasti aðili sem keypti jörð á Íslandi ávallt að kanna hvort ríkið vildi kaupa og hvort ríkið vildi ganga inn í. Búið er að setja nóg af forkaupsréttarákvæðum inn um jarðakaup þó ekki sé verið að tefja það svo að það yrði enn flóknara en það er.

Um kröfuréttinn til bóta er það svo að þegar upp er staðið fer slíkur réttur hvorki eftir því sem samþykkt verður sem ríkisstjórnarfrv. eða sem frv. einstakra flutningsmanna. Slíkur réttur fer aðeins eftir einu og það er stjórnarskránni. Þetta hefði hv. þm. mátt vita þar sem hann hefur unnið eið að stjórnarskránni. Það er eitt að samþykkja lög um það á Alþingi hvernig þetta verður og annað að telja að þau lög séu ríkari ákvæðum stjórnarskrárinnar. Því blasir það við sem staðreynd að þau ákvæði munu blífa hvernig sem allt fer.

Báðum þessum frv. er hægt að breyta. Séu þau samþykkt sem lög er hægt að breyta þeim seinna. Það liggur alveg ljóst fyrir þannig að eignarréttarákvæðin fara eftir því hvernig Hæstiréttur túlkar ákveðna grein stjórnarskrárinnar. Þetta veit hv. þm. mætavel en til að reyna að láta svo líta út sem hann sé að gæta almannahagsmuna sem aðrir vilja ekki gæta finnst honum rétt að setja dæmin alltaf þannig upp að hann vilji með lögum ná því í gegn að hér sé skráð eitthvað sem stenst e.t.v. ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég sé ekki að þetta leiði til annars en þess eins og ég sagði hér áðan að menn gætu farið fram á að fá greitt eitt stykki Stálfjall í eingreiðslu.

[14:44]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reyni að gera tilraun í þriðja skipti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ætti að lesa frv. iðnrh. því að þær athugasemdir sem hann gerði við 17. gr. í frv. okkar jafnaðarmanna eiga líka við frv. iðnrh. því að það er orðrétt þar. Nákvæmlega eins.

Í öðru lagi er alveg ljóst að ef samþykkt eru lög á Alþingi um að einkaeignarréttur að auðlindum í jörðu skuli vera algerlega óskoraður er verið að gefa möguleika á því að verði slíkar auðlindir teknar eignarnámi geti sá sem á auðlindina ekki bara krafist bóta fyrir spjöll á jarðnæði og öðru slíku heldur líka annaðhvort krafist að sér verði greidd út verðmæti þeirrar auðlindar sem tekin er eða öðlist hlutdeild í hagnaði. Þetta er eins ljóst og skýrt og það getur verið. Í frv. hæstv.

iðnrh. er gengið frá þessu þannig að slík krafa getur risið og mér finnst eins og hv. þm. óeðlilegt að hún geti risið. En í frv. okkar jafnaðarmanna og kvennalistakvenna er gengið út frá því að slík krafa geti ekki risið. Það er munurinn, virðulegi forseti.

Ég er ekkert að draga fjöður yfir það að umdeilt er hvort hægt sé að takmarka eignarréttinn með lögum. Ólafur Jóhannesson taldi það vera hægt. Ég tel það vera hægt þó ekki séu allir á sömu skoðun.

[14:46]

**Útbýting þingskjala:**

Dómstólar, 176. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 826.

Staðsetning Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs, 485. mál, fsp. EKG, þskj. 824.

Útboð á hafrannsóknaskipi, 486. mál, fsp. HjÁ, þskj. 825.

Þátttaka útlendinga í virkjanaundirbúningi, 463. mál, fsp. HG, þskj. 794.

[14:46]

**Ólafur Þ. Þórðarson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef treyst því að fundarstjórn forseta væri á þann veg að hér væri til umræðu 425. mál. Ég hef því ekki viljað ræða um annað mál sem hæstv. iðnrh. flutti. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar til að koma mér af þessu spori hef ég reynt að forðast það til þessa.

(**Forseti** (StB): Forseti vill ítreka að hér er 5. dagskrármál til umræðu.)

[14:47]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ábendingarnar. Ég vil einfaldlega segja hæstv. forseta að ég óskaði ekki eftir því að hv. þm. ræddi frv. iðnrh. Ég óskaði eftir því að hv. þm. læsi frv. iðnrh.

[14:48]

**Árni Johnsen:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu bryddar á mörgum forvitnilegum atriðum sem vert er að gefa gaum. Kannski mætti þó segja að æðimargt í þeim mótist af forsjárhyggju. Mig langaði að nefna eitt atriði við umræðuna. Þarna er um að ræða ruglingsleg atriði. Í 3. gr segir þrátt fyrir tilvitnun í 1. gr. laganna:

„Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign."

Þetta er mjög ruglingslega sett fram. Ég býst ekki við að það sé meining flm., kratanna, að undanskilja jarðolíu og jarðgas í þessum lögum. Þó er það gert með þessu móti, þrátt fyrir tilvitnun í 1. gr. Þarna er einn forvitnilegasti þáttur frv., möguleg olíuvinnsla á hafsbotninum við Ísland, sem ég býst við að sé eitt mest spennandi mál næstu framtíðar.

Nokkuð lengi hafa athuganir legið niðri og áhuginn á því að ganga úr skugga um það hvort á jarðsvæðum Íslands sé að finna olíu. Með jákvæðum árangri rannsókna, bæði á Grænlandi og í Færeyjum eru uppi vísbendingar um að á því séu engu minni líkur að þessar auðlindir sé að finna innan lögsögu Íslands. Þar af leiðandi mætti enginn vafi leika á því hvar rétturinn er í umræðu og lagasetningu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur sagt að kratar væru að vinna heimavinnuna við að undirbúa auðlindagjald á hina ýmsu þætti sem varða auðlindir Íslands. Ekki fylgja nú rökin í lagagerðinni og síst af öllu hefur verið unnið að því er lýtur að skatti á sjávarafla við Ísland. Menn hafa búið til orðin „auðlindaskattur" og „auðlindagjald" og kratar kokgleypt hugsjónir sínar í stórum stíl. Það hefur verið leitt að fylgjast með því hvernig margir þeirra ágætu manna hafa með falsvonum gert tilraunir til að gera sig mektuga á fölskum forsendum. Þó eru þeir menn að meiri að viðurkenna hrun í framkvæmd þeirra hugmynda sem þeir höfðu sett upp. Það verður líka að viðurkennast.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hrósaði sér af því að kratar væru ávallt fyrstir til að flytja tillögur um auðlindaskatt. Ekki hefur mikið komið út úr því. Líkurnar til þess að nokkuð komi út úr því eru almennt minni eftir því sem mál hafa þróast. Þeir vaxið að skilningi við hvert mál sem þeir hafa flutt í þeim efnum.

[14:54]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm., sem rak hér inn höfuðið, sennilega til að greiða atkvæði, hefur ekki alveg náð að lesa út úr 3. mgr. í 3. gr. II. kafla frv. en hún er svohljóðandi, virðulegi forseti:

„Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins" o.s.frv. Þarna er sagt að allt það sem upp er talið, þar á meðal jarðolía og jarðgas og öll önnur kol en surtarbrandur, skuli teljast eign ríkisins. Hv. þm. leggur þann skilning í málið að auk þess að surtarbrandur sé undantekning frá kolum, þá eigi einnig að fella þar undir jarðolíu og jarðgas. Hv. þm. veit það væntanlega að hvorki jarðolía né jarðgas teljast til kola. Ég skil ekki, virðulegi forseti, hvernig hv. þm. fékk þessa merkingu út úr frv. En það er nú kannski ekkert skrýtið að það sé fyrir ofan eða neðan minn skilning að ná því samhengi.

[14:55]

**Árni Johnsen** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson geti sjaldan leynt hroka sínum þá er gott að fá staðfestingu þess að auðlindir þessar ættu að teljast til eigna ríkisins. Ég taldi líklegra að það væri meining málsins en þarna er um klaufalegt orðalag að ræða í frv. sem auðvelt væri að leiðrétta miðað við orð formannsins. Svo ég bendi á skynsamlegra orðalag þá ætti, til að koma í veg fyrir misskilning, að standa: ... þar á meðal málmar, málmblendingar, jarðolía og jarðgas, kol önnur en surtarbrandur eru eign ríkisins. Það er rétt mál og rökrétt í lagasetningunni. Hitt veldur misskilningi að segja „kol önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas eru eign ríkisins". Frv. dregur þannig jarðolíu og jarðgas fram með surtarbrandinum. Með því að snúa þessu við þá geta hv. þm. vonandi leiðrétt þetta í nefnd.

[14:57]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hann hefur gert eina athugasemd við frv. en virðist að öðru leyti nokkuð sáttur við það. Það er sjálfsagt að gera þetta. En mér bara datt ekki í hug að nokkur þingmaður gæti haldið að jarðolía og jarðgas gæti talist til kola. Þess vegna ætti að geta staðið: „kol önnur en jarðolía, jarðgas og surtarbrandur". Ég taldi ekki að nokkur þingmaður gæti ruglast á því og stæði í þeirri trú að jarðolía og jarðgas teldust til kola.

[14:58]

**Árni Johnsen** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er leitt að heyra að hv. 1. flm. frv. skuli ekki viðurkenna hið aulalega orðalag í þessu frv. Þarna er slök meðferð á íslensku máli. Ég nenni svo sem ekki að elta ólar við það. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu eina atriði hér í þessari umræðu. Það skiptir máli og veldur misskilningi eins og það er. Það mætti beinlínis túlka það öfugt við merkingu þess sé miðað við orð hv. 1. flm.

[14:59]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Aðeins fáein orð í viðbót af minni hálfu. Vegna þeirra spaklegu umræðna sem hér fóru fram um surtarbrand og brúnkol væri kannski vert að fara betur yfir það mál úr því að menn vilja vera nákvæmir og fræðilegir. Menn telja það jafnvel móðgun við Vestfirðinga að líkja því sem stundum kallast brúnkol við surtarbrand. Fræðin eru þó þannig, ef ég get rifjað það eitthvað upp, að þarna eru ekki skörp skil á milli.

Staðreyndin er sú að allt eins oft er eingöngu fjallað um þetta í tveimur flokkum, það eru annars vegar kol eða steinkol og hins vegar aðrar lífrænar leifar af skyldum toga sem ekki eru orðnar steingerðar, þ.e. ekki eru „petrified" eins og sagt er á fræðimáli. Brúnkolin, surtarbrandurinn og jafnvel mórinn í mýrunum eru nánast eitt litróf. Þetta eru mismunandi útgáfur af því hversu harðnaðar hinar kolefnisbundnu leifar eru.

Stundum er talað um kol og lignít. Ég held að Vestfirðingar þurfi ekkert að móðgast þó að þetta skarist eitthvað og sé jafnvel notað hvort í sínu orðinu, brúnkol eða surtarbrandur. Allt eru þetta plöntuleifar sem hafa kolast mismunandi mikið og harðnað mismunandi mikið við að hitna upp og grafast í jarðlögum, brenna ef þær eru þurrkaðar eða að þeim berst súrefni og eru nýtanlegar sem eldsneyti. Enda vita menn það og kunna úr sögunum að mór var mjög misgóður og surtarbrandur var misgóður sem eldsneyti. Án efa er það einnig með vestfirsku jarðleifarnar þó að brúnkolin séu vissulega stundum sérstaklega tilgreind sem sá hluti þessara tertíeru jarðleifa sem er kolefnisríkastur og best eldsneyti í þeim skilningi. Samt er langt í land að vinnsla á þessum efnum mundi skila miklu eða borga sig fyrir utan að þá fyrst held ég að menn færu að velta fyrir sér umhverfisáhrifunum ef menn færu í að nýta þetta í stórum stíl. Einhverjar svakalegustu hugmyndir sem ég hef nokkurn tíma séð eru hugmyndir um að grafa upp allar dýpstu mómýrar landsins og fletta ofan af þeim sverðinum til þess eins að ná í eins eða tveggja metra þykk mólög sem liggja í þeim. Ekki meira um þetta, herra forseti.

Að öðru leyti vildi ég segja vegna orðaskipta við hv. þm. og 1. flm. frv., Sighvat Björgvinsson, að ég leyfi mér að segja að það sé ofsagt að í þessum frv. sé útfærð nánast endanlega tilhögun gjaldtöku af þessum sameiginlegu auðlindum. Ég held að það sé fulldjúpt í árinni tekið. Ég sé ekki annað en að eftir stæðu, þótt menn samþykktu ramma af þessu tagi, ótal álitamál í útfærslunni um það hvernig slíkri gjaldtöku yrði fyrir komið, hve mikil hún yrði, hver yrði greiðandinn og hvaða áhrif sú gjaldtaka hefði. Mjög mörg álitamál eru eftir, bæði framkvæmdalega og þegar kemur að spurningunni um áhrif á eða spurningunni um þolendur gjaldtökunnar. Þó að við tækjum bara tvennt, t.d. raforkuna úr vatnsföllunum eða fallvötnunum og fiskinn í sjónum, og veltum aðeins fyrir okkur öllum þeim mörgu álitamálum sem upp koma þegar er í fyrsta lagi reynt að svara spurningunum: Hvernig á að innheimta gjaldið? Hver á að borga það? Hvernig á að taka það, á hvaða stigi í ferlinu o.s.frv.? Hvaða form á að vera á innheimtunni? Allir þekkja umræðuna hvað veiðileyfagjöldin snertir um það hvort þau eigi að taka sem flöt gjöld ofan á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þ.e. að við úthlutun á aflamarki innan ársins eigi bara að taka svo og svo hátt gjald en að öðru leyti eigi að úthluta eins og gert er. Það er ein aðferðin. Önnur er sú sem menn hafa líka verið að tala um og gengur miklu lengra og er róttækari, þ.e. að innkalla allar veiðiheimildirnar og bjóða þær upp og taka gjaldið í formi leigugjalds á uppboði. Það er gerbreyting á kerfinu.

Þriðju hugmyndirnar mætti kenna við einhvers konar aflagjöld sem ganga út á það að þegar afla er landað séu gjöldin dregin af í formi einhverra aflagjalda sem geta verið mishá, mismikil eftir tegundum o.s.frv. Allt eru þetta mögulegar leiðir í þessu efni. Ég þarf ekki að rekja það fyrir hv. þingmönnum Alþfl. sem buðu í þáltill. í fyrra upp á sex mismunandi aðferðir hrópmerktar, þ.e. sex mismunandi aðferðir í meginatriðum plús samblöndu af þessum aðferðum þar sem var jafnvel farið í að velta því fyrir sér, á að taka þetta eftir einhverjum leiðum með skattalegri stýringu? Það er einn möguleikinn enn þannig að til þess að hvorki sé ofsagt eða vansagt í umræðunni eru gífurlega mörg álitamál enn óleyst þó menn lögfestu einhvern ramma um gjaldtökuna eða gengju frá einhverri stefnumótun.

Varðandi orkuna yrðu menn t.d. að svara hver yrði greiðandinn. Ef menn færu út í að reyna að taka auðlindagjald vegna orkunýtingarinnar verður í fyrsta lagi að hafa í huga að varðandi alla stórnotendurna erum við bundin af áratuga löngum samningum við erlenda aðila og þá verður engum auðlindagjöldum eða sköttum komið við fyrr en smátt og smátt í áföngum á einhverju áratuga löngu tímabili sem þessir samningar eru endurnýjaðir. Hverjir eru þá eftir til að borga auðlindagjald af raforku? Það eru innlendu notendurnir. Hverjir kaupa mest af henni? Það er fólkið á köldu svæðunum sem kyndir upp húsin sín með rafmagni. Mundum við treysta okkur til að fara að leggja þetta gjald á það? Ég efast um það þannig að þarna eru framkvæmdaatriði, pólitísk álitamál sem eru gífurlega erfið úrlausnar ef við förum inn í efnislega umræðu um málið sem slíkt. Jafnvel þó menn mótuðu einhverja rammastefnu eða löggjöf mundi að mínu mati bíða mikil útfærsluvinna og það yrði jafnvel að einhverju leyti um að ræða óumflýjanlega áratuga aðlögun að því að slík gjaldtaka eða skattlagning, hvort heldur sem er, gæti komið að fullu til framkvæmda.

Ég er síðan ósammála því, eins og ég hef áður lýst mig vera, að menn fari út fyrir þau mörk sem snúa að auðlindunum sjálfum í aðalatriðum, nýtingu þeirra, stjórnun o.s.frv. Ég hef lýst mig andvígan sértækri skattlagningu, og ég er heldur ekki sammála þeirri áherslu sem að hluta til kemur fram í greinargerðum frumvarpanna um að þetta sé endilega betri skattstofn eða tekjuöflunartæki en margt af því sem fyrir er. Ég set stórt spurningarmerki við það og spyr mig stundum að því hvaða jafnaðarstefna sé fólgin í því að hugsa sér að fella kannski niður eða lækka verulega tekjuskatt á einstaklinga og koma með svona skatta í staðinn. Er það virkilega svo að umræðan sé að þróast inn á það spor að tekjuskattur á einstaklinga með persónufrádrætti sem er stighækkandi t.d. eftir hækkandi tekjum, sé ósanngjarn skattur? Er þetta ekki eitthvert virkasta tekjuöflunartækið í skattkerfinu? Ég

sé alla þá vankanta á stórfelldri tekjuöflun, t.d. í gegnum sjávarútveginn sem yrði fyrst og fremst greiðandinn. Af sanngirnisástæðum og af prinsippástæðum er að sjálfsögðu rétt að tala um þetta sem samræmda auðlindagjaldtöku. En við vitum öll hér inni að ef kæmi til þess að greiða slíkt í einhverjum umtalsverðum mæli yrði greiðandinn fyrst og fremst sjávarútvegurinn á Íslandi. Hitt er meira og minna samræmingarinnar vegna. Jafnvel þótt menn vildu reyna að ná t.d. einhverjum auðlindanáttúruperluskatti af ferðaþjónustunni og segðu: Hann er sambærilegur við annað í þessum efnum. Hvernig ætla menn að innheimta hann? Hvernig ætla menn að koma því fyrir? Ekki er auðséð að það verði auðvelt. Ég hef áður nefnt raforku. Ég staðnæmist helst við að það væri sennilega hægt að leggja einhver smágjöld ofan á t.d. vikurútflutninginn og nokkra slíka hluti þannig að það væri fullkomlega ástæða til að skoða það ef menn væru farnir út í þetta á annað borð en það eru engar stórar fjárhæðir. Ef menn færu út í umtalsverða tekjuöflun í þessum efnum yrði það sjávarútvegurinn sem greiddi. Þá koma upp öll þau álitamál sem tengjast í fyrsta lagi hversu sveiflukenndur sá atvinnuvegur er og hvort menn væru tilbúnir til að henda tekjuskattinum og ætla að byggja afkomu ríkissjóðs í verulegum mæli á jafnsveiflukenndri grein og sjávarútvegurinn er. Hvaða auðlindaskatt hefðu síldveiðarnar borgað eftir 1968 og fram undir síðustu ár ef það hefði t.d. verið umtalsverður tekjustofn fyrir ríkið í gegnum einhver veiðileyfagjöld? Þá kom að því að hér er um undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar að ræða og hún er mismunandi stór eftir landshlutum, þá koma landsbyggðarsjónarmiðin inn í, þar koma fælingaráhrifin. Þetta er orðin atvinnugrein sem er að stórum hluta rekin af hlutafélögum á verðbréfaþingum og þau yrðu síðri fjárfestingarkostur ef þarna væru á ferðinni stórfelldar skattlagningarhugmyndir o.s.frv. Það er mjög margt af því tagi, herra forseti, sem menn þurfa líka að ræða og skoða.

[15:09]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að fjalla um núna fjallar hvorki um útfærslu veiðileyfagjalds né virkjunargjalds vegna vatnsaflsvirkjana. Hið síðara verður til umræðu á eftir þannig að frv. þetta tekur ekki á þeim málum.

Hvað varðar allar aðrar spurningar sem hv. þm. bar fram um málið svarar frv. þeim öllum, þ.e. hver borgar, hvernig og hvernig er það ákveðið? Ákvæðin í frv. svara öllum þeim spurningum hvað varðar auðlindagjald fyrir jarðefni, námur og grunnvatn í eigu þjóðarinnar. Þeim er öllum svarað. En auðvitað er ekki í frv. svarað spurningum um önnur mál eins og veiðileyfagjaldið enda ekki um það fjallað þar.

Hv. þm. spurði hvenær það hefði orðið afstaða jafnaðarmanna að fella niður eða draga stórlega úr tekjuskatti. Ætli það séu ekki 25 ár síðan þáverandi formaður norska Verkamannaflokksins, Trygve Bratteli, kom hingað til lands og hélt mjög athyglisverðan fyrirlestur á vegum Alþfl. einmitt um þetta, þ.e. að það væri rétt og nauðsynlegt vegna hinna stóru ágalla tekjuskattkerfisins að taka til rækilegrar skoðunar að draga mjög úr því kerfi í skattheimtu. Í framhaldi af því fluttu þingmenn Alþfl. oft á þingi tillögur um að hækka söluskatt sem var þá mjög lágur en nota peningana sem kæmu með hækkun söluskatts til þess að lækka eða fella niður tekjuskatt. Nú er söluskattur, öðru nafni virðisaukaskattur, hins vegar orðinn svo hár að þetta er ekki lengur raunhæft en þessar tillögur um að draga úr vægi tekjuskatts hafa um áratugi verið til skoðunar hjá jafnaðarmönnum, ekki bara á Íslandi heldur líka í nágrannalöndunum þó að ég skuli fúslega viðurkenna að ekki hefur miðað nægilega langt í rétta átt.

[15:11]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er það bara þannig að um þessa hluti erum við ekki endilega sammála, ég og hv. þm., og það er allt í góðu lagi með það. Trygve Bratteli var að sönnu hinn mætasti stjórnmálamaður og það er viðbúið að hann hafi haft með komu sinni hingað mikil áhrif á Alþfl. en ég náði ekki að nema þá speki. Enda þótt ég hafi lesið ýmislegt um skattamál frá ýmsum mætum mönnum og þar á meðal þeim sem kenna sig við jafnaðarstefnu þá hef ég ekki enn þá sannfærst um að það sé réttlátt eða sanngjarnt að sleppa alveg út úr myndinni hvað varðar tekjuöflunar- og tekjujöfnunartæki fyrir ríkið, þrepaskiptum tekjuskatti, sem ég vil sjá talsvert öðruvísi útfærðan en er á Íslandi í dag, a.m.k. með einu þrepi til viðbótar. Ég gæti t.d. vísað þar í skattatillögur Alþýðusambands Íslands frá því fyrir um einu eða einu og hálfu ári.

Eini gallinn sem ég sé á því kerfi sem gæti réttlætt að skoða í alvöru að draga úr þeirri skattlagningu eru auðvitað undanskotin og sú ósanngirni sem felst í því að sumir tekjuháir einstaklingar komast hjá því að borga. En það á því miður við um flestalla skatta sem ég hef nokkurs staðar lesið um í heiminum að það eru vandkvæði á framkvæmdinni við að innheimta þá og ef menn gæfust upp fyrir því að innheimta tekjuskatt af því að það eru einhver undanskot, mundu menn að sjálfsögðu alveg eins gefast upp fyrir því að innheimta virðisaukaskatt, tolla eða aðflutningsgjöld sem smyglarar borga ekki o.s.frv. Hvert einasta skattkerfi í heiminum er að einhverju leyti götótt og það væri ósköp einfaldlega engin skattheimta ef menn gæfust upp um leið og þeir rekast á einhverja ágalla.

Varðandi hið síðara vísa ég bara í 3. mgr. 32. gr. frv. Ekki er hægt að halda því fram að í þeirri málsgrein, um gjaldtökuna vegna nýtingarleyfis, sem ég hef lesið og skilið að sé aðalmálsgreinin um þessa gjaldtöku, að þar sé öllum spurningum svarað, enda hljóðar síðasti málsliðurinn svo, herra forseti:

„Nánari ákvæði um þessa gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs."

Þetta finnst mér ekkert óeðlilegur frágangur. Ég er ekki að gagnrýna frv. út frá þessu. Það sem ég var bara að benda á að mér fannst fulldjúpt í árinni tekið í ræðu hjá hv. málshefjanda áðan þegar hann talaði eins og nánast öll vandamál væru leyst í þessu sambandi.

[15:14]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í framsögu minni reynum við að leysa þessi mál með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að þegar um er að ræða gjaldtöku vegna tiltölulega verðlítilla nytja séu ákvæði um það í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í öðru lagi þegar um er að ræða verðmeiri nytjar sé það forsenda að viðkomandi nytjar séu boðnar út samkvæmt lögum um opinber útboð. Við erum því að reyna að festa framkvæmdina nákvæmlega eins vel og við getum.

Hvað varðar tekjuskattinn var þetta stefnumál Trygve Brattelis á meðan hann var formaður Verkamannaflokksins. Og ástæðan fyrir því að hann taldi að draga ætti úr áhrifum tekjuskatts var m.a. sú að hann hélt því fram að

tekjuskatturinn væri ekki lengur tekjujöfnunartæki. Tekjuskatturinn væri bara skattheimta á launamanninn sem skilaði ekki lengur því tekjujöfnunarhlutverki sem vinstri menn og félagshyggjumenn höfðu vonast til að þetta skattform mundi gera. Þess vegna lagði hann til að dregið yrði mjög úr þessari tekjuskattheimtu. Þess vegna lögðum við alþýðuflokksmenn það sama til á meðan það var hægt með því að hækka virðisaukaskatt eða söluskatt í staðinn. Nú er virðisaukaskattur eða söluskattur orðinn svo hár að það er ekki hægt að fara miklu lengra þar. Þá vendum við kvæði okkar í kross eins og verið er að gera núna í umræðum í Bandaríkjunum í umræðunum um „The fair tax" sem þar fer fram, og segjum: Við skulum þá leita að nýjum tekjuöflunarleiðum sem virka ekki truflandi á framleiðsluþættina eins og tekjuskattskerfið gerir og bendum þar sérstaklega á auðlindagjöld og mengunarskatta sem geta smátt og smátt leyst af hólmi jafnóréttlátt og ósanngjarnt tekjuöflunarkerfi og tekjuskattskerfið er.

[15:16]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Eitt atriði í málflutningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kom mér til að hefja hér umræður á ný. Það eru draumórahugmyndirnar sem stundum koma fram um að þjóðin eigi að treysta því að Alþfl. ætli að leggja niður tekjuskattinn. Ég held að ég muni rétt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi ekki verið á þeirri frægu þáltill. — en hann gengur nú úr salnum. (**SighB:** Jú, jú, jú.) Var hv. þm. á þeirri frægu þáltill. sem hv. þáverandi formaður flokks þeirra, Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fluttu, þar sem lagt var til að eignatengja tekjuskattinn og leggja tekjuskattinn niður í reynd, það yrðu bara eignarskattarnir sem yrðu greiddir? Var hv. þm. á þeirri þáltill.? (**SighB:** Nei, ég var á tillögunni um að gefa út ...) Þá er það játað hér og nú að hv. þm. treysti sér á sínum tíma ekki til að fylgja þeirri tillögu (**SighB:** Ég var nú ekki á þingi.) og upplýsir að hann hafi ekki verið á þingi, en hvað færði þessi tillöguflutningur Alþfl. á sínum tíma? Hann færði þeim alveg ótrúlegt fylgi því þjóðin trúði því að þeir ætluðu að fara að leggja niður tekjuskattinn. (**ÖS:** Í hvaða flokki var ég þá?)

En hvað gerði hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar hann komst til valda á seinasta kjörtímabili? Jú, hann hækkaði tekjuskattinn þannig að hann hefur aldrei verið hærri í Íslandssögunni en hann var á því tímabili. Og ekki er skrýtið þó ég fyllist skelfingu þegar ég fæ af því fréttir hér og nú að Alþfl. ætli að fara að lækka tekjuskattinn. Þá hringja margar bjöllur í mínu höfði, þá er það bein tilkynning um að nú séu þeir að hugsa um að hækka hann.

Og skyldu menn nú vera eitthvað undrandi á því að þetta skuli koma hér fram? Það er þannig komið fyrir fylgi flokksins að það hefur sjaldan verið daprara. Þó er flokkurinn í stjórnarandstöðu, þó er hann í leiðtogahlutverki í sameiningunni. Hvað veldur? Enginn efar að hann hafi hæfari leiðtoga nú en hann hefur haft á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** Jú.) Þess vegna er ekkert skrýtið þó að menn bjóði það nú í kaupmætti með þessu frv. ... (**ÖS:** Þeir eru búnir að gleypa Þjóðvaka. ... gekk úr Framsókn.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er nú með upplýsingar um hvernig þeir ætli að bæta fylgið. Það sé búið að innbyrða Þjóðvaka en mér sýnist nú nokkuð vanta á. Foringinn stendur enn (Gripið fram í.) fyrir utan eftir því sem ég best veit, þótt búið sé að innbyrða vissa aðila sem þar voru í fylkingu, (Gripið fram í.) en þeir segjast vera byrjaðir að japla á Framsókn.

Það getur vel verið að nóg sé að flytja svona frv., láta í það skína að nú sé hægt að græða svo á að taka auðlindagjald af kolavinnslu á Íslandi, olíuvinnslu á Íslandi, jarðgasvinnslu á Íslandi, gullgreftri á Íslandi, járnvinnslu á Íslandi og hverju sem nöfnum tjáir að nefna, að hægt sé að leggja niður tekjuskattinn á einu bretti, leggja hann niður. Og hvaðan eru upplýsingarnar komnar? Þær er sko ekki af verri endanum. Þær eru komnar frá Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn ætla að leggja niður tekjuskattinn. Það vill nú svo til að Bandaríkjamenn hafa í jörðu mikið af þeim efnum sem hér er verið að ræða um. Þeir eru einnig með hugmyndir um mengunarskatta og þeir hafa verið með hugmyndir um að þetta sé hægt hjá sér, e.t.v. með því að færa söluskattinn upp í 23%. En hvað skyldi virðisaukaskatturinn vera hár á Íslandi? Jafnvel formaður Alþfl. upplýsir það hér að varla væri hægt að fara miklu hærra með virðisaukaskattinn en hann er. Hann er 24,5% á þeim vörum sem hann er hæstur. Telja menn að við séum í þeirri stöðu að geta haft það eins og Bandaríkjamenn og hækkað söluskattinn upp í 23% og leyst þannig þessi mál? Nei, það er sko víðáttufjarri.

Hvernig sem á því stendur var einu sinni farið af stað með að hér ætti að vera 3% söluskattur og það töldu menn eins og hverja aðra vitleysu að hann þyrfti nokkurn tíma að fara upp í þær himinhæðir sem hann hefur komist í í dag undir nafninu virðisaukaskattur. En einhverra hluta vegna er það staðreynd að okkur dugar ekki að hafa mjög háar heimildir til að innheimta skatta, tækin duga ekki. Við erum engu að síður í þeirri stöðu að afla ekki nægilegra fjármuna. Þetta hefur náttúrlega orðið til þess að sumir þeir aðilar sem á sínum tíma börðust hvað harðast fyrir að hægt væri að tekjutengja eignarskattinn og losna á þann hátt við tekjuskattinn hafa talað um það í dag að það komist ekki allt til skila sem ríkinu er ætlað að fá. Og e.t.v. höfum við verið það viljugir við að útbúa glufur í skattkerfið að mjög erfitt er að hafa á kontról á að ná því inn sem ríkinu ber í þessum efnum.

En það athyglisverðasta við þetta allt saman var að þrátt fyrir að hér fari fram gífurleg sameiningarviðræða, eins og á sér stað í landinu, hafði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki frétt af því að Alþfl. liti svo á að tekjuskatturinn væri gjörsamlega úrelt tæki og bæri að leggja hann niður. Hann hélt enn fram gömlum kenningum Alþfl. fyrir 1950 um þessi mál. (**Gripið fram í:** 1930.) Sannleikurinn er sá að hann virtist miklu jarðbundnari, miklu nær raunveruleikanum. Miklu nær þeirri staðreynd að Íslendingar eru ekkert í færum um það, þó þeir samþykki þetta frv. og þó Alþfl. fengi alla þingmenn Íslands kosna, að geta lagt niður tekjuskattinn. Svona tal er gjörsamlega óábyrgt og flokkast undir hreint lýðskrum. Þess vegna þótti mér vænt um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti athygli á því að hér væri ekki um raunhæfa hluti að ræða. Það er eitt að tala um að menn vilji koma einhverri reglu á þá hluti sem í frv. eru eða fara að hreyfa því að þeir séu raunverulega að leggja drög að því að afla þeirra tekna í ríkissjóð með frv. eins og þessu, þ.e. að hægt sé að leggja niður tekjuskattinn. Það eru ótrúlegar blekkingar sem menn láta sér detta í hug að viðhafa í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Virkjunarréttur vatnsfalla, 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 426. mál. — Þskj. 751.

[15:26]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. því það fjallar um sömu eða sambærileg efni og frv. það sem við vorum að ljúka við að ræða rétt í þessu. Meginmarkmið frv. er að tryggja að íslenska ríkið hafi umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem settar eru í frv. Ég vek sérstaklega athygli á að í 2. gr. eru ákvæði um það, sem eru nýmæli, að gera mun strangari kröfur en gerðar hafa verið til mats á umhverfisáhrifum m.a. þannig að þó búið sé að veita heimildir til framkvæmda, eins og þegar er búið að gera í mörgum tilvikum, þá hefjist framkvæmdir ekki t.d. við línubyggingar fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Því er ekki lagt til að dregnar verði til baka þær framkvæmdaheimildir sem hafa verið gefnar en lagt til að strangt bann verði lagt við því að framkvæmdir, t.d. við línubyggingar eða virkjanir geti hafist þótt leyfi hafi verið gefin út fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Þar er að sjálfsögðu m.a. vísað til umdeilds átakamáls í sambandi við línulagnir Landsvirkjunar nýlega þar sem forsvarsmenn Landsvirkjunar virðast staðráðnir í að halda áfram línulögnum, sem hafa orðið fyrir mikilli gagnrýni, í krafti þess að þeir hafi þegar fengið framkvæmdaheimildina þó svo að umhverfismat hafi aldrei átt sér stað.

Gert er ráð fyrir því í II. kafla að aðalreglan verði sú í samræmi við miklar breytingar sem eru fram undan á orkuumhverfi Íslendinga, að útboð á virkjunarkostum eigi sér stað í samræmi við ákvæði orkulaga og ákvæði laga um útboð. Fram undan eru miklar breytingar á hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem stefnt er að frjálsri samkeppni til þess bærra aðila um að byggja og reka virkjanir. Við því getur íslenska ríkisstjórnin brugðist á tvo vegu. Annars vegar með því að ákveða að raforkumarkaður á Íslandi skuli vera opinn markaður og hvaða aðili sem viðurkenndur er sem virkjunaraðili og uppfyllir þau skilyrði sem til virkjunaraðila eru gerðar, geti virkjað þau vatnsföll á Íslandi sem hann hefur möguleika á án þess að íslenska ríkið komi þar á nokkurn hátt nærri.

Hin aðferðin sem hægt er að viðhafa er í stórum dráttum sú að iðnrh. sem yfirmaður orkumála geri spá um raforkuþörf til einhverrar framtíðar, 10–20 ár, og taki síðan ákvarðanir um að bjóða út á almennum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins framkvæmdir við að reisa og reka vatnsaflsvirkjanir í samræmi við þessar orkuspár.

Enn liggur ekki fyrir hvorn kostinn hæstv. iðnrh. velur eða hvenær að því kemur að Íslendingar þurfa að sætta sig við hið nýja umhverfi og lifa samkvæmt því, hvort t.d. reynt verður að ná einhverjum aðlögunartíma sem ekki getur þó orðið mjög langur. Það eru varla meira en 4–5 ár þangað til að það nýja umhverfi verður sem við erum að bregðast við og ákvæðin í 4. gr. frv. eru við það miðuð að þau geti staðið þó að umhverfið breytist, með öðrum orðum þannig að útboðsleiðin skuli valin en Alþingi þurfi eigi að síður að samþykkja áform ráðuneytis eða annarra aðila ef reisa á eða reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2.000 kw að uppsettu afli. Það er mjög eðlilegt að um það þurfi að fjalla hér á hinu háa Alþingi því segja má að Alþingi sé vörsluaðili þeirra sameiginlegu verðmæta þjóðarinnar sem felast í orku fallvatna og því er eðlilegt að Alþingi taki ákvarðanir um það að hve miklu leyti Alþingi vill heimila einum eða öðrum aðila að taka til nota á hverjum tíma mikið af afli eða orkuframleiðslugetu þessarar auðlindar.

Í 7. gr. eru síðan ákvæði um leyfisgjald. Þar segir að fyrir virkjunarleyfi skuli ávallt greiða leyfisgjald, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 3. gr. þar sem talað er um að landeigendur hafi heimild til að reisa og reka raforkuver með allt að 200 kw afli í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna og þurfa að sjálfsögðu ekki að greiða leyfisgjald fyrir slíka framkvæmd.

Þá er ákvæði um það hvernig að því skuli staðið að innheimta auðlindagjald fyrir nýtingu virkjunarréttar. Í 7. gr. segir að sé óskað eftir virkjunarleyfi eða að yfirvöld orkumála vilji hafa frumkvæði að veitingu leyfis til virkjunar tiltekinna vatnsfalla skuli efnt til útboðs á umræddum virkjunarkostum samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboðs. Í útboðslýsingu skuli tilgreina lágmarksákvæði um leyfisgjald sem miðist við orkuvinnslugetu fyrirhugaðs orkuvers og tillit sé tekið til vinnslukostnaðar og kostnaðar við flutning orku frá stöðvarvegg til dreifikerfis eða orkukaupanda með þeim hætti að þjóðin öðlist sanngjarna hlutdeild í arði af virkjun fallvatna í eigu þjóðarinnar. Tekjur af leyfisgjaldi skuli renna í ríkissjóð. Þessu er nánar lýst þannig, með leyfi forseta:

„Greiðsla leyfisgjalds fyrir virkjunarleyfi skal vera sérstakur þáttur í gerð útboðslýsingar fyrir útboð virkjunarkosta, sbr. 1. mgr. 4. gr. og höfð hliðsjón af því við mat á tilboðum.“

Það er mjög eðlilegt að svona ákvæði séu sett í lög nú þegar við horfum fram á það ástand að innan fárra ára verður orðin frjáls samkeppni um að reisa og reka vatnsorkuver á Íslandi. Þá getum við ekki lengur sniðið þeim framkvæmdum þann þrönga stakk að aðeins fyrirtæki í eigu almennings eða í sameign þjóðarinnar megi virkja á Íslandi, eins og t.d. Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Rarik eða önnur slík fyrirtæki sem segja má að séu óbeint eða beint í eigu þjóðarinnar og almannasamtaka og því hafi almenningur beinan eða óbeinan hagnað af þeim rekstrararði sem verður af starfsemi þessara virkjana.

Nú horfum við fram á að nýir og alls óskyldir aðilar í einkaeigu fá jafnan rétt til þess að reka og reisa virkjanir á Íslandi og opinberir aðilar. Við þær aðstæður getum við að sjálfsögðu ekki horft upp á það að afhenda leyfi til að virkja íslensk fallvötn sem eru takmörkuð auðlind, slíkum aðilum, innlendum eða útlendum, fyrir ekki neitt, eins og við höfum gert til þessa þegar í hlut hafa átt fyrirtæki eins og Landsvirkjun sem er sameign þjóðarinnar. Því finnst okkur eðlilegt að þetta sé tekið inn nú, að krafa sé gerð um að greitt verði auðlindagjald fyrir nýtingu virkjunarréttar og höfum í 7. gr. frv. gert nákvæma tillögu um það hvernig réttast sé að það gjald verði innheimt.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni áðan skal það tekið fram að ákvæði þetta er að sjálfsögðu ekki afturvirkt. Gert er ráð fyrir því að framvegis þegar virkjanaleyfi verði útgefin þá verði auðlindagjald tekið fyrir slík leyfi en ekki er gert ráð fyrir því að rukkað verði aftur í tímann fyrir leyfi til virkjana sem þeir hafa fengið sem þegar hafa lokið sínum framkvæmdum, enda eru það aðilar sem í öllum tilvikum eru í fjöldaeigu, annaðhvort í eigu þjóðarinnar eins og Rarik eða í sameign ríkis og sveitarfélaga eins og Landsvirkjun.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í efnisatriði þessa frv. því að mörg þeirra eru mjög áþekk, jafnvel eins og efnisatriði þess frv. sem ég mælti fyrir hér

fyrr í dag. Ég legg því til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, fyrri umr.*

Þáltill. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 798.

[15:35]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 798 um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Alþb. og óháðra.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og móti tillögur um það hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru og með það að leiðarljósi að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu þess afraksturs sem af nýtingu þeirra leiðir.

Tillaga sú sem hér er flutt er í samræmi við niðurstöðu miðstjórnar Alþb. sem fjallaði á fundi sínum 6. febrúar sl. um auðlindir í sameign þjóðarinnar og auðlindagjald.

Í rúma tvo áratugi hafa þingmenn Alþb. flutt stjórnarskrárfrumvörp á Alþingi um auðlindir í sameign þjóðarinnar. Fyrir þinginu liggja nú frumvörp um sama efni, þ.e. frumvarp um breytingar á stjórnarskránni og frumvörp um eignarrétt fallvatna og jarðhita, auk þingsályktunartillögu um miðhálendið, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Það er fyrir löngu tímabært að skilgreina skýrt hvaða auðlindir eru í sameign þjóðarinnar og hverjar ekki og eyða með því þeirri óvissu sem ríkt hefur og endurspeglast m.a. í þeim þingmálum sem flutt hafa verið um þetta efni. Nauðsynlegt er að víðtæk samstaða takist um þessi mál og er þessi tillaga flutt til að reyna að skapa slíka samstöðu.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er jafnframt lagt til að nefndin kanni hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot auðlindanna, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru og í því skyni að standa straum af hluta kostnaðarins sem þjóðin ber beint eða óbeint af varðveislu sameiginlegra auðlinda og að nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þjóðarinnar og stuðli að réttlátri skiptingu afrakstursins.

Ljóst er að ef takast á að vernda auðlindir sem eru sameign þjóðarinnar og tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra verður að leggja áherslu á rannsóknir á þessum auðlindum sem gera okkur kleift að meta á áreiðanlegan hátt ástand þeirra, verndargildi og nýtingarþol. Slíkar rannsóknir ná ekki aðeins til auðlindanna sjálfra heldur getur einnig verið nauðsynlegt að ráðast í víðtækari rannsóknir til að ná settu marki. Ég tek sem dæmi að erfitt getur verið að meta verndargildi gjallgígs eða hraunbreiðu sem áhugi er á að nýta sem efnisnámu án þess að hafa sýn á landið allt og vita hvort um er að ræða sjaldgæft náttúrufyrirbæri sem þörf gæti verið á að vernda, eða hvort æskilegra er að nýta frekar aðrar námur í hennar stað.

Auk rannsókna þarf að leggja áherslu á skipulega vöktun auðlindanna til að koma í veg fyrir að þeim sé spillt. Kostnaði við hana ætti að dreifa á sanngjarnan hátt þannig að þeir borgi hlutfallslega meira sem nýta auðlindirnar.

Í flestum öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru með svipaða löggjöf og Ísland, er mestallt land skipulagt og góð grunngögn um náttúrufar og náttúrauðlindir aðgengileg. Í þessum ríkjum er búið að skrásetja jarðmyndanir, plöntur og dýr og mikilvægustu búsvæði þeirra, hvað þarf að vernda og hvaða búsvæði og vistkerfi þarf að friða. Sama gildir um jarðmyndanir, jarðhitasvæði, ár og vötn, landslag og þjóðminjar. Aðstaða til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið er því önnur í þessum löndum en á Íslandi. Íslendingar eru skemmra á veg komnir en hinar Evrópuþjóðirnar þar sem ekki hefur verið lokið við að skrá og greina náttúru landsins skipulega, hvorki á láði né legi, kanna ástand hennar rækilega eða meta þær ógnir sem að henni steðja. Mikið starf hefur vissulega verið unnið, þótt enn sé langt í land. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, gerð skipulagsáætlana, framkvæmd náttúruverndarmála, ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir, stóriðju eða vegagerð og önnur verksvið sem lúta að landnotkun líða fyrir þessa stöðu mála. Sama er t.d. að segja um möguleikana á að meta áhrif veiðarfæra á sjávarbotn og önnur áhrif af nýtingu nytjastofna á lífríki sjávar og á botn hans.

Ekki er ágreiningur um að nauðsynlegt er að efla rannsóknir á lífríki sjávar til að styrkja möguleika okkar á að nýta það af skynsemi og tryggja eðilegan afrakstur af nytjastofnunum. Til þessara starfa hafa farið verulegir fjármunir og hefur þó hvergi dugað til og þarf að leggja fram mun meira fjármagn ef vel á að vera. Því þarf að kanna hvort úr þessum vanda megi leysa að einhverju leyti með því að verja hluta af gjaldi sem lagt er á auðlindanotkun til rannsókna og vöktunar. Jafnframt hvort ekki sé eðlilegt að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar borgi hluta af kostnaði við slíkar rannsóknir þar sem þörf fyrir þær stafar ekki síst af athöfnum þeirra sjálfra. Gjaldið þarf að vera gagnsætt og samræmt. Það á að vera alveg skýrt hvernig á að nota það fjármagn sem innheimt er með gjaldinu.

Eðlilegt þykir nú að leggja á svokölluð umhverfisgjöld í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Umhverfisgjöldin byggjast á því að sá sem mengar beri kostnað af athöfnum sínum. Jafnframt ætti að vera að þeir sem afnot hafa af sameiginlegum auðlindum greiði hluta af kostnaðinum sem þjóðin ber sannanlega vegna athafna þeirra. Slík gjaldtaka á sér nú þegar stað en nær aðeins til lítils hluta þeirra sameiginlegu gæða sem felast í íslenskri náttúru. Allir sem heimild hafa til að veiða villta fugla og villt spendýr landsins þurfa t.d. samkvæmt lögum nr. 64/1994 að greiða gjald sem varið er til rannsókna á veiðidýrum, eftirlits með veiðunum og stýringar á stofnum sem veiði er heimiluð á.

Kísiliðjan við Mývatn greiðir nú gjald sem miðast við hráefnisnotkun fyrirtækisins og er að hluta varið til rannsókna og vöktunar á auðlindinni sem verksmiðjan nýtir.

Sjávarútvegsfyrirtæki greiða gjöld sem varið er að einhverju leyti til eftirlits með veiðum og til rannsókna á nytjastofnum og veiðiþoli þeirra. Tilviljanir eða geðþóttaákvarðanir eiga ekki að ráða hverjir beri slík gjöld eða hvernig farið er með fjármagnið sem er innheimt.

Auðlindagjald þarf að vera samræmt og ná til allra sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Jafnframt þarf að skilgreina gjaldtökuna þannig að tilgangur hennar sé skýr og alveg ljóst hvernig verja beri því fjármagni sem er innheimt.

Samræmt gjald á auðlindir í þjóðareign yrði hluti af rekstrargjöldum þeirra sem nýta auðlindirnar. Hér er því ekki um skattlagningu að ræða. Sjávarútvegsfyrirtæki greiða til að mynda ýmis gjöld, t.d. í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þau gjöld mundu falla undir auðlindagjaldið.

Í tillögunni sem ég mæli hér fyrir er lagt til að nefnd verði skipuð sem fái það hlutverk að skoða þessi mál og setja fram tillögur til úrbóta. Ég legg áherslu á að fulltrúar allra þingflokka komi að störfum nefndarinnar og að henni verði sett ákveðin tímamörk í störfum sínum. Hún ljúki störfum eigi síðar en um næstu áramót.

Krafan um að leyst verði úr þeirri óvissu sem nú ríkir um auðlindir í sameign þjóðarinnar og um greiðslu gjalda fyrir nýtingu þeirra er mjög mikil og endurspeglast m.a. í þeirri háværu umræðu sem fram hefur farið um þessi mál undanfarin ár og í fjölda þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi.

Hér er lagt til að reynt verði að leysa úr þessum hnút með því að skipa nefnd sem leggi grunn að víðtækri samstöðu um auðlindirnar, meðferð þeirra og greiðslur fyrir afnotarétt. Nauðsynlegt er að nefndin vinni hratt og skili niðurstöðum fyrir árslok svo möguleikar gefist til að ljúka nauðsynlegri löggjafarvinnu á næsta þingi.

Í þessari þáltill. okkar er m.a. lagt til að nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þeirra sem hafa hagsmuna að gæta. Um gæti verið að ræða byggðarlög sem orðið hafa fyrir beinum skakkaföllum vegna ákvarðana sem teknar hafa verið um nýtingu sameiginlegrar auðlindar, hvort sem um er að ræða fisk í sjó, orku í rennandi vatni eða í jörðu eða jarðefnanámu.

Óþarft er að rekja dæmi um byggðarlög sem hafa orðið illa fyrir barðinu t.d. á kvótakerfi. Ætti ekki að nýta hluta af afrakstrinum af nýtingu fiskstofna til að bæta þeim skaðann að einhverju leyti? Skaða sem þau bera sannanlega vegna ákvarðana sem teknar hafa verið af stjórnvöldum og vegna auðlindanýtingar.

Einnig mætti líta til réttlætismála eins og að jafna orkuverð. Er ekki eðlilegt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sem fær að vissu leyti einkarétt á að framleiða orku úr sameiginlegri auðlind standi að hluta straum af kostnaði við dreifikerfi fyrir raforku um landið og stuðli þannig að jöfnun orkuverðs? Nefndin ætti jafnframt að kanna sérstaklega hvort nota megi auðlindagjald að hluta til þess að tryggja þjóðinni eðlilegan lágmarksafrakstur af sameiginlegum auðlindum. Sérstaklega þarf nefndin að kanna meðferð takmarkaðra auðlinda sem gengið er á með nýtingu þeirra. Til dæmis þyrfti að skoða hvort þeir sem fá heimild til að nýta efnisnámu í eigu ríkisins ættu ekki að greiða tiltekna upphæð fyrir hvert tonn af efni sem tekið er úr námunni, fyrir utan hið eiginlega umhverfisgjald. Slíkt gjald tryggði þjóðinni fastan afrakstur af námunni án tillits til þess hvernig viðkomandi fyrirtæki er rekið, enda væri sannanlega verið að ganga á námuna og draga úr verðmæti hennar í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að ágreiningur hefur ríkt um þessi mál, bæði innan stjórnmálaflokka og á milli þeirra sem og almennt í þjóðfélaginu. Þessi ágreiningur kemur eins og áður sagði m.a. fram í þeim málum sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþingi og í málflutningi hv. þm. Engu að síður virðist vera samstaða um að til séu auðlindir sem eru eða ættu að vera í þjóðareign. Hins vegar hefur skort á að skýra skilgreiningu á hvaða auðlindir þetta eru og hvernig skuli með þær farið.

Í þeirri tillögu sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að slík grunnvinna fari fram á næstu mánuðum. Ég tel slíka grunnvinnu algera forsendu þess að hægt sé að setja lög um nýtingu auðlindanna sem sátt er um og hvernig tryggja megi að þjóðin öll njóti afraksturs af þeirri nýtingu. Mér virðist sem almenn samstaða hafi einnig verið að myndast um að leggja beri gjald á nýtingu auðlinda í sameign þjóðarinnar og tel mig hafa fært rök fyrir því hvers vegna það skuli gert og þeirri niðurstöðu sem Alþb. komst að á miðstjórnarfundi. Ég legg áherslu á þann grundvallarmun sem er á gjaldtöku annars vegar og skattlagningu hins vegar. Gjald er eðli málsins samkvæmt hluti af rekstrarkostnaði fyrirtækja sem dregst frá tekjum áður en til skattlagningar kemur. Því er ekki um að ræða að skattar verði hækkaðir á þau fyrirtæki sem nýta auðlindir í sameign þjóðarinnar umfram aðra með auðlindagjaldi. Hins vegar er eðlilegt að gera þá kröfu að þeir sem nýta auðlindirnar greiði þann beina og óbeina kostnað sem þjóðin öll eða einstakir aðilar bera vegna aðgerða þeirra.

Við þurfum einnig að hafa í huga að við höfum opnað landið fyrir útlendum aðilum með samningum og það er líklegt að þeir muni í vaxandi mæli sækjast eftir að nýta og jafnvel eignast auðlindir okkar eins og nýleg dæmi sýna. Það verður því að vera alveg skýrt hvaða auðlindir teljast sameign þjóðarinnar, hvernig við viljum fara með þær og hvernig afrakstur inn af þeim getur nýst þjóðinni allri.

Menn hafa rætt þá tillögu sem hér er lögð fram í sömu andrá og hugmyndir um veiðileyfagjald. Ef sú leið sem við leggjum til nær fram að ganga og samræmt auðlindagjald verður lagt á nýtingu allra auðlinda í sameign þjóðarinnar geta menn, ef þeir vilja, kallað þann hluta gjaldsins sem lagður yrði á sjávarútveginn veiðileyfagjald, þann hluta sem lagður yrði á orkunýtingu orkugjald og þann hluta sem lagður yrði á námur námugjald. Í mínum huga skiptir ekki meginmáli hvað menn kalla gjaldið. Kjarninn er að tryggja verndun og viðhald auðlinda í sameign þjóðarinnar og að þjóðinni sé tryggður ákveðinn hluti afrakstursins af nýtingu þeirra. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir þjóðina alla, bæði núlifandi kynslóðir og þær sem á eftir okkur koma. Það er því afar brýnt að um þessi mál eigi sér stað málefnaleg umræða og að um þau náist almenn samstaða á Alþingi og meðal þjóðarinnar allrar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. umhvn.

[15:49]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Flutningur þessarar tillögu sætir nokkrum tíðindum. Hér hafa verið í gangi viðræður um sameiningarmál vinstri flokkanna og þetta hefur verið eitt aðalmálið á þeim vettvangi. Ég tek fram að hér er um skynsamlega tillögugerð að ræða. Hér er lagt til að þverpólitísk nefnd

verði kosin til að móta stefnu í þessum málum og þykir mér sú hugsun ekki fráleit.

Ég spyr: Er þetta samkomulag í sameiningarviðræðunum milli þeirra sem vilja fella niður tekjuskattinn og leggja veiðigjald á sjávarútveginn í staðinn? Það er nauðsynlegt að fá upplýst hvort þetta sé almennur vilji í þeim flokkum sem hafa verið að sameinast í þessum mikilvægu málum. (**Gripið fram í:** Allir vilja vera með.) Ég tek fram að sú hugsun að kafa ofan í þessi mikilvægu mál og hugmyndin um gjaldtöku en ekki skattlagningu er ekki framandi. Hitt er nauðsynlegt að fá upplýst hvort rík samstaða er í stjórnarandstöðunni um þetta mál.

[15:50]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur náttúrlega í ljós í starfi nefndarinnar hvort alger samstaða er um þetta mál. Hér er um að ræða tillögu Alþb. af miðstjórnarfundi Alþb. Þótt vel gangi í viðræðum milli stjórnarandstöðuflokkanna um náið samstarf í framtíðinni, þá er það nú svo að við erum með okkar miðstjórnarfundi og tillaga og niðurstaða Alþb. er hér. Hún opnar fyrir að allar tillögur flokka og niðurstöður úr vinnu flokka — ég er ekki að gera lítið úr þeim, ég veit að t.d. Alþfl. eða þingflokkur jafnaðarmanna hefur lagt mjög mikla vinnu í sínar tillögur — en tillagan opnar fyrir það að allar þessar tillögur verði ræddar á jafnréttisgrundvelli í samstarfi flokkanna og skynsamleg niðurstaða fáist.

[15:51]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því og endurtek það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu að hér er lagt til að mynda þverpólitíska samstöðu á Alþingi með stjórnarflokkunum einnig um þetta mál. Það finnast mér tíðindi. Það er upplýst að Alþb. er enn þá sjálfstæður flokkur sem heldur sína miðstjórnarfundi og leggur fram sjálfstæðar tillögur og það er vel. Það er sjálfsagt að ræða þessi mál til hlítar á hv. Alþingi en ég vek athygli á að það hafa nokkur tíðindi gerst í umræðum hér í dag. Formaður Alþfl. var að enda við að tala um að það þyrfti að leggja niður tekjuskattinn og ná því inn af auðlindum landsmanna en hér hefur formaður Alþb. tví- eða þrítekið fram að hér sé ekki um skattlagningu að ræða heldur gjaldtöku sem eigi að standa undir rannsóknum m.a. Þetta er algjört grundvallaratriði og þetta er einmitt það sem hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum þessa skattaumræðu og auðlindagjaldsumræðu. En umræðan hefur verið út og suður og nauðsynlegt að þessi nefnd skýri þau hugtök sem hér hafa verið á ferðinni.

[15:53]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi þingflokkur Framsfl. ætlað að koma illu til leiðar hefði hann átt að velja til þess einhvern orðhvatari mann en þann hv. þm. sem hér talaði. Ég fagna því að honum líst vel á þessa tillögu. Auðvitað viljum við þverpólitíska samstöðu og að sjálfsögðu viljum við reyna að fá stjórnarflokkana með, sem hafa verið algerlega haltir í öllum sínum málflutningi varðandi þetta stórmál þjóðarinnar. Auðvitað viljum við reyna að fá þá sem þátttakendur í þessa vinnu og mynda um þetta þverpólitíska samstöðu. Að sjálfsögðu viljum við það og ég fagna því að Alþb. og Alþfl. hafa þegar ákveðið með hvaða veganesti við komum að þessari vinnu og vonandi gengur það eins vel hjá þeim hv. þingflokkum sem mynda stjórn um þessar mundir og næsta árið. Vonandi gengur eins vel hjá þeim þegar að þessari vinnu kemur ef þessi tillaga hlýtur framgang í þinginu, sem ég vona.

[15:55]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Tillaga hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og annarra hv. þm. Alþb. og óháðra er skref í átt að sjónarmiðum okkar jafnaðarmanna. Við höfum á hinu háa Alþingi lagt fram þrjár tillögur sem tengjast efni þessarar þáltill. Það er þáltill. um veiðileyfagjald, frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu og frv. um virkjunarrétt fallvatna. Í þessum þingmálum eru auðlindir skilgreindar nákvæmlega og kveðið á um gjaldtöku. Þannig höfum við jafnaðarmenn þegar útfært mörg af þeim efnisatriðum sem nefndin sem skipa á samkvæmt þáltill. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur mun vinna að.

Álitaefnum varðandi gjaldtöku af sameiginlegum auðlindum má skipta í fernt. Fyrsta stig auðlindagjaldtöku er sú ákvörðun hvort greiða eigi fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum. Þetta er grundvallaratriði í tengslum við auðlindagjald. Annað stigið er ráðstöfun á þessu gjaldi, einungis innan atvinnugreinarinnar, t.d. í rannsóknir. Þriðja stig auðlindagjaldtöku er að skipta gjaldinu einnig á sanngjarnan hátt til allra landsmanna. Fjórða stig auðlindagjaldtöku er að hækka gjaldið eftir því sem arður af nýtingu auðlinda eykst og nota slíkt auðlindagjald í stað annarra skatta.

Við jafnaðarmenn höfum lagt fram útfærðar hugmyndir um öll þessi fjögur stig og skilgreint þær auðlindir sem um ræðir. Tillagan sem hér er til umræðu fjallar um fyrstu þrjú stigin á mjög varfærinn hátt. Þar er gert ráð fyrir vinnu við skilgreiningu á auðlindum, hvernig auðlindagjald verði greitt og að það eigi að stuðla að réttlátri skiptingu afraksturs. Gallar tillögunnar eru í fyrsta lagi að ekki er ótvírætt kveðið á um stefnumörkun Alþingis um að taka beri upp auðlindagjald og í öðru lagi er ekki kveðið á um hvenær nefndin eigi að skila áliti. Ég vil hins vegar vitna til orða hv. frsm. áðan að hún telur að nefndin eigi að ljúka störfum fyrir áramót og ég fagna þeim orðum sérstaklega.

Einnig segir í tillögunni að „nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta ... og stuðli að réttlátri skiptingu afrakstursins". Þetta er góð hugsun en veikt orðalag og ekki ótvíræð stefnumörkun.

Mest hefur borið á umræðu um veiðileyfagjald í tengslum við auðlindir. Tillaga okkar jafnaðarmanna er eftifarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Nefndin skili áliti fyrir lok apríl 1998."

Þetta er orðrétt, herra forseti, tillaga okkar jafnaðarmanna um veiðileyfagjald. Síðar í grg. þeirrar tillögu er vikið að því að nefndin undirbúi löggjöf um auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar. Tillaga okkar jafnaðarmanna sker sig á tvennan hátt frá tillögu þingflokks Alþb., þ.e. að afdráttarlaust er kveðið á um að taka beri upp auðlindagjald og að nefndin hafi einungis tiltekinn tíma til starfa. En ég vitna enn og aftur til orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur varðandi starfstíma nefndarinnar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum, herra forseti, um hin sterku réttlætisrök fyrir gjaldtöku af sameiginlegum auðlindum. Þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir hvort sem er á landi eða í sjó eiga að greiða sanngjarnt gjald til eigenda þessara auðlinda, almennings í landinu. Við jafnaðarmenn erum sammála alþýðubandalagsmönnum um að það eigi að skoða auðlindir í víðara samhengi en einungis fiskimiðin, enda höfum við beinlínis lagt það til í ýmsum af okkar tillögum.

Það hefur verið nokkur umræða í fjölmiðlum um afstöðu stjórnarflokkanna til þessarar tillögu. Ýmsir hafa sagt að þarna sé tillaga sem þeir geti hugsað sér að styðja. Það er einmitt gallinn við tillögu Alþb. að hægt er, ef menn vilja, að túlka hana á mismunandi vegu.

Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., lagðist heiftarlega gegn veiðileyfagjaldi og auðlindagjaldtöku á síðasta landsfundi Sjálfstfl. og tók málið upp á flokksráðsfundi í vetur. Þar sagði hann efnislega að ef málið snerist um að borga 1–2 milljarða til að losna út úr þessari umræðu væri það vitaskuld aðferð sem hann vildi skoða. Davíð segir núna í viðtali við Morgunblaðið að tillögur sínar og Alþb. séu mjög í sama farvegi.

Halldór Ásgrímsson sagði í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum að hann gæti hugsað sér að styðja meginatriðin í þessari till. en það þýddi ekki að hann styddi auðlindagjald. Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson vilja, eins og aðrir andstæðingar auðlindagjaldtöku og þá sérstaklega veiðileyfagjalds, svæfa þetta mál og styðja vitaskuld nefndarskipan án tímamarka til að geta geymt málið þar um ókomna tíð.

Það er ljóst, herra forseti, að hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. hafa breytt um afstöðu í þessu máli. Þeir styðja gjafakvótakerfið. Þeir sjá hins vegar möguleika í því að grípa þessa till. á lofti. Þar með reyna þeir að reka fleyg milli vinstri flokkanna og koma málinu í þann farveg að ekki komist á auðlindagjald. Við sáum tilraunir Sjálfstfl. í þessa veru í umræðunni áðan. Ég vitna hins vegar í framsöguræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Þar kom fram að hún hugsar sér að að lokinni skilgreiningu á auðlindum verði tekin upp sanngjörn gjaldtaka sem nýtist bæði atvinnugreininni og landsmönnum öllum. Það, herra forseti, er meginatriði þessa máls.

Áðan nefndi ég það sem tvo galla við tillöguna að ekki væri kveðið nógu afdráttarlaust á um gjaldtöku og að ekki væru sett tímamörk á nefndarstarf. Kostirnir eru að viðurkennd eru ákveðin prinsipp varðandi auðlindagjaldtöku auk þess sem sett er í gang ferli til nánari skoðunar. Ég ítreka þó að ýmislegt af þeirri vinnu hefur þegar verið unnið í tillögum okkar jafnaðarmanna.

Herra forseti. Í þjóðfélaginu er mikil undiralda í tengslum við auðlindanýtingu og auðlindagjald. Við höfum séð sjálfsprottin samtök koma fram á sjónarsviðið og vitum að meiri hluti þjóðarinnar styður gjaldtöku, til að mynda í sjávarútvegi eins og við jafnaðarmenn höfum lagt til. Tillaga Margrétar Frímannsdóttur og þingmanna Alþb. og óháðra er gott innlegg í þær viðræður sem eru nú eru milli vinstri flokkanna um samstarf. Kvennalistinn hefur lýst yfir stuðningi við till. okkar jafnaðarmanna um auðlindagjald. Alþfl. og Kvennalistinn hafa þegar tekið ákvörðun um að vinna að sameiginlegu framboði í næstu alþingiskosningum en Alþb. tekur ákvörðun um útfærslu samstarfsins í sumar. Það ber þó að hafa skýrt í huga að andstæðingar auðlindagjalds standa gráir fyrir járnum og hafa ekki annað markmið en að fresta þessu máli svo ekki komi til uppgjörs í næstu kosningum út af auðlindum, auðlindanýtingu og auðlindagjaldtöku.

Herra forseti. Ég er þess fullviss að sameiginleg stefna Alþb., Alþfl. og Kvennalista mun ná fram í þessu mikilvæga máli. Það samstarf sem nú er um allt land fyrir sveitarstjórnarkosningar mun bera árangur og hjálpa til við ákvörðun um sameiginlegt framboð til Alþingis á grundvelli jafnaðarstefnu, félagshyggju og kvenfrelsis.

[16:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir margt í orðum hv. þm. sem hér hefur nýlokið máli sínu. Þó geri ég fyrirvara við það þegar hann segir að ákveðið sé að jafnaðarmenn og Kvennalistinn fari í samstarf fyrir næstu kosningar. Það er ekki ákveðið. Við vinnum að sameiginlegri málefnaskrá, þessir þrír flokkar en ekkert hefur verið ákveðið í því sambandi. Ég vil aðeins ítreka það.

[16:04]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að orðalag mitt hafi ekki verið misvísandi. Ég talaði um að þessir tveir stjórnmálaflokkar hefðu þegar tekið ákvörðun um að vinna að sameiginlegu framboði í næstu alþingiskosningum. Alþb. tekur slíka ákvörðun síðar. Ég nefndi að í gangi væru viðræður og tillagan væri gott innlegg inn í þær. Í mínum huga er ljóst að þau mál eru nú til umræðu en flokkarnir eiga eftir að taka endanlegar ákvarðanir.

[16:04]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að allir þessir flokkar hafi samþykkt að fara í umræður um sameiginlega málefnaskrá. Í þeim efnum er það hið eina sem samþykkt hefur verið og ég stend við það. Ég vil ekki sitja undir orðrómi um að búið sé að ákveða meira en reyndin er.

[16:05]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem hér hefur verið borin fram er í sjálfu sér nýtt innlegg í fremur þreytta umræðu um auðlindaskatt á undanförnum þingum. Ég tek þó undir það sem hér hefur verið sagt, að þessi till. er mun jarðbundnari en heyrst hefur í þeirri umræðu um auðlindagjald sem hingað til hefur verið. Í till. hefur verið rætt um atriði sem ýmsir sjálfstæðismenn hafa margítrekað að þeir gætu sætt sig við. Þar eru hugmyndir um hvernig greiða eigi fyrir þjónustu við sjávarútveginn. Slíkt mætti gera með gjaldtöku sem færi í ákveðinn rekstrarkostnað Hafrannsóknastofnunar og stofnanir sem hafa eftirlit með sjávarútveginum.

Ég hef lýst því yfir hér á þingi að í mínum huga þurfi auðlindagjald ekkert að vera skattur heldur geti það verið einfalt gjald fyrir veitta þjónustu. Ég veit að ýmsir aðrir fulltrúar Sjálfstfl. hafa lýst yfir samþykki við slíkar hugmyndir. Ég hygg að margir geti tekið undir það að hóflegt gjald fyrir notkun á þessari auðlind sé sanngjarnt þegar um er að ræða kostnað sem þarf til að starfsemin geti gengið.

Ég held samt að flutningsmenn þessarar tillögu séu að hugsa um meira en eingöngu að leggja á gjald til að standa straum af þessum kostnaði. Eftir því sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði er hugmyndin einnig sú að jafna orkuverð með slíku gjaldi. Mér hefur jafnvel heyrst að meiningin sé að reyna að mæta tekjuskattsálagningu þannig að hægt sé að lækka hana. (**MF:** Kom það fram í máli mínu?) Ekki í

máli þínu. Það hefur heyrst annars staðar frá. (Gripið fram í.) Ég er að tala um það sem heyrst hefur í sameiningarvinnu þeirri sem verið hefur í gangi hjá þessum flokkum. Ég er að tala um þá till. sem hér er til umræðu og þá umræðu sem verið hefur í kringum hana. Ég tel alveg fyllilega eðlilegt að ræða um þetta út frá öllum þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram í tengslum við auðlindagjald.

Ég vil bara minna á að auðlindagjald, sem skattur á sjávarútveginn, hlýtur að koma niður á þeim sem nýta auðlindina. Í því sambandi vil ég rifja upp það sem ég og margir aðrir höfum sagt opinberlega, að á Suðurnesjum hafa menn keypt til sín gríðarlega mikinn kvóta til að komast á sjó og reka fiskvinnslu á því svæði. Þau kaup hafa verið svæðinu nauðsynleg. Án þeirra hefði fjöldi fólks á þessu svæði einfaldlega misst vinnuna. Bátum yrði lagt og fiskvinnslan yrði minni um sig. Gjald á sjávarútveginn mundi eingöngu verða til þess að leiga á aflaheimildum yrði hærri en ella. Ég mundi því gera ráð fyrir því að erfiðara yrði fyrir fiskvinnslufólk og sjómenn á þessu svæði að fá vinnu ef það gjald sem nú er lagt á yrði hækkað verulega í kjölfar slíkrar samþykktar einhverrar nefndar. Ég minni á að í dag er greitt auðlindagjald í formi gjalds til Þróunarsjóðs og stofnana á vegum sjútvrn. og eins er greitt gjald til að fá að stunda sjó á ákveðnum svæðum landsins.

Ef hugmyndir sem uppi hafa verið, kæmu fram í starfi þríhöfða nefndarinnar svokölluðu, um að banna framsal eða auka veiðiskyldu skipa svo mikið að leigukvóti mundi leggjast af, mundi auðlindagjald í sjálfu sér ekki skipta þessa leigu máli. Sú fiskvinnsla sem borin hefur verið uppi af leigunni mundi leggjast af. Ég vil eingöngu leggja áherslu á er að þetta mál er orðið mjög flókið.

Það kemur óhjákvæmilega niður á því fólki sem lifir af sjávarútvegi ef skattar á þá starfsemi verða auknir. Það eru engir aðrir en atvinnulífið sjálft sem kemur til með að greiða þessi gjöld. Þess vegna finnst mér að nefndin, ef hún verður skipuð og hvernig sem hún verður skipuð, verði að skoða afleiðingarnar fyrir landsbyggðina, stöðu sveitarfélaga og afleiðingar af óhóflegri skattlagningu á þessi svæði. Hún yrði að skoða hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir búsetu og starfsemi fyrirtækja á svæðinu.

[16:11]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um hugleiðingar hv. þm. um hvað hugsanlega gæti átt sér stað ef umrædd nefnd yrði sett á laggirnar. Ég minni á að hér talaði hv. þm. út frá óbreyttu kerfi í stjórn fiskveiða. Ég bendi honum hins vegar á till. sem hv. þm. Alþb. hafa flutt og Kristinn H. Gunnarsson er 1. flm. að, um að fella niður kvótakerfið. Eins hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutt till. um þær breytingar sem gera þarf á því kerfi sem er í dag, m.a. til að taka á kvótabraski.

[16:12]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að þessi till. hv. þm. Alþb. sé afskaplega óskýr og erfitt að átta sig á því hvað eigi að skoða nákvæmlega. Í henni er sagt að skoða eigi hvernig eigi að tryggja afrakstur af auðlindum og sameign þjóðarinnar. Hvað þýðir þetta í rauninni? Hvað eruð þið að meina? Hvernig á að tryggja þennan afrakstur? Hvaða skattlagning er ætluð til að tryggja þennan afrakstur? Ég skil það ekki.

Síðan er lögð sérstök áhersla á að gjaldtaka sé ekki skattur. Það er náttúrlega augljóst að gjaldtaka hlýtur að vera skattur, fé sem fyrirtækin þurfa að inna af hendi til opinbers aðila, hvort sem það er kallað auðlindagjald eða auðlindaskattur. Ég sé engan mun á því.

Hjá sjómönnum hlýtur það t.d. að þýða að gjaldið verður tekið af óskiptu og lækkar skiptahlut þeirra. Á hv. þm. ekki við það? Útgerðin er örugglega hugsuð sem gjaldandi í þessu tilfelli. Gjöldin verða tekin af rekstrartekjum þeirra fyrirtækja. Annars væri varla hægt að innheimta þetta gjald. Mér leikur forvitni á að vita hvað það er sem á að tryggja afrakstur svokallaðrar sameignar þjóðarinnar.

[16:14]

**Flm. (Margrét Frímannsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi erum við að tala um gjald en ekki skatt. Þar er munur á og það veit hv. þm. Ég fór yfir það í ræðu minni sem hann hlýtur að hafa hlustað á, a.m.k. með öðru eyranu. Ég held að ég hafi þrítekið þetta í ræðu minni og þó hann hefði misst af því tvisvar hefði hv. þm. átt að ná því í þriðja skiptið.

Ef svör lægju fyrir við þessari spurningu og mörgum öðrum um gjaldtöku fyrir notkun á auðlindum í sameign þjóðarinnar, þá þyrfti ekki að skipa nefnd til að skoða alla þá þætti. Eins og hv. þm. kom inn á áðan þarf að skoða hvaða áhrif gjaldtakan hafi á byggðarlögin, hvernig ber að nýta auðlindir í ákveðnum byggðarlögum og landshlutum. Það er akkúrat þetta sem verið er að fara fram á. Það er ekkert óljóst við þetta. Það þarf bara að lesa tillöguna með réttu hugarfari. Að sjálfsögðu er verið að tala um að útgerð borgi eitthvað fyrir fá að nýta fiskimiðin og veiða. Það er verið að tala um það. (Gripið fram í.) Það er verið að tala um það, hún gerir það í dag. Það er talað um að setja gjöld sem hafa verið kölluð auðlindagjöld í umræðunni og auðlindagjöld séu þegar greidd. Það eru greidd gjöld sem falla undir þennan þátt sem er verið að leggja til. Það er verið að samræma ýmsa þá gjaldtöku sem er í gangi og e.t.v. er verið að setja á viðbótargjöld en það eru gjöld, ekki skattar, sem koma inn í reksturinn rétt eins og bakarinn þarf að kaupa mjölið í brauðið sem hann bakar. **(Gripið fram í:** Sjómennirnir eiga að borga skattinn.) Það er enginn sem talar um það.

[16:16]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki miklu nær um hvað það þýðir að tryggja afrakstur af auðlindum og sameign þjóðarinnar. **(Gripið fram í:** Eftir tegund.) Já, eftir þessu að dæma og ég skil heldur ekki hvernig gjaldtakan svokallaða, sem á að heita gjaldtaka en þýðir ekki skattur, á að koma öðruvísi út en sem greiðsla frá fyrirtækjum sem afla fiskjar í þessu tilfelli, ef við hugsum um gjald af sjávarútvegi. Hverjir aðrir eiga að greiða þetta gjald? Það hljóta að vera fyrirtækin. Það hlýtur að þýða að ef útgerðarfélag þarf að borga eitthvert auðlindagjald þá er það fyrir það fyrsta tekið af óskiptu sem þýðir að minna verður eftir til skiptanna. (Gripið fram í.) Og þá er væntanlega minna eftir fyrir sjómennina þegar búið er að taka gjaldið af útgerðinni. Ég hélt að það væri augljóst mál. Þetta er í mínum huga mjög skiljanlegt en ég er dálítið hræddur um að hv. þm. skilji þetta alls ekki og það er sorglegt.

[16:17]

**Útbýting þingskjals:**

Örnefnastofnun Íslands, 166. mál, nál. menntmn., þskj. 829.

[16:18]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. sem felur í sér að skipuð verði opinber þverpólitísk nefnd til að fjalla um auðlindagjald á málefnalegan og skynsamlegan hátt eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Það má segja að ekki fari þetta ferli gæfulega af stað því að þegar eru tekin að falla stór orð. Hér kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar að stjórnarflokkarnir gripu tillögu sem þessa fegins hendi til þess eins að reka fleyg á milli jafnaðarmannaflokka í því sameiningarferli sem á sér stað. Ég held að ég hafi heyrt það rétt. Það þykir mér afskaplega einkennilegt og auðvitað má túlka þau orð á marga vegu. Það má t.d. spyrja hvort hv. þm. sé að halda því fram að Alþb. sé að reka þann fleyg. Ég tel að svo sé ekki. Ég held einmitt að menn ættu að fagna því að fá stuðning við tillögur því að það er ekki oft sem það gerist að stjórnarsinnar taki undir tillögur stjórnarandstæðinga og öfugt.

Ég vil líka mótmæla því, herra forseti, sem fram kom í viðbrögðum við andsvörum hv. þm. Jóns Kristjánssonar þar sem því var haldið fram að tilgangur hans með andsvörunum væri að koma illu til leiðar. Ég mótmæli því vegna þess að í máli og andsvörum hv. þm. kom aðeins eitt fram. Hann dró þar fram ákveðinn grundvallarmun, þ.e. muninn á gjaldtöku og skattlagningu. Það er grundvallarmunur og hann hefur komið fram í umræðunni. Það er ekki að koma illu til leiðar. Það er að draga á málefnalegan hátt fram það sem er kjarni málsins. (**Gripið fram í:** ... Framsóknarflokkurinn.)

Umræðan hefur verið afskaplega hávær síðustu missiri um auðlindagjald eða gjaldtöku sérstaklega á sjávarútveg í einhverri mynd. Grunnurinn að þessari umræðu eru auðvitað auðlindir hafsins og arðurinn af þeim, þ.e. það sem oft er kallað skipting kökunnar. Því hefur verið haldið fram að um þessar mundir sé þetta eitt mesta deilumál þjóðarinnar og má með sanni taka undir það. Ég held að það deilumál muni endast á meðan þjóðin byggir landið og fiskar synda í sjónum. Svo sem vænta má fer umræðan út og suður enda er um tilfinninga- og réttlætismál að ræða. Og ekki vantar svo sem viðleitni meðal almennings, í þingsölum og fjölmiðlum til að koma með lausnir og skýringar sem teflt er fram í hinu mikla tilfinninga- og réttlætismáli og sannarlega er hugmyndauðgin þar mikil. Nú virðast ýmis hugtök vera að festast í sessi í málinu, svo sem sægreifi, braskari, jafnvel glæpamaður heyrist oft í umræðunni og fleira í þeim dúr.

Það sem e.t.v. er alvarlegast í því er að vart hefur orðið við það að heiðarlegir sjómenn og útgerðarmenn, sem hafa ekkert til saka unnið annað en að stunda sína útgerð og sína vinnu á heiðarlegan hátt, ekki stundað neitt sem kallað er brask, eru að flýja úr greininni vegna þess að þeir geta ekki komið innan um fólk án þess að sæta þeim árásum að vera sakaðir um það jafnvel að vera glæpamenn, braskarar og fleira í þeim dúr. Það er auðvitað áhyggjuefni.

Í skýringarviðleitni og patentlausnum á auðlindagjaldi heyrist oft minnst á svokallað kvótakerfi og skuldinni oft skellt á það. Þeirri umræðu fylgja þó sjaldnast nánari skýringar, sem von er, því að um þetta atriði hafa menn verið að deila allt frá því að hlutaskiptakerfið á árabátum var tekið upp fyrir yfir 100 árum þegar menn voru að deila um það í fjörunni hvernig ætti að skipta aflanum milli háseta og formanns. Þessi deila átti sér líka stað meðan við stunduðum hér svonefnt skrapdagakerfi eða annað afbrigði af sóknarstýringu eða hverju nafni sem fiskveiðistjórnarkerfið er kallað. Þetta er deila sem snýst um hvernig á að skipta kökunni og hún mun alltaf eiga sér stað. Þetta er með öðrum orðum hápólitískt mál.

Nú hefur umræðan verið að snúast í átt að einhvers konar gjaldtöku og þar hafa jafnaðarmenn skotist mjög vasklega fram undir merkjunum auðlindagjald — skattlagning á sjávarútveginn. Ég tel að þetta hafi verið sett fram á nokkuð öfgafullan hátt og án þess að taka á ýmsum öðrum vanda sem er í sjávarútveginum, svo sem því sem menn vilja kalla kvótabrask tengt framsali og þar fram eftir götunum. Það er skoðun mín að framsetning jafnaðarmanna hafi um margt verið nokkuð blekkjandi í þessu máli, m.a. af því að hún hefur byggst á þeirri forsendu að þjóðin njóti einskis af auðlindinni í dag og hins vegar að gjaldtaka sé engin. Það þarf ekki annað en líta til góðærisins sem blessunarlega er gengið í garð. Það stafar auðvitað af því m.a. að ræst hefur úr varðandi sjávarútveginn. Þjóðin er að njóta góðs af, fyrirtæki, almenningur, ríkissjóður og sveitarfélög. Gjaldtakan engin. Fyrir liggur að gjaldtakan, ef ég man rétt, nemur í dag um 3 milljörðum kr. þar sem útgerð og greinin sjálf þurfa að standa undir ýmsum gjöldum, veiðieftirliti og þannig má áfram telja. Fram hefur komið að greinin hyggst fjármagna hafrannsóknaskip.

Á það hefur verið bent m.a. að hefðu hugmyndir jafnaðarmanna verið teknar upp árið 1993 með 6 milljarða skatti, þá hefði Útgerðarfélag Akureyringa farið á hausinn með tilheyrandi hörmungum fyrir Akureyri og almenning þar. Við höfum heyrt tölur allt upp í 30 milljarða, við höfum heyrt talað um að tekjuskattur yrði afnuminn. Síðan hefur þetta lækkað niður í 2 milljarða. Þetta er með öðrum orðum nokkuð á reiki og ég tel að sú framsetning hafi á margan hátt komið í veg fyrir málefnalega umræðu um þetta viðkvæma og stórpólitíska mál.

Auðvitað eru þessi mál rædd innan allra flokka og innan allra flokka er einhver ágreiningur. Framsóknarmenn báru gæfu til að komast að niðurstöðu á miðstjórnarfundi sínum og sumpart svipaðri niðurstöðu og fram kemur í greinargerð með þessari þáltill. Grundvallaratriðið er þó gjaldtaka versus skattlagning þar sem við höfum m.a. bent á að í fyllingu tímans þurfi að skoða hvort og hvenær greinin geti staðið undir hugsanlegri viðbótargjaldtöku m.a. til að fjármagna hafrannsóknir, markaðssókn og annað í þeim dúr.

Herra forseti. Ég tel að tillagan feli í sér skipun þverpólitískrar nefndar þar sem fulltrúar allra flokka komi að til að fjalla á málefnalegan og skynsamlegan hátt um þetta stórpólitíska mál og það er hugmynd sem mér hlýtur að vera þóknanleg.

[16:27]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Þáltill. sem er til umræðu hefur hlotið nokkra athygli fjölmiðla og stjórnmálaflokka og það ekki að ósekju því hér er í fyrsta skipti á flokkslegum vettvangi komist að samkomulagi um hvernig skuli fara með mál af þessu tagi sem hefur verið mjög fyrirferðarmikið í pólitískri umræðu innan allra stjórnmálaflokka.

Ég vil fyrst benda á að efnisatriði þessarar þáltill. eru í fullu samræmi við frv. þau sem þingmenn flokksins hafa flutt á þessum vetri. Þar vísa ég annars vegar til frv. til

stjórnarskipunarlaga sem flutt er af sjö þingmönnum Alþb. og hins vegar frv. til laga um afnám laga um stjórn fiskveiða sem flutt er af þremur þingmönnum þeirra. Á þeim tveimur frv. eru allir þingmenn þingflokksins flutningsmenn á öðru eða báðum.

Í öðru frv. er kveðið á um að heimilt verði að ákveða að nýtendur auðlinda í sameign þjóðarinnar greiði hóflegt gjald er standi undir kostnaði við rannsóknir og stuðli að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Þarna er stefnumörkun ákaflega skýr. Heimilt er, en ekki skylt, að ákveða gjald sem er hóflegt og afmarkað. Fyrir liggur að allir þingmenn þingflokksins styðja þetta mál þó að reynt hafi verið að halda öðru fram.

Í hinu frv. sem er um afnám laga um stjórn fiskveiða er fjallað um útlínur þess stjórnkerfis sem við alþýðubandalagsmenn drögum upp í nýju stjórnkerfi á þessum vettvangi. Þar er vikið að því efnisatriði í greinargerðinni. Þar segir, með leyfi forseta, en flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Svavar Gestsson:

„Flutningsmenn gera ráð fyrir að atvinnugreinin greiði kostnað við eftirlit og hagræðingu og hluta af kostnaði við rannsóknir en að öðru leyti gildi almenn skattalög."

Þarna liggur fyrir í tveimur þingskjölum, frumvörpum fluttum af öllum þingmönnum flokksins, ákaflega skýr stefnumörkun í þessu efni og ekki nokkur leið að draga í efa hver meiningin er. Kjarninn er hófleg gjöld til ákveðinna hluta en að öðru leyti almenn skattalög. Um þetta verður ekki villst.

Till. til þál. er í fullu samræmi við þessa afstöðu enda segir í henni um hlutverk nefndarinnar að nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Þarna segir í raun og veru það sama og komið hefur fram fyrr á þessum þingvetri frá þingmönnum flokksins um mögulega gjaldtöku í ákveðna hluti.

Ég vek athygli á því að í þessum texta eða texta í öðrum frumvörpum frá okkur er hvergi notað orðið „auðlindagjald" þar sem lýst er afstöðu flokksins heldur segir þvert á móti í þáltill.: gjaldtaka fyrir afnot af auðlindum með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Það er verið að vísa til þess veruleika sem við búum við í dag. Hugmyndin er auðvitað sú að menn ætli að hafa hlutina svipaða og þeir eru og hafa verið á undanförnum árum. Telji menn þetta ávísun á nýja gjaldtöku í stórum mæli eða risastökk í skattlagningu á atvinnugreinina með tilheyrandi íþyngjandi afleiðingum í garð sjómanna og landverkafólks, þá spyr ég þá hina sömu: Eru menn á þeirri skoðun að Sjálfstfl. hafi á undanförnum sex árum sem hann hefur farið með ráðuneyti sjávarútvegsmála staðið að því að skattleggja atvinnugreinina og lækka laun sjómanna? En það sem hefur gerst á þessu árabili er að tekin hafa verið upp ný gjöld á sjávarútveginn í miklum mæli með stuðningi Sjálfstfl. þannig að ef einhver flokkur hér á Alþingi á sér sögu í skattlagningu í auknum mæli á sjávarútveginn, þá er það Sjálfstfl.

Herra forseti. Þetta vildi ég undirstrika af því að mjög hefur verið látið að því liggja að sjónarmið hafi ekki legið saman í þingflokknum hvað þetta varðar.

Þegar kemur að því í till. til þál. að rætt er um auðlindagjald þá er ekki verið að lýsa stefnu flokksins heldur hlutverki nefndarinnar, að hún eigi að athuga þessa hluti. Það finnst mér sjálfsagt og eðlilegt því að ef upp renna þeir dagar að menn hafa myljandi hagnað í sjávarútvegi, þá eigum við ekki að sitja auðum höndum á Alþingi og láta þann auð renna í vasa útgerðarmanna einna.

Ég vek svo athygli á því, herra forseti, til að undirstrika þann málflutning sem formaður Alþb. hefur haft uppi í þessu máli, sem hefur verið mjög á hófsömum nótum, (Gripið fram í.) talað fyrir hófsömum sjónarmiðum í þessu efni, að lagt er til að málinu verði vísað til umhvn. Það vísar ekki til skattheimtu. Og ég minni á það, herra forseti, að till. til þál. um veiðileyfagjald hefur verið vísað til efh.- og viðskn. vegna sameiginlegs skilnings flutningsmanna og annarra þingmanna að þar væri um að ræða skattamál. Sú tillaga sem hér er flutt er ekki skattamál og það er rétt að undirstrika það rækilega, herra forseti.

Ég vil að lokum segja að sú niðurstaða, sem orðið hefur í Alþb. milli ólíkra sjónarmiða sem vissulega eru uppi um gjaldtöku á atvinnugreinina á milli þeirra sem eru hófsamir og hinna sem hafa önnur sjónarmið eins og það að styðja veiðileyfagjald, er málamiðlun milli sjónarmiða sem er endanleg, getur ekki verið upphaf að nýju málamiðlunarsamkomulagi milli sömu sjónarmiða þótt í öðrum flokkum séu.

[16:35]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki mjög mörg ár síðan útgerðarfélög í landinu voru flest hver rekin með 20–40% halla. Þá var venjan sú að gengið var fellt til þess að hægt væri að auka tekjur fiskvinnslunnar svo að hún gæti bætt upp stöðu útgerðarinnar. Á þeim tíma datt ekki nokkrum manni í hug að leggja aukaskatta á sjávarútveginn. Það var frekar í þá tíð að skattar voru lækkaðir á sjávarútveginn og var t.d. aðstöðugjaldið lægst á útgerðarfyrirtæki, miklu lægra á útgerðarfyrirtæki en nokkurn tíma verslun og aðra slíka starfsemi eins og menn hér inni væntanlega muna þannig að umræðan í dag er eingöngu komin til vegna þess að sjávarútvegurinn stendur miklu betur heldur en hann hefur gert. Hann er sem sagt sjálfbjarga sem hann var ekki fram að kvótakerfinu eða þar til menn gátu farið að skipuleggja veiðarnar eðlilega. Það mundi ég segja að væri fyrst og fremst því að þakka að það er hægt að borga eitthvert gjald eins og gert er núna með greiðslu í Þróunarsjóð og fleiri gjöld á vegum sjávarútvegsins.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði áðan að sjálfstæðismenn hafa að sjálfsögðu staðið að því að leggja á þetta gjald sem er í mínum huga mjög hóflegt og má helst ekki verða miklu meira án þess að það lendi mjög illþyrmilega á sjómönnum. Það eru engir aðrir sem koma til með að greiða þetta gjald en sjómenn því að þetta svokallaða auðlindagjald, sem er ekkert annað en skattur, mun lenda á skiptahlutnum og að endingu eru það þeir sem síst skyldi sem þurfa að borga aukagjaldið. Það er því ekki hægt að rugla þessa umræðu neitt með spurningum um skatt eða gjald. Það er sami liturinn á þessu, brúnn eða rauður, það breytir engu.

[16:38]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hefur einkennt gjaldtökustefnuna gagnvart sjávarútvegi á síðustu sex til sjö árum á meðan Sjálfstfl. hefur farið með þennan málaflokk hafa verið stórhækkaðar álögur á atvinnugreinina. Það hefur verið tekið upp þróunarsjóðsgjald og eftirlitsgjöld og skoðanagjöld hafa verið stórhækkuð í gegnum breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Það mætti segja mér að þessar nýju auknu

álögur á atvinnugreinina nemi 1–2 milljörðum á ári sem eru afrek Sjálfstfl. í þessa veru.

Ég undirstrika að þegar atvinnugrein gengur vel, þá á sú atvinnugrein að borga skatta í ríkissjóð. Ég geri ekki mikinn greinarmun á því hvort menn kalla skattinn skatt eða gjald. Menn eiga að borga þegar þeir hafa peninga aflögu. En afkoman í sjávarútvegi er ekki sem sýnist og mér fannst ég heyra það á máli hv. þm. að hann teldi að afkoman í sjávarútvegi um þessar mundir væri mjög góð. Ég minni þingmanninn á þá staðreynd að hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum seljast varla um þessar mundir nema með miklum afföllum. Ég minni t.d. á fyrirhugaða sameiningu Borgeyjar á Hornafirði við fimm sjávarútvegsfyrirtæki þar, sem átti að ganga fram með þeim hætti að sjávarútvegsfyrirtækin fimm áttu að fá greitt með hlutabréfum í Borgey og síðan átti að selja þau hlutabréf á markaði, breyta þeim í peninga. Sú sameining gekk til baka vegna þess að hlutabréfin seldust ekki. Ég gæti nefnt fleiri sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi sem talin eru öflug en eru í verulegum vandræðum vegna þess hve afkoman er léleg og skuldirnar miklar.

[16:40]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert um það að afkoma sjávarútvegsins væri mjög góð. Ég sagði aftur á móti að hún hefði batnað mjög eftir að kvótakerfið var sett á og fyrirtæki í sjávarútvegi gátu farið að skipuleggja starfsemi sína með öðrum hætti en áður var þannig að kostnaður minnkaði og það er staðreynd.

Það er náttúrlega líka ástæðan fyrir því að það er þó hægt að ætlast til þess að sjávarútvegurinn geti borgað eitthvað af þeirri þjónustu sem að honum lýtur og hefur þar á meðal komið út sem skattahækkanir eins og hv. þm. benti á áðan í formi gjalda sem eru til þess að úrelda skipaflotann t.d., til endurnýjunar í fiskvinnslu og til að kaupa upp fiskvinnsluhús þar sem um er að ræða samruna fyrirtækja eða þróun innan fyrirtækja. Á þann hátt hefur sjávarútvegurinn sjálfur séð um að fjármagna skipulagsbreytingar. Það sem er nýjast og ferskast í sjávarútveginum er það að sjávarútvegsfyrirtækin hafa sjálf séð um þessa endurskipulagningu og kostnaðinn af henni. Og það er ekkert óeðlilegt við það að sjávarútvegurinn standi undir slíku. Ég er samt sem áður hræddur við að ef farið yrði út í meiri skattlagningu en þegar er orðin, þá gæti það komið harkalega niður á sjávarútveginum og þá náttúrlega ekki síst þeim sem starfa við hann, sjómönnunum sjálfum. Ég er ekki að halda því fram að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vilji það, alls ekki. Ég er samt að leggja á það áherslu að það hlýtur að verða niðurstaðan að fyrirtækin sem koma til með að bera þennan skatt, þurfa með einhverju móti að greiða hann og það kemur væntanlega út sem lægri laun til þeirra starfsmanna sem hjá þessum fyrirtækjum starfa.

[16:42]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikil þjóðsaga að hið umdeilda kvótakerfi hafi fætt af sér mikla hagræðingu í sjávarútvegi og skapað arð sem annars hefði ekki orðið til. Ég dreg það nokkuð í efa þó að ég ætli ekki að halda því fram að ekki hafi eitthvað gott af því leitt. Það held ég að hljóti að vera.

Ég minni á það að undanfarin ár hafa menn búið við verulega skömmtun á þessum sviðum. Þrátt fyrir nokkuð harða stjórn eru allir helstu fiskstofnar þjóðarinnar ekki betur á sig komnir en svo að það er ekki mikið sem leyft er að veiða úr þeim, sérstaklega ekki í þorskinum. Þrátt fyrir að menn hafi hamast við að byggja upp stofninn tekst mönnum ekki betur til en svo að núna um þessar mundir erum við ekki að veiða nema um það bil helminginn af þeim þorski sem við höfðum veitt að meðaltali áratuginn á undan.

Ávinningurinn af skipulagsbreytingum og hagræðingu kemur fram í afkomu einstakra fyrirtækja en kostnaðurinn við að sækja þennan ávinning lendir á efnahagsreikningum annarra. Hann lendir á efnahagsreikningum þeirra fyrirtækja sem eiga eignir í landi og verða verðlitlar við breytingarnar og hann lendir á efnahagsreikningum fjölskyldnanna sem eiga eignir sínar í húsunum í fiskiþorpunum um landið sem um mörg hver er þannig ástatt um þessar mundir að lítill sem enginn kvóti er í þeim. Hver hefur reiknað þennan kostnað vegna stjórnunar fiskveiðanna? Það hefur enginn reiknað hann út. Auðvitað á að meta þennan kostnað og taka málið í heild. Það á ekki bara að skoða efnahagsreikning þeirra fyrirtækja sem hafa grætt. Það á líka að skoða áhrif af stjórnuninni á efnahag annarra, bæði þeirra sem eru innan atvinnugreinarinnar og hinna sem eru utan hennar.

[16:45]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Í dag höfum við verið að ræða um grundvallaratriði í íslenskri pólitík, hverjir eigi landsins gögn og gæði og hvernig með þau skuli fara. Hér er að sönnu umræða sem er ekki ný af nálinni og raunar hefur hún verið skurðarpunktur milli íhaldsaflanna hér á landi og hins vegar frjálslyndari afla sem hafa viljað hafa hag almennings að leiðarljósi en ekki hag einstaklinga.

Pólitísku álitaefnin í þessum efnum eru í raun þrjú og þau hafa öll kristallast í umræðum um þau frumvörp sem hér hafa verið rædd í dag og einnig það sem nú er á dagskrá.

Í fyrsta lagi: Hver á Ísland? Hver á þessar auðlindir og hvernig ber að greiða úr álitamálum er varða almannarétt og einkaeignarrétt? Stundum meintan einkaeignarrétt að sönnu. Þetta hefur verið eitt pólitískasta deiluefnið mestan hluta þessarar aldar. Þarna hefur vantað skýra lagasetningu. Eftir henni hefur verið kallað af hálfu dómstóla um langt árabil. Félagshyggjuflokkarnir tveir, Alþfl. og Alþb., hafa ítrekað reynt það á hinu háa Alþingi að koma með pólitísk og skýr svör í þeim efnum og í því sambandi bera vitni fjölmörg lagafrumvörp.

Í öðru lagi: Ber að heimta gjald af nýtingu auðlinda sem teljast í eigu ríkisins? Menn hafa haldið því fram með réttlætisrökum að það sé auðvitað sanngjarnt og eðlilegt að þeir sem hafa af því hag, hafa af því fjármuni, greiði til eigandans eðlilegt afgjald. Um þetta hefur verið deilt. Og um þetta hefur líka legið ákveðinn skurðarpunktur milli félagshyggjumanna annars vegar og íhaldsmanna hins vegar. Í síðari tíð hefur umfjöllunin kannski ekki síst endurspeglast í umræðum um veiðileyfagjald eða auðlindagjald á sjávarútveg en málið er auðvitað langtum mun víðfeðmara en svo.

Það eru út af fyrir sig ákveðin tímamót í íslenskri pólitík sem eru að verða þessa klukkutímana og hina síðustu daga þegar stjórnarflokkarnir, helmingaskiptaríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur nú tekið undir það meginstef að það beri að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Margir hafa gengið lengra og telja það réttlætisrök að taka gjald af þessum auðlindum. Að vísu hafa menn staldrað við það og deilt um skilgreininguna á því hvort beri að kalla gjaldið gjald eða skatt. Það er að minni hyggju algjört aukaatriði málsins. En ég vil minna

þá sjálfstæðismenn einkum og sér í lagi á það að í síðustu ríkisstjórn var hæstv. forsrh. aldeilis glöggur á því þegar rætt var um þjónustugjöldin að þá væri þar um að ræða gjöld sem fólk greiddi fyrir þjónustu í þessu tilfelli og þar af leiðandi má með sanni segja að það sama gildi þegar greitt er afgjalds fyrir afnot af einhverju í eigu annars. Um þetta þarf því ekki að ræða. Ef sjálfstæðismönnum finnst óþægilegt að ræða um skattlagningu þá halda þeir sig bara við afgjaldshugmyndina.

En auðvitað eru það stórtíðindi að nú loksins skuli stjórnarliðar segja það hér og taka undir till. til þál. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta."

Ekki nóg með það. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa einnig fagnað tilurð þessarar þáltill. þar sem margnefnd nefnd á ekki að kanna hvort heldur hvernig skuli staðið að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar. Það er sem sagt ekki lengur um það deilt í íslenskri pólitík hvort það eigi að taka gjald fyrir auðlindir í sameign íslensku þjóðarinnar heldur hvernig beri að standa að því. Auðvitað væri ástæða til að segja: Loksins, loksins varð ljós. Því að nú eru menn komnir í þriðja fasa málsins og hann er sá hversu hátt þetta gjald á að vera. Það er auðvitað athyglisvert að í þessum umræðum í dag og nú í orðum síðasta ræðumanns fóru menn inn í hinn gamalkunna farveg að ræða um það hvort og hvernig sjávarútvegur gæti staðið undir svo og svo miklu gjaldi fyrir afnot af fiskinum í sjónum og fyrir það leyfi að fá að veiða hann. Við erum sem sagt komin að síðasta fasa málsins og það er auðvitað fagnaðarefni.

Við alþýðuflokksmenn erum auðvitað fyrir löngu komnir á þetta stig og höfum hamrað á því nú um langt árabil að hér væri um *réttlætismál að ræða. Nú eru menn að koma til liðs* við þetta gamla baráttumál Alþfl. með þeim hætti sem fram hefur komið í þessari umræðu.

Ég dreg hins vegar enga dul á það, virðulegi forseti, að mér hefði fundist eðlilegra að menn gengju hreint til verks og tækju myndarlegri skref í þeim efnum hér á hinu háa Alþingi á yfirstandandi þingi. Ég hef nefnilega dálitlar áhyggjur af því að þeir stjórnarliðar séu kannski ekki þegar allt kemur til alls eins sannfærðir sumir hverjir og þeir vilja vera láta og að baki kunni hugsanlega að liggja það eitt að fresta málinu, að drepa því á dreif í þessari þverpólitísku nefnd sem hér er verið að leggja til. Auðvitað styrktust þær grunsemdir mínar verulega þegar hv. þm. Jón Kristjánsson hóf umræðuna á því að spyrja 1. flm. þessa máls um það hvaða áhrif þessi tillaga kynni að hafa á samstarf, samtöl, samvinnu og hugsanlegt sameiginlegt framboð A-flokkanna og Kvennalista eins og það væri kjarni þessa máls. En það vil ég að komi skýrt fram hér, virðulegi forseti, í því samhengi og öðru að það verður vitanlega ekki þannig með þetta mál né önnur lykilmál íslenskra stjórnmála að þau verði lokuð inni, hvorki í þessari nefnd né nokkurri annarri, eða aðskilin frá almennri pólitískri umræðu hvort sem það er á milli einstakra flokka í góðu eða í deilumálum milli einstakra flokka, sem er gamalt og þekkt, ellegar í almennri umræðu í samfélaginu þannig að mér dettur ekki í hug eitt aukatekið andartak að þessi tillaga, jafnágæt sem hún er, geri það að *verkum að umræðunni verði drepið á dreif. Í tillögunni er að* finna ákveðin grundvallarstef sem ég er mjög sáttur við. Ég hef ekki séð aðrar leiðir skynsamlegri, fljótvirkari til þess að komast að kjarna málsins, en vitaskuld munu þeir flokkar og þau samtök sem hafa barist fyrir almannahagsmunum og gegn sérhagsmunum halda sinni baráttu áfram hvað sem líður nefndarstarfi sem vonandi gengur hratt og vel fyrir sig.

[16:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur orðið um tillögu okkar þingmanna Alþb. og óháðra um skipan skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald. Umræðan hefur að mestu leyti haldið sig við efni tillögunnar og efni málsins, og er það auðvitað vel, og hefur að langmestu leyti verið upplýsandi um sjónarmið og afstöðu þeirra sem þátt hafa tekið í henni.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á það sem einnig kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að auðvitað ber að skoða tillöguflutning og frumvarpsflutning okkar þingmanna Alþb. og óháðra í samhengi. Hér liggja í raun og veru fyrir ferns konar þingmál sem öll tengjast þessu máli á einn eða annan hátt: Það er sú tillaga sem hér er til umræðu sem er um hina almennu stefnumótun og nefndarskipan. Það er frv. um breytingu á stjórnarskipunarlögum sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að. Það er frv. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem sá er hér talar er 1. flm. að. Og það er frv. um afnám gildistöku eða tímabundið gildi laganna um stjórn fiskveiða, sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er 1. flm. að.

Fyrir þá sem hafa áhuga á sagnfræði er fróðlegt að bera þessar tillögur saman og lesa þær sem eina heild. Þá komast menn væntanlega að þeirri niðurstöðu sem er óhrekjanleg og birtist í þessum tillögum og frumvörpum að þarna er um samræmda og heildstæða nálgun að ræða þar sem stjórnarskrárfrv. setur hinn almenna ramma og leggur til að fest verði *í stjórnarskrá grundvallaratriði málsins þar sem tvenns konar* frumvörp sem tengjast núgildandi fiskveiðilöggjöf leggja til breytingar á þeirri löggjöf og í fjórða lagi þessi tillaga hér um nefndarskipunina.

Með þessum hætti held ég að sé náð mjög vel utan um þetta mál og það er mín skoðun að það væri afar farsælt ef hægt væri að sveigja umræður um bæði þetta mál, gjaldtökumálin og auðlindamálin, og deilur um ýmsa ágalla á löggjöfinni um stjórn fiskveiða inn í einhvern slíkan skynsamlegan farveg þar sem menn í fyrsta lagi yrðu ásáttir um það að gera tilteknar lagfæringar nú þegar á löggjöfinni um stjórn fiskveiða og þar sem menn í öðru lagi yrðu sammála um að fara í víðtæka vinnu sem gæti orðið til grundvallar niðurstöðu hvað varðar þessi auðlindagjaldsmál sem þarf auðvitað að lenda með einhverjum hætti. Því varla er það framtíðarsýn nokkurs manna að standa í linnulausum deilum og þrasi um þetta svo áratugum skiptir með þjóðinni, eða hvað? Það hlýtur að vera markmiðið að leiða þetta mál farsællega til lykta og ég held að nálgun af því tagi sem hér er lögð til sé lykillinn að því að ná landi í þessu máli. Annars geta menn mín vegna, ef þeim sýnist svo, staðið í deilum um þetta langt inn í næstu öld ef menn hafa gaman af því sem íþrótt, en ég held að það sé ekki farsælt og ekki gott fyrir þjóðina og orku okkar sé betur varið í aðra hluti en þá að ræða og deila endalaust um mál af þessu tagi sem ég hef lengi talið að eigi að vera tiltölulega auðvelt að ná saman um *ef hófsamleg og skynsamleg leið er valin. Í þriðja og síðasta* lagi fæli þetta svo í sér að menn næðu sátt um það að taka upp í stjórnarskipunarlögin grundvallarregluna í þessu sambandi sem á auðvitað að vera þar, á að lögfesta þar. Því það er

himinhrópandi og stórt gat í íslensku stjórnarskránni að þar skuli ekki á einhvern hátt vera tekið á þessum sameignarákvæðum og sameiginlegu réttindum þjóðarinnar gagnvart landinu sem hún býr í og auðlindum þess. Það vantar. Þetta vildi ég segja um þetta atriði, herra forseti.

Ég kemst ekki hjá því að segja örfá orð um hliðarspor sem umræðan tók í framhaldi af orðum sem hv. þm. Ágúst Einarsson lét falla og hent voru á lofti af hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristjáni Pálssyni. Þegar menn fara að rugla efnislegu þingmáli af þessu tagi við einhver alls óskyld mál, eitthvert ferli í stjórnmálunum á milli flokka, þá eru menn á hreinum villigötum. Það er út í loftið að vera með ályktanir af því tagi sem hv. þm. Ágúst Einarsson var með hér í lokin, fullkomlega út í loftið. Og þess þá heldur voru gáfuleg viðbrögðin og orðaskipti hans og hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og Kristjáns Pálssonar. Við verðum engu nær, minna en engu nær gagnvart því að taka efnislega á málum af þessu tagi ef við hrærum allt öðrum og óskyldum hlutum inn í þau eins og þar var verið að gera. Það er aldeilis fráleitt að mínu mati.

Mér fannst það miður að það var eiginlega ekki hægt að skilja hv. þm. Ágúst Einarsson öðruvísi en svo að honum hefði þótt það verra að tillaga Alþb. hefði fengið góðar undirtektir, þar á meðal frá talsmönnum stjórnarflokkanna. Ég botna ekkert í þessu. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn að vera eitthvað öfundsjúkir út í það þó málflutningur annarra þingmanna eða annarra þingflokka fái góðar undirtektir og þyki skynsamlegur. Menn verða bara að búa við það. Menn koma beinlínis upp um sjálfa sig með viðbrögðum af því tagi. Ég held að það sé fagnaðarefni fyrir alla og líka jafnaðarmenn ef niðurstaða eða a.m.k. vinnufarvegur í þessu máli sem allir geta átt aðild að er að nálgast. Það hlýtur að vera svo. Og að sjálfsögðu koma sjónarmið þingmanna jafnaðarmanna þangað inn líka eins og sjónarmið annarra, framsóknarmanna, sjálfstæðismanna, kvennalistakvenna og hvað það nú er.

Svo vil ég segja að lokum, herra forseti, að ég held að það sé rangt að stilla þessu máli þannig upp að grundvallarmálið hér snúist um gjaldtöku eða ekki gjaldtöku. Það er tóm vitleysa. Það er alveg út í móa að stilla málum þannig upp vegna þess í fyrsta lagi að nú þegar er til staðar heilmikil gjaldtaka þannig að ef það hefði einhvern tíma veri prinsippatriði þá er það mál löngu úr sögunni. Það er þegar til staðar heilmikil gjaldtaka og kostun t.d. á sjávarútveginn og í ýmsum öðrum tilvikum eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur t.d. nefnt og bent á Kísiliðjuna, námaleyfisgjöld, efnistökugjöld og önnur slík gjöld. Það er ekki prinsippmálið, alls ekki, og hefur aldrei verið.

Það hefur heldur ekki verið neinn ágreiningur um það þannig að það er ekki heldur rétt að nálgast málið út frá því vegna þess að mér er ekki kunnugt um að neinn maður hafi nokkurn tíma haldið því fram að ekki kæmi til greina að sjávarútvegurinn t.d. greiddi einhverja hluti sjálfur. Ég hef ekki heyrt þau sjónarmið. Ég minni t.d. á tillögu frá fyrra kjörtímabili um að sjávarútvegurinn borgaði hluta af rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar. Hverjir fluttu það? Sjálfstæðismenn og reyndar alþýðuflokksmenn. Ekki var ágreiningur um það mál, var það, flutt af hæstv. sjútvrh.? Nei, þetta hefur snúist um það hvers eðlis þessi gjöld væru, hvernig þau væru skilgreind og til hvaða þarfa þau rynnu. Vatnaskilin í þessu máli liggja einmitt um spurninguna gjaldtaka eða skattur. Þess vegna verður hv. þm. Kristján Pálsson að fara í læri í þeim efnum til umboðsmanns Alþingis, skattstjóra eða annarra slíkra aðila sem geta frætt hv. þm. um muninn á gjaldtöku, gjöldum og skatti til þess að skilja kjarna þessa máls. (Forseti hringir.) Spurningin er um það hvort sjávarútvegurinn eða aðrar atvinnugreinar í vaxandi mæli kosti að einhverju leyti sjálfar hluti sem þjóðarbúið hefur hingað til gert vegna þeirra eða hvort þær verða skattlagðar í gegnum svona gjöld eða skatta til óskyldra þarfa þjóðarbúsins. Það er prinsippatriðið. Það er vendipunkturinn í þessu máli. Það verða menn að skilja.

[17:02]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki almennilega á því hvað hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að meina með því að við hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hefðum blandað saman óskyldum málum í andsvari við ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar. Ég veit ekki annað en að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafi einvörðungu verið að tala um þátt Kvennalistans í þeim sameiningarviðræðum sem hafa verið í gangi. Ég var aftur á móti að ræða um allt önnur mál. Ég held því að ekkert hafi verið líkt með málflutningi okkar hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur.

Vegna þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon telur að umræðan hafi ekki verið nógu efnisleg og farið út í óskylda hluti þeim sem eiga að felast í þessari tillögu, þá verður bara að minna á það enn og aftur að tillagan er mjög óskýr. Í henni stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta."

Mér finnst þetta afskaplega óskýrt orðalag og átta mig ekki almennilega á því hvert það á að leiða, þ.e. að tryggja afrakstur af auðlindinni til þess að hún nýtist þjóðinni. Ég get ekki ímyndað mér annað en að margt geti komið til greina.

Þar að auki hafa tveir hv. þm., flutningsmenn að þessari tillögu, lagt önnur þrjú mál inn í púkkið og segja að það sé hluti af öllu saman. Það eru allt í einu komin miklu fleiri mál í spilið, m.a. það að framsal verði afnumið og svokallað kvótabrask eins og það hefur verið nefnt hér en ég vil kalla kvótaleigu eða kvótaviðskipti, verði bannað. Það er allt í einu orðið hluti af þessari tillögu eftir því sem ég skil hv. þm. í þessari umræðu. Auðvitað hljóta menn að þurfa að fara nokkuð víðar í umræðunni en bara að rýna í þennan texta nákvæmlega eins og hann er því hann býður upp á umræðu um alla flóruna sem rædd hefur verið í tengslum við auðlindagjald og auðlindaskatt og í því felst enginn munur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, (Forseti hringir.) því það er engin spurning um það að þeir sem fá sendan reikninginn og þurfa að borga hann eru í þessu tilfelli útgerðarmenn sem síðan verða að taka það af því aflafé sem kemur vegna þess fisks sem kemur úr sjónum og auðvitað hljóta þá sjómennirnir að fá minni aflahlut. Það gefur auga leið.

[17:05]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf nú sennilega meiri tíma heyrist mér en hér er til ráðstöfunar til að fara yfir þetta með gjöld og skatta með hv. þm. En reynum að taka aðeins eitt nærtækt dæmi. Það er veiðieftirlitsgjaldið sem lagt er á sjávarútvegginn.

Ég held að enginn deili um að það er akkúrat gjald í skilningi skattaréttarins og sama skilningi og t.d. umboðs-

maður Alþingis í sínum álitum sem hefur fjallað um álitamál af þessu tagi, leggur í það hugtak. Af hverju er það gjald en ekki skattur í skilningi skattaréttarins? Það er af því að það er kostun sjávarútvegsins sjálfs á tilteknum afmörkuðum þætti í hans þágu og gjaldtakan nemur bara því sem þar er á ferðinni. Gjaldið er lagt á sem nemur þeim kostnaði sem hlýst af veiðieftirlitinu og það er skilgreint, afmarkað, efnislegt fyrirbæri. Sjávarútvegurinn greiðir það og ekki meira. Það felst ekki nein heimild í því að íþyngja honum umfram það. Gjaldið er til að kosta þennan hlut en það er ekki tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð að öðru leyti til einhverra annarra óskyldra þarfa. Í þessu liggur munurinn í grundvallaratriðum. Auðlindagjald, sem er takmarkað afmarkað gjald til skilgreindra þarfa í þágu sjávarútvegsins eða verkefna í tengslum við hann og er afmarkað þannig, mundi standast þau skilyrði að vera kallað gjald. En stórfelld skattlagning í ríkissjóð sem færi til þess að lækka tekjuskatt einstaklinga á móti er skattur. Þetta verður hv. þm. að skilja. Þarna er grundvallarmunur á. Það er hér sem markalínan í þessu máli liggur, þ.e. hvort menn vilja fara út í skattlagninguna og að hún verði stórfelld, hún verði óskilgreind þannig að hún geti þess vegna farið hækkandi, verið mismunandi milli ára eftir því hvernig afkoma ríkissjóðs er o.s.frv. eða hvort um afmörkuð skilgreind gjaldtöku- eða kostunarverkefni er að ræða.

Tillagan er að öðru leyti, hv. þm., ekki óskýr. Hún er mjög skýr. Hún felur í sér tvennt: Nefndarskipan, opinbera nefnd í tiltekið verkefni og að (Forseti hringir.) hinu leyti ákveðinn ramma, ákveðna afmörkun á því sviði sem nefndin skal fjalla um. Auðvitað er ekki búið að svara öllu. Þá þyrfti enga nefnd í málið. Við hljótum að geta orðið sammála um það. Þess vegna þarf nefndarskipunina. Það þarf að vinna í þessu máli.

[17:08]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þm. séum að tala um *nákvæmlega sama hlutinn í rauninni og ekki þurfi að þvarga* meira um það hver sé munurinn á gjaldi og skatti. Eins og hv. þm. segir réttilega, þá er verið að leggja á ákveðinn kostnað sem ríkið ber af einhverri þjónustu á útgerðina. Það er kjarni málsins. Því meiri sem þessi kostnaður verður sem lagður er á útgerðina, því minna verður eftir. Ég geri ekki ráð fyrir því að við séum ósammála um þessa túlkun.

Ég held að út af fyrir sig sé hægt að taka undir það með hv. að þessi tillaga sé mjög einföld að því leytinu til að verið er að biðja um nefndarskipan. En í greinargerð með þessari tillögu er tekið á öllum hugsanlegum málum sem geta komið upp í slíkri nefnd og auðvitað hlýtur það að taka yfir alla þessa flóru. Það er m.a. talað um að það eigi að kanna leiðir til þess að hægt sé að jafna orkuverð til landsmanna. Það er eitt af því sem menn vilja láta skoða í þessari nefnd. Ég geri ráð fyrir að það sé vegna þess að þá verði lagt gjald á orkuveitur til þess að standa undir þessum kostnaði. Það er gert öðruvísi nú, þ.e. með því að greiða ákveðinn styrk í þann hluta rekstrarkerfis Landsvirkjunar sem sér um húshitun. Landsvirkjun greiðir því orkuveitunum um landið ákveðinn styrk til þess að geta lækkað orkuverðið. Auðvitað er þetta allt af sama meiði og ég tek heils hugar undir að það megi skoða öll þessi mál og það sé mjög eðlilegt að skoða öll þessi mál.

[17:10]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé alveg að ná réttum kúrs í þessu miðað við þessa síðustu hógværu ræðu hans. Auðvitað er það ekki deiluefnið að það þarf að taka fyrir gjöldum sem greidd eru af einhverjum. Fjármunirnir til þess koma ekki af himnum ofan. Ég átta mig alveg á því. En ég er ekki sammála því að það geti eingöngu komið niður á skiptahluta sjómanna. Það eru að sjálfsögðu fleiri sem fá sín verðmæti út úr þessum potti en þeir. En það er einmitt ein ástæðan fyrir því að við margir hverjir í Alþb. höfum ekki verið talsmenn stórfelldrar skattlagningar eða gjaldtöku á þessu sviði, að við óttumst að slíkt, ef mjög íþyngjandi yrði, mundi leita út í launakjör ekki bara sjómanna heldur fiskverkafólks í landi og fólksins í byggðarlögunum við sjávarsíðuna o.s.frv. Enda er hér verið, hv. þm. — og það finnst mér að hv. þm. mætti viðurkenna í staðinn fyrir að halda þessar ræður um að þetta gæti komið niður á sjómönnum — að leggja til mjög hófsamlega nálgun. Það stendur í tillögunni og tillagan fjallar um gjöld en ekki skatta og á því er grundvallarmunur sem *ég veit að hv. þm. mun að lokum* átta sig á.

Alveg eins er það með orkugjald eða þann hluta þessarar auðlindagjaldtöku sem við gætum kallað orkugjald. Ef ákveðið yrði að verja því í það afmarkaða tiltekna verkefni að jafna orkukostnað landsmanna t.d. með því að bera að hluta til rekstrarkostnaðinn af raforkudreifikerfinu, þá er það líka afmarkað skilgreint verkefni en ekki einhver óskilgreind *fjáröflun fyrir ríkissjóð. Það er hugsun á nákvæmlega sama* spori og hér er gagnvart sjávarútveginum en bara í orkugeiranum. Þetta er því ekki í neinni mótsögn og getur mjög vel farið saman.

Það er einmitt ætlunin að vinna af þessu tagi hjálpi mönnum að skilgreina forsendurnar fyrir þessu máli þannig að útkoman geti orðið skynsamleg.

[17:12]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma inn í þessa umræðu og mér gengur gott eitt til með því. (**GÁS:** Það er gaman að heyra það.) Það er kannski vissara að taka það fram miðað við það að sumir hv. þm. eru svolítið viðkvæmir fyrir því að tillagan sem hér er til umfjöllunar hefur hlotið nokkuð góðar móttökur hjá stjórnarflokkunum og ekki síst Framsfl. Ástæðan er einfaldlega sú að okkur finnst þessi nálgun vera slík að full ástæða sé til þess að gefa henni gaum og fara yfir kosti þess og galla að horfa á málið út frá því sem lagt er til í tillögunni. Ýmsar tillögur sem hafa verið kynntar og ræddar á hv. Alþingi hafa verið öfgatillögur að mínu mati og ekki verið þess virði að taka undir þær og ekki verið pólitískur vilji fyrir því í mínum flokki. Hins vegar finnst okkur að þetta sé þess eðlis að full ástæða sé til þess að skoða það. Hugmyndin er ekki sú að svæfa málið eða loka það einhvers staðar inni eins og kom fram hjá hv. stjórnarandstæðingi áðan, fulltrúa jafnaðarmanna.

Mér finnst þó að tillögugreinin, eins og ég skil hana, sé kannski óþarflega umfangsmikil. Ég velti því fyrir mér hvort að nefndin eigi að hafa svo mikið hlutverk sem kveðið er á um í fyrri hluta greinarinnar. Síðari hlutinn fjallar meira um hugsanlega gjaldtöku og hvernig að henni skuli staðið og hugsanlega hvernig því gjaldi skuli varið en fyrri hlutinn fjallar að mínu mati að einhverju leyti um eignarréttinn. Mér finnst að þar sem nokkur stjórnarfrumvörp liggja fyrir

þinginu núna til umfjöllunar og taka á þeim málum þá sé athugandi hvort hv. umhvn. sem væntanlega fær málið — ég styð það að hún fái málið — gæti kannski stytt greinina. Ef ég má, með leyfi forseta, lesa fyrri hlutann:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni ...“ — Er nokkur spurning um að þar sé um þjóðareign að ræða? Ég tel það vera lögbundið — „svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda,“ — með þjóðlendufrv. verður skýrt kveðið á um að þó að þessi orð verði felld út þá verði þar um þjóðareign að ræða — „námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 metra dýpi.“

Nú er ég í sjálfu sér ósátt við þau mörk sem hv. þingmenn Alþb. hafa talað fyrir, að miða við 100 metra dýpið. Mér finnst ákveðin hætta á að það standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt í 72. gr. Er hugmyndin sú að allt þetta skuli skráð, að nefndin fái það hlutverk að skrá allar þessar auðlindir? Það er ekkert smáverk ef út í það verður farið. Mér finnst þetta svolítið óljóst. Kannski er eðlilegt að svo sé og þá fær nefndin það hlutverk að fara frekar ofan í textann. Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru.“

Þarna er talað um gjöld. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að ég lít öðrum augum á orðið gjald en orðið skattur. Í því sambandi langar mig til að vitna til samþykktar okkar framsóknarmanna frá síðasta flokksþingi. Þar segjum við, í kafla um sjávarútvegsmál, með leyfi forseta:

„Stöðug óvissa um rekstrarumhverfi sjávarútvegsins hefur skaðað framtíðaruppbyggingu í greininni. Þessari óvissu verður að eyða með því að skapa stöðugleika og sátt um fiskveiðistjórnunina. Þingið telur að sjávarútvegurinn hafi ekki svigrúm til að greiða auðlindaskatt enda greiðir hann skatta til samfélagsins eins og önnur atvinnustarfsemi.“

Þarna erum við að tala um skatta. Mér fannst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tala á þeim nótum hér áðan að ekki væri svigrúm fyrir atvinnugreinina að fara út í sérstakar skattgreiðslur meðan ástandið er ekki betra en raun ber vitni. Staðan hefur þó batnað verulega og ber að þakka það kvótakerfinu fyrst og fyrst.

Svo kemur í lok tillögugreinarinnar en næsti málsliður er líka svolítið óljós í mínum huga:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Það er sjálfsagt þjóðin öll sem á hagsmuna að gæta þegar um sjávarútveginn er að ræða. Hugsanlega er þarna átt við að fleiri en útgerðarmenn og sjómenn eigi hagsmuna að gæta þegar rætt er um sjávarútveg. Allt of sjaldan er t.d. fjallað um fiskvinnslufólkið. Í þeirri umræðu sem nú fer fram, í sambandi við kjaradeilu sjómanna við útgerðarmenn, finnst mér allt of lítill gaumur gefinn að aðstæðum fiskvinnslufólks. Sá hópur kemur alltaf inn í þessa umræðu sem alger afgangsstærð.

Ég er ekki að rífa þennan texta niður. Ég fer bara yfir hann lið fyrir lið til þess að átta mig betur á honum ef svör bærust hér á eftir.

Síðan kemur ákvæði um að um hóflegt gjald skuli vera að ræða, hugsanlega til að standa undir rannsóknum til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu. Ég býst ekki við að þetta sé sett inn af neinni tilviljun. Hv. flutningsmenn gera sér grein fyrir því að ef slíkt gjald yrði sett á þá væri þar, að verulegu leyti, um landsbyggðarskatt að ræða. Við framsóknarmenn höfum litið á það þannig og þess vegna sé ástæða til þess að slík gjöld, — nú biðst ég afsökunar, ég var farin að tala um skatt, — skiluðu sér aftur til landsbyggðarinnar.

Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég hefði gjarnan viljað koma inn á þessa einföldu klisju sem kemur oft fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Hann segir að annars vegar sé verið að hugsa um hag almennings og hins vegar einstaklinganna. Stjórnarflokkarnir tveir virðast að hans mati aldrei hugsa um hag almennings. Engu að síður hafa þeir staðið fyrir aðgerðum í þjóðfélaginu sem orðið hafa til þess að auka mjög kaupmátt almennings.

[17:21]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var framsóknarleg ræða enda kannski ekki við öðru að búast þegar formaður þingflokks Framsfl. talar. Hún fór samviskusamlega yfir þann texta sem hér er til umræðu. Ég fékk ekki annað skilið en að Framsfl. og hv. þm. væru hjartanlega sammála um eitt. Þeir virtust sammála því að Alþingi ályktaði að kjósa níu manna nefnd. Punktur.

Eftir því sem leið á lesturinn í ræðu hennar, heyrði ég ekki betur en hún hefði fyrirvara við langflest þau efnisatriði sem er að finna í þessari tillögu. Þetta kalla ég framsóknarlegt. Þetta var ég að ræða um áðan, þ.e. forusta Framsfl., og stjórnarflokkanna beggja raunar, hefur á síðustu dögum látið að því liggja að nú séu þeir til viðtals um eitt stærsta pólitíska deilumál síðari ára. Mér virðist hins vegar að grunur minn um að hugur fylgdi ekki máli hafi hér verið staðfestur í ræðu formanns þingflokks Framsfl. Framsóknarmenn virðast sammála um að kjósa skuli níu manna nefnd. Er þetta réttur skilningur minn, virðulegur forseti? Ég vona að forseti komi þessari spurningu minni til hv. þm. (Gripið fram í.)

[17:23]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það hól þegar hv. þm. segir að ég sé framsóknarleg. Ef ég væri ekki framsóknarleg þá væri ég ekki í Framsfl.

Hins vegar fjallaði ég býsna jákvætt um þessa tillögu. Ég styð það að þessi mál verði skoðuð af yfirvegun í þessari níu manna nefnd þar sem Framsfl. mun eiga tvo fulltrúa. Það er verið að tala um gjöld en ekki skatta.

Ég get vel skilið að hv. þm. sé dálítið taugaveiklaður yfir þessu vegna þess að þarna kemur upp ágreiningur á milli hans flokks annars vegar og Alþb. hins vegar. Hann á sjálfsagt erfitt með að sætta sig við það vegna þess sem fram undan er þó ekki verði höfð fleiri orð um það.

[17:24]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og Framsfl. erum alveg hjartanlega sammála um að öll góð mál eigi að ræða eins víða og vel og unnt er. Það er ekkert launungarmál að þetta mál, eins og önnur, á að ræða m.a. í nefnd undir þeim formerkjum sem hér er talað um. Við það breytist hins vegar ekki hin

pólitíska, háværa umræða sem er í gangi og verður í gangi. Umræðan um sérhagsmuni og almenna hagsmuni mun ekki hætta þó þetta mál fái umfjöllun í nefnd. Við skulum hafa það alveg á hreinu.

Áðan var ég hins vegar að ganga eftir því hvort hugur fylgdi raunverulega máli hjá stjórnarflokkunum, helmingaskiptaríkisstjórn íhalds og Framsóknar, sem hafa á umliðnum dögum látið líkindalega um að þeir hafi breytt um skoðun. Þeir hafa látið að því liggja að sjónarmið þeirra hafi breyst hvað varðar nýtingu, eignarhald á auðlindum þjóðarinnar, gjaldtöku fyrir nýtinguna og hvernig beri að haga henni. Mér finnst einhvern veginn að nú sé gamla framsóknarmennskan komin í algleyming, að vera opin í báða enda.

Ég vil því freista þess að spyrja, þó að ég viti að mér takist ekki að fá skýrt og afdráttarlaust svar við því, hvort Framsfl. sé sammála því að skoða bera hvernig staðið skuli að gjaldtöku. Ég spyr ekki hvort Framsfl. sé sammála því að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta með þessu auðlindagjaldi. Með öðrum orðum, er það fastneglt í efnisatriðum þessarar tillögu að menn deila ekki lengur um það hvort gjaldið skuli tekið heldur hvernig? Það eru auðvitað stórpólitísk tíðindi ef Framsfl. er orðinn sammála þessu grundvallaratriði. Um það spyr ég og bið um skýrt svar en ekki framsóknarlegt.

[17:26]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ákveðin afbrýðissemi í málflutningi hv. þm. (**GÁS:** Mér er sama hvaðan gott kemur.) yfir því að ég skuli taka svona vel undir tillögu frá Alþb.

Í fyrsta lagi vil ég benda hv. þm. á að í tillögugreininni segir að nefndin eigi einnig að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Þetta er algjört grundvallaratriði vegna þess að eins og hér hefur komið fram í umræðunni, þá eru innheimt gjöld í dag. (**GÁS:** Auðlindagjöld?) Hvort sem við köllum þau auðlindagjöld eða ekki. Í dag eru innheimt gjöld af sjávarútveginum og það er einmitt látið koma fram í þessari tillgr. að skoða þurfi þau og hugsanlega önnur gjöld að auki. Það er ekki útilokað og ég ætla ekki að útiloka það. Það hef ég ekki gert.

Áðan las ég upp samþykktir okkar þar sem fyrst og fremst var kveðið á um skatta. Við töldum alla vega svo þegar þessar samþykktir voru gerðar en það var gert fyrir einu og hálfu ári. Ég tala ekki fyrir allan flokkinn, ég tala fyrst og fremst fyrir sjálfa mig. Við höldum aftur flokksþing í haust og það er aldrei að vita hvað þá verður samþykkt. Innan Framsfl. ríkir lýðræði. Við fjöllum um öll heimsins mál á okkar flokksþingum, gerum samþykktir og vinnum samkvæmt þeim. Framsfl. er mjög frjálslyndur flokkur og í haust mun koma í ljós hverjar samþykktirnar verða. (**SvG:** Er það nú ekki fullmikið sagt?) (**Gripið fram í:** Opinn í báða enda, það er gamla, góða ...)

[17:28]

**Útbýting þingskjala:**

Framhaldsskólar, 355. mál, nál. menntmn., þskj. 833.

Notkun síma í ökutækjum, 488. mál, fsp. GHelg, þskj. 831.

Stjórn fiskveiða, 487. mál, frv. KHG, þskj. 830.

[17:29]

**Ólafur Þ. Þórðarson:**

Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning þá á Framsfl. það sameiginlegt með öllum þingmönnum sem hér eru inni að vera opinn í báða enda. Sé því á annan veg með einhvern háttað, þá vil ég biðja um að hann gefi sig strax fram svo að hægt sé að senda hann til læknis.

Varðandi það atriði sem hér er til umræðu, um hvort skipa eigi nefnd níu manna til að fjalla um auðlindagjald, þá verður að segja alþýðubandalagsmönnum það til hróss að þeir eru hér að fjalla málefnalega um hluti sem verið hafa til umræðu í þjóðfélaginu á hálfgerðum lýðskrumsgrundvelli. Menn hafa veifað því að hægt sé að leggja niður tekjuskattinn á Íslandi og taka bara upp auðlindagjald í staðinn. Það er hreint lýðskrum. Það vita allir.

Sumir hafa talað um það aftur á móti að nú eigi að fara að leggja einhver gjöld á sjávarútveginn og láta svo sem aldrei hafi verið gjöld á sjávarútveginum. Ég veit ekki betur en íslenskur sjávarútvegur hafi verið látinn borga til hins íslenska samfélags óhemjugjöld í gegnum árin. Mest var hann látinn greiða í gegnum ranga gengisskráningu sem var á íslensku krónunni áratug eftir áratug. Gjaldeyririnn sem hann skilaði inn til þjóðarinnar var hirtur af honum og hann látinn fá aðra seðla í staðinn sem skráðir voru á miklu hærra verði en raunverulegt verðmæti þeirra var. Þannig skattlögðu menn sjávarútveginn áratug eftir áratug og þetta veit hv. þm. Ágúst Einarsson mætavel enda kinkar hann kolli.

Hér er aftur á móti verið að tala um það og, með leyfi forseta, vil ég lesa þáltill.:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, ...“ — Er þá eitthvað sem ekki er upp talið? Geta menn upplýst mig um að þá sé eitthvað út undan, annaðhvort það sem við eigum eða munum eiga? Er eitthvað óljóst eða sem hægt er að bæta við upptalninguna? Rökfræðilega er það ekki hægt. Hér er búið að telja allt upp sem um er að ræða, það sem við eigum eða munum eiga. Það er kjarni málsins. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna menn telja að nú þurfi að hefja upptalningu. Það þarf mikið hugmyndaflug til að ætla að fara svo að hefja upptalningu eftir að menn eru búnir að telja allt upp. Ég verð að segja eins og er að þó að ég sé náttúrlega hlynntur því að allt sem við fáum á borð sé vel kokkað og allt það, þá vil ég helst fá að tyggja það sjálfur en ekki fá það alveg tuggið. Þess vegna sýnist mér að hér hefði getað verið amen eftir efninu eða punktur. Svo hefði mátt halda áfram.

„Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Auðvitað hefur þjóðin öll hagsmuna að gæta, það vitum við. Það þýðir ekkert að ætla að fara að sundurgreina íslenska þjóð og segja: Sumir hafa hagsmuni að gæta þegar talað er um auðlindir þessa lands og aðrir ekki. Allir sem búa í landinu hafa þar hagsmuna að gæta. Svo einfalt er það. Með leyfi forseta vil ég þá halda áfram lestrinum:

„Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og

sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu."

Allt er þetta rökrétt. Þetta er viðleitni manna sem líta á það að landið sé ekki of stórt fyrir íslenska þjóð, það sé litið á það sem eðlilegan hlut að nýta þetta land allt enda finnst mér dálítið hlálegt ef menn telja landið of stórt fyrir þjóðina þegar t.d. Bretland telur að það sé skynsamlegt hjá þeim að fara í herför til Falklandseyja bara til að viðhalda eign sinni á eyjunum.

Ég held að með þessari tillögugerð hafi Alþb. varpað fram ágætri tillögu sem ég er reiðubúinn að styðja vegna þess að hér er ekki verið að veifa þeirri vitleysu sem búið er að halda að alþýðu manna að hægt sé að kúpla út á einu bretti tekjuskattinum og lifa í vellystingum, bæta honum sem sagt við neysluvenjur þjóðarinnar og lifa á því að taka auðlindaskatt í staðinn. Þessi málflutningur hefur verið viðhafður og hann er ósæmilegur vegna þess að hann er aðför að heilbrigðri skynsemi Íslendinga, hann er blekking á þann veg að verið er að reyna að selja eitthvað sem er ekki söluvara vegna þess að það er ósatt. Það gengur ekki upp að hægt sé að skipta á þessu tvennu.

Auðvitað er það svo að ekkert verður tekið nema það sé tekið frá einhverjum. Engu að síður skiptir miklu máli hvað við þetta er gert. Þessi þjóð á stóra landhelgi sem við höfum eytt sáralitlum fjármunum í að rannsaka. Við eigum auðlindir á hafsbotni sem við höfum eytt sáralitlum fjármunum í að rannsaka. Við eigum auðlindir á landi sem við höfum eytt sáralitlum fjármunum í að rannsaka. Við þurfum að hefja stórsókn í nýtingu þessara auðlinda og við gerum það ekki nema með því að taka einhvers staðar fjármuni til þess. Þess vegna verð ég að segja eins og er að það er athyglisvert þegar ágætur hv. þingmaður eins og Guðmundur Árni Stefánsson stendur hér upp og heldur skörulegar ræður til stuðnings þessu máli, þá brýtur maður heilann um það hvort hann sé kannski að nálgast Alþb. meira en menn höfðu áður hugleitt. Hvort hann hafi gert þetta vegna áhrifa frá Framsfl. skal ég ekkert fullyrða um en auðvitað minnumst við þess allir framsóknarmenn að einu sinni ætlaði Alþfl. að hefja nautgriparækt í Krýsuvík eins og frægt varð þó það sé ekki enn komið til framkvæmda.

[17:38]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu merkileg till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald eins og rækilega hefur komið fram í umræðunni. Ég vildi leggja aðeins orð að.

Fyrst vil ég fara aðeins yfir aðdraganda tillögunnar sem mér finnst mjög merkilegur. Það er ekki óeðlilegt að fram komi á Alþingi tillaga um að skipuð verði nefnd til að fjalla um auðlindagjald. Ég tel að það sé eðlilegt og í fyllsta máta í samræmi við þá umræðu sem hefur farið fram um þau efni að undanförnu. En það merkilega við tillöguna, sem er tillaga þingflokks Alþb., er að hún er niðurstaða af miðstjórnarfundi þess flokks og þó ekki viti ég nákvæmlega hvað þar fór fram en svo virðist af fréttum frá þeim fundi að þar hafi verið mikill ágreiningur. Sú tillaga sem hér er er því afrakstur þeirrar vinnu og úrlausn á miklum ágreiningi. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að Alþb. skilar auðu frá miðstjórnarfundi en leggur það í vald Alþingis hvaða stefnu Alþb. eigi að taka í auðlindamálum.

Út af fyrir sig er allt gott um þetta að segja ef það verður síðan niðurstaðan að Alþb. sé reiðubúið til þess að hlíta þeirri niðurstöðu sem þingkjörin nefnd mun komast að, nefnd sem verður væntanlega undir forustu stærsta stjórnmálaflokksins á Alþingi. Þetta er því tímamótaaðferð hjá stjórnmálaflokki að leita með þeim hætti að niðurstöðu í innanflokksdeilum. Þetta vildi ég segja um aðdraganda tillögunnar vegna þess að hún er að þessu leyti mjög merkileg.

Ef maður lítur hins vegar á efni tillögunnar sem er að skipa opinbera nefnd um auðlindagjald þá vildi ég spyrja vegna þess að hér er í greinargerð með tillögunni m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta."

Hér er ekki lagst í lítið verkefni og ég vildi að einhverjir af flutningsmönnum og ábyrgðarmönnum tillögunnar skýrðu nánar fyrir okkur við umræðuna vegna þess að ég lít svo á að þetta sé umræða sem allir aðilar verði að taka alvarlega og þess vegna er nauðsynlegt að fá skýringar á því hvað er átt við með þessum lið í tillögunni.

Hins vegar þegar litið er á spurninguna um auðlindagjald, þá hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðunni í dag um þau frumvörp sem hv. þingmenn Alþfl. hafa verið að mæla fyrir. Þeir hafa verið að mæla fyrir tillögum sem fela í sér að leita leiða til þess að ná inn fjármunum með því að leggja skatt á auðlindanýtingu. Út af fyrir sig tekur þessi tillaga ekki beint afstöðu til þess en engu að síður er alveg ljóst, þrátt fyrir allt samfylkingartal A-flokkanna, að bullandi ágreiningur er á milli flutningsmanna þessarar tillögu og þeirra sem hafa verið að mæla fyrir tillögum í dag á vegum Alþfl. (**SvG:** Það er nú annað en í Sjálfstfl.) Bullandi ágreiningur um aðferðir við að taka gjald af auðlindum.

Ef hins vegar er litið til þess hvaða leiðir eru til að ná inn tekjum af nýtingu auðlinda er auðvitað annars vegar sú leið að leggja á skatt eða eitthvað sem mætti nefna því nafni og svo hins vegar að gera ráð fyrir því að notendur auðlindarinnar greiddu, eins og er gert í dag, tilteknar upphæðir fyrir aðganginn. Ég get ekki alveg fallist á það sem hefur komið fram fyrr í dag að það eigi að taka upp gjald af auðlindum. Það er í mínum huga gert í dag hvað varðar sjávarútveginn, nýtingu auðlinda sjávar. Þeir sem hafa aðgang að fiskimiðunum greiða tilteknar upphæðir. Þó þær séu lágar eru þær greiddar og það kerfi er til staðar í dag.

Ég hef varað mjög eindregið við því að menn settu upp eitthvað sem kalla mætti auðlindagjald eða auðlindaskatt sem væri svo hátt að það megi afleggja með öllu tekjuskatta. Ég held að sjávarútvegurinn á Íslandi megi ekki við slíkum aðgerðum. Ég hef hins vegar verið talsmaður þess og hef skrifað um það og talað um það opinberlega að ég tel að það sé eðlilegt að þeir sem nýta auðlindir sjávar greiði kostnað við eftirlit, rannsóknir og fleira sem tengist nýtingu þeirrar auðlindar. Ef menn vilja kalla það auðlindagjald þá skiptir það út af fyrir sig ekki neinu máli. Það er greitt fyrir aðganginn og ég tel að það eigi að gera það og komi vel til greina að hækka þær greiðslur í hlutfalli við þann kostnað sem fylgir eftirliti og rannsóknum.

Þetta vildi ég að kæmi fram við umræðuna, herra forseti, en lýsi að öðru leyti stuðningi mínum við að tillagan verði skoðuð og það væri fagnaðarefni ef sem flestir alþingismenn gætu sameinast um að leita leiða í þá átt sem lagt er til. Ég tel hins vegar að það sé af og frá að við getum gert ráð fyrir

því að sjávarútvegurinn á Íslandi verði skattlagður eins og ýmsir af hv. þm. Alþfl. hafa talað um í dag þegar þeir hafa mælt fyrir öðrum tillögum.

[17:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í fjarveru 1. flm. og fyrir hönd okkar flutningsmannanna vil ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið gagnleg og fróðleg og í raun og veru sýnir umræðan mjög vel að í grófum dráttum má segja að í þessari tillögu hafi tekist að skrifa niður eitthvað sem kannski nálgast það að geta heitið samnefnari allmargra aðila varðandi þessi mál, samnefnari fyrir þá umræðu sem hefur farið fram að undanförnu og hefur reyndar komið fram í yfirlýsingum forustumanna margra stjórnmálaflokka, m.a. stjórnarflokkanna, þ.e. að þeir geta vel hugsað sér að þróa málið á svipaðan hátt og hér er bent á. Satt að segja tel ég fulla ástæðu til að þakka fyrir þessa umræðu alveg sérstaklega í dag, bæði af hálfu þeirra sem talað hafa úr röðum stjórnarflokkanna en auðvitað líka þær ræður sem hafa verið fluttar af þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna, en þeir hafa beitt sér mjög í þessum málum á undanförnum árum og missirum og mér fannst að þeir opnuðu í ræðum sínum fyrir umræðu um málið.

Ég tel að það sé rétt og tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að þessi tillaga á sér þó nokkuð langan aðdraganda í Alþb. Hún hefur verið rædd á allmörgum fundum og hún er niðurstaða af vangaveltum um málin á flokkslegum vettvangi bæði á landsfundi og miðstjórnarfundum að undanförnu. Samt er ekki sanngjarnt að segja að við séum þar með að ákveða að skila auðu og að leggja málið í hendurnar á opinberri nefnd. Auðvitað er málið ekki þannig vaxið. Auðvitað er málið þannig að við munum í þessari opinberu nefnd, hvernig svo sem hún verður skipuð að öðru leyti, eins og öðrum nefndum og öðru sem við tökum þátt í, fylgja okkar grundvallarsjónarmiðum í stjórnmálum bæði að því er varðar hugsanlegt auðlindagjald og aðra þætti.

Ég vil aðeins líka vegna ábendingar hans eða spurningar um þetta hugsanlega gjald — þá er ég einnig að svara hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur — víkja að greinargerð tillögunnar, þar sem segir svo neðst á bls. 2 og efst á bls. 3, með leyfi forseta:

„Hér er m.a. lagt til að nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þeirra sem hafa hagsmuna að gæta. Um gæti verið að ræða byggðarlög sem orðið hafa fyrir beinum skakkaföllum vegna ákvarðana sem teknar hafa verið um nýtingu sameiginlegrar auðlindar, hvort sem um er að ræða fisk í sjó, orku í rennandi vatni eða í jörðu eða jarðefnanámu. Einnig mætti líta til réttlætismála eins og að jafna orkuverð."

Mér finnst að sú útskýring sem hér er ásamt greinargerðinni að öðru leyti og tillögunni sé svar að nokkru leyti við þeim fullyrðingum sem fram hafa komið um að við skilum þarna stefnulega auðu. Og að því er varðar útskýringu á tillögunni vil ég líka af okkar hálfu vísa til framsöguræðu formanns flokks okkar, Margrétar Frímannsdóttur, hv. 4. þm. Suðurl. Ég vil einnig vísa til þeirra ræðna sem hv. 5. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. e. hafa flutt hér varðandi skýringar á því efni sem í tillögunni er.

Ég vil einnig í þessum orðum mínum, herra forseti, vitna til þriggja setninga úr ræðu formanns Alþb. á miðstjórnarfundi flokksins sem haldinn var fyrir nokkrum dögum. Tillagan er niðurstaða miðstjórnarfundarins. Það er alveg rétt. Í setningarræðu sinni sagði formaðurinn þetta, með leyfi forseta:

„Í tillögum okkar alþýðubandalagsmanna hefur aldrei verið talað um skattlagningu, hvað þá skattlagningu sem komi í stað þeirra skatta sem greiddir eru í dag.

Hér er því um að ræða tillögur sem eru allt annars eðlis en þær tillögur sem komið hafa fram hjá öðrum stjórnmálaflokkum.

Menn blanda þessum tillögum saman" — þ.e. hugmyndum okkar um könnun á auðlindagjaldi — „við alls óskylda tillögu um veiðileyfagjald eða óhóflega skattlagningu á einn atvinnuveg umfram annan."

Hér er algerlega skýrt að orði kveðið af hálfu hv. 1. flm. þessarar tillögu um að við erum ekki að gera tillögu um skattlagningu, hvað þá skattlagningu, eins og það er orðað hjá henni: „sem komi í stað þeirra skatta sem greiddir eru í dag."

Ég vil síðan víkja að því, herra forseti, að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi spurninguna um það hvort skilgreiningin á jarðhitanum ætti að vera við 100 metra dýpi. Ég vil segja af því tilefni að mér finnst það vel geta verið álitamál hvort rétt sé að miða við þá tölu. Ég bendi á að stundum í umræðum að undanförnu hefur verið reynt að ná öðrum viðmiðunum og ég tel sjálfsagt að menn hljóti að ræða slíkt.

Ég tel einnig nauðsynlegt, herra forseti, í þessari ræðu minni að benda á að hér er lagt til að Alþingi kjósi níu manna nefnd. Það er mjög mikilvægt atriði. Þetta mál er lagt í hendur Alþingis. Það er Alþingi sem tekur ákvörðunina og auðvitað vill svo illa til með flokkaskipun á Alþingi að Sjálfstfl. hefði sjálfsagt nokkuð sterka stöðu í þeirri nefnd. Þó liggur ekkert fyrir um það að hann hefði formanninn í nefndinni vegna þess að Sjálfstfl. hefur sem betur fer ekki meiri hluta enn þá í þessari stofnun þannig að það er fyrirkomulagsatriði sem eftir er að ræða. En mér finnst mjög mikilvægt að hér er tillaga um að þetta mál verði sett í hendurnar á Alþingi en ekki í hendurnar á ríkisstjórn. Ég vek athygli á því að á upphafi þessarar tillögu og annarra þáltill. er grundvallarmunur. Það er fyrst og fremst vegna þess að við teljum að þetta sé pólitískt mál, verkefni flokkanna, verkefni þeirra fulltrúa sem hér sitja í þessari stofnun, mikið frekar en málefni framkvæmdarvaldsins. (**Gripið fram í:** ... ekki meiri hluti á þingi?) Að sjálfsögðu er meiri hluti á þingi en það næst líka oft samstaða á Alþingi eins og hv. þm. þekkir og hv. þm. veit það líka að meiri hlutarnir, ef ég má nota það orð í fleirtölu, geta verið margs konar. Að mati hv. þm. er t.d. væntanlega talsverður munur á núverandi meiri hluta og þeim síðasta, þ.e. fyrir síðustu kosningar, þó að skiptar skoðanir séu um það í salnum að öðru leyti.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að Alþingi fjalli um þetta málefni og ég tel það reyndar höfuðatriði. Þess vegna finnst mér að segja megi að Alþb. hafi e.t.v. með þessari tillögu hitt á að skapa texta sem gæti orðið nokkuð víðtæk samstaða um og það er mikilvægt. Ég hef tekið eftir því að einn og einn maður hefur kannski dregið í efa að það væri mikið framfaraspor að samþykkja tillögu af þessu tagi. Ég dreg það ekki í efa eitt augnablik að það væri mikið framfaraspor og gæfuspor fyrir þjóðina að ná málinu inn á samstarfsvettvang eins og þá nefnd sem hér er gerð tillaga um.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram þar sem ég tel að ræðumenn hafi yfirleitt

lagt sig fram um að fjalla um málið af sanngirni og hófsemi, svo notað sé orðalag úr tillögunni sjálfri.

[17:54]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir ágæta ræðu og yfirferð yfir það sem hér hefur verið rætt. En ég vil spyrja um eitt atriði sem mér finnst skipta miklu máli vegna þess að hann lagði mjög ríka áherslu á að hér væri tilraun til þess að ná víðtækri sátt í þinginu, víðtækri sátt á hinum pólitíska vettvangi um gjaldtöku af auðlindum og þá ekki síst auðlindum sjávarins. Þess vegna vildi ég heyra afstöðu þingmannsins til þess spursmáls sem mjög hefur verið rætt og ekki síst af fulltrúum Alþfl. sem hv. 8. þm. Reykv. er væntanlega í viðræðum við um samfylkingu, þ.e. spursmálsins um auðlindaskatt, að auðlindagjald í sjávarútvegi verði kosningamál næst þegar kosið verður til Alþingis. Er þess að vænta að svo sé litið á að hér sé um úrslitakosti að ræða sem fylgi þessari tillögu, þ.e. ef ekki verði niðurstaða og menn fallist ekki á að finna leiðir til að leggja á auðlindaskatt, þá telji Alþb. að í næstu kosningum verði kosið um spurninguna hvort það eigi að leggja á auðlindaskatt? Ég vildi fá að heyra frá hv. þm. um þetta.

[17:56]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú ekki kippa rekstrargrundvellinum undan öllum auglýsingastofum í landinu með því að upplýsa hv. þm. um hvað verður kosið í næstu kosningum í einstökum atriðum. Um það veit ég bara ekkert. En við teljum að nauðsynlegt sé að rannsaka þetta mál rækilega. Þess vegna er tillagan svona orðuð. Við viljum rannsaka alla þætti þess, m.a. efnahagsleg áhrif í heild og allt sem að þessu lýtur. Okkur dettur ekki í hug — ég trúi því ekki að nokkrum manni hafi dottið það í hug í okkar flokki — að setja könnunartillögu af þessu tagi sem þó felur í sér ákveðin pólitísk skilaboð, upp sem einhverja úrslitakosti. Við höfum sagt: „Þetta er tillaga um að kanna forsendur fyrir auðlindagjaldi." Við erum á móti skatti í þessu sambandi. Það liggur fyrir og hefur aftur og aftur verið sagt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti það mjög vel fyrr í dag hver væri munurinn að hans mati á skatti og gjaldi í þessu efni. Við erum því ekki að skrifa upp forsendur fyrir næstu kosningum, enda getum við það eiginlega ekki.

[17:57]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður með þetta svar hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég hef einnig hlýtt á ræður hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Hann hefur mjög ákveðnar meiningar í sambandi við þessi mál og sérstaklega álagningu auðlindagjalds eða auðlindaskatts. Ég dreg þá ályktun af svari hv. þm. að það megi jafnvel búast við þeim tíðindum að Alþfl., í ljósi samfylkingarviðræðna og þessarar tillögu Alþb., muni draga til baka hugmyndir sínar um auðlindaskatt. Ef þeir gera það ekki þá eru þeir ekki hæfir til samstarfs eða viðræðna um þá leið sem Alþb. er að leggja til hér og ég hef sagt hér við þessa umræðu að mér finnist skynsamleg og ég geti vel fallist á þá tilraun sem þeir leggja hér upp með.

Alþfl. hefur verið mjög einarður í þeirri afstöðu sinni að það eigi að leggja á auðlindaskatt, auðlindaskatt sem jafnvel leiði til þess að hægt verði að leggja af alla tekjuskattsálagningu í landinu og falla þar með frá þeirri tekjujöfnun sem tekjuskattur felur í sér í rauninni. Ég tel afar mikilvægt að fljótlega fáist í þinginu svar við þeirri spurningu hvort Alþfl. hafi fallið frá þessum hugmyndum. Ég get að sjálfsögðu, herra forseti, ekki ætlast til þess að hv. 8. þm. Reykv. svari þeirri spurningu en það er nauðsynlegt að hann hafi það veganesti í samfylkingarviðræður sínar við Alþfl.

[17:59]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurninguna um skatt og ekki skatt þá vísa ég til ræðumanna okkar alþýðubandalagsmanna fyrr í dag, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og í sjálfu sér er ekkert meira um það að segja. Afstaða okkar í þeim efnum er algerlega skýr.

Varðandi hins vegar það hvaða áhrif tillaga af þessu tagi hefur á aðrar tillögur sem hafa komið fram í þinginu þá er það auðvitað mál flutningsmannanna sjálfra að meta hvað þeir gera í þeim efnum. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir hlýhug í garð okkar alþýðubandalagsmanna en við munum sjálfir af bestu getu reyna að meta hverjir eru hæfir til samstarfs við okkur og hverjir ekki.

[18:00]

**Útbýting þingskjala:**

Kosningar til sveitarstjórna, 225. mál, nál. félmn., þskj. 827; brtt. félmn., þskj. 828.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 7. og 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

## 73. FUNDUR

mánudaginn 23. febr.,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 425. mál, þskj. 750. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 426. mál, þskj. 751. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, þáltill., 465. mál, þskj. 798. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 152. mál, þskj. 152. — 1. umr.
9. Stjórn fiskveiða, frv., 189. mál, þskj. 191. — 1. umr.
10. Stjórn fiskveiða, frv., 236. mál, þskj. 269. — 1. umr.
11. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv., 252. mál, þskj. 297. — 1. umr.

12. Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv., 263. mál, þskj. 330. — 1. umr.
13. Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, þáltill., 269. mál, þskj. 337. — Fyrri umr.
14. Rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, þáltill., 308. mál, þskj. 383. — Fyrri umr.
15. Stjórn fiskveiða, frv., 487. mál, þskj. 830. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[15:03]

**Útbýting þingskjala:**
Umhverfisstefna í ráðuneytum og ríkisstofnunum, 490. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 834.
Þátttaka í sjávarútvegsverkefnum erlendis, 420. mál, svar sjútvrh., þskj. 835.
Þjóðhagsstofnun, 489. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 832.

***Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 459. mál (endurgreiðsla sérfræðikostnaðar). — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Eignarhald á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.***

Frv. SighB o.fl., 425. mál. — Þskj. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Virkjunarréttur vatnsfalla, frh. 1. umr.***

Frv. SighB o.fl., 426. mál. — Þskj. 751.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, frh. fyrri umr.***

Þáltill. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.***

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Geir H. Haarde,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Kristjánsson,
Sólveig Pétursdóttir,
Svavar Gestsson,
Vilhjálmur Egilsson,
Valgerður Sverrisdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir,
Kristján Pálsson.

***Stjórnarskipunarlög, 1. umr.***

Frv. GGuðbj o.fl., 152. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 152.

[15:08]

**Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):**
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Frumvarpsgreinin er aðeins ein fyrir utan gildistökugreinina og hljóðar svo, með leyfi forseta:
„Á eftir 72. gr. kemur ný grein er verður 73. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:
Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á

um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum."

2. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þó er augljóst, því að hér er um stjórnarskrártillögu að ræða, að hún getur ekki orðið að lögum fyrr en í lok kjörtímabilsins.

Frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga var flutt á síðasta þingi en var eigi útrætt enda um stjórnarskrárbreytingu að ræða. Síðan þá hefur umræðan í þjóðfélaginu verið mikil um mikilvægi þess að nytjastofnar í hafinu í kringum Ísland haldist í þjóðareign eins og lög gera ráð fyrir. Þverpólitísk almannasamtök hafa verið mynduð sem hafa það að meginmarkmiði að fiskveiðiauðlindin verði sameign íslensku þjóðarinnar en ekki einstaklingseign þeirra sem hafa nýtingarréttinn hverju sinni. Ein mikilvæg leið til að tryggja það er að festa ákvæði um slíkt inn í stjórnarskrá eins og hér er lagt til.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta náttúruauðlind íslensku þjóðarinnar. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá árinu 1988 verið ákvæði um að þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis.

Þetta markmið var áréttað árið 1990 með því að setja í 3. málsl. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þessi grein er því að mínu mati mjög traust í núverandi fiskveiðistjórnarlögum en henni væri hægt að breyta með einfaldri lagabreytingu. Það er ekki síst þess vegna sem ég tel mjög mikilvægt að setja í stjórnarskrá ákvæði um að þetta verði áfram eign þjóðarinnar því að núna heyrast ýmsar raddir um að æskilegt væri að breyta þessu ákvæði. Bæði eru það raddir í þá veru að þetta eigi að vera eignarréttarbundið samanber sjónarmið LÍÚ og fleiri en einnig er þau sjónarmið til að þetta eigi að vera eign ríkisins sem gengur kannski lengra í hina áttina. Ég mun koma nánar að þessum röksemdum á eftir.

Með ákvæði fyrri málsliðar 2. mgr. 1. gr. frv., þ.e. að auðlindin sé sameign þjóðarinnar, er verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn hverju sinni. Ástæða þykir til að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að það sé lögbundið bæði vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd og hins að einföld lagabreyting dugar nú til að kollvarpa þessu ákvæði.

Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi skal minnt á hið mikla brottkast sem getur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og á mikilvægi þess að rannsóknir á viðgangi auðlindarinnar séu öflugar. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindanna eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst lífsviðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji. Spyrja má hvort það sé til almannaheilla að heilu byggðarlögin missi lífsviðurværi sitt.

Í greinargerðinni er farið dálítið tæknilega út í skilgreininguna á hugtakinu nytjastofnar og vísast þar í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Sú grein er svohljóðandi:

„Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um."

Það hafsvæði sem fullveldisréttur nær nú til er skilgreint í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Er fullveldisréttur Íslands yfir landhelgi og efnahagslögsögu skilgreindur í 2. og 4. gr. laganna. Athygli skal vakin á því að ákvæði fyrri málsliðar 1. gr. frv. nær einnig til botnlægra fiskstofna á landgrunninu utan efnahagslögsögu sem fullvirðisréttur Íslands nær til skv. 6. gr. laga nr. 41/1979.

Virðulegi forseti. Frv. þetta er nær samhljóða frv. því sem hæstv. forsrh. flutti á síðasta kjörtímabili, 118. löggjafarþingi 1994–1995, sem stjórnarfrv. Alþfl. og Sjálfstfl. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Af þessu má ætla að um efni þessa frv. sé víðtæk sátt í þinginu. Því vona ég að hæstv. sjútvrh., sem var hér í salnum rétt áðan, heyri orð mín, því ég vildi spyrja hann hvort ríkisstjórnin hyggst koma með frv. af þessu tagi á næsta þingi, þ.e. síðasta þingi fyrir kosningar, eða hvort hún hefur skipt um skoðun í þessum efnum. (Gripið fram í.) Er ráðherrann í húsinu?

(**Forseti** (GÁS): Hvaða ráðherra var það sem ... )

Það var sjútvrh.

(**Forseti** (GÁS): Hann er í húsinu já.)

Já, hann þarf gjarnan að vera við umræðuna á eftir. Þess vegna hefði hann þurft að heyra þessa spurningu mína og jafnvel fleiri sem koma hér á eftir. Er hann ekki við?

(**Forseti** (GÁS): Jú, það er verið að hafa upp á honum.)

Virðulegi forseti. Í framsögu minni fyrir þessu máli í febrúar 1997 vitnaði ég m.a. í prófessor Sigurð Líndal. Hann hélt því fram að 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé haldlaust ákvæði ef það eigi að tryggja raunverulegt eignarhald þjóðarinnar á fiskveiðistofnunum. Ástæðan að hans mati er sú, og ég vitna beint í hans orð, með leyfi forseta, „að þjóðin hafi engin þau eignarráð yfir nytjastofnunum sem eignaréttindum fylgja samkvæmt lagabókstaf og lagafræðum."

Í framhaldi af þessu vil ég vitna í tveir greinar lögfræðinga, sem nú eru nýkomnar út, til þess að varpa ljósi á stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis og um leið velta fyrir mér hvort ganga beri enn lengra en hér er lagt til, þ.e. hvort ganga beri svo langt að lýsa eigi yfir eign ríkisins á þessum auðlindum en ekki bara þjóðarinnar.

Annar fræðimaðurinn sem ég ætla að vitna í er prófessor Þorgeir Örlygsson. Hann flutti erindi á ráðstefnu sem kallaðist Hver á kvótann? og hefur hann skrifað greinar um þau mál, m.a. í Morgunblaðið.

Hinn fræðimaðurinn er Skúli Magnússon og vitna ég í grein sem nýlega birtist í tímaritinu Úlfljóti. Í grein Skúla Magnússonar segir m.a., með leyfi forseta, á bls. 617–618:

„Kvótakerfið var í upphafi einungis sett til bráðabirgða en síðan framlengt þrívegis með tímabundinni löggjöf. Þrátt fyrir að slík lagasetning geti tæpast talist æskileg með tilliti til réttaröryggis, er ljóst að við slíkt fyrirkomulag geta menn tæplega bundið miklar væntingar. Þegar kvótakerfið var fest í sessi árið 1990 með lögunum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, var það gert með skýrum fyrirvara um að aflaheimildir væru ekki eign í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrár og löggjafinn hefði allt að einu frjálsar hendur um breytingar á fiskveiðistjórn án þess að baka sér bótaskyldu samkvæmt reglu 72. gr. stjórnarskrár.

Allt frá upphafi kvótakerfisins árið 1984 hafa aflaheimildir þannig verið háðar fyrirvörum, fyrst um tímabundið gildi og síðar um að þær mynduðu ekki stjórnarskrárvarinn eignarrétt. Þannig virðist ótvírætt að handhafar aflaheimilda hafa aldrei mátt ráða af lagasetningu um fiskveiðistjórn að samkvæmt henni hefðu þeir undir höndum, til ótakmarkaðs tíma, stjórnarskrárvarða hagsmuni. Sé á annað borð fallist á að löggjafinn geti með gildandi hætti gert fyrirvara um að réttindi, sem stofnað er til eða nánar eru afmarkaðir með löggjöf, njóti ekki verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrár, þykir einsýnt að svo hefur verið gert með gildandi hætti hvað varðar aflaheimildir. Samkvæmt framangreinu verður það niðurstaðan hér að aflaheimildir teljist ekki eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrár.

Vegna 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga eru löggjafanum þannig engin takmörk sett í skerðingunum á aflaheimildum þrátt fyrir að þau séu fjárhagslega verðmæt réttindi, gangi kaupum og sölum og séu andlag eignarskatts. Slíkt íþyngjandi ákvæði ber augljóslega að skýra þrengjandi lögskýringu. Verður ákvæðið því ekki talið hagga við eðli aflaheimilda að öðru leyti svo sem í skiptum lögaðilja, við veðsetningu eða skattalega meðferð enda er tilgangur þess ekki sá. Eins og áður er minnst á haggar þessi niðurstaða ekki heldur við því að fiskveiðiréttur í sjó, án tillits til afmörkunar hans í aflaheimildir, njóti væntanlega eignarréttarverndar sem atvinnuréttur. Sú eignarréttarvernd er því þó ekki til fyrirstöðu að aflaheimildir séu afnumdar eða verulega skertar þrátt fyrir að með þessu séu löggjafanum settar almennar skorður um lagasetningu um fiskveiðar í sjó."

Og síðar segir í niðurstöðukafla:

„Aflaheimildir hafa öll mikilvægustu einkenni eignarréttinda. Þykir óhætt að fullyrða að aflaheimildir nytu verndar 72. gr. stjórnarskrár" — og athugið — „ef ekki kæmi til áskilnaður löggjafans í aðra átt."

Það er 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sem að hans mati er algjör lykilgrein sem kemur í veg fyrir að hægt verði að líta á nytjastofnana sem einkaeign. Og áfram segir hann:

„Ekki verður komist hjá því að telja að sá fyrirvari sem fram kemur í 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga hafi gildi á þá leið að löggjafinn geti breytt núgildandi fiskveiðistjórnun án þess að það leiði til bótaskyldu vegna missis eða skerðingar aflaheimilda. Samkvæmt þessu getur löggjafinn kollvarpað kvótakerfinu; kveðið á um nýtt fyrirkomulag um fiskveiðistjórn og þannig afnumið aflaheimildir án þess að handhöfum þeirra beri bætur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár."

Skúli Magnússon kemst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga sé mjög mikilvæg og það sé vegna hennar sem fiskiheimildirnar séu ekki einkaeign þeirra sem fara með nýtingarréttinn.

Prófessor Þorgeir Örlygsson kemst að sams konar niðurstöðu. Hann fer þó inn á svipaða röksemdafærslu og prófessor Sigurður Líndal gerir, þar sem hann segir m.a. í niðurstöðukafla sinnar greinar, með leyfi forseta:

„Fiskstofnar á Íslandsmiðum og hafsvæðinu umhverfis landið eru verðmæti, sem ekki geta verið undirorpin einstaklingseignarrétti nokkurs manns. Þá verður heldur ekki talið að íslenska þjóðin eða þjóðarheildin geti verið eigandi í lögfræðilegri merkingu þess hugtaks, hvorki þessara réttinda né annarra, því þjóðin sem slík hefur engar þær heimildir sem almennt felast í eignarrétti."

Þarna er hann sem sagt að koma inn á það að þó þetta sé ekki einkaeign geti þetta heldur ekki verið þjóðareign.

Í öðru lagi segir prófessor Þorgeir Örlygsson:

„Sú yfirlýsing í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, er villandi að því leytinu til að hún gefur til kynna að með ákvæðinu sé verið að tryggja þjóðinni eignarrétt af einhverju tagi. Hins vegar felst í þessu orðalagi ákveðin markmiðsyfirlýsing, þ.e. að nýta beri fiskstofnana við landið til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, auk þess sem segja má að í yfirlýsingunni felist nokkur áréttíng þeirrar fornu reglu að allir megi veiða í hafalmenningum innan þeirra marka sem lög segja til um hverju sinni."

Ég held áfram að vitna í prófessor Þorgeir Örlygsson, en hann segir einnig í niðurstöðupunkti:

„Í þeim fyrirvara 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum, ásamt framangreindri markmiðslýsingu, felast þau skilaboð löggjafans til handhafa veiðiheimildanna að þeir geti ekki litið á veiðiheimildirnar sem stjórnarskrárvarða eign sína. Dómstólar hafa nú þegar vikið að því í úrlausnum sínum að rétthafarnir hafi að lögum ekki tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað veiðiheimildirnar sér til tekjuöflunar þótt réttindin séu þeim verðmæt nú um sinn."

Í fjórða lagi nefnir hann að löggjafinn geti afnumið núverandi stjórnkerfi, gefið veiðar frjálsar, breytt því eða tekið upp annað kerfi.

Í fimmta lagi — og þann punkt vil ég ítreka alveg sérstaklega — vekur prófessor Þorgeir Örlygsson athygli á og varpar því fram til umhugsunar, og ég vil gera það hér þó það sé ekki lagt til í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga — „hvort löggjafinn geti lýst yfir eignarhaldi ríkisins á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Í því sambandi skal minnt á að við setningu vatnalaganna árið 1923 var hart tekist á um það hversu víðtækur hagnýtingarréttur vatna hér á landi ætti að vera. Var þá í aðalatriðum tekist á um það hvort ríkið ætti að eiga vatnsréttindin eða hvort sá réttur ætti að fylgja landareignum, þ.e. vera í einstaklingseigu."

Á það skal minnt að nú er nákvæmlega tekist á um þetta í mörgum stórum málum í þinginu.

Áfram segir prófessor Þorgeir: „Segja má að niðurstaðan hafi orðið sú að einstaklingseignarrétturinn hafi sigrað. Með því fyrirkomulagi, sem vatnalögin frá 1923 bjóða, var komið á ákveðinni réttarstöðu. Því má velta fyrir sér hvort löggjafinn hafi ekki heimild til þess nú að kveða á um aðra skipan mála varðandi vatnsréttindi, t.d. lýst yfir eignarrétti ríkisins, en þá að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að fullnægt sé áskilnaði stjórnarskrárinnar til slíkrar framkvæmdar."

Síðan er vitnað frekar í ummæli sem féllu á 121. löggjafarþingi og prófessor Þorgeir segir enn fremur:

„Hvort það er raunhæft að ætla að löggjafinn lýsi yfir eignarhaldi ríkisins á nytjastofnum á Íslandsmiðum, og hvað í slíkum eignarrétti mundi felast, skal ósagt látið, en þessu varpað fram til umhugsunar í tengslum við vatnsréttindi og auðlindir í jörðu. Í því sambandi vil ég minna á tiltekið orðalag sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttardóminum síðari, þ.e. Hrd. 1981. 1584, en þar segir:

„Í máli þessu leitar stjórnvald, fjármálaráðherra f.h. ríkisins, dómsviðurkenningar á beinum eignarrétti ríkisins á Landmannaafrétti. Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið.““

Virðulegi forseti. Ég mun leggja til á eftir að þetta frv. fari til sérnefndar þeirrar sem var kosin áðan og þó að það sé ekki í frumvarpstextanum sjálfum mun ég mælast til þess og fylgja því eftir sjálf í þeirri nefnd að athugað verði mjög gaumgæfilega hvort ástæða sé til þess að lýsa því yfir að nytjastofnarnir í hafinu verði eign ríkisins ef það er svona veikt að mati lögfræðinga að kveða á um að þeir séu sameign þjóðarinnar.

Hér er fyrst og fremst lagt til að auðlindin verði áfram sameign þjóðarinnar vegna þess að ég tel mun styrkara að hafa það í stjórnarskrá en aðeins sem lagaákvæði af þeim ástæðum sem ég skýrði út áðan.

Virðulegi forseti. Fram undan eru mikil átök í íslenskum stjórnmálum um það hvort auðlindir þjóðarinnar eigi að vera í einkaeign eða í eign íslenska ríkisins. Ákvæðið um sameign íslensku þjóðarinnar er óskýrt lagalega að mati lögfræðinga, færustu sérfræðinga á því sviði, og því er mikið umhugsunarefni hvort taka eigi af allan vafa og kveða skýrar á og nefna íslenska ríkið í þessu sambandi.

Á áðurnefndri ráðstefnu, Hver á kvótann? var það sjónarmið sett fram af Ragnari Árnasyni prófessor og fleirum að æskilegra væri að aflaheimildir væru skýr einkaeign og féllu undir 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að ríkið væri gert bótaskylt ef kerfinu væri breytt. Um þetta eru að sjálfsögðu margir sammála, m.a. LÍÚ sem hefur haft þessa stefnu. Um þetta sjónarmið segir Skúli Magnússon, með leyfi forseta, í áðurnefndri grein úr Úlfljóti:

„... fyrirvari 3. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, hlýtur að vinna gegn þeim tilgangi laganna að skapa útgerðarmönnum „nauðsynlegar forsendur til að byggja á ákvarðanir um fjárfestingar og önnur þau atriði er langtímaáhrif hafa.“ Þvert á móti þurfa sjávarútvegsfyrirtæki ekki einungis að glíma við þá óvissu sem ávallt ríkir um viðgang fiskstofnanna heldur einnig hvort og hvernig þau munu halda aflaheimildum sínum til frambúðar.“

Þessi sjónarmið sýna að það er mjög eðlilegt í þeirri umræðu sem nú á sér stað og í þeim átökum sem eiga sér stað hér á þinginu um það hvort auðlindir þjóðarinnar eigi að vera í eigu ríkisins eða í einkaeign, að velta því upp hvort ástæða sé til að styrkja sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna betur, annaðhvort með því að taka það óbreytt upp í stjórnarskrá eins og hér er lagt til og þar með verði ekki hægt að breyta því nema rjúfa þing og hafa kosningar eða þá með því að kveða skýrar á um að nytjastofnarnir séu eign ríkisins. Þar sem nytjastofnarnir í hafinu eru langmikilvægasta náttúruauðlind þjóðarinnar tel ég afar brýnt að ákvæðið verði skoðað vel, sett í stjórnarskrá eins og það hljómar hér og að nefndin íhugi það vel, fari í gegnum þá umræðu núna, því að það er ljóst að þetta mál verður ekki að lögum á þessu þingi, hvort það beri að styrkja ákveðið enn frekar með því að kveða á um eign ríkisins.

Virðulegi forseti. Aðeins að lokum vil ég geta þess að ég hef verið að lesa ýmis gögn, m.a. Alþingistíðindi frá því að kvótakerfið komst á árið 1983. Einnig hef ég lesið nýlega mastersritgerð Óðins Gunnars Óðinssonar, Fagur, fagur fiskur í sjó, sem nýlega var til umræðu, m.a. í Morgunblaðinu, en þar segir Óðinn m.a. í ritgerð sinni, með leyfi forseta, og er þá að ræða um tímann áður en lögin voru sett 1983:

„Ekki var mikið deilt um eignarhald á fiskimiðunum frekar en margt annað sem síðar átti eftir að verða uppspretta harðvítugra deilna milli manna eftir tilkomu fiskveiðistjórnarlaganna árið 1983. „Auðvitað á íslenska þjóðin öll fiskimið“ (Alþingistíðindi 1983–84 B 1987:2070), segir sjávarútvegsráðherra. Síðan bætir hann við.

„Ég tek undir það“ — þarna var Halldór Ásgrímsson sjútvrh. — „og um það hefur aldrei verið pólitískur ágreiningur. ... Hins vegar er óþarfi að mínu mati að setja slíkt ákvæði inn í þessi lög. Það er nú svo að ekki verður allt ákveðið í lögum sem betur fer. (Alþingistíðindi 1983–84 B 1987:2070).““

Enda var ekkert slíkt ákvæði sett inn í lögin 1983. (**Gripið fram í:** Það var fellt.) Það er held ég alveg eins gott, þó að það hafi verið fellt 1983, að þetta kom inn 1988 og síðan enn styrkt 1990, miðað við þá niðurstöðu sem nú liggur fyrir að mati lögfræðinga.

„Svar þetta kemur í framhaldi af tillögu Alþýðubandalagsins, 16. desember, um að leggja til að „[f]iskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar [séu] þjóðareign, sameign allra Íslendinga“ (Alþingistíðindi 1983–84 B 1987:1928) Svar ráðherra grundvallast að einhverju leyti á því að hann sér ekki fyrir þá breytingu, frekar en margir aðrir, sem átti eftir að verða á meðhöndlun auðlindarinnar sem eignar. Hann getur ekki séð hana vegna þess að hann eins og flestir aðrir er mótaður af og flæktur í viðhorf til hennar sem eiga sér langa sögu í íslenskri vitund, viðhorfi sem byggist á jöfnum rétti til aðgangs að henni. „Hvaða þörf er á að setja þetta?“, er kallað fram úr þingsal. „Hefur þetta verið eitthvað öðruvísi?“ (Alþingistíðindi 1983–84 B 1987:2003).“

Hér lýk ég tilvitnun minni, hæstv. forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Þetta viðhorf sýnir mér að það er eins gott að styrkja þetta ákvæði. Þetta viðhorf hefur verið með þjóðinni frá alda öðli og nú ber að styrkja þetta ákvæði með því að setja það inn í stjórnarskrá og því er þetta frv. flutt.

Er hæstv. ráðherra ekki í salnum?

(**Forseti** (GÁS)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu og ég gerði honum viðvart fyrir margt löngu. Ég geng út frá því að hann hafi lagt við hlustir.)

Ef ekki, þá mun ég nota tækifærið við sjávarútvegsumræðuna á eftir og spyrja þessarar spurningar aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Frv. KHG, 189. mál (handfæraveiðar, veiðiskylda, krókaveiðar o.fl.). — Þskj. 191.

*og*

***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Frv. KHG o.fl., 236. mál (brottfall laga). — Þskj. 269.

*og*

***Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.***

Frv. KHG og HG, 252. mál (Hafrannsóknastofnun o.fl.). — Þskj. 297.

*og*

***Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, 1. umr.***

Frv. SJS o.fl., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 330.

*og*

***Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, fyrri umr.***

Þáltill. HG, 269. mál. — Þskj. 337.

*og*

***Rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, fyrri umr.***

Þáltill. GE o.fl., 308. mál. — Þskj. 383.

*og*

***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Frv. KHG, 487. mál (frysti- og vinnsluskip). — Þskj. 830.

[15:39]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir fjórum frv. sem öll lúta að sjávarútvegi. Það er frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á þskj. 191., frv. um afnám sömu laga á þskj. 269, frv. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna á þskj. 297 og í fjórða lagi frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á þskj. 830.

Í þessum fjórum lagafrv. eru lagðar til breytingar á þrennum lögum, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Fyrr á þessu þingi flutti ég frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem kvað á um bann við afskriftum aflahlutdeildar en efnisatriði þess frv. hafa þegar náð fram að ganga að nokkru leyti.

Þá er rétt að geta þáltill. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald sem allir þingmenn þingflokksins flytja og frv. til stjórnarskipunarlaga flutt af sjö þingmönnum flokksins sem kveður á um þjóðareign á auðlindum í sjó og á hafsbotni.

Loks vil ég minna á tvö önnur þingmál sem eru á dagskrá í dag, annars vegar þáltill. Hjörleifs Guttormssonar um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og hins vegar frv. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum flutt af þremur þingmönnum flokksins undir forustu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Í því frv. eru lagðar til breytingar á þrennum lögum, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Samtals hafa verið flutt níu þingmál sem snúa að margvíslegum viðfangsefnum í sjávarútvegi, eignarhaldi, skattlagningu, umgengni um nytjastofna, stjórn veiðanna og rannsóknir. Málatilbúnaður þessi endurspeglar mikla umræðu í þjóðfélaginu þar sem ólíkir hagsmunir rekast á og undirstrikar að fjarri því fer að sátt ríki í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin.

Innan Alþb. er unnið að endurskoðun sjávarútvegsstefnu flokksins og er ljóst að verulegar áherslubreytingar eru í vændum svo sem lesa má í landsfundarsamþykkt flokksins frá því í nóvember sl.

Í þeim fjórum frv. sem ég mæli nú fyrir eru annars vegar lagðar til verulegar breytingar á núgildandi löggjöf um stjórn veiðanna og hins vegar grundvallarbreytingar um skipan þeirra til framtíðar. Í síðarnefnda flokknum eru tvær megintillögur. Fyrri tillagan lýtur að rannsóknum í þágu atvinnuveganna. Þar er lagt til að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunar verði færð undir umhvrn. og þar með hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Þá mun umhvrn. gera tillögur um almennt skipulag veiðanna, setja almennar reglur um notkun veiðarfæranna og veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra. Sjútvrn. mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mat á sjávarafurðum.

Með þessu er lögð ríkari áhersla en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhvrn. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það er fullkomlega fráleitt að stórútgerðarmenn sitji í stjórn Hafrannsóknastofnunar og ráði þar miklu um tillögur stofnunarinnar um veiði úr einstökum stofnum.

Eitt er víst að ekki hafa þeir sóst eftir því að sitja í stjórn stofnunarinnar til þess að hafa engin áhrif. Ástand einstakra fiskstofna um þessar mundir, svo sem karfa og grálúðu, er skýrt dæmi um hagsmunagæsluna. Þá vekur það undrun að Hafrannsóknastofnun skuli lítið gera úr brottkasti

afla og verja aflakvótakerfið baki brotni. Í sjávarútvegi eru fleiri hagsmunir en hagsmunir stórútgerðarmanna og LÍÚ og fræði- og vísindastofnun verður að geta skilið sig frá einstökum hagsmunahópum. Æ sér gjöf til gjalda, og það skyldi enginn láta sér detta í hug að Kristján Ragnarsson og félagar skattleggi sjálfa sig um liðlega 1 milljarð kr. til þess að gefa Hafrannsóknastofnun nýtt og fullkomið skip án þess að ætla sér að fá eitthvað í staðinn.

Allir sjá að ákvörðun í Hafrannsóknarstofnun getur haft áhrif á gengi hlutabréfa í stórum útgerðarfélögum eins og Granda. Framkvæmdastjóri þess fyrirtækis ætti því ekki að sitja í stjórn Hafrannsóknastofnunar eins og nú er. Það er algert grundvallaratriði að skilja stofnunina frá hagsmunaaðilum eins og lagt er til í frv. mínu og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Í því frv. eru almennar rannsóknir og tilraunir er snerta gróðurvernd og skipulag landnýtingar færðar undir forræði umhvrn. frá landbrn. Samhliða er gert ráð fyrir að yfirstjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði færð frá atvinnuvegaráðuneytinu til umhvrn. Áhersla er lögð á að með rannsóknum verði aflað hlutlægra upplýsinga sem hægt sé að leggja til grundvallar við skipulag landnotkunar og nýtingar einstakra þátta. Eftir sem áður væri nýting lands í þágu landbúnaðar á verksviði landbrn. og í framtíðinni væntanlega á grundvelli vandaðs skipulags.

Síðari tillagan um grundvallarbreytingu er frv. um afnám laga um stjórn fiskveiða sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

Nauðsynlegt þykir að fella niður öll réttindi til veiða samkvæmt gildandi lögum og endurúthluta á grundvelli nýrra laga. Ástæður þess eru einkum að grundvöllur upphaflegrar úthlutunar veiðiheimilda hefur raskast mjög. Dreifing þeirra eftir byggðarlögum og útgerðarflokkum hefur raskast svo við það verður ekki unað lengur. Með samþykkt frv. tekur Alþingi af öll tvímæli um forræði sitt til lagasetningar um nýtingu fiskstofna og gildi núgildandi laga um þjóðareign á fiskstofnunum verður óumdeilt. Gildandi lög hafa, að mati flutningsmanna, ekki leitt til einkaeignarréttar á fiskstofnum eða nýtingu þeirra og því er hægt að fella niður réttindin bótalaust. Stöðugar deilur eru uppi um núgildandi kerfi og ekki sjáanlegt á því verði lát.

Augljóst er að kerfið ver sérlega vel hagsmuni stórútgerða, einkum frysti- og vinnsluskipa. En bátaútgerð og ísfiskskip eiga í vök að verjast. Undanfarin ár hefur hallað mjög á flesta sjávarútvegsstaði landsins og fylgir sú hnignun minnkandi hlut landvinnslunnar í botnfiskafla og vaxandi hlut sjóvinnslunnar. Minnkandi hlutur landvinnslunnar er í beinu sambandi við undanhald dagróðra- og ísfiskveiða.

Athyglisvert er að á þessu árabili hefur verið beitt fádæma niðurskurði í veiðum á þorski og veltir það upp spurningunni um samband milli niðurskurðarins og styrkari stöðu stórútgerðarinnar.

Margir hafa velt því fyrir sér hvort ákvörðun um niðurskurð á þorskveiðum hafi gert frystiskipum kleift, með hjálp lagaákvæða þeim í vil, að kaupa til sín aflaheimildir bátaflotans. Enn fremur er rétt að benda á að verð á aflaheimildum í þorski, bæði varanlegum og leiguverð, hefur stigið stórum á niðurskurðartímabilinu. Ef veiði á þorski yrði aukin verulega eins og aflabrögð benda til að rétt væri, mundi verð aflaheimildanna falla umtalsvert. Það kæmi fyrst og fremst við pyngju þeirra sem keypt hafa háu verði og þeirra sem hafa lánað til kaupanna, þ.e. bankakerfisins. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að hagsmunir rekast illilega á í óbreyttu kerfi og skelfilegt er ef sérhagsmunir fárra valda því að stöðugum niðurskurði er beitt í þorskveiðum. Þá eru almannahagsmunirnir látnir víkja fyrir sérhagsmunum.

Í greinargerð með frv., sem landsfundur Alþb. hefur lýst stuðningi við, er gerð grein fyrir meginlínum í stjórn fiskveiða sem leysa á núverandi löggjöf af hólmi. Ný löggjöf þarf að gera nýjum mönnum kleift að hefja útgerð og nýta legu sjávarbyggða við nálæg fiskimið með öflugum strandveiðum. Þá þarf löggjöfin að nýta kosti stórútgerðar og loks að endurspegla áherslu á að mengun hvers konar verði sem minnst við sjósóknina. Umgengni um lífríki hafsins miðist við að spilla því ekki og að veiðar á fiskstofnunum takmarkist við að ganga ekki á stofnstærð umfram endurnýjunargetu, og raska ekki jafnvæginu í lífríkinu.

Til að ná þessum markmiðum þarf að skilja á milli strandveiða og stórútgerðar. Í strandveiðunum verði opið kerfi sem byggist að mestu leyti á sóknarstýringu og gerir ráð fyrir áætluðu heildaraflamagni en togarar og önnur stórvirk skip verði áfram í aflamarkskerfi með framseljanlegum aflaheimildum að einhverju leyti. Hlutur strandveiða gæti verið um 40% og hlutur aflamarkskerfisins um 60% af botnfiskveiðunum. Veiðum yrði stjórnað þannig að strandveiðar væru á miðum innan 20–30 mílna og aðrar veiðar að mestu þar fyrir utan. Til strandveiða mundu teljast allar veiðar með önglum. Settar yrðu reglur um hámarksútivist hvers skips og um sóknargetu báta sem mættu stunda strandveiðar. Veiðiréttindi afmarkist við hvorn útgerðarflokkinn um sig og geti ekki flust á milli þeirra. Um veiðar uppsjávarfiska giltu að nokkru leyti aðrar reglur og lytu einkum aflamarksstjórnun. Flutningsmenn gera ráð fyrir að atvinnugreinin greiði kostnað við eftirlit og hagræðingu og hluta af kostnaði við rannsóknir, en að öðru leyti gildi almenn skattalög.

Með frv. er leitast við að líta á almenna hagsmuni í stað þess að einblína á hagsmuni hluta útgerðarinnar. Nauðsynlegt er að taka inn í löggjöfina hagsmuni þeirra sem stunda róðra á bátum og hagsmuni fólks í landi. Stjórna þarf sjávarútvegi með heildarhagsmuni í huga. Þróunin í sjávarplássunum undanfarinn áratug segir allt sem segja þarf um núgildandi löggjöf.

Ég vil, herra forseti, vitna hér í bréf, sem mér barst fyrir rúmu ári, frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Sindra á Austurlandi. Á aðalfundi þess, sem haldinn var milli jóla og nýárs 1996, var gerð ályktun um sjávarútvegsmál sem er mjög athyglisverð. Hún er einkum athyglisverð í ljósi þess að á Austurlandi hefur verið að finna einna dyggastu stuðningsmenn núverandi kerfis. Ég vil leyfa mér að lesa upp hluta af því bréfi sem okkur þingmönnum barst frá félaginu, með leyfi forseta:

„Ein er sú spurning sem brennur á mönnum, hvort byggja eigi landið allt, landið Ísland eða ekki. Hverjir eiga að lifa og hverjir eiga að deyja? Ef tekin er samlíking við sauðfjárbóndann sem velja þarf sér búsmala til lífs að hausti þá tekur bóndinn ákvörðun og byggir upp sína lífsbjörg en stjórnmálamennirnir horfa í gaupnir sér og gera ekkert, hugsa bara um hugtökin hagræðing og sameining. Hér er aðeins horft til fárra, stórra, útvaldra en ekki til fjöldans sem er dreifður um hinar strjálu byggðir landsins. Ef fram heldur sem horfir kæmi mönnum ekki á óvart að innan fárra ára verði hér harðvítug átök um sameign þjóðarinnar. Það sem við blasir er nauðsyn þess að kvótaúthlutunin verði tekin til endurskoðunar og endurúthlutunar og allir sitji við sama

borð hvort sem menn hafa keypt eða ekki. Það var aldrei ætlun manna með setningu kvótalaganna að meginmarkmið laganna væri að braska með sameignina.

Í ljós hefur komið hér á félagssvæði Sindra að atvinnuöryggi er afskaplega lítið. Mönnum hefur verið sagt upp og *skipin seld eða þeim lagt. Menn standa uppi atvinnulausir* en í fjötrum eigna sinna sem eru verðlausar því enginn vill kaupa eignir á stað þar sem enga atvinnu er að hafa. Byggðarlögin fara í eyði og eftir standa minnisvarðar um mistök stjórnmálamanna sem stjórna áttu. Auðlindin er sameign þjóðarinnar, það er sagt, en er aðeins í orði, ekki á borði. Auðlindin færist æ meir á fárra manna hendur og þeir stóru verða stærri og sterkari og þeir smáu smærri og veikari. Og þeir stóru bíða eftir að hremma þann smáa. Við höfum á tilfinningunni að ráðamenn þjóðarinnar gleðjist mest yfir því er einn smár verður hremmdur af þeim stóra. Krafan í dag er uppstokkun og endurúthlutun kvótans á jafnréttisgrundvelli."

Lýk ég þá tilvitnun í bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Sindra á Austurlandi. Þar koma fram sömu sjónarmið og ég hef bent á að liggi að baki frv. um afnám laganna um stjórn fiskveiða.

Loks er að geta tveggja frv. þar sem viðfangsefnið er einkum lagfæringar á gildandi löggjöf um stjórn fiskveiða. Þar er um að ræða tillögur um takmörkun á framsali, upplýsingaskyldu um verð á keyptum veiðiheimildum, styrktan forkaupsrétt sveitarfélaga, jöfnun á ákvæðum varðandi álag vegna útflutnings og útreikning á notuðu aflamarki milli frystiskipa og vinnsluskipa annars vegar og ísfisksskipa og dagróðrabáta hins vegar. Eins eru þar tillögur um bann við veiðum vinnsluskipa og frystiskipa innan 30 mílna, ívilnun vegna önglaveiða, ívilnun til smábáta á aflamarki minni en 6 tonn og loks er kveðið á um rétt sjómanna til handfæraveiða, enda hafi þeir verið a.m.k. 20 ár á sjó.

Fyrst vil ég nefna ákvæði annars frv. um rétt manna til að stunda veiðar með handfærum hafi þeir stundað sjómennsku í 20 ár eða lengur. Ákvæði þetta er grundvallarbreyting að því leyti að kveðið er á um rétt manns en ekki skips. Yrði tillaga þessi að lögum fengju sjómenn hlutdeild í veiðunum í fyrsta sinn og þannig væri viðurkennt að starf á sjó veitti *rétt til sjósóknar og rétt til að nýta fiskimiðin.* Miðað er við að leyfið verði óframseljanlegt og bundið viðkomandi sjómanni og getur hann nýtt sér leyfið á bát sem er minni en 6 brúttórúmlestir og tekur leyfið eingöngu til handfæraveiða.

Önnur tillagan setur sem skilyrði að til þess að Fiskistofa samþykki framsal á þorskaflahámarki, aflamarki eða aflahlutdeild, komi fram upplýsingar um verð sem greitt kann að vera fyrir veiðiheimildirnar. Með þessu ákvæði fá stjórnvöld ítarlegar upplýsingar um verðmæti á þessum markaði og umfang viðskiptanna. Þessar upplýsingar ættu að nýtast vel til að koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kaupum á veiðiheimildum.

Þriðja tillagan takmarkar framsal þannig að veiðiskylda skips er aukin og miðað við 50% ár hvert í stað þess að miða við 50% annað hvert ár. Auk þess er gerð krafa um að veiðiskyldan nái til hverrar fisktegundar í stað þess að miðast við 50% af veiðiheimildum mældum í þorskígildum. Síðan þetta frv. var lagt fram hefur orðið mikil breyting í umræðunni hvað þetta varðar og gera sjómenn nú kröfur um enn meiri veiðiskyldu.

Fjórða tillagan veitir 50% ívilnun á aflamarki aflamarksbáta, ef veitt er með línu eða handfæri, þegar veiðiferð stendur skemur en einn sólarhring og landað er til vinnslu innan lands. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að veiðum með línu og handfæri og koma þannig með ferskan fisk að landi sem telst hvað bestur til verkunnar. Ég vil minna á samþykkt síðasta fiskiþings í nóvember sl. sem lagði sérstaka áherslu á þetta. Auk þess minni ég á niðurstöðu útflutningshóps Félags íslenskra stórkaupmanna sem lagði áherslu á að línufiskur fengist vegna þess að verðmætustu saltfiskmarkaðir Íslendinga á Spáni, Ítalíu og Grikklandi, vildu eingöngu kaupa saltfisk sem unninn væri úr fiski veiddum á króka.

Fimmta ákvæðið jafnar aðstöðu ísfisksskipa og báta gagnvart *vinnsluskipum og frystiskipum með því að gildandi* ákvæði um álag á útfluttan óunninn fisk, sem beitt er gagnvart fyrri útgerðarflokknum, er látið ná yfir síðarnefnda flokkinn líka. Verður að telja óeðlilegt að ekki sé beitt álagi þegar óunninn þorskur er fluttur út frosinn eða ferskur frá vinnsluskipi en 20% álagi ef þorskurinn kemur upp úr ísfiskstogara. Rétt er að sambærilegar reglur gildi að þessu leyti.

Sjötta tillagan kveður á um ívilnun til báta og ísfisksskipa á lönduðum afla til vinnslu innan lands um 25% og er sett fram til að jafna stöðu þessara útgerða gagnvart vinnsluskipum og frystiskipum en þau hafa verulegt hagræði af því að aflamark þeirra er reiknað út frá lönduðum afurðum í stað afla upp úr sjó. Þar vil ég minna á samþykkt fiskiþings í nóvember sl. sem skorar á stjórnvöld að breyta reglum þannig að landaður botnfisksafli til vinnslu innan lands teljist aðeins að hluta í kvóta viðkomandi skips.

Í sjöunda lagi er lagt er til að frysti- og vinnsluskipum verði gert að veiða utan 30 mílna. Telja verður það óskynsamlega stjórn veiða að stærstu og öflugustu skipum landsmanna sé haldið til veiða á grunnslóðarmiðum. Slík skip eiga auðvitað að vera á fjarlægum miðum utan 200 mílna. Eðlilegast er að mið næst landi séu nýtt af bátaflotanum og afli unninn í landi í nálægum verstöðvum. Ódýrast er að nýta fiskimiðin frá nálægum byggðarlögum og engum vafa er undirorpið að með þessari stýringu er dregið verulega úr mengun sem verður samfara sjósókninni.

Í áttunda lagi er bætt er við gildandi ákvæði laganna um forkaupsrétt sveitarfélaga þannig að þau ákvæði nái upphaflegum tilgangi sínum að gefa heimamönnum kost á að halda aflaheimildum í byggðarlaginu þegar útgerðarmaður hefur ákveðið að selja þær burt. Lagt er til að forkaupsrétturinn nái til aflahlutdeildar skipsins eða þorskaflahámarksins í stað þess að afmarkast við skipið eingöngu eins og nú er. Bætt er *við ákvæði um að forkaupsrétturinn geti náð til sölu milli aðila* innan sveitarfélagsins þegar er bersýnilega verið að stofna hlutafélag til þess að sniðganga forkaupsréttarákvæðið. Loks er fellt brott það ákvæði laganna að forkaupsréttarákvæðið nái ekki til sölu skips á opinberu uppboði og forkaupsréttarákvæðið útvíkkað *sem því nemur.*

Níunda tillagan gerir ráð fyrir að smábátar á aflamarki geti verið á handfæraveiðum síðustu tvo mánuði fiskveiðiársins og veitt utan aflamarks. Er tillagan fram komin vegna sérlega slæmrar stöðu þessa útgerðarflokks sem hefur að allra dómi farið *illa* út úr breytingum síðustu ára og nauðsyn ber til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.

Herra forseti. Ég hef lokið að mæla fyrir þessum fjórum frumvörpum og legg til að þremur þeirra, þ.e. þeim sem lúta að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða, verði vísað til 2. umr. og sjútvn. og frv. um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna verði vísað til 2. umr. en ég hef ekki að sinni handbæra tillögu um hvert eðlilegast

væri að vísa málinu þar sem um er að ræða breytingu er lýtur bæði að stofnunum innan sjávarútvegs og landbúnaðar. Ég bið því forseta að láta athuga það mál og hafa tillögu um nefndarvísan þegar til þess kemur að greiða atkvæði um það.

[16:05]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Þetta er mál nr. 263 á þskj. 330. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ragnar Arnalds og Hjörleifur Guttormsson.

Þetta frv. er bandormur að formi til þar sem það tekur til ráðstafana sem tengjast fleiri en einum lögum. Það er í fyrsta lagi lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, í öðru lagi lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996 og í þriðja og síðasta lagi lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Segja má að frv. lýsi sér í tilteknum ráðstöfunum sem við flutningsmenn teljum að brýnt sé að gera án tafar á lögum sem varða málefni sjávarútvegsins. Í öðrum tilvikum er lögð til frekari vinna eða stefnumótun svo sem varðandi málefni smábáta en fyrst og fremst er um að ræða atriði sem við teljum að hvað sem framhaldinu líður, hvert sem verður fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og starfsumhverfis sjávarútvegsins á komandi árum þá séu ýmsir þættir núgildandi löggjafar þannig að brýnt sé að á þeim sé tekið og ætti svo sem ekki að koma neinum á óvart. Hér er að mörgu leyti um kunnugleg viðfangsefni að ræða sem varða meðferð veiðiheimilda, tilfærslu þeirra og viðskipti með þau, varða umgengni um auðlindina, stöðu smábátaútgerðarinnar og varða hluti eins og skattlagningu hagnaðar eða gróða sem myndast í viðskiptum með veiðiheimildir.

Ef ég geri fyrst grein fyrir helstu efnisatriðum frv. áður en farið verður yfir það grein fyrir grein er í fyrsta lagi á ferðinni tillaga um að bætt sé við 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða nánari skilgreiningu á veiðiréttindunum eða veiðiheimildunum, hvað þar sé um að ræða, hvers eðlis þau réttindi séu, sem sagt að þau séu afnotaréttur til að undirstrika að um slíkt er að ræða en ekki eignarrétt eða ígildi eignarréttar.

Í öðru lagi eru ákvæði sem taka á svokallaðri meðaflareglu, og tengist því vandamáli sem mikið er rætt um og er yfirleitt talið vera fylgifiskur aflamarkskerfa eða aflamagnstakmarkana af hvaða tagi sem er, þ.e. að slík fiskveiðistjórnun feli í sér hættur á auknu úrkasti eða að afla sé hent, það sé valin samsetning á þeim afla sem útgerðarmenn eða veiðimenn kjósa að færa að landi og tíunda sem hlut í leyfilegum heildarafla.

Í þriðja lagi eru reglur í 3. og 4. gr. frv. um viðskipti og meðferð aflaheimildanna eins og áður sagði og ég kem nánar að síðar. Þá er um að ræða að reynt verði að ná utan um öll þau mál sem lúta að kostnaðarþátttöku sjávarútvegsins í eftirliti og stjórnun sem honum tengist. Það má nefna t.d. veiðieftirlitsgjöld, greiðslur til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og fleiri gjöld og kostnað af sambærilegum toga sem eru ýmist greidd af sjávarútveginum nú þegar og umræður um þátttöku sjávarútvegsins í greiðslu frekari kostnaðar, m.a. af rannsókna- og þróunarstarfsemi og stofnunum sem tengjast sjávarútvegi.

Í frv. er einnig í ákvæði til bráðabirgða I tekið á vandamálum smábáta á yfirstandandi fiskveiðiári. Segja má að þau atriði hafi að hluta til fengið úrlausn nú þegar í stjfrv. sem var afgreitt fyrir áramót þar sem nokkuð var bætt við dagafjölda sem sóknarbátar mega sækja á yfirstandandi ári en að öðru leyti er þarna vísað til frekari vinnu og til þess að hæstv. sjútvrh. skipi nefnd til að endurskoða í heild sinni fiskveiðistjórnkerfi báta og smábátaflotans og er víst ekki vanþörf á.

Þá má enn fremur nefna ákvæði um ákveðinn viðlagapott til handa byggðarlögum sem hafa misst mikið af veiðiheimildum, ákvæði sem lúta að reglum um úreldingu eða endurnýjun fiskiskipa. Sömuleiðis hefur í því tilviki áunnist nokkuð því að afgreitt var fyrir áramótin stjfrv. þar sem úreldingarreglur voru rýmkaðar en sá galli var á gjöf Njarðar að það mál var í raun og veru ekki klárað og vísað inn í óvissu um framhaldið.

Í II. kafla frv. eru breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og þar er tvennt efnislega fyrirferðarmest. Það er annars vegar að samkvæmt 7. gr. verði þrengt nokkuð það svigrúm sem hæstv. sjútvrh. hefur til að veita undanþágur frá því ákvæði að vinnsluskip komi með allan fiskúrgang að landi. Þeir sem þekkja þá sögu muna að til stóð að frá og með haustinu 1996 skyldu vinnsluskip vinna úr eða færa að landi allan fiskúrgang sem tengdist veiðum þeirra en síðan var fallið frá því að láta þetta ákvæði koma til framkvæmda og því borið við sem rétt var út af fyrir sig að sáralítill viðbúnaður var hafður uppi af hálfu vinnsluskipaflotans til að uppfylla þetta ákvæði. Væntanlega hefði farið svo að stór hluti vinnsluskipanna hefði orðið að sigla í land 1. sept. 1996 ef þau áform hefðu verið látin standa. En eftir sem áður er það markmið sem verður að halda í að sem allra mest verðmæti séu gerð úr þessum hluta fiskaflans og ég held að ástæða sé til að þrengja og skilgreina betur þá undanþágu sem stuðst er við. Sú tillaga sem hér er lögð til er að gengið verði út frá þjóðhagslegri hagkvæmni þess að nýta viðkomandi úrgang en ekki endilega hagkvæmni sem snýr að einstökum skipum. Með öðrum orðum að þó það skili ef til vill ekki viðkomandi veiðiskipi arði að hirða tiltekinn úrgang sé eftir sem áður réttlætanlegt að leggja þá kvöð á skipið að færa hann að landi ef það er talið hagkvæmt í þjóðhagslegu samhengi að nýta hann til verðmæta.

Að hinu leytinu er lagt til að inn í lög um umgengni um nytjastofna sjávar komi ákvæði sem skyldi útgerðir til að bjóða allan afla til sölu á innlendum fiskmarkaði sem fer ekki beint til vinnslu hjá sama aðila.

Loks er svo, herra forseti, í III. kafla frv. ákvæði um skattlagningu söluhagnaðar af veiðiheimildum. Það er um sérstakan brúttóskatt eða sérstakan skatt á allan söluhagnað veiðiheimilda.

Herra forseti. Ég mun fara yfir einstakar greinar frv. eftir því sem tíminn leyfir og byrja þá á 1. gr. en hún felur í sér eins og áður sagði að málsgrein verði bætt við 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, hina nafntoguðu 1. gr., þar sem fjallað er um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum og það að úthlutun veiðiréttar myndi aldrei óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Hins vegar er ljóst að í lögunum um stjórn fiskveiða er ekki að finna nánari lagalega skilgreiningu á því hvers eðlis réttindin séu sem mönnum er úthlutað. Það hefur að mínu mati verið lengi veikleiki í löggjöfinni að ekki skyldi strax við upptöku kvótakerfisins skilgreint nákvæmlega í lögum hvers eðlis þau réttindi væru þá sem mönnum væri úthlutað. Það er ljóst að ekki er ætlun löggjafans að um eignarrétt sé að ræða og ekki heldur neitt ígildi eignarréttar. Um það er 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða afdráttarlaus. En hvað er það þá sem menn eru að fá í hendur? Það er skilningur minn og okkar flutningsmanna frv. að það hljóti

eðli málsins samkvæmt að vera afnotaréttur sem þarna er á ferðinni og það eigi að taka fram afdráttarlaust í nefndri 1. gr. Þetta mætti gera með því að bæta nýjum málslið aftan við 1. gr. sem orðaðist þá eitthvað á þessa leið: Veiðiheimild eða veiðiréttur er afnotaréttur handhafans.

Í 2. gr. frv. er lögð til svohljóðandi breyting á 6. mgr. 10. gr. laganna, þ.e. sú málsgrein sem í dag geymir heimild til handa ráðherra til að undanskilja undirmálsfisk að hluta þegar aflamark er ákvarðað. Að mati okkar er greinin of þröng og henni þyrfti að breyta þannig að ráðherra gæti undanskilið undirmálsfisk að fullu þannig að heimilt væri að landa öllum undirmálsfiski utan aflamarks.

Jafnframt mætti í því skyni draga úr hættu á úrkasti og setja reglur um löndun tiltekins meðafla utan aflamarks. Þá fengi útgerðin sem landaði meðaflanum greitt sem næmi áætluðum kostnaði eða útlögðum beinum kostnaði vegna þess sem stofnað er til til að hirða aflann, en andvirði meðaflans að öðru leyti yrði nýtt til sameiginlegra þarfa í sjávarútvegi, t.d. til öryggismála sjómanna og hafrannsókna. Að sjálfsögðu þyrfti að skilgreina og útfæra þær meðaflareglur sem þarna kæmu til. Þeirra er reyndar mest þörf þegar verið er í blönduðum veiðiskap eða verið er að sækjast eftir tilteknum tegundum og einhver meðafli kemur óhjákvæmilega í viðkomandi veiðarfæri. Dæmi um þetta geta verið snurðvoðaveiðar á flatfiski eða grásleppuveiðar í net, en allir sem til þekkja vita að nánast er óhugsandi annað en að einhver bolfiskafli slæðist með í slík veiðarfæri. Og allir vita að veruleg hætta er á ferðum ef kvótalitlar eða kvótalausar útgerðir stunda þessar veiðar, þ.e. kvótalitlar eða kvótalausar í skilningnum bolfiskvóta, að þeim meðafla sé þá einfaldlega hent og menn haldi áfram veiðum.

Einnig er ástæða til að ætla, herra forseti, að ráðstöfun meðafla af því tagi sem hér er lagt til, þ.e. að verðmætin umfram beinan útlagðan kostnað gengju fyrst og fremst til einhverra sameiginlegra og vel skilgreindra þarfa sjávarútvegsins eða sjómanna, eins og öryggismálanna, mundi ýta undir að þeim meðafla yrði skilað að landi og þarf ekki að rökstyðja hvers vegna.

Herra forseti. Í 3. gr. og reyndar 4. gr. er fjallað um þær breytingar sem við leggjum til varðandi viðskipti með aflahlutdeild og aflamark. Þær eru í sem skemmstu máli á þá leið að í 3. mgr. 3. gr. er það nýmæli að aflahlutdeild, þ.e. varanleg veiðiréttindi, sé einungis heimilt að færa milli skipa ef um framsal milli útgerða er að ræða, þ.e. ekki tilflutning á milli skipa sömu útgerðar, á viðurkenndum markaði eða kauppingi. Útgerðarmönnum yrði ekki heimilt að eiga milliliðalaus viðskipti sín í milli með aflahlutdeild. Heppilegast væri að slíkt kaupping eða markaður lyti sem mest sambærilegum reglum og til að mynda verðbréfaþing, reglum sem viðskrh. mundi setja í samráði við sjútvrh. Það er enginn vafi á því í mínum huga að með þeim breytingum mætti koma miklu betra skikki á viðskipti með þessi réttindi. Þau yrðu í fyrsta lagi öllum aðgengileg og yrðu opinber, verðið lægi fyrir og auðvelt að halda utan um þá hlið málsins. Auk þess yrði aflahlutdeild skilin frá skipi við sölu og það mundi auðvelda mjög skattalega meðferð hagnaðar sem kann að myndast í slíkum tilvikum. Þetta ber að hafa í huga samanber 9. og 10. gr. frv.

Hvað aflamarkið snertir, þ.e. veiðiheimildirnar innan árs, þá er hér lögð til sú regla að heimilt sé að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar. Þá sé heimilt að skipta á sléttu á jafnverðmætum veiðiheimildum innan fiskveiðiárs, óháð því hverjir séu eigendur. En hins vegar er ótvírætt tekið af skarið um það í síðari málslið 2. mgr. 4. gr., að „annar flutningur aflamarks milli skipa en að ofan greinir er óheimill." Þetta þýðir með öðrum orðum, herra forseti, að leiga á veiðiheimildum innan fiskveiðiársins er bönnuð.

Til viðbótar er svo útfærð svonefnd fyrningarregla sem felur það í sér að ónýttar veiðiheimildir séu fyrndar um tiltekinn hundraðshluta á hverju fiskveiðiári þegar tekið hefur verið tillit til heimilda til geymslu aflamarks milli fiskveiðiára. Skipti á sléttu eru áfram heimil eins og áður kom fram og sérstök heimild yrði fyrir undanþágu vegna meiri háttar frátafa frá veiðum, þ.e. ef skip lentu í meiri háttar vélarbilun eða færust eða annað því um líkt, þá skyldi fyrningarreglan ekki gilda en að öðru tilskildu mundu 10% af ónýttu aflamarki innan fiskveiðiárs fyrnast og koma til endurúthlutunar til þeirra sem aflamark hafa. Þetta þýðir að ónýttar veiðiheimildir, ónýttur afnotaréttur færist þá hægt og bítandi til í kerfinu frá þeim sem ekki nýta sinn rétt til hinna sem það hafa gert. Þannig aðlagast dreifing veiðiréttarins jafnt og þétt því munstri sem er í útgerðinni á hverjum tíma.

Það er ljóst, herra forseti, að þær breytingar sem hér eru lagðar til á viðskiptum með bæði veiðiheimildir innan fiskveiðiárs og varanlega aflahlutdeild mundu hafa nokkrar breytingar í för með sér og talsverð aðlögun færi væntanlega í gang í kjölfarið. Þess vegna er lögð til nokkuð önnur gildistaka á þessum ákvæðum, þ.e. 3. og 4. gr., eða nánar tiltekið að þær mundu ekki ganga í gildi fyrr en 1. sept. 1999 á því fiskveiðiári sem þá hefst.

Í 5. gr. er svo komið að breytingum á 18. gr. laganna. Lagt er til að þar verði tekin upp ný kaflafyrirsögn, nýr IV. kafli komi þar í lögin og nefnist einu nafni Eftirlits- og auðlindagjöld. Þar er lagður til sá farvegur fyrir samræmingu á gjaldtöku og kostnaðarþátttöku sjávarútvegsins, sem ég ræddi um áður, vegna ýmiss konar eftirlitsstarfsemi, rannsókna- og þróunarstarfsemi og fleiri slíkra hluta sem sjávarútvegurinn eftir atvikum tæki að sér að greiða. Um yrði að ræða samræmingu á þessum gjöldum, bæði þeim gjöldum sem sjávarútvegurinn greiðir nú þegar og í slíkum samningi mætti hugsa sér að útfærðar yrðu hugmyndir um að sjávarútvegurinn tæki í vaxandi mæli þátt í greiðslu kostnaðar vegna umhverfismálarannsókna og þróunarstarfsemi sem tengist sjávarútvegi, og fleiri slíkra hluta.

6. gr. felur í sér nokkur ákvæði til bráðabirgða sem bætast mundu aftan við lögin um stjórn fiskveiða. Það fyrsta hef ég þegar nefnt og varðar dagafjölda krókabáta á yfirstandandi fiskveiðiári. Tillagan gengur út á að dagafjöldinn verði festur með tilteknu gólfi, 35 dagar fyrir þá sem róa með handfærum og línu og 50 dagar fyrir þá sem sækja á handfærum eingöngu. Þetta er nokkuð rýmri dagafjöldi en niðurstaðan varð í stjórnafrv. hér í desember og talsvert mikil breyting frá því sem við blasti að óbreyttum lögum á sl. hausti og er óþarfi að fjölyrða um.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að sjútvrh. skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka og samtaka helstu hagsmunaaðila til að taka fyrirkomulag fiskveiðistjórnar báta- og smábátaflotans til heildarendurskoðunar. Markmið þeirrar endurskoðunar skal vera að móta eitt samræmt heildstætt stjórnkerfi fyrir smábáta og minni báta sem stunda dagróðra á grunnslóð, svo og að ákveða stærðarmörk í því sambandi.

Það er ljóst að það stjórnkerfi sem smábátaflotinn býr við nú er óhemjuflókið og margfalt, og hefur ýmiss konar

mismunun í sér fólgna sem löngu tímabært er að reyna að ráðast gegn og uppræta. Langeðlilegast og það eina sem ég tel ásættanlegt til framtíðar litið er auðvitað að þessi hluti flotans búi við sæmilega samræmdar og einsleitar reglur þannig að mönnum verði ekki mismunað um aldur og ævi og þeir hafðir á margs konar kerfum, algjörlega sambærilegir bátar hvað getu snertir, af sögulegum ástæðum og jafnumdeilanlegum og þeim sem liggja til grundvallar því hvernig réttindi smábátaflotans eru saman sett í dag. Ég held að mikil þjóðþrif væru að því, herra forseti, og mikil tiltekt í þessu kerfi ef hægt væri að ná saman um nýtt heildstætt stjórnkerfi fyrir þennan flota sem nýtir grunnslóðina fyrir minnstu skipin, dagróðraflotann. Það er enginn vafi á því að mikil þörf er á að taka til í þeim efnum.

Þá er, herra forseti, í ákvæði til bráðabirgða III lagður til sérstakur pottur, viðlagapottur, til handa þeim byggðarlögum sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs. Þetta er að mörgu leyti hliðstætt því sem var í svonefndum hagræðingarsjóði sjávarútvegsins áður og yrði að sjálfsögðu einungis beitt — herra forseti, ég er ekki búinn með ræðutímann, má ég ekki bæta við undir lokin?

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun gaumgæfa þinn rétt í því.)

Ég er hræddur um að apparatið hafi eitthvað verið vitlaust stillt, herra forseti. (**Gripið fram í:** Er ræðan of löng?) Nei, hún er ekki orðin of löng enn þá.

Þetta ákvæði skýrir sig nú sjálft, herra forseti. Ákvæði til bráðabirgða IV fjallar um úreldingarreglurnar og hefur eins og ég sagði áður þegar komið að nokkru leyti til framkvæmda í formi stjórnarfrumvarps sem var afgreitt á þingi fyrir áramótin.

II. kafli fjallar um umgengni um nytjastofna sjávar og hefur í sér fólgna takmörkun á heimild ráðherra til að veita undanþágu frá því að úrgangur frá vinnsluskipum komi að landi eða sé nýttur og yrði það markmiðið að skylt væri að færa að landi allan fiskúrgang eða að vinna úr öllum fiskúrgangi sem teldist þjóðhagslega hagkvæmt að nýta. Það er ekki nokkur vafi á því að við erum að missa af heilmiklum verðmætum með þeirri umgengni sem nú er ástunduð. Þar má sem dæmi taka alla hausa sem hent er af verksmiðjuskipunum á miðunum. Menn verða af miklum verðmætum frá þeim hluta flotans sem flytur þá að landi svo hundruðum milljóna skiptir, aðallega í formi þurrkunar, sem síðan er flutt til Nígeríu, en einnig eru hausar skornir, kinnar nýttar o.s.frv.

Slík umgengni um auðlindina og þessi nýting eða öllu heldur hin slælega nýting getur átt eftir að koma okkur í koll síðar meir þegar meira verður að því spurt hvernig þjóðir nýta þær auðlindir sem þær hafa undir höndum. Frá umhverfishlið og miðað við orðstír okkar Íslendinga og sjávarútvegsins á því sviði er ekki nokkur vafi á því að þetta ástand er okkur ekki gott eða gæti a.m.k. orðið okkur óþægur ljár í þúfu síðar meir.

Seinni greinin í II. kafla felur í sér að allur afli, sem ekki er landað til vinnslu innan lands hjá sama fyrirtæki og stundar veiðarnar skuli boðinn til sölu á viðurkenndum fiskmarkaði þannig að innlendri fiskvinnslu standi jafnan til boða að vinna þann afla. Þetta er málamiðlun milli þeirra sjónarmiða annars vegar sem lengst vilja ganga og gera að skyldu að allur afli fari yfir fiskmarkað. Sá sem hér stendur hefur ekki verið talsmaður þess og ekki treyst sér til að ganga svo langt eða fundið rök fyrir því að gera það. Kemur þar hvort tveggja til að ég held að þá væru menn jafnvel farnir að ganga gegn viðurkenndum hagkvæmnis- og hagræðingarsjónarmiðum ef aðilum væri ekki heimilt að skipuleggja starfsemi sína þannig að hráefnisöflun og vinnsla héldist í hendur. Einnig er ljóst að það orkar af lagalegum ástæðum mjög tvímælis að grípa þannig inn í sjálfsákvörðunarrétt sjálfstæðs lögaðila sem er með eigið hráefni í höndum, að hann megi ekki halda áfram vinnslu þess þegar í land er komið.

Að síðustu er III. kafli frv., herra forseti, um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Þar eru lagðar til þær breytingar að í fyrra lagi verði bætt nýrri málsgrein við 13. gr. laganna um tekju- og eignarskatt og sú viðbót feli það í sér að ekki sé heimilt að færa söluhagnað veiðiheimilda milli ára, þ.e. að þau ákvæði sem í 1. mgr. 13. gr. eru um meðferð söluhagnaðar skuli ekki gilda ef um söluhagnað af viðskiptum með aflahlutdeild er að ræða. Það er ekki heimilt að færa söluhagnaðinn yfir á aðrar eignir eða fresta honum þannig að söluhagnaðurinn myndi allur skattskyldar tekjur á söluárinu.

Í 10. gr. er lagt til að við lögin bætist ný grein, 72. gr. A, er orðist svo: „ Af söluhagnaði af viðskiptum með aflahlutdeild sbr. 11. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal auk tekjuskatts samkvæmt 72. gr. [sem yrði þá 73. gr.] reikna sérstakan tekjuskatt sem skal vera 50% að teknu tilliti til stofnverðs og fyrninga, sbr. þó 2. mgr. 13. gr.“

Þá er ljóst að ekki sé um fyrnanleg verðmæti að ræða með hliðsjón af breytingum sem þegar hafa verið gerðar á lögum um skattalega meðferð veiðiréttinda og með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 13. gr. laganna um tekju- og eignarskatt. Allur söluhagnaður af veiðiheimildum yrði skattskyldar tekjur á söluári og skattlagður sérstaklega eins og 10. gr. gerir ráð fyrir. Um yrði að ræða í fyrsta lagi 50% bráttóskatt á nettósöluhagnað veiðiheimilda. Til viðbótar mundu þau fyrirtæki sem tekjuskatt greiddu, greiða tekjuskatt af hagnaðinum eins og öðrum hagnaði. Í þeim tilvikum yrði þar af leiðandi að mestu um að ræða upptöku á nettósöluhagnaði vegna veiðiheimilda.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að hugsunin með fiskveiðistjórnkerfinu hafi aldrei verið að búa til sérstaka hagnaðarmyndunaraðferð eða hagnaðarlið í þessu samhengi. Hér er um að ræða fiskveiðistjórnkerfi en ekki gróðavél fyrir þá sem hætta í útgerð. Okkar skoðun er að þetta vandamál sé eðlilegast að eiga við með því að skattleggja söluhagnaðinn þegar hann myndast hjá þeim sem hagnast óeðlilega við að hætta í greininni. Þetta vandamál yrði viðráðanlegt með þeim breytingum sem við leggjum til auk þess að viðskipti með varanlegar veiðiheimildir fari eingöngu fram á viðurkenndu kauphingi. Á því er enginn vafi í mínum huga, herra forseti.

Ég viðurkenni fúslega að tæknileg útfærsla á skattheimtunni er flókið mál og vissulega koma fleiri aðferðir til greina en sú sem hér er lögð til. Einnig má deila um skattlagningarmörk í þessu sambandi og sjálfsagt að skoða það. Því er ekki haldið fram að endanlegur sannleikur sé í tillögum okkar en þær eru raunhæf dæmi um aðferðir hægt væri að nota. Þær hafa verið yfirfarnar af ýmsum sem eru ágætlega að sér um þessi mál.

Að mínu mati er brýnt að taka á þessum vanda. Það er ekki síst vegna þess að í umræðunni hefur sá misskilningur gert vart við sig að hagnaður einstakra aðila sem hætta í útgerð og keyptir eru út af öðrum, sé tilefni til að leggja almennan skatt á sjávarútveginn, veiðileyfagjöld,

auðlindagjöld eða önnur slík. Í þessu er fólginn sá grundvallarmisskilningur að með því að skattleggja þá sem eftir eru í sjávarútveginum eru menn engu nær hagnaði hinna sem hætta. Þvert á móti er eðlilegast og, samkvæmt grundvallarreglum skattaréttar, réttlátast að skattleggja þann hagnað sem er, þar sem hann myndast. Það má ekki refsa öðrum með íþyngjandi skattákvæðum fyrir hagnað þeirra sem þegar eru hættir starfsemi í sjávarútvegi. Þannig mundi auðlindagjald eða veiðileyfagjöld í óhóflegum mæli bitna á aðilum í þessu samhengi. Að mínu mati væru menn engu nær réttlætinu þótt þeir færu þá leið.

Herra forseti. Auðvitað er að fleiru að hyggja í íslenskum sjávarútvegsmálum um þessar mundir en hér er tekið á dagskrá í þessu frv. Þó tekur það til þeirra mála sem eru hvað stærst. Mergurinn málsins er sá að Sjávarútvegsstefnan, með stórum staf og ákveðnum greini, verður ekki mótuð í eitt skipti fyrir öll. Stefnumótun í sjávarútvegi er og á að vera sífellt viðfangsefni. Löggjöfin og framkvæmd sjávarútvegsmálanna þarf sömuleiðis að vera sveigjanleg og fela í sér möguleika til að bregðast við síbreytilegum aðstæðum vegna þess að sjávarútvegurinn er dínamískari og gjarnan meiri breytingum undirorpinn en aðrar greinar.

Ég vil taka eitt dæmi og spyrja hæstv. sjútvrh. í samhengi við þær aðstæður sem nú eru að skapast á loðnumiðunum. Ljóst er að loðnukvótinn muni að óbreyttu ekki klárast nema einstaklega vel takist til við bæði aflabrögð og ekki síður gæftir þá tiltölulega fáu daga sem búast má við að loðnan sé veiðanleg, a.m.k. til frystingar. Við þær aðstæður sýnist mér og mörgum fleirum, herra forseti, að einboðið væri að láta þjóðarhagsmuni ráða og taka þá fram yfir kvótakerfið. Við þessar aðstæður ætti nú að gefa veiðar frjálsar og hvetja til þess að reynt yrði að nýta þann kvóta sem eftir ef ekki telst þá ráðlegt að bæta við hann. Það er ekki nokkur vafi á því að við þessar aðstæður væri þjóðhagslega hagkvæmast að gefa veiðarnar frjálsar og tryggja að afkastageta flotans, verksmiðjanna og frystihúsanna um allt land nýtist eins og kostur er það sem eftir er af vertíðinni. Að þessari vertíð lokinni er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að kvótinn verði settur á að nýju. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu ef vilji er fyrir hendi. Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. sjútvrh. hefur að segja um það mál.

Herra forseti, að lokinni umræðunni legg ég svo til að frv. verði vísað til sjútvn., þó það heyri vissulega undir fleiri nefndir, en legði síðan til að hv. sjútn. vísaði skattalegum hluta málsins til umsagnar og umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn.

[16:36]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um réttlæti þess að horfa í að þeir sem hætti útgerð fái greitt fyrir sínar aflaheimildir, þá skil ég ekki réttlætið í því að þeir sem notið hafa gjafakvóta, t.d. frá árinu 1983, og ákveða að hætta núna, geti stokkið út úr kerfinu með fleiri milljónir eða milljarða kr. í vösunum. Á meðan þyrftu þeir sem verið hafa í útgerð í 3 ár að kaupa sig inn í kerfið. Ég skil ekki það réttlæti sem þarna á að vera að baki.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og endurtaka spurningu til hæstv. dómsmrh., sem ég bar fram út af máli mínu áðan, um það hvort ríkisstjórnin fyrirhugar á næsta ári að flytja frv. til stjórnarskrárlaga um að fiskstofnarnir í hafinu verði sameign þjóðarinnar eins og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir.

[16:37]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég verði bara að hvetja hv. þm. til að lesa aðeins betur ákvæði 9. og 10. gr. frv. og rökstuðning í greinargerð. Þar er þetta nokkuð vel skýrt. Mér heyrist af andsvari hv. þm. að hún hafi ekki áttað sig á því sem þarna er lagt til. Lagt er til að nettósöluhagnaður vegna veiðiheimildaviðskipta verði skattlagður alveg sérstaklega og nánast gerður upptækur ef um er að ræða aðila sem ekki á uppsöfnuð töp og er að greiða tekjuskatt vegna hagnaðar í sínu fyrirtæki. Þar með er gert ráð fyrir því að eðlilegt sé, þegar aðili hættir útgerð, að hann geti greitt upp sínar skuldir, gert fyrirtæki sitt upp og fái eðlilegt endurgjald fyrir eignir sínar, fé sitt í formi aðstöðu og skipa eða húsakosts. Ekki getur talist eðlilegt að til viðbótar því fari slíkur aðili út með mikinn hagnað vegna veiðiheimildanna.

Í þessu frv. erum við að reyna að ná utan um það vandamál, með þeim ráðstöfunum að færa viðskiptin inn á kauphing og setja sérreglur um skattlagningu hagnaðarins. Þannig verða viðskiptin öllum aðgengileg, skatturinn þar með talinn. Ég hvet hv. þm. til að fara vel yfir þessi ákvæði. Ég er sannfærður um að hv. þm. sér að þessu er ætlað að fást við það vandamál sem margir hafa talað mikið um á undanförnum árum, þar á meðal hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Af einhverjum undarlegum ástæðum hafa fáir reynt að færa í tillögu- eða frumvarpsform leiðir til að taka á málinu. Það er einmitt verið að reyna hér.

[16:40]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Tillögutextinn er stuttur en svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera Hafrannsóknastofnuninni kleift að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Til verkefnisins verði veitt afmörkuð fjárveiting næstu þrjú ár með hliðsjón af áætlun frá stofnuninni."

Hér er lagt til að ráðist verði í sérstakt átaksverkefni til að kanna áhrif veiðarfæra á hafsbotninn. Gert er ráð fyrir því að Hafrannsóknastofnun verði á næstu þremur árum gert kleift að vinna að útfærslu sérstaks átaksverkefnis til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á landgrunninu. Með tillögunni fylgja drög að verklýsingu og yfirlit um fjárþörf slíks verkefnis til þriggja ára. Það er unnið af Hafrannsóknastofnun, sjó- og vistfræðisviði, að beiðni flm. Að þremur árum liðnum yrði verkefnið endurmetið með tilliti til þarfar á frekari rannsóknum.

Þær afmörkuðu rannsóknir sem nú fara fram á vegum sjó- og vistfræðideildar á áhrifum veiðarfæra á samfélög botndýra hafa þegar leitt í ljós þörfina á mun víðtækari rannsóknum á þessu sviði og munu gagnast við undirbúning þeirra. Reynslan af afmörkuðum átaksverkefnum á vegum stofnunarinnar eru góð, ekki síst af fjölstofnaverkefninu og rannsóknum á klaki og hrygningu þorsks.

Það verkefni sem Hafrannsóknastofnun hefur gert áætlun um er útfært á bls. 7 í þskj. 337. Þar er að finna sundurliðaðan kostnað vegna rannsókna í þessu verkefni. Kostnaði er skipt á þrjú ár eins og þar kemur fram. Samtals er gert ráð fyrir röskum 60 millj. kr. í heildarkostnað. Mest á fyrsta ári en jafnt á næstu tveimur árum á eftir. Þarna eru allir kostnaðarþættir aðgreindir og þær tölur sem við þá eiga.

Um er að ræða rannsóknir sem varða botndýralífið og sérfræðirannsóknir þar að lútandi en einnig varðandi jarðfræði hafsbotnsins. Þar koma til aðrir sérfræðingar.

Eins og ég gat um hafa farið fram nokkrar rannsóknir í þessu efni. Á þetta er því komin nokkur reynsla.

Árið 1996 veitti Lýðveldissjóður tveimur umsækjendum, Sigmari Arnari Steingrímssyni og Stefáni Áka Ragnarssyni, styrk til rannsókna á áhrifum botnvörpuveiða á samfélög botndýra. Til þess var þeim veitt framlag sem svaraði til launa sérfræðings í u.þ.b. hálft ár. Rannsóknaáætlun þeirra var felld að áætlun Hafrannsóknastofnunar fyrir árið 1997. Í rannsókninni felst forkönnun þar sem gagnagrunnur stofnunarinnar er nýttur til að meta veiðiálag við landið, staðbundinni könnun á botndýralífi á fyrirhuguðu rannsóknarsvæði og útitilraun þar sem borið er saman botndýralíf á röskuðu og óröskuðu svæði. Hér er um lofsvert framtak að ræða sem getur gagnast við víðtækari rannsóknir sem nauðsynlegt er að leggja í að mati flm. þessarar till.

Einnig er að geta um annað verkefni sem er kallað Bioiceverkefni, þ.e. botndýr á Íslandsmiðum, verkefni sem hófst árið 1992 og hefur nú staðið yfir í um það bil fimm ár. Með tilkomu þess efldust verulega rannsóknir á flokkun íslenskra botndýra og lífsháttum þeirra. Markmið þessa verkefnis er að rannsaka hvaða botndýrategundir lifa innan íslenskrar efnahagslögsögu, skrá útbreiðslu þeirra og magn og tengsl við aðrar lífverur sjávar. Slík vitneskja er auðvitað mjög þýðingarmikil í sambandi við allar rannsóknir á botni og mun einnig gagnast inn í samhengi þessa rannsóknarátaks.

Aðaltilefni þess að svo víðtækt rannsóknarverkefni er lagt til er að líkur benda til að botnvörpuveiðar hafi veruleg áhrif á lífríki hafsbotnsins og geti haft veruleg áhrif á uppvaxtarskilyrði dýra sem halda sig þar og þar á meðal fiska og fiskstofna. Hér er því um mjög mikilsvert verkefni að ræða í hagrænu samhengi. Botnvörpuveiðarnar verka ekki ósvipað og plógar eða herfi á landi, þ.e. þær brjóta niður ójöfnur og slétta botninn auk þess sem botngerðin breytist við endurtekið umrót. Margir þeirra sem hafa lengi stundað sjómennsku telja sig hafa orðið vitni að gagngerum breytingum á landslagi botnsins á stórum svæðum á íslenska landgrunninu. Sem næst sléttur botn er forsenda þess að stunda togveiðar áfallalaust og því hafa þessar breytingar verið taldar jákvæðar með tilliti til togveiða. Margir sjómenn hafa þó haft áhyggjur af áhrifum þessarar röskunar á lífsskilyrði á sjávarbotni, bæði staðbundnum og einnig hugsanlegum áhrifum á klak fiskstofna. Með stækkun veiðarfæra og aukinni sókn hefur röskunin augljóslega orðið meiri og víðtækari.

Athyglisverð eru, virðulegur forseti, hin ólíku viðhorf til jarðrasks eftir því hvort um er að ræða röskun á landi eða á sjó. Á þurrlendi hefur verið reynt að setja reglur um jarðrask og draga úr áhrifum þess en sömu sögu er ekki að segja um hafsbotninn sem er í vörslu íslenska ríkisins og eign íslenska ríkisins eftir að lög voru sett þar að lútandi eftir 1990. Kemur þar eflaust til að hafsbotninn er flestum hulinn og óaðgengilegur og aðstæður til beinna rannsókna erfiðar og kosta meira en á þurrlendi. Unnið hefur verið að rannsóknum á þessu sviði erlendis, einkum í Norðursjó, og er vísað til þess í greinargerð með tillögunni. Þær benda til þess að um 50% af yfirborði sjávarbotns þar hafi orðið fyrir raski af völdum botnveiðarfæra einu sinni til fimm sinnum á ári og eigi stóran þátt í að tegundasamsetning þar sé nú ólík því sem hún var fyrir um hálfri öld. Áhyggjur manna og rannsóknir erlendis hafa einkum beinst að veiðum með bjálkatrolli en um áhrif dragnóta- og botnvörpuveiða á botndýralíf er minna vitað. Botnvarpa er sem kunnugt er algengasta veiðarfærið sem er notað hér við land og því er mikil nauðsyn að afla vitneskju um áhrif á notkun hennar á botngerð og lífríki botnsins.

Virðulegur forseti. Í greinargerð með tillögunni er nánar vikið að þessum áhrifum og þeim búnaði sem tengist botnvörpu, mismunandi eftir því hvernig um veiðarfæri er búið og fyrir utan veiðarnar sjálfar er gerð veiðarfæranna síðan þáttur af frekari athugun þessara mála.

Íslensk stjórnvöld hafa sett fram stefnu um sjálfbæra þróun atvinnulífs í landinu því mikið vantar á að sú stefna hafi verið útfærð en í því sambandi hlýtur sjávarútvegurinn að skipa háan sess þar sem um er að ræða undirstöðuatvinnugrein í landi okkar. Íslenskar rannsóknastofnanir hafa sýnt að þær eru færar um að vera í fararbroddi í grunnrannsóknum séu þeim skapaðar til þess aðstæður fjárhagslega. Tilkoma sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis leggur okkur jafnframt sérstakar skyldur á herðar að sinna sem flestum sviðum er snerta vistkerfi hafsins og verndun þess gegn ofnýtingu. Tækni við fiskveiðar veldur sífellt meira álagi á lífrænar sjávarauðlindir og þess þarf vandlega að gæta að sjálfbær nýting sé höfð að leiðarljósi. Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar er svið sem hefur verið vanrækt allt of lengi. Tillaga þessi miðar að því að við því verði brugðist með markvissu átaki.

Virðulegur forseti. Ég vísa að öðru leyti til áætlunar Hafrannsóknastofnunarinnar um það átak sem tillagan gerir ráð fyrir og um leið og ég kem á framfæri úr ræðustól þökkum til stofnunarinnar fyrir að hafa unnið þessa áætlun og lagt í það vinnu og metnað að búa hana vel úr garði.

Ég legg síðan til að að lokinni umræðu um málið verði tillögunni vísað til sjútvn. þingsins en óska jafnframt eftir því að umhvn., sem getur augljóslega haft áhuga á málinu og er eðlilegt að tjái sig um málið, fái tillöguna til skoðunar og umsagnar.

[16:50]

**Útbýting þingskjals:**

Þingvallaurriðinn, 17. mál, nál. landbn., þskj. 838.

[16:52]

**Flm. (Gísli S. Einarsson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma þessu máli að í leiðinni. Það er að hluta til af sama stofni og það mál sem var síðast til umræðu. Það er um rannsókn á áhrifum dragnótaveiða. Það er reyndar takmarkað við miklu minna svið en tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna áhrif dragnótaveiða á lífríki hafsins, sérstaklega hver áhrif dragnótaveiða eru á bolfisksstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu. Einnig verði kannað hvort ákveðin veiðisvæði við Ísland henti fremur til dragnótaveiða en önnur með tilliti til lífríkis á hafsbotni."

Í greinargerð segir:

Lengi hefur verið deilt um það, bæði á Alþingi og annars staðar, hvort dragnótaveiðar við Ísland og e.t.v. sérstaklega í Faxaflóa séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna á þessu svæði. Vitað er t.d. að á Faxaflóasvæðinu eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir ýsu. Ekki verða þessar deilur útkljáðar nema nákvæmar rannsóknir fari fram hvað varðar réttmæti þessara veiða og réttmæti ber að skýra náttúrunni í hag.

Ég vitna frekar í þá greinargerð sem með fylgir:

Árið 1971 töldu menn í óefni komið og voru dragnótaveiðar þá aftur bannaðar í Faxaflóa. Virðist ýsuafli aftur hafa

farið stigvaxandi upp úr því. Þannig var meðalýsuafli í róðri frá Akranesi kominn upp í rúmlega tvö tonn árið 1980. Þegar veiðar með dragnót voru heimilaðar í Faxaflóa á nýjan leik að tillögu Alþingis árið 1979, í tilraunaskyni, fengu tveir bátar leyfi til veiðanna. Banninu var síðan formlega aflétt með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981. Bátunum hefur síðan fjölgað ár frá ári og nú er svo komið að á síðasta ári (1996) höfðu 14 bátar leyfi til dragnóta veiða í Faxaflóa. Margir telja þennan fjölda allt of mikinn. Bátarnir eru of margir til þess að um tilraunaveiðar geti verið að ræða.

Það er bæði rétt og sanngjarnt að nýta kolastofninn við landið, en það verður að gerast þannig að hagkvæmt teljist.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að mæla frekar fyrir þáltill. en hér er gert en leyfi mér að taka undir mál sem sem hér hafa verið til umræðu og ég tel rétt að nota tímann til þess, þau mál sem hér hafa verið til umræðu á þeim tíma sem ég hef til ráðstöfunar. Ég tek undir efni margra þessara tillagna og frumvarpa og vil t.d. gera að umræðuefni frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem hv. flutningsmenn Steingrímur Sigfússon, Ragnar Arnalds og Hjörleifur Guttormsson flytja þar sem er getið um í 1. gr. að veiðiréttur er afnotaréttur handhafans en ég vildi þó gjarnan sjá að þar kæmi beint á eftir: „en er sameign íslensku þjóðarinnar." Ég tel að það verði aldrei nógu oft brýnt fyrir mönnum.

Um 2. gr. frv. vil ég segja að þar er verið að taka á þeim málum sem varða brottkast og ég vil að ráðherra setji enn frekari reglur um þessi mál en gert er og skapi möguleika á því að koma með meðafla að landi. Það er mjög brýnt að meðafli fái að koma með í land og menn séu ekki svona háðir því eins og þeir eru að koma aðeins með verðmætasta fiskinn að landi. Þetta eru nokkur atriði sem ég vil taka undir í frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Atriðin sem fjalla um ákvæði til bráðabirgða í 6. gr. eru ákvæði sem ég vil gjarnan horfa á og tel að allt sem getur orðið til að bæta það kerfi sem við búum við nú eigi að vera til umræðu og skoðunar.

Ég tek einnig undir frv. til laga, sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er flutningsmaður að, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 189. mál. Þar tek ég sérstaklega undir 2. gr. þar sem verið er að afla réttinda fyrir sjómann sem hefur verið á fiskiskipi eða skráður á skip í 20 ár til að hann hafi eitthvert leyfi til að stunda veiðar með handfærum eftir að starfsævi til sjós er lokið eða þegar menn eru hættir eftir 20 ára starf á sjó hafi menn öðlast einhver réttindi.

Ég tek einnig undir 3. gr. þar sem fjallað er sérstaklega um línutvöföldunina vegna þess að ég tel að afnám línutvöföldunarinnar hafi verið eitthvert mesta glapræði sem við gerðum á því sviði. Ég tel að vertíðarbátarnir sem höfðu línutvöföldunina þar sem beitt var í landi ættu að hafa hana áfram.

Ég vil segja þetta, herra forseti, almennt um þessi frumvörp sem ég hafði á orði áður.

Að undanförnu hefur verið sagt að veiðistjórnunarkerfi Íslendinga sé eitt það besta í heimi. Þeir sem þetta segja eru helst þeir sem njóta stjórnunarhátthanna sem notaðir eru og það virðist því miður gleymast sem miður fer. Nú er verið að gera tilraun með þessum umræðum og þessum frumvörpum og þál. til þess að gera úrbætur í þeim málum.

Ég vil segja að á starfstíma kerfisins sem er ættað frá sjávarútvegsráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar hefur margt komið í ljós, e.t.v. einhverjir kostir en vissulega margir áberandi gallar og ég held, herra forseti, að ástæða sé til að fara nokkrum orðum um galla kerfisins. En hverjir eru þeir? Þeir eru eftirfarandi:

Grálúðustofninn, einn verðmætasti fiskurinn í dag, einn verðmætasti fiskurinn sem finnst, er upp veiddur. Það mun taka 15 ár að byggja upp þann stofn svo að hann nái afrakstursgetu. Vegna hvers er þetta? Þetta er vegna þess að stjórnarkerfið sem við höfum notað hefur boðið upp á þetta ásamt aðlægum vandamálum sem eru aðrir aðilar sem nýta stofninn.

Ufsastofninn er í mikilli lægð vegna ofveiði og það mun taka langan tíma að hann skili þeirri veiðigetu sem var á árunum 1960–1980.

Lúðu hefur verið eytt í Faxaflóa. Það fæst ekki eitt einasta lúðulok í Faxaflóa og ég veit ekki hve langan tíma tekur að bæta það. Smálúða og lúða var algeng í afla línubáta og í dragnót en er gersamlega horfin í Faxaflóa. Af hverju er það? Það er út af veiðistjórnarkerfinu. Þessa hluti erum við að bæta.

Ég nefni til viðbótar ástandið í karfastofninum sem er mjög alvarlegt. Mönnum virðist ekki vera ljóst að þeir eru að drepa fisk sem tekur meira en áratug að verða kynþroska. Þessi stofn hefur um árabil verið ofveiddur á got- og getnaðartíma meðan þorskstofninn naut verndar. Höfum við verið að gera rétt? Er ekki ástæða til að skoða þessi mál öll í einu? Við erum að reyna að vernda lífríkið en á sama tíma gerum við þessa hluti.

Ýsustofninn er í lægð núna og þar hafa veiðiheimildir verið minnkaðar verulega.

Og hver man ekki eftir blálöngunni á Franshól sem allir ætluðu að ná á stuttum tíma og átti að fiska ár eftir ár? Blálangan er horfin. Árangur fiskveiðistjórnarkerfis, vil ég segja. Á þessu verður að taka. Það hlýtur að vera alvarlegur ágalli á veiðistjórnarkerfi sem hefur leitt framantalið af sér ef ég er að fara með rétt mál. Og ég segi: Ef einhver telur sig geta afsannað það sem ég hef verið að segja, þá skora ég á viðkomandi að hrekja það og það með rökum.

Herra forseti. Oft hefur verið sagt að það beri að hlíta ráðum fiskifræðinga hvað varðar veiðar við Ísland. Þau ráð hafa reyndar ekki alltaf verið í heiðri höfð. Það er svo að okkar ágætu fiskifræðingum hefur líka skjöplast og versta dæmið sem ég man eftir og vil nefna var þegar þorskveiðar voru leyfðar í nót og þorskstofninn hvarf af Selvogsbanka. Bara þetta. Nú er ég búinn að telja upp sex fiskstofna sem hafa farið alvarlega illa út úr fiskveiðistjórn og ráðleggingum. Er ekki ástæða til að doka við og skoða hvernig þetta er?

Ég velti því fyrir mér hvað sé í rauninni að gerast í dag? Allir vita það en flestir þegja. Og ef einhver talar þá heyra stjórnvöld hvorki né sjá. Það er erfitt að þurfa að segja svona. Það sem ég á við er að nánast enginn fiskur er hirtur á netavertíð nema hann sé 8 kg að þyngd eða meira. Því til dæmis vil ég nefna að ég fór ásamt fleirum í fiskverkanir á Suðurnesjum sl. vetur, frá Grindavík í Voga, og þar var enginn fiskur sjáanlegur undir 8 kg. Af hverju? Vegna hvers? (**Gripið fram í:** Það veit ég ekki um.) Og þegar maður spurði um smáfisk, var svarið: „Hann kemur ekki í netin. Þau eru svo stórriðin." Það þýðir nú lítið að segja mér það sem hef verið með net að möskvastærð upp í 10,5 tommur því það kemur smáfiskur allt að 20% í þau net. Það þarf því ekki að segja mér neitt um það að þeim fiski, þessum 20% eða allt að því, er hent í sjóinn aftur steindauðum og engum til gagns. (**Gripið fram í:** Hann er búinn að læra á ...) Já, sennilega vita

þeir það þessir litlu að þeir eiga ekki að fara í 10,5 tommu möskvann. Sennilega vita þeir það þessir 8 kg þorskar að þeim er bara ætlað að fara í þessi ákveðnu net.

Ég held að ástæða sé til að ræða um tæknivæðinguna. Á sama tíma og menn hafa verið að minnka þorskveiðikvótann hefur átt sér stað mikil tæknibylting. Skipin hafa stækkað, vélaraflið hefur aukist og í sumum tilvikum margfalt. Veiðarfærin eru margfalt stærri en t.d. á milli áranna 1960 og 1975. Mælabúnaður svo sem eins og fiskleitartæki eru mjög nákvæm og fullkomin. Stærð flottrolla sem er nýtt veiðarfæri frá liðnum áratug er óhugnanleg. Ég segi að hún sé óhugnanleg. Skipin eru svo öflug að þau geta dregið tvö troll hraðar en síðutogararnir drógu smáblöðla á þeim tíma. Sumir telja sig hafa verið að byggja upp og auka fiskvernd. Og ég held ég verði kannski að viðurkenna eitt, að einhvern veginn hefur hagkvæmni aukist í kjölfar þessarar tæknibyltingar. En ég er ekki viss um að það sé vegna veiðistjórnarinnar sem veiðin hefur aukist. Veiðisvæði íslenskra skipa hefur margfaldast og líklega á það mestan þátt í aukningu veiðanna. En þrátt fyrir það hefur verið gengið óhugnanlega á þá stofna sem ég nefndi í sex liðum hér rétt áðan.

Mig langar, herra forseti, að gera að lokaorðum mínum nokkrar hugsanir um áhrif afnáms tvöföldunar í línuafla. Ég tel og taldi eins og ég sagði áðan að þar hafi verið gerð mistök. Menn gerðu mistök að gera það í svona miklum mæli eins og gert var. Það er allt annað mál að þessi réttur yrði afnuminn af þeim skipum sem voru með beitningarvélar um borð en ekki vertíðarbátaflotanum sem rær með línu úr landi. Það eru þrjú ár síðan þessi lög um tvöföldun voru afnumin, þ.e. á þessu ákveðna tímabili sem náði yfir hluta haustsins og vetrarvertíðar. Og ég vil segja, án þess að rifja nákvæmlega upp hverjir það voru, að einstökum aðilum var færður í hendur veiðiréttur sem nemur milljónum og tugum milljóna og einstaka aðilar stefndu ljóst og leynt að því á ákveðnu tímabili að afla sér eins mikilla viðmiðunarheimilda og þeir gátu vitandi vits að þeir vildu síðan afleggja línutvöföldunina. Þessir aðilar gerðu sumir út báta með beitningarvélum og sóttu fast. Þessir sömu aðilar áttu þá tvo og upp í fimm báta meðan þeir voru að sækja sér veiðiheimildirnar. Hvað eiga þeir nú? Þeir færðu þær síðan yfir á færri skip. Dæmin eru þannig að veiðiheimildir hafa verið fluttar á milli skipa eða heimildir jafnvel seldar og sjómönnum hefur fækkað í nafni hagræðingar. Þetta er vitað og hægt er að nefna einstök dæmi, t.d. þar sem útgerð var með fimm báta til að afla sér veiðiréttindanna. Þegar svo var komið að afnám línutvöföldunar gekk í garð voru skipin allt í einu orðin tvö. Þetta eru þekkt dæmi og þetta eru alvarleg dæmi.

Ég held að alvarlegasta dæmið sé að aflinn hefur ekki komið í land eða að við erum búin að gleyma fiskvinnslunni. Þeir sem stunduðu veiðar með línu og reru úr landi með beitta línu á hefðbundinn máta gjalda núna fyrir og hafa miklu minna úr að spila. Þar að auki sitja margar smærri vinnslur sem keyptu línufisk uppi með vannýtt húsnæði. Fólkið er færra og fiskarnir eru færri og þessar útgerðir skrimta varla eða tæplega. Ég tel að þarna hafi verið gerð mistök sem við þurfum, herra forseti, að laga. Þetta er m.a. það sem ég vil leggja inn í þessa umræðu sem hér hefur verið og í mörgum góðum málum sem ég tel að sé ástæða til að skoða.

[17:07]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson mælti fyrir till. til þál. sem hann flytur ásamt fleiri þingmönnum af Vesturlandi um rannsókn á áhrifum dragnótaveiða. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér fannst að hv. þm. hefði þurft að gera skýrari grein fyrir þeim rökum sem færð eru fyrir þessum tillöguflutningi. Mér fannst þau ekki koma nógu skýrt fram hjá hv. þm. Hann eyddi mestu af tíma sínum í að mæla gegn því kerfi fiskveiðistjórnar sem við búum við í dag og blandaði svo inn í það breytingu á línutvöföldun sem bragðbæti á þá gagnrýni vegna þess að það virðist vera mjög vinsælt hjá þeim sem eru andstæðingar kvótakerfisins að fordæma þá ákvörðun.

Ég vildi heyra skýrari rök fyrir því sem hann telur, að dragnótaveiðar séu mikill skaðvaldur, ekki síst í ljósi þess að í Breiðafirði þar sem hefur verið töluvert mikil dragnótaveiði, er feiknalega mikil þorskgengd um þessar mundir og svo mikill afli að þar hafa menn fiskað betur en oft áður og mér finnst að það sé ekki í samræmi við það sem hv. þm. lætur hér liggja að. Hins vegar tel ég að það sé af hinu góða að rannsóknir séu stundaðar á áhrifum einstakra veiðarfæra og dragnótaveiðin eigi alls ekki að vera þar undanskilin.

[17:10]

**Flm. (Gísli S. Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um að mikil veiði er nú í Breiðafirði, mikil veiði í dragnót og mikil veiði á línu og það má kannski rekja til aðgerða okkar varðandi verndun þorsksins sérstaklega. Það veit hv. þm. Sturla Böðvarsson mætavel eins og ég að leiða má líkur að því að vegna þessarar verndunar þorskstofnsins sé orðið mikið af þorski og það sannarlega mikið í Breiðafirði.

Varðandi notkun dragnótar á ákveðnum svæðum við landið þá er engin fullyrðing, herra forseti, í þessari þáltill. sem segir á neinn hátt að dragnót sé skaðleg. Hins vegar er farið fram á — og það er ágætt að hæstv. sjútvrh. heyri það — að nákvæmlega sé skoðað hver áhrifin séu. Getur verið að það sé vegna dragnótarinnar að smálúðan er gjörsamlega horfin úr Faxaflóa? Það er sagt: „getur verið". Og það er ástæða til að skoða það vegna þess að þekktir skipstjórar sem voru með dragnót í Faxaflóanum í áratugi telja að lúðunni hafi verið eytt með dragnót. Ég hef hvergi sett það fram sem fullyrðingu að það sé vegna dragnótar en ég hef spurt: Af hvaða ástæðu? Það má vel vera, herra forseti, að kannski hefði verið rétt að gera betur grein fyrir þessari tillögu. En ég benti á að þetta væri hluti af því sem sérstaklega er verið að fjalla um í tillögu frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hér eru mörkin sett við veiðarfærið dragnót. Ég vil að það sé skoðað sérstaklega og bendi þá á þær deilur sem eru í gangi í Faxaflóanum og verið hafa í áraraðir. Ég tel að þeim málum þurfi að ljúka.

[17:12]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vill ekki gera mikið úr því að þetta beinist sérstaklega að dragnótaveiðunum eða látið sé að því liggja með þessari tillögu að dragnót geti verið meiri skaðvaldur en önnur veiðarfæri. Ég tel samt að ýmsir líti svo á að tillagan feli það í sér. En ég vil leggja á það áherslu, ekki síst vegna orða hv. þm., að stundaðar séu rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra, að það sé mjög mikilvægt og að þar sé spjótunum ekki einungis beint að einu veiðarfæri

sérstaklega. Ég tel að ekkert hafi bent til þess að dragnótaveiðar hafi verið skaðlegar t.d. í Breiðafirðinum. Það má vel vera að á öðrum svæðum sé það þannig að of nærri hafi verið gengið eins og í Faxaflóa. Það kann vel að vera. Það er nauðsynlegt að rannsaka þetta allt saman.

Vegna þess að hv. þm. tengdi saman fiskveiðistjórnarkerfið og það að einhverjir stofnar hafi minnkað, þá held ég að það sé nauðsynlegt að draga það skýrt og greinilega fram að auðvitað var farið í miklar friðunaraðgerðir gagnvart þorskinum og það hefði aldrei tekist nema vegna þess að þessu fiskveiðistjórnarkerfi var beitt. Við getum ekki blandað því svo aftur saman við það hvernig einstaka útgerðarmenn fara með þessar heimildir sínar. Hv. þm. benti réttilega á að þar eru til dæmi um að þottur sé brotinn. En við megum ekki dæma kerfið úr leik vegna þess heldur taka á þeim tilteknu málum.

[17:14]

**Flm. (Gísli S. Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að við hv. þm. Sturla Böðvarsson erum kannski í grunnatriðum sammála. Í þáltill. sem hér er verið að fjalla um er hvergi sagt að dragnót sé skaðleg heldur að margir telji að dragnót geti verið skaðleg.

Það hafa verið sett fram mörg rök sem styðja bann við dragnótaveiðum en svo eru líka sett fram önnur rök sem mæla með þeim. Það er engin leið að fá úrskurð í þessu máli nema rannsókn fari fram. Þjóð sem telur sig vera til fyrirmyndar í fiskveiðistjórn verður að láta fara fram ítarlegar rannsóknir til að aflétta vafa varðandi þessa tegund fiskveiða sem og annarra. Það má minna á að dæmi voru um að menn réttlættu veiðar á þorski í nót, eins og ég sagði rétt áðan, á sínum tíma og töldu þær vera til bóta. Það má aldrei gerast aftur. Það er líka nauðsynlegt að fá svar við því af hverju lúða er horfin úr afla í Faxaflóa. Er það vegna línubátanna? Er það vegna trollbátanna? Er það vegna dragnótabátanna? Hver á sök? Hvers vegna er lúðan horfin? Er það rangt hjá mönnum sem hafa stundað veiðar með dragnót í mörg ár, að halda því fram að uppvaxtarskilyrði séu hvað best við Faxaflóa og þar séu uppvaxtarsvæði fyrir smálúðu eða fyrir lúðu?

Það var þekkt áður að snurvoðarbátar komu með allt að tveimur tonnum á dag af lúðu en núna sést þessi tegund ekki frekar en í afla smábáta. Ég held því stíft fram að þeir stofnar sem ég taldi upp áðan, grálúðustofninn, ufsastofninn, lúðan, smálúðan í Faxaflóa, karfastofninn, ýsustofninn og blálangan hafi liðið fyrir fiskverndarkerfi okkar eða fiskveiðistjórnarkerfi. Því miður er það svo, herra forseti. Svona hefur þetta gerst. Þetta eru mistök sem við eigum möguleika á að laga og því eigum við að standa saman að þeirri lagfæringu.

[17:17]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum ákaflega viðurhlutamikil mál, sem er stjórn fiskveiða, ekki bara vegna þess að um er að ræða margar tillögur og í margvíslegu formi, bæði þáltill. og enn fremur ýmis frv., heldur líka það að verið er að taka á mjög mörgum þáttum sem hafa verið mikið í umræðunni og er nauðsynlegt að reyna að kryfja til mergjar.

Þegar þessar tillögur eru lesnar yfir, sem ég verð að vísu að játa að ég hef ekki kafað mjög djúpt í, sé ég að þær eru greinilega fluttar á mjög mismunandi tímum. Síðan þær komu fram hafa ýmsir hlutir gerst. Á Alþingi hafa verið afgreiddar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem taka sumpartinn af mönnum ómakið varðandi það sem hér liggur fyrir en líka hitt að það virðist eins og sumar tillagnanna séu kannski ekki beinlínis í mótsögn hver við aðra en nálgast hlutina á mismunandi vegu skulum við segja. Út af fyrir sig er heldur ekkert óeðlilegt þrátt fyrir að við séum að ræða þetta í einu slengi, heldur vegna þess að þetta eru tillögur sem eru fluttar eins og ég sagði áðan, á mismunandi tímum og eru kannski tilraun með ýmsum hætti til að nálgast verkefnið og kanna hversu langt sé hægt að ganga til að koma til móts við tiltekin grundvallarsjónarmið sem búa að baki.

Ég tel að í frv. og þeim tillögum sem liggja fyrir séu ýmis mjög athyglisverð mál færð fram og athyglisverðar ábendingar sem er fyllsta ástæða til að taka af mikilli alvöru. Við þekkjum að mikil óánægja er í gangi með ýmislegt í framkvæmd núverandi fiskveiðistefnu. Og hvaða afstöðu sem menn hafa til grundvallaratriða í þessari fiskveiðistefnu er ekki hægt að horfa fram hjá því að á grundvelli núverandi fiskveiðistefnu er einnig mjög margt sem er öðruvísi í framkvæmd hennar og afleiðingum en menn hugðu þegar verið var að leiða hugmyndirnar í lög. Ég held því að það sé mjög gott að við ræðum málin og ég tek undir það sem hv. formaður sjútvn. sagði áðan að þetta er auðvitað mál af því taginu að við hljótum stöðugt að fjalla um þau og taka þau til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna. Fyrir utan það held ég að mjög margt mæli með því að við beitum ekki eingöngu einni gerð fiskveiðistjórnar við að stjórna fiskveiðum hér á landi.

Ég tek undir það sem hefur verið sagt víða á alþjóðlegum vettvangi í þessum efnum að ég tel miklu skynsamlegra að reyna að horfa á þetta með öðrum hætti en hefur oft og tíðum verið gert og kanna sérstaklega hvort ekki sé eðlilegt að beita mismunandi aðferðum við stjórn fiskveiða eftir því hvað um er að ræða í þessu sambandi. Við sjáum til að mynda í hendi okkar að veiðar á uppsjávarfiski á tæknivæddum flota og veiðar hjá frystiskipum eiga ekki mjög mikið sameiginlegt með veiðum strandveiðiflotans eða minni bátanna með kyrrstæðum veiðarfærum og þar fram eftir götunum. Það er því ekki óeðlilegt að við beitum mismunandi aðferðum við fiskveiðistjórn og þannig hefur þetta verið, t.d. varðandi smábátaflotann, að við höfum beitt þar öðrum aðferðum en við aðra stjórn á fiskveiðum. Ég tel því, virðulegi forseti, að m.a. af þeim ástæðum sé mjög mikilvægt fyrir okkur að ræða þessa hluti með opnum huga.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði áðan að auðvitað hafa orðið mörg og margvísleg mistök við fiskveiðistjórnina. Við sjáum að okkur hefur gengið mjög illa þrátt fyrir allt með uppbyggingu ýmissa fiskstofna, þrátt fyrir að við höfum reynt að rembast markvisst við að stjórna veiðunum. Við sjáum t.d. það sem hefur gerst í karfastofninum. Þar var beitt mjög stórtækum veiðarfærum, flottrollinu, á þessar veiðar til að reyna að ná úthafskarfanum. Ekki fer milli mála að mati mjög margra þeirra sem hafa stundað veiðarnar að þetta hefur haft áhrif á aðra karfastofna í landinu. Við höfum rætt þetta nokkrum sinnum í þinginu, m.a. að frumkvæði mínu og það verður að segjast eins og er að svörin við spurningum sem hafa vaknað um veiðarnar hafa verið mjög óljós. Þar endurspeglast kannski að þetta mál er mjög margslungið og flókið og ekki einfalt fyrir okkur, síst okkur leikmenn, að komast að niðurstöðu um eða átta sig á því um hvað þarna er að ræða.

Síðan er hitt sem ég held sjálfur, virðulegi forseti, að skipti gríðarlega miklu máli og sé atriði sem við hljótum að

reyna að ræða miklu meira og það er í grundvallaratriðum: Er sú stefna rétt sem hefur verið framfylgt á undanförnum árum að beina sókninni, til að mynda í þorskinum, í elstu stofnana sem vísindi hafa sýnt okkur fram á að eru þeir hlutar þorskstofnsins sem eru líklegastir til að skila árangursríkri hrygningu? Hjá vísindamönnum við Hafrannsóknastofnun hefur komið fram að hrygning úr eldri árgöngum er miklu líklegri til að skila okkur árangri en hrygning úr yngri árgöngum. Engu að síður hefur kvótakerfi okkar leitt til þess að við beinum veiðunum eðli málsins samkvæmt meira í þessa árganga þorskstofnsins sem gerir það væntanlega þá að verkum, virðulegi forseti, að þessir árgangar eru síður líklegir til að geta staðið undir hrygningunni, undir framtíðarnýliðuninni í þorskstofninum. Í þessu sambandi hlýt ég m.a. að vekja athygli á mjög athyglisverðum greinum eftir Sveinbjörn Jónsson í Súgandafirði sem hefur kynnt sér málið mjög ítarlega og átt miklar og langar viðræður við ýmsa af forsvarsmönnum Hafrannsóknastofnunar og enn fremur kynnt slík mál á alþjóðlegum vettvangi. Ég held að það sé ómaksins vert og miklu meira en það fyrir okkar góðu vísindamenn að kafa ofan í fullyrðingar af þessu tagi, því að ef þetta er rétt erum við á þvílíkum villigötum að það er miklu alvarlegra en orð fá lýst.

Þetta vildi ég segja almennt um þessi mál. Þess vegna tel ég að allar spurningar sem við erum að velta upp um fiskveiðistjórnarkerfið séu mjög þýðingarmiklar og við eigum að reyna að svara þeim eftir bestu getu.

Gert er ráð fyrir því í einu af þessum frv. að opnað sé á að menn hafi eins konar löndunarbónus við að leggja á land afla til vinnslu innan lands. Þessari hugmynd hefur oft skotið upp kollinum og er réttilega vikið að því í fskj. 2 að fiskiþingið á sl. ári og reyndar þar á undan líka, að mig minnir álíktaði um þetta, og ég held að þetta sé mjög athyglisverð hugmynd. Ég er að vísu ekki endilega viss um að talan 75% sem þarna er nefnd sé það sem við eigum að skoða, en ég held að heilmörg rök séu með því að útbúa einhvern hvata fyrir því að afla sé landað til vinnslu innan lands. Í fyrsta lagi hlýt ég að vekja athygli á því að árum saman og ég held alveg frá upphafi kvótakerfisins hafa verið í gildi reglur sem hafa verið torveldandi í þá átt að menn flytji ísvarinn og óunninn fisk til útflutnings á erlenda markaði. Sérstakt útflutningsálag sem ég þekki að margir útgerðarmenn hafa verið mjög ósáttir við sem við vitum að hefur verið sett upp til þess að reyna að stuðla fremur að því að þessi afli fari til vinnslu innan lands en á erlenda markaði ísvarinn og óunninn. Þess vegna er ekki óeðlilegt í sjálfu sér að við beitum þessari hugsun þá á þennan veg líka að hvetja til þess að afli sé unninn innan lands en að hann fari á erlenda markaði eða til vinnslu úti á sjó.

Margoft hefur verið bent á að staða landvinnslunnar gagnvart sjóvinnslunni er á margan hátt ójöfn. Á sínum tíma var gerð úttekt á þessu á vegum sjútvrn. sem leiddi þetta í ljós og auðvitað stingur mjög í augu, og nú er rétt að vera ekki að fullyrða um ástæðurnar, þegar menn skoða annars vegar afurðir hefðbundinnar fiskvinnslustöðvar sem vinnur úr þorski og hins vegar afurðir frystiskips, sem er á þorskveiðum, og tökum síðan dæmi af fiskvinnslustöð sem er að vinna grálúðu og síðan frystiskip sem er að fiska grálúðu, að afurðirnar eru gjörólíkar. Frystitogararnir koma að landi með grálúðu eingöngu unna á Japansmarkað og kannski Suðaustur-Asíu en ekki grálúðuflök. Hver er ástæðan? Svari þeirri spurningu hver sem vill og eftir bestu getu því að það er auðvitað ábyrgðarhluti að vera með tilgátur úr þessum ræðustóli sem er ekki hægt að standa við að öllu leyti.

Ef við skoðum afurðir þorskveiðiskipanna, frystiskipanna, gerist nákvæmlega það sama og því tel ég, virðulegi forseti, að ekkert óeðlilegt sé við að við reynum að jafna þessi starfsskilyrði með því að láta það virka hvetjandi fyrir útgerðir í landinu sem vilja landa til vinnslu innan lands. Ég hefði talið að það væri eðlilegt svona fyrsta kastið að beina þessu fyrst og fremst að þorskveiðinni. Ég geri mér ekki nákvæmlega grein fyrir því hve mikill hluti af þorskinum fer núna til vinnslu innan lands en ég hefði t.d. talið að það væri ágæt byrjun í þessu sambandi að kanna áhrifin af því að veita eins konar 10% fiskvinnslubónus fyrir skip sem stunda þorskveiðar og landa innan lands. Það mundi síst af öllu valda neinni röskun á heildarúthlutun og væri mjög fróðlegt að vita hvernig það hefði áhrif á stöðu fiskvinnslunnar sem ég held að sé mjög mikilvægt fyrir okkur að efla, m.a. í ljósi þess að fiskvinnslan í landinu stendur undir því byggðamynstri sem við viljum reyna að viðhalda og efla í landinu.

Þetta vildi ég segja í þessu sambandi, virðulegi forseti, og vekja athygli á málinu. Ég tel t.d. að þessi aðferð sé miklu heppilegri og eðlilegri en sú útfærsla sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er með í öðru frv., 3. gr. frv. sem er 189. mál þingsins, þar sem fyrst og fremst er verið að hvetja til að sá afli sem veiddur er á línu og handfæri á dagróðrarbátum komi til sérstakrar meðhöndlunar. Ég held að ekki sé mjög heppilegt að beina þessu sérstaklega að einu eða tveimur veiðarfærum. Við getum séð að annar útgerðarmáti kunni ekkert síður að eiga þátt í að efla stöðu fiskvinnslunnar og ég geri ráð fyrir að það sé það sem búi hér að baki að reyna fremur að styrkja stöðu landvinnslunnar, fiskvinnslunnar á landsbyggðinni.

Ég vildi aðeins með örfáum orðum nefna eitt sem er spurningin um skattlagningu söluhagnaðar á móti auðlindagjaldi sem kemur líka fram í frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé miklu eðlilegri nálgun á því vandamáli sem er á margan hátt uppi í sjávarútvegi okkar og hv. 1. flm. Steingrímur J. Sigfússon gerði grein fyrir í máli sínu áðan. Ég held með öðrum orðum að þetta sé miklu rökréttara svar við því sem hefur verið hin raunverulega gagnrýni á ýmislegt af því sem hefur verið að gerast í sjávarútvegsmálunum. Það er augljóslega algjör mótsögn í því fólgin að ætla sér að leggja auðlindagjald á þá sem eftir starfa í atvinnugreininni vegna þess að menn eru óánægðir með að menn geti farið út úr greininni með fullar hendur fjár.

Það er eins og verið sé að refsa Jóni fyrir það sem Páll gerir. Maður sem er að sigla út úr greininni með peningana þarf ekkert að hafa áhyggjur af því hvort auðlindagjald verði lagt á, það kemur slíkum manni ekkert við. Það kemur þeim hins vegar við sem eftir stendur í greininni og þarf að bera þetta gjald. Þess vegna held ég að hugsun af þessu tagi sé miklu skynsamlegri og auðvitað var á vissan hátt verið að koma til móts við hugsun af þessu tagi þegar við breyttum lögunum fyrir áramótin varðandi fyrningar á aflaheimildum, sem gerir það að verkum að möguleikarnir til að mynda slíkan ofsagróða vegna verðlagningar á aflaheimildum voru mjög takmarkaðir frá því sem var. Það var auðvitað mjög veigamikið skref.

Virðulegi forseti. Það væri vissulega hægt að ræða um þessi mál mjög ítarlega vegna þess að þetta eru mál sem

eru þess eðlis að þau kalla á mikla umræðu. Ég vil aðeins með örfáum orðum nefna það sem hér er líka verið að leggja til, þ.e. rannsóknir á áhrifum mismunandi veiðarfæra. Ég held að þetta sé stúdía sem mikið er eftir að vinna í. Ég var staddur á fundi ásamt nokkrum fleirum hv. þingmönnum, m.a. hv. þm. Gísla S. Einarssyni og Guðjóni Guðmundssyni, sem báðir flytja tillögu varðandi snurvoðina, dragnótina, á Akranesi fyrir jólin sem Fiskifélagið efndi til. Þar kom fram að að þeirra mati væri hægt að fá mörg af þeim svörum sem verið er að kalla eftir, bæði í tillögu hv. þm. og enn fremur í tillögu þeirri sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mælti fyrir, með því að safna saman á tiltölulega einfaldan og ódýran hátt þeim upplýsingum sem þegar liggja fyrir erlendis um þessi mál. Við vitum að í umræðunni úti um allan heim eru menn að velta fyrir sér samspili í lífríkinu og áhrifum mismunandi veiðarfæra og þar fram eftir götunum. Ég held því, virðulegi forseti, að ekki sé endilega þörf á að fara í sjálfstæðar, viðurhlutamiklar rannsóknir sem kosta mikla fjármuni, sem ekki er allt of mikið af hjá Hafrannsóknastofnun. Ég held þess vegna að miklu skynsamlegra sé í fyrstu að kanna hvaða upplýsingar liggja nú þegar fyrir og fara þá í skipulega gagnaöflun af því taginu og reyna að kortleggja þetta mál. Við vitum að þetta er alls ekki einfalt mál.

Á fundinum á Akranesi kom fram t.d. það sjónarmið frá dragnótarmönnum að dragnótarveiðin færi fram á ákaflega afmörkuðum svæðum í Faxaflóanum. Þeir bentu líka á að umræða af þessu tagi hefði skotið upp kollinum fyrr á öldum þegar fyrst var verið að innleiða netaveiðarnar. Við megum auðvitað ekki, þó að við viljum reyna að ganga vel um lífríki hafsins, ganga svo langt að við torveldum eða komum í veg fyrir eðlilegar framfarir í gerð veiðarfæra og þar fram eftir götunum. Ég held því að þetta sé umræða sem er ómaksins verð en við ættum kannski að reyna að stytta okkur leið með því að kalla eftir upplýsingum sem þegar eru til staðar erlendis.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að lokum koma inn á mál sem hv. formaður sjútvn. nefndi áðan, sem er að mínu mati mjög alvarlegt mál sem við stöndum frammi fyrir einmitt á þessari stundu. Það er sú staða sem hugsanlega getur blasað við og komið upp — og er raunar skoðun margra þeirra sem stunda loðnuveiðar um þessar mundir — að við náum ekki að veiða útgefnar aflaheimildir í loðnu. Ástæðan er sú að þegar loðnuveiðarnar hófust eftir hið skamma verkfall átti eftir að veiða um 440 þús. tonn af úthlutuðum loðnukvóta eða þar um bil.

Burðargeta flotans er u.þ.b. 45 þús. tonn ef allir fylltu sig á sama tíma. Það þýðir að þessi floti, ef hann ætti að klára útgefnar heimildir, mundi fara með tíu fullfermi á næstu vikum. Það er skoðun þeirra skipstjórnarmanna sem ég hef rætt við um þessi mál að þetta sé gjörsamlega útilokað. Við getum sem sagt lent í því, eins og málin standa núna, að skilja eftir í sjónum ótöluleg verðmæti sem verða engum til gagns. Það virðist með öðrum orðum veruleg hætta á því að kvótinn náist ekki, ekki vegna þess að ekki sé til heilmikil veiðigeta í flotanum, heldur vegna þess að ýmsir þessara báta eiga eftir litlar heimildir og er gert að spara þær eins og þeir geta, eru að fiska með litlum afköstum, taka í sig smáslatta, tvö, þrjú, fjögur, fimm hundruð tonn, bátar sem bera kannski vel yfir þúsund tonn, vegna þess að þeim er gert að koma með þetta í frystingu. Hættan er sú að við skiljum eftir heilmikil verðmæti í sjónum sem ekki nýtast okkur.

Á sama tíma eru vinnslustöðvar hálfverkefnalausar víða um landið sem gætu annað þessu hráefni og skipin gætu beitt sér með meiri krafti. Þess vegna vil ég segja það, virðulegi forseti, sem mína skoðun að eðlilegast væri, ef þetta er rétt mat sem skipstjórnarmenn eru að segja, að heimila frjálsar veiðar á loðnunni og reyna að klára og sjá til þess a.m.k. að sú úthlutun kláraðist.

Ef menn hins vegar óttast það, sem ég hef að sjálfsögðu engan beyg af, að þetta þýði slíka röskun á fiskveiðistjórnarkerfinu að óbætanlegt sé, sem að mínu mati er auðvitað fráleit viðbára, þá væri út af fyrir sig hægt að heimila einfaldlega meiri veiðar þannig að þeir bátar sem núna hafa litlar heimildir fengju nægar heimildir til þess að geta beitt sér að fullu. Ég veit að Hafrannsóknastofnun telur að engar fiskifræðilegar forsendur séu til þess. Því miður hefur ekki tekist að gera frekari mælingar eða ná árangri í frekari mælingum þó að menn hafi virkilega verið að reyna það. Þeir telja að erfitt sé að koma við slíkri viðbótarúthlutun á grundvelli mælinga. Þess vegna tel ég að einfaldast væri að gefa þessar veiðar frjálsar. Hættan er nefnilega sú að stjórnkerfið í sjálfu sér kunni að virka gegn eigin markmiðum, sem eru þau, að nýta sem best þessa auðlind á hagkvæman hátt. Það er mjög alvarlegur hlutur. Stjórnkerfið má auðvitað ekki hafa sjálfstætt líf án tillits til þess hvaða tilgangi það á að þjóna. Ef menn sjá fram á að þær aðstæður eru uppi að stjórnkerfið í sjálfu sér hamli því að við náum þessum miklu verðmætum, sem markmiðið er að ná og við eigum auðvitað að ná, þá verðum við að gera þær breytingar sem gera það kleift að við getum náð þeim afla sem allir stefna á. Okkur er vissulega ljóst að um er að ræða ákaflega dýrmætan tíma. Það er einfaldlega svo að þegar loðnuveiðin stendur yfir þá stendur hún yfir í skamman tíma og það þarf að bregðast hratt og ákveðið við. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, láta það koma fram sem mitt sjónarmið að reyna eigi eftir öllum tiltækum ráðum að tryggja það að við náum þeim afla með frjálsum veiðum það sem eftir er.

[17:38]

**Flm. (Gísli S. Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil um leið og ég fagna undirtektum hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar varðandi þessi mál sem hér eru til umræðu, bæði það mál sem ég mæli fyrir ásamt þeim sem aðrir hafa lagt til í umræðuna, benda á að í máli hv. þm. kom fram einhver harðasta gagnrýni stjórnarliða á því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Ég vek sérstaka athygli á því. Og þegar hv. þm. segir að rétt væri að beina veiðigetunni af elsta fiskinum í þorskstofninum, hvað á hv. þm. þá við? Eigum við að hætta að nota 9 tommu net? Eigum við að nota 8 tommu neta eða 7,5 tommu þorskanet til veiða? Hvað leggur hv. þm. til í þessu máli?

Mér þótti umræðan um loðnuveiðarnar mjög athyglisverð. Hvað eigum við að segja við þá aðila sem gera út af suðvesturhorninu og hafa gert ráð fyrir að loðnan hegði sér á sama máta og verið hefur, þ.e. að hún komi, jafnvel í Faxaflóann, og þeir nýti sér þá möguleika sem stutt sigling í löndunarhöfn og í heimahöfn gefur þeim? Ég segi bara: Er það rétt gagnvart þeim sem hafa geymt veiðiheimildir sínar, stundað t.d. síldveiðar fram til áramóta, og geymt veiðiheimildir á loðnunni fram á þennan tíma? Þetta er stór spurning. Og þetta kollvarpar fiskveiðistjórnarkerfinu eins og það hefur verið rekið. Þá vil ég skoða það í miklu víðara samhengi en verið er að ræða um gagnvart aðeins einni fisktegund sem er verið að veiða. Það er raunverulega miklu

meira sem ég þarf að koma að en ég geri það á eftir í öðru andsvari.

[17:40]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins út af spurningum hv. þm. þá ætla ég mér kannski ekki þá dul á þessari stundu að svara því nákvæmlega hvaða riðil menn eigi að róa með á netunum í vetur. En það sem ég vil einfaldlega segja er það að ég tel að mjög veigamikil rök hafi verið flutt varðandi þá hættu sem í því felst að beina sókninni svona mikið í eldri árganga þorsksins. Það er ómótmælanlegt og er niðurstaða vísindamanna okkar að hrygning úr stærri þorskinum, eldri þorskinum, sé miklu líklegri til að skila árangri en hrygning úr yngri fiski. Þetta segir okkur að miklu líklegra er að hrygning takist vel og nýliðunin jafnvel í framhaldi ef aðstæðurnar eru sæmilegar í sjónum, að sem mestur hluti af hrygningunni fari fram úr þessari stærð. Og þess vegna held ég að það sé eðlilegt að við reynum að stýra sókninni með þeim hætti að hrygningin takist sem best og nýliðunin í framhaldi af því.

Ég hef ekki miklar áhyggjur af því, þó að við gripum til þess úrræðis nú að heimilda frjálsa sókn varðandi loðnuna það sem eftir væri, og hef ekki miklar áhyggjur af því að það í sjálfu sér kollvarpaði þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Við gætum gert eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, við gætum út af fyrir sig byrjað bara á nýjan leik aftur á næsta ári og úthlutað kvótum, ef menn vilja endilega úthluta þessum kvótum. Það mundi enginn bíða tjón á sálu sinni við það. Og ég sé ekki að það mundi skaða þær útgerðir sem hvort eð er næðu ekki sínum kvóta vegna þess að svo skammt er orðið til stefnu, þó að aðrir fengju að veiða þetta. Ég held að um sé að ræða þjóðarhag sem við verðum að horfa á í þessu sambandi.

[17:42]

**Flm. (Gísli S. Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar skýringar. Það er gott að eiga þær í handraðanum ef til kemur varðandi loðnuveiðar. Ég hef ekki gert mér grein fyrir því að mögulegt væri að gera þetta svona, að taka bara kerfið aftur upp á nýtt. Þá á það alveg eins við um aðra fiskstofna. Mér finnst það koma til greina. Ég vil bara skoða það.

Ég vil að lokum beina máli mínu til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, hvort hann geti fallist á að það sé nauðsyn að skipta veiðisvæðunum við landið upp í ákveðin hólf gagnvart ákveðnum tegundum skipa og hvort rétt sé að sums staðar við landið ætti t.d. að vera 24 mílna lögsaga fyrir strandveiðiflotann, hvort ísfiskstogararnir ættu að vera á ákveðnu svæði og hvort við ættum að skoða heimildir þeirra út frá því. Og hvort frystiskipin ættu að hafa einhverjar ákveðnar aðrar takmarkanir, t.d. varðandi það hvar þeir mega veiða í lögsögunni, hvort við eigum að halda þeim fyrir utan 30 mílur eða annað. Síðan tel ég að kannski væri ástæða til að skoða hvort við ættum að takmarka fjölda af t.d. handfærarúllum um borð í smábátunum miðað við fjölda manna á þeim, hvort við ættum að takmarka þann fjölda línubala sem einn maður má róa með og hvort við ættum að fara út í þá takmörkun frekar en aflatakmörkunina sem beitt hefur verið undanfarið.

[17:44]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta við í þessa umræðu um loðnuna að eins og ég nefndi í ræðu minni áðan er til önnur leið ef menn hafa áhyggjur af því að frjáls sókn væri eitthvert tilræði við þessa fiskveiðistjórnun sem margir vilja viðhalda. Þá er út af fyrir sig hægt að fara þá leið, eins og ég sagði áðan, að gefa út einfaldlega meiri heildarheimildir. Mér er hins vegar kunnugt um að Hafrannsóknastofnun telur sig ekki geta mælt með slíkri aðferð af því að þeir hafa ekki mælt stofninn. En í ljósi þess að þetta gæti verið tæki eða aðferð við að ná heildaraflanum sem fiskifræðingar hafa talið óhætt að við veiddum, þá er þetta út af fyrir sig ágætis aðferð sem mundi engu raska í sjálfu sér. Hún mundi ekki raska grundvelli úthlutunarinnar og væri kannski leið sem mjög margir gætu þess vegna sætt sig við. Ég tel að það skipti ekki höfuðmáli hvor leiðin er valin. Ég held að aðalatriðið sé að við náum þessu markmiði okkar, að veiða úthlutaðan kvóta í loðnunni þannig að við gerum sem mest úr honum á þeim tíma sem við höfum til þess.

Ég vakti máls á þessu vegna þess einfaldlega að reyndir skipstjórnarmenn hafa vakið athygli mína á því að sú hætta sé raunverulega fyrir hendi að okkur takist ekki við þær aðstæður sem nú eru að ná kvótanum í loðnunni og að þjóðarbúið geti þess vegna beðið af því mikinn skaða.

Ég vil aðeins segja út af síðustu spurningum hv. þm. — ég get auðvitað ekki svarað öllum hér og nú — að ég er alltaf dálítið hikandi varðandi þessar hólfaskiptingar. Ég þekki það af gamalli reynslu að þetta eru ákaflega erfið og viðkvæm mál og ég held að það verði að reyna að ná samkomulagi í þessum efnum. Ég vek athygli á að við afgreiddum fyrr á þessum vetri frv. til laga um veiðar í landhelgi Íslands, landhelgislagafrv. held ég það sé kallað í daglegu tali. Það byggðist á mjög miklu samráði sem átti sér stað á tveimur eða þremur síðustu árum og ég held að ekki væri heppilegt að taka það upp einhliða og raska því samkomulagi sem þar náðist.

[17:46]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi einmitt hitt naglann á höfuðið áðan þegar hann vakti athygli á þeirri staðreynd að fiskveiðistjórnarkerfið er vitaskuld fyrst og fremst sett á í því skyni að reyna að nýta auðlindina eins vel og kostur er þannig að fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt má ekki verða markmið í sjálfu sér. Ekki markmið til þess aðeins að viðhalda því. Við megum ekki gleyma því til hvers við ætlum að nota það og því held ég að nauðsynlegt sé að halda því til haga því það gleymist oft í umræðunni að fiskveiðistjórnarkerfið er fyrst og fremst til að við nýtum auðlindina eins vel er kostur. Þetta fiskveiðistjórnarkerfi eins og flest önnur kerfi, og er þá sama hvaða kerfi við tökum upp, hefur ýmsa galla og ýmsa kosti. Þannig mun það ætíð verða. Þess vegna vil ég fagna þeim frv. sem við ræðum hér saman í einu vegna þess að það sýnir svo ekki verður um villst ásamt mörgum öðrum frv. sem lögð hafa verið fram að nauðsynlegt er að við endurmetum og endurskoðum sífellt stefnumótun í sjávarútvegi og stjórn fiskveiða því með stjórn fiskveiða erum við að fjalla um verðmætustu auðlind okkar ef svo má að orði komast, þ.e. ef mannauðurinn er ekki talinn með. Við erum að fjalla um okkar verðmætustu auðlind og stjórnkerfi á slíkri auðlind hlýtur að vera í síbreytilegri endurskoðun.

Markmiðið með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er kannski fyrst og fremst það að tryggja að auðlindin verði nýtt af sem mestu hagræði sem þýðir vitaskuld að alltaf veiða færri og færri. Það er eðli hagræðingarinnar. Hins vegar eru kannski helstu gallar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þeir

að endurnýjun í fiskveiðiflotanum verður mjög takmörkuð og færri einstaklingar koma inn í greinina. Eins er hættan á því að verkþekking í greininni tapist einnig. Þetta eru hinir augljósu gallar. Afleiðingin af þessu kerfi er vitaskuld augljós líka, a.m.k. hvað varðar gallana, því að til að mynda má taka sem dæmi að á Suðurlandi hefur vertíðarbátum líklega fækkað um 70%. Vertíðarbátar eru ekki lengur til á Stokkseyri og Eyrarbakka og fækkaði um það bil um þessa tölu í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum.

Enn fremur kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar nú nýverið um ástæður fólksfækkunar á landsbyggðinni að þar er fiskveiðistjórnarkerfið talið vera hvað stærsti einstaki áhrifavaldurinn vegna þeirrar fólksfækkunar sem orðið hefur á landsbyggðinni, þannig að það er alveg ljóst að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við núna hefur bæði kosti og galla. Við megum því ekki einblína á það að fiskveiðistjórnarkerfið sé markmið í sjálfu sér, heldur eigum við fyrst og fremst að nota það til að nýta auðlindina sem best. Það verður að vera okkar markmið.

Í umræðunni um fiskveiðistjórnina upp á síðkastið hefur kannski helst verið rætt um kvótabrask og kvótaleigu og sýnist sitt hverjum í þeim efnum. En ég vil þó vekja athygli á einni hugmynd sem kastað hefur verið fram nokkrum sinnum, þ.e. að hugsanlega mætti endurúthluta þessum aflaheimildum á þriggja ára fresti þannig að þeir sem veiða upp heimildirnar fá þær til sín á þriggja ára fresti þannig að það mundi draga mjög úr hvata manna til að leigja þessar heimildir. Ég held það sé mjög umhugsunarvert hvort ekki sé ástæða til að skoða það því að á þessum þremur árum kemur kannski í ljós hverjir veiða aflaheimildirnar og vitaskuld er langeðlilegast að þeir sem veiða fiskinn fái úthlutað aflaheimildunum í stað þess að þeir þurfi að leigja þær dýrum dómum. Ég vil varpa þessari hugmynd inn í umræðuna.

*Enn fremur vil ég taka undir þau sjónarmið sem hv. þm.* Steingrímur J. Sigfússon, formaður sjútvn., og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tók undir áðan og rökstuddi ágætlega, en *ég tel að full ástæða sé til að skoða núna í þessu ljósi hvort* ekki sé rétt að gefa loðnuveiðar frjálsar nú sem stendur því það er hverjum manni ljóst að mjög ólíklegt er að það takist að veiða upp *í þær heimildir sem nú hafa verið gefnar út á* þeim tíma sem eftir er. Ég held það þjóni þjóðarhagsmunum að við veiðum eins mikið og kostur meðan við getum veitt og mjög líklega mundi það leiða að *því marki ef við gæfum* veiðarnar frjálsar. Ég tel að það sé í sjálfu sér engin umpólun á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Ég held það megi alveg reyna þetta í eitt ár í ljósi þeirra staðreynda sem nú eru uppi því við megum ekki gleyma því að fiskveiðistjórnarkerfið á ekki að hafa líf í sjálfu sér. Menn verða að gæta þess að hafa ekki bókstafstrú á þessu stjórnarkerfi. Við erum fyrst og fremst að stjórna fiskveiðunum fyrir okkur sjálf og ef fiskveiðistjórnarkerfið er ekki á hverjum tíma í samræmi við okkar hagsmuni þá er að breyta því. Það er engin spurning.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í hv. sjútvn. og mun því fjalla um flest þau mál sem hér hafa verið lögð fram og ætla því ekki að hafa um þau löng eða mörg orð en mig langar sérstaklega að fjalla um eitt mál sem ekki kemur til hv. sjútvn. ef ég skildi framsögumann, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, rétt, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965. Meginefni þess frv. er að nokkur verkefni og nokkrar rannsóknastofnanir sem nú falla undir sjútvrn. og landbrn. verði færð undir umhvrn. Meginástæðan fyrir því að þessar tillögur eru settar fram eru þær að hætta sé á hagsmunaárekstrum. Ég held að þau lög sem við fjöllum um og þær breytingar sem þessu frv. er ætlað að breyta hafi verið sett á þeim tíma sem almenn viðhorf um hagsmunaárekstra voru kannski ekki í hávegum höfð. Þau eru frá 1965 og ég held einmitt að sú hugmyndafræði sem hér er lögð fram sé vel þess virði að hún sé skoðuð frekar. Ég vil árétta að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti sérstaka athygli á því að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sé fyrst og fremst — a.m.k. mátti greina það á hans orðum — í þágu stórútgerða og hann setti fram nokkur veigaþung rök í þá veru að það sé mjög æskilegt fyrir stórútgerðir að aflaheimildir nú um hríð séu sem minnstar vegna þess að þá standa líkur til þess að heimildirnar færist smám saman á færri hendur. Það séu ekki forsendur fyrir minni útgerðirnar að gera út. Hv. þm. rakti þetta ágætlega í ræðu sinni og vakti enn fremur athygli á því hvernig samsetning er á stjórn Hafrannsóknastofnunar þar sem hagsmunaaðilar hafa mikið um það að segja hvernig stefnumótunin er í stofnuninni sjálfri. Hafrannsóknastofnun er kannski sú veigaþyngsta stofnun hvað varðar álit þegar ákvörðun er tekin um það hversu miklar veiðiheimildir eigi að gefa út á hverju ári. Því er það vissulega umhugsunarefni hvort hér sé ekki veruleg hætta á hagsmunaárekstrum ef hagsmunaaðilar sitja í stjórn stofnunarinnar og síðan heyri þessi tiltekna stofnun undir þann viðkomandi ráðherra sem tekur ákvörðun um það hversu miklar veiðiheimildir eigi að gefa út á hverju ári. Mér þóttu þetta því mjög áhugaverð rök sem hv. þm. færði fram fyrir máli sínu því það er alveg ljóst að fiskveiðistjórnarkerfið á hverjum tíma má ekki vera einhvers konar gróðavél fyrir fáa útvalda. Við þurfum að gæta þess að svo verði ekki. Hafrannsóknastofnun má því ekki beita í því skyni að tryggja það að fáir útvaldir fái sem mestan afrakstur af auðlindinni. Það held ég sé grundvallaratriði í þessu.

Fyrir utan það að koma upp og taka kannski mestan part sérstaklega undir með þessu frv. því það kemur ekki til hv. sjútvn. og því gefst mér ekki færi á að fjalla um það þar, þá langaði mig í þessu samhengi að beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort það sé skoðun hans að hætta sé á að Hafrannsóknastofnun eins og hún hefur starfað undanfarið og eins og *starfsemi hennar er háttað*, verði beitt sem verkfæri stjórnvalda við að ganga erinda stórútgerða í landinu. Ég tel að það hafi mátt ráða af ræðu hv. þm. að sú skoðun væri honum ekki fjarlæg. *Ég held að það sé mjög merkilegt innlegg í* þessa umræðu og vert umhugsunarefni hvort fyrirkomulag eða lög um stjórn Hafrannsóknastofnunar séu þess eðlis að þar sé hætta á hagsmunaárekstrum. *Ég held að mjög mikilvægt* sé að fá fram viðhorf þingmannsins til þessa máls og vil í lok minnar ræðu — ég ítreka að ég fæ tækifæri til að fjalla um önnur frv. í sjútvn. — *beina þessari spurningu til* hv. þm.

[17:58]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson réð nokkuð rétt í þau viðhorf sem ég dró fram í ræðu minni um þá hættu sem uppi er í því kerfi sem við búum við núna, þ.e. að yfir Hafrannsóknastofnun er stjórn og í henni eru þungavigtarmenn úr hópi stórútgerðarmanna. Ég segi það alveg fullum fetum, herra forseti, að ég tel að hætta sé á því að hægt sé að beita stofnuninni í þágu þessa hluta útgerðarmanna. Ég bendi einfaldlega á þá staðreynd að þeir menn sem í stjórninni sitja eru ekki að sækjast eftir því til að vera áhrifalausir. Það er alveg ljóst. Þeir eru ekki komnir í stjórnina til að vera

áhrifalausir, hvorki fyrir sína hagsmuni né annarra. Það er staðreynd sem við blasir að ástand þorskstofnsins á síðasta ári er allt annað en Hafrannsóknastofnun var búin að segja okkur að það yrði fyrir nokkrum árum þegar dregið var úr veiðiheimildum í þorski sem nam um 57%. Þá var dregin upp ákveðin mynd af því hvernig ástandið mundi verða nú ef farið yrði að þeirra tillögum. Það hefur verið gert í meginatriðum en ástandið er allt annað og miklu betra en stofnunin vildi vera láta að það gæti orðið. Maður hlýtur að spyrja sig: Hverjum þjónar þessi sveltistefna á veiðiheimildum í þorski? Hverjum þjónar hún?

[18:00]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. skýr og greinargóð svör við spurningu minni. Ég tel að þau viðhorf sem hann setti fram í ræðu sinni séu vel þess virði að þau séu ígrunduð betur. Einkanlega ætti að athuga þá hættu sem hann telur vera á hagsmunaárekstrum. Þau lög sem þetta efni byggir á eru orðin gömul. Áður voru önnur viðhorf en eru í dag og þess vegna veruleg hætta á að núverandi fyrirkomulag leiði til hagsmunaárekstra.

Ég held að í sjálfu sér velkist enginn í vafa um að afleiðing af núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur verið sú að minni bátum hefur fækkað til mikilla muna. Ég á þá við minni vertíðarbáta sem voru hér á árum áður. Raunveruleikinn bendir því a.m.k. til þess að sú hætta sé til staðar.

Því miður, virðulegi forseti, er hæstv. sjútvrh. ekki viðstaddur og því ekki hægt að beina þessari fyrirspurn til hans. Ég ítreka þakklæti til hv. þm. fyrir að svara fyrirspurn minni vel og greinilega.

[18:01]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem verið hefur um þessi þingmál, sjávarútvegsmálin, sem hér hafa verið á dagskrá í allan dag. Það má segja að hér hafi, óslitið síðan um þrjúleytið, staðið málstofa um sjávarútvegsmál og er það vel.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði að umtalsefni nokkur atriði í tengslum við þessi mál. Þar á meðal lýsti hann þeirri skoðun sinni að ekki bæri að skorða fiskveiðistjórnina eingöngu við eina aðferð heldur ættu menn að beita mismunandi aðferðum eftir aðstæðum.

Reyndar er það svo að fiskveiðistjórnkerfið er mjög blandað eins og það er í dag. Það vill oft gleymast í þindarlausum umræðum um kvótakerfið að það er langt frá því að vera eina aflamarkskerfið sem takmarkar þann afla sem taka má að landi. Fólk áttar sig oft ekki á því hversu geysilega samsett fiskveiðistjórnkerfið er í reynd og margar aðgerðir og ráðstafanir hafa þar áhrif. Nægir þar að nefna, svo dæmi sé tekið, allar reglur um veiðarfæri. Þær koma til viðbótar og eru hluti af inngripi stjórnvalda í sóknina. Þar má einnig nefna allar reglur um lokanir svæða, skyndilokanir, reglur um undirmálsfisk og stöðvun veiða ef of mikið af afla er undir máli. Landhelgislínur sem halda vissum stærðarflokkum skipa utan við ákveðin mörk stjórna einnig fiskveiðum o.s.frv.

Efnahagsleg atriði, kjarasamningar og fleira hafa einnig viss áhrif á sóknargetu flotans og sóknarmunstur. Þegar upp er staðið er það takmörkunarkerfi eða þær aðstæður sem beint eða óbeint takmarka sóknina í fiskstofnana samsett af mjög mörgum samvirkum þáttum. Að mínu mati er því einmitt óæskilegt að vera algerlega bundinn á klafa einnar ráðstöfunar frekar en annarrar.

Ég vísa aftur til þess sem ég sagði. Aðstæður eru sífellt að breytast. Upp koma tímabundnar aðstæður sem óhjákvæmilegt er að unnt sé að bregðast sérstaklega við. Það er að sjálfsögðu æskilegt að eins mikil festa og stöðugleiki ríki í þessu efni og hægt er en náttúran er sífellt að kenna okkur að hún er óstöðugt fyrirbæri. Menn geta ekki skipað loðnunni fyrir með lögum. Það er gersamlega tilgangslaust. Jafnvel okkar sprenglærðustu fiskifræðingar verða að játa sig sigraða þegar að því kemur að útskýra sífellt breytilega hegðun einstakra tegunda. Nýjar og nýjar aðstæður koma upp á miðunum vegna samspils mismunandi þátta, aðstæðna í hafinu, hitastigs, átu og stofnanna sem í hlut eiga. Þá ber að sjálfsögðu að hafa sveigjanleika og viðbragðsflýti í kerfinu þannig að unnt sé að mæta slíkum aðstæðum.

Það er ekki eins og þetta sé að gerast í fyrsta skipti og ætti að koma okkur á óvart, ástandið á loðnumiðunum nú þessa dagana. Ég minni t.d. á rækjuveiðar, úthafsrækjuveiðar á undanförnum árum. Það kom árabil, a.m.k. tvö ef ekki þrjú ár í röð, þar sem útgefinn úthafsrækjukvóti náðist ekki. Forsendur kerfisins voru látnar ráða og í staðinn fyrir að gefa veiðarnar frjálsar var haldið í kvótakerfið. Það dró úr þeirri sóknargetu sem ella hefði getað verið til staðar í flotanum til að nýta þennan stofn. Vísindin sem liggja til grundvallar því að takmarka sókn í rækju eru að margra mati langtum veikari heldur en þegar langlífir bolfiskstofnar eiga í hlut.

Ég var auðvitað ekki mjög bjartsýnn á það fyrir fram þegar ég tók það upp í dag, herra forseti, að nú ætti að bregðast við ástandinu á miðunum með því að gefa loðnuveiðarnar frjálsar það sem eftir lifir vertíðar. Að sjálfsögðu var ég ekki að tala um neitt annað. Við vitum ekki hver kvótinn verður, hvert veiðiþolið verður metið á næsta ári o.s.frv. Þá verður ekkert því til fyristöðu að kvótinn taki gildi á nýjan leik. Út frá honum geta allir skipulagt veiðar sínar og það væri ekki fyrr en undir lok vertíðar og fyrirséð að þjóðarbúið væri að verða af verðmætum sem gripið yrði til þessara ráða þegar upp koma aðstæður eins og þær sem eru að koma upp núna.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að við erum að tala um loðnu, skammlífan stofn, þar sem ljóst er að sú veiði sem ekki verður tekin fyrir lok þessarar vertíðar verður aldrei tekin. Það gerir stofninum ekkert gagn í viðgangi og þjónar engum skynsamlegum tilgangi að láta 100–200 þús. tonn eða jafnvel meira af loðnu, sem að mati fiskifræðinga væri óhætt að taka, deyja drottni sínum á botninum vestan eða norðan við landið í apríl, maí eða júní eða hvenær það verður. Kerfið er farið að lifa sjálfu sér og hagsmunir kerfisins orðnir ofar þjóðarhagsmunum ef ekki er hægt að bregðast við aðstæðum af þessu tagi, ef fyrirséð er að kvótinn ætli ekki að nýtast.

Ég tek það fram að þetta er byggt á því sem frést hefur og út frá mati skipstjóra á síðustu sólarhringum. Hlutirnir breytast e.t.v. á allra næstu dögum. Það er vel ef menn fá forsendur til þess að verða bjartsýnni á að það takist að ljúka loðnuvertíðinni eðlilega, nýjar göngur finnist eða slíkt. Miðað við allar aðstæður, eins og þær blasa við mönnum á miðunum, fram að þessu er útlitið verra.

Ég vil bæta nokkru við þetta, herra forseti, og það er miður að hæstv. sjútvrh. er ekki hér til að svara fyrir það. Við þessar aðstæður tel ég blóðugt að sjá hafrannsóknaskipin sigla í land og ljúka sínum rannsóknum þegar þörfin fyrir að hafa þau og okkar færustu sérfræðinga á miðunum er meiri

en nokkru sinni fyrr. Einmitt nú sem aldrei fyrr ætti að vera skip á miðunum til þess að fylgjast með því dag frá degi hvað þarna er að gerast og meta horfurnar. Helst ætti það að vera í beinu sambandi við stjórnvöld í sem gætu brugðist við í samræmi við bestu fáanlegar upplýsingar eins og þær liggja fyrir á hverjum tíma og skilaboðin sem við erum að fá úr lífríkinu. Þarna vantar nokkuð, herra forseti, á að okkar stjórnkerfi sé nægjanlega viðbragðsfljótt og sveigjanlegt og geti tekið mið af breytilegum aðstæðum.

Það gefast sjálfsagt tækifæri til að skoða þetta mál eða ræða frekar á hv. Alþingi á næstu dögum ef svo ber undir. Mér finnst mikilvægt að hæstv. sjútvrh. heyri þau skilaboð sem hér hafa verið flutt af nokkrum hv. þingmönnum og þar á meðal þeim sem hér talar, taki þau alvarlega og skoði hvort ekki sé ástæða til að meta það í fúlustu alvöru hvernig bregðast eigi við.

Herra forseti, Ég held að ég orðlengi ekki um það sem aðrir hv. ræðumenn fjölluðu. Ég þakka þær undirtektir sem fram komu við ýmis efnisatriði þeirra frumvarpa sem við höfum verið að mæla fyrir, hv. þingmenn Alþb. og óháðra og reyndar einnig hv. þm. Gísli S. Einarsson sem á hér eitt mál á dagskrá.

[18:11]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni og þakka fyrir þær undirtekir sem í dag hafa fengist við frv. þeim sem mælt hefur verið fyrir. Í máli ræðumanna kom fram ýmislegt umhugsunarvert og annað sem ástæða er til að taka undir.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. að það er ástæða til að undirstrika það að stjórn fiskveiða hlýtur alltaf að hafa þann tilgang að treysta stöðu fiskstofnanna og sjá til þess að veiðarnar fari skynsamlega fram. Þær geta aldrei verið aðalatriði í sjálfu sér. Markmiðið er því ekki að búa til ósveigjanlegar reglur sem eigi að gilda um aldur og ævi burt séð frá því hvernig aðstæður þróast í hafinu. Ég held að sú áminning sé þörf að núverandi kvótakerfi sé ekki varanlegur veruleika sem blífa muni um aldur og ævi. Þvert á móti er líklegra að þeim reglum sem stuðst er við í dag og hafa verið í undanfarinn áratug verði breytt í veigamiklum atriðum á næstu árum. Það er líklegra heldur en hitt, að þær verði óbreyttar.

Því er hins vegar ekki að neita að eitt hefur stuðlað að því að festa það sem orðið er í sessi. Reglurnar hafa annan tilgang en þann að halda utan um veiðarnar og verja fiskstofnana. Þær hafa því miður þróast út í að færa til verðmæti og varðveita í höndum einstakra útgerðarmanna. Því miður verður að segja hlutina eins og þeir eru. Sem dæmi má nefna að fisktegundir hafa verið settar í kvóta án þess að nokkur ástæða væri fyrir því. Eins og menn vita eru núgildandi lög um stjórn fiskveiða grundvölluð á því að kvótasetning á fisktegundum eigi því aðeins að gerast að sóknin sé meiri en stofninn þoli. Því var ekki að heilsa varðandi steinbítsstofninn fyrir rúmu ári þegar hann var settur í kvóta, skyndilega að ákvörðun ráðherra. Engar faglegar forsendur voru fyrir þeirri ákvörðun og ég fullyrði að ákvörðun ráðherrans var eingöngu tekin til að búa til verðmæti í efnahagsreikningum útgerðanna. Aðgerðin hafði ekkert með stjórn fiskveiða að gera.

Annað dæmi sýnir einnig að menn hafa litið á þetta með öðrum augum en eðlilegt getur talist. Útgefnum kvótum á rækjuveiðar hefur t.d. verið haldið uppi þrátt fyrir að veiðar næðu ekki því sem leyft var að veiða. Sóknin var því minni en stofninn þoldi. Hver var þá tilgangur þess að gefa út aflakvóta? Hann var mjög einfaldur að mínu viti. Hann var sá að gera útgerðum kleift að selja kvóta eða leigja og færa þannig verðmæti milli fyrirtækja, fram hjá skiptum og aflahlutum sjómanna. Allir sem vilja vita að greiðslur fyrir kaup á rækju á þeim tíma voru tvenns konar. Annars vegar var greitt fyrir hvert kíló sem keypt var og hins vegar fyrir kvótann sem slíkan. Sú greiðsla fór fram hjá hlutaskiptakerfinu.

Fleiri dæmi má nefna líka sem rökstyðja að núverandi kerfi hefur þróast hættulega langt í þá veru að vera undirstaða verðmæta á bak við hlutabréf í einstökum útgerðarfyrirtækjum. Það er mjög varasamt þegar stjórn fiskveiða lendir á slíkum villigötum og margt sem af því leiðir sem ekki er æskilegt og óþarft er að tíunda hér í löngu máli.

Þá tek ég einnig undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að full ástæða er til að velta því fyrir sér og gera á því alvarlega athugun hvort menn séu á réttu spori með að beina sókninni í stærstu og elstu fiskana. A.m.k. eru þau rök nokkuð sannfærandi að slíkar áherslur séu ekki þær skynsamlegustu. Þá fagna ég því að þingmaðurinn tók undir þær hugmyndir sem við höfum kynnt um svonefndan löndunarbónus, þó svo að hann tæki ekki að öllu leyti undir þær prósentur sem fram eru settar. Reyndar átti ég ekki von á að um prósentuna sem slíka væri samstaða en ég vonaðist eftir að hugmyndin ætti hljómgrunn, þ.e. að beita löggjöfinni til að stýra veiddum afla sem mest í land til vinnslu. Það væri þjóðhagslega hagkvæmast, bæði út frá hagsmunum útgerðanna og eins út frá hagsmunum þjóðfélagsins í heild, þar sem miklir fjármunir eru bundnir í verðmætum, ekki bara í sjávarútvegi til lands og sjávar heldur utan sjávarútvegsins sem tengjast svo aftur sjávarútveginum, vexti hans og viðgangi. Þar á ég við eignir og annað í landi sem eru í eigu einstaklinga og fyrirtækja utan sjávarútvegs en rekja afkomu sína beint til sjávarútvegsins sjálfs og þar af leiðandi verðmæti eigna sinna eftir því hvernig gengur í þeirri atvinnugrein.

Ég vil þakka þingmönnum jafnaðarmanna, þeim Gísla S. Einarssyni og Lúðvíki Bergvinssyni fyrir framlag þeirra til umræðunnar og undirtektir við einstök atriði í tillögum okkar. Ég hef þegar svarað þeirri spurningu sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson beindi til mín og er óþarft að endurtaka það. Ég vil þó undirstrika það sem hann benti á að núverandi kerfi hefur leitt af sér ákveðna hluti sem því hefur líklega verið ætlað að gera en er ekki endilega víst að allir séu sammála um að séu æskilegir eða skynsamlegir, sem er fyrst og fremst fækkun í bátaflotanum, vertíðarflotanum um land allt. Þingmaðurinn nefndi að vertíðarbátum á Suðurlandi hefði fækkað um 70% og víst er að vertíðarbátum hefur fækkað gríðarlega mikið víðar annars staðar um landið með þeim alvarlegu afleiðingum sem því fylgir. Ég er ekki viss um að það hafi verið hagkvæmasta þróunin fyrir þjóðfélagið í heild að þetta gerðist eins og raun hefur orðið á.

Mér finnst athyglisverð sú hugmynd sem hann nefndi að hafa reglubundna endurúthlutun veiðiheimilda, og þá út frá reynslu undanfarinna ára, þannig að menn geti ekki gengið út frá því sem vísu að aflaheimildir sem þeim hefur áskotnast einhvern tímann í fyrndinni eða keypt sér verði þeim varanlega í hendi, heldur þurfi menn að hafa fyrir því að hafa þær áfram og þá fyrst og fremst á þann veg að nýta þær til veiða eins og ætlast er til í meginatriðum með þessari löggjöf.

Herra forseti. Ég held ég fjölyrði ekki frekar um það sem komið hefur fram í umræðunni annað en að árétta þakkir

mínar til þeirra sem tekið hafa þátt í henni fyrir þeirra framlag. En af því ég gerði ekki tillögu um hvert vísa bæri frv. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þá legg ég til, að athuguðu máli, að málinu verði vísað til hv. umhvn. með því fororði að sú nefnd sendi málið bæði til sjútvn. og landbn. til umsagnar áður en umhvn. afgreiðir málið frá sér.

[18:20]

**Útbýting þingskjala:**

Hollustuhættir, 194. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 836; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 837.

Kosningar til sveitarstjórna, 225. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 840.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:21.

---

## 74. FUNDUR

þriðjudaginn 24. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 152. mál, þskj. 152. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 189. mál, þskj. 191. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, frv., 236. mál, þskj. 269. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv., 252. mál, þskj. 297. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv., 263. mál, þskj. 330. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, þáltill., 269. mál, þskj. 337. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, þáltill., 308. mál, þskj. 383. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stjórn fiskveiða, frv., 487. mál, þskj. 830. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hollustuhættir, stjfrv., 194. mál, þskj. 197, nál. 836 og 844, brtt. 837. — 2. umr.
10. Dánarvottorð, stjfrv., 464. mál, þskj. 795. — 1. umr.
11. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814. — 1. umr.
12. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 225. mál, þskj. 257, nál. 827, brtt. 828 og 840. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, 492. mál, fsp. GÁS, þskj. 841.

Hollustuhættir, 194. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 844.

Málefni ungra fíkniefnaneytenda, 491. mál, þáltill. SJóh o.fl., þskj. 839.

Ráðning fíkniefnalögreglumanna, 494. mál, fsp. GÁS, þskj. 843.

Tilboð í smíði rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun, 493. mál, fsp. GÁS, þskj. 842.

### *Hollustuhættir, 2. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 197, nál. 836 og 844, brtt. 837.

[13:32]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta umhvn. á þskj. 836 og 837, um frv. til laga um hollustuhætti.

Umhvn. hefur fjallað um málið á tólf fundum og fengið til fundar við sig fjölmarga aðila, m.a. frá umhvrn., Hollustuvernd ríkisins og stjórn Hollustuverndar ríkisins, frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félagi ísl. náttúrufræðinga, Skipulagi ríkisins, landlæknisembættinu og Vinnueftirliti ríkisins. Þá fékk nefndin Halldór Jónsson héraðsdómslögmann til viðræðna við sig um stjórnsýsluþátt frv. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fjölmörgum aðilum sem taldir eru upp í nál.

Í frumvarpinu er að finna heildstæðar reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir og er því ætlað að koma í stað núgildandi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins má nefna að gert er ráð fyrir að lögin nái framvegis einnig yfir efnahagslögsöguna og til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Þá er lögð til fækkun heilbrigðisnefnda, gert er ráð fyrir að þær verði tíu talsins og að þær verði jafnframt svæðisnefndir. Lagt er til að ráðherra skipi hollustuháttaráð sem fjalli um þá þætti sem undir lögin falla og er ráðið ráðgefandi fyrir ráðherra. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á Hollustuvernd ríkisins. Þannig er lagt til að ekki verði stjórn yfir stofnuninni, en að henni verði skipaður forstjóri, og er þetta í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana. Hlutverk Hollustuverndar verður að mestu óbreytt og er stofnuninni áfram ætlað að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvörnum og eiturefnaeftirliti. Einnig ber Hollustuvernd að sjá um vöktun umhverfisins, en umhverfisnefnd bendir á að ekki er ætlunin að hreyfa við lögbundnu hlutverki annarra stofnana á sviði umhverfisvöktunar. Í frumvarpinu er lögð til breyting á núgildandi reglum um veitingu starfsleyfa og leggur nefndin til nokkrar breytingar á þeim ákvæðum.

Eftir ítarlega yfirferð yfir málið leggur meiri hluti umhvn. til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. og eru helstu breytingarnar þessar:

1. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt þannig að lögin heiti lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Telur nefndin að rétt sé að orðið mengunarvarnir komi fram í heiti

laganna þar sem um er að ræða einu lögin sem taka almennt á mengunarvörnum ásamt lögum um varnir gegn mengun sjávar. Þykir hið nýja heiti lýsa innihaldi laganna betur en hollustuháttahugtakið eitt og sér. Er þar m.a. tekið mið af því hvernig hugtakið er notað í öðrum lögum. Í samræmi við þessa breytingu er lögð til breyting á skilgreiningum frumvarpsins hvað þetta varðar.

2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skilgreiningum sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Bárust nefndinni ábendingar um að orðalag mætti í sumum tilfellum vera markvissara og skýrara og því eru lagðar til breytingar á greininni. Þannig eru lagðar til breytingar á skilgreiningum hugtakanna hollustuhættir og mengunarvarnir, auk hugtaksins hollustuvernd, og hugtökin mengunarvarnaeftirlit og heilbrigðiseftirlit eru skilgreind. Þá er lagt til að skilgreiningu á prófunum verði breytt nokkuð og að skilgeining á hugtakinu vottun verði felld brott þar sem það kemur hvergi fyrir í frumvarpstextanum. Í kjölfar þessara breytinga eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum stöðum í frumvarpinu sem ekki er ástæða til að tíunda frekar.

3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 4. og 5. gr. frumvarpsins, en ekki felst í tillögunum nein efnisleg breyting og er áréttað að þrátt fyrir orðalag 1. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því eftir sem áður að Hollustuvernd ríkisins annist bæði hollustuvernd og mengunarvarnaeftirlit.

Virðulegi forseti. Umfangsmestu breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frv. snúa að ákvæðum þess um veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft mengun í för með sér og meðferð stjórnsýslukæra um slík mál. Því leggur meiri hlutinn til að ákvæðum 6. gr. um útgáfu starfsleyfa verði breytt þannig að öll starfsleyfi verði annaðhvort veitt af Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefndum en ekki af umhvrh. eins og frv. gerir ráð fyrir. Því má samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar skipta veitingu starfsleyfa í tvennt.

Þannig er gert ráð fyrir að Hollustuvernd veiti starfsleyfi fyrir umfangsmeiri atvinnurekstur sem getur haft mengun í för með sér og eru í fylgiskjali sem bætist við frumvarpið taldar upp þær tegundir atvinnurekstrar sem Hollustuvernd veitir starfsleyfi fyrir.

Um er að ræða sambærilegan lista og nú er í mengunarvarnareglugerð. Þess má geta að svipað fyrirkomulag er nú í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir veiti starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur annan en þann sem er talinn upp í fylgiskjalinu og munu nánari reglur verði settar um það í reglugerð.

Í tengslum við þessar breytingar eru einnig lagðar til nokkrar breytingar á kæruferlum sem fjallað er um í 31. og 32. gr. frv. Í tillögum meiri hlutans er lagt til að unnt verði að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda og ákvarðanir Hollustuverndar um útgáfu starfsleyfa til ráðherra en í frv. var ekki gert ráð fyrir að hægt yrði að kæra útgáfu starfsleyfa fyrir umfangsmestu starfsemina innan stjórnsýslunnar. Þykir meiri hlutanum nauðsynlegt að unnt sé að kæra slíka ákvörðun til æðra stjórnvalds og telur slíkt meira í samræmi við þá þróun sem hefur orðið í stjórnsýslunni undanfarin ár.

Einnig má í því sambandi benda á þá meginreglu stjórnsýsluréttarins að mál sem snerta mikilvæga hagsmuni fái vandaða meðferð innan stjórnsýslunnar og þar sé möguleiki á endurskoðun með stjórnsýslukærum. Þá hefur verið bent á nauðsyn þess á grundvelli jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna að allar stjórnsýslukærur er varða sömu efnisreglur séu kæranlegar til sama úrskurðaraðila. Því þykir rétt að unnt verði að kæra allar ákvarðanir er varða útgáfu starfsleyfa til ráðherra.

Einnig eru lagðar til minni háttar breytingar í málsmeðferð stafsleyfisumsókna hjá Hollustuvernd ríkisins í samræmi við fyrrgreindar breytingar á veitingu starfsleyfa. Loks er lagt til að starfsleyfi, útgefin af Hollustuvernd, verði ekki birt í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda heldur verði einungis birt þar auglýsing um útgáfu og gildistöku starfsleyfa auk þess sem getið er hvers efnis þau séu og hvar nálgast megi starfsleyfin í heild sinni.

Meiri hlutinn leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á 7. gr. frv.:

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði breytt þannig að ákvæði um tímabundnar undanþágur verði felld brott. Því verði í greininni heimild fyrir ráðherra, þegar sérstaklega stendur á og að fengnum umsögnum heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar, til að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. Í öðru lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á reglugerðarheimild í 2. mgr. og miða þær að því að gera ákvæðið skýrara. Í því sambandi skal sérstaklega bent á að það er ráðherra sem leggur þær skyldur á heilbrigðisnefndirnar að þær sinni verkefnum í tengslum við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli EES-samningsins. Loks er lagt til að efni 3. mgr. um að samráð skuli haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga verði fært í 9. gr. þar sem fjallað er um stjórn málaflokksins. Þykir ákvæðið betur eiga heima þar.

Á 11. gr. eru lagðar til breytingar á 1. mgr. þar sem fjallað er um skipan heilbrigðisnefnda. Lögð er til sú breyting að allir fimm mennirnir sem sæti eiga í hverri heilbrigðisnefnd skuli kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Samtökum atvinnurekenda og náttúruverndarnefndum sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu er síðan heimilt að tilnefna einn fulltrúa hvorum í nefndina til viðbótar, en þeir hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni.

Í umsögnum sem bárust nefndinni kom fram allnokkur gagnrýni á setu fulltrúa atvinnurekenda í nefndunum en nauðsynlegt verður að telja í ljósi hlutverks heilbrigðisnefnda að fulltrúar atvinnurekenda og náttúruverndar komi að málum allt frá fyrstu stigum eftirlitsins. Slíkt mun auðvelda eftirlit, fyrirbyggja misskilning og auka upplýsingaflæði milli aðila.

Í 2. mgr. 11. gr. eru lagðar til breytingar í því skyni að laga texta frv. að réttum heitum sveitarfélaga. Við 12. gr. eru lagðar til breytingar varðandi fjárhagsáætlunargerð heilbrigðisnefnda. Miðar breytingin að því að heilbrigðisnefndir sinni meira gerð fjárhagsáætlana en frv. gerði ráð fyrir. Þannig er lagt til að heilbrigðisnefndir skuli fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir og skal áætlunin vera innan þess fjárhagsramma sem sveitarfélög setja. Með þessu er gert ráð fyrir að sveitarfélög tilkynni heilbrigðisnefndum hver heildarfjárveiting til málaflokksins er og nefndin marki síðan áætlun um hvernig þessum fjármunum skuli varið. Gert er ráð fyrir að fjárhagáætlun sé síðan send viðkomandi sveitarfélagi til umfjöllunar og afgreiðslu. Ætlast er til að tekið verði tillit til kostnaðar sem hlýst af aðgerðum skv. 27. gr. frv. við gerð fjárhagsáætlana. Fjárhagsáætlun sé þannig komin í farveg sem er annar en kom fram í frv. Heilbrigðisnefndum er ætlað að sinna þessum verkþætti á sama hátt og áður þrátt fyrir að

kostnaður sé ekki lagður á viðkomandi sveitarfélag heldur falli kostnaðurinn á heilbrigðisnefndina. Hefðbundið heilbrigðiseftirlit á því að vera jafnvirkt og áður. Hér er því gert ráð fyrir að samábyrgð verði milli sveitarfélaganna og á hverju eftirlitssvæði á þeim kostnaði sem fellur til, m.a. við hefðbundið umhverfiseftirlit.

Við 14. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar en einnig er lagt til að við ákvæðið verði bætt nýrri málsgrein þar sem er kveðið á um að fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eigi rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétt og málfrelsi. Sams konar ákvæði er nú að finna í 30. gr. en betur þykir fara á því að hafa ákvæðið í 14. gr. og því er breytingin lögð til.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á 15. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting sem snýr að því að ekki er skylt að hafa tvo heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi á hverju eftirlitssvæði eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Þykir ljóst að ekki er alls staðar þörf fyrir fleiri en einn heilbrigðisfulltrúa og því óheppilegt að festa slíkt ákvæði í lög. Þrátt fyrir þessa breytingu er gert ráð fyrir að ráðnir verði fleiri heilbrigðisfulltrúar þar sem þess þykir þörf, sérstaklega á eftirlitssvæðum sem ná yfir stórt landsvæði. Í öðru lagi eru breytingar er varða ráðningu heilbrigðisfulltrúa og miða þær að því að stuðla að sjálfstæði heilbrigðisnefnda. Þannig er lagt til að heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráði heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit. Bárust umhverfisnefnd margar ábendingar þess efnis að slíkt fyrirkomulag væri heppilegra en það sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að sveitarstjórnir ráði heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar og því er þessi breyting lögð til. Auk þess má benda á að tillögur umhverfisnefndar eru í samræmi við reglur sem gilda um ráðningu heilbrigðisfulltrúa nú.

Á 16. gr. er lögð til orðalagsbreyting þannig að ekki verði tilgreindir sérstaklega ákveðnir aðilar sem bundnir eru þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd, heldur gert ráð fyrir að ákvæðið nái til allra sem starfa samkvæmt lögunum. Rétt er að taka fram að þagnarskyldan mun einnig ná til aðila sem gerður er þjónustusamningur við samkvæmt 24. gr. frumvarpsins og eru þeir með vísan til þessa ákvæðis bundnir sömu þagnarskyldu og ríkisstarfsmenn, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 17. gr. leggur meiri hlutinn til breytingu á skipun hollustuháttaráðs. Lagt er til að í ráðinu eigi sæti níu menn í stað fimm áður. Enn er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra skipi formann ráðsins, þá á forstjóri Hollustuverndar ríkisins sæti í ráðinu og loks er gert ráð fyrir að Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Alþýðusamband Íslands, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættið tilnefni einn mann í ráðið hvert, og eru fjórir síðastnefndu aðilarnir nýir í ráðinu. Lögð er áhersla á að fá fleiri fagaðila inn í ráðið. Þannig ætti að fást aukin fagleg umfjöllun um umhverfisvernd og ráðið getur veitt stjórnsýslunni traustari stuðning. Tillagan leiðir einnig til að meiri jafnvægissjónarmiða í ráðinu sé gætt.

Á 18. gr. er lögð til smávægileg breyting þess efnis að felld verði brott orðin „eða gæti verið" þegar fjallað er um þá starfsemi Hollustuverndar sem er í samkeppnisrekstri. Þykir eðlilegra að sönnunarbyrði um það að stofnunin sé í samkeppnisrekstri hvíli á þeim sem halda slíku fram í stað þess að stofnunin beri sönnunarbyrði fyrir því að svo sé ekki.

Lagt er til að í 24. gr. verði bætt vísun til 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, en þar koma fram reglur um það hvernig fara skuli með samninga líkt og þá sem kveðið er á um í 24. gr.

Lagt er til að í 25. gr. verði bætt ákvæði um að kostnaður af birtingu samþykkta og gjaldskráa sveitarfélaga í B-deild Stjórnartíðinda skuli falla á sveitarfélögin. Er hér um að ræða lögfestingu þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð.

Þá er lagt til að síðari málsgrein 30. gr. verði bætt inn í 28. gr. og 30. gr. felld brott en fyrri málsgrein hennar var bætt í 14. gr.

Við 29. gr. er lagt til að bætt verði inn ákvæði þess efnis að Hollustuvernd ríkisins sjái um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys, matarsýkingar eða annað alvarlegt ástand svipaðs eðlis þar sem þörf er á heildaryfirsýn og samhentu átaki. Er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tilkynni Hollustuvernd þegar í stað er slík tilfelli koma upp og stofnunin og viðkomandi heilbrigðisnefndir taki í kjölfarið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir.

Gerð er tillaga um að nýju ákvæði verði bætt inn í VI. kafla, um valdsvið og þvingunarúrræði, og það áréttað að við meðferð mála samkvæmt kaflanum skuli fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga.

Eins og ég hef fjallað um hér að framan eru nokkrar breytingar lagðar til á 31. og 32. gr. þar sem fjallað er um málsmeðferð og úrskurði. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði á um að unnt verði að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda og ákvarðanir Hollustuverndar um útgáfu starfsleyfa til ráðherra. Þá er lagt til að í ákvæði 31. og 32. gr. verði settir sambærilegir tímafrestir fyrir úrskurðarnefndina annars vegar og ráðherra hins vegar til að ljúka meðferð kærumála og er um að ræða styttri fresti en samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Þannig er gert ráð fyrir að úrskurðir verði kveðnir upp eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að málið berst til viðkomandi úrskurðaraðila. Þó er undantekning frá þessu ef um er að ræða mjög viðamikil mál þar sem fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla taki lengri tíma en getur um í fyrri afgreiðslufresti og þá verði afgreiðslufresturinn allt að átta vikum, en tilkynna skal kæranda um það sérstaklega.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á viðurlagaákvæðum frumvarpsins og felast breytingarnar helst í því að lagt er til að brot varði sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einnig er lagt til að sé um ítrekuð brot að ræða liggi við þeim allt að fjögurra ára fangelsi. Loks er það nýmæli lagt til að sektir megi gera lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra sem í þágu hans starfa, þó ekki ef um óhappatilvik er að ræða. Einnig má leggja sektir á lögaðila ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi, að undanskilinni þeirri skipan sem kveðið er á um í 11. gr. um heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að þau ákvæði taki gildi 1. ágúst en fram að þeim tíma starfi núverandi heilbrigðisnefndir og svæðisnefndir. Miðast þessir frestir við m.a. að viðkomandi hafi ráðrúm fram til næstu sveitarstjórnarkosninga.

Loks er lagt til að bætt verði við lögin nýju ákvæði til bráðabirgða þess efnis að stjórn Hollustuverndar ríkisins og úrskurðarnefnd samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skuli ljúka við að úrskurða í

þeim kærumálum sem kærð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að stjórnin og úrskurðarnefndin ljúki störfum fyrir 1. júlí 1998.

Undir nefndarálit meiri hluta umhvn. skrifa Ólafur Örn Haraldsson, Árni M. Mathiesen, Tómas Ingi Olrich, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Kristján Pálsson.

Umræðu frestað.

### *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. GGuðbj o.fl., 152. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Frv. KHG, 189. mál (handfæraveiðar, veiðiskylda, krókaveiðar o.fl.). — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Frv. KHG o.fl., 236. mál (brottfall laga). — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 1. umr.*

Frv. KHG og HG, 252. mál (Hafrannsóknastofnun o.fl.). — Þskj. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frh. 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HG, 269. mál. — Þskj. 337.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, frh. fyrri umr.*

Þáltill. GE o.fl., 308. mál. — Þskj. 383.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Frv. KHG, 487. mál (frysti- og vinnsluskip). — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Hollustuhættir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 197, nál. 836 og 844, brtt. 837.

[14:00]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta umhvn. um frv. til laga um hollustuhætti, eins og frv. hét þegar það var lagt hér fyrir þingið. Nú liggur fyrir tillaga um að breyta nafni frv. Að minnihlutaálitinu standa ásamt mér hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir og Kristín Halldórsdóttir, þ.e. þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem sæti eiga í hv. umhvn. Svo fór að nefndin klofnaði í afstöðu til málsins. Menn urðu viðskila í nefndarvinnunni og ljóst var þegar líða tók á samstarfið að leiðir mundu skilja. Við í minni hluta umhvn. teljum miður að ekki hafi tekist breið samstaða um mál sem þetta. Við hörmum að ekki skyldi til fullnustu látið á það reyna, að skapa samstöðu um slíkt málefni sem hollustuhætti og mengunarvarnir.

Segja má að strax og frv. kom fram síðasta haust hafi verið ljóst að mikið þyrfti að breytast í því frv. til að líkur væru á að samstaða gæti tekist milli meiri hlutans í þinginu sem styður ríkisstjórnina og minni hlutans, nema þeim mun róttækari breytingar yrðu gerðar. Meiri hluti umhvn. hefur lagt hér fyrir viðamiklar brtt. við frv. Sumar þeirra eru til bóta frá upphaflegu frv. en þrátt fyrir það vantar mjög mikið

á að frv. sé komið í það horf að að minni hluti nefndarinnar geti staðið að málinu við afgreiðslu frá þingnefnd.

Virðulegur forseti. Að okkar mati er löngu tímabært, ég býst við að um það sé samstaða, að endurskoða lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem að stofni til eru frá árinu 1981. Á þeim hafa verið gerðar ýmsar breytingar síðan án þess að til heildarendurskoðunar á lagabálkinum kæmi. Þó hefur margt borið við, m.a. flutningur á stórum þáttum milli ráðuneyta. Nú eru því komnir saman málaflokkar undir umhvrn. sem áður voru undir öðrum ráðuneytum. Þar hafa þeir verið sameinaðir. Það eru jákvæð skref út af fyrir sig og auðvitað þarf að taka tillit til þess þegar sett eru heildarlög líkt og hér um ræðir.

Ég mun hér fjalla um megingalla þessa frv., eins og það liggur hér fyrir við 2. umr. málsins að mati minni hlutans. Fyrst kem ég að þeim helstu þáttum sem við gagnrýnum í tillögu meiri hlutans og frv. sjálfu. Það er til þess að skýrt liggi fyrir hvað hér ber á milli og veldur því að umhvn. nær ekki saman um málið.

Ég hef þegar nefnt frv. eins og það kom fyrir þingið á sl. hausti og þörfina á róttækum breytingum. Við teljum í fyrsta lagi að markmið frv. séu langt frá því að endurspegla þá þróun sem orðið hefur í umhverfisrétti á þeim tíma sem liðinn er síðan fyrst voru sett lög um þessi mál. Á frv. er ekki að sjá að þar hafi orðið miklar breytingar. Markmiðsgrein frv. segir ekki mikið, orðalag hennar er eitt út af fyrir sig meinlaust en það skortir á að teknir séu inn margir þættir sem skapa nýja sýn til umhverfismála. Þar skortir ýmislegt sem tengist að sumu leyti Ríó-ferlinu svonefnda en vissulega mörgum öðrum þáttum í laga- og réttarþróun á þessu sviði. Þetta er fyrsta atriðið.

Í öðru lagi felst í frv. mjög mikið valdaframsal af hálfu löggjafans til umhvrn. og hæstv. umhvrh. með þeim fjölmörgu opnu reglugerðarheimildum sem í frv. er að finna. Í því sambandi má vísa á upptalningu í 4. og 5. gr. þessa frv. sem aðeins eru fyrirsagnir, óútfylltar hvað efni snertir.

Í raun dregur dregur þetta frv. ekki upp neinn efnisramma um málsmeðferð þessa málaflokks heldur fyrst og fremst stjórnsýsluramma. Allt sem varðar efnisramma er að megninu eftirlátið hæstv. ráðherra að setja um reglur án atbeina þingsins. Ekkert markar af einstaka þætti sem ráðuneytinu ber að styðjast við um efni máls. Svona lagasetning í afar mikilsverðu máli er ekki til fyrirmyndar, svo vægt sé til orða tekið.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, ber að nefna að sérlög sem varða þetta málasvið og alþjóðasamningar, sem sannarlega eru margir og mörg ákvæði sem tengjast þessu málasviði, eru ekki tengd frv. Það varðar ekki minni mál en lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lög um matvæli, nr. 93/1995. Ekki verður betur séð en að þar sé málið skilið eftir í verulegri óvissu, réttaróvissu á mikilsverðum sviðum.

Að því er varðar alþjóðasamninga þá er í gildandi löggjöf frá 1988 nr. 81 að finna ákvæði varðandi tilvísun til alþjóðasamninga, bæði í 1. og í 3. gr. þeirra laga. Þessi ákvæði eru felld niður. Við í minni hluta umhvn. spyrjum: Hvað veldur því? Boðar þetta stefnubreytingu af hálfu viðkomandi ráðuneytis og þeirra sem bera ábyrgð á málinu, meiri hluta þingnefndar? Ætla menn ekki stofnunum eins og t.d. Hollustuvernd ríkisins að sinna ákvæðum alþjóðasamningum er varða þessi lög? Því er ekki svarað hér í þessu frv. en miðað við að fella niður þessa tilvísun til alþjóðasamninga mætti ályktа að svo væri.

Í fjórða lagi, virðulegur forseti, ber að nefna að í 11. gr. frv. er lagt til að fulltrúi atvinnurekenda taki sæti í heilbrigðisnefndum og verði hluti af þeim á landinu öllu. Til þess að draga athyglina frá þessu þá eru hér settir að auki, fyrir utan kjörna fulltrúa sveitarfélaga, fulltrúar náttúruverndarnefnda við hlið fulltrúa atvinnurekendanna. Þessir fulltrúar eru báðir án atkvæðisréttar en þó hluti af nefndinni. Hér blasir við að verið er að byggja inn og bjóða upp á, ekki aðeins hagsmunaárekstra í ríkum mæli, heldur er einnig dregið úr trausti á heilbrigðisnefndum. Þær eiga að fara með þessi mál og hafa við hlið sér í allri umfjöllun mála fulltrúa samtaka atvinnurekenda á svæðinu. Ég kem nánar, virðulegur forseti, að þessum þætti hér síðar.

Í fimmta lagi boðar þetta frv. að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði lögð af en svonefnt hollustuháttaráð sett á fót. Sú tillaga var í upphaflegu frv. hæstv. ráðherra. Ráðinu er ætlað að véla um hina mikilsverðustu þætti sem snerta þetta málasvið, ekki bara Hollustuvernd ríkisins, þó að látið sé að því liggja að þetta hollustuháttaráð eigi með vissum hætti að koma í stað stjórnar Hollustuverndar ríkisins, heldur á ráðið að horfa yfir öxlina á ráðherra í öllum hans gerðum í málum af þeim toga. Við reglugerðarsetningu á hæstv. ráðherra að ráðgast við þetta hollustuháttaráð, m.a. skipað fulltrúum hinna tvíhöfða atvinnurekendasamtaka.

Í þessari ríkisstjórn er þess gætt eins og sjáaldurs augans að hinn tvíhöfða atvinnurekendasamtök — ég segi ekki það sem mér bjó í huga, virðulegur forseti — eigi fulltrúa við borðið, bæði tvö, Vinnumálasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaga. Þessa hefur verið gætt við aðra lagasetningu sem umhvn. hefur fjallað um. Mig minnir það vera lög um spilliefni. Þar varð þetta að miklu deilumáli og torleyst á milli stjórnarflokkanna. Nú var þess gætt að efna ekki til ófriðar og hafa þegar í frv. þessa tilhögun varðandi hollustuháttaráðið. Þar er safnað fulltrúum þrýstihópa til þess að handa í höndina á hæstv. ráðherra varðandi reglugerðir en einnig ef hæstv. ráðherra dettur í hug að breyta lögum. Það er tryggilega tekið fram að allar hugmyndir hæstv. ráðherra um lagasetningu beri að leggja undir þessa þrýstihópa og reyndar fulltrúa annarra samataka sem ekki falla undir þá nafngift á sama hátt.

Í sjötta lagi er staða Hollustuverndar ríkisins sem aðalstofnunar í þessum málaflokki undir ráðuneytinu, fyrir utan heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sem hefur auðvitað afar þýðingarmiklu hlutverki að gegna, ekkert bætt með þessu frv. Stofnunin hefur verið leikin þannig í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar að hrópar í himininn. Stjórnskipaðar nefndir hafa með þátttöku ráðuneytisins, og að mati fulltrúa umhvrn., komist að því eftir nákvæma skoðun að þarna þyrfti að setja 60 stöðugildi ef vel ætti að vera, jafnvel hefur verið talað um 80, en stóð eftir að rúm 20 ársverk þyrftu að koma til. Tuttugu ársverk stóðu eftir að búið var að hreinsa út allt að því sem kallað er svartalágmark. Engan nýjan boðskap er að finna í þessum efnum samanber samantekt og álit fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem fylgir frv. og höfð er til hliðsjónar við samningu umhvrn. á frv. Hinn slæmi aðbúnaður Hollustuverndar ríkisins er því samur og áður.

Í sjöunda lagi ber að nefna að sett eru upp stór eftirlitssvæði sem fara víðast hvar eftir mörkun kjördæma og falla að kjördæmum nema í Reykjaneskjördæmi þar sem eftirlitssvæðin eru þrjú. Upphaflega var sett í frv. að a.m.k. skuli starfa tveir heilbrigðisfulltrúar á hverju eftirlitssvæði en þegar málið barst inn í þingið til 2. umr. hefur meiri hluti

nefndarinnar séð ástæðu til að verða að kröfu Vinnuveitendasambandsins og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að færa þetta lágmark niður í einn heilbrigðisfulltrúa á eftirlitssvæði. Það er því deilt með tveimur í heilbrigðiseftirlit eftirlitssvæðanna miðað við að tveir heilbrigðisfulltrúar starfi á hverju svæði og lágmarkið fært niður í einn. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á að í 9. tölul. í áliti meiri hluta umhvn. segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Lagðar eru til nokkrar breytingar á 15. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting sem snýr að því að ekki verði skylt að hafa tvo heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi á hverju eftirlitssvæði eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Þykir ljóst að ekki er alls staðar þörf fyrir fleiri en einn heilbrigðisfulltrúa og því óheppilegt að festa slíkt ákvæði í lög."

Þetta er boðskapurinn til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og um land allt. Ekki er víst að þörf sé fyrir nema einn. Tekið er undir kröfu Vinnuveitendasambandsins og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta atriði. Þetta eru kaldar kveðjur, virðulegur forseti, varðandi einn undirstöðuþátt þess að um sé að ræða virkt heilbrigðiseftirlit úti í eftirlitssvæðunum á landinu og tillaga sem tengdist auðvitað eins og málið var lagt fyrir þeirri miklu stækkun á eftirlitssvæðum, heilbrigðissvæðum sem er um að ræða samkvæmt frv. Í stað margra í hverju kjördæmi er hvert kjördæmi nú orðið eftirlitssvæði víðast hvar á landinu og opnað er fyrir að aðeins einn heilbrigðisfulltrúi gegni verkum á þessum svæðum. Ég teldi æskilegt að hæstv. ráðherra tjáði sig einnig um hvað veldur því að þannig er haldið á málum og hver þau svæði eru þar sem að mati meiri hlutans er hugsanlega ekki þörf á nema einum heilbrigðisfulltrúa. Það væri ágætt að fá vísbendingu um það. Fá eitthvert kjöt á þau bein sem sýnd eru í áliti meiri hluta umhvn. um þetta efni.

Í áttunda lagi, virðulegur forseti, nefnum við í minni hluti umhvn. í áliti okkar að grunnur undir gjaldskrár er ótraustur samkvæmt frv. að teknu tilliti til brtt. Gert er ráð fyrir að hæstv. umhvrh. geti sett eins konar viðmiðunargjaldskrá. En málið er í rauninni á afar ótraustum grunni og alveg ljóst að fram munu koma fyrr en varir algerlega andstæð sjónarmið og kröfur að því er snertir gjaldtökumál, annars vegar sjónarmið þeirra sem er ætlað að reka heilbrigðiseftirlit á sértekjum að talsverðu leyti og afla tekna fyrir veitta þjónustu samkvæmt sannanlegum kostnaði svo sem heimildir eru til um og hins vegar þeirra og þá fulltrúa atvinnufyrirtækja sem segja: Við eigum að sjálfsögðu ekki að greiða meira fyrir þjónustuna austur á landi eða vestur á fjörðum en gert er á Reykjavíkursvæðinu út frá jafnræðissjónarmiðum og samkeppnissjónarmiðum fyrir atvinnureksturinn. Þessi sjónarmið er erfitt að sætta og undir þennan leka er í raun ekki sett með þeim ákvæðum sem er að finna í frv. um setningu á gjaldskrá.

Virðulegur forseti. Í níunda lagi er sá þáttur sem hefur kannski verið hvað mestur höfuðverkur í umhvrn. um nokkurt skeið og áreiðanlega í hugum meiri hluta umhvn. í sambandi við umfjöllun um frv. og gildir raunar um nefndina alla sem ræddi þessi mál mikið. Þar hefur heldur betur orðið kollsteypa frá gildandi lögum og alveg sérstaklega að teknu tilliti til þess lagafrv. sem hæstv. umhvrh. lagði fyrir þingið í október sl. Hvernig var þar búið um hnútana? Þannig var haldið á málum að í frv. var tillaga um að taka fjárfestingar þar sem um væri að ræða stofnkostnað yfir 950 millj. kr. alveg út úr því meginferli sem gert var ráð fyrir í frv. og hafa það í vasa hæstv. umhvrh. Stinga því í vasa hæstv. umhvrh. til að gefa út starfsleyfin og til að taka afstöðu til kærumála, á einni og sömu hendi. Margt fleira mætti segja um þá stöðu sem kom fram í 6. gr. frv. eins og það lá fyrir og var að sjálfsögðu gagnrýnt mjög harðlega bæði þegar frv. var til 1. umr. og ekki síður í sambandi við þá hugmynd að lögfesta hluta þess fyrir áramótin, á jólaföstunni.

Menn geta prísað sig sæla fyrir að þetta mál var þó til frekari skoðunar og hér koma fram tillögur sem endurspegla að mörgu leyti þá stefnu sem við, talsmenn minni hlutans og talsmenn stjórnarandstöðunnar í þinginu, höfum mælt fyrir um lengri tíma, þ.e. að hætta þeirri stefnu sem er í núgildandi löggjöf að umhvrn. gefi út starfsleyfi og færa það í hendur heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ríkisins. Vissulega ber að fagna því — og kannski mál til komið, virðulegur forseti, að eitthvað komi sem er glaðlegra varðandi þetta mál sem við ræðum hér en það sem ég hef þegar fjallað um — að samkvæmt tillögu meiri hlutans er fallist á þetta sjónarmið okkar í stjórnarandstöðunni eftir miklar hremmingar og miklar vangaveltur. Raunar þurfti leiðsögn löglærðra manna að koma til í hv. þingnefnd til að menn færu að reyna sig á stafrófinu í þessum efnum, virðulegur forseti. Niðurstaðan varð sú á síðasta fundi nefndarinnar, þeim sama og málið var tekið út, að kominn var botn í þetta stóra mál og linaðist væntanlega þessi mikli höfuðverkur meiri hlutans með því að leggja til að útgáfa starfsleyfa yrði færð í hendur heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ríkisins. Þetta er sannarlega stefna sem er auðvelt fyrir minni hluta nefndarinnar að styðja og við munum fylgja því eftir í atkvæðagreiðslum um þennan þátt þegar hann verður að líkindum borinn upp til atkvæða þótt við höfum aðra tillögu um málsmeðferð.

Þá er komið að hinum þættinum sem varðar kæruferlið. Þar er hins vegar ekki farið eftir ráðum okkar í þessum efnum þótt þar sé hins vegar margt skýrara en verið hefur hvað snertir kæruferli og veitti nú ekki af, ekki síst eftir þær stílæfingar sem umhvrn. hefur tíðkað um reglugerðarsetningu um þessi efni á undanförnum árum, virðulegur forseti, hæstv. ráðherra mætti gjarnan leggja við hlustir — ég sé ekki hæstv. ráðherra í þingsal — sem hefur leitt til þess að undanfarið árið hefur svo, eða frá því reglugerð var sett, ætli það hafi ekki verið 22. janúar 1997 sem síðasti stíllinn kom frá ráðuneytinu í setningu reglugerða um þessi efni, að almenningur í landinu hefur staðið uppi gersamlega réttlaus og stjórnvöld ráðþrota í sambandi við kæruferli að því er varðar starfsleyfi. Það er sá verkur sem varð til þess að rekið var svo fast á eftir afgreiðslu þessa máls að fá einhvern botn í endileysuna og það varð til þess að krafa af hálfu ráðuneytisins kom upp um að lögfesta hluta af þessu frv. í hasti fyrir áramót.

Hins vegar þegar tillögur koma fram af hálfu meiri hluta nefndarinnar er reynt að leysa úr þessu efni með því að setja hluta af kæruferlinu, þ.e. að því er snertir útgáfu starfsleyfa af hálfu Hollustuverndar ríkisins samkvæmt lista sem á að vera hluti af lögunum og er að finna í fylgiskjali að kærur sem varða slík starfsleyfi, útgefin af Hollustuvernd ríkisins, geti hlotið kærumeðferð hjá umhvrn., sé í höndum hæstv. umhvrh. Hins vegar verði allir aðrir þættir varðandi framkvæmd laganna, reglugerðir og fleira, samanber 31. og 32. gr. sem fjalla um þessi efni, þessa kærumeðferð, að þar er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd, ekki ósvipað og nú er við lýði og hefur verið skilin eftir í algjöru tómarúmi að undanförnu, fjalli um kærumál að öðru leyti að því er starfsleyfi varðar.

Hvað er um þessa aðferð að segja, virðulegur forseti?

Hún er skiljanleg og hún tekur fram þeirri pattstöðu sem nú ríkir, en hún er samt ekki til þess fallin að losa menn undan réttaróvissu í þessum mikilvægu málum vegna þess að svo sem augljóst má verða er úrskurðarréttur í kærumálum varðandi efnisatriði um framkvæmd laganna, reglugerðir o.fl., í höndum sérstakrar úrskurðarnefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurði. Hins vegar á ráðuneytið að kveða upp úr um deiluefni varðandi starfsleyfin sem auðvitað eru reist á settum reglugerðum sem umdeilanlegar geta verið og geta leitt til kærumála. Hér getur þess vegna skapast réttaróvissa.

Tillaga okkar í minni hlutanum var að sameina þetta ferli, hafa þetta ferli aðeins eitt og óskipt. Okkar mat er að skynsamlegt sé að hafa úrskurðarnefnd sem fjalli um alla þessa þætti og búa vel að slíkri nefnd jafnhliða því sem reglur séu sem skýrast mótaðar varðandi útgáfu starfsleyfanna sjálfra og allt sem varðar efni þessa máls og hafa úrskurðaraðilann aðeins einn og eyða þar með þeirri óvissu og tortryggni sem gera má ráð fyrir að verði áfram að því er þetta snertir, þó margt hafi verið fært til betri vegar að því er snertir útgáfu starfsleyfa til atvinnureksturs sem veldur mengun.

Síðan nefnum við í minni hluta umhvn. ýmsa fleiri þætti undir 10. lið okkar yfirlits varðandi efni sem við erum ósammála. Undir þeim lið er safnað saman ýmsum atriðum, smáum og stórum, en aðallega kannski miðlungsstórum þó sem hefði þurft að athuga betur og falla ekki að okkar sjónarmiðum.

Þetta er stutt yfirferð, virðulegur forseti, varðandi meginávirðingar þessa frv. og breytingartillagna meiri hlutans af hálfu okkar í minni hluta umhvn.

Ég ætla að taka nokkra þætti frekar til umræðu svo sem nauðsynlegt er og koma fyrst af öllu að því hvers vegna þetta óðagot sé á þessari málsmeðferð. Af hverju gefur framkvæmdarvaldið og hæstv. ráðherra þinginu ekki eðlilegt svigrúm til þess að vinna að mótun löggjafar á þessu þýðingarmikla sviði þannig að menn geti staðið upp sæmilega sáttir og sagt: Það er búið að fara vandlega yfir málasviðið og reyna að skera úr um flesta óvissuþætti, einangra það sem er pólitískur ágreiningur um og málið er fært til lögfestingar í þinginu. Það hefði verið mjög eðlilegt að þingið hefði allan sinn tíma á þessum vetri til að fara yfir þetta mál. Við sem enduðum í því hlutverki að vera fulltrúar minni hluta í nefndinni höfum verið þeirrar skoðunar í umhvn. og látið það koma fram að vinnu að þessu máli hefði mátt ljúka bærilega fyrir lok þessa þings. Við komum þessu sjónarmiði ítrekað á framfæri í nefndinni. En svipa eftirrekstrarins sveif yfir nefndinni allan tímann, má segja. Ég held að það hafi verið strax þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu máli að eins og oft áður hafi komið fram ósk um að ljúka lögfestingu fyrir áramót. Síðan kom eftirreksturinn á jólaföstunni með sérstökum hætti sem ég ræði ekki sérstaklega frekar og síðan samkomulag sem gert var þá rétt fyrir jólahlé þingsins þess efnis að ljúka afgreiðslu málsins úr nefnd og lögfesta það um mánaðamót febrúar/mars. Það er þessi rammi sem veldur því að málið er langt frá því að vera komið í það horf sem þörf væri á og málið verðskuldar í þinginu vegna þessa eftirrekstrar framkvæmdarvaldsins sem fulltrúar stjórnarflokkanna hafa látið hafa sig til að lúta.

Við í minni hluta umhvn. töldum okkur skylt vegna þess samkomulags sem gert var fyrir jólahlé að láta okkur hafa það að málið færi út úr þingnefnd á þessum tíma sem gerðist og höfum þá ekki önnur ráð en lýsa okkar sjónarmiðum og koma fram með tillögur okkar við 2. umr. í tvískiptri nefnd hvað nál. snertir. Þetta ber að harma, virðulegur forseti, og þetta er ekki til fyrirmyndar um lagasetningu. Það er mjög langt frá því. Ég er sannfærður um það og við í minni hluta nefndarinnar að unnt hefði verið að ljúka sæmilegri yfirferð á þessu þingi, kannski með því að bæta haustþinginu við. En ég held að þess hefði ekki þurft ef eðlilega hefði verið á máli haldið þannig að tryggt væri að hægt væri að lögfesta málið á þessu ári. Ég skil afar vel að þörf er á því að skýra löggjöf á þessu sviði og setja góða löggjöf um þennan málaflokk.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum frekar um það stóra álitamál og ágreiningsefni að setja fulltrúa atvinnurekenda í heilbrigðisnefndir. Ég vil vekja athygli á þeim óvenjulega þungu og víðtæku andmælum sem fram komu í umsögnum umsagnaraðila til umhvn. um þetta efni sérstaklega. Við leyfðum okkur að taka saman skrá — hún er kannski ekki alveg tæmandi en hún er eftir þeim gögnum sem við unnum eftir — yfir umsagnaraðila sem allir lögðust á þá sveif mjög ákveðið að í heilbrigðisnefndum sætu aðeins fulltrúar kjörnir af sveitarstjórnum og ekki aðrir og þá um leið að fulltrúar samtaka atvinnurekenda fengju þar ekki sæti.

Ég held að þetta sé einsdæmi í löggjöf af þessum toga og alveg sérstaklega forkastanlegt í ljósi nútímalegra viðhorfa til stjórnsýslu því að það er alveg deginum ljósara að þær aðstæður sem hér er verið að skapa munu leiða meira og minna til uppnáms í starfi heilbrigðisnefnda vítt og breitt um landið. Hvaða vit er í því, virðulegur forseti, að setja þarna inn fulltrúa atvinnurekenda sem eru þeir sem á að veita aðhaldið ekki síst og eru þannig málsaðilar í rauninni ef til ágreinings kemur og þolendur þeirra reglna ef má að orða það þannig, taka við þeim reglum hlutlaust sagt, sem settar eru og eru ákvarðanir sem heilbrigðisnefndir taka. En að gera þá að hluta nefndarinnar, þó að þeir hafi nú ekki atkvæðisrétt sem breytt var að tillögu meiri hlutans, er með öllu óskiljanleg málafylgja og við hljótum að koma sterkum aðvörunum á framfæri um það efni. Þar fyrir utan kemur eftirfarandi spurning upp fyrr en varir: Hver eru þessi samtök atvinnurekenda á eftirlitssvæðum? Hver eru þau? Hefur verið farið yfir það hver samtök atvinnurekenda á Austurlandi eru, svo að ég taki dæmi af kjördæmi þar sem ég kannast við stöðu mála? Mér er ekki kunnugt um að nokkuð sé til í þá átt að vera heildarsamtök atvinnurekenda á Austurlandi. Það er mjög takmarkað að finna af félagsskap sem þeir standa saman um. Jú, útgerðarmenn eiga sitt félag og vísir er að öðrum slíkum. En heildarsamtök atvinnurekenda á svæðinu eru engin og þannig hugsa ég að hátti til víðar á þessum eftirlitssvæðum. Hvernig á þá að halda á máli? Og hvor verður það af hinum tvíhöfða, Vinnuveitendasambandið eða Vinnumálasambandið sem hlýtur þann heiður hugsanlega að tilnefna í heilbrigðisnefndina austur á landi eða vestur á fjörðum? Það væri fróðlegt að vita um það og betra að hafa plástrana nærri þegar til átakanna kemur milli stjórnarflokkanna um þetta heilaga mál, að báðir fái haldið sínum, Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið, sem eru tákn þeirrar ríkisstjórnar. Ef hún á sér einhvern samnefnara þá er það í þessum tvíhöfða. (**Gripið fram í:** Þeir þurfa nú að fara að endurskipuleggja sig.) Já. (**Gripið fram í:** Héraðsdóminn.)

Síðan mætti margt segja um hollustuháttaráðið, virðulegur forseti, og það ráðslag að leggja af stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins, bregða á það ráð og fara að búa til þetta samsafn þrýstihópa í formi hollustuháttaráðs sem mun hafa

sitt vökula auga yfir öxl hæstv. ráðherra hverju sinni. Hvaða stefna er hér uppi af hálfu meiri hlutans? Hvaða stefna er uppi hér af hálfu umhvrh.? Umhvrn. hefur stundað það nú um árabil síðan það var stofnað að setja stjórn yfir hverja stofnunina á fætur annarri. Stjórn var sett yfir Náttúrufræðistofnun Íslands þegar ný lög voru sett um hana 1992 og núv. hæstv. ráðherra stóð fyrir því að sett var sérstök stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins þegar hún var sett á fót 1996. Og alveg nýverið, fyrir fáum mánuðum, setti hæstv. ráðherra á fót stjórn yfir Landmælingar Íslands sem er nú ekki mjög stór stofnun en á að fara að flytja hreppaflutningi upp á Skaga. Það er kannski til að hjálpa til við flutninginn sem hæstv. ráðherra setti á fót sérstaka stjórn. En nú kemur frv. þar sem stjórnin skal burt og búinn er til þessi óskapnaður í formi svokallaðs hollustuháttaráðs sem hefur ekki á sér mjög faglegt yfirbragð, virðulegur forseti. Og þegar farið var að leita að fulltrúum náttúruverndar var ekki horft til Náttúruverndarráðs sem á þó að vera ráðgjafi ráðuneytisins í þessum málum. Það var ekki talið nógu tryggt. Ég vil að taka það með. Þetta stefnuleysi sem hér birtist er með öllu óskiljanlegt.

Auðvitað er þörf á því að taka stjórnarform ríkisstofnana til almennrar skoðunar og ætti að vera búið að fara ofan í saumana á því fyrir löngu. Auðvitað kalla ný lög um starfsmannahald ríkisins á ákveðnar breytingar á stöðu stjórna. En það á að gera þetta með samræmdum hætti. Það þarf ekki að þýða að stjórnir verði lagðar niður eða stjórnum yfir stofnunum verði ýtt til hliðar þó það sé alveg ljóst að stöðu þeirra verður breytt eins og mál standa nú.

Virðulegur forseti. Þetta stefnuleysi og hringlandaháttur af hálfu framkvæmdarvaldsins og meiri hlutans á þingi sem kemur fram með þessar tillögur er ekki í réttu horfi.

Nefndarálit okkar, sem skipum minni hluta umhvn., er á þingskjali sem liggur fyrir á níundu síðu. Þar er vikið að mörgum atriðum sem við töldum skylt að koma á framfæri við þingið. Ég ætla ekki að fara yfir alla þætti þegar ég geri grein fyrir sjónarmiðum okkar en ég hef reynt að staldra við stærri atriðin í þessu safni. Ég hef vísað til þess að í þingskjalinu er að finna margar ábendingar sem við teldum að kalli á breytingar á lögunum. Sumt er farið yfir undir 10. tölulið á bls. 8, undir yfirskriftinni: Ýmsir fleiri agnúar á frv., og leyfi ég mér að benda á það.

Virðulegur forseti. Meðal annars er vikið að réttaróvissu sem er vegna þess að tilvísun í sérlög, t.d. eiturefnalöggjöf og matvælalöggjöf er ekki traust. Það hlýtur að vera sérstakt áhyggjuefni framkvæmdarvaldsins þegar þannig er um hnútana búið, t.d. er ekki að finna tilvísanir í lögum um eiturefni og hættuleg efni þar sem vísað er í lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það er nokkuð óljóst hvernig á að setja gjaldskrár sem sem snerta þessa málaflokka. Þetta er eitt dæmi, ekki efnislega mjög stórt dæmi, sem á auðvitað að fara yfir í þingnefnd og skila í tryggu formi til þingsins.

Ég á eftir að sjá það, virðulegur forseti, og vek athygli hæstv. ráðherra á því, að búið verði að ganga frá hnútum varðandi eftirlitskerfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 1. ágúst nk. Þá verði búið að skipa nefndirnar og koma þeim af stað. Mér finnst mjög óvarlegt að ætla svo nauman tíma til þess. Við bendum á að tveggja vikna kærufrestur sem er ætlaður almenningi vegna útgáfu starfsleyfa þar sem ráðherra fer með úrskurðarvald er ótrúlega naumt skorinn. Við bendum á að í Noregi eru þrjár vikur í stað tveggja eins og hér er gert ráð fyrir, og í Danmörku, sem er ekki stórt land landfræðilega, hafa menn fjórar vikur til að undirbúa mál sitt gagnvart úrskurðarvaldinu. Þannig má vísa til stórra atriða og smárra sem einkenna flausturslega afgreiðslu og ekki nógu vel grundaða um málið.

Við segjum eftirfarandi í lok nál. okkar, með leyfi forseta:

„Óvandaður undirbúningur setur mark sitt á þetta frumvarp og óskiljanlegt óðagot hefur einkennt meðferð þess allt frá því málið kom til umræðu 23. okt. 1997 þar til frumvarpið var afgreitt úr nefnd 20. febr. 1998. Minni hluti umhverfisnefndar lýsti áhuga sínum á að vinna áfram að frumvarpinu í nefndinni í von um að samkomulag gæti tekist um frekari breytingar og helst samstaða um afgreiðslu málsins í heild. Yfir störfum nefndarinnar hvíldi skuggi þess samkomulags sem umhverfisráðherra bauð upp á og fallist var á rétt fyrir jólahlé þingsins um að málið yrði lögfest um mánaðamót ferbrúar/mars 1998. Minni hlutinn telur enn mikið vanta á að unnt sé að styðja frumvarpið eins og það lítur út að teknu tilliti til breytingartillagna meiri hlutans og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Er þá haft í huga að endurbætt og vel unnið frumvarp verði lagt fyrir Alþingi strax og haustþing kemur saman og það lögfest fyrir lok ársins 1998."

Undir þetta álit er ritað af þeim sem hér talar og þeim sem mynda minni hlutann ásamt mér, hv. þingmönnum Ástu B. Þorsteinsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Ég ætla þá senn að ljúka mínu máli, virðulegur forseti. Ég vil geta þess að athugasemdir og bókanir komu fram af hálfu tveggja stjórnarmanna í Hollustuvernd ríkisinsvarðandi undirbúning málsins og frumvarpið og komu til umræðu í þinginu þar sem ég átti hlut að því að þeim ábendingum og aðfinnslum var komið á framfæri við þingið. Svo vildi til að hæstv. ráðherra var þá ekki á þingi en mér var ekki kunnugt um það þegar ég hafði dreift gögnum til þingmanna um þetta efni. Umhvn. fór ofan í nokkur atriði málsins og hlýddi á málsaðila sem komu fyrir hv. umhvn., Ingimar Sigurðsson, deildarstjóra í umhvrn., og Ingunni Svavarsdóttur, stjórnarformann Hollustuverndar ríkisins, sem átti sæti í hinni stjórnskipuðu nefnd sem undirbjó málið. Þessum aðilum bar ekki saman um hvernig hefði verið gengið frá hnútum varðandi kynningu á málinu á vinnslustigi, því frumvarpi sem lagt var fram á sl. hausti, og lá sú niðurstaða fyrir í umhvn., að óljóst var hvernig á því var haldið af hálfu þessara aðila. En eftir stendur sú aðfinnsla sem fram kom af hálfu tveggja stjórnarmanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins sem komu á framfæri athugasemdum við nefndina í umsögnum og við þingið sérstaklega í framhaldi af því að þeir fundu að því að málið var ekki eðlilega til kynningar á undirbúningsstigi.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, má segja að margt athyglisvert hafi komið fram um málið á vinnsluferlinu. Af hálfu meiri hlutans var ákveðinn vilji til þess að skoða þá hnökra og agnúa sem voru stærstir eða mjög stórir í þessu máli, og brtt. meiri hlutans bera þess vissulega vott að vilji var til þess að reyna að bæta þar úr að nokkru. Við í minni hlutanum munum taka afstöðu til einstakra þátta þegar kemur til afgreiðslu í þinginu á brtt. meiri hlutans, verði ekki orðið við megintillögu okkar að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til þess að það fái þá umfjöllun sem ber í svo stóru og þýðingarmiklu máli þannig að menn hafi í höndum, að meðferð lokinni, góða löggjöf um þann stóra þátt sem er afar gildur í sambandi við umhverfi okkar og reyndar umhverfi umheimsins sem við erum hluti af.

[14:54]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, frsm. meiri hluta umhvn., hefur gert prýðilega grein fyrir brtt. meiri hlutans í yfirgripsmiklu erindi sínu fyrir skömmu. Það sem mig langar til þess að gera er að víkja að einni grein frv. þar sem ástæða er til að vekja athygli þingsins á atriði sem er ekki gerð brtt. um. Hér er um að ræða 12. gr. frv. þar sem er m.a. fjallað um heimildir sveitarfélaganna til að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi.

Rétt er að geta þess að vegna þess hvernig háttað er eftirlitssvæðum sem skilgreind eru í 11. gr. frv. er ljóst að þessi svæði munu vera nokkuð ólík að innri gerð. Sum eru hrein þéttbýlissvæði, önnur eru svæði þar sem eru annars vegar nokkuð stórir þéttbýliskjarnar og hins vegar mikið dreifbýli og í þriðja lagi eru eftirlitssvæði sem eru nánast dreifbýlissvæði að mestu leyti. Á öllum þessum svæðum er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að rekið verði sambærilegt heilbrigðiseftirlit, og í 12. gr. er tekið til þess hvernig gjaldskrár verði ákveðnar. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra, utanríkisráðherra á varnarsvæðum, setur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, hámarksgjaldskrá sem sveitarstjórnir geta innheimt eftir. Upphæðin skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður."

Ljóst er að möguleikar skapast á því að framkvæmd eftirlitsins samkvæmt frv. sem er til umræðu verði mismunandi dýr eftir því hvernig eftirlitssvæðin eru. Sú staða gæti komið upp að atvinnulífinu á einu eftirlitssvæði væri gert að greiða hærri gjöld en atvinnulífinu á öðrum svæðum. Ef tryggja ætti að sama gjaldskráin gilti alls staðar er ljóst að sá sem á að tryggja greiðslur á þeim kostnaði sem umfram hlýst yrði þá sveitarfélögin. Það eru þá möguleikar á því að þetta leiði annaðhvort til þess að atvinnulífinu verði mismunað eftir eftirlitssvæðum ellegar þá að sveitarstjórnunum verði mismunað eftir eftirlitssvæðum. Að sjálfsögðu eru bundnar vonir við að slíkt muni ekki gerast, og við athugun málsins komu ekki fram neinar ábendingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um að hætta væri á að þetta gæti gerst. Ég tel að full ástæða sé til að taka mark á þessum ábendingum og gefa lögunum möguleika á að sýna sig en vil benda á það við þessa umræðu að þarna er ákveðin óvissa um gjöldin sem rétt er að fylgjast náið með ef frv. verður að lögum, og taka það þá til endurskoðunar ef í ljós kemur að atvinnulífið eða sveitarfélögin þurfa að standa undir mismunandi kostnaði í sambandi við eftirlitið sem gert er ráð fyrir í frv.

Að öðru leyti tel ég að ástæða sé til þess að benda á það í sambandi við álit minni hlutans að þar eru tilvitnanir í álitsgerð Halldórs Jónssonar að sumu leyti ekki miðaðar við tillögur sem komu fram eftir að álitið var gefið út. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega minna á það sem stendur á bls. 8 í álitsgerð minni hlutans, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Eftir stendur því að tveir aðilar, sérstök úrskurðarnefnd og ráðherra, geta þurft að fjalla samtímis um efnisatriði sem varða eitt og sama málið þrátt fyrir viðleitni meiri hlutans til að greina þar á milli. Um þetta segir Halldór Jónsson hdl. í áliti sínu til umhverfisnefndar:

„Það er annað sem vert er að nefna í þessu samhengi en það eru aðrar stjórnvaldsákvarðanir en um útgáfu starfsleyfis. Þar gerir frumvarpið ráð fyrir að öll mál hljóti afgreiðslu úrskurðarnefndarinnar. Það er því ekki ætlast til að úrskurðarnefndin láti þá tegund rekstrar, sem talin er í ofangreindu fylgiskjali, sig ekki varða.""

Það er rétt að geta þess að þetta álit er sett fram áður en brtt. meiri hlutans voru kynntar, þær sem hér liggja nú frammi. Í brtt. er einmitt gerð tilraun til þess að kveða skýrt á um það hverjir fari með útgáfu starfsleyfis og til hvers hún er kæranleg þannig að ég hygg að þessi tilvitnun eigi ekki við um þá brtt. sem hér liggur frammi af hálfu meiri hluta umhvn.

Að sjálfsögðu er það hlutverk minni hluta nefndarinnar að koma fram með alla þá gagnrýni sem skynsamleg og nauðsynleg er. Að vísu er ansi harður tónn í áliti minni hlutans og kannski ekki mikið við því að segja. Meira að segja er gengið svo langt að talað er um ávirðingar frv. Ávirðing þýðir í íslensku misgjörð þannig að frv. er sakað um misgjörðir. Það er jafnvel talað um meginávirðingar frv. Ég vil ekki sverja fyrir það að í þessu frv. sem og í öðrum gjörðum þingsins geti verið einhverjir gallar en þarna finnst mér fulllangt gengið.

Ég vil taka það fram að þetta frv. hefur verið til umfjöllunar í þinginu mjög lengi og þótt mjög margar ábendingar hafi komið fram í umsögnum um frv., þá var þar einnig að finna atriði sem menn fögnuðu að tekið væri á og meiri hluti umhvn. hefur leitast við að breyta frv. eftir því sem honum hefur þótt skynsamlegt og leitað þar til þeirra tillagna og hugmynda sem komið hafa fram í umsögnum um frv. Meiri hlutinn hefur einnig lagt eyrun við því sem sagt hefur verið af hálfu minni hlutans, telur sig hafa gengið til móts við minni hlutann og er ánægður með þá samvinnu sem þar varð um ákveðnar breytingar á frv. en það ber að harma að minni hlutinn skuli taka svo djúpt í árinni um skoðanir sínar á göllum frv.

[15:03]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði áðan að til umræðu kom í nefndinni hvernig bregðast mætti við hugsanlegri misskiptingu á kostnaði sem fælist í heilbrigðiseftirliti, en slík misskipting gæti komið fram þar sem svæði væru ólík innbyrðis. M.a. var bent á að sum svæði væru þétt setin og þéttbýli sterkt með mikilli atvinnustarfsemi á annan veginn og á hinn veginn dreifbýli og að þarna væri um ólíkar aðstæður að ræða og ólíkan kostnað við heilbrigðiseftirlit. Eftir nokkra umræðu í nefndinni var vikið frá því að koma að þessu með lagasetningu eða tillögu meiri hlutans.

Hins vegar vil ég nýta þetta tækifæri til að taka undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm., að við framkvæmd laganna verði haft glöggt auga á hugsanlegri misskiptingu, annars vegar innan svæða vegna mismunandi búsetu eins og ég gat um hér áðan og eins gæti slíkur mismunur komið upp vegna ólíkra atvinnufyrirtækja á svæðinu. Minnug skulum við vera þess að kostnaður er mikill við eftirlit af ýmsu tagi hjá atvinnulífinu og mjög eðlilegt þegar horft er til samkeppnissjónarmiða og réttlætissjónarmiða að ekki sé mismunað á neinn hátt.

[15:06]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Menn heyrðu hér svona undirspil undir einn af þeim þáttum sem minni hlutinn hefur gagnrýnt og bent á sem veikleika svo ég noti ekki orðið ávirðing, um það

er varðar gjaldskrármál og tengist þessu frv. Greinilegt er að fleiri en minni hlutinn deila áhyggjum um þann þátt málsins.

Tilefni andsvars af minni hálfu voru þau ummæli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að eftir að ágætur lögmaður sem kom fyrir nefndina, Halldór Jónsson, og gaf þar álit miðvikudaginn 18. febr., þá breytti meiri hlutinn tilteknum ákvæðum í sínu frv. Ég virði það að svo var gert enda mátti öllum ljóst vera eftir álitsgerðina eða þeim sem tóku mark á henni — hún var vel rökstudd af hálfu lögmannsins — að ekki væri búandi við þá miklu réttaróvissu sem hefði skapast við það að tveir aðilar fjölluðu og úrskurðuðu um deilumál er snertu útgefin starfsleyfi.

Ég get ekki tekið undir það að sá þáttur, sem hv. þm. vék sérstaklega að í minnispunktum lögmannsins sem hann skilaði til þingnefndarinnar eftir að hafa reifað málið þar *munnlega, sé ekki gildur, þ.e. að komið geti til árekstra* vegna þess að samkvæmt lögunum eru tveir úrskurðaraðilar, annars vegar úrskurðarnefndin sem hefur mjög breitt verksvið og hins vegar ráðuneytið sem úrskurðar um álitamál varðandi starfsleyfin. Þar eiga við að mínu mati ákveðin umsagnaratriði af hálfu lögmannsins fyrir utan það sem liggur í hlutarins eðli.

[15:08]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hverjum þykir sinn fugl fagur. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það svo að það mætti heyra af hálfu þess sem hér stendur ákveðið undirspil við nefndarálit minni hlutans. Ég reikna með að hann sé þar að vitna í 8. tölulið í nefndaráliti minni hlutans sem ber yfirskriftina: Ótraustur grunnur undir gjaldskrár. Það er rétt að þar er að finna athugasemdir sem snerta sama atriði og ég gerði að umtalsefni. En ég verð að gera þá athugasemd við þessa athugasemd hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að ég tel ekki að þarna hafi verið um undirspil af minni hálfu að ræða. Ég kom fram með þessar athugasemdir í nefndinni og gerði það öðrum mönnum fremur þannig að ef einhverjir vilja spila undir með mér í þessum efnum — og það er í þessu tilfelli hlutverk minni hlutans — þá er það velkomið. En ef menn vilja hafa það sem satt er og rétt, þá er ekki um undirspil í þessum málum að ræða af minni hálfu.

[15:10]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mundi kjósa að hafa oft í minni sveit hv. þm. Tómas Inga Olrich sem er mjög gegn þingmaður sem leggur hér oft gott til mála og ég tek undir það að hv. þm. gerði það að því er þessi efni snertir. Ég tel að það hafi raunar komið fram strax í umsagnarþáttum sem bárust nefndinni og var full ástæða til þess. Auðvitað er alveg ljóst að þarna er teflt á nokkuð tæpt vað um þetta efni. Ég tek undir með hv. þm. um það atriði. Því betra verður sem menn geta stillt betur saman strengi og á það átti að reyna í nefndinni hvað þetta mál snertir varðandi marga fleiri þætti því að að mínu mati var meiri hlutinn smám saman að átta sig á ýmsum verulegum grundvallarveilum í þessu máli og brást við að nokkru.

[15:11]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson erum sýnist mér sammála um þennan þátt málsins. Ég verð þó að segja að mér kom það þó nokkuð á óvart að einmitt í umsögnunum skyldi ekki gert meira úr þessari hættu. Það kom fram alveg sérstaklega af hálfu fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að þeir gerðu ekki ráð fyrir því að þetta mundi leiða til mismununar. Það er einkum og sér í lagi vegna þeirrar afstöðu sem mér finnst ástæða til að láta reyna á lögin í því formi sem þau eru í frv., ef það verður að lögum. En mér finnst full ástæða til að við höfum augun opin fyrir þessum möguleika. Ég vil undirstrika það gagnvart hæstv. umhvrh. að þetta verði haft í huga og fagna því að hv. formaður umhvn. tók undir þetta sjónarmið.

[15:12]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hér komið til 2. umr. hið merka frv. um hollustuhætti sem er sannarlega stórt og viðamikið frv. og ákaflega mikilvægt mál. Það er heillandi viðfangsefni að gera það þannig úr garði að það tryggi umtalsvert betri meðferð *mála á þessu sviði.*

Þróunin á sviði umhverfismála er öll í þá átt að efla skilning og virðingu fyrir lögmálum náttúrunnar og tryggja til hins ýtrasta verndun náttúru og umhverfis fyrir mengun og hvers konar raski af manna völdum.

Niðurstaða nefndarinnar um endurskoðun núgildandi laga um hollustuvernd olli að vissu leyti vonbrigðum þar sem m.a. efnisreglur um mengunarvarnir eru nánast engar og ætlast er til þess að þær verði settar í reglugerðir eins og æðimargt annað í þessu frv. Ég var einhvern tíma búin að telja saman hversu víða væri vísað til reglugerða sem ráðherra skuli setja í frv. og ég held að ég muni rétt að honum sé falið það vald u.þ.b. níu sinnum, þó eru margir undirliðir þannig að erfitt er að nefna nokkra tölu. Honum er gert að setja reglugerðir og að auki í nokkrum tilvikum að setja reglur um eitt og annað, „setja starfsreglur" stendur á öðrum stöðum, setja gjaldskrá, meira að segja hámarksgjaldskrá, auk þess *sem hann er gerður að úrskurðaraðila í ágreiningi um útgáfu* starfsleyfa af stærri gerðinni þannig að ráðherra er fengið mikið vald með frv.

Ég vil vitna til greinargerðar sem er fskj. I með áliti minni hluta umhvn., þ.e. álit Halldórs Jónssonar sem við fengum á einn af síðustu fundum nefndarinnar. Í 7. lið segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli umhverfisnefndar á að í frumvarpið skortir efnisleg ákvæði, sem ráðherra er síðar ætlað að útfæra með stjórnvaldsfyrirmælum. Ég tek þetta fram vegna þeirra alvarlegu úrræða sem frumvarpið veitir stjórnvöldum, svo sem stöðvun atvinnurekstrar. Það er ekki ólíklegt að þær raddir muni heyrast að 4. og 5. gr. frumvarpsins feli í sér of víðtækt valdframsal til ráðherra til þess að grípa inn í réttindi borgaranna sem varin eru af stjórnarskránni. Á það skal bent í þessu sambandi að viss þróun hefur átt sér stað síðustu ár í þessum efnum, annars vegar með setningu stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, og hins vegar í dómstólum landsins." — Reyndar segir hann svo: — „Þar sem ég hef ekki hugað að þessu sérstaklega í yfirferð minni mun ég ekki tjá mig um þetta efni."

Hér er hann aðeins að koma með ábendingu til nefndarinnar en ég ítreka að það var nokkuð seint sem hann kom á fund nefndarinnar og hafði lítinn tíma til að undirbúa álit sitt. En þetta finnst mér undirstrika það sem hér hefur verið sagt, að það eru margir þættir sem ráðherra er ætlað að setja reglugerðir um og m.a. í 4. og 5. gr. eins og vitnað er til í áliti Halldórs.

Mér finnst ákaflega mikil tilhneiging til þess, ekki síst á síðari árum, að færa aukið vald til ráðherra þar sem þeir

eiga að setja reglugerðir um alla mögulega þætti og það held ég sé ekki af hinu góða því lagasetning á að vera skýr og gegnsæ. Menn eiga að vita að hverju þeir ganga.

Eitt af mínum fyrstu gagnrýnisatriðum, herra forseti, við frv. er að skýrari og metnaðarfyllri markmiðssetningu skortir í það. Við fulltrúar minni hlutans gagnrýndum það ítrekað á fundum hv. umhvn. en lítil umræða fór fram um það atriði. Þó komu gestir á fundi nefndarinnar sem tóku undir þetta og vöktu athygli á að skýrari markmiðssetningu vantaði sem er afar slæmt með tilliti til þeirrar þróunar sem er á þessu sviði. Ég tel að við hefðum að sjálfsögðu átt að nota þetta gullna tækifæri til að setja skýra og vel útfærða markmiðsgrein sem gæfi tóninn fyrir löggjöfina í heild. Meginreglan á að vera, auk heilnæmra lífsskilyrða í víðtækum skilningi, að óheimilt sé að menga umhverfið. Óheimilt sé að menga umhverfið. Allt annað heyrir til undantekninga og allan vafa á að túlka náttúrunni í vil. Markmiðið á að vera að fyrirbyggja mengun og óheilnæmi og tryggja eftirlit og aðhald og ég get nú ekki stillt mig um að vitna til 73. gr. í EES-samningnum, sem er undir kafla um umhverfismál þar sem segir, með leyfi forseta:

„1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:

a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið;

b) að stuðla að því að vernda heilsu manna;

c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi."

Þetta var fyrri liður þessarar greinar og 2. liður er:

„Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum."

Þetta er úr 73. gr. EES-samningsins sem fjallar um umhverfismál og því nefni ég það og vitna til hennar að ég held að við hefðum gott af því að líta bæði til þess samnings og til laga um þessi efni í nágrannalöndum okkar sem eru miklu metnaðarfyllri í þessum efnum. Og þótt ágæt orð séu í 1. gr. þessa frv. til laga um hollustuhætti, sem nú á að heita, ef ég man rétt, frv. til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þá held ég að þá grein hefði þurft að endurskoða og endurbæta, gera hana skýrari og fyllri og miklu metnaðarfyllri fyrir hönd umhverfisins og náttúrunnar.

Það er slæmt, herra forseti, að ekki gafst betra svigrúm og tími til að fara yfir þetta mál og gera á því ýmsar breytingar. Það hefur vissulega verið til meðferðar í nokkrar vikur en auðvitað fóru býsna margar vikur í að bíða eftir umsögnum frá mjög mörgum aðilum, eins og fram kemur í nál. meiri hlutans þar sem þeir aðilar eru taldir upp. Þegar menn segja að mál hafi verið lengi til umfjöllunar gleyma menn stundum að draga frá þær vikur sem málið hreinlega liggur í nefndinni og bíður eftir umsögnunum. Engu að síður hafa farið býsna margir fundir í að fjalla um málið. Margir hafa komið á fund nefndarinnar og mjög margir sent okkur umsagnir og þær hafa verið efnismiklar og mjög gagnrýnar. Það var því alveg ljóst frá upphafi að við mundum þurfa mikinn tíma og gott ráðrúm til að fara yfir allar þessar athugasemdir. Ég vil láta það koma strax fram að ég tel að meiri hlutinn hafi gert það sem hann gat, má segja, í þeirri tímaþröng sem við vorum sett í. Ég þarf ekki að rifja það upp að hér var gert samkomulag milli formanna þingflokka og stjórnar þingsins um að lokið yrði við umfjöllun um þetta mál fyrir mánaðamótin febrúar/mars og vegna þess samkomulags gátum við ekki annað en fallist á að málið væri tekið út úr nefnd, en umfjöllun í nefndinni án gesta, ef svo má segja, var fremur lítil og ekki nóg með tilliti til stærðar málsins. Við fulltrúar minni hlutans hefðum viljað fara betur yfir málið, fara betur ofan í saumana á öllum þeim fjölmörgu og vel rökstuddu athugasemdum sem við fengum, vegna þess að við viljum mjög gjarnan vera samstiga meiri hlutanum um þau mikilvægu mál sem koma til kasta hv. umhvn. Okkur hefur tekist það í mörgum málum og ég nefni sérstaklega mjög stóra málaflokka, mjög stóra löggjöf eins og um matvælaeftirlit, um erfðabreyttar lífverur, um skipulagsmál og fleira sem tína mætti til, sem við höfum unnið að í mikilli sátt og samlyndi og metnaði fyrir hönd málaflokkanna, en hér gafst okkur ekki nægur tími og ég harma það. Reyndar skil ég ekki alveg hvers vegna þessi tímapressa er sett á okkur. Ég held það hefði verið til mikillar farsældar fyrir málið í heild ef við hefðum fengið tíma til að vinna með meiri hlutanum áfram að málinu.

Ég get ekki fallist á þær röksemdir sem hafa komið fram um að hér standi fyrir dyrum starfsleyfisveitingar af ýmsu tagi og þess vegna þurfi að flýta sér með þessa löggjöf. Ég held að það hefði mátt afgreiða á annan hátt og raunar hefur það margkomið fram að einfaldlega hefði verið unnt að breyta reglugerðum ef menn vildu fá fastara undir fætur með það efni. Nefndin sjálf hefði sem sagt þurft meiri tíma og ég held að við hefðum þurft u.þ.b. mánuð til að ná endanlegri niðurstöðu, til að vinna úr þeim athugasemdum sem okkur bárust. Við höfum sett á fjölda aukafunda og ég er viss um að allir nefndarmenn hefðu verið fúsir til að gera hið sama á komandi vikum, þ.e. fjölga fundum í nefndinni, til að okkur gæfist ráðrúm til að vinna þetta til fulls.

Meiri hlutinn flytur ýmsar brtt. við frv. og margar þeirra horfa til bóta. Það höfum við staðfest í nefndarstarfinu og gerum það hér, svo sem um veitingu starfsleyfa í 6. gr. Aðrar brtt. eru í rauninni aðeins yfirklór eða tilraun til að gera alvarlega brotalöm eitthvað skárri og þá á ég fyrst og fremst við aðkomu atvinnurekenda að stjórnun heilbrigðiseftirlits í sveitarfélögum og hollustuvernd, sem er í rauninni alveg fráleitt fyrirkomulag. Um þetta er fjallað í 11. gr. frv. og 17. gr. fyrst og fremst. 11. gr. fjallar um heilbrigðisnefndir og skiptingu í eftirlitssvæði og 17. gr. fjallar um svokallað hollustuháttaráð. 20. gr. er síðan um stjórnun stofnunarinnar. Við allar þessar greinar höfum við miklar athugasemdir og erum ekki ein um það. Um þetta fyrirkomulag kom alveg hreint — nú skortir mig íslenskt orð — massíf gagnrýni á þetta fyrirkomulag. Ég held að þær tillögur sem koma frá meiri hlutanum til úrbóta bæti ekki um. Við sjáum í þessum greinum, 11. og 17. gr. fyrst og fremst, greinilega það mark sem fulltrúum atvinnurekenda tókst að setja á starf endurskoðunarnefndar. Það skýrir þá gagnrýni sem við höfum sett fram á það hvernig sú nefnd var skipuð. Í rauninni var alveg fráleitt að fulltrúar atvinnurekenda ættu þar sæti. Þar hefðu átt að koma fyrst og fremst aðilar, fulltrúar, á faglegum forsendum og fá þess vegna álit og sem gesti á nefndarfundi, fulltrúa frá atvinnurekendum og fleiri hagsmunaaðilum. Það hefði verið hin eðlilega málsmeðferð.

Ég minnist þess að þegar þetta mál var til 1. umr. kom það mér svolítið á óvart, ég gat ekki öðrum um kennt en sjálfri mér og önnum í hv. fjárln. Ég tók ekki eftir því fyrr en ég kom inn á þingfund að þetta mál væri til umræðu og

ég hafði ekki skoðað það almennilega, en í flýtinum kom ég samt auga á þessa skipan og gagnrýndi það mjög harðlega þá strax. Ég spurði hvers vegna svo væri staðið að málum, hvers vegna ástæða þætti til að tryggja hagsmuni atvinnurekenda og hvar væru þá hagsmunir annarra, hvernig væru þeir tryggðir, hvar væri gæslumaður náttúruverndar og hið sama um 17. gr., um hollustuháttaráðið. Augljóslega hefur meiri hlutinn viljað koma til móts við þau sjónarmið og út af fyrir sig virði ég það. En þetta er og verður klúður sem ég spái að gangi engan veginn upp. Hér eiga að koma að fulltrúar hagsmunaaðila sem eru ekki endilega með samtök sín á milli eða jafnvel fleiri en ein samtök á hverju svæði.

Búið er að setja þarna inn fulltrúa náttúruverndarnefnda og út af fyrir sig er skárra að fulltrúar annarra sjónarmiða en atvinnulífsins komi að. Náttúruverndarnefndir verða væntanlega margar á sumum eftirlitssvæðanna. Sum þeirra eru mjög stór og það verða sjálfsagt margar náttúruverndarnefndir. Ég er hrædd um að það geti orðið þrautin þyngri að ná saman um hver eigi að vera fulltrúi allra nefndanna í heilbrigðisnefnd og hvernig þetta fyrirkomulag allt eigi að vera. Auk þess er staða slíkra fulltrúa mjög sérkennileg. Þeir eru ekki beint settir með stöðu áheyrnarfulltrúa, ef ég skil þetta rétt. Þeir eiga engu að síður að vera þarna til staðar og án atkvæðisréttar. Hvers vegna í ósköpunum verið var að setja þetta ákvæði að reyna að tryggja afkomu atvinnurekenda er mjög furðulegt vegna þess að þar sem heilbrigðisnefndir eru nú starfandi, þá eru fulltrúar atvinnurekenda í mörgum heilbrigðisnefndum vegna þess að sveitarstjórnarfulltrúar sjá til þess að hinir ýmsu sem hagsmuna hafa að gæta komi þarna að. Ég held að ég hafi heyrt m.a. af einni nefnd þar sem fjórir af fimm fulltrúum í heilbrigðisnefnd tengdust á einhvern hátt hinum ýmsum atvinnugreinum. Ég skil ekki hvernig atvinnurekendur ætla að koma sér saman um einn sérlegan fulltrúa allra atvinnurekenda sem hafa mjög mismunandi hagsmuna að gæta á þessu sviði.

Í 11. gr. er einnig kveðið á um eftirlitssvæði. Þarna er um talsverðar breytingar að ræða og raunar miklar breytingar. Tíu eftirlitssvæði verða og tíu heilbrigðisnefndir í stað 13 eftirlitssvæða áður og 46 heilbrigðisnefnda. Vissulega eru margir þeirrar skoðunar að þær breytingar séu til bóta. Þær munu auðvelda samræmingu eftirlits og meðferð mála en þetta kann að verða erfitt í framkvæmd og spurning hvort ekki sé farið of geyst í sakirnar, með tilliti til landfræðilegra og stjórnunarlegra aðstæðna.

Ég held að það sé mjög óvíst hvernig sveitarstjórnum á stóru svæði, allmörgum sveitarstjórnum, því ekki eru allir búnir að sameinast í öllum þessum sveitarfélögum, muni ganga að útfæra ákvæði 11. gr. þ.e. að koma sér saman um eina nefnd á mjög stóru svæði. Ég nefni sérstaklega svæði eins og Austurlandssvæðið þar sem starfssvæðið er Austurlandskjördæmið allt og fleiri svæði mætti taka. Ég þekki vel til í Norðurlandssvæði eystra. Það er mjög stórt svæði að leggja undir eina heilbrigðisnefnd og það getur orðið erfitt að koma á eðlilegu eftirliti með þessu móti. Ég er svolítið hrædd við þetta. Umsagnir komu frá ýmsum á Austurlandi sem töldu að of hratt væri farið í hlutina. Það hefði verið hægt að fallast á t.d. fækkun nefnda á því svæði niður í þrjár nefndir. Ég hefði viljað fá miklu meiri umfjöllun um þetta og betri upplýsingar. Mig skortir rök og meiri umræðu um þetta efni.

Þessu skylt eru þær vangaveltur sem komu fram máli hv. 5. þm. Norðurl. sem var áðan með efasemdir um eða áhyggjur af því að einhver mismunun kynni að verða fólgin í eftirlitsgjöldum og ýmsu í því efni. Það hefði þurft meiri umræðu og umfjöllun í nefndinni.

Varðandi þessi stjórnunarmál, þá batnar ekki málið þegar kemur að stjórnun Hollustuverndar ríkisins að viðbættu svokölluðu hollustuháttaráði. Frv. gerir ráð fyrir því að fella alveg niður stjórn yfir stofnuninni og skipaður verði forstjóri. Eins og segir í 20. gr. á hann að hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar og er allt gott um það að segja. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Ég gerði ítrekað athugasemdir við að svona væri staðið að málum að forstjóri væri settur og hann hefði með alla stjórn stofnunarinnar að gera. Hann á að móta stefnu í störfum hennar og bera ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Þar að auki stendur í sömu grein að einn forstöðumanna skuli gegna starfi staðgengils forstjóra. Það skortir alveg á í allri umfjöllun hvernig velja skuli þann staðgengil. Síðan endar þetta náttúrlega á því að ráðherra eigi að setja reglugerð.

Það skortir mikið á að nægilega vel sé frá öllu gengið. Eftir því sem frv. og brtt. gera ráð fyrir verður tekið af það stjórnarfyrirkomulag sem verið hefur með stjórn þar sem ýmsir aðilar koma að og m.a. tveir fulltrúar kjörnir af Alþingi en þetta hollustuháttaráð sett sbr. 17. gr. Ég ætla að leyfa mér að fara svolítið meira út í þetta.

Ég tel þetta vera hið mesta óráð. Ég er ekkert endilega hlynnt því að stjórn sé sett yfir stofnun af þessu tagi en auðvitað þarf að vera samræmi í hlutunum. Það eru tiltölulega nýlega sett lög um stofnanir einmitt á sviði umhvrn. Skemmst er að minnast laganna um Landmælingar Íslands, Náttúruvernd ríkisins og ekki er svo langt síðan sett voru ný lög um Náttúrufræðistofnun ríkisins. Allar þessar stofnanir eru taldar þurfa stjórn en ekki þessi stofnun. Látum svo vera að ástæða sé til að breyta um stefnu og hér sé stigið fyrsta skrefið í því efni. En það mætti gera öðruvísi en hér er lagt til.

Það hefði mátt hugsa sér að í stað stjórnar væri skipaður forstjóri eða framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Síðan væri framkvæmdastjórn í stofnuninni sjálfri sem væri þá skipuð forstöðumönnum sviða og síðan væri utanaðkomandi fagráð. Þessar hugmyndir og tillögur hefur Hollustuvernd ríkisins sett fram og þar er einhugur um að þetta væri gott fyrirkomulag. Að mínu mati ætti það að geta tryggt bæði rekstrarlega og faglega stjórn sem yrði mjög til sóma vegna þess að fagráð yrði skipað mönnum með sérþekkingu eða starfsreynslu. Það mundi tryggja eðlileg samskipti og samráð við stofnanir t.d. við Háskóla Íslands og fleiri. En þetta er því miður ekki gert.

Þetta rugl, vil ég segja, um hollustuháttaráð er látið standa og engar haldgóðar röksemdir fyrir breytingum í þá átt. Auðvitað hefur endurskoðunarnefndin lent í villum undir forustu fulltrúa atvinnulífsins. Í þessari grein var meira að segja sagt að hollustuháttaráðið ætti að fara með stefnumörkun um atvinnustarfsemi. Sem betur fer er það fallið brott en nóg er eftir samt.

Þá eru breytingar sem gera það að verkum að við þetta ráð sem í áttu að vera fimm manns, með Vinnuveitendasambandinu, Vinnumálasambandinu og Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem þeir áttu að skipa hver sinn fulltrúa, er nú búið að bæta fulltrúum Hins íslenska náttúrufræðifélags, Alþýðusambands Íslands, Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættisins. Þarna er auðvitað verið að koma til móts við þessa miklu og marghöfða gagnrýni á hin víð-

tæku áhrif atvinnurekenda og reynt að tryggja áhrif bæði fulltrúum launþega og þeirra sem gætu talist gæslumenn umhverfis- og hollustuhátta. Engu að síður tel ég að þetta gersamlega ófæra tilhögun og get ekki með nokkru móti fallist á hana.

Þá vil ég fara örfáum orðum um þann þátt frv. sem lýtur að veitingu starfsleyfa en um þann þátt hefur staðið styrr á undanförnum árum. Meiri hlutinn kemur með brtt. við þennan þátt, þ.e. það sem í frv. var kveðið á um í 6. gr. að umhvrh. ætti að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ef samanlögð fjárfesting er meiri en 950 millj. kr. Þetta gagnrýndu langflestir sem á annað borð gáfu umsögn um frv. eða komu á fund nefndarinnar, að það gengi einfaldlega ekki að skipta þessu með þessu móti, að setja ætti einhver fjárhagsleg mörk í þessu efni. Það væri þá frekar til skoðunar ef menn vildu taka tillit til einhverra mengunarmarka. En ég vil fagna því alveg sérstaklega að meiri hlutinn skyldi fallast á að aðeins yrði um tvo aðila að ræða sem gæfu út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, annars vegar heilbrigðisnefndir í sveitarfélögunum og svo Hollustuvernd ríkisins.

Hins vegar hefði verið langeðlilegast að taka inn í 6. gr. frv. þá upptalningu sem sett er inn í eins konar fylgiskjal við lögin þar sem talið er upp í 24 liðum hvaða atvinnurekstur það er sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir. Það hefði verið eðlilegri lagasetning að gera það á þann hátt, og ég skil ekki alveg hvers vegna þessi leið er valin. En meginatriðið í mínum huga er að þessu skyldi breytt þannig að Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir gefi út starfsleyfin en ekki umhvrh. Því miður tókst ekki alveg jafn vel til með umsagnar- og kæruferli mála sem tekið er á í 7. kafla frv. um málsmeðferð og úrskurði þótt þar hafi tekist að breyta nokkuð til batnaðar og skýra það nokkuð. En því miður er ekki gengið alveg nógu langt í því efni, því enn er framkvæmdinni svo háttað að ef þetta frv. verður að lögum, að teknu tilliti til brtt. meiri hlutans, eru ekki þarna hrein skil um ferli mála. Það er ekki sett í einn skýran farveg. Það eru því ekki skýr mörk milli úrskurðaraðila eins og þyrfti að vera. Málið hefur batnað verulega og ég fagna því en það hefur ekki batnað nóg og ég óttast að menn lendi í hremmingum með þetta atriði áfram. Aðalatriðið væri að það væri einn úrskurðaraðili, ein úrskurðarnefnd, og það væri í samræmi við það sem gildir t.d. í nágrannalöndunum.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta. Það kemur mjög margt fram í nál. sem við í minni hlutanum stöndum að. Ég vil aðeins taka gagnrýnisatriði mín saman. Meginathugasemdir mínar eru þær að markmiðsgreinin er ekki nógu ítarleg og metnaðarfull að mínu mati. Það hefði verið mjög áhugavert að taka góða rispu um það í umhvn. og ræða alla þætti og þá þróun sem hefur orðið í þessum efnum í heiminum og glíma við að setja þarna markmiðsgrein sem við gætum orðið sátt um og stolt af.

Í öðru lagi er það stjórnunarþátturinn. Það er ekkert samræmi í hlutunum. Sumar stofnanir undir umhvrn. eru taldar þurfa stjórn og aðrar ekki. Það er fráleitt að atvinnurekendur eigi fulltrúa í hollustuháttaráði og í heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi hefði ég viljað skoða miklu ítarlegar stærð eftirlitssvæðanna og fjölda heilbrigðisnefnda.

Ég hefði sannarlega viljað fá meiri umfjöllun um úrskurðarferlið í sambandi við starfsleyfin.

Ég tel að á allt of mörgum stöðum séu settar inn heimildir til reglugerða. Það hefði mátt a.m.k. fá einhvern ramma frá ráðuneytinu um það hvernig vinna ætti úr þeim mikla frumskógi.

Ég hef alveg gleymt að fjalla um eitt atriði sem kom frá ýmsum umsagnaraðilum og ekki síst Hollustuverndinni sjálfri, að tilvísun til alþjóðasamninga vantar í frv. Því var svarað til í nefndinni af fulltrúum meiri hlutans að það væri óþarft og ekki eðlilegt, en ég er ekki sammála því. Ég tel að það hefði verið fyllilega eðlilegt og mjög gagnlegt að hafa þá tilvísun í lögunum og hefði verið stuðningur við það starf sem Hollustuvernd ríkisins hefur með höndum.

Ég hlýt að endurtaka að ég harma að ekki skyldi gefast betri tími og betra ráðrúm til að vinna þetta mál til betri vegar og ná sameiginlegri niðurstöðu allrar nefndarinnar. Ég er sannfærð um að það hefði tekist ef við hefðum fengið rýmri tíma og ég er sannfærð um að það hefði orðið til mikilla heilla fyrir málið í heild, þetta mál sem er svo sannarlega afar mikilvægt.

Niðurstaða okkar er sú að við leggjum til að þessu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Það má segja að í því felist mikið traust til hæstv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega til hæstv. umhvrh. Mjög mikil vinna hefur farið fram, búið að fá mjög mikið af umsögnum og athugasemdum og ábendingum og ég held að það væri mjög þarft og gott að vinna þetta betur og ítarlegar með hliðsjón af þeim.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. fór nokkrum orðum um það nál. sem minni hlutinn leggur fram og sagði eitthvað á þá leið að honum fyndist vera harður tónn í nál., fann það helst að. Ég er ekki sammála því að harður tónn sé í nál. þótt kveðið sé skýrt að orði. Það er betra að kveða skýrt að orði svo það skiljist hvað við eigum við. Ég sé enga ástæðu til að vera með tæpitungu um þetta mikla og reyndar að mörgu leyti flókna mál. Okkur er vissulega nokkuð niðri fyrir en við viljum þessu máli ekkert annað en allt hið besta og erum þess vegna slegin yfir því að fá ekki betra ráðrúm og tíma til að vinna að því.

Eitt nefndi hv. 5. þm. Norðurl. e. af því að stundum leggjum við allnokkuð á okkur til að málin fari frá okkur á góðu íslensku máli, og mér fannst hann, ef ég heyrði rétt, vera að vísa til þess sem stendur á 3. síðu í álitinu: „Meginávirðingar frumvarpsins." Og þar sem við viljum auðvitað hafa allt með góðum máta ætla ég að taka undir þessa athugasemd hv. 5. þm. Norðurl. e. að betur færi á því að þarna stæði t.d. „Meginókostir", „Megingallar", eða „Meginágallar" en það er nú smámál miðað við allt málið í heild sem ég ítreka að við ættum að gefa okkur meiri tíma til að fjalla um.

[15:56]

**Útbýting þingskjala:**

Gjaldþrotaskipti, 389. mál, nál. allshn., þskj. 845.

Kosningar til sveitarstjórna, 225. mál, brtt. GÁS, þskj. 848.

[15:56]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur er rétt að láta koma fram þakkir til hennar og annarra í nefndinni og ekkert síður minni hluta en meiri hluta fyrir gott samstarf um frv. og eins að þakka þau viðurkenningarorð sem hafa komið fram hjá þingmanninum um vilja og verk meiri hlutans að vinna þessu máli allt hið besta og hlusta með sanngirni á minni hlutann og alla umsagnaraðila.

Ég segi nú ekki að ég hafi farið hjá mér við að hlusta á þau viðurkenningarorð en mér þótti vænt um þau og það er víst að nefndarmenn í umhvn. leggja undantekningarlaust alvöru og vinnu í það sem þeir eru að gera. Mér fannst við svo sannarlega gera það í þessu efni. Ég er hér sérstaklega að svara því sem kom fram í máli hv. þm. um vinnubrögðin, geri efnisatriðum skil síðar, en frv. kom fram löngu fyrir jól. Þá var farið í gegnum það með ýmsum aðilum. Síðan bárust umsagnir og sérstaklega vil ég ræða þann þátt sem snýr að umræðum um frv. bæði þegar gestir voru og eftir að gestir fóru, þá gafst nægur tími til að ræða frv. Ég boðaði framlagningu á meirihlutatillögunum, ég lýsti eftir tillögum minni hlutans, þær komu ekki fram. Ég lýsti eftir samstöðu um einstök atriði svo við gætum þá einangrað þau frá sem ekki væri samstaða um. Nægur tími gafst til að ræða þetta, engum var varnað máls, allir gestir komu, allar umsagnir voru skoðaðar og víst er að lengi getum við setið yfir verkinu og ég virði vandvirkni en við verðum líka að vinna verkin okkar og skila þeim frá okkur þegar jafnítarlega og vel hefur verið um þau fjallað eins og gert var í nefndinni.

[15:58]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf matsatriði hvenær fólk telur að nægur tími og ráðrúm hafi gefist. Við höfum yfirleitt unnið þannig að mál kemur til nefndar, það fer síðan til umsagnar og þá líða nokkrar vikur, síðan er málið tekið fyrir og þá er rætt við gesti og í þessu tiltekna máli komu mjög margir gestir á fund nefndarinnar. Síðan höfum við venjulega sest yfir hlutina saman, rætt hverja grein fyrir sig og komist að sameiginlegri niðurstöðu um álitaefni og jafnvel meiri hlutinn farið í vinnslu ásamt ritara og aðstoðarmönnum og þannig höfum við unnið þetta áfram saman. Það er ekki venjan það ég þekki til að lýsa eftir sérstökum brtt. þegar komið er að yfirferð nefndarinnar í einrúmi, ef svo má kalla það, heldur hafa menn unnið að því saman. Ég skil alveg aðstöðu meiri hlutans. Við vorum sett í þá aðstöðu að komist var að samkomulagi um sérstaka meðferð þessa máls og við vonuðumst víst öll áreiðanlega til að við mundum ná að hafa málefnalegar umræður og vinnu sem skilaði okkur sameiginlegri niðurstöðu fyrir þennan tíma. En ég held að okkur öllum hafi verið það ljóst í upphafi að þetta er svo viðamikið mál að við hefðum þurft meiri tíma. En ég veit að það þýðir ekkert fyrir okkur að koma hér til skiptis upp og segja: Við höfðum ekki nógan tíma, og svo segir annar: Við höfðum nógan tíma. Það er bara einfaldlega svo að okkur fannst ekki gefinn nægur tími til að nefndin gæti setið sameiginlega yfir hugsanlegum breytingum á þessu frv.

[16:01]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir**:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Kristín Halldórsdóttir hafa í ítarlegu máli mælt fyrir áliti minni hluta umhverfisnefndar um frv. um hollustuhætti. Í rauninni þyrfti ekki að fara mörgum orðum um það frekar en gert hefur verið. Ég get þó ekki látið hjá líða að taka nokkur af þeim atriðum til frekari umfjöllunar.

Fyrst vil ég nefna markmið þessa frv. Skoðun mín er sú að með því að leggja þetta frv. fram í þessari mynd hafi ríkisstjórnin látið ómetanlegt tækifæri til gagngerrar endurskoðunar á lögum um hollustuhætti og umhverfismál fara fram hjá sér. Gildandi lög um þessi málefni eru að stofni til frá 1984. Frá þeim tíma hafa orðið straumhvörf í heiminum hvað varðar þekkingu og viðhorf til umhverfismála og umhverfisverndar. Maður hlýtur að spyrja að því hvort ekki hefði verið rétt að breyta um nálgun í þessum málaflokki og taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur, t.d. í umhverfisrétti síðustu 25 ár.

Fjölmargir aðilar hafa sent ítarlegar umsagnir um þetta frv., gengið á fund nefndarinnar og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Það verður að segjast, herra forseti, að umsagnir þessara aðila eru mjög samhljóma í gagnrýni á frv. Einstaka aðilar hafa jafnvel gengið svo langt að líkja frv. við stagbætta flík.

Ég vil með nokkrum orðum fjalla um umsögn einstakra aðila. Ég staldra fyrst við umsögn Náttúruverndar ríkisins sem vekur sérstaka athygli á því að í frv. vanti nánast allar efnislegar reglur um mengunarvarnir. Þeir benda einnig á það að með hliðsjón af réttaröryggissjónarmiðum væri eðlilegra að löggjafinn skilgreindi nokkrar alþjóðlegar meginreglur sem varða umhverfismál og umhverfisvernd. Um þær er ekkert fjallað í þessu frv.

Náttúruvernd ríkisins bendir í þessu samhengi á nokkrar alþjóðlegar meginreglur umhverfisréttar, m.a. þær reglur sem koma fram í Ríó-yfirlýsingunni. Náttúruvernd ríkisins telur að mikils virði hefði verið að skilgreina þær, staðfæra og aðlaga íslensku réttarkerfi, yrði þetta frv. sem hér er til umfjöllunar að lögum. Þá hefur Náttúruvernd ríkisins einnig bent á, eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að þetta hefði verið kjörið tækifæri fyrir Alþingi að fella markmið EES-samningsins inn í löggjöfina. Með vísun í orð hv. þm. vil ég leyfa mér að fullyrða að þau markmið sem sá samningur hefur eru mun háleitari og framsæknari en markmið þessa frv. Auk þess vil ég, herra forseti, benda á að í 75. gr. EES-samningsins um umhverfismál segir um verndunarráðstafanir í 74. gr. að ekkert sé því til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndunarráðstafanir halda gildi sínu og grípi til þeirra enda samræmist þær samningnum. Með öðrum orðum hefði hæstv. ríkisstjórn verið í lófa lagið að setja fram háleitari markmið í nýju frv. um hollustuhætti og umhverfismál.

Í nál. okkar vitnum við til danskrar löggjafar um umhverfismál sem sýnir allt önnur tök á þessum mikilvæga málaflokki en þetta frv. Markmið dönsku laganna er að vernda náttúru og umhverfi svo þróun samfélagsins verði grundvölluð á virðingu fyrir lífsskilyrðum manna og varðveislu dýra- og plöntulífs. Þar er mun sterkar að orði kveðið en í markmiðsgrein frv. sem hér er til umfjöllunar. Vert er að geta þess að Náttúruvernd ríkisins leggur í umsögn sinni til að unnið verði að frv. sem svipi til dönsku laganna um umhverfismál.

Virðulegi forseti. Framsögumaður minni hluta umhvn. hefur farið ítarlega í gegnum þau atriði sem við teljum að helst hefði þurft að bæta í þessu frv. Ég tel þó ástæðu til að fagna því að meiri hluti umhvn. hefur tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem gestir okkar létu í ljós á síðustu dögum við vinnu frv. Sérstaklega ber að fagna því að í 6. gr., þar sem fjallað er um starfsleyfisveitingu, skuli tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem fram kom hjá nær öllum þeim sem gengu á fund nefndarinnar. Í frv. var áður gert ráð fyrir því að umhvrh. gæfi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér mengun, ef samanlögð fjárfesting væri meiri en 950 millj. kr. Þetta var gagnrýnt af nær öllum sem umsagnir gáfu og bentu fjölmargir á að eðlilegra væri að starfsleyfisveitingar væru á einni hendi. Við því var brugðist og því ber að fagna.

Önnur atriði voru gagnrýnd bæði í umsögnum og af gestum nefndarinnar, eins og fram hefur komið í máli hv. þm. hér á undan. Þar mætti nefna þátttöku atvinnurekenda í heilbrigðisnefndum og hollustuháttaráði. Flestir voru þeirrar skoðunar að sú skipan mála væri fullkomlega óeðlileg og úr takti við góða og nútímalega stjórnsýsluhætti. Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins bentu í heimsókn sinni á að við þetta fyrirkomulag hefði komið athugasemd frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Ég vil að því verði haldið til haga hér að þetta hefur vakið athygli og gagnrýni þeirra sem kynnt hafa sér málið.

Meiri hluti umhvn. gerði tilraun til þess að bæta úr þessu klúðri, sem ég vil kalla, með því að fjölga fulltrúum heilbrigðisnefndanna og bæta við, t.d. fulltrúum frá náttúruverndaraðilum. Á það var auðvitað einnig bent að víða eru mál þannig að ekki er hægt að kalla til slíka aðila, sérstaklega ekki í minni sveitarfélögum. En, herra forseti, ég vil aðeins staldra aftur við þann hagsmunaárekstur sem hlýtur að verða þegar þeir sem hafa á eftirlit með eru sjálfir gerðir að eftirlitsaðilum.

Svo ég víki nokkrum orðum að stjórn Hollustuverndar og hollustuháttaráði þá er ég í sjálfu sér ekki ósammála því að breyting verði gerð á stjórnskipulagi Hollustuverndar ríkisins. Ég tel þó að þarna verði að gæta samræmis við aðrar sambærilegar stofnanir á vegum ríkisins. Það hefur auðvitað ekki verið gert eins og flestum er kunnugt. Sjónarmið þeirra sem á fund okkar gengu voru einmitt þau að ekki væri óeðlilegt að Hollustuvernd ríkisins hefði á að skipa framkvæmdastjórn sem færi með rekstur stofnunarinnar en hefði síðan sér við hlið fagráð til ráðgjafar. Það hefði þess vegna getað heitið hollustuháttaráð en væri þá tengt þessari stofnun fremur en að vera, eins og frv. gerir ráð fyrir, beintengt við ráðherrann.

Um það hefur verið fjallað, herra forseti, að með þessu frv. gæti skapast réttaróvissa, þar sem kæruleiðir eru enn þá tvær. Þó þarna hafi verið gerð tilraun til að bæta úr þá eru úrskurðaraðilarnir enn tveir og gætu þess vegna verið að fjalla um sömu efnisatriði á sama tíma. Ég vil aftur vekja athygli á ákvæðum dönsku laganna um umhverfismál þar sem þetta er falið einni úrskurðarnefnd og ég tel að það sé í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Á það hefur verið bent, herra forseti, að margt í þessu frv. veki upp spurningar um skörun á verksviði, a.m.k. tveggja ráðherra og ráðuneyta. Þar á ég við umhvrn. og umhvrh., og félmrh. Þetta kom fram í álitsgerð Halldórs Jónssonar lögfræðings sem sótti nefndina heim á meðan unnið var að brtt. við frv. Ég tel að þarna þurfi að fara betur yfir málin svo að ekki skapist óvissa og jafnvel ágreiningur um þetta atriði.

Herra forseti. Hægt væri að fjalla um fjölmörg önnur atriði hér í áliti minni hluta umhvn. en ég tel að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi gert það mjög ítarlega. Ég tel því ekki ástæðu til að tefja þessa umræðu enn frekar en vil að lokum vitna til nál. okkar þar sem mikinn fróðleik er að finna. Þar hefur þeim umsögnum um frv. sem fjölmargir aðilar hafa látið nefndinni í té, verið haldið vel til haga. Auk þess vil ég, með leyfi forseta, benda á tvö fskj. sem fylgja nál. en þar er umsögn Halldórs Jónssonar lögfræðings og umsögn stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Að lokum, herra forseti, tek ég undir minnihlutaálitið og hvet menn til að íhuga það gaumgæfilega. Ég tek undir orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að í því felst mikið traust að vísa frv. til hæstv. ríkisstjórnar þegar við í minni hlutanum lítum svo á að þrátt fyrir að nú hafi verið bætt úr nokkrum atriðum þá sé enn of margt óunnið í frv. til þess að það sé ásættanlegt út frá nútímasjónarmiðum og framsýni í umhverfismálum að við teljum mjög mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn fái frv. aftur til umfjöllunar og geri á því bragarbót.

[16:15]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að þakka hv. umhvn. fyrir vinnu hennar við þetta mál sem er sannarlega viðamikið eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna sem tekið hafa til máls í umræðunni. Ég þakka nefndinni fyrir hvernig hún hefur staðið að málinu, bæði meiri hluti nefndarinnar sem ber ábyrgð á þeim brtt. sem hér eru fluttar fyrst ekki náðist fullkomin samstaða um breytingar eða málsmeðferð í nefndinni. Einnig vil ég þakka fulltrúum úr minni hluta nefndarinnar fyrir hvernig þeir hafa staðið að vinnu við nefndarstarfið. Þrátt fyrir að skoðanir séu eitthvað skiptar um það hvaða tíma menn hefðu þurft til að fjalla ítarlegar um málið en gert hefur verið hefur þó verið lögð mikil vinna í það. Ég þykist heyra það á hv. þingmönnum sem skipa minni hluta nefndarinnar að þeir telja að a.m.k. nokkrar af þeim breytingum sem eru lagðar til af hálfu meiri hlutans séu til bóta og e.t.v. megi vænta stuðnings þeirra við einhverjar þeirra þó að þeir vilji ekki skrifa undir málið allt.

Hæstv. forseti. Áður en ég kem að efnisatriðum og þeim þáttum sem hv. þm. hafa gert að umtalsefni langar mig að fara nokkrum orðum um umræðu sem fór fram í hv. Alþingi og fjallaði um málsmeðferð og undirbúning málsmeðferðar þeirrar nefndar sem vann frv. Því miður hef ég ekki dagsetninguna á þeirri umræðu sem ég hélt að ég hefði hér, hæstv. forseti, en það skiptir reyndar ekki máli. Hv. þingmenn vita að hér fór fram umræða um vinnubrögð nefndarinnar, hvernig staðið hefði verið að málum þegar frv. var í vinnslu og hvernig stjórn Hollustuverndar ríkisins hefði komið að málinu.

Í fyrsta lagi lýsi ég óánægju minni með það að umræðan skyldi fara fram án þess að ég væri viðstaddur. Við því er út af fyrir sig ekkert að segja og síst af öllu mörgum dögum seinna og hv. málshefjandi hefur gert grein fyrir því að honum hefði ekki verið ljóst að ég hafði fjarvistarleyfi þennan dag. Auðvitað er líka bagalegt að taka umræðu upp með þeim hætti inn í þingið þar sem vitað er að ráðherra er ekki til svara og náttúrlega alls ekki formaður viðkomandi nefndar, sem á ekki sæti hér, og á þess vegna ekki möguleika á því að svara á neinn hátt fyrir það hvernig vinnubrögð voru eða hvernig hann taldi hafa verið staðið að málum. Því kom fyrst og fremst fram málflutningur annars málsaðilans, þ.e. fulltrúa þeirra í stjórn Hollustuverndar ríkisins sem gerðu athugasemdir við vinnubrögðin.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, hæstv. forseti, en ég vil þó segja það eftir að hafa rætt við formanninn og farið yfir athugasemdir sem hann hefur reyndar sent öllum hv. þingmönnum og síðan rætt við og gert grein fyrir í hv. umhvn., að mér finnst að ekki sé hægt að segja að á nokkurn hátt hafi verið staðið óeðlilega að vinnubrögðum. Nefndin er auðvitað á ábyrgð ráðherrans, hún er skipuð af honum og formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Síðan er leitað tilnefninga frá nokkrum aðilum til að taka þátt í þessu nefndarstarfi og endurskoðunarvinnu og þá helst þeim aðilum sem voru taldir eiga aðild að málinu og bæri að koma að því. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeir aðil-

ar sem koma að málum tilnefndir af stofnunum eða stjórnum stofnana eða fulltrúar einhverra hagsmunaaðila hafi samráð með einum eða öðrum hætti við þá sem þeir eru umbjóðendur fyrir. Ég tel að það komi skýrt fram í fundargerðum nefndarinnar að svo hefur í raun verið. Nefndin er skipuð 16. febrúar og 28. júní er sérstaklega bókað um málsmeðferð þar sem segir, með leyfi forseta:

„Formaður nefndarinnar setti fundinn og greindi frá því að drögin sem liggja fyrir væru ekki til almennrar dreifingar en efnið þó ekki trúnaðarmál gagnvart þeim sem tilnefndu í nefndina."

Nokkru síðar, 13. september, segir í fundargerð nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Fram kom að drögin væru komin til takmarkaðrar dreifingar þar sem hluthafandi hafa þurft að afla álits sinna umbjóðenda. Drögin eiga ekki að fara í dreifingu þótt nefndarmönnum sé heimilt að sýna þau völdum aðilum."

Þarna er tvívegis með tiltölulega stuttu millibili á vinnutíma nefndarinnar rætt aftur um hvernig skuli haga málsmeðferð. Þetta finnst mér vera fullkomlega eðlileg vinnubrögð og tel að nefndir sem starfa að svona málum þurfi og eigi að hafa nokkurn vinnufrið til þess, verði síðan að hafa eðlilegt samráð við aðila sína en vinnugögn og drög að nefndarálitum eða frumvörpum séu í raun ekki í almennri dreifingu og út um allt og m.a. á fjölmiðum svo að ég nefni það sem dæmi. Þetta vildi ég því hafa sagt, hæstv. forseti, og látið það koma fram af minni hálfu að ég tel að hér hafi formaður staðið rétt að og nefndin unnið þetta hárrétt.

Aðeins út af því sem fram kemur í skjali sem er undirritað af Kristínu Einarsdóttur og Sigurði Óskarssyni, fulltrúum í stjórn Hollustuverndar ríkisins, og þau dreifa til allra alþingismanna 10. febr. 1998, þar sem sagt er að þau hafi fyrst og fremst verið að skýra frá því hvernig komið hafi verið í veg fyrir að þau hafi eðlileg áhrif á undirbúning lagafrv. Nú ætla ég ekki að hnotabítast við þetta ágæta fólk sem hefur unnið starf sitt vel í stjórn Hollustuverndarinnar og unnið þar af samviskusemi og haft fullan vilja á því að hafa áhrif á nefndarstarfið en auðvitað er fullt af fólki sem gæti sjálfsagt sagt að það vildi gjarnan hafa áhrif á nefndarstarf eða áhrif á frumvarpsgerð eða frumvarpssmíði. En að segja að það hafi verið komið í veg fyrir að þau gætu haft eðlileg áhrif á undirbúning lagafrv., sem er unnið að í nefnd á vegum og ábyrgð ráðherra, finnst mér mikil spurning en það segi ég bara af því að þetta kemur fram í þessu skjali, undirritað af þessu ágæta heiðursfólki, og að öðru leyti ætla ég ekki að hnotabítast við það.

Ég tel að eðlilega hafi verið staðið að málsmeðferð af hálfu nefndarmanna og ég hef út af fyrir sig engar athugasemdir við það þó að einhverjir hafi aðrar skoðanir á því og geri við það athugasemdir. Það sem ber á milli er að hv. — þó að formaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins sé að vísu varaþingmaður þarf kannski ekki að ávarpa hana háttvirta en hún á líka allt gott skilið — formaður stjórnar Hollustuverndarinnar hafi annaðhvort tekið hlutverk sitt sem nefndarmann með trúnaði við nefndarstarfið og ráðherrann og formann nefndarinnar óþarflega hátíðlega og þess vegna ekki skýrt nákvæmlega frá því á stjórnarfundum Hollustuverndarinnar hvernig umræður hafi verið í nefndinni eða á einhvern hátt mistúlkað það eða mátt hafi misskilja vinnuaðferð hennar í því efni. Það kann að vera að eitthvað hefði mátt fara með öðrum hætti í því starfi en ég sé ekki og mér finnst ekki í raun að menn bæti sig neitt með frekari umfjöllun um þennan þátt í starfi nefndarinnar. Ég ítreka að ég er fyllilega ánægður með það hvernig það hefur gengið fram og tel að það hafi verið gert eðlilega og vona að þessu máli sé að öðru leyti lokið.

Ég vildi nefna þetta og koma aðeins inn á það. Af því að það kom fram í umræðunum sem ég gat um hér í upphafi að gera mætti ráð fyrir því að sjónarmið ráðherra kæmu fram síðar, bæði af hálfu hv. málshefjanda á þeim tíma svo og af hálfu hæstv. forseta þar sem hann getur um það í athugasemd að búast megi við að ráðherra svari fyrir sig þegar hann komi aftur til þings, þá vildi ég hafa sagt örfá orð um þennan þátt málsins.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, ætla ég aðeins að snúa mér að frv. og þeim brtt. sem eru lagðar fram af hálfu meiri hluta nefndarinnar og þeim athugasemdum sem koma fram í nál. minni hlutans og hv. þingmenn, fulltrúar minni hlutans, hafa gert grein fyrir. Kannski má segja, sem eðlilegt er, að ræður þeirra hafi allar snúist um nokkurn veginn sömu athugasemdaatriðin. Í fyrsta lagi að málsmeðferð hafi verið hraðað, að nokkurt óðagot hafi verið í nefndarstarfi eins og sagt er í minnihlutaálitinu sjálfu, þar sem segir að óskiljanlegt óðagot hafi einkennt málsmeðferðina. Mér finnst í raun ómögulegt að taka undir það þó svo að það sé formanns nefndarinnar og meiri hlutans að svara fyrir það hvernig staðið hefur verið að nefndarstarfinu sjálfu frá degi til dags eða frá nefndarfundi til nefndarfundar. Ef við lítum aðeins á það að málið kemur fram snemma á þingtíma, mælt er fyrir því 23. október, það er til umfjöllunar fram í febrúarlok og reyndar með fleiri nefndarfundum sem ber að þakka en dagskrá þingsins og nefndanna gerir ráð fyrir samkvæmt samkomulagi sem gert var og hér hefur verið vitnað til að afgreiða málið um það bil á þessum tíma frá þinginu. Mig langar að geta þess til samanburðar að þingið afgreiðir auðvitað ótal mörg stór mál á skemmri tíma en þetta. Við erum t.d. að afgreiða mál fyrir áramót sem eru lögð fram kannski ekki einu sinni í þingbyrjun heldur þegar nokkuð er liðið á haustþing, mál sem þurfa og verða í mörgum tilfellum að afgreiðast fyrir áramót. Ég nefni t.d. bara af handahófi ýmiss konar skattamál sem eru oft flókin og erfið viðfangs og fá afgreiðslu í þinginu. (**Gripið fram í:** Það tekst nú ekki alltaf vel til.) Það má sjálfsagt segja það, hv. þm. sem hér grípur fram í, að það geti verið skiptar skoðanir um það hversu vel takist til með afgreiðslu einstakra mála og það er ekki alltaf gott að flýta sér um of. Ég tek undir það en mér finnst að hér hafi verið gefinn nokkur tími og ég nefni annað frv. sem var samþykkt á seinasta þingi eftir mikla vinnu í hv. umhvn. og var búið að koma fimm sinnum fyrir Alþingi og nefndin vann við allan veturinn og gerði miklar breytingar á. Þar á ég við byggingar- og skipulagslögin. Við erum nú þegar búin að taka það mál þrátt fyrir þessa miklu og vönduðu vinnu upp til endurskoðunar einu sinni, en þ.e. það voru afgreiddar brtt. við þau lög á haustþingi sem taldar voru nauðsynlegar. Seinast í gær fékk ég upphringingu frá einum af fulltrúum hönnuða sem hafði miklar athugasemdir að gera við lögin eins og þau líta út í dag og taldi nauðsynlegt að gera á þeim ýmsar breytingar fyrr en seinna þannig að það er einu sinni svo með alla löggjöf. Ég má ekki heldur eyða allt of löngum tíma í þetta, hæstv. forseti, og kannski er ekki ástæða til að fara fleiri orðum um það en mér finnst þó að hér hafi verið gefinn allnokkur tími til umfjöllunar, a.m.k. það að fallast á að málið væri ekki afgreitt fyrir áramót eins og var þó upphafleg ósk. En ég ítreka að ég þakka nefndinni fyrir að

hafa unnið vel að málinu og gert það á þeim tíma sem um var rætt.

Síðan hafa hv. þm. sem skipa minni hlutann talað um að markmiðssetning sé ekki skýr eða nægjanlega markviss og að það vanti kannski í þetta ýmis sjónarmið, áhrif frá Ríó-ferlinu og fleira sem ætti að vera í þessum lögum. Nú er ég ekki gera lítið úr því en ég minni þó á að við erum náttúrlega ekki hér að fjalla um heildarlöggjöf um umhverfismál. Sumar þjóðir eru með slíka löggjöf. Við höfum reyndar rætt um það í umhvrn. að setja sérstaka löggjöf hér á landi sem fjallaði um meginreglur umhverfisréttarins sem væri kannski vísir að slíkri heildarlöggjöf. Drög að slíku frv. eru reyndar til í umhvrn. Við höfum hins vegar valið þennan kostinn að vera hér með löggjöf um ýmsa aðskilda málaflokka sem taka hver á sínum þætti. Það t.d. er stór og veigamikill hlutur málanna sem fjallar um hollustuhættina. Við erum með sérlög um náttúruvernd. Við erum með sérlög sem fjalla um Náttúrufræðistofnun og hennar hlutverk. Við erum með sérlög um skipulags- og byggingamál og starfsemi Skipulagsstofnunar sem m.a. hefur veigamikinn þátt sem varðar umhverfismál á sinni könnu, þ.e. umfjöllun um lög um mat á umhverfisáhrifum svo ég nefni einhver dæmi um þetta. Auðvitað geta menn haft misjafnar skoðanir á því hvað beri að telja upp í markmiðslýsingu.

Einnig hafa hv. þm. held ég allir fjallað um alþjóðasamninga og hvernig tekið sé á því máli í frv. Nú er öllum ljóst að þessi stofnun fjallar mjög um ýmsar afleiðingar af þeim fjölmörgu alþjóðlegu samningum sem við höfum gert og erum að gera og eigum væntanlega eftir að gera. Það gerir þessi stofnun eins og aðrar stofnanir sem vinna á vegum umhvrn. og auðvitað á vegum Stjórnarráðsins í heild, þar sem fjallað er um ýmis mál sem við höfum skuldbundið okkur til að vinna að samkvæmt alþjóðlegum samningum. Það hlýtur þessi stofnun að gera og gerir og hefur tekið á sig miklar skuldbindingar eða margvísleg verkefni á undanförnum árum í þessu sambandi. En yfirstjórn þessara samninga og meðferð mála sem fjallað er um í viðkomandi samningum tel ég að eigi að vera í ráðuneytinu sjálfu og þannig höfum við verið að þróa það hvað varðar nokkra samninga sem við höfum fjallað um og erum enn þá með í umfjöllun. Ég nefni t.d. margumræddan loftslagsbreytingasamning sem hefur verið algjörlega í umsjá ráðuneytisins sjálfs, og fleiri alþjóðlega samninga sem við reynum að fylgjast með í ráðuneytinu. Hinar ýmsu, mismunandi stofnanir ráðuneytisins fjalla síðan um framkvæmd einstakra þátta hvað þetta varðar.

Einnig hefur verið rætt töluvert mikið um aðkomu og þátttöku atvinnurekenda eða vinnuveitenda í frumvarpsgerðinni, undirbúningi málsins í fyrsta lagi og síðan aðkomu vinnuveitenda að heilbrigðisnefndunum og hollustuháttaráðinu. Ég verð að segja að ég er svolítið undrandi á þeirri afstöðu sem hv. fulltrúar minni hlutans taka varðandi þann þátt málsins því ég hef talið það afar mikilvægt að eiga gott samstarf við fulltrúa vinnuveitenda í ýmsum málum sem við höfum verið að vinna að að undanförnu á sviði umhverfismála og tel að það hafi allt saman verið til bóta. Ég man ekki eftir nokkru tilviki þar sem slíkt samstarf hafi ekki verið til bóta frekar en hitt. Sérstaklega vil ég þó nefna í því sambandi afskipti vinnuveitenda og þátttöku þeirra fyrst í samningu frv. um gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum, svokallað spilliefnagjald, og svo úrvinnslu þeirra mála sem ég tel að hafi gengið með miklum ágætum og spilliefnagjaldsnefndin sem við venjulega köllum svo, hefur unnið mikið og gott starf með öflugri þátttöku vinnuveitenda. Ég hygg að það hefði verið miklu erfiðara að ná þeirri stöðu sem við höfum nú þegar náð varðandi framgang þeirra laga og eftirfylgd ef við hefðum ekki haft svo góða samvinnu og samstöðu með vinnuveitendum um málið. Mér finnst því þessi gagnrýni á þeirra aðkomu að málunum vera nokkuð sérkennileg, a.m.k. af þeirri reynslu sem ég hef af málinu get ég ekki tekið undir hana.

Ég man eftir því að strax við 1. umr. kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur athugasemd og sjálfsagt fleirum sem hér töluðu, að bæði inn í hollustuháttaráðið og heilbrigðisnefndirnar vantaði fulltrúa, talsmann eða rödd almennings og náttúruverndarsjónarmiðanna. Nú ætla ég ekki að fara orðrétt með þetta. Ég man ekki nákvæmlega hvernig þetta var orðað hjá hv. þm. en ég hygg að efnislega hafi það verið þetta sjónarmið. Ég held að ég hafi tekið undir það þá strax að ég teldi eðlilegt að nefndin skoðaði einmitt þá þætti og velti þessu fyrir sér þannig að ég vil líka lýsa ánægju minni með að þar eru gerðar tillögur um að eiga betra samstarf við t.d. fulltrúa náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna og má geta þess hér að ráðuneytið hélt nýlega fund með fulltrúum í náttúruverndarnefndum sveitarfélaga. Hingað komu fjölmargir einstaklingar alls staðar að af landinu sem lýstu sérstakri ánægju með þann fund og báðu um og buðu upp á aukið samstarf við umhverfisyfirvöld þannig að ég held að þetta sé eitt skref í því að mæta þeim sjónarmiðum sem m.a. komu þar fram.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði m.a. um viðhorf til þeirrar breytingar sem lögð er til að aðeins skuli gerð krafa um einn heilbrigðisfulltrúa í stað tveggja. Ég tel að ef heilbrigðisnefndirnar vinna sitt verk eins og þær eiga að gera samviskusamlega og standa rétt að málum, þá sé þetta ekki tilefni til að hafa áhyggjur af. Ég tel að fyrst og fremst sé nauðsynlegt að löggjöfin kveði á um að heilbrigðisfulltrúi sé starfandi og það sé síðan svæðanna, heilbrigðisnefndanna í samráði við sína umbjóðendur, sveitarstjórnirnar, að ákveða hversu öflugt þetta eftirlit skuli vera og þurfi á tveimur fulltrúum eða fleirum að halda þá sé það þeirra að taka slíka ákvörðun.

Áður en ég kem að starfsleyfismálunum, sem er kannski það sem hv. þingmenn hafa velt einna mest fyrir sér og eðlilega því það er mál sem hefur verið oftsinnis hér til umræðu og var töluvert rætt við 1. umr. málsins, vil ég fara örfáum orðum um umræðuna sem hefur orðið um stjórnir og ekki stjórnir opinberra stofnana. Það er vissulega rétt og ég held ég hafi reyndar lýst því yfir áður í ræðustól í hv. Alþingi að full ástæða væri til og kannski nauðsynlegt að taka það mál allt til endurskoðunar í Stjórnarráðinu í heild sinni, ekki bara í umhvrn. þótt auðvitað megi gera það líka þar og það sé nauðsynlegt, heldur að mótuð sé heildarstefna um það hvernig eigi að fara með slíkt, hvort einhverjum ákveðnum stofnunum beri að hafa stjórn fremur en öðrum og hvaða stofnanir það ættu þá helst að vera.

En hér hafa sérstaklega verið nefndar þrjár til fjórar stofnanir sem undir umhvrn. heyra. Miðað við tillöguna sem hér er gerð, um að hafa ekki lengur stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins, borið saman við aðrar stofnanir ráðuneytisins, þá er það rétt að hér gætir nokkurrar misvísunar. Náttúrufræðistofnun hefur stjórn sem svo háttar til með að þar gæti undirmaður forstjórans orðið yfirmaður hans í stjórninni og er það auðvitað óásættanlegt. Það er því nú þegar tillaga á mínu borði um að breyta stjórn Náttúrufræðistofnunar og ég

hygg að kannski væri eðlilegt í slíkri stofnun að einhvers konar fagráð væri þar að störfum og sú tillaga sem er á borðinu hjá mér nú fjallar um það. Lög um náttúruvernd ríkisins eru í endurskoðun og ég veit að þar verður m.a. fjallað um þennan þátt, hvernig beri að haga með stjórn eða ekki stjórn, eða þá stefnumótunarnefnd eða fagráð, hvað sem menn vilja kalla það, ef slíkur samráðshópur er talinn nauðsynlegur. Og varðandi Landmælingarnar er það rétt að nýlega hafa farið í gegnum þingið lög þar sem sett var stjórn yfir þá stofnun. En það ber þó að árétta að sú stjórn hefur fyrst og fremst með stefnumótun að gera en alls ekki með nein mál sem varða forræði forstjóra stofnunarinnar sem hefur með starfsmannahald, fjármál og daglega stjórn að gera eins og ber að hafa. Þetta eru mál sem ég tel að ætti sannarlega að fjalla um í víðara samhengi af hálfu Stjórnarráðsins í heild sinni.

Hæstv. forseti. Ég held að hér hafi svo margar athugasemdir komið fram sameiginlega hjá hv. þingmönnum sem skipa minni hlutann að ég hafi kannski drepið á þeim þáttum sem mér fannst beint til mín sérstaklega án þess að um spurningar væri að ræða. Þó nefndi hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sérstaklega að mikið reglugerðarvald væri sett í hendur ráðherra með frv. Sjálfsagt er það rétt en það á við um ýmiss konar löggjöf og við höfum áður rætt um það í þinginu að e.t.v. ætti að taka einhvern veginn skipulegar á því en gert hefur verið. Þó má benda á að hitt viðhorfið sem kemur æðioft upp líka er að lagasetning eigi að vera meira í rammaformi og framkvæmdarvaldið eigi síðan að vinna úr því. Ég verð að játa, hæstv. forseti, að ég hef svo sem ekki sérstaka skoðun á því hvernig eigi að standa að þessu nákvæmlega en við þurfum að tryggja að stjórnsýsla geti gengið eðlilega fram og þá þarf að fela framkvæmdarvaldinu æðimikið vald á ýmsum sviðum til þess. Ef allt sem fjallað er um í reglugerðum ætti að vera lagabókstafur þá hygg ég að það væri nærri því að æra óstöðugan og þyrfti þá e.t.v. enn meiri tíma til að vinna við lög og lagafrv. hér í hv. þingi.

Hæstv. forseti. Að lokum ætlaði ég að fjalla ofurlítið um starfsleyfismálin og þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar um það hvernig staðið hefur verið að því og kæruferlinu. Vil í fyrsta lagi koma með athugasemd við orðalag í nál. minni hlutans þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Leiddi þetta til þess að meiri hlutinn sá sig knúinn til að gera breytingar á þessum þætti frumvarpsins á síðustu stigum umfjöllunar í nefndinni ...“

Ég held ég hafi getið þess strax í upphafi við 1. umr. málsins og hef ekkert farið í launkofa með það að ég teldi mjög brýnt að löggjafinn tæki á þessu starfsleyfismáli, starfsleyfisferlinu. Ég gerði tillögu um hvernig það ætti að vera í frv. eins og það var lagt fram. Það var fyrst og fremst tillaga um að það væri skýrt, að menn vissu nákvæmlega hvernig starfsleyfisferlið ætti að vera, að getið væri um það í lögunum sjálfum og kveðið á um það þannig að menn þyrftu ekkert að velkjast í vafa um það og að það væri ekki reglugerðarákvæði heldur sagt hvaða meðferð starfsleyfin ættu að fá. Og ef löggjafinn kæmist að niðurstöðu um að það ætti að vera einhvern veginn öðruvísi þá væri sjálfsagt að skoða það.

Miklar umræður hafa farið fram um það bæði í nefndinni og utan nefndar hvernig þetta mætti gerast og ég hef tekið þátt í þeim umræðum að hluta til. Niðurstaðan varð sú að fela heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna og Hollustuvernd ríkisins alla útgáfu starfsleyfa. Ég er fyllilega sáttur við þá niðurstöðu. En það er líka kveðið alveg skýrt á um það hvernig þetta ferli skuli vera og það tel ég að sé líka mikilvægt þannig að aðilum sem málið varðar sé það þá ljóst.

Sama er síðan með kæruferlið. Þar voru einnig gerðar breytingar á. Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir talaði um, og reyndar fleiri hv. þingmenn held ég, að enn væri sá galli á gjöf Njarðar að kæruaðilarnir væru tveir og hætt við því að hliðstæð efnisatriði gæti borið upp hjá tveimur aðilum á sama tíma. Ég vil minna á að gert er ráð fyrir að allar starfsleyfisumsóknirnar séu kæranlegar til ráðherra. Áður var hugmyndin sú að hluti af starfsleyfistillögunum færi til úrskurðarnefndarinnar en hluti til ráðherra þannig að ég tel að hér hafi einmitt verið reynt að mæta því sjónarmiði sem hv. þm. benti á í lokamáli sínu.

Ég ætla ekki að segja um það fyrir fram að ekki komi upp slík mál að þau séu skyld eða svipuð í efnisatriðum. Þarna er þó skilið á milli að starfsleyfistillögurnar eru kæranlegar til ráðherra en aðrar til nefndarinnar. Af hverju til ráðherra en ekki allt til nefndar? Meðal annars er talað um það í nefndaráliti hv. minni hluta að þetta sé dæmi um pólitíska tortryggni. Ég lít alls ekki svo á heldur er það í raun pólitísk ábyrgð sem framkvæmdarvaldið, stjórnvöld, ráðherrar hljóta að bera í málum af þessu tagi. Þeim ber að hafa þá ábyrgð og ég vitna til þess, án þess að ég hafi það skjalfest fyrir framan mig en ég hygg að þetta sé viðhorf sem hefur komið fram hjá umboðsmanni Alþingis, að það beri að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, eins og ýmislegt fleira í stjórnskipulagi okkar, hvort rétt er að fela úrskurðarnefndum æ meiri hluta og hlutverk eins og við höfum freistast til þess að gera, síðast hvað varðar umhverfismálin í byggingar- og skipulagslögunum. Þar eru kærumál um ýmiss konar ferli af því tagi sett í kærunefnd en ekki lengur inn í ráðuneyti og á borð ráðherra. Við þetta hafa verið gerðar athugasemdir og það væri óeðlilegt að hið pólitíska vald, í þessu tilfelli ráðherrann, kæmi sér undan þeirri ábyrgð sem honum ber að hafa og væri ekki snertanlegur varðandi ýmiss konar kærumál eða kæruferli.

Ég tel að einmitt sé farið að á þann hátt að hér eru starfsleyfismálin kæranleg til ráðherrans þannig að hann ber þá áfram ábyrgð á því máli en því er ekki vísað til úrskurðarnefndar þar sem segir gjarnan að þar sé endanlegur úrskurðaraðili og mál verði ekki kærð til ráðherra heldur verði að leita til dómstóla um endanlega niðurstöðu ef menn ekki sætta sig við úrskurð kærunefndanna.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ég vil endurtaka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir vinnu hennar að málinu og lýsi yfir stuðningi mínum við þær breytingartillögur sem eru fluttar af meiri hluta nefndarinnar.

[16:50]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Fróðlegt er að heyra mál hæstv. ráðherra í umræðunni. Hæstv. ráðherra hefur vikið að ýmsum þáttum og það er góðra gjalda vert. En hann hefur líka gefið tilefni, virðulegur forseti, til þess að málin verði rædd frekar.

Það hefur verið mjög athyglisvert að hlýða á viðhorf hæstv. ráðherra. Ég verð að segja að margt af því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Ég á ekki við skoðanir á einstöku atriðum en mér finnst skorta býsna mikið á að litið sé til þessara mála og málaflokks frá þeim sjónarhóli sem ber. Sitthvað í máli ráðherra er ótrúlega metnaðarlítið. Það er sannarlega mikið

áhyggjuefni varðandi þennan málaflokk sem við ræðum hér hversu mikið skortir á að tekið sé á málum af þeim áhuga, framsýni og metnaði sem umhverfismálin eiga skilið. Ég verð að rökstyðja þær staðhæfingar sem ég set fram um þetta efni.

Ég ætla að gera frv. sem slíkt að umræðuefni, eins og hæstv. ráðherra leggur það fyrir þingið, og undirbúning þess. Hæstv. ráðherra ætti að mínu mati að hafa þungar áhyggjur af því hvernig málið lítur út þegar komið er til 2. umr. og hvaða útreið það frv. hefur fengið sem hæstv. ráðherra lagði fyrir þingið að hausti.

Hæstv. ráðherra reynir að fara létt yfir það, virðulegur forseti, þó að af hálfu meiri hluta nefndarinnar sé umbylt ýmsum grundvallarþáttum sem fram koma í stjfrv., þó ekki nægjanlega að mati okkar í minni hluta nefndarinnar, og segir: Þetta er bara allt í lagi og þetta var svo sem ágætt. Ég hafði orð á því að ástæða væri til að skoða þetta og skoða hitt betur þegar málið var lagt fyrir þingið.

Það sem er að gerast, virðulegur forseti, er því miður það að enn eitt stóra málið kemur fyrir Alþingi frá frá ráðuneyti umhverfismála svo hraklega undirbúið að hvert og eitt ráðuneyti ætti ganga heldur hægt um dyrnar, líta í eigin barm og athuga hvers vegna í ósköpunum stendur á því að frumvörp þeirra eru því marki brennd að þingið sér sig knúið til þess að umbylta þar mörgum grundvallarþáttum. Það er alveg greinilegt og blasir við hverjum manni að viðkomandi ráðuneyti er með einhverjum hætti ekki í aðstöðu til að leggja fyrir þingið stórmál svo frambærilegt sé. Það gildir um ákveðna grunnþætti í málinu og alveg sérstaklega um þann þátt sem olli eðlilega mestum áhyggjum hjá hæstv. ráðherra, þ.e. útgáfa starfsleyfa og kæruferli þar að lútandi.

Hæstv. ráðherra lagði fyrir þingið frv. með þeim ákvæðum sem eru í 6. gr. frv. og síðan um kæruferli sem kom fram í 31. og 32. gr. sama frv. Þegar hér er komið sögu, við 2. umr. málsins, stendur ekki steinn yfir steini í því. Hæstv. ráðuneyti og hæstv. ráðherra eru rekin til baka með þær tillögur sem þar voru settar fram, ekki af neinni meinbægni heldur vegna þess að ekkert vit var í þeim tillöguflutningi. Sú aðferð sem hv. ráðuneyti hafði uppi í frv. sínu stenst hvorki mælikvarða eðlilegrar stjórnsýslu og stjórnsýslulaga eða að unnt sé að fylgja málum eftir. Hæstv. ráðherra ætlaði sér með þeim tillögum sem þar lágu fyrir að hafa einn á hendi úthlutun starfsleyfa og svara athugasemdum almennings í landinu og úrskurða um það. Það var aðferðin sem átti að beita og lýsti auðvitað því hugarfari sem bjó að baki, þ.e. hafa þetta allt tryggt í hendi. Þetta veldur eðlilega tortryggni í samfélaginu þegar ráðuneytin leggja slíkt ofurkapp á að hafa á sinni hendi úrskurðarvald í stærstu málum út frá umhverfislegu sjónarmiði, alveg sérstaklega stóriðjuna, en það var ásetningurinn að hafa það þannig.

Þrátt fyrir þær jákvæðu breytingar sem eru gerðar á frv. af nefndinni og koma fram í tillögu meiri hlutans, að nú skuli stigið það skref að úthlutun starfsleyfa verði á hendi þeirra aðila sem undirbúa þau, heilbrigðisnefnda, og í stærri málum á vegum Hollustuverndar ríkisins, er valinn sá kostur þegar til kærumála kemur að halda stóriðjumálunum, stórrekstrarmálunum í höndum ráðherrans. Það er það sem liggur fyrir og það höfum við gagnrýnt í minni hlutanum en það er hins vegar léttvægt miðað við það sem upp var lagt sem er þannig að hæstv. ráðherra, ég segi ekki að hann eigi að biðja þingið afsökunar, virðulegur forseti, en a.m.k. ætti hann að haga orðum sínum þannig að það bæri einhvern vott um iðrun og hæstv. ráðherra hefði áttað sig á því hve fáránlegar tillögur voru bornar fram fyrir þingið í þessum efnum.

Það réttaróöryggi sem eftir stendur í málinu er að enn eru úrskurðarferlin tvö. Það er rétt, það er reynt að greina á milli úrskurðar vegna starfsleyfa og það einfaldar með vissum hætti málið og færir til skárri vegar en lengst af var rætt um af hálfu meiri hluta í hv. þingnefnd. En óvissan er eftir sem áður vegna þess að í úrskurðarnefnd, sem fer með kærumál vegna framkvæmdar laganna og reglugerða, er auðvitað um að ræða meðferð efnisatriða sem geta verið tengd og tengjast í málsmeðferð úrskurðum sem varða starfsleyfi. Undir þetta hefur tekið lögmaður sem kom á fund nefndarinnar og benti réttilega á að þarna er slík óvissa. Það er líka athyglisvert, virðulegur forseti, að það eru ekki málin sem varða útgáfu starfsleyfa heilbrigðisnefndanna sem hæstv. ráðherra vill hafa á kæruborði ráðuneytisins til úrskurðar heldur eru það stóriðjumálin.

Ef litið er til Danmerkur þá er þessu í raun öfugt farið. Samkvæmt sérstökum lista eru stóru málin sett í sérstaka úrskurðarnefnd. Þetta er samkvæmt nýlegum lögum í Danmörku um þessi efni. Ætli það sé tilviljun?

Hæstv. ráðherra finnur að því að við ræðum hér um óðagot í lagasetningu og spyr: Var þetta ekki alveg nógur tími sem nefndin hafði til umfjöllunar um þetta efni? Ef frv. sem hæstv. ráðherra lagði fyrir þingið hefði verð bitastætt og sæmilega unnið, þá hefði þetta verið nægur tími en eins og málið var vaxið og fyrir þingið lagt þá var tíminn ónógur. Ég hef ekki gert að sérstöku umtalsefni þá dæmalausu málafylgju sem hér fór fram á jólaföstunni í þinginu varðandi þetta mál. Það er eiginlega af tillitssemi við hæstv. ráðherra sem það hefur ekki verið dregið inn í umræðuna.

Miðað við það sem hæstv. ráðherra hefur sagt og fundið að í sambandi við athugasemdir okkar í minni hluta nefndarinnar, þá kemst ég ekki hjá því að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra, hvernig haldið var á málum og samhengið í vinnu umhvn. rofið. Hvað eigum við að kalla það, virðulegur forseti, óðagot? Það gæti kallast offors að heimta að frv., þegar efnisleg vinna í umhvn. var að hefjast í byrjun desember, yrði lögfest fyrir jól. Þegar fulltrúar í nefndinni voru ekki reiðubúnir til þess að standa að því vegna efnislegs ágreinings varðandi ákvæði í frv., hvað er þá gert, virðulegur forseti? Á hvaða ráð er þá brugðið? Jú, þá eru fulltrúar í umhvn. þingsins knúðir til þess að leggja hluta af frv. fram í eigin nafni. Sá hluti var fluttur sem breyting á gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það átti að stimpla þetta síðustu dagana fyrir jólin í miðju annríki þingsins. Er hæstv. ráðherra búinn að gleyma þessu?

Ég ætlaði að lofa þessum degi að líða án þess að rifja þetta upp. Vinnubrögð af þessu tagi eru til slíks vansa að betra væri fyrir Alþingi að hafa ekki of hátt um að svona sé gengið að þinginu af hálfu framkvæmdarvaldsins. Hvað átti, virðulegur forseti, að lögfesta með þessu frv. þar sem hvergi var gefið ráðrúm til að skoða málið? Hvað átti að lögfesta t.d. varðandi úrskurði? Og hvað var það, virðulegur forseti, sem átti að lögfesta í sambandi við útgáfu starfsleyfa? Ég held að hæstv. ráðherra ætti að rifja það upp. Það var frv. eins og það var lagt fyrir þingið með öllum þeim fráleitu ákvæðum sem sem meiri hluti umhvn. hefur nú borið gæfu til að leggja fram breytingartillögur við. Þarna var tekinn heill mánuður, a.m.k. þrjár vikur, frá þingnefndinni til eðlilegra nefndarstarfa vegna inngripa ráðuneytisins.

Það er alvarlegt mál, virðulegi forseti, þegar ráðuneyti og ráðherrar ganga svona fram gagnvart Alþingi og bágt til þess að vita að þingmenn skuli láta vinnubrögð af þessu tagi viðgangast. Það er umhugsunarefni hverjir það voru sem komu í veg fyrir það að svona væri haldið á málum og komu vitinu fyrir hæstv. ráðherra. Ekki meira um það, virðulegur forseti.

Nú skal fjalla um það sem snýr að heilbrigðisnefndunum og tillögum um samsetningu þeirra. Ég varð svo undrandi að heyra málflutning hæstv. ráðherra áðan að þá fyrst þegar hann var búin að endurtaka viðhorf sín til þess hvernig heilbrigðisnefndirnar ættu að vera skipaðar áttaði ég mig á því hvert verið væri að fara. Það er alvara á bak við að taka undir þá stefnu sem hér er lögð fyrir. Hún var vissulega borin fram af ráðuneytinu sl. haust í formi frv. Hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, leyfir sér gagnvart þinginu að líkja stöðu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sem gegna lykilhlutverki í heilbrigðiseftirliti á öllum eftirlitssvæðum á landinu, við löggjöf um spilliefni og aðild atvinnurekenda í því máli. Sú aðild er ágæt og ekki nokkur ástæða til að draga úr að hefur verið jákvæð. En það er bara allt annað mál. Það er öllu óskylt því að rugla saman reytum í nefndum sem eru lykilaðilar í heilbrigðiseftirliti landsins. Það er óskylt því að í nefndunum sitji fulltrúar atvinnurekenda, þeirra sem eftirlitið beinist sérstaklega að. Hér opinberast svo úrelt viðhorf til stjórnsýslu að það er alveg skelfilegt á að hlýða.

Ég tók eftir því þegar lagt var til, virðulegur forseti, að æðstu stjórnendur ríkisins ættu að fara á námskeið, ég held, í sambandi við jafnréttismál. Það hefur verið rætt í þinginu í vetur. Mér sýnist að nokkur þörf sé á því að teknir verði fyrir fleiri málaflokkar til þess að reyna að sinna endurmenntun þeirra sem verma stólana í ríkisstjórn Íslands um þessar mundir. Þar mætti hafa smávegis tilsögn, virðulegur forseti, í stjórnsýslurétti og nútímalegri stjórnsýslu, fræða um þau viðhorf sem mótast hafa á undanförnum árum og m.a. verið lögfest með stjórnsýslulögum. Hér koma menn með tillögur fyrir þingið sem snúa á haus í þessum efnum og bera vott um það að þeir hafi ekki komist langt í að tileinka sér viðhorf sem þó er reynt að lögleiða í landinu.

Eins og heyra má á máli mínu, virðulegur forseti, þá ofbýður mér að heyra málflutning frá handhöfum framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi í þessum efnum.

Ég vil eyða fáeinum orðum í spurninguna um það hvort Alþingi eigi að hafa skoðun á því hversu margir heilbrigðisfulltrúar eigi að vera að lágmarki á skilgreindum eftirlitssvæðum í landinu. Ég tel það stórmál. Ég tel það vera hlut löggjafans að hafa þar ákveðinn mælikvarða og ákveðnar tryggingar. Ég hef trú á því að þeir sem undirbjuggu málið varðandi stærð eftirlitssvæðanna hafi lagt saman tvo og tvo í þessum efnum og áttað sig á því að ekki færi saman að stækka eftirlitssvæðin jafnmikið og lagt er til, þannig að þau séu nánast hin sömu og kjördæmi landsins en hafi hvert um sig einn mann í fullu starfi til að sinna því eftirliti. Tillagan í haust var um að þeir skyldu vera tveir að lágmarki. Svo kemur hæstv. ráðherra og telur að ef heilbrigðisnefndir standi rétt að málum þá sé þetta ekki mál til að hafa áhyggjur af.

Ætli það séu heilbrigðisnefndirnar sem ráða því hversu margir fulltrúarnir eru? Ætli það séu ekki sveitarstjórnirnar? Og það eru býsna margar sveitarstjórnir sem þurfa að koma að því í heilu kjördæmi. Og ætli þar komi ekki upp hin fjárhagslegu sjónarmið, kannski, og verði yfirsterkari þörfinni á því að tryggja aðstöðu fyrir heilbrigðiseftirlit á svæðinu? Ætli það sé ekki skylda ríkisins að lögfesta þarna ákveðna ramma eins og t.d. varðandi skóla landsins og aðstöðu í bekkjum þó að sveitarfélögin séu að taka við rekstri grunnskólans, svo dæmi sé tekið? Samt er ríkisvaldið að innleiða ákveðna lágmarksaðstöðu, ákveðnar tryggingar og það ber að gera einnig á þessu sviði.

En Vinnuveitendasambandið hefur talað og gert sínar kröfur og af einhverjum ástæðum hefur Samband ísl. sveitarfélaga og stjórn þess haft svipaðan málflutning og krafist þess að þetta lágmark verði fært niður í einn starfsmann.

Mér finnast þetta hörmuleg skilaboð af hálfu Alþingis til þeirra sem vinna að þessum málaflokki. Ég tel að þetta sé slys þó ég voni vissulega að það bitni ekki á heilbrigðiseftirlitinu eins og hætta er á. Mér finnst þetta óskiljanleg ráðstöfun af hálfu þeirra sem eiga að hafa yfirsýn yfir málin og að tryggja að hér sé sköpuð aðstaða fyrir heilbrigðiseftirlit þannig að menn geti verið sæmilega rólegir og telji að lágmarkskröfur séu uppfylltar.

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra vék í máli sínu að markmiðum þessa frv. Hann tók ekki undir þau sjónarmið minni hlutans að þörf hefði verið á að gera ákveðnar viðmiðanir með tilliti til þróunar umhverfisréttar á undanförnum árum. Hvar ætlar ríkisstjórnin að byrja í þessum málum? Hvenær ætlar ríkisstjórnin að tileinka sér þau viðhorf sem hún sjálf, í orði kveðnu, telur sig fylgja, þ.e. að koma inn ákveðnum leiðarvísum sem byggja á hugmyndum varðandi sjálfbæra þróun? Hvenær á að gera það? Við erum að setja sérlög, segir ráðherrann. Við höfum sett sérlög og sérlög á sérlög. En hvergi er minnst á grundvallaratriðið. Jú, uppi í ráðuneyti eru drög að frv. sem hefur að geyma þessa grundvallarþætti. Hvort á að koma á undan, hænan eða eggið?

Að mínu mati er þetta því miður eitt dæmið af mörgum sem sýna ótrúlega skammsýna. Þó ekki væri nema til þess að feta sig inn á nýja braut í sambandi við umhverfismálin þá ættu menn að leggja nokkuð á sig og setja inn leiðarvísana frá Ríó og víðar að þegar sett eru lög um stóra þætti varðandi umhverfi landsins og umgengni okkar í því. Það á ekki geyma í skúffum uppi í umhvrn. af því að ekki hafi unnist tími til að dusta af því rykið eða draga pappírana fram. Það gengur ekki, virðulegur forseti.

Hæstv. ráðherra kom í byrjun máls síns að því sem gert var að umtalsefni hér í þinginu, aðfinnslu tveggja fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins, hvernig haldið hefði verið á máli gagnvart stjórninni. Ég varð mjög undrandi að heyra niðurstöðu hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að gera þetta að miklu umtalsefni, en ég sé ástæðu til að rifja upp, með leyfi forseta, það litla sem vikið er að þessum þætti máls í nál. minni hlutans. Þar stendur:

„Fram hefur komið gagnrýni á vinnubrögð hinnar stjórnskipuðu nefndar, meðal annars frá tveimur fulltrúum í stjórn Hollustuverndar ríkisins, kjörnum af Alþingi. Einnig hefur komið fram að starfsmenn Hollustuverndar ríkisins hafi ekki verið með í ráðum við gerð tillagna um frumvarpið."

Hæstv. ráðherra tvítók eða þrítók í sambandi við þetta atriði og fram komnar athugasemdir, að hann teldi, virðulegur forseti, að hér hafi verið staðið eðlilega að málsmeðferð af hálfu nefndarmanna. Þetta margendurtók hæstv. ráðherra. Ég get að sjálfsögðu ekki breytt um forrit í þessum efnum og ætla mér ekki að reyna það. Hæstv. ráðherra hefur að sjálfsögðu allt leyfi til þess að hafa uppi skoðanir á málinu. En einhvern tíma hefði verið freistandi að segja: „Líttu þér

nær", virðulegur forseti. Einhvern tíma hefði verið freistandi að segja það.

Hver ber ábyrgðina? Hver er ábyrgðarmaðurinn? Er hæstv. ráðherra með sínum orðum að varpa ábyrgð á þá stjórnarmenn í Hollustuvernd ríkisins, sem hafa leyft sér að koma á framfæri athugasemdum í skriflegu formi, ekki með neinum gassagangi heldur létu umsagnir til umhvn. fylgja í sambandi við afgreiðslu þessa máls? Það varð tilefni þess að málið var tekið upp í þinginu. Ég vil aðeins segja um þetta efni: Það er alveg ljóst að það eru ábyrgðaraðilar hæstv. ráðherra, tilnefndir af hæstv. ráðherra í nefndina eða tilnefndir í nefndina samkvæmt tilnefningu stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sem sagt annaðhvort tilnefndir beint eða óbeint, sem bera ábyrgð á því að haldið er á máli með þeim hætti sem fyrir liggur gagnvart stjórnarmönnum í Hollustuvernd ríkisins, sem hafa séð ástæðu til að gera athugasemdir.

Ég ætla ekki að gerast neinn dómari í sambandi við það efni að öðru leyti en því að málið blasir þannig við mönnum í stjórn Hollustuverndar ríkisins að verið er að halda gögnum frá þeim aðilum sem beint eða óbeint höfðu ekki aðgang að hinni stjórnskipuðu nefnd. Þær athugasemdir liggja fyrir og það er ljóst að mínu mati að það var fullt tilefni til þeirra athugasemda. Hver bar ábyrgð á að ekki var miðlað upplýsingum um málið með eðlilegum hætti, í trúnaði þess vegna gagnvart stjórninni? Í því ætla ég ekki að gerast dómari. Hvort það var formaður hinnar stjórnskipuðu nefndar, sem hefur borið það af sér, eða stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins — hjá öðrum hvorum liggur hundurinn grafinn.

Virðulegur forseti. Um þetta mál mætti mörgu við bæta. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri nú. Ástæðan fyrir því að við í minni hlutanum sjáum ástæðu til að leggja hér fyrir allefnismikið nál. er sú að málið er mjög þýðingarmikið og það er gagnlegt fyrir þingið og það er gagnlegt að okkar mati fyrir þá sem eiga að vinna samkvæmt þeim lögum sem Alþingi mun samþykkja að átta sig á þeim umræðum sem hér hafa farið fram og þeim álitamálum sem uppi hafa verið hjá þingnefnd varðandi málið. Og við höfum jafnvel farið ofan í saumana á vissum þáttum sem ættu kannski að vera áhyggjuefni framkvæmdarvaldsins eða ráðuneytisins sérstaklega, sem varðar t.d. tenginguna milli annarra sérlaga heldur en þess lagasviðs sem hér er verið að fjalla um. Það er auðvitað matsatriði hversu mikið menn eiga eða leggja á sig í þessum efnum en þetta liggur hér fyrir og við væntum að það geti orðið að nokkru gagni eins og sú umræða, hreinskipta umræða sem hér fer fram um þessi efni.

Ég vil að lokum segja það, virðulegur forseti, að ég tel að þetta mál sé mjög langt frá því að vera þannig búið í hendur þingsins að sómi sé að lögfestingu þess. Það er mjög langt frá því. Það eru grundvallarmeinbugir á málinu, það eru ávirðingar í málum sem tengjast þessu máli, svo ég tali skýra íslensku, sem betra væri að leiðréttar væru áður en til lögfestingar kemur á meðan ráðrúm er til þess. Ef ég ætti að velja úr og nefna tvennt sem ég hef þyngstar áhyggjur af varðandi málið — fyrir utan skömmtunarstjórnina hvað fjármagn snertir sem Alþingi ber auðvitað ábyrgð á í heild sinni, þá er það samsetning heilbrigðisnefndanna og aðild atvinnurekenda að nefndunum. Það er annar þátturinn. Hitt er það að menn skuli færa lágmarkið varðandi það að deila í tvo með því lágmarki starfsmanna fyrir heilbrigðiseftirlitið á eftirlitssvæðum á landinu, eins og gert er með því að taka það niður um helming, úr tveimur í einn, finnst mér vera svo alvarleg skilaboð að það verður að reyna, virðulegur forseti, áður en þetta mál verður afgreitt frá þinginu, að fá einhverja leiðréttingu á atriðum sem þessum.

[17:23]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega aðeins eitt atriði sem mig langar að koma inn á í ræðu hv. þm., annað var nú búið að koma fram áður. Ég vil helst ekki skilja við það mál þannig að ég hafi lýst ábyrgð eða ætlað mér í ummælum mínum um vinnubrögð stjórnskipuðu nefndarinnar, sem vann að frv., að varpa ábyrgð á einn eða annan af því að mál hefðu farið öðruvísi en sumir vildu sætta sig við. Ég vil taka það skýrt fram að svo er ekki. Ég er ekki að lýsa ábyrgð á hendur stjórnarmanna eða stjórnarformanns í þessu efni. Ég sagði hins vegar að ég teldi að starf nefndarinnar hefði verið eðlilegt eins og ég vitnaði til í sambandi við fundargerðir og skýrslu sem hefur verið lögð fyrir hv. þm. af hálfu formanns stjórnskipuðu nefndarinnar. En ég sagði einnig að það gæti verið að skilaboð hefðu verið túlkuð á annan veg en til var ætlast á nefndarfundunum og eitthvað hefði mátt — ég held ég hafi orðað það svo — vera með öðrum hætti en hefði mátt skilja eða álíta í nefndarstarfinu sjálfu. En það er fráleitt að ég vilji að orð mín séu túlkuð eða skilin svo að ég sé að varpa ábyrgð á hendur einstakra nefndarmanna í þessu efni. Ég vonaðist til þess í lokaumfjöllun minni um þetta mál að það þyrfti ekki að verða að neinu stórmáli eða frekari umfjöllun um málsmeðferð og verður það ekki af minni hálfu.

Þær sekúndur sem ég á eftir vil ég nota til að segja, út af ummælum um vinnuveitendur og aðkomu þeirra að málinu, að þó ég nefndi aðkomu þeirra að spilliefnagjaldsmálum þá væri ekki verið að segja: það er nákvæmlega eins og það sem hér er verið að fjalla um, heldur til þess að segja að ég hef átt við þá afar gott samstarf bæði í því nefndarstarfi og öðru nefndarstarfi við undirbúning löggjafar. Ég tel að það sé mikilvægt, og ég held ég hafi áréttað það, að það væri mikils virði fyrir málaflokkinn að eiga sem best samstarf við þá aðila.

[17:25]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki daglegur viðburður að aðilar í stjórnum ríkisstofnana sjá ástæðu til að senda frá sér skriflegar og mjög skýrar og ákveðnar bókanir vegna þess að málum hafi verið haldið frá þeim, sem þeir telja að þeir eigi rétt á að vera með einhverjum hætti þátttakendur í og eigi að fá aðgang að. Það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu stjórnarformanns Hollustuverndar ríkisins að formaður hinnar stjórnskipuðu nefndar var borinn fyrir því að hafa bannað dreifingu gagna á vettvangi þeirra sem höfðu tilnefnt stjórnarformanninn inn í hina stjórnskipuðu nefnd. Það liggur fyrir. En þetta hefur formaður hinnar stjórnskipuðu nefndar borið af sér fyrir umhvn. Það segir mönnum að formaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sem sat í sömu stjórnskipuðu nefndinni, hefur eitthvað misskilið meira en lítið þau skilaboð sem þaðan hafa komið ef marka má orð formanns nefndarinnar. Því að öll stjórn Hollustuverndar var áheyrandi og þátttakandi í að ræða málið á þeim grundvelli að þarna hefði legið við bann að dreifa gögnum eða taka gögn heim með sér á milli funda til skoðunar, ekki til dreifingar í fjölmiðla heldur til skoðunar. Það var ástæðan fyrir því að þetta mál bar hér á góma og þetta skiptir auðvitað máli. En ég tek það fram að ég hef ekki aðstæður til að kveða upp

úr um það hvaða trúnaðarmaður hæstv. ráðherra, formaður umræddrar stjórnskipaðrar nefndar eða stjórnarformaður í Hollustuvernd ríkisins, ber ábyrgð á því að málin blöstu við með þessum hætti. Ég hef ekki aðstöðu til þess.

[17:28]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð liðið á þessa umræðu og e.t.v. háttar svo til að sumir hv. þm. hafi lokið þeim möguleikum sem þeir hafa til þess að taka til máls, þó að það hafi ekki verið ætlun mín að þeir gætu svarað því sem ég kem hér fram með.

Ég vil víkja nokkrum orðum að því sem hefur verið rætt í dag. Fyrst vil ég taka undir þau orð sem hafa komið fram, bæði hjá ráðherra og hv. þingmönnum, að um er að ræða einn af þeim lagabálkum í umhverfismálum sem skiptir verulega miklu máli. Við höfum á þessu kjörtímabili tekið hvern lagabálkinn á fætur öðrum til endurskoðunar og slík frv. hafa verið lögð fram og samþykkt í þinginu. Ég vil nefna frv. um erfðabreyttar lífverur, um innflutning og framleiðslu matvæla, um byggingar- og skipulagslög og nú þetta frv. um hollustuhætti og mengunarvarnir og væntanleg eru hér inn í þingið frumvörp um mat á umhverfisáhrifum, náttúruvernd o.fl.

Við vitum það öll sem hér stöndum að hugmyndir manna, upplýsingar og skoðanamyndun er á slíkri fleygiferð í umhverfismálum að löggjafinn á mjög erfitt með að hafa undan og koma fram með þær breytingar sem framfarir krefja. Ekki eru það einungis þær skoðanir sem koma fram hér á Íslandi heldur þurfum við að taka tillit til bæði þeirra skuldbindinga sem við höfum tekið á okkur í erlendu samstarfi og sömuleiðis nýrra hugmynda sem ekki eru inni í þeim skuldbindingum og við eigum svo sannarlega að vera vakandi fyrir og taka inn í okkar löggjöf. Mönnum er því og hv. Alþingi ef þannig má segja nokkur vorkunn að ekki er alltaf hægt að koma lögum í þann búning sem menn helst vildu þótt ég telji að mjög vel hafi tekist til að flestu leyti um þau frv. og lög sem við höfum verið að samþykkja og vinna að. Víst er það rétt að meginatriði og heildarlöggjöf umhverfismála kemur fram í öðrum lögum og við aðrar aðstæður en í þessu frv. sem væntanlega verður að lögum. Því er það rétt sem komið hefur fram í máli ráðherra að engin ástæða var til að láta það frv. sem hér er til umfjöllunar bera of mikinn svip af endurtekningum um þau grundvallaratriði sem annars staðar geta komið fram.

Ég vil endurtaka það sem ég hef sagt um störf umhvn. Ég þekki ekki mjög til annarra nefnda í þinginu en vil fullyrða að leitun sé á jafnstarfsömu fólki og er í umhvn. Þar er fólk sem gerir mjög miklar kröfur til sinnar vinnu og mikillar fagmennsku og ber starf nefndarinnar eins og það birtist í þinginu við 2. umr. margra frv., held ég, best vitni um þetta. Um leið og ég segi þetta gerir maður þær kröfur að það fólk sem gerir faglegar kröfur til sín og krefst réttlætis, komi hér inn í þingið og tali þá á sama hátt af réttlætiskennd og fagmennsku um þau atriði sem til umfjöllunar eru og hafi ekki um of stóryrði uppi eða málflutning sem gæti skilist á annan veg en satt er og rétt. Því miður finnst mér oft að slíks gæti, sérstaklega hvað menn eru stórorðir og taka djúpt í árinni um atriði sem svo sannarlega má fara meiri hófsemdarorðum um.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan um starf nefndarinnar. Við höfðum að vísu knappan tíma en fyllilega tíma til að koma fram með öll þau mál og allar þær tillögur sem við kærðum okkur um. Sem formaður nefndarinnar boðaði ég brtt., lýsti eftir tillögum, lýsti eftir umræðum, lokaði ekki fyrir málfrelsi eða mál nokkurs manns og allir höfðu tækifæri til að koma sínum boðskap á framfæri og láta um hann fjalla. Þó við viljum vanda okkur verðum við einhvern tímann að kunna að setja mál niður. Hin endanlega sanna niðurstaða verður seint fundin og lengi er hægt að sitja yfir þessu. Utan þings bíður atvinnulíf, sveitarfélög, einstaklingar og hagsmunir sem krefjast þess að við ljúkum okkar störfum án þess að ég vilji að það sé gert á kostnað gæða í frumvarpsflutningnum.

Frv. sem við höfum hér er framsækið að mjög mörgu leyti. Útgáfa starfsleyfanna er önnur en í gildandi lögum og á því voru gerðar breytingar í umfjöllun meiri hlutans eins og fram hefur komið. Nú er alveg ljóst og ég tel það til bóta, hvaða atvinnurekstur á að sækja um leyfi til Hollustuverndar og hvaða atvinnurekstur á að sækja um leyfi til heilbrigðisnefnda. Það er ekki sett inn í reglugerð heldur er það alveg ljóst af upptalningu þess fylgiskjals sem um er að ræða. Ég held að afar mikilvægt sé að allir sem lesa lögin og að þeim koma þurfi ekki að velkjast í vafa um þetta, fletta upp í reglugerðum eða leita með öðrum hætti. Þetta tel ég til mikilla bóta.

Ég tel líka að kæruferlið hafi verið stórbætt. Þótt endalaust megi segja að það eigi að vera lengra eða annars konar, þá er ljóst hvernig það er núna. Ég vil láta það koma fram hér að átta vikur þurfa að líða frá því að auglýsing Hollustuverndar kemur fram þar til athugasemdafrestur rennur út. Hollustvernd hefur síðan fjórar vikur til að gaumgæfa og vinna að þeim athugasemdum sem koma fram og kynna mönnum niðurstöður. Síðan hefur sá sem kært hefur eða gert hefur athugasemdir, tvær vikur til að ákveða hvort hann vill kæra áfram og þá til ráðherra og þar tel ég að við séum með mun betri lausn en áður hefur verið á þessum málum, þ.e. að ráðherrann tekur á þessu öllu. Þá hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða um málið. Ég legg áherslu á að kærandanum er í hag að fá úrskurðinn sem fyrst í stað þess að þurfa að bíða lengi eftir honum. Að vísu hefur ráðherrann lengri tíma ef um stórmál er að ræða. Þetta hvort tveggja er grundvallaratriði í þessum málum og lýtur að almannarétti sem mönnum er mjög kær og hefur einmitt komið til mikillar umræðu núna við útgáfu starfsleyfa og starfrækslu stóriðju og reyndar fleiri tegunda atvinnurekstrar. Það er almannarétturinn, réttur hvers einstaklings, réttur hvers Íslendings, réttur félaga, réttur fyrirtækja og stofnana til að gera athugasemdir og hafa áhrif á umhverfi sitt og þróun atvinnulífsins, sem er tryggður þarna og fram hjá þessum grundvallaratriðum megum við aldrei horfa þó við séum ósammála um ýmis atriði.

Ég tel einnig að til stórra framfara sé að sjálfstæði heilbrigðisnefndanna er núna stóraukið. Ég vil láta þetta koma hér fram þó það hafi gert það að einhverju leyti í dag. Ég vil láta það vera ljóst úr þessum ræðustóli að heilbrigðisnefndirnar fá aukið sjálfstæði ef tillögur meiri hlutans koma til framkvæmda. Þar munar ekki minnst um að það eru heilbrigðisnefndirnar sem ráða heilbrigðisfulltrúana en ekki sveitarfélögin og í öðru lagi að heilbrigðisnefndirnar eiga að leggja fram fjárhagsáætlunina innan þess ramma sem settur er af sveitarfélaginu.

Þá vil ég enn fremur geta um það framfaraspor að stækka heilbrigðisnefndasvæðin. Með þessu vinnst mjög margt sem ekki hefur verið bent á hér í dag. Stærð svæðanna tryggir m.a. að hægt er að ráða fleira starfsfólk og tryggir að hægt er

að ráða fleira fagfólk sem væntanlega er á hærri launum og kostar meira en annað starfsfólk. Þetta fólk er núna hægt að ráða til heilbrigðisnefndanna ef þær eru stórar og hafa stóru svæði að sinna. Ég hef engar áhyggjur af því að ekki sé hægt að vinna á stórum svæðum. Fjarskipti og samgöngur eru nú slík að næg tækifæri eru til að komast yfir mjög stór svæði. Ég treysti hins vegar sveitarfélögunum fyllilega til að láta metnað sinn ráða um að ráða nægjanlegt starfsfólk á þessu sviði sem öðrum.

Ég vil nefna eitt atriði sem ekki hefur komið fram í dag og ég tel líka að sé framfaraspor í frv. og kemur fram í brtt. meiri hlutans. Það er hvernig við viljum tryggja að Hollustuvernd ríkisins geti gripið inn í það ferli þegar vá eða erfiðir atburðir hafa orðið. Slíka atburði þekkjum við. Að undanförnu hafa slíkir atburðir orðið vegna slysa, mengunar eða sjúkdóma. En með tillögu meiri hlutans tryggjum við að Hollustuverndin geti gripið inn í starf heilbrigðisnefndanna og tryggt það að á málum sé tekið og getum stutt heilbrigðisnefndirnar langt umfram það sem áður var möguleiki á.

Ég vil einnig telja það framfaraspor að með tillögum meiri hlutans sækjum við út til fleiri aðila og fleiri eiga formlega aðkomu að málum, sérstaklega í hollustuháttaráðinu sem núna hefur verið fjölgað í og með slíkri valddreifingu eins og ég vil kalla það og auknu samráði eru líkindi til að betur takist til í heilbrigðismálum en ella. Ég hygg að flestir séu sammála um að það sem ég hef talið hér séu framfaraspor.

Ég vil nefna atriði sem við e.t.v. höfum verið ósammála um og láta koma alveg skýrt fram mína skoðun í því efni, þ.e. hvað varðar pólitíska ábyrgð ráðherrans. Starfsleyfin fá faglega og fulla umsögn og vinnu hjá þeim sem málið vinna hjá heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd. En mörg af hinum stærri málum eru svo umfangsmikil og tengjast svo mörgu öðru en beinum faglegum umhverfissjónarmiðum að úrskurðarnefnd ein eða Hollustuvernd getur einfaldlega ekki tekið slíka ábyrgð gagnvart samfélaginu. Inn í ákvarðanatöku um stóriðju koma ekki aðeins umhverfismál heldur einnig atvinnumál, pólitísk mál og mál sem tengjast ferðaþjónustu, almannarétti og margvíslegum öðrum atriðum. Að ætla ríkisstofnun eða úrskurðarnefnd sem ekki hefur pólitískt vald að taka svo mikilsverðar ákvarðanir tel ég misráðið. Við kjósum til Alþingis. Við fáum ríkisstjórn sem mynduð er af meiri hluta á Alþingi og það er ríkisstjórnin og ráðherrarnir og Alþingi sem eiga að bera ábyrgðina gagnvart umbjóðendum sínum þegar slík stórmál eru á ferðinni. Með þessu er alls ekki verið að draga úr faglegum sjónarmiðum og varúðarsjónarmiðum af öllu tagi sem við deilum ekki um að við séum fylgjandi. Ég er ekki að draga úr því að þessi sjónarmið eigi að koma inn. En við verðum að viðurkenna að mun fleiri sjónarmið verða að koma til skoðunar og ákvörðunar sem fagnefnd hefur einfaldlega ekki pólitíska burði eða pólitískt umboð til að taka á. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er umdeilanlegt, en þarna verður að velja. Það er mitt sjónarmið að stjórnmálamenn eigi að axla þessa ábyrgð. Ríkisstjórnin á að axla þessa ábyrgð og falla eða standa með gjörðum sínum.

Ég vil einnig koma að því sem við höfum ekki verið sammála um í umhvn., þ.e. um stjórn Hollustuverndar. Endalaust má deila um það hvort ríkisstofnun eigi að hafa stjórn eða ekki stjórn. Ég tel að mun skilvirkara sé að forstjóri heyri beint undir ráðherra og sé ábyrgur gagnvart honum. Hann má síðan styðja á ýmsan hátt en ábyrgð hans á að vera bein og hún á að vera mikil og þó að sagt sé að hann eigi að hafa mjög margþætt starfssvið þá að sjálfsögðu hefur hann starfslið sem vinnur með honum og hjálpar honum við hinar endanlegu ákvarðanir. Hann er að sjálfsögðu ekki einn við það starf. Hann á að standa undir ábyrgðinni gagnvart ráðherranum en ekki deila henni með öðrum. Hins vegar má svo sannarlega styðja forstjórann á annan hátt eftir því sem ástæða þykir til.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem ég sé nú reyndar ekki í salnum núna, kom að því í máli sínu að hún vildi að stjórn Hollustuverndar yrði öðruvísi og vitnaði, að mér heyrðist, í umsögn sem umhvn. barst um að forstjórar og forstöðumenn einstakra sviða ættu að koma að málinu og fagráð ætti að koma að stjórn Hollustuverndar.

Mér þætti betra ef hv. þm. léti í svari við fyrirspurn minni koma fram með hvaða hætti þessi stjórn eigi að vinna. Hver á að segja hverjum fyrir verkum? Hver ber ábyrgð gagnvart hverjum í þessu þríeyki, forstjóri, framkvæmdastjórar starfssviða, fagráð? Fjórði aðilinn er væntanlega ráðherrann. Ég held að í stjórnun sé yfirleitt best að boðleiðir séu stuttar og skýrar. Það er tryggt með því að koma á því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í frv. Með því að setja ekki stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins.

Svo ég komi aðeins að þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á þá tillögu meiri hlutans að einn heilbrigðisfulltrúi sé í hverju heilbrigðisnefndarumdæmi, þá liggja að baki ólík viðhorf. Annars vegar það viðhorf sem ég og fleiri í meiri hlutanum höfum, að treysta sveitarfélögunum til þess að hafa þann metnað og vilja að ráða til þessara starfa nægt starfslið. Hins vegar eru aðrir, ég gæti trúað að þeir séu í minni hlutanum, a.m.k. af tillögum þeirra og gagnrýni að dæma, sem telja að ríkisvaldið eigi stöðugt að hafa lágmarks- og jafnvel mjög sterkt eftirlit með þessum aðilum.

Veröldin hefur breyst. Hún hefur breyst að því leyti að traust á milli manna, milli fyrirtækja, milli almennings og sveitarfélaga og traust milli almennings og fyrirtækja hefur farið vaxandi. Fyrir nokkrum árum hefði fáum dottið í hug að innra eftirlitskerfi gæti orðið að gagni í fyrirtækjum. Nú vinnur það mjög vel og skilar sínu. Viðhorf mitt er að treysta sveitarfélögunum og viðurkenna rétt þeirra en krefjast þess um leið að þau standi við skyldur sínar, ekki aðeins í umhverfismálum heldur á öðrum sviðum, svo sem fræðslumálum. Þetta viðhorf hef ég einnig til atvinnurekstrarins í landinu. Ég treysti atvinnurekendum til þess að hafa metnað til að vinna ötullega að umhverfismálum. Að sjálfsögðu eru til einhverjir sem vilja koma sér undan þessu en það er undantekning.

Ekki er aðeins að traust á milli almennings og fyrirtækja hafi vaxið, almennings og sveitarfélaga og sveitarfélaga og atvinnulífs, heldur hefur trú manna á samráð og samstarf við vinnu að verkefnum vaxið. Menn treysta því að betra sé að aðilar, jafnvel þó svo að þeir hafi ólíka hagsmuni, komi strax til samstarfs. Að þessu leyti tel ég fyrirkomulagið vera til bóta. Atvinnurekendur, fulltrúar þeirra, koma strax í heilbrigðisnefndirnar og vinna þar með öðrum. Yfirleitt ættu skoðanir að fara saman en menn geta líka haft ólíkar skoðanir og þá koma þær strax til umræðu í stað þess að umhverfisnefndir sveitarfélaganna vinni í lokuðu umhverfi, aðrir fái ekki aðgang, tortryggni fari vaxandi. Undir þeim kringumstæðum eru mál oft komin í þann hnút, þegar á reynir, að erfitt er að leysa. Það er því til mikilla bóta að atvinnurekendur skuli koma strax inn í heilbrigðisnefndirnar. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt þannig að þeir geta ekki ráðið

úrslitum mála en hafa áhrif með veru sinni og málflutningi í nefndinni. Þegar stærri og erfiðari ákvarðanir liggja fyrir, þá mun atkvæðisrétturinn ráða.

Þegar menn ræða þessi mál vil ég að þeir hafi það í huga að við erum ekki eingöngu að sækjast eftir samstarfi, samráði og trausti við atvinnurekendur þegar við segjum að þeir eigi að vera í heilbrigðisnefndunum. Við í meiri hlutanum leggjum til að fulltrúar náttúruverndarnefndanna komi þar inn. Þá erum við að leita að mótvægi. Þetta eru aðilar sem ekki hafa atkvæðisrétt en önnur sjónarmið en atvinnurekendurnir og þá á ekki að útiloka. Það er stutt sömu rökum og ég gat um hér áðan.

Þeir sem starfa í umhvn., bæði meiri hluti og minni hluti og reyndar fleiri þingmenn, hafa oft rætt það hvernig hægt sé að sækja fulltrúa almennings í undirbúning laga og fá þeirra álit á ýmsum úrskurðarmálum sem sett eru í lög. Því miður hefur okkur ekki lánast að finna slíkan aðila. Ég tel að við eigum að skoða í sameiningu hvernig við getum leyst úr þessu. Þegar fjallað er um byggingar- og skipulagsmál, náttúruverndarmál, höfum við leitað að samnefnara fyrir útivistarsamtök. Þeir aðilar hafa myndað nefnd um samstarf sín í milli, og slíkir aðilar hafa verið tilnefndir í undirbúningsnefndir, svo sem í lögunum um náttúruvernd.

Þegar kemur að máli eins og þessu, og t.d. í matvælalöggjöfinni glímdum við við þetta, þá finnum við ekki þennan samnefnara. Við höfum stundum bent á Neytendasamtökin, við höfum bent á ASÍ og fleiri hafa verið nefndir. En enginn einn aðili af þessum virðist uppfylla þau skilyrði sem við setjum um að vera fulltrúi almennings. Þá er gripið til þess að ráðs að fjölga í nefndunum og reyna að fá inn sem flest sjónarmið.

Þetta var við að glíma þegar við horfðum á heilbrigðisnefndirnar og sögðum: Það er vinningur í því að hafa atvinnurekendurna með en hvern eigum við að fá inn sem mótvægi? Hvernig eigum við að tryggja almennings- og almannaréttindin? Við gátum ekki fundið betra svar við því en að náttúruverndarnefndir á hverju svæði tilnefndu fulltrúa. Ég viðurkenni að mörg mál munu koma til heilbrigðisnefndanna þar sem fulltrúar náttúruverndarnefndanna gæta hagsmunanna. Mörg mál snúa að neytendum og neytendur hafa þarna ekki aðgang. Þetta er úrlausnarefni sem ekki snýr aðeins að þessum lögum heldur öðrum.

Virðulegi forseti. Eins og heyra má á máli manna í dag hafa menn sett sig mjög rækilega niður við að ræða þetta mál af alvöru, leggja fram frv. sem orðið gæti til hagsbóta og lagabóta. Alltaf er hægt að gera betur en ég tel að af þessu frv. með þeim framfarasporum sem ég hef rakið, jafnframt því að það hefur komið fram í máli annarra, getum við verið fullsæmd. Þetta frv. á að lögfesta eins og gert er ráð fyrir í tillögu meiri hlutans, þegar í stað.

Mér þykir miður ef þingmenn hafa ekki nægan tíma til að svara því sem fram hefur komið í máli mínu, þeir sem hafa lokið tækifæri sínu til þess. Ég ítreka þakkir mínar til samnefndarmanna minna og þakka hæstv. umhvrh. fyrir samstarfið og hversu gott lið hann hefur lagt okkur nefndarmönnum við þessa vinnu.

[17:55]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni þann heiður að vísa til mín spurningu í ræðu sinni. Ég var ekki langt undan þegar ég heyrði að hann saknaði mín. Ég var einfaldlega niðri í borðstofu að næra mig eftir þessa löngu lotu. Hann velti fyrir sér fyrirkomulagi þeirrar stjórnar sem ég gerði grein fyrir í ræðu minni og mér fannst hann ekki hafa mikla trú á því fyrirkomulagi. Hann spurði hver ætti að bera ábyrgð á málaflokknum, ef ég skildi hann rétt. Mér fannst það ekki þurfa að vera flókið mál en ég hefði svo sannarlega fagnað því ef góð umræða hefði fengist í nefndinni um einmitt þetta mál.

Ég var náttúrlega að vísa til þeirrar tillögu sem fram kom af hálfu Hollustuverndar ríkisins. Ég taldi mjög áhugavert að fjalla um hana og reyna að ná niðurstöðu. Fyrir mig get ég sagt að ég tel eðlilegast að breyta ekki um stjórnunarfyrirkomulag eins og er.

Það ætti að vera stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins. Vilji menn hins vegar fara út á þá braut að leggja stjórn Hollustuverndar ríkisins af, sé ég mikla möguleika í þeim tillögum og hugmyndum sem fram komu af hálfu Hollustuverndar ríkisins. Þar er lagt til að forstjóri eða framkvæmdastjóri verði yfir Hollustuverndinni og samstarfsráð forstöðumanna sviðanna. Ég sé ekki að það þurfi að rugla kerfið því auðvitað liggur ábyrgðin hjá framkvæmdastjóra og svo endanlega hjá ráðherra. Að auki yrði fagráð, eins og nú er lagt til í þessu frv., þ.e. ráðgefandi ráð fyrir ráðherra — ráð, ráð, ráð. Ég er ekki sammála því fyrirkomulagi heldur er ég að tala fyrir því fagráði sem gerð var tillaga um eða komið hafa hugmyndir um í umsögn Hollustuverndar ríkisins.

[17:57]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hæstv. ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, vil ég gera grein fyrir sjónarmiðum mínum gagnvart þátttöku atvinnurekenda í þeim ráðum og stjórnum sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég tel rétt að við stöldrum aðeins við 11. gr. frv. þar sem fimm menn áttu að eiga sæti í heilbrigðisnefnd, eins og frv. var áður. Þar af skyldu samtök atvinnurekenda á eftirlitssvæði tilnefna einn. Samkvæmt brtt. meiri hlutans var ákveðið að fjölga fulltrúum í sjö í hverri heilbrigðisnefnd. Þar er samtökum atvinnurekenda heimilt að tilnefna einn án atkvæðisréttar við afgreiðslu mála og hliðstætt ákvæði er um fulltrúa náttúruverndarnefnda sveitarfélaga á svæðinu.

Ég ítreka það sjónarmið mitt sem áðan kom fram að ég tel þessa skipan mála vera fráleita og ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Ég orðaði það á þá leið að ég teldi það fráleitar tillögur að láta fulltrúa hagsmunaaðila eins og atvinnurekendur sitja í nefndum sem hafa stjórnsýsluvald. Þar með eiga þeir í reynd að hafa eftirlit með sjálfum sér. Máli mínu til stuðnings, herra forseti, vil ég leyfa mér að vitna í álit margumrædds lögfræðings, Halldórs Jónssonar, sem hefur sérstaka þekkingu á stjórnsýslurétti og er fyrrum starfsmaður umboðsmanns Alþingis. Hann segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu kemur fram að heilbrigðisnefndir séu skipaðar sjö mönnum, þar af tveimur sem hafa ekki atkvæðisrétt. Staða nefndarmanna sem ekki hafa atkvæðisrétt er mjög sérstæð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þeir teljast vera nefndarmenn og þurfa því að uppfylla skilyrði þar að lútandi, þar á meðal um hæfi. Engar skýringar er að finna um það hvers vegna tveir nefndarmenn hafa þessa stöðu en ekki t.d. stöðu áheyrnarfulltrúa með tillögurétti, svo sem tíðkast gjarnan."

Áfram vil ég vitna, með leyfi forseta, í umsögn Halldórs Jónssonar lögfræðings. Hann segir orðrétt:

„Svo sem ég benti á í dag þá hefur sú aðferð færst í vöxt í stjórnsýslu, að láta hagsmunaaðila ekki eiga beina aðild að stjórnvaldsákvörðunum en gefa þeim þess í stað rétt til að koma að sjónarmiðum sínum með umsögnum. Er þessi leið talin hafa þá kosti að úrlausnir stjórnvalds verði trúverðugri en verið hefði ef hagsmunaaðilar ættu beina aðild að þeim, án þess að þeirra hagsmunum sé varpað fyrir róða."

Með orð hæstv. ráðherra hér áðan í huga um gott samstarf við fulltrúa atvinnulífsins og atvinnurekenda, sem ég ekki efast um, leyfi ég mér enn á ný að halda því til haga að þessi skipan mála sem meiri hlutinn leggur til getur kallað á verulega hagsmunaárekstra og erfitt verður þá jafnvel að gæta hagsmuna almennings í þeim efnum.

Ég vík því næst örstutt að skipan hollustuháttaráðs. Ég hef ekki endanlega lausn á þeirri skipan mála en hefði þó betur séð að Hollustuvernd ríkisins, sem samkvæmt tillögum meiri hlutans á að heyra beint undir ráðherrann, þyrfti ekki að vera sett skör lægra en t.d. hollustuháttaráð sem gert er ráð fyrir að Hollustuverndin tilnefni m.a. fulltrúa í. Því spyr ég: Fyrst gera átti þessa breytingu á annað borð, setja stjórn Hollustuverndar ríkisins frá og skipa forstjóra sem heyrir beint undir ráðherra, hefði þá ekki verið eðlilegra að hollustuháttaráð væri skipað þannig að það styrkti Hollustuverndina þannig að það væri sett til hliðar við Hollustuvernd ríkisins sem síðan svari beint til ráðherra? Ég spyr, herra forseti: Getur ekki orðið óþægilegt samband milli þessara aðila, jafnvel ágreiningur með þessari skipan mála?

[18:03]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að stjórnarliðar taka góðan þátt í umræðum um málið og full ástæða er til að nýta tækifærið til að ræða ýmis atriði sem snerta þetta frv. og bakgrunn þess í þinginu. Hv. formaður umhvn. talaði áðan, kom að ýmsum þáttum og skýrði sín sjónarmið. Ég ætla að víkja að fáeinum atriðum sem komu fram í máli hans. Vissulega má segja að hv. þingmanni þyki sá fífill fagur sem vaxið hefur upp á vetrarmánuðum í þessu frv. Ekki ætla ég að taka það blóm af hv. þingmanni. En ég hef nokkuð annað mat á þessu eins og fram hefur komið og ég ætla að víkja aðeins að fáeinum sjónarmiðum sem hv. þm. vék að.

Það er þá fyrst í sambandi við starfsleyfin og það sem að þeim lýtur. Þótt margt hafi verið þar fært til annars horfs og skárra en fyrir var lagt í upphafi er ástæða til að vekja athygli á ýmsu sem tengist þessu sem varðar bæði form en líka efnisþætti og þann bakgrunn sem er í okkar stjórnsýslu. Það er fagnaðarefni að heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins fái það verkefni að gefa út starfsleyfin. Það er tvímælalaust rétt á málum tekið. En okkur greinir á varðandi kæruferli og segja má að í þeim efnum hræði sporin frá næstliðnum árum. Satt að segja blasir mikil raunasaga við frá tveimur, þremur síðustu árum að þessu leyti og sem veldur því að uppi er tortryggni meðal almennings, vil ég fullyrða, að því er varðar valdbeitingu m.a. ráðherra í stórum málum. Ég vísa til þeirra aðgerða sem eru reglugerðaútgáfa á undanförnum tveimur árum, þar sem menn hafa orðið fangar í eigin neti og getað sig hvergi hrært. Hvers vegna gera menn þetta, virðulegur forseti? Hvers vegna kemur til þess að ábyrgir aðilar í stjórnsýslu ganga svona fram? Ég fæ ekki aðra skýringu en þá að menn seilast lengra í raun en fært er út frá pólitískum sjónarmiðum og pólitísku mati vegna þess að þeir eru að koma fram málum sem þeir meta svo mikils — í þessu tilviki stóriðjumálum, álveri á Grundartanga — að þeir gæta ekki að sér og ganga gegn eðlilegum rétti og réttarviðhorfum, setja reglugerðir sem ekki standast lög til þess að ná markmiðum sínum. Það er þessi slóði sem fyrir liggur sem hræðir og það er mjög eðlilegt að það sé og verði uppi tortryggni gagnvart réttsýni manna í sambandi við meðferð kærumála og málsmeðferð almennt í þessu ferli ef svona er tekið á málum. Þetta er hluti af þeim bakgrunni sem fyrir liggur í þessu máli.

Ýmis fleiri efni eru þarna sem rétt er að minna á við þessa umræðu. Fyrir liggur að stjórn Hollustuverndar ríkisins, sem nú er meiningin að leggja af með lögfestingu þessa frv., hafði ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt umboði og fyrirmælum frá ráðuneytinu. En það liggur jafnframt fyrir að ráðuneytið leitaðist beint við að hlutast til um afgreiðslu þessa stjórnvalds og minni ég þar á bréf sem gengu frá ráðuneytinu, ég held 21. mars 1997, með ákveðnum fyrirmælum um hvernig stjórnin skyldi taka á máli sem lá fyrir nefndinni. Það var sem sagt bein íhlutun æðra stjórnvalds með bréfi og fyrirmælum til lægra setts stjórnvalds um það hvernig stjórnvaldið ætti að taka á máli sem lá fyrir nefndinni eða tengdist máli sem lá fyrir nefndinni. Það er subbuskapur í stjórnsýslu af þessu tagi, svo maður noti nú hógvært orð um þetta, sem hræðir og sýnir að þroskinn í okkar stjórnsýslu er ekki sá sem hann þyrfti að vera. Aginn og hefðin og aðhaldið eru ekki þau sem þau þyrftu að vera. Það er svona málsmeðferð sem veldur því að menn eru smeykir, að fólk hefur varann á, einnig hér inni á Alþingi, að treysta stjórnvöldum til eðlilegrar málsmeðferðar. Auðvitað er úr vöndu að ráða því það er því miður ekkert eitt einhlítt svar við slíkum aðstæðum. En nú verður staðan sú, ef þetta frv. verður að lögum með þeim efnivið sem hér liggur fyrir, að við verðum með forstjóra sem einn ber ábyrgð fyrir Hollustuvernd ríkisins, sem er það stjórnvald sem á að gefa út starfsleyfi, einn ráðherraskipaðan forstjóra sem ber ábyrgð gagnvart ráðherranum. Að þessu vék hv. þm., formaður umhvn., réttilega og það er því miður það, eins og hefðinni er háttað, „kúltúrnum", svo maður sletti útlensku, að því er varðar stjórnsýsluna hér sem veldur ugg. Stofnanirnar fá ekki að vera í friði fyrir ráðuneytunum. Halda hinir pólitískt skipuðu yfirmenn stofnananna sem hafa fengið margefld völd með starfsmannalögunum, sínu óhæði gagnvart æðra settu stjórnvaldi? Eigum við að treysta því? Við viljum trúa því. Getum við treyst því? Þarna var þó og eru stjórnir yfir þessum stofnunum, ákveðinn varnagli, ákveðinn öryggisventill sem full ástæða er til að gaumgæfa. Er rétt að taka þennan öryggisventil af? Menn finna að því að í þessum stjórnum sitji stundum menn kjörnir af Alþingi Íslendinga. Ég held að menn eigi að skoða sinn gang áður en þeir fullyrða að sú skipan mála sé óhæf með öllu. Það eru auðvitað viss rök fyrir því að svo sé ekki og önnur rök mæla með því. Slíkir fulltrúar eru ekki ábyrgir gagnvart Alþingi. Þeir eru kjörnir af Alþingi. Þeir eru með vissum hætti fulltrúar almannavaldsins en bera auðvitað ábyrgð sjálfir á sínum gerðum. Þetta eru sjónarmið, virðulegur forseti, sem ég taldi rétt að víkja að hér vegna ummæla formanns umhvn. um það kerfi sem hér er verið að innleiða.

Virðulegur forseti. Í öðru lagi kom hv. þm. að því að veröldin hefði breyst eins og þingmaðurinn orðaði það. Það er nokkuð til í því. Veröldin hefur breyst og mér sýnist að Framsfl. hafi líka breyst, kannski í takt við tímann að einhverju leyti. En það sem ég hef í huga að víkja að er spurningin um að hve miklu leyti Alþingi á að skjóta skildi fyrir réttarstöðu fólks í landinu í heild og að hve miklu leyti

menn eiga að leggja slík ráð í hendur sveitarstjórnar sem hv. þm. ræddi sérstaklega. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt þá taldi hann að Framsfl. eða þingmaðurinn sjálfur — ég skildi það svo að sjónarmið meiri hlutans lægi þar að baki — treysti sveitarstjórnunum en minni hlutinn hefði greinilega minni trú á sveitarstjórnunum og vildi hafa forræði ríkisins öllu meira í þessum efnum. Það má vel vera að sú aðstaða sé uppi, ekki vil ég fortaka það. Ég vil a.m.k. leitast við að tryggja ákveðna lágmarksréttarstöðu fólks um allt land alveg óháð sveitarstjórnum í landinu. Til þess er Alþingi Íslendinga að setja lög og reglur sem tryggja ákveðið jafnræði með þegnunum þannig að þeir lendi ekki í aðstæðum þar sem sveitarstjórnir ráða málum en hafa oft og tíðum ekki möguleika á því efnahagslega, eða þá sýn til mála jafnvel, að tryggja þá réttarvernd og stöðu almennings sem við viljum sjá að gildi um allt land.

Það á m.a. við um þetta varðandi það að tryggja tvo heilbrigðisfulltrúa að lágmarki í starfi á hinum stóru eftirlitssvæðum í landinu í staðinn fyrir einn. Það er mjög óvarlegt að gera það og ekki að ástæðulausu að okkar mati að við leggjum á það ríka áherslu. Þetta er rangt skref og ekki vel hugsað fyrir sveitarfélögin í landinu og allra síst fyrir málefnið, þ.e. verndun umhverfisins, það heilbrigðiseftirlit sem á að tryggja.

Virðulegur forseti. Síðan varðandi samráðið. Það er hægt að færa hlutina í búning og setja yfir þá skikkju. Það er reynt að búa þá skipan mála að setja fulltrúa atvinnurekendasamtaka inn í heilbrigðisnefndirnar, nefndirnar sem eiga að hafa eftirlit með hinum sömu, þ.e. fyrirtækjunum sem hinir sömu eru umbjóðendur fyrir, að segja, með því erum við að tryggja samráð allt frá fyrsta stigi. Virðulegur forseti, hver er líklegur að vera hinn sterki í þessum leik? Þó ekki væri nema það að leggja þunga á sjónarmið sín og tryggja að þar standi að baki, eða a.m.k. að ekki vanti fé til að koma þeim sjónarmiðum á framfæri og rökstyðja þau út frá sjónarhorni viðkomandi. Þetta segi ég ekki vegna þess að það geti ekki oft og tíðum komið ágætissjónarmið að sjálfsögðu frá samtökum atvinnurekenda en hér er um að ræða það málefni þar sem á að hafa uppi eftirlit og aðhald með rekstri fyrirtækjanna í landinu. Þá eiga þeir hinir sömu að sitja við borðið og hafa áhrif á gang mála sem beinir aðilar að nefnd þótt ekki sé með atkvæðisrétti. Þetta er mikill misskilningur ef þetta er ekki beinlínis, sem ég fer að halda, pólitísk hugsun að hlaða svona undir atvinnurekendavaldið í landinu og stöðu atvinnufyrirtækjanna í þessum efnum sem liggur hér að baki og það er geysilega misráðið.

Virðulegur forseti. Formaður umhvn. bar sig upp undan því að oft væri erfitt að finna fulltrúa almannavaldsins. Eru það ekki hinir kjörnu fulltrúar? Erum við það ekki á Alþingi Íslendinga? Eru það ekki sveitarstjórnirnar sem kjósa í heilbrigðisnefndirnar? Eru það ekki hinir réttu aðilar til að taka á þessum málum? Ef við erum að leita í hinni stóru fjölbreyttu flóru félagasamtaka, hagsmunasamtaka, þrýstihópa í landinu, er oft vandi að velja og af einhverjum ástæðum kemur meiri hlutinn aldrei með fulltrúa neytenda inn í þetta samhengi. Það er sjálfsagt af því að viðkomandi tortryggja þann vettvang eða þau samtök og sama getur gilt í sambandi við áhugamannafélög af ýmsu tagi sem hafa oft ekki mikla burði en það er heldur ekki mikið gert af hálfu hins opinbera. Skammarlega lítið er gert af hálfu hins opinbera til að hlúa að frjálsum félagasamtökum í landinu sem eiga að vera hluti af lýðræðislegri uppbyggingu í okkar stjórnkerfi sem annars staðar. Ef borið er saman við nágrannalöndin munar þarna mjög miklu. Í þessum efnum hallar þarna mjög á og það er m.a. ástæðan fyrir því að samtök sem við erum stundum að leita að eru ekki öflugri en raun ber vitni. Það er ekki skynsamlegt ráð að ætla að fara að byrja samráðið frá grunni hjá eftirlitsaðilum og ég er alveg sannfærður um að ekki mun líða langur tími áður en menn hverfa að því ráði að endurskoða þessa skipan mála. Auðvitað var misráðið hjá hæstv. umhvrh. að fara að setja fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands inn í nefndina til að undirbúa frv. af þessum toga og setja formann þeirrar nefndar í þá aðstöðu að þurfa að semja við fulltrúa atvinnurekenda inni í hinni stjórnskipuðu nefnd sjálfri án nokkurs eðlilegs mótvægis þar ef menn eru að leita að því. Þarna átti að hafa fagleg sjónarmið öðru fremur uppi en ekki að setja upp þessa hörmulegu stöðu sem hefur leitt til þeirrar skelfilegu niðurstöðu sem hér liggur fyrir í tillöguformi.

Virðulegur forseti. Veröldin hefur breyst og Framsfl. hefur breyst og því miður hefur Framsfl. tekið breytingum að því er varðar sýn til umhverfismála, þannig breytingum að það er mjög mikið áhyggjuefni. Það er leitt til þess að vita hvernig ágætir fulltrúar þess flokks sem eiga hlut að ríkisstjórn landsins hafa farið með vald sitt að því er snertir umhverfismálin. Hæstv. umhvrh. er ekki saklaus af því að hafa fallið í þá keldu í ýmsum efnum en ég hef þó meiri áhyggjur af þeim sem eru valdameiri en ráðherrann því að ég sakna þess og sýnist því miður að hæstv. ráðherra sé oft heldur á berangri þegar um stórmál er að ræða sem ráðin eru í ríkisstjórn landsins og eigi jafnvel ekki stuðning í eigin flokki í mjög þýðingarmiklum málum. Það eru þessi efni sem valda mér verulegum áhyggjum vegna þeirrar valdaaðstöðu sem Framsfl. er í og hvernig hann notar valdið og hvernig stefnu hans er háttað í þessum efnum.

Framsfl. er nú að keyra fram grimmari stóriðjustefnu á Íslandi en nokkurn tímann hefur sést áður og þarf ekki langt að leita í þeim efnum. Flokkurinn er að setja Ísland í þá aðstöðu að þurfa jafnvel að skerast úr leik í samfélagi þjóðanna þegar um grundvallarmál er að ræða vegna kapps síns í því efni að keyra upp erlenda stóriðju með mengandi áhrifum sem brjóta alla þá ramma sem verið er að ræða um í sambandi við umhverfi jarðar. Það eru þessi stóru mál sem eru áhyggjuefni. Þegar ég segi „breyst" er það vegna þess að ég hef átt ágætt samstarf við fólk í Framsfl., fyrr og síðar, áhugasamt fólk sem ber umhverfismál ekkert minna fyrir brjósti en sá sem hér talar en er að lenda úti á þessum berangri sem hæstv. umhvrh. er staddur á oft og tíðum og einhvers staðar stendur:

Hrörnar þöll
sú er stendur þorpi á.
Hlýr-at henni börkur né barr.

Við þurfum að leitast við á Alþingi að átta okkur á þessum veikleikum í eigin ranni. Ég er ekki að segja að það sé eingöngu Framsfl. sem þurfi að skoða sinn gang. Það þurfa allir flokkar að gera. Allir landsmenn þurfa að skoða sinn gang í sambandi við umhverfismál. Þær aðstæður blasa nú við í sambandi við nýtingu auðlinda í landinu að fara á að nota þær á sem skemmstum tíma til stóriðjuuppbyggingar og láta gullkálfinn ryðja leiðina. Það er auðvelt. Ef menn hafa ekki aðrar viðmiðanir. Þess vegna eru öll okkar verk sem snerta lagasetningu á sviði umhverfismála mjög þýðingarmikil og jafnframt kærkomið tilefni til að ræða þessi stóru efni. Sá steinn sem er verið að leggja í hleðslu með þessu

frv. er því miður ekki nógu traustur. Sú er staðan, virðulegur forseti. Til að breyta því þarf nokkurn styrk. Minni hlutinn hefur hann ekki nægan til að laga til í þeirri hleðslu. Meiri hlutinn verður vissulega að taka ábyrgðina. En það leysir ekki vandann. Hleðslan er ótraust.

[18:26]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að við framlagningu frv. gefst kærkomið tækifæri að ræða þessi mál þó svo að nokkuð sé liðið á dag og þingmönnum hafi nokkuð fækkað í þingsal. Við glímum við grundvallaratriðin, verndun umhverfisins, rétt almennings og uppbyggingu atvinnulífsins. Að sjálfsögðu er ekki til ein lína eða ein setning eða ein niðurstaða sem er hin rétta. Hér erum við eins og við höfum sagt, í hröðum breytingum og með mörg álitamál.

Ég vil þó minna á eitt aðalatriði, eina aðallínu sem við getum fikrað okkur eftir. Við höfum að undanförnu verið að setja lög um áhrif almennings á umhverfismál og ég vil nefna mat á umhverfisáhrifum sem væntanlegt er inn í þingið, bygginga- og skipulagsmál og núna um starfsleyfi. Í öllum þessum lögum er gert ráð fyrir að almenningur komi að með umsagnarrétti, tillögurétti og afskiptum þannig að áður en til starfsleyfis kemur hafa hin stærri mál og mjög mengandi atvinnurekstur eða þar sem grunur er um mjög mengandi atvinnurekstur, þurft að fara í gegnum þrenns konar ferli þar sem okkur gefst tækifæri, almennum borgurum, til að taka á þessum málum. Þetta er þó verulegur réttur sem við skulum ekki gleyma. Við höfum reynt í starfi okkar að tryggja þennan rétt því þegar við erum farin héðan, hvort sem við erum ráðherrar eða almennir þingmenn þá standa lögin eftir og öllum er okkur kær réttur borgaranna til að móta það umhverfi sem við teljum best í landinu, bæði í umhverfismálum og í atvinnumálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Dánarvottorð, 1. umr.*

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

[18:29]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um dánarvottorð o.fl. sem fjallar um hvernig bregðast skuli við þegar andlát ber að höndum og um ritun og meðferð dánarvottorða. Lög um dánarvottorð, sem sett voru fyrir tæpum fjórum áratugum, eða árið 1962 hafa nú verið í endurskoðun um alllangt skeið. Auk þeirra laga gilda á þessu sviði enn eldri reglur sem nauðsynlegt þótti að taka samhliða til endurskoðunar. Þar er annars vegar um að ræða tilskipun frá árinu 1819 um skyldu manna til að bjarga mönnum sem sýnast dánir og lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum sem sett voru árið 1913.

Frá árinu 1995 hafa fulltrúar dóms- og kirkjumrn., Hagstofu Íslands, landlæknisembættis og heilbr.- og trmrn. unnið að endurskoðun framangreindra laga og reglna og frv. það sem hér er lagt fram byggir á tillögum þeirra. Nefndin aflaði sér gagna frá nágrannalöndum okkar um löggjöf á þessu sviði og varð niðurstaða hennar sú að byggja að meginatriðum á danskri fyrirmynd. Þá fékk nefndin til ráðuneytis við sig ýmsa sérfræðinga sem koma að þessum málum, bæði lækna er annast hafa krufningar og réttarkrufningar og fulltrúa rannsóknarlögreglu.

Frv. gerir ráð fyrir að sameinuð verði í ein lög löggjöf um dánarvottorð og um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Með frv. er leitast við að setja skýrar reglur um þetta efni en síðan er gert ráð fyrir að ýmis atriði verði nánar útfærð í reglugerð.

Samhliða smíði frv. hefur staðið yfir endurskoðun á gildandi dánarvottorðum og þegar liggja fyrir drög að slíku eyðublaði þar sem mun verða vísað í viðeigandi lagagreinar verði frv. það sem hér er mælt fyrir að lögum. Afar mikilvægt er að hið nýja eyðublað komist sem fyrst í notkun þar sem það byggir á alþjóðlegum staðli. Skráning dánarmeina í dánarvottorð er mikilvæg fyrir margra hluta sakir, ekki einungis með tilliti til þess einstaklings sem í hlut á og aðstandenda hans heldur einnig í þágu rannsókna og hvers kyns samanburðar milli landa. Mikilvægt er að leiðbeiningar sem fylgja hinu nýja dánarvottorði verði ítarlegar og greinargóðar þannig að skráning verði samræmd og áreiðanleg og mun heilbr.- og trmrn. fylgja því eftir að svo verði.

Fyrirmynd að nýju dánarvottorði er einkum sótt til Danmerkur eins og fyrirmyndin að frv. því sem hér er til umfjöllunar. Áður en ég hef yfirferð yfir einstakar greinar frv. vil ég reifa lauslega meginefni þess.

Frv. fjallar um ritun dánarvottorðs, útgáfu þess og meðferð, hverjir skuli annast líkskoðun, við hvaða aðstæður skuli gera lögreglu viðvart, hvenær réttarlæknisfræðileg líkskoðun fari fram, hvenær framkvæma eigi krufningu, hvenær réttarkrufning skuli gerð, heimild til útfarar, tilkynningar vegna andvana fæddra barna og um flutning líka úr landi. Ég mun hér á eftir reifa efni einstakra greina en að öðru leyti vísast til greinargerðar með frv.

Í 1. gr. frv. segir að læknir skuli rita dánarvottorð fyrir hvern þann sem deyr hér á landi og nota til þess staðlað eyðublað sem landlæknir lætur útbúa. Eins og fyrr segir liggja nú fyrir drög að nýju dánarvottorði sem kynnt verður í hv. heilbr.- og trn. við meðferð málsins. Þá er í 14. gr. frv. gert ráð fyrir því að í reglugerð verði nánar kveðið á um ritun dánarvottorða, enda er afar mikilvægt að leiðbeiningar í því efni séu skýrar þannig að ávallt sé gætt samræmis við ritun dánarorsaka.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir þeirri undantekningu að dánarvottorð séu ekki rituð þegar barn fæðist andvana. Það skal hins vegar tilkynnt Hagstofu Íslands.

Í 2. gr. frv. er fjallað ítarlega um líkskoðun, hverjir annist hana eða beri ábyrgð á henni við mismunandi aðstæður. Læknar annast ávallt líkskoðanir en ef um er að ræða andlát á heilbrigðisstofnun þá ber sá læknir sem annast hinn látna eða yfirlæknir viðkomandi deildar ábyrgð á að líkskoðun sé gerð. Ef andlát ber að utan heilbrigðisstofnunar skal sá læknir sem stundaði hinn látna í banalegunni, annast líkskoðun en sé dauðsfall óvænt eða ef ekki næst til læknis sem stundaði hinn látna, þá skal andlát tilkynnt viðkomandi héraðslækni sem ber þá ábyrgð á að lík verði skoðað.

Oftast leikur ekki vafi á því að andlát eigi sér eðlilegan aðdraganda jafnvel þótt dánarorsök sé óljós. Í 3. gr. frv. er hins vegar kveðið á um tilteknar aðstæður sem taldar eru krefjast þess að lögregla verði kvödd til. Er það fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir að efasemdir eða spurningar vakni um orsök andláts jafnvel þegar fram líða stundir. Þær

aðstæður eru ef ætla má að andlát tengist refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða andláti af völdum slyss, ef maður hefur fundist látinn, ef dauðsfall er óvænt, ef maður andast í fangelsi eða öðrum áþekkum stað eða ef ætla má að dauðfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð. Með fangelsi eða öðrum áþekkum stað er átt við hverja þá staði sem menn kunna að vera viðstaddir á grundvelli valdboðs. Í framangreindum tilvikum er gert ráð fyrir að sá læknir sem skoðar lík tilkynni lögreglu undantekningarlaust um andlát. Gert er ráð fyrir að í samráði við dómsmrn. verði settar reglur um viðbrögð lögreglu við slíkum tilkynningum. Þess má geta í þessu sambandi að í heilbr.- og trmrn. eru nú til umfjöllunar reglur um það hvernig heilbrigðisstofnanir skuli tilkynna atvik þegar talið er að átt hafi sér stað mistök, vanræksla eða óhappatilvik innan heilbrigðisstofnunar og verður það væntanlega kynnt Alþingi á næstu vikum.

Í 4. gr. frv. eru nánari fyrirmæli um viðbrögð lögreglu þegar henni berst tilkynning um andlát á grundvelli þeirra aðstæðna sem getið er um í 3. gr. frv. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að meginreglan sé sú að lögreglan skoði lík réttarlæknisfræðilega þegar svo ber undir. Leggja ber áherslu á að með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun er átt við líkskoðun sem er sambærileg almennri líkskoðun. Meginmunurinn felst í því að réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lækni og lögreglu í sameiningu en almenn líkskoðun einungis af lækni.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er ekki talin nauðsynleg ef svo langur tími líður milli slyss og andláts að lögregla telji slíka skoðun óþarfa með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja eða ef lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur. Rétt er að taka fram að við frágang frv. til prentunar var setningunni „réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lögreglu og lækni í sameiningu" ranglega sett undir 3. tölul. en um er að ræða sjálfstæða málsgrein sem á að vísa til ákvæðisins í heild og verða 2. mgr. Lagt er til að heilbr.- og trn. leiðrétti þetta við umfjöllun sína um frv.

Í 5. gr. frv. er kveðið á um hvenær framkvæma megi krufningu í læknisfræðilegum tilgangi, þ.e. þegar læknir telur nauðsynlegt að rannsaka lík nánar til að staðfesta dánarorsök. Slík krufning er einungis heimil ef hinn látni hefur eftir að hann varð sjálfráða, það er nú 18 ára, samþykkt krufningu skriflega eða ef nánasti venslamaður samþykkir hana og sannað þykir að hinn látni hafi ekki verið mótfallinn krufningu.

Í 6. og 7. gr. er fjallað um réttarkrufningar. Með réttarkrufningu er átt við gjörkrufningu sem gerð er að beiðni lögregluyfirvalda annaðhvort með samþykki nánasta venslamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar. Tilgangur með slíkri réttarkrufningu er að skýra dauðsfallið. Að lokinni slíkri réttarkrufningu er skýrsla skráð þar sem fram kemur efnisleg úttekt á krufningunni ásamt álitsgerð þar sem niðurstaða krufningar er felld inn í það sem þekkt er um aðdraganda dauðsfallsins en réttarkrufning skal gerð þegar dauðsfall verður rakið til refsiverðrar háttsemi ef ekki reynist unnt að útiloka slíkt með fullnægjandi hætti eða þegar slík krufning er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að síðar vakni grunsemdir um að dauðsfall megi rekja til refsiverðs verknaðar.

Réttarkrufningu skal einnig gera ef dánarorsök verður ekki með viðeigandi hætti ákvörðuð með réttarfræðilegri líkskoðun eða í öðrum tilvikum þar sem lögregla telur réttarkrufningu nauðsynlega.

Í 8. gr. er fjallað um hvaða læknir skuli rita dánarvottorð. Meginreglan er sú að það sé annaðhvort gert af þeim lækni sem skoðar lík eða þeim sem ber ábyrgð á að lík sé skoðað. Ef fram fer réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal dánarvottorð ritað af þeim lækni sem tók þátt í skoðuninni og ef réttarkrufning hefur farið fram þá ritar dánarvottorð sá læknir sem hana hefur framkvæmt.

Í 9. gr. er fjallað um umönnun líks. Þar er kveðið á um að ekki megi flytja lík í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki og að óheimilt sé að leggja lík í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og dánarvottorð ritað. Með dauðaskilmerkjum er átt við ýmis einkenni andláts en nánar er fjallað um dauðaskilmerki í reglugerð nr. 430/1994.

Í 10. gr. frv. er fjallað um eina meginbreytingu á gildandi framkvæmd. Gert er ráð fyrir að sýslumenn taki við dánarvottorðum og beri ábyrgð á skilum þeirra til Hagstofu Íslands. Nú annast prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga þessi skil. Markmið með þessari breytingu er fyrst og fremst að fækka þeim aðilum sem standa Hagstofunni skil á dánarvottorðum auk þess sem leitast er við að tryggja að vottorðin berist fyrr til skráningar en nú er. Í dag sjá hátt á annað hundrað prestar og forstöðumenn trúfélaga um að skila dánarvottorðum en verði frv. að lögum munu tæplega 30 sýslumenn annast þessi skil jafnóðum. Prestar munu áfram standa Hagstofunni skil á dánarskýrslum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni verður því ekki breyting á greiðslum til presta. Þeir munu fá greitt fyrir að skila dánarskýrslum. Með þessari breytingu telur Hagstofan að bæta megi úr ýmsum vanköntum sem nú eru á skráningu látinna. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni eru þess dæmi að látnir einstaklingar séu ranglega skráðir í þjóðskrá með ýmsum óþægindum fyrir aðstandendur og töfum á réttindum sem tengist andláti.

Hið breytta fyrirkomulag gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að þegar læknir hefur ritað dánarvottorð þá afhendir hann það venslamanni hins látna. Venslamaður afhendir vottorðið síðan sýslumanni í því umdæmi þar sem hinn látni átti lögheimili eða þar sem ætla má að dánarbúi verði skipt hafi hinn látni ekki átt lögheimili hér á landi. Þegar hvorugt það tilvik á við er gert ráð fyrir að dánarvottorð afhendist sýslumanni í því umdæmi þar sem útför er gerð. Sýslumaður afhendir venslamanni staðfestingu á því að andlát hafi verið tilkynnt. Í 4. mgr. 10. gr. er mikilvægt ákvæði þess efnis að óheimilt sé að gera útför manns fyrr en sá sem annast útför hefur fengið staðfestingu sýslumanns á því að andlát hafi verið tilkynnt.

Í 12. gr. frv. er fjallað sérstaklega um það hvernig standa skuli að flutningi líka úr landi og er það samhljóða ákvæði núgildandi laga um dánarvottorð. Hið sama má segja um 13. gr. þar sem kveðið er á um refsingar við brotum gegn lögum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

Í 14. gr. er annars vegar kveðið á um almenna heimild ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hins vegar kveðið á um fjögur atriði sem ráðherra er skylt að kveða nánar á um í reglugerð. Er þar um að ræða reglur um ritun dánarvottorða, réttarlæknisfræðilega líkskoðun, réttarkrufningu og tilkynningu til Hagstofu Íslands um andvana fædd börn.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí á þessu ári en nauðsynlegt er talið að hafa nokkurn aðdraganda m.a. vegna

frágangs nýs dánarvottorðs og leiðbeininga með því. Á hinn bóginn er lögð rík áhersla á að framkvæmd á grundvelli nýrra reglna hefjist sem fyrst þannig að Íslendingar geti unnið að skráningum á grundvelli hins alþjóðlega staðals um ritun dánarvottorða sem fyrr er getið.

Loks er í frv. kveðið á um brottnám laga og tilskipana sem fyrr er getið og breytingar sem nauðsynlegt er að gera á öðrum lögum til samræmis.

Virðulegi forseti. Það frv. sem lagt er fram er afrakstur ítarlegrar endurskoðunar sem var löngu tímabær og er gerð á grundvelli tillagna þeirra sem starfa á þessum vettvangi.

Virðulegi forseti. Ég veit að frv. mun hljóta vandaða meðferð hjá hv. heilbr.- og trn. og vænti þess að umsagnir, athugasemdir og umfjöllun nefndarinnar muni verða okkur gott veganesti til frekari vinnslu málsins. Ég leyfi mér því að óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[18:46]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi nota rétt minn til andsvars til að beina spurningu til hæstv. heilbrrh. varðandi 10. gr. frv. Í athugasemdum kemur fram að í henni er að finna meginbreytingu þessara laga, frá gildandi framkvæmd eins og segir þar, og það varðar afhendingu dánarvottorða. Tilgangur þeirrar breytingar er sá að reyna að sjá til þess að dánarvottorð berist fyrr til Hagstofunnar þannig að þjóðskráin verði sem réttust. Ég er að reyna að átta mig á framkvæmdinni. Sá sem gefur út dánarvottorð skal afhenda venslamanni hins látna vottorðið. Síðan á venslamaðurinn að afhenda það sýslumanni í því umdæmi sem hinn látni átti lögheimili á dánardægri. Er þetta ekki býsna flókið í framkvæmd? Ég átta mig ekki á þessu, þ.e. þó þarna fækki aðilum hvort þetta verður eitthvað einfaldara í framkvæmd ef venslamenn þurfa að standa í slíkri afhendingu. Maður hugsar til þess þar sem eru stór umdæmi, t.d. umdæmi sýslumannsins í Reykjavík sem er býsna stórt umdæmi og nær upp í Kjós og hér í kringum Reykjavík, ef hæstv. ráðherra vildi aðeins skýra það fyrir okkur hvað það er sem gerir þessa framkvæmd einfaldari og gæti leitt til þess að dánarvottorðin bærust fyrr.

[18:48]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan er mikilvægt að sú útgáfa dánarvottorða verði skilvirkari en hún er nú og þeir sem best þekkja til mála telja að þetta sé skilvirkasta leiðin. Þetta er alveg sama leið og hefur verið farin með fæðingarvottorð en á árum áður var það sú leið sem í dag er farin með dánarvottorð og við höfum góða reynslu af því þannig að það módel er valið.

[18:48]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það auðvitað eins með blessuð litlu börnin og það fólk sem hverfur burt úr jarðlífinu að langflestir fæðast og deyja á stofnunum, hvort sem það eru sjúkrahús eða í þessu tilviki stofnanir aldraðra. Ég velti því einfaldlega fyrir mér hvort ekki væri enn þá einfaldara að viðkomandi stofnanir sæju um að koma slíkri tilkynningu á framfæri eða er kannski með því verið að taka of mikið vald af hinum nánustu? Ég velti því fyrir mér. En væri það ekki einfaldari leið? Þannig kæmust þessi vottorð miklu fyrr til skila. Væri ekki hægt að einfalda þetta enn þá meira?

[18:50]

**Guðmundur Árni Stefánsson**:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér sumpart býsna viðkvæm mál og sumpart mjög mikilvæg því að það eru margir þættir sem snerta þann atburð og þau tíðindi þegar einstaklingur skilur við. Það lýtur ekki eingöngu að erfðamálum eða eignarmálum og ekki eingöngu að tilfinningamálum heldur opinberum málum sem fyrst og síðast er fjallað um í þessu frv. til laga um dánarvottorð og raunar frv. til laga sem tekur til breytinga á ýmsum áðurgildandi lögum og þar á meðal tilskipun frá því 1819, sé ég hér í greinargerð, um skyldu manna að bjarga mönnum sem sýnast dauðir, og ýmsum öðrum lögum sem taka breytingum með samþykkt þessa lagafrv. sem hér liggur fyrir. Það eru því margir snertifletir í málinu. Fyrst örfá orð um aðdraganda málsins.

Í athugasemdum með lagafrv. kemur fram og hæstv. ráðherra hefur upplýst það að sú nefnd, sem hefur endurskoðað lögin sem til þessa máls taka var skipuð í mars 1993. Hún hefur því setið yfir þessu alllengi og er ekkert um það að segja. En það er umhugsunarefni, og það er meginástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs, að í þessari nefnd er að finna prýðilega einstaklinga, en allir koma þeir frá kerfinu. Það er líka athyglisvert í þessu frv. að sóknarprestar eru hvergi á nafn nefndir og þeir sem sálusorgarar komu hvergi að samningu þessa frv. né heldur fulltrúar skulum við segja þolenda, aðstandenda eða þeirra sem ætlað er að eiga viðskipti við opinbera aðila eftir samþykkt þessa frv.

Hér erum við því sumpart að ræða um feril máls gagnvart opinberum aðilum, lögreglu, læknum, sýslumönnum og öðrum þeim sem með yfirvöld fara og einnig samskipti þeirra við aðstandendur og venslafólk. Farið er nokkrum orðum um þá þætti mála í þessu frv. og er það vel en má þó betur gera og ég ætla að drepa á það með örfáum orðum á eftir. Einnig finnst mér vanta kannski örlítið í eða til umhugsunar, og ég kasta því til umhugsunar í nefndinni — og það er varðandi þetta viðkvæma atriði um tilkynningar til opinberra aðila, þ.e. tilkynningar til fjölmiðla, hvort það hefur verið gaumgæft og hugsað í nefndinni hvernig skuli til að mynda háttað opinberri tilkynningu um lát einstaklinga, tímafresti og annað því um líkt. Þetta er mál sem hefur verið mjög til umræðu á milli lögreglu, sjúkrahúsyfirvalda og samtaka syrgjenda einkum og sér í lagi við lögreglu og á milli þeirra og fjölmiðla. Út af fyrir sig hefur engin niðurstaða fengist en enn þá er það því miður þannig að upp koma slys í þessum efnum, með öðrum orðum að ekki hefur tekist að ná til allra aðstandenda áður en fjölmiðlar hafa farið fram og tilkynnt um lát einstaklinga. Það er spurning sem ég kann ekki heilt og gott svar við hvort þetta eigi endilega heima í þessum lögum, en í hvaða lögum þá? Ég held að það væri til umhugsunar fyrir löggjafann hvort menn settu sér ekki einhverjar vinnureglur og verklagsreglur í þeim efnum.

Það þekki ég nokkuð þegar ég vík orðum að samskiptum yfirvalda og aðstandenda og venslafólks við lát að þar er um mjög viðkvæman þátt að ræða. Á því er drepið í þessu frv. að nokkru leyti og þá einkum og sér í lagi þegar um það er að ræða að yfirvöld óska eftir réttarkrufningu. Kveðið er á um það í 7. gr. að leita þurfi samþykkis nánasta venslamanns nema ef ákveðin önnur skilyrði eru til staðar sem er að finna í 6. gr.

Ég þekki þess nokkur dæmi að yfirvaldið, og þá lögreglan í flestum tilfellum, hefur farið fram á slíkar réttarkrufningar við nánustu aðstandendur örfáum mínútum jafnvel eða

mjög stuttu eftir lát, jafnvel að í sömu heimsókninni og tilkynnt er um lát einstaklings sé farið fram á samþykki fyrir réttarkrufningu. Í þessum tilfellum eru nánustu venslamenn engan veginn í stakk búnir til að meta það með neinum rökréttum hætti hvort þeir séu tilbúnir til að veita samþykki sitt eður ei. Oftar en ekki bregðast þeir þannig við að þetta sé kannski aukaatriði í hinu stóra máli sem það er að sjá á eftir horfnum ástvin og setja því gjarnan nafn sitt á blað en eru í því hugarástandi að þeir eru engan veginn færir um að taka neinar ákvarðanir. Mér finnst því koma fyllilega til álita að löggjafinn setji ákveðinn ramma í þessu sambandi og gefi nauðsynlegt ráðrúm og tóm fyrir aðstandendur að meta það með allsæmilegri rósemd hugans hvort þeir séu tilbúnir til að veita samþykki sitt til réttarkrufningar eður ei og fái nauðsynlegan umþóttunartíma í því sambandi því að samþykki af þessum toga verður auðvitað ekki aftur tekið. Ég hef heyrt nokkur dæmi af því og þekki til þess að fólk hefur ekki jafnað sig satt að segja eftir að hafa í sjokki veitt samþykki sitt til krufningar en séð eftir því skömmu síðar en þá hafi verið of seint til að snúa þeim hlutum við.

Fáist ekki samþykki aðstandenda, þá hefur lögreglan þann möguleika að leita úrskurðar dómara ef lögreglan telur það svo brýnt að ekki verði undan því vikist að fram fari réttarkrufning. En í mörgum tilfellum er þetta engu að síður álitamál. Mér er næst að halda að í seinni tíð hafi þetta færst nokkuð í vöxt og þá ekki af þeim orsökum endilega að lögreglan telji óhreint mjöl í pokahorninu, óljóst um dánarorsök eða að einhverjar þær kringumstæður séu sem getið er um í 1. og 2. tölul. 6. gr. frv., þ.e. að dauðsfallið verði rakið til refsiverðrar háttsemi eða ekki verði með viðunandi hætti ákvörðuð dánarorsök með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun heldur sé þetta ákveðið ferli sem menn hafa kannski fetað slóð sína í og það helgast m.a. af því að læknar og heilbrigðisyfirvöld hafa í auknum mæli óskað eftir því að eiga þennan kost því að krufning er auðvitað meira en að kveða upp úr um dánarorsök heldur getur líka verið um að ræða önnur læknisfræðileg atriði sem lúta ekki beinlínis að þessum eina úrskurði. Það eru því margir aðrir þættir sem þarna spila inn í.

Það er einmitt einn af þessum þáttum sem ég vil staldra við og er óskilgreindur í frv. og er náttúrlega ekki hægt að skilja við með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og þar er um að ræða 6. gr. þar sem einfaldlega segir:

„Réttarkrufning skal gerð:" — Ég undirstrika orðið skal. Í því tilviki er ekki um það að ræða að leita þurfi samþykkis — og þó, sennilega á það þó við, en svo segir í 3. lið einfaldlega: „í öðrum tilvikum þar sem lögregla telur réttarkrufningu nauðsynlega."

Þá spyr ég: Er ekki eðlilegt að í þeim tilfellum þar sem um er að ræða mat lögreglu, að henni sé gert að rökstyðja það með einhverjum hætti til þess bæra aðila og jafnvel að þar eigi við eins og í 2. mgr. 7. gr. að hún skuli þar undantekningarlaust leita úrskurðar dómara? Maður gefur sér það auðvitað að lögreglan sækist ekki eftir þessari heimild að ástæðulausu en þá er rétt að undirstrika það að henni sé gert að rökstyðja þessa ósk sína.

Mönnum finnst kannski að ég sé að eyða tíma í lítilvægt mál en ég get fullyrt, virðulegi forseti, að hér er ekki um lítið mál að ræða fyrir fjölmarga aðila sem hafa staðið frammi fyrir þessum hlutum. Hér er um að ræða ákvarðanir sem verða ekki aftur teknar eins og ég gat um áðan.

Þessu vildi ég koma fyrst og síðast á dagskrá við 1. umr. og vil gjarnan að hæstv. ráðherra hugsi um þessa þætti málsins. Það kann að vera eins og ég gat um áðan að einhverjir aðrir lagabálkar eigi að taka frekar til þessara þátta en ég fæ þá ekki séð hvar það ætti að vera. Ég minnist þess að í *lögum um réttindi sjúklinga voru ein eða tvær málsgreinar* sem kváðu á um dauða en þar var þó ekki að finna þessa þætti sem ég geri hér að umtalsefni.

Í þessu samhengi vil ég líka drepa á það sem ég veit að hefur verið mjög til umfjöllunar í seinni tíð, og það er vel, af hálfu lögregluyfirvalda og raunar sjúkraflutningamanna sömuleiðis og slökkviliðsmanna, um hlutverk þeirra og möguleika á að veita aðstandendum fyrstu aðstoð þegar um er að ræða slys og dauða í heimahúsum. Með öðrum orðum, þegar sjúkraflutningamenn, slökkviliðsmenn og lögreglumenn hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að bjarga lífi og ekki tekst og um er að ræða dauða, þá líður gjarnan einhver tími, nokkrar mínútur stundum og klukkutímar í versta falli þar til sóknarprestur eða aðrir þeir sem til þekkja geta veitt nánum aðstandendum þá huggum og þá aðstoð sem nauðsynleg er. Ég veit að þessar starfsstéttir hafa sýnt því mikinn áhuga að fá til þess stuðning að geta gegnt þar einhverju hlutverki og veitt nánustu aðstandendum aðstoð. Þess vegna vil ég kasta því fram og spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi beint eða óbeint komið að slíkum hlutum.

Til að segja hlutina eins og þeir eru þá hitti ég að máli slökkviliðsmann um daginn sem er mikill áhugamaður um þetta og er í trúnaðarráði sjúkraflutningamanna. Hann vill kynna sér þessi mál í Kaliforníu þar sem menn eru komnir dálítið á veg í þessum efnum og er í góðu samstarfi um þau mál við sjúkrahúsprestinn á Borgarspítala. Þetta eru í sjálfu sér lítil mál en feikilega stór gagnvart þeim sem hlut eiga að máli og þetta eru mínútur sem auðvitað setja mark á viðkomandi einstakling alla ævi þannig að hér er nauðsynlegt að gæta vel að öllum þáttum.

Í þessu samhengi árétta ég einnig hvort að í þessum lögum eigi við einhver orð um það hvernig skuli reynt að tilkynna nánum aðstandendum um dauða, hver eigi að gegna því hlutverki og hvort menn þurfi til þess ákveðið hæfi. Það er auðvitað ekki sama hvernig þetta er gert. Eins og ég gat um áðan, þá er auðvitað enginn bragur á því að rannsóknarlögreglumaður komi með beiðni um krufningu í annarri hendinni og tilkynningu um dauða á vörum. Það er enginn bragur á slíkri opinberri stjórnsýslu og ég velti því fyrir mér hvort löggjöfin eða í öllu falli reglugerðarvaldið eigi ekki að gaumgæfa það og láta sig varða hvernig þau mál ganga fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vil þó rétt í bláendann lýsa yfir efasemdum mínum með nýtt hugtak hér: „dauðaskilmerki". Mér finnst þetta óskiljanlegt orð í 9. gr. þar sem sagt er að ekki megi flytja lík í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki. Dugir ekki einfaldlega að segja hér: „staðfest dauða". Þetta skilmerki bögglast aðeins fyrir mér. Það er a.m.k. hugtak sem ég þekki ekki og hef ekki heyrt áður. Það er mikilvægt í lögum af þessu tagi, eins og öllum öðrum lögum, að þar sé að finna hugtök og orð sem fólki eru töm á tungu og það fær einhvern botn í.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að hér eru í flestu slegin rétt stef og menn eru að gera þessi mál miklu mun skýrari en áður hefur verið og færa þau til nútímahorfs. En ég held að það megi samt sem áður fylla þarna inn í ákveðnar eyður sem ég hef gert að umtalsefni.

[19:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að fara yfir þessi mál sem hér liggja fyrir. Hann kom fyrst inn á nefndarskipan, þ.e. hvernig hún hafi verið á sínum tíma og bendir réttilega á að nefnd sem átti að endurskoða frv. sem hér er til umfjöllunar var skipuð fyrst í mars 1993. Það starf lá niðri þar til í mars 1995 en síðan hafa margir komið að þessu máli og ég tel að hér sé um mjög vandað frv. að ræða.

Hv. þm. ræddi um sálusorgun og tilknynningu andláts og hann saknaði þess jafnvel úr þessu frv. að ekki skuli vera kveðið á um það. Þetta frv. kveður fyrst og fremst á um form. En það sem hv. þm. minntist á er kveðið á um í lögum um réttindi sjúklinga að nokkru leyti en að öðru leyti er ávallt höfðað til skynsemi heilbrigðisstarfsmanna, skynsemi presta og þeirra sem standa frammi fyrir því að tilkynna að lát hafi borið að höndum. Það er mjög erfitt að setja nákvæma löggjöf um þessi efni því það er ávallt undir þeim komið sem ber þá ábyrgð að standa í þeim sporum að gera það skynsamlega. Ég veit að það er rétt sem hv. þm. sagði áðan að oft hafa þessir hlutir mátt fara betur. En ég held að það sé sama hvað standi í lögum og reglum ef einstaklingurinn sem stendur í þessum sporum hefur ekki tilfinningu fyrir því.

Hv. þm. kom inn á að slökkviliðsmenn hafi haft samband við hann og sýnt mikinn áhuga á því að efla áfallahjálp. Ráðuneytið hefur einmitt styrkt slökkviliðsmenn til þess og þeir gáfu út mjög vandaðan bækling ekki alls fyrir löngu sem fleiri en slökkviliðsmenn hafa síðan notið. Ég held einmitt að reynsla manna sé besta veganestið og það að fólk geti tekið þátt í sorg þeirra sem þeir þurfa að tilkynna þannig að ég treysti því ekki að föst lög og fastar reglur um það hvernig beri að haga sér varðandi syrgjendur mundu fullnægja þeirri þörf sem er í þeim efnum.

Ég þakka hv. þm. fyrir þær athugasemdir sem hann gerði og ég held að þær séu ágætisveganesti inn til heilbr.- og trn.

[19:09]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi bara árétta að vangaveltur mínar voru ekki hugsaðar á þann veg að við ættum að skrifa niður í lagatexta hvað menn ættu að segja og hvernig þeir ættu að haga sér við tilkynningu andláts. Ég var hins vegar að koma að því að mér er kunnugt um — og menn mega ekki horfa eingöngu á höfuðborgarsvæðið í því sambandi — að víða úti um land er gangur þessara mála dálítið mismunandi. Það sem ég var einfaldlega að segja er að hér er verið að koma skikk á og formfesta ákveðinn farveg sem til verður við andlát. Og af hverju ekki þá líka að menn segi hver skuli gegna því hlutverki til að mynda og undir hvaða formerkjum, að tilkynna um andlát til næsta venslamanns? Í 7. gr. er m.a. kveðið á um hvernig skuli haga málum þegar nánasta venslamanni er tilkynnt um nauðsyn réttarkrufningar. Hér er með öðrum orðum auðvitað verið að kveða á um samskipti opinberra aðila og einstaklinga og það er í þessu samhengi sem ég sagði: Hvers vegna þá ekki að gera það eilítið víðfeðmara og fara nokkrum orðum um það hvernig löggjafinn sér gang þeirra mála fyrir sér varðandi fyrstu félagslega aðstoð við andlátstilkynningu? Nú er gangur þessara mála kannski svipaður á flestum stöðum en þó ekki alls staðar. Hér er til að mynda ekki getið um hvort sóknarprestur gegni einhverju hlutverki. Og það eru ekki svör, virðulegi forseti, að lög um réttindi sjúklinga veiti svör við þessum vangaveltum mínum. Þau gera það ekki. Ég ræddi þau mál eilítið við þá lagasmíð og vakti einmitt athygli á ýmsum þeim atriðum sem ég var að nefna til sögunnar.

Ég heyrði það ekki hjá hæstv. ráðherra, það hefur kannski farið fram hjá mér, en spurning mín var þessi: Finnst hæstv. ráðherra, og nefndinni kannski ekki síður, mikilvægt að a.m.k. verði um tvær heimsóknir að ræða, tilkynning um lát og ósk um réttarkrufningu?

[19:11]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þm. hafi komið með mjög mikilvægar ábendingar sem rétt sé að skoða í heilbr.- og trn.

[19:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst margt mjög athyglisvert koma fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og hjá mér vaknaði spurning sem mig langar að beina til hæstv. heilbrrh. en ég veit auðvitað ekki hvort hún hefur svör við henni. Er til einhver úttekt á því hvernig krufningum hefur verið beitt hér? Kannaði nefndin það? Er t.d. algengt að fólk sem deyr af slysförum sé almennt krufið? Hefur þetta verið kannað? Byggjast þær breytingar sem hér er verið að gera á þessum lögum á einhverri könnun á því hvernig þetta hefur verið í reynd?

[19:12]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. um krufningar þá hafa að sjálfsögðu gilt ýmsar reglur um krufningar. Hér er verið að gera þessar reglur mun skýrari en þær áður hafa verið. En til eru nákvæmar skýrslur um allar krufningar sem gerðar eru í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áfengis- og vímuvarnaráð, 1. umr.*

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814.

[19:13]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem lagt er fyrir Alþingi á þskj. 814. Frv. er að mestu samhljóða frv. um sama efni sem lagt var fyrir hv. Alþingi á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Fyrra frv. var samið af nefnd ráðuneyta sem skipuð var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að vinna að samræmingu aðgerða vegna áfengis- og fíkniefnavarna. Nefndin undirbjó stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki sem samþykkt var í ríkisstjórn 3. desember 1996 og skilaði samhliða frv. því sem þá var lagt fram. Hvort tveggja, stefnumörkun í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum og frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, ber merki aukinnar áherslu stjórnvalda á áfengis- og vímuefnavarnir auk þess sem fjármagn til þessa málaflokks hefur aukist verulega á síðustu tveimur árum.

Í febrúar 1997 undirritaði ríkisstjórnin samstarfssamning við Reykjavíkurborg og samtök evrópskra borga gegn eiturlyfjum um áætlunina Ísland án eiturlyfja 2002.

Undir því kjörorði hafa fjölmörg verkefni verið unnin samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun með það að markmiði að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta takmark að leiðarljósi. Þá hefur Forvarnasjóður stutt myndarlega við félagasamtök og áhugahópa í baráttunni gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Frv. það sem mælt er fyrir er unnið á vegum ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðun á fyrirkomulagi áfengismála í landinu og samhliða eru lögð fram frv. til áfengislaga og frv. til breytinga á lögum um gjald af áfengi. Jafnframt er lagt fram frv. til breytinga á lögreglulögum varðandi eftirlit með áfengi og áfengisauglýsingum.

Neysla áfengis og annarra vímuefna, sérstaklega meðal unglinga, og þau víðtæku vandamál sem tengjast slíkri neyslu hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Dæmi eru sögð af hræðilegum atburðum og mannlegri niðurlægingu sem hin ógæfusömu ungmenni lenda í. Spurt er hvar okkur hafi mistekist og hvar megi gera betur.

Svarið við því er að sjálfsögðu margþætt en megináhersla sem ríkisstjórnin hefur markað, m.a. með auknu fjármagni, er að styrkja og efla tóbaks-, áfengis- og vímuefnavarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og birtist það skýrt í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki sem prentuð er sem fylgiskjal með frv. Slíkar forvarnir geta ekki verið sérstakt verkefni stjórnvalda einna. Það þarf meira til og hefur á síðasta ári verið unnið að því að sameina krafta áhugafólks, félagasamtaka og opinberra aðila í forvörnum.

Ég bendi sérstaklega á hlutverk foreldra, áhugamanna og félagasamtaka sem vinna stöðugt mikið starf í beinum vímuefnavörnum og hafa náð verulegum árangri í að breyta hugarfari og gera börnum og ungmennum grein fyrir hættunni sem fylgir neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Á síðasta ári voru tilkynntar niðurstöður úr könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir áfengisvarnaráð þar sem kom m.a. fram að árið 1996 virtust unglingar byrja mun seinna að neyta áfengis en 1994 og mun fleiri neyttu alls ekki áfengis. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þeirrar staðreyndar að þeir sem hefja áfengisneyslu ungir neyta í flestum tilfellum meira áfengis en aðrir og ekki síður að rannsóknir hafa sýnt fram á að unglingar sem byrja áfengisneyslu ungir eru í mun meiri hættu á að verða misnotkun að bráð en sá sem byrjar seint að neyta áfengis. Því er mjög mikilvægt að vinna að því með öllum mögulegum aðferðum að koma í veg fyrir neyslu unglinga á áfengi og a.m.k. að seinka upphafi neyslu eins og mögulegt er.

Nýlega hafa hins vegar birst einnig niðurstöður kannana sem sýna að neysla unglinga á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum fer vaxandi. Í sama farveg renna upplýsingar, m.a. frá SÁÁ, um að ungmenni sem lagst hafa inn til meðferðar á Vogi séu verr á vegi stödd nú en áður bæði að því er varðar áfengi og önnur vímuefni. Það er vissulega harmleikur sem bregðast verður við þegar börn niður í 13 ára aldur bera öll merki þess að vera líkamlega háð áfengi og öðrum fíkniefnum. Við þessu verður að bregðast. Sölumenn dauðans mega ekki vera látnir afskiptalausir.

Í frv. því sem mælt er fyrir er kveðið á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja varnir með sérstakri áherslu á börn og ungmenni og sporna *við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.* Ég tel mjög mikilvægt að tengja með þessum hætti saman baráttuna gegn neyslu ungmenna á áfengi og baráttu gegn neyslu annarra vímuefna enda eru markhóparnir svipaðir að því er varðar forvarnir og sýnt hefur verið fram á að sterk tengsl eru á milli neyslu áfengis og byrjunar á neyslu annarra vímuefna.

Í frv. til áfengislaga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að starfsemi áfengisvarnaráðs verði lögð niður og hinu nýja ráði falin þau verkefni sem það hefur hingað til annast ásamt fíkniefnavörnum. Í því frv. er fjallað um lagaskil, breytingar og brottfall lagaákvæða sem eru ekki í frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Með þessu tel ég tryggt að reynsla sú sem er innan áfengisvarnaráðs nýtist áfram inn í hið nýja áfengis- og vímuvarnaráð og nauðsynlegt að starfsemin sé samfellt tryggð.

Markmiðið með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu með öllum mögulegum aðferðum og með samstilltu átaki allra sem vinna að áfengis- og vímuefnavörnum. Þá er ráðinu sérstaklega ætlað að beita sér fyrir samræmingu og samvinnu þeirra sem vinna að forvörnum. Samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að í ráðinu sitji fulltrúar sjö ráðherra auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga undir forustu fulltrúa heilbrrh. *Þannig er reynt að tryggja að öll ráðuneyti sem áfengis- og* vímuefnavarnir falla að einhverju leyti undir tilnefni fulltrúa til setu í ráðinu auk fulltrúa sveitarfélaganna sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna í vímuefnavörnum.

Um verkefni ráðsins er fjallað í 3. gr. frv. en það mótast af því að ráðinu er ekki ætlað að yfirtaka verkefni annarra aðila sem eru að vinna að forvörnum í dag heldur beita sér fyrir aukinni samvinnu og samhæfingu þeirra aðila sem vinna að þeim jafnframt að hafa frumkvæði og tryggja virkt og öflugt forvarnastarf gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að heilbrrh. ráði framkvæmdastjóra ráðsins að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs en framkvæmdastjóri sem stýrir daglegri starfsemi ráði annað starfsfólk.

Árlegt ráðstöfunarfé ráðsins til að sinna verkefnum sínum verður af þrennum toga. Það er forvarnasjóður samkvæmt lögum um gjald af áfengi, viðbótarfjárveitingar sem Alþingi kann að ákveða með fjárlögum hverju sinni og framlög annarra aðila svo sem fyrirtækja sem vilja leggja vímuvörnum lið.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júní nk.

Í lokin vil ég, virðulegi forseti, benda á tengsl frv. þessa við frv. til áfengislaga.

Virðulegi forseti. Ég tel að með frv. þessu sé lagður fram góður rammi að starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs sem reynslan á eftir að fylla út í og því ekki ástæða til að hafa lagatextann mjög ítarlegan. Þetta frv. er liður í framkvæmd ríkisstjórnarinnar í stefnu sinni í vímuvarnamálum og mikilvægt tæki til samræmingar og samhæfingar á þessu mikilvæga sviði. Ég vænti þess að um málið muni ríkja sátt á Alþingi og samþykkt frv. í fyllingu tímans verði heillaspor í baráttunni gegn þeim mikla vágesti sem neysla vímuefna og ofnotkun áfengis er í þjóðfélagi okkar.

Að lokinni umræðunni geri ég það að tillögu minni, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til meðferðar heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Kosningar til sveitarstjórna, 2. umr.*

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 257, nál. 827, brtt. 828 og 840.

[19:24]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna en undir álitið rita allir nefndarmenn, þó tveir með fyrirvara, þau Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Með frumvarpi þessu er lagt til að um kosningar til sveitarstjórna gildi ein lög og er þar m.a. fylgt fordæmi annarra Norðurlanda. Áfram munu þó gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis um atkvæðagreiðslur utan kjörfunda. Þetta fyrirkomulag þykir vera til þess fallið að auðvelda hinum almenna borgara sem valinn er í kjörstjórn starf sitt. Núna er framkvæmdin sú að um kosningar til sveitarstjórna gilda annars vegar ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, og hins vegar ákvæði III. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Það er því ein meginbreytingin, hæstv. forseti, að frá og með samþykkt þessa frv. verða lög um kosningar til sveitarstjórna í einum lagabálki.

Við samningu frumvarpsins var fyrst og fremst stuðst við fyrrgreind sveitarstjórnarlög og lög um kosningar til Alþingis. Nefndin, sem samdi upphaflega frumvarpið, fór þá leið að eyða öllum mun á kröfum til sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Það þýðir m.a., hæstv. forseti, að frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum verður kosið sama daginn um allt land. Þá var viðmiðunardagur kjörskrár færður frá því að vera fimm vikum fyrir kjördag í þremur vikum fyrir, sbr. 5. gr. Sá sem sæti á í kjörstjórn skal ætíð víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. Almenna reglan verður sú að í sveitarfélögum verði bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar, sbr. 19. gr. Framboðsfrestur verður þrjár vikur í stað fjögurra, sbr. 20. gr., og kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags, sbr. 42. gr.

Félagsmálanefnd komst að þeirri niðurstöðu að þær breytingar sem nefndin, sem samdi frv., lagði til væru algerlega ófullnægjandi. Félagsmálanefnd ákvað að gera verulegar breytingar á frumvarpinu og færa lögin til nútímahorfs þannig að mið verði tekið af reynslu undanfarinna ára og framkvæmd kosninga gerð auðveldari.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í þingskjali 828. Nefndin hefur gert breytingar á uppsetningu frumvarpsins svo að sem eðlilegast samræmi sé milli greina. Breytingar þessar hafa ekki áhrif á efni frumvarpsins. Áður en ég kem að helstu efnisbreytingum vil ég taka það fram, hæstv. forseti, að við samningu þessara breytingartillagna var haft samráð m.a. við dómsmrn. en það er ljóst að á næstu mánuðum eða næstu vikum mun nefnd hefja störf sem fær það verkefni að endurskoða lögin um kosningar til Alþingis og ég hygg að það starf sem unnið var varðandi breytingar á þessu frv. muni nýtast þeirri nefnd.

Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi, og ég verð að gera grein fyrir þessu rækilega, hæstv. forseti, því að hér er margt sem þarf að skýra:

1. Lögð er til viðbót við 1. gr. þar sem rétt þykir að kveða á um að félagsmálaráðuneytið skuli auglýsa formlega að almennar sveitarstjórnarkosningar skuli fara fram. Þótt lög segi hver kjördagurinn skuli vera þarf að ákveða kjördaginn formlega og þykir rétt að gera það með auglýsingu, m.a. með hliðsjón af því hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla má hefjast skv. 42. gr. sem verði 43. gr.

Hér er því við að bæta, hæstv. forseti, að í frv. er gert ráð fyrir því að almennar sveitarstjórnarkosningar verði síðasta laugardag í maímánuði en sá dagur getur einstaka sinnum rekist á hvítasunnuna, eins og mun gerast nú í vor, og því færist kosningardagurinn til og því er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um hvernig eigi að auglýsa kjördag.

2. Lögð er til breyting á 1. mgr. 2. gr. sem fjallar um kosningarrétt þar sem ekki þykir nægilega skýrt tekið fram í ákvæðinu að kosningarréttur sé bundinn við það sveitarfélag þar sem viðkomandi á lögheimili.

3. Í 3. mgr. 2. gr. er lagt til að vísað verði til 1. mgr. 2. gr. um aldur og lögheimili í sveitarfélagi eins og gert er í 2. mgr. greinarinnar.

4. Lögð er til breyting á 3. gr. sem fjallar um kjörgengi. Rétt er að binda kjörgengi með skýrari hætti við lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Tilvísun til 2. gr. eins og hún er nú tryggir það ekki.

5. Lagt er til að við 7. gr. bætist að kjörskrá sé staðfest af sveitarstjórn. Nefndin telur að hér sé um nauðsynlegt formskilyrði að ræða, þ.e. að sveitarstjórn taki kjörskrá til umfjöllunar á fundi.

6. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 8. gr., þar sem fram komi að félagsmálaráðuneytið skuli birta almenna auglýsingu um að kjörskrár skuli lagðar fram og um kærufrest, svo sem segir í 20. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987. Þar með þurfa sveitarstjórnir aðeins að auglýsa framlagningarstað.

Þetta þýðir, hæstv. forseti, að birt verður almenn auglýsing fyrir allt landið frá félmrn. en síðan getur hver sveitarstjórn haft sinn hátt á að auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi.

7. Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 8. gr. sem verði 9. gr. og samkvæmt henni skal sveitarstjórn nú ætíð auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi.

Í frv. var gert ráð fyrir því að íbúar sveitarfélags vissu hvar venjan er að birta opinberar auglýsingar og er gert ráð fyrir því að jafnvel þyrfti ekki að auglýsa hvar kjörskrá liggi frammi en nefndinni finnst rétt að ætíð beri að auglýsa það tryggilega.

8. Lagt er til að í 3. mgr. 9. gr., sem verði 10. gr., sé tekið fram að breytingar geti einnig orðið á dönsku, finnsku, norsku eða sænsku ríkisfangi, jafnframt því íslenska, sem þá er hægt að leiðrétta fram á kjördag.

Hér er verið að færa lögin að breytingum sem áttu sér stað fyrir alllöngu þegar finnskum, dönskum, norskum og sænskum ríkisborgurum var tryggður réttur til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum, en sá réttur nær ekki til annarra erlendra ríkisborgara.

9. Lagt er til að 2. mgr. 12. gr., sem verði 13. gr., falli brott. Miðað við nútímasamgöngur er ákvæði þetta talið óþarft.

Hér er vísað til þess, hæstv. forseti, að frv. gerði ráð fyrir því og þannig var það í lögunum áður, að í sveitarfélögum þar sem kjördeildir eru færri en fjórar eigi 15 kjósendur rétt á að biðja um sérstaka kjördeild en þetta fannst okkur í hv. félmn. óþarfi þar sem varla þyrfti að gera ráð fyrir því að svo erfitt væri að komast á kjörstað.

10. Lagt er til að við 3. mgr. 12. gr., sem verði 13. gr., bætist sá möguleiki að hægt sé að kenna kjördeild við kjörstað.

Hér er verið að taka mið af því hvað kjördeildum hefur víða fjölgað þótt grundvallarreglan sé sú að ganga út frá því að um eina kjördeild sé að ræða.

11. Lögð er til breyting á 13. gr., sem verði 14. gr., en hún fjallar um kjörstjórnir og undirbúning kosninga. Í stað 1.–3. mgr. er lagt til að komi fimm nýjar málsgreinar með einfaldari og skýrari framsetningu en nú. Bætt er við ákvæði um hverfiskjörstjórnir sem starfa þar sem fleiri en ein kjördeild er á sama kjörstað. Auk þess er kveðið á um að kjörstjórnarmenn skuli hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu.

Með þessu er einnig verið að koma til móts við þá þróun sem átt hefur sér stað hvað varðar fjölgun kjördeilda og þar með kjörstjórna.

12. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 14. gr., sem verði 15. gr., að skilyrði um að gerðabækur þær sem sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té skuli vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda verði fellt brott. Formfesta þessi varðandi gerðabækurnar er talin óþörf og í framhaldi af því bætt við ákvæði um að sérstök eyðublöð geti jafnframt komið í stað þeirra hjá undirkjörstjórnum og hverfiskjörstjórnum.

Hér er því við að bæta að þannig hefur þetta verið framkvæmt m.a. hér í Reykjavík um allnokkurt skeið og þetta ákvæði um gerðabækur því orðið úrelt en gert er ráð fyrir því að yfirkjörstjórn haldi sérstaka gerðabók yfir kosningarnar.

13. Lögð er til sú breyting á 15. gr., sem verði 16. gr., að bætt er við til frekari skýringar að ákvæði 1. mgr., eins og greininni verður breytt, eigi við um bundnar hlutfallskosningar. Að lokum eru í 2. mgr. taldar upp ítarlegri vanhæfisástæður kjörstjórnarmanna.

Rétt er að bæta því við, hæstv. forseti, að hér var tekið mið af stjórnsýslulögum.

14. Í 21. gr., sem verði 22. gr., eru lagðar til breytingar á fjölda meðmælenda eftir stærð sveitarfélaga. Í stað þess að hafa sveitarfélög með 2.001–16.000 íbúa í sama flokki er lagt til að í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa þurfi að lágmarki 40 meðmælendur, í sveitarfélögum með 10.001–50.000 þurfi 80 meðmælendur og í sveitarfélagi með 50.001 íbúa og fleiri þurfi að lágmarki 160 meðmælendur.

Hér verð ég að skýra, hæstv. forseti, að samkvæmt núgildandi lögum er varla að sjá neina lógík í fjölda meðmælenda eða hvað ræður skiptingunni, og þau sjónarmið komu fram m.a. frá Reykjavíkurborg að þær kröfur sem þar væru gerðar til meðmælenda, í sveitarfélagi sem hefur yfir 100.000 íbúa, væru of litlar, þ.e. að þetta væri allt of lág tala. Nefndin var þó ekki tilbúin til að hækka tölu meðmælenda verulega en eftir samráð við stærðfræðing og sérfræðing nefndarinnar var tekin upp sú regla að við hvern flokk fjölgar tölu meðmælenda um helming þannig að talan er 10, 20, 40, 80 og 160 og þarna fannst okkur vera komin einhver lógík í tillöguna.

15. Lögð er til sú breyting á 23. gr., er verði 24. gr., að í stað þess að yfirkjörstjórn haldi fund á næsta virkum degi eftir að frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð verði haldinn fundur næsta dag án tillits til hvort sá dagur er frídagur.

Þessi breyting stafar af því m.a. að verið er að stytta framboðsfrestinn og því getur munað um hvern dag og er ekki annað eðlilegt en strax verði skorið úr því hvort framboð eru lögleg.

16. Lögð er til einföldun á orðalagi 33. gr. er verði 34. gr.

17. Í 1. málsl. 2. mgr. 36. gr., sem verði 37. gr., er lögð til ítarlegri skýring á útliti framboðslista við prentun þeirra hvað varðar lágmarksbreidd fyrir hvern lista.

18. Í 3. mgr. 36. gr., sem verði 37. gr., er lagt til að auk þess að geta þess um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri skuli jafnframt tekið fram að einnig geti verið um að ræða annað framboð en frá stjórnmálasamtökum. Ástæða þess er sú að þeir sem standa að framboði til sveitarstjórna fullnægja naumast alltaf kröfum til að teljast stjórnmálasamtök.

Nefndinni fannst rétt að leggja til þessa breytingu, hæstv. forseti, þar sem þess eru mörg dæmi að ýmsir aðilar hafa tekið sig saman um framboð, jafnvel aðilar sem eru alls óskyldir stjórnmálasamtökum.

19. Í 40. gr., sem verði 41. gr., er lagt til að í stað orðsins „hreppstjórar" komi orðin „eða fulltrúar sýslumanna" og þannig geti aðrir fulltrúar sýslumanna en hreppstjórar varðveitt milli kosninga þá atkvæðakassa sem notaðir eru við kosningarnar.

20. Í 1. mgr. 42. gr., sem verði 43. gr., er lögð til einföldun á orðalagi þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Þá bætast við tvær nýjar málsgreinar þar sem lögin þurfa að taka á því tilviki að kosningar kunni að verða ákveðnar þannig að ekki verði átta vikur til kjördags, t.d. þegar kosning hefur verið úrskurðuð ógild eða fram fara kosningar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Jafnframt er tekið skýrt fram hvernig atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram þegar kosning er óbundin.

21. Í 2. mgr. 42. gr., sem verði 4. mgr. 43. gr. og fjallar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, er lagt til að bætt sé við að eftir því sem við eigi verði farið eftir lögum um kosningar til Alþingis því að nauðsynlegt er að hafa í huga að ekki er líklegt að unnt verði að tryggja að við hinar ýmsu aukakosningar sem lögunum mun verða beitt um geti atkvæðagreiðsla utan kjörfundar farið fram hjá öllum kjörstjórum, svo sem í skipum, hjá kjörræðismönnum eða á öðrum stöðum erlendis á sama hátt og við almennar kosningar.

22. Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 43. gr., sem verði 44. gr., að skilyrðislaus skylda verði að auglýsa kjörstað almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara. Ákvæði núgildandi laga um að slíkt þurfi ekki sé kjörstaður öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur þykir óljóst og því eðlilegra að kjörstað skuli auglýsa án undantekninga.

Þetta er í samræmi við breytingu sem ég gerði grein fyrir hér fyrr.

23. Í 1. mgr. 44. gr., sem verði 45. gr. og fjallar um kjörklefa, er lögð til einföldun á orðalagi. Ítarleg útskýring í 1. og 2. mgr. 44. gr. núgildandi laga á því hvernig tjaldað skuli fyrir klefana svo ekki fáist séð inn í þá ásamt fleiri lýsingum eru taldar óþarfi. En þær áttu sér ákveðin rök á sínum tíma.

24. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 46. gr., sem verði 47. gr., að meginreglan verði sú að kjörfund skuli setja á kjörstað kl. 9 árdegis en að yfirkjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

Hér er því við að bæta, hæstv. forseti, að meginreglan nú er sú að kjörfundur hefjist kl. 12 á hádegi en að það megi hefja hann kl. 9 En nefndinni fannst rétt að miða við þann veruleika sem blasir við miklum meiri hluta landsmanna og að kjörfundur skuli almennt hefjast kl. 9.

25. Lagðar eru til breytingar á 54. gr. sem verði 55. gr. Orðalag 1. málsl. er einfaldað en jafnframt er því bætt við að hægt sé að framvísa kennivottorði til að sanna á sér deili jafnframt því sem áfram verði notast við nafnskírteini. Með kennivottorði er þá átt við önnur persónuskilríki, svo sem ökuskírteini, vegabréf og greiðslukort með mynd. Þá er gerð sú breyting á 2. málsl. að í stað þess að oddviti afhendi kjósanda kjörseðil geti það verið hvaða fulltrúi í kjörstjórn sem er.

Í þessum lið, hæstv. forseti, er verið að taka mið af breytingum sem orðið hafa og þeirri staðreynd að mikill fjöldi manna á ekki einu sinni nafnskírteini og hér er lagt til að önnur skírteini eða jafnvel kort eins og greiðslukort séu tekin gild þegar fólk þarf að sanna hver í hlut á.

26. Í 2. mgr. 55. gr., sem verði 56. gr., er lögð til breyting á 3. málsl. Greinin fjallar um rétt manns til að kjósa þó svo að hann sé ekki á kjörskrá ef hann getur framvísað ákveðnu vottorði máli sínu til stuðnings. Lagt er til að niður falli ákvæði um að vottorð sé einnig gilt sé það undirritað af sveitarstjórn í því sveitarfélagi þar sem kjósandi er á kjörskrá enda er aðeins um eitt sveitarfélag að ræða. Jafnframt sé málsliðnum breytt þannig að það sé oddviti eða framkvæmdastjóri sveitarstjórnar sem geti undirritað slíkt vottorð. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 4. málsl.

Þarna er verið að auðvelda fólki að kjósa þó að eitthvað sé óljóst um hvar viðkomandi á að kjósa.

27. Lagt er til að 4. mgr. 58. gr., sem verði 59. gr., falli brott. Ákvæðið fjallar um hvenær skuli ekki meta atkvæði ógilt. Efnisregla þessi kemur fram í X. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið í 77. gr., sem verði 79. gr., og er því óþarft að tvítaka það.

28. Lagt er til að 67. gr. færist, ásamt kaflafyrirsögn X. kafla, og verði 75. gr. þar sem greinin á þar betur heima. Þá er lagt til að í 1. málsl. 1. mgr. sé gert ráð fyrir að kjördeild geti verið ein og því sé rétt að bæta því við, þar sem segir að yfirkjörstjórn skuli með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þess að hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin, að það sé gert nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar.

29. Lagt er til að við 73. gr., sem verði 72. gr., sé bætt nýrri málsgrein þess efnis að undirkjörstjórn geti afhent yfirkjörstjórn ákveðin kjörgögn óinnsigluð að viðstöddum umboðsmönnum lista ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis. Ákvæði þetta er samhljóða 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis.

30. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 73. gr., þar sem fjallað er um að kanna skuli hvort samræmi sé milli tölu kjósenda í kjördeildarbókum og afhentra atkvæðaseðla.

31. Í 74. gr., sem verði 76. gr., er lagt til að á eftir orðinu „stjórnmálasamtökum" í 2. mgr. komi orðin „eða tengda listunum" þar sem framboð þurfa ekki ætíð að tengjast stjórnmálasamtökum.

Tengist þetta einnig brtt. sem ég gerði hér áður grein fyrir.

32. Lagðar eru til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. 75. gr., sem verði 77. gr., og fjallar um opnun atkvæðakassa við lok kosninga, þar sem hafa ber í huga að um er að ræða kosningu í einu sveitarfélagi og oft er einungis um að ræða eina kjördeild. Þá fer talning fram í beinu framhaldi af því að kosningu lýkur. Þá þarf að gera ráð fyrir að yfirkjörstjórn, þar sem eru margar kjördeildir, hafi borist utankjörfundaratkvæði. Þá er lagt til að ákvæði 1. mgr. 82. gr. um talningu við óbundna kosningu verði flutt fram í 75. gr., sem verði 77. gr., og verði 3. mgr.

33. Lagt er til að í 77. gr., sem verði 79. gr., bætist ný málsgrein um mat á gildi atkvæða við óbundnar kosningar. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til að tryggja réttarstöðu þeirra í þessum tilvikum. Hér er um það að ræða, hæstv. forseti, að meta atkvæði gilt ef ljóst er við hvern er átt, hvern kjósandinn er að kjósa.

34. Lagt er til að 84. gr. verði 83. gr. og jafnframt sé bætt við greinina ákvæði um söfnun og varðveislu kjörskráa.

35. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 84. gr., þar sem sérstaklega er tekið fram að tilkynna skuli úrslit kosninga og geta þess sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir. Hér verð ég að skýra það, hæstv. forseti, að í gildandi lögum er hvergi kveðið á um að það beri að tilkynna úrslit kosninga. Nú má kannski segja að það liggi í hlutarins eðli en til þess að öll framkvæmd sé rétt og einnig vegna þess að það er mat nefndarinnar að það beri að tíunda sérstaklega auða seðla og að kjósendur séu að lýsa yfir sérstökum vilja með því að skila auðum seðlum, þá beri að tilkynna það sérstaklega.

36. Lagt er til að 2. mgr. 82. gr. verði með lagfæringu á orðalagi að 1. mgr. 87. gr. Þá er orðalag í upphafi 1. mgr. sem verður 2. mgr. gert skýrara.

37. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 88. gr. um að yfirkjörstjórn skuli senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublöð er Hagstofan lætur í té, samanber ákvæði í 117. gr. laga um kosningar til Alþingis.

38. Lögð er til breyting á 1. og 2. mgr. 85. gr., sem verður 1. mgr. 89. gr., þannig að það sé yfirkjörstjórn í stað undirkjörstjórnar sem boðar til kjörfundar að nýju ef kosning hefur farist fyrir af óviðráðanlegum orsökum. Þá er jafnframt lögð til sú breyting í 3. mgr. 85. gr., sem verði 2. mgr. 89. gr., að það sé yfirkjörstjórn sem getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef um óviðráðanlegar ástæður er að ræða.

39. Lögð er til sú breyting á 86. gr., sem verði 90. gr., að skýrt sé tekið fram að það sé sitjandi sveitarstjórn sem í samráði við yfirkjörstjórn boðar til nýrra kosninga í sveitarfélagi ef nauðsynlegt verður að kjósa á ný. Og það ræðst af því hvort ný sveitarstjórn hefur tekið við eða hvort sú gamla situr hver er þessi sitjandi sveitarstjórn. Þarna er verið að gera þetta ákvæði skýrara.

40. Í 88. gr., sem verði 92. gr., er lagt til að a- og b-liður falli brott. Ákvæði þessi voru sett í upphafi aldarinnar til að vernda kjósendur gegn því sem þá var talinn óæskilegur kosningaáróður. Í dag er ekki farið eftir þessum ákvæðum og þau í raun þverbrotin án þess að gripið sé til viðeigandi viðurlaga, samanber refsiheimild c-liðar 98. gr. laganna. Það er því skoðun nefndarinnar að ákvæðin séu úrelt. Það þarf ekki annað en að lesa greinina, hæstv. forseti, eins og hún birtist í upphaflegu frv. og bera saman við það sem við höfum séð á undanförnum vikum og eflaust mun verða fram undan í komandi sveitarstjórnarkosningum að þessi ákvæði eru algjörlega úrelt og er sjálfsagt að afnema þau.

41. Í 91. gr., sem verði 95. gr., er lagt til að við bætist nýr málsliður þar sem ástæða þykir til að taka fram að jafnframt því sem yfirkjörstjórn gefur út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og til jafnmargra varamanna skuli hún einnig ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.

42. Lagt er til að c-liður 98. gr., sem verði 102. gr., falli brott með vísan til þess sem fyrr segir um breytingu á 88. gr. um óleyfilegan kosningaáróður. Þessi grein kveður á um refsingar við ólöglegum kosningaáróðri og þarna þarf að samræma á milli.

Þar með hef ég gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem nefndin leggur til. Þær eru mjög viðamiklar, hæstv. forseti, og eins og ég nefndi í upphafi máls míns hygg ég að þær breytingar, sem við leggjum til á frv., muni verða veganesti þeirri nefnd sem dómsmrh. er að setja á laggir og fær það verkefni að endurskoða lög um kosningar til Alþingis en vissulega er ákveðinn munur á kosningum til sveitarstjórna og til Alþingis bæði hvað varðar bundnar og óbundnar kosningar og ýmis önnur framkvæmdaratriði.

Ég vil að lokum geta þess að við meðferð málsins voru uppi allnokkur álitaefni og nokkur atriði sem nefndin ákvað að hreyfa ekki við. Í fyrsta lagi hafa verið býsna skiptar skoðanir innan nefndarinnar hvað varðar þá tímafresti sem eru lagðir til í frv. en ákveðið var að snerta ekki við þeim. Sérstaklega hefur verið gerð athugasemd við það ákvæði sem er nokkuð sérstakt varðandi sveitarstjórnirnar að ný sveitarstjórn tekur ekki við völdum fyrr en 15 dögum eftir kosningar. Þetta gagnrýna sumir og telja eðlilegt að það beri að nota sömu reglu og við alþingiskosningar að nýkjörið þing fái þegar umboð og það sama eigi að gilda um sveitarstjórnir, en þetta hefur verið rökstutt með því að sveitarstjórnir þurfi oft að fá tíma til þess að skipta með sér verkum, skipa í nefndir og fleira slíkt og að svo stöddu leggjum við ekki til breytingar á þessu.

Þá eru ákvæði bæði hvað varðar atkvæðakassa og ákvæði um ritblý og fleira sem eru býsna gamaldags en ég held að við látum nefnd dómsmrn. um að skoða þessi ákvæði betur. Sömu atkvæðakassarnir eru notaðir í kosningum til sveitarstjórna og til Alþingis og því eðlilegt að þetta sé samræmt. En kvartað hefur verið yfir því að þeir atkvæðakassar sem nú eru notaðir séu mjög þungir. Það þurfi fíleflda lögregluþjóna til að koma þeim á milli staða og þetta sé óþarflega óhentugt.

Þá vil ég allra síðast nefna eitt atriði sem snertir það hvort hér væri tímabært að auka réttindi útlendinga, þ.e. útlendinga sem hafa verið búsettir á Íslandi um nokkurt skeið, hugsanlega þrjú til fimm ár, hvort ástæða væri til að auka þennan rétt til annarra, t.d. íbúa frá Evrópska efnahagssvæðinu, en þetta atriði er í raun og veru algerlega órætt hér á landi og verður því að bíða betri tíma.

Í vinnu hv. félmn. var nefnt hvort þær breytingar sem við leggjum til væru aðeins til bráðabirgða, hvort verið væri að tjalda til einnar nætur. Það kann að koma í ljós að vinna við breytingarnar á lögunum um kosningar til Alþingis muni leiða til frekari breytinga á þessum lögum en ég hygg þó að fyrst og fremst sé verið að færa þessi lög nær nútímanum, gera þau skýrari, gera þau auðveldari í framkvæmd og að laga þau að þeim breytingum sem hafa orðið í stjórnmálum og stjórnmálastarfi á undanförnum áratugum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:54.

# 75. FUNDUR

miðvikudaginn 25. febr.,
kl. 2 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Dánarvottorð, stjfrv., 464. mál, þskj. 795. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 225. mál, þskj. 257, nál. 827, brtt. 828. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisreikningur 1996, stjfrv., 97. mál, þskj. 97. — 3. umr.
5. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 248. mál, þskj. 293, nál. 810. — 2. umr.
6. Framhaldsskólar, stjfrv., 355. mál, þskj. 542, nál. 833. — 2. umr.
7. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 809. — Síðari umr.
8. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 838. — Síðari umr.
9. Ráðherraábyrgð, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.
10. Almannatryggingar, frv., 228. mál, þskj. 260. — 1. umr.
11. Útvarpslög, frv., 239. mál, þskj. 278. — 1. umr.
12. Vörugjald, frv., 277. mál, þskj. 347. — 1. umr.
13. Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, þáltill., 284. mál, þskj. 355. — Fyrri umr.
14. Tímareikningur á Íslandi, frv., 309. mál, þskj. 386. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[14:05]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 495. mál, frv. ÁRÁ o.fl., þskj. 846.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 496. mál, frv. ÁRÁ o.fl., þskj. 847.

Dómstólar, 176. mál, brtt. GHelg, þskj. 850.

### *Dánarvottorð, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Áfengis- og vímuvarnaráð, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Kosningar til sveitarstjórna, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 257, nál. 827, brtt. 828 og 840.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Brtt. 828,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 828,2–14 samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–21. gr. (verða 2.–22. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 840 kölluð aftur til 3. umr.

22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SvanJ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, GB, GÁS, HG, KHG, LMR, MF, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 828,15–51 samþ. með 44 shlj. atkv.
23.–91. gr. (verða 24.–95. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
92.–93. gr. (verða 96.–97. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 828,52–53 samþ. með 42 shlj. atkv.
94.–102. gr. (verða 98.–106. gr.), svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

### *Ríkisreikningur 1996, 3. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97.

[14:14]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Því miður gat ég ekki verið við 2. umr. Ég hef reyndar gert fyrirspurn um hvort ágreiningur væri um málið og fengið þau svör að svo væri ekki enda skrifa allir hv. nefndarmenn fjárln. undir nál. Ég nota tækifærið til að þakka þeim starf þeirra.

Við 2. umr. komu fram nokkrar fyrirspurnir og þá fyrst og fremst frá hv. þm. Gísla Einarssyni. Þar sem ég var ekki við umræðuna tel ég ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um það sem hann sagði. Skal ég þó reyna að vera stuttorður við 3. umr. málsins.

Í ræðu sinni vitnar hv. þm. til umfjöllunar um ársreikningsskil ríkisaðila til Ríkisbókhalds í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1996, þetta er að finna á bls. 9. í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sú umfjöllun var tekin fyrir í skýrslunni að beiðni Ríkisbókhalds og sýnir kannski góða samvinnu þessara tveggja aðila. Í þessu yfirliti kemur mjög skýrt fram hve seint ársreikningar hafa skilað sér. Almennt má segja að heilsugæslan og sjúkrastofnanir hafi skorið sig úr hvað varðar slæm skil og ég held að ástæða sé til að það komi sérstaklega fram.

Í því yfirliti sem vitnað var til kemur fram að í lok mars 1997, þ.e. mánuði eftir að skilafresti Ríkisbókhalds lauk, höfðu aðeins 66% af A-hluta aðilum skilað ársreikningum sínum. Þetta vekur að sjálfsögðu spurningar og kannski sérstaklega þá spurningu hvort bókhald og reikningshald stofnana sé notað sem stjórntæki í rekstrinum. Ég er alveg sannfærður um að ef við litum til markaðarins og skoðuðum hjá einkafyrirtækjum og spyrðum þá hvenær þeir gætu skilað inn reikningum og það væri ekki hægt á þessum tíma þá væri það almennt talið bera vott um það að menn notuðu reikningshaldið, bókhaldið, ekki sem stjórntæki í rekstri sínum. Ég hygg að gagnrýni hv. þm. eða ábending hans um þetta hafi beinst m.a. að þessu, þ.e. hvernig þessi lélegu skil bentu til þess að menn nýttu ekki bókhaldið í rekstri sínum.

Satt best að segja hafa slæm skil ríkisaðila, og ég nota hugtakið ríkisaðili, virðulegi forseti, vegna þess að þetta er orðalag fjárreiðulaganna, en slæm skil þeirra á ársreikningum valda oft miklum erfiðleikum og hafa tafið útgáfu ríkisreiknings nokkuð. Síðustu þrjú ár hefur Ríkisbókhald lagt hart að þessum aðilum að virða lögbundinn skilafrest á ársreikningum, miklum tíma hefur þurft að verja í þessu skyni en ávallt er lögð áhersla á að allir reikningar skili sér inn í ríkisreikninginn. Vissulega hafa þessar aðgerðir skilað sér í bættum skilum ríkisstofnana á ársreikningum sínum og hefur tekist að flýta útgáfu ríkisreikningsins. Ríkisreikningur 1994 kom t.d. út í september 1995, ríkisreikningur 1995 kom í ágúst 1996 og ríkisreikningur 1996 í júlí 1997. En betur má ef duga skal og stefnt er að því að koma reikningnum fyrir árið 1997 út enn fyrr, þ.e. fyrr á þessu ári.

Þetta er stórkostleg breyting frá fyrri árum þegar ríkisreikningur vegna tiltekins árs var ekki gefinn út fyrr en mörgum árum síðar.

Ég tel að fyllsta ástæða sé til að vekja athygli á þessu og ég tel að það sé full ástæða bæði fyrir Ríkisendurskoðun og fyrir hv. Alþingi að gera athugasemdir við þetta sleifarlag sem kemur fram hjá ákveðnum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins vegna þess og það er kannski aðalatriði málsins að þegar við störfum núna eftir nýjum fjárreiðulögum er samanburður á milli ríkisreiknings og fjárlaga allt annar en hann var áður og tiltölulega auðvelt að nota ríkisreikninginn sem stjórntæki. Þess vegna verður mikilvægi ríkisreikningsins í fjármálastjórninni miklu meiri en áður og til þess að hægt sé að nýta ríkisreikninginn fyrir hv. Alþingi og aðra sem þurfa að nota hann sem stjórntæki við fjármálastjórnina þurfa

ríkisstofnanir að virða lögboðna skilafresti á ársreikningum sínum.

Þetta fannst mér kannski vera stærsta atriðið sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni. Mér þykir leitt að ég hafði skilið það svo að ekki yrðu umræður um málið og ég var þess vegna ekki viðstaddur. Hv. þm. nefnir að vísu önnur mál, þar á meðal vörsluskatta og bendir á vanskil þeirra, og segir í ræðu sinni að fjöldi gjaldenda sem er í vanskilum sé um 480, og það er áreiðanlega rétt, enda úr opinberum gögnum, og kröfurnar séu 2,6 milljarðar kr. Það sem hins vegar veki áhyggjur, að áliti hv. þm., sé það að aðeins hefur tekist að afgreiða 30–40 vanskilamál á ári. Ég hygg í fljóti bragði, án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega, að smámisskilningur sé á ferðinni því að annars vegar erum við með vanskil vörslufjárskatta þar sem um er að ræða kröfur sem ríkið telur sig eiga, í mjög mörgum tilvikum eru það kröfur á aðila sem eru hættir rekstri, hafa svikist um að telja fram virðisaukaskatt sinn eða eru farnir á hausinn og fá þess vegna áætlunarálagningu. Stór hluti af þessum kröfum eru því ekki raunverulegar kröfur. Hins vegar heldur ríkið úti innheimtu með mjög ákveðnum og föstum hætti á þessum kröfum. Þessu má hins vegar ekki rugla saman við störf skattrannsóknarstjórans, þar sem sakamál eru send þangað, og það má vel vera að talan 30–40 eigi við afgreiðslur skattrannsóknastjóra á málum sem fara venjulega til lögregluyfirvalda og lenda síðan í því að fara í gegnum dómskerfið með þeim hætti. Langstærstur hluti þessara krafna er hins vegar þess eðlis að reynt er að ná því sem hægt er að ná en í mörgum tilvikum er í raun og veru ekki neinn rekstur að baki kröfunum. Þetta eru fyrirtæki sem eru farin á hausinn eða hafa hætt störfum en vegna þess að þau skila ekki inn framtali fá þau áætlaða álagningu. Álagningin er síðan grunnur frekari krafna og síðan er haldið áfram. Á einhverju stigi málsins kemur kannski í ljós að fyrirtækið er ekki til, farið á hausinn o.s.frv. Þetta eru ekki endilega fjármunir sem hafa verið teknir í rekstrinum. Ég býst við því án þess að ég hafi skoðað þetta nákvæmlega að lægri talan sé til komin sem tala sem skattrannsóknarstjóri hefur verið að vinna með á hverju ári. Ég get ekki fullyrt þetta en mér þykir það líklegt af þeim tölum sem þarna eru nefndar eða voru nefndar í ræðu hv. þm.

Almennt held ég að alveg óhætt sé að slá því föstu að ríkið, fjmrn. og stofnanir þess auk innheimtuaðilanna gangi mjög fast eftir því að kröfur séu innheimtar. Það síðasta sem við höfum gert í þessum málum er að tollstjórinn í Reykjavík hefur tekið að sér samræmingu á þessum störfum. Tollstjórinn í Reykjavík er starfsmaður sem heyrir undir fjmrn., hann er skipaður af fjmrh. Gjaldheimtan í Reykjavík hefur verið lögð niður þannig að tollstjórinn hefur meira umleikis en áður. Þótt nafnið sé enn þá tollstjórinn í Reykjavík er starfið orðið allt annað en það var og við búumst við því að með öflugu starfi tollstjórans í Reykjavík verði innheimtan enn betri en hún hefur verið og einnig sé þá lagður grunnur að betri samræmingu á milli sýslumannaumdæmanna yfir landið. En tollstjórinn í Reykjavík gegnir sama hlutverki hér á þessu svæði og sýslumennirnir úti á landi.

Ég veit, virðulegi forseti, og varð sérstaklega var við það í umræðunni um daginn um Ríkisendurskoðun, að erfitt er að átta sig á þessu kerfi því að lögreglustjórinn annast sektarinnheimtu en sýslumennirnir innheimta skattkröfur fyrir ríkissjóð. En í langflestum tilvikum er þetta einn og sami maðurinn og síðan mætir hann líka fyrir hönd beggja aðila við allar gerðir þar sem hann er kominn í þrefalt hlutverk. Auðvitað ber honum lögum samkvæmt einnig að gæta réttar þess sem er gerðarþoli í hvert skipti þannig að þar er fjórða hlutverkinu bætt við. Þess vegna er eðlilegt að menn ruglist stundum í ríminu þegar þessi mál ber á góma.

Að allra síðustu, virðulegi forseti, án þess að ég ætli að ræða það sérstaklega hér, ítreka ég það sem svo margoft hefur verið sagt að breytingar á lögum um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna munu í framtíðinni gjörbreyta lífeyrisskuldbindingum ríkisins. Það má gera ráð fyrir því að á næstu árum — ég get giskað á kannski næstu tíu árum eða svo — muni skuldbindingarnar aukast eitthvað þrátt fyrir að mynduð hafi verið A-deild fyrir alla nýja starfsmenn og þá sem fluttu sig yfir í nýju deildina, þar sem kjörin eru nokkuð önnur, þar sem ríkið leggur fram sem launagreiðandi alla þá fjármuni strax sem duga fyrir eftirlaunaréttinum. En eftir u.þ.b. tíu ár og næstu þrjátíu árin þar á eftir munu þessar skuldbindingar dragast saman sem er stórkostlegt framfaraspor frá því sem verið hefur.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þær upplýsingar sem hér koma fram séu nægilegar til að hægt sé að afgreiða frv. áfram.

[14:26]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma hingað og svara spurningunum sem ég bar fram við 2. umr. og gerði þá að umræðuefni að hæstv. ráðherra væri ekki viðstaddur. Nú er hann mættur í þingið, raunar sárlasinn, og ég vil þakka fyrir það að hann komi hér og svari þessum spurningum. Ég gerði það hins vegar að umræðuefni að ég teldi að hæstv. ráðherrar ættu almennt að vera viðstaddir afgreiðslu mála, jafnvel þó, eins og er um þetta mál, að það sé algjör sátt um afgreiðslu ríkisreiknings.

Ég kom að því í fyrstu orðum mínum að ástæða væri til að fagna ákveðnum atriðum svo sem þeim að núna lægju reikningar fyrir nánast þannig að það væri hægt að ræða um þá á þeim tíma sem þeir eiga raunverulega að vera til umræðu. Ég fagna því sem sagt var áðan að það eru áform um útgáfu ríkisreiknings enn fyrr vegna ársins 1997 en hefur verið á síðustu árum. Þetta hefur alveg gjörbreyst og mjög mikið batnað, og ber að þakka það og ég geri það hér með.

Ég þakka fyrir svörin sem hér komu fram eins og ég sagði áðan en ég vil geta þess að þær spurningar sem ég setti fram byggja á skýrslu Ríkisendurskoðunar t.d. varðandi vanskil vörslufjárskatta. Það stendur í skýrslunni, hvernig sem maður horfir á hana, að fjöldi gjaldenda í vanskilum sé 480 með kröfur upp á 2,6 milljarða. Mér er hins vegar ljóst að verið er að færa til bókar ýmsar skuldir sem eru óraunverulegar og það var kannski það sem ég var að reyna að gera að umræðuefni. Eigum við að vera að setja fram kröfur í reikningum sem aldrei er nokkur fótur fyrir?

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um ríkisreikninginn og ég veit að um hann ríkir víðtæk sátt hjá öllum fjárlaganefndarmönnum og öllum þingflokkum því að þetta er eitthvað sem er búið og gert. En aðeins um áframhaldið um ríkisfjármálin þá fagna ég þeim, herra forseti, og má til með að koma að því, ég fagna þeim áformum sem eru í gangi í fjmrn. að koma á miklu virkara aðhaldi að meðferð fjármála, að menn eru að velta því fyrir sér á næstu árum að leggja fram, jafnvel í aprílmánuði, þáltill. um fjárlög fyrir árið þar á eftir. Ég er sannfærður um að þetta er eini möguleikinn til þess að við getum náð stjórn og aðhaldi á meðferð fjármála í framtíðinni. Og fyrr en það verður að opinn aðgangur sé á

milli allra ráðuneyta um ráðstöfun fjármuna á hvaða tíma sem er, og það liggi raunverulega uppgjör fyrir mánaðarlega, ef við erum ekki með það þá nær enginn aðili, hvort sem það er fjmrn. eða aðrir, ríkisstjórn eða aðrir, höndum yfir framkvæmd fjárlaganna. Ég fagna mjög og bið hæstv. fjmrh. að skila kveðju og þökkum til þeirra sem stóðu að þeirri ráðstefnu sem hér var haldin fyrir tveimur dögum um þessi áform því að þau eru nákvæmlega í samræmi við það sem ég hef lagt til þessara mála.

Ég vitnaði í ákveðið bókhaldskerfi sem heitir „Explain" þar sem allt er opið og raunverulega næst enginn árangur í stjórnun fyrirtækja — og ríkið er auðvitað ekkert annað en eitt fyrirtæki — fyrr en menn geta haft aðgang að allri meðferð fjármuna á öllum tíma.

Að lokum, herra forseti, ítreka ég þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir að vera viðstaddur umræðuna og gefa mér þessi svör.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framhaldsskólar, 2. umr.*

Stjfrv., 355. mál (ráðningartími aðstoðarstjórnenda). — Þskj. 542, nál. 833.

[14:32]

**Frsm. menntmn. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni Hafstein og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands og Margréti Friðriksdóttur frá Skólameistarafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að afmarka ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum í þeim tilgangi að stuðla að æskilegri endurnýjun starfsfólks í þessum stöðum. Frumvarpið nýtur stuðnings Hins íslenska kennarafélags, Kennarasambands Íslands og Skólameistarafélags Íslands. Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur að takmörkun á ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum sé heimil með vísan til 3. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Nefndin leggur til breytingu við 1. gr. frumvarpsins þannig að skólameistari geti ráðið aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn í stað þess að hann sé ráðinn til fimm ára. Verði frumvarp þetta að lögum ræður skólameistari áfangastjóra til allt að fjögurra ára og telur nefndin að samræma eigi skilyrði við ráðningu þessara aðila.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins þó með þeirri breytingu að á eftir orðunum „ræður aðstoðarskólameistara til" í fyrri málslið 1. gr. komi: allt að.

Undir þetta rita Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður nefndarinnar, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Herra forseti. Ég hygg að ekki sé fleiri orða þörf um þetta nál. Um það er samstaða og það skýrir sig sjálft og ég mæli með að því verði vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293, nál. 810.

[14:35]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni. Þær komur frá Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, landlæknisembættinu, St. Jósefsspítala, Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík, Heilsugæslunni Lágmúla, Sjúkrahúsinu Akranesi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heilsugæslustöð Miðbæjar, Landssamtökum heilsugæslustöðva, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Heilsugæslustöðinni í Fossvogi, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Egilsstaða, Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Suðurnesja, Félagi íslenskra heilsugæslulækna, Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, Sjúkrahúsi Skagfirðinga Sauðárkróki og Ríkisspítölum.

Í frumvarpinu er lagt til að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði hinn sami og embættistími þess ráðherra sem skipar þá.

Sérhver þeirra sem sendu umsögn um frumvarpið voru þeirrar skoðunar að breytingin teldist eðlileg og hún væri í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Nefndin var sammála áliti þessara umsagnaraðila. Hún tekur undir markmið frumvarpsins og hún telur rétt að breytingin nái fram að ganga. Þar af leiðandi leggur hún til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta álit nefndarinnar ritar formaður og framsögumaður og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Öryggismiðstöð barna, síðari umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 37. mál. — Þskj. 37, nál. 809.

[14:37]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um till. til þál. um öryggismiðstöð barna.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk til sín álit fjölmargra aðila. Álit næstum allra var það að hér væri hið þarfasta mál.

Í tillögunni er lagt til að komið verði á fót öryggismiðstöð barna sem miðli til foreldra, kennara og annarra sem tengjast með einhverjum hætti uppeldi og umönnun barna hvers konar fræðslu um öryggi og öryggisbúnað sem er líklegur til að fækka slysum á meðal barna. Jafnframt er lagt til að samræmd tölvuskráning á barnaslysum verði tekin upp og

hún verði vistuð á vettvangi þessarar miðstöðvar sem er meginefni tillögunnar.

Frá því er skemmst að segja, herra forseti, að allar þær umsagnir sem bárust nefndinni voru jákvæðar, flestar mjög jákvæðar. Nefndin er þeirrar skoðunar eftir að hafa brotið þetta mál til mergjar að brýnt sé að ná fram þeim markmiðum sem eru sett fram í tillögunni. Í umsögn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis kom fram að ríkisstjórnin hefði ákveðið þann 8. október sl. að hrinda af stað átaki til að fækka slysum á börnum. Þar var frá því greint að skipuð hefði verið sérstök verkefnisstjórn sem á að vinna í tengslum við ýmsar stofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og faghópa. Átak ríkisstjórnarinnar, sem ráðgert er að standi í þrjú ár, gerir ekki ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri stofnun heldur að samhæfðar verði og efldar aðgerðir allra þeirra sem nú þegar vinna að slysavörnum barna. Þar er hins vegar tekið mjög skýrt fram, herra forseti, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur eigi að síður að ekki sé útilokað að niðurstaðan kunni að verða sú að best sé að koma á fót sérstakri miðstöð til að sinna öryggismálum barna. Með öðrum orðum, þarna er óbeint tekið undir þá megintillögu sem er að finna í þáltill. Ráðuneytið telur enn fremur mikinn feng í þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Með hliðsjón af þessu, að ríkisstjórnin er að vinna að svipuðu máli og telur ekki útilokað að niðurstaðan kunni að verða sú sem lögð er til í þessari þáltill., er nefndin sammála um að leggja til að best og farsælust afdrif þessa máls yrði að vísa tillögunni til ríkisstjórnar.

Undir þetta álit skrifa ég, formaður og framsögumaður málsins, jafnframt hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson, Sólveig Pétursdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þingvallaurriðinn, síðari umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 17. mál. — Þskj. 17, nál. 838.

[14:42]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um endurreisn Þingvallaurriðans frá landbn.

*Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir* um það frá landbúnaðarráðuneyti, fisksjúkdómanefnd, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Veiðimálastofnun, Veiðifélagi Þingvallavatns, Þingvallahreppi og veiðimálastjóra.

Í tillögugreininni er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Alger kaflaskipti urðu í sögu Þingvallaurriðans þegar útfall vatnsins, Efra-Sog, var þvergirt og straumvatnið leitt um jarðgöng í Steingrímsstöð. Virkjunin gjöreyddi mikilvægasta stofninum sem hryngndi fyrir mynni og *í efri hluta* Efra-Sogs. *Í kjölfar virkjunarinnar hækkaði* vatnsborðið og það, ásamt landsigi í norðurhluta Þingvallavatns, linaði straum á hinum mikilvægu hrygningarstöðvum í Öxará. Viðgangur stofnsins í ánni hefur ekki vera svipur hjá sjón síðan.

Verði ekkert að gert eru taldar yfirgnæfandi líkur á að urriðinn í Þingvallavatni muni smám saman hverfa úr vistkerfi vatnsins. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn landbn., þ.e. sá er hér stendur, hv. þm. Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen, Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Magnús Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

[14:44]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég kem upp til að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég flutti þá tillögu sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt ásamt tveimur öðrum þm., hv. þm. Árna M. Mathiesen og Guðna Ágústssyni.

Ég tel afskaplega mikilvægt að Alþingi hefur tekið þessa ákvörðun. Í henni felst að verið er að taka fyrsta skrefið til að leita leiða til að byggja upp þessa merku stofna sem hafa mjög látið undan síga sökum yfirgangs, leyfi ég mér að segja, mannsins. Ég tel að það skref sem hér hefur verið ákveðið að stíga sé í sjálfu sér ekki mjög stórt. Það felur einungis í sér að sett verður á stofn nefnd en það er eigi að síður mikilvægt skref.

Ég er þeirrar skoðunar að þegar hinir færustu sérfræðingar leggjast yfir þetta komist þeir að því að við svo búið má ekki una. Menn munu líka komast að því að hægt er að hugsa sér ýmsar leiðir til að koma aftur upp þessum stofni. Ein af þeim væri t.d. sú sem ég tel farsælasta, eins og ég sagði við fyrri umræðu þessarar tillögu, að leggja niður stífluna sem þvergirðir farveg Efra-Sogsins. En ég geri mér hins vegar vel grein fyrir því að það er umdeild ákvörðun og nýtur ekki nægilegs stuðnings að svo komnu máli. En það eru líka ýmsar aðrar leiðir eigi að síður færar til að hlaða aftur undir þessa stofna sem kosta miklu minna og munu ekki hafa jafnafdrifríkar afleiðingar. Ég held það væri í sjálfu sér hægt að benda á þrjár til fjórar leiðir sem væru farsælar. Það sem skiptir mestu máli er að menn dragi saman upplýsingar *um þá möguleika sem eru fyrir hendi*, leiti upplýsinga t.d. erlendis frá í Svíþjóð, í Noregi og þar sem menn hafa staðið frammi fyrir svipaðri stöðu þar sem merkir stórurriðastofnar hafa látið undan síga sökum framkvæmda af mannsins hálfu. Ég held að þegar því er lokið þá liggi fyrir safn upplýsinga sem hægt er að byggja ýmsar tillögur á, mismunandi miklar, afdrifaríkar og róttækar, en sem munu allar, hver þeirra sem verður svo valin til framkvæmdar, hníga að því að stofnarnir í vatninu muni verða sterkari. Þetta skiptir máli, ekki bara fyrir þessa fiska sem um er að ræða heldur líka fyrir lífríki *vatnsins allt*. Það er nefnilega hægt að færa mjög sterk vísindaleg rök að því að þessi staða urriðans í Þingvallavatni hafi m.a. leitt til þess aflabrests sem hefur orðið á öðrum silungum og sér í lagi murtunni sem á sínum tíma var afskaplega mikilsverð hlunnindi fyrir bændur við Þingvallavatn en sem Landsvirkjun hefur aldrei bætt. Ég tel þess vegna, herra forseti, að hér hafi landbn. staðið vel að verki og þakka henni fyrir þá tillögu sem hér liggur fyrir um samþykkt þáltill. okkar þremenninganna.

[14:47]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. hlý orð í garð landbn. Segja má að hér sé hið merkilegasta mál á ferðinni og skal ég ekki draga úr því. En nú er mikilvægast að skipuð verði nefnd hinna vitrustu manna sem geri tillögur sem vonandi

leiða af sér að við sjáum þau miklu auðæfi sem við áttum en höfum því miður misst, verða á ný að veruleika. Það eru mín lokaorð, hæstv. forseti, að ég bind miklar vonir við þessa þáltill. og að hún muni marka tímamót í baráttunni fyrir því að menn hvorki ofnýti né eyðileggi mikilvæg auðæfi. Ég hygg að takist hér vel til verðum við Íslendingar á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum til fyrirmyndar í veröldinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ráðherraábyrgð, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 96. mál (rangar upplýsingar á Alþingi). — Þskj. 96.

[14:49]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 4 frá 19. febrúar 1963, um ráðherraábyrgð, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Lúðvíki Bergvinssyni og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur.

Um er að ræða að við 10. gr. laganna bætist nýr liður sem orðist svo, með leyfi forseta:

„c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu."

Hér er átt við að ráðherra skuli sæta ábyrgð samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum sem hafa verulega þýðingu. Þetta frv. hefur það að meginmarkmiði að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og auka aðhald þingsins með ráðherrum. Þetta er þriðja málið sem ég mæli fyrir á þessum vetri sem hefur þetta meginmarkmið, en hin tvö eru um rannsóknarvald þingnefnda og um bætt siðferði í opinberum rekstri.

Nái þessi breyting fram að ganga mun ákvæði 10. gr. laga um ráðherraábyrgð hljóða svo, með leyfi forseta:

„Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín,

b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir,

c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu."

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að þingmenn geti treyst þeim upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi og treyst því að þeir leyni ekki þingmenn og Alþingi mikilvægum upplýsingum um það sem miklu skiptir við meðferð mála á þingi. Annað getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað alvarlegan trúnaðarbrest milli ráðherra og þingmanna.

Tilefni þess að þetta frv. var lagt fram var að á síðasta þingi taldi ég að hæstv. félmrh. hefði í tvígang veitt Alþingi rangar og villandi upplýsingar en bæði þessi mál snertu húsnæðismál, annars vegar upplýsingar sem kallað var eftir um félagslega íbúðakerfið og hins vegar upplýsingar um afföll í húsnæðislánakerfinu frá 1986, samanborið við afföll í húsbréfakerfinu.

Ítarlega var farið yfir það á síðasta þingi hvernig ég tel að ráðherra hafi gefið Alþingi villandi og rangar upplýsingar og það var stutt gögnum frá Ríkisendurskoðun sem var falið að fara ofan í þessi mál, auk gagna frá Húsnæðisstofnun, en báðum þessum aðilum, Húsnæðisstofnun og Ríkisendurskoðun, bar saman við það sem ég lagði fram í þessu máli þar sem ég hafði sýnt fram á hvernig Alþingi höfðu verið gefnar rangar og villandi upplýsingar.

Svo vill til að hæstv. núv. félmrh. hafði fyrir, að mig minnir, fjórum árum síðan flutt sama frv. og ég mæli hér fyrir, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð og var breyting sú sem hann lagði til á þeim tíma sú sama og hér er lögð til. Þess vegna finnst mér auðvitað ærið tilefni þegar þessi hv. þm. er orðinn ráðherra og gerist sekur um að gefa Alþingi rangar og villandi upplýsingar, að endurflytja það frv. sem hann hafði lagt fram þegar hann var þingmaður.

Greinargerðin með frv. styðst í megindráttum við greinargerð í frv. hv. þáv. þm. Páls Péturssonar og núv. ráðherra. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lögin um ráðherraábyrgð frá 4. febrúar 1963 taka ekki til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi ef hann greinir því rangt frá, gefur því villandi upplýsingar eða leynir það upplýsingum er mikilvægar eru fyrir meðferð máls. Ráðherrar hafa því ekki nauðsynlegt aðhald og geta freistast til að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna það mikilvægum upplýsingum. Þetta getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað fullkominn trúnaðarbrest Alþingis og ráðherra. Í lögum Dana um ráðherraábyrgð (Lov 1964-04-15 nr. 117 om ministres ansvarlighed) eru hins vegar skýr ákvæði um þetta atriði. Lagt er til að þau ákvæði verði tekin í íslensk lög. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti treyst því að upplýsingar, er ráðherrar gefa því, séu fullnægjandi og sannleikanum samkvæmar og að ráðherra leyni ekki upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls."

Í framsöguræðu flutningsmanns kom fram að hann teldi ákaflega mikilvægt að Alþingi geti treyst þeim upplýsingum sem ráðherrar gefa og það geti treyst því að ráðherra segi allan sannleikann og ekkert nema sannleikann í ræðustóli. Jafnframt kom fram að trúverðugleiki er mikið höfuðatriði í þessu efni og höfuðnauðsyn til þess að Alþingi geti tekið réttar ákvarðanir.

Fram kom einnig að frumvarpið væri bundið við formlegar upplýsingar til Alþingis. Orðrétt sagði framsögumaður:

„Ég tel að þetta eigi einungis að gilda um upplýsingar sem ráðherra gefur Alþingi, þjóðþinginu, með formlegum hætti. Þeim upplýsingum verður að vera hægt að treysta. Annars getur Alþingi ekki tekið réttar eða skynsamlegar ákvarðanir ef það er leitt í villu eða af framkvæmdarvaldsins hálfu leynt staðreyndum."

Taldi flutningsmaður að það ætti að vera refsivert ef ráðherra greinir Alþingi formlega rangt frá staðreyndum eða leynir þýðingarmiklum upplýsingum þegar hann veit sannanlega betur. Jafnframt kom fram hjá flutningsmanni að hægt væri að finna fjölmörg dæmi úr fortíð og nútíð þar sem ráðherrar hafi farið frjálslega með sannleikann. Kom fram í ræðunni að á síðustu og verstu tímum hafi þetta gengið lengra en áður hefur tíðkast.

Frumvarpið um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð, sem flutt var á 116. löggjafarþingi, er hér tekið upp óbreytt og taka flutningsmenn þess bæði undir það sem fram kom

í greinargerð með frumvarpi Páls Péturssonar um nauðsyn breytingarinnar og þau orð úr ræðu þingmannsins sem vitnað er til hér að framan.

Tilefni flutnings þessa frumvarps nú er ekki síst að flutningsmaður nefnds frumvarps frá 116. löggjafarþingi og núverandi ráðherra, Páll Pétursson, hefur með eigin verkum sannað nauðsyn þessarar breytingar. Tvívegis á síðasta Alþingi var ráðherrann borinn þeim sökum að hafa gefið Alþingi rangar og villandi upplýsingar, um stöðu félagslega húsnæðiskerfisins og um samanburð á afföllum og kostnaði húsbréfakerfisins við húsnæðislánakerfið frá 1986, auk þess að leyna Alþingi upplýsingum sem höfðu verulega þýðingu fyrir málið. Þær ásakanir voru studdar gögnum frá Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun. Það er grundvallaratriði til að styrkja bæði þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa þinginu. Þegar fyrir liggur að alvarlegur trúnaðarbrestur er kominn upp milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verður að taka á því máli eins og hér er lagt til að verði gert.

Herra forseti. Hv. þáv. þm. Páll Pétursson flutti mjög athyglisverða ræðu á 116. þingi um þetta mál og lýsir skoðun ráðherrans á því hvernig ráðherrar eiga að fara með sannleikann innan þings og utan. Ekki síst er það áhugaverð lesning núna í ljósi þess að hv. þáv. þm. er orðinn ráðherra og vil ég leyfa mér að vitna hér í ræðu hv. þáv. þm. Páls Péturssonar, núv. félmrh. Hann sagði þegar hann mælti fyrir þessu frv. á 116. löggjafarþingi, með leyfi forseta:

„Mér finnst að hæstv. ráðherrar geti farið frjálslega með sannleikann í fjölmiðlum, á blaðamannafundum hér heima eða erlendis eða hvort tveggja, og á áróðursfundum. Ég tel að þetta eigi einungis að gilda um upplýsingar sem ráðherra gefur Alþingi, þjóðþinginu, með formlegum hætti. Þeim upplýsingum verður að vera hægt að treysta. Annars getur Alþingi ekki tekið réttar eða skynsamlegar ákvarðanir ef það er leitt í villu eða af framkvæmdarvaldsins hálfu leynt staðreyndum."

Hér segir hv. þm., núv. ráðherra, að það sé allt í lagi að hæstv. ráðherrar fari frjálslega með sannleikann í fjölmiðlum og á blaðamannafundum hér heima og erlendis eða hvort tveggja og á áróðursfundum. Og hæstv. núv. ráðherra, þáv. þm., bætir hér um betur, herra forseti, sem er mjög athyglisvert vegna þess að hann segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að það sé mjög alvarlegt ef Alþingi hættir að taka mark á því sem ráðherrar segja hér í ræðustól og ég ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel að ráðherrar geti logið nægju sína í fjölmiðlum þó þeir vandi sig þegar þeir koma og standa hér."

Herra forseti. Mér finnst það mjög athyglisvert að hæstv. núv. ráðherra hafði þá skoðun fyrir fjórum árum og væntanlega hefur hann ekki breytt henni nema annað komi í ljós, að hann telji að allt í lagi sé að ráðherrar ljúgi nægju sína í fjölmiðlum þótt þeir vandi sig þegar þeir koma og standa hér. Hvernig geta, herra forseti, fjölmiðlar treyst þessum ráðherra þegar þeir hafa við hann viðtal, þegar hann segir að það sé allt í lagi að ráðherrar ljúgi eins og þeir vilja að fjölmiðlum og á blaðamannafundum, innlendis og erlendis, ef þeir einungis passa sig á að segja satt í ræðustól?

Hæstv. ráðherra hefur ekki einu sinni haldið það þegar hann var ráðherra að segja satt í ræðustól eða fara rétt með sannleikann vegna þess að hann varð uppvís að því á síðasta þingi að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar við meðferð máls á Alþingi og leyna það upplýsingum sem höfðu verulega þýðingu fyrir það mál sem um var spurt.

Það er mjög alvarlegt, herra forseti, ef hv. þm. Páll Pétursson sem nú er orðinn ráðherra, hefur enn þá sömu skoðun og hann hafði fyrir fjórum árum síðan, að hann geti bara logið nægju sína í fjölmiðlum. Það er ekki mikið hægt að treysta manni með það hugarfar að ráðherrar geti logið nægju sína að fjölmiðlum. (**Gripið fram í:** Það held ég líka.)

Herra forseti. Ég vil í tengslum við þetta mál, af því eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar að það er meginmarkmiðið að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og auka aðhald þings með ráðherrum, fara nokkrum orðum um þau úrræði sem þingið hefur í aðhalds- og eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu og ráðherrunum og þau eru alls ekki mörg, herra forseti, eins og við höfum farið yfir á umliðnum vikum.

Í fyrsta lagi er það 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan sérstakrar rannsóknarnefndar sem er mjög þungt ákvæði í vöfum og ef þingmenn vilja beita því þurfa þeir að bera formlega fram þáltill. og fá hana samþykkta. Mér hefur talist svo til að nálægt 40 sinnum hafi í gegnum árin verið reynt að beita þessu ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan sérstakrar rannsóknarnefndar. Þessar tillögur hafa aldrei verið samþykktar utan ein sem var um rannsókn á okri þannig að það er ljóst að þetta úrræði er mjög haldlítið fyrir þingið til þess að beita gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Síðan er það 26. gr. þingskapa sem við höfum farið í gegnum á síðustu dögum og kannski reynir nú á í allshn. hvernig hún muni virka þegar hún fjallar um skýrslu ráðherra um fíkniefnamál sem mikið hefur verið rædd á þinginu.

Þá komum við að lögum um landsdóm sem tengjast vissulega lögum um ráðherraábyrgð. Það er alveg ljóst í mínum huga að ákvæði laga um landsdóm þarf að endurskoða. Við erum að ræða breytingu á lögum um ráðherraábyrgð. En hvernig er með farið, herra forseti, ef ráðherra gerist sekur við ákvæði þau sem um er fjallað í ráðherraábyrgð? Þá kemur til kasta landsdóms. Ég tel því alveg ástæðu til að fara nokkrum orðum um landsdóminn og sýna fram á að það þarf að verða breyting á varðandi hann.

Lögin um landsdóm eru 51 grein og þær fjalla allar um það hvernig landsdómur starfar. Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur. Töluvert margar greinar eru um það hvernig eigi að skipa hann og hvernig landsdómurinn eigi að vinna, en síðan segir í 13. gr., með leyfi forseta:

„Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar."

Það þarf hvorki meira né minna en allan þennan prósess í gegn ef álitið er að ráðherra hafi gerst sekur um brot á lögum um ráðherraábyrgð. Þá þarf Alþingi að kæra ráðherra fyrir tiltekna embættisfærslu sem gengur gegn ákvæðum laga um ráðherraábyrgð. Það er gert með þingsályktun sem þarf að samþykkja á Alþingi og þá fyrst gengur málið til landsdóms sem dæmir í málinu á grundvelli laga um ráðherraábyrgð.

Ég hef farið í gegnum það sem sagt er í Stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schrams um ráðherraábyrgð. Það er nokkuð fróðlegt og mér finnst allt vísa þann veginn sem ég hef

sagt að hér að þurfi að gera, þ.e. að endurskoða lögin um landsdóm. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Þar segir enn fremur að Alþingi geti kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra og að landsdómur dæmi þau mál. Í 29. gr. stjskr. segir að forseti geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. Í sjálfri stjórnarskránni eru ekki önnur fyrirmæli um þetta efni. Stjórnarskrárgjafinn leggur það því í vald almenna löggjafans að kveða á um skilyrði ábyrgðar, skipun landsdóms, ákærureglur, réttarfar og viðurlög. Þetta hefur löggjafinn gert með l. nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð ...“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Auk ábyrgðar eftir þessum sérlögum bera ráðherrar ábyrgð eftir almennum hegningarlögum, eftir því sem við getur átt, svo sem hverjir aðrir embættismenn, sbr. 14. kafla alm. hegnl. ...

Ráðherraábl. eiga aðeins við að um embættisbrot sé að tefla. ... Ráðherraábl. eiga því fyrst og fremst við um pólitísk embættisbrot ráðherra.

Í 2. gr. ráðherraábl. segir að krefja megi ráðherra ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur gerst sekur um, ef málið er svo vaxið að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Er brotunum þannig skipað í þrjá flokka, þ.e. stjórnarsrkárbrot, brot á öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmennsku (conduitebrot), og eru brotin flokkuð samkvæmt því í ráðherraábl.

Dæmi um brot skv. [ráðherraábyrgðarlögum] væri t.d. ef ráðherra legði á skatt, tæki lán er skuldbyndi ríkið eða léti af hendi fasteignir ríkisins án lagaheimildar sem krafist er í 40. gr. stjórnarskrárinnar.“

Um 10. gr., sem ákvæðið í frv. sem við fjöllum um er lagt til að bætist við, segir í Stjórnskipunarrétti, með leyfi forseta:

„Í þriðja flokkinn koma brot eftir 10. gr. ráðherraábl. Samkvæmt þeirri grein verður ráðherra sekur: a) ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín; b) ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því að framkvæmt sé nokkuð er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

Þessi flokkur brota er mjög víðtækur. Í hann koma afbrot þar sem ráðherra hefur brotið á móti þeim reglum sem krefjast má að hver góður og samviskusamur embættismaður fylgi í embættisfærslu sinni, enda þótt framkvæmd sé ekki beinlínis lögboðin eða framkvæmdaleysi lögbannað.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að til refsiábyrgðar ráðherra geti komið með fernum hætti. Það er vegna: a) embættisathafna forseta Íslands; b) vegna embættisathafna sem ráðherra gerir í eigin nafni; c) vegna hlutdeildar í embættisbrotum samráðherra og d) vegna athafna eða vanrækslu undirmanna ráðherra.“

Hér segir einnig, með leyfi forseta, nokkuð sem er athyglisvert:

„Hafi ráðherra valdið almenningi eða einstaklingi fjártjóni með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögunum, skal og þegar þess er krafist, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 13. gr. landsdómsl. skal ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi. Um flutning og afgreiðslu þeirrar þingsályktunar gilda sömu reglur sem um aðrar þingsályktunartillögur í sameinuðu þingi.

Jafnskjótt sem sameinað Alþingi hefur gert ályktun um málshöfðun gegn ráðherra kýs það mann til að sækja málið af sinni hendi og annan til vara, 13. gr. landsdómsl.

Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

Þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun og kosið sækjanda, og þingnefnd fimm manna honum til aðstoðar (13. gr.) er málið komið úr höndum þingsins.

Alþingi hefur aðeins ákæruvald vegna embættisbrota ráðherra.

Aldrei hefur komið til þess að Alþingi höfðaði mál á hendur ráðherra skv. ráðherraábl. frá því þau voru fyrst sett 1904.“

Það síðasta sem ég vitna í úr Stjórnskipunarrétti er að þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði stjórnarskrárinnar um landsdóm eru ófullkomin. Þar segir aðeins að dómstóll með þessu heiti skuli vera til og fara með ákveðin mál.“

Herra forseti. Eins og ég hef vitnað til, eru landsdómslögin þannig úr garði gerð að þau voru afar þung, flókin og erfið í framkvæmd og maður veltir fyrir sér vegna allra þessara nefnda sem þarf að skipa, þáltill. sem Alþingi þarf að samþykkja o.s.frv., hvort ekki væri einfaldara ef ráðherra er grunaður um að hafa brotið lög þau um ráðherraábyrgð sem við fjöllum um hér, að þá verði hreinlega farið með það mál eins og hvert annað dómsmál fyrir Hæstarétt. Það er annaðhvort sú leið eða a.m.k. að einfalda verulega landsdómslögin eða hreinlega fella þau úr gildi. Ég tel því að lögin um ráðherraábyrgð hangi nokkuð saman við lögin um landsdóm. Það er alveg ljóst. Því mun ég skoða það mjög alvarlega að flytja hér till. til þál. samhliða þessu frv. sem nú fer í nefnd, sem kveði á um að ráðist verði í endurskoðun á lögum um landsdóm.

Herra forseti. Við þurfum vissulega að hafa virk úrræði. Ef fyrir liggur eða menn telja nokkuð ljóst að lög um ráðherraábyrgð hafi verið brotin verðum við að hafa greiðvirka og skilvirka leið til að láta á það reyna. Eins og lögin um landsdóm eru núna eru þau alls ekki virk þannig að lögin um ráðherraábyrgð þar sem landsdómur á að dæma í þessum málum eru ansi haldlítil.

Fyrir nokkrum árum síðan — og það vakti athygli mína fyrir utan frv. Páls Péturssonar sem flutt var fyrir fjórum árum — var einnig flutt frv. til laga um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það var en flutningsmaður þess frv. var hv. þm. Svavar Gestsson. Þar var lagt til að fram færi endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Þessi tillaga um endurskoðun á lögunum um ráðherraábyrgð var samþykkt á þann hátt að málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað mjög sérstakt að Alþingi treysti sér ekki sjálft til þess að afgreiða lög um ráðherraábyrgð sem fjallar um ráðherrana sjálfa og vísaði til ráðherranna málinu um það hvort nauðsynlegt væri að endurskoða lög um ráðherraábyrgð. Þetta finnst mér alveg

lýsandi dæmi, herra forseti, um ósjálfstæði þingsins, þ.e. að það þurfi að vísa slíku máli til ríkisstjórnarinnar sem fjallar um þeirra eigin mál, þ.e. um lög um ráðherraábyrgð og láta þá um að meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða lög um ráðherraábyrgð.

Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að ég vona að örlög frv. um ráðherraábyrgð sem við fjöllum um verði ekki þau að þingnefnd leggi til að frv. verði vísað til ráðherranna sjálfra um það hvort að skoða eigi lög um ráðherraábyrgð og hvort að bæta eigi í lög um ráðherraábyrgð að ef ráðherra gefi Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu, þá varði það við lög um ráðherraábyrgð.

Herra forseti. Auðvitað er það þingsins sjálfs að taka afstöðu til þess hvort endurskoða eigi lög um ráðherraábyrgð, hvernig eigi að endurskoða þau, hvort samþykkja eigi breytingartillögur sem hér er lagt til en ekki að leggja það í hendurnar á ríkisstjórninni eða ráðherrunum sjálfum hvort einhver breyting verði gerð á þessum lögum. Nóg er nú samt um það að þingið vísi ýmsum þingmannamálum sérstaklega til skoðunar í ríkisstjórninni, sem lítið er gert með, þótt við förum ekki að vísa slíku máli til ráðherranna til skoðunar.

Herra forseti. Það skulu vera lokaorð mín að ég tel afar brýnt að þetta mál fái ítarlega umfjöllun í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar og það verði vegið og metið hvort ekki sé rétt að setja þetta ákvæði inn. Við vitum úr þessum ræðustól að þingmenn telja að ráðherrar hafi gefið Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynt upplýsingum sem hafa verulega þýðingu. Það eitt út af fyrir sig, herra forseti, nægir til þess að það ætti að vera til lagaákvæði um það að hægt væri að láta á það reyna hvort þingmenn, þegar þeir saka ráðherra um slíkt, hafi rétt fyrir sér og að um það verði úrskurðað.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að þingmenn geti treyst þeim upplýsingum sem ráðherra gefur á þinginu og treyst því að ráðherra leyni ekki þingmenn og Alþingi mikilvægum upplýsingum sem máli skipta við meðferð máls á Alþingi. Þetta frv., herra forseti, er eitt þeirra mörgu mála sem á þessu þingi og síðustu þingum hafa verið flutt til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég læt þá ósk og von mína í ljós að Alþingi manni sig upp í það að skoða þau mál sem liggja fyrir þinginu og hafa það meginmarkmið að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu vegna þess að það er, herra forseti, aftur og aftur að koma í ljós að Alþingi skortir úrræði og tæki til þess að geta sinnt því eftirlitshlutverki sem það á sannarlega að hafa gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni umræðunni.

[15:18]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka undir efni þessa frv. einfaldlega vegna þess að það skerpir leikreglur milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að ráðherra sé settur skýr rammi með hvaða hætti hann kemur fram gagnvart Alþingi. Eins og hefur verið rakið í framsögu fyrir málinu snýst það raunverulega um það að fella inn í íslenska löggjöf ákvæði sem eru í dönskum lögum um ráðherraábyrgð, þ.e. að óheimilt er að viðlögðum ákvæðum að ráðherra gefi Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leyni upplýsingum er hafa verulega þýðingu. Vitaskuld má spyrja sig um svona mál: Er nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta atriði? Í flestum tilfellum mundi fólk telja það sjálfsagt að hér mundi varða við lög ef ráðherra gerði eitthvað slíkt gagnvart Alþingi eins og lýst er í 1. gr. frv. Eins og hefur verið rakið hefur málflutningur ýmissa ráðherra á árum áður verið þeim hætti að ekki hefur verið farið nákvæmlega eftir ákvæðum þeim sem eru í dönskum lögum, hvað þá þeim sem eru nú í íslenskum lögum.

Ég held hins vegar að við ættum að líta á þetta mál í eilítið víðara samhengi og skoða breytt hlutverk Alþingis á síðustu árum. Meginverkefni Alþingis er vitaskuld að setja lög en nú markast lagaleg umgjörð enn frekar en áður af alþjóðlegum samningum og réttarkerfi. Við höfum hvað skýrast dæmi um þetta hér á landi að öll viðskiptalöggjöf okkar er meira og minna bundin samningunum við Evrópska efnahagssvæðið þannig að við verðum samkvæmt þeim að taka upp viðskiptalöggjöf Evrópusambandsins. Það hefur leitt af sér margvíslega réttarbót á því sviði.

Herra forseti. Engin ástæða er til að ætla annað en að sú þróun muni halda áfram á næstu árum að hlutverk Alþingis breytist á þann veginn að meiri áhersla verði lögð á hlutverk Alþingis varðandi fjárveitingavaldið, þ.e. í tengslum við ríkisfjármál, svo og við eftirlit gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég tel að einmitt þetta eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu sé mjög mikilvægt og það sé vaxandi. Þess vegna eru skýrari leikreglur varðandi þetta eftirlitshlutverk og samskipti framkvæmdarvalds og ráðherra við Alþingi og alþingismenn mjög til bóta eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við þekkjum það að stundum hefur verið erfitt að tryggja skýran mælikvarða um siðferðileg álitamál í stjórnmálum hér á landi. Við höfum ekki mjög sterka vitund hvað það varðar miðað við fjölmörg önnur lönd. Við þekkjum fjölmörg dæmi þess að ráðherrar hafa þurft að segja af sér erlendis fyrir misfellur í starfi sem hér er ekki einu sinni gerð athugasemd við. Vitaskuld er ekki hægt að binda siðferðilega mælikvarða nema að hluta til í lögum. Þetta er hlutur sem verður að vinnast smátt og smátt í umræðu bæði meðal stjórnmálamanna og meðal almennings en ég tel þó að okkur miði eitthvað áleiðis í þeim efnum en reyndar ekki mjög mikið.

Benda má á, af því að hér er vitnað til dönsku laganna í sambandi við þetta frv., hið þekkta Tamíla-mál þar sem forsrh. varð að segja af sér og ríkisstjórn, sem hafði setið í mjög langan tíma, féll af þeirri einu ástæðu að danska þjóðþingið fékk ekki réttar upplýsingar um það mál á þeim tíma þegar ráðherrann réð yfir upplýsingum sem hann bar ekki fram á réttan hátt gagnvart þinginu. Það dugði til þess að ríkisstjórnin féll og er dæmi um siðferðilegan mælikvarða í nágrannalöndum sem væri mjög mikilvægt ef við gætum innleitt hér á landi.

Við þekkjum líka dæmi um ágreining milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds einmitt varðandi eftirlitshlutverk, núna nýlega hörð skoðanaskipti um hlutverk Ríkisendurskoðunar og árásir framkvæmdarvaldsins á Ríkisendurskoðun. Sú skoðun heyrðist þar frá nokkrum ráðherrum að Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi og er mikilvægur eftirlitsaðili, hefði farið offari í tilteknu máli. Allt þetta knýr á að settar séu skýrar, almennar reglur um samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og framkoma og framsetning ráðherra gagnvart Alþingi sé gerð miklu ótvíræðari en nú er í lögum. Allir þættir í löggjöf okkar sem lúta að því að efla eftirlitshlutverk Alþingis eru af hinu góða.

Það er ánægjulegt hvað það varðar að verið er að vinna að endurskoðun þingskapa og hluti af þessari stefnumörkun mun vafalítið koma fram í þeirri vinnu sem er í gangi undir verkstjórn hæstv. forseta.

Forsaga frv. hefur verið rakin og vitaskuld er ekki nokkur vafi í mínum huga að þáv. þingmaður og núv. félmrh., Páll Pétursson, muni fylgja málinu vel eftir og stuðla að því að frv. verði að lögum enda samhljóða hans eigin frv. Það er augljóst að meiri hluti er á hinu háa Alþingi fyrir málinu því að ég á von á því að stjórnarandstaðan muni fylgja málinu eðlilega og þar sem Framsfl. mun vafalítið ganga fram fyrir skjöldu í úrvinnslu innan þingsins að þetta mál komi fljótt til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu. Þá hillir vonandi undir að þetta geti orðið að lögum. Mér kæmi mjög á óvart ef hæstv. félmrh. mundi snúast gegn eigin frv. Að minnsta kosti er brýnt að í ljós komi afstaða hæstv. ráðherra gagnvart því efni. Ég sé, herra forseti, að hann er ekki hér í húsi og ekki ber mikið á framsóknarmönnum í þingsalnum þannig að það er e.t.v. varlegt að fullyrða nokkuð um afstöðu þeirra. Það væri þá ekki í fyrsta skipti sem framsóknarmenn hefðu skipt um skoðun frá því að þeir fóru úr stjórnarandstöðu í stjórn.

En við skulum láta þá njóta vafans og ganga út frá því að þeir styðji frv. sem lagt var fram af þáv. þingmanni þeirra og þingflokksformanni, ef ég man rétt, Páli Péturssyni. Það breytir því hins vegar ekki, herra forseti, að við eigum að líta fyrst og fremst á þetta mál sem endurbót á leikreglum milli Alþingis og framkvæmdarvalds og það styrkir eftirlitshlutverk Alþingis og í þeim skilningi er jákvætt að þetta mál hafi komið fram á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. MF, 228. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 260.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vörugjald, 1. umr.*

Frv. KPál o.fl., 277. mál (byssur, skot o.fl.). — Þskj. 347.

[15:29]

**Flm. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

Tollskrárnúmer 9303.2000, 9303.3000, 9306.2900, 9306.3009 í F-lið í viðauka I við lögin falla brott.

2. gr. Lög þessi taka þegar gildi.

Herra forseti. Eins og fram kemur í greinargerð er hér verið að leiðrétta mismun sem skapast með núgildandi lögum um vörugjöld. Hér er átt við stöðu frístundahópa í landinu sem eru ekki meðhöndlaðir með sama hætti eftir því hvort þeir stunda frístundaveiði með byssum eða með stöng, svo dæmi sé tekið. Með frv. er lagt til að þessari mismunun verði hætt og tollskrárnúmer sem talin eru upp í frv. verði felld niður. Þau ná yfir byssur og skotfæri sem notuð eru til frístundaveiða enda vart um aðra notkun á skotvopnum að ræða hér á landi, að undanskildum ákveðnum deildum innan lögreglu og svo hjá varnarliðinu sem heyra undir önnur lög og þessu máli óviðkomandi.

Það hefur lengi verið baráttumál Skotvíss, félags skotveiðimanna, að fá þessu breytt og eru fjölmörg bréf til fjmrn. því til staðfestingar. Framsögumaður, sá sem hér stendur, hefur einnig tekið þetta mál upp í hv. Alþingi í fyrirspurnarformi til hæstv. fjmrh. á 121. löggjafarþingi. Í framhaldi af þeirri fyrirspurn er þetta frv. flutt.

Vörugjöld á byssur og skotfæri eru í dag 25% og skiluðu í ríkissjóð árið 1995 13,5 millj. kr. Þetta er það gjald sem sá frístundahópur greiðir í ríkissjóð fyrir utan það að vera eini frístundahópur landsins sem stendur straum af rannsóknum og eftirliti með þeim fuglastofnum sem helst eru nýttir í formi gjalds fyrir veiðikort. Veiðikortagjaldið fyrir árið 1998–1999 mun skila veiðistjóraembættinu um 20 millj. kr. á því tímabili. Frístundaveiðimenn eru því að skila um 33 millj. kr. á þessu ári í ríkissjóð umfram það sem aðrir sambærilegir hópar í þjóðfélaginu þurfa að gera til að geta stundað frístundaiðju sína.

Það var með samþykki skotveiðimanna sjálfra að lagt var á veiðigjald sem sýnir, herra forseti, ábyrgð af þeirra hálfu og skilning á því að ávallt þurfi að liggja fyrir sem nákvæmastar upplýsingar um ástand veiðistofnanna. Fram að þessu hefur ekki verið mikill skilningur á því ábyrga starfi sem Skotvís og veiðimenn yfirleitt hafa sýnt að þessu leyti. Hér er nefnilega ekki um að ræða veiðar í atvinnuskyni heldur eru langflestir sem stunda skotveiðar að njóta útivistar sér til heilsubótar.

Til marks um ábyrga afstöðu skotveiðimanna hafa þeir stofnað félag sem ég nefndi áðan og heitir Skotvís. Stjórn þess félags hefur frá stofnun unnið markvisst að því að beina augum skotveiðimanna að þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera með byssu eða hafa byssu um hönd og hvernig beri að haga sér sem veiðimaður með slík verkfæri undir höndum. Í þeim tilgangi hafa félagsmenn samþykkt siðareglur sem gefnar eru út af Skotveiðifélagi Íslands. Þær hljóða svo, með leyfi forseta, og tek ég helstu atriði út úr þeim:

„Skotveiðimaður stundar veiði á villibráð sér til ánægju og heilsubótar. Hann virðir landslög og vegna byssunnar ber hann sérstaka ábyrgð gagnvart samborgurum sínum og lífríki landsins í heild. Þess vegna temur hann sér eftirfarandi siðareglur.

1. Eykur stöðugt þekkingu sína á skotveiðum.
2. Æfir skotfimi.
3. Gætir fyllsta öryggis í meðferð skotvopna.
4. Beitir ekki veiðiaðferðum sem valda bráðinni óþarfa kvölum.
5. Telur fjölda veiddra dýra ekki mælikvarða á góðan veiðimann eða vel heppnaðan veiðidag.
6. Fer vel með veiðibráð.
7. Færir veiðibækur af kostgæfni og tekur virkan þátt í verndun veiðidýra.
8. Er góður veiðifélagi.
9. Sýnir öðrum veiðimönnum háttvísi.
10. Virðir rétt landeigenda.
11. Sýnir almenningi tillitssemi.

12. Gengur vel um landið“ — sem er síðasti liður í siðareglugerð þeirra skotveiðimanna, en 12. gr. skiptist í þrjá liði sem hljóða svo:

„a. Góður veiðimaður gerir greinarmun á bráð og öðrum dýrum þótt skjóta megi. Bráð er veidd, vargi er eytt en önnur dýr látin í friði.

b. Veiðimaður spillir hvergi landi. Þess gætir hann við akstur, í tjaldstað og við meðferð elds.

c. Góður veiðimaður skilur ekki annað eftir sig en sporin sín“.

Þetta er það helsta sem kemur fram í siðareglum Skotvíss og segir margt um það hvernig siðferði er byggt upp meðal skotveiðimanna.

Skotvís hefur einnig rekið skóla sem heldur uppi námskeiðahaldi fyrir áhugasama skotveiðimenn og hef ég hér undir höndum námskeiðaröð skólans á komandi vori og vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna lítillega í dagskrá sem þeir hafa auglýst sérstaklega fyrir sína félaga. 16. maí er t.d. námskeið í skotfimi og verður þá fyrirlestur og verklegar æfingar. Þeir kenna einnig meðferð á bráð eins og svartfugli. Það verður námskeið um vistfræði, vopn, skot og öryggismál, veiðar á báti og matreiðsla. Sama á við um gæsir o.s.frv. Það er því ekki hægt að segja annað, herra forseti, en að mjög mikil vinna sé lögð í það af hálfu forsvarsmanna skotveiðimanna að kunna að umgangast og bera virðingu fyrir því sem þeir afla með tækjum sínum.

Herra forseti. Eins og af þessu má sjá sýna skotveiðimenn mikla ábyrgð við þessa tómstundaiðju og tel ég það geta orðið mörgum til eftirbreytni. Ég vonast til að í ljósi þess skoði hv. efh.- og viðskn. af fyllstu sanngirni þær réttlætiskröfur sem felast í þessu lagafrv. svo þessi fristundaiðjuhópur landsins, skotveiðimenn, sitji við sama borð af hálfu löggjafarvaldsins hvað skattlagningu varðar.

Ég vil einnig beina því til hæstv. efh.- og viðskn. að hún skoði um leið, þar sem það er ekki í frv., sérstakt erindi frá Skotfélagi Reykjavíkur. Skotfélag Reykjavíkur er eingöngu með markskot sem eru með loftrifflum og loftskammbyssum. Flutningsmenn þessa frv. höfðu ekki gert sér grein fyrir að til væri einhver hópur sem stundaði þetta að einhverju marki, en þessi iðja fellur undir önnur númer í vörugjaldaflokknum en ég taldi upp í upphafi máls míns og er meginefni þessa frv. Ég vil því biðja hv. efh.- og viðskn. að taka það bréf til skoðunar um leið og frv. þannig að málið í heild sinni fái þá meðferð sem eðlileg má teljast. Að lokum, herra forseti, vil ég vísa þessu máli til efh.- og viðskn.

[15:39]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson leggur til að vörugjöld verði felld af byssum og skotfærum. Ég er því sammála. Hv. þm. færir fyrir því aðallega tvenn rök. Hin fyrri rök í sjálfu sér gef ég ekki mikið fyrir. Þau lúta aðallega að því að Skotvís umgangist náttúruna af mikilli varfærni og leiði félaga sína í innviðu vistfræðinnar og innræti þeim þar af leiðandi virðingu fyrir viðfangsefni sínu sem er náttúran og hinir kviku fuglar sem þeir reyna síðan sér til ípróttar að skjóta. Ég held að þau rök skipti engu máli í sjálfu sér. Ég er hv. þm. þó þakklátur fyrir þetta fróðlega erindi sem hann flutti um hina ágætu starfsemi Skotvíss. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að forusta Skotvíss hefur staðið sig afskaplega vel við að innræta félögum sínum virðingu fyrir náttúrunni, vönduð vinnubrögð og á hrós skilið fyrir það. Hin rökin sem hv. þm. flutti líst mér miklu betur á. Hann bendir einfaldlega á að byssurnar og skotfærin sem um ræðir eru tæki sem menn nota sér til afþreyingar og skemmtigildis og bendir á að ýmiss konar svipuð eða hliðstæð tæki eru undanþegin þessu 25% vörugjaldi. Þar má nefna, eins og hv. þm. og meðflutningsmenn hans gera í grg. með þessu ágæta frv., t.d. annars konar vopn, boga, sverð og veiðistangir. Þessi tæki eru undanþegin þeirri ánauð hins opinbera. Þarna er um að ræða misræmi sem mér finnst erfitt að skilja og af þeirri ástæðu tek ég undir með hv. þm. Ég tel að menn eigi að sitja við sama borð í þessum efnum. Veiðistangir sæta ekki þessu gjaldi og hvers vegna skyldu þá annars konar veiðitól sem menn nota sér til afþreyingar úti í náttúrunni þurfa að sæta því?

Það er líka rétt sem hv. þm. sagði að nú þegar gjalda skotveiðimenn með eigin samþykki fast að 20 millj. kr. árlega til ríkisins. Að vísu rennur þetta ekki beinlínis í ríkissjóð því það fer í eyrnamerktan sjóð sem á að nota sérstaklega til að rannsaka stofnana sem þeir síðan þreyta sig á að elta uppi og veiða. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það var gert með þeirra samþykki. Sú tillaga var samþykkt í tíð minni sem umhvrh., og var næsta umdeild á sínum tíma. Ég minnist þess að þau átök sem m.a. komu þá fram voru öðrum þræði bak við tjöldin milli umhvrn. og fjmrn. Fjmrn. hélt að þetta mundi engu skila, taldi upp nokkrar milljónir. Við í umhvrn. vorum þeirrar skoðunar að þetta mundi skila 15–20 millj. og það hefur komið í ljós að við höfðum rétt fyrir okkur. Og einmitt í krafti þeirra upphæða sem með þessu móti eru innheimtar hafa farið fram grundvallarrannsóknir á jafnmikilvægum veiðifugli og rjúpu, sem hafa leitt í ljós algerlega nýjar staðreyndir um rjúpuna, m.a. að hún er staðbundinn fugl en landið allt er ekki athafnasvæði hennar eins og menn töldu áður.

Það er kannski aukaatriði í þessu máli, herra forseti, en það er alveg ljóst að skotveiðimenn leggja nú þegar fram umtalsverðan skerf til að sinna rannsóknum og kosta rannsóknir á viðfangsefnum sínum. Ég tel að hér sé um misræmi að ræða og samþykkja eigi tillögu hv. þm. En mig langar að spyrja hv. þm. vegna þess að hann flytur þetta ef ég man rétt með tveimur eða þremur þingmönnum úr Sjálfstfl. og einum úr Framsfl. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi kynnt þessa tillögu í sínum þingflokki. Þar situr m.a. hæstv. fjmrh. Hv. þm. upplýsti hér að ef tillagan yrði samþykkt mundi það leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð upp á 13,5 millj. kr. Er þessi tillaga flutt með samþykki hæstv. fjmrh.? Má gera ráð fyrir að hann fallist á samþykkt hennar?

[15:43]

**Flm. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir ágætan málflutning. Ég veit að skotveiðimenn hafa virt stuðning hans við þeirra málstað og þau samskipti sem þeir áttu við hann sem umhvrh. á sínum tíma, en þá var mörgu góðu komið til leiðar sem menn hafa byggt á síðan. Ég held að ekki sé á neinn hallað að hv. þm., þá sem umhvrh., hafi einmitt leitt þetta starf inn á þær farsælu brautir að bera ábyrgð á gjörðum sínum og viðurkenna rannsóknagildi og nýtingargildi um leið, og að kostnaður af því ætti að koma á þá sem nýttu sér auðlindina að þessu leyti. Ég held að menn hafi fyllilega gert sér grein fyrir þeim þætti málsins, að hann var afskaplega farsæll.

Ég þakka honum fyrir að benda á það sem skiptir mestu máli er auðvitað mismununin sem felst í þessu eins og það er.

Annars vegar sleppur frístundaiðjufólk eins og stangveiðimenn, skylmingamenn og þeir sem iðka bogfimi við slík gjöld meðan skotveiðimenn þurfa að borga 25% vörugjald á innfluttar byssur og skot. Sama á við um loftbyssur sem teljast mun hættuminni en venjuleg skotvopn. Auðvitað er þetta aðalmálið þó að nauðsynlegt sé að draga annað inn í sem styður málið í heild sinni.

Ég get upplýst hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að þetta mál var kynnt í þingflokki sjálfstæðismanna og samþykkt þar og var einnig borið undir hæstv. fjmrh. Hann gaf út af fyrir sig ekki vilyrði fyrir því að hann mundi mæla með því að málið gengi í gegnum efh.- og viðskn. En hann lagðist ekki gegn því að ég og félagar mínir flyttum þetta mál og létum á það reyna hvort það kæmist í gegnum þingið eða ekki. Ég held því að við gerum þetta að því leytinu til ekki í andstöðu við hæstv. fjmrh. en við gerum það heldur ekki með því samþykki að hann muni fallast á afgreiðslu málsins út úr þinginu.

[15:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég á kannski ekki að öllu leyti skilið það hrós sem mátti skynja um mig í fyrri hluta ræðu hv. þm. Stundum greindi mig á við skotveiðimenn. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þeir hafi að mörgu leyti borið skarðan hlut frá borði.

Hér er dæmi um það. Hér er hv. þm. að reyna að leiðrétta ákveðið misræmi þar sem hallar á þá. Þeir eru látnir borga gjöld sem aðrir útivistarmenn þurfa ekki að greiða til þess að geta iðkað sína íþrótt. Það er ekki rétt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það eigi eftir því sem kostur er að draga úr gjöldum á þann búnað sem menn þurfa til þess að geta stundað útivist og notið náttúru. Ég held líka að ef það dæmi væri reiknað út í hörgul, mundi koma í ljós að mikill þjóðhagslegur sparnaður væri að því. En það er önnur saga. Það er ekki alltaf hið rökræni ferli sem er leiðarhnoða hugsunar þeirra sem fara með valdið innan hins opinbera kerfis. Við verðum bara að sætta okkur við það.

Hins vegar er gott að heyra að hv. þm. hefur rutt þessu máli braut að miklu leyti innan stjórnarliðsins. Málið er flutt með fulltingi þingflokks sjálfstæðismanna. Hér er náttúrlega enginn framsóknarmaður í salnum sem er afskaplega slæmt. Annars væri hægt að ganga eftir því hvort þetta þarfa mál hefði líka hlotið svipað brautargengi innan hins stjórnarflokksins vegna þess að það er flutt af einum hv. þm. Framsfl. líka, Siv Friðleifsdóttur.

Þó að málið sé ekki endilega flutt með beinu samþykki hæstv. fjmrh., þá er það ekki flutt í andstöðu við hann. Hann veit af því. Því má gera því skóna að þetta mál muni hljóta náð fyrir augum þingsins og verða samþykkt. Ég tel að þá sé búið að stíga eitt skref til þess að leiðrétta hlut skotveiðimanna. Það er líka ánægjulegt að horfa til þess að á öðru sviði, nákvæmlega þessa dagana, er verið að rétta hlut þeirra í öðru máli. Það varðar einmitt mál sem hefur tengst mjög mínum flokki, þ.e. almannarétturinn, réttur manna til þess að njóta landsins. Núna er það gamla baráttumál að komast í höfn að skotveiðimenn muni geta stundað sína íþrótt með því að fara með byssur sínar og skotfæri til veiða á ósetnum ríkisjörðum. Þetta er gamalt baráttumál sem mér finnst að skipti mjög miklu. Þarna er um að ræða jarðir sem eru í eigu okkar allra og þess vegna eigum við öll að fá að nota þær.

Barist hefur verið fyrir þessu árum saman. Ég reyndi að hreyfa málinu þegar ég var umhvrh. Það tókst ekki þá m.a. vegna andstöðu tiltekinna ráðherra Sjálfstfl. Nú er annar uppi og það má færa núv. hæstv. umhvrh. sérstakar þakkir fyrir það að hann hefur tekið á þessu máli með nokkurri röggsemd, reyndar fyrir tilstuðlan tveggja ágætra flokksbræðra sinna, annars vegar hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og Sigmars B. Haukssonar sem er núverandi formaður Skotvíss. Mér sýnist því að hérna sé verið að hnika málum þeirra.

Nú hefur hv. þm. Kristján Pálsson lagt fram frv. sem hann hefur upplýst að nýtur að líkindum góðs stuðnings innan stjórnarliðsins og mun áreiðanlega njóta mikils stuðnings innan stjórnarandstöðunnar og það miðar líka að því að bæta hlut skotveiðimanna. Ég held þess vegna að við séum að stíga skref sem væntanlega er til hagsbótar þeim sem vilja njóta náttúrunnar á þennan hátt. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir frumkvæði hans í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, fyrri umr.*

Þáltill. ÁÞ o.fl., 284. mál. — Þskj. 355.

[15:51]

**Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem miðar að því að bæta réttarstöðu íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sólarhringsstofnunum og vistheimilum fyrir aldraða og fatlaða. Flutningsmenn ásamt mér eru allir hv. þm. í þingflokki jafnaðarmanna og tel ég það bera merki þess hversu mikilvægt jafnaðarmenn telja þetta mál vera að allir hv. þm. hafa kosið að leggja því lið. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar þannig að þeir sem dveljast langdvölum eða eiga heimili sitt á hjúkrunareða dvalarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum, sökum öldrunar eða fötlunar, njóti sömu réttinda hvað varðar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hjálpartæki og aðra fyrirgreiðslu og þeir sem búa utan umræddra stofnana. Að málinu verði unnið í samvinnu við hagsmunasamtök aldraðra og fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynlegar lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1998."

Tilgangur þessarar tillögu er að bæta úr því augljósa og margháttaða misrétti sem þeir sem dveljast á stofnunum eða hjúkrunarheimilum búa við. Þessar stofnanir eru flestar á daggjöldum eða föstum fjárlögum þannig að íbúarnir greiða ekki sjálfir fyrir dvöl sína með beinum hætti eins og tíðkast t.d. á sambýlum eða í vernduðum íbúðum. Hugsunin á bak við tillöguna er sú að íbúar umræddra stofnana og heimila fái greiddan elli- eða örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þeir greiði síðan til heimilisins vegna eðlilegs framfærslukostnaðar, svo sem fyrir fæði, húsaleigu o.fl., á sama hátt og aðrir.

Herra forseti. Þegar aldraðir eða fatlaðir vistast á sólarhringsstofnunum, hjúkrunar- og vistheimilum, missa þeir réttinn til beinna bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu en fá eingöngu greiddan mánaðarlegan vasapening sem nú er rétt um 12.000 kr. Þetta fyrirkomulag sviptir fólk sjálfstæði og sjálfsvirðingu og réttinum til að ráða fjármálum sínum sjálft. Í því felst ákveðin forræðishyggja sem samræmist

illa jafnræðisreglu og mannréttindasjónarmiðum, sviptir fólk fjárræði og er lítilsvirðandi.

Markmiðið með tillögunni er að settar verði skýrar reglur sem gera greinarmun á eðlilegum kostnaði við framfærslu einstaklings, sem hver og einn beri sjálfur ábyrgð á, og þeirri þjónustu eða umönnun sem viðkomandi þarf á að halda vegna líkamlegs eða andlegs ástands og eðlilegt er að hið opinbera greiði.

Fólk sem býr á þessum stofnunum eða heimilum hefur mjög skert aðgengi að nauðsynlegum hjálpartækjum, þrátt fyrir skyldur stofnana. Það hefur engan rétt til að fá úthlutað persónulegum hjálpartækjum frá Tryggingastofnun ríkisins, ef frá er talið hjólastóll, og engin trygging er fyrir því að það fái nauðsynlegan búnað eftir öðrum leiðum. Í flestum tilvikum er vísað til þess að fjármagna eigi hjálpartæki af rekstrarlið stofnana sem þýðir nær undantekningalaust að hjálpartækið fæst ekki. Það er því brýnt réttindamál að íbúar umræddra stofnana sitji við sama borð hvað þetta varðar og þeir sem hafa átt kost á annarri búsetu, svo sem sambýlum, vernduðu húsnæði eða eigin heimili.

Fyrirkomulag greiðslna fyrir læknis- og lyfjakostnað þeirra sem búa á hjúkrunarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum virðist vera nokkuð mismunandi eftir því á hvaða stofnun fólk dvelst. Einstaka stofnanir greiða þennan kostnað fyrir heimilisfólk að fullu en aðrar stofnanir taka lítinn sem engan þátt í honum. Það hlýtur að vera réttlætismál að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar.

Það mætti hugsa sér að Tryggingastofnun ríkisins úthluti íbúum stofnana eða hjúkrunarheimila lyfja-, læknis- eða öðrum þjónustukortum sem elli- eða örorkulífeyrisþegar fá. Þannig ættu þeir sama rétt á afslætti, t.d. vegna læknis- eða tannlækniskostnaðar, og jafna möguleika á að leita eftir þjónustu utan stofnana og aðrir.

Eins og málum er háttað er kostnaðarhlutdeild íbúa heimila og stofnana mjög mismunandi og má kveða svo fast að orði að alvarleg mismunun eigi sér stað.

Við framkvæmd laga um málefni fatlaðra er það meginreglan að íbúar sambýla greiði að hámarki 75% af heildarupphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins til reksturs sambýlisins. Það er enn fremur meginregla að þeir sem búa í húsnæði sem er í eigu ríkisins greiða enga húsaleigu, aðeins lögboðnar tryggingar og fasteignagjöld. Þeir sem búa í húsnæði sem er í annarra eigu, svo sem félagasamtaka, greiða hins vegar raunkostnað af húsnæðinu. Því er augljós aðstöðumunur á milli þessara tveggja hópa sem er réttlætismál að leiðrétta.

Herra forseti. Þess eru einnig dæmi að sambýli hafi verið byggð innan lóðamarka sólarhringsstofnana þannig að um mismunandi greiðslukerfi getur verið að ræða þótt fólk búi nánast á sama stað. Þeir sem búa á stofnun fá eingöngu vasapeninga. Á sambýlinu fá heimilismenn greiddan lífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót en greiða hlutfall tekna sinna til sameiginlegs heimilishalds. Íbúar sambýlisins eiga rétt á þjónustu sveitarfélagsins, svo sem ferðaþjónustu og liðveislu, en íbúar stofnunar á sömu lóð eru réttlausir hvað þetta varðar.

Kostir þeirra breytinga sem lagðar eru til í tillögunni eru margvíslegir. Það er augljóst réttlætismál að allir aldraðir og fatlaðir, líka þeir sem dveljast á stofnunum og þurfa verulega aðstoð, njóti sambærilegra réttinda og kjara og þeir sem geta búið sjálfstætt. Með breytingunum væri komið í veg fyrir að fólki væri mismunað eftir búsetu eða tegund stofnunar sem það býr á. Eins og málum er nú háttað halda þeir sem búa utan stofnana og eru á bótum eftir 25% af lífeyri og tekjutryggingu og öllum uppbótum á lífeyri að fullu. Sé fjárhagsdæmi þessara tveggja hópa skoðað kemur í ljós að þeir sem búa í vernduðu húsnæði eða á sambýlum halda a.m.k. 24.000 kr. eftir þegar þeir hafa greitt fyrir fæði og húsnæði en þeir sem dveljast á stofnunum og hafa engar aðrar tekjur hafa aðeins um 12.000 kr. í vasapening til einkanota. Þótt um mjög lágar upphæðir sé að ræða í báðum tilvikum er munurinn engu síður óásættanlegur. Einnig er rétt að hafa í huga, herra forseti, að vasapeningar eru tekjutengdir og skerðingarmörk mjög lág eða rúmlega 3.000 kr. Séu aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins hærri en rúmlega 3.000 kr. skerðast vasapeningar um 65% þeirra tekna.

Af þessu má sjá, herra forseti, að ævitekjur þess einstaklings sem hefur þurft að vistast á stofnun jafnvel frá unga aldri eru hvorki til að lifa né deyja af.

Ellilífeyrisþegar sem dvelja á hjúkrunarheimilum og hafa eigin tekjur greiða mismikið fyrir dvöl sína, allt eftir því hver ávöxtun ævitekna þeirra er. Vil ég í þessu samhengi, herra forseti, minna á fyrirspurn hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér fyrr í vetur til heilbrrh. þar sem hún kallaði eftir upplýsingum um hversu mikið fólk greiddi fyrir dvöl sína á hjúkrunarheimilum eða sjúkradeildum, þ.e. fyrir aldraða, og kom í ljós að um verulega mikinn mismun var að ræða.

Ég vil, svo ég nefni nokkrar tölur í þessu samhengi, benda á að sá sem hefur hærri tekjur úr lífeyrissjóði en 21.500 kr. á mánuði þarf sjálfur að taka þátt í dvalarkostnaði með umframtekjunum. Sá sem hefur umtalsverðar vaxtatekjur af verðbréfum hefur hins vegar sloppið við samsvarandi greiðsluþátttöku fram að þessu. Þarna er einnig um mismunun að ræða sem þarf að leiðrétta.

Enn fremur væri það mikill kostur ef framfærsla þeirra sem hér um ræðir færi í gegnum sömu stofnun eða ráðuneyti og fer með almannatryggingar. Jafnframt væri betra að um þetta giltu sömu lög og reglur og gilda um aðra úr röðum aldraðra og fatlaðra. Ef íbúar hjúkrunarstofnana eða vistheimila fengju bæturnar greiddar beint eins og hér er lagt til, yrði greiðslukerfið sýnilegra og gagnsærra. Betur væri hægt að koma í veg fyrir misræmi og mismunun sem virðist vera víða í þjónustukerfi elli- og örorkulífeyrisþega.

Herra forseti. Ég tel einnig að það væri í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að tryggja öllum sambærileg réttindi óháð búsetu eða stöðu en draga má í efa að núverandi fyrirkomulag uppfylli þá reglu. Breytingar þær sem hér er lagt til að gera hafa verið reyndar í Danmörku og reynst þar vel. Þar var fyrirkomulagið sett á til reynslu í tvö ár en frá árinu 1994 hefur það verið lögfest. Íbúar hjúkrunarheimila, vistheimila eða sólarhringsstofnana fá nú lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það hefur reynst mjög vel og mikil ánægja ríkt með það. Áhyggjur þeirra sem óttuðust að breytingarnar yllu fólki erfiðleikum, t.d. með að standa skil á fjárhagslegum skuldbindingum, hafa reynst að fullu ástæðulausar. Langflestir eru færir um að sjá um fjármál sín sjálfir. Þeir sem hafa þurft sérstaka aðstoð í þeim efnum fá hana samkvæmt fyrir fram settum reglum sem eru í fullu samræmi við lögræðislög þar í landi.

Herra forseti. Nái þessar breytingar fram að ganga þarf að setja skýrar reglur um hvernig hægt væri að styðja þá sem þurfa sérstaka aðstoð í fjármálaumsýslu. Skoða þarf hvort nýleg endurskoðun á lögræðislögum tryggi að slíkt fyrirkomulag gangi hér.

Ég tel að gagnger endurskoðun þurfi að fara fram á tilhögun og útreikningum fastra fjárveitinga til þeirra hjúkrunar- og vistheimila og sólarhringsstofnana sem málið varðar. Síðan þarf að skila fjármagni í almannatryggingakerfið til að standa straum bæði af lífeyrisgreiðslum til þeirra sem hér um ræðir og öðrum kostnaði sem breytingarnar hafa í för með sér fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Herra forseti. Að lokum þakka ég meðflm. mínum fyrir stuðning við þetta brýna málefni. Ég tel eðlilegast að málinu verði vísað til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. þar sem flest hjúkrunarheimili eru enn skilgreind sem heilbrigðisstofnanir þó að þar sé ákveðin skörun við verkefni félmrn. Ég tel að hv. heilbrn. muni skynja eðli málsins og ná um það góðri samstöðu við aðra er málið varðar.

[16:05]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 15. þm. Reykv., Ástu B. Þorsteinsdóttur, fyrir að hafa haft frumkvæði að því mikilvæga máli sem hér er til umfjöllunar. Hún hefur í framsögu sinni rakið helstu þætti ágætlega en þó vil ég gjarnan koma aðeins inn í umræðuna.

Það er mikilvægt að farið verði í að vinna þau verk sem farið er fram á í þessari þáltill. Það vantar skýrar og réttlátar reglur um þessi mál. Menn þurfa að gera upp við sig grundvallarspurningar á borð við það hvort einstaklingar eigi að greiða fyrir hjúkrun sína þegar þeir eldast og fara á hjúkrunarheimili. Eins og málin eru í dag er ástandið náttúrlega alls ekki viðunandi. Eins og hv. frummælandi minntist á greiða menn fyrir hjúkrunarvist sína. Þeir sem safnað hafa til elliáranna með greiðslum í lífeyrissjóð, halda ekki eftir nema um 20 þús. kr. Það sem eftir er fer í að greiða vistina. Hjúkrunarrými kostar í dag um 250 þús. kr. á mánuði. Á dvalarheimili er kostnaðurinn líklega u.þ.b. helmingi lægri.

Tíðkast hefur að hjúkrunarheimilin greiði lyfjakostnað og annan heilbrigðiskostnað fyrir þá sem þar vistast. Rekstur þessara hjúkrunarheimila byggist á þeim daggjöldum sem hið opinbera greiðir og síðan sértekjum sem koma af greiðslum frá þeim sem dvelja á heimilinu. Meðan svo er er auðvitað alltaf hætta á að það hafi áhrif á það hverjir fá vist. Við vitum að það eru langir biðlistar eftir hjúkrunarrýmum. Það getur haft áhrif, ég er ekki að segja að svo sé, en það getur haft áhrif hvort vistmenn flytja með sér greiðslur inn á heimilið eða ekki. Það hefur auðvitað áhrif á hversu há daggjöld stofnunin þarfnast síðar meir skv. fjárlögum. Þarna eru mjög misvísandi reglur sem auðvitað þarf að skoða og leiðrétta. Það kom t.d. skýrt fram í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrr í vetur.

Ég get nefnt dæmi sem ég þekki vel um fullorðinn mann sem kominn er á hjúkrunarheimili hér. Hann greiddi lengi í lífeyrissjóð og hefur góðar lífeyrissjóðsgreiðslur, á annað hundrað þús. sem fara að mestu til hjúkrunarheimilisins. Hann heldur eftir 20 þús. kr. á mánuði. Af þessum vasapeningum þarf hann að greiða fyrir þvott sem mér er reyndar sagt að ekki sé heimilt lengur. Ég hef engu að síður gögn um að þessi hjúkrunarsjúklingur þarf að greiða fyrir þvottinn. Hann þarf að greiða fyrir hreinsun á fötunum sínum, greiða fyrir klippingu, snyrtingu o.s.frv. Þetta þurfa einnig þeir einstaklingar að gera sem ætlað er að lifa á vasapeningunum, þeir sem ekki hafa verið svo heppnir að geta safnað í lífeyrissjóð, fá greiðslur úr almannatryggingunum og þessar 11–12 þús. kr. í vasapeninga á mánuði. Þeir þurfa að standa straum af ýmsum kostnaði á heimilinu með þessum 11 þús. kr. Þær eru tekjutengdar eins og margoft hefur komið fram í umræðunni og þannig skerðir allt sem sjúklingurinn fær greitt yfir 3 þús. kr., vasapeningana um 65%.

Ég veit dæmi þess að mikill hjúkrunarsjúklingur, ég veit ekki hvort hann fékk greiðslu frá Rithöfundasambandinu aðrar höfundargreiðslur, fékk lítilræði fyrir jól vegna lesturs úr verkum hans. Þetta reyndist hefndargreiðsla. Auðvitað voru peningarnir notaðir til að gleðja einhvern af afkomendunum fyrir jólin en næst þegar skattskýrslan kom til skoðunar, 1. sept. árið eftir, þá skertust vasapeningarnir vegna greiðslunnar. Viðkomandi hjúkrunarsjúklingur þurfti að búa við mun lægri vasapeninga það sem eftir var ársins þar til leiðréttingin kom í september árið eftir. Þessar reglur er alls ekki hægt að una við, herra forseti. Þetta verður að leiðrétta.

Það þarf að vinna það verk sem farið er fram á í þessari þáltill. Það er ekki að ástæðulausu að allur þingflokkur jafnaðarmanna leggur þessari tillögu lið með samflutningi, vegna þess að þetta er réttlætismál sem þarf að skoða. Það má ekki mismuna fólki eftir því hvar það dvelur eftir að það getur ekki dvalið í heimahúsum.

Ég gæti auðvitað nefnt ýmis fleiri dæmi sem ég þekki og ástæða væri til að vekja athygli á en tími minn leyfir það ekki. Ég ítreka hins vegar enn og aftur: Þessi mál verður að skoða, bæði kostnaðinn, hjálpartækjakostnað og ýmislegt annað sem nefnt er í grg. og frummælandi, Ásta B. Þorsteinsdóttir, fjallaði um. Ég vona að þegar þetta mál hefur fengið sína umfjöllun í dag, fari það til heilbr.- og trn. og fái þar afgreiðslu vegna þess að það snýst um grundvallarmannréttindamál.

[16:12]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þingflokki jafnaðarmanna fyrir að bera þessa tillögu fram. Það er sannarlega tími til kominn að taka þessi mál föstum tökum. Þau hefa lengi verið vandamál. Elliheimilin svokölluðu voru stofnanir sem enginn gat sætt sig við. Þar var gamalt fólk látið búa við þrjá aðra og jafnvel fleiri í sama herbergi, hvort sem því líkaði félagskapurinn eða ekki. Þær stofnanir voru á tímabili teknar í gegn eftir áratuga tilraunir til að lagfæra ástandið.

Þá voru byggð annars konar elliheimili eða dvalarheimili eins og það er kallað, oft með litlum íbúðum þar sem fólki var ætlað að búa líkt og í eigin húsnæði. Þar var lítill eldhúskrókur og aðstaða til að lifa eðlilegu lífi. Þetta hafa því miður verið orðin tóm. Í fæstum tilvikum eru þessi eldhús nokkurn tíma notuð og fólk dettur fljótlega inn í stofnanakerfi sem byggist á þeirri forræðishyggju sem gjarnan er beitt gagnvart öldruðu fólki.

Áður en við er litið er farið að ganga um á kvöldin með svefnpillur handa fólki sem aldrei í lífinu hefur tekið slíkt inn. Fólki er gert að koma og borða á nákvæmlega réttu kortéri. Því er gert að sitja við borð hjá ákveðnu fólki ár eftir ár, hvort sem það sækist nokkuð eftir því sjálft eða ekki o.s.frv. Við höfum áreiðanlega öll horft upp á að sjá okkar nánustu breytast úr þokkalega frísku og fjörugu fólki yfir í að verða „fólk á stofnun". Ég held að fyrsta verkefnið sem verðugt væri að íhuga væri að reyna að skilgreina þessar stofnanir upp á nýtt.

Ég er alveg sammála því sem kom fram í máli hv. málsflytjanda að e.t.v. eiga dvalarheimili fyrir aldraða miklu frekar heima undir félmrn. en heilbrrn. og þá yrðu kannski skýrari skil milli sjúkraþjónustu og venjulegrar öldrunarþjónustu. Það er einfaldlega tvennt ólíkt. Aldrað fólk á að

sjálfsögðu að njóta sömu sjúkraþjónustu og allir aðrir landsmenn, annað er gróf mismunun eins og ég hef áður sagt í ræðustól á þessu þingi. Við eigum að hafa ókeypis sjúkraþjónustu að miklu leyti og það á auðvitað að ná til þeirra sem eru orðnir aldraðir eins og til annarra.

Af því að tími minn er takmarkaður og ég gæti haldið langa ræðu um þetta mál skal ég reyna að taka saman það sem ég vildi sjá gerast. Í fyrsta lagi að skilgreind yrði þjónusta sem er boðin öldruðu fólki sem er nú að verða líklega einn fjórði af þjóðinni eða jafnvel hærri tala þannig að hér er ekki um smáhóp að ræða. Auðvitað á þetta fólk að fá almannatryggingabætur sínar greiddar út eins og annað fólk. Það á síðan að greiða það sem því ber til dvalarheimilis en það á líka að fá kvittun með skilgreindum atriðum: hvað það er að borga. Það sem það hefur áunnið sér í lífeyrissjóði kemur málinu bara ekkert við. Enginn hefur og enginn á að hafa leyfi til að vaða í lífeyrisgreiðslur fólks, taka þar það sem því sýnist og oft þannig að fólk hefur ekki hugmynd um fyrir hvað það er að borga. Að sjálfsögðu borgar fólk þar sem það býr á dvalarheimili eins og upp er sett og við því er ekkert að segja. En að lífeyrisgreiðslur fólks séu látnar ganga upp í sjúkraþjónustu er siðleysi og að ég hygg brot á stjórnarskránni eins og ég hef áður sagt í vetur. En það virðast ekki nema örfáir hv. þm. af kvenkyni hafa tekið þátt í umræðunni. — Það er ekki alveg rétt, einnig nokkrir karlmenn, ég skal vera sanngjörn. Að bjóða nokkurri manneskju, sem býr í íbúð fyrir aldraða á svokölluðu dvalarheimili, upp á 11 eða 12 þús. kr. á mánuði til að lifa fyrir er auðvitað ekki boðlegt. Hvað gerir þetta gamla fólk? Það á börn sem eiga afmæli, það koma jól. Við skyldum halda að fólk hefði kannski ýmsar venjur og jafnvel lesti sem því ætti að vera gjörsamlega í sjálfsvald sett hvort það nýtur eins og aðrir landsmenn. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Eins og ég hef áður sagt byggist þetta á þessu viðhorfi: Gamalt fólk er komið á dvalarheimili til að geyma það þangað til það deyr. Það er ljótt að segja þetta en svona er þetta. Ekki er gert ráð fyrir að þetta fólk lifi eins og venjulegt fólk enda gerir það það ekki. Það er ekkert gert til þess að það geri það.

Þá er ég komin að einu atriði enn, og nú verð ég líklega að stytta mjög mál mitt, þ.e. að venjulegt dvalarheimili eða hjúkrunarstofnun á að greiða alla hluti eins og hjálpartæki og annað slíkt fyrir þetta fólk. Það gerir það ekki. Það gerir það allra nauðsynlegasta og ég hef engan fyrir mér annan í þessari stóru fullyrðingu en fyrirtæki í Hafnarfirði sem ég hef rætt við um þessi mál. Það er ólíkt sem er pantað handa fólki á dvalarheimilum og fólki, sem er að biðja um hjálpartæki af öllum toga, sem býr í heimahúsum. Þegar verið er að reikna út kostnað og eðlileg daggjöld á dvalarheimilum er ósköp lítið gengið eftir því hvað er í raun og veru borgað af þessum peningum. Grun hef ég um að gamla fólkið hafi hvorki hugmynd um hvað það er að borga til heimilisins né hvað það fær í staðinn. Það á auðvitað að geta gert kröfur um mat og um þjónustu. Það borgar mikla peninga fyrir dvöl sína. Það á ekki að vera þarna eins og sjúklingar sem enginn í hlustar á eða tekur tillit til sem venjulegs borgara í landinu.

Ég er alveg sammála því sem hér kemur fram að auðvitað eiga að vera þjónustukort fyrir fólk á dvalarheimilum eins og annars staðar, lyfjakort og annað slíkt sem það á að geta nýtt sér eins og aðrir borgarar.

Ég sé að tími minn er á þrotum og ég lofa því ekki, hæstv. forseti, að taka ekki aftur til máls ef fleiri gera svo. En bara að lokum: Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir minntist á að menn borguðu með sér eða það gæti verið komið undir vali hvað fólk gæti borgað. Við vitum að það viðgengst, og síðast í gær talaði við mig ellilífeyrisþegi sem borgaði eina milljón króna til að komast inn á Hrafnistu. Þetta hefur viðgengist um árabil og þetta er auðvitað ekki boðlegt.

[16:21]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég verð að segja að sumt af því sem hér hefur verið sagt kemur mér nokkuð á óvart vegna þess að það er eins og fólk tali af nokkru þekkingarleysi með fullyrðingar um hluti sem standast ekki. Í greinargerð með þáltill. segir að:„Í flestum tilvikum er vísað til þess að fjármagna eigi hjálpartæki af rekstrarlið stofnana sem þýðir nær undantekningalaust að hjálpartækið fæst ekki.“ Fást hjálpartæki nær undantekningarlaust ekki á stofnunum? Við hvaða stofnanir er átt ef þetta er undantekningalaust? Á hvaða stofnunum fást þá hjálpartæki? Ég vildi gjarnan fá það uppgefið. Á hvaða stofnunum fást hjálpartæki ef það er undantekningalaust að þau fást ekki? Þar sem ég þekki til er undantekningalaust hjálpartæki til staðar ef á þarf að halda.

Síðan er sagt að fyrirkomulag greiðslu fyrir læknis- og lyfjakostnað þeirra sem búa á hjúkrunarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum virðist vera nokkuð mismunandi eftir því á hvaða stofnun fólk dvelst. Einstaka stofnanir greiða þennan kostnað fyrir heimilisfólk að fullu en aðrar stofnanir taka lítinn sem engan þátt í honum. Það hlýtur að vera réttlætismál að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar.

Ég veit ekki betur en að í þeim daggjöldum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir til sólarhringsstofnana eins og fyrir aldraða eða hjúkrunarheimila sé þetta innifalið í daggjaldinu. Það væri mjög gott fyrir mig og eflaust alþjóð og þetta heiðursfólk, sem kemur til með að fylgjast með þessari útsendingu héðan úr Alþingi, að vita hvað verið er að fara? Er það svo að verið sé að hafa af fólki fé með því að veita því ekki þá þjónustu sem kemur og á að veitast í gegnum daggjöld þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt vegna þess að verið er að bera það á borð að flestir aldraðir séu að fara með ósannindi og ekki með rétt mál og standi ekki við það sem kröfur eru gerðar til hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Enn fremur segir í greinargerð: „Eins og málum er háttað er kostnaðarhlutdeild íbúa heimila og stofnana mjög mismunandi og má kveða svo fast að orði að alvarleg mismunun eigi sér stað.“

Það væri mjög athyglisvert að fá fram hvað flutningsmenn eru að fara hér með þessu. Hvað eru flutningsmenn að fara með þessum orðum? Það eru ákveðnar reglur sem farið er eftir. Í flutningi hv. síðasta ræðumanns, Guðrúnar Helgadóttur, og hjá fleirum kom fram að fólk heldur eftir mjög lágri upphæð af lífeyrissjóðsgreiðslunum eða um 26 þús. kr. og annað sé tekið. Það er rétt en ef fólk hefur meiri lífeyrissjóðstekjur en nemur daggjaldagreiðslum þá heldur fólkið auðvitað því eftir sem umfram er. (**GHelg:** Þó það nú væri.) — Þó það nú væri. Það hefur bara ekki komið fram í málflutningi neins sem talað hefur hér.

Síðan er talað um að kostir þeirra breytinga sem lagðar eru til í tillögunni séu margvíslegir. Það sé augljóst réttlætismál að allir aldraðir og fatlaðir, líka þeir sem dveljast á stofnunum og þurfa verulega aðstoð, njóti sambærilegra

réttinda og kjara og þeir sem geta búið sjálfstætt. Ég verð að segja það að mér vefst nokkuð tunga um tönn. Það er svo mikill munur á því að búa á sólarhringsstofnun eða vera í heimahúsi. Hvernig á þá að veita því fólki þá þjónustu sem veitt er, lyfjakostnað, læknishjálp, ef fólk er að tala um að það eigi að njóta sambærilegra kjara og þeir sem búa heima og fá alla greiðslu sína en geta kallað til heimaþjónustu ef á þarf að halda og borgar hana?

Síðan segir í greinargerðinni: „Sá sem hefur umtalsverðar vaxtatekjur af verðbréfum hefur hins vegar sloppið við greiðsluþátttöku umfram það sem sjúkratryggingar leggja til með honum." Ég heyrði það á framsögumanni að þessi texti er vitlaus í greinargerðinni því að það var öðruvísi talað og sagt að þeim sem fá vaxtatekjur sé reiknað það til tekna og þar af leiðandi þurfi þeir að borga hærri gjöld.

Ekki er langt síðan aldraður heimilismaður á Hrafnistu hafði mörg orð um þetta við mig og sýndi mér það í tölum að hann hefði lagt verulega til efri áranna og það var honum til frádráttar, þ.e. vaxtatekjurnar, og hann varð að borga hærra hlutfall í daggjöldum en annars.

Síðan segir í greinargerðinni: „Það væri enn fremur mikill kostur ef framfærsla allra þeirra sem hér um ræðir færi í gegnum sömu stofnun eða ráðuneyti og fer með almannatryggingar og um þetta giltu sömu lög og reglur og gilda um aðra úr röðum aldraðra og fatlaðra. Ef íbúar hjúkrunarstofnana eða vistheimila fengju bætur greiddar beint, eins og hér er lagt til, yrði greiðslukerfið sýnilegra og gagnsærra. Það væri því betur hægt að koma í veg fyrir misræmi og mismunum sem virðist víða vera í þjónustukerfi elli- og örorkulífeyrisþega." Ég tek undir að það er alveg rétt. Það er merkilegt að enginn skyldi koma inn á það sem hefur áður verið talað í þessu sambandi. Það eru nefnilega ótal heimili fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og vistheimili sem fá nákvæmlega sömu gjöld og þau sem veita bestu þjónustu sem hægt er að veita. En þau heimili önnur eru til sem veita ekki aðra aðstoð en þá að klæða þá öldruðu, koma þeim einhvers staðar í gott sæti, og síðan þegar kvölda tekur og sest er sól eru þau leidd í rúmið aftur. Þessar stofnanir eru eftirlitslausar og hafa sömu daggjöldum á að skipa og þær sem eru með talsvert starfsfólk og leggja sig allar fram um það að búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

Þess vegna kom mér dálítið á óvart þegar ég las greinargerð með till. til þál. um að bæta réttarstöðu íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sólarhringsstofnunum og vistheimilum fyrir aldraða og fatlaða, að ekki skuli vera komist sterkar að orði um hinn mikla mismun sem er á stofnununum eins og raun ber vitni um. Ég verð líka að segja að ég er dálítið hissa á hinu háa ráðuneyti að það skuli ekki vera löngu farið af stað með vinnu í þessu efni. Ég er hissa á því að greiða út peninga til stofnana aldraðra vítt og breitt um landið án þess að nokkuð sé hugað að því hvaða lágmarkskröfum sé fylgt eftir og að Tryggingastofnun ríkisins skuli ekki gera ákveðnar kröfur til standards og þjónustu. Hins vegar veit ég það að af svokallaðri RAI-mælingu sem nú fer fram og fleiri athugunum á vegum heilbrrn. er verið að stefna í rétta átt sem byggist m.a. á því að þá er verið að huga að því líka að fleira hjúkrunarfólk þarf við hjúkrun og það þarf fleiri aðila til að sinna þeim sem mjög eru sjúkir en þeim sem betur mega sín og þarf færra fólk við. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er ekki búinn með einn þriðja af því sem ætlaði að segja en ég verð að láta máli mínu lokið í bili.

[16:30]

**Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þar sem hann fagnaði því undir lok ræðu sinnar að gera ætti úttekt á þessum stofnunum og þeirri þjónustu sem þær veita. Þingmaðurinn taldi það löngu tímabært. Því held ég að hann ætti að taka undir þessa þáltill. af heilum huga.

Aðeins til þess að svara helstu ávirðingum hans á þessa þáltill. Stofnanir sem eru á föstum fjárlögum hafa lítið sem ekkert svigrúm til að kaupa hjálpartæki. Einu hjálpartækin sem Tryggingastofnun ríkisins úthlutar fólki sem á þessum stofnunum býr eru hjólastólar. Persónuleg hjálpartæki eru ýmis önnur en hjólastólar. Vonandi að hv. þm. skilji að fleiri stofnanir eru hér til umræðu en sú stofnun sem hann þekkir best.

Tryggingastofnun ríkisins hefur upplýst mig um það, og ég tel þá stofnun vera ábyrga í sinni upplýsingamiðlun, að vaxtatekjur hafa fram að þessu ekki verið reiknaðar inn í greiðslugrunn íbúa á sólarhringsstofnunum eða vistheimilum þannig að ef þingmaðurinn veit betur verður hann að koma þeim upplýsingum til Tryggingastofnunar ríkisins og leiðrétta þá mismunun sem þarna er augljóslega í gangi.

[16:32]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að hv. flutningsmaður hafi gert sér grein fyrir þeim harða áfellisdómi sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flutti yfir núverandi kerfi og ekki síst yfir núv. hæstv. heilbrrh. Hann sagði að það væri til vansa að hæstv. ráðherra og Tryggingastofnun hefðu ekki þegar og fyrir löngu gert úttekt á þeirri þjónustu sem er veitt á þessum stofnunum. (**GHall:** ... alþýðuflokksmaður þar líka.)

Herra forseti. Mér finnst þetta vera mjög þörf umræða og málefnarík og að henni hafa einungis komið menn og konur sem hafa mikið vit á þessum málum. Ég er hálfgerður „analfabet" í þessum málum en ég lít allt öðruvísi á þetta. Ég tók þátt í því ásamt öðrum þingmönnum að breyta stjórnarskránni. Þá var tekið á mannréttindakafla þar sem m.a. var kveðið alveg skýrt á um það — sú túlkun kom fram í umræðum — að það mætti ekki mismuna mönnum eftir til að mynda sjúkleika þeirra eða hvers konar sjúkleika þeir ættu við að stríða. Þetta er spurning um jafnræði, herra forseti. Þetta er spurning um það að þeir sem eru aldraðir og fatlaðir og búa á sólarhringsstofnunum njóti sömu aðstöðu og réttinda og þeir sem búa t.d. sjálfstætt. Spurningin er: Er það rétt eða rangt?

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson dró í efa að um væri að ræða alvarlega mismunun á þessu sviði. En það er eigi að síður staðreynd, held ég, að þeir sem búa á sólarhringsstofnunum fá ekki að njóta bóta úr almannatryggingakerfinu. Þeir standa eftir með 11 þús. kr. á meðan fólk í svipaðri stöðu, sem býr jafnvel innan vébanda þeirrar stofnunar en í vernduðu húsnæði eða sambýli, hefur meira en tvöfalt meira til umráða. Það kalla ég alvarlega mismunun. Ég segi fyrir sjálfan mig, ef ég lendi einhvern tíma sjálfur í þessu, þá vildi ég ekki sæta henni.

Ég spyr hv. þm. Guðmund Hallvarðsson: Telur hann ekki að þetta sé alvarleg mismunun? Ef svarið er já, finnst honum þá ekki að hann hafi farið eilítið offari í sinni að öðru leyti málefnalegu ræðu áðan?

[16:34]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess að ég væri mjög undrandi á því að Tryggingastofnun ríkisins hefði ekki fyrir löngu stigið það skref að ætlast til ákveðinnar lágmarksþjónustu, t.d. á stofnunum aldraða og fatlaða vegna þeirra daggjalda sem hún greiðir til viðkomandi stofnana. Hv. síðasti ræðumaður, Össur Skarphéðinsson, talaði hér um alvarlega mismunun.

Það er vandséð hvernig á að halda á og meta það hvernig verið er að mismuna fólki. Ef tekið er dæmi eins og hér kom fram áðan um það hvað kostar á mánuði að búa á sólarhringsstofnun fyrir aldraða, þá er það um 100 þús. kr. og viðkomandi aðili hefur kannski aldrei greitt í lífeyrissjóð en fær 10 þús. kr. í vasapeninga. Þá er sagt úr þessum ræðustól að verið sé að mismuna þessum aðila gagnvart einhverjum öðrum sem hefur lagt talsvert í lífeyrissjóð og leggur nokkuð til með sér. Þetta fer eftir því frá hvaða sjónarhorni menn líta á mismununina. En þegar skattgreiðendur þurfa að greiða allt upp í 90% af því gjaldi sem það kostar á mánuði að búa á svona sólarhringsstofnun, hvernig ætla menn þá að heimfæra mismunun á því, mismunun gagnvart hverju?

[16:35]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög þörf umræða og tímabær. Hv. 10. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan að verið væri að veita mismunandi þjónustu og ekki væri fylgst með því hvaða þjónustu væri verið að veita fyrir þau daggjöld sem hið opinbera greiðir. Það er alveg rétt. Það er einmitt ein af ástæðunum fyrir því að það þarf að fara í svona vinnu eins og við erum að leggja til hér. Það þarf að gera úttekt á þessu frá mörgum hliðum.

Og vegna ummæla hv. þm. um að sumir greiði að fullu fyrir þá vist sem þeir eru í, t.d. á hjúkrunarheimili, þ.e. þeir fái til baka ef lífeyrissjóðurinn er hærri en kostnaðurinn við vistina, þá spurðist ég fyrir um þetta á dögunum, hvort einhver borgaði að fullu 250 þús. kr. á mánuði sem er kostnaðurinn við það að vera á hjúkrunarheimili í dag. Ég fékk upplýsingar um að enginn sem væri á hjúkrunarheimili núna hefði svo háar greiðslur úr lífeyrissjóði að hann fengi til baka. Að minnsta kosti vissi sá sem ég spurði um þetta, sem þekkir allvel til í þessu kerfi, ekki til þess.

Engu að síður, ef fólk er með meira en 250 þús. kr. úr lífeyrissjóð á mánuði, þá greiðir það að fullu fyrir sína hjúkrun eins og kerfið er í dag. Það heldur reyndar eftir 20 þús. kr. en þarf að borga fyrir ýmsa þjónustu sem er þar fyrir utan með 20 þús. kr. og það er ekki nægilega vel skilgreint hvað viðkomandi sjúklingur fær fyrir þessar 250 þús. kr. á mánuði. Hvaða þjónustu fær hann? Fyrir hvað er greitt?

Og það sem snýr að hjálpartækjunum, það er rétt að fólk fær sína hjólastóla en auðvitað þarf fólk mörg önnur hjálpartæki, t.d. einnota hjálparvörur alls konar einnig eru ýmis persónuleg hjálpartæki. Forstöðumenn gætu velt fyrir sér þegar fólk kemur inn á stofnun: (Forseti hringir.) „Eigum við að taka þennan sjúkling sem þarfnast mikillar hjúkrunar eða hinn sem ekki er okkur eins dýr?“ Það er hættan í þessu kerfi því miður.

[16:38]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið hefur verið lagt upp úr því að full ástæða sé til að endurskoða og taka til í kerfinu og ég er sammála því. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að með þessari RAI-mælingu, eins og þið þekkið, er verið að stíga það skref að vega og meta af hálfu ráðuneytisins hversu mikið fjárframlag þurfi til viðkomandi hjúkrunarheimila vegna hjúkrunarþyngdar. Það er eðlilegt og sjálfsagt að hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og annað starfsfólk sé nógu margt til að sinna þeirri þjónustu sem þarf að veita sjúkum.

Það sem snýr að venjulegri vistun er svo auðvitað annað mál. Engu að síður er það rétt eins og hérna hefur komið fram að það þarf að fylgjast vel með því að þar sé þannig haldið á málum að fólkið fái þá þjónustu sem þar á að veita.

Mér er minnisstætt þegar ég var á ráðstefnu fyrir ekki löngu síðan þar sem rædd voru málefni aldraða að ég fékk sérstaka ofanígjöf eða þeir sem að Hrafnistumálunum koma, fyrir þann flottræfilshátt og lúxus að byggja sundlaug fyrir aldraða, að byggja sundlaug fyrir þá sem dveldu á heimilum aldraða. Það ætti að nota peningana til annars. Þetta voru aðilar sem eru í þjónustu við aldraða þannig að kannski þyrfti að skoða þá líka.

[16:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf vissulega margt að skoða í þessum efnum og aldrei mundi ég gagnrýna svo sjálfsögð réttindi eins og þau að fá að hafa sundlaug fyrir hvort heldur aldraða eða fatlaða. Það er stórmál í sambandi við þjálfun og endurhæfingu.

Hv. þm. sagði að það þyrfti að vega og meta hversu stórar greiðslur kæmu í daggjöldunum til þessara stofnana og það er einmitt það sem ég hef verið að reyna að koma hérna inn á, þ.e. það þarf að endurmeta daggjöldin. Ef sjúklingur með háar sértekjur sem greiðir inn á stofnunina fellur frá, þá falla tekjurnar og þá þarf að endurmeta daggjöldin. Mér finnst ekki eðlilegt, þegar sjúklingar og aldraðir eru annars vegar, að tala um að það þurfi jafnvel að vega og meta sjúklinginn inn á stofnunina miðað við hve mikið fjármagn fylgir honum til stofnunarinnar. Það er bara ekki viðunandi hugsunarháttur. Það er vegna þessa sem við segjum að það þurfi að vera sanngirni og réttlæti í þessu og því þurfi að skoða þessi mál þannig að svona hlutir geti ekki haft áhrif á það hvort viðkomandi kemst inn á stofnun eða ekki. Hver gengur fyrir á biðlistum? Er það sá sem þarfnast mikillar hjúkrunar og kostnaðarsamrar? Verður hann látinn bíða af því að hann á ekki mikið í lífeyrissjóði til þess að borga til að stofnunin fái það sem sértekjur? Hefur það áhrif þegar sjúklingur á mikla peninga og er ódýr í rekstri, þarf minni þjónustu og lítið af hjálpartækjum eða jafnvel engin? Verður hann tekinn fyrst? Ég er ekki að segja að svo sé en það er alltaf hætta á því í kerfi eins og við búum við í dag.

[16:41]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að heyra það hvernig hinar mismunandi greiðslur eru gagnvart hjálpartækjum. Ég þekki það ekki eins og hér er sagt frá. Ég vil nálgast málið aðeins öðruvísi en síðasti ræðumaður sem talaði um að þar réði kannski mestu um peningar eða peningaleysi viðkomandi aðila sem væri að koma inn á stofnun. (**ÁRJ:** Ég sagði að það gæti haft áhrif.) Það gæti haft áhrif, já. Það gæti líka haft áhrif fyrir stofnun sem ætti í erfiðleikum með rekstur. Það gæti haft áhrif á innkomu vistmanns inn á heimilið ef honum fylgdi hár kostnaður vegna lyfja. Það er hin hliðin á málinu. (Gripið fram í.) Þess vegna erum við eftir allt saman ekki mjög langt hvort frá öðru þegar við ræðum málið ofan í kjölinn. Hins vegar er alveg ljóst að þarna eru nokkur

atriði sem ekki passa inn í myndina eins og hún er nú. Ég ætla að endurtaka það að ég hef átt mjög góð samskipti við starfsmenn heilbr.- og trmrn. sem hafa unnið mjög mikið við breytingu á einmitt þessu fyrirkomulagi sem er í þá átt sem hér er verið að tala um.

[16:43]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Ég hef stundum deilt við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson. Ég held ekki að við eigum að deila um það mál sem hér er á ferðinni og þessi umræða hefur verið afar gagnleg.

Ég vildi aðeins koma til að skýra nokkra hluti. Hv. þm. hafði orð á því að menn hefðu áhyggjur af því sem hann kallaði hjúkrunarþyngd. Við höfum það öll. Við viljum að þjóðin sé heilbrigð og hraust og þess vegna viljum við búa vel að henni svo að hún þurfi ekki að njóta mikillar hjúkrunar og dýrs sjúkrahúskostnaðar. Það á við um gamla fólkið líka.

Þetta mál er ekkert flókið. Í 34. gr. almannatryggingalaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum ... Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir."

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Efnahagur fólks á ekki að hafa nein áhrif á þá þjónustu sem sjúkratryggingakerfið veitir. Þetta er alveg dagljóst og þess vegna er það brot á stjórnarskránni að láta nokkurn mann greiða fyrir sjúkrahúsvist. Það getur ekki skýrara verið. Þá held ég að við séum búin að leysa það og við skulum biðja fólk að leiðrétta þá ósvinnu sem þar hefur átt sér stað.

Ég skil vel að hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sé sárt um það sem við höfum sagt hér um dvalarheimili og hjúkrunarheimili. Hann hefur svo sannarlega unnið gott starf í þágu dvalarheimila aldraðra sjómanna. Það eru yndislegar og góðar stofnanir og þar er mikið af góðu starfsfólki, svo það sé alveg ljóst að ég er ekki að ásaka það. Það er hugmyndafræðin á bak við þennan rekstur sem stenst ekki. Ég ítreka að það er munur á að búa í íbúð fyrir aldraða á dvalarheimili aldraðra og því að njóta hjúkrunar, en þessu er á sérkennilegan hátt ruglað saman. Það er alveg sama hvað hv. þm. segir, sú þjónusta er ekki veitt sem eðlileg er talin hverri manneskju sem býr á eigin heimili. Ég hef gert mér það ómak að hringja til hjálpartækjastofnana sem segja hiklaust að því fólki renni stundum til rifja hvað keypt sé bæði lélegt og ódýrt fyrir fólkið einmitt sem er á dvalarheimilunum á meðan fólk gerir meiri kröfur sem er á eigin heimili.

Þeirri stóru spurningu er alveg ósvarað hvernig fólki sem hefur 11 þús. kr. á mánuði er ætlað að kaupa sér gleraugu. Hver ætlar að borga þau? Oftast vona ég nú að góðar fjölskyldur hlaupi undir bagga en svo mikið er víst að manneskjan getur ekki gert þetta sjálf. Þegar talað er um tannviðgerðir fyrir aldraða fara allir að tala um gervitennur. Sem betur fer er svo komið í tannhirðu þjóðarinnar að algengt er að fólk á dvalarheimilum sé með sínar eigin tennur. Einhvern tímann hafa verið settar í það gullbrýr og fínerí sem allt venjulegt fólk vill til vinna að greiða peninga fyrir. Hver segir að þetta fólk eigi allt í einu að fara að nota gervitennur? En þá erum við aftur komin að þeirri afstöðu til gamals fólks — að það er ekki með. Það er einhvern veginn sett neðar í samfélagsstigann en við hin. Hvaða fólk erum við að fjalla um? Við erum að fjalla um fólkið sem byggði upp velsældina okkar. Erum við svo að hafa áhyggjur af því að sinna því þegar það er orðið gamalt og lasið? Ekki ég.

Sem betur fer erum við líka mörg sem höfum algerlega losnað við að njóta þjónustu heilbrigðiskerfisins og það er dásamlegt. Þá getum við borgað, við sem getum unnið og ef eitthvað er erum við rétt til þess og mikið meira en það. Þó að við vitum að slík dæmi komi upp að heilar fjölskyldur slasist skelfilega í bifreiðaslysum, þá er sjaldnast talað um hjúkrunarkostnað við slíka fjölskyldu, ég hef aldrei heyrt það hér í þingsölum. Ég veit dæmi þar sem hann hefur farið yfir 100 millj. en það er dásamlegt að sjá að þetta skuli vera hægt og þetta fólk gangi nú um meðal okkar og njóti lífsins með börnum sínum. Það hefði auðvitað dáið ef heilbrigðiskerfið hefði ekki verið til. Er einhver sem vill rétta upp höndina og segja: Þetta borgaði sig ekki, var allt of dýrt. Nei, það held ég ekki. En það getur vel verið að einhver segði það ef þarna hefði verið um að ræða fólk yfir 67 ára aldri. En mér finnst það heldur ekki of dýrt.

Ég held því að við verðum að gjörbreyta þeirri afstöðu að fólk sem komið er á ellilífeyrisaldur sé eitthvað öðruvísi en annað fólk í þjóðfélaginu. Út yfir tekur auðvitað, og það veit hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, þegar gefin er út lítt hugsuð reglugerð um að undir eins og sjúkrastofa er notuð undir manneskju sem er komin á ellífeyrisaldur heiti hún öldrunardeild og þar með eigi viðkomandi sjúklingur að borga fyrir sig sjálfur. Auðvitað er þetta engin öldrunardeild og það eru engar sérstakar öldrunardeildir í sjúkrahúsunum. Þær eru ekkert merkilegri en skurðdeildirnar eða geðdeildirnar eða hvaða deild sem er. Þjónusta sjúkrahússins er samnýtt eftir því sem hægt er og sérfræðingar, hjúkrunarfræðingar og aðrir slíkir deila sér eftir sinni kunnáttu niður á hinar ýmsu deildir og viss þjónusta er auðvitað samnýtt sem hentugt þykir að hafa undir einu þaki, en það er alveg fráleitt að eitthvað heiti öldrunardeild. Gamalt fólk verður veikt á jafnmismunandi hátt og við öll þannig að þetta gengur auðvitað ekki og ég held að allt sanngjarnt fólk sjái þetta.

Ég er ekki að segja að dvalarheimilin vilji ekki veita þjónustu en hvað er sagt við slík heimili? Þið verðið að spara hvar sem þið getið. Vissulega er þetta fólk undir pressu og ef gamla konu vantar gervifót er kannski ekki talið að hann þurfi að vera af fínustu sort eins og ef ég þyrfti hans með. Einfaldasta dæmið væri kannski að kaupa engan og láta manneskjuna ferðast um í hjólastól. En þetta byðum við ekki fólki sem byggi á eigin heimili og það er þetta sem við erum að tala um. Við vitum öll af þessu og það væri barnaskapur að láta eins og þetta sé ekki til, enda nægir að tala við stoðtækjafyrirtækin. Þetta er nokkuð sem gamla fólkið á ekki skilið og ég legg til að við hættum í eitt skipti fyrir öll að ræða um elstu kynslóðina eins og eitthvert vandamál. Hún er ekkert vandamál. Það erum við sem erum vandamálið. (**ÖS:** Sérstaklega Guðmundur Hallvarðsson.)

[16:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp í andsvari til að ítreka að ég er sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún segir að verið sé að mismuna fólki á Íslandi gagnvart sjúkrahúsvist. Mig langar aðeins að skýra þetta nánar því það er ekki bara

öldruðum sem er mismunað. Það er verið að mismuna lífeyrisþegum vegna þess að það eru bæði aldraðir og öryrkjar sem þurfa að greiða fyrir sjúkrahúsvist ef þeir eru á sjúkrahúsi lengur en fjóra mánuði á tveimur árum. Um leið og vistin fer yfir fjóra mánuði samtals á tveimur árum falla niður allar lífeyrisgreiðslur þeirra frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir greiða síðan fyrir vistina. Það er ekki bara á öldrunardeildum, það er á geðdeildum, það er á öllum þeim deildum sem aldraðir og öryrkjar eru á eftir fjóra mánuði á tveimur árum. Þarna er því greinilega verið að brjóta jafnræðisregluna. Það er verið að mismuna fólki, láta greiða fyrir sjúkrahúsvist sem við höfum hreykt okkur af að sé ókeypis fyrir alla. Það er bara ekki rétt, því miður. Það eru þeir sem verst eru settir í samfélaginu, lífeyrisþegarnir, sem þurfa að treysta á greiðslurnar úr almannatryggingakerfinu sem þurfa að greiða fyrir þá vist eftir vissan tíma inni á sjúkrastofnunum.

[16:54]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Þegar verið var að ræða áðan um það af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að við töluðum um aldraða sem vandamál, þá held ég að enginn hafi talað þannig. Hins vegar greip hv. 9. þm. Reykv. fram í og sagði að vandamálið væri sérstaklega Guðmundur Hallvarðsson. Ég vildi sérstaklega af þeim orðum skora á hann sem formann heilbr.- og trn. að koma og skoða Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, svo hann viti nákvæmlega hvað hann er að tala um, hvers konar vandamál og sjái þau með eigin augum. Það er náttúrlega mjög miður þegar formaður heilbr.- og trn. getur þess í frammíkalli að einn tiltekinn þingmaður sé ákveðið vandamál varðandi aldraða. Ég tek þessu ekki sem gríni og skora hér með á hann að beita sér fyrir því að heilbr.- og trn. komi og skoði Hrafnistuheimilin.

Ég held að enginn neyði þá öldruðu til að fara inn á stofnanir eins og þær eru kallaðar. Hins vegar kann ég ekki við það orð. Dvalarheimili eru ekki stofnanir í þeim skilningi. Þegar fólk er að tala í sama orðinu um sjúkrahús og hjúkrunarheimili er það tvennt ólíkt. Það er skilgreint í lögum um heilbrigðismál sem sitt hvort viðfangsefnið og því skil ég ekki hvernig menn geta talað í sama orðinu um sjúkrahús og um hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Það var komið að því áðan, og er það dálítið merkilegt þegar verið er að tala um þetta viðfangsefni að þá er stundum of mikið gert og stundum of lítið gert. Ég heyrði það á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan að hún fór að tala um að sumum öldruðum væri boðið upp á litlar íbúðir þar sem aðstaða væri til að elda en fólk hætti fljótlega að nota þá aðstöðu og félli inn í mynstrið sem því væri nánast skylt að ganga inn í. Ég kannast ekki við að öldruðum sé gert skylt að ganga inn í eitthvert ákveðið mynstur og kerfi þessara heimila. Ég kannast heldur ekki við að fólk verði að gleypa í sig matinn á kortéri. Það kom fram í máli hv. þm. áðan. En til að upplýsa hv. þm. varðandi þau heimili sem hv. þm. nefndi, Hrafnistuheimilin, þá hefur fólk þar tvær klukkustundir í hádegismat. Það getur komið á tímabilinu frá hálftólf til hálftvö. Fólkið getur setið hvar sem er til að borða, en það merkilega er, að ef einhver er sestur í stól þess vill það helst ekki borða. Það er því fólkið sjálft sem vill hafa aga, festu og reglu á sínum matmálstímum, hvar það borðar, við hvaða borð og með hvaða félögum. Það er ekki heimilið sem er að velja þetta fyrir þá öldruðu. Það eru þeir sjálfir sem óska eftir því. Þetta er því alrangt og tekur mig mjög sárt að heyra að hv. þm. skuli taka sér þessi orð í munn á þennan hátt og segja við fólk sem er á heimilum fyrir aldraða: Þið eruð eiginlega óalandi og óferjandi og ættuð að hypja ykkur út, það er svo vont að vera á þessum heimilum. Og hverjir eru það svo sem hafa leitt þetta fólk inn á heimili fyrir aldraða? Í flestum tilfellum það sjálft, en þar eru þó undantekningar á, það eru þá ekki heimilin sjálf heldur ættingjarnir sem hafa lagt ofurkapp á að fólkið kæmist inn. Sem betur fer er það í flestum tilfellum vegna þess að ættingjarnir eru óóruggir og hræddir um þá öldruðu í heimahúsi vegna þess að fólkið er farið að gera þá hluti sem það kannski mundi ekki gera ef það væri yngra. Hefur þá margt komið til, heilsubrestur og annað, og jafnvel minni færni til að sjá um sig og þrífa sig og sína íbúð og hugsa almennt um sig. Þótt heimaþjónusta sé góð og menn vilji leggja ofurkapp á að fólk sé sem allra lengst heima hjá sér, þá er það af hinu góða, en samt sem áður er áberandi þegar sól lækkar á lofti og hausta tekur hvað þá er mikil ásókn í það af öldruðum að komast inn á heimili fyrir skammdegið, fyrir veturinn. Og það er ekkert óeðlilegt.

Ég deili áhyggjum mínum auðvitað með ykkur í þessu máli. Margs er að gæta og vissulega þurfa aðilar sem eru í þessari þjónustu oft að sýna mikla nærgætni í starfi sínu. Ég held að þingmenn þurfi að gera það líka þegar þessi mál eru rædd vegna þess að það er nú svo, eins og hér hefur komið fram, mjög mismunandi hvernig heimili veita þjónustu fyrir aldraða og líka hvernig aldraðir nálgast þjónustuna, hvað þeir vilja. Lengi hefur verið deilt um það hvernig eigi að fara með aldraða þegar þeir koma inn á þessi heimili. Á að rífa viðkomandi aðila upp snemma morguns til að fara í leikfimi, taka þátt í föndri og öllu því sem er að gerast? Ég einbeiti mér að þessum málaflokk sérstaklega því ég þekki hann nokkuð vel. Á að rífa viðkomandi aðila upp og láta hann taka þátt í amstri heimilisins frá morgni til kvölds eða á að leyfa honum að sitja í stól úti í horni með blað sitt og fá að vera í friði? Menn hafa bara ekki komið sér saman um það og enn þá er það svo, sem betur fer, að fólkið fær að ráða því sjálft. Það fær að ráða því sjálft hvað það vill taka þátt í mikilli þjónustu og í hvaða þjónustu, hvort það vill vera í föndri, smíðum, stunda leikfimi, dans eða fara í sund. Allt þetta stendur fólkinu til boða ef það vill. Ég vona eins og ég sagði áðan að þeir sem fjalla um þessi mál hvar sem er geri það af þeirri nærgætni sem aldrað fólk á skilið. Ég tek undir það líka að þeir hafa lagt okkur í hendurnar gott land að búa á og þeir eiga það besta skilið og það er tæplega nógu gott fyrir þá öldruðu.

[17:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari málefnalegu umræðu hefur hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni hitnað í hamsi og það hefur komið fram í máli hans að blóð hans er þykkara en vatn og honum rennur það til skyldunnar. Ég tel að hann hafi í máli sínu fært mörg gild rök fyrir því að líkast til er nokkuð ofmælt sem mátti ráða af þessu framíkalli að flokka mætti hann undir eitt af þeim vandamálum sem aldraðir og fatlaðir ættu við að glíma í heilbrigðisþjónustunni en hann vildi eigi að síður skora á formann heilbr.- og trn., sem stendur hér, að beita sér fyrir því að nefndin færi og skoðaði til að mynda Hrafnistu til að sannfærast um þá ágætu þjónustu sem ég dreg ekki í efa að er veitt þar og formaður heilbr. og trn. mun beita sér fyrir því að nefndin fari í þessa vettvangsskoðun.

Herra forseti. Að öðru leyti segi ég að þessi umræða hefur verið málefnaleg og flutt af góðum vilja allra sem í henni hafa tekið þátt. Það sem skiptir máli er að öldruðum verði

búin sem best aðstaða. Vítin eru mörg að varast. Við höfum t.d. séð hvernig ýmsir hafa farið offari í nágrannalöndunum þar sem umönnun aldraðra hefur verið einkavædd. Með hvaða afleiðingum? Með þeim afleiðingum að menn bíða skaða á heilsu sinni. Við sáum í sjónvarpinu fyrr á árinu aldraða með opin legusár vegna illrar umönnunar. Það er með öðrum orðum margs að gæta, mörg víti að varast. Það sem ég hef áður sagt í umræðunni finnst mér vera megininntakið að það á að vera jafnræði með öllum þegnunum. Líka þeim sem þurfa að gista þessar stofnanir. Ekki er hægt að búa við það að jafnvel innan vébanda sömu stofnunar séu mismunandi kerfi sem hafa það í för með sér að munurinn á því sem aldraðir hafa úr að spila er e.t.v. meira en tvöfaldur. Það er mismunun og það er alvarlegur mismunur. Að öðru leyti fagna ég því sem hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, að verið er að ráðast í úttekt á stofnunum af þessu tagi, m.a. vegna þess að það er alveg ljóst að það eru engar sérstakar reglur í gildi um þá þjónustu sem þar á að veita. Það má velta því fyrir sér hvort menn séu að greiða hátt verð fyrir afar mismunandi þjónustu. Ég tel að það sé ekki hægt, herra forseti.

[17:03]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að formaður heilbr.- og trn. hefur þekkst boðið og mun ég tryggilega ganga honum við hlið um heimilin tvö svo hann lendi ekki mjög oft í því að vera spurður hvort hann sé nýkominn inn, nema hann raki sig að öðrum kosti, þá kannski sleppur hann við þetta.

Það er rétt eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á að Danir eru búnir að fara þó nokkrar kúvendingar í málinu. Þeir hafa á stundum talið að það væri rétt að allir ættu að vera í heimahúsum og þangað ætti að veita þjónustuna en hún hefur því miður borið mjög vondan ávöxt. Það sem var talað um í sambandi við legusárin er rétt og það gerist á heimili sem hefur fengið sjálfsagt allt of litlar upphæðir til reksturs nema þarna hafi verið einkafyrirtæki. Það var víst einkafyrirtæki sem átti að reka þetta heimili og þá var arðsemissjónarmiðið látið ráða. En Guð láti á eitt gott ráða um komu formanns heilbr.- og trn. og ég veit að næst þegar við ræðum þennan málaflokk verður hann mjög vel að sér í þessum málum og ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri þekkingu sem hann hefur þegar fyrir.

[17:05]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig sannarlega að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er öllu sáttari við lífið og tilveruna en hann var fyrir nokkrum mínútum en í þessari umræðu er kannski eitt atriði sem menn hafa ekki nema tæpt á, þó kom það fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Það er auðvitað spurningin: Eiga menn að greiða fyrir þá þjónustu sem þeir njóta, t.d. á hjúkrunarheimilum?

Ég spyr, herra forseti, vegna þess að það er ekki að mínu viti nema stigsmunur á dvöl á slíkri stofnun og t.d. á sjúkrahúsi þar sem við greiðum ekki neitt fyrir, þar sem menn leggjast inn og hafa kannski háar fjárhæðir til að spila úr vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Ef einstaklingur leggst inn á hjúkrunarheimili þarf hann að greiða fyrir það, það er alveg klárt. Um það deilum við ekki. En ef hann leggst inn á sjúkrahús þarf hann ekki að greiða fyrir það og það má líka velta þessu fyrir sér frá sjónarhóli jafnræðisins. Er hægt að réttlæta þetta? Ég er ekki alveg viss um það. Þetta er siðferðilegt álitaefni en þetta er tekið sem dæmi um það ásamt mörgu öðru sem hefur komið fram í umræðunni að við höfum ekki lagt nægilega niður fyrir okkur á hvaða grunni eigi að reka þjónustuna. Kannski vegna þess að nauðsyn hennar hefur aukist svo hratt, eigum við að segja á síðustu tveimur áratugum, samfara því að þjóðin hefur elst? Við erum með öðrum orðum ekki búin að kanna eða brjóta þetta mál algjörlega til mergjar.

Það er alveg ljóst sem komið hefur fram í umræðunni að flest hnígur að því að gera þarf úttekt á þessu máli og sá þingmaður sem hefur e.t.v. mesta praktíska reynslu af þessu, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hefur kveðið hvað sterkast að orði um nauðsyn þess og það er auðvitað áfellisdómur yfir kerfi síðasta áratugar. Engum blöðum er um það að fletta. Hv. þm. segir að það sé verið að ráðast í úttekt. Guð láti gott á vita og við skulum vænta þess að í framtíðinni leiði það til þess að þjónustan verði byggð á sjónarmiðum jafnræðis.

[17:07]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af orðum síðasta ræðumanns þykir mér rétt að það komi fram, ég held ég fari með rétt mál að það hafi verið síðla árs 1991 að þáverandi heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson aflagði þá reglu sem hafði þá gilt um nokkurra ára skeið að þeir sem fóru á hjúkrunardeildir aldraðra greiddu ekkert fram að þeim tíma. Þá var þetta greiðslufyrirkomulag tekið upp. Ég þori ekki að fullyrða það en mig minnir að það hafi verið 1991 sem þessu var breytt en fram að þeim tíma greiddu þeir öldruðu ekkert þegar þeir fóru af vistheimili, þar sem þeir höfðu greitt, yfir á hjúkrunarheimili.

[17:08]

**Útbýting þingskjals:**

Endurgreiðsla þungaskatts, 497. mál, fsp. SvanJ, þskj. 852.

[17:08]

**Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari mjög mikilvægu umræðu. Jafnframt vil ég segja að það er sennilega vegna ókunnugleika míns og nýgræðingsháttar sem þingmanns að ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en ég hafði flutt mitt mál í dag að hæstv. heilbrrh. var ekki til staðar við umræðuna. Ég hélt satt að segja að það væri meginreglan að þegar mál sem snerta einhverja hæstv. ráðherra væru þeir til staðar en hana hef ég ekki séð og satt að segja enga samflokksmenn hennar fyrr en á allra síðustu mínútum.

Ég vil upplýsa hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um það fyrst hæstv. heilbrrh. hefur ekki verið til svara í dag að hvert einasta atriði í grg. með þessari þáltill. hefur verið margborið undir starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins sem staðfesta að hvert einasta atriði í greinargerðinni stenst og er eins og þar stendur. Ég vil að það komi fram.

Annars vil ég segja það að í lokin fannst mér hv. þm. beina þessu máli inn á þær brautir sem ég hóf mál mitt á en um tíma fannst mér vera farið að tala um ólíka hluti og ekki verið að bera saman það sem var til umræðu. Það var verið að tala um hjúkrunarþyngd, umönnunarþyngd og mannaflaþörf. Það er vissulega eitt dæmið sem snýr að rekstrarkostnaði stofnana hvort sem það eru stofnanir fyrir fatlaða eða aldraða en um það snýst málið alls ekki. Ég tek undir orð hv. þm. sem hafa talið það vera mjög mikilvægt að á því verði gerð úttekt og tek heils hugar undir það en ég held að við megum ekki beina

þessu mikilvæga mannréttindamáli af því spori sem það á að vera á og tala um allt aðra hluti.

Ég vil nota tímann til að svara örfáum spurningum, herra forseti. Töluvert var talað um hjálpartæki í þessum umræðum og ég vil upplýsa hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um að það er þannig að á mörgum stofnunum þurfa íbúar, vistmenn, að keppa við það hvort á að kaupa uppþvottavél fyrir stofnunina eða hvort viðkomandi aðili fái spelku til að ganga á. Kannski er þetta ekki svona á þeirri stofnun sem hann þekkir best til, en heimurinn er ekki einslitur. Þannig er veruleikinn fyrir mjög marga.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég líka aðeins staldra við og vekja athygli á því að þeir hópar sem eru til umræðu eru ekki einslitir. Þetta er fólk með mismunandi þarfir, mismunandi áhugasvið og mismunandi getu og hæfileika og auðvitað verður að ræða um það á þeim nótum en ekki að steypa alla í sama mótið.

Ég vek athygli á því að tillagan er á þá leið að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar þannig að þeir sem dveljast langdvölum eða eiga heimili sitt á hjúkrunar- og dvalarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum njóti sömu réttinda hvað varðar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hjálpartæki og aðra fyrirgreiðslu. Þetta er kjarni málsins og ég bið menn að missa ekki sjónar af honum. Þetta snýst að mínu viti um grundvallarmannréttindi þó vissulega séu þar undantekningar á, ég skal taka það fram. En ég tel að á hverjum degi sé brotinn réttur á fólki sem býr á stofnunum af þessu tagi. Þeim er mismunað á grundvelli búsetu. Oft er þetta fólk sem hefur ekki haft neitt val um búsetuformið né staðinn sem það býr á. Þeim er mismunað fjárhagslega, þeim er mismunað, t.d. í vali á læknisþjónustu, úthlutun hjálpartækja, persónulegra hjálpartækja þannig að þetta mál snýst um það grundvallarsjónarmið að mínu viti að allir séu jafnir fyrir lögum. Hingað til hefur ríkt um það sátt að allir þegnar landsins sem hafa með sköttum sínum verið að kaupa sér tryggingu fyrir því að geta notið ævikvölds í góðri umgerð og við fjárhagslegt öryggi eigi rétt á því að fá umönnun og hjúkrun eða læknismeðferð sér að kostnaðarlausu þegar þörf krefur. Málið snýst m.a. um það. Það snýst líka um að t.d. fatlaðir hafa þurft að vistast á slíkum stofnunum, jafnvel frá unga aldri, vegna þess að samfélagið hefur ekki boðið upp á önnur úrræði. Þetta snýst um að ævitekjur þessa fólks eru svo smánarlegar að það er vart hægt að lifa né deyja á þeim.

Ég held að þetta sé akkúrat kjarninn í umræðunni sem þarf að fara fram, að beina þessu inn í mannréttindaumræðu og að það eigi að ríkja jafnræði með þegnunum og ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem stingur hvað mest í augun hvað það varðar.

Annað sem ég vil vekja athygli á í lok umræðunnar, herra forseti, og það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þar sem hún tók undir sjónarmið mín um að það þyrfti e.t.v. að skilgreina allar stofnanirnar á nýjan leik og gera skýran greinarmun á því hvað er heilbrigðisþjónusta og heilbrigðisstofnun og hvað er búsetuúrræði eða félagslegt úrræði og ég tel að þar megi ekki láta staðar numið. Ég tel enn fremur að það þurfi að skilgreina og endurskipuleggja verksvið þeirra ráðuneyta sem málið varðar og ég vil jafnvel ganga svo langt að segja að það eigi að aðgreina það skýrt í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sem er félagslegs eðlis og þess sem er í raun heilbrigðismál.

Að lokum ítreka ég, herra forseti, vonbrigði mín yfir því að hæstv. heilbrrh. sá sér ekki fært að verða viðstaddur umræðuna en ég vona að hún láti sig málið varða og veiti því brautargengi í þingflokki sínum. Að lokum vona ég að hv. heilbr.- og trn. gefi málinu vandaða og góða umfjöllun og að Alþingi muni að því loknu veita þessu brýna mannréttindamáli brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:16]

**Útbýting þingskjals:**

Mengun frá fiskmjölsverksmiðjum, 19. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 823.

## *Tímareikningur á Íslandi, 1. umr.*

Frv. VE o.fl., 309. mál. — Þskj. 386.

[17:16]

**Flm. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tímareikning á Íslandi sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Árna M. Mathiesen, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðna Ágústssyni, Sighvati Björgvinssyni og Ágústi Einarssyni. Frv. þetta er í fjórum greinum og felur í sér skilgreiningu á sumartíma og ákvæði um að sumartími skuli gilda frá síðasta sunnudegi í mars og ljúka síðasta sunnudag í október.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú að við sem að frv. stöndum teljum að sumartími sé mikið framfaramál fyrir marga í þjóðfélagi okkar. Ef við lítum til nágranna okkar, þá er það afar mismunandi hvernig þjóðir haga vinnutíma sínum, hvíldartíma eða svefntíma. Ef við förum t.d. suður í Evrópu til landa eins og Spánar, Portúgals, Ítalíu eða annarra þjóða við Miðjarðarhafið, þá er það t.d. mjög algengt að fólk vakni snemma að morgni, vinni fram yfir hádegi, taki sér hvíldartíma jafnvel milli 13.30 og 17.00 á daginn, hefji vinnu aftur kl. 17.00 og ljúki henni ekki fyrr en um kl. 20.00. Þetta er að sjálfsögðu siður þessara þjóða og mótast af því loftslagi og hitastigi sem er í þessum löndum. Þannig má segja að í sjálfu sér sé það ekkert náttúrulögmál hvernig vinnutíma eða hvíldartíma er háttað. Það er t.d. ekki náttúrulögmál að öll þjóðin eigi að vakna fimm tímum áður en sól er hæst á lofti og leggjast til svefns svona einum til tveimur klukkutímum áður en sólargangur er lægstur. Þvert á móti hlýtur það að vera skipulagsatriði hjá hverri þjóð að koma þessum hlutum þannig fyrir að það henti sem best flestum þeim sem lifa og starfa í þjóðfélaginu.

Því þarf að huga að því og taka það til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi að taka upp sumartíma. Í því felst það að færa klukkuna áfram um einn klukkutíma á sumrin en síðan til baka á vetrum. Þannig mundi vinna hefjast klukkutíma fyrr á sumartíma en lyki líka klukkutíma fyrr um eftirmiðdaginn. Þjóðin mundi einfaldlega ákveða að taka hvíldartíma, tómstundatíma og útivistartíma sinn á sumrin meðan birtu og hita nýtur best.

Við tökum eftir því, hæstv. forseti, að á mörgum vinnustöðum byrjar fólk að vinna fyrr á sumrin heldur en á veturna. Þannig er t.d. ekki óalgengt að skrifstofuvinna hefjist kl. átta á morgnana að sumri til og ljúki þá kl. fjögur á daginn. Hins vegar er það ákveðnum takmörkunum háð hve einstakir vinnustaðir geta breytt vinnutíma sínum að þessu leyti.

Ýmsar þjónustustofnanir eins og t.d. og leikskólar eða dagheimili eru ekki opnaðar fyrr en rétt fyrir átta og því hamlar það oft því að barnafólk geti farið til vinnu t.d. kl. sjö á morgnana ef það kýs svo. Að sjálfsögðu er ákveðin þörf á samstillingu á því hvenær fólk byrjar að vinna og hvenær það lýkur vinnudeginum.

Á Siglufirði hefur t.d. komið til tals að taka upp sérstakan sumartíma. Þá mundu allir hefja vinnu t.d. klukkutíma fyrr á sumrin en á veturna og öll fyrirtæki og allar stofnanir mundu flytja sig til um einn klukkutíma. Málið snýst um að samskiptatími fyrirtækja við þá sem þau þurfa að hafa samskipti við fellur ekki saman. Banki á Siglufirði yrði þá opnaður fyrr en bankar í Reykjavík. Hann mundi jafnframt loka klukkutíma fyrr á sumrin og það gæti haft í för með sér erfiðleika varðandi uppgjör, tölvusamskipti og ýmiss konar samskipti.

Í nágrannalöndum okkar hefur því þróast sá háttur að færa klukkuna fram um einn klukkutíma á sumrin og síðan aftur til baka á vetuna. Þetta er gert af ýmsum ástæðum og hefur iðulega verið til umfjöllunar t.d. í Evrópusambandinu. Ef við lítum vestur til Bandaríkjanna og Kanada, þá er sumartími í gildi þar einnig.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf nýlega frá sér skýrslu til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins sem dagsett er 25. apríl 1996. Í þeirri skýrslu er fjallað um áhrif sumartímans. Þar kemur fram að sumartíminn hafi marga góða kosti og sú gagnrýni sem komið hefur fram þykir þar léttvæg. Innan Evrópusambandsins er áfram samræmdur sumartími í gangi. Þetta mál hefur verið flutt á hinu háa Alþingi áður en var þá ekki útrætt. Hins vegar fengu allmargir aðilar frv. til umsagnar þegar það var lagt fram síðast.

Segja má að umsagnirnar um frv. hafi undantekningarlítið verið jákvæðar. Það kom t.d. fram að öll íþróttahreyfingin er þessu máli mjög fylgjandi. Það skapar oft mikla erfiðleika þegar birtu fer að þverra á haustin að reyna að halda úti íþróttakappleikjum eða hvers kyns íþróttaiðkun. Golfáhugamenn eru t.d. eru mjög hlynntir því að sumartími verði tekinn upp. Fulltrúar ferðaþjónustunnar leggja eindregið til að sumartími verði tekinn upp, enda mundi sumartími og aukinn tími til útivistar og útiveru yfir sumarið hafa góð áhrif á ferðaþjónustuna svo ekki sé talað um það hringl sem er með flugáætlanir, um það bil er sumartími hefst í okkar nágrannalöndum.

Enn fremur var leitað umsagnar aðila eins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða þeirra sem eru í milliríkjaviðskiptum og undantekningarlítið kemur fram stuðningur frá slíkum aðilum við sumartímann. Þegar sumartími er tekinn upp í okkar nágrannalöndum styttist samskiptatími milli Íslands og þessara landa í Vestur-Evrópu mjög mikið. Samskiptin eru ekki jafngreið og þegar tímamismunurinn er einn klukkutími.

Það eru þess vegna, hæstv. forseti, margvísleg rök fyrir því að taka upp sumartíma á Íslandi líkt og gert er í okkar nágrannalöndum og því legg ég þetta mál fram ásamt öðrum þeim flutningsmönnum sem standa að frv.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þetta mál fái að ganga til 2. umr. Síðast þegar þetta mál var til umræðu var því vísað til hv. efh.- og viðskn. en ég hef síðan heyrt ákveðnar óskir um að það gangi til allshn. Ég legg það í dóm hæstv. forseta að úrskurða um hvort sé eðlilegra, að málið gangi til allshn. eða efh.- og viðskn. Ég legg til að málinu verði alltént vísað til nefndar.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun láta skoða það.)

[17:27]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Frv. sem við fjöllum um snýst um að tímareikningur okkar hér á Íslandi verði líkt og hjá öllum helstu viðskiptaþjóðum okkar. Í þeim löndum sem við eigum viðskipti við og þessi tímareikningur er notaður hefur það ekki þótt tiltökumál að skipta yfir í sumartíma eins og hér er lagt til. Við eigum mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í löndum Evrópusambandsins. Ég held að segja megi að útflutningur okkar þangað sé um tveir þriðju af því sem við flytjum út. Ferðamenn þaðan frá eru jafnframt um þrír fjórðu af þeim ferðamönnum sem koma til landsins. Það ætti því að vera augljóst að það væri til hagsbóta að samræma tímareikninginn.

Örfáir ókostir hafa verið taldir upp við það að taka upp sumartíma. Ég tel þá vera frekar léttvæga. Sagt er að það sé kostnaðarsamt að gera þessar breytingar tvisvar á ári. Milljónaþjóðir hafa ekki sett það fyrir sig og ég get nefnt það að ég var í New York á haustdögum 1995 þegar þeir skiptu yfir í vetrartíma þar. Í þeirri milljónaborg hafði það engin sjáanleg áhrif á mannlífið, menn þurftu að breyta klukkum sínum einn sólarhringinn. Ef milljónaþjóðir geta tekið sig til og breytt klukkunni, þá held ég að við ættum að geta það líka.

Maður hefur jafnvel heyrt að þetta hafi ruglandi áhrif á svefntíma ungbarna. Ég satt að segja trúi því nú ekki, sjálf sem uppalandi að þetta hafi nokkur veruleg áhrif á sálarþroska ungbarna þannig að ég tek það ekki sem gild rök.

Það hefur verið nefnt að það sé kostur að samskiptatími okkar við Ameríku eykst um klukkutíma á sumrin. En ég vil leyfa mér að vitna í umsögn sem barst frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem á auðvitað mikil samskipti við Bandaríkin. Þeir segja svo í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Rétt er að benda á að við Íslendingar eigum viðskipti við fleiri þjóðir en þær sem tilheyra Vestur-Evrópu. Til dæmis hefur samskiptatími okkar við Bandaríki Norður-Ameríku lengst um eina klukkustund á dag að sumri til þar eð við höfum ekki breytt tímareikningi okkar undanfarin ár.

Hins vegar benda flest rök til þess að því fylgi fleiri kostir að Ísland fylgi svipuðum aðferðum við tímareikning og þjóðirnar í kringum okkur gera og að tímamunurinn verði hinn sami, hvort sem er að sumri eða vetri.

Þess vegna styður SH ofangreint frv. til laga um tímareikning á Íslandi."

Þetta stórfyrirtæki sem á mjög mikil samskipti við Ameríku og hefur selt þangað mikið magn af fiski á sínum ferli telur að það sé ótvírætt kostur að hafa sama tímareikning og viðskiptaþjóðirnar.

Kostina tel ég vera mjög mikla og vildi kannski fá að nefna nokkra. Eins og ég hef sagt er sumartíminn í öllum okkar helstu viðskiptalöndum bæði í austri og vestri. Samskiptatíminn við Evrópu lengist og það hlýtur að hafa ótvíræða kosti í för með sér. Nú er það svo að samskiptatíminn við flest lönd Evrópu skerðist að sumrinu til um tvo tíma. Mikilvægt er þetta einnig fyrir flugsamgöngur því að flugfélögin þurfa að breyta áætlunum sínum og það kostar mikið rask og erfiðleikar eru því samfara. Ég tala þá ekki um það að menn þurfa að mæta mjög snemma í flug hér á Íslandi og það er mjög óheppilegt fyrir bæði ferðaþjónustuna

og okkur þessa venjulegu Íslendinga sem ferðast til útlanda á sumrin.

Það er mjög mikilvægt að allur almenningur geti notið sólar og góðviðrisdaga á sumrin í okkar kalda landi því að við eigum kannski ekki allt of marga góðviðrisdaga. Við vitum að þegar góðu dagarnir koma myndast hér sérstök sumarstemmning sem er mjög gott fyrir okkur að geta notið og geta notið útiveru og heilbrigðari lifnaðarhátta.

Þetta er einnig mjög hvetjandi fyrir viðskiptalíf og götulíf og allt mannlíf á Íslandi, ég tala nú ekki um fyrir íþróttafólk enda hafa íþróttasamböndin lýst því yfir að þetta mundi hafa mjög mikil áhrif á skipulagningu hjá þeim á knattspyrnuleikjum og eins og framsögumaður nefndi, þá mundu golfáhugamenn fagna því mjög að fá þarna lengri tíma til útivistar.

Svo er það kannski það sem ég hef hvað mestan áhuga á og það er að lengja þann tíma sem við sem komum frá þröngum fjörðum þar sem sólin hverfur á bak við há fjöll mjög snemma, fáum til útivistar og að njóta sólar. Auðvitað hafa menn, eins og framsögumaður nefndi, jafnvel talað um það að breyta sínum staðartíma í þröngum fjörðum eins og á Siglufirði. Það hefur verið nefnt á Seyðisfirði og víðar að þetta sé kannski eina ráðið til þess að menn geti notið útivistar lengur. Þar sem hægt hefur verið að koma því við hafa t.d. frystihús breytt vinnutíma sínum þannig að fólk byrjar að vinna kl. sjö á morgnana og er búið klukkan þrjú og sleppir þá matartíma til þess að geta komist fyrr út. Þetta er mjög gott fyrir það fólk sem þar vinnur en auðvitað þyrftu fleiri, í þjónustustofnunum og víðar, á þessu að halda líka þar sem ekki er hægt að koma þessu við. Eins og ég nefndi hafa frystihús breytt vinnutíma sínum en auðvitað hefur ekki verið hægt að breyta þjónustu á t.d. dagheimilum til samræmis við það og það hefur þá valdið erfiðleikum fyrir það fólk sem þarf að nota þjónustu leikskólanna því að leikskólarnir þurfa náttúrlega einnig að þjóna fólki sem er í ýmiss konar þjónustu, bönkum, verslunum og slíku. Þetta lýtur allt að því að heppilegast væri að hafa sama tíma og samræmda stefnu í því hvernig við reiknum tímann, bæði frá viðskiptalegu sjónarmiði og eins frá því sjónarmiði að fólk geti notið útivistar og stundað heilbrigðari lífshætti.

Einnig hefur verið nefnt og ég tel það ekki lítinn þátt í þessu að menn geta þá verið lengur úti, t.d. á Seyðisfirði, og grillað sitt lambakjöt og átt góðar stundir á kvöldin. Það mundi væntanlega hafa mikil áhrif á landbúnaðarframleiðsluna að menn mundu borða meira lambakjöt þar sem þeir gætu verið lengur úti við að grilla og hafa það huggulegt á góðviðriskvöldum.

[17:39]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Hér hafa menn flutt athyglisverðar tölur sem þó hafa heyrst áður í þingsölum og er ekkert við það í sjálfu sér að athuga. En þegar dregnar eru saman meginniðurstöður þess sem hér hefur verið sagt til réttlætis þess að breyta úr sumartíma eins og nú ríkir hér á Íslandi allt árið yfir í einhvern nýjan sumartíma sem ekki er eðlilegur miðað við hnattstöðu landsins, þá eru meginrökin þessi: Það varðar viðskipti við útlönd og það er hægt að grilla meira af lambakjöti.

Herra forseti. Þegar grannt er skoðuð greinargerðin með frv., þá kemur þar fram aftur nokkur villa sem fólk áttar sig ekki á þegar talað er um að Evrópusambandið hafi gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjum. Er þá miðað við að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Honum ljúki síðan klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í október þegar klukkan er færð til baka um eina klukkustund. Þetta á við þau lönd sem þegar eru að færa klukkuna fram og til baka eftir árstímum. Það er aðeins verið að leggja það til af hálfu Evrópusambandsins að þær þjóðir sem færa klukkuna sína geri það á sama tíma. Það þykir mér eðlilegt og rétt að komi hér fram.

Það vakti nokkra athygli mína ekki fyrir löngu þegar fréttir frá Frakklandi bárust um það að þeir væru orðnir nokkuð leiðir og þreyttir á þessari tilfærslu klukkunnar þar og hefðu mikinn hug á að færa sig og nálgast það sem Íslendingar gera, þ.e. að láta klukkuna í friði, láta hana standa allt árið um kring án þess að nokkuð sé verið að hringla með hana. Það kom fram hjá þeim sem gleggst vita um málið í Frakklandi að það sé áberandi vegna hringls með klukku að fólk sofi minna, það vaki of mikið, þetta sé líffræðilegt atriði sem hafi áhrif á vellíðan eða vanlíðan fólks, klukkan breyti matarvenjum og valdi svefntruflunum. Og þeir segja að það taki fólk þrjár vikur að jafna sig og ná áttum eins og líkaminn þarf í hvert sinn sem klukkunni er breytt. Læknar þar ytra merkja aukna lyfjanotkun samfara breytingu á klukkunni. Kúabændur kvarta sáran og þeir sem þurfa að sjá um tölvur og klukkur hafa í ærnu að snúast þegar þetta gengur yfir. Þá tala þeir um það sama og hér hefur verið nefnt áður, þ.e. aðlögunarvandamál aldraðra sjúklinga og kornabarna. Þeir þekkja þetta þar ytra alveg eins og hér á landi, en vart varð við þetta hér meðan þessi tímareikningur var enn við líði.

Hringlinu með klukkuna lauk með frv. til laga um tímareikning á Íslandi sem lagt var fyrir 88. löggjafarþing 1967–1968. Þá voru margir fegnir því að tilfærslu með klukku skyldi nú lokið og þá voru sett lög á Alþingi sem festu sumartímann í sessi þannig að þegar flutningsmenn segja nú að það eigi að fara að koma á einhverjum sumartíma, þá eru þeir að fara með rangt mál vegna þess að miðað við hnattstöðu landsins, er sumartími í gildi á Íslandi allt árið.

Ef menn ætla að færa klukkuna til þá er gott að rifja upp hvernig það virkar á birtingu t.d. í Reykjavík. 1. október er birting þar klukkan 6.48 en eftir breytingu verður hún klukkan 7.48. Það samsvarar birtingu 22. október.

Sama á við um Ísafjörð. Segjum að 1. október sé klukkan 6.50 þá verður hún eftir breytingu 7.50 og það samsvarar því að við séum komnir til 20. október. Ég nefni þetta af því að menn eru að tala um að þetta sé nauðsynlegt fyrir þá firði sem hafa há fjöll.

Ef við tökum 30. október þá er birting á Ísafirði kl. 8.22, yrði eftir breytingu 9.22 og það samsvaraði því að í tímasetningu væri komið frá 30. október fram til 19. nóvember. Það er því mörgu að hyggja og margt að athuga þegar að tímanum er gáð.

Annað er líka athygli vert sem menn hafa skoðað nokkuð grannt og vitna ég þá til manna sem eru á læknisbrautinni og þekkja nokkuð grannt til hvaða áhrif breytingar hafa á fólk hvað áhrærir tímann. Þó að við höfum lifað á Íslandi í þessi ár frá því að lögum var breytt 1968, eins og ég gat um áðan, og klukkan hefur verið sú sama, þá er fólk samt sem áður að fara á erlenda grund og tímabreytingar þar hafa áhrif á fólk sem læknar hafa greinilega fundið fyrir hér heima.

Öll umræðan hefur algerlega litið fram hjá þeirri staðreynd að tímasetningar og sú reglubundna breyting birtu

og myrkurs sem á sér stað á hverjum sólarhring er einhver mikilvægasti áhrifavaldur í lífi okkar allra. Allar svokallaðar lífklukkur líkamans eru háðar þessum breytingum og þær ráða því hvenær við sofum og vökum, hvenær við erum þreytt og hvenær óþreytt og stjórna getu okkar og hæfni til þess að leysa af hendi þau verkefni sem við fáumst við. Ætli íþróttahreyfingin hafi athugað sinn gang þegar hún var að senda umsögn sína varðandi þetta mál? Og ætli golfararnir hafi athugað það að miðað við þessar breytingar minnkar færni þeirra og hæfni í því nákvæma spili sem þeir leika í golfinu? Ég hugsa ekki. Þeir hafa bara litið í átt til sólar og séð að með breytingu á klukkunni lengjast möguleikar okkar á golfvellinum og svo þegar heim er komið er grillað lambakjöt.

Það hafa verið gerðar kannanir á svefnvenjum Íslendinga sem sýna að Íslendingar fara að jafnaði einni klukkustund seinna að sofa en aðrar Evrópuþjóðir og vakna að jafnaði einni klukkustund síðar að morgni en þær. Lífið á Íslandi er því einni klukkustund seinna á ferðinni miðað við klukkuna en annars staðar. Ekki er hægt að kenna neinu sérstöku um nema ef vera skyldi því að hér er klukkan núna rangt stillt miðað við sólargang og hnattstöðu landsins. Klukkan er rangt stillt í dag. Þetta misræmi sem flutningsmenn hafa talað um og vilja auka enn frekar hafa alvarleg áhrif þegar til langs tíma er litið.

Það hefur verið kannað á Íslandi hve margir eiga í svefnerfiðleikum og hefur komið í ljós að allt að 20–30% Íslendinga eiga erfitt með að sofna á kvöldin og stór hópur á í erfiðleikum með að vakna á morgnana, sérstaklega ungt fólk. Með þessu frv. á enn að auka á þá erfiðleika.

Þessar upplýsingar og samantekt sem ég hef flutt fram hefur Júlíus K. Björnsson sálfræðingur tekið saman en hann starfar við rannsóknir og meðferð svefntruflana á rannsóknarstofu geðdeildar Landspítalans.

Virðulegi forseti. Það er fleira sem hefur alvarleg áhrif við þessa breytingu sem flutningsmenn vilja leggja til varðandi klukkuna. Ég sé að ég hef klippt út úr einu ágætu dagblaði, 20. apríl 1993, grein sem 1. flm. hv. þm., Vilhjálmur Egilsson, skrifaði. Hann leggur megináherslu á sitt mál með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Það hefur mikla þýðingu að lengja samskiptatímann við Evrópu. Með því að færa klukkuna fram um eina klukkustund á sumrin getum við náð miklum árangri.“

Ég spyr: Eru það hagsmunir hins almenna borgara sem hér eru hafðir að leiðarljósi eða er það viðskiptalífið sem verið er að hugsa fyrst og fremst um að meginhluta til? Ég geri mér grein fyrir því að það eru staðir úti á landi sem gjarnan vildu hafa þetta með þessum hætti. En er nokkuð sem bannar það sem Siglfirðingar hafa hótað áður, að breyta tímanum án tillits til þess hvað gert verður? Ég sé ekki þann vanda sem blasir við vegna þessa máls, því að á sumrin breytir skrifstofufólk vinnutíma sínum almennt, hættir að mæta klukkan níu á morgnana en mætir klukkan átta til að losna fyrr, alveg eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur. (**Gripið fram í:** Hugsaðu þér ef við þyrftum að byrja kl. 7.)

Það sem hins vegar er alvarlegast í þessu er að stórfyrirtækin gefa línuna og segja: Jú, af því að það þjónar viðskiptahagsmunum okkar að færa klukkuna skulu allir Íslendingar á lappir fyrr á morgnana til þess að við getum sinnt okkar verslunar- og viðskiptahagsmunum. Af hverju fara þeir ekki fyrr á fætur morgnana? Það er ekkert vandamál fyrir þá að byrja fyrr ef þeir þurfa að nota faxtæki sín og síma. Og þá er aðeins litið til Evrópu. Hvað þá þegar horft er vestur um haf? Þær þjóðir sem lifa lengst allra eru Íslendingar og Japanar og hvað er sammerkt með þeim? Hvorug þessara þjóða breytir klukkunni. Það er meginmálið. Hvorug þessara þjóða breytir klukkinni og lifa lengst allra þjóða á þessum hnetti.

Rökin gegn nýjum sumartíma eru m.a. þessi: Eins og ég hef komið inn á áður mun tímabreyting raska svefnvenjum manna. Ég er sammála þeim í Frakklandi sem nú eru að gagnrýna slíkar tímabreytingar.

Það var talað um aldraða, börn og sjúklinga. Á þeim árum þegar sérstakur sumartími var í gildi hérlendis var algengast að slíkir hópar kvörtuðu. Þegar verið var að hringla með klukkuna var það algengasta umkvörtunarefnið í blöðum, ræðum og riti á vorin og haustin.

Við þyrftum að stilla allar klukkur á landinu tvisvar á ári og í mörgum tilvikum er það mikil fyrirhöfn. Þeir sem eiga viðskipti vestan hafs mundu missa eina klukkustund af sameiginlegum skrifstofutíma og er hann þó skammur fyrir. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna skuli nú leggja þessu lið eða eru viðskiptin kannski að beinast meira frá Bandaríkjunum til Evrópu? Ég held ekki en samt sem áður eru mikil viðskipti í báðar áttir. Þess vegna kemur þetta mér mjög á óvart varðandi afstöðu þeirra en hún ræður nú ekki öllu. Það er hinn almenni íbúi landsins sem auðvitað ræður þarna mestu um og hefur mest um það að segja hvernig hann vill haga tíma sínum. Vilja Íslendingar almennt vegna sérstöðu verslunarfyrirtækja á Íslandi breyta klukkunni þeirra vegna? Eða er ekki eðlilegt að þeir sem þurfa á því að halda fari fyrr á morgnana og láti aðra í friði?

Venjulega meta menn skammdegið eftir því hvenær birtir á morgnana. Ef klukkunni yrði flýtt um klukkustund fram undir lok október þýddi það beinlínis að menn fyndu fyrir skammdeginu tæpum þremur vikum fyrr en þeir gera nú eins og ég hef fært rök að.

Breyta þyrfti veðurfregnatímum í útvarpi tvisvar á ári því Veðurstofan verður að gera athuganir sínar á föstum tímum eftir miðtíma Greenwich. Breyta þyrfti mjaltatímum í sveitum og heyvinnutímum mundi seinka. Það væri gaman að heyra hver afstaða Bændasamtakanna er til breytingar á klukkunni og gaman væri að spyrja að því. (**VE:** Þeir mundu selja meira lambakjöt.) Já, þeir mundu selja meira lambakjöt en sennilega yrðu kúabændur ekki jafnhrifnir af þessari breytingu því að greinilegt er að nytin mundi minnka verulega í kúm. (**VE:** Og selja meira nautakjöt.)

Þeir sem nota flóðtöflur um sólargang og hliðstæðar töflur í almanökum yrðu að muna eftir að leiðrétta tölur á réttan veg meðan sumartíminn er enn í gildi því að töflurnar verða að fylgja sama tíma allt árið, og að víkja frá þeirri hefð mundi aðeins auka hættu á misskilningi og mistök í túlkun slíkra talna geta haft alvarlegar afleiðingar.

Aðilar sem sinna rannsóknum, samgöngum og fjarskiptum þar sem tímaviðmiðanir eru Greenwich mean time mundu ekki lengur njóta þeirra forréttinda og þæginda að búa við þann tíma í daglegu lífi allt árið. Um leið eykst hætta á mistökum við tímaskráningar. Tímareikningur að sumrinu yrði víðs fjarri því upprunalega markmiði að hádegi sé klukkan tólf og miðnætti klukkan 24. Hugtökin hádegi og miðnætti yrðu nánast óræð ef ekki fylgdu nánari skýringar. Og það sérkennilega mundi koma upp varðandi þetta mál, ef af yrði,

sem ég vona ekki, að sól yrði í hádegisstað frá kl. 13.38 til kl. 14.53 allt eftir landshlutum og árstímum. Miðnætti eftir sólinni yrði á sama tíma á tímabilinu frá kl. 01.38 til 02.53. Og mundu menn tímasetja sig áfram og nota viðmiðið hádegi? Hvernig ætla menn að fara að því?

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta, svo einörð er afstaða mín gegn þessu frv. Ég met það mikils að við skulum hafa tíma og ráðrúm til að skiptast á skoðunum um þetta mál. Sem betur fer er lýðræðið gott á Íslandi og þó að menn flytji frv. til laga um það sem þeir telja gott mál er ábyggilega stærri hópur sem telur að hér sé vont mál á ferðinni. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan þegar litið er til Evrópu og dáðst að tímaflutningi manna þar, að þar er þó eitt land sem hefur óskað þess að aldrei hefði verið farið út í þessa vitleysu heldur tekið Ísland sér til fyrirmyndar.

[17:58]

**Flm. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gat um áðan breytir fjöldi fólks um vinnutíma yfir ákveðinn hluta ársins, byrjar að vinna kl. átta á sumrin, fólk sem hefur áður byrjað að vinna kl. níu. Þetta virðist ekki hafa sjáanleg áhrif á heilsufar viðkomandi. Það virðist ekki hafa nein geðræn vandamál í för með sér heldur þvert á móti virðist þetta létta lund flestra sem vinna í viðkomandi fyrirtæki. Ég hygg að réttast væri fyrir þann sálfræðing, sem vitnað var til áðan, að kanna hvort heilsufari manna í þeim fyrirtækjum sem breyta um vinnutíma á sumrin hafi hrakað.

Ég nefni líka að börnin, sem eiga að fara sem verst út úr sumartímanum að mati hv. þm., breyta ansi mikið um vinnutíma, hæstv. forseti, þegar skólinn byrjar á haustin og þegar skóla lýkur á vorin, þegar frí hefjast og frí byrja. Þá þurfa börnin allt í einu að rífa sig upp eldsnemma á morgnana til að komast í skólann eða þá sofa lengur fram eftir á morgnana þegar frí byrja. Ekki virðist þetta hafa nein sjáanleg áhrif á blessuð börnin. Ég tel því að það sé algerlega augljóst mál að það muni ekki hafa nein einustu áhrif á heilsufar barna né fullorðinna þótt sumartími verði tekinn upp.

Ég harma það hve hv. þm. gerir lítið úr vilja og þörfum fólks til þess að njóta hins stutta sumars á Íslandi og hve hann gerir lítið úr þörfum fólks sem býr í þröngum fjörðum úti um land að njóta sólar. Ég harma líka hve hann gerir lítið úr þörfum þeirra fjölmörgu einstaklinga, hins almenna borgara sem vinnur í venjulegum fyrirtækjum í landinu sem þarf að basla við að ná sambandi við Vestur-Evrópu en eyðir hálfum vinnudeginum í að hringja og ekki nokkur maður er við sem verið er að reyna að ná í.

[18:01]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að ég sé að gera lítið úr fólki sem býr í þröngum fjörðum og vill njóta sólar. Ég gat sérstaklega um það áðan að ég skildi það vel en ég gat þess þá um leið að ekki væri úr vegi fyrir hvert sveitarfélag að breyta starfsemi sinni ef svo þætti rétt og eðlilegt.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kom inn á það áðan að hann væri hissa á því að það virtist ekki nein áhrif hafa á þann fjölda fólks sem breytti sínum vinnutíma yfir sumartímann.

Meginhluti þjóðarinnar byrjar almennt að vinna kl. 8 á morgnana en skrifstofufólk hefur getað byrjað kl. 9 á morgnana á vetrardögum. Margir vildu geta haft þann háttinn á en það hefur ekki áhrif á það vegna þess að fólk er almennt komið á stjá milli kl. 7–8 á morgnana. Þess vegna hefur það ekki áhrif.

Ég endurtek að ég geri ekki lítið úr skoðunum fólks. Það getur haft skoðanir sínar en ég hef þær líka og ég hef þá trú að meginhluti þjóðarinnar sé á móti þessu hringli með klukkuna og ég er að tala fyrir hönd þess hóps en geri ekki lítið úr skoðunum annarra í því sambandi.

[18:03]

**Flm. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson virðist telja að það þurfi að vera eitthvert náttúrulögmál að báðir vísar klukkunnar vísi beint upp, þ.e. að klukkan sé 12 þegar sólin er hæst á lofti. Það er hins vegar alger reginmisskilningur. Fólk hagar vinnutíma sínum og hvíldartíma sínum eftir því sem því hentar best og klukkan og sumartími og hvenær vinnutími byrjar og hvenær honum lýkur er fyrst og fremst spurning um leikreglur í samfélaginu sem gagnast sem allra flestum. Það er t.d. enginn eðlismunur á því sem við flm. þessa frv. erum að leggja til hvort það væri t.d. sett í lög að allir vinnustaðir ættu að hefja vinnu klukkutíma fyrr í lok mars og byrja síðan klukkutíma seinna í lok október eða færa klukkuna fram og til baka. Þess vegna vísa ég tali hv. þm. algerlega á bug um að það hafi mikil áhrif á heilsufar fólks hvort það byrjar klukkutímanum fyrr eða seinna.

Það væri fróðlegt að kanna t.d. hug hv. þm. til þess hvort hann teldi það vera heilsufjandsamlegt í landinu ef allir tækju sig til og byrjuðu klukkutíma fyrr á sumrin, ekki bara skrifstofufólk heldur allt þjóðfélagið, og byrjuðu svo klukkutíma seinna á vetrum. Mér heyrðist hv. þm. öfundast sérstaklega út í skrifstofufólki sem flytur einmitt til vinnutíma sinn milli sumars og vetrar og hv. þm. virtist telja að hin mesta heilsubót væri í því fólgin.

[18:05]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki við svona orðalag, að einhver sé að öfundast út í einhvern. Það er bara alrangt og alrangt eftir mér haft. Ég var aðeins að geta þess að það væri mismunandi hvernig fólk hefur samið um vinnutíma. Ég minnist þess sjálfur að í fiskvinnu byrjaði ég kl. 7.20 á morgnana. Mér var ekki meint að því.

Þegar á að fara að hringla með klukkuna svona eins og hv. þm. leggur til ásamt fleiri flm. þá skulum við engu að síður líta aðeins til fortíðarinnar. Eins og ég gat um áðan voru lögin frá 1968 að afnema lög úr gildi sem voru frá 16. nóv. 1907 um ákvörðun tímans. Menn voru því búnir að fá allnokkurn smjörþef af þessum tilflutningi klukkunnar. Það var ekki að ástæðulausu að menn voru að leggja af þetta óhagræði. Þetta er algert óhagræði að hringla með klukkuna og hvort báðir vísar vísi upp eða niður er algert aukaatriði í málinu. Það sem skiptir öllu máli er að okkur líði vel á Íslandi. Ég tel að okkur líði vel miðað við það sem gert var 1968 um að festa klukkuna á sumartíma miðað við hnattstöðu okkar Íslendinga. Það var vel að verki staðið og ég sé ekki ástæðu til að hringla enn frekar með það enda erum við þá að rugla það tímabelti og færa það til sem passar ekki miðað við hnattstöðu Íslands. Hugsanlega gæti það gerst eftir einhverjar milljónir ára ef það verður eitthvert landrek og við færumst suður á bóginn, en það passar ekki núna.

[18:07]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi að stórfyrirtæki sem ætti viðskipti við Evrópu gætu tekið sig til og breytt vinnutíma hjá starfsfólki sínu ef það þætti henta. Hjá þessum stórfyrirtækjum vinnur bara mjög margt fólk og þar á meðal fólk sem þarf t.d. að koma börnum sínum á leikskóla. Þjónusta leikskólanna miðast einfaldlega við að vinnutími á Íslandi sé samræmdur þannig að sú aðferð að breyta klukkunni hefur þá náttúrlega bein áhrif á að allir geti verið á sama tíma.

Hann taldi upp mjög marga ókosti og ég sé að það eru þau rök sem Þorsteinn Sæmundsson taldi upp í umsögn sinni við frv. þegar það var lagt fram síðast og það var helst að þetta mundi raska svefnvenjum, gleymska fólks hefði þarna áhrif, flóðatöflur, mjaltatímar og þetta sem hv. þm. taldi upp, en hann sleppti því að taka þann síðasta ókost sem Þorsteinn Sæmundsson sá við að breyta tímanum og það var að þetta mundi valda töluverðu óhagræði fyrir þá sem hefðu áhuga á norðurljósum og stjörnuskoðun. Satt að segja eru það einu rökin af þeim sem Þorsteinn telur upp í umsögn sinni sem ég tel vera nokkuð gild. Hann nefnir það m.a. að um hásumar yrðu ferðamenn að bíða lengur fram eftir nóttu til þess að sjá miðnætursólina og það er alveg hárrétt.

[18:09]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég svari þessu með því og láti sem næst máli mínu þá lokið með þessari ágætu vísu eftir Piet Hein í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Hún segir okkur allt:

Ef klukkan er eitt hjá okkur,
þá er hún á Spáni tvö,
en átta á Indlandsskaga
og austur hjá Volgu sjö.

Hve gæfan er okkur örlát
sem ekki verðskuldum neitt
að kjósa okkur land með þeim kostum
að klukkan er eitt klukkan eitt.

[18:10]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég met það mjög mikils að hér skuli vera farið með góðan kveðskap og alltaf gaman að heyra slíkt en hins vegar svaraði hv. þm. ekki því hvernig þeir eiga að bregðast við sem eru t.d. settir í þá stöðu að þurfa að mæta klukkutíma fyrr en t.d. leikskólar opna á morgnana.

Ég vil svo líka benda á að þær umsagnir sem bárust um frv. komu frá mjög mörgum. Þær komu frá fyrirtækjum sem hafa mjög marga starfsmenn. Þær komu frá íþróttafélögunum og þær komu frá bæjarfélögum og samtökum sveitarfélaga. Ég tel að þarna séu aðilar sem hafa mjög mikinn hag af því að þessu verði breytt og væru ekki að senda slíkar umsagnir nema þeir teldu þetta vera mjög mikið hagsmunamál, bæði fyrir fyrirtækin, fyrir viðskiptin og fyrir fólkið sem starfar í fyrirtækjunum að geta notið sumars og meiri frítíma á birtutíma.

[18:11]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það geti ekki verið mikið skipulagsvandamál að leikskólar opni fyrr á morgnana. Þeir aðilar sem eru í samskiptum við útlönd hjá einstaka fyrirtækjum eru þannig í sveit settir að það ætti ekki að vera mikið vandamál enda held ég líka að fyrirtæki hljóti að laga sig að aðstæðum hverju sinni. Ég held að þetta frv. skipti ekki sköpum um það hvort reksturinn gangi vel eða illa. Ég held að það hljóti að vera mál sem auðvelt sé að leysa enda veit ég að það er ekki vandamál fyrir skrifstofufólkið að byrja kl. 8 á sumrin en 9 á veturna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:13.

# 76. FUNDUR

þriðjudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Ríkisreikningur 1996, stjfrv., 97. mál, þskj. 97. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Hollustuhættir, stjfrv., 194. mál, þskj. 197, nál. 836 og 844, brtt. 837. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 248. mál, þskj. 293, nál. 810. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Framhaldsskólar, stjfrv., 355. mál, þskj. 542, nál. 833. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Ráðherraábyrgð, frv., 96. mál, þskj. 96. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Almannatryggingar, frv., 228. mál, þskj. 260. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vörugjald, frv., 277. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tímareikningur á Íslandi, frv., 309. mál, þskj. 386. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Þingvallaurriðinn, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 838. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Öryggismiðstöð barna, þáltill., 37. mál, þskj. 37, nál. 809. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, þáltill., 284. mál, þskj. 355. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Kosningar til sveitarstjórna, stjfrv., 225. mál, þskj. 851, brtt. 840, 848 og 860. — 3. umr.
13. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 815. — 1. umr.
14. Stimpilgjald, stjfrv., 481. mál, þskj. 816. — 1. umr.
15. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 246. mál, þskj. 291. — Fyrri umr.
16. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — 1. umr.
17. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 390. mál, þskj. 708. — Fyrri umr.
18. Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, þáltill., 403. mál, þskj. 724. — Fyrri umr.
19. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 405. mál, þskj. 726. — Fyrri umr.
20. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782. — Fyrri umr.
21. Þjóðhagsstofnun, frv., 489. mál, þskj. 832. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.

**Fjarvistarleyfi:**

Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[13:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég af persónulegum ástæðum get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 3. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykn., Birna Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum og forföllum 1. og 2. varaþm. listans í Reykn.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn."

Þá er hér svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Kristínar Halldórsdóttur í mars 1998.

Virðingarfyllst,
Kristín Sigurðardóttir."

Einnig er hér svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Kristínar Halldórsdóttur í mars 1998.

Virðingarfyllst,
Bryndís Guðmundsdóttir."

Birna Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisbankanna, 344. mál, svar viðskrh., þskj. 858.

Kosningar til sveitarstjórna, 225. mál, þskj. 851; brtt. KÁ, þskj. 860.

Ný markmið í framhaldsmenntun, 499. mál, þáltill. SJóh o.fl., þskj. 854.

Ofbeldi á börnum, 430. mál, svar heilbrrh., þskj. 849.

Samræmd samgönguáætlun, 179. mál, nál. samgn., þskj. 856.

Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, 51. mál, nál. landbn., þskj. 859.

Vegtollar, 498. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 853.

Vinnuumhverfi sjómanna, 500. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 855.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:33]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill tilkynna að áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um skólakerfið í ljósi TIMSS-skýrslna. Málshefjandi er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

## *Umræður utan dagskrár.*

Skólakerfið í ljósi TIMSS-skýrslna.

[13:35]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Sá helmingur ungmenna sem finnur nám við hæfi í íslenska framhaldsskólanum stendur jafnöldrum sínum erlendis fyllilega á sporði þegar kemur að þekkingu í raungreinum. Það eru góðu niðurstöðurnar úr nýju TIMSS-könnuninni. En þær varpa því miður einnig ljósi á

þá staðreynd að nær helmingi íslenskra ungmenna er hvorki boðið upp á nám við hæfi né þann stuðning sem þarf til að takast á við það nám sem í boði er. Skólameistarar framhaldsskólanna benda á grunnskólann sem sökudólg þegar kemur að ástæðum hins mikla brottfalls úr framhaldsskólanum. Háskólastigið bendir síðan á framhaldsskólann til útskýringar á slöku gengi á því skólastigi. Þetta þekkjum við.

Hitt var öllu nöturlegra þegar menntmrh. Sjálfstfl., flokks sem farið hefur með menntamálin auk fjmrn. í u.þ.b. 12 ár af síðustu 15 árum skyldi firra sig og sinn flokk ábyrgð og varpa sök á hinum neikvæðu hliðum könnunarinnar á grunnskólann. Það var ótrúlegt. Er grunnskólinn girnilegri blóraböggull fyrir menntmrh. nú þegar hann hefur verið settur á ábyrgð sveitarfélaganna eða á hvers ábyrgð er það að ekki hefur orðið raunhækkun á útgjöldum ríkisins til menntamála sl. tíu ár þótt heildartekjur ríkisins hafi aukist um 23,5 milljarða? Á hvers ábyrgð er það að í mörg ár hefur verið daufheyrst við óskum framhaldsskólanna um meira fjármagn, m.a. til þróunar starfsmenntabrauta og raunverulegra valkosta fyrir hinn stóra hóp nemenda?

Í fjársveltu skólakerfi urðu bóknámsbrautirnar auðvitað ofan á, þær eru svo miklu ódýrari. Niðurstaðan er sú að nánast helmingur íslenskra ungmenna fær ekki nám við hæfi. Fallskattur var síðan settur á til að lakar settum nemendum mætti vera ljóst hversu velkomnir þeir eru í framhaldsskólann og hve skilningsrík yfirvöld menntamála eru á ástandinu. Á hvers ábyrgð var það?

Veik skilyrði til skólastarfs er sú einkunn sem Einar Guðmundsson hjá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gefur ástandinu. Aðrir tala um að skólakerfið sé í kreppu, sama hvort borið er niður á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi, kreppu sem lýsir sér m.a. í óánægju foreldra vegna ónógrar þjónustu, síendurteknum verkföllum kennara, að námsgagnagerð er í fjársvelti, að rannsóknir skortir og fjármuni til að vinna úr þeim rannsóknum sem til eru, að langvarandi fjársvelti háskólastigsins hefur komið niður á þróun kennslu og rannsókna.

Herra forseti. TIMSS-skýrslurnar draga upp ákveðna mynd af stöðu íslenska skólakerfisins í samanburði við aðra. Það gerir matsskýrsla OECD frá síðasta ári líka. Hún bendir á hve litlu fjármagni er varið hér á landi til menntamála í samanburði við aðra.

Menn tala um svartar skýrslur. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji að niðurstöður TIMSS-skýrslnanna séu áfellisdómur yfir menntastefnu síðasta áratugar. Á liðnum árum og áratugum hefur margoft verið bent á að efla þurfi starfsnám og auka fjölbreytni í námsmöguleikum ungmenna án þess að menntamálayfirvöld hafi brugðist við nema þá í orði. Hver telur hann að sé ástæða þess? Til hvaða aðgerða telur ráðherra að hefði þurft að grípa á liðnum árum til að koma í veg fyrir það alvarlega ástand að stór hluti ungmenna flosnar upp frá námi og er ekki boðið upp á nám við hæfi?

Að lokum. Ef tekið er tillit til þjóðarframleiðslu er Ísland hlutfallslega langneðst af OECD-ríkjunum hvað varðar framlög til menntamála. Hvaða áhrif telur menntmrh. að þetta fjársvelti hafi haft á þróun menntamála undanfarinn áratug í samanburði við aðrar þjóðir, og hver telur hann að áhrif þessa verði á samkeppnisstöðu Íslands í framtíðinni? Hér þurfa yfirvöld menntamála að kannast við sína ábyrgð og læra af reynslu undangenginna ára.

Sjálfstfl. hefur bæði haft tögl og hagldir varðandi stefnumótun og fjárframlög til menntamála mörg undanfarin ár. Það hefur eina ferðina enn verið brugðist við í orði, ný lög hafa verið sett. En, herra forseti, við hljótum að horfa til þess bæði í ljósi reynslunnar og þess að fjármagn hefur ekki enn verið aukið til framhaldsskólans, þó að byrjað sé að vinna eftir þessum nýju lögum.

[13:40]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á TIMSS-skýrslum og íslenska skólakerfinu. Raunar hafa þessar skýrslur sýnt að úttekt á skólastarfi og hvers kyns samanburður bæði innan lands og milli þjóða er vísasti vegurinn til að skapa umræður um mennta- og skólamál. Það er hins vegar alrangt hjá hv. þm. að ég hafi skellt skuld á grunnskólann. Það sem ég hef sagt um niðurstöðurnar í TIMSS-rannsókninni varðandi framhaldsskólann er að þær sýni að við þurfum að hefja grunnnám í náttúrufræði og stærðfærði fyrr en nú er og í nýjum námskrám sem kynntar verða á næstunni er það boðað að kennsla í náttúrufræði og stærðfræði hefjist fyrr en nú er. Staðreynd er að einum bekk var bætt framan við grunnskólann án þess að nákvæm námskrá væri sett um það hvernig tímanum í þeim bekk skyldi varið.

Í umræðum um TIMSS hefur komið fram að margir virðast telja skýrslurnar haldbetri til leiðsagnar um stöðu íslenskra skóla þegar niðurstaðan er neikvæð eins og um grunnskólann en þegar hún er jákvæð eins og varðandi framhaldsskólann.

Ég hef litið þannig á að þessar niðurstöður gefi okkur vísbendingar en í þeim felist enginn stóridómur. Ég er þeirrar skoðunar að vinna beri frekar úr skýrslunum og nota þær til að skilgreina betur viðfangsefni og vanda í skólakerfinu. Það á ekki að kasta þeim frá sem marklausum. Hef ég ákveðið að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fái 5 millj. kr. til að vinna úr þeim miklu gögnum sem fyrir liggja.

Spurt er hver sé ástæða þess að vegur starfsnáms sé ekki meiri en við blasir. Svarið við þeirri spurningu er síður en svo einhlítt. Skoði menn umræður um menntamál undanfarin ár og áratugi hefur verið hamrað á mikilvægi starfsnáms en æ fleiri nemendur hafa valið bóknám.

Hinn gamalreyndi skólamaður Örnólfur Thorlacius, fyrrv. rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, telur gróna hefð fyrir bóknámi, afar rýran hlut verklegs náms og listnáms í grunnskóla og síðast en ekki síst þá staðreynd að samræmdu prófin beinast eingöngu að mati á bóklegum þáttum, ástæðurnar fyrir því að starfsnám hefur átt undir högg að sækja.

Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur bent á að atvinnulífið geri ekki alltaf skýrar kröfur um menntað starfsfólk og þess vegna sækist framhaldsskólanemendur eftir almennu námi, bóknámi, sem leiði þá ekki í blindgötu. Raunar má segja að svörin við þessari spurningu séu jafnmörg og kunnáttumennirnir sem gefa þau. Ég hef dregið þá ályktun af öllum þeim gögnum sem ég hef kynnt mér um þetta mál að auka beri sveigjanleika og sérhæfingu eða valfrelsi strax í efstu bekkjum grunnskólans og gefa nemendum færi á því að velja fleiri en eina leið inn í framhaldsskóla. Með öðrum orðum að veita valfrelsi til samræmdra prófa og ýta starfsnámi neðar í skólakerfið.

Tölur um brottfall eru einnig mjög misvísandi og þær eru mismunandi eftir skólum. Baldur Gíslason framhaldsskólakennari, sem hefur rannsakað brottfall sérstaklega, skýrir frá því að í könnun sem hann gerði 1996 hafi komið fram að í

þremur skólum, þar sem mesta brottfallið var, hafi 47% nemenda horfið frá námi en aðeins hafi verið 7% brottfall úr þeim þremur skólum þar sem brottfallið var lægst. Ég tek undir með Baldri þegar hann segir að framhaldsskólinn þurfi þess vegna að vera í stakk búinn til að mæta nemandanum þar sem hann er staddur með fjölbreytilegu námsframboði, kennsluaðferðum og þjónustu. Í hinum nýju námskrám grunnskóla og framhaldsskóla á að taka mið af þörfum einstaklinga, hver einstaklingur á rétt á námi við sitt hæfi og þjóðfélagið þarfnast einstaklinga með fjölbreytta menntun.

Það er rangt að skólar hafi verið í fjársvelti hér á landi. Fylgt hefur verð aðhaldi í útgjöldum sem skila sér nú margfalt í bættri afkomu þjóðarbúsins. Í raun hefur orðið bylting í starfsnámi í landinu á undanförnum tveimur árum og nægir þar að nefna Borgarholtsskóla og stækkun Menntaskólans í Kópavogi.

Herra forseti. Á grundvelli nýrra laga er nú verið að setja grunnskólum og framhaldsskólum nýjar námskrár. Gangi allt það mikla starf eftir óttast ég ekki um íslenskt skólakerfi við upphaf 21. aldarinnar. Við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því að ný skipan þar sem komið er til móts við hvern einstakling kostar meiri fjármuni en sú stefna að halda öllum nemendum sem lengst í sama námi. Vaxandi efasemda gætir um réttmæti þeirrar stefnu. Ný skólastefna í nýjum námskrám tekur mið af þeim efasemdum.

[13:45]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Nýlega gátu Íslendingar glaðst yfir góðum árangri nemenda sem höfðu tekið þátt í enn einni TIMSS-könnuninni. Það er auðvitað alltaf gleðilegt þegar ungu fólki gengur vel í prófi, og þá sérstaklega þegar um er að ræða alþjóðlegan samanburð. Við vorum líka ákaflega lukkuleg með það mörlandarnir þegar skoðanakönnun leiddi í ljós að við værum einhver hamingjusamasta þjóð í heimi. Og sú könnun var einmitt gerð þegar við vorum djúpt í harðvítugri efnahagslægð. Ráðamenn menntamála voru líka mjög glaðhlakkalegir með niðurstöður framhaldsskólakönnunarinnar þegar fyrst var rætt við þá eftir að niðurstöður birtust og var helst á þeim að skilja að þetta sýndi vel hversu vel framhaldsskólanum tækist að vinna upp það sem miður færi í grunnskólanum og vísuðu þar til annarrar könnunar sem einnig er kennd við TIMSS. En Adam var ekki lengi í paradís. Það kom sem sé í ljós að umrætt próf var tekið af nemendum sem voru um það bil að útskrifast úr framhaldsskóla og þar að auki aðeins þeim sem vildu spreyta sig. Ekki liggur fyrir hvernig samanburðarúrtakið hjá hinum þjóðunum var fengið. Þegar þarna var komið var sem sagt búið að hrista af skólakerfinu með einum eða öðrum hætti þau 45% nemenda sem hverfa frá námi í framhaldsskóla áður en þau hafa náð nokkrum lokaáfanga. Þessum 45% íslenskra nemenda hef ég lengi haft áhyggjur af og vísa m.a. til þáltill. sem er lögð fram á Alþingi í dag. Ég hef líka lengi haft áhyggjur af því hvernig þeim muni reiða af í framtíðinni þar sem allt atvinnuumhverfi verður sífellt sérhæfðara og sú hætta vofir yfir að þeir sem ekki byggja á einhverju starfsnámi muni eiga erfitt uppdráttar í atvinnulífi framtíðarinnar. Það er knýjandi nauðsyn að nú fari yfirvöld menntamála að taka á þessu mesta vandamáli í íslensku skólakerfi og virkilega leggja peninga og vinnu í að efla starfsmenntun í samstarfi við atvinnulífið. Það er búið að tala of lengi. Nú er runninn upp tími framkvæmda.

[13:47]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Enn einu sinni eru umræður á Alþingi um niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á skólastarfi. Nú bregður svo við að þær niðurstöður eru jákvæðari en áður hefur verið. Þá rjúka menn upp til handa og fóta og draga úr því að íslenska skólakerfið hafi komið þokkalega út og segja: Nemendahópurinn var ekki sambærilegur við það sem annars staðar gerðist, mikið brottfall úr íslenskum framhaldsskólum skekkir myndina, þátttaka nemenda var frjáls og áfram mætti telja. Auðvitað þurfum við að átta okkur á kostum og göllum slíkra rannsókna og einnig aðferðafræði og framkvæmd en við verðum líka að kunna að gleðjast yfir því þegar vel gengur án þess að ofmetnast. Þessi rannsókn staðfesti eingöngu það sem við vissum fyrir. Skólakerfið er miklu flóknara fyrirbæri en svo að hrapað verði að einföldum ályktunum og lausnum vegna niðurstaðna TIMSS-rannsóknanna. Þær hafa vissulega og sem betur fer, hreyft við þjóðinni og vakið hana enn betur til vitundar um mikilvægi þess að við stöndum okkur í menntamálum og getum státað af því besta sem þekkist í þeim efnum. Við eigum að vinna frekar úr niðurstöðunum og nýta þær til að herða enn á okkur um að gera betur.

Herra forseti. Skólamálaumræðan hér á landi hefur gjörbreyst á síðustu árum í kjölfar nýrrar menntastefnu. Það hefur verið tekið á málunum af mikilli festu. Ný lagasetning um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla á eftir að skila okkur betra og árangursríkara skólastarfi í framtíðinni. Skólastarfi þar sem áhersla er lögð á umbætur, skýr námsmarkmið, betri námsgögn, auknar skólarannsóknir, betri kennaramenntun, samstarf foreldra og skóla og opna upplýsta umræðu í þjóðfélaginu um menntamál. Slík umræða sem byggist á því að almenningur fái allar tiltækar upplýsingar um skólastarf og árangur þess er hvort tveggja í senn, aðhald og hvatning til að sætta sig aðeins við það besta á þessu sviði sem, þegar öllu er á botninn hvolft, skiptir sköpum um velferð þjóðarinnar í framtíðinni. Að því er unnið.

[13:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eftir niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar á frammistöðu grunnskólabarna í raungreinum fyrir rúmu ári kom skemmtilega á óvart að íslenskir framhaldsskólanemar hefðu lent í þriðja sæti í sambærilegri rannsókn. Við nánari athugun er rétt að halda aftur af fagnaðarlátum.

Í fyrsta lagi mættu aðeins 73% útskriftarárgangsins í prófið sem rýrir gildi niðurstöðunnar.

Í öðru lagi er erfitt að bera saman námsárangur milli landa í framhaldsskólum vegna mismunandi skólakerfa. Rannsóknin dregur þó athyglina að tveimur megingöllum íslenska framhaldsskólans sem oft hafa verið ræddir í þingsölum. Þar ber fyrst að nefna þá staðreynd að einungis 55% árgangs útskrifast úr framhaldsskóla í samanburði við 71% í Svíþjóð og 84% í Noregi og Frakklandi. Þetta sýnir að 45% nemenda finnur ekki námsframboð við sitt hæfi og þetta hlutfall er mun hærra hér en í flestum nágrannalanda okkar.

Þessi könnun var gerð vorið 1995. Ári síðar voru sett ný framhaldsskólalög sem ekki hafa breytt neinu að þessu leyti. Við stjórnarandstæðingar bentum á að auka þyrfti fjölbreytni og setja meira fé í starfsnám af ýmsu tagi en það hefur ekki gerst enn.

Hitt atriðið sem er verulegt áhyggjuefni er aldur íslensku framhaldsskólanemanna. Þeir eru að meðaltali rúmlega 21 árs í könnuninni, sem var gerð rétt fyrir útskrift meðan nemarnir í flestum öðrum löndum eru 18 til 19 ára. Þetta bentum við stjórnarandstæðingar á við setningu síðustu framhaldsskólalaga en ekki var á það fallist að stytta framhaldsskólann þó að íslensk ungmenni komi einu til þremur árum seinna en jafnaldrar þeirra til æðra náms eða á vinnumarkaðinn.

Virðulegi forseti. TIMSS-rannsóknirnar sýna okkur svart á hvítu að íslenska menntakerfið þarf að taka sig á og að þingið og fjárveitingavaldið þurfa að taka á með bættri löggjöf og með því að veita mun meira fé til menntamála, ekki síst til fjölbreyttara starfsnáms, þannig að þau 45% ungmenna sem nú finna ekkert við sitt hæfi, fái þar viðunandi nám. Við síðustu TIMSS-rannsókn var boðuð bætt kennaramenntun og átak í tölvu- og raungreinanámi. Það bólar lítið á slíku átaki og úr því verður að bæta.

[13:52]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér er til umræðu svonefnd TIMSS-könnun. Það er ekki nema u.þ.b. ár síðan að ítarleg umræða átti sér stað á hv. Alþingi um sambærilega könnun á grunnskólastigi. Þar töluðu menn um svartar niðurstöður. Nú hljóta menn að spyrja sem svo: Hefur eitthvað nýtt komið fram í þessari könnun þótt hún fjalli reyndar um framhaldsskólastig? Ég tel að í raun sé ekki svo nema þá helst það sem vekur undrun miðað við könnun úr grunnskólanum hversu vel ákveðinn hluti framhaldsskólanema kemur út.

Athygli hefur verið vakin á því hversu hátt brottfallið er í framhaldsskólum og finnst mér á stundum í umræðunni eins og það komi mönnum á óvart. Það er ekkert nýtt. Það hefur verið vitað nokkuð lengi. Menn tala jafnvel stundum eins og þeir séu hissa á því hversu hátt þetta brottfall er úr framhaldsskólum þrátt fyrir þá staðreynd að megineinkenni framhaldsskólans byggir á stúdentsprófi sem hefur áhrif á inntak, kennsluaðferðir, kennsluhætti í framhaldsskóla og grunnskóla. Við ætlum að þræla öllum í gegnum stúdentspróf. Á það hefur verið bent að um það megi hafa miklar efasemdir. Veruleiki nemenda sem eru að hefja nám í framhaldsskóla er nefnilega allur annar. Það hefur ítrekað verið bent á að þjónusta á öllum sviðum er mannfrekasta atvinnugrein í atvinnulífi okkar, en þess sjást ekki merki í skólakerfinu í framhaldsskólum. Svo eru menn undrandi á því að nemendur skuli ekki finna sig í námsvali. Þeir falla í skugga stúdentsins og fjölmiðlaumræðu. Hvers vegna er staðan svo? Ég vil vara við því að einfalda umræðuna um of. Vissulega skortir fé til framhaldsskóla og skólakerfisins í heild, en ég minni líka á að atvinnulífið hefur ekki þrýst á skólakerfið um að innleiða starfsmenntabrautir. Ég vil líka benda á hagsmunagæslu og neikvætt viðhorf á stundum meðal almennings til skólakerfisins. Hér ríkir ákveðið agaleysi, hér þarf að verða þjóðarátak á öllum sviðum.

[13:55]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það voru ótrúlega slök svör hjá hæstv. ráðherra við fyrirspurnum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Hæstv. ráðherra skorast undan því að bera ábyrgð á fortíð Sjálfstfl. í menntamálum. Það er alvarleg staðreynd, herra forseti, að þessi flokkur hefur farið með menntamálin næstum því samfellt í 15 ár. Hv. þm. Svavar Gestsson var reyndar menntmrh. á tímabili, í tvö til þrjú ár. Þennan tíma hefur fjmrn. einnig verið í höndum Sjálfstfl. að verulegu leyti. Sjálfstæðismenn hafa því haft alla möguleika til að móta framsækna menntastefnu. Hæstv. ráðherra kemur hér og segir í svari við einni af spurningunum, fæstum þeirra svaraði hann, að rangt sé að skólar hafi verið í fjársvelti. Hæstv. ráðherra gerir lítið úr því að hér vanti starfs- og verknám. Það vita allir að starfs- og verknám er dýrara en bóknám og það er þess vegna sem ekki hafa verið skapaðir valkostir fyrir ungt fólk að fara í starfs- og verknám hér á landi. Vegna þess að það hefur verið varið of litlu fé til þessa málaflokks.

Það er sömuleiðis staðreynd að við verjum einna minnstu fé á hvern nemanda á grunnskólum af öllum OECD-ríkjum. Í öðru lagi erum við með einna lægst framlög til menntamála af öllum OECD-ríkjum. Í þriðja lagi verjum við einna minnstu til háskólanáms af öllum OECD-ríkjum. Við erum alls staðar, herra forseti, á botninum hvað varðar fjárframlög til menntamála. Þó svo að menntamál séu ekki einungis fjármál erum við langt á eftir öðrum þjóðum að skapa hér almennilega umgjörð um okkar menntamál. Við eigum að taka það mjög alvarlega, að við erum mjög aftarlega á merinni hvað varða samanburð við erlendar þjóðir í grunnskólum, í framhaldsskólum og í háskólum. Hæstv. ráðherra svaraði engu um þetta mál, herra forseti. Það er stefnuleysi, metnaðarleysi og peningaleysi sem einkennir menntastefnu Sjálfstfl.

[13:57]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

*Herra forseti. Það er staðreynd að tæplega helmingur* íslenskra nemenda fær ekki nám við hæfi. Það er staðreynd að hinn helmingurinn nær svipuðum árangri og jafnaldrar þeirra í öðrum löndum, en það er aðeins helmingur nemenda. Það er staðreynd að hérlendis er skortur á námsráðgjöf og fjöldi nemenda flakkar um í skólakerfinu í leit að námi við sitt hæfi og gefst síðar upp og hættir. Það er staðreynd að sóun er á tíma, orku og fjármunum. Það er staðreynd að á Íslandi er hlutfall ungs fólks einna hæst innan OECD-ríkjanna. Þrátt fyrir það er staðreynd að við verjum einna minnstu fé til menntamála allra OECD-ríkjanna, aðeins fjögur eru fyrir neðan okkur. Það er staðreynd að ef litið er til þjóðarframleiðslu erum við hlutfallslega langneðst OECD-ríkjanna í framlögum til menntamála. Það er staðreynd að ekki hefur verið raunhækkun á fjárveitingum til menntamála á síðustu tíu árum þótt tekjur ríkissjóðs hafi hækkað um 23,5 milljarða. Það er staðreynd að menntamálin hafa verið undir stjórn sjálfstæðismanna 12 undanfarin ár af 15 og svipað gildir um fjármálin. Afleiðing þessa er sú staðreynd að íslenska skólakerfið er í lamasessi, rannsóknir vantar, starfsnám er af skornum skammti, verkföll eru árviss og um helmingur nemenda flosnar upp frá námi. Sveltistefna og vanrækslu sjálfstæðismanna í menntamálum blasir hvarvetna við. Og hver eru svo viðbrögð ráðherra Sjálfstfl.? Það er lítið um svör. Aðeins fögur orð og fyrirheit um framtíðina en, herra forseti, sporin hræða.

[13:59]

**Birna Sigurjónsdóttir:**

Hæstv. forseti. Skólamál eru enn á ný í brennidepli umræðunnar vegna niðurstöðu úr TIMSS-rannsókn. Að þessu sinni er samanburðurinn hagstæður við aðrar þátttökuþjóðir. Íslenskir nemendur í framhaldsskóla standa sig vel í stærðfræði og raungreinum og því ber vissulega að fagna. Íslenskir grunnskólanemendur stóðu sig aftur á móti slælega, samanborið við nemendur annarra þátttökuþjóða.

Skýringarinnar er að hluta að leita í aðstæðum og framkvæmd könnunarinnar sjálfrar án þess að lítið sé gert úr góðum árangri framhaldsskólanema eða slökum árangri grunnskóla. Þá er rétt að draga fram að íslenskir þátttakendur í framhaldsskólarannsókninni eru elstir eða með elstu nemendum sem taka þátt meðan nemendur okkar í grunnskóla voru heldur yngri en nemendur flestra annarra helstu þátttökuþjóða. Þetta skiptir máli.

Í framhaldsskólanum er einnig aðeins um 55% fæðingarárgangsins í úrtaki en í grunnskóla var allur árgangurinn með. Þó aðeins sé tekið þetta tvennt gerbreytir það allri túlkun á niðurstöðum. Ekki skal gert lítið úr þeim vísbendingum sem þessar upplýsingar gefa okkur um skólastarf og þá þætti sem þar þarf nauðsynlega að styrkja ef við ætlum að standast samanburð meðal þjóða.

Bent hefur verið á hátt brottfall nemenda í framhaldsskóla. Mikil þörf er fyrir að koma á markvissu starfs- og verknámi í framhaldsskóla sem lýkur með viðurkenndu lokaprófi sem veitir aðgang að atvinnulífinu. Starfs- og verknámið þyrfti að hefjast í efstu bekkjum grunnskóla sem tilboð eða val fyrir þá sem hyggja ekki á bóklegt langskólanám.

Ég vil einnig nefna námsefni í grunnskóla. Námsefnisgerð hefur verið í fjársvelti til margra ára. Námsefni í stærðfræði og náttúrufræði er úrelt og allt of hægt gengur að endurskoða og semja nýtt. (Forseti hringir.) Hér vil ég benda á ábyrgð ríkisins sem hefur haft og hefur enn þá skyldu sem sjá grunnskólanemendum fyrir námsefni þeim að kostnaðarlausu. Gera þarf átak í því að veita aukið fjármagn í námsgagnagerð og hraða endurnýjun námsefnis í stærðfræði og náttúrufræði. Það þarf að lyfta grettistaki til að bæta kunnáttu nemenda í grunnskóla í stærðfræði og raungreinum.

[14:02]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Niðurstöður TIMSS-skýrslunnar hlýtur maður að túlka sem enn einn áfellisdóminn yfir íslenska menntakerfinu. Það hefur verið ljóst að allt að 13% nemenda sem útskrifast úr grunnskólum landsins skilar sér ekki inn í framhaldsskólanna. Þessu til viðbótar eru það á bilinu 40–50% nemenda sem flosna upp úr skóla á fyrstu árum framhaldsskólanáms. Þessar tölur gera það að verkum að Ísland er varla samanburðarhæft við önnur lönd í alþjóðlegum könnunum.

Fjársvelti menntakerfisins undanfarin ár á vafalítið sinn þátt í hvernig komið er. Kjaradeilur hafa sett svip á menntamálin og valdið miklu tjóni. Til að mæta launakröfum hefur ríkið of oft fórnað hagsmunum nemendanna. Íslenska skólakerfinu hefur ekki verið leyft að laga sig að breyttum aðstæðum, breyttu umhverfi fjölskyldunnar og aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Skólakerfi nágrannaþjóða okkar hafa fyrir áratugum brugðist við þessum aðstæðum og lengd skólaársins á Norðurlöndunum talar sínu máli.

Þessi vitneskja hefur legið fyrir í öll þau ár sem Sjálfstfl. hefur farið bæði með fjmrn. og menntmrn. Skýringar á hinu háa brottfalli nemenda úr framhaldsskóla má eflaust að einhverju leyti leita í því misræmi sem er á undirbúningi grunnskólanema fyrir nám í framhaldsskóla. En fleiri þættir koma til. Stuðningskennslu í framhaldsskólum er verulega áfátt þannig að þeir nemendur sem hafa þurft sérstakan stuðning í grunnskóla koma í heldur nöturlegt umhverfi í framhaldsskóla.

Markmið framhaldsskólalaga um fjölbreyttara námsframboð, svo sem styttri starfstengdar námsbrautir, hafa lítt eða ekkert gengið eftir. Þau 10 ár frá því að lög um framhaldsskólann frá 1987 voru sett, sem veittu nemendum með fötlun rétt til framhaldsskólanáms, hafa t.d. verið illa nýtt. Einstaka hópum hefur verið vel sinnt en markmið laganna um framhaldsskólanám við hæfi fyrir alla er langt í frá náð. (Forseti hringir.) Virðingarleysi sem þessum hópi nemenda hefur verið sýnt er með endemum og ljóst er að lyfta þarf grettistaki til að ná fram árangri í þeim efnum.

[14:04]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þegar ég hugsa um menntamál á þessu kjörtímabili rifjast aðallega upp fyrir mér að reynt hefur verið að koma í gegn ýmsum frumvörpum og það hefur verið talað um þau eins og líf liggi við, t.d. breyting á lögum um framhaldsskóla. Beitt var ýtrustu hörku til að knýja það fram eitt vorið í þinginu.

Það næsta sem maður veltir fyrir sér eftir þetta kjörtímabil eru ítrekaðar umræður utan dagskrár að beiðni stjórnarandstöðunnar um ýmis mál að marggefnum tilefnum.

Það þriðja er svo það að menntmrh. stendur í stólnum og lýsir því yfir að í raun og veru sé allt fullkomið í ranni hans, það þurfi ekkert að gera. Það sé verið að bæta úr öllum hlutum. Hann sé gull og gersemi í menntamálum og það þurfi ekkert að gera enda er ekkert gert. Það er hinn alvarlegi veruleiki íslenskra menntamála í dag að menntmrh. og menntmrn. líta þannig á að þau þurfi engar leiðbeiningar, engan stuðning, engar ábendingar annars staðar frá, hvorki frá Alþingi, kennarasamtökum, foreldrasamtökum eða öðrum. Niðurstaðan er sú að við blasir að 40% af hverjum árangi ná ekki að ljúka eðlilegum framhaldsskólaprófum. Menn hanga á gömlu kerfi stúdentsprófa og sveinsprófa sem er löngu úrelt á öllum sviðum. Vandinn er sá að Alþingi kemst ekki að málinu af því að ráðherrann og meiri hlutinn, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., neitar að ræða málin, neitar að horfast í augu við það hvað veruleikinn er alvarlegur. Þetta er erfitt eins og staðan er, herra forseti.

[14:06]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það urðu mér nokkur vonbrigði að heyra áðan í hæstv. menntmrh. sem gaf augljóslega til kynna að hann hefur lítið lært af reynslu undangenginna ára og telur að enn nægi fögur fyrirheit í orði og ekkert þurfi að fylgja þeim eftir með fjárframlögum. Hann telur nefnilega að ekki hafi verið fjársvelti í skólakerfinu. Það stangast reyndar á við aðrar upplýsingar sem við höfum eins og þær að ef tekið er tillit til þjóðarframleiðslu er Ísland langneðst á lista OECD-ríkjanna þegar litið er til fjárframlaga til menntamála. Það er alvarlegt mál. Það útskýrir ýmislegt sem hæstv. menntmrh. hefur greinilega ekki áttað sig á enn þá.

Hæstv. ráðherra sagði samt að það þyrfti að hafa skólann þannig í stakk búinn að hann gæti mætt nemendum af því að þeir ættu rétt á kennslu við hæfi. Þá hljótum við að spyrja: Hvað með þau 45%, helming íslenskra ungmenna, sem er að flosna upp og hefur flosnað upp frá námi? Af hverju hefur hann þá ekki fengið kennslu við hæfi ef ekki er um fjárskort að ræða? Af hverju er þeim hópi ekki mætt eins og staðan er í dag?

Auðvitað vantar rannsóknir á íslensku skólakerfi, svo sannarlega. Menntmrh. upplýsti áðan að hann væri búinn að ákveða 5 millj. kr. framlag svo hægt væri að vinna úr þeim rannsóknum sem fyrir eru.

Herra forseti. Tillaga stjórnarandstöðunnar einmitt þessa efnis var felld í fjárlagaumræðunni. Þá þurfti hæstv. ráðherra ekki leiðbeiningu. En sem betur fer hefur hann áttað sig á því hvers virði það er að unnið sé úr þessum rannsóknum og hann er búinn að ákveða að setja þessa peninga í það. Það segir mér, herra forseti, að undir niðri viðurkennir hann að fögur fyrirheit ein og sér nægja ekki því einnig hér eru peningar það afl hlutanna sem verður að vera.

[14:09]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ekkert hefur komið fram í rannsóknum sem bendir til þess að meginvandinn í íslenska skólakerfinu sé fjárhagslegs eðlis. Hv. þm. getur ekki staðið á því föstum fótum og haldið því fram að hægt væri að leysa allan þann vanda sem hún telur að ríki í íslenska skólakerfinu með því einu að auka fjárveitingar. Svo er ekki. Ef það væri svo einfalt hefðu menn áreiðanlega gripið til þess ráðs því að það er ekkert nýtt heldur á þessu ári eða á undanförnum áratug að brottfall úr framhaldsskólum sé mikið. Þvert á móti hefur þróunin verið sú sem betur fer að æ fleiri hafa tækifæri til framhaldsnáms og þróunin hefur verið sú einnig hér á landi að æ fleiri nýta sér þau tækifæri. Þess vegna á ekki að gera of mikið úr þeim vanda þótt hann sé alvarlegur og þurfi að takast á við hann. Rannsóknir sýna einnig að brottfallið fer frekar minnkandi en hitt. Það hefur komið fram í rannsóknum sem nefnd um símenntun hefur látið gera að frekar dregur úr brottfallinu en hitt.

Menntmrn. mun á næstu dögum fara af stað með umræður undir kjörorðinu „Enn betri skóli". Þar verða kynnt meginmarkmið í nýjum námskrám fyrir grunnskólann og framhaldsskólann. Þau verða kynnt í sérstökum bæklingi, sem sendur verður inn á hvert heimili, á fundum og með öðrum hætti og þá geta menn tekið til við að ræða um inntak á nýrri skólastefnu á grundvelli mikillar vinnu sem hefur farið fram á vegum ráðuneytisins um nýja námskrá fyrir grunnskólann og framhaldsskólann. Á næstu vikum mun gefast gott tækifæri til að ræða um innra starf í skólunum og þau markmið sem við viljum setja skólanum, bæði grunnskólanum og framhaldsskólanum, og ráðuneytið mun beita sér fyrir þeim umræðum.

### *Ríkisreikningur 1996, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE.

2 þm. (ÁE, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 867).

### *Hollustuhættir, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 197, nál. 836 og 844, brtt. 837.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]

Till. í nál. 844 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE.

13 þm. (ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, MF, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það frv. sem við greiðum hér atkvæði um var illa undirbúið í upphafi. Þrátt fyrir umfangsmiklar breytingartillögur meiri hlutans í 31 tölusettum lið skortir enn, að mati okkar í minni hluta umhvn., mikið á að rétt sé lögfesta frumvarpið. Í nefndinni hvöttum við til þess að samstöðu yrði leitað um málið og það unnið betur en undir það var ekki tekið.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í umhvn. skilum ítarlegu nál. um málið og leggjum til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:23]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Herra forseti. Minni hluti umhvn. mun nú, að felldri þeirri tillögu hans að vísa frv. í heild sinni til ríkisstjórnarinnar, sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins. Minni hlutinn mun styðja nokkur mikilsverð atriði þar sem komið hefur verið til móts við sjónarmið hans en jafnframt greiða atkvæði gegn nokkrum veigamiklum atriðum. Minni hlutinn hefur gert ítarlega grein fyrir áliti sínu.

Brtt. 837,1–3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,4 (ný 6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Herra forseti. Sú grein sem hér eru greidd atkvæði um varðar veitingu starfsleyfa. Á greininni hafa verið gerðar mjög róttækar breytingar frá upphaflegri grein frv. Í raun stóð þar ekki steinn yfir steini. Breytingarnar eru í rétta átt. Gert er ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefndir gefi út öll starfsleyfi. Ætlunin var, að því er varðaði stóriðju miðað við fjárfestingu upp á 950 milljónir, að um þau mál vélaði umhvrh. einn, bæði útgáfu starfsleyfa og kærumeðferð. Þessi breyting er til mikilla bóta og ég styð hana að sjálfsögðu.

Brtt. 837,5–7 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, EgJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, RA, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,8.a, 1.–2. málsl., samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 837,8.a, 3. málsl., samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:28]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við greiðum nú atkvæði um málslið sem hljóðar svo:

„Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar."

Sú nefnd sem um ræðir er heilbrigðisnefnd. Hér er verið að koma fulltrúum atvinnurekenda inn í allar heilbrigðisnefndir á landinu. Þetta er dæmalaust ákvæði og ég held að það eigi eftir að leiða til mikils ófarnaðar í starfi nefndanna. Það mun einnig skapa óöryggi að því er varðar réttarstöðu ákvarðana í heilbrigðisnefndum.

Ég held að það geti vafist fyrir atvinnurekendum að tilnefna í þessar nefndir. Í sumum landshlutum eru engin heildarsamtök atvinnurekenda. Kannski eiga Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið að hluta um hver hreppir það hnoss að tilnefna t.d. fulltrúa atvinnurekenda á Austurlandi eða annars staðar þar sem engin slík heildarsamtök eru til.

Hér er boðið upp á hagsmunaárekstra. Þetta er fráleit tilhögun.

Brtt. 837,8.a, 4.–5. málsl., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,8.b–e samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,9.a samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 837,9.b–d samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, LB, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,10–11 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

13.–14. gr., svo breyttar, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HBl, KHG, MF, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,12.a samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Sá liður sem hér er gert ráð fyrir að falli niður er svohljóðandi:

„Á hverju eftirlitssvæði skulu starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi og skal annar þeirra jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins.“

Þetta er fellt niður og eins og á að afgreiða greinina samkvæmt tillögu meiri hlutans er lágmarkið fært niður í einn heilbrigðisfulltrúa í stað tveggja á sama tíma og eftirlitssvæðin eru stækkuð mjög mikið. Þetta eru slæmar kveðjur til þeirra sem eiga að sinna heilbrigðiseftirliti á landinu.

Brtt. 837,12.b, 1. málsl., samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 837,12.b, 2. málsl., samþ. með 33:4 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
**nei:** ÁRJ, ÁÞ, JóhS, SvanJ.
14 þm. (BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,12.b, 3. málsl., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,13 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP,

ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,14.a samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,14.b samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Herra forseti. Í þessari grein er verið að fjalla um hollustuháttaráð og samsetningu þess en samkvæmt frv. skulu eiga sæti í ráðinu fimm menn, þar af tveir fulltrúar samtaka atvinnurekenda, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga auk forstjóra Hollustuverndar ríkisins og formanns sem ráðherra skipar.

Verksvið og hlutverk þessa ráðs er mjög víðtækt og skarast mjög við verkefni Hollustuverndar ríkisins. Það er samhæfing krafna og eftirlits og tillögugerð um framkvæmd mála. Samkvæmt frv. teljum við í minni hluta umhvn. að þar séu völd enn fremur tekin af ráðherra og hann getur lítið gert án þess að leita álits hjá ráðinu. Það hlutverk ráðsins að fara með eftirlit, sérstaklega með atvinnustarfsemi, fellur illa að því hlutverki sem við teljum að það eigi að hafa sérstaklega þar sem samsetningin er eins og hún er, þ.e. atvinnuveitendur eru þarna innan borðs til þess að hafa eftirlit með sjálfum sér. Ég segi nei.

17. gr., svo breytt, samþ. með 31:17 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,15–16 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, GMS, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, SF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

18.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Samkvæmt tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir að engin stjórn verði yfir Hollustuvernd ríkisins, aðeins forstjóri, nánast alvaldur undir ráðherra eins og felst í 20. gr. frv. Sama ráðuneyti og raunar sami ráðherra hefur nýlega sett tvær stjórnir yfir ríkisstofnanir svo ekki er mikið samræmi í hlutunum. Það væri sannarlega tímabært að endurskoða í heild stefnuna varðandi stjórnir ríkisstofnana og hvort réttmætt sé að haga því með þeim hætti sem hér er. Forstjóri fær í raun allt vald yfir stofnuninni og má segja að hún sé orðin deild í ráðuneytinu samkvæmt þessari uppsetningu sem frv. felur í sér.

Brtt. 837,17–21 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

21.–28. gr., svo breyttar, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,22 samþ. með 48 shlj. atkv.

29. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 837,23 samþ. með 49 shlj. atkv.

30. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BirnS, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÖJ*.

14 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 837,24.a, fyrri málsl. (nýr fyrri málsl. 1. mgr. 31. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 837,24.a, síðari málsl. (nýr síðari málsl. 1. mgr. 31. gr.), samþ. með 31:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við erum að greiða hér atkvæði um málsmeðferð og úrskurði. Þó að margt hafi verið fært til betri vegar í sambandi við útgáfu starfsleyfa og að nokkru leyti varðandi málsmeðferð þá hefðum við í minni hluta umhvn. talið rétt að einn aðili færi með úrskurði varðandi starfsleyfi og fullnaðarúrskurði. Hér er gert ráð fyrir því að það verði sérstök úrskurðarnefnd nema þegar um er að ræða stærri framkvæmdir samanber fskj. með þessu lagafrv., sem verður raunar hluti af lögunum, þá er það ráðherra sem á að fara með úrskurðarvaldið. Það eru stóriðjuframkvæmdirnar og aðrar stærri framkvæmdir ekki ekki mega falla undir sérstaka úrskurðarnefnd.

Þetta mun skapa réttaróvissu í ýmsum tilvikum og leitt er til þess að vita að tortryggni meiri hlutans, áhyggjurnar vegna stóriðjunnar, skuli birtast á þann hátt að úrskurðir verði að vera á borði ráðherra. Þannig er það ekki í öðrum löndum sem við þekkjum til.

Brtt. 837,24.b (ný málsgrein, verður 3. mgr. 31. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

31. gr., 2.–3. mgr. (verða 2. og 4. mgr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, HÁs, HjÁ, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,25.a samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,25.b samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér er greitt atkvæði um kærufresti varðandi fullnaðarúrskurði m.a. Þar er gert ráð fyrir því að útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. megi kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðinefnda. Okkur í minni hluta umhvn. finnst þetta heldur stuttur frestur, tvær vikur til þess að undirbúa kæru til ráðherra. Við vekjum athygli á því að í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku, er fresturinn fjórar vikur — það eru lög frá síðasta ári — og í Noregi þrjár vikur. Hér er því óeðlilega á máli haldið að hafa ekki rýmri frest.

32. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,26 (ný 33. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,27 (ný grein, verður 34. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,28 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

34. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–III samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, RA, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,29 (nýtt ákvæði til brb., verður ákv. til brb. IV) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, RA, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,30 (ný fyrirsögn) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 837,31 (fylgiskjal) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við í minni hluta umhvn. teljum ekki vel til fallið að skeyta fylgiskjali, eins og hér er gert, við frv. til laga og ætla því, eins og ljóst er, að vera hluti af þessum væntanlegu lögum. Þetta er að vísu ekki fordæmalaust en miklu eðlilegra væri að fella þá upptalningu sem hér er um að ræða, fyrst að hún er hluti af lögunum, inn í viðkomandi lagagrein.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

## *Um fundarstjórn.*

Lögfesting fylgiskjals.

[14:58]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það var nokkuð athyglisvert sem gerðist í atkvæðagreiðslunni áðan að ákveðið var að lögfesta fylgiskjal. Ég hygg að það sé brautryðjandastarf, svo ég segi nú ekki meira um málið, eða sjaldgæft alla vega að fylgiskjöl séu lögfest. Ég hefði viljað inna hæstv. forseta eftir því hvort hann telji þetta eðlilega aðferð við setningu laga. Ég tel það

ekki vera. Það hefði verið hreinlegast að setja þetta inn í viðkomandi lagagrein.

Spurningin er hvort hæstv. forseti hefur beitt sér sérstaklega fyrir þessum nýjungum í lagasetningu eða hvort þetta er alfarið að frumkvæði hv. umhvn.

[14:59]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur ekki beitt sér fyrir þessum „nýjungum" en þetta mun ekki vera fordæmalaust. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fylgiskjöl hafa verið samþykkt með frumvörpum. Forseti ætlar að geyma sér að tjá sig um það hvort að þetta sé til fyrirmyndar eða ekki en þetta hefur verið gert áður.

### *Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293, nál. 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

### *Framhaldsskólar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 355. mál (ráðningartími aðstoðarstjórnenda). — Þskj. 542, nál. 833.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Brtt. í nál. 833 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

### *Ráðherraábyrgð, frh. 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 96. mál (rangar upplýsingar á Alþingi). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Almannatryggingar, frh. 1. umr.*

Frv. MF, 228. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Vörugjald, frh. 1. umr.*

Frv. KPál o.fl., 277. mál (byssur, skot o.fl.). — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Tímareikningur á Íslandi, frh. 1. umr.*

Frv. VE o.fl., 309. mál. — Þskj. 386.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Þingvallaurriðinn, frh. síðari umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 17. mál. — Þskj. 17, nál. 838.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BirnS, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, EOK, FI, GE, GB, HÁs, KHG, MF, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 870).

### *Öryggismiðstöð barna, frh. síðari umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 37. mál. — Þskj. 37, nál. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Till. í nál. 809 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv.

***Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁÞ o.fl., 284. mál. — Þskj. 355.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Kosningar til sveitarstjórna, 3. umr.***

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 851, brtt. 840, 848 og 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 860. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

[15:09]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir brtt. við frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna. Með henni er lagt til að 3. mgr. 59. gr. frv., eins og það lítur út eftir 2. umr., falli niður. Við lokayfirlestur kom í ljós að um tvítekningu væri að ræða. Sama atriði kom fyrir á tveimur stöðum þannig að rétt þykir að fella hið fyrra niður. Ljóst er að það sem þarna um ræðir, hvernig kjósandi skal ganga frá atkvæðaseðli er hann hefur krossað við, kemur fram tveimur greinum síðar.

Hæstv. forseti. Við prentun upphaflega frv. vantaði kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Ég vil geta þess að sú kostnaðaráætlun hefur borist. Einstakar breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í meðferð þingsins kunna þó að auka örlítið kostnað, t.d. sú skylda félmrn. að auglýsa. Ég hygg þó að sá kostnaðarauki sé óverulegur.

Ég styð þá brtt. sem ég er flm. að, og gert er grein fyrir á þskj. 840, um að skráning kjósenda sem neyta atkvæðisréttar skuli ávallt vera óheimil af hálfu umboðsmanna eða fulltrúa þeirra. Ég vona að tillagan nái fram að ganga en styð greinina hvort sem hún verður samþykkt eða ekki. Ég tel að þetta ákvæði væri til bóta. Í greininni er kveðið á um rétt umboðsmanna lista, hver þeirra réttur er og hvernig þeim beri að haga sér.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu að sinni. Kannski kemur eitthvað fleira fram við umræðuna.

[15:12]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Ögmundi Jónassyni og Kristínu Ástgeirsdóttur. Í öðru lagi ætla ég að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði á afgreiðslu málsins úr nefnd. Ég hefði gert grein fyrir því við 2. umr. en átti þess ekki kost vegna starfa á öðrum vettvangi.

Virðulegi forseti. Brtt. er við 22. gr. Ég tek það fram að eftir umfjöllun við 2. umr. hefur 22. gr. orðið 23. gr. Tillagan hljóðar upp á að við bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

„Skráning kjósenda sem neyta atkvæðisréttar er þó ávallt óheimil af hálfu umboðsmanna eða fulltrúa þeirra."

Með samþykkt þessarar tillögu verður stjórnmálaflokkum ekki lengur heimilt að láti fulltrúa sína eða umboðsmenn á kjörstað skrá niður þá sem koma til að kjósa. Þannig hafa stjórnmálaflokkar ekki tækifæri til að fylgjast með því hverjir koma að kjósa og hverjir neyta ekki kosningarréttar síns. Þannig geta þeir ekki með afskiptum og símhringingum haft áhrif á þá kjósendur sem enn hafa ekki mætt á kjörstað.

Virðulegi forseti. Á árum áður þótti við hæfi að stjórnmálaflokkar fylgdust með í kjördeild. Viðvera fulltrúa flokkanna hefur stundum verið túlkuð sem eftirlit með kosningum, að allt fari rétt fram og samkvæmt reglum. Meginviðfangsefni fulltrúa stjórnmálaflokkanna hefur hins vegar verið að skrá kjósendur sem neyta kosningarréttar svo flokkarnir geti hringt í þá sem ekki hafa kosið enn. Slíkar aðferðir voru barn síns tíma. Sumir trúa þó að til sé fólk sem vilji láta ganga á eftir sér með að neyta kosningarréttarins, einhvers sterkasta lýðræðisréttar einstaklingsins í dag.

Við höfnum þessum afskiptum. Æ fleiri kjósenda framvísa persónuskilríkjum á kjörstað til að komast hjá því að segja nafn sitt upphátt. Þeim er misboðið með skráningunni en í raun og veru hefur þessi aðferð ekkert að segja vegna þess að fulltrúar flokkanna á kjörstað spyrjast fyrir um nafnið um leið og viðkomandi hefur gengið út af kjörstaðnum. Þeir sem starfa í kjördeildum telja sig ekki hafa stöðu til að neita að upplýsa um nafn þess sem kaus þegar hann er horfinn af vettvangi. Þetta fær maður oft að heyra. Við teljum því mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að taka af öll tvímæli um þetta. Við flytjum þessa tillögu nú meðan verið er að breyta kosningalögunum jafnmikið og raun ber vitni. Ég hvet þingmenn til að styðja þessa tillögu. Hún er nútíminn.

Virðulegi forseti. Ég sagðist ætla að gera grein fyrir því hver fyrirvari minn hefði verið við þetta frv. Ég tek það skýrt fram að ég tók þátt í umfjöllun um frv. í nefnd. Þetta er mjög mikilvægt mál og okkur er öllum umhugað að vel takist til. Í lögunum var margt úrelt og alveg ljóst að lögin þurftu endurskoðunar við. Eins kom það fram í framsögu félmrh. Páls Péturssonar að nauðsynlegt þætti að öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar væru á einum stað. Þau ættu ekki að vera að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta í lögum um kosningar til Alþingis eins og nú er. Og þetta er hárrétt. Það er mjög þýðingarmikið fyrir þá sem starfa kringum kosningarnar að þurfa ekki að leita fyrir sér í tvennum lögum. Það er jafnframt eðlilegt að hafa lagaramma um kosningar til sveitarstjórna sem líkastan ramma laganna um kosningu til Alþingis.

Í umræðu í félmn. kom fram að yfirleitt ynni sama fólkið bæði við sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar og óhagræði af því að hafa lög um kosningar til sveitarstjórnar og Alþingis ólík.

Þá er ég komin að fyrirvara mínum ef við lítum svo á að meginviðfangsefni okkar hafi verið að reyna að aðlaga lögin um kosningar til sveitarstjórnar að lögum um kosningar til Alþingis. Því frv. sem flutt var fyrir nokkrum vikum hefur verið gjörsamlega breytt í meðferð félmn. Ég held að breytingarliðirnir sem félmn. flutti hafi verið 54 og í mörgum þeirra voru undirliðir. Það segir okkur að í ekki stærra frv. hefur grundvallaratriðum verið breytt.

Þegar félmn. var að vinna við þetta mál fékk hún viðamiklar breytingar frá dómsmrn. Auðvitað er óvanalegt að frv. úr einu ráðuneyti fái svo umfangsmiklar breytingartillögur frá öðru ráðuneyti. Það á sér þær skýringar að vilji er fyrir því að reyna að hafa lög um kosningar til Alþingis sem líkust lögunum um kosningar til sveitarstjórna. Hins vegar ber svo við að á sama tíma og við erum að afgreiða frv.

um kosningar til sveitarstjórna úr nefnd, með öllum þessum breytingum, sendir dómsmrh. formönnum þingflokka erindi um að þingflokkarnir tilnefni í nefnd dómsmrh. sem eigi gera breytingar á lögunum um kosningar til Alþingis.

Ég hefði talið mikilvægt að vinna þessi frv. saman þannig að allshn. og félmn. hefðu haft samvinnu um að lögin um kosningar til sveitarstjórnar annars vegar og Alþingis hins vegar yrðu hér um bil eins. Ég hefði kosið, þegar ljóst var að svo mikið þyrfti að breyta þeim, að lögin yrðu afturkölluð og beðið með breytingar á þeim þar til dómsmrn. væri tilbúið. Þá væri notast við núverandi lög við sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Um þetta var ekki samstaða. Því var m.a. borið við að hluti af kosningalögunum væri í sveitarstjórnarlögunum og að viðamikið frv. um breytingar á sveitarstjórnarlögum væri í félmn. Ég bendi á, virðulegi forseti, að þar er umdeilt bráðabirgðaákvæði og ómögulegt að segja hvernig því frv. reiðir af, þótt ég sé bjartsýn á að frv. forsrh. um þjóðlendur nái fram að ganga. Þetta er ástæðan fyrir fyrirvara mínum. Hann lýtur að frekar slæmum vinnubrögðum við svo mikilvæg frv. sem frv. um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis eru. Ég þykist nokkuð viss um að fyrir alþingiskosningarnar munum við fá nýtt frv. um kosningar til Alþingis. Þá kemur í hlut félmn. að breyta því frv. sem við erum að afgreiða hér. Kannski mætti skýra fyrirvara minn í einni setningu, þ.e. að erfitt sé að sjá hvort kemur á undan, eggið eða hænan.

[15:20]

**Útbýting þingskjala:**

Endurgreiðsla þungaskatts, 501. mál, fsp. SvanJ, þskj. 861.

Listaverkakaup Listasafns Íslands, 502. mál, fsp. ÍGP, þskj. 862.

Norræna ráðherranefndin 1997, 504. mál, skýrsla samstrh., þskj. 864.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni, 503. mál, fsp. HG, þskj. 863.

[15:21]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja almenna umræðu um það frv. sem hér er til 3. umr. en gera með nokkrum orðum grein fyrir brtt. sem ég hef flutt. Hana er að finna á þskj. 848. Þess ber að geta að eftir breytingar við 2. umr. eiga þessar brtt. mínar við 96. gr. og 97. gr. en ekki þær greinar sem tilgreindar eru á skrifaðri tillögu. Ég legg það hins vegar algerlega í vald forseta hvernig þetta skuli leiðrétta, hvort hann telji þörf á að prenta skjalið upp eða hvort hægt er að ganga til atkvæðagreiðslunnar með einföldum skýringum á borð við þær sem ég hef gefið.

Efnislega eru þessar brtt. mínar ákaflega skýrar og einfaldar. Hér hefur komið fram að eitt markmið þessara laga er að sem mest samræmi sé í framgangi kosninga og formlegum umbúnaði í sveitarstjórnarkosningum annars vegar og alþingiskosningum hins vegar. Til að auka enn frekar á þetta nauðsynlega og mikilvæga samræmi geri ég það að tillögu minni að á sama hátt og alþingismenn fá sitt umboð strax að afloknum kosningum þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað um niðurstöðu þeirra, verði sveitarstjórnarmaður hæfur og fái sitt réttmæta umboð um leið og kosningaúrslit liggja fyrir en ekki 15 dögum eftir kjördag eins og gildandi sveitarstjórnarlög hafa raunar kveðið á um. Ef ég man rétt komu þau ákvæði inn í lögin 1986. Ég þekki það nokkuð vel að það getur skapað ákveðna óvissu að eftir kosningar skuli gamla sveitarstjórnin vera að völdum í 15 daga með skert umboð. Hún er þar með skert umboð eins og segir í núgildandi lögum, og raunar í þessu frv. líka. Hún hefur því ekki heimild til að framkvæma neina þá gjörninga sem venjulegar sveitarstjórnir með fullkomið umboð annars geta. En svo er líka um hnútana búið að nýja sveitarstjórnin hefur ákveðnu hlutverki að gegna, þó með takmörkuðum hætti sé. Hún hefur heimild til þess óska eftir frestun á gildistöku hugsanlegra ákvarðana hinnar gömlu. Hér er algerlega ástæðulaus réttaróvissa í gangi og einfalt að taka af öll tvímæli um það hver hafi rétt og hæfi til að stýra viðkomandi sveitarfélagi. Með öðrum orðum yrði það eins og við alþingiskosningar að um leið og yfirkjörstjórn hefur úrskurðað um niðurstöður kosninga taki sveitarstjórnin við og þeir sveitarstjórnarmenn sem kjörnir voru.

Með þessari breytingu eru þær útskýringar sem er að finna í 2. mgr. 96. gr. óþarfar. Þar er kveðið á um hvað gamla sveitarstjórnin megi og megi ekki. Einnig yrði 2. mgr. 97. gr. óþörf en hún fjallar um það hvað nýja sveitarstjórnin megi og megi ekki á þessum 15 dögum. Ég þekki það nokkuð af eigin reynslu að þessi 15 daga frestur hefur í rauninni engum tilgangi þjónað og er því fullkomlega óþarfur. Ég hef ekki heyrt þau rök með þessu fyrirkomulagi. Sumir hafa haldið því fram að þetta sé nauðsynlegt til að gefa nýrri sveitarstjórn ráðrúm til þess að mynda nýjan meiri hluta. Við sem hér erum þekkjum hins vegar að slíka meiri hluta má mynda á einum degi, en þá væri einnig hægt að mynda á mörgum mánuðum. Þess eru jafnframt dæmi að enginn meiri hluti sé í sumum sveitarstjórnum en mál hafi þrátt fyrir það gengið ágætlega fyrir sig.

Hér liggja, að mínu áliti, engin rök að baki og því legg ég á það áherslu, virðulegi forseti, að menn geri þessa nauðsynlegu lagahreinsun og skýri rétt sveitarstjórnarmanna að afloknum kosningum.

[15:27]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. reifaði í ræðu sinni, og leggur til breytingar á í tillögu sinni, orkar vissulega tvímælis og má velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að hafa þennan frest. Svo háttar hins vegar til að þetta frv. var sent hverri einustu sveitarstjórn í landinu til umsagnar. Ég held að það sé rétt munað að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við þetta af hálfu sveitarstjórnanna í landinu. Í yfirferð nefndarinnar kom fram að fulltrúar sveitarfélaganna virðast vera sáttir við þennan frest. Meðan svo er leggur nefndin til að þetta verði óbreytt.

[15:28]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir hv. 14. þm. Reykv. þykja mér þetta ekki nein rök inn í málið. Ég get svo sem ekki svarað því hvers vegna sveitarstjórnarmenn tiltóku ekki þetta sérstaka atriði í umsögnum sínum. Kannski er það einfaldlega vegna þess að það er óbreytt frá gildandi ákvæðum í sveitarstjórnarlögum og hefur því ekki vakið sérstaka athygli þeirra við athugun á frv. Ég held hins vegar að við verðum einfaldlega að horfa á þetta mál með efnislegum rökum. Ég reyndi að beita efnislegum rökum í ræðu minni áðan og við þurfum að byggja niðurstöðu okkar á grundvelli slíkra raka. Ég get ekkert fullyrt um afstöðu sérhvers sveitarstjórnarmanns til þessa tiltekna atriðis. Ég veit um marga sem eru mér sammála. Ég veit líka um marga sem eru mér ósammála. Við eigum einfaldlega að taka afstöðu til þessa

máls á grundvelli raka og þeirra atriða sem ég nefndi: Hvaða tilgangi þjónar það að skapa 15 daga óvissu í sveitarfélagi, óvissu þar sem í raun engin sveitarstjórn hefur fullgilt umboð? Í raun eru tvær sveitarstjórnir í gangi á sama tíma, báðar með takmarkað umboð? Ég vil sjá þessa óvissu hverfa.

[15:29]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta atriði var ítarlega rætt í félmn. og m.a. fyrir tilstilli hv. þm. Hann tók þetta mál ítrekað upp og þetta var rækilega rætt við fulltrúa sveitarfélaganna. Meðan við sem setjum lögin vitum ekki annað en sveitarfélögin séu sátt við þetta fyrirkomulag og engin gagnrýni kemur fram af þeirra hálfu, leggjum við til að þetta atriði standi óbreytt að sinni.

[15:30]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að karpa um þetta við hv. formann nefndarinnar en vil þó kannski snúa málinu eilítið öðruvísi og kasta því fram til umhugsunar hvernig hv. þingmönnum þjóðarinnar litist á að til þess að gæta alls samræmis fengju þeir hæfi 15 dögum eftir næstu þingkosningar. Fyndist mönnum það sniðugt til þess að gæta samræmis? Ég efast um það.

[15:30]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér fer fram 3. umr. um frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna. Þetta er að mörgu leyti ágætur lagabálkur að því leytinu til að verið er að framkvæma ýmsar þarfar og sumar mjög löngu tímabærar breytingar á þessum lögum. Hitt er annað mál að enn kunna að vera ýmsir hnökrar á sem þörf verður að leiðrétta síðar, eins og fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á brtt. sem minni hluti félmn. leggur fram og lýtur að því að tryggja og treysta leynilegar kosningar í landinu, en tillaga okkar hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Skráning kjósenda sem neyta atkvæðisréttar er þó ávallt óheimil af hálfu umboðsmanna eða fulltrúa þeirra."

Þessi brtt. er í ætt við lagafrv. sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur ítrekað flutt á Alþingi og gengur út á að koma í veg fyrir að fulltrúar stjórnmálaflokkanna eigi lögvarða kröfu til að hafa eftirlit með kjósendum, þ.e. hvort þeir greiði atkvæði, hvenær þeir greiða atkvæði og skrá það niður á kjörstað.

Njósnir á kjörstað finnst mörgum stríða gegn því yfirlýsta markmiði, sem auk þess er bundið í lög, að kosningar séu leynilegar því það er afstaða í sjálfu sér hvort fólk fer yfirleitt á kjörstað. Sú staðreynd að mörgu fólki finnst óaðgengilegt og slæmt að á kjörstað séu fulltrúar stjórnmálaflokka sem skrái niður þegar það kemur til að greiða atkvæði, er næg ástæða í sjálfu sér til að afnema þetta eftirlit stjórnmálaflokkanna, ella þyrftu að koma önnur og gild rök. Þau rök virðast hins vegar vera vandfundin. Ég lít á þá staðhæfingu að um sé að ræða nauðsynlegt eftirlit með því að kosningarnar fari heiðarlega fram sem hreinan og kláran fyrirslátt.

Sönnunarbyrðin þykir mér liggja hjá þeim sem vilja lögbinda heimild stjórnmálaflokka til að hafa eftirlit af þessu tagi á kjörstað. Ef menn telja sig ekki rísa undir þeirri sönnunarbyrði og vilja standa vörð um einstaklinginn, friðhelgi einstaklingsins og leynilegar kosningar, þá greiða þeir atkvæði með þessari brtt. minni hluta félmn.

[15:34]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að vera viðstaddur 2. umr. þessa máls en stend hér upp til að þakka hv. félmn. fyrir mikið starf að þessu verki, meira starf en ég átti von á þegar málið var til 1. umr. því á frumvarpinu urðu talsverðar breytingar í félmn. Upphaflegur tilgangur minn með þessum frumvarpsflutningi var að samræma lögin um kosningar til sveitarstjórna lögunum um kosningar til Alþingis, þ.e. að sníða kosningalög til sveitarstjórna og samræma þau lögunum um kosningar til Alþingis.

Að vísu lá fyrir að lögin um kosningar til Alþingis mundu taka breytingum fljótlega og þá reiknaði ég með að lögunum um kosningar til sveitarstjórna yrði breytt í kjölfarið. Í millitíðinni kom dómsmrn. með frumvarpsdrög um kosningar til Alþingis, þ.e. breytingar á lögunum um kosningar til Alþingis, og hv. félmn. hefur tekið upp ákvæði þessara frumvarpsdraga í sveitarstjórnarlagafrumvarpið. Það er gott og blessað og ég er mjög sáttur við það en nefni þó svona í framhjáhlaupi að vera kann að ekki vinnist tími til að breyta lögunum um kosningar til Alþingis fyrir næstu alþingiskosningar — þó ég sé ekki að spá því, er það fræðilegur möguleiki — og þá verður ósamræmi í þessum tvennum kosningalögum.

Eins kann svo að verða ef breytt verður lögunum um kosningar til Alþingis fyrir næstu alþingiskosningar að þar verði meiri breytingar á en eru í þessu frv. um sveitarstjórnarkosningar þannig að það getur þurft að breyta aftur eða endurbæta þessa lagasetningu eftir að lög um kosningar til Alþingis hafa verið að fullu afgreidd héðan frá Alþingi. Hugsanlega er því hér verið að tjalda til einnar nætur eða fárra. En meginatriðið er að hægt verður að kjósa eftir þessum lögum í vor. Ég vænti þess að þau séu skýr og stuðli að greiðri og skýrri framkvæmd næstu sveitarstjórnarkosninga og að þeim sem annast eiga stjórn sveitarstjórnarkosninganna í vor takist að vinna eftir þessum nýju lögum.

[15:38]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessara orða hæstv. félmrh. vil ég láta koma fram að það er auðvitað rétt að verði ekki gerðar breytingar á kosningalögum til Alþingis þá verður vissulega ákveðið ósamræmi. Ég hygg þó að það komi hvergi að sök nema kannski í þeim ákvæðum sem snúa að óleyfilegum kosningaáróðri og kosningaspjöllum. Ég hef ekki hugleitt rækilega hver þessi munur verður. Hér er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða. En sú breyting sem felst í því að við felldum niður a- og b-lið 88. gr. upphaflegs frv. þýðir að þar er verið að undirstrika að ákveðnar aðferðir sem hefur verið beitt við undirbúning kosninga, þ.e. auglýsingar í blöðum og fleira slíkt sem samkvæmt lögum hafa verið óheimilar, verða nú heimilar í kosningum til sveitarstjórna en ekki í kosningum til Alþingis nema þeim lögum verði breytt. Ég lít því þannig á að þær breytingar sem hér er verið að gera séu veganesti til þeirrar nefndar sem mun endurskoða kosningalögin til Alþingis.

Vissulega skildum við eftir ákveðin atriði eins og t.d. hvort menn vilja breyta ákvæðum um atkvæðakassa og fleira sem snýr að framkvæmdinni. Ég gat þess þegar ég gerði grein fyrir breytingartillögum að mikið hefði verið kvartað yfir því hvað atkvæðakassarnir eru þungir. Og ef menn hafa fylgst með fréttum í sjónvarpi af kosningum í Þýskalandi,

þar sem Gerhard Schröder vann kosningasigur, þá sást þar léttur og fallegur kjörkassi úr plasti sem ég hygg að hafi verið hægt að renna á hjólum út af kjörstað. En hér er allt lögregluliðið bundið allan kjördaginn og það þarf fílefldа lögregluþjóna til að bera atkvæðakassana. Við skildum því eftir viss atriði sem eru sameiginleg í báðum kosningunum. En ég hygg að þessar breytingar komi ekki að sök.

[15:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um tæknilegar breytingar að ræða eins og hv. þm. sagði. En frv. til laga um kosningar til Alþingis gengur væntanlega annaðhvort til hv. allshn. eða þá til lausanefndar um kosningalögin. Það gengur áreiðanlega ekki til hv. félmn. þó að hún sé alls góðs makleg. Það verða því aðrir sem fjalla um þetta og við höfum út af fyrir sig enga tryggingu fyrir því að lög um kosningar til Alþingis verði samhljóða þessu lagafrv. En aðalatriðið er að hafa skýr lög og framkvæmanleg til að standa að kosningum til sveitarstjórna í vor.

Varðandi þetta með kjörkassana þá hef ég ekki sterkar skoðanir á því nema að ég held að vanda þurfi mjög til allrar meðferðar kjörgagna. En jafnvel þó að það kosti líkamlegt erfiði fyrir lögregluna að snúast með kjörkassana þá held ég að við eigum að kappkosta að hafa þetta vandað. Nú þekki ég ekki kjörkassa Þjóðverja en mér skilst að þetta sé nú dálítið í öskutunnustílnum og úr plasti og ekki alveg eins traustvekjandi eins og okkar gömlu, þungu, úreltu kjörkassar. (**KÁ:** Mjög fallegir.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

Brtt. 840 felld með 20:12 atkv. og sögðu

**já:** ÁÞ, BirnS, BH, GE, GÁS, HG, KÁ, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SF, TIO, VS.

31 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KHG, KPál, LB, MF, ÓE, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

[15:48]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er um leiðréttingu að ræða. Verið er að koma í veg fyrir tvítekningu sem kom í ljós við yfirlestur og tillagan er flutt af allri nefndinni.

Brtt. 860 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 848,1 felld með 24:10 atkv. og sögðu

**já:** ÁÞ, BH, GE, GÁS, HG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, TIO, VS.

1 þm. (BirnS) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FI, GB, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KHG, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 848,2 kom ekki til atkvæða.

Frv., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁÞ, BirnS, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HG, JónK, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VS, ÖJ.

26 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GB, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KHG, LB, MF, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 871).

Út af dagskrá voru tekin 13.–21. mál.

Fundi slitið kl. 15:51.

---

## 77. FUNDUR

þriðjudaginn 3. mars,
að loknum 76. fundi.

**Dagskrá:**

1. Hollustuhættir, stjfrv., 194. mál, þskj. 197 (með áorðn. breyt. á þskj. 837). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 248. mál, þskj. 293. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Framhaldsskólar, stjfrv., 355. mál, þskj. 542 (með áorðn. breyt. á þskj. 833). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 815. — 1. umr.
5. Stimpilgjald, stjfrv., 481. mál, þskj. 816. — 1. umr.
6. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 246. mál, þskj. 291. — Fyrri umr.
7. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — 1. umr.
8. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 390. mál, þskj. 708. — Fyrri umr.
9. Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, þáltill., 403. mál, þskj. 724. — Fyrri umr.
10. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 405. mál, þskj. 726. — Fyrri umr.
11. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782. — Fyrri umr.
12. Þjóðhagsstofnun, frv., 489. mál, þskj. 832. — 1. umr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

### *Hollustuhættir, 3. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 868.

[15:54]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Nýlokið er 2. umr. og atkvæðagreiðslu um það frv. sem við ræðum hér, frv. til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eins og frv. nú heitir að lokinni 2. umr. Ég vildi koma að nokkrum atriðum við 3. umr. málsins. En fyrst vildi ég, virðulegur forseti, inna eftir því hvar hæstv. umhvrh. er staddur, hvort hæstv. ráðherra verður ekki viðstaddur umræðuna. Það tel ég raunar nauðsynlegt.

**(Forseti** (RA)**:** Samkvæmt skráningu mun hæstv. umhvrh. ekki vera í húsinu en forseti mun gera honum viðvart um að málið sé komið á dagskrá.)

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að ef einhver bið verður á því að hæstv. ráðherra komi þá frestum við umræðunni.

**(Forseti** (RA)**:** Það er ljóst að einhver bið verður á því að hæstv. ráðherra komi. Hann er bundinn og getur ekki komið og hefur út af fyrir sig lögmæt forföll í augnablikinu. Við verðum þar af leiðandi að fresta umræðunni um sinn og ég vænti þess að hún geti farið fram innan tíðar.)

Umræðu frestað.

### *Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framhaldsskólar, 3. umr.*

Stjfrv., 355. mál (ráðningartími aðstoðarstjórnenda). — Þskj. 869.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hollustuhættir, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 194. mál (heildarlög). — Þskj. 868.

[15:57]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Sú löggjöf sem hér er í mótun er geysilega þýðingarmikil. Ásamt lögunum um náttúruvernd myndar þessi löggjöf eina aðalundirstöðu umhverfisverndar í landinu og því skiptir mjög miklu að vel takist til við lagasetningu. Það er því mjög raunalegt að mati okkar sem erum gagnrýnin á þetta frv. í ýmsum greinum að ekki skuli hafa betur tekist til við mótun löggjafarinnar nú á vegum þingsins eins og málið lítur út að lokinni 2. umr. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða ástæður eru til þess að ekki er staðið betur að verki í sambandi við lagasetningu af þessum toga. Ég ætla að fara yfir fáein atriði sem varða það efni, þ.e. spurninguna hvernig standi á því að það ráðuneyti sem fer með umhverfismálin og síðan þingið að meiri hluta til virðist ekki fært um að taka betur á svo þýðingarmiklu máli eins og hér er? Og er ég þá ekki að útiloka pólitísk ágreiningsefni um einstaka afmarkaða þætti sem auðvitað geta alltaf verið uppi, einnig á sviði umhverfismála.

En það er ekki aðeins þannig ágreiningur sem er hér uppi heldur líka þættir sem varða undirstöðu löggjafar og ýmsa grundvallarþætti sem þurfa að vera vel mótaðir. En mikið skortir á að svo sé af hálfu þingsins. Og nú þegar ég tala um þingið er það vegna þess að málið liggur fyrir nánast fullmótað af hálfu meiri hluta Alþingis.

Fyrir liggur í þessu máli að áður en ráðuneyti umhverfismála setti á fót nefnd til þess að undirbúa lagafrv. þá fór ekki fram af hálfu ráðuneytisins samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með upphaflegu frv. nein grundvallarstefnumótun eða úttekt á málaflokknum. Það er beinlínis tekið fram í greinargerðinni að ekki hafi legið fyrir nein leiðsögn af hálfu ráðuneytis þegar stjórnskipuð nefnd var sett í málið. Ég tel, virðulegur forseti, að þannig málatilbúnaður sé ekki til þess fallinn að útkoman verði traust. Það þarf þá a.m.k. að vera mjög vel haldið á máli af hálfu þeirra sem valdir eru, sem eru í þessu tilviki einn fulltrúi ráðherra, embættismaður úr umhvrn., og síðan nokkrir aðilar samkvæmt tilnefningum, ef vel á að takast til. Hvernig má það vera, virðulegur forseti, að ekki fylgi ákveðin grundvallarleiðsögn frá framkvæmdarvaldinu þegar ráðist er í mótun löggjafar um svo mikilvægan málaflokk?

Ef litið er til nágrannalanda okkar og Noregur tekinn sem dæmi, þá hefði þingið verið búið að fá álitsgerð frá ráðuneyti umhverfismála, svokallaða meldingu eða „stortingsmelding" eins og þeir kalla það þar sem væri að finna vandaða úttekt á stöðu viðeigandi málaflokks, hér hollustuverndarþáttarins og mengunarvarna, og í framhaldi af því gæfist þinginu kostur á að taka afstöðu til mála á grundvelli slíkrar vandaðrar greinargerðar. En plaggið sem þingið fær í hendur á haustdögum, 23. október held ég að það hafi verið sem það var rætt við 1. umr., hefur ekki að geyma nokkurn skapaðan hlut í rauninni um efnisþætti málsins, engan rökstuðning varðandi efnisþætti þess. Menn geta farið yfir þessa greinargerð, virðulegur forseti, sem er á nokkrum blaðsíðum. Þar er ekki að finna nokkur efnisleg rök fyrir þeim breytingum eða megintillögum sem frv. hefur að geyma. Hér er fjallað um formsatriði og taldar eru upp breytingar í töluliðum á einstökum þáttum frá fyrri löggjöf. Ég held að ekki hafi fylgt mikið til úrbóta á þessari vöntun þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu á haustþingi. Með þessum hætti fær þingið málið til meðferðar. Og strax þegar grunnur er lagður að undirbúningi málsins þá er kvaddur til einn sterkur hagsmunaaðili til að hafa áhrif á mótun löggjafarinnar og hver er sá? Jú, það er Vinnuveitendasamband Íslands sem fær einn hagsmunaaðila tækifæri til þess að hafa bein áhrif á löggjöfina. Frv. bar þess augljós merki í mörgum greinum, í mörgum grundvallaratriðum, hver hinn sterki var í þessari nefnd.

Ég hef ekki viljað gera mál svo einföld að segja að ríkisstjórnir sem við völd sitja séu handbendi þessa eða handbendi

hins þrýstihópsins í þjóðfélaginu þó oft megi leiða getum að því að svo sé. Undirbúningur þessa máls ber því óneitanlega vitni hvar hjartað slær hjá hæstv. ríkisstjórn þegar farið er að undirbúa þetta mikilsverða mál. Þinginu var þannig allverulegur vandi á höndum þegar það fékk þetta mál í hendur.

Það kom til 1. umr. eins og ég gat um síðla októbermánaðar og nú er byrjun mars svo ekki hefur verið langur tími, þar sem um stóra og þýðingarmikla löggjöf er að ræða, til ráðrúms fyrir þingnefnd að vinna að málinu. Kom þar auk þess fleira til á aðventunni eins og menn væntanlega muna þegar reynt var að lögfesta hluta af þessu máli nánast óbreyttan og raunar óbreyttan frá því sem stóð í frv. sem meiri hluti umhvn. síðan gerði þó verulega breytingu á og sýnir eitt með öðru handaganginn í þessu máli. Frá upphafi var þingið undir mjög miklum þrýstingi hvað tíma snerti frá hæstv. ráðherra sem óskaði eftir því að málið yrði lögfest fyrir áramót bara á tveimur mánuðum sléttum eða tæpum tveimur mánuðum. Það var fresturinn sem hæstv. ráðherra ætlaði þinginu. Málið kom inn 23. október og Þorláksmessan er 23. desember og þá er þingið komið í jólahlé. Þá vildi hæstv. ráðherra að málið væri afgreitt. Það er ekki boðleg aðstaða fyrir Alþingi Íslendinga að mál komi þannig fyrir illa undirbúin og síðan er þrýstingurinn um afgreiðslu jafnmikill og þetta ber vitni um.

Þegar leitað er skýringa á því hvers vegna svona er staðið að máli, þá er það fyrst og fremst eitt sem hefur verið borið fram í þessu og hefur reyndar ekki farið neitt dult því að innskotið á aðventunni leiddi berlega í ljós og umræða þar að lútandi að það var réttaróvissan varðandi starfsleyfi, það var sú flækja sem hæstv. umhvrh. hafði komið sér í með ólögmætri útgáfu reglugerða, reglugerðar á reglugerð ofan sem endaði í þeirri fádæma stöðu að allur almenningur var skilinn eftir réttlaus og hafði enga möguleika að fá úrskurði í kærumálum vegna flumbrugangsins hjá viðkomandi ráðuneyti. Við hljótum á Alþingi að spyrja okkur: Hvar er slíkum ráðuneytum komið? Hver er staða framkvæmdarvaldsins þegar þannig er staðið að málum?

Það er ljóst að skýringar kunna að vera þær að í þessu tilfelli hafi mat ráðuneytisins verið að nauðsyn bryti lög, þ.e. veiting starfsleyfa til stórrekstrar sem er nú í uppbyggingu. En fyrr má nú vera. Við hljótum að spyrja okkur: Er réttmætt að ganga þannig fram að brjóta í raun lögin til þess að knýja fram umdeildar framkvæmdir í landinu?

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sögu en við erum hér á vissan hátt væntanlega að ljúka þeim þætti sem hefur borið fyrir alloft á Alþingi Íslendinga undanfarin tvö ár líklega, sem er þessi reglugerðarkafli í sögu hæstv. umhvrh. að því er varðar kærumál, 26. gr. enn gildandi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það er dapurleg saga og af þeim sökum kannski best að rifja hana ekki upp í löngu máli.

Spurningin er hvort betra tekur við. Við verðum vissulega að vona það, virðulegur forseti. Það er þó alltént lán í óláni að gerð hefur verið veruleg breyting til bóta á vissum þáttum sem snúa einmitt að þessu atriði og það af hálfu umhvn. þingsins og hefur verið afgreitt með stuðningi allra í þinginu með atkvæðagreiðslu fyrr í dag. Þar á ég við 6. gr. væntanlegra laga um útgáfu starfsleyfa þar sem ákveðið er að útgáfuaðili verði annars vegar Hollustuvernd ríkisins í tilteknum málum með vísan í fylgiskjal, hluta af lögunum, og hins vegar heilbrigðisnefndir. Þetta er allt annað en lagt var til af ráðuneytinu í 6. gr. þess frv. sem við höfum fyrir framan okkur þar sem þannig var um hnútana búið að það eitt út af fyrir sig hefði átt að leiða til þess að þingið vísaði málinu til föðurhúsanna strax við 1. umr. ef það væri heimilt að formi til, virðulegur forseti. Það hefði komið til greina að fara ekki lengra með málið eins og þar var um hnútana búið því samkvæmt því átti ráðherrann að hafa alla þættina einn og sjálfur í hendi sér, þ.e. útgáfu starfsleyfa og kærumeðferð vegna starfsleyfa þegar um var að ræða meiri háttar atvinnurekstur. Þarna horfir málið þó mun skár við eins og nú er um hnútana búið að afgreiddri þessari 6. gr. frv. með breytingum.

Hins vegar er kærumeðferðin áfram ótraust þó að hún sé margfalt betri en lagt var til samkvæmt frv. á liðnu hausti því að nú eiga kærumál annars vegar að fara til sérstakrar úrskurðarnefndar og hins vegar til hæstv. ráðherra, þ.e. kærur út af því sem fylgiskjalið rekur verða í hendi hæstv. ráðherra en kærumeðferðin er áfram tvískipt. Við höfum leitt rök að því í nál. okkar í minni hluta umhvn. að það sé ótraust, þar geti orðið árekstrar vegna skörunar á efnisþáttum sem geta verið til úrskurðar á sama tíma. Við fengum fyrir því rökstuðning eða fengum undirtektir við það álit frá lögmanni sem fyrir frumkvæði okkar í minni hlutanum var kallaður fyrir nefndina á allra síðustu stigum og varð raunar til þess að 6. gr. var einnig breytt til verulegra bóta frá því sem ætlað var tveimur dögum áður en málið var tekið úr nefndinni.

Þá komum við að því, virðulegur forseti, sem er einn af veikleikunum í umfjöllun máls af þessum toga og það eru möguleikar þingsins til að fá álitsgerðir í grundvallarmálum sem eru til afgreiðslu en þar skortir að mínu mati talsvert á. Eins og ég gat um kom einn tilkvaddur héraðsdómslögmaður fyrir nefndina eftir að sá sem hér talar hafði gert nokkrar atrennur að því að fá lögmann með sérþekkingu á stjórnsýslurétti fyrir nefndina vegna veilna sem ég taldi vera í málinu. Lengi vel var leitað án árangurs þar til einn fannst sem hafði unnið að málum hjá umboðsmanni Alþingis, m.a. að stjórnsýslurétti, en var þar ekki lengur að störfum, og fékkst til þess að tjá sig fyrir nefndinni þó að með stuttum fyrirvara væri. Það leiddi til breytinga á málsmeðferð einnig af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Þetta sýnir, virðulegur forseti, að ekki er um hnútana búið sem skyldi hvað aðstöðu þingsins snertir til þess að fá álit af þessum toga. Ég geri ráð fyrir að svo sé í ýmsum öðrum málum. Það vekur raunar athygli á því hversu fátæk við erum af sérfræðingum sem hlutlausir eða hlutlægir mega teljast í umfjöllun varðandi þýðingarmikla málaflokka. Þingnefndirnar ættu í raun að hafa aðgang að álitsgerðum slíkra sérfræðinga og ef það eru ekki aðilar sem eru taldir óháðir og með sérþekkingu þá ættu þær a.m.k. að hafa aðstöðu til að fá einhverja sem túlka misjöfn sjónarmið fyrir þingnefndum því það skiptir afar miklu máli að löggjöf sé þannig úr garði gerð að hún stangist ekki á við grundvallarþætti í stjórnsýslurétti og gildir það um marga fleiri þætti.

Segja má að frv. sem við ræðum hér við 3. umr. varði fyrst og fremst formreglur þessa máls, ekki síst stjórnsýslumálefnin. Efnisreglur eru fáar í frv. Þær eru settar í hendur ráðuneytis og viðkomandi ráðherra í formi reglugerðarheimilda sem eru alveg óvenjulega víðtækar, og þekkjum við þó margt á Alþingi, en heimildir til reglugerðarsetningar eru geysivíðtækar eins og lesa má m.a. úr 4. og 5. gr. málsins. Og í ljósi þess hvernig til hefur tekist í einstökum atriðum hjá umhvrn. við setningu reglugerða er vissulega ekki mjög

uppörvandi að sjá þessar óútfylltu heimildir hjá ráðuneytinu, og mikið umhugsunarefni fyrir Alþingi að standa þannig að lagasetningu að efnisrétturinn, efnisþættirnir eru settir í hendur viðkomandi ráðuneytis án skýringa, settir í hendur framkvæmdarvaldsins.

Ef litið er á nýlega danska löggjöf um hliðstætt efni frá síðasta ári, er þar að finna efnislegar leiðbeiningar um það sem danska umhverfisráðuneytinu er síðan ætlað að fylla út nánar með reglugerðum en ramminn er dreginn. Og þannig ætti að sjálfsögðu að standa að verki varðandi löggjöf sem þessa.

Einn þáttur er sá, virðulegur forseti, sem er mikið áhyggjuefni fyrir utan stöðu ráðuneytisins í máli sem þessu og það er stofnunin sem öðrum fremur á að fjalla um efni laganna, og kemur til með í reynd að gera uppkast að reglugerðum, geri ég ráð fyrir, fyrir hæstv. ráðherra varðandi mörg af þeim atriðum sem reglugerðarheimildir eru um í frv., þ.e. Hollustuvernd ríkisins. Aðstaða þeirrar stofnunar hefur oft verið til umræðu á Alþingi en það er sérkennilegt, virðulegur forseti, hversu takmarkað og hversu skammt þær áhyggjur virðast ná í þinginu um málefni þeirrar stofnunar og þar með bakfiskinn í meðferð framkvæmdarvaldsins á þessum stóra málaflokki. Það verður kannski ekki fyrr en farið verður að sækja okkur fyrir erlendum dómstólum, eins og EFTA-dómstólnum, fyrir brot á alþjóðasamningum sem menn kannski vakna til vitundar um hversu hraklega er búið að þessari stofnun. Hefur álag á einstaka íslenska ríkisstofnun ekki aukist með viðlíka hætti og á Hollustuvernd ríkisins og sáralítið verið gert til að bæta úr aðstæðum þar? Þetta varðar óbeint löggjöfina sem við erum að setja.

Ég vildi síðan, virðulegur forseti, minna á beinar veilur sem ég tel að séu fyrir hendi, fyrir utan það sem ég hef gert að umtalsefni, sem engan veginn var búið að fjalla um til hlítar í umhvn. en ég og við í minni hluta umhvn. gerðum grein fyrir við 2. umr. málsins og í nál. okkar. Það varðar tengslin við sérlög og er þá átt við lög um matvæli, nr. 93/1995, og lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Þarna er um að ræða veikleika í löggjöfinni sem getur skapað réttaróvissu, m.a. að því er varðar gjaldskrársetningar og ekki er vísað á milli laga með þeim hætti að tryggilegt sé. Það eru náttúrlega slík atriði sem þingnefndir eiga að fara vandlega yfir og fullvissa sig um að ekki vanti heimildir, en það var því miður ekki gert í aðdraganda 2. umr. málsins í hv. þingnefnd. Við höfum einnig gagnrýnt að ekki er í frv. vísað til alþjóðasamninga svo sem gert var í þeim lögum sem frv. á að leysa af hólmi og er það óeðlilegt að okkar mati.

Ég vil einnig, virðulegur forseti, vísa til þess sem varðar bráðabirgðaákvæði með frv., þ.e. gildistöku frv., en lögin eiga þegar að taka gildi. Undantekningarnar sem gerðar eru samkvæmt bráðabirgðaákvæðum varða heilbrigðisnefndirnar en nýjar heilbrigðisnefndir eiga að taka gildi 1. ágúst nk. þrátt fyrir aðalákvæðið um að lögin öðlist þegar gildi. Ég vek alveg sérstaka athygli á þeim þætti og bið hæstv. umhvrh. um að bregðast við varðandi það atriði. Spurning mín, virðulegur forseti, er þessi: Er líklegt eða er vissa fyrir því að heilbrigðisnefndir geti tekið til starfa, eins og frv. gerir nú ráð fyrir, þann 1. ágúst 1998, að teknu tilliti til þess að í nefndunum eiga að vera auk þeirra fulltrúa sem nýjar sveitarstjórnir kjósa, og er það eitt út af fyrir sig nokkuð flókið mál, nýjar sveitarstjórnir á hinum stóru eftirlitssvæðum, en fyrir utan fulltrúa þeirra eiga að vera í heilbrigðisnefndunum fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og fulltrúar náttúruverndarnefnda á viðkomandi svæði? Aðeins það að kjósa fulltrúa sveitarstjórnanna getur verið allþungt undir fæti á þeim tíma sem þarna er um að ræða, frá 23. maí eða frá því að nýjar sveitarstjórnir eru kosnar og þar til 1. ágúst. Það eru ófáar sveitarstjórnir, t.d. í mínu kjördæmi, sem er hið sama og væntanlegt eftirlitssvæði sem þurfa þar að máli að koma. Hvernig gerir ráðherra ráð fyrir að sveitarstjórnirnar standi að kjöri á sínum fulltrúum? Það er það fyrsta. Í öðru lagi: Hvernig má gera ráð fyrir að fulltrúar, tilnefndir af samtökum atvinnurekenda á viðkomandi svæði verði til þegar engin heildarsamtök er þar að finna? Ég hygg að víða á þessum eftirlitssvæðum sé ekki að finna nein heildarsamtök atvinnurekenda fyrir utan það að heildarsamtök atvinnurekenda hafa stundum á landsmælikvarða verið skilgreind tvö, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaga. Hvort þessara tveggja samtaka á að koma þarna að máli ef túlka ætti lögin þannig að heildarsamtökin eigi að tilnefna fulltrúa í heilbrigðisnefndirnar? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að útfæra þessi atriði?

Þriðji þátturinn sem snertir tilkomu heilbrigðisnefnda fyrir 1. ágúst nk. eru fulltrúar frá náttúruverndarnefndum. Staða fulltrúa náttúruverndarnefnda er í rauninni mjög óljós, umdæmi þeirra og jafnvel tilvist. Ég ætla ekki að rifja upp hin þokukenndu ákvæði laga um náttúruvernd, sem samþykkt voru 1996, um náttúruverndarnefndir, en víða hefur verið brugðið á það ráð að sameina hjá sveitarstjórnum marga málaflokka undir öðru heiti. Náttúruverndarnefndirnar eru þannig ýmist ekki til staðar eða að málaflokkarnir sem undir þær ættu að heyra falla undir aðrar nefndir með öðrum nöfnum. Hvað fulltrúa í heilbrigðisnefndirnar snertir sýnist mér að staðan geti einnig verið nokkuð flókin.

Ég hef áhyggjur af lagasetningu af þessu tagi, virðulegur forseti, og mér finnst óforsvaranlegt af framkvæmdarvaldinu að ætla að lögfesta þetta frv. á svo tæpu vaði eins og hér er stofnað til. Ég fullyrði að ekki hefði veitt af öllu árinu til undirbúnings til að koma á fót heilbrigðisnefndum samkvæmt frv. Hér er því stefnt í verulega óvissu því samkvæmt ákvæðum frv. hafa núverandi heilbrigðisnefndir einungis umboð til 1. ágúst nk. og þá falla þau umboð úr gildi. Séu hinar ekki orðnar starfhæfar er enginn til að sinna þessum málaflokki. (Gripið fram í.) Það má vera vel að verki verið í júlí nk. eða á sumarmánuðum, virðulegur forseti, ef hægt á að vera að kippa þessu í liðinn.

Stóru veilurnar í frv. hafa verið raktar við 2. umr. málsins og ég ætla ekki að hafa um það langt mál. En þær varða einnig stöðu heilbrigðisnefndanna m.a., réttarstöðu þeirra, vegna þess dæmalausa tiltækis að setja inn í nefndirnar fulltrúa samtaka atvinnurekenda. Það er með ólíkindum, virðulegur forseti, að meiri hluti þingsins skuli hafa tekið undir þá tillögu ráðuneytisins, og ekki horfið að því ráði sem minni hlutinn lagði áherslu á að atvinnurekendur væru ekki aðilar að nefndunum og að þar sætu eingöngu fulltrúar kjörnir af sveitarstjórnum svo sem eðlilegt hefði verið.

Annað atriði sem snertir heilbrigðiseftirlitið í landinu er starfsaðstaðan og kemur þar til sú brtt. sem meiri hluti umhvn. gerði að sinni og eitt af fáum dæmum um það að lélegt frv. var gert enn lakara, var gert enn verra, þar sem öryggisákvæðið um það að ekki skyldu færri en tveir heilbrigðisfulltrúar starfa á hverju eftirlitssvæði, var fært niður í einn heilbrigðisfulltrúa. Einu aðilarnir sem gerðu þarna kröfu um breytingu í umsögnum til umhvn. voru Vinnuveitendasamband Íslands og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Kröfur Vinnuveitendasambands Íslands og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um að lækka þetta öryggisákvæði, færa það niður. tala sínu máli og eru verulegt áhyggjuefni. Ég tel þau sjónarmið fráleit sem segja að sveitarstjórnirnar leggi flestar til í heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlitið megi teljast á þeirra verksviði og kostað af þeim, þar með eigi þær að ráða því hvort heilbrigðisfulltrúi er einn, tveir eða fleiri. Ég tel það ekki gilt. Alþingi á að hafa skoðun á því. Þarna á að setja ákveðið lágmark, enda markar þingið rammann með eftirlitssvæðunum og það hefði ekki veitt af því að hafa þessa tryggingu þó að ég voni að þessu verði ekki beitt í reynd. Óvissan er eftir sem áður og ekki vitað hvernig á verður haldið.

Fyrir utan þessa þætti höfum við gagnrýnt kæruferlið varðandi starfsleyfin og svo hið víðtæka reglugerðarvald sem frv. felur í sér. Efnisþættir máls eru í raun fluttir til umhvrn. nánast eins og þeir leggja sig.

Virðulegur forseti. Við í minni hluta umhvn. höfum lagt okkur í líma við að ráða bót á agnúum málsins með málflutningi okkar í þinginu og umhvn. þingsins. Við höfum þrátt fyrir allt fengið nokkru áorkað. Sumt af þeim atriðum sem við bárum fram voru tekin upp af meiri hluta umhvn. Eftir sem áður er málið aðeins hálfunnið miðað við þá málsmeðferð sem það hefði verðskuldað. Við fengum mjög strangan tímaramma. Við urðum við því sem um var samið í þingönnum fyrir fyrir jól, að afgreiða málið frá nefnd 20. febrúar sl. við afar þröng tímamörk. Við tókum þann kost svo við gætum komið í veg fyrir það að stórir þættir frv. yrðu lögfestir án breytinga með þeim ákvæðum sem það hafði þá að geyma. Þar var nokkur bót ráðin á við frekari málsmeðferð eftir að sú tillaga í frumvarpsformi var dregin til baka.

Ég tel, virðulegi forseti, að vinnan að þessu máli og annmarkar þess eigi að vera áminning bæði fyrir umhvrn. og þing um að standa sig betur næst. Það er auðvitað leitt að þurfa að taka svo til orða. Ég hef enga von um að hér verði miklu um þokað af hálfu þingsins eftir að málið er komið til 3. umr. Ég tel að áður en langt um líður þurfi að fara fram úttekt á því hvernig til tekst. Ég held að mjög fljótlega þurfi greinargerð frá framkvæmdarvaldinu um það hvernig staðið verði að mönnun í heilbrigðisnefndir og varðandi fleiri þætti sem snerta málið, þar á meðal aðbúnað heilbrigðiseftirlitsins víða um land.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég taldi rétt að koma á framfæri nokkrum hugleiðingum mínum og áhyggjum af þessu máli. Ég vona eins og áður segir að við fáum ekki margar slíkar sendingar frá umhvrn. til meðferðar á Alþingi í bráð.

[16:35]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sem hér lauk máli sínu beindi til mín einni fyrirspurn. Hann spurði hvort vissa væri fyrir því að heilbrigðisnefndirnar gætu tekið til starfa fyrir tilsettan tíma. Ég tel það tvímælalaust eiga að geta orðið og þegar það hafi verið lögfest beri að standa þannig að málum að svo verði. Í frv. var gert ráð fyrir því að fresturinn yrði til 1. ágúst 1998. Það var afstaða þeirrar nefndar sem að málinu vann. Þá var gert ráð fyrir gildistöku laganna um síðustu áramót en þessi dagsetning var ákveðin með tilliti til þess að í vor fara fram sveitarstjórnarkosningar og því væri eðlilegt að gefa frest fram yfir sveitarstjórnarkosningarnar þannig að nýjar sveitarstjórir skipi nýjar heilbrigðisnefndir. Einnig var rætt um að fulltrúar atvinnurekenda sem eiga sæti í nefndunum mundu tilnefna sína fulltrúa og fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands í undirbúningsnefndinni taldi engin vandkvæði á því. Við munum leita eftir því að samtök vinnuveitenda tilnefni í þessar nefndir sína fulltrúa. Náttúruverndarnefndirnar verða einnig til að loknum kosningunum. Ég tel engin vandkvæði á að þær tilnefni sinn fulltrúa eins og sveitarstjórnirnar. Þar sem náttúruverndarnefndir eru ekki til staðar lengur og aðrar nefndir hafa fengið þau verkefni, þá kemur það í þeirra hlut að tilnefna fulltrúana.

[16:37]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki til mikils að spyrja þegar svörin eru líkt og þau sem hæstv. ráðherra gefur. Þetta var lagt til í frv. sl. haust og þess vegna er þetta óbreytt áfram og stendur svona hér og nú. Það var í rauninni inntakið í svari hæstv. ráðherra. (**Umhvrh.:** Það er engin breyting á aðstæðum hvað þetta varðar.) Það er engin breyting á aðstæðum og engin svör við því hvernig samtök atvinnurekenda eiga að tilnefna í nefndina. Hvert ætlar hæstv. ráðherra að senda bréfin til samtaka atvinnurekenda á eftirlitssvæðunum? Hver verður móttakandi þeirra? Ég bið um svar. Hvaða samtök atvinnurekenda á Austurlandi eiga að tilnefna fulltrúa í heilbrigðisnefndir og víðar á eftirlitssvæðum? Hvernig á að standa að tilnefningu fulltrúa náttúruverndarnefnda á þessum svæðum fyrir 1. ágúst nk. þegar margar nefndir starfa á svæðunum en einnig svæðum þar sem engin náttúruverndarnefnd starfar? Þetta finnst mér að þurfi að liggja fyrir við 3. umr. málsins, hvernig svona frumatriði eigi að uppfylla. Hæstv. ráðherra getur ekki skotið sér á bak við ýmsar dagsetningar. Þetta stendur svona í lögunum og þetta átti að lögfesta fyrir áramótin. Við erum í byrjun marsmánaðar. Það breytir engu um þetta. Hvernig á að uppfylla þetta? Gerir ráðherra ráð fyrir því að þessi tímamörk standist? Hvað með réttaróvissuna ef heilbrigðisnefndir eru ekki orðnar starfhæfar og hinar eru sviptar umboði? Hver á að fylla í skarðið?

[16:39]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli mínu kom fram að ekki hefðu orðið þær breytingar varðandi dagsetningar og efnisatriði um málsaðstæður. Við vissum það í haust og á síðasta ári þegar frv. var lagt fram að þessi frestur er veittur vegna væntanlegra sveitarstjórnarkosninga. Það liggur fyrir og er óbreytt í málinu. Nýjar sveitarstjórnir koma því til með að hafa sama frest og fyrirvara á því að annast kosninguna og það sem að þeim lýtur.

Varðandi það hverjir verði móttakendur bréfa um tilnefningu vinnuveitenda í nefndirnar, þá var það rætt við fulltrúa vinnuveitenda við undirbúning frv. Þar sem slík samtök eru ekki fyrir hendi mun það verða sent heildarsamtökum vinnuveitenda og þeir beðnir um að hlutast til um að vinnuveitendur tilnefni fulltrúa sína í nefndirnar.

Þegar náttúruverndarnefndir hafa verið kosnar að loknum sveitarstjórnarkosningum verður það jafnframt að vera sameiginleg tilnefning eins og frv. og lögin gera ráð fyrir þegar þau taka gildi.

[16:41]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ræði þetta mál í trausti þess að hæstv. ráðherra, þingmaður úr landsbyggðarkjördæmi og reyndur maður hér á Alþingi, virðulegur forseti, þekki það vel til aðstæðna að ekki þurfi að skýra margt. Hér þurfa margar sveitarstjórnir að koma til á eftirlitssvæðunum, fyrir utan borgina. Það er einfalt hér í Reykjavík. En á öðrum eftirlitssvæðum þurfa margar sveitarstjórnir að koma sér saman um hvernig standa eigi að vali fimm manna í heilbrigðisnefnd. Það er viðfangsefnið. Hæstv. ráðherra segir að séu engin samtök atvinnurekenda á viðkomandi svæði, þá eigi heildarsamtök atvinnurekenda að tilnefna. Hvar stendur það? Það stendur ekki í frv. eins og það er hér í okkar höndum. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir á eftirlitssvæðinu. Hér er ekki orð um það að heildarsamtök atvinnurekenda eigi að tilnefna. Hver eru heildarsamtök atvinnurekenda? Er það Vinnumálasamband samvinnufélaga sem stundum er efst á blaði þegar framsóknarmenn tala á þingi? (**ÍGP:** Jafnvel hjá sumum öðrum, er það ekki?) Jafnvel hjá sumum öðrum. Það mun ekki veita af. Vinnumálasambandið er ekki alltaf mjög sterkt í reiptoginu og hin heildarsamtökin væru þá Vinnuveitendasamband Íslands. Hvort heildarsamtakanna á að tilnefna fulltrúa í heilbrigðisnefnd? Ætlar ráðherrann að velja það hvort þeirra fær bréfið?

[16:43]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því, af því að ég blanda mér í þessa umræðu, að þakka minni hlutanum í hv. umhvn. fyrir mikla elju við að reyna að laga það frv. sem hér er til meðferðar. Ég vil rifja það upp að málið kom til sérstakrar meðferðar hjá formönnum þingflokkanna fyrir hátíðarnar. Þar féllumst við á það fyrir hönd okkar þingflokka að aðeins hluti málsins færi þá í gegn en meiri hlutanum yrði frestað.

Ég ekki alveg viss um að það hafi verið rétt hjá okkur að gera þetta svona. Ég velti því fyrir mér hvort þetta hafi ekki verið mistök og hvort við hefðum ekki beinlínis átt að knýja fram umræðu um þetta mál í vetur. Málið hefði bersýnilega þurft meiri tíma. Málið er stórkostlega gallað.

Engu að síður var það þannig að stjórnarandstaðan stóð við sína samninga eins og hún hefur tamið sér. Málið var tekið út úr umhvn. einhvern tíma upp úr 20. febrúar svo það gæti orðið að lögum nú í kringum þessi mánaðamót og það verður víst þannig.

Hins vegar er það augljóst, herra forseti, að hér er um að ræða mjög alvarleg tíðindi í atvinnu- umhverfismálasögu Íslands. Þetta er ekkert smámál fyrir þá sem hafa ofuráherslu á græn sjónarmið í umhverfismálum eins og hv. 4. þm. Austurl. eða slíka menn eins og stundum er reynt að afgreiða þennan málflutning. Menn reyna að afgreiða málið sem sérvisku. Þetta stórmál snertir í raun og veru allt líf þjóðarinnar á næstu árum og áratugum. Hvernig?

Af því að hér er markaður hinn formlegi rammi fyrir alla meðferð umhverfismála þegar kemur að uppbyggingu atvinnureksturs og m.a. stóriðju hér á landi á komandi árum. Ég bendi á það að eins og uppsetningin er í þessu máli og eins og mér sýnist að það liggi í frv., er bersýnilegt að valdið er mjög mikið hjá hæstv. ráðherra. Og bersýnilegt er að þar veldur hver á heldur. Ég segi alveg eins og er að ég treysti ágætlega hæstv. núv. umhvrh. til margra góðra hluta og betur en ýmsum öðrum. Ég mundi t.d. treysta hv. þm. Finni Ingólfssyni miklu verr í sæti umhvrh. en hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. En veruleikinn er sá að ef menn hugsa um þetta í samhengi og átta sig á því að þarna gæti alveg eins setið maður eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson þá átta menn sig á því hvað hér er hrikalega alvarlegur hlutur að gerast. Það er hugsanlega verið að afhenda mönnum sem hafa algjörlega tillitslaus sjónarmið gagnvart öllu sem heitir umhverfi og þróun í þessu landi, allt vald í þessum málum.

Auðvitað er það þannig að stjórnarandstaðan í þessari stofnun hefur reynt það sem hún getur til þess að benda á galla og vandann í málinu. Og ég er sannfærður um það líka að margir af þingmönnum stjórnarflokkanna eru einnig áhyggjufullir út af málinu. Ég er algjörlega sannfærður um það og mér dettur ekki í hug að neinn þeirra, og ekki heldur hæstv. umhvrh., séu að neinu leyti samviskulausir í máli af þessu tagi. En ég bið bara menn um að hugsa um það í allri vinsemd og í fullri alvöru hvað þeir eru hér að gera. Hér er verið að stíga mjög alvarlegt skref. Hér eru mjög alvarleg tíðindi að eiga sér stað og þau munu hafa áhrif á þróun umhverfis- og atvinnumála á Íslandi á næstu árum og áratugum og m.a. taka á því sem mestu skiptir fyrir þetta land, þ.e. að hér verði umhverfið slíkt að við getum verið stolt af því, hér verði umhverfið þannig að fólk á Íslandi vilji búa hér áfram og hér verði umhverfið þannig að við getum verið stolt af því í samfélagi þjóðanna en þurfum ekki að skammast okkar með sérstakar undanþágubeiðnir á sneplum sem koma á síðustu stundu þegar verið er að afgreiða þessi mál á alþjóðasamkomum eins og í Kyoto um daginn þar sem beinlínis var niðurlægjandi fyrir Íslendinga að upplifa hvernig þar var haldið á málum. Undir forustu hverra? Undir forustu forsrh. og utanrrh. Ég sá ekki að hæstv. umhvrh. fengi að halda þar á málum eins og ég hygg að hann hefði viljað. Þegar maður horfir á þetta frv. og þá málsmeðferð og meðferð á umhverfismálum sem hefur verið á þessu kjörtímabili, þá staldrar maður auðvitað við.

Maður hlýtur líka að staldra við og velta því fyrir sér hvort menn séu ekki búnir að sjá núna hvílík mistök það voru að staðfesta löggjöfina um náttúruvernd með þeim hætti sem gert var hér um vorið í bullandi átökum í þinginu. Á síðustu klukkutímum þingsins áður en því var frestað þá gerist það að löggjöf um náttúruvernd er keyrð í gegn. Af einhverjum ástæðum er það þannig að undirbúningur mála af hálfu umhvrn. er ekki nægilega góður. Þetta er ungt ráðuneyti og á eftir að helga sér hefð og venjur og þekkingu sem öll ráðuneyti þurfa að hafa. En þá eiga menn með opnum huga og jákvæðum málflutningi að taka tillit til þess sem sagt er, m.a. af stjórnarandstöðunni þannig að menn séu ekki að stefna framtíð þjóðarinnar að því er varðar umhverfis- og atvinnumál í talsverða hættu.

Ég held, herra forseti, að þetta sé mjög stórt atriði að hafa í huga og ég kom upp til þess að þakka minni hluta hv. umhvn. fyrir það sem hann gerði og líka meiri hlutanum að svo miklu leyti sem hann tók þátt í því að bæta málið.

Að lokum ætla ég að koma aðeins að því sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi áðan og spyrja hæstv. umhvrh. í tengslum við það. Því auðvitað verður að svara þessum spurningum um þessar nefndir. Það er ekki hægt að afgreiða þetta svona. Hvernig á að setja í þessar nefndir? Það er svo einfalt, ég spyr að því. Eftir hvaða reglum? Er það rétt að það eigi að skrifa upp í Garðastræti og biðja þá félaga þar, ýmsa góða menn, Þórarinn og félaga, að tilkynna hverjir verða fulltrúar atvinnulífsins á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi, Vest-

urlandi og Vestfjörðum? Er það svoleiðis? Af hverju stendur þá ekki hérna: Einn úr hverju umdæmi samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands? Af hverju stendur það ekki hér? Hvað er eiginlega hér á ferðinni?

Það er alveg vonlaust að afgreiða þetta mál, herra forseti, öðruvísi en að algjörlega sé skýrt hvað hér er nákvæmlega á ferðinni. Ég skil svör hæstv. ráðherra þannig að hann sé í raun og veru að segja: „Það verður leitað til Vinnuveitendasambandsins, ekki kannski um tilnefningar, heldur um að komið verði á fyrirkomulagi í hverju kjördæmi til þess að tilnefna." Með öðrum orðum: Umhvrn. á Íslandi ætlar að beita sér fyrir því að stofnuð verði atvinnurekendasamtök í öllum kjördæmum landsins.

Er það eðlilegt verkefni umhvrn. að beita sér fyrir því að stofna atvinnurekendasamtök í öllum kjördæmum landsins? Ég held að það sé ekki eðlilegt verkefni. Ég held að aðrir hafi það hlutverk, eins og Þórarinn og félagar, að halda utan um það. Ég sé ekki að hæstv. umhvrh. hafi það hlutverk samkvæmt reglum um Stjórnarráð Íslands að beita sér fyrir því að stofnuð verði einhver svæðisfélög atvinnurekenda. En það er hann einmitt að segja. Og hann verður að svara því algjörlega skýrt hvernig eigi að fara í þessa vinnu. Hvert verður næsta skref? Segjum að þetta verði lögfest í dag. Hvað verður gert á morgun til að ganga frá því að aðild atvinnurekenda að þessum svæðisnefndum verði til?

Síðan er það þetta með þessar náttúruverndarnefndir sveitarfélaga sem ég ætla ekki að endurtaka hér. Eins og fram hefur komið er það frekar einfalt í mínu kjördæmi sem heitir Reykjavík. En þetta er flóknara annars staðar og mér finnst að þingið eigi að fá að vita þetta. Ég fer fram á það í fullri vinsemd við hæstv. umhvrh. að hann svari þessum spurningum um leið og ég endurtek það að ég deili áhyggjum mínum með minni hlutanum í umhvn. yfir þessu máli í heild og ég óttast að það geti orðið slys ef aðrir menn setjast í umhverfisráðherrastólinn en sá sem situr þar nú, sem sýna minni tillitssemi gagnvart umhverfinu en hann hefur, t.d. menn eins og hæstv. iðnrh. Það væri ofboðslegt fyrir þjóðina og framtíð hennar ef slíkur maður settist þar inn. Hættan er sú að menn séu að veita ráðherrunum of mikið vald, hvað sem þeir heita — hann gæti á morgun heitið Þórarinn Viðar Þórarinsson ef illa færi í einhverjum kosningum — slíkum aðilum eða einhverjum magnesíumpáfa hvar sem þeir eru nú í heiminum ef þeir yrðu allt í einu umhverfisráðherrar. Vilja menn það? Viljum við það? Ekki við.

Þess vegna held ég að þessi lög séu hættulegt fúsk. Það á að vanda sig á Alþingi og menn eiga að bera virðingu fyrir því starfi sem þeir eru að vinna hérna.

[16:54]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka heldur hlýleg orð hv. þm. sem talaði síðast í garð þess sem hér stendur nú, en læt liggja milli hluta mat hans og álit á öðrum þingmönnum og reyndar á öðrum mönnum utan þings einnig enda er það hans mál að sjálfsögðu. Ég vísa til fyrri svara minna við þeim spurningum sem hann bar hér fram. Sveitarstjórnir þurfa auðvitað að koma sér saman um fjölmörg verkefni að loknum sveitarstjórnarkosningum eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. að sveitarstjórnir komi sér saman um — fleiri en ein og fleiri en tvær — kosningu fulltrúa í þessa nefnd eins og margar aðrar nefndir sem sveitarfélög þurfa að tilnefna sameiginlega í. Ég hygg að flestir þingmenn þekki fjölmörg dæmi þess og sama á auðvitað við um náttúruverndarnefndirnar.

Það sem ég sagði um atvinnurekendurna áðan var að ef engin samtök atvinnurekenda væru á viðkomandi heilbrigðisnefndarsvæði, þá yrði leitað eftir því við samtök vinnuveitenda að þau hlutuðust til um það hvernig yrði staðið að því máli. Ég lýsi engri sérstakri ánægju með það eða fagna því ekkert sérstaklega að það verði mitt hlutverk að reyna að koma slíkum samtökum á í hverju einasta kjördæmi eða hverju svæði heilbrigðisnefnda. Það er hins vegar mál sem samtök vinnuveitendanna verða kannski að huga að fyrir sína parta. Ég mun leita eftir því að þau hlutist til um það að tilnefningar komi frá atvinnurekendum í þessar nefndir eins og rætt var um við þá við gerð frv. á sínum tíma eins og ég hef áður gert hér grein fyrir.

[16:56]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikil gæfa fyrir samtök atvinnurekenda á Íslandi og hina veiku stöðu þeirra að eiga aðra eins hauka í horni og þá umhverfisráðuneytismenn, en þeir ætla núna að beita sér fyrir því með erindrekstri um landið að stofnuð verði atvinnurekendafélög, eitt í hverju kjördæmi helst. Umhvrn. getur ekki séð atvinnurekendur úti á landi í friði öðruvísi en að knýja það fram að þeir stofni félög svo þeir geti tilnefnt í nefndir. Það er alveg ótrúlegur lúxus fyrir atvinnurekendur á Íslandi að fá svona ókeypis ríkisstyrkta ráðgjöf. Skattgreiðendur ætla að borga til þess að umhvrn. geti látið stofna átta atvinnurekendafélög í öllum kjördæmum landsins. Það eru afskaplega mikil tíðindi og athyglisvert að það eigi að nota peninga skattgreiðenda í erindrekstur fyrir atvinnurekendur, en í forustu er umhvrn. sem fer með þetta verkefni. Það er mjög sérkennilegt af umhvrn. að taka þetta að sér. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hreinskilin svör því að hann sagði nokkurn veginn að hann fagnaði því ekkert að þurfa að standa í þessu. En hann viðurkenndi að þetta væri svona og það finnst mér vont.

[16:57]

**Útbýting þingskjala:**

Vopnalög, 175. mál, nál. allshn., þskj. 865; brtt. allshn., þskj. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:00]

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO.

12 þm. (ÁÞ, BirnS, GÁS, HG, KHG, KÁ, LB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KPál, MF, RA, RG, SighB, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 874).

### *Heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 248. mál (skipunartími stjórnarformanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa). — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:00]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÞ, BirnS, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, TIO, ÖJ, ÖS.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, LB, MF, RG, SighB, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 875).

### *Framhaldsskólar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 355. mál (ráðningartími aðstoðarstjórnenda). — Þskj. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:01]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁÞ, BirnS, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvG, ÖJ, ÖS.

30 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, LB, MF, RG, SighB, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

### *Gjald af áfengi, 1. umr.*

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 815.

[17:01]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum. Frv. er 480. mál og er að finna á þskj. 815. Tillögur sem er að finna í frv. byggjast á niðurstöðum nefndar sem skipuð var fulltrúum fjmrn., heilbrrn., dómsmrn. og viðskrn. um nýja skipan í áfengis- og tóbaksmálum en nefnd þessi starfaði á síðasta ári. Í nefndinni sátu aðstoðarmenn viðkomandi ráðherra.

Tillögur þær sem nefndin setti fram miðuðu m.a. að því að eftirlit með dreifingu og markaðssetningu áfengis hér á landi verði aukið og spornað verði við neyslu áfengis og henni stýrt með gjaldtöku á viðkomandi vörur. Þessar tillögur koma fram í frv. því sem hér er mælt fyrir svo og öðrum frv. sem lögð hafa verið fram á Alþingi en þar er um að ræða frv. til nýrra áfengislaga en fyrir því mun hæstv. dómsmrh. væntanlega mæla á morgun, frv. til laga um breytingu á lögreglulögum sem sömuleiðis heyra undir dómsmrn. og loks frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem nýlega var sent til 2. umr. og viðkomandi hv. þingnefndar. Þessi þrjú frv. eru unnin samhliða af sömu mönnum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í umræddum frv. eru í fyrsta lagi að rekstur áfengisútsala verði háður eftirliti og sambærilegum skilyrðum og rekstur vínveitingastaða. Í öðru lagi að leyfisveitingar vegna innflutnings og heildsölu áfengis, svo og yfirumsjón eftirlits með allri verslun með áfengi, verði á vegum lögregluyfirvalda. Jafnframt verði leyfi til rekstrar vínveitingahúsa og áfengisútsala háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Í þriðja lagi að áfengi verði flokkað í þrjá flokka, þ.e. öl, létt vín og annað áfengi, og að tekið verði upp mishátt áfengisgjald eftir flokkum.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að áfengi verði flokkað í þrjá meginflokka við ákvörðun áfengisgjalds. Þar er um að ræða í fyrsta lagi öl, í öðru lagi vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur að hámarki 15% að styrkleika og í þriðja lagi annað áfengi. Tilgangurinn með slíkri flokkun er að löggjafarvaldinu sé kleift að beita mismunandi gjaldtöku á einstaka flokka áfengis og hafa þannig áhrif á neysluna — á verð og neyslu og beina henni frá þeim vörum sem út frá áfengisvarnasjónarmiðum þykja skaðlegri en aðrar.

Neyslustýringu af þessu tagi hefur verið beitt í ýmsum nágrannaríkjum okkar.

Ekki er lögð til breyting á gjaldi af öli að þessu sinni. Hins vegar er lagt til að áfengisgjald af víni, sem í daglegu tali er kallað léttvín, lækki um 10% frá því sem nú er, þ.e. fari úr 58,70 kr. í 52,80 kr. á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra áfengis. Gert er ráð fyrir að gjaldfrelsismörk, þ.e. 2,25 sentilítrar af vínanda í hverjum lítra áfengis verði óbreytt á víni. Áætlað er að útsöluverð á algengum tegundum af rauðvíni muni lækka um 5–6% við þessa lækkun á áfengisgjaldinu, svo dæmi sé tekið.

Af öðru áfengi en öli og víni er gert ráð fyrir að gjaldið lækki lítillega á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra áfengis eða úr 58,70 kr. í 57,50 kr. Hins vegar mun gjaldið leggjast á allt vínandamagn áfengisins, þ.e. að núverandi gjaldfrelsismörk sem eru 2,25 sentilítrar af vínanda í hverjum lítra áfengis falli brott. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að sú breyting muni leiða til nokkurrar hækkunar á áfengi. Hækkunin yrði mest á veiku áfengi, til að mynda áfengisblöndum og áfengum gosdrykkjum en með auknum styrkleika áfengis dregur úr áhrifum breytingarinnar.

Ég vil taka fram í þessu sambandi fyrir þá sem ekki þekkja til, að fyrir stuttu hófst innflutningur á gosdrykkjarvörum sem eru blandaðar áfengi, og miðað við það kerfi sem við notumst við til að verðleggja áfengismagnið, þá sluppu þessar tegundir betur en aðrar.

Áætlað er að áfengisgjald hækki um 60–90 kr. á hverja flösku af flestum tegundum áfengis. Gera má ráð fyrir að útsöluverð á algengum tegundum af vodka hækki um 3–4%. Þeirri breytingu er í fyrsta lagi ætlað að leiðrétta þá röskun er gjaldfrelsismörk, sem ég nefndi áður og eru 2,25%, þykja hafa á gjaldtöku af brenndu áfengi í þeim tilvikum sem áfengi hefur verið blandað með gosdrykk eða ávaxtasafa, en við það verður hlutfallslega stór hluti vínandamagns undanþeginn gjaldi.

Í annan stað þykir æskilegt út frá áfengisvarnasjónarmiðum að beina neyslu frá slíkum drykkjarvörum.

Í frv. er lagt til að gjald af áfengi sem flutt er inn til eigin nota verði hið sama og af áfengi sem er flutt inn í atvinnuskyni, þ.e. til endursölu. Samkvæmt gildandi lögum reiknast gjald af áfengi sem flutt er inn til eigin nota sem tiltekin fjárhæð á hvern lítra vörunnar. Gjaldið er óháð styrkleika þegar um öl eða vín er að ræða en af öðru áfengi hækkar gjaldið í þrepum við aukinn styrkleika. Mismunandi gjaldtaka af áfengi sem flutt er inn í atvinnuskyni annars vegar en til eigin nota hins vegar hefur haft í för með sér að umtalsverður munur er í mörgum tilvikum á gjaldtöku af sams konar vöru eftir því hvort hún er flutt inn til landsins í atvinnuskyni eður ei. Æskilegt þykir að samræma gjaldtökuna að þessu leyti.

Hvað varðar áhrif fyrrgreindra breytinga á tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi er gert ráð fyrir að lækkun á áfengisgjaldi af víni dragi úr tekjum ríkissjóðs um allt að 70 millj kr. á ári. Breyting á gjaldtöku af öðru áfengi en öli og víni leiðir á hinn bóginn til hækkunar á gjaldi af áfenginu. Ljóst er að tekjur ríkissjóðs munu aukast nokkuð við þá breytingu og má ætla að sá tekjuauki geti numið um 100–120 millj. kr. allt eftir því hve mikil áhrif þessi verðbreyting hefur. Í heildina má því gera ráð fyrir að tekjuaukning vegna breytinga á fjárhæð áfengisgjalds muni nema um 30–50 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að 0,3% af gjaldi af áfengi sem flutt er inn til sölu eða vinnslu eða sem svarar um 15 millj. kr. renni til áfengiseftirlits lögregluyfirvalda. Þeirri fjárhæð er ætlað að standa straum af nýjum verkefnum sem lögregluyfirvöldum er ætlað að sinna vegna áfengiseftirlits, m.a. eftirliti með birgðageymslum áfengisheildsala og sölu og dreifingu áfengis í vínveitingahús.

Í gildistökuákvæði frv. er kveðið á um brottfall laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt. Skemmtanaskattur hefur verið innheimtur af veitinga- og samkomuhúsum þar sem vínveitingar eru hafðar um hönd, kvikmyndasýningum og skemmtanahaldi sem aðgangur er seldur af. Skemmtanastarfsemi hefur tekið miklum breytingum frá því að lög nr. 58/1970 tóku gildi á sínum tíma. Veitinga- og samkomuhúsum sem bjóða upp á vínveitingar hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og eru þau jafnframt orðin fjölbreytilegri. Af þeim sökum þykja lög um skemmtanaskatt um margt vera orðin úrelt. Enn fremur eru lögin ekki talin uppfylla kröfur sem nú eru gerðar til skattlagningarheimilda þar sem þau fela ráðherra ákvörðun um skattlagningu. Í því sambandi má minnast á að samkvæmt framkvæmd á lögum um skemmtanaskatt hafa kvikmyndahús greitt skemmtanaskatt önnur en þau sem eru félagsheimili sem samkvæmt þeirri skilgreiningu hafa fengið lán úr Félagsheimilasjóði eða eru rekin á vegum samtaka eins og t.d. Tónlistarfélagsins, sjómannadagsráðs eða Sáttmálasjóðs Háskólans en í þeim tilvikum hefur samsvarandi upphæð og nemur skemmtanaskattinum verið haldið eftir hjá viðkomandi aðilum.

Innheimtur skemmtanaskattur til ríkisins hefur á undanförnum árum verið um það bil 70 millj. kr. á ári. Samkvæmt lögum nr. 58/1970 er skattinum ráðstafað til áfengis- og fíkniefnavarna en einnig rennur hluti hans til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Menningarsjóðs félagsheimila. Með skemmtanaskatti hefur einnig verið innheimt gjald í Menningarsjóð sem hefur verið um 10 millj. kr. á ári.

Frv. gerir ráð fyrir að tekjuaukning vegna hækkunar áfengisgjalds komi að hluta til í stað þeirra tekna sem ríkissjóður hefur haft af skemmtanaskattinum. Miðað er við að þær stofnanir sem notið hafa tekna af skemmtanaskatti samkvæmt fjárlögum fái áfram framlög úr ríkissjóði. Eins og áður segir hafa árlegar tekjur af skemmtanaskatti numið um 70 millj. kr. Auknum tekjum af áfengisgjaldi, sem gert er ráð fyrir að muni nema um 30–50 millj. kr. á ári, er ætlað að vega að hluta til upp tekjutap ríkissjóðs við afnám skemmtanaskattsins. Gera má því ráð fyrir að ríkið tapi nokkrum tugum milljóna á þessari breytingu ef reikningsaðferðir þær sem frv. byggist á standast.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að hér komi fram að mín skoðun hefur verið sú að gera eigi meiri breytingar en hér er lagt til og þá einnig breytingar á öðrum lögum, lögum um verslun með áfengi og áfengislögunum sjálfum. Ég tel að einkarétt ríkisins til innflutnings og heildsöludreifingar á tóbaki eigi að afnema og í stað álagningar ÁTVR á tóbak verði gjald af tóbaki innheimt í tolli á sama hátt og áfengisgjald. Gert er ráð fyrir þeim breytingum í frv. sem ég lagði upphaflega fram í ríkisstjórninni en jafnframt var gert ráð fyrir að gjaldtaka á tóbaki mundi aukast og tóbak þannig hækka í verði. Ég vil taka þetta sérstaklega fram en um það er samkomulag á milli stjórnarflokkanna að leggja frv. fram með því sniði sem hér er en eins og gefur að skilja í samsteypustjórn og þar sem menn ætla að vera saman í hóp verður auðvitað að taka tillit til allra sjónarmiða og fara eins hægt í breytingar og sá sem hægast vill fara.

Enn fremur, virðulegi forseti, var ég hlynntur hugmyndum sem komu fram við undirbúning þessara frv. í undirbúningsnefndinni um að einkaréttur ÁTVR til smásölu á áfengi yrði afnuminn.

Ég taldi eðlilegt að í stað einkaréttar ÁTVR kæmu almennar reglur sem t.d. yrðu notaðar við að veita vínveitingaleyfi hjá þeim sem reka vínveitingastaði og að ekki sé óeðlilegt að sömu reglur gildi um sölu á áfengi út úr búð að degi til. Því miður náðist ekki samstaða um þessar breytingar heldur í hæstv. ríkisstjórn að þessu sinni og því fela tillögur frv. þess sem hér er til umræðu ekki í sér jafnmiklar breytingar í áfengis- og tóbaksmálum og ég hefði talið eðlilegar. Ég tek að sjálfsögðu fram að ég styð frv. eins og það kemur fram nú en taldi rétt að láta þetta heyrast hér vegna þess að ég hef áður úr þessum ræðustól lýst skoðunum mínum á þessum málum og meira að segja tvívegis áður flutt frv. til breytinga á tóbaksmálunum með það í huga að lagt sé á sérstakt tóbaksgjald. Ég vil taka fram í því sambandi af því að nokkur misskilningur er á ferðinni að hvergi á Norðurlöndum er um að ræða einkaleyfi ríkisins til innflutnings og dreifingar á tóbaki. Þar sem það þekkist er það yfirleitt vegna þess að menn eru að verja innlendan tóbaksiðnað eins og t.d. í Frakklandi.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir efnisatriðum þessa lagafrv. sem hér hefur verið lagt fram um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, og ég legg til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[17:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það er nokkur galli á skipulagningu hér hvernig til hefur tekist að ekki skuli gefast kostur á að ræða í samhengi öll þau frv. sem eru á dagskrá í þinginu um þessar mundir og tengjast tilhögun áfengissölu, þ.e. hvernig staðið er að áfengis- og vímuefnavörnum og þeim breytingum á áfengisgjaldtöku og flokkun áfengra drykkja sem heyra undir þetta frv. hæstv. fjmrh. Þá bíður umræðu þingmannafrumvarp sem er flutt af mér og hv. þm. Ögmundi Jónassyni og fjallar um breytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar og tekur til breytinga á tvennum lögum,

þ.e. áfengislögum og lögum um verslun með áfengi og tóbak. Ég hafði gert mér vonir um að þannig mætti standa að skipulagningu þingstarfanna að þessum málum öllum mætti safna saman og hafa hér góðan dag um umræður um þessi mikilvægu mál öll saman. En nú virðist ætla að takast þannig til að þau verði rædd í fernu lagi, þ.e. í eins mörgum pörtum og hægt er að ræða þau. Mér er tjáð að frv. okkar þingmanna verði á dagskrá á morgun og síðan verði frv. hæstv. dómsmrh. á dagskrá á fimmtudaginn en frv. hæstv. heilbrrh. var á dagskrá í síðustu viku. Og því verður þetta ekki slitið í fleiri parta.

Ég ætla að reyna til skilgreiningar í umræðunum að halda mig við það sem snýr að þeim hluta þessa máls sem er á verksviði hæstv. fjmrh. Nú er ljóst að efni þessara þriggja stjórnarfrv. er eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra tengt. Það er angi af vinnu á vegum hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum þar sem fjögur ráðuneyti komu við sögu og niðurstaðan er þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. í frv. um áfengis- og vímuvarnaráð og í breytingum á áfengislögum sem einnig liggja hér fyrir í stjórnarfrv.

Ég vil fyrst segja um efni þessa frv. að ég tel reyndar að þær breytingar á þessum afmarkaða hluta málsins séu að mörgu leyti eðlilegar og jákvæðar, þ.e. það sem snýr að flokkun áfengra drykkja og vissum verðlagningarbreytingum sem hér eru boðaðar. Við það geri ég í sjálfu sér ekki miklar athugasemdir. Menn hafa almennt verið á þeirri skoðun að það væri að breyttu breytanda skynsamlegt að reyna að færa gjaldtökuna nokkuð til, smátt og smátt, þannig að henni væri frekar létt af léttari drykkjunum en þyngd þá á þeim sterkari. Þetta er breyting í þá átt ef ég hef skilið rétt.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því sem mér sýnist að sé hugsanlega ágalli á framsetningunni eða a.m.k. að þar geti verið um visst gat að ræða í flokkuninni, þ.e. spurningin um áfenga gosdrykki sem ýmsir hafa miklar áhyggjur af að muni ganga yfir hér sem farsótt eins og gerst hefur víða í nágrannalöndunum og það er auðvitað alveg ljóst til hvaða markhóps er þar alveg sérstaklega verið að höfða. (**Fjmrh.:** ... í framsöguræðunni.) Ég geri mér grein fyrir því. En það sem ég ætlaði að spyrja að og kannski hefur komið fram í ræðu ráðherra en ég ekki náð að átta mig á eða öllu heldur sýndist mér við fyrsta lestur að hér væri fyrst og fremst settur á réttan stað sá hluti áfengra gosdrykkja sem búinn er til með *eimuðum vínanda, þ.e. þegar um er að ræða framleiðslu á* grundvelli eimaðs vínanda. En nú er mér tjáð að einnig geti verið um að ræða áfenga gosdrykki þar sem vínandinn er tilkominn með gerjun og þá er spurningin hvernig á að taka á því ef ætlunin er að ná utan um þennan drykkjarflokk allan og hafa hann skattlagðan jafnmikið og fullkomlega virðist vera ástæða til. Þetta atriði kann að hafa verið skýrt betur í framsöguræðu hæstv. fjmrh. en gert er í greinargerð frv. og það þá farið fram hjá mér. Mér er ljóst að miðað við þá uppsetningu sem hér er valin milli léttra drykkja, þ.e. öls í fyrsta lagi, víns og annarra gerjaðra drykkjarvara sem að hámarki innihalda 15% og hins vegar hinna og áfengra gosdrykkja þegar um eimaðan vínanda er að ræða, þá er kannski ekki auðvelt að koma því fyrir að halda öllum gosdrykkjaflokknum þarna í einum hópi en það væri nú samt tvímælalaust þörf á að reyna að gera það og útfæra það einhvern veginn.

Svo vil ég ræða, herra forseti, aðra þætti sem tengjast þessum áfengisfrv. og vinnu og niðurstöðu eða stefnumótun á vegum hæstv. ríkisstjórnar ef því má það nafn gefa og birtist okkur hér svo brotakennt að þess sér stað í mismunandi frv. Það eru í fyrsta lagi þær fréttir sem komið hafa af *nefndarskipan hæstv. ráðherra, en það hefur orðið fréttnæmt* að hæstv. ráðherra hefur skipað sérstaka nefnd til að, að því er mér skilst, vinna að endurskoðun á því sem kallað er reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Fyrir þessari nefnd fer enginn annar en aðstoðarmaður hæstv. ráðherra. Það hefur jafnframt komið fram að ætlunin sé að starfa mjög hratt og vel að þessu máli og að nefndin eigi að ljúka störfum sem fyrst og er þá vísað í að verið sé að gera hér ákveðnar breytingar og þess vegna þurfi að gera þessa breytingu á reglugerðum um fyrirtækið eða stofnunina Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Síðan hefur komið fram annars staðar, þar á meðal liggur það fyrir t.d. í fundargerð sem ég hef undir höndum frá verkstjórafundi í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — hún mun vera samkvæmt nýjum upplýsingalögum opinbert plagg ef eftir er leitað þannig að ekki þarf að vandræðast neitt með að vitna í það hér — að á þeim fundi var upplýst að megintilgangur endurskoðunarvinnu á reglugerðinni um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — það glittir reyndar í það sama í umfjöllun fjölmiðla, t.d. blaðsins Dags — væri að athuga hvernig nýta megi heimildir laga um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins til að losa um þau verkefni sem Áfengis- og tóbaksverslunin hefur með höndum. Nú muna menn hvernig frá þessu er gengið í nefndum lögum um fjárreiður ríkisins. Þar er hin fræga 30. gr. þar sem talað er um að heimilt sé ráðherra með samþykki fjmrh., sem er einfalt mál ef sá hinn sami á í hlut, sá veitir væntanlega sjálfum sér samþykki — að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni sem undir ráðuneytið heyri o.s.frv. Þessi grein sem oft er kölluð einkavæðingargreinin, bakdyramegin í fjárreiðulögunum, var mjög til umræðu hér á sínum tíma og nú hefur komið fram að það er beinlínis vitnað í þessar heimildir þegar verið er að segja frá þessu starfi sem ráðherra hefur þarna sett af stað. Þetta gefur tilefni til spurninga: Er ætlunin að fara í breytingar á tilhögun áfengisverslunarinnar, smásöludreifingar á áfengi í landinu án þess að þær breytingar séu þó boðaðar eða lagðar til í lagafrv.? Á að fara einhverja fjallabaksleið í þessu máli? Hvað er á dagskrá í þessu nefndarstarfi? Fær efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar upplýsingar úr þessu nefndarstarfi og verður sú reglugerð sem þarna er boðað að standi til að endurskoða lögð fyrir efh.- og viðskn. í drögum áður en hún verður afgreidd?

Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ég tel að engar heimildir séu á grundvelli 30. gr. fjárreiðulaganna til að einkavæða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sökum þess að engar slíkar fyrirætlanir hafa verið löglega kynntar, samanber síðustu málsgrein 30. gr. Vísa ég þá ekki síst í það að stjórnarliðar sem vörðu þessa grein á sínum tíma í umræðum í þinginu, þingmenn eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson og Jón Kristjánsson, varaformaður og formaður fjárln., vísuðu alveg sérstaklega í þessa síðustu málsgrein, að í athugasemdum með fjárlagafrv. skuli gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætluðum kostnaði o.s.frv. og jafnframt skuli gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af slíkum samningum. Þessu skilyrði hefur það ég best veit ekki verið fullnægt hvað varðar stöðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á yfirstandandi fjárlagaári og þar með lít ég svo á að heimildir 30. gr. séu ekki fyrir hendi hvað þetta nefndarstarf snertir og það hljóti því að vera á misskilningi byggt að verið er að vísa í fjárreiðulögin hvað

varðar endurskoðunarstarf nefndar undir forustu aðstoðarmanns fjmrh., Steingríms Ara Arasonar. En það er eðlilegt við þessa umræðu, af því að í hlut á frv. frá hæstv. fjmrh. sem tengist þessum málum, að hæstv. ráðherra svari fyrir þetta. Vonandi kemur þá fram að það hafi verið á misskilningi byggt að til standi að gera nokkrar breytingar á þessum málum, a.m.k. ekki á yfirstandandi ári. Enda mundi það ekki, miðað við það sem maður hefur heyrt af niðurstöðu stjórnarflokkanna í þessum málum, samræmast því sem ég hef tekið að væri samkomulag þeirra, þ.e. að á þessum hlutum yrðu ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar, hvorki hvað varðar sölutilhögun á áfengi né tóbaki. Mér hefur a.m.k. verið tjáð að það hafi verið niðurstaðan af starfi stjórnarflokkanna og ég trúi því að sjálfsögðu ekki upp á hæstv. fjmrh. að hann fari að reyna að laumast neitt bakdyramegin og koma aftan að samstarfsflokki sínum í ríkisstjórn með því að læða breytingum engu að síður í gegn með einhverjum svona aðferðum.

Annað sem ég vil gera að umtalsefni, herra forseti, er að það er nokkuð sérkennilegt að verða hversu á tvist og bast í lagasafninu þessi fyrirmæli eru, að það skuli þurfa að gilda mörg lög í mörgum bútum, ein um Áfengis- og tóbaksverslunina sjálfa, önnur um verslun með áfengi og tóbak, þau þriðju um gjöld á áfengi og að það þurfi að vera fjórir brennivínsmálaráðherrar í einni og sömu ríkisstjórninni eins og þetta er núna. Auðvitað þyrfti að vinna að því að sameina og samræma þessi ákvæði í eina heildstæða löggjöf eða a.m.k. þannig að ekki heyrðu margir lagabálkar undir hvern einasta ráðherra í þessu efni.

Ég vil taka upp við hæstv. fjmrh., og þó fyrr hefði verið, störf stjórnar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hæstv. ráðherra hefur skipað á grundvelli ákvæða sem lætt var inn í lög um Áfengis- og tóbaksverslunina á vordögum árið 1995, frekar en 1996 ef ég man rétt. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég tel að þingmenn hafi verið blekktir þegar þeirri heimild til stjórnarskipunar yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins var lætt inn. Þá vísa ég bæði til þess hvernig hæstv. fjmrh. fjallaði um þau mál en ekki síður til þess hvernig formaður efh.- og viðskn. taldi mönnum trú um að ekkert annað stæði til en að setja sakleysislega og faglega rekstrarstjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þetta sagði sá mæti maður í efh.- og viðskn. þegar hann var að selja mönnum breytingarnar og í ræðustóli á Alþingi ef ég man rétt. Þarna er komið aftan að mönnum, a.m.k. eins og stjórnin hefur síðan valið að starfa. Nú kann að vera að hún hafi tekið sér vald og farið út fyrir það verksvið sem þeir ágætu menn ætluðu henni í upphafi, formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og hæstv. fjmrh., og þá er það sök stjórnarinnar en ekki þeirra. Eins og þetta snýr að okkur þingmönnum, sem voru kynnt þessi áform á sínum tíma, hafa hlutirnir farið allt öðruvísi en stofnað var til. Hvað á ég þar við, herra forseti? Jú, ég á við að það er að sjálfsögðu ekki nein venjuleg rekstrarstjórn eða fagleg stjórn yfir fyrirtæki sem tekur sér fyrir hendur að móta áfengisstefnu í landinu og gera tillögur um að gerbreyta skuli einu veigamesta grundvallaratriði þeirrar aðhaldssömu stefnu á þessu sviði sem við Íslendingar höfum fylgt, þ.e. sjálfum einkarétti ríkisins á smásöludreifingu áfengis en það hefur stjórnin gert eða a.m.k. stjórnarformaðurinn. Hann hefur komið í fjölmiðla og talað fyrir þeirri framtíðarsýn að leggja fyrirtækið í raun niður sem viðkomandi stjórn var þó sett til að stjórna, veita faglega og rekstrarlega forustu fyrir. Hvergi stendur að stjórnin eigi að upplifa það sem hlutverk sitt að leggja niður eða eyðileggja innan frá fyrirtæki sem hún á að stjórna að nafninu til en þannig birtist þetta mér. Mér er ljóst að þetta eru stór orð en ég tel vera innstæður fyrir þeim, herra forseti. Það er afar sérkennilegt svo ekki sé meira sagt hvernig stjórnin hefur birst bæði okkur þingmönnum, sem áttum þátt í því á sínum tíma að heimildir til að setja hana á laggirnar komu inn í lög, og ekki síður starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækisins þó að það sé annarra en mitt að skýra nánar frá því.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, herra forseti, að fyrirkomulaginu þurfi að breyta og auðvitað var það stórkostlegt álitamál á þessum tíma hvort nokkur þörf var fyrir svona stjórn frekar yfir þessu ríkisfyrirtæki en öðrum, hvort ekki var einfaldlega eðlilegast að þetta væri hrein og klár ríkisstofnun með þeim hætti að hún heyrði undir viðkomandi ráðherra eins og verið hafði og eins og gildir enn um margar aðrar stofnanir en ef slík stjórn væri sett á laggirnar á annað borð ætti hún að sjálfsögðu að vera þingkjörin stjórn. Vel kæmi til greina að aðild að henni eða a.m.k. áheyrnaraðild fyrir utan starfsmenn gætu þá átt yfirvöld áfengismála að öðru leyti, t.d. áfengisvarnaráð eða áfengis- og vímuvarnaráð. Því ekki það? Í samræmi við þann yfirlýsta tilgang með þessu fyrirkomulagi að hann sé hluti af aðhaldssamri áfengisstefnu stjórnvalda, þ.e. heilbrigðis- og félagslegum markmiðum sem þarna tengjast.

Við leggjum til í frv. okkar, herra forseti, að stjórninni verði gerbreytt og ef það frv. kemur á dagskrá á morgun getum við vonandi rætt það undir þeim lið en mér finnst eðlilegt að um leið og hæstv. fjmrh. er til svara fyrir sinn hluta af brennivínsmálapakka hæstv. ríkisstjórnar svari hann fyrir þessa hluti og ekki eru önnur tækifæri betri til að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um þetta en það sem hér gefst. Ég vona því að hæstv. ráðherra geti gefið einhver svör við þessum spurningum.

[17:35]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég tel að við séum að fjalla um mjög gott frv. í dag. Samkvæmt frv. á að vera mun auðveldara að beita gjaldtöku til neyslustýringar. Möguleiki verður á að hækka sterku vínin sem er að mörgu leyti óæskilegt að menn neyti í óhófi en léttu vínin eiga að lækka í verði og ég tel mjög æskilegt að stýra neyslunni þannig. Almenn skynsemi segir manni það.

Maður hefur líka séð hvaða áhrif verðstýring hefur haft á tóbaksneyslu. Þar hefur tekist mjög vel til að mínu mati. Allar kannanir sýna að þegar tóbak er hækkað í verði minnkar neysla þess.

Mig langar hins vegar að nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjmrh. af hverju ekki var stigið lengra skref, þ.e. af hverju verð á bjór var ekki líka lækkað. Við höfum oft heyrt að bjór á Íslandi sé frekar dýr miðað við það sem er í nágrannalöndum okkar. Hjá ferðamannaþjónustunni hefur verið kvartað talsvert undan bjórverði og er talið að það skaði ímynd landsins út á við gagnvart ferðamönnum. Ég veit svo sem ekki hve mikið er til í því en eitthvað væntanlega og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki verið skoðað. Mér fannst eins og hæstv. ráðherra gæfi í skyn að þetta væri einungis fyrsta skrefið núna og það gæti þá hugsanlega komið til greina að lækka bjórinn í framhaldinu og ég hefði áhuga á að fá að vita aðeins meira hvað hæstv. ráðherra átti við með því. Ég held að það væri mjög æskilegt að bjórinn lækkaði.

Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á eftirlit í framsögu sinni. Af því tilefni bendi ég á að um 15 millj. eiga að renna í áfengiseftirlit því að 0,3% af áfengisgjaldinu fer í áfengis- og tóbakseftirlit. Af því tilefni langar mig að nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra að því hvort honum sé kunnugt um að áfengi sé selt frá heildsölum beint til neytenda, þ.e. yfir borðið hjá heildsölunum en ekki í gegnum ÁTVR-búðirnar eins og á að gera. Því hefur verið haldið fram af einstaka aðilum að þetta viðgangist. Það er ótrúlegt en mig langar að heyra hvort hæstv. ráðherra þekkir til slíkra dæma.

Í svari sem hæstv. fjmrh. lagði fram í þinginu við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar um eftirlit með áfengissölu kemur fram að fjmrn. hafi falið embætti ríkisskattstjóra með bréfi 15. apríl 1997 á síðasta ári að annast úttekt á því hvort starfsemi aðila, sem höfðu fengið leyfi til innflutnings og dreifingar á áfengi, væri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 585/1995, um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort þessu bréfi til ríkisskattstjóra hafi verið fylgt eitthvað eftir, hvort eitthvað hafi komið út úr bréfaskriftunum, hvort gerð hafi verið einhvers konar rassía til að athuga hvort heildsalar séu að selja beint yfir borðið til neytenda eins og einhverjir hafa haldið fram.

Vegna þeirra orða sem féllu í lok ræðu hæstv. fjmrh. um að það væri skoðun hans að það ætti að einkavæða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þ.e. að taka tóbak og áfengi út úr ÁTVR og leggja áfengissöluna niður, vil ég freista þess að skýra aðeins frá sjónarmiðum Framsfl. í því sambandi. Varðandi tóbakið sem við skoðuðum mest fyrir stuttu var samþykkt á síðasta flokksþingi að stefna bæri að því að heildsala á tóbaki ætti áfram að vera í höndum ÁTVR. Sú samþykkt kom að einhverju leyti í kjölfarið á umræðum sem voru þá í þjóðfélaginu sem sköpuðust vegna reglna hæstv. fjmrh. sem voru settar um aðgengi nýrra tóbakstegunda á markaðinn en þær reglur voru að margra mati mun rýmri en æskilegt var vegna þess að nýjar tegundir kalla á nýja neytendur. Rannsóknir sýna að þegar nýjar tóbakstegundir koma á markaðinn byrjar ungt fólk að reykja þær og einungis 2% af tóbaksneytendum skipta um tegund. Nýjar tegundir útheimta nýja neytendur og þess vegna var mjög æskilegt að þær reglur, sem settar voru um aðgengi nýrra tegunda, væru mjög strangar. Reyndar skildist manni þegar reglurnar voru settar að stjórn ÁTVR vildi hafa þær þrengri en niðurstaðan varð á endanum. Þetta skapaði ákveðna óánægju, sérstaklega hjá þeim sem hafa forvarnir í fyrirrúmi, og var aðdragandi að því að Framsfl. ályktaði um að stefna bæri að því að heildsala tóbaks yrði áfram í höndunum ÁTVR.

Ef við skoðum fordæmi sjáum við að þegar heildsala áfengis fluttist frá ÁTVR virðist vera að einhvers konar hvati hafi orðið hjá heildsölum til að selja áfengi. Það varð meiri hvati. Ég varð vitni að því á veitingastað sem ég fór á að ung kona gekk um sali með áfengi í tanki á bakinu og hellti í glös hjá fólki sem þar var. Nafnið á ákveðinni áfengistegund stóð flennistórum stöfum á tunnunni sem unga konan dældi úr. Þarna var að sjálfsögðu um óbeina auglýsingu að ræða þannig að það er ákveðin hætta þegar heildsalan flyst frá ÁTVR að það verði hvati til þess að selja meira. Þetta óttast maður að vissu leyti að ef tóbakið fer frá ÁTVR verði það meiri hvati til þess að selja tóbakstegundirnar.

Mig langar til að nota tækifærið í þessu sambandi og spyrja hæstv. fjmrh. hvort komi til greina að hækka tóbakið enn frekar. Ákveðið átak hefur verið gert í því. Sem betur fer hefur tóbakið verið hækkað en margir hefðu viljað meiri hækkanir og að sjálfsögðu til þess að fá frekara fjármagn til forvarna og að reyna að stýra neyslunni og minnka reykingar. Það virðist vera eins og að margir séu að hætta reykingum í dag, maður finnur ákveðinn straum í samfélaginu. Mikið er selt af alls konar tyggjói með nikótíni og öðrum hjálpartækjum til að hætta að reykja. Maður sér líka að tóbaksvarnanefndin er að vinna mjög gott starf undir formennsku Þorsteins Njálssonar heimilislæknis og Þorgrímur Þráinsson hefur verið ráðinn sem framkvæmdarstjóri þar og það er verið að vinna mjög gott starfi í þessu ráði. Það er eins og það sé að byrja smávakning þannig að maður spyr sig: Er möguleiki á að hækka tóbakið meira til að stuðla enn frekar að því að fólk hætti að reykja?

Í Noregi kostar sígarettupakkinn mun meira en á Íslandi þrátt fyrir hækkanirnar. Ég tel að við þyrftum að athuga hvort við ættum ekki að hækka tóbakið enn frekar og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það komi til greina síðar á árinu, á miðju ári eða eitthvað slíkt.

Hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni hugmyndir sínar um einkavæðingu ÁTVR og tók það sérstaklega fram að samstarfsflokkurinn væri ekki á sömu skoðun. Hann sagði að vagninn færi ekkert hraðar en sá sem hægast vildi fara. Það er svo sannarlega rétt. Ákvarðanir okkar um ÁTVR og þessi áfengismál eru auðvitað hápólitískar. Ég vil að vissu leyti taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, varðandi stjórn ÁTVR. Það hefur verið ankannalegt að fylgjast með því starfi sem sem átti að vera rekstrarstjórn en þar hefur verið lögð fram ákveðin stefna sem er hápólitísk. Það er hápólitískt að ákveða hvernig þessum málum verði fyrir komið.

Ég minni á að Framsfl. fer með heilbrrn. Hæstv. heilbrrh. er samkvæmt lögum yfirmaður forvarna á Íslandi. Það er því ekki skrýtið þótt Framsfl. sé sérstaklega umhugað að gæta að forvörnum hér í landinu.

Að lokum langar mig að minna stjórnarandstöðuna, sem notar nú hvert tækifæri til þess að fara með þær rangfærslur að Framsfl. hafi engin áhrif í þessari ríkisstjórn og Sjálfstfl. ráði öllu. Það er alrangt. Eins og menn sjá hér þá hefur fullt tillit verið tekið til skoðana Framsfl. varðandi fyrirkomulag áfengis- og tóbaksmála í landinu.

[17:47]

**Útbýting þingskjals:**

Heimkoma háhyrningsins Keikós, 505. mál, fsp. SF, þskj. 872.

[17:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég held að eftir eigi að láta á það reyna að hvaða marki verði tekið tillit til sjónarmiða Framsfl. í þessu máli. Hið sama gildir reyndar um ýmis önnur sem eru á borði ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um gjald af áfengi. Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar um gjald á áfengi. Talað er um flokkun í þrjá flokka og að upp verði tekið mishátt áfengisgjald eftir flokkum.

Í grg. með frv. er vísað til þess að samhliða fyrirhugaðri lagasetningu eru lögð fram önnur frv. þar sem kveðið er á um ýmsar breytingar í áfengismálum hér á landi. Helstu frv. sem hér er vísað til eru í fyrsta lagi að rekstur áfengisútsala verði háður eftirliti og sambærilegum skilyrðum og rekstur vínveitingastaða. Í öðru lagi að leyfisveitingar vegna innflutnings og heildsölu áfengis og yfirumsjón eftirlits með

allri verslun með áfengi verði á vegum lögregluyfirvalda. Jafnframt verði leyfi til rekstrar vínveitingahúsa og áfengisútsala háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Þetta frv. er hluti af annarri lagasmíð og stærri sem ætlað er að taka á skipulagi þessara mála í víðari skilningi en hér er gert. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að eðlilegra hefði verið að ræða þessi mál öll saman og í heild sinni.

Það er ástæða til að vera á varðbergi þegar hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hreyfir við lagasetningu um ÁTVR. Ástæðan er öllum þingheimi kunn. Hún er sú að í allri lagasetningu sem hæstv. fjmrh. hefur staðið fyrir og snertir ÁTVR hefur verið gerð tilraun til þess að grafa undan Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og einkavæða starfsemina. Hæstv. fjmrh. er heiðarlegur maður og leynir hvorki Alþingi né landsmenn þessum ásetningi sínum. Áðan ræddi hann um að hann hefði viljað fara lengra en samstarfsflokkurinn, Framsfl., leyfir honum í þessu efni.

Staðreyndin er sú að af áfengis- og tóbakssölu er mikill ágóði og peningalyktin hefur borist til Verslunarráðs Íslands. Og það er fyrir hagsmunum Verslunarráðsins sem hæstv. fjmrh. fer. Hann gengur erinda Verslunarráðsins í þessu efni. Ég leyfi mér að efast um það að sagan muni dæma hæstv. fjmrh. á hagstæðan hátt þegar hann ræðir um það að fara hratt annars vegar og hægt hins vegar í þessum efnum. Hann sagðist vilja komast hraðar en Framsfl. leyfir honum.

Þegar litið er til þeirra sem eru framsæknastir á þessu sviði, t.d. í Bandaríkjunum, þá reyna menn þar að setja skorður við áfengis- og tóbaksnotkun í miklu ríkari mæli en við erum að gera hér. Á veitingastöðum í New York eru reykingar t.d. bannaðar. Sams konar bann á að taka upp í Kaliforníu, til verndar starfsfólki sem vinnur á veitingastöðum. Ekki einungis hafa menn skoðað heilsufar einstaklinganna heldur tilkostnað samfélagsins í þessu samhengi.

Að mínum dómi er það því mikill misskilningur hjá hæstv. fjmrh. ef hann telur að það að þjóna hagsmunum Verslunarráðsins og einkavæða þessa starfsemi sé að stefna hraðbyri til framtíðar. Þetta er mikill misskilningur. Hann er í forsvari fyrir afturhaldssöm sjónarmið. Í þessu tilviki heldur Framsfl. fram hinum framsæknu sjónarmiðum. Ég fagna því hve fast Framsfl. hefur staðið á málum varðandi tóbakið. Eins og hæstv. fjmrh. sagði þá hefði hann viljað einkavæða alla þá verslun.

Til er tvenns konar fyrirkomulag varðandi dreifingu á áfengi og tóbaki og það eru tvenn sjónarmið sem liggja til grundvallar. Annars vegar það sjónarmið að þetta eigi að tengja heilbrigðisstefnu, reyna að stuðla að aðhaldssemi eða hófsemd eins og segir í 1. gr. frv. sem liggur fyrir Alþingi og kemur að öllum líkindum til umræðu á morgun eða fimmtudag. Í 1. gr. frv. til áfengislaga segir, með leyfi forseta: „Tilgangur laga þessara er að miða að hófsemd í meðferð áfengis." Hér er um dreifingu og fyrirkomulag á áfengissölu í landinu að ræða. Þetta er sú stefna sem við höfum fylgt á Íslandi.

Hins vegar er til annars konar fyrirkomulag. Það er að fela markaðnum dreifingu á þessari vöru eins og annarri. Einkavæðing þessarar starfsemi er einmitt það sem vakir fyrir hæstv. fjmrh.

Hafa menn einhverjar efasemdir um það að markaðurinn muni standa sig vel í að koma áfengi og tóbaki á framfæri? Nei, síður en svo. Það er ástæða þess að menn hafa efasemdir um að fela markaðnum algjörlega dreifingu á þessum vörum. Markaðurinn yrði duglegri við að troða brennivíni ofan í landsmenn og fá þá til þess að reykja en gert er með því fyrirkomulagi sem við búum við. Þetta er ástæða þess að við höfum þetta á vegum opinberra aðila. Við viljum ekki virkja markaðslögmálin þegar kemur að dreifingu á áfengi og tóbaki.

Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson talar fyrir markaðsvæðingu þessa og allar götur frá alþingiskosningum árið 1995 hefur hann róið að því öllum árum. Hann byrjaði á því að losa um innflutning á áfengi til landsins. Hér voru haldnar miklar og langar ræður og höfð uppi varnaðarorð. Menn sögðu t.d. að þetta mundi leiða til þess að eftirlit með áfengissölu yrði erfiðara, það yrði torveldara að fylgjast með áfengissölu í landinu.

Öll þessi varnaðarorð hafa gengið eftir. Eftirlit með áfengissölu í landinu er í algjörum molum. Þetta fæst staðfest í svari fjmrn. við fsp. sem ég setti fram fyrir nokkrum vikum síðan og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vísaði í hér áðan.

Þar kemur fram að eftirlit með áfengissölu í landinu er algjörlega í molum. Enda segir í svari hæstv. fjmrh.:

„Að lokum skal tekið fram í tilefni af fyrirspurninni að um nokkurt skeið hefur verið talið að nauðsyn bæri til að efla og skipuleggja betur eftirlit með dreifingu á áfengi innan lands. Ekki er síst talin þörf á að styrkja þann lagagrundvöll sem eftirlit byggist á og færa það undir lögregluyfirvöld."

Eftirlitið er í molum og nú eru menn að velta því fyrir sér hvernig þeir geti smíðað nýjar reglugerðir og ný lög til þess að koma á raunhæfu eftirliti með áfengissölu í landinu. Vegna þess að það er alveg rétt sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði um. Hún staðhæfði það reyndar ekki en spurði hvort fjmrh. væri kunnugt um að heildsalarnir væru farnir að selja áfengi yfir borðið, ekki aðeins til veitingahúsa, heldur til annarra kúnna. Hún spurði hvort fjmrh. væri kunnugt um að þetta væri gert.

Í svari fjmrn. kemur fram að þörf sé á að gera stórátak í þessum efnum. Það þarf að virkja lögregluna, smíða nýjar reglugerðir og hugsanlega setja ný lög. Og hvers vegna? Vegna þess að það sem við vöruðum við vorið 1995 reyndist rétt. Sú breyting sem þá var gerð var að okkar áliti til þess að eftirlitið færi í mola. Og það hefur gerst. Þetta var mjög einfalt mál hér áður fyrr. Hver einasta brennivínsflaska sem kom til landsins var merkt. Hver einasta flaska sem fór inn á veitingastað hafði þetta merki. Ef hún hafði það ekki þá var það smygl.

Nú er ekkert hægt að fylgjast með þessu. Það er hægt að senda lögregluna á staðinn og hugsanlega hægt að smíða nýjar reglugerðir og ný lög til að koma böndum yfir þessa starfsemi. Hér í svari fjmrn. er viðurkennt að þörf sé á slíku. Eftirlit með áfengissölu í landinu er í molum. Varnaðarorð okkar reyndust rétt.

En það er ekki nóg með þetta. Fyrir því eru engin takmörk hve langt hæstv. fjmrh. hefur reynst viljugur að ganga til að torvelda starfsemi ÁTVR og grafa undan þeirri stofnun. Gera menn sér t.d. grein fyrir því, þegar verið er að tala um það hér í greinargerð með frv. að það sé þörf á að rýmka möguleika sveitarfélaga og landsbyggðarinnar til að fá útsölur, að það er hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson sem staðið hefur í vegi fyrir því? Gera menn sér grein fyrir því að hann hefur staðið í vegi fyrir því að ýmsir staðir á landsbyggðinni fengju áfengisútsölur? Gera menn sér almennt grein fyrir þessu? Til hvers halda menn að þetta sé gert? Það er til að sverta þessa

starfsemi og þessa stofnun. Til þess að fá fólk andvígt henni, til að snúa landslýð gegn stofnuninni þannig að Verslunarráðið fái betur komist yfir þessa starfsemi. Þetta er ástæðan fyrir þessu og hverjir skyldu það vera sem vilja rýmka hér um? Það er sá sem hér stendur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og við munum tala fyrir okkar frv. á fimmtudag eða föstudag. Það er hæstv. fjmrh. sem hefur staðið í vegi fyrir sjálfsögðum réttindum landsbyggðarinnar í þessu efni.

*En það er ekki nóg með þetta — og nú ætla ég að gerast nokkuð stóryrtur.* Hæstv. fjmrh. hefur skipað stjórn sem er sett til höfuðs ÁTVR. Þetta eru stór orð en ég stend við þau. Á einum fyrsta fundi sem boðað var til með starfsmönnum stofnunarinnar var greint frá því að til stæði að leggja þessa starfsemi niður. Þetta er enginn einfaldur rekstraraðili. Þetta er aðili sem lítur á sig með pólitískt hlutverk, enda hefur oft verið vísað til þess að þar sé farið að vilja hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar um að einkavæða starfsemina. Og nú síðast hefur það fengist staðfest eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að áðan og vitnaði í fundargerð með verkstjórum ÁTVR þar sem segir að sú endurskoðunarnefnd sem á að skoða reglugerðir um ÁTVR eigi að athuga hversu nýta megi heimildir laga um ÁTVR og laga um fjárreiður ríkisins til að losa um þau verkefni sem ÁTVR hefur nú með höndum. Auðvitað var það þetta sem vakti fyrir þeim þegar þeir festu í lög, í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, heimildarákvæðið sem við ræddum hér nokkur úr þingflokki Alþb. og óháðra og vöruðum við því að gefa hæstv. fjmrh. heimild til að ráðskast með eigur ríkisins með þeim hætti sem hann ætlar að reyna að gera.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á að ummæli formanns fjárln. og varaformanns fjárln. væri að finna sem gæfu tilefni til að ætla að hæstv. fjmrh. kæmist ekki upp með þetta. Það er vonandi að svo sé. Það er þetta sem ég á við þegar ég sagði í upphafi máls míns að vonandi reynist hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sannspá um það að Framsfl. geti staðið í vegi fyrir þeim áformum hæstv. fjmrh. að einkavæða ÁTVR bakdyramegin. Það er það sem verið er að reyna að gera. Það er ekkert einsdæmi að Sjálfstfl. skipi nefndir til höfuðs stofnunum, það hefur oft gerst. Iðulega hafa verið settir í útvarpsráð fulltrúar peningafrjálshyggjunnar sem hafa viljað Ríkisútvarpið feigt, hafa helst viljað leggja það niður. Þeir eru settir í stjórn slíkra stofnana. Þetta er fullkomið siðleysi að sjálfsögðu af hálfu ráðherra sem gera slíkt og af hálfu þeirra einstaklinga sem taka þessi verkefni að sér, en þetta hefur gerst varðandi ÁTVR. Þar hefur verið skipuð stjórn til höfuðs starfseminni og hún hefur lýst því yfir að það sé verkefni sitt að leggja starfsemina niður. Gera menn sér grein fyrir því að stjórn stofnunar sem maður mundi ætla að leitaði álits innan stofnunar um hvað væri eðlilegt og heppilegt, jákvætt og neikvætt, leitar allt annað? Þessi stjórn leitar allt annað. Hún leitar fyrst til brennivínssalanna og tóbaksinnflytjendanna. Síðan er hlustað á rödd starfsfólksins, ef yfirleitt er hlustað á þá rödd. Þetta er nú ástæðan fyrir því að við hefðum viljað að þessi umræða hengi öll í einni spyrðu og væri skoðuð í heild sinni. Vegna þess að ekki er nóg að taka á þessum lagafrv. sem slíkum. Það verður að fylgjast með því hvað gerist milli þinga. Ég hvet fulltrúa Framsfl. við þessa umræðu, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, til að ganga eftir upplýsingum um þetta. Hvort það sé virkilega rétt sem fram hefur komið í opinberum gögnum og vitnað er til, að búið sé að fela nefnd manna að leita leiða til að einkavæða þessa starfsemi. Það er verkefni hennar. Þetta eru því hlutir sem við þurfum að fá alla upplýsta áður en þessari umræðu lýkur, en mér finnst eðlilegt að við umræðu um önnur frv. sem tengjast þessum málum og heyra undir dómsmrh. verði hæstv. fjmrh. einnig viðstaddur. Það er ekki nóg að afnema eftirlitið eins og hefur verið gert og segja síðan bara: Þetta er mál lögreglunnar og mál reglugerðasmiða og lagasmiða, mér kemur þetta ekki lengur við. Á meðan hefur sest að störfum nefnd manna sem hefur verið falið að koma þessari stofnun fyrir kattarnef.

[18:07]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vissulega hefði verið betra að umræðan um öll þessi frv. hefði farið fram á sama degi, en sú ákvörðun er þegar tekin og var tekin fyrir helgi að slíta málið í sundur með því að taka á dagskrá og afgreiða eitt af þremur málunum, þ.e. frv. um áfengis- og vímuvarnir, sem er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessum frv. Ég tek undir þetta en það þýðir lítið að sakast um það nú því það er þegar skeð.

Í öðru lagi varðandi áfengt gos, eða gos í áfengi eða hvað menn vilja kalla þetta, þá er þetta sérstakt vandamál vegna eimaða vínandans. Það er miklu minna vandamál að ég hygg þegar um er að ræða blandaða drykki þar sem létt vín er í blöndunni. En þá lendum við auðvitað í öðru vandamáli og það er að við seljum hérna sem óáfenga drykki, drykki sem innihalda áfengi eins og maltöl og pilsner sem eru innan við þessi mörk, 2,25%, og þess vegna er valin þessi leið sem er í frv. Ég hygg að hættan sé miklu meiri á eimuðu áfengi sem blandað er í gos eða ávaxtasafa en af drykkjum þar sem um er að ræða léttvínsblöndur því öllum er ljóst að þar er um léttvín að ræða.

Hér hefur nokkuð verið rætt um nefndarskipun mína sem nýlega átti sér stað. Ég bað aðstoðarmann minn ásamt tveimur mönnum úr stjórn fyrirtækisins og forstjóra fyrirtækisins að setjast niður og fara yfir nokkur mál sem tengjast starfsemi ÁTVR. Það þarf að endurskoða reglugerðina sem er ósköp eðlilegt því nú höfum við reynslu af lögunum frá 1995. Við þurfum að skoða vinnureglur fyrirtækisins, innkaupareglur, prufusölu, bæði á áfengi og tóbaki sem nokkuð hefur verið gert hér að umtalsefni. Það liggja fyrir niðurstöður samkeppnisráðs sem þarf að fara yfir og mönnum hafa verið gerðar kunnugar og það þarf að svara því með viðeigandi breytingum á rekstri fyrirtækisins.

Varðandi fjárreiðulögin skal það tekið fram að ekki stendur til að brjóta nein lög í því sambandi. Menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því. Það er hins vegar verið að ræða hvernig skuli standa að opnun nýrra áfengisútsala, en að undanförnu hefur það verið gert með því að bjóða slíkt út og ég kem að því síðar. Þá er verið að ræða um opnun nýrra áfengisútsölustaða. Ég kem einnig að því síðar. Þetta er því fyrst og fremst stefnumótandi starf og það er ekki hægt að slíta það frá rekstrarstjórninni eins og mér heyrðist koma fram hjá hv. þm. Ég bendi á að stjórnin er í raun og veru framlenging af ráðherranum.

Nefndin sem vann að undirbúningi þessara frv. sem hafa verið og eru til umræðu skilaði samhljóða tillögum. Í tillögum nefndarinnar var ekki tillaga um afnám á einkaleyfi ÁTVR en hins vegar var gert ráð fyrir í tillögunum að tóbaksgjald kæmi í staðinn fyrir einkaleyfi á innflutningi og dreifingu á því en ríkisstjórnin, eins og margoft hefur komið fram, féllst ekki á að gera þær breytingar að sinni. Ég minni

á að það var ákvörðun Alþingis að koma á stjórn ÁTVR. Það var ekki í upphaflega frv. og satt að segja sóttist ég ekkert sérstaklega eftir þeirri stjórn. Það var ákvörðun hv. nefndar sem hv. þm. á sæti í eða meiri hluta nefndarinnar að koma stjórninni á og hún starfar samkvæmt reglugerð og er auðvitað rekstrarstjórn en það er ekkert sem bannar stjórninni að hafa stefnu nema síður sé. Ég hef satt að segja beðið hana um að setjast yfir framtíðarstefnu fyrirtækisins og tel að það sé vel við hæfi.

Mig langar í örfáum orðum, virðulegi forseti, að fjalla um frv. þeirra félaga, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Ögmundar Jónassonar, fulltrúa Alþb. og óháðra. Þetta frv. er í tvennu lagi og það er ekki verið að ræða hér um dómsmálaráðuneytishlutann, enda sýnist mér satt að segja að í frv. dómsmrh. sé fjallað um öll atriðin sem koma fram í frv. með svipuðum eða nánast sama hætti og hér er gert ráð fyrir. Þar með er því verið að taka undir þau sjónarmið í stefnumótun ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Öfugt.) Ef hv. þm. vill hirða heiðurinn af því má hann það en þetta starf hefur staðið yfir í vel á annað ár og af því hefur nokkuð frést, en ég heyri að hv. þm. hefur alls konar skjöl í höndunum og ég efast ekkert um að hann hefur líka fylgst með starfi nefndarinnar og hann er vel að því kominn að flytja frv. á borð við þetta.

Menn verða að hafa í huga, og ég undirstrika það þegar verið er að ræða þessi mál, að auka þarf þjónustuna. Það kemur líka til greina að verðið sé misjafnt eftir því hvar verslanirnar eru. Af hverju mega ekki sveitarfélögin og lögregluyfirvöld opna eða sjá um að ákveða hvar skuli opna verslanir? Í dag er biðröð eftir að fá að opna áfengisútsölustaði, eins og ég kem síðar að.

Varðandi fjármálaráðuneytishlutann í þessu frv. þeirra minni ég á að stjórn Áfengis- og tóbaksverslunarinnar er framlenging af ráðherravaldinu. Ég tek undir það með hv. þm. að ráðherrann getur ekki firrt sig ábyrgð þótt þessi stjórn starfi. Ég tel alveg út í bláinn að kjósa menn í stjórn þessa fyrirtækis hlutfallskosningu á Alþingi. Ég sé ekki minnstu ástæðu til þess, svo ég láti það koma skýrt fram af minni hálfu.

Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvort á staðnum eigi að vera þjónustufulltrúi. Mér finnst það vera falleg hugsun. Við höfum reynt að bæta þjónustuna með því að gefa upplýsingar. Þó er í þessum málum dálítið vandratað vegna þess að spurningin er ætíð hvað sé auglýsing og hvað upplýsing. Þetta vandamál hefur komið upp hjá norrænum þjóðum núna þegar reyna á að uppfylla ESA-skilyrðin. Mér er sagt að frændur okkar séu í vandræðum með að uppfylla þetta skilyrði. Þeim er í raun og veru skylt að upplýsa um vöruna. Hér á landi er svo mikill tvískinnungur ríkjandi í þessum málum að menn gera engan mun á upplýsingum og auglýsingum.

Við betra tækifæri væri ég tilbúinn að ræða þessi mál almennt, en tímans vegna get ég ekki farið ítarlegar út í frv. þeirra hv. þingmanna sem ég hef minnst á hér.

Ég tek það fram að hér er ekki verið að leggja fram stjfrv. til breytinga á lögum um verslun á tóbaki og áfengi. Það mál er ekki til umræðu þessu sinni. Það er verið tala um allt önnur lög í þessari umræðu.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði af hverju verð á öli væri ekki lækkað. Tilgangurinn með þeirri breytingu sem hér er gerð er fyrst og fremst að koma á flokkun þannig að hægt sé að taka ákvörðun um lækkun á hverjum flokki fyrir sig. Mín skoðun er sú, ég tek undir það með hv. þm., að lækka þyrfti verð á öli, sérstaklega frá veitingahúsum. Ég staðhæfi það hér að álagning á öl í veitingahúsum er mun meiri hér á landi en erlendis. Lítils háttar lækkun á öli þarf því ekki endilega að skila sér til þessara staða. Ég held að ástæðan sé sú að við gerum miklu meiri kröfur til vínveitingahúsanna en gengur og gerist í mörgum okkar nágrannalöndum.

Ég er fyllilega tilbúinn að skoða hvernig við getum komið til móts við ferðamannaþjónustuna. Þá þarf auðvitað að skoða verð á öli og annað sem kann að valda því að verðið er kannski þrefalt eða jafnvel fjórfalt þegar það er keypt á vínveitingastöðum víða um landið. Þetta verða menn að hafa í huga og þó að lækkunin yrði kannski 10%, þá mundi það skila mjög lítilli lækkun. Fleiri þættir en verðið til viðkomandi veitingahúsa skipta máli. Það eru aðrir þættir í starfsemi veitingahúsanna sem þarf að skoða en ég er tilbúinn til að taka þátt í þeirri athugun.

Varðandi 0,3% gjaldið sem ég held að sé framfaraspor, þá var í framhaldi af því spurt hvort ég vissi að heildsalar seldu beint til neytenda. Ég þekki það ekki. Í lögunum er skýrt tekið fram að þeir eigi að selja til smásalanna hvort sem það er ÁTVR eða þeir sem hafa vínveitingaleyfi. Sú skynsamlega verkaskipting var gerð að ÁTVR selur á útsöluverðinu og heildsalinn á sínu heildsöluverði. Þannig eiga heildsalarnir að vera fyllilega samkeppnisfærir við ÁTVR gagnvart þeim sem annast smásölu eins og þeir sem hafa vínveitingaleyfi. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að selt sé beint til einstaklinga. Slíkt væri að sjálfsögðu lögbrot.

Varðandi bréfið til ríkisskattstjóra þá get ég því miður ekki fullyrt að því hafi verið fylgt eftir eins og hv. þm. spurðist fyrir um. Ég tek það hins vegar fram að þessi mál eru til sérstakrar skoðunar og umræðu í þeirri nefnd sem vann drög að þeim frumvörpum sem eru til umræðu. Við ákváðum að fara þá leið að styrkja lögregluna sérstaklega í sínu starfi. Við höfum jafnframt ráðið sérstakan mann sem hefur með höndum eftirlit og starfar með Áfengisvarnaráði. Loks er ætlunin sú samkvæmt lögunum að ríkisskattstjóri fylgist með heildsölunum. Ég játa þó að vel kann að vera að þar megi standa betur að verki.

Varðandi stefnu Framsfl. ætla ég að vera fáorður. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að ná megi fram eðlilegri stefnu í þessum málum, annars vegar í gegnum verðlagningu og hins vegar með eftirliti heilbrigðisyfirvalda með því að tjara og nikótín séu ekki seld í óhóflegum mæli. Ég tel að það sé verkefni heilbrigðisyfirvalda að fylgja því eftir.

Ég tek fram að það verður í raun og veru engin breyting á framboði við að taka gjald í tolli. Í dag er heimilt að flytja þennan varning til landsins og eins og allir vita varð niðurstaðan sú eftir lögfræðilega skoðun að okkur væri skylt, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að opna markaðinn fyrir fleiri tegundum en þeim sem seldar eru þessa stundina. Það er ekki vegna þess að ég sé sérstakur áhugamaður um það. En eftir að hafa skoðað málið mjög vandlega þá urðum við að viðhafa aðferð sem hægt væri að leggja á borðið og segja: Þetta er okkar aðferð. Menn hafa möguleika en við höfum líka leyfi til þess að afturkalla leyfið ef varan selst ekki. Þarna er auðvitað ákveðinn vandi til staðar en ég tel að það yrði engin stórkostleg breyting þó að tóbakið hyrfi frá ÁTVR.

Spurt var að því hvort verðhækkun á tóbaki gæti orðið meiri. Það er engin fyrirliggjandi ákvörðun um það. Það er ekki útilokað. Vegna þess að minnst var á Noreg í þessu

sambandi, sem er auðvitað ágætisland, þá mætti einnig nefna Svíþjóð. Sumir telja að þeir hafi verðlagt þessa vöru svo hátt að þar sé stórkostlegt smygl. Í norsk og sænsk dagblöð er skrifað að þeir hafi sett það hátt verð á tóbak að það hafi valdið stórkostlegum vandræðum í þessum löndum. Um það get ég auðvitað ekki fullyrt.

Það er ekki deilt um það í þessu máli að nauðsynlegt er að hafa forvarnir. Á stefnu flokkanna um forvarnir, eftirlit og verðstefnu er enginn munur .

Að allra síðustu, virðulegi forseti, því miður er tími minn að verða búinn, þá sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson að ég væri fulltrúi Verslunarráðsins og vildi auka framboðið á þessum vonda varningi. Um það fór hann mörgum orðum. Í sömu ræðu rétt eins og — ég hafði næstum sagt hv. þm. Ragnar Reykás — sneri hann við blaðinu og sagði að nú ætlaði hann að sjá til þess ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að auka framboðið á þessum vörum með því að opna áfengisverslanir um allt land. Sannleikurinn er sá að verið er að undirbúa opnun áfengisverslana á nokkrum stöðum á landinu. Á nokkrum stöðum þarf það að gerast en á undanförnum árum hafa áfengisútsölur verið opnaðar á fimm stöðum og ég get nánar fjallað um það síðar í þessari umræðu.

[18:23]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég minnast á það sem ég spurði hæstv. ráðherra um varðandi áfenga gosdrykki eða ávaxtasafa. Það kann að vera minni vandi eða minni hætta á ferðum þegar um er að ræða léttvínsblöndur sem þynntar hafa verið með gosdrykkjum eða ávöxtum. Út af fyrir sig held ég að það breyti ekki öllu hvernig vínandinn er upprunninn ef varan er að mestu leyti sambærileg. Ég endurtek það að ég tel ástæðu til að hafa varann á sér miðað við reynslu nálægra þjóða af þessum nýja og skeinuhætta vímugjafa

Í öðru lagi fullvissaði hæstv. ráðherra okkur um að ekki stæði til að brjóta fjárreiðulögin. Í heild fannst mér hæstv. ráðherra reyna að gera lítið úr þessu endurskoðunarstarfi eða nefndarstarfi. Hann gaf til kynna að þetta væri reglugerðarvinna í góðu samstarfi við starfsmenn og forstjóra stofnunarinnar. Ef svo er og engar grundvallarbreytingar eða strúktúrbreytingar standa til í rekstrarfyrirkomulagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þá er málið í góðu lagi. Ég hef þá ekkert út á það að setja og vona að ég megi án andmæla gefa mér það sem niðurstöðu af svörum hæstv. ráðherra.

Í þriðja lagi, í sambandi við stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, er það að vísu rétt að tillaga um hana kom ekki í sjálfu stjfrv. Hins vegar var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson mikill áhugamaður um að koma þessari stjórn inn og hafði vitanlega samráð við hæstv. fjmrh. um að gera þá tillögu. Hér skiptir þó mestu máli sá rökstuðningur fyrir stjórninni sem kynntur var hv. þingmönnum. Sagt var að hér væri eingöngu á ferðinni rekstrarleg og fagleg stjórn. Annað hefur síðan komið á daginn í framkvæmdinni eða annað hefur orðið upp á teningnum og það er gagnrýni vert. Ég held að þar hafi hæstv. fjmrh. náttúrlega haft heilmikil áhrif enda hefur hann ekki neitað því að stjórnin hafi verið framlenging á sér. Stjórnin hefur verið armur hans og unnið samkvæmt fyrirmælum frá honum.

[18:25]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu segja það að forstjórinn er í nefndinni. Hans sjónarmið og þá væntanlega sjónarmið starfsfólksins ef það treystir forstjóra sínum, koma fram í þessari nefnd. Niðurstaðan er ekki fengin en hún fæst vonandi á næstu dögum og verður þá áreiðanlega gerð heyrinkunn. Þá ættu menn að vita um það sem þar var fjallað um. Þar á meðal er fjallað um það hvort opna eigi nýja útsölustaði og ég vil segja frá því hér að fjöldi sveitarfélaga hefur samþykkt að opna áfengisútsölu. Það er t.d. engin áfengisútsala í Garðabæ og engin í Mosfellssveit, ekki á Dalvík, Hveragerði eða Eskifirði svo ég rifji upp nokkra þeirra staða sem nú þegar hafa samþykkt þetta. Nefndin er að skoða hvort ástæða sé til að opna á þeim stöðum sem þegar má gera samkvæmt núgildandi lögum.

Ég sagði frá því áðan að opnaðir hafa verið fimm staðir að undanförnu, í Borgarnesi, Kópavogi, Blönduósi, Stykkishólmi og Patreksfirði. Þetta var boðið út. Hvernig gerist það? Opinber starfsmaður í hálfu starfi tekur þetta að sér og ræður síðan annað fólk til að vinna hjá sér. Ég fann þetta ekki upp. Forveri minn, hæstv. forseti Íslands, þáv. fjmrh., fór þessa leið einnig. Til dæmis var opnuð áfengisútsala í fatabúð vestur í Ólafsvík og austur á Neskaupstað, skilst mér, í verslun sem selur jafnframt aðrar vörur þannig að menn hafa farið nokkuð nærri því að bjóða þetta út. Þó að ég sé ekki að segja að það verði gert, þá yrði það ekki stórkostleg breyting þótt einhverjum aðilum yrði falið þetta án þess að þeir væru opinberir starfsmenn. Ég er ekki að segja að þetta verði gert. Ég er aðeins að benda á að fyrsta stóra skrefið var tekið áður en ég varð fjmrh. þó að menn muni það kannski ekki því að það er svo langt síðan.

[18:28]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að nokkuð langt er síðan einhver annar en hæstv. núv. ráðherra var fjmrh., enda ganga sögur um að hann sé bráðum búinn að fá nóg og hyggist róa á önnur mið innan skamms.

Varðandi tilhögun á þessum rekstri verslana í smærri byggðarlögum, þá held ég að þar sé um allt aðra hluti að ræða en þá sem við erum hér að tala um. Við erum að fjalla um beina einkavæðingu á fyrirkomulaginu sem slíku, enda er þessi rekstur á ábyrgð ríkisins. Þeir sem bera ábyrgð á honum á staðnum eru starfsmenn ríkisins og þeir taka þessa þjónustu að sér fyrir tiltekið gjald. Afkoma þeirra er ekki háð sölunni í versluninni (**Fjmrh.:** ... breyta engu um ...) Hér er búið að aftengja alla þá þætti sem við erum að vara við gagnvart einkavæðingu þar sem ágóðaþátturinn hvetur til aukinnar sölu.

Í sjálfu sér geri ég engar athugasemdir við það að menn leiti praktískra lausna, eins og þeirra sem farnar hafa verið í tíð núverandi og fyrrv. fjmrh., hvað varðar þetta fyrirkomulag á uppbyggingu þjónustunnar í einstökum byggðarlögum þar sem ekki er praktískt að reka áfengisverslun sem einangrað fyrirbæri með sérstöku starfsfólki. Það er mjög hagnýtt að það starfsfólk geti jafnframt að einhverju leyti nýst við annan verslunarrekstur, hvort sem það er í hinni ágætu fatabúð, vinkonu okkar í Ólafsvík, eða í efnalauginni á Húsavík. Það er í góðu lagi mín vegna. Þetta mál snýst alls ekki um það heldur um það hvort aftengja eigi ágóðaþáttinn eða hagnaðarvonina sem mundi í hreinum einkarekstri hvetja til aukinnar sölu. Það væri andstætt öðrum markmiðum í áfengislögum sem hvetja til hófsemdar á þessu sviði.

Í frv. okkar hv. þm. mín og Ögmundar Jónassonar felst fyrst og fremst að breyta lögunum þannig að möguleikar

standi til að veita öllum landsmönnum sambærilega þjónustu að breyttu breytanda. Íbúar fámennustu byggðarlaganna væru þá ekki settir úr leik með ákvæði eins og því sem nú er í lögum, með þúsund íbúa lágmarkinu.

[18:30]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er rangt hjá hæstv. fjmrh. að mér finnist það vera eitthvað í ætt við Ragnar Reykás þótt hann vilji annars vegar auka framboð á áfengi með því að einkavæða ÁTVR og hins vegar reyna að koma í veg fyrir að útsölur séu opnaðar á landsbyggðinni. Ráðherrann er enginn Reykás í þessu efni, hann er sjálfum sér samkvæmur, gengur erinda Verslunarráðsins. Við þingmennirnir, hv. þm. Steingrímur Sigfússon og ég, viljum hins vegar að landsmenn sitji allir við sama borð í þessum efnum.

Í öðru lagi bendi ég á að það er rangt sem hæstv. fjmrh. gaf í skyn að það hefði verið EES eða einhverjar Evrópureglur sem hefðu kallað á lagabreytingar 1995 varðandi dreifingu á áfenginu. Það er rangt, þetta er ekki rétt staðhæfing. Í þriðja lagi sagði hæstv. fjmrh. að ekkert bannaði stjórn ÁTVR að hafa stefnu. Það er undir því komið hver sú stefna er og hvort sú stefna er í samræmi við landslög eða ekki. Ef stefnan stríðir gegn landslögum er sú stefna ólögleg jafnvel þótt hún sé framlenging á hæstv. fjmrh., eins og hann leyfir sér að setja málið fram, á nokkuð hrokafullan hátt að því er mér fannst.

Að lokum fannst mér ekki koma nægilega fram í ræðu hæstv. fjmrh. hvort það væri rétt sem kæmi fram í opinberum gögnum að megintilgangur endurskoðunarnefndarinnar, sem er að skoða reglugerðir ÁTVR, sé að losa um þau verkefni sem ÁTVR hefur nú með höndum í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

[18:32]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af síðustu fyrispurninni sem kom fram hjá hv. þm. þá stendur það alveg örugglega ekki til, a.m.k. ekki á þessu ári, því að það væri ekki löglegt eins og hefur komið fram. Ég get ekki útilokað að það geti gerst einhvern tíma síðar enda finnst mér munurinn vera harla lítill orðinn á því hvort samið er við einkaaðila á ábyrgð ríkisins áfram, ég tek það fram, á ábyrgð ríkisins því hún hverfur ekki, eða hvort samið er um það við mann að hann verði starfsmaður í hálfu opinberu starfi til þess að geta gert nákvæmlega sama hlutinn. Það er önnur saga.

Varðandi það að EES-reglurnar hafi ekki krafist þess að við gerðum breytingar sem voru gerðar á sínum tíma, það var nú aldeilis þannig. Ég vitna bara til ágæts manns, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem reyndist hafa rétt fyrir sér í þeim efnum. Hv. þm. getur lesið ræðu hans sem var flutt á sínum tíma þegar við vorum að ræða um EES-samninginn.

Þegar ég talaði um Ragnar Reykás var ég að segja að mér fyndist málflutningur hv. þm. vera eins og hjá Ragnari Reykás. (**ÖJ:** Ég hélt að þú værir að tala um sjálfan þig.) Nei, það er bara einn sem misskilur það, enda skil ég af hverju hann misskilur það. Það er vegna þess að hann tók ekki eftir því sjálfur þegar hann stóð í ræðustólnum að hann hamaðist á mér fyrir það að ganga erinda Verslunarráðsins og segja: Og hann er að auka framboð á brennivíni, þessi maður, hann gengur erinda Verslunarráðsins. Það er annað en við, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Við ætlum að tala á morgun um okkar mál og það ætlum við að gera. Við ætlum að fjölga þessum sjoppum út um allt land þannig að allir geti fengið nóg af þessu brennivíni. Við ætlum að auka framboðið.

Þetta kalla ég að vera eins og Ragnar Reykás og þetta er dæmigert um allan tvískinnunginn sem er í umræðunni.

[18:34]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi var gefin mjög mikilvæg yfirlýsing. Hún var á þá lund að hæstv. fjmrh. telur að endurskoðunarnefndin hafi ekki leyfi lögum samkvæmt að framfylgja þeim ásetningi sínum að einkavæða áfengisverslunina í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þetta var mikilvæg yfirlýsing sem hér var gerð. (**Fjmrh.:** Á þessu ári.) Ja, til þess mun síðan skorta heimild í lögum. Þá á væntanlega eftir að ræða á Alþingi hvort sú heimild verður veitt. Hæstv. fjmrh. er ekki einráður í landinu sem betur fer.

Síðan vil ég segja að það er náttúrlega útúrsnúningur sem hæstv. fjmrh. leyfir sér að hafa uppi um það frv. sem ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon höfum lagt fram um áfengisútsölur. Hæstv. fjmrh. vill koma brennivíni inn í hverja einustu mjólkurbúð í landinu. Það vita menn. Hann hefur lýst því yfir og hann vill að auki einkavæða tóbaksverslunina til þess að auðvelda fólki aðgang að tóbaki og auðvelda heildsölunum og þeim sem höndla með þessa vöru að koma þessum varningi í landslýð. Þetta er yfirlýst stefna hans. Hins vegar erum við fylgjandi því að fylgt sé aðhaldi í þessum efnum og stuðlað sé að hófsemi. Við viljum hins vegar að landsmenn sitji við sama borð. Sá ljóti leikur hefur hins vegar verið leikinn af Verslunarráðinu og hæstv. fjmrh. að reyna að koma óorði á umræðu okkar og reyna að koma óorði á ÁTVR, að reyna að grafa undan starfseminni til þess að geta einkavætt hana og það er ljótur leikur og það, hæstv. fjmrh., er tvískinnungur.

[18:36]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum aðeins doka við og átta okkur á því hvað sá sem hér stendur hefur sagt í málinu um þá stefnu sem hann fylgir. Það er ósköp einfaldlega það að ég tel, og ég er í minni hluta í þessum þingsal hugsa ég, en ég tel að sömu reglur eigi að gilda um opnun áfengisútsölustaða og um vínveitingarekstur í landinu. Ég tel að lögregluyfirvöld á staðnum og sveitarstjórnir á staðnum eigi að hafa um þetta mál að segja en ekki fjmrh. sem situr í Arnarhvoli. Þetta er það sem ég hef sagt og ef hv. þm. heldur að allar sveitarstjórnir í landinu og lögregluyfirvöld ætli að troða brennivíni inn í allar mjólkurbúðir á landinu er ég honum ekki sammála. Um þetta snýst málið.

Ég lenti í þeirri lífsreynslu að ágætur maður sem sat á Alþingi um skeið, fulltrúi flokks sem er horfinn af sjónarsviðinn, nákominn ættingi eins þeirra sem hér eru í salnum hringdi í mig og hótaði að kæra mig fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Hann býr á Raufarhöfn og hann sagði: Hvernig stendur á því að hægt er að opna tvo bari hér á staðnum en ég verð að fara til Húsavíkur til að kaupa brennivín? Ég tek alveg undir þetta. Þetta er tvískinnungurinn hjá okkur. Ég held að okkur væri nær að horfa svona á efni málsins en að gera mönnum ekki upp skoðanir. Ég hef ekki lagt til að þetta færi inn í allar búðir. Það eina sem ég hef sagt er að ég tel að yfirvöld á viðkomandi stað eigi að ráða þessu en ekki karlinn í Arnarhvoli. (**ÖJ:** Ráðherrann stendur gegn því að þeir fái vilja sínum framgengt.) Það er alrangt hjá hv. þm. Það eru lögin sem segja að það megi ekki opna þetta á Raufarhöfn

vegna þess að það er innan við þúsund íbúa staður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:38]

**Útbýting þingskjala:**

50. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf, 518. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 889.

Byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, 508. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 878.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 509. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 879.

Húsnæðismál, 507. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 877.

Póstþjónusta, 510. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 880.

## *Stimpilgjald, 1. umr.*

Stjfrv., 481. mál. — Þskj. 816.

[18:39]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stimpilgjald sem er á þskj. 816 og er 481. mál þingsins. Í frv. þessu er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á álagningu stimpilgjalds frá því sem nú er. Breytingarnar fela í sér verulega lækkun á gjaldhlutfalli stimpilgjalds gagnvart almennum veðbréfum. Jafnframt er gert ráð fyrir fækkun undanþágna og meiri samræmingu en verið hefur milli einstakra gjaldflokka. Í þessu felst að nokkrir flokkar veðbréfa og fjármagnsviðskipta sem áður voru undanþegnir gjaldinu verða nú gjaldskyldir en gjald á öðrum flokkum lækkar. Þá er tekið upp lægra gjald á skammtímabréfum.

Samkvæmt gildandi lögum er algengasta gjaldhlutfall stimpilgjalds 1,5% af fjárhæð viðkomandi bréfs eða samnings, óháð lánstíma. Samkvæmt tillögum frv. lækkar þetta hlutfall í 0,2% á bréfum sem eru til skemmri tíma en eins árs en verður 1,1% af lengri bréfum. Þetta tekur m.a. til almennra skuldabréfa. Á móti vegur að álagning stimpilgjalds á ýmis ríkisskuldabréf og ríkisvíxla sem eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt hækkar gjald af fasteignaviðskiptum úr 0,4% í 0,5%. Gjald af hlutabréfum helst hins vegar óbreytt í 0,5% en það gjald var lækkað fyrir nokkrum árum úr 2%. Áfram verða þó nokkrir mikilvægir flokkar skuldabréfa undanþegnir stimpilgjaldi, svo sem húsbréf, námslán, hlutdeildarskírteini, líftryggingasamningar og lán til félagslegra íbúða.

Með þessum breytingum er stefnt að því að laga að nokkru samkeppnisstöðu íslenska fjármagnsmarkaðarins gagnvart erlendum aðilum. Jafnframt er búist við að heildarveltan á markaðnum muni aukast og vaxta- og verðmyndun færast enn frekar út á markaðinn.

Á undanförnum árum hafa tekjur af stimpilgjaldi numið 2,2–2,3 milljörðum kr. eða sem samsvarar rúmlega 2% af skatttekjum ríkissjóðs. Á síðasta ári voru tekjurnar um það bil 2,6 milljarðar kr. og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær verði um 2,8 milljarðar kr. Eins og fram kemur í töflunni á bls. 16 í þskj. er talið að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi lækki nokkuð við þessar breytingar eða um rúmlega 130 millj. kr. Einnig verður nokkur tilfærsla milli einstakra flokka. Nokkur óvissa er um áhrif þess að leggja lægra gjald á skammtímabréf en bréf til lengri tíma. Hér er þó ekki gert ráð fyrir að hún leiði til umtalsverðrar fjölgunar skammtímabréfa á kostnað bréfa til lengri tíma. Einnig er óvíst um áhrif álagningar stimpilgjalds á ríkisbréf (sem eru undanþegin samkvæmt gildandi lögum) á ávöxtunarkröfu og þar með á gjaldahlið ríkissjóðs. Þó má ætla að vaxtakostnaður muni eitthvað aukast.

Sem dæmi um áhrif einstakra breytinga má nefna að stimpilgjald af 1 millj. kr. almennu skuldabréfaláni til lengri tíma en eins árs lækkar úr 15.000 kr. í 11.000 kr., eða um 27%. Á hinn bóginn hækkar stimpilgjald af fasteignaviðskiptum úr 0,4% í 0,5%, eða sem nemur 1.000 kr. fyrir hverja 1 millj. kr. í íbúðakaupum. Samanlögð áhrif lægra stimpilgjalds af skuldabréfaláni og hækkun í fasteignaviðskiptum eru því ótvírætt til lækkunar. Enn fremur lækkar stimpilgjald af víxlum til skemmri tíma en eins árs úr 0,25% í 0,2% af fjárhæð víxils.

Þannig þarf að hafa í huga að í fasteignaviðskiptum þurfa kaupendur að grípa til almennra lána sem munu bera lægra gjald en nú.

Samkvæmt gildandi lögum er stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum 1,5% þegar skuldin ber vexti eða er tryggð með veði eða ábyrgð en 0,5% ef annað eða hvorugt þessara skilyrða er uppfyllt. Þá er stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum vegna afurðarlána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar ávallt 0,3% og skiptir þá ekki máli hvort bréfin bera vexti eða ekki. Af víxlum er stimpilgjaldið hins vegar 0,25% og er ástæða þess væntanlega sú að víxlar eru í eðli sínu skammtímaskuldbindingar. Gagnrýnt hefur verið að gjaldtaka af skuldabréfum og tryggingarbréfum sé mismunandi eftir því hvort skuld ber vexti eða ekki. Enn fremur er oft vandkvæðum bundið að skera úr um það hvort tryggingarbréf beri vexti og þar af leiðandi í hvorn gjaldflokkinn það fellur. Loks hefur verið á það bent að stimpilgjöld vegi mjög þungt í skammtímaviðskiptum á meðan áhrif þeirra eru óveruleg þegar um skuldbindingar til langs tíma er að ræða.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að stimpilgjald af almennum skuldabréfum og víxlum verði miðað við lánstímann þannig að gjaldið verði 0,2% ef lánstíminn er styttri en eitt ár, en ella 1,1% af fjárhæð skjalanna. Enn fremur er lagt til að stimpilgjald af kaupsamningum um lausafé sem kveða á um gjaldfresti að hluta eða öllu leyti og fjármögnunar- og kaupleigusamningum verði ákvarðað með sama hætti. Með slíkri reglu er dregið úr þýðingu lánsformsins eða skilmála um tryggingar og vexti fyrir gjaldtökuna. Þá er lagt til að tekið verði sérstakt lægra stimpilgjald af markaðsverðbréfum, þ.e. 0,15% þegar lánstíminn er styttri en eitt ár, en ella 0,5%. Lækkun gjaldsins ætti að bæta samkeppnisstöðu innlendrar markaðsútgáfu gagnvart erlendri og ýta undir að bréf séu sett á markað. Til að gæta samræmis er lagt til að markaðsbréf útgefin af ríkissjóði verði stimpilskyld, en þau eru nú stimpilfrjáls samkvæmt almennum reglum.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim leiðum sem menn hafa til þess að fjármagna tiltekin viðskipti. Lagt er til að tekið verði stimpilgjald af kaupsamningum um lausafé þegar veittur er gjaldfrestur og af eignarleigusamningum eftir sömu reglum og gilda munu um skuldabréf. Þessar tegundir samninga, sem eru í eðli sínu lánsskjöl, þekktust lítt eða ekkert þegar núgildandi lög um stimpilgjald tóku gildi. Er lagt til að þessir samningar verði gerðir stimpilskyldir til þess að stuðla að jafnræði milli þeirra og skuldabréfa og víxla og til þess að tryggja að stimpilgjaldið hafi ekki óeðlileg áhrif á það hvaða greiðsluform er valið.

Lagt er til að hin almenna heimild fjármálaráðherra til að ákvarða hvort ríkissjóður greiði stimpilgjald, sem er í 35. gr. núgildandi laga, falli brott en í stað þess verði undanþágur tilgreindar í lögum þegar það þykir eiga við. Þannig er gert ráð fyrir að ríkið greiði framvegis stimpilgjald vegna t.d. kaupa á fasteignum á sama hátt og það greiðir virðisaukaskatt í viðskiptum eins og aðrir. Samhliða er lagt til að ýmis sérlagaákvæði sem undanþiggja tiltekna starfsemi stimpilgjaldi verði felld brott. Hér er fyrst og fremst um orku- og veitufyrirtæki að ræða en eðlilegt er að þessar stofnanir og fyrirtæki greiði stimpilgjald á sama hátt og ríkið mun gera verði tillögur frumvarpsins að lögum.

Enn fremur er lagt til að ýmis lagaákvæði sem nú eru í sérlögum og kveða á um undanþágur verði framvegis í lögum um stimpilgjald. Núverandi fyrirkomulag hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd og torveldað yfirsýn yfir það hvaða skjöl eru stimpilskyld og hver ekki. Eru þetta ákvæði sem nokkuð oft reynir á í framkvæmd hjá sýslumönnum, bönkum og öðrum innheimtumönnum stimpilgjalds. Hins vegar er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði sem gilda á tiltölulega afmörkuðum sviðum og eru oft tímabundin í eðli sínu, verði áfram í sérlögum.

Þá er lagt til að undanþága vegna veðskulda sem þinglýst er á flugvélar og hefur á undanförnum árum verið í fjárlögum verði tekin upp í lög um stimpilgjald. Jafnframt er gert ráð fyrir að afsöl og lánsskjöl vegna skipa sem skráð kunna að verða í íslenska, alþjóðlega skipaskrá verði stimpilfrjáls en rætt hefur verið um að stofna slíka skrá hér á landi og ég á satt að segja von á að af slíku verði síðar á þessu ári.

Eftir að frumvarpið var lagt fram hefur frumvarp hæstv. félmrh. um breytingar á húsnæðiskerfinu séð dagsins ljós og kallar það á þær breytingar á þessu frumvarpi að viðbótarlánin og afsöl vegna íbúða sem falla undir hið nýja kerfi verði undanþegin stimpilgjaldi og ég bið hv. efh.- og viðskn. þingsins að kanna það mál sérstaklega.

Samkvæmt gildandi reglum er stimpilgjaldið ýmist miðað við iðgjöld eða vátryggingarfjárhæð. Þar sem gjaldið miðast við iðgjöld er það í öllum tilvikum nema einu 8% af iðgjaldi. Þetta á t.d. við um húseigendatryggingar. Stimpilgjald af heimilistryggingum og húftryggingum bifreiða miðast hins vegar við vátryggingarfjárhæð. Þá eru tilteknar tegundir trygginga undanþegnar stimpilgjaldi, m.a. brunatryggingar fasteigna, ábyrgðatryggingar bifreiða og atvinnuslysatryggingar launþega. Þannig eru mismunandi aðferðir við ákvörðun stimpilgjalda af vátryggingarsamningum og það veldur erfiðleikum í framkvæmd þegar um samsettar tryggingar er að ræða auk þess sem ekkert samræmi er í gjaldtökunni. Eðlilegast er að miða stimpilgjaldið við iðgjaldið og er því lagt til að tekið verði 0,2% gjald af öllum iðgjöldum nema iðgjöldum vegna samninga um líftryggingar. Þess má geta að slíkar tryggingar eru seldar talsvert nú um þessar mundir hér á landi af stórum erlendum félögum og eðlilegt að íslensku tryggingafélögin geti keppt við þau á jafnréttisgrundvelli. Þess má geta í þessu sambandi að ekki er tekinn neinn virðisaukaskattur af tryggingum, en á sínum tíma voru þær hins vegar almennt söluskattsskyldar, þannig að ef maður skoðar þetta í sögulegu ljósi, er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að slíkar breytingar séu nú gerðar.

Samkvæmt gildandi lögum er tekið stimpilgjald þegar aflaheimildir eru seldar með fiskiskipum þar sem litið er svo á að aflaheimildir séu hluti af fylgifé skips, en gjaldið reiknast af skipi og fylgifé. Til þess að gæta samræmis við gjaldtöku er lagt til að þegar aflaheimildir eða veiðikvóti er seldur sér eða leigður, verði tekið stimpilgjald af þeim samningum.

Lagt er til að það nægi til að gera skjal stimpilskylt hér á landi að annar aðili þess sé heimilisfastur hérlendis. Í mörgum tilvikum eru slík skjöl stimpilskyld hér á landi. Ákvæði þetta þykir hins vegar nauðsynlegt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra lánastofnana gagnvart erlendum. Í V. kafla er jafnframt ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir tvísköttun eða með öðrum orðum að girða fyrir að menn greiði bæði fullt stimpilgjald hér á landi og erlendis.

Einnig er lagt til að stimpilgjald af eignayfirfærslum af fasteignum og skipum hækki úr 0,4% í 0,5% til að vega að hluta upp á móti lækkun stimpilgjalds af skuldabréfum. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem miða að því að kveða skýrar á um nokkur atriði sem nú byggjast á túlkun gildandi laga. Þannig er t.d. kveðið á um það berum orðum í 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins að skuldbreytingarskjöl séu stimpilskyld og jafnframt er lagt til að skuldabréf sem fela í sér endurnýjun á skuld samkvæmt eldra bréfi verði gjaldfrjáls en nú er tekinn af slíkum bréfum helmingur af því gjaldi sem greitt er fyrir skuldabréf vegna nýrra lána. Í 39. gr. frumvarpsins kemur fram að húsaleigusamningar eru stimpilfrjálsir en það hefur hingað til verið byggt á orðum greinargerðar með eldri lögum. Þá eru lagðar til breytingar á reglum um stimplun kaupmála sem miða að því að gera núverandi reglur skýrari. Loks hafa verið gerðar ýmsar breytingar á uppsetningu og orðalagi núgildandi laga sem miða að því að eyða vafa og gera lögin nútímalegri.

Ég vil, virðulegi forseti, vísa til athugasemda að öðru leyti. Það er kannski hægast að skoða fjárhagsleg áhrif af frv. á bls. 16 þar sem stillt er upp annars vegar hvað gjaldið gefur, að því er áætlað er, samkvæmt gildandi reglum og hins vegar ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Þar kemur að sjálfsögðu í ljós að þegar allt er samanlagt mun ríkið tapa nokkrum tekjum annars vegar og verða fyrir útgjaldaauka hins vegar, en fær að nokkru leyti borið uppi þennan mun sem verður, ef frv. verður samþykkt, með hækkun á nokkrar tegundir skuldabréfa vegna þess að í frv. felst að stofninn verður breikkaður. Samt sem áður má gera ráð fyrir að nettó verði tapið líklega 100–200 millj. kr. Hér er á ferðinni frv. þar sem reynt er að lækka hlutföll í öllum meginatriðum, með örfáum undantekningum, og breikka stofninn.

Virðulegi forseti. Þegar horft er til framtíðar eru stimpilgjöld sjálfsagt skattur sem mun hverfa eða leiða til minni tekna fyrir ríkissjóð á næstu árum. Það er eðli viðskipta að virða ekki landamæri og því erfitt fyrir þjóð að halda úti skattheimtu sem þekkist ekki eða í mun minna mæli annars staðar en hérlendis. Það má því gera ráð fyrir að smám saman verði dregið úr þessari skattheimtu. Það verður auðvitað að gerast í áföngum vegna þess hve mikilvæg þessi tekjulind er fyrir ríkissjóð, en eins og ég hef áður sagt í ræðu minni má gera ráð fyrir að á yfirstandandi ári verði tekjur ríkissjóðs u.þ.b. 2,8 milljarðar af þeirri skattheimtu.

Að síðustu vil ég ítreka það sem ég sagði að gert er ráð fyrir því að stimpilgjöld vegna samninga er varða farskip sem skráð verða á alþjóðlega skrá hér á landi verði ekki fyrir hendi, þannig að slík skjöl verða stimpilfrí. Ég vil að allra síðustu, virðulegi forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, fyrri umr.***

Þáltill. SJS, 246. mál. — Þskj. 291.

[18:56]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að færa saman undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði."

Það er ljóst, herra forseti, að mikil skörun er í þeim málaflokkum sem hér hafa verið taldir upp og þeir liggja á verksviði nokkurra ráðuneyta, þ.e. málefni sem tengjast lífeyristryggingum og lífeyrissparnaði heyra undir fjmrn. eins og þessu hefur verið fyrir komið í Stjórnarráði Íslands að undanförnu a.m.k. Allt sem lýtur að almannatryggingum og löggjöf á því sviði heyrir til trmrn. Stuðningur við atvinnulausa og málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs eru hjá félmrn. og þar er reyndar einnig vistaður, eins og önnur málefni sveitarfélaganna, sá hluti af sveitarfélagalöggjöfinni sem snýr að framfærslustuðningi.

Herra forseti. Fleiri þættir koma inn í þetta samhengi. Þar má sérstaklega til taka skattkerfið sem er hjá fjmrn. og ýmiss konar tekjutenging bótaliða, utan og innan skattkerfisins. Þessir þættir eru aftur að sjálfsögðu nátengdir lífeyristryggingum og almannatryggingum og sérstaklega á það við þegar um aldraða er að ræða, en einnig í ýmsum tilvikum öryrkja eða hópa eins og námsmanna og þeirra sem fá stuðning til öflunar húsnæðis eða félagslegs húsnæðis.

Það er enginn vafi á því, herra forseti, að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum er þessi óheppilega verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins. Það er skoðun flutningsmanns að það hljóti að koma sterklega til greina að gera annað tveggja, að stofna nýtt ráðuneyti sem taki við þessum verkefnum á öllu þessu málasviði frá fyrst og fremst fjmrn., heilbr.- og trmrn. og félmrn. eða að færa þessi mál öll saman til eins af þessum ráðuneytum, t.d. til félmrn. Þar kemur það til að heilbr.- og trmrn. er nú þegar mjög fyrirferðarmikið og það væri tæplega kostur að fara að bæta enn við það verkefnum þó í samræmingarskyni væri með því að færa til þess málefni lífeyrissjóðanna t.d. eða málefni atvinnulausra og framfærslumálefni sveitarfélaga. Fjmrn. er að mörgu leyti öðruvísi sett í stjórnsýslunni og það er ekki heppilegt að mínu mati að gera fjmrn. í ríkari mæli en nú þegar er að framkvæmdaráðuneyti sem annast framkvæmd málaflokka annarra en sjálfra ríkisfjármálanna. Ég hallast því að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að yrði valin sú leiðin að stofna ekki sjálfstætt ráðuneyti heldur samræma starfsemi á þessu sviði og færa hana til eins af núverandi ráðuneytum sem um þessi mál fjalla, þá væri heppilegasti kosturinn að færa þetta til félmrn. Þar með, herra forseti, væru að mínu mati komnar forsendur fyrir því að samræma löggjöf og stjórnsýslu á þessu sviði. Á því er ekki lítil þörf eins og kunnugt er og ekki mun hún minnka á komandi árum, t.d. með stóraukinni hlutdeild aldraðra og eftirlaunaþega í okkar þjóðfélagi og þjóðarbúskap og sívaxandi umfangi þess málaflokks með tilkomu vaxandi lífeyrissparnaðar. Lífeyrissparnaðarkerfið, lífeyrissjóðirnir og lífeyrisréttindin þar, kemur í vaxandi mæli til með að tryggja afkomu þeirra sem komnir eru á eftirlaunaaldur og að sama skapi dregur það úr hlutverki ríkisins eða annarra aðila á því sviði. En áfram verður fyrir hendi þetta samspil kerfanna sem menn þekkja.

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að ein ástæðan fyrir því að erfiðlega hefur gengið eins og raun ber vitni að endurskoða almannatryggingakerfið er sú að sú vinna rekst umsvifalaust á samspil við aðra þætti, þ.e. skattkerfið, við lífeyrissjóðina og lífeyrissparnaðinn og fleira á þessu málasviði. Nú hefur þó þeim áfanga í þessum efnum verið náð að búið er að samræma og setja rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna. Það var gert á þessu ári og síðasta ári og þar áður var lokið sambærilegu verki hvað varðar lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Það situr hins vegar allt meira og minna við hið sama hvað varðar endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og af þeim ástæðum eru ágætis tímamót til þess að fara í þetta verkefni nú.

Herra forseti. Í mínum huga er ekki verið að leggja til eina endanlega útfærslu þessara mála, enda væri þá ekki ástæða til þess að ganga til verka eins og hér er lagt til, að fela ríkisstjórninni að kanna þessi mál en upp á það hljóðar tillagan. Að sjálfsögðu koma fleiri mögulegar lausnir þarna til greina. Við getum sagt, herra forseti, að ein þeirra væri sú að gera ekki neitt að vandlega athuguðu máli, en það kæmi mér mjög á óvart ef það yrði niðurstaðan ef ekki væru gild rök og ríkir hagsmunir til þess að reyna að endurskipuleggja meðferð þessara mála innan Stjórnarráðsins í ljósi m.a. mikilla breytinga sem orðið hafa á löggjöf og hlutverkum. Þó ekkert annað kæmi til en uppbygging lífeyrissjóðanna á sl. 30 árum og það stóraukna hlutverk sem þeir munu hafa á komandi árum og þó ekkert annað kæmi til en t.d. breytt aldurssamsetning í þjóðfélaginu, þá væri rík ástæða til þess að fara í þessa vinnu hvort heldur það væri í sínu lagi eða að svo ekki sé talað um saman.

Ég leyfi mér að vona, herra forseti, að hógvær tillaga um vinnu af þessu tagi sem færi fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar sjálfrar og væntanlega fyrst og fremst undir forustu hæstv. forsrh. sem fer með mál er varða verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og gefur út reglugerð um skipan ráðuneyta innan Stjórnarráðsins, fái góðar undirtektir og nái hér afgreiðslu. Ég sé í fljótu bragði ekki að menn geti haft á móti því að farið sé í þessa vinnu. Það þarf ekki að vera um að ræða einhver stórfelld útgjöld eða mannfreka starfsemi heldur fyrst og fremst hitt að farið verði skipulega yfir þetta af þeim sem til þess eru best bærir innan ráðuneyta og stjórnsýslunnar, að huga að kostum þess og þá göllum að gera slíka breytingu og samræma á einum stað framkvæmd og stjórnsýslu á þessu mikilvæga málasviði. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þessi mál munu verða með vaxandi þunga á dagskrá á komandi árum. Við munum standa frammi fyrir sambærilegum hlutum að einhverju leyti og allar aðrar þjóðir sem búa við breytta aldurssamsetningu gera, þ.e. að málaflokkurinn í heild sinni sem snýr að almannatrygginga- og lífeyrissparnaðarmálum verður fyrirferðarmeiri og fyrirferðarmeiri eftir því sem aldurssamsetning samfélaganna breytist, líka vegna þess að menn gera kröfur um meiri fjárráð og betri lífskjör en menn kannski áður urðu að láta sér lynda eftir að komið er á þennan aldur og það tímabil í

ævi hvers meðal-Íslendings varir lengur sem hann tilheyrir þessum hópi. Mér finnast því rökin öll hníga þarna í eina átt, herra forseti, að það sé skynsamlegt og tímabært að huga að starfi af þessu tagi sem hér er lagt til.

Mér sýnist, herra forseti, með hliðsjón af því að hér er um að ræða málefni sem varðar mörg ráðuneyti og yrði hvað framkvæmd snertir væntanlega fyrst og fremst á verksviði hæstv. forsrh., eðlilegast að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:07]

**Útbýting þingskjals:**
Leigubifreiðar, 519. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 890.

## *Flutningur ríkisstofnana, fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 390. mál. — Þskj. 708.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, fyrri umr.*

Þáltill. GMS og SF, 403. mál. — Þskj. 724.

[19:08]

**Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri. Tillagan gengur út á það að Alþingi álykti að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli með því að innleiða með markvissum hætti „fjarstörf" og „fjarvinnslu" í ríkisrekstri.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að fábreytni atvinnulífs í dreifbýlinu er ein af meginorsökum þess að fólk leitar út fyrir sitt heimasvæði eftir atvinnu. Sérstaklega á þetta við um fólk sem aflað hefur sér langskólamenntunar og fær ekki vinnu í heimabyggð sem það telur í samræmi við þá menntun sem það hefur aflað sér.

Menn hafa reynt á undanförnum árum að flytja ríkisstofnanir út á land með mjög misjöfnum eða nánast litlum árangri held ég að ég megi segja. Þær tillögur sem upp hafa komið um flutning ríkisstofnana hafa mætt mikilli andstöðu þess fólks sem unnið hefur í þessum stofnunum og síðan hafa þau sjónarmið komið upp að það sé að mörgu leyti hagstæðara fyrir íbúa dreifbýlisins að geta farið í margar ríkisstofnanir með erindi á sama tíma á sama stað í staðinn fyrir að þurfa að sækja og rækja þau erindi víða um landið. Allt eru þetta sjónarmið sem eiga rétt á sér þó að ég hafi vissulega stutt það í gegnum tíðina að ríkisstofnunum væri dreift um landið.

Á seinustu árum hefur hins vegar orðið gjörbreyting í þeirri tækni sem unnt er að nota til þess að eiga samskipti manna á milli og til þess jafnframt að vinna á mismunandi stöðum þó menn séu að vinna að sama verkefni.

Við vitum að framboð á störfum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er langmest á höfuðborgarsvæðinu þó svo viðkomandi stofnunum sé ætlað að þjóna landinu í heild. Langflest þeirra nýju starfa sem verða til hjá ríkinu verða til á höfuðborgarsvæðinu. Með tilkomu þessarar nýju tækni sem er tölvutækni og ýmiss konar önnur háþróuð tækni er nú orðinn lítill vandi að hafa fólk sem er að vinna að sama verkefni staðsett hvert á sínu horni landsins, jafnvel í sínu landinu hvert.

Tillagan sem hér er flutt miðar að því að innleiða í ríkisrekstri svonefnd fjarstörf sem gengju þá út á það að ríkisvaldið mundi skilgreina ákveðin störf eða ákveðinn fjölda starfa sem til eru hjá ríkinu sem fjarstörf og mundi auglýsa þau störf sem slík. Þannig mætti hugsa sér svo dæmi sé tekið skiptiborð Stjórnarráðsins, að ekkert er því til fyrirstöðu að þeirri þjónustu væri sinnt annars staðar frá, t.d. Patreksfirði eða Flateyri, að þar væri skiptiborð Stjórnarráðsins og þar sæti fólk og ynni við það að svara í síma fyrir Stjórnarráðið.

Þegar ég vann í Stjórnarráði Íslands man ég eftir því að maður hafði oft á dag samband við skiptiborð en ég man aldrei eftir því þau tíu eða tólf ár sem ég var þar að hafa nokkurn tíma hitt það ágæta fólk sem þar vann. Með þeirri háhraðatækni sem er til í dag þá skiptir litlu máli hvar viðkomandi situr þegar hann er að sinna slíkri þjónustu.

En ég hef þó meira í huga með fjarstörfum. Hægt væri að auka fjölbreytnina til annars konar starfa. Hægt væri að bjóða upp á störf sem almennt byggjast á háskólamenntun víða um land. Hugsun mín er sú að ríkisstofnanir auglýsi hluta af sínum störfum sem störf sem sinna megi í fjarvinnslu. Þá mundi sá sem fengi það starf geta unnið það heiman frá sér gegnum tölvu, fax og síma. Svo má einnig hugsa sér að sveitarfélög úti á landi komi upp aðstöðu þar sem þeir sem sinna fjarstörfum mæti til vinnu að morgni og vinni þar sína vinnu í gegnum fjarskipti við sjálfa ríkisstofnunina, sjálft fyrirtækið, hvar sem það er statt á landinu.

Það er ljóst að fjarstörf færast mjög í vöxt víða um heim. Víða erlendis hvetja vinnuveitendur starfsmenn sína til að sinna störfum sínum heima til þess að minnka umferð og til þess að gera störfin fjölskylduvænni. Og það er ljóst að þetta er mjög vinsælt hjá þeim sem búa við þessa tilhögun.

Í Danmörku var nýlega gerð Gallup-könnun um vilja Dana til þess að vinna heima. Í blaði ASÍ, Vinnunni, var greint frá þessu og þar sagt að sjötti hver Dani vinni heima með aðstoð tölvutækni. Í skoðanakönnuninni kemur fram að flestir eða 48% þeirra sem spurðir voru sögðu ástæðuna fyrir því að þeir vildu vinna heima vera frelsi til þess að ráða vinnutíma sínum sjálfir. 6% nefndu barnagæslu og 23% nefndu sparnað í ferðakostnaði. Áður fyrr var verkalýðshreyfingin í Danmörku á móti því að menn færu mikið yfir í fjarstörf en nú hefur viðhorfið breyst mjög og á árinu 1997 er vitað að yfir ein milljón danskra launþega hafði ákvæði um fjarstörf í kjarasamningum sínum.

Ég teldi það vera farsælt markmið ef menn fikruðu sig yfir í fjarstörf sem yrði þá sinnt í byrjun utan Reykjavíkur og auglýst sem slík, fikruðu sig yfir í þetta t.d. þannig að í upphafi væru auglýst tvö ný fjarstörf í hverju kjördæmi landsins og þetta væri gert strax í ár. Að ári liðnu yrði metið hvernig til hefði tekist með það síðan í huga að árið á eftir væru ekki færri en 2% allra opinberra starfa auglýst sem fjarstörf sem hægt væri að vinna hvar sem er á landinu. Ég sé það fyrir mér að í lok ársins 2007 væri ekki fráleitt að um 5% allra opinberra starfa væru fjarstörf sem hægt væri að vinna fjarri þeirri stofnun eða fyrirtæki sem í hlut ætti.

Ég er alveg sannfærður um að með því einu og sér að ríkið bjóði upp á fjarstörf getum við leyst stóran þátt í þeim

hvata sem hefur verið í dag fyrir menntað fólk til þess að flytja sig til höfuðborgarsvæðisins.

Í skýrslu, sem kom út í nóvember 1997 og heitir Búseta á Íslandi, rannsókn á orsökum búferlaflutninga, sem unnin er af Stefáni Ólafssyni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar á allt er litið þá eru það atvinnumál og menntun ásamt almennu mati á lífsgæðum sem virðast skipta mestu máli sem ástæða búferlaflutninga, bæði fyrir það fólk sem flutt hefur á sl. árum og fyrir þá sem segjast ætla að flytja milli byggðarlaga á næstu missirum. Hvað atvinnumálin snertir þá er það ekki síður fjölbreytileiki atvinnutækifæranna en atvinnuöryggi eða tekjumöguleikar sem máli skipta."

Ég er sannfærður um að fjarstörfin eru einfaldasta og ódýrasta leiðin fyrir ríkisvaldið til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Auðvitað koma þar fjölmörg önnur atriði til eins og samgöngur og slíkt, en við erum hér að fjalla um atvinnumál. Það er vissulega hætta á því að fólki mun þykja einmanalegt að vinna alla vinnu heiman frá sér og fara ekki á vinnustað, en það má vissulega mæta því með því að sveitarfélög komi upp aðstöðu fyrir fólk sem vill vinna fjarstörf, þar sem það gæti komið saman. Við gætum hugsað okkur að þar ynnu 10–15 manns, hver fyrir sitt fyrirtæki eða sína ríkisstofnun, allir mættu til vinnu að morgni vinnandi hver við sitt verkefni en engu að síður liti þetta út eins og einn vinnustaður þar sem menn ættu þau mannlegu samskipti við aðra sem við teljum snaran þátt í okkar daglega vinnuumhverfi.

Ég vil hvetja hæstv. forsrh. til að taka frumkvæði í þessu máli hér á landi með því að gera tilraun með fjarvinnslu. Það er rétt að vekja athygli á því að Alþingi hefur þegar ákveðið að láta hefja fjarvinnslu á ýmsum skjölum sem Alþingi þarf að láta vinna. Það er tilraunaverkefni sem er í gangi á vegum Alþingis. Það sem ég tala hér fyrir, þ.e. fjarstörfin, er víðtækara og nær til hvers konar starfa þar sem þess er ekki krafist að menn eða konur sitji eða standi á ákveðnum stað á ákveðnum tilteknum tíma. Þetta er að mínu mati og ég ítreka það einfaldasta og ódýrasta leiðin til þess að auka fjölbreytni starfa í dreifbýli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hámarkstími til að svara erindum, fyrri umr.*

Þáltill. GMS, 405. mál. — Þskj. 726.

[19:19]

**Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um hámarkstíma sem Stjórnarráð Íslands og ríkisstofnanir mega hafa til að svara þeim erindum sem stofnununum berast. Þáltill. samhljóða þessari var lögð fram á 121. löggjafarþingi en var ekki afgreidd úr nefnd. Ég hef kynnt mér að umsagnir um þessa tillögu sem nefndinni bárust voru almennt mjög jákvæðar og því tel ég ástæðu til að flytja þáltill. að nýju.

Frá því að ég flutti þessa þáltill. á síðasta þingi hefur það komið upp að umboðsmaður Alþingis hefur orðið að gera athugasemdir við seinagang í afgreiðslu mála hjá fjmrn. eftir að í ljós kom að dregist hafði að svara tilteknu máli svo mánuðum skipti.

Þegar mælt var fyrir tillögunni á 121. löggjafarþingi rakti ég mörg dæmi þess að ráðuneyti hafi ekki svarað erindum jafnvel svo árum skiptir. Mér er ljúft að upplýsa það hér að eitt þeirra mála sem þá voru rakin hefur verið til lykta leitt eftir fjögurra ára biðtíma og þegar gengið var í það af hálfu ráðuneytisins að afgreiða það mál, þá tók það stuttan tíma og sýndi sig að lítil ástæða var að draga fyrirspyrjanda í fjögur ár á svari.

16. janúar sl. var haldin í Reykjavík ráðstefna sem Félag löggiltra endurskoðenda og Lögfræðingafélag Íslands héldu. Á ráðstefnunni kom fram hörð gagnrýni á tafir í skattkerfinu og hjá öðrum stofnunum þegar kæmi að því að afgreiða mál frá þessum stofnunum. Morgunblaðið hefur t.d. eftir einum frummælandanna, sem er einn af þekktustu löggiltu endurskoðendum landsins, að úrskurðir skattstjóra hafi oftlega dregist í marga mánuði fram yfir þann frest sem skattstjórunum er settur í lögum. Þetta er slæmt og afar óeðlilegt að ríkisstofnanir komist upp með slík vinnubrögð gagnvart almenningi sem þarf að leita til slíkra stofnana með erindi. Sárast af öllu er þó þegar sjálft Stjórnarráðið dregur að svara erindum sem þangað berast.

Ég gat þess þegar ég talaði fyrir þáltill. áður að á þeim tíma þegar ég starfaði í Stjórnarráðinu var þar ákveðinn hópur manna sem taldi farsælt að leggja ný mál sem bárust til hliðar og láta þau bíða í einhverjar vikur áður en litið væri á þau og þau afgreidd, sama hversu einfalt málið var. Þetta var talið auka tiltrú almennings á því sem stjórnsýslan gerði. Það var þó ekki alls staðar sem sá háttur var hafður á og t.d. var það svo með ráðuneytisstjórann í fjmrn., sem þá var Jón Sigurðsson, síðar forstjóri á Grundartanga, að hann setti starfsmönnum þá reglu að öllum erindum hvort sem þau voru stór eða lítil skyldi svarað innan sjö virkra daga frá því að þau bárust Stjórnarráðinu. Væri ekki unnt að verða við því að kveða upp úrskurð innan sjö daga, þá skyldi engu að síður fyrirspyrjanda svarað og greint frá því hvenær vænta mætti svars.

Ég held að það væri mjög einfalt, herra forseti, að setja upp slíka almenna reglu. Hún mundi flýta mjög afgreiðslu mála úr Stjórnarráðinu. Ég hef ekki trú á því að hún mundi draga úr gæðum þeirra úrskurða sem þar eru upp kveðnir því að ef það er svo að menn raunverulega þurfi lengri frest til að kanna einhver mál, þá er ekki nema sjálfsagt að menn taki sér hann, en mér finnst líka sjálfsögð kurteisi að menn láti heyra frá sér, láti mál ekki dragast í allt að fjögur ár eins og ég hef rakið dæmi um áður. Það er í ljósi þessa sem ég flyt þáltill. Það er von mín að ríkisstjórnin reki af sér slyðruorðið og grípi til aðgerða til að auka þjónustu Stjórnarráðsins og ríkisstofnana við almenning í landinu við það fólk sem borgar fyrir þá starfsemi sem fram fer í slíkum stofnunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:25.

# 78. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til menntamálaráðherra:*

1. Umfjöllun um skólastarf, fsp. SvanJ, 455. mál, þskj. 785.

*Til samgönguráðherra:*

2. Aðstaða landsmanna til að nýta sér ljósleiðarann, fsp. HG, 468. mál, þskj. 801.

*Til félagsmálaráðherra:*

3. Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga, fsp. ArnbS, 482. mál, þskj. 818.

4. Frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, fsp. GÁS, 492. mál, þskj. 841.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Afsal aflaheimilda vegna úthafsveiðileyfa, 440. mál, svar sjútvrh., þskj. 857.

Ábyrgð byggingameistara, 514. mál, fsp. GHall, þskj. 885.

Brunamótstaða húsgagna, 515. mál, fsp. GHall, þskj. 886.

Gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera, 517. mál, fsp. HjÁ, þskj. 888.

Hollustuhættir, 194. mál, þskj. 868.

Jarðabréf, 506. mál, þáltill. GMS og EgJ, þskj. 873.

Kennsla í grunnskólum, 512. mál, fsp. BirnS, þskj. 883.

Kjör og staða fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, 516. mál, fsp. KHG, þskj. 887.

Ríkisstyrktar kaupskipaútgerðir á Norðurlöndum, 513. mál, fsp. GHall, þskj. 884.

Vinnuklúbburinn, 511. mál, fsp. ArnbS, þskj. 882.

## *Umfjöllun um skólastarf.*

Fsp. SvanJ, 455. mál. — Þskj. 785.

[13:34]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Haustið 1996 spurði ég hæstv. menntmrh. um tilgang þess að birta öðrum en skólayfirvöldum, nemendum og forráðamönnum þeirra niðurstöður samræmdra prófa í grunnskólum. Þá lá fyrir að sett yrði reglugerð sem heimilaði slíkt. Í svari menntmrh. kom fram að tilgangurinn væri m.a. sá að gera umræðu um niðurstöður samræmdra prófa markvissari en verið hefur. Einnig kom fram það mat að birting niðurstaðnanna fyrir einstaka skóla leiddi til opinnar umræðu um skólana og gæti leitt til umbóta í skólastarfi ef nægjanlegra skýringa væri leitað. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra:

Hvað hefur verið gert til að auka umræðu um skólastarf og stöðu einstakra grunnskóla eða skólasvæða eftir að farið er að birta niðurstöður samræmdra prófa? Og einnig: Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að auka umfjöllun um skólastarf í kjölfar birtingar á niðurstöðum samræmdra prófa svo að auknar upplýsingar leiði til þeirra umbóta í skólastarfi sem vænst er?

Ég spyr, herra forseti, vegna þess að mér fannst opinber umræða ekki nógu markviss og ekki skila nægjanlega miklu þegar niðurstöðurnar voru birtar.

Fréttaefnið þann daginn var hver væri bestur og hver verstur eins og um íþróttakeppni væri að ræða. Verulega skorti á að kafað væri nægjanlega í niðurstöðurnar í leit að skýringum. Markviss umræða var ekki til staðar. Svara var ekki leitað við spurningum, t.d. um það hvort þeir skólar sem verr komu út ættu eitthvað sameiginlegt eða eitthvað væri sameiginlegt í umhverfi þeirra. Skiptir fjöldi nemenda í skólum eða bekkjum máli eða hverjir virtust kostir litlu skólanna í dreifbýlinu vera og hverjir voru kostir hinna stóru í þéttbýlinu? Hvaða máli skiptir foreldrastarfið?

Þetta er dæmi um nálgun en kallar í raun eftir umfjöllun sem gæti gert okkur ýmsa kosti og galla skólakerfisins betur í ljósa. Við gætum lært af þeim og brugðist við eftir atvikum.

Ýmis sveitarfélög hafa skoðað og skilgreint skóla sína til að bæta starfið. Þau hafa leitað ráðgjafar víða svo vel megi til takast. Í þeim sveitarstjórnum og sveitarfélögum er væntanlega í gangi umræða sem mun skila sér fyrir betri skóla, að ég segi nú ekki enn betri skóla.

Við hljótum samt að ætlast til þess að umræðan verði almennari og leiði til samanburðar á aðstæðum í skólunum og umhverfi þeirra sem ekki eru prófaðar með samræmdum prófum. Þeir þættir kunna þó að skipta mjög miklu máli fyrir uppeldisskilyrði barnanna og velferð fjölskyldunnar. Umræðan um skólana og hlutverk þeirra í nútímasamfélagi þarf að vera snarari þáttur í þjóðfélagsumræðunni. Það er mikilvægt að umræðan sé örvuð sem víðast og því er þessi fyrirspurn borin fram.

[13:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég held að sú ákvörðun að birta helstu niðurstöður samræmdra prófa hafi orðið til þess að umræða um skólamál hefur aukist. Almenningur fær nú meiri upplýsingar en áður um árangur einstakra skóla og foreldrar vita betur um stöðu síns skóla miðað við aðra skóla. Þetta hefur einkennt umræðurnar á þeim tíma sem liðinn er frá því að þessar upplýsingar tóku að birtast.

Menntmrh. stóð fyrir málþingi um samræmd próf í nóvembermánuði 1997. Til þess þings var boðið fulltrúum ýmissa félaga, félagasamtaka og stofnana sem samræmd próf snerta á einhvern hátt. Á málþinginu var einkum fjallað um tilgang og skipan samræmdra prófa og hefur sú umræða reynst mjög gagnleg í vinnu við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla sem nú stendur yfir.

Á málþinginu og á öðrum vettvangi hafa vissulega heyrst efasemdir um réttmæti þess að birta opinberlega niðurstöður einstakra skóla. Skólamenn óttast að foreldrar noti niðurstöðu samræmdra prófa eingöngu til að dæma um gæði skóla. Þessu má mæta annars vegar með því að láta ýmsar tölulegar upplýsingar fylgja niðurstöðum samræmdra prófa og hins vegar á þann hátt að skólarnir sjálfir koma á framfæri þeim skýringum sem þeir telja nauðsynlegar til að fólk utan skólans skilji niðurstöðurnar betur. Almennt tel ég því að þær upplýsingar sem við birtum nú auðveldi mjög umræður um samræmd próf og umfjöllun um stöðu skólanna.

Þá spyr hv. þm.: „Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að auka umfjöllun um skólastarf í kjölfar birtingar á niðurstöðum samræmdra prófa svo að auknar upplýsingar leiði til þeirra umbóta í skólastarfi sem vænst er?“

Síðdegis í dag mun ég gera grein fyrir átaki menntmrn. til kynningar á námskrárgerðinni, undir kjörorðinu „Enn betri skóli", sem ég vakti máls á hér í ræðustól í gær. Ég vona að ef sú kynning tekst sem að er stefnt þá muni það leiða til málefnalegrar umræðu um grunnskólann og framhaldsskólann. Ég tel að það gæti orðið til þess að menn áttuðu sig betur á því hvað þarf að gera á þessum skólastigum til að bæta skólana enn frekar.

Varðandi það að miðla sérstaklega upplýsingum sem tengjast samræmdu prófunum og stöðu skólanna í ljósi þeirra, þá held ég að þær upplýsingar sem við höfum ákveðið að gefa út auðveldi foreldrum að átta sig á stöðu skólanna og taka þátt í umræðum um stöðu skólans gagnvart öðrum skólum. Foreldraráðin hafa það hlutverk fyrst og fremst að gefa umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir hvers skóla. Þessu hlutverki geta þau tæpast sinnt nema þau fái upplýsingar frá skólanum. Í 16. gr. grunnskólalaganna segir að skólastjóra sé skylt að starfa með foreldraráði og veita því upplýsingar um starfið í skólanum.

Í athugasemd með þessari grein í lögunum er sérstaklega tekið fram að foreldraráð eigi að fá upplýsingar um niðurstöður mats í starfi skólans. Samræmd próf eru hluti af slíku mati. Ég tel að foreldraráð eigi að ganga skipulega eftir því að fá upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa og útskýringar skólans á þeim. Vitneskja foreldraráðs um niðurstöður utanaðkomandi mælinga eins og samræmdra prófa og skilningur á stöðu skólans er ein forsenda þess að foreldraráð geti veitt skólanum öflugan stuðning.

Ég tel einnig að skólanefndir eigi að taka til umfjöllunar niðurstöður samræmdra prófa í skólum sem undir þá heyra. Þær eiga að hafa frumkvæði að því að koma á framfæri ítarlegum upplýsingum til að auðvelda skilning og túlkun á niðurstöðunum. Skólanefnd á samkvæmt lögum að fylgjast með námi og kennslu í skólahverfi sínu og gera tillögur um umbætur. Skólanefnd ber því að leita skýringa og bregðast við ef niðurstöður samræmdra prófa sýna að skóli víkur verulega frá því sem eðlilegt getur talist í árangri.

Jafnframt vil ég geta þess að í umræðum um niðurstöðurnar hafa einstaka skólastjórar látið þess getið að birting niðurstaðnanna hafi orðið til þess að þeir hafi tekið sig á í starfi. Einnig hefur náðst sá gleðilegi árangur að veruleg breyting hefur orðið á stöðu þeirra skóla eftir þann samanburð sem nú er hægt að stunda eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir opinberlega.

Ég tel að það sem ég sagði hafi ræst og allar umræður um skólamál séu opnari, eftir að þessar upplýsingar komu fram. En ég ítreka að nú á næstu vikum mun menntmrn. beita sér fyrir alhliða umræðum um betra skólastarf, „Enn betri skóla". Vonandi taka sem flestir þátt í þeim umræðum og leggja af mörkum svo að lokaáfangi í gerð námskránna fyrir grunnskólann og framhaldsskólann veki þann áhuga sem nauðsynlegt er til að það starf verði unnið sem best.

[13:42]

**Birna Sigurjónsdóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar að taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um þörfina fyrir að auka umræðu um skólastarf, sérstaklega í tengslum við birtingu á niðurstöðum samræmdra prófa. Það sem mig langar kannski að bæta við er að ekki er síður þörf á að beina sjónum að samræmdu prófunum sjálfum. Eru þau besti mælikvarðinn sem við getum hugsað okkur á skólastarfið? Þetta þarf alltaf vera með í umræðu um þessi mál.

[13:43]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Svörin sem hann gaf voru aðallega um hvernig farið hefur verið með þessar upplýsingar inn á við og í næsta nágrenni skólans. Ég hef kannski frekar tekið eftir því hvernig fjölmiðlar hafa farið með þessar upplýsingar og hvernig fjallað hefur verið um þessar niðurstöður í þjóðfélaginu.

Ég var stödd í Bretlandi þegar þeir birtu fyrst upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa úr 4. bekk og 7. bekk. Þau próf eru eins og hjá okkur, í stærðfræði og móðurmáli. Ósjálfrátt hlýt ég að bera viðbrögðin saman. Alla vikuna sem ég dvaldi þá í Bretlandi var umfjöllun um þessi mál í fjölmiðlum. Skýringa var leitað og bæði leikir og lærðir tjáðu sig. Foreldrar, kennarar, sérfræðingar og stjórnmálamenn tóku þátt í umræðum sem fóru fram bæði í dagblöðum og í morgunþáttum sjónvarpsstöðvanna og smám saman kristölluðust í umræðunni tilteknir þættir sem menn einbeittu sér síðan að. Þeir þættir voru ræddir og metnir og mat lagt á ýmislegt fleira en aðeins það sem samræmdu prófin voru að mæla. Mér fannst mjög lærdómsríkt að fylgjast með þessari umræðu.

Ég hef satt að segja bundið vonir við að hér á landi gætum við þróað álíka umræðu um skólamál. Þess vegna held ég að sú kynning sem ráðherra segist nú vera að fara af stað með skipti verulegu máli. Umfjöllun fjölmiðla um hana skiptir máli, hversu margir og hverjir fá að koma að henni. Umræðan þarf að vera markviss og foreldrar, kennarar, sérfræðingar og stjórnmálamenn þurfa að taka þátt þannig að ljóst verði að skólinn er alvörumál í okkar þjóðfélagsumræðu en ekki aukamál sem menn rjúka endrum og sinnum upp með en gleymist síðan á milli.

[13:45]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég get vel tekið undir með hv. þm. þegar hún vísar til umræðna í Bretlandi um skólamál og ber þær saman við það sem hér gerist. Það er alveg ljóst að miklu meiri hefð er fyrir því í breskum fjölmiðlum að fjalla um skólamál á faglegum forsendum, eða hvaða forsendum sem við gefum okkur, og miklu meiri umræða er um skólamál þar en í fjölmiðlum hér á landi. Hér er það frekar þannig að menn taka einstök mál fyrir, eins og t.d. TIMSS-skýrsluna, og fjalla um þau en síðan dettur sú umfjöllun upp fyrir. Skólamál eru náttúrlega þannig mál að þau þarfnast sífelldrar umræðu og umfjöllunar og sjálfur hef ég fylgst með slíkum umræðum í Bretlandi.

En við höfum hins vegar ekki tekið það sama upp hér og menn hafa gert í Bretlandi, að þeir hafa það innbyggt í sitt kerfi þegar upplýsingar eru birtar um stöðu skóla að ef skólarnir standa sig ekki mjög vel, þá er þeim beinlínis lokað. Það er miklu meira í húfi fyrir skólana þar og fyrir einstök byggðarlög og borgir að sjá til þess að skólarnir standi sig vel því að ef þeir standa sig illa er þeim lokað, eins og við vitum. Síðan hafa Bretar tekið það upp, að því er virðist, að skilgreina afburðakennara og ætla að launa þá sérstaklega. Hvernig sá árangur er metinn og hvernig menn móta hugtakið afburðakennari er mér ekki alveg ljóst, en þeir eru kannski þannig skrefi á undan okkur að ýmsu leyti í þessu máli ef við lítum á þennan þátt málsins.

Ég vil hins vegar taka undir þá von hv. þm. að þær umræður sem menntmrn. er að hefja núna verði málefnalegar. Ég get fullvissað hv. þm. um að allir geta komið að þessum umræðum. Þetta eru ekki lokaðar umræður. Við munum senda bækling um enn betri skóla inn á hvert einasta heimili í landinu. Við munum birta auglýsingar í sjónvarpi og hvetja fólk til að kynna sér efni bæklingsins og ég mun efna til funda víðs vegar um landið til að ræða málið. Ég hef haft fundi með forustumönnum í kennarasamtökunum, hjá skólameisturum og Heimili og skóla og fleiri aðilum til að undirbúa jarðveginn og ég vona að umræðurnar verði málefnalegar og góðar. Málið hefur einnig verið kynnt fjölmiðlum sérstaklega.

## *Aðstaða landsmanna til að nýta sér ljósleiðarann.*

Fsp. HG, 468. mál. — Þskj. 801.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Á þskj. 801 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um mismunandi aðstöðu landsmanna til að nýta sér ljósleiðarann. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvað veldur hárri gjaldskrá Landssímans hf. fyrir afnot af ljósleiðaranum?

2. Hví er landsmönnum mismunað eftir búsetu að því er varðar gjaldtöku fyrir aðgang að ljósleiðaranum?

Tilefni fyrirspurnarinnar eru umkvartanir sem komið hafa m.a. frá mínu kjördæmi að hindranir séu í vegi fyrir eðlilegri dreifingu á vegum ljósvakamiðla, t.d. Íslenska útvarpsfélagsins, til einstakra staða á landsbyggðinni. Ástæðan sem borin er við er mismunandi gjaldtaka, byggð á kílómetragjaldi í gjaldskrá Landssímans hf. og valdi það því að dreifingaraðilar hiki við að koma sínum sendingum til notenda þar eð þeir hafa ekki lagt í það að mismuna eftir mismunandi gjaldskrá sem þarna hefur legið til grundvallar.

Íslenska útvarpsfélagið skiptir við Landssímann fyrir um 130 millj. kr. á ári og greiðslur vegna dreifingar á sjónvarps- og útvarpsmerkjum hafa verið 60 millj. á ári hverju. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenska útvarpsfélaginu hefur það greitt kílómetragjald fyrir afnot af ljósleiðaranum. Af þessu leiðir að því lengra sem merkið þarf að fara því hærri verður dreifingarkostnaðurinn á hvern íbúa eða áskrifanda. Í hringtengingunni mundi þetta gjald hafa verið hið sama en fyrir leggi út úr hringnum, eins og innan Austfjarða og á Vestfjörðum, hefur verið tekið 20% álag. Þetta er tilefni þessarar fyrirspurnar og almennt um leið hvort ekki sé eðlilegt að reynt verði að tryggja bæði sem mest not af þeirri miklu fjárfestingu sem er ljósleiðarinn og að tryggja jafnræði landsmanna og þeirra fyrirtækja sem skipta við hann í sambandi við nýtinguna. Hér er stórt mál á ferðinni, jafnræðismál og jafnframt menningarmál.

[13:52]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Landssími Íslands hefur lagt ljósleiðara hringinn í kringum landið og veitir á honum margvíslega fjarskiptaþjónustu. Má þar nefna að stór hluti símtala milli staða á landinu fer um ljósleiðarann, einnig margs konar gagnaflutningur, þar með talin internetnotkun. Hann ber leigulínur milli staða og hann er notaður fyrir flutninga á dagskrá útvarps, bæði sjónvarps og hljóðvarps. Þrjú fíberpör af átta voru frá upphafi leigð NATO fyrir sambönd við radarstöðvarnar og var greitt fyrir fram fyrir þá leigu.

Gjaldtaka af notendum fyrir afnot af ljósleiðara er tvenns konar. Annars vegar er notkun hans innifalin í gjaldi fyrir þjónustu, t.d. talsíma- og gagnaflutningaþjónustu, og hins vegar er gjald fyrir leigulínur og dagskrárlínur. Landssími Íslands gefur út gjaldskrá fyrir þjónustu sína, þar með taldar leigu- og dagskrárlínur, en í gildi er núna gjaldskrá Pósts og síma hf. frá 11. nóv. 1997 sem staðfest var af samgrh.

Ákvörðun gjalda fyrir mismunandi þjónustu á ljósleiðara er ekki einföld vegna þess hversu margs konar þjónustu er um að ræða og einnig vegna þess að hlutdeild hverrar þjónustu í flutningsgetu ljósleiðarans er breytileg. Að jafnaði þykir eðlilegast að miða gjaldtöku við hversu mikil bandbreidd er notuð þegar þjónusta er veitt. Það þýðir þó ekki að t.d. tvöföldun á bandbreidd leiði af sér tvöfalt hærra gjald, notkun mikillar bandbreiddar er hlutfallslega ódýrari en lítillar.

Núverandi gjaldskrá Landssíma Íslands inniheldur verulegt frávik frá þessum gjaldtökuaðferðum að því leyti að gjald fyrir sjónvarpsflutning á ljósleiðaranum er hlutfallslega miklu lægra en t.d. gjöld fyrir gagnaflutning. Þannig er ársfjórðungsgjald fyrir tveggja megabæta gagnaflutningslínu Reykjavík – Akureyri kr. 1,9 millj. en fyrir sjónvarpslínu sem notar 140 megabæt er gjaldið á sömu leið kr. 2,2 millj. Gjaldið fyrir sjónvarpslínuna er því aðeins 7,3% hærra þó að bandbreidd hennar sé 70 sinnum meiri. Hér hafa markaðsaðstæður greinilega haft áhrif á gjaldtöku. Því má bæta við að Póstur og sími gerðu á árinu 1992 samning við íslenska sjónvarpsstöð um flutning dagskrár hennar um allan ljósleiðarahringinn og var veittur afsláttur frá gjaldskrá.

Það hefur komið fram á öðrum vettvangi að gjaldskrá Landssíma Íslands fyrir þjónustu er með þeim lægstu í Evrópu og leigu- og dagskrárlínugjöld eru vel sambærileg við gjöld í Evrópu. Það er þess vegna vart réttlætanlegt út frá samanburði við önnur Evrópulönd að segja gjaldskrána háa. Sé hins vegar spurt um gjöld miðað við tilkostnað verður þessu ekki svarað nema með úttekt á gerðri fjárfestingu í ljósleiðaranum og rekstrarkostnaði hans og samhliða ákvörðun um hvernig þessum kostnaði beri að skipta niður á hina margs konar þjónustu sem ljósleiðarinn veitir.

Gjaldskrá Landssíma Íslands er hin sama hvar sem er á landinu. T.d. er greitt sama gjald á kílómetra fyrir leigulínur hvort sem þær liggja út frá Reykjavík eða eru milli staða úti á landi. Gjald fyrir leigulínu frá Egilsstöðum til Reykjavíkur er hins vegar hærra en fyrir línu frá Akureyri til Reykjavíkur vegna þess að um er að ræða meiri fjarlægð og kostnaður við ljósleiðara er að mestu leyti í hlutfalli við lengd hans. Það má síðan til sanns vegar færa að landsmönnum sé mismunað, ekki eftir búsetu heldur eftir því hvað þeir búa í stóru byggðarlagi. Þjónustuaðili á sviði fjarskipta eða sjónvarps er líklegur til að horfa í kostnað vegna ljósleiðarasambands sem hann þarf til að þjóna litlu byggðarlagi, þó að hann sé tilbúinn að leggja út í sams konar kostnað vegna stærra byggðarlags.

Út af ummælum hv. þm. í sambandi við Íslenska útvarpsfélagið er því við að bæta að við búum við fákeppni í sjónvarpsrekstri. Það er einungis um tvær sjónvarpsstöðvar að ræða sem máli skipta í þessu sambandi og það má segja að þær sitji einar að markaðnum þar sem við höfum ekki möguleika á því að veita fleiri rekstraraðilum aðgang, þ.e. við höfum ekki rásir til þess að senda eftir. Ég tek þess

vegna undir með hv. þm. að þetta hlýtur að vera okkur mikið umhugsunarefni og enginn vafi á því að mikið hagræði væri að því og mundi auðvelda þessi mál t.d. ef samningar tækjust milli Ríkisútvarpsins og Landssímans um notkun breiðbandsins. Ég hef raunar oftar sagt að ég tel nauðsynlegt að auka flutning á breiðbandinu þannig að þar komi breiðvarp sem auðveldi að koma sjónvarpsmyndum á hina smærri staði.

[13:57]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ljósleiðarinn er eign hins íslenska ríkis. Það getur valið um að nota hann sem þjónustutæki landsmönnum til hagsbóta eða sem uppsprettu fjármagns með því að gera arðsemiskröfur á þessa fjárfestingu.

Undir forustu núv. samgrh. hefur síðari leiðin verið valin, að líta á ljósleiðarann sem uppsprettu arðs með því að gera kröfu um 15% arð af stofnfjárfestingunni á ári hverju, sem þýðir að Landssíminn þarf að græða um 600 millj. kr. á hverju ári til þess að standa undir fjárfestingunni miðað við þær skilgreiningar sem ríkisstjórnin hefur falið fyrirtækinu að vinna eftir.

Annað sem mér finnst ákaflega vitlaust er að annað fyrirtæki sem ríkið á líka, Ríkisútvarpið, skuli ekki nota þetta tæki sem ríkið á, en byggja þess í stað upp dreifikerfi með öðrum hætti fyrir mörg hundruð millj. kr. umfram það sem þarf á hverju ári ef notuð væri eign ríkisins sem liggur í ljósleiðaranum.

[13:59]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. samgrh. að umhugsunarefni er hvernig við snúum okkur í þessu máli. Og það er umhugsunarefni hvort hinir nýju samgöngumöguleikar eru verðlagðir í rauninni út af markaðnum um leið og möguleikar landsbyggðarinnar til að nýta þá eru gerðir að engu. Ég vil bæta inn í umræðuna því sem áður hefur komið hér fram og látið ómótmælt, að netfyrirtækin, þjónustufyrirtækin litlu sem eru að verða til úti um land, þurfa að greiða margfalt, tífalt og allt upp í tuttugufalt verð fyrir notkun sína á ljósleiðaranum miðað við þau fyrirtæki sem eru í Reykjavík. Þetta hlýtur að vera hægt að skoða og það hlýtur að vera hægt að nýta ljósleiðarann til að jafna aðstöðu fyrirtækja og fólks frekar en, eins og er í dag að mér sýnist, herra forseti, að beinlínis sé verið að verðleggja ákveðna þætti sem við gætum annars horft til sem vaxtarbrodda út af markaðnum.

[14:00]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þótt þetta mál sé ekki alveg einfalt vegna þess að menn þurfa að gæta að samspili leigulínanna og annarrar umferðar um ljósleiðarann blasir við að hagsmunir Landssímans hf. felast í því að auka umferðina um ljósleiðarann. Sú fjárfesting er þegar fyrir hendi og hagsmunir fyrirtækisins felast í því að fá meiri tekjur með því að auka umferðina um ljósleiðarann. Það verður aðeins gert með því að lækka kostnað fyrir þá sem vilja nýta sér þjónustuna og laða þannig að meiri umferð. Ég tel eðlilegt að vægi kílómetragjaldsins sé lækkað frá því sem það er í dag vegna þess að það virkar sýnilega hamlandi á að þessi umferð aukist fyrir utan það að við vitum líka að hinn breytilegi kostnaður við að senda merki frá einum landshluta til annars er nánast ekkert meiri en að senda þetta merki milli bæjarhluta í einum bæ. Þess vegna er alveg fráleitt eins og hefur verið, en er vonandi að hverfa, að innheimta sérstakt 20% álag á merkjasendingar þegar verið er að flytja fjölmiðlaefni eftir ljósleiðaranum út fyrir hinn svokallaða hringveg. Það nær engri átt og er ekki líðandi að það haldi þannig áfram.

[14:01]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að auðvitað ræður umferðin um þessar leiðir, þ.e. ljósleiðarann, miklu um hver verðlagningin er í heild. Áðan kom fram að Ríkisútvarpið nýtti ekki ljósleiðarann, þá er það rétt að Ríkisútvarpið nýtir ekki ljósleiðarann nema í hreinum undantekningartilfellum.

Þá er rétt að það komi fram að þegar sá sem hér stendur var formaður útvarpslaganefndar var farið mjög nákvæmlega ofan í þessa hluti vegna áforma Ríkisútvarpsins um að endurbæta eigið dreifikerfi. Þá kom í ljós að væri hætt við þau áform og ljósleiðarinn nýttur mundu sparast 400 millj. í fjárfestingu fyrir Ríkisútvarpið til þess að koma efni sínu til neytenda og einnig lá ljóst fyrir að öryggi og gæði flutninganna yrðu miklu meiri.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka umræðu um fyrirspurnina og ábendingar sem hafa komið fram hjá einstökum þingmönnum um leið og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Um þau má vissulega margt segja. Ráðherrann segir að málið sé ekki einfalt og það má vissulega heyra á máli hans að í huga hans var það ekki einfalt. Ráðherrann talaði um að m.a. þyrfti að gera úttekt á gervifjárfestingu sem ljósleiðaranum tengdist ef ég hef lesið rétt í mál ráðherrans, og fleira af þeim toga. Auðvitað er meginatriðið að það er eðlileg og sjálfsögð krafa notenda um allt land að þeir eigi jafnan aðgang að þeirri þjóðbraut sem ljósleiðarinn er. Það hlýtur að vera markmiðið og það hlýtur að vera algert réttlætismál. Við höfum fengið samþykkta á Alþingi þá meginstefnu að sama gjaldskrá skuli gilda fyrir símtöl um land allt, landið verði eitt gjaldsvæði. Það sama á að sjálfsögðu að gilda að því er þetta snertir um aðgang að ljósleiðaranum. Það er hið pólitíska verkefni sem hæstv. ráðherra verður að beita sér fyrir að mínu mati og ráðherrann lýsti vissum skilningi á því að um mikið umhugsunarefni væri að ræða. Því vil ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að þessum hindrunum verði rutt úr vegi. Ef gera þarf úttektir á gervifjárfestingu og öðru til þess að rökstyðja slíkt hef ég síst á móti því en aðalatriðið er að tekið verði á málinu, það verði leyst, landsmenn allir hafi sama aðgengi að þessu og fyrirtæki sem miðla á þessari þjóðbraut sem ljósleiðarinn er.

Spurningin um breiðbandið og þá miklu fjárfestingu er svo annað mál sem hæstv. ráðherra kom að. Aðstæður leyfa ekki að ræða það en ég heyri að allskiptar skoðanir eru um þau fjárfestingaráform.

[14:05]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að það er mikill misskilningur að um gervifjárfestingu sé að ræða í ljósleiðaranum og mikill misskilningur ef hv. þm. heldur að Landssíminn geti komið sjónvarpsefni inn á öll heimili í landinu án kostnaðar. Auðvitað kostar það verulega fjármuni ef Landssíminn á að taka þá þjónustu að sér og það verður að sjálfsögðu óverjandi að ráðast í slíkt nema jafnframt verði gerðar ráðstafanir til að þjónustan um það sem farið er að

kalla breiðvarp verði miklu fyllri og betri en nú er og nýjum rekstraraðilum gefist kostur á því að komast inn á þann fjarskiptamarkað.

Í þessu sambandi vil ég benda á að þegar við erum að ræða um sjónvarps- og hljóðvarpsflutning sem nær til 80 þúsund heimila á landinu er hægt að fá það fyrir 37 millj. kr. Landssíminn telur þessa gjaldskrá lága að teknu tilliti til bandbreiddar og þeirra gæða sem krafist er í flutningi eins og þessum.

Auðvitað er hægt að hugsa sér að opinber fyrirtæki eins og sjónvarpið og pósturinn taki að sér án endurgjalds að koma þjónustu út á land fyrir markaðsráðandi fyrirtæki. Mér finnst satt að segja ekki koma nægilega vel fram hjá þingmönnum að það er ástæða til að ætlast til þess að fyrirtæki eins og Stöð 2, sem hefur einokunaraðstöðu á markaðnum ásamt Ríkisútvarpinu, leggi meiri áherslu á það en hún hefur gert að koma sjónvarpsefninu til sem flestra íbúa landsins án þess að opinber kvöð þurfi að koma til í því sambandi á meðan við höfum ekki fleiri sjónvarpsrásir handa nýjum aðilum sem vilja vissulega koma inn á markaðinn. Við erum að tala um fákeppni og er ástæða til að ætlast til mikils af þeim sem njóta þess að vera í skjóli fákeppninnar.

## *Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga.*

Fsp. ArnbS, 482. mál. — Þskj. 818.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Stéttarfélög hafa í einhverjum mæli samið við atvinnurekendur um sjúkrasjóði fyrir félagsmenn sína. Þetta á þó ekki við um öll stéttarfélög. Því eru mismunandi réttindi á þessu sviði sem menn þurfa að búa við að ónefndum þeim sem eiga ekki aðild að stéttarfélögum.

Kostnaður sjúklinga og aðstandenda þeirra á landsbyggðinni er mjög mikill við að sækja læknisþjónustu, t.d. til höfuðborgarsvæðisins þar sem við höfum byggt upp megnið af sérfræðilæknisþjónustu landsins. Nægir þar að nefna ferðakostnað, dvalarkostnað og vinnutap. Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna á landsbyggðinni hafa sumir hverjir stutt félagsmenn sína til ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða í lækningaskyni þar sem Tryggingastofnun hefur ekki talið sér skylt að greiða ferðakostnað.

Því hefur verið haldið fram að Tryggingastofnun hafi túlkað reglugerð um ferðakostnað sjúklinga innan lands mjög þröngt í trausti þess að sjúkrasjóðirnir hjálpuðu til. Orð hæstv. heilbrrh. á síðasta þingi um framkvæmd þeirrar reglugerðar hafa rennt stoðum undir þann málflutning.

Það er augljóst að ferðakostnaður þeirra sjúklinga sem lengst eiga að sækja læknisþjónustu er mjög mikill. Reglugerð Tryggingastofnunar er þannig að ekki er sama hvers eðlis sjúkdómarnir eru hvort ferðakostnaður vegna þeirra er greiddur. Dæmi sem Tryggingastofnun ríkisins útilokar eru t.d. flest beinbrot, bráðir gallsjúkdómar og annar sjúkleiki þar sem sársauki og vanlíðan eru m.a. hvati bráðainnlagnar. Ferðakostnaður getur verið mikill, ég get t.d. nefnt Vopnafjörð, þar kostar flug fyrir fullorðinn 15.130 kr. og ef foreldri er með sjúkt barn er ferðakostnaðurinn 24.490 kr. eingöngu fyrir flugið og á þá eftir að ferðast til og frá flugvelli.

Samkvæmt upplýsingum mínum eru dæmi um að ferðakostnaðurinn og sjúkradagpeningar séu jafnstórir útgjaldaþættir fyrir suma sjúkrasjóði stéttarfélaga á landsbyggðinni. Því má draga þær ályktanir að þeir sjóðir séu ekki eins vel í stakk búnir til að greiða aðra útgjaldaþætti félagsmanna sinna vegna sjúkrakostnaðar, svo sem sjúkradagpeninga.

Hæstv. forseti. Ég vil því leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félmrh.:

1. Hvaða stéttarfélög hafa samið um sjúkrasjóði fyrir félagsmenn sína:
   a. stéttarfélög á almennum vinnumarkaði,
   b. félög opinberra starfsmanna?
2. Hvað verja stéttarfélög stórum hluta sjúkrasjóða sinna til að greiða niður ferðakostnað sjúklinga innan lands, skipt eftir kjördæmum?
3. Eru réttindi launþega í sjúkrasjóðum stéttarfélaga mismunandi eftir kjördæmum?

[14:11]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Til þess að hafa einhver tök á að svara fyrirspurninni svo viðunandi sé var þess farið á leit við ASÍ að það veitti ráðuneytinu nauðsynlegar upplýsingar. Í þar að lútandi bréfi var vakin athygli á því að rétt væri að kanna samspil greiðslna Tryggingastofnunar og einstakra sjúkrasjóða þar sem e.t.v. væri hugsanlegt að sumir sjúkrasjóðir gangi að verulegum hluta til ferðakostnaðar sem Tryggingastofnunin ætti að greiða og þeir gætu því ekki sinnt upprunalegu hlutverki sínu sem skyldi.

Um fyrstu spurninguna er það að segja að til sjúkrasjóða stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði var upphaflega stofnað í kjarasamningum á milli samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks. Sjóðirnir öðluðust síðan stoð í lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, og í lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í 5. og 6. gr. laga nr. 19/1979 segir að verkafólk skuli eigi missa neins í af launum, í hverju sem þau eru greidd, eftir eitt ár í starfi í einn mánuð og á fyrsta ári tvo daga fyrir hvern unninn mánuð. Markmið sjúkrasjóðanna er að taka við greiðsluskyldu í veikinda- og slysatilfellum þegar veikindagreiðslur atvinnurekenda falla niður. Sjóðirnir vinna að þessu markmiði með því að veita sjóðsfélögunum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Sjóðfélagar eru þeir taldir sem hafa greitt iðgjaldið eða atvinnurekandi hefur greitt af þeim iðgjald til sjóðsins. Í þessum lögum er einnig skylda atvinnurekenda að greiða 1% af útborguðu kaupi í sjúkrasjóði viðkomandi stéttarfélags nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.

Þá er öllum atvinnurekendum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Af framangreindum ákvæðum leiðir að öllum atvinnurekendum er skylt að greiða til sjúkrasjóða stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði. Í einstökum kjarasamningum getur verið ákveðið hærra framlag en 1%. Fullyrða má að öll stéttarfélög á almennum vinnumarkaði hafi sjúkrasjóði en þau eru á milli 200–300 talsins. Þess skal getið að í öllum kjarasamningum aðildarfélaga Verkamannasambands Íslands er vísað til 7. gr. laga nr. 19/1979. Af framangreindu leiðir enn fremur að sjúkrasjóðir eru skylduaðildarsjóðir.

Að því er varðar félög opinberra starfsmanna er því til að svara að ekkert aðildarfélag BSRB hefur samið um sjúkrasjóði en félagsmenn hafa þess í stað rétt til launa í fjarveru vegna veikinda, samanber reglugerð nr. 411/1989. Samkvæmt upplýsingum BSRB mun vera í undirbúningi samningur um sjúkrasjóð milli Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands, við Landssímann hf. og Íslandspóst hf.

Sama gegnir um aðildarfélög BHM. Aðildarfélög þess hafa ekki samið um greiðslu í sjúkrasjóði og samkvæmt upplýsingum BHM semja sum aðildarfélög bandalagsins fyrir háskólamenn sem starfa hjá einkafyrirtækjum. Í slíkum samningum mun það vera undantekning að samið sé um greiðslu iðgjalds í sjúkrasjóð. BHM hefur upplýst að vaxandi hópur félagsmanna er að hefja störf hjá einkafyrirtækjum. Þá hafi miðstjórn Bandalags háskólamanna ákveðið í janúar sl. að leggja fyrir aðalfund bandalagsins í apríl 1998 að stofnaður verði einn sameiginlegur sjúkrasjóður aðildarfélaganna. Gert er ráð fyrir að í framhaldinu verði samið við einstök fyrirtæki og eftir atvikum samtök atvinnurekenda um framlög í þennan sjúkrasjóð.

Önnur spurningin lýtur að stuðningi sjóðanna við mismunandi viðfangsefni. Í því er rétt að vekja athygli á því að í lögum er ekki að finna ákvæði um eftirlitsskyldu opinberra aðila, hvorki með fjárreiðum sjúkrasjóða né reglugerðum um skipan stjórna eða aðra starfsemi. Í þessu felst að ekki eru tiltækar upplýsingar um hlutfallið milli styrkja einstakra verkefna, t.d. vegna styrkja til að greiða niður ferðakostnað sjúklinga innan lands, skipt eftir landshlutum. Í bréfi ASÍ er staðfest að engar samandregnar upplýsingar liggi fyrir um stuðning vegna greiðslu ferðakostnaðar og bent á að það sé ekki ein af frumskyldum sjóðanna samkvæmt skilgreindum tilgangi þeirra.

Þriðja spurningin fjallar um það hvort réttindi launafólks séu mismunandi eftir landshlutum. Við athugun hefur framangreint verið sannreynt. Réttindi sjóðfélaga í sjúkrasjóðum, herra forseti, eru mjög mismunandi og fara fyrst og fremst eftir styrk hlutaðeigandi stéttarfélags. Öflugasti sjúkrasjóðurinn er á vegum Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

[14:17]

**Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Mér fannst það athyglisvert sem kom fram í svarinu að það skyldi ekki vera samið um sjúkrasjóði hjá félögum opinberra starfsmanna. Það segir manni þá að þeir njóta ekki þess hagræðis sem launþegar sem eru í stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði njóta varðandi þá greiðslu sem sjúkrasjóðirnir hafa innt af hendi vegna ferðakostnaðar sjúklinga til að afla sér læknisþjónustu. Ég tel nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um þessi málefni. Þó svo að sjúkrasjóðirnir hafi ekki upplýsingaskyldu, þá tel ég nauðsynlegt að upplýsingar séu aðgengilegar til að betur sé hægt að gera sér grein fyrir raunverulegum kostnaði við heilbrigðisþjónustuna í landinu. Ferðakostnaður þeirra sem lengst eru frá þjónustunni er sannarlega kostnaður við heilbrigðiskerfið. Spurningin er einungis hver eigi að bera þann kostnað. Það segir sig sjálft að þegar sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna sem lengst eru frá sérfræðiþjónustunni eru farnir að bera verulegan hluta af kostnaðinum við ferðakostnað sjúklinga þá eru þeir ekki færir um að sinna öðrum þáttum. Ég hef fengið upplýsingar um að sjúkrasjóðir stéttarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið þátt í ýmsum fyrirbyggjandi ráðstöfunum, svo sem heilsurækt, krabbameinsskoðunum og fleiri þáttum, sjúkranuddi, sjúkraþjálfun, gleraugnakostnaði og fleiru slíku. Munurinn á þessu er þó alltaf fjarlægðin frá sérfræðiþjónustunni.

[14:19]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Við undirbúning að svari mínu áðan komumst við að raun um það í félmrn. að þessar upplýsingar liggja ekki á lausu og það er ekki svo auðvelt að afla haldbærra upplýsinga. Ég get þó nefnt nokkur dæmi. Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Einingar er tiltölulega öflugur. Þótt um hann gildi ítarleg reglugerð er ekki kveðið á um greiðslur ferðakostnaðar hjá Einingu. Samkvæmt upplýsingum Einingar fjallar stjórn sjóðsins sérstaklega um sérhverja umsókn um greiðslu ferðakostnaðar. Í reglunum eru ákvæði um greiðslu dagpeninga. Það má nefna að heimilt er að greiða dagpeninga í allt að 120 virka daga á sex mánaða tímabili. Vari veikindi lengur en sex mánuði greiðast bætur í allt að 100 virka daga til viðbótar.

Í bréfinu sem ég minntist á frá ASÍ kemur fram að sjúkrasjóðirnir hafi fylgt sérhverju stéttarfélagi þegar þeir voru stofnaðir og að svo sé enn í öllum aðalatriðum og bent er á að aðildarfélög Rafiðnaðarsambandsins hafi sameiginlegan sjúkrasjóð með félagsmenn um land allt. Ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um að þarna er um misræmi að ræða og það er óeðlilegt að menn sitji ekki við sama borð hvar sem er á landinu. Ég tel að ferðakostnaður sé hlutverk sem Tryggingastofnun á að sinna fremur en sjúkrasjóðirnir.

[14:21]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegingarlög, 522. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 893.

Almenn hegningarlög, 521. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 892.

Lögreglulög, 520. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 891.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 14:22.

---

## 79. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
að loknum 78. fundi.

**Dagskrá:**

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 354. mál, þskj. 538. — 1. umr.

2. Innlend metangasframleiðsla, þáltill., 357. mál, þskj. 557. — Fyrri umr.

3. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715. — 1. umr.

4. Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frv., 407. mál, þskj. 728. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. ÁE o.fl., 354. mál. — Þskj. 538.

[14:23]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 538 hef ég leyft mér að bera fram frv. til laga ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu, kvikmyndagerð og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Meginefni frv. er að fyrirtækjum verði heimilt að draga frá tekjum framlög til vísindastarfsemi, kvikmyndagerðar og menningarstarfsemi með tilteknu álagi. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir, herra forseti, af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið.

Allir sem þekkja til á markaði menningar, vísinda og kvikmyndagerðar vita að oft og tíðum er reynt að afla fjármagns hjá fyrirtækjum. Það gengur misjafnlega en í frv. er lagt til að fyrirtæki megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þau verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta, herra forseti, hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur t.d. 200 þús. kr. til menningarstarfsemi má það samkvæmt frv. draga 400 þús. kr. frá tekjum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í núgildandi lögum segir að slík framlög megi ekki nema meira en 0,5% af veltu og er í þessu frv. ekki lögð til breyting á því. Frv. felur þannig í sér ekki neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð. Við flutningsmenn teljum brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis.

Menningarstarfsemi sem fellur undir frv. er hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl. Með vísindalegri rannsóknarstarfsemi er átt við hugvísindi, raunvísindi, félagsvísindi og heilbrigðisvísindi, enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsókna og kennslu innan háskóla mundu þannig falla undir þetta frv.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi og eru sérstök ákvæði um það í frv. Hér er bæði átt við gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildarmynda. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta sér þessa frádráttarmöguleika.

Fjármögnun kvikmynda er oft þannig háttað að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta upphæðir margfaldast. Oft hefur vöntun á fjárframlagi innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá en samþykkt þessa frv. ætti að bæta úr því.

Ríkisvaldið fær til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í Kvikmyndasjóð. Kvikmyndagerð hefur auk þess mjög mikil áhrif á ferðaþjónustu en tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 400 milljónir á ári.

Kvikmyndagerð getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur hérlendis. Starf íslenskra kvikmyndagerðarmanna jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Það er því skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt þessa frv. mundi leiða til.

Íslendingar hafa náð verulegum árangri á þessu sviði og kvikmyndir framleiddar á hvern íbúa eru býsna margar hérlendis miðað við önnur lönd.

Þess má geta, herra forseti, að á síðustu sjö árum hafa verið framleiddar hér á landi um 25 kvikmyndir og heildarkostnaður tæpir 2 milljarðar. Þátttaka Kvikmyndasjóðs í þessum myndum hefur verið rúmlega 400 millj. eða liðlega 20%. Þess má geta að framlög ríkisins til kvikmyndagerðar hafa ekki verið mjög mikil á undanförnum árum, og af framlögum til menningarmála upp á rúman milljarð, 1,4 milljarða, af hálfu ríkisins í fjárlögum, er um 10% varið til kvikmyndagerðar. Sömuleiðis má nefna að ekki er staðið sérstaklega vel af hálfu opinberra aðila að sýningum á íslenskum kvikmyndum, hvort sem það eru leiknar myndir, heimildarmyndir eða leiknir þættir. Ef sl. þrjú ár eru skoðuð þá sendir Ríkisútvarpið út unnið myndefni í samtals 72 klukkustundir. Þetta svarar til u.þ.b. 40 fótboltaleikja sem Ríkissjónvarpið hefur sent út af íslensku efni og það í þrjú ár. Við sjáum vel á þessu, herra forseti, að ekki er stutt við bakið á þessari nýju atvinnu- og listgrein eins og vert væri.

Stuðningur við kvikmyndagerð hér á landi er ekki sjálfvirkur heldur er úthlutunarnefnd starfandi á vegum Kvikmyndasjóðs. Ég nefndi áðan að árlegar tekjur ríkisins í ferðaþjónustu vegna þeirra sem hafa séð íslenskt myndefni erlendis eru um 400 millj. á ári en framlög í Kvikmyndasjóð nema einungis rétt liðlega 100 millj. kr.

Einnig má geta þess að fjárfesting í hverri kvikmynd hér á landi er hagkvæm miðað við í öðrum löndum. Þannig er meðalfjárfesting hér í kvikmynd liðlega 100 millj. kr. á meðan meðalkostnaður við mynd innan Evrópusambandsins er tvöfalt sú fjárhæð eða yfir 200 millj. kr. Mér finnst á þessu, herra forseti, að það sýni sig glöggt að íslenskir kvikmyndagerðarmenn kunna vel til verka og vinna úr þeim fjármunum sem þeir hafa úr að spila.

Ríkið fær beint til baka í sköttum um það bil $^1/_3$ af innanlandskostnaði við kvikmyndagerð og ef tekið er fjögurra ára tímabil voru úthlutanir Kvikmyndasjóðs 265 millj. kr. Ríkið fékk hins vegar beint til baka vegna þessarar úthlutunar 300 millj kr. Ríkið hagnaðist þannig um 35 millj. kr. á því að úthluta í gegnum Kvikmyndasjóð á síðustu fjórum árum. Þá er ótalinn ávinningur ríkisvaldsins vegna aukningar á ferðaþjónustu sem ég gat um áðan.

Áhrif landkynningar vegna kvikmynda, leikinna þátta og heimildarmynda eru mjög mikil. Það hefur verið rannsakað,

herra forseti, að hjá Þjóðverjum og Frökkum vaknaði áhugi eða hugmynd að Íslandsferð í 25% tilvika vegna þátta í sjónvarpi eða hljóðvarpi. Þetta segir okkur að besta landkynningin sem við getum eflt til að örva ferðaþjónustu hér er að styðja við bakið á kvikmyndagerð. Hvert 1% í aukningu ferðamanna skilar í tekjum u.þ.b. 100 millj. kr. og hér er einungis um að ræða eyðslu ferðamanna en ekki flugfargjöld eða hefðbundin ferðapakkaútgjöld. Óbein ferðakynning er þannig mun árangursríkari en ferðaauglýsing.

Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að gera þetta að sérstöku umtalsefni vegna þess að ég held að það séu ekki mjög margir sem hafa gert sér grein fyrir þessum óbeinu áhrifum sem kvikmyndagerð hefur og að þau áhrif koma strax fram í auknum tekjum vegna ferðamanna. Þannig hafa verið skoðuð sérstaklega áhrif af þáttunum sem gerðir voru hér á landi um Nonna og Manna. Þetta voru þættir sem voru gerðir eftir bókum Jóns Sveinssonar og voru sýndir á jólunum 1988 í þýskumælandi löndum og ollu umtalsverðri fjölgun ferðamanna til Íslands frá Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Ítalíu. Þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli.

Sömuleiðis má geta þess að tekjur vegna erlendra tökuliða eru mikilvægar og vitaskuld eru margföldunaráhrif vegna kvikmyndagerðar veruleg í hagkerfi okkar. Þannig er hægt að fullyrða að beinn þjóðhagslegur ávinningur fyrir ríkissjóð vegna kvikmyndaiðnaðar er ekki undir 500 millj. kr. á hverju ári og þá er búið að taka tillit til framlaga ríkisvaldsins í gegnum Kvikmyndasjóð.

Það er alveg hægt að sjá það fyrir sér, herra forseti, að kvikmyndir geti orðið jafnmikilvæg stóriðja í okkar landi og sjávarútvegur og orkufrekur iðnaður. Kvikmyndaiðnaður byggir á ákveðinni sérstöðu sem við höfum töluverða hér á landi. Hann byggir á skapandi hugsun. Hann byggir á góðri menntun. Hann byggir á tæknikunnáttu. Hann byggir á auðlindanýtingu í formi fólks og sérstæðrar náttúru. Þetta eru allt saman þættir sem við getum lagt áherslu á en að auki má geta þess að þessi atvinnugrein er mjög umhverfisvæn.

Alþjóðaviðskipti hafa margfaldast á síðustu áratugum í heiminum og sú þróun mun halda áfram. Og það eru merkileg rök fyrir stuðningi við þessa atvinnugrein að eftirspurn eftir myndrænu efni hefur aukist stórkostlega á síðustu árum og mun gera það á næstu árum. Tölvuvæðingin, internetvæðingin og sjónvarpsvæðingin hefur haft þetta í för með sér og styrkt umhverfi kvikmynda mjög mikið á undanförnum árum. Erlendar rannsóknir sýna að í kvikmyndaiðnaði munu lítil og meðalstór fyrirtæki einkum hasla sér völl og það er einmitt sú umgjörð sem hentar okkur ágætlega. Í Bandaríkjunum hefur til að mynda fjöldi starfsfólks í kvikmyndaiðnaði þrefaldast á síðustu tíu árum og það er það land þar sem umsvifin eru hvað mest.

Þó svo mér hafi, herra forseti, orðið nokkuð tíðrætt um kvikmyndagerð í tengslum við þetta frv. þá ber að hafa í huga að það nær yfir fleiri þætti eins og ég lýsti áðan, vísindalega rannsóknarstarfsemi og menningarstarfsemi almennt þannig að samþykkt frv. mun einnig efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist, myndlist og starfsemi safna, en allir þessir málaflokkar falla undir ákvæði frv.

Frv. er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda þeim sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki. Ef þetta frv. verður að lögum verður mun auðveldara fyrir alla þessa aðila að bera sig eftir fjármagni hjá íslenskum fyrirtækjum vegna þess að hægt er að benda á að ef menn styrkja þetta góða málefni, þá hagnast þeir sjálfir á því með því að draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sínum en það hefur nokkra lækkun tekjuskatts í för með sér.

Svipuð ákvæði þekkjast erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem er einnig mjög mikilvægur málaflokkur sem sjálfsagt væri að fella undir þessa hugmyndafræði þó svo það sé ekki lagt til í þessu frv. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar og við flutningsmenn teljum að það sé góð þróun að íslenskt atvinnulíf komi meira að stuðningi við þessi mikilvægu verkefni.

Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi í aðeins öðru formi og sent til umsagnaraðila og fékk þá mjög jákvæðar umsagnir frá þeim sem þekkja vel til mála. Meðal þeirra sem studdu frv. voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands. Frv. hefur fengið mjög góðar viðtökur í því umhverfi sem því er tengt, þ.e. bæði hvað varðar kvikmyndaiðnaðinn, menningargeirann og vísindaheiminn hérlendis og það er von fjölmargra aðila sem starfa í þessu umhverfi að við berum gæfu til þess að lögfesta þetta í þessu formi.

Aukin framlög til þessara málaflokka skila einnig tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að frv. leiði til aukningar á tekjum ríkisins, en ekki sé um að ræða útfærslu sem leiði til tekjurýrnunar hjá ríkissjóði. Og ef frv. leiðir bæði til aukningar á tekjum ríkisins auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf og hlúa að þeim mikilvægu vaxtarmöguleikum sem við höfum á þessum sviðum, þá væri vel að verki staðið.

Ég vil að lokum, herra forseti, benda á að lögfesting frv. hefur enga áhættu í för með sér. Þessi aðferð hefur verið reynd erlendis, reynst þar vel, og við flutningsmenn teljum brýnt að það verði reynt á það hér á landi hvort þessi aðferðafræði geti ekki eflt menningarstarf, vísindastarf og kvikmyndagerð eins og við teljum brýnt. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. efh.- og viðskn.

[14:38]

**Útbýting þingskjals:**

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 466. mál, nál. allshn., þskj. 894.

[14:38]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir að kynna þetta frv. í þingsal. Frv. er athyglisvert og ég er viss um að ef það nær fram að ganga kemur það til með að geta styrkt menningarlíf á Íslandi á fjölbreytilegan hátt, eins og þingmaðurinn hefur rakið hér, hvað varðar leiklist, tónlist, myndlist og ýmiss konar vísindastarfsemi.

Oft og tíðum þegar við fjöllum um atvinnumál gleymum við því að menningin er líka atvinna. Það höfum við séð í gegnum þær kvikmyndir sem framleiddar eru á Íslandi. Það höfum við einnig séð í gegnum tónlistariðnaðinn. Björk Guðmundsdóttir er ákaflega gott dæmi um þetta sem skapandi listamaður og hefur vakið athygli á þessu á Íslandi.

Þetta frv. er allrar athygli vert og ég er ekki frá því að ef það nær fram að ganga komi það til með að auðga mannlíf og menningarlíf hér á landi.

[14:40]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. þm. Ágústs Einarssonar fyrir þetta frv. og ég tek heils hugar undir það að kvikmyndagerð og sú listsköpun sem hefur náð að blómgast á Íslandi hefur sannarlega sýnt að hún er þess verð að njóta aðstoðar ríkisins og þó um tímabundna aðstoð sé að ræða hefur það sýnt sig að það kemur margfalt til baka eins og kom fram hjá hv. flutningsmanni.

Herra forseti. Í rauninni er undravert hvað tekist hefur að markaðssetja íslenskar kvikmyndir á erlendri grundu og hvaða athygli þær hafa náð og sýna verðlaun sem íslenskir framleiðendur hafa fengið víða um heiminn hversu langt þeir hafa náð fyrir ótrúlega litla peninga.

Ég var á ferð í París fyrir tveimur árum og gekk þar eftir Champs-Élysées, einni stærstu götu Evrópu. Þar gekk ég fram á stórt auglýsingaskilti þar sem á voru helstu poppheitjur heimsins, Michael Jackson og einhverjir fleiri. Og viti menn, hinum megin á standinum var mynd af Björk Guðmundsdóttur. Manni hlýnaði um hjartaræturnar að sjá stóra mynd af þessari stjörnu okkar sem er komin á sama stall og frægustu tónlistarmenn heims sem hafa eytt milljörðum og tugum milljarða í að auglýsa sig. Hún er komin á sama stall og þessir frægustu listamenn heimsins á eigin verðleikum og hefur með list sinni skapað okkur allt aðra stöðu í umræðu á meðal listamanna í heiminum. Ég tek því undir það sem hv. þingmenn hafa sagt að listamenn hafa skapað þjóðinni gríðarlega möguleika, gríðarlega jákvæða umræðu og möguleika sem oft er erfitt að mæla til fjár. Samt er það hægt og það sem hefur verið mælt er þeim allt í vil.

[14:43]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta frv. er lagt fram öðru sinni og eins og fram kom á síðasta þingi studdi ég frv. og fannst það þá vera hið besta mál og er þeirrar skoðunar enn þann dag í dag, ekki síst vegna þess að á þeim tíma sem liðinn er kynntist ég því m.a. að mjög gott verkefni á sviði kvikmyndagerðar sem hafði fengið loforð fyrir ákveðnum framlögum hér, þó mjög lágum, ónýttist vegna þess að erlendir aðilar sem hugðust styrkja kvikmyndagerðina drógu sig til baka á þeirri forsendu að við sjálf hér heima hefðum ekki nægilega mikla trú á verkefninu vegna þess að framlögin sem því voru ætluð voru svo lág. Við höfum úr mjög takmörkuðu fjármagni að spila hjá Kvikmyndasjóði og oft og tíðum er þar um að ræða aðeins það fjármagn sem þarf til þess að byrja á verkefni sem þarf á verulega miklum fjármunum að halda. Ég tel að þetta frv. ýti undir það og geri það fýsilegan kost að fyrirtæki eða stofnanir styrki þessa starfsemi hvort sem er á sviði kvikmyndagerðar eða annarra listgreina. Það geta eins verið bókmenntaverk og það geta verið leiksýningar. Ég trúi því að þetta geti orðið sérstök lyftistöng fyrir áhugaleikfélög úti á landi sem svo sannarlega veitir ekki af.

Ég styð frv. heils hugar og bendi á að fyrir ekki mörgum árum síðan var samþykkt sérstaklega að framlög fyrirtækja til starfsemi stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá skatti. Hafi verið þörf á því, þá er þetta nauðsynlegt verkefni.

[14:45]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tjáð sig um þetta mál, þeim hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Kristjáni Pálssyni og Margréti Frímannsdóttur. Ég tek sérstaklega undir orð þeirra sem telja, eins og hv. þm. Ísólfur Gylfi orðaði það, að þetta frv. gæti stuðlað að því að auðga mannlíf og líta beri á hið menningarlega umhverfi sem atvinnugrein. Í því sambandi nefndi hann m.a., eins og hv. þm. Kristján Pálsson, Björk Guðmundsdóttur sem borið hefur hróður Íslands víða um heim.

Eins og hv. þm. Kristján Pálsson vék að er hægt að skapa þjóðinni mikla möguleika til farsæls og hamingjusams mannlífs gegnum list. Það getur einnig skapað tekjur og góð markaðssetning á kvikmyndum sýnir að við eigum mjög gott fagfólk á þessu sviði. Ég tek sérstaklega undir það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi, að gallinn á núverandi kerfi sé sá að við höfum oft og tíðum misst af fjármagni frá útlöndum vegna þess að ekki hafi verið lagt til nægilegt fjármagn hér innan lands. Vitaskuld er þetta slæm staða og skaðar ekki aðeins listsköpunina og atvinnumöguleikana sem í þessu felast, heldur er þetta lítilsvirðing þann vaxtarbrodd sem í listum býr.

Hv. þm. benti á að undir frv. falla ýmsir aðrir þættir eins og bókmenntaverk. Hún tók sérstaklega fram að áhugleikfélög mundu líka falla undir þetta frv. Ég er því sérstaklega ánægður, herra forseti, yfir hinum góðu undirtektum hv. þm. úr þremur mismunandi flokkum.

Ég vona að við berum gæfu til þess að reyna að þoka málinu áfram hér innan þings. Við eigum fólk á heimsmælikvarða í þessu umhverfi, menntaumhverfi, kvikmyndagerðarumhverfi, vísindalegu umhverfi. Það þarf að laða að fjármagn úr fyrirtækjarekstri að listgreinum þannig að fyrirtækin hagnist á því en séu jafnframt þátttakendur í góðum málefnum. Ríkissjóður á alls ekki, nema síður sé, að bera skarðan hlut frá borði varðandi þetta mál. Mér sýnist á undirtektum að full ástæða sé til þess að trúa því að við þokum þessu máli áleiðis. Okkur tekst vonandi að lögfesta þessa útfærslu og fá a.m.k. reynslu á þessar hugmyndir. Ég þakka enn og aftur undirtektir hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Innlend metangasframleiðsla, fyrri umr.*

Þáltill. KPál o.fl., 357. mál. — Þskj. 557.

[14:49]

**Flm. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um innlenda metangasframleiðslu. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Össur Skarphéðinsson og Siv Friðleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og á tollalögum sem heimili að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld og skatta á innlenda metangasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, svo sem safnhaugum, sorphaugum og seyru. Slík heimild nái einnig til farartækja sem nýta metangas í stað innfluttra orkugjafa."

Markmiðið með þessari tillögu er að gjöld af metangasframleiðslu verði felld niður eða lækkuð verulega svo hún verði samkeppnishæfari en hún er í dag. Markmiðið, herra forseti, er einnig að gera eftirsóknarvert að þessi orkukostur verði nýttur á bíla í stað bensíns eða olíu. Það mætti gera með því að lækka eða fella niður skatta sem í dag eru lagðir

á þessi farartæki. Þar mætti nefna aðflutningsgjöld, þungaskatta og aðra skatta. Þessi gjöld verða að lækka ef almenn notkun á metangasi sem orkukosti á að verða raunveruleg. Af hálfu stjórnvalda hefur ekkert verið gert til að gera notkun metangass eftirsóknarverða. Þótt Sorpa hafi virkjað hluta af þeirri gasframleiðslu sem þar fellur til er það metangas ekki nýtt í dag.

Margar þjóðir hafa stigið markvisst skref til nýtingar á þessum orkumöguleika og má þar nefna þjóðir eins og Svía, Nýsjálendinga, Brasilíumenn og Tékka, sem allir nýta metangas á bíla. Í Bandaríkjunum er einnig mikil vakning til að nýta metan til rafmagnsframleiðslu og er fyrirhuguð ráðstefna nú í mars til að kynna þann kost. Að mati þeirra sem til þekkja mætti knýja 6–7 þús. bíla með því metangasi sem virkjanlegt er hér á landi.

Eins og kemur fram í greinargerð með þessari þáltill. hefur Sorpa virkjað metangas úr sorphaugum á Álfsnesi og hefur á þessu ári um 1.300 tonn af hreinu metangasi til ráðstöfunar og árið 2012 verða það 4 þús. tonn.

Við notkun metangass á bíla þarf ekki að finna upp hjólið eins og sagt er. Erlendir bílaframleiðendur hafa þegar framleitt bílvélar sem geta nýtt gas í stað olíu eða bensíns. Margir bílaframleiðendur bjóða í dag bíla sem eru búnir svokölluðum „bi-fuel"-vélum en þær ganga fyrir gasi eða bensíni eftir því sem til fellur. Ástæða þess er sú að dreifikerfi gass er takmarkaðra og því nauðsynlegt að geta gripið í bensínið þegar svo ber undir. Því er mikill kostur að geta nýtt báða orkugjafana meðan dreifistöðvar fyrir metangas eru ekki fleiri en raun ber vitni. Það sem vinnst með því að nýta metangasið á bíla er þrennt. Mengun af útblæstri bíla verður að mestu eytt. Bílar verða hljóðlátari með þessum orkugjafa og við værum að nýta innlendan orkugjafa, sem hingað til hefur engum komið að gagni, í stað innflutts.

Eftir samtöl mín við forsvarsmenn Sorpu hér í Reykjavík er mér kunnugt að ýmsir þjónustuaðilar á höfuðborgarsvæðinu hafa kynnt sér þennan kost og sýnt áhuga á að nýta sér hann þegar þar að kemur. Áhugi almennings og fyrirtækja til að bæta umhverfi sitt og draga úr mengun er mikill og því ástæða til að skoða málið af fullri alvöru. Með samþykkt tillögu sem þessarar tekst einnig að draga úr því magni gróðurhúsalofttegunda sem sleppt er út í andrúmsloftið og breytt geta loftslagi jarðarinnar með alvarlegum afleiðingum eins og komið hefur fram á undanförnum mánuðum í umræðum þeim sem farið hafa fram m.a. í tengslum við ráðstefnuna í Kyoto. Með þessu er ekki tekið undir neinar heimsendaspár, heldur bent á nauðsyn þess að við höldum vöku okkar og nýtum þau tækifæri sem til staðar eru til að draga úr þessari hættu. Vísindamenn eru ósammála um það hve fljótt gróðurhúsaáhrif andrúmsloftsins virka á hitastig jarðar. Rannsóknir á borkjörnum úr Grænlandsjökli benda til að slíkar breytingar geti átt sér stað á nokkrum áratugum. Þó er engin vísindaleg rannsókn þar að baki og að mati margra virtra vísindamanna getur sá þröskuldur verið nokkuð hár sem þarf til að auka koltvíoxíðsmagn í andrúmsloftinu svo mikið að hitastigið breytist svo máli skipti.

Veðurfarsbreytingar sem má lesa úr sýnum úr Grænlandsjökli hafa reynst miklar og samkvæmt þeim áttu sér stað miklar hitasveiflur fyrir um 11 þús. árum eða í lok síðustu ísaldar. Hitastig hækkaði um 5–10 gráður á Celsíus á tiltölulega skömmum tíma. Augljóst er að sú mikla hitabreyting hefur ekki orðið vegna mengandi starfsemi af mannavöldum. Það þýðir þó ekki að óþarft sé að fara varlega í að sleppa gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Þvert á móti er augljóst að það er öllum í hag og til góðs að draga úr þeim lofttegundum. Í sjálfu sér er mjög eðlilegt að láta náttúruna, lífið á jörðunni njóta vafans að þessu leyti og fara varlega í sleppingu gróðurhúsalofttegunda.

Metan eða $CH_4$ er ein af þeim sex gróðurhúsalofttegundum sem Kyoto-samningurinn nær yfir og kemur næst á eftir koltvíoxíði eða $CO_2$ í þeim samningi. Þjóðir heims hafa sameiginlega flokkað metangasið sem aðra hættulegustu lofttegundina í áhrifum til breytinga á hitastigi jarðar. Með samþykkt þessarar tillögu reynir á vilja hins háa Alþingis og í ríkisstjórar til að fara raunhæfar leiðir til að mæta t.d. skuldbindingum okkar við samþykkt Kyoto-samningsins. Heildaráhrif af virkjun alls metangass sem virkjanlegt er á landinu gætu jafnast á við að eyða koltvíoxíðsmengun af einu meðalálveri hér á landi.

Herra forseti. Með því að samþykkja slíka tillögu, með því að koma á nýtingu metangass í einhverju magni og hvetja menn til þess með lækkun tolla, innflutningsgjalda og þungaskatts á bifreiðar, lækka tekjur ríkissjóðs, vegasjóðs og annarra þeirra sem notið hafa tekna af þessum innflutningi. Víða í heiminum þar sem menn taka á umhverfismálum af alvöru hafa verið lagðir á umhverfisskattar eða umhverfisgjöld í þeim tilgangi að ná fram hagkvæmum möguleikum, eins og hér er rætt um, til nýta í þágu þjóðar og mannkyns alls. Ég tel því að ekki sé spurning um að við töpum þarna tekjum. Við komum hins vegar til með að mæta þeim þegar nýting þessa möguleika verður að veruleika. Þá mundu umhverfisgjöld munu skapa þjóðinni tekjuauka á móti.

Ég vil að lokum, herra forseti, hvetja hv. efh.- og viðskn. til að kynna sér þetta mál ítarlega. Hér er á ferðinni, eins og ég hef sagt, raunhæfur kostur sem sameinar það að nýta innlenda orkugjafa, draga úr sleppingu á mengandi lofttegundum og auka möguleika okkar á að halda áfram þeirri atvinnuuppbyggingu sem þjóðinni er nauðsynleg. Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[14:59]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að kynna þessa till. Við Íslendingar höfum raunar náð mjög langt í að nýta umhverfisvæna orku, t.d. til húsahitunar, iðnaðarframleiðslu og fleira í þeim dúr. Hins vegar erum við vart komnir af stað í nýtingu grænnar orku til að knýja áfram farartæki og sú þáltill. sem hér er til umræðu er einmitt ein varðan á þeim vegi.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur beitt sér mjög fyrir því að við nýtum vetni. Við eigum í raun að kappkosta að vera í fararbroddi í nýtingu umhverfisvænnar orku. Ef þessi þáltill. nær fram að ganga þá tel ég að þar værum við að stíga skref í þá átt að nýta innlenda orku til þess að knýja áfram farartæki. Ég tel að lækkun tolla og innflutningsgjalda sé sjálfsögð vegna hve mikið vinnst við framleiðslu Íslendinga á innlendri orku.

[15:00]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Umhverfisáhrif í heiminum hafa leitt alþjóðasamfélagið til mikillar umræðu um stöðu þessara mála, ekki síst þeirrar mengunar, loftmengunar sem jafnvel er talið að farin sé að ógna lífi á jörðinni. Þess vegna má segja að um heim allan sé verið að leita leiða til þess að draga úr þessari mengun og horfa til þess að nýta það sem kalla má

„vistvæna orkugjafa". Ég hygg að það sé ekki umdeilt að það sé afskaplega mikilvægt að fara fram á sem flestum sviðum hvað þetta snertir og finna sem flestar leiðir til þess að nýta þá orkugjafa sem fyrir hendi eru, leita þeirra til að hægt sé að draga úr þeirri mengun sem er svo mjög farin að ógna jarðríki.

Jafnvel má ganga svo langt að segja að það þurfi að beita öllum hugsanlegum og tiltækum ráðum og beita öllum hugsanlegum ráðstöfunum til að efla rannsóknir á þessu sviði og að finna farveg þeim leiðum sem á annað borð tekst að finna. Ég tel einmitt að sú þáltill. sem er til umræðu sé ein af þeim leiðum sem á er bent og hlýt þess vegna að taka mjög undir þau markmið sem sett eru fram með tillögunni eins og kynnt eru í ágætri greinargerð og framsöguræðu hv. þm. Kristján Pálssonar. Hér er sem sé verið að benda á eina af mörgum leiðum til að nýta orkulindir landsins.

Eins og fram kemur í greinargerð og í framsögu er metangas afskaplega mikill mengunarvaldur en um leið felst í því mikil orka sem er nýtanleg með ýmsum hætti. Þar er sérstaklega bent á ýmiss konar ökutæki og ekki síður á möguleika að nýta metangasið í stóriðju og gæti það þá haft tvöföld áhrif, þ.e. í stað þess að hleypa metangasinu óheftu út í andrúmsloftið með tilheyrandi mengunaráhrifum þá gæti það nýst sem orkugjafi í stóriðju, m.a. í Hvalfirði, og dregið þar með úr olíunotkun. Mér er kunnugt um að Sorpa hf. hefur verið að skoða þetta og gefur vissulega bjartar vonir.

Segja má að með því að nýta metangasið á skynsamlegan hátt hafi það margföld áhrif, umhverfisáhrif, eins og hér hefur ítrekað verið nefnt. Það hefur langtímaefnahagsáhrif og þau jákvæð, það getur dregið úr þörf okkar á að kaupa dýra orkugjafa erlendis frá og þar að auki, sem ekki síður hefur mikilvægt gildi, veitir það okkur ákveðna þekkingu og reynslu og ýtir þar með undir frekari rannsóknir og tæknivitund meðal þjóðarinnar.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason dró mitt nafn óverðskuldað inn í umræðuna en það er rétt að ég stýri nefnd á vegum iðnrn. sem fjallar ekki eingöngu um möguleika vetnis heldur um möguleika á nýtingu innlendra orkugjafa. Einn þeirra þátta sem sú nefnd hefur skoðað er einmitt metangasið og ég vil sérstaklega í tilefni af því fagna því að þessi tillaga er komin fram og með þeim markmiðum sem sett eru fram með henni. Ég tel að þau falli mjög vel að því starfi sem nefnd um leit að nýtingu innlendra orkugjafa er að vinna að.

Í þessu sambandi má nefna að ESB-þjóðir hafi einsett sér það markmið að auka nýtingu vistvænna orkugjafa úr 5% að meðaltali, á móti 67% hjá okkur, upp í 12% á tíu árum. Hjá sumum þessara þjóða er fyrst og fremst horft til svonefnds „biomassa", og ætla sér að nýta verulega orku sem kemur m.a. af sorphaugum og úrgangi ýmiss konar úr skógariðnaði, sorphaugum og þannig má áfram telja. Þar hefur tækninni fleygt verulega fram og þar eru hlutir sem við eigum að geta horft til og ég lít svo á að þáltill. taki m.a. mið af því.

Ég fagna tillögunni og ítreka það sem ég nefndi áðan að ég tel að við eigum að fara fram á sem flestum sviðum til þess að draga úr mengun og að nýta þá hugsanlegu orkugjafa sem eru til staðar og vona að tillagan fái farsæla afgreiðslu á hv. Alþingi.

[15:06]

**Flm. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og Hjálmari Árnasyni fyrir mjög jákvæðar undirtektir við tillöguna. Það gott til þess að vita að mál sem þessi eru til umræðu á mörgum stöðum. Ég hef kynnst störfum þeirra beggja. Við þekkjum störf þau sem unnin hafa verið á Hvolsvelli við að nýta seyru til þess að ná metangasi og aðra möguleika sem eru tengdir þessu sérstaka máli og teknir sérstaklega til í tillögunni. Seyra er gríðarlega mikill orkugjafi. Þar var sannarlega unnið mikið brautryðjendastarf sem hefur orðið öðrum til eftirbreytni og er það alltaf mjög vel og því ber að minnast á það sérstaklega.

Ég tek undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að við eigum að skoða fordómalaust allar leiðir sem er mögulega hægt að fara í þessum efnum hér á landi. Þar skiptir öllu máli að allt sé sett í púkkið þannig að ekki sé hver að bauka út af fyrir sig. Gleymum því ekki að betur sjá augu en auga. Ég fagna því að ákveðin nefnd á vegum iðnrn. er að skoða þessi mál sérstaklega og ég hef heyrt af þeirri nefnd og þeim störfum sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur verið að sinna varðandi þau mál og þá sérstaklega vetnið.

Svo við tölum lítillega meira um metangasið þá er það rétt eins og hv. þm. sagði að afleidd áhrif af notkun metangass eru mjög mikil og mun meiri en Kyoto-ráðstefnan hafi samþykkt. Það er viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum að metangasið er t.d. talið vera ellefu sinnum meira mengandi en venjulegt CO en þó viðurkennt að þegar afleidd áhrif þess eru skoðuð eru áhrifin tuttugu og tvisvar sinnum meiri en af CO . Þetta er því alveg feikilega sterk gastegund, sem mjög nauðsynlegt er að virkja. Menn hafa reynt á ýmsan hátt að draga fram einhverjar einkennilegar formúlur til að nýta þetta úr dýrum og öðru slíku en ég ætla ekki að fara út í slíka sálma, þetta er grafalvarleg umræða.

Ég minni enn og aftur á að umhverfisvernd kostar peninga. Mér finnst að við Íslendingar höfum aldrei viljað viðurkenna að það kostar peninga að draga úr mengun, það er dýrt að finna leiðir. Stjórnvöld þurfa að beita sér í slíkum málum af alvöru og gera ráð fyrir því á fjárlögum hvert sinn að sá málaflokkur sem lýtur að fyrirbyggjandi ráðstöfunum, leiðum til að draga úr mengun, að fjármunir verði ekki af skornum skammti. Það mun koma í hausinn á okkur með margföldum krafti síðar að vanrækja umhverfismálin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fyrirkomulag áfengisverslunar, 1. umr.*

Frv. SJS og ÖJ, 394. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 715.

[15:11]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar. Þetta er bandormur sem breytir tvennum lögum um áfengismál. Það eru í fyrra lagi breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969, og síðan breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63 frá sama ári. Frv. felur í sér ýmsar úrbætur á fyrirkomulagi áfengisverslunar sem við flm., sá sem hér talar og hv. þm. Ögmundur Jónasson, teljum skynsamlegt og rétt að gera og mun ég fara yfir það nánar þegar ég rek efni frv.

Ég held að rétt sé að það komi fram strax, herra forseti, til að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning, að tillögumenn eru eindregnir talsmenn þess að ríkið eða hið opinbera

hafi áfram með höndum dreifingu þessarar vöru. Við styðjum einkaverslun ríkisins með áfengi og tóbak en teljum hins vegar mikilvægt til þess að sátt geti ríkt um það fyrirkomulag að fyrirtækinu eða stofnuninni Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé gert kleift að veita viðskiptavinum sínum nútímalega þjónustu og á jafnræðisgrundvelli um land allt eftir því sem kostur er. Í huga okkar er enginn vafi að það að ríkið haldi áfram einkarétti til að versla með áfengi í smásölu og flytja inn og selja tóbak í heildsölu er mjög mikilvægur hluti af hófsamlegri og skynsamlegri aðhaldsstefnu í áfengis- og vímuvarnamálum.

Það er ótvíræð reynsla Íslands og flestra annarra ríkja á Norðurlöndunum, sem að Dönum undanskildum hafa byggt á svipaðri stefnu að þessu leyti og við gerum, og reyndar fleiri þjóða, að slíkt fyrirkomulag sé mjög áhrifaríkt tæki í höndum stjórnvalda til að fylgja fram aðhaldssamri stefnu. Aðhaldssöm stefna í áfengis-, tóbak- og vímuefnamálum er aftur mikilvægur hluti af heilbrigðis-, félagsmála- og velferðarmarkmiðum viðkomandi ríkja.

En eins og áður sagði, herra forseti, til þess að góð sátt geti haldist um þá tilhögun að ríkið hafi smásöludreifingu áfengis með höndum er nauðsynlegt að þjónusta við viðskiptavini geti þróast í takt við breytta tíma og kröfur eftir því sem samrýmist hinni opinberu áfengisstefnu. Því eru í frv. lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum áfengislaga og laga um verslun með áfengi og tóbak.

Það má benda á landsvæði þar sem ekkert eitt sveitarfélag nær íbúatölunni þúsund en mörg þúsund manna byggð er á bak við og verður þar af leiðandi af þessari þjónustu og þarf að sækja hana um langan veg með tilheyrandi kostnaði.

Í öðru lagi hefur ákvæði í áfengislögum sem felur það í sér að áfengi megi einungis selja gegn staðgreiðslu verið túlkað þannig að óheimilt sé að taka við greiðslum með krítarkortum og er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að verða nánast ein eftir í landinu sem ekki má taka við greiðslum á þann hátt. Það er að sjálfsögðu ekki vel til vinsælda fallið og í raun með öllu ástæðulaust að gera þennan greinarmun á og þess vegna leggjum við einnig til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Þá verði rýmkaðir möguleikar til að láta afgreiðslutíma áfengisverslana fylgja afgreiðslutíma verslana almennt, t.d. í stórmörkuðum eða verslunarmiðstöðvum. Þar sem áfengisútsala er til húsa innan um aðrar verslanir er eðlilegt að meira svigrúm sé fyrir hendi til að opnunartími geti verið í samræmi við það sem tíðkast með aðrar verslanir. Að sjálfsögðu yrðu þá settar um þetta sérstakar reglur.

Í fjórða lagi leggjum við til að breytt verði ákvæði um stjórn ÁTVR sem fjmrh. hefur einn skipað fyrirtækinu síðan 1995 og í fimmta lagi leggjum við til að stofnað verði embætti þjónustufulltrúa við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Þessar breytingar, herra forseti, leggjum við til, eins og áður sagði, til að þjónusta fyrirtækisins geti þróast á eðlilegan hátt að því við teljum, og til að stofnunin sé ekki heft af lagaákvæðum eða af valdi ráðherra sem geri henni ókleift að koma til móts við eðlilegar kröfur viðskiptavina sinna sem aftur kosti það að stofnunin fái á sig óvinsældir og verði auðveldari bráð þeirra sem vilja hana feiga, vilja koma óorði á þetta fyrirkomulag í pólitískum tilgangi til að koma því fyrir kattarnef. Það er enginn vafi á því, herra forseti, að slíkar tilraunir hafa verið í gangi undanfarin missiri. Það hefur verið legið á öllum óskum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að fá fram breytingar af þessum toga. Það hefur verið legið svo árum nemur á beiðnum um að stofna nýjar áfengisútsölur í stórum sveitarfélögum sem fyrir löngu hafa samþykkt það í almennum atkvæðagreiðslum að þær vilji fá slíka þjónustu á staðinn. Ég get tekið Dalvík sem dæmi þar sem legið hefur fyrir slík beiðni um árabil, a.m.k. núna í ein tvö, þrjú ár en af einhverjum undarlegum ástæðum er daufheyrst við slíkum óskum úr fjmrn. Þetta þjónar ekki því markmiði sem við viljum tala og beita okkur fyrir, þ.e. að reynt verði að hafa góða sátt um það fyrirkomulag hér eftir sem hingað til að ríkið haldi áfram einkarétti sínum til verslunar með þennan varning.

Ég mun nú, herra forseti, rekja lítillega einstakar greinar frv. og skýringar við þær. Í 1. gr. er lögð til sú breyting á 1. mgr. 10. gr. áfengislaga að málsgreinin orðist svo:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis. Staðarval skal miðast við að vörudreifing sé sem sambærilegust um land allt að teknu tilliti til hagkvæmni í rekstri og aðstæðna á hverjum stað, m.a. fjarlægðar frá öðrum útsölustöðum."

Hér er lagt til að brott falli í fyrsta lagi það ákvæði núgildandi 1. mgr. 10. gr. áfengislaga, að heimild ríkisstjórnarinnar, eins og það er nú reyndar orðað, til að setja á stofn útsölustaði áfengis sé bundin við að meiri hluta íbúanna í þéttbýli og íbúafjöldi hafi náð a.m.k. 1.000 í þrjú ár samfellt þurfi til. Áfram mun að sjálfsögðu gilda það ákvæði 10. gr. að meiri hluti samþykki útsölu í almennum kosningum í viðkomandi sveitarfélagi. Það orðalag er einnig orðið fullkomlega óeðlilegt að það sé bundið við ríkisstjórnina sjálfa að heimila slíka útsölu. Eðlilegast er að það vald liggi hjá fyrirtækinu eða stofnuninni Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins en ráðherra staðfesti tillögur fyrirtækisins. Í stað núgildandi ákvæðis um 1.000 íbúa lágmark kemur það orðalag að stefnt skuli að því að vörudreifing verði sem sambærilegust um land allt að teknu tilliti til aðstæðna, þar með talið fjarlægðar frá útsölustöðum en einnig hagkvæmni. Þetta orðalag dregur dám af ákvæðum 23.–26. gr. reglugerðar nr. 607/1995, um ÁTVR. Og eðlilegt er, eins og áður sagði, að frumkvæði hvað þennan þátt þjónustufyrirtækisins við landsmenn snertir sé í höndum fyrirtækisins sjálfs en afla skuli samþykkis ráðherra.

Í 2. gr. er lagt til að 13. gr. laganna falli brott. Í 13. gr. er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins megi aðeins afhenda áfenga drykki gegn staðgreiðslu. Það hefur verið túlkað þannig að ÁTVR hefur í útsölum sínum ekki treyst sér til að taka við greiðslum með krítarkortum þar sem slíkt sé lánssala eða ekki staðgreiðsla samkvæmt þröngri túlkun eða skilgreiningu laganna. Það gera hins vegar nánast allir aðrir aðilar og sennilega allir aðrir aðilar sem veita eða selja áfengi, þar með talið vínveitingastaðirnir að sjálfsögðu, fríhafnir o.s.frv. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að öllum sé þarna gert jafnhátt undir höfði og að 13. gr. laganna falli brott, enda má segja að viðskipti með krítarkortum sé ákveðið form staðgreiðslu og þeim sem við greiðslukvittuninni tekur er í lófa lagið að gera sér verðmæti úr henni, þess vegna nær samstundis eins og kunnugt er.

Í 3. gr. er lagt til að 1. mgr. 14. gr. áfengislaganna falli brott. Í þeirri grein eru þau ákvæði sem kveða á um að áfengissölubúðir skuli vera lokaðar á ýmsum hátíðis- og helgidögum og í tengslum við kosningar og einnig eftir hádegi á laugardögum. Þessi upptalning og þar með talið eftirmiðdagur á laugardögum gerir það að verkum að svigrúm ÁTVR til að koma til móts við óskir um rýmri opnunar-

tíma eða samræmdan opnunartíma með öðrum aðilum, t.d. í verslunarmiðstöðvum, er að þessu leyti mjög takmarkað.

Í 15. gr. áfengislaga er heimild til dómsmrh. til að setja reglur um sölu og veitingar áfengis. Það er eðlilegast að afgreiðslutími verslana ÁTVR takmarkist af slíkum reglum eftir því sem ástæða væri talin til í tengslum við opinbera stefnu í áfengismálum líkt og starfsemi vínveitingahúsanna gerir. Við teljum því að eðlilegast sé að þessi grein falli brott en dómsmrh. beiti heimildum sínum í öðrum greinum laganna til að setja reglur í takt við aðstæður um afgreiðslutíma verslana ÁTVR.

Þá er í 4. gr., herra forseti, komið að breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum nr. 63/1969. Þar leggjum við til að í stað 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

„Stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afloknum alþingiskosningum til fjögurra ára í senn. Stjórnin gefur umsögn til ráðherra um ráðningu forstjóra, sbr. 1. mgr. Stjórnin skal einnig vera ráðherra, forstjóra og starfsfólki til ráðuneytis um rekstur fyrirtækisins og fylgjast með því að hann sé í samræmi við lög og reglur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skipulag stjórnarinnar."

Því er þetta lagt til, herra forseti, að ákvæðin sem nú er stuðst við um stjórn ÁTVR frá 1995 fela það eitt í sér að fjmrh. skipar einn stjórn fyrirtækisins og ákveður verksvið hennar. Í reynd var lætt inn í frv. sem hér var til umfjöllunar á vordögum 1995 mjög opinni heimild til handa fjmrh. til að setja eftir eigin geðþótta stjórn yfir þetta fyrirtæki og ráða jafnframt verksvið hennar, og allt er það með reglugerð. Deildar meiningar hafa, svo vægt sé til orða tekið, verið um framgöngu stjórnarinnar frá því hún tók til starfa, einkum að því leyti sem hún hefur beitt sér sem stefnumótandi aðili í áfengismálum fremur en rekstrarleg eða fagleg stjórn fyrirtækisins eða stofnunarinnar ÁTVR. Það var hins vegar boðað og kynnt þegar mælt var fyrir þeim breytingum á hinu háa Alþingi að eingöngu skyldi verða um slíka faglega eða rekstrarlega stjórn að ræða. Það var aldrei tekið fram að ætlunin væri að setja á fót sérstakan vinnuhóp undir handarjaðri fjmrh. til að koma á framfæri hugðarefnum hans um mótun áfengisstefnu í landinu. Það var aldrei tekið fram að þetta ætti að verða einhvers konar hliðarbatterí við áfengisvarnaráð eða einhver nýr stefnumótandi aðili á þessu sviði.

Með hliðsjón af því að ÁTVR hefur mikla sérstöðu má vel færa fram rök fyrir því að þarft sé að fyrirtækinu sé sett stjórn. Og sé hún til staðar á annað borð er eðlilegast að hún væri kosin af Alþingi. Þá hafi stjórnin m.a. það hlutverk að tryggja að rekstur og öll starfsemi fyrirtækisins sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur og opinbera stefnu í áfengis- og tóbaksvörnum og vímuvarnamálum. Með öðrum orðum, stjórnin hafi skýr lagafyrirmæli um það að hún skuli tryggja að starfsemi fyrirtækisins sé í samræmi við mótaða áfengisstefnu á hverjum tíma, en ekki taka það sem sitt hlutverk að breyta þeirri stefnu eins og veruleikinn hefur verið á undanförnum missirum. Það hlýtur að vera fullkomlega óþolandi t.d. fyrir hæstv. heilbrrh. sem fer með forvarnamál að hafa síðan á bakinu, ef svo má að orði komast, stjórn setta af öðrum ráðherra sem tekur sér það fyrir hendur sem stjórn ÁTVR hefur gert á undanförnum mánuðum, svo ekki sé minnst á dómsmrh. sem áfengislög heyra undir. Þessi verkaskipting er fullkomlega óeðlileg, herra forseti, nema alveg skýrt sé afmarkað það hlutverk sem stjórn ÁTVR hefur.

Að lokum, herra forseti, eru í 5. gr. lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak og þær eru að 7. gr. þeirra laga orðist svo:

„Hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa þjónustufulltrúi. Hann skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð og jafnframt annast kynningu á starfsemi fyrirtækisins eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma."

Þetta er lagt til, herra forseti, af því að ljóst er að þarna er komið að einum vandasamasta þættinum í stöðu og starfsemi þessa fyrirtækis, þ.e. hvernig það er samrýmt að framfylgja þeirri aðhaldssömu stefnu sem stjórnvöld móta í þessum málum á hverjum tíma og endurspeglast m.a. í einkarétti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til sölu á áfengi, og á hina hliðina fullnægja þeim kröfum sem eðlilega eru gerðar um kynningu á þeirri vöru sem þarna er á boðstólum og því hvernig tekið er á þáttum sem lúta að þjónustu fyrirtækisins og eðlilegum og réttmætum óskum í því sambandi. Það er alveg ljóst að það er vandasamt hlutverk að samrýma þetta tvennt. Mörkin milli þess að kynna á eðlilegan hátt þá vöru og þá þjónustu sem þarna er á boðstólum og hins að lenda í því að brjóta skýlaust bann í lögum um auglýsingar á áfengi eru ekki alltaf glögg. Við þennan vanda eru menn m.a. að glíma á hinum Norðurlöndunum í kjölfar úrskurða Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins sem að sínu leyti hefur gleðilega staðfest að ríkiseinkasölurnar á Norðurlöndunum séu samrýmanlegar samkeppnislöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins. En að hinu leytinu hafa úrskurðirnir jafnframt sagt að nauðsynlegt sé að unnt væri að kynna á eðlilegan hátt þá vöru og þá þjónustu sem þarna er á boðstólum og tryggja eðlilegan aðgang nýrra aðila. Ég held að mjög mikilvægt sé að ÁTVR verði nú þegar gert kleift að axla þetta nýja hlutverk. Við flutningsmenn frv. teljum að það verði best gert með því að stofnunin fái skýra lagaheimild til að stofna embætti þjónustufulltrúa. Hlutverk þjónustufulltrúa verði einkum og sér í lagi að leysa það vandasama verkefni að samræma annars vegar þjónustuna og kynningu á vöru og þjónustu fyrirtækisins og hins vegar þeim ströngu reglum sem uppfylla þarf samkvæmt áfengislöggjöfinni, þar með talið auglýsingabanninu sem þar er, og á hina hliðina þeim reglum sem við neyðumst til að fella okkur undir hvað varðar Evrópuréttinn og stöðu ríkiseinkasölunnar eða ríkiseinkasalnanna í því samhengi.

Herra forseti. Að gefnu tilefni er óhjákvæmilegt að taka fram hve sérstaklega mikilvægt og ánægjulegt er að ríkiseinkasölurnar á Norðurlöndunum skyldu sleppa í gegnum hreinsunareldinn að þessu leyti. Enginn vafi leikur á því að þar er helst að þakka þeim fyrirvara sem laminn var inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem ríkisstjórnir fjögurra Norðurlandanna vísuðu til þess að ríkiseinkasölurnar væru hluti af heilbrigðis- og félagsmálastefnu viðkomandi landa. Þess vegna er afar mikilvægt að verja þetta fyrirkomulag. Hins vegar er ljóst að ýmsir hér á Íslandi hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með að ESA skyldi ekki reynast þeim það tæki sem þeir vonuðu. Auðvitað er alveg ljóst að Verslunarráðið, sem verið hefur í fararbroddi við að kæra Íslendinga til útlanda fyrir að halda í sitt skipulag á svona hlutum, varð fyrir miklu sálrænu áfalli og hefur meira og minna verið dasað síðan Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins felldi þann úrskurð að ríkiseinkasölurnar

með áfengi væru ekki ólöglegar. Það var þeim mikið áfall og spurning, herra forseti, hvort góðir menn ættu ekki að huga að því að veita þeim hjá Verslunarráðinu áfallahjálp eftir þetta mikla lost. Þó kollegar þeirra á hinum Norðurlöndunum hafi séð um að kæra í þessu tilviki þá varð þeim þetta mikið áfall.

Ég hef hæstv. fjmrh. líka grunaðan um að hafa orðið fyrir drjúgu áfalli þegar þessi úrskurður kom. Í umræðum í gær kom m.a. fram að hæstv. fjmrh. er mjög vonsvikinn og leiður yfir því hversu lítið honum hefur orðið ágengt við að mola niður það skipulag sem hér hefur verið við lýði. Þar kennir hann auðvitað ýmsum um, t.d. þeim þverhausum á þingi sem hafa á undanförnum árum talað gegn slíkum breytingum og andvaraleysi í þessum málum. Hann hefur einnig stimplað samstarfsflokkinn í þessu stjórnarsamstarfi sem sökudólg fyrir að hafa ekki léð máls á eins miklum breytingum og hæstv. fjmrh. hefði haft hug á. Hugmyndir hæstv. fjmrh. eru, eins og kunnugt er, þær að leggja þetta fyrirkomulag niður, selja þessar vörur almennum verslunum og hverfa frá þeirri aðhaldssömu stefnu sem mjög lengi hefur verið framfylgt á Íslandi.

Herra forseti. Sannfæring mín er að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að samræma það fyrirkomulag sem við höfum byggt á hér á landi og á flestum hinna Norðurlandanna og gefist hefur vel, kröfum breyttra tíma um eðlilega þjónustu og starfsemi. Takist að hafa sæmilega samstöðu um þetta fyrirkomulag þá er mikið unnið. Hið opinbera hefur þá áfram í sínum höndum virkt tæki til þess að veita aðhald í þessum efnum. Þá er, hindrunarlaust og án milliliða, unnt að framkvæma t.d. þá stefnu í verðlagningu á áfengi sem menn vilja hafa í gildi á hverjum tíma. Undir handarjaðri ríkisins er auðveldara að hafa eftirlit með því t.d. að ekki sé um sölu til fólks undir lögaldri að ræða. Síðast en ekki síst, herra forseti, og er það nú væntanlega mikilvægast af öllu, þá er aftengdur sá hvati sem annars er fyrir hendi í fyrirkomulagi þar sem einkaaðilar eiga hagsmuna að gæta. Hvatinn til að auka söluna á þessari vöru.

Hvernig sem menn setja smásölu á áfengi í hendur einkaaðila þá komast menn aldrei hjá því, ef um hefðbundinn einkarekstur er að ræða, að menn komi til með að eiga hagsmuni fólgna í því að auka söluna á vörunni. Sá hvati hefur alls staðar gefist illa í þessum efnum. Af þeim sökum hafa margar þjóðir eða t.d. ríkisstjórnir fylkja í Bandaríkjunum, horfið frá því fyrirkomulagi. Þeir fá því opinbera aðila, sem jafnframt annast framkvæmd áfengisstefnunnar og ekki eiga neina sérstaka hagnaðarvon í því að auka söluna, til að annast um það. Það er af þeim ósköp einföldu ástæðum að það hefur gefist best.

Það væri harla grátlegt, herra forseti, ef við Íslendingar færum út í breytingar á okkar áfengislöggjöf eða skiptum yfir í tilhögun á tóbakssölu sem aðrar þjóðir eru að hverfa frá. Annars staðar er verið að herða á í þessum efnum. Meira að segja í Frakklandi, sem hefur verið kennt við flest annað en aðhaldssemi í þessum málum, hafa menn reynt að breyta hlutunum, t.d. varðandi auglýsingar á tóbaki og áfengi, í átt að því sem hjá okkur hefur tíðkast.

Ég er þeirrar skoðunar einnig, herra forseti, og held að það hafi með ýmsu móti sannast undanfarnar vikur og mánuði, að þjóðin styður núverandi fyrirkomulag. Ég er algjörlega sannfærður um að sú vakning meðal almennings á undanförnum missirum í umræðu um hinn ískyggilega fíkniefnavanda, drykkjuvanda ungs fólks, ástandið í miðborg Reykjavíkur þegar best lætur eða verst öllu heldur, veldur því að foreldrar í landinu vilja ekkert gáleysi í þessum efnum. Menn vilja ekki fara út í ævintýramennsku eða taka áhættuna af tilraunastarfsemi og frjálshyggjuvitleysu sem gæti gert illt verra í þeirri styrjöld, liggur mér við að segja, sem stendur um líf og heilsu þúsunda ungmenna og heilbrigði fólks í þessu landi gegn hinni hálu sambúð við vímuefnin.

Ég vonast því til þess, herra forseti, að frumvarpsflutningur okkar falli í frjóan jarðveg. Reyndar eru, svo öllu sé haldið til haga, sum þau ákvæði sem við erum að leggja til samhljóða þeim sem síðar komu fram á Alþingi í formi stjfrv. Þannig hygg ég að a.m.k. tvö af þremur atriðum sem við leggjum til að breytt verði í áfengislögunum séu jafnframt, að vísu ekki nákvæmlega eins orðuð, boðuð í frv. dómsmrh. um breytingu á áfengislögum. Það sem við leggjum til varðandi breytingar á verslun með áfengi og tóbak er ekki á dagskrá hjá hæstv. fjmrh. enda ekkert frv. flutt af hans hálfu um breytingu á þeim lögum. Hæstv. ráðherra sagði hér í gær að hann sæi enga ástæðu til þess að Alþingi kysi stjórn fyrir ÁTVR. Hann vill væntanlega halda áfram að tilnefna hana sjálfur, eins og hann hefur gert hingað til og með jafnglæsilegum árangri og raun ber vitni.

Ég trúi þó ekki öðru en að menn fáist til að skoða í fullri alvöru, t.d. 5. gr. um embætti þjónustufulltrúa sem hefði það hlutverk sem ég gerði hér grein fyrir. Ég held að ærin rök séu fyrir því að gera ÁTVR kleift að þróa sig einmitt í því skyni sem ég hef lagt til.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að okkur er nokkur vandi á höndum í þinginu vegna þess að mönnum hefur tekist að slíta hér sundur umræður um fjögur frv. sem tengjast sömu breytingunum á tilhögun áfengisverslunar eða áfengismála. Þessi frv. á að ræða á jafnmörgum dögum. Eitt var rætt í síðustu viku, eitt í gær, eitt er á dagskrá í dag og það fjórða verður á dagskrá á morgun eða á föstudaginn. Þetta er auðvitað mikil snilld hjá okkur. Hitt er öllu erfiðara að samkvæmt því að hér sé um margs konar löggjöf að ræða sem heyri undir þrjá ráðherra, þá munu a.m.k. þrjá þingnefndir taka til við að japla á þessum málum. Ég held að það verði ekki mjög skilvirkt að þrjár þingnefndir eyði tíma sínum í að fjalla um þessi mál, hver í sínu lagi. Mér sýnist eðlilegast að leggja til að þetta frv. okkar, herra forseti, gangi til efh.- og viðskn. þar sem veigamikill þáttur af því eru breytingar á lögunum um verslun með áfengi og tóbak. Það eru lög sem heyra undir fjmrh. og ganga því eðli málsins samkvæmt til efh.- og viðskn.

Herra forseti. Að lokum að leyfi ég mér að beina því til forseta að forseti þingsins ræði við formenn viðkomandi fastanefnda, þ.e. efh.- og viðskn., allshn. og heilbr.- og trn. um að nefndirnar eigi samstarf um skoðun þeirra fjögurra frumvarpa sem hér eru á dagskrá þingsins. Þau eru öll tengd sama efninu, þ.e. breytingunum á tilhögun áfengismála og verslunar með áfengi.

[15:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að eðlilegra hefði verið að hafa öll þau frv., sem liggja nú fyrir Alþingi og snerta ÁTVR og áfengis- og tóbaksverslun almennt, til umræðu á sama tíma. Samkvæmt áætlunum þingsins verða til umræðu hér á morgun frumvörp sem heyra undir dómsmrn. en í gær voru rædd frv. sem heyra undir fjmrn. Nær hefði verið að taka öll þessi mál til umræðu á sama tíma. Ég tek undir þessa ábendingu hv. þm.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um það frv. til laga sem hér er til umræðu. Það er flutt af okkur tveimur, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og mér. Fyrsti flutningsmaður hefur þegar gert mjög ítarlega og góða grein fyrir efni frv. En eins og fram kom í máli hans þá er tilgangur þess að gera breytingar á lagaákvæðum sem varða ÁTVR, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og snerta möguleika fyrirtækisins til að veita viðskiptavinum sínum nútímalega þjónustu á jafnræðisgrundvelli um allt land eftir því sem kostur er.

Við leggjum áherslu á það í greinargerð með frv. að við erum eindregnir stuðningsmenn þess að ríkið haldi áfram einkarétti á verslun með áfengi í smásölu og hafi einnig alla umsýslan, innflutning og sölu á tóbaki í heildsölu, á sinni hendi. Reynsla Íslands, Norðurlandanna og fleiri þjóða sem haft hafa þennan hátt á, er ótvírætt sú að slíkt fyrirkomulag sé áhrifaríkt tæki til að fylgja fram aðhaldssamri stefnu í áfengismálum og tóbaksvarnamálum einnig. Slík stefna er jafnframt mikilvægur hluti af heilbrigðis-, félagsmála- og velferðarmarkmiðum ríkjanna.

Í umræðum í gær sagðist hæstv. fjmrh. hafa viljað fara hraðar en samstarfsflokkurinn í þá átt að einkavæða þessa starfsemi, einkavæða verslun með tóbak og áfengi. Ég vakti athygli á því að í þessu efni væri hann ekki fulltrúi framfara heldur afturhaldssjónarmiða. Ég hélt því fram að hann væri fulltrúi þeirra aðila sem framleiða tóbak og áfengi og vilja fá hagnað af sölu þeirrar vöru. Þar er náttúrlega fyrst að telja Verslunarráðið sem fer fyrir þeim aðilum sem vilja komast í þessa ábatasömu verslun. Þar er mikil hagnaðarvon og í nafni þeirra talar hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson. Undir þeim merkisfána talar hann um framfarir en það er mikill misskilningur. Þetta eru ekki framfarir, í þessu efni er samstarfsflokkurinn, Framsfl., fulltrúi hinna framfarasinnuðu sjónarmiða en fjmrh. hinna afturhaldssömu.

Eins og fram kom í máli hv. þm. er hér um að ræða nokkrar lagabreytingar. Í fyrsta lagi er ákvæði um lágmarksíbúafjölda í byggðarlagi þar sem opna má útsölu. Við viljum að þetta ákvæði falli brott og ÁTVR fái tiltölulega frjálsar hendur í þeim efnum, þar með talið að opna verslun með áfengi í fámennari byggðarlögum, fjarri núverandi verslunum.

Í þessari umræðu allri gætir mikils tvískinnungs. Hæstv. fjmrh. talar um að hann sé talsmaður þess að opna þessi viðskipti öll og gera þessa vöru notendum og neytendum aðgengilegri. Staðreyndin er sú að sjö sveitarfélög hafa nú sótt um leyfi til að opna áfengisverslanir í sínu byggðarlagi, sjö sveitarfélög sem uppfylla öll skilyrði og hafa greitt um þetta atkvæði, komist að þeirri niðurstöðu í lýðræðislegum kosningum að þau vilji opna ÁTVR-útsölur á stöðunum. Sjö sveitarfélög hafa gert þetta og sent umsóknir um þetta efni til ÁTVR. ÁTVR hefur látið á það reyna hvort leyfi fáist fyrir að opna slíkar útsölur. Því er hafnað. Í langan tíma hefur legið inni hjá fjmrn. ósk um að opna útsölur og vil ég þar sérstaklega nefna Dalvík. En hin sveitarfélögin sem hafa samþykkt þetta eru Grindavík, Mosfellsbær, Garðabær, Hveragerði, Eskifjörður og Þórshöfn. Öll þessi sveitarfélög hafa samþykkt í lýðræðislegri kosningu að þau vilji fá útsölu í sínu byggðarlagi. Hver er það sem stendur gegn þessu? Það er hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson. Og hvers vegna skyldi hann gera þetta? Jú, vegna þess að hann vill koma óorði á ÁTVR. Hann vill sýna fólki að svona fari þegar ríkisstofnun hafi þessa umsýslan með höndum. Hann vill koma óorði á þessa starfsemi og fer þar saman með Verslunarráðinu sem hefur haft uppi mikinn áróður í fjölmiðlum í sömu veru. Menn eru að reyna að koma óorði á þessa starfsemi. Í langan tíma hefur hæstv. fjmrh. staðið gegn því að þessi leyfi séu veitt. Við viljum með þeirri lagabreytingu sem við erum að leggja til hér að ÁTVR fái tiltölulega frjálsar hendur í þessum efnum.

Þá viljum við að felld verði niður ákvæði í lögum sem krefjast staðgreiðslu og hafa verið túlkuð þannig að ÁTVR geti ekki tekið við greiðslum með krítarkortum. Þetta er augljós hlutur sem þarf að færa í átt til samtímans og fráleitt að hafa einhverjar skorður við þessu í lögum.

Þá viljum við að rýmkaðir verði möguleikar til að láta afgreiðslutíma áfengisverslana fylgja afgreiðslutíma verslana almennt og við viljum að breytt verði ákvæðum um stjórn ÁTVR, sem fjmrh. hefur einn skipað fyrirtækinu síðan 1995. Þetta er mjög stórt atriði. Við viljum að Alþingi kjósi stjórn ÁTVR. Það mælir margt með því að yfir þessari stóru stofnun sem veltir mörgum milljörðum kr. fari stjórn og að hún sé lýðræðislega kosin hér á Alþingi en ekki ákveðin af fjmrh. einum. Það hefur nefnilega komið fram að þessi stjórn, og ég leyfi mér að fullyrða þetta, hefur verið sett til höfuðs þessari stofnun. Stjórn ÁTVR hefur verið sett til höfuðs ÁTVR. Það er yfirlýst markmið stjórnarinnar að reyna að koma ÁTVR fyrir kattarnef, einkavæða þessa stofnun og leggja hana niður. Frá þessu greindu stjórnarmenn starfsmönnum fljótlega eftir að stjórnin tók til starfa. Þá greindi hún frá því að það væri yfirlýst markmið að reyna að leggja þessa starfsemi af. Í umræðu sem fram fer hér á morgun um skyld frv. mun ég fara nánar út í þessi atriði, en ég vil minna á að hæstv. fjmrh. gerði í gær það sem hann hefur ítrekað gert þegar hann er að réttlæta gjörðir sem eru mjög umdeilanlegar, þ.e. að reyna að kenna embættismönnum um pólitíska stefnu sína ef hún er óvinsæl. Þetta hefur hann gert í sambandi við breytingar á ÁTVR. Þá hefur ítrekað verið vísað í forstjóra ÁTVR eða starfsmenn og ég ætla að gera það líka. Ég ætla líka að vísa í starfsmenn ÁTVR. Ég ætla að vísa í starfsmenn sem komu saman til fundar í nóvembermánuði til að ræða starfsemi stofnunarinnar með stjórn hennar. Þetta er opinbert gagn. Þetta er fundargerð 49. fundar stjórnar ÁTVR. Á þennan fund mættu verslunarstjórar auk stjórnarinnar og hér er vitnað í einn starfsmann, Eyjólf Eysteinsson. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Vart væri unnt að tala um málefni ÁTVR án þess að gera stefnu eða stefnuleysi stjórnarinnar að umræðuefni. Rakti hann aðdraganda komu stjórnar að fyrirtækinu og þær forsendur sem Alþingi hefðu verið kynntar við meðferð frv. um stjórn ÁTVR árið 1995. Tilgangurinn með sérstakri stjórn var að styrkja faglega stjórn á fyrirtækinu og gera stjórn þess fjarlægari hinu pólitíska valdi. Þessi orð væru beint úr ræðu formanns efh.- og viðskn. og flm. tillögunnar um stjórnina. Um ÁTVR giltu sérstök lög. Fagleg stjórn væri að stýra fyrirtækinu innan gildandi laga með hag þess í fyrirrúmi. Gerðir stjórnarinnar hefðu til þessa nánast allar verið á annan veg. Tóbakinu átti að kasta út samstundis og leggja fyrirtækið í heild niður í áföngum. Ekki vegna slæmrar afkomu eða slæmrar þjónustu. Fyrir nokkru hefði formaður stjórnar ÁTVR komið fram í sjónvarpi og boðað að afnema þyrfti einkarétt ÁTVR til þess að koma sölu á áfengi í hendur einkaaðila. Sagði Eyjólfur að ekki væri staf að finna í lögum eða reglugerðum til stuðnings þessari yfirlýsingu formannsins.

Las hann upp úr samþykktum landsfundar framsóknarmanna stuðningsyfirlýsingu við ÁTVR og taldi yfirlýsingu

stjórnarformanns því ekki heldur í samræmi við vilja ríkisstjórnar. Yfirlýsingar út og suður færu illa í allt starfsfólk ÁTVR og tími væri til þess kominn að stjórnin tæki höndum saman við starfsmenn til uppbyggilegra verka."

Þetta er tónninn í starfsmönnum fyrirtækisins og fyrst hæstv. fjmrh. er byrjaður að vitna þar í embættismenn og viðhorf innan veggja stofnunarinnar þá skulum við gera það líka. Þá skulum við leita álits starfsmanna ÁTVR á því sem er að gerast og það hefði stjórn stofnunarinnar betur gert. Það var gert hér áður fyrr. Þá var kannað hver vilji þeirra væri sem sinntu þessum málum og fjallað faglega um málin. Það er ekki gert núna. Nú er leitað fyrst til vínsalanna. Fyrst er leitað til brennivínssalanna, innflytjendanna og tóbaksfurstanna og síðan — ef það þá yfirleitt er gert — er hlustað á starfsfólkið og hin faglegu sjónarmið fólks sem er að reyna að rata hinn vandratаða veg á milli þess annars vegar að veita eðlilega og góða og trausta þjónustu á jafnræðisgrunni og hins að gæta aðhalds í þessum efnum því að markmiðið með því að halda þessari starfsemi í höndum hins opinbera er að gæta aðhalds.

Að lokum viljum við að stofnað verði embætti þjónustufulltrúa við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og nefnum að dæmi um verkefni sem gæti fallið undir verksvið slíks þjónustufulltrúa væri að koma upplýsingum til viðskiptavina um vöruúrval og nýjar tegundir án þess að brjóta gegn skýlausu banni um auglýsingar. Þetta nefnum við sem dæmi. En við segjum að það sé ljóst að í sínu starfi þurfi þessi stofnun að glíma við ýmsar mótsetningar. Þær felast í því hún þarf að vera annars vegar þjónustufyrirtæki við almenning og hins vegar mikilvægt tæki í höndum hins opinbera til að tryggja framgang aðhaldssamrar opinberrar stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og tóbaksvörnum eins og ég hef þegar rakið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Þessi umræða mun halda áfram á morgun þótt tilefnið verði annað. Þá koma önnur frv. til umræðu í þingsal og þar mun ég taka upp þráðinn þar sem hér er frá horfið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, 1. umr.*

Frv. HjÁ o.fl., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 728.

[15:55]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um afnám skyldu til greiðslu þungaskatts og virðisaukaskatts á umhverfisvæn ökutæki. Meðflutningsmenn mínir eru eftirtaldir hv. þm.: Ólafur Örn Haraldsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Magnús Stefánsson. Frv. þetta nær í rauninni til tveggja lagabálka. Annars vegar er um að ræða breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, en 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin skattskyldu."

Þarna er átt við þungaskatt. 2. gr. sem snertir breytingu á lögum um virðisaukaskatt er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin virðisaukaskatti."

Þriðja greinin og sú síðasta í frv. snertir gildistímann. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í síðasta lagi 1. júlí 2003."

Herra forseti. Við setningu Alþingis í haust kom fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. vilji ríkisstjórnarinnar til að auka nýtingu innlendra orkugjafa. Sama viðhorf hefur ítrekað komið fram í ræðum hæstv. umhvrh. bæði innan Alþingis sem og við umræðuna í Kyoto í vetur. Þá hefur iðnrh. lýst sömu skoðun og m.a. skipað nefnd til að vinna að þessu máli um nýtingu innlendra orkugjafa. Þá hafa þessi mál undir ýmsum formerkjum komið til umræðu á hv. Alþingi, m.a. og ekki síst tengd umhverfismálum og er ljóst að vilji þingmanna er mjög í þessa átt. Þingmenn hafa verið mjög jákvæðir í garð þessa málefnis enda eru miklir þjóðarhagsmunir í húfi.

Það er rétt í þessu sambandi, herra forseti, að minna á það rétt einu sinni að við Íslendingar eigum heimsmet í nýtingu á vistvænum orkugjöfum í efnahagslífi okkar. Um það bil 67% af þeirri orku sem notuð er í efnahagslífi okkar er af vistvænum orkugjöfum, endurnýjanlegri orku, meðan meðaltalið hjá þjóðum Evrópu er um 5% en þær hafa sett sér það markmið að ná 12% á næstu tíu árum. Það er því ljóst að Íslendingar skera sig mjög verulega úr hvað þetta áhrærir. En í ljósi vilja ríkisstjórnar og þingmanna almennt eftir því sem þeir hafa tjáð sig er líka ljóst að þetta takmarkar í rauninni sóknarfæri okkar. Augun hljóta þess vegna að beinast að þeim þriðjungi sem veldur koldíoxíðmengun hjá okkur, þ.e. frá samgöngum og af fiskiskipaflotanum. Þar eru hin eiginlegu sóknarfæri okkar, bæði til þess að draga úr mengun og til að auka nýtingu á innlendum, vistvænum orkugjöfum.

Það er afskaplega mikilvægt að hvetja almenning og efnahagslífið allt til að stíga fyrstu skrefin. Vandinn er yfirleitt sá að hefja leikinn. Ryðja þarf úr vegi ýmsum hindrunum, ekki síst lögum og reglugerðum en þó þarf fyrst og fremst að skoða hin efnhagslegu áhrif og um leið umhverfisþættina. Fyrstu skrefin eru oft erfiðust og dýrust og vandasamast að rata á þau.

Hv. Alþingi lýsti þeim vilja sínum í verki með því að samþykkja sem lög frá Alþingi skömmu fyrir síðustu jól afnám vörugjalds á vistvæn ökutæki. Þar með var Alþingi í rauninni að lýsa vilja sínum í verki með því að lækka innkaupaverð á þessum vistvænu samgöngutækjum. Hins vegar er þar ekki nógu langt gengið því að í ljós hefur komið, m.a. í lögum um fjáröflun til vegagerðar, að þar eru ýmis íþyngjandi ákvæði, ekki síst það ákvæði er lýtur að rafbílum þar sem af þeim þarf að greiða þungaskatt rétt eins og af dísilbílum. Þessu þarf að breyta til að gera rafbíla og vistvæna bíla aðgengilegri fyrir almenning. Ég ítreka að í rauninni er það á þessu sviði sem sóknarfæri þjóðarinnar eru mest hvað varðar samgöngur, og síðan fiskiskipaflotinn, þó að samgöngur séu gerðar hér sérstaklega að umtalsefni. Það er einmitt markmiðið með frv. að auðvelda almenningi aðgang að vistvænum ökutækjum með því að fella brott tímabundið annars vegar þungaskatt

og hins vegar virðisaukaskatt af slíkum ökutækjum. Þau eru varla til staðar í dag en með þessu er verið að hvetja fólk og auka líkurnar á því að almenningur og fyrirtæki hér festi kaup á slíkum bifreiðum.

Nú reynir í rauninni á viljann, enn frekari vilja hv. Alþingis í þessum efnum. Ég hygg, eins og hér hefur áður komið fram, að skoðanir þingmanna séu almennt nokkuð jákvæðar fyrir þessu og ég trúi því að frv. þetta eigi að geta fengið jákvæða afgreiðslu á hv. Alþingi.

Ýmsir hafa eðlilega spurt hvort allt tal um vistvæn ökutæki sé raunhæft eða ekki og telja jafnvel að nokkuð langt sé í land með að svo verði. Ég vil í því sambandi nefna þrjú atriði: Í fyrsta lagi að þann 29. janúar sl. urðu borgaryfirvöld í Óslóarborg að gefa út viðvörun til íbúa borgarinnar þar sem gamalmenni og asmasjúklingar voru varaðir við því að vera utan dyra vegna mengunar frá bílum í Óslóarborg.

Í öðru lagi vil ég vitna til forsíðu breska dagblaðsins Independent. Á forsíðu þess þann 14. janúar sl. voru birtar niðurstöður úr opinberri könnun fyrir bresku ríkisstjórnina þar sem fram kemur að árlega látist 24.000 Bretar af völdum bílamengunar og eru þó ótaldir þeir sem fá sjúkdóma án þess þó að látast af þeirra völdum.

Í þriðja lagi vil ég nefna niðurstöður Kyoto-ráðstefnunnar og viðbrögð alþjóðasamfélagsins við þeim skuldbindingum sem þar var skrifað undir. Því má að auki bæta við sem höfuðborgarbúar verða í vaxandi mæli varir við, ekki síst á vetrardögum, þegar mengunarský af völdum bílaumferðar leggst yfir okkar hreinu og ágætu höfuðborg.

Áhrifin í alþjóðasamfélaginu eru gífurleg af þeim tíðindum sem ég vitnaði til áðan frá Ósló, dagblaðinu Independent og Kyoto-ráðstefnunni. Það er ljóst að alþjóðasamfélagið ætlast til þess að þjóðir heims dragi úr mengun og líta svo á að mengun sé að verða eitt meginvandamál alheimsins í dag. Þrýstingur almennings á stjórnvöld hvers ríkis, á bílaframleiðendur og aðra, leiðir til þess að bílaframleiðendur leggja nú orðið árlega milljarða til rannsóknastarfa og þar er þróunin ótrúlega hröð. Það má segja að tækninni á því sviði fleygi hraðar fram en nokkurn mann hefur órað fyrir. Ég held að segja megi að vistvæn ökutæki muni koma innan fárra ára og eru þegar komin á götur ýmissa stórborga nágrannaþjóða okkar og við eigum að taka þátt í því þróunarstarfi og þeim leik.

Ég minni líka í þessu sambandi á opinbera yfirlýsingu frá stjórnarformanni Daimler-Benz þar sem hann fullyrðir að vetni verði orkugjafi 21. aldar fyrir bíla. Hingað hafa komið fjölmargir erlendir gestir og mér er kunnugt um að von er á enn fleirum á næstu vikum og mánuðum vegna þessa. Þeir líta mjög til Íslendinga, ekki síst meðan þessi mál eru á tilraunastigi og það er ekki síst smæð samfélagsins á Íslandi sem þeir líta til.

Stundum heyrist, herra forseti, í þessari umræðu að vetni t.d. sem orkugjafi sé of dýrt. Þá vil ég svara tvennu: Annars vegar ef menn segja að vetni sé of dýrt, þá hljóta menn líka að spyrja fyrir hvern. Nú kann að vera hægt að færa rök fyrir því að það sé of dýrt fyrir einstaklinga og fyrirtæki í dag. En um leið og menn halda því fram að vetni sé of dýrt og ætla að einblína á bensín, olíu og hina mengungarríku orkugjafa, þá eru menn í rauninni að segja: Við ætlum að halda okkur við þá mengandi orkugjafa og vísa síðan afleiðingunum, vísa reikningnum yfir til afkomenda okkar. Ég tel slíkt tal vera ábyrgðarleysi. Við höfum miklu ríkari skyldur gagnvart afkomendum okkar en þær að skilja eftir sviðna jörð fyrir þá.

Hins vegar er rétt að nefna að þó að framleiðslukostnaður í dag af vetni sé meiri en af bensíni, þá ber að hafa í huga að orkan í bensíni á hefðbundinni sprengivél á bíl nýtist aldrei meira en 22–25% meðan orka í vetni á efnarafala nýtist u.þ.b. 70–80%, jafnvel er talað um 90%. Metanól á sprengivél nýtist 45%. Þetta þýðir með öðrum orðum að meira en helmingi minna magn af vetni þarf til að ná sömu orku og út úr samsvarandi magni af bensíni og svipað gildir um metanól. Með þessum rökum má því með sanni segja að þegar í dag er vetni orðið samkeppnisfært við bensín og eru þá ótalin hin siðfræðilegu rök um framtíðina og afkomendur okkar.

Ég ætla ekki að viðhafa fleiri orð um vetni og möguleika þess að öðru leyti en því að þegar hafa ýmsir bílaframleiðendur lýst því yfir að þeir muni hefja fjöldaframleiðslu á þeim innan tveggja til fimm ára, sumir innan tveggja og aðrir innan fimm ára. Þá er líka rétt að benda á að engin spá um tækniþróun á sviði vetnis hefur staðist. Þær hafa allar hrunið með neikvæðum formerkjum. Hlutir hafa einfaldlega gerst miklu hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir og veldur þar hin harða krafa alþjóðasamfélagsins um úrbætur á sviði umhverfismála.

Ef við víkjum að rafbílum, þá hafa gífurlega miklar framfarir orðið á því sviði. Þeir rafbílar sem við höfum e.t.v. hugmynd um og mynd af í huga okkar eru einhverjar kraftlitlar pútur sem séu heldur máttlausar og til lítils brúklegar. Nú eru hins vegar komnir fram á sjónarsviðið og eru í fjöldaframleiðslu hjá ýmsum bílaframleiðendum bílar sem kalla má alvörubíla sem eru rúmgóðir og búnir öllum nútímaþægindum en knúnir áfram með raforku.

Mjög algengt er að slíkir bílar nái 100–120 km á hleðslunni án þess að þurfa að setja þá í samband og er mjög auðvelt að tengja þá veitukerfi umhverfisins. Í framhaldi af því hefur orðið stefnumörkun hjá ýmsum þjóðum Evrópu. Ég nefni t.d. Frakkland, í borginni La Rochelle sem er líklega leiðandi í Evrópu á þessu sviði. Þar hafa menn komið sér upp hleðslustöðvum með kerfisbundnum hætti, veitt almenningi mjög greiðan aðgang að orku og bílum með ýmsum aðgerðum. T.d. endurgreiðir hið opinbera ákveðinn hluta af bílverði ef fólk kaupir rafbíla. Í Grikklandi hafa ákveðin svæði, undir forustu gríska samgönguráðherrans sem áður leiddi umhverfisnefnd á vegum Evrópusambandsins, verið helguð rafbílum og vistvænum bílum og ákveðin hverfi helguð þeim og þar fá ekki mengandi bílar að aka um. Ég nefni þetta sem dæmi um stefnumörkun þeirra stjórnvalda sem hafa metnað til að koma á slíku fyrirkomulagi þar sem vistvæn ökutæki hafa forgang fram yfir önnur, enda er þar um þjóðarhagsmuni að ræða.

Í sambandi við rafbílana er afskaplega mikilvægt að byggja upp innviði. Það er ekki nóg að flytja inn rafbíla. Tryggja þarf einnig að þeir hafi aðgang að rafmagni, helst óðýru rafmagni. Byggja þarf upp innviði þannig að fólk sem fer til vinnu sinnar á bílum geti sett þá í samband við veitukerfi á meðan fólk stundar vinnu sína. Mér er kunnugt um að á vegum Reykjavíkurborgar og veitustofnana Reykjavíkur er unnið að markvissri stefnumörkun á þessu sviði þannig að verið er að byggja upp svokallaðan infrastrúktur fyrir rafbíla.

Ég vil síðan nefna að það er afskaplega mikilvægt að við horfum til þess sem ég nefndi áðan, þ.e. smæðar efnahagssamfélags okkar, þar sem þjóðir heimsins eru af fullri

alvöru að líta til þess að koma á vistvænum ökutækjum. Þar er erfiðara að gera tilraunir vegna stærðar þeirra samfélaga og mjög er þess vegna litið til Íslendinga vegna smæðar okkar, vegna reynslu okkar af því að breyta um orkugjafa, samanber hitaveituna í stað kola og olíu, og vegna þess hve hér ríkir mikill stöðugleiki og þar fram eftir götunum. Hér er með öðrum orðum auðvelt að gera tilraunir sem má síðan yfirfæra á stærri samfélög. Áhugi erlendra aðila er gífurlegur, ekki síst vegna þessa þáttar. Við getum sem sagt verið stefnumarkandi og við eigum að sýna þá djörfung og þá framsýni að vera áfram leiðandi varðandi nýtingu vistvænna orkugjafa. Við eigum að stíga fyrstu skrefin. Frv. er einmitt liður í því og í rauninni forsenda þess að fyrstu skrefin verði stigin af einhverri alvöru.

Ég vil vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir tímabundnu ákvæði um niðurfellingu þungaskatts og virðisaukaskatts á vistvæn ökutæki. Lögð hefur verið fram metnaðarfull vegáætlun og er hún til umfjöllunar á hv. Alþingi. Einnig er ljóst að tekjur til vegamála koma af skatti af ökutækjum. Þess vegna er ljóst að þegar kemur að því að vistvænum ökutækjum fjölgar hér, þá þarf ríkissjóður og ríkisvaldið að bregðast við með einhverjum hætti og tryggja þennan tekjupóst með öðru móti. En í frv. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði gildi fyrst um sinn aðeins til fimm ára meðan verið er að stíga fyrstu skrefin, en það gefur þá hv. Alþingi færi á að meta stöðuna að loknum þeim fimm árum og stíga næstu skref í framhaldi af því.

Ég vil rétt að lokum, herra forseti, rifja upp hvers vegna er mikilvægt fyrir okkur að stíga þessi skref. Það er í fyrsta lagi vegna umhverfisþáttanna. Við stöndum frammi fyrir hinu alvarlega máli sem er mengun, ekki síst loftmengun, og gróðurhúsaáhrifum, sem ógna lífríki á jörðu. Við Íslendingar höfum verið leiðandi í því að vinna gegn þessari mengun og við eigum að halda því áfram og halda forustu okkar á því sviði. Við eigum að setja markið hátt hvað varðar umhverfisþáttinn. Það er útgangspunkturinn.

Í öðru lagi vil ég nefna að efnahagsleg og atvinnuleg rök gilda einnig. Við kaupum innflutta mengandi olíu fyrir um 10 milljarða árlega. Með því að geta framleitt þá orku innan lands höldum við þeim fjármunum í efnahagskerfi okkar og látum þá fjármuni vinna með okkur, skapa störf, ýta undir rannsóknir, ýta undir vísindi og tækni og þar með í rauninni að hækka menntastig þjóðarinnar. Þetta er afskaplega mikilvægur þáttur til viðbótar við umhverfisþættina.

Ég vil síðan nefna sem þriðja atriðið og taka dæmi af Íslenskri erfðagreiningu sem er eitt af óskabörnum þjóðarinnar um þessar mundir, og við getum sannarlega verið stolt af, en ein meginástæða þess að erlendir fjárfestar koma til samstarfs við Íslenska erfðagreiningu er hátt menntastig starfsfólksins sem þar er og ekki síður smæð samfélagsins. Þar kemur aftur þessi þáttur sem skín svo víða í gegn að hér er auðvelt að gera tilraunir á takmörkuðu sviði vegna smæðar okkar og við eigum einmitt að yfirfæra þá reynslu sem gafst af Íslenskri erfðagreiningu í samstarfi við erlenda aðila yfir á orkugeirann varðandi samgöngutæki.

Vissulega heyrast ýmsar úrtöluraddir en það er einmitt hluti af vandanum og hluti af nýjum verkefnum við að innleiða nýjungar.

Ég vil rétt að lokum benda á hvaða áhrif það hefði ef frv. þetta verður að lögum. Ég tek dæmi af rafknúinni bifreið sem yrði ekið 350 km á viku hverri. Miðað við að þungaskattur yrði afnuminn má segja að lækkun á rekstrarkostnaði slíkrar bifreiðar yrði um 120 þús. kr. tekjuaukning á ári fyrir einstakling. Ég endurtek 120 þús. kr. tekjuaukning fyrir einstakling miðað við að aka 350 km á viku og þar ber ég saman annars vegar bensínbifreið sem eyðir 7 lítrum á hverja 100 km og hins vegar rafknúna bifreið sem þarf ekki að borga þungaskattinn af. Ég tel að það sé til nokkurs að vinna, 120 þús. kr. auknar ráðstöfunartekjur fyrir einstakling.

Hvað varðar afnám virðisaukaskattsins veit ég um dæmi af fimm manna vel búnum rafbíl, og ætla ekki að greina frá tegundinni, sem kostar í dag 1,6 millj. í innkaupum en færi niður í 1,2 millj. og er þar með orðinn vel samkeppnisfær við venjulega bíla hvað verð snertir. Það er einmitt vegna þessa sem er svo mikilvægt að lækka verðið á slíkum bifreiðum af því að þær eru til staðar. Fyrstu bílarnir eru á leið til landsins og þess vegna er mikilvægt að hvetja almenning og fyrirtæki til að festa kaup á þessum bifreiðum því að umhverfis- og efnahagsleg rök mæla með því.

Ég vil svo, herra forseti, vonast til að frv. fái jákvæða afgreiðslu og verði sent hv. efh.- og viðskn.

[16:19]

**Útbýting þingskjals:**

Heilsugæsla í skólum, 449. mál, svar heilbrrh., þskj. 881.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:20.

---

## 80. FUNDUR

fimmtudaginn 5. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 815. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Stimpilgjald, stjfrv., 481. mál, þskj. 816. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 246. mál, þskj. 291. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 390. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, þáltill., 403. mál, þskj. 724. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 405. mál, þskj. 726. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 354. mál, þskj. 538. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Innlend metangasframleiðsla, þáltill., 357. mál, þskj. 557. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 176, nál. 821, brtt. 822, 826 og 850. — 2. umr.

11. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 175, nál. 865, brtt. 866. — 2. umr.

12. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 707, nál. 845. — 2. umr.
13. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799, nál. 894. — 2. umr.
14. Rannsókn á refsingum við afbrotum, þáltill., 484. mál, þskj. 820. — Fyrri umr.
15. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813. — 1. umr.
16. Hægri beygja á móti rauðu ljósi, þáltill., 404. mál, þskj. 725. — Fyrri umr.
17. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 483. mál, þskj. 819. — 1. umr.
18. Samræmd samgönguáætlun, þáltill., 179. mál, þskj. 179, nál. 856. — Síðari umr.
19. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — 1. umr.
20. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 880. — 1. umr.
21. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890. — 1. umr.
22. Vegtenging milli lands og Eyja, þáltill., 448. mál, þskj. 775. — Fyrri umr.
23. Hafnalög, frv., 477. mál, þskj. 812. — 1. umr.
24. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 495. mál, þskj. 846. — 1. umr.
25. Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv., 496. mál, þskj. 847. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.

## *Tilhögun þingfundar.*

[10:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess í upphafi fundar að atkvæðagreiðsla um fyrstu níu dagskrármálin fer fram kl. 2 í dag en fundarhlé verður milli kl. 12 og 2 að beiðni þingflokka.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svar við fyrirspurn.

[10:32]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þann 9. des. sl. lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. viðskrh. eins og stjórnarskrárvarinn réttur minn segir til um og jafnframt er kveðið á um í þingskapalögum Alþingis. Í fyrirspurninni var upplýsinga óskað um hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisbankanna. Ástæðan fyrir fyrirspurninni er sú að ég lagði á síðasta þingi fram svipaða fyrirspurn varðandi hlutafjáreign ríkisbankanna og svarið var þannig að það gaf ekki eðlilega mynd af eignatengslum bankanna við hlutafélög. Tilgangur síðari fyrirspurnarinnar var því að reyna að fá þessar upplýsingar fram. Svar hæstv. viðskrh. hefur nú borist þremur mánuðum síðar. Hvert er svarið? Svarið er að ekki megi veita svar við þessari fyrirspurn minni.

Í fyrsta lagi verð ég að segja það að ég efast mjög um hina efnislegu niðurstöðu hæstv. viðskrh. Ég sé ekki að það gæti skaðað hagsmuni bankanna eða þeirra fyrirtækja sem þeir eiga hlut í þó að fyrirspurn af þessu tagi sé svarað.

Í öðru lagi hlýt ég að vekja athygli á því að einmitt á þessum dögum og vikum er verið að birta upplýsingar um rekstur fyrirtækja. Þetta er tími aðalfundanna. Á þeim koma tíðum fram upplýsingar um hlutafjáreign þeirra og helstu hluthafa. Þess er skemmst að minnast að í Viðskiptablaðinu í gær voru sambærilegar upplýsingar tíundaðar hvað áhrærði eignarhaldsfélagið Alþýðubankann. Með öðrum orðum er greinilegt að tilhneigingin er að birta fremur meira en minna af slíkum upplýsingum.

Í 19. gr. laga um einkahlutafélög er kveðið á um að gerð skuli hlutaskrá sem allir hluthafar og stjórnvöld hafi aðgang að. Tilhneigingin og túlkunin er öll í þessa átt. Hins vegar er ljóst að hér ræður mat hæstv. viðskrh. Hæstv. viðskrh. hlýtur að ráða þessu sjálfur, það er augljóst. Hins vegar vekur það undrun mína í því sambandi, virðulegi forseti, að sambærilegt svar barst frá þáv. hæstv. viðskrh., Sighvati Björgvinssyni, við hliðstæðri fyrirspurn frá Matthíasi Bjarnasyni um hlutafjáreign banka og innlánsstofnana og þar er niðurstaðan allt önnur. Þar segir:

„Þótt fyrirspyrjandi hafi ekki óskað sérstaklega eftir því eru birtar upplýsingar um hlutabréfaeign dótturdótturfélaga Landsbanka Íslands. Að öðrum kosti hefði svarið gefið ófullkomna mynd af hlutabréfaeign bankasamstæðunnar."

Ég held þess vegna að fullkomið ósamræmi sé milli svara fyrrv. og núv. hæstv. viðskrh. og ég spyr: Hvað hefur breyst? Ég skora á hæstv. viðskrh. að endurskoða þá ákvörðun sína að hafna því að veita eðlileg svör við eðlilegum spurningum sem ég hef lagt fram á þingskjali eins og ég hef rétt á að gera.

[10:35]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm., þá bar hann fram fyrirspurn um hlutafjáreign dótturfyrirtækja í hlutafélagabönkunum á þskj. 446. Rökin fyrir svari mínu eru í fyrsta lagi þau að ég vísa til skýrslu hæstv. forsrh. um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins þar sem fjallað er um skyldur ráðherra, annars vegar gagnvart þinginu og hins vegar gagnvart viðkomandi hlutafélögum.

Í öðru lagi verður að gæta samkeppnissjónarmiða þegar upplýsingar eru veittar. Ráðherra verður að gæta þess að ekki séu veittar upplýsingar sem skaðað geta samkeppniseða viðskiptahagsmuni verðbréfa- og hlutabréfasjóða í eigu bankans. Ákveðin trúnaðarskylda hvílir á starfsmönnum og stjórnendum verðbréfafyrirtækja og hlutafélagasjóðanna gagnvart viðskiptamönnum sínum.

Í þriðja lagi, varðandi eignarhalds- og umsýslufélög, verður að gæta ákveðinnar þagnarskyldu gagnvart viðskiptamönnum.

Af því að hv. þm. bar saman fyrirspurn frá hv. fyrrv. þm. Matthíasi Bjarnasyni á 117. löggjafarþingi og sína fyrirspurn, sem hv. þm. er ekki fullkomlega ánægður með svarið við, þá verð ég að segja að á fyrirspurnunum tveimur er talsverður munur.

Fyrirspurn hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar er mun ítarlegri hvað einstök efnisatriði varðar en fyrirspurn fyrrv. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Það byggist fyrst og fremst á því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson óskar eftir mjög nákvæmum upplýsingum um ávöxtun einstakra eignarhluta, hvaða eignarhluta hafi verið greitt fyrir, hvenær sala hafi

farið fram, hvert söluandvirðið hafi verið og þar fram eftir götunum.

Hins vegar efast enginn um það, ég tek undir það með hv. þm., að ráðherrum ber rík skylda til að veita þingmönnum upplýsingar og svara fyrirspurnum þeirra. Ég dreg það ekkert í efa. Á móti verður hins vegar að gæta samkeppnissjónarmiða og þeirrar trúnaðarskyldu sem hvíla þarf yfir. Gæta þarf að þeirri bankaleynd sem oft og tíðum gildir um dótturdótturfyrirtækin. Á grundvelli þeirrar trúnaðarskyldu og þeirra upplýsinga treysti ég mér ekki til þess að svara fyrirspurninni nákvæmar en þarna var gert.

[10:38]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég lýsi yfir mikilli undrun yfir svörum hæstv. viðskrh. Ég vek athygli á því að ráðherrann er yfirmaður viðskiptamála í landinu og fer þar með skilning og túlkun á hlutafjárlögum. Hann hefur kveðið upp þann úrskurð að stórhættulegt sé fyrir þá banka sem eru í eigu ríkissjóðs, Landsbankann og Búnaðarbankann, ef þjóðin fær að vita hvaða fyrirtæki þessir bankar eiga. Það á að vera stórhættulegt út af samkeppnissjónarmiðum að upplýst sé hverjir eigi hlutafélög í eigu bankanna. Ég hlýt því að álykta að sjónarmið ráðherrans sé að almennt hljóti það að gilda um öll hlutafélög að út frá samkeppnissjónarmiðum sé varasamt að þjóðin fái að vita hverjir eiga þau og þvílíkt hljóti að trufla starfsemi fyrirtækjanna óskaplega.

Ég vil því vekja athygli á þessu, herra forseti. Skilningur viðskrh., yfirmanns laga um hlutafélög, er að leyndin og þögnin séu besta ráðið. Upplýsingar eru varasamar, þær eru stórkostlega varasamar út frá samkeppnissjónarmiðum. Menn eiga þá kannski að keppa í undirheimunum þar sem þögnin og leyndin ríkja, hæstv. viðskrh.?

[10:39]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. Það er í hans valdi að meta þessa hluti. Að því leyti er málið augljóst. Niðurstaða hans er sú að stórhættulegt sé að birta þær upplýsingar sem ég óskaði eftir á nefndu þingskjali.

Ég spyr: Hvernig getur það skaðað til að mynda Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbankann eða þessi fyrirtæki sem bankarnir eiga hlut í þó upplýst sé hver hlutur þeirra er? Hvað skaðaði bankana á sínum tíma þegar því var svarað af páv. hæstv. viðskrh. að Íslandsbanki ætti í þessu fyrirtæki sem hér er á blaðinu? Ekki nokkur skapaður hlutur að sjálfsögðu. Skaðar það fyrirtækin á þessum stóra lista frá Alþýðubankanum þegar upplýsingar koma í Viðskiptablaðinu? Ætli staða eignarhaldsfélagsins Alþýðubannkans verði verri? Ætli staða Haraldar Böðvarssonar hf., Eimskipafélags Íslands, Flugleiða eða Granda verði verri af því að nú er upplýst að eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn á hlut í þeim? Að sjálfsögðu ekki. En þetta er svar hæstv. viðskrh.

Auðvitað hefur hæstv. viðskrh. fullkominn rétt á því að hafa þessa afstöðu. Hæstv. ráðherra vakti athygli á því sem ég auðvitað vissi að fyrirspurn mín væri mun ítarlegri en fyrirspurn hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar á sínum tíma. Að hluta til eru þetta þó hliðstæðar spurningar og að hluta sömu spurningar vegna þess að það er verið að spyrja um hlutafjáreignina. Úr því að hægt var að svara þeim hluta spurninganna á sínum tíma, af hverju er ekki hægt að gera það núna?

Við blasir að hæstv. páv. viðskrh. lagði lykkju á leið sína til þess að gefa ítarlegra svar en beðið var um á sínum tíma. Í því svari er sagt: „Þótt fyrirspyrjandi hafi ekki óskað sérstaklega eftir því eru birtar upplýsingar um hlutabréfaeign dótturdótturfélaga Landsbanka Íslands.“ Þær upplýsingar eru hliðstæðar þeim sem ég hef farið fram á enda segir í svarinu: „Að öðrum kosti hefði svarið gefið ófullkomna mynd af hlutabréfaeign bankasamstæðunnar.“ Ég verð að segja að sú mynd sem við fáum frá hæstv. viðskrh. er afar ófullkomin og sérkennileg.

[10:42]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þau orð sem féllu hér áðan hjá hv. 1. þm. Vestf. Á sínum tíma veitti ég það svar við fyrirspurn Matthíasar Bjarnasonar sem hann vitnar til. Þá var ekki talið óeðlilegt í viðskrn. eða af minni hálfu að veita þau svör. Þó að hæstv. viðskrh. hefði ekki getað eða viljað veita nákvæm svör við öllum þeim spurningum sem hv. 1. þm. Vestf. bar fram, þá hefði hann þó mætavel getað veitt sambærilegar upplýsingar þeim sem ég veitti á sinni tíð við fyrirspurnum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um sama efni. Mér finnst með ólíkindum að hæstv. viðskrh. skuli ekki treysta sér til þess að veita a.m.k. jafnítarlegar upplýsingar og veittar voru þá.

[10:43]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hér gætir örlítils misskilnings hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um efnisinnihald svars míns. Nokkrum hluta þeirra spurninga sem þarna voru bornar fram var svarað og ljóst að hv. þm. hefur ekki lesið svarið. Í fyrirspurninni eru hins vegar einstök atriði sem ég treysti mér ekki til þess að svara. Ástæðum þess lýsti ég hér áðan og ætla ekki að endurtaka.

Enginn hefur neitað að upplýsa hverjir séu eigendur að þessum fyrirtækjum. Það liggur allt fyrir og yfir því hvílir engin leynd. Hins vegar þarf að hvíla leynd yfir því, út frá samkeppnissjónarmiðum, hver arður er af einstökum eignarhlutum í þessum fyrirtækjum og hvaða ávöxtun einstakir eignarhlutar hafi haft á tilteknu tímabili. Það eru fyrst og fremst þau atriði fyrirspurnarinnar sem ég er ekki tilbúinn að svara. Eignarhaldið á öllum þessum fyrirtækjum liggur fyrir. Ég held að hv. þm. spyrji fyrstu spurningarinnar, um hver dótturfyrirtækin eru, til þess að komast síðan að því hver arðkrafan er og hvaða ávöxtun viðkomandi fyrirtæki eða eignarhlutar hafi gefið á undanförnum árum. Það liggur alls staðar fyrir og þingið þarf þess vegna ekki að spyrja um það hverjir eru eigendurnir að ríkisviðskiptabönkunum og eignarhlutum þeirra í þessum dótturdótturfyrirtækjum.

Fyrst og fremst er það út frá arðgreiðslunum á einstökum eignarhlutum og ávöxtun einstakra eignarhluta sem ég treysti mér ekki til þess að svara.

Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, páv. viðskrh., svaraði fyrirspurn fyrir fimm árum, þá voru aðstæðurnar á íslenskum fjármagnsmarkaði aðrar en þær eru núna. Þá var nánast engin samkeppni á þessum markaði þar sem fjárfestingarlánasjóðirnir voru greindir niður eftir atvinnugreinum. Ríkisviðskiptabankarnir voru án hlutafélagaforms í eigu ríkisins og engar kröfur gerðar um ávöxtun. Aðstæðurnar eru aðrar á þessum markaði í dag en þær voru þá.

[10:46]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. tók það fram á sínum tíma þegar formbreytingar voru gerðar á rekstri ríkisbankanna að

þær mundu ekki torvelda það að Alþingi gæti fengið sambærilegar upplýsingar og Alþingi hefur áður fengið. Nú segir hann að þessi formbreyting valdi því með öðru að óeðlilegt sé að viðskrn. svari spurningum sem það treysti sér til að svara fyrir fimm árum. Ég fellst, virðulegi forseti, ekki á þessi rök.

[10:46]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Enn þarf ég að minna hv. þm. Sighvat Björgvinsson á að lesa betur. Ef hv. þm. læsi Alþingistíðindin og þá ræðu sem hann er að vitna í þá kemur það alveg skýrt fram hver mín túlkun var á þessu atriði á þeim tíma. Alþingi mun hafa allar þessar upplýsingar sem beðið er um auk þess sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir bar fram fyrirspurn um þetta atriði í desember og fékk svar í sama mánuði. Hún sætti sig fullkomlega við það svar sem hv. þm. er núna að gagnrýna að verið sé að halda leynd yfir.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli þingmanns í fréttaviðtali.

[10:48]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær var viðtal við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þar sem hann var með ákaflega ósmekklegar dylgjur um það að formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, misnotaði aðstöðu sína sem formaður nefndarinnar og væri á óeðlilegan hátt að kalla Samkeppnisstofnun fyrir nefndina. Hann væri þannig að misnota aðstöðu sína, kalla fyrir sig Samkeppnisstofnun og gera starf sitt og starf nefndarinnar tortryggilegt vegna þess að það væri óeðlilegt og ódrengilegt. Hann væri að þjóna annarra hagsmunum en þingsins.

Ég hef ekki í annan tíma séð og heyrt lágkúrulegri málflutning frá nokkrum þingmanni en þetta viðtal við hv. þm. í hádegisfréttunum í gær. Og þar sem mér finnst að Alþingi þurfi mjög að gæta sín — það er almenna viðhorfið í þjóðfélaginu, Alþingi þurfi mjög á því að halda að halda reisn sinni — þá er það með endemum þegar þingmaður ræðst á formann þingnefndar með slíkum aðdróttunum og slíkum dylgjum.

Því vildi ég, herra forseti, vekja máls á þessu til að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fengi tækifæri til að biðja þingheim afsökunar á frumhlaupi sínu og biðja þingheim afsökunar á aðdróttunum sínum þannig að hann gæti þá orðið maður að meiri.

[10:49]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vissi nú ekki af því að hv. þm. ætlaði að taka þetta mál upp hér. Hann vitnar til ummæla sem ég viðhafði í viðtali við fréttamann Ríkisútvarpsins í gær. Þar hafði ég orð á því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem er formaður efh.- og viðskn. jafnframt því að vera framkvæmdastjóri Verslunarráðs, notfærði sér það í nefndinni að taka upp mál sem varðaði yfirmann hans í Verslunarráðinu, mál sem er til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála, mál sem hugsanlega fer til dómstóla og mál sem hugsanlega fer til Hæstaréttar. Á þessum nótum gagnrýndi ég þetta harðlega, virðulegi forseti. Ég tel að hv. efh.- og viðskn. hafi ekkert með málið að gera á þessu stigi. Ég álít sem svo að þarna hafi menn bara verið að þyrla upp einhverju pólitísku moldviðri í þessu máli í stað þess að fjalla um það málefnalega þegar því er endanlega lokið á öllum áfrýjunarstigum og hjá þeim dómstólum sem hugsanlega koma til með að fjalla um málið.

Það er gersamlega fráleitt á þessu stigi að efh.- og viðskn. fjalli um málið. Ef þeir ætla að vera samkvæmir sjálfum sér, virðulegi forseti, þá hljóta þeir næst að kalla til áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Fari málið til dómstóla kalla þeir væntanlega héraðsdómara fyrir til að spyrja þá hvaða viðhorf þeir hafi til málsins og á endanum Hæstarétt. Ég mótmæli því harðlega þeim ávirðingum sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson setti fram áðan og allra síst er ástæða til þess að biðjast afsökunar á þeim orðum sem féllu í viðtali við fréttamann Ríkisútvarpsins.

[10:51]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það er alls ekkert einsdæmi að þingnefndir kalli fyrir sig aðila af þessu taginu. Það eru mörg dæmi um að til að mynda fulltrúar Samkeppnisstofnunar hafi komið fyrir þingnefndir til að ræða einstök mál og það er mjög eðlilegt að það sé gert í þessu sambandi.

Ég vil vekja athygli á því að það kom sérstaklega fram í viðtali, ef ég man rétt, við hv. varaformann efh.- og viðskn., hv. þm. Ágúst Einarsson, að tilgangur þessa fundar hefði alls ekki verið sá að kveða upp neina dóma heldur að kynna sér málið og fara yfir það eins og þingnefndir gera og það er auðvitað mjög eðlilegt. Þetta er mál sem m.a. sprettur af löggjöf hér á Alþingi og mjög eðlilegt er að kalla fyrir til aðila málsins til að hægt sé að kynna sér efni þess, ekki síst vegna þess að hér er um nýmæli að ræða. Ég vil spyrja hv. þingmenn sem sitja í efh.- og viðskn.: Var nokkur pólitískur ágreiningur um að vinna á þennan hátt? Það hefur ekki komið fram. Ég held þess vegna að málsmeðferð efh.- og viðskn. hafi verið mjög eðlileg og alveg fráleitt að nota orð eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson notaði, þ.e. að hv. formaður efh.- og viðskn. væri að skara eld að einhverri köku á óeðlilegan hátt.

[10:53]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Til þess að allir komist að sem hafa óskað eftir að tala í þessu máli þarf forseti að stytta ræðutíma í eina mínútu.

[10:53]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég heyrði ekki ummæli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar í fréttum sem var verið að vitna til. En ég segi alveg eins og er að ég hef af því miklar áhyggjur hver staða þingsins sé í málum sem koma fyrir efh.- og viðskn. þegar málið er þannig vaxið að formaður nefndarinnar er jafnframt framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Það er áhyggjuefni út af fyrir sig. Hann þarf að vera býsna nákvæmur með sína hagsmuni og sína stöðu til þess að blanda aldrei þessum tveimur störfum saman. Ég tel þetta algerlega óeðlilegt.

Alþingi hefur hins vegar engin úrræði til að banna manninum að vera í þessari stöðu, hvorugri stöðunni. Þess vegna liggur málið hjá honum sjálfum. Hann ætti auðvitað að sjá sóma sinn í því að losa sig við annaðhvort starfið vegna þess að það er óþægilegt fyrir þingið og efh.- og viðskn. að formaður hennar skuli vera þessi maður. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt þó að nefndin taki málið fyrir. Málið snýst ekkert um það. Formaðurinn hefði hins vegar getað sagt sig frá málinu meðan það var til sérstakrar meðferðar í efh.- og

viðskn. Það hefði verið heiðarlegt að gera að mínu mati.

[10:54]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég sit í hv. efh.- og viðskn. en var reyndar stödd erlendis þegar þetta mál var tekið þar fyrir og missti því af þessari umfjöllun.

Það sem varð til þess að ég kvaddi mér hljóðs voru orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þegar hann sagði að hv. þm. í efh.- og viðskn. þyrftu að vera samkvæmir sjálfum sér og taldi upp nokkur atriði í því sambandi. Ég vil nefna það hér að ég tel að þingmenn jafnaðarmanna ættu að hugsa um það hvort þeir ættu ekki að reyna að vera svolítið samkvæmir sjálfum sér eftir því hvaða þingmaður á í hlut og eftir því hvaða nefnd á í hlut. Í hv. allshn. vildi þingmaður jafnaðarmanna taka fyrir mál sem alls ekki varðaði Alþingi þannig að ég hvet eindregið til þess að þingflokkur jafnaðarmanna taki þetta mál til umfjöllunar og reyni að móta sér stefnu í málinu.

[10:55]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Gagnrýni hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem hér er til umræðu beinist einkum að tvennu: Hann efast um að eðlilegt sé að hv. efh.- og viðskn. skipti sér af málum sem eru í löglegri málsmeðferð úti í þjóðfélaginu, einmitt eftir reglum laga sem hafa verið sett hér á þinginu. Málsmeðferðin stendur yfir. Það er annars vegar það og hins vegar það að hann efast um hæfi hv. formanns nefndarinnar, Vilhjálms Egilssonar, sem er jafnframt starfsmaður eins málsaðila.

Ég vil segja að mér finnst þessi gagnrýni fullkomlega eðlileg. Hún á fullkomlega rétt á sér og ég vil taka undir hana og efast um að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, hafi átt að taka þátt í þessari umræðu. Að mínu mati hefði hann átt að víkja sæti.

[10:56]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir um það hvort þingnefndir eigi að taka fyrir tiltekið mál og ekkert athugavert við það þó að þingmenn hafi skiptar skoðanir á því. Það kom hins vegar fram í efh.- og viðskn. að nefndin væri aðeins að kynna sér málið en ætlaði ekki að fella um það neinn dóm á meðan málið væri á áfrýjunarstigi. Þess vegna þótti mér mjög óæskilegt að formaður nefndarinnar skyldi tjá sig um það eftir þessa umfjöllun að það kynni að þurfa að breyta lögum vegna úrskurðar Samkeppnisstofnunar sem enn er í áfrýjunarferlinu. Það voru óæskileg ummæli að mínu mati og auðvitað gerir staða hans það að verkum að slík ummæli hljóta að sæta gagnrýni.

[10:57]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Öllum er um það kunnugt að það kann að orka tvímælis hvenær sem er hvað þingnefnd gerir og gerir ekki, hvern hún yfirheyrir og hvern hún yfirheyrir ekki, eftir hverju hún spyr og eftir hverju hún spyr ekki. Hins vegar liggur það fyrir að efh.- og viðskn. var alveg sammála um að biðja Samkeppnisstofnun að gefa sér skýrslur, koma og ræða við nefndina, upplýsa hvernig málin stæðu og hverjar væru ástæður hennar.

Eftir fundinn með Samkeppnisstofnun voru allir nefndarmenn líka sammála um að þetta hefði verið hinn besti fundur, þetta hefði verið mjög gagnlegt, öll þessi umræða hefði verið mjög af hinu góða og að Samkeppnisstofnun hefði staðið sig mjög vel, svarað mjög vel og greiðlega öllum þeim spurningum sem til hennar var beint.

Hins vegar er ástæða til þess, herra forseti, að benda á og vekja athygli á því hvers konar frumhlaup hér er á ferðinni því það er ekkert leyndarmál að Samkeppnisstofnun var ekki kölluð fyrir að tillögu formanns nefndarinnar. Það var að tillögu hv. þm. Ágústs Einarssonar, varaformanns nefndarinnar, að Samkeppnisstofnun var beðin að mæta á fundinn.

[10:59]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram við þessa umræðu að þetta upphlaup hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar er gersamlega tilefnislaust. Það sem ég gagnrýndi í fyrsta lagi er að málið er í áfrýjunarferli. Það er og verður væntanlega til skoðunar hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála og gæti þaðan farið til dómstóla og jafnvel til Hæstaréttar. Á meðan málið er í þessu ferli er mjög óeðlilegt að mínu mati að þingið sé að stofna til einhvers konar rannsóknarréttar í ákveðinni nefnd til þess að fara yfir málið. Nefndin getur fengið öll gögn um málið þegar þessu ferli er lokið, hvert og eitt einasta. Og þá væri hugsanlegt að taka ákvörðun um það út frá einhverjum pólitískum viðhorfum hvort breyta ætti lögum. En að gera það á þessu stigi þykir mér alveg fráleitt.

Það sem ég átti við áðan þegar ég sagði, að ef efh.- og viðskn. ætlaði að vera samkvæm sjálfri sér þá ætti hún að kalla ákveðna aðila fyrir, var að ef áfrýjunarnefnd samkeppnismála kemst að annarri niðurstöðu þá hlýtur efh.- og viðskn. náttúrlega að yfirheyra áfrýjunarnefndina um það hvers konar niðurstöðu hún komst að og ef héraðsdómari kæmist síðar að annarri niðurstöðu yrði væntanlega að yfirheyra þann dómara líka um málið og svo Hæstarétt og þannig koll af kolli. Ég var því að gagnrýna að málið er tekið fyrir á alröngu stigi.

Í öðru lagi breytir það engu hver lagði það til að taka þetta fyrir. Þetta er rannsakað og yfirfarið undir forustu formanns hv. efh.- og viðskn. (Forseti hringir.) sem jafnframt er framkvæmdastjóri Verslunarráðs (Gripið fram í.) sem er undirmaður formanns stjórnar Verslunarráðs (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) sem hagsmunina varðar.

(**Forseti** (ÓE)**:** Tíminn er liðinn.)

Þetta er því alveg gersamlega fráleitt, virðulegi forseti, og tilefni þessa upphlaups hv. þm. er ekki merkilegt.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. 3. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[11:01]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Það fer ekki milli mála að það getur orkað tvímælis hvaða mál koma fyrir hvaða nefnd, það getur orkað tvímælis og menn geta deilt um það.

Hitt var upphaf máls míns að það voru ósæmilegar og persónulegar aðdróttanir og dylgjur sem fóru fram í garð formanns efh.- og viðskn., að hann væri að misnota aðstöðu sína sem formaður nefndarinnar til að fara óeðlilega að við að rannsaka þetta mál. Það var tilefni athugasemda minna. Það var þess vegna sem ég gerði þetta að umræðuefni að slíkar árásir voru tilhæfulausar, ástæðulausar og ódrengilegar. Þess vegna fannst mér ástæða til að biðja hv. þm. að nota aðstöðu sína til að biðjast afsökunar þannig að hann gæti orðið maður að meiri. (**Gripið fram í:** Hvaða rugl er þetta?)

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. 6. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

[11:02]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. er nú eiginlega að snúa þessu upp í einhverja kómedíu. En málið er einfaldlega það að ég gagnrýndi þessa aðstöðu mjög harkalega og taldi þetta mjög óeðlilegt. Og ef hv. þm. þykir þetta ekki vera frekar undarleg uppákoma og vægast sagt misnotkun á aðstöðu þá held ég að hv. þm. verði að endurskoða viðhorf sín til siðferðis í pólitík.

## *Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.*

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819.

[11:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þess hefur verið farið á leit við forseta að hann víki aðeins frá röð á dagskránni og forseti hyggst verða við þeim tilmælum að taka nú fyrir 17. málið, en síðan verður farið eftir röð á dagskrá.

[11:03]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 819 hef ég leyft mér að bera fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Aðrir flm. eru auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Hjálmar Jónsson. Frv. er afar stutt, aðeins tvær greinar og er í fyrri grein þess kveðið á um það að bæta inn í gildandi lög eftirfarandi málslið, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og grafreitur."

Í síðari grein er kveðið á um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með frv. fylgir örstutt greinargerð sem skýrir nákvæmlega hvað fyrir flm. vakir en þar segir, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði er heimilar minningarreit í kirkjugarði vegna látins manns þegar lík hans finnst ekki eða næst ekki. Er lagt til með frumvarpi þessu að úr því verði bætt."

Herra forseti. Frv. þetta er stutt, skýrt og hnitmiðað og ég hygg að ekki þurfi mikla umræðu um efnisatriði þess. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Dómstólar, 2. umr.*

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 176, nál. 821, brtt. 822, 826 og 850.

[11:05]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum allsherjarnefndar á þskj. 821 og 822, um frumvarp til laga um dómstóla. Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara og formann réttarfarsnefndar og Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Dómarafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands auk dómstjóra, dómara og dómarafulltrúa. Einnig hafa nefndinni borist fjölmörg erindi vegna frumvarpsins og eru þau talin upp í nefndarálitinu.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað núgildandi reglna um dómstóla og dómendur, en þær er annars vegar að finna í lögum um Hæstarétt Íslands og hins vegar í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Má segja að frumvarpið sé síðasti áfanginn í endurskoðun réttarfarslaga sem hófst á árinu 1987.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna, en hingað til hafa ekki verið í gildi hérlendis dómstólalög sem hafa að geyma samfelldar reglur um skipan dómstóla í héraði og á áfrýjunarstigi, skilyrði fyrir veitingu dómaraembætta, réttindi og skyldur dómenda og önnur atriði sem snerta dómstóla. Ein af meginbreytingum frumvarpsins er sú að innri stjórnsýsla héraðsdómstólanna, að því leyti sem hún á ekki undir forstöðumenn þeirra sjálfra, er að verulegu leyti falin sérstakri stjórnarnefnd sem nefnist dómstólaráð. Nær valdsvið ráðsins ekki til Hæstaréttar. Önnur meginbreyting frumvarpsins er sú að lagt er til að sett verði á stofn óháð nefnd um dómarastörf og nær valdsvið hennar bæði til Hæstaréttar og héraðsdómstóla. Nefndinni er m.a. ætlað að setja almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Henni er einnig ætlað að taka við og leysa úr kvörtunum sem berast frá hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á sinn hlut við rækslu dómstarfa. Þá er í frumvarpinu lagt til að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður í núverandi mynd en í staðinn teknar upp stöður löglærðra aðstoðarmanna dómara. Einnig er það nýmæli í frumvarpinu að héraðsdómarar verða ekki skipaðir til starfa við ákveðinn dómstól, heldur í embætti héraðsdómara, og gætu þeir á grundvelli þeirrar skipunar starfað við hvaða héraðsdómstól sem er. Þannig ætti að verða auðveldara að breyta starfsvettvangi dómara í styttri eða lengri tíma og er með þessu stefnt að aukinni skilvirkni. Þessi regla á þó ekki við um héraðsdómara sem skipaðir eru í embætti við gildistöku laga þessara.

Málið hefur, eins og áður segir, verið rætt ítarlega í nefndinni á samtals 17 fundum og ríkir sátt innan nefndarinnar um langflest atriði frumvarpsins.

Nefndinni bárust sérstakar ábendingar um einstök atriði og var m.a. rætt sérstaklega um ákvæði 20. gr., en í því felst að ekki sé skylt að setja annan í embætti héraðsdómara sem hefur forföll eða er veitt leyfi, heldur fjalli dómstólaráð um málið, en ráðherra getur einnig sett dómara í stöðuna að eigin frumkvæði. Telur allsherjarnefnd ekki ástæðu til að breyta ákvæðinu, enda er það í samræmi við þá venju sem skapast hefur hjá ríkisstofnunum, að ekki er bætt við starfsfólki vegna forfalla og leyfa nema annir krefjist þess.

Nefndin fjallaði einnig nokkuð um ákvæði 26. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að dómara sé óheimilt að taka að sér aukastörf eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á því að hann geti ekki sinnt embættisstörfum sínum sem skyldi. Þá segir í ákvæðinu að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um hvers konar aukastörf og eign á hlut í félögum og atvinnufyrirtækjum geti samrýmst embættisstörfum dómara. Einnig getur nefnd um dómarastörf með rökstuddri

ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í fyrirtæki og ber dómara að hlíta banni nefndarinnar. Komu fram ábendingar um að óæskilegt væri að dómarar sætu í nefndum á vegum stjórnsýslunnar, einkum úrskurðar- og kærunefndum. Tekur nefndin undir þetta sjónarmið. Nefndin ítrekar einnig að nefnd um dómarastörf er ætlað að setja nánari reglur um aukastörf dómara og verður þar væntanlega annars vegar um að ræða heildstætt yfirlit eða skrá yfir störf sem dómarar geta sinnt meðfram dómarastarfi án þess að upp komi efasemdir um hæfi hans og hins vegar yfirlit yfir þau störf sem dómarar ekki geta sinnt. Í umræðum um ákvæðið komu einnig fram þau sjónarmið að eðlilegt væri að takmarka heimildir dómara til þátttöku í félagastarfsemi sem leynd hvílir yfir þar sem slíkt gæti leitt til vanhæfis á sama hátt og aukastörf dómara. Þykir meiri hluta nefndarinnar ekki ástæða til að leggja til breytingar á ákvæðinu hvað þetta varðar en bendir á að almennar vanhæfisreglur laga um meðferð einkamála ná yfir þetta svið. Er þar um að ræða ákvæði 5. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem kveðið er á um hvenær dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál. Eru í ákvæðinu talin upp ýmis tilvik þar sem dómara ber að víkja ef þau eru fyrir hendi og loks segir í g-lið ákvæðisins að dómara beri að víkja ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga úr óhlutdrægni hans með réttu í efa. Á grundvelli þessa ákvæðis féll norskur héraðsdómur á þá leið að dómari var talinn vanhæfur til að fara með tiltekið mál vegna þess að hann var í frímúrarareglunni. Hins vegar liggur nú fyrir enn nýrri dómur frá lögmannsréttinum í Ósló sem gengur í hina áttina, þ.e. því var hafnað að dómari væri vanhæfur af þessum sökum. Hæstiréttur Noregs féllst greinilega á þessa niðurstöðu þar sem hann hafnaði áfrýjun á þessum þætti málsins.

Einnig má í þessu sambandi benda á að reglur sem banna dómurum aðild að ákveðnum félögum eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum og er mér ekki kunnugt um að hliðstæðar reglur gildi erlendis.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru helstu efnisatriði þeirra eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar á 2. gr. frumvarpsins til leiðréttingar á heitum þeirra sveitarfélaga sem þar eru talin upp. Ljóst er að sum þeirra sveitarfélaga sem talin eru upp í ákvæðinu hafa þegar ákveðið að sameinast *og mun sameining í flestum tilfellum taka gildi á undan* frumvarpinu, en ekki er unnt að koma þeim breytingum inn í texta frumvarpsins þar sem ný nöfn hinna sameinuðu sveitarfélaga hafa ekki verið ákveðin. Þetta ætti þó ekki að koma að sök, þar sem í 42. gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir að breytist heiti sveitarfélags eða sveitarfélög sameinist skuli litið svo á að sveitarfélagið sem til verður í staðinn tilheyri sama dómaumdæminu og það eða þau eldri. Ef sameinuð sveitarfélög hafa tilheyrt sitt hvoru dómaumdæminu skal dómsmálaráðherra kveða á um það í reglugerð undir hvaða umdæmi það á að heyra.

Þá er einnig lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við 6. gr. ákvæði þess efnis að skrifstofustjóri Hæstaréttar sé skipaður til fimm ára í senn. Breyting þessi er gerð í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og breytingar sem gerðar hafa verið á sérlögum í kjölfar setningar starfsmannalaganna.

Þá er lögð til breyting á 13. gr. sem lýtur að fjölgun í dómstólaráði úr þremur nefndarmönnum í fimm. Leggur nefndin til að í dómstólaráði eigi sæti fimm menn skipaðir af dómsmálaráðherra. Skulu tveir þeirra vera kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir vera kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Þykir nefndinni æskilegt að dómarar og dómstjórar sem sæti eiga í dómstólaráði komi bæði frá dómstólum af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Vegna breytinga sem lagðar eru til á 13. gr. eru lagðar til breytingar á 38. gr. til samræmis.

Einnig er lögð til sú breyting á 13. gr. að það verði Kjaradómur en ekki dómsmálaráðherra sem ákveði þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

Nefndin leggur til breytingu á skipan nefndar um dómarastörf, sem kveðið er á um í 2. mgr. 23. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einn nefndarmaður sé skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en hina tvo skipi ráðherra án tilnefningar, þar af annan sem formann nefndarinnar. Leggur nefndin til að ráðherra skipi aðeins einn nefndarmann án tilnefningar, og verði hann áfram formaður nefndarinnar, en að þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands.

Lögð er til breyting á 23. gr. þess efnis að Kjaradómur ákveði þóknun fyrir setu í nefnd um dómarastörf í stað dómsmálaráðherra. Um er að ræða sambærilega breytingu og lögð er til á 13. gr.

Lagðar eru til breytingar á 25. gr. frumvarpsins, en þar er leitast við að telja tæmandi upp þau atriði sem dómarar geta fengið sérstaka greiðslu fyrir, önnur en föst laun og yfirvinnu. Nefndin bendir á að það leiðir af ákvæðum 6. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, að Kjaradómi beri að úrskurða hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Einnig ber Kjaradómi að hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum. Ekki er ástæða né venja til að setja Kjaradómi sérstakar vinnureglur að þessu leyti í sérlögum um einstakar stéttir embættismanna. Þá telur nefndin að ákvæði 3. mgr. 25. gr. hafi ekki sjálfstæða merkingu. Nefndin leggur því til að í 25. gr. verði eingöngu kveðið á um að Kjaradómur ákveði laun dómara fyrir embættisstörf þeirra. Fer hann þá eftir þeim lögum sem um Kjaradóm gilda.

Einnig eru lagðar til breytingar á 32. gr. en þar er kveðið á um að frestur til að höfða mál um bótakröfu vegna embættisstarfa dómara sé sex mánuðir frá þeim tíma sem tilefni til bótaskyldu *mátti* vera orðið ljóst. Þykir allsherjarnefnd sex mánaða fyrningarfrestur of stuttur og leggur til að ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. verði fellt brott og ákvæði 3. mgr. breytt þannig að almennar reglur gildi um meðferð mála samkvæmt ákvæðinu. Þannig gildir þá almennur fyrningarfrestur um bótakröfur vegna embættisstarfa dómara, en hann er tíu ár.

Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði 17. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að til héraðsdómstóla megi ráða löglærða aðstoðarmenn dómara og er gert ráð fyrir að störf af þessu tagi komi í stað núverandi starfa dómarafulltrúa. Dómarafulltrúar hafa framkvæmt dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls, en breyting varð á stöðu þeirra eftir dóm Hæstaréttar vorið 1995 þar sem talið var að meðferð dómarafulltrúa á mikilvægum dómsmálum væri brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Var lögum breytt í kjölfar dómsins þannig að dómarafulltrúar mega ekki fara með og leysa úr deiluefni í einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi og mega þeir ekki fara með

opinber mál frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Í ljósi þessa telur nefndin rétt að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður.

Ljóst er að löglærðir aðstoðarmenn dómara koma ekki í stað dómarafulltrúa, enda munu þeir ekki fara með dómsvald og því ekki geta sinnt t.d. þingfestingum eða fyrirtökum að óbreyttum réttarfarslögum. Hafa nefndinni borist ábendingar frá dómurum um að þetta muni auka mjög á störf þeirra án þess að gert sé ráð fyrir fjölgun dómara og hafa héraðsdómstólar á landsbyggðinni bent á að erfitt verði fyrir einn dómara að komast yfir allar dómsathafnir í umdæminu. Í því sambandi má þó vekja athygli á ákvæði síðari málsgreinar 2. gr. þar sem fram kemur sú meginregla að umdæmi hvers héraðsdómstóls skuli vera ein þinghá, en dómsmálaráðherra megi þó víkja frá því með reglugerð að fengnum meðmælum viðkomandi dómstóls og dómstólaráðs. Því leggur nefndin til breytingu á 41. gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða. Þar er kveðið á um að þeir sem eru í starfi dómarafulltrúa við gildistöku laga þessara skuli eiga kost á starfi aðstoðarmanna dómara. Leggur nefndin til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að úr röðum þeirra, sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku laganna, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara, verði settir allt að fjórir héraðsdómarar umfram þann fjölda sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. Verði þessarar heimildar neytt skal þeim sem fullnægja framangreindum skilyrðum gefinn kostur á því að sækja um setningu í dómaraembætti. Við veitingu embættis skal gætt ákvæða 2. og 4. mgr. 12. gr.

Sá sem settur er í dómaraembætti samkvæmt þessari heimild nýtur í hvívetna sömu stöðu og sá sem skipaður hefur verið héraðsdómari eftir ákvæðum þessara laga, að öðru leyti en því, að setning hans rennur sjálfkrafa út 30. júní 2001. Losni fyrir þann tíma sæti einhvers þess sem hefur verið settur dómari samkvæmt þessari heimild verður ekki annar settur í embættið til loka tímabilsins. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um þá sem gegna dómaraembætti til loka setningartíma að þeim tíma liðnum.

Spunnust nokkrar umræður um það í nefndinni hvort að það stæðist lög að slíkar stöður væru aðeins ætlaðar ákveðnum aðilum og ekki öllum gefinn kostur á því að sækjast eftir þeim. Lét nefndin kanna málið og telur að slíkt standist lög. Segir m.a. í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að laust embætti skuli auglýsa í Lögbirtingablaði, en þó sé heimilt að flytja mann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar. Í 36. gr. segir að stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, geti flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því. Því telur nefndin eðlilegt að þessi háttur sé hafður á.

Loks leggur nefndin til breytingu á síðari málsgrein 41. gr., sem verður 3. mgr., til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til á greininni.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nál. allshn. í þessu máli og brtt. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. nefndarmönnum í allshn. fyrir mikla vinnu og góða í þessu mikilvæga máli. Það er ósk okkar að hið háa Alþingi taki þessu frv. vel.

Nefndin stendur í heild að afgreiðslu málsins. En Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Guðrún Helgadóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[11:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég tel að þegar við erum að breyta löggjöf um dómstóla þá eigi að ríkja um það bærileg sátt á þinginu. Slík mál ætti ekki að afgreiða í ágreiningi. Ég tel að það hafi tekist hjá allshn. og lögðu allir nefndarmenn sig fram um að hægt væri að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessu stóra máli. Töluvert skiptar skoðanir voru um málið í nefndinni þegar til stóð að afgreiða það fyrir jólin og ég held að það hafi verið mjög farsælt fyrir framgang þessa máls að þá hafi náðst samstaða um að fresta málinu fram yfir áramótin. Það hefur orðið til þess að menn hafa sæst á sameiginlegar breytingartillögur. Þær bera nokkur merki málamiðlunar en allt að einu tel ég að hér hafi vel til tekist.

Eins og fram hefur komið þá felur þetta stóra mál í sér að staða og sjálfstæði dómstólanna er styrkt. Stóra breytingin í frv. er að þar er tekið á innri stjórnsýslu héraðsdómstólanna. Segja mætti að þó breytingarnar séu margar í þessu frv., þá séu þær stærstu að sérstakri stjórnarnefnd, sem nefnist dómstólaráð, verða falin veruleg verkefni og sjálfstæði. Eins er lagt til að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður í núverandi mynd en í staðinn teknar upp stöður löglærðra aðstoðarmanna dómara.

Megintilgangur frv. er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Það ætti auðvitað að vera rauði þráðurinn í gegnum löggjöf um dómstólana.

Í frv. segir jafnframt að sjálfstæði og hlutleysi dómstóla verði að vera hafið yfir allan vafa og ekki sé nægilegt að það sé tryggt í reynd heldur verði það að vera sýnilegt.

Ég ætla að víkja að örfáum atriðum sem lúta að þeim brtt. sem allshn. leggur hér fram og voru kannski helst gagnrýnd af umsagnaraðilum sem skiluðu umsögnum til nefndarinnar.

Fulltrúar héraðsdómstólanna héldu því mjög stíft fram að með því að fella niður störf dómarafulltrúa væri horfið til fortíðar varðandi afgreiðsluhraða dómsmála. Þeir töldu að með þessari breytingu mundi álag á dómara aukast og skapa hættu á óvandaðri vinnubrögðum eða uppsöfnun verkefna. Það gæti leitt til lengri málsmeðferðartíma og þar af leiðandi skert réttaröryggi. Dómarafulltrúar hafa farið með takmarkað dómsvald í umboði viðkomandi dómstjóra eða héraðsdómara. Þeir hafa stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum, áritað stefnur og kveðið upp útivistardóma. Þeir hafa jafnframt stýrt þinghöldum í gjaldþrotaskiptamálum og kveðið upp gjaldþrotaúrskurði, þingfest ákærumál og lokið málum þar sem vörnum er ekki haldið uppi með viðurlagsákvörðun eða útivistar- og játningardómi.

Sérstaklega var talið að vandamál mundi skapast við einmenningsdómstólana og talið að fjölga þyrfti dómurum um a.m.k. fimm á landinu öllu umfram það sem frv. gerði ráð fyrir.

Ljóst var að nefndin stóð frammi fyrir því að þarna var eitt af meginákvæðum þessa frv. talsvert gagnrýnt. Ég tel að sú brtt. sem formaður nefndarinnar hefur mælt fyrir hér hafi mætt þeirri gagnrýni og verður að láta á það reyna. Með brtt. er dómsmrh. heimilt að ákveða að úr röðum þeirra, sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara,

verði settir allt að fjórir héraðsdómarar umfram þann fjölda dómara sem um ræðir.

Ég vil geta þess að einn héraðsdómstóllinn, Héraðsdómur Reykjaness, taldi að frv. leiddi til varasamrar valdasamþjöppunar. Þar er átt við að komið sé á laggirnar nýjum stjórnvaldshafa, dómstólaráði sem dragi úr sjálfstæði dómstólanna en verkefni þess er m.a. að skipta fjárveitingu milli héraðsdómstólanna. Það er nýbreytni og breyting á því hvernig fjárveitingum til dómstólanna hefur verið háttað. Nú rennur ein fjárveiting til dómstólaráðsins sem skiptir því milli héraðsdómstólanna. Í umfjöllun nefndarinnar um málið var ljóst að dómarar hafa margir hverjir ákveðinn fyrirvara á þessari breytingu.

Ég benti á það að með fyrirkomulaginu um dómstólaráð skapaðist sú stjórnsýslulega fráleita aðstaða að héraðsdómari sem sæti á í dómstólaráði væri jafnframt því að vera stjórnsýslulega undirmaður dómstjóra orðinn yfirmaður hans með setu sinni í dómstólaráði. Með brtt. sem formaður allshn. hefur lýst hefur nokkuð verið komið til móts við þessi sjónarmið.

Einnig kom fram eindregin ósk frá Héraðsdómi Reykjavíkur um að dómstólaráð nái einnig til Hæstaréttar og hæstaréttardómarar eigi sæti í því en um það náðist ekki samstaða.

Miðað við að samstaða hafi náðst um málið í nefndinni þá tel ég ekki ástæðu til að fara yfir fjölmörg gagnrýnisatriði sem komu á frv. Á því hefur verið tekið með ýmsum hætti með þeim brtt. sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég verð þó að nefna það ákvæði í frv. sem nokkuð var tekist á um í nefndinni en að lokum náðist sátt í. Það er ákvæði 25. gr. frv. sem kveður á um leiðbeiningar fyrir Kjaradóm um það hvernig ýmsum aukagreiðslum til dómara skuli háttað. Þar kom fram að Kjaradómur tæki ákvörðun um laun dómara fyrir embættisstörf þeirra en dómarar ættu ekki rétt á frekari greiðslum vegna embættisstarfa sinna en þar segir. Þá er tiltekið í fjórum töluliðum hvaða greiðslu héraðsdómarar ættu rétt á og Kjaradómur ætti að taka tillit til. Um þetta var nokkuð tekist á í nefndinni og leitað m.a. til Kjaradóms um þetta álitaefni. Í umsögn Kjaradóms kom fram að hann telur eðli máls samkvæmt ekki rétt að hann taki afstöðu til efnisatriða frv. en bendir á að eðlilegast væri að fjalla um öll kjaraatriði þeirra sem Kjaradómur á úrskurðarvald um í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Þetta tel ég mjög eðlilegt enda segir í lögum um Kjaradóm að Kjaradómur skuli ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör, og honum beri að úrskurða um hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hverja beri að launa sérstaklega. En með þessu ákvæði í frv. fékk Kjaradómur, ef að lögum hefði orðið, leiðbeinandi fyrirmæli um það hvernig hann ætti að ákveða ýmsar greiðslur fyrir aukastörf dómara, sem ég tel mjög eðlilegt, og fagna því að það náðist samstaða um það í allshn. að fella þessa grein brott.

Herra forseti. Ég vil næst víkja að 26. gr. frv. sem nokkuð var til umræðu í nefndinni en í því ákvæði er það nýmæli að nefnd um dómarastörf getur meinað dómara að gegna aukastarfi eða að eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst embættisstörfum hans. Í skýringum með þeirri grein segir að með ákvæðinu sé stefnt að því að bæta úr þörf á reglum um þetta efni. Hér er um að ræða leiðbeiningareglu um meginatriðin sem dómari verður annars vegar sjálfur að gæta að og nefnd um dómarastörf verður hins vegar að taka mið af við gerð nánari reglna um þessi efni og úrlausn um heimildir dómara í einstökum tilvikum. Greinin kveður á um að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Í greinargerð frv. kemur fram að nefndin eigi að gera eins konar skrá um störf sem nefndin telur ekki tormerki á að dómari sinni meðfram aðalstarfi og eins yfir störf sem hún telur ósamrýmanleg dómaraembætti. Einnig er lagt til að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um heimildir dómara til að eiga hlut í félögum og atvinnufyrirtækjum ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiði af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Nefnd um dómarastörf getur með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara er skylt að hlíta banni nefndarinnar í þessum efnum en honum er þó heimilt að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

Á þskj. 826 hef ég ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur flutt brtt. sem felur í sér viðbótarákvæði við þessa grein. Við í minni hlutanum leggjum til að nefnd um dómarastörf eigi einnig að leggja mat á hvort dómara sé óheimilt að taka þátt í starfsemi, svo sem leynireglum, ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Við í minni hlutanum teljum fullt eins mikið tilefni til að nefnd um dómarastörf leggi mat á hvort það samrýmist störfum dómara að vera í leynireglu, eins og frímúrarareglunni, eins að hún leggi mat á hvort ýmiss konar aukastörf samrýmist dómarastörfum. Með það ákvæði skal fara á alveg sama hátt og um aukastörfin og hvort dómarar geti átt hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki, þ.e. að nefndin leggur í fyrsta lagi mat á og setur almennar reglur þar að lútandi, og getur síðan með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að taka þátt í leynireglum ef hún telur að það samrýmist ekki stöðu dómara eða leiði af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Umræða hefur iðulega orðið erlendis um þátttöku dómara í frímúrarareglum. Er þar skemmst að minnast að í Noregi var dómara í héraðsdómi gert að víkja sæti í ákveðnu máli á grundvelli þess að hann væri vanhæfur af því að hann var frímúrari og aðili máls var einnig frímúrari. Dómari neitaði en var gert með dómi að víkja sæti á grundvelli norskra réttarfarslaga um hæfi dómara.

Einnig má minnast á að frímúrarareglan í Englandi á nú í útistöðum við þingið eftir að reglunni var gert að greina frá því hvaða dómarar og lögreglumenn væru þar félagar. Fékk reglan hálfs mánaðar frest til þess að verða við kröfu innanríkismálanefndar neðri deildar þingsins en sæta annars kæru fyrir vanvirðingu við það. Stórriddari reglunnar neitaði hvað eftir annað að veita upplýsingar um félaga í reglunni og leiddi það til hótunar um ákæru. Dómarar og lögreglumenn í Bretlandi verða í framtíðinni að gefa upp hvort þeir eru frímúrarar, geri þeir það ekki sjálfviljugir telur innanríkisráðherrann rétt að grípa til lagasetningar sem skuldbindi frímúrara í opinberum störfum til að gefa upp stúkuaðild sína. Ástæðan sem innanríkisráðherrann hélt fram í þessu máli var að hann vildi binda endi á sífelldar ásakanir þess efnis að vefir frímúrara ráði ferðinni í lögreglu- og dómskerfinu. Orðaði innanríkisráðherrann það svo að aðild að leynifélögum á borð við frímúrararegluna gæti leitt til efasemda um hlutlægni.

Rétt er að taka fram að við í minni hlutanum flytjum ekki þessa breytingu af því að við höfum einhverja ástæðu til að

ætla að vefir frímúrara ráði ferðinni í lögreglu- og dómskerfi eins og sagt var í Bretlandi. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að líkt og aukastörf og aðild dómara að fyrirtækjum verði það lagt í mat sérstakrar nefndar um dómarastörf hvort þetta samrýmist störfum þeirra, þá er fullt eins mikið tilefni til að skoðuð sé einnig aðild þeirra í félagsskap sem starfar undir leynd. Tilgangurinn með því að aukastörf þeirra og aðild að fyrirtækjum er sérstaklega skoðuð samkvæmt ákvæðum þessa frv. má vafalaust rekja til þess að almenningur verður í einu og öllu að geta treyst á hlutleysi dómara og að þeir séu hafnir yfir alla gagnrýni, en leynd í kringum störf þeirra eða aðild að leynireglum getur skapað tortryggni og leitt til ýmissa getsaka sem kannski eiga ekki við nein rök að styðjast en a.m.k. er rétt að eyða allri tortryggni sem leitt getur af ýmsum aukastörfum þeirra eða aðild að leynifélagsskap.

Þetta er í samræmi við markmið frv., sem ég vitnaði til í upphafi máls míns en megintilgangur frv. er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og m.a. að auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra og einnig kemur fram að sjálfstæði og hlutleysi dómstólanna verði að vera hafið yfir allan vafa og ekki sé nægjanlegt að það sé tryggt í reynd heldur verði það að vera sýnilegt hverjum sem er. Ég tel því að sú brtt. sem við flytjum sé í miklu samræmi við meginmarkmið frv.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að taka fram að með þessari brtt. er ekki verið að banna dómurum að vera í frímúrarareglunni eins og lesa má úr grein sem stórmeistari Alþjóða Sam-Frímúrarareglunnar ritar í Morgunblaðinu í gær. Það er lagt í vald nefndar um dómarastörf að meta það eins og hún á að meta hvaða aukastörf samrýmast dómarastörfum. Grein stórmeistara Alþjóða Sam-Frímúrarareglunnar er nokkuð sérkennileg þar sem hann leggur út af í grein sinni, í tilefni þessarar tillögu, hvort dómarar megi eiga vini, sem er afar sérstæð og furðuleg útlegging á tilgangi þeirrar brtt. sem ég mæli hér fyrir. Ekki hvarflar að mér að rengja það sem stórmeistari Sam-Frímúrarareglunnar segir í grein sinni og reyndar má lesa í ýmsum bæklingum og bókum, t.d. um grundvallarskipan frímúrarareglunnar, sem ég hef farið yfir, en þar er mikið rætt um að frímúrarareglan sé mannræktarfélag. Það hvarflar ekki að mér að rengja það, herra forseti, af því ég hef ekki neinar forsendur til að meta það af því að leynd hvílir yfir öllu starfi frímúrara. Og það er einmitt kjarni málsins. Frímúrarar halda því að vísu fram að frímúrarareglan sé ekki leyniregla, og Njörður P. Njarðvík getur um það líka í grein sinni í Morgunblaðinu í gær, en í hinu orðinu segir hann orðrétt: „Mér er það auðvitað vel ljóst að ýmsir fordómar hafa komist á kreik vegna leyndar í starfi frímúrara ...", herra forseti. Stórmeistarinn segir „vegna leyndar í starfi frímúrara". Og kannski er það svo einmitt vegna leyndar í starfi þeirra að í kringum það hafa skapast tortryggni, getsakir og á stundum fordómar sem leitt hafa hugann að því, ekki bara hér á landi heldur víða annars staðar, hvort það samrýmist t.d. störfum dómara að vera í frímúrarareglunni og a.m.k. sé fyrir því séð að þeir víki í starfi dómara þegar verið er að dæma í máli reglubróður. Í Noregi og öðrum löndum hefur verið nokkur umræða um störf dómara og þátttöku þeirra í frímúrareglum. Umræðan hefur snúist um að þar sem um sé að ræða að aðili máls og dómari sé frímúrari gefi það tilefni til að veikja þá tiltrú sem fólk eigi að hafa á sjálfstæði dómstóla. Þar er einmitt tiltekið að þátttaka almennt í félagsskap leiði ekki til vanhæfis en það sem einkenni og gefi frímúrarareglunni sérstöðu sé hve hún er lokaður félagsskapur sem umlukinn er dulúð og leynd.

Það sem er athyglisvert líka er að í Noregi gerir hæstiréttur þar t.d. greinarmun á Rotary-félögum og frímúrurum og segir að Rotary-félagsskapurinn sé af öðrum toga en frímúrarar. Þetta nefni ég af því að þeir sem andmæla þeirri tillögu sem ég mæli hér fyrir bera þessi félög stundum saman.

Í öðru máli í Noregi, þar sem dómari og verjandi í máli ásamt tveimur lögreglumönnum sem voru aðilar máls, og allir reglubræður í frímúrarareglunni, var krafist ógildingar í máli sem dæmt hafði verið í og krafist endurupptöku þess. Forsendurnar voru þær að vegna leyndar í starfi frímúrarareglunnar væri ekki hægt að útiloka að frímúrarar hefðu skyldur hver gagnvart öðrum sem byndi þá ákveðnum böndum og vegna mikillar leyndar og þagnar sem hvíldi yfir starfi frímúrara gætu þeir sem utan frímúrarareglunnar stæðu ekki vitað hvaða skyldur og bönd væru milli frímúrara, sem hugsanlega leiddu til þess að dómarar væru óhæfir að dæma í málum reglubróður eða eins og í þessu tilfelli fjórir aðilar, dómari, verjandi og tveir lögreglumenn, voru frímúrarar sem komu að sama máli sem fyrir dómi var.

Ég vil víkja að nokkrum þeim atriðum sem vakið hafa athygli í því sem ég hef lesið um frímúrarareglua og mér sýnist að það sé vart hægt að draga í efa að frímúrarareglan sé leynifélag, enda þung áhersla lögð á í því sem ég hef lesið að ekkert spyrjist út af því sem þar gerist. Í bæklingi sem var gefinn út af frímúrarareglunni á Íslandi árið 1992 kemur m.a. fram, með leyfi forseta, að frímúrarareglan sé ekki leynifélag. En síðan segir, með leyfi forseta: „Við upptöku í frímúrarareglua skuldbinda menn sig til þess að segja ekki frá því sem þeir sjá og reyna á stúkufundum. Þegar hærra stigi er náð skuldbinda menn sig einnig til þess að segja hvorki utanaðkomandi né bræðrum á lægri stigum frá því sem þar fer fram eða reynslu sinni þar." Síðan segir nokkru síðar: „Þess vegna skýra frímúrarar hvorki frá því sem felst í hinum ýmsu stigum né heldur hvaða siðaathafnir þar eru viðhafðar. Slíkt er einkamál hvers og eins félaga." Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Þagnarskyldan nær ekki til markmiða frímúrarareglunnar, skipulagningar hennar, sögu eða starfsemi út á við heldur einungis til þess sem fram fer á stúkufundum." Og áfram segir: „Þagnarskylda frímúrara um siði og táknmál reglunnar gildir einnig gagnvart eiginkonu hans. Aftur á móti er hvorki ætlast til þess né heldur eðlilegt að frímúrarar leyni eiginkonu sína því á hversu fagran og gefandi hátt hann nýtur veru sinnar og starfs í frímúrarareglunni." Og um hvernig menn gerast félagar í frímúrarareglunni segir, með leyfi forseta: „Þegar meðmælendur innsækjenda hafa lagt fram umsókn hans í stúkunni hefst biðtími. Meðan á honum stendur er leitast við að ganga úr skugga um að almenn viðhorf innsækjanda og kringumstæður bendi til þess að það geti orðið til góðs að ganga í félagsskapinn og einnig að fá fullvissu um það að reglan vilji fá hann sem lífstíðarfélaga. Að biðtíma loknum fær innsækjandi boð frá meðmælendum sínum um hvaða dag og á hvaða tíma hann er kallaður til upptöku í stúkuna." Síðan segir orðrétt: „Mikilvægt er að innsækjandanum sé ljóst að skyldi honum snúast hugur er honum án skuldbindinga frjálst að láta afturkalla umsókn allt fram að upptöku sinni. En þegar upptakan hefur farið fram er yfirleitt ekki hægt að ganga úr reglunni nema í sérstökum tilvikum."

Og hér segir um skyldur við regluna, með leyfi forseta: „Frímúrarabróður er stranglega bannað án sérstakrar heim-

ildar hverju sinni að hafa í vörslu sinni nokkur gögn er varða hin leyndu fræði reglunnar, hverju nafni sem nefnast, hvorki frumgögn né eftirmyndir. Þurfi hann nauðsynlega að hafa slík gögn undir höndum og fengið til þess heimild er honum skylt að geyma þau á öruggum stað og í sérstökum umbúðum er á sé ritað nafn hans og fyrirmæli um að þau skuli að honum látnum tafarlaust afhent óséð nafngreindum æðsta embættismanni þeirrar deildar sem hann tilheyrir." Síðan segir einnig: „Ef frímúrarabróðir sem varðveitir slík gögn kemst í þá tvísýnu að hætta sé á að þau verði af honum tekin með ofbeldi er honum skylt að eyða þeim strax í eldi eða á annan öruggan hátt."

Ég ætla að láta þetta nægja, herra forseti, en mér sýnist á því sem ég hef lesið að vart sé hægt að draga í efa að mikil leynd hvílir yfir þessum félagsskap og varla hægt að tala um annað en hér sé um að ræða leynireglu.

Ég vil í lokin segja að ég tel að mjög skynsamleg leið sé farin í málinu með þeirri tillögu sem ég mæli fyrir. Hér er ekki verið að banna dómurum að vera í frímúrarareglunni heldur er það sett í vald dómstólaráðs sem skipað er dómurum að leggja mat á það hvernig best sé með þennan þátt eins og um aukastörf að koma því svo fyrir að sjálfstæði dómstólanna sé yfir allan vafa hafið. Ég undirstrika að þessari brtt. er ekki beint gegn frímúrarareglunni heldur er þetta hluti af því að hefja dómstólana yfir getsakir, tortryggni og vafaatriði sem fólk veltir fyrir sér þegar sjálfstæði dómstólanna er vegið og metið. Ýmislegt hef ég látið kyrrt liggja sem sagt hefur verið og skrifað um eiðstafinn, skuldbindingar frímúrara og um þann eiðstaf sem sagt er að frímúrarar þurfi að undirrita án þess að vita hvað þeir eru að undirgangast enda er það sem ég hef lesið um þann eiðstaf sannast sagna fjarstæðukennt. Það geri ég vegna þess að ég vil málefnalega umræðu um breytinguna og til að undirstrika að við flm. erum ekki að beina tillögunni gegn frímúrarareglunni heldur er tilgangur okkar að hvergi sé hægt að draga óhlutdrægni dómstólanna og dómara í efa sem er í samræmi við meginmarkmið frv. sem ég hef vitnað í.

Við viljum hefja dómstólana og þá dómara sem eru í frímúrarareglunni yfir þá tortryggni sem stundum hefur gætt sakir leyndar þeirrar sem verður varla á móti mælt að hvíli yfir starfi reglunnar. Vitaskuld hafa frímúrarar rétt á því að slík leynd hvíli yfir félagsskap þeirra en þeir verða þá um leið að umbera þá gagnrýni sem beinist að starfi frímúrarareglunnar. Þeir verða að umbera fullyrðingar, getsakir og jafnvel fordóma sem það leiðir af sér að svo mikil þögn, leynd og ævilöng binding hvíli á þeim sem eru í reglunni og þá um leið það sem við ræðum hér að aldrei sé hægt að draga óhlutdrægni dómara og dómstóla í efa, hvorki varðandi aukastörf, þátttöku eða hlutdeild í fyrirtækjum eins og stjórnarfrv. kveður á um, eða þátttöku í leynireglu eins og við í minni hlutanum leggjum til að bætt verði við ákvæði frv.

Í lokin, herra forseti, fagna ég þeirri breiðu samstöðu sem náðst hefur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um dómstólafrv. og hvet til þess að tillaga okkar í minni hluta allshn. verði samþykkt.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 11:48]

***Gjald af áfengi, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 815.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stimpilgjald, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 481. mál. — Þskj. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS, 246. mál. — Þskj. 291.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Flutningur ríkisstofnana, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG o.fl., 390. mál. — Þskj. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GMS og SF, 403. mál. — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Hámarkstími til að svara erindum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GMS, 405. mál. — Þskj. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. ÁE o.fl., 354. mál. — Þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Innlend metangasframleiðsla, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KPál o.fl., 357. mál. — Þskj. 557.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Fyrirkomulag áfengisverslunar, frh. 1. umr.***

Frv. SJS og ÖJ, 394. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 1. umr.***

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Dómstólar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 176, nál. 821, brtt. 822, 826 og 850.

[14:10]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um dómstóla sem er, eins og fram hefur komið í umræðunni fyrr í dag, lokahnykkurinn í algerri endurskoðun á dómstólakerfinu. Eins og einn viðmælenda allshn. orðaði það er með frv. verið að gera dómstólana á Íslandi sjálfstæðari en nokkurs staðar annars staðar tíðkast á Norðurlöndum úr algeru barbaríi, þ.e. áður en endurskoðunin hófst. Ég fagna endurskoðuninni svo sannarlega og tel að það frv. sem er til umræðu hafi batnað mjög mikið í meðförum nefndarinnar og styð heils hugar allar þær breytingartillögur sem eru lagðar fram af hv. nefnd. Það er ekki ætlan mín þess vegna að fara í smáatriðum í efni frv. né í brtt. Það hefur verið gerð grein fyrir því efnislega í umræðunni. Hins vegar vil ég að það komi fram að ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Ég tel að frv. sé ekki fullkomið og vil hér gera grein fyrir helstu fyrirvörum sem ég hef.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að eitt atriðið er stjórnarskrárbundið en í 61. gr. stjórnarskrárinnar segir að veita megi þeim dómara sem orðinn er fullra 65 ára lausn frá embætti en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins af launum sínum við það. Í raun geta hæstaréttardómarar því hætt 65 ára og verið á fullum launum til æviloka.

Ég tek það fram, ekki síst vegna þess að þetta atriði hefur verið til umræðu nýlega í Morgunblaðinu, að frv. virðist algerlega ganga út frá stjórnarskrárgreininni sem fastri sem hún er vissulega og þess vegna kom þetta atriði mjög lítið til umræðu í nefndinni. (**SP:** Þingið tók þessa ákvörðun 1991.) Já, þingið tók þessa ákvörðun 1991 og ég gerði mér far um að kynna mér réttlætinguna fyrir þeirri breytingu sem þá var gerð sem er reyndar ekki að finna í greinargerð með frv. þá né heldur þegar það var samþykkt hinu fyrra sinni. Það kemur í ljós að brtt. kom inn í meðförum þingsins á milli 2. og 3. umr. í efri deild. Ég ítreka að nefndin og þessi yfirferð núna gekk út frá óbreyttu ástandi að þessu leyti, en ég tel og tek undir það með Morgunblaðinu að það sé virkilega þess virði að endurskoða stjórnarskrárákvæðið við fyrsta tækifæri, t.d. samfara þeirri endurskoðun á stjórnarskránni sem á sér núna stað í sambandi við breytta kjördæmaskipan.

Þetta atriði er þó ekki meginástæða þess að ég skrifa undir álit hv. allshn. með fyrirvara. Ég flyt m.a. brtt. ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur sem ég mun koma að á eftir en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert grein fyrir henni.

En það eru fleiri atriði sem ég hef ekki nægilega góða sannfæringu fyrir að séu rétt. Þar vil ég nefna þá meginstefnu frv. sem er í aðalatriðum góð, að tryggja sjálfstæði dómsvaldsins og sjálfstæði dómara frá framkvæmdarvaldinu. Hún gengur að mínu mati nokkuð langt á kostnað annarra sjónarmiða. Ég vil í því sambandi ræða samtímis greinarnar þar sem fjallað er um skipan hæstaréttardómara, þ.e. 4. gr. frv. og 7. gr. Ég tel að þar sé gengið of langt í að tryggja festu innan dómsins, að þar verði ekki miklar breytingar, á kostnað þess að tryggt verði að ný sjónarmið komist að.

Svo ég ræði fyrst um skipan hæstaréttardómara þá var það töluvert rætt í meðferð nefndarinnar. Það gekk mjög treglega að fá upplýsingar um það hvernig þessum málum er skipað í nágrannalöndum okkar en það tókst þó um síðir. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til er að forseti skipi hæstaréttaradóma ótímabundið eftir að dómsmrh. hefur leitað umsagnar Hæstaréttar. Einnig eru skýr ákvæði um hæfniskröfur. Ég tel að miðað við hin Norðurlöndin þá sé þetta alls ekki óeðlileg skipan og ég get ekki lagt til neina skipan sem tryggir betur sjálfstæði dómaranna en hér er gert. En ef maður lítur hins vegar á þetta í samhengi við 2. mgr.

7. gr., sem fjallar um svokallaða lávarðadeild, þá má segja að þetta tvennt tryggi vel samfellu í dómum Hæstaréttar og, ef eitthvað, íhaldssemi. Það má því vænta lítilla breytinga.

Víða er það talið mjög mikilvægt lýðræðismál að sem flest sjónarmið komi að í Hæstarétti, t.d. í umræðunni í Bretlandi núna, því nýjasta sem er að gerast þar. Þar er virkilega verið að ræða um það hvernig megi t.d. tryggja að konur eða minnihlutahópar komist að sem hæstaréttardómarar. Sama á við um Bandaríkin. Í þessari löggjöf er meiri áhersla lögð á að tryggja festu, að Hæstiréttur hafi áhrif á hverjir verði skipaðir dómarar og að eldri dómarar sitji fyrir í mikilvægum málum eins og segir í 2. mgr. 7. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Varadómari skv. 8. gr. verður ekki kvaddur þar til setu nema tölu dómara verði ekki náð vegna vanhæfis eða forfalla reglulegra dómara."

Ég tel að þessi skipan hæstaréttardómara og þetta ákvæði 7. gr. sé ávísun á íhaldssemi. Ég tel að í nefndinni hafi þau sjónarmið orðið ofan á og ég skil vissulega að það eru rök fyrir slíku, en ekki að þessi íhaldsáhersla geti verið á kostnað eðlilegra lýðræðissjónarmiða, þ.e. að réttinn skipi fulltrúar sem langflestra sjónarmiða. Ég vil benda á að Hæstiréttur lagði sjálfur til að 7. gr. yrði breytt. Þess vegna finnst mér verulega umhugsunarvert, herra forseti, að hugleitt verði, þó að ekki sé gerð tillaga um það hér, af alvöru hvernig tryggja megi meiri endurnýjun og frjálslyndari viðhorf í Hæstarétti. Vil ég í því sambandi t.d. nefna þá aðferð sem notuð er í Bandaríkjunum þar sem viðgengst að forsetinn tilnefnir hæstaréttardómara sem síðar er yfirheyrður af þingnefnd, réttara sagt af öldungadeildinni, sem síðan staðfestir skipan viðkomandi eftir að gengið hefur verið úr skugga um að viðkomandi sé hæfur. Í Svíþjóð er þetta þannig að ríkisstjórnin sjálf kemur að veitingu hæstaréttardómaraembætta. Mér finnst það síðra því þá er viðurkennt að framkvæmdarvaldið hefur bein áhrif á dómsvaldið. En báðar þessar lýðræðishefðir í USA og Svíþjóð sýna og viðurkenna að fleira en hæfni í lögum skiptir máli fyrir hæstaréttardómara. Það er líka lífssýn og lífsskoðanir. Mér finnst þetta frv. alls ekki taka mið af því, því að það er fyrst og fremst rétturinn sjálfur sem mælir með nýjum dómurum og síðan eru það þeir sem hafa lengsta starfsreynslu sem taka mikilvægustu og mest stefnumarkandi ákvarðanir.

Ég tel að þessi skipan sé góð að því leyti að hún tryggir festu en hún er um leið ávísun á íhaldssemi sem virðist vera meiri hér en þekkist sums staðar í kringum okkur. Ég vil vekja athygli á því að ýmsar umsagnir, m.a. frá Hrafni Bragasyni hæstaréttardómara, mæltu með því að þingið komi að skipun hæstaréttardómara. Þetta er því ekki sjónarmið sem ég er að finna upp hér, eins og þingmenn vita, heldur er þetta skoðun sumra hæstaréttardómara.

Þriðja atriðið, herra forseti, sem ég er ósátt við í frv. er að hin nýja stjórnarnefnd, dómstólaráð, skuli einungis ná til héraðsdómstólanna. Þegar farið var af stað við samningu þessa frv. var gert ráð fyrir því að þetta dómstólaráð, samanber heiti þess, næði yfir báða dómstólana, þ.e. héraðsdómstóla og Hæstarétt. Síðan breyttist það. Ég spyr: Hvers vegna heitir þetta þá ekki héraðsdómstólaráð núna en ekki dómstólaráð? Ég tel að það hefði verið eðlilegra að mjög mörgu leyti. Það sýnir hins vegar að Hæstiréttur lítur á sig mjög sérstökum augum og kannski réttilega. En ég tel, miðað við þá hugsun sem þarna var að baki í upphafi og heiti þessarar stjórnarnefndar, að eðlilegra væri að hún næði til beggja dómstiga og vonandi verður það þróunin í framtíðinni.

Herra forseti. Að lokum vil ég ítreka að ég er meðflutningsmaður að brtt. við 26. gr. frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir áðan. Brtt. gengur út á það að ein af þeim forsendum sem nefnd um dómarastörf verði að taka mið af þegar hún metur hvaða störf dómara samræmast starfi hans og hver ekki, að þá bætum við við að ein forsendan sé sú að kanna eigi hvort að það samræmist störfum dómara að hann sé í leynireglu. Þarna er t.d. átt við frímúrararegluna. Þær eru reyndar fleiri. Ég vil að gefnu tilefni taka fram að mér skilst að hér á Íslandi séu tvær frímúrararreglur. Það skipir auðvitað engu máli hvort um er að ræða regluna sem eingöngu eru í karlar eða regluna þar sem meðlimir eru bæði í karlar og konur eins og skilja mátti af nýlegri grein sem birtist í Morgunblaðinu og skrifuð var af Niróa P. Njarðvík. Í báðum þessum reglum er þagnarskylda til æviloka þó svo að viðkomandi geti hætt eftir nokkur ár í reglunni sem opin er fyrir bæði kynin, en í hinni verður að starfa til æviloka.

Ég er þeirrar skoðunar, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem að undanförnu hefur átt sér stað í Noregi, Bretlandi og víðar, að það hefði verið mjög óeðlilegt að dómstólafrv. hefði farið í gegnum þingið án þess að þetta atriði kæmi hér til umræðu. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt að nefnd um dómarastörf skoði þessar forsendur og komist þá að niðurstöðu hvað henni finnst samræmast störfum dómara og hvað ekki. Ég tel sjálf mjög eðlilegt að ef viðkomandi dómari er frímúrari þá sé hann vanhæfur til að dæma í máli reglubróður eða reglusystur eins og hann væri vanhæfur til þess að fjalla um nána vini sína og ættingja. (**Gripið fram í:** Nema að hann væri krati.) Vera má að almennar vanhæfisreglur nái yfir þetta eins og fram kemur í nál. meiri hluta allshn. Ég tel þó mun skýrar, og ekki síst í ljósi þessarar umræðu, að hreinlega sé kveðið á um þetta í þeim forsendum sem nefndin á að skoða. Ég vil taka undir það að þessi tillaga þýðir alls ekki að við séum að leggja til að hæstaréttardómarar megi ekki vera í leynireglu sem vissulega er þó sjónarmið út af fyrir sig og kæmi fyllilega til greina að mínu mati til að tryggja sem allra best sjálfstæði dómara.

Því hefur verið slegið fram í þessari umræðu hvort eðlilegt sé að þingið setji stjórnsýslunefnd til að ákveða hvaða störf samræmast dómarastörfum án þess að þingið taki á því hvað samræmist störfum þingmanns. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé töluverður munur á en þó komi fyllilega til greina að lagst verði í þá vinnu að skoða hvort öll störf samræmist störfum þingmanna. Þó er sá grundvallarmunur á að stjórnmálamenn sæta pólitískri ábyrgð og taka afleiðingum gerða sinna í kosningum en dómarar eru æviráðnir á fullum launum til æviloka. Á þessu er töluverður munur og þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að þessi nefnd um dómarastörf taki til starfa — í henni sitja dómarar — og ég er sannfærð um að þarna verður unnið gott starf.

Ég ætla ekki að hafa orð mín öllu fleiri að þessu sinni, hæstv. forseti. Ég mun fylgjast áfram með umræðunni og tel að í stórum dráttum sé hér um mjög merkilega löggjöf að ræða. Vonandi getum við þó stigið enn frekari skref við næstu lagfæringu á þessum lögum, skref sem tryggi bæði sjálfstæði og lýðræði á vettvangi dómstólanna.

[14:30]

**Útbýting þingskjals:**

Notkun síma í ökutækjum, 488. mál, svar dómsmrh., þskj. 895.

[14:30]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ræður þeirra og þá skoðun þeirra að um merkilegt og mikilvægt mál sé að ræða en ég vil jafnframt fá að koma að athugasemdum, ekki síst vegna þeirrar brtt. sem hefur verið mælt fyrir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Guðrún Helgadóttir, eða minni hluti allshn., flytja.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir minntist áðan á 4. og 7. gr. frv. Það er rétt sem hún benti á að löggjafarvaldið ákvað þetta atriði með dómarana með stjórnarskrárbreytingu 1991 og tel ég að ekki þurfi að ræða það frekar hér. Það sem hún nefndi um 2. mgr. 7. gr. frv. voru ákveðin rök sem lágu fyrir þeirri breytingu sem gerð voru á lögum um Hæstarétt á sínum tíma. Hv. þm. lýsti því einmitt að henni var ætlað að skapa meiri festu í dómsmálum og það er afskaplega mikilvægt að dómar Hæstaréttar séu fordæmi sem menn geta treyst.

Hún nefndi líka hvaða aðferð væri viðhöfð við að skipa dómara og vitnaði til annarra landa í því sambandi. Þegar þetta var rætt í nefndinni fengum við sendar upplýsingar um þetta atriði frá Markúsi Sigurbjörnssyni, sem er formaður réttarfarsnefndar, þar sem hann upplýsti m.a. hvernig þessu væri fyrir komið á Norðurlöndum og, með leyfi virðulegs forseta, vil ég fá að gera nokkra grein fyrir því.

Í Danmörku er embætti dómara auglýst laust til umsóknar og er umsóknum beint til dómsmrh. Áður en veitt er embætti dómara við héraðsdóm er leitað umsagnar viðkomandi dómstóls séu þar fleiri en einn dómari við störf, landsréttarins, sem starfar á sama sviði, og hæstaréttar. Við veitingu dómararembættis við landsrétt er leitað umsagnar réttarins og hæstaréttar. Við veitingu embættis hæstaréttardómara er leitað umsagnar hæstaréttar. Um langt árabil munu engin dæmi vera um að vikið hafi verið frá þeirri reglu að fyrir valinu verði dómaraefni sem bent hefur verið á í þessu umsagnarferli.

Í Noregi eru dómaraembætti veitt af konungi samkvæmt tillögu dómsmrh. Í Svíþjóð eru dómarar skipaðir með samþykkt ríkisstjórnar eftir tillögu dómsmrh. en í Finnlandi eru dómarar skipaðir af forseta. Ég held að almennt megi segja að það séu svipaðar reglur sem gilda á Norðurlöndunum og á Íslandi en auðvitað er allt annað réttarfar og allt aðrar reglur sem gilda í Bandaríkjunum en hér á landi.

Út af þeirri brtt. sem hér liggur fyrir á þskj. 826 þá minntist ég á það í framsögu minni að kveðinn hefði verið upp dómur í norskum héraðsdómi fyrir um það bil ári þar sem dómari var metinn vanhæfur á grundvelli vanhæfisreglna sem eru sambærilegar og gilda hér á landi. Það hefur átt sér stað talsverð umræða í kringum þessa brtt. minni hlutans og vil ég fjalla sérstaklega um það mál hér og til þess að undirstrika þá skoðun meiri hluta allshn. að þessi brtt. sé óþörf.

Ég nefndi það í áðan framsögu minni að það væri til enn nýrri norskur dómur sem er frá lögmannsréttinum í Ósló, nánar tiltekið 7. apríl 1997, þá var einmitt fjallað um sams konar mál og ég ætla að fá að gera hér grein fyrir því. Þetta mál fjallaði um mál ákæruvaldsins á hendur þeim sem stolið höfðu málverkinu Ópinu eftir Edvard Munch. Eftir fyrirspurn frá verjanda hins ákærða upplýsti Wilhelm Omstedt dómari að hann væri meðlimur í norsku frímúrarareglunni. Verjandinn krafðist þess að dómarinn viki úr dóminum skv. 180. gr. norskra dómstólalaga og vísaði til þess að vitni í málinu væri frímúrari. Omstedt gerði nú grein fyrir aðild sinni að norsku frímúrarareglunni, hlutverki sínu og starfi þar og hvaða tengsl hann hefði haft við vitni í því sambandi. Einn verjenda lýsti því yfir eftir þessa greinargerð að hann krefðist þess ekki að Omstedt viki sæti. Þrír verjendur kröfðust þess að dómari viki sæti. Af hálfu ákæruvaldsins var því haldið fram að dómari væri ekki vanhæfur en Omstedt vék úr réttinum en þeir sem eftir voru úrskurðu um hæfi hans.

Það var einróma niðurstaða lögmannsréttarins að Wilhelm Omstedt bæri ekki að víkja úr dóminum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram voru komnar og greinargerð Omstedts taldi dómurinn að ekki væri fyrir hendi atvik eða aðstæður sem væru fallnar til að draga óhlutdrægni hans í efa og vísaði um þetta í 180. gr. dómstólalaga. Þá sagði í úrskurðinum að þegar litið væri til greinargerðar Omstedt um lög frímúrarareglunnar og hverjar skyldur aðild legði mönnum á herðar, svo og hvers konar tengsl væru með aðilum að reglunni væri ekkert sem benti til þess Omstedt gæti ekki metið málið á fullkomlega óhlutdrægan hátt. Tekið var fram að Omstedt hefði sjálfur berlega og tvímælalaust upplýst að mat hans á sönnunargögnum og öðrum kringumstæðum, þar á meðal vitnaskýrslu lögreglumanns sem var frímúrari, væri algerlega óháð þátttöku hans í frímúrarareglunni. Þá var vísað til þess að samkvæmt lögum frímúrarareglunnar gengju landslög framar lögum og ákvörðun reglunnar. Það var heldur ekki sýnt fram á að til væru almennar reglur eða meginreglur innan frímúrarareglunnar sem gætu leitt til þess að í því máli sem til meðferðar var væru sérstök atvik sem leiddu til vanhæfis skv. 180. gr. nefndra laga. Þá taldi lögmannsrétturinn að ekki yrði séð að af aðild Omstedts leiddi að traust hans væri rýrt hvort heldur væri út á við eða gagnvart aðilum málsins. Lögmannsrétturinn vísar til þess að þekkt sé að frímúrarareglan hafi siðakerfi sem að hluta séu „hjúpuð dulúð og leynd" en þessi þáttur frímúrarareglunnar tengist reynsluprófum við upptöku og byggist á því að meðlimir komi óundirbúnir til leiks. Þessar hliðar aðildar að reglunni og það að einstakir meðlimir eru kallaðir „bræður" hafi enga þýðingu í sambandi við 180. gr. dómstólalaga.

Ákærðu áfrýjuðu málinu til hæstaréttar Noregs og byggði einn þeirra m.a. á því að Omstedt dómari hefði verið vanhæfur til þess að dæma í málinu. Kærumálanefnd hæstaréttar Noregs sem í sitja þrír dómarar synjaði um áfrýjunarleyfi 18. nóvember sl. Þetta felur í sér að úrskurður lögmanns réttarins frá 7. apríl sem gerð var grein fyrir hér að framan er endanlegur. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að það sé álit norskra dómstóla að meðtöldum hæstarétti að aðild að frímúrarareglunni sé út af fyrir sig ekki ástæða til þess að dómari víki sæti vegna vanhæfis skv. 180. gr. dómstólalaganna þar í landi en ljóst er að í úrskurði lögmannsréttarins í Ósló er komist að annarri niðurstöðu en gert er í þessum úrskurði lögmannsréttarins á Hálogalandi sem er frá því í febrúar 1997 en rökstuðningur í þessu síðara máli, þ.e. frá apríl sl., er mun fyllri og skýrari.

Eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið í allshn. og eftir því sem ég best veit og eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið þá er hvað varðar aðild íslenskra dómara að frímúrarareglunni á Íslandi engin launung. Þáverandi formaður Dómarafélags Íslands, Allan V. Magnússon, sem jafnframt er frímúrari, upplýsti fréttamann Ríkisútvarps um

hvaða dómarar væru meðlimir í reglunni í febrúar á síðasta ári er fjallað var um úrskurð lögmannsréttar á Hálogalandi frá 7. febrúar þar sem dómara í héraði var gert að víkja sæti vegna aðildar sinnar að norsku frímúrarareglunni. Þá hefur allshn. haft til athugunar grundvallarlög frímúrarareglunnar á Íslandi, félagatal hennar og bækling með almennum fróðleik um frímúrararegluna. Upplýst hefur verið að þessi gögn eru öllum aðgengileg sem vilja kynna sér þau. Lögin liggja frammi á Landsbókasafni, félagatal er fáanlegt á skrifstofu frímúrarareglunnar á Skúlagötu 55, svo og bæklingur um almennan fróðleik um regluna. Loks hefur frímúrarareglan opnað heimasíðu á internetinu þar sem ýmsar upplýsingar er að finna um regluna.

Það er engin nýlunda að dómarar séu frímúrarar og nú bið ég hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur um að taka sérstaklega eftir. Má þar nefna hæstaréttardómarana Lárus Jóhannesson, Björn Sveinbjörnsson, Gunnar Thoroddsen, Sigurgeir Jónsson, Benedikt Blöndal og Gunnlaug Claessen, ýmsa varadómara í Hæstarétti svo sem Ólaf Lárusson, sem var stórmeistari reglunnar, og Theódór Líndal prófessor. Af öðrum dómurum má nefna Friðjón Skarphéðinsson, sem var yfirborgarfógeti í Reykjavík og einnig alþingismaður og ráðherra. Héraðsdómarar sem nú starfa og eru frímúrarar eru þeir Allan V. Magnússon, Sigurður Hallur Stefánsson og Þorgeir Ingi Njálsson, þannig að þetta liggur allt fyrir.

Þess má og geta að fyrsti stórmeistari frímúrarareglunnar á Íslandi var Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands og einnig Ásgeir Ásgeirsson forseti. Valdimar Stefánsson yfirsakadómari, síðan saksóknari ríkisins, var stórmeistari frímúrarareglunnar á Íslandi. Að lokum má nefna það að norskur hæstaréttardómari, Holmbov, var á árunum 1962–1969 stórmeistari frímúrarareglunnar í Noregi.

Ég hef farið nokkuð nákvæmlega yfir þetta mál, virðulegi forseti, en taldi ástæðu til þess vegna þess að fulltrúar minni hlutans í allshn. hafa rætt málefni frímúrarareglunnar allítarlega í þingsölum.

Þá hefur verið vitnað til Bretlands í þessu sambandi þar sem beðið hefur verið um upplýsingar um þá dómara og lögreglumenn sem eru frímúrarar en það er ekki verið að leggja bann við þátttöku þeirra. Eftir því sem ég best veit er þetta ekkert vandamál hér á landi og eins og ég sagði frá áðan hafa upplýsingar um þetta efni verið gefnar af fúsum og frjálsum vilja. Ég fæ því ekki séð að við þurfum að hafa áhyggjur af þessu máli enda ekki um leynireglu að ræða miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið. Ég tel enn fremur að það hljóti almennt að vera erfitt að skilgreina hvað er leyniregla í þessu sambandi og hvar endað verði í slíkri upptalningu.

Það er skoðun meiri hluta allshn. að málið sé alls ekki til þess fallið að draga úr trausti almennings á dómstólum landsins og ef einhver álitamál komi upp þá séu til lagaákvæði sem taki á því.

[14:43]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það vegna orða hv. ræðumanns að ég tel alls ekki sakhæft atferli að vera í frímúrarareglu og ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram um hvaða íslenskir dómarar eru frímúrarar. En maður skyldi þó ætla að ef annar hvor dómari er frímúrari að þeir mundu þá líka veljast inn í nefnd um dómarastörf og þeir mundu þá bara komast að þeirri niðurstöðu að þetta mundi samræmast því að vera dómari á líkan hátt og hefur væntanlega verið í Noregi. Það er nefnilega ekkert skrýtið að niðurstaðan í Noregi varð þessi. Er ekki mjög líklegt að dómararnir þar séu frímúrarar eins og hér? Ég bara spyr.

[14:44]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er skoðun meiri hluta allshn. að hér sé um óþarfatortryggni að ræða og ég ítreka það sem ég sagði áðan að við höfum ákvæði í einkamálalögum sem taka á því þegar ástæða er til að efast um hæfi dómara. Ég gleymdi áðan að nefna það og vildi koma að því hér að hv. þm. tók þannig til orða áðan að það væri ekki bara um að ræða frímúrararegluna, sem væri leyniregla, heldur væru það önnur félög sem gætu komið þar inn í og ég vildi inna hana eftir því hvað hún ætti við í því sambandi.

[14:45]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að þetta er ekki beint heimavöllur minn, ég þekki ekkert til þessara reglna. Í fyrsta lagi vil ég segja vegna orða þingmannsins um að þetta sé óþarfatortryggni, að það er einmitt málið. Störf dómara eiga að vera yfir allan vafa hafin um óhlutdrægni. Það er nákvæmlega þess vegna sem þeir gefa óþarfahöggstað á sér. Þess vegna væri langeðlilegast að þingið samþykkti tillöguna og þá væri þetta mál úr sögunni með afgreiðslu nefndarinnar, á hvern veg svo sem hún færi.

Hvaða önnur félög koma til greina sem leynireglur vil ég vitna í nýja blaðagrein eftir Njörð P. Njarðvík þar sem hann talar um að það séu fleiri reglur en frímúrarareglurnar tvær sem koma til greina, og nefnir þar Oddfellow-reglur, Rósakrossreglur, Musterisriddarareglur, Innri skóla Guðspekifélagsins og þannig mætti lengi telja, eins og félagi Njörður P. Njarðvík kemst að orði. Nú ætla ég ekkert að fullyrða um hvort þetta sé rétt en þetta eru a.m.k. að hans mati sambærilegar leynireglur.

[14:46]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki þau félög sem hv. þm. var áðan að lesa upp en ég hygg að það geti orðið erfitt að telja upp tæmandi hvað séu leynifélög hér á landi. Það eru til alls konar félög sem einstaklingar hafa stofnað sín á milli og það er spurning hvað er leynifélag og hvað ekki. En það sem ég held að standi aðallega upp úr í þessu máli og menn eiga auðvitað að hafa í huga er að við verðum að treysta dómgreind dómara og þeir taka að sjálfsögðu sjálfir þá ákvörðun er þeir taka að sér að dæma mál að meta hvort nokkur ástæða sé til að ætla að þeir séu vanhæfir í málinu. Ég verð að segja að ég treysti dómgreind þeirra fyllilega í þessum efnum.

[14:47]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Rétt er að geta þess að það frv. sem við ræðum hér er mjög merkt mál. Með því er náð mjög greinargóðum áfanga í þeirri endurmótun dómsvalds og löggæslu sem hér hefur átt sér stað með löggjöf á undanförnum áratug eða svo eða allt frá þeirri endurskoðun á réttarfarslögum sem var hafin á árinu 1987. Það er ekki skemmra síðan. Ég held að nauðsynlegt sé að við höfum í huga þegar við ræðum dómskerfið, dómara og hvaða kröfur við gerum til þeirra, að við hljótum að byggja það á því að við verðum að geta borið til þess, bæði dómskerfisins og dómaranna sem slíkra, trúnað, traust og að við sjáum þar áreiðanleika. Það byggist

auðvitað á þeim grundvelli sem við þekkjum víðast hvar þar sem slíkt á við; varanleika, óhlutdrægni og hlutlægni. Ég vænti þess, herra forseti, að við berum gæfu til að haga störfum okkar og ákvörðunum á þessum grundvelli.

Ég hef veitt því sérstaka athygli í umræðum nefndarinnar að nokkur atriði litu menn framan af misjöfnum augum, þeir sem þar störfuðu en svo hefur til tekist að um nær öll atriðin höfum við í nefndinni orðið sammála. Nær öll. Þegar við lítum yfir brtt. sem liggja fyrir er ljóst að aðeins tvö atriði standa út af sem við nefndarmenn höfum ekki náð samstöðu um. Ég tel þetta mjög mikilvægt og tek undir þær skoðanir annarra nefndarmanna sem hér hafa rætt málið að slík samstaða er mjög mikilvæg og er í raun undirstaða þess að áfram skapist sú festa, sá áreiðanleiki sem við teljum þurfa í þessu málefni.

Á þessu árabili sem ég nefndi hefur verið skapað það sem við höfum kallað aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Mér er alveg ljóst að svo vel hefur tekist að sjálfstæði dómstóla hefur verið tryggt betur í sessi en nokkru sinni áður. Ég hygg að það sé mikilvægt þegar við lítum fram á veginn og skoðum hvernig við viljum haga þessum málum nú um þessar mundir og til næstu framtíðar. Ekki að það verði frekar en önnur mannanna verk eilíft en það sem við ákveðum á þessu þingi mun standa um nokkra tíð.

Í þessu samhengi höfum við rætt mjög hvernig dómarar eru skipaðir, hvaða skilyrði eigi að setja um kunnáttu, hæfi og reynslu og þetta kemur mjög vel fram í nefndaráliti hv. allshn. Nú er svo, herra forseti, að þar sem við höfum orðið sammála um afstöðu til þeirra atriða hyggst ég ekki gera þau frekar að umtalsefni en hefur verið gert af öðrum nefndarmönnum en sú tillaga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Guðrún Helgadóttir hafa flutt vekur í sjálfu sér upp sérstaka umræðu um þau atriði sem geta valdið því að dómari eða meðdómsmaður teljist vanhæfur. Þá tel ég, herra forseti, að við þurfum að gæta þess að um slík atriði gildi almennar reglur en ekki sértækar. Sértækar reglur endast ævinlega mjög slælega og verða í tímans rás atriði sem flestir vilja sjá burt numin úr lögum. Þau úreldast mjög fljótt vegna þess að þau eiga við aðstæður sem breytast hugsanlega hraðar en við gerum okkur grein fyrir.

Í lögum um meðferð einkamála eru almenn vanhæfisákvæði og í lögum um meðferð opinberra mála er vitnað til þessara sömu ákvæða laganna um meðferð einkamála. Hin almennu vanhæfisákvæði eru því þau sömu sem við eiga, þ.e. hugsanlegt vanhæfi dómara í einstökum málum. Þarf ekki frekar að geta þess hver þau eru, en það er, herra forseti, 26. gr. frv. sem hefur komið sérstaklega til umræðu vegna þessa atriðis. Í þeirri grein frv. sem nefndin, aðrir en hv. þrír flytjendur brtt., hefur orðið sammála um að verði óbreytt er gert ráð fyrir að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um aukastörf sem geti talist varða hæfi eða vanhæfi og þess vegna verði að liggja ljóst fyrir hver þau eru eða hvaða störf dómari megi hugsanlega ekki taka að sér. Brtt. fjallar um að dómara verði óheimilt að taka að sér starf o.s.frv. eða eins og segir síðar í setningunni: „eða taka þátt í starfsemi, svo sem leynireglum". Það er auðvitað ljóst, herra forseti, að með þessu er gert ráð fyrir að dómurum verði bannað að taka þátt í leynireglum þótt á eftir sé hengt: „ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans".

Ef við lítum nú fyrst á aukasetninguna, „ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans", er nokkuð ljóst að til að um það verði fjallað þarf ekki að breyta greininni eins og hún er í frv. Nefnd um dómarastörf á að setja almennar reglur um það sem ekki geti samrýmst störfum dómara. En hvers vegna ættum við þá að bregða á þá leið að tiltaka sérstaklega „svo sem leynireglum"? Nú verð ég að viðurkenna, herra forseti, að ég er ekki alveg viss. Það vefst nefnilega fyrir mér hvað hv. tillöguflytjendur eiga við. Eru þeir með þessu að setja fram einhverja sérstaka tortryggni í garð frímúrara eins og þeir sjálfir hafa nefnt? Eða á sú tortryggni líka við um aðra sem raunar voru nefndir í blaðagrein aðila sem er ekki einu sinni þingmaður, a.m.k. ekki sem stendur? Raunar verð ég líka að viðurkenna að ég skildi andsvar eins hv. tillöguflytjanda rétt áðan sem svo að þetta mundi eiga við um hið mesta litróf félaga sem einhverjir hv. þm. vita kannski ekki hvernig starfa. En ef það er nú svo, herra forseti, að orðið leyniregla á við um starfsemi einhverra félaga sem einhverjir þingmenn vita ekki hvar starfa eða hvernig þá fer nú að vandast málið og fer að geta átt við býsna marga. Ég get til að mynda viðurkennt, herra forseti, að ég veit að til er félagsskapur flugfreyja og fyrrverandi flugfreyja. Ég hef ekki minnstu hugmynd um hvernig hann starfar og fyrir mér gæti þetta þess vegna verið leynifélag. Hvers vegna segi ég þetta? Jú, herra forseti, það er vegna þess að í umræðunni hafa tillöguflytjendur oft sjálfir bent á frímúrararegluna á Íslandi, sem þeir fengu sérstaklega gögn um í nefndina, vegna þess hvernig þeir ræddu málið. Það eru allt gögn sem liggja opinberlega fyrir sem frímúrararegluna á Íslandi hefur sjálf lagt fram á Landsbókasafn og veitir hverjum sem vill aðgang að. Hvaða gögn eru það? Jú, það eru lög frímúrarareglunnar sem tiltaka hverjar eru skyldur þeirra sem gerast félagar í henni. Skyldi starfsemi hennar byggjast á einhverju öðru? Skyldi hún krefjast einhvers af þessum félögum sínum annars en tiltekið er í lögum að séu skyldur þeirra? Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég hef ekki slíka tortryggni í garð nokkurs félags að það leggi fram á Landsbókasafnið gögn um þessa þætti í starfi sínu en framkvæmi svo eitthvað annað. Mér kemur það bara ekki í hug. Ég get ekki skilið forsendur fyrir brtt. nema sem svo að það sé tortryggni í garð þess hvers félagsskapurinn krefst af félagsmönnum sínum og það hefur raunar komið fram í orðum hv. tillöguflytjenda. Samt sem áður hafa þeir, rétt eins og við, haft aðgang að lögum félagsskaparins sem þeir hafa gert að umtalsefni. Þeir hafa vitað að þau gögn liggja ekki aðeins frammi fyrir hv. allshn. heldur á Landsbókasafninu þar sem hver og einn getur gengið að. En vel að merkja, það voru raunar ekki hv. tillöguflytjendur sem höfðu frumkvæði að því að afla allshn. þessara gagna. Það gerðu aðrir.

Herra forseti. Í þessum gögnum kemur mjög skýrt fram að frímúrararegluan á Íslandi hefur það einkenni sem mér er ekki ljóst að sé einkenni annarra félagasamtaka hér á landi sem þekkjast víðar en á Íslandi, þ.e. hún er ekki aðili að neinum alþjóðlegum samtökum. Það kemur skýrt fram að hún viðurkennir að landslög eru æðri lögum hennar en hún er engum öðrum háð en löglegum yfirvöldum Íslands. Hverjum skyldu þá félagsmenn hennar vera háðir fyrst og fremst? Ég ætla ekki að tíunda það frekar, herra forseti. Ég hygg að þess þurfi ekki en hv. nefndarmenn í allshn. hafa séð þetta mjög skýrt. Það eina sem ég velti enn þá fyrir mér er hvers vegna, eftir að hafa séð þessar upplýsingar, án allra skilmála, er þessi tortryggni enn þá fyrir hendi. Ég get tekið undir og fyllilega virt það sjónarmið að við eigum að setja sem skýrust, almenn ákvæði, sem tryggi okkur að dómarar geti á hverjum tíma verið sjálfstæðir og óháðir, óhlutdrægir

og dæmi af hlutlægni. Þeir þurfi ekki að taka afstöðu til manna heldur efnanna sem fyrir þá eru lögð. Mér er alveg ljóst að þótt einhver hafi sagt hér fyrr að fáeinir, kannski helmingur dómara, eru eða hafi verið frímúrarar, sýnist mér að við höfum enga ástæðu til að tortryggja þá vegna starfa þeirra. Við höfum einfaldlega ekki þá reynslu af þeim.

Ég skal fúslega viðurkenna, herra forseti, að félag sem ég veit ekki að er til, er ekki leynifélag að mínu mati af þeirri ástæðu einni. Ég gæti hugsanlega kynnt mér það eða gengið eftir því. Það getur ekki fullnægt slíkum hugmyndum að teljast leyniregla. Félag sem ég veit að er til en veit ekki hvernig starfar, vegna þess að ég geng ekki eftir því að kynna mér það, getur heldur ekki talist leynifélag eða leyniregla.

En er það þá hugsanlega, herra forseti, félag sem segir sjálft að það sé leynifélagsskapur? Svo kann að vera. En þá liggur líka fyrir, herra forseti, í fleirum en einu af þeim gögnum sem frímúrarareglan á Íslandi hefur látið frá sér fara og eru opinber, að hún segir sjálf að hún sé ekki leynifélag. Um hvað er þá verið að tala? Spyr sá sem ekki veit.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þau ákvæði sem við höfum í gildi í dag í almennum vanhæfisreglum séu fyllilega nægjanleg fyrir dómara sem starfa einir sér eða nokkrir saman til þess að geta skorið úr um hugsanleg vanhæfisatriði. Ég tel að við eigum að bera slíkt traust til þeirra að fela þeim sjálfum hér eftir sem hingað til að úrskurða um slík tilvik. Ég tel ekki vera til bóta í löggjöf um dómsmál að setja svo sértækt ákvæði inn í þau lög. Raunar tel ég það vekja eingöngu upp tortryggni þar sem tortryggni er gjörsamlega óþörf og byggir ekki á ástæðu. Mér þætti miður, herra forseti, ef við ljúkum umfjöllun sem hefur í raun verið langvinn, hefur verið djúpstæð, um endurskipulagningu lögreglu- og dómsmála á Íslandi með því að afnema mannréttindi dómara. Við höfum einmitt, herra forseti, á sama árabili rætt ítrekað um félagafrelsi, jákvætt félagafrelsi, neikvætt félagafrelsi.

Ef svo kynni að vera að menn vilji leggja til að þessi réttur dómara verði afnuminn því að þeir veljast til dómarastarfa vegna þess að þeir sem um þurfa að fjalla telja þá til þess hæfa. Það er sem sé vegna mannkosta þeirra og þekkingar sem þeir hafa jafnvel öðlast og þroskað með sér vegna þátttöku í félagsstörfum, vegna þátttöku í samfélaginu. Ég sé ekki hvað við vinnum með því að þá skuli þeir ekki lengur njóta þeirra hluta líkt og aðrir landsmenn að geta sjálfir valið um það í hvaða félögum þeir starfi eða ekki. Ég sé ekki nokkra ástæðu til.

Herra forseti. Ég get viðurkennt þau sjónarmið sem stefna að því að almennar reglur um vanhæfi séu skýrar. Ég tel að við höfum slíkar reglur og slík ákvæði í frv. eins og þau eru í 26. gr. þar sem um er fjallað. Ég tel tillöguna engu bæta úr en því miður varpa upp tortryggni þar sem tortryggni er ekki þörf og ekki ástæða til.

[15:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég minni hv. þm., síðasta ræðumann, á að tillagan gengur út á að nefnd um dómarastörf skuli hafa það sem eina af forsendum sínum að meta hvort það samræmist störfum dómara eða ekki að vera í leynireglu. Engin tilraun er gerð til þess að skilgreina við hvaða leynireglur er átt og við gerum ráð fyrir að nefndin geri það. Þess vegna skiptir engu máli hvort við erum eingöngu að meina frímúrararegluna eða einhverjar fleiri eða hvort við flutningsmenn erum sérfræðingar í þessum reglum eða ekki.

Það er kannski mjög eðlilegt að hv. síðasti ræðumaður sé ekki tortrygginn á þessar reglur því að hann þekkir a.m.k. sumar þeirra innan frá. En það er einmitt þagnarskyldan sem við hin upplifum, þessi leynd sem veldur tortryggni og það er nákvæmlega það sem er að mínu mati óþolandi fyrir hvern og einn dómara. Þess vegna held ég að dómarastéttinni væri mikill greiði gerður ef þessi forsenda færi inn hjá viðkomandi nefnd.

[15:05]

**Árni R. Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skýrðist hugsanlega fyrir einhverjum hvað átt er við með 1. mgr. í brtt. en þar segir einfaldlega: „ef slíkt", þ.e. að taka þátt í starfsemi svo sem leynireglum, „fær ekki samrýmst stöðu hans", þ.e. dómara, „eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi þá er honum það óheimilt," ef það er niðurstaða nefndarinnar.

Ég er enn þeirrar skoðunar, og það breyttist ekki við það sem hv. þm. sagði áðan, að nefnd um dómarastörf geti fyllilega sett almennar og skýrar reglur um þessi atriði á grundvelli 26. gr. frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel að þar sem þar eru almenn ákvæði eingöngu þá sé greinin þannig betur til þess fallin að skapa vettvanginn og grundvöllinn.

[15:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að þær fullyrðingar sem hv. þm., síðasti ræðumaður, hélt fram séu ekki í neinu samræmi við efni þeirrar brtt. sem við höfum flutt. Ég tel að við sem erum að mæla fyrir tillögunni höfum flutt málefnalegar ræður og rökstutt tilganginn með brtt. sem er í samræmi við markmið frv. um að sjálfstæði og hlutleysi dómstóla verði að vera hafið yfir allan vafa og ekki sé nægjanlegt að það sé tryggt í reynd heldur verði það að vera sýnilegt.

Af hverju er í stjfrv. verið að flytja ákvæði um að það skuli skoða sérstaklega hvaða aukastörf dómarar mega taka að sér eða hvað hlut í hvaða félagi hann geti átt eða fyrirtæki? Er það vegna þess að það er einhver tortryggni í garð starfa sem dómarar taka að sér utan dómarastarfa? Varla er það meira en varðandi þá brtt. sem við erum að flytja. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði að við viljum hefja dómstólana og þá dómara sem eru í frímúrarareglunni yfir þá tortryggni sem hefur stundum gætt sakir þeirrar leyndar sem verður varla á móti mælt að er í starfi reglunnar.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst fulllangt seilst hjá hv. þm. að bera saman frímúrararegluna og stéttarfélag Flugfreyja. Hv. þm. nefndi Flugfreyjufélagið og félagsskap sem flugfreyjur standa að og heitir Svölurnar. Það er opið öllum fyrrverandi og núverandi flugfreyjum. Sá félagsskapur auglýsir fundi sína og hvað þar sé á dagskrá á skiljanlegu máli en ekki á einhverju dulmáli sem enginn skilur nema frímúrarar. Mér finnst gæta óþarfaviðkvæmni í máli hv. þm. og ansi langt seilst ef verið er að bera saman Flugfreyjufélag Íslands og stéttarfélagið og starfsemina sem þar fer fram og félagsskap sem eldri flugfreyjur hafa haft með sér um árabil sem allir vita hvað skeður á og auglýsa dagskrá sína alveg fullkomlega hvað þar fer fram frá A til Ö.

En ég held, eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, að dómurum sem eru frímúrarar væri greiði gerður með samþykkt tillögunnar.

[15:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í mikið umræðurnar nema ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við tillöguna sem hefur verið rædd að undanförnu, sérstaklega um frímúrarana, og tel að það sé rétt hjá hv. 13. þm. Reykv. að það sé dálítið erfitt að líkja frímúrurunum við Svölurnar, þótt það sé engu að síður skemmtileg og frumleg samlíking. Ég býst ekki við því að áður hafi verið reynt í sögunni úr þessum ræðustól að líkja frímúrurum við Svölurnar og veit ég ekki hvorum þykir vænna um samlíkinguna, Svölunum eða frímúrurum, þegar upp er staðið.

Síðan ætlaði ég, herra forseti, að minna á það að síðasta sumar birtist niðurstaða Hæstaréttar í máli Sævars Ciesielskis sem var mjög mikið rædd á sínum tíma og var efnt til útifundar af því tilefni. Niðurstaða málsins varð sú að Hæstiréttur synjaði um endurupptöku á málinu eftir að hafa fjallað mjög rækilega um málið og eftir að dómsmrn. hafði staðið sig mjög vel í því að skapa aðstæður til að efnisleg niðurstaða fengist.

Sævar Ciesielski og reyndar fleiri töldu að hann og félagar hans hefðu verið beittir harðræði í fangelsum, harðræði af lögreglu og réttarfarsyfirvöldum í landinu og það voru satt að segja býsna óhugnanlegar upplýsingar sem komu fram um þau mál í fjölmiðlum og víðar og í greinargerðum sem birtust. Það er bersýnilegt að þarna er enginn með alveg hreinan hvítflibbann, mér sýnist allir vera með kusk á honum í þessu máli.

Þess vegna nefndi ég þann möguleika í opinberri umræðu að réttarfarslögum yrði breytt og skapað yrði sérstakt réttarfarsúrræði fyrir einstaklinga sem teldu sig órétti beitta, teldu sig hafa verið harðræði beitta eða einstaklinga sem teldu að nýjar upplýsingar hefðu komið fram eftir að dómar hefðu fallið sem hefðu hugsanlega breytt niðurstöðu þeirra á þeim tíma sem hún var kveðin upp.

Ástæðan fyrir því að ég nefndi þetta var ekki bara sú að mér rann til rifja hvernig mér fannst komið fram við þessa einstaklinga, heldur kynnti ég mér að í öllum öðrum löndum eru til sérstök réttarfarsúrræði. Þá er ég að tala um þau lönd sem við berum okkur saman við, ég er að tala um Danmörku, Noreg og Þýskaland.

Ég sé ekki að í þessu dómstólafrv. né heldur í tengslum við það, svo ágætt sem það er, hafi neitt verið fjallað um þetta mál og í sjálfu sér átti ég ekki endilega von á því. Ég vil engu að síður spyrja hæstv. dómsmrh., sem ég hygg að heyri umræðuna, hvort það er á döfinni af hálfu dómsmrn. að skapaðar verði lagaforsendur til þess að þeir sem telja sig órétti beitta geti leitað sérstakra réttarfarsúrræða en þurfi ekki að leita til aðila eins og Hæstaréttar, sem verði þá að kveða upp úrskurð í eigin sök, en það er það ok sem væri lagt á Hæstarétt í þessu tiltekna máli. Ég þekki það vel af upplýsingaöflun að þeir aðilar sem eru settir í þá stöðu að þurfa að kveða upp svona úrskurð finnst hún óþægileg. Ég held að öllum væri fyrir bestu og eðlilegt að svona úrræði yrði til og þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvort svona tillaga er á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar á þinginu, á þessum vetri, þannig að tryggt verði að sköpuð verði sérstök réttarfarsúrræði fyrir þá sem telja sig hafa verið órétti beitta við meðferð mála á rannsóknarstigi eða hjá dómstólum.

[15:13]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hefur verið borin fram get ég sagt að þess er ekki að vænta að á þinginu komi af hálfu ríkisstjórnarinnar frv. um breytingar á því atriði sem hv. þm. spurðist fyrir um. Þessi mál eru til stöðugrar skoðunar og fastanefnd er starfandi í ráðuneytinu um réttarfarsmálefni sem hefur unnið gífurlega mikið starf á undanförnum árum og viðfangsefni eins og þetta er stöðugt til umfjöllunar í þeirri nefnd. Þess er ekki að vænta að á þessu þingi, eins og að var spurt, komi fram breytingartillögur um þetta.

[15:14]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og vil þá láta þess getið að í næstu viku munum við leggja fram frv. um sérstök réttarfarsúrræði með frv. um sérlög um þetta efni þannig að þingið geti kynnt sér það og tekið afstöðu til þess. Ég vænti þess að það fái ekki síðri meðferð en stjórnarfrumvörp á þeim dögum sem eftir eru af þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vopnalög, 2. umr.*

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 175, nál. 865, brtt. 866.

[15:16]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. allshn. á þskj. 865 og 866 um frv. til vopnalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa frá dómsmrn. og embætti ríkislögreglustjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fjölmörgum aðilum.

Í frv. er að finna heildstæðar reglur um vopn. Við samningu þess var að miklu leyti byggt á núgildandi löggjöf um skotvopn, sprengiefni og skotelda en nú er lagt til að settar verði víðtækar reglur sem nái til allra tækja sem telja má til vopna.

Meðal helstu nýmæla frv. má nefna að þar er hugtakið vopn skilgreint og er skilgreiningin nokkuð víðtæk. Þá er að finna í frv. reglur um iðkun skotfimi en ekki hafa verið ákvæði í lögum um þá íþrótt. Einnig er að finna í frv. ákvæði um söfnun og sýningar vopna, ákvæði um hnífa og önnur árásarvopn, auk þess sem kveðið er á um sérstaka samræmda landsskrá yfir skotvopn. Þá er lagt til að heimilaður verði rekstur skotvopnaleiga og að sú meginregla verði lögfest að ekki skuli veitt leyfi fyrir öðrum skotvopnum en þeim sem eru lögleg samkvæmt veiðilöggjöfinni. Þá er frv. ætlað að tryggja öruggari meðferð skotelda þar sem lagt er til að lögfest verði ákvæði sem hingað til hafa verið í reglugerð, m.a. um lágmarksaldur þeirra sem selja má skotelda. Einnig eru í frv. fyllri ákvæði um upptöku vopna en nokkuð hefur skort á slíka heimild varðandi hnífa. Loks er lagt til að ríkislögreglustjóri taki við þeim stjórnsýsluverkefnum sem ráðherra fer með samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. og má segja að ábendingar um flest þau atriði sem lagðar eru til breytingar á hafi komi frá embætti ríkislögreglustjóra. Helstu atriði breytinganna eru í fyrsta lagi að lagt er til að táragasi verði bætt inn í upptalningu í e-lið 1. mgr. 2. gr. til áréttingar því

að lögunum er ætlað að taka til gasvopna og táragasvopna. Sams konar breyting er lögð til við 30. gr.

Þá er lögð til breyting á 1. mgr. 3. gr. frv. þess efnis að til lögreglu teljist opinberir, erlendir öryggisverðir sem fá leyfi til að flytja inn og bera skotvopn undir stjórn lögreglunnar. Þannig er lagt til að slíkir öryggisverðir falli undir undanþáguákvæði 3. gr. og því gildi lögin ekki um vopn, tæki og efni í þeirra eigu en gert er ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um slík vopn. Barst nefndinni ábending frá ríkislögreglustjóra um að nauðsyn væri að hafa slíka heimild í lögum.

Við 5. gr. eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar er lögð til breyting á 6. mgr. þar sem kveðið er á um bann við því að flytja inn, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna sem eru eingöngu ætluð til nota í hernaði. Lagt er til að ákvæðið taki ekki aðeins til vopna heldur einnig til einstakra hluta vopnanna. Hins vegar er lagt til að reglugerðarheimild 8. mgr. nái einnig til þess að settar verði reglur um prófun, merkingar og gæðaeftirlit efna og tækja sem heimilað verður að flytja til landsins.

Þá eru lagðar til tvær breytingar á 13. gr. frv. Annars vegar er breyting þess efnis að lögreglustjóri geti veitt manni búsettum erlendis tímabundið leyfi fyrir skotvopni enda uppfylli hann skilyrði laganna fyrir veitingu skotvopnaleyfis. Með hinni breytingunni er lagt til að bætt verði við 3. mgr. ákvæði þess efnis að ráðherra setji í reglugerð auk ákvæða um námskeið, ákvæði um próf í meðferð og notkun skotvopna, áður en skotvopnaleyfi er veitt. Þykir rétt að reglur verði settar um að tilteknum árangri skuli náð áður en slíkt leyfi er veitt.

Við 16. gr. er lagt til að bætt verði við undanþáguheimild ákvæðisins reglu þess efnis að ef vikið er frá meginreglunni um að sá sem erfir skotvopn skuli hafa skotvopnaleyfi, skuli vopnið gert óvirkt. Er ætlunin að tryggja þannig að erfingjar geti haldið eftir vopnum sem hafa minja- eða tilfinningagildi, án þess að vera með vopnaleyfi og án þess að stofna öryggi borgaranna í hættu.

Þá er lögð til orðalagsbreyting á 20. gr. og á 21. gr. er lögð til breyting þar sem hnykkt er á því hvernig fara skuli með vopn sem flutt eru milli staða. Þannig er lagt til að mælt verði fyrir um að við burð og flutning á skotvopnum milli staða skuli þau vera óhlaðin og í umbúðum. Einnig er lagt til að ákvæði verði bætt við frv. þess efnis að við umræddar aðstæður sé óheimilt að bera vopn á sér innan klæða.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði 4. mgr. 34. gr. um haldlagningu, heimild til að leggja hald á öll þau vopn sem lögin taka til en ekki eingöngu ákveðin vopn sem talin eru upp í frumvarpstextanum.

Einnig er lögð til breyting á 37. gr. frv. sem varðar geymslu og ráðstöfun vopna sem gerð hafa verið upptæk eða hald lagt á en nefndinni bárust ábendingar um að nauðsynlegt væri að í lögunum væri kveðið á um að ríkislögreglustjóri setti reglur um þetta efni þar sem nokkur misbrestur hefur verið á því að viðmið hafi verið til um geymslu slíkra vopna.

Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði og lagt til að lögin taki gildi 1. sept. 1998.

Virðulegi forseti. Nefndin stendur öll að afgreiðslu málsins en Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gjaldþrotaskipti, 2. umr.*

Stjfrv., 389. mál (tilkynningar skiptastjóra). — Þskj. 707, nál. 845.

[15:22]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allshn. um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti á þskj. 845.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmrn., Jón H. B. Snorrason og Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra.

Í frv. er lagt til að skiptastjóra beri að tilkynna grun sinn um að þrotamaður eða aðrir hafi gerst sekir um refsivert athæfi til lögreglustjóra í stað þess að nú á að tilkynna slíkt til ríkissaksóknara. Nefndin telur rétt að gerð sé breyting á löggjöf þess efnis að tilkynning berist ekki ríkissaksóknara en telur eðlilegt að skiptastjóra beri að tilkynna grun um refsivert athæfi til ríkislögreglustjóra og geri brtt. við frv. þess efnis. Er slíkt í samræmi við skipan þessara mála, samanber reglugerð nr. 406 frá 1997, um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, en þar kemur fram að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra skuli annast rannsókn efnahagsbrota og saksókn þeirra.

Það eru allir nefndarmenn sem standa að þessu áliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Mannréttindasáttmáli Evrópu, 2. umr.*

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799, nál. 894.

[15:24]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 894 um frv. til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 frá 19. maí 1994.

Allshn. hefur fjallað um málið og fékk til viðræðna við sig um það Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðing í dómsmrn.

Með frv. er lagt til að lögfestur verði viðauki nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóv. 1950, eða mannréttindasáttmála Evrópu eins og hann er nefndur í daglegu tali. Samningurinn ásamt samningsviðaukum var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62 frá 1994 og var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni, bæði efnisreglurnar um þau mannréttindi sem sáttmálinn verndar og ákvæði um stofnanir þær sem leysa úr kærum vegna brota á sáttmálanum og meðferð mála fyrir þeim.

Hinn 25. febrúar 1995 ályktaði Alþingi að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samningsviðauka nr. 11 fyrir Íslands hönd. Í viðaukanum felst endurskipulag á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans og þar sem í upphafi var farin sú leið að lögfesta sáttmálann í heild sinni er nauðsynlegt að gera þessar breytingar á lögunum frá 1994.

Meginefni breytinganna er að mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn eru lögð niður í núverandi mynd og stofnaður er nýr dómstóll, Mannréttindadómstóll Evrópu sem kemur í stað þessara stofnana. Í dómstólnum eiga sæti

jafnmargir dómarar og aðildarríki Evrópuráðsins eru og eru þeir kosnir til sex ára.

Nefndin í heild stendur að afgreiðslu málsins og mælir með samþykkt frv. Hjálmar Jónsson og Guðný Guðbjörnsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsókn á refsingum við afbrotum, fyrri umr.*

Þáltill. allshn., 484. mál. — Þskj. 820.

[15:26]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir till. til þál. um rannsókn á refsingum við afbrotum, 484. mál á þskj. 820. Hljóðar tillögutextinn svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum. Rannsóknin taki til eftirfarandi brotaflokka:

a. líkamsárása og annarra brota sem tengd eru að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi,

b. kynferðisbrota,

c. fíkniefnabrota.

Með rannsókninni skulu könnuð þau viðurlög sem dæmd hafa verið við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Skal rannsóknin einkum miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að sýna fram á að refsingar við fyrrgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Rannsókn þessi skal taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að mat verði lagt á viðurlög við þessum afbrotum og þróun þeirra.

Eftir því sem unnt er skal rannsóknin framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar væri hægt að bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna."

Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað nokkuð um viðurlög við afbrotum og hefur alloft rekið sig á í vinnu sinni að ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar um ákvarðanir refsinga við afbrotum og þróun refsinga og áhrif breyttrar löggjafar á þyngd refsidóma. Verður að telja æskilegt að löggjafinn og þeir sem að þessum málum starfa hafi aðgang að tölfræðigögnum þar sem slíkar upplýsingar eru teknar saman á einn stað.

Upphaf umfjöllunar nefndarinnar um þessi mál má rekja til kynningar Sigurðar T. Magnússonar héraðsdómara fyrir nefndinni á haustþingi á rannsókn sem hann vann um þyngd refsinga og þróun þeirra. Í kjölfarið hófst umræða í nefndinni og fékk hún til viðræðna við sig fjölmarga aðila sem sérþekkingu hafa á málaflokknum. Meðal annarra má þar nefna Jónatan Þórmundsson, prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands, Boga Nilsson ríkissaksóknara, Þóri Oddsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Þorstein A. Jónsson fangelsismálastjóra, Benedikt Bogason frá dómsmrn. og Guðrúnu Jónsdóttur frá Stígamótum.

Einnig ritaði nefndin fjárln. Alþingis bréf í desember sl. og fór fram á fjárveitingu á fjárlögum ársins 1998 til slíkrar rannsóknar og var fallist á það og er gert ráð fyrir 2,4 millj. kr. framlagi til verksins á þessu ári.

Hvað varðar efni tillögunnar hefur eins og áður segir um nokkurt skeið verið umræða í þjóðfélaginu um refsingar og refsiákvarðanir dómstóla. Í þeirri umræðu hefur komið fram það sjónarmið að dómstólar ákvarði refsingar of vægar í sumum brotaflokkum. Á það ekki síst við um grófar líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Því hefur einnig verið haldið fram að refsingar vegna alvarlegra líkamsárása og kynferðisbrota séu of vægar með hliðsjón af refsingum við öðrum brotum og hafa auðgunarbrot sérstaklega verið nefnd í því sambandi.

Allshn. telur nauðsynlegt að mat verði lagt á slíka gagnrýni og telur því nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsókn á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er. Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga.

Í athugun sinni á málinu komst nefndin að því að víða hjá stjórnvöldum eru skráðar upplýsingar um meðferð sakamála og afgreiðslu þeirra. Þannig má nefna að ríkislögreglustjóri heldur skrár um afbrot og rannsókn sakamála. Einnig færir ríkissaksóknari skrá um þau mál sem hann hefur til meðferðar, auk þess sem hann heldur sakaskrá. Þá er haldin skrá hjá Fangelsismálastofnun ríkisins um ýmis atriði sem lúta að fullnustu refsivistardóma. Það er hins vegar mat allshn. að nokkuð skorti á að viðhlítandi tölfræðiupplýsingar um sakamál séu aðgengilegar. Í þeim efnum verður að teljast mikilvægt að stjórnvöld kanni hvort ekki sé ástæða til að samræma skráningu upplýsinga um sakamál hjá hinum ýmsu embættum. Einnig er nauðsynlegt að hafin verði skráning tölfræðiupplýsinga á þessu sviði og má í þeim efnum hafa hliðsjón af framkvæmd slíkrar skráningar annars staðar á Norðurlöndum þar sem gefin er út svokölluð „kriminalstatistik" árlega.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við tilteknum afbrotum, nánar tiltekið líkamsárásum og öðrum brotum þar sem ofbeldi er verulegur þáttur, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Í fjárlögum fyrir árið 1998 er eins og áður segir að finna 2,4 millj. kr. fjárveitingu til dómsmálaráðuneytisins fyrir slíkri athugun og er rannsóknin afmörkuð með hliðsjón af þeirri fjárveitingu. Í kjölfar hennar telur nefndin hins vegar ástæðu til að kanna önnur atriði nánar, svo sem viðurlög við öðrum brotaflokkum. Einnig væri ástæða til að kanna hvernig staðið er að refsifullnustu í framkvæmd og hvort auka megi varnaðaráhrif refsinga eftir því hvernig staðið er að fullnustu refsivistar innan fangelsa og utan þeirra með úrræðum eins og samfélagsþjónustu. Þá væri forvitnilegt að gera samanburð við önnur Norðurlönd á lögmæltum refsimörkum og framkvæmd í framangreindum brotaflokkum og brotategundum. Til að stuðla að fekari rannsóknum á refsingum við afbrotum og fullnustu þeirra er sérstaklega tekið fram í tillögunni að rannsóknin skuli eftir því sem unnt er framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar væri unnt að bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna. Einnig gæti slíkur gagnagrunnur orðið liður í kerfisbundinni skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál.

Í tillögunni er markmið rannsóknar á ákvörðun viðurlaga tilgreint með því að taka fram að rannsókn skuli miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að mæla hvort refsingar

við tilgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Hins vegar er því ekki lýst í einstökum atriðum hvernig staðið verði að rannsókninni og látið við það eitt sitja að taka fram að hún skuli taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er. Þykir nefndinni réttara að sá sem fenginn verður til að gera rannsóknina meti á grundvelli faglegra sjónarmiða hvernig að henni verði staðið þannig að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áfengislög, 1. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 813.

[15:35]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til áfengislaga. Frv. þetta er samið í dómsmrn. í framhaldi af starfi nefndar sem skipuð var aðstoðarmönnum fjögurra ráðherra. Nefnd þessi vann að heildstæðri endurskoðun á reglum varðandi áfengis- og tóbaksmál hér á landi.

Frv. til breytinga á áfengislögum var lagt fram á síðasta þingi án þess að fyrir því væri mælt. Þetta frv. sem nú er mælt fyrir er nokkuð breytt frá fyrra frv. og er hér um að ræða frv. til heildstæðra laga sem mundu leysa eldri lög af hólmi. Um þessi efni eru nú í gildi áfengislög frá árinu 1969. Frv. þetta felur í sér tímabæra endurskoðun á þeim lögum en það er einnig liður í umfangsmeiri breytingum á löggjöf er varðar áfengismál.

Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til breytinga á lögreglulögum frá 1996 en í því er lagt til að stofnuð verði sérstök deild innan embættis ríkislögreglustjóra sem mundi hafa yfirstjórn og umsjón með eftirliti með meðferð áfengis. Lögreglustjórum, hverjum í sínu umdæmi, er síðan ætlað að fara með daglegt eftirlit samkvæmt fyrirmælum ríkislögreglustjóra. Með þessu er forvarnastarf eflt með auknu eftirliti og aðgerðir lögreglu samræmdar um land allt.

Skýrlega er kveðið á um að leyfi þurfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis. Eru ákvæði þessi skýrari og heildstæðari en samkvæmt gildandi löggjöf. Í frv. er kveðið á um almenn skilyrði sem allir þeir sem veitt er leyfi þurfa að fullnægja. Í frv. er ríkislögreglustjóra í stað fjmrh. ætlað að veita leyfi til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis. Telja verður eðlilegra að ríkislögreglustjóri sjái um leyfisveitingar þessar í ljósi þeirrar stöðu sem honum er ætluð samkvæmt frv. og frv. til laga um breytingar á lögreglulögum sem flutt er samhliða þessu frv.

Það nýmæli er í frv. þessu að ÁTVR þarf samkvæmt því leyfi til að starfrækja hverja áfengisútsölu. Lagt er til að sveitarstjórn, hver í sínu umdæmi, veiti leyfi þessi. Útsölustaðirnir þurfa að fullnægja ákveðnum lágmarksskilyrðum samkvæmt frv. til að fá smásöluleyfi en viðkomandi sveitarstjórn er síðan heimilt að binda leyfið frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslunar og opnunartíma.

Mikil umræða hefur undanfarið verið um vínveitingahús og það ástand sem skapast hefur í nágrenni nokkurra slíkra veitingastaða. Um mitt ár 1996 skilaði nefnd, sem dómsmrh. skipaði, tillögum um áfengisveitingaleyfi og skilyrði sem binda ætti slík leyfi. Tillögum þessum er fylgt í meginatriðum í frv. og felast í því skýrari og ótvíræðari ákvæði og skilyrði sem leyfishafar þurfa að fullnægja. Skilyrði þessi auðvelda eftirlitsaðilum að bregðast við brotum leyfishafa á löggjöfinni og skapa þar með öruggari umgjörð um mál þessi en verið hefur. Meðal þeirra skilyrða sem leyfishafar þurfa að uppfylla eru að þeir leggi fram tryggingar fyrir kröfum sem kunni að stofnast á hendur þeim vegna rekstursins og að þeir séu ekki í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði. Þá er heimilt að synja um leyfi hafi hlutaðeigandi á síðustu fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brota á tilgreindum lögum.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að sveitarstjórnir í stað lögreglustjóra gefi út leyfi til áfengisveitinga hver í sínu sveitarfélagi. Með þessu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum séu veittar víðtækari heimildir til að stjórna því hvort og hvar eigi að reka vínveitingahús. Telja verður eðlilegt að sveitarfélög sjái um leyfisveitingar þessar þar sem veitingahús þessi hafa veruleg áhrif á bæjarbrag auk þess sem tilvist og staðsetning veitingahúsa varða íbúa sveitarfélagsins miklu. Þá einfaldar þetta það ferli sem liggur að baki leyfunum frá því sem nú er og felur sveitarstjórnum skýrlega þá ábyrgð sem felst í að heimila opnun vínveitingastaða. Samkvæmt frv. geta sveitarstjórnir bundið ákveðin leyfi sérstökum skilyrðum sem ganga lengra en þau lögbundnu svo sem um opnunartíma og fleira.

Í frv. er gert ráð fyrir að sett verði á stofn úrskurðarnefnd um áfengismál. Hlutverk hennar verður að leysa úr ágreiningsmálum vegna ákvarðana sem frv. gerir ráð fyrir að sveitarstjórnir fari með. Þessi háttur er fallinn til að auka réttaröryggi og skilvirkni á þessu sviði þar sem málsaðila gefst kostur á að skjóta ákvörðunum þessum með einföldum og skjótum hætti til úrskurðar sjálfstæðrar óháðrar nefndar. Þá er þetta fyrirkomulag mjög til þess fallið að tryggja samræmi í framkvæmd laganna.

Gert er ráð fyrir að dómsmrh. skipi þrjá menn í nefndina, einn tilnefndan af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn tilnefndan af ríkislögreglustjóra og einn af félmrh. Í frv. er skýrlega kveðið á um viðurlög við brotum á ákvæðum þessum. Þannig er lögð sú skylda á leyfisveitanda að afturkalla leyfi fullnægi leyfishafi ekki lengur skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu leyfis. Afdráttarlaust er einnig kveðið á um hvernig með skuli fara ef handhafi leyfis verður uppvís að vanrækslu á skyldum sínum eða fullnægir ekki skilyrðum sem um rekstrinn gilda. Þetta gerir heimildir til að bregðast við brotum ljósari og ótvíræðari en nú er.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í því frv. sem við fjöllum um, um breytingu á áfengislögum, er að finna margt til bóta en annað orkar tvímælis sem ég vil víkja að í mínu máli.

Í fyrsta lagi tel ég til bóta að útgáfa leyfa til áfengisveitinga á veitingastöðum verði í höndum sveitarfélaga. Það er eðlilegt fyrirkomulag að sveitarfélögin sjálf en ekki lögreglan hafi á hendi leyfisveitingar til áfengisveitinga á veitingastöðum. Sveitarfélögin sjálf eiga að bera ábyrgð á

því umhverfi sem íbúunum er búið í sveitarfélögunum, þar með talið hvernig skipulag og fjölda veitingastaða í sveitarfélaginu er háttað og hvernig slík starfsemi fellur að nálægð við íbúðarbyggð, með tilliti til forvarna á sviði áfengisvarna o.fl. Þessari breytingu ber því að fagna.

Annað nýmæli í frv. er að lögreglunni verði falið eftirlit með vínveitingastöðum í stað sérstakra víneftirlitsmanna sem nú hafa eftirlitið með höndum en það er nú kostað með sérstöku gjaldi á vínveitingastaði vegna starfa víneftirlitsmanna. Kemur fram í frv. að með þessu sé markmiðið að auka eftirlitið með vínveitingahúsum.

Ég er, herra forseti, ekki alveg sannfærð um að svo verði nema ótvírætt sé þá að lögreglunni verði sköpuð skilyrði til að halda uppi öflugu eftirliti með vínveitingastöðunum. Það gengur auðvitað ekki að setja þetta verkefni til lögreglunnar nema tryggt sé að hún fái viðbótarmannafla til að halda uppi öflugu eftirliti á vínveitingastöðunum, en í slíku eftirliti felst vissulega mikið forvarnastarf í baráttunni við áfengisbölið og vímuefnavandann. Ég tel að ekki eigi að bæta þessu mikilvæga verkefni á hina almennu lögreglu heldur þurfi að vera í þessu eftirliti a.m.k. sex sérhæfðir lögreglumenn sem eingöngu sinni þessu starfi og að starf þessara sérhæfðu lögreglumanna tengist forvarnadeild lögreglunnar. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. nánar út í það hvernig þessu eftirliti verði háttað og hvort lögreglunni verði búin aðstaða til þess að sinna á skilvirkan og öflugan hátt þessu eftirliti þannig að við séum að auka það en ekki draga úr því.

Ég nefni einnig það ákvæði sem ég tel afar mikilvægt, að haldin sé heildarskrá yfir birgðageymslu áfengisveitingahúsa og áfengisútsölustaði. En spurningin er hver eigi að hafa það með hendi. Er eðlilegt að t.d. lögreglustjórar hafi eftirlit með birgðageymslum áfengisútsala og áfengisveitingahúsa, hver í sínu umdæmi, og að lögreglan kanni reglubundið framleiðslu-, birgða- og sölubókhald leyfishafa?

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulag áfengiseftirlits á landsvísu og á hann að gefa fyrirmæli til lögregluembætta og setja þeim starfsreglur um áfengiseftirlit. Ég velti fyrir mér hvernig þetta er hugsað því að eftirlit lögreglustjóra á að beinast að því að haldið sé tilskilið birgðabókhald og að birgðum beri saman við bókhaldið svo að dæmi sé nefnt. Hér er um að ræða eftirlit með ýmissi viðskiptastarfsemi hjá veitingahúsum sem ég undirstrika að er afar mikilvægt og grundvallaratriði að því sé sinnt en spurningar vakna um hvort slíkt eftirlit með bókhaldi veitingahúsa eigi að vera í verkahring lögreglunnar. Ef hugsunin er að þetta sé í verkahring lögreglunnar — ég er í sjálfu sér ekki að mótmæla því heldur vekja athygli á því hvort eðlilegt sé að eftirlit með bókhaldi vínveitingahúsa eigi að vera hjá lögreglunni — þá er ljóst að búa þarf lögreglunni aðstöðu til þess að halda uppi slíku eftirliti sem að hluta til er viðskiptalegs eðlis. Ég sé ekki að það sé sérstaklega gert með þessu frv.

Það er líka ástæða til að fagna því nýmæli að heimilt verði að synja um útgáfu leyfis til áfengisveitinga eigi umsækjandi, eigandi eða framkvæmdastjóri í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði sem nemur a.m.k. 500 þúsund kr. Einnig að heimilt er að synja um leyfi ef hlutaðeigandi hefur á síðustu fimm árum verið dæmdur til refsivistar.

Það er allt of algengt í atvinnurekstri, kannski ekki síst í veitingahúsarekstri, að þegar fyrirtækin eru að komast í þrot með sinn rekstur, þá er reksturinn settur í gjaldþrot og vangoldin gjöld til hins opinbera skilin eftir, en sami aðili stofni síðan til nýrrar starfsemi í sömu grein með nýju nafni og númeri. Erlendis varðar slíkt oft atvinnuleyfissviptingu en hér á landi eru úrræðin fá sem hægt er að grípa til við slíkar aðstæður. Ég bind því vonir við að þetta ákvæði a.m.k. sé spor í átt til þess að koma í veg fyrir að sömu aðilar geti aftur og aftur farið í sama atvinnurekstur eftir síendurtekin gjaldþrot og skilið eftir sig slóða skulda og vangoldinna greiðslna til hins opinbera sem síðan er afskrifað.

Ég vil næst víkja að 18. gr. frv. sem er afar sérstæð og ég velti fyrir mér hvort sé nýmæli í áfengislögum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka.“

Er það raunhæft á okkar tímum að banna 17–18 ára unglingum að fara inn á veitingastaði eftir klukkan átta á kvöldin nema í fylgd með foreldrum sínum? Eru þetta ekki lagafyrirmæli sem bersýnilega eru úr takt við tímann og óraunhæf? Er í svo sérkennilegum lagafyrirmælum a.m.k. einhver af orsökum þess vanda sem skapast hér vegna óláta um helgar og kennd eru við miðbæinn og unglingana?

Af því ég nefni hér miðbæjarvandamálið þá mundi ég vilja spyrja hæstv. dómsmrh.: Breytir þetta frv. einhverju um lokunartíma vínveitingahúsa? Um opnunartíma skemmtistaða gilda lög nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtistöðum og samkomum tíma. Gert var ráð fyrir að lög þessi mundu falla úr gildi þegar sett hefði verið reglugerð á grundvelli laga, nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmrn. hefur slík reglugerð enn ekki verið sett. Samkvæmt 1. gr. laga um lögreglusamþykktir segir að í hverju sveitarfélagi megi setja lögreglusamþykktir og segir að í þeim eigi að kveða á um opnunar- og lokunartíma veitingahúsa.

Ég tel ljóst að engin lagaákvæði séu til að setja opnunartíma skemmtistaða skorður. Slíkar skorður eru einungis settar með reglugerð og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Þannig virðist dómsmrh. í raun heimilt að ákveða opnunartíma skemmtistaða, að hann skuli vera frjáls, með breytingu á reglugerð, en lögreglusamþykkt á hverjum stað gæti takmarkað vald hans í þessum efnum.

Skoðun mín er sú, herra forseti, að það eigi að vera í valdi sveitarfélaganna að ákveða opnunartíma vínveitingahúsa. Ég tel að gefa eigi opnunartíma vínveitingahúsa frjálsan til reynslu í tiltekinn tíma og sjá hvort það breyti einhverju um miðbæjarvandamálið í stað þess að nú er öllum vínveitingahúsum lokað á sama tíma með þeim afleiðingum að fólk streymir þaðan samtímis og heldur áfram að skemmta sér á götum miðborgarinnar.

Ég spyr hæstv. dómsmrh. um afstöðu hans til þess að hafa það á valdi sveitarfélaganna sjálfra að ákveða opnunartíma vínveitingahúsa. Í öðru lagi vil ég vita hvort hann telji það rétt að opnunartími veitingahúsa verði til reynslu gefinn frjáls, t.d. í eitt til tvö ár.

Herra forseti. Það sem torveldar eftirlit yfirvalda á vínveitingastöðum er það ósamræmi sem finna má í 18. gr. frv. Þar er kveðið á um að óheimilt sé að selja, veita eða afhenda áfengi, þeim sem eru yngri en 20 ára. Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin nema í fylgd með foreldrum sínum. Á þetta hefur margsinnis verið bent. Þar nefni ég

ýmsar umsagnir sem komu fram á 120. löggjafarþingi við frv. sem ég flutti um breytingu á áfengislögum ásamt hv. þm. Geir H. Haarde, Siv Friðleifsdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni. Það frv. var þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi yrðu færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Lögreglustjórinn í Reykjavík mælti með samþykkt frv. um að áfengiskaupaaldur yrði færður úr 20 árum í 18 ár. En hann segir:

„Af ofangreindum ákvæðum leiðir að 18 ára ungmennum er heimil dvöl í áfengisveitingahúsum, en þjónar mega ekki veita eða afhenda áfengi gestum yngri en 20 ára. Því má ljóst vera, að innan veggja slíkra húsa er tíður hópur gesta sem ekki má veita áfengi. Getur slíkur hópur verið býsna stór, jafnvel 80–90% allra gesta, einkum á stöðum sem yngra fólk sækir."

Dómsmrn. sendi á sínum tíma umsögn við þetta frv. og bendir á þessi vandkvæði. Í umsögn dómsmrn. segir:

„Einnig má nefna að ungmennum 18 ára og eldri er lögum samkvæmt heimilaður aðgangur að áfengisveitingahúsum en hins vegar óheimilt að kaupa áfengi hafi 20 ára aldri ekki verið náð. Breyting í þá átt sem hér um ræðir [þ.e. að lækka áfengiskaupaaldurinn] kann að einfalda eftirlit með starfsemi áfengisveitingahúsa að því leyti að samræmi verði á milli lágmarksaldurs til aðgangs að áfengisveitingahúsum og aldurs til kaupa á áfengi."

Þegar dómsmrn. gaf umsögn um þetta frv., um lækkun á áfengiskaupaaldrinum, þá mælti það ekki gegn lækkun á áfengiskaupaaldrinum þó þeir hafi heldur mælt ekki með því. Sama kemur fram í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa um það ósamræmi sem þarna er.

Ég tel, herra forseti, að það hljóti að koma til skoðunar við meðferð þessa máls á þingi að breyta áfengiskaupaaldrinum úr 20 árum í 18 ár. Ég mun beita mér fyrir því að það verði skoðað sérstaklega í allshn. og þar verði reynt að ná samstöðu um breytingu á þessari 18. gr. frv., þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Náist ekki samstaða um það í nefndinni geri ég ráð fyrir að ég muni beita mér fyrir því, ásamt öðrum sem áður hafa flutt þetta mál, að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Ég mun væntanlega, ásamt fleiri þingmönnum, ef ekki næst samstaða um þetta í allshn., flytja brtt. þar að lútandi við 2. umr. þessa máls.

Auk þeirra raka sem ég hef hér nefnt varðandi ósamræmi og erfiðleika við eftirlit á vínveitingastöðum eru ýmis önnur rök sem mæla með breytingunni. Ég nefni til það nýjasta sem gerst hefur í löggjöf um að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Ég bendi á að þegar áfengiskaupaaldurinn var á árinu 1969 færður úr 21 ári í 20 ár var eitt af meginrökunum — eins og reyndar kemur fram í greinargerð með þessu frv. — að lækkun á áfengiskaupaaldri væri til samræmis við breytta löggjöf um kosningarrétt, kjörgengi, lögræðisaldur og hjúskaparaldur. Við höfum breytt lögræðisaldrinum. Ef það að færa áfengiskaupaaldurinn til samræmis við lögræðisaldur og hjúskaparaldur hafa verið rök árið 1969, þá hljóta þau rök að gilda í dag. Þessar mörk hafa nú breyst og eru nú við 18 ár. Eftir stendur að áfengiskaupaaldurinn er áfram miðaður við 20 ár. Ég mun við 2. umr. þessa frv. gera ítarlega grein fyrir rökunum með og á móti þeirri brtt. sem ég legg til við frv. Ég ætla þó að rifja upp helstu atriði sem mæla með því.

Á sínum tíma voru margir umsagnaraðilar samþykkir því að færa áfengiskaupaaldurinn úr 20 ára í 18 ára. Ég hef nefnt lögreglustjórann í Reykjavík og ég nefni því til viðbótar Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, sem mælti með þessu. Ég hef í höndum nýlegt bréf frá landlæknisembættinu sem dagsett er 24. febr. 1998 en þar segir, með leyfi forseta:

„Um nokkurt skeið hefur landlæknisembættið fylgst með umræðum um áfengiskaupaaldur, bæði hér á landi sem erlendis. Það er skoðun þessa embættis að áfengiskaupaaldur eigi að vera 18 ár enda séu aðstæður slíkar í þjóðfélaginu að það sé réttlætanlegt. Má í því sambandi benda á kosti þess að saman fari aldur til áfengiskaupa, sjálfræðis, fjárræðis, kosninga og jafnvel ökuréttinda. Þá er rétt að minna á að áfengislög heimila ungmennum að vera á veitingahúsum með fullu vínveitingaleyfi eftir 18 ára aldur, enda þótt þau megi ekki kaupa áfengi fyrr en við tvítugsaldurinn. Verður að telja líklegt að erfitt sé að framfylgja slíkri löggjöf. Það verður engu að síður að leggja ríka áherslu á að kynna fyrir ungu fólki þær áhættur sem fylgt geta áfengisneyslu, sérstaklega er varðar áfengi og akstur."

Fyrir liggur að landlæknisembættið, lögreglustjórinn í Reykjavík og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar mæla með því að færa áfengiskaupaaldurinn úr 20 ára aldri í 18 ár.

Ég held að öllum ætti að vera ljóst að ákvæði áfengislöggjafarinnar um 20 ára aldursmörk eru í reynd óvirk. Þeim sem ætla sér að neyta áfengis og eru undir 20 ára aldri eru yfirleitt opnar leiðir til að ná sér í áfengi þegar þeim hentar. Auðvitað felst mikil þversögn í því að við 18 ára aldur geti fólk ráðið sjálft öllum persónulegum högum sínum, haft jafnt sjálfræði sem fjárræði. Þannig getur 18 ára einstaklingur tekið bankalán og orðið sjálfskuldarábyrgðarmaður vegna þriðja aðila eða handhafi greiðslukorta. Honum er treyst fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir giftingu og uppeldi barna, því að hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþings og sveitarstjórna, en hann getur ekki séð fótum sínum forráð og borið ábyrgð á meðferð og neyslu áfengis eins og aðrir. Átján ára einstaklingur hefur einnig rétt til að kjósa um hvort opna skuli áfengisútsölu í tilteknu bæjarfélagi. Við 18 ára aldurinn ræður hann hvort hann flytur að heiman, heldur áfram skólagöngu o.s.frv.

Víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við er áfengiskaupaaldurinn miðaður við 18 ára aldur. Ég nefni Danmörku, Noreg, Þýskaland, Bretland, Frakkland og fleiri lönd.

Ég hef áður nefnt, að vínveitingastaðir mega í raun hleypa inn 18 ára og eldri en hins vegar má ekki selja þeim áfengi sem er undir tvítugu. Til að losna við vandræði af þessum sökum þá setja allmargir vínveitingastaðir aldursmörkin við tvítugt. Það þekkist jafnvel að miðað sé við 25 ára aldur. Þannig er ungu fólki undir tvítugu oft vísað frá skemmtistöðum vegna þessa ákvæðis í áfengislögunum, jafnvel þótt það ætli ekki inn þeirra erinda að kaupa áfengi.

Ég held, herra forseti, að með því að lækka áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár sé verið að breyta lögum sem ekki er farið eftir og erfitt er að framfylgja. Lög sem ekki er farið eftir, mörgum finnast óréttlát og óskynsamleg og örðugt er að framfylgja, eru ekki góð lög.

Ég sagði áðan, herra forseti, að ég mundi fylgja þessu máli betur eftir við 2. umr. þessa máls en ég mun freista þess, herra forseti, að ná samstöðu um þessa brtt. við meðferð málsins í allshn.

[15:56]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það má með sanni segja að brennivínsmál hafa verið fyrirferðarmikil í umræðum á þinginu síðustu dagana. Hér er komið til umræðu það fjórða, og væntanlega það síðasta í bili, af skyldum frv. Það er frv. hæstv. dómsmrh. til breytinga á áfengislögum sem er að hluta afrakstur þess nefndarstarfs sem tengist öllum þessum málum.

Í frv. eru nokkur atriði sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni. Ég minni þó, herra forseti, á þá tillögu mína til forseta frá því í gær, að forsetar beiti sér fyrir því að viðkomandi þingnefndir vinni sameiginlega að þessum málum. Þannig er að þessi mál ganga til þriggja ólíkra þingnefnda. Það mál sem hér er flutt af hæstv. dómsmrh. mun ganga til allshn., ef að líkum lætur. Tvö frv. a.m.k. eru komin fyrir efh. og viðskn. eða á leið þangað og eitt til viðbótar sem hæstv. heilbrrh. hefur flutt mun væntanlega fara til heilbr.- og trn.

Af því að þessi mál eru öll samhangandi og tengjast nefndarstarfi á vegum hæstv. ríkisstjórnar þar sem ein nefnd en ekki fjórar voru á ferðinni, held ég að heppilegt væri að viðkomandi þingnefndir hefðu samráð sín í milli við meðferð þessara mála. Þar eru nokkur sameiginleg atriði sem ástæða er til að huga að.

Það sem ég vil nefna fyrst, herra forseti, er uppsetning þessa frv. Uppbygging þess kemur nokkuð á óvart. Í raun og veru er fjallað um þá atvinnustarfsemi að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis, líkt og um almenna rammalöggjöf fyrir venjulega atvinnustarfsemi sé að ræða. Eins og 3. gr. er upp sett verður hún varla skilin öðruvísi en að gera megi ráð fyrir því að fjöldi aðila verði á komandi árum felldur undir þessa löggjöf og hafi starfsemi af þessum toga með höndum. Og ég vek athygli á því að bæði í 1. og 2. mgr. 3. greinar er talað um smásölu á áfengi. Þar stendur með leyfi forseta: „Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum."

Í 2. mgr. segir: „Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem lögin áskilja."

Þetta vekur nokkra athygli, herra forseti, af hverju valið er að byggja frv. upp á þennan hátt. Síðan kemur að vísu í 1. málsl. 10. gr.: „Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis." En að öllu öðru leyti en þessum eina málslið, upphafsmálsl. 10. gr., er frv. þannig uppbyggt að það virðist bera með sér að annaðhvort hafi menn ætlað sér eða ætli sér í framtíðinni að láta þessa löggjöf taka til aðstæðna þar sem fjöldi aðila gæti haft þessa starfsemi með höndum. Ég tel að orðið „smásala" ætti að hverfa úr 3. gr., bæði 1. og 2. mgr. Það á þar ekki heima svo lengi sem stefnan er að Áfengis- og tóbaksverslunin hafi þetta einkaleyfi til meðhöndlunar. Ég geri þessa athugasemd, herra forseti, alveg sérstaklega við uppsetningu frv. sem er auðvitað meira en formsatriði. Þetta er líka efnisatriði.

Ég ætla ekki út í neinar getgátur um það af hverju þetta er svona úr garði gert, en nærri lætur að álykta að menn hafi verið að gera sér vonir um að það næði fram að ganga að einkaréttur ríkisins yrði afnuminn, en svo hafi menn ekki náð því fram eða heykst á því á síðustu stundu og skotið inn þessum 1. málsl. 10. gr. frv. Vilji menn, sem eðlilegt er, búa um þennan leyfisveitingafarveg fyrir þá sem stunda t.d. vínveitingar á veitingahúsum o.s.frv. eða þá sem samkvæmt núgildandi lögum geta haft með höndum heildsölu eða innflutning og heildsöludreifingu á áfengi, þá er sjálfsagt að gera það en þá á að halda smásölunni algerlega fyrir utan. Það er fullkomlega óeðlilegt að setja hana inn í þennan leyfisveitingafarveg og inn í 3. gr. yfir höfuð. Einnig vegna þess, herra forseti, og það kemur náttúrlega afar spánskt fyrir sjónir að gert er ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ef ég hef náð að lesa þetta rétt, þurfi að sækja um starfsleyfi með sama hætti og aðrir aðilar þó að hún hafi með höndum samkvæmt lögum einkarétt á þessari starfsemi. Hvaða della er þetta? Til hvers í ósköpunum? Á ÁTVR að sækja um fyrir hverja einustu útsölu sem þeir hafa? Og af hverju er það? Ég sé ekki annað en ákvæði til bráðabirgða aftan við lögin feli það í sér, og meira að segja að það skuli gert strax innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Ég hefði talið að þarna ætti að ganga allt öðruvísi frá hlutunum. Það ætti að halda ÁTVR og útsölum þess bæði þeim sem nú eru þegar til staðar og eru starfandi og eins þeim sem ÁTVR setur á laggirnar á komandi missirum algerlega utan við leyfaveitingar og eftirlitsþáttinn sem snýr að einkaaðilum og öðrum sem þarna hafa starfsemi með höndum. Það eru algerlega óskyldir hlutir í mínum huga og á ekki að blanda þeim saman — nema menn séu að undirbúa jarðveginn fyrir eitthvað annað, undirbúa það að einkavæða jafnvel bakdyramegin einhverja þætti í þessari starfsemi. Ég trúi því að vísu ekki upp á hæstv. dómsmrh. og vona að þetta sé ættað annars staðar frá en það hann hafi átt þetta sem sitt óskafyrirkomulag að ganga svona frá þessu. Ég teldi hæstv. dómsmrh. mann að meiri ef hann styddi það að þessu óeðlilega fyrirkomulagi og slíkri uppsetningu, sem ég geri ráð fyrir eða gef mér að sé arfur frá nefndarstarfinu, yrði hafnað í meðförum þingsins og þetta sett inn þannig á nýjan leik að frv. sem að mörgu leyti er ágætt til síns brúks gagnvart því að ganga frá formlegri hlið mála, t.d. hvað varðar leyfisveitingar til vínveitinga, yrði haldið aðskildum frá þeim umbúnaði sem er um starfsemi ÁTVR. Mig undrar þetta sem sagt mjög, herra forseti, að gert skuli vera ráð fyrir því að setja ÁTVR undir þetta leyfisvald lögreglustjóra þrátt fyrir einkaleyfi sitt. Hin opinbera stofnun á þessu sviði sem hefur einkaleyfi með höndum sem m.a. er rökstutt og er hluti af aðhaldssamri stefnu stjórnvalda í áfengismálum, skuli sett þarna undir leyfisvald lögreglustjóra. Mér finnst það fullkomlega fáránlegt, ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti. Mér finnst það líka stjórnskipulegur eða stjórnsýslulegur vanskapnaður að ganga þannig frá hlutunum.

Þá vil ég víkja að öðru, herra forseti, og það er reyndar eitt af því fáa sem er alveg óbreytt í þessu frv., ef ég hef lesið rétt, frá gildandi áfengislögum og það er 20. gr. um bann við áfengisauglýsingum og gott og vel. Ekki er ég að gerast talsmaður þess að menn slaki á í þeim efnum eða fari að leyfa brennivínsauglýsingar. Hitt eru meiri vonbrigði að í ljósi ástandsins í þeim efnum skuli hæstv. dómsmrh. ekki koma með tillögur um hvernig sé hægt að ná betur utan um framkvæmdina á því banni, því verið er að reyna að brjóta það alveg miskunnarlaust úti í þjóðfélaginu með ýmsum ráðum. Mér er kunnugt um það að lögregluyfirvöld telja sér vera nokkuð umhent og nokkur vandi á höndum að standa þannig að framkvæmdinni að þetta haldi. Ítrekað

hafa bæði einstaklingar, samtök og áfengisvarnaráð kvartað til lögregluyfirvalda, kært og bent á að um brot eða a.m.k. ætluð brot á banni við áfengisauglýsingum sé að ræða. Það sé verið að reyna að fara með ýmsum hætti í kringum þetta bann en lítið hefur gerst í þeim efnum og þar bera lögregluyfirvöld því við, er mér sagt, að erfitt sé að ná utan um framkvæmdina í þeim efnum.

Það væri auðvitað algerlega fráleitt í ljósi þeirrar umræðu sem uppi er í þjóðfélaginu um vandamál þessu tengd og það sem er að gerast víða erlendis, að menn eru að hverfa til aðhaldssamari framkvæmdar í þessum efnum, ef við Íslendingar færum að slaka eitthvað á nú. Ég held að upplýsingarnar sem æpa á okkur alls staðar að úr þjóðfélaginu hvað varðar stöðu okkar gagnvart áfengis- og vímuefnavandanum gefi engin tilefni til slíks. Þvert á móti hefði verið meiri ástæða til að menn hefðu við þessa endurskoðun á lögunum reynt að styrkja þau ákvæði eða gera þau þannig afdráttarlausari að mönnum væri ekki látið líðast það, mér liggur við að segja eins og auglýsingar á köflum hafa verið upp á síðkastið, að gera grín að yfirvöldum, löggjafanum, framkvæmdarvaldinu og löggæsluyfirvöldum með ósvífnum tilraunum til að fara í kringum þetta bann þar sem t.d. er verið að skjóta sér á bak við það að um vörumerki sé að ræða sem jafnframt taki til gosdrykkja eða taki til óáfengs öls, en allar auglýsingarnar eru þannig að augljóst má vera að það er ekki það sem verið er að vekja athygli á eða beint og óbeint auglýsa í auglýsingunum. Ég að vísu skil ekki hvað mönnum gengur til sem ástunda slíkt. Mér finnst það heldur lélegur húmor satt best að segja og menn setja sjálfa sig mest niður með slíku. En lög eru einu sinni lög og það ber að reyna að standa þannig að framkvæmd þeirra að þau séu virt og þau séu haldin. Það á ekki að líða einum né neinum að gera grín að þeim eða gera sér það að leik, næstum að segja, að lítilsvirða þau.

Herra forseti. Ýmsar þjóðir eru að feta sig til baka í áttina til þess að takmarka eða jafnvel banna auglýsingar á áfengi og tóbaki og hefur vakið mesta athygli af öllum þjóðum meira að segja þegar Frakkar settu í gang herferðir í þeim efnum að takmarka áfengis- og tóbaksauglýsingar, útrýma þeim t.d. úr íþróttum og banna að á kappleikjum séu auglýsingaspjöld sem auglýsi áfengi o.s.frv. Þar með eru þeir að reyna að feta sig til baka enda hafa þeir við ærinn vanda að glíma eins og kunnugt er sem án efa er að einhverju leyti tengdur þeirri losaralegu stefnu sem þeir hafa í þessum efnum og löggjöf.

Ég lýsi eftir því, herra forseti, hvernig hæstv. dómsmrh. telur að framkvæmdin gangi hvað varðar auglýsingabannið í 20. gr. áfengislaganna eða a.m.k. í 20. gr. þessa frv. Ég hygg að það sé sama númer og hefur verið í gildandi lögum. Telur hæstv. ráðherra í öðru lagi að það sé ástæða til eða nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar til að sú framkvæmd gangi betur upp og þá hverjar? Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að fá að heyra í tengslum við 1. umr. málsins.

Ég minni, herra forseti, á að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson höfum lagt fram frv. sem var reyndar til umræðu í gær. Við lögðum til að því yrði vísað til hv. efh.- og viðskn. af því að það fjallaði að verulegu leyti um þá hlið sem heyrir undir hæstv. fjmrh. Þar eru á ferðinni hlutir sem tengjast efni þessa frv. einnig og breytingar á áfengislögunum sjálfum eins og þær sem tengjast möguleikum til að opna nýja útsölustaði og fella niður lágmarks íbúafjölda í viðkomandi byggðarlögum og fleira í þeim dúr og er sumt mjög hliðstætt því sem hér er lagt til.

Ég endurtek, herra forseti, að lokum þá ósk mína að öll þessi mál verði skoðuð samsíða og reynt að ná fram einhverri sæmilegri samstöðu um afgreiðslu málsins. Það er að vísu nokkur skaði að hæstv. fjmrh. skuli ekki heiðra okkur með nærveru sinni eða geta verið viðstaddur því ljóst er að hæstv. fjmrh. er mikill hugsjónamaður í þessum efnum, ef svo má að orði komast sem er kannski hæpið að gera, en hæstv. fjmrh. hefur lengi átt sér hugsjónir eins og kunnugt er í brennivínsmálunum, sem sé þeim að einkavæða þetta hvað sem það kostar með öllum tiltækum ráðum. Hæstv. fjmrh. varð að vísu að lýsa vonbrigðum sínum og hryggð með það hversu skammt hann hefði komist áleiðis með þetta hugðarefni sitt í umræðum um annað dagskrármál fyrr í þessari viku. En hæstv. ráðherra er mikilvægur aðili að þessum málum þar sem Áfengis- og tóbaksverslunin heyrir undir fjmrh. og lög um verslun með áfengi og tóbak, gjöld af áfengi og fleiri þættir þessa máls eiga sér þar föðurhús. En það gefast e.t.v. tækifæri til að halda áfram umræðum við hæstv. fjmrh. um þessi mál síðar. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. dómsmrh. sem lúta annars vegar aðallega að uppsetningu frv. og innihaldi, hvernig gengið er frá málum varðandi ÁTVR og einkaleyfi þess og hins vegar þann þáttinn sem ég gerði síðar að umtalsefni og snýr að auglýsingunum.

[16:14]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til áfengislaga sem upphaflega hafði reyndar annan tilgang en þann sem yfirlýstur er í grg. með frv. Þetta frv. ber þess öll merki að einkavæða átti áfengisverslun í landinu. Eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þá er það fyrst og fremst í 1. mgr. 10. gr. frv. sem einkaréttur ÁTVR til smásölu á áfengi er tryggður.

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum."

Og í ákvæði til bráðabirgða segir að sækja skuli um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, er gert ráð fyrir því að ÁTVR þurfi að sækja um leyfi fyrir þeim verslunum sem þegar eru starfræktar. Það er vitað mál að það hefur lengi verið pólitískur ásetningur hæstv. fjmrh. að einkavæða ÁTVR og eins og ég hef sagt hér í ræðustól er þar á ferðinni heiðarlegur maður sem hefur hvorki leynt Alþingi né þjóðina þessum ásetningi sínum. Hann hefur hins vegar lýst því yfir hér og á öðrum vettvangi að hann hafi ekki komist lengra en raun ber vitni fyrir samstarfsflokknum í ríkisstjórn, að Framsókn hafi viljað fara hægar en hann hefði kosið. Mér leikur forvitni á að vita hver hinn pólitíski ásetningur hæstv. dómsmrh. er í þessum efnum vegna þess að fram til þessa höfum við fyrst og fremst átt orðastað við hæstv. fjmrh., þ.e. hvort hæstv. dómsmrh. sé reiðubúinn að hlusta á vilja þjóðarinnar sem ítrekað hefur verið staðfestur í skoðanakönnunum og á annan hátt og er á þá lund að halda því fyrirkomulagi sem við búum við núna og tryggja þannig þá stefnu í heilbrigðis- og vímuvarnamálum sem dreifingarfyrirkomulagið býður upp á.

Ég hefði kosið að við þessa umræðu hefði hæstv. fjmrh. einnig verið viðstaddur en ekki síður formaður efh.- og viðskn. Alþingis. Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til

hæstv. forseta hvort formaður efh.- og viðskn. Alþingis sé í húsinu og hvort hann ætlar að láta svo lítið að koma hingað og hlusta á þessa umræðu og taka til máls, vegna þess að þar fer saman í einum og sama manninum, alþingismaður, formaður efh.- og viðskn. og framkvæmdastjóri Verslunarráðsins sem hefur haft mjög miklar og ákveðnar skoðanir á þessum málaflokki.

(**Forseti** (RA)**:** Vegna orða hv. þm. er rétt að forseti upplýsi að formaður efh.- og viðskn. er ekki í húsinu. Um hitt hvort hann vill vera viðstaddur umræðuna get ég engu svarað en ég mun gera honum viðvart að óskað sé eftir nærveru hans.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessar upplýsingar. Það munu eflaust gefast tækifæri síðar til að eiga orðastað við hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., um þetta mál ef þetta frv. á annað borð kemur úr nefnd á þessu þingi.

Ástæðan fyrir því að ég auglýsi eftir hv. formanni efh.- og viðskn. er sú að á bak við alla þessa lagasmíð sem hér er til umræðu eru starfandi nefndir á öðrum vettvangi sem eru að gera tilraunir til að breyta því fyrirkomulagi sem við búum við. Þannig hefur verið skipuð á vegum fjmrn. nefnd sem hefur þann megintilgang að athuga hversu nýta megi heimildir laga um ÁTVR og laga um fjárreiður ríkisins til að losa um þau verkefni sem ÁTVR hefur nú með höndum. Og tækið sem menn ætla að nýta sér til þessara verka er 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins sem gefa ríkisstjórninni og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. heimild til að breyta rekstrarformi starfsemi og stofnana á hans vegum. Reyndar hafa ýmsar skorður verið reistar í því efni og það má að hluta til þakka stjórnarandstöðunni og þá sérstaklega þingmönnum Alþb. og óháðra sem vöktu athygli á þessari brotalöm laganna þegar þau voru til afgreiðslu hér sl. vor.

Það er ekki nóg með að starfandi er nefnd sem er að reyna að einkavæða ÁTVR og koma dreifingu á brennivíni og tóbaki í hendur heildsala og helst inn í einstakar verslanir einnig, heldur er það svo að yfir ÁTVR hefur verið skipuð stjórn af hálfu hæstv. fjmrh. sem hefur sjálf lýst því yfir að hún ætli ekki að starfa í samræmi við þessi lög og ekki í samræmi við þær yfirlýsingar sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., sagði hér í ræðustól að hún ætti að starfa samkvæmt. Hann sagði hér á sínum tíma að nefndin ætti að vera fagleg, hún ætti að styrkja faglega stjórn á fyrirtækinu og gera stjórn þess fjarlægari hinu pólitíska valdi. Síðan fengum við í gær og fyrradag hæstv. fjmrh. í ræðustól og hann lýsti því yfir að hið gagnstæða væri upp á teningnum. Stjórn ÁTVR væri eins konar framlenging á honum sjálfum, á hinu pólitíska valdi hans og þannig hefur hann réttlætt tilraunir hennar til að fara á bak við lögin og einkavæða þessa starfsemi.

Ég auglýsi eftir pólitískum ásetningi hæstv. dómsmrh. í þessum efnum þar sem að hluta til er verið að færa starfsemi sem áður tilheyrði fjmrn. undir hans ráðuneyti.

Eitt atriði sem ég vil gera að umræðuefni er eftirlitsþátturinn með áfengisdreifingunni. Hann er nú að hverfa úr höndum víneftirlitsmanna og til lögregluyfirvalda í ríkari mæli en verið hefur. Hér segir í 4. gr. frv., með leyfi forseta:

„Lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum."

Í umsögn eða greinargerð með frv. segir m.a.:

„Samkvæmt 4. mgr. skulu lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim aðilum sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögunum. Ríkislögreglustjóri mun hafa yfirumsjón með og annast skipulag áfengiseftirlits á landsvísu. Hann mun gefa fyrirmæli til lögregluembætta og setja þeim starfsreglur um áfengiseftirlit, auk þess að skipuleggja sérstök átaksverkefni í samráði við einstök lögregluembætti og eftir atvikum skatt- og tollyfirvöld. Þá mun ríkislögreglustjóri halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Lögreglustjórar munu hafa eftirlit með birgðageymslum, áfengisútsölum og áfengisveitingahúsum, hver í sínu umdæmi."

Þetta segir m.a. í greinargerð frv. Allt er þetta góðra gjalda vert. En mín spurning er þessi: Hvers vegna ekki að fara einföldustu, ódýrustu og hagkvæmustu leiðina til að hafa hér markvisst eftirlit með dreifingu á áfengi í landinu? Hvers vegna ekki að gera það? Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að ef menn langar mikið að gera við eitthvað þá þurfi þeir fyrst að vita hvað er bilað. Síðan eiga menn að gera við. Ríkisstjórnin sem nú situr hafði ekki þennan háttinn á. Hún byrjaði á að reyna að gera við. Reyndar byrjaði hún fyrr, á fyrra stigi, því hún byrjaði á því að eyðileggja. Og hvað var það sem hún eyðilagði? Hún eyðilagði möguleika okkar til að hafa mjög markvisst eftirlit með dreifingu á áfengi í landinu. Hver einasta brennivínsflaska sem kom löglega til landsins var brennimerkt á vegum ÁTVR. Þessu neitaði reyndar hæstv. fjmrh. í umræðum hér á sínum tíma, en þannig var það nú. Og víneftirlitsmenn sem höfðu eftirlit með höndum í veitingahúsum gátu gengið að því sem vísu að ef flöskur sem þar fundust voru ekki merktar þessu merki ÁTVR var þar um smygl að ræða. Allt þetta var afnumið og síðan viðurkenna menn að eftirlitið með vínsölunni er í molum. Ég beindi þeirri spurningu til fjmrn. á síðustu dögum þingsins fyrir jól og fékk svar skömmu eftir jól, hvernig háttað væri eftirliti og það kemur fram í hans svari að eftirlitið er í molum. Eftirlitið er algerlega í molum, enda bendir ráðuneytið á að það þurfi að efla og skipuleggja betur eftirlit með dreifingu á áfengi innan lands. Þetta er viðurkennt og staðhæft. Og hvað þarf til? Nú vitna ég orðrétt, með leyfi forseta, í þetta svar fjmrn.:

„Ekki er síst talin þörf á að styrkja þann lagagrundvöll sem eftirlit byggist á og færa það undir lögregluyfirvöld."

Og nú eru menn teknir til þess að smíða lög og reglugerðir og koma lögreglunni og nýjum yfirvöldum og nýjum báknum og nýjum aðilum að þessu máli í stað þess að fara einföldustu leiðina, þá leið sem við fórum í upphafi. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að hann sé einhver sérstakur boðberi framsækinna sjónarmiða. Hann er fulltrúi afturhaldsins. Hann er fyrst og fremst fulltrúi Verslunarráðsins og hagsmunaaðila sem vilja hagnast á brennivínssölu og tóbakssölu en í þessu máli er það Framsfl. sem hefur að hluta til haft, sem betur fer, vit fyrir fjmrh. og komið í veg fyrir að hann færi sínu fram í þessum efnum. Ég hefði viljað að Framsfl., sem hefur sýnt framsýni í þessum málum, hefði gengið lengra í þessu efni en hann þó hefur gert. Og þá hefði hann betur vorið 1995 stöðvað þá lagabreytingu sem Sjálfstfl. knúði í gegnum þingið um að færa heildsöluverslunina með áfengi frá ÁTVR yfir til heildsalanna með þeim afleiðingum að eftirlit með áfengissölu er algerlega í molum í landinu.

Mér finnst að maður eigi að temja sér að gera aðeins við það sem er bilað og að maður eigi að vita hvað er bilað áður en maður fer að gera við það. Og í samræmi við þetta höfum við lagt fram frv., tveir alþingismenn, ég og hv. þm.

Steingrímur J. Sigfússon, um að færa þessi dreifingarmál til nútímans og til betri vegar. Við göngum miklu hreinna og beinna til verks en gert er í því frv. sem hér er til umræðu og er í rauninni ótrúlegar umbúðir og endalaus reglugerðasmíð og nefndir og lögregla og ég veit ekki hvað og hvað, til að ná markmiði sem má ná á miklu markvissari, ódýrari og auðveldari máta en hér er gert ráð fyrir. Og hvað er það sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leggjum til?

Við viljum færa aukin völd til þess aðila sem hefur þessi mál með höndum, ÁTVR, að hægt sé að opna útsölustaði á fleiri stöðum en nú er gert og við viljum að Alþingi hafi hönd í bagga með að skipa stjórn þessa fyrirtækis, ekki að það sé fjmrh. einn sem er að koma pólitík sinni fram í gegnum þessa stjórn þvert á það sem sagt var að reyndin yrði. Ég benti á það við umræðu í gær að full ástæða er til að hraða þeirri breytingu því að sjö sveitarfélög hafa samþykkt það í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu að þau vilji fá áfengisútsölur, Grindavík, Mosfellsbær, Garðabær, Hveragerði, Eskifjörður, Dalvík og Þórshöfn, og það er hæstv. fjmrh., það er ríkisstjórnin sem stendur í vegi fyrir því að lýðræðislegur vilji fólksins nái fram að ganga og við þekkjum öll ástæðuna. Ástæðan er sú að þeir vilja koma óorði á ÁTVR. Þeir fara fram með Verslunarráðinu í því efni og vilja sýna að þarna fari hin íhaldssama slæma ÁTVR-ríkisstofnun og eina ráðið sé að einkavæða starfsemina til að koma til móts við vilja fólksins. Við erum með tillögu um að komið verði til móts við vilja fólksins og möguleikar til þess fyrir ÁTVR verði rýmkaðir verulega.

Við erum með ýmsar aðrar tillögur um breytingar í lagafrv. okkar sem við gerðum grein fyrir í gær en ástæðan fyrir því að ég vek máls á þessu nú er sú að þessi mál eru öll samtvinnuð. Þau frumvörp sem eru til umræðu og hafa verið til umræðu þessa dagana hanga öll í einni og sömu spyrðunni. Ég auglýsi eftir því hver vilji hæstv. dómsmrh. er í þessum efnum. Hver er pólitískur ásetningur hans? Vill hann á sama hátt og hæstv. fjmrh. losa um öll þessi bönd og einkavæða starfsemina, fara að vilja Verslunarráðsins í þessu efni, fara að vilja heildsalanna, þeirra sem hafa fundið peningalykt af brennivíns- og tóbakssölunni eða vill hann hlusta á vilja þjóðarinnar og reyna að haga þessum málum í samræmi við þau sjónarmið sem hafa verið í heiðri höfð og reka þetta fyrst og fremst sem hluta af heilbrigðis-, félagsmála- og velferðarpólitík?

[16:33]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu mikið mál, frv. til áfengislaga sem lagt er fram af ríkisstjórninni. Út af fyrir sig er ýmislegt sem horfir til bóta í frv. sem ég vænti að nái fram að ganga en frv. í heild sinni fer að sjálfsögðu til umræðu í allshn. þar sem ég á sæti.

Mig langaði aðeins af því að þessi mikli bálkur er til umræðu að tæpa á örfáum atriðum sem lúta fyrst og fremst að 18. gr. frv., meðferð og neyslu áfengis. Eins og kemur fram í greininni, með leyfi forseta, stendur í 1. mgr.:

„Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt."

Svo kemur í seinni málsgrein: „Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri."

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðasta ári var lögum um sjálfræði breytt þannig að sjálfræðisaldur hækkaði úr 16 ára í 18 ára aldur eða til samræmis við svokallaðan lögræðisaldur. Það þótti eðlilegt að færa þetta til samræmis vegna þess að við þann aldur öðlast ungmenni samkvæmt lögum rétt til þess að gifta sig, stofna heimili og vera sjálfs sín ráðandi, bera ábyrgð á heimilishaldi og barnauppeldi sem verður að teljast það mikilvægasta sem við gerum í samfélagi manna að halda heimili og það er sú mesta ábyrgð sem á fólki hvílir. Þess vegna hefur mér alltaf þótt dálítil mótsögn að fólk sem hefur leyfi til þess að stofna heimili og á að vera fært um að ala upp börn, keyra bíla og taka þátt í mannlífinu með öllum hætti geti ekki farið inn á veitingastað og fengið sér bjór eða fengið sér léttvínsglas í góðra vina hópi og það má samkvæmt þessum lögum ekki einu sinni fá sér kampavínsglas við eigin giftingu því að það er ólöglegt samkvæmt frv. Það er engin breyting frá því sem áður hefur verið samkvæmt þessu.

Ég vil lýsa því yfir að ég er sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þessu ákvæði þurfi að breyta í meðförum þingsins þannig að það sé fært til samræmis við sjálfræðisaldurinn og lögræðisaldurinn að sá aldur gefi jafnframt heimild til þess að kaupa áfengi í áfengisverslunum sem og að sækja veitingastaði eins og annað fullorðið fólk. Það tíðkast í öðrum vestrænum ríkjum að miða þennan aldur við 18 ár, þ.e. að miða þessa heimild við 18 ár nema í Bandaríkjunum, sem mér skilst að sé enn þá miðað við 20 ár eða jafnvel enn hærri aldur í sumum ríkjum. Það er kannski ekki nein samræmd stefna í heiminum í þessum efnum frekar en mörgu öðru. En samræming hér á Íslandi miðað við Norðurlöndin t.d. er fyllilega eðlileg þannig að ég vil taka undir sjónarmið sem komið hafa fram um að þessu ákvæði verði breytt í meðförum allshn. sem yrði síðan kynnt í þinginu.

Að öðru leyti segi ég það sem skoðun mína að almennt eru menn of íhaldssamir hvað varðar sölu áfengs öls og léttvíns sem virðist ekki eiga að hnika neitt til í frv. og það ákvæði að ekki megi selja nema í áfengisverslunum sem eru á mjög takmörkuðum svæðum, það er ekki heimilt að nýta sér þessa þjónustu nema þar. Það hefur þýtt að margir stórir staðir hafa þurft að sæta því að íbúar þeirra svæða hafa enga aðra möguleika en að keyra langar leiðir til að ná sér í brjóstbirtuna eða þurfa að panta þetta með tilheyrandi kostnaði.

Mér finnst persónulega, herra forseti, að það ætti að heimila sölu á léttvínum og bjór í verslunum á öllum stöðum, t.d. kaupfélögum eða öðrum verslunum sem uppfylla ákveðin skilyrði um að eftirlit og aðbúnaður sé við hæfi. Mér finnst jafnforneskjulegt að hafa þetta áfram í einhverjum sérstökum verslunum og mjólkurbúðirnar voru áður fyrr en í dag eru menn eins og allir vita búnir að gleyma því þegar þurfti að bíða í biðröðum í lengri tíma til þess að geta náð í mjólkina. Nú er hún að sjálfsögðu í hverri einustu verslun sem á annað borð uppfyllir ákveðin skilyrði til þess að geta geymt slíkar

vörur. Það sama ætti að gilda um sölu á léttum vínum og bjór.

Það opnar að sjálfsögðu fyrir þann möguleika sem komið hefur fram að stórir staðir eins og Grindavík, Mosfellsbær, Garðabær og aðrir, sem hafa sótt um vínveitingar eða verslun til áfengissölu, fengju slíka heimild af sjálfu sér.

Ég verð líka að lýsa yfir furðu minni á því að þessi byggðarlög skulu ekki vera búin að fá leyfi til þess að selja áfengi fyrir löngu og mun beita mér fyrir því að slíkar heimildir fáist fyrir þau byggðarlög. Ég hef rætt þetta við fjmrn. sérstaklega og samkvæmt upplýsingum úr því ráðuneyti hefur verið beðið eftir því að þetta frv. væri tekið í gegnum þingið og þá opnað fyrir heimildir til fleiri byggðarlaga til að geta sett upp áfengisverslanir. Ég held að ekki verði langt þangað til að þingið muni breyta þessum lögum til samræmis við nútímann þannig að sala á áfengu öli og léttvíni geti verið í verslunum jafnt á Raufarhöfn sem í Reykjavík.

[16:42]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum bar ég fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh. út af endurskoðun áfengislaga, sérstaklega með hliðsjón af þeim vanda sem blasir við í Reykjavík í sambandi við fjölda vínveitingastaða en þeim hefur nú fjölgað stórkostlega á seinni árum eins og þekkt er og úrræði stjórnvalda til að halda utan um þau mál hafa í raun verið allt of veik. Nú verður að segja eins og það er að í frv. er farið yfir þau mál. Kannski er of mikið sagt að það sé tekið á þeim en það er aðeins farið yfir þessi mál og það verða nokkrar breytingar á meðferð þessara mála. Ég vil gagnrýna framlagningu frv. og uppsetningu þess vegna þess að ekki er á neinum einum stað í greinargerðinni farið yfir þær meginbreytingar sem frv. hefur í för með sér heldur verða menn, ef þeir ætla að kynna sér málið, að lesa umsagnir með hverri einustu grein og það er kannski ekki ofverkið okkar en það er samt þannig að það er þægilegra að nálgast mál ef þau eru sett upp með þeim hætti sem tíðkast hefur um áratuga skeið, t.d. í fjárlagafrv., og væri gaman ef menn yrðu sér úti um eins og eitt gamalt fjárlagafrv. í dómsmrn. til þess að hafa til hliðsjónar við uppsetningu mála því að þetta er ómöguleg framsetning á málinu eins og það er hér.

Ef ég þekki rétt til þessara mála felur 11. gr. frv. í sér veigamikla breytingu frá því sem verið hefur því að gert er ráð fyrir því að það sé sveitarstjórn sem fari með málin en gert er ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu eins og segir í greinargerð að sveitarstjórnir annist leyfisveitingar í sveitarfélögum en hingað til hefur ekki þurft að afla slíkra leyfa. Með öðrum orðum skil ég þetta þá þannig að þetta sé alfarið í höndum viðkomandi sveitarstjórnar og ég held satt að segja að það sé ekkert annað að gera en hafa þetta þannig vegna þess að í rauninni er ekki við því að búast að önnur yfirvöld geti tekið á þeim málum sem skyldi þó að því sé ekki að neita að það geti verið býsna flókið fyrir yfirvöld í mjög litlum sveitarfélögum að taka á þessum málum og þróa þau eins og eðlilegt er en að því er varðar Reykjavík, er þetta tvímælalaust skynsamlegasta leiðin.

Í 1. mgr. er að finna reglu þess efnis að sveitarstjórn leiti álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar áður en leyfi til rekstrar áfengisútsölu er veitt, það er fínt. Í Reykjavík yrði þetta þannig að viðkomandi sveitarstjórn yrði að leita álits bæði byggingarnefndar og skipulagsnefndar. Þetta er m.a. gert til að tryggja að rekstur sá sem óskað er eftir leyfi fyrir raski ekki lögmætum hagsmunum annarra. Hér er um gríðarlega mikilvægt atriði að ræða. Ég er alveg sannfærður um að borgaryfirvöld í Reykjavík mundu hafa fagnað því að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum núna undanfarna mánuði þegar keyrt hefur um þverbak stundum að því er varðar rekstur veitingastaða í miðborg Reykjavík.

Síðan segir: „Sérstaklega er kveðið á um að sveitarstjórn rökstyðji álit sitt og geri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ráðið hafa niðurstöðu hennar.“ Þetta er mikilvægt. „Í 2. mgr. kemur fram að sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu sína á leyfi til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, opnunartíma og önnur málefnaleg atriði.“ Þetta er einnig mjög mikilvægt og ýmis takmörkunarákvæði sem eru inni eru einnig mikilvæg. Ég tel því í rauninni að hér sé að nokkru leyti verið að búa til leið til að halda utan um þessa hluti með skikkanlegum hætti, ef ég skil þetta rétt. En ég viðurkenni að ég er ekki svo fróður um gildandi lög að ég kunni að átta mig á breytingunum í öllum tilvikum í smáatriðum.

Ég tek eftir því, herra forseti, að það er bersýnilega gert ráð fyrir því að farið verði með Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ef ég kann að lesa þetta rétt, eins og hvern annan útsöluaðila áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður gert skylt að sækja um leyfi til smásölu á áfengi til viðkomandi sveitarstjórnar. Ég skil þetta þannig. Þar með sýnist mér að verið sé að fella út hinar landsfrægu og vinsælu atkvæðagreiðslur um útsölustaði áfengis, ef ég skil þetta rétt. Út af fyrir sig ætla ég ekki að vera með skoðanir uppi á því hvort halda á í þær. Ég er almennt þeirrar skoðunar að fólk eigi að fá að greiða atkvæði um sem flesta hluti, en ég tel svo sem ekki að nein ástæða sé til þess að atkvæðagreiðsla sé frekar um þetta en eitthvað annað. En hér er auðvitað um að ræða býsna mikil tíðindi.

Það eina sem heldur inni einkarétti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu á áfengi er 1. mgr. 10. gr. í frv., ef ég kann að lesa það rétt, sem þýðir í rauninni að verið er að stíga fyrsta skrefið í þá átt að áfengissala geti verið svo að segja hvar sem er á landinu og við svo að segja hvaða aðstæður sem er aðrar í viðkomandi sveitarfélögum, enda samþykki viðkomandi sveitarstjórn.

Við vitum að á stöðum eins og t.d. Húsavík er áfengisútsalan ef ég man rétt rekin í ágætri samvinnu við efnalaugina á staðnum. Það er nú reyndar ekki alveg í sama húsinu en það er sami inngangur. (**KPál:** Og barnafataverslun.) Hv. þm. Kristján Pálsson upplýsir um að einhvers staðar sé barnafataverslun í grennd við áfengisútsölu. Út af fyrir sig getur verið að menn hafi þegar ruglað þannig saman reitum sínum að ekki sé nema stigsmunur frekar en eðlismunur á því að áfengissala verði í öllum almennum verslunum í framhaldi af samþykkt þessa frv. Mér sýnist að í rauninni sé verið að taka þá örlagaríku ákvörðun að stíga skref í þá átt að áfengisútsala verði framvegis eða geti verið í öllum verslunum, enda samþykki viðkomandi sveitarstjórn og þær undirstofnanir sem viðkomandi sveitarstjórn hefur á sínum vegum.

Ég er ekki viss um að þingmenn stjórnarflokkanna hafi allir áttað sig á því hvaða bylting þetta getur orðið að því er varðar áfengisútsölu og möguleika á því að selja áfengi í öllum hugsanlegum verslunum. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það er ekki rétt skilið hjá mér að tiltölulega einfalt verði að framkvæma þessi lög, ef þetta verður að lögum, þ.e. að áfengi verði selt í hvaða verslun sem er eftir að þetta yrði samþykkt. Ég rökstyð það þannig að einkarétturinn

er jú hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Til að geta selt það áfengi verður ÁTVR að óska eftir leyfi sveitarstjórnar. Ef sveitarstjórnin leyfir að áfengi sé selt í hvaða verslun sem er þá er það selt í hvaða verslun sem er. Ég sé því ekki betur en að hér sé um að ræða alveg ótrúlega breytingu á áfengisútsölum ef — og ég endurtek — ef stjórn ÁTVR og viðkomandi sveitarstjórn vilja. Þetta eru auðvitað gríðarlega mikil tíðindi ef þetta er svona. Ég vek athygli á þessu og ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort þetta sé rétt skilið hjá mér vegna þess að þá er auðvitað óhjákvæmilegt að þingið átti sig betur á málinu því ég er sannfærður um að mjög fáir einstakir þingmenn hafi gert sér grein fyrir því að verið sé að stíga þetta skref, þetta byltingarkennda skref í átt til útsölu og smásölu á áfengi í hvaða verslun sem er — enda samþykki viðkomandi stjórn ÁTVR og viðkomandi sveitarstjórn.

Þetta vildi ég nefna við 1. umr. málsins til skýringar á málinu a.m.k. fyrir mig, herra forseti.

[16:51]

**Útbýting þingskjals:**

Starfsemi Umsýslustofnunar varnarmála, 523. mál, fsp. MF, þskj. 896.

[16:51]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. innti mig eftir því hver væru pólitísk viðhorf mín til þess frv. sem hér liggur fyrir. Í sjálfu sér hefði átt að vera óþarfi að bera slíka fyrirspurn fram því að pólitísk viðhorf mín koma að sjálfsögðu fram í frv. sem er flutt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er að sjálfsögðu rétt eins og fram hefur komið í umræðum um önnur mál sem þessu frv. tengjast að hér eins og oft áður er um málamiðlanir að ræða, en ég stend að þeim tillögum sem lagðar eru fram og tel að þær séu um margt til bóta frá núverandi skipun þessara mála.

Hv. 13. þm. Reykv. vék að opnunartíma vínveitingastaða og spurði hvort ástæða væri til að gefa hann frjálsan til reynslu um tiltekinn tíma. Frv. gerir ráð fyrir því og þeirri grundvallarbreytingu að sveitarfélögin geti sjálf tekið ákvörðun um opnunartíma vínveitingahúsa. Þar er um að ræða að minni hyggju skynsamlega breytingu. Það er eðlilegt að sveitarfélögin sjálf taki ákvarðanir þar um.

Þá hefur verið vikið að því af nokkrum hv. þm. að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að sérstakt leyfi þurfi til þess að stunda smásölu með áfengi. Ég undrast svolítið þær athugasemdir sem gerðar eru í þessu samhengi. Ég held að það sé fullkomlega eðlilegt og í samræmi við almenn viðhorf í þessum efnum að sveitarstjórnir hafi nokkuð um það að segja hvort leyfðar eru áfengisútsölur í sveitarfélaginu eða ekki. Fram til þessa hefur það verið gert, eins og hér hefur verið vakin athygli á, með almennum atkvæðagreiðslum. Áfengisútsölur hafa verið háðar samþykki íbúa í viðkomandi sveitarfélögum í almennum atkvæðagreiðslum. Nú er verið að hverfa frá þeirri skipan en eftir sem áður að halda við það að sveitarstjórnirnar sem kjörnar eru af íbúunum taki til þess afstöðu þannig að það verði ekki einhliða ákvörðun Áfengisverslunarinnar hvort sett verði upp áfengisútsala í þessu sveitarfélaginu eða hinu og hvar henni verður niður komið. Ég tel fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin geti haft þarna stjórn á hlutum með tilliti til þeirra hagsmuna sem þau telja eðlilegt að verja í viðkomandi sveitarfélagi, og það geta auðvitað verið breytileg viðhorf frá einu sveitarfélagi til annars.

Hv. 12. þm. Reykv. spurði hvort með þessu móti væri hægt að koma áfengisútsölu fyrir í hvaða verslun sem er. Í 12. gr. er alveg afmarkað með hvaða hætti hægt er að koma þessum málum fyrir, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Smásöluleyfishafi skal ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðis þess sem hýsa á útsölustaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra kveður nánar á um hámarksafgreiðslutíma og sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð."

Hér er alveg afmarkað með hvaða hætti verslun getur tengst öðrum verslunum þannig að lögin sjálf kveða á um það efni.

Þá hefur verið vikið að ákvæðum 18. gr. um 20 ára aldursmörkin og reyndar að báðum efnismálsgreinum 18. gr. frv. Hér er um að ræða óbreytta skipan frá gildandi lögum og vissulega má ræða þessi álitaefni um aldursmörkin, og ég tel ekkert óeðlilegt að þau eins og önnur ákvæði í þessu frv. komi til sérstakrar skoðunar hjá hv. allshn.

Sama má segja um 20. gr. frv. Þar er áfram byggt á þeim sömu takmörkunum á auglýsingum sem verið hafa. Það er vissulega rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að talsverðum vandkvæðum hefur verið bundið að framfylgja þessum lagareglum. Lögreglan hefur talið að nauðsynlegt væri að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvar línur liggja til að auðvelda framkvæmd laganna, einkanlega með tilliti til þess að að ég hygg a.m.k. í einu tilviki hafi dómstóll komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið hægt að framfylgja banni vegna þess að það stangaðist á við stjórnarskrá. Þess vegna hefur lögreglan talið að þetta væri nauðsynlegt og ég veit ekki betur, þó að ég sé ekki með alveg nýjar upplýsingar um það, en lögreglan hafi verið með í undirbúningi að koma ágreiningsatriðum um tiltekin atriði fyrir dómstóla og fá úr því skorið og fá þannig öruggari grundvöll annaðhvort til þess að framfylgja lögunum eða huga að nýjum úrræðum ef niðurstaða dómstóla yrði á þann veg að það væri óhjákvæmilegt.

Í þessu efni er líka rétt að minnast á að ég held að það skipti mjög miklu máli um framkvæmd þessara auglýsingamála að almenn alþjóðleg samstaða takist í þessu efni. Það er líka örðugleikum háð að lög geta ekki komið í veg fyrir það að til að mynda í erlendum blöðum sem hér eru seld séu slíkar auglýsingar. Við gerðum fyrirvara í EES-samningnum um áfengisauglýsingar í útvarps- og sjónvarpssendingum sem kæmu erlendis frá hingað til lands. Evrópusambandið telur að við getum ekki staðið á þeim fyrirvara. Við höfum hins vegar talið að það væri rétt af okkar hálfu að standa fast á honum. En vandamál af þessu tagi sýna hversu mikilvægt það er að reyna að ná einhverri alþjóðlegri samstöðu um þessi efni.

Ég held að ég hafi þá vikið að flestum þeim athugasemdum sem fram hafa komið og fyrirspurnum í umræðunni og þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umfjöllun um þetta mál.

[17:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir svörin. Það er alveg skýrt að 12. gr., eins og hún lítur hér út, opnar fyrir það að útsölustöðum áfengis í landinu fjölgi mjög verulega. Það er að vísu rétt sem mér var bent á í sal að það verður kannski ekki til þess að opnaðir verði útsölustaðir áfengis í hinum dreifðustu byggðum, en ég spái

því að þetta ákvæði muni hafa það í för með sér að opnaðir verði miklu fleiri áfengisútsölustaðir í þéttbýlinu en verið hefur. Einhverjir kunna að telja það eðlilegt og sjálfsagt en aðrir benda á að það samrýmist kannski ekki þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setur sér að öðru leyti að því er varðar stefnuna í áfengis- og vímuefnamálum vegna þess að fyrir liggur samkvæmt rannsóknum á vegum alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í 30 ár að þeim mun meira og auðveldara sem aðgengi er að áfengi þeim mun meira aukast líkurnar á áfengisvandamálum og áfengissýki. Ég tel því að 12. gr. feli í sér byltingu í áfengisútsölumálum á Íslandi og skora á þingið að taka eftir henni því það á ekki að láta svona lagað fara í gegn þegjandi og hljóðalaust, enda hefur það örugglega ekki verið ætlun hæstv. dómsmrh. sem ég þakka fyrir svörin.

[17:02]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er e.t.v. ekki ástæða til að gera margar athugasemdir við andsvar hv. þm. Þó er rétt að vekja athygli á því að fram koma mjög mismunandi viðhorf þingmanna Alþb. og óháðra varðandi mat á því hvort þetta frv. muni leiða til fjölgunar á áfengisútsölum eða ekki. Hv. 8. þm. Reykv. telur að frv. muni leiða til þess að áfengisútsölum fjölgi stórkostlega en hv. 17. þm. Reykv. hefur haldið því hér fram að það sé stefna hæstv. fjmrh., og alveg augljós, að alls ekki eigi að fjölga frekar útsölum. Ég hef skilið hann svo að hann teldi einn aðalgallann á þessu frv. vera þann að alls ekki ætti að fjölga útsölustöðunum og það stafaði af því, að hans mati, að hæstv. fjmrh. teldi að þannig væri best komið óorði á Áfengisverslunina. Þetta lýsir því að þingmenn Alþb. og óháðra hafa mjög mismunandi mat á áhrifum frv. að þessu leyti.

[17:03]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skarplega athugað hjá hæstv. dómsmrh. og bendir til þess að hann skilji hlutina sínum sérstæða skilningi stöðugt. Ég ætla svo sem ekki að blanda mér í það. Mér finnst þetta ekki efnisleg athugasemd af hans hálfu og breytir engu. Aðalatriðið í mínum huga er að ef sveitarstjórn og stjórn ÁTVR vilja opna áfengisútsölu þá geta þau gert það og það er alveg augljóst mál að ef sveitarstjórn sættir sig við að opnuð sé áfengisútsala við hliðina á veitingastað og sé opin á sama tíma og veitingastaðurinn, t.d. að kvöldi eða nóttu, eða við hliðina á apóteki, þá verður það gert eins og þetta frv. lítur út. Það er það sem hér er á ferðinni og það þýðir ekkert að reyna að drepa því á dreif með „spíssfindugheitum". Það leysir engan vanda.

[17:04]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að athugasemd mín var ekki um efnisatriði málsins. Ég var aðeins að vekja athygli á einföldum staðreyndum á mismunandi mati manna á áhrifum frv. En varðandi það sem hv. þm. er að vekja athygli á er það mín skoðun að eðlilegt sé að sveitarstjórnir geti haft þetta vald og mér finnst eðlilegt að Alþingi treysti sveitarstjórnum til að fara með þetta vald. Þær eru kjörnar af fólkinu í viðkomandi byggðarlagi og eru það stjórnvald sem best er til þess fallið að meta hagsmuni og aðstæður á viðkomandi stað. Þess vegna finnst mér eðlilegt að treysta sveitarstjórnunum til að taka slíkar ákvarðanir.

[17:05]

**Útbýting þingskjals:**

Tekjuskattur og eignarskattur, 524. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 900.

[17:05]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að leggja áherslu á að við erum mjög á einu máli í þessum málflutningi, þingmenn Alþb. og óháðra. Hins vegar höfum við bent á að hæstv. fjmrh. rær að því öllum árum að einkavæða söluna á áfengi og tóbaki og vill helst sjá brennivín til sölu í hverri verslun þessa lands. En til þess að ná því fram telur hann sig þurfa að koma óorði á þá ríkisstofnun sem annast vörudreifinguna og það er skýringin á því að hann stendur í vegi fyrir því að lýðræðislegur vilji nái fram að ganga í þessum efnum. Við höfum bent á að sjö sveitarfélög hafa samþykkt í kosningum að þau vilji opna útsölur en fjmrh. stendur í vegi fyrir því.

Ég vil lýsa almennt ánægju með þann tón sem fram kemur hjá hæstv. dómsmrh. og er mjög ólíkur því sem heyrst hefur hjá fjmrh. í þessu máli. Mér finnst tónninn hjá hæstv. dómsmrh. mun ábyrgari. Hann vill ekki láta duttlunga markaðarins stýra þessum málum. Hann vill hafa aðhald og vill að lýðræðisleg stjórnun sé á þessum málum og ég fagna því. En í framhaldi vil ég spyrja hann, því þetta frv. fjallar að hluta til um eftirlit með áfengissölunni, hvort hann sé reiðubúinn að endurskoða fyrri ákvarðanir og lagabreytingar sem gerðar hafa verið, ákvarðanir og lagabreytingar sem sannanlega hafa leitt til þess að erfiðara er fyrir þá sem eiga að stunda eftirlit að sinna því verkefni. Hvort hann er tilbúinn að hverfa til þess horfs sem við bjuggum við fyrir 1995, þ.e. að færa heildsöluna alfarið yfir til ÁTVR að nýju með þeim merkingum sem því fylgir og þeim möguleikum sem það gefur okkur til eftirlits.

[17:08]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mín skoðun að stigið hafi verið eðlilegt skref á sínum tíma þegar sú breyting var gerð sem hv. þm. vísar til og ég sé ekki að efni standi til þess að gera breytingar þar á við ríkjandi aðstæður.

[17:08]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má eflaust færa einhver rök fyrir því að samkvæmt rétttrúnaði, hugmyndafræði frjálshyggjunnar, hafi verið stigið eðlilegt skref og við vitum að því skrefi var ákaft fagnað í Verslunarráðinu og hjá þeim sem hagnast á því að höndla með brennivín og tóbak. En fyrir skattborgara og fyrir landslýð allan var þetta skref aftur á bak. Það hefur sýnt sig og verið staðfest í svari frá fjmrn. við spurningu minni um eftirlit með áfengissölu að eftirlitið er í molum og ástæðuna má að verulegu leyti rekja til þeirrar lagabreytingar sem gerð var vorið 1995 þannig að í þeim skilningi getur varla verið um eðlilegt skref að ræða. Ef menn gera mistök eiga þeir að vera menn til að játa þau og færa til betri vegar að nýju.

[17:09]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki tækifæri til að vera hér viðstödd í upphafi síðari ræðu hæstv. dómsmrh. þannig að ég er ekki alveg viss á því hvort hann svaraði þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hans. Ég beindi til hans þeirri fyrirspurn hvort þetta frv. mundi breyta einhverju um lokunartíma vínveitingahúsa og hvort hann teldi rétt að það yrði á valdi

sveitarfélaganna að ákveða opnunartíma vínveitingahúsa. Í öðru lagi spurði ég hæstv. dómsmrh. hvort hann telji rétt að til reynslu í tiltekinn tíma — ég nefndi í því sambandi eitt til tvö ár – verði opnunartími veitingahúsa gefinn frjáls. Ég beini þessum spurningum til hæstv. ráðherra og bið hann forláts ef hann hefur svarað þessu áðan. Einnig vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. um afstöðu hans til þess að lækka áfengiskaupaaldurinn úr 20 árum í 18 ár.

[17:10]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vék að báðum þessum atriðum í ræðu minni áðan. Um lækkun áfengiskaupaaldursins sagði ég að auðvitað væri það atriði sem væri eðlilegt að menn fjölluðu um og eðlilegt að hv. nefnd skoðaði það. Varðandi opnunartíma gerir frv. ráð fyrir því að sveitarfélögin fái það vald að ákveða opnunartímann. Þeim er um leið frjálst að taka ákvarðanir um frjálsan opnunartíma til reynslu eða hafa hvaða annan hátt þar á sem þau telja að þjóni best hagsmunum íbúa í viðkomandi sveitarfélagi.

[17:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna þeim um leið. Eins og hæstv. ráðherra lýsir þessu er þetta í samræmi við það sem ég sagði í minni ræðu áðan um það sem ég tel eðlilegt varðandi opnunartíma. Ég skil hæstv. ráðherra svo varðandi lækkun á áfengiskaupaaldrinum úr 20 árum í 18 ár að hann telji eðlilegt að það mál verði skoðað. Ég verð að túlka það svo að það lýsi ekki andstöðu hæstv. ráðherra við þá breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Um fundarstjórn.***

Frestun umræðu um húsnæðismál.

[17:12]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér var dreift á borð þingmanna nú fyrir fáeinum mínútum frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum sem er frv. um gjörbreytingar á vaxtabótaákvæðum laga. Þetta frv. er hinn helmingurinn af húsnæðisfrv. sem ætlunin er að ræða á morgun og er gríðarlega mikill bálkur og flókinn þar sem gert er ráð fyrir því að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið í landinu. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að þegar við ræddum um að þessi mál yrðu tekin fyrir á morgun, þ.e. húsnæðismálafrv., þá datt mér ekki í hug annað en að frv. um tekju- og eignarskatt og vaxtabætur kæmi strax svo hægt væri að skoða þau bæði í einu. Þingmaður sem ætlar hins vegar að tala í umræðunni á morgun verður nú að fara í það nú að lesa þetta frv. um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, þ.e. vaxtabótafrv. Hann verður að fara í það nú í kvöld og vera albúinn til þess að bera þau saman og lesa þessi tvö frv. saman með hliðsjón af umræðunni sem fer fram á morgun. Ég vil fara fram á það, herra forseti, að kannað verði hvort ekki sé hægt að fresta þessari húsnæðisumræðu á morgun. Það er engin framkoma við þingið að gera þetta svona. Og ég óska eftir því, hæstv. forseti, að kannað verði hvort ekki er hægt að fresta þessari umræðu um húsnæðismálin fram yfir helgi þannig að hægt sé að skoða þessi frv. saman á eðlilegan hátt sem er ókleift eins og þetta er núna. Ég vænti þess að hæstv. forseti treysti sér til að taka þetta mál til athugunar.

[17:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns. Varðandi þessi tvö stóru mál sem skiptir láglaunafólk miklu hvernig með verður farið á þinginu, hefur Alþingi verið sýnd mikil óvirðing. Í fyrsta lagi þegar hæstv. félmrh. leggur frv. fram fyrir rúmlega viku síðan í fjölmiðlum, en Alþingi fær ekki að sjá það fyrr en fyrir tveimur dögum. Síðan er hér lagt fram núna rétt fyrir kvöldmat frv. sem er stórt innlegg inn í húsnæðislöggjöfina og það skiptir auðvitað miklu máli fyrir umræðuna á morgun að menn fái tækifæri til að skoða þessi mál.

Öll félagsleg aðstoð er tekin út úr húsnæðiskerfinu og flutt inn í vaxtabótakerfið. Nú er lagt fram frv. sem felur það í sér að taka alla félagslega aðstoð upp í gegnum vaxtabótakerfið. Það er óviðunandi, herra forseti, að bjóða þingmönnum það að eiga að taka fyrir stóran lagabálk á morgun þegar honum var dreift fyrir tveimur dögum. Því til viðbótar, herra forseti, er lagt fram frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt varðandi vaxtabótakerfið sem er, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, hinn helmingurinn af umræddri löggjöf. Vaxtabótakerfið er nokkuð flókið og nokkra yfirlegu þarf til þess að sjá hvernig þessi tvö frv. falla hvort að öðru og hver niðurstaðan er fyrir láglaunafólk í landinu verði frv. tvö að lögum.

Því er það eðlileg krafa og réttmæt sem hv. þm. Svavar Gestsson setur hér fram. Ég tek undir það, herra forseti, að umræðunni um húsnæðisfrv. félmrh. verði frestað þannig að þingmönnum gefist eðlilegt tækifæri til þess að kanna samspil þeirra frv. sem hér eru lögð fram. Ég tek því undir þessa ósk hv. þm. og legg eindregið til við hæstv. forseta að hann stuðli að því að þessi mál komi ekki á dagskrá fyrr en eftir helgi.

[17:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær kröfur sem hér hafa verið settar fram af hálfu hv. þingmanna Svavars Gestssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur. Fyrir fáeinum dögum kynnti hæstv. félmrh. frumvarp um breytingar á húsnæðiskerfinu sem margir héldu í fyrstu að væru lítils háttar breytingar og lagfæringar. Þær áttu allar að standa til bóta fyrir húsnæðiskaupendur í landinu. Nú er það að renna upp fyrir mönnum að hér er um alvarlega aðför að ræða. Það er ekki nóg með að það eigi að umturna húsnæðiskerfinu. Margt bendir til þess að hér sé á ferðinni alvarleg aðför að launafólki í landinu og aðstoð sem fólk hefur hingað til fengið verði stórlega skert með boðuðum lagabreytingum. Í rauninni er ósæmilegt af ríkisstjórninni að reyna að keyra frv. af þessu tagi í gegnum þingið á vordögum. Gert er ráð fyrir því að ljúka þinginu í lok apríl og undarlegt að láta sér detta það í hug að leggja fyrir Alþingi lagafrv. sem gerir ráð fyrir að umturna þessu kerfi. Í ofanálag eru kynnt frv. sem tengjast þessu máli og eiga að koma til umræðu á morgun. Það er lágmarkskrafa að Alþingi fái ráðrúm til að skoða staðreyndir málsins og ég tek undir kröfur um að málinu verði frestað fram yfir helgi.

[17:18]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti hefur hlýtt á óskir og ábendingar þriggja hv. þingmanna varðandi dagskrá fundar á morgun. Ekki er aðstaða

til þess að veita svör við þeim óskum og verður að ræða þær utan fundar þegar þessum fundi er lokið.

### *Hægri beygja á móti rauðu ljósi, fyrri umr.*

Þáltill. GMS og HjÁ, 404. mál. — Þskj. 725.

[17:19]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi. Flutningsmenn eru tveir, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Hjálmar Árnason. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum þess efnis að heimila megi hægri beygju á móti rauðu ljósi á gatnamótum." (**ÖJ:** Er ekki nóg komið af hægri beygjum?) Og rauðum ljósum. Það eru rauð ljós í þessu líka, hv. þm.

Samhljóða þáltill. var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreidd úr nefnd. Hún er því endurflutt nú í þeirri von að hlutaðeigandi nefnd gefist færi á að skoða hana nánar og afgreiða hana. Af svörum sem flutningsmenn hafa undir höndum frá þeim sem veittu þáltill. umsögn á síðasta þingi má sjá að flestar umsagnir voru afskaplega jákvæðar. Í trausti þess að nú hljóti tillagan farsæla afgreiðslu er hún endurflutt núna.

Megintilgangur þessarar þáltill. er að greiða fyrir umferð. Það er ekki flóknara en það. Gatnakerfið, á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega, er eins og kunnugt er löngu kolsprungið og kallar á afskaplega dýrar framkvæmdir. Við teljum að með þáltill. þessari megi spara og draga úr þörf á slíkum framkvæmdum í mörgum tilvikum. Þar með sparast fé þó fyrst og fremst greiðist úr umferð.

Samkvæmt þáltill. er meginreglan sú að á gatnamótum þar sem komið er á móti rauðu ljósi verði heimilt að taka hægri beygju nema sérstaklega sé tekið fram að hægri beygja á móti rauðu ljósi sé óheimil. Bannið er í rauninni undantekningin, meginreglan er heimildin. Gert er ráð fyrir því að ökumaðurinn meti hvort aðstæður leyfi að taka saklausa hægri beygju. Honum ber að öðru leyti að virða öll umferðarlög sem þar gilda og er að sjálfsögðu ábyrgur fyrir því mati og ákvörðun sinni.

Rétt er að ítreka það að markmiðið með þessari þáltill. er að greiða úr umferð.

Í mörgum tilvikum, herra forseti, þar sem ökumenn þurfa að bíða á rauðu ljósi til þess að geta tekið saklausa hægri beygju, reynist sú bið afskaplega tilgangslítil. Oft er umferðin á móti græna ljósinu lítil og því nánast hverfandi slysahætta af því að leggja þetta mat á herðar ökumanns. Þegar umferð er engin væri ökumanni heimilt að taka hægri beygju þó um rautt ljós sé að ræða. Rétt er að leggja áherslu á að hér er einungis rætt um hægri beygju en ekki það að keyra þvert yfir gatnamót eða taka beygju til vinstri.

Víða eru, herra forseti, svonefndar afreinar af akbraut yfir á þverliggjandi akbraut þar sem afrein liggur fram hjá rauðu ljósi, en við enda þeirrar afreinar er biðskyldumerki. Þar verður ökumaðurinn að meta hvort óhætt er að aka yfir á þverbrautina. Í raun kemur það í sama stað niður. Niðurstaðan er ávallt sú að ökumaðurinn þarf sjálfur að meta hvort aðstæður leyfi að áfram skuli ekið. Raunar er afskaplega lítill munur á þessu. Ábyrgðin er ökumannsins. Þegar ég segi að það sé lítill munur á þessu þá á ég annars vegar við þá staði sem hafa afreinar en hins vegar þá sem eru án þeirra. Hjá mörgum af þessum afreinum eru ekki umferðarljós. Meginatriðið er að byggja á trausti og ábyrgð, að treysta ökumönnum, fela þeim ábyrgð. Hvar sem er í umferðinni er ábyrgðin fyrst og fremst ökumannsins. Með því að sýna ökumönnum traust og ábyrgð má færa rök fyrir því að agi í umferðinni sé aukinn og veitir sannarlega ekki af.

Að lokum, herra forseti, er rétt að benda á að báðir flutningsmenn hafa um stundarsakir búið erlendis. Annar bjó í Bandaríkjunum og hinn í Kanada og þar er þessi meginregla viðhöfð. Þar er reynslan af þessu afskaplega jákvæð. Reglan greiðir mjög fyrir umferð og umferðaryfirvöld í Bandaríkjunum og Kanada eru ánægð með þessa tilhögun. Því skyldum við ekki geta nýtt okkur þá jákvæðu reynslu sem fengist hefur hjá öðrum þjóðum? Hún greiðir fyrir umferð. Að okkar mati felur hún ekki í sér slysahættu og getur sparað sveitarfélögum og ríkissjóði stórfé.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að vonast til þess að þáltill. fái að þessu sinni farsælli afgreiðslu en á síðasta þingi og vona að hv. allshn. afgreiði hana bæði fljótt og vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samræmd samgönguáætlun, síðari umr.*

Þáltill. MS o.fl., 179. mál. — Þskj. 179, nál. 856.

[17:26]

**Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um þáltill. um samræmda samgönguáætlun. Tillagan hefur verið afgreidd frá hv. samgn. með nefndaráliti sem samþykkt er af öllum nefndarmönnum nema Guðmundi Árna Stefánssyni og Árna Johnsen sem ekki voru viðstaddir afgreiðslu þessa máls.

Áætlunin gengur út á að samræma ýmsar áætlanir sem eru í gangi í samgöngukerfinu svo sem flugmálaáætlun, vegáætlun og hafnaáætlun og reyna að finna hagkvæmar leiðir fyrir þjóðarbúið til að nýta fjármuni til mannvirkja á þessu sviði. Um leið er þess freistað að draga úr mengun vegna óþarfa bílanotkunar ellegar að bílar séu vannýttir. Almenningur og allir þeir sem eitthvað hugsa um þessi mál vita að sífellt meira af flutningum landsmanna fara nú um vegina í stað þess að hafnir séu til þess nýttar. Það mundi örugglega draga úr mengun á Íslandi í dag að auka flutninga með skipum að nýju.

Þetta er tilraun til þess að koma fram með samræmdar og rökstuddar áætlanir, bæði fjárhagslegar og umhverfislegar. Í umsögnum sem bárust samgn. vegna þessa máls er álit þeirra sem um fjölluðu, m.a. Vegagerðarinnar, Sambands ísl. sveitarfélaga og Siglingastofnunar Íslands, einróma það að þessi tillaga væri til bóta. Í ljósi þess og þeirrar umræðu sem farið hefur fram, leggur samgn. til að taka til skoðunar efni tillögunnar og leggur til að hún verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „1. apríl 1998" í 2. mgr. tillögugreinarinnar komi: árslok 1998."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 1. umr.*

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 879.

[17:29]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir felur í sér að fella niður gjald af flugvélabensíni og þotueldsneyti sem varið hefur verið til framkvæmda samkvæmt flugmálaáætlun. Núgildandi lög segja að flugvallagjald skuli lagt á flugvélabensín og þotueldsneyti. Þó er áskilið að bandarísk flugför skuli undanþegin flugvallagjaldi. Það er í samræmi við hálfrar aldar gamlan milliríkjasamning við Bandaríkin sem á sínum tíma skaut fótunum undir það að mögulegt var fyrir Loftleiðir að keppa við önnur flugfélög á flugleiðinni milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna þar sem félagið var með sama hætti undanþegið eldsneytisgjaldi í Bandaríkjunum.

Þá er í lögum kveðið skýrt á um það að ef flugfélag eigi sjálft bensínið skuli ekki tekið eldsneytisgjald af því en eingöngu af olíufélögunum. Samkeppnisstofnun hefur fjallað um þetta mál og telur að hér sé um óeðlilegar samkeppnishömlur að ræða. Í ljósi þess legg ég til að flugvallagjaldið verði lagt niður. Þetta hefur í för með sér nokkra tekjuskerðingu, á þessu ári um 45 millj. kr. en milli 60 og 70 millj. kr. á næstu árum. Ætlunin er að mæta þessu annars vegar með því að Keflavíkurflugvöllur taki á sig 18 millj. kr. sem verði mætt með hærri lendingargjöldum. Þá verði lendingargjöld í innanlandsflugi hækkuð sem nemur þeirri tekjuskerðingu sem hlýst af því að leggja eldsneytisgjaldið niður. Þá vantar á þessu ári 17 milljónir upp á að endar nái saman og 30 millj. kr. á næstu árum. Hugmyndin er sú að breyta flugmálaáætlun í samræmi við það.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Póstþjónusta, 1. umr.*

Stjfrv., 510. mál. — Þskj. 880.

[17:33]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Frv. um póstþjónustu var lagt fyrir síðasta þing en fékk ekki afgreiðslu þá. Þá gerði ég rækilega grein fyrir málinu við 1. umr. þess 21. apríl 1997 og vísa ég til þess sem þar stendur. Ég vil þó taka fram að nú hefur Evrópusambandið staðfest nýjar reglur um póstþjónustu, staðfest þá skilgreiningu sem hér er gert ráð fyrir, en áður var hún einungis í tillöguformi.

Það liggur fyrir samkvæmt skilmálum okkar að við verðum að taka þessa skilgreiningu upp samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði enda er það allra hluta vegna betra að samsvarandi skilgreining sé á einkarétti póstþjónustu hér á landi og í nálægum löndum. Það auðveldar samskipti milli landanna. Það á að treysta virkari samkeppni og auðvelda og draga úr kostnaði við póstþjónustu.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Leigubifreiðar, 1. umr.*

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 890.

[17:34]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Þetta frv. er samið í samgrn. og snýr fyrst og fremst að leiguakstri sendibifreiða og vörubifreiða. Fram að þessu hafa þeir sem þann akstur stunda ekki þurft að hafa leyfi fyrir akstri sínum og að öðru leyti hefur lagaumhverfi þeirra verið mun óljósara en þeirra sem stunda leiguakstur á fólki. Með þessu frv. verður breyting á. Lagt er til að sendibifreiðastjórar og vörubifreiðastjórar skuli hafa starfsleyfi og uppfylla almenn skilyrði leigubifreiðalaga eins og gildir um leiguakstur á fólki. Er hér átt við óflekkað mannorð, fullnægjandi ökuréttindi og fjárhagsstöðu. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þeir sem starfsleyfi hafa geti í forföllum sínum ráðið annan mann á bifreiðina og þarf sá aðili ekki sérstakt starfsleyfi.

Í frv. er enn fremur heimild til að halda námskeið fyrir verðandi bifreiðastjóra á sendibifreiðum og vörubifreiðum. Er það í samræmi við ákvæði laga um leiguakstur á fólki. Verði ákveðið að halda slík námskeið er þó gert ráð fyrir því að þeir sem stunda þennan akstur við gildistöku laganna þurfi ekki að fara á námskeið af þessu tagi. Leyfi til aksturs sendibifreiða og vörubifreiða verða gefin út í samgrn.

Ég vil að lokum taka fram að nokkuð hefur verið kvartað undan svartri atvinnustarfsemi, einkum í sambandi við sendibifreiðar. Þessu frv. er ætlað að vinna á móti þeirri tilhneigingu og snýr að því leyti til réttlætisáttar og heilbrigðari samkeppnishátta en verið hefur um hríð.

Ég vil taka fram að hér er í sambandi við starfsleyfi fólksbifreiða í leiguakstri dregið úr kröfum um fjárhagsstöðu og látið nægja að segja í frv., með leyfi forseta: „hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi."

En í gildandi lögum er gert ráð fyrir að samgrn. ákveði að viðkomandi maður þurfi að eiga eigið fé, eins og segir í reglugerðum, sem mig minnir að séu 400 þús. kr. Hér er sem sagt látið við það sitja að fullnægjandi fjárhagsstaða felist í því að viðkomandi sé fjár síns ráðandi enda mjög erfitt að fylgja því lagaákvæði eftir sem er í gildandi lögum.

Ég veit að ýmislegt í lögunum um leigubifreiðar orkar tvímælis. Það eru uppi mjög skiptar skoðanir meðal þeirra sem eru í þessum stéttum, einkum leiguakstri fólksbifreiða, um það hvernig á málum skuli haldið. Hér er valinn sá kostur að láta við það sitja að leggja til lágmarksbreytingar sem einvörðungu snúa að vörubifreiðum og sendibifreiðum en um leið er vilji til þess að athuga löggjöfina í heild og þá í ljósi þess að niðurstaða geti legið fyrir á hausti komanda.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vegtenging milli lands og Eyja, fyrri umr.*

Þáltill. ÁJ o.fl., 448. mál. — Þskj. 775.

[17:38]

**Flm. (Árni Johnsen):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um forkönnun á vegtengingu milli lands og Eyja. Þá tillögu flyt ég ásamt 18 öðrum hv. þm. Tillögugreinin miðar að því að fela ríkisstjórninni að láta gera forkönnun á gerð vegtengingar milli Vestmannaeyja og lands. Kannaðir verði tæknilegir möguleikar, hagkvæmni og fjárhagsleg arðsemi með tilliti til fólks- og vöruflutninga.

Gerð jarðganga milli lands og Eyja er stórt og spennandi mál. Í fljótu bragði virðist það í stærri kantinum miðað við það sem gengur og gerist á Íslandi. En þegar að er gáð eru möguleikarnir miklir og hagkvæmnin einnig mikil að mínu mati og tillögugreinin byggir á því að gengið sé úr skugga um þann þátt hugmyndarinnar bæði er lýtur að hagkvæmninni og jarðfræðilegum möguleikum.

Ég flutti fyrir um það bil tíu árum samsvarandi tillögu á Alþingi sem náði ekki fram að ganga en þá voru líka uppi allt önnur sjónarmið og menn höfðu ýmsa varnagla við gerð jarðganga á þennan hátt á Íslandi. En með farsælum og hagkvæmum verklokum á gerð jarðganga undir Hvalfjörð hafa sjónarmiðin breyst snarlega og komin er ákveðin reynsla og þekking sem sýnir möguleikana svart á hvítu.

Segja má að með gerð jarðganga milli lands og Vestmannaeyja sé verið að skapa margþætta þróun t.d. er lýtur að ferðamannastraumi sem er mjög mikill milli lands og Eyja. Þar fara um 100 þúsund farþegar árlega og eru Eyjar í þeim efnum í hópi þriggja, fjögurra staða á landinu sem flestir ferðamenn sækja. Utan Reykjavíkur eru það fyrst Hveragerði, Gullfoss, Geysir, síðan Mývatn, Akureyri og þá Vestmannaeyjar.

Það er nokkuð jafnt um flutninga milli lands og Eyja í flugi og á sjó. Hvort tveggja er háð ákveðnum annmörkum. Oft hamla veður flugi til Vestmannaeyja vegna til að mynda þoku og vinda sem blása á háey Heimaeyjar, en flugvöllurinn þar er í um það bil 100 metra hæð og er sá flugvöllur á Íslandi fyrir farþegaflug sem stendur langhæst þeirra allra.

Auðvitað er oft erfitt um vik í farþegasiglingum milli lands og Eyja því veður eru oft válynd á hafinu og siglingaleiðin milli lands og Eyja er kannski eina farþegasiglingaleiðin á Íslandi sem er ekki innan fjarðar heldur á úthafinu sjálfu, Atlantshafinu sjálfu.

Nefna má til að mynda að flutningar eru miklir frá Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum er framleitt er nemur um 10% af þjóðarverðmætum af sjávarfangi eða rúmlega það. Þar eru hins vegar nálægt 1,5% íbúanna eða tæplega fimm þúsund manns.

Ljóst er að með jarðgöngum milli lands og Eyja skapast nýir möguleikar í tengingum á vöruflutningum milli meginlands Evrópu og Íslands. Jarðgöng milli lands og Eyja mundu stytta verulega siglingaleið flutningaskipanna bæði hvað varðar útflutning og innflutning og um leið mundu sýslurnar tvær, þessar einu hafnlausu sýslur landsins, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla, fá nálægð við höfn og má segja að þær mundu eignast höfn með gerð jarðganga milli lands og Eyja. Það mundi styrkja mjög byggð á Suðurlandi öllu og er eitt þeirra atriða sem er jákvætt að leggja til grundvallar þegar metið er gildi þess að grafa jarðgöng milli lands og Eyja.

Um þrjá valkosti er að ræða þegar jarðgöng milli lands og Vestmannaeyja eru könnuð í fullri alvöru. Það eru jarðgöng eins og þau sem hafa verið boruð hér á Íslandi til að mynda undir Hvalfjörð, jarðgöng í bergi. Dýpið milli lands og Eyja er mun minna en í Hvalfirðinum, mest knappir 80 metrar en að jafnaði er þar 30–50 metra dýpi.

Að öðru leyti er um möguleika á botngöngum að ræða til að mynda eins og verið er að byggja milli Danmerkur og Svíþjóðar. Þau eru framleidd í einingarverksmiðjum. Slík göng hafa einnig verið byggð í Noregi og Japan.

Þriðji valkosturinn er sá nýjasti í þróun í þessum efnum, þ.e. eins konar flotgöng sem eru þó síður en svo leikandi eða laus á floti í hafinu heldur á festingum við botn. En þeim er lyft frá botni og í ljósi þess eru þau kölluð flotgöng.

Fýsilegasti möguleikinn í könnun á jarðgöngum milli lands og Eyja er e.t.v. botngangagerð því botninn er hagstæður í legu fyrir slík göng og reiknað er með að tillagan skili grófum hugmyndum um verðkostnað á þessum þremur valkostum.

Vegalengdin milli Eyja og lands er 10 km. Jarðgöngin undir Hvalfjörð eru 5 km. Það tæki innan við 10 mínútur að aka milli lands og Eyja og þetta yrði merkileg breyting, tengsl fastalandsins, eins og Eyjamenn kalla meginland Íslands að öllu jöfnu, við gullkistuna sjálfa því það hafa Vestmannaeyjar verið kallaðar öldum saman og ekki út í hött að það nafn hafi verið notað.

Það er auðvitað mikil spurning þegar velt er upp svo stóru verkefni eins og jarðgöngum milli lands og Eyja hvort einhver glóra sé í því fjárhagslega, og það er vissulega mikil glóra í því. Það er spennandi verkefni að flétta upp þennan valkost. Þeir sem hafa kannað þetta til nokkurrar hlítar í skoðun slíkrar hugmyndar hafa komist að raun um að hægt væri að öllum líkindum að afskrifa slík göng á svipuðum tíma og ætlað er að afskrifa Hvalfjarðargöngin, þ.e. á milli 25 og 30 árum. Það er ekki langur tími í afskrift jarðganga á Íslandi þar sem reiknað er með að öllu jöfnu að þau verði afskrifuð á 150–200 árum.

Það er einnig grunnhugmyndin í tillögunni og framgangi hennar að til þessa verkefnis færi ekki fjármagn af vegáætlun, það færi ekki neitt nýtt fjármagn inn í þá framkvæmd. En reiknað er með því að ef til framkvæmda ganganna kæmi mundi þörfin fyrir farþega- og flutningaskipið Herjólf leggjast niður. Og miðað við það að svipað fjármagn og fer árlega í Herjólf og miðað við það að gjaldtaka væri af umferð milli lands og Eyja um þau göng, þá er allt sem bendir til þess að fjárhagslegt öryggi framkvæmdanna og rekstrar sé tryggt. Samt sem áður væri verið að tala um verulega lækkun á kostnaði við ferðalög milli lands og Vestmannaeyja.

Það fer mikið fjármagn í það á ákveðnu árabili að endurnýja skip eins og Herjólf. Ef þessi tillaga nær fram að ganga og sýnist hagkvæm að þessu leytinu til er engin spurning að bygging jarðganga milli lands og Eyja yrði verulegur sparnaður fyrir þjóðfélagið í heild, vegna þess að skip eins og Herjólfur með mannvirkjum kostar um 2 milljarða og reiknað er með að endurnýja þurfi slíkt skip á 15–17 ára fresti. Það má reikna vexti og að sjálfsögðu má einnig reikna rekstrarstyrki sem slaga í 100 millj. kr. á ári, þannig að á 20–30 ára tímabili erum við að ræða þarna fjármagn sem þegar er búið að binda og nemur á milli 6 og 7 milljörðum kr. á tímabilinu. Það gæti verið u.þ.b. helmingur og kannski rúmlega það af stofnkostnaði við gerð jarðganga milli lands og Eyja.

Hinn þáttinn er hugmyndin að tryggja með gjaldtöku, og hvort sem menn eru að tala um 1.000 kr. eða 1.500 kr. á bíl, þá er um verulega lækkun að ræða til að mynda miðað við það að ferðast með Herjólfi svo fremi sem fólk fylgi bílunum. Möguleikarnir eru því miklir.

Reiknað er með því að í forkönnun Vegagerðarinnar yrðu tekin saman öll tiltæk gögn um jarðfræði svæðisins, sem eru töluverð, og tæknilegar lausnir kannaðar út frá þeim upplýsingum, safnað yrði upplýsingum erlendis frá um verkefni af svipuðum toga og gerð, og spá yrði gerð um fólks- og vöruflutninga milli lands og Eyja. Kostnaður yrði metinn miðað við innlenda og erlenda reynslu og hagkvæmni könnuð miðað við hugsanlega umferð um göngin. Í skýrslu um þennan áfanga kæmu einnig tillögur um framhaldsrannsóknir.

Það auðveldar ugglaust framgang þessa máls að áætlaður kostnaður við þennan þátt er aðeins um 1,5 millj. kr. Í öðrum áfanga, sem væri hægt að vinna með fyrsta áfanga og á líklega fjögurra mánaða tímabili, yrðu gerðar rannsóknir á botni og aðstæðum í Eyjum og landi, gerð yrði skýrsla um hagkvæmustu tillögu og tæknilega lausn og um staðsetningu. Þá yrði kostnaðaráætlun endurmetin með tilliti til aukinna upplýsinga. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 5 millj. kr. Auðvitað mundu umfangsmeiri og dýrari rannsóknir þurfa að fara fram síðar til undirbúnings framkvæmda ef af þeim yrði. En fjöldi þeirra sem ferðast milli lands og Eyja fer sívaxandi ár frá ári og hefur fólki að jafnaði fjölgað um 12–15% á ári um langt árabil. Með tilliti til þess og til þeirra möguleika sem hafa orðið í þróun, þá er það lág upphæð að reikna með milli 6–7 millj. kr. til að ganga úr skugga um möguleika þessa spennandi verkefnis.

Með þáltill. fylgir veglegt rit sem Ingi Sigurðsson tæknifræðingur vann í samvinnu við Vegagerðina og ýmsa aðra þegar hann var við nám fyrir fáum árum í Tækniskóla Íslands og er þar mjög ítarleg úttekt á ýmsum þáttum er lúta að þeirri könnun sem ég hef vikið að.

Ástæða er til að vekja athygli á því að þó að ímyndin milli lands og Eyja sé djúpt haf og erfitt þá hefur tæknin boðið upp á möguleika sem gefa nýja valkosti og nýja möguleika. Að lokinni umræðu um þessa till. til þál. legg ég til að henni verði vísað til samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Hafnalög, 1. umr.*

Frv. ÁMM o.fl., 477. mál (fjárskuldbinding ríkissjóðs). — Þskj. 812.

[17:54]

**Flm. (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 23/1994. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Kristján Pálsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Guðmundur Árni Stefánsson, Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Siv Friðleifsdóttir.

Frv. er í tveimur greinum. Annars vegar efnisgrein frv. sem hljóðar svo:

„Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldbinding ríkissjóðs vegna styrkhæfrar framkvæmdar myndast ekki fyrr en framlag er samþykkt á fjárlögum."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. þetta er flutt vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á fjárreiðum ríkisins vegna nýrrar framsetningar á fjárlögum og nýrra laga um fjárreiður ríkisins en sú breyting hefur það í för með sér að skuldbindingar sem verða til á fjárlagaárinu eru teknar með í uppgjörið hvort sem þær koma til greiðslu á árinu eða síðar. Þetta hefur þau áhrif að hlutur ríkisins í samþykktum hafnarframkvæmdum færist sem gjöld ríkisins á sama ári og þær eru framkvæmdar þótt greiðslur til verksins komi ekki fyrr en seinna samkvæmt fjárlögum. Í þessu tilliti er því samþykki samgrn. talið skuldbindandi fyrir ríkissjóð þannig að þegar framkvæmd er gerð færist hún sem skuldbinding.

Hafnirnar eru nú nánast undantekningarlaust fyrirtæki í eigu sveitarfélaga. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að árleg framkvæmdaþörf þeirra er meiri en framlög ríkisins leyfa og taka þarf ákvarðanir um framkvæmdir á skemmri tíma en hafnaáætlun til fjögurra ára segir til um. Þess vegna hefur víða verið ráðist í framkvæmdir, með samþykki hafnaráðs og samgrn. án þess að ríkisframlag hafi legið fyrir en það verið gert upp síðar. En samkvæmt núgildandi hafnalögum er framkvæmd sem hafin er án samþykkis ráðuneytisins óstyrkhæf og getur ekki hlotið samþykki eða styrk eftir á.

Sá háttur, sem að framan er lýst, er mun erfiðari eftir breytingu á framsetningu fjárlaga enda ekki hægt að láta einstakar hafnir ráða niðurstöðu fjárlaga hverju sinni. Jafnframt er ljóst að gild sjónarmið við rekstur ríkissjóðs geta ekki ráðið framkvæmdum hjá svo mikilvægum fyrirtækjum sveitarfélaga sem hafnirnar eru. Því er það skoðun flutningsmanna að auka þurfi svigrúm hafna til framkvæmda án þess að þær tapi möguleikanum á ríkisstyrk síðar meir eða hafnirnar ráði með ákvörðunum sínum niðurstöðu fjárlaga. Því er lagt til að jafnvel þótt hafnarframkvæmd uppfylli öll skilyrði hafnalaga til þess að vera styrkhæf myndist ekki skuldbinding hjá ríkissjóði fyrr en framlag er samþykkt á fjárlögum.

Þetta hefur það í för með sér að sveitarfélögin geta hafið framkvæmdir með samþykki ráðuneytisins. Með því er ríkið þó ekki búið að skuldbinda sig til að styrkja framkvæmdina. Framkvæmdin færist því ekki inn á fjárlög ársins sem hún er framkvæmd á nema framlög séu fyrir því á fjárlögunum sjálfum. Ef framlög eru ekki fyrir framkvæmdinni á fjárlögum færist hún heldur ekki sem skuldbinding fyrir ríkisreikningi og á sama hátt geta sveitarfélögin ekki heldur fært samsvarandi upphæð sem skuld ríkisins við sveitarfélagið í sínum reikningum. Flutningsmenn telja hins vegar að til þess sé vinnandi fyrir sveitarfélögin að auka svigrúm þeirra á þennan hátt þó að þau verði ekki eins örugg með sína fjárveitingu eins og þau hefðu ella verið samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi. Ástæðurnar eru þær að framlögin hafa ekki verið í takt við það sem framkvæmdaþörfin hefur verið og ekki síður það að þróunin í hafnamálum hefur sýnt að hafnaáætlanir til fjögurra ára þótt góðar séu þurfa breytinga við með skömmum fyrirvara þegar nauðsyn krefur hjá höfnunum, enda eru hafnirnar í mörgum ef ekki flestum tilfellum einhver mikilvægustu fyrirtæki sinna sveitarfélaga sem þurfa á nauðsynlegu svigrúmi að halda til þess að þjónustu viðskiptavini sína.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 1. umr.***

Frv. ÁRÁ o.fl., 495. mál (undanþágur). — Þskj. 846.

*og*

***Atvinnuréttindi vélfræðinga, 1. umr.***

Frv. ÁRÁ o.fl., 496. mál (undanþágur). — Þskj. 847.

[17:59]

**Flm. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka þá heimild að mega taka bæði þessi mál til umfjöllunar saman. Þau fjalla um sama efni og því þótti mér eðlilegt að leggja fram þá beiðni en í þeim er lagt til af flutningsmönnum að breytingar verði gerðar á bráðabirgðaákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna annars vegar og hins vegar vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Ástæða þess, herra forseti, er að með þróun í skipasmíðum og skipakosti hafa skip stækkað og vélarafl aðalvéla þeirra vaxið. Þannig hafa skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn lent í því, ef svo má segja, að réttindi sem þeir hafa aflað sér með námi og prófum hafa ekki verið talin duga. Í hvorum tveggja lögum er gert ráð fyrir möguleikum til undanþágu en í frumvörpunum er lagt til að breytt verði ákvæði til bráðabirgða sem auðkennt er B, og átti við um menn sem voru orðnir fimmtugir eða eldri við setningu laganna árið 1984, á þann veg að það eigi framvegis við um menn sem orðnir eru fimmtugir en að sömu skilmálar og áður eigi við um undanþáguna. Þeir þurfa að hafa starfað undanfarin tíu ár á undanþágu við sömu störf. Með þessu móti yrði heimilað að gera þá undanþágu varanlega.

Með þessu móti er ætlunin að taka tillit til aðstæðna þeirra sem orðnir eru það fullorðnir að þeir eiga erfitt um vik af ýmsum ástæðum að hverfa aftur til náms en hafa orðið fyrir því að réttindi þeirra standast ekki þá stækkun sem gerð hefur verið á skipunum sem þeir stjórna eða á vélarafli véla sem þeir sinna.

Í öðru lagi, herra forseti, er í b-lið 1. gr. síðara frv. fjallað um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða. Með þeirri tillögu er lagt til að við þau lög bætist bráðabirgðaákvæði, sambærilegt því sem er í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Það gengur út á að þegar skip er stækkað, í þessu tilviki væri vélin stækkuð, þannig að réttindi vélstjóra duga ekki lengur, þá sé heimild fyrir sérstakri undanþágu til að gegna áfram sömu stöðu á sama skipi hafi viðkomandi full réttindi á næsta stigi.

Ég tel, herra forseti, að frumvörpin og greinargerðir með þeim skýri málið fyllilega og legg til að þeim verði vísað til athugunar í hv. samgn.

[18:03]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnusjóður kvenna, 72. mál, nál. félmn., þskj. 897.

Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, 287. mál, nál. félmn., þskj. 898.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:03.

## 81. FUNDUR

föstudaginn 6. mars,
kl. 11 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877. — 1. umr.
2. Byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 508. mál, þskj. 878. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.

***Umræður utan dagskrár.***

Kúgun kvenna í Afganistan.

[11:01]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Fyrir skömmu hrinti hópur 50 heimsþekktra kvenna, undir forustu Emmu Bonino sem fer með mannúðarmál í framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins, af stað herferð til stuðnings konum í Afganistan í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Herferðinni hefur verið gefin yfirskriftin „Blóm fyrir konur í Kabúl" og er ætlað að hvetja til þess að stjórn talebana verði beitt alþjóðlegum þrýstingi til að endurreisa réttindi kvenna í landinu.

Eins og frægt er orðið var Emmu Bonino haldið fanginni ásamt fylgdarliði sínu er hún var í opinberri heimsókn í Kabúl í fyrra. Hún hefur fengið sinn skerf af harðvítugri framkomu talebana í garð kvenna.

Þessi hvatning kvennanna 50 er ástæða þess að beðið er um umræðu um málefni kvenna í Afganistan í þinginu í dag þar sem 8. mars er að þessu sinni á sunnudegi.

Í Afganistan er ástandið í mannréttindamálum skelfilegt. Það staðfesta skýrslur mannréttindasamtaka. Á því hefur einnig verið vakin athygli hér í þinginu. Hvergi er þó um jafnáþreifanlega kúgun að ræða og gagnvart konum og stúlkum. Þegar talebanar hertóku Kabúl, þann 27. september árið 1996, var sem konum þar í landi væri varpað árhundruð aftur í tímann. Fyrir hertökuna áttu konur í Afganistan fullan rétt á menntun og tóku virkan þátt í atvinnulífi. Þær voru 50% stúdenta og 60% kennara við háskólann í Kabúl. Þær voru 70% kennara í öðrum skólum og 50% opinberra starfsmanna. Fjörutíu af hundraði lækna í Kabúl voru konur fyrir valdatöku talebana.

Í dag er sem þær hafi þurrkast út úr samfélaginu. Þær mega ekki vinna, ekki mennta sig, ekki fara út nema í skikkju sem hylur líkama þeirra algerlega, fyrir utan örlítinn skjá fyrir augun. Þær mega ekki ganga um í skóm sem heyrist í. Mála þarf yfir rúður húsanna sem þær búa í svo að þær sjáist ekki og trufli karlasamfélagið fyrir utan. Konur eru grýttar og þær eru skotnar fyrir að vera á ferli fylgdarlausar eða í fylgd óskyldra karla.

Mannréttindasamtök hafa bent á að glæpir gegn konum í Afganistan séu ekki grundvallaðir á íslam. Þeir eiga sér ekki stoð í menningararfleifð þjóðarinnar, enda nutu konur þar réttinda sem voru tekin af þeim í einu vetfangi. Samkvæmt íslam er konum heimilað að vinna, þær geta verið fjárhagslega sjálfstæðar og notið frelsis til að taka þátt í opinberu lífi.

Spurningin sem brennur á er hins vegar þessi: Ætlar umheimurinn að láta þessar ofsóknir átölulausar? Hið alvarlega er að þær skuli viðgangast nú í lok 20. aldarinnar og þrátt fyrir að þeim hafi verið mótmælt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og víðar. Þau úrræði sem alþjóðasamfélagið hefur beitt virðast algerlega bitlaus. Þó er rétt að vekja athygli á því að árangur hefur náðst. Til dæmis má benda á að fyrir tilstilli alþjóðanefndar Rauða krossins hafa talebanar nú fallist á að konur fái aðgang að sjúkrahúsum. Um tíma var þeim ætlað að nota aðeins eina stofnun til að sækja sér læknishjálp en sú stofnun uppfyllti á engan hátt sömu kröfur og hægt var að gera til annarra sjúkrahúsa í Kabúl. Þetta dæmi sýnir kannski að það er hægt að hafa áhrif.

Þá er rétt að minna á að á Alþingi var í fyrra samþykkt ályktun frá þingkonum Kvennalistans um stuðning við konur í Afganistan. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og fróðlegt væri að heyra hvað gert hefur verið til að framfylgja þeirri tillögu.

Háttsettir einstaklingar sem víða koma fram á alþjóðlegum vettvangi geta haft veruleg áhrif með ummælum sínum. Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur t.d. gagnrýnt fyrirlitlega meðferð talebana á konum opinberlega. Það er fordæmi sem fleiri utanríkisráðherrar ættu að gefa gaum. Amnesty International hvetur til þess að ríkisstjórnir heims fordæmi athæfið opinberlega svo mannréttindasamtök og alþjóðastofnanir hafi haldbæran nauðsynlegan þrýsting til að vinna að afnámi ástandsins.

Ég vil hvetja hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnina til þess að taka áskorun kvennanna 50 og mannréttindasamtaka og láta frá sér yfirlýsingu í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna og fordæma meðferðina á konum í Afganistan.

Ég vil auk þess í tilefni af kvenréttindadeginum 8. mars spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur ríkisstjórn Íslands komið athugasemdum á framfæri á alþjóðlegum vettvangi vegna ástandsins í málefnum kvenna í Afganistan og ef svo er, hvernig? Hyggst ríkisstjórnin gera eitthvað frekar í þeim málum? Hefur hæstv. utanrrh. lýst því yfir opinberlega að hann og/eða ríkisstjórn Íslands fordæmi meðferð talebana á konum? Telur hæstv. utanrrh. að slíkra yfirlýsinga geti verið að vænta?

[11:06]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að bæta hag íbúa í Afganistan og tryggja mannréttindi þeirra. Þau mál hafa einnig verið til umfjöllunar á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlandanna, m.a. að frumkvæði Íslands. Enginn þarf að efast um vilja íslenskra stjórnvalda til að beita sér í þágu mannréttinda í Afganistan og höfum við tekið þátt í margvíslegum málflutningi í þá veru.

Í New York stendur nú yfir fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Þar er til umfjöllunar ályktunartillaga nokkurra ríkja um mannréttindabrot gagnvart konum og stúlkum í Afganistan. Íslensk stjórnvöld eru sammála efni tillögunnar eins og hún liggur fyrir en vonast er til að hún verði afgreidd innan tíðar. Ég nefni þetta sem nýlegt dæmi af stuðningi okkar að viðleitni af þessu tagi á alþjóðavettvangi. Ísland hefur gerst aðili að og stutt fjölmargar tillögur um mannréttindaástandið í Afganistan í gegnum tíðina.

Á síðasta allsherjarþingi, 52. allsherjarþinginu, þar sem ég gerði m.a. málefni kvenna sérstaklega að umræðuefni, studdum við margar ályktanir í þágu kvenna. Má þar nefna ályktun um konur í dreifbýli þar sem ríki eru hvött til að tryggja jafnan rétt karla og kvenna til arfs að landi. Íslömsk ríki gerðu fyrirvara við þetta ákvæði og sögðu að þau gengju gegn lögum íslams. Málefni kvenna og barna settu sterkan svip á störf þriðju nefndar allsherjarþingsins. Með hverju ári er vaxandi þungi í ályktunum um málefni þeirra. Meðal annars kom fram ný ályktun þar sem fordæmdur er umskurður á stúlkubörnum.

Nú stendur yfir alþjóðaár mannréttinda og er nauðsynlegt að hið alþjóðlega samfélag noti það tækifæri til að beita sér í þágu mannréttinda hvort sem um er að ræða algild mannréttindi, réttindi einstakra þjóðfélagshópa eða ástand mannréttinda innan ákveðinna ríkja. Við erum þeirrar skoðunar að mannréttindi séu algild og fordæmum mannréttindabrot sem framin eru í nafni gamalla siða, trúarbragða eða hefða.

Á allsherjarþinginu 1996 voru tvær ályktanir um Afganistan samþykktar án atkvæðagreiðslu. Ísland var meðflytjandi að ályktun um alþjóðlega neyðaraðstoð við Afganistan og almennt ástand þar. Hin tillagan sem fjallaði um ástand mannréttinda í landinu var lögð fram af formanni þriðju nefndar allsherjarþingsins og eru því einstök ríki ekki meðflytjendur. Í fyrri ályktuninni er mismunun gagnvart konum og stúlkum fordæmd sem og önnur brot á mannréttindum og mannúðarlögum. Í síðari ályktuninni er minnt á þjóðréttarlegar skuldbindingar Afganistans um mannréttindi og mismunun gagnvart konum harðlega fordæmd.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hefur einnig haft málefni Afganistans á sinni könnu undanfarin ár. Á 53. þingi mannréttindaráðsins í Genf 1997 lagði formaður fram yfirlýsingu um ástand mannréttinda í Afganistan. Slíkar yfirlýsingar eru ekki bornar undir atkvæði. Ísland á áheyrnaraðild að ráðinu en Danir sitja í því fyrir hönd Norðurlanda. Næsta þing ráðsins hefst innan tíðar og mun þá mannréttindaástandið í Afganistan aftur koma til kasta hins alþjóðlega samfélags.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna fjalla reglulega um mannréttindaástand víða um heim á öllum fundum sínum. Á þeim vettvangi hef ég m.a. haft frumkvæði að því að taka til umræðu málefni kvenna í Afganistan. Við ráðherrarnir höfum rætt um með hvaða hætti best er að berjast fyrir réttindum þeirra á alþjóðavettvangi til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert. Ég hef talið mikilvægt að Norðurlöndin standi saman í þeirri baráttu.

Átökin og ástandið í Afganistan, þar með talið brot á mannréttindum og mannúðarlögum, hafa verið á dagskrá Sameinuðu þjóðanna enda er ástandið ógnun við frið og öryggi í þessum heimshluta. Starfandi er sérstakur talsmaður fyrir Afganistan sem gerir stofnunum samtakanna grein fyrir stöðu mála í landinu. Framkvæmdastjóri gerir öryggisráðinu einnig reglulega grein fyrir þróun mála í Afganistan. Hann hefur ásamt forstöðumönnum nokkurra stofnana Sameinuðu þjóðanna minnt valdhafa Afganistans á þær skyldur þeirra að virða grundvallarmannréttindi, þar með talið jafnrétti kynjanna. Þess má einnig geta að í október 1996 samþykkti

öryggisráðið sérstaka ályktun um ástandið í Afganistan. Í ályktuninni eru látnar í ljós miklar áhyggjur af þeim kynjamismun sem nú viðgengst í Afganistan.

Það sem öllu máli skiptir í málefnum Afganistans er að tryggja frið í landinu. Þetta er að sjálfsögðu undirstrikað í ályktunum allsherjarþingsins og öryggisráðsins. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur sett á laggirnar hóp af fulltrúum ríkja sem gætu haft áhrif á stríðandi fylkingar í Afganistan. Ekki verður hægt að hefja nauðsynlegt uppbyggingarstarf í landinu fyrr en samið hefur verið um frið en það mun kalla á mikla alþjóðlega aðstoð. Í Afganistan hafa alist upp kynslóðir sem ekkert þekkja annað en lögmál ófriðar eftir nærri tveggja áratuga stríðsástand. Þessar kynslóðir þarf að aðlaga lífi á friðartímum og fræða um mannréttindi.

Herra forseti. Í síðari ræðutíma mínum mun ég reyna að koma betur inn á spurningar hv. þm.

[11:12]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Af hverjum erum við á Íslandi að tala um stöðu kvenna í Afganistan? Af því að okkur varðar um kynsystur okkar í fjarlægu landi sem eru fangar á heimilum sínum. Við eigum að leggja þeim lið. Af því að Ísland getur ekki einungis látið til sín taka á alþjóðavettvangi heldur eigum við að fara á undan öðrum þjóðum og vera kyndilberar fyrir mannréttindi í heiminum.

Það er vert að íhuga hvað gerist þegar þjóð sem er komin á ákveðið menningarstig, þar sem sjálfsögð mannréttindi eru virt, snýr skyndilega við blaðinu. Konur þeirrar þjóðar hafa sótt fram, menntast og tekið þátt í þjóðlífinu á jafnréttisgrundvelli. Hvað gerist þegar þessum réttindum er svipt burt í einni svipan og þjóðinni stýrt inn í svartar miðaldir? Hvar kemur kvennasáttmálinn inn í þennan veruleika? Samningurinn um bann við mismunun gegn konum sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1979 og undirritaður fyrir Íslands hönd 1980 er eins konar yfirlýsing aðildarþjóðanna. Einstaklingar innan ríkjanna geta borið samninginn fyrir sig í sínu heimalandi, t.d. í dómsmáli en það þarf að gera samninginn virkari.

Í næstu viku verður þing í New York þar sem leitast verður við að ganga frá sérstökum viðauka við þennan sáttmála. Þar verður opnuð kæruleið vegna brota á samningnum. Fundurinn er mjög mikilvægur. Ef hægt verður að finna áhrifaríkar kæruleiðir er samningurinn kominn með allt aðra stöðu og verður beittara vopn í baráttu kvenna gegn kúgun og misrétti í heiminum. Því spyr ég hæstv. utanrrh. hvort hann hyggist senda fulltrúa á þetta þing. Ef svo er, hver verða þau skilaboð sem Ísland hyggst koma með á þann fund?

Staðreyndin er sú að enginn hefur orðið var við viðbrögð yfirvalda við þessari umræðu úti í heimi. Enn hefur engin umræða átt sér stað hér á landi. Að síðustu spyr ég hæstv. utanrrh.: Mun hann beita sér fyrir því að Ísland verði aðili að viðaukanum og fullgildi hann?

[11:14]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. 8. mars, alþjóðlegur baráttudagur kvenna, er á sunnudaginn. Að þessu sinni hafa kvennasamtök víðs vegar í veröldinni ákveðið að helga daginn baráttunni gegn kúgun og aðskilnaðarstefnu kynjanna í Afganstan. Alþjóðleg kvennasamtök hafa í samvinnu við Evrópuþingið, Emmu Bonino og konur frá Afganistan hrint af stað alþjóðlegri baráttuherferð undir heitinu „Blóm fyrir konur í Kabúl" eins og framsögumaður gat um áðan.

Þegar stjórn talebana komst á í Afganistan 1996 voru konur þar vel menntaðar og tóku virkan þátt í samfélaginu. Síðan hafa þær verið fangar á heimilum sínum, eins og kom vel fram hér áðan. Það er nauðsynlegt að afhjúpa og skilja sambandið á milli trúarbragða og pólitísks valds og hvernig trúin er notuð til þess að kúga konur, jafnvel langt út yfir það sem bókstafur trúarritanna mælir fyrir um. Trúarofstæki er það pólitíska afl sem eitt sér hefur nægilegt vald til þess að barátta fyrir jafnrétti kynjanna getur orðið að engu. Trúarofstæki er ekki bara vandamál innan múhameðstrúar, hliðstæður finnast okkur nær. Trúarofstæki innan hins kristna samfélags er alþekkt og hefur verið notað m.a. til þess að ógna rétti kvenna til fóstureyðinga.

Virðulegi forseti. Það er engin tilviljun að þessi umræða er tekin hér upp á Alþingi í dag. Það er heldur engin tilviljun að Kvennalistinn mun standa fyrir málþingi um kvennapólitískt alþjóðasamstarf í næstu viku undir heitinu: Erum við stikkfrí? Þangað höfum við m.a. boðið afgönsku kvenfrelsiskonunni og rithöfundinum Mariam Azimi. Málþingið verður 14. mars á Sólon Íslandus og er opið meðan húsrúm leyfir.

Ég fagna því að utanrrh. hefur stutt tillögur sem mótmæla stefnu talebana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan Norðurlandanna en spyr nánar um einhliða aðgerðir ríkisstjórnar Íslands. Að lokum vil ég skora á ríkisstjórnina og þingmenn alla að nýta sér þá einföldu leið til að sýna málefninu stuðning að skrifa undir undirskriftalista afganskra kvenna til Kofis Annans, sem ég hef hér og munu liggja frammi í anddyri þingsins í dag og á mánudag.

[11:16]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Öll lönd hafa með sér ákveðin siðferðikerfi og við höfum okkar sem byggir á kristinni trú. Önnur lönd hafa siðferðikerfi sem byggja á múhameðstrú o.s.frv. Þegar slík kerfi rekast á er ákaflega erfitt að dæma eitt kerfi með rökum hins kerfisins og það er eiginlega ómögulegt.

Herra forseti. Við verðum samt sem áður að gera ráð fyrir því að í öllum kerfum séu ákveðin lágmarksmannréttindi sem ekki megi hvika frá. Það má ekki hvika frá þeim, hvorki sökum kurteisi, hagsmuna né ótta. Það sem er að gerast í Afganistan er ekki siðfræði. Það hafa ekki verið færð rök fyrir því að það sem er að gerast þar eigi sér nokkra stoð í siðfræði múhameðstrúar. Þess vegna er þetta ekki spurning um siðfræði heldur völd. Þetta er um vald og ríkið er að berja á eigin þegnum, bæði körlum og konum. Þetta minnir dálítið á skelfilega stöðu mála í Kambódíu eftir valdatöku rauðu khmeranna, sem líka byggðu á ofsatrú, þ.e. trú á kommúnismann.

Herra forseti. Þjóðir heims eru vanmáttugar að vissu leyti til að hafa áhrif á einstök ríki sem kúga eigin þegna, eins og við höfum séð í Írak og víðar. Við stöndum vanmáttug gagnvart þessu. En við megum samt sem áður ekki standa aðgerðalaus hjá og ég skora á hæstv. utanrrh. að leggja sitt lóð á vogaskálarnar til þess að bæta stöðu þegnanna í Afganistan og alveg sérstaklega kvenna.

[11:18]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í fréttum í morgun var sagt frá því að það ríkti hungursneyð á ákveðnum svæðum í Afganistan vegna þeirra miklu átaka sem þar eiga sér stað. En þó að átök séu víða í landinu þá eru þar við völd stjórnvöld sem beina spjótum sínum sérstaklega að konum. Það er flóttamannastraumur kvenna út úr landinu. Konur í Kabúl hafa komið

á fót neðanjarðarskólum og neðanjarðarsjúkrahúsum til þess að reyna að aðstoða þær konur og stúlkur sem hefur verið hent út úr skólum og hafa ekki einu sinni fengið að fara inn á sjúkrastofnanir til að fæða börn. Og því miður er ástandið svo alvarlegt, eftir því sem ég las hér í glænýrri grein í The Sunday Times, að sjálfsmorðstíðni kvenna er óhugnanlega há. Þær sjá ekki annan kost en að svipta sig lífi vegna þess að þeim er gert ókleift að sjá sér farborða. Þetta er stríðshrjáð land þar sem mikið er af ekkjum og munaðarleysingjum og þeim er bannað að vinna fyrir sér þannig að þær eiga engra kosta völ.

Mannréttindabrotin í þessu ríki eru alveg með ólíkindum og ég hygg að ekki hafi annað eins sést síðan á þriðja og fjórða áratugnum í Sovétríkjunum og Þýskalandi þó að reyndar megi leita svipaðra dæma víðar en þar. Það er gríðarlegt áhyggjuefni þegar bókstafstrúarhreyfingar ná slíkum völdum og maður spyr sig: Getur slíkt gerst annars staðar? Þar getum við t.d. beint sjónum að Alsír þar sem skyld hreyfing beitir hroðalegum aðferðum.

Ég vil skora á hæstv. utanrrh. að beita sér hvar sem hann getur og íslensk stjórnvöld og íslenska þingmenn alls staðar þar sem þeir eru á ráðstefnum og í alþjóðasamstarfi. Þetta er ástand sem við getum ekki horft upp á. Við eigum að beita okkur og vera, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði: „kyndilberar í mannréttindamálum".

[11:20]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp. Það var sannarlega ástæða til. Það er ömurlegt til þess að vita að svo virðist sem að þjáningar afgönsku þjóðarinnar ætli engan enda að taka. Sigurgöngu talebanahreyfingarinnar fylgir sú óhugguleg skuggahlið umfram sem það var þegar þeir ríktu félagar Masood og Hekmatyar að konur eru nú sviptar öllum almennum mannréttindum og var þó ekki af miklu að taka á þessu landsvæði. Þetta bætist við þær hörmungar sem konur og börn hafa orðið að þola í áralangri borgarastyrjöld í landinu þar sem pyndingar og nauðganir hafa verið daglegt brauð um meira en tíu ára skeið.

Heimsbyggðin öll ber heilmikla ábyrgð á þessu ástandi því að þeir eru ekki að berjast vopnlausir þarna í Afganistan. Þau koma einhvers staðar frá og það færir okkur heim sanninn um það að ekkert annað en afvopnun dugar sem raunhæf lausn til að leysa vanda af því tagi sem þarna er við að glíma.

Reyndar er ástandið í Afganistan angi af vandamáli sem menn standa miklu víðar frammi fyrir, þó ekki sé það jafnóhugguleg og þar, þ.e. þar sem rekast á gildi sem við flokkum til grundvallarmannréttinda, hlutir eins og ferðafrelsi, réttur til menntunar og atvinnuþátttöku og forneskjuleg trúarbrögð sem valdaræningjar gera út á, sem nær væri reyndar í þessu tilviki að kalla skipulögð kúgunarkerfi sem sérstaklega beinast gegn konum. Reyndar er nauðsynlegt að hafa í huga að það sem ofstækismenn og bókstafstrúarmenn eru að gera í Afganistan gengur langt út yfir alla eðlilega túlkun á trúarbrögðum íslams.

Samúð okkar hlýtur að vera með almenningi og konum og börnum í þessum löndum og þessu landi, Afganistan, og við hvetjum íslensk stjórnvöld til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að leggja þeim lið.

[11:22]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka þetta mál hérna upp og gefa okkur þingmönnum tækifæri til þess að sýna í umræðum stuðning okkar við þetta átak, þ.e. að mótmæla kúgun kvenna í Afganistan. Þarna er búið að taka sjálfsögð mannréttindi af konum og það ber svo sannarlega að mótmæla því. Hins vegar verður að viðurkennast að kúgun kvenna í fjarlægum ríkum er ansi fjarlæg okkur hérna. Við erum mjög upptekin af okkar eigin samfélagi, um hlutfall kvenna hér í stjórnmálum, um vinnuálagið á konum almennt í okkar íslenska þjóðfélagi þannig að það er afar gott að skoða heiminn í víðara samhengi eins og við erum að gera hér nú.

Fyrir stuttu urðum við persónulega vör við þessa kúgun kvenna í fjarlægum löndum þegar þingmenn frá Kúveit komu og heimsóttu þingið og heimsóttu utanrmn. Alþingis. Þá varð maður beinlínis var við þessa kúgun. Þessir þingmenn vildu ekki heilsa kvenkyns þingmönnum hér í þinginu þannig að utanríkismálanefndin stillti sér ekki upp eins og venjulega fyrir utan þingflokksherbergið hér niðri, heldur sat inni í þingflokksherberginu þegar gestirnir komu til þess að ekki þyrfti að koma til þess að þeir heilsuðu einungis karlmönnunum en ekki konunum sem eru í utanríkismálanefndinni. Þetta er vegna þess að menn frá þessum löndum snerta ekki konur annarra manna því konur eru álitnar eign mannanna.

Á þessum fundi var líka spurt af hverju konur hefðu ekki kosningarrétt í Kúveit og svarið var: „Jú, þetta er lýðræðið. Borin var upp tillaga um það í þinginu, þar sem karlmennirnir sitja, en henni var hafnað." Þarna varð maður því áþreifanlega var við þá gífurlegu kúgun sem konur þurfa að lifa við í erlendum ríkjum.

Ég vil nota tækifærið í lokin og spyrja hæstv. ráðherra hvort að ríkisstjórnin sem ætlar að veita meira fé núna til þróunaraðstoðar, ætli að beina því sérstaklega í farveg til kvenna, af því að rannsóknir sýna að þannig nýtist féð best.

[11:25]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka þetta brýna mál upp á Alþingi. Ég vil minna á að árið 1995 flykktust þjóðhöfðingjar og baráttufólk fyrir mannréttindum og jöfnum rétti karla og kvenna til Peking til þess að sameinast um mannréttindabaráttuna. Ári síðar komust talebanar til valda í Afganistan. Áunnin réttindi kvenna voru afnumin og líf þeirra breyttist í martröð. Konum er misþyrmt, það er skotið á þær og þær jafnvel drepnar ef þær reyna að fara til vinnu, út á götu einar eða brjóta gegn öfgatilskipunum um klæðaburð. Konur sem eru ekki á framfæri karla eru neyddar til að betla. Margar konur brotna saman og fremja sjálfsmorð.

Þekktur fréttaritari hefur sagt frá því að stúlkur á munaðarleysingjaheimili í Kabúl hafi ekki fengið að fara út fyrir dyr síðan í september 1996. Það hefur komið fram að mannréttindasáttmálar duga skammt í tilvikum sem þessum. Þegar talebanastjórnin ákvað að konur mættu ekki lengur leita eftir læknishjálp í Afganistan mótmælti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin þeirri stjórnarstefnu með því að leyfa ekki stuðning nema konur fengju aðgang að sjúkrahúsum á ný. Þegar fréttist að matvælaaðstoð væri haldið frá konum og

stúlkum setti yfirmaður World Food Program það sem skilyrði fyrir matvæladreifingu að talebanar tryggðu konum og stúlkum helming framlaga.

Þannig má beita þrýstingi, herra forseti, og það getur Ísland gert og verið í fararbroddi.

Ég vil hvetja hæstv. utanrrh. til þess að beita sér vel í þessu máli, en vil í lokin koma inn á það sem hæstv. utanrrh. talaði um í máli sínu áðan þegar hann benti á fundinn sem á að halda í New York í næstu viku. Mér virtist óljóst hvort hann hygðist senda fulltrúa á þennan fund. Ég tek því undir spurningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur til hæstv. utanrrh.: Hver verða skilaboð okkar á þessum fundi?

[11:27]

**Birna Sigurjónsdóttir:**

Hæstv. forseti. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars koma konur víða um heim saman undir merkjum kvennabaráttu og beina nú sjónum sérstaklega að konum í Afganistan en þær líða kvennakúgun í sinni alvarlegustu mynd. Þær hafa verið sviptar mannréttindum. Þeim er meinað að vera á ferli utan dyra nema í fylgd karlmanns úr fjölskyldu sinni, gert að hylja andlit sitt og líkama. Þær hafa verið reknar heim úr störfum sínum og stúlkur fá ekki menntun þar sem skólum þeirra hefur verið lokað.

Konur í borginni Kabúl höfðu í 100 ár fylgt konum á Vesturlöndum í auknum réttindum, rétti til menntunar, starfs og sjálfstæðs lífs. Fyrir þessar konur var valdataka talebana gífurlegt áfall, nær að segja endir á lífi þeirra. Þær voru í einu vetfangi hnepptar í fjötra einangrunar og ósjálfstæðis. Hvar sem konur koma saman undir merkjum kvenfrelsisins hljóta þær að láta til sín taka hróplegt misrétti eins og nú viðgengst í Afganistan.

Erum við stikkfrí? Undir því kjörorði efnir Kvennalistinn til málþings um kvennapólitískt alþjóðastarf, eins og fram kom hér áðan. Svarið er auðvitað: Við erum ekki stikkfrí. Það er mikilvægt að íslenska ríkisstjórnin beiti sér á alþjóðavettvangi gegn stjórn sem stendur að kynjaaðskilnaðarstefnu þar sem konur eru sviptar grundvallarmannréttindum. Konur og karlar þurfa að beita sér hér heima, á alþjóðavettvangi og hvar sem kostur er gegn kvennakúgun og misrétti.

[11:29]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt í þessari umræðu að átta sig á því að sú kvennakúgun sem um er að ræða í Afganistan er sennilega sú versta sem um getur á jörðinni um þessar mundir. Hún er algjörlega einstakur viðbjóður. Ég hvet alla þingmenn sem hafa hugsað um þessi mál og skoðað þau í samhengi, til að kynna sér einstök atriði í þeim efnum sem er auðvelt aðgöngu á netinu þar sem eru rakin dæmi um örlög fjölskyldna og kvennahópa sem eru hræðilegri en ég hef nokkurn tíma áður séð á prenti eða í texta. Hér er því um að ræða algjörlega afbrigðilegan óþverra gagnvart konum og það er ekki hægt að tala um framkomu gagnvart konum í Afganistan eins og einhvers staðar annars staðar. Þetta er það versta sem nokkurs staðar gerist.

Þarna er um að ræða skipuleg fjöldamorð á konum í skjóli stjórnvalda, í skjóli þeirra sem ráða. Um er að ræða skipulagðar fjöldanauðganir í skjóli stjórnvalda og skipulagðar ofsóknir þar sem konur eru grýttar á götum úti í skjóli stjórnvalda á grundvelli þeirra laga, ef lög skyldi kalla, sem gilda í þessu landi. Staðan er þannig, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á áðan, að konur hafa ekki fengið að komast á sjúkrahús. Þeim er hent þaðan út. Þeim er bannað að leita sér lækninga í neyð. Hér er um að ræða svo hrikalegt ástand að ég held að við verðum að meðhöndla málið í samræmi við það.

Um leið og ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp þá finnst mér að Alþingi eigi líka að bregðast sérstaklega við. Alþingi á að samþykkja ályktun um að mótmæla þessu og hvetja alþjóðasamfélagið til að beita öllum tiltækum ráðum gegn þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð á kvennakúguninni í Afganistan, öllum tiltækum ráðum því að það er óþarfi að líða þennan viðbjóð stundinni lengur.

[11:32]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þó Sovétmenn hafi hörfað út úr Afganistan árið 1992 eftir langvinn, blóðug átök hefur áfram geisað borgarastyrjöld í landinu sem hefur nú kostað tugi þúsunda mannslífa og Kabúl er stjórnað af hópum bófa sem daglega fremja margvísleg mannréttindabrot undir merkjum trúarinnar. Verst hefur þetta ástand bitnað á konum og börnum sem er misþyrmt og þau drepin, bæði handahófskennt og af ásetningi. Eftir að talebanar fengu þau áhrif sem þeir náðu árið 1996 hefur verið sérstaklega óhugnanlegt hvernig konur hafa ekki bara orðið fórnarlömb stríðandi bófaflokka heldur jafnframt verið beittar kerfisbundinni kúgun karla sem þykjast einnig við þau mannréttindabrot hafa guð sinn að bakhjarli.

Aðferðirnar sem notaðar eru til að brjóta konur niður og meðferðin og grimmdin sem konur og stúlkubörn sæta daglega eru svo óhugnanleg að þær þjóðir sem í raun viðurkenna að allir menn eigi rétt til virðingar og vilja hafa mannréttindi í heiðri verða að reyna að hafa hér áhrif á. Herferðinni Blóm handa konum í Kabúl, undir forustu Emmu Bonino er hrundið af stað til að hafa áhrif á að stjórn talebana í Kabúl verði beitt alþjóðlegum þrýstingi. Samfélag þjóðanna hefur enn reynst ófært um að hafa áhrif á þessa skelfilegu þróun. Það á ekki að þurfa sérstaka kvennahópa eða átak tengt alþjóðlegum baráttudegi kvenna til að beita þrýstingi svo tekið sé á jafnalvarlegum mannréttindabrotum og hér um ræðir. Eigi að síður er það staðreynd að oft virðast konur þurfa að gæta kynsystra sinna um heim allan og gjarnan eftir óhefðbundnum leiðum því enn er það svo að karlar eru nánast einráðir í utanríkismálum þjóðanna.

En þá munar líka um konur eins og Madelaine Albright sem hefur fordæmt ástandið í Kabúl og Emmu Bonino, sem sýna hvaða máli það skiptir að bæði karlar og konur komi að utanríkismálum sem öðrum málum. Það er kjarninn í 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

[11:34]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin sem hann náði að koma að í sínu máli. Ég vonast til að fá svör við restinni í síðari ræðu hans. Ég vil einnig þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni.

Hæstv. utanrrh. sagði að það hefði verið til umræðu á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlanda hvað hægt væri að gera í þessum efnum og ég vil beina til hans spurningu til viðbótar: Hvaða niðurstöðu komust menn að þar? Hvað hugsa þessir hæstvirtu ráðherrar sér að gera?

Hæstv. utanrrh. sagði að þátttaka í starfi og ályktunum Sameinuðu þjóðanna af hálfu Íslands hafi verið nokkur og

ég tel að það sé mjög mikilvægt. En það hefur ekki nægt og meira þarf til. Ég vil vekja athygli á því að við erum sjálfstæð þjóð með sjálfstæða utanríkispólitík og þess vegna vil ég ítreka hvatningu mína til þess að utanrrh. beiti sér sérstaklega í krafti síns embættis í þessu máli og ríkisstjórnin öll.

Um leið vil ég líka hvetja hæstv. utanrrh. til þess að beita sér fyrir því að fjölga konum í utanríkisþjónustunni því þar eru konur jafnsjaldséðar og hvítir hrafnar, eða samkvæmt handbók utanrrn. ein af 23 sendiherrum, ein af 15 sendifulltrúum og tvær af átta sendiráðunautum. Slík hlutföll eru algjörlega óásættanleg og í raun merkilegt að þrátt fyrir alla þá sáttmála sem við höfum bundist og lögin um jafna stöðu kvenna og karla, að þetta skuli enn vera raunin í utanríkisþjónsutunni. Það má kannski spyrja sig að því hvort málefnum kvenna víðs vegar um heiminn væri gefinn meiri gaumur ef þessi hlutföll væru öðruvísi. Ég hallast reyndar að því að svo geti verið því eins og bent hefur verið á í umræðunni þá eru það einmitt konur, þ.e. konur sem sinna háum stöðum í utanríkisþjónustu, sem hafa sérstaklega vakið alþjóðlega athygli á málefnum kvenna í Afganistan.

[11:36]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ekki þarf að fjölyrða um ástandið í Afganistan. Því hefur verið lýst hér. Þetta ástand hefur sérstaklega bitnað á konum og stúlkum og konur hafa verið sviptar grundvallarmannréttindum. Stúlkum er meinuð skólaganga. Konur mega ekki gegna störfum utan heimilis. Þetta hefur m.a. orðið til þess að ekkjur geta ekki unnið fyrir börnum sínum. Þetta hefur komið illa niður á mennta- og heilbrigðiskerfinu og svo mætti lengi telja.

Það liggur því alveg ljóst fyrir að þetta er ástand sem alþjóðasamfélagið getur ekki unað við. En því miður er þetta svona víðar. Það er svipað ástand í Írak. Það er skelfilegt ástand í Alsír. Og því miður hefur hin íslamska trú verið notuð sérstaklega til þess að ofsækja konur og stúlkur. Þetta er vandamál hins alþjóðlega samfélags.

Auðvitað er erfitt að segja til um það á hverjum tíma hvernig við getum barist gegn þessu. Ég er hins vegar sannfærður um það að Ísland geri það best í samstarfi við aðrar þjóðir, í samvinnu við þjóðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í samvinnu við þjóðir Norðurlandanna, í samvinnu við þjóðir Evrópusambandsins og það höfum við gert. Ég tók þetta mál sérstaklega upp á fundi utanrrh. Norðurlandanna vorið 1997 í Noregi þar sem við komum okkur saman um að vinna að þessum málum sameiginlega, Norðurlöndin, innan Evrópusambandsins, innan Sameinuðu þjóðanna og í öllum þeim samtökum sem við erum aðilar að.

Ég vil hins vegar minna hv. þingmenn á það að íslenska utanríkisþjónustan er ekki jafnöflug og utanríkisþjónusta annarra ríkja og þess vegna nýtum við okkur það sérstaklega að vinna að slíkum málum í samstarfi við aðra. Við höfum talið það þjóna málum best. Það fer ekkert á milli mála hver okkar afstaða er og við munum áfram vinna að þessu máli af fullum krafti eins og við höfum gert.

Ég vil þakka þann áhuga sem Alþingi hefur sýnt í þessu máli og vonandi verður hægt að ræða það betur þegar umræða fer hér fram um utanríkismál því satt best að segja hefur ekki alltaf verið jafnmikill áhugi hér í þinginu á þeim málum. En ég heyri það í dag að sá áhugi fer vaxandi og það er vel.

## *Tilhögun þingfundar.*

[11:39]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Eins og sjá má á prentaðri dagskrá þessa fundar liggja einungis fyrir tvö mál til umræðu, frumvörp frá hæstv. félmrh. um húsnæðismál. Um fundarhaldið í dag vill forseti taka fram að gert er ráð fyrir að þingfundi muni ljúka eigi síðar en kl. fjögur í dag. Og ljúki ekki umræðu um frv. tvö — forseti er svo sem ekki að gera sér sérstaklega von um það — mun umræðu um málið haldið áfram á mánudag og er stefnt að því að ljúka umræðum þá og atkvæðagreiðslum.

Eftir að frv. fjmrh. um vaxtabætur var útbýtt á þingfundi síðdegis í gær komu fram tilmæli frá hv. 8. þm. Reykv., studd ræðum nokkurra þingmanna, að kannað yrði hvort hægt væri að fresta umræðu um húsnæðismálin fram yfir helgi, væntanlega vegna þess hversu seint vaxtabótafrumvarpið kom fram. Forseti vill af því tilefni taka fram að það stóð alls ekki til að taka það mál á dagskrá þessa fundar í dag en hafði hins vegar lagt áherslu á að því frv. yrði útbýtt hér áður en umræður um húsnæðisfrumvörpin hæfust og svo var gert.

Forseti vonast til að 1. umr. um vaxtabótafrumvarpið geti farið fram fljótlega eftir helgi.

Forseti getur ekki orðið við þeim tilmælum að fresta umræðu um dagskrármálin fram yfir helgi og hverfa þannig frá fyrri ákvörðun um skipulag þingstarfa.

Að öðru leyti vill forseti taka fram að þingflokkur jafnaðarmanna hefur óskað eftir að ræðutími verði tvöfaldaður. Sá er réttur þingflokksins og verður því svo gert.

Þá gerir forseti ráð fyrir að það verði stutt hlé, væntanlega um kl. eitt í dag eða eftir framsöguræðu hæstv. ráðherra.

## *Um fundarstjórn.*

Umræða um húsnæðismál.

[11:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum með þennan úrskurð hæstv. forseta. Ég tel að það hafi verið stutt ærnum rökum og sé eðlilegt að fresta umræðu um þessi stóru mál og gefa þingmönnum betri tíma til að kynna sér þau og lesa þau saman og taka síðan umræður um þau þess vegna á sama degi eftir helgi. Það frv. sem var útbýtt í gær vísar um dæmi og frekari rökstuðning og útreikning í frv. félmrh. og öfugt. Það er með öðrum orðum svo að þessi frv. eru svo nátengd að það er nánast ómögulegt að ræða þessi hluti af viti og í samhengi öðruvísi en að menn hafi haft tíma til þess að kynna sér þau bæði og bera þau saman.

Ég vek athygli á því að hér eru ekki neinar smásmíðar á ferð. Frv. hæstv. félmrh. er hálfgerð bók sem felur í sér umbyltingu á allri skipan húsnæðismála í landinu. Það hefur af minna tilefni einhvern tíma verið tekið smá tilhlaup í umræður um slík mál. Og síðan er frv. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og vaxtabótaþáttinn algjörlega afgerandi um það hvort þessi breyting komi út fyrir húsbyggjendur í landinu eins og boðað er í greinargerð með frv. Það skiptir því miklu máli að hægt sé að ræða þessa ríkisfjármála- og skattahlið málsins í samhengi. Ég spyr einnig: Er hæstv. fjmrh. til staðar til að vera viðstaddur þessa umræðu í dag? Það er algjör markleysa að ræða þessi mál öðruvísi en að bæði félmrh. og fjmrh. séu til staðar og geti

svarað til um hluti burt séð frá því hvort frv. er undir í hvort skiptið. Og þó að það sé óhefðbundið að ræða saman frv. sem flutt eru hvort af sínum ráðherranum þá hefði í þessu tilviki að mínu mati vel komið til greina að gera það til að hér hefði mátt verða ein, samfelld og heildstæð og vitræn umræða um þessu stóru mál.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að hvetja forseta til að velta því fyrir sér hvort ekki séu tök á því að endurskoða þessa niðurstöðu og fresta umræðunni fram yfir helgi.

[11:44]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti mun kanna hvort hæstv. fjmrh. getur verið hér á fundi í dag, en ítrekar að það frv. er ekki á dagskrá. Vel má vera að skynsamlegt hefði verið að ræða þessi mál öll í samhengi. Forseti kannaði það mjög óformlega, tekur það fram, mjög óformlega hvort samkomulag gæti orðið um að taka dagskrármálin tvö fyrir saman en forseta sýndist að um það yrði ekki samkomulag. Eins og hv. þingmenn vita er ekki hægt að gera slíkt ef athugasemdir komi við slík tilmæli.

[11:45]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram og minni á að það var ekki á starfsáætlun þingsins að funda í dag. Þessi fundur bættist á okkar verkáætlun fram til vors án þess að fyrir liggi hvort það hafi áhrif á lengd þingsins til vors eða ekki. Þegar við tökum slíka daga undir þá hefur það oftast verið gert í sátt um þau mál sem tekin eru fyrir. Slíkir aukadagar hafa verið teknir af ákveðnu tilefni.

Nú erum við hér stödd. Ég verð að viðurkenna að mér hnykkti við í gær þegar ég heyrði orðaskipti þar sem ég var að fylgjast með umræðu. Ég heyrði að verið væri að dreifa vaxtabótafrv. Hvað sem hver segir, þá hefur það frv. áhrif á umræðuna um húsnæðismál. Það varpar ljósi á þýðingu þess að afnema niðurgreiðslur vaxta í félagslega húsnæðiskerfinu og taka upp vaxtabætur. Fyrir okkur sem höfum reynt skoða þessa bók til þess að fara í umræðu núna er engin leið að fara af einhverju viti inn í þá umræðu um vaxtabætur eða frv. sem er mjög tæknilegt.

Auðvitað áttu þessi frumvörp að koma saman inn í þingið og auðvitað áttu þingmenn að fá eðlilegan aðdraganda að því að taka til umræðu svo tilþrifamikið þingmál, virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að nota það orðalag. Húsnæðisfrv. er tilþrifamikið en ég skýri ekki frekar hvað felst í því orði.

Frv. því sem við ætlum að ræða hér var dreift á borð þingmanna seint á þriðjudag. Síðan eru liðnir annasamir dagar, miðvikudagur og fimmtudagur. Við erum um það bil að taka til umræðu mál sem gæti orðið afdrifaríkt fyrir þúsundir heimila í landinu. Hér er enginn griður gefinn, enginn frestur fáanlegur. Ég harma það, virðulegi forseti, að ekki hafi náðst samstaða um að bíða fram yfir helgi. Þingmenn hefðu þá haft helgina til þess að skoða þingmálið.

(**Forseti** (ÓE): Forseti hefur heyrt þessi ítrekuðu tilmæli en getur ekki orðið við þeim. Forseti óskar eftir að sæmileg samstaða náist nú um að hefja umræðu um dagskrármálin.)

[11:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég harma það að forseti skuli ekki geta orðið við þessum tilmælum okkar. Hér er ekki um neitt venjulegt frv. að ræða. Það er eitt viðamesta sem lagt hefur verið fyrir þingið í allan vetur. Hér er frv. til laga um hægri byltingu í húsnæðismálum. Frv. gengur út á að afnema félagslega húsnæðislánakerfið. Nú skal leggja verkamannabústaðakerfið niður og svipta öllum félagslegum þáttum út úr húsnæðiskerfinu í landinu. Á sama tíma er gert ráð fyrir að hið félagslega í málinu komi í gegnum vaxtabótafrv. Það þyrfti því að ræðast um leið en því er neitað. Auðvitað hafa ýmis orð verið höfð um virðingarleysi við Alþingi og þess háttar en það hrín ekki á stjórnarmeirihlutanum. Ég nenni því ekki að endurtaka það. Bersýnilegt er að það er gagnslaust að fara fram á að umræðunni séu búnar þolanlegar aðstæður.

Ég bendi á að nú, frá og með þessum degi, er að hefjast, með hliðsjón af því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi, vorlotan í þinginu. Miðað við starfsáætlun Alþingis eru ekki margar fundavikur eftir. Auðvitað hefði verið eðlilegt að hefja vinnu við að skipuleggja þær sem eftir eru. Við vorum búin að skipuleggja þær en nú, með þessum ákvörðunum og með því að þrýsta þessum málum svona inn hér og vaxtabótafrv. líka, þá er búið að setja þá vinnu í talsverða hættu. Það verður að taka þá vinnu upp á ný og ef ríkisstjórnin ætlar sér að þrýsta öllum þessum málum í gegnum þingið, eins og mér virðist ætlunin að gera, þá teygist vitanlega úr þinginu fram að sveitarstjórnarkosningum. Menn geta út af fyrir sig tekið ákvörðun um það hvort þeir vilja halda þingfundi á kosninganóttina milli 23. og 24. maí.

## *Húsnæðismál, 1. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877.

[11:50]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um húsnæðismál á þskj. 877. Þessu frv. fylgir annað frv. um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Eins og kunnugt er hefur fjmrh. flutt frv., á þskj. 900, um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. vaxtabótaþátt þeirra laga.

Einnig ber að minnast þess að fyrir jólin afgreiddum við á Alþingi lagasetningu um húsaleigubætur. Þar var ákveðið að húsaleigubætur skyldu greiddar í öllum sveitarfélögum og á allt leiguhúsnæði, líka leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga.

Hvers vegna er ástæða til að breyta lögum, herra forseti? Í fyrsta lagi eru mjög margir íbúar í félagslega eignaríbúðakerfinu óánægðir. Í öðru lagi hafa mjög margir misst íbúðir sínar og standa uppi með miklar skuldir. Í þriðja lagi eru ýmsir þeir sem skilað hafa eignaríbúðum mjög óánægðir með þann viðskilnað. Þeir standa uppi slyppir og eignamyndun þeirra hefur ekki verið sú sem þeir töldu að hún hefði átt að vera. Í fjórða lagi er félagslega íbúðakerfið alls staðar orðinn mikill baggi á sveitarfélögunum, sérstaklega sumum þeirra. Í fimmta lagi stefnir Byggingarsjóður verkamanna í greiðsluþrot ef ekki verður að gert. Í sjötta lagi er rekstur Húsnæðisstofnunar mjög dýr. Hann er að sjálfsögðu borgaður af þeim sem lánin taka. Hefði ekki verið hægt að láta þetta dankast samt og bíða betri tíma?

Reynt hefur verið að bæta úr ýmsum ágöllum á húsnæðislöggjöfinni í minni ráðherratíð og ég hef flutt nokkur frv. þar um. Á bls. 38–56 í þessu frv. er rakið hver þróun húsnæðislöggjafar hefur verið undanfarna áratugi. Það er mjög merkileg saga. Það hefur allt verið gert í góðri trú á hverri tíð.

Stundum hefur tekist vel til, stundum hafa orðið slys. Bætt hefur verið úr mjög sárum húsnæðisskorti. Heilsuspillandi húsnæði í landinu hefur verið útrýmt og við lifum breytta tíma.

Þegar ég kom í félmrn. hófumst við handa um að kanna ýmsa þætti húsnæðismála og gera okkur grein fyrir hvernig tillögur ættu að vera til úrbóta. Sú saga er rakin á bls. 30–38 í þskj. Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á Húsnæðisstofnun. Vinnuhópur Sambands ísl. sveitarfélaga gerði skýrslu um félagslega húsnæðiskerfið. Ég setti á fót nefnd um félagslegar íbúðir sveitarfélaga og þess má geta að í þeirri nefnd sat Kristján Gunnarsson sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands.

Nefnd um endurskipulagningu Húsnæðisstofnunar var sett á fót. Í henni sátu hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjmrn., Hákon Hákonarson, stjórnarformaður Húsnæðisstofnunar, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., Sigríður Lillý Baldursdóttir skrifstofustjóri, Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdarstjóri Húsnæðisstofnunar og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður minn, sem leiddi starfshópinn.

Settur var á fót starfshópur um greiðslumat. Hann hefur skilað áliti. Fyrir lá samþykkt Sambands stjórnar ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996.

Frumvörpin eru byggð á vinnu þeirra aðila sem ég hef talið hér og unnin undir handleiðslu tveggja starfshópa. Annar var kallaður samráðshópur. Í honum voru Árni Gunnarsson, formaður, Karl Björnsson, bæjarstjóri á Selfossi, Páll R. Magnússon, formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Einnig sátu í hópnum Gunnar S. Björnsson, varaformaður Húsnæðisstofnunar, og Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh.

Hinn starfshópurinn var einnig undir forustu Árna Gunnarssonar. Í honum sátu Hákon Hákonarson, formaður Húsnæðisstofnunar, Gunnar S. Björnsson, varaformaður Húsnæðisstofnunar, Páll Gunnar Pálsson, deildarstjóri í iðn.- og viðskrn. og Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh. Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri var starfsmaður beggja hópanna. Jón Sveinsson lögfræðingur og Þórhallur Vilhjálmsson lögfræðingur unnu síðan að því að skrifa frv. Öllum þessum kann ég hinar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Hér er um að ræða heildarlöggjöf um húsnæðismál. Hún er mun einfaldari en gildandi löggjöf um húsnæðismál sem er byggð á löngum tíma og æðiflókin. Hér er byggt á eldri löggjöf, haldið í það sem vel hefur reynst en öðru breytt.

Helstu atriðin eru þessi:

Húsnæðisstofnun verður lögð niður.

Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verða sameinaðir í Íbúðalánasjóð og eignir Húsnæðisstofnunar renna jafnframt til hans. Íbúðalánasjóður lýtur ráðherraskipaðri stjórn fimm manna, skipuðum til fjögurra ára. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til fimm ára og framkvæmdarstjóri ræður annað starfsfólk. Ég mun beina því til væntanlegs framkvæmdarstjóra að hann láti núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar sitja fyrir störfum. Þó er augljóst að fólki mun fækka. Nokkrir af starfsmönnum Húsnæðisstofnunar eru að nálgast eftirlaunaaldur en ég vil láta það koma fram að þar vinnur mikið af úrvalsfólki.

Húsbréfakerfið helst óbreytt í almennum húsnæðisviðskiptum. Íbúðalánasjóður á að verða sjálfbær með tímanum. Einn liður í því er að gert er ráð fyrir skuldbreytingum eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur tekið. Með skuldbreytingunni er hægt að ná umtalsvert betri kjörum en byggingarsjóðirnir búa við í dag. Þessi sjóður verður mjög sterkur. Hann á mikið eigið fé, 26 milljarða, og mun eiga kost á bestu lánskjörum.

Þá verður að gera ráð fyrir því að afgreiðsla húsbréfa, greiðslumat og verðmat færist til lánastofnana sem þá yrðu verktakar. Þetta er að vísu ákvörðunaratriði nýrrar stjórnar. Ég tel að það sé ekki rétt að fara út í þessa breytingu nema menn séu sannfærðir um að það sé hagkvæmara fyrir neytendur.

Greiðslumat í almenna kerfinu verður áfram miðað við 25 ára endurgreiðslutíma. Húsbréfakerfið hefur reynst í stórum dráttum vel og sérstaklega nú í seinni tíð eftir að menn vöndust því. Og þau gleðitíðindi gerðust í gær að vextir af húsbréfum fóru í fyrsta sinn niður fyrir 5% og engin afföll eru á húsbréfum.

Meginbreytingarnar sem lagðar eru til í þessari löggjöf eru þær að félagslega húsnæðiskerfið verður lagt af um næstu áramót, því verður sem sagt lokað. Íbúar í kerfinu halda að sjálfsögðu réttindum sínum en það tekur tíma að ljúka gamla kerfinu og gera það upp eða úrelda það og þess vegna eru ítarleg ákvæði til bráðabirgða í frv. sem lúta að því. Það verður tekið upp nýtt félagslegt lánakerfi um næstu áramót. Sá sem er innan skilgreindra marka um tekjur, eignir, skuldir og framfærsluþörf og stenst ekki greiðslumat almenna kerfisins með 25 ára endurgreiðslutíma og húsbréf fyrir 65% eða 70% kaupverðs getur snúið sér til húsnæðisnefndar síns sveitarfélags og óskað eftir viðbótarláni sem Íbúðalánasjóður veitir fyrir milligöngu sveitarfélags.

Greiðslumatið verður miðað við 40 ára endurgreiðslutíma hjá því fólki. Það fær húsbréf fyrir 65% eða 70% af kaupverði íbúðarinnar, 70% ef um fyrstu íbúð er að ræða. Viðbótarlánið verður 20% eða 25% með breytilegum vöxtum og gert er ráð fyrir að það verði peningalán. Húsbréfalán plús viðbótarlán verða aldrei hærri en 90%.

Það er rétt að undirstrika að sveitarfélögunum ber skylda til að aðstoða íbúa við öflun húsnæðis. Kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum í nýja kerfinu verður ekki til staðar og fellur niður við fyrstu sölu í eldra kerfi eftir gildistöku laganna.

Viðkomandi velur sér sjálfur íbúð á markaði. Hann getur nýtt eigin vinnukraft til aukinnar eignamyndunar. Íbúðirnar koma til með að dreifast betur um sveitarfélögin, en í núverandi kerfi er alvarlegt að hætta er á því að byggðin verði lagskipt, þ.e. auðmannahverfi og síðan önnur hverfi þar sem tekjulægra fólk á heima. Viðkomandi er frjálst að selja íbúðina á frjálsum markaði hvenær sem er enda greiði hann upp viðbótarlánið við Íbúðalánasjóð eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á viðbótarláninu.

Húsbréfalánið er veitt með veði í viðkomandi fasteign. En til frekari tryggingar á viðbótarláninu skal viðkomandi sveitarfélag greiða upphæð sem svarar 5% af upphæð hvers viðbótarláns sem veitt er í viðkomandi sveitarfélag í sérstakan varasjóð, sem skal vera á ábyrgð sveitarfélaga, í vörslu Íbúðalánasjóðs. Hlutverk varasjóðsins er að standa undir útlánatöpum vegna viðbótarlána og vegna kostnaðar vegna uppboðsmála eigna sem viðbótarlán hvíla á. Varasjóður lýtur sérstakri stjórn og hana skipa þrír menn frá sveitarfélögunum, einn frá fjmrh. og einn frá félmrh.

Framkvæmdalánum verður hætt. Þau eru í eðli sínu verktakalán og verktakar hafa nóga möguleika til að fjármagna húsbyggingar.

Tryggingarsjóður vegna byggingargalla verður lagður niður og eignir hans renna til varasjóðs.

Í eldra kerfi hefur félagsleg jöfnun einkum falist í vaxtabótum og niðurgreiðslu vaxta. Niðurgreiðsla vaxta Byggingasjóðs verkamanna nam 1996 838 millj. kr. vegna félagslegra eignaríbúða. Nú færist hin félagslega aðstoð frá niðurgreiddum vöxtum yfir í vaxtabætur, auk hagræðisins af 40 ára lánstíma og viðbótarláni.

Vaxtabótakerfinu verður breytt og vísa ég þá til frv. á þskj. 900 frá hæstv. fjmrh. Vaxtabætur verða samtímagreiðslur og greiddar fjórum sinnum á ári, skuldajafnað í opinber gjöld, meðlög og gjaldfallnar afborganir og vexti af lánum Íbúðalánasjóðs. Það er ekki gert ráð fyrir nýjum viðmiðunum varðandi vaxtabætur til einstaklinga að öðru leyti en því að þær taka við auknu félagslegu hlutverki í félagslega kerfinu og einnig eiga þeir sem hafa fengið vaxtabætur samfellt í 25 ár rétt á að skerðingarhlutfall lækki um 0,5% á ári af tekjuskattsstofni.

Nú kann einhver að segja að vaxtabætur séu ekki eins öruggar og niðurgreiddir vextir. Þessu er þveröfugt farið. Fyrrv. félmrh. hækkaði vexti úr 1% upp í 2,4% og í 4,9% með einni undirskrift. Breyting á vaxtabótum þarfnast lagabreytingar og þriggja umræðna á Alþingi. Ég vil leyfa mér að vitna til yfirlýsingar frá fjmrh. á bls. 101 í þskj., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Yfirlýsing fjármálaráðherra um samráð við félagsmálaráðherra um ákvarðanir er snerta vaxtabætur og fjárhæð þeirra.

Frumvarp til laga um húsnæðismál gerir ráð fyrir að horfið verði frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis í formi lána með niðurgreiddum vöxtum. Þess í stað verði farvegur fjárhagsaðstoðarinnar húsaleigubætur, sbr. ný lög frá því í desember sl., og vaxtabætur skattkerfisins, sbr. fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga.

Um leið og félagsleg fjárhagsaðstoð hins opinbera verður markvissari en áður er mikilvægt að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt við allar ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð. Hlutaðeigandi ráðuneyti munu því verða að hafa náið samstarf um mögulegar breytingar á aðstoðinni í framtíðinni og fjármálaráðherra fullt samráð við félagsmálaráðherra um meðferð og ákvörðun vaxtabóta.

Friðrik Sophusson. Magnús Pétursson."

Vaxtabótunum verður sem sagt ekki breytt nema á ábyrgð félmrh.

Í hinu nýja kerfi er gert ráð fyrir 90% hámarksláni. 10% verður viðkomandi að leggja fram sjálfur. Þetta er nokkur breyting því að í gamla kerfinu hafa menn undir sérstökum kringumstæðum átt kost á 100% láni. En 100% lánin hafa gefið mjög slæma raun. 1996 var þriðjungur nauðungarsöluíbúðanna með 100% láni. Það er mikill ábyrgðarhluti að freista algjörlega eignalausra einstaklinga til að stofna til skuldbindinga sem þeir ráða engan veginn við og missa síðan íbúðirnar á nauðungaruppboð sem slegnar eru á verði langt undir skuldum, og standa svo uppi með margar milljónir á bakinu og öll sund lokuð til lánafyrirgreiðslu fyrr en að skuld við Húsnæðisstofnun er a.m.k. að fullu greidd. Það er miklu betra fyrir eignalausa að fá hjálp á leigumarkaði þar til úr rætist.

Ég leyfi mér, herra forseti, að minna á 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en hún hljóðar svo:

„Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna."

Það er rétt að geta þess að kaupleigukerfinu verður lokað um næstu áramót.

Sveitarfélögin eru örvuð til að auka framboð leiguhúsnæðis með lánum sem verða niðurgreidd í fyrstu og bera 1% vexti. Þau verða örvuð til að breyta félagslegum eignaríbúðum í leiguíbúðir. Það má búast við auknum innlausnum sveitarfélaga. Sveitarfélögin geta þá gert upp félagslega lánið og fengið lán á 1% vöxtum.

Í öðru lagi verða þau örvuð til að byggja eða kaupa íbúðir til leigu. Reykjavíkurborg hefur t.d. kynnt mér áform um kaup eða byggingu 100 lítilla íbúða til að mæta eftirspurn fyrir slíkar íbúðir á leigumarkaði.

Ástæða er til að minna á lög um húsaleigubætur frá því um síðustu áramót og nú eru greiddar húsaleigubætur um allt land á allt leiguhúsnæði í öllum sveitarfélögum og teknar verða upp viðræður við sveitarfélögin um aukið framboð leiguhúsnæðis og fyrirkomulag lánskjara.

Þá vil ég minna á mikilvægt hlutverk húsnæðisnefndar sveitarfélaga og ítreka enn og aftur lagaskyldu sveitarfélaga í húsnæðismálum.

Ég vil einnig benda á breytt stjórnsýsluhlutverk félmrh. og stjórnar Íbúðalánasjóðs. Kærusamband Húsnæðisstofnunar og félmrh., sem komið var á 1993, er rofið. Komið verður á sérstakri faglegri kærunefnd húnæðismála og hún mun skera úr ágreiningsefnum sem kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og ákvarðana húsnæðisnefnda sveitarfélaga. Úrskurðum kærunefndar verður ekki skotið til félmrh. og félmrh. verður ekki með puttana í einstökum lánveitingum.

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvæga og brýna löggjöf að ræða sem mun verða þjóðfélaginu til farsældar, sérstaklega hinum tekjulægri og þeim sem verr eru settir. Í fskj. I á bls. 76–91 er gerður samanburður á eldra kerfi og nýju kerfi. Í öllum dæmunum, sem eru raunhæf og venjuleg, sést að greiðslubyrði er verulega léttari á fyrsta hluta lánstímans, hins vegar heldur þyngri á síðari hluta. Á 40 árum verður ápekk útkoma, lægri í átta af ellefu dæmum en heldur hærri í þremur.

Heildargreiðslubyrði hjóna í 7 millj. kr. íbúð, með 150 þús. kr. tekjur á mánuði, er 205 þús. á ári í eldra kerfi en 160 þús. á ári í nýju kerfi fyrstu árin. Einstætt foreldri með 80 þús. kr. tekjur á mánuði, sem kaupir íbúð á 5,5 millj. kr., er með heildargreiðslubyrði 140 þús. árlega í eldra kerfi en 112 þús. á ári í nýju kerfi fyrstu árin, eða innan við 10 þús. kr. á mánuði.

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvæga löggjöf að ræða og vonast eftir að hún verði afgreidd fyrir vorið. Gildistaka er um næstu áramót og það þarf nokkurn umþóttunartíma frá því að lögin eru sett þangað til nýtt skipulag er tekið upp. Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, geri ég tillögu um að málinu verði vísað til hv. félmn.

[12:14]

**Útbýting þingskjals:**

Framhaldsskólar, 355. mál, þskj. 869.

[Fundarhlé. — 12:15]

[12:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. 70 ára saga félagslegra íbúða á Íslandi hefur gjörbreytt húsnæðisaðstöðu láglaunafólks og orðið til þess að lægst launaða fólkinu hefur gegnum marga síðustu áratugi verið gert kleift að koma sér sómasamlegu þaki yfir höfuðið. Verkalýðshreyfingin og félagshyggjuöflin hafa staðið vörð um þessa félagslegu aðstoð fyrir láglaunafólk og hrundið allri atlögu hægri aflanna sem hvað eftir annað hafa reynt að slá af þessa mikilvægu aðstoð til láglaunafólks sem oft hefur ráðið úrslitum um framfærslumöguleika þeirra.

Herra forseti. Niðurlæging Framsfl. er því algjör þegar þeir nú ganga í björg fyrir íhaldið og framkvæma stefnu þeirra í húsnæðismálum sem er andstæð hagsmunum láglaunafólks.

Hver er stefna Sjálfstfl. í húsnæðismálum? Hún var samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. 1996 og þar segir að leggja eigi byggingarsjóðina niður, sameina þá í eina sjálfstæða lánastofnun sem fjármagni íbúðalán og hin nýja lánastofnun verði einkavædd fyrir aldamótin og Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd. Það er akkúrat þessi stefna, herra forseti, sem hæstv. félmrh. er hér að framkvæma fyrir íhaldið. Ekki var þessa stefnu að finna, herra forseti, í þeim bæklingi sem framsóknarmenn gáfu út fyrir kosningar. Það var ekki orð um að það ætti að slá af félagslega kerfið. Auðvitað er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en svik alveg eins og svik framsóknarmanna eru gagnvart því sem þeir lofuðu fólki um greiðsluaðlögun og skuldbreytingu aldarinnar.

Það er einu sinni svo, herra forseti, að íhaldið hefur mörg undanfarin ár reynt að koma í framkvæmd þeirri stefnu sem hæstv. félmrh. er nú að fylgja eftir fyrir Sjálfstfl. en þeir sem hafa verið í félmrn. á undan hæstv. núv. félmrh. hafa komið í veg fyrir það að Sjálfstfl. hafi komið í gegn sinni einkavæðingu á félagslega kerfinu. Þetta er, herra forseti, grófasta atlaga að láglaunafólki sem við höfum séð um áratuga skeið og ekki hægt að kalla það annað en hreint skemmdarverk að ganga milli bols og höfuðs á félagslegri aðstoð láglaunafólks í húsnæðismálum og rústa í einu vetfangi aðstoð við láglaunafólk í húsnæðismálum. Vinnubrögð hæstv. félmrh. eru síðan sérkafli fyrir sig. Það var ekkert samráð haft við verkalýðshreyfinguna. Nokkrum mínútum áður en hæstv. félmrh. kynnti þetta mál í fjölmiðlum voru forustumenn verkalýðshreyfingarinnar kallaðir á fund félmrh. til að kynna þeim þessar breytingar sem nú eru á döfinni.

Þetta frv., herra forseti, sem rústar félagslega kerfið á að keyra í gegn á einum mánuði þar sem slegin er af öll félagsleg aðstoð við láglaunafólk en félagslega kerfið hefur tryggt öryggi þeirra verst settu í húsnæðismálum í marga áratugi. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti, sem félmrh. viðhefur hér.

Þessi atlaga að félagslega kerfinu hefur lengi verið í undirbúningi. Við höfum undanfarna mánuði og missiri eða allt frá því að núv. félmrh. tók við í félmrn. hlýtt á áróður félmrh. gegn félagslega íbúðakerfinu. Hann hefur haldið því fram sýknt og heilagt að hér standi félagslegar íbúðir auðar um allt land, félagslega kerfið sé að sliga öll sveitarfélögin í landinu, Byggingarsjóður verkamanna sé á hausnum, félagslega kerfinu sé stefnt í þrot og aftur og aftur hefur hann haldið uppi linnulausum áróðri gegn Húsnæðisstofnun. Er það svo að hér eigi að fara að breyta öllu félagslega kerfinu vegna þess að íbúðir standi auðar um allt land og er það rétt að íbúðir standi auðar um allt land, herra forseti? Hver er staðreynd þess máls?

Í október 1996 voru 116 auðar íbúðir í tvo mánuði eða lengur, 79 í sex mánuði eða lengur og 32 íbúðir í eitt ár eða lengur. 32 íbúðir, herra forseti, af 11 þúsund íbúðum stóðu auðar í eitt ár eða lengur. Á að umbylta félagslega kerfinu vegna þess? Ég segi auðvitað nei, herra forseti.

Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að Byggingarsjóður verkamanna sé á hausnum. Hverjum er það að kenna ef Byggingarsjóður verkamanna stendur illa? Engum öðrum en hæstv. félmrh. sjálfum vegna þess að þegar hann settist í stól félmrh. þá var skorið grimmilega niður ríkisframlagið í Byggingarsjóð verkamanna sem þarf að vera eins og fram kemur í greinargerð ráðherrans með þessu frv. 800–900 millj. kr. á hverju ári í niðurgreiðslur en ráðherran lætur í framlög í Byggingarsjóð verkamanna um 275 millj. kr.

Er það svo að þessir sjóðir, sem nú á raunverulega að fara að leggja niður, hafi orðið fyrir verulegum útlánatöpum? Lítum aðeins á það, herra forseti, hvort þess vegna sé ástæða til að leggja niður félagslega aðstoð í húsnæðismálum á Íslandi.

Á árunum 1990–1994 voru útlánatöp ríkisviðskiptabanka og ýmissa sjóða atvinnulífsins tæpir 22 milljarðar kr., en húsbyggingarsjóðirnir báðir, Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins voru samtals með útlánatöp á þessum árum upp á 65 millj. kr. Sjóðir fólksins, útlánatöp á fjórum árum 65 millj. kr. en sjóðir atvinnulífsins og bankarnir með útlánatöp upp á 22 milljarða kr. Er þetta ástæða, herra forseti, til að gera þær breytingar sem hæstv. ráðherra boðar nú, sem felast í því að rústa félagslega aðstoð við þá lægst settu og láglaunafólk hér á landi? Ég segi auðvitað nei, herra forseti.

Hvert á að vera markmiðið með félagslegum íbúðum? Það er að tryggja hag láglaunafólks og veita því aðstoð á viðráðanlegum kjörum, þannig að allir geti komið sér upp þaki yfir höfuðið og þeim sem ekki eiga þess kost á að tryggja leiguíbúðir með viðráðanlegum kjörum. Spyrja má, þarf einhverju að breyta í félagslega íbúðakerfinu til að ná þessu markmiði? Já, ég er sammála því að það þarf að skoða það að einfalda félagslega íbúðakerfið og það þarf að stórefla leigumarkaðinn. Hafa nokkrir þeir, sem helst hafa staðið vörð um félagslega íbúðakerfið, fallist á þær breytingar sem hér er verið að gera á húsnæðislánakerfinu? Nei, herra forseti. Ég er hér bæði með samþykktir ASÍ, samþykktir BSRB, samþykktir Verkamannsambandsins og ályktun landssamtaka húsnæðisnefnda. Allir þessir aðilar leggja til ákveðnar breytingar á núverandi kerfi, en ekki að leggja það niður, ekki að rústa það, herra forseti. Og hverjir eru það sem skipa landssamtök húsnæðisnefnda? Hverjir eru í húsnæðisnefndum? Það eru fulltrúar sveitarfélaganna m.a. og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar. Og hvað segja þeir um þetta kerfi sem hæstv. félmrh. ætlar að leggja af? Þeir segja orðrétt, herra forseti:

„Núverandi löggjöf um félagslega eignaríbúðahúsnæðið hefur reynst allvel í stærstu þéttbýlisstöðum landsins, þó svo á einstökum stöðum á landsbyggðinni hafi reynst erfitt að selja félagslegt íbúðarhúsnæði. Ársfundurinn vekur athygli á að 85 til 90% af öllum félagslegum eignaríbúðum ganga eðlilega kaupum og sölum og hafa reynst aðgengilegur íbúðarkostur. Af um 10 þús. eignaríbúðum hefur sveitarfélögunum reynst erfitt að ráðstafa 500 íbúðum en orsakir þess má fyrst og fremst rekja til ófullnægjandi atvinnuframboðs á viðkomandi stöðum."

Þetta er nú dómurinn frá landssamtökum húsnæðisnefnda sem í eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna um allt land, og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar. Þeir leggja ekki til þá leið sem hæstv. félmrh. er að fara, að slá af alla félagslega aðstoð í húsnæðismálum á Íslandi. Þeir leggja til ákveðnar breytingar og þær breytingartillögur sem hér eru lagðar til og finna má t.d. hjá BSRB og ASÍ og Verkamannasambandinu tel ég að eigi að skoða en ekki að fara þá leið sem hæstv. félmrh. leggur til.

Það er staðreynd, herra forseti, að þetta kerfi hefur í megindráttum reynst vel en á því eru hins vegar gallar sem þarf að laga sem snúa að miklu leyti að framkvæmdinni á félagslega kerfinu, en það er líka nauðsynlegt að einfalda kerfið og fara í átak til að efla leigumarkaðinn en ekki að rústa kerfið, herra forseti. Og fullyrðingar í greinargerð ráðherra um að félagslega kerfið bjóði upp á lítinn sveigjanleika eru rangar og hafa ekki við nein rök að styðjast. Það er einmitt mikill sveigjanleiki í þessu kerfi en gallinn er sá að sveitarfélögin mörg hver hafa ekki nýtt sér þann sveigjanleika sem er í því kerfi, sérstaklega ekki í kaupleigukerfinu sem býður upp á að fólk geti byrjað á að leigja og kaupa svo íbúðina þegar hagur vænkast og sveitarfélögin áttu að lána þessum íbúum, ef þeir keyptu kaupleiguíbúðir, það sem vantar upp á 100%, eða 10% til allt að 15 árum og fæst þeirra hafa gert það. Þannig hefur sveigjanleiki kerfisins ekki verið nýttur. Og því er ég að tala um að það sé kannski fyrst og fremst framkvæmdinni sem sé ábótavant. Það er auðvitað sorglegt, en staðreynd samt, að þótt flest sveitarfélögin hafi staðið sig vel í uppbyggingu félagslega kerfisins, þá eru til nokkur sveitarfélög úti á landi sem hafa ekki haft hag láglaunafólks í huga, heldur hafa verið að byggja meira en þörf krefur til að halda uppi verktakaiðnaðinum á staðnum. Og eigum við nú að rústa allt félagslega kerfið, sem staðið hefur hér í 70 ár, vegna þess að 32 íbúðir hafa staðið auðar lengur en eitt ár og af því að nokkur sveitarfélög hafa ekki hagað sér skynsamlega að því er varðar uppbyggingu félagslega kerfisins?

Herra forseti. Ég held að hæstv. félmrh. verði að átta sig á því á hvaða leið hann er í þessu efni. Stendur frv. félmrh. undir því sem segir í grg. með frv., að það eigi að þjóna betur tekjulágu fólki og öldruðu? Þetta fullyrðir hæstv. félmrh. í frv. og hann fullyrðir einnig að það sé til nægjanlegt framboð á húsnæði, en fyrir hverja? Fyrir hverja er til nægjanlegt framboð á húsnæði? Er hér til nægjanlegt framboð fyrir láglaunafólk, fyrir þá verst settu, fyrir aldraða, fyrir öryrkja? Nei, það er ekki til. Og hæstv. félmrh. bætir ekki úr því með því frv. sem hér er lagt til heldur er hann að hverfa til fortíðar í húsnæðismálum. Efni frv. er því langt frá því markmiði sem hæstv. ráðherra telur sig vera að framfylgja í húsnæðismálum. Þetta er, herra forseti, hreint rothögg fyrir lægst launaða fólkið og harkalegasti skellur sem láglaunafólk hefur fengið frá stjórnvöldum svo áratugum skiptir. Það er því argasta öfugmæli sem segir í frv. að verið sé að tryggja sérstaklega og betur en nú er gert hag láglaunafólks, þegar hundruð fjölskyldna á ári hverju, verði þetta frv. að lögum, verða skildar eftir án nokkurs öryggis í húsnæðismálum. Án nokkurs öryggis, herra forseti, í húsnæðismálum.

Ég ætla að fara yfir efni þessa frv. Full ástæða er til að nýta hér allan þann ræðutíma sem maður hefur þó að hæstv. ráðherra hafi getað bunað út úr sér efni þessa frv. á 20 mínútum eða hálftíma, þar sem hann er að rústa félagslega kerfið á Íslandi.

Flýting vaxtabóta. Það er jákvætt. En það er reyndar ekki mikið meira að finna í frv. sem er jákvætt. Það er mjög jákvætt. Ég styð það. Félagsleg lán. Það virkar mjög fagurlega að fólk getur nú farið út á almenna markaðinn og valið sér íbúð, en er það svo? Er það svo í reynd, herra forseti, að fólk, sem þarf á félagslegri aðstoð að halda, geti nú farið út á almennan markað, valið sér íbúð og fengið til þess félagsleg lán? Ég er ekki á móti félagslegum lánum og er alveg tilbúin að skoða þau og þá kosti sem ASÍ setur fram í því efni, en útfærsla ráðherra að því er varðar þessi félagslegu lán gengur ekki upp.

Síðan komum við að húsbréfakerfinu. Ég minnist þess að ekki eru mörg ár síðan ég deildi hart við framsóknarmenn sem börðust hvað hatrammast gegn húsbréfakerfinu á þingi. Nú er húsbréfakerfið það besta sem til er. Framsóknarmenn sjá nú ekki sólina fyrir húsbréfakerfinu. Það er meira að segja svo gott í þeirra huga að það er hægt að fella alla félagslega aðstoð við láglaunafólk undir húsbréfakerfið og veita öllum húsbréfalán. Það á að leysa vandann fyrir láglaunafólk. En húsbréfakerfið var ekki sniðið að því að mæta þörfum láglaunafólks og þeirra sem verst standa. Þannig að hæstv. núverandi félmrh. þykir húsbréfakerfið greinilega enn betra en mér hefur fundist. Og þeir ætluðu að koma í veg fyrir að 86-kerfið yrði lagt af og hömuðust í marga mánuði gegn húsbréfakerfinu. En nú leysir það vanda láglaunafólks líka.

Förum nú yfir það, herra forseti, hverjar eru afleiðingar frv. fyrir láglaunafólk. Það er kannski rétt, áður en ég fer í það, að skoða aðeins hverju raunverulega er verið að breyta. Það er verið að markaðsvæða félagslega íbúðakerfið og örugglega stefnt í einkavæðingu á því ef sjálfstæðismenn fá að ráða eins og þeir hafa fengið að ráða hingað til í húsnæðismálum og það vekur athygli að ýmis ákvæði hlutafélagalaganna eru tekin upp varðandi starfrækslu sjóðsins. Félmrh. á einn að skipa fimm manna stjórn Íbúðalánasjóðsins. Hann á einn að skipa það sem kallað er matsnefnd, að mig minnir. Hann á að skipa þriggja manna undirbúningnefnd til þess að leggja af lánasjóðina og matsnefnd til þess að meta skuldir Húsnæðisstofnunar. Hann á einn að skipa varasjóð. Hann á einn að ráða öllu í þessu efni. Eins og ég segi bera ákvæði frv. þess merki að verið er að einkavæða og stefna í einkavæðingu á íbúðalánakerfinu. Auðvitað ber þessi nýi Íbúðalánasjóður líka einkenni bankastofnunar, enda tiltekið að hann eigi að standa undir sér með eigin tekjum og vöxtum án ríkisframlaga.

Öllu starfsfólki Húsnæðisstofnunar verður væntanlega sagt upp og það sem er nokkuð sérkennilegt, herra forseti, þegar verið er að breyta um rekstrarform á ríkisstofnunum hér á Alþingi, t.d. með hlutafélagavæðingu, er yfirleitt ákvæði í frv. um það að starfsfólk eigi að hafa forgang til starfa. Nú segir hæstv. félmrh. hér: Ég ætla að beina því til þessa nýja framkvæmdastjóra að hann sjái til þess að eitthvað af þessu fólki verði nú ráðið. — Það er ekki nægjanlegt, herra forseti. Auðvitað verða að koma skýr ákvæði um það inn í frv. sjálft, ef þessi löggjöf nær á annað borð fram að ganga, sem auðvitað er ekki víst, vegna þess að eitt skal hæstv. ráðherra vita: Hann kemur þessu frv. ekki léttilega hér í gegnum þingið. Ég er tilbúin að standa til sumars í þessum ræðustól til að koma í veg fyrir að þessi áform gegn láglaunafólki og lægst launaða fólkinu á Íslandi nái fram að ganga.

Það er náttúrlega ljóst að frv. er sniðið að þörfum nokkurra sveitarfélaga sem hafa ekki hagað sér skynsamlega í

húsnæðismálum, þó að flest sveitarfélög hafi gert það. Það eru nánast allar skyldur teknar af sveitarfélögunum, eins og kaupskylda, forkaupsréttur, 3,5% óendurkræft framlag af heildarbyggingarkostnaði, 10% lán til Byggingarsjóðs verkamanna af hverri eignaríbúð og ef sveitarfélag þarf að selja íbúð á lægra verði en innkaupsverði virðast þeir vera tryggðir í gegnum þennan varasjóð en ef eigandi félagslegrar íbúðar selur á almennum markaði ber hann sjálfur ábyrgð á hugsanlegu tapi. Það er ekkert verið að hugsa um láglaunafólk í þessu frv. Ekki nokkurn skapaðan hlut, herra forseti.

Ef ég fer síðan í afleiðingar þessa frv. fyrir láglaunafólkið sýnist mér blasa við að fjölda fólks sem hefur fengið aðstoð í gegnum félagslega íbúðalánakerfið verði hreinlega úthýst. Og af hverju dreg ég þá ályktun, herra forseti? Það eru þúsund fjölskyldur sem árlega hafa fengið fyrirgreiðslu gegnum félagslega kerfið í endursöluíbúðum og í nýjum íbúðum. Þar af hafa í gegnum árin um 200–250 fengið 100% lán þótt þeir séu eitthvað færri núna í tíð núv. ráðherra. Greiðslumatið í félagslega kerfinu er miklu rýmra. Þar er miðað við að greiðslubyrðin fari ekki yfir 28% af tekjum en í húsbréfakerfinu er miðað við að greiðslubyrðin verði mest 18% af tekjum. Ef þetta gengur eftir, ef greiðslumatinu verður ekki breytt, ef þeir sem fá núna íbúðir í félagslega kerfinu þurfa að ganga undir sömu skilmála um greiðslumat og aðrir í húsbréfakerfinu þá er verið að setja á götuna, herra forseti, 600 fjölskyldur á hverju einasta ári.

Ég hef heyrt það og ég spyr ráðherra um að það hvort það eigi að fara að koma á neyslustaðli þar sem gert er ráð fyrir lágmarksframfærsluþörf hvers umsækjanda. Gæti það hugsanlega leitt til þess að það yrðu enn fleiri heldur en þessar 600 fjölskyldur á hverju ári sem yrðu á götunni? Ég spyr ráðherrann um þennan neyslustaðal vegna þess að margir óttast að hann muni enn þrengja þann hóp sem fær fyrirgreiðslu í þessu nýja kerfi ráðherrans.

Hvað eigum við nú að gera við þetta fólk, þessar nokkur hundruð fjölskyldur sem verða á götunni á hverju ári? Leiguíbúðir. Leiguíbúðir, sagði hæstv. félmrh., og undirstrikaði hvað eftir annað hér í ræðustólnum skyldu sveitarfélaganna varðandi leiguíbúðir.

Hvernig lítur þetta nú út? Það kemur fram í þessu frv. að veita eigi niðurgreidd lán til samtals 50 íbúða á árunum 1999 og 2000. 50 íbúðir til þess að mæta þörfum kannski 1.200 og þaðan af fleiri fjölskyldna á þessu tímabili. 50 íbúðir.

Hvað býður ráðherrann svo upp á? Jú. Hann gerir ráð fyrir því að semja við sveitarfélögin um framhaldið. Hvenær á þeim samningum að ljúka? Áður en þetta frv. verður að lögum, þannig að við vitum hvað við erum að samþykkja? Þannig að við vitum hvað hægt er að gera við það fólk sem verður núna úthýst úr félagslega kerfinu. Nei, aldeilis ekki. Fyrir árslok 2000 eiga þeir samningar að liggja fyrir. Fyrir árslok 2000 og meðan höfum við til ráðstöfunar 50 leiguíbúðir fyrir þetta fólk.

Ég spyr ráðherrann: Hvað ætlar hann að gera við félagasamtök sem hafa treyst á þetta félagslega íbúðakerfi? Námsmenn, samtök fatlaðra, samtök aldraðra sem hafa getað byggt leiguíbúðir gegnum þetta félagslega kerfi. Hvað á að gera við þessa hópa? Eiga þeir að fá hlutdeild í íbúðunum 50 sem þessar 1.200 fjölskyldur eiga að komast inn í? Hvað þýðir það fyrir fatlaða? Einmitt þessi kostur hefur orðið til þess að fatlaðir hafa getað farið út af sambýlum og stofnunum inn í félagslegar íbúðir. Erum við að hverfa hér líka aftur til fortíðar í málefnum fatlaðra? Er það til viðbótar öllu öðru sem hér er boðað af hæstv. félmrh.?

Húsaleigubætur, segir ráðherrann. Við vitum ekki hvaða afleiðingar þær breytingar, sem hér voru gerðar á húsaleigubótalöggjöfinni, muni hafa sem voru settar þannig fram að það mætti hækka húsaleigu upp í kostnaðarverð en síðan ætti að bæta allt gegnum húsaleigubótakerfið. Við sýndum fram á það fyrir jólin aftur og aftur að fólk, sem er í leiguíbúðum og hefur fengið niðurgreiðslu þar, þyrfti með húsaleigubótunum, ef ekkert annað kæmi í staðinn, að taka á sig kannski 10–15 þús. kr. á mánuði. Það er verið að skoða þetta núna hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Við vitum ekki niðurstöðuna. Þessu á öllu að vísa á sveitarfélögin sem geta fengið lán til 50 íbúða næstu tvö árin.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er sammála þessu. Er þetta rétt eða er það komið frá fjmrn. að það verði bara lánað til 50 íbúða á árinu 1999 og árinu 2000? Er þetta samkomulag sem var gert við hæstv. félmrh. eða er þetta bara fyrirskipun sem hann hefur tekið við frá fjmrn. eins og í mörgu öðru í þessu frv. sem hér er til umræðu? Mér kæmi það ekki á óvart, herra forseti, þó þetta væri fyrirskipun frá hæstv. fjmrh. sem hæstv. félmrh. tekur góða og gilda eins og hann tekur hér upp stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum um að leggja af félagslega aðstoð og einkavæða félagslega íbúðakerfið.

Hvaða áhrif hefur þessi breyting á fasteignamarkaðinn? Hvaða áhrif hefur þessi breyting á greiðslubyrðina? Við vitum ekki enn um áhrifin á fasteignamarkaðinn. Hún getur orðið veruleg fyrir nýja kaupendur 2–4 herbergja íbúða en þeir hafa verið um 60–70% þeirra sem hafa fengið fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu. Eftirspurnin eykst örugglega. Og því skulum við líka halda til haga að það er staðfest bæði af Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun að nýjar íbúðir í félagslega kerfinu hér á höfuðborgarsvæðinu eru 10% dýrari en á almennum markaði. Þarf þetta fólk sem nú kemur inn á hinn almenna markað að taka á sig þessa 10% hækkun fyrir utan skilyrði um að það geti líka lagt fram 10% af útborguninni?

Ráðherra fullyrðir að 100% lánið hafi reynst svo illa að það eigi að leggja þau af. Hverjar eru staðreyndir í því? Staðreyndin er sú um það sem er kallað stórfelld vanskil að af 600 lánum sem eru í gangi, 100% lánum, eru vanskilin aðeins 17% þannig að 83% þeirra sem hafa fengið 100% lán hafa vissulega getað notið þess. Þetta á nú að leggja af með tilstyrk Framsfl.

Við skulum aðeins líta á greiðslubyrðina, herra forseti. Hæstv. ráðherra fullyrðir að greiðslubyrðin verði heldur léttari í nýja kerfinu, fyrir þá sem á annað borð komast inn í kerfið. En liggur þetta mál svo? Hæstv. ráðherra, sem skildi eftir hálftíma af sínum ræðutíma, vék ekki einu orði að þeim stórfellda kostnaðarauka sem verið er að setja á fólk í hinu nýja kerfi. Hann fór ekki yfir ýmsan kostnað sem þetta fólk verður að taka á sig. Það hefur verið reiknað út miðað við einstætt foreldri sem kaupir íbúð upp á 5,5 millj. að kostnaðurinn í núverandi kerfi, þinglýsingargjöld, lántökugjöld, sölulaun o.fl., er 56 þús. kr., beinn kostnaður. Hann verður fyrir þessa fjölskyldu 134.850 kr. í nýja kerfinu en í núverandi kerfi eru það 56 þús. Og þó að greiðslubyrðin sé í einhverjum tilvikum sem ráðherrann nefndi 1–2 þús. kr. léttari í nýja kerfinu, þá á hæstv. ráðherra að halda sannleikanum til haga. Við erum hér að tvöfalda til þrefalda þann beina kostnað sem fólk verður fyrir þegar það kaupir

íbúð í nýju kerfi ráðherrans og þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að sveitarfélögin hætta að greiða 3,5% sem hefur lækkað íbúðaverðið þannig að fólk hefur ekki þurft að borga nema 96,5%. Nú er það tekið af þannig að það eykur greiðslubyrðina einnig. Það er ekki tekið með í útreikninga ráðherrans. Og það er heldur ekki tekið með í útreikninga ráðherrans, sem eru vissulega peningar sem fólk þarf að taka úr sínum vasa, ef íbúðirnar sem það þarf að kaupa eru 10% dýrari. Öllu þessu er stungið undir stólinn og ekki rætt hér einu orði sem mun hafa veruleg áhrif á þá greiðslubyrði sem þetta fólk verður að bera.

Málið liggur einfaldlega þannig að þeir sem komast yfirleitt inn í þetta nýja kerfi ráðherrans þurfa að borga meira, greiðslubyrði þeirra verður þyngri hvernig sem á málið er litið og síðan eru hundruð fjölskyldna skildar eftir á götunni. Þarf nokkurn að undra, herra forseti, að ég þurfi að tala um þetta mál til sumars ef með þarf?

Síðan er það vaxtabótakerfið sem nú á að taka við allri félagslegri aðstoð undir stjórn fjmrh. 150 millj. kr. Eiga þær að nægja í þetta, herra forseti? Ég hef ekki séð það. Niðurgreiðslan á félagslegum íbúðum kostaði 838 millj. á árinu 1996. Hér eru 150 millj. sem á að bæta í vaxtabótakerfið til þess að sjá um allar niðurgreiðslurnar. Og hvernig fer með niðurgreiðslurnar hjá þeim sem eru í núverandi kerfi? Halda þeir þeirri niðurgreiðslu sem þar er fyrir eða verða þeir líka settir inn í vaxtabótakerfið? Ég bið ráðherrann um svar við því.

Hér er auðvitað um pólitíska skömmtun að ræða vegna þess að fjöldi viðbótarlána verður takmarkaður á hverju ári allt eftir því hve mikið verður veitt af viðbótarlánum. Það veit enginn. Ég spyr ráðherrann: Hvað áætlar hann að verði veitt mörg viðbótarlán? 100 eða 200? Segjum að þau verði 200. Svo koma 400 manns, allir jafnsettir og eiga aðgang að þessu viðbótarláni. Hver á að velja þetta fólk? Það á að taka fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar út úr húsnæðisnefndunum. Þar verða pólitískir fulltrúar. Þarna er verið að koma á ákveðnu skömmtunarkerfi, herra forseti. Svo er þetta allt undir einhverjum hatti, að allir geti bara farið út á almenna markaðinn og valið sér íbúð eins og þeir vilja. Hér er verið að taka upp nýtt, miðstýrt skömmtunarkerfi.

Svo veltir maður fyrir sér þessu valfrelsi vegna þess að sveitarfélögin geta skilyrt viðbótarlán til einstaklinga því að þeir kaupi þær íbúðir sem sveitarfélögin fá í endursölu. Komi íbúi í einhverju sveitarfélagi og vilji fara út á markaðinn og velja sér íbúð, þá getur fulltrúi sveitarfélaga sagt: Við erum hér með endursöluíbúð. Þú verður að taka hana, annars færðu ekki viðbótarlánið. Þetta er valfrelsið sem við ætlum að bjóða upp á. Þetta er gulrótin sem verið er að veifa framan í fólk til þess að hæstv. félmrh. geti selt þetta kerfi. Þetta er mesta blekking sem ég hef séð lengi hér í þingsölum, herra forseti.

Húsnæðisnefndir þurfa að samþykkja þessar íbúðir. Hvernig verður eftirlitið? Það verður vafalaust þungt og flókið í vöfum vegna þess að þeir sem fara út á hinn almenna markað og finna 2–3 íbúðir sem þeir vilja gjarnan kaupa, einhverja af þessum íbúðum, þá verður sennilega eftirlitsfulltrúi að fara á eftir þeim og samþykkja hvort þessi íbúð uppfyllir gæði og kröfur sem gerðar eru til hennar. Og hvað ef íbúðin þarf viðhald? Á að lána fyrir viðhaldinu líka? Hefur ráðherrann hugsað fyrir því?

Ég ætla að víkja að þessum varasjóði. Sveitarfélögin eiga að greiða í hann 5% af væntanlegu viðbótarláninu. Ég spyr ráðherrann um það. Ef eitthvert sveitarfélag greiðir ekki þessi 5% af viðbótarláninu í varasjóðinn, þá fá íbúar þess sveitarfélags ekki viðbótarlán? Það er nauðsynlegt að hann svari því. Ef einhver sveitarfélög ætla ekki að greiða þetta viðbótarlán vegna þess að það gangi ekki út af fjárhagsáætlun, það kemur einhvers staðar hér fram, og geti ekki eitthvert árið eða ætli kannski alls ekki að greiða þetta 5% viðbótarlán, er það þá svo að íbúar þess sveitarfélags fá ekki viðbótarlán? Er það svo?

Síðan virðist sjóðurinn eiga að hafa það verkefni að niðurgreiða eldri lán Byggingarsjóðs verkamanna ef markaðsverð eignar reynist lægra en uppreiknað veðlán sjóðsins. Með öðrum orðum, það á að leysa sveitarfélögin sem misnotað hafa félagslega kerfið úr snörunni. Sumir hafa áætlað að það kosti 2 milljarða. Á þessi varasjóður að standa undir því og þar með þau mörgu sveitarfélög sem hafa staðið sig vel varðandi uppbyggingu félagslega kerfisins, eiga þær greiðslur sem þau sveitarfélög inna af hendi í þennan sjóð að fara til þess að greiða skuldir sveitarfélaga sem hafa staðið sig illa? Síðan hefur ráðherrann það í hendi sér samkvæmt þessu lagaákvæði að hækka framlagið þannig að Reykjavík, Hafnarfjörður eða Kópavogur sem hafa staðið sig vel þurfa að fara að greiða niður skuldirnar í Bolungarvík. Er þetta svo, herra forseti? Við þurfum auðvitað að skoða það hvort þetta er meiningin með breytingunni.

Spurningin er um þá sem eru í núverandi kerfi. Er það svo að sveitarfélag geti hafnað forkaupsrétti? Það er talað um að sveitarfélögin geti breytt tímanum varðandi forkaupsréttinn í núverandi kerfi. Ég spyr um það vegna þess að það er mikilvægt. Getur verið að sveitarfélag geti hafnað forkaupsrétti á íbúðum þeirra sem eru í núverandi kerfi og vilja selja sína íbúð á markaði? Það er auðvitað alvarlegt ef svo er því að þessir íbúar hafa farið inn í þetta kerfi á ákveðnum forsendum um að sveitarfélögin innleysi til sín íbúðir þeirra. Á þeim getur hvílt kannski 7 millj. kr. lán. Hér er kannski um 3 millj. kr. íbúð að ræða og ef sveitarfélögin hafna forkaupsrétti, sitja þá íbúarnir uppi með þessa íbúð? Ég er ekki að fullyrða þetta. Ég er að spyrja af því að þetta er mikilvægt atriði.

Síðan spyr ég um eitt, vegna þess að ákvæði til bráðabirgða VI er verulega skrýtið. Er það virkilega svo að hægt verði að ógilda þegar gerða samninga, a.m.k. er varðar þá sem fengið hafa úthlutað íbúð á byggingarstigi en ekki hefur verið afhent? Samkvæmt frv. á að gera þeim grein fyrir breyttu ástandi, ég held það sé á bls. 17 í frv. sem er full ástæða til þess að skoða, en þar segir: „Slíkum aðilum skal jafnframt gefinn kostur á því að hætta við kaup óski þeir þess.“ Þurfa þeir að fá nýtt greiðslumat sem þegar hafa gert samning um íbúð en hafa ekki fengið íbúðina afhenta af því hún er á byggingarstigi? Er það svo að hægt sé að ógilda þessa samninga?

Hérna stendur: „öllum þeim sem fengið hafa loforð eða úthlutun íbúðar á byggingarstigi eða annars konar íbúðar samkvæmt eldra kerfi og ljóst er að ekki verður tilbúin til afhendingar og/eða uppgjörs fyrr en eftir gildistöku laga þessara. Slíkum aðilum skal jafnframt gefinn kostur á því að hætta við kaup óski þeir þess.“ Það á að tilkynna þessum aðilum breytt ástand. Ég spyr sérstaklega um þetta vegna þess að það er auðvitað alvarlegt ef það er svo.

Ég spyr aftur um starfsöryggi fólks í Húsnæðisstofnun. Er ráðherrann tilbúinn til þess, ef þetta frv. nær yfirleitt fram að ganga, sem mig hryllir við, að setja ákvæði inn í

frv. um forgang þessa fólks til starfa? Það er allsérkennilegt ákvæði hér varðandi opinbera starfsmenn, sem er full ástæða til að lesa en það er um hæfniskröfur framkvæmdastjóra yfir þessum nýja banka ráðherrans. Hér stendur:

„Greinin gerir ekki ríkari hæfniskröfur til framkvæmdastjóra en almennt eru gerðar til ríkisstarfsmanna. Gera verður þó ráð fyrir því að framkvæmdastjóri hafi þá viðbótarþekkingu og reynslu sem stjórn Íbúðalánasjóðs telur nauðsynlega að framkvæmdastjóri hafi til þess að geta gegnt starfinu."

Er það bara gefið hér fyrir fram að ríkisstarfsmenn eða opinberir starfsmenn hafi ekki þá hæfniskröfu sem gera á til framkvæmdastjórans í þessum nýja banka? (**SvG:** Það á að vera framsóknarmaður ...) Framsóknarmaður? Ja, það skyldi þó nú ekki vera að allar þessir nefndir og sjóðir og ráð sem félmrh. er einráður um hvernig skipa á, að það verði allt saman framsóknarmenn. Ekki bætir það frv., herra forseti, ef það er raunin.

En hvað á að gera, herra forseti, til þess að bæta núverandi kerfi? Ég held að það eigi að skoða af fullri alvöru þær tillögur sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram. Ég held að það eigi að einfalda kerfið og ég held að það væri til bóta ef hér væri eitt kerfi, kaupleigukerfi, með 90% lánshlutfalli og ég tel að möguleikinn á 10% viðbótarláni eigi að vera til staðar. En hann þarf þá að vera til lengri tíma en þriggja ára. Ég held að lánið mundi gagnast að fullu ef það væri til 15 ára.

Vaxtabætur tel ég rétt að hafa með sama hætti og ráðherra leggur til, að þetta verði samtímagreiðslur. Og ég held að kaupendur eigi að hafa val um leigu eða kaup fyrstu árin og að afborgunarhlutinn í húsaleigu nýtist leigjanda sem greiðsla þegar leiga breytist í kaup. Þetta hefur verið lagt til af ýmsum aðilum sem hafa verið að skoða þetta kerfi.

Ég held líka að það þurfi að gera átak á leigumarkaðnum og það á að gera í samráði sveitarfélaga, verkalýshreyfinga og jafnvel lífeyrissjóða þannig að það sé gert átak til að fjölga leiguíbúðum og efla leigumarkaðinn. Og ég held að við komumst ekkert af með færri en nokkur hundruð leiguíbúðir á hverju ári. Það er auðvitað hægt að einfalda þetta kerfi og koma til móts t.d. við sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar en það á ekki að fara þá leið sem hæstv. ráðherra boðar. Íhaldið getur vissulega fagnað yfir því hér í þingsölum að hafa knésett Framsfl. og fengið þá til að flytja inn í þingsali stefnu sína um einkavæðingu félagslegra íbúða og að slá af félagslega aðstoð til láglaunafólks. En það verður barist hart gegn því, herra forseti, eins lengi og þarf hér á þingi til að koma í veg fyrir að láglaunafólkið og þeir verst settu verði settir hér á kaldan klaka eins og allt stefnir í með þessu frv. félmrh.

[13:20]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var um margt merkileg, í raun og veru ótrúleg varnarræða. Hún talar eins og húsnæðiskerfið, þ.e. félagslega húsnæðiskerfið sem er við lýði í dag sé í lagi. En félagslega húsnæðiskerfið virkaði að sjálfsögðu í upphafi, eins og mörg kerfi gera, en það virkar alls ekki í dag. Ég þekki það vel úr mínu fyrra starfi sem sveitarstjóri að í þessu kerfi er lítill sveigjanleiki, hvað sem hver segir, félagslega kerfið er ákveðinn baggi á sveitarfélögunum. Það er alveg sama hvort sveitarfélögin eru vel eða illa rekin eða hvort það eru fáar eða margar íbúðir í sveitarfélögunum. Í t.d. sveitarfélögum á Suðurlandi er til þess að gera jafnvægi í félagslegum íbúðum og íbúðum á almennum markaði. Kerfið er baggi á sveitarfélögunum. Og það er alveg klárt mál að það er óraunhæft verð á þessum félagslegu íbúðum. Fólk er mjög óánægt þegar til sölu og uppgjörs kemur og það eru fyrningareglur og fólk er virkilega í mörgum tilfellum að tapa peningum þarna.

Það er líka erfitt í kerfinu eins og það er að fá lán fyrir viðhaldi og kerfið er almennt þungt. Eignarmyndun er mjög seinvirk og mjög margt ungt fólk sem fer inn í þetta kerfi fer hundóánægt út úr því og fer inn á almennan markað. Og því finnst í mörgum tilfellum að það sé hreinlega hlunnfarið. Láglaunafólki hefur gengið illa í þessu kerfi, það er alveg sama með þá sem eru hærra launaðir og hafa lent í 4,9% vöxtunum, því hefur gengið verulega illa í þessu kerfi og ég fagna virkilega breytingum. Það er ekkert víst að kerfið sem við höfum áhuga á að setja á sé fullkomið, en ég fagna þeim breytingum sem eru vonandi að verða á þessu kerfi.

[13:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar hér um varnarræðu. Það veitir nú ekki af því að halda hér uppi vörn fyrir láglaunafólkið þegar þetta er að skella yfir. Ekki hefur láglaunafólkið skjól hjá framsóknarmönnum, það er alveg ljóst. Ég veit að þessi hv. þm. vill vel en ég er sannfærð um að hann hefur ekki kynnt sér áhrif og afleiðingar af þessu frv.

Hv. þm. talar um óraunhæft verð, þungan bagga á sveitarfélögunum og mikla greiðslubyrði fyrir láglaunafólk. Það er verið að tvöfalda eða þrefalda þann kostnað sem fólk hefur bara við það að komast inn í íbúðina. Það er verið að taka 3,5% framlag af sveitarfélögunum, sem fer þá beint á fólkið sjálft. Þyngir það ekki greiðslubyrðina? Það er verið að halda þannig á málum að sveitarfélögin um allt land þurfa á næstu tveim árum kannski að byggja 1.200 leiguíbúðir. Heldur hv. þm. að það verði minni baggi á sveitarfélögunum en í núverandi kerfi?

Og ef hv. þm. þekkir ekki sveigjanleikann í þessu kerfi, ja þá skil ég ekki hvað hann er að fara vegna þess að hann er mikill, en hann hefur ekki verið nýttur. Ég hvet nú hv. þm. til að skoða málið betur.

Ég sagði ekki, og ég undirstrika það, að það sé allt í lagi í þessu kerfi. Ég sagði hverju þyrfti að breyta. Ég sagði að það ætti að skoða tillögur verkalýðshreyfingarinnar. Og ég skora á hv. þm. að leggja okkur í stjórnarandstöðunni lið með því að þetta frv. verði ekki afgreitt núna heldur verði það unnið í samráði við verkalýðshreyfinguna í sumar og lagt fram á nýjan leik í haust þannig að tryggt sé að láglaunafólk og þeir verst settu verði tryggðir, sem þetta frv. gerir ekki ráð fyrir vegna þess að það er verið að úthýsa hundruðum fjölskyldna sem hafa átt skjól í félagslega kerfinu.

[13:25]

**Ísólfur Gylfi Pálmason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði því ekki hvernig fólki, láglaunafólki, hefur gengið í félagslega kerfinu. Það þekki ég af eigin raun af störfum mínum sem sveitarstjóri. Það er kannski dálítill munur á því hvort við erum að vinna í félmrn., hvort við erum að vinna með reglur og lög eða hvort við erum með fólkinu sem er að kaupa sér íbúðir eða selja íbúðir, við skynjum þetta á allt — ég ímynda mér á allt annan hátt.

Ég er alveg klár á því að full ástæða er til að stokka upp það kerfi sem er nú við lýði, það er full ástæða til þess. Ég

fer á mjög marga fundi í mínu kjördæmi, á hverjum einasta þeirra spyrja sveitarstjórnarmenn, þá spyr hinn almenni borgari: Ætlið þið ekki að breyta þessu félagslega kerfi? Þess vegna segi ég það að ég held að þau spor sem við erum að taka hér séu til góðs og ég er alveg tilbúinn að hlusta á, eins og sjálfsagt allir framsóknarmenn og allir stjórnarþingmenn, við erum tilbúin til að hlusta á allar góðar hugmyndir, allar góðar ábendingar um breytingu. En ég hef ekki heyrt þær ábendingar enn hjá hv. þm.

[13:26]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru alveg örugglega einhverjir í félagslega kerfinu sem ættu frekar að vera í leiguíbúðum, ef leiguíbúðaverðið væri viðráðanlegt. En hvernig hefur Framsfl. staðið sig í uppbyggingu leiguíbúða þau tvö ár sem þeir hafa verið með félmrn.?

Ég ætla að minna á það að á árunum til 1995 þegar Alþfl. var með félmrn. voru leiguíbúðirnar um 1.300 talsins, Búsetuíbúðir, kaupleiguíbúðir og aðrar leiguíbúðir, 1.300 talsins eða um 170 á ári. Hvernig hefur Framsfl. staðið sig? Á síðasta ári 49 leiguíbúðir. Það eru fjórum sinnum færri íbúðir en þegar jafnaðarmenn voru með félmrn. Fjórum sinnum minna.

Og svo segir félmrh. að það eigi bara allir að fara í leiguíbúð. Hvar eru þessar leiguíbúðir? (Gripið fram í.) Hvar eru þær? Hv. þm. verður að svara því, þegar við blasir að hundruð fjölskyldna verða kannski á götunni eftir að þetta frv. verður samþykkt.

Og hv. þm. talar um að hlusta. Er Framsfl., er þessi hv. þm., er hæstv. félmrh. tilbúinn að hlusta á verkalýðshreyfinguna? Það hefur aldrei fyrr gerst að verið sé að umbylta félagslega kerfinu, ég tala nú ekki um eyðileggja það eins og hér er gert, og ekki talað orð við verkalýðshreyfinguna. Þetta eru ný vinnubrögð í samskiptum stjórnvalda við verkalýðshreyfinguna, þetta eru ný vinnubrögð. Við erum að umbylta og rústa kerfið og það er ekki talað við verkalýðshreyfinguna. Ég skora á hv. þm. að hlusta á láglaunafólkið, (**ÍGP:** Ég geri það.) hlusta á verkalýðshreyfinguna sem hefur byggt upp þetta kerfi, fara að tillögum verkalýðshreyfingarinnar og aðstoða hana við það að þetta frv. verði ekki knúið í gegn í andstöðu við láglaunafólk og verkalýðshreyfinguna.

[13:28]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að eyða svolitlum tíma í það í byrjun að fara yfir aðdraganda að frumvarpssmíð hæstv. félmrh. og kringumstæður málsins sem eru nokkuð sérkennilegar satt best að segja og eru menn þó orðnir ýmsu vanir í samskiptum ríkisstjórnarinnar við verkalýðshreyfinguna og reyndar einnig þeirrar sem á undan sat.

Það eru heilmikil tímamót í sögu húsnæðismála á Íslandi, a.m.k. á þessari öld, ef á að fara að gera meiri háttar umbyltingu á húsnæðiskerfinu án þess að verkalýðshreyfingin sé svo mikið sem kölluð til ráðagerða, hvað þá að hún sé beinn þátttakandi að því eins og hún hefur lengst af verið með öllum meiri háttar breytingum, a.m.k. hvað varðar tilkomu félagslegs íbúðarhúsnæðis á Íslandi á þessari öld. Það er athyglisverður minnisvarði sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson er á góðri leið með að reisa sér í sögunni að vera fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og tengiliður hennar við vinnumarkaðinn og verkalýðshreyfinguna alveg sérstaklega og umgangast þau samskipti með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur gert. Það verður örugglega eftir því tekið og um það fjallað á spjöldum sögunnar að hæstv. ráðherra hafi látið hafa sig til þeirra verka sem raun ber vitni.

Það vekur mikla athygli, herra forseti, þegar farið er yfir það hversu þrengslalega hæstv. ráðherra hefur kosið að láta vinna að gerð þessarar endurskoðunar á húsnæðismálum. Í greinargerð eru sérstaklega raktar tvær nefndir eða starfshópar sem komu að þessu fyrir hæstv. ráðherra. Annar mun hafa borið nafnið samráðshópur og hinn starfshópur. Það er ábyggilega mjög mikill munur á þessu tvennu þó að verulegu leyti sitji sömu mennirnir í báðum hópunum, t.d. er aðstoðarmaður ráðherra að sjálfsögðu í báðum nefndunum. En í samráðshópnum sat að vísu einn tengiliður frá sveitarstjórnunum eða við skulum gefa okkur að svo hafi verið þar sem var bæjarstjórinn á Selfossi, (**Fjmrh.:** Þeir voru tveir.) já, og reyndar annar frá Reykjavíkurborg en síðan komu aðstoðarmenn ráðherranna eins og venjulega og reyndar Gunnar S. Björnsson, varaformaður húsnæðismálastjórnar, og skyldi nú ekki vera að hann hafi verið eins konar fulltrúi Sjálfstfl. inni í þessu batteríi því að hann mun hafa verið skipaður til þeirrar stjórnar af þeim um langt árabil, hinn mætasti maður sem þekkir ágætlega til í byggingariðnaðinum eins og kunnugt er.

Þarna voru að sjálfsögðu þeir Steingrímur Ari Arason og Árni Gunnarsson, aðstoðarmenn fjmrh. og félmrh., og mikið verð ég að segja að ég dáist að þeim mönnum hvernig þeir geta verið í endalausum starfshópum út og suður. Ég held að nafni minn Ari Arason hljóti að vera einn duglegasti maður í heimi því að hann er í öllum nefndum sem fjmrh. skipar og það stappar nærri að vera eins með Árna Gunnarsson, aðstoðarmann félmrh. Það hlýtur að vera miklu lengri sólarhringurinn hjá þessum mönnum en okkur hinum því að annars kæmust þeir ekki yfir það að vera í öllum þessum nefndum fyrir húsbændur sína.

Í starfshópnum voru svo þeir Hákon Hákonarson, formaður húsnæðismálastjórnar, og gæti verið eitthvað tengdur Framsfl., það er hugsanlegt, (Gripið fram í.) hann er að vísu hinn mætasti maður og allt það, áðurnefndur Gunnar S. Björnsson í báðum hópunum, fulltrúi Sjálfstfl. og varaformaður húsnæðismálastjórnar, Páll Gunnar Pálsson, deildarstjóri í iðnrn.- og viðskrn., stórættaður maður, Steingrímur Ari Arason aftur og Árni Gunnarsson. Blessaðir drengirnir báðir aftur í bæði samráðshópnum og starfshópnum. Þvílíkt álag sem er á þessum mönnum. Svo eru menn undrandi á því að það sé hugmyndaauðgi og það hafi komið sjónarmið úr ýmsum áttum inn í starfið þegar svona fjölbreytilegt mannval er úr ýmsum áttum sem endurspeglar allar víddir þjóðfélagsins, stéttir, aldur og kyn, þessir fínu ungu karlar, aðstoðarmenn ráðherranna. Auðvitað er hægt að búa til fleiri nöfn. Því var ekki skipuð nefnd og ráðgjafarhópur t.d., það er fínt nafn. Ég hefði talið enn þá betra ef þriðji hópurinn hefði komið að þessu og hann hefði verið kallaður ráðgjafarhópur og í honum hefðu verið Gunnar S. Björnsson, Steingrímur Ari Arason, Árni Gunnarsson, jafnvel Páll Gunnar Pálsson, það hefði farið mjög vel á því. Þetta hefði verið enn betra o.s.frv. (**Gripið fram í:** Og svo umsagnaraðilar.)

Staðreyndin er náttúrlega sú að vinnubrögðin og nálgun hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórnar er neðan við allar hellur. Hringja svo í forustumenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu korteri áður en á að gera þetta þetta hugarfóstur

aðstoðarmannanna opinbert og hóa í þá og segja: Við viljum endilega hafa samráð við ykkur um breytingar í húsnæðismálum. Korter fyrir 12. Svo ekki sé talað um og minnst á það að stjórnarandstaðan sé höfð með í ráðum. Man hæstv. félmrh. þá tíma fyrir eins og áratug þegar mikið gekk á í húsnæðismálum? Ekki hefði mönnum dottið í hug eitt augnablik þá að láta heildarendurskoðun á löggjöf og málefnum húsnæðismálanna fara fram án þess en verkalýðshreyfingin ætti fulla aðild að því máli. Jafnvel Vinnuveitendasamtökin komu inn í það á köflum og stjórnarandstaðan. Ég sat sem stjórnarandstæðingur í nefndum, t.d. í nefnd sem var að undirbúa upptöku húsbréfakerfisins og fleiri slíkar kerfisbreytingar í húsnæðismálum. Það þótti sjálfsagður hlutur að stjórnarandstæðingar væru með í slíkri vinnu frá byrjun. En nú er öldin önnur. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. félmrh. hafi stundum, t.d. á síðasta kjörtímabili þanið sig heilmikið yfir því að stjórnarandstaðan væri ekki höfð með í ráðum þá. En svona er þetta nú. Þegar menn eru einu sinni sestir í hin hægu sætin, orðnir ráðherrar og komnir með aðstoðarmenn, sérstaklega ef þeir tilheyra Framsfl., þá er þetta bara haft innan fjölskyldunnar. Ég sé ekki annað en það hefði vel verið hægt að halda alla þessa fundi á Höllustöðum og senda svo bréfið þaðan.

Þetta er, herra forseti, dapurlegt vegna þess að ekki er verið að fjalla um dægurmál, hér er ekki verið að fjalla um smámál sem er fyrirgefanlegt að menn þjóni pólitískri lund sinni og sérvisku og eigi bara við um sjálfa sig. Hér er verið að fjalla um hina mikilvægustu löggjöf í landinu og hér er verið að fjalla um málaflokk sem mjög löng hefð er fyrir að reyna að hafa sem breiðasta og almennasta samstöðu um, hafa verkalýðshreyfinguna með í ráðum og reyna að ná pólitísku eða þverpólitísku samstarfi eins og kostur er. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson hefur hafnað þessum aðferðum. Tilkoma frv. og aðdragandi er mjög skýr yfirlýsing að því leyti að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með hæstv. félmrh. Pál Pétursson í broddi fylkingar slítur samstarfinu við verkalýðshreyfinguna á Íslandi um húsnæðismál. Hún gerir það — og hefur þegar slitið öllu samstarfi við stjórnarandstöðuna svo það kemur út af fyrir sig minna á óvart.

Kannski komi þeir tímar aftur að verkalýðshreyfingin neyðist til þess að beita verkfallsvopninu til þess að geta haft áhrif á mótun húsnæðislöggjafar á Íslandi. Það hefur hún stundum þurft að gera. Ýmsum mikilvægum réttindamálum sem almenningur í landinu býr við, eða hefur a.m.k. búið við þar sem ekki er búið að rífa af mönnum á síðustu tveimur kjörtímabilum, náðu menn fram með harðri baráttu og verkföllum. Er það sá samskiptamáti sem hæstv. félmrh. er að mæla með sem er jafnframt ráðherra vinnumarkaðsmálanna? Það er hart að þurfa að trúa því. En hvenær og hvernig á verkalýðshreyfingin að hafa áhrif á þessi mál ef framkoman við hana er sú sem við verðum hér vitni að?

Svo kemur að innihaldinu og þess sér að sjálfsögðu stað að hinum víðsýnu aðstoðarmönnum ráðherranna finnst sjálfsagður hlutur að halda áfram og henda verkalýðshreyfingunni t.d. út úr húsnæðisnefndunum þannig að þetta er ekki bara aðferðafræðin heldur líka innihaldið. Að sjálfsögðu dregur það dám af vinnubrögðunum og því hvernig þetta er allt saman lagt upp.

Herra forseti. Hér eru engin dægurmál eða smámál á ferðinni. Sú breyting sem lögð er til er a.m.k. á hina formlegu hlið gífurleg, hún er umbylting á kerfinu eða kannski er nær að segja að því er kollvarpað. Félagslegu húsnæðiskerfi, félagslegu ákvæði í löggjöf um húsnæðismál er í raun og veru hent út. Þau eru lögð niður. Þetta er allt sett í einn sjóð. Verið er að markaðsvæða 100% íbúðalán á Íslandi með þessari aðgerð. Þegar búið verður að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins og húsbréfadeild, stofna þennan nýja Íbúðalánasjóð, verður engin aðgreining möguleg eða hugsanleg á lánum. Þau verða öll með sömu vöxtum, þau verða öll á markaðskjörum, þau verða öll ef svo ber undir að sæta afföllum á markaði o.s.frv. Með öðrum orðum gengur kerfisbreytingin út á að henda út úr löggjöfinni um húsnæðismál öllu sem heitir félagsleg viðmið, félagsleg grundvallarviðhorf. Hins vegar er sagt að þau eigi að koma inn hinum megin, þau eigi að koma inn í gegnum vaxtabætur og það er vísað á þær um allt sem heitir jöfnun eða stuðningur við þá sem eiga undir högg að sækja hvað varðar húsnæðisöflun í landinu og þá á sveitarfélögin.

Við skulum líta þá aðeins nánar á það, herra forseti, en fyrst er kannski rétt að fara yfir stjórnsýsluþáttinn sem fjallað er um í öðrum þætti frv. — ég kann ekki alveg þetta þáttatal og kaflatal, en það er engu að síður svo að hér er ýmist talað um þætti eða kafla — og í öðrum þætti og öðrum kafla er fjallað um stjórnskipulag húsnæðismálanna. Nú verður engin Húsnæðisstofnun. Hvernig ætli það sé, herra forseti, í anda þess lýðræðis og þeirrar valddreifingar sem Framsfl. er auðvitað frægur fyrir með „fólkið í fyrirrúmi"? Jú, það er að sjálfsögðu þannig að hæstv. félmrh. ætlar að ráða öllu einn. Það væri alveg ástæðulaust að vera með nema þessa einu línu í lögunum, 3. gr. Hún er ein lína, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til."

Mín vegna mætti löggjöfin nánast vera svona því að ég sé ekki annað en það kæmi út á eitt efnislega. Ráðherrann ræður þessu. Hann ætlar sér að tilnefna eigin hendi fimm manna stjórn. Hann ræður því að sjálfsögðu hver verður formaður og varaformaður úr þeim hópi sem hann tilnefnir sjálfur og síðan er það þannig að víðast hvar annars staðar í lögunum þar sem einhverjar ákvarðanir sem máli skipta eru að nafni til settar undir stjórn Íbúðalánasjóðs þurfa þær samþykki félmrh. þannig að hann þarf að skrifa upp á það eftir sem áður. Ég tók að vísu eftir því við vandlega leit og fann eitt ákvæði sem lítur svo út a.m.k. sem ráðherrann ætli ekki að ráða beint, þ.e. aðeins óbeint og það er hver er ráðinn framkvæmdarstjóri enda gæti farið betur á því ef þyrfti að koma einhverjum flokksgæðingnum fyrir í því djobbi að það væri ekki alveg nakið að það væri félmrh. sjálfur sem réði því. Þá væri ágætt að hafa einhverja fimm leppa til að bera ábyrgð á því að ráða manninn en að sjálfsögðu ræður ráðherra því sem sjálfur skipar mennina og ræður hver er formaður og varaformaður þannig að hér er öllu hent út, hent á haugana sem heitir lýðræði og eðlileg stjórnsýsla í þessum málaflokki. Það er furðuleg hugsun að leggja að jöfnu einthvert hlutafélag, t.d. iðnfyrirtæki sem ríkið á og rekur sem hlutafélag úti á markaðnum og málaflokk af þessu tagi sem húsnæðismálin eru nema það sé sú framtíð sem verið er að vísa í að þetta verði einkavætt, þetta sé til marks um það að í raun og veru sjái ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. þetta fyrir sér sem tímabundið ástand, áfanga að því að einkavæða þetta að fullu og öllu. Og því ekki það? Hversu mikill munur verður orðinn á því þegar um 100% markaðslán er að ræða að öllu leyti og ekki vottar á neinn hátt fyrir félagslegri hugsun í löggjöfinni sem slíkri að láta þá einkaaðila fara að

reka sjóðinn? Það er bara stigsmunur en ekki eðlis að verða á því.

Þetta er alveg ofboðslegt, herra forseti, og sögulega séð alveg með ólíkindum að ráðherra flokks, sem telur sig vera miðjuflokk, ég tala nú ekki um kennir sig stundum þegar það hentar í hinum pólitísku sviptivindum við félagsleg viðhorf eða samvinnu eða eitthvað því um líkt, hann skuli standa fyrir svona hlutum. Er þetta ekki alveg sönnun þess að Framsfl. er endanlega giftur í þessu hjónabandi sínu með íhaldinu og er bara í skítverkunum fyrir íhaldið? Þetta er nánast 100% húsnæðisstefna Sjálfstfl. frá síðasta landsfundi hans nema það er bara ekki farið jafnlangt fram í tímann og þar var gert því þar átti að einkavæða hinn nýja Íbúðalánasjóð árið 2000. En það er ekkert því til fyrirstöðu að það verði gert að tveimur árum liðnum. Þetta er góður undirbúningur fyrir það.

Valdasamþjöppunin í þessu frv., herra forseti, er með ólíkindum. Ráðherra ræður málaflokknum, ráðherra skipar stjórn Íbúðalánasjóðs, ráðherra setur stjórnum reglugerðir og mótar starfsramma hans. Ráðherra þarf að samþykkja allar mikilvægustu ákvarðanir stjórnarinnar. Ráðherra skipar undirbúningshóp til að koma fyrirbærinu á laggirnar. Og ráðherra skipar matsnefndina. Ráðherra gerir þetta allt þannig að það verða auðvitað sömu mennirnir í öllum þessum nefndum. Þeir Steingrímur Ari og Árni Gunnarsson verða auðvitað í undirbúningshópnum og matsnefndinni. Ekki dettur mér eitt augnablik annað í hug. Þannig er þetta. Það er lýðræðið sem hér er á ferðinni.

Herra forseti. Við hljótum að staldra sérstaklega við þá efnisbreytingu sem hér er á ferðinni, að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna. Það er enginn vafi á því að af mörgu sem hlýtur að koma til skoðunar í frv. þá er það veigamest í mínum huga að með frv. er Byggingarsjóður verkamanna og áratugalangri sögu félagslegs húsnæðiskerfis og félagslegs íbúðalánakerfis lokið. Því er lokið ef þetta verður lögfest og þessar breytingar ná fram að ganga. Það gleðjast auðvitað ýmsir yfir því. Það er alkunnugt að Sjálfstfl. hefur mjög lengi viljað þetta kerfi feigt og einstöku menn í þeim hópi hafa verið svo hraustir að þeir hafa viðurkennt það, og það er vissulega algjör snilld, en það hafa ekki allir sjálfstæðismenn treyst sér til að skrifa upp á það og það hefur jafnan átt sér málsvara í þeim hópi og á þingi hafa setið ágætir menn sem vörðu það. Mig minnir t.d. að ýmsir Guðmundar hafi verið á þingi fyrir Sjálfstfl. bæði fyrr og síðar sem hafi staðið vörð um þetta kerfi. Og það er alveg hrein snilld hjá Sjálfstfl. að fá Framsókn til að gera þetta fyrir sig. Það er hrein snilld. Samþykkja þetta á landsfundi og svo gengur Framsókn í skítverkin, alveg sjálfviljug. Það verður ekki annað séð á hæstv. félmrh. en honum hafi verið það tiltölulega ljúft að leika þetta böðulshlutverk á félagslega húsnæðiskerfinu fyrir Sjálfstfl. Ég sé að hv. þm. Pétur Blöndal er með óvenjulegum gleðibrag hér úti í salnum. Það skyldi nú ekki vera að þetta væri einn af hátíðisdögunum í lífi hans þegar til umræðu er að ganga af félagslega húsnæðiskerfinu dauðu. Hvað á að koma í staðinn, herra forseti? Hvað á að taka við? Hvar er hin félagslega hugsun Framsfl. á ferðinni? Jú, hún er í þessu snifsi um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Því það er trixið, það er snilldin. Það á að vísa öllu í vaxtabótakerfið. Viðbótarlán og vaxtabætur er það sem menn fá í staðinn fyrir Byggingarsjóð verkamanna og félagslegt húsnæðiskerfi sem á sér áratugalanga sögu í landinu. Hvernig skyldi það nú ganga, herra forseti, og hvað segir sagan okkur í þeim efnum? Hvernig hefur það verið undanfarin 10–15 ár? Hvernig hafa þeir hlutir haldið? Og hefur þó ekki vantað svardagana. Það var svarið og sárt við lagt að auðvitað yrðu vextir aldrei hækkaðir á útlánum Byggingarsjóðs verkamanna, en það var samt gert. Það var svarið að vaxtabæturnar yrðu ekki skertar, en það var samt gert nokkrum árum síðar. Þannig má áfram telja. Hvernig hefur gengið með barnabæturnar?

Það sem menn verða að hafa í huga er að menn eru að selja allt sem þeir eiga undir, sem að nafninu til eiga að njóta stuðnings við húsnæðisöflun, í hendurnar á stjórnvöldum við afgreiðslu fjárlaga á hverju einasta ári. Reynslan sýnir okkur að það er hægara um vik en svo að í því sé mikið pólitískt hald að skerða slíkar bætur þegar þetta er einu sinni komið inn í þann farveg. Það væri hreinn barnaskapur ef menn skipta á því að hér eru falleg fyrirheit um að vaxtabæturnar eigi að vega upp þennan mun, og hinu að hafa grundvallarfjármögnun á húsnæðinu á hagstæðum kjörum bundnum til langs tíma. Það er hreinn barnaskapur að bera þetta tvennt saman því að við vitum að það er hægur leikur ósvífnum aðilum sem komast til valda, ég tala nú ekki um ef þeir eru svo heppnir að geta borið fyrir sig erfiðleika í þjóðarbúskapnum, sem því miður munu örugglega eiga eftir að ganga yfir okkur aftur eins og þeir hafa alltaf gert af og til, þá er mönnum ekkert heilagt, eins og kunnugt er. Þá er mjög nærtækt að grípa til aðgerða af þessu tagi, skerða pínulítið í senn, 50 millj. á þessu ári, 100 millj. á næsta ári og áður en við er litið er stuðningurinn orðinn að engu. Sagan er öll full af slíkum ferlum. Hún er vörðuð af loforðum um stuðning, bætur, jöfnun sem síðan hafa verið svikin. Það sem hér er verið að reyna að selja mönnum er það að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið og taka upp svona stuðning í staðinn. Það eru vond skipti í mínum huga, mjög vond skipti. Ég hef enga trú á að þetta gangi upp. Ég er jafnsannfærður um það nú og ég hef verið oft áður að þessar æfingar í húsnæðismálum, verði menn svo ógæfusamir að fara út í þær, verða jafnskammlíf fyrirbæri og ýmsar aðrar á undangengnum árum.

Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir þá sem þekkja þessa sögu dálítið aftur í tímann að það er eins og hver einasti félmrh. þurfi að reisa sér það minnismerki að slátra húsnæðislánakerfi forvera síns og byggja upp sitt eigið. Það er alveg merkilegt en þannig hefur það verið svo lengi sem ég man og hef fylgst með íslenskum stjórnmálum. Alexander Stefánsson þurfti auðvitað sitt kerfi, hæstv. fyrrverandi ráðherra. Svo kom næsti ráðherra og hann lagði niður kerfi Alexanders og tók upp sitt. Það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, t.d. og fleiri þingmenn krata. Svo kemur Páll okkar Pétursson, hæstv. félmrh., og auðvitað leggur hann niður kerfi Jóhönnu og tekur upp sitt kerfi. Og hver verður næstur? Hann verður auðvitað að leggja niður kerfi Páls og taka upp sitt. Halda menn virkilega að þetta sé farsælt? Halda menn að þetta sé gæfulegt í málaflokki af þessu tagi? Þetta er ekki gott. Ég verð nú að segja, þótt mér sé hlýtt til hv. þm. Péturs Blöndals, að ég vona að það verði ekki hann. Því þá leggur hann þetta niður bara „überhaupt", þá leggur hann allt niður segir bara: Markaðurinn sér um þetta. Það er það sem Sjálfstfl. ætlar sér, og hæstv. félmrh. Páll Pétursson er að láta hafa sig út í þau skítverk að undirbúa jarðveginn. Það verður bara eitt handtak fyrir íhaldið að leggja húsnæðiskerfið niður eða einkavæða það 100% ef þessar breytingar ná fram að ganga. (**Gripið fram í:** Öllum til góða.) Það er þannig. (**Gripið fram í:** Pétur tekur við af Páli.)

Síðan væri fróðlegt, herra forseti, að fara aðeins yfir það hverju félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum á Íslandi hafa skilað. Það er dálítið merkilegt að það er búið að rægja það kerfi svo mikið, og því miður hefur hæstv. núverandi félmrh. stundum gengið í þann hóp, m.a. með því að dreifa villandi og beinlínis röngum upplýsingum um mismunandi kostnað við íbúðir innan félagslega kerfisins og almenna kerfisins — það var til skammar hvernig hæstv. félmrh. gekk fram í þeim efnum — það er búið að rægja þetta kerfi svo mikið að það er því miður sjálfsagt þannig að stór hluti þjóðarinnar er búinn að gleyma því að þetta kerfi gjörbreytti húsnæðismálum Íslendinga frá og með styrjaldarlokum. Muna menn ekki í hvernig húsnæði Íslendingar bjuggu fram á miðja þessa öld? Ætli svona 60–70% af því húsnæði sem þjóðin var í um miðja öldina mundi ekki dæmast heilsuspillandi í dag? Ég er alveg viss um það. Hvað var það sem breytti mestu um þetta mál? Jú, það var auðvitað fyrir utan byggingar einstaklinga, gífurlegt átak í uppbyggingu félagslegs húsnæðis, ekki síst í Reykjavík, sem útrýmdi kotunum, bröggunum og torfhúsunum. Það var einmitt það fólk sem bjó í versta húsnæðinu sem fékk mannsæmandi húsnæði út á þetta kerfi. Menn geta haldið endalausar ræður mín vegna um að kerfið sé gallað og það hafi verið erfitt fyrir sveitarfélögin og þau séu sum í vanda út af því. Það er smámál hjá hinu í mínum huga hversu gífurleg breyting hefur orðið á húsnæðismálum þjóðarinnar einmitt í gegnum þetta kerfi, sem ég sé ekki að hefði orðið annars, a.m.k. ekki hvað tekjulægsta fólkið í landinu snertir.

Ég er sannfærður um að ef við ætlum með sama hætti á komandi árum og áratugum að leysa á félagslegum grunni vanda þess fólks sem erfiðastar hefur aðstæðurnar, þá þurfum við sérkerfi til þess. Markaðskerfið dugar ekki. Það mun ekki gera það. Ég er líka sannfærður um að það verður aldrei neitt vit í fjármögnun langtímafjárfestingar hjá venjulegu launafólki í neinu landi, eins og húsnæðisöflunin er eðli sínu samkvæmt yfirleitt stærsta fjárfestingin sem viðkomandi fjölskyldur ráðast í á öllum sínum ferli, nema til staðar sé trygg grunnfjármögnun á föstum, viðráðanlegum kjörum og til langs tíma. Það er þannig. Hvort sem við búum í verðbólgusamfélagi eða við stöðugleika, hvort sem við erum í Danmörku, eða Þýskalandi eða Íslandi, þá verður að tryggja þessa grunnfjármögnun. Hún er alls staðar til staðar og það grátlega er að hún hefur verið að byggjast upp á Íslandi. Þetta skiptir ekki bara máli þegar verið er að byggja nýtt húsnæði, því það er ekki nema hluti af húsnæði í landinu sem er að skipta um hendur. Þetta skiptir líka miklu máli þegar notað húsnæði skiptir um hendur. Það er þannig víða í nágrannalöndunum að grunnfjármögnunin á húsnæðinu er á bilinu 60% til 80% og allur þorri fólks sem að nafninu til „býr í eigin húsnæði" á aldrei nema um 40% af því vegna þess að það er áhvílandi grunnfjármögnun sem er til staðar og dekkar þá stóran hluta af fjárþörfinni þegar slíkt húsnæði skiptir um eigendur. Það er í slíkt ástand sem við Íslendingar þurfum að komast. Við bjuggum við þær afbrigðilegu aðstæður hér að verðbólgan hafði afskrifað allt íbúðarhúsnæði í landinu. Það var nánast allt saman skuldlaust í lok verðbólgutímans áður en verðtryggingin fór að mæla að einhverju ráði. Þetta voru alveg ótrúlegar aðstæður í einu landi, fullkomlega afbrigðilegar, og það voru þær sem sköpuðu vandann. Það er ekkert skrýtið að Íslendingar hafi átt í erfiðleikum í húsnæðismálum á áratugunum eftir að þetta ástand varð til vegna þess að það vantaði alla grunnfjármögnun á allt íbúðarhúsnæði í landinu. Ætli það sé ekki veðrými upp á 600 til 1.000 milljarða kr. í öllu íbúðarhúsnæði í landinu ef það væri allt saman óskuldsett? Það tæki við miklu, hv. þm. Við skulum bara reikna það betur út. Það eru a.m.k. fleiri hundruð milljarðar, það er alveg ljóst. Við þær afbrigðilegu aðstæður sem voru hér á verðbólgutímanum og áður en verðtryggð húsnæðislán voru farin að safnast upp að nokkru ráði á notuðu húsnæði þá voru hér algerlega afbrigðilegar aðstæður. Þetta hefur verið að breytast. Grunnlánin frá Byggingarsjóði ríkisins voru smátt og smátt að breyta þessu mjög mikið.

Ég var á móti því að loka Byggingarsjóði ríkisins. Ég taldi að hann ætti að vera til áfram og þó að hann hefði hætt að starfa gagnvart notuðu húsnæði gat hann áfram veitt grunnlán við kaup á nýbyggingum. Þar greindi mig á við ýmsa sem komu að breytingunum þegar verið var að taka upp húsbréfakerfið á sínum tíma. Ég er enn sannfærður um að það hefði verið betra fyrirkomulag. Húsbréfakerfið sem markaðsbréfakerfi er ágætt til að dekka viðbótarfjárþörfina á notaða húsnæðismarkaðnum og það er eðlilegt að markaðskerfið geri það. Og það má mín vegna alveg eins vera í bönkum í einhverri húsbréfadeild í opinberum sjóði. En grunnfjármögnunin, bæði á almenna húsnæðinu og að sjálfsögðu í félagslega kerfinu á að vera úr opinberum sjóði undir almennri stjórn og þannig að hægt sé að festa lánskjörin tryggilega og sjá um að það dæmi gangi upp gagnvart launanum eins og þau eru í landinu og greiðslugetu almennings á hverjum tíma. Allt annað er tóm vitleysa, vegna þess að ef menn láta hlutina ekki ganga upp gagnvart almennu ástandi í húsnæðismálum þjóðarinnar, hvað gerist þá? Hvað halda menn að gerist? Auðvitað verða menn þá að fara í björgunaraðgerðir. Það er bara þannig og þess vegna er það eins vitlaust og nokkuð getur verið að standa í einhverri ævintýramennsku í þessum efnum.

Við skulum taka eitt dæmi, herra forseti, um það hverjar afleiðingarnar geta orðið af því að fara út í 100% markaðskerfi eins og hér er verið að leggja til og keyra það í nokkur ár. Umfang húsbréfanna sem fara út á markaðinn með fasteignaveðbréf á bak við sig verður gífurlegt. Við skulum segja að erfiðleikaár komi í efnahagslífi þjóðarinnar og pappírar af þessu tagi þyki ekki eins góðir og þeir voru, afföllin haldi innreið sína á nýjan leik og ýmsir erfiðleikar verði af því tagi. (Gripið fram í.) Það gæti farið svo. Því miður erum við ekki eilífir áskrifendur að góðærinu. Það væri mikill barnaskapur að halda það. Þá væri nú létt að umbera hv. þm. Pétur Blöndal ef það væri sjálfkrafa trygging fyrir því að hér yrði endalaust góðæri á meðan hann sæti á þingi, en því miður ... (**Gripið fram í:** Nei, það væri erfitt.) Við myndum leggja það á okkur samt, en því miður óttast ég að það sé ekki svo. Jafnvel þótt við létum okkur hafa það að sitja uppi með hv. þm. og Sjálfstfl. við völd, þá mun það ekki reynast trygging fyrir eilífu góðæri og hamingju. Þvert á móti hefur að ýmsu leyti hið gagnstæða orðið raunin. Hins vegar er rétt að það hefur verið ytra góðæri nú um skeið og á því hefur auðvitað púkinn á fjósbitanum fitnað eins og kunnugt er og Sjálfstfl. notið allt of mikilla vinsælda, langt umfram efni.

En menn verða að átta sig á út á hvaða braut þeir eru að fara. Ég segi alveg eins og er að ég hugsa til þess með hryllingi hvernig ástandið getur orðið eftir 10 eða 15 ár ef svo til öll fjármögnunin á húsnæðislánum í landinu væri orðin hrein markaðsbréf, hreinir markaðspappírar, og geta þurft að sæta þeim sveiflum og sviptivindum sem þar eru uppi. Það er allt annar hlutur að einhver viðbótarfjármögnun, t.d. í við-

skiptum með notað húsnæði, lúti slíkum lögmálum. Og það er allt annað að bera afföll af einhverju viðbótarfjármagni sem svo er ástatt um.

En hver verður staða aðila sem verður með 90% fjármögnun á pappírum af þessu tagi, vegna þess að hann fær viðbótarlán og ef t.d. ástandið væri eins og það var hérna fyrir, ja segjum einum fimm til sex árum síðan þegar afföllin fóru upp í 25%?

Margt fleira, herra forseti, sem lýtur að efni þessa frv. er mikið umhugsunarefni. Það er líka ýmislegt umhugsunarvert sem fullyrt er í geinargerð með frv. og eðlilegt að fara aðeins yfir það því þar kemur ýmiss konar rökstuðningur fram.

Ég var búinn að nefna þetta með húsnæðisnefndirnar, herra forseti, sem komið er inn á í IV. kafla, það er náttúrlega mjög sérkennilegt að það skuli eiga af hálfu löggjafans að þrengja þetta með því að þarna skuli skipaðir þrír til fimm menn. Það gefur náttúrlega auga leið að það að opna færi á því að skipa t.d. aðeins þrjá menn í húsnæðisnefnd — við skulum hugsa okkur að þetta sé í einhverju miðlungssveitarfélagi þar sem er meiri hluti og minni hluti í bæjarstjórn eins og gengur, hvernig er þá líklegast að það ástand verði? Nú, meiri hlutinn mun að sjálfsögðu setja inn tvo menn. Segjum að það séu nú tveir flokkar sem standi þar saman að meiri hluta og þeir munu vilja fá sinn manninn hvor. Og kannski mun mönnum þá þykja lýðræðislegt að minni hlutinn fái hinn. Og þá er búið að loka nefndinni, þá er ekki meira pláss eftir. Þá verður sjálfkrafa ekki um neina aðild verkalýðshreyfingar eða einhverra annarra félagsmálasamtaka í þeim bæ að ræða.

Það er auðvitað mjög sérkennilegt að menn skuli ekki vilja samstarf aðila eins og verkalýðshreyfingarinnar um þessi mál. Ég skil það ekki. Ég hélt það væri mikill styrkur í því fyrir sveitarstjórnirnar, fyrir ríkið og fyrir málaflokkinn í heild að hafa aðila eins og verkalýðshreyfinguna í landinu með sér í þessum mikla málaflokki, en ekki annaðhvort óvirka eða jafnvel á móti sér. Mér er bara lífsins ómögulegt að skilja hver tilgangurinn með þessu er.

Á bls. 27 er kostuleg setning, herra forseti, sem ég marglas. Þar stendur eftirfarandi undir tölulið 3.5., sem ber yfirskriftina Samanburður á eignarmyndun, með leyfi forseta:

„Nægjanlegt íbúðarhúsnæði er til í landinu og í mörgum sveitarfélögum er framboð meira en eftirspurn.“ Er þetta spekin frá aðstoðarmönnunum, eða hvað? Þeir hafa fundið út að það sé nægjanlegt íbúðarhúsnæði til í landinu, það er nú gott að þeir skuli ekki segja um aldur og ævi, og síðan er vísað í það að í mörgum sveitarfélögum sé offramboð. Þannig að ef maður á að lesa eitthvað út úr þessu þá er það á þá hliðina. Síðan er að vísu reynt að læða því hér inn með þessu frv. að það eigi að efla leigumarkaðinn og byggja leiguíbúðir. En það er ekki í samræmi við þessa setningu. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er hæstv. félmrh. sömu skoðunar? Að það sé nægjanlegt íbúðarhúsnæði til í landinu, það þurfi ekki að byggja? Ef þetta er mannamál þá þýðir þetta að það þurfi ekki að byggja. Og hve lengi þarf þá ekki að byggja? Á bara að þjappa þjóðinni saman þegar henni fjölgar inn í það húsnæði sem fyrir er í landinu? Hvað þýðir þessi speki? Og hvernig er samhengi hennar við fyrirheitin um að það eigi að efla þarna leiguíbúðirnar?

Gulræturnar í þessu frv., herra forseti, sem hæstv. félmrh. hefur mikið reynt að nota til að selja mönnum og kynna það í fjölmiðlum og reyna að fá jákvæðan svip á þetta afkvæmi sitt, þær virðast mér aðallega vera tvær. Sú fyrri, að með þessu geti menn í staðinn fyrir það félagslega húsnæðiskerfi sem menn urðu að fara inn í ef þeir áttu rétt til þess og áttu kost á því að fá þar inni og taka þær íbúðir sem þar voru í boði, þá geti menn nú valið íbúðir. Nú geti menn farið með sín húsbréf út á markaðinn og sín viðbótarlán, grunnlán, almenn lán og viðbótarlán, og keypt bara eitthvert húsnæði. Það er út af fyrir sig rétt. Þetta mun opna fyrir það. Og hin gulrótin er að það yrði gert átak til að efla leigumarkaðinn.

Varðandi það fyrra þá er það að vísu svo þegar betur er að gáð og betur er lesið að þá eru þessu ýmis skilyrði sett. Í raun og veru geta sveitarstjórnirnar haft það í hendi sér að hve miklu leyti þetta er frjálst. Það er alveg ljóst. Þeim er í raun selt það vald. Og reyndar er þeim selt það vald í hendur hvort um einhver viðbótarlán verði að ræða yfirleitt. Svo eru menn að tala um að þeir hafi lagfært húsaleigubótakerfið og það sé núna ekki lengur háð geðþótta einstakra sveitarstjórna hvort menn eigi rétt á húsaleigubótum. En af hverju er þetta þá haft svona hér? Í raun og veru er það þannig að það er selt í hendur sveitarstjórnanna hvort og þá hvernig réttur manna gagnvart þessu viðbótarlánakerfi verður. Það er þannig. Þá er þetta ekki lengur eins glæsilegt og ekki eins frjálst. Og hitt er svo alveg ljóst að það var ekkert því til fyrirstöðu að gera þessa breytingu með breytingum á núverandi félagslegri löggjöf og án þess að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna. Og um það voru uppi tillögur, m.a. af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Því verkalýðshreyfingin hefur verið tilbúin til þess að breyta kerfinu yfir í félagsleg lán sem menn gætu notað til kaupa á húsnæði, þess vegna á notuðum markaði samkvæmt einhverjum reglum og væru ekki bundnir af því að vera eingöngu í húsnæði sem kerfið sjálft legði til. Og ef menn ekki trúa þessu, þá geta þeir kynnt sér samþykktir 38. þings Alþýðusambands Íslands um húsnæðismál og menn geta kynnt sér ályktanir síðasta BSRB-þings um húsnæðismál sem ég er hér með hvort tveggja.

Það er alveg ljóst að að þessu leytinu til hefði verið auðvelt að ná samstöðu um breytingar sem hefðu uppfyllt þetta annað meginmarkmið. Og þá er ekki orðið mikið eftir af þessari gulrót, þessari megingulrót hæstv. félmrh. um frelsið til að velja sér íbúðir. Auk þess sem menn verða að átta sig á því að það er ekki endilega eilíf hamingja, það er ekki endilega bara hamingja fólgin í því. Er t.d. ekki viss hætta á því að þetta leiði til þess smátt og smátt að tekjulægsta fólkið fylli allt lélegasta húsnæðið í landinu og sitji uppi með mun lakara húsnæði heldur en það hefur almennt gert þrátt fyrir allt, í félagslega kerfinu? Því hvað sem hver segir um það þá hefur þó einn kostur þess verið sá að menn hafa ekki sett standardinn niður. Menn hafa síðan hrópað á torgum um að það sé allt of dýrt. En menn gleyma því þá gjarnan að þetta er gott húsnæði, nýtt húsnæði, og vel útbúið. Og er það ekki nokkurs virði eða hvað? Skiptir það engu máli? Er mönnum alveg sama þó að það þróist þannig kannski á tíu, tuttugu árum að tekjulægsta fólkið skríði ofan í kjallaraholur, bara af því að það er frjálst að því að leita sér að lélegasta húsnæðinu í landinu og búa þar? Ég er ekki viss um að þetta sé að öllu leyti eins glæst framtíð og menn vilja vera láta. Það er ekki verið að búa til kerfi þar sem lágtekjufólkið getur allt flutt inn í marmarahallir, það er ekki svo. Og hvernig verður aðstaða þess ef vaxtabæturnar verða svo stórskertar á komandi árum?

Hvað varðar leiguíbúðirnar þá er það meira og minna skrifað í skýin. Það er meira og minna skrifað í skýin. Það

er engin trygging fyrir því að þetta þýði eitthvert stórátak í byggingu leiguíbúða. Það eru því bara blekkingar að halda því fram.

Þannig er þetta nú, herra forseti, að þegar upp er staðið þá er heldur lítið orðið eftir í þessu hjá hæstv. félmrh. Ég tel að þetta frv. sé meingallað og stórhættulegt að mörgu leyti og það sé aldeilis fráleitt að láta sér detta í hug að afgreiða það á þessu vori.

[14:09]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði margt og ég er honum hjartanlega ósammála í flestum atriðum. (**SJS:** Það er nú gott.) Nema kannski því að húsnæðiskerfið hafi átt hlutverki að gegna fyrir svona fimmtíu árum en hafi það alls ekki lengur.

Ég er hlynntur einstaklingsfrelsi og hv. þm. er hlynntur félagslegri samhjálp, þ.e. að mínu mati að gera alla jafna, alla jafnfátæka. Þetta eru sjónarmið og ég get ekki sagt að hans ræða hafi verið röng og hann getur ekki sagt að mín sjónarmið séu röng. Við eigum að virða hvor annars sjónarmið. Ég segi því ekki að hv. þm. hafi haft rangt fyrir sér í sínum málflutningi áðan.

Herra forseti. En það var eitt atriði í ræðu hv. þm. sem stakk mig óþyrmilega. Það lá við að mér fyndist ég vera kominn svona 30–40 ár aftur í tímann. Hv. þm. sagði: „Þarf verkalýðshreyfingin að beita verkfallsvopninu til þess að hafa áhrif?“ Ég hugsaði með sjálfum mér: Heyri ég rétt? Er hv. þm. að hóta hv. Alþingi með því að alþingi götunnar taki völdin? Taki yfir löggjafarvaldið?

Hvar er stjórnarskráin sem við höfum svarið eið að? Hvernig talar hv. þm. til kjósenda okkar? Kjósenda sem hafa kosið meiri hluta á Alþingi, og svo ætlar hann að láta einhverja verkalýðsrekendur í ASÍ, sem ekki eru kosnir lýðræðislegri kosningu, ráða yfir meiri hluta alþingismanna. Ég spyr hv. þm.: Á hvaða götum er hann, á hvaða villigötum er hann?

[14:11]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hann lýsir því yfir að hann hafi verið mér nánast að öllu leyti ósammála og ég segi: Mikið þykir mér vænt um það. Þá hefur þetta greinilega verið nokkuð góð ræða sem ég hélt hér fyrir félagsleg sjónarmið um húsnæðismál.

Það er alrangt hjá hv. þm., og það veit hann sjálfur, að það sé hugsjón mín eða nokkurs annars lifandi manns að gera alla jafnfátæka. Auðvitað er þetta barnalegur málflutningur. Það sem ég er að tala fyrir er að allir geti lifað mannsæmandi lífi og líka hvað húsnæðismál snertir. Og það er það sem félagslega íbúðarhúsnæðiskerfið gerði á Íslandi. Það gerði lágtekjufólkinu í landinu kleift að flytjast út úr braggahverfunum og losna við rottuganginn og út úr moldarkofunum þannig að svo er nú komið að það heyrir til algjörra undantekninga að menn búi í heilsuspillandi húsnæði á Íslandi í dag og það er gott.

Hv. þm. aðhyllist einstaklingsframtak. En hann aðhyllist því miður ekki það að allir eigi að fá að verða jafnríkir. Það er nefnilega ekki það sem felst í einstaklingshyggju hv. þm. Það er það að sumir eigi að fá að vera mjög ríkir og aðrir verði þá þess vegna bara að vera fátækir ef svo ber undir. Frelsið sé einu sinni þannig.

Og varðandi svo þetta með verkalýðshreyfinguna þá er ég ekki feiminn við það. Ég er ekki feiminn við það að spyrja hæstv. félmrh. að því, sem hafnar samstarfi við verkalýðshreyfinguna um húsnæðismál, slítur áratugalöngu samstarfi opinberra aðila í landinu við verkalýðshreyfinguna um uppbyggingu og þróun húsnæðismála, hvort það sé þá þannig komið að verkalýðshreyfingin eigi engin önnur ráð, heildarsamtök launamanna, almenningurinn í landinu, til þess að hafa áhrif á þessi mál, en að beita vopni af því tagi sem verkfallsvopnið er. Og það er eins og það komi hv. þm. eitthvað á óvart. Hefur hv. þm. aldrei lesið mannkynssöguna? Veit hann ekki hvernig almenningur víða um heim, hér á landi og annars staðar, hefur með samtakamætti sínum orðið að knýja fram breytingar aftur og aftur? Það er ekkert lýðræði götunnar, það er enginn barbarismi þó að heildarsamtök launamanna í landinu vilji hafa áhrif á mikilvæg hagsmunamál sinna umbjóðenda. Það er fjarstæðukenndur málflutningur að halda slíku fram.

[14:13]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er komin lausnin á þessu. Við þurfum ekki lengur að hafa kosningar til Alþingis. Almenningur í landinu er representaraður af foringjum ASÍ. Þá er komin lausnin á því.

ASÍ, verkalýðshreyfingin öll, er ekkert annað en valdastrúktúr, ekkert annað. Og lýðræðið í henni er alveg með fádæmum. Það er miklu, miklu meiri breyting á þingmannaliðinu heldur en nokkurn tíma í stjórnun verkalýðshreyfingarinnar. Þar sitja menn áratugum saman og stjórna, og stjórna öllu landinu. Og það er ekki skrýtið að kjósendum finnist þeir alltaf kjósa sömu flokkana, alveg sama hvaða flokka þeir kjósa. Það er vegna þess að Alþingi hefur framselt vald sitt til verkalýðshreyfingarinnar meðal annars. Og þar af leiðandi skiptir ekki máli hvaða flokk þeir kjósa, kjósendur, vegna þess að það er verkalýðshreyfingin sem ræður, ásamt með öðrum hagsmunaaðilum, LÍÚ, Bændasamtökunum, Vinnuveitendasambandinu o.s.frv.

Ég vil skora á hv. þm. að viðurkenna lýðræðið og viðurkenna það að kjósendur, sem ég kalla almenning í landinu, eiga að ráða en ekki verkalýðshreyfingin. Og ég geri mikinn mun á verkalýðshreyfingunni og verkalýðnum. Það er tvennt ólíkt. Eftir að allir vinnandi Íslendingar eru skyldugir til að vera í verkalýðsfélagi þá er félagsgjaldið þangað inn ekkert annað en skattur. Fólk er ekki þar af því að það vilji vera þar heldur af því að það verður að vera þar. Þetta er svo ólýðræðislegt sem frekast má vera og ég skora á hv. þm. að draga það til baka að verkalýðshreyfingin eigi að ráða hérna með verkföllum.

[14:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg minna en ekki neitt til baka af því sem ég hef sagt um það að eðlilegt sé og að menn eigi að fagna því að hafa verkalýðshreyfinguna í landinu með í ráðum og sem þátttakanda í uppbyggingu á mikilvægu sviði eins og húsnæðismálin eru. Það er sjálfsagður hlutur. Þetta er fjölþátta þjóðfélag, hv. þm., og margar meginstoðir standa undir samfélagsgerðinni. Það er ekki svo að einhver einn eigi að hafa völdin. Vissulega er Alþingi með löggjafarvaldið en svo er líka framkvæmdarvald og dómsvald og hverjum dettur í hug að halda því fram að það sé óheilbrigt í lýðræðislegu tilliti þó að hlustað sé á sjónarmið heildarsamtaka launamanna í landinu? Það er svoleiðis málflutningur út úr kú að engu tali tekur. Af hverju er verkalýðshreyfingin að skipta sér af húsnæðismálum? Það er af því að hún hefur það meginhlutverk

að semja um kaup fyrir sína umbjóðendur og reyna að bæta þeirra lífskjör. Hvað eru húsnæðismál annað en mikilvægur hluti af lífskjörum launamanna í landinu? Þetta er svo eðlilegur og sjálfsagður hlutur. Verkalýðshreyfingin hefur ekki á umliðnum árum beitt sér í þessum efnum fyrst og fremst vegna þess að hún hafi viljað það eða litið á það sem sitt meginhlutverk. Nei, hún hefur gert það vegna þess að hún hefur talið sig knúna til þess að knýja fram umbætur fyrir hönd sinna umbjóðenda. (**PHB:** Með verkföllum?) Þess vegna með verkföllum, já. Og þann rétt hefur verkalýðshreyfingin. Hún hefur rétt til þess að beita verkföllum. (**PHB:** Gegn almenningi?) Almenningur í landinu hefur rétt til þess að beita samtakamætti sínum (**PHB:** Gegn almenningi?) til þess að knýja um bætt kjör og tryggt húsnæði. Það að komast út úr moldarkofunum og í sómasamlega íbúð eru líka lífskjör, hv. þm. Það verður hv. þm. að skilja. Það þýðir ekkert að tala um þessa hluti þannig við mig að það sé eitthvað ólýðræðislegt eða andþingræðislegt við það að halda fram rétti þess að haft sé samráð við verkalýðshreyfinguna um mál af þessu tagi. Og það er alveg fráleitt (**PHB:** Eru verkföll samráð?) að halda þessu fram eins og hv. þm. gerir. Verkföll eru löglegt neyðarúrræði sem verkalýðshreyfingin hefur til þess að ná fram umbótum fyrir sína umbjóðendur og hv. þm. verður að fara að skilja þetta.

[14:17]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með frv. því sem er til umfjöllunar í sölum Alþingis í dag eru lagðar til verulegar breytingar á húsnæðislánakerfinu í landinu en sérstaklega á það við um félagslega hluta lánakerfisins eins og við þekkjum það í dag. Skipulag kerfisins breytist þannig að Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður frá því í janúar 1999 en við tekur Íbúðalánasjóður sem er ný stofnun og tekur við skuldbindingum bæði Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Stefnt er að því að Íbúðalánasjóður verði fjárhagslega sjálfstæður og standi undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum. Í þessu felst dramatískasta breytingin, þ.e. að Íbúðalánasjóður verður sterkur sjóður sem kemur til með að standa til framtíðar. Þetta er gífurlega mikilvægur punktur, að Íbúðalánasjóðurinn kemur til með að standa undir sér til framtíðar og byggja upp fjárhaginn. Það er einnig mjög mikilvægur punktur að með þessu er verið að einfalda og samræma þá húsnæðislöggjöf sem við búum við þannig að þeir sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda til þess að afla sér húsnæðis geta það með aðstoð skattkerfisins, þ.e. vaxtabótanna en ekki í formi niðurgreiddra vaxta.

Hæstv. forseti. Segja má að þróun félagslega íbúðakerfisins hafi verið þannig nú að undanförnu að algerlega nauðsynlegt reyndist að grípa í taumana og gera allróttækar breytingar. Það er sama hvort litið er á málið frá sjónarhorni neytandans eða lántakandans í kerfinu, sveitarfélaganna eða Byggingarsjóðs verkamanna. Ef við lítum á málið frá sjónarhorni lántakandans þá er núverandi kerfi tiltölulega flókið og býður upp á lítinn sveigjanleika og það hefur ekki tekið mið af þeim breytingum sem hafa orðið í íslensku samfélagi undanfarin ár. Þótt félagslega íbúðalánakerfið hafi haft verulega þýðingu við að sjá fólki á hagkvæman hátt fyrir húsnæði þá hafa vandamálin hin síðari ár verið að koma betur og betur í ljós. Að sumu leyti eru þau staðbundin þar sem markaðsverð fasteigna hefur fallið meðan verðlagning félagslegra íbúða lýtur öðrum lögmálum. Það eru einmitt þessi önnur lögmál sem eru slík að kerfið lýtur eigin lögmálum, en það eru ekki lögmál markaðarins. Við nánari skoðun má hins vegar ljóst vera að vandamál við fyrirkomulag félagslegra eignaríbúða eru einnig til staðar á höfuðborgarsvæðinu en ekki einungis úti á landi eins og oft hefur verið gefið í skyn, m.a. í umræðunni í dag. Þau eru einnig til annars staðar þar sem markaðsverð húsnæðis er nálægt byggingarkostnaði.

Endursala íbúða hefur stórlega aukist í kjölfar verulegrar fjölgunar félagslegra íbúða og eigendaskipti í íbúðalánakerfinu eru því mun tíðari en áður. Verðlagning íbúða í félagslega íbúðalánakerfinu er mjög sérstök sem leiðir til þess að sambærilegar íbúðir í sama hverfi geta verið verðlagðar mjög mismunandi og þar af leiðandi er mjög mismunandi greiðslubyrði af þessum íbúðum. Fólk á oft erfitt með að skilja slíkan mismun sem t.d. getur verið upprunninn í því hver var byggingarverktaki á íbúðunum.

Við getum litið á ákvæði II til bráðabirgða en þar er getið um það hvernig útreikningur á innlausnarverði félagslegra íbúða er. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða, sem sveitarfélög leysa til sín skv. 1. mgr., skal beita fyrirmælum 1. og 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993. Hafi íbúð verið byggð eftir gildistöku laga nr. 51/1980 skal enn fremur gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, en annars 1.–3. og 8. mgr. 89. gr. laga nr. 97/1993, hafi íbúðin verið byggð fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Um íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna fer eftir ákvæðum 90. gr. laga nr. 97/1993. Stjórn varasjóðs skv. 45. gr. laga þessara skal fjalla um heimildir húsnæðisnefnda skv. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993."

Við getum velt því fyrir okkur eftir slíka upptalningu hvort það hljóti ekki að vera dálítið flókið fyrir almenning að lesa sig í gegnum hvaða reglur eigi að nota við innlausn á ákveðnum íbúðum. Það hlýtur að segja sig sjálft að þetta er orðið dálítið flókið og dálítið undarlegt. En þetta mun gilda áfram við innlausn á þeim íbúðum sem eiga eftir að koma til innlausnar og verða áfram í kerfinu.

Mjög mikið hefur dregið úr eftirspurn eftir félagslegum eignaríbúðum og þær hafa staðið auðar í mörgum sveitarfélögum og er hægt að nefna tölur í því sambandi. Nauðungarsala félagslegra íbúða hefur aukist á síðari árum. Þá þykir félagslega eignaríbúðakerfið flókið og óskilvirkt og lítt sveigjanlegt. Viðbótarlán til kaupa á eignaríbúðum, sem fela í sér allt að 100% lán, hafa í mjög mörgum tilfellum leitt einstaklinga í fjárhagserfiðleika, sem þeir eiga erfitt með að komast út úr. Eru mörg dæmi þess að kaupendur íbúða hafi ekki ráðið við svo mikla skuldsetningu, misst eignina á uppboð og staðið eftir í skuld við húsnæðislánakerfið og þar af leiðandi ekki átt aðgang að neinni fyrirgreiðslu til öflunar húsnæðis annarri en frá viðkomandi sveitarfélagi í formi leiguíbúða. Þessi hópur hefur þannig orðið mun verr settur en áður. Í frumvarpinu er því að fenginni reynslu gert ráð fyrir að 10% eigin framlag íbúðarkaupanda sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðgangi að svokölluðu viðbótarláni, þ.e. til kaupa á eignaríbúð. Eðlilegra er að ætla að fólk sem ekki á neinn sparnað til þess að leggja til við íbúðarkaup fari á leigumarkað.

Greiðslufyrirkomulagi í húsnæðislánakerfinu er þannig háttað að eignamyndun í félagslega kerfinu hefur verið neikvæð fyrstu árin. Reiknireglur um verðlagningu félagslegra íbúða eru þannig að grunnverð þeirra er tiltölulega hátt í flestum tilvikum. Allt leggst þetta því á eitt með að það getur verið bjarnargreiði við tekjulágt fólk að veita því lán í félags-

lega íbúðakerfinu. Kostir þess eru hins vegar þeir fyrir fólk sem notið hefur fyrirgreiðslu í þessu kerfi að sveitarfélögum er skylt að innleysa félagslegar eignaríbúðir nánast hvenær sem er á fyrstu 15 árum frá afhendingu.

Ef við lítum á upphaflegan tilgang félagslega íbúðalánakerfisins þá er hann auðvitað sá að reyna að aðstoða tekjulágt fólk til þess að eignast þak yfir höfuðið. En kerfið virðist vera farið að snúast upp í andhverfu sína. Í greinargerð með frv. á bls. 36 er vitnað í skoðun Alþýðusambands Íslands frá því í nóvember 1996 og álit Alþýðusambandsins er að helsti vandi í húsnæðismálum sé vandi þess fólks sem ekki takist að halda sér í félagslegum eignaríbúðum eða komist ekki í þær. Ástæða þess eru lágar tekjur og fjárskortur og þó að fólk fengi lánað fyrir 10% hlutanum og þar með öllu kaupverðinu, réði það ekki við afborganirnar. Með leyfi forseta stendur í greinargerðinni og er þar vitnað til skoðana Alþýðusambandsins:

„Þær breytingar hafi á hinn bóginn orðið á undanförnum árum að almennur húsnæðisskortur væri ekki lengur vandamál. Framboð á lánsfé hefði aukist verulega, verðmunur á eldri íbúðum og nýbyggingum væri víða mikill og vaxtabætur væru komnar ásamt húsaleigubótum. Með þessu væru forsendur félagslega íbúðakerfisins orðnar allt aðrar en áður. Lagði sambandsstjórnin til þær breytingar á félagslegum íbúðalánum að veitt yrðu sérstök lán til þeirra sem uppfylltu skilyrði Byggingarsjóðs verkamanna um lán úr sjóðnum til þess að kaupa sér íbúð að eigin vali."

Alþýðusambandið hefur sem sagt komist að því að það umhverfi sem við búum við sé orðið mjög breytt og þó svo að félagslega íbúðalánakerfið hafi verið mjög gott á sinni tíð og gert mikið til þess að koma fólki út úr moldarkofunum eins og hér hefur margoft verið nefnt í þessari umræðu þá er umhverfið bara annað í dag. Við höfum fengið þessa skoðun Alþýðusambandsins og í hana hefur verið vitnað fyrr þannig að við þurfum ekki að velkjast í vafa um hvar þeir standa í þessu máli.

Sú þróun sem orðið hefur í kerfinu hefur sýnt sig á ýmsan hátt og í greinargerðinni á bls. 53 er tafla sem sýnir þróun á fjölda kröfulýsinga í Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. að þær aukast jafnt og þétt og frá því að vera 55 árið 1992 upp í að vera 181 á árinu 1996. Bara á milli áranna 1995 og 1996 fjölgaði kröfulýsingum um 27% hjá Byggingarsjóði verkamanna en á sama tíma um 10% í húsbréfakerfinu. Afleiðingin er m.a. sú að ásókn í íbúðir í félagslega íbúðakerfinu hefur minnkað mjög mikið og vandinn er sá að margar íbúðir standa auðar.

Ef við lítum á vandamálið frá sjónarhorni sveitarfélaganna þá er það m.a. slæmt að þurfa að innleysa íbúðir hvenær sem þess er óskað. Mikill kostnaður er af íbúðum sem ekki seljast og sveitarfélögin sitja uppi með. Ljóst er að sveitarfélögin leigja þær íbúðir sem ekki seljast ef það er mögulega hægt. Á bls. 55 í grg. með frv. er tafla sem sýnir að mjög margar íbúðir standa auðar þrátt fyrir að mögulegt sé að leigja þær. Meira að segja í Reykjavík og á Reykjanesi standa íbúðir auðar lengur en í tvo mánuði og lengur en í sex mánuði.

Komi til þess að íbúð lendi í nauðungarsölu er viðkomandi sveitarfélagi skylt að leysa hana til sín. Kaupverðið er þá matsverð hennar eftir ákveðnum útreikningsreglum sem fyrr eru nefndar og eru býsna flóknar. Kaupverð húsnæðisnefndar er alveg óháð því hver vanskil fyrri eigenda voru eða hvort Húsnæðisstofnun hafi fengið allar kröfur sínar greiddar á uppboðinu.

Á uppboði verður viðkomandi sveitarfélag eigandi íbúðar, ber af henni skatta og skyldur, og hirðir af henni arð ef einhver verður. Frágangur fyrir endursölu þessara íbúða tekur oft nokkuð langan tíma. Oftar en ekki er ástæðan sú að illa gengur að fá uppboðsaðila til þess að rýma íbúðina. Kostnaður sveitarfélags af íbúðum getur undir slíkum kringumstæðum orðið verulegur vegna fasteignagjalda, trygginga, hússjóðs, viðhalds og þess háttar.

Ef við lítum á núverandi kerfi út frá stöðu Byggingarsjóðs verkamanna má sjá að mjög hratt gengur á eigið fé sjóðsins. Því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða svo sjóðurinn komist ekki í þrot. Það er m.a. ljóst að framlög ríkisins hafa dregist mjög saman undanfarin ár umfram samdrátt í útlánum og aðgerðir til þess að draga úr fjárþörf hafa ekki allar gengið eftir. Á sl. árum hefur niðurgreiðsla Byggingarsjóðs verkamanna á vöxtum aukist jafnt og þétt meðan framlög til sjóðsins hafa minnkað. Samkvæmt úttekt sem húsnæðismálastjórn hefur gert á væntanlegri þróun sjóðsins, miðað við óbreyttan rekstur, má reikna með að eigið fé sjóðsins verði upp urið á árinu 2004.

Hæstv. forseti. Að öllu samanlögðu er augljóst að grípa þurfti til róttækra aðgerða. Þær tillögur sem kynntar eru í þessu frv. eru svo sannarlega róttækar. Með þeim verða algjör umskipti í þeirri félagslegu aðstoð sem almenningi er veitt vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Horfið verður frá þeirri niðurgreiðslu vaxta sem við höfum þekkt og þeirri yfirbyggingu sem þurft hefur til að halda utan um kerfið. Í stað þess verður tekin upp félagslega aðstoð í gegnum skattkerfið í formi vaxtabóta.

Tillögur frv. miða að því að einfalda og samræma lánveitingar til húsnæðismála. Ég tók eftir því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tók það fram oftar en einu sinni í ræðu sinni að einfalda þyrfti kerfið. Það er gert með þessu frv. Sjálfstæður sjóður verður stofnaður, Íbúðalánasjóður, sem sameinar Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Tillögurnar ganga út á að loka félagslega eignaríbúðakerfinu í núverandi mynd en að félagsleg jöfnun og félagsleg aðstoð við öflun eigin húsnæðis sé veitt með sérstökum viðbótarlánum og aðstoð við einstaklinga í gegnum vaxtabótakerfið. Rétt er að leggja áherslu á að þeir sem nú eru inni í kerfinu hafa val um það hvort þeir verða áfram í félagslega kerfinu ef þeim líkar það vel.

Þátttöku sveitarfélaga og ábyrgð á húsnæðiskerfinu og húsnæðisnefndum er verulega breytt. Til þess að það verði að veruleika er stofnaður varasjóður sem er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Varasjóðurinn hefur því hlutverki að gegna að bæta Íbúðalánasjóði það tjón sem kann að verða vegna tapaðra viðbótarlána. Sveitarfélögin hafa áhrif á það hversu mikið verður veitt af svokölluðum viðbótarlánum og því eðlilegt að þau beri slíka ábyrgð.

Vert að leggja áherslu á að skv. 43. gr. frv. verður stofnuð sérstök kærunefnd húsnæðismála. Rétt er að vekja athygli á því sem segir um hana í greinargerðinni en þar segir, með leyfi forseta:

„Kærunefnd húsnæðismála er stjórnsýslunefnd sem hefur það hlutverk að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda, og lýtur ekki valdboði félagsmálaráðherra í einstökum málum. Með þessu fyrirkomulagi er það hlutverk félagsmálaráðuneytisins að vera endanlegur úrskurðaraðili í

einstökum málum fengið sjálfstæðri nefnd. Markmiðið með þessu er að stuðla að auknu réttaröryggi og því hagræði að ráðuneytið geti einbeitt sér betur að stefnumótun í húsnæðismálum og enn fremur að Íbúðalánasjóður geti betur skilað hlutverki sínu sem lánastofnun og verið ráðgefandi aðili fyrir almenning og húsnæðisnefndir."

Ég held að rétt sé að hafa þetta í huga við þær kerfisbreytingar hér um ræðir.

Breytingarnar miða þá fyrst og fremst að því að veitt er félagsleg aðstoð til einstaklinga í formi þess að þeir geta tekið 65–70% lán og síðan viðbótarlán 20–25% en samtals verða lánin aldrei meiri en 90%. 65–70% lánin verða húsbréfalán en 20–25% lánin verða peningalán. Félagsleg aðstoð verður framkvæmd í vaxtabótakerfinu og vaxtabætur verða greiddar út á kaupári.

Síðast en ekki síst geta einstaklingar valið úr öllum íbúðum á markaði. Þeir eru ekki bundnir við þær íbúðir sem byggðar hafa verið eða keyptar inn í félagslega kerfið. Þátttöku sveitarfélaganna verður þannig háttað að kaupskyldan verður algjörlega afnumin og sveitarfélögum heimilt að selja félagslegar íbúðir á almennum markaði án annarra kvaða en að greiða upp félagsleg lán sem á þeim hvíla. Sveitarfélögin geta breytt félagslegum íbúðum sem koma til innlausnar í leiguíbúðir. Sveitarfélögin greiða síðan 5% í varasjóð sem á að bæta það tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna tapaðra viðbótarlána.

Íbúðalánasjóður á að annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála. Sjóðurinn á einnig að vera ráðgefandi fyrir félmrh. og hann verður sjálfstæð stofnun. Sveitarstjórnir bera hins vegar ábyrgð og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þeirra í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við að koma sér þaki yfir höfuðið. Sveitarstjórnir skipa húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélagsins. Meðal verkefna húsnæðisnefnda er að leggja mat á þörf einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður, þörf þeirra á viðbótarláni og hvort þeir uppfylla skilyrði í því efni.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessar breytingar hafa mjög jákvæð áhrif fyrir landsbyggðarfólk. Með þessari breytingu kemst það húsnæði sem nú er í félagslega íbúðakerfinu á það markaðsverð sem gildir í sveitarfélögunum. Fyrir tekjulágt fólk verður því auðveldara að eignast það húsnæði. Við vitum að úti á landi er verð á félagslegum íbúðum nokkuð hærra en hér á Reykjavíkursvæðinu en hins vegar er markaðsverð á íbúðarhúsnæði þar mun lægra. Með þessari kerfisbreytingu er fólki gert kleift að kaupa sér húsnæði á almennum markaði sem oft á tíðum er betra húsnæði en ódýrara vegna þess hve markaðsverðið er lágt. Auðvitað hefur þetta mjög góð áhrif fyrir tekjulágt fólk til að komast yfir húsnæði.

Ég legg áherslu á að með þessu kerfi er verið að einfalda allan stuðning við almenning. Ég hefði getað hugsað mér að sjá ákvæði um húsnæðissparnaðarreikninga í frv. Það gæti aukið möguleika fólks á að styrkja eignastöðu sína áður en það kaupir sér húsnæði. Ég held að það atriði verði að skoða þegar þróun þessa kerfis verður komin nokkuð á veg.

Ég bendi jafnframt á það að vaxtabætur eru ákvarðaðar á Alþingi en samkvæmt lögunum um Húsnæðisstofnun eru vextir í félagsíbúðakerfinu ákveðnir af félmrh. Allt ákvörðunarvald í þessu kerfi er því flutt inn á Alþingi ákveðnar en áður hefur verið.

Ég minni á ákvæði 56. gr. þar sem rætt er um undirbúningsnefndina sem á að vinna að þessum breytingum: „Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga, sem eru nauðsynlegir vegna fyrirhugaðrar starfrækslu Íbúðalánasjóðs." Um það segir í greinargerðinni: „Meðal þeirra verkefna, sem nefndin mun óhjákvæmilega koma til með að sinna, er að undirbúa skipulagningu Íbúðalánasjóðs og meta hvernig verkefnum hans verði best sinnt miðað við þann mannafla sem til staðar verður." Heimildir nefndarinnar ná m.a. til samninga við einstaka starfsmenn um framhald á störfum þeirra við gildistöku frv. Afar mikilvægt er að niðurstaða liggi fljótt fyrir í þeim efnum, ekki síst fyrir núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar en einnig fyrir starfsemi stofnunarinnar og væntanlega yfirtöku Íbúðalánasjóðs á henni.

Ég treysti því að undirbúningsnefndin taki fljótt og vel á þessum málum þannig að starfsmenn þurfi ekki að vera óöruggir. Rétt er að geta þess að m.a. er gert ráð fyrir að starfsmenn eigi áheyrnarfulltrúa þegar fjallað er um málefni þeirra.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja að ég tel þetta frv. sé stórt skref í átt að því að bæta hag íbúðareigenda og almennings í landinu. Ljóst er að breytingarnar eru ekki verulegar fyrir þann hóp sem verið hefur í hinu almenna húsbréfakerfi en breytingarnar eru gífurlega miklar fyrir þá sem þurfa að leita eftir félagslegri aðstoð til þess að eignast íbúðarhúsnæði. Nú verður ekki um félagslega aðstoð að ræða, í þeim skilningi. Þetta eru leiðir til að koma jöfnunaraðgerðum að í gegnum skattkerfið. Ég tel það af hinu góða að fólk geti valið sér húsnæði á eigin forsendum. Það eykur sjálfstæði einstaklinga til þess að ráða gjörðum sínum og örlögum.

[14:44]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi hér að ég hefði, oftar en einu sinni í máli mínu, sagt að ég vildi einfalda félagslega kerfið. Það er alveg rétt. Ég vil hins vegar ekki einfalda það þannig að ég úthýsi fólki. Með umræddum tillögum á að leggja niður kaupleigukerfið. Ég tel að kaupleigukerfið eitt og sér, ef það væri við lýði, gæti haft mikinn sveigjanleika og leyst þörf láglaunafólks.

Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hún telji að þetta frv. leysi þörf hinna verst settu í þjóðfélaginu. Telur hún að þetta leysi þörf láglaunafólks og að 50 leiguíbúðir dugi til að mæta þeim sem ekki fá aðgang að þessu nýja kerfi?

Síðan vil ég spyrja hv. þm. hvort hún telji að byggðar hafi verið félagslegar íbúðir umfram þörf í einhverjum sveitarfélögum, t.d. því kjördæmi sem hún er þingmaður fyrir? Telur hv. þm. að í einhverjum tilvikum hafi félagsleg aðstoð frekar gengið til verktakafyrirtækja en til láglaunafólks í þessum sveitarfélögum?

[14:46]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nefnt hér að leggja eigi niður kaupleigukerfið og það sé kerfi sem hafi átt að leysa úr þörf láglaunafólks. Það er nú einhvern veginn svo að eftirspurn láglaunafólks eftir kaupleigukerfinu hefur ekki verið fyrir hendi. Að minnsta kosti hefur láglaunafólkið þá ekki litið á það sem lausn fyrir sig að nýta það kerfi, þannig að ekki var það nú lausnin, það hefur a.m.k. ekki sýnt sig.

Varðandi það hvort byggt hafi verið umfram þörf á einhverjum ákveðnum stöðum úti á landi, þá sýnir það sig núna

að byggt hafi verið umfram þörf. En þegar þessar íbúðir voru byggðar var farið, að því ég best veit, nákvæmlega eftir þeim reglum sem settar voru hjá Húsnæðisstofnun sem upprunnar voru væntanlega frá sitjandi ráðherra á þeim tíma hvernig ætti að fara að því að kanna þörf fyrir félagslegt íbúðarhúsnæði í hverju sveitarfélagi. Ég hef ekki nokkra einustu ástæðu til að ætla að menn hafi brotið þær reglur á einhvern hátt.

Hins vegar hefur íbúðaþróun úti á landi verið þannig að fækkað hefur mjög mikið í sveitarfélögunum og þar fyrir utan hefur það sýnt sig að fólk úti á landi hefur aðra kosti en að fara inn í félagslega íbúðakerfið og hefur valið það. Það er kannski hluti af þessu en mikið af þeim íbúðum hefur hins vegar verið notað af sveitarfélögunum til þess að leysa leiguíbúðaþörfina.

[14:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. svaraði ekki meginspurningu minni, þ.e. hvort hún teldi þetta frv. leysa vanda þeirra sem ekki fá inni í hinu nýja kerfi og hvort hún teldi að 50 íbúðir á árunum 1999 og 2000 muni duga fyrir þá sem ekki fá aðgang að þessu kerfi. Hv. þm. viðurkenndi að sum sveitarfélög hefðu byggt umfram þörf og þar með er hún auðvitað að taka undir það sem ég hef nú stundum verið að segja, að félagsleg aðstoð sumra sveitarfélaga, langt í frá allra, vegna þess að mörg hafa staðið sig vel, hafi í ýmsum tilvikum frekar runnið til verktakaiðnaðarins en að leysa þörf láglaunafólks í sveitarfélögunum. Þannig að auðvitað er um að ræða, ekki kerfið sjálft sem slíkt heldur kannski stöðu atvinnulífsins á stöðunum, og við eigum ekki að leggja niður félagslega íbúðakerfið vegna þess.

Varðandi kaupleigukerfið þá hefur það mikinn sveigjanleika í för með sér. En það sem ég hef bent á er að sveitarfélögin hafa ekki nýtt sér þann sveigjanleika. Þau hafa t.d. ekki lánað það sem vantar upp á 100% lán til 15 ára mörg hver, sem þau ættu að gera, sem hefði létt verulega greiðslubyrði fólks. Þau hafa alls ekki í öllum tilvikum leyft fólki að ráða því hvort það leigir fyrst kaupleiguíbúðina og kaupir hana síðan þegar hagur vænkast. En engu að síður hafa ýmis sveitarfélög nýtt sér þá kosti sem þarna eru með félagslegum kaupleiguíbúðum og margar af þeim íbúðum hafa verið notaðar sérstaklega fyrir láglaunafólk til þess að leigja því fólki sem ekki getur keypt sér sína eigin íbúð.

En meginspurning mín sem mig fýsir að vita hjá hv. þm., sem mælir mjög sterklega með þessu frv. og kannski ekki skrýtið af því að þetta er stefna Sjálfstfl. sem hér er verið að samþykkja, hvort hún telji að þessi leið sem hér er valin, leysi úr þörf þeirra verst settu í þjóðfélaginu. En það er megintilgangurinn með félagslega íbúðakerfinu.

[14:50]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvort þetta mundi leysa þörf þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Ef núv. kerfi gerir það þá gerir þetta kerfi það líka. Í grg. með frv. er sýnt fram á það með ýmsum útreikningum að greiðslubyrði af þeim lánum sem nú eru að koma inn í staðinn fyrir félagslegu íbúðalánin er mun lægri en af þeim félagslegu lánum sem nú eru í kerfinu. (**JóhS:** En annar kostnaður sem ...?) Ég átta mig ekki alveg á þessu frammíkalli, hvaða annan kostnað þarna er um að ræða sem þingmaðurinn er að vitna til.

En varðandi það hvort 50 leiguíbúðir leysi þörf alls leiguíbúðamarkaðarins á næstu árum að þá tel ég það ekki vera og það er greinilegt að frumvarpshöfundar hafa ekki heldur talið það vera nægilegt vegna þess að í frv. er heill kafli um lán til leiguíbúða. Í frv. er gert ráð fyrir því að hægt verði að byggja leiguíbúðir með ýmsu formi, þ.e. sveitarfélög geta gert það og félög og félagasamtök (**JóhS:** Það vantar bara peningana.) geta staðið að því að byggja leiguíbúðir og er opnað fyrir mjög margar og margvíslegar leiðir til þess. Og sumir sem hafa rennt í gegnum þetta frv. hafa talið að jafnvel væri um of margar leiðir að ræða. (**JóhS:** Það vantar nýjar leiðir.)

[14:52]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir ágæta ræðu og sérstaklega hreinskilna um efni málsins vegna þess að hún sagði satt. Hún sagði: Í rauninni er ekki gert ráð fyrir neinni félagslegri aðstoð í þessu frv. Það er kjarni málsins og ég þakka henni fyrir að segja það jafnumbúðalaust og hún gerði.

[14:53]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. 8. þm. Reykv. hefur ekki hlustað á alla ræðuna því að hún fjallaði að mestu leyti um það hvernig á að leysa úr þörf fyrir félagslegar aðgerðir til þess að fólk geti eignast þak yfir höfuðið. Ég fór yfir það hvernig ástandið er núna og hvað við erum að gera til þess að breyta því. Ég orðaði það víst svo í lokin að þetta væri ekki félagsleg aðstoð í því formi sem hún er núna, þ.e. niðurgreiðsla á vöxtum, heldur kemur aðstoðin til fólks í gegnum vaxtabótakerfið og kemur í gegnum skattkerfið þess í stað. Það má segja að þetta séu ekki félagslegar aðgerðar per se. Þetta eru þær aðgerðir sem við notum í öllu húsnæðislánakerfinu og koma öllum til góða, jafnt þeim sem eru lágt launaðir og þeim sem eru það ekki og þurfa ekki á þessari félagslegu aðstoð að halda.

[14:54]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þetta kerfi í grófum dráttum þannig að það verði gert ráð fyrir einum íbúðalánasjóði sem hafi með almenna þjónustu að gera við þá sem vilja kaupa eða eignast húsnæði hér á landi. Síðan verði gert ráð fyrir ákveðnu viðbótarlánakerfi sem fólk geti fengið aðild að, enda borgi sveitarfélag viðkomandi einstaklings sinn hlut í rekstri kerfisins. Þannig að það fá þetta ekki endilega allir. Ef svo illa vildi til að Seyðisfjarðarkaupstaðar borgaði ekki til félagslega kerfisins þá mundi fólk ekki fá viðbótarlán á Seyðisfirði, eins og þetta er hér byggt upp.

En kjarni málsins er sá að gert er ráð fyrir að Íbúðalánasjóður og allt kerfi hans sé í raun sjálfstætt og sjálfberandi sem fjárhagsleg eining að öllu leyti. En síðan er gert ráð fyrir því að hinn félagslegi jöfnunarþáttur málsins sé allur í vaxtabótakerfinu, það er alveg rétt. Þar með er sú grundvallarbreyting að verða frá því sem verið hefur — ég er ekki að segja að það hafi verið fullkomið eins og það hefur verið, að við höfum haft vaxtabótakerfi og félagslegar ráðstafanir í húsnæðiskerfinu en nú er öllu þessu vísað yfir á vaxtabótakerfið. Þar með er verið að gera tillögu um fjárhagslega bankastofnun má segja, húsnæðisbanka eða vísi að honum, miklu frekar en að um sé að ræða tillögu um félagslegar ráðstafanir í húsnæðismálum.

[14:56]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að hér er um aðgerðir að ræða til að koma til móts við þörf þess fólks sem áður hefur verið í félagslega íbúðakerfinu. Hv. þm. nefndi að ef til vill mundi veljast svo vont fólk til sveitarstjórnarstarfa í einhverjum kaupstað úti á landi að það vildi ekki sinna þeirri frumskyldu sinni að sjá til þess að til væru félagsleg úrræði til að hjálpa fólki að fá þak yfir höfuðið. Ég verð bara að segja það eitt við þessu að ég held að engin ástæða sé til að óttast það. Þetta eru skyldur sveitarfélaganna og ég hef ekki nokkra einustu ástæðu til að ætla annað en að sveitarfélögin muni sinna þeim skyldum sínum. Þetta eru frumskyldur.

[14:57]

**Kristín Ástgeirsdóttir**:

Hæstv. forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég varð að skjótast frá og hef þar af leiðandi misst af fyrri ræðum og verði einhver endurtekning á því sem þar hefur komið fram þá biðst ég velvirðingar á því. (**Gripið fram í:** Hvað var þingmaðurinn að gera?)

Við erum að ræða býsna stórt mál sem á sér mjög langa sögu. Sú saga er rakin í greinargerðinni, þ.e. hvernig það kom til að hafist var handa um að reisa íbúðir með sérstakri félagslegri fyrirgreiðslu, reyndar strax í kringum 1920. Þetta kerfi hefur í gegnum áratugina tekið býsna miklum breytingum eins og lesa má í grg. Ég held að í megindráttum hafi þetta kerfi tekið breytingum í samræmi við þróun á hverjum tíma. Kannski var langstærsti áfanginn þegar samið var um byggingu Breiðholtsins árið 1965 og segja má að félagslega húsnæðiskerfið hafi þróast að miklu leyti í framhaldi af þeim samningum. Þar voru fyrst framkvæmdanefndaríbúðirnar, síðan voru stofnaðir Verkamannabústaðir, stjórnir Verkamannabústaða, og með breytingum 1990 komu húsnæðisnefndirnar til sögunnar. Síðan voru gerðar enn frekari breytingar á þeim lögum og nú er hér lögð til mikil grundvallarbreyting á þessu kerfi öllu saman. Og þá vakna upp mjög margar spurningar.

Fyrsta spurningin er sú hvort það sé rétt stefna að færa húsnæðismál og félagslega aðstoð í húsnæðismálum alfarið til sveitarfélaganna þannig að aðrir aðilar, í þessu tilviki verkalýðshreyfingin, komi þar alls ekki að. Nú á verkalýðshreyfingin engan eignarrétt á þessum málaflokki en í áratuganna rás hefur hún alltaf haft beinan aðgang og haft mikil áhrif á þróun félagslega íbúðalánakerfisins og það er meira og minna tilkomið vegna þrýstings frá verkalýðshreyfingunni. Það eina sem ég hef í rauninni áhyggjur af í því sambandi er að þessi tengsl við líf fólksins í landinu, líf þeirra sem lökust hafa kjörin, kunni að rofna.

Ég hef sjálf komið töluvert nálægt þessum málum og ætla að greina frá því í tengslum við það sem ég ætla að fjalla um á eftir. Ég átti sæti í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík um nokkurra ára bil á síðasta áratug. Ég var í húsbréfanefndinni á sínum tíma og ég var líka í nefnd sem endurskoðaði lögin um félagslega húsnæðiskerfið 1990 þannig að ég hef komið töluvert að þessum málum og þekki þessa sögu vel. Ég hef stundum sagt frá því að það að sitja í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík er einhver merkilegasta lífsreynsla sem ég hef lent í um ævina. Það var óskaplega fróðlegt að kynnast þessari hlið á lífinu í Reykjavík sem a.m.k. ég hafði ekki kynnst áður. Ég er fædd og upp alin úti á landsbyggðinni, og hreinlega þekkti ekki þennan geira mannlífsins, þennan stóra hóp, sérstaklega af ungum konum með börn sem áttu í miklum erfiðleikum við að komast í húsnæði. Það var óskaplega erfitt verk þegar verið var að reyna að skammta þessar íbúðir til þessa hóps sem var svo einsleitur að það var í raun og veru ekki hægt að taka mið af nokkrum sköpuðum hlut við að ákveða hvort þessi konan eða hin átti að fá íbúðina því að aðstæður voru mjög svipaðar.

*Ég fullyrði að þetta félagslega kerfi sem hér hefur verið* við lýði hefur komið óskaplega mörgum til hjálpar. Það hefur bjargað aðstæðum mjög margra því að það var eins og að fá happdrættisvinning að komast inn í þessar íbúðir miðað við baslið sem var annars staðar, hvort sem það var á almennum íbúðamarkaði eða í leigukerfinu í Reykjavík. Þess vegna vil ég setja spurningarmerki við það sem fram kemur í greinargerðinni á bls. 21 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að síðustu er rétt að minna á þá staðreynd að félagslega íbúðalánakerfið stefnir í þrot og að óbreyttu hefði þurft að koma til veruleg hækkun vaxta af félagslegum lánum."

Þetta félagslega kerfi stefnir í þrot. Það má kannski segja að það sé rétt að því leyti sem snýr að stöðu Byggingarsjóðs verkamanna og það hefur verið margbent á það í umræðum á undanförnum árum að nauðsynlegt væri að taka á þeirri stöðu. M.a. var í þeirri nefnd sem ég starfaði í 1990 lagt til að Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins yrðu sameinaðir en af einhverjum ástæðum náði það *ekki fram að ganga. Síðan hefur staða sjóðsins versnað* mjög mikið. En það er fyrst og fremst vegna þess að framlög ríkisins hafa verið skorin niður jafnt og þétt. Og ef ég skil þetta frv. rétt, hæstv. félmrh., þá er það hér með úr sögunni, nema einhverjar sérstakar aðstæður komi til, að ríkið fari að leggja til fé til félagslegra húsnæðismála eins og gert hefur verið um áratuga skeið.

Eins og ég skil þetta frv. og hægt er að lesa í greinargerðinni, þá er í fyrsta lagi verið að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og sjóðirnir tveir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna eru sameinaðir. Það þýðir að þegar þessir tveir sjóðir eru lagðir saman, þá gjörbreytist staðan því að Byggingarsjóður ríkisins stendur vel að vígi. Það streymir fyrst og fremst inn í þann sjóð meðan hallinn á Byggingarsjóði verkamanna er mjög mikill og eins og fram hefur komið hjá Ríkisendurskoðun, þá stefndi hann í algjört óefni.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að nýi byggingarsjóðurinn mundi eiga 26 milljarða eigið fé og ég skil það svo að menn muni halda áfram við að innheimta þau lán sem eru útistandandi hvort sem það eru lán tekin hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og smátt og smátt gera upp þetta dæmi og að þessi sjóður sé eins konar trygging fyrir aðra fjáröflun, þ.e. sölu eða útboð á húsnæðisbréfum, þeirri fjármögnun sem þarf að eiga sér stað til að veita viðbótarlánin. Ég sé að hæstv. félmrh. kinkar kolli. Ég skil það svo að þetta sé rétt skilið. En nú kemur að því að lán bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verði greidd upp þó það sé býsna langt í það og sé kannski ekki ástæða til að spyrja hvað megi búast við að þetta fyrirkomulag standi þá lengi. Er reiknað með því að þessi sjóður verði með miklar eignir á næstu áratugum og að þær eignir séu þá fyrst og fremst baktrygging fyrir þessa fjáröflun? Ég átta mig ekki alveg á því hvernig menn hugsa þetta dæmi.

Síðan er það þriðja meginbreytingin. Í fyrsta lagi er Húsnæðisstofnun sem slík lögð niður. Í öðru lagi eru sjóðirnir sameinaðir og í þriðja lagi er gerð grundvallarbreyting á félagslega húsnæðiskerfinu. Ég spyr eins og aðrir: Hvaða áhrif mun þetta hafa á sveitarfélögin og stöðu þeirra varðandi húsnæðismál? Og hins vegar og ekki síst, og af því hef ég langmestar áhyggjur: Hver eru áhrifin á stöðu láglaunafólks og möguleika láglaunafólks til þess að afla sér húsnæðis?

Eins og kerfið mun líta út, þá verður það í fyrsta lagi húsbréfakerfið fyrir þá sem eru fyrir ofan ákveðin tekjumörk. Síðan er þar dregin einhver lína og einhverjum ákveðnum hópi býðst að fá viðbótarlán að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, greiðslumati og slíku, en síðan er það hópurinn sem lendir þarna fyrir neðan. Ég verð að segja að ég hef miklar áhyggjur af þeim hópi vegna þess að a.m.k. hingað til hafa sveitarfélögin engan veginn staðið sig í því að útvega leiguhúsnæði, hvort sem um hefur verið að ræða að byggja eða kaupa húsnæði fyrir leiguíbúðir. Og ég get ekki séð að í þessu frv. sé verið að leggja neina skyldu á sveitarfélögin. Það er ekki verið að leggja neina skyldu á þau í þessum efnum. Þau geta breytt þeim íbúðum sem koma inn í kerfið í leiguíbúðir en að mínum dómi dugar alls ekki að vísa í lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga eða ákvæði sem þar er að finna þar sem segir, ef ég man rétt, að sveitarfélög skuli eftir því sem kostur er og þörf er á útvega húsnæði til leigu. Að mínum dómi er þetta ákaflega veikt ákvæði þannig ég fæ ekki séð að verið sé að tryggja neitt varðandi þennan hóp sem núna verður skorið á.

Þess eru dæmi eins og fram kemur í gögnum að ýmsir í þeim hóp sem hingað til hefur fengið 100% lán hafi lent í vandræðum og það er staðreynd að fólk hefur beitt ýmsum brögðum til þess að komast inn í félagslega húsnæðiskerfið. Það er alveg ljóst. Og síðan kemur í ljós að tekjurnar eru einfaldlega ekki nægilegar til þess að standa undir þessu. Þegar hæstv. félmrh. tók dæmi um einstætt foreldri með 80 þús. kr. laun og hugsanlega fleiri en eitt barn á framfæri, þá varð mér hugsað til þess að það er ekkert grín að reka heimili og vera að kaupa íbúð í félagslega húsnæðiskerfinu þó að greiðslan sé kannski ekki nema 12 þús. kr. á mánuði. Þetta finnst okkur kannski ekki há upphæð en þegar launin eru svona lág þá er þetta erfitt mál við að eiga. Áhyggjur mínar snúast þess vegna mjög að því hvað verður um þennan hóp og jafnframt hver áhrifin verða við þessa breytingu sem kannski er erfitt um að segja. Nú kemur nýr hópur út á hinn almenna markað. Mun þetta valda hækkun á fasteignaverði? Væntanlega eykst eftirspurnin. Á það hefur verið bent að það leggst ýmiss konar kostnaður við hjá því fólki sem fer út á almenna markaðinn þó að auðvitað hafi verið ákveðinn kostnaður hingað til við félagslega kerfið og ákveðið tap í því o.s.frv. En þetta er kostnaður sem einstaklingarnir munu þurfa að greiða til fasteignasala og hugsanlega fleira sem mun bætast þarna við og maður talar nú ekki um ef hækkun verður á fasteignaverði. Þar á móti kemur að eftir því sem íbúðirnar skila sér inn í félagslega kerfið og þær verða settar á almennan markað, þá kannski verður það til að draga úr á móti. Það er því mjög erfitt að átta sig á því hver áhrifin munu verða.

Svo er það ákvæðið um kaupskylduna. Ég var að reyna að átta mig á þessu. Ein ástæðan fyrir þessum breytingum sem hér er verið að gera er sú að ýmis sveitarfélag, sérstaklega úti á landi, hafa kvartað mjög yfir kaupskyldunni. Hér er verið að létta kaupskyldunni af sveitarfélögunum til frambúðar en það er ekki afturvirkt. Kerfið verður hreinlega að ganga úr sér á meðan íbúðirnar eru að koma inn. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. í tengslum við nákvæmlega þetta ákvæði, þ.e. það sem fram kemur á bls. 16 í ákvæði til bráðabirgða III um ráðstöfun innleystra íbúða. Ég skil þetta þannig að á meðan sveitarfélögin hafa þessa innlausnarskyldu þá geta þau bundið viðbótarlánið við það að fólk taki við íbúðum sem eru í kerfinu. Eftir því sem ég best veit þá höfðu menn einmitt miklar áhyggjur af þessu hér í Reykjavík þar sem um það er að ræða — maður verður bara að segja það hreint út eins og það er — að menn óttast að hefði þarna verið gefið frelsi strax og þeir sem eru í félagslegum íbúðum gætu lagt sínar íbúðir inn og farið út á hinn frjálsa markað, þá mundi það þýða að Reykjavíkurborg stæði einfaldlega uppi með hugsanlega tugi óseljanlegra íbúða, t.d. vegna staðsetningar í vissum hverfum í borginni og fólk hefur verið að reyna að koma sér í burtu úr þessum ákveðnu hverfum. Ég skil þetta ákvæði svo að þarna sé verið að koma til móts við þennan ótta, en að sama skapi er auðvitað verið að takmarka frelsið. Því spyr ég: Hvað verður þetta lengi að virka, þ.e. að fólk hafi í rauninni þetta val, ef í þessu tilviki Reykjavíkurborg getur bundið lánið við það að fólk fari í þessi tilteknu hverfi? Það er erfitt að átta sig á því hvernig þetta mun virka og jafnframt hvaða áhrif það hefur almennt á húsnæðisstefnu sveitarfélaganna.

Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum frv. Ég staldra fyrst við 6. gr. þar sem kveðið er á um húsnæðisnefndirnar. Hér er væntanlega verið að vísa til þess að sveitarstjórnirnar ákveði sjálfar hversu fjölmennar húsnæðisnefndirnar verða og eru hér tekin af öll tvímæli um það. Hér er það tekið út hvernig beri að skipa þessar húsnæðisnefndir. Hér er verkalýðshreyfingin og fulltrúar hennar komnir út og það kæmi mér ekki á óvart þó að verkalýðshreyfingin eigi eftir að láta í sér heyra hvað varðar þetta atriði.

Eins og ég segi er ástæða til að hafa áhyggjur af tengslum við veruleikann í samfélaginu. Ég hafði áður vikið að því hvernig ég skil þetta með Íbúðalánasjóðinn og hann á fyrst og fremst að vera baktrygging fyrir þá fjáröflun sem á að eiga sér stað skv. 10. gr. en þar eru nefndar tekjur af eigin fé sjóðsins og síðan sala húsnæðisbréfa. Þá vaknar sú spurning hvernig þessi bréf munu virka á markaðinn. Við erum náttúrlega með húsbréfin og það eru fleiri bréf í gangi núna. Er reiknað með að þetta verði viðbót við markaðinn eða er útlit fyrir að þetta verði nokkurn veginn í jafnvægi við það sem nú er? Búast má við fjölgun þegar kerfið er opnað, fólk getur komið og sótt um viðbótarlán og auðvitað getur viðkomandi sveitarfélag temprað fjöldann og mun væntanlega gera það. Sveitarfélögin þurfa að leggja fram 5% af þessum viðbótarlánum en hefur verið spáð í það hvernig húsnæðisbréfin munu koma inn á markaðinn? Ég átta mig ekki á því hvort þetta verður viðbót við það sem fyrir er eða hvort þetta er nokkurn veginn í jafnvægi við það sem verið hefur.

Í 14. gr. er kveðið á um verkefni húsnæðisnefnda og þar er þetta atriði, í fyrsta lagi að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélögin um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Þetta ákvæði er búið að vera býsna lengi í lögum en mér vitanlega hefur þetta alls ekki virkað og það var alltaf sagt hjá verkamannabústöðunum í Reykjavík og síðan hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur að fjöldi umsókna væri það sem sýndi þörfina. Aldrei voru gerðar þessar árlegu áætlanir fyrir sveitarfélagið, hvað þá að hún væri flokkuð niður í leiguíbúðir og aðrar íbúðir. Ég held því fram að í raun og veru

skorti á upplýsingar um raunverulega þörf fyrir félagslega aðstoð í húsnæðismálum og þá annars vegar til eignaríbúða og hins vegar til leiguíbúða. Hæstv. félmrh. leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál en ég kannast a.m.k. ekki við að neinar slíkar kannanir séu til, þótt það hafi einstaka sinnum verið gert á undanförnum áratugum en árleg könnun hefur ekki verið gerð. Þessu hefur alltaf verið borið við að umsóknirnar sýni hver þörfin er. Það eru auðvitað alltaf ákveðnir hópar sem vita að ekkert þýðir að sækja um og ég veit því ekki hvað er eiginlega hægt að gera til að tryggja að þessu verði framfylgt að menn hafi raunverulegar tölur sem sýni þörfina og við erum náttúrlega líka að tala um íbúðir fyrir námsmenn og fleiri aðila.

Í 5. lið er vikið sérstaklega að aðstoð við aldraða og samtök þeirra og þá varð mér hugsað til fatlaðra. Er ekki ástæða til að þeir séu inni í þessu dæmi þótt þeir hafi sín samtök, þeir hafa staðið fyrir miklum íbúðarkaupum. Ég þekki ekki þann rekstur nægilega vel en þarna er um að ræða hóp með sérstakar þarfir sem þarf að skoða.

Þá ætla ég aðeins að nefna 21. gr. og það varðar lánstíma og lánskjör og þar segir: „Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár.“ Ef ég man rétt þegar húsbréfanefndin var að störfum var sett hin almenna regla að lánstíminn skyldi vera 25 ár. Reglan var 25 ár, síðan er búið að gera breytingar, taka upp aðra lánaflokka og ég spyr mig að því: Þýðir þetta ekki í raun að ákveðin hætta sé á því að reglan verði 40 ár? Þá vil ég spyrja hæstv. félmrh. hver reynslan sé af þeirri breytingu sem gerð var þegar hinir nýju lánaflokkar voru teknir upp, bæði 40 ára lánin og 15 ára lán ef ég man rétt. Þetta var mjög úthugsað og útreiknað á sínum tíma að 25 ára regla væri hið æskilega, það væri ekki æskilegra að þessi lánstími yrði lengri og ég spyr hvort ekki sé hætta á að þetta þróist yfir í að verða 40 ára regla. Það er kannski allt í lagi ef það er stefnan. Það léttir auðvitað greiðslubyrðina en breytir svolítið hugsuninni í kerfinu.

Þá kem ég að 31. gr. sem fjallar um viðbótarlánin og þar segir í byrjun, með leyfi forseta:

„Að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags veitir Íbúðalánasjóður einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni til kaupa á eigin íbúð viðbótarlán sem nema má allt að 25% af matsverði íbúðar.“

Af þessu að dæma eru það húsnæðisnefndirnar sem senda beiðni til Íbúðalánasjóðs um einhvern tiltekinn fjölda lána en hvernig kemur lántakandinn að þessu? Er hugsunin sú að auglýst verði eftir lántökum? Eða þurfa einstaklingarnir einfaldlega að leita eftir því að fá þessi lán og hver er skylda húsnæðisnefndanna í málinu? Í 14. gr. segir að húsnæðisnefndirnar eigi að leggja mat á þörf einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður á viðbótarláni en spurningin er í raun og veru hver er réttur einstaklinganna? Hingað til hefur verið auglýst eftir umsóknum um félagslegar íbúðir. Þær eru þarna til staðar og það er auglýst en hvernig koma einstaklingarnir að þessu núna og hverjar eru skyldur sveitarfélaganna til að aðstoða fólk í þessum efnum og kalla eftir þessum umsóknum? Mér finnst það mjög óskýrt í þessum lögum. Síðan setur ráðherra að vísu skilyrði um reglur lánveitinga o.s.frv. og þar kemur greiðslumatið væntanlega inn í og ýmislegt fleira.

Þá ætla ég aðeins að víkja að 47. gr. sem er þetta 5% framlag og þarna er hugsunin að búinn verði til ákveðinn varasjóður, sem mæti tjónum og afföllum sem verða, og jafnframt verði tryggingasjóður vegna byggingargalla lagður niður og það er m.a. að tillögu sveitarfélaganna. Í gögnum þeirra hefur komið fram að þeir álíti að þarna hafi verið um eins konar skattheimtu að ræða sem ekki hafi verið nein þörf fyrir. En hvað verður um sjóðinn? Það eru einhverjir tugir milljóna í þessum sjóði. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað verður um sjóðinn? Rennur hann inn í Íbúðalánasjóðinn? (**Félmrh.:** Varasjóð.) Hann rennur inn í varasjóðinn. Hann verður þá sem sé eins konar stofnframlag í varasjóðinn. Þetta var mér ekki ljóst.

Ég held ég sé búin að koma inn á flest þau atriði sem ég vil spyrja um í sambandi við frv. til að leita eftir skýringum á því hvað hér er verið að gera. Það er býsna margt sem erfitt er að gera sér grein fyrir hvað þýðir og hvaða afleiðingar muni hafa eins og ég hef komið að í máli mínu en eins og ég sagði upphaflega er verið að gera miklar grundvallarbreytingar. Í sjálfu sér er ég ekkert á móti því að menn skoði stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins og rekstur hennar og það hvernig sú stofnun hefur virkað að því gefnu að menn komi fram af fullri kurteisi við starfsfólk og tryggi réttindi þess. Ég held líka að það að sameina byggingarsjóðina sé ein þeirra leiða sem koma fyllilega til greina til að bjarga Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar hef ég mikla fyrirvara varðandi breytingarnar á félagslega kerfinu og þarf að átta mig miklu betur á því hvað einstakir þættir þar þýða, áhrifin á sveitarfélögin og ekki síst á það fólk sem lendir þarna utan dyra. Auðvitað þarf að fara miklu betur ofan í það hver greiðslubyrðin verður. Hér er að finna ýmis dæmi um greiðslubyrði fólks en það verður auðvitað annar kostnaður sem bætist þarna við og jafnframt spurningar um það eins og ég nefndi áðan, hver áhrifin verða á húsnæðismarkaðinn í heild.

Hér er gríðarlega margt að skoða og það verður mikil vinna að skoða málið allt saman og fara í gegnum það og átta sig á þessum breytingum. Ég ítreka að lokum, hæstv. forseti, að ég hef mikla fyrirvara varðandi það að verið er að taka út það sem við höfum hingað til kallað félagslega aðstoð, það að félagsleg aðstoð væri tryggð. Ég sé ekkert, hvorki í þessu frv. né í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem tryggir láglaunafólki þann rétt að það geti aflað sér húsnæðis sem laun þess leyfa að standa undir. Ég minni sérstaklega á það í þessu sambandi, eins og ég nefndi í upphafi máls míns, að í þeim hópi sem þarf á félagslegri aðstoð að halda eru margar einstæðar konur með börn. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, nefndin sem kannar framkvæmd bæði barnasáttmálans og reyndar sáttmálans um afnám alls misréttis gegn konum hefur bent sérstaklega á stöðu einstæðra foreldra hér á landi og hve slæm staða og léleg kjör mismuni börnum. Við þurfum því svo sannarlega að athuga mjög rækilega hvað við erum að gera með þessum breytingum og það dugir hvorki að vísa á lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga eða nýsett lög um húsaleigubætur því að við eigum algerlega eftir að sjá það enn þá hvernig þetta kemur út í Reykjavík, sem er langsamlega stærsta sveitarfélagið og þar sem þörfin fyrir félagslega aðstoð er langmest.

Hér er því margt að skoða og ég spyr hvort menn séu reiðubúnir að tryggja skyldur sveitarfélaganna betur, annaðhvort í þessum lögum eða í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég held að þær skyldur eigi heima hér í lögunum og ljóst eigi að vera að sveitarfélögin hafi skyldur gagnvart þeim sem verst standa. Mér finnst þetta frv., eins og það er úr garði gert, alls ekki tryggja þann rétt.

[15:30]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess að hún óttaðist að sveitarfélögin mundu ekki losna við félagslegar íbúðir. Þau mundu ekki geta selt þær og þær mundu standa auðar. Á hv. þm. við að fólk vilji ekki búa í þessum félagslegu íbúðum sem þó hefur sýnt sig að eru dýrari og jafnvel betri en aðrar íbúðir? Af hverju vill fólk ekki búa í þessum íbúðum? Er þetta hugsanlega einhvers konar „gettó" eða bæjarblokkabragur sem á þessu hvílir? Er þetta ekki mjög neikvæð einkunn um núverandi húsnæðiskerfi?

[15:31]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi fullyrðing mín á fyrst og fremst við um ákveðið hverfi hér í Reykjavík. Ég vitna hér til þess sem fram kom hjá fulltrúum húsnæðisnefndar Reykjavíkur. Eins og þetta hefur verið framkvæmt á undanförnum árum er ljóst að fólki er boðið upp á að forgangsraða. Spurt er að því í hvaða hverfi menn vilji helst flytja og þar hefur mjög greinilega komið í ljós að ákveðið hverfi í Reykjavík er óvinsælast. Ég held að óhætt sé að viðurkenna að þar hafi verið byggðar of margar félagslegar íbúðir á tiltölulega litlum bletti. Þar hafa því miður skapast vandræði þannig að t.d. konur með lítil börn hafa helst ekki viljað fara þangað. Þetta er nú bara staðreyndin, hv. þm. Það gildir hins vegar ekki um önnur hverfi. Auðvitað koma í öllum hverfum upp einhver vandamál eða eitthvað gerist, það geta verið átök á heimilum eða guð veit hvað. Þetta eru bara staðreyndir um ákveðið svæði í ákveðnu hverfi. Forsvarsmenn húsnæðisnefndar Reykjavíkur höfðu af því áhyggjur að ef kerfið yrði opnað gætu þessar íbúðir orðið illseljanlegar. Það væri enginn smábaggi á sveitarfélaginu. Þessar íbúðir mætti hins vegar selja á frjálsum markaði sem mundi smátt og smátt leiða til þess að þarna yrði meiri blöndun og æskilegri en nú er.

[15:33]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlusta á þau orðaskipti sem hér fóru fram milli síðasta ræðumanns og hv. þm. Péturs H. Blöndal. Í því sambandi má benda á að í mörgum sveitarfélögum hefur viðgengist að kaupa íbúðir hér og þar í fjölbýlishúsahverfum, einmitt ekki að vera að byggja einsleitar íbúðir eða koma á því sem hægt væri að kalla óeðlilega eða óæskilega blöndun í hverfum.

Þegar hið nýja kerfi tekur við, verði þetta frv. að lögum, geta sveitarfélög neitað um að viðbótarlán sé veitt til kaupa á íbúðum öðruvísi en að keyptar séu íbúðir sem hið sama sveitarfélag hefur innleyst. Þyki fólki óæskilegt að sveitarfélag hafi að einhverju leyti raðað íbúðum innan síns sveitarfélags er mikil hætta á að það haldi áfram enn um sinn þrátt fyrir hið nýja kerfi. Þetta má ég til með að nefna, virðulegi forseti. Það mun verða eftirsóknarvert, sérstaklega af fólki úr sumum hverfum, að íbúðin verði innleyst og það geti flutt sig yfir í hverfi sem það óskar eftir. Sveitarfélag, jafnvel þótt það hugsi sér að gera einhverjar af þessum íbúðum að leiguíbúðum, mun óska eftir að fólk sem ætlar að kaupa slíkar íbúðir og taka viðbótarlán kaupi íbúð sem sveitarfélagið situr uppi með, enda tekið mið af því í lögunum. Í umræðu um hið nýja frv. og um nýja valkosti í húsnæðismálum er nauðsynlegt að halda þessu til haga. Umræða mun leiða í ljós að hinn góði valkostur er ekki sá valkostur sem boðaður hefur verið og haldið á lofti af ráðherranum og hans fylgisveinum.

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram gagnrýni á vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við að taka þetta mál á dagskrá og við þetta frv. Ég leyfi mér að halda því fram að það er alveg greinilegt að mikill meiri hluti hér á Alþingi spillir þingmönnum. Það má sjá af því hvernig staðið hefur verið að viðkvæmum málum sem komið hafa inn á þingið, hvernig þau hafa verið keyrð fram, keyrð í umræðu án fyrirvara og virðingar fyrir þeim sem eiga að kynna sér málið svo hægt sé að hafa vitræna umræðu um frv., að hinn breiði stjórnarmeirihluti hugsar sem svo: Við gerum það sem okkur sýnist, þegar okkur sýnist.

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg ótrúlegt að félmrh. láti sér detta í hug að leggja frv. fyrir þingið með þessu móti. Því er dreift seint á þriðjudegi og síðan pressað í umræðu á föstudegi. Sá dagur er ekki á starfsáætlun. Þingmenn hafa tekið hann frá til annarra verkefna og síðan er ætlast til að umfjöllun sé lokið og afgreiðslu nefndar á málinu. Á rúmum mánuði skal það verða að lögum, miðað við það hvernig talað er. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það að gera svo umdeild frv. að lögum án þess að gefa athugun á því nægilegan tíma er fullkomlega ábyrgðarlaust.

Á sama tíma og þetta er fyrirhugað liggja önnur stór mál fyrir félmn. sem mun fá þetta frv. til umfjöllunar. Þar bendi ég á sveitarstjórnarfrv. sem er viðamikið og mikilvægt fyrir allar sveitarstjórnir og sveitarstjórnarstigið í heild sinni. Í því frv. eru til að mynda bráðabirgðaákvæði sem varða hálendið vegna þess að þar eru mörk sveitarfélaga framlengd inn á hálendið. Það mál er líka til umfjöllunar í félmn. Miðað við þann tíma sem þingmenn hafa til umráða og nefndarstarfa er annaðhvort gert ráð fyrir að ofurfólk sé á ferð eða ekki er ætlast til að þingmenn vinni vinnuna sína.

Það er ekki sama hvernig mál er á ferðinni. Þetta frv. gjörbreytir möguleikum láglaunafólks til húsnæðisöflunar. Þetta frv. ýtir stórum hóp frá borðinu. Það er staðreynd.

Í fyrravor, nánar tiltekið þann 13. maí 1997, samþykkti Alþingi tillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Í það skipti stóðum við jafnaðarmenn að tillögu félmrh. og ég fagnaði því sérstaklega að niðurstaða ráðherrans væri að flytja tillögu okkar jafnaðarmanna svo til óbreytta, þvert á fyrri yfirlýsingar varðandi tillögu að fjölskyldustefnu. Síðan þá hef ég beðið eftir að ráðherrann útfærði tillöguna sem svo víðtækan stuðning fékk hér á Alþingi. Á þeirri framkvæmd hefur staðið og engar útfærslur á henni hafa enn séð dagsins ljós. Eitt af ákvæðum fjölskyldustefnunnar er að efnahagslegt grundvallaröryggi fjölskyldunnar sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Forseti, ég endurtek: Ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Ég dreg þetta fram vegna þess að í allri umfjöllun um þetta frv. mun koma í ljós að öryggi þeirra sem félagslega húsnæðiskerfið hefur tekið til breytist.

Þetta ákvæði í fjölskyldustefnunni er þýðingarmikil yfirlýsing og sterk. Ráðherrann framkvæmir það á undarlegan hátt. Í þessu frv. sést hvernig athafnir fylgja orðum framsóknarráðherrans. Frv. sem hann flytur hér er útfærsla á stefnu íhaldsins frá því fyrir síðustu kosningar. Öll félagsleg lánastarfsemi til húsnæðismála er markaðsvædd. Möguleikar láglaunafólks eru þrengdir. Þetta frv. er bylting, með neikvæðum formerkjum. Mikilvægur félagslegur þáttur í okkar þjóðlífi er aflagður með lögum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þótt ákvæði sé að finna sem hægt sé að taka undir í frv. og ég mun vera ófeimin við að nefna það þar sem

svo ber undir þá hefði verið hægt að nýta sér þær breytingar undir merkjum félagslega kerfisins með úrbótum á því. Frv. leysir vanda byggingarsjóðanna. Frv. leysir vanda nokkurra sveitarfélaga en vandi einstaklinga sem hafa lent utan kerfisins stendur eftir. Þeim hópum mun fjölga með samþykkt þessa frv. Eins og þegar hefur komið fram í umræðunni er óljóst um skyldur sveitarfélaganna til að veita fólki þak yfir höfuðið eða finna því skjól. Með þessu frv. er mönnum í stórum stíl vísað á leigumarkað sem ekki er fyrir hendi. Átakið um leiguíbúðir, byggingu leiguíbúða sem talað er um í frv. er 50 íbúðir á tveimur árum — lesist: 25 íbúðir á ári á landsvísu. Ég minni á að þegar verkalýðshreyfingin gerði samkomulag við stjórnvöld á sínum tíma, sennilega á áttunda áratugnum, var átakið um 1.000 íbúðir aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu.

Það er mjög erfitt að sjá framkvæmd heimildar í leiguíbúðakaflanum, um lán til félagasamtaka. Ég minni á, af því það hefur ekki þegar komið nægilega fram í umræðunni hér í dag, hve mikið af íbúðamálum landsmanna er í höndum félagasamtaka, námsmannasamtaka sem byggja námsmannaíbúðir, samtök fatlaðra sem byggja íbúðir fyrir fatlaða. Samtök fatlaðra hafa t.d. gjörbreytt umhverfi fjölskyldna þar sem fatlaðir eru og þurfa t.d. sérhannað húsnæði. Þau hafa yfirleitt séð til þess að fatlaðir geti búið sómasamlega í eigin húsnæði en ekki inni á stofnunum, sambýlum eða öðru slíku. Ýmis önnur félagasamtök hafa staðið fyrir byggingum íbúða. Erfitt er að sjá hvernig þessum þætti verður fyrirkomið að settum hinum nýju lögum. Eins er erfitt að sjá þessa opnun í leiguíbúðakaflanum og hvort Íbúðalánasjóðurinn á að lána og þá eftir hvaða ákvæðum og hvernig á að standa að því.

Ég gagnrýndi hvernig þetta frv. var lagt hér fram. Ég ætla jafnframt að gagnrýna vinnubrögðin við samningu frv. Þrátt fyrir að einhverjir hafi komið að skýrslunni sem unnin var í fyrra og skilað hingað inn, þá er þetta frv. allt annars eðlis. Það er unnið í kyrrþey, eiginlega af lítilli klíku, og verkalýðshreyfingin fær hvergi að koma að því. Húsnæðisstofnun sem sennilega hefur mestu fagþekkingu húsnæðismála samankomna á einum stað var hvergi höfð með í ráðum. Að sjálfsögðu er þetta pólitískt viðhorf ráðherra sem menn hljóta að lesa úr hver fyrir sig. Fyrir mér er þetta athyglisvert en alvarlegt.

Það er reyndar svo að hvert málið á fætur öðru hefur fæðst hjá þessari ríkisstjórn sem sýnir hug hennar til réttinda launafólks. Ég minni á vinnulöggjöfina sem var sett hér með miklum hávaða og látum, og hefur reyndar komið í ljós að á henni eru þeir gallar sem við bentum á. Meira að segja uppgötvaði VSÍ að hún væri ekki eingöngu til hagsbóta fyrir þá hlið vinnumarkaðarins og hefur gagnrýnt galla sem er að finna í þeirri fínu löggjöf. Ég minni á atvinnuleysistryggingar og ég minni á frv. um lífeyrissjóði. Öll komu þessi mál inn í miklu uppnámi. Það tókst reyndar að afstýra stórslysi í sumum tilvikum og það er vel, en það breytir því ekki hvert hugarfar þessarar ríkisstjórnar gagnvart fólkinu í landinu er og hvernig það hugarfar speglast í frv. sem hér hafa komið fram. Fyrir mér endurspeglar þetta mikið virðingarleysi fyrir almenningi og þeim þýðingarmiklu málum sem gjörbreytt hefur verið með miklum bægslagangi og lítilli skoðun — af því að ekki þarf að hlusta á sjónarmið annarra.

Það hefur þegar komið fram í umræðunni að þó að ekkert samráð hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna um þetta frv. þá hefur hún alltaf komið að breytingum á húsnæðislöggjöfinni fram að þessu, og hefur innan sinna vébanda mikla þekkingu sem vert er að hlusta á. Ég minni t.d. á það að verkalýðshreyfingin hefur viljað skoða bein lán til einstaklinga en að vísu hentar það ekki þeim sem sömdu þetta frv. vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur viljað hafa þau beinu lán innan vébanda þess kerfis sem hún þekkir og ber traust til. Það er öryggisventillinn sem þeir sem hafa unnið að húsnæðismálum á vegum verkalýðshreyfingar sjá í málinu. Verkalýðshreyfingin þekkir þetta kerfi og veit hvaða öryggi það veitir þeim sem hafa fengið þar skjól, og hefur viljað skoða beinu lánin á þeim grundvelli. Við höfum líka verið tilbúin til þess að skoða með hvaða hætti bein lán gætu komið til greina og hvort þau gætu verið betri kostur eða jafngóður kostur við einhverjar tilteknar aðstæður. Við höfum verið að skoða þá leið sem Alþýðusambandið var að vinna að, en við viljum ekki ljá máls á nýjum banka sem verður svo einkavæddur þegar haldið verður áfram með stefnu íhaldsins frá því fyrir síðustu kosningar því við skulum ekki gleyma því að það stendur svart á hvítu í kosningastefnuskrá þeirra að steypa skuli saman Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í einn Íbúðalánasjóð sem síðan skuli einkavæddur árið 2000. Það er svolítið gaman að sjá hverjir það eru sem eru fótgönguliðar íhaldsins í að koma þessu stóra máli að. Þegar ég las þetta ákvæði á sínum tíma hvarflaði ekki að mér að íhaldið fengi nokkurn einasta flokk með sér í þessa þíslargöngu, en þar skjátlaðist mér.

Það hefur reyndar staðið styr um félagslega húsnæðislánakerfið alveg síðan þessi ráðherra kom í félmrn. og þá er ég, virðulegi forseti, að tala um hæstv. félmrh. Hann hefur gert kerfið tortryggilegt. Hann hefur linnulaust haldið því fram að íbúðir í félagslega kerfinu væru dýrari en á almennum markaði. Það var reyndar dyggilega hrakið með útreikningum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kallaði eftir á sínum tíma. Þar kom vel í ljós að íbúðir t.d. á höfuðborgarsvæðinu voru 10% ódýrari en íbúðir á almennum markaði. En líka hefur verið bent á að íbúðirnar hafi verið að hluta til niðurgreiddar með 3,5% framlagi sveitarstjórna sem hefur gengið beint inn í verð íbúðanna.

Hæstv. félmrh. hefur líka sífellt bent á vanda sveitarfélaga þar sem íbúðir hafa ekki selst en hann hefur aldrei talað um félagslegt húsnæði sem góðan kost fyrir launafólk með lág tekjumörk og öryggið sem þetta kerfi hefur veitt fjölda fjölskyldna í áratugi. Það er reyndar fróðlegt að skoða af hverju þessi umræða er um að félagslegar íbúðir séu dýrari. Það hefur líka komið fram í máli fleiri stjórnarliða. Skoðum það. Eru þær byggðar dýrari? Er t.d. íbúð sem byggð er í fjölbýlishúsi í Kópavogi og á að vera í félagslega kerfinu dýrari af því að hún er félagsleg eða getur það verið að hún sé á nákvæmlega sama verði í byggingu og tilsvarandi íbúð í öðru fjölbýlishúsi sem ekki er í félagslega kerfinu og er líka í Kópavogi? Ég held því fram. Er íbúð sem keypt er inn í félagslega kerfið á almennum markaði, hvort heldur er í Kópavogi eða einhvers staðar úti á landi, dýrari heldur en ef einhver annar hefði keypt hana á almennum markaði í sveitarfélaginu? Ég segi nei.

Hins vegar getur það alveg verið að íbúðir hafi verið byggðar dýrari einhvers staðar, að þær hafi verið byggðar á óheppilegum lóðum, þær hafi verið óheppilegar í hönnun, stofnað hafi verið um íbúðirnar byggingarfélag sem ekki stóð sig, verktaki hafi farið á hausinn, og allt þetta hafi lent á nákvæmlega sama húsinu af því að það var í félagslega kerfinu og þar axlar maður alla ábyrgð. Það er hugsanlegt.

En af hverju eru íbúðir í félagslega kerfinu dýrari í sölu? Veltum því fyrir okkur. Á þeim hvíla ýmist 90% eða 100% lán. Að mestu hafa lágar greiðslur íbúa þeirra húsa fyrstu árin farið til greiðslu vaxta, ég tala nú ekki um ef veitt hefur verið 10% viðbótarlán þannig að einstaklingur sem á þurfti að halda hafi fengið 100% lán. Þá má segja að megnið af greiðslunni, sem viðkomandi greiðir fyrstu árin, fari til greiðslu vaxta. Það þýðir að há lán, næstum því öll íbúðin á lánum, standa á íbúðinni. Það er ekki byrjað að greiða þau niður strax. Þetta er í raun og veru eðli jafngreiðslulána hvort sem þau eru tekin til þess að standa undir félagslegu húsnæði eða einhverju öðru. Taki maður lán, ég tala nú ekki um til 40 ára, og það lán eigi að deilast þannig niður að maður greiði lága fjárhæð mánaðarlega öll þessi ár, þá er það eðli þeirra lána að maður borgar mjög lítið niður fyrst, það verður ekki fyrr en síðast.

Þegar hins vegar sá sem hefur búið í félagslegri íbúð óskar eftir innlausn og fer út úr henni, þá er það þannig að hann fær það sem hann hefur lagt í íbúðina hafi hann verið búinn að vera í henni þann tíma að hann sé farinn að greiða hana niður, að vísu að teknu tilliti til fyrningar sem menn hafa verið að burðast við að lækka og hefur kannski enn þá verið of há, þá fær hann það sem hann hefur lagt í íbúðina miðað við verðið sem hún stendur í og óháð markaðsverði á staðnum. Í þeim tilfellum er það eitthvað sem kemur eigandanum til góða. Eigi hann lítið í íbúðinni fær hann a.m.k. nokkurn veginn það sem hann á miðað við það verðgildi sem íbúðin stendur í. En íbúð eða hús á sama stað, sem ber lægra markaðsverð þýðir oftast nær, þegar hún er seld langt undir kostnaðarverði, að eigendur slíkrar íbúðar eða slíks húss hafa tapað fé sem í eignina var lagt.

Virðulegi forseti. Það gleymist að tala um þetta. Það gleymist að tala um hvað er að baki markaðsverðs. Ef raðhús byggt í Reykjavík stendur í 14 millj. og við getum gefið okkur að 3 millj. af því sé e.t.v. lóðarkostnaður og sams konar raðhús er byggt úti á landi og þar er kannski lægri lóðakostnaður — við skulum gefa okkur að það sé ekki nema 500 þús. eða milljón — stendur húsið samt sem áður í 11–12 millj. Sé þetta hús selt nokkrum árum síðar fyrir 5 eða 6 millj. en eigi að standa í 11–12 millj. er eigandinn að sjálfsögðu að tapa því fé sem hann lagði í íbúðina. Munum þetta. Gleymum þessu ekki þegar við komum að þætti fólksins sem á að fá félagsleg lán í nýja fína kerfinu, þegar það ætlar að fara að innleysa íbúðirnar sínar og fara út á markaðinn í sveitarfélagi þar sem íbúð getur staðið í 8, 9 eða 10 millj. — ég tala nú ekki um ef illa hefur til tekist eins og í einu sveitarfélagi þar sem ég þekki til og rúmlega þriggja herbergja íbúð stendur í yfir 11 millj., það er ekki eðli félagslega kerfisins, það er stórslys á staðnum sem veldur því. Gefum okkur að einhver sem búinn er að búa í slíkri íbúð í 10 ár biðji um innlausn á íbúðinni og kaupskylda ekki lengur fyrir hendi en forkaupsréttur og sveitarfélagið segir nei, ég ætla ekki að neyta forkaupsréttar. Á hvaða verði selur þessi einstaklingur íbúðina? (**Gripið fram í:** Á markaðsverði.) Á markaðsverði sem getur verið bara þriðjungurinn af þessu? Hvaða fólk er í íbúðinni? Var það einhver sem hafði efni á, virðulegi forseti, að byggja einbýlishús? Nei, nei. Var það einhver sem átti stórfé? Nei, nei. Það var einhver sem þurfti a.m.k. 90% lán til að fara inn í þessa íbúð eða jafnvel 100% lán. Munum þetta þegar við ætlum að fara að tala um markaðsverðið, þegar við ætlum að tala um að við höfum leyst vanda nokkurra sveitarfélaga sem hafa setið uppi með dýrar íbúðir sem seljast ekki. Vegna þess að hætta er á því að vandinn verði fluttur yfir á einstaklinga sem ekki geta fengið íbúðina sína innleysta, eiga að selja hana á markaðsverði og borga lánin. Munum þetta. Hugsum hvað liggur að baki markaðsverði þegar við erum að tala um það. Tölum ekki eins og það sé þannig að markaðsverð hvar sem er á landinu sé kostnaðarverð íbúða og verð á félagslegri íbúð sem er dýrari sé eitthvað uppsprengt verð sem búið var til af vondu fólki suður í Reykjavík og hefur gert það að verkum að einhverjir einstaklingar séu fjötraðir af kerfi sem eigi að leggja af. Virðulegi forseti. Munum þetta í umræðunni sem á eftir að standa hér næstu daga.

Hv. 5. þm. Austurl. nefndi það í ræðu sinni að það væri betra fyrir fólk á staðnum að eignast íbúð á markaðsverði. Það væri lægra. Ég ætla að minna á það af því að ég hef átt sæti í húsnæðisstjórn og ég hef átt sæti í sveitarstjórn og ég hef komið að málum í félmrn. og ég hef setið í nefndum sem hafa smíðað húsnæðiskerfi bæði félagslegt og annað, að í hverri einustu úthlutun nú í 10 ár hafa fylgt þau skilaboð til sveitarstjórna að þess sé óskað, sé eitthvað um það að laust íbúðarhúsnæði sé á staðnum, að keyptar séu notaðar íbúðir á markaðsverði inn í kerfið en ekki byggt til viðbótar við það sem laust er á staðnum. Munum þetta líka í umræðunni sem mun standa hér næstu daga, virðulegi forseti.

Ég sagði að búið væri að búa í haginn fyrir þetta frv. með endalausri gagnrýni á félagslega húsnæðiskerfð af hálfu félmrh. og valkosturinn sem er gulrót á fólkið í landinu sem heyrir að nú verði það ekki bundið í viðjar einhvers kerfis heldur muni það eiga valkost og geta valið sér íbúð hvar sem er.

Er nokkur hissa á því þó að einstæð móðir, við skulum segja uppi í Grafarvogi, sem ekki hefur bifreið til afnota, sem hefur óskað eftir endursöluíbúð niðri í bæ nálægt vinnustaðnum sínum en ekki fengið, þó að hún verði glöð þegar hún heyrir í fréttunum að nú eigi að leggja niður kerfið sem stýrði því að hún fór í hverfi sem hún kannski óskaði ekki eftir af því að hún vill miklu heldur vera niðri í bæ, og að hún geti núna selt íbúðina sína og fengið nýtt félagslegt lán, 90%, og farið niður í bæ, farið niður í Hlíðar eða eitthvað svoleiðis eða í Vesturbæinn? Er nokkur hissa á því þó að manneskjur sem hlusta á svona boðskap hugsi: „Þetta er bara gott."

Hér í húsinu var sagt í dag: „Það er allt í lagi þó að stjórnarandstaðan sé eitthvað að ybba sig. Það er nefnilega þannig að það hefur náð í gegn til fólksins í landinu að þetta sé góður kostur, þessi beinu lán séu góður kostur." Já, þetta hefur að sjálfsögðu náð til fólks sem er í dýrum íbúðum með erfiða greiðslubyrði. Það hugsar: Nú fer ég bara út úr þessu. En þetta er ekki svona einfalt vegna þess að sveitarfélagið ræður, það ræður hvort einstæð móðir í Grafarvogi geti fengið íbúðina sína innleysta og staðið uppi með eitthvað það sem hún heldur að dugi til þess að kaupa niðri í bæ. Sveitarfélagið ræður þessu. Ef allir í nokkrum stórum blokkum í ákveðnu hverfi í Reykjavík sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi í ræðu sinni óska eftir innlausn af því að þeir ætla að fara annað, jafnvel bara til Kópavogs, dettur þá einhverjum í hug (**Gripið fram í:** Til fhaldsins þar.) eftir kosningar, að Reykjavík hafi bolmagn til þess að innleysa allar þessar íbúðir? Nei. (**Gripið fram í:** Er svona slæmt að búa í þeim?) Ég er að fara í gegnum það sem var nefnt í ræðum fyrr í dag að hér á höfuðborgarsvæðinu er líka ákveðið vandamál uppi og það er annars eðlis og ég

er að draga fram að valkosturinn sem hefur verið gefinn sem gulrót stenst ekki, hann er ekki þessi gulrót, vegna þess að eftir sem áður ræður sveitarfélagið. Sveitarfélagið getur synjað um innlausn ef fólkið hefur búið í íbúðinni lengur en tíu ár. Þá getur það sagt: „Ég ætla ekki að kaupa þessa íbúð. Farðu með hana út á markað og ef þú ert með erfiða íbúð í illa seljanlegu hverfi eða blokk, þá selst hún ekkert einn, tveir og þrír.“ Sveitarfélagið ræður líka hversu mörg viðbótarlán það kýs að taka þátt í að fari út úr Íbúðalánasjóðnum og hversu margir geta farið út á markaðinn og keypt sér íbúð. Og sveitarfélagið getur krafist þess að sá sem ætlar að kaupa sér íbúð úti á markaði kaupi íbúð sem sveitarfélagið hefur innleyst og situr uppi með.

Virðulegi forseti. Það er reyndar ekki orðið kvöldsett en þannig háttar til að það var vilji forseta, sem náði ekki samkomulagi um þinghald á þessum föstudegi var og tilkynnt, formlega vegna atburðar sem á að vera á vegum þingsins í kvöld að þetta þinghald stæði til kl. 16.00 í dag. Ég vek athygli á því að klukkan er orðin fimm mínútur yfir fjögur og ég er ekki nema um það bil hálfnuð í ræðu minni þannig að ef forseti hyggst halda áfram þá held ég að við verðum að taka það upp hvort þinghaldi verður haldið áfram til kl. hálffimm Ég hef boðað til mín fólk upp úr klukkan fjögur af því að ég tók mark á þessari tilkynningu forseta.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vekur athygli hv. þm. á því að níu mínútur eru eftir af ræðutímanum og spyr hvort hún hyggist ljúka ræðu sinni eða sé að ýja að því að hún vilji fresta henni.)

Ég vil gjarnan fresta ræðu minni, virðulegi forseti, og hefja hana að nýju á mánudaginn með frísk eyru viðstaddra hér til að taka við þeim boðskap.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður við þessari beiðni og gefur hv. þm. kost á að fresta ræðunni.)

Ég þakka forseta kærlega fyrir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

# 82. FUNDUR

mánudaginn 9. mars,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 176, nál. 821, brtt. 822 og 826. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 175, nál. 865, brtt. 866. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 707, nál. 845. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799, nál. 894. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsókn á refsingum við afbrotum, þáltill., 484. mál, þskj. 820. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hægri beygja á móti rauðu ljósi, þáltill., 404. mál, þskj. 725. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Samræmd samgönguáætlun, þáltill., 179. mál, þskj. 179, nál. 856. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 880. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Vegtenging milli lands og Eyja, þáltill., 448. mál, þskj. 775. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Hafnalög, frv., 477. mál, þskj. 812. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 495. mál, þskj. 846. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv., 496. mál, þskj. 847. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877. — Frh. 1. umr.
17. Byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 508. mál, þskj. 878. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[15:00]

**Útbýting þingskjala:**

Fjarkennsla Verkmenntaskólans á Akureyri, 532. mál, fsp. HjÁ, þskj. 911.

Fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga, 528. mál, fsp. MF, þskj. 905.

Laxveiðiferðir stjórnenda bankanna, 316. mál, svar viðskrh., þskj. 899.

Reglugerð um geðrannsóknir, 526. mál, fsp. MF, þskj. 903.

Skipun tilsjónarmanna, 529. mál, fsp. MF, þskj. 906.

Umsýslustofnun varnarmála, 531. mál, fsp. MF, þskj. 910.

Vistun, meðferð og eftirmeðferð ósakhæfra geðsjúklinga, 530. mál, fsp. MF, þskj. 907.

Þjónusta geðlækna í fangelsum, 527. mál, fsp. MF, þskj. 904.

## *Dómstólar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 176, nál. 821, brtt. 822, 826 og 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 822,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 850 kölluð aftur.
Brtt. 822,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr., 1. mgr., samþ. með 45 shlj. atkv.

7. gr., 2. mgr., samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SF, SP, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (BirnS, GGuðbj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRJ, FI, FrS, GE, HBl, HjálmJ, HG, IP, LMR, MF, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., 3.–5. mgr., samþ. með 43 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 822,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 822,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
14.–22. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 822,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 822,6 (ný 6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 826 felld með 29:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁÞ, BirnS, BH, GÁS, GGuðbj, GMS, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJS, SvG, ÖJ.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, FI, FrS, GE, HBl, HjálmJ, HG, IP, LMR, MF, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:12]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þessi tillaga felur í sér að nefnd um dómarastörf meti hvort dómarar geti starfað í leynireglum, hvort það fái samrýmst stöðu þeirra og leiði af sér að dómarar geti

ekki sinnt embættisstörfum sínum sem skyldi. Nefnd um dómarastörf á samkvæmt stjfrv. að meta aukastörf dómara og hvort dómarar megi eiga hlut í félagi eða fyrirtæki. Það er rétt og sjálfsagt að hún meti það einnig gagnvart leynireglu. Þessi brtt. er því í samræmi við markmið frv. um að styrkja sjálfstæði dómstóla, að hlutleysi þeirra verði hafið yfir allan vafa og það verði að vera sýnilegt.

26. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
27.–31. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 822,7 samþ. með 45 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
33.–37. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 822,8 samþ. með 46 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
39.–40. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 822,9 samþ. með 44 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Vopnalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 175, nál. 865, brtt. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 866,1–11 samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–40. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

### *Gjaldþrotaskipti, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 389. mál (tilkynningar skiptastjóra). — Þskj. 707, nál. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. í nál. 845 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

### *Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799, nál. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fylgiskjal samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Rannsókn á refsingum við afbrotum, frh. fyrri umr.*

Þáltill. allshn., 484. mál. — Þskj. 820.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

### *Áfengislög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Hægri beygja á móti rauðu ljósi, frh. fyrri umr.*

Þáltill. GMS og HjÁ, 404. mál. — Þskj. 725.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Samræmd samgönguáætlun, frh. síðari umr.*

Þáltill. MS o.fl., 179. mál. — Þskj. 179, nál. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Brtt. í nál. 856 samþ. með 46 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BirnS, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
18 þm. (ArnbS, ÁRJ, FI, FrS, HBl, HjálmJ, HG, IP, KHG, LMR, MF, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 918).

### *Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 509. mál. — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Póstþjónusta, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 510. mál. — Þskj. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Leigubifreiðar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 519. mál. — Þskj. 890.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Vegtenging milli lands og Eyja, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁJ o.fl., 448. mál. — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Hafnalög, frh. 1. umr.***

Frv. ÁMM o.fl., 477. mál (fjárskuldbinding ríkissjóðs). — Þskj. 812.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 1. umr.***

Frv. ÁRÁ o.fl., 495. mál (undanþágur). — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 1. umr.***

Frv. ÁRÁ o.fl., 496. mál (undanþágur). — Þskj. 847.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Húsnæðismál, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877.

[15:31]

**Rannveig Guðmundsdóttir** (frh.):

Virðulegi forseti. Ég mun halda áfram ræðu minni sem ég hóf á föstudaginn og kaus að fresta þegar klukkan var farin að ganga fimm.

Við stjórnarandstæðingar gagnrýndum harðlega á föstudaginn vinnubrögð við þetta frv., að verkalýðshreyfingin komi á engan hátt að samningu þess og Húsnæðisstofnun var hvergi höfð með í ráðum. Þessir aðilar hafa víðtæka þekkingu á félagslega húsnæðiskerfinu, kostum þess og göllum og afleiðingum breytinga fyrir lægst launaða fólkið í landinu.

Nú eru þáttaskil í vinnubrögðum stjórnvalda sem fram að þessu hafa átt samvinnu við verkalýðshreyfingu um breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu og má minna á að lífeyrissjóðir hafa mjög komið að fjármögnun þess gegnum árin. Það er líka ljóst að frv. er framkvæmd á stefnu íhaldsins frá því fyrir síðustu kosningar þegar boðað var að leggja Húsnæðisstofnun niður, sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins í einn sjóð sem síðan yrði einkavæddur árið 2000. Þetta er tillaga frá landsfundi Sjálfstfl. en, virðulegi forseti, eðlilega finnst ekkert um þessa stefnu í kosningaplaggi Framsfl. fyrir síðustu kosningar annað en um endurreisn heimilanna og við munum öll hvernig fór um skuldbreytingu aldarinnar, en ég hef ekki tíma til að fjalla um það hér.

Hinn nýi sjóður ber líka öll einkenni hlutafélags og á að standa undir sér. Félagslega hugmyndafræði samvinnuhugsjónarinnar er hvergi að finna í hinum nýja boðskap enda hefur hennar lítið gætt í þessu stjórnarsamstarfi. Með samþykkt þessa frv. yrði viðamikil félagsleg aðstoð í landinu slegin af. Mér er það stórlega til efs að stjórnarliðar geri sér yfirleitt grein fyrir hvað felst í þessu frv. nema e.t.v. einhverjir sjálfstæðismenn sem þekkja í því frjálshyggjustefnu sína.

Þeim sveitarfélögum sem sitja uppi með auðar íbúðir er bjargað. Í sumum tilfellum hafa breytingar á atvinnuháttum og fólksflótti breytt fyrri forsendum sveitarfélags. Í öðrum tilfellum sáust menn ekki fyrir í ákefð sinni við að byggja nýtt húsnæði.

Hver sem orsök vandans var er ljóst að hann verður að leysa. En það er harkaleg aðferð sem hér sér dagsins ljós, að kasta fyrir róða mikilvægu félagslegu kerfi sem hefur skapað þúsundum fjölskyldna öryggi í húsnæðismálum. Að ætla að umbylta húsnæðiskerfinu svona í flumbrugangi með takmarkaðri aðkomu allra þeirra sem varpað geta ljósi á afleiðingar þess er stóralvarlegt mál sem ég vara við.

Ég tek sérstaklega fram að í flestum tilfellum hafa sveitarfélögin í landinu byggt hagkvæmt og tekið mið af þörf. Í þessu frv. er ekkert sem skyldar sveitarfélögin til aðgerða í málaflokknum. Hins vegar geta þau lagt hömlur á hver margir fá viðbótarlán til að kaupa íbúð og þau geta krafist þess að einstaklingur sem vill eiga valkost um hvar hann velur að kaupa sér íbúð verði að kaupa íbúð sem sveitarfélagið hefur innleyst.

Þegar félmrh. mælti fyrir frv. taldi hann upp nokkrar ástæður þess að grundvallarbreyting væri gerð á félagslega húsnæðiskerfinu, þ.e. að kerfið væri baggi á sveitarfélögum, íbúðir stæðu auðar, jafnframt því að margir hefðu misst íbúð

í kerfinu og að Byggingarsjóður verkamanna stefndi í gjaldþrot, svo aðalatriðin séu nefnd. Við skulum staldra við þetta með auðar íbúðir og ég ætla að nefna dæmi.

Meðan fimm félagslegar íbúðir stóðu auðar í sveitarfélagi einu utan höfuðborgarsvæðisins átti sparisjóðurinn á staðnum 100 íbúðir sem hann hafði þurft að innleysa. Hann hafði þurft að innleysa hundrað íbúðir á móti fimm félagslegum íbúðum sem stóðu auðar. Þegar talað er um mikil vanskil þeirra sem hafa fengið 100% lán er raunin sú að af 600 sem hafa fengið slík lán voru 17% með vanskil, þriggja mánaða eða lengur, og við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er tekjulægsta fólkið. Sá valkostur að veita 100% lán kemur m.a. til af því að leiguíbúðamarkaður er ekki fyrir hendi. Nú á að vísa hundruðum yfir á þann sama vanbúna leigumarkað þar sem hér eftir verða ekki veitt 100% lán, en átakið í byggingu leiguíbúða samkvæmt frv. er 25 íbúðir á ári næstu tvö árin.

Það er líka staðreynd að um leið og bjarga á sveitarfélögunum sem sitja uppi með illseljanlegar íbúðir, þá er hinn sami vandi fluttur yfir á einstaklingana. Það er nefnilega þannig að sveitarfélög hafa kaupskyldu á félagslegum íbúðum í tíu ár en eftir það aðeins forkaupsrétt. Hver trúir því að sveitarfélög innleysi illseljanlegar íbúðir þar sem um slíkt er að ræða á verði langt yfir markaðsverði, ef þau þurfa þess ekki? Það þýðir að eigandi dýru félagslegu íbúðarinnar sem selja á á markaðsverði situr uppi með tapið.

Munum að fólkið í félagslegu íbúðunum er tekjulægsta fólkið í landinu sem má minnst við skakkaföllum. Ég minni á að sveitarfélög sem samþykkja 20% eða 25% viðbótarlán fyrir fjölskyldu eiga að greiða sem nemur 5% af láninu í sjóð sem m.a. hefur það hlutverk að bæta sveitarfélögum tapið við sölu íbúðar sem stendur í hærra verði en markaðsverð sem fyrir hana fæst. Enginn mun bæta einstaklingi þennan mismun. Hugsunin er út af fyrir sig góð þegar verið er að búa til kerfi þar sem ákveðið er fyrir fram að allir fyrir einn gildi við áföll. Það er vafasamara þegar slíkur sjóður er búinn til eftir á og sveitarfélög sem hafa verið ábyrg í allri sinni uppbyggingu þurfa að borga fyrir þann sem e.t.v. hefur verið ábyrgðarlaus.

Skoðum næst yfirlýsingu félmrh. um að Byggingarsjóður verkamanna stefni í gjaldþrot. Í skýrslu félmrn. frá því í október 1996 þar sem fjallað er um þær aðgerðir sem gripið var til 1992 og bæta áttu eiginfjárstöðu sjóðsins segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er engu að síður sú að eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna hefur styrkst um allt að því milljarð á þessu tímabili. Það er því ljóst að þær aðhaldsaðgerðir sem gripið var til á árunum 1992–1993 hafa skilað tilætluðum árangri.“

Virðulegi forseti. Það er ágætt mál að sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins því það styrkir starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna. Það er eðlilegt þar sem verkefni Byggingarsjóðs ríkisins eru nánast engin lengur en fjárhagsstaða hans er góð þar sem stöðugt koma inn greiðslur fyrir þau lán sem í gegnum hann hafa verið veitt á liðnum árum. Lengi hefur verið kallað eftir því líka að vaxtabætur yrðu samtímagreiðslur því það kemur fólki betur en eingreiðsla ár hvert. Nú á loks að framkvæma þessa breytingu og ég fagna því þó að ég sé ósátt við tilefnið. Helst hefði þó þurft að greiða vaxtabætur mánaðarlega miðað við þá stöðu sem þær eiga að hafa gagnvart félagslegum íbúðalánum.

Virðulegi forseti. Það er ekkert félagslegt við nýja lánafyrirkomulagið nema lánstíminn. Greiðslumat í dag er mun rýmra í félagslega kerfinu en í húsbréfakerfi. Hvernig verður farið með það í nýju kerfi? Ef greiðslumatið verður þrengt og mörkin verða svipuð og í húsbréfakerfinu munu enn fleiri detta út en þeir sem við höfum þegar bent á. Ýmis nýr kostnaður fellur á kaupanda félagslegrar íbúðar og líka hærri útgjöld við sölu. Verð íbúða mun væntanlega hækka, m.a. vegna þess að í gamla kerfinu lögðu sveitarfélögin 3,5% í hverja íbúð.

Kaupleiguíbúðir verða aflagðar samkvæmt þessu frv. Það hefur ekki verið mikið talað um kaupleiguíbúðirnar en þær voru t.d. dýrmætur kostur fyrir fólk sem hefur misst eignir, situr uppi með skuldir og fær enga fyrirgreiðslu í bönkum en er með tekjur yfir mörkum félagslega kerfisins. Þessu fólki er líka vísað á leigumarkað sem ekki er fyrir hendi.

Það er mjög alvarlegt hve hið nýja kerfi sem búa á til úthýsir mörgum úr félagslegri húsnæðisaðstoð og ég er alveg sannfærð um það, af því ég nefndi kaupleigukerfið, að einmitt lagfæring á því hefði verið sú lausn sem þurfti að grípa til vegna þess að mjög góð reynsla er komin á það að gefa fólki kost á því að leigja fyrst og ganga síðan með leiguna inn í kaupsamning.

Löggjöfin sem við búum við í dag, virðulegi forseti, er ekki gallalaus en hana hefði mátt lagfæra og einfalda í stað þess að umbylta svo sem nú er gert.

[15:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Í umræðunum á föstudaginn var komu fram nokkur atriði sem þarf að leiðrétta. Ég geri mér nú engar gyllivonir um að það beri árangur en það er rétt að gera tilraun, því að sumir telja allt alvont sem frá ríkisstjórninni kemur.

Því hefur verið haldið fram að hér sé um stefnu Sjálfstfl. að ræða. Það er rangt. Hér er um að ræða stefnumörkun sem sjálfstæðismenn hafa fallist á. Ég er að vísu ekki vel lesinn í landsfundarsamþykktum sjálfstæðismanna en þeir hafa verið að tala um einkavæðingu. Hér er ekki um einkavæðingu húsnæðiskerfisins að ræða. Þeir hafa verið að tala um að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum og það er ekki heldur gert. Ríkisábyrgðin er áfram á húsbréfum og Íbúðalánasjóður er hvorki háeffaður né einkavæddur og verður það ekki meðan ég er í félmrn.

Hv. 13. þm. Reykv. talaði mikið um markaðsvæðingu. Markaðsvæðingin fór náttúrlega fram þegar húsbréfakerfið var tekið upp. Það var markaðsvæðing. Hér er einungis um viðbót við húsbréfakerfið að ræða og það tiltölulega lítið viðbótarskref.

Hv. 13. þm. Reykv. sagði að húsbréfakerfið hefði verið tekið upp í andstöðu við okkur framsóknarmenn. Ég veit ekki betur en við höfum átt aðild að þeirri ríkisstjórn sem tók upp húsbréfakerfið og ég man ekki betur en að ég hafi greitt því atkvæði hér við þrjár umræður á Alþingi og við framsóknarmenn.

Menn hafa verið að gagnrýna tilurð þessa frv. Ég tel að það hafi verið mjög vandlega og eðlilega unnið að frumvarpsgerðinni. Hún er byggð á starfi marga nefnda og fjöldi manna hefur komið að þessu nefndarstarfi frá stjórnarflokkum, frá ráðuneytum og frá sveitarfélögum, t.d. formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, forstjóri Húsnæðisstofnunar, Sigurður E. Guðmundsson, stjórnarformaður Húsnæðisstofnunar, Hákon Hákonarson og varaformaður Húsnæðisstofnunar Gunn-

ar S. Björnsson. Verkalýðshreyfingin hefur komið að málinu. Kristján Gunnarsson í Keflavík vann að undirbúningi málsins. Og svo eru menn að tala um að ekkert samráð hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna.

Ég vil benda á að samþykkt sambandsstjórnar ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996 er beinlínis lögð til grundvallar þessu frv. Og ég ætla, herra forseti, að fá að lesa hérna áherslupunktana í samþykkt sambandsstjórnar ASÍ:

„Sambandsstjórnarfundur leggur til eftirfarandi breytingar á félagslegum íbúðalánum:

Veitt verði sérstök lán til þeirra sem uppfylla skilyrði Byggingasjóðs verkamanna um lán úr sjóðnum." Þetta er akkúrat verið að gera.

„Lánin verði með jöfnum afborgunum eða jafngreiðslu til allt að fjörutíu og þriggja ára." Hér er að vísu miðað við 40 ár en ekki 43 ár og það er pínulítill mismunur en ég skil nú ekki í að það geti verið stórmál.

„Lánin verði að hámarki 90% af kaupverði." Þetta er nákvæmlega það sem við erum að gera.

„Að vextir hækki og lækki eftir tekjum en verði að öðru leyti svipaðir og verið hefur." Hér er farin örlítið önnur leið vegna þess að vaxtabæturnar eru látnar taka á móti sveiflunum.

„Lántaki velji sér íbúð sem uppfyllir lágmarksskilyrði lánveitanda um gæði íbúðar." Þetta er í frv.

„Ekki verði gert út um kaup nema lánveitandi samþykki veðhæfi." Þetta er í frv.

„Lántaki beri sömu ábyrgð og skyldur og sá sem er á almennum markaði." Nákvæmlega í frv.

„Eins og lántaki velur sér íbúð velur hann sér kaupanda þegar hann selur fasteignina, enda ekki kaupskylda sveitarfélags." Allt saman í frv.

„Lántaki flytji lán sitt á aðra viðurkennda íbúð eða greiði það upp við sölu fasteignar." Þetta er nákvæmlega það sem sambandsstjórn ASÍ lagði til.

Hver einasti stafkrókur af því sem sambandsstjórn ASÍ ályktaði um og samþykkti er í þessu frv. með einu fráviki. Sambandsstjórn ASÍ miðaði við 43 ára lánstíma. Hér er miðað við 40 ára lánstíma en mér finnst það ekki stórmál.

Að sjálfsögðu lögðum við samþykkt ASÍ til grundvallar þessari vinnu. Hún var grundvallarplagg undir vinnunni. Ég hef óskað eftir að fá athugasemdir ASÍ og mun skoða þær vandlega og við munum fara vandlega yfir þær athugasemdir sem ASÍ kemur til með að gera við þetta mál í félmrn.

Það má svo bæta því við að fyrrv. hagfræðingur ASÍ og helsti húsnæðismálasérfræðingur, Guðmundur Gylfi Guðmundsson, fór yfir frv. og gerði athugasemdir sem teknar voru til greina. Einnig Einar Jónsson, yfirlögfræðingur Húsnæðisstofnunar.

Það er náttúrlega spurning hvar eðlilegt er að verkalýðshreyfing komi að húsnæðismálum. Ég vitna til þess að hv. 13. þm. Reykv. tók fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar út úr stjórn Húsnæðisstofnunar með lögum sem voru lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi og það var út af fyrir sig eðlilegt vegna þess að hlutverk verkalýðshreyfingarinnar við uppbyggingu húsnæðiskerfisins hefur breyst verulega.

Ég hef reynt að halda góðum friði við Húsnæðisstofnun. Ég hef ekki alltaf verið samþykkur öllu sem þar hefur verið gert en ég hef ekki verið með neinn hávaða eða ársir á Húsnæðisstofnun og ég hef ekki tekið hv. 13. þm. Reykv. til fyrirmyndar að liggja í endalausum illindum við Húsnæðisstofnun eins og aðrar stofnanir sem undir hana heyrðu á hennar ráðherraferli. Ég er hérna með úrklippur frá þeirri tíð, úr Tímanum 6. maí 1993: „Svarar Húsnæðisstofnun ekki bréfum frá Jóhönnu?" Svo er önnur úrklippa úr Morgunblaðinu frá 1993: „Samstarfsörðugleikar félagsmálaráðherra og Húsnæðisstofnunar." Og verkalýðshreyfingin krafðist afturköllunar á vaxtahækkuninni sem hæstv. þáv. félmrh. stóð fyrir, og nóg um það.

Þá er komið að þætti sveitarfélaganna. Frumvarpið er unnið í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og húsnæðisnefnd Reykjavíkur en formaður hennar, Páll R. Magnússon, hefur tekið þátt í þessu starfi frá upphafi til enda. Þátttaka sveitarfélaganna breytist talsvert með nýjum lögum. Kaupskyldan fellur niður á íbúðum sem keyptar eru eða byggðar eftir 1. janúar 1999 og kaupskylda sveitarfélaganna á íbúðum í félagslega eignaríbúðakerfinu fellur niður við fyrstu sölu eftir gildistöku laganna. Nú eru innleystar um 10% félagslegra íbúða árlega þannig að gera má ráð fyrir að eftir tíu ár verði lítið eftir að félagslegum eignaríbúðum með kaupskyldu. Núverandi íbúar félagslega kerfisins halda þeim réttindum að geta skilað íbúðum ef þeir kjósa og það verður að gera ráð fyrir að margir velji þann kost vegna þess að nýja íbúðalánakerfið er hagstæðara. Því má búast við að innlausnaríbúðum fjölgi mjög. Sveitarfélögum er auðveldað að gera þær að leiguíbúðum með því að veita lán á 1% vöxtum til 50 ára, enda greiði þau upp lánin við Byggingarsjóð verkamanna. Það kann að vera að einhvers staðar verði offramboð á innlausnaríbúðunum og þess vegna var opnaður sá möguleiki fyrir húsnæðisnefndir sveitarfélaga að beina tímabundið tilteknum hluta árlegra viðbótarlána til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði. Þetta geta menn séð á bls. 16 í bráðabirgðaákvæði III. Og vilji viðkomandi kaupandi ekki una því að fara í íbúð sem innleyst hefur verið getur hann skotið máli sínu til faglegrar kærunefndar. Það hefur ekki unnist tími til að ganga frá endanlegu samkomulagi við sveitarfélögin varðandi framtíðarfyrirkomulag á lánum til leiguíbúða. Því á að vera lokið fyrir árslok árið 2000. Þess vegna eru teknar frá 75 millj. árlega í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu til að mæta niðurgreiðslum vegna innlausnaríbúðanna. Síðan er það Alþingis að ákveða við fjárlagagerð, eins og verið hefur, hvað menn telja sér fært að verja til niðurgreiðslu vaxta vegna kaupa eða byggingar nýrra leiguíbúða.

Það er fráleitt að tala um það að heildarfjölgun leiguíbúða verði einungis 50 á næstu tveimur árum. Það svarar engan veginn þörfinni. Reykjavíkurborg áformar t.d. að kaupa eða byggja 100 litlar leiguíbúðar strax til þess að svara þörf félagsbústaða fyrir þess háttar leiguíbúðir. Og nú eru húsaleigubætur komnar á allt leiguhúsnæði og í öllum sveitarfélögum þannig að leigumarkaðurinn á að vera meira aðlaðandi fyrir tekjulága en hann hefur verið.

Það er engin breyting fyrirhuguð á aðgengi Öryrkjabandalagsins eða námsmannasamtaka að lánsfé til byggingar leiguíbúða og það er opnað fyrir fleiri aðila, til að mynda leiguíbúðafélög.

Sveitarstjórnirnar kjósa húsnæðisnefndir, og í gildandi lögum er talað um að fulltrúar stærstu samtaka launamanna eigi að eiga sæti í húsnæðisnefndunum. Það er ekki skilgreint í lögunum við hverja er átt. Það þótti óþarfi að halda þessu ákvæði í lögunum enda má gera ráð fyrir að sveitarstjórnir

kjósi í húsnæðisnefndir þannig að þar eigi sjónarmið launamanna aðgang. Ég vitna til frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hæstv. þáv. félmrh. og núv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, bar fram á 118. löggjafarþingi. Gert var ráð fyrir því í frv. að verkalýðsfélög ættu ekki sérmerkta fulltrúa í húsnæðisnefnd, og 4. gr. frv. hljóðaði svo, herra forseti:

„Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn skipa húsnæðisnefnd að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndarmenn skulu vera þrír, fimm eða sjö eftir ákvörðun sveitarstjórnar og jafnmargir til vara.

Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum."

Svo hljóðaði 4. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, borin fram á 118. löggjafarþingi af þáv. félmrh., Rannveigu Guðmundsdóttur.

Alþingi breytti þessum áformum fyrirrennara míns og fulltrúar launamanna voru teknir inn í nefndirnar aftur. En þetta var skoðun hv. 5. þm. Reykn. þá. Framsfl. hefur reyndar valið menn úr verkalýðsarmi flokksins til þess að sitja í stjórn Húsnæðisstofnunar. Hákon Hákonarson er formaður stjórnar Húsnæðisstofnununar. Hann er líka formaður Félags járniðnaðarmanna og Guðmundur Gylfi Guðmundsson, sem til skamms tíma hefur verið hagfræðingur ASÍ, er hinn fulltrúi Framsfl. Samkvæmt þessum nýju lögum geta verkalýðsfélögin sjálf eða t.d. lífeyrissjóðir byggt leiguhúsnæði ef þeir telja þörf á og notið 50 ára lána á 1% vöxtum. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal sjá til þess að leiguhúsnæði sem lánað er út á uppfylli kröfur um gæði. Það er því miður ávani núv. stjórnarandstöðu að telja stjórnarsinna alla með tölu „bandítta" og þó sérstaklega ríkisstjórnina. Þessu verður maður náttúrlega að venjast og gera ráð fyrir að öllum málum, hversu góð sem þau eru, sé tekið með ókvæðum af núv. stjórnarandstöðu — eða reyndar flestum í núv. stjórnarandstöðu. Þeir eiga nú ekki alveg allir óskilið mál. En ég tel að það sé of hátt reitt til höggs ef stjórnarandstæðingar telja sveitarstjórnarmenn upp til hópa „bandítta" sem vilja níðast á tekjulágum. Sveitarfélögin hafa áfram mjög ríkar skyldur í húsnæðismálum þrátt fyrir að kaupskyldunni sé af þeim létt. Um skyldu sveitarfélaganna er kveðið á í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga í 45. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna."

Það vill nú svo til að lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga eru til endurskoðunar einmitt þessa mánuðina og ef mönnum sýnist svo, þá er hægt að styrkja þessa 45. gr. og leggja enn ríkari skyldur á sveitarfélögin. Kærunefndin mun enn fremur að sjálfsögðu taka til meðferðar kvartanir íbúa sveitarfélaga sem telja sitt sveitarfélag ekki sinna húsnæðismálum sem skyldi og ég mun ekki hlífa mér við að minna sveitarfélögin á skyldur sínar í þessu efni og félmrh. hefur náttúrlega ef allt um þrýtur alltaf möguleika á að þrýsta á sveitarfélögin varðandi greiðslur úr jöfnunarsjóði.

Það hefur verið nokkuð fjallað um það hvaða áhrif ný lög mundu hafa á húsnæðisverð. Mönnum ber ekki fullkomlega saman í því efni. Sumir telja að margar íbúðir sem komi til innlausnar komi til með að lækka markaðsverð á viðkomandi svæði. Aðrir telja að aukin eftirspurn eftir frjálsu félagslegu húsnæði komi til með að hækka fasteignaverðið tímabundið en öllum ber þó saman um að áhrifin vari ekki lengi og jafnvægi komist fljótlega á.

Sveitarfélögin hafa auðvitað í hendi sér, eins og þau hafa í dag, hve mörg viðbótarlán verða veitt í sveitarfélaginu því það verður ekki gert nema þau reiði fram í varasjóð 5% af upphæð viðbótarlánsins. Þetta er engin breyting. Það hefur ekki ein einasta félagsleg íbúð verið byggð eða keypt nema samkvæmt ósk viðkomandi sveitarfélags og þau hafa orðið að reiða fram fjármuni vegna hvers íbúðarláns úr Byggingarsjóði verkamanna.

Sú staðhæfing hefur gengið hér ljósum logum að sama greiðslumat eigi að vera á félagslegu lánþegunum og þeim sem eru í almenna kerfinu. Þetta eru algerlega tilhæfulausar staðhæfingar. Greiðslumatið í almenna kerfinu er miðað við 25 ára endurgreiðslutíma. Í félagslega íbúðalánakerfinu er miðað við 40 ára endurgreiðslutíma og greiðslumatið verður miðað við það þannig að árleg greiðslubyrði verður hlutfallslega léttari. Greiðslumatið bíður endurskoðunar. Nefnd hefur skilað áliti. Hún leggur til að nýtt greiðslumat taki mið af tekjum, eignum, skuldum og framfærsluþörf og reglur um nýtt greiðslumat hafa ekki verið settar, enda er það samkvæmt þessu frv. verkefni stjórnar nýs Íbúðalánasjóðs.

Greiðslumatið hefur verið óáreiðanlegt, því miður, og óvandað og nauðsyn að gera það raunhæfara og það er engum greiði gerður með því að freista hans til að reisa sér hurðarás um öxl eða freista fátæks fólks til að taka á sig skuldbindingar sem viðkomandi fær ekki risið undir. Ég hef heyrt hinar lygilegustu sögur um það hvernig menn hafi komist í gegnum greiðslumat eða verið aðstoðaðir við að komast í gegnum greiðslumat þannig að greiðslumatið hefur verið tóm markleysa.

Talað hefur verið um aukakostnað sem afleiðingu af nýju kerfi. Þetta er náttúrlega mjög orðum aukið. Sölulaun á almennum markaði eru á bilinu 1 til 2%, algengast mun vera 1,5%. Lántökugjald í húsbréfakerfinu er nú 1% af lánsfjárhæðinni og stimpilgjald er 1,5% af lánsfjárhæð. Það er rétt að benda á í þessu sambandi að lántökukostnaður, þar með talinn árlegur og tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður myndar stofn til vaxtabóta.

Ef við lítum á félagslegar íbúðir í núgildandi kerfi, þá þarf eigandi íbúðar að greiða 0,5% af kaupverði til húsnæðisnefndar við kaup og 0,5% við sölu eða samtals 1%. Lántökugjaldið er hálft prósent af lánsfjárhæðinni. Tæknideild Húsnæðisstofnunar tekur gjald vegna tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlits og lokaúttekta á félagslegum íbúðabyggingum sem nemur 0,75% af byggingarkostnaði og sveitarfélögunum er heimilt að leggja 2–6% þóknun fyrir umsýslu ofan á byggingarkostnað eða kaupverð hverrar félagslegrar íbúðar. Í nýja fyrirkomulaginu verður ekki tekið stimpilgjald af viðbótarlánunum og þóknun til tæknideildar fellur niður og þörf sveitarfélaga fyrir umsýslugjald kemur til með að minnka stórlega. Þá má benda á að fyrningarregla eldra kerfis rýrir eignina sjálfvirkt um 1% á hverju einasta ári ef húsnæði er byggt eftir 1980 en um 0,5% á íbúðum sem voru byggðar fyrir 1980. Íbúar nýja kerfisins sleppa við þessar

reikningskúnstir og fá raunverð fyrir íbúð sína kjósi þeir að selja hana.

Hér hafa menn talað eins og ríkið ætli að hætta að leggja fé til félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum. Þetta er fjarstæða. Nýtt húsnæðiskerfi sparar í sjálfu sér hvorki ríkissjóði né sveitarfélögum peninga. Fjárhagsaðstoð ríkisins er færð öll í vaxtabætur en er ekki lengur fólgin bæði í vaxtabótum og niðurgreiðslu, með undantekningunni á lánunum til leiguíbúðanna. Þetta er miklu skynsamlegra og kemur viðkomandi betur að gagni og er ódýrara form á að koma aðstoðinni þiggjandanum til hagsbóta. Vaxtabætur verða samtímagreiðslur og koma til skuldajöfnunar áfallinna vaxta og afborgana, en ekki eftirágreiðsla eftir eitt til eitt og hálft ár. Vaxtabæturnar verða betri aðstoð, sérstaklega á fyrri hluta lánstímans og gagnast því sérstaklega ungu og félitlu fólki sem er að byrja búskap. Svo er frágengið að vaxtabætur verða ekki hreyfðar nema á ábyrgð félmrh. og eftir lagabreytingu á Alþingi. Í dag er hægt að hækka vexti í félagslega kerfinu með einni undirskrift félmrh. eins og hv. 13. þm. Reykv. gerði 1993 þegar hún hækkaði vextina úr 1% í 2,5% og í 4,9% og kollvarpaði fjárhagsáætlunum fjölda einstaklinga og svipti þá því hagræði sem þeir töldu sig hafa. Hún gekk nú líka svo gáfulega frá málinu að vextirnir gætu ekki lækkað aftur þótt tekjurnar lækkuðu. Henni þóknaðist heldur ekki að leiðrétta okurvextina af hlutaverðtryggðu lánunum og það var ég sem færði þá niður úr 9,75% niður í 6% en hvorki hún né hv. 5. þm. Reykn. sem báðar höfðu góðan tíma til þess og tækifæri.

Félagslega aðstoðin felst nú í rétti til viðbótarláns og ábyrgðar á því á kostnað sveitarfélaga og í bættum og samtímagreiddum vaxtabótum í stað vaxtabóta eftir á og niðurgreiðslu vaxta frá ríkinu. Ég fullyrði að opinber aðstoð við íbúa í nýju félagslegu kerfi verður ekki lakari en í núverandi kerfi heldur haldbetri og farsælli. Það er rétt að ekki komast allir inn í nýja kerfið sem komust í það gamla enda hefur reynslan kennt að að því kerfi var of greiður aðgangur. Fólk var ginnt til að undirgangast skuldbindingar sem það réð ekki við og stóð svo uppi stórskuldugt og á götunni. Krafan um 10% eigið fé er sanngjörn og fjölskyldunum fyrir bestu. Þetta nýja kerfi er miklu líklegra til að skapa fjölskyldunum í landinu farsælt líf og viðunandi efnahag en gamla kerfið. Ég er stoltur af því hvað hér er að gerast í húsnæðismálum fjölskyldnanna í landinu.

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur málefnalega ræðu enda þekkir hún til húsnæðismála. Hún sagði að þegar hún var í húsnæðisnefnd Reykjavíkur, þá hafi það verið happdrættisvinningur að fá úthlutun á félagslegri eignaríbúð. Ég vil biðja hv. þm. að hringja nú í einhverja sem hún þekkir og fengu þennan happdrættisvinning og spyrja þá hvað þeim finnist, hver sé reynsla þeirra af happdrættisvinningnum. Ég óttast að hún heyri í jafnmörgum sem ekki hrósa happinu lengur.

Hv. þm. spurði um Íbúðalánasjóðinn. Hann á að vera sjálfbær að öðru leyti en því að það verða tímabundin framlög til niðurgreiðslu vaxta vegna leiguíbúða. Styrkur hins nýja sjóðs felst í miklu eigin fé, 26 milljörðum og hann á því að eiga kost á bestu vaxtakjörum. Þar að auki getur hann skuldbreytt eldri lánum byggingarsjóðanna sem eru sum á háum vöxtum og þar að auki sparast verulegt fé vegna reksturs Húsnæðisstofnunar sem kostar um hálfan milljarð á ári.

Ég ætla ekki að fara að elta ólar við fáryrði hv. 13. þm. Reykv. sem hún viðhafði hér á föstudaginn. Hún hótaði því að standa í ræðustóli fram á sumar til að reyna að tefja afgreiðslu þessa frv. Það er hugguleget að hafa slíka stofuprýði sem hv. 13. þm. Reykv. hér í ræðustóli viðvarandi til frambúðar það sem eftir lifir þings.

Hv. 13. þm. Reykv. taldi að ég væri að taka við fyrirskipunum frá fjmrh. (Gripið fram í.) Ég tek ekki við fyrirskipunum frá fjmrh. en með okkur er gott samstarf og vinátta með frændsemi. Mér þykir engu minna vænt um ríkissjóð en hæstv. fjmrh. og okkur er báðum ljós nauðsyn þess að reka ríkissjóð með afgangi. Góðæri í landinu byggist öðru fremur á því að ríkisfjármál séu í lagi. Ef núv. ríkisstjórn hefði ekki haft siðferðisþrek til að koma ríkisfjármálunum í lag hefðu hagstæð ytri skilyrði ekki nýst þjóðinni til hagsældar. Hefði t.d. hagfræði hv. 13. þm. Reykv. fengið að ráða, að gera alltaf kröfur um botnlausa eyðslu, þá væri ekki 25% kaupmáttaraukning frá 1995–2000. Þá væri hér verðbólga á fullu skriði, þá færu skattar ekki lækkandi, hvað þá vextir. Ávöxtunarkrafa húsbréfa er komin niður fyrir 5% í fyrsta skipti og afföllin eru engin og því er spáð að vextir fari niður undir 4% innan skamms. Í fyrra jukust eignir heimilanna meira en skuldirnar um langt árabil. Þörfin fyrir félagsaðstoð sveitarfélaganna minnkar frá mánuði til mánaðar. Atvinnuleysi minnkar stöðugt og við verðum að flytja inn erlent vinnuafl í stórum stíl. Þetta bætir náttúrlega stórkostlega hag fjölskyldnanna í landinu.

Herra forseti. Ég held ég sé búinn að leiðrétta þau meginatriði sem fram komu í ræðum manna á föstudaginn. Ég veit hins vegar ekki hvort það geri nokkurt gagn eða hvort einhverjir hafa látið sér segjast.

[16:11]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, þessi ræða upplýsti ekki mikið. Hún var frekar dæmalaus. Fyrst út af frv. sem ráðherrann minntist á að ég hefði flutt hingað inn. Það er rétt að ég bar hingað inn frv. fyrir jólin 1994. Það var einn mánuður fram undan, febrúarmánuður, í aðdraganda kosninga 1995 og ég hafði tekið við frv. frá nefnd sem hafði starfað í tvö ár. Ég vildi óska þess að það frv. sem ráðherrann var að mæla fyrir hér hefði sömu formerki og þá voru höfð með því frv. Þau voru nefnilega þessi: Takið við þessu frv. í félmn. og gerið þær breytingar sem þið treystið ykkur til vegna þess að í því eru svo miklar umbætur sem beðið hefur verið eftir, m.a. af landssambandi húsnæðisnefnda, að það verður að gera breytingar. En gerið það sem þið treystið ykkur til og komið ykkur saman um, m.a. varðandi fyrningarreglurnar. Ég tók það óbreytt þess vegna. Þá hefur það komist til skila.

Það er ekki allt alvont frá ríkisstjórn og ég minni á að við vorum hér að greiða atkvæði með fjórum stjórnarfrv. í upphafi þessa fundar, m.a. flóknu frv. um dómstóla. Þetta er því bara kjaftæði.

Af því að ráðherrann var ekki vel lesinn í stefnu Sjálfstfl. þá er hún hér á blaði, frá landsfundi 1996 og þar segir að Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd og Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir í eina sjálfstæða lánastofnun sem fjármagni íbúðalán og að hin nýja lánastofnun verði einkavædd fyrir aldamót. Virðulegi forseti. Það er frekar broslegt að ráðherrann skuli leggja áherslu á að Sjálfstfl. hafi fallist á tillögur Framsfl. í þessa veru.

Að lokum þetta, af því ráðherrann segir það fjarstæðu að ekki verði nóg af félagslegum íbúðum: Jú, það á að skoða málið fyrir árið 2000. Boðskapurinn núna er sem sagt tregða,

það að loka fyrir fólk sem áður hefði komist inn í félagslega kerfið og svo á að skoða seinna með leiguíbúðir. Seinna, seinna, seinna.

[16:13]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill myndarskapur á ráðherradómi hv. 5. þm. Reykn. Hún segist hafa borið inn frv. Var henni sama hvað stóð í frv.? Vildi hún ekki hafa einhver áhrif á það hvað stóð í frv.? Og frá hverjum var hún að bera þetta frv.? Það er eins og hv. þm. hafi verið viljalaus þegar hún var ráðherra. Frv. lagði hún fram. Það var lagt fram sem stjórnarfrv. á ábyrgð hennar sem félmrh. og þýðir ekkert fyrir hana að ætla að sverja af sér móðernið í þessu máli.

Nú hef ég að vísu ekki, eins og ég sagði áðan, lesið stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum en mér þykir ekki ósennilegt að eitthvað sé minnst á ríkisábyrgð húsbréfa þar. Og eins og ég sagði áðan þá verður Íbúðalánasjóður ekki einkavæddur meðan ég verð í félmrn.

[16:14]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var alls ekki að bera af mér að hafa borið frv. inn í þingið, aldeilis ekki. Nefnd sem skipuð var árið 1993 skilaði frv. sem innihélt mjög þýðingarmikil ákvæði, af sér fyrir jólin 1994 þegar ég var nýorðin ráðherra. Ég bar frv. inn í þingið og ber ábyrgð á því.

Ég sagði hins vegar að það hefði verið annar bragur á því máli sem við erum að ræða hér ef það hefði verið lagt fram með sömu formerkjum og frv. sem ég lagði fram. Þar var óskað eftir því að félmn. tæki þau mál sem hún treysti sér í. Það er rétt að ég sorteraði ekki það sem nefndin setti fram í frv. Ég tók það, lagði það fram og mælti fyrir því og bað nefndina að afgreiða það sem gott væri í því í febrúar.

Virðulegi forseti. Ráðherrann hefur hins vegar valið að vera með útúrsnúninga í stað þess að gera ítarlega grein fyrir afleiðingum þess frv. sem hann er með. Með skýrum víðtækum dæmum hefði hann t.d. getað skýrt hvað það þýðir fyrir hina ýmsu hópa í félagslega húsnæðiskerfinu. Hér varði hann heilli ræðu, og kallaði það að svara okkur sem höfum talað í umræðunni, m.a. í að velta því fyrir sér hvort þingmenn sem hafa áhyggjur af því máli sem ráðherrann hefur staðið fyrir, yrðu stofuprýði eða ekki ef umræðan í þinginu dregst fram á vor út af þessu frv.

Er það ekki dæmalaust og mikil málefnafátækt þegar ráðherra ætlar að svara fyrir frv. sitt og svara þingmönnum sem komið hafa með málefnalega gagnrýni á það, að tala svona til þingsins?

[16:17]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en ég hafi sjálfur gert tillögu um það á föstudaginn að þessu máli yrði vísað til hv. félmn. Ég hef verið hér enn lengur en hv. 5. þm. Reykn. og ég veit alveg hvernig nefndir starfa á Alþingi. Að sjálfsögðu getur félmn. gert athugasemdir við þetta frv. Að sjálfsögðu getur hún breytt því. Ég áskil mér meira að segja sjálfur rétt til þess að beina til félmn. breytingarhugmyndum við þetta frv. Frv. er ekki endanlega smíðað fyrr en það er afgreitt á Alþingi. Ég hef hins vegar óskað eftir að það verði gert fyrir þinglok í vor.

Hv. 13. þm. Reykv. hótaði því, og ég held ég muni orðalag hennar rétt, að standa hér í ræðustól til vors og hindra þannig framgang málsins. Þetta kalla ég hótun um málþóf og ekkert annað. Auðvitað er prýði að henni hér í fundarsal.

[16:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur fannst mér málsvörn ráðherrans máttlaus, enda hefur hann vondan málstað að verja. Hann hrakti í engu þá gagnrýni sem fram hefur komið á frv. hans. Hann fór með rangfærslur og fleipur sem ég mun fara ítarlega yfir í síðari ræðu minni.

Það voru auðvitað örgustu öfugmæli þegar hæstv. ráðherra sagðist vera að framfylgja stefnu ASÍ. Þetta er rangt. ASÍ hefur mótmælt þessum tillögum. ASÍ vill breyta núverandi löggjöf og lagfæra á henni galla. ASÍ vill hins vegar byggja á núverandi löggjöf en ekki slá hana af, rústa félagslega kerfið eins og hæstv. ráðherra er að gera.

Aðalástæðan fyrir andsvari mínu nú er þó að í ræðu sinni hélt ráðherrann því fram að fráleitt væri að einungis ætti að byggja 50 leiguíbúðir næstu tvö árin eins og hér hefur komið fram. Það er grundvallaratriði, þegar fara á þá leið sem ráðherrann ætlar sér, hve margar leiguíbúðir á að byggja. Ég spyr: Er það rangt sem stendur hér í umsögn fjárlagaskrifstofunnar um þetta frv.? Þar segir: „Fjöldi og upphæð lána skulu taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta. Miðað er við að veitt verði lán til allt að 50 leiguíbúða á niðurgreiddum vöxtum árin 1999 og 2000."

Ég beini því til hæstv. forseta að þessari umræðu verði ekki haldið áfram fyrr en hæstv. fjmrh. hefur tækifæri til að vera við umæðuna og segja þinginu hvort það sem stendur hér í umsögn fjárlagaskrifstofunnar sé rangt, að það eigi einungis að byggja 50 leiguíbúðir á næstu tveimur árum.

[16:20]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 13. þm. Reykv. ætti nú ekki að tala um rangfærslur og fleipur því hún á áreiðanlega Íslandsmet í því. Allt sem ég hélt hér fram í ræðustólnum stenst.

Ég las upp, lið fyrir lið, áherslupunkta sambandsstjórnarfundar ASÍ frá 20. nóv. 1996. Ég gerði grein fyrir því hvernig orðið er við þeim, hverjum einum og einasta. Eina frávikið er að þeir óskuðu eftir að félagslegu lánin yrðu til 43 ára en hér er gert ráð fyrir 40 árum.

Með 50 íbúðum er átt við innlausnaríbúðir sveitarfélaganna. Þetta er öryggisákvæði um innlausnaríbúðir sveitarfélaga. Og ef hv. þm. hefur fyrir því að lesa texta greinarinnar, þá ætti hún að sjá að í lagatextanum er skýrt kveðið á um hvernig standa eigi að þessu.

[16:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að ég eigi Íslandsmet í fleipri. Hvað var ráðherrann að segja úr ræðustólnum? Hann sagði að lið fyrir lið væri farið eftir tillögum frá sambandsstjórnarfundi ASÍ frá 1996. Aðeins eitt frávik væri, í staðinn fyrir 43 ár væru 40 ár.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er farið eftir þeirri tillögu ASÍ þar sem í samþykktinni stendur orðrétt: „Lagt er til að félagslegum leiguíbúðum verði fjölgað verulega til ráðstöfunar fyrir þá eigna- og tekjuminnstu." Fór ráðherrann yfir þetta áðan? Er verið að fjölga verulega leiguíbúðum fyrir þá tekjuminnstu?

Herra forseti. Ég held því fram að ráðherrum fjármála og félagsmála beri ekki saman varðandi leiguíbúðirnar og fjölda þeirra. Það er þó grundvallaratriði. Og ég ítreka það að ég tel að ekki sé hægt að halda umræðunni áfram fyrr en fjmrh. hæstv. kemur í salinn og við getum staðreynt hvor fari með fleipur, hæstv. félmrh. eða hæstv. fjmrh.

[16:23]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í höndum samþykkt sambandsstjórnar ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996. Sambandsstjórnarfundurinn leggur til eftirfarandi breytingar á félagslegum íbúðalánum:

Veitt verði sérstök lán til þeirra sem uppfylla skilyrði Byggingarsjóðs verkamanna um lán úr sjóðnum.

Lánin verði með jöfnum afborgunum eða jafngreiðslu til allt að 43 ára.

Lán verði að hámarki 90% af kaupverði.

Vextir hækki og lækki eftir tekjum og verði að öðru leyti svipaðir og verið hefur.

Lántaki velji sér íbúð sem uppfylli lágmarksskilyrði lánveitanda um gæði íbúðar.

Ekki verði gert út um kaup nema lánveitandi samþykki veðhæfi.

Lántaki beri sömu ábyrgð og skyldur og sá sem er á almennum markaði.

Eins og lántaki velur sér íbúð velur hann sér kaupanda þegar hann selur fasteignina, enda er ekki kaupskylda sveitarfélaga.

Lántaki flytji lán sitt á aðra viðurkennda íbúð eða greiði það upp við sölu fasteignar.

Þetta er nákvæmlega það sem við fórum eftir. Þetta er nákvæmlega það sem sambandsstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 20. nóv. 1996.

[16:24]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér blöskrar gjörsamlega málflutningur hæstv. félmrh. hér. Það er ömurlegt að heyra þetta yfirklór, í fyrsta lagi um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þessara mála þegar hæstv. ráðherra hefur sannanlega hunsað allt samráð við verkalýðshreyfinguna. Svo kemur hann og bætir gráu ofan á svart með því að rangtúlka samþykktir verkalýðshreyfingarinnar. Það er ljóst að Alþýðusambandið var að ályktа um úrbætur innan gildandi félagslegs húsnæðiskerfis, á grundvelli þess að Byggingarsjóður verkamanna héldi áfram, og það er allt annað samhengi mála.

Í öðru lagi heldur áfram rógurinn um félagslega húsnæðiskerfið. Hæstv. ráðherra var fljótur að tína hér upp orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og nota það í herför sinni gegn félagslegu íbúðarhúsnæði. Sá póll er ævinlega tekinn í hæðina að reyna að tína til gallana og gleyma því að fólkið fékk þó inni í húsnæði út á kerfið. Það er eins og það skipti engu máli.

Í þriðja og síðasta lagi, herra forseti, er ömurlegast að heyra hæstv. félmrh., ráðherra jafnréttismála, koma í ræðustól á Alþingi, daginn eftir alþjóðlegan baráttudag fyrir stöðu kvenna, og sýna þvílíka karlrembu og hroka og hann sýndi hér áðan. Hæstv. ráðherra verður auðvitað bæði sjálfum sér og kyni sínu til skammar með slíkri framgöngu. Og ég fyrirvarð mig fyrir kynbróður minn áðan fyrir það hvernig hann fjallaði um hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Það er ömurlegt, herra forseti, að Ísland skuli sitja uppi með þvílíka forneskju á stóli jafnréttismálaráðherra sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson er. Það er ömurlegt.

[16:26]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get einnig greint frá því að mér finnst mikil stofuprýði að hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann er í ræðustólnum, sem iðulega kemur fyrir.

Ég hef ekki hunsað ASÍ, það er síður en svo. Ég hef reynt að eiga gott samstarf við ASÍ og ég vonast a.m.k. eftir því að þeir greini mér sjálfir frá því sem þeim þykir að frv. þessu ef þeir hafa alvarlegar athugasemdir við það.

Ég lagði til grundvallar samþykkt sambandsstjórnarfundarins og hef talið mig uppfylla hana. Ég ætla að lesa upp úr samþykktinni galla sem þeir fundu á félagslega kerfinu. Þeir segja kaupskyldu sveitarfélaga á félagslegum eignaríbúðum víða illframkvæmanlega. Þeir töluðu um að umhendis væri að hafa fastar reiknireglur við mat á söluverðmæti íbúðanna. Síðan segir, með leyfi herra forseta: „Á undanförnum árum koma sífellt greinilegar í ljós þeir annmarkar sem eru á félagslega eignaríbúðakerfinu, sem lausn fyrir þá tekju- og eignaminnstu í samfélaginu. Félagslega íbúðakerfið hefur ekki þær lausnir sem duga. Fjölda fólks tekst ekki að halda sínum félagslegu eignaríbúðum þrátt fyrir verulega hagstæð kjör og aðrir fá ekki félagslegar eignaríbúðir keyptar af fjárhagsástæðum. Þetta fólk hefur í fá hús að venda. Lagt er til að félagslegum leiguíbúðum verði fjölgað verulega til ráðstöfunar fyrir þá eigna- og tekjuminnstu. Þá verða allir landsmenn að eiga kost á húsaleigubótum án tillits til hver eigi leiguíbúðirnar."

Þetta er allt að komast í framkvæmd. „Með þessum hætti verður hægt að aðstoða þá sem fá ekki inni í félagslegum eignaríbúðum vegna lánareglna. Sá vandi sem er víða vegna ónotaðra félagslegra eignaríbúða mætti minnka með því að breyta viðkomandi íbúðum í félagslegar leiguíbúðir til þeirra sem þess þurfa. Þeim íbúðum sem koma til innlausnar verði breytt í félagslegar íbúðir." Allt þetta erum við að gera.

[16:29]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta ömurlega yfirklór hæstv. félmrh. varðandi samskiptin við verkalýðshreyfinguna er ekki svaravert. Það liggur bara fyrir að ekkert samráð var haft við verkalýðshreyfinguna um undirbúning þessa frv. Henni er enginn hlutur ætlaður í framkvæmd húsnæðismála í landinu ef þessi ósköp verða að lögum. Þar með er lokið áratuga- og í raun og veru næstum aldarlöngu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og stjórnvalda um þessi mál. Og það er nákvæmlega það sem hæstv. félmrh. er hér að leggja til.

Að öðru leyti, herra forseti, er erindi mitt í þennan ræðustól þetta: Ég skora á hæstv. félmrh. að biðja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur afsökunar. Ummæli hans voru fyrir neðan allar hellur. Það er í sjálfu sér í góðu lagi mín vegna að hæstv. félmrh. lýsi yfir rökþroti sínu, að hann hafi ekki annað málefnalegra fram að færa til umræðna um húsnæðismál en að vísa til útlits þingmanna. Ég er persónulega ekki uppnæmur fyrir því og allt í góðu lagi með það. Og ég get rætt við hæstv. félmrh. Pál Pétursson um það hvor okkar er meiri stofuprýði. En þessi ummæli um hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur voru ekki makleg. Þau voru fyrir neðan allar hellur og ég trúi því ekki að hæstv. félmrh. ætli að láta þau standa án þess að biðjast velvirðingar á þeim og vera þá maður að meiri en

megi skömm hans vera lengi uppi ef hann gerir það ekki.

[16:30]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að ég hafi á nokkurn hátt farið niðrandi orðum um útlit hv. 13. þm. Reykv., alls ekki (**SJS:** Biddu hana afsökunar ...) og þarf ekki að biðjast afsökunar á einu eða neinu sem ég hef sagt.

Varðandi (Gripið fram í.) — ég ætla að vera hérna stofuprýði svolitla stund. Varðandi það að ég sé að ryðja út fulltrúum launamanna úr húsnæðisnefndum og Húsnæðisstofnun, þá var það hv. 13. þm. Reykv. sem ruddi þeim út úr stjórn Húsnæðisstofnunar og ég feta bara í slóð fyrirrennara míns, hv. 5. þm. Reykn. sem lagði til í frv. 1994 að sveitarstjórnirnar kysu alla fulltrúana í húsnæðisnefnd. (**Gripið fram í:** Ósköp ertu nú lítill karl.)

[16:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég fer fram á það að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þessa umræðu og að umræðan haldi ekki áfram fyrr en hæstv. fjmrh. hefur komið í salinn. Hér hafa komið fram upplýsingar sem hafa veruleg áhrif á umræðuna og framhaldið. Við verðum að geta byggt á réttum upplýsingum.

Við höfum haldið því fram að með þessu frv. sé verið að úthýsa fjölda fólks sem hefur fengið félagslega aðstoð. Ráðherrann heldur því fram að byggja eigi miklu fleiri en 50 leiguíbúðir á næstu tveimur árum, en hæstv. fjmrh. segir í áliti sínu að samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII sé Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum árið 1999–2000. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta. Miðað er við að veitt verði lán til allt að 50 leiguíbúða til 50 ára og síðan er vísað í VIII. kaflann, ekki bara innlausnaríbúðir eins og hæstv. ráðherra sagði, sem er kaflinn um lán til leiguíbúða en sá kafli kveður á um að Íbúðalánasjóður veiti sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum lán til þess að byggja. En það á að veita í þetta 75 millj. kr. til 50 leiguíbúða næstu tvö árin eftir að þessi lög taka gildi.

Við höfum verið að fjalla um að stórum hópi sé úthýst sem ekki fær inni í leiguíbúðum sem kemur aftur og aftur eins og rauður þráður í gegnum þessar umræður. Við verðum auðvitað að fá að vita, herra forseti, áður en umræðan heldur áfram hvort byggja eigi 50 leiguíbúðir eða hvort byggja eigi 500 leiguíbúðir vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að það væri fráleitt að halda því fram að einungis ætti að byggja 50 íbúðir á næstu tveimur árum.

Þess vegna óska ég eftir því, herra forseti, og spyr hvort hæstv. fjmrh. sé hér í húsinu.

(**Forseti** (RA): Forseti getur upplýst að hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu enda mun hann hafa fjarvistarleyfi.)

Herra forseti. Fyrst svo er, þá sé ég ekki fram á annað en ég fari fram á það formlega og óski eftir því að þessari umræðu verði frestað til morguns þar til hæstv. fjmrh. getur verið viðstaddur umræðuna þannig að við vitum hvor fari með rétt mál, hæstv. félmrh. eða hæstv. fjmrh. Þetta er bara eitt stærsta innlegg í þá umræðu sem hér á að fara fram í dag, hvort byggja eigi 50 leiguíbúðir, 100, 200 eða 500. Því getur hæstv. fjmrh. væntanlega svarað. Hann segir allt annað í sínu áliti en félmrh. og ég óska eftir því fyrst hæstv. ráðherra fjármála getur ekki verið með okkur í dag, sem ég verð að virða, hann hefur sjálfsagt eðlilegt fjarvistarleyfi, ég skal ekki rengja það, en ég fer fram á það formlega, herra forseti, að þessari umræðu verði frestað til morguns.

[16:35]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa það sem honum hefur borist til eyrna að hæstv. fjmrh. mun hafa fengið fjarvistarleyfi til 18. mars þannig að hann er ekki væntanlegur næstu daga í þingið.

[16:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að annaðhvort mæti hæstv. fjmrh. til þessarar umræðu eða þá henni verði frestað þangað til hæstv. fjmrh. er viðstaddur. Ég minni reyndar á þá tillögu mína frá því á föstudag að þessi frv. verði rædd saman, frv. hæstv. fjmrh. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, þ.e. vaxtabæturnar, og þetta frv. því það er alveg ljóst að þetta frv. hangir alveg gersamlega á því hverjar efndir verða á þeim fyrirheitum sem gerð eru um vaxtabætur í frv. fjmrh. Þegar það bætist svo við að hæstv. ráðherrar eru ekki sammála eða a.m.k. virðist verulegs misræmis gæta í afstöðu annars vegar fjmrn. eins og hún birtist í fylgiskjölum með þessum málum og hins vegar því sem hæstv. félmrh. er að reyna að segja hér, er að reyna að telja mönnum trú um að það beri ... (**Félmrh.:** Lestu frv.) Það er víst nóg að hæstv. félmrh. misnoti eigin ræðutíma þó að hann misnoti ekki ræðutíma annarra hér. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að láta sér nægja að gera það í eigin ræðutíma.

Ég fer sem sagt fram á það, herra forseti, að þessari umræðu verði frestað þangað til hæstv. fjmrh. er kominn til starfa sinna á þingi og er það reyndar hans mál hversu lengi það stendur. Hæstv. ráðherrar geta ekki ætlast til þess að þingstörfin gangi ótrufluð og eðlilega fyrir sig ef þeir eru ekki til staðar til að taka þátt í þeim og svara fyrir um sína hluti sem hér eiga undir.

Reyndar tel ég, herra forseti, að það sé ástæða til þess fyrir forustu þingsins að taka stöðu mála til gagngerðrar skoðunar og ræða hana, ekki síst við hæstv. forsrh. sem hefur verið að tala um að þinginu ætti að ljúka óvenjusnemma. Það væri jafnvel ástæða til að flýta þinginu um viku og ljúka því strax 22. apríl og í því skyni hefur verið aukið við fundahald á föstudögum. En í framhaldi af því að hæstv. forsrh. ræðir slíkar hugmyndir koma inn frv. af þessu tagi, stórir bálkar um gagngerðar stefnubreytingar í mikilvægum málaflokkum og það er „ganske pent“ sagt að afgreiða eigi þau mál fyrir vorið — svo ekki sé talað um það sem er að fréttast af núna, t.d. nýjustu hugmyndir hæstv. fjmrh. um að gefa vinum sínum gjafir ef hann skyldi fara að láta af embætti, þ.e. að lækka skattana á fyrirtækjunum í landinu. Þetta erum við þingmenn að frétta utan úr bæ að til standi að gera á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þinghaldinu miðað við að það verði stytt eins og hæstv. forsrh. hefur verið með hugmyndir um. Það er í góðu lagi ef samkomulag tekst um það en þá verður hæstv. ríkisstjórn að leggja eitthvað af mörkum í því sambandi. Það gerir hún ekki, í fyrsta lagi ekki með málflutningi af því tagi sem hæstv. félmrh. hafði uppi hér, það gera ráðherrarnir ekki með því að þvælast í útlöndum og vera með fjarvistir dögum eða vikum saman og það gera menn ekki með því að dæla inn nýjum stórmálum á degi hverjum og ætlast samt til þess að þinginu ljúki innan fárra starfsdaga. Þetta er alveg ómöguleg staða, herra forseti, og ég legg til að forseti geri fundarhlé,

við fáum okkur kaffi. Síðan fundi forseti með formönnum þingflokka og reyni að koma einhverju skikki á þessi mál.

[16:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég held að við þurfum að skoða þessi mál. Það eru fyrir löngu komin þau ákvæði inn í þingvinnuna að umsögn eigi að koma um frumvörp frá fjmrn. Í frv. á bls. 102 stendur í c-lið:

„Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII er Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum á árunum 1999–2000. Fjöldi og upphæð lána skulu taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta. Miðað er við að veitt verði lán til allt að 50 leiguíbúða til 50 ára. Núvirtar vaxtaniðurgreiðslur miðað við 5,7 millj. kr. meðallán á íbúð gætu þannig numið allt að 75 millj. kr. á ári."

Og nú er spurningin: Á að taka mið af einhverjum frumvarpstexta sem ráðherrann vísar til eða umsögn fjmrn.? Um það er spurt hér. Í þessu máli getur ráðherrann ekki skýlt sér á bak við fyrirrennara sína á ráðherrastóli. Nú verður hann að leysa úr þessu sjálfur.

Virðulegi forseti. Við erum að ræða það að fara úr félagslegu kerfi með niðurgreiddum vöxtum á félagslegar íbúðir yfir í bein venjuleg markaðslán eins og eru á húsbréfunum og að niðurgreiðslan komi í gegnum vaxtabætur og að ætla sér að taka alla þessa umræðu án þess að fjmrh. sem hefur allt um það að segja hvernig farið verður með vaxtabæturnar, sé nálægur og komi neitt að þessari umræðu er í raun alveg ótrúlegt. Og að ætla sér að keyra vinnuna við þetta mál í félmn. meðan við vitum ekki einu sinni hvernig hugsunin er á bak við vaxtabæturnar nema eins og frv. birtist okkur eru alveg ótrúleg vinnubrögð af ríkisstjórnarinnar hálfu.

[16:41]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mikið mál að vöxtum sem er frv. til laga um húsnæðismál. Það er alveg rétt að það er nokkuð róttæk breyting sem þarna er verið að tala um að gera á húsnæðiskerfinu þannig að eðlilegt er að mikil umræða sé um þetta mál, ég tel það mjög eðlilegt.

En ég vil hins vegar minna á að málið er algerlega á ábyrgð hæstv. félmrh. Mér finnst því ekki sanngjarnt að koma fram með kröfur um það nú í miðri 1. umr. að henni sé frestað vegna þess að hæstv. fjmrh. sé ekki í húsinu. Hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á öðru máli sem ekki er á dagskrá og það verður rætt síðar.

Hv. 5. þm. Reykn. talaði um að ósanngjarnt væri að keyra þetta mál í félmn. án þess að hafa fengið ákveðin svör frá hæstv. fjmrh. Til hvers er nefndastarf á hv. Alþingi? Ef það ekki til þess að fá svör við spurningum eins og þessari? Það verður ekki öllum spurningum svarað í þessum sal við 1. umr. enda er 1. umr. samkvæmt þingsköpum ekki hugsuð þannig. Hún á bókstaflega ekki að vera þannig að öllum spurningum sé svarað. Við erum að tala um að ljúka 1. umr. um þetta mál og við munum að sjálfsögðu einhenda okkur í það vegna þess að sú ósk að kalla eftir hæstv. fjmrh. er ekki málefnaleg.

[16:43]

**Gísli S. Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel ófært að umræður af því tagi sem hér fara fram haldi áfram. Ég tel umræðuna í því formi sem hún er vera til vanvirðu fyrir hv. Alþingi.

Hér er hv. þm. líkt við stofustáss. Hér er öðrum hv. þm. borið á brýn að eiga landsmet í fleipri, og hæstv. ráðherra gert það að vera tákn hámarks karlrembunnar, sem kannski kom út úr þeirri umræðu sem þarna var. Ég tel, herra forseti, að slík umræða sé gersamlega óviðunandi og ástæða sé fyrir forseta að slá á þessar umræður og grípa inn í ummæli sem ég tel vera niðrandi. Ég óska þess og tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að fresta þessari umræðu í bili og freista þess að ná samkomulagi um meðferð málsins. Ég held að það sé lágmarkskrafa að menn reyni að ræða saman og láti af umræðu í þeim dúr sem hér hefur verið viðhöfð.

[16:44]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Menn deila um það hvort ákvæði sem tilgreint er í ákvæði VIII hafi gildi eða umsögn fjmrn. Það liggur auðvitað í augum uppi að verði frv. þetta að lögum, þá gildir lagagreinin, ekki umsögn ráðuneytis. Það þekkjum við. Á hinn bóginn er umsögn ráðuneytisins viðmiðunarumsögn við þetta bráðabirgðaákvæði og ekki annað. Þetta ákvæði er opið. Það miðar við eins og þar segir að Alþingi skuli við fjárlög hverju sinni ákveða upphæðina, fjölda íbúða og annað þess háttar sem er til staðar. Það gefur auga leið og það sjá allir sem lesa textann að út frá slíku opnu ákvæði verður ekki gefinn fullnægjandi reikningur en til þess að upplýsa umfangið þá gerir umsögn ráðuneytisins ráð fyrir tilteknum tölum til viðmiðunar en frv. gildir.

[16:45]

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Forseti væntir þess að þessar umræður um fundarstjórn forseta fari nú að taka enda og að við höldum áfram efnislegri umræðu um frv.

[16:46]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisvert heiti á umsögnum fjmrn. sem kom fram hjá hæstv. forsrh., viðmiðunarumsögn, sem er nýyrði og vekur örugglega mikla kátínu og gleði í fjmrn. ef ég þekki þar rétt til. En ástæðan til þess að fjmrh. er kallaður fyrir er sú að frv. er lagt fram með fyrirvara fjmrh. eins og stendur á bls. 101. Þar er fskj. III, sem er sérstök yfirlýsing fjmrh. sjálfs um þetta frv. þannig að þetta er ekki eingöngu á forræði félmrh. eins og venjulega, heldur er hér um að ræða frv. sem er á forræði þeirra beggja. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Um leið og félagsleg fjárhagsaðstoð hins opinbera verður markvissari en áður er mikilvægt að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt við allar ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð. Hlutaðeigandi ráðuneyti munu því verða að hafa náið samstarf um mögulegar breytingar á aðstoðinni í framtíðinni og fjármálaráðherra fullt samráð við félagsmálaráðherra um meðferð og ákvörðun vaxtabóta."

Hér er með öðrum orðum lagt fram frv. á vegum félmrh. þar sem fjmrh. segir: Ég ræð líka. Og ég hygg að það sé algert einsdæmi að til viðbótar við viðmiðunarumsögnina, sem hæstv. forsrh. var að tala um áðan, fylgi sérstakur aukastimpill, aukapinkill frá fjmrh. í þessu efni. (Gripið fram í.)

Þess vegna segi ég, herra forseti, að ég tel það algjörlega óhjákvæmilegt, af því félmrh. gerði ekki grein fyrir þessari bókun í framsöguræðu sinni í málinu, (**Gripið fram í:** Gerði það víst.) Ég tel það óhjákvæmilegt, herra forseti, að fjmrh. verði kallaður hér fyrir og kallaður heim. Ef ríkisstjórninni liggur svona mikið á að ljúka þessu máli, þá á bara að kalla ráðherrann heim. Hann hefur ekkert annað betra að gera ef ríkisstjórnin telur þetta forgangsmál en að fylgja því eftir. Ég skora því á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að málið geti fengið eðlilega meðferð, með því að fjmrh. sé á staðnum og ræki skylduverk sín en sé ekki einhvers staðar annars staðar að sinna öðrum verkum sem skipta litlu máli miðað við þetta samkvæmt þeim áherslum sem ríkisstjórnin virðist leggja á það. Ég óska sem sagt eftir því, herra forseti, að þetta verði gert og ég segi í framhaldi af orðum hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur: Þetta er málefnaleg beiðni. Vegna umsagnar fjmrn. og fjmrh. er þetta málefnaleg beiðni. Við gerum þá kröfu að fjmrh. komi hingað, hann hefur ekkert annað betra að gera.

[16:49]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vekur athygli á því að nú um skeið hefur staðið yfir umræða um fundarstjórn forseta en inn í þá umræðu hafa blandast allverulegar efnislegar umræður um frv. og við svo búið getum við ekki látið standa. Við hljótum að láta þessari umræðu senn lokið um fundarstjórn forseta og hverfa að efnislegri umræðu um málið.

Forseti vekur athygli á því að til stóð að forseti ætti fund með formönnum þingflokka síðar í dag, ég veit ekki nákvæmlega hvenær hann verður, hann var fyrirhugaður klukkan hálfsex, kannski verður hann eitthvað örlítið seinna, en þá ætti að gefast tóm til þess að ræða um frekari umræður um þetta mál og málsmeðferð. Það er upplýst að hæstv. fjmrh. er ekki viðlátinn og verður það ekki næstu daga. Hæstv. forsrh. gegnir störfum hans og er hingað kominn til að svara í hans stað. Forseti mundi því helst vilja fá að gefa hæstv. forsrh. orðið um ... (**Forsrh.:** Það er ekki um efni máls.) Þá höldum við áfram umræðu um fundarstjórn forseta.

[16:50]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það var einmitt þetta sem hæstv. forseti nefndi, að sú athugasemd sem ég gerði áðan var gerð af mér sem starfandi fjmrh. og þar með í nafni fjmrn. Og eins og hv. þm. vita er það algild starfsregla að þá er ráðherra fer af landi brott gegnir annar fyrir hann, og er það fullgilt. Það þekkja menn.

[16:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst nú mjög gott að hæstv. forsrh. blandi sér í þessa umræðu en svör hans hafa langt frá því sannfært mig um það sem við höfum deilt hér um. Því er mjög mikilvægt að sá sem ber ábyrgð á þessu áliti sem við höfum verið að deila um, þ.e. áliti fjárlagaskrifstofunnar, sé viðstaddur þessa umræðu þannig að ég held mig við mína ósk, herra forseti, um að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur framhald þessarar umræðu.

[16:51]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Vandinn er sá að hæstv. forseti Alþingis verður ekki viðlátinn fyrr en um kvöldmatarleytið þannig að það er erfitt að koma við fundum á allra næstu klukkutímum. Ég hefði því viljað beina því til hæstv. forseta hvort ekki væri unnt að koma á fundi fljótlega, þar sem þeir ráðherrar yrðu, sem hafa með málið að gera, ásamt forustumönnum þingflokkanna til að fara yfir meðferð þessa máls, m.a. um það hvort fundum verður fram haldið fram eftir kvöldi eða hvort fundir verða á morgun. Ég held að það sé æskilegt að reynt verði að ná einhverju samkomulagi um þinghaldið nú fljótlega, vegna þess að það er bersýnilegt að það er fullt ósætti um þau vinnubrögð sem hér eru uppi af hálfu meiri hlutans.

[16:52]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti væntir að tækifæri gefist til þess síðar í dag, eða í síðasta lagi fyrir kvöldmat, að rætt verði um þinghaldið. En á mælendaskrá eru ýmsir þeir sem hafa ekki sérstaklega óskað eftir að umræðunni væri frestað og forseti mun því eftir að þessari umræðu um fundarstjórn lýkur gefa þeim orðið sem óska eftir að tala. Forseti telur ekki fært að ræða nánar um þingstörfin fyrr en forseti, Ólafur G. Einarsson, er aftur kominn í þinghúsið og væntir þess að þingmenn uni þeirri niðurstöðu að nú haldi umræðan áfram um sinn. Við getum þá rætt málið nánar eins og hér hefur verið lagt til þegar tækifæri gefst til þess.

[16:54]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Á föstudaginn þegar við ræddum þetta mál skein sól í heiði og í mínum huga skín hún enn, því þetta er mjög gott mál. Þetta er sólarmál. Nú á að leggja niður stærstu lánastofnun landsins, þá alstærstu. Hún er miklu stærri en Landsbankinn. Og með henni á að leggja niður húsnæðiskerfi sem er hreinlega sovétskipulag, þannig að ég gleðst. Og það á að gera bara sisvona. Hæstv. félmrh. og ríkisstjórninni allri ber að þakka. Þetta hefur ekkert með stefnu Sjálfstfl. eða Framsfl. að gera. Þetta er bara heilbrigð skynsemi. Kerfið er svo gallað, það fær svo mikið af kvörtunum að þetta er ekkert annað en heilbrigð skynsemi og þar náum við vel saman, ég og hæstv. félmrh. Í heilbrigðri skynsemi.

Húsnæðiskerfið var nauðsynlegt og þarft á sínum tíma til þess að ráða við skyndilegan tilflutning fólks á mölina. Það gerðist mjög skyndilega og hratt og olli miklum vandræðum. Nú er það liðin tíð. Nú geta allir fengið lán sem geta borgað. Og vextir eru að lækka. Það urðu þau skemmtilegu tíðindi að nákvæmlega á þessum sólardegi, á föstudaginn, á þeim sama sólardegi, lækkuðu vextir þvílíkt að langtímahúsbréfin til 40 ára fóru niður fyrir vextina sem eru á bréfunum, sem eru 4,75%, þannig að þau eru seld með yfirgengi. Yfirgengi, ekki afföll. Það eru neikvæð afföll og það mun leiða til þess, ef vextir lækka áfram sem vonandi gerist, að íbúðaverð lækkar. Íbúðaverð almennt lækkar því það er mjög ákveðið samhengi milli vaxtanna og íbúðaverðsins þannig að þetta var mjög skemmtileg tilviljun. Á sama tíma og við ræddum þetta sólarfrv. lækkuðu vextirnir niður fyrir þetta mark á langtímabréfunum.

Af hverju lækka vextirnir svona? Það er vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur tekist að ná halla ríkissjóðs niður, og ber að þakka hæstv. fjmrh. fyrst og fremst fyrir þann mikla árangur sem á eftir að gagnast fjölskyldum í landinu, sérstaklega þeim tekjuminni, miklu meira en margt annað sem gert er.

Herra forseti. Skipulag félagslega íbúðakerfisins er með ólíkindum. Fólk sem nýtur þessara styrkja verður að kaupa ákveðna íbúð á ákveðnum stað. Það má ekki velja. Það getur

ekki valið sér íbúð eins og við hin sem ekki þurfum á þessu að halda. Þessar eignir eru hlaðnar alls konar kvöðum. Fólk má ekki veðsetja þær eins og aðrar eignir sínar, það má ekki selja þær hverjum sem er. Ef það vill selja verður það að selja sveitarfélaginu á einhverju föstu verði, á ákveðnu verði. Það er einhver embættismaður sem segir þeim og einhver reikniregla sem segir hvert verðið er. Það hefur ekkert að gera með markað, ekki baun. Það er algjörlega úr takti við verð annarra íbúða í kringum það. Svo eru stærðarmörk á þessu kerfi. Íbúðirnar mega ekki vera nema af ákveðinni stærð, og alls konar kvaðir eru settar á fólk. Þetta er ekkert annað en sovétskipulag. Og fólkið sem í þessu kerfi býr hefur ekki þessa ágætu, góðu tilfinningu fyrir eign sem er nauðsynleg hverjum manni fyrir sjálfsvirðingu hans, að hann eigi eitthvað. Sérstaklega eyðileggur þessi kaupskylda sveitarfélaganna þá ágætu og góðu tilfinningu fyrir eign, vegna þess að ég skila ekki eign minni. Ég skila ekki bílnum mínum eða íbúðinni minni. Það er enginn til að taka við henni, af því ég á þetta einn. En fólkið sem býr í félagslega kerfinu má skila eigninni. Það þýðir að það á hana ekki fullkomlega. Það eyðileggur líka þessa ágætu tilfinningu fyrir eign.

Svo er þetta alveg óskaplega dýrt kerfi. Reksturinn á Húsnæðisstofnun er með ólíkindum dýr, og svo geta sveitarfélögin tekið umsýslugjald sem er töluvert hærra en sölulaun hjá fasteignasölum, sem sumum þykir þó nóg um. Svo er einn stór galli við þetta. Það er ákaflega hæg eignamyndun. Fólk borgar og borgar af þessum eignum og á aldrei neitt, fyrstu árin a.m.k. Og vegna þess að fólk hefur ekki þessa ágætu tilfinningu fyrir eign er viðhaldið lélegt, enda ekki á valdi fólksins sjálfs. Þetta er sovétskipulag og það er ágætt að það eigi að fara að leggja það af. Alveg ágætt.

Þessar íbúðir hafa verið byggðar á ákveðnum stöðum og því miður, það er alveg sama hvað menn segja, það er talað um bæjarblokkir. Því miður. Það myndast ákveðin „gettó" og það er ekki gott fyrir sjálfsvirðingu þeirra sem þar búa. Þetta leiðir af því að fólk hefur ekki mátt velja sér íbúð sjálft.

Svo er ákveðin fátæktargildra í þessu kerfi. Til að fá íbúð mega menn ekki hafa nema ákveðnar tekjur. Tekjurnar þurfa að vera undir ákveðnu lágmarki. Það þýðir að fólk reynir að fara niður fyrir þetta lágmark til að fá happdrættisvinninginn sem talað var um. Og fólk má ekki hækka í tekjum, því þá hækka vextirnir og þar eru hæstu jaðarskattarnir í öllu kerfinu. Þegar vextirnir voru hækkaðir eins og síðustu ræðumenn töluðu um þá hækkaði greiðslubyrði fólksins gífurlega.

Herra forseti. Hvaða áhrif hefur þetta kerfi haft? Hvaða áhrif hefur það haft á almenning, á sveitarfélög o.s.frv.? Þetta kerfi hefur lækkað almennt íbúðaverð um allt land. Það hefur verið byggt of mikið af félagslegum íbúðum til þess að halda uppi atvinnu á staðnum og það hefur orðið til þess að venjulegir borgarar í þessum sveitarfélögum hafa ekki getað selt íbúðir sínar. Það hefur valdið geysilegum vandkvæðum hjá fólki, lækkað eignir þess þannig að það hefur ekki getað selt. Það er eiginlega ánauðugt á stöðunum. Þetta er afleiðingin af því að byggja íbúðir þar sem ekki er þörf á þeim.

Það er þekkt að þegar vextir eru niðurgreiddir einhvers staðar á einum enda kerfisins þá hækka þeir á hinum. Það er þekkt. Meðalvextirnir eru alltaf þeir sömu. Þessi niðurgreiðsla á vöxtum ein sér hefur því hækkað vexti annars staðar. Hún hefur valdið umframeftirspurn eftir fjármagni á öðrum endanum og það þýðir að minna fjármagn er á hinum endanum til ráðstöfunar. Þetta er þekkt. Hún hefur líka hækkað verð á félagslegum íbúðum vegna þess að þegar vextirnir eru ekki nema 1% þá skiptir í rauninni engu máli hvað íbúðin kostar. Menn hafa verið mjög flottir og flottræfilslegir í byggingu félagslegra íbúða. Þær eru allt of dýrar og jafnvel svo dýrar að þrátt fyrir 1% vexti eða mjög lága vexti, getur fólkið ekki borgað af þessum lánum. Þetta hefur svo leitt til þess að íbúðir standa auðar í fjölda sveitarfélaga og þetta er orðið mikið vandamál fyrir sveitarfélögin. Það hlýtur að vera þjóðhagslega óhagkvæmt að láta íbúðir standa auðar. Þetta kerfi hefur sem sagt leitt til ábyrgðarleysis. Þetta er akkúrat dæmi um það sem ég hef nefnt, fé án hirðis, fjármagn sem enginn á og allir eru að leika sér með. Hugmyndafræðin er að gera alla jafna, alla jafnfátæka.

Herra forseti. Staða byggingarsjóðanna er sögð vera 26 milljarðar. Það er bókhaldsleg staða þeirra. Það sem við þeim blasir í framtíðinni er að vextirnir sem þeir hafa lánað út með, sem þeir fá, eru miklu lægri en vextirnir sem þeir hafa lofað að borga af lánum sem þeir hafa tekið. Staðan er því miklu verri ef þetta er tekið inn í myndina. Ég hef ekki fengið upplýsingar um þetta og ég beini spurningu til hæstv. félmrh.: Hver er raunverulega staða byggingarsjóðanna þegar tekið er tillit til þess að útlánsvextir hjá sjóðunum eru lægri og verulega lægri en innlánsvextirnir?

Herra forseti. Við erum hér að taka upp samræmt kerfi þar sem allir fá sömu meðhöndlun. Nú verður ekki sagt við fólk: „Þú ert annars flokks. Þú skalt sækja um íbúð í félagslega kerfinu." Nú eru allir jafnir. Menn geta valið sér íbúð (**RG:** En sumir jafnari en aðrir.) og menn fá fyrirgreiðslu og lánafyrirgreiðslu og ríkisábyrgð eins og aðrir með húsbréfakerfinu. Þetta er mikil breyting. Og allir fá vaxtabætur jafnt. Þetta er mikil breyting og á eftir að valda því að fólki finnst það vera með sjálfsvirðingu.

Það hefur verið talað um að 600 íbúðir muni skorta. Ég veit ekki hvað fók er að hugsa. Stendur til að rífa einhverjar íbúðir? Það stendur ekki til að rífa neinar íbúðir og það verður byggt ekki síður en hingað til. Ég er alveg sannfærður um að sú fyrirgreiðsla sem þetta kerfi veitir einstaklingum mun ekki minnka eftirspurn eftir íbúðum. Þær verða byggðar. En þær verða kannski eins dýrar og félagslegu íbúðirnar sem menn hafa getað byggt vegna þess að fjármagnið var svo ódýrt. (**KÁ:** Ekki í Reykjavík. Þær eru ekki dýrar í Reykjavík.)

Í þessu kerfi er svona smákul í sólardeginum og það eru vaxtabæturnar. Ég hef sagt að þær eru óalandi og óferjandi einar sér og nú á að víkka þær út. Þær eru mjög skuldahvetjandi. Þær eru ófélagslegar og ég hef bent á að hjón með 600 þúsund kr. tekjur geta fengið tæpar 20 þúsund kr. á mánuði í vaxtabætur ef þau passa sig á því að skulda nógu mikið. Þær eru mjög skuldahvetjandi og þjóðhagslega óhagkvæmar og ég er einmitt að vinna núna að frv. um að taka á því vandamáli og koma með almennar húsnæðisbætur sem ég held að sé miklu skynsamlegra.

Svo er í hinu nýja kerfi — hvað á ég að segja — barn Húsnæðisstofnunar, þ.e. Íbúðalánasjóður. Ég er ekkert ákaflega hrifinn af því. Ég hefði viljað sjá að þetta kerfi yrði einkavætt, bankarnir stofnuðu „Húsbréf hf.", tækju þetta yfir og lánuðu miklu fjölbreyttara og betur eftir þörfum kúnnans, en svo er ekki. Nú skulu allir taka eina tegund af húsbréfum og með útdráttarfyrirkomulagi og ég veit ekki hvað og hvað. En það kemur kannski einhvern tíma.

Varðandi leiguíbúðir þá er spurningin hvort ekki mætti lána fyrstu 70% með húsbréfum og síðan yrði afgangurinn lánaður eins og ætlað er í þessu kerfi.

Svo eru á frv. svona smáörður eins og t.d. það að gert er ráð fyrir því að öll þessi lán verði veitt á fyrsta veðrétt. Það er algjör óþarfi og ég hef aldrei skilið af hverju í ósköpunum menn negla sig niður á það. Ég þekki dæmi um að 800 kr. hafi hvílt á íbúð og það kostaði 65 þúsund kr. að aflýsa því til þess að uppfylla svona fáránleg skilyrði.

Herra forseti. Mér finnst þetta vera mjög gott frv. Þetta er mjög góð breyting. Þetta er mikil breyting. Það er verið að hverfa frá sovétskipulagi yfir í eitthvað sem er mannlegt og manneskjulegt þannig að fólk heldur virðingu sinni, eignast sínar eignir, getur selt þær og gert við þær það sem það vill, getur valið sér íbúðir þar sem það vill og þarf ekki að búa í íbúðum sem eru byggðar á fyrir fram ákveðnum stöðum.

[17:06]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það ættu sem flestir að leggja hlustir við ræðu hv. þm. Péturs Blöndals. Við Pétur Blöndal erum saman í félmn. og Pétur Blöndal hv. þm. er ekki mjög hrifinn af neinu félagslegu. Hann vill að hver og einn sjái um sig sjálfur og telur að ef allir hafi jafna stöðu og engar sérstakar útbætur þá séu allir jafnir. Annars eru allir jafnfátækir. Og á föstudaginn þegar þetta frv. var tekið til umræðu þá var það svo gott að sólardagur var úti og inni. Ég veit ekki hvernig meðmæli mönnum finnst þetta með svokölluðu félagslegu frv. en þetta er alla vega athyglisvert sjónarmið.

Virðulegi forseti. Vegna þessarar stærstu lánastofnunar sem þingmaðurinn hlakkar svo til að verði aflögð af því að hún minnir hann á sovétskipulagið og af því að svo oft hefur verið talað um útlánatöp hjá henni þá ætla ég aðeins að renna yfir stöðuna í þeim málum.

Virðulegi forseti. Í fyrra var lagt fram svar við fyrirspurn þingmanns um útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða. Og nú ættu þingmenn að leggja við hlustir. Landsbankinn varð fyrir yfir 7 milljarða kr. útlánatapi. Þrjár næstu útlánastofnanir urðu fyrir 2–3 milljarða kr. útlánatapi, atvinnusjóðir eins og Iðnlánasjóður, Fiskveiðasjóður o.fl. á annan milljarð, Iðnþróunarsjóður 900 milljónir, Hlutafjársjóður 733, Stofnlánadeild landbúnaðarins 722, Ferðamálasjóður 123 milljónir, Byggingarsjóður verkamanna 33 millj., Byggingarsjóður ríkisins 32. Aðeins einn var með lægri upphæð á útlánatöpum og það var Landflutningasjóður.

[17:09]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það atriði hvort ég sé hrifinn af „félagslegu" þá er það rétt að ég set alltaf mikið spurningarmerki við „félagslegt" vegna þess að í því felst alls konar stýring og stjórnun á einstaklingnum. (**SvG:** Fátækt fólk.) Nei. Ég hef mikinn skilning á kjörum fátæks fólks, hv. þm., og það getur enginn sagt að ég hafi ekki skilning á því. En ég er á móti því að hjálpa allri þjóðinni og að einhverjir aðilar taki að sér að stjórna því og stýra hvar fólk býr og hvernig það býr, í hvað stórum íbúðum o.s.frv. Ég er á móti því. Það getur enginn sagt að ég hafi mælt á móti því að bæta kjör þeirra sem virkilega þurfa á því að halda. En þeir eru bara ekki öll þjóðin sem betur fer.

Varðandi útlánatöpin þá — það var nú ekkert andsvar við mína ræðu því að ég talaði ekkert um þau — eru að sjálfsögðu lítil útlánatöp í kerfi sem setur sig á fyrsta veðrétt og passar sig og gætir í alla enda. Það er engin áhætta tekin neins staðar. Þetta er opinbert kerfi þannig að það verða mjög lítil töp þar sem betur fer. Þannig að ég ætla ekkert að svara því neitt frekar.

En ég hlýt að taka það sérstaklega fram að ég hef mikinn skilning á þeim sem eru minni máttar í þjóðfélaginu og ég tel að svona 10–15, jafnvel 20% af þjóðinni séu í þeim hópi en ekki meira. Ekki öll þjóðin eins og vaxtabæturnar gefa í skyn þar sem 50 þúsund manns fá vaxtabætur. Þeir eiga örugglega ekki allir bágt.

[17:10]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að þingmaðurinn vill ekki að það sé jafnað of mikið niður á við og það á ekki að hugsa um alla þjóðina aðeins vegna þess að kerfi sjái um sig þar sem það hefur 1. veðrétt. Ég sagði frá því í ræðu minni áðan að í sveitarfélagi ekki langt frá höfuðborginni hefðu fimm íbúðir í félagslega kerfinu staðið auðar. Á sama tíma átti sparisjóðurinn á staðnum 100 íbúðir sem hann hafði innleyst.

Virðulegi forseti. Af 600 sem höfðu fengið 100% lán í félagslega kerfinu til að fá íbúð sem þeir gátu sagt að væri eignin sín og haldið í þá tilfinningu og sjálfsvirðingu sem fæst við að eiga eigin íbúð, eigin heimili, eins og þingmaðurinn var að lýsa hér áðan, voru bara 17% vanskil, af þessum stóra hópi. Og stór hópur þessara hafði aðeins 60 þúsund í mánaðarlaun. En með jafnlánagreiðslur til yfir 40 ára þá getur þetta fólk eignast íbúð á þessum tíma.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort þingmaðurinn þekkir fólk sem býr í félagslegri íbúð. Það er venjulegt fólk alveg eins og ég og hann. Ég þekki marga. En ég þekki engan sem býr í félagslegri eignaríbúð og finnst ekki að það sé íbúðin sín og virðir ekki eignina sína og heimilið sitt alveg eins og ég og væntanlega hann. Það kemur mér á óvart að heyra þessar lýsingar og þessa flokkun á viðhorfi til eignar og tilfinningarinnar fyrir eign. Það veldur mér vonbrigðum.

En númer eitt, tvö og þrjú er það athyglisvert fyrir Framsfl. sem núna undir þessari ræðu er horfinn úr salnum, að sá sem er kannski mesti frjálshyggjumaðurinn hvað fjármagn varðar og peningamál og hefur sérstaka skoðun á því, hann fagnar þessu frv. svo mikið að þá fyrst skín sól í heiði þegar mælt er fyrir því.

[17:13]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það að ekki skyldi verða orðið við tilmælum fjölmargra þingmanna um að reyna að koma á sáttum um það hvernig menn vilja afgreiða þetta mál. Ég heyrði reyndar skýringu hæstv. forseta um það hvenær frv. um vaxtabætur yrði tekið til umræðu en ég tel að ræða hefði mátt málin út frá þeim orðum sem hér féllu og mér þótti mjög miður að menn sögðu.

Hæstv. félmrh. sagði að stefnu Sjálfstfl. væri hafnað. Annað kemur í ljós þegar skoðuð er stefna og ályktun landsfundar Sjálfstfl. um húnsæðismál þar sem sagt er að Húsnæðisstofnun skuli lögð niður í núverandi mynd. Reyndar er sagt í þeirri ályktun að hin nýja lánastofnun verði einkavædd fyrir aldamót. Gæti það verið, herra forseti, að það sé það sem er í gangi? Mér sýnist á mörgu að verið sé að fara þá leið. Og í ályktun Sjálfstfl. segir að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir í eina lánastofnun. Hvað er verið að gera núna? Það er verið að fara algjörlega að stefnu Sjálfstfl.

Frumvarpið er sagt vera vandlega og eðlilega unnið. Það má vel vera að þeir sem unnu að lagabreytingunum hafi talið sig vinna vel og vandlega en þarna vantar fjölmörg sjónarmið. Sjónarmið stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar vantar að verulegu leyti. Ég byggi það á því að ég hef fengið þær upplýsingar frá verkalýðshreyfingunni að ekki hafi verið haft samráð.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að gera að umræðuefni viðhorf hv. þm. Péturs Blöndals sem telur það heilbrigða skynsemi hjá sér og hæstv. félmrh. að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég hef miklar efasemdir um að hér sé um heilbrigða skynsemi að ræða. Hún er fremur gölluð og götótt. Hvers vegna? Ég sé ekki betur en þeir sem lakar eru settir hafi dottið úr kerfinu. Ég velti því fyrir mér hver staðan er hjá þeim sem eru á lægstu launum. Þeim sem eru á umsömdum lágmarkslaunum. Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. um það og biðja hann að koma inn á það í einhverri ræðu sinni: Hver er staða þeirra sem hafa umsamin lágmarkslaun? Eiga þeir möguleika á að verða metnir inn í húsbréfakerfið? Eiga þeir möguleika einhvers staðar í kerfinu eftir þær breytingar sem nú á að gera? Ég ætla ekki að dæma fyrir fram. Ég spyr aðeins: Hverjir eru möguleikar fatlaðra? Hverjir eru möguleikar aldraðra? Hverjir eru möguleikar námsmanna? Síðast en ekki síst: Hverjir eru möguleikar þeirra fjölmörgu sem á undanförnum árum, vegna þess hvernig hag okkar Íslendinga hefur verið komið, hafa orðið gjaldþrota á undanförnum árum? Þeir eru fjölmargir. Hvað er gert fyrir þá aðila? Aðila sem lögfræðingar hafa hundelt árum saman. Þeir eiga ekki möguleika á að komast út úr gjaldþrotinu sem þeir hafa lent í. Fyrirtækin eru laus eftir fimm ár en einstaklingurinn er aftur á móti óendanlega gjaldþrota. Það er hægt að elta hann uppi ef hann einhvers staðar nær að rétta sig af. Mig langar að ræða um þetta, hæstv. félmrh., og biðja um svör við þessu. Mér finnst þetta mjög alvarlegt.

Ég sé ástæðu til þess að velta því fyrir mér hvers vegna þetta frv. til laga um húsnæðismál er komið fram. Hvers vegna er þetta mál sem við erum nú með til umræðu, 507. mál á 122. löggjafarþingi? Hugsunin hlýtur að vera að bæta stöðu viðskiptavina kerfisins. Ég held að menn hafi ætlað sér að bæta þá stöðu. Þetta mun örugglega létta kvöðum af einstaklingum, kannski einhverjum samvinnufélögum og kannski sveitarfélögunum. Mér finnst eðlilegt að draga þá ályktun að ætlunin sé að stokka upp í kerfinu, jafnvel að leggja stofnunina niður vegna þess að skipta þurfi um starfsfólk. Ég veit ekki um hvað er að ræða.

Miðað við drög að ályktunum síðasta landsfundar sjálfstæðismanna sem ég fór yfir áðan, þá finnst mér töluvert farið inn á þær brautir, hvort sem hæstv. félmrh. hefur kynnt sér þá ályktun eða ekki. Mér virðist þetta hægri bylting í húsnæðismálum að hluta til en ég fagna því að húsbréfakerfinu, í þeirri mynd sem það var komið, er viðhaldið og metið sem eðlilegt inn í þetta kerfi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lagt sé út í þessa byltingu af einhverri mannvonsku. Ég held að menn hafi ætlað að gera vel og ætli að gera vel. Það kann að vera unnt að gera breytingar á frv. því sem hér liggur fyrir. Hæstv. félmrh. nefndi áðan að ástæða væri til að skoða ákveðnar greinar og auðvitað fagna ég því. Ég sé ekki fram á annað en að einhverri lendingu verði að ná með mál sem eru komin svo langt að búið er að samþykkja þau af stjórnarflokkunum. Ég velti fyrir mér hvernig eigi að ná fram þeim leiðréttingum sem ég og margir aðrir telja að þurfi að gera. Mál mitt lýtur fyrst og fremst að þeim sem ég tel vera lakast setta og ég nefndi hér áður.

Ég held að þetta mál muni taka lengri tíma, herra forseti, en vikurnar til þingloka nema mér skjátlist um að ekki sé búið að ræða við aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að þær viðræður muni taka nokkuð langan tíma. Þar er t.d. um það að ræða að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna. Hvernig var hann byggður upp? Í samningaferli stéttarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins, grein fyrir grein, nánast frá orði til orðs. Ef ég skil það rétt, þá á að slá þetta af. Nú er ætlunin að slá Byggingarsjóð verkamanna af. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef tel ég að ekki hafi verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna. Ég byggi það á þeim viðtölum sem ég lýsti hér áðan og ég hef leitað eftir upplýsingum. Hjá verkalýðshreyfingunni er ætlunin að taka afstöðu til þessa frv. á fundi sem væntanlega verður á miðvikudaginn. Eins og ég sé þetta, þá ætla menn að jafna þann þátt sem Byggingarsjóður verkamanna hefur haft með viðbótarlánum. Það getur verið að auðvelt sé að gera þetta á þann veg, en ég á eftir að sjá það ganga eftir.

Ég hef mestar áhyggjur af því að verið sé að afskrifa möguleika þeirra sem lakast eru settir til að eignast þak yfir höfuðið. Ég hef efasemdir um að fólk með lágmarkslaun sé betur sett í leiguíbúðum, að það geti frekar staðið undir leigu en því að félagslega kerfið komi því til hjálpar við að eignast íbúð.

Ég ítreka spurninguna um það hvernig menn ætli að mæta þörfum fatlaðra, aldraðra, námsmanna, einstæðra foreldra og þeirra sem eru með of lágar tekjur til að standast greiðslumat. Ef ég skil þetta rétt þá eru þeir sem hafa lágmarkslaun með of lágar tekjur til að standast greiðslumat. Hvernig á að mæta þörfum þeirra sem hafa notið og þurfa að njóta félagslegra íbúða?

Í mínum huga hefur fiskveiðistjórnarkerfið og þau mál sem tengjast því misrétti verið stærstu mál þingsins. Ég er ekki að líkja þessum málum saman á neinn hátt en ég taldi fiskveiðistjórnarkerfið vera það sem við þyrftum að gera mestar bætur á til þess að jafna stöðu almennings í landinu. Þó hygg ég að það mál sem hér er til umræðu geti sennilega orðið stærsta mál þessa þings. Ég held því fram að eignaupptaka hafi átt sér stað hjá ýmsum sem unnið hafa eftir fiskveiðistjórnarkerfinu og happafengur hjá öðrum. Ég vona að varðandi þetta mál komi það ekki til með að verða lán einhvers að sumir eru illa staddir.

Við erum með stórpólitískt mál sem er grundvallaratriði hvað varðar jafnrétti íslenskra þjóðfélagsþegna. Þess vegna ræði ég mál þessara hópa sem kannski, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi, eru ekki nema 15 þúsund manns. 15 þúsund manns eru stór hópur og við þurfum að mæta þeirra þörfum. Hvernig eigum við að gera það? Er það gert í þessu frv.? Ég sé það ekki og ég vona að hæstv. félmrh. fari yfir það mál fyrir mig. Það er ekki hægt að afgreiða svona mál á jafnstuttum tíma og er til þingloka nema þessum spurningum verði svarað.

Svo ég vitni í samþykktir eins og hæstv. félmrh. gerði þá segir í þingtíðindum 38. þings Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Öryggi í húsnæðismálum og lágur húsnæðiskostnaður eru mikilvægar forsendur fyrir velferð hverrar fjölskyldu. Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að fljótt eftir stofnun heimilis eigi fjölskyldur og einstaklingar kost á því að búa í vönduðu eigin húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Skapa

verður ungu og eignalausu fólki möguleika á að geta keypt íbúð m.a. með sparnaði sem njóti sérstaks skattafsláttar. Tryggt leiguhúsnæði er valkostur sem er mikilvægur og þarf að efla.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á góða lánafyrirgreiðslu sem byggist á lánum til langs tíma á sem lægstum vöxtum til þeirra sem vilja eignast íbúðarhúsnæði. Til að tryggja þessa fyrirgreiðslu er eðlilegt, eftirleiðis sem hingað til, að ríkið leggi fram fjármagn og tryggingar svo vextir af húsnæðislánum geti verið sem lægstir."

Hæstv. félmrh. sagði að samráð hafi verið haft. Ég dreg það í efa vegna þess að ég sé ekki að þetta sé inni. Ég sé ekki að það sem hæstv. félmrh. nefndi úr þessari samþykkt varðandi það að lán verði með jöfnum afborgunum, lánin verða að hámarki 90%. Að einhverju leyti fer þetta saman við frv. en ég held að ekki hafi verið haft samráð að öðru leyti en að litið hafi verið á þau plögg sem liggja fyrir, samþykktir 38. þings ASÍ og sambandsstjórnarinnar.

Í þessum samþykktum er einnig sagt, með leyfi forseta, um félagslega húsnæðiskerfið:

„38. þing ASÍ felur húsnæðisnefnd ASÍ og fjórum öðrum fulltrúum sem þingið velur að gangast fyrir umræðufundum með félögum ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið og skila síðan tillögum um breytingar og bætur á því fyrir næsta fund sambandsstjórnar ASÍ."

Þessar samþykktir, herra forseti, held ég að liggi ekki fyrir. Ég hef ekki séð þær og hef ekki getað fengið þær í hendur. Þær geta vel verið til einhvers staðar en ég finn þær ekki í þessu frv. eða að vitnað sé til þeirra samþykkta.

Ég kom að því áðan, herra forseti, að það var með samningaferli milli aðila vinnumarkaðarins sem Byggingarsjóði verkamanna var komið á. Þess vegna tel ég að það hefði átt að hafa meira samráð en aðeins við einstaka fulltrúa sem Framsfl. hefur skipað við samningu þessa frv.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrslu forseta þings Alþýðusambands Íslands 1997. Þar segir:

„Á undanförnum tveimur árum hefur félagslega íbúðakerfið verið til mikillar umræðu hjá húsnæðisnefnd Alþýðusambandsins. Nefndin ræddi ítarlega stöðu félagslega íbúðakerfisins og þau atriði sem þyrfti að bæta í kerfinu."

Þrátt fyrir þessa umræðu og fjölda ábendinga um úrbætur voru nefndarmenn samt ekki sáttir við þær lausnir. Hér er því mikið vandamál á ferðinni. Menn náðu ekki samkomulagi um hvernig fara ætti með þessi mál. Þar kom að lokum að rætt var hvort ekki væri rétt að endurmeta félagslega íbúðakerfið í heild og koma með nýjar lausnir.

Ef til vill eru þetta lausnir í áttina að því sem þarna er verið að ræða um sem felst í þessu frv. Ég get ekki metið að svo sé, en þess vegna er nauðsynlegt að fá fram viðbrögð stéttarfélaganna um einmitt þetta atriði og þau viðbrögð munu koma. Þau munu væntanlega koma eftir næsta miðvikudag, og það verður fróðlegt að sjá hversu vel þetta fer saman, sú aðgerð sem þetta frv. er og það sem þeir vænta af þessum breytingum.

Það á, herra forseti, að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins. Íbúðalánasjóður á að taka við, eins og kom fram áðan, með sameiningu Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Það er verið að taka upp ýmis ákvæði hlutafélagalaga um starfrækslu þessa sjóðs. Hæstv. félmrh. á nú einn að skipa fimm manna stjórn Íbúðalánasjóðs sem á að velja sér framkvæmdastjóra. Kjaradómur á ekki lengur að ákveða laun forstjóra, heldur stjórn, rétt eins og hjá hlutafélögum. Ég er ekki að segja að þetta sé neitt alslæmt, heldur er ég bara að fara yfir þær breytingar sem er verið að ræða um. Ég sé ekki betur en hér sé um að ræða aðra bankastofnun, eða nýja bankastofnun á einhvern hátt, með þeim breytingum sem er verið að gera. Það sem gerist er að öllu starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins verður trúlega sagt upp og ég sé ekki og finn ekki ákvæði um forgang til starfa. Það getur verið að það sé viljandi gert, það getur líka verið að það eigi eftir að koma frekar fram, og ég vildi biðja hæstv. félmrh. að gera örlitla grein fyrir því hvað er hugsað varðandi starfsmenn stofnunarinnar.

Mér sýnist að frv. sé kannski frekar sniðið að þörfum einstakra sveitarfélaga en allra, og ég horfi þannig á að það sé verið að loka félagslega eignaríbúðakerfinu og að verið sé að taka beinar lánveitingar til einstaklinga úr nýjum sjóði en ég geri ekki alvarlegar athugasemdir við það. Eins og ég er búinn að ítreka tvisvar áður hef ég áhyggjur af þeim sem eru lakast settir og ég vona að hæstv. félmrh. leiði hugann að þeim einstaklingum. Ég trúi því. Um leið og við afgreiðum þetta frv., hvenær sem það verður, hvort sem það verður á þessum vetri eða næsta vetri, þá verðum við að vera búin að setja öryggisnet fyrir þá sem lakast eru settir.

Það er ákveðið orðið að öll félagsleg aðstoð í stað niðurgreiddra vaxta verði í gegnum vaxtabótakerfið og það er hugsað þannig að greiða eigi vaxtabætur út á þriggja mánaða fresti. Getið er um að framlag sveitarfélaganna verði um 5% af viðbótarláni sem á að fara í varasjóð til að mæta útlánatöpum. Þá velti ég fyrir mér hvað gerist ef sveitarfélögin neita, sem ég held að þau geti, þau geta neitað að greiða þessi 5% en auðvitað leiðir það til þess að þá vill sennilega enginn flytja í það sveitarfélag.

Það er verið að heimila stofnun hlutafélags um rekstur leiguíbúða. Þarna fer þetta mál alveg saman við ályktun frá landsþingi Sjálfstfl. þannig að þótt hæstv. félmrh. hafi ekki verið kunnugt um þær ályktanir þá eru mörg atriði sem falla þar alveg saman.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar fari út úr húsnæðisnefndum og þær verði pólitískt skipaðar. Ég hygg að það sé gott að hafa fulltrúa verkalýðsfélaganna í þessum nefndum. Það hefur reynst vel upp á sátt og samkomulag.

Það eru mörg atriði sem hægt er að nefna til viðbótar um þetta mál, en ég hef að nokkru leyti farið yfir helstu atriði sem eru gagnrýniverð. Ég get lesið út sem niðurstöðu að vissulega hafi þurft að fara í ákveðnar aðgerðir. Ef til vill má að gefnu tilefni ræða um breytingu á búskaparháttum. Ef ég velti því fyrir mér hver sá er ábyrgur fyrir málinu þá er verið að breyta búskaparháttum. En mér finnst að afgreiða eigi málið í það miklu snatri að það gangi ekki. Ég tel að ekki sé hægt að afgreiða svona veigamikið mál á fimm til sex vikum sem eftir lifa af þessu þingi. Ég spyr eins og ég hef gert áður: Til hvaða lagalegra eða félagslegra aðgerða ætlar hæstv. ráðherra að grípa vegna þeirra lakar settu? Ég minni aftur á stöðu þeirra sem hafa lent í gjaldþrotum, fólksins sem hefur verið hundelt árum saman. Ef það hefur einhvern tímann komist til þess að fara að rétta sinn hlut upp á nýtt, þá er það elt uppi af lögfræðingum og meira að segja er þekkt dæmi af því að farið hafi verið inn á Landsbókasafn til að finna mál sem menn hafa jafnvel talið að væru fyrnd í kerfinu og það er slæmt.

Ég vil að lokum fagna því að hæstv. ráðherra sagði í upphafi þessarar umræðu í dag að hann sæi ástæðu til að

gera brtt. við þetta mál, jafnvel strax í upphafi, og þá er bara að sjá hvað það er sem um er að ræða. Ég held að það sem helst vanti í frv., og mætti kannski velta fyrir sér tillögum um breytingar, sé að kaupendur þurfi að hafa val um leigu eða kaup fyrstu fimm árin. Það gæti orðið til sátta. Sem sagt að afborgunarhlutinn í húseign eða í húsaleigu gæti nýst leigjanda sem greiðsla ef leiga breyttist í kaup. Það væri fimm ára aðlögunartími að þessu máli. Ég hef velt fyrir mér hugmyndum í þessa átt. Það má líka velta fyrir sér hvort íbúðarkaupendum verði gert kleift á einhvern hátt að leggja fram eigið vinnuframlag sem nemur allt að 5% af byggingarkostnaði, til lækkunar á framlagi vegna íbúðarkaupa. Af hverju er ég að velta þessu fyrir mér, herra forseti? Vegna þess að sá sem hér stendur hefur notið þess að vera í húsnæðiskerfinu og gat sjálfur nýtt sér þá stöðu að byggja hús sitt upp nánast með eigin höndum. Annars væri sá sem hér stendur örugglega ekki kominn í það að klára sig frá þeim málum. Ég efast a.m.k. um það miðað við þær tekjur sem undirritaður hafði á þeim árum þegar harðast var. (**Gripið fram í:** Og hefur nú.) Það er unnt að komast af á þeim tekjum sem undirritaður hefur nú, þótt sumir telji þær ekki nægar fyrir saltinu í grautinn, svo ég vitni nú í orð hv. þm. sem sögð voru einhvern tímann í gríni. En ég tel að ríkisvaldið í samráði við sveitarfélög, verkalýðshreyfinguna og lífeyrissjóði þurfi að ráðast í sérstakt átak til að fjölga leiguíbúðum og efla leigumarkað og það þurfi að byggja allt að 500 íbúðir á ári í því skyni á næstu árum. Vegna hvers? Vegna þess að í Reykjavík eru a.m.k. þúsund manns á biðlista eftir leiguíbúðum ef ég hef réttar upplýsingar. Þess vegna tel ég að þarna þurfi að taka á. Þetta gæti verið eitt af þeim atriðum sem yrðu til samkomulags.

Ég tel að það þurfi að gera, herra forseti, úttekt á orsökum og áhrifum fyrir þau sveitarfélög sem ekki hefur tekist að selja félagslegar íbúðir. Menn vita, herra forseti, hvernig staða þeirra sveitarfélaga er sem sitja núna uppi með félagslegar íbúðir sem eru langtum hærri í verði en almennt gengur og gerist á fasteignamarkaðnum. Þetta er sannarlega vandi sem er fyrir hendi og spurning hvort hægt sé að breyta þeim íbúðum í leiguíbúðir og þær verði hluti átaks sem ég nefndi áðan í fyrri tillögu minni sem ég gerði grein fyrir.

Herra forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni í bili um þetta mál og ætla að sjá til hvað verður af svörum og það fer eftir þeim svörum hvernig ég bregst við í framhaldinu.

[17:41]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson, sem eins og svo margir landsbyggðarþingmenn hefur hjartað á réttum stað, hafði áhyggjur af því að verið væri að minnka möguleika þeirra sem tekjulægstir eru í þjóðfélaginu til að eignast eigin íbúð. Ég held þvert á móti að verið sé að stórauka og bæta hag þeirra sem tekjulægstir eru. Það er grundvallaratriði í mínum huga eins og hjá hv. þm. Gísla Einarssyni að þeir tekjulægstu geti eignast eigin íbúð og eigi sama val og aðrir um hvar sú íbúð sé. Í dag er þetta þannig eins og við vitum að menn eiga ekki val. Menn þurfa bara að sæta því hvar hið opinbera hefur ákveðið að byggja yfir þá og eftir teikningum sem yfirleitt eru gerðar hjá Húsnæðisstofnun, þannig að menn hafa ekki það val sem ég vil sjá að fólk eigi og það mun koma verði þetta frv. að lögum. Ég held að ekki sé hagur í því að halda lengur í gamalt, skandinavískt húsnæðiskerfi þar sem fólki er skipað á bás eftir tekjum og afkomu í þjóðfélaginu, þar sem menn eru settir í sömu blokk, allir sem hafa lágar tekjur. Það er þetta kerfi sem menn ætla að breyta. Menn ætla að gefa fólki val um hvar það sest að og jafnframt sömu fyrirgreiðslu til þess að kaupa þær íbúðir. Þá geta þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um með frjálsari hætti tekið þátt í að móta og klára þá íbúð sem þeir eru að kaupa, rétt eins og hv. þm. ræddi um áðan að hann hefði gert sjálfur og sér hefði nýst vel.

[17:43]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði fram í ræðu minni spurningu um hvernig eigi að bregðast við þeim möguleikum sem þeir sem tekjulægstir eru hafa. Hverjir eru möguleikarnir? Ég fullyrði að þeir sem eru á lágmarkslaunum geti ekki komist inn í t.d. húsbréfakerfið. Miðað við það matskerfi sem í gangi er munu þeir ekki komast inn í húsbréfakerfið.

Ég er alveg sammála síðasta hv. ræðumanni varðandi landsbyggðarhjartað. Það slær í mínu brjósti eins og í hans brjósti. Ég hygg að þar séum við sammála. Við hugsum bæði um landsbyggðina og þéttbýlið hér á suðvesturhorninu. Það er ekki síður ástæða til þess þar sem eru á annað þúsund manns á biðlistum eftir leiguíbúð. Það er ástæða til að hjartað slái líka í þá átt og ég trúi því að svo sé. En ég hef, herra forseti, fullkomnar efasemdir um það, þangað til ég er búinn að fá svör, að þetta frv. lagfæri þá stöðu sem uppi er fyrir þá sem lakast eru settir, og þeir sem ég tel að séu lakast settir eru fatlaðir, ákveðnir hópar fatlaðra, ákveðnir hópar aldraðra, ákveðnir hópar lægst launaða fólksins og það eru ákveðnir hópar einstæðra foreldra sem ég hef mestar áhyggjur af og ég gerði grein fyrir því í máli mínu og ég vænti þess að fá svör um það efni.

[17:45]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir það með hv. þm. Gísla S. Einarssyni að allir verða að fá að eiga möguleika á að koma sér þaki yfir höfuðið og til að eiga sitt eigið húsnæði. Það er grundvallaratriði að menn geti verið eigendur, ekki leigjendur. Við vitum samt að það verða alltaf einhverjir sem geta ekki ráðið við að kaupa. Ég hygg þó að það frelsi sem hér er verið að innleiða fyrir fólk til að velja sér íbúð til kaupa muni auka möguleika þess til að sníða sér stakk eftir vexti.

Hins vegar tek ég undir það með hv. þm. að við verðum auðvitað líka að huga að þörfum þeirra sem ekki geta og munu aldrei geta keypt íbúðir. Hann nefndi fatlaða og ákveðinn hóp eldra fólks. Ég hygg að aðallega eigi þetta við fatlaða og ég tel ekki fráleitt að þjóðfélagið hreinlega niðurgreiði kaup á þeim íbúðum rétt eins og gert er með bílakaup fatlaðra. Mér finnst hins vegar fráleitt að stöðva þetta mál sem hér liggur fyrir eða fara í málþóf út af því að menn vilji vinna að framgangi þess að fatlaðir eða tilteknir hópar í þjóðfélaginu geti líka eignast sína íbúð. Ég styð hv. þm. heils hugar í því. Þeir þurfa að eiga eins og aðrir en við skulum ekki tefja málið út af því að ekki sé tekið á því tiltekna máli í frv.

[17:47]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. sérstaklega fyrir málefnalega ræðu og reyni að svara á örstuttum tíma sem ég hef spurningum sem hann beindi til mín.

Hv. þm. spurði hvernig staða þeirra væri sem væru á lágmarkslaunum. Ég vil biðja hv. þm. að fletta upp á bls.

86 í frv. Þá sér hann samanburð á greiðslum einstaklinga með 80 þús. kr. lágmarkstekjur sem er að vísu nokkru hærra en umsamin lágmarkslaun. Þarna sést á myndinni að þessi einstaklingur kæmi til með að standast greiðslumat ef hann væri ekki með einhverjar verulegar skuldir á bakinu. Hann mundi sem sagt hafa fyrstu 25 árin betra í nýju kerfi en í gamla kerfinu og talsvert betra framan af og um miðbik tímabilsins. En vel að merkja, hann þarf að geta lagt fram 500 þús. kr. í byrjun til húsakaupanna.

Um gjaldþrota einstaklinga, þá fer það væntanlega eftir gjaldþrotalögum og þetta breytir ekki gjaldþrotalögunum sem slíkum. Skuld við Húsnæðisstofnun fyrnist núna samkvæmt þeim reglum sem þar eru viðhafðar á fimm árum. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á því.

Það sama gildir um öryrkja og um fólkið á lágmarkslaununum. Byggingarsjóðirnir léðu fé til Byggingarsjóðs verkamanna, fjármögnuðu Byggingarsjóð verkamanna í fortíðinni. Nú eru þeir hættir því og það var vissulega rétt að gerðir voru samningar um áfanga í fortíðinni en það er bara liðin tíð.

[17:49]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann þegar hefur veitt. En ég hef miklar áhyggjur af þeim hópi sem ég nefndi áðan. Þeir aðilar eru nokkur hundruð sem hafa lent í gjaldþrotameðferðum. Og mér er kunnugt um að skuldir við Húsnæðisstofnun fyrnast á fimm árum en það gerist ekki í sambandi við aðra. Þess vegna bið ég hæstv. félmrh. að taka það til umfjöllunar og athugunar hvort ekki sé rétt að samræma lög um gjaldþrot hjá einstaklingum og fyrirtækjum þannig að það sama gangi yfir alla. Ég tel það er ekkert eðlilegt að bjarga fólki út úr því sem það hefur komið sér sjálft í en það hafa verið þær aðstæður í þjóðfélaginu að einstaklingar hafa offjárfest af ýmsum ástæðum og ég bið um að það verði skoðað sérstaklega.

Ég hef komist að niðurstöðu um að 70 þús. kr., sem eru lágmarkslaun, duga ekki til þess að komast í matið en það gera aftur á móti 80 þús. kr. og það er rétt að halda því á lofti að samkvæmt þeim útreikningum sem liggja fyrir á bls. 86, þá er þetta möguleiki. Það kannski þarf ekki að verða mikil viðbót til þess að hægt sé að bjarga sér upp um 10 þús. kr. tekjur á mánuði en sumum tekst það bara ekki. Einstaklingar ná þessu ekki á stundum og ærið oft eru þeir sem eru með þetta lágar tekjur með nokkuð miklar skuldir. Ég tala ekki um í því þjóðfélagi sem við búum við, þar sem bókstaflega er verið að elta einstaklingana með tilboðum um greiðslukjör.

[17:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum aldrei bjargað öllum. Því miður eru nokkrir, töluverður hópur, of stór hópur sem er sokkinn svo í skuldir að hann getur ekki a.m.k. í náinni framtíð vonast eftir því að festa fé í fasteignum. Hv. þm. spurði um forgang núv. starfsmanna Húsnæðisstofnunar til starfa hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði. Ég mun beina því til stjórnar Íbúðalánasjóðsins að endurráða úr hópi starfsmanna það sem Íbúðalánasjóður kann að þurfa af vinnukrafti. Það er margt af afbragðsfólki starfandi hjá Húsnæðisstofnun og það væri mikill fengur fyrir hinn nýja Íbúðalánasjóð að njóta starfskrafta þess áfram.

Sveitarfélögin geta núna neitað að leggja fé til félagslegra íbúða. Það er engin breyting. Það er engin félagsleg íbúð byggð nema samkvæmt beiðni sveitarfélags og að hluta til með fjárframlagi frá sveitarfélaginu þannig að þarna er ekki um neina eðlisbreytingu að ræða.

Varðandi Búsetamálið, þá er það í sérstöku fylgifrv. sem við eigum eftir að ræða á næstunni og þá getum við komið inn á þær hugmyndir hv. þm. Leigumarkaðurinn er mikilvægari í nýju skipulagi en hann er nokkurn tíma núna og þess vegna þurfum við að styrkja hann og það er eitt af því brýnasta í húsnæðismálum. Ég vitna til yfirlýsingar hæstv. forsrh. sem starfandi fjmrh. fyrr í dag. Það er möguleiki og bættur möguleiki að njóta eigin vinnuframlags í hinu nýja kerfi og eignin verður ekki verðfelld með reikningskúnstum. Hún getur fyrnst af sliti og illri umgengni en hún verður ekki verðfelld með reikningskúnstum í nýja kerfinu.

[17:53]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst gott að fá svör við þessum spurningum. Þau eru mikilvægt innlegg í umræðuna. Við erum þó búin að fá fram ákveðna umsögn um hver hugsunin er á bak við þessi atriði sem ég gerði sérstaklega að umræðuefni og það var þess vegna, herra forseti, sem ég fór fram á það fyrr í dag þegar menn voru að mínu mati í ómálefnalegri umræðu, að það hefði átt að reyna að komast að samkomulagi um hvernig með þetta mál verður farið. Það verður væntanlega gert á eftir í viðræðum þingflokksformanna og hæstv. forseta. Ég tel að við séum með það mikið alvörumál á ferðinni að við megum ekki, hv. þm. eða hæstv. ráðherrar leyfa okkur að fara út í slíka umræðu þó að mönnum geti alltaf skrikað fótur á hálu svelli.

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin við þeim spurningum sem ég bar fram. Ég held að hann hafi náð að svara þeim og ég vona að það verði mikilvægt innlegg í umræðuna sem á eftir að verða stíf á komandi dögum og vikum.

[17:55]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Því er ekki að neita að það frv. sem hér er til meðferðar er stórmál. Það er ekki hægt að neita því. Það er leitt til þess að vita hvernig staðið er að framlagningu málsins, hvað það kemur t.d. seint fram. Það er leiðinlegt úr því að ríkisstjórnin virðist ætla sér að reyna að gera þetta að lögum, þá skuli málið ekki koma fram fyrr en núna seint á þinginu þannig að það bendir allt til þess að núna eigi að fara að taka upp gömlu vinnubrögðin þar sem menn þyrftu helst að beita ákvæðum vökulaganna til að koma við eðlilegum vinnubrögðum. Okkur hefur tekist á þinginu í vetur að skipuleggja okkar verk þannig þrátt fyrir mörg stór mál sem hafa verið til meðferðar að ekki hefur komið til kvöldfunda eða næturfunda hvað eftir annað. Ég veit að ég og hæstv. félmrh. erum sammála um að það eru ekki heppileg vinnubrögð og ekki skynsamleg eins og var á síðasta kjörtímabili þar sem næturfundir voru til kl. 5 á morgnana hvern einasta dag eina vikuna fyrir áramót. Það er alvarlegt umhugsunarefni að ráðuneytið skuli koma þessum málum svona seint frá sér burt séð frá efni málsins.

Þar af leiðandi, herra forseti, hefði ég talið að ráðuneytið ætti að semja um að málið yrði tekið upp aftur í haust og það yrði skoðað betur í sumar í samvinnu við alla aðila. Ég hef engin rök heyrt fyrir því að málið er rekið áfram af þessu offorsi. Og ég vil byrja á að spyrja hæstv. félmrh. hver rökin séu fyrir því að málinu þurfi endilega að ljúka á þeim fáu dögum til 22. apríl þegar gert er ráð fyrir að þinginu ljúki í vor. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá svar við því vegna þess að

það offors sem hér er um að ræða núna er algerlega óeðlilegt og er ekki í þágu málsins. Vitaskuld má segja að stjórnarflokkarnir ráði, þeir eru hér með meiri hluta og við getum í raun engum vörnum við komið nema kannski þegar um það er að ræða að koma eigi í gegn stórmálum með afbrigðum eins og átti að gera í sambandi við sjómannaverkfallið og menn voru með hugmyndir um að banna það með lögum en trylltust síðan þegar stjórnarandstaðan leyfði sér að nota þær heimildir sem eru í þingsköpum til að greiða atkvæði gegn þeim afbrigðum. En það er bersýnilega ætlun hæstv. ríkisstjórnar að kýla þetta mál í gegn þó að mikil andstaða sé við það og líka hitt sem er kannski enn þá verra, og það er, herra forseti, að menn þekkja málið ekki nógu vel. Ég heyri það á umræðunum að menn þekkja málið ekki nægilega vel. Það er alveg bersýnilegt að menn hafa ekki fengið eðlilegan tíma til að lesa málið. Ég heyri það meira að segja á því hvernig hæstv. félmrh. hagar orðum sínum í sambandi svör við einstökum atriðum að ég tel að hann sé ekki nægilega vel undirbúinn undir þessa umræðu eins og ráðherra þyrfti í rauninni að vera, enda er hann með í hliðarsal, á fullu kaupi væntanlega, þrjá embættismenn sólarhringana út til að framleiða svör jafnharðan og við spyrjum spurninganna og ég óska þeim gæfu og gengis í því að framleiða þann texta.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að óeðlilegt sé að ganga svona að þinginu eins og hér er verið að gera en út af fyrir sig má líka halda því fram að það þýði ekkert að segja þetta vegna þess að greinilegt er að þessi stóri og sterki mikli meiri hluti er staðráðinn í að róta málinu í gegn hvað sem við segjum. Það er ekkert hlustað á okkur hérna. Það er alveg bersýnilegt að ekki á að gera það. Fyrir utan þau ósmekklegu fúkyrði sem hafa fallið af hálfu hæstv. félmrh. í garð hv. 13. þm. Reykv. og ég vil nota tækifærið til að taka undir mótmæli hv. 4. þm. Norðurl. e. gegn ummælum hæstv. ráðherra um hv. þm.

Verkamannabústaðakerfið á Íslandi varð til á kreppuárunum og það eru til lýsingar á því hvaða tíðindi það voru fyrir verkamannafjölskyldur í Reykjavík þegar fólk fluttist inn í almennilegt húsnæði. Ég vona að hæstv. félmrh. hafi haft aðstöðu til að kynna sér það. Ég man t.d. eftir að einn af þingmönnum Alþb. í Reykjavík um tveggja kjörtímabila skeið, Guðmundur J. Guðmundsson, lýsti því aftur og aftur hvaða breyting það var fyrir fjölskyldu hans þegar hún komst loksins inn í verkamannabústað. Þá var ekki um að ræða að fólk væri að flytja úr bröggum heldur úr hreinum grenjum, kjallaragrenjum hér um allan bæ, og af þeim ástæðum var reist þessi mikla stytta af Héðni Valdimarssyni vestur á Hringbraut. Í rauninni er hér frv. til laga um að taka þá styttu niður. Í raun og veru er hér tillaga um að taka niður styttuna af Héðni Valdimarssyni vegna þess að verkamannabústaðakerfið eigi að leggja niður.

Ég held að ekki sé hægt að neita því, herra forseti, að hér er um að ræða tillögu um hægri byltingu í húsnæðismálum, frá hægri. Tillögu um byltingu frá hægri. Það er verið að henda öllu þessu félagslega kerfi fyrir róða, eins og það leggur sig. Mér finnst það satt að segja hart að Framsfl. undir forustu hæstv. félmrh. Páls Pétursson skuli beita sér fyrir þessari hægri byltingu, vegna þess að það er verið að kasta öllu fyrir borð og hér er um að ræða óvenjugrófa atlögu að kerfinu.

Ég minnist þess að 1974 voru gerðir kjarasamningar sem kallaðir voru sólstöðusamningar — þeir voru reyndar síðar. Kjarasamningarnir 1974 voru ekki kallaðir sólstöðusamningar heldur kjarasamningarnir 1977 en látum það vera — þá samdi verkalýðshreyfingin um að þriðjungur íbúðarhúsnæðis skyldi vera á félagslegum grundvelli og ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sem þá sat, 1974–1978, gerði ekkert í því máli. Það var ekki fyrr en vinstri stjórnin kom til valda haustið 1978 og 1980 sem ákvarðanir voru teknar um að efna þessi loforð við verkalýðshreyfinguna með því að sett voru ný húsnæðislög sem gerðu ráð fyrir að þriðjungur íbúðarhúsnæðis eða svo sem byggður yrði í landinu, yrði á svokölluðum félagslegum grundvelli. Um þetta varð mjög víðtæk samstaða og ég man eftir því þegar þessi lög voru sett 1980, undirbúin bæði af mér sem þáv. félmrh. og einnig af forvera mínum, þáv. hæstv. félmrh., Magnúsi H. Magnússyni, að þá lögðu menn mjög mikla áherslu á samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Af hverju var það? Það var vegna þess að launafólk fjármagnaði þessar breytingar sjálft. Verkamannabústaðakerfið og Byggingarsjóður ríkisins eins og hann var var fjármagnað með því að menn sömdu um lægra kaup en ella hefði verið. Í raun og veru var það því þannig að fólkið var sjálft að borga fyrir þessi húsnæðiskerfi með lægra kaupi en það hefði annars haft. Og því var það sem samið var við verkalýðshreyfinguna um þessa hluti í einstökum atriðum, svo að segja setningu fyrir setningu í þessum frv. Nú er verið að henda þessu öllu fyrir borð. Og það er dálítið sláandi þegar hv. þm. Pétur Blöndal flytur þessa fagnaðarræðu. Mér finnst það segja eiginlega allt sem þarf að segja um þetta frv. þegar hv. þm. Pétur Blöndal, á miðri góunni þegar hún er hvað köldust, sá hér sól þegar þetta frv. kom hingað inn. Hv. þm. Pétur Blöndal sem er einhver alharðasti talsmaður peningasjónarmiðanna og einkahyggjunnar hér í þessari virðulegu stofnun. Mér finnst að það mætti verða hæstv. félmrh. til nokkurrar umhugsunar þegar slíkur postuli hægri stefnunnar á Íslandi gengur fram harðar en nokkur annar maður til að fagna þessu frv. eins og það lítur út.

Herra forseti. Auðvitað hefur verið tiltölulega auðvelt eins og gengur að finna margvíslega galla á þessu félagslega kerfi. Auðvitað hefur kaupskyldan verið flókin fyrir ýmis sveitarfélög. Auðvitað þekkjum við mjög marga einstaklinga sem hafa kvartað undan því að eignamyndunin væri hæg. Auðvitað þekkjum við dæmi um einstaklinga sem hafa sagt sem svo: Endurreikningsreglurnar við sölu á verkamannabústöðum eru ósanngjarnar. Við þekkjum hundruð svona dæma en þá gleymist það í leiðinni að um það er að ræða að verulegur fjöldi alþýðufjölskyldna í landinu hefur með þessu félagslega íbúðakerfi komist inn í sæmilega öruggt húsnæði, íbúð sem skiptir ekki litlu máli á okkar kalda landi. Að vera í íbúð. (**RG:** Og á hana.) Og á hana. Þannig að þegar hæstv. félmrh. ræðst svona harkalega að þessum félagslegu sjónarmiðum, þá finnst mér engin samlíking betri en sú sem ágætur kunningi minn sem er vel kunnugur í Norðurlandi vestra sagði: Hæstv. félmrh. gengur í þetta verk eins og hver annar bóndi sem sér eina riðuveika á í sinni hjörð. Hann sér hjörðina alla. Það er í raun og veru það sem hér er á ferðinni. Hæstv. félmrh. hefur orðið var við að það er einn og einn galli á kerfinu og í staðinn fyrir að fara í að leysa málið umgengst hann málið eins og hér sé um smitsjúkdóm að ræða og þess vegna þurfi að skera alla hjörðina niður eins og hún leggur sig og eyðileggja félagslega íbúðarbyggingakerfið. Það er ekkert hægt að neita því. Hvað er félagslegt eftir í þessu frv.? Það er önnur spurning mín til félmrh. Hvað er félagslegt eftir í þessu frv.? Hvað er það sem láglaunafólk í landinu getur

reitt sig á í sambandi við húsnæðismál eftir að þetta yrði að lögum? Ég held að það sé ákaflega fátt.

Það er ekki gott þegar hæstv. félmrh., í svo að segja hverri einustu ræðu sem hann flytur um verkamannabústaðakerfið, félagslega íbúðarbyggingakerfið, talar illa um það. Það er eins og þetta hafi aldrei haft neina kosti. Ég leyfi mér þó að minna á að Framsfl. hefur mjög oft átt aðild að því að byggja upp þetta kerfi. Ég leyfi mér að halda hér á lofti merki manns eins og Alexanders Stefánssonar, sem var félmrh. í fjögur ár. Ég man ekki betur en Framsfl. væri með félmrh. t.d. á árunum í kringum 1950 þegar gert var gríðarlegt átak í þessum efnum. Og ég man ekki betur en að Framsfl. hafi einmitt verið með forsrh., sjálfan Hermann Jónasson, þegar húsnæðisstofnunarlögin voru sett, árið 1954, ef ég man rétt, þegar Hannibal Valdimarsson var félmrh. Það er því kostulegt að sjá hæstv. félmrh., þennan mæta mann, félagslega sinnaðan, vinstri sinnaðan mann, að hann er allt í einu orðinn eins og kórdrengur hjá hv. þm. Pétri Blöndal þegar kemur að þessu máli. Það er mjög sérkennilegt og ég segi alveg eins og er að á dauða mínum átti ég von en ekki því að sjá þennan ágæta ráðherra í þeim hræðilega söfnuði sem hann finnur sig nú í.

Hv. þm. Pétur Blöndal flutti hér nokkra ræðu um þessi mál sem ég ætla aðeins að víkja að, af því að það er svo dæmigert fyrir klisjurnar í málinu, og eins hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson. Allt í einu fann hann sig knúinn til að hjóla í hv. þm. Gísla Einarsson í andsvari út af þessu máli og sagði: Þetta er fínt frv. Af hverju? Af því það þýðir frelsi fyrir fólk. Nú getur fólk valið um hvar það á að búa. En það er ekki þannig vegna þess að í fyrsta lagi er fólk eins og alltaf hefur verið, bundið af sinni eigin fjárhagslegu stöðu, atvinnu og öðru, en í öðru lagi eru í frv. nokkur atriði í sambandi við þetta félagslega kerfi sem eru þannig að fólk er áfram bundið á höndum og fótum vegna þess að skilyrðin í sambandi við viðbótarlánin eru það ströng að það eru bersýnilega bara sumir en ekki allir sem geta fært sig til í þessum efnum, eins og ég kem að á eftir. Það er því rangt og það er blekking og ég mótmæli þeirri blekkingu hæstv. félmrh. alveg sérstaklega og þeirra félaga, hv. þm. Péturs Blöndals og hans, að hér sé um það að ræða að verið sé að losa um allt skriffinnskukerfið eins og það er kallað. Það er hrein blekking að verið sé að tryggja það að fólk í félagslega íbúðakerfinu geti valið um hvað sem er. Það er ekki svo. Og það er beinlínis rangt að hér sé verið að létta af einhverju skipulagi í þeim efnum, því stjórnvöld munu, eins og ég kem að síðar, geta haft áhrif á það að binda fólk við tilteknar íbúðir. Það liggur þannig og má finna fyrir því rök sem ég mun koma aðeins að á eftir.

Hv. þm. Pétur Blöndal, sem ég má til með að nefna hér aðeins, kom í raun líka upp um framhaldið, því þetta er bara fyrsta vers hjá íhaldinu. Fyrst er að eyðileggja félagslega kerfið, svo á að eyðileggja vaxtabótakerfið sem er hin hliðin á málinu, og það athyglisverða sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði var: Vaxtabætur eru óalandi og óferjandi. Hann var að gefa stefnuyfirlýsingu fyrir Sjálfstfl. um að það akkeri sem í öðru orðinu er sagt að sé í þessu máli yrði tekið í burtu.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að þeir kostir sem hafa verið raktir í sambandi við þetta mál eru meira og minna allir saman blekking. Eitt af því er t.d. að íbúðaverð um allt land lækki með þessum ákvörðunum. Það er ekki rétt. Annað er að það er notað sem rök í málinu að nú verði hætt að nota peninga skattborgara og almennings til að byggja flottræfilshúsnæði. Svona er talað. Er það húsnæði sem byggt er uppi í Bláhömrum í Reykjavík eða hérna handan við Fossvoginn í Kópavogi eitthvert flottræfilshúsnæði? Hvaða tal er þetta? Og af hverju á það húsnæði sem þetta fólk er í að vera verra en annað húsnæði ef fólk getur borgað fyrir það á annað borð eftir þeim reglum sem settar eru? Og svo er alltaf verið að tala um auðar íbúðir, að fleiri íbúðir séu auðar í þessu félagslega kerfi en í öðru íbúðakerfi í landinu. Svo er ekki. Ég skora á hæstv. félmrh. að láta fara fram talningu á því, vegna þess að ég held að menn muni komast að þeirri niðurstöðu að því fer víðs fjarri að svo sé.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að hér er verið að eyðileggja félagslega íbúðakerfið. Það er að fara. Það er verið að vísa fólki á vaxtabæturnar einar og þau kaflaskil eru að verða á þessu kjörtímabili, herra forseti, að verið er að setja öll félagsleg réttindakerfi í þá stöðu að fólk hafi ekki neitt nema ákvörðun meiri hluta Alþingis hverju sinni varðandi framlög úr ríkissjóði. Það er verið að breyta ellilífeyriskerfinu. Það er verið að gera ellilífeyriskerfið háðara ákvörðunum Alþingis hverju sinni en það hefur verið. Það er verið að breyta húsnæðiskerfinu þannig að í góðæri getur þetta út af fyrir sig allt saman gengið nokkuð vel, en ef yrði hrun, segjum í loðnustofninum eða einhverju slíku, þá er bersýnilegt að allir þeir sem eiga afkomu sína undir velferðarkerfinu eru á vonarvöl, af því að það er búið að sneiða í burtu alla almenna velferðarlöggjöf og vísa öllu á almenn framlög úr ríkissjóði. Og það er Framsfl. sem tekur þátt í því að eyðileggja þennan þátt í velferðarkerfinu og það er harmsefni að svo skuli vera.

Herra forseti. Ég ætla því næst að víkja að nokkrum efnisatriðum í þessu máli og í fyrsta lagi að því að ég sé ekki betur en hér sé verið að gera afar vel við sveitarfélögin. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. sem er þriðja spurning mín til hans: Hvað græða sveitarfélögin á þessum breytingum? Vegna þess að hér er um það að ræða að kaupskyldan fellur niður, 3,5% falla niður og þátttaka sveitarfélaganna í vaxtaniðurgreiðslum fellur niður. Hér er um að ræða gríðarlegan ávinning fyrir sveitarfélögin, ef ég les þetta rétt — og nú áskil ég mér út af fyrir sig rétt til að komast að þeirri niðurstöðu að það sé ekki eins glöggt lesið af minni hálfu og það ætti að vera, en þá spyr ég: Hver eru rökin fyrir því að sveitarfélögin fá þessa meðferð? Er ekki allt í lagi að þau séu höfð með í þessum málum með skipulegum hætti? Mér sýnist að þarna sé verið að láta þau sleppa allt of vel.

Í annan stað, varðandi almennar athugasemdir mínar ætla ég að endurtaka spurningu mína um það hvað er eftir af félagslega kerfinu. Hvað er eftir? Og þegar ég spyr þessarar spurningar læt ég fylgja með fullyrðingu sem er þessi: Það er ekkert eftir af félagslega kerfinu. Og hvað hef ég fyrir mér í því? Ég hef fyrir mér tvo þingmenn. Í fyrsta lagi hef ég fyrir mér í því ummæli hv. 5. þm. Austurl., Arnbjargar Sveinsdóttur, sem sagði hér um daginn, með leyfi forseta: Í raun verður ekki um félagslega aðstoð að ræða eftir þessar breytingar, nema auðvitað í vaxtabótakerfinu en ekki í húsnæðiskerfinu. Og hinn þingmaðurinn sem ég ber fyrir mig í þessu efni er hæstv. fjmrh. en hann segir hér í þessu skjali á bls. 101:

„Frumvarp til laga um húsnæðismál gerir ráð fyrir að horfið verði frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis í formi lána með niðurgreiddum vöxtum.“ Það er algjörlega klárt að þessir þingmenn eru báðir þeirrar skoðunar að það sé verið að hverfa frá þessu kerfi. Þá sést náttúrlega það vel af hverju Sjálfstfl. samþykkti þetta frv. á augnabliki. Það er af því hann er að fá allt.

Hin gegndarlausu fagnaðarlæti hv. þm. Péturs Blöndals sönnuðu auðvitað það sem sanna þarf. En að öðru leyti er náttúrlega alveg greinilegt að Sjálfstfl. er að fá allt í þessu efni. Hann er að fá öll ákvæði sinnar kosningastefnuskrár eins og lesið var upp úr henni hér af hv. þm. Gísla S. Einarssyni.

Í þriðja lagi í almennum athugasemdum mínum um þetta frv. spyr ég hæstv. félmrh.: Er það ekki augljóst mál að kostnaður fólks við að fara inn í íbúðir og út úr íbúðum er að hækka samkvæmt frv.? Mín rök eru þessi: Ég tek dæmi af lítilli íbúð sem kostar t.d. 5,5 millj. kr. eða svo. Mér sýnist að kostnaðurinn við að flytja í slíka íbúð í dag sé 57 þús. kr. en verði 135 þús. kr. og að kostnaðurinn við að flytja úr þeirri íbúð sé í dag 27.500 kr. en verði 110.000 kr.

Hæstv. félmrh. rakti nokkur dæmi um allt annað hér áðan þegar hann dró inn alls konar aðrar þætti sem ég sá ekki að kæmu málinu við. Og hæstv. félmrh. gekk svo ótrúlega langt að hann sagði: „Það þarf að borga 0,5% þegar flutt er í búðina og 0,5% þegar flutt er úr henni, og gaf í skyn að það væri í raun og veru samtals 1% sem menn væru þá að borga fyrir það að flytja í íbúðina og úr henni. Veruleikinn er þó annar og ég skora á hæstv. félmrh. að sanna það eða afsanna að það sé rétt sem ég fer hér með vegna þess að það verður að vera alveg skýrt. Ég sé ekki betur en að verið sé að stórhækka kostnað fólks sem fer inn í kerfið og líka þess fólks sem er að fara út úr kerfinu eins og reyndar hv. 13. þm. Reykv. hefur margsýnt fram á.

Í fjórða lagi ætlaði ég að nefna frelsið. Ég ætla að víkja fyrst að 31. gr. frv. sem takmarkar frelsið. Þar er farið yfir viðbótarlánin. Ég ætla að lesa upp úr greinargerðinni því að það er enn þá skýrara, með leyfi forseta:

„Greiðsla viðbótarláns er síðan skilyrt því að húsnæðisnefnd greiði framlag sitt í varasjóð."

Þegar um það er að ræða að sveitarstjórn greiðir ekki framlag sitt í varasjóð þá er það í raun svo að fólk á ekki rétt á þessum viðbótarlánum. Þau eru skilyrt. Þetta er frelsið.

Það er því rangt sem hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson segir og það er rangt sem hv. þm. Pétur Blöndal segir, að um það sé að ræða að menn geti valið sér íbúð hvar sem er og notað til þess þetta viðbótarlán. Það er rangt. Það er blekking og ég skora á hæstv. félmrh. að svara því hvort þetta er ekki nákvæmlega rétt skilið hjá mér eins og ég hef hér rakið það.

Hitt sem mér sýnist að takmarki frelsið líka eru ákvæði frv. um að ef mjög margar íbúðir koma til innlausnar og fleiri en sveitarfélagið með góðu móti ræður við þá geti það vísað þeim sem sækir um viðbótarlán á íbúð sem sveitarfélagið svo að segja situr uppi með vegna þess að það er verið að innleysa svo margar íbúðir.

Reykvíkingarnir sem hafa hlustað á ræður hæstv. félmrh. að undanförnu hafa margir upplifað þetta þannig, m.a. einn sem hafði samband við mig og sagði: „Já, nú er það þannig að nú get ég flutt úr íbúðinni í Bláhömrunum og farið í íbúð í Stórholtinu. Nú get ég valið um."

Veruleikinn er ekki svona. Veruleikinn er sá að vegna þess að verulegt flóð verður af innlausnarbeiðnum til að byrja með þá verður fólki áfram auðvitað vísað á verkamannabústaðakerfið eins og það hefur verið. Þarna er heldur ekki frelsi. (Gripið fram í.) Með öðrum orðum, herra forseti: Tilraunir félmrh. og skósveina hans til að láta líta þannig út að hér sé um að ræða frelsi, það er blekking. Það stenst ekki af því að það „frelsi" er skilyrt með þessum tveimur þáttum og fleirum.

Í fimmta lagi varðandi almennar athugasemdir mínar, herra forseti, ætla ég aðeins að víkja að varasjóðnum. Í 45. gr. er gert ráð fyrir að myndaður verði varasjóður sem hafi það hlutverk að bæta tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hver á varasjóðinn? Af hverju spyr ég að því? Ég spyr að því vegna þess að gert er ráð fyrir að þessi varasjóður eignist tryggingarsjóð sem hefur starfað til þess að svara ákveðnum vanda sem húsnæðiskerfið gæti lent í. Af hverju er ég að nefna þetta? Er þetta stórmál? Menn geta sagt sem svo að þetta sé ekki stórmál en ég segi: Þetta er dæmi um fljótfærnislegan frágang á frv. vegna þess að ekki eru tekin af öll tvímæli um hvernig með þetta mál skuli farið.

Með tilliti til þess að tíminn er því miður stuttur þá ætla ég ekki að fara fleiri orðum um þetta en víkja í sjötta lagi að hinu mikla valdi ráðherrans. Það er alveg ótrúlegt. Hafa hv. þm. gert sér grein fyrir því hvílíkt vald er sett í hendur ráðherrans? Gert er ráð fyrir því að hann geti skipað stjórn Íbúðalánasjóðsins, fimm aðalmenn og fimm varamenn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að hann skipi einn og eigin hendi líka undirbúningsnefndina, þrjá menn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að hann skipi einn og eigin hendi matsnefndina, þriggja manna. Og í fjórða og síðasta lagi er gert ráð fyrir því að hann skipi líka eigin hendi og án tilnefninga stjórn varasjóðsins. Hann er því þarna allt í kringum borðið. Ég geri ráð fyrir því að hann muni reyna að svara þessu þannig að þetta sé sniðið eftir bankafrv., ég ímynda mér það. Og þá verð ég að segja alveg eins og er að það er enn ein staðfestingin á því að allt félagslegt er rifið út úr þessu kerfi vegna þess að ef þetta er sniðið eftir einkabankafrumvörpunum þá eru menn hér með tillögu um að stofna einkabanka. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hann gengur svona langt í því að þjappa valdi saman á eigin hendi? Ég gæti reyndar nefnt fleiri dæmi um þetta í frv., þar sem reglugerðarvaldið er ótrúlega víðtækt. Það gæti ég sýnt fram á ef ég hefði til þess almennilegan tíma.

Ég vil í sjöunda lagi varðandi almenn atriði víkja að því sem lýtur að verkalýðshreyfingunni á nýjan leik. Sérstaklega að því að hún er tekin út úr húsnæðisnefndunum. Sveitarstjórn skipar húsnæðisnefnd að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndina skipa þrír til fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Hér er um ákaflega merkilegt atriði að ræða. Kannski er það ekkert nýtt að Framsfl. hefur aldrei sýnt verkalýðshreyfingunni neina sérstaka tillitssemi. Það hefur auðvitað oft komið honum í koll eins og t.d. vorið 1978. Það þurfa því engir að vera hissa á því að verið er að henda verkalýðshreyfingunni út eins og hér er gert ráð fyrir. En uppsetningin á málinu er auk þess ákaflega sérkennileg. Hér er gert ráð fyrir því að nefndina skipi þrír til fimm menn. Ef um er að ræða þrjá menn þá er líka gert ráð fyrir því að formaðurinn verði kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Ég vil því gjarnan bera fram þessa spurningu til hæstv. ráðherra: Sér hann það þannig fyrir sér að sveitarstjórnin kjósi í fyrsta lagi einn mann formann en í öðru lagi tvo menn í viðkomandi nefnd? Vald meiri hluta er því alveg óvenjulega mikið eins og það er sett fram hér í 13. gr.

Ég ætla að fjalla næst um 19. gr. og 30. gr., til að flýta fyrir. Í 19. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar."

Hvað þýðir „vegna hverrar fasteignar"? Hvað þýðir það, herra forseti og hæstv. ráðherra? Hvernig er þessi takmörkun sem þarna er gert ráð fyrir?

Ég spyr líka um 30. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, þar á meðal um skyldur fasteignasala til þess að veita upplýsingar um gengi húsbréfa."

Ég spyr: Hversu langt getur hæstv. ráðherra gengið í setningu þessarar reglugerðar um tiltölulega viðkvæma pappíra sem eru á markaði á hverjum tíma? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá upplýsingar um það vegna þess að reglugerðarvald sem hæstv. ráðherra fær samkvæmt frv. er óvenjulega víðtækt.

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þingmenn hafi lesið fskj. II á bls. 92 í frv., en þar er yfirlit yfir þau lög sem munu halda gildi sínu áfram þrátt fyrir ákvæði þessa frv. Ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju er þetta ekki sýnt hér í einni samfellu? Það er mjög óvenjulegt fúsk í uppsetningu mála sem fram kemur á bls. 92 og áfram í þessu frv.

Ég vil að síðustu að því er varðar almennar athugasemdir mínar, herra forseti, spyrja: Hvað þýðir yfirlýsing hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, í frv. á bls 101? Hvað þýðir hún? Hvað þýðir þessi yfirlýsing, herra forseti og hæstv. ráðherra, sem þar er á ferðinni? Ég spyr af því að ég þykist muna það sæmilega vel að þessi yfirlýsing er algjörlega einstök. Í öllum frv. eru kostnaðaráætlanir fjmrn. hafðar með. Þetta er ekki þannig. Þessi yfirlýsing er svo ótrúlega að hún á skilið að verða lesin. Hún er ekki löng. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Yfirlýsing fjármálaráðherra um samráð við félagsmálaráðherra um ákvarðanir er snerta vaxtabætur og fjárhæð þeirra.

Frumvarp til laga um húsnæðismál gerir ráð fyrir að horfið verði frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis í formi lána með niðurgreiddum vöxtum. Þess í stað verði farvegur fjárhagsaðstoðarinnar húsaleigubætur, sbr. ný lög frá því í desember sl., og vaxtabætur skattkerfisins, sbr. fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga.

Um leið og félagsleg fjárhagsaðstoð hins opinbera verður markvissari en áður er mikilvægt að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt við allar ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð. Hlutaðeigandi ráðuneyti munu því verða að hafa náið samstarf" — sín á milli — „um mögulegar breytingar á aðstoðinni í framtíðinni og fjármálaráðherra fullt samráð við félagsmálaráðherra um meðferð og ákvörðun vaxtabóta."

Undir þetta skrifa Friðrik Sophusson og ráðuneytisstjórinn í fjmrn., Magnús Pétursson.

Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hvað þessi yfirlýsing þýði. Er þetta ekki beint vantraust á félmrh. af hendi fjmrn.? Væri ekki eðlilegt að draga þá ályktun af þessu skjali að fjmrn. treysti ekki félmrn. til að fara með þessi mál og þurfi að lýsa því yfir í frv. sem hæstv. félmrh. flytur að honum sé ekki treystandi. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að skýra þetta og reyndar einnig að þessi umræða haldi ekki áfram án þess að fjmrh. leggi sitt til hennar. Hér er auðvitað um býsna mikil tíðindi að ræða þegar félmrh. telur sig nauðbeygðan til að taka inn sérstakan stimpil frá fjmrn. eins og ráð er fyrir gert í frv. Ég held því að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, áður en lengra er haldið, að hæstv. félmrh. svari skýrt spurningunni: Hvað á þetta að þýða? Af hverju er fjmrh. að lítillækka félmrh. með því að heimta að setja inn ákvæði af þessu tagi? Það er alveg óhjákvæmilegt að fá svör við því.

Síðan vildi ég, herra forseti, víkja aftur að 31. gr. frv. og benda á að tekjuviðmiðanir, eins og t.d. hafa verið í verkamannabústaðalögunum, hafa verið tiltölulega skýrar í lögunum. Menn geta sagt sem svo að það hafi verið vitlaust, flókið og erfitt. Það fyrirkomulag var auðvitað barn síns tíma og óhjákvæmilegt að hafa það eins og það var. Hér er gert ráð fyrir því að félmrh. setji reglugerð um öll skilyrðin. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig verður reglugerðin? Er hann tilbúinn til að sýna reglugerðardrög um 31. gr., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga setur ráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði lánveitinga skv. 1. mgr. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis."

Ráðherrann getur sem sagt einn ákveðið þessar viðmiðanir, þ.e. eignir, tekjur, fjölskyldustærð, íbúðastærð og gerð húsnæðis. Er þetta ekki óvenjulegt, herra forseti? Hefur það ekki verið þannig að um þetta hafi verið einhver lagafyrirmæli? Þannig var það a.m.k. þann tíma sem ég kunni þessi húsnæðislög nokkuð vel. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Mun hann sýna félmn. drög að reglugerðum um þetta frumvarp? Hér er auðvitað gert ráð fyrir þvílíku reglugerðarvaldi að það er engu lagi líkt. Það er skýrt aðeins nánar í greinargerð með 31. gr. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekið er fram að við setningu slíkrar reglugerðar skuli höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum og íbúðarstærð." Í raun og veru er þetta algerlega opið fyrir ráðherrann. Hann getur sett reglugerð og haft í henni hvaða viðmiðanir sem er, varðandi tekjur og eignastöðu þeirra heimila sem hér væri um að ræða og óskuðu eftir þessum svokölluðum viðbótarlánum. Það eru svo sem ekki mikil tíðindi vegna þess að þau eru þrengd svo mikið og lækkuð frá því sem menn hafa þó getað fengið í hinu félagslega íbúðakerfi.

Ég vil, herra forseti, nota þetta tækifæri til að mótmæla róginum um félagslega íbúðakerfið sem hér hefur verið í gangi. Það er óþolandi rógur. Menn hafa verið að halda hér endalausar ræður um að þetta sé flottræfilsháttur, dýrar íbúðir og svo flókið og mikið vesen að komast út úr þessu, allt sé niðurreiknað með frádráttum og fyrningarprósentum og guð veit hvað. Ráðherrann sjálfur segir helst aldrei annað en einmitt þetta um kerfið. Ég get alveg sagt það hér úr þessum ræðustól, herra forseti, þó að mér sé málið pínulítið skylt. Ég veit um fjölda fólks á Íslandi sem hefur átt ágætt líf í félagslegum íbúðum. Fjölmargir hafa átt betra líf í félagslegum íbúðum um áratuga skeið en þeir hefðu annars átt kost á. Ég veit að margir verða sviptir þeim möguleika, þeirri vonarglætu sem þrátt fyrir allt hefur verið til í hinu félagslega íbúðakerfi miðað við þær breytingar sem hér eru gerðar tillögur um.

Að lokum, herra forseti, skora ég á forsætisnefnd Alþingis að hafa samlestur á 51. gr. frv. og einkum greinargerðinni með því, bls. 70. Hæstv. forseti Alþingis gæti lesið greinina fyrir og hinir hlýtt á því að þar eru rakin ein 20–30 atriði sem á að setja reglugerðir um og hæstv. ráðherra getur haft eins og honum sýnist samkvæmt þeim texta sem þar liggur fyrir. Ég spyr löggjafarvaldið, forsetann og forsætisnefndina: Finnst mönnum svona vinnubrögð til fyrirmyndar? Hv. þm. Páli Pétursyni hefði ekki þótt það til fyrirmyndar áður en hann spilltist þarna uppi í Stjórnarráði.

[18:36]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki tíma til að svara nema fáu af þeim mörgu spurningum sem hv. þm. beindi til mín. Varðandi yfirlýsingu fjmrh. sem hann vitnaði til, þá er hún trygging fyrir mig sem félmrh. og félmrh. framtíðarinnar um að fjmrh. hafi við þá samráð um breytingu vaxtabóta. Tekjuskattslögin heyra undir fjmrh. eins og hv. þingmönnum er náttúrlega kunnugt. Þetta er trygging fyrir því að fjármálaráðherrar fari ekki í framtíðinni að krukka í vaxtabæturnar nema í fullu samráði við félmrh. Þessi yfirlýsing er sett þarna að beiðni minni vegna þess að vaxtabæturnar eru ákvarðaðar í öðrum lögum sem ekki heyra undir félmrh.

Sveitarfélögin eiga varasjóðinn. Þau hafa lagt stofnfé til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla sem rennur í varasjóðinn. Félagsaðstoðin er færð í vaxtabætur í hinu nýja kerfi. Sveitarfélögin er aldeilis ekki laus við skyldur í því kerfi. Þau eru ekki fríuð með þessari lagabreytingu. Þau eiga að leggja 5% af verði hverrar íbúðar í varasjóð og fá aukna skyldu til að uppfylla leiguíbúðaþörfina.

Varðandi stöðu félagslega eignaríbúðakerfisins, samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnum á minnisblaði, dagsettu í desember 1997, hafði ekki tekist að selja 450 félagslegar eignaríbúðir. Alls voru 333 félagslegar eignaríbúðir í leigu í desember sl. en 117 stóðu auðar. Þar af hefur 51 verið auð í 2–6 mánuði, 36 íbúðir í 6–12 mánuði og 30 íbúðir höfðu staðið auðar lengur en eitt ár.

[18:38]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru alveg ótrúleg tíðindi sem ráðherrann flytur um að 51 íbúð hafi staðið auð. Það er ekkert annað. Af hve mörgum? Vill ráðherrann upplýsa það? Hve mörg prósent? Hve mörg prómill? (Gripið fram í.) Þetta er bara áframhaldandi rógsverksmiðja um félagslega íbúðakerfið sem sjálfvirkt er sett á fullt um leið og hæstv. ráðherra reynir að svara hv. þingmönnum. Auðvitað er honum, miðað við sinn pólitíska bakgrunn, nokkur vorkunn að framkvæma pólitíska stefnu Sjálfstfl. í þessum málum. Hann þarf að grípa til óyndisúrræða, liggur mér við að segja, við að reyna að verja frv. með því að rægja núverandi kerfi.

Síðan bítur hann auðvitað höfuðið af skömminni með því að halda því fram að þessi gæðastimpill fjmrn. sé settur að hans beiðni. Það er nýtt ef menn eru þannig á sig komnir í félmrn. að þeir biðji um vöndinn úr fjmrn. Auðvitað er bersýnilegt að fjmrn. stendur á bak við þetta. En að menn biðji um að verða rassskelltir af fjmrn. er alger nýjung í sögu félmrn., það fullyrði ég.

[18:39]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú aldeilis ekki vöndur fyrir fjmrh. að brúka á félmrh. Það væri þá frekar öfugt. Þetta er trygging félmrh. á því að ekki verði hróflað við vaxtabótakerfinu nema að hans undirlagi og hann sé ábyrgur fyrir því.

Hv. þm. spurði hvað væri félagslegt eftir í frv. Hið félagslega í þessu frv. eða í þessari lagasetningu eru samtímagreiddar vaxtabætur, réttur til viðbótarlána til 40 ára, 40 ára húsbréf og greiðslumat miðað við það. Félagslega kerfið hefur hjálpað ýmsum. Samt er óánægja fyrir hendi og ég vitna bara til samþykktar sambandsstjórnar ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið sem ég hef ekki tíma til að lesa hér.

Hv. þm. spurði hvar rökin væru fyrir því að hraða afgreiðslu þessa máls. Rökin fyrir því eru þau að ef gildistaka á að vera um næstu áramót, þá þarf undirbúning að henni. Fyrir verður að liggja lagarammi áður en breytingin á sér stað og okkur veitir ekkert af þeim tíma. Það eru hagsmunir fólksins í landinu og sveitarfélaganna að draga þetta ekki í eitt ár til viðbótar.

Hv. þm. játaði það að hann þekkti ekki málið nógu vel. Ég vil því bjóða honum og þingflokki hans, ef þeir vilja, t.d. að fá til fundar ágæta sérfræðinga mína í þessum málum til þess að fara yfir frv. með þeim í góðu. Það stendur alveg hreint til boða.

[18:42]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst í kannski aðalatriðið við yfirlýsingu fjmrh. á bls. 101 vera að með því er hæstv. félmrh. að viðurkenna hve berskjaldað kerfið er. Allt sem heitir félagsleg viðspyrna hefur verið tekið út úr húsnæðiskerfinu eins og þetta frv. liggur fyrir. Viðbótarlánaákvæðin eru skilyrt í bak og fyrir þannig að það þýðir ekkert að bera þau fram sem rök fyrir því að eitthvað hangi inni af félagslegum sjónarmiðum.

Veruleikinn er sá að vaxtabótakerfið er hið eina sem hægt er að vísa á í þessu samhengi. Þar með er búið að gerbreyta kerfinu. Þar með er jafnframt rétt sem hér hefur verið sagt að í þessu frv. felst, ef það verður að lögum, hægri bylting í húsnæðismálum. Þarna á að innleiða samfellt einkavætt kerfi að öðru leyti en því að vísað er á vissa jöfnun í vaxtabótakerfinu. Það er aðalatriðið og varðandi það að hraða þurfi afgreiðslu málsins til þess að það taki gildi og verði að lögum um næstu áramót, þá er það misskilningur. Það væri mun betra að það tæki ekki gildi.

[18:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Af því að klukkan er nú að halla í sjö þá óska ég eftir að fá að vita hver áform forseta eru með fundarhald hér í dag.

**(Forseti** (StB)**:** Forseti getur svarað því hér vegna fyrirspurnar hv. þm. að gert hefur verið ráð fyrir því að gera fundarhlé kl. 19.30 og hefja fund að nýju kl. 20.30.)

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að ekki hefur verið gert samkomulag um kvöldfund í kvöld. Við höfum vitað um vilja stjórnarliða til þess. Það er mjög óvanalegt að halda áfram fram á kvöld í trássi við stjórnarandstöðuna. Dæmi um slíkt þekkjast frá lokarispum fyrir jól eða að vori en ekki á þessum tíma.

Ég vil að það komi fram, virðulegi forseti, af því að mikið hefur verið talað um að ljúka þurfi þessu máli vegna félagsmálanefndarfundar sem á hefjast í fyrramálið, að ljóst er að atkvæðagreiðsla verður ekki um þetta mál í dag.

Fyrirhugað er að félmn. hafi fund í hádeginu á miðvikudag vegna þess að hún er í önnum. Þar eru önnur stór álitamál frá félmrh. til athugunar. Ég hlýt að spyrja forseta hvernig

standi á því að grípa á til þeirra óvanalegu vinnubragða að hafa kvöldfund á mánudagskvöldi í stað þess að sjá til hvernig mál ganga á morgun og eiga þá til góða að hafa kvöldfund annað kvöld, ef á þarf að halda. Það er viðurkennt vinnulag í þinginu að langir dagar og kvöldfundir eru hafðir á þriðjudögum og fimmtudögum. Ég geri ákveðna athugasemd við að hér eigi að tala fram til 19.30 og halda síðan áfram kl. 20.30.

[18:45]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti telur að það eigi ekki að koma hv. þm. á óvart að leitast sé við að ljúka þessari umræðu, svo margir hv. þm. sem eru nú á mælendaskrá. Og það er ekkert óvenjulegt að til þess séu notaðir kvöldfundir, ekki síst þegar um eins langa mælendaskrá er að ræða og raun ber vitni núna. Gert hafði verið ráð fyrir því að forseti þingsins næði að koma á fundi fyrir kvöldmat með formönnum þingflokka en vegna sérstakra aðstæðna hefur forseti verið upptekinn við annað en ég vona að af því geti orðið sem allra fyrst.

[18:46]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vísa til þeirra umræðna sem urðu hér fyrr í dag um fundarhaldið og óska okkar í stjórnarandstöðunni um að sem allra fyrst yrði skotið á fundi forustumanna þingflokka og forseta til að reyna að ná einhverju samkomulagi um tilhögun fundarhaldsins og málsmeðferðina hér. Þá er ég að sjálfsögðu að vísa til bæði þess frv. sem er á dagskrá og eins frv. hæstv. fjmrh. og fjarveru hæstv. fjmrh. Því að vísu sást hæstv. forsrh. hér í mýflugumynd og tilkynnti að hann væri starfandi sem fjmrh. en það var greinilegt að hann þurfti að bera sig saman við félmrh. um hlutina áður en hann gat svarað hér að svo miklu leyti sem það voru svör. Allar aðstæður í þessu máli eru þannig, herra forseti, að það eru fullkomin rök fyrir því að knýja ekki áfram þessa umræðu af mikilli hörku. Ég tel reyndar að við höfum sýnt því umburðarlyndi að þessi umræða héldi áfram þrátt fyrir óskir okkar í dag um að þá yrði gert hlé á fundi, hafandi heyrt rök forseta sem þá sat á forsetastóli og óskir hans um að menn létu gott heita að umræðan héldi áfram enn um sinn, eins og það var þá orðað. Það „enn um sinn" er orðið býsna langt, nú er klukkan að verða sjö. Ég held að það væri mjög hæfilegt í ljósi allra þessara kringumstæðna að gera nú hlé og hafa kvöldmatarhlé af venjulegri lengd, í eina og hálfa klukkustund, þannig að fundinum yrði í öllu falli ekki haldið áfram fyrr en kl. hálfníu, án þess að ég sé þó þar með að skrifa upp á það að hér verði kvöldfundur með óreglulegum hætti eða umfram það sem venja er, því um slíkt hefur ekki verið gert neitt samkomulag. Mér fyndist því hyggilegt af hæstv. forseta að halda a.m.k. ekki lengur áfram hér í ágreiningi með fundarhaldið og verða við sanngjörnum tilmælum okkar um að gera nú hlé á þessari umræðu.

[18:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér kemur verulega á óvart yfirlýsing forseta úr ræðustól þar sem forseti segir að halda skuli áfram fundi til klukkan hálfátta og síðan að hefja fund að nýju klukkan hálfníu. Ég vil minna á að það komu fram óskir fyrir þremur klst. síðan um að fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og óskað var eftir því að fundi yrði frestað. Forseti sem þá var í forsetastóli sagði að hann mundi beita sér fyrir því að haldinn yrði fundur fyrir kvöldmatarhlé til þess að ræða óskir stjórnarandstöðunnar. Ég minni á að það liggja bæði fyrir óskir um að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna og óskir stjórnarandstöðunnar um að fundinum verði ekki haldið áfram í kvöld. Engu að síður lýsir hæstv. forseti því yfir úr ræðustól, án þess að fundur hafi verið haldinn með forsetum til þess að fjalla um óskir stjórnarandstöðunnar, m.a. um að hafa ekki fund í kvöld og að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur, að það verði haldinn fundur klukkan hálfníu og það án þess að fundur með forsetunum hafi verið haldinn. Ég vil líka minna á að ef það er meiningin og það verður niðurstaðan að halda okkur hér á fundi langt inn í nóttina, þá er það sanngjörn krafa af okkar hálfu, sem sitjum alla þessa umræðu og höfum verið að síðan snemma í morgun, að forseti fresti nú fundi þar til fundur forseta hefur verið haldinn, þannig að við fáum a.m.k. eins og hálfs tíma matarhlé til að búa okkur undir langar umræður sem standa inn í nóttina, ef það verður ekki orðið við óskum stjórnarandstöðunnar um að það verði ekki kvöldfundur og ég tala nú ekki um óskir stjórnarandstöðunnar um að umræðunum verði ekki haldið áfram nema hæstv. fjmrh. sé viðstaddur.

[18:50]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill upplýsa það að hv. 1. þm. Reykn. er nú í sínu kjördæmi eins og forseti nefndi, af sérstökum ástæðum, ekki sem þingmaður heldur sem forseti Alþingis. Hann er væntanlegur í þinghúsið á ný um klukkan hálfátta, þannig að ekki verður hægt að koma á fundi með forseta þingsins fyrr en á þeim tíma. Forseti vill því biðja hv. þingmenn að taka tillit til þessara aðstæðna sem uppi eru og að nýttur verði sá tími sem gert var ráð fyrir að yrði fyrir hlé.

[18:51]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta að hann kanni það hvort ekki sé skynsamlegt í nafni góðrar samvinnu að fresta þessum fundi núna til klukkan hálfníu. Ég held að það væri skynsamlegast að gera það. Ég held að það detti ekki gullhringirnir af ríkisstjórninni þó að það gerist að við hinkrum fram yfir kvöldmatinn og tökum okkur tíma til að ræða saman því að ég vek athygli á því að þetta er fyrsti þingdagurinn í vetur þar sem ekkert samkomulag er um þinghaldið. Það hefur verið samkomulag um þinghaldið í allan vetur. Þetta er í fyrsta sinn sem það gerist að ekkert samkomulag sé um þinghaldið.

Það er ekkert skynsamlegt að hafa það þannig og ég segi það vegna þess að ég veit að það er hægt að ná samkomulagi um hlutina ef lögð er vinna í það. En hæstv. forseti Alþingis hefur kannað það og það hefur reynst erfitt, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin vill knýja fram sín mál en ég held að það væri skynsamlegt að menn reyndu að þróa samkomulagsniðurstöðu í þessum málum frekar en að vera að nudda þessu áfram með þurrafrekju fram eftir kvöldi algjörlega að óþörfu.

[18:52]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Já, það hefur þróast mjög gott samkomulag á milli þingflokksformanna og forseta og það hefur verið vilji þessara aðila að fá nýja og breytta ásýnd á þingið og þinghaldið. Það hefur tekist mjög gott samstarf og það hefur breytt mjög miklu. Þess vegna er það svo að þegar svona dagur kemur og við heyrum stjórnarliðana segja að það sé nú allt í lagi að hafa eins og einn kvöldfund, það sé nú ekki orðið mikið um þá, þá er það engin tilviljun. Það

er vegna þess að það hefur tekist gott samstarf um þingið, vinnubrögð í þinginu, ræðutíma í þinginu og afgreiðslu þingmála. Og það er þess vegna sem kvöldfundir eru færri og öðruvísi bragur yfir þinginu en oft áður.

Því miður er það að gerast núna að þetta samkomulag er í uppnámi, m.a. vegna þess að það er greinilegt að forseti er undir þrýstingi af hálfu ríkisstjórnar að keyra áfram mál sem ráðherrarnir vilja endilega fá til nefndar og með von um að þau mál verði að lögum á þessu vori, þó að á sama tíma óski hinir sömu ráðherrar þess að þinginu ljúki eftir fimm, sex vikur eða 22. apríl. Þetta er það sem blasir við og fullt af stórum verkefnum í nefndunum. Þess vegna harma ég það, virðulegi forseti, að það skuli hafa gerst að forseti vor hafi þurft að fara sinna erinda í kjördæmið, og við vitum hvaða verkefni það er, án þess að ganga frá því hvernig haldið verður áfram hér í dag og kvöld. Honum er fullkunnugt um það að áform um að vera með kvöldfund eru í ósætti við þingflokksformenn og það er engan veginn í lagi að halda áfram hér eins og ekkert hafi í skorist til hálfátta, vegna þess að það er líka eiginlega brot á þeim hefðum þegar eru kvöldfundir, sem oftast nær eru þá þannig að það er gert hlé frá sjö til hálfníu. Ég er mjög ósátt að heyra að hér eigi bara að láta eins og ekkert hafi í skorist og eins og hér sé bara óþægileg stjórnarandstaða með múður. Það er ekki þannig. Við höfum lagt mikla áherslu á fagleg vinnubrögð, góða ásýnd, gott samkomulag og sérstaklega gott samstarf við forseta.

[18:55]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna orða hv. 5. þm. Reykn. vill forseti ítreka það sem hann sagði fyrr að öllum formönnum þingflokka átti að vera ljóst að gert væri ráð fyrir því að hér yrði fundur í kvöld þannig að það á ekki að koma nokkrum hv. þm. á óvart.

En í ljósi þeirra óska sem hafa komið fram og í trausti þess að gott samkomulag geti orðið um framhaldið hefur forseti hugsað sér að gera hlé fyrr en ákveðið hafði verið og fresta þessum fundi til klukkan hálfníu.

[Fundarhlé. — 18:56]

[20:31]

**Útbýting þingskjals:**

PCB og önnur þrávirk lífræn efni, 535. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 919.

[20:31]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við höfum í tvo heila og langa daga fjallað um frv. til laga um húsnæðismál sem hæstv. félmrh. mælti fyrir í síðustu viku. Það er ekki hægt að segja annað en að hér hafi verið deilt og mörg þung orð hafi fallið um þetta mál. Það þarf kannski ekki að koma mönnum svo á óvart því hæstv. félmrh. leggur fram á Alþingi frv. til laga um húsnæðismál þar sem húsnæðiskerfinu er gjörbylt án þess að eðlilegt samráð hafi verið haft við samtök launþega í landinu. Við höfum vanist þeim vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar og þannig hafa þau verið allt frá fyrstu dögum hennar.

Vegna orða sem hér hafa fallið í dag um samráð við launþegasamtökin, þá kemur það fram í fundargerðum ASÍ, sem eru opinberar, að ASÍ hafi komið mjög seint að vinnslu frv. þannig að það er ekki alls kostar rétt sem kom fram í máli hæstv. félmrh. að eðlilegt samráð hafi verið haft við þessi stærstu launþegasamtök í landinu.

Virðulegi forseti. Öryggi í húsnæðismálum og lágur húsnæðiskostnaður er grundvöllurinn að velferð launafólks. Allt frá því fyrstu verkamannabústaðirnir risu og fram á þennan dag hefur húsnæðislánakerfið verið að þróast og breytast í takt við breyttar forsendur í þjóðfélaginu. Það er ekki óeðlilegt að breyta því sem færa má til betri vegar og vissulega hafa verið nokkrir hnökrar á núverandi fyrirkomulagi og hafa t.d. samtök launþega bent á ákveðnar leiðir til endurbóta á kerfinu. En ég held að það sé einsdæmi að á málum sé haldið með þeim hætti sem hér hefur verið gert, að hunsa svo gjörsamlega þá sem málið varðar hvað mest, og á ég þá við eins og ég hef sagt áður, herra forseti, launþegasamtökin í landinu, samtök aldraða, samtök fatlaðra, samtök námsmanna og leigjenda, svo þau helstu sem mestra hagsmuna hafa að gæta fyrir sína umbjóðendur séu upp talin og sem hafa átt þess kost fram að þessu að byggja húsnæði fyrir félagsmenn sína í gegnum félagslega húsnæðislánakerfið. Herra forseti, ég treysti því að hæstv. félmrh. sé ekki langt undan.

(**Forseti** (GÁS): Forseti gerir það líka.)

(**Félmrh.**: Hann er hér.) Vegna þeirrar neikvæðu umræðu og umfjöllunar og neikvæðu ummæla sem hafa fallið hér í dag um félagslega húsnæðislánakerfið, m.a. af hv. þm. Pétri H. Blöndal, fæ ég ekki orða bundist og vil endilega koma þeim skilaboðum til hv. þm. að fyrir fólk sem hefur búið í íbúðum sem það hefur eignast í gegnum félagslega íbúðalánakerfið, verkamannabústaðakerfið, hefur það ekki verið nein skömm. Þvert á móti vil ég taka undir orð hæstv. félmrh. þar sem hann segir að þetta hafi verið eins og happdrættisvinningur fyrir láglaunafólk í landinu. Ég er honum hjartanlega sammála. Ég tek undir þau orð heils hugar og vildi óska að þessu happdrætti yrði haldið eitthvað áfram, en nú virðist verða breyting þar á.

Hverjar eru svo meginlínurnar í frv. hæstv. félmrh.? Við getum byrjað á að staldra við þá staðreynd að Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður og við tekur Íbúðalánasjóður með sameiningu á Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins. Íbúðalánasjóðurinn er sennilega hugsaður sem ný bankastofnun, e.t.v. eitthvað í líkingu við norska Husbanken, eins og nafngiftin ber með sér, en þar með lýkur samlíkingunni að mínu mati, herra forseti. Þessi sjóður á að standa undir sér með eigin tekjum og vöxtum án ríkisframlaga af nokkru tagi. Hér verða markaðslögmálin greinilega látin ráða ferðinni. Og þá spyr ég, herra forseti: Hvar eru hugtök eins og jöfnuður og félagslegt réttlæti þegar þetta frv. er skoðað? Allri félagslegri aðstoð verður nú beint í gegnum vaxtabótakerfið í stað þess að greiða niður vexti til þeirra sem verst eru settir félagslega. Í fskj. III með frv. er að finna yfirlýsingu fjmrh. um samráð við félmrh. um ákvarðanir er snerta vaxtabætur og fjárhæð þeirra. Þar segir m.a. með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um húsnæðismál gerir ráð fyrir að horfið verði frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis í formi lána með niðurgreiddum vöxtum. Þess í stað verði farvegur fjárhagsaðstoðarinnar húsaleigubætur, sbr. ný lög frá því í desember sl., og vaxtabætur skattkerfisins, sbr. fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga.

Um leið og félagsleg fjárhagsaðstoð hins opinbera verður markvissari en áður er mikilvægt að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt við allar ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð. Hlutaðeigandi ráðuneyti munu því verða að hafa náið samstarf um mögulegar breytingar á

aðstoðinni í framtíðinni og fjármálaráðherra fullt samráð við félagsmálaráðherra um meðferð og ákvörðun vaxtabóta."

Hér er þetta sagt mjög skýrt. Það er verið að hverfa frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis. Vaxtabótakerfið nær auðvitað ekki til allra þeirra hópa fólks sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda vegna húsnæðismála. Ef eitthvað er að marka þessa yfirlýsingu fjmrh. um að fyllsta samræmis skuli gætt varðandi ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð væri ekki óeðlilegt að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því t.d. að hætt verði að skattleggja húsaleigubætur láglaunafólks. En til hvers að breyta kerfi og gjörbylta því sem flestir hafa verið sammála um að þyrfti aðeins smálagfæringa við?

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vitna í ályktanir frá ársfundi landssamtaka húsnæðisnefnda frá árinu 1997 þar sem fundurinn ályktar um endurskoðun laga um félagslega íbúðalánakerfið. Þessi fundur var haldinn 31. október sl. og ályktar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun laga um félagslegar íbúðir verði haft að leiðarljósi sem meginmarkmið nýrra laga að útvega láglaunafólki gott og öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Ársfundurinn bendir á að allar sveiflur og kollsteypur í löggjöf um húsnæðismál eru óæskilegar og varhugaverðar og vanda þarf því vel til undirbúnings lagabreytinga og grandskoða afleiðingar þeirra.

Núverandi löggjöf um félagslegt eignaríbúðarhúsnæði hefur reynst allvel í stærstu þéttbýlisstöðum landsins, þó svo að á einstökum stöðum á landsbyggðinni hafi reynst erfitt að selja félagslegt íbúðarhúsnæði. Ársfundurinn vekur athygli á að á milli 85 og 90% af öllum félagslegum eignaríbúðum ganga eðlilega kaupum og sölum og hafa reynst aðgengilegur íbúðarkostur. Af um 10 þús. eignaríbúðum hefur sveitarfélögum aðeins reynst erfitt að ráðstafa 500 íbúðum, en orsakir þess má fyrst og fremst rekja til ófullnægjandi atvinnuframboðs á viðkomandi stöðum. Ársfundur húsnæðisnefnda leggur því ríka áherslu á það að við endurskoðun laga verði unnið að endurbótum á núverandi húsnæðiskerfi og það verði gert aðgengilegra og einfaldara og við þá endurskoðun verði haft náið samráð við landssamtök húsnæðisnefnda."

Að þessari tilvísun sagðri vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvað honum finnist um þessa ályktun landssamtaka húsnæðisnefnda og hvort eðlilegt samráð við þessar nefndir hafi verið viðhaft við gerð frv.

Herra forseti. Ég vil aðeins í nokkrum orðum staldra við helstu efnisatriði frv. Það hefur vissulega verið gert margsinnis í þessum þingsal í umfjöllun um frv. hæstv. félmrh. en það er ekki vanþörf á að endurtaka þau atriði oft svo þau skiljist.

Eins og komið hefur fram verður Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður og við tekur Íbúðalánasjóður með sameiningu Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Athygli vekur að ýmis ákvæði hlutafélagalaga eru tekin upp varðandi starfrækslu sjóðsins. Þessi nýi sjóður ber öll einkenni nýrrar bankastofnunar enda er það tiltekið að hann eigi að standa undir sér með eigin tekjum og vöxtum án ríkisframlaga.

Herra forseti. Það virðist sem þetta frv. sé í einu og öllu sniðið að þörfum sveitarfélaga og nánast allar skyldur af þeim teknar, eins og kaupskyldan, forkaupsréttur, 3,5% óendurkræft framlag af heildarbyggingarkostnaði sem sveitarfélögin hafa hingað til greitt af heildarupphæð. Þá vekur líka athygli að ef sveitarfélag þarf að selja íbúð á lægra verði en innkaupsverði virðist það vera tryggt gegnum varasjóð, en eigandi félagslegrar íbúðar sem selur á almennum markaði ber sjálfur ábyrgð á hugsanlegu tapi. Félagslega eignaríbúðakerfinu verður lokað en við taka beinar lánveitingar til einstaklinga úr hinum nýja Íbúðalánasjóði. Um er að ræða 65–70% húsbréfalán og 20–25% viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði sem á að vera með sveigjanlegum vöxtum. Allir útreikningar með frv. sýna þó að það lán verður einnig með markaðsvöxtum, enda á hinn nýi sjóður að standa undir sér með tekjum af eigin fé og vöxtum. Ég spyr því hæstv. félmrh.: Er í raun ekki verið að taka upp húsbréfalán sem eru í engu frábrugðin almenna lánakerfinu?

Ég hef áður komið inn á það og vikið máli mínu að því að nú á að setja alla félagslega aðstoð í gegnum vaxtabótakerfið án þess að málefni þeirra sem þar munu ekki njóta fyrirgreiðslu hafi á nokkurn hátt verið leyst.

Það sem líka vekur athygli, herra forseti, í þessu frv. er að framlag sveitarfélaganna verður sem nemur 5% af viðbótarláninu og þessi 5% fara í varasjóð til að mæta útlánatöpum. Ef sveitarfélag velur hins vegar að greiða ekki þessi 5% og það er svo sem ekkert sem skuldbindur sveitarfélögin til þess að gera það, fá íbúar þessa sveitarfélags engin félagsleg lán.

Það hefur líka vakið athygli að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar sem má segja að séu höfundar að okkar félagslega húsnæðislánakerfi, fara út úr húsnæðisnefndum. Þar verða aðeins pólitískt skipaðir fulltrúar. Húsnæðisnefndirnar hafa fram að þessu séð um greiðslumat fyrir einstaklinga en nú munu bankar sjá um það þannig að mat bankanna ræður því hvort einstaklingar eiga rétt á viðbótarláni. Við þetta bætist svo, herra forseti, að ýmis ný gjaldtaka lítur þarna dagsins ljós, m.a. söluþóknun til fasteignasala og gjaldtaka fyrir þjónustu húsnæðisnefnda og fleira og fleira í þeim dúr.

Ég dreg ekki í efa að einhver bragarbót hljóti að vera að þessu frv. þó að ég komi kannski ekki auga á hana svona í fljótu bragði en ég vil aftur víkja máli mínu að þeim hópum sem ég tel að komi til með að standa þarna utan dyra.

Herra forseti. Ég vil áður en ég held lengra fá að vitna, með leyfi forseta, í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar frá því 1995 um það hver séu markmið félagslega íbúðalánakerfisins og hvernig stjórnvöld geti notað það sem stjórntæki til jöfnuðar og félagslegs réttlætis. Í skýrslunni er sjónum beint að opinberum og félagslegum leiguíbúðum og því hlutverki sem slíkar íbúðir gegna sem stjórntæki í húsnæðismálum gagnvart þeim þjóðfélagshópum sem eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu. Við hvað er átt þegar talað er um hópa sem eiga undir högg að sækja? Hvað húsnæðistengda þætti varðar einkennast slíkir hópar af því að margir í hópnum hafa af efnahagslegum, félagslegum, líkamlegum eða andlegum ástæðum þörf fyrir opinberan stuðning við að koma undir sig fótunum á húsnæðismarkaðinum til þess að viðhalda ásættanlegri húsnæðisstöðu eða betrumbæta húsnæðisstöðu sem telja má alls óviðunandi. Þessir hópar þar sem margir eiga við húsnæðisvandamál að stríða geta átt í þeim tímabundið eða varanlega. Þegar við tölum um hópa sem eiga jafnvel við tímabundið húsnæðisvandamál að stríða má nefna ungt fólk sem er að koma undir sig fótunum í húsnæðismálum, ungt fólk sem er að mennta sig, einstæða foreldra, atvinnulausa til langs tíma svo og fjölskyldur sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Kjarni vandamála af þessari gerð er auðvitað slök greiðslugeta, lágar tekjur, tekjumissir, lítið fé, litlir lánamöguleikar og/eða skulda- og greiðsluvandamál.

Aðrir hópar sem ég hef reyndar aðeins vikið að eiga við viðvarandi húsnæðisvandamál að stríða og geta ekki og verða ekki gjaldgengir í þessu nýja húsnæðislánakerfi hæstv. félmrh. ef ég hef lesið frv. rétt. Hér er um að ræða marga lífeyrisþega, fólk sem nýtur eingöngu greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins sér til lífsviðurværis. Þetta eru oft líkamlega eða andlega fatlaðir. Þetta geta verið nýbúar og flóttamenn og húsnæðisvandamál þessara hópa eru varanleg og varanlegri og auk þess fela þau í sér efnahagslega þætti sem erfitt verður að ráða við nema með stórfelldum og öflugum stuðningi frá hinu opinbera.

Virðulegi forseti. Það hefur verið aðalsmerki íslenska velferðarkerfisins fram að þessu að tryggja þeim hópum sem ég hef talið hér upp góð og mannsæmandi búsetuskilyrði. Við höfum fram að þessu verið í hópi þeirra nágrannaþjóða okkar sem hafa markað stefnuna með því að greiða niður lán og vexti eða greiða styrki til þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. En núna erum við að skera okkur úr hvað þetta varðar.

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. veki margar áleitnar spurningar um áform hæstv. félmrh. og vil ég aðeins varpa ljósi á þær helstar sem í huga mér koma. Það er sýnt að með þessu frv. er þrengt verulega að ýmsum félagasamtökum sem hafa byggt húsnæði á félagslegum grundvelli. Má þar nefna samtök á borð við Félagsstofnun stúdenta, Félag framhaldsskólanema, Félag eldri borgara og samtök öryrkja eins og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þau atriði sem helst munu þrengja hag þessara hópa sem hingað til hafa átt þess kost að leigja á þokkalegum kjörum hjá sínum félagasamtökum, þau atriði sem helst munu vega þungt og gera það erfitt fyrir þessa hópa að leigja mannsæmandi húsnæði eins og þeir hafa átt kost á hingað til, er í fyrsta lagi það sem snýr að því að húsaleigan mun ójákvæmilega hækka nú þegar ekki verður lögð sú kvöð á sveitarfélögin að standa við framlag um 3,5% af heildaríbúðaverði eins og hefur verið við lýði fram til þessa. Auk þess verður lagt á stimpilgjald sem líka mun hækka húsaleigu umræddra hópa þannig að í heildina mun húsaleiga bara af þessum sökum hækka um a.m.k. 5%. Og fyrir fólk sem lifir á tæpum 60 þús. kr. á mánuði og hefur fram til þessa greitt um helming af tekjum sínum í húsnæðiskostnað er þetta þungur baggi að bera.

Hingað til hafa félagasamtök átt kost á því að fá framkvæmdalán frá Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að fjármagna framkvæmdir á byggingartíma. Þetta fellur niður núna og ekki verður annað séð en þessum félagasamtökum verði vísað inn í almenna bankakerfið á þeim kjörum sem þar eru í boði.

Vaxtamálin eru algerlega opin bók í þessu frv. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvernig getum við vænst þess að hægt verði að krefja hópa öryrkja sem hafa verið í þessu kerfi um húsaleigu? Hvernig hyggst hæstv. félmrh. ráðleggja félagasamtökum að standa að því? Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hver hans stefna er í húsnæðismálum þessara hópa. Það urðu þáttaskil þegar félagasamtök fatlaðra gátu byggt á félagslegum grundvelli til þess að bjóða sínum umbjóðendum húsnæði á sama hátt og á svipuðum kjörum og aðrir hafa notið í þjóðfélaginu. Mér sýnist að í þessu frv. sé verið að hverfa frá þessari stefnu. Hverjar verða afleiðingar þess? Ég þori varla, herra forseti, að spá í það. En það vekur óneitanlega athygli að í öllum útreikningum sem fylgja með frv. er hvergi miðað við tekjumörk undir 80 þús. kr. og því finnst mér ástæða til þess að spyrja hæstv. félmrh. hvað hann hyggist gera í málefnum þeirra hópa sem ég hef gert að umtalsefni. Ég ber satt að segja kvíðboga fyrir framtíð þeirra og þeirra húsnæðismálum og ég velti fyrir mér hversu lítið er lagt að sveitarfélögunum að standa við skyldu sína gagnvart þessum hópum. Erum við kannski að komast í þann farveg, hæstv. forseti, að sveitarfélög geti þegar fram líða stundir valið og hafnað íbúum á grundvelli fötlunar eða annarra félagslegra vandamála sem sveitarfélögin gætu litið á sem stóran bagga á fjárhag þeirra? Er það hugsanlegt, herra forseti, að með þessum ráðstöfunum sé verið að koma í veg fyrir jöfnuð þessara hópa sem við höfum þó reynt að standa vörð um fram til þessa?

Þá vaknar næsta spurning sem ég vil leggja fyrir hæstv. félmrh. Gæti þetta frv. orðið til þess að hér skapaðist stórfelld félagsleg samþjöppun hópa sem standa höllum fæti á ákveðin tiltekin svæði í landinu vegna þess að önnur sveitarfélög geta svarið af sér þessa ábyrgð? Eða kannski það sem ég óttast allra mest: Kallar þessi ráðstöfun í húsnæðismálum þessara hópa á nýja uppbyggingu á stofnunum fyrir þá? Það væri vissulega afturhvarf til fortíðar og ég vona að hæstv. félmrh. geti róað mig í þessum efnum og sagt mér hvernig hann ætli að standa vörð um hag þessa fólks. Góð orð og góð loforð eru ekki nóg. Þessir hópar hafa reynslu af því að það dugar þeim skammt. Í þessu frv. þarf að koma fram, hæstv. forseti, hvernig hæstv. félmrh. ætlar sér að leysa framtíðarbúsetumál þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu, þeirra sem eru undir 80 þús. kr. tekjumarkinu en eiga að sjálfsögðu rétt á húsnæði að sömu gæðum og aðrir í samfélaginu.

Ég fer að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég vil þó aðeins að lokum benda á að margir gallar eru á frv. Það vantar samræmingu á milli greina sem væri mjög brýnt að laga. Þessir hnökrar sýna að það hefur kannski verið kastað um of til höndum við samningu frv. Ég vil taka undir orð sem hafa fallið í þingsölum í dag og á föstudaginn og hvetja hæstv. félmrh. til að láta vinna frv. betur og hafa við það samráð við öll þau félagasamtök sem málið varðar og hafa brýnna hagsmuna að gæta í húsnæðismálum sinna umbjóðenda.

[20:58]

**Útbýting þingskjala:**

Geðheilbrigðismál barna og unglinga, 525. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 901.

Vímuefnameðferð barna og unglinga, 533. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 912.

[20:59]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Á umliðnum dögum hef ég verið að velta því eilítið fyrir mér hvað það væri eiginlega í þessari umræðu sem ég þekkti frá því áður. Það var svo margt kunnuglegt í þeim megináherslum sem menn hafa hér réttilega hamrað á. Síðan rann upp fyrir mér ljós í dag.

Það eru rétt tvö ár síðan við stóðum í mjög svipuðum sporum, 23. mars 1996 og ég hygg að það hafi einmitt verið að kvöldlagi sem sá sem þetta talar átti orðastað við hæstv. félmrh. um mál af öðrum toga en þó náskylt. Þá vorum við að ræða hér vinnulöggjöfina. Það er svo skrýtið að aðdragandi þessa máls og þess máls er mjög svipaður, umbúnaður þess er mjög líkur. Hin skefjalausa árás á þau félagslegu réttindi sem verkafólk hefur unnið að og náð fram á löngum tíma er hér barin niður á svipstundu, á nokkrum vikum eða mánuðum, og ekki var haft svo mikið við að eiga orðastað

við verkalýðshreyfinguna um framgang þeirra mála, hvað þá stjórnarandstöðuna. Þannig að í fyrsta lagi er ekkert samráð um vinnulöggjöf, ekkert samráð um það að gera breytingar og ekki breytingar heldur nánast að leggja af félagslega íbúðakerfið. Ekkert samráð við þá aðila sem byggðu það upp og hafa verið að endurbæta það stig af stigi í heil 70 ár. Nei, í þessu máli eins og hinu er þessu frv. um afnám félagslegra íbúðarbygginga á Íslandi, um afnám félagslega kerfisins í húsnæðismálum, kýlt inn í þingið með látum, eins og sprengju af himnum ofan, og nákvæmlega var eins háttað um „framtak" hæstv. félmrh. í vinnulöggjafarmálum. Þá var kýlt inn í þingið í marsmánuði 1996 frv. sem smíðað var af kontóristum hér og þar í kerfinu en algerlega án atbeina verkalýðshreyfingarinnar sem þó þá, eins og raunar nú, hafði lýst sig vera til viðræðu og viðtals um ákveðnar endurbætur og lagfæringar á löggjöfinni um réttindi og skyldur almenns verkafólks og launafólks í landinu. Og alveg eins og nú hefur verkalýðshreyfingin lýst vilja sínum til að eiga orðastað við yfirvöld um ákveðnar endurbætur, lagfæringar, ákveðinn sveigjanleika í ljósi breyttra tíma á þeirri löggjöf sem gilt hefur um félagslegar íbúðarbyggingar á Íslandi. En núna eins og þá er skellt við skollaeyrum. Það er ekki hlustað heldur ætt áfram eins og fíllinn og undir sig settur hausinn og menn ætla að klára málið í krafti stórs þingmeirihluta. Og nú, alveg eins og í mars 1996, stendur hæstv. félmrh. meira og minna einn vitandi auðvitað um að stór og þykkur þingmeirihluti mun sennilega, þegar kemur að því að afgreiða þetta mál, lúta höfði og ganga frá málinu, afgreiða það með þeim hætti sem hæstv. félmrh. eða íhaldið vill hafa það. Og nú, alveg eins og þá, munu þeir framsóknarmenn, sem margir hverjir hafa trúað fram undir það síðasta að mundu standa í ístaðinu, standa gegn þessari hægri árás á velferðina í landinu koma til bjargar því litla sem eftir er af Framsfl. þegar hinar félagslegu áherslur eru annars vegar.

En ég rifja það upp, virðulegi forseti, að menn á borð við hv. þm. Guðna Ágústsson, hv. þm. Stefán Guðmundsson og ýmsa aðra þingmenn, sem á árum áður og í gegnum árin hafa lýst yfir og sýnt fram á að þeir ganga fyrir félagslegum áherslum og vilja þau atriði ofarlega í málflutningi og verklagi Framsfl., þeir guggnuðu fyrir tveimur árum, eins og ég hafði spáð fyrir um og ég hlýt að taka mið af því nú og segja sem svo að það stefni kannski margt í að þeir geri það aftur núna. (**RG:** Framsfl. hefur ekki sést hér í dag.) Framsfl. hefur ekki sést hér og ég hef ákveðinn skilning á því. Þeim finnst ekkert skemmtilegt hlutskipti að þurfa að elta hæstv. félmrh. í þessum dansi sínum við íhaldið. (Gripið fram í.) Ég trúði því satt að segja, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. hefði ætlað sér að láta staðar numið í dekri sínu við íhaldið, í dekri sínu við hæstv. fjmrh. Því það þekki ég af eigin reynslu að hæstv. fjmrh. hefur dreymt það um langt árabil að gera breytingar á vinnulöggjöfinni og gera breytingar á hinu félagslega íbúðakerfi. Og nú dregur hæstv. félmrh. vagninn fyrir þennan hæstv. fjmrh. sem á árum áður ræddi mikið um „báknið burt" og vildi segja allri velferð, allri félagslegri samhjálp stríð á hendur. En hæstv. félmrh. lét ekki staðar numið, heldur er mættur hér aftur til leiks að kvöldi 9. dags marsmánaðar, og enn á ný er verkefni hans og viðfangsefni sérstök og einstök árás á hið íslenska velferðarkerfi. Nú er það félagslega íbúðakerfið sem á að verða fyrir hans þunga hrammi og verkalýðshreyfingin, samtök verkafólks, má éta það sem úti frýs. Þetta skal áfam, þetta skal í gegn. Það er líka tímanna tákn í þessu, virðulegi forseti. Ég er hræddur um að einhver hefði haldið viðkomandi albrjálaðan fyrir eins og fimm eða sex árum hefði hann haldið því fram að á árinu 1998 yrðu þeir eins og eitt, árið 1998 kæmist ekki hnífurinn á milli Páls Péturssonar og Péturs H. Blöndals. Sá maður hefði verið talinn galinn á kjörtímabilinu 1991–1995 þegar hæstv. félmrh., þáv. hv. þm., Páll Pétursson, lét hér gamminn geysa um vinstri áherslur, félagslega velferð og annað í þeim dúrnum. (**RG:** Hann kallar það nú skín sól hjá Pétri Blöndal.) Nú eru þeir orðnir ektavinir og geta varla hvor af öðrum séð og hæstv. ráðherra saknar vafalaust vinar í stað nú þegar hv. þm. Pétur Blöndal er hér ekki hans viðhlæjandi. En mikil skelfingar umpólun hefur orðið á einum manni, á einum stjórnmálaflokki eins og Framsfl. Tætlurnar af þeim félagshyggjuflokki, sem hann kallaði sig einu sinni, eru orðnar ósköp litlar og slitnar og sundurlausar. Það mun auðvitað koma á daginn að hann mun hljóta makleg málagjöld í þeim kosningum sem sífellt færast nær og nær, sem betur fer, og fá litlar þakkir frá kjósendum þessa lands, frá fyrri kjósendum Framsfl. sem trúðu fagurgala hans í síðustu kosningum um „fólk í fyrirrúmi" og um „stöðvun skuldasöfnunar heimilanna". Hann mun fá makleg málagjöld. Þeir verða æ færri dagarnir sem eftir eru fram að kosningum. Guð láti gott á vita í þeim efnum. En hér erum við og getum ekki annað, og þurfum að bregðast við þessu nýjasta áreiti, þessari nýju árás Framsfl. sem nú dregur vagn íhaldsins í árás á félagslega íbúðakerfið.

Ég þekki það nokkuð vel, virðulegi forseti, af fyrri störfum mínum sem bæjarstjóri í Hafnarfirði þar sem mikil áhersla var einmitt lögð á það af jafnaðarmönnum þar í bæ að byggja upp hið félagslega íbúðakerfi og gera það að raunverulegum valkosti fyrir fjöldamargar fjölskyldur almenns launafólks, og það var sko aldeilis engin vöntun á því að fólk sækti í þær íbúðir og þau mál gengu býsna vel fyrir sig og hafa gert, enda voru engir framsóknarmenn að þvælast þar fyrir og verða vonandi aldrei. En það að menn komi í þennan ræðustól, ektavinur hæstv. ráðherra, Pétur H. Blöndal, og sumpart ráðherra sjálfur, og tali um þetta félagslega íbúðakerfi sem einhvers konar bagga, sem einhvers konar stærsta vandamál þjóðarinnar, á annars vegar þeim eigendum og þeim ábúendum sem í þessum íbúðum eru og hins vegar á ríkissjóði, á kerfinu og þjóðinni allri, það eru slík öfugmæli að engu tali tekur. Á öllu öðru átti ég von en slíkum ummælum. Og þegar ektavinur hæstv. ráðherra, Pétur H. Blöndal, talar um flottræfilshátt í félagslega íbúðakerfinu gagnvart þeim þúsundum og aftur þúsundum fjölskyldna sem hafa barist í bökkum og eru að reyna að hafa í sig og á og hafa kannski haft í sig og á vegna þess að félagslega íbúðakerfið hefur þó, þrátt fyrir allt, tryggt þeim hófleg afgjöld fyrir afnot af viðkomandi íbúð eða eignarhaldi á henni, að menn skuli koma hér eftir þessa áratugi, ektavinur hæstv. ráðherra í pólitíkinni og samherji og helsti stuðningsmaður, og tala um flottræfilshátt. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra beint út hvort hann taki undir þessa ástandslýsingu hv. þm. á hinu félagslega íbúðakerfi í gegnum áratugina. Hæstv. ráðherra hristir höfuðið og þar kom að því að þeir urðu ósammála um eitthvað, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hæstv. ráðherra Páll Pétursson. Þar kom að því.

Ég sagði áðan að ég þekkti þetta býsna vel af eigin reynslu og auðvitað skal ég viðurkenna eins og hér hefur margsinnis verið gert, eins og verkalýðshreyfingin hefur gert, eins og stjórnarandstaðan hefur gert að þetta kerfi er ekki fullkomið frekar en nokkurt annað. Á því var full þörf og er full þörf

að gera tilteknar breytingar. Í því kerfi sem við höfum búið við og þeirri löggjöf sem nú er í gildi eru ákveðnar holur. Fólk hefur lent milli skips og bryggju. Menn hafa réttilega bent á að tekjuviðmiðanir eru með þeim hætti að allt of margir lenda neðan þeirra og er ekki gert kleift að eiga þess kost að komast inn í hið félagslega eignaríbúðakerfi. Þá hef ég sérstaklega haft áhyggjur af því til nokkurra ára og við, ég og fleiri félagar mínir í hreyfingu jafnaðarmanna, höfum verið að skoða með hvaða hætti megi til að mynda mæta þörfum þess fólks sem er með ekki svo lágar tekjur, jafnvel miðlungstekjur og rúmlega það, en er af ýmsum orsökum ákaflega skuldsett, þannig að þótt bruttótekjur séu tiltölulega háar og fari talsvert upp fyrir þau mörk sem félagslega íbúðakerfið hefur miðað við, þá eru nettótekjur mjög lágar vegna skuldsetningar, m.a. vegna þess að fólk var í almenna húsnæðislánakerfinu, réð ekki við greiðslubyrði þar og fjármálin fóru úr böndum. Þetta fólk hefur reynt að bæta á sig vinnu og aftur vinnu, tekjur rjúka upp og fólkið lendir utan kerfa. Á þessu fólki er ekki tekið hér. Í þessu frv. er ekkert reynt að koma til móts við þennan stóra hóp. Ég er ekki að segja að við sem á undan höfum farið höfum náð að leysa það mál. Ég skal vera fyllilega sannngjarn í þeim efnum, en þetta er til að mynda viðfangsefni sem ég og mínir félagar höfum sannarlega verið tilbúnir til að koma að í samstarfi við hæstv. félmrh. og félmrn. og finna á því einhverjar þær lausnir sem viðunandi væru.

Það eru fleiri atriði og vissulega höfum við rætt það hér í þessum sama sal, og hæstv. ráðherra út af fyrir sig haldið þeirri umræðu hvað hæst á lofti, að það þyrfti með einhverjum hætti að leysa vanda smærri sveitarfélaga sem hafa offjárfest í félagslegum íbúðum. Og þegar ég segi offjárfest er ég einfaldlega að segja að þau hafa mörg hver ráðist í íbúðarbyggingar í hinu félagslega kerfi og tekið lán í þessu félagslega kerfi án þess að eftirspurnin væri til staðar. Og þegar það hefur komið í ljós hafa þessi sveitarfélög auðvitað staðið uppi með þessa skuldabyrði ein og sjálf. Hæstv. ráðherra hefur margsinnis sagt að á þessum vanda yrði að taka og það hefur svo sem enginn lagst gegn því að menn leituðu lausna á honum. En að mönnum kæmi til hugar að lausnin á því væri fólgin í því að rústa félagslega íbúðakerfið, á því átti sennilega enginn von. Ekki ég a.m.k. Og hvernig ætla menn svo að leysa þennan sérstaka þátt? Það er býsna kúnstug aðferð sem farin er í því, og þótt ég hafi reynt að leggja eyrun við þessa umræðu þá hef ég svo sem ekki heyrt marga ræða um það og er sérstaklega ástæða til þess af þeim sökum að eiga hér nokkur orð við hæstv. ráðherra um það atriði.

Ég fæ ekki betur séð en að þessi svokallaði 5% sjóður, sem sveitarfélögin eiga að greiða í, og nota bene þau sveitarfélög sem ætla að hafa viðskipti með íbúðir af þessum toga eigi annars vegar að greiða í þennan 5% sjóð og hann eigi að mæta útlánatöpum, en hins vegar eigi hann að standa undir því að sveitarfélög geti sett þessar íbúðir á markað og þá er ég að tala um fámennari sveitarfélög úti á landi, við skulum bara segja það eins og það er. Hér hafa verið nefnd sveitarfélög í umræðu fyrr og síðar á borð við Bolungarvík og Suðureyri við Súgandafjörð. Og þessi 5% sjóður á að standa undir þeim mismun sem er á uppreiknuðum veðlánum og væntanlegu markaðsverði, sem hefur auðvitað verið vandi málsins alla tíð.

Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta þýðir að Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, þessi sveitarfélög sem hafa auðvitað verið langstærst á vettvangi hinna félagslegu íbúða og verða það sannarlega áfram að óbreyttu skulum við segja, munu greiða með þessum millifærslusjóði mismuninn á markaðsverði íbúðar á Suðureyri og uppreiknuðum lánum á viðkomandi íbúð. Það eru Reykvíkingar, Hafnfirðingar og Kópavogsbúar sem eiga að greiða þennan mismun, sveitarfélögin sjálf. Þetta er millifærslusjóður sveitarfélaga. Það er þess vegna ekki alveg rétt sem hér hefur verið sagt a.m.k. ekki að fullu og öllu, að þetta frv. sé eitthvað sérstaklega lagað að hagsmunum sveitarfélaga. Jú, vissulega sumra, um það er engum blöðum að fletta. Það er verið að skera sum sveitarfélög niður úr snörunni og leysa erfiðleika þeirra og vandamál. En á kostnað hverra? Á kostnað annarra sveitarfélaga sem hafa reynt að halda úti mjög öflugri félagslegri þjónustu og hafa líka orðið þess vör að þörf er fyrir þá öflugu félagslegu þjónustu.

Með öðrum orðum er hér um að ræða veltuskatt, 5% veltuskatt. Eftir því sem umsvifin verða meiri í félagslega kerfinu því meira þurfa sveitarfélögin að borga, svo einfalt er það. Í hvað eiga þessir peningar að fara? Til að mæta útlánatöpum. Látum það vera. En hins vegar og ekki síður, sem verður umtalsverð fjárupphæð, á að renna frá hinun félagslega sinnuðu sveitarfélögum sem leggja áherslu á að mæta þessum þörfum til hinna sem einhvern tíma í fyrndinni, sökum misheppnaðrar byggðastefnu, fóru of hratt.

Virðulegi forseti. Það er ákaflega dapurleg niðurstaða ef menn ætla sér að leysa mistök og mæta uppgjöf í byggðastefnu, og ég segi uppgjöf því þessi ríkisstjórn íhalds og Framsóknar hefur gjörsamlega gefist upp á því verkefni sínu að reyna að stöðva fólksflóttann af landsbyggðinni, það er ekki reynt lengur. En að kenna félagslega íbúðakerfinu um þetta er algjör umpólun, eins og allt þetta mál. Það er algjör umpólun sem átt hefur sér stað í pólitísku sinni hæstv. félmrh. og ekki nærri neinu lagi.

Þessu er nauðsynlegt að halda til haga og ég er ekki viss um það að sveitarstjórnarmenn hér og þar á landinu hafi áttað sig á þessum veruleika. Margir hafa kannski í fljótu bragði fagnað því að þetta 3,5% óafturkræfa framlag og ýmsar aðrar skuldbindingar sem sveitarfélögin hafa þurft að undirgangast séu af teknar, en hafa ekki áttað sig á að hér er nýr póstur sem mun vega mjög þungt hjá þeim sveitarfélögum sem eru öflug og virk á vettvangi hins félagslega íbúðarhúsnæðis. Ég nefni nokkur af því að ég þekki til þeirra, þ.e. t.d. Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, svo ég tíundi nokkur þeirra en raunar mætti nefna fleiri til sögunnar.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki og ætla mér ekki enn að fara í neinar efnislegar umræður um málið. Ég vil segja bara eitt að lokum því að málið er auðvitað fyrst og síðast pólitískt á þessum vettvangi. Það eru margir þættir kannski sem líta býsna vel út í fyrstunni. Er ekki auðvelt að segja við fólk: Nú getið þið bara valið, nú getið þið bara fengið lánsloforð og gengið út á markaðinn og valið það sem ykkur sýnist? Mikið lifandis skelfing hljómar þetta allt alveg ágætlega. En það þykir mér mikill pólitískur kjarkur hjá hæstv. félmrh. ef hann trúir því eitt aukatekið andartak að þessi bók hans komi í staðinn fyrir 70 ára sögu félagslegs íbúðarhúsnæðis á Íslandi og komi í staðinn fyrir þá löggjöf sem menn hafa verið að endurbæta og lagfæra og færa upp til nútímans, frá einum tíma til annars, í einu vetfangi. Þá er trú hans mikil og hann á eftir að verða fyrir miklum vonbrigðum.

Eitt atriði er það að lyktum sem ég vil nefna. Hér er mikið

talað um að núverandi kerfi sé einhvers konar sovétskipulag. Auðvitað hefur það um margt kannski verið of niðurnjörvað og við höfum kannski verið of sein að opna ákveðnar gáttir og lagfæra ýmsa galla sem upp hafa komið frá einum tíma til annars. En ég spyr, því að eitt lykilatriðið að undanskildu þessu frelsi og þessum sveigjanleika er einmitt það að leiguíbúðir verði mjög veigaþungt atriði og veigaþungur valkostur fyrir þá sem ekki eru tækir til þess að fá lán í hinum svokallaða Íbúðalánasjóði. Og þá vil ég staldra aðeins við 42. gr. í þessu sambandi þar sem fjallað er um það hvernig eigi að ákvarða leigugjald, mánaðarlegt leigugjald af íbúðum sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði. Þar segir nákvæmlega upp á punkt og prik hvernig sveitarfélögin, því að þau verða auðvitað langstærstu lántakendurnir, eiga að reikna þetta út og þau eigi enga ákvörðun að taka um það. Nei, það er þessi maður hér, það er maðurinn sem situr undir glugganum, hæstv. félmrh., sem á samkvæmt nákvæmri forskrift að ákveða það upp á punkt og prik á hverri einustu íbúð hvað hver einasti leigutaki eigi að greiða.

Er þetta sveigjanleiki? Hæstv. ráðherra hristir höfuðið. Ég bið hann að lesa 42. gr. og athugasemdir um 42. gr. þar sem rakið er lið fyrir lið hvaða viðmiðun eigi að taka. Og það er meira að segja skýrt af hverju þetta sé svona niðurnjörvað. Jú, það er vegna þessa, ég les með leyfi forseta:

„Þar sem hér er um að ræða lánveitingar á sérstökum kjörum, sem ætlaðar eru til byggingar leiguíbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður, er nauðsynlegt að unnt sé að ákveða leigufjárhæðina með þessum hætti."

Það stendur hér. Það er hæstv. ráðherra sem ætlar að ákveða leigukjörin á markaðnum með reglugerð. Er þetta sveigjanleiki? Veit ekki hæstv. ráðherra hvernig þessi kaup hafa gerst á eyrinni, hvernig sveitarfélögin hafa orðið og gert það í fjölmörgum tilfellum að hafa tiltekinn sveiganleika í þessum efnum, því að sumt fólk hefur bara einfaldlega ekki átt fyrir leigunni? Maður hefur þurft að gera einstaklingssamninga af ýmsum toga og þurft að fara langt undir raunverulegt verðmæti, eða langt undir raunverulega reiknað afgjald sem tæki mið af áhvílandi lánum á íbúðinni. Á bara ekkert að hugsa um það hér? Sveitarfélögin eiga engu um þetta að ráða. Það er hæstv. félmrh. og hans menn uppi í félmrn. sem ætla að ákveða hvernig leigukjörum verður háttað uppi í Breiðholti, Grafarvogi eða á holtinu í Hafnarfirði. Það er hann sem ætlar að reikna það út. Er þetta sveigjanleikinn sem hæstv. ráðherra er að bjóða upp á?

Þetta er aðeins eitt atriði sem ég tek hér út sem sýnir glögglega að menn hafa ekki, þrátt fyrir hundrað blaðsíður, hugsað þetta mál til enda. Það er enn möguleiki að hugsa þetta mál til enda. Og það gerum við auðvitað með því að ýta þessu máli inn í haustið. Við skulum nota sumarið. Ég veit að stjórnarandstaðan og þeir sem þekkja þetta mál af eigin reynslu og bjuggu þetta núverandi kerfi til eru tilbúnir að fara í þá vinnu með hæstv. félmrh. að gera raunverulega lagfæringu á kerfinu. En í guðanna bænum, það er enn þá möguleiki að snúa við blaði og hætta við það feigðarflan að rústa 70 ára kerfi sem hefur verið byggt fyrir alþýðu manna á Íslandi. Það er alveg fullkomlega fráleitt. En það er enn möguleiki, virðulegi forseti, að menn sjái að sér og við bíðum og vonum. Ég er viðbúinn hinu versta en vona hið besta.

[21:25]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um húsnæðismál sem er mjög umdeilt eins og breytingar á húsnæðiskerfinu eru ávallt, enda er það grundvallaratriði hvort þjóðfélagið býr þegnum sínum þá aðstöðu að geta eignast húsnæði yfir höfuðið með sómasamlegum hætti.

Húsnæðismál hafa líklega verið stærri mál í okkar þjóðfélagi en víðast hvar í nágrannalöndunum og ég held að þar komi mjög margt til. Í fyrsta lagi skal nefna óðaverðbólgu undanfarinna ára sem hefur ruglað fólk mjög í ríminu og skapað mikla óánægju og óréttlæti á milli kynslóða. Í öðru lagi má nefna að við búum í mjög köldu og dimmu landi yfir vetrarmánuðina og þess vegna leggur fólk kannski meira upp úr íbúðum sínum hér en það gerir víða í nágrannalöndunum, þ.e. örugg og góð heimili eru fólki mjög mikilvæg í okkar landi.

Enn önnur ástæða fyrir því að húsnæðismálin eru mjög mikilvæg hér er sú hversu húsaleigumarkaðurinn er vanþróaður. Það er því mjög nauðsynlegt fyrir flestar fjölskyldur að koma yfir sig þaki, jafnvel þó að þær væru til í að leiga ef aðstæður byðu upp á það eins og gerist víðast hvar í nágrannalöndunum.

Eins og þegar hefur komið fram er um stórpólitískt mál að ræða sem snýst kannski fyrst og síðast um það að loka á félagslega eignaríbúðakerfinu í núv. mynd. Það á að gera án þess að nokkuð annað komi sýnilega í staðinn. Félagsleg jöfnun við öflun eigin húsnæðis á að vera í formi sérstakra viðbótarlána og fjárhagsleg aðstoð við einstaklinga á að fara fram í gegnum vaxtabótakerfið, sem að vísu á að breyta. En hvað hefur reynst öruggt til þessa í sambandi við vaxtabætur? Ég held að fólk í landinu almennt vantreysti því að hægt sé að stóla á vaxtabæturnar eftir það sem á undan er gengið.

Vandi félagslega húnsæðiskerfisins hefur blasað við mjög lengi og ég tek undir það sem segir í tilkynningu frá ASÍ að sá vandi er í aðalatriðum þessi: Í fyrsta lagi fjárhagsstaða Byggingarsjóðs verkamanna og yfirvofandi greiðsluþrot hans. Þarna er um að ræða að ríkið þyrfti að greiða um 800–900 millj. kr. á ári inn í þetta kerfi en að undanförnu hafa um 275 millj. kr. farið inn í kerfið og segir sig sjálft að kerfið er í miklum ógöngum og reyndar mjög nauðsynlegt þar af leiðandi að taka á því.

Í öðru lagi vandi nokkurra sveitarfélaga vegna innleystra en óráðstafaðra félagslegra íbúða. Tölur um þetta atriði komu fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ég ætla ekki tímans vegna að endurtaka þær hér.

Í þriðja lagi vandi þess fólks sem á í greiðsluerfiðleikum vegna félagslegra eignaríbúða. Það er vitað mál og margir kannast við þann vanda.

Í fjórða lagi er vandi þess fólks sem ekki kemst inn í félagslega húsnæðiskerfið vegna lágra tekna. Þessi atriði eru viðurkennd og á þeim þyrfti að taka, en það er að mínu mati ekki gert með trúverðugum og æskilegum hætti í þessu frv.

Markmið þessa frv. eru tilgreind í átta liðum á bls. 19–20 í greinargerðinni. Mig langar að vekja athygli á þeim. Sum þeirra eru mun ásættanlegri en önnur. Í fyrsta lagi er talað um að einfalda og samræma eigi meðferð og lánveitingar til húsnæðismála til lengri tíma litið. Þetta er í sjálfu sér ágætt markmið. Í öðru lagi er talað um að stofna sjálfstæðan sjóð, Íbúðalánasjóð, sem ætlast er til að verði fjárhagslega sjálfstæður til framtíðar og standi undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum. Ég tel þetta í sjálfu sér gott markmið en um leið er verið að taka ákvörðun um að minna verði lagt til af almannafé til að styrkja þá sem höllum fæti standa og eiga erfitt með að koma sér upp eigin húsnæði. Það kemur

kannski meira inn á þriðja markmiðið sem er að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.

Markmiðin eru talin þarna í fjórða til áttunda lið og ég ætla ekki að eyða tímanum í að fara í þau öll. En af þessum markmiðum finnst mér langalvarlegast að nú eigi nánast að leggja niður félagslega íbúðakerfið án þess að ljóst sé hvað komi í staðinn. Mér finnst, herra forseti, í sjálfu sér í lagi að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður ef hún væri óþörf en sá sjóður sem koma á í staðinn, Íbúðalánasjóður, á að vera sjálfbær og standa undir rekstri með eigin tekjum. Ég vil ítreka að þarna eru stöðvaðar, að einhverju leyti, greiðslur úr ríkissjóði. Það hlýtur að lenda á þeim sem höllustum fæti standa.

Í staðinn er vísað á vaxtabæturnar. Það kerfi tengist auðvitað skattkerfinu og ég vil meina að fólk hafi ástæðu til að efast um að sé nógu traust og varanlegt kerfi. Að sumu leyti virðist mér að reyna eigi svipaðar breytingar og gerðar hafa verið með Lánasjóð íslenskra námsmanna á undanförnum árum. Hér er reynt að gera kerfið sjálfbært sem auðvitað getur verið ágætt út af fyrir sig en um leið er verið að taka þá stórpólitísku ákvörðun að minna skuli stutt við láglaunafólk en hingað til hefur verið gert í tengslum við íbúðakaup.

Annað athyglisvert atriði sem talið hefur verið þessu frv. til tekna, og ég vil að sumu leyti taka undir, er að menn geti fengið viðbótarlán. Þeir sem hafa lágar tekjur eiga að geta fengið viðbótarlán í gegnum mat sveitarfélaganna til að kaupa almennar íbúðir úti í bæ, umfram það sem verið hefur. Þau lán eru ekki bundin við tilteknar félagslegar íbúðir í ákveðnum hverfum eða ákveðin hús. Ég tel að sú breyting væri til bóta ef hún væri sönn en því miður virðast sveitarfélögin geta skilyrt viðbótarlán við tilteknar íbúðir. Frelsið sem boðað er í þessu frv. er ekki frelsi í raun.

Ég ítreka þá skoðun mína að það sé til bóta að félagslegum íbúðum, hvort sem þær eru leiguíbúðir eða eignaríbúðir, sé dreift um hverfi viðkomandi sveitarfélaga. Það var í raun og veru með ólíkindum að við skyldum að mínu mati gera sömu mistök í því máli og ýmsar stórborgir erlendis hafa þurft að ganga í gegnum. Ég minnist þess t.d. að þegar ég var námsmaður í Bretlandi árið 1974 var mikil umræða um að óæskilegt væri að byggja félagslegt húsnæði í ákveðnum hverfum. Litlu síðar var t.d. eitt þekkt hverfi í Manchester, Hulme-hverfið, eiginlega aflagt. Seinna frétti ég að það hefði verið jafnað við jörðu. Á sama tíma vorum við að byggja upp álíka hverfi hér. Ég vil alls ekki segja að þetta séu sams konar hverfi en ég sá strax að þarna var varhugaverð stefna á ferðinni. Ég fagna því innilega að þarna eigi að koma til meiri dreifing á félagslegu húsnæði.

Með þessu er ég alls ekki að taka undir þá gagnrýni sem heyrst hefur í umræðunni um að þessi stefna hafi leitt til að svokölluð „gettó" eða eitthvað slíkt mynduðust. Samt sem áður eru almenn og félagsleg prinsipp sem gera það að verkum að mér finnst æskilegra að dreifa íbúðarbyggð sem mest og ekki séu sköpuð hverfi sem talin séu síðri en önnur.

Virðulegi forseti. Mesta áhyggjuefnið í sambandi við þetta frv. er það hvernig tryggja á láglaunafjölskyldum húsnæði. Hvað verður um þær fjölskyldur sem að undanförnu hafa notið félagslega íbúðakerfisins, hvort sem þær eru 600 eða fleiri. Ég vitna þar í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem talaði um 600 fjölskyldur hefðu fengið 100% lán og benti á að einungis 17% þeirra væru í vanskilum. Ég velti fyrir mér hvað verði um þetta fólk. Hvað verður um þá sem hingað til hafa notið fyrirgreiðslu í kerfinu? Lendir þetta fólk á götunni? Þetta fólk á samkvæmt þessu kerfi kost á viðbótarláni í gegnum mat sveitarfélaganna. Ég velti því fyrir mér hvernig það eigi að ráða við greiðslubyrðina. Þá er bent á vaxtabætur en eins og ég sagði áðan trúi ég passlega á að þær verði tryggðar nema á fjárlögum frá ári til árs. Þær eru hluti af skattkerfinu en ekki af því félagslega húsnæðiskerfi sem ég vildi gjarnan að við hefðum áfram.

Eins og ég sagði áðan væri kannski í lagi að breyta félagslega íbúðakerfinu ef fólk hefði raunverulegt val, t.d. um það að komast í leiguhúsnæði. Því miður virðast engar tryggingar vera fyrir því í frv. að leigumarkaðurinn eflist og verði boðlegur fyrir venjulegar fjölskyldur. Ég á þar við boðlegt verð. Það þyrfti að vera á færi láglaunafólks að greiða leigu og jafnframt þyrfti að vera hægt hægt að gera húsaleigusamninga til margra ára eins og nú er hægt innan félagslega leiguíbúðakerfisins að vissu marki. Víða erlendis tíðkast að leigja jafnvel til áratuga. Á árinu 1996 var í Reykjavík 379 umsókna biðlisti eftir leiguíbúðum, auk 422 umsókna um leiguíbúðir aldraðra. Þetta sýnir að mikið vantar til að eftirspurn verði fullnægt og mér sýnist að í þessu frv. sé ekkert sem tryggir að framboðið aukist.

Það hefur verið þörf á að taka á vanda ákveðinna sveitarfélaga vegna bygginga á félagslegum íbúðum. Þá á ég við sveitarfélög sem kannski hafa farið offari og notað byggingu félagslegra íbúða sem einhvers konar atvinnubótavinnu. Ég held að þannig sé ástatt með nokkur sveitarfélög en hér er gert ráð fyrir því að hin sveitarfélögin greiði fyrir þau mistök. Framlag sveitarfélaganna verður um 5% af hverju viðbótarláni og fer í varasjóð til að mæta útlánatöpum. Greiði sveitarfélögin ekki þessi 5% fá íbúar þess sveitarfélags engin félagsleg lán.

Virðulegi forseti. Húsnæðismálin eru stórmál í íslensku þjóðfélagi. Ég hef langmestar áhyggjur af öllum einstæðu mæðrunum og láglaunafjölskyldunum sem hér er vegið að án þess að tryggt sé hvað kemur í staðinn. Ég tel að húsbréfakerfið, þó þar séu háir vextir og kerfið sé ekki gallalaust, hafi verið til bóta umfram það sem áður þekktist. Núna stefnir enn einu sinni í óvissu. Það er ekkert skrýtið þó tekist sé á um frv. og væntanlega á það ekki mjög greiða leið í gegnum þingið.

[21:43]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Byggingar félagslegs húsnæðis eiga sér 70 ára sögu hér á landi og eru einhver mikilvægasta kjarabót sem íslenskt láglaunafólk hefur nokkru sinni fengið. Ég hef lesið frásagnir fólks sem bjó við ömurlegar aðstæður í húsnæðismálum á þriðja áratugnum og fékk svo úthlutað íbúð í fyrstu verkamannabústöðunum. Allt þess líf gjörbreyttist þótt þrengslin í þessum íbúðum væru mikil miðað við það sem við nú eigum að venjast. Ég varð sjálf vitni að gríðarlegum húsnæðisskorti sem var hér í Reykjavík á árunum eftir 1950. Þá bjó fólk m.a. í lélegum bröggum, eða hraktist búferlaflutningum vor og haust úr einni kjallaraskonsunni upp á annan hanabjálkann. Þegar byrjað var á framkvæmdum í framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, fyrsta áfanga í Breiðholti, varð gjörbylting á högum margs þessa fólks.

Þarna áttu ýmsir kunningjar mínir í fyrsta sinn því láni að fagna að fjölskyldur þeirra ættu öruggt húsnæði sem stóðst kröfur um aðbúnað sem okkur þykir sjálfsagður núna. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og eitt það gleðilegasta sem gerst hefur fyrir tilstilli þessa kerfis er að tekjulægsta fólkið sem enga möguleika átti á að eignast húsnæði á almennum

markaði átti þarna skjól. Fatlaðir einstaklingar hafa hundruðum saman getað eignast sjálfstætt fjölskyldulíf fyrir tilstilli þessa ágæta kerfis og þá ekki síður aldraðir, en kerfið hefur lánað mikið á undanförnum árum til að þeir gætu eignast skjól á efri árum sem hentaði þeim og gæti gert þeim kleift að búa sjálfstætt án þess að þurfa að fara inn á elliheimili sem margir þeirra vilja ekki gera fyrr en í síðustu forvöð og er þjóðhagslega hagkvæmt þar að auki.

Auðvitað voru nokkrir hnökrar á þessu kerfi sem ákveðnir aðilar gerðu mikið úr og þurfti að lagfæra. En þó vonast hafi verið eftir frv. sem tæki á þeim hnökrum áttu menn síst von á því að lítill hópur útvalinna trúnaðarvina hæstv. félmrh. hefði setið á leynifundum og komið saman frv. eins og hér er snarað fram sem m.a. virðist innihalda helstu áhugamál Sjálfstfl. til margra ára og kannski þau fyrst og fremst. En hann, eins og menn vita, ályktaði m.a. á síðasta landsfundi flokksins um að leggja byggingarsjóðina niður og sameina þá í eina sjálfstæða lánastofnun sem síðan yrði einkavædd fyrir aldamót. Einnig var í þeirri samþykkt lögð áhersla á að Húsnæðisstofnun yrði lögð niður í núverandi mynd. Þetta er allt inni í frv. sem hæstv. félmrh. snarar inn í þingsali og minnir helst á Gilitrutt með vaðmálssekkinn sinn forðum, nema ekki er minnst á einkavæðinguna. En sporin hræða.

Auðvitað hlýtur maður að líta til ferils hæstv. ríkisstjórnar í einkavæðingarmálum og ég er ekki í nokkrum vafa um að það er ætlan a.m.k. Sjálfstfl. að standa við það að einkavæða stofnunina fyrir aldamót, ef ekki fyrr. Mig undrar að hæstv. félmrh. skuli sækja það með slíku offorsi að keyra þetta frv. í gegnum þingið nú þegar mjög naumur tími er til að vinna málið í þinginu þar sem þinglok hafa nú þegar verið ákveðin mun fyrr en ætlað var samkvæmt fyrri starfsáætlun. Manni dettur helst í hug að hæstv. ráðherra sé knúinn áfram af einhverjum alvarlegum hótunum frá samstarfsflokknum í ríkisstjórn. Hefur kannski verið hótað að skipta um félmrh. ef frv. nær ekki fram að ganga? Það er eins og einhver ógnun liggi í loftinu því að hæstv. ráðherrann er þingmaður flokks sem í aðdraganda síðustu kosninga rakaði að sér fylgi vegna loforða um stórfellda greiðsluaðlögun fyrir skulduga einstaklinga. Og eftir þá kosningabaráttu trúði ég þó ég væri í framboði fyrir annan flokk að Framsfl. vildi lægst launaða fólkinu í landinu allt hið besta og þeim sem höllum fæti stóðu.

Það hefur gengið ákaflega brösuglega fyrir hæstv. ráðherrann að efna þessi háleitu kosningaloforð. Það sem þó hefur verið reynt hefur reynst mjög gagnslítið. Og nú bætir hæstv. ráðherrann gráu ofan á svart með því að kasta fyrir borð þeim möguleikum sem tekjulægsta fólkið hafði til að eignast eigið húsnæði. Hæstv. ráðherrann hefur að vísu lýst því yfir að í staðinn muni þessi hópur eiga kost á leiguhúsnæði sem sé miklu skynsamlegri kostur fyrir þá sem minnstar tekjur hafa. Ég get að vísu deilt því sjónarmiði með hæstv. ráðherranum, en þessar leiguíbúðir eru bara ekki í boði. Þær hafa ekki verið það nema að örlitlu leyti og ekki batnar það með samþykkt þessa frv. þar sem aðeins er gert ráð fyrir 50 íbúðum á ári næstu tvö árin og eftir það er allt opið og háð geðþóttaákvörðunum sveitarfélaga sem sum hver hafa ekki getað hugsað sér hingað til að byggja svo mikið sem eina félagslega íbúð og lítið útlit fyrir að það sjónarmið þeirra sumra hverra muni breytast til muna. Þetta er skuldsetning á sveitarfélaginu til afskaplega langs tíma og svoleiðis er ekki vinsælt að gera fyrir fátækt fólk. Það er annað mál ef verktakar á staðnum þurfa á verkefnum að halda, þá er kannski hægt að slá til.

Það er alvarlegt mál að hæstv. ráðherra félagsmála skuli voga sér með þetta mál hér fram, þar sem í raun er slegin af öll félagsleg aðstoð við láglaunafólk í húsnæðiskerfinu, án þess að hafa reynt að hafa nokkurt samráð við launaþegahreyfinguna í landinu. Á sínum tíma var það launþegahreyfingin sem knúði fram þær félagslegu umbætur sem leiddu til stofnunar húsnæðiskerfisins, leit á það sem hluta af kjarasamningum og sló í staðinn af öðrum kröfum. En nú þegar ríkisstjórninni dettur í hug að slá þetta kerfi af kemur verkalýðshreyfingunni það bara ekki við. Hún er ekki virt viðlits.

Hæstv. félmrh. las hér upp þingsamþykktir frá ASÍ og taldi sig hafa verið að framfylgja þeim með þessu frv. Ég er ansi hrædd um að ASÍ-menn líti málið öðrum augum og hefði nú auðvitað verið ráðlegt hjá hæstv. ráðherranum, ef hann var að semja þetta frv. til að framfylgja ályktunum Alþýðusambandsins, að hafa samráð við þá um samningu frv., leyfa þeim að sitja í nefndunum með ráðuneytisstjórunum og öðrum nánustu ráðgjöfum hæstv. ráðherrans því mér virðist að þeir hafi misskilið ályktanir ASÍ sem hæstv. ráðherrann ætlaði þó að hafa að leiðarljósi í þessu máli að eigin sögn. Það eitt gæti virst næg ástæða fyrir hæstv. ráðherrann til að taka frv. af dagskrá og láta endurvinna það fyrir þing á hausti komanda.

Hæstv. ráðherrann hefur fært fram nokkrar ástæður til að réttlæta það að þetta frv. þurfi að samþykkja nú og helst í gær. M.a. hefur mikið verið gert úr því að íbúðir stæðu auðar, að fjöldi íbúða úti um allt land sem sveitarfélögin hefðu neyðst til að innleysa. En hverjar eru staðreyndir málsins? Í október 1996 höfðu 34 íbúðir af 11 þúsund sem þá höfðu verið byggðar staðið auðar í eitt ár eða lengur. Og þá var ástæðan oftast sú að sveitarfélögin höfðu gefið upp rangar forsendur um þörf fyrir húsnæðið þegar bygging var leyfð þó að auðvitað væri í nokkrum tilfellum um byggðaröskun vegna tilflutninga á atvinnutækifærum að ræða. Ég held að það blasi við öllum að hér hefur svo sannarlega verið gerður úlfaldi úr mýflugu. Auðvitað þurfti einhvern veginn að leysa þau mál sem hér var um að ræða. En til þess þurfti ekki að leggja húsnæðiskerfið í rúst.

Einnig hefur verið gert mikið úr því að vanskil í kerfinu væru mikil svo það er best að skoða það dæmi sérstaklega. Fyrir liggur að á árunum 1990–94 voru útlánatöp byggingarsjóðanna beggja upp á 65 millj. kr. En á sama tíma voru útlánatöp í ríkisviðskiptabönkum og fjárfestingarsjóðum atvinnulífsins upp á 22 milljarða kr. Einhverjum mundi nú kannski detta í hug þegar litið er til þessara talna að sitthvað þyrfti að endurskoða áður en gengið yrði milli bols og höfuðs á húsnæðiskerfinu sérstaklega í þessu ljósi.

Þriðja atriðið sem sérstaklega hefur verið fundið félagslega húsnæðiskerfinu til foráttu er að íbúðir í því kerfi væru dýrari en á almennum íbúðamarkaði. Það væri verið að neyða fátækasta fólkið til kaupa húsnæði sem væri yfir markaðsverði. Þetta kann að vera rétt á einstökum stöðum þar sem markaðsverð fasteigna er mjög lágt. En ef ég tek minn heimabæ t.d., Reykjanesbæ, þá hafa íbúðir sem byggðar hafa verið undanfarin ár í félagslega kerfinu þar verið langt undir markaðsverði. Og í Reykjavík hefur verið reiknað út að félagslegar íbúðir væru að meðaltali 10% undir markaðsverði. Nú leggjast slíkar framkvæmdir af. Og hvað verður þá um þá tækniþekkingu og allar þær tæknilegu framfarir t.d. sem höfðu orðið í skjóli þessa kerfis? Ég hef áhyggjur af því. Einnig bætist við að þessi verðmunur mun leggjast

ofan á verðið sem fólkið þarf að greiða fyrir slíkar íbúðir. Auk þess liggur fyrir t.d. að einstæð móðir sem er að kaupa sér litla íbúð á 5,5 milljónir í dag þarf að greiða 57 þús. kr. fyrir að komast inn. En eftir samþykkt þessa frv. þarf hún að greiða 135 þús. kr. fyrir að komast inn í sömu íbúð, m.a. vegna hækkaðra lántökugjalda. Bara þetta getur riðið áformum þessarar láglaunakonu með börn á sínu framfæri að fullu þannig hún getur ekki komist inn í húsnæðið þó að það byðist því að þarna er um að ræða hækkun um heil mánaðarlaun slíkrar konu auk þess sem hún þarf svo til strax að greiða af lánunum.

Viðbótarlánin sem áður voru veitt þeim sem verst voru settir voru að sögn ekki réttlætanleg vegna mikilla vanskila. En þegar flett var upp í þessu í Húsnæðistofnun kom í ljós að aðeins 17% þessara lána voru í vanskilum sem nam þremur mánuðum eða lengri tíma. Og þetta voru lán sem voru aðeins veitt þeim sem allra verst höfðu staðið. Þetta eru ekki umtalsverð vanskil skoðuð í því ljósi.

Þetta stóra frv. sem hér hefur verið lagt fram er ekki alvont. Í því er að finna ýmsar tillögur sem eru til bóta og má þar t.d. benda á áform um flýtingu vaxtabóta og aukið valfrelsi í kerfinu sem oft hafa komið ábendingar um að gætu orðið til bóta. En það er engin svo stór réttarbót fólgin í þessu frv. að hún geti réttlætt þá skerðingu á möguleikum hinna tekjulægstu til félagslegrar fyrirgreiðslu við kaup á íbúðarhúsnæði sem felst í frv. Auk þess má nefna að fyrrnefnt valfrelsi kann að hafa í för með sér að verð á íbúðamarkaði hækki og við blasir að mikil breyting verður á því hverjir komast inn í kerfið.

Því miður er margt sem vantar skýrari ákvæði um í þessu frv. eins og t.d. að viðgerðalánaflokkur er ekki nefndur í frv. en hann hefur oft skipt þá miklu sem standa frammi fyrir dýrum viðgerðum á húsnæði og eru tekjulágir.

Það versta við þetta frv. er þó það tillitsleysi sem ráðherrann sýnir fulltrúum launafólks og annarra viðskiptavina kerfisins með því að bjóða þeim ekki upp á neitt samráð við samningu frv. en leggja það svo fram undir því yfirskini að verið sé að framkvæma vilja þeirra. Þetta er forsjárhyggja af alversta tagi. Slík vinnubrögð eru okkur ekki lengur framandi. Það er ekki langt síðan frv. um stéttarfélög og vinnudeilur var keyrt í gegnum þingið á svipaðan hátt. Það frv. varðaði einnig grundvallarréttindi launafólks sem höfðu mörg áunnist með áratuga baráttu og reynt var að afnema eða skerða stórlega með frv. Í meðferð þingsins tókst að ná fram umtalsverðum breytingum á því frv. og vonandi tekst líka að ná fram breytingum á því frv. sem hér liggur fyrir.

Það er von mín og trú að þeir launamenn sem kunna að hafa kosið hæstv. félmrh. og hans fólk í síðustu alþingiskosningum muni nú hafa lært sína lexíu og Framsfl. muni nú þurfa að leita á ný mið eftir atkvæðum. Þeir geta kannski með þessu hafa unnið sér inn prik hjá atvinnurekendum og fjármagnseigendum. Við heyrðum nú í hv. þm. Pétri Blöndal hér fyrr í dag. En mér finnst ólíklegt að launþegar komi til með að treysta á bjargráð félmrh. og þeirra framsóknarmanna í komandi kosningum eins og síðast. Þeir munu láta sér þetta að kenningu verða.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 22:01.

# 83. FUNDUR

þriðjudaginn 10. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877. — Frh. 1. umr.
2. Byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 508. mál, þskj. 878. — 1. umr.
3. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166, nál. 829. — 2. umr.
4. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 916. — 3. umr.
5. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 176 (með áorðn. breyt. á þskj. 822), brtt. 850 og 925. — 3. umr.
6. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 917. — 3. umr.
7. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — 3. umr.
8. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51, nál. 859. — Síðari umr.
9. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72, nál. 897. — Síðari umr.
10. Rannsókn á refsingum við afbrotum, þáltill., 484. mál, þskj. 820. — Síðari umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Dómstólar, 176. mál, brtt. SP, þskj. 925.
Gjaldþrotaskipti, 389. mál, þskj. 917.
Kostnaður við grunnskóla, 540. mál, fsp. KHG, þskj. 924.
Sameining sveitarfélaga, 538. mál, fsp. KHG, þskj. 922.
Sparnaður í ráðuneytinu, 537. mál, fsp. KHG, þskj. 921.
Tekjur og gjöld vatnsveitna, 539. mál, fsp. KHG, þskj. 923.
Vopnalög, 175. mál, þskj. 916.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:32]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að samkomulag er um að ljúka umræðu um fyrsta dagskrármálið, húsnæðismál, fyrir kl. 16 síðdegis. Þá verður tekið fyrir að því loknu annað dagskrármálið en síðan gengið til atkvæðagreiðslu um þau tvö dagskrármál. Að því loknu verða tekin fyrir önnur dagskrármál að öðru leyti en stefnt að því að ljúka fundinum fyrir kl. 19.00.

***Húsnæðismál, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877.

[13:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér erum við á þriðja degi að ræða frv. félmrh. um húsnæðismál. Þessi umræða hefur verið athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Fádæma máttlaus málsvörn félmrh. hefur vakið athygli mína og fleiri þar sem honum hefur í engu tekist að hrekja gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta frv.

Sérstaka athygli hefur vakið innan húss og utan hið sérstaka fóstbræðralag hv. þm. Péturs Blöndals og félmrh. en eins og allir vita er Pétur Blöndal helsti markaðsvæðingar- og frjálshyggjupostuli þingsins. Brosið hefur ekki horfið af honum í þrjá daga eins og menn sjá hér enn. „Sólin skín, sólin skín", segir þingmaðurinn. (Gripið fram í.) Það er sennilega frjálshyggjusólin, a.m.k. er mikil gleði í herbúðum íhaldsins.

Það hefur líka vakið athygli að framsóknarmenn læðast alltaf út úr þingsölunum, herra forseti, þegar við erum að ræða þetta frv. og hafa lítið skipt sér af þessari umræðu. Það sem vekur sérstaka athygli mína er að Guðni Ágústsson sem ég hélt að væri einn eftir í Framsfl. með einhverja félagslega hugsun, læðist nú með veggjum í þinghúsinu, sést varla í þingsalnum og felur sig eins og hræddur hvolpur í þinghúsinu. Það hefði verið fróðlegt, herra forseti, að hafa hann hér við þessa umræðu og ég leita eftir því hvort það sé ekki hægt að fá hv. þingmenn einhvers staðar úr skúmaskotunum og felum í húsinu til að vera viðstaddir þessa umræðu.

Það sem einnig hefur vakið athygli er samstaða stjórnarandstöðunnar í gagnrýni á þetta frv. Ég held að full ástæða sé til að fara frekar ofan í nokkur atriði sem hér hafa verið rædd og vil ég byrja á því að fara yfir þann þátt þessa frv. sem félmrh. beitir á fólk úti í þjóðfélaginu sem helsta aðdráttaraflinu við þetta frv. og það er að fólkið geti núna farið að velja sér íbúðir þar sem því sýnist. Auðvitað vitum við það sem höfum skoðað þetta mál vel, og ég vænti þess að félmrh. hafi líka gert það, að því eru settar mjög strangar skorður hvernig fólk getur valið sér íbúðir ef frv. þetta verður að lögum.

Við höfum tiltekið nokkur atriði, herra forseti. Enginn veit hvað þessi viðbótarlán verða mörg sem gefa rétt til þess að velja íbúðir á almenna markaðnum. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa gert sér einhverja grein fyrir því hvað hér verður um mörg viðbótarlán að ræða og ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Síðan hefur komið fram að ef sveitarfélög greiða ekki 5% framlög í varasjóð þá fá íbúar þess sveitarfélags engin viðbótarlán og ekkert val þá um félagslegar íbúðir á almennum markaði. Einnig geta sveitarfélög vísað fólki á innlausnaríbúðir sem sveitarfélögin hafa hjá sér sem þýðir það að ef einhver kemur til sveitarfélagsins og vill fá að velja sér íbúð á markaðnum og sveitarfélagið er með innlausnaríbúð hjá sér, þá getur sveitarfélagið sagt: „Já, þú getur fengið viðbótarlánið en þú verður að taka þessa íbúð sem við erum með." Þetta er allt frelsið, herra forseti. Þetta er allt valfrelsið sem verið er að bjóða. Þetta er valið sem Pétur Blöndal hf. — hf. ætlaði ég ekki að segja en það lá á vörunum — er að tala um fyrir fólkið í landinu. Það er auðvitað verið að taka hér upp skömmtunarkerfi nema um sé þá að ræða verulegan fjölda af viðbótarlánum. Og hvernig verður eftirlitinu háttað? Þegar þeir sem ætla að sækja um þessi viðbótarlán og fá að velja sér íbúð fara af stað og leita sér að íbúðum og sjá íbúðir sem þeir gjarnan hafa augastað á, þá sé ég ekki annað en að eitthvert eftirlit þurfi að vera með því hvernig íbúðir fólk er að kaupa, hver gæðin séu, hvernig íbúðunum er haldið við og slíkt. Það er því ekki allt sem sýnist í þessu máli og mér finnst, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé að beita nokkrum blekkingum til að fá fólk til liðs við þetta nýja kerfi. Það er verið að plata fólk, finnst mér, nema allur sannleikurinn sé sagður í þessu máli.

Við getum líka rætt um forkaupsréttinn og forkaupsréttarákvæðin sem núna eru við lýði og nokkuð á að breyta. Sveitarfélag getur stytt forkaupsréttartímann hvenær sem er og sveitarfélögin geta hafnað forkaupsrétti. Þau geta það að vísu í núverandi kerfi, en í núverandi kerfi var það þó innbyggt að ef sveitarfélögin höfnuðu forkaupsrétti á íbúð þá fengu þau ekki ný lán hjá Húsnæðisstofnun fyrr en að þremur árum liðnum. Sá ventill er farinn. Nú gætu sveitarfélög úti á landsbyggðinni, þar sem markaðsverð er lágt en áhvílandi lán eru hærri, ákveðið það að hafna forkaupsréttinum á þessum íbúðum. Og hvað þýðir það? Það þýðir að fólk á þessum stöðum þar sem byggt hefur verið umfram þörf eins og hjá sumum sveitarfélögum, situr uppi með íbúðir með háum áhvílandi lánum en á lágu markaðsverði og hefur enga stöðu til að losa sig við þær.

Ég spyr varðandi sveitarfélögin: Ef þessi gulrót virkar nú og fólk sjái ekki í gegnum þessa blekkingu, þá getur vel verið að margir af þeim sem eru í félagslegum íbúðum nú sem kaupskylda hvílir á, vilji fara að velja sér íbúð á almennum markaði. Þeir fara því kannski í hópum til sveitarfélaganna og óska eftir því að sveitarfélögin standi við sína kaupskyldu og kaupi þessar íbúðir. Getur þá ekki orðið um holskeflu íbúða í núverandi kerfi að ræða sem sveitarfélögunum ber skylda að leysa til sín?

Hér er talað um að þetta kerfi sé byrði á sveitarfélögunum. Mér finnst það mjög sérstakt þegar menn eru að halda því fram að félagslega kerfið sé byrði. Maður heyrir aldrei talað um að önnur verkefni sveitarfélaga séu byrði á þeim, svo sem gatnagerð, holræsi eða hvað það nú er. Það er aldrei talað um það. En þegar kemur að félagslegri aðstoð við fólk, þá er talað um byrði. Ég spyr ráðherrann: Hefur hann hugsað út í það hvað það þýði ef fólk hleypur eftir þessari gulrót ráðherrans sem ég segi að sé sett fram með miklum blekkingum, reynir að losa sig við þessar íbúðir og óskar eftir að sveitarfélögin kaupi þær sem þeim ber að gera? Hvað þýðir það þá? Hvað þýðir það varðandi þessa svokölluðu byrði á sveitarfélögunum? (Gripið fram í.) Hv. þm. segir að fólk geti valið sér íbúðir á markaði. Hv. þm. hefur bara ekkert sýnt fram á það. Hefur hv. þm. skoðað allar þær skorður sem settar eru við því að fólk geti keypt íbúð á almennum markaði? Gerir hv. þm. sér grein fyrir því hvað verður um mörg viðbótarlán að ræða? Nei, ég held ekki. Fólkið sem ekki kemst inn í þetta nýja kerfi, ekki inn í húsbréfakerfið, ekki inn í leiguíbúðirnar vegna þess að ráðherrann ætlar sér að koma 1.200 fjölskyldum á tveimur árum inn í 50 íbúðir, er bara komið á almennan leigumarkað. Og er ekki leiga á íbúðum þar kannski 40 þús. kr. á mánuði sem er miklu meiri greiðslubyrði en er nú í félagslega kerfinu?

Ég vil líka fara inn á greiðslubyrðina. Við höfum sýnt fram á það aftur og aftur, hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum, að hæstv. ráðherra lítur fram hjá þessum nýja kostnaði sem fólk er að taka á sig. Ég skora á ráðherrann að leggja fyrir félmn. útreikning og samanburð á kostnaði

fólks í nýja kerfinu við að fá íbúðina og á kostnaði fólks í núverandi kerfi. Við höfum sýnt fram á það með dæmum að beinn kostnaður sem fólk þarf að byrja á að borga þegar það flytur í þessar íbúðir getur verið tvöfalt eða þrefalt meiri en nú er, sérstaklega vegna stimpilgjalds að hluta til og hærra lántökugjalds. Og við höfum sýnt fram á það, t.d. að því er varðar einstætt foreldri með tvö börn, að fólk borgar núna 70 þús. kr. en þarf að borga 170, þ.e. 100 þús. kr. meira aðeins fyrir að komast inn í íbúðina. Síðan falla niður þessi 3,5%, óafturkræf framlög, sem sveitarfélögin hafa látið til lækkunar á íbúðaverði og fólkið tekur það sjálft á sig. Það er aukin greiðslubyrði. Síðan hefur ráðherra sjálfur sýnt fram á það í þeim fátæklegu dæmum sem hann sýnir í þessari bók sinni að greiðslubyrðin á síðari hluta lánstímans hækkar verulega. Hún getur hækkað um 100 eða 150 þús. kr. síðari hluta lánstímans. Það er því ýmislegt að skoða og er þá ótalið að það liggur fyrir að verð á nýjum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu er 10% lægra nú á félagslegum íbúðum en á almennum markaði. Verður fólk þá að fara að taka það á sig sjálft þegar það kaupir þessar nýju íbúðir? Menn verða að hafa alla heildarmyndina af þessu þegar verið er að skoða hvað þetta þýðir varðandi greiðslubyrði, aukin útgjöld og viðbótarkostnað fyrir láglaunafólk. Það er auðvitað blekking að sýna bara fram á greiðslubyrðina af lánunum vegna þess að hún segir ekki alla söguna.

Herra forseti. Ráðherrann sagði í gær að fráleitt væri að halda því fram að einhver mismunur væri á greiðslumatinu í félagslega kerfinu og í húsbréfakerfinu. Ég trúði varla mínum eigin eyrum vegna þess að auðvitað er þar mismunur, þ.e. 28% af tekjum í félagslega kerfinu en 18% af tekjum í húsbréfakerfinu og þetta er meginástæðan fyrir því að stór hluti fólks getur ekki fengið inni í þessu kerfi. Ráðherrann vísar í það að um sé að ræða 25 ára endurgreiðslutíma í húsbréfakerfinu en 40 ára endurgreiðslutíma í þessu nýja kerfi og að það eigi að tryggja að það fólk sem er núna inni í kerfinu verði ekki verr sett og hafi aðgang að þessu kerfi. Það er auðvitað fráleitt að halda því fram. Miðað við 1 millj. kr. í húsbréf er greiðslubyrðin 6 þús. kr. á mánuði miðað við 25 ára bréf, en miðað við 40 ára bréf er hún 5 þús. af hverri milljón. Af hverju hafa þá ekki allir hlaupið á þessi 40 ár bréf í húsbréfakerfinu sem hafa verið til um nokkurn tíma? Einungis 6% af heildinni hafa tekið þessi 40 ára bréf. Af hverju skyldi það vera? Vegna þess að til lengri tíma litið er þetta miklu óhagstæðara. Lítum aðeins á vaxtagreiðslurnar, herra forseti. Miðað við 3 millj. kr. fasteignabréf til 25 ára eru heildarvaxtagreiðslur allan tímann 2,3 millj. kr. En hverjar eru vaxtagreiðslurnar af 40 ára bréfi allan lánstímann? Þær eru 4 millj. kr. í staðinn fyrir 2,3 millj. af bréfum til 25 ára.

Þetta á fólk að taka á sig, tvöfalt meiri vaxtagreiðslur miðað við 40 ára lán sem einungis léttir greiðslubyrðina um 1.000 kr. á mánuði Ráðherrann hirðir það aftur í kostnað. Sé það borið saman mætti segja að verið sé að hrifsa meira af fólki en það fékk í kjarabætur í síðustu samningum.

Hæstv. ráðherra verður, herra forseti, að átta sig á muninum á greiðslumatinu í húsbréfakerfinu og félagslega kerfinu. Meðan hæstv. ráðherra áttar sig ekki á því, skil ég vel að hann haldi það að engum verði úthýst úr þessu kerfi. Um leið og hann áttar sig á staðreyndum málsins, sem hann hlýtur að gera fyrr en síðar, þá sér hann að málflutningur okkar varðandi þetta atriði er hárréttur. (**Gripið fram í:** Guðni Ágústsson er mættur.) Ég fagna því að sá sem ég hélt að væri einn eftir með félagslega hugsun í Framsfl. sé hér mættur í salinn og vænti þess að hann taki þátt í umræðunni. Hér er verið að stofna nýjan banka. Hv. þm. er kannski svo mikill áhugamaður um stofnun á nýjum bönkum að hann sjái ekkert athugavert við frv. og líti fram hjá því að fjölda fólks sé fleygt á götuna, láglaunafólki, en þingmaðurinn kvaðst í stjórnarandstöðu bera hag þess fólks fyrir brjósti. (**GÁ:** Og stend við það enn.)

Hv. þm. andmælti og gagnrýndi einnig húsbréfakerfið og nú eiga allir að fara þangað inn. Húsbréfakerfið leysir allra vanda. Ég fagna því að hv. þm. er kominn hingað eftir að hafa verið í felum í marga daga í þinghúsinu. (**GÁ:** Ég þakka af auðmýkt.)

Síðan spyr ég og það er mjög mikilvægt: Á að hætta niðurgreiðslu á lánum til leiguíbúða? Það er kjarnaatriði að hæstv. ráðherra svari því vegna þess að í 42. gr. er sagt:

„Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar."

Síðan segir, varðandi ákvæði til bráðabirgða VIII um fjárframlög sem við ræddum nokkuð um í gær:

„Á árunum 1999 og 2000 er Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með niðurgreiddum vöxtum."

Á næstu tveimur árum. Er þetta ekki vísbending um að hætta eigi niðurgreiðslu á öllum lánum til leiguíbúða? Er það vísbending um það? Auðvitað verður ráðherrann að svara því hvort þetta sé rétt. Hæstv. ráðherra verður að svara því hvor fer með fleipur, fjmrh. eða hann. Í fskj. frá fjmrn. er greinilegt að einungis eigi að veita lán til 50 leiguíbúða á næstu tveimur árum. Þetta er grundvallaratriði.

Ég hygg að staðreyndin sé og ég veit það af kynnum mínum við hæstv. fjmrh. frá því ég var í ríkisstjórninni að hann var ekki mikill áhugamaður um leiguíbúðir. Hann vildi alltaf negla niður hvað veita ætti lán til margra íbúða. Núv. félmrh. hefur tekist að koma þessu niður í 50 íbúðir á næstu tveimur árum þó að það sé verið að setja um 1.200 manns á götuna. Hvor fer með rétt mál? Það á greinilega að hætta niðurgreiðslum á lánum til leiguíbúða. Þá er staðan enn alvarlegri, herra forseti, en við höfum verið að tala um á undanförnum tveimur dögum. Það verður ekki síst alvarlegt fyrir ýmis félagasamtök sem stutt hafa verulega við bakið á láglaunafólki með uppbyggingu á leiguíbúðum. Það mun koma mjög hart við samtök aldraða, fatlaða, Búseta, sem við ræðum um hér á eftir og námsmenn.

Ráðherra ætlar sjálfur að ákveða hvernig leigugjaldið á þessu verður eins og ég las hér áðan. Ef sveitarfélögin þurfa ekki að fara alveg upp í kostnaðarleigu en vilja bara fara upp í reiknaða leigu, eiga þau þá að gera það? Leigugjald íbúa sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skulu miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnaðarframlagi eiganda. Það getur vel verið að sveitarfélögin vilji sjálf niðurgreiða leiguíbúðirnar. Félmrh. ætlar að koma í veg fyrir það með því að setja reglugerð um að þetta skuli miðast við kostnaðarleigu. Hvað segja sveitarfélögin um þetta?

Nú er heimilt að stofna hlutafélög um leiguíbúðir. Ég spyr hvort það sé sett fram hérna vegna þess að skorið hefur verið úr um að óheimilt sé að fela félagslegum íbúðum rekstur félagslegra leiguíbúða? Gildandi lög veita ekki heimild til þess að Félagsbústöðum hf. sé falin umsjón og rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkurborgar, samkvæmt lögfræðiáliti sem

liggur hér fyrir og ég hef ekki tíma til að lesa nánar. Er verið að setja lagastoð undir það að sveitarfélögin geti komið upp hlutafélögum í kringum leiguíbúðir?

Hvað með íbúðir sem nú eru í kerfinu? Ef þetta liggur fyrir sem lögfræðiálit, að miðað við núverandi lög sé ekki hægt að stofna hlutafélag um leiguíbúðir, er það þá hægt með íbúðir sem fyrir eru í kerfinu? Ég spyr um það. Þetta á að fá lagastoð hér og nú. Hvað með íbúðir sem fyrir eru í kerfinu? Geta þær fallið undir hlutafélagaform Leiguíbúða hf. sem jafnvel yrði stofnað um allt land? Það er mikilvægt að fá þetta fram.

Herra forseti. Varðandi sveitarfélögin er mikilvægt að þau geri sér grein fyrir því að þetta 5% framlag þeirra í varasjóðinn er skilyrði þess að íbúarnir fái viðbótarlán. Einnig er ljóst að þetta á að standa undir niðurgreiðslu hjá þeim sveitarfélögum sem illa hafa staðið sig, þ.e. hjá þeim er mismunur á markaðsverði og áhvílandi lánum á innlausnaríbúðum. Þá virðast öll sveitarfélögin, líka þau sem hafa staðið sig vel, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og fleiri sveitarfélög, eiga að standa undir skuldum annarra sveitarfélaga. Ef þessi 5% eru ekki nóg, þá getur ráðherrann bara hækkað þau í 7 eða 10% án þess að spyrja sveitarfélögin. Hann á að spyrja Seðlabankann samkvæmt frv. hvort breyta eigi varasjóðsframlaginu. Hann á ekki að spyrja sveitarfélögin og þau hafa ekkert um það að segja.

Sumir hafi reiknað að tvo milljarða kosti að borga mismuninn á markaðsverði og áhvílandi lánum. Seðlabankinn kann þá að segja: Það eru ekki nógir peningar þú þarft að hækka þetta framlag. Þá getur ráðherrann gert það með einu pennastriki og skikkað sveitarfélög sem hafa staðið sig vel til að borga skuldir annarra sveitarfélaga. Ég held að menn þurfi að átta sig á hvað hér er að gerast.

Síðan spyr ég, herra forseti: Er hægt að ógilda þegar gerða samninga? Mér virðist að lögfræðilegt álit þurfi á því hvort hægt sé að ógilda þegar gerða samninga. Á bls. 74 er talað um íbúðir sem eru í byggingu og þegar hafa verið gerðir samningar um en ekki verið afhentar. Mér sýnist að það sé hægt að ógilda. Hið sama á við ef fólk er í kaupleigu, þ.e. í leiguíbúð, þá verði það fyrir áramótin að tilkynna hvort það ætli að kaupa íbúðina eða ekki. Þetta eru að mínu mati afturvirk ákvæði sem þörf er á lögfræðiáliti um og ég skora á félmn. leita eftir því.

Varðandi starfsfólk Húsnæðisstofnunar, kemst ráðherrann ekki hjá því að svara því hvað gera eigi varðandi öryggi starfsfólks í Húsnæðisstofnun. Það á auðvitað að tryggja það ákvæði í lögum sem getur um forgang þessa fólks til starfa. Og ég mótmæli enn og aftur þeirri aðför sem hér er gerð að láglaunafólki og því að rústa eigi félagslegt íbúðakerfi sem við höfum búið við í 70 ár, án þess að annað komi í staðinn í þágu þeirra verst settu í þjóðfélaginu.

[13:53]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla mér að fara nokkrum almennum orðum um frv. til laga um húsnæðismál, markmið frv. og þær leiðir sem fara á til að ná þessum markmiðum. Í greinargerð með frv. segir að stefnt sé að því að skapa nýtt og einfaldara kerfi sem þjóni betur tekjulágu fólki og öldruðum. Því er haldið fram að það sé ódýrara í rekstri og henti sveitarfélögunum í landinu betur en það kerfi sem nú er við lýði. Ég legg áherslu á að það er talið henta þeim betur. Þetta frumvarp til laga um húsnæðismál á að leiða til þess að við fáum einfaldara kerfi, ódýrara kerfi, kerfi sem þjóni betur hagsmunum láglaunafólks en það kerfi sem við búum við nú. Þetta eru markmið sem ég held að þingmenn og þjóðfélagið almennt geti skrifað upp á.

Þjóðfélagið og stofnanir þess eru hins vegar mjög nýlega búnar að fá þessi frumvarpsdrög í hendur. Innan verkalýðshreyfingarinnar er nú unnið að því að skoða málin, stilla upp ólíkum módelum, fá svör við spurningum sem ekki liggja ljósar og þar fram eftir götunum. Yfir alþingismenn rignir ábendingum frá félagasamtökum sem láta þessi mál til sín taka.

Hæstv. félmrh. hefur haft orð á því að gott samráð hafi verið haft um þessi mál við samtök launafólks og ýmsa aðra sem láta sig húsnæðismál varða. Þetta samráð var þannig að stærstu samtök launafólks, Alþýðusambandið og BSRB, fengu fund með hæstv. ráðherra fáeinum mínútum áður en frv. var kynnt á fundi með fréttamönnum. Þetta var samráðið. Að vísu óskaði hæstv. félmrh. eftir samstarfi um hugsanlegar breytingar á frv. og að sjálfsögðu verður látið á það reyna hvort hugur fylgi þar máli. Þó tel ég alveg ljóst að ef fara á fram viti borið samstarf og samráð um þessa lagasmíð, þá verður það ekki gert á fáeinum dögum eða fáeinum vikum. Menn þurfa að gefa sér góðan tíma til þeirrar vinnu.

Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að sporin hræða. Saga húsnæðismála á liðnum áratugum hlýtur að móta afstöðu okkar í þessum efnum. Við höfum búið við miklar og róttækar breytingar í húsnæðismálum á undanförnum áratugum. Þó ekki sé farið lengra aftur en til byrjunar síðasta áratugar, þá minnast menn misgengisáranna sem svo voru nefnd þegar vísitala launa var afnumin en lánskjaravísitalan látin halda sér. Gripið var til neyðarráðstafana á vegum stjórnvalda, komið á viðbótarlánaflokkum, viðbótarlánum og reynt að tjasla upp á það kerfi sem við þá bjuggum við.

Róttækar breytingar urðu á húsnæðiskerfinu árið 1986. Þá komu til sögunnar húsnæðisbætur en almenna húsnæðiskerfið var þá rekið þannig að allir nytu tiltölulega lágra vaxta. Svo gilti um alla og allir sem voru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn fengu húsnæðisbætur í sex ár.

Aftur voru gerðar breytingar á húsnæðiskerfinu í byrjun þessa áratugar. Horfið var frá lágvaxtastefnu sem sumir kjósa að kalla niðurgreidda vexti vegna þess að hið eðlilega í þeirra huga eru markaðsvextir, allt annað er niðurgreitt. Ég vil heldur nota hugtakið háir vextir og lágir. Það kerfi, þ.e. sem byggir á hærri vöxtum, er tekið upp með húsbréfakerfinu og til sögunnar koma vaxtabætur. Í átta ára sögu vaxtabóta hefur fimm sinnum verið hreyft við þeim, fimm sinnum krukkað í þær og á hverju einasta ári, fyrstu fimm árin eftir að þær komu til í byrjun þessa áratugar, þá var hreyft við þessum stuðningi.

Auk þeirra breytinga sem ég nefni að hafi orðið á húsnæðiskerfinu voru einnig gerðar breytingar í félagslega kerfinu. Ekki var nóg með að kaupleigukerfið kæmi til sögunnar, heldur var sífellt verið að breyta forsendum í félagslega húsnæðiskerfinu, t.d. með breytingum á vöxtum.

Fyrsta atriðið í ljósi þessarar sögu sem ég vil leggja áherslu á er þetta: Í ljósi þeirra breytinga sem voru gerðar og ófyrirsjáanlegra afleiðinga sem hrákasmíðin iðulega hafði eigum við að gefa okkur tíma til að skoða málin. Þegar ég tala um ófyrirsjáanlegar afleiðingar nefni ég það t.d. að undanfarin ár höfum við búið við það að stórir tekjuhópar á húsnæðismarkaði hafa verið að lenda á milli kerfa, hafa hvergi átt heima, ekki komist inn í félagslega húsnæðiskerfið og ekki heldur í almenna kerfið. Ástæðan fyrir því að þetta

gerist er sú að reynt var og með árangri að þröngva í gegnum Alþingi róttækum breytingum án þess að menn væru búnir að hugsa dæmið til enda. Nú, með þessu frv., á að stíga enn stærra skref en stigið hefur verið áður því hér er gert ráð fyrir mjög róttækum breytingum á húsnæðiskerfinu.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera hlé á máli mínu þar til hæstv. félmrh. kemur hingað í þingssalinn (**Félmrh.:** Hann er hér.) og sýnir mönnum þá lágmarkskurteisi að hlusta á þessi mál. Það er nóg að hann vanvirði samtök launafólks með þeim yfirlýsingum sem hann m.a. gaf hér í gær um að hann hefði haft mjög náið samráð við samtök launafólks sem er rangt. Það eru ósannindi. Það hefur ekki verið gert. Mér finnst að menn geti látið svo lítið að hlusta á þá umræðu sem hér fer fram. (**Félmrh.:** Ég var að því.) Það er lágmarkskurteisi sem ráðherrann hlýtur að sýna alþingismönnum þegar þeir eru að fjalla um þessi mál.

Það sem ég var að leggja áherslu á í mínu máli er að hér er gert ráð fyrir mjög miklum og róttækum breytingum á skipan húsnæðismála og ég er að vara við því að ráðist verði í þær breytingar án þess að málið sé hugsað til enda. Þetta er lágmarkskrafa. Og ég er að vekja athygli á því að yfir alþingismenn rignir nú ábendingum frá félagasamtökum og aðilum sem hafa verið að skoða þessi mál, varnaðarorðum og ábendingum sem við hljótum að gefa okkur góðan tíma til að skoða.

Ég byrjaði mál mitt á að vitna í grg. með frv. þar sem talað er um almenn markmið þess að gera kerfið ódýrara og betra en það sem við búum við nú, sérstaklega með tilliti til þeirra sem eru tekjulágir í þjóðfélaginu. Það er ýmislegt annað í markmiðum þessa frv. sem ég get skrifað upp á og tekið undir og ég held að ég geti talað þar fyrir hönd samtaka launafólks, t.d. hvað varðar valfrelsi sem á að treysta með þessu frv. Bæði BSRB og ASÍ hafa þannig ályktað um félagsleg lán sem geri einstaklingum kleift að ráða sínum dvalarstað, sínu húsnæði, þ.e. hvar það er og sú hugsun finnst mér vera að mörgu leyti jákvæð. Eins og ég segi þá er þetta nokkuð sem þessi samtök hafa ályktað um. En það er ekki þar með sagt, þótt menn vilji félagsleg valkvæð lán, að menn vilji fara með það kerfi út á markaðinn. Þannig ályktaði BSRB t.d. á síðasta þingi samtakanna sem fram fór 1997 um lán af þessu tagi, félagsleg lán sem einstaklingurinn gæti ráðstafað að eigin vild. Þar var einnig ályktað um vexti og lánskjör. Þar var ályktað á þá lund að vexti í félagslega kerfinu ætti að færa niður, ekki upp heldur niður — þeir eru núna 2,4% — að það ætti að fara með þá vexti niður í 1% þannig að ekki þarf að fara saman valkvæð eða félagsleg lán og hitt að fara með lánskerfið allt út á markað. Þetta þarf ekki að haldast í hendur. Það er eitt að segjast vilja félagsleg lán og gera fólki kleift að ákveða hvar það kemur til með að búa. Hitt er að einnig þarf svo að vera í reynd. Það þarf að vera alvöruvalfrelsi í reynd. En það er ekki tryggt með þessu frv., meira að segja langt í frá.

Frv. gerir ráð fyrir að lánað sé fyrir 65–70% kostnaðar á markaðsvöxtum eins og nú er í húsbréfakerfinu, en þar eru vextir núna yfir 5%, 5,1%. Því til viðbótar verði þeim sem uppfylla skilyrði sem eftir á að setja — það á eftir að setja þessi skilyrði — gefinn kostur á viðbótarláni fyrir 20–25% af kostnaði. Þeir munu því eiga kost á 90% kaupverðs íbúðar til láns. En þessi viðbótarlán eru háð ýmsum skilyrðum. Þau eru háð samþykki húsnæðisstjórnar. Þau eru háð því hvort sveitarfélögin eru tilbúin að leggja 5% af viðbótarláni í varasjóð. Þau eru háð mati stjórnar Íbúðalánasjóðs á heimildum sveitarfélags hjá sjóðnum. Þau eru háð því hvernig fjárhagsstaða Íbúðalánasjóðs er. Og síðan getur sveitarstjórnin skilyrt hvaða íbúð er keypt. Hún getur skilyrt lánveitinguna. Þar með erum við búin að gera þetta valfrelsi, sem við hugsanlega hefðum getað sameinast um að einhverju leyti, að engu. Möguleikar tekjulágs fólks til að kaupa íbúð eða byggja, byggjast að sjálfsögðu á því að fólk hafi peninga milli handa og þá lánsfjármagn væntanlega.

Auk þessara skilyrða sem ég nefndi hefur enn ein stórbreyting verið gerð því fólk kemur ekki lengur til með að eiga kost á 100% lánum eins og nú er. Og hvað þýðir þetta? Hvað þýðir það að fara úr 100% í 90%? Hvað þýðir þetta fyrir fólk? Við skulum taka íbúð sem kostar 7 millj. Hvað eru 10% af 7 millj.? Eru það ekki 700 þús.? Það eru 700 þús. kr. Einstaklingur sem hefði átt kost á að fá 7 millj. lánaðar — gefum okkur það, það er verið að fara með þetta allt út á markaðinn — fengi 6,3 millj. Ekki satt? Að auki — nú hef ég nefnt ýmis formleg skilyrði þess að fólk geti fengið þetta val allt saman — kemur til sögunnar margvíslegur nýr kostnaður við það að fara yfir í markaðskerfið, sölukostnaður t.d. og aðskiljanleg gjöld. Hér erum við að tala um mikla peninga. Við erum að tala um tugi þúsunda króna. (Gripið fram í.) Við erum að tala um 100 þús. kr. til viðbótar. Sú tala hefur verið nefnd. Þarna er því búið að reisa nýjan þröskuld upp á tæplega 1 millj. kr. sem einstaklingur, sá sem ætlar að kaupa þessa 7 millj. kr. íbúð þarf annaðhvort að hafa sparað eða tekið að láni á þeim kjörum sem koma til með að bjóðast á markaði. Þetta er það sem þessi einstaklingur stendur frammi fyrir þarna. Við vitum það ósköp vel hvernig lágtekjufólki tekst að leggja til hliðar 1 millj. kr. Það er ekkert hlaupið að því.

Að auki er með öllu óljóst hvernig aðgangurinn að þessu lánakerfi almennt verður. Það liggur ekki ljóst fyrir. Til að fá lán núna í húsbréfakerfinu þurfa menn að hafa 18% af ráðstöfunartekjum sínum til húsnæðiskaupanna, 28% í félagslega kerfinu. Hvaða skilyrði verða sett í þessu kerfi? Það liggur ekki ljóst fyrir. Það sem hins vegar liggur ljóst fyrir er að búið er að reisa ýmsa nýja þröskulda. Eitt af því, bara svona til áminningar eða upprifjunar öllu heldur, er að við vorum að samþykkja hér eða ríkisstjórnin knúði í gegn lög fyrir fáeinum mánuðum þar sem afnumið var þak sem var á þeirri söluprósentu sem fasteignasalar gátu tekið til sín vegna sölu á íbúðum. Talsverð umræða varð um þetta hér í þingsal. Við höfðum áhyggjur af þessu mörg úr stjórnarandstöðunni að þakið væri numið brott. Nú er búið að gera það þannig að við vitum ekki hvaða prósentu fasteignasalar koma til með að taka til sín. Það er búið að nema úr lögum þær skorður sem þeim voru settar á sínum tíma fyrir tilstilli sama hæstv. félmrh. og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Enda vekur náttúrlega athygli sú mikla hrifning sem komið hefur fram í þessari umræðu af hálfu Sjálfstfl. Og því lengra sem menn standa til hægri í stjórnmálum því hrifnari eru þeir. Menn ná ekki brosinu af andlitinu sumir sem koma hér upp. Þeir eru svo ánægðir og glaðir yfir þeirri stefnu sem hér er verið að fylgja. Það er verið að markaðsvæða allt kerfið. (**RG:** Það hefur skinið sól síðan á föstudag hjá sumum.) Það skín sól.

Það sem verið er að gera hér er að við erum að hverfa frá hinu félagslega í þessu kerfi og það sem þegar hefur komið í ljós og kemur út úr þessari umræðu — það á reyndar eftir að skoða miklu betur — er að þeim mun fækka sem eiga kost á því að eignast íbúð. Því er spurningin sem við þurfum að fá svar við þessi: Hverjir eru þá aðrir kostir? Stærsti vandinn

í félagslega húsnæðiskerfinu hefur verið sá að skort hefur góðar leiguíbúðir. Þetta er viðurkenndur vandi á húsnæðismarkaði hér og í húsnæðiskerfinu hér, þ.e. að það skortir góðar leiguíbúðir. Er gert ráð fyrir smíði nýrra leiguíbúða? Á að mæta þessari eftirspurn með nýjum leiguíbúðum? Það er talað um 25 leiguíbúðir á ári í tvö ár, 50 íbúðir. Þetta er nánast eins og brandari þó að mönnum sé ekki hlátur í hug. Það sem menn hljóta að velta fyrir sér þegar þeir skoða þá þætti frv. sem afmarkað skoðað kunna að vera til bóta, er hvort ekki liggi á að keyra þetta í gegn. Ég segi nei.

Í fyrsta lagi orkar margt af því sem talið hefur verið þessu frv. til ágætis mjög tvímælis, t.d. greiðslubyrðin og þeir útreikningar sem liggja þar að baki. Ég hef bent á það og aðrir þingmenn einnig að það er ekki nóg að skoða greiðsluhlutföll. Menn verða líka að skoða tilkostnaðinn við lántökuna og kostnaðinn við kerfið. Menn þurfa líka að skoða þessa greiðslubyrði miklu, miklu betur. Í ljós kemur að miðað við þær töflur sem birtar eru með frv. mundi fólk sem hugsanlega kæmist inn í kerfið, samkvæmt þeim reglum sem settar eru til að komast inn í húsbréfakerfi, ekki rísa undir greiðslubyrðinni þegar undir lok greiðslutímans líður. Einstætt foreldri með 80 þús. kr. á mánuði kæmi til með að borga 100 þús. kr. meira í lok tímabilsins en það gerir í því kerfi sem við búum við. Þeir stæðu ekki undir þeim byrðum sem settar yrðu á herðar þeirra undir lok tímabilsins þegar fólkið er að komast á ellilaunaaldur ef um ungt fólk hefur verið er að ræða. Þetta eru hlutir sem við þurfum að skoða miklu betur og krefjast miklu meiri umræðu áður en gengið er í að gera breytingar á kerfinu. Við eigum ekki að gera breytingar nema við séum sannfærð um að þær séu til bóta og í reynd í samræmi við þau markmið sem ég vitnaði til í upphafi og hæstv. félmrh. setti sér með setningu nýrra laga.

Eitt langar mig til að leggja mikla áherslu á og það er sú grundvallarbreyting sem gera á með þessu frv., á stuðningi hins opinbera við húsnæðiskaupendur. Hver er sú grundvallarbreyting? Hún er sú að stuðningur sem veittur hefur verið í gegnum félagslega kerfið, t.d. í formi lágra vaxta, er allur færður yfir í vaxtabótakerfið. Stuðningur hins opinbera kemur til með að liggja þar. Er þetta gott eða er þetta slæmt? Ég held að menn þurfi að vara sig á því að hrífast ekki svo af einföldum, skýrum og góðum kerfum að menn gleymi að skoða hugsanlega vankanta og hugsanlegar hættur sem í þeim kunna að felast. Um áramótin samþykktum við lög um húsaleigubætur og í 1. gr. þeirra laga segir að þau eigi að verða til þess að bæta kjör tekjulágra leigjenda. Síðan hafa menn vaknað upp við þann vonda draum, t.d. í Reykjavík, að kjörin hafa versnað með því samspili sem er á milli nýrra húsaleigubótalaga og markaðsvaxta sem búið er að setja á hjá félagslegum íbúðum hf. Reyndar hefur komið í ljós að það er ólögleg ráðstöfun. Kjörin versnuðu hjá sumum um margar þúsundir króna, í sumum tilvikum 15–20 þús. kr. á mánuði. Annars vegar erum við með þessi fínu lög sem líta óskaplega rökrétt og vel út en á hinn bóginn erum við með versnandi kjör hjá þeim sem lögin eiga að þjóna.

Í þessu máli vil ég vekja athygli á því hvaða hættur felast í að fara með stuðninginn allan yfir í vaxtabæturnar og hverfa frá stýringu í gegnum vexti eða aðra þætti í félagslega kerfinu. Hættan er sú að það er auðveldara að skerða kjörin í kerfinu sem ætlað er að taka við. Ég minni á að í tíð þessarar ríkisstjórnar voru uppi hugmyndir um breytingar á vaxtabótunum. Ef þær hugmyndir hefðu náð fram að ganga, þá hefðu kjör húsnæðiskaupenda stórversnað.

Hvenær reynir mest á vaxtabótakerfið? Undir hvaða kringumstæðum kæmi til með að reyna mest á vaxtabótakerfið? Það er í kreppu. Mest mundi reyna á vaxtabótakerfið í kreppu. Hvers vegna? Vegna þess að þá dragast tekjur fólks saman og meiri bætur þarf í vasann. Hver borgar þessar bætur? Það er hið opinbera. Hvernig hagar hið opinbera sér, þegar kreppir að, þegar minna kemur í ríkiskassann. Hvað gera menn þá? Þá skera menn niður. (**Gripið fram í:** Spara menn.) Spara menn? Þá skera menn niður. Hvar skera menn niður? T.d. í þessum málaflokki verður skorið niður. Þegar reynir á kerfið, þá er skorið niður. (**Gripið fram í:** Stundum eru skattarnir hækkaðir.) Stundum eru skattarnir hækkaðir líka en ef við ætlum að fá réttlátara skattkerfi og réttlátari dreifingu, þá þurfum við líka að skipta um ríkisstjórn er ég hræddur um.

Ég minni á að á átta ára sögu vaxtabótakerfisins hefur fimm sinnum verið krukkað í það. Ég er að vekja athygli á þeirri hættu sem er fyrir hendi og þeirri hættu sem skapast við að setja allan stuðninginn við húsnæðiskaupendur inn í vaxtabæturnar. Það verður svo auðvelt að skerða og þar með breyta forsendum fyrir alla þá sem eru að borga af lánum sínum. Mjög drjúgur hluti af kjörum hvers manns tengist húsnæði og það er því mjög mikilvægt að á því sviði ríki festa en ekki óvissa. Ýmsa þætti þarf því að skoða betur.

Að sjálfsögðu þarf einnig að hyggja að öðrum málum. Ég vek athygli á því að fólki verður ýtt út af eigendamarkaðinum. Fólk fær ekki kost á að eignast íbúðir og þarf að leigja íbúðir. Þó ýmsir kjósi fremur þann kostinn munu sumir ekki eiga um neitt að velja í því efni vegna þess að það er tekjulágt fólk. Pólitísk afstaða sveitarfélaga til leiguíbúða er misjöfn. Við þekkjum sveitarfélög sem hafa þá pólitísku afstöðu að vilja ekki leiguíbúðir. Garðabær er t.d. frægur að endemum í þeim efnum. Það er kapítuli út af fyrir sig og væri þess virði að taka góða umræðu um hvernig farið hefur fyrir fólki sem verið hefur í félagslega kerfinu eða tengst því sveitarfélagi. Í Vestmannaeyjum hefur þessi pólitíska stefna verið að því er ég best veit.

Kostir tekjulágs fólks ráðast því mjög af þeim áherslum sem viðkomandi sveitarfélag hefur. Ef lög af þessu tagi verða samþykkt mun reyna enn meira á þetta. Sýnt er að það mun fjölga mjög í þeim hópi sem þarf að fara út á leigumarkaðinn. Ég held að það sé alveg óumdeilt að fleira fólk þarf að leita þangað, þó ekki væri fyrir annað en það að lánin eru ekki 100% heldur 90%. Sá sem hefði getað átt kost á því að fá 7 millj. fær 700 þús. kr. minna með þessu frv. Þær eru teknar af vegna þess að menn þykjast hafa fundið það út að fólk hafi lent í greiðsluerfiðleikum. Ég held að þetta þurfum við að skoða enn þá betur. Eins þarf að skoða hver veruleikinn er í þessum efnum. Reyndar er ekkert undarlegt að tekjulægsta fólkið eigi í greiðsluerfiðleikum og einhverjir mánuðir komi sem það ekki getur greitt af lánum. Það er ekkert óeðlilegt. Mér finnst það ekki þýða að með einu pennastriki eigi að afnema þessi réttindi eins og hér á að gera, taka fleiri hundruð þúsund út, stroka þau bara út, 700 þús. kr. ef um væri að ræða lán upp á 7 millj. Það er ekki til lengur. Fólk verður annaðhvort að vera búið að safna af 80 eða 90 þús. kr. á mánuði, það verður að safna 700 þús. kr., eða fara annars staðar á lánamarkaðinn og fá þar þá dýrari lán. Þetta eru þeir valkostir sem hæstv. ráðherra Páll Pétursson býður fólki.

Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið og nú síðast frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um Húsnæðisstofnun og það starfsfólk sem þar starfar. Í þessu frv. segir ekkert um að

það eigi að tryggja starfsfólkinu atvinnu í nýrri stofnun ef til kæmi. Hins vegar vil ég að það komi fram að hæstv. félmrh. hefur sagt á öðrum vettvangi að hann vilji stuðla að því að svo verði. Það er mikilvægt að því verði fylgt eftir.

Svo ég dragi saman það sem mér finnst vera mikilvægt í meðferð þessa frv. er í fyrsta lagi að menn gefi sér góðan tíma til þess að skoða það frá öllum hliðum og gefi samtökum og stofnunum samfélagsins ráðrúm til þess að fara í þá vinnu. Stjórnvöld þyrftu strax að sýna vilja sinn til þess að taka við ábendingum og gera breytingar á sínum áformum. Mér finnst aðeins um eitt að ræða í því efni. Það er að hæstv. félmrh. lýsi því yfir að þetta frv. verði tekið út af borðinu að sinni, sent út í samfélagið, út til verkalýðshreyfingar, samtaka launafólks, Búseta, Leigjendasamtakanna og allra þeirra sem hlut eiga að máli. Í sumar eða á komandi mánuðum þyrfti síðan að kanna hvort unnt er að finna samkomulagsgrundvöll sem tryggir að yfirlýst markmið frv. nái fram að ganga.

Okkur vantar einfaldara kerfi, ódýrara kerfi og betra kerfi fyrir tekjulágt fólk. Það frv. sem hæstv. ráðherra Páll Pétursson hefur lagt fyrir Alþingi tryggir ekki þessi markmið. Þvert á móti er verið að reisa nýja þröskulda. Tekjulágu fólki verður gert erfiðara um vik að komast inn í húsnæði. Það er verið að skapa stórkostlega óvissu í húsnæðiskerfinu. Mér finnst það ótrúlegt ábyrgðarleysi af ríkisstjórninni og hæstv. félmrh. að bjóða upp á vinnubrögð af þessu tagi.

Í þessum málaflokki, öðrum málaflokkum fremur, þarf að ríkja staðfesta. Hér er þess krafist að menn afgreiði fyrir þinglok, eftir fáeinar vikur, frv. sem umturnar því kerfi sem við búum við í dag. Það leggur niður stofnanir, leggur nýjar kvaðir á fólk og setur fram spurningar sem engin svör eru við. Þetta eru vinnubrögð sem Alþingi er ekki bjóðandi og þjóðinni ekki heldur. Ef ráðherra væri reiðubúinn að draga þetta frv. til baka og leita eftir raunverulegu samráði við Alþingi og samtök og stofnanir í þjóðfélaginu, þá held ég að hvorki stæði á stjórnarandstöðu né samtökum launafólks né öðrum þeim sem hlut eiga að máli. Nú reynir á vilja hæstv. félmrh. og þeirrar ríkisstjórnar sem hér fer með völdin.

[14:31]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta er þriðji dagurinn sem við ræðum það frv. til húsnæðismála sem hér er nú á dagskrá. Allmargar ræður hafa verið fluttar en ýmsu er líka ósvarað þrátt fyrir það. Mig langar að nota þann tíma sem ég hef til að ítreka nokkur atriði og leita eftir frekari svörum frá hæstv. félmrh. áður en vinnan hefst við frv. í hv. félmn. nema hæstv. félmrh. verði við tilmælum síðasta ræðumanns og dragi þetta frv. til baka og leggi í það meiri vinnu í sumar í samráði við þau samtök sem koma að þessum málum.

Í ræðu sinni í gær gaf hæstv. félmrh. mér það ráð að ég skyldi setjast við símann og hringja í ýmsa þá sem búa í félagslegu húsnæði til þess að kanna hvort þar væru nokkur vandræði á ferð. Ég hef ekki haft tíma til þess að setjast við símann enda þykist ég vita að það séu harla lítil vandræði. Þau eru auðvitað á einstaka heimilum eins og hér hefur verið rakið og enginn dregur í efa. Við vitum að til eru fjölskyldur sem lent hafa í greiðsluþroti. Ef hæstv. ráðherra er að vísa til þeirra talna sem birtast í greinargerðinni um þær íbúðir sem koma til innlausnar þá þekki ég það vel af reynslu minni frá því ég var í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík að á hverju ári komu ótrúlega margar íbúðir inn í kerfið til innlausnar. En það var fyrst og fremst vegna þess að fólk var að stækka við sig eða flytja á milli kerfa því að það var lenska í þessu kerfi sem ég vona að sé að einhverju leyti aflögð, að fólki var hreinlega úthlutað of litlum íbúðum vegna þess að framboðið var þannig að mest var af tveggja og þriggja herbergja íbúðum. En þarna var mikið af ungu fólki að sækja um og fjölskyldurnar stækkuðu. Ég sé reyndar á þessum tölum að þær hafa farið stöðugt vaxandi og það er auðvitað fróðlegt að spá í það hvort slíkar breytingar hafi orðið að þeir sem fengu úthlutað í félagslega kerfinu á undanförnum árum hafi einfaldlega séð sér fært að leita út á almenna húsnæðismarkaðinn eða hvort þarna eru fyrst og fremst flutningar innan kerfisins á ferð eins og var þegar ég þekkti þarna til. Ég geri lítið úr því að þarna séu mikil vandræði að undanteknu því að auðvitað hefur ákveðinn fjöldi fjölskyldna lent í vandræðum og ákveðinn fjöldi hefur lent í gjaldþrotum og við vitum að úti á landi í einstaka sveitarfélögum standa íbúðir auðar. Þetta eru allt saman kunnuglegar staðreyndir en þær duga að mínum dómi alls ekki til þess breyta eins miklu og hér er lagt til.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um leiguíbúðir, að m.a. væru uppi áform hjá Reykjavíkurborg að byggja 100 leiguíbúðir. Ég held að ég hafi tekið þar rétt eftir að hæstv. ráðherra hafi sagt byggja ... (**Félmrh.:** Eða kaupa.) Byggja eða kaupa. Það breytir málinu nokkuð því að ég vil benda á að ef menn raunverulega ætla að efla leigumarkaðinn á Íslandi og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mest, þá verða menn að varast vítin og fara þá ekki aftur þá leið sem mönnum finnst greinilega ekki hafa gefist vel, þ.e. að byggja mikið af félagslegu húsnæði í blokkum eða minni húsum og hafi þá í huga að dreifa þeim íbúðum. Ég geri alls ekki lítið úr því og vona svo sannarlega að það sé rétt að til standi að kaupa leiguhúsnæði því að það er alveg greinilegt að mikil þörf er á því.

Í fyrri ræðu minni velti ég mikið fyrir mér áhrifunum á markaðinn. Hæstv. ráðherra sagði að menn greindi á um eða gætu ekki spáð nákvæmlega fyrir um hver áhrifin yrðu á markaðinn, hann mundi leita jafnvægis. Áreiðanlega er það rétt að fyrr eða síðar leitar markaðurinn jafnvægis. En hvað gerist á þeirri leið? Það er hin stóra spurning. Við vitum að sveiflur í verðlagi geta komið, sérstaklega ef það verður hækkun á fasteignaverði, ákaflega illa við þá sem eru að kaupa á þeim tíma. Hver verða áhrifin á leigumarkaðinn? Það skiptir gríðarlegu máli fyrir kjör fólks hvort leiga hækkar eða lækkar. Og hver verða áhrifin í félagslega kerfinu? Þessu er erfitt að svara en menn verða að gera sér eins vel grein fyrir þessu og mögulegt er áður en lagt er út í jafnmiklar grundvallarbreytingar og hér er verið að leggja til.

Þá hefur einnig verið margminnst á kostnaðinn og ég ítreka að mér finnst býsna erfitt að átta mig á því hver kostnaðurinn verður. Hæstv. ráðherra heldur því fram sem einnig kemur fram í umsögn fjmrn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samantekið má ætla að kostnaður ríkissjóðs, sem tengist breytingum á húsnæðislánakerfinu á árinu 1999, verði 365 millj. kr. [þ.e. á næsta ári.] Árið 2000 má ætla að kostnaðurinn nemi 815 millj. kr. og um 860 millj. kr. árið 2001."

Hver er skýringin á þessari miklu hækkun milli ára, hæstv. ráðherra? Það hefur komið fram áður að reiknað er með því að vaxtabæturnar hækki um 120 millj. frá ári til árs vegna nýrra hópa sem bætast inn. En hvað skýrir þessa miklu hækkun? Varla er þarna um aukningu á niðurgreiðslu

á vöxtum að ræða. Ég viðurkenni hreinlega að ég átta mig ekki á þessu því að ég hefði haldið að kostnaður ríkisins mundi minnka töluvert við þessa breytingu.

Þá vil ég taka undir þau orð sem fram komu í gærkvöldi hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um varasjóðinn. Það er alveg ljóst að íbúarnir á höfuðborgarsvæðinu munu borga útlánatöp og þann halla sem kann að verða á kerfinu. Það er alveg ljóst að hvaða leið sem hefði verið farin þá verður einhver að borga. Staða Byggingarsjóðs verkamanna er slík að þar verður að grípa inn í og það réttlátasta hefði verið að okkar sameiginlegu sjóðir greiddu þann halla. En þá er spurningin: Er endilega munur á því hvort peningarnir koma beint úr ríkissjóði eða frá sveitarfélögunum? Það eru auðvitað íbúarnir á höfuðborgarsvæðinu sem greiða þarna langsamlega stærsta hlutann eins og málið lítur út í frv., það eru þeir sem munu borga.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra út í ákvæði III til bráðabirgða sem mikið hefur verið rætt. Á bls. 16 í frv. segir, með leyfi forseta:

„Á meðan innlausnarskylda hvílir á sveitarfélögum samkvæmt lögum nr. 97/1993 er þeim heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða ...“

Þetta er mjög opið ákvæði. Er meiningin e.t.v. sú að settar verði reglur, t.d. um að nota megi þriðjung eða helming? Hver er hugsunin nákvæmlega í þessu?

Þá finnst mér ég heldur ekki hafa fengið svar við því hvernig húsnæðisnefndirnar eiga að standa að því að úthluta og í raun og veru að fá umsóknir um viðbótarlán. Eins og þetta er framkvæmt núna þá birta húsnæðisnefndirnar auglýsingar. Nú er komið að úthlutun íbúða og fólk sækir um. Er hugsunin sú að slíkt kerfi verði áfram eða á þetta að verða eins og í húsbréfakerfinu, þ.e. að umsóknareyðublöð liggi frammi og fólk einfaldlega komi og sæki um og svo safni húsnæðisnefndirnar saman einhverjum bunka og fari yfir þetta í sameiningu. Ég vildi gjarnan fá svar við þessu því þetta er algerlega óljóst vegna þess að það hafa myndast fastar reglur um meðferð þessara mála á undanförnum áratugum.

Þá vil ég koma aðeins að mjög alvarlegu máli í þessu öllu saman sem það er það hvað gerist þegar fram kemur frv. af þessu tagi. Núna eru fimm og hálf vika eftir af þingtímanum miðað við þá áætlun sem nú er miðað við. Í þessu frv. er því lýst yfir að heil stofnun verði lögð niður, Húsnæðisstofnun ríkisins. Að vísu tekur önnur stofnun við. Ég fór að velta því fyrir mér í gærkvöldi hvaða áhrif þetta hafi á Húsnæðisstofnun ríkisins og starfsemi hennar það sem eftir lifir ársins. Ef við reiknum með því að þessi lög nái fram að ganga og gildistakan verði um næstu áramót, hvernig mun andrúmsloftið þá verða í þessari stofnun? Við hvaða öryggi eða öryggisleysi býr starfsfólkið og hvernig verður stofnuninni kleift að sinna sínu hlutverki til áramóta? Hversu margir hugsa sér að vinna áfram hjá stofnuninni? Er kannski þegar tekið að gæta atgervisflótta eins og það er kallað? Er fólk farið að leita út úr stofnuninni eftir öðrum störfum? Það hefur alltaf gríðarleg áhrif þegar yfirlýsingar af þessu tagi eru gefnar og ég vil beina eftirfarandi spurningum til hæstv. félmrh.: Er þessa þegar tekið að gæta? Hefur hann einhverjar upplýsingar um það? Hefur eitthvað verið kannað hversu margir starfsmenn Húsnæðisstofnunar hyggjast vinna þar áfram eða hafa borist einhverjar fregnir af því hvort menn eru þegar jafnvel teknir að leita fyrir sér annars staðar? Mér finnst að við þurfum að hafa þetta í huga. Þetta er mjög alvarleg hlið á þessu máli. Þarna er um starfsöryggi og starfsumhverfi tuga starfsmanna að ræða. Þetta er mjög alvarleg hlið á þessu máli.

Að lokum, hæstv. forseti, get ég ekki sagt annað en að ég á afar bágt með að skilja hvernig takast eigi að ljúka þessu stóra máli og því frv. sem hér er til umræðu á eftir og er þessu frv. tengt, hvernig það á að takast að ljúka þessu á þeim örfáu starfsdögum sem eftir eru. Þó að vikurnar séu fimm og hálf þá fellur þar töluvert úr. Þetta mál þarf að fá alvarlega umfjöllun og þeir sem að því koma þurfa að fá tíma til að veita sínar umsagnir og verkalýðshreyfingin á væntanlega eftir að láta í sér heyra. Við heyrðum áðan í hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ef ég man rétt er miðstjórnarfundur hjá Alþýðusambandinu á morgun þar sem þetta verður væntanlega rætt. Það eru ýmsir fleiri sem munu koma að málinu og veita umsagnir eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og húsnæðisnefndirnar víða á landinu

Lokaspurning mín til hæstv. félmrh. er sú hvaða nauðsyn beri til að ljúka málinu á þessu vori. Það hlýtur öllum að vera ljóst og er ljóst af þeirri umræðu sem hefur staðið í þrjá daga að hér er um mikið ágreiningsmál að ræða. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. félmrh. að íhuga alvarlega að skoða þetta mál betur í sumar og leita leiða til samkomulags bæði við stjórnarandstöðuna og aðra þá aðila sem að málinu koma þannig að það fái vandaða umfjöllun. Mér er alveg ljóst að bara sú umræða og sú tillaga sem hér liggur fyrir hefur þegar haft sín áhrif, m.a. á Húsnæðisstofnun ríkisins. Við erum því að fjalla um háalvarleg mál. Mín skoðun er sú að í frv. sé mjög margt sem þurfi að skoða vandlega. Til dæmis þarf að fara rækilega ofan í ýmsar tölur í sambandi við greiðslumatið og þá útreikninga sem hér eru á greiðslubyrði, og afla þarf ýmissa upplýsinga frá sveitarfélögunum varðandi aðstoð og áform þeirra. Ég get þess vegna ekki leynt því að ég tel afar vafasamt að það takist að afgreiða málið á þessum tíma svo vel sé og endurtek að ég skora á hæstv. félmrh. að skoða það vel að leggja þetta mál til hliðar.

[14:47]

**Útbýting þingskjala:**

Dómstólar, 176. mál, þskj. 915.

Þjóðfáni Íslendinga, 542. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 927.

[14:48]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að taka undir orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um að hvetja ráðherrann til að skoða þetta mál í sumar. Ég þykist þess nokkurn veginn fullviss miðað við vinnubrögðin að ekki sé mikill áhugi á að reyna að ná samstöðu við stjórnarandstöðuna í þessu máli, þótt ég telji að það væri farsælt, en það er mjög mikilvægt að reyna að skoða það mjög vel hvaða afleiðingar þessar gífurlegu breytingar hafa þannig að hægt sé að reyna að bregðast við því eins og unnt er gagnvart þeim hópum sem verða úti eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum.

Virðulegi forseti. Það er mér umhugsunarefni að félmrh. skuli ekki gera tilraun til að svara þeim ræðumönnum sem talað hafa í dag og hafa beint til hans ýmsum spurningum, vegna þess að þeir ræðumenn hafa verið að flytja síðari ræður sínar. Það er alveg ljóst að þegar hann kemur hér síðar í ræðustól til að svara eða fjalla um það sem beint hefur verið til hans, þá verður eina leið þingmannanna sem hér

hafa talað að koma í andsvör og ef margir biðja um andsvar verður kannski bara ein mínúta á hvern. Ég vek þess vegna athygli á því að á sama tíma og stjórnarandstaðan hefur orðið við ósk um að gera samning um lok þessarar umræðu og við höfum gert samkomulag við hæstv. forseta um að stefna að því að ljúka umræðunni um fjögurleytið, hefði maður átt von á að félmrh. reyndi að bregðast við ræðumönnum með því að svara spurningum þeirra nokkurn veginn jafnóðum og þær koma fram. Ég vek athygli á þessu því að ég geri mér alveg grein fyrir hvernig staðan verður þegar hann hefur flutt ræðu sína í lokin og ætlar þá að reyna að svara öllu því sem borið hefur á góma í þessari umræðu síðan hann talaði í gær.

Virðulegi forseti. Umræðan um þetta frv. hefur dregið mjög skýrt fram hvaða bylting felst í því. Sumir upplifa orðið byltingu eitthvað sem á að umbreyta til góðs, en þegar ég tala um byltingu er ég að tala um byltingu með neikvæðum formerkjum.

Það vekur vissulega athygli hverjir hafa talað um þetta frv. Hverjir hafa talað í þessu þingmáli? Það hafa nokkrir sjálfstæðismenn gert og fagnað mjög. Það vekur líka athygli hverjir hafa verið fjarri í umræðunni og alls ekki tekið til máls og ekki staðið við hlið ráðherrans um að vekja athygli á því að þetta sé til góðs og breytingar sem njóti víðtæks stuðnings. Og við höfum tekið eftir því hverjir hafa fagnað mest. Auðvitað höfum við tekið eftir því hver hefur hrópað nærri því sól í Hvalfirði, talað um að á föstudag hafi sól farið að skína og hafi skinið enn í gær í muggunni af því það var svo dásamlega gaman og gott að þetta frv. hefði litið dagsins ljós. Og hver var það? Pétur Blöndal sem er alfarið á móti öllu félagslegu í lagasetningu. Auðvitað höfum við tekið eftir þessu, virðulegi forseti, og er ég þá ekkert að kasta rýrð á þingmanninn. Hann hefur bara sína persónulegu pólitísku skoðun sem er um sumt langt til hægri við hans eigin flokk. Auðvitað höfum við tekið eftir hvernig umræðan um frv. hefur verið og hverjir hafa fagnað, og við vitum líka stefnu hvers er verið að framfylgja.

Það má kannski freistast til að leggja þá meiningu í orð stjórnarandstöðunnar að hún sé búin að verja hér óbreytt kerfi. Svo er ekki. Það er umhugsunarvert og mjög mikilvægt að vekja athygli á því að allir sem hér hafa talað hafa einmitt nefnt að annmarkar séu á þessu kerfi. Það hefur verið skoðað af okkur í stjórnarandstöðunni og mikilvægt að reynt verði að ná samstöðu um að lagfæra þá. Stjórnarandstaðan hefur síður en svo verið að halda því fram að hér sé kerfi sem ekki má breyta. Hún hefur þvert á móti sagt: Skoðum saman hvað hægt er að lagfæra það sem er ábótavant og gerum það vel, þannig að engir hópar verði utan kerfisins, að engum hópum verði kastað fyrir róða, síst þessum 1.200 sem búast má við að falli utan kerfis miðað við þetta frv. Þetta er mjög mikilvægt. Og það er mikilvægt að slíkt félagslegt kerfi sé alltaf í takt við tímann og allt sé gert sem unnt er til að gera það sveigjanlegra og liprara, en á sama tíma og við erum sammála um að gera eigi svona kerfi sveigjanlegt og lipurt þannig að það þjóni alltaf markmiðum sínum og sé það tæki til stuðnings láglaunafólki sem það var hugsað í upphafi, skulum við minnast þess sem gerðist hér fyrir nærri 70 árum — ætli það hafi ekki verið 1929, hvaða stórfellda samfélagsumbót það var að koma á lögum um verkamannabústaði og koma á þessu félagslega kerfi. Og enn og aftur hefur verið vakið máls á því í þessum sal hvað var að gerast þegar uppbygging var sem mest í þessu kerfi, bæði á þeim tíma þegar það var nýtt og fólk var að komast upp úr rakakjöllurum og úr heilsuspillandi húsnæði inn í mannsæmandi íbúðir, og svo seinna á síðari árum þegar stórfellt átak var gert í uppbyggingu félagslegs kerfis og fólki var veitt öryggi í húsnæðismálum með þeirri uppbyggingu. Gleymum því ekki, sem hefur komið fram í þessari umræðu, að margt af því fólki sem hefur fengið inni í þessu húsnæði og stendur sig vel er fólk með mjög lágar tekjur, t.d. 60–70 þús. kr. mánaðarlaun, og stendur sig vel. Gleymum því ekki að af því fólki sem hefur fengið 100% lán í þessu kerfi, það eru 600 fjölskyldur, eru 17% með vanskil. Skoðum það í samhengi við almenna markaðinn, almennt húsnæðislánakerfi og fjárfestingar fólks almennt í dag. Skoðum hvort þessi þjóðfélagshópur á það skilið að sagt sé um hann: Hann á ekki heima í þessu kerfi, setjum hann út án þess að átak sé gert í félagslegum íbúðum.

Virðulegi forseti. Það hefur komið berlega í ljós í þessari umræðu að það eina félagslega sem eftir stendur í þessari löggjöf er lánstíminn og lánshlutfallið en þá skulum við ekki gleyma því að búið er að opna á það í hinu almenna húsbréfakerfi að lánstími geti verið 40 ár þótt ekki hafi ýkja margir nýtt sér það. Það er einmitt með jafnlaunagreiðslunum og hinum lágu mánaðargreiðslum fólks sem það skiptir máli að lánstíminn sé langur og kjörin góð. Við skulum líka athuga að þegar verið er að flytja niðurgreiðslur vaxta yfir í vaxtabótakerfið, eins og nú á að gera, er verið að búa til kerfi þar sem mun einfaldara er að breyta forsendunum fyrir niðurgreiðslunni en nokkru sinni áður. Og þess vegna hefur svo lengi verið haldið við þá stefnu að vera með niðurgreidda vexti í félagslega kerfinu að það hefur verið algerlega gagnsætt á hvaða kjörum fólk hefur fengið félagslega íbúð hverju sinni og hverjir vextirnir eru. Við þekkjum það sem höfum setið um nokkurra ára skeið í efh.- og viðskn. Það hefur gerst að breytingar á vaxtabótum hafa komið fyrir þá ágætu nefnd, eins og núna, í breytingum við fjárlagagerð í önnunum fyrir jól og ekki skorti á að sett voru fram nokkur dæmi en ekkert dæmanna sem þá kom fram þegar vaxtabótakerfinu var breytt síðast sýndi að hjón með 2,4 millj. í tekjur, 3 millj. kr. skuld í almennu húsnæðiskerfi og með eign upp á 8 millj., mundu lenda í því að vaxtabætur lækkuðu úr 162 þús. í 60 þús. Engin dæmin sýndu það. Það var enginn vegur fyrir efh.- og viðskn. á þeim tíma að fara í þau ítarlegu dæmi að slík staða yrði mönnum ljós, en það var engu að síður það sem kom í ljós ári seinna, á árinu 1995, þegar fólk fór að fá vaxtabæturnar sínar og sjá mismun á því sem hafði gilt samkvæmt lögunum 1993 og þeim lögum sem tóku gildi 1994. Og takið eftir því, hv. þingmenn, að ég dreg þessa staðreynd fram hér eftir að hafa verið stjórnarmaður í efh.- og viðskn. og félmn. á þeim tíma. Af hverju geri ég það? Vegna þess að ég býst við að allir sem hér eru geri sér grein fyrir því að ég hefði ekki fengist í þessa breytingu, að kippa 100 þús. kr. vaxtabótadæmi út úr fjárhagsdæmi fjölskyldu með samanlagt 2,4 millj. kr. í tekjur, hefði það legið ljóst fyrir. Ég er ekkert viss um að þeir sem voru að reikna hafi ætlað sér að vera með slíkar afkomuskerðingar fyrir fólk með ekki hærri tekjur. Nei, vandinn er sá að þegar verið er að gera slíkar breytingar í fljótheitum, þá verða slysin. Núna er verið að taka um það prinsippákvörðun að fólkið með lægstu tekjurnar, fólkið sem í dag fær inni í félagslega kerfinu, skuli fá niðurgreitt í gegnum vaxtabótakerfið. Þess vegna er svo mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því hvað í því felst og hversu ógagnsæ sú niðurgreiðsla verður þegar þar að kemur.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér í þessari síðari ræðu minni að fara í gegnum allt það sem hér hefur verið rætt í umræðunni en mér er það alveg ljóst að það þurfti þennan tíma til að ræða húsnæðismál sem við höfum tekið hér. Og þrátt fyrir að það sé búið að fara svona óhemjulega í taugarnar á stjórnarliðunum að við skulum hafa talið okkur þurfa þennan tíma í 1. umr., málsins þá hefur hún varpað ljósi á það hversu hrikalega vanbúið þetta frv. er frá sjónarhóli þeirra sem vilja hafa félagslegt kerfi. Ég geri mér alveg grein fyrir hve glæsilegt það er frá sjónarhóli ákveðinna íhaldsmanna.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði hins vegar að nefna þetta með framlag sveitarfélaganna og varasjóðinn. Þrátt fyrir valkostinn verður það þannig að enginn mun fá þetta félagslega lán og félagslega viðbótarlán nema sveitarfélagið segi já og sé tilbúið til að greiða 5% af viðbótarláninu inn í varasjóð. Sá varasjóður á fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að greiða niður íbúðirnar fyrir fólk úti á landi. Á sama tíma er ljóst að hafni sveitarfélag forkaupsrétti þegar eigandinn óskar eftir innlausn á íbúð sinni sem kannski er illseljanleg, þá á hann ekki möguleika á því að fá úr þessum varasjóði, lendi hann í því að íbúðin hans seljist langt undir skuldum hans. Þetta er gífurlega stórt atriði vegna þess að svo oft hefur verið talað um vanda sveitarfélaganna. Oft er talað um að íbúðir séu ekki seljanlegar vegna þess að þær standi langt yfir markaðsverðinu. Sums staðar verða íbúðir illseljanlegar þó þær séu ekki endilega yfir markaðsverði heldur út af öðrum ástæðum sem gera staðsetningu íbúðar óásættanlega fyrir þann sem ætlar að nýta sér valkostinn um félagslegt lán.

Þótt það hafi komið fram í þessari umræðu tel ég að ekki hafi verið nægilega staldrað við að greiðslubyrðin í húsbréfakerfinu má ekki fara yfir 18% af tekjum en í félagslega húsnæðiskerfinu hafa þessi mörk verið 28%. Ég vona að ráðherrann sjái sér fært að fjalla um það. Viðmiðunarmörkin eru mismunandi milli félagslega kerfisins og húsbréfakerfisins. Nú á að vísa öllum þeim sem ætla að kaupa íbúðir í húsbréfakerfið að hluta upp á 65–70% og inn í nýja Íbúðalánasjóðinn upp á 20–25%, með breytilegum vöxtum sem við vitum ekki enn hvernig með verður farið. Enn hefur ekki komið fram hvað miða eigi við í greiðslubyrðinni.

Við höfum rætt um þá sem lenda utan við í þessu kerfi þó að greiðslubyrðin sé tekin upp í 28%. Hvað verður um hópana sem detta út ef t.d. greiðslubyrðin verður færð niður í 18% eða jafnvel á bilið milli 18 og 28%. Þetta hefur sáralítið verið rætt en er þó eitt af grundvallaratriðunum. Hvernig fer með fólkið sem ætlar að komast inn í félagslega kerfið hér eftir?

Við höfum bent á að um þúsund fjölskyldur á hverju ári hafi fengið íbúðir, ýmist íbúðir sem verið er að úthluta í fyrsta sinn eða endursöluíbúðirnar. Við teljum hættu á því að um 600 fjölskyldur muni ekki standast greiðslumatið. Við vitum ekki hvað gerist ef greiðslumatið verður lækkað. Þarna höfum við nokkra þröskulda. Við erum með greiðslumatið og sveitarfélagið sem verður að greiða 5% fyrir hvert lán sem er úthlutað og þar með hleypa viðkomandi að í nýja kerfið. Eins höfum við þann þröskuld að valkosturinn virkar ekki ef sveitarfélag óskar t.d. eftir því að í stað þess að einstaklingurinn fari út á markaðinn og finni sér íbúð, þá komi hann og kaupi íbúð sem sveitarfélagið hefur neyðst til að innleysa. Sá kostur hentar kannski ekki kaupandanum. Auðvitað má reikna með að eitthvað af innlausnaríbúðunum sem sveitarfélagið kemur til með að innleysa eftir þessa breytingu verði notaðar sem leiguíbúðir. En dettur nokkrum manni í hug að sveitarfélög geti innleyst heilu blokkirnar? Ef fólkið hefur búið í íbúðunum skemur en 10 ár, þá á það rétt á að íbúðirnar verði innleystar.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna tvö ákvæði sem sáralítið hefur verið rætt um. Um þau er fjallað á bls. 74 í frv. Um ákvæði til bráðabirgða IV segir, með leyfi forseta:

„Að því er snertir eigendur félagslegra eignaríbúða er gert ráð fyrir því að þeir geti selt íbúð sína á almennum markaði hafi þeir greitt upp áhvílandi lán við Byggingarsjóð verkamanna og við framkvæmdaraðila."

Gerum nú ráð fyrir því að þetta verði útfærslan þannig að allt hafi verið gert upp. Takið nú eftir:

„Heimild þessi er háð því að forkaupsréttur sveitarfélags sé fallinn niður, sem getur orðið 30 ár frá útgáfu síðasta afsals en fyrr hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þennan tíma hvenær sem er."

Þetta er í umfjöllun um bráðabirgðaákvæði IV. Hvað þýðir þessi síðasta setning, virðulegi forseti? Ég beini því til hæstv. félmrh. að sveitarstjórn er heimilt að stytta þennan tíma hvenær sem er. Getur þá sveitarstjórn í raun og veru stytt forkaupsrétt í eitt ár eða minna? Hefur sveitarstjórn það í hendi sér hvort yfirleitt er forkaupsréttur? Öllum þessum spurningum verður að svara áður en þetta frv. verður að lögum vegna þess að alls staðar þar sem vafi virðist leika á virðist vafinn vera á verri veg fyrir þann sem á að nýta sér félagslega kerfið.

Um ákvæði til bráðabirgða V segir:

„Ákvæðið tekur til þeirra sem gert hafa samninga um leigu- eða kaupleiguíbúðir, svo og til annarra sem búa í annars konar félagslegum íbúðum. Tekið er á því í 3. mgr. ákvæðisins að þeir einstaklingar, sem gert hafa leigusamning með kauprétti, haldi rétti sínum til kaupa á íbúð til 31. desember 1998, en að þeim tíma liðnum falli niður slíkur réttur."

Allir þeir sem nú eru á samningi í kaupleiguíbúð og hafa heimild til þess samkvæmt núgildandi lögum, geta verið í kaupleiguíbúð í fimm ár og á þessum fimm árum valið að breyta leigurétti sínum í kaup. Þeir eiga allir að taka ákvörðun fyrir 31. des. 1998. Á þessu ári mun sá sem hefur talið sig vera kominn í öruggt skjól, í kaupleiguíbúð þar sem hann geti í nokkur ár haft leigurétt, þurfa að gera þetta upp við sig.

Fólk sem verið hefur yfir mörkum, misst íbúðirnar sínar, kannski orðið gjaldþrota og hefur af einhverjum orsökum dottið út úr bankakerfinu þannig að hvergi er fyrirgreiðsla, ekki lán til að kaupa, ekki lán til að spanna þau 10% sem á vantar. Kaupleigukerfið hefur verið valkostur fyrir þetta fólk og það hefur kannski búist við að vera loksins komið í skjól, búið að gera samning við sveitarfélagið um að fá að vera fimm ár í íbúðinni. Nú kemur eitt lítið ákvæði sem segir að leigjandinn eigi að ákveða sig fyrir 31. desember 1998. Að þeim tíma liðnum falli niður slíkur réttur. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því í félmn. að bæði þessi ákvæði verði athuguð. Kanna þarf hvort sveitarstjórn er heimilt að stytta forkaupsréttartímann hvenær sem er og varðandi kaupleiguíbúðirnar þarf skoða hvort þarna sé ekki um afturvirkni að ræða. Athuga þarf hvort slíkt eigi að setja í lög og kippa þannig stoðunum undan því sem áður hefur gilt.

[15:08]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var með dylgjur um að stjórnarsinnar stæðu ekki við hlið ráðherrans í þessu máli eins og hún orðaði það. Þess vegna vil ég taka það fram að þingflokkur

framsóknarmanna stendur einhuga að baki hæstv. félmrh. í sambandi við flutning þessa máls. Ég veit ekki betur en svo sé einnig með þingflokk Sjálfstfl.

Við höfum hins vegar ekki tekið mikinn þátt í umræðunni. Ástæðan er einfaldlega sú að stjórnarandstæðingar hafa talað í tíu klst. eða meira og það gerir það að verkum að við höfum ekki viljað tefja umræðuna. Þessari umræðu er nú um það bil að ljúka og málið kemst þá væntanlega til málefnalegrar umfjöllunar í hv. félmn.

Ég tek fram að ég tel að hér sé um mjög gott og þarft mál að ræða. Ég óska eindregið eftir því og styð að það verði að lögum á þessu þingi.

[15:10]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því fer fjarri að ég hafi verið með dylgjur. Ég minntist á að ekki hefði farið fram hjá okkur hverjir hefðu talað, hverjir hefðu verið fjarri og hverjir hefðu fagnað þessu frv. Í því eru engar dylgjur. Það eru bara staðreyndir. Þingmaðurinn nefnir að þingmenn Framsfl. standi einhuga að baki ráðherranum og þau vilji ekki taka þátt í umræðunni af því að stjórnarandstaðan hafi notað til þess tíu tíma. Ég bendi á að þeir gætu alveg koma hingað upp og flutt ekki lengri ræðu heldur en þingflokksformaður Framsfl. flutti núna.

Ég vek athygli á því að við vorum hér í gærkvöld í málefnalegri umræðu eins og öll umræðan hefur verið. Ég geri mér alveg grein fyrir því að jafnmálefnaleg mun vinnan í félmn. verða. Í gærkvöldi funduðum við fram til kl. 10.30 ásamt félmrh., hann má eiga það, þannig að ég hrósi honum nú í allri þessari umræðu. Hann hefur setið hér. Sá ósiður er gjarnan hjá ráðherrum að víkja sér í burtu þegar mál þeirra eru til umræðu. Hann hefur setið hér og fylgdi sínu máli eftir. Í gærkvöld sást ekki einn einasti framsóknarmaður í þessum sal (**Félmrh.:** Ég sat hérna.) fyrir utan ráðherrann. Margir hafa efasemdir um stefnur og strauma í stjórnarliðinu. En það hefði verið bragur að því að hér hefðu verið fleiri framsóknarþingmenn og a.m.k. sýnt áhuga, í stað þess að vera fjarri og koma ekki inn fyrir múrana meðan málið var rætt.

[15:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mér skilst að búið sé að semja um lok þessarar umræðu hér um fjögurleytið og ég skal að sjálfsögðu taka tillit til þess. Ég mun ekki spilla því að það samkomulag haldist. Ég setti mig á mælendaskrá í gær, löngu áður en þau tíðindi urðu að menn sömdu um tilhögun umræðunnar. Ég vildi koma inn á nokkur atriði og ræða við hæstv. félmrh. eða hæstv. jafnréttismálaráðherra eins og ágætt er að menn muni. Hann fer með þann málaflokk einnig innan ríkisstjórnarinnar með miklum glæsibrag eins og kunnugt er.

Herra forseti. Undir umræðunum í gær fór ég að hugleiða, ekki síst var það ræða hv. þm. Péturs Blöndals sem kom mér á það spor, hvaða mynd væri að koma á hæstv. félmrh. og Framsfl. í þessari ríkisstjórn þegar velferðarmálalöggjöf landsmanna á í hlut. Það er umhugsunarvert að þetta er þriðja grundvallarlöggjöfin á sviði velferðarmála sem hæstv. félmrh. leikur og vinnur svo sem raun ber vitni.

Þessi ferill Framsfl. og félmrh. er athyglisverður þegar hann er settur í samhengi. Það var auðvitað tímanna tákn þegar hv. þm. Pétur Blöndal kom hérna og lýsti þessu sem einum af sólskinsdögunum á sinni pólitísku ævi. Hann gladdist yfir þessu frv. þar sem draumar Sjálfstfl. væru að verða að veruleika. Hvað er það þá sem hæstv. félmrh. hefur ort? Hvert er starf hans í ríkisstjórninni orðið í þessum efnum? Jú, það byrjaði með vinnulöggjöfinni. Það byrjaði með þeim stórtíðindum að ráðherra Framsfl. beitti sér fyrir breytingum á vinnulöggjöfinni, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, í algerri andstöðu við verkalýðshreyfinguna, og rauf það samstarf sem verið hafði um áratuga skeið og þann frið sem ríkt hafði um grundvallarþættina í skipulagi þeirra mála allt frá 1938.

Þetta var fyrsta stóra verkefnið sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson tók sér fyrir hendur hvað varðaði grundvallarlöggjöf um velferðarmál í landinu. (**VS:** Hefur vinnulöggjöfin orðið til einhverra vandræða?) Svo spyr hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir að því hvort hún hafi orðið til mikilla vandræða. Það hefur nú lítið reynt á það enn sem komið er því miður. En já, ég tel það, að það litla sem er þá hafi það allt orðið heldur til bölvunar og það hafi spillt andrúmsloftinu í samskiptum þessara aðila, sem þarf að vera gott, það hafi allt heldur til vansa og óþurftar. Ég t.d. hef spurt menn að því hvort þær reglur séu mjög þjálar sem núna ríkja og sjómannasamtökin þurfa að fara eftir í sínum viðræðum. Og svarið er nei. Þeir telja að eitt af því sem setji pressu á samskipti aðila núna og hafi valdið erfiðleikum séu einmitt hinar flóknu aðferðafræðilegu þvælur sem settar voru inn í löggjöfina með viðræðuáætlunum og öllu tilheyrandi og reglur um boðun aðgerða og aflýsingu aðgerða sem eru miklu óþjálli fyrir verkalýðshreyfinguna og í raun og veru fyrir alla aðila heldur en áður var. Þær geta m.a. orðið til þess að menn aflýsi ekki verkföllum eða fresti ekki verkföllum sem þeir hefðu hugsanlega gert ella samkvæmt gamla skipulaginu þegar auðveldara var að hefja aðgerðir á nýjan leik ef svo bar undir.

Þetta var það fyrsta, herra forseti, svo aðeins sé nú farið yfir feril hæstv. félmrh. í þessum efnum og vinnubrögð hæstv. ráðherra. Það er alveg sama hvað hver segir hér, það hefur verið brotið í blað í þessum samskiptum af hálfu núverandi ríkisstjórnar.

Númer tvö voru atvinnuleysisbæturnar, löggjöfin um atvinnuleysistryggingar. Það kostaði verkalýðshreyfinguna harða baráttu að fá þær hér inn í löggjöf og réttinn um miðja öldina og menn kunna þá sögu einhverjir. Þar hefur hæstv. félmrh. beitt sér fyrir skemmdarverkum og stórskemmt þá löggjöf. Fyrir nú utan að framkvæmdin var þar með þvílíkum endemum að leitun er að öðru eins. Hæstv. ráðherra leyndi hér upplýsingum eða greindi ekki frá því hverjar yrðu afleiðingarnar af lagabreytingu sem hann stóð hér fyrir. Þegar það kom svo í ljós að með breyttum skilgreiningum hafði réttur þeirra sem voru atvinnulausir að hluta til verið stórkostlega skertur þá kom hæstv. ráðherra og sagðist ætla að lagfæra það með breytingum á reglugerð, en síðan var það allt í skötulíki. Þessi þáttur var með endemum og eftir stendur að hæstv. ráðherra vann þarna annað skemmdarverkið í röð á meiri háttar grundvallarlöggjöf á sviði velferðarmála.

Og nú, svo farið sé hratt yfir sögu, er hér komið að þriðja meiri háttar málinu sem er húsnæðislöggjöfin. Þar er sömuleiðis sama upp á teningnum. Hæstv. ráðherra veður í þetta eða öllu heldur setur aðstoðarmenn sína og fjmrh. í þetta. Þetta unnið í einhverjum bakherbergjum án samráðs við nokkurn mann, án samráðs við verkalýðshreyfinguna eða félagasamtök eða aðra þá sem venjan er að hafa samráð við um þessa hluti. Svo er komið með málin hér inn í þingið seint og illa þegar komið er fram undir vor og skammt er til stefnu til fyrirhugaðra þingloka og að sjálfsögðu á að lemja þetta

allt í gegn. Þetta er nákvæmlega sama formúlan og þegar vinnulöggjöfin kom hér inn á svipuðum tíma og með svipuðum aðförum. Þetta eru alveg hneykslanleg vinnubrögð. Það er sama hvað hæstv. félmrh. segir, þessari sögu verður ekki snúið á haus. Þarna hefur verið hafnað því hefðbundna samstarfi og þátttöku þessara aðila, verkalýðshreyfingarinnar og félagsmálasamtaka, sem mjög löng hefð er fyrir að viðhafa í þessum málum. Menn geta svo haft það sjónarmið, eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom með hér inn í umræðuna, að það væri nánast bannað og það ætti yfirleitt aldrei að hafa samráð við nokkurn aðila af því tagi. Hv. þm. hélt því fram að það væri ólýðræðislegt ef ekki bara andþingræðislegt að hlusta á verkalýðshreyfinguna, þrýstihópa eins og hv. þm. hefur stundum kallað það. Það er nærtækt að spyrja hæstv. félmrh.: Er ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra hefur hafnað öllu samstarfi við verkalýðshreyfinguna og félagsmálasamtök sú að hæstv. ráðherra er sammála hv. þm. Pétri Blöndal?

Það er ekki bara þannig, herra forseti, að löng hefð sé fyrir samstarfi og samráði við verkalýðshreyfinguna um húsnæðismál, það er líka mjög löng hefð fyrir því á Íslandi að ýmis félagasamtök hafa verið beinir þátttakendur og gerendur í þróun húsnæðismála og sérstaklega hins félagslega hluta um áratuga skeið. Þannig hafa félagasamtök lyft grettistaki í þágu sinna félagsmanna og umbjóðenda og nægir þar að nefna félagasamtök eins og Öryrkjabandalagið, Búseta, búsetuhreyfinguna, Leigjendasamtökin og nú á síðari árum einnig Samtök aldraðra, sem hafa farið að beita sér í vaxandi mæli í þágu félagsmanna sinna og umbjóðenda. Allt samráð við öll þessi samtök er hunsað í aðdraganda þessa máls. Það er a.m.k. alveg ljóst að búsetuhreyfingin sendi frá sér skilaboð þessa dagana þar sem þeir segja ósköp einfaldlega að ekkert samband hafi verið haft við búsetuhreyfinguna um undirbúning þessa máls. Fara þeir rangt með þar eða hvað? Nei, ætli það sé nú ekki staðreynd mála að það hefur ekki verið haft samband við þessa aðila frekar en aðra. Og er það ekki dálítið umhent og öfugsnúið í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem aðilar eins og Öryrkjabandalagið og búsetuhreyfingin hafa haft í húsnæðismálum fyrir sína félagsmenn, að vinna svona að hlutunum? Hvaða tilgangi þjónar það? Hvaða skynsemi er í því? Ekki nein. Auðvitað er alveg fráleitt að vinna svona að hlutunum í ljósi þess hvernig samstarf aðila í þjóðfélaginu hefur verið um þessi mál á löngu árabili og ég mótmæli því mjög harðlega.

Einn þátt enn, herra forseti, vil ég gera að umtalsefni sem mér gafst ekki tími til að taka fyrir í fyrri ræðu minni við þessa umræðu og það er framkoman í garð starfsfólks Húsnæðisstofnunar. Þetta stjfrv. hæstv. félmrh., sem er ráðherra vinnumarkaðsmála ekki síður en jafnréttismála, brýtur í blað. Það brýtur í blað og er þá langt til jafnað hvað varðar framkomu hæstv. ríkisstjórnar í garð starfsmanna þeirra opinberu stofnana eða fyrirtækja sem verið er að breyta. Það er nöturlegt að það skuli vera hæstv. félmrh. sem leggur fram fyrsta einkavæðingarfrv. ríkisstjórnarinnar þar sem réttindi starfsfólks eru ekki nefnd á nafn. Þau eru bara alls ekkert á blaði. Menn hafa haft illan bifur á hæstv. fjmrh. eða hæstv. iðnrh. en það verður þó að segjast eins og er að þau frv. sem hafa verið að koma frá öðrum hæstv. ráðherrum, bæði í þessari ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórn undanfarin ár, hafa þó verið skárri en þetta vegna þess að til málamynda a.m.k. hafa einhver ákvæði verið um réttindi starfsfólks. Nægir þar t.d. að nefna öll frv. um einkavæðingu bankanna og fjármálastofnananna sem eru auðvitað að mörgu leyti sambærileg við þetta, a.m.k. hvað það snertir að hér á að setja á fót fjármögnunarsjóð sem við tekur af ríkissjóðum sem áður voru og er að því leyti til ekkert óskyldur t.d. Fjárfestingarbankanum eða Lánasjóði landbúnaðarins eða einhverju slíku. Og hvernig var gengið frá málefnum starfsfólks t.d. í þeim tilvikum? Það var gengið frá því í lögunum að starfsfólkið allt, nema yfirmennirnir í tilviki bankanna, þ.e. bankastjórarnir, átti skýlausan rétt á sömu störfum í hinum breyttu stofnunum. Það var meira að segja útfært þannig að þeir sem ekki áttu kost á því að fá sömu störf í Fjárfestingarbankanum höfðu þá forgang að störfum hjá Nýsköpunarsjóðnum — eða var það öfugt? Það var sem sagt gengið alveg þannig frá því að öll störf í hinum nýju sjóðum yrðu skipuð þeim starfsmönnum sem vildu fá störf hjá nýju aðilunum. Þetta voru ekki bara einhver heimildarákvæði eða fyrirheit. Nei, þetta var skýlaus, lögbundinn réttur starfsmannanna.

Kemur svo ekki hæstv. félmrh., ráðherra vinnumarkaðsmála sem vinnulöggjöfin heyrir undir, réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði, og jafnframt ráðherra jafnréttismála eins og kunnugt er og leggur fram frv. um að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í lánasjóð. Ekki er minnst einu orði á það hvað verða eigi um 60 starfsmenn stofnunarinnar. Engin ákvæði tryggja rétt þeirra. Er þetta ekki skondið? Er það ekki dálítið sérstakt að það skuli vera hæstv. félmrh. sem svona gengur fram?

Það er von að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé glaður og að nú skuli vera sólskinsdagar í lífi hans hvað það snertir að fylgjast með framgöngu hæstv. félmrh. hér og frumvörpum því auðvitað er það í anda frjálshyggjunnar að binda ekki hinum nýja og fína sjóði einhverjar klyfjar með því að hugsa um starfsfólkið, að réttindi, atvinnuöryggi og velferð þess skipti þarna einhverju máli. Nei, það er aldeilis ekki upp á teningnum.

Herra forseti. Þetta segir allt sína sögu um það hverra erinda hæstv. félmrh. Páll Pétursson gengur í þessum efnum. Það segir allt sína sögu um það, innihald þessara frv., samskiptin við aðila úti í þjóðfélaginu og undirtektir aðila og gleði frjálshyggjumannanna í Sjálfstfl. Það er þá orðið þannig, herra forseti, að kosningaloforð Framsfl. um fólk í fyrirrúmi er eiginlega orðið að því að það er stefna Sjálfstfl. sem er í fyrirrúmi. Ég óska Sjálfstfl. til hamingju og fulltrúa hans hér í þingsalnum, hv. þm. Árna Johnsen, sem getur tekið við þeim hamingjuóskum. Ég óska Sjálfstfl. til hamingju með hversu vel Sjálfstfl. tekst að láta hæstv. félmrh. Pál Pétursson plægja fyrir sig akurinn, sá í hann og uppskera líka.

Einhverjir kunna að spyrja sig að því hvort þetta endurspegli nokkuð sérstaklega aðstæður í stjórnarherbúðunum, þ.e. hvort þetta sé til marks um að Framsfl. sé svo gjörsamlega undir í öllum tilvikum að hann verði bara að taka stefnu Sjálfstfl. hvort heldur sem er í húsnæðismálum eða gagnvart réttindum og skyldum verkalýðshreyfingarinnar í vinnulöggjöfinni og taka hana hráa inn í þingið í formi frumvarpa, og hvort þetta sé þá ekki Framsfl. þvert um geð og hvort framsóknarmenn hljóti þá ekki að vera með böggum hildar yfir þessu.

En staðreyndin er sú að svo virðist ekki vera og það litla sem heyrist frá þingmönnum Framsfl. er í raun til þess að skrifa upp á þetta eins og við heyrðum hér frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur formanni þingflokksins. Þó í litlu væri var það þó til þess að skrifa upp á það að allur þingflokkur Framsfl. væri á bak við félmrh. í þessu máli, að

allur þingflokkur Framsfl. styddi félmrh. í því að lögfesta húsnæðisstefnu Sjálfstfl. og fara hér í enn eina grundvallarlöggjöfina á sviði velferðarmála þar sem frjálshyggjan er gleypt hrá í formi breytinga á lögum.

Þá spyrjum við okkur í framhaldinu: En er þetta ekki fyrst og fremst til marks um það hvernig Framsfl. er orðinn og fyrir hvað hann stendur í íslenskum stjórnmálum? Svarið er auðvitað: Jú. Við skulum ekkert ætla annað en að Framsfl. meini það sem hann leggur hérna til. Og það er staðfest. Þetta er stefnan sem Framsfl. vill og hæstv. félmrh. Páll Pétursson líka.

Vangaveltur voru uppi um það þegar hæstv. félmrh. hlaut ráðherrastól sinn við myndun þessarar ríkisstjórnar hvað formanni flokksins gengi til að gera um það tillögu að hæstv. félmrh. yrði félmrh. og fengi sæti í ríkisstjórn. Og fram kom sú skemmtilega kenning að þetta væru klókindi af hálfu formanns Framsfl., hæstv. utanrrh., vegna þess að stundum hafði borið á tilburðum hæstv. félmrh. Páli Péturssyni til andófs innan þingflokks Framsfl. og hæstv. núv. félmrh. hafði stundum reynt að gera sig gildandi sem ákveðinn fulltrúa félagslegra viðhorfa og vinstra kantsins í Framsfl. Þess vegna hefðu það verið klókindi af hæstv. utanrrh. að þagga niður í allri hugsanlegri gagnrýni fyrir fram. Það hefðu verið fyrirbyggjandi aðgerðir gagnvart kjörtímabilinu sem í hönd fór í samstarfi með Sjálfstfl. að gera hæstv. félmrh. að félmrh., þ.e. hæstv. núv. ráðherra, Pál Pétursson.

Hafi þetta verið hugsun hæstv. utanrrh. hefur það heldur betur gengið upp og rúmlega það. Hæstv. félmrh. hefur brugðist svo vel við þessu að hann hefur í raun og veru gengið út í hinar öfgarnar. Hann hefur verið einna verkadrýgstur allra ráðherra Framsfl. í því að hreyfa hlutunum til hægri og eiginlega meira til marks um það en nokkuð annað, maðurinn sem stundum var gælt við að væri einhvers konar fulltrúi andófs og vinstri sjónarmiða, félagslegra sjónarmiða að svo miklu leyti sem þau fyrirfyndust enn þá í Framsfl. Ef þetta er sá fulltrúi sem stendur fyrir hlutum eins og eru hér á dagskrá þá vitum við hvað má segja um restina. Þá er þetta auðvitað til marks um það og ekkert annað, að Framsfl. er *kominn svo langt til hægri í þessum efnum* að Sjálfstfl. má fara að vara sig. Og auðvitað er von að helstu átrúnaðargoð og andlegir leiðtogar þingmanna á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli vera orðnir ráðherrar Framsfl. Er það ekki lýsandi fyrir þá stöðu sem er komin upp? Þetta hlýtur þá líka, herra forseti, að vita á að hjónaband Framsfl. með íhaldinu er mjög traust og er tekið undir það af hv. þm. sem eru til staðar úr röðum framsóknarmanna og það er mjög gott að þessir hlutir liggi skýrt fyrir, herra forseti, ef svo er. Að Framsfl. sé m.a. með þessu að undirstrika vilja sinn til þess að halda áfram í ríkisstjórn með Sjálfstfl. og í hjónabandi við hann og ef verkin sýna merkin hljótum við að draga þær ályktanir af þessu að þetta sé að verða mjög traust og grunnmúrað hjónaband sem þarna er á ferðinni. Ástæða er til þess, herra forseti, við lok umræðunnar að draga þessa hluti saman og hafa þá í huga því að þetta er pólitík sem er á dagskrá umfram allt annað og ástæðulaust er að týna sér um of í tæknilegum smáatriðum í umræðum um þessi mál. Það er líka nauðsynlegt að reyna að greina stóru pólitísku drættina eins og ég tel mig hafa verið að gera hér.

[15:33]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar ef ég er að taka tímann frá stjórnarandstöðunni í umræðunni en ég afþakka umhyggju hv. þm. fyrir Framsfl. sem kom fram í ræðu hans og kemur reyndar oft fram hjá hv. þm. Alþb. því þeir bera enga ábyrgð á störfum okkar og það skiptir þá eiginlega voða litlu máli að við skulum hafa aðra stefnu en þeir. Það er bara þannig. að Framsfl. er frjálslyndur miðjuflokkur og þess vegna er hann öðruvísi flokkur en Alþb. Það er alltaf þessi tilhneiging að Framsfl. eigi endilega að vera eins og Alþb. sem skín í gegnum umræður hjá hv. þm. og fleiri þingmönnum Alþb. Sú ríkisstjórn sem situr er ríkisstjórn sem lætur verkin tala, ekki ríkisstjórn stöðnunar eins og ég veit að hv. þm. stjórnarandstöðunnar áttu von á og töluðu um þegar ríkisstjórnin var mynduð. Það hefur sýnt sig í mjög mörgum gjörðum ríkisstjórnarinnar að hún hefur látið verkin tala og hefur tekið á ótal mörgum málaflokkum sem aðrar ríkisstjórnir hafa ekki treyst sér til að gera, m.a. er það sú löggjöf sem hér er meiningin að taka á og setja ný lög um húsnæðismál.

Ég afþakka þessa umhyggju, hv. þm., og ítreka að hv. þm. má hafa allt aðra skoðun á málinu en framsóknarmenn en engu að síður gæti það farið svo að málið yrði að lögum.

[15:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja fyrst að mér finnst óskaplegur skaði að stjórnarflokkarnir og meiri hlutinn og alveg sérstaklega Framsfl. skuli þurfa að halda aftur af sér í umræðunni. Ég held að það sé alveg ástæðulaust og þarf ekkert að líta á það þannig að tekið sé af kvóta okkar í stjórnarandstöðunni. Það er ósköp einfaldlega málfrelsi og allir geta nýtt sér þann rétt sem þeir hafa við 1. umr. mála og hér var óskað eftir tvöföldum ræðutíma þannig að það var nóg pláss og nógur tími til umræðu. Það er á misskilningi byggt hjá hv. þm. að nokkur ástæða sé til þess að Framsfl. haldi aftur af sér í umræðunni, þ.e. ef hann hefur eitthvað til umræðunnar að leggja. Hins vegar vakna þær spurningar auðvitað að ástæðan fyrir því að Framsfl. geri sig ekki mikið gildandi sé að það sé ekkert óskaplega mikið þar á ferðinni umfram það sem hæstv. *félmrh. hefur séð um*, þ.e. að færa fram rökin fyrir húsnæðisstefnu Sjálfstfl.

Svo kom þetta með að umhyggjan er afþökkuð og það er í rauninni ekkert að afþakka því þetta er ekki umhyggja fyrir Framsfl. sem slíkum enda ekki mitt hlutverk að hafa hana, þ.e. farið hefur fé betra. Það er ekki af þeim ástæðum sem ég fór yfir hina pólitísku stöðu eins og ég les hana út úr þessu máli heldur vegna þess að pólitíkin sem slík skiptir máli í þessum hlutum og á ekki að gleymast á bak við tæknileg smáatriði. Ég tel að frv. sanni reyndar að Framsfl. sé ekki það sem hann þykist vera, frjálslyndur miðjuflokkur. Enginn miðjuflokkur beitir sér fyrir breytingum á húsnæðislöggjöf af þessu tagi. Þetta er hægri flokkur. Hér er verið að markaðsvæða 100% öll lán til íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Þetta er hægri bylting í húsnæðismálum og varla væri ástæða til þess fyrir frjálslyndan miðjuflokk að fara að standa í slíku. Það væri varla ástæða til þess fyrir frjálslyndan miðjuflokk að fara að framkvæma breytingar í húsnæðismálum sem gera einn helsta talsmann frjálshyggjunnar á Alþingi og í landinu, Pétur H. Blöndal, svona yfir sig sælan. Er líklegt að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði verið svona glaður yfir breytingum sem menn hefðu talið vera frjálslynda miðjustefnu? Ég held ekki. Ég held því að framsóknarmenn þurfi að líta aðeins á áttavitann hjá sér.

[15:37]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það hefur eitthvað farið á milli mála þá var það fyrsti punktur í áhersluatriðum Framsfl. fyrir síðustu kosningar að leggja Húsnæðisstofnun niður þannig að ég hélt að hv. þm. hefði þekkt nokkuð vel kosningastefnuskrá okkar en hann hefur greinilega ekki gert það. Það er svo einkennilegt með það að miðað við orð hv. þm. um að verið sé að leggja niður félagslega hugsun og félagslega aðstoð og annað slíkt, og hann taldi upp fleiri mál sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram á ferli sínum sem stefndu öll í þá átt, virðist eins og þjóðin sé ekkert sammála hv. þm. hvað þetta varðar. Þess verður a.m.k. ekki vart í skoðanakönnunum að stjórnarandstaðan hafi mikinn hljómgrunn úti í þjóðfélaginu fyrir málflutningi sínum á hv. Alþingi sem beinist allur í þá átt að verið sé að rústa velferðarkerfið og leggja niður félagslega aðstoð. Framsfl. hefur alltaf haft það að meginmarkmiði að viðhafa félagslega aðstoð og það verður gert hér eftir sem hingað til en félagsleg aðstoð þýðir ekki nákvæmlega það sama og aukin útgjöld úr ríkissjóði eins og ýmsir stjórnarandstæðingar halda fram.

[15:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða væri til að fara aðeins yfir loforð Framsfl. í húsnæðismálum í bæklingunum fínu fyrir síðustu kosningar. Þar kom m.a. fram eitthvert stórbrotnasta loforð sem ég hef nokkurn tímann séð á prenti vegna þess að það var svo fjarstæðukennt að við það yrði nokkurn tímann staðið en í bálki um húsnæðismál lofar Framsfl. mjög miklum aðgerðum til að létta greiðslubyrði heimilanna og þar er vísað beinlínis til þess að hluti af þeim aðgerðum verði niðurfelling skulda. Ég á þennan bækling í skjalatöskunni minni. Ég skil hann ógjarnan við mig. Þetta er náttúrlega svo yfirgengilegt og hvað hefur síðan gerst í þessa veru? Ekki nokkur skapaður hlutur. Nú er á hinn bóginn verið að halda því fram að það verði bjargræði fyrir fátækt fólk eða tekjulágt á Íslandi að hækka alla húsnæðisvexti upp í markaðsvexti. Það er svoleiðis uppi í skýjunum miðað við það sem þarna var verið að gefa í skyn að auðvitað er það fjarri öllu lagi. Og það að reyna að kenna þetta sem hér er verið að leggja til við eitthvað sem heitir félagshyggja er náttúrlega enn fjær en að kenna það við miðjustefnu. Menn gætu reynt að segja að þetta væri einhver hlutlaus miðjustefna sem ég reyndar tel að það standi ekki undir, en það er fjarri öllu lagi að hægt sé að finna því stað að í breytingum á húsnæðislöggjöf af þessu tagi endurspeglist einhver félagsleg hugsun eða félagslegar áherslur enda orðið afar fátt um fína drætti hjá Framsókn þegar kemur að slíku.

Ég set spurningarmerki við þá túlkun að þjóðin sé ánægð með ríkisstjórnina og að hún sé ekki sammála málflutningi okkar í stjórnarandstöðunni þegar við erum að vara við ýmsum breytingum af þessu tagi. Fyrir það fyrsta hefur Framsókn ekki alltaf riðið feitum hesti frá skoðanakönnunum upp á síðkastið og ætli það geti ekki verið að kjósendur séu þar einmitt að minna Framsókn á loforðin sem hafa ekki gengið eftir og það er fyrst og fremst Sjálfstfl. sem hefur fitnað eins og púkinn á fjósbitanum með því að gera ekki neitt og láta Framsókn um skítverkin og það eru þessi venjulegu hlutverkaskipti í ríkisstjórnum með Sjálfstfl. að íhaldið gerir ekki neitt og lætur leppana moka flórinn fyrir sig.

[15:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Alltaf er heimilislegt þegar hinn glæsilegi og flugmælski 4. þm. Norðurl. e. er að skamma mann. (**Gripið fram í:** Stofuprýðin.) Einhvern veginn er það þannig eins og ég er viðkvæm sál og tek voðalega nærri mér þegar ég er skammaður af alvörumönnum að það fær ekkert á mig ef hv. 4. þm. Norðurl. e. skammar mig.

Ég þakka hv. þm. að rifja upp myndarlega löggjöf sem ég hef átt þátt í að setja og staðið fyrir á Alþingi á kjörtímabilinu. Vinnulöggjöfin er miklu betri en hún var. Það hafa verið gerðir kjarasamningar eftir vinnulöggjöfinni í fyrsta sinni og þeir eru miklu betri en hafa verið gerðir áður og farsælli fyrir þjóðfélagið. Þeir eru lengri en áður, það er veruleg hækkun lágmarkslauna, úr 43 þús. á mánuði upp í 70 þús. og það er 25% kaupmáttaraukning sem á að verða frá 1995–2000. Vinnuveitendur hefðu komið fram verkbanni eftir gömlu aðferðinni en Félagsdómur áttaði sig á því að sjálfsögðu að verkbannið var ekki löglega boðað samkvæmt þeirri löggjöf sem er í gildi í landinu. Ég tel að lög um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar hafi verið stórt framfaraspor og miklu betra skipulag og gefur atvinnulausum miklu meiri hjálp til að finna vinnuna.

Hann kvartaði yfir því að það væri ekki niðurfelling skulda. Það er nú aldeilis niðurfelling skulda. Við erum búnir að breyta lögunum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Nú er meira að segja hægt að fella niður höfuðstól af barnsmeðlögum í óskilum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skattar eru orðnir umsemjanlegir, aðrir en vörsluskattar, og réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga. En það var ekki erindi mitt að fara að ræða um fortíðina heldur ætla ég að reyna að svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég er reyndar búinn að svara eða koma inn á flest þau atriði sem ég hef verið spurður að í dag fyrr í máli mínu og verð því miður að vísa til þess því að ég á ekki langan ræðutíma eftir við umræðuna.

Mismunandi greiðslumat verður í félagslega kerfinu og í almenna kerfinu. Ekki er búið að útfæra það nákvæmlega, nefnd er nýbúin að skila áliti og ekki er búið að ganga frá því hvernig greiðslumatið verður í smáatriðum en ég get sagt það í stórum dráttum að í almenna kerfinu er miðað við endurgreiðslu lána á 25 árum. Í félagslega kerfinu verður miðað við endurgreiðslu á 40 árum og það hefur strax veruleg áhrif á greiðslubyrðina.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvað skýrði hækkandi kostnað ríkisins í kostnaðarumsögninni. Ég held að meginskýringarnar séu tvær. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta. Allir þeir sem taka ný lán frá 1999 fara á fyrirframgreiddar bætur og það tekur nokkurn tíma þar til allir eru komnir inn á fyrirframgreiddar bætur, og þeir sem koma nýir inn í félagslega kerfið bætast við í vaxtabótakerfinu. Eins og ég hef sagt áður hef ég ekki trú á því og tel að það séu óraunhæfar vonir að búast við því að ríkissjóður spari á þessari breytingu. Það held ég að sé ekki rétt, enda er meiningin að halda þeirri félagslegu aðstoð sem við höfum haft og rýra hana ekki.

Hv. þm. spurði um hvað væri tiltekinn hluti af innlausnarfbúðum. Þetta ákvæði var sett inn að beiðni fulltrúa sveitarfélaganna sem unnu að lokagerð frv., og þar á meðal var formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, vegna þess að þeir töldu að það gæti komið svo mikið af innlausnarfbúðum að sveitarfélögin gætu lent gersamlega í þroti en reiknað er með að þetta séu undantekningartilvik en ekki regla að sveit-

arfélögin geti haft þessa smugu til að koma íbúðunum út. En ég bendi á að ef einhver er ófús að fara í félagslega íbúð eða innlausnaríbúð, ef einhver sem sættir sig ekki við það eða er ófús, þá getur hann leitað til kærunefndarinnar því að við höfum kærunefndina einmitt til að taka á svona málum til þess að einstaklingar geti leitað til kærunefndarinnar og fengið leiðréttingu sinna mála ef þeir fá ekki viðunandi meðhöndlun hjá húsnæðisnefndum eða stjórn Íbúðalánasjóðs.

Hv. þm. spurði um hvernig menn sæktu um viðbótarlán. Frá því hefur ekki verið gengið með neinum skýrum hætti. Ég geri ráð fyrir að húsnæðisnefndirnar fái nokkuð um það að segja. Mér þykir ekki ósennilegt að þær haldi svipuðu verklagi og verið hefur, þ.e. að auglýsa. Hitt getur líka vel komið til greina að þeir sem óska eftir að komast í þetta, eiga aðgang að húsnæðisnefndunum og geta gefið sig þar fram og óskað eftir þeirra atbeina, t.d. ef þeir hafa farið í greiðslumat í almenna kerfinu eða hafa verið að hugsa um að fara í greiðslumat í almenna kerfinu og sjá að þeir muni ekki standast það, þá er ekki óeðlilegt að þeir gefi sig fram við húsnæðisnefnd.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson saknaði þess mikið að 100% lán væru afnumin. Ég vil benda á að það var eitt af atriðunum í húsnæðisyfirlýsingu sambandsstjórnar ASÍ að hverfa frá 100% lánum. Þeir beinlínis lögðu til að farið yrði í 90% lán og eins og margoft hefur verið sagt höfum við byggt öllu öðru fremur á þeirri yfirlýsingu ASÍ um húsnæðismál. 100% lánin hafa því miður gefist illa. Það getur verið að þau hafi reddað einhverjum en þau hafa gefist illa. Fólk með lágar tekjur og engar eignir hefur átt erfitt með að standa í skilum ef það hefur þurft að ráðstafa kannski 28%, einu sinni var það 32% tekna til húsnæðislána. 72% af lægstu tekjum er bara of lítið. Það dugir tæpast til sómasamlegrar framfærslu eftir að 28% eru gengin til húsnæðislána. Til dæmis var þriðjungurinn af nauðungarsöluíbúðunum árið 1996 íbúðir sem voru með 100% lánum.

Ég hef verið þýfgaður um kostnaðartölur í nýju kerfi og samanburð á kostnaðartölum í nýju kerfi og gamla kerfinu. Menn hafa verið veifandi kostnaðartölum sem eru alls ekki réttar. Ég hef leitað eftir því að fá nákvæma útreikninga. Ég er ekki búinn að fá þá, því miður, en nákvæmur samanburður verður lagður fram hjá hv. félmn.

Að sjálfsögðu verður að líta svo á að um þak á húsaleigunni sé að ræða. Sveitarfélag má að sjálfsögðu niðurgreiða húsaleiguna ef það sér sér fært eða kýs. Það er einungis öryggisákvæði að hún geti ekki farið upp fyrir eitthvert ákveðið mark, einhverja ákveðna prósentu af íbúðarverðinu. Sveitarfélög geta samkvæmt þessum lögum stofnað hlutafélag um íbúðir sem þegar eru í kerfinu. Ég er búinn að svara um starfsfólkið. Ég mun beina því til stjórnar Íbúðalánasjóðs að láta þá sem vinna í Húsnæðisstofnun hafa algeran forgang við störf hjá Íbúðalánasjóði en því miður verður ekki hægt að skaffa öllum vinnu því að verið er að skera niður umfang stofnunarinnar. Þeir sem ekki fá vinnu munu að sjálfsögðu njóta réttar síns til biðlauna.

[15:52]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örfáar athugasemdir. Tilefnin eru reyndar mörg til að gera athugasemdir við ræðu hæstv. félmrh.

Í fyrsta lagi ræddi hann meira um flesta aðra hluti en húsnæðismálin. Hann hældi sér af vinnulöggjöfinni. Það er alveg rétt að það hafa ... (**Félmrh.:** Að gefnu tilefni.) Það fannst Thatcher líka. Þegar hún setti lög til að þrengja að verkalýðshreyfingunni þá hældi hún sér af henni. Hins vegar vildi ég gera athugasemd við það að hæstv. félmrh. fullyrðir að bættur kaupmáttur launa sé vegna þessarar löggjafar sem sett var til að herða að og skerða réttindi launafólks. Það eru náttúrlega svo gróf öfugmæli að þau liggja í augum uppi.

Í annan stað er það rangt sem hæstv. ráðherra segir að lög sem hafa verið sett um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun hafi orðið til þess að bæta kjör atvinnulausra. Þau mál eru reyndar öll í skötulíki enn, enda var varað við því að hreyft yrði við atvinnuleysistryggingum áður en lögin um vinnumiðlun færu að skila því sem þau þó gætu skilað til atvinnulauss fólks.

Í þriðja lagi er það rangt sem hæstv. félmrh. segir að félagsleg aðstoð í húsnæðiskerfinu samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu verði aukin. Þetta er rangt, enda kom fram í ræðu hans að varðandi aðstoð við tekjulága fólkið er allt á huldu enn og hann ítrekaði það í ræðu sinni áðan að ekki væri t.d. búið að setja reglur um skilyrði fyrir viðbótarlánum.

Fjórða atriðið sem ég vildi nefna varðar 100% lánin. Það hafa verið veitt um 600 slík lán. 17% þessara lána eru í vanskilum. Aðeins 15–20 íbúðir hafa lent í nauðungarsölu. Þetta er afskaplega lítil forsenda og lítil rök fyrir að svipta fólk þessum réttindum. Hverjir hefðu valkostirnir verið fyrir þetta fólk sem átti kost á þessum lánum? Það eru leiguíbúðir sem eru leigðar á 40–60 þús. kr. á mánuði.

[15:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarasamningarnir sem ég var að hæla hér áðan eru gerðir á grundvelli nýrrar vinnulöggjafar. Ég veit að það er ekki allt saman nýrri vinnulöggjöf að þakka en ég bendi á að þetta eru betri og þjóðhagslega farsælli kjarasamningar en við höfum gert áður, held ég, og það er gert á grundvelli þessarar vinnulöggjafar með þeim aðferðum sem þar eru fyrir skrifaðar.

Það sem ég sagði um vinnumarkaðsaðgerðirnar og breytingarnar á lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóðinn var að það væru bættir möguleikar atvinnulausra til þess að fá vinnu.

[15:55]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bætt ytri skilyrði og almennt batnandi efnahagur Íslendinga vegna þess að afurðir okkar seljast betur og ýmis skilyrði sem hafa verið hagstæð hafa valdið því að kaupmáttur kauptaxta hefur vaxið. Það hefur ekki gerst vegna löggjafar hæstv. félmrh. Páls Pétursonar um að þrengja lýðræðisleg réttindi launafólks. Það er mikill misskilningur.

Hvað varðar atvinnulausa, þá hafa þessir bættu möguleikar, sem hann kveðst hafa smíðað með lögum sínum fyrir atvinnulausa að fá vinnu, ekki skilað sér enn þá. Atvinnuleysi hefur minnkað en það er af allt öðrum ástæðum. Það sem er jákvætt í þeirri lagasmíð — það eru vissir þættir mjög jákvæðir þar en þeir hafa ekki skilað sér enn þá vegna þess að kerfið er enn í smíðum og reyndar í skötulíki enn sem komið er, enda var varað við því á þingi og í þjóðfélaginu almennt að farin yrði sú leið sem hæstv. ráðherra knúði í gegn.

Ég sakna þess að hæstv. ráðherra skyldi ekki gera að umtalsefni í ræðu sinni þá hugmynd sem ég varpaði fram fyrr í dag að hann sýndi í verki vilja sinn til samráðs um breytingar á löggjöf um húsnæðismál við samtök launafólks og við alla þá aðila í þjóðfélaginu sem láta sig þessi mál skipta og sýndi

í verki þann vilja sinn að hann vildi raunverulegt samráð með því að draga þetta frv. til baka, efna til raunverulegs samráðs á næstu mánuðum og taka málið upp að nýju í haust.

[15:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. geðjast það betur, þá má hann mín vegna segja að þessir góðu samningar hafi tekist þrátt fyrir þessa vinnulöggjöf sem við búum við. (**ÖJ:** Þetta eru nú engir sérstakir samningar.) Það er rétt hjá hv. þm. að lögin um vinnumarkaðsaðgerðir eru ekki að fullu komin til framkvæmda, því miður, en það er unnið ötullega að því og ég vona að það takist að koma því í gang með frambúðarsniði áður en allt of langur tími líður.

Varðandi samráð við verkalýðshreyfinguna bíð ég eftir að fá athugasemdir ASÍ, BSRB og annarra samtaka. Ég bíð eftir samþykkt Landssambands húsnæðisnefnda sem mun halda fund alveg á næstunni og að sjálfsögðu munum við skoða þetta allt saman. Ég vil ekki vera neinn eintrjáningur um það og neita ekki fyrir fram breytingarhugmyndum sem fram kunna að koma. Stefnan er klár, meginatriðin, prinsippin í þessu, en ef menn geta bent mér á eitthvað sem betur má fara, þá er ég alveg tilbúinn að skoða það. (**ÖJ:** Líka varðandi vinnulagið, tímasetninguna?)

[15:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér blöskrar það satt að segja að við skulum vera komin að lokum þessarar umræðu og hæstv. félmrh. skilji ekki enn það grundvallaratriði sem gerir það að verkum að stór hluti lægst launaða fólksins fær ekki inni í þessu kerfi. Hann skilur ekki hvað er greiðslumat og greiðslugeta. Það er allt öðruvísi í félagslega kerfinu en húsbréfakerfinu. Og þegar ráðherrann vísar bara í það að endurgreiðslan sé 25 ár í húsbréfakerfinu en 40 ár hjá því fólki sem nú færi inn, þá bendi ég ráðherra á að núna er í húsbréfakerfinu heimild til 40 ára lánstíma. Hverjir hafa nýtt sér það? 6% af þeim sem eiga rétt á því. Hver er munurinn á því? Miklu hærri heildarvaxtagreiðslur á lánstímanum. Af 3 millj. kr. láni greiðir fólk, sem tekur lán til 25 ára, 2,4 millj. í vexti en 4 millj. af 40 ára bréfunum. Þetta er allt annað en greiðslumatið og greiðslugetan sem við erum að tala um. Núna eru það 18% af tekjum sem mega ganga til niðurgreiðslu á láni en í húsbréfakerfinu er það 28%. Og ef ráðherrann skilur ekki þetta grundvallaratriði, þá er hann að tala um málið út frá allt öðru en raunveruleikanum. Ég spyr ráðherrann af því að hann segir að starfsmennirnir eigi að hafa forgang: Er hann tilbúinn til að setja það í lög alveg eins og með aðrar ríkisstofnanir sem rekstrarformi hefur verið breytt á? Ég spyr hann líka: Finnst honum eðlilegt að sveitarfélög sem hafa staðið sig vel eigi núna að fara að greiða niður skuldir annarra sveitarfélaga með 5% framlaginu og telur hann rétt að Seðlabankinn eigi að hafa umsagnarrétt um það þegar hann breytir þessu varasjóðstillagi en ekki sveitarfélögin? Og ég spyr hvort hótun hafi falist í því hjá ráðherranum þegar hann sagði að hann mundi gera allt sem hann gæti til þess að sveitarfélögin byggðu leiguíbúðir og nefndi að hann mundi beita Jöfnunarsjóðnum til þess. Hvað þýðir það? Hvað meinti ráðherrann?

[16:01]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Þetta er nú þýðingarlítið, herra forseti. Greiðslumat í húsbréfakerfinu er miðað við 25 ára endurgreiðslutíma, jafnt hvort menn ætla að taka 40 ára húsbréf eða 25 ára. Í nýju félagslegu kerfi verður endurgreiðslutíminn 40 ár og greiðslumat miðað við það. Reyndar er rétt að geta þess líka að vaxtabæturnar eiga að bera uppi þessa vexti í félagslega kerfinu að langmestu leyti.

Samkvæmt frv. á það síðan að vera verkefni stjórnar Íbúðalánasjóðs að gera tillögur um nýtt greiðslumat. Það liggur að vísu fyrir niðurstaða nefndar en ekki er búið að ganga frá því og endanlega er ekki hægt að ganga frá því fyrr en stjórn nýs Íbúðalánasjóðs hefur gert tillögur um nýtt greiðslumat.

Hv. þm. spurði hvort ég væri tilbúinn að taka inn í frv. ákvæði um starfsmannamál. Ég er það sannarlega ef hægt er að finna form á því sem er framkvæmanlegt og praktískt. Ég er ekki tilbúinn að taka það inn að allir starfsmenn Húsnæðisstofnunar skuli skilyrðislaust fá starf hjá Íbúðalánasjóði enda verður umfang Íbúðalánasjóðs miklu minna. Hugmyndin er að spara í rekstrinum og þessari umsýslu og það þarf ekki eins margt fólk og vinnur hjá Húsnæðisstofnun. Við ætlum að komast af með minni peninga en þennan hálfa milljarð á ári sem Húsnæðisstofnun kostar.

[16:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra er tilbúinn að skoða það að setja í löggjöf að starfsfólk Húsnæðisstofnunar hafi þarna ákveðinn forgang. Ég nenni ekki að elta ólar við greiðslumatið. Við hæstv. ráðherra tölum þar ekki sama tungumál en a.m.k. er hætta á því að þessi neyslustaðall sem verið er að útbúa þrengi greiðslumatið enn meira.

En ég spyr um þessi tvö atriði sem ráðherra svaraði ekki. Telur hann rétt og eðlilegt að sveitarfélög sem hafa staðið sig vel eigi með 5% framlagi í varasjóð að greiða niður skuldir sveitarfélaga sem ekki hafa staðið sig vel að því er varðar uppbyggingu félagslega kerfisins? Telur hann eðlilegt að hann geti með einu pennastriki hækkað þetta varasjóðstillegg úr 5% í eitthvað hærra í samráði við Seðlabanka Íslands? Hvað meinti ráðherrann þegar hann sagði að hann mundi gera það sem hann gæti til þess að sveitarfélögin stæðu sig við uppbyggingu félagslegra íbúða, þar með talið að beita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga?

[16:04]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. og fyrrv. félmrh. þarf ekkert að kenna mér í samskiptum við sveitarfélög. Ég hef haft ákaflega gott samstarf við sveitarfélögin í landinu, bæði Samband ísl. sveitarfélaga svo og einstök landshlutasamtök og sveitarfélög. Ákvæðið um 5% er sett inn þarna að vali sveitarfélaganna í landinu, (**JóhS:** Allra?) að vali forsvarsmanna þeirra, þeirra sem semja fyrir þeirra hönd við félmrn. 5% er ekki endilega einhver heilög tala. Hún skal koma til endurskoðunar. Ég sé ekkert óeðlilegt við það að Seðlabankinn segi sitt álit á því en að sjálfsögðu geri ég þetta ekki á bak við sveitarfélögin. Ég áskil mér auðvitað allan rétt til þess að finna að við einstök sveitarfélög, t.d. ef þau uppfylla ekki félagsþjónustulegar skyldur sínar. Ég benti einmitt á það í gær að það væri kjörið tækifæri ef þingheimur óskar eftir, að herða á ákvæðinu í 45. gr. félagsþjónustulaganna um skyldur sveitarfélaga í húsnæðismálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, 1. umr.*

Stjfrv., 508. mál. — Þskj. 878.

[16:06]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég mun hafa stutta messu yfir þessu frv. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. sem við höfum verið að ræða.

Það þótti skynsamlegt og eðlilegra þar sem hér er um frjáls félagasamtök að ræða að taka þá kafla sem um þau fjölluðu út úr löggjöfinni og flytja um það sérstakt frv. þannig að þar um fjölluðu sérstök lög. Ég vona að hv. þm. geti fallist á það. Hér er ekki um að ræða stórmál.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðismál og kemur, ef að lögum verður, í stað VI. og VII. kafla gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en í þeim köflum er fjallað um byggingarsamvinnufélög og húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Byggingarsamvinnufélagsformið hefur hin síðari ár ekki verið nýtt að marki til byggingar eignaríbúða. Með lögum nr. 47/1991 voru þær breytingar gerðar á lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins að ekki var lengur gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélög ættu kost á framkvæmdarlánum til byggingar húsnæðis fyrir félagsmenn sína. Með lögum nr. 61/1993 var sú breyting gerð á ákvæðum um fjáröflun byggingarsamvinnufélaga að þau ættu ekki lengur kost á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti meðal annars fjármagnað íbúðarbyggingar fyrir félagsmenn sína með lánum úr Íbúðalánasjóði. Þegar litið er til þess að hér er um að ræða frjáls félagasamtök einstaklinga, og húsnæðissamvinnufélög, sem tengjast ekki Íbúðalánasjóði nema að takmörkuðu leyti, þykir rétt að um þau gildi sérstök lög.

Efnislega eru fyrstu fjórir kaflar frumvarps þessa nánast samhljóða VII. kafla gildandi laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Orðalagi hefur lítillega verið breytt, einkum með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs og sameiningar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í 2. gr. hafa verið teknar inn helstu skilgreiningar hugtaka til frekari skýrleika en slíkar skilgreiningar er ekki að finna í gildandi lögum. Þá er efni VI. kafla gildandi laga um byggingarsamvinnufélög fellt brott, enda hefur ekki um langt skeið verið stuðst við ákvæði þessa kafla við íbúðarbyggingar hér á landi. Eigi að síður, og þess í stað, er í V. kafla frumvarpsins tekið upp ákvæði í 19. gr., sem gerir ráð fyrir því að heimilt verði að stofna byggingarsamvinnufélög með samþykki félagsmálaráðherra. Gert er ráð fyrir að nánari reglur um fyrirkomulag þess háttar félaga verði settar í reglugerð. Í 20. gr. frumvarpsins eru talin upp helstu atriði sem fram þurfa að koma í slíkri reglugerð reynist nauðsynlegt að setja hana. Sú upptalning er þó ekki tæmandi.

Í fylgiskjali er umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. og þar segir að það muni ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

Ég vænti þess að þetta mál fái meðferð í hv. félmn. og verði afgreitt fyrir vorið. Ég á von á því að ég komi til með að fara fram á það við hv. félmn. að taka upp breytingar við þetta frv. Forstjóri Húsnæðisstofnunar hefur látið í ljósi við mig að hann telji að það þurfi að breyta ákvæðum um búseturétt. Það er verið að vinna úr þeim hugmyndum uppi í Húsnæðisstofnun. Ég mun koma þeim til hv. félmn. þegar og ef þær koma og mér líst á þær.

[16:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hæstv. félmrh. taldi sig ekki þurfa að hafa langa messu yfir þessu máli eins og hann orðaði það því hér væri ekki á ferðinni neitt stórmál. Engu að síður boðaði hann í lok síns máls breytingar að því er varðar búseturéttinn eftir ábendingar frá Húsnæðisstofnun.

Fyrsta spurningin sem vaknar þegar maður les þetta frv. og veltir fyrir sér málsmeðferðinni er: Var haft samráð við búsetuhreyfinguna um þetta mál? Hér er hvað eftir annað að koma í ljós að hæstv. ráðherra hunsar öll samskipti hvort sem það er við verkalýðshreyfinguna eða félagasamtök sem hafa þó byggt mikið á þessari löggjöf varðandi húsaskjól fyrir sína félaga. En hæstv. ráðherra þarf ekkert að ræða við búsetuhreyfinguna. Eftir því sem ég er upplýst um var ekkert samráð haft við Búseta eða önnur félagasamtök um þetta frv. eða hitt frv. sem við vorum að ræða áðan sem skiptir þá líka máli þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir því. Það var meira að segja leitað eftir því. En búsetuhreyfingin og fulltrúar hennar fengu ekki frv. fyrr en eftir einhverjum krókaleiðum. Þetta er að segja um samskiptin og samráðið við fólk. Ráðherrann þarf ekki að hafa samráð við einn eða neinn nema við þá sem honum sýnist og skrökvar því svo í ræðustól, eins og hann gerði í gær, að hann hefði haft fullt samráð við verkalýðshreyfinguna um það stóra frv. sem við vorum að ræða áðan.

Felast engar breytingar í þessu frv.? Ég spyr ráðherrann: Er með þessu frv. verið að fella niður almennan búseturétt eins og við höfum þekkt hann og hlutareignarrétt sem búsetufélagar hafa byggt á? Ég fæ ekki annað séð en að það sé gert. Jafnvel þó rætt sé um íbúarétt í frv. — ég man ekki nákvæmlega hvar þetta er — þá er felld brott 76. gr. núgildandi laga sem búsetuhreyfingin hefur byggt á. Í þessari 76. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af félagslegri kaupleiguíbúð með því að selja honum eignarhlut í henni fyrir 10% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðarinnar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni meðan hann hefur afnot af henni."

Þessi eignarhluti sem búsetufélagar hafa byggt á hefur verið frá 10–30% hlutur, þ.e. búseturétturinn og búsetufélagar eru sá hópur sem helst hefur valið sér íbúðir gegnum almennar kaupleiguíbúðir. Ég spyr um það hvort fella eigi alveg á brott 76. gr. Hún stendur að vísu inni í stóra frv. sem við vorum að ræða áðan undir einhverjum formerkjum um greinar sem eiga að standa tímabundið eða að hluta til. Á þessi 76. gr. að standa tímabundið eða á hún að standa alveg? Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að verið sé að afnema, þó að ráðherra telji það ekki stórmál, það sem búsetuhreyfingin hefur byggt á, þ.e. almennan búseturétt og hlutareignarrétt. Í þessu nýja ákvæði í frv. er hvergi talað um þennan hlutareignarrétt. Það er talað almennt um þetta í 18. gr., með leyfi forseta:

„Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Íbúðalánasjóði til kaupa á íbúðarhúsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti."

Þetta er merkingarlaust, sýnist mér, þ.e. „ráðstafað með búseturétti", ef grundvellinum er kippt undan ákvæðum laga sem hafa tryggt þennan búseturétt eða þann rétt sem hefur byggst á hlutareign íbúðanna. Ég spyr því ráðherra: Er verið að falla frá 76. gr. sem hefur tryggt þennan rétt?

Síðan skýtur hér upp kollinum svipaðri hugsun og er í stóra frv. og hún kemur fram í 21. gr. þessa frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um ákvörðun leigugjalds."

Herra forseti. Ég spyr ráðherrann: Á ráðherrann að taka ákvörðun um leigugjald fyrir búsetufélagana?

Það er einu sinni svo að Húsnæðisstofnun hefur gefið út viðmiðun varðandi leiguverð. Ég bið ráðherra að hlusta eftir því að Húsnæðisstofnun hefur gefið út viðmiðun fyrir leiguverð, en búsetuhreyfingin hefur í öllum tilvikum verið undir því leiguverði, verið með lægra leiguverð. Ég bið því ráðherrann um að skoða það alveg sérstaklega. Það er mjög alvarlegt, herra forseti, ef þetta er rétt að það sé verið að afnema hér almenna búseturéttinn og strika það út að hér sé hægt að byggja í framtíðinni á grundvelli búseturéttar eða hlutareignarréttar. Ég spyr því ráðherra um þetta tvennt: Er verið að afnema búseturéttinn? Er verið að afnema hlutareignarréttinn. Og ég spyr um leigugjaldið: Hefur búsetuhreyfingin frelsi til þess að ákveða þetta búsetugjald sem greiðslan hefur byggst á til þessa eða verður það ráðherra sem á að ákveða það?

Síðan er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um tryggingarsjóð sem var í fyrra frv. Ég ætla að byrja á því að vísa í 114. gr. núverandi húsnæðislaga þar sem verið er að fjalla um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt, en þar segir um það ákvæði, með leyfi forseta, að húsnæðissamvinnufélagi skuli aflað fjár:

„Með varasjóðstillagi af byggingarkostnaði hverrar íbúðar er svarar til greiðslu í Tryggingarsjóð, sbr. 81. gr. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar."

Hér er verið að vísa til þess að húsnæðissamvinnufélög skulu afla sér fjár eins og hér segir, þ.e. með því að leggja með varasjóðstillagi af byggingarkostnaði hverrar íbúðar er svarar til greiðslu í tryggingarsjóð sbr. 81. gr.

Í frv. sem við ræddum áðan verður tryggingarsjóður hjá Húsnæðisstofnun lagður niður og allar eignir hans renna til hins nýja sjóðs, þ.e. varasjóðsins sem er áfallasjóður fyrir sveitarfélögin en ekki fyrir íbúana, og hlutverk hans verður að bæta hugsanleg útlánatöp. En hlutverk tryggingarsjóðsins var að bæta byggingargalla. Búsetufélagar hafa greitt 1% af öllum lánum í þennan tryggingarsjóð og það er gert undir þeim formerkjum að þetta eigi að renna til þess að hægt verði að bæta byggingargalla á eignum búsetufélaga. En mér sýnist, herra forseti, og spyr um það: Er verið að gera upptæk þessi framlög sem búsetuhreyfingin hefur sett í tryggingarsjóð? Ég skal ekkert fulyrða neitt um það fyrr en ráðherra hefur svarað því vegna þess að ég tel alveg ljóst, miðað við það hvernig 114. gr. er, að þetta séu framlög sem eru raunverulega eign búsetuhreyfingarinnar og hún á að verja á tiltekinn hátt til að bæta byggingargalla. Því velti ég fyrir mér hvort verið sé að taka þessa fjármuni inn í þennan varasjóð?

Ég vil nefna hér að ... (Gripið fram í.) Búsetuhreyfingin á enga aðild að varasjóðnum, það get ég ekki séð, enda er þetta sjóður sem er fyrst og fremst sjóður sveitarfélaganna til að mæta skakkaföllum þeirra. En það var vafamál á sínum tíma, 1992, í félmrn. hvort búsetuhreyfingin ætti raunverulega það framlag sem hún legði í þennan sjóð. Og úrskurður félmrn. í maímánuði 1992 var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hallast að því í þessu vafamáli að í ljósi laga um samvinnufélög og því hvar varasjóður er niður kominn í lagaákvæðum um húsnæðissamvinnufélög, geti verið heimilt að líta svo á að sjóðurinn sé eign félagsins, enda gildir þá ekki samtrygging við greiðslur úr sjóðnum með sama hætti og ella um greiðslur úr Tryggingarsjóði félagslegra íbúða skv. 97. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins."

Vera má að í þessum stóra lagabálki, sem við ræddum áðan, hafi eitthvað farið fram hjá mér sem tryggir að það sé undanskilið að þau framlög sem búsetufélagar hafa látið í þennan sjóð renni inn í þennan varasjóð. En ég hef ekki séð það og þeir félagar í Búseta sem hafa lesið þetta yfir hafa heldur ekki séð það þannig að það væri mjög gott ef ráðherrann upplýsti það við þessa umræðu hvernig þessu máli er háttað.

Nú skulum við fara yfir umsögn fjmrn. einu sinni enn sem ber ekki saman við það sem ráðherra heldur fram. Fjmrn. segir að þetta kosti ekki nokkurn skapaðan hlut. Hér segir þó, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti meðal annars fjármagnað íbúðarbyggingar fyrir félagsmenn sína með lánum úr Íbúðalánasjóði."

Þetta búseturéttarfrv. á ekki að leiða til neinna aukinna útgjalda og sjálfsagt eiga búseturéttarfélagar ekki að fá eina einustu íbúð sem þeir hafa þó fengið hingað til. Varla ætlar hæstv. félmrh. að koma þeim líka fyrir í þessum 50 leiguíbúðum sem hann talar um á markaðnum? Mér sýnist þetta því allt á sömu bókina lært og að skoða þurfi mjög vel, herra forseti, hvað hér sé raunverulega á ferðinni.

Það verður náttúrlega eins með búsetufélaga og aðra sem hafa fengið fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu að kjör vegna byggingar og reksturs leiguíbúða og þá væntanlega búseturéttaríbúða mun versna að mörgu leyti. 3,5% framlag sveitarfélaganna er fellt niður og það kemur niður á búsetufélögunum. Við höfum farið í gegnum kostnaðinn, stimpilgjöldin og lántökugjöldin sem hækka en þau þurfa búsetufélagar líka að taka á sig. Ýmis og mörg af þeim ákvæðum í frv. sem við fjölluðum um fyrr í dag eiga því vissulega við um búsetuhreyfinguna og áhrif bæði þessa frv. og hins á ýmis félagasamtök hafa kannski fengið allt of litla umfjöllun í þessari stóru þriggja daga umræðu um húsnæðismál, en hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir fór nokkuð ítarlega yfir það. Ég held það sé óhjákvæmilegt í meðförum nefndarinnar að hún sendi þetta mál til allra félagasamtaka sem mér sýnist að verði miklar breytingar hjá, bæði vegna þessa frv. sem við fjöllum um og ekki síst hins fyrra. Ég tel að þetta geti haft veruleg áhrif á þá uppbyggingu og þróun sem verið hefur varðandi leiguíbúðir og félagslegar íbúðir sem ýmis félagasamtök eins og aldraðir, fatlaðir, námsmenn, búsetufélagar og fleiri aðilar, hafa byggt upp. Ég hygg að það sé rétt sem hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur haldið fram, að þetta gæti leitt til afturhvarfs til fortíðar í málefnum fatlaðra. Ef þetta fólk fær ekki inni í leiguíbúðum eða hinu nýja félagslega kerfi, hvað á það þá að gera? Það situr þá áfram á stofnunum eða vistheimilum og sambýlum, jafnvel þó það gæti vel aðlagað sig því að vera í félagslegum íbúðum eins og reynslan hefur sýnt. Reynslan af félagslegum íbúðum — fyrir það var opnað fyrir nokkrum árum síðan þó að núna sé nánast búið að loka á það — hefur sýnt að fatlaðir hafa getað komist prýðilega af í félagslegum íbúðum. Það verður því raunverulega stöðnun á þróun málefna fatlaðra ef þróun búsetuferlisins sem hefur skapað ýmsa valmöguleika í

húsnæðiskerfinu fyrir fatlaða verður stöðvuð þannig að þeir komist ekki lengur annað en á stofnanir eða sambýli.

Herra forseti. Ég beini því til formanns nefndarinnar sem ég veit náttúrlega að þekkir þessi mál mjög vel — það þýðir ekkert að beina máli sínu til ráðherrans en mér finnst að það verði að skoða — að nefndin láti þetta mál ekki frá sér nema að fara vel yfir áhrif þess á félagasamtök sem ég hef nefnt hér og búsetufélagana sem hafa gert stórt átak í uppbyggingu leiguíbúða, félagslegra íbúða og íbúða með búseturétti og hlutareign. Við verðum að fara vandlega yfir það og kannski hefur ráðherrann svör við því í þessari umræðu hvort það sé verið að taka af hinn almenna búseturétt og hlutareign. Að minnsta kosti er verið að slá af kaupleiguíbúðir sem verður lokað eins og ráðherrann segir, og almennar kaupleiguíbúðir. En svo vill til að það eru ekki síst búsetufélagar sem hafa helst getað nýtt sér almennar kaupleiguíbúðir með 30% hlutareign sem hefur gefist mjög vel að þeirra sögn. En það virðist eiga að slá það af núna.

Það er ástæða til þess nefna í þessari umræðu, af því að við erum að fjalla um það hve mikið veltur á því hvernig til tekst með uppbyggingu leiguíbúða til að mæta þörfum þeirra sem ekki fá inni í hinu nýja kerfi ráðherrans, að í tíð ráðherrans hefur mjög fáum leiguíbúðum verið úthlutað, t.d. var einungis úthlutað 49 leiguíbúðum á síðasta ári. Það er náttúrlega vegna þess að ráðherrann hefur skorið svo grimmilega niður fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna að sjóðnum var ekki fært að úthluta nema miklu færri íbúðum en hann hefur yfirleitt gert. Og það hefur komið niður á félagasamtökum og búsetuhreyfingunni.

Áður en ráðherrann settist í sinn stól var iðulega úthlutað um 150–170 leiguíbúðum á ári. Búsetuhreyfingin fékk iðulega 50–70 íbúðir áður en ráðherrann tók við embætti. En hve margar íbúðir fékk búsetuhreyfingin sl. tvö ár? Hefur ráðherrann upplýsingar um það? Hefur hann tölur um það hve mörgum íbúðum hefur verið úthlutað til búsetuhreyfingarinnar? Mér sýnist, herra forseti, að raunverulega sé verið að gefa búsetuhreyfingunni rothöggið með þessu frv. sem ráðherrann segir að ekki feli í sér neinar stórar breytingar og þurfi litla messu yfir. Yfir öllu uppbyggingarstarfi Búseta á umliðnum árum þarf litla messu vegna þess að hér er alls ekki stórt mál á ferðinni.

Síðan er spurning hvort Búseti þarf að sæta því sem virðist vera á leiðinni í frv. að hægt sé að hækka allar leigufjárhæðir í leiguíbúðum upp í markaðsleigu og láta félagana fá húsaleigubætur og bera svo mismuninn sjálfir sem við höfum reiknað út að sé kannski 10 til 15 þús. kr. Þetta þurfum við allt að skoða vegna þess að við í stjórnarandstöðunni, sem berum fyrir brjósti félagslega aðstoð og hag fólks sem þarf á þessu húsaskjóli að halda, munum þurfa að skoða mjög ítarlega hvað er verið að gera og fara yfir það bæði varðandi greiðslubyrði og fjölda íbúðanna. Ég hefði viljað ræða þær 50 leiguíbúðir, sem á að byggja á næstu tveimur árum, miklu nánar við ráðherrann en við gerðum áðan. Ráðherrann sagði að íbúðirnar yrðu miklu fleiri og ég tel að ráðherrann þurfi, af því að hann hefur tíma til þess í ræðustóli, að skýra út betur en hann hefur gert hve margar leiguíbúðir verður um að ræða af því hann segir að fjmrh. fari með fleipur í því efni og ekkert sé að marka hvað fjárlagaskrifstofan segir um að einungis eigi að veita fjármagn til leiguíbúða á niðurgreiddum kjörum næstu tvö árin. Ráðherrann svaraði mér reyndar ekki áðan þegar ég spurði hann hvort hætta ætti niðurgreiðslu á lánum til leiguíbúða eftir tvö ár vegna þess að það er raunverulega að sjá í þessu stærra frv. sem við ræddum áðan að svo sé. En ég spyr, herra forseti, af því ég sé að tíma mínum er að ljúka, hvernig búseturétturinn er tryggður, hvort hann er tryggður eins og í núgildandi löggjöf. Ég spyr hvort verið sé að slá eign sinni á fjárhæðir sem voru í tryggingarsjóðnum sem hafa verið eign Búseta sem búsetuhreyfingin telur að sé upp á einhverja tugi milljóna og nefndi 30 til 40 millj. í því sambandi.

[16:32]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnusjóður kvenna, 72. mál, brtt. RG og JóhS, þskj. 909.

Fangelsi og fangavist, 536. mál, frv. GMS, þskj. 920.

[16:32]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það þarf að lesa þessi tvö frv. saman til að átta sig á því hvað hér er á ferð, þ.e. frv. um húsnæðismál og síðan frv. til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Þá vil ég kvarta yfir að mér finnst mjög skorta á upplýsingar í greinargerðinni með frv. um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög um stöðu þessara mála. Ég var að reyna að leita í hinni stóru og miklu greinargerð með stóra frv. en fékk ekki séð í fljótu bragði að þar væri sérstaklega fjallað um þetta búsetuform vegna þess að ég tel að það sé nokkuð nauðsynlegt að við áttum okkur á því hversu stór pakki það er sem við erum að ræða um en auðvitað munum við kalla eftir þessum upplýsingum í félmn.

Meginspurning mín er sú hin sama og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram. Er verið að gera hér þá breytingu að hér eftir verði fyrst og fremst miðað við lán til búseturéttarfélaga í því formi að þar sé um að ræða einstaklinga sem eiga rétt til félagsaðstoðar í húsnæðismálum eins og segir í 4. gr. frv.? Ég get ekki lesið annað út úr frv. Nú verð ég að viðurkenna að ég þekki ekki allt of vel til í búsetukerfinu eins og það er núna. Ég hef ekki fylgst með því um nokkurt skeið hvernig það hefur þróast en minnist þess þó að ekki fyrir mjög löngu var frá því sagt að búsetuformið væri það langhagstæðasta á markaðnum en hvort það hefur leitt af sér einhverja fjölgun félagsmanna eða fjölgun íbúða þekki ég bara ekki. Ég veit þó að innan Búseta hefur verið boðið upp á tvenns konar form, þ.e. það sem hefur flokkast undir eða verið á sömu kjörum og almennar kaupleiguíbúðir, og síðan félagslegar íbúðir, og þetta hefur verið mismunandi form. Annars vegar hefur í rauninni verið um leigu að ræða, hins vegar um ákveðinn eignarhlut. Ég fæ ekki betur séð í frv. en að 4. gr. skilgreini búseturéttinn þannig að eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélög, enda fullnægi þeir skilyrðum um rétt einstaklinga til félagsaðstoðar í húsnæðismálum samkvæmt nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur í reglugerð og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins.“

Ég spyr hæstv. félmrh.: Er þetta réttur skilningur að hér sé verið að fækka valmöguleikum? Nú vitum við að verið er að gera breytingar á félagslega íbúðakerfinu eins og við höfum rætt í þrjá daga og hér virðist líka vera um ákveðnar breytingar að ræða. Það hlýtur að þýða að þeir sem hingað til hafa nýtt sér eignarréttinn í búsetukerfinu eigi að fara út á almennan markað. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Ef þetta nær nú allt saman fram að ganga verður kerfið

þannig að hinn nýi Íbúðalánasjóður á að annast lánveitingar til sveitarfélaga og félagasamtaka til bygginga eða kaupa á leiguhúsnæði og þá geta samvinnufélög eða búsetufélög í þessu tilviki leitað eftir slíkum lánum og fengið 90% lán til bygginga á leiguhúsnæði skv. 38. gr. frv. til laga um húsnæðismál og ég spyr: Felur þetta í sér einhverja breytingu frá því sem verið hefur gagnvart Búseta? Hafa þeir fengið meiri lán en þetta eða á öðrum kjörum? Ég spyr hreinlega af vanþekkingu.

Í 5. gr. er fjallað um búseturéttargjaldið og þar segir að búseturéttargjald ákvarðist annars vegar af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis og hins vegar af lánsfé til langs tíma og að það sé stjórn húsnæðissamvinnufélags sem ákveði fjárhæð búseturéttargjalds. Það er kannski ósanngjarnt að spyrja ráðherra hvort hann hafi upplýsingar um hversu hátt þetta gjald hafi verið og hvernig það hafi verið reiknað út og hvort gera megi ráð fyrir að einhverjar breytingar verði þar á. Eins og ég nefndi þá segir í athugasemdum um þessar greinar að þær séu efnislega samhljóða gildandi lögum þannig að það er þá ekki verið að breyta lögunum. Þetta hlýtur að hafa verið býsna hagstætt ef þær upplýsingar eru réttar að búseturéttarkerfið hafi verið svona hagstætt á markaðnum en hefur þetta dugað? Hvernig er reksturinn á þessari hreyfingu? Við þurfum að átta okkur á því eins og ég sagði áðan hvað þetta er stór pakki. Hvað heyra margar íbúðir þarna undir? Hversu margar eru félagslegar, hversu margar eru á þessum almennu kjörum, til þess að maður hreinlega átti sig á því hverju er verið að breyta? Mér finnst ekki nógu gott að þessar upplýsingar skuli ekki liggja fyrir við 1. umr. Mér þætti líka afar forvitnilegt að vita hvort búsetufélögin hafa yfirleitt byggt eða hvort þau hafi keypt af framkvæmdaaðilum. Hefur byggingarkostnaður þeirra verið svipaður og t.d. í félagslega kerfinu í Reykjavík? Maður reynir að átta sig á því hvernig staða þessa fyrirbæris er. Það hefur verið býsna góð reynsla af búsetuforminu á Norðurlöndunum þótt það hafi gengið misjafnlega og ég minnist þess að fyrir allmörgum árum lenti sænska búsetuhreyfingin í miklum erfiðleikum, a.m.k. á ákveðnum svæðum en ég man nú ekki hvaða skýring var á því, þannig að það er býsna margt sem erfitt er að lesa út úr sjálfu frv. en kallar auðvitað á skýringar.

Ég sé að í 16. gr. er gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélögin, eða hvaða form sem þar er um að ræða, eigi að leggja árlega fram í varasjóð. Það er sem sé gert ráð fyrir að þeir hafi varasjóð eins og eðlilegt verður að teljast. Bæði er þá gert ráð fyrir árlegu gjaldi til að standa undir endurbótum en jafnframt er gert ráð fyrir árlegu framlagi í varasjóð. Í gildandi lögum er kveðið á um 1% gjald í tryggingarsjóðinn sem hefur verið nefndur hér en reyndar segir hér: „Greinin er efnislega samhljóða 114. gr. gildandi laga ...“ en það kom fram hér að þetta gjald hefur verið 1% og ég ítreka spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur: Er ekki eðlilegt að Búseti fái framlag sitt úr tryggingarsjóðnum ef hann á hvort eð er að halda áfram að hafa varasjóð sinn? Það hlýtur að vera ákveðinn bakhjarl í þeim sjóði sem fyrir er.

Við 1. umr. hef ég ekki miklu meira um þetta að segja þar sem mér gafst ekki tími til að afla mér þeirra upplýsinga sem mér hefði þótt eðlilegt að væru í greinargerð frv. til að hægt væri að átta sig á málinu en mér finnst stærsta spurningin í málinu vera þessi: Er verið að þróa þetta kerfi þannig að það verði þá eingöngu í búsetukerfinu fólk sem fellur undir skilgreininguna í 4. gr. um þá sem falla undir félagslega aðstoð og er í rauninni rétt og hvers vegna ætti að vera að takmarka þann hóp og þrengja þann hóp sem hefur þennan rétt? Er ekki ástæða til að blanda þarna eins og menn vilja stefna að annars staðar eða þýða breytingarnar einfaldlega að slíkur sveigjanleiki passi ekki inn í kerfið? Mér finnst það af hinu verra því þótt við séum eins og hér hefur oft verið talað um að tala um þá sem falla undir félagslega aðstoð þá er það svo afstætt hvað fólk ræður við og þetta margnefnda dæmi um einstæða móður með 80 þús. kr. í mánaðarlaun segir mér einfaldlega að sú kona þarf að leggja mikið hart að sér og börnum sínum til að geta staðið undir kaupum á íbúð, hvað þá að safna í þá útborgun sem gert verður ráð fyrir. Það þarf því að gera ráð fyrir fleiri kostum og efla leigumarkaðinn eins og hefur verið margnefnt. Ég spyr hvort þessi takmörkun sem verið er að setja í 4. gr. eins og ég skil hana sé ekki einfaldlega allt of þröng og þar með séu menn í rauninni bara að gera búsetuformið að því félagslega kerfi sem er verið að þrengja að á öðrum stað. Hvað eru menn eiginlega að gera? Ég bara spyr.

[16:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það er vandlifað fyrir mig. Þegar ég kem með frv. um húsnæðismál sem er talsverð breyting á gildandi lögum verður hv. 13. þm. mjög ergileg en þegar ég kem með frv. sem er hér um bil engin breyting á gildandi lögum verður hún líka ergileg. Þessi lög breyta ekki búseturétti. Búseturétturinn heldur áfram og 76. gr. verður áfram í gildi og ég vísa til bráðabirgðaákvæðis 2 á bls. 7:

„Fyrirmæli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um ákvörðun leigugjalds vegna félagslegra kaupleiguíbúða sem leigðar eru með hlutarétti, sbr. 73. gr. laga nr. 97/1993, og um kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð, sbr. 76. gr., skulu halda gildi sínu eftir því sem við getur átt á meðan á slíkum íbúðum hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.“

Hugmyndin, að svo komnu máli, er ekki sú að breyta Búseta. Það getur vel verið að í meðförum nefndarinnar komist menn að þeirri niðurstöðu að þar þurfi einhverju að breyta og þá er allt í lagi að skoða það.

Varðandi leiguverðið, þá er tekið á því máli í lögum um húsaleigubætur. Þar segir í 8. gr.:

„Leigufjárhæð íbúða félagasamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.“ (**Gripið fram í:** Stofnunin verður lögð niður.)

Varasjóður tekur við hlutverki tryggingarsjóðs og fær þá skyldu að bæta byggingargalla. 1% gjaldið í Tryggingarsjóð vegna byggingargalla fellur niður. Tryggingarsjóðurinn er vistaður hjá varasjóði með kvöðum og skyldum. Hann tekur sem sagt við hlutverki tryggingarsjóðsins.

Eignarhald á tryggingarsjóðnum er hins vegar ekki alveg ljóst og á því er ekki tekið í þessu frv. Eignarhaldið er hægt að skoða sérstaklega og væri sjálfsagt rétt að gera það þegar sjóðurinn hefur lokið hlutverki sínu eftir svona 15 ár.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort hér væri verið að loka búsetukerfinu fyrir öðrum en þeim sem eiga rétt á félagslegu húsnæði ef ég skildi hana rétt. Það er alls ekki meiningin. Þeir sem vilja ganga í þessi frjálsu félagasamtök eða í þetta frjálsa félag, Búseta, þurfa ekki að uppfylla önnur skilyrði heldur en Búseti hefur sett. Það er engin breyting á aðgengi að Búseta.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði einnig hve há greiðslan hafi verið. Ég hef ekki svör á reiðum höndum með þetta en þessi greiðsla hefur verið ákveðin af stjórn

félagsins og hún er mismunandi eftir flokkum. Sums staðar er hún 10% en ég held að á almennum kaupleiguíbúðum sé reiknað með 30%. Þetta er atriði sem sjálfsagt er að upplýsa í hv. félmn.

Varasjóður í húsnæðissamvinnufélagi fer eftir lögum um samvinnufélög. Þar er skylda að stofna til varasjóðs og menn mega ekki rugla því saman við hinn sjóðinn. Varasjóðurinn í Íbúðalánasjóði á að taka við hlutverki tryggingarsjóðsins.

Ég held að ég hafi þar með svarað spurningunum. Hagræðið af búsetuskipulaginu hefur kannski grundvallast fyrst og fremst á því að þar hafa bæði verið vaxtabætur og húsaleigubætur. Þetta hefur því verið gert fýsilegt á tvo vegu.

[16:50]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það virðist mjög erfitt að reyna að hafa almennileg skoðanaskipti við hæstv. félmrh. um húsnæðismál. Ef hann er spurður einfaldra spurninga af þeirri sem hér stendur, þá er sú hin sama ergileg, óánægð o.s.frv. Ég geri kröfu til þess, herra forseti, að hafa, eins og aðrir þingmenn, rétt til að spyrja hæstv. félmrh. einnar eða tveggja spurninga um mál sem mér finnst skipta miklu. Húsnæðismál á Íslandi sem skipta öllu um afkomu verst launuðu fjölskyldnanna á Íslandi. Þegar ég tel að ástæða sé a.m.k. til þess að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort slá eigi af búsetukerfið og hef um það rökstuddan grun. Fulltrúar búsetuhreyfingarinnar telja það líka þannig að það þarf að skýra þetta vel fyrir þeim. Auðvitað er ástæða til þess að spyrja þann ráðherra sem mælir fyrir frv. þó hann telji að ekkert stórmál sé á ferðinni og þurfi ekki að hafa nema fá orð um.

Hæstv. ráðherra vísar í frv., ákvæði til bráðabirgða II. Hann segir að ekki sé verið að slá af búseturétt eða hlutareign. En hvað segir ákvæði til bráðabirgða og hvað þýðir ákvæði til bráðabirgða? Ákvæði til bráðabirgða er eitthvað sem á að standa tímabundið. Auðvitað hafði ég ekki hugmyndaflug til þess að ætla að afnema ætti búseturéttinn í íbúðum sem fyrir eru í búseturéttarkerfinu enda er ráðherrann ekkert að gera það. Ég sé ekki annað en að liður II í ákvæði til bráðabirgða, sem ráðherrann vitnaði í, gildi bara um íbúðir sem þegar eru í búseturéttarkerfinu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrirmæli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um ákvörðun leigugjalds vegna félagslegra kaupleiguíbúða sem leigðar eru með hlutarétti, sbr. 73. gr. laga nr. 97/1993, og um kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð, sbr. 76. gr., [sem ég var að spyrja um] skulu halda gildi sínu [og ég bið ráðherra að taka eftir] eftir því sem við getur átt á meðan á slíkum íbúðum hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna."

Hvað gerist svo, þegar lánin hvíla ekki lengur á Byggingarsjóði verkamanna? Fellur þá 76. gr. niður? Ég var, herra forseti, að spyrja um framtíðina. Ráðherrann getur auðvitað ekki afnumið búseturétt af íbúðum sem þegar eru í kerfinu. Ég spyr um búseturéttaríbúðir sem verða byggðar eftir að lögin taka gildi. Á ákvæðið, sem ráðherrann vitnaði í, ekki bara við íbúðir sem fyrir eru í kerfinu? Ráðherrann þyrfti að skýra það betur fyrir mér. Honum leiðist að svara spurningum mínum en ég vil auðvitað fá að vita hvað hér er á ferðinni. Hvar er vikið að búseturéttinum að frágenginni 76. gr. ef hún á aðeins að gilda um lán úr Byggingarsjóði verkamanna? Ég minni á að leggja á niður Byggingarsjóð verkamanna. Það er aðeins talað um hann í þessari grein. Hvar er þá vikið að búseturéttinum? Að honum er vikið í 18. gr. og sagt:

„Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Íbúðalánasjóði til kaupa á íbúðarhúsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti."

Hvar er búseturétturinn skilgreindur og hvað felst í honum miðað við nýjar íbúðir sem verða byggðar eða keyptar á grundvelli búseturéttar eftir gildistöku þessara laga? Ég er ekki að spyrja um gamlar búseturéttaríbúðir sem fyrir eru í kerfinu. Einhverja ástæðu hafði forstjóri Húsnæðisstofnunar til þess að tala við hæstv. ráðherra og benda honum á að eitthvað vantaði inn í þennan búseturétt í framtíðinni. Frv. sem hæstv. ráðherra mælir hér fyrir er því ekki alfullkomið.

Varðandi tryggingarsjóðinn, þá segir ráðherrann réttilega: „Eignarhald á tryggingarsjóðnum er ekki ljóst." En ég spyr og bið um svör ráðherrans: Viðurkennir hann rétt Búseta til eignar á því framlagi sem þeir hafa látið í tryggingarsjóð? Er hann sammála bréfi sem fór frá félmrn. í maí 1992 þar sem segir að líta verði svo á að sjóðurinn sé eign félagsins? Er hann ósammála því mati félmrn. á sínum tíma, árið 1992?

Það er verið að breyta tryggingarsjóðinum og raunverulega eðli hans að miklu leyti. Auðvitað þarf að fara mun ítarlegar yfir það í nefnd en við höfum tækifæri til að ræða hér. Ég spyr hvort ráðherrann sé sammála því áliti ráðuneytisins frá 1992, að hlutur Búseta í þessum sjóði sé eign félagsins.

Herra forseti. Ég spyr einnig hvort ákvæði til bráðabirgða II nái ekki aðeins til eldri íbúða eða hvort það eigi líka við búseturéttaríbúðir sem byggðar verða eftir að lög þessi taka gildi. Ég spyr hvar eignarrétturinn er skilgreindur, líka að því er varðar búseturéttinn. Ég hygg að það verði að liggja fyrir. Annars er þessi nýja löggjöf eða frv., ef að lögum verður, auðvitað alveg meingölluð.

Ég á lítið eftir af ræðutíma mínum en vil þó fara nokkrum orðum um húsaleigubætur sem við gerðum kannski ekki nægjanlega í umræðunni um húsnæðismálin áðan. Þær skipta auðvitað máli varðandi það frv. sem við ræðum hér. Það kemur vitanlega mun betur í ljós nú þegar fara á að að greiða skattfrjálsar vaxtabætur á þriggja mánaða fresti, meðan þeir sem eru í leiguíbúðum, t.d. skjólstæðingar ýmissa félagasamtaka, fá húsaleigubætur og þurfa að greiða skatta af þeim. Það verður auðvitað enn sýnilegra og æpandi að þeir sem fá húsaleigubætur þurfa að borga skatta af þeim en ekki þeir sem fá vaxtabætur.

Af því að formaður félmn. hefur setið dyggilega undir þessari umræðu, þá spyr ég hvort það þurfi ekki að skoða það sérstaklega, þar sem svona mörgum verður vísað á leigumarkaðinn, hvort það gæti ekki leitt til þess að greiðsla húsaleigubóta og þörfin fyrir þær bólgni ekki verulega út hjá sveitarfélögunum.

Það er ekkert langt síðan við vorum að fjalla um framlag ríkissjóðs í húsaleigubætur til sveitarfélaganna. Þar var einungis gert ráð fyrir 200 millj. Við umræðu um það mál margbentum við á að það væri of lítið framlag miðað við skyldu sveitarfélaganna og það að þegar farið var af stað með húsaleigubótakerfið, þá var áætlað í það þyrfti a.m.k. 400 millj. kr. ríkisframlag.

Ég hygg að það komi fyrr á daginn heldur en menn héldu að húsaleigubætur sveitarfélaganna verði miklu meiri heldur en áætlanir sýna. Ég man að áætlun Þjóðhagsstofnunar sýndi verulega hærri fjárhæð heldur en ráðherrann taldi að fara mundi í húsaleigubætur á næstu árum. Mig minnir að munað hafi um 200–300 millj. kr. Ég hygg að við munum fyrr en seinna sjá, þ.e. ef sveitarfélögin og ríkissjóður tryggja

fjármagn til uppbyggingar á leiguíbúðum, annaðhvort kaup á notuðum íbúðum eða til byggingar á leiguíbúðum. Ég hygg að t.d. þessu hafi sveitarfélögin ekki gert sér grein fyrir varðandi þetta frv. Útgjöld þeirra vegna húsaleigubóta munu aukast verulega. Væntanlega verður það kallað byrði á sveitarfélögum eins og allt annað sem snýr að félagslegri aðstoð fyrir láglaunafólk.

Hér tala margir um byrði þegar félagsleg aðstoð er annars vegar. Það á alls ekki við um alla en þeir sem vilja sjá markaðsvæðingu, á húsnæðislánakerfinu eins og það leggur sig, nota ávallt orðið byrði þegar talið berst að félagslegri aðstoð við þá verst settu í þjóðfélaginu.

Ég held að ástæða hafi verið til þess að vekja athygli á þessu af því að þetta skiptir máli upp á heildarmyndina af öllu þessu. Þessi mál eru því í tengslum við það frv. sem við ræðum hér.

Ég sé að tíma mínum er lokið og vænti, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari án útúrsnúninga og fúkyrða, sanngjörnum og eðlilegum spurningum. Ég tel í hæsta máta eðlilegt að bera þær fram. Því miður hef ég ekki tíma til að ræða leigugjaldið en mér fundust svör ráðherrans varðandi það alls ekki fullkomin.

[17:01]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er ástæða til að fjalla aðeins um þetta frv. þótt stutt sé. Kannski einmitt vegna þess að það er stutt og knappt og í því kemur ekki skýrt fram allt það sem þarf til að átta sig á hversu víðtækt þetta frv. á að vera og hvernig á að lesa það í samhengi við hið fyrra frv. sem umræðu er nýlokið um.

Ég velti fyrst fyrir mér lánveitingum til byggingar- og húsnæðissamvinnufélaga, þ.e. samkvæmt hvaða grein í fyrra frv. á að veita lán til þeirra félaga. Í frv. um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög segir í 1. gr.:

„Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem eigin íbúðir eða íbúðir með búseturétti."

Skilyrðið er því annars vegar að íbúðirnar séu eigin íbúðir og hins vegar að þetta séu íbúðir með búseturétti. Ég sé hvergi í frv. um húsnæðismál vikið að lánveitingum til þessara íbúðaflokka sem getið er um í frv. um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Það sem mér býður í grun er að ætlunin sé að styðjast við er lán til leiguíbúða samkvæmt 35. gr. þess frv., en ef maður les þá grein þá veitir hún einungis heimild Íbúðalánasjóðs til að veita lán til leiguíbúða. Og það er ekki það sama og eigin íbúðir eða íbúðir með búseturétti. Mér sýnist því að Íbúðalánasjóður yrði að hafna umsóknum um lán til byggingar húsnæðis samkvæmt lögum um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Ef sá grunur minn reynist réttur að meiningin sé að styðjast við 35. gr. frv. til húsnæðislaga þá sýnist mér nauðsynlegt að breyta textanum þar, þannig að unnt verði að veita lán til íbúða í byggingar- og húsnæðissamvinnufélögum sem hér er fjallað um.

Ég vil í öðru lagi spyrja um lánskjörin varðandi þessa íbúðaflokka. Ég sé, eins og ég hef áður getið um, ekki mikið um það fjallað þannig að ég ætla að það sé meining ráðherra að styðjast við 35. gr. um lán til leiguíbúða. Þá sýnist mér það jafnframt vera meining ráðherrans að ekki verði um að ræða niðurgreidda vexti á þeim lánum þannig að lánveitingarnar verði á vöxtum sem standi undir þeim kostnaði sem sjóðurinn ber af því að veita lánið. Með öðrum orðum engin niðurgreiðsla vaxta. Þetta ræð ég af ákvæði til bráðabirgða VIII þar sem sérstaklega er tekið fram að heimilt verði á árunum 1999 og 2000 að veita lán með niðurgreiddum vöxtum þau ár. Það hlýtur að þýða að ekki eigi að veita lán með niðurgreiddum vöxtum að þessum tíma liðnum, enda er það mjög sterklega gefið í skyn í greinargerð sem fylgir með frv. um húsnæðismál.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort það sé þá réttur skilningur minn að meiningin sé að þessir íbúðalánaflokkar, rétt eins og leiguíbúðirnar sjálfar, eigi ekki að fá lán með niðurgreiddum vöxtum. Það er grundvallaratriðið, því ef ætlunin er að búa til sjóð eða banka sem stundar útlánastarfsemi á þeim grundvelli að útlánin standi undir kostnaði sjóðsins þá er ekki um neina félagslega athöfn að ræða.

Í ljósi þeirrar staðreyndar undrast ég öll þau skilyrði sem sett eru fyrir lánveitingunum, bæði til leiguíbúða og til samvinnufélagaíbúða, hvort sem það eru byggingarsamvinnufélög eða húsnæðissamvinnufélög. Hver er ástæðan fyrir íhlutun löggjafarvaldsins eða öllu heldur ráðherrans um rekstur, stofnun, tilgang og annað sem varðar þessi félög ef ekki er um að ræða neina niðurgreiðslu af nokkru tagi úr þessum sjóði? Ég hlýt því að spyrja hvort ekki sé eðlilegt að auka einfaldlega svigrúm þessara félaga fyrir sína starfsemi og möguleika á að leita sér lánsfjár annars staðar ef meiningin er að félögin eigi að borga það verð fyrir lánið sem það kostar? Er þá einhver ástæða til að kveða á um það í lögum að félmrh. banni félögunum að starfa á öðrum grundvelli en þeim sem þar er tiltekinn og þar með að veita þeim ekki heimild til félagsstofnunar?

Ef ráðherrann er að tala fyrir frelsi og sól skín í heiði, eins og minnst var á fyrr í umræðum um húsnæðismál, hvers vegna vilja menn þá ekki frelsið? Hvers vegna er þá frelsi félaga til að taka lán bundið við þennan Íbúðalánasjóð? Er einhver nauðsyn á því að kveða á um það með lögum að þessum félögum sé skylt að skipta við Íbúðalánasjóðinn, fyrst Íbúðalánasjóður ætlar sér ekkert annað en arðbær viðskipti við þessi félög? Ég hlýt að hvetja menn til að hugsa þessi mál til enda fyrst að grundvöllurinn að lagabreytingunni er að auka frelsi manna til athafna á þessu sviði.

Ég spyr einnig um hlutverk sveitarfélaga varðandi þessa lánaflokka. Er ætlunin að sveitarfélög hafi íhlutun um rekstur þessara félaga svo sem gert er ráð fyrir varðandi leiguíbúðir og viðbótarlán? Eða eiga þessi félög að fá að starfa óháð sveitarstjórnunum? Eða er ráðherrann með greinargerð frv. um húsnæðismál að boða að það eigi að verða til samkomulag milli hans og Sambands ísl. sveitarfélaga um íhlutunarrétt sveitarfélaganna að þessu leyti? Ég held að ráðherrann verði að tala mjög skýrt í þessum efnum því það hefur auðvitað mikil áhrif á starfsemi þessara félaga ef á að hefta þau enn frekar en gert er ráð fyrir með því að þau þurfi að leita samþykkis sveitarfélaga fyrir einstökum ákvörðunum. Félögin eru þess eðlis að þau verða að fá að starfa óháð þessum vettvangi.

Ég vil líka spyrja af því að ég ályktа að lánveiting til þessara samvinnufélaga fari fram á grundvelli 35. gr., hvort 36. gr. þess frv. um samþykktir eigi líka við um samvinnufélögin, þannig að þau þurfi að uppfylla ákvæðin sem eru ekki bara í frv. um samvinnufélög heldur líka í frv. til húsnæðislaga um félög um leiguíbúðir. Ég held að ráðherrann verði að taka af skarið svo það verði ekki misskilið hvort 36.

gr. í frv. eigi við byggingar- og húsnæðissamvinnufélög til viðbótar þeim félögum sem kveðið er á um að öðru leyti.

En ég vek athygli á að í 36. gr. er ákaflega einkennileg uppsetning á framkvæmd laga, herra forseti. Þar er nefnilega kveðið á um það að til þess að félag verði samþykkt eða viðurkennt þá eigi félmrn. fyrst að senda samþykktir félagsins til umsagnar hjá húsnæðisnefndum sveitarfélaga og húsnæðisnefndirnar eigi síðan að segja ráðherranum hvort samþykktirnar fullnægi lögum og reglugerðum sem ráðherrann hefur sett. Ég hlýt að spyrja hvort ekki sé hægt að nota hið ágæta starfsfólk í félmrn. til að ganga úr skugga um það? Þarf að leita til húsnæðisnefnda sveitarfélaganna til að fá svar við því hvort samþykktir félaganna uppfylli skilyrði laga og reglugerða? Ég bið hæstv. félmrh. að ganga ekki svo langt að afhenda reglugerðarvaldið út fyrir hina almennu stjórnsýslu ríkisins. Það hefur nú alltaf verið miðað við þau mörk að ráðherrann framseldi ekki reglugerðarvaldið og ég bið hann um að draga í land með slík áform, því það er ekki víst, ef menn á annað borð fara af stað í þessum efnum að menn endi endilega innan lands.

Ég vil, herra forseti, einnig benda á skilyrðin sem sett eru fyrir stofnun og samþykki byggingarsamvinnufélaga, 19. og 20. gr. í því frv. sem við erum að ræða núna. Það er mjög sérkennilegt satt að segja. Ég skal ekki segja hvort það sé mjög frábrugðið gildandi lögum, ég hef ekki lesið það yfir, en þegar ég les þessar tvær greinar saman, 19. og 20. gr. þá sækja á mig þær hugsanir hvort við séum ekki að ganga of langt.

Í 19. gr. er skilyrði fyrir því að stofna byggingarsamvinnufélag háð samþykki ráðherra. Það eru engin fyrirmæli í 19. gr. til ráðherra við hvað hann eigi að styðjast þegar hann veltir því fyrir sér hvort hann eigi að samþykkja eða synja beiðninni, það eru engin fyrirmæli. Þar segir einungis að samþykki ráðherra þurfi. Svo bara ræður hann.

Í 20. gr. er eiginlega gengið enn lengra. Þar er honum veitt heimild til að ákveða hvaða skilyrði hann setur. Það er algerlega sett í vald ráðherra að ákveða hvað hann setur upp sem skilyrði í þessum efnum. Og reglugerðarvaldið sem honum er falið er um öll aðalatriði málsins. Í lögunum er ekki kveðið á um eitt einasta efnisatriði sem löggjöfin ætlar að ákveða sem forsendu fyrir því að veita samþykki fyrir starfrækslu félaganna. Öll slík ákvæði eru algerlega í höndum ráðherra.

Síðan eru talin upp í 20. gr. fjölmörg atriði sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari ákvæði um í reglugerð. En gætum að því að ekki er skylda fyrir ráðherrann að setja nokkur þeirra í reglugerð, engin skylda um það.

Svo er kórónað með því að segja í grg. með 20. gr. að upptalningin sé ekki tæmandi þannig að ráðherrann hefur enn frekari heimildir en taldar eru upp í 20. gr. Hann hefur allar aðrar heimildir sem honum sýnist. Ég segi, herra forseti, þetta er ekki hægt. Svona getum við ekki afgreitt málið. Þarna er of langt gengið í að ætlast til þess af löggjafanum að hann framselji löggjafarvaldið til ráðherrans.

Í öðru lagi þá segi ég líka: Þarna er allt of langt gengið í að skerða félagafrelsið í landinu. Hvar eru sólskinsþingmennirnir sem höfðu svo hátt í gær? Hvar er hv. þm. Pétur Blöndal?

Hér er vegið að félagafrelsinu sem á að vera verndað í stjórnarskránni. Sett eru alls konar möguleg og ómöguleg skilyrði, ráðherranum er falið að ákveða það eins og honum sýnist fyrir því að menn megi stofna félag í þeim tilgangi að reisa íbúðir fyrir félagsmenn sína. Hvers vegna í ósköpunum þarf í löggjöf að setja skilyrði fyrir því að menn megi stofna félag um þennan tilgang? Ekki er um að ræða neina félagslega greiðslu úr ríkissjóði eftir þessa breytingu ef ég skil málið rétt. Gert er ráð fyrir því að þeir sem taki lánin borgi það sem það kostar og ríkissjóður beri engan kostnað af.

Skiljanlegt er að ríkissjóður geti sett í löggjöf skilyrði fyrir því að hann veiti tilteknum aðilum lán. En það er óskiljanlegt að menn setji í löggjöf tiltekin skilyrði fyrir því að félög megi starfa og verða til. Það er fullkomlega óskiljanlegt. Ég segi það, herra forseti, að V. kafli frv. um byggingarsamvinnufélög er alvarleg atlaga að félagafrelsi í landinu. Ég vænti þess að hv. félmn. geri mikla bragarbót á kaflanum því ekki er hægt að búa við að frv. verði að lögum svona óbreytt hvað þetta varðar.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um frv. Ég bið hæstv. ráðherra að greiða úr því sem ég var að velta fyrir mér og mótaði í spurningar til hans því að ég held að nauðsynlegt sé að það sé skýrt hvernig eigi að tengja frumvörpin saman og að það sé enn fremur skýrt hvaða kjör þessum félögum á að standa til boða.

[17:18]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Fyrst um 19. og 20. gr. 19. gr. er óbreytt frá gildandi lögum. Ef ég man rétt mun hún hafa verið 95. gr. gildandi laga. Ég hef ekkert á móti því ef hv. félmn. sýnist svo að þrengja þær reglugerðarheimildir sem þar eru lagðar til og binda fastar í lagagreinar.

Varðandi athugasemdina um húsnæðisnefndir sveitarfélaga, hvort þær þyrftu að koma að þessu máli, er rétt að taka fram að reglugerðarvaldið er að sjálfsögðu í ráðuneytinu. En húsnæðisnefndir þurfa að fylgjast með og þeim er lögð sú skylda á herðar að þær eiga að fylgjast með íbúðaþörf í sveitarfélaginu. Þetta er haft til þess að húsnæðisnefndirnar hafi yfirsýn yfir hvað er að gerast í sveitarfélaginu.

36. gr. í frv. um húsnæðismál á ekki við í þessu efni, hv. 5. þm. Vestf. Hér er um að ræða frjáls félagasamtök og þau eru óháð sveitarfélögunum og Búseta er síður en svo bannað að leita eftir lánsfé annars staðar en í Íbúðalánasjóði ef hann kýs svo. Ef hann á kost á betri lánum eða vill sækja þau einhvers staðar annars staðar sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu.

Það er náttúrlega rétt að geta þess og halda því til haga að vaxtabæturnar eru félagsleg aðstoð. Vaxtabætur eru félagsleg aðstoð til fólks sem er að afla sér húsnæðis.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði mig um úrskurð félmrn. eða álit á úrskurði félmrn. frá 1992. Nú tek ég fram að ég hef hið mesta traust á úrskurðum félmrn. En áður en ég svara hefði ég kosið að fá að lesa þennan úrskurð. Ég geri ráð fyrir því að hann sé vandlega unninn en þori ekki annað en hafa smáfyrirvara af því að ég óska eftir að fá að lesa hann áður en ég lýsi yfir stuðningi við hann.

Það er alls ekki verið að slá af búsetukerfið með frumvarpaflutninginum, síður en svo. Það er ekki hugmyndin að koma í veg fyrir að fleiri íbúðir með búseturétti verði byggðar.

Að endingu þakka ég svo, herra forseti, fyrir umræðuna.

[17:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef skilning á því að ráðherrann þurfi að kynna sér málið varðandi tryggingarsjóðinn og hlut Búseta

að því er varðar eign í þeim sjóði, sem á nú að færast yfir í varasjóðinn, þannig að hann þurfi að kynna sér úrskurð félmrn. Ég fagna því líka ef hæstv. ráðherra segir að ekki sé verið að slá af búseturéttinn. Ef ráðherrann telur það svo vera þá þarf þó að tryggja einhvers staðar búseturéttinn og á hverju hann byggir í lögunum sem við erum að fjalla um.

Ég sé hvergi stoð í frv. fyrir því að verið sé að tryggja búseturéttinn. Getur ráðherrann ekki verið sammála mér um það að ákvæði til bráðabirgða II, sem ráðherrann las hér upp, gildi um búseturéttaríbúðir sem eru fyrir í kerfinu? Ef ráðherrann er sammála því, hvaða ákvæði í frv., þessu eða hinu, tryggir að búseturétturinn verði óbreyttur frá því sem nú er? Ef hann er óbreyttur frá því sem nú er þá minni ég á það að búseturétturinn hefur byggst á ákvæðum sem eru í lögum um almennar kaupleiguíbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir þannig að búseturétturinn og hlutareignin hefur verið frá 10–30%.

Ég spyr ráðherrann: Verður það óbreytt áfram? Geta búseturéttarfélagar fengið 10–35% sem búseturétturinn og hlutareignin byggir á eins og var áður? Hvar getur hann vísað mér á stoð í frv. sem verður væntanlega lagastoð fyrir skilgreiningu á búseturétti? Ég fullyrði, herra forseti, að 18. gr., þar sem er talað um búseturétt í þessu frv., nægir þar hvergi.

[17:24]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin áform eru uppi um að breyta þessum hlutföllum með hlutareignina. Ef ég má benda á 2. gr. þar sem eru orðskýringar:

„Búseturéttur er réttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi til að öðlast ótímabundinn rétt yfir íbúð sem byggð hefir verið eða keypt á vegum húsnæðissamvinnufélags."

Síðan vitna ég til 18. gr.: „Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Íbúðalánasjóði til kaupa á íbúðarhúsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti. Húsnæðið skal fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má ekki vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum."

Ég vona að það sé alveg skýrt að engin áform eru uppi um að slá af búsetukerfið. Hér er um frjáls félagasamtök að ræða og ekki eru áform um að skerða frelsi þeirra.

[17:26]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það mjög mikilvæg yfirlýsing hjá hæstv. ráðherra sem hér kom fram, sérstaklega núna síðast. Hæstv. ráðherra segir að það séu engin áform um að breyta þeim rétti sem búsetufélagar hafa haft, þ.e. þeir fái áfram þessa hlutareign og búseturétt upp á 10–30%. Þá stendur það eina eftir í skoðanaskiptum okkar hvort frv. tryggi það. Ef félmn. kemst að því að einhverjir vankantar séu á frv., það hafi ekki verið tryggt nægilega í þessu eða hinu frumvarpinu að það verði, miðað við yfirlýsingu ráðherrans, þá mun hann varla hafa á móti því að félmn. breyti þá ákvæðum frv. sem tryggi það þá að búsetufélagar hafi óbreyttan rétt.

[17:27]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þessi ákvæði séu nægjanlega sterk í frv. En ef hv. félmn. telur að þau séu of veik þá hef ég alls ekki á móti því að hún styrki þessi ákvæði. Ég hef margtekið það fram að það er ekki hugmynd mín að slá búsetufyrirkomulagið af og ef hv. félmn. telur að það sé ekki nægilega vel tryggt í frv. þá er velkomið af minni hálfu að styrkja það.

[17:28]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég ítreka eftir svör ráðherra að niðurstaðan er sú varðandi þau atriði sem ég spurði um að þessi samvinnufélög eru frjáls félagasamtök, óháð sveitarfélögum sagði hæstv. ráðherra. Það þýðir væntanlega að sveitarfélögum verður ekki gert að greiða í varasjóð vegna þeirra lánveitinga í þær íbúðir og hafa þar af leiðandi engin afskipti af þeim málum. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji þá ónauðsynlegt að hafa einhvern varasjóð á bak við þessar íbúðir. Út af fyrir sig gæti verið hægt að útfæra málið þannig að það væri sjálfstæð bakábyrgð eða varasjóður sem yrði stofnaður fyrir þessi félagasamtök eða íbúðir á þeirra vegum.

Ég met svör ráðherrans líka þannig að það sé hin pólitíska stefna að lán til leiguhúsnæðis, jafnt sem húsnæðis í eigu samvinnufélags verði a.m.k. á kostnaðargrundvelli. Ég segi ekki á markaðsvöxtum en a.m.k. á kostnaðargrundvelli, þ.e. að sjóðurinn sem á að veita lánið tekur þá vexti sem hann þarf til þess að standa undir kostnaði sínum við lánveitinguna. Þar með er lánasjóðurinn ekki lengur nein félagsleg stofnun í þeim skilningi. Það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að verið er að leggja af húsnæðislánakerfi sem hefur verið félagslegt í eðli sínu og reka það á kostnaðargrundvelli. Þegar menn verða búnir að því er stutt yfir í það að menn reki það á markaðsforsendum. Ég vek athygli á því að það er miklu styttra skref frá lánveitingu á kostnaðargrundvelli yfir í lánveitingu á markaðsvöxtum en það skref sem verið er að stíga núna.

Þó að það sé vissulega rétt að markaðsbætur séu félagsleg aðstoð þá eru vaxtabætur ekki partur af húsnæðiskerfinu. Það er allt önnur löggjöf, bæði hvað varðar kaup á húsnæði og síðan leigu á leiguhúsnæði þannig að það er ekki lengur tengt saman eins og verið hefur. Ég vek athygli á því að ef áform manna eru eins og þeir segja er ekki mikill munur á því að lána með föstum vöxtum annars vegar og lána með hærri vöxtum og greiða síðan háu vextina niður með vaxtabótum ef það á að vera óbreyttur kostnaður fyrir lántakendurna. Ef það er rétt að sú breyting að hækka vextina og síðan að breyta vaxtabótunum þannig að þeir taki af vaxtahækkunina hafi ekki áhrif þá segi ég: Það er alveg eins hægt að hafa bara föstu vextina áfram. Þá er breytingin óþörf. Þess vegna er breytingin gerð til að íþyngja lántakendum í heild sinni. Það hlýtur að vera. Annars væru menn ekki að þessari breytingu.

[17:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugmyndin er ekki að íþyngja, síður en svo. Sveitarfélögin greiða ekki í varasjóð í tilfelli sem hv. þm. nefndi. Hins vegar verður þarna að vera varasjóður, samkvæmt lögunum um samvinnufélög.

[17:34]

**Útbýting þingskjala:**

Búfjárhald, 543. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 928.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 544. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 929.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Húsnæðismál, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 909. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

### *Örnefnastofnun Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166, nál. 829.

[17:39]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Örnefnastofnun Íslands frá menntmn.

Frumvarpið felur í sér að sett verður á fót sjálfstæð ríkisstofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem tekur við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns sem er sjálfstæð deild innan safnsins. Jafnframt er kveðið skýrt á um hlutverk stofnunarinnar og starfsemi hennar í megindráttum. Hinni nýju stofnun er ætlað að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á vegum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur. Mikilvægt er að tryggt sé að stofnunin hafi góð tengsl og samráð við sem flesta þá aðila sem starfa á sviðum örnefnafræða, bæði innan lands og utan. Þá er lögð áhersla á þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur, og jafnframt skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur rétt að ríkisvaldið standi vörð um þann ómetanlega menningarfjársjóð sem stofnunin hefur í vörslu sinni. Leggur hún til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Herra forseti. Með því að gera Örnefnastofnun að sjálfstæðri ríkisstofnun er hún treyst í sessi og starfsemi hennar tryggð til framtíðar. Einnig má segja að í frv. felist viðurkenning á ómetanlegu starfi Þórhalls Vilmundarsonar prófessors í þágu örnefnarannsókna hér á landi.

Ég minnist þess frá námsárum mínum við Háskóla Íslands hversu mikla athygli, áhuga og viðbrögð kenningar hans og rannsóknir vöktu, jafnt meðal almennings og fræðimanna. Aðsókn að fyrirlestrum hans og fundum um þessi efni var slík að hún sprengdi af sér stærstu fyrirlestrasali þess tíma, t.d. Háskólabíó. Ég tel fagnaðarefni að það skref skuli nú stigið að gera Örnefnastofnun að sjálfstæðri ríkisstofnun. Ég tel það lyftistöng fyrir rannsóknir í örnefnafræðum og enn fremur mikilvægt innlegg í menningarstarfsemi hér á landi.

[17:42]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hv. framsögumanns nefndarinnar um þetta mál í tilefni af því að lagt er til að setja á stofn nýja ríkisstofnun. Það er nokkuð algengur viðburður í seinni tíð. Ég spyr hv. formann nefndarinnar að því, og bið hv. þm. Egil Jónsson að leggja við hlustir, hvar þessi stofnun eigi að vera til húsa. Í hvaða sveitarfélagi hugsar nefndin sér að stofnunin verði? Í öðru lagi: Hve fjölmennu starfsliði er gert ráð fyrir hjá þessari ágætu stofnun?

[17:43]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt er um hvar Örnefnastofnun eigi að vera til húsa. Ég bendi á 4. gr. frv. þar sem segir:

„Menntamálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um að Örnefnastofnun Íslands hafi nánar tiltekin rekstrar- eða aðstöðutengsl, svo sem um bókhald og húsnæði, við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir sé það talið hagkvæmt."

Örnefnastofnun hefur til þessa verið deild í Þjóðminjasafni Íslands. Ég veit ekki til þess að það séu nein áform um að breyta því að svo stöddu. Það má vel vera að einhverjar þær aðstæður komi upp síðar að menn þurfi að endurskoða þau tengsl en það verður þá að koma í ljós.

Síðan var spurt um starfslið. Fram til þessa hefur, til viðbótar við Þórhall Vilmundarson forstöðumann, verið 1,7 stöðugildi við Örnefnastofnun.

Gert er ráð fyrir því að við það að gera Örnefnastofnun að sjálfstæðri ríkisstofnun muni, eins og segir í kostnaðarumsögn frá fjmrn., viðbótarkostnaður verða 3–8 millj. á ári. Það getur tekið einhver ár að þróa stofnunina í endanlegt horf, enda sjáum við það á þessum tölum að ekki er gert ráð fyrir að það komi til framkvæmda strax. Í framtíðinni mun það svo sýna sig hver þörfin er, með auknu og viðameira hlutverki stofnunarinnar.

[17:45]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni menntmn. þessi svör. Ég skil þau svo að nefndin kveði ekki á um það í sínu áliti hvar stofnunin verði heldur láti það í hendur menntmrh. að ákveða það. Tíminn verður því að leiða í ljós hvernig ráðherra tekur á því máli nema hann upplýsi það hér í umræðunni sem væri auðvitað fróðlegt ef hann er reiðubúinn til þess.

Ég vek hins vegar athygli manna á því, þó mér finnist ekki endilega kannski að það eigi við um þessa stofnun frekar en aðrar því ég hygg að þarna sé hin ágætasta stofnun í uppsiglingu svona að efni til, að það virðist vera nokkuð borðleggjandi að stofnanir sem staðsettar eru utan höfuðborgarsvæðisins hafi minni tilhneigingu til að vaxa í tímans rás en þær stofnanir sem eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Það er eins og hin sjálfvirka þensla ríkiskerfisins nái ekki eins til stofnana úti á landi og stofnana á höfuðborgarsvæðinu þannig að ég teldi að það væri góð regla hjá stjórnvöldum á hverjum tíma að taka mið af þessu við ákvörðun staðsetningar nýrra stofnana eða nýrra deilda hjá þeim stofnunum sem

fyrir eru. Ég nefni fræga stofnun sem dæmi um hið gagnstæða þar sem vöxtur hennar hefur verið gríðarlegur á aðeins örfáum árum, stofnun sem sett var niður í Reykjavík og heitir Fiskistofa og er að verða eitt allra stærsta eftirlitsbáknið á landinu og mega nú landsmenn eða stjórnmálamenn fara að huga að þeirri stofnun áður en hún vex þeim yfir höfuð.

[17:48]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst dálítið merkilegt að einmitt þegar við erum að tala um menningarstofnun þá skuli hv. þm. Kristinn Gunnarsson sjá ástæðu til þess að fara sérstaklega upp og ræða atriði af þessum toga. Ég held að það væri frekar ástæða til þess að fagna því alveg sérstaklega að verið er að koma á fót nýrri menningarstofnun eða réttara sagt styrkja starfsemi Örnefnastofnunar á þennan hátt og þar með setja meiri fjármuni til þeirrar mikilvægu starfsemi sem hún gegnir. (**KHG:** Gerði þingmaðurinn eitthvað annað?)

[17:49]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér kemur til 2. umr. frv. um Örnefnastofnun Íslands. Eins og fram kom hjá hv. formanni menntmn. þá skrifa ég undir nefndarálitið með fyrirvara og vil hér gera grein fyrir honum. Það gera einnig fulltrúar hinna stjórnarandstöðuflokkanna.

Hér er um að ræða frv. þar sem kveðið er á um að búa til sjálfstæða ríkisstofnun, Örnefnastofnun Íslands, á grunni Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns sem starfað hefur frá árinu 1969, alla tíð undir forstöðu Þórhalls Vilmundarsonar prófessors sem unnið hefur ómetanlegt starf á þessu sviði og undir það vil ég taka með hv. formanni nefndarinnar.

Frá árinu 1969–1981 vann prófessor Þórhallur sem forstöðumaður stofnunarinnar í aukastarfi en frá 1981–1994 fékk hann leyfi frá kennsluskyldu sem prófessor í sagnfræði vegna rannsókna sinna á Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins. Frá 1994 þegar prófessor Þórhallur Vilmundarson lét af prófessorsembætti fyrir aldurs sakir hefur hann sinnt þessu starfi í aukastarfi. Ég vil taka undir það að ég met fræðistörf hans mikils og tel að svo hafi mun fleiri gert eins og fram kom hér áðan.

En nú bregður svo við þegar prófessor Þórhallur er um það bil að hætta störfum að lagt er til að Örnefnastofnun verði gerð að sjálfstæðri ríkisstofnun. Hvers vegna? Mig skortir einmitt svör við því, herra forseti. Ég hef alls ekki nægilega sterka sannfæringu fyrir því að því merka starfi sem örnefnafræðum tilheyrir verði best sinnt með þessum hætti.

Í bréfi Þórs Magnússonar til menntmn. Alþingis bendir hann á að að sínu mati séu þrjár leiðir til þess að tryggja starfsemi Örnefnastofnunar. Í fyrsta lagi að stofnunin verði hluti Þjóðminjasafns en þó fastbundnari safninu, þ.e. stjórnun og fjárhald yrði á vegum þess. Í öðru lagi ræðir Þór Magnússon um þann möguleika að hún yrði sjálfstæð stofnun í ríkiskerfinu og heyrði beint undir menntmrn og í þriðja lagi að hún yrði sett undir Háskóla Íslands sem háskólastofnun. Af þessu þrennu telur Þór Magnússon þjóðminjavörður rökréttast að Örnefnastofnun yrði hluti af Þjóðminjasafni Íslands áfram því þaðan sé hún sprottin og vegna þess að örnefni eru hluti af áþreifanlegri menningarsögu þjóðarinnar, þjóðháttum og þjóðlífi, og að rannsóknum á þessum fræðum sé þess vegna best borgið innan Þjóðminjasafns Íslands.

Í umsögn heimspekideildar háskólans er á það bent að eðlilegra hefði verið að stofnunin tengdist betur háskólanum, t.d. Orðabók Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Íslenskri málstöð. Þá hefði verið eðlilegt frá sjónarhóli íslenskra fræða að öll nafnfræðin hefði verið sett saman í eina stofnun, Nafnfræðistofnun, en ekki einblínt á örnefnin eingöngu. Fyrir vikið sé mannanöfnunum og öðrum nöfnum ekki ætlaður neinn staður.

Sem sagt: Af þeim þremur kostum sem Þór Magnússon þjóðminjavörður sér fyrir sér, þá leggur hann til að þetta verði áfram í Þjóðminjasafni. Heimspekideild Háskóla Íslands leggur til að þetta verði innan háskólans. En hér er valinn þriðji kosturinn, þ.e. að þetta verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir menntmrn. án nógu sterkra röksemda að mínu mati.

Samhliða þessu frv. hefur menntmn. haft til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um bæjanöfn þar sem m.a. er kveðið á um stofnun örnefnanefndar sem skipuð yrði af menntmrh. og Örnefnastofnun tilnefni einn nefndarmann af þremur í þessa örnefndanefnd. Örnefnanefnd á m.a. að fjalla um nöfn á landabréfum, skera úr ágreiningi varðandi þau, einnig um götunöfn og nöfn sveitarfélaga að einhverju leyti. Að auki skarast málefni Örnefnastofnunar og örnefnanefndar við Íslenska málnefnd. Í umsögn Íslenskrar málnefndar til menntmn. er óskað eftir því að Íslensk málnefnd eigi fulltrúa í örnefnanefnd vegna þessara tengsla og að rétt sé að endurskoða lagasetningu um fyrirtækjaheiti sem heyrir undir enn önnur lög.

Ég bendi á þetta, herra forseti, vegna þess að nafnamálin eru á könnu mjög margra mismunandi stofnana sem eru tengdar þvers og kruss án þess þó að um formleg eða rökrétt tengsl sé að ræða. Ég teldi mun vænlegra að þessi nafnamál, íslensk örnefni, mannanöfnin, bæjanöfnin og fyrirtækjaheitin væru á könnu einnar nafnastofnunar. Þá væri e.t.v. þörf fyrir sjálfstæða stofnun. Hins vegar er ekki þörf á stofnun sem sinnir aðeins örnefnum en er þó ekki einu sinni með örnefnin alfarið á sinni könnu þar sem örnefnanefnd heyrir ekki einu sinni undir þá stofnun.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki setja mig upp á móti þessu frv. en mig skortir sannfæringu fyrir því að hér sé verið að stíga rétt skref, ekki síst í ljósi þess að Sjálfstfl. virðist hér vilja stækka ríkisbáknið án þess að fyrir því liggi augljós rök. Það er mín tilfinning að hér hangi eitthvað á spýtunni sem ekki hefur komið upp á yfirborðið í hv. nefnd, þ.e. einhver ástæða sem ég kem alls ekki auga á fyrir því að stofna sjálfstæða örnefnastofnun.

Að lokum vil ég, herra forseti, ítreka það að ég ber mikla virðingu fyrir fræðistörfum Þórhalls Vilmundarsonar og að afstaða mín í þessu máli komi því ekkert við. Ég hef bara ekki sannfæringu fyrir því að hér sé verið að stíga rétt skref.

[17:57]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Eins og fram kom á síðasta þingi þegar þetta mál var fyrst flutt þá hef ég vissar athugasemdir að gera við það. Ég satt að segja tel að það sé alveg út í hött að stofna nýja ríkisstofnun um þennan afmarkaða flokk nafnorða sem örnefni eru. Það hefði verið miklu eðlilegra að búa til sjálfstæða nafnastofnun sem hefði þá verið með bæjanöfnin, örnefnin og jafnvel mannanöfnin líka og verið með heildaryfirlit og skráningu á þessu öllu saman. Eins hefði mátt hugsa sér að þeir fjármunir sem hér er um að ræða

hefðu að einhverju leyti farið til að styrkja Íslenska málnefnd og í þriðja lagi hefði mátt hugsa sér líka að þetta hefði bara einfaldlega verið áfram eitt af verkefnum Þjóðminjasafnsins án þess að um það hefðu verið sett nein sérstök lög. Ég satt að segja hef ekki enn þá fengið neinn botn í það af hverju verið er að gera þetta að lögum. Ég segi það alveg eins og er.

Ég var svo heppinn að sitja á ákaflega skemmtilegum fundi í menntmn. þar sem Árni Gunnarsson skrifstofustjóri í menntmrn. kom og sat fyrir svörum um efni málsins. Það var mjög eftirminnilegur fundur og skemmtilegur og sérstaklega voru þau rök sem Árni flutti í málinu eftirminnileg. Án þess að ég hafi þau eftir í einstökum atriðum þá dugðu þau ekki — ég vil láta það koma fram — til þess að sannfæra mig í þessu máli. Ég hefði ekki talið neina ástæðu til að afgreiða þetta mál ef ég hefði haft eitthvað með það að gera. Ég hefði ekki flutt það ef ég hefði setið þarna uppi í menntmrn. og ég hefði ekki flýtt mér að afgreiða það ef ég hefði verið í menntmn. Ég veit eiginlega ekki af hverju í ósköpunum verið er að nudda þessu máli áfram svona.

Síðan kemur fljótlega frv. um bæjanöfn geri ég ráð fyrir. Það er enn þá í nefndinni ef ég man rétt og þá gefst kostur á því að ræða um þá alveg ótrúlegu miðstýringarárättu sem þar er, þ.e. að lögbinda svo að segja eða að ætlast til þess að ákveðin heiti fái opinberan fastan stimpil. Það er mjög sérkennilegt. Ég rifjaði það upp í fyrra í umræðum um þessi mál að eitt dalverpi vestur í Dölum heitir fimm nöfnum og samkvæmt ákvæðum frv. eins og það lá fyrir í fyrra og ég held að það hafi verið eins endurflutt í haust, þá verður opinber aðili að úrskurða um hvert þessara fimm nafna er rétt. Ég hef ekki smekk fyrir uppsetningu af því tagi. Það mál er ekki á dagskrá hér en ég vildi bara láta það koma fram, herra forseti, að ég skil ekki af hverju þetta frv. um Örnefnastofnun er flutt. Það er varla hægt fyrir þingmann að segja það en ég nenni svo sem ekki að vera að berjast um út af málinu. Ég vildi bara láta það koma fram að ég get í öllum meginatriðum tekið undir þau rök sem hér komu fram áðan hjá hv. 19. þm. Reykv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gjaldþrotaskipti, 3. umr.*

Stjfrv., 389. mál (tilkynningar skiptastjóra). — Þskj. 917.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Mannréttindasáttmáli Evrópu, 3. umr.*

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Atvinnusjóður kvenna, síðari umr.*

Þáltill. DH og ArnbS, 72. mál. — Þskj. 72, nál. 897, brtt. 909.

[18:02]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um atvinnusjóð kvenna.

Nefndin fjallaði um málið og bárust allnokkrar umsagnir sem getið er um í nefndarálitinu. Þær voru allar mjög jákvæðar þannig að nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt þó með þeirri breytingu sem hér er getið um en við leggjum til að við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: „Nefndin taki jafnframt mið af þeirri úttekt sem gerð hefur verið á vegum Vinnumálastofnunar og því hvernig styrkir hafa nýst."

Tillagan gengur út á það, hæstv. forseti, að fram fari endurskoðun á starfsemi atvinnusjóðs kvenna, farið verði yfir hvernig styrkjum úr honum hefur verið dreift eða til hverra þeir hafa gengið, hvernig þeir hafa nýst og hvort hugsanlega þurfi að gera einhverjar breytingar þar á. Fram kom í umfjöllun félmn. um fjárlögin fyrr í vetur að menn töldu að nauðsynlegt væri að gera ýmsar breytingar. Tímarnir hafa breyst og ýmis verkefni sem verið var að styðja, m.a. úti á landsbyggðinni, hafa ekki öll gengið jafn vel og kom fram í máli fulltrúa Vinnumálastofnunar að nauðsynlegt væri að skoða reynsluna og huga að úrbótum.

Vinnumálastofnun fékk félagsfræðing til að fara ofan í styrkveitingar og niðurstöður úr þeirri könnun eiga að vera tilbúnar einmitt um þessar mundir þannig að við leggjum til að nefndin taki mið af þeirri könnun sem fram fór. Jafnframt verði að sjálfsögðu hugað að því hvernig betur má gera því tilgangurinn er auðvitað sá að efla atvinnu kvenna, styðja þær til nýsköpunar og að fjármagn verði veitt til þess.

Undir þetta nefndarálit skrifa allir nefndarmenn, Pétur H. Blöndal, þó með fyrirvara, en Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[18:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur og ég ætla að skýra aðeins hvernig stendur á því að ég flyt hér þá tillögu. Eins og fram kom hjá formanni félmn. var ég upptekin við verkefni á vegum Alþingis annars staðar og var því ekki viðstödd þegar umfjöllun átti sér stað um málið og það afgreitt úr nefnd.

Ég styð þetta mál eins og það kemur frá nefndinni en er hins vegar með tillögu um að staða sjóðsins verði fjárhagslega tryggð og kem ég að því síðar.

Þessi sjóður hefur ekki verið mjög stór í gegnum árin. Hann á sér nokkurra ára sögu. Ætli saga hans spanni ekki sjö til átta ár og má segja að í gegnum árin hafi honum verið ætlaðar u.þ.b. 20–25 millj. kr., lengst af 20 millj. þar til félmn. mælti með því eitt sinn við afgreiðslu fjárlaga að sá sjóður fengi viðbótarfjárveitingu og framlög úr honum fengju að ná til þéttbýlisins en í upphafi var hann hugsaður til að styrkja atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Ég má líka til með að rifja það upp að í mesta atvinnuleysinu, 1993 trúlega, var veitt aukafjárveiting til þessa sjóðs til að taka sérstaklega á í atvinnumálum kvenna og þá fékk hann 60 millj. kr. fjárveitingu og sérstakur starfsmaður var ráðinn í að auglýsa, fara yfir umsóknir og reyna að verja

fjármagninu sem allra best, konum á atvinnuleysistímum til framdráttar.

Það er líka athyglisvert, virðulegi forseti, að nú um stundir virðist vera meira atvinnuleysi kvenna en var þá þegar gripið var til sértækra úrræða varðandi atvinnumál kvenna. Það er eins og viðhorf okkar til atvinnuleysis sé eitthvað farið að slævast, a.m.k. þegar konur eiga í hlut. Atvinnusjóður kvenna, oftast kallaður Jóhönnusjóður, á sér ekki lagastoð enda er hann eiginlega horfinn inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og sést ekki í fjárlögum þegar þeim er flett. Hann átti sér þó áður stoð sem sérstakur liður á fjárlögum og með sérstöku framlagi.

Ég hreyfi því hér, virðulegi forseti, að ef á að gera hann virkari og öflugri, þá þarf að skoða það að lögfesta hann ásamt því að skoða aukið fjármagn til sjóðsins. Það er alveg ljóst að ef þessi sjóður á að fá sinn sess og verða til þess að tryggja konum ný og öðruvísi tækifæri, þá verður að tryggja honum fjármagn. Um það er tillaga okkar Jóhönnu Sigurðardóttur að við 1. mgr. tillgr. bætist: „og hvernig tryggja megi honum aukið fjármagn." Tillögugreinin mundi þá hljóða svo:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna og hvernig tryggja megi honum aukið fjármagn."

Síðan er seinni málsgreinin um hvernig nefndin skuli vera skipuð.

Eins og ég hef áður nefnt var þessi sjóður sérgreindur á sínum tíma í fjárlögunum sem sértakur fjárlagaliður. Það fór með þann sjóð eins og starfsmenntasjóðinn að þegar verið var að breyta Atvinnuleysistryggingasjóðnum í félmrn. með tilkomu nýs ráðherra þar, þá voru þessir þýðingarmiklu sjóðir, atvinnusjóður kvenna og starfsmenntasjóður, settir þar inn. Að vísu má enn þá finna starfsmenntasjóðinn undir Atvinnuleysistryggingasjóði, hann er a.m.k. nafngreindur þar en fjármagn til hans hefur verið óbreytt ár eftir ár og þess gætir heldur ekki varðandi starfsmenntasjóð að einhver sérstök hugsun eða pólitísk áhersla sé á að reyna að koma til móts við breytta tíma og aðstæður í þjóðfélaginu.

Í dag þarf félmrh. í fyrsta lagi að hafa áhuga á að berjast fyrir fjármagni í sjóðinn og í öðru lagi styrk til þess að ná framlagi á fjárlögum hverju sinni, þ.e. ef hann ætlar að bæta einhverju við umfram það að láta þetta vera hluta af framlögum og styrkjum sem Atvinnuleysistryggingasjóður skiptir fé til af því sem hann hefur umleikis.

Það er hins vegar ljóst að þessi sjóður verður aldrei verulegur kostur nema fjármagn verði tryggt. Þess vegna er hin litla brtt. okkar Jóhönnu Sigurðardóttur mjög mikilvæg.

Það er ljóst, og hefur komið fram alls staðar þar sem úttekt hefur verið gerð á stöðu kvenna í atvinnumálum og möguleikum þeirra til að fitja upp á einhverju nýju þar sem litla atvinnu er að hafa, að mjög margar konur hafa hæfileika, getu og vilja til að fara inn á nýjar brautir. Þær hafa verulegt frumkvæði og það hefur verið ótrúlegt að fara á þá staði á landinu þar sem konur hafa kannski tekið sig saman um húsnæði til að hafa aðstöðu fyrir eitthvað nýtt til að gera eða að sjá hvaða hugmyndaauðgi býr í því sem konurnar hafa brotist til að framleiða eða fitja upp á á atvinnuleysistímum. Það er hins vegar alveg ljóst að konur hafa ekki viljað taka lán í eitthvað sem er fallvalt og ekki séð fram á hvernig slíkri framleiðslu reiðir af. Því má heldur ekki gleyma að í mörgum tilfellum hafa konurnar verið að fitja upp á einhverju nýju til þess að reyna að skapa sér atvinnu, ekki síst vegna þess að þröngt hafi verið um fjárhag heimilisins þegar þær fóru að reyna fyrir sér með það sem þær hafa fitjað upp á. Þess vegna hefur þessi litli sjóður byggt á svipuðum viðhorfum og lánatryggingasjóður kvenna, sem við félmrh. stofnuðum með árs millibili, jafnspaugilegt og það er. En það er líka gott skref og öðruvísi vegna þess að þar er verið að leita eftir samvinnu lánastofnana við framtak félmrn., Reykjavíkurborgar og iðnrn. sem bundust saman í það verkefni að reyna að koma á slíkum lánatryggingasjóði til að efla möguleika kvenna til að koma litlum fyrirtækjum á laggirnar án þess að hafa til þess fjármagn.

Það er dálítið alvarlegt þegar maður hugsar um að einmitt af því að fjárhæðin er ekki há, í þessu tilfelli með Jóhönnusjóðinn var hún lengst af 20–25 millj. kr. fyrir utan þetta eina ár sem var ráðist í sérstakt átak, þá er eins og virðingin sé minni fyrir sjóði af þessari stærðargráðu þó hlutverk hans sé e.t.v. þýðingarmeira en margra hinna stóru sjóða með umtalsvert fjármagn. Ég minni á að í umræðunni sem við höfum átt hér, virðulegi forseti, um húsnæðismál hefur verið vikið að útlánatöpum hinna ýmsu sjóða og ég leyfði mér að lesa upp hvernig útlánatapið skiptist á hina ýmsu sjóði á vegum hins opinbera en að sjálfsögðu kom ekki til að lítill sjóður eins og atvinnusjóður kvenna væri þar inni, enda hefur hann fyrst og fremst haft styrkveitingar á sinni könnu. En þegar sjóðir hins opinbera og útlánatöp eru skoðuð þá leika þær fjárhæðir á milljörðum króna í sumum tilfellum og niður í nokkra tugi milljóna á meðan við erum af veikum mætti að berjast fyrir lítilli upphæð eins og 20–25 millj. í atvinnusjóð sem gerir konum fært að örva sköpunargáfu sína og nýta hana sjálfum sér og heimilinu til framdráttar.

Þess vegna er afar gott að hér sé verið að samþykkja tillögu um að skipa nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald af starfi atvinnusjóðs kvenna en það er líka dapurt að hugsa til þess að lítill sjóður, sem búið var að koma á laggir og átti sér þó stoð í fjárlögum, skuli hafa runnið svo átakalaust inn í Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að menn hafi haft af því miklar áhyggjur og að tillaga þurfi að koma fram á Alþingi um að það sé skoðað hvernig hægt sé að skipa þessum sjóði á betri veg og að tillögur séu gerðar um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna. Það er dapurt að hugsa til þess að það skuli þurfa að koma tillaga á Alþingi Íslendinga um að tryggja svo litlum sjóði líf á meðan hann ætti í sjálfu sér að eiga skjól í því ráðuneyti sem hann er og hefði fremur átt að lyfta honum en láta hann renna inn í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem mikil hætta er á að hinir þýðingarmiklu sjóðir, atvinnusjóður kvenna og starfsmenntasjóður, eigi eftir að daga uppi ef ekkert gerist.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að Alþingi Íslendinga sjái sóma sinn í því að samþykkja þessa litlu tillögugrein, að kannað verði hvernig tryggja megi sjóðnum aukið fjármagn.

[18:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað sjá að við værum fremur að fjalla um frv. til laga um atvinnusjóð kvenna þar sem skilgreind verkefni þess sjóðs og markmið kæmu fram. Í því frv. væri þeim sjóði jafnframt tryggð örugg lagastoð að því er varðar fjármagn. Ég held að það séu allir sammála um að þessi sjóður sem starfað hefur frá 1991, hefur gengið mjög vel. Framlagið til hans hefur vissulega skilað tilgangi sínum. Fjármagnið hefur runnið til verkefna sem hafa um

margt verið athyglisverð og styrkt starfsemi þeirra kvenna sem ráðist hafa í að stofna fyrirtæki.

Einnig hefur verið mjög athyglisvert að fylgjast með þeim verkefnum sem konurnar hafa ráðist í og hafa gengið mjög vel. Framlögin hafa runnið til þess að aðstoða konur varðandi markaðssetningu og fleiri þætti.

Það sem raunverulega hefur vantað er öruggt fjármagn sem rynni í þennan sjóð. Eins þyrfti að opna meira fyrir og víkka þau verkefni sem veita má fjármagn til. Lengst af hefur þetta framlag haft stoð í fjárlögum. Þó það sé ekki fullkomið þá er það þó lagastoð. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur því verið kippt úr fjárlögunum. Nú er þetta fjármagn falið einhvers staðar í Atvinnuleysistryggingasjóði og ég veit ekki hvort þess er nokkurs staðar getið. Þetta er styrkur, veittur í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í fyrsta lagi er það rangt. Þetta rennur ekki til kvenna sem eru atvinnulausar. Sjóðurinn á ekki heima þar. Í öðru lagi finnst mér að því framtaki sem unnið hefur verið af konum með tilstyrk þessa framlags eigi að sýna þá virðingu að gefa sjóðnum stoð í lögum. Það þyrfti að gera í frv. sem skilgreinir markmið, hvað við viljum sjá, hvað við viljum styrkja, hver verkefnin eigi að vera og hvernig tryggja eigi sjóðnum fjármagn. Það er ekki útilokað og ég býst við að því verði fylgt eftir í þinginu þegar niðurstaða þessarar nefndar liggur fyrir. Ég vona að þeir sem nefndina skipa skoði hvort ein af tillögum nefndarinnar verði ekki að tryggja þessum sjóði lagastoð eitthvað fram í tímann.

Við í stjórnarandstöðunni sem höfum ávallt í tíð þessarar ríkisstjórnar fylgt því fast eftir við fjárlagagerðina að þessi sjóður fái fjármagn og munum auðvitað fylgjast mjög grannt með starfi nefndarinnar og því að hún skili fljótt og vel af sér. Því verður fylgt eftir hér á þinginu.

Herra forseti. Á þessu þingi og jafnvel á undanförnum missirum hefur allt of lítið verið fjallað almennt um stöðuna í atvinnumálum kvenna. Við höfum gert það nokkrum sinnum í vetur og tillögur um úrbætur liggja fyrir frá stjórnarandstöðunni í því efni. Atvinnuleysi kvenna, svo sérkennilegt sem það er í þessu góðæri sem við búum við, hefur sjaldan verið meira, herra forseti. Þessi tillaga sem þó er góðra gjalda verð og ég styð, bætir þar litlu úr.

Það vakti vissulega mikil vonbrigði hjá mér þegar við ræddum um stöðuna í atvinnumálum kvenna hér á þingi fyrir nokkrum vikum. Félmrh. tók þátt í þeirri umræðu þar sem beint var til hans fyrirspurn þar að lútandi. Hæstv. ráðherra taldi enga sérstaka ástæðu, jafnvel þó atvinnuleysi kvenna væri tvöfalt meira en hjá karlmönnum og atvinnuleysi kvenna væri meira en á árinu 1993 þegar ríkisstjórnin þá greip til sérstakra aðgerða til að draga úr atvinnuleysi kvenna, að grípa til einhverra sértækra aðgerða til þess að draga úr atvinnuleysi kvenna. Það var svo merkilegt, herra forseti. Hann vísaði á þennan sjóð sem við erum hér að fjalla um. Sá hefur um 20 millj. til ráðstöfunar ef stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þóknast að láta hann hafa allar þær millj. allar vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur það í hendi sér að leggja þar minna til.

Ráðherrann taldi ekki ástæðu til þess að gera neitt að því er varðar atvinnuleysi kvenna. Mér fannst nokkuð merkilegt að hann hafði ekki einu sinni gert tilraun til þess að ræða málið í ríkisstjórninni og hvort ekki ætti að grípa til sérstakra aðgerða í því máli. Það var þó gert á sínum tíma árið 1993. Þá átti að veita mikið fjármagn út af atvinnuleysi vegna kreppu- og samdráttartíma. Það fjármagn átti þó eins og vanalega að renna til alls konar verkefna sem fremur fóru í það að styrkja stöðu karla og draga úr atvinnuleysi þeirra. Auðvitað er það sjálfsagt en við megum ekki gleyma konunum. Gegnum árin hefur mest farið til vega- og viðhaldsframkvæmda, í sértækum aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til.

Þá beitti ég mér fyrir því í ríkisstjórninni að samþykkt yrði 60 millj. kr. framlag sérstaklega ætlað til þess að draga úr atvinnuleysi kvenna. Ég held að það hafi verið til fyrirmyndar hvernig unnið var úr því. Sérstök nefnd var skipuð til að skoða hvernig þetta nýttist konum. Hundruð kvenna fengu vinnu, ýmist í skemmri eða lengri tíma. Sumar fengu vinnu til frambúðar vegna þess fjármagns sem þarna var látið í, litlar 60 millj. á móti mörg hundruð milljónum sem á þeim tíma var varið til vega- og viðhaldsframkvæmda. (**KÁ:** 920 millj. á móti 80.) 920 á móti 60, já og með þessum 20. Ég hefði talið, herra forseti, að einmitt nú við þessar aðstæður ætti að grípa til svipaðra aðgerða. Við erum ekkert að tala um stórar fjárhæðir, 60–80 millj., herra forseti. Það má gera samanburð á því við ýmsa sóun í þjóðfélaginu og lítið er með gert.

Það er nefnilega svo, sem líka er mjög alvarlegt og mikið umhugsunarefni, að á þessum tímum þenslu í atvinnulífinu eykst atvinnuleysi kvenna. Og hvar er þenslan? Hún er aðallega í stóriðjuframkvæmdum og mannvirkjagerð sem er meira atvinnuskapandi fyrir karla en konur. Á sama tíma er samdráttur í ýmsum hefðbundnum atvinnugreinum kvenna. Við getum nefnt ýmiss konar hagræðingu í heilbrigðisgeiranum, hagræðingu í bankastarfsemi. Bankastarfsmönnum hefur fækkað verulega. Þetta hefur miklu meira bitnað á konum en nokkurn tíma körlum. Ég hef nokkrar áhyggjur af því, herra forseti, að menn hugleiði raunverulega ekki hvað hér er á ferðinni og hvort það sé svo að við séum að sigla inn í það að hagræðing í atvinnulífinu og tækniþróun alls konar bitni fremur á kvennastörfum en karlastörfum án þess að nokkuð sé að gert. Við sjáum ekki að verið sé að auka framlag í starfsmenntasjóð sem fyrst og fremst á að tryggja stöðu ófaglærðra. Honum er fleygt inn í Atvinnuleysistryggingasjóð sem hann á ekkert erindi í frekar en atvinnusjóður kvenna. Er að koma upp ný staða á vinnumarkaðnum sem bitnar sérstaklega á konum. (**Gripið fram í:** Það bendir allt til þess.) Það bendir allt til þess og það er ekkert að gert. Við bara siglum áfram inn í nýja stöðu sem bitnar sérstaklega á konum og nú er svo komið, herra forseti, að þegar konur eru svona 45–50 ára — ég tala nú ekki um 50 ára og þar yfir — eru þær kannski sumar hverjar ekki gjaldgengar lengur á vinnumarkaði. Hvað er gert í þessu máli, í þessari nýju stöðu sem hér er komin upp í atvinnumunstrinu og atvinnulífinu? Ég veit ekki til þess að ríkisstjórnin sé að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég held að stjórnarandstaðan verði að taka þessi mál einhvern veginn í sínar hendur og ræða þessa alvarlegu stöðu sem er komin upp á vinnumarkaðnum.

Það alvarlega í þessu líka er að þetta snýr ekki bara að konum. Atvinnuleysi er meira en atvinnuleysistölurnar segja til um. Hvaða hópar eru það, herra forseti? Það eru fatlaðir. Fatlaðir sem ekki fá atvinnu á vinnumarkaðinum vegna þeirra breytinga sem þar eru koma ekki fram í atvinnuleysistölum. Við sjáum þá í tölum hjá Tryggingastofnun. Þar hefur tvöfaldast sá fjöldi öryrkja sem er á tryggingabótum og þar er m.a. tilgreint — hæstv. heilbrrh. sagði það hreinlega í svari til mín fyrir nokkrum vikum síðan — að það sé m.a. vegna aðstæðna öryrkja á vinnumarkaðnum. Ég sé ekki, herra forseti, að neitt sé verið að gera til þess að breyta

þessari alvarlegu þróun. (**Gripið fram í:** Það er reyndar verið að gera rannsóknir á þessu hjá Tryggingastofnun.) Já, það er mjög gott innlegg í málið. Það er verið að rannsaka í Tryggingastofnun hvers vegna þessi mikla fjölgun öryrkja er. Ég held að það sé mjög þakkarvert af Tryggingastofnun eða hverjum þeim sem hefur átt frumkvæði að því eða er að vinna það verk að þeim skuli gert það kleift að vinna en þeim sé ekki búin sú aðstaða í þjóðfélaginu að þeim sé vísað af vinnumarkaðnum, kannski ungu fólki. Auðvitað gerum við það ekki, ég tala nú ekki um konum. Við gerum það ekki. Ég vil því hvetja til þess undir þessari umræðu, herra forseti, að menn setjist yfir og kortleggi og athugi hvað er raunverulega að gerast á atvinnumarkaðnum.

Svo höfum við upplifað það og það kom fram í svari félmrh. fyrir nokkrum vikum síðan að langtímaatvinnuleysi hefur líka aukist verulega. Fólki sem er sex mánuði atvinnulaust eða ég tala nú ekki um eitt ár, hefur fjölgað verulega. Við erum að tala um verulega fjölgun að því er varðar konur. Verulega fleiri konur eru nú atvinnulausar á tímum góðæris en á tímum kreppunnar og samdráttar í atvinnulífi sem við upplifðum fyrir nokkrum árum og það er ekkert gert og félmrh. telur sig ekkert þurfa að gera þó sú staða sé uppi og þetta hafi varað um langt skeið.

Atvinnuleysi öryrkja hefur einnig aukist og þegar konur eru komnar á miðjan aldur, um fimmtugt, fá þær ekki vinnu. Er einhver að skoða þetta, athuga hvernig munstrið er að breytast hérna á vinnumarkaðnum? Mér er ekki kunnugt um það.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál en ég tel, og það skulu vera mín lokaorð, að stjórnarandstaðan þurfi að taka þessi mál í sínar hendur. Stjórnarandstöðunni er hreinlega ekki stætt á því að bíða frekar eftir því að þessi ríkisstjórn aðhafist eitthvað að því er varðar þá alvarlegu stöðu sem upp er komin á vinnumarkaðnum og hefur varað hér um nokkurra mánaða og missira skeið. Ég held að við sjáum engar breytingar á því nema að gripið verði til aðgerða. Þær felast ekki síst í því, einmitt með tilliti til þeirrar tækniþróunar og byltingar sem við búum við, að auka starfsmenntun og starfsþjálfun. Hér er að fækka störfum í hefðbundnum atvinnugreinum kvenna á vinnumarkaðnum og ég hvet til þess að við bregðumst við því.

Síðan í lokin, herra forseti, aðeins um þá brtt. sem flutt er af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og þeirri sem hér stendur. Hún er prófsteinn á það þegar við greiðum hér atkvæði hvort þingmenn meina eitthvað með því að vilja nú skoða þennan atvinnusjóð kvenna og styrkja hann vegna þess að ég lít þannig á þessa tillögu að það eigi að styrkja hann. Ef þingmenn fella þessa tillögu um það hvernig tryggja megi þessum sjóði aukið fjármagn, herra forseti, þá gef ég ekki ýkja mikið fyrir þessa þáltill. A.m.k. er hún miklu veikari en hún væri ef brtt. sem hér er lögð fram og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur mælt fyrir yrði samþykkt.

[18:31]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. en langaði til að koma því á framfæri í andsvari að það eru afar athyglisverðar tölur í nýjum bæklingi Hagstofunnar um konur og karla varðandi örorku. Að vísu vantar línurit yfir þróunina á undanförnum árum en það er afar athyglisvert að skoða það línurit sem hér er um það hvernig öryrkjar skiptast eftir aldri. Það tengist því sem hv. þm. nefndi um konur sem komnar eru yfir fimmtugt að það er mjög áberandi hve þær eru fjölmennar í hópi öryrkja og miklu fjölmennari en karlar á sama aldursskeiði, þ.e. hópurinn 55–67 ára. Hvað er það svo sem hrjáir konur sem eru á örorku? Það eru fyrst og fremst vöðva- og beinasjúkdómar. Samkvæmt nýjustu tölum eru 1.634 konur á móti 614 körlum. Þetta finnst mér afar athyglisverðar tölur og þær segja mér að fyrst og fremst sé um vinnuslit að ræða, álagssjúkdóma meðal kvenna og þetta er eitthvað sem þarf að rannsaka mjög rækilega. Slíkan mun er ekki að finna í neinum öðrum sjúkdómsflokki samkvæmt þeirri flokkun sem hér er að finna.

Þá vil ég einnig bæta því við varðandi það sem hv. þm. sagði um breytingar á atvinnugreinum að það er líka mjög athyglisvert að skoða fiskvinnsluna. Ég vil bara nefna það af því að hv. þm. nefndi ekki fiskvinnsluna að þar eru líka að verða gríðarlegar breytingar og þar mun verða fækkun á starfsfólki og það er síaukin tækni og hvað þýðir það fyrir landsbyggðina og fyrir þá þróun sem margir hafa svo miklar áhyggjur af hvernig straumurinn er hingað til höfuðborgarsvæðisins? Konur hafa alltaf streymt hingað en verði þessi fækkun á störfum í fiskvinnslunni mun straumur þeirra stóraukast og þá koma karlarnir á eftir.

[18:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu andsvari hv. þm. var hv. þm. ekki að mótmæla neinu sem ég sagði heldur fremur að styrkja og taka undir það sem fram kom í ræðu minni og ég þakka hv. þm. fyrir það og ég þakka líka hv. þm. fyrir það athyglisverða innlegg sem hún var með sem styrkir mig enn í þeirri trú að stjórnarandstaðan verður að fara að taka málið í sínar hendur og úr höndum ríkisstjórnarinnar sem ekkert gerir til að styrkja stöðu veikustu hópanna á vinnumarkaðnum.

[18:34]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kom því ekki að í fyrra andsvari mínu, eða ég ætti kannski frekar að segja athugasemd, að ég hef sjálf lagt fram tillögu um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi kvenna og ég vona svo sannarlega eftir þessa umræðu að sú tillaga fái stuðning og hún verði samþykkt þannig að farið verði að grípa til aðgerða í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsókn á refsingum við afbrotum, síðari umr.*

Þáltill. allshn., 484. mál. — Þskj. 820.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

# 84. FUNDUR

miðvikudaginn 11. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til dómsmálaráðherra:*

1. Starfssvið tölvunefndar, fsp. ÁÞ, 456. mál, þskj. 786.
2. Ráðning fíkniefnalögreglumanna, fsp. GÁS, 494. mál, þskj. 843.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

3. Útboð á hafrannsóknaskipi, fsp. HjÁ, 486. mál, þskj. 825.
4. Tilboð í smíði rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun, fsp. GÁS, 493. mál, þskj. 842.
5. Heimkoma háhyrningsins Keikós, fsp. SF, 505. mál, þskj. 872.

*Til félagsmálaráðherra:*

6. Frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, fsp. GÁS, 492. mál, þskj. 841.

*Til iðnaðarráðherra:*

7. Smíði á varðskipi, fsp. SvanJ, 474. mál, þskj. 807.

*Til viðskiptaráðherra:*

8. Staðsetning Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs, fsp. EKG, 485. mál, þskj. 824.

*Til menntamálaráðherra:*

9. Listaverkakaup Listasafns Íslands, fsp. ÍGP, 502. mál, þskj. 862.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Nauðasamningar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 362. mál, svar fjmrh., þskj. 914.

Siglingalög, 541. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 926.

Stjórnarráð Íslands, 545. mál, frv. ÁE, þskj. 930.

## *Ráðning fíkniefnalögreglumanna.*

Fsp. GÁS, 494. mál. — Þskj. 843.

[13:33]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. um ráðningu fíkniefnalögreglumanna og almennt um baráttuna gegn þeim vágesti sem fíkniefnin eru. Ég vil rifja upp að á fjárlögum ársins 1997 var sérgreind fjárveiting til aukinnar löggæslu vegna fíkniefnamála og var þar miðað við að fjárveitingin rynni einkum til tækjakaupa og fjölgunar stöðugilda og einnig almennt til þess að bæta aðstöðu þeirra sem standa í þessari baráttu.

Í framhaldi af því var ákveðið að fjölga stöðugildum sérstakra fíkniefnalögreglumanna í Reykjavík um ein þrjú talsins og enn fremur úti á landi. Var á þeim tíma miðað við, samkvæmt ákvörðun dómsmrh. og ríkisstjórnar, að þessi stöðugildi yrðu hjá sýslumönnunum á Ísafirði, Akureyri og á Eskifirði.

Ég tel að um mjög þarft framtak sé að ræða að öllu leyti og mikilvægt að styrkja ekki eingöngu baráttuna á höfuðborgarsvæðinu því að það er ekki hægt að loka augum fyrir því að þessi vandi er ekki bundinn við tiltekin landsvæði heldur er til staðar á landinu öllu. Það er hins vegar mikilvægt að hið háa Alþingi fái um það skýr svör hvernig til hafi tekist. Nokkrir hafa bent á að þessi störf úti á landi þyrftu í ljósi breytinga á skipan lögreglumála að heyra undir ríkislögreglustjóra þannig að lögsagnarumdæmi þessara lögreglumanna væru ekki bundin við þá tilteknu staði sem ég nefndi áðan heldur þá fjórðunga sem umlykja þá. Í þessu ljósi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi fjögurra spurninga:

1. Hver er reynslan af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári að ráða sex nýja fíkniefnalögreglumenn til starfa í Reykjavík (þrjá starfsmenn) og á Eskifirði, Ísafirði og Akureyri (einn á hverjum stað)?
2. Hvenær voru þessir lögreglumenn ráðnir og hvert er starfssvið þeirra og starfsumhverfi, þar á meðal lögsaga þeirra?
3. Hver er árangurinn af þeirri stefnumótun að styrkja baráttuna gegn fíkniefnavandanum úti á landsbyggðinni með ráðningu sérstakra starfsmanna á þessum þremur svæðum?
4. Var 35 millj. kr. fjárveiting, sem sérgreind var til aukinnar löggæslu vegna fíkniefna mála, nýtt til fulls, og hvernig var henni varið?

[13:36]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefnavörnum beindi dómsmrn. því til lögreglustjóranna í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Eskifirði með bréfi dags. 10. apríl 1997 að auglýsa þegar í stað nýjar stöður rannsóknarlögreglumanna í fíkniefnamálum.

Nýir rannsóknarlögreglumenn í fíkniefnamálum voru svo skipaðir frá 1. júlí í Reykjavík og Ísafirði frá 15. júlí og Eskifirði frá 1. september og enn fremur á Akureyri. Ráðuneytið beindi því síðan til sýslumannsins á Sauðárkróki að skipa rannsóknarlögreglumann í fíkniefnamálum við embætti sitt frá og með 1. jan. 1998 og hefur það verið gert.

Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð á það rík áhersla að hinum nýju stöðugildum sé eingöngu varið í þágu fíkniefnamála en þar er jafnt átt við rannsóknir fíkniefnamála svo og forvarnir og fræðslumál. Starfssvið þessara lögreglumanna er ekki bundið við eitt lögregluumdæmi eins og er með venjulega lögreglumenn samkvæmt lögreglulögum, heldur er þeim ætlað ákveðið samræmingarhlutverk í fíkniefnamálum á stærra landsvæði. Ráðuneytið hefur nú falið ríkislögreglustjóra að gera tillögur um almenn starfsfyrirmæli fyrir fíkniefnalögreglumennina fjóra er starfa á landsbyggðinni auk verklagsreglna á grundvelli þeirrar reynslu sem þegar er komin af starfi þeirra.

Þeim tíma sem liðinn er frá skipun lögreglumannanna hefur að mestu leyti verið varið til að skrá og afla upplýsinga um fíkniefnavandann á hverju þessara svæða, koma á tengslum sem nýtast við rannsóknir, fræðslu og forvarnastörf og skipuleggja þá vinnu sem fara á fram á komandi árum. Þá hafa lögreglumenn þessir unnið að rannsóknum fíkniefnamála sem upp hafa komið á landsbyggðinni og hefur árangur af því verið allnokkur. Með nýju skipulagi í rannsóknum ávana- og fíkniefnamála hefur verið unnt að vinna stór mál sem upp hafa komið á mjög skömmum tíma jafnframt því að vinna upp gömul mál.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík horfir nú svo að 1. apríl nk. verði í fyrsta sinn um árabil engin mál í rannsókn hjá fíkniefnadeildinni eldri en 60 daga. Í áliti yfirlögregluþjónsins í Reykjavík er ráðuneytið leitaði til í tilefni af fyrirspurninni segir, m.a., með leyfi forseta:

„Á þessu tímabili frá 1. júlí hefur verið gerð ítarleg úttekt á ýmsum þáttum ávana- og fíkniefnadeildarinnar. Það er innanhúsrannsókn sem nú er að skila sér m.a. í hraðari og öruggari meðferð mála innan deildarinnar. Lagabreytingin á síðasta ári, fjárveiting til fjölgunar starfsmanna og stuðningur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur því komið fíkniefnarannsóknum til góða og eflt ávana- og fíkniefnadeildina. Þá skal á það bent að yfirstjórn lögreglunnar kemur miklu meir að málum ávana- og fíkniefnadeildarinnar en áður hefur verið og er það tvímælalaust til styrktar fyrir deildina."

Af þessu má glöggt merkja að það er álit lögreglunnar í Reykjavík að þessar ráðstafanir hafi þegar skilað sér til góðs í þágu rannsóknar þessara mála.

Á fjárlögum ársins 1997 var gert ráð fyrir að 35 millj. kr. væri varið til átaks í löggæslu vegna fíkniefnamála. Af þessum peningum var 18 millj. kr. varið til að standa straum af launakostnaði og kostnaði við að koma upp starfsaðstöðu fyrir þá sex fíkniefnalögreglumenn sem rætt hefur verið um að framan. 10 millj. kr. var varið til tækjakaupa í þágu ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík í samræmi við áætlun er lögreglustjóri lagði fram um það efni 20. febr. 1997. Þann 19. janúar sl. leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík, hvernig þessum fjármunum til tækjakaupa hefði verið varið. Í ljós kom að um 5,7 millj. kr. af þeirri fjárhæð hefur þegar verið varið til tækjakaupa, svo sem fjarskipta- og símtækja, myndavéla, segulbanda og sjónauka en stærsti liðurinn tengist kaupum á tölvubúnaði og ljósritunarvélum. Eftir standa því um 4,3 millj. kr. af fjárveitingu síðasta árs sem koma til með að leggjast ofan á 7 millj. kr. fjárveitingu þessa árs sem ætluð er til tækjakaupa. Forgangsverkefni á þessu ári eru kaup á fullkomnari fjarskipta- og hlustunarbúnaði fyrir fíkniefnadeildina. Hefur ráðuneytið farið þess á leit við lögreglustjóra að því verði látið í né nánari yfirlit um hvernig nýta eigi fjármuni þessa til tækjakaupa fyrir árið 1998. 5 millj. kr. var sérstaklega varið til að bæta starfsaðstöðu fíkniefnadeildar í Reykjavík en þar var orðin brýn þörf á úrbótum. Loks var 2 millj. kr. varið til að leggja grunn að tölvu- og hugbúnaðargerð fyrir fíkniefnastofu ríkislögreglustjóraembættisins en fíkniefnastofa hefur samkvæmt hinum nýju lögreglulögum það hlutverk að safna upplýsingum um fíkniefnamál og vera miðlægur upplýsingamiðill um þessi efni, bæði gagnvart stjórnvöldum og í alþjóðasamskiptum.

[13:41]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. kærlega fyrir svörin. Ég fagna því alveg sérstaklega hvað varðar lögsögu nýráðinna fíkniefnalögreglumanna úti um land að þeim sé ætlað stærra landsvæði til þess að sinna starfi sínu og þar með taldar forvarnir. Auðvitað virða þessir glæpamenn og þessir glæpir sem hér er við að etja engin landamerki í þessum efnum. Það er því ánægjulegt til þess að vita að ráðuneytið í samstarfi við viðkomandi lögregluumdæmi og ríkislögreglustjóra hafi í hyggju að koma þeim málum í fullkomið skikk þannig að þessir lögreglumenn hafi lögsögu og tækifæri til þess að ferðast um viðkomandi fjórðunga og sinna eftirlitsskyldu sinni.

Ég þakka enn fremur fyrir sundurliðun á því hvernig fjármununum var varið og geri út af fyrir sig engar athugasemdir við það.

Ég vil hins vegar að lyktum undirstrika mikilvægi þess að mikið og gott samstarf og upplýsingaflæði sé á milli fíkniefnalögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þessara áðurgreindu fíkniefnalögreglumanna og lögregluumdæma um landið allt. Mér er sagt að stundum hafi borið á því að þarna hafi boðskipti mátt vera betri og ég treysti því og vona að hæstv. dómsmrh. leggi sitt af mörkum til þess að þau verði viðunandi.

## *Útboð á hafrannsóknaskipi.*

Fsp. HjÁ, 486. mál. — Þskj. 825.

[13:44]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Þjóðin fagnar þeirri ákvörðun að byggt skuli nýtt skip til að sinna hafrannsóknum. Var það vissulega löngu tímabær ákvörðun og á örugglega eftir að skila auknum verðmætum til þjóðarinnar í framtíðinni. Segja má þó að skuggi hafi fallið á gleðina yfir smíðinni vegna harðrar gagnrýni á meðferð tilboða í smíði skipsins. Vissulega vildu flestir landsmenn að skip af þessum toga yrði smíðað að öllu leyti hér innan lands en samkvæmt upplýsingum mínum mun það ekki vera hægt að öllu leyti af tæknilegum ástæðum. Næstbesti kosturinn hlýtur því að vera sá að skoða hvort einhver hluti smíðinnar geti farið fram hér heima enda mikilvægt að efla íslenskan skipaiðnað.

Markmið útboða hlýtur alltaf að vera það að leita ódýrustu lausnar, þ.e. að fá sem mest gæði fyrir sem minnstan pening. Hér er um að ræða skip í eigu hins opinbera, þó sjávarútvegurinn greiði að vísu kostnaðinn með nokkurs konar auðlindagjaldi. Stjórnvöld hljóta að láta markmið útboða gilda en jafnframt að líta til þjóðarhagsmuna. Á ég þar ekki síst við tengslin við íslenskan skipaiðnað.

Nú þegar mun hafa verið gengið frá samningum. Samkvæmt fréttum og opinberum upplýsingum mun ekki aðeins lægsta tilboði hafa verið hafnað heldur og fimm lægstu tilboðum og gengið til samninga við þá aðila er áttu sjötta lægsta tilboðið. Munur á því og hinu lægsta nemur allt að 500 millj. kr. Fyrir því kunna vitanlega að vera eðlilegar ástæður og skýringar eðlilegar. Ætla má að gæði hinna tilboðanna hafi verið lakari hvað varðar vinnu, efni, vinnutíma o.s.frv. Nú er mér hins vegar tjáð að þeir er áttu lægsta tilboð hafi varla verið virtir viðlits og naumast gengið eða leitað eftir frekari viðræðum við þá. Kínverska skipasmíðastöðin mun vera ein sú stærsta í veröldinni og búa að langri reynslu af smíði skipa, m.a. með svonefndum vestrænum tæknibúnaði. Þá er mér tjáð að tilboðsgjafar hafi verið búnir að ná samkomulagi við Slippstöðina á Akureyri um að hún annaðist eftirlit með verkinu og smíðaði hluta þess.

Sé það rétt hlýtur það að teljast gagnrýnivert. Mér er jafnframt tjáð að fulltrúar smíðanefndar hafi lagt land undir fót og heimsótt tilboðsgjafa bæði í Tævan og Chile til að kanna tilboð þeirra aðila nánar en látið hjá líða að koma við í Kína, þó skammt sé til Kína frá Tævan eins og kunnugt er. Miðað við þessar forsendur virðist málið allt hið furðulegasta, a.m.k. séu höfð að leiðarljósi eðlileg markmið með útboðum. Því spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort áhersla hafi verið lögð á að smíða skipið að öllu leyti eða hluta til innan lands, og í öðru lagi hvort leitað hafi verið upplýsinga um möguleika lægstbjóðanda á að smíða skipið.

[13:47]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Um 1. lið fyrirspurnarinnar er það að segja að almennt útboð fór fram þar sem innlendar skipasmíðastöðvar kepptu á jafnréttisgrundvelli við aðrar en þeim voru ekki áskilin sérstök forréttindi varðandi það útboð.

Hvað varðar 2. lið fyrirspurnarinnar þá hef ég upplýsingar um það frá Ríkiskaupum að gengið hafi verið eftir slíkum upplýsingum frá öllum aðilum sem til greina koma.

Um 3. lið fyrirspurnarinnar er það að segja að mér sýnist hann falla niður þar sem þegar er búið að ganga frá samningum um kaup eða smíði á skipinu.

[13:48]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin svo langt sem þau náðu. Ég ítreka fyrri orð mín um að markmið útboða er ávallt að leita hagkvæmustu lausna. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef m.a. frá aðstandendum þeirra er áttu lægsta tilboðið þá mun ekki hafa verið leitað til þeirra eða þeim gefinn kostur á að færa fram þær upplýsingar sem eðlilegt verður að teljast. Í mínum huga virðist það hafa gerst í þessu tilviki að þeir hafi verið sniðgengnir og má færa fyrir því rök að gengið hafi verið fram hjá tilboði sem felur í sér allt að 500 millj. kr. mun miðað við það tilboð sem tekið var.

Ég minni á að kínverska smíðastöðin, sem um er að ræða, er ein sú stærsta í heimi og mun hafa reynslu af því að smíða skip með nýtískubúnaði. Hún mun og hafa langa reynslu af smíði herskipa og kafbáta með þeim kröfum sem gerðar eru til skipa af þeirri gerð. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að álíta að sú smíðastöð hafi yfir tæknilegri reynslu og þekkingu að ráða.

Ég ítreka enn að samkomulag lá fyrir milli Kínverjanna og Slippstöðvarinnar á Akureyri um tæknilegt eftirlit og að hluta til smíðaverkefninu, þannig að það kæmi til Slippstöðvarinnar á Akureryri. Það hefði gefið íslenskum skipaiðnaði kærkomið tækifæri til að spreyta sig á metnaðarfullu verki.

Þetta og fleira tel ég óeðlilegt og óásættanlegt og hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að farið verði í saumana á þessu máli að nýju ef hægt er. Í mínum huga hlýtur það að teljast eðlilegt að leita allra leiða til að ná samningum við þann sem best verð býður og ganga úr skugga um að tilboð hans sé raunhæft. Það virðist ekki hafa verið gert í þessu tilviki og fyrir vikið gætum við verið að smíða okkur rannsóknaskip sem er allt að 500 millj. kr. dýrara en þyrfti að vera. Það finnst mér ekki mjög skynsamleg ráðstöfun.

[13:51]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil aðeins minna á að í næsta máli á dagskrá er fyrirspurn sem lýtur að óskum um að greint verði frá rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun sem tekin var í þessu efni, en ein slík fyrirspurn kom fram í því dagskrármáli sem nú er til umræðu. En ég vil aðeins árétta vegna yfirlýsinga hv. fyrirspyrjanda að af hálfu Ríkiskaupa hefur komið fram að þrátt fyrir marga fundi og ítrekuð tilmæli Ríkiskaupa um að fá umbeðnar upplýsingar til svara við tilteknum spurningum þá hafi þau svör ekki fengist frá þeim aðila sem hér átti hlut að máli. Mér sýnist því að þær fullyrðingar sem hv. þm. fór með fái ekki staðist í ljósi þeirra upplýsinga.

## *Tilboð í smíði rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun.*

Fsp. GÁS, 493. mál. — Þskj. 842.

[13:52]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið eru fyrirspurnir mínar náskyldar þeim fyrirspurnum sem ræddar voru áðan. Á þeim er þó sá eðlismunur að þær eru fram lagðar eftir að ákvörðun var tekin um það af hálfu opinberra aðila um að taka því tilboði sem hér um ræðir, sjötta lægsta tilboði. Því hef ég spurt hvers vegna ekki var tekið lægsta tilboði í smíði nýs rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun. Í fjölmiðlum hefur komið fram að Ríkiskaup og verkkaupar hafi borið við ýmsum ástæðum, m.a. hæfi kínversku skipasmíðastöðvarinnar til að uppfylla alla þá skilmála sem útboðsskilmálar kváðu á um. Því hefur hins vegar verið hafnað sem rökleysu af hálfu bjóðenda og vísað til þess að hér sé um að ræða feikistóra, öfluga og þekkta skipasmíðastöð, sem aukinheldur er aðeins hluti af stórri keðju þannig að öll efni hefðu staðið til þess að hægt væri að uppfylla allar þær kvaðir sem tilgreindar voru í útboðsskilmálum og komu að auki fram á eftir í viðræðum verksala og verkkaupa.

Í öðru lagi spyr ég hvort þannig megi þá líta á að tilboð lægstbjóðanda hafi ekki verið í samræmi við útboðsskilmála. Það hefur verið ákaflega óljóst í allri opinberri umræðu hvort um það hafi í raun verið að ræða og ýmsar fullyrðingar fallið í þá veru. Menn hafa nefnt hljóð, þ.e. að lægstbjóðandi hafi ekki getað tryggt að þetta skip væri með vélar af því tagi og byrðing sem tryggði það að um hljóðlátt farartæki væri að ræða. Því hefur verið andmælt.

Í annan stað hefur verið nefnt að bjóðandi hafi ekki sýnt fram á svokallaða ISO-vottun og ekki lagt fram nein gögn þar að lútandi. Eftir mínum upplýsingum hefur aldrei og var aldrei á neinu stigi máls beðið um slíkt. Þannig mætti lengi telja en ég vænti þess að hæstv. ráðherra kveði upp úr með það hvað það var í raun sem orsakaði það að verkkaupi, hinn opinberi aðili, ákvað að taka tilboði sem var u.þ.b. hálfum milljarði kr. hærra en það lægsta.

Ég þekki það dálítið frá mínu fyrra starfi að standa í útboðsgerð, og mjög sterk rök þarf til að taka ákvörðun um að hafna tilboði sem er hálfum milljarði kr. lægra en það tilboð sem tekið er. Ég spyr þá að gefnu tilefni: Voru útboðsskilmálar ekki nægilega vel gerðir? Og í öðru lagi, þegar um jafnstórar tölur er að ræða og hér um ræðir: Hefði ekki verið eðlilegra að fram hefði farið forval og valdar hefðu verið fyrir fram skipasmíðastöðvar sem taldar hefðu verið hæfar að mati verkkaupa að taka þátt í þessu tilboði þannig að menn hefðu komist hjá því að lenda í þessum erfiðleikum í kjölfar útboðs?

[13:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Þegar farið var af stað með framangreint verkefni voru eftirfarandi þrjár meginforsendur settar fram sem skilyrði þess að verkið væri framkvæmanlegt. Í fyrsta lagi að heildarkostnaður við smíði skipsins færi ekki fram úr 1,4–1,6 milljörðum ísl. kr. Í öðru lagi að afhendingartími skipsins frá undirritun samnings færi ekki fram úr 15–16 mánuðum. Og í þriðja lagi að framdrifsbúnaður, vélar og skrúfur, fengist sem stæðist mjög ströng hávaðamörk, þ.e. skipið væri mjög hljóðlátt með tilliti til hávaða sem mældur er í sjónum utan við skipið.

Þar sem eitt af tilboðunum sem bárust var allnokkru lægra en hin ákváðu Ríkiskaup og smíðanefndin að birta sérstaklega rökstuðning fyrir höfnun þess og í rökstuðningi Ríkiskaupa og smíðanefndar segir svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Þetta tilboð er lægst þeirra tilboða sem bárust, auk þess sem 10. des. 1997 staðfesti bjóðandi að framdrifsbúnaður frá Cecelec sé innifalinn í tilboðsverðinu. Í fljótu bragði virðist þessi yfirlýsing gera tilboðið mjög hagstætt með tilliti til verðs, en við nánari skoðun tækniráðgjafa Hafrannsóknastofnunar kemur fram að sú tala sem eftir stendur, þegar búið er að draga framdrifsbúnað frá tilboðsverði, nægir ekki fyrir efni og tækjabúnaði af þeim gæðum sem kaupandi telur ásættanlegt og aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Þá er eftir allur launakostnaður við smíði skipsins.

Leitað hefur verið eftir skýringum vegna þessa án þess að viðunandi svör hafi borist. En skv. 46. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins, nr. 302/1996, skal ef tilboð virðist óeðlilega lágt kanna það í smáatriðum og má í því skyni krefja bjóðanda um nauðsynlegar skýringar á efnisverði, vinnulaunum og álagningu. Tilboðsverðið virðist óraunhæft. Enn fremur var leitað eftir því hvaða tæki bjóðandi hygðist bjóða fram í skipið. Tækjalisti sem bjóðandi lagði fram uppfyllir ekki óskir kaupanda nema að hluta. Tilgreindur smíðatími skipsins er 22 mánuðir, sem er um hálfu ári lengri tími en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum og talið er ásættanlegt vegna fyrirhugaðra verkefna skipsins. Ein af meginkröfum útboðsgagna lýtur að samhæfingu búnaðar sem settur er í skipið vegna mikilvægi þess sem rannsóknaskips. Í því sambandi má ljóst vera að ekki er unnt að tefla í neina tvísýnu með samspil framdrifsbúnaðar og skips, sérstaklega hvað varðar kröfur um hljóðdeyfingar. Bjóðandi hefur ekki samkvæmt skipaskrá Lloyd´s Register of Shipping reynslu af byggingu skipa þar sem þessar flóknu hljóðkröfur eru gerðar. Bjóðandi stenst því ekki kröfur útboðsgagna hvað þetta varðar og þessu atriði má ekki tefla í tvísýnu.

Framleiðandi framdrifsbúnaðar hefur tekið undir þetta atriði þar sem hann er að stórum hluta ábyrgur fyrir því hvernig til tekst. Bjóðandi hefur ekki sýnt fram á að skipasmíðastöðin hafi ISO-vottun og ekki lagt fram umbeðin gögn um fjárhagsstöðu hennar auk fleiri almennra upplýsinga sem reglur um opinber útboð gera ráð fyrir, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og fundi með honum.

Rétt er að taka fram að sú skipasmíðastöð sem boðin er fram er að dómi Lloyd´s góð stöð sem slík og hefur skilað góðum verkum á því sviði sem hún hefur starfað á, sem er m.a. smíði gámaskipa, tankskipa og fljótabáta."

Í rökstuðningi Ríkiskaupa og smíðanefndar fyrir því að taka tilboði ASMAR segir svo: „Tilgreindur smíðatími skipsins í tilboði er 15 mánuðir frá undirritun verksamnings, sem er vel ásættanlegt. Stöðin er þekkt fyrir smíði á mjög tæknilega þróuðum skipum, m.a. í sambandi við strangar hljóðkröfur. Þegar starfsmenn Ríkiskaupa, Hafrannsóknastofnunar og smíðanefndar ásamt tækniráðgjafa skoðuðu stöðina voru fulltrúar frá kafbátadeild flotans viðstaddir en þeir munu sjá um allt sem lýtur að hljóðkröfum við skipið.

Tilboðsupphæð samræmist viðmiðunarmörkum um heildarkostnað. Samkvæmt framlögðum gögnum er fjárhagsstaða stöðvarinnar mjög sterk og öll önnur umbeðin gögn varðandi fyrirtækið sem borist hafa uppfylla settar kröfur. Stöðin er með ISO 9001 vottun sem nær yfir allt ferlið frá hönnun til loka framleiðslu. Að mati starfsmanna og tækniráðgjafa Hafrannsóknastofnunar hefur ASMAR stöðin mikinn trúverðugleika og þekkingu á öllum þeim þáttum sem lúta að vandasömu verki sem smíði hafrannsóknaskips er. Því er það samdóma álit allra aðila sem komu að mati tilboðanna að velja tilboð ASMAR skipasmíðastöðvarinnar í Chile.

Það hefði þurft mjög veigamikil rök til þess að hafna þeirri niðurstöðu sérfræðinga sem falið er að gera tillögur til stjórnvalda um þessi efni um að taka öðru tilboði en því sem sérfræðingarnir töldu vera það hagkvæmasta.

[14:01]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Það sem líklega er alvarlegast í þessu máli er að rökstuðningur verkkaupa stangast allverulega á við fullyrðingar umbjóðenda þeirra sem áttu lægsta tilboðið og það eitt finnst mér gefa tilefni til að endurskoða málið. Rétt er að ítreka að hér er um að ræða allt að 500 millj. kr. mun samkvæmt fullyrðingum þeirra sem standa að lægsta tilboðinu.

Þá er líka rétt að benda á að í rökstuðningi verkkaupa kemur fram að samkvæmt skrám Lloyd´s smíði þessi stóra skipasmíðastöð aðeins takmarkaða gerð skipa. En það er vert að vekja athygli á því, af því að hljóðeinangrun er gerð að veigamiklu atriði í rökstuðningnum, að þessi stóra skipasmíðastöð hefur smíðað herskip og kafbáta og til kafbáta eru gerðar gífurlega miklar hljóðeinangrunarkröfur. Það eitt vekur einmitt upp spurningar og mér finnst það styðja að ástæða sé til þess að yfirfara þann rökstuðning sem hér var vitnað til.

[14:02]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Með fullri virðingu fyrir hæstv. sjútvrh. þá verður að segja eins og er að hér er ekki um fullnægjandi skýringar að ræða. Það er ekki mjög trúverðugt að reyna að halda því fram að það kínverska risaríkisfyrirtæki sem hér um ræðir, eitt fyrirtækja í stórri keðju, hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa við tilboð sitt. Það er heldur ekki trúverðugt að reyna að halda því fram að þetta risafyrirtæki, ríkisfyrirtæki í Kína, hafi ekki tæknilega getu til að standast þær kröfur sem verkkaupi gerir.

Þeim atriðum sem hæstv. ráðherra nefndi og rakti hefur öllum verið svarað. Því hefur verið svarað af hálfu tilboðsgjafa að unnt væri að koma til móts við öll þessi atriði, unnt hefði verið að reiða fram ISO vottorð og unnt hefði verið með sérstökum tiltækum aðgerðum að koma til móts við kröfur um hljóð. Auðvitað hefði þetta kínverska ríkisfyrirtæki með alla hina kínversku tækniþekkingu að baki hjá fjölmennustu þjóð heims, getað staðið undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem það legði á sig með þessu tilboði sínu.

Hér er því miður, virðulegi forseti, ekki um haldbærar skýringar að ræða og það verður að lýsa yfir vonbrigðum með það að þessar ákvarðanir skulu hafa verið teknar og auðvitað er umhugsunarefni hvort hið háa Alþingi þurfi ekki með einhverju móti að fylgja þessu máli eftir. 500 millj. kr. eru ekki litlir fjármunir. Við höfum rifist um minni peninga í þessum sal og haft hátt.

[14:04]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem áður hefur komið fram í umræðum um þetta mál að lægsti tilboðsgjafi hafði gert samning við Slippstöðina á Akureyri um tæknilegt

eftirlit og ráðgjöf og það hlýtur því að vera okkur íhugunarefni hvort það var ekki metið sem svo að það tryggði fyrsta flokks vinnu þrátt fyrir lágt tilboð.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þetta komi fram líka í málinu vegna þess að hér var um það að ræða að íslensk skipasmíðastöð sem við viljum meina að geti skilað 100% fullkomlega samkeppnishæfri vinnu var tilbúin til að taka að sér þessa ráðgjöf og hið tæknilega eftirlit. Það hlýtur að kalla eftir enn þá veigameiri rökum fyrir þeirri niðurstöðu sem varð en þeim sem hér hafa komið fram.

[14:05]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna orða hv. fyrirspyrjanda er nauðsynlegt að taka fram að ég var ekki að fullyrða neitt um þessa umræddu skipasmíðastöð í Kína sem reyndar var ekki tilboðsgjafinn. Það var íslenskt fyrirtæki sem gerði tilboð en ekki þessi skipasmíðastöð þannig að fjárhagsleg skoðun á tilboðinu hlaut að lúta að tilboðsgjafanum. Ríkiskaup sögðu einfaldlega að tilboðsgjafinn hefði ekki sýnt fram á þau atriði sem hér var um að ræða, bæði að því er varðaði fjárhagsgrundvöllinn á bak við tilboðið og eins varðandi tæknileg atriði. Það er tilboðsgjafans að gefa þær upplýsingar og í áliti Ríkiskaupa kemur fram að þrátt fyrir marga fundi og ítrekaðar fyrirspurnir hafi svör við þessu ekki borist. Ég hef ekki ástæðu til þess að rengja það að starfsmenn Ríkiskaupa segi hér satt og rétt frá. Ég hef ekki neitt í höndunum sem gefur mér tilefni til þess að ætla að þeir hafi sagt mér ósatt í þessu efni.

Varðandi það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að um sérstaka samninga við Slippstöðina á Akureyri, þá vildi ég gjarnan að hv. þm. upplýsti hvort þeir samningar voru gerðir áður en tilboðsfrestur rann út eða á eftir því það hlýtur að skipta mjög miklu máli um það hvort slíkur samningur hafi eitthvert efnislegt gildi í mati á tilboðunum.

[14:07]

**Útbýting þingskjals:**

Almannatryggingar, 534. mál, frv. ÁÞ o.fl., þskj. 913.

## *Heimkoma háhyrningsins Keikós.*

Fsp. SF, 505. mál. — Þskj. 872.

[14:08]

**Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Fyrir stuttu kom í ljós að ráðamenn á Íslandi væru nokkuð jákvæðir gagnvart því að leyfa heimkomu háhyrningsins Keikós, kvikmyndastjörnunnar sem veiddist hér við land í kringum 1977–1978. Síðan hafa málin varðandi Keikó verið rædd fram og til baka í þjóðfélaginu, mest á tilfinninganótum eins og eðlilegt er.

Heimkoma Keikós vekur upp margar spurningar þegar litið er til baka og má sjá hliðstætt mál þegar óskað var eftir því að fá viðbrögð hæstv. sjútvrh. við því sleppa háhyrningnum Tilikum. En þá var svarið nei og í tengslum við það svar sagði hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson eftirfarandi samkvæmt mínum upplýsingum:

„Þær staðreyndir sem gera lausn háhyrningsins Tilikum lítt fýsilega munu einnig gera það um aðra háhyrninga sem verið hafa í vörslu manna utan Íslands. Þess vegna hefur þetta ráðuneyti ... ákveðið að leyfa hvorki lausn þessa háhyrnings né annarra sem nú eru undir manna höndum.

Við treystum því að þetta svar okkar svari fyrir fullt og allt öllum spurningum varðandi lausn háhyrninga í hafið við Ísland.“

Hæstv. ráðherra var einnig spurður í sjónvarpsþætti, bandarískra fréttaþættinum FRONTLINE, og þá var það um Keikó. Þá var svarið: „Þið vitið hvert svarið er, hvert svarið var fyrir nokkrum árum. Það var nei og það var byggt á vísindalegri ráðgjöf.“ Ástæðan var ótti við að hugsanlega kæmu hingað sjúkdómar og það gæti verið erfitt fyrir Tilikum að lifa af í íslenskri náttúru.

Í mínum huga og ég held í huga þjóðarinnar togast tvö sjónarmið á sem vega svolítið salt. Í fyrsta lagi er ljóst að ferðamannaþjónustan mun að öllum líkindum stórgræða á þeirri auglýsingu sem Ísland fær ef við leyfum komu háhyrningsins hingað til lands aftur. Fram kæmi jákvæð umhverfisímynd. Hreinum sjó og fallegri náttúru yrði haldið á lofti. Ferðamannaþjónustan er mikill vaxtarbroddur og veltir 20 milljörðum inn í íslenskt þjóðarbú á hverju ári. Það má einnig segja að við fengjum svar við spurningunni hvort þetta væri hægt, þ.e. að þetta yrði eins og vísindaleg tilraun.

Á hinn bóginn sér maður gallana. Manni finnst svolítill tvískinnungur felast í því að leyfa heimkomu Keikos og að vafasöm náttúrusjónarmið liggi þar á bak við. Hvað með hina 10–20 háhyrningana sem við yrðum e.t.v. einnig beðin um að taka við og hvað með yfirlýsta stefnu stjórnvalda í hvalveiðum? Mun heimkoma Keikós trufla hvalveiðar okkar í framtíðinni? Munu hún hindra það að við getum hafið hvalveiðar aftur eins og þjóðin vill reyndar og er yfirlýst stefna stjórnvalda? Þess vegna legg ég þessar spurningar fyrir hæstv. sútvrh. Hver er afstaða hans til málsins? Og hefur málið verið skoðað í sjútvrn.?

[14:11]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það fer e.t.v. best á því að svara síðari lið fyrirspurnarinnar fyrst. Þetta umrædda mál hefur ekki rekið á fjörur sjútvrn. og hefur þess vegna ekki verið skoðað þar sérstaklega.

Um fyrri lið fyrirspurnarinnar er það að segja að ég er enn sömu skoðunar og ég hef verið áður, þ.e. að afstaðan hljóti að ráðast af mati vísindamanna okkar á þessu sviði á því hvort um sjúkdómahættu er að ræða eða ekki. Ef hún er ekki fyrir hendi þá er engin fyrirstaða að því er ég best fæ séð til þess að taka við þessu dýri. Ef mat okkar vísindamanna er á annan veg þá hljóta menn að skoða það.

Í þessu þurfa menn kannski einnig að horfa á gildandi löggjöf í þessu efni. Ég er ekki viss um að í sjálfu sér þurfi sérstök leyfi til að flytja sjávarspendýr inn. Leyfi þarf til þess að flytja inn öll önnur dýr, bæði á landi og í sjó samkvæmt gildandi lögum. Ef hins vegar gera á tilraunir eða rannsóknir þá þarf sérstök leyfi stjórnvalda til þess.

Af því að hér var minnst á afstöðu ráðuneyta árið 1992 þá er rétt að rifja það upp að þá barst ekki formleg umsókn um að fá að sleppa því dýri sem þá var um rætt í sjó hér við strendur. Það barst fyrirspurn um það hvort að líklegt væri að formlegri fyrirspurn yrði svarað og sjútvrn. svaraði fyrir hönd nokkurra ráðuneyta. Að höfðu samráði við utanrrn. og umhvrn. og landbrn. var þetta svar gefið og það byggði einvörðungu á mati vísindamanna á því að líkur væru á sjúkdómahættu sem ekki væri ástæða til að taka áhættu af og það var grundvöllur þessa svars sem var sameiginlegt svar þeirra ráðuneyta sem hlut áttu að máli.

[14:14]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er um allsérstætt mál að ræða og hér getur verið um viðkvæmt mál að ræða. Menn skulu hafa það í huga.

Í mínum huga eru einkum tvö skilyrði grundvallaratriði í þessu máli, þ.e. að fyrir liggi heilbrigðisvottorð sem viðurkennt er af íslenskum aðilum sem samrýmist þeirri löggjöf og þeim venjum sem við höfum haft um innflutning dýra. Í öðru lagi er það grundvallaratriði að þeir sem annast þennan flutning og gangast fyrir málinu, ef til kemur, beri ábyrgð á umbúnaði og vörslu háhyrningsins eftir að hann er kominn hingað og séu ábyrgir í því og fyrir því ef illa fer sem getur auðvitað orðið þegar háhyrningurinn skiptir um umhverfi.

Þetta eru grundvallaratriði að mínu mati. Að öðru leyti er ég þeirrar skoðunar að íslensk stjórnvöld eigi að líta jákvæðum augum á þetta mál.

[14:15]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Þetta Keikó-mál er eitt af þeim furðulegu málum sem stundum rekur á fjörur okkar Íslendinga. Hópur Bandaríkjamanna virðist vera tilbúinn að setja milljónir dollara í að flytja gamlan háhyrning til Íslands. Í sjónvarpinu í gærkvöldi var þáttur um þetta mál þar sem meðal gesta var Jón Kr. Gunnarsson sem hafði á árum áður atvinnu af því að fanga háhyrninga og selja og meðal þeirra dýra sem hann hafði fangað var þessi frægi Keikó. Jón sagði frá því að að fenginni reynslu væri vonlaust að sleppa tömdum háhyrningum því að þeir kynnu ekki að afla sér fæðu og það virðist því nokkuð ljóst að þegar og ef Keikó kemur til Íslands mun hann ekki verða langlífur, blessaður. En það skiptir okkur Íslendinga svo sem engu máli.

Það sem skiptir okkur máli er að tryggt sé að dýrið beri ekki með sér sjúkdóma. Sé það tryggt þá er ekki ástæða fyrir okkur að vera að setja fótinn fyrir þennan flutning þó hann sé allur hinn furðulegasti. Málið snýst auðvitað um peninga. Keikó hefur fært eigendum sínum stórar fjárhæðir. Nú mun aðsóknin að honum hafa minnkað og þá finna menn upp á því snjallræði að fara að flytja hann með brambolti til Íslands á vit fjölskyldu sinnar og sjálfsagt verður sett á fót öflug fjáröflun í þeim tilgangi í Bandaríkjunum því að það er reynslan að þegar ímynduð velferð hvala er annars vegar þá eru Bandaríkjamenn fljótir að opna budduna.

[14:17]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að vekja máls á þessu máli en eins og þingmenn vita þá er bandarískt samfélag ákaflega sérkennilegt fyrir margra hluta sakir. Þarna hafa mjög snjallir markaðsmenn markaðssett Keikó í kvikmyndinni Free Willy eins og þið þekkið og börnin fá í raun og veru útrás fyrir blíðu og umhyggju í gegnum þessa skepnu.

Vissulega er Keikó afar spennandi verkefni fyrir margra hluta sakir, atvinnuskapandi, gjaldeyrisskapandi og allt það. Það er ákveðin sálfræði fólgin í þessu. Ef við tökum á móti Keikó til Íslands getum við gleymt því að veiða hval, það er alveg ljóst. En það er líka spurning um það ef við tökum upp hvalveiðar á Íslandi hvort við erum ekki hreinlega orðin of sein, hvort við erum ekki að fórna of miklum hagsmunum fyrir of lítið.

[14:18]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við skulum átta okkur á því að það sem er að gerast í kringum hvalinn Keikó er náttúrlega bara leikrit. Það er verið að setja á svið leikrit vegna þess að það eru til aðilar sem sjá sér fjárhagslegan hag í því.

Ég er með undir höndum mjög skemmtilegt fréttaskeyti frá bandarískri fréttastofu þar sem sá sem skrifar er kallaður Showbusiness Correspondent og fer mjög vel á því að sá sem skrifar um þetta sé sá sem fjallar um sýndarveruleika. Þar er sagt frá því að verið sé að safna peningum til að koma þessu dýri til Íslands að nýju í heimkynni sín og jafnframt er sagt frá því að þeir sem taki á móti peningunum séu hin merku samtök Whale and Dolphin Conservation Society en það eru einhver þekktustu öfgasamtök sem hafa gert hvað harðasta hríð að okkur Íslendingum í tilverubaráttu okkar fyrir því að nýta auðlindirnar í kringum landið.

Jafnframt er sagt frá því í þessu bráðskemmtilega skeyti að það sé ætlun þessara samtaka að senda hingað til lands menn til þess í fyrsta lagi að taka upp hljóð frá hvölum og taka síðan af þeim DNA-sýni til þess að staðsetja frændgarð Villa Keikós. Ég hef að vísu ekki frétt af því hvort þeir hafi fundið frænda hans en ég tók eftir því að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason játaði frændsemi sína við Keikó í grein í Dagblaðinu og það hefur kannski byggst á þessum rannsóknum.

Virðulegi forseti. Þetta sýnir hins vegar að allt málið í kringum þetta dýr er bara spurning um sýndarmennsku og ekkert annað. Ég tel alveg fráleitt að tengja þetta því hvort menn veiði hval eða ekki. Það er sjálfstæð spurning og við látum ekki þessa sýndarmennsku hafa áhrif á það.

[14:20]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég er ekki sammála þingmanninum sem talaði síðast um að það hvort við hefjum hvalveiðar sé algerlega sjálfstætt mál. Það hefur ekki verið það hingað til. Af hverju erum við ekki farin að veiða hval? Einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið sjálfstætt mál. Við höfum þurft að taka tillit til ýmissa hagsmuna annarra en okkar eigin í því máli.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort hvalaskoðun og hvalveiðar fari saman og menn hljóta að velta því fyrir sér hvort Keikó-skoðun og hvalveiðar fari saman. Ég er handviss um það, herra forseti, ef Keikó kemur til Íslands með öllu því kastljósi sem því fylgi af hálfu ýmiss konar „friðunarsamtaka", hv. þm. vék að einum þeirra hér áðan, þá verður mjög erfitt fyrir íslensk stjórnvöld að sannfæra umheiminn um réttmæti þess að veiða hvali við Ísland. Hvað er auðveldara en að segja: Heyrðu, þeir ætla að fara að veiða Keikó? Hvernig ætlum við að svara því? Við höfum áreiðanlega ekki bolmagn til þess þá frekar en við höfum haft bolmagn fram til þessa að sannfæra heiminn um það að við ættum rétt til hvalveiða.

[14:21]

**Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þessar miklu umræður sem hafa orðið um fyrirspurnina en hæstv. ráðherra sagði að þetta mál hefði ekki rekið á sínar fjörur. Það er nokkuð óvænt þar sem mér skilst að hæstv. forsrh. hafi sagt opinberlega að það eigi að koma einhvers konar svar frá stjórnvöldum fyrir

apríllok þannig að væntanlega hlýtur þetta að reka á fjörur sjútvrn. fyrr en síðar.

Afstaða hæstv. ráðherra var sú að það yrði allt í lagi að taka við háhyrningnum ef mat vísindamannanna yrði jákvætt. Nú er búið að tala um að dýrið sé mjög vel rannsakað og sé ekki haldið neinum sjúkdómum. Segjum að það yrði niðurstaðan að dýrið er ekki sjúkt, en hvað ef það verður mat vísindamanna okkar að Keikó geti ekki lifað utan kvíarinnar sem á að setja hann í? Ætlum við að taka á móti Keikó *ef hann á að vera í kví allan tímann?* Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að þessu.

Ég vil líka reyna að særa upp úr hæstv. ráðherra svör um hvalveiðarnar. Það eru mjög skiptar skoðanir um það hvort Bandaríkjamenn og alþjóðasamfélagið muni tengja háhyrninginn Keikó t.d. við hrefnuveiðar. Sjá Bandaríkjamenn mikinn mun á háhyrningi og hrefnu? Sjálf efast ég um það. Það má líka segja að við séum að veiða ýmsar fuglategundir meðan aðrar eru friðaðar og það hefur gengið upp en *kastljósið hefur ekki beinst neitt að því. En ég spyr* hæstv. sjútvrh. í ljósi umræðnanna hér: Telur hann að heimkoma Keikós hafi áhrif á möguleika okkar til þess að veiða hval?

[14:23]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna síðustu fyrirspurnarinnar get ég lýst þeirri skoðun minni sem ég hef oft lýst áður að ég tel að hvalaskoðun þurfi ekki að trufla áform okkar um hvalveiðar. Samkvæmt skoðunum mínum og tilfinningum er mjög auðvelt að sameina þetta hvort tveggja að sýna fólki hvali og veiða þá jafnframt. En við skulum alveg gera okkur grein fyrir því að það viðhorf sem ég er að lýsa sem mínu þarf ekki að vera viðhorf annarra. Ég held að við þurfum að gera okkur alveg fulla grein fyrir því og ugglaust er það svo um marga a.m.k. í Bandaríkjunum að þeir eru annarrar skoðunar en ég í þessu mati eins og þeir eru um réttmæti þess að veiða hvali á vísindalegum grundvelli. Það er svo veruleiki sem við þurfum líka að hafa í huga.

## *Frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.*

Fsp. GÁS, 492. mál. — Þskj. 841.

[14:25]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef varpað fram tveimur fyrirspurnum til hæstv. félmrh. hvað varðar áformaðan yfirflutning verkefna á sviði málefna fatlaðra til sveitarfélaga og spyr:

Hefur nýverið komið til álita af hálfu ráðherra að fresta yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga vegna ónógs undirbúnings?

Frá því að þessari fyrirspurn var dreift hef ég lesið það í blöðum að ráðherrann sjálfur hafi þegar tekið þessa ákvörðun. Að vísu hefur Alþingi ekki komið að þeirri ákvörðun en við búum auðvitað við tiltekna lagasetningu í þeim efnum og væntanlega verður þessu ekki frestað án atbeina þingsins.

Það breytir því ekki að önnur spurning á þingskjalinu lýtur að stöðu undirbúnings framkvæmda. Í fréttum hefur hæstv. ráðherra látið þau orð falla að það hafi verið fyrir sérstaka beiðni borgaryfirvalda og samtaka sveitarfélaga sem hann hafi, að því er virðist upp á sitt eindæmi, tekið ákvörðun um það að fresta þessari yfirfærslu sem fram átti að fara um næstu áramót. Hæstv. ráðherra hefur borið því við að sveitarstjórnarkosningarnar skekki myndina. Mat mitt er eindregið það, virðulegi forseti, að hér sé auðvitað um allt aðrar ástæður að ræða og þær eru þessar: Undirbúningstíminn hefur ekki verið nýttur sem skyldi frá því að formleg ákvörðun var tekin um þetta frá 1996 og það er ljóst að í fjölmennum umdæmum eins og í Reykjavík og Reykjanesi eru stór verkefni fram undan sem er alveg ljóst að verður ekki skilað í hendur sveitarfélaganna fyrr en úr þeim hefur verið bætt að hluta eða a.m.k. ríkisvaldið hafi tekið um það ákvörðun með hvaða hætti fjárframlag fylgdi til sveitarfélaganna til þess að sinna þeim verkefnum sem ráðast þarf í.

Ég vil því strax núna, virðulegi forseti, í ljósi þess að ráðherra hefur kosið að upplýsa þessi mál í fjölmiðlum spyrja hann um það hvort hin raunverulega ástæða frestunar sé ekki einmitt sú að ráðuneyti hans hafi ekki staðið sig sem skyldi í þessum nauðsynlega undirbúningi og einnig hitt að nauðsynlegir samningar við viðkomandi sveitarfélög í verkefnastjórn hans hafi ekki verið komnir nægilega langt og að uppi sé ágreiningur um það hvaða fjármunir eigi að fylgja. Það þýðir ekkert að bjóða mér upp á það, virðulegi forseti, að bera við einhverjum sveitarstjórnarkosningum. Menn vissu fyrir tveimur árum að þeirra var að vænta núna í vor.

[14:28]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Sveitarfélögin óskuðu eftir því á sínum tíma að fá málaflokkinn til sín. Samtök fatlaðra studdu eindregið að það yrði gert og í fyrravetur var lögfest með ákveðnum skilyrðum að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna og yfirfærslan kæmi til framkvæmda 1. jan. 1999, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt „ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,

b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,

c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins."

Á grundvelli þessa hófst undirbúningur og hann er kominn vel á veg. Verkefnisstjórn var skipuð. Laganefnd er að störfum og er langt komin með endurskoðað lagafrv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem lögin um málefni fatlaðra eru felld inn í.

Kostnaðarnefnd er einnig að störfum. Úttektarhópur sem átti að meta þörfina er einnig að störfum og ég held að það séu einir átta starfsmenn úr félmrn. sem eru meira og minna uppteknir í þessu verkefni og hafa verið um margra mánaða skeið. Landshlutanefndirnar hafa sumar unnið mikið starf, sumar aftur minna.

Það er ekki eingöngu út af sveitarstjórnarkosningum sem þessu er frestað en þær hafa óhjákvæmilega nokkur áhrif á málið. Það er erfiðara fyrir menn í kosningabaráttu að ganga til vandasamra samninga, gefa sér tíma í það og fara í umræður innan sveitarstjórna um málið.

Reykjavíkurborg óskaði eftir fresti. Í afstöðu Reykjavíkurborgar kom fram að Reykjavíkurborg vill athuga fleiri verkefni en það sem heyrir til lögunum um málefni fatlaðra. Það mál er hið eina sem er á forræði félmrh. en hin tilheyra öðrum ráðuneytum.

Eftir að hafa haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnina ákvað ég að fresta yfirfærslunni. Ný dag-

setning hefur ekki verið sett á málið en unnið áfram af fullum krafti að undirbúningnum. Ég tek hins vegar fram að ég er til viðræðu um það ef einhver sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga óska eftir því að taka við málaflokknum á næstunni. Við erum opin fyrir því í félmrn. að ræða um yfirfærslu til einstakra sveitarfélaga eða svæða.

Ég held að það gefist aukinn tími til samninga við sveitarfélögin. Vel hefur gengið þar sem sveitarfélögin hafa tekið við þessum málaflokki, bæði á Norðurlandi eystra, þar sem málefni fatlaðra eru alfarið komin til sveitarfélaganna, á Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Það vekur ánægju allra að sveitarfélögin skuli hafa tekið við þessum málaflokki.

Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um allt land. Sums staðar er þetta erfiðara en annars staðar. Skortur er á úrræðum fyrir fatlaða í tveimur kjördæmum landsins, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi. Þar eru biðlistar sem óhjákvæmilegt er að skoða sérstaklega. Ég hef skipað nefnd til að fjalla um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og gera framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um uppbyggingu á þjónustu í þágu fatlaðra. Í nefndinni eru Árni Mathiesen alþm., Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, Guðrún Ögmundsdóttir borgarfulltrúi, Jón Kristjánsson alþm., Ómar Kristmundsson stjórnsýslufræðingur, Þór Þórarinsson, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi, og Sturlaugur Tómasson skrifstofustjóri sem er jafnframt formaður nefndarinnar. Björn Arnar Magnússon, deildarstjóri í fjmrn., starfar með nefndinni. Og það er óskað eftir því að þessi nefnd hafi lokið störfum fyrir 1. ágúst næstkomandi.

[14:33]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Auðvitað eru margvísleg rök sem mæla með því að þetta verkefni, þ.e. málefni fatlaðra, séu á verksviði sveitarfélaganna. Við fórum yfir það á sínum tíma þegar þessi mál voru rædd hér í þinginu og við undirbjuggum þessi lög sem voru samþykkt. Ég tel að auðvitað geti það komið upp að sveitarfélögin treysti sér ekki til þess að taka þennan málaflokk yfir nú þegar. Þá verður að fresta ásetningi okkar um að færa málaflokkinn yfir. En ég tel mikilvægt að setja tímasetningu inn í þá breytingu. Ég held að óheppilegt væri að tímasetja ekki hvenær við ætluðum síðan að láta þennan verkefnatilflutning eiga sér stað. Við þekkjum að svona verkefnatilflutningur gerist ekki nema að mjög vel undirbúnu máli og við þurfum auðvitað að hafa keyri á að menn standi vel að slíkri tilfærslu. Við þekkjum það, varðandi grunnskólann, að upp koma mörg álitamál og þess vegna er mikilvægt að halda dampi við undirbúninginn þrátt fyrir að ákvörðun sé tekin um að fresta þessu. Og ég held þess vegna að eðlilegt væri að gera það með því að fresta þessu um tiltekinn tíma.

[14:35]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég held að eðlilegt sé að fresta þessari aðgerð. Ég tel að það sé almenn skoðun sveitarstjórnarmanna. Yfirfærsla skólans er enn í mótun, þ.e. þegar skólinn var fluttur frá ríki yfir til sveitarfélaga, og í raun er vart komin full reynsla á þá yfirfærslu. Í viðtölum mínum við fjölmarga sveitarstjórnarmenn hafa þeir talið að sú yfirfærsla hafi verið mjög til góðs en allt þarf þetta sinn tíma og því tel ég hárrétt hjá hæstv. félmrh. að fresta þessu. Þetta er mjög stór biti fyrir sveitarfélögin að kyngja og málið þarf mjög vandaðan undirbúning og meiri undirbúningstíma. Ég tel samt mikilvægt að setja þessu verkefni ákveðin tímamörk og treysti því að hæstv. ráðherra félagsmála geri það áður en langt um líður.

[14:36]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég tel eitt af grundvallaratriðunum til að styrkja sveitarfélögin, að flytja til þeirra aukin verkefni. Það eflir sjálfstjórn sveitarstjórnarstigsins. Ég tel að málefni fatlaðra séu mjög vandasamt verkefni sem þó fellur að félagslegri þjónustu sveitarfélaga. Ég held að almenn samstaða sé um að þetta sé skynsamlegt. Þessi flutningur er hins vegar viðkvæmur og betra að hann dragist en að flanað sé að málinu. Það er heppilegt að nýjar sveitarstjórnir taki áttirnar áður en þær fá þetta vandasama verkefni til meðferðar.

Ég tek undir það sem hér hefur áður verið sagt og tel að heppilegt væri að setja tímamörk í varðandi verkefnaflutning. Ég vil undirstrika að þessi málaflokkur er mjög vandmeðfarinn og það verður að sjá svo um að sveitarfélögin geti sinnt þessu vandasama verkefni á viðhlítandi hátt.

[14:37]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Bent hefur verið á að það kunni að vera ekki sérlega heppilegt að fela sveitarfélögum sértæka þjónustu við fámennan hóp landsmanna. Undir lögin um málefni fatlaðra falla um 1% landsmanna. Dreifing þeirra sem þjónustuna þurfa getur verið allt önnur en íbúatala sveitarfélaganna gefur tilefni til að ætla. En hvað um það, menn hafa tekið þessa ákvörðun. Fyrir liggur að Reykjavíkurborg hefur beðið um frestun á málinu, fyrst og fremst af fjárhagsástæðum. Tekjurnar sem færast mundu yfir til höfuðborgarsvæðisins og Reykjaneskjördæmis til þess að sinna þessari þjónustu duga ekki til þess. Því þyrfti að hækka skatta á íbúa í þessum sveitarfélögum ef ætlunin væri að sveitarfélögin sinntu þessu af eigin tekjum eins og eðlilegt er um verkefni sveitarfélaga.

Nú lýtur málið að því hvort skattleggja eigi íbúa sveitarfélaganna til að afla tekna fyrir þessa þjónustu, eða hvort skattleggja eigi íbúa annarra sveitarfélaga líka.

[14:39]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að við áttum okkur á því að það að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna byggir á því að eðlilegt sé að sveitarfélögin sinni þjónustu við alla sína íbúa. Þau eiga að sinna sambærilegri þjónustu við alla sína íbúa, ekki bara suma, og ætla svo ríkinu að sjá um aðra. Ég tel einnig að rétt væri að halda því til haga í þessari umræðu að nú þegar er búið að flytja þennan málaflokk til nokkurra sveitarfélaga í landinu. Eftir því sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh. þykir það gefast vel. Verði staðið við þá ákvörðun sem hér hefur verið kynnt, að fresta því að þetta málefni verði flutt til sveitarfélaga, tel ég nauðsynlegt að ákveðinn frestur verði gefinn og það skýrt nánar hvað veldur því að nú þarf að fresta verkefni sem áður hefur verið flutt til nokkurra sveitarfélaga. Þar hefur það gengið vel og hefur þótt gefa góða raun.

[14:40]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Við þurfum ekkert að ræða það hér. Almennur vilji stendur til þess að flytja þetta verkefni til sveitarfélaga. Ég hef lengi verið ákafur talsmaður þess og er enn. Það er ekki umræðuefnið í dag. Umræðuefnið er

það að sveitarfélög standa frammi fyrir því að undirbúningsstarf í félmrn. er komið of skammt á veg. Peningamálin eru algjörlega óútkljáð. Hæstv. ráðherra upplýsti einnig að undirbúningur löggjafarstarfs, þ.e. breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, er ekki nægur. Hefðu menn ætlað að standa við þessa dagsetningu, um næstu áramót, þá hefðum við auðvitað þegar fengið frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga inn í þingið. Hann undirstrikar það sjálfur að vandi málsins liggur í félmrn. en ekki hjá sveitarfélögunum.

Ég hef skilning á því að sveitarfélögin vilji fara sér hægt í þessu máli og vilji sjá á öll spilin áður en af framkvæmd verður. Nú grípur hæstv. ráðherra til þess ráðs að skipa nefnd til að gera framkvæmdaáætlun til næstu ára. Auðvitað átti það að vera hans fyrsta verk þegar lögin um tilflutninginn voru samþykkt. Þannig að hér eru auðvitað handarbakavinnubrögð á ferð. Menn eru allt of lengi að vinna þessi verk.

Ég get fellt mig við frestunina í ljósi þessara aðstæðna, í ljósi þess að félmrn. hefur ekki unnið þau verk sem því voru falin. Ég tel að skynsamlegast sé að fresta þessu en auðvitað eigum við að setja ákveðin tímamörk. Ég hlýt að spyrja hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefur um það. Að vísu skiptir það ekki meginmáli. Hæstv. ráðherra verður ekki í sama stóli þegar þar að kemur. Það verður augljóst eftir næstu þingkosningar. Hann lýkur því ekki verkinu sem hann hóf.

[14:42]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil nú ekkert fullyrða um hver verður félmrh. eftir næstu kosningar. Ég vil minna hv. þm. á það að það dansa nú ekki allir á kirkjugarðsballinu í haust sem ætluðu þangað í vor, svo vitnað sé í Laxness.

Hv. þm. hefur fengið tækifæri til að kynnast starfsfólki félmrn. Hann veit vel að þar er vinnusamt fólk sem sinnir sínum störfum. (Gripið fram í.) Það er líka góð verkstjórn félmrn.

Það er nógur tími til að ákveða endanlega tímasetningu. Ég vil bíða eftir hugmyndum nefndarinnar sem sett hefur verið í að athuga sérstaklega vandann í þessum tveimur sveitarfélögum. Fyrir liggur að lagafrv. verður tilbúið í vor. Þegar lagaramminn er klár, þá getur kostnaðarnefndin gengið frá sínum þætti og þegar kemur fram á árið eða undir haust sjáum við hve langan tíma þarf til verkefnisins. Það getur vel verið að nóg sé að fresta því um eitt ár en vel kann að vera hyggilegra að fresta því um tvö.

Ég legg áherslu á að það er mjög mikilvægt að þessi málaflokkur fari til sveitarfélaganna. Hér hefur verið drepið á ýmsar ástæður sem mæla með því. Það er t.d. mikilvægt fyrir sveitarfélögin að fá fjölbreytni í atvinnulíf og þarna eru störf sem að hluta eru unnin af menntuðu fólki.

Varðandi kostnaðarþáttinn þá hlýtur ríkið að sjálfsögðu að leggja fé með þessum málaflokki. Það hlýtur að koma til jöfnunar á milli sveitarfélaganna, t.d. í gegnum jöfnunarsjóð. Ríkið er ekkert að senda þennan málaflokk á sveitarfélögin óðruvísi en að láta með honum fé eða tekjustofna.

## *Smíði á varðskipi.*

Fsp. SvanJ, 474. mál. — Þskj. 807.

[14:45]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur átt og á enn í harðri og erfiðri samkeppni við ríkisstyrktan iðnað annarra þjóða. Hér hefur hins vegar ekki verið farið inn á þær brautir að styrkja iðnaðinn og hann hefur því gengið í gegnum erfið tímabil þar sem sveiflur hafa verið miklar og menn hafa jafnvel óttast um framtíð skipasmíða á Íslandi. Útgerðarmenn hafa viljað njóta þeirra ríkisstyrkja sem önnur lönd bjóða upp á í sínum skipasmíðaiðnaði og siglt skipum sínum þangað sem best er boðið. Spurningin er auðvitað í hve miklum mæli íslenska ríkið gerir það líka. Nú er ráðgert að smíða tvö stór skip á vegum opinberra aðila, hafrannsóknaskip og varðskip. Hafrannsóknaskipið hefur þegar verið boðið út á alþjóðlegum markaði og greinir menn á um hvernig til tókst eins og fram hefur komið í dag. Á það er bent m.a. af Samtökum iðnaðarins að sú almenna regla að verkefni af þessu tagi séu útboðsskyld eigi ekki við þegar um er að ræða skip sem ætluð eru til varnar landi eða lögsögu og þá er átt við að þau séu útboðsskyld á alþjóðamarkaði, a.m.k. hafi aðrar þjóðir komist upp með að skilgreina slík verkefni þannig að því sé í raun ekkert sem mæli fyrir um að hönnun eða smíði varðskips skuli boðin út á alþjóðlegum markaði. Það virðist því vera mögulegt, ef vilji stjórnvalda stendur til þess, að líta á þetta verkefni sem íslenskt verkefni, verkefni sem gæti orðið mikilsverður áfangi í þróun skipasmíðaiðnaðar hér á landi. Ég hef því varpað spurningum til hæstv. iðnrh. á þskj. 807 um hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hvort ákvörðun hafi verið tekin um að við nýttum okkur þann möguleika að bjóða smíði varðskipsins ekki út á alþjóðlegum markaði heldur láta smíða það innan lands á þeim forsendum að um sé að ræða skip sem jafna megi við þau verkefni annarra þjóða og eru ekki boðin út á alþjóðlegum markaði með rökum um hernaðarleynd. Ef sú stefna hefur ekki verið mótuð, hver eru þá viðhorf ráðherrans til þessa og hvaða veganesti fékk nýskipuð smíðanefnd í þessu efni?

[14:47]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þsk. 807 spyr hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir um smíði varðskips. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.:

Hafa stjórnvöld ákveðið að nýta þann möguleika að nýtt varðskip verði smíðað innan lands á þeim forsendum að um sé að ræða skip sem jafna megi við þau verkefni annarra þjóða sem ekki fara í opið útboð með rökum um hernaðarleynd?

Því er fyrst til að svara að stjórnvöld hafa ekki ákveðið enn hvar nýtt varðskip verði byggt. Mér er þó kunnugt um að víða erlendis er sá háttur hafður á að smíði þeirra skipa sem notuð eru til að verja lögsögu landanna eru unnin af innlendum skipasmíðastöðvum. Til grundvallar þeirri ákvörðun liggur fyrst og fremst sú forsenda að um svo mikilvægt þjóðaröryggismál sé að ræða að ekki sé unnt að leyfa öðrum þjóðum aðgang að þeim viðkvæmu upplýsingum sem meðhöndla þarf. Þessi skoðun er á vissan hátt viðurkennd í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði því þar segir í 123. gr. að ekkert í samningnum skuli hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum

öryggishagsmunum sínum. Á þessari stundu treysti ég mér nú samt ekki til þess að kveða upp með óyggjandi hætti hvort smíði nýs varðskips fari fram hér á landi á grundvelli umræddrar 123. gr. EES-samningsins. Ég vil hins vegar að á það verði látið reyna af fullum þunga hvort við getum ekki gert þetta og vil ég þá vísa til bréfs sem ég hef undir höndum frá Danmörku, en þar segir að skip sem ætluð eru til að sinna strandgæslu falli undir undanþáguákvæði 123. gr. Því er ótvírætt um mjög sambærilegt skip að ræða og íslenskt varðskip. Og meira en það, slík skip eru ekki einungis undanþegin almennum innkaupareglum EES-samningsins, því sé dönskum yfirvöldum í lófa lagið við hverja þeir semja um slík skip og það hefur heldur ekki verið þannig að þau séu boðin út á alþjóðlegum markaði heldur ákveðið að smíða þau í dönskum skipasmíðastöðvum. Því er alveg samsvörun, að mínu viti, milli varðskips hér og slíkra skipa í Danmörku. En endanlegt svar við þessari spurningu hlýtur að vera eitt af þeim úrlausnarefnum sem smíðanefnd varðskipsins sem dómsmrh. skipaði í desember þarf að glíma við.

Hv. þm. spyr í öðru lagi:

Ef stjórnvöld hafa ekki mótað þá stefnu, hver eru þá viðhorf ráðherra til þessa og hvaða veganesti fékk nýskipuð smíðanefnd í þessu efni?

Í smíðanefnd varðskipsins sitja fimm valinkunnir menn. Af minni hálfu var Aðalheiður Eiríksdóttir, fjármálastjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri, tilnefnd til setu í nefndinni. Þar sem hún, eftir að hafa tekið sæti í nefndinni, taldi sér ekki fært að sitja í nefndinni vegna mögulegs vanhæfis síns ef Slippstöðin tæki þátt í útboðinu tilnefndi ég Ingólf Sverrisson, deildarstjóra hjá Samtökum iðnaðarins, til setu í nefndinni. Ingólfur hefur fengið sérstakt veganesti frá mér vegna starfa sinna þar, þ.e. að skipið verði smíðað hér heima sé þess nokkur kostur. Þessa skoðun mína byggi ég á því að smíði varðskips er tæknilega þess eðlis að hún ætti að nýtast íslenskum málmiðnaði einkar vel til að bæta verklag og efla kunnáttu og hæfni sem eru mikilvægir þættir í að bæta samkeppnisstöðu greinarinnar. Í því sambandi get ég séð fyrir mér að verkefnið verði notað sem þróunarverkefni til að innleiða margvíslegar tæknilegar nýjungar og framleiðsluhætti sem nýst geta innlendum málmiðnaði í efldri sókn á ný mið í kjölfar þess. Fram hjá þeim mikilvæga þætti vil ég ekki líta og tel að smíðanefndin geti heldur ekki litið fram hjá því. Hvernig þetta sjónarmið verður síðan útfært verð ég að láta smíðanefndinni eftir en ég vænti þess þó að smíðanefndin sjái sér unnt að nota þetta tækifæri til að hrinda úr vör metnaðarfullu þróunarverkefni um bæði hönnun og smíði varðskipsins. Í slíku verkefni gætu sérfræðingar á sviði hönnunar, smíðatækni, auk sérfræðinga Landhelgisgæslunnar með sína veigamiklu notendareynslu lagst saman á eitt til verulegrar hagsbótar fyrir atvinnuþróun hér á landi og ekki þá síst fyrir þá mikilvægu iðngrein sem málmsmíðin er.

[14:53]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með svör hæstv. iðnrh. Ég tel að þetta verkefni, smíði nýs varðskips, sé kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld til að efla íslenskan skipasmíðaiðnað sem hefur átt í verulegum erfiðleikum allt frá miðjum síðasta áratug þegar verkefnastaða þessara fyrirtækja hrundi í kjölfar minnkandi aflaheimilda og alls konar erfiðleika í þjóðarbúskapnum. Þetta leiddi til þess að starfsmönnum í þeirri grein stórfækkaði og það sem verra var að endurnýjun í greininni lagðist nánast af. Fyrirtækin treystu sér ekki til að taka nema og ekki varð eðlileg endurnýjun sem er að koma greininni í koll í dag. Nú hefur leiðin legið upp á við. Verkefnastaðan hefur stórbatnað með uppsveiflu sem orðið hefur í þjóðfélaginu en samt sem áður tel ég að þessi fyrirtæki vanti tilfinnanlega nýsmíði, bæði til að efla stöðugleika í rekstri þeirra og ekki síður til að viðhalda þeirri þekkingu sem enn er til staðar í skipasmíði á Íslandi og væri mjög alvarlegt mál ef hún félli niður. Nánast engin skip hafa verið smíðuð síðasta áratuginn og hætt við að sú þekking hverfi ef ekki bjóðast verkefni. Nú er einmitt kjörið tækifæri og ég tel að það væri gott samstarfsverkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar að taka þetta að sér, og efast ekki um að þær mundu leysa það með sóma því það er óumdeilt að þau fiskiskip sem smíðuð voru á Íslandi meðan stálskipasmíðin var og hét hafa reynst afburðavel.

[14:54]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst staðfesta það sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. að það er staðfestur vilji stjórnvalda sem fara með smíði þessa skips að allt verði gert sem unnt er til að smíða það hér heima. Til þess er fullur vilji. Ég hef gefið formanni smíðanefndarinnar þau fyrirmæli að það verði kannað til þrautar því ósk okkar er að svo megi verða. Auðvitað þarf að kanna og fara ofan í saumana á því máli, en ég tel að það væri mjög mikilvægt að þetta gæti gerst og smíðanefndin mun vinna í þeim anda.

[14:55]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn því fyrir nokkrum árum lagði ég fram þáltill. sem gekk út á að hafin yrði könnun á smíði nýs varðskips og það er vel að svo langt skuli málið vera komið. Hins vegar verð ég að segja að það sætir nokkurri furðu að svo langur tími skuli líða frá því ákvörðun er tekin um að hefja verkið og skipa smíðanefnd eins og raun ber vitni. Hér er verið að tala um að að leita þurfi valkosta. Danir hafa þróað mjög góð strandgæsluskip sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa skoðað. Þau henta mjög vel. Það liggur ljóst fyrir þannig að við þurfum ekki að leita langt yfir skammt í því sambandi. Það er ánægjulegt að hér skuli koma fram að fullur hugur er á að þetta væntanlega skip verði smíðað hér á landi. Að sjálfsögðu hljóta þá útboðsreglur að gilda þar um eins og á öðrum vettvangi hvað áhrærir nýsmíði.

Herra forseti. Ég tel að við þurfum ekki að leita langt yfir skammt. Þekking og reynsla liggur þegar fyrir hjá Dönum þannig að við gætum þess vegna nánast tekið þeirra teikningar til fyrirmyndar.

[14:56]

**Stefán Guðmundsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrirspyrjanda fyrir að leggja þessar fyrirspurnir fram og eru hér að gerast gleðileg tíðindi fyrir okkur öll sem barist höfum lengi fyrir bættum hag íslensks skipaiðnaðar og svo sannarlega var klukkan orðin hálftólf í þeim efnum fyrir fáum árum þegar sá iðnaður var svo gott sem að leggjast af. En ég kem fyrst og fremst upp til að þakka bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh. (**Gripið fram í:** Dómsmrh.) dómsmrh. og sjútvrh. fyrir vinsamleg orð í þessu máli. Ég segi það hér og nú að vissulega hafa gerst gleðitíðindi fyrir íslenskan iðnað og ég trúi því að þessir tveir hæstv. ráðherrar sem með þetta mál fara hviki ekki frá því sem þeir hafa gefið vilyrði fyrir, að

þetta nýja varðskip verði smíðað á Íslandi. Til þess höfum við alla burði. Hér er mikil þekking og góðir fagmenn.

[14:58]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. dómsmrh. sem fer með þetta mál gaf í þinginu og er í samræmi við það sem mér var áður kunnugt um að mikill áhugi væri á því að sjá til þess að þetta skip yrði byggt hér heima, og áhugi hæstv. iðnrh. á málinu mun vissulega styðja það mjög verulega. Það er ekki nokkur vafi á því að ef stórverkefni af þessu tagi yrði að veruleika hér á landi mundi það gjörbreyta allri stöðu skipasmíðaiðnaðarins, sem hefur fengist við mjög lítil nýsmíðaverkefni á síðustu árum, og svo lítil raunar að þekking á nýsmíðum hefur átt undir högg að sækja vegna þess hve verkefnin hafa verið fá, eins og fram kom áðan hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni. Það er því alveg ljóst að þetta verkefni mun hafa veruleg áhrif á þróun íslensks skipasmíðaiðnaðar ef svo verður sem ráðherrarnir hafa lýst yfir að mikill áhugi sé á því að verkefnið verði unnið innan lands.

[14:59]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að ástæða er til að fagna þeim yfirlýsingum sem hér hafa verið gefnar varðandi smíði þessa skips. Ég held að vert sé að vekja athygli á því í þessu sambandi að á síðustu árum hefur samstarf málmiðnaðarfyrirtækja og skipasmíðafyrirtækja á Íslandi verið að aukast ár frá ári. Þegar um er að ræða stórt verkefni af þessu tagi er einsýnt að það verður að byggjast á einhvers konar samvinnu þessara fyrirtækja innan lands ef menn ætla að halda sem mestu af þessum störfum hér á landi.

Ég vil þess vegna vekja sérstaka athyli á þessu. Ég vek t.d. athygli á því að skipasmíðastöðin á Ísafirði hefur á undanförnum árum verið að smíða skip á þessu lægðartímabili í skipasmíðaiðnaðinum. Þar hafa verið gerðir mjög góðir hlutir. Núna er einmitt verið að leggja lokahönd á bát sem á að koma til Reykjavíkur. Í þessu sambandi vil ég árétta mikilvægi þess að halda sem mestu af verkþáttunum innan lands og að skipasmíðastöðvarnar og málmiðnaðarfyrirtækin eigi með sér gott samstarf um þetta mál.

[15:00]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að undirstrika það sem hér hefur komið fram í svörum hæstv. dómsmrh. og hæstv. iðnrh. Hjá stjórnvöldum er fullur vilji fyrir því að þetta skip verði smíðað heima ef þess er nokkur kostur. Ákvörðun hefur ekki verið tekin enn. Menn eru að skoða alla þá möguleika sem gefast ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt. Við hljótum að treysta því að sá vilji sem fram kemur í svörum þeirra, nægi til að varðskip verði smíðað hér heima. Ég hef engu við þau rök að bæta sem menn hafa flutt fram fyrir því. Ég held að vandamál vegna tækniþekkingar og hins mikilvæga samstarf sem menn sjá fyrir sér muni öll leysast ef við náum viðurkenningu á því að hér sé um sambærilega hluti að ræða og þá sem hæstv. iðnrh. vék að áðan. Hann gat um samsvörun við danskar aðstæður sem þar hafi verið nýttar til smíði þeirra strandgæsluskips.

Ég treysti því, herra forseti, að nú þegar smíðanefndin hefur starfað í a.m.k. mánuð, muni styttast í að hér liggi fyrir ákvörðun um að nýtt varðskip verði smíðað á Íslandi í samstarfi þeirra skipasmíðastöðva sem hér eru starfandi. Við vitum að það getur orðið mikilvægt verkefni, bæði hvað varðar þróun og tækni.

## *Staðsetning Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs.*

Fsp. EKG, 485. mál. — Þskj. 824.

[15:03]

**Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Um síðustu áramót tóku til starfa annars vegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og hins vegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Hér er um að ræða nýjar stofnanir sem standa að hluta til á gömlum grunni. Þó eru þetta klárlega nýjar stofnanir með nýju fólki og nýju hlutverki.

Eins og menn hafa oft rætt er mun auðveldara, þegar rætt er um staðsetningu stofnana, að eiga við nýjar stofnanir sem eiga sér ekki forsögu. Þær eru ekki bundnar af staðsetningu starfsmanna og þar fram eftir götunum. Þegar rætt hefur verið um að flytja ríkisstofnanir út á land hafa margir sagt að menn eigi fremur að beina kröftum sínum að því að nýjar stofnanir sem ríkið setur á laggirnar verði settar niður á landsbyggðinni. Ásamt mér flutti hv. þm. Tómas Ingi Olrich þáltill. í þessa veru og hún er nú er til meðferðar í þinginu.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að þegar rætt er um staðsetningu ríkisfyrirtækja og stofnanir ríkisins, þá eigi fyrst og fremst að skoða þau mál út frá þjónustunni sem þau veita. Staðsetningin má auðvitað ekki leiða til þess að sú þjónusta sé lakari. Þarna verðum við auðvitað að horfa á það að þær geti sinnt hlutverki sínu. Ef staðan er hins vegar sú að hlutverk eða starfssvið viðkomandi stofnana krefst ekki ákveðinnar staðsetningar, þá tel ég að öðru jöfnu eigi að hafa þá reglu að þeim ríkisstofnunum sé komið fyrir úti á landi. Það er sérstaklega í ljósi þess að þær eru uppspretta margvíslegra atvinnutækifæra sem ráða því hvernig íbúaþróunin breytist.

Það er enginn vafi á því að ein meginástæða þess að hér á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið meiri fólksfjölgun á undanförnum árum en áður, er sú stefna ríkisvaldsins að setja hér niður meginhluta starfsemi sinnar.

Þegar við ræðum þessar tvær stofnanir, þá er nærtækast að skoða hlutverk þeirra samkvæmt lögum. Ef við skoðum t.d. lögin um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þá er gert ráð fyrir því að hann eigi að veita íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu. Bankinn á að hafa með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum. Nýsköpunarsjóðurinn hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs, sem auðvitað er staðsett um allt land, með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Lesi maður þennan texta verður ekki annað séð en þessum verkefnum megi sinna hvaðan sem er af landinu. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh.:

1. Hverjar voru ástæður þess að skrifstofum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var ekki valinn staður á landsbyggðinni?

2. Hefði það hamlað starfsemi fyrrnefndra stofnana ef þær hefðu verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins?

[15:06]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 824 spyr hv. þm. Einar K. Guðfinnsson um staðsetningu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hverjar hafi verið ástæður þess að skrifstofum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var ekki valinn staður á landsbyggðinni.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stofnaðir á grunni fjögurra fjárfestingarlánasjóða. Þeir eru: Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður. Allir þessir sjóðir höfðu skrifstofur sínar á höfuðborgarsvæðinu. Náin tengsl þessara sjóða við samtök atvinnuvega í sjávarútvegi og iðnaði gerðu það að verkum að ná þurfti samkomulagi um þá leið sem farin var við endurskipulagningu sjóðakerfisins. Um nokkurra ára skeið voru gerðar tilraunir til þess, og það margoft, að ná fram breytingum á sjóðakerfi atvinnuveganna. Það tókst ekki fyrr en nú um síðustu áramót. Í mínum huga er ljóst að sjónarmið um breytingar á staðsetningu hinna nýju stofnana hefðu getað tafið fyrir og jafnvel hindrað sátt um það mál.

Sameining sjóðanna er flókið ferli. Ein grunnforsenda þess að breytingarnar tækjust vel var að starfsfólk sjóðanna kæmi til starfa hjá hinum nýju stofnunum. Starfsemi sjóðanna og þau verðmæti sem í þeim fólust lágu að hluta í þekkingu og reynslu starfsmannanna. Þannig var lögð áhersla á að tryggja réttindi starfsmanna og ná við þá góðu samkomulagi vegna breytinganna. Niðurstaðan varð sú að flestir starfsmannanna tóku boði um nýtt starf hjá hinum nýju fyrirtækjum.

Hafa verður í huga að hinar nýju fjármálastofnanir gátu gengið í fyrra húsnæði Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs og af því var mikið hagræði og sparnaður. Þegar málið var til umfjöllunar hér á Alþingi og við undirbúning málsins í báðum stjórnarflokkunum komu ekki fram tillögur um aðra staðsetningu en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort það hefði hamlað starfsemi fyrrgreindra stofnana ef þær hefðu verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Meginrökin fyrir stofnun hans voru að hann ætti að veita ódýra og góða þjónustu á öllum sviðum atvinnulífs. Jafnframt var Fjárfestingarbankanum ætlað að auka samkeppni milli fyrirtækja á fjármagnsmarkaði. Þannig ætti hann að stuðla að hagræðingu í rekstri annarra fjármálastofnana og þar með minni vaxtamun. Þetta mun takast að mínu viti.

Bankanum er einnig ætlað að bjóða upp á nýja sérhæfða þjónustu á fjármagnsmarkaði. Fjárfestingarbankanum er nauðsynlegt að hafa greið samskipti við aðrar fjármálastofnanir, innlendar og erlendar. Náin tengsl við viðskiptamenn skipta jafnframt sköpum um hvernig til tekst. Bankanum er ætlað að vera í stöðugu og áþreifanlegu sambandi við atvinnulífið.

Með hliðsjón af þessu skiptir staðsetning Fjárfestingarbankans nokkru máli. Í því sambandi er miðstöð Fjárfestingarbankans óumdeilanlega staðsett í Reykjavík. Þar eru höfuðstöðvar stærri fjármálastofnana hérlendra, þaðan og þangað eru samgöngur á landi og með flugi greiðastar. Með hliðsjón af þessu verður að álykta að höfuðstöðvar Fjárfestingarbankans séu best staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Þó draga megi úr ýmsum ókostum annarrar staðsetningar með nútímatækni skiptir staðsetning bankans miklu um framtíð hans.

Svipuð rök má færa fyrir staðsetningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóðurinn er lítil rekstrareining og framtíð hans ræðst af því hversu vel honum tekst að halda rekstrarkostnaði sínum niðri. Rökstyðja má að rekstrarkostnaður hans verði minnstur með staðsetningu hans á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar vil ég ekki fullyrða að staðsetning utan höfuðborgarsvæðisins hefði hamlað starfsemi beggja þessara fyrirtækja.

Rétt er að vekja athygli á því hér og nú að hluti af starfsemi Nýsköpunarsjóðs, starfsemi svo kallaðs Framtakssjóðs, lýtur sérstaklega að landsbyggðinni. Þeim sjóði er ætlað að laða fjármagn að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina og leita í því skyni samstarfs við sérhæfðra aðila á fjármagnsmarkaði og í atvinnuþróun. Nýsköpunarsjóðurinn mun semja við sérstaka rekstraraðila um vörslu og ráðstöfun á fjármagni Framtakssjóðs. Miðað er við að allt að fjórum rekstraraðilum verði falin varsla og ráðstöfun þessa fjármagns. Þessi starfsemi krefst náins samstarfs við aðila í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Því er eðlilegt að raunveruleg umsýsla þessa fjármagns verði falin aðilum á landsbyggðinni þar sem því verður við komið og að því vil ég stefna.

[15:12]

**Útbýting þingskjals:**

Skipulag ferðamála, 546. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 931.

[15:12]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hreyfir hér athyglisverðu máli. Á stefnuskrám allra stjórnmálaflokka og flestra ríkisstjórna síðustu áratuga hefur ætlunin verið að flytja eitthvað af starfsemi hins opinbera frá Reykjavík og út á land. Lengst af fylgdi hugur ekki máli en á síðustu árum hafa verið stigin örstutt skref í þessa átt. Þau fyrstu voru stigin með flutningi veiðistjóraembættisins til Akureyrar, með ákvörðun um flutning Landmælinga til Akraness og með því að flytja hluta af starfsemi Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Í öllum tilfellum hefur þetta mætt mjög harðri gagnrýni. Þeir sem tekið hafa þessar ákvarðanir hafa verið sakaðir um að vega að hagsmunum starfsmanna. Margir hafa því komist að þeirri niðurstöðu að trúlega sé auðveldara að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera úti á landi frekar en að standa í flutningum.

Hér gafst gullið tækifæri til þessa. Auðvitað gat þessi banki verið staðsettur víða á landsbyggðinni alveg jafnt og í Reykjavík. Með góðu móti hefði verið hægt að staðsetja hann í átthögum bankastjórans á Akranesi þar sem aldeilis vel hefði farið um hann.

Tækifærið var því miður ekki notað. Gamla náttúrulögmálið réð því að bankinn skuli vera í Reykjavík eins og önnur starfsemi hins opinbera og því miður heyrist mér á svörum hæstv. ráðherra að þess sé ekki að vænta það lögmál breytist mikið á næstunni.

[15:14]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli. Við höfum í raun og veru tvo kosti til þess að styrkja landsbyggðina með starfsemi

opinberra stofnana. Annar kosturinn er sá að flytja stofnanir sem hér eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu út á land. Hinn er sá að setja þar á laggirnar nýjar stofnanir.

Það hefur reynst erfitt að flytja stofnanir sem starfa nú þegar á höfuðborgarsvæðinu út á land. Það hefur mætt mikilli andstöðu. Nú kemur hins vegar fram að bestu starfsaðstæðurnar fyrir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins eru, að mati hæstv. viðskrh., í Reykjavík.

En þá er rétt að varpa þeirri spurningu fram: Eru menn á vissan hátt að gefast upp fyrir einhvers konar örlagatrú og fara inn í vítahring? Ef við getum ekki brotið okkur út úr þessum vítahring þá verðum við að sætta okkur við það að þróunarmöguleikar landsbyggðarinnar séu miklu minni en við höfðum álitið og ég vil ekki taka undir það sjónarmið.

[15:15]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil fagna því frumkvæði stjórnarþingmanna að bera fram fyrirspurn til ráðherra sinna um þetta málefni. Ég styð viðleitni þeirra og sjónarmið í þessu efni og hvet þá til að halda áfram á þessari braut.

En ég vil þó vekja athygli á því að þeim hefði e.t.v. tekist að ná meiri árangri ef þeir hefðu beitt sér á fyrri stigum málsins. Bendi ég á að af 15 þingmönnum Framsfl. eru 11 þeirra úr kjördæmum utan Reykjavíkur. En svo virðist sem allir þessir 11 þingmenn Framsfl. hafi samþykkt þennan ráðahag.

Ég vil síðan, herra forseti, segja að ég undrast nokkuð þá skýringu hæstv. viðskrh. að rekstrarkostnaður Nýsköpunarsjóðsins verði minnstur með því að hafa hann á höfuðborgarsvæðinu. Má vera, en hvernig stendur þá á því, herra forseti, að rekstrarkostnaður á stöðugildi í hinum nýja sjóði er 2,5 sinnum hærra en kostnaður við hvert stöðugildi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og verða þó sjúklingar ekki taldir óvirðulegra verkefni en peningar, herra forseti.

[15:17]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég hef lýst efasemdum mínum áður um stofnun þessa banka og spyr: Af hverju var þessi banki stofnaður? Ef hann hefði sameinast eða verið undir forsjá ríkisbankanna hefði þessi umræða t.d. ekki farið fram því að þeir koma svo víða við í hinni dreifðu byggð. Einn ágætur hv. þm., Tómas Ingi Olrich, talaði um að hér væri einhver örlagatrú. En ég held og hjó sérstaklega eftir því að í máli hæstv. viðskrh. koma fram meginrök sem liggja til grundvallar þess að svo mörg fyrirtæki í ríkisrekstri eru í Reykjavík sem raun ber vitni.

[15:17]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Það sem hér er til umræðu snýst um að auka fjölbreytni starfa á landsbyggðinni. Ég leyfi mér að minna á að fyrir þinginu liggur þáltill. um fjarstörf, sem ég er sannfærður um að mun gera miklu meira gagn, ef samþykkt verður, heldur en að flytja einstakar stofnanir á einstaka staði. Það er verið að tala um að flytja Landmælingar á Akranes, sem er hið besta mál, en það mun gera miklu meira gagn fyrir landsbyggðina og auka fjölbreytni starfa mun meira ef við komum á því fyrirkomulagi að starfsfólk hvar sem er á landinu geti unnið í Fjárfestingabanka Íslands eða hjá Landmælingum, veiðimálastjóra, ráðuneytum eða í hvaða stofnunum sem er, þá munum við raunverulega auka fjölbreytni starfa á landsbyggðinni. Hitt að færa stofnun sem hentar tiltölulega fáum að vinna hjá mun ekki auka fjölbreytnina almennt. Þess vegna segi ég: Vinnum heldur að því að koma á fjarvinnslu starfa en að halda áfram að karpa um það hvort einstakar stofnanir verði fluttar hingað eða þangað.

[15:19]

**Útbýting þingskjals:**

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 547. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 932.

[15:19]

**Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir greinargóð svör þó að ég geti ekki alveg sagt að ég sé sammála honum að öllu leyti. Það er tvennt sem ég vil samt leiðrétta í upphafi þar sem gætir ákveðins misskilnings.

Það er í fyrsta lagi það sem hæstv. ráðherra sagði, og var reyndar að hluta til tekið undir hér í umræðunni, um að ekki hafi komið fram tillögur á fyrri stigum málsins um staðsetningu þessara stofnana. Ég vil í því sambandi minna á það sem ég nefndi í ræðu minni áðan að við tveir þingmenn stjórnarliðsins höfum lagt fram stefnumótandi tillögu um að nýjum stofnunum ríkisins skuli almennt séð vera valinn staður á landsbyggðinni. Þar með lá fyrir tillaga og vilji okkar a.m.k. í þessum efnum og þeirra annarra þingmanna sem undir þessi sjónarmið hafa tekið.

Ég hef hins vegar almennt verið þeirrar skoðunar að ekki sé viturlegt að hafa það í lögum hvar staðsetja eigi stofnanir. Ég hef talið að það væri ekki góð lagasetning og texti eða áskilnaður af því tagi ætti ekki erindi inn í lagasetningu. En það getur auðvitað farið svo, sé í þessu fólgin einhver áskorun, að við stjórnarliðar munum fylgja því miklu fastar eftir og leggja til að slíkt sé sett hreinlega inn í lög til að hægt sé að ná því fram sem er vilji okkar mjög margra, að nýjar stofnanir hins opinbera séu staðsettar á landsbyggðinni.

Í öðru lagi kom fram í umræðunni að verið væri að leggja til flutning á ríkisstofnunum út á land með þessari fyrirspurn. Því fer víðs fjarri. Ég vil vekja athygli á því að þessar ríkisstofnanir voru bara ekki til. Það er einfaldlega verið að vekja máls á því hvort ekki mætti setja hinar nýju stofnanir, sem ekki voru til, niður úti á landi.

Í þriðja lagi vil ég segja það sem auðvitað er hið alvarlegasta, að mér finnst að rök hæstv. ráðherra sem hann flutti fyrir því að staðsetja þessar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu geti almennt átt við nánast alla starfsemi hins opinbera. Hann sagði að af þessu hlytist minnst röskun, m.a. fyrir starfsfólk. Hér hafi verið forverar þessara stofnana, hér séu flest fyrirtækin, sérstaklega á fjármagnsmarkaði. Og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ef maður skoðar þau rök þá getum við notað þetta nánast á hverja einustu ríkisstofnun í landinu.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra, sem kemur í ræðustólinn á eftir, hvort hann telji þá að almennt séð sé það skynsamlegast til þess að ná fram öllum þessum markmiðum, til þess að tryggja sem minnsta röskun starfsfólks, til þess að tryggja að ná fram hagræðingu og sparnaði í ríkisrekstri, að öll ríkisumsvifin séu í Reykjavík. Ég trúi ekki að það sé skoðun hans og ég vil þess vegna að það komi mjög skýrt fram.

Að lokum fagna ég mjög yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að hann ætli að beita sér fyrir því að hinn frægi landsbyggðarmilljarður sem á að koma úr þessum sjóðum verði vistaður úti á landi, og legg ég þá mikla áherslu á að það

sé gert í raunverulegu landsbyggðarfyrirtæki en ekki inni í einhverjum annexíum héðan úr höfuðborginni.

[15:22]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Til að svara því strax sem hv. þm. spurði um þá ég tel að öll tækifæri séu til þess að ríkisfyrirtæki geti risið úti á landsbyggðinni og ætla ekki að færa frekari rök fyrir því hér. Það sem mig og hv. þm. greinir kannski á um er hvort hér sé um nýjar stofnanir að ræða eða ekki. Mín skoðun er sú að vitaskuld voru stofnuð ný fyrirtæki, þ.e. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður, en á grunni gamalla, starfandi fyrirtækja. Og það dýrmætasta, það verðmætasta sem þessi fyrirtæki fengu í vöggugjöf voru einmitt starfsmenn þessara fyrirtækja sem þar störfuðu og héldu áfram að starfa hjá þessum fyritækjum. Og það er það sem ég var að færa fram sem meginrök fyrir því áðan að ég taldi að það hefði getað raskað mjög samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja hefðu þau verið flutt út á landsbyggðina. Ég útilokaði hins vegar ekki tæknilega séð að það væri ekki hægt.

Það sem mér finnst hins vegar vera mikilvægast í þessu, og hef lagt áherslu á, eru þær þúsund millj. kr. sem eru í Framtakssjóði og sérstaklega voru ætlaðar til átaks til atvinnusköpunar úti á landsbyggðinni. Það eru tvær leiðir í því. Fyrri leiðin er sú að láta Nýsköpunarsjóðinn sjá um þessa fjármuni, staðsettan í Reykjavík, og fyrirtækin á landsbyggðinni komi síðan og leiti eftir því hvort hægt sé að fá aðstoð í gegnum Framtakssjóðinn.

Ég tel þetta óskynsamlega leið. Ég tel aðra leið betri, sem ég hef lagt áherslu á að verði farin. Skipta þessum milljarði, t.d. í fjóra sjálfstæða potta sem staðsettir verði í atvinnuþróunarfélögunum, hugsanlega iðnþróunarfélögunum, í samvinnu við fjármálastofnanir víða úti um land. Greiða síðan tiltölulega góða þóknun fyrir að sjá um ávöxtunina og vörslu fjárins þannig að á grundvelli þeirrar þóknunar sem þannig verður til sé möguleiki að skapa störf í atvinnuþróunarfélögunum og eignarhaldsfélögunum víða um land til þess að leita að atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Þetta tel ég vera heillavænlegustu leiðina til að nýta þessa fjármuni.

Verði þessi leið farin, sem ég mun leggja áherslu á við stjórn Nýsköpunarsjóðs, þá tel ég að við séum raunverulega að færa til bæði fjármunina og verkefnin út á landsbyggðina.

## *Listaverkakaup Listasafns Íslands.*

Fsp. ÍGP, 502. mál. — Þskj. 862.

[15:25]

**Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh.

Listasafn Íslands er þjóðareign. Hlutverk þess er margþætt. Listasafnið geymir þverskurð af list samtímans. Listasafnið kaupir listaverk af samtímamönnum og eldri listaverk, auk þess sem Listasafnið á að vekja fólk, unga og aldraða, til vitundar um íslenska list.

Um listaverkakaup þurfa að ríkja ákveðnar hlutlausar reglur. Listasafn Íslands ætti að vera miðstöð rannsókna í íslenskri list, þar með talið íslenskri myndlist þar sem einstaklingar ættu að geta fengið staðfestingu á hvort listaverk eru eftir viðkomandi listamenn.

Að undanförnu hefur verið vakin athygli manna á að málverkafölsun er líklega stunduð á Íslandi í tengslum við viðskipti við Danmörku. Ólafur Ingi Jónsson hjá Morkinskinnu, en það fyrirtæki hreinsar og yfirfer og gerir við listaverk, telur að u.þ.b. 300 fölsuð verk af mismunandi gerð hafi verið seld að undanförnu á Íslandi.

Málverkafölsun er í raun glæpur og skemmdarverkastarfsemi, málverkafölsun svertir nöfn ástsælla listamanna þjóðarinnar sem kenndir eru við verk sem ekki tengjast þeim. Málverkafölsun falsar menningar- og listasögu landsins og í raun og veru er verið að féfletta hinn almenna borgan með málverkafölsun. Líkja má málverkafölsun við peningafölsun.

Fyrsirspurn mín er eftirfarandi:

1. Hversu miklu fjármagni hefur Listasafn Íslands varið árlega til listaverkakaupa síðastliðin fimm ár?

2. Eftir hvaða reglum er farið við val á þeim listaverkum sem keypt eru?

3. Hvað ræður verðlagningu á þeim listaverkum sem keypt eru?

4. Er talið að fölsuð verk hafi verið keypt til safnsins á síðustu fimm árum og ef svo er, hve mörg?

5. Stendur til að breyta reglum um kaup á listaverkum og ef svo er, hvernig?

6. Hvaða reglur gilda um lán á listaverkum til stofnana?

Ég tel mjög nauðsynlegt og eðlilegt að Listasafn Íslands láni stofnunum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni listaverk til þess að glæða listaáhuga manna vítt og breitt um landið.

[15:27]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Spurt er: Hversu miklu fjármagni hefur Listasafn Íslands varið árlega til listaverkakaupa síðastliðin fimm ár?

Svarið er að fjárveiting til listaverkakaupa hefur sl. fimm ár verið árlega 12 millj. kr.

Þá er spurt eftir hvaða reglum er farið við val á þeim listaverkum sem keypt eru. Og svarið er: Í 2. gr. laga um Listasafn Íslands, undir a-lið, segir: „Leitast skal við að afla verka sem endurspegla sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma.“ Í 9. gr. laga um Listasafn Íslands segir: „Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.“ Innkaupanefnd safnsins hefur þessi ákvæði að leiðarljósi við kaup listaverka til Listasafns Íslands.

Í þriðja lagi er spurt: Hvað ræður verðlagningu á þeim listaverkum sem keypt eru?

Um verðlagningu listaverka sem safnið kaupir má segja eftirfarandi. Safnið kaupir listaverk, m.a. á sýningum, uppboðum eða af einstaklingum. Á sýningum er fast verð sem listamaðurinn setur á verk sín. Sama gildir í raun um þau verk sem einstaklingar bjóða safninu til kaups, yfirleitt fylgir ákveðið verð slíkum tilboðum. Á uppboðum eru listaverk seld hæstbjóðanda sem kunnugt er. Varðandi fram sett, fast verð metur safnið það í hverju tilviki fyrir sig hvort gera skuli gagntilboð eða ekki.

Í fjórða lagi er spurt: Er talið að fölsuð verk hafi verið keypt til safnsins á síðustu fimm árum og ef svo er, hve mörg?

Teikning sem talin er eftir Jóhannes Kjarval og safnið keypti á uppboði 1994 er meðal þeirra verka sem kærð hafa

verið af Ólafi Jónssyni forverði vegna gruns um fölsun. Rétt er að taka fram að listaverkaeign safnsins eru tæp átta þúsund verk.

Í fimmta lagi er spurt: Stendur til að breyta reglum um kaup á listaverkum og ef svo er, hvernig?

Safnið eða safnráð hafa engin áform um að gera tillögur um breytingar á reglum um innkaup safnsins.

Í sjötta lagi er spurt hvaða reglur gildi um lán á listaverkum til stofnana. Svarið er að þessar reglur byggja á 12. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og 10. gr. reglugerðar 231/1995 sem sett var á grundvelli þeirra laga. Þar sem ákvæði reglugerðarinnar eru ítarlegri skal efni þeirra rakið hér að nokkru, með leyfi hæstv. forseta. Í upphafi 10. gr. reglugerðarinnar segir:

„Heimilt er að lána listaverk safnsins til tiltekinna opinberra stofnana enda sé meiri hluti safnráðs því samþykkur og eftirfarandi skilyrðum fullnægt:"

Síðan eru skilyrðin talin upp, en þau varða m.a. upphengingu verkanna og ábyrgð lántaka á meðferð þeirra. Þá er kveðið á um að verkum skuli skilað úr sendiráðum og ráðuneytum við sendiherra- og ráðherraskipti en að öðru leyti fari skipti á verkum fram á þriggja ára fresti. Þess skal getið að þessi ákvæði í reglugerð safnsins eru nú til endurskoðunar að frumkvæði menntmrn.

[15:31]

**Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við fyrirspurn minni. Í ljós kemur að við verjum á fimm ára tímabili 60 millj. til listaverkakaupa í gegnum Listasafn Íslands sem eru til þess að gera litlir peningar. Ég gleðst yfir því líka að heyra að hæstv. menntmrh. hefur fengið upplýsingar um að Listasafn Íslands hafi keypt einungis eitt verk sem talið er vera falsað, þ.e. skissa af málverki eftir Kjarval. (**Gripið fram í:** Gleðst þingmaðurinn yfir því?) Ég gleðst auðvitað ekki yfir að þetta skuli vera fölsuð mynd. Hins vegar hef ég heimildir fyrir því, hv. þm., að á Kjarvalsstöðum eru e.t.v. tíu fölsuð verk. Þetta er grafalvarlegt mál. Listaverkafölsun eins og ég kom inn á áður er ég lagði fram þessa fyrirspurn, er glæpur. Það er verið að falsa listasöguna, falsa menningarsöguna og það er farið illa með listamenn, jafnvel liðna listamenn sem við höfum tekið miklu ástfóstri við. Það er verið að þvinga upp á listamennina ákveðnum verkum sem þeir hafa ekki málað þannig að þetta er grafalvarlegt mál.

Ég held að það sé mjög brýnt að kom á eignarsögu hverrar myndar þegar um verulega dýr listaverk er að ræða. Við erum með ættartölu hrossa, við erum með ættartölu hunda o.s.frv. en við höfum ekki eignarsögu mynda og þess vegna er mjög erfitt að rekja þessar falsanir sem ég var að benda á.

[15:33]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. um nauðsyn þess að sporna við fölsunum á málverkum og raunar öllum öðrum munum og það ber að leita allra leiða til að koma í veg fyrir slíkt. En eins og ég sagði í svari mínu þá hefur aðeins ein teikning sem talin er eftir Jóhannes Kjarval verið kærð af Ólafi Jónssyni forverði vegna gruns um fölsun. Listasafn Íslands á tæplega 8 þús. verk þannig að safnið telur ekki ástæðu til að ætla að önnur verk sem safnið hefur keypt séu fölsuð. Þetta er nauðsynlegt að árétta í tilefni af ummælum hv. þm.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 15:34.

---

# 85. FUNDUR

miðvikudaginn 11. mars,
að loknum 84. fundi.

**Dagskrá:**

1. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166, nál. 829. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Gjaldþrotaskipti, stjfrv., 389. mál, þskj. 917. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 466. mál, þskj. 799. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Atvinnusjóður kvenna, þáltill., 72. mál, þskj. 72, nál. 897, brtt. 909. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Rannsókn á refsingum við afbrotum, þáltill., 484. mál, þskj. 820. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 521. mál, þskj. 892. — 1. umr.

7. Almenn hegingarlög, stjfrv., 522. mál, þskj. 893. — 1. umr.

8. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892.

[15:35]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á IX. kafla laganna um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga.

Frv. er samið á vegum refsiréttarnefndar en ég fól nefndinni það verkefni í kjölfar þess að umboðsmaður barna beindi til mín erindi í september 1997 þar sem þess er m.a. farið á leit að fyrningarreglur hegningarlaga verði endurskoðaðar með tilliti til kynferðisbrota gegn börnum. Einnig var almenn endurskoðun á fyrningarreglum laganna orðin tímabær vegna nýrra réttarfarslaga.

Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. hegningarlaga gildir sú regla um fyrningu sakar að fyrningarfrestur telst frá þeim degi er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.

Í a-lið 2. gr. frv. er lagt til að gerð verði sú undantekning frá þessari reglu að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum samkvæmt 194.–202. gr. laganna teljist þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Með þessu lengist fyrningarfresturinn en mismikið þó eftir aldri brotaþola þegar refsiverðum verknaði lýkur. Frá 14 ára aldri brotaþola fyrnist síðan brotið á fimm, tíu eða 15 árum eftir alvarleika þess.

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er með allra alvarlegustu glæpum og því er mjög mikilvægt að samfélagið reyni að taka fast og skynsamlega á þeim málum. Í því sambandi varðar miklu að fyrningarreglur laganna taki mið af séreðli þessara brota. Samkvæmt gildandi reglum er hætt við að fyrningarfrestur sé liðinn þegar börn hafa náð þeim þroska sem þarf til að gera sér grein fyrir því að þau hafi verið þolendur kynferðislegs ofbeldis. Einnig verður að gæta þess að gjarnan standa börn í sérstökum tengslum við geranda og því kann þeim á unga aldri að reynast erfitt eða ómögulegt að kæra slík brot.

Á hinn bóginn verður einnig að hafa hliðsjón af þeim lagarökum sem búa að baki fyrningarreglum hegningarlaga og almennt eru viðurkennd í refsirétti. Þau lög lúta að þeim hagsmunum sakbornings að löngu síðar sé ekki unnt að saka hann um brot, en þá er jafnan hætt við að torvelt verði að rannsaka mál og afla sönnunargagna.

Við mótun umræddrar tillögu sem lögð er til með frv. hafði refsiréttarnefnd hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem ég hef hér rakið. Var það mat nefndarinnar að hæfilegt væri að miða upphaf fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum við 14 ára aldur brotaþola. Frá þeim aldri og innan fyrningarfrestsins sem getur varað allt til þess að brotaþoli nær 29 ára aldri megi almennt gera ráð fyrir að hann hafi náð þeim þroska sem þarf til að gera sér grein fyrir broti og haft möguleika á að kæra það. Ég tel að þessi tillaga refsiréttarnefndar taki tillit til gagnstæðra sjónarmiða og því er hún lögð til með frv. þessu. Ég vil hins vegar taka fram að hér er um vandasamt og flókið álitamál að ræða.

Samkvæmt 4. mgr. 82. gr. hegningarlaga rofnar fyrningarfrestur þegar rannsókn hefst gegn manni sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra. Með gildandi lögum um meðferð opinberra mála frá árinu 1991 voru eiginlegar dómsrannsóknir lagðar niður og því er lagt til í c-lið 2. gr. frv. að þessu ákvæði verði breytt til samræmis við það. Einnig er lagt til að rof fyrningarfrests miðist við það tímamark þegar tiltekinn maður er við rannsókn opinbers máls sannanlega hafður fyrir sökum vegna refsiverðs brots þannig að rannsóknin beinist að þeim manni sem sakborningi í skilningi laga um meðferð opinberra mála. Þessi tillaga, eins og henni er nánar lýst í athugasemdum í greinargerð eða athugasemdum með frv., ætti að koma í veg fyrir réttaróvissu um hvenær fyrningarfrestur telst rofinn vegna rannsóknar máls.

Í d-lið 2. gr. frv. er síðan lagt til að ákvæði 5. mgr. 82. gr. hegningarlaga um að rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef henni er hætt eða mál ekki höfðað, verði í samræmi við gildandi lög um meðferð opinberra mála.

Þá er í 3. gr. frv. lagt til að breytingar á reglum um brottfall fésektar þannig að fjárhæð sektar sem fyrnist á fimm árum verði hækkuð úr 20 þús. kr. í 60 þús. kr. til samræmis við verðlagsþróun. Einnig er lagt til að tvö ár bætist við fyrningarfrestinn ef sekt hefur verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti. Með því ætti að gefast nægilegt svigrúm til að ljúka fullnustuaðgerðum til heimtu sektar áður en sektin og tryggingin fyrir henni fellur niður.

Herra forseti. Ég hef þá gert í meginatriðum grein fyrir efnisatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[15:40]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stjfrv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem ég mun fá tækifæri til að fylgja eftir og yfirfara í hv. allshn. Ég fagna þessu frv. sem tengist fyrningarreglum vegna kynferðisafbrota gegn börnum en vil nota tækifærið hér og spyrja hæstv. ráðherra út í eitt atriði frv.

Ein meginbreytingin sem hér er lögð til er að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. hegningarlaganna teljist ekki fyrr en frá þeim degi að brotaþoli nær 14 ára aldri, þ.e. að ef um kynferðisbrot er að ræða gagnvart barni er að ræða. Þetta ákvæði er efnislega mjög svipað og ákvæði í frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram ásamt okkur fleiri þingkonum stjórnarandstöðunnar. Það er 451. mál sem er á þskj. 778. Við lögðum það mál einmitt fram samkvæmt ábendingum umboðsmanns barna þar sem við töldum þetta mál ekki getað þolað neina bið.

Meginmunurinn hins vegar á frv. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. og frv. dómsmrh. er að hér er miðað við að fyrningin hefjist þegar barnið hefur náð 14 ára aldri en í frv. Jóhönnu og okkar þingkvenna er miðað við 18 ára aldur, eða sjálfræðisaldur. Ég tel að rök okkar og hæstv. dómsmrh. séu alveg sambærileg, þ.e. að ekki sé rétt að þessi brot fyrnist fyrr en viðkomandi hefur náð nægilegum aldri til að geta metið það að þarna hafi verið brotið á honum og að um refsivert athæfi sé að ræða. Mig langar fyrst og fremst á þessu stigi að spyrja hæstv. dómsmrh. um rök fyrir því að miða við 14 ára aldur frekar en t.d. 16 ár eða 18 ár, sjálfræðisaldur, eins og gert er í frv. sem ég hef nefnt áður. Þau rök koma alls ekki fram í greinargerð frv. og því vil ég spyrja hvers vegna miðað sé við 14 ára aldur.

Við fyrsta yfirlestur má ætla að ekki sé um mikla efnisbreytingu að ræða frá þessu frv. og frv. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. þar sem einnig er lagt til að 81. gr. hegningarlaganna verði breytt í stjfrv. þar sem miðað verði við að ef um brot er að ræða þar sem hámarksrefsing er tíu ár eða meira, þá hækki fyrningarfrestur upp í 15 ár, en hingað til hefur þurft að hafa hámarksrefsingu 16 ár til þess að fyrningarfresturinn verði 15 ár. En þessi munur frá 14 árum og upp í 18 ár skiptir máli vegna þess að hámarksrefsing samkvæmt þessum greinum hegningarlaganna, 194.–202. gr., er í öllum tilvikum minni en tíu ár. Það er eingöngu heimilt samkvæmt 202. gr. að hafa hámarksrefsingu 12 ár. Þess vegna er ekki rétt að segja að þessi brot fyrnist ekki fyrr en viðkomandi barn er 29 ára því að í raun munu þau fyrnast þegar viðkomandi er 24 ára þar sem þau öll varða hámarksrefsingu minni en tíu ár. Hérna er því um það að ræða að samkvæmt frv. dómsmrh. munu þessi brot fyrnast þegar viðkomandi er 24 ára og ég tel það vera of ungt. Samkvæmt frv. Jóhönnu Sigurðardóttur sem liggur hér fyrir er miðað við fjórum árum síðar. Ég tel það muna töluverðu og þess vegna vil ég spyrja: Hvers vegna er hér miðað við 14 ár en ekki 18?

[15:45]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsöguræðunni þá takast hér á gagnstæð sjónarmið. Annars vegar eru það hin almennu sjónarmið fyrningarreglnanna um að eftir tiltekið árabil skuli sakamaður vera laus, m.a. með tilliti til persónulegra hagsmuna og eins með tilliti til þeirra opinberu hagsmuna að því erfiðara er að færa sönnur á verknað eftir því sem lengra líður frá. Hins vegar þeir ríku hagsmunir sem hér er verið að fjalla um, þ.e. að það verði að lengja fyrningarfrestinn vegna sérstöðu þessara brota, kynferðisafbrota gagnvart börnum. Í tillögugerð sinni er nefndin að reyna að vega þessi gagnstæðu sjónarmið refsiréttarins og fer hér svona í þessu efni. Þetta er mat nefndarinnar. Eins og ég tók mjög skýrlega fram þá geta verið sjónarmið á báða bóga í þessum efnum sem má færa fyrir góð og gild rök. En nefndin taldi hæfilegt að setja markið þarna. Þannig mætti koma vel til móts við þessa þörf sem ég hygg að við séum sammála um að er mjög knýjandi og brýnt er að gera þær breytingar á hegningarlögunum sem að þessu lúta.

[15:47]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki sé mikill skoðanamunur á viðhorfum mínum og hæstv. dómsmrh. En ráðherrann sagði að þarna mundi hámarkið verða við 29 ára á aldur brotaþola. Það er ekki rétt. Það er eingöngu í 202. gr. sem leyfilegt er að hafa hámarksrefsingu allt að 12 árum þannig að ég spái því að í 99% tilvika verði refsingin tíu ár eða minni þannig að hámarksfyrningarfrestur verði eingöngu 24 ár. Ég vil bara benda ráðherranum á að þarna var að öllum líkindum villa í ræðu hans.

Mér finnst heldur ekki hafa komið nægileg rök fyrir því hvers vegna miðað sé við 14 ára aldur. Það er spurning hvenær viðkomandi gerir sér fyllilega grein fyrir því sem um er að ræða. Vissulega má segja að við 14 ára aldur sé viðkomandi orðinn nógu þroskaður til að gera sér grein fyrir þessum málum en mér finnst eðlilegra að miða við sjálfræðisaldur og ég hef ekki fengið nægilega góð rök fyrir öðru.

[15:48]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom alveg skýrlega fram í minni ræðu að aldur þeirra sem í hlut eiga verður misjafnlega hár eftir alvarleika brotanna þannig að þar var ekki um neinar villandi upplýsingar að ræða. Þetta mat byggir á yfirvegun. Það eru ekki til neinar vísindalegar aðferðir til þess að finna niðurstöðu sem þessa. Það má alveg eins spyrja: Hvers vegna að miða við 18 ára aldur? Það er ekki hægt að nota vísindalegar aðferðir til þess að segja að sá aldur sé heppilegri viðmiðun en 14 ára aldur. Þar með er ég ekki að segja að ekki geti verið rök fyrir því. Ég er ekki að hafna því. Í báðum tilvikum byggist niðurstaðan á mati á aðstæðum og mati á þessum gagnstæðu viðhorfum sem þarna hljóta alltaf að togast á í refsiréttinum, samkvæmt eðli máls. Við þurfum að finna meðalhóf með hliðsjón af aðstæðum. En um þetta mun hv. allshn. auðvitað fjalla og fara nánar yfir.

[15:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel mjög mikilvægt að nefndin fari mjög gaumgæfilega ofan í þessu mál. Ef ég man rétt lagði umboðsmaður barna til að þessi mál fyrntust ekki, eða til vara að fyrningarfrestur væri 25 ár. Það er því um mjög mikinn mun að ræða á hennar tillögum og stjfrv. Frv. sem fyrir liggur frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og okkur þingkonum stjórnarandstöðunnar er einhvers staðar þarna á milli, a.m.k. munar þarna nokkrum árum þannig að ég tel að mjög mikilvægt sé að hækka þetta eitthvað frá því sem stjfrv. gerir ráð fyrir.

[15:50]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að munur er á þeim hugmyndum sem fram komu frá umboðsmanni barna og þeim tillögum sem eru í þessu frv. Tillögurnar í þessu frv. eru miðaðar við tillögur frá refsiréttarnefnd. Þar eru komnir saman ýmsir af fremstu sérfræðingum okkar á þessu sviði sem hafa yfirfarið þær hugmyndir og tillögur sem settar hafa verið fram. Niðurstaða þeirra var þessi og ég kaus að nota tillögur þeirra sérfræðinga í þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 1. umr.*

Stjfrv., 522. mál (afnám varðhaldsrefsingar). — Þskj. 893.

[15:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og um breytingar á öðrum lögum.

Með frv. þessu er lagt til að varðhaldsrefsing verði afnumin og ýmsar lagfæringar gerðar á lagaákvæðum um refsingar. Tekur frv. bæði til almennra hegningarlaga og refsiákvæða í öðrum lögum. Frv. þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar en í skipunarbréfi til nefndarinnar fól ég henni m.a. að endurskoða V. kafla hegningarlaga með tilliti til afnáms varðhaldsrefsingar.

Samkvæmt 32. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, er refsivist nú tvenns konar, fangelsi og varðhald. Þetta fyrirkomulag refsinga var upphaflega reist á þeim röksemdum að tvær tegundir refsivistar væru nauðsynlegar. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frv. til hegningarlaga sagði að gert væri ráð fyrir að til fangelsisvistar yrði dæmt fyrir meiri háttar afbrot og að þeirri refsivist sættu einnig þeir menn sem óheppilegt þótti að umgengjust varðhaldsfanga, t.d. þeir sem hefðu áður setið í fangelsi, þótt síðar framið brot hefði verið smávægilegt. Í varðhald átti hins vegar að dæma fyrir smáfelld brot, en þó með fyrrgreindri undantekningu varðandi þá sem ekki þóttu samboðnir varðhaldsföngum. Þetta var nánar skýrt í athugasemdum greinargerðar við 32. gr. laganna, en þar sagði að aðgreining fanga væri óhjákvæmileg, þannig að þeir menn, sem framið hefðu smávægileg brot eða væru í refsivist til að afplána sektir, væru ekki látnir taka út refsingu í félagsskap með stórglæpamönnum þjóðfélagsins. Samkvæmt þessu voru því þeir sem gerðust sekir um afbrot er varðaði refsivist flokkaðir í annars vegar eiginlega afbrotamenn og hins vegar aðra sem fremur þótti hafa orðið á yfirsjón, sem leiddi til mildari og styttri frjálsræðissviptingar í formi varðhalds, en sú tegund refsingar var talin eins konar heiðvirðra manna gæsla.

Fram til ársins 1988 gerðu hegningarlög ráð fyrir nokkrum mun á inntaki varðhalds og fangelsis. Þannig þurftu varðhaldsfangar ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi

og var þeim heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum að svo miklu leyti sem það færi ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu. Einnig var sú regla gildandi að varðhaldsfanga átti ekki að hafa með þeim sem dæmdir höfðu verið í fangelsi.

Við setningu hegningarlaga voru aðstæður hér á landi þær að ekki var unnt að fullnusta refsivist í samræmi við þær mismunandi reglur sem giltu um fangelsi og varðhald. Því var beinlínis gert ráð fyrir því í 271. gr. laganna að þessar reglur kæmu til framkvæmda meðan ekki væri til sérstök varðhaldsstofnun. Slík stofnun var ekki reist og því kom aldrei til þess í raun að refsivist væri fullnustuð í samræmi við afdráttarlaus fyrirmæli laga um mismunandi inntak varðhalds og fangelsis. Einnig breyttist meðferð á föngum í fangelsisvist smám saman í það horf sem gilti um varðhaldsfanga lögum samkvæmt. Með gildandi lögum um fangelsi og fangavist var síðan lögfest sama réttarstaða fyrir varðhaldsfanga og þá sem afplána fangelsisrefsingu.

Það sem upphaflega lá til grundvallar tvenns konar refsivist fær ekki staðist þegar litið er til seinni tíma laga og sjónarmiða innan refsiréttar og afbrotafræði. Kemur tæplega til álita að greina afbrot og afbrotamenn í tvennt eftir eðli þeirra og afbrotum, þannig að mismunandi tegund refsivistar eigi við eftir atvikum í hverju tilviki. Virðist sá eðlismunur á afbrotamönnum og högum þeirra ekki styðjast við haldbær rök svo að unnt sé að réttlæta að þeir verði flokkaðir í annars vegar eiginlega afbrotamenn og hins vegar þá sem ekki er jafnalvarlega komið fyrir. Slík greining getur verið tilviljunum háð hverju sinni þannig að hún leiði til mismununar og óréttlætis í viðbrögðum samfélagsins við refsiverðri háttsemi.

Með hliðsjón af því sem ég hef nú rakið er lagt til að varðhald verði afnumið sem viðurlög við refsiverðri háttsemi. Það verður að telja eðlilega afleiðingu þess að lög gera ekki lengur ráð fyrir mismunandi inntaki varðhalds og fangelsis við fullnustu refsingar og á þetta enn fremur við þar sem áskilnaður eldri laga í þeim efnum kom aldrei til framkvæmda. Verði frv. að lögum verða því í raun engar breytingar á því hvernig fullnusta refsidóma fer fram að gildandi lögum.

Með frv. er einnig lagt til að breytt verði ákvæðum laga sem leggja fangelsisrefsingu við broti án þess að takmarka tímalengd fangelsis. Samkvæmt slíkum ákvæðum getur refsing þyngst orðið fangelsi í 16 ár samkvæmt 34. gr. hegningarlaga. Viðhlítandi rök skortir fyrir því að brot á sérrefsilögum geti varðað sömu eða þyngri refsingu en alvarlegustu afbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Því er lagt til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að tímalengd fangelsis verði tilgreind. Í flestum tilvikum er lagt til að brot á viðkomandi lögum geti varðað tveggja ára fangelsi.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginatriðum frv. og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lögreglulög, 1. umr.*

Stjfrv., 520. mál (eftirlit með meðferð áfengis). — Þskj. 891.

[15:57]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögreglulögum.

Frv. þetta er samið í dómsmrn. í framhaldi af starfi nefndar sem skipuð var aðstoðarmönnum fjögurra ráðherra. Nefnd þessi vann að heildstæðri endurskoðun á reglum varðandi áfengi og tóbak hér á landi. Frv. er lagt fram samhliða frv. til áfengislaga.

Í frv. er gert ráð fyrir að við það hlutverk sem ríkislögreglustjóri hefur nú með höndum bætist starfræksla áfengiseftirlitsdeildar. Lagt er til að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulag áfengiseftirlits á landsvísu, gefi fyrirmæli til lögregluembætta og setji þeim starfsreglur á þessu sviði, auk þess að skipuleggja sérstök átaksverkefni í samræmi við einstök lögregluembætti og eftir atvikum skatta- og tollayfirvöld. Þá er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri muni halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Eðlilegt verður að teljast að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með þessu eftirliti en lögreglustjórar hver í sínu umdæmi fari með daglegt eftirlit. Þá er þetta í samræmi við það hlutverk sem ríkislögreglustjóra er ætlað í frv. til áfengislaga en þar er honum falið að veita leyfi til innflutnings, heildsölu og framleiðslu áfengis. Frv. þetta stuðlar að virkara og öflugra eftirliti með meðferð áfengis.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:03]

**Útbýting þingskjals:**

Kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará, 548. mál, fsp. JóhS, þskj. 933.

## *Örnefnastofnun Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166, nál. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BirnS, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, VS, ÞorstP.

1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.

31 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Ákvæði til brb. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, SJS, VS, ÞorstP.
4 þm. (BirnS, GGuðbj, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
31 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

***Gjaldþrotaskipti, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 389. mál (tilkynningar skiptastjóra). — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BirnS, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, VS, ÞorstP.
29 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

***Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 466. mál (samningsviðauki nr. 11). — Þskj. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BirnS, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SvanJ, VS, ÞorstP.
31 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

***Atvinnusjóður kvenna, frh. síðari umr.***

Þáltill. DH og ArnbS, 72. mál. — Þskj. 72, nál. 897, brtt. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Brtt. 909 felld með 24:9 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, BirnS, GE, GÁS, GGuðbj, KHG, LB, SJóh, SvanJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, VS, ÞorstP.
30 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 897 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BirnS, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
29 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, MF, ÓE, ÓÖH, RA, RG, SighB, SP, StB, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 939).

***Rannsókn á refsingum við afbrotum, frh. síðari umr.***

Þáltill. allshn., 484. mál. — Þskj. 820.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BirnS, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, FrS, GÁ, HÁs, HBl, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SP, StB, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 940).

***Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 522. mál (afnám varðhaldrefsingar). — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Lögreglulög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 520. mál (eftirlit með meðferð áfengis). — Þskj. 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

## 86. FUNDUR

fimmtudaginn 12. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166. — 3. umr.
2. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, stjfrv., 287. mál, þskj. 358, nál. 898. — 2. umr.
3. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51, nál. 859. — Síðari umr.
4. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 544. mál, þskj. 929. — 1. umr.
5. Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frv., 407. mál, þskj. 728. — Frh. 1. umr.
6. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 342. mál, þskj. 431. — 1. umr.
7. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 435. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.
8. Málefni aldraðra, frv., 353. mál, þskj. 507. — 1. umr.
9. Félagsleg aðstoð, frv., 352. mál, þskj. 496. — 1. umr.
10. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 452. mál, þskj. 781. — Fyrri umr.
11. Ábyrgðarmenn, frv., 310. mál, þskj. 390. — 1. umr.
12. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frv., 392. mál, þskj. 710. — 1. umr.
13. Einkahlutafélög, frv., 421. mál, þskj. 743. — 1. umr.
14. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 438. mál, þskj. 764. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[10:33]

**Útbýting þingskjala:**

Bindandi álit í skattamálum, 552. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 941.

Tekjuskattur og eignarskattur, 553. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 942.

***Örnefnastofnun Íslands, 3. umr.***

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, 2. umr.***

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 358, nál. 898.

[10:33]

**Frsm. félmn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar á þskj. 898. Þetta nál. er frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjörleif B. Kvaran borgarlögmann og Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg verði sameinuð. Sveitarfélög þessi eru hvort í sínu kjördæminu og skv. 110. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, verður sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma ekki ákveðin nema með lögum.

Eins og menn rekur minni til fór fram allítarleg umræða um þetta mál við 1. umr. málsins og komu þar fram ákaflega mörg athyglisverð sjónarmið. Þetta var efnisleg umræða þar sem tekið var á þessu athyglisverða álitamáli. Nefndin hefur kynnt sér málið mjög rækilega og kallað eftir ítarlegum gögnum eins og kemur fram í nefndarálitinu.

Nefndin fékk til skoðunar sérfræðiálit frá embætti ríkislögmanns og Þorgeiri Örlygssyni prófessor. Niðurstaða þeirra var sú að alþingiskjördæmi séu sjálfstætt mörkuð í 31. gr. stjórnarskrárinnar óháð annarri umdæmisskiptingu landsins. Af því leiðir að þeim mörkum verði ekki breytt með almennum lögum, heldur einungis með breytingu á stjórnarskránni sjálfri. Því sé eðlilegt að í frumvarpi þessu séu tekin

af tvímæli um að sameining þessara tveggja sveitarfélaga hafi ekki áhrif á gildandi kjördæmaskipan.

Nefndin lítur svo á að frumvarpið geri ráð fyrir að félagsmálaráðuneytinu verði veitt heimild til að staðfesta samþykktir sveitarstjórnanna tveggja um sameininguna, þar á meðal um gildistöku sameiningarinnar, sbr. 2. mgr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Nefndin vekur athygli á því að gildistökuákvæði frumvarpsins vísar til þess að þá fyrst er lögin taka gildi hefur ráðuneytið heimild til að staðfesta samþykktir sveitarfélaganna um sameininguna.

Í 3. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélags borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð. Í skýringum með lögunum kemur fram að með orðhlutanum borg- sé lögð áhersla á sérstöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar og langstærsta sveitarfélags landsins. Sveitarfélagið heitir eftir sem áður Reykjavík eins og fram kemur í fyrrgreindum lögum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Reykjavíkurborg" komi: Reykjavík.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

Undir þetta rita auk frsm., hv. formaður félmn., Kristín Ástgeirsdóttir, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson.

[10:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þegar kosningar fóru fram um sameiningu Reykjavíkurborgar og Kjalarneshrepps gengu forráðamenn þessarar sameiningar og þeir sem töluðu fyrir henni út frá því að byggðarlögin yrðu eftir breytinguna í sama kjördæmi. Það var talað þannig. Meðal annars af þeim ástæðum vorum við þingmenn Reykvíkinga kallaðir til á fundi sem haldnir voru á Kjalarnesi í tengslum við samninginn. Þetta segi ég ekki til þess að rengja niðurstöðu nefndarinnar. Ég held að það þýði ekki neitt. Það er alveg ljóst að menn hafa legið yfir þessu og ég met mikils þá lögmenn sem þarna er stuðst við.

Ég hef reyndar verið lengi þeirrar skoðunar að það yrði ekkert hlaupið yfir stjórnarskrána í lögum af þessu tagi. Ég hef alltaf haft vissar efasemdir um að þær forsendur sem menn gáfu sér við sameininguna væru að því er þetta varðaði réttar.

Hins vegar segir þetta það sem er ástæðan til þess að ég kem upp að eftir þetta eru bersýnilega engin vandkvæði á því að sama sveitarfélagið sé í tveimur eða fleiri kjördæmum. Þetta nefni ég vegna þess að það er til umræðu sums staðar að sameina sveitarfélög yfir kjördæmamörk. Mér er ofarlega í huga og vafalaust einnig hv. frsm. Reykhólasveit og Dalabyggð sem nú er verið að ræða um og Saurbæjarhreppur í Dalasýslu.

Það hefur einnig komið til tals að Flatey sem er hluti Reykhólahrepps eins og nú er muni verða flutt undir Stykkishólm eða flytji sig undir Stykkishólm að eigin vali. Hvort sem það verður eða ekki þá er alveg ljóst að við erum komin í dálitlar ógöngur að ég held með umdæmamarkamálin. Ég held að það sé skynsamlegt að að jafnaði fylgi sveitarfélög kjördæmum þannig að menn kljúfi ekki sveitarfélög í fleiri en eitt kjördæmi. Hins vegar ef það verður ofan á að þetta gerist svona hér og jafnvel fyrir vestan líka þá eru menn komnir þarna á nýjar slóðir og ég vek bara á þessu athygli vegna þess að þetta getur auðvitað haft áhrif á þá umræðu sem nú stendur yfir varðandi hugsanlegar breytingar á kjördæmaskipaninni í landinu. Ég vildi koma því á framfæri, herra forseti.

[10:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir þessa niðurstöðu og afgreiðslu málsins. Ég er henni ákaflega sammála. Ég sé ekki að við séum komnir í neinar ógöngur. Ég lít svo á að hér sé um það að ræða að það að hafa sveitarfélagið í tveimur kjördæmum sé bráðabirgðafyrirkomulag. Ég tel alveg víst að þegar stjórnarskrá verður breytt næst, sem stendur til að gera, verði þetta gert að einu sveitarfélagi.

Þetta opnar líka leið eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði til þess að sameina sveitarfélög yfir kjördæmamörk. Ef Reykhólahreppur kýs að sameinast Dalabyggð og Dalabyggð er því samþykk eða þá t.d. Bæjarhreppur í Strandasýslu sem var um tíma í viðræðum við sveitarfélögin í Vestur-Húnavatnssýslu um sameiningu. Ég tel að þetta greiði fyrir. Við förum náttúrlega ekki að vaða yfir stjórnarskrána og verðum að haga okkur eftir henni en síðan er hægt að laga stjórnarskrána eða kjördæmamörkin í stjórnarskránni þegar breytingar á henni eru til meðferðar á þingi. Ég sé því ekki að þetta skapi nein sérstök vandamál.

Ég ítreka að ég er mjög ánægður með niðurstöðu hv. félmn.

[10:42]

**Frsm. félmn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að við erum komin á vissan hátt inn í dálítið nýjan veruleika í þessu máli vegna þess að sveitarfélag er að sameinast yfir kjördæmamörk.

Mér er mjög vel kunnugt um að mjög mörg sveitarfélög eða sveitarstjórnarmenn hafa verið að velta þessu máli mikið fyrir sér. Þessi mál hafa verið m.a. rædd í sveitarfélögum í kjördæmi mínu þar sem ég þekki býsna vel til. Hér var nefndur áðan Bæjarhreppur sem stóð í viðræðum við sveitarfélög í Vestur-Húnavatnssýlu sem hafa öll sameinast um það að taka þátt í sameiningarkollsteypunni.

Hins vegar kom mjög vel fram í máli bæði íbúa Bæjarhrepps sem ég hitti að máli og fulltrúa sveitarstjórnarinnar þar að þeim var það á þeim tíma mjög mikið í mun að þurfa ekki að færa sig til milli kjördæmamarka. Það er ekki bara vegna álits þeirra á þeim hv. þm. sem starfa í Vestfjarðakjördæmi vegna þess að það hafa auðvitað byggst upp alls konar önnur tengsl. Þetta er hluti af Strandasýslu og þar fram eftir götunum.

Nákvæmlega það sama hef ég orðið var við núna upp á síðkastið í sameiningarviðræðum sem eru að fara af stað milli Dalabyggðar, Saurbæjarhrepps og Reykhólasveitar, að þessi mál hafa komið mjög mikið upp og sveitarstjórnarmenn og forustumenn í sveitarfélaginu Reykhólahreppi hafa verið í sambandi við mig til þess að geta fylgst nákvæmlega með því hver yrði niðurstaða félmn. og þá væntanlega Alþingis varðandi þessa sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar. Ég gæti því vel ímyndað mér að niðurstaða af þessu tagi sem við erum svona um það bil að fara að innsigla á Alþingi muni verða til þess að menn fari að hugsa dálítið upp á nýtt sameiningarviðræður ýmissa sveitarfélaga. Það hefur staðið í ýmsum að velta fyrir sér sameiningu sveitarfélaga yfir kjördæmamörk vegna þess að menn hafa talið að á því

væru alls konar annmarkar en álit af þessu taginu breytir því á vissan hátt.

Hins vegar er rétt að láta það koma fram að það kom fram í máli borgarlögmanns í viðræðum við félmn. að þess mundi verða farið á leit við ríkisstjórnina að fyrir næstu þingkosningar yrði flutt frv. til stjórnskipunarlaga um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps í eitt kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi. En þessi mál eru eins og við vitum í mikilli deiglu og verið að ræða þau á allt öðrum vettvangi í sérstakri nefnd sem er að skoða skipan kjördæmanna í landinu og þetta getur allt breyst áður en varir án þess að ég ætli að taka upp sérstaka efnislega umræðu um það.

Það leiðir hugann að því að við getum líka farið að sjá aðra hlið á málinu og það er að sú staða gæti komið upp að eitt sveitarfélag væri í fleiri en einu kjördæmi. Menn hafa m.a. verið að ræða um slíkar hugmyndir á höfuðborgarsvæðinu þó ég sé ekki að slá því neitt föstu að það verði niðurstaðan.

Það er eitt af því sem menn hafa rætt. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi eitthvað slíkt á ágætum fundi sem við sátum saman á í Grafarvogi fyrir nokkrum dögum. Þetta er eitt af því sem menn ræða. Staðan gæti verið sú að sveitarfélög, í fyrsta lagi sameinuðust yfir kjördæmamörk og væru þar með í tveimur kjördæmum. Þetta er kannski eitthvað sem við þurfum að venja okkur við og átta okkur á. Þetta er ekki talið óeðlilegt úti í heimi, til að mynda í Bretlandi, í einmenningskjördæmunum þar sem kjördæmamörkin eru sífellt færð til að endurspegla íbúaþróunina. Þar eru sveitarfélög ýmist inni í ákveðnu kjördæmi eða ekki. Þetta er hugsun sem við erum svolítið óvön og við höfum talið heppilegt að byggja upp góð tengsl milli kjördæmanna og sveitarstjórnarstigsins og þetta er þáttur sem við munum auðvitað bregðast við.

En að öðru leyti vil ég segja það að nefndin skoðaði þetta mál talsvert. Hún kallaði ekki aðeins eftir áliti sérfræðinga og ræddi við þá, heldur var málið mikið rætt í nefndinni. Ég tel að þetta sé mjög áhugavert viðfangsefni að velta fyrir sér. Ég held að meira eigi eftir að ræða málið hér á þessari löggjafarsamkomu. Það var gert mjög ítarlega við 1. umr. málsins þar sem menn skiptust á skoðunum um þessi efni. Og ég held að þetta sé umræða sem sé vel þess virði að dvelja dálítið við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, síðari umr.*

Þáltill. HG, 51. mál. — Þskj. 51, nál. 859.

[10:47]

**Frsm. landbn. (Magnús Stefánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. á þskj. 859 um till. til þál. um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

Í stuttu máli hefur nefndin fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Dýrmundsson, landnýtingarráðunaut Bændasamtaka Íslands, og Svein Runólfsson landgræðslustjóra, Andrés Arnalds og Björn Barkarson frá Landgræðslu ríkisins. Umsögn barst um málið frá Landgræðslu ríkisins og um samhljóða tillögu á 121. löggjafarþingi bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Landssambandi hestamannafélaga, Bændasamtökum Íslands og umhverfisnefnd Alþingis.

Í tillögugreininni er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, móti tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Þá segir í tillögugreininni að tillögurnar skuli kynntar Alþingi á haustþingi 1998.

Á fundum nefndarinnar var staðfest að mikil fjölgun hrossa á síðustu áratugum hefði á ýmsum stöðum leitt til ofbeitar og skemmda á landi og með frekari fjölgun stefndi í óefni. Nefndin telur að nauðsynlegt sé að bregðast við þessu og móta tillögur til úrbóta. Þá telur nefndin rétt að tillögur landbúnaðarráðherra liggi fyrir á haustþingi 1998. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „Tillögurnar verði kynntar Alþingi á haustþingi 1998“ í síðari málslið tillögugreinar komi: Tillögurnar liggi fyrir á haustþingi 1998.

Undir þetta nefndarálit skrifa allir nefndarmenn landbn., hv. þm. Guðni Ágústsson, Egill Jónsson, Magnús Stefánsson, Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Jónsson, Árni M. Mathiesen, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.*

Stjfrv., 544. mál. — Þskj. 929.

[10:49]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Í frv. eru ekki lagðar til veigamiklar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Um er að ræða nauðsynlegar forms- og efnisbreytingar sem gerðar eru af tæknilegum ástæðum fyrst og fremst. Í frv. er leitast við að samræma hugtakanotkun þeirri hugtakanotkun sem útbreidd er og tíðkast víða um heim, m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu. Í frv. er því að finna mun fleiri skilgreiningar á hugtökum en í gildandi lögum og er hugtakanotkun í ákvæðum frv. í samræmi við þær.

Reglur Evrópusambandsins fela í sér ítarlegar kröfur til okkar Íslendinga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Því er nauðsynlegt að reglur þær sem settar eru til að framfylgja þessum kröfum byggi á traustum lagagrunni og sá lagagrunnur geri stjórnvöldum kleift að framfylgja þeim samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert við Evrópusambandið.

Þá er í frv. gert ráð fyrir lítils háttar efnisbreytingum frá gildandi lögum sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að samræma íslenska löggjöf evrópskum reglum. Í þessu sambandi má nefna að við höfum gert óþarflega strangar kröfur til uppboðs- og heildsölumarkaða sem ekki vinna sjávarafla. Samkvæmt reglum Evrópubandalagsins nægir að hafa starfsleyfi. Það gerir ekki sömu kröfur og vinnsluleyfi sem þeim er skylt að hafa samkvæmt núgildandi lögum. Í frv. er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum um notkun á neysluvatni úr hreinum sjó til þvotta, þrifa og ísframleiðslu. Hér er um tæknilegt atriði að ræða sem gert er ráð fyrir að útfært verði nánar í reglugerð.

Ólíkt gildandi lögum nær gildissvið frv. ekki til eftirlits með slátrun eldisfisks. Þessi breyting er eðlileg þar sem slíkt

eftirlit er á valdsviði yfirdýralæknis og heyrir af þeim sökum undir landbrn. en ekki sjútvrn. Á sama hátt er eðlilegt að upprunareglur, sem nú er að finna í 6. gr. laga 93/1992, verði felldar niður þar sem eftirlit með þeim er ekki á valdsviði sjútvrn.

Í 16. gr. frv. er að finna atriði um skoðunarstofur er skulu skv. 14. gr. gildandi laga fylgjast með hreinlæti, búnaði og innra eftirlit fyrirtækja og skipa, starfa faglega og samræma störf sín. Í frv. er því lagt til að skoðunarstofur þurfi faggildingu og þær séu hlutlaus þriðji aðili. Hlutleysisreglan er til þess fallin að treysta trúverðugleika skoðunarstofanna.

Í þessu frv. eru ekki sérstök ákvæði um málskotsnefnd, eins og í 29. og 30. gr. gildandi laga. Frá því að lögin tóku gildi 1992 hefur raunar aldrei komið til þess að þessi nefnd væri skipuð. Málskotsnefndin var hugsuð sem óháður úrskurðaraðili og ætlað að auka réttaröryggi, skilvirkni og öruggari málsmeðferð framkvæmdarvaldsins, þ.e. Fiskistofu. Frá því að lög 92/1993 tóku gildi hafa verið sett stjórnsýslulög sem ætlað er að tryggja örugga og skilvirka málsmeðferð innan stjórnsýslunnar. Því þykir ekki ástæða til að setja á fót sérstaka málskotsnefnd. Af þeim sökum er horfið frá því í þessu frv.

Varðandi uppbyggingu þessa frv. er rétt að geta þess að lög 93/1992 hafa tekið verulegum breytingum frá því að þau voru lögfest í upphafi. Veigamesta breytingin átti sér stað með lögum 89/1997 sem sett voru í framhaldi af samkomulagi EFTA-ríkjanna og framkvæmdarstjórnar Evrópubandalagsins árið 1996, um að fella inn í EES-samninginn samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Að teknu tilliti til hinna miklu breytinga sem orðið hafa á gildandi lögum og þeirra efnisbreytinga sem lagt er til að gerðar verði með þessu frv. þótti sjútvrn. eðlilegt að samið væru frumvarp til nýrra heildarlaga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Í frv. er gert ráð fyrir því að Fiskistofa geti heimilað öðrum erlendum eftirlitsaðilum en Eftirlitsstofnun EFTA að gera vettvangsskoðanir hjá vinnsluleyfishöfum. Með því væri tryggt að útflutningur sjávarafurða frá Íslandi stöðvist ekki vegna krafna innflutningslands um vettvangsskoðun hjá starfs- eða vinnsluleyfishafa. Hér er sérstaklega verið að gera okkur mögulegt að bjóða eftirlitsaðilum, eins og FTA í Bandaríkjunum, að skoða og kynna sér eftirlitskerfi okkar en það er grundvöllur þess að við getum gert við þá gagnkvæma samninga um viðurkenningu á eftirlitskerfi landanna.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og til meðferðar hjá hv. sjútvn.

[10:54]

**Gísli S. Einarsson:**

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð en ég fagna því að þetta frv. skuli komið fram, 34 greina frumvarp, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Ég lít á þetta sem einn lið í því sem verður að koma hjá okkur Íslendingum, að vinna að því að öll matvara sem við framleiðum verði vottuð. Það á ekkert síður við um sjávarafurðir en aðrar afurðir sem við framleiðum.

Við höfum flutt hér, nokkrir þingmenn, till. til þál. sem lýtur að framleiðslu íslenskra matvæla. Þar er sérstaklega tekið á sjávarútveginum. Þar teljum við að Ísland geti verið forustuland í vottun sjávarafurða. Ég hef trú á því og það væri gaman að heyra viðbrögð hæstv. sjútvrh. við því hvort þetta sé ekki einmitt liður í þessu sem ég veit að alls staðar er verið að huga að um þessar mundir. Kannski er það svo komið að þeir sem stunda fiskveiðar og fiskverkun séu orðnir mjög meðvitaðir um að þetta verði að gerast. Við eigum að gera þetta á þann veg að við Íslendingar höfum frumkvæðið, ekki að bíða eftir tilskipunum frá öðrum. Við erum með viðurkennt fiskveiðistjórnarkerfi og þó að ég finni ýmislegt að þeirri framkvæmd þá ættum við að byggja okkar vottunarkerfi á þeim grunni.

Við höfum nú einu sinni þá sérstöðu að um 82% af gjaldeyristekjum vegna vöruútflutnings koma úr sjávarútveginum. Að mínu viti undirstrikar það mikilvægi þess máls sem hér er til umræðu. Við getum ekki beðið eftir því að aðrar þjóðir setji okkur leikreglur um hvernig fara skuli með sjávarafurðir heldur verðum við að setja upp vottunarkerfi á þeim grunni sem við höfum. Við vitum að neytendur eru farnir að gera meiri kröfur um að fá að vita um uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa. Þeir vilja vita hvaða tegund er um að ræða og þá verður spurt um alla þætti, allt frá veiðum á fiski þar til fiskurinn lendir á diski. Ég held að við eigum að vinna ötullega að vottun íslenskra matvæla og í þessu tilviki tala ég sérstaklega um fiskinn.

Miklar breytingar eiga sér stað í aðferðum við framleiðslu matvæla. Það er vegna neytendanna, neytendur gera auknar kröfur um umhverfisþætti, siðferði í umgengni við dýr, aukin gæði framleiðslu og hollustu fæðu. Mikilvægt er að koma á jafnvægi á milli náttúruverndarsjónarmiða og gæða með tilliti til heilsufars og meðferðar á þeim dýrum sem við veiðum og notum til matar.

Þetta var örlítið innlegg í þessa umræðu. Um leið og ég lýsi yfir ánægju með þetta frv. sem ég tel vera rétt skref hefði ég viljað spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort menn hafi ekki hugað að því að við framleiðum a.m.k. um 3.000 tonn af eldisfiski. Ég held, og það er reyndar nefnt í þessu frv., að við þurfum að setja okkur það mark að fá þær afurðir vottaðar. Það kemur að því, fyrr en menn gera sér grein fyrir, að við förum að ala sjávarfiska í enn meiri mæli en gert hefur verið. Það er því ástæða til að koma inn á þessi mál frekar.

Ég vil aðeins gera annað að umræðuefni sem tengist að sjálfsögðu fiskveiðum. Í þjóðfélaginu hefur oft verið umræða um að greiða fyrir að nýta auðlindirnar, svokallað auðlindagjald, þ.e. að þeir sem nýti auðlindir greiði auðlindagjald. Menn virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að í dag greiða þeir sem eru með útgerðir og þeir sem stunda sjó verulegt gjald sem auðlindagjald. Og það sem ég vil fá viðurkennt er að þau gjöld sem núna eru greidd vegna þeirra skipa og þeirra aðila sem fá aðgang að auðlindinni séu viðurkennd auðlindagjöld. Það má nefna t.d. að í nýrri gjaldskrá sem er nýkomin út í reglugerð þarf að greiða fyrir eftirlit eða flokkun hjá Siglingamálstofnun Íslands fyrir báta sem eru undir 8 metrum. Það eru smátrillur, en borga þarf 10.700 kr. bara fyrir skoðun. Og ef við bætum við þarf hver smábátur að greiða 14 þús. kr. að lágmarki fyrir hvert veiðileyfi. Algengt er að hinir smæstu bátar séu a.m.k. með tvö veiðileyfi og það er fljótt að koma upp í 100 þús. kr. á hvern bát sem greiða þarf vegna aðgangs að auðlindinni. Við erum því með auðlindagjald. Við þurfum bara að átta okkur á því hvernig viljum við hafa þessa hluti.

Þetta tengist kannski ekkert mjög því máli sem við erum að fjalla hér um og þó. Það gerir það að vissu marki. Við erum að ræða um þá möguleika sem menn hafa til að reka sína útgerð og það er alveg óruggt mál að þetta frv. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða er hluti af því máli

því það mun koma til skoðun á skipunum, fiskvinnslunni, umbúðunum og tæknibúnaðinum öllum. Þess vegna fagna ég frv. en vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. sjútvrh. til þess sem lýtur að vottun afurða okkar úr sjónum.

[11:02]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir undir meginefni frv. Þetta frv. kveður ekki beint á um ákvörðun um vottun eins og rætt hefur verið um, grænar merkingar á sjávarafurðum, en það er hins vegar mjög mikilsverður þáttur í því að tryggja hér öruggt eftirlit og örugga meðferð á sjávarafurðum og það ásamt skilvirkri og ábyrgri fiskveiðistjórnun er forsenda fyrir því að við getum á alþjóðavettvangi tekið upp slíkar merkingar eða upplýsingakerfi af því tagi.

Það hefur komið fram áður af minni hálfu að ráðuneytið er með í undirbúningi athugun á því að koma upp eins konar upplýsingaveitu þar sem neytendur og kaupendur á fiski geta gengið að þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Ég er sammála hv. þm. um að þær kröfur verða æ háværari og það er eðlilegt að framleiðendur sjávarafurða mæti þeim óskum neytendanna. Það hljóta að vera þeir sem setja fram slíkar kröfur og framleiðendurnir þurfa að leggja sig fram í því efni og við höfum góðan málstað að verja. Að því leyti er þetta frv. og það eftirlit sem við höfum með framleiðslu sjávarafurða og sú stjórnun sem við höfum á veiðunum forsenda fyrir því að unnt sé að takast á við slík viðfangsefni.

Við höfum verið að þróa eftirlitsiðnaðinn sem svo hefur verið kallaður, en á þessu sviði hefur hann verið einkavæddur. Við höfum lagt niður opinbera eftirlitsstofnun og einkavætt eftirlitsiðnaðinn. Nú er verið að stíga það skref að þau sjálfstæðu einkafyrirtæki sem hafa tekið að sér að framkvæma eftirlitið þurfa að hafa fengið faggildingu. Þetta hefur gerst á einu öðru sviði, þ.e. varðandi bifreiðaskoðun sem heyrir undir dómsmrn. Á báðum þessum sviðum hefur eftirlitsiðnaðurinn verið einkavæddur og nú er það að gerast að eftirlitsfyrirtækin eru að renna saman og taka að sér verkefni á ólíkum sviðum hvort heldur það er skoðun bifreiða, skipa eða fiskvinnslustöðva. Ég er sannfærður um að þróunin verður þessi og hægt er að gera eftirlitsiðnaðinn miklu hagkvæmari, ódýrari og einfaldari ef eftirlitsaðilar á öðrum sviðum ríkiskerfisins mundu vera reiðubúnir að færa starfsemi sína út til einkafyrirtækja með þessum sama hætti inn í faggiltar skoðunarstofur sem geta þá tekið á verkefnum á mörgum sviðum og atvinnufyrirtækin geta þá snúið sér til eins eftirlitsaðila með allt eftirlit. Þetta held ég að yrði til mikilla bóta og það sem er að gerast í eftirliti á þessu sviði er mikilvægt framlag til þeirrar þróunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frh. 1. umr.*

Frv. HjÁ o.fl., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 728.

[11:06]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu og fjallar um umhverfisvæn ökutæki og afnám greiðslu þungaskatts og virðisaukaskatts á þeim er allra góðra gjalda vert. Ég tek heils hugar undir að þjóðfélagið í heild sinni þarf að taka á þeim umhverfisvanda sem fylgir miklum útblæstri ökutækja með því að laða að umhverfisvænni ökutæki en við höfum notað fram að þessu og til þess þarf að beita skattkerfinu. Viðurkenna þarf að það kostar peninga að leysa umhverfismálin. Á þau þarf að setja verðmiða og þetta er ein leiðin til þess.

Því fagna ég tillögu þeirra félaga, hv. þm. Hjálmars Árnasonar og fleiri, og tek heils hugar undir að þessi leið sé ein af þeim sem við eigum að nýta okkur.

Það er aðeins eitt sem ég hef tekið eftir í umræðunni að talað er um að einungis rafhreyfla- og vetnisbifreiðar verði undanþegnar þessum sköttum en það eru að sjálfsögðu fleiri leiðir til að mæta vandamálinu. Það eru fleiri orkugjafar t.d. metangas sem nota má á annars konar vélar og mengun nánast horfið. Ég mælti fyrir tillögu um að metangasbifreiðar mundu fá sérstaka meðhöndlun í skattkerfinu m.a. með niðurfellingu gjalda, þungaskatts og annarra gjalda sem falla á bifreiðar sem í dag gætu nýtt sér metangas, en þær bifreiðar hafa ekki verið fluttar til landsins einfaldlega vegna þess að ekki hefur verið kostur á því fyrr en bara fyrir nokkrum mánuðum að fá metangas. Það eru reyndar mjög takmarkaðir möguleikar á að nýta það til bifreiða eins og er vegna þess að afgreiðslustöðvar eru ekki til. Metangasbifreiðar sem og aðrar bifreiðar eins og rafmagnsbifreiðar og hugsanlega vetnisbifreiðar eru einfaldlega dýrari en aðrar. Þess vegna þarf að koma til einhver tilslökun eins og fram kemur í þessari tillögu og ég ásamt fleirum hef einnig bent á í öðrum málum.

Ég vil fagna því frumkvæði sem kemur fram í þessu máli frá hv. þm. sem hafa unnið gott og þarft starf á þessu sviði á undanförnum mánuðum. Þetta er eitt af því sem bætir í sarpinn að því leytinu til.

Ég vil einungis fara fram á að þegar þessari umræðu er lokið og málið fer til hv. efh.- og viðskn. að þau mál sem heyra undir þennan lið verði öll tekin saman til sérstakrar skoðunar og metangasbílar sem falla að sjálfsögðu undir þetta mál komi þá til afgreiðslu samtímis.

[11:10]

**Flm. (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir jákvæðar undirtektir við frv. Til að svara því sem hann benti réttilega á að ekki væri getið um aðrar leiðir, þá get ég alveg fallist á þau tilmæli sem hv. þm. lagði fram að hv. efh.- og viðskn. tæki einnig tillit til þessara þátta með metangasið því það er alveg hárrétt ábending hjá hv. þm. að tæknilega er í rauninni lítið því til fyrirstöðu að nýta metangas. Um það hefur verið rætt í þeirri nefnd, sem ég gat um í framsöguræðu minni, um nýtingu innlendra orkugjafa. Við höfum m.a. verið í viðræðum við starfsmenn Sorpu, eins og ég veit að hv. þm. Kristján Pálsson hefur kynnt sér mjög vel, og hafa þeir verið að skoða einmitt þá þætti að nýta t.d. þá bíla sem keyra reglulega sorp á urðunarstað Sorpu og nýta metangas þar sem fyrstu skref.

Ástæða þess að hér eru einungis nefndir vetnisbílar og rafbílar er einmitt sú að fyrstu rafbílarnir eru komnir til landsins. Frá því hefur verið greint í sjónvarpsfréttum að þegar er kominn „alvörurafbíll" til landsins og kaupandi fenginn að honum. Annar er í skipi, bíður þess við hafnargarð að verða skipað á land og sá þriðji er á leiðinni.

Fyrir tilviljun er þetta mál á dagskrá í dag en í gær var samþykkt hjá veitustofnunum Reykjavíkurborgar að veita

þeim sem vilja kaupa sér rafbíla ókeypis rafmagn a.m.k. næstu tvö árin. Að auki var ákveðið hjá veitustofnunum Reykjavíkurborgar að byggja upp innviði fyrir nýtingu rafbíla í miðborginni með því að koma upp innstungum þannig að hlaða megi þá meðan fólk er í vinnu.

Þá er flest sem bendir til þess að fyrsti vetnisbíllinn komi sem sýningarbíll eftir einn til einn og hálfan mánuð. Það er einmitt þess vegna sem þessar tvær tegundir eru nefndar sérstaklega. Ég tel að við séum að stíga fyrir alvöru fyrstu skrefin í átt til rafbílavæðingar eins og það dæmi sem ég nefndi áðan sýnir. Með því að þetta frv. yrði að lögum verða rafbílar *mjög vel samkeppnisfærir við hinn hefðbundna bensín- eða* dísilbíl í innkaupsverði og ekki síður í rekstri, svo ekki sé talað um þegar bætist síðan við jafnmetnaðarfullt plan eins og veitustofnanir Reykjavíkur hafa samþykkt með því að bjóða ókeypis rafmagn a.m.k. til næstu tveggja ára.

Þetta eru skýringarnar á því en ég tek að lokum undir það sem hv. þm. Kristján Pálsson nefndi að æskilegra væri að víkka þetta þar sem tæknin er þekkt með að nýta metangas sem orkugjafa á bíla og er reyndar notuð m.a. í Svíþjóð og á fleiri stöðum.

[11:14]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það eru nokkur orð sem ég vil leggja í púkk umræðna um þetta frv., þennan bandorm þar sem lagt er til að ökutæki, sem hafa í för með sér minni eða hverfandi mengun, eru knúin rafhreyfli, vetni eða einhverju öðru slíku eldsneyti sem er vinsamlegra umhverfinu en bensín, dísilolía eða aðrir slíkir orkugjafar sem hafa í för með sér m.a. mikla koldíoxíðsmengun eða gróðurhúsalofttegundaútlosun verði undanþegin skattskyldu.

Þetta er angi af mjög stóru máli sem mér finnst að þurfi að skoða í heildarsamhengi eins og reyndar var bent á af einum ræðumanni áðan. Ég hef verið að velta því fyrir mér *undanfarna daga af ýmsum ástæðum og þar á meðal að* því gefna tilefni að mér þótti frammistaða hæstv. ráðherra ríkisstjórnar Íslands á umhverfisráðstefnu Norðurlandaráðs í Gautaborg ekki vera sem skyldi, að þörf væri á því að ná einhvern veginn utan um þessi mál.

Það er góðra gjalda vert að einstakir þingmenn leggi til aðgerðir á afmörkuðu sviði til að gera notkun rafbíla eða vetnisbíla mögulega. Að sjálfsögðu ber að taka slíku vel en ég hef hins vegar ekki þá tilfinningu að stjórnvöld í landinu, ríkisstjórn Íslands, hafi heildstætt náð utan um þær breyttu aðstæður í umhverfismálum sem við stöndum frammi fyrir. Ég velti upp því hvort ekki sé ástæða til þess að Alþingi taki á málinu, setji t.d. á laggirnar sérstaka þingkjörna nefnd til að móta stefnu og áherslur Íslands í umhverfismálum með hliðsjón af Kyoto-samkomulaginu, út frá aðstæðum í íslenskum orkubúskap og íslenskum veruleika.

Einnig er mikil þörf á að samræma stefnu og móta einhverjar áherslur, t.d. í notkun umhverfis- eða mengunargjalda. Slíkt er komið vel á veg víða erlendis eða orðinn viðurkenndur hluti af skattapólitík í nágrannalöndunum. Hér er þetta fyrst og fremst á umræðustigi og kannski tæplega það.

Til eru margar mismunandi leiðir til þess að ná fram þeim markmiðum sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að hvetja til eða gera mögulega notkun á ökutækjum sem hafa minni mengun í för með sér en hefðbundnir bílhreyflar. Í staðinn fyrir að fella niður eða létta gjöldum af slíkri umferð væri hægt að skattleggja hina sem meiri mengun veldur. Menn verða að hafa það í huga, mér er ljóst af greinargerð með frv. að flutningsmenn þess sjá það einnig, að framtíðin getur auðvitað aldrei falið í sér að t.d. rafbílar, ef þeir verða umtalsverður hluti af bílaflota landsmanna, verði skattfrjálsir. Það getur auðvitað aldrei orðið. Þessi umferð hlýtur að þurfa að bera einhverjar álögur eins og önnur í fyllingu tímans til að standa straum af gerð umferðarmannvirkja og a.m.k. að einhverju leyti þeim kostnaði sem af umferðinni sjálfri hlýst. Ég geri því þann fyrirvara á, og alveg sérstaklega vegna þess að hér eiga í hlut tekjur Vegasjóðs þar sem um þungaskattinn er að ræða, að stuðningur minn við niðurfellingu af þessu *tagi er háður þeim skýra fyrirvara að hún geti þá ekki verið* annað en tímabundin. Nái menn fram því markmiði sínu að auka verulega hlut þessarar tegundar bifreiða í umferðinni, þá hlýtur auðvitað að draga að því að hún þurfi að bera einhvern kostnað við umferðina. Það væru ekki rétt skilaboð til þeirra sem hugsanlega fjárfesta í slíkum bílum á næstunni að þeir gætu búist við því, til lengri tíma litið, að slík umferð yrði alveg skattfrjáls. Þetta er mönnum er væntanlega ljóst og þarf ekki að fjölyrða um en ég vil fyrir mitt leyti taka þetta fram.

Ég minni á það hvernig farið var að því að hvetja til notkunar á blýlausu bensíni. Það var á árunum 1989–1990 hygg ég, sem innflutningur hófst fyrir alvöru á blýlausu bensíni. Það var ósköp einfaldlega gert með því að búa til ákveðið verðbil milli bensíns sem innihélt blý og þess sem var blýlaust. Þarna nægði að búa til verðbil upp á nokkrar krónur á lítra til þess að á innan við tíu árum hvarf nánast blýblandað bensín af markaðnum. Sá sértrúarsöfnuður sem undirritaður tilheyrir og á svonefnda fornbíla verður að gera sér það að góðu að leysa þau vandamál með sérstökum aðferðum og íblöndunarefnum vegna þess að venjulegt blýbensín er ekki lengur fáanlegt. Með öðrum orðum leiddi verðstýring og ákveðin verðlagningarpólitík einfaldlega til þeirrar þróunar á ákveðnu árabili sem stefnt var að og auðvitað var það markmiðið að færa alla notkunina, á sem allra skemmstum tíma, yfir í bensín sem var umhverfinu vinsamlegra.

Ég held þess vegna, herra forseti, að ástæða væri til þess, og það tengist reyndar líka vinnu sem stendur yfir í efh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar og lýtur að spurningunni um upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, að koma þessum málum í heildstæða og vandaða athugun þar sem allt verður undir í þessum efnum. Stefna Íslands ætti að felast í markvissum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þetta er vissulega viðleitni í þá átt. En auðvitað hlýtur margt fleira að þurfa að koma til. Stefnumörkun með langtímamarkmið í huga varðandi skattlagningu á umferð almennt og hvernig henni verði háttað. Skattlagningin þarf að tryggja tekjugrundvöll Vegasjóðs þannig að hægt verði að standa fyrir framkvæmdum á sviði umferðarmannvirkja sem mikil og knýjandi þörf er fyrir. Sú þörf verður ekki síður þó að bílar séu knúðir rafmagni eða vetni en bensíni og dísilolíu.

Síðan þarf að koma inn í þetta almenn stefnumótun, sem sagt framtíðarmarkmið okkar í beitingu skattalegrar eða fjárhagslegrar stýringar af því tagi sem víða er á dagskrá erlendis. Rætt er um að skattleggja mengunarvaldana og þá hafa menn gjarnan tvennt í huga:

Annars vegar að skattleggja óæskilega mengun þannig að hún hverfi. Þá hverfur tekjustofninn líka, og því er ekki hægt að tala um tekjugrundvöll til lengri tíma fyrir ríkissjóð. *Það er eingöngu tímabundin aðgerð sem virkar þannig að í*

gegnum skattalegar aðgerðir er einhverri tiltekinni starfsemi íþyngt þannig að hún hverfi á skömmum tíma.

Eins eru til þær tegundir skattlagningar á mengun eða með hliðsjón af þörfum umhverfisins sem verða viðvarandi. Þarna vantar stefnumótun án þess að ég dragi um of inn í þessa umræðu framgöngu ríkisstjórnarinnar, fræga að endemum í Kyoto, og það sem síðar hefur fylgt í þeim málum. Ég held að í aðdraganda ráðstefnunnar hafi það orðið lýðum ljóst að við vorum illa undir þann leiðangur búin. Við höfðum ekki unnið heimavinnuna hér á Íslandi. Okkur hefur verið tamt að trúa því að við stæðum vel að vígi í þessum efnum og það gerum við að ýmsu leyti. Við höfum ekki verið plöguð af mikilli iðnaðarmengun, loftmengun eða öðru slíku sem verið hefur viðvarandi vandamál á ýmsum þéttbýlum svæðum meginlandanna. Við höfum trúað því að við byggjum við svo hreina orku o.s.frv. að við þyrftum ekki að hafa af þessu miklar áhyggjur.

En nú er öldin önnur. Nú eru þessi mál virkilega að banka upp á hjá okkur og skylda okkar engu að síður, þó að loftmengun sé ekki slíkt vandamál hér sem sums staðar erlendis, að leggja okkar af mörkum. Við erum á góðri leið inni í alþjóðlegu umhverfi þar sem við verðum beinlínis samningsbundin til að gera það.

Ég held, herra forseti, að ástæða sé til þess að skoða þetta í heildarsamhengi. Ég er ekki að segja að koma eigi í veg fyrir að þetta frv. eða þær tillögur sem hér eru á ferðinni hljóti afgreiðslu og sjálfsagt verður það skoðað með velvilja í þingnefnd að gera tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að hvetja til notkunar á þessum bílum. Eftir stendur þó þörfin fyrir heildarstefnumótun.

Ég gæti vel séð það fyrir mér að lágmarks- eða flöt skattlagning kæmi á allt kolefniseldsneyti og yrði þá væntanlega eitt látið ganga yfir alla í þeim efnum. Auðvitað mundi muna verulega um það ef lagðar væru ein eða tvær krónur á hvern einasta lítra af útseldu bensíni, dísilolíu og svartolíu sem notuð er í landinu. Það yrði skilgreint sem kolefnisskattur, mengunarskattur eða umhverfisgjald og yrði hluti af þeirri skattlagningu, stýringu og tekjuöflun sem þarna er á ferðinni. Á hina hliðina gætu komið ívilnandi aðgerðir af því tagi sem hér er lagt til og ríkissjóður yrði þá ekki fyrir tekjutapi þó að notkun á rafbílum, vetnisbílum eða metangasbílum eða hvað það nú er, ykist talsvert.

Herra forseti. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri sem út af fyrir sig gæti átt heima hvar sem er í umræðum um þessi mál til að koma þessum hugleiðingum mínum á framfæri.

[11:27]

**Flm. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ég hafi skilið það rétt og hv. þm. hafi í raun tekið undir meginmarkmið þessa frv. Ég vil þó vara við því að flækja málið of mikið. Ég tek undir öll þau meginsjónarmið sem fram komu í máli hv. þm. um að þetta tengist einni allsherjarumhverfisumræðu og stöðu okkar í umhverfismálum. Ég get sömuleiðis tekið undir það og ég trúi því að áður en langt um líður muni þjóðir heims bregðast við með einhvers konar mengunarskatti á bensín og olíu. En ég vara við því að draga frv. að svo stöddu inn í of flókna umræðu vegna þess að frv. er raunar afskaplega einfalt.

Ég vil líka, eins og reyndar var vikið að í framsöguræðu fyrir tveimur dögum, en þá taldi ég mig fara nokkuð ítarlega yfir þessa þætti, vekja athygli á 3. gr. frv. Hún segir að ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, skuli endurskoðuð í síðasta lagi 1. júlí 2003. Þetta er með öðrum orðum tímabundið afnám. Ég tel afskaplega mikilvægt að stíga nú þegar fyrstu skrefin. Það er aðkallandi vegna þess að fyrstu rafbílarnir eru komnir til landsins. Fleiri eru á leiðinni og mér er kunnugt um að fjölmargir hafa áhuga á þessum bílum. Hér hefur til allrar hamingju orðið mikil umhverfisvakning meðal almennings. Almenningur er áhugasamur um að geta ekið vistvænum ökutækjum. Við þurfum að gera þau samkeppnisfær við bensínbílinn og forsenda þess er að stíga þessi mikilvægu skref. Fyrstu skrefin eru oft erfiðust og ég vil því hvetja hv. þm. til að styðja þetta frv. af þeim krafti sem hann á til í hv. efh.- og viðskn. Ef ég þekki rétt þá situr hv. þm. í þeirri nefnd.

[11:29]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn misskilningur í því að ég tek undir það meginmarkmið frv. að hvetja til notkunar á þessum bílum og að gera fólki það betur mögulegt. Ég er alls ekki að koma hugleiðingum mínum að af löngun til að flækja málin. Þetta er auðvitað í heildarsamhengi. Ég er almennt þeirrar skoðunar að það sé heppilegra að breyttu breytanda að stuðla að eða hvetja til notkunar á æskilegri tækjum eða búnaði og stýra þannig að mönnum sé gert sem auðveldast eða ódýrast að komast yfir þau.

Þess vegna held ég að það væri mjög skynsamleg aðferð að reyna að stuðla að því að þessir bílar yrðu sem allra ódýrastir í innkaupum þannig að reynt væri að hafa meiri áhrif á samkeppnisstöðuna á þá hliðina að gera þá sem allra ódýrasta í innkaupum vegna þess að það er þrátt fyrir allt mikilvægt að reyna að halda í þá meginreglu að þegar til notkunarinnar kemur þá greiði menn að einhverju leyti í samræmi við kostnað samfélagsins af notkuninni. Auðvitað verður ekki horft fram hjá því að rafbílar og vetnisbílar aka um göturnar og þeir mynda stíflur við umferðaljós á morgnana kl. 8 rétt eins og aðrir bílar sem nemur a.m.k. stærð þeirra. Athugasemd mín lýtur sérstaklega að þessu, að menn verða auðvitað að horfast í augu við að framtíðin mun fela í sér skattlagningu á þessa umferð, a.m.k. á notkunarhliðinni eins og á aðra umferð í einhverjum mæli.

Svo leyfi ég mér einnig að benda á, og það er fullgilt, að það eru auðvitað tvær meginleiðar færar til að ná fram þessum skattalega mun eða hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, í einfaldleik sínum annars vegar að létta gjöldum af þeim sem menn vilja ívilna eða að þyngja gjöldin á hinum. Auðvitað mætti ná fram sambærilegum áhrifum að einhverju leyti með því ósköp einfaldlega að skrúfa bara til takkana þannig að munurinn yrði sá sem við viljum stefna að.

[11:31]

**Flm. (Hjálmar Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessari afdráttarlausu afstöðu hv. þm. enda hefði annað komið mér á óvart. Hvað varðar kostnaðinn get ég tekið undir hugleiðingar hv. þm. að stýringin getur verið með tvennum hætti, þ.e. að gera bíla ódýrari í innkaupum og síðan með nokkurs konar mengunarskatti. En ég ítreka það sem ég nefndi áðan að það er mikilvægt að stíga fyrstu skrefin strax af því að þau eru raunhæf, verkefnið bíður okkar, það blasir við í dag, eins og ég nefndi.

En ég tel einnig að við þurfum að hafa í huga, varðandi rafbíla og í framhaldi af hugleiðingum hv. þm., að það eru aðrir þættir sem verða e.t.v. ekki metnir til fjár ef og þegar rafbílar verða orðnir nokkuð algengir á götum. Hugsanlega kunna þeir að valda umferðarstíflum, en af þeim er engin

hávaðamengun. Eins og við þekkum hér, sérstaklega í höfuðborginni, þá hefur verið óskað eftir eyrnaaðgerð til þess að losna við að heyra hávaða af tilteknum götum.

Hins vegar er ljóst að í fyllingu tímans, og ég gerði skýra grein fyrir því þegar ég mælti fyrir frv., þarf að endurskoða tekjuöflun vegna vegagerðar, bílar geta sem sagt ekki endalaust verið undanþegnir þungaskattinum, ríkissjóður þarf þá að ná þeim tekjum á annan hátt. En það er í fyllingu tímans og þar höfum við samkvæmt frv. fimm ár til þess að endurskoða það ákvæði.

Þá er líka hægt að benda á það að við erum að tala um vistvæna orkugjafa og innlenda orkugjafa sem hefur óbein efnahagsleg áhrif, við framleiðum orkuna í stað þess að kaupa hana dýra og draga þar með fé út úr efnahagskerfi okkar þannig að það er líka ávinningur sem skilar óbeinum tekjum og beinum tekjum í ríkissjóð.

[11:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum svo ákaflega sammála um þetta að það er kannski hálfhlálegt að vera að ræða þetta í orðaskiptum svara og andsvara. Að sjálfsögðu er hárrétt að rafbílarnir hafa mikla kosti og fyrir því finna menn einmitt í Reykjavík að þessi mikli einkabílismi er til stórkostlegra vandræða, bæði hvað hávaða snertir og líka loftmengun. Staðreyndin er auðvitað sú, og það vita þeir sem fylgst hafa með ástandi mála á höfuðborgarsvæðinu síðustu 20 ár, að loftmengun hefur aukist ískyggilega og er umtalsverð hér eins og sjá má á góðviðrisdögum. Á góðviðrismorgnum, t.d. séð ofan úr Breiðholti eða ofan úr hærri hverfunum niður yfir lægri hverfin, liggur gul slikja langt út á sund.

Í öðru lagi er mjög jákvætt að orkugjafinn verður í þessu tilviki innlendur. Það er engin spurning að okkur ber að stefna að því. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þar liggi okkar stærstu möguleikar gagnvart Kyoto-ákvæðunum, þ.e. að færa sem allra mest af orkunotkuninni yfir í innlenda orkugjafa í eigin orkunotkun okkar. Það er mjög rangt að einblína þar á hvaða heimildir við höfum til þess að fá inn t.d. erlendan iðnað og auka losun vegna hans ef við getum náð fram beislun og nýtingu orkunnar í eigin þágu, t.d. í umferðina. Þar er tvímælalaust stærsti notandinn íslenski flotinn. Ég hef í 15 ár, frá því að ég var að læra efnafræði uppi í háskóla hjá þeim mæta manni Braga Árnasyni, átt mér þann draum að stóra gegnumbrotið í þessum málum hjá okkur Íslendingum yrði þegar við færum að virkja fallvötnin eða háhitann til þess að framleiða vetni eða annað sambærilegt eldsneyti til að nota á íslenska flotann. Þá fyrst náum við virkilega að brjótast í gegn og beisla orkulindirnar bæði á umhverfisvænum forsendum en líka efnahagslegum eða þjóðhagslegum þannig að það muni virkilega um það. Vissulega má líta á þetta, þó í litlu sé eða væntanlega í byrjun, hvað einkabílana snertir sem ákveðna viðleitni í sömu átt.

[11:36]

**Útbýting þingskjals:**

Innheimtulög, 554. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 943.

[11:36]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég sé ekki mjög ósammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í þeim aðgerðum sem hugsaðar eru samkvæmt frv. um að fella niður skatta til þess að gera notkun á umhverfisvænum ökutækjum meira afgerandi. Við erum báðir áhugamenn um það og eins hv. þm. Hjálmar Árnason.

Það sem ég var fyrst og fremst að velta fyrir mér varðandi ummæli hv. þm. áðan var um Kyoto-ráðstefnuna þar sem hv. þm. taldi að íslensk stjórnvöld hefðu verið illa undirbúin og við hefðum í raun ekki gert þar það sem kannski hefði verið ætlast til. Ég vil segja það um Kyoto-ráðstefnuna og þátt okkar í henni að sú ráðstefna hefur í rauninni ýtt undir allt öðruvísi umræðu á Íslandi en áður. Menn hafa farið að meta þá stöðu sem er á landinu, hvernig við getum mætt kröfum um að draga úr umhverfismengun, með hvaða aðferðum og hugmyndir eins og komið hafa fram frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og mér og fleirum eru að fá einhverja vigt sem hefur áður ekki verið. Ég mundi vilja þakka þeim áhuga sem skapaðist á landinu eftir Kyoto-ráðstefnuna. Ég held líka að samningamenn okkar hafi náð verulegum árangri á Kyoto-ráðstefnunni með því að fá viðurkennda þá sérstöðu Íslendinga að umhverfisvinna okkar fram að því skapaði okkur möguleika til þess að geta aukið útblástur koltvíoxíðs um 10% umfram það sem almennt var álitið hjá öðrum þjóðum.

Ég tek svo undir ýmislegt sem kom fram hjá hv. þm. eins og um það að slíkar niðurfellingar eins og rætt er um geti ekki gengið endalaust. Auðvitað ætti að reyna að stýra þungaflutningum á þjóðvegum landsmanna með umhverfisköttum þannig að mengun af þeim væri minni.

[11:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsgöðu er ekki tími til að fara í ítarlegar umræður um Kyoto-ráðstefnuna og frammistöðu stjórnvalda þar og undirbúning eða heimavinnu. Það sem ég hef fyrst og fremst gagnrýnt er að við lentum þar að mínu mati í allt of neikvæðu ljósi. Við gátum byggt málflutning okkar og stöðu jákvæðar að mínu mati heldur en gerðist. Við lentum bæði í neikvæðu ljósi og í neikvæðum félagsskap. Við eigum að sjálfsögðu á engan hátt samleið í þessum efnum með t.d. stórþjóðum eins og Bandaríkjunum en það lenti nú með vissum hætti samt þannig að Íslandi var stillt upp sem einu af þeim löndum sem væri komið til Japans til þess fyrst og fremst að reyna að bremsa af kröfurnar um að dregið yrði úr þessari losun og semja um sem stærsta undanþágu fyrir sjálfa sig.

Nú er ekkert um það deilt að Ísland hefur mikla sérstöðu. Það geta að vísu mörg önnur lönd sagt. Það geta t.d. nánast öll þróunarlöndin sagt með gildum rökum. Við verðum því aðeins að gæta að því við erum auðvitað ekki þeir einu sem segja: Þetta er svona hjá okkur og svona og svona, og það verður að taka tillit til þess. Það geta út af fyrir sig margir fleiri sagt og haft fyrir því býsna mikil rök þannig að að því ber auðvitað að gæta.

Í öðru lagi hefur mér fundist að málflutningur íslenskra stjórnvalda í kringum þetta mál beindist of mikið að því að árangur okkar eða aðgerðir sneru út á við en ekki inn á við. Eins og ég var að reyna að segja áðan í andsvari við eða svari til hv. þm. Hjálmars Árnasonar eru líka miklir möguleikar sem snúa inn á við að breytingum hjá okkur sjálfum sem geta gert okkur kleift að standa með fullum sóma að þeim skuldbindingum sem við eigum að mínu mati að axla ábyrgð á á grundvelli Kyoto-niðurstöðunnar.

[11:41]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að einmitt á þennan hátt, inn á við, séu menn á réttri leið eins og þeir sem eru að flytja tillögur í þinginu um að gera áhugaverðari notkun á umhverfisvænum bílum, nýta innlenda orku með þeim hætti að hægt sé að knýja áfram þessa bíla, og það sé sú umræða sem hafi fengið vigt að nýju umfram það sem hún hafði áður, og það vil ég þakka Kyoto-ráðstefnunni. Það er margt sem gerist reyndar í kringum Kyoto-ráðstefnuna sem menn eiga eftir að velta fyrir sér á næstu mánuðum eins og það hvernig menn ætla sér að flytja mengunarkvóta á milli landa, hvernig þjóðir sem eru í nálægð hver við aðra, eins og Evrópuþjóðirnar, ætla sér að nýta kvóta hver annarrar, annars vegar sem Evrópusambandsríki og hins vegar sem sjálfstæð ríki. Það er svo margt sem kom upp á ráðstefnunni sem á eftir að fara ofan í og menn eiga eftir að átta sig á hér á Íslandi hvernig þeir koma til með að nýta sér.

Að lokum þakka ég fyrir umræðuna. Mér finnst hún hafa verið áhugaverð og á von á því að hv. efh.- og viðskn. muni taka af alvöru á þeim tillögum sem þar liggja fyrir um umhverfisvæna skattastefnu sem kemur þá þeim tillögum til góða sem við hv. þm. höfum flutt og eru til afgreiðslu í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 342. mál (þjónusta við börn). — Þskj. 431.

[11:43]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Meginefni þessa frv., herra forseti, er að bæta stöðu sjónskertra barna á Íslandi sem hafa borið skarðan hlut frá borði. Það er misræmi í aðstöðu þessara barna samanborið við aðra hópa sem þurfa á sjúkrahjálp að halda.

Með frv. þessu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frv. að nafn Þjónustu og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér en undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

En ég vík þá að meginefni þessa frv., herra forseti. Lög hafa verið sett hér á landi til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem þurfa á sjúkrahjálp að halda og nefni ég þar sérstaklega lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og lög um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra en þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur $^1/_3$ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegu hjálpartækja. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið taki þátt í kostnaði sem hlýst af þeim, þar með talið af gleraugnakaupum. Frá því er reyndar ein undantekning sem að vísu hefur ekki lagastoð, en Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni, þannig að lagastoðina er einungis að finna í fjárlögunum sjálfum, en ekki í neinum sérstökum lögum að því er þennan hóp varðar. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt, og hafa nærsýnir t.d. algerlega fallið utan þess flokks, þannig að það er verulegur munur gerður á sjónskerðingunni. Þessi litla aðstoð sem sjónskertir fá í gegnum fjárlög og þá ákveðin tegund sjónskerðingar byggist eingöngu á samstarfi heilbr.- og trmrn. og Sjónstöðvar Íslands.

Það er því ljóst, herra forseti, að með því fyrirkomulagi sem við búum við er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök stafrænnar sjóndepru en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kunni í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Ég vil benda á að nærsýni getur í sumum tilvikum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum og heimili hvort sem þau eru vel sett eða ekki, þurfa oft að leggja oft út í mikinn kostnað sem ekkert verður hjá komist ef börn þurfa á gleraugum að halda og búa við sjóndepru.

Ég vil benda á til samanburðar það misræmi sem er í þessari aðstoð innbyrðis við þá sem eru sjónskertir og þá sem eru heyrnarlausir. Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu og auðvitað er það alveg sjálfsagt, rétt og eðlilegt. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki og vil ég vekja athygli á því að þar er ekki gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnarskerðingin stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Eins og ég hef vikið að er meginmarkmið frv. að bæta réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Þetta frv. sem ég mæli fyrir er auðvitað í samræmi við þá stefnu sem samþykkt var á Alþingi með þál. á sl. þingi um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerða til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, en þar segir, með leyfi forseta, í einu ákvæði tillögunnar:

„Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:" Ég vík að einni af þessum meginforsendum en þar segir: — „Að fjölskyldulífið veiti börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta." Og ekki síður segir um þessi markmið: „Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni."

Ég hef, herra forseti, sýnt fram á að sjónskert börn og fjölskyldur þeirra njóta ekki nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni, eins og opinber fjölskyldustefna kveður á um. Við erum því að fjalla um mikið réttlætismál og raunverulega samræmingarmál gagnvart öðrum hópum í þjóðfélaginu sem þurfa á sjúkrahjálp að halda, þar sem aðstoð til þeirra hefur af einhverjum sökum orðið miklu meiri en til þeirra sem búa við sjónskerðingu. Það er auðvitað óréttlæti sem felst í mismun milli þessara hópa ef við tökum annars vegar heyrnarskerta og hins vegar sjónskerta, hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp til þeirra. Ég vil nefna í þessu sambandi að þetta frv. hefur verið unnið í nánu sam-

ráði við Augnlæknafélag Íslands eða forustumenn þess og forustumenn Sjónstöðvar Íslands. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón og heyrn jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi og það finnst mér vera útgangspuntkur sem við þurfum að horfa á þegar við vegum og metum þetta frv. Þeir segja að öll heilsuskerðing sem þeim tengist sé jafnlíkleg til að valda þeim einstaklingum sem eiga hlut að máli, erfiðleikum, óþægindum og kostnaði. Ég vil líka vekja athygli á því og er rétt að undirstrika það að ekki er lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta, heldur er einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Lengra er nú ekki gengið í þessu frv. Og reynslan verður að skera úr um hvort þörf er á að ganga lengra. Frv. tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára og er miðað við lögræðisaldur eins og hann er nú, 18 ára. Lagt er til að ríkið taki þátt í greiðslum sjónglerja að $^2/_3$ hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Ég vil víkja að þessu nokkru nánar, herra forseti. Upplýst er af Augnlæknafélagi Íslands að sjón barna breytist mjög ört og þurfa þau því oft að skipta um gleraugu ólíkt því sem gildir um fullorðna og þess vegna er kannski enn meiri ástæða til að taka út þennan hóp, 18 ára og yngri, eins og við flm. þessa frv. gerum. Viðbótarrökin, því þau eru mörg, eru þau að á börnum hvílir skólaskylda og þeim börnum sem er nauðsyn á að fá gleraugu en fá þau ekki er hættara en öðrum á að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári og eins og ég nefndi þá breytist sjón barna ört og þau þurfa oft að skipta um gleraugu. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkini noti bæði eða öll gleraugu. Við þurfum auðvitað ekkert að spyrja að því, herra forseti, að ef um er að ræða láglaunafjölskyldu með 50 til 100 þús. kr. á mánuði, þá eru þetta veruleg útgjöld hjá þeirri fjölskyldu ef um er að ræða systkini yngri en 18 ára sem þurfa að nota gleraugu, vegna þess að gleraugu eru dýr. Það sem er nokkuð alvarlegt, herra forseti, er að samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda.

Það er auðvitað pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft að gera í fyrstu atrennu í þessu misræmi sem er í stöðu barna í þjóðfélaginu, annars vegar sjónskertra og hins vegar heyrnarskertra, en með frv. er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra við rétt annarra.

Ég vil að lokum benda á að samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár sem er athyglisvert og hlýtur að verða að skoða í ljósi þeirra tillagna og breytinga sem hér eru lagðar til. Nærsýnum hefur fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að bregðast við þessum breytingum og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag og gera þeim fært að fylgjast með og stunda sitt nám á eðlilegan hátt eins og aðrir og það þurfi ekki að vera háð efnahag fjölskyldna hvort börnum sé það fært eða ekki. Sú breyting er líka mikilvæg sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessara hópa, en slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Þetta frv. ber þess merki að það er ítarlega og vel unnið, þó að sú sem hér stendur og mælir fyrir því sé 1. flm. og beri ábyrgð á því. Frv. er unnið í mjög nánu samráði við Sjónstöð Íslands og Augnlæknafélagið og vinna var lögð í það, herra forseti, að meta hver útgjöldin yrðu fyrir ríkissjóð ef frv. yrði að lögum. Þegar við erum að tala um útgjöld til að styrkja stöðu barna í þjóðfélaginu er ekki úr vegi í því sambandi að minnast á það, herra forseti, hve lítið íslenska þjóðfélagið leggur til að styrkja stöðu barna í íslensku samfélagi, samanborið við þær þjóðir sem við berum okkur saman við, því ef einhverjum þykir há sú tala sem þessi leið kostar sem við erum að leggja til, eða 50 millj., þá ber hinum sama að hafa í huga hver hin raunverulegu útgjöld eru sem íslenska samfélagið leggur til að styrkja stöðu barna í þjóðfélaginu, m.a. til að styrkja þau og auðvelda þeim þátttöku í námi á grunnskólaaldri eins og þessi tillaga felur auðvitað í sér.

Ég vil halda því til haga að börn undir 15 ára aldri á Norðurlöndum eru hlutfallslega flest hér á landi. Við erum að tala um 24,5% af heildinni hér á landi sem er undir 15 ára, meðan það er á bilinu 17–19% á hinum Norðurlöndunum. Þá skyldi maður ætla, fyrst að hlutfallið er 24,5%, að útgjöldin væru þá hér miklu meiri af því að hópurinn er stærri. En þegar það er skoðað, herra forseti, kemur bara allt annað í ljós. Þá kemur í ljós að útgjöld á íbúa sem hlutfall af landsframleiðslu til að styrkja stöðu barna í íslensku samfélagi og fjölskyldna þeirra er 42 þús. kr. á Íslandi þó að það séu 6% fleiri börn undir þessum aldri á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin þar sem útgjöld er frá 72 þús. kr. upp í 87 þús. kr. Útgjöldin eru sem sagt tvöfalt meiri á hinum Norðurlöndunum, þótt börnin þar séu færri. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar verið er að meta kostnaðinn af framkvæmd þessa frv. en að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar frv. verða um 50 millj. kr. árlega og reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu. Þetta er nú allstór hópur, 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára sem þurfi að nota gleraugu, og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og $^2/_3$ hlutar þess er 7.300 kr. sem kæmi þá í hlut ríkisins. Börn undir 18 ára aldri eru um 80 þús. og samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu. Þetta eru 15% af 80 þús. börnum.

Þetta er stór hópur, herra forseti, að um sé að ræða 12 þúsund börn af 80 þúsund börnum sem þurfa á gleraugum að halda, og lítil og nánast engin aðstoð íslenska samfélagsins við þennan hóp sem er auðvitað til skammar. Ég leyfi mér að nota það orð, herra forseti, bæði vegna þess hvað þetta er nauðsynlegt börnum að því er nám þeirra varðar, svo að það sé tekið sérstaklega út úr, og eins það misræmi og óréttlæti sem er að því er þessi börn varðar sérstaklega samanborið við aðra hópa sem þurfa á sjúkrahjálp að halda.

Frv. gerir ráð fyrir að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem frá er greint í frv. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 50 milljónir árlega, þar af 10 millj. vegna barna sem þurfa gleraugu á hverju ári af læknisfræðilegum ástæðum. Við getum borið kostnaðinn, sem er samfara frv., saman við það sem fer í tannlæknakostnað sem er 760 milljónir á ári, við getum borið það saman við reksturinn á Heyrnar- og talmeinastöðinni sem er rúmlega

104 millj., og er ég með því að bera þetta saman ekkert að draga úr því að auðvitað þarf rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar á því fjármagni að halda. Þá má einnig nefna að samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands er talið að viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar, ef frv. verður að lögum, hafi ekki í för með sér aukinn kostnað.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir frv. sem felur í sér að bæta stöðu sjónskertra barna á Íslandi. Ég minni á að um réttlætismál er að ræða, hér er um samræmingarmál að ræða gagnvart öðrum hópum í þjóðfélaginu sem íslenska samfélagið styrkir en ekki þennan hóp. Ég minni á það, sem er auðvitað grundvallaratriði og reynir á það núna, hvort menn meini eitthvað með mótun opinberrar fjölskyldustefnu á Íslandi og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, að þetta frv. er í fullkomnu samræmi við þá stefnu sem hér var mótuð, opinbera stefnu í fjölskyldumálum. Það skyldu menn hafa í huga þegar þeir vega og meta stuðning sinn við það frv. sem er til umræðu.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbrn.

[12:03]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hafa átt frumkvæði að frv. sem við þrír þingmenn jafnaðarmanna erum flytjendur að. En eins og kom mjög skýrt fram í máli hennar er þetta mikið réttlætis- og sanngirnismál. Mig langar aðeins til að koma með smáinnlegg til að benda á hversu áríðandi það er að jafna rétt þeirra sem þurfa að nota gleraugu, sérstaklega barna undir 18 ára aldri, eins og tekið er til í frv. Ég veit ekki hversu oft, meðan ég var í starfi hjá Tryggingastofnun, að foreldrar komu til mín vegna útgjalda við gleraugnakaup barna. Eins og kemur fram í greinargerðinni er sjónskerðing mjög oft ættgeng, og leggst þess vegna mjög þungt á barnafjölskyldur þar sem mörg börn í fjölskyldu eru sjónskert og þurfa gleraugu.

Kona hringdi í mig fyrir nokkrum vikum og var að ræða við mig um þrjú börn sín sem öll þurfa mjög dýr gleraugu og var þetta mikil byrði á fjölskyldunni. Hún var að leita ráða um hvernig væri hægt að fá aðstoð í slíkum tilvikum. Það voru ekki eingöngu mikil útgjöld vegna gleraugna barnanna heldur fylgdi einnig mikill kostnaður því að þurfa að keyra þau og vera með þeim, þetta eru börn sem þurftu sterk gleraugu en féllu ekki inn í þau lög sem eru nú fyrir hendi um aðstoð. Ef börn hennar hefðu verið heyrnarskert eða þurft á öðrum hjálpartækjum að halda vegna annarrar fötlunar hefðu þau nánast undantekningarlaust fengið aðstoð frá velferðarkerfinu við kaup á hjálpartækjum.

Við þekkjum líka hvernig það er með börn meðan þau eru lítil, þau eru gjörn á að missa gleraugu, brjóta þau, það þarf sífellt að kaupa ný gleraugu. Það eru því mjög mikil útgjöld hjá þessum fjölskyldum og því mikið sanngirnismál að komið verði til móts við þau frá samhjálpinni þannig að þau beri ekki skarðan hlut frá borði hvað það varðar.

Ég minnist þess líka að til mín kom móðir sem er lífeyrisþegi og hún sagði mér að hún gæti ekki keypt gleraugu fyrir barnið sitt vegna þess að þau kostuðu meira en mánaðarlegur lífeyrir hennar. Menn sjá náttúrlega í hvaða stöðu fólk er sem á börn sem búa við þessa fötlun. Síðan er það auðvitað fólkið sjálft sem þarf líka að standa í þessum útgjöldum, það er ekki verið að gera ráð fyrir því að verið sé að greiða fyrir það, þó svo að víða sé tekið tillit til þess í velferðarkerfum í nágrannalöndum okkar að taka þátt í útgjöldum þeirra sem þurfa að nota gleraugu að staðaldri og það kannski dýr gler.

Ég mun því leggja þessu máli lið þegar það kemur í heilbr.- og trn. Þetta er mikið sanngirnismál. Við vitum líka hvernig það er með börn, það er algengt að sjónin breytist hratt, það þarf sífellt að skipta um gler hjá börnum sem eru að vaxa úr grasi og þar eru viðbótarútgjöld. Eins og hv. frummælandi benti á í ræðu sinni vill það oft dragast þegar um er að ræða mikil útgjöld vegna hjálpartækja eins og gleraugu eru, að keypt séu nauðsynleg ný gleraugu fyrir börnin. Ég legg því ríka áherslu á að farið verði í þessa lagabreytingu og frv. verði samþykkt þannig að sá hópur barna, sem býr við þá fötlun að sjá ekki eins og aðrir, standi jafnfætis öðrum börnum sem þurfa á hjálpartækjum að halda til þess að njóta lífsins á við aðra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:08]

**Útbýting þingskjala:**

Ólögmæt innheimta gjalda við skráningu í skipsrúm, 476. mál, svar fjmrh., þskj. 908.

Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, 549. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 934.

## *Málefni aldraðra, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 353. mál. — Þskj. 507.

[12:09]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni og Kristínu Halldórsdóttur. Um er að ræða að við þau lög bætist ný málsgrein sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Samráð skal haft við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélög þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.“

Hér er í raun og sanni um að ræða svipað ákvæði og verið hefur í lögum um málefni fatlaðra allar götur frá 1983 en samkvæmt því ákvæði í lögum um málefni fatlaðra og markmið þess ákvæðis var að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða Styrktarfélagi fatlaðra sem hlut ættu að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þau vörðuðu. Það er alveg ljóst, herra forseti, að ekki er síður ástæða til þess að lögbundið sé slíkt samráð við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélög þeirra, bæði um opinbera stefnumörkun og eins varðandi allar ákvarðanir er lúta að hag og kjörum aldraðra.

Aldraðir, 67 ára og eldri, eru fjölmennur hópur eða um 27 þús. manns. Aldraðir hafa látið sig meira og meira skipta kjör sín og afkomu og aðbúnað. Það er eðlilegt að þessi hópur geri það vegna þess að við höfum upplifað það mjög á síðustu mánuðum og missirum hvernig sífellt er ráðist raunverulega, ég vil nota það orð, herra forseti, að kjörum og aðbúnaði þessa hóps. Það er alvarlegt umhugsunarefni að á tímum þegar við búum við góðæri og uppsveiflu að skuli ríkisstjórnin oft sjá matarholu í kjörum og aðbúnaði aldraðra

og skera þar niður til þess að létta á halla ríkissjóðs. Auðvitað væri freistandi, herra forseti, að rifja upp af því að við erum að ræða um samráð við aldraða um stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra hve oft hefur verið gerð aðför að lífeyrisþegum á þessu kjörtímabili í fjárlögum, svo dæmi sé nefnt. Ég ætla bara að rifja upp örfá atriði.

Tvísköttun lífeyris var hafin að nýju. Það sem var mjög alvarlegt er að lífeyrisgreiðslur fylgja ekki lengur launahækkunum í landinu og hópur aldraðra sá ástæðu til þess fyrir nokkrum vikum að fjölmenna niður á Austurvöll til að mótmæla aðför stjórnvalda á kjör aldraðra. Um langan tíma hefur lífeyrir til aldraðra hefur fylgt lágmarkslaunum í landinu. En þannig er það ekki lengur. Lágmarkslaun í landinu eru ekki mikil, 70 þúsund kr. en lífeyrir aldraðra er kannski um 20 þúsund kr. minni.

Við þekkjum að Framkvæmdasjóður aldraðra hefur verið skertur með þeim hætti að hann er varanlega settur í rekstur. Grunnlífeyririnn var skertur á kjörtímabilinu og svo mætti lengi telja. Auðvitað var það svo að ekki var verið að hafa samráð við aldraða um breytingarnar sem höfðu mikil áhrif á kjör þeirra og afkomu. Ég tel, herra forseti, að full ástæða sé til þess að hafa slíkt ákvæði eins og hér er inni. Ég minni á í því sambandi að bæði í lögum um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðra er annars vegar í lögum um málefni fatlaðra ákveðin stjórnarnefnd sem er félmrn. m.a. til ráðgjafar að því er varðar framkvæmd á þeim lögum. Hins vegar er í lögum um málefni aldraðra samstarfsnefnd um málefni aldraðra en verkefni hennar er að vera tengiliður milli ráðuneytis og stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.

En þessi tillaga eins og er í lögunum um málefni aldraðra er af öðrum toga vegna þess að þar er lögbundin með ákveðnum hætti skylda stjórnvalda til þess að hafa samráð við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélaga þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.

Inntakið í þessu er því raunverulega það að ef á döfinni er af hálfu stjórnvalda að breyta einhvern veginn kjörum eða aðbúnaði aldraðra, hvort sem það er að bæta hann eða skerða sem hefur þó heldur verið tilhneigingin á undanförnum missirum, þá skuli það ekki gert nema aldraðir og samtök þeirra komi að málinu á undirbúningsstigi. Með þessu ákvæði er lögð skylda á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að það hafi samráð við samtök aldraðra eða hlutaðeigandi félag þeirra um vinnu að stefnumótun um málefni aldraðra, undirbúning frumvarpa til laga eða setningu reglugerða sem snerta hag og kjör aldraðra og einnig að heilbrrn., sem er mikilvægt, hlutist til um að önnur ráðuneyti geri hið sama, t.d. fjmrn. og fleiri, þ.e. að ef um er að ræða einhverjar breytingar að því er varðar aðbúnað og kjör þeirra þá verði haft samráð við samtök aldraðra um þær, ekki bara í formi einhverrar tilkynningarskyldu þegar ákvörðun hefur verið tekin í ríkisstjórn, herra forseti, um slíkar breytingar, heldur að þegar slík áform eru uppi komi aldraðir og samtök þeirra að því borði þegar á undirbúningsstigi. Ég held líka, herra forseti, að þetta sé mikilvægt fyrir stjórnvöld vegna þess að aldraðir búa yfir mikilli reynslu sem getur mjög gagnast stjórnvöldum og ættu þau í raun og sanni að hafa meira samráð við samtök aldraðra ef breytingar eru á döfinni vegna þess að samtök aldraðra og aldraðir búa yfir mikilli reynslu sem gagnast við alla stefnumörkun að því er varðar breytingar í þessum málaflokki.

Eins og ég sagði hafa aldraðir látið æ meira til sín taka málefni er varða aðbúnað og afkomu þeirra og þeir hafa beitt sér eins og við höfum séð mjög áþreifanlega, gagnvart stjórnvöldum til að tryggja betur hag sinn. Ég tel því að það sé ákaflega mikilvægt og til þess fallið að stuðla að lýðræðislegum ákvörðunum að lögbinda slíkt samráð og samvinnu við samtök aldraðra eins og hér er lagt til, enda skulum við líka muna að aldraðir hafa engan samningsrétt um kjör sín og afkomu.

Ég vil í lokin nefna að þetta fyrirkomulag sem ég mæli hér fyrir er þekkt víða erlendis og ég nefni Noreg í því sambandi. Þar hafa verið settar reglur um samningaviðræður ríkisstjórnar og samtaka eftirlaunafólks og komið hefur verið á fót viðræðunefnd með aðild samtaka eftirlaunafólks og stjórnvalda. Þar er samráð við aldraða virt og öldruðum sýnd sú virðing að þeir geti átt þátt í að móta breytingar og stefnumörkun að því er hag og aðbúnað þeirra varðar. Í Noregi er verkefni slíkrar viðræðunefndar, sem ég nefndi, að ræða mál varðandi tryggingafyrirkomulag og aðrar stuðningsaðgerðir og fleira sem skiptir máli fyrir aldraða. Samvinnunefndin fer árlega yfir frv. til fjárlaga — það er nú svolítið athyglisvert — og tryggingaþætti þess sem snerta hag og kjör aldraðra áður en málið er lagt fyrir Stórþingið. Þetta finnst mér til fyrirmyndar, herra forseti, að samtök aldraðra fái að segja álit sitt á því og hvaða áhrif það hefur ef verið er að leggja til skerðingar eða breytingar á kjörum þeirra gegnum fjárlögin. Samstarfsnefndin getur einnig að eigin frumkvæði eða eigin ósk samtaka aldraðra tekið fyrir mál er snerta samskipti ríkis, almannatrygginga og aldraðra. Í sveitarfélögum og fylkjum í Noregi hefur með lögum frá 1992 einnig verið sett á fót öldrunarráð sem er ráðgefandi aðili fyrir sveitarfélögin um málefni aldraðra, en skylt er að leggja fyrir ráðið mál sem snerta hag og kjör aldraðra áður en sveitarstjórnir fjalla um þau. Öldrunarráð getur líka sjálft átt frumkvæði að því að taka upp mál sem snerta aldraða í sveitarfélaginu. Á vegum stjórnvalda í Noregi hefur frá 1970 verið starfandi öldrunarráð ríkisins sem er ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórnina og opinberar stofnanir og samræmir sjónarmið ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka aldraðra í málum sem þá varða. Slíkt fyrirkomulag tel ég alveg til fyrirmyndar, herra forseti, en þessi litla tillaga sem hér er mælt fyrir kveður á um það, sem ætti auðvitað að vera lýðræðislegur réttur aldraðra og því ætti ekki að þurfa að lögbinda það, að samtökum aldraðra skuli sýnd sú lágmarkskurteisi að haft sé samráð við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélög þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.

Fyrir þinginu liggja tvær tillögur, annars vegar till. til þál. um umboðsmann aldraðra og hins vegar frv. um sama efni, þ.e. umboðsmann aldraðra. Þessi mál eru flutt af stjórnarsinnum. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er 1. flm. frv. og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson 1. flm. þáltill. Stjórnarliðar sjá að það gengur ekki hvernig í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið gerð atlaga að kjörum aldraðra í þjóðfélaginu og telja nauðsynlegt að stofna embætti umboðsmanns aldraðra sem sérstaklega gæti hagsmuna þess hóps. Full ástæða er til að skoða af alvöru slíkar tillögur. Fyrsta skrefið er þó það sem hér er lagt til, að haft sé samráð við aldraða og aðildarfélag þeirra um allt sem snertir breytingar og ákvarðanir er varða hag og kjör þessa hóps.

Herra forseti. Í lokin vil ég segja að ég gerði mér nokkurt far um að reyna að ná breiðri samstöðu um þetta litla mál þannig að meiri möguleiki væri að þessi tillaga næði fram að ganga á hv. Alþingi. Ég leitaði því mjög stíft til stjórnarliða

um að verða flutningsmenn að þessari tillögu, en þingmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna flytja þetta mál. Þeir tóku því vel að verða flutningsmenn að þessu frv. en eftir að hafa rætt við hæstv. heilbrrh. var annað upp á teningnum því þeir sögðu að hæstv. heilbrrh. ætladi sjálf að flytja slíka tillögu hér inn í þingið. Það eru nú orðnir nokkuð margir mánuðir síðan þetta mál var lagt fram og ég hef ekki, herra forseti, séð bóla á neinni slíkri tillögu frá hæstv. heilbrrh. í þinginu. Ég vona því að þessir stjórnarþingmenn sem gjarnan vildu styðja þetta mál hafi ekki verið blekktir af hæstv. ráðherra, a.m.k. hafa þeir nú tækifæri til styðja þetta mál vegna þess að vonandi fær þetta mál framgang og kemur hér til 2. umr. áður en þingi lýkur. Ég veit að það mun ekki vefjast fyrir hv. heilbr.- og trn. að afgreiða þetta mál fljótt og vel út úr nefndinni. Að lokum, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[12:23]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar athyglisvert mál um breyting á lögum um málefni aldraðra. Það er athyglivert að einn þingmaður stjórnarinnar er viðstaddur þessa umræðu og ég tel að það sé vel og vil nefna hann. Það er hv. þm. Pétur Blöndal. Ég fagna því að hann skuli vera við þessa umræðu. Umræðan er um málefni aldraðra og verið er að ræða um að hafa skuli samráð við heildarsamtök aldraðra og þeirra aðildarfélög um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra. Þetta mál tel ég vera sjálfsagt og þótt ég sé ekki einn hv. flm. þá kem ég að málinu sem slíkur.

Ég tel að umræðan um og meðferð á málefnum aldraðra hafi verið á nokkuð annan veg en æskilegt er. Ég hygg að hugsun flestra sé á þann veg að aldraðir eigi skilið ævikvöld í góðu umhverfi þar sem þeir geti notið farsældar eftir að hafa skilað hlutverki til samfélagsins hver á sínu sviði og að fólk geti búið nokkurn veginn þar sem það óskar á ævikvöldinu. Réttindi til aðgengis að heilbrigðisþjónustu eru mannréttindi en því miður hefur orðið skerðing á þessum réttindum og jafnvel tel ég að þau réttindi hafi verið brotin. Þjónusta við aldraða hefur verið skorin niður. Fjölmargir aldraðir eru á biðlistum eftir aðgerðum. Skammsýn umræða um sparnað hefur verið í fyrsta sæti. Það er frekar kaldranalegt viðhorf sem kom fram í grein eftir Methúsalem Þórisson, í Morgunblaðinu 22. okt. 1996, að sjúklingar og aldraðir séu baggi á þjóðinni rétt eins og hver og einn verði ekki gamall og allir geti ekki orðið sjúkir. Þetta finnst mér rétt að koma með inn í þessa umræðu. Auðvitað má velta því fyrir sér hvort þetta sé rétt aðbúð. Það er slæmt ef laun erfiðis og þjónustu við þjóðfélagið birtist í skerðingu kjara aldraðra eins og hefur verið að gerast á undanförnum árum.

Reglugerð sem sett var í maí 1996 og bitnar öðrum fremur á öldruðum, mun skerða uppbót vegna lyfjakostnaðar og mikillar umönnunar þannig að hjá þeim sem hafa meira en 75 þús. kr. í tekjur á mánuði að meðaltali eða eiga 2,5 millj. í sparifé leiðir hún til skerðingar. Ef einstaklingur hefur 75 þús. kr. í tekjur eru dregnar af honum 7–8 þús. kr. í staðgreiðslu. Eftir standa 68 þús. kr. Auðvitað er lágmark að ætlast til þess að niðurskurður sé miðaður við nettótekjur. Það gerir einstaklingum jafnara undir höfði í þessum málum. Það má ekki koma því á að aldraðir fái það á tilfinninguna að þeir séu einhverjir þurfalingar og vísa ég þar til upphafs ræðu minnar um ævikvöld í góðu umhverfi.

Ísland skipaði sér sess meðal velferðarþjóðfélaga í fremstu röð með setningu laga um almannatryggingar sem sett voru 1946. Það verður að játa að undanfarin ár hefur hver skerðingin rekið aðra í kjölfar lagasetninga. Ég er ekki að reyna að létta af Alþingi þeirri ábyrgð sem það ber en ég vil vísa til þess að skerðingaráformin verða til í fjmrn. og lagasetningar eru varðar af meiri hluta þeirra sem standa að ríkisstjórn hverju sinni. Sjaldan hafa komið fram harðari viðbrögð hjá stjórnarandstöðu en vegna þeirrar skerðingar sem lagasetning um fjármagnstekjuskatt leiddi yfir aldraða þegar þau lög voru sett og allt kom fyrir ekki, það var alveg sama hver viðbrögð aldraðra voru eða stjórnarandstöðunnar á þinginu.

Ég tel það mjög vafasamt að ellilífeyrir hafi fylgt verðlagsþróun. Hann er nú um 14 þús. kr. fyrir einstakling og tekjutryggingin er um það bil 25–26 þús. kr. á mánuði. Ég segi bara að sá sem ekki hefur annað er illa settur. Rétt er að benda á að tekjutrygging skerðist um leið ef fólk hefur einhverjar aðrar tekjur.

Það síðasta sem ég vil nefna í bili eru lögin um fjármagnstekjuskatt sem gengu í gildi á sínum tíma og skertu tekjutryggingar frá 1. september 1996. Ástæða er til að minna á þetta mál því það bitnar óþyrmilega á mörgum öldruðum núna.

Auðvitað má velta því fyrir sér af hverju kerfið er haft svona flókið. Oft hefur verið rætt um að einfalda kerfið og nefndir hafa verið skipaðar til þess. En hvað hefur gerst? Kerfið er orðið svo flókið að fólk botnar æ minna í því hvaða leiðir það á að fara, hvernig það á að sækja sinn rétt. Þetta er ákveðinn partur af því sem er að varðandi málefni aldraðra. Það er meira að segja svo að fólkið sem starfar við kerfið á í mestu erfiðleikum með að finna allar þær götur og leiðbeiningar sem til þarf til að aldraðir njóti þeirra réttinda sem þeir eiga. Í síðasta tölublaði blaðs aldraðra, Listinni að lifa, kemur í ljós að miklu fleiri eiga rétt á alls konar bótum frá heilbrigðiskerfinu eða tryggingakerfinu, en njóta þeirra eða fá þær. Þetta er ekki sent heim til fólks. Það verður að sækja þetta með hörðum höndum.

Nú væri gaman að rifja upp ályktun Sjálfstfl. um málefni aldraðra. Ég vil nefna að hafdjúp er á milli áforma og aðgerða hjá Sjálfstfl. en það undarlega er að 45% aldraðra styðja samt skerðingarstefnuna sem snýr gegn þeim. Þetta er ótrúlegt en það er ekki hægt annað en ræða þetta í þessu samhengi. Sjálfstæðismenn segja að þeir vilji gera aðgerðir í samráði við aldraða. Og ég spyr: Hverjar eru efndirnar? Það eru þær tilskipanir sem hafa verið að koma, eins og hér hefur verið bent á.

Þeir vilja koma í veg fyrir tvísköttun. Þetta er í ályktun sjálfstæðismanna. Og hverjar eru efndirnar? Það er gaman að velta því fyrir sér hvernig staðan er. Sjálfstæðismenn segja að þeir vilji tryggja að ellilífeyrisþegum sé ekki mismunað í sköttum miðað við aðra. Ég spyr: Hverjar eru efndirnar? Í hverju máli á fætur öðru hafa hv. þm. Sjálfstfl. greitt atkvæði með aðgerðum gegn öldruðum. Síðan segja þeir að þeir vilji móta heildstæða stefnu í málefnum aldraðra. Ég velti því fyrir mér hverjar efndirnar eru. Í þeirri ályktun sem lögð var fyrir landsfund Sjálfstfl. eru margir hlutir sagðir. Það er hafsjór, það er langt bil, á milli orða og athafna og ályktana og raunveruleikans og um það snýst málið.

Það er rétt að nefna að ég hef þá trú að í raun vilji allir menn vel í þessum málefnum en mjög margt misferst í aðgerðum. Þá er að knýja þá sem ráða til bættrar breytni, hvort heldur alþingismenn eða aðra. Ég segi að aldraðir hafa styrk

og getu til þess en þeir verða að vera sameinaðir og stilla saman kröfur sínar í baráttu fyrir nútíð og framtíð. Ég tel að aldraðir geti best komið málum sínum fyrir þannig að þeir komist til áhrifa í sveitarstjórnum og á sem flestum stöðum í þjóðfélaginu til að koma málum sínum fram. Það fólk sem er núna í forustu fyrir öldruðum hefur bæði hæfni og getu til þess að koma og taka þátt í málum, það á ekki að draga sig út úr. Ég hvet aldraða til að koma málum sínum að núna í komandi sveitarstjórnarkosningum og þeir eiga að gera kröfu um að það séu minnst tveir fulltrúar á hverjum einasta lista í hverju einasta framboði allan hringinn í kringum landið og það er réttlæti. Ég þekki að styrkur sameinaðra samtaka er nægur til að hafa meiri áhrif en verið hefur. Ég minni á það sem ég nefndi áðan, aðgerðir núverandi stjórnvalda gegn öldruðum, og ástæða er til þess að minna á að nánast allt hefur verið á verri veginn.

[12:33]

**Útbýting þingskjala:**

Gjaldmiðill Íslands, 555. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 944.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 557. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 946.

Samningar með tilkomu evrunnar, 556. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 945.

Stuðningur Íslands við hugsanlegar loftárásir á Írak, 473. mál, svar utanrrh., þskj. 902.

[12:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágæt og nauðsynleg ádrepa á stjórnarliðið sem kom fram í ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar. Hún var virkilega tímbær. Við eigum aldrei að sleppa tækifæri til þess að minna á hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram við aldraða og lífeyrisþega á þessu kjörtímabili. Það sem kom fram í ræðu hv. þm. er að fjöldi lífeyrisþega fær ekki það sem hann á rétt á vegna þess að hann þarf að bera sig eftir öllu er auðvitað alveg rétt. Menn þurfa að bera sig eftir öllu, það þarf að sækja um allt, menn þurfa að þekkja rétt sinn til hlítar til að fá það sem þeir eiga rétt á í kerfinu. Ég vil bæta því við að fjöldi bótagreiðslna fæst ekki borgaður aftur í tímann, bara frá þeim degi sem sótt er um, þó að menn eigi réttinn mörg ár aftur í tímann.

Ég tók eftir því að það virtist hafa komið hv. þm. á óvart, herra forseti, að málum væri þannig háttað, og hann vitnaði í Listina að lifa, blað eldri borgara. En þetta kemur nefnilega líka mörgum öldruðum á óvart. Það þarf sífellt að vera að bera sig eftir og leita eftir upplýsingum til að geta fengið það sem menn eiga rétt á. Ég vil í þessu andsvari taka undir það mál sem er til umræðu að það er löngu orðið tímabært að aldraðir komi að þeim málum sem þá varða og ég mun leggja málinu lið í heilbr.- og trn. þegar það kemur þangað en vissulega þurfa málefni aldraðra að fá sífellda og stöðuga umræðu, bæði í þinginu og annars staðar í samfélaginu.

[12:35]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki alltaf að það gefst tækifæri til að þakka fyrir andsvar en það gerist núna. Ég vil velta því upp hér úr því ég fæ tækifæri til að koma aftur í stólinn að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur gert úttekt á fátækt á Íslandi. Þar eru málin þannig að þegar litið er á einkenni fátæktar á Íslandi í samanburði við nágrannalönd er sérstaklega markvert að fátækt meðal aldraðra hefur verið svipuð meðal stærri þjóða á Norðurlöndum en aukist á Íslandi. Menn ættu að athuga hvað þetta þýðir, þ.e. að fátækt hefur raunverulega aukist meðal aldraðra. Það er ótrúlegt á sama tíma og við erum að veifa því að kjörin hafi batnað á Íslandi. Þetta niðurstaða úttektar frá Háskóla Íslands.

Þar kemur m.a. sérstaklega fram að aldraðar konur eru líklega verr settar en kynsystur þeirra annars staðar Norðurlöndunum. Vegna hvers? Jú, vegna lakari lífeyrisréttinda og síðan þverrandi vinnu á síðustu árum. Þetta er atriði sem er nauðsynlegt að koma inn á. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að koma að málinu á þennan veg. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að aldraðir gætu ekki sótt rétt sinn til bóta þó svo að einhver tími hefði fallið niður. Þeir fá hann aðeins frá þeim tíma sem þeir sækja um hann. Þetta er óréttlátt kerfi og þetta verður að laga og ég skora á hv. heilbr.- og trn. að taka á þessu máli þannig að þetta verði afgreitt.

[12:37]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að ítreka það sem ég sagði áðan. Margir bótaflokkar fást ekki greiddir nema frá þeim tíma sem sótt er um greiðslurnar. Aðrar greiðast eitthvað aftur í tímann og í mesta lagi í tvö ár, þeir sem eiga mestan rétt aftur í tímann, svo öllu sé til haga haldið í þeim efnum.

En vissulega þarf að taka á þessum málum, sérstaklega á lífeyrismálunum, og það þarf að fara í endurskoðun á þeim öllum. Af því að hv. þm. var að tala um fátækt og hversu illa staddar konur eru sem eru lífeyrisþegar langar mig til að minnast á það hér að Norðmenn töldu ástæðu til þess nú á dögum að breyta lögum hjá sér þannig að þær konur, sem hefðu stundað heimilisstörf og uppeldi barna í lengri tíma um ævina og eru orðnar ellilífeyrisþegar, fái aukin lífeyrisréttindi til að vinna upp það sem þær hafa misst vegna þess að þær hafi ekki verið úti á vinnumarkaði og öðlast lífeyrisréttindi á þann hátt. Auðvitað er full ástæða til þess að við skoðum það hér hvort hægt sé að koma til móts við konur á þennan hátt þannig að þær beri ekki skarðan hlut frá borði eins og er í dag þar sem komið hefur í ljós við hverja könnunina á fætur annarri á högum aldraðra að konur sem eru orðnar ellilífeyrisþegar, standa verr að vígi fjárhagslega en karlarnir. Það er auðvitað vegna þess hvernig lífeyriskerfið okkar er og konur hafa í mun skemmri tíma greitt til lífeyrissjóðanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Félagsleg aðstoð, 1. umr.*

Frv. ÁRJ o.fl., 352. mál. — Þskj. 496.

[12:39]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

Þetta er í þriðja sinn sem ég er 1. flm. að frv. sem þessu. Það fjallar um að breyta lögunum um félagslega aðstoð

en lögin um félagslega aðstoð voru fyrir 1993 hluti af almannatryggingalögunum en var skipt upp í tvenn lög við það að við gerðumst aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrsta grein frv. felur það í sér að 1. mgr. 9. gr. laganna verði breytt á þann hátt að heimilt sé að greiða heimilisuppbót til þeirra sem búa með öðrum sé sambýlingurinn undir 20 ára aldri. Einnig er opnað fyrir það í öðrum tilvikum að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef hann hefur ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu við heimilismanninn.

Í dag er greinin framkvæmd þannig að aðeins er heimilt að greiða þeim sem búa einir heimilisuppbót en ekki ef þeir búa með öðrum. Heimilisuppbótin er hluti af lífeyrisgreiðslum. Eins og lífeyriskerfið er byggt upp í dag er grunnlífeyrir fyrsti flokkurinn sem greiddur er, síðan kemur tekjutryggingin, sem er reyndar tekjutengd við bæði lífeyrisgreiðslur og aðrar greiðslur, og síðan kemur heimilisuppbótin fyrir þá sem búa einir.

Eftir að almannatryggingalögunum var skipt upp árið 1993 voru félagslegu bæturnar settar í sérstakan lagabálk og þær voru allar gerðar að heimildarbótum. Ég tel, herra forseti, að það sé mikilvægt að því sé haldið til haga vegna þess að verið er að fara fram á að heimildirnar séu auknar, að víkkaðar séu heimildirnar til greiðslu heimilisuppbótar vegna þess að eins og lögin eru nú í framkvæmd eru þau geysilega óréttlát. Ég get nefnt sem dæmi, sem ég nefni reyndar í greinargerðinni, að ef einstæð móðir sem er öryrki fæðir barn, hefur það í för með sér að framfærsla hennar úr almannatryggingunum lækkar um tæpar 20 þús. kr. eða rúmar 19 þús. kr., bara við það að hún eignast barn. Henni er ætlað að framfleyta sjálfri sér á rúmum 19 þús. kr. lægri greiðslum eftir að hún eignast barnið. Reyndar fær hún greiddan barnalífeyri með barninu — prentvilla er í greinargerðinni þar sem talað er um barnabætur en ekki um barnalífeyri — hún fær tæpar 12 þús. kr. í barnalífeyri, en það er framfærsla barnsins sem greiðist vegna þess að móðirin er lífeyrisþegi. Það er því ekki hægt að líta á það þannig að hún hafi fjárhagslegt hagræði af því að búa með hvítvoðungi. Það sér náttúrlega hver heilvita maður að það hefur ekki nokkur maður fjárhagslegt hagræði af því að eignast barn og fara að búa með því þó að greiddur sé barnalífeyrir upp á 11.737 kr. með barninu.

Ef maður tekur saman heildargreiðslur heimilis þessa öryrkja við það að fara úr því að vera einn að verða tveir einstaklingar á heimilinu að þá lækka tekjur heimilisins um 7.313 kr. við það að barnið fæðist og heimilismönnum fjölgar í tvo. Þetta er alveg út í hött og eitt af mörgum dæmum um það hve þessi lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð eru orðin úrelt og úr takti við það samfélag sem við búum í í dag. Þetta gerist þegar alltaf er verið að hringla í þessum lögum við fjárlagagerð á hverju ári án þess að horfa á lagasetninguna í heild.

Þetta gerir það að verkum að markmiðið með lögunum verður óljóst. Það lendir á þeim sem síst skyldi, þegar tekið er af hér og bætt við þar. Þetta verður eins og stagbætt flík sem alltaf er verið að rimpa í en gliðnar þá á öðrum stöðum.

Í frv. er miðað við að sá sem býr með barni sínu uns það hefur náð tvítugsaldri skuli fá heimilisuppbót ef menn telja ástæðu til þess. 20 ára aldursviðmiðun er sambærileg við menntunarbarnalífeyri sem er greiddur til tvítugs. Verið getur ástæða sé til að miða þetta við 18 ár, þannig að samræmi sé milli laga varðandi aldursmörk, samanber sjálfræðisaldurinn.

Ég vil geta þess að frá því ég flutti þetta mál síðast hafa þær breytingar orðið á almannatryggingalögunum að réttur mæðra, einstæðra mæðra og feðra sem búa með börnum sínum, hefur verið skertur. Mæðralaun fást ekki lengur greidd með einu barni, herra forseti. Það var tekið af í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ástæða þótti til að finna matarholu hjá einstæðum foreldrum þannig að ekki er lengur greitt með einu barni. Sömuleiðis voru við eina fjárlagagerðina gerðar þær breytingar að ákveðin hlunnindi sem lífeyrisþegar með heimilisuppbót nutu voru tekin af en heimilisuppbót hækkuð á móti. Skerðingin er því meiri en áður og þeim mun mikilvægara að gera þá lagabreytingu sem þetta frv. leggur til. Ég gæti auðvitað talað hér lengi um þau vitlausu lög sem í gildi eru um almannatryggingarnar. Ég hafði reyndar bundið miklar vonir við að einhver bragarbót yrði gerð við endurskoðun almannatryggingganna. Það átti að eiga sér stað á þessu kjörtímabili og á laggirnar var sett nefnd til að sinna því verkefni. Sú nefnd hefur verið kölluð saman tvisvar sinnum á kjörtímabilinu. Síðast var hún kölluð saman í desember fyrir rúmu ári. Fyrir einu ári og fjórum mánuðum. Ég get því ekki séð að mikill vilji sé hjá þessari ríkisstjórn til að leiðrétta þær vitleysur sem viðgangast í þessu kerfi og það óréttlæti sem þar á sér stað.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns er ég að leggja þetta frv. fram í þriðja sinn. Maður auðvitað veltir því fyrir sér hvað það hafi upp á sig að leggja til breytingar á lögum til að fá leiðréttingu á ósanngjörnum reglum í velferðarkerfinu. Við vitum alveg hvernig þessi mál fara. Þau fara í nefnd og þar leggst stjórnarliðið á málin og þau fá ekki framgöngu út úr nefndinni. Ég læt það þó ekki þreyta mig í því að taka upp ósanngjörn lög eins og þessi og reyna að fá þeim breytt til betri vegar.

Ég mun leggja þetta mál fram aftur og aftur þar til menn sjá að það er ekki nokkur hemja að láta þetta standa í lögunum áfram. Þetta bitnar á þeim sem síst skyldi. Þetta ákvæði er til að sundra fjölskyldum. Það gerir það að verkum að börn eru send að heiman fyrr en annars hefði verið. Lífeyrisþegar sem hefðu stuðning af því að búa með börnum sínum áfram verða einir vegna þess að þeir tapa rúmum 19 þús. kr. við að leyfa barni sínu að búa heima. Auðvitað er fjárhagslegt hagræði af því fyrir samfélagið að leiðrétta þetta, laga og auka heimildina þannig að fólk geti búið með börnum sínum þótt það sé komið á lífeyri.

Einnig ætti að opna fyrir þá heimild í lögunum að menn geti fengið heimilisuppbótina greidda þegar ekki sé fjárhagslegt hagræði af sambýlinu. Við þekkjum fjölda dæma um það að fólk flytji til aldraðra foreldra sinna til að hugsa um þá. Núna í vikunni hringdi til mín kona sem tók upp heimili sitt og flutti til aldraðra tengdaforeldra sinna svo hún gæti sinnt þeim. Þeir voru algerlega ófærir um að búa einir, báðir orðnir sjúklingar. Við það lækkar greiðsla lífeyrisþegans, sérstaklega til einstæðinga. Þar fyrir utan er ekki einu sinni greitt fyrir þá aðstoð sem þetta fólk veitir sínum nánustu svo þeir geti verið eins lengi heima og unnt er. Því er orðið mjög mikilvægt að leiðrétta þetta. Ég gæti auðvitað tekið mörg fleiri dæmi sem lýsa því óréttlæti sem þarna viðgengst en mun koma að málinu í heilbr.- og trn. Þar get ég lagt fram dæmi um það hvernig þessum málum er háttað undir gildandi lögum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, en að

lokinni þessari umræðu um frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[12:51]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir ágætt innlegg og raunar ágætis frv. Hún gat þess að kerfið væri ákaflega flókið og það er hárrétt. Kerfið er orðið feiknarlega flókið og það vill svo til að eftir því sem kerfin eru gerð flóknari til að ná fram réttlæti, þeim mun óréttlátari verða þau. Þeir sem virkilega þurfa á aðstoðinni að halda hafa ekki þekkingu til þess, og þannig hafa mörg af þessum kerfum sem við höfum byggt nánast orðið skattlagning á vanþekkingu. Þeir sem hafa þekkingu og hafa til þess endurskoðendur og góða sérfræðinga ná sínu fram.

Í greinargerðina með frv. vantaði ýmislegt. Það er t.d. talað um 11.737 kr. í barnabætur. Það á víst að vera barnalífeyrir. En síðan koma til, það gleymist og vonandi ekki af ásettu ráði, barnabætur samkvæmt skattalögunum sem fyrir einstæða foreldra eru, að mig minnir, 14 þús. kr. Síðan kemur til meðlag frá föður barnsins, eða móður ef öryrkinn er karlmaður, sem er um 12.500 kr. Þar eru komnar 27 þús. kr. til viðbótar.

Velflestir Íslendinga hafa verið í lífeyrissjóði og eru með örorkulífeyri þaðan. Það er orðið fátítt að fólk eigi engan rétt í lífeyrissjóði. Þá kemur til barnalífeyrir frá lífeyrissjóði um 6 þús. kr. Þarna vantar í greinargerðina 34–35 þús. kr. Það er umtalsvert og mikill ljóður á greinargerðinni að geta ekki um þessi atriði. Ef barn er undir 7 ára aldri fær það til viðbótar 4 þús. kr. í barnalífeyri samkvæmt skattalögunum.

[12:53]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir þetta innlegg. Þetta er alveg rétt hjá honum. Kerfið er orðið skattlagning á vanþekkingu. Auðvitað þarf að einfalda þessar reglur. Það þarf að einfalda kerfið svo þeir sem þurfa á því að halda njóti þess sem þeir eiga að fá. Vegna þeirra atriða sem ekki eru talin upp hér og hann nefnir, þá er margt af því rétt athugað. Ég hef ekki talið með í greinargerðinni barnabætur o.s.frv. vegna þess að þá hefði ég þurft að fara í miklu flóknara mál.

Þau atriði sem hv. þm. nefndi eru auðvitað framfærsla barnsins. Ég er að tala um lífeyrisþegann. Framfærsla hans skerðist. Þegar hv. þm. nefnir að flestir lífeyrisþegar hafi borgað í lífeyrissjóð, þá veit hann nú betur. Mjög stór hópur öryrkja hefur lítið sem ekkert borgað í lífeyrissjóð og margir öryrkjar hafa aldrei greitt í lífeyrissjóð. Þeir þurfa algerlega að treysta á almannatryggingabætur sem eru ekkert til að hrópa húrra fyrir. Það veit hv. þm. sem er einn helsti sérfræðingur okkar í tryggingamálum og þekkir þessi mál vel. Hann veit það að fjöldi öryrkja hefur aldrei greitt í lífeyrissjóð. Auðvitað treystum við á að lífeyrissjóðakerfið bæti úr því ástandi sem þarna er en meðan ástandið er eins og það er í dag, að margir fá ekkert nema bara slyppar almannatryggingabætur, getum við ekki annað en tekið á þessum málum. Ég minni á að barnabæturnar og meðlagið eru framfærsla barnsins en ekki tekjur lífeyrisþegans til framfærslu.

[12:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan er kerfið sem við búum við ákaflega flókið, svo flókið að mér varð það á að gleyma áðan mæðralaununum sem eru 4 þús. kr. til viðbótar við allt hitt. Þær upplýsingar vantar í greinargerðina. Ég er ekki að segja að þetta fólk tapi ekki á þessu og það sé ekki réttlátt að laga þetta. Hins vegar þarf að taka alla þætti með inn í dæmið. Menn horfa alltaf á einn þátt í einu og þess vegna er kerfið orðið svona óskaplega flókið og ósanngjarnt. Oft og tíðum er um oftryggingu að ræða. Ég kom með dæmi um einstæða móður í háskólanum með tvö börn sem hefur 170 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði.

Menn líta alltaf á einn þáttinn, líta ekki á alla þættina. Að sjálfsögðu verða þeir sem leggja fram svona tillögu að vinna í málunum og kynna sér allar þær bætur sem barnið fær. Frá skattkerfinu fær það sem sagt um 14 þús. kr. Ef það er undir 7 ára aldri fær það til viðbótar um 4 þús. kr. á mánuði. Ég nefni þessar tölur að vísu eftir minni. Síðan fær það meðlag frá föðurnum um 12 þús. Og svo eru það mæðralaunin. Auðvitað er þetta allt til framfærslu barnsins. Það verður samt að geta um þetta. Það má ekki taka hlutina og rífa þá úr samhengi. Þetta kemur allt saman inn í dæmið. Það er ekki þannig að framfærslan lækki um 7.300 heldur hækkar hún um 24 þús. eða eitthvað slíkt. Ég veit þetta ekki nákvæmlega. Ég hef ekki aðstöðu til að reikna það núna. Dæmið lítur allt öðruvísi út. Með því er ég ekki að segja að ekki eigi að taka málið til umræðu.

[12:57]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minntist á mæðralaunin í máli mínu áðan og það hefur greinilega farið fram hjá hv. þm. Hann stuðlaði að því, ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni, að mæðralaun með einu barni voru bara felld niður þannig að þau eru úr sögunni. Einstæð móðir sem er öryrki og með eitt barn fær engin mæðralaun. Hv. stjórnarliðar sáu til þess í þinginu, einhverja jólanóttina, að senda þann gladning til einstæðra foreldra. Hér er rætt um framfærslu barnsins og það er alveg rétt, barnið fær vonandi meðlagsgreiðslur frá föður og barnabætur úr skattakerfinu. Ég er hins vegar að tala um að framfærsla móðurinnar sem er öryrki, getur ekki framfleytt sér og hefur ekki vinnuþrek, hún lækkar um rúmar 19 þús. kr. við að barn fæðist inn í fjölskylduna. Framfærsla einstæðrar móður sem verður öryrki og vill hafa barnið sitt hjá sér lækkar um 19 þús. kr. ef hún á ekki rétt á greiðslum úr lífeyrissjóði. Þetta er því ósanngjarnt kerfi sem við þurfum að laga. Það er rétt hjá hv. þm. Við þurfum að skoða þetta í heild. Skoða þarf marga þætti og því nauðsynlegra er að fara í þessa vinnu þannig að eitthvert vit verði í þessum lögum og við sitjum ekki uppi með þá dellu sem viðgengst í dag.

[12:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir**:

Herra forseti. Þetta verður örstutt hjá mér. Ég þakka hv. 1. flm. þessa frv. fyrir að leggja þetta mál fram í þriðja sinn og ötula baráttu hennar fyrir því að bæta almannatryggingakerfið sem hún réttilega kom inn á að er orðið mjög götótt og þarf að breyta. Kerfið er flókið, fáir þekkja rétt sinn o.s. frv. Ég held að það mál sem hv. þm. mælti fyrir sé sýnilegasta ranglætið í þessu kerfi, og er þó af þó nokkru að taka, ásamt því að tekjur maka valda skerðingu á bótum lífeyrisþega. Öryrkjar hafa mikið látið heyra í sér út af þessum málum.

Það vill svo til að sami hv. þm., Ásta R. Jóhannesdóttir, sem hvað best þekkir tryggingalöggjöfina, hefur einnig lagt fram frv. um síðarnefnda atriðið. Þessi tvö atriði, herra forseti, eru mjög sýnileg og skera mjög í augu og þau þarf að

leiðrétta. Þar fyrir utan þarf að ráðast í það verk að fara í heildarendurskoðun og einföldun á tryggingalöggjöfinni.

Ég hygg að það sé alveg rétt sem hv. þm. nefndi hér áðan, að ástæðan fyrir því hvernig komið er fyrir tryggingalöggjöfinni er að það vantar alltaf heildaryfirsýn þegar menn eru að ganga til verka í niðurskurði í ríkisstjórninni. Þetta eru handahófskenndar tillögur þar sem reynt er að finna einhverjar matarholur hér og þar og menn gera sér aldrei grein fyrir því fyrr en um seinan hvaða áhrif það getur haft.

Varðandi frv. sem við ræðum þá er þetta auðvitað öfugmæli sem er í þessari löggjöf, þ.e. að talað er um það að greiða einhleypingi sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og sér einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögun við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað.

Hvað er fjárhagslegt hagræði? Er það fjárhagslegt hagræði ef barn innan við 20 ára aldur er í heimili með viðkomandi? Nei, auðvitað eru það útgjöld. Það hefur í för með sér útgjöld og meiri kostnað. Ef einhleypingur er með barn undir 20 ára aldri á heimilinu, þá veldur það auknum útgjöldum en ekki hagræðingu vegna þess að í flestum tilvikum er þessi unglingur undir tvítugu í skóla og það kallar á ýmis aukin útgjöld. Ég man að Félag einstæðra foreldra reiknaði út útgjöld einstæðra foreldra vegna unglinga. Mig minnir á sínum tíma og er nú orðið langt síðan, að það hafi verið um 500 þús. kr. sérstaklega á ári sem getur oft verið hátt í tekjur einstæðra foreldra. Svo er því haldið fram, sem ég segi að sé öfugmæli, að þetta hafi fjárhagslegt hagræði í för með sér.

Þetta er auðvitað sláandi dæmi sem hv. þm. nefnir um einstæða móður sem verður öryrki. Hún fær ekki heimilisuppbót þar sem hún býr með barni sínu. Öryrki sem eignast barn missir við það heimilisuppbótina og sérstöku heimilisuppbótina og örorkulífeyrir hans lækkar um 19 þúsund. Það ætti frekar að auka lífeyrinn þegar um aukin útgjöld er að ræða.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta en ég vil bara minna á það, og á það vel við í þessari umræðu, að í svari sem ég fékk á þessu þingi kom fram að 40% aldraðra og öryrkja eru með tekjur undir lágmarkslaunum. Þannig er að 10 þúsund af rúmlega 27 þúsund öldruðum eru með tekjur undir lágmarkslaunum, með tekjur á bilinu 40–60 þús. kr. Og af 7.900 öryrkjum búa 3.400 öryrkjar við það að vera með tekjur langt undir lágmarkslaunum, 40–60 þúsund á mánuði. Við erum því með það fyrir framan okkur að helmingur öryrkja í þjóðfélaginu þarf að búa við það að hafa sér til framfærslu 40–60 þús. kr. á mánuði. Svo eru þessar tekjur kannski skertar ef öryrkinn á maka sem er með einhverjar tekjur. Rúmlega þriðjungur aldraðra er með tekjur á bilinu 40–60 þúsund. Og við öryrkjann segjum við að ef hann er með barn á sínu heimili þá fái hann ekki heimilisuppbót eða frekari uppbót. Þetta eru því öfugmæli, herra forseti.

Ég vona það satt að segja, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir þurfi ekki að standa hér á næsta þingi í fjórða sinn og mæla fyrir þessu sjálfsagða réttlætismáli, heldur manni þingið sig upp í það að samþykkja þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:05]

### *Einkahlutafélög, 1. umr.*

Frv. LB o.fl., 421. mál (slit á félagi og innlausn hluta). — Þskj. 743.

[13:31]

**Flm. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, á þskj. 743. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ágúst Einarsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar K. Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Frv. þetta eru tveir greinar um breytingar á áðurnefndum lögum og í mínum huga er hér um dálitla réttarbót að ræða. Það virðist vera að þegar lög um einkahlutafélög voru sett á sínum tíma hafi ákveðinn hlutafjáreigendahópur orðið út undan og er ætlunin með þessu litla frv. að reyna að rétta örlítið þeirra hlut. Frv. er í þremur greinum og hljóðar 1. gr. svo, með leyfi forseta:

1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Hluthafar, sem ráða yfir minnst $^1/_{10}$ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

2. grein hljóðar svo, virðulegi forseti:

Við 2. mgr. 108. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dómstóll getur að kröfu tjónþola og ef sérstök ástæða er til með hliðsjón af saknæmri hegðun tjónvalds og aðstæðum að öðru leyti skyldað hann til að innleysa hlut tjónþola í félaginu. Við ákvörðun innlausnarverðs skal litið til fjárhagslegrar stöðu félagsins og þess hvað sanngjarnt getur talist með hliðsjón af öllum atvikum.

Virðulegi forseti. Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, voru sett að danskri fyrirmynd. Tiltölulega skömmu eftir að lögin öðluðust gildi breyttu Danir sínum lögum. Var sú leið farin þar í landi til að auka frelsi hluthafa til að semja sín á milli. Aðstaðan þar er því sú að hluthafar geta í auknum mæli byggt á öðrum réttarheimildum í lögskiptum sín á milli en lögunum um einkahlutafélög, eins og hér, t.d. reglum samningaréttar eða skaðabótaréttar, svo framarlega sem lögin um einkahlutafélög mæla ekki á annan veg.

Breytingarnar sem lagðar eru til byggjast að mestu á þeim reglum er giltu í dönskum rétti fram til 1. júní 1996, en þá var þeim breytt. Flutningsmönnum þykir ekki tímabært að feta strax í fótspor Dana og auka samningafrelsi milli hluthafa, nema að fenginni reynslu af einkahlutafélagaforminu, sem er ekki gamalt form því þau lög eru frá árinu 1994. En þá mun væntanlega, þegar reynsla verður komin af þeim lögum, fara fram allsherjarendurskoðun á þeim.

Virðulegi forseti. Ég sé svo sem ekki ástæðu til að rekja þetta í löngu máli. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er markmiðið fyrst og fremst að tryggja ákveðna minnihlutavernd í félögum, því eins og segir í grg. er tilgangur 81. gr. núgildandi laga að tryggja minnihlutavernd, einkum þegar hluthöfum standa engin önnur virk úrræði til boða samkvæmt lögunum. Minnihlutaverndinni er ætlað að koma á eðlilegu jafnvægi milli hagsmuna meiri hluta og minni hluta, og getur þannig m.a. stuðlað að aukinni eftirspurn eftir hlutafé, óháð hlutfalli þess af heildarhlutafé félags. Telja verður að sjónarmið um minnihlutavernd eigi sérstaklega rétt á sér í löggjöf um einkahlutafélög, þar sem oft er um að ræða fáa hluthafa og því frekar hætta á að meirihlutavaldi, sem oft

er í hendi eins hluthafa, sé misbeitt. Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög nefni minnihlutavernd ekki sérstaklega er augljóst að víða er byggt á henni, sbr. t.d. 18. gr., 60. gr., 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 76. gr.

Það vekur athygli við samanburð á 18. og 81. gr. laganna um einkahlutafélög að við tiltekna hlutafjáreign getur hluthafi hvorki krafist innlausnar né slita á félagi, þrátt fyrir að vera í minni hluta. Sem dæmi má nefna mann sem á 17% í einkahlutafélagi — en hér er einkanlega átt við hlutafjáreigendur sem eiga um 10–20% í hlutafélögum — og kemst að því að annar hluthafi hefur af ásettu ráði misnotað aðstöðu sína í félaginu. Vegna þessa vill hann selja hlut sinn. Aðrir hluthafar vilja ekki kaupa hlut hans né neinn utanaðkomandi. Eina úrræðið, sem honum er tækt í þessu tilviki samkvæmt núgildandi lögum, er málshöfðun á grundvelli 2. mgr. 108. gr., þ.e. skaðabótamál gegn þeim er misnotaði aðstöðu sína. Slík málshöfðun kann þó að vera óheppileg, m.a. vegna þess að áframhaldandi samstarf innan félagsins getur reynst erfitt. Hluthafa gæti einnig reynst erfitt að sanna tjón sitt. Þá má jafnframt gera því skóna að félagið yrði enn síður álitlegur kostur fyrir fjárfesta og jafnvel viðskiptavini, því hætt er við að viðskiptavild gæti glatast ef til slíks málareksturs kæmi, enda ekki tilhlökkunarefni að skipta við félag þar sem eigendur eiga í deilum sín á milli. Þetta á sérstaklega við um smærri fyrirtæki þar sem hluthafar eru oft í stjórn og sjá um daglegan rekstur þeirra. Með hliðsjón af þessu er tilefni til að ætla að skaðabótamál leysi ekki allan vanda og geti í raun gert samstarfið milli hluthafa enn erfiðara. Hluthafar í þessari stöðu þurfa því raunhæft úrræði, eins og þeir sem 81. gr. núgildandi laga tekur til.

Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög hafi að mestu verið samin að danskri fyrirmynd var önnur leið valin hér en í Danmörku á sínum tíma að því er 81. gr. varðar, en þar gátu hluthafar sem áttu $^{1}/_{10}$ hlutafjár eða meira krafist slita við sambærilegar aðstæður og lýst er í 1. mgr. 81. gr. íslensku laganna. Á þennan hátt myndaðist ekki gat í minnihlutaverndina ef svo má að orði komast.

Í raun má segja að 1. mgr. 81. gr. núgildandi laga sé ekki í fullkomnu samræmi við sjónarmið um minnihlutavernd, þrátt fyrir að slíkt hafi verið tilgangurinn með lögfestingu hennar, þar sem tiltekinn hópur hluthafa ber skarðan hlut frá borði, þ.e. þeir sem ekki geta nýtt úrræði skv. 18. gr. eða 1. mgr. 81. gr. laganna. Ekki verður heldur séð hvaða rök eru fyrir því að mynda þess háttar gat í minnihlutaverndina og slíkt samræmist illa almennri jafnræðisreglu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að rekja þetta frv. frekar en hér hefur verið gert og mælist til þess að umræðu lokinni að frv. fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ábyrgðarmenn, 1. umr.*

Frv. LB o.fl., 310. mál. — Þskj. 390.

[13:39]

**Flm. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ábyrgðarmenn sem finna má á þskj. 390, 310. mál. Meðflutningsmenn mínir eru 17 aðrir þingmenn úr stjórnarandstöðunni.

Virðulegi forseti. Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og lánastofnanir hafa því í gegnum tíðina að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Samkvæmt skýrslu nefndar, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90 þús. einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um það bil 47% allra Íslendinga á þessum aldri.

Flest bendir til þess að ábyrgðarskuldbindingar hér á landi séu mun algengari en annars staðar á Norðurlöndum eða Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga (nóvember 1996), að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Með framlagningu þessa frumvarps, sem skiptist í sex kafla, er gerð tilraun til þess að sporna við þessari þróun sem flutningsmenn telja óásættanlega. Ýmsir möguleikar voru kannaðir í því sambandi en niðurstaðan varð sú að leggja til að reglurnar næðu til allra samninga og skuldabréfa þar sem einstaklingar skuldbinda sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Reglunum er ekki ætlað að breyta ákvæðum laga um tékka eða víxillaga því þau eiga sér alþjóðlega skírskotun með rætur í alþjóðasamningum sem flestar vestrænar þjóðir eiga aðild að og einhliða breytingar aðildarríkja eru því óæskilegar að mati þess sem hér stendur. Rétt er þó að vekja athygli á 2. málsl. 2. mgr. 4. gr., sem kveður á um bann við afhendingu viðskiptabréfa með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu á hendur aðalskuldara sem kann að stofnast í framtíðinni. Það ákvæði gildir um tékka og víxla en breytir ekki ákvæðum þeirra laga.

Markmiðið með frumvarpinu er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður.

Frumvarpið byggist einkanlega á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist meðal annars í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna og viðsemjanda þeirra. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningum. Ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að

þriðji maður ábyrgðist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla virðist hafa verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga ber með sér. Lánastofnanir virðast þess í stað hafa reynt að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Markmiðið með framlagningu frumvarpsins er því öðrum þræði að reyna að breyta vinnubrögðum lánastofnana frá því sem nú tíðkast í allt of ríkum mæli.

Þá er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður og styrkja eins og kostur er réttarstöðu ábyrgðarmanna. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Finna má mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi um að forsenda þess að samningar tókust er að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum var ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er þó að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri mjög erfið væri hann ekki til staðar skriflegur. Í reynd er það svo að flestir ábyrgðarsamningar eru skriflegir og því mun þetta ekki hafa mikla „praktíska" breytingu í för með sér frá því fyrirkomulagi sem nú ríkir. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar, þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, séu ógildir, auk þess sem óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Með öðrum orðum yrði aðför ekki gerð í heimili ábyrgðarmanns ef krafan á rót að rekja til ábyrgðarloforðs. Auk þessa er að finna ákvæði þess efnis að krafa um gjaldþrotaskipti verði ekki höfð uppi vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings.

Reglur 4. gr. frumvarpsins eiga sér sumpart fyrirmynd í reglu sem hefur verið lögfest víða í Bandaríkjunum, svokallaðri „Homestead exemption"-reglu (Homestead exemption for the house in wich the debtor lives, þ.e. homestead merkir heimili skuldara). Í öllum samanburði við þessa reglu er rétt að hafa í huga að bandaríska reglan á við um gjaldþrotaskipti, en hér er ætlunin að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn. Þrátt fyrir það gengur þessi svokallaða „Homestead exemption"-regla mun lengra en ætlunin er að kveða á um hér. Hún felur í sér að almennt renna heimili skuldara, og þá ekki einvörðungu ábyrgðarmanna heldur heimili allra skuldara, ekki inn í gjaldþrotabú við skipti.

Rökin að baki reglunni eru þau að það þjóni ekki hagsmunum samfélagsins að reka einstaklinga og fjölskyldur á dyr í kjölfar gjaldþrots; það auki aðeins á þann vanda sem fyrir er en leysi engan. Samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vegi þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda kröfu með því að selja hús ofan af skuldaranum. Tilvist reglunnar leiðir sjálfkrafa af sér að ríkar kröfur eru gerðar til samningsaðilanna sjálfra um fagleg vinnubrögð við samningsgerð. Sú staðreynd að gagnaðili eigi fasteign undanþiggur ekki viðsemjanda hans frá því að sýna ýtrustu aðgæslu við samningsgerð. Reglan sem er almenn tekur jafnt til aðalskuldara og ábyrgðarmanna og gengur því mjög langt í því að vernda fjölskylduna, mun lengra en hér er ætlunin, enda gildir þetta frumvarp aðeins um ábyrgðarmenn.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi er og verður ein af grundvallarreglum samfélagsins, þótt sú regla verði að sæta eðlilegum undantekningum sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í því sambandi má benda á ákvæði laga um nauðsyn þess að vernda vissa einstaklinga fyrir eigin gjörðum, eins og finna má dæmi um í ákvæðum lögræðis- og samningalaga. Þá hafa undantekningar frá meginreglunni um samningsfrelsi einstaklinga verið réttlættar með tilvísun til félagslegra þarfa, en dæmi um það má finna á víð og dreif í vinnumarkaðslöggjöfinni. Þá má nefna ýmis ákvæði samkeppnislaga sem leggja hömlur á samningsfrelsi. Aðalmarkmið þeirra laga er að vernda eðlilega samkeppni og í hennar þágu eru lagðar kvaðir á óheft samningsfrelsi. Vernd samkeppninnar er því markmið í sjálfu sér sem löggjafinn hefur talið ástæðu til að vernda sérstaklega í þágu almennings. Að baki þeirri ákvörðun hvílir sú hugmyndafræði að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

Rökin að baki þeim reglum sem hér er ætlunin að lögfesta er markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð, auk þess sem það er mat flutningsmanna að þróunin hér á landi hvað varðar fjölda ábyrgðarmanna sé óþolandi, eins og skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber með sér. Það er því mat flutningsmanna að hindranirnar sem hugsanlega má finna í frumvarpinu verði réttlættar með þeim rökum að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Af framansögðu má ljóst vera að takmarkanir á óheftu samningsfrelsi borgaranna eru langt í frá nýlunda í íslenskri löggjöf þótt flutningsmenn séu almennt þeirrar skoðunar að jafnan þurfi að ígrunda og rökstyðja vel alla löggjöf sem skerðir á einhvern hátt meginregluna um óheft samningsfrelsi borgaranna. Það frelsi telja flutningsmenn að heyri til almennra mannréttinda.

Virðulegi forseti. Ég hef farið hér yfir almennar athugasemdir með frv. og tel nú svo sem ekki ástæðu til að rekja hverja einustu grein sem þar er að finna. Ég get þó ekki, sökum mikilvægis a.m.k. sumra þeirra, látið hjá líða að fara yfir nokkrar greinar.

Almennt, virðulegi forseti, er þessum lögum ætlað að gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara.

Það má kannski segja, virðulegi forseti, að róttækustu breytinguna frá því sem nú er og mestu réttarvernd fyrir

einstaklinga sem hyggjast ganga í persónulega ábyrgð sé að finna í 4. gr. frv. en þar segir:

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur. Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann, nema lög kveði á um annað.

Ábyrgðarsamningur, sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur, sem kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni, ógildur. Ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laga þessara eru ógild.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Á sama hátt getur kröfuhafi ekki, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi, auk eintaks af ábyrgðarsamningi ef hann er gerður sérstaklega.

Ég vil, virðulegi forseti, fara hér örlítið yfir athugasemdir við þessa grein, en þar kemur fram að formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings er að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi eiga að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samningsgerðina. Enn fremur skal koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðarmanni umfram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhverjar eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningnum, nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur, þar sem ekki kemur skýrt fram hver höfuðstóll kröfu er á hendur aðalskuldara, er ógildur. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að verði frumvarpið að lögum geta bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki ekki lengur krafist þess að einstaklingar leggi fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fæst því slíkur samningur væri ógildur. Lögin eru ófrávíkjanleg og ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laganna eru ógild.

Í 3. mgr. er að finna reglur sem þrengja efni ábyrgðarloforðs frá því sem nú er. Í fyrsta lagi verður ekki gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í eða fjölskylda hans, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Markmiðið með þessu ákvæði er að undanskilja heimili ábyrgðarmanns aðför vegna krafna sem eiga rætur að rekja til ábyrgðarsamnings. Engu breytir hvort einn eða fleiri eru í ábyrgð, reglan gildir gagnvart öllum.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geymir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði. Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, samanber lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til ábyrgðarsamnings. Hins vegar ef til gjaldþrotaskipta kemur á búi ábyrgðarmanns njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Reglan takmarkar ekki möguleika kröfuhafa á að ganga að veði ef ábyrgðarsamningur er í formi veðsetningar á eign ábyrgðarmanns.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af samningnum.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir almennar athugasemdir þessa frv. og helstu ákvæði þó að það sé ekki tæmandi. En ég held að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, að ræða það örlítið að tilefni þess að við hv. þingmenn leggjum þetta frv. fram er sú staðreynd að hér á landi hefur þróun ábyrgðarloforða og þróun persónulegra ábyrgða verið allt önnur en annars staðar. Hér hefur verið gengið miklum mun lengra í því að einstaklingar tryggi efndir samninga en nokkurs staðar þekkist annars staðar.

Kannski er höfum við Íslendingar gengið mjög langt í því að vernda réttindi þeirra sem kröfur eiga, vernda réttindi eignamanna. Ég held að það megi kannski orða þetta þannig. Við höfum gengið miklum mun lengra og má kannski taka sem dæmi um það að í 71. gr. stjórnarskrárinnar er sérstaklega tekið fram að heimilið sé friðheilagt. Þangað megi ekki fara inn nema með sérstökum dómsúrskurði og skiptir þá litlu máli hvert tilefnið er. En við virðumst snúa þessu við þegar kemur að peningakröfum. Þá nær friðhelgin ekki lengra en svo að viðkomandi kröfuhafa, ef ekki vill betur til, gæti hugsanlega verið heimilt að selja ofan af viðkomandi. Þetta er dálítið merkileg forgangsröðun, virðulegi forseti, en svona langt höfum við gengið í þessum efnum og nú er svo komið að mati flutningsmanna að ekki verður lengur við búið.

Það má taka dæmi frá Bandaríkjunum. Við höfum oft og tíðum horft til þess lands, einkanlega þegar við höfum viljað lögfesta í samræmi við það meinta frelsi sem þar á að ríkja. En það er dálítið merkilegt, virðulegi forseti, að í Bandaríkjunum eru heimili manna almennt undanþegin gjaldþrotaskiptum, persónulegar eigur, fjölskyldubifreið og ýmislegt fleira. Þeir hafa gengum miklum mun lengra í að vernda einstaklinginn gagnvart því að illa kunni að fara hvað varðar fjárstjórn á persónulegum högum. Það hefur ekki verið talið þjóna samfélagslegum hagsmunum að svipta einstaklinga þessum eignum þó að það komi til að einhverjir tilteknir fjárhagslegir samningar séu ekki efndir. Þeir hafa því gengið miklum mun lengra í að vernda einstaklinginn og ég held að í þessu tilviki ætti að vera okkur mikil fyrirmynd að kanna það hvernig þeir hafa framkvæmt þessa hluti. Þar er almennt talið að „consensus“ sé um að það þjóni ekki samfélagslegum hagsmunum að svipta einstaklingana þessum eignum ef samningar ganga ekki upp eða þeir eru ekki efndir.

Ég held að ekki verði hjá því komist, virðulegi forseti, í umræðunni að ræða ögn það samkomulag sem gert var

annars vegar af hálfu Sambands ísl. viðskiptabanka fyrir hönd viðskiptabanka, Samband ísl. sparisjóða fyrir hönd sparisjóða, Kreditkorta hf., Greiðslumiðlunar hf. og Neytendasamtakanna og viðskrh. og félmrh. hins vegar. Það er skoðun þess sem hér stendur að sú réttarvernd sem þar er ætlunin að innleiða sé ekki nægjanleg því að þrátt fyrir að tilvist samkomulagsins sem slíks staðfesti í raun og veru tilvist þessa vandamáls og tilraun stjórnvalda til þess að taka á því — og það ber sérstaklega að þakka — þá er umhugsunarefni hvort hér sé ekki á ferðinni fölsk vernd ef svo má að orði komast. Þrátt fyrir að ég vilji fagna þessu samkomulagi og tilvist þess, þá er ég hræddur um að sú vernd sem ætlunin er að veita með þessu samkomulagi risti ekki mjög djúpt.

Í fyrsta lagi er langt frá því að öll fjármálafyrirtæki séu aðilar að þessu samkomulagi og má nefna sérstaklega að tryggingafyrirtæki eru það ekki þrátt fyrir að þau séu kannski að verða einhverjir umfangsmestu lánveitendur til einstaklinga í landinu og má í því sambandi nefna bílakaup. Þau eru ekki aðilar að þessu samkomulagi.

Í öðru lagi er meginvernd þessa samkomulags að mínu mati falin í 3. gr. þess en hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu ber fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda með þeim aðferðum sem þar tíðkast óski ábyrgðarmaður eftir því áður en hann gengst í ábyrgð.“

Til að þetta sé virkt þarf ábyrgðarmaður því að óska þess sérstaklega. Síðan segir í síðustu málsgrein sömu greinar, með leyfi virðulegs forseta:

„Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Fjármálafyrirtæki ber að upplýsa ábyrgðarmann ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar.“

Ég get tekið undir það, virðulegi forseti, að hér eru fróm markmið á ferðinni og vænlegt ef mögulegt verður að ná þeim. En því miður, virðulegi forseti, segir svo í lok þessa samkomulags og því hefur ekki verið haldið hátt á lofti, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkomulag þetta tekur gildi frá og með 1. maí 1998. Lokamálsliður 3. gr.“ — þar sem er nú mestu réttarverndina að finna — „öðlast þó ekki gildi fyrr en fjármálafyrirtæki hafa komið á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsmálefni er miðlað að fengnu samþykki viðskiptamanns, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, en þó ekki síðar en 1. desember 1998. Komi í ljós að atriði sem ekki eru á valdi fjármálafyrirtækja koma í veg fyrir að þau geti komið á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsstöðu er miðlað, þá geta þau sagt upp 3. gr. samkomulagsins með eins mánaðar fyrirvara.“

Þetta samkomulag er einfaldlega þannig úr garði gert, virðulegi forseti, að ef fjármálafyrirtæki komast að þeirri niðurstöðu að þau geti ekki staðið undir eða komið á fót kerfi sem geti verið liður í því að tryggja viðgang þessa samkomulags, þá geta þau sagt því upp með eins mánaðar fyrirvara. Því er það a.m.k. mín skoðun að lítið sem ekkert sé eftir í þessu samkomulagi sem verndi réttarstöðu einstaklinga í samskiptum þeirra við fjármálafyrirtæki. Það er alfarið á herðum fjármálafyrirtækjanna sjálfra hvort þau vilja halda við þetta samkomulag, enda er það líka svo, virðulegi forseti, að þetta samkomulag er fyrst og síðast loforð fjármálafyrirtækjanna um að vinna að þessu markmiði. Ekkert annað felst í þessu samkomulagi. Þetta er aðeins loforð þeirra fjármálafyrirtækja sem rita undir þetta samkomulag. Reyndar er það svo að tilvist viðskrh., félmrh. og Neytendasamtakanna að þessu samkomulagi breytir í reynd engu. Hér er aðeins á ferðinni einhliða loforð bankana, sparisjóðanna og viðkomandi greiðslukortafyrirtækja um að vinna að þessu markmiði þannig að það er alfarið undir þeim sjálfum komið hvort það markmið næst. Hins vegar er allsendis óvíst hvort einstaklingar geti byggt rétt á grundvelli þessa samnings ef bankarnir og önnur fjármálafyrirtæki fara ekki eftir honum. Það er allsendis óvíst og mun væntanlega ekki koma í ljós fyrr en á það verður reynt fyrir dómstólum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið framsögu minni en á talsvert eftir ósagt og mun því koma að því síðar.

[14:10]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli. Við höfum öll væntanlega kynnst mjög slæmum málum sem upp hafa komið þegar fólk hefur skrifað upp á fyrir vini, vandamenn og jafnvel kunningja sem þeir rétt þekkja í sjón og af þessu hafa hlotist miklir harmleikir, persónulegir harmleikir, harmleikir fjölskyldna sem eru allt of algengir.

Fjármál Íslendinga hafa verið dálítið sérstök af því að bankar og lánastofnanir hafa í mjög miklum mæli gripið til þess að fá einstaklinga, sérstaklega þá sem eiga fasteignir, til þess að skrifa upp á skuldbindingar sem einhver þriðji aðili er að taka í bankanum. Þetta er eiginlega vegna þess hvað lánamarkaðurinn er vanþróaður og forn. Til þess að þurfa ekki að taka þátt í rekstrinum og skoða rekstur fyrirtækja, þá hafa menn tekið ábyrgð í steinsteypu og ábyrgð þriðja aðila. Þetta er ekkert annað en slæmur dómur um bankakerfið eins og það hefur verið. Oft og tíðum eru bankar að bjarga gjaldþroti sem þeir sjá fyrir sér með því að fá saklaust fólk úti í bæ til þess að skrifa upp á.

Fyrir um það bil 20 árum varaði ég eindregið við því að fenginni reynslu í bæklingi sem ég stóð að því að gefa út, varaði fólk við því að skrifa upp á og sagði fólki að ef einhver skrifaði upp á, þá skyldi hann reikna með því að greiða af viðkomandi láni og vera undir það búinn. Það felst nefnilega í því að skrifa upp á. Þetta er búið að vera mjög lengi við líði og þess vegna er þetta mál mjög þarft.

Herra forseti. Sérhver takmörkun á uppáskrift eða ábyrgðarveitingu rekst á það að við viljum að einstaklingurinn sé fjárhagslega sjálfstæður og við viljum ekki hafa forsjárhyggju og hafa vit fyrir honum eins og smábörnum heldur reiknum við með því að menn séu vel upplýstir. Þess vegna lenda menn strax í því ef þeir ætla að fara að takmarka uppáskriftir, að þeir eru um leið á einhvern máta að takmarka fjárhagslega ábyrgð einstaklinga. Þarna takast á sjónarmiðin um neytendavernd einstaklingsins og svo forsjárhyggjuna þar sem stóri bróðir er að hafa vit fyrir einstaklingnum og passa að hann geri ekkert af sér. Þetta er því mjög vandmeðfarið.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir fellur nokkuð að þeim hugmyndum sem ég hef haft um að hægt sé að taka upp án þess að skerða fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinganna. Það er fyrst og fremst fólgið í því að skylda menn til upplýsinga, þ.e. skylda lánastofnunina til að upplýsa manninn um allar skuldir eins og kemur fram í 5. gr. Ég vil ganga öllu lengra. Ég vil skylda alla aðila sem telja sig eiga ábyrgð hjá einhverjum að upplýsa hann um það einu sinni á ári. Það mundi laga stöðuna umtalsvert því að margur Íslendingurinn yrði hissa þegar hann kemst að því að hann er í ábyrgð t.d. hjá

Lánasjóði ísl. námsmanna fyrir einhvern námsmann sem sat við hliðina á honum í kennslustofunni uppi í háskóla þar sem nemendur hafa verið að skiptast á ábyrgðum þótt þeir þekktu varla hinn aðilann. Ég er viss um að margur yrði hissa ef öllum lánastofnunum yrði gert skylt að tilkynna ábyrgðir.

Þetta yrði náttúrlega töluverð vinna hjá lánastofnunum sem eru með þessar ábyrgðir en um leið er mjög þarft að fá á hreint í hverju ábyrgðirnar felast því að oft og tíðum er um að ræða miklar ábyrgðir þvers og kruss.

Herra forseti. Í 4. gr., sem er ein veigamesta greinin, er að mínu mati gengið fulllangt og sérstaklega þar sem stendur að ekki megi gera aðför að fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans. Þetta getur leitt til þess að fólk víkur sér auðveldlega undan ábyrgðinni með því að kaupa nógu dýra eign og flytja í hana þannig að menn geta þannig komið sér undan þessu. Ekkert í greininni kveður á um þetta. Þeir geta komið eignum sínum yfir á eina íbúðareign sem er t.d. heljarinnar einbýlishús og þannig komið sér hjá því að borga skuldina.

Síðan sé ég heldur ekki muninn á því að ef fjárráða maður skrifar upp á skuldabréf með veði í eigninni sinni þá eigi hann að vera ábyrgur gerða sinna en ef hann skrifar upp á skuldabréf fyrir vin sinn eða dóttur sína t.d., þá eigi hann ekki að vera ábyrgur. Ég vil því að þetta ákvæði verði skoðað mjög nákvæmlega til að ekki fari svo að ráðin verði tekin af fólki.

Síðan sé ég heldur ekki muninn á því að ef fjárráða maður skrifar upp á skuldabréf með veði í eigninni sinni eigi þá að vera ábyrgur gerða sinna en ef hann skrifar upp á skuldabréf fyrir vin sinn eða dóttur sína eða eitthvað slíkt, þá eigi hann ekki að vera ábyrgur. Ég vil þess vegna að þetta ákvæði verði skoðað mjög nákvæmlega til þess að völd verði ekki tekin af fólki.

Hv. þm. gat um samkomulag sem bankarnir hafa gert. Þegar þetta mál kemur til hv. efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti, þá vil ég að það samkomulag verði skoðað mjög nákvæmlega og grannt hvort það nær því sem menn vilja ná eða hvort eitthvað vanti upp á og hvort þörf sé á þessari lagasetningu. En ég vil líka ganga lengra en kemur fram í 5. gr. um að upplýsa eigi um skuldir hjá viðkomandi lánastofnun. Ég vil heldur að upplýst verði hjá nánast öllum lánastofnunum. Að sá sem óskar eftir uppáskrift gefi um leið heimild til að upplýsa um stöðu sína hjá þeim lánastofnunum sem ábyrgðarmaður óskar eftir.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að þetta er mjög þarft mál og ég vænti þess að það verði skoðað mjög gaumgæfilega í hv. efh.- og viðskn. og ég mun ekki liggja á liði mínu að taka á þessu máli. Þetta er mjög slæmt mál og er svartur blettur á efnahagslífinu. Þetta er oft og tíðum óþarfi. Það á ekki að vera svo að verið sé að fá saklaust fólk til að skrifa upp á og leiða það í rauninni í gildru. Ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum til að hægt sé að minnka þetta og við komum upp heilbrigðum viðskiptaháttum.

[14:17]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að hafa nokkur orð um þetta mál í örstuttu andsvari. Ég get auðvitað tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns að nauðsynlegt er að taka alvarlega á þessum málum. Það sem ég vildi koma hér að og fá svör við hjá hv. síðasta ræðumanni er hvort við ættum ekki að leggjast á eitt um það að koma á fræðslu í skólum og í þjóðfélaginu um hvað það þýðir þegar einstaklingar skrifa upp á og veita ábyrgð og koma sér kannski á kaldan klaka í langan tíma. Þetta hefur gerst þannig árum saman að bankar og lánastofnanir, ef þeir telja sig hafa fengið ábyrgðaraðila til að láta nafn sitt af hendi, vitandi það að þar sé einhverja fjármuni að hafa, hafa ekki skoðað nafn eða greiðslugetu lántakanda. Þess vegna finnst mér ástæða til að við skoðum það um leið og ég vil segja að það mál sem við erum hér að ræða er eitthvert merkasta mál af þessu tagi, vil ég segja, sem hefur komið fram á þingi í langan tíma. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir að leggja þá mikla vinnu sem greinilega er í þetta mál. Ég tel að leggja eigi mikla áherslu á að málið fái framgang og það nú í vetur.

Og þessi aðgerð um að breyta til í bönkunum er — ja, ég vil kalla hana málamyndaaðgerð. En ég kalla eftir því hvort hv. síðasti ræðumaður er ekki sammála mér um að á þessum málum þurfi að taka og taka þau inn í menntakerfið.

[14:19]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sífellt hafa komið fram meiri kröfur um fræðslu í skólum, fræða á krakkana um umhverfismál, umferðarmál o.s.frv. Hér er eitt málið í viðbót (Gripið fram í) þ.e. fræðsla í fjármálum. Ég get ekki annað en tekið undir það. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt mál og er mjög vanrækt í skólunum. Ég hef hitt 18 ára unglinga, nýorðna fjárráða, sem fá tékkhefti og segja bara — nú gefum við sko út tékka, þetta eru hreinar tekjur og hægt að græða á þessu. Þeir hreinlega tala svona um þetta. Þeir átta sig ekki á því að innstæða þarf að vera fyrir tékkum og borga þarf þá til baka. Svipuð er afstaðan til vísakorta og fleira. Það er því mjög brýnt að upplýsa ungmennin um að lán er ekkert annað en ráðstöfun á framtíðartekjum. Og menn gera það ekkert voðalega oft því að framtíðartekjurnar vaxa ekki, þær eru oftast fyrir fram ákveðnar.

Ég get því tekið heils hugar undir það að fræða ætti um þetta í skólunum og það er ég viss um að við fengjum miklu betra fólk út úr skólunum ef það kynni eitthvað í fjármálum, auk þess sem við hindruðum þá harmleiki sem hafa sprottið af þeim málum sem við erum að ræða um hér.

[14:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ekki ætla ég að setja á langa ræðu um þetta þarfa mál en vil þó þakka sérstaklega hv. þm. Pétri Blöndal fyrir þau jákvæðu ummæli sem hann lætur falla um málið sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur mælt hér fyrir. Þetta er réttlætismál. Það er löngu kominn tími til að við ruslum með einhverju móti til í bankakerfinu og að við leiðréttum þá skelfilegu meðferð sem við neytendur í þjóðfélaginu höfum sætt af hálfu bankanna. Það er sérlega þakkarvert þegar hv. þm. Pétur Blöndal sem hefur nú einna mest peningavit í þessum sölum og hefur verið skeleggur gagnrýnandi bankakerfisins, kemur hingað og tekur undir það.

Ekki vil ég gera hv. þm. Pétur Blöndal ábyrgan fyrir þessu kerfi en illu heilli tilheyrir sá ágæti þingmaður þeim stjórnmálaflokki sem hefur auðvitað haft mest tök á því að móta bankakerfið út öldina og sem ber auðvitað mesta ábyrgð á þeim ógöngum sem almennir neytendur hafa ratað í fyrir tilstilli bankakerfisins. Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur kvatt sér hljóðs og situr í efh.- og viðskn. og mun væntanlega líka leggja sína miklu reynslu til liðs við þetta frv., og er auðvitað í Sjálfstfl. sem ber þessa ábyrgð, finnst mér rétt að vekja athygli á því að stallbróður hans,

hv. þm. Pétur Blöndal, var einmitt tíðrætt um þá persónulegu harmleiki sem oft og tíðum hafa hlotist af því hvernig bankarnir hafa komið fram við fólk.

Það má kannski segja að við, sem höfum í gegnum öldina sett lögin, berum ábyrgð á þessu öll sameiginlega. Það gilda því eiginlega engar sérstakar reglur um ábyrgð og ábyrgðarmenn á fjárskuldbindingum í bankakerfinu. Þess vegna hefur bönkunum sjálfum nánast verið í sjálfsvald sett að móta þær reglur, og við vitum hversu kæruleysislega bankarnir hafa farið með þennan sjálftekna rétt. Menn hafa komið til þeirra til að fá lán en ekki getað fengið það, til skamms tíma a.m.k., nema foreldrar, vinir, ættingjar leggi ekki bara sjálfa sig, framtíð sína og persónulegar eigur undir heldur nánast allt sitt líf. Það eru því miður líka dæmi um að þegar í óefni er ratað, þá lítur bankinn yfir þá sem hafa ábyrgst lánið og kannar hagi þeirra og skuldarans og síðan er það hipsum happs hvort skuldarinn sleppur og svo er ráðist á ábyrgðarmennina. Þetta, herra forseti, er auðvitað siðferðilega kolrangt og þess vegna er kominn tími til að breyta þessu dæmi alfarið.

Það ber að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt og fyrir þá skeleggu úttekt sem hann hefur gert á þessu kerfi. Hann reyndar lofaði okkur þingmönnum því, að hann mundi koma aftur og útskýra frekar ýmis önnur ákvæði í frv. og ég fagna því.

Það er sérstaklega vert að drepa á þann punkt í ræðu hv. þm. sem laut að því kerfi sem gildir í Bandaríkjunum. Hvernig er það þar? Ef menn eru gjaldþrota, hvað gerist þá? Það er að vísu hægt að ganga að eigum þeirra en það eru ákveðnir hlutir sem eru friðhelgir. Það er ekki einu sinni hægt að taka einkabifreiðir þeirra, sagði hv. þm., og ekki er hægt að ráðast að þeirra helgustu véum, þ.e. heimili mannsins. Að þessu leyti eru Íslendingar langt að baki Bandaríkjamönnum. Það er vissulega fróðlegt að velta fyrir sér þeim undarlega tvískinnungi sem er að finna í stjórnarskránni að því er varðar friðhelgi einkalífsins. Ef einhver er til að mynda grunaður um þann glæp að hafa myrt mann þá er ekki hægt að ráðast inn á heimili hans nema með sérstöku leyfi til að kanna vegsummerki og þær grunsemdir sem á hann hafa fallið. En ef hann skuldar peninga þá þarf bara einfaldan úrskurð til að hirða af honum heimilið og brjóta niður þær burðarstoðir sem líf hans hvílir á.

Ég held, herra forseti, að þetta frv. sé þess eðlis að það eitt væri hið þarfasta verk sem efh.- og viðskn. gæti gert, ef hún gæfi sér tóm til að kafa djúpt ofan í það og samþykkja að lokum. Og ég held að fara þurfi í gagngera endurskoðun á þeim tengslum sem verða milli ábyrgðarmanna skuldara og bankastofnunar til að reyna með einhverju móti að draga úr þeim óhóflegu fjötrum, sem það kerfi sem bankarnir hafa sjálfir búið til án nokkurra leiðbeininga eða nánast engra frá löggjafanum, og er þess eðlis, eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan, að persónulegt líf manna getur rústast og harmleikirnir sem af þessu hafa stafað eru auðvitað hrikalegir. Og allt, eða að verulegu leyti, herra forseti, stafar það af því að bankarnir hafa verið allt of kærulausir í meðferð sinni. Þeir hafa verið allt of sinnulausir vegna þess að þeir hafa vitað að þeir hafa átt lítið á hættu, þeir hafa hyllst til þess í allt of ríkum mæli að veita fé úr sjóðum sínum í formi lána til manna sem engan veginn gátu staðið undir skuldbindingum sínum. Þeir hafa gert það vegna þess að þeir vita að þeir geta gengið að ábyrgðarmönnunum. Það sem mér þykir verra og dæmi eru um að í sumum tilvikum ganga þeir bara að ábyrgðarmönnunum en láta skuldarann vera. Það finnst mér alveg skelfilegt.

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og þeim ágætu undirtektum sem komu fram hjá vitmanni í okkar hópi á peninga, hv. þm. Pétri Blöndal, sem situr einmitt í efh.- og viðskn. sem mun um þetta mál véla og vænti ég þess að það hljóti þar ekki bara bærilegt tóm heldur líka náð fyrir augum nefndarmanna.

[14:27]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. sem nær allir stjórnarandstöðuþingmenn standa að, eða allflestir. Mér hefur nú löngum farið svo í vetur um þau frv. og tillögur sem hv. stjórnarandstaða hefur lagt fram að ég hef nú ekki verið yfir mig hrifinn, enda hefur það flestallt gengið út á að skrumskæla ástand félagsmála og heilbrigðismála í landinu. En nú bregður svo við að stjórnarandstaðan tekur sig öll saman og flytur þetta mikla alvörumál sem mikil ástæða er til að þakka fyrir. Þegar svo gerist er það fagnaðarefni þegar þeir sem áður fengust við léttúð og útúrsnúninga snúa sér einmitt að svona málum, sem við þekkjum svo vel að hafa valdið, eins og kom hér fram hjá ræðumanni áðan, gríðarlegum vandkvæðum og vandræðum og eru margar sorgarsögur um.

Herra forseti. Við höfum á síðustu árum og síðasta áratug verið að reyna að þróa viðskiptalíf Íslands til frjálsræðis. Við vorum ákaflega og höfum lengst af þessari öld, þrátt fyrir miklar framfarir, verið með t.d. bankakerfið mjög niðurnjörvað. Og það liggur einnig fyrir að því miður hefur þetta sama bankakerfi tamið sér það ábyrgðarleysi, sem ég vil kalla svo, að lána peninga án þess að vera ábyrgt fyrir þeirri gerð sjálft. Í stað þess hafa lántakendur verið að kalla til hina og þessa, venslamenn sína og kunningja og vini til þess að ábyrgjast skuldbindingarnar.

Í reynd á það auðvitað að vera þannig að sá sem lánar peninga tekur áhættu og hann á að leggja fyrir sjálfan sig og meta hvort á að fara í lánveitingar eða ekki. Eins og hefur komið fram áður, herra forseti, eru þær sjálfskuldarábyrgðir skelfilegar sem hafa gengið fram og til baka á undanförnum árum og áratugum á Íslandi og kominn tími til að hreyfa þær og mjög þakkarvert að þetta frv. skyldi vera flutt.

Vegna ummæla síðasta ræðumanns vil ég líka rifja upp, herra forseti, að hið frumstæða lánafyrirkomulag og frumstæða bankakerfi Íslands hefur löngum verið meira og minna í höndum stjórnmálaaflanna. Það hefur eins og öllum er kunnugt lengi tíðkast að stjórnmálaflokkarnir hafa verið að tryggja áhrif sín í ríkisbönkunum því að lánastarfsemin hefur fyrst og fremst átt sér stað í gegnum ríkisbanka, með setu manna í bankaráðum og bankastjórnum. Þar hefur oft gilt sú regla að það eru fyrst og fremst þrír flokkar sem hafa legið undir ámælum fyrir að skipta þessum völdum milli sín, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ég tel því fráleitt, herra forseti, nú þegar við ætlum að fara að ræða þetta og taka málið upp af mikilli alvöru eins og við þurfum að gera, að vera með strákslegar yfirlýsingar og fara að metast um hver sé stærsti ábyrgðaraðilinn að því að illa hefur farið og illa þróast sú hefð hvernig menn standa að ábyrgðum skuldbindinga því að þá mundi málið ekki fá neinn framgang. Þá væru menn fastir í karpi og efnið sem væri til umræðu væri nægjanlegt til margra þinga. Gerðum ekki annað fram að aldamótum ef við ætluðum að fara að metast um hvernig til hefur tekist. Hitt er miklu þarfara að hver og einn horfist í augu við það og viðurkenni að við höfum staðið illa að þessum hlutum. Það er þörf á að reyna að finna betrumbót á því. Þetta frv.

er sannarlega viðleitni til þess. Það er rétt af okkur í efh.- og viðskn. að taka frv. alvarlega. Við skulum því reyna að leggja okkur alla fram um að fara efnislega í gegnum það og gá hvort við höfum ekki áhrif og völd til að þoka þeim málum í þá átt sem betri getur orðið.

[14:32]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kveinki sér undan því að ég skuli draga flokk hans til ábyrgðar á því að hafa átt þátt í að móta þetta þjóðfélag út alla öldina. Að sumu leyti hefur það tekist farsællega og á öðrum sviðum miður. Hvað hefur bankakerfið, sem flokkur hv. þm. hefur um langan aldur borið einna mesta ábyrgð á, tapað hvað miklu af fé borgaranna í landinu á síðustu áratugum? Er það ekki milli 50 og 60 milljarðar? Það er eitthvað slíkt. Hins vegar skal ég vera fyrstur manna til að taka undir með honum að auðvitað er hin mesta ósvinna hvernig flokkarnir, þar á meðal minn flokkur, hafa í gegnum öldina skipt upp ríkisbönkunum. Það er algjörlega fráleitt og hefur haft mjög óheillavænleg áhrif á störf þeirra og ég get fyllilega sagt það í þessum stól. Það er dæmi um þá spillingu sem hefur því miður einkennt opinbert líf á Íslandi allt of lengi en sem við góðu heilli höfum orðið sammála um að reyna að hverfa frá. Ég segi fyrir mitt leyti og flokks míns að það er alveg ljóst að við munum ekki taka þátt í uppskiptingu ríkisbankanna.

Ég er sammála hv. þm. um að hér er um að ræða mál eins og ég sagði í ræðu minni áðan sem er hið þarfasta mál. Það er mjög þarft að einhvern veginn sé reynt að fella þennan fjötur sjálfsskuldarábyrgðarinnar sem bankarnir hafa sjálfir búið til án þess að hafa til þess nánast nokkra leiðbeiningu frá löggjafanum og sem hefur lagt líf margra einstaklinga hreinlega í rúst. Það er kominn tími til að við tökum höndum saman og reynum að breyta því. Hv. þm. hefur fyrir sitt leyti sagst vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar í efh.- og viðskn. Herra forseti. Lóð hv. þm. er þungt og mikið. Ég fagna þessu og vænti þess að stjórn og stjórnarandstaða geti tekið höndum saman um að koma málinu farsællega til lykta.

[14:34]

**Flm. (Lúðvík Bergvinsson)**:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls og þakka þær jákvæðu undirtektir sem málið hefur fengið í málflutningi þeirra. Ég ætla að fara aðeins yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram og fjalla um þær í stuttu máli en mun síðan í lok ræðu minnar halda aðeins áfram umfjöllun um það samkomulag sem ég vitnaði til í framsöguræðu minni milli viðskiptabankanna, félmrh. viðskrh. og Neytendasamtakanna.

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Pétur Blöndal hafi einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hann orðaði það svo að aðeins við aðstæður jafnvanþróaðs fjármálamarkaðar og hér er við lýði geti jafnfáheyrðir atburðir átt sér stað og sú þróun sem hér hefur verið í sjálfskuldarábyrgðum. Slíkt ætti sér ekki stað þar sem um þroskaðan fjármálamarkað væri að ræða því að á slíkum markaði mundu menn þurfa að standa ábyrgir gerða sinna. Hvort sú vanþróun verði rakin til áhrifa stjórnmálafla á bankastarfsemi í landinu ætla ég ekki að fella um neinn dóm en staðreyndin liggur fyrir. Íslenskur fjármálamarkaður er allt of vanþroskaður enda segir sú staðreynd að u.þ.b. 50% af öllum einstaklingum í landinu sem náð hafa 18 ára aldri skuli vera í persónulegum ábyrgðum miklu meira en mörg orð þar að lútandi.

Í öðru lagi komu kannski þær einu athugasemdir sem fram hafa komið um efni þessa frv. fram í máli hv. þm. Péturs Blöndal þar sem hann taldi að of langt væri gengið í 4. gr. frv. þar sem kveðið er á um að ekki verði gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Í fyrsta lagi vil ég segja að hér er gengið mun skemur en Bandaríkjamenn hafa gert, sem ég hafði til viðmiðunar, því þeir hafa ekki aðeins sett slíka reglu um ábyrgðarmenn, heldur um alla skuldara. Í öðru lagi er kannski hugsun í frv. einkanlega sú að samningsaðilar beri alfarið ábyrgð á þeim samningum sem þeir gera. Hér er ekki verið að banna tilvist ábyrgðarmanna, langt í frá, heldur kveðið á um ríka upplýsingaskyldu og kveðið á um ríka ábyrgð þeirra sem samningana gera. Þetta er því sett fram af þeim sökum að tilvist fasteignar ábyrgðarmanns má ekki vera tilefni þess að samningar takist. Hér er því fyrst og fremst verið að kveða á um að hvort sem hann eigi þessa fasteign eða kaupi hana síðar — og hún er hornsteinn fjölskyldunnar — geti fasteignin ekki komið til þess á síðari stigum að greiða upp skuldir. Þegar menn gera samninga verða menn að bera ábyrgð á þeirri samningsgerð. Það er kjarni málsins. Þess vegna tel ég langt í frá að hér sé of langt gengið. Hér er kannski allt of skammt gengið. Sá sem hér stendur mun örugglega skoða frekar hvort ekki sé ástæða til að setja það í aðfararlög og gjaldþrotalög að heimili manna, bifreiðar og annað þess háttar komi ekki til skipta. Í þeim verði ekki gerð aðför. Ég held að full ástæða sé til að skoða þann möguleika, virðulegi forseti, og ég get ekki tekið undir að of langt sé gengið með því að undanþiggja þessi verðmæti í aðför.

Hv. þm. benti á að hugsanlega gæti þetta leitt til þess að ábyrgðarmaður leysti upp allar eignir sínar og keypti fasteign í því skyni að koma henni undan ef viðkomandi aðalskuldari gæti ekki greitt skuld sína. Ég vil þá nefna, af því við höfum nú vitnað til Bandaríkjanna oft og einatt, að þar hefur það gerst að í sumum fylkjum hefur verið sett hámark á það hversu dýra fasteign menn geta átt og það er vissulega eitthvað sem kemur til skoðunar. Ég veit hins vegar að bæði í Flórida og í Texas er ekkert hámark og þegar ég var að skoða þessi mál á sínum tíma var mér bent á að leikarinn Sylvester Stallone, sem hefur leikið Rambo og fleiri slíka snillinga, átti einhverjar eignir upp á margar milljónir dollar. Sú fasteign kæmi ekki til skipta ef hann yrði á einhverjum tímapunkti gjaldþrota og það má vel skoða að ástæða sé til að setja á það þak. Það er atriði sem ég held að sé vel þess virði að ræða í þessu samhengi. En ég held að kjarni málsins sé einmitt sá að það þjónar engum samfélagslegum hagsmunum að selja ofan af skuldurum eða ábyrgðarmönnum. Það er einungis til að bæta á þann vanda sem fyrir er. Sú hugsun sem hvílir að baki 4. gr. er fyrst og fremst sú að sú staðreynd að ábyrgðarmaður eigi hugsanlega fasteign eigi ekki að gera að verkum að tilteknir samningar milli A og B takist af því tryggingu fyrir efndum er að finna í fasteign þriðja aðila. Það er kjarni málsins, það er hugsunin. Vel má vera að þetta megi útfæra á annan hátt en þetta er hugsunin og hugsunin er kannski sú að reyna að koma upp einhvers konar verklagi sem þroski þennan vanþróaða fjármálamarkað sem hefur leitt af sér þá fásinnu sem raun ber vitni.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, kom kannski ekki fram mikil gagnrýni á málið en vissulega er á ferðinni mjög flókið

mál og vandmeðfarið að reyna að draga fram og tryggja ákveðna ábyrgð og þroska hjá þeim sem starfa á fjármálamarkaði og styrkja þann markað með tilteknum hætti og hugsanlega eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti áðan á að vera kominn í þann búning að hafa vit og forsjá fyrir öllu. Það er vandmeðfarið að stíga þann milliveg sem þarna er nauðsynlegt að þræða. Ég vildi aðeins segja þetta vegna þeirra orða sem hafa fallið af þessu tilefni.

Virðulegi forseti. Mér gafst ekki tími til að ræða til fullnustu það samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða sem ég vitnaði áðan til og var gert að undirlagi félmrh., viðskrh. og Neytendasamtakanna við nokkrar fjármálastofnanir. Því miður verð ég að segja að kannski hafa viðkomandi ráðherrar sem því miður eru ekki staddir hér í dag, skákað dálítið í skjóli þessa samkomulags. Þegar umræður um þetta þarfa mál hafa komið upp hefur verið vitnað til þess og jafnvel ritaðar um það blaðagreinar sem að mínu viti má draga mjög í efa að séu sannleikanum samkvæmar. En það sem ég vildi tiltaka og var byrjaður að ræða áðan er að ég er mjög efins um að á þessu samkomulagi geti þriðji aðili eða einhver einstaklingur byggt rétt, vegna þess að hann er í fyrsta lagi ekki aðili að þessu samkomulagi og í öðru lagi hafa viðskrh., félmrh. og Neytendasamtökin ekkert almennt umboð til að semja þannig að allur almenningur sé bundinn af eða geti nýtt þann rétt sem hugsanlega kann að leiða af því samkomulagi. Það á því eftir að koma í ljós. Hér er aðeins á ferðinni loforð þessara tilteknu fjármálastofnana um að haga sér betur en þær hafa gert hingað til með mjög einhliða möguleika á uppsögn þessa samnings. Það er spurning um það hvort hér sé á ferðinni svokallað „þriðja manns loforð" sem menn geti byggt rétt á og svar við þeirri spurningu verður ekki gefið nema fyrir dómstólum. En þess utan geta þessi tilteknu fjármálafyrirtæki sagt einhliða upp þeim samningi sem um ræðir.

En það sem ég, virðulegi forseti, vildi vekja sérstaka athygli á er í þeirri skýrslu sem ég hef vitnað til oftar en einu sinni og byggi töluvert af þeim upplýsingum sem fram koma í frv. og greinargerð með því á þeirri skýrslu sem hæstv. iðn.- og viðskrh. hafði frumkvæði að. Ber að þakka það frumkvæði sem hann sýndi og þá vinnu sem hann lét vinna með gerð skýrslunnar því að hún varpar enn frekara ljósi á þá skelfilegu stöðu sem uppi er í samfélaginu í þessu máli.

Þar kemur m.a. fram að 90 þúsund Íslendingar yfir 18 ára aldri eru í ábyrgð og tvö bankalán af hverjum þremur eru með sjálfskuldarábyrgð. Af þessu má án efa draga þá ályktun sem ég geri reyndar í frv. þó hún byggi ekki á neinni vísindalegri úttekt, en þar segi ég að á 60–80% heimila megi finna einstaklinga sem eru í persónulegri ábyrgð og það er vitaskuld allt of hátt hlutfall því að það hæsta sem ég fann er á Norðurlöndum er að á hugsanlega 10% heimila í landinu megi finna einstaklinga sem eru í persónulegum ábyrgðum. Hér er því langt til jafnað og okkur mjög í óhag.

Þó verður að segja það, virðulegi forseti, að í þessari skýrslu kemur einmitt fram mjög merkileg staðreynd og hún er sú að bæði Neytendasamtökin og félmrn. höfnuðu alfarið þeirri hugmynd í vinnu nefndarinnar að samkomulag eins og þeir hafa undirritað hér skyldi gert. Þar er því algerlega hafnað og talið að þessi mál verði ekki leyst með löggjöf og viðhlítandi réttarvernd fáist ekki nema lög um þetta málefni verði sett.

Einnig er líka merkilegt, virðulegi forseti, að lesa bókun þessara aðila í þessari nefnd, en á bls. 15 í skýrslu iðnrh.- og viðskrn. um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga sem gefin er út í nóvember 1996 segir svo, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins leggja ríka áherslu á að sinna forvörnum og vilja stuðla að því að ofangreind dæmi heyri sögunni til." — Þarna er verið að vísa til þeirra staðreynda sem ég rakti áðan. — „Lögð er rík áhersla á að forsendur lánveitinga byggist ætíð á greiðslugetu lántakanda og að ábyrgðarskuldbindingar verði undantekning en ekki meginregla eins og nú er. Til þess" — virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta — „að ná fram þessum markmiðum þarf að setja heildarlöggjöf um ábyrgðir. Löggjöf er hefur það að markmiði að draga verulega úr umfangi ábyrgða og ákvæði er mæla fyrir um ákveðin grundvallaratriði varðandi ábyrgðarveitingar sem tryggja vönduð vinnubrögð við lánveitingar. Löggjöfin hafi það jafnframt að markmiði að ábyrgðarmaður sé upplýstur um allt það er lýtur að forsendum þess að hann gangist í ábyrgð og að honum verði tilkynnt ef þær forsendur breytast. Þá verði í löggjöf kveðið á um faglega ábyrgð lánastofnana við lánveitingar gegn ábyrgðum þriðja manns. ... Nauðsynlegt er að löggjöf mæli fyrir um að gert sé faglegt greiðslumat á lántakanda sem og ábyrgðarmanni áður en lán er veitt en það tryggir að ekki sé veitt lán til aðila sem fyrirsjáanlegt er að muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar."

Virðulegi forseti. Þetta er mjög merkilegt í ljósi þessa samkomulags því að fulltrúar þessara aðila, fulltrúi Neytendasamtakanna og fulltrúi félmrn., hafna því alfarið í vinnu við þetta nefndastarf hér og við þessa skýrslu að sú leið sé farin að gera samkomulag við bankana, að réttarvernd verði ekki tryggð nema með löggjöf. Það er fullyrða þeir hér. Þess vegna verður að segja það, virðulegi forseti, að það er merkilegur umsnúningur að félmrh. og Neytendasamtökin skuli undirrita það samkomulag sem hér er til umræðu. Það er mjög merkilegt því að þeir hafa nú þegar eins og ég rakti hér áðan komist að þeirri niðurstöðu að samkomulag tryggi einstaklingum ekki nægilega réttarvernd. En þrátt fyrir þá staðreynd undirrita þeir ásamt félmrh. samkomulag sem að mínu viti, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, er mjög hæpið að telja að muni tryggja nauðsynlega réttarvernd á þessu sviði. Þetta er mjög alvarlegt mál í mínum huga og satt best að segja hvarflar að manni að hér séu menn að reyna að skreyta sig með stolnum fjöðrum.

[14:50]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að ég hefði sagt að gengið væri of langt í 4. gr. þá ég sagði mjög varlega að ég held eða ætlaði a.m.k. að segja það mjög varlega að hv. efh.- og viðskn. skyldi skoða hvort gengið væri of langt í þessu ákvæði. Það er nefnilega svo að flestir greiðar stjórnmálamanna eru bjarnargreiðar. Ef menn ætla sér að taka þetta ákvæði upp, þá var ég búinn að hugsa út dæmi sem leiðir til ófarnaðar. Við skulum hugsa okkur að ung dóttir manns ætlaði að fara að stofna fyrirtæki, t.d. steypustöð eða fara að steypa gangstéttarhellur og hann ætlaði að veita ábyrgð á lán sem hún ætlar að taka til að setja þetta fyrirtæki í gang. Ef þetta ákvæði væri komið inn, þá verður slík ábyrgð ekki veitt þó að hann eigi ágætis íbúð þannig að stúlkan fer ekki út í sinn rekstur, að steypa gangstéttarhellur, nema hann taki lán sjálfur og með veði í íbúð sinni. Þá er hann allt í einu orðinn skuldari, ekki dóttirin. Hann er þá kominn í fyrirtæki hennar sem hluthafi og ef illa fer hjá dótturinni þá skuldar hann

peninginn en ekki hún þannig að þetta ákvæði getur orðið neikvætt fyrir þann sem það á að vernda. Það er nefnilega yfirleitt þannig að þegar við þingmenn ætlum að vera góðir við einhvern, þá erum við vondir við hann.

Ég vildi auk þess ganga lengra en hv. þm. í tveimur atriðum, þ.e. að menn fengju upplýsingar um allar lánastofnanir sem sá sem á að skrifa upp á óskar eftir og hins vegar að árlega yrðu veittar upplýsingar um ábyrgðir.

Varðandi fortíðarhyggju hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og sandkassaslaginn sem hann fór út í hérna og pólitíkina. (**ÖS:** Ertu í andsvari við mig eða einhvern annan?) Nei, ég bara mátti til með að koma því að. (**ÖS:** Þá átt þú að halda ræðu.) Já. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að ... (**Gripið fram í:** Hann má þetta ekki.) Forseti vill geta þess að hér er einn fundarstjóri.)

[14:52]

**Flm. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi aldrei verið dregið í efa að hér væri einn fundarstjóri. Ég vil aðeins segja við hv. þm. Pétur Blöndal að hafi ég á einhvern hátt misskilið ummæli hans hér áðan og talið að hér væri of langt gengið, þá vil ég þakka það að hann skuli taka undir þessi viðhorf og jafnvel á köflum vilja ganga aðeins lengra.

[14:52]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi það í ræðu sinni að stjórnarandstaðan flytti þetta frv. og minn ágæti flokkur bæri ábyrgð á þessum vanskapnaði öllum sem fjármálamarkaðurinn er og þar með bæri ég ábyrgð á því o.s.frv. Þetta eru ummæli sem eyðileggja gott mál og er það mjög miður. Mér þætti mikið betra að menn ræddu til framtíðar. Við erum að breyta framtíðinni. Við breytum ekki fortíðinni og segja kannski sumir því miður. Við getum breytt framtíðinni og það sem hv. þingmenn eiga að gera er að breyta framtíðinni.

Hér er allt of mikið um það að þingmenn fari í einhvern sandkassaslag um einhver fortíðarverkefni og það er eins og ég eigi að bera ábyrgð á því sem Sjálfstfl. gerði 1930 eða 1920. Ég var ekki einu sinni fæddur þá. Ég áskil mér þann rétt að bera ekki ábyrgð á öðrum gerðum en mínum eigin. Ég ber sem sagt ekki ábyrgð á óhæfuverkum kristinna manna í nafni trúarinnar þó að ég sé kristinn. (**ÖS:** Er það öruggt?) Ég tel mig ekki bera ábyrgð á því, já. Menn geta fallist á ákveðna skoðun og verið í ákveðnum flokki án þess að gangast undir allt sem gert hefur verið í nafni þess flokks af einhverju fólki. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. vilji heldur ekki bera persónulega ábyrgð á öllu sem gert hefur verið í nafni hans ágæta flokks.

[14:54]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga í efa í hvaða stöðu skilningarvit hv. þm. Péturs Blöndals eru. En öll hans stutta ræða sem var kjarnyrt og mergjuð byggðist á einum grundvallarmisskilningi og hann er þessi: Ég sagði réttilega að því er ég hygg að Sjálfstfl. bæri mikla ábyrgð á því í hvaða óefni bankakerfið og nákvæmlega þetta mál er komið. En ég tók það sérstaklega fram að þessi hv. þm., Pétur Blöndal, sem er einhver mesta mannvitsbrekka sem uppi er í þinginu að því er varðar peningamál, ber enga ábyrgð á því, enga ábyrgð. Ég sagði það sérstaklega. En það getur vel verið að hv. þm. Pétur Blöndal hafi verið svo miður sín að tilheyra flokki sem ber þessa miklu sekt að hann hafi ekki hlustað á mál mitt til enda. Mér þykir afskaplega miður ef ég hef truflað og raskað sálarró hv. þm. en þessar ásakanir sem hann gerði mér upp eru einfaldlega tilhæfulausar. Ég held að hv. þm. beri ekki ábyrgð á þessu. Hann hefur öðrum fremur, eins og ég sagði, komið að því að gagnrýna bankana og leiða þennan skelfilega stjórnmálaflokk sem hann tilheyrir til betri vegar í þessum efnum. Hann ætti hins vegar að skipta um flokk.

[14:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við erum að ræða mjög alvarlegt mál og mjög brýnt og allir ræðumenn hafa tekið undir það. Við erum að ræða um mál sem hafa valdið persónulegum harmleikjum, eins og ég gat um, og ótölulegum sorgum og þá finnst mér ekki viðeigandi að menn séu í svona, hvað eigum við að segja, sandkassaleik eins og allt of oft tíðkast hérna þar sem verið er að tala um minn skelfilega flokk o.s.frv. Hvað kemur það málinu við? Ég tel hann ekkert skelfilegan og ég skipti ekki um flokk vegna þess að hv. þm. skorar á mig að gera það, enda fyndi ég engan betri.

Um það að ég sé eitthvað miður mín. Það var nú þannig að þegar hv. þm. talaði, þá gat hann þess sérstaklega að ég væri hér sem fulltrúi míns flokks. Svo fór hann að setja út á flokkinn. Allt þetta sem hv. þm. sagði er ekki til bóta fyrir málið. Ég tel að þetta mál sé það alvarlegt að menn eigi að taka það þannig, horfa til framtíðar og reyna að laga það. Við getum ekki breytt fortíðinni. Við gerum ekki fólkið sem orðið gjaldþrota, ekki gjaldþrota. Því getum við ekki breytt. En við getum breytt framtíðinni þannig að svona gerist ekki aftur.

[14:56]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég dreg það til baka sem ég sagði að hv. þm. ætti að skipta um flokka. Ég er ekki viss um að nokkur flokkur vildi taka við honum.

Ég segi það hins vegar, herra forseti, að mér finnst það alveg með ólíkindum að heyra hérna tvo hv. þm., hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, vera að því er mér finnst með allt að því hótanir í garð þessa máls. Hérna endurtekur hv. þm. Pétur Blöndal það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði fyrr í dag, að það væri ekki til bóta fyrir þetta mál að vera að rifja eitthvað upp fortíð Sjálfstfl. Ég segi nú bara við ykkur, hv. þingmenn.: Annaðhvort stendur þetta mál á sínum eigin forsendum sem hv. þm. hafa einmitt sagt að væru ansi burðugar eða það fellur. Það er svo einfalt mál. En að koma hingað eins og tveir hv. þm. hafa gert og sagt að það væri ekki málinu til bóta að menn væru í einhverjum sandkassaleik. Hvað felst í því að vera í sandkassaleik? Það er þeirra mat að maður sé í sandkassaleik ef það vill svo til að menn leyfa sér að rifja upp fortíð flokka og jafnvel einstaklinga í málum sem þessum eða einhverjum öðrum. Það vill svo til að samtíðin á sér alltaf eitthvað að baki og *það heitir fortíð og það gildir um Sjálfstfl.* alveg eins og aðra flokka að hann á sér fortíð. Það getur vel verið að hv. þm. Pétur Blöndal sé ekkert stoltur af fortíð síns flokks í þessum efnum. Ég hef tekið það skýrt fram að hann ber enga ábyrgð á henni. En það er einfaldlega svo að hlutirnir eiga sér einhvern aðdraganda og ég hef einungis leyft mér það sem e.t.v. er munaður í augum þessara hv. þm. að ræða hérna í aukasetningum aðdraganda að þeirri stöðu sem þetta mál er í núna og það hefur bersýnilega sett þennan skjálfta í

taugakerfi þeirra að þeir eru algerlega úr skorðum hrokknir.

[14:58]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Þetta er nú allnokkuð sorglegt. Ég kom upp í ræðustól áðan einmitt til að fagna því að nær öll stjórnarandstaðan á þingi stæði saman að því að flytja hér svo ágætt mál, svo þarft mál og svo brýnt mál. (**ÖS:** Hvað sagði ...) Ég kom til þess að lýsa því yfir að ég, þar sem ég sit í efh.- og viðskn. þingsins, væri reiðubúinn til að veita málinu allan þann stuðning sem ég gæti vegna þess að ég skildi, vegna þess að ég kynni og þekkti það af langri tíð að meðferð fjármálastofnana á Íslandi á útlánum hefur verið ákaflega óábyrg. Þær hafa leitað til þriðja aðila til að taka ábyrgð á þeim í stað þess að gera það sjálfar.

Nú bregður svo við að einn af þingmönnum stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sér ástæðu til þess að skattyrðast við menn út af þessum hlutum. Það liggur fyrir og ég hef sagt það hér áður að ef menn ætla að fara með stráksskap leitandi að því hver ber ábyrgð á hinum ýmsu mistökum sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi á þessari öld — þau eru fleiri en sandkornin á sjávarströndinni held ég — ef við ætlum að fara að leita að því öllu saman, þá gerðum við vart annað til aldamóta.

Hins vegar er það svo, herra forseti, að á undanförnum árum höfum við leitast við að betrumbæta mjög íslenskt viðskiptalíf. Við höfum reynt að færa það til rétts vegar, gera viðskiptin frjáls og gera einstaklingana, fyrirtækin og bankana ábyrg gerða sinna. Það er mjög brýnt. Þess vegna er umrætt frv. mikið fagnaðarefni. Það eru líka mikil viðbrigði frá þeim málflutningi sem stjórnarandstaðan hefur haft hér uppi í vetur.

Ég kem hér í góðum hug til að fagna frv. Ég ætla að standa með því, styrkja það og styðja í efh.- og viðskn. Ég kom ekki hingað til að eiga í stráksskap við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Mér finnst málið ekki þess eðlis að það eigi við.

[15:01]

**Flm. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég hef nú þegar talað tvisvar í þessu máli og hef komið að flestu því sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Ég get tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um það að út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að horfa endilega til fortíðar. Þó nauðsynlegt sé að skoða fortíðina, þá er ekki ástæða til að horfa á hana sérstaklega í þessum efnum heldur eigum við að horfa til framtíðar. Með þessu frv. er ætlunin að undirbúa það að við náum að þroska og bæta þann fjármálamarkað sem við höfum þó verið að þroska og bæta undanfarin ár.

Ég ætla ekki að gerast dómari um það hvort allt það sem miður hefur farið á fjármálamarkaði megi rekja til þess að stjórnmálaflokkar hafi um of haft áhrif á bankastarfsemi í landinu. Ég er þó ekki í nokkrum vafa að svo hefur verið. Þar eiga allir sinn þátt, sumir meiri og aðrir minni en engin ástæða til að rekja það hér. Þetta frv. er fyrst og fremst lagt fram með það að markmiði að bæta núverandi ástand á íslenskum fjármálamarkaði. Ég held að sú staðreynd, að 90.000 Íslendingar skuli hafa gengist í ábyrgð fyrir að aðrir samningar gangi eftir, segi meira en mörg orð. Og kannski er ástæðan þessa sú að við höfum ekki ráðið fólk með nægilega þekkingu inn í bankana. Bankarnir hafa ekki unnið nægilega faglega.

Í stað þess að fara ofan í viðkomandi samninga, fara ofan í ársreikninga fyrirtækja og fjárhagsstöðu fyrirtækja er miklu þægilegra og auðveldara að gera samning og fá tryggingu þriðja manns, fá tryggingu í fasteign sem oftast er auðvelt að koma í verð. Kannski er þetta afleiðing þess að við höfum gengið of langt í því að láta stjórnmálaflokka ráðskast með almannafé í gegnum lánastofnanir. Kannski er þetta í raun og veru afleiðing þess og sá lærdómur sem við eigum að draga af þessu. Við þurfum að breyta þessu.

Ég vildi aðeins, virðulegi forseti, segja þetta að lokum um leið og ég þakka þeim sem tóku til máls fyrir mjög jákvæð orð í garð frv. Að lokum, virðulegi forseti, af því ég gerði það ekki í framsöguræðu minni, legg ég til að málið fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:04]

**Útbýting þingskjals:**

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 558. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 947.

## *Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 1. umr.*

Frv. ÖS o.fl., 392. mál (kröfufyrning). — Þskj. 710.

[15:05]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breyting á lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1955.

Herra forseti. Ég tók á sínum tíma þátt í því að móta þessi lög, þegar ég sat í fyrri ríkisstjórn, leggja þau hérna fram og samþykkja þau líka. Þau lög fóru í gegnum þingið að ég held án þess að nokkur mælti gegn þeim. Ég tel, eftir á að hyggja, að þau hafi ekki að öllu leyti verið nægilega vel úr garði gerð.

Í þeirri breytingu sem ég legg til er gert ráð fyrir að í stað þess að endurgreiðsla oftekinna gjalda eða skatta nái til fjögurra ára skuli hún ná til sex ára. Þetta er tillaga sem styðst við ákveðin rök. Frv. er lagt fram til þess að samræma þær reglur sem finna má í íslenskum rétti um endurgreiðslu skatta.

Meginreglan í skattalögunum er að þegar skattar eru ákvarðaðir aftur eða sök vegna brota á ákvæðum skattalaga er fyrnd, þá er miðað við sex ár aftur í tímann frá ákveðnu tímamarki. Gildandi regla í lögum, þeim lögum sem hér er lagt til að breyta, miðast við að endurgreiðsla oftekinna skatta nái fjögur ár aftur í tímann. Hún brýtur þess vegna í bága við þessa meginreglu í skattarétti.

Um þetta má taka nokkur dæmi, herra forseti. Vísa má til laga um tekjuskatt og eignarskatt frá árinu 1981. Þar kemur fram í 97. gr. að heimild til þess að endurákvarða skatt nái til tekna og eigna síðustu sex ára. Miðað við sömu lög þá fyrnist sök á sex árum frá upphafi rannsóknar, svo fremi ekki hafi verið um neinar óeðlilegar tafir að ræða. Þá nefni ég einnig, herra forseti, að samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 frá 1987, þá fyrnist sök á sex árum, frá upphafi rannsóknar lögreglu eða skattrannsóknarstjóra, sé ekki um að ræða neinar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Að lokum, herra forseti, bendi ég á að lög um virðisaukaskatt frá 1988 hafa að geyma ákvæði þar sem fram kemur heimild til að endurákvarða virðisaukaskatt til síðustu sex

ára. Ég tel því, herra forseti, að miðað við þetta sé ljóst að það er fólgin í því fyllileg sanngirni að í stað þess að endurgreiða oftekin gjöld aðeins fjögur ár aftur í tímann, þá leyfi lög að það verði gert sex ár aftur í tímann.

Ég held að þetta skipti allverulegu máli, herra forseti. Ég vek athygli á að í þinginu í dag hefur verið dreift svari til tiltekins þingmanns þar sem einmitt er rætt um oftekin gjöld. Þar eru reiknaðar út þær upphæðir sem á að greiða til baka og í ljós kemur að hluti þeirra er fyrndur vegna ákvæðis þessara laga. Ég tel því brýnt að þingið taki á þessu máli hið fyrsta.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 1. umr.*

Frv. EOK o.fl., 438. mál. — Þskj. 764.

[15:09]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og ég mæli fyrir er eins og annað frv. sem ég mælti fyrir á síðasta þingi, um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Greinargerðin sem fylgir þessu frv. er nokkurn veginn líka sú sama og fylgdi frv. á fyrra þingi. Í henni er vitnað til niðurstöðu á lögfræðilegu áliti sem gert var áður en núverandi lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands tóku gildi.

Herra forseti. Rétt er að fara nokkrum orðum um þetta, rifja aðeins upp, þó ekki sé í löngu máli. Ég vil gera grein fyrir því sem hér er um að ræða og hvernig á þessum málflutningi stendur.

Lögin um Brunabótafélag Íslands, fyrstu lögin, eru allt frá 1907. Þeim hefur oft verið breytt síðan, 1915, 1932, 1936, 1942 og 1955. Lögin frá 1955 voru reyndar í gildi lengst af með smábreytingum 1988, þar til lögunum var breytt með lögum nr. 68/1994.

Í niðurstöðu þeirrar lögfræðilegu skoðunar sem fór fram áður en Brunabótafélagi Íslands var breytt í Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, kemur skýrt fram að í öllum þeim lagagreinum sem gilt höfðu þann tíma sem Brunabótafélag Íslands starfaði hafi ávallt verið gert ráð fyrir því að Brunabótafélagið væri gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, gagnkvæmt tryggingafélag. Í öllum þessum lögum er jafnframt gert ráð fyrir því að félagsmenn í Brunabótafélagi Íslands séu eigendur þeirra fasteigna sem þar eru tryggðar á hverjum tíma. Alla öldina er gengið út frá þessu grundvallaratriði í þeim lögum sem sett eru um félagið.

Álit þeirra lögfræðinga sem hér hafa um fjallað og ég veit að út frá því er undantekningarlaust gengið í allri löggjöf Vestur-Evrópu, að sú regla gildi um gagnkvæm tryggingafélög, eins og Brunabótafélag Íslands sannarlega var, er að komi til þess að félagið hætti störfum eða ákveðið sé að slíta félaginu af öðrum ástæðum, þá beri að skipta eigum þess milli félagsmanna, eigendanna. Um þetta eru engar deilur, hvorki á Íslandi né í öðrum löndum. Menn ganga út frá þessu, vita það og hafa alltaf vitað að svona beri að gera. Tryggingatakarnir eru félagsmennirnir. Þeir eru eigendur gagnkvæmra tryggingafélaga.

Það er vitað að áður en til þess kom að Brunabótafélaginu væri breytt í eignarhaldsfélag árið 1994 voru nokkrar meiningar um hver ætti það. Sá vitnisburður liggur fyrir frá fjmrn. og ríkisstjórn að hún taldi sig hafa ástæðu til þess að seilast í þær eignir. Eins liggur fyrir að fjmrh. hefði helst viljað að ríkið eignaðist Brunabótafélag Íslands. Einnig voru meiningar um að sveitarfélögin ættu að fá þessar eignir.

Niðurstaða þeirra lögmannanna sem fengnir voru til þess að semja um það greinargerð, var ótvíræð: Ríkið á ekki Brunabótafélag Íslands. Það er ekki eign ríkisins. Ríkið getur þannig ekki, í krafti eignarréttar, gert kröfu í eignir félagsins við slit þess. Hvorki sveitarfélögin í heild né þau sveitarfélög sem gert hafa samning við Brunabótafélag Íslands um brunatryggingar fasteigna í viðkomandi sveitarfélögum, teljast eigendur Brunabótafélagsins.

Þetta var niðurstaðan. Þessi tvö stjórnsýslustig, ríkið og sveitarfélögin, gátu ekki gert kröfur til þess að eignast þetta félag. Niðurstaða manna sem um hafa fjallað er eigi að síður að líta megi þannig á að eignarréttur félagsmanna í Brunabótafélaginu hafi í reynd verið það óvirkur og ekki væri hægt að telja það til brota á stjórnarskránni þótt menn settu lögin nr. 68/1994, um eignarhaldsfélagið. Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég eða aðrir flm. þessa frv. ætlum ekki að efast neitt um það. Við teljum ekki að nein lög hafi verið brotin á félagsmönnum með því. Við erum ekki að fjalla um þau lög hér og nú. Við skulum líta svo á, ég held að það sé niðurstaða allflestra, að þar hafi löglega verið að farið. Það var ekkert því til fyrirstöðu að fara þessa leið.

Það sem hefur gerst og um er að ræða er einfaldlega eitt. Ég er alveg viss um að þetta gagnkvæma tryggingafélag hefur unnið ákaflega gott og þarft starf eins og viðskiptalífi Íslands var háttað fram eftir þessari öld. Eins vanþroska og margur markaðurinn var lengi vel svo ég tali nú ekki um tryggingamarkaðinn. Þeir sem samkvæmt lögum fóru með völd í þessu ágæta félagi ákváðu að hætta að starfa sem tryggingafélag. Ég ætla ekki, herra forseti, að segja neitt um hvort ákvörðun þeirra hafi verið röng eða rétt, heimskuleg eða viturleg. Þeir gerðu þetta og sú ákvörðun þeirra stendur. Þeir lögðu fyrst niður Brunabótafélagið, í fyrstu mynd sinni, og hófu samstarf við annað gagnkvæmt tryggingafélag, Samvinnutryggingar Íslands. Það samstarf gekk mjög vel.

Á síðasta ári gerðist það síðan, herra forseti, að þeir sem voru handhafar eignarhaldsfélagsins ákváðu að stíga skrefið til fulls, selja hlut sinn í Vátryggingafélagi Íslands, breyta félagi sínu í almennt fjármálafélag og hefja almenna fjármálastarfsemi. Þannig gerðist þetta. Þeir hættu að starfa og eru ekki lengur gagnkvæmt tryggingafélag, heldur eru þeir á markaði með almenna fjármálastarfsemi.

Þetta, herra forseti, höfum við flm. þessa frv. fyrst og fremst litið á. Við teljum að þar sem hið gagnkvæma tryggingafélag hefur hætt starfsemi þá beri að slíta því. Það er megininntak frv. Í núgildandi lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélags Íslands, lögum nr. 68/1994, er skýrt kveðið á um hvernig með skuli fara þegar eignarhaldsfélaginu er slitið. Í II. kaflanum, 4. og 5.gr., er nákvæmlega kveðið á um hverjir séu tryggingatakarnir og hverjir séu félagsmennirnir og til hverra skuli skipta. Í 5. gr. segir:

„Sameigendur félagsins eru:" — og síðan eru þeir taldir upp. Skráin yfir þessa sameiningu liggur fyrir hjá Vátryggingaeftirliti Íslands. Þeir færa það á hverju ári og fara nákvæmlega yfir það. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Ís-

lands heldur einnig skrá yfir það og ekki að ástæðulausu. Í III. kaflanum um sameignarsjóðinn og fulltrúaráðið í IV. kaflanum segir nákvæmlega til um það hvernig sameignarsjóðurinn eigi að lifa. Hann lifir þannig að ef einhver af sameigendum félagsins deyr, einhver lögaðili hættir starfsemi eða verður gjaldþrota, gerist það sjálfkrafa að sameignarsjóðurinn eignast eign hans. Nákvæmlega er um þetta sagt í lögunum þannig að þetta ætti að ganga alveg nákvæmlega eftir. Sameignarsjóðurinn erfir eigendurna.

Ég veit ekki nákvæmlega, herra forseti, hvernig staðan er í dag en mig minnir að á sl. vori hafi hlutdeild sameignarsjóðsins í Brunabótafélaginu verið í kringum 20%. Það hlýtur að hafa vaxið eitthvað síðan, vegna þess að menn eru jú alltaf að deyja.

Það að afhenda réttum eigendum gagnkvæms tryggingafélags eignir sínar, þegar hið gagnkvæma tryggingafélag er hætt störfum, ætti því ekki að vera mjög flókið eða vefjast mjög fyrir mönnum. Hér er einfaldlega um prinsippmál að ræða, það grundvallarmál að eignarréttur einstaklinganna sé í þessu sem öðru virtur að öllu leyti.

Í fyrra þegar við fjölluðum um þetta mál voru efasemdir um það hvort frv., sem kvæði á um slík slit, gæti staðist. Þegar málið kom til efh.- og viðskn. þingsins fór nefndin fram á það við hæstv. viðskrh. að hann léti gera lögfræðilega úttekt á því hvort svo væri eða ekki. Þessi lögfræðilega úttekt liggur fyrir, veit ég. Ég hef loforð viðskrh. fyrir því að strax og efh.- og viðskn. hefur fengið þetta mál til umfjöllunar að nýju muni hann afhenda nefndinni álitsgerðina. Hún getur þá strax farið yfir það hvort einhver áhöld séu um að þau slit sem frv. gerir ráð fyrir fái staðist. Það mál verður því skjótt afgreitt þegar það kemur til umsagnar efh.- og viðskn.

Því er ekki að leyna, herra forseti, að síðan frv. var lagt fram að nýju hafa ýmsir orðið til þess að tala gegn því áður en tími gafst til þess á Alþingi að mæla fyrir því. Tveir aðilar hafa sent hv. Alþingi mótmæli gegn þessu frv. Annar aðilinn er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem mótmælir þessu mjög harðlega. Hitt er Samband íslenskra sveitarfélaga. Mótmælin eru bæði með sömu dagsetningu og hafa raunverulega sama efnisinnihald. Í báðum þessum mótmælum er litið svo á að framkoma þessa frv. sé hið versta mál. Frv. er talið furðufrumvarp. Því er haldið fram í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga að ráðist sé á sveitarfélögin í landinu með flutningi þessa máls. Stjórn sambandsins skorar á þingmenn að fella það.

Að því er vikið í þessum fréttatilkynningum að eignarhaldsfélagið sé hinn þarfasti þjónn sveitarfélaganna enda hafi það nú ákveðið sér það hlutskipti að lána sveitarfélögunum til hinna þörfustu hluta. Eins er sagt frá því að nú á útmánuðum hafi þeir tekið þá ákvörðun að greiða sveitarfélögunum, í fyrsta skipti í sögu félagsins, arð eða eignarágóðahlut sem nemur 3% af höfuðstól félagsins eftir síðasta ár, um 110 millj. Við sölu Brunabótafélagsins á hlut sínum í VÍS var hlutur þess metinn á 3,4 milljarða kr. Af því má sjá að hér er um verulega fjármuni að ræða, umtalsverða fjármuni.

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þessi mótmæli. Fulltrúaráð Brunabótafélagsins, eignarhaldsfélagsins, telur að það sé hin mesta svívirða að fara fram á að slit á félaginu. Þeir gefa til kynna að þeir séu hinir bestu og nýtustu menn og þeir hafi hinar frómustu ætlanir á prjónum sínum. Þeir ætli að styrkja brunavarnir, þeir ætli að gera sitthvað sem öllum ætti að vera ljóst að er mjög þarft. Þessu er til að svara, herra forseti, að ég starfaði á annan áratug í sveitarstjórnum á sínum tíma og mér er kunnugt um að íslenskir sveitarstjórnarmenn eru hinir ágætustu menn. Ég hef aldrei efast um það. Ég hef heldur aldrei efast um að fulltrúaráðið sem sveitarstjórnirnar kjósa og mynda Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sé eingöngu skipað hinum ágætustu mönnum. Ég hef aldrei efast um það. Ég hef heldur ekki efast um að þeir hafa á prjónunum hinar þörfustu aðgerðir og vilja eflaust láta gott af sér leiða. Ég hef aldrei efast um það. En hví efast stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, um að það fólk sem þeir eru fulltrúar fyrir, þ.e. íbúarnir í þeim sveitarfélögum sem tryggðu hjá Brunabótafélagi Íslands, séu ekki ágætis fólk líka? Efast þeir um það? Ætla menn ekki að fólkið sem byggir þessi sveitarfélög sé ekki fullkomlega ábyrgt til að fara vel með peningana sína, ef það fær þá í hendurnar? Ættu peningarnir að týnast við það? Menn hafa m.a. haldið fram þeirri skrýtnu stærðfræði að með því að skipta stórri upphæð, eins og þremur og hálfum milljarði króna, í marga hluta, þ.e. til réttra eigenda, mundi þessi upphæð verða nánast að engu.

Herra forseti. Sveitarstjórnir Íslands og það stjórnsýslusvið þarf að fjalla um mýmörg mál. Það liggur líka fyrir að sveitarstjórnirnar hafa til sinna verka skattlagningarvald. Alveg eins og ríkisvaldið hafa sveitastjórnir skattlagningarvald. Þær taka skatta af borgurunum til að sinna því sem gera þarf á hverjum tíma. Sveitarstjórnirnar, alveg eins og ríkið, hafa ekki fleiri möguleika til að afla sér tekna. Sveitarstjórnirnar geta ekki frekar en ríkið tekið eignir borgaranna. Þótt þær hafi uppi meiningar um að fara vel með það fé og verja því til hinna bestu hluta, hvort sem það eru brunavarnir eða margt annað ágætt sem sveitarstjórnirnar þurfa sannarlega að sinna, þá skiptir öllu máli að rétt sé farið með eignarréttinn. Hvaða trygging er fyrir því að sá, sem ekki fer rétt með eignarréttinn í dag, geri það á morgun? Fyrir því er engin trygging. Þess vegna verða menn að vanda sig þegar kemur að prinsippmálum.

Þarfir sveitarfélaganna eru miklar og knýja á um að bæta ýmis félagsleg mál. Þau hafa skattlagningarvald, kannski að sumra dómi ríflegt. Þau verða að taka skatta til að standa undir útgjöldum eða taka til þess lán, þ.e. taka peninga sem þau ætla að skattleggja menn fyrir seinna. Þau taka ekki eignir borgaranna með nokkrum öðrum hætti í sína þjónustu. Borgararnir eru líka fullkomlega færir um að fara með sína peninga. Sé peningunum, þremur og hálfum milljarði eða hvaða peningaupphæð það er, dreift meðal þeirra, þá munu þeir peningar ekkert týnast. Þeir verða til staðar í samfélagin eftir sem áður.

Hins vegar er það líka rétt sem við skulum athuga um þennan sameignarsjóð eignarhaldsfélagsins og tryggingar sem sveitarfélögin sannarlega stóðu í við Brunabótafélagið, þá er það ljóst að sveitarfélögin í landinu, sem í gegnum tíðina hafa tryggt hjá Brunabótafélagi Íslands munu verða mjög stór eignaraðili. Í þeirra hlut mun koma mjög stór hluti af eignum eignarhaldsfélagsins þegar því verður skipt upp. Ég held því, herra forseti, að í þeim ágripum sem okkur þingmönnum hefur verið sent felist hið mesta öfugmæli.

Það liggur fyrir að félagið er hætt starfsemi. Það liggur fyrir að sveitarfélögin munu við skiptingu eignarhaldsfélagsins fá gríðarlega stóran hluta af eignum þess til sinna þarfa og það liggur fyrir að aðrir hlutir fara til íbúa þessara sömu sveitarfélaga. Þeir munu eignast þá og það er til þeirra sem þeir eiga að fara. Það er þess vegna, herra forseti, sem þetta frv. er flutt. Það er til að tryggja að menn gleymi ekki því

sem er grundvallaratriði í okkar stjórnarskrá að við virðum eignarrétt manna.

[15:31]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessu máli einkanlega sökum þess að ég á dálítið erfitt með að átta mig á hvað flutningsmenn frv. eru að fara. Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni eftir að hafa skoðað þetta frv. til laga um eignarhaldsfélagið að það sé líklega fjórum árum of seint fram borið. Ef ég skildi hv. framsögumann rétt áðan, þá hefur hæstv. viðskrh. látið vinna greinargerð um lögmæti þessa frv. og um lögmæti þess að slíta félaginu með þessum hætti. (**EOK:** Bæði um lögmæti þessa frv. svo og hvort gengið hafi verið á rétt eiganda Brunabótafélagsins með setningu laga nr. 68/1994.) Virðulegi forseti. Það er ætlast til að menn tali úr ræðustól en ekki úr sæti en það breytir ekki neinu.

Ég hef þá skilið hv. framsögumann rétt að nauðsynlegt hafi verið að vinna greinargerð um lögmæti þessa frv. m.a. ásamt fleiru og hvort lögmætt sé að slíta félaginu með þessu móti. Það eitt út af fyrir sig hlýtur að teljast dálítið merkileg staðreynd að málum sé svona fyrir komið.

Ástæða þess, virðulegi forseti, að ég kveð mér hljóðs í þessu máli er eins og ég sagði áðan að ég átta mig ekki alveg á því hvað flutningsmenn eru að fara. Í fyrsta lagi er það mín skoðun að frv. er sennilega fjórum árum of seint fram komið vegna þess að árið 1994 var margumræddu gagnkvæmu vátryggingafélagi breytt í eignarhaldsfélag með lögum. Með lögum nr. 68/1994 var Brunabótafélagi Íslands, gagnkvæmu vátryggingafélagi breytt í eignarhaldsfélag. Það segir í 1. gr. þeirra laga. Í því ljósi hefur löggjafinn tekið um það ákvörðun að breyta gagnkvæmu tryggingafélagi í eignarhaldsfélag. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á því af hverju öll röksemdafærslan felst í því hvernig gagnkvæmu tryggingafélagi er slitið. 1. gr. þessara laga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með lögum þessum er Brunabótafélagi Íslands, sem starfað hefur sem gagnkvæmt vátryggingafélag síðan 1. janúar 1917, breytt í eignarhaldsfélag og hættir félagið jafnframt beinni vátryggingastarfsemi."

Síðan segir í 3. gr. sömu laga, virðulegi forseti, þar sem fjallað er um tilgang og starfssvið félagsins, með leyfi forseta:

„að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum,

að stunda lánastarfsemi, m.a. til verklegra framkvæmda sveitarfélaga eftir því sem ástæður félagsins leyfa, svo og rekstur fasteigna,

að stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og að taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi."

Þessi kafli verður ekki skilinn öðruvísi en svo að hinu gagnkvæma vátryggingafélagi hafi verið breytt í eignarhaldsfélag með nákvæmlega þessum tilgangi. Síðan er í V. kafla farið yfir það hvernig þessu eignarhaldsfélagi skuli slitið og þar er kveðið á um ákveðna aðferðafræði sem er ástæðulaust að fara yfir. Hana má finna í þessum lögum.

Þá er rétt að snúa sér að því frv. sem hér liggur fyrir og langar mig þá að vitna í greinargerðina. Þar segir:

„Samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1994 er einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum. Með nýlegri sölu á hlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands hf. til Landsbankans hefur félagið snúið frá þessum lögbundna aðaltilgangi sínum. Því er hér lagt til að félagið verði gert upp og eignum þess, umfram skuldir, skipt á milli eigenda."

Ég skil þetta sem meginröksemdafærsluna fyrir því að slíta skuli eignarhaldsfélaginu.

Ég dreg í efa í ljósi laga nr. 68/1994 að hægt sé að skilgreina hlutina með þeim hætti að hér sé um megintilgang að ræða og um leið og hann er ekki lengur til staðar, ef hann er ekki lengur til staðar, þá beri að slíta félaginu þrátt fyrir að í lögum sé kveðið skýrt á um hvernig félaginu skuli slitið því að hér er talað í a.m.k. þremur töluliðum um hvað félaginu beri að gera. Og ef draga megi í efa að 1. tölul. í 3. gr., ef svo má að orði komast, sé til staðar, þá beri að slíta félaginu.

Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en í umfjöllun um þessi kaup fyrir ári eða svo hafi m.a. komið fram að kaupsamningur sá sem gerður var milli Landsbankans, — virðulegi forseti, hvað hef ég langan tíma?

(**Forseti** (StB)**:** Hv. þm. hefur 15 mínútur til umráða.)

Ég var að tala um það sem fram kemur í greinargerð með frv. og ég álít sem svo að sé meginforsendan fyrir þessu frv. Ég hef verið að reyna að bera þetta saman við 3. gr. núgildandi laga og fæ ekki betur séð en megintilgangur með tilvist félagsins sé a.m.k. tvíþættur eftir til viðbótar þannig að bara í því ljósi einu verð ég að segja alveg eins og er að þetta kemur mér á óvart.

Enn fremur vitnaði ég áðan til blaðaskrifa, blaðaummæla og fjölmiðlaumræðu almennt þegar þessi kaup áttu sér stað. Þar kom fram að Landsbankinn ætlaði að greiða þennan hlut á nokkuð löngum tíma. Gott ef það var ekki á tveimur eða þremur árum. Hv. flm. getur kannski upplýst mig um það á eftir en það er a.m.k. ljóst að sá tími er ekki liðinn þannig að það má draga mjög í efa að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hafi ekki eignaraðild að vátryggingafélagi vegna þess að félagið á enn þá og hefur ekki fengið greitt samkvæmt kaupsamningi hlut í VÍS. Ég held því að draga megi þessa fullyrðingu mjög í efa.

Enn fremur vil ég vitna til þess, virðulegi forseti, sem ég sagði áðan að það er tvíþættur megintilgangur til viðbótar. Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns. Ég átta mig satt best að segja ekki alveg á því hvað flutningsmenn eru að fara. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti ágæta ræðu um eignarrétt og nauðsyn þess að hver fái það sem honum ber o.s.frv. og ég get tekið undir það. En ég sé ekki betur þegar maður ber saman það frv. sem hér liggur fyrir og þau lög sem nú gilda en að einhvers staðar séu einhverjir á villigötum. Ég fæ ekki betur séð. En ég vænti þess að hv. þm. leiðrétti mig þá ef ég er á villigötum. A.m.k. er ég að gera heiðarlega tilraun til að leiðrétta hv. þm. því að þetta frv. hefði þurft að koma fram 1994. Ég held að það sé alveg kristaltært.

Ég get vel ímyndað mér að á árinu 1994 — þá sat ég reyndar ekki á þingi — hafi verið uppi umræður og efasemdir um réttmæti þeirra laga sem nú eru í gildi, en löggjafinn samþykkti þetta og ég heyrði ekki betur en hv. framsögumaður hafi sagt áðan að hann drægi ekki réttmæti þeirra í efa, það hefði mátt setja þau. Ég skildi hann a.m.k. þannig og taki ég hans orð og geri þau að mínum, þá er mér enn frekar fyrirmunað að skilja tilvist þessa frv.

Ég ætla ekki að gera mönnum upp neinar hvatir í þeim efnum af hverju menn eru að leggja þetta fram, af hverju hv.

þm. virða ekki einungis það sem segir í 1. mgr. 16. gr. V. kafla núgildandi laga, með leyfi forseta:

„Ákvörðun um slit á félaginu skal tekin á lögmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðsins og þarf atkvæði minnst 3/4 fulltrúaráðsmanna til að slík samþykkt sé gild.

Ákveði fulltrúaráð að slíta félaginu skal fyrst inna af hendi allar skuldbindingar þess hverju nafni sem nefnast eða setja tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Síðan skal greiða þeim sem eiga réttindi hjá félaginu á grundvelli 5. gr. en það sem eftir er rennur til sameignarsjóðs. Taki annað félag ekki við hlutverki eignarhaldsfélagsins við slit þess skal hrein eign sameignarsjóðsins renna til þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráðinu í hlutfalli við brunatryggingariðgjöld fasteigna samkvæmt samningum sveitarfélaganna á vátryggingarárinu 15. október 1992 til 14. október 1993."

Hér segir reyndar sérstaklega um það hvort rétt eða lögmætt hafi verið að setja þessi lög, í 4. tölul. sem er fskj. með því frv. sem við ræðum hér:

„Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er" — hér er verið að vísa til greinargerðar sem er lögð fram áður en lögin 1994 eru upp sett — „til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar."

Í mínum huga stendur þetta mál þannig að á árinu 1994 var tekin um það ákvörðun af löggjafanum að breyta gagnkvæmu tryggingafélagi í eignarhaldsfélag. Það eignarhaldsfélag hefur ákveðinn tilgang eins og fram kemur í 3. gr. Í 3. gr. kemur ekkert fram um það hver sé megintilgangur eða aðaltilgangur eða neitt í þá veruna. Hér er aðeins vitnað til þess hver tilgangur starfssviðs félagsins er einkum sem meira að segja bendir til þess að hér sé ekki um tæmandi talningu á tilgangi félagsins að ræða. Það bendir a.m.k. til þess. Þess vegna, virðulegi forseti, verð ég að fá betri skýringu á því af hverju þetta frv. er fram komið vegna þess að röksemdafærslan virðist mér byggja á staðreyndum eða stöðu sem uppi var fyrir setningu þessara laga. Ég fæ það ekki betur skilið en svo.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, virðulegi forseti, en ég vænti þess að hv. framsögumaður fjalli um þetta hér á eftir og kannski takist að skýra fyrir mér það sem ég hef alla vega eins langt og það nær ekki skilið við samlestur á þessu frv. og þeim lögum sem nú eru í gildi. Af þeim samlestri hefur mér ekki orðið ljóst hvers vegna frv. af þessum toga er sett fram. Ég hefði skilið það ef það hefði komið fram á árinu 1993. Þá hefði ég talið að þetta frv. væri ofur eðlilegt og kannski má segja sem svo að það hefði verið skynsamlegasta niðurstaðan 1993. En löggjafinn fór aðra leið. Hann valdi þá leið sem birtist í lögum nr. 68/1994 og með hliðsjón af þeirri staðreynd er þeim sem hér stendur gersamlega fyrirmunað að skilja af hverju þetta frv. er flutt.

[15:46]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er svo sem hv. þm. segir að þetta frv. sé of seint fram komið, þ.e. fjórum árum of seint, þá kemur það væntanlega í ljós í því lögfræðiáliti sem viðskrh. hefur nú þegar látið vinna hjá Háskóla Íslands og verður afhent efh.- og viðskn. þingsins þegar hún hefur fengið málið til meðferðar. Þess vegna, herra forseti, komu fram efasemdir sumra flutningsmanna við umræðu þessa máls á síðasta þingi hvort það væri yfirleitt löglegt að slíta félaginu og hvort það væri löglegt að flytja frv. sem slíkt. Það kom fram. Einnig komu fram efasemdir í umræðunum um það hvort löggjafinn hafi staðið rétt að málum með lögum nr. 68/1994. Vegna þessara efasemda fór efh.- og viðskn. þingsins fram á það við hæstv. viðskrh. að hann léti gera slíka lögfræðilega úttekt til þess að við færum ekki í neinar grafgötur með það hvort rétt væri staðið að hlutum hér og hvort rétt hefði verið staðið að hlutum þá.

Hæstv. viðskrh. hefur tjáð okkur í nefndinni að strax og við fáum þetta mál til meðferðar þá muni hann afhenda okkur þessa álitsgerð, en hefur ógjarnan viljað gera það fyrr. Ég vil líka taka það fram, herra forseti, að í lögunum um eignarhaldsfélagið stendur: „Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:" og það er ekki tæmandi.

Ég reyndi að gera grein fyrir því hér áðan að alla öldina hefur Brunabótafélag Íslands starfað sem gagnkvæmt ábyrgðarfélag í tryggingum. Þegar eignarhaldsfélagið seldi hlut sinn í VÍS voru það endanlega hætt þeim störfum. Það er alveg ljóst í núgildandi lögum að hinir réttu sameigendur, sameigendurnir, eru óvirkir þar til slit eiga sér stað.

[15:48]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það strax sem mína skoðun að ég er alveg sannfærður um að löggjafinn getur slitið félaginu með lögum enda snerist gagnrýni mín ekki um það. Hún laut fyrst og fremst að því að frv. gerir ráð fyrir að slíta félagi sem ekki er lengur til vegna þess að árið 1994 var þessu margumræddu gagnkvæma tryggingarfélagi breytt í annars konar félag með annars konar tilgang. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Sá tilgangur kemur fram í 3. gr. þar sem segir: „Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:" sem ég hef túlkað sem svo að þar sé ekki um tæmandi talningu að ræða. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég verið að velta því fyrir mér af hvaða hvötum eða hvers vegna menn koma fram með frv. af þessu tagi með röksemdafærslu sem hreinlega stenst ekki núgildandi lög.

Hér er verið að slíta félagi og vitnað til tilvistar þess fyrir fyrir 1994. Þetta varð allt annað félag eftir 1994 með allt aðra starfsemi eins og fram kemur í 3. gr., allt aðra starfsemi heldur en fyrir 1994. Þess vegna, virðulegi forseti, set ég það fram sem mína skoðun að frv. byggi á staðreyndum eða aðstæðum sem voru til staðar fyrir 1994 en eru í dag, með leyfi forseta, eins og út úr kú. Þau eru ekki í neinu samræmi við þá stöðu sem nú er uppi. Hér er um að ræða eignarhaldsfélag með ákveðinn tilgang. Það hefur alls ekki verið dregið í efa að félagið uppfylli a.m.k. tvo þætti þess megintilgangs sem tekinn er fram í lögunum. Um þriðja tilganginn má deila sökum þess að félagið á enn þá, eftir því sem ég best veit, eignarhlut í vátryggingarfélaginu því að það tók einhver ár að gera þetta upp. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti: Ég er engu nær í raun og veru af hverju þetta frv. kemur fram.

[15:51]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 5. gr. laganna um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er nákvæmlega tiltekið hverjir séu eigendur þess félags. Þar segir:

1. Þeir sem hafa brunatryggingu fasteignar hjá Brunabótafélagi Íslands þegar lög þessi taka gildi og fluttir eru til Vátryggingafélags Íslands hf., sbr. 4. gr.

2. Þeir sem vátryggðu hjá Brunabótafélagi Íslands 31. desember 1988 og færðir voru með leyfi tryggingamálaráðherra til Vátryggingarfélags Íslands ...

3. Sameignarsjóðir ...

Það liggur alveg fyrir í lögunum hverjir eigendurnir eru. Það segir líka nákvæmlega fyrir um það í þessum lögum hvernig skuli með fara við slit félagsins þannig að eigendurnir fái sinn hlut. Svo geta menn hins vegar deilt um það, herra forseti, hvort rétt sé að slíta félaginu. Það er bara afstaða hvers og eins. En það liggur alveg fyrir frá hendi okkar flutningsmanna að við teljum einsýnt að hætt var þeirri starfsemi þess gagnkvæma tryggingarfélag sem hinn beini og eini tilgangur félagsins áratugum saman sagði til um. Því þurfum við ekkert að spyrja að því lengur hvort það eigi að slíta því. Hins vegar hefur aldrei komið fram hjá okkur flutningsmönnum þessa frv. að við höfum verið að væna eignarhaldsfélagið um einhverja varasama hluti. Við erum alveg vissir um að alltaf hafi allt verið gert samkvæmt lögum. Þeir hafa alveg nákvæmlega haft rétt til að gera það sem þeir gerðu. Engin slík sjónarmið hafa nokkurn tíma komið fram. Við höfum hins vegar talið að það beri að slíta félaginu, hinu gagnkvæma tryggingarfélagi, þegar það hefur augljóslega hætt störfum.

[15:53]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er farinn að fá á tilfinninguna að ég sé farinn að endurtaka mig nokkrum sinnum. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan að þessu gagnkvæma vátryggingafélagi var breytt í eignarhaldsfélag 1994. Samkvæmt þessum lögum hefur það félag ákveðinn tilgang eins og fram kemur í 3. gr. Það er ekki deilt um hverjir eru eigendur. Árið 1994 var ákveðið hvernig þessu félagi skuli slitið. Það kemur fram í þessum lögum.

Í greinargerð með frv. er aðeins vitnað til einhvers eins megin- eða aðaltilgangs. Það er einfaldlega ekki rétt, virðulegi forseti, vegna þess að lögin kveða mjög skýrt á um það hver sé tilgangur félagsins. Það hefur enginn deilt um það að félagið uppfyllir a.m.k. tvo af þessum þremur þáttum og ég fæ ekki betur séð en það uppfylli líka þann þriðja. Þess vegna vitna ég til rökstuðningsins í greinargerðinni. Hann er ekki réttur. Ég vil segja það, virðulegi forseti. Hann er ekki réttur. Löggjafinn hefur ákveðið hvernig þessu félagi skuli slitið.

Virðulegi forseti. Á þeim sat hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hér á þingi. Ég skal ekki um það segja hvort hann hafi greitt atkvæði í þessu máli. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason sat þá á þingi. Hafi þeir á þeim tíma greitt því atkvæði að þetta félag skyldi verða stofnað og því síðan slitið með ákveðnum hætti, þá er mér alveg fyrirmunað að skilja af hverju þeir breyta svona gersamlega um skoðun núna. Ég held að það þurfi miklu meiri rökstuðning en fram kemur í greinargerðinni og eftir þeim rökstuðningi er ég að kalla. Því miður hefur hann ekki komið fram en kannski á hv. flm. á eitthvað uppi í erminni sem hann hefur legið á og kemur kannski ekki fram fyrr en síðar í umræðunni og það er þá vel.

[15:55]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Ég fjallaði nokkuð um það þegar það á sínum tíma var lagt fram. Í raun og veru er hér um að ræða ákaflega einfalt mál. Það er hins vegar þannig að menn hafa kosið að þyrla í kringum það talsverðu moldviðri, séð sér hagsmuni í því til þess fyrst og fremst að reyna að gera okkur flutningsmenn tortryggilega og þetta mál tortryggilegt, en til þess er auðvitað engin ástæða. Þetta er eins og ég sagði áðan tiltölulega einfalt mál.

Það er í fyrsta lagi þetta: Hver á þetta félag? Látið hefur verið í veðri vaka í umræðunni upp á síðkastið að þetta sé félag sveitarfélaganna, að sveitarfélögin í landinu eigi Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og þess vegna séu allar hugmyndir um að slíta félaginu og afhenda eignir þess sameigendum félagsins, árás á sveitarfélögin. Þetta er alger grundvallarmisskilningur.

Í lögunum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er mjög skýrt tekið fram hverjir eru eigendur þess. Það eru ekki sveitarfélögin sérstaklega, það er ekki ríkið sérstaklega, það eru tryggingatakarnir eins og kemur hér glögglega fram í 5. gr. laganna. Stundum ríkir óvissa um það hverjir eigi einstök fyrirtæki og félög. Það á við um ýmislegt í okkar þjóðfélagi. En það á ekki við um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Það er engin óvissa um það.

Hins vegar er ákaflega sérkennilegt atriði í V. kafla laganna sem fjallar um breytingar, félagsslit og brottfall réttinda þar sem segir í 15. gr., með leyfi forseta:

„Við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem er sameigandi, er ekki lengur skráður sem lögaðili falla eignarréttindi sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin falla þá til sameignarsjóðs félagsins."

Þetta þýðir á mæltu máli að þegar menn fara inn á hinar eilífu veiðilendur, brottkallast af þessum heimi, þá eignast sveitarfélögin hlutinn í Brunabótafélaginu. Þetta er dálítið skrýtið í ljósi þess að almenna reglan er sú að þegar menn falla frá, þá ráðstafa þeir sínum eignarhlut sjálfir og láta hann falla til þeirra sem þeir kjósa að fái arfinn. En í þessu tilviki er löggjöfin þannig að gert er ráð fyrir því að smám saman safnist hinar efnislegu eigur manna í þessu félagi til sameignarsjóðsins sem varðveittur er af sveitarfélögunum. Þannig mun það auðvitað gerast smám saman að sveitarfélögin eignast æ stærri hluta af þessu félagi.

Ég vil aðeins víkja að því að það hefur vakið mikla athygli að tekin var um það ákvörðun á fulltrúaráðsfundi Brunabótafélagsins að greiða út 100 millj. kr. til sveitarfélaganna. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að sveitarstjórnarmenn sem ég hef rætt við minnast þess ekki að hafa fengið slíkar arðgreiðslur fyrr frá þessu félagi. Ég hef sagt við þessa ágætu félaga mína sem hafa gagnrýnt það að við skulum vera að leggja fram frv. af þessu taginu að það hefur þó a.m.k. haft þau áhrif að 100 millj. kr. liggja núna á bankabókum og tékkheftum sveitarfélaganna sem ekki voru þar til staðar áður. Það var ekki fyrr en þetta frv. kom fram og aðstæður breyttust, að þessar greiðslur voru inntar af hendi. Með öðrum orðum, þessi eignarhlutur upp á 3,5 milljarða kr. gaf ekki arð þó að vissulega hafi hann ávaxtast bærilega að því er manni sýnist í þessari fjárfestingu í þessu tiltekna tryggingafélagi, fyrst Brunabótafélagi Íslands og síðan sem þátttakandi í Vátryggingafélagi Íslands. Út af fyrir sig held ég því að það sé talsverður árangur fyrir sveitarfélögin í landinu að þetta frv. sé komið fram og að þessar greiðslur hafi þá verið inntar af hendi.

Hér var varpað fram þeirri spurningu hvort í raun og veru hafi átt sér stað sala á þessu félagi að fullu, sala á eignarhlut Brunabótafélagsins í VÍS, og vísað til þess að mjög undarlegur gjörningur fór fram á milli kaupandans, þ.e.

Landsbankans, og seljandans. Það var gert, eins og menn vita, til þess að Landsbankinn gæti uppfyllt eiginfjárkröfur þær sem alþjóðlegar skuldbindingar krefjast, CAD-skyldan og annað þess háttar. Þá var búið til þetta greiðsluform sem kallað hefur verið upp frá því VÍS-raðgreiðslur og fela það í sér að Landsbankinn borgar smám saman og eignast þannig smám saman eignarhlutinn í Vátryggingafélaginu. En allir vita að í raun og veru hefur salan farið fram. Þetta voru bara bókhaldsæfingar til þess að komast fram hjá því að Landsbanki Íslands hafði það veika stöðu að hann mátti ekki samkvæmt bókhaldsreglum færa kaupin á félaginu að fullu og það er þess vegna sem þetta gerist, það er ekki flóknara en svo. Við skulum því ekki vera að horfa fram hjá því að auðvitað er það svo að með því að salan hefur farið fram er nú um stundir ekki lengur til staðar það sem talað er um að hafi verið aðalstarfssvið Brunabótafélagsins, þ.e. að taka þátt í tryggingastarfsemi.

Ég skal að vísu viðurkenna að auðvitað er mjög merkilegt viðfangsefni sem kemur fram í þriðja lið þegar lesið er yfir hlutverk og tilgang þessa félags og það er að stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi. Ef við höfum það í huga að um er að ræða 3.500 millj. kr. sem menn hafa til þess að styrkja efnilega námsmenn getur maður séð það fyrir að þessi þáttur menntunar í landinu á sér mikla framtíð — og hér gengur fram fyrir mig sá eini úr þinginu, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem er menntaður á þessu sviði. Ég veit að það hefði náttúrlega verið mikill hvalreki fyrir hv. þm. á sínum tíma ef hann hefði getað notið fyrirgreiðslu úr þessum myndarlega námsstyrkjasjóði sem er í uppsiglingu upp á 3.500 millj. kr.

Ég vil hins vegar segja það út af því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Suðurl. að ég tel að í raun og veru væri hægt að segja sem svo að það hefði verið heppilegt að frv. hefði komið fram fyrr því að þetta er prýðilegt frv. Hins vegar tel ég fráleitt að ætla að það sé of seint fram komið og ég er ekki í nokkrum vafa um að í fyrsta lagi hefur þingið heimild til þess að taka ákvörðun eins og þá sem verið er að leggja til. Í öðru lagi er hitt að það er auðvitað svo að þegar félagið varð eignarhaldsfélag breyttist ekki neitt með eigendur. Þetta er eingöngu tilraun til þess að færa lögmætum eigendum Brunabótafélags Íslands eignarhlut sinn þannig að það gerist ekki samkvæmt gildandi lögum að smám saman tæmist þessi eign til annarra aðila.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég sæi ekki tilgang í því að ræða málið mjög ítarlega. Ég tel að efnislega séu þessir þættir ákaflega skýrir. Ég ítreka að ég hef mjög mikla trú og traust á þeim mönnum sem halda um stjórnartauma Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands. Ég held að þetta séu menn sem eru miklum vanda vaxnir og þeim vanda vaxnir að stjórna félagi. Það snýst ekkert um það. Frv. snýst heldur ekki um það hvort sveitarfélögin séu vel að því komin að eiga peninga. Málið er ekki um það. Það snýst einfaldlega um það eins og hér er sagt að nú þegar það liggur fyrir að það sem hefur verið megintilgangur félagsins, þ.e. að taka þátt í vátryggingastarfsemi, fyrst beint og síðan með eignaraðild, er horfið í raun og veru þegar ekki er verið að sinna því meginhlutverki lengur. Þá er ástæða til þess að flytja frv. af þessu tagi eins og verið er að gera.

[16:05]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég eyddi öllum ræðutíma mínum áðan í að reyna að fjalla um það að ég áttaði mig ekki á því af hverju frv. er komið fram í fyrsta lagi og af hverju rökstuðningur með frv. er allur þess eðlis eins og væri verið að slíta gagnkvæmu vátryggingafélagi því að það er alveg ljóst að þessu gagnkvæma vátryggingafélagi var breytt í eignarhaldsfélag 1994 með tilgangi sem kemur fram í 3. gr.

Ég gerði reyndar að gamni mínu áðan að fá útprentun á því af því að hér eru a.m.k. þrír af þeim hv. þingmönnum sem eru flutningsmenn þessa frv., sem voru á þingi þegar þessi breyting var gerð, þegar að þessu gagnkvæma vátryggingafélagi var breytt í eignarhaldsfélag með tilgangi eins og segir í 3. gr. Atkvæðagreiðslan féll þannig að allir þeir þingmenn sem þá sátu á þingi og greiddu atkvæði greiddu þessu jáyrði sitt, að breyta gagnkvæmu vátryggingafélagi yfir í eignarhaldsfélag með nýjan tilgang. Þar á meðal voru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, einn flutningsmanna, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, einn flutningsmanna og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, einn flutningsmanna.

Nú er ég ekki að segja að menn geti ekki skipt um skoðun, aldeilis ekki. Það eina sem ég er að segja er það af hverju leggja menn núna fram frv. til þess að slíta félagi sem ekki er til vegna þess að þessu gagnkvæma vátryggingafélagi var breytt 1994 í eignarhaldsfélag. Það er mjög undarlegt að vera að leggja fram frv. núna um að slíta félagi sem var lagt niður með lögum 1994. Hins vegar segi ég það líka, virðulegi forseti, að menn geta vitaskuld skipt um skoðun en ég kalla eftir frekari rökstuðningi en menn settu fram áðan og rökstuðningurinn má ekki snúa að því hvort menn séu hæfir til að sinna stjórn í einhverju félagi o.s.frv. Hann á að snúa að því af hverju hlutirnir eru lagðir fram eins og þeir eru lagðir fram.

[16:08]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur verið að smáatriði fari fram hjá hv. þm. Það er ekki víst að hv. þm. hafi tekið eftir því að ýmislegt hefur breyst frá árinu 1994 eins og að Brunabótafélag Íslands er búið að selja einu umtalsverðu eign sína og er hætt að taka þátt í því sem var eina raunverulega hlutverk þess. Aðstæðurnar núna og aðstæðurnar 1994 eru með öðrum orðum gerbreyttar. (**LB:** Því var breytt 1994.) Það er hins vegar búið að „realísera" mikla eign upp á 3.500 millj. kr. og ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það sé ekki bara eðlilegt heldur sjálfsagt að þeir sem eigi eignina ráðstafi henni. Mér finnst, virðulegi forseti, í ljósi allrar umræðunnar vera undarlegt að það þurfi að þrástagast á þessu, tvisvar í röð, fyrst á síðasta þingi og síðan núna, að það sé vilji okkar flutningsmanna og ekkert annað búi þar að baki en að þeir sem eigi þessar 3.500 millj. kr. geti ráðstafað þessu milliliðalaust. Þetta er ekki flóknara mál. Ef þetta væri hlutafélag mundi ekki nokkrum einasta manni láta sér detta í hug að það ætti að gerast þannig að menn hefðu ekki ráðstöfunarrétt á þessu þegar væri búið að gersamlega gerbreyta rekstri viðkomandi félags, að menn hafi ekki nokkur ráð til þess að bregðast við þegar forsendur kúvendast.

Þess vegna verð ég að játa, virðulegi forseti, að þó ég viti það að stundum geti menn verið pínulítið utan við sig og taki ekki eftir svona smáatriðum sem eru að breytast í kring þá átti ég von á því, virðulegi forseti, að hv. 6. þm. Suðurl. hefði orðið var við að það hefði orðið eignabreyting upp á 3.500 millj. kr.

[16:10]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna kom kannski fram kjarni málsins. Þarna kom kannski fram það sem ég hef verið að leita eftir. Það er kannski kjarni málsins að einhvers staðar úti í bæ, í lausu lofti, eru einhverjir fjórir milljarðar. Það er kannski það sem menn vilja slíta. Það er kannski það sem menn eru nákvæmlega að tala um, virðulegi forseti, að það sé dálítið óheppilegt að eitthvert eignarhaldsfélag, sem enginn hefur nákvæm tök á hver fari þar með ráðin, séu bara lausir úti í bæ. Þeir geti kannski lent í því að kaupa hluti í einhverjum banka. Þeir gætu kannski lent inni í einhverri einkavæðingu. Kannski er þarna kjarni málsins. Kjarni málsins er ekki í greinargerðinni. Ég held að við séum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hún hljómar eins og yfirskin. Þarna kom kannski kjarni málsins. Eignabreyting upp á þetta og einhverjir stjórnendur úti í bæ með svo mikla peninga sem gætu lent inni í einhverju fyrirtæki sem einhverjir aðrir ætluðu hugsanlega að taka yfir.

Þarna erum við e.t.v. komnir að kjarna málsins. Kannski hefði átt að segja það strax því að í raun og veru stenst ekki frv. eins og það liggur fyrir. Ég held að það sé alveg kristaltært. Röksemdafærslan þar stenst ekki miðað við þá stöðu sem nú er uppi. En e.t.v. er það sem undir niðri liggur að það sé nú alveg ómögulegt að vera með fyrirtæki eða eignarhaldsfélag úti í bæ sem á 4 milljarða og enginn hefur stjórn á. *Þar erum við kannski komnir að kjarna málsins.*

[16:12]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. bregður ekki vana sínum og nú er hann byrjaður í samsæriskenningunum og þá verð ég að játa það að þar er hann á heimavelli og miklu hæfari en ég vegna þess að hann þekkir samsæriskenningar greinilega mjög vel. Nú virðist hann vera að reyna að ýja að því að í frv. sé fólgið heilmikið samsæri. Þegar hefur margoft komið fram, og núna síðast í andsvari mínu við málflutning hans, að tilgangur okkar sem flytjum frv. sé einfaldlega sá að eigendaraðilar Brunabótafélagsins fái að ráðstafa sínum eignarhlut, fái að ráðstafa eign sinni.

Það liggur fyrir að í fyrsta skipti í sögu Brunabótafélagsins er staðan sú að félagið er ekki að fást við brunatryggingar né taka þátt í tryggingastarfsemi heldur er um að ræða orðið „eign" sem hægt er að ráðstafa strax. Ég segi að það er orðin grundvallarbreyting á þessu félagi. Það liggur alveg í augum uppi.

Mér finnst mjög sérkennilegt að verið sé að reyna að gera það tortryggilegt þegar vilji okkar stendur til þess að þeir sem eigi eignina fái að ráðstafa henni, það sé allt í einu orðið mjög tortryggilegt og gefi eitthvert tilefni til að setja á hér einhverjar samsæriskenningar um það að við teljum að það sé eitthvað óeðlilega að verki staðið. Þetta er auðvitað ekki þannig.

Ég ítreka að þeir sem standa að þessu félagi eru hinir mætustu menn, standa sig vel í starfi sínu og hafa greinilega reynt að ávaxta þetta pund. Það hefur skilað þeim árangri núna að í fyrsta skipti, aldrei fyrr, í fyrsta skipti eru sveitarfélögin að fá 100 millj. kr. eftir að frv. hefur komið fram og það er auðvitað vel að svo sé.

[16:14]

**Pétur H. Blöndal**:

Herra forseti. Í ræðu hv. flm., Einars Odds Kristjánssonar, kom margt fram sem ég get tekið undir og lýsti málinu nokkuð vel en það vantaði kannski nokkuð og þar er ég með skoðun sem gengur öllu lengra en það sem hv. þm. gat um.

Það er í fyrsta lagi að skv. 15. gr. gildandi laga stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem er sameigandi, er ekki lengur skráður sem lögaðili falla eignarréttindi sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin falla þá til sameignarsjóðs félagsins."

Þetta þýðir, herra forseti, að sameignarsjóður félagsins erfir fólkið og það leiðir hugann að því hvers lags eignir það eru sem fólk lætur eftir sig. Í stjórnarskránni er ekki talað um fyrstu eða annarrar gráðu eign, það er bara talað um eign og eignarréttindi og stjórnarskráin stendur vörð um eignarréttinn. Hér er allt í einu talað um það að einhverjir aðrir en lögbundnir erfingjar erfi fólk, þ.e. sameignarsjóður félagsins. Að þessu leyti tel ég að þessi lagasetning frá 1994 hafi ekki staðist stjórnarskrána. Það er mín skoðun. Ef hér hefði verið stjórnlagadómstóll þá hefði hann ekki samþykkt þessa lagasetningu vegna þess að í henni er talað um eignir og að einhverjir eigi þetta félag, en þegar þeir falla frá þá erfi þá einhverjir aðrir en lögvarðir erfingjar. Þess vegna tel ég að þessi lagasetning frá 1994 sé ákaflega vafasöm og byggi á *hæpnum grunni, enda kom fram í ræðu hv. framsögumanns* að menn könnuðu hvort ríkissjóður gæti átt þessa peninga, menn könnuðu líka hvort sveitarfélögin gætu átt þessa peninga, en í ljós kom að hvorki sveitarfélögin né ríkissjóður áttu þessa peninga. Það voru hinir tryggðu sem áttu peningana vegna þess að þeir höfðu borgað of hátt iðgjald inn í félag sem er gagnkvæmt tryggingafélag og þess vegna áttu þeir eignina sem myndaðist vegna of hárra iðgjalda. Það er eðli gagnkvæmra tryggingafélaga. Sveitarfélögin eiga að sjálfsögðu í þessu félagi sem vátryggingatakar eins og aðrir.

Herra forseti. Í þessu dæmi hér kristallast það sem ég hef verið að benda á aftur og aftur, þ.e. að mikill munur er á þjóð og ríki. Það er mikill munur á íbúum í sveitarfélagi og sveitarfélaginu sjálfu. Hér kemur nefnilega í ljós að eigendur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands eru íbúar í sveitarfélögum, fyrirtæki í sveitarfélögum og í litlum mæli sveitarfélögin sjálf. En sveitarfélögin ætla sér að hirða þennan eignarhlut sinna eigin íbúa og það lagaákvæði sem ég var að lesa upp áðan, 15. gr., segir beinlínis að sameignarsjóðurinn sem er í vörslu og eign sveitarfélaganna á að erfa borgarana. Samkvæmt þessum lögum erfa sveitarfélögin sína eigin borgara og fyrirtæki með tímanum. Það gæti orðið áhugavert mál ef einhver erfingi manns sem hefur fallið frá og átt innstæðu í Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, færi í mál og vildi fá sína eign sem erfingi með vísan í stjórnarskrána. Þetta mál sem hér er komið upp sýnir okkur því einmitt að það er ekki hægt að setja samasemmerki á milli sveitarfélags og íbúa í sveitarfélagi.

Varðandi þá stærðargráðu sem menn hafa verið að tala um, þ.e. að það sé ekki neitt neitt sem hver einstakur eigi, má segja að ef menn deila 3.500 millj. á 60 þúsund manns sem mun vera fjöldi þeirra sem eiga í félaginu, þá kemur út 50 þús. kr. á mann og það er ekki lítill peningur. Auðvitað er þessu mjög misskipt. Ég geri ráð fyrir að ýmis fyrirtæki eigi stóran hlut, jafnvel nokkur 100 þúsund eða milljón. Þetta eru engu að síður stórar upphæðir á hvern mann. Þetta

skiptir miklu máli. En ég sé þetta fyrst og fremst sem ásælni sveitarfélaganna í eignir sinna eigin borgara.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að þetta frv. kæmi of seint fram og þar af leiðandi sæi hann ekki rök fyrir því. Þetta er eins og að segja að réttlæti fyrnist með tímanum, að þær eignir sem menn áttu 1994 séu bara fyrndar. Það er ekki gert ráð fyrir því í stjórnarskránni að eignarrétturinn fyrnist. Hann stendur á meðan maðurinn lifir og ef hann fellur frá, þá rennur hann til lögmætra erfingja, barna og annarra ættingja o.s.frv. Þetta frv. er því ekkert of seint fram komið. Það verður aldrei of seint fram komið. Það sem mætti kannski setja út á er að sambærilegt frv. frá því fyrir ári síðan hafi ekki verið samþykkt þannig að hægt væri að borga fólkinu út það sem það raunverulega á.

Varðandi samsæriskenningar um að menn sjái ofsjónum yfir því að þarna séu miklir peningar sem þetta félag gæti hugsanlega notað til að kaupa í öðrum fjármálastofnunum, þá sé ég ekki þá hættu og það er ekki þess vegna sem ég er flutningsmaður að þessu frv. heldur er það fyrst og fremst til að gæta hagsmuna einstaklinga sem eiga þarna eign í félagi sem sveitarfélögin ætla sér að erfa. Ef sveitarfélögin bíða nógu lengi, svo sem í 70 til 100 ár, þá munu þau eignast alla þessa eign sem fólkið á með þessum lögum. Þess vegna set mikið spurningarmerki við þetta og held að þessi lög fái hreinlega ekki staðist, þ.e. lögin um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994. Það er ekki hægt samkvæmt stjórnarskránni að taka eignir manna og flytja þær eitthvað annað við dauðsfall. Og stjórnarskráin talar ekkert um fyrstu eða annarrar gráðu eign. Það er ekki til nema ein eign og hún er varin með stjórnarskránni.

Herra forseti. Ég vonast til að þetta frv. fari til efh.- og viðskn. og fái þar góða umfjöllun og að upplýst verði ýmis atriði sem eru enn óupplýst eins og t.d. kaupsamningur Landsbankans við félagið þegar hann keypti VÍS af félaginu. Það verði enn fremur upplýst eftir hvaða lagaákvæðum félagið greiddi út 110 millj. í arð, þ.e. hvar heimild sé til þess í þessum lögum. Ég er búinn að lesa þau aftur og aftur og ég get hvergi nokkurs staðar séð að heimilt sé að borga arð út úr þessu félagi. Og ef það er gert, þá verður að sjálfsögðu að greiða til allra eigendanna, ekki bara sumra þannig að þar er enn eitt dæmi sem þyrfti að skoða. Ég geri ráð fyrir því að þetta verði allt saman skoðað í hv. efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti og ég vonast til að þetta frv. verði samþykkt.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 16:24.

---

# 87. FUNDUR

föstudaginn 13. mars,
kl. 2 miðdegis.

**Dagskrá:**
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Fjarvistarleyfi:**
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

## *Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.*

[14:00]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Á dagskrá þessa fundar er eitt mál, tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[14:01]

**Útbýting þingskjala:**

Argos-staðsetningartæki til leitar, 550. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 935.

Eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 951.

Framleiðsla og sala á búvörum, 559. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 950.

Nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 274. mál, svar landbrh., þskj. 948.

Rekstur björgunarsveita í landinu, 551. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 936.

Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 561. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 952.

Vextir, dráttarvextir og verðtrygging, 562. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 953.

Fundi slitið kl. 14:01.

---

# 88. FUNDUR

mánudaginn 16. mars,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 166. mál, þskj. 166. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, stjfrv., 287. mál, þskj. 358, nál. 898. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 544. mál, þskj. 929. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ábyrgðarmenn, frv., 310. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Félagsleg aðstoð, frv., 352. mál, þskj. 496. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Málefni aldraðra, frv., 353. mál, þskj. 507. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frv., 392. mál, þskj. 710. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frv., 407. mál, þskj. 728. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Einkahlutafélög, frv., 421. mál, þskj. 743. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, þáltill., 51. mál, þskj. 51, nál. 859. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
12. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 342. mál, þskj. 431. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Dómstólar, stjfrv., 176. mál, þskj. 915, brtt. 850 og 925. — 3. umr.
14. Vopnalög, stjfrv., 175. mál, þskj. 916, frhnál. 961, brtt. 962. — 3. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900. — 1. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 553. mál, þskj. 942. — 1. umr.
17. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 941. — 1. umr.
18. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 547. mál, þskj. 932. — 1. umr.
19. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927. — 1. umr.
20. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, stjfrv., 558. mál, þskj. 947. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

## *Minning Stefáns Valgeirssonar.*

[15:02]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Stefán Valgeirsson, fyrrverandi alþingismaður, andaðist í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í fyrradag, laugardaginn 14. mars. Hann var á áttugasta aldursári.

Stefán Valgeirsson var fæddur í Auðbrekku í Hörgárdal 20. nóvember 1918. Foreldrar hans voru hjónin Valgeir Sigurjón Árnason bóndi þar og Anna Mary Einarsdóttir húsmóðir. Hann lauk búfræðiprófi frá bændaskólanum á Hólum vorið 1942, stundaði síðan ýmis störf í Reykjavík 1942–1948, var meðal annars verkstjóri hjá Reykjavíkurborg um skeið. Bóndi í Auðbrekku var hann frá 1948, rak félagsbú með foreldrum sínum og bræðrum, en flest árin 1953–1962 var hann á vetrum við ýmis störf á Suðurnesjum.

Stefán Valgeirsson var alþingismaður Norðurlandskjördæmis eystra í 24 ár samfleytt, frá 1967–1991, sat á 26 þingum alls. Hann var þingmaður Framsóknarflokksins 1967–1987 og þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju 1987–1991. Aldursforseti sameinaðs þings var hann frá 1984 og aldursforseti neðri deildar frá 1983.

Auk þeirra starfa sem hér hafa verið talin voru Stefáni Valgeirssyni falin ýmis trúnaðarstörf. Hann var formaður Félags ungra framsóknarmanna í Eyjafirði 1949–1953, formaður Framsóknarfélags Eyfirðinga 1965–1987 og jafnframt í blaðstjórn Dags. Árið 1968 var hann kosinn í hafísnefnd og í aðra hafísnefnd árið 1979. Í bankaráði Búnaðarbankans var hann 1969–1987 og sama tíma í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, formaður beggja frá 1973. Hann var í stjórn Byggðastofnunar 1987–1990. Formaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju var hann 1987–1990.

Stefán Valgeirsson var hátt í fimmtugur að aldri þegar hann hóf störf á Alþingi, hafði þá lengi sinnt flokksmálum í heimahögum sínum nyrðra. Frá upphafi var hann ötull við þingstörf, tók oft þátt í umræðum, starfaði í nefndum, gegndi formennsku í landbúnaðarnefnd og síðar samgöngunefnd. Áhugamál hans beindust öðru fremur að bættum hag fólksins í dreifðum byggðum landsins. Jafnrétti og félagshyggja voru honum hugðarefni og þau urðu stefnumál hans og fylgismanna þegar hann nær sjötugur að aldri keppti að endurkjöri til Alþingis og náði kosningu fyrir ný stjórnmálasamtök.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Stefáns Valgeirssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:06]

**Útbýting þingskjala:**

Norrænt samstarf 1996–1997, 567. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, þskj. 959.

Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, 568. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 968.

Starfsemi kauphalla, 285. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 963; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 964.

Verðbréfaviðskipti, 286. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 965.

Vestnorræna ráðið 1997, 566. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, þskj. 958.

Vopnalög, 175. mál, frhnál. allshn., þskj. 961; brtt. allshn., þskj. 962.

***Örnefnastofnun Íslands, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 166. mál. — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FI, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP.
18 þm. (ÁRJ, BirnS, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, MF, ÓÖH, SighB, StB, TIO, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég er í raun andvígur því að setja upp sérstaka ríkisstofnun til að annast skráningu örnefna eins og hér er verið að gera tillögu um. Ég tel hins vegar að miðað við allar aðstæður eigi ég ekki annan kost í þessu máli en að sitja hjá þó að ég telji málið í fyrsta lagi faglega vitlaust, í öðru lagi fjárhagslega vitlaust og í þriðja lagi pólitískt vitlaust.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 969).

***Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 358, nál. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Brtt. 1 í nál. 898 samþ. með 41 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 898 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

***Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 544. mál. — Þskj. 929.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Ábyrgðarmenn, frh. 1. umr.***

Frv. LB o.fl., 310. mál. — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.***

Frv. ÁRJ o.fl., 352. mál. — Þskj. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Málefni aldraðra, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 353. mál. — Þskj. 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frh. 1. umr.***

Frv. ÖS o.fl., 392. mál (kröfufyrning). — Þskj. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Afnám greiðslu þungaskatts á umhverfisvæn ökutæki, frh. 1. umr.***

Frv. HjÁ o.fl., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Einkahlutafélög, frh. 1. umr.***

Frv. LB o.fl., 421. mál (slit á félagi og innlausn hluta). — Þskj. 743.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa, frh. síðari umr.***

Þáltill. HG, 51. mál. — Þskj. 51, nál. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Brtt. í nál. 859 samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillgr. svo breytt samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BirnS, BBj, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JónK) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, MF, ÓÖH, SighB, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. í heild, svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BirnS, BBj, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, MF, ÓÖH, SighB, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 971).

***Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 342. mál (þjónusta við börn). — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Dómstólar, 3. umr.***

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 915, brtt. 850 og 925.
[15:19]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 925 við frv. til laga um dómstóla. Það er nauðsynlegt að flytja þessa brtt. til leiðréttingar á 5. mgr. 2. tölul. 36. gr. í V. kafla frv. um gildistöku og brottfall laga. Snýr breytingin einungis að orðalagi en í ákvæðinu er fjallað um breytingar á ákvæði aðskilnaðarlaganna sem munu heita Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, um hæfisskilyrði sýslumanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Vopnalög, 3. umr.***

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 916, frhnál. 961, brtt. 962.
[15:20]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. og brtt. allshn. á þskj. 961 og 962.

Nefndin fjallaði um málið milli 2. og 3. umræðu og fékk til viðræðna við sig þá Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneytinu, Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra og Einar K. Haraldsson frá SKOTVÍS.

Nefndin leggur til að frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu, verði samþykkt með minni háttar breytingum. Í fyrsta lagi er þar um að ræða breytingu á 2. mgr. 3. gr. þar sem lagt er til að bætt verði inn í frumvarpið reglugerðarheimild dómsmálaráðherra. Í ákvæðinu er kveðið á um tæki og efni sem lögin ná ekki til, en reynslan sýnir að nauðsynlegt getur verið að ráðherra hafi heimild til setningar reglna um þessi atriði. Þá eru lagðar til breytingar á 17. gr. frumvarpsins sem miða að því að skýra orðalag greinarinnar. Loks er lögð til breyting á 35. gr. Lýtur breytingin að því að lögreglustjóri hafi ekki heimild til þess að selja skotvopn við leyfissviptingu, þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði eignaupptöku, fyrr en að liðnum sex mánuðum frá leyfissviptingu, en almenna reglan um heimild lögreglustjóra til slíkrar sölu er einn mánuður.

Allshn. þykir rétt að skýra frekar nokkur ákvæði frumvarpsins þar sem nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um þau og er það gert í frhnál. nefndarinnar. Í fyrsta lagi er áréttað að það er skilningur nefndarinnar að í skilgreiningu á sprengiefni í 4. mgr. 1. gr. felist einnig hvers konar gasefni sem notuð eru sem sprengiefni.

Í öðru lagi er áréttað að með 9. gr. er lagt til að lögfest verði að þeir sem versla með, flytja inn eða framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda skuli halda færslubækur yfir keypt og seld vopn. Með ákvæðinu er ætlunin að koma reglu á þessi mál þannig að auðveldara verði að rekja uppruna skotvopns og skotfæra. Þannig ættu alltaf að liggja fyrir upplýsingar um magn seldra vopna, skotfæra, skotelda og sprengiefna annars vegar og hins vegar magn þessara vörutegunda á lager hverrar verslunar.

Varðandi ákvæði 2. mgr. 14. gr. um undanþágu frá ákvæðum laganna um að skotvopn skuli númerað eintaksnúmeri er rétt að taka fram að um er að ræða undanþáguheimild fyrir bændur og dýralækna vegna fjárbyssna sem lýtur aðeins að eintaksnúmeri framleiðanda en ekki að skráningu vopnanna. Þau skulu skráð eins og önnur skotvopn í skotvopnaskrá.

Þá er rétt að taka fram varðandi breytingu sem nefndin lagði til við 21. gr. fyrir 2. umræðu, og lýtur að umbúðum sem skotvopn skulu vera í við burð þeirra og flutning milli staða, að ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að menn séu með vopn á almannafæri nema í viðeigandi umbúðum.

Einnig vill nefndin benda á að ákvæði 22. gr., um að ekki megi afhenda öðrum skotfæri en þeim sem skráður er fyrir skotvopni sem þau eru ætluð fyrir, er ætlað að tryggja öryggi í meðferð skotvopna og er ákvæðið í samræmi við framkvæmd víða á undanförnum árum.

Eftir 2. umr. málsins barst nefndinni einnig ábending um að undanþiggja þyrfti sverð sem ætluð eru til æfinga og keppni í skylmingum banni d-liðar 2. mgr. 30. gr. frv., en þar er kveðið á um að bannað sé að flytja til landsins,

framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum sverð sem eru sambland högg- og bitvopna. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að flytja brtt. af þessu tilefni þar sem í 3. mgr. 30. gr. er að finna undanþáguheimild frá banni 2. mgr. með leyfi ríkislögreglustjóra ef sérstakar ástæður mæla með því. Á undanþáguheimild þessi við skylmingaverð, sverð sem eru notuð við leiksýningar og ýmsar slíkar uppákomur.

Nefndin mælir með samþykkt frv. og undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Kristján Pálsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjálmar Jónsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]

Brtt. 962,1 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 962,2 samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 962,3 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 973).

## *Dómstólar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 176. mál. — Þskj. 915, brtt. 850 og 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]

Brtt. 850 felld með 22:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, BH, HG, KHG, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP.

8 þm. (BirnS, GE, GÁS, JóhS, KÁ, LB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 925 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 972).

## *Tilkynning um dagskrá.*

[15:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess um fundahaldið að þar sem ráðherra er veðurtepptur norður í landi eru ekki líkur á að næstu dagskrármál, 15.–19. mál, verði tekin fyrir á fundinum. Forseti vill samt doka við með að taka þau út af dagskrá og tekur fyrir 20. dagskrármál.

## *Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 1. umr.*

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 947.

[15:31]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd hefur verið til umræðu um nokkurt skeið hjá stjórnvöldum, sem og hjá síldarútvegsnefnd og félögum síldarsaltenda. Á Alþingi 4. maí 1994 var samþykkt ályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til að gera tillögur sem miðuðu að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndin skyldi í þessu sambandi endurskoða lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir.

Nefndin skilaði lokaskýrslu og tillögum í mars 1997, þar sem m.a. kemur fram að með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á útflutningsfyrirkomulagi ýmissa sjávarafurða að undanförnu væri æskilegt að sjávarútvegsráðherra væri gefin heimild til að breyta síldarútvegsnefnd í hlutafélag kæmu fram óskir um það síðar.

Haustið 1997 samþykktu svo síldarútvegsnefnd og síldarsaltendafélög að síldarútvegsnefndin beitti sér fyrir því að breyta nefndinni í hlutafélag.

Í ljósi efnis lokaskýrslu skipaðrar nefndar og framangreindra samþykkta síldarútvegsnefndar og síldarsaltendafélaganna þótti ástæða til að móta tillögur um að breyta síldarútvegsnefnd í hlutafélag þar sem núverandi stjórnun á framleiðslu saltsíldar og útflutningi hennar yrði afnumin. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisafskiptum af atvinnulífinu og afnema lögbindingu sérstaks rekstrarforms um einstök félög en láta almenn ákvæði hlutafélagalaga gilda. Hefur frumvarp þetta verið samið í

sjávarútvegsráðuneytinu í samráði við fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Við ráðstöfun og skiptingu eigna síldarútvegsnefndar þurfti að taka tillit til ákvæða gildandi laga nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd, þar sem sett er það skilyrði að aðeins megi ráðstafa sjóðum síldarútvegsnefndar til hagsbóta fyrir síldarútveginn í landinu. Telja verður að því skilyrði sé best framfylgt með því að stofna hlutafélag sem hefur breiðan og sterkan starfsgrundvöll á sviði síldariðnaðar og með því að styrkja síldarrannsóknir, vöruþróun og markaðsöflun.

Í frumvarpinu er lagt til, í samræmi við það sem að framan hefur verið rakið, að stofnað verði hlutafélag í eigu síldarsaltenda. Er með því komið til móts við samþykktir síldarútvegsnefndar og félaga síldarsaltenda og skýrslu sérstakrar nefndar um síldarmál. Enn fremur má benda á að í eldri lögum var beinlínis gert ráð fyrir að ráðherra gæti heimilað að endurgreiða úr sjóði síldarútvegsnefndar til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmæti síldar.

Í greinargerð með gildandi lögum segir að slík endurgreiðsla sé heimil samkvæmt lögunum þótt sérstakt ákvæði þar um hafi verið fellt niður. Telja verður í ljósi sérstöðu saltsíldariðnaðarins að framtíð félagsins sé best tryggð í höndum síldarsaltenda sjálfra. Hlutafélagið, Íslandssíld hf., yrði samkvæmt frumvarpinu í eigu þeirra síldarsaltenda sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útflutningsverðmæti saltsíldar til síldarútvegsnefndar á tímabilinu 1975–1997. Hafi gjaldþrotaskiptum á búi aðila verið lokið eða félagi verið slitið með öðrum hætti en sameiningu við annað félag áður en frumvarpið verður að lögum, eiga viðkomandi aðilar samkvæmt frumvarpinu ekki rétt til hlutabréfa. Eðlilegt þótti að miða við tímabilið 1975 til nýliðinna áramóta, en banni við að veiða síld í herpinót lauk um áramót 1974/1975 og eru eignir síldarútvegsnefndar að mestu myndaðar á þessu tímabili.

Í samræmi við skýrslu sérstakrar nefndar um síldarmál og samþykktar síldarsaltendafélaganna haustið 1997 er lagt til að hlutur hvers aðila miðist við framlög hans. Er því lagt til að hlutdeild hvers aðila miðist við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar að heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra þeirra aðila er talist geta eigendur hlutabréfa samkvæmt frv.

Síldarútvegsnefnd og síldarsaltendafélögin gerðu samþykkt þann 12. febr. 1998 sl. þar sem segir að hlutur hvers aðila eigi ekki aðeins að ráðast af framlögum hans heldur einnig af því tímabili sem framlögin voru innt af hendi. Þótt ekki væri fallist á efni samþykktarinnar að þessu leyti var talið rétt að koma til móts við þau sjónarmið er lágu að baki henni. Framtíð félagsins er best tryggð í höndum þeirra sem mestra hagsmuna hafa að gæta af hagkvæmum rekstri þess. Því er lagt til að Íslandssíld hf. eignist 15% hlutafjár félagsins sem það skal bjóða til sölu innan 18 mánaða frá stofnun þess. Á því tímabili skulu þeir hluthafar er greiddu söluþóknun tímabilið 1. júlí 1992 til 1. jan. 1997 eiga forkaupsrétt að eigin hlutum félagsins. Þá er félaginu heimilt að bjóða sama hópi hluthafa forkaupsrétt að hlutafé sem falt er vegna hlutafjárhækkunar á sama tímabili. Með þessu móti skapast tækifæri fyrir þennan hóp hluthafa til að auka hlut sinn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að matsnefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra meti verðmæti eigna síldarútvegsnefndar. Þá er gert ráð fyrir að hlutafélagið taki, við stofnun félagsins, við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar, öðrum en þeim sem renna til sjóðs til síldarrannsókna og í vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóð, sem lagt er til að verði stofnaðir. Rétt þykir að stofnfé Íslandssíldar hf. miðist við að Íslandssíld hf. fái, með hliðsjón af eðli starfseminnar og markaðsaðstæðum, traustan rekstrargrundvöll.

Eins og áður er vikið að er gert ráð fyrir að tveir sjóðir verði stofnaðir, annars vegar síldarrannsóknasjóður og hins vegar vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður. Lagt er til að síldarrannsóknasjóðurinn renni til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar en síldarrannsóknir eru nær eingöngu stundaðar af Hafrannsóknastofnuninni. Með hliðsjón af því að fé sjóðsins á samkvæmt frumvarpinu alfarið að renna til Hafrannsóknastofnunarinnar þótti eðlilegt að sjóðurinn verði í vörslu hennar. Lagt er til að stofnfé síldarrannsóknasjóðsins nemi 110 millj. kr. Tekið var mið af hlutdeild þeirra aðila sem ekki eiga rétt á hlutafé, þ.e. gjaldþrotaskiptum í búi þeirra er lokið eða félagi þeirra hefur verið slitið með öðrum hætti en samruna við önnur félög, en það eru um 20–25% af eigin fé félagsins. Gert er ráð fyrir að vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðurinn verði ekki eign ríkissjóðs heldur sjálfseignarstofnun. Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði 80 millj. kr. Eðlilegt er að tryggja eftirlit með því að sjóðurinn verði starfræktur í samræmi við skipulagsskrána og er því lagt til að sjóðurinn starfi samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög. nr. 19/1988. Þar sem sjóðurinn er stofnaður með lögum er eðlilegt að skipulagsskrá sjóðsins sé undirbúin af sjávarútvegsráðherra. Með stofnun framangreindra sjóða þykir tryggt að fé síldarútvegsnefndar renni til málefna sem eru til hagsbóta fyrir síldarútveginn þannig að nýsköpun, sókn í vöruþróun og markaðssetningu og stöðug og góð rekstrarskilyrði iðnaðarins verði sem best tryggð.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni þessa frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[15:40]

**Útbýting þingskjala:**

Barnabætur, 563. mál, frv. PHB og VE, þskj. 955.

Húsnæðisbætur, 564. mál, frv. PHB og VE, þskj. 956.

Tekjuskattur og eignarskattur, 565. mál, frv. PHB og VE, þskj. 957.

[15:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil láta það sjónarmið koma fram að ég held að að mörgu leyti sé eðlilegt og í samræmi við aðdraganda málsins, og kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra, að síldarútvegsnefnd verði sett á sambærilegan grunn hvað rekstrarfyrirkomulag varðar og orðin er staðreynd hvað snertir öll helstu sölufyrirtæki sjávarafurða héðan frá landinu. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem var barn síns tíma og enginn vafi á því að nýttist Íslendingum að mörgu leyti mjög vel til þess að halda utan um sameiginleg hagsmunamál sín á mörkuðum. Ekki síst átti það við þegar gerðir voru stórir samningar fyrir fram um svo til allar afurðirnar, jafnvel á svo gott sem einu bretti á meðan viðskiptin voru þannig, en nú eru að sjálfsögðu mjög breyttir tímar, bæði hvað markaðsaðstæðurnar snertir og eins fyrirkomulag á rekstri af þessu tagi.

Sjálfsagt má lengi deila um það hvernig ráðstafa á þessum eignum. Hitt tel ég að sé þó tæplega umdeilanlegt að þeir sem lagt hafa mest af mörkum og byggt upp þær eignir sem

til skipta eru í síldarútvegsnefnd séu framleiðendur eða viðskiptaaðilar nefndarinnar á liðnum tíma. Það er þá frekar að menn mundu velta fyrir sér þeim hlutföllum sem eru þarna sett upp hvað varðar annars vegar eigendur eða framleiðendur liðins tíma og hins vegar þann hlut sem fyrirtækið sjálft, Íslandssíld hf., á að eignast til endursölu.

Varðandi sjóðina verkar það kannski fljótt á litið svolítið flókið að það skuli þurfa að stofna til tveggja sjóða í þessu skyni, annan til að styrkja rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar og hinn til að efla vöruþróun síldarafurða en sjálfsagt eru fyrir því rök að menn hafi talið heppilegra að halda þessu tvennu aðgreindu.

Ég minni á, herra forseti, að önnur af tveimur þáltill. sem er stofn að þeirri samþykkt Alþingis sem síðan hefur verið unnið að og leitt til þessa frumvarpsflutnings fjallaði um að mikil nauðsyn væri á því að gera ráðstafanir til að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur, eins og stendur í tillögunni, þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nú hefur reyndar sem betur fer verið umtalsverð þróun á þessum árum, jafnvel síðan samþykktin var gerð og er þá ekki langt síðan eða tæp fjögur ár, og á síðasta ári og það sem af er þessu hefur t.d. verið mun meira unnið til manneldis bæði af loðnu og síld heldur en á öðrum sambærilegum vertíðum. Munar þar mestu um þá miklu markaði sem opnast hafa fyrir frystar afurðir af þessum toga til Rússlands og Austur-Evrópu. Því má segja að sá markaður sé að opnast á nýjan leik en þó öðruvísi en áður var þegar útflutningurinn þangað var fyrst og fremst í formi saltaðra afurða.

Enn má án efa gera betur og ég tel þess vegna að það sé ekki síður mikilvægur þáttur málsins sem er að hluta til undir í frv. að halda þannig á spöðunum að okkur verði meira úr þessum stóru stofnum uppsjávarfiska sem hafa að langmestu hafa farið í bræðslu hingað til. Það er reyndar nokkuð einfalt, herra forseti, að reikna út að á fáum sviðum í íslenskum sjávarútvegi eru jafnmiklir margföldunarmöguleikar á ferðinni hvað verðmæti snertir og með því að stórauka það hlutfall veiða af þessum stofnum sem fer í manneldisvinnslu.

Herra forseti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál mörgum orðum. Það er í samræmi við og í eðlilegu framhaldi af þegar gerðum samþykktum Alþingis um þetta mál og fær því væntanlega viðtökur í samræmi við það.

[15:45]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég kem hingað til að lýsa því að ég er í meginatriðum sammála þeim tillögum sem liggja fyrir í frv. hæstv. sjútvrh. Svo ég rifji það upp, herra forseti, flutti ég á þremur þingum síðasta kjörtímabils, fyrir tilhlutan þáv. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar þáltill. sem gengu út á að lög um síldarútvegsnefnd yrðu tekin til endurskoðunar. Mig minnir að á 117. löggjafarþingi hafi sjútvn. ákveðið að taka mína tillögu og þætta saman við aðra tillögu sem var lögð fyrir þingið og samþykkt. Í framhaldi af þeirri tillögu skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd sem skilaði áfangaskýrslu 1994. Hæstv. ráðherra tók einmitt hluta af hugmyndum sem þar var að finna og kom þeim í gegnum þingið í frumvarpsformi síðar það haust ef ég man rétt.

Nú liggur fyrir lokaskýrsla þessarar nefndar. Þar er gert ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi heimild til að stofna hlutafélag um síldarútvegsnefnd. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram frv. sem er veruleg uppstokkun á síldarútvegsnefnd. Hlutafélag er stofnað um nefndina, þar með er komið svipað fyrirkomulag og í öðrum útflutningsgreinum fiskafurða hér á landi sem er ágætt.

Hér eru líka stofnaðir sjóðir og mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra, hvernig eigi að finna þær 110 millj. kr. sem eiga að renna til þess sjóðs er getið er um í 8. gr. frv. og á að standa undir síldarrannsóknum á vegum Hafrannsóknastofnunar. Kannski spyr ég af vanþekkingu vegna þess að ég hef ekki haft tíma til að lesa alla greinargerðina. Hvernig er sú upphæð fundin?

Með þessu frv. á að fara í margboðaða endurskoðun á lögunum um síldarútflutning. Í lögunum er auðvitað að finna ákvæði, ég bendi sérstaklega á 8. gr. sem er löngu úrelt. Ef ég man rétt, herra forseti, gerir 8. gr. ráð fyrir að um beinan einkarétt á útflutningi síldarafurða sé að ræða. Þessu ákvæði hefur auðvitað ekki verið beitt árum saman. Sama er að segja um ýmis önnur ákvæði.

Tillagan sem ég stóð að og þættuð var saman við tillögu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, fól í sér að nefndin ætti að skoða betur möguleika til þess að nýta síld til manneldis. Þar með gæfust möguleikar til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar vegna söltunar á síld. Þetta höfum við oft rætt hér á þingi. Við vitum að þeim mun stærri hlutur sem fer til manneldis, þeim mun meiri atvinna skapast á landsbyggðinni og því meiri gjaldeyri fær þjóðarbúið. Auðvitað skiptir meginmáli, herra forseti, hvernig veiðunum er stýrt. Ég minnist þess að þegar hæstv. ráðherra kynnti upphaflegan samning um skiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins á sínum tíma, sem var umdeildur hér í þinginu og m.a. fetti ég fingur út í þann samning, þá voru ein gildustu rök hæstv. ráðherra að samningurinn gerði okkur kleift að stýra veiðunum svo að stærri hlutur færi til manneldis.

Stjórn á veiðum úr þessum stofni hefur verið í lausu lofti. Ég held að það tímabært sé, herra forseti, að í þinginu komi fram hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefur í þeim efnum. Og þar sem það mál er skylt þessu frv. þá spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvaða tillögur og hugmyndir eru uppi um það hvernig stýra beri veiðunum í norsk-íslenska síldarstofninum?

[15:50]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. sem hér liggur fyrir. Ég er sammála efni þess. Ég tel að hér sé stigið rétt skref í samræmi við þær aðstæður sem ríkja núna á mörkuðum. Áður gerði síldarútvegsnefnd samninga fyrir fram um sölu á síldarafurðum. Nú eru þær aðstæður breyttar og því eðlilegt að leggja fram frv. um að breyta síldarútvegsnefnd í hlutafélag.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram í þessari umræðu. Það er vonandi að þessar breytingar leiði til þess að vinnsla síldar til manneldis og landvinnsla á síld, síldarafurðum og uppsjávarfiskum styrkist. Vinnsla uppsjávarfiska er einn aðalvaxtarbroddurinn í landvinnslunni í fiskvinnslunni um þessar mundir. Á undanförnum árum hefur verið gífurleg uppbygging í þessari vinnslu. Ég trúi því að þessi breyting, sem nýtur stuðnings þeirra sem að vinnslunni standa, leiði til þess að þessi mikilvægi þáttur atvinnulífsins styrkist. Ég held að á fleiri sviðum sjávarútvegsins ætti að huga að því að styrkja vinnsluna í landi.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. Það fer til sjútvn. og fær þar meðhöndlun en ég lýsi yfir stuðningi við efni þess.

[15:52]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. við meginefni frv. Ég er viss um að verði það að lögum, þá styrkti það þá starfsemi sem hér fer fram og gæfi markaðs- og vöruþróunarverkefnum byr í seglin. Það er mjög mikilvægt að unnt verði að stíga ný skref til frekari vinnslu síldarafurða. Á því sviði hefur náðst mjög markverður árangur og ég er sannfærður um að þróunin er í rétta átt, áfram eins og á undanförnum árum. Frekari rannsóknir og stofnun sérstaks sjóðs um vöruþróun og markaðsstarfsemi á að auðvelda okkur að varða veginn fram á við í þeim efnum.

Varðandi tvær spurningar sem hér komu fram frá hv. 9. þm. Reykv. er það að segja að sú upphæð sem varið er til sérstaks rannsóknasjóðs tekur mið af þeim hlut sem ella hefði runnið til þeirra fyrirtækja sem orðið hafa gjaldþrota eða hefur verið slitið á tímabilinu.

Varðandi stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, þó það álitaefni heyri nú ekki beint undir umræðuefni dagsins, þá er það mál til skoðunar núna. Við höfum verið þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að hafa bráðabirgðaskipan á þeim málum þangað til við sæjum endanlega göngumynstur norsk-íslensku síldarinnar. Með nokkrum rétti hefur verið bent á að eðlilegt væri að endanlegar ákvarðanir yrðu teknar þegar síldin hefði tekið upp sitt gamla göngumynstur og menn sæju þá betur hvernig hægt væri að standa að veiðunum og hvernig eðlilegast væri að skipuleggja þær til lengri tíma. Út frá því sjónarmiði hafa verið settar fram tillögur um bráðabirgðaskipan þessara mála og ég vona að unnt verði að kynna þær innan skamms.

[15:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör við fyrri spurningu minni og þeirri seinni. Varðandi seinni spurninguna segir hæstv. ráðherra efnislega að eiginlega sé niðurstaða ríkisstjórnarinnar sú að leggja til að bráðabirgðaskipan verði höfð á stjórn veiðanna þar til í ljós kemur hvort stofninn, norsk-íslenski síldarstofninn, breytir núverandi göngumynstri sínu. Þar er væntanlega haft í huga að stofninn leggi leið sína í ríkari mæli inn í íslensku efnahagslögsöguna.

Er það þá rétt skilið hjá mér að hæstv. ráðherra hafi velt fyrir sér eða að komin sé niðurstaða um tiltekna skipan frábrugðinni þeirri sem verið hefur? Mun hæstv. ráðherra leggja það fyrir hér á næstunni eða kynna opinberlega? Sömuleiðis vonaðist ég eftir því að hæstv. ráðherra skýrði út fyrir mér hvort líklegt sé að sú skipan mála verði við lýði, jafnvel þó hann kalli hana bráðbirgðaskipan, meðan stofninn heldur óbreyttu göngumynstri.

[15:56]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að undanförnu hefur verið unnið að þessu máli. Niðurstöður liggja ekki endanlega fyrir. Ég vænti þess að hægt verði að kynna þær og koma með þær til umfjöllunar á Alþingi innan skamms. Ég hef sagt að unnið sé út frá því að hafa bráðabirgðaskipan á þeim málum þar til við sjáum hver þróunin verður. Auðvitað er ekki hægt að segja neitt til um það nákvæmlega í dag. Við vitum ekki hvenær síldin kemur í auknum mæli inn í íslenska lögsögu. Við vonum að það verði sem allra fyrst en fáum engu þar um ráðið. Við verðum að skapa okkur svigrúm til þess að taka nýjar ákvarðanir þegar sú gleðilega þróun verður.

[15:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ganga frekar á hæstv. sjútvrh. með þá bráðabirgðaskipan sem hann segir að muni verða á stjórn veiðanna. Ég fagna því að hann mun kynna það innan skamms. Ég vil hins vegar láta það koma fram að í fljótu bragði sé ég ekki að það þurfi að vera tengsl á milli göngumynsturs stofnsins annars vegar og fyrirkomulagi á stjórn veiðanna hins vegar. Í fljótu bragði tel ég að þar um sé að ræða óskylda hluti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra skýri þetta betur þegar hann leggur málið fyrir þingið innan skamms, eins og hann sagði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–19. mál.

Fundi slitið kl. 15:59.

---

## 89. FUNDUR

þriðjudaginn 17. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, stjfrv., 558. mál, þskj. 947. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 553. mál, þskj. 942. — 1. umr.
4. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 941. — 1. umr.
5. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 547. mál, þskj. 932. — 1. umr.
6. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927. — 1. umr.
7. Eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 560. mál, þskj. 951. — 1. umr.
8. Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, stjfrv., 561. mál, þskj. 952. — 1. umr.
9. Gjaldmiðill Íslands, stjfrv., 555. mál, þskj. 944. — 1. umr.
10. Samningar með tilkomu evrunnar, stjfrv., 556. mál, þskj. 945. — 1. umr.
11. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 557. mál, þskj. 946. — 1. umr.
12. Innheimtulög, stjfrv., 554. mál, þskj. 943. — 1. umr.
13. Vextir, dráttarvextir og verðtrygging, stjfrv., 562. mál, þskj. 953. — 1. umr.
14. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 458. mál, þskj. 788. — 1. umr.
15. Skipulag ferðamála, stjfrv., 546. mál, þskj. 931. — 1. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.

**Fjarvistarleyfi:**
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**
Evrópuráðsþingið 1997, 569. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 974.

Norður-Atlantshafsþingið 1997, 571. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, þskj. 976.

Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, 287. mál, þskj. 970.

VES-þingið 1997, 570. mál, skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, þskj. 975.

ÖSE-þingið 1997, 572. mál, skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, þskj. 977.

## *Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 900.

[13:35]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. er að finna á þskj. 900 og er það 524. mál þingsins.

Frv. þetta er lagt fram í tengslum við frv. til laga um húsnæðismál sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir á þinginu. Í frv. hæstv. félmrh. er m.a. gengið út frá því að gerðar verði þær breytingar á vaxtabótakerfinu sem hér koma fram.

Með þessu frv. er áformað að flýta útborgun vaxtabóta þannig að hún eigi sér stað ársfjórðungslega og geti hafist þegar á kaupári íbúðarhúsnæðis. Samkvæmt gildandi reglum eru vaxtabætur greiddar út einu sinni á ári og greiðast fyrst út ári eftir kaup á íbúð. Gert er ráð fyrir að þeir sem uppfylla skilyrði til vaxtabóta vegna íbúðarhúsnæðis sem aflað er frá og með árinu 1999 geti sótt um að fá bæturnar greiddar á kaupári húsnæðisins. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta á tekjuárinu er bráðabirgðagreiðsla og miðast við vaxtagjöld af veðlánum. Að tekjuárinu liðnu verður síðan endanleg vaxtabótaupphæð hvers bótaþega ákvörðuð í tengslum við álagningu opinberra gjalda og koma þá vaxtagjöld vegna allra lána sem tekin voru vegna íbúðarhúsnæðisins til útreiknings.

Tvær breytingar eru gerðar á útreikningsreglum vaxtabóta í álagningu að tekjuári loknu. Annars vegar verður vaxta- og tekjutímabil samræmt þegar menn fá vaxtabætur í fyrsta sinn og hins vegar verður dregið úr tekjutengingu ef menn hafa átt rétt á vaxtabótum samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í meira en 25 ár. Báðar þessar breytingar eru til hagsbóta fyrir íbúðarkaupendur.

Að lokum er í frv. lagt til að heimilt verði að skuldajafna vaxtabótum sé um vanskil að ræða til greiðslu á afborgunum og vöxtum af húsnæðislánum. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta mun hafa í för með sér tímabundna útgjaldaaukningu. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra fengu um 9.300 einstaklingar, og hjón þá talin sem tveir einstaklingar, greiddar vaxtabætur við álagningu opinberra gjalda árið 1997 sem höfðu ekki fengið greiddar vaxtabætur árið 1996. Samtals námu greiðslur vaxtabóta til þessa hóps um 500 millj. kr. árið 1997. Sé gert ráð fyrir svipuðum upphæðum við gildistöku þessa frv. mun fyrirframgreiðsla til nýrra bótaþega auka árleg útgjöld ríkissjóðs um allt að 500 millj. kr. næstu 5–8 árin. Áætlað er að útgjaldahækkun ríkissjóns á gildistökuári frv. verði um þriðjungur ofangreinds kostnaðar eða um 170 millj. kr. Afgangurinn af útgjaldahækkuninni kemur fram ári síðar.

Algengasti útborgunartími vaxtabóta vegna kaupa á íbúð er áætlaður 5–8 ár og mun framangreind útgjaldaaukning því ganga að mestu leyti til baka á því árabili.

Í fjárlögum fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að greiðslur ríkissjóðs vegna vaxtabóta verði 3,8 milljarðar kr., 3.800 millj. kr. Í frv. hæstv. félmrh. til laga um húsnæðismál er gerð grein fyrir þeim fjárhagslegu áhrifum sem fyrirhuguð breyting á íbúðalánakerfinu mun hafa í för með sér. Heildarútgjöld ríkisins í formi vaxtabóta munu hækka umtalsvert á næstu árum. Á hinn bóginn mun draga stórlega úr rekstrarkostnaði íbúðalánakerfisins auk þess sem bein framlög til þess úr ríkissjóði munu hverfa.

Aukin útgjöld ríkisins til húsnæðismála munu fyrst og fremst koma íbúðarkaupendum framtíðarinnar til góða og leiða til þess að nýr Íbúðalánasjóður geti á næstum árum orðið mjög öflug fjárhagslega sjálfstæð stofnun. Í framtíðinni á þannig að vera hægt að afnema ríkisábyrgð af lántökum sjóðsins og jafnframt bæta þjónustu hans með aukinni þátttöku bankakerfisins. Með nýjum húsnæðislögum og stofnun Íbúðalánasjóðs verður horfið frá beinni vaxtaniðurgreiðslu í íbúðalánakerfinu. Þess í stað verður vaxtabótakerfið farvegur fyrir aukinn stuðning ríkisins við íbúðarkaupendur. Stuðningurinn verður þar með markvissari en áður og fleirum gert kleift að eignast þak yfir höfuðið á viðráðanlegum kjörum. Með fráhvarfi frá margbrotnu miðstýrðu aðstoðarkerfi verður valfrelsi einstaklinganna aukið og sjálfseignarstefnan í húsnæðismálum styrkt í sessi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti. að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[13:41]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh. einnar spurningar um frv. Frv. sjálft er óaðskiljanlegur hluti húsnæðisfrv. félmrh. eins og hæstv. forsrh. vék skilmerkilega að. Það frv. hefur verið gagnrýnt verulega, m.a. af verkalýðshreyfingunni, en það var unnið án alls samráðs við hana. Sveitarfélög ætla að ræða það frv. og efnisatriði málsins um næstu helgi og það er ljóst að þetta er mjög stórt mál.

Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. hvort hann vilji stuðla að því að þetta mál verði unnið í sumar til að mynda í samvinnu við verkalýðshreyfinguna þannig að þetta fari í svipaðan vinnslufarveg og lífeyrissjóðsfrv. á sínum tíma. Óskir hafa komið fram um það. Hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir að hann vilji skoða allar röksemdir og ábendingar sem hann fær um frv. og spurning mín, herra forseti, til hæstv. forsrh. er hvort hann muni vilja stuðla að því að þetta mál fari í þann farveg og verði þá lögfest svipað og lífeyrissjóðsfrv. næsta haust eftir að það hafði hlotið ítarlegri umfjöllun.

[13:43]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að verkalýðshreyfingin hafi hvergi komið að málinu þó að ekki hafi verið um formlegt samráð að ræða. Það er náttúrlega ljóst að frv. sem hæstv. félmrh. kynnti var byggt að verulegu leyti á ýmsum hugmyndum sem þar hafa komið fram.

Í annan stað er ég sammála hæstv. félmrh. að auðvitað eigi að hlusta á allar athugasemdir sem fram koma og taka eftir atvikum tillit til þeirra en ég sé ekki efni til þess að fresta hvorki því máli sem hæstv. félmrh. flutti né heldur þessu.

[13:43]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma mjög svar hæstv. forsrh. Mér finnst það forkastanlegt þegar verið er að gjörbreyta húsnæðiskerfi sem staðið hefur um áratuga skeið í þessu landi. Hér er einfaldlega farið fram á að athuga hvort ekki sé hægt að vinna málið betur í samráði og þá yfir sumarmánuðina. Það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh. þegar hann segir að samráð hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna. Það er ekki svo vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur tjáð sig um þetta mál og sagt ekkert samráð hafi verið. Hæstv. forsrh. veit það mætavel svo og hæstv. félmrh. Það er augsýnilegt af svörum hæstv. forsrh. að það á að stefna í átök um málið við verkalýðshreyfinguna og við stjórnarandstöðuna. Það er augsýnilegt að það er það sem hæstv. forsrh. vill láta síðustu vikur þingsins í vetur snúast um, snúast um þetta mál og það í átökum þegar hægt hefði verið að finna því betri og farsælli farveg. Ég harma svar hæstv. forsrh.

[13:44]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. að heilmikið tillit hafi verið tekið til sjónarmiða verkalýðshreyfingarinnar varðandi undirbúning og meðferð málsins. Það hefur jafnframt komið fram hjá hæstv. félmrh. að hann vill gjarnan hafa náið samráð við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar áfram um málið. Enginn er að slá á þá útréttu hönd. Hins vegar er mat hæstv. félmrh. og mat mitt að þetta mál megi mjög léttilega klára í góðum friði og við góða athugun á þeim tíma sem enn er til stefnu í þinginu.

[13:45]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er þetta hluti af öðru og miklu stærra máli sem þegar hefur verið tekið til umræðu í þinginu. Þetta er hluti af þeim tillögum hæstv. ríkisstjórnar að fella algjörlega úr lögum sérstök ákvæði um félagslega aðstoð við húsbyggjendur. Sú aðstoð sem þetta frv. gerir ráð fyrir á að koma í staðinn fyrir hinar félagslegu lausnir. Aðstoðina á að veita í formi endurgreiðslu á vöxtum í vaxtabótakerfi.

Að vísu mælir hæstv. forsrh. fyrir þessu frv. en ekki hæstv. fjmrh. Hinn síðarnefndi er fjarverandi en engu að síður tel ég ástæðu til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort það sé rangt munað hjá mér að hæstv. ríkisstjórn hafi þóst halda við þá stefnu fram undir þetta, að draga eins og kostur væri úr jaðarskattaáhrifum tekjuskattskerfisins. Sérstök nefnd, jaðarskattanefnd, var starfandi á vegum hæstv. fjmrh. Hún hafði það hlutverk fyrst og fremst að endurskoða þetta hið flókna tekjuskattskerfi, þar sem tekjuskattur er notaður til annars en að afla ríkissjóði tekna. Markmið hæstv. ríkisstjórnar var að draga mjög úr þessu kerfi, samspili álagningarkerfis tekjuskatts annars vegar, tekjuöflunarhlutverki hans annars vegar og félagslegrar tilfærslu hins vegar.

Hæstv. fjmrh. gafst að vísu upp á þessu verkefni á sinni tíð og lagði jaðarskattanefndina af. Hann hafði stofnað hana til að gera tillögur um það hvernig minnka mætti jaðarskattaáhrif. En fyrr má nú rota en dauðrota.

Með frv. því sem hér er lagt fram er þveröfug afstaða tekin, miðað við það sem hæstv. ríkisstjórn markaði sér við upphaf ferils síns. Þarna eru jaðaráhrif tekjuskattkerfisins aukin til mikilla muna frá því sem er nú þegar, með þeim endurgreiðslum sem ráðgerðar eru varðandi vaxtabæturnar. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað veldur? Hefur ríkisstjórnin formlega skipt um skoðun? Hefur hún horfið frá því markmiði að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins? Hefur hún gert það með formlegri samþykkt eða ber að líta svo á að frv. það sem hæstv. forsrh. mælir hér fyrir sé til vitnis um að hæstv. ríkisstjórn sé ekki aðeins horfin frá þeirri stefnu sem hún markaði sér í skattamálum í upphafi ferils síns, heldur komin á þveröfuga skoðun? Er hún komin á þá skoðun að rík ástæða sé til að nota tekjuskattskerfið í meira mæli en gert hefur verið til tekjutilfærslu milli ákveðinna hópa í samfélaginu?

Vissulega er ástæða til að spyrja um þetta vegna þess, herra forseti, að á borðum okkar þingmanna liggja nú tillögur frá tveimur þingmönnum sjálfstæðismanna, hv. þm. Pétri H. Blöndal og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, sem jafnframt er formaður þeirrar nefndar sem væntanlega mun fá umrætt frv. til umfjöllunar. Tillögurnar sem þessir tveir hv. þm. leggja fyrir Alþingi eru í grundvallaratriðum gerólíkar því frv. sem hæstv. forsrh. mælir fyrir í þingsalnum í dag. Í stað þess að tekjuskattskerfið sé nýtt fyrst og fremst sem millifærslutæki í samfélaginu, þá er gert ráð fyrir því að nýta það til hreinnar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð með tiltölulega lágum, flötum tekjuskatti sem leggst jafnt á alla. Í öðru lagi leggja sömu þingmenn, herra forseti, fram till. til þál. á þskj. 956. Hvað fjallar hún um? Hún fjallar um húsnæðisbætur. Annar þessara ágætu þingmanna á að stýra vinnu nefndarinnar sem ætti að fá frv. forsrh. um vaxtabætur til meðferðar og hinn situr í nefndinni. Í till. til þál. sem þeir hafa lagt fram á Alþingi segja hv. þingmenn, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að útfæra nýja hugmynd um húsnæðisbætur sem komi í stað núverandi húsaleigu- og vaxtabóta. Félagsmálaráðherra skipi, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nefnd sem kanni málið og leggi fram mótaðar tillögur að nýju húsnæðisbótakerfi í formi lagafrumvarps."

Þá eru talin upp nokkur meginatriði sem nefndin eigi að leggja störfum sínum til grundvallar. Í þeirri upptalningu er athyglisverðast að þar eru lagðar til lausnir sem fara gjörsamlega í bága við frv. það sem hæstv. forsrh. var að mæla fyrir. Tillögumennirnir tveir eiga síðan að taka við því og vinna til

loka, annar sem formaður og hinn sem stjórnarþingmaður í efh.- og viðskn. Alþingis. Ég spyr, herra forseti: Hvernig fer þetta saman? Hvernig fer það saman að formaður Sjálfstfl. mæli fyrir frv. sem gerir ráð fyrir því að stórauka jaðarskattaáhrif tekjuskattskerfisins, þvert gegn yfirlýstri stefnu sinnar eigin ríkisstjórnar? Sama dag leggja tveir flokksmenn hans, sem eiga að vinna að því máli hæstv. forsrh., fram tillögu í tekjuskatts- og húsnæðismálum sem stefnir þvert gegn frv. formanns síns. Ætlar hann og hæstv. félmrh. að fela þessum tveimur sömu þingmönnum að vinna málið til loka?

Þetta sýnir að Sjálfstfl. vinnur a.m.k. kristilega, þ.e. hægri höndin hefur ekki hugmynd um það hvað sú vinstri er að gera. Verra er þó þegar þeir sem flytja tillögur gegn frv. forsrh. á Alþingi eiga að vinna úr því í nefnd. Þá er heldur um seilst í kristilegu líferni þegar menn flytja tillögur gegn sjálfum sér og er falið að vinna verk sem þeir lýsa yfir, sama dag og mælt er fyrir því, að þeir séu algjörlega á móti í öllum grundvallar- og meginatriðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. það sem hér hefur verið lagt fram annað. Ég ætla aðeins að ítreka og benda á að frv. stefnir þvert gegn þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað um að draga úr jaðarskattaáhrifum tekjuskattskerfisins. Ég spyr hins vegar hæstv. forsrh. og ítreka það: Er þetta til marks um að hæstv. ríkisstjórn hafi skipt um stefnu í skattamálum? Ég spyr hæstv. forsrh. líka hvort hann telji fara vel á því að á sama tíma og hann mælir fyrir slíku frv., sem oddviti ríkisstjórnar og formaður stærsta stjórnarflokksins, þá skuli þeir flokksmenn hans sem eiga að vinna málið á Alþingi leggja fram tillögur um gjörólíka stefnu. um algjört fráhvarf frá þeirri stefnu sem hann og hæstv. félmrh. boða í frv. þessu.

[13:55]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var fyrr gagnrýndur fyrir að taka ekki nægilegt tillit til verkalýðshreyfingarinnar. Ég vek athygli á því að horfið var frá hugmyndum um breytingar á tekjutengingu varðandi vaxtabótakerfið vegna andstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Sú aðgerð var hluti af verki sem þá var verið að vinna í tengslum við kjarasamninga og því þótti mönnum m.a. óhjákvæmilegt að taka tillit til þeirra sjónarmiða.

Ég vek líka athygli á því að í frv. því sem hér er mælt fyrir er einmitt gert ráð fyrir því að stíga skref í þá átt að draga úr tekjutengingu. Það kemur reyndar fram í upphafi frv., í a-lið 1. gr. þar sem sérstaklega er vikið að því að draga úr tekjutengingarþættinum.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hvort ekki væri of langt seilst í kristilegu líferni. Ég er þeirrar skoðunar að það verði aldrei of langt seilst í kristilegu líferni. Hafi hv. þm. aðra skoðun á því þá mun hann væntanlega útskýra það nánar.

Við vitum að oft flytja þingmenn í þessum sal frv. til þess að lýsa meginsjónarmiðum sínum. Þau frv. geta boðað nánast umbyltingu í tilteknum málum. Slíkur málatilbúnaður er eðlilegur og sjálfsagður til að menn láti í ljós skoðun sína á því hvaða leið eigi að fara. Það gerir þingmenn alls ekki óhæfa til að vinna sín verk samviskulega í nefndum þingsins.

[13:57]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að þegar lagt er út í þá kerfisbreytingu að afnema félagslega niðurgreiðslu á lánum til íbúða fyrir fátækt fólk en flytja kerfið þess í stað að einhverju leyti eða öllu yfir í tekjutengt vaxtabótakerfi, þá eru menn að auka jaðarskattaáhrif en ekki að draga úr þeim. Þá fjarlægjast menn það að nýta tekjuskattinn fyrst og fremst sem tekjuöflunartæki.

Í öðru lagi er ekkert nýtt að þingmenn Sjálfstfl. tali öðru máli en hæstv. ráðherrar úr þeirra eigin flokki. Það hefur mjög iðulega komið fyrir. Sjálfstfl. vill hafa meira en eina skoðun á hverju máli. Mér finnst það nokkuð langt sótt, jafnvel þó að menn orði það við kristilegt líferni. Mér finnst það undarlegt að á sama degi og formaður Sjálfstfl. mælir fyrir frv. á Alþingi, þá komi tveir flokksbræður hans, annar formaður þeirrar nefndar sem á að vinna úr máli hæstv. forsrh. og hinn nefndarmaður í sömu nefnd, og flytji tillögur á Alþingi sem eru algjörlega andstæðar því frv. sem formaður flokksins og forsrh. mælir fyrir. Það getur vel verið að þetta sé dæmi um kristilegt líferni. Þetta er ekkert einsdæmi hjá Sjálfstfl. Ég vona þó að mér fyrirgefist að segja þetta hvorki eðlilega né æskilega framkomu.

[13:59]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mælti hér fyrir tillögu minni sem liggur fyrir Alþingi, jafnvel þó að hún væri ekki á dagskrá og gerði það nokkuð vel. Hann sleppti nú reyndar nokkrum atriðum sem ég hefði viljað taka fram og ég áskil mér rétt til að mæla fyrir tillögunni engu að síður.

Hann gat um það að ég gæti ekki fjallað um þetta mál í efh.- og viðskn. vegna þess að ég væri með aðrar hugmyndir. Það er ekki rétt. Ég get tekið á þessu máli miðað við það kerfi sem er í gangi í dag og þetta mál er að mestu leyti til bóta. Þarna er verið að lækka jaðarskattaáhrifin og það er til bóta. Það er líka verið að taka upp samtímagreiðslur sem er líka til bóta. Það er því margt í þessu frv. til bóta sem ég get alveg fjallað um. Ég get alveg tekið á málinu miðað við það kerfi sem er í gangi í dag varðandi vaxtabæturnar. Hins vegar lýsti ég því yfir þegar frv. hæstv. félmrh. var til umræðu um breytingu á þessu kerfi, að vaxtabæturnar væru eini ljóðurinn á því sólarfrv., þegar sólin skein í heiði. Ég myndi vilja breyta vaxtabótunum. Mér finnst óeðlilegt, herra forseti, og vil beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann telji eðlilegt að hjón sem eru með 600 þús. kr. á mánuði fái vaxtabætur. Þau geta nefnilega fengið 20 þús. kr. í vaxtabætur á mánuði ef þau skulda nógu mikið. Nálægt 20 þús. kr. á mánuði. Þetta finnst mér vera rangt kerfi. Mér finnst miklu eðlilegra að veita því fólki bætur sem raunverulega þarf á þeim að halda, þ.e. lágtekjufólkinu.

[14:01]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það róaði mig mjög mikið að heyra að hv. þm. treysti sér til að taka til afgreiðslu tillögur sem ganga þvert gegn hans eigin, og sér enga meinbugi á því. Hæstv. forsrh. ætti því að geta verið rólegur um afdrif síns máls því helsti andstæðingur hans í þinginu hefur lýst því yfir að hann geti stutt það þótt hann sé á móti því. Það er út af fyrir sig ekkert nýstárleg uppákoma hjá þingmönnum Sjálfstfl. að flytja mál sitt með þeim hætti að þótt þeir séu gjörsamlega öndverðrar skoðunar við mál sem ráðherra úr þeirra flokki flytur horfi mál ráðherrans þó engu að síður til mikilla bóta og þeir muni geta stutt það. Hins vegar lýsir þetta ekki miklu innsæi í sálarlíf kjósenda að halda að menn geti talað svona til eilífðarnóns.

[14:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta fjallað um kerfi og breytingar á kerfum þótt þeir séu ekki sáttir við kerfið. Hafi þeir ekki þingmeirihluta til að breyta kerfinu vinna þeir að sjálfsögðu með kerfið og vinna að góðum breytingum á því kerfi sem til staðar er. Það er því ekkert sem hindrar mig í því að taka afstöðu til þessa frv. miðað við vaxtabótakerfið eins og það er, þó að ég leggi hins vegar til og skírskoti til skynsemi manna, að þeir breyti þessu sama vaxtabótakerfi vegna þess að það er bæði mjög dýrt og er auk þess fyrir fólk sem er með tiltölulega háar tekjur. Ég minni á að nærri 50 þús. manns fá vaxtabætur, þ.e. stór hluti þjóðarinnar er að borga stórum hluta þjóðarinnar þessar bætur. Ég sé enga skynsemi í því.

Það að ég sé helsti andstæðingur hæstv. forsrh. er auðvitað alrangt. Það gengur varla hnífurinn á milli okkar í skoðunum. Ég styð hann í öllum hans verkum þannig að ég er á engan hátt andstæðingur hans, þótt ég leyfi mér að velta upp öðrum hugmyndum og öðrum sjónarhornum á málum. (**Samgrh.**: Þingmaðurinn er vonandi ekki sammála þingmanni Vestf.?) Um? (**Samgrh.**: Svona yfirleitt.) Ég er yfirleitt ekki sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni í flestum málum en það byggir ekki á því að hann hafi rangt fyrir sér eða ég hafi rétt fyrir mér, heldur vegna þess að hv. þm. hefur aðra heimssýn. Hann er vinstri maður og ég er hægri maður.

[14:03]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið held ég að hv. þm. hefði sómt sér vel í sovétkerfinu forðum. Hann getur sem sé verið algerlega á móti kerfinu en er hins vegar reiðubúinn til að stuðla að jákvæðum breytingum á því þótt hann sé algerlega á móti því. Slíkir menn voru kallaðir nytsamir sakleysingjar fyrir ekki svo margt löngu. Menn sem voru algerlega á móti kerfinu sem þeir lifðu við en voru reiðubúnir til jákvæðra breytinga á því. En það er gott og vel að hv. þm. skuli gefa hér yfirlýsingar um að þótt hann flytji tillögur um gjörbreytingu á skattkerfinu ætli hann engu að síður að standa með forsrh. að því að keyra enn lengra út í fenið sem tekjuskattskerfið hefur verið í en það er nú þegar komið. Það er því ánægjulegt til þess að vita að hæstv. forsrh. hefur svo traustan bandamann í sínum eigin röðum að þótt hann sé algjörlega á öndverðum meiði við hæstv. forsrh. í þeim tillögum sem hæstv. forsrh. mælir fyrir ætli hann engu að síður að ganga í lið með hæstv. forsrh. til að fá þær vitlausu tillögur afgreiddar. Þetta kallar maður nytsama sakleysingja, jafnt í dag sem í gær og það hlutverk er hv. þm. að leika hér á Alþingi.

[14:05]

**Steingrímur J. Sigfússon**:

Herra forseti. Frv. þetta um breytingar á vissum ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, þ.e. 69. gr. þeirra laga sem fjallar um svonefndar vaxtabætur, er fylgifrv. með og í raun óaðskiljanlegur hluti af frv. hæstv. félmrh. til laga um húsnæðismál. Þó má segja að þetta sé á hinn veginn, þ.e. að frv. hæstv. félmrh. sé fylgifrv. með þessu vaxtabótafrv. því fyrirheitin sem gefin eru í því frv. hvað húsnæðismálin snertir standa og falla með efndunum í frv. að lögum um vaxtabætur. Sérstaklega hvað það snertir að breytingin verði ekki íþyngjandi eða komi út í grófum dráttum á sléttu hvað greiðslubyrði þeirra varðar sem hafa verið í félagslega íbúðalánakerfinu og notið hagsbóta af lágum vöxtum eða hagstæðum lánskjörum þar.

Í fyrsta lagi, herra forseti, væri náttúrlega eðlilegt að ræða við hæstv. forsrh. hvort það sé virkilega ætlun hæstv. ríkisstjórnar að knýja á um afgreiðslu þessara mála hér. Þegar við ræddum við 1. umr. frv. til laga um húsnæðismál hélt hæstv. félmrh. því fram að þetta væri meira og minna unnið í samráði við eða í anda fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Síðan hefur það gerst að heildarsamtök launamanna hafa fundað og mótað sameiginlega áherslur í þessu sambandi. Þar kemur m.a. tvennt sérstaklega fram. Það fyrra er að þar lýsir verkalýðshreyfingin því afdráttarlaust yfir að við hana var ekkert samráð haft um undirbúning þessara mála og aðdraganda þeirra og í öðru lagi telur verkalýðshreyfingin fráleitt að stefna að afgreiðslu stórmála af þessu tagi á fáeinum vikum á vorþinginu nema þá að mjög víðtæk samstaða takist um breytingar á frumvörpunum og góð sátt ríki um afgreiðslu málsins. Það var þar af leiðandi eðlilegt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson beindi sinni fyrstu spurningu til hæstv. forsrh. hvort ekki væri í boði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar samráð um þetta stórmál með hliðstæðum hætti og tókst sem betur fer að knýja fram hvað varðaði afgreiðslu laganna um lífeyrissjóðina. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að náist slíkt samstarf um málin er það mjög til farsældar og líklegra að sæmilegur friður, ekki bara í núinu heldur og til framtíðar ríki um það fyrirkomulag sem þar er komið á.

Það sem einkennir nálgun hæstv. ríkisstjórnar í húsnæðismálum og með tengingu yfir í frv. um vaxtabætur er sú staðreynd, mér liggur við að segja, herra forseti, sú ótrúlega staðreynd að ríkisstjórnin er að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið á Íslandi og vísar öllu sem heitir stuðningur við lágtekjufólk um húsnæðisöflun yfir í einfalda ákvörðun vaxtabóta samkvæmt fjárlögum eða álagningu tekjuskatts hverju sinni. Okkur er síðan birt línurit, herra forseti, til skýringar á áhrifum slíkra breytinga, m.a. í fskj. með frv. félmrh. Vísað er í grg. frv. hæstv. fjmrh. yfir í grg. frv. félmrh. um nánari umfjöllun um greiðslubyrði. Hvað er okkur sýnt þar, herra forseti? Okkur eru sýnd línurit til 40 ára. Það er sem sagt verið að reyna að telja fólki trú um að sá stuðningur sé í hendi við lágtekjufólk hvað húsnæðisöflun snertir og útkoma þeirra samkvæmt greiðslubyrði 40 ár fram í tímann. Samkvæmt hverju? Samkvæmt álagningu skatta og afgreiðslu fjárlagafrv. í hvert einasta skipti á þessum 40 árum verður opinn til breytinga eða skerðingar sá endi málsins sem snýr að stuðningnum við lágtekjufólkið. Hvað segir reynslan okkur, herra forseti, um líkurnar á því að vilyrði um vaxtabætur á árinu 1998 séu líkleg til að standa óhögguð í 40 ár, eða 41 frá og með gildistöku um næstu áramót 1999, þ.e. rétt fram yfir miðja 21. öldina? Er það líklegt í ljósi reynslunnar þótt ekki sé litið nema bara til allra síðustu ára að svo verði, að aldrei komi þannig árferði eða aldrei þannig stjórnmálamenn að þeir freistist til að krukka eitthvað í vaxtabæturnar? Nei, herra forseti, það er auðvitað ekki svo.

Við vitum að þessi þáttur er svo viðkvæmur fyrir ekki bara heildarútgjöldunum sem ríkissjóður á hverjum tíma ákveður að verja til vaxtabóta heldur líka fyrir útfærslunni að smávægilegar breytingar t.d. á viðmiðunarmörkum geta skipt sköpum um afkomu hópsins sem hér á allt sitt undir. Og það er langur vegur frá föstum lánskjörum, ákvörðuðum með því móti sem verið hefur í félagslega húsnæðiskerfinu, og yfir í það sem verið er að bjóða mönnum upp á hér. Þar er langur vegur á milli. Það er auðvitað svakalegt, herra forseti, að búið er að undirbúa jarðveginn í þessu máli, eins

og reyndar hefur oft og iðulega verið gert í öðrum tilvikum, að meira og minna síðustu missirin og árin hefur verið haldið uppi stanslausum rógi um félagslega íbúðalánakerfið, félagslega húsnæðiskerfið. Það verður að segjast eins og er, því miður, að sveitarstjórnarmenn sem eru stundum dálítið uppteknir af sjálfum sér og sínum nærmálum hafa oft tekið undir þennan kór. Menn hafa gert það að meira máli í þessari umræðu að einhvers staðar á landinu stæðu nokkrar íbúðir tómar eða að einstöku sveitarstjórnir hefðu e.t.v. farið full*glannalega í sambandi við skuldbindingar sínar, heldur en* hitt að lágtekjufólk ætti með sómasamlegum hætti kost á þaki yfir höfuðið. Það hefur af einhverjum undarlegum ástæðum týnst úr þessari umræðu að félagslega húsnæðiskerfið hefur á þessari öld komið tugum þúsunda lágtekjufólks inn í öruggt og gott húsnæði í staðinn fyrir heilsuspillandi bragga og moldarkofa sem það bjó í áður þúsundum saman og ekki er fyrirséð að sá vandi hefði verið leystur með öðrum hætti. Er það þá orðið aukaatriði? Er megintilgangur kerfisins að tryggja lágtekjufólki í landinu öruggt húsnæði orðið aukaatriði? Það virðist vera svo miðað við þessa umræðu. Og hverjir hafa svo gengið í kórinn aðrir en til að mynda núv. hæstv. félmrh., því miður, og haldið á lofti stundum villandi upplýsingum um dýrar íbúðir í þessu kerfi o.s.frv. Síðast en ekki síst hefur hæstv. ríkisstjórn undirbúið jarðveginn með því að svelta Byggingarsjóð verkamanna með því að veita langtum lægri fjárhæðir til hans til að standa straum af vaxtaniðurgreiðslunum en skýrslur hafa sýnt fram á og legið hefur fyrir að þyrfti að gera. Staðreyndin er sú að hefðu menn staðið við það sem úttektir á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna um og upp úr 1990 sýndu trekk í trekk, að leggja honum til fjármuni sem svaraði 1 milljarði til 1.200 millj. kr. á ári væri ekki við neinn vanda að glíma annan en þann að gera smávægilegar breytingar til að lagfæra ágalla í þessu kerfi sem auðvitað eru fyrir hendi og ekkert vandamál er að taka á, t.d. eins og það að auka möguleika manna til að velja sér íbúðir í staðinn fyrir að geta eingöngu sótt um að fá inni í þeim sem úthlutað er. Það er ekkert því til fyrirstöðu að gera þá breytingu innan ramma kerfisins um Byggingarsjóð verkamanna eins og hann er. Ekki nokkur skapaður hlutur. Það hefur verkalýðshreyfingin m.a. ályktað um.

Herra forseti. Betra er að taka það með mjög miklum fyrirvara þegar sett er upp ræfilslegt dæmi eins og þetta á bls. 3 í fskj. með frv. *um útkomuna fyrir þá sem í hlut* eiga. Eitt dæmi er látið nægja í frv. Satt best að segja er vaxtabótafrv. merkilega rýr pappír, og framsöguræða hæstv. forsrh. var stutt í samræmi við það þegar höfð er hliðsjón af því hversu mikilvægt málið er.

Hvað vantar m.a. inn í þetta til að nokkur leið sé að meta hvernig þetta kemur út á komandi árum, ekki bara fyrir ríkissjóð sem hér er verið að meta, heldur líka fyrir fólkið í landinu? Eitt atriði sem hangir algjörlega í lausu lofti, og hæstv. félmrh. hefur verið svo vinsamlegur að upplýsa mig um skiptir algjörlega sköpum um útkomu málsins, eru reglurnar um greiðslumatið. Það er hversu strangar kröfur verða settar fyrir því að menn komist yfir höfuð inn í kerfið, fái viðbótarlánin, verði taldir borgunarmenn fyrir nokkrum einasta húskofa og þá hversu merkilegt það húsnæði verður sem menn verða taldir hafa ráð á að borga.

Það er betra að menn hyggi að því áður en breytingarnar eru gerðar að menn eru að fara út í þá grundvallarbreytingu að í staðinn fyrir að félagslega íbúðakerfið bauð yfirleitt upp á vandaðar íbúðir í góðu standi — og var fyrir vikið skammað fyrir að vera dýrt — og yfir í hitt að tilhneigingin verður auðvitað sú að þeim mun tekjulægra sem fólkið er þeim mun lægra greiðslumat hefur það og þeim mun lélegra verður húsnæðið sem það verður talið ráða við. Auðvitað hlýtur þetta að verka þannig.

Greiðslumatið og reglurnar sem settar verða um það, sem hæstv. félmrh. upplýsir að sé enn til skoðunar, skipta algjörlega sköpum um hverjir munu yfir höfuð komast inn undir reglurnar og hverjir verða þar út undan, og hverju menn verða þá taldir borgunarmenn fyrir.

Herra forseti. Án þess að ég hafi haft nægan tíma til að fara rækilega ofan í saumana á þessum dæmum, og þá á ég sérstaklega við dæmin sem birt eru í formi línurita í fskj. með frv. hæstv. félmrh. um greiðslubyrðina, þá eru þau auðvitað háð öllum þeim forsendum sem menn þurfa að gefa sér til þess að eitthvert vit sé í því. Útreikningarnir segja í sjálfu sér ekki neitt um það sem gæti verið í vændum þegar búið verður að móta reglurnar um greiðslubyrðina og margar fleiri óvissar breytur sem heyra þarna undir. Gott dæmi, herra forseti, um þá óvissu sem verið er að búa til með þessu fyrirkomulagi liggur á borðum þingmanna í formi tveggja ef ekki þriggja frv. frá hv. þm. Pétri Blöndal og ekki minni spámanni en hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að auki, *sjálfum* nestornum, formanni efh.- og viðskn., framkvæmdastjóra Verslunarráðsins og heimsfrægum áhrifamanni í Sjálfstfl. Við skulum ætla að það sé ekki út í loftið að slíkir menn leggi fram svona frv., að það viti á það að þeir hafa eitthvað á bak við sig í þeim efnum.

Til marks um hvað eru þá þessi frv. annað en óvissuna sem er verið að búa til með því að vísa þessu öllu í vaxtabæturnar? Ef það færi svo að þeir næðu meiri hluta á þingi svo svakalega, þeir hv. þm. Pétur H. Blöndal og Vilhjálmur Egilsson með sjónarmiðum sínum, hvað gerist þá á næsta kjörtímabili? Vaxtabótakerfinu verður hent. Hvað stendur þá eftir af fínu útreikningunum í frv. félmrh. til fjörutíu ára? (Gripið fram í.) Já, en hver segir að útfærslan á þeim verði eins og þarna er verið að leggja upp með? Ætli einn og einn mann gruni ekki að það yrði kannski frekar flatt kerfi í anda grundvallarhugmynda hv. þm. um að leggja sama skatt á allt landið og miðin sem fyrst og fremst ívilnar hátekjufólkinu eins og allir vita?

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda öllum dagskrármálum inn í umræðuna en ég leyfi mér að taka þetta til marks um að auðvitað er óvissa sett inn í þetta með því að vísa þessu öllu eins og það leggur sig, öllu sem á að heita félagsleg hugsun í húsnæðismálum á landinu yfir í einfaldar ákvarðanir um vaxtabætur í fjárlögum hverju sinni. Reynslan og sporin hræða í því efni svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Auðvitað er ljóst að ýmsir kostir hafa þrátt fyrir allt, hvað sem hver segir, fylgt félagslega lánakerfinu, t.d. þeir að reynt hefur verið að hafa það eins ódýrt og kostur er fyrir þá sem þar fá inni að ganga frá pappírum sínum og koma þeim málum í höfn, og kostnaði hefur verið haldið þar í lágmarki. Hvað er nú verið að gera? Nú er verið að henda mönnum út á markaðinn í þeim efnum þannig að kostnaðurinn við að skipta um íbúð eða kaupa íbúð margfaldast, tvöfaldast og þrefaldast með þessum breytingum. Það þarf að muna eftir þessu þegar farið er út í þessi dæmi.

Línuritin segja okkur líka, ef eitthvert mark verður á þeim takandi, að talsverð tilhneiging verði til þess hjá fólki að velja sér heppilegan tíma til að skipta um íbúð og sleppa þannig

sem best út úr kerfinu en þá verður líka mikill kostnaður því samfara.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að undirstrika eitt enn frekar í þessu efni og það er spurningin um framboð af húsnæði á komandi árum verði þessar breytingar gerðar, og það fyrirkomulag, samstarf sveitarfélaga og ríkis í gegnum fjármögnun úr opinberum sjóði til að standa straum af uppbyggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis, sem verið hefur, verður lagt af. Menn geta auðvitað talað sig endalaust hása um að gallar hafi verið á því kerfi og að einstöku sveitarstjórnir hafi gengið of langt, byggt meira en þörf var fyrir en þær hafa ekki allar gert það. Mjög margar þeirra hefðu viljað byggja meira og hafa fulla þörf fyrir það.

Hvað hefur kerfið þá í öllu falli tryggt? Það hefur tryggt að a.m.k. nokkur hundruð íbúðir hafa bæst við á hverju einasta ári, háðar þannig kjörum að lágtekjufólkið komst inn í þær. Þær hafa þýtt að nokkur hundruð láglaunafjölskyldur á Íslandi hafa getað flutt inn í nýtt húsnæði á hverju einasta ári. Er það einskis virði? Er mönnum alveg sama um það?

Hvað á að koma í staðinn? Óljós fyrirheit um hugsanlega aukningu á framboði leiguhúsnæðis? En fyrst og fremst er verið að vísa þessum hópi yfir á notaða íbúðamarkaðinn, lesist: í kjallarana. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að sjálfseignarstefnan sem hæstv. forsrh. talaði áðan svo fallega fyrir er sjálfseignarstefna ríka fólksins. Ekki er verið að boða með þessum frv. sjálfseignarstefnu fyrir láglaunafólk á landinu nema þá ef vera skyldi sjálfseignarstefnu á kjallaraíbúðum. Það verður þá í besta falli það, farandi þó eftir því hvernig reglurnar um greiðslumatið og önnur slík útfærsluatriði verða hjá hæstv. félmrh.

Að mínu mati er langmesta hættan sú að framboð á húsnæði verði ónógt á næstu árum. Það bætist of lítið við því að sú fáránlega fullyrðing kemur fram í frv. félmrh. að nóg framboð sé af íbúðarhúsnæði í landinu. Hverjar verða svo afleiðingar þess innan fárra ára ef dregur úr framboði á húsnæði sem þetta fólk á kost á og getur klofið að komast inn í? Þær hljóta að verða hækkun á leigumarkaði og enn verri staða þess fólks sem verið er að fjalla um og henda út úr félagslega íbúðalánakerfinu. Það verða þá enn þá lélegri kjallaraholur sem menn komast inn í og mesta hættan er þó sú að sá tekjuhópurinn sem kemst alls ekki upp fyrir greiðslumörkin á engan kost nema leigumarkaðinn, hann mun engan kost eiga nema leigumarkaðinn og ég er ekki viss um að það verði í öllum tilvikum merkilegt húsnæði sem þá verður boðið upp á enda veit ég um eina stétt manna í landinu sem kætist mjög í væntingum um þessar breytingar, voninni um þessar breytingar. Það eru þeir sem eiga mikið húsnæði og græða á því að leigja það út. Þeir eru með glöðustu mönnum í borginni þessa dagana. Það er engin tilviljun. Í þessu máli liggja augljóslega hættur af því tagi að það verði þeir sem hagnast ef framboðið á húsnæði verður lítið eða ónógt á komandi árum. Það veldur spennu á leigumarkaði og sá hópur stækkar í landinu sem sér engan veginn fram úr því að koma sér upp eigin þaki yfir höfuðið og er ofurseldur leigumarkaðnum. Það er það sem ég óttast að muni gerast, því miður.

Herra forseti. Ég endurtek því að lokum það sem ég sagði í upphafi: Ég skora á hæstv. forsrh. að taka til alvarlegrar íhugunar að fresta afgreiðslu þessara frv. Það er ljóst að hæstv. forsrh. hefur væntanlega mest um það mál að segja þar sem hér eru á ferðinni frv. flutt af fleirum en einum ráðherra í ríkisstjórn hans. Ég held að það væri mjög skynsamlegt ef það tækist að koma þessum málum í sambærilegan vinnufarveg og lífeyrissjóðafrv. var í síðasta sumar og þá fullyrði ég að ekkert væri til fyrirstöðu að afgreiða jafngreiðlega það frv. var afgreitt, fyrir jólaleyfi á næsta vetri, húsnæðismálalöggjöf sem gæti þá vonandi orðið góð samstaða um.

[14:26]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst miður að hv. þm. gerði lítið úr sveitarfélögunum og gaf til kynna að þar færu fremur nærsýnir menn sem varla sæju fram fyrir nefið á sér þegar þeir væru að tala um hagsmunamál af þessu tagi. Við eigum auðvitað að hlusta á sveitarstjórnarmennina sem hafa mjög víðtæka reynslu í þessum málum.

Hv. þm. nefndi sérstaklega að ekki væri öruggt að þjóðþing framtíðarinnar kynnu ekki að gera hér á breytingar. Það er alveg rétt. Við getum ekki svipt þjóðþing framtíðarinnar þeim rétti og viljum það ekki. En engin ástæða er til að ætla að þjóðþing framtíðarinnar verði verr stemmt í garð íbúðareigenda en við sem nú sitjum á þingi.

Í þriðja lagi óttaðist hv. þm. að hv. þm. Pétur Blöndal mundi ná hreinum meiri hluta og kasta þessu kerfi fyrir róða. Ég hef mína skoðun á því hvað þá mundi gerast, en ekki var nefnt hvað mundi gerast ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon næði hreinum meiri hluta á þingi. Mundi hann þá kasta frv. fyrir róða eða mundi hann halda lögunum óbreyttum? Eða mundi hann fara að hringla í því eins og hann óttaðist mikið sjálfur að mundi gerast?

Svo nefndi hv. þm. líka að hann hefði tekið eftir því að þeir sem ættu mjög margar íbúðir og leigðu þær út væru með sérstaklega miklum gleðibrag um þessar mundir. Ég hef ekki hitt þá menn en þá átta menn sig á því í hvaða umgengnishópum hv. þm. er.

[14:27]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það lá ekki í orðum mínum að ég væri almennt að gera lítið úr sveitarstjórnarmönnum eða saka þá almennt um þröngsýni. En ég sagði og ég stend við það að því miður hafa í umræðunni vandamál, sem snúa að sveitarstjórnunum í framkvæmd þessara mála og eru vissulega til staðar víða í landinu, yfirskyggt hitt sem kerfið hefur fengið áorkað. Þar verða sveitarstjórnarmennirnir eins og aðrir að líta í eiginn barm og svara fyrir það sem þeir hafa fjallað um þessi mál. Ég endurtek það. Ef ég á að velja um að sýna samúð þúsundum lágtekjufólks í landinu sem hefur komist inn í húsnæði vegna félagslega kerfisins, eða sveitarstjórnarmönnum sem hafa eitthvað svitnað út af framkvæmd þessara mála þá vel ég samúðina með lágtekjufólkinu. Það er þannig, hv. forsrh.

Enda þótt ég sé alltaf þakklátur fyrir fræðslu hæstv. forsrh. í stjórnskipunarrétti, og hefur verið mikill fengur að kennslu hans síðan hann tók sæti á Alþingi 1991 og hóf að kenna sér reyndari mönnum hvernig þjóðþingið starfaði, eins og kunnugt er, er mér er ljóst, og í og með vegna hennar, að það er rétt að við getum ekki bundið hendur þjóðþinga framtíðarinnar. Það er ekki hugsunin hér. Ég var að draga það fram að mikill munur er á festunni í því að ganga frá lánskjörum til langs tíma með skýrum reglum um hvort og þá hvernig megi breyta þeim, t.d. hvað vaxtaákvarðanir snertir, og hinu að geta hreyft þetta til eins og takka á útvarpi við hver einustu áramót. Það liggur alveg fyrir, að í reglunum,

eins og þær hafa verið, hefur verið veruleg festa hvað varðaði stuðning hins opinbera við lágtekjufólkið í gegnum föst lánskjör o.s.frv. og þetta skýrir sig auðvitað sjálft.

Að öðru leyti fannst mér að það hlyti að skýrast af mínu máli hvað mundi gerast ef ég og skoðanabræður mínir næðum hreinum meiri hluta á Alþingi sem er auðvitað miklu líklegra en að hv. þm. Pétur H. Blöndal geri það og það er auðvitað að við mundum bæta úr þessu kerfi til hagsbóta fyrir lágtekjufólk í landinu.

[14:29]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var sveitarstjórnarmaður í 20 ár og umgekkst sveitarstjórnarmenn mjög mikið. Á þeim árum tók ég eftir því að fá mál brunnu heitar á sveitarstjórnarmönnum en húsnæðismál íbúanna í sveitarfélögunum. Sveitarstjórnarmenn eru í miklu návígi við íbúana og húsnæðismál og vandræði fólks varðandi húsnæði er inni á borðum sveitarstjórnarmannanna daglega, bæjarstjóranna, borgarstjóranna og sveitarstjóranna almennt. Það er því ekki boðlegt að segja að þeir hafi einhver annarleg sjónarmið í þessum efnum og taki sjónarmið sveitarfélaga af einhverjum þröngum skilningi fram yfir hagsmuni íbúanna. Ég vil undirstrika þennan þátt.

Í annan stað sagði hv. þm. meiri líkur á því að hann hefði hér hreinan meiri hluta heldur en hv. þm. Pétur Blöndal. Þá mundi það gerast að þessi frumvörp okkar hæstv. félmrh. mundu heldur lagast. Það er því fremur bjart fram undan einnig hvað varðar það atriði að mati hv. þm.

[14:31]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því, eins og þingtíðindi munu sýna, að ég notaði ekki orðin „annarleg sjónarmið". Hæstv. forsrh. notaði þau orð og lagði þau mér í munn. Ég viðhafði engin slík orð og stend við það sem haft mun eftir mér um þessi mál frá því áðan. Umræðan um hinn framkvæmdarlega vanda sveitarfélaganna hefur af hálfu ýmissa sveitarstjórnarmanna yfirskyggt hitt sem kerfið hefur fengið áorkað.

Síðan misskildi hæstv. forsrh. mig. Ég hef líklega ekki talað nógu skýrt varðandi það að ef ég og mín skoðanasystkin hefðum til þess áhrif að móta framkvæmd þessara mála, þá hugði ég að það yrði gert með lagfæringum á félagslegri húsnæðismálalöggjöf af því tagi sem gildir í dag. Ég er ekki stuðningsmaður þess að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna eða önnur sambærileg tæki stjórnvalda til að halda stuðningi við lágtekjufólk aðgreindum frá öðrum þeim sem menn vilja veita til húsnæðisöflunar. Ég óttast að það að slengja þessu í eitt kerfi þar sem ekki verði hægt að gera greinarmun á þessum hópum, muni smátt og smátt útrýma allri félagslegri hugsun í því. Þó að menn leggi af stað með eitthvað sem þeir kalla tekjutengdar vaxtabætur sem eigi að fela í sér jöfnun eða félagsleg úrræði, þá getur það orðið mjög endasleppt og það hef ég sérstaklega gagnrýnt.

Ég mundi ekki láta mér nægja að lappa eitthvað upp á þau frumvörp sem komin eru fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég hallast að þeim áherslum sem verkalýðshreyfingin hefur mótað. Þær hafa yfirleitt miðað að því að gera breytingar á og bæta löggjöf um félagslegt húsnæði en hafa hana þó til staðar. Alla þessa öld hafa menn valið þá leið að halda stuðningi á grundvelli félagslegri úrræða við lágtekjufólk út af fyrir sig. Ég spái því að þegar betur verði að gáð muni það reynast farsælast.

[14:33]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór í sögulega upprifjun á því hvernig félagslega íbúðakerfið hefði aðstoðað margt lágtekjufólk við að komast út úr moldarkofum og bröggum eins og hann sagði. Í sjálfu sér er það söguleg staðreynd að þetta kerfi hefur hjálpað mörgum til þess að komast yfir sæmilegt húsnæði. Það breytir ekki þeirri staðreynd að menn hafa fundið allverulega galla á þessu kerfi. Alþýðusamband Íslands, samtök sveitarfélaga og fleiri aðilar hafa séð ástæðu til þess að leggja í mikla vinnu við að endurskoða kerfið. Það segir nokkuð um að kerfið er ekki alveg óbrigðult.

Hann sagði einnig að það væri festa í félagslega íbúðakerfinu. Ef maður skoðar þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu undanfarin ár, þá sýnir það afskaplega litla festu. Ég skil vel að menn séu hræddir um að stjórnmálamenn framtíðarinnar breyti vaxtabótakerfinu. Það er full ástæða til þess að hafa skoðanir á því en sagan segir jafnframt að ástæða hafi þótt til þess að breyta félagslega íbúðakerfinu undanfarin ár og ekki hafi verið heykst á því.

Hv. þm. nefndi síðan að kostnaðurinn við þetta kerfi mundi margfaldast. Ég vildi inna hann eftir því hvað hann eigi við með því. Menn hafa talið að kostnaðurinn við að skipta um íbúð í félagslega kerfinu hafi þótt allverulegur. Ég hef skoðað þetta mál og get ekki séð að kostnaðurinn við kerfið sem við erum að innleiða núna eigi eftir að verða meiri en sá kostnaður.

[14:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að það skuli þó viðurkennt af hv. þm. að þetta kerfi hafi ekki verið rekið til einskis. Það hefur skilað því að þúsundir manna hafa fengið gott húsnæði. Það er nú einu sinni eitt mikilvægasta undirstöðuatriði hverrar fjölskyldu að hafa mannsæmandi þak yfir höfuðið, ekki síst á köldu landi eins og Íslandi.

Hitt er ljóst og um það er engin deila hér að félagslega húsnæðiskerfið er ekki gallalaust og á því mætti gera breytingar. Ég hef a.m.k. ekki haldið öðru fram og hef ekki heyrt aðra gera það. Mér er það alveg hulið til hvers verið er að vísa. Enginn hefur haldið öðru fram en að ástæða væri til þess að gera þarna ýmsar breytingar. Menn hafa af og til verið að breyta þessum lögum eins og eðlilegt er. Þær breytingar hafa að vísu á undanförnum árum verið viðleitni til þess að fjölga valkostunum.

Í tíð fyrrv. hæstv. félmrh. var t.d. fjölgað möguleikum til þess að innleiða kaupleiguíbúðir eða húsnæðissamvinnufélög. Þar komu til fleiri leiðir sem betur gætu hentað fólki í mismunandi stöðu fremur en hin gamla aðgreining í eignaríbúðir og leiguíbúðir sem fyrir var í kerfinu. Að sjálfsögðu þarf að halda áfram að þróa þetta kerfi og reyna að sníða af því agnúa.

Allir eru sammála um að ástæða hafi verið til að fara yfir stöðu sveitarfélaganna og þær skuldbindingar sem þau hafa samþykkt innan þessa kerfis, enginn deilir um það. En það má á milli vera hvort málin eru skoðuð út frá þeim sjónarhóli að gera lagfæringar á kerfinu og hinu að slátra því algerlega þannig að það hverfi af yfirborði jarðar frá og með næstu áramótum þannig að eftir standi ekkert nema vaxtabætur.

[14:37]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. nefndi að valkostum hefði verið fjölgað. Það er vissulega svo. Því miður voru þeir ekki nýttir sem skyldi. Þeir sem voru í kerfinu töldu valkostina ekki nothæfa fyrir þá.

Hv. þm. nefndi áðan að ekki væri vitað hvernig greiðslumatið yrði þróað. Ef við lítum á greiðslumatið sem tæki til þess að mæla greiðslugetu fólks, þá er það sérkennileg staða að í almenna kerfinu skuli miðað við 18% af tekjum en í félagslega kerfinu, sem ætlað er lágtekjufólki, skuli miðað við 28%. Samkvæmt þessum reglum mætti ætla að lágtekjufólk geti borið þyngri greiðslubyrði en þeir sem hafa hærri tekjur. Þetta finnst mér afar sérkennilegt og full ástæða er til að skoða það.

Síðan væri kannski rétt að minna á að miðað við það að þessar breytingar taki gildi, þá verður greiðslubyrði fyrir lágtekjufólk og aðra mun minni fyrri hluta tímabilsins en hún er nú í félagslega kerfinu.

[14:40]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi ætla ég að ræða um fjölgun valkostanna. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það sem ýmsir reiknuðu með hafi ekki gengið eftir, þ.e. að menn nýttu sér í jafnmiklum mæli og áætlað var þá möguleika sem kaupleiguíbúðirnar voru. Varðandi húsnæðissamvinnufélögin þá hefur fyrst og fremst staðið á því að menn hafa ekki fengið úthlutað heimildum til bygginga nema í mjög takmörkuðum mæli. Ég veit ekki betur en að allan tímann hafi langir biðlistar verið hjá helstu húsnæðissamvinnufélögunum í landinu eftir því að komast inn í kerfið. Það er t.d. langt frá því að þeir hafi getað uppfyllt óskir félagsmanna sinna um íbúðir. Vilyrði fyrir lánum til þess að byggja hafa verið í mjög takmörkuðum mæli.

Þegar ég var að tala um kostnað og kom því ekki að í fyrra svari mínu, þá var ég t.d. að tala um kostnað við skipti á íbúð. Mér sýnist alveg ljóst að þar hleypur kostnaðurinn upp frá því sem verið hefur. Hinum fasta kostnaði þess sem fer í íbúð í félagslega kerfinu hefur af skiljanlegum ástæðum verið haldið í lágmarki. Nú fer þetta út á markaðinn sem tekur fulla þóknun. Það verður því mun dýrara fyrir þá sem í hlut eiga.

Varðandi greiðslumatið, þá er alveg rétt að margir hafa fundið sér íþrótt í að benda á það að mörkin væru hærri hjá lágtekjufólkinu inni í félagslega kerfinu en úti á almenna markaðnum. En þar er ólíku saman að jafna. Þau kjör sem sá sem er í félagslegri eignaríbúð býr við eru önnur vegna innlausnarskyldu sveitarfélaganna. Þannig er staða þessa fólks allt önnur og þannig hefur verið reynt að stilla þetta af.

Greiðslumatið verður afgerandi um þá fyrirgreiðslu sem menn fá út úr þessu kerfi og hve margir komast inn í það. Ég heyrði dæmi frá einu sveitarfélagi um daginn. Samkvæmt því áttu 10% af þeim sem voru á skrá eða (Forseti hringir.) á biðlista hjá sveitarfélaginu að standast greiðslumatskröfurnar í húsbréfakerfinu eins og þær eru í dag. Tíundi hver hefði komist inn í kerfið.

[14:42]

**Útbýting þingskjala:**

Verslunaratvinna, 151. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 966; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 967.

[14:43]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um frv. um vaxtabætur sem er fylgifiskur frv. hæstv. félmrh. um húsnæðismál. Ástæða er til að byrja á því að óska hæstv. forsrh. til hamingju með að hafa fengið Framsfl. og félmrh. til að flytja í þingsali stefnu sjálfstæðismanna um markaðsvæðingu á félagslega húsnæðiskerfinu. Það er eftirtekarvert, nú þegar við ræðum þetta frv. um vaxtabætur, að líkt og í umræðunni um húsnæðismálin er enginn framsóknarmaður í salnum, hvað þá að þeir taki þátt í umræðunum.

Mér fannst, herra forseti, athyglisvert að þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir frv. talaði hann nær eingöngu um áhrif frv. á ríkissjóð. Minna fór fyrir því að hæstv. forsrh. ræddi um áhrif frv. á hag einstaklinganna. Ég held að ég verði þar að bæta nokkuð úr, herra forseti.

Það er einmitt athyglisvert í þessu frv. um vaxtabætur að gefin er tafla og yfirlit yfir greiðslubyrði hjá fólki eftir þessa breytingu og kúvendingu í húsnæðismálum og í kjörum þeirra sem verst hafa það í þjóðfélaginu, en þau eru afar fá dæmin í töflunni um einstæða foreldra og einstaklinga. Einungis eru sýnd tvö dæmi um einstaklinga og tvö dæmi um einstætt foreldri og ekki sýndar íbúðir sem eru dýrari en 5,5 millj. hjá einstaklingi og 6 millj. hjá einstæðu foreldri. Þetta er afar sérstakt. Ég velti því fyrir mér hvernig á þessu stæði og fór að reikna út. Þá kom ýmislegt í ljós. Einstæðu foreldri og einstaklingum er ekki ætlað að fá sér dýrari íbúð en upp á 5–6 millj. vegna þess að ef þeir gera það sýna þessir nýju útreikningar í vaxtabótakerfinu að vaxtabótakerfið er óhagstæðara en núverandi niðurgreiðslukerfi. Það er auðvitað ástæðan fyrir því að verið er að fela þessi dæmi og þau eru ekki sýnd í útreikningunum.

Ég er hér með dæmi af einstæðu foreldri með eitt barn, með 800 þús. kr. í tekjur á ári, sem kaupir sér íbúð sem kostar 7,3 millj. og fær 90% lán, bæði í núverandi kerfi og nýju. Hvað kemur í ljós, herra forseti? Í núverandi kerfi greiðir hið einstæða foreldri í nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vexti að frádregnum niðurgreiðslum, 151 þús. kr. á ári. Í nýja kerfinu sem hæstv. ráðherra mælir fyrir verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádregnum vaxtabótum, 214 þús. á ári. Þar sem hámark vaxtabóta til einstæðs foreldris er 185 þús. kr. á ári greiðir hið einstæða foreldri mismuninn. Til að hið einstæða foreldri verði jafnsett í nýju kerfi og eldra kerfi þarf því að hækka þakið á vaxtabótunum úr 185 þús. kr. í 238 þús. kr. eða um 63 þús. kr., herra forseti. Hefur það nokkuð verið skoðað? Ég spyr hæstv. forsrh. að því hvort við þessa breytingu þurfi ekki að breyta þakinu á vaxtabótakerfinu varðandi einstaklinga og einstæð foreldri.

Það er alveg sama hvort maður tekur einstakling með 800 þús. eða 1.900 þús. eins og tekjumörkin eru í félagslega kerfinu vegna þess að til athugunar í þessum útreikningum voru fyrstu tíu árin eftir kaup og ef skoðaður er einstaklingur með börn, með tekjur frá 800–1.900 þús. kr., kemur í ljós að í nýja kerfinu nýtir þessi hópur að fullu vaxtabæturnar og er nettógreiðslan, þ.e. afborganir plús vextir mínus vaxtabætur, 214 þús. kr. á ári. Í núgildandi kerfi er nettógreiðslan að meðaltali 211 þús. kr. á ári fyrstu tíu árin hjá einstaklingi með 1.900 þús. kr. í árstekjur, en 151 þús. kr. hjá einstaklingi með 800 þús. kr. í tekjur. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Þetta þýðir fyrir einstæða foreldra að mismunurinn er á bilinu 3–63 þús. kr., og sem því nemur þarf að hækka þakið í vaxtabótunum, hvar sem einstaklingurinn er með tekjur á

bilinu 800–1.900 þús., þ.e. ef þeir eiga að vera jafnsettir eftir breytinguna eins og hæstv. félmrh. lofar.

Við getum líka tekið dæmi af einstaklingi, herra forseti, sem er með 1 millj. kr. í tekjur og kaupir sér íbúð á 6,3 millj. og fær til þess 90% lán, bæði í núverandi og nýja kerfinu. Það lítur svona út, herra forseti: Í núverandi lánakerfi verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádreginni niðurgreiðslu, 145 þús. kr. á ári. Í nýja kerfinu verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádregnum vaxtabótum, 191 þús. kr. á ári. Þar sem þak á vaxtabótum til einstaklinga er 144 þús. kr. verður hann sjálfur að taka á sig mismuninn. Til að þessi einstaklingur sé jafnsettur í nýja kerfinu þarf að hækka þakið á vaxtabótunum hjá einstaklingi úr 144 þús. kr. á ári í 191 þús. kr. eða um 47 þús. kr. og um 57 þús. kr. ef tekjur einstaklings eru 800 þús. kr. á ári. Við erum því, herra forseti, að tala um að það þurfi að hækka þakið á vaxtabótunum, bæði hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum, um allt að 63 þús. kr. til að þessir einstaklingar verði jafnsettir eftir sem áður. Ég spyr hæstv. forsrh.: Eru uppi áform um að hækka þakið á vaxtabótum? Ef svarið er nei, þá verða einstaklingar og einstæðir foreldrar í mörgum tilvikum verr settir með þessu nýja fyrirkomulagi, þ.e. að niðurgreiðslan fari í gegnum vaxtabótakerfið í stað þess að niðurgreiðslan sé eins og nú er.

Ég hef látið athuga hvort það sé yfirleitt svo að einstaklingar og einstæðir foreldrar, kannski með tvö til þrjú börn hafi í félagslega kerfinu núverandi allir verið í íbúðum sem kosta 5–5,5 millj. kr. Hvar er hægt að fá íbúð sem kostar 5 eða 5,5 millj. kr.? Hvar er valið sem fólk á að hafa? Hvar er valið? Hvar eru þessar íbúðir sem kosta 5–5,5 millj.? Ég held þær séu ekki margar. Það dregur a.m.k. úr þessu valfrelsi sem hér er verið að boða að fólk hafi. Málið lítur nefnilega svona út hjá Húsnæðisnefnd Reykjavíkur árið 1997: Umsækjendur voru 999, 671 fékk úthlutað, þar af 313 einstæð foreldri. Af þeim voru 196 einstæð foreldri sem var úthlutað íbúð sem var yfir 6 millj. kr. 196 af 313 einstæðum foreldrum fengu á liðnu ári hjá Húsnæðisnefnd Reykjavíkur úthlutað íbúð sem var dýrari en 6 millj. kr. Ef það fólk fengi samkvæmt þessu nýja kerfi íbúð sem kostar 6 millj. kr. þá þyrfti það að taka á sig miklu hærri greiðslubyrði vegna þess að það er þak í vaxtabótum. Það þarf að hækka þakið í vaxtabótum. Eða ætlar hæstv. félmrh. að bjóða öllum einstaklingum og einstæðum foreldrum, hvort sem þeir eru með eitt eða þrjú börn, upp á kjallaraíbúðir upp á 4 eða 5 millj.? Hefur hæstv. félmrh. hugsað um að það þarf að hækka þakið á vaxtabótunum hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum? Eða eiga þeir allir að fara í íbúðir sem kosta 4–5,5 millj.? Það er verið að minnka gæði íbúða sem láglaunafólkið getur fengið inni í, bæði minnka stærð og gæði, vegna þess að ný íbúð, t.d. 70 fermetra ný tveggja herbergja íbúð í Grafarvogi, kostar í dag 6,5 millj. kr. Á að bjóða þessu fólki upp á notaðar kjallaraíbúðir? Um hvað á þetta fólk að velja? Hvar fást íbúðir upp á 5 eða 5,5 millj. kr.?

Ég hvet til þess, herra forseti, að þetta vaxtabótamál verði skoðað mjög nákvæmlega af þeirri nefnd sem fær frv. til umsagnar. Láglaunafólk hefur sem betur fer getað fengið íbúðir í félagslega íbúðakerfinu sem eru sæmilega góðar. Erum við virkilega, herra forseti, að draga úr gæðum íbúða sem fólk getur keypt sér? Eða er verið að segja við fólk: „Ef þið kaupið íbúðir sem eru yfir 5, 5,5 eða 6 millj. kr. þá verðið þið bara að borga meira, þá verður greiðslubyrðin meiri en í núverandi kerfi.“ Annað hvort er verið að segja fólki. Ég fæ ekki skilið að þetta sé öðruvísi. Ég held, herra forseti, að staðreyndin sé sú sem sveitarfélögin verða auðvitað að átta sig á, þ.e. að verið er að færa núverandi niðurgreiðslu vegna húsnæðisaðstoðar í miklum og vaxandi mæli frá ríkinu yfir í húsaleigubætur sveitarfélaganna, einfaldlega vegna þess að reiknað hefur verið út að mjög margir sem fá inni í núverandi kerfi, fá ekki aðgang að nýja kerfinu. Við höfum sýnt fram á það að af 1.000 fjölskyldum sem hafa fengið fyrirgreiðslu í núverandi kerfi eru 600 sem geta ekki fengið fyrirgreiðslu í þessu kerfi einfaldlega vegna þess að þeir hafa ekki greiðslugetu til þess.

Hvert á þetta fólk að fara? Það á að fara í leiguíbúðir, segja ráðherrarnir og leiguíbúðirnar sem boðið er upp á eru 50 á næstu tveimur árum. Ég vil spyrja annaðhvort hæstv. forsrh. eða hæstv. félmrh. að því. Í frv. hæstv. félmrh. stendur að á næstu tveimur árum, 1999 og 2000, sé heimilt að lána á niðurgreiddum vöxtum til leiguíbúða: Af hverju er verið að setja inn þessi orð: niðurgreiddir vextir? Getur verið að hækka eigi vextina í leiguíbúðum upp í markaðsvexti þannig að sveitarfélögin þurfi að taka lán vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum á markaðskjörum? Ég velti því fyrir mér af hverju þetta er sett svona inn.

Það er ljóst að sveitarfélögin verða að taka við þeim einstaklingum sem þurfa að fara í leiguíbúðir og leiguíbúðirnar eru ekki til. Ég hef nefnt þær tölur að 600 af 1.000 fá ekki inn í nýja kerfinu. En mér brá heldur betur í brún þegar ég heyrði tölurnar frá Kópavogi, frá Húsnæðisnefnd Kópavogs, sem skoðaði 300 einstaklinga sem hafa verið á biðlista eftir húsnæði síðustu tvö til þrjú ár því að í ljós kom að af þessum 300 einstaklingum sem athugað var hvort mundu fá inni í þessu nýja kerfi, þá voru þeir tíu eða liðlega 3%. Ég hef talað við þá hjá Húsnæðisnefnd Kópavogs og þeir hafa staðfest það í samtali við mig að samkvæmt lauslegu mati að af 300 einstaklingum eða fjölskyldum sem voru að bíða eftir húsnæði á liðnum tveimur til þremur árum, fengu tíu aðgang að hinu nýja kerfi, eða liðlega 3%. Sveitarfélagið á þá væntanlega að koma upp leiguhúsnæði fyrir þetta fólk. Það er ekki nóg með að það kosti auðvitað að koma upp húsnæði heldur kemur þetta líka fram í húsaleigubótum. Það er því verið að færa niðurgreiðsluna að verulegu leyti frá ríkinu yfir á sveitarfélögin og sveitarfélögin verða auðvitað að athuga sinn gang í þessu máli.

Þetta sem ég hef hér sett fram um vaxtabótakerfið og aukna greiðslubyrði hjá þeim sem kaupa íbúðir yfir 5,5 og 6 millj., þ.e. einstaklingum eða einstæðum foreldrum, sýnir að kostnaðurinn er miklu meiri fyrir þessa einstaklinga bæði að koma sér inn í kerfið og að fara úr því aftur. Við höfum sýnt fram á það með dæmum, herra forseti, að það getur kostað um 100 þús. kr. meira fyrir fólk að komast inn í kerfið í stimpilgjöldum og meiri þinglýsingarkostnaði, fyrir utan það að sveitarfélögin hafa borgað 3,5% af íbúðarverðinu sem hefur gengið til þess að lækka íbúðarverðið og það þarf fólk að taka á sig líka. Síðan er hæstv. félmrh. að láta útbúa neyslustaðal sem enn gæti þrengt þann hóp sem fengi inni í þessu nýja kerfi.

Ég vil aðeins víkja að yfirlýsingu félmrh. og fjmrh. sem á að tryggja að ekki verði hróflað við þessu vaxtabótakerfi. Þetta á að standa til frambúðar og binda alla félmrh. sem koma á næstu árum. Þetta átti að vera trygging fyrir því, sagði hæstv. félmrh. Ég gef lítið fyrir svona yfirlýsingu, að það skuli vera haft samráð um breytingar á þessari aðstoð í framtíðinni og að fullt samráð skuli haft o.s.frv. því ég dró

upp úr mínu pússi samkomulag sem ég gerði á sínum tíma við hæstv. fjmrh. og átti að standa til frambúðar. Það var undirritað samkomulag frá 1991 og í því stendur, með leyfi forseta:

„Við það er miðað af hálfu ríkisstjórnarinnar að sú fjárhæð, þ.e. 1 milljarður verðtryggður í Byggingarsjóð verkamanna, haldist að raungildi sem árlegt framlag til frambúðar."

Þetta var árið 1991. Þá var gert samkomulag við fjmrh. um 1 milljarð inn í Byggingarsjóð verkamanna sem haldast átti að raungildi til frambúðar, hver svo sem félmrh. og fjmrh. yrði, og það hélt nú ekki lengi. Það hélt fyrstu árin. Svo var það alveg skorið niður við trog þegar núverandi félmrh. tók við. Hann virti ekki mikið það samkomulag sem ég hafði gert við fjmrh. Hvers virði er svona pappír sem er fólki bent að setja allt sitt traust á varðandi það að vaxtabætur verði ekki skertar?

Ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað með niðurgreiðsluna í núverandi kerfi? Við höldum væntanlega áfram niðurgreiðslu á þeim lánum sem fyrir eru í kerfinu. Ef ég skil málið rétt þá er það svo. Hér kemur fram að það kostaði árið 1996 836 millj. kr. Eru þeir fjármunir tryggðir? Verður tryggt á fjárlögum að þar komi þær 800 millj. kr. sem þarf í niðurgreiðslur til að hægt verði að halda áfram niðurgreiðslum í núverandi kerfi? Ég get ekki séð það á frv. og umsögn fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir þessu frv. sem hæstv. forsrh., starfandi fjmrh., mælir fyrir. Hvað segir þar? Þar er verið að tíunda hvað þessar vaxtabætur muni kosta og síðan segir, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi skal bent á að samhliða þessu fellur niður 275 millj. kr. framlag til Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt hefur verið í fjárlögum til að mæta vaxtamun veittra og tekinna lána sjóðsins."

Það á falla niður. Þýðir þetta að það eigi að hækka það eða hvaða skilning er hægt að leggja í þessa setningu? Telur hæstv. forsrh. að með því að setja peninga inn í þetta vaxtabótakerfi sé þar með nægjanlega gert og ríkisstjórnin þurfi ekki að láta nein frekari ríkisframlög inn í þennan nýja lánasjóð eða inn í byggingarsjóðinn til þess að standa við niðurgreiðslur að því er varðar íbúðir sem eru núna í kerfinu? Þetta vildi ég fá fram.

Síðan vil ég spyrja hæstv. forsrh. að einu sem mér finnst afar sérstakt ef rétt er. Ég fagna því að verið er að breyta vaxtabótunum í þá veru að þetta verða nokkurn veginn samtímagreiðslur, greiddar á þriggja mánaða fresti. En skil ég frv. rétt að það sé bara til þeirra sem fá fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu og þessu nýja lánakerfi eftir gildistöku þessara laga en verði ekki samtímagreiðslur fyrir þá sem nú eru inni í vaxtabótakerfinu og hafa fengið lán? Mér finnst það afar sérstakt ef útgreiðsla vaxtabóta verður á þann hátt að fólk sé mismunandi sett, jafnvel þó að staða fólks sé hin sama, þ.e. ef einhver fær lán í húsbréfakerfinu tveim dögum fyrir gildistöku þessara laga þá verður hann að búa við það að fá ekki vaxtabætur fyrr en ári seinna en sá sem tekur lán nokkrum dögum eftir að lög þessi taka gildi fær vaxtabætur greiddar út á þriggja mánaða fresti. Ég trúi því varla að þetta sé svona, enda vænti ég þess að hæstv. forsrh. leiðrétti mig og upplýsi að hér sé verið að koma á vaxtabótum sem eru eins fyrir þá sem nú eru í kerfinu og hina sem koma nýir inn. En í frv. segir nefnilega, með leyfi forseta, og ég vek athygli á orðinu „heimilt":

„Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar."

Er það virkilega svo að þeir sem kaupa húsnæði á þessu ári gegnum húsbréfakerfið fái sem sagt alltaf vaxtabætur árið eftir, eins og við búum við í dag, en þeir sem fá húsbréfalán í upphafi næsta árs geti fengið vaxtabæturnar eftir þrjá mánuði? Ég efa þó, herra forseti, að það gangi upp að hafa skattalög og niðurgreiðslurnar þar svona. Þetta er hluti af því. Þetta er hluti af skattalögunum.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg full ástæða til þess að nefna það að þegar gerðar eru svona miklar breytingar á kerfinu, þá sé ekki nokkur ástæða til þess að fara út í svona umfangsmiklar breytingar. Ég hvet til þess að ríkisstjórnin skoði það að vinna þetta mál með verkalýðshreyfingunni í sumar vegna þess að það er glapræði að ætla sér að keyra þetta mál í gegn á þessum stutta tíma. Ég hef sýnt fram á það, herra forseti, að vaxtabótakerfið er í mörgum tilvikum miklu óhagstæðara fyrir einstaklinga og einstæða foreldra ef þeir kaupa sér íbúðir yfir 5–6 millj. kr., ofan á allt það sem við höfum farið í gegnum varðandi húsnæðisfrv. félmrh. Þannig að ef þetta bætist við í dag er full ástæða til að ríkisstjórnin taki það til alvarlegrar skoðunar að fresta öllu þessu máli fram á haustið.

[15:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Megininntakið í þessum breytingum eða stór hluti af því er náttúrlega að menn eru að losa sig við óþarfa kostnað þannig að fjármunirnir sem fyrir hendi eru nýtist húsbyggjendum og íbúðarkaupendum sem best en tapist ekki í kerfinu sjálfu. Það hljóta menn almennt að telja að sé til bóta. Þegar nefnt er að í athugasemdum fjmrn. sé ekki gert ráð fyrir þeim fjármunum sem lúti að þeim lánum sem eru fyrir hendi nú og niðurgreiðslum vegna þeirra, þá er það einmitt vegna þess að frv. breytir ekki slíku. En menn eru jafnbundnir af því eins og menn hafa verið hingað til, án tilkomu þessa frv. Það gefur auga leið.

Varðandi hins vegar sparnað þá verða menn náttúrlega að gera ráð fyrir þeim tölum sem falla til í framtíðinni ef frv. verður ekki samþykkt.

Og varðandi síðasta atriðið sem hv. þm. spurði um þá eru menn að byggja á þeirri stöðu sem upp er komin þegar frv. hefur verið samþykkt. Menn vissu því að hverju þeir gengu áður og menn vita að hverju þeir ganga eftir að frv. hefur verið samþykkt.

[15:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist forsrh. staðfesta að hér eigi að vera tvö vaxtabótakerfi í gangi, annars vegar fyrir þá sem eru fyrir í kerfinu og þá sem koma nýir inn á þessu ári. Þeir eiga að búa við það að vaxtabætur þeirra komi ekki fyrr en einu til einu og hálfu ári seinna. En hinir sem bíða til fyrsta mánaðar á næsta ári fá vaxtabótagreiðslur strax eftir þrjá mánuði. Allir sem eru í húsnæðishugleiðingum í dag hljóta því auðvitað að bíða til næstu áramóta til þess að fá vaxtabótagreiðslurnar greiddar samtímis. (**SvG:** Loka fasteignasölunum.)

Og ég skil ekki orð hæstv. forsrh. um að verið sé að gera þetta til þess að „losa sig við óþarfa kostnað" svo hann tapist ekki. Hver eru vanskilin hjá Byggingarsjóði verkamanna? Þau voru árið 1998 0,9% af útlánum sem eru upp á 49 milljarða, 0,9%. Hver voru útlánatöpin hjá sjóðum fyrirtækjanna sem mæld voru á árunum 1992–96? Þau voru 22 milljarðar. En sjóðir fólksins töpuðu 65 millj. Þetta eru því engin rök,

herra forseti. Og vanskil hjá þeim sem hafa fengið 100% lán, sem mikið er nú gert með, voru ekki nema 17%. Og af 600 lánum sem eru í gangi hjá þeim sem hafa fengið 100% lán þá hafa 15 íbúðir farið á uppboð.

En hæstv. ráðherra hann svaraði ekki meginspurningu minni og því sem aðallega kom fram í máli mínu: Telur ráðherrann að það komi til greina að hækka þakið á vaxtabótunum hjá einstaklingum eða einstæðum foreldrum ef í ljós kemur að útreikningar, sem ég hef hér sýnt fram á og sýna verulega aukningu á greiðslubyrði hjá þessu fólki miðað við nýtt niðurgreiðslukerfi, þ.e. bæturnar, eru réttir? Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því að þetta þak verði hækkað þannig að einstaklingarnir og einstæðu foreldrarnir verði jafnsettir eftir sem áður, eins og hæstv. félmrh. heldur fram?

[15:07]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að þessi tvö kerfi munu ganga samhliða og samsíða um allnokkurt skeið eins og gefur að skilja þar til hið nýja kerfi tekur endanlega yfir af yfir hinu gamla. Þeir sem voru staddir í gamla kerfinu vita hvar þeir stóðu. Það er ekki verið að hafa af þeim neinn rétt. Og þeir sem fara í nýja kerfið vita hvar þeir standa og við erum að bæta rétt þeirra miðað við það sem áður var, að okkar mati, þannig að það horfir til bóta. Eins erum við að spara í margvíslegum milliliðakostnaði, eins og ég hef áður nefnt, í því kerfi sem nú er og óhagkvæmt er og þeir peningar munu auðvitað nýtast betur til húsbyggjenda og íbúðareigenda en áður var. Auðvitað má endalaust segja að það vanti frekari dæmi og útfærslur og reikninga en við getum líka búið til dæmi sem ekki fá staðist í raun. Við vitum öll að einstaklingar með 800 þús. kr. árslaun, eins og hv. þm. nefndi, hafa ekki bolmagn til að kaupa íbúð upp á 7–9 millj. kr. Við höfum séð marga tragedíuna sem hefur átt sér stað þegar fólk hefur otast út í slíkt án þess að hafa nægilegar forsendur til þess. Það hefur því ekki mikið að segja að vera að tosa íbúðarkostnaðardæmin upp úr öllu valdi og launaþáttinn niður úr öllu valdi og reyna síðan að búa til einhver dæmi sem standa hrikalega á blaði hvað það varðar. Það eru ekki efnisleg rök í málinu að mínu viti. Við vitum og það liggur fyrir að fólk með 800 þús. kr. árslaun er ekkert í færum um það, ef það á ekkert annað fé af öðrum ástæðum ... (**JóhS:** Með 1.900 þús. líka.) Já, það kom nú þarna í restina. En þetta fólk sem ég nefni og lögð var höfuðáhersla á hjá hv. þm. er ekki í færum um að kaupa slíkar íbúðir. Við eigum ekki að gefa í skyn að hitt kerfið, gamla kerfið, hafi auðveldað fólki með þær tekjur að kaupa slíkar íbúðir. Það gerði það ekki. Það var alls ekki fært um það og það á ekki að vera að gefa það í skyn.

[15:09]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst málflutningur forsrh. afar sérstæður og mér finnst að hæstv. forsrh. þurfi að kynna sér miklu betur tölulegar staðreyndir á bak við bæði þetta frv. og frv. hæstv. félmrh., kynna sér vanskil, eins og ég var að nefna, útlánatöp o.s.frv. Vissulega er það svo í þessu kerfi sem og mörgum öðrum að sumum gengur ekki vel en þeir eru ekkert voðalega margir. Útlánatöp sýna það. Vanskil fólks sýna það, 0,9% af 49 milljörðum eru ekki mikil útlánatöp, ekki til þess að kollvarpa kerfinu og kollvarpa allri félagslegri aðstoð á Íslandi.

Ég sýndi fram á miðað við tekjuviðmiðun í félagslega kerfinu sem er frá 800–1.900 þús. kr., að ef þetta fólk, t.d. einstæðir foreldrar, þó það sé með 1.500 þús.–1.700 þús. kr. í tekjur, kaupir íbúðir yfir 5–6 millj. þá er það verr statt með vaxtabótunum en núverandi niðurgreiðslum. Það munar mismunandi miklu, allt frá nokkrum þúsundum upp í 63 þús., jafnvel þó það sé með 1.500 þús. kr. í tekjur. Og það er út af þessu þaki. Það má ekki greiða hærri vaxtabætur en 184 þús. jafnvel þó að fólk sé með þessar tekjur þannig að mér finnst að forsrh. þurfi að skoða málið miklu betur.

[15:11]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég gæti trúað því að fleirum væri farið eins og mér núna, að koma á óvart þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Að minnsta kosti var það svo að í langri húsnæðisumræðu í síðustu viku fagnaði ég einu atriði mjög mikið og það voru svokallaðar samtímagreiðslur vaxtabóta. Þó að menn leggi vissulega þann skilning í samtímagreiðslur að þær séu frekar mánaðarlegar greiðslur, þá er það mjög mikil bót að vaxtabætur eru greiddar út oftar ári en verið hefur. Það eru 3–4 ár síðan farið var að hreyfa því og leita eftir því við fjmrn. að skoðaðir yrðu möguleikar á samtímagreiðslum þannig að það nýttist betur fólki í húsnæðiskaupum.

Það er svo skrýtið að þrátt fyrir að maður hafi staðið hér og fagnað þessari gjörð þá var það ekki leiðrétt að hér var í raun og veru aðeins átt við félagslegu lánin, að enn væri óljóst hvernig yrði með alla þá sem eru á húsnæðismarkaði og fá vaxtabætur árlega. Ég harma, virðulegi forseti, að í svo langri og ítarlegri umræðu þar sem þetta kom oftar en einu sinni fram, skuli ekki hafa verið upplýst hvernig málum er háttað með þá sem þegar eru komnir í kerfið.

Auðvitað er frv. sem hér er lagt fram og mælt hefur verið fyrir hluti af þeirri stóru og löngu húsnæðisumræðu sem við tókum í síðustu viku og mjög stór hluti þeirrar pólitísku húsnæðisstefnu sem ríkisstjórnin er núna að setja fram. Þess vegna vekur það sérstaka athygli að þessu stóra máli, vaxtabótunum, skuli fylgt úr hlaði með fimm mínútna ræðu. Það er öll skýringin. Lesið var að nokkru leyti upp úr greinargerðinni og það er öll skýringin sem ríkisstjórnin telur að þurfi að koma á framfæri varðandi þessa miklu pólitísku breytingu að flytja beina niðurgreiðslu á lánum til félagslegra íbúða yfir í vaxtabætur.

Hitt er svo annað og allt annað mál að hæstv. forsrh. er vorkunn að taka þátt í þessari umræðu og taka það að sér að flytja þetta mál í fjarveru fjmrh. því auðvitað er hann alls ekki í stakk búinn að taka djúpa pólitíska umræðu um húsnæðismál eða vaxtabætur.

Þegar þetta frv. kom á borð okkar þingmanna þá leit það sakleysislega út við fyrstu sýn. Satt best að segja taldi ég þegar ég var búin að lesa þetta frv. að núna í upphafi kerfisbreytingarinnar ætti að niðurgreiða með vaxtabótunum nokkuð líkt og niðurgreiðsla vaxta er í félagslega kerfinu í dag. Þegar ég las dæmin á bls. 3, virðulegi forseti, sem eru svo vanbúin að ein lína er höfð um hvert tilfelli, að vísu eru sjö dæmi um hjón sem eru með misjafnar tekjur og misjafnt húsnæðisverð, tvær línur, tvö dæmi um einstætt foreldri og tvær línur, tvö dæmi um einstaklinga. Þrátt fyrir það ef maður tók þessi dæmi og leit bara á tölurnar og gaf sér að hlutfallslega væri þetta staðan hjá öllum og las greinargerðina var full ástæða til að trúa því að niðurgreiðslan með vaxtabótum

yrði svipuð í upphafi og í kerfinu. Ég hefði alveg skilið að ríkisstjórnin hefði valið að gera sem minnstar breytingar þar á í upphafi vegna þess að auðvitað vitum við að allt önnur staða verður til þess að gera breytingar á þessu í gegnum vaxtabæturnar síðar ef menn vilja föndra meira við það hvað á að greiða niður af húsnæðislánum fólksins í landinu.

Um leið og ég tek undir, virðulegi forseti, með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að dæmin eru fátækleg er það líka staðreynd að það virðist sem ákveðnir hópar fái allt öðruvísi niðurgreiðslu í gegnum vaxtabótakerfið en aðrir. Við getum tekið þessi sjö dæmi fyrir hjón og það virðist nokkurn veginn vera líkt hver staða þess fólks verður miðað við þær tekjur og það húsnæðisverð sem þar birtist en húsnæðisverðið, virðulegi forseti, er á bilinu frá 4,5 millj. og upp í 8 millj. Það virðist vera að viðkomandi komi nokkuð líkt út í vaxtabótunum eins og þær eru settar fram hér.

Svo er það einstæða foreldrið. Þá er staðan önnur. Ég kemst ekki hjá því, virðulegi forseti, að sú hugsun sækir á að höggvið sé í sama knérunn, þ.e. ekki þarf að passa þann sem minnst hefur. Við bentum á það í húsnæðisumræðunni að mjög margir detta utan við kerfið eftir breytinguna og við fórum ítarlega gegnum það og því fólki og þeim fjölskyldum sem okkur sýnist að geti verið hundruð fjölskyldna er vísað á vanbúinn leigumarkað þar sem félagslegar leiguíbúðir eru alls ekki nægilegar og þar sem átakið a.m.k. í viðmiðunarumsögn fjmrn. eins og hæstv. forsrh. komst svo skemmtilega að orði er 50 íbúðir næstu tvö árin.

Þegar ég nefni þetta má ég líka til með að koma inn á annað sem hefur áhrif á hverjir detta út. Við settum fram dæmi eftir að hafa skoðað þessi mál nokkuð ítarlega og bentum á hundruð fjölskyldna sem fengju ekki inni í kerfinu en þá var líka miðað við þau mörk á greiðslubyrði sem gilda í kerfinu í dag. Þingmaðurinn Arnbjörg Sveinsdóttir hafði orð á því að það væri sérkennilegt að lágtekjufólkið bæri lægri greiðslubyrði af því að mörkin eru 28% á meðan greiðslubyrðin í almenna húsnæðiskerfinu er 18%, það væri undarlegt að ætla fólkinu að komast af með miklu hærri byrði. Staðreyndin er sú, og það sjá allir sem skoða það sem við höfum verið að setja fram, að vanskilin eru ótrúlega lítil hjá mestu lágtekjuhópunum og sýnt var fram á það í umræðunni að hjá 600 fjölskyldum sem höfðu fengið 100% lán og margar þeirra á þessum launum, kannski 60–70 þús. kr. mánaðartekjum, voru vanskilin ekki nema 17%. Ég held að það mætti bera þetta saman við vanskil mjög víða til þess að sýna fram á að þarna væri ekki verri staða en hjá öðrum.

Þá er mjög alvarlegt, virðulegi forseti, þegar við höfum farið yfir þetta miðað við greiðslubyrðina eins og hún er í dag, að er enn þá öllum hulið við hvaða greiðslubyrði á að miða vegna þess að félmrh. hefur sagt að nefnd sé að störfum sem eigi að meta hvaða hlutfall verði miðað við í hinu nýju kerfi. Það liggur fyrir að það er ekkert víst að það verði 18% eða 28%, hvort það verður eitthvað þar á milli hefur ekki komið fram og skekkir enn myndina í vanbúinni umræðu sem við höfum þó reynt að skýra eins og okkur er unnt. Í þessari stöðu hljóta allir að sjá hversu alvarlegt það er að dæmin sem Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir í ræðu sinni áðan sýna hækkun útgjalda fólks á þessum svokölluðu félagslegu kjörum um allt að 60–70 þús. kr. á ári. Þarna hafa verið tekin dæmi um einstæða foreldra með eitt eða tvö börn þar sem útgjöldin til hinnar félagslegu íbúðar hækka úr 162 þús. í 214 þús., þ.e. um 52 þús. kr. á ári en þetta er 32% hækkun hjá þessum hópi, virðulegi forseti, og ég bið þingmenn að taka eftir því.

Þá kemur hæstv. forsrh. og segir: Þetta er svo tekjulágur hópur. Það er vafamál hvort á að vera að hjálpa fólki með svo lágar tekjur inn í íbúðir vegna þess að fólk með lágar tekjur á ekki möguleika á því að koma sér upp íbúð. En ef fólkinu er gert það kleift þrátt fyrir það — (**Forsrh.:** Ég sagði þetta ekki.) Ég skildi ráðherrann svo og ég biðst velvirðingar á því ef ég hef skilið hann rangt að það ætti ekki að vera að leggja það á fólk með 1 millj. kr. í tekjur — (**Forsrh.:** Ég tók dæmi upp á 8 millj. kr. íbúð.) Sem betur fer er enn hægt að fá, virðulegi forseti, sæmilega viðunandi íbúðir fyrir innan við 8 millj. kr. en það er alveg ljóst að fyrir fjölskyldu með börn er ekki hægt að fá mjög góðar íbúðir ef þær eru komnar mikið niður fyrir 6 eða 5,5 millj. eins og tekið er dæmi af. En engu að síður sýnist mér að það eigi að gera þessu fólki kleift að fara inn í kerfið. Þá er alveg ljóst að hópur með þessar tekjur og íbúð upp á 7 millj. kr., við skulum bara gefa okkur að þetta sé einstætt foreldri með tvö til þrjú börn, þá hækka útgjöld hjá slíkum einstaklingum um 52 þús. kr. og það er 32% hækkun. Þar sem forsrh. hefur oft og tíðum verið nokkuð mikill talsmaður lítilmagnans, láglaunahópanna og komið fram og sagt „svona gerir maður bara ekki" þá verð ég að viðurkenna að mér finnst fremur hastarlegt fyrir þann sama ráðherra að þurfa að mæla fyrir frv. sem hækkar byrðina á láglaunafólki um þessar prósentur á ári og um þessa fjárhæð sem er afskaplega há fyrir hópa af þessu tagi.

En hvað ætli þetta sé stór hópur og hvaða hópur er þetta? Við vitum að þetta er láglaunahópur. Við vitum að þetta eru einstæðir foreldrar með börn. Í dæmunum eru sem sagt tvær línur um einstætt foreldri. Annars vegar er hann að kaupa íbúð sem kostar 5,5 millj. og hins vegar 6 millj. Það kemur upp úr kafinu að um 60% þeirra sem eiga heima í þessum hópi búa í íbúðum sem eru dýrari en þetta. Ekki er víst að þetta fólk hafi endilega valið það. Það er bara verðið sem er t.d. á höfuðborgarsvæðinu, 60% af hópnum. Þetta er m.a. það sem er alvarlegt í þessu dæmi, í þessu frv. sem er svo vanbúið að við þingmenn, sem viljum gera vel og fara raunhæft niður í þessi mál, eigum mjög erfitt með það og verðum að leita langt út fyrir til þess að láta vinna fyrir okkur dæmi sem byggjandi er á.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir óskaði hæstv. forsrh. til hamingju með að hæstv. félmrh. framfylgir stefnu Sjálfstfl. Af því að forsrh. hafði ekki tök á að vera viðstaddur umræðuna um húsnæðismál sem stóð lungann úr þremur dögum, þá langar mig, virðulegi forseti, að upplýsa hann um að við höfum lesið upp úr landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. í húsnæðismálum og þar er þetta allt. Þar eru áformin um að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins, þar eru áformin um að sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins í einn Íbúðalánasjóð og þar er reyndar ákvæði um að þann sjóð eigi að einkavæða árið 2000. Mér dettur ekki í hug að það gerist árið 2000 af því að þetta mál er svo seint á ferðinni á kjörtímabilinu en vissulega gerum við okkur grein fyrir því hvaða boðskapur felst í gjörðunum og hvað muni gerast einhvern tíma síðar á næsta kjörtímabili, ef guð lofar, séð frá sjónarhóli þeirra sem stjórna hér. Þess vegna er ég ekki að segja forsrh. neinar fréttir þegar ég upplýsi hvað er í stefnuskrá Sjálfstfl. en ég hef gaman af að tjá mig um það að í stefnuskrá Framsfl. er ekkert um þessa stefnu að finna enda hefur það vakið athygli okkar þingmanna að framsóknarmennirnir hafa ekki sést við umræðuna um húsnæðismál fyrr en í dag að Siv Friðleifsdóttir situr þessa

umræðu og fylgist með. Framsóknarmenn hafa ekki mikið látið sjá sig við umræðuna og alls ekki tekið þátt í henni en það hafa nokkrir sjálfstæðismenn gert og einn fagnað alveg sérstaklega.

Það hefur líka komið fram að húsnæðisnefndir eru að skoða hverjir af biðlistunum komast inn í nýja kerfið og við fyrstu sýn virðast alvarlegar niðurstöður blasa við. Vissulega munum við afla okkur útreikninga frá sem flestum þeirra og upplýsinga þegar þessi mál liggja ítarlega fyrir.

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þetta húsnæðisfrv. og breytingin á húsnæðiskerfinu sem hér er verið að gera sé miklu stærri breyting en stjórnarliðar gera sér almennt grein fyrir. Stór hópur fjölskyldna sem áður fékk inni í félagslega kerfinu fellur út og það er stór hópur fjölskyldna sem er öðruvísi staddur en þeir sem eru í hinu hefðbundna félagslega kerfi sem hefur fengið inni í kaupleiguíbúðunum en þær hafa verið afar mikilvægar fyrir vinnusamt duglegt fólk sem hefur lent í einhverjum alvarlegum áföllum, jafnvel uppáskriftum fyrir ættingja og hefur misst eigur sínar og á ekki inni í bankakerfinu vegna þess. Þetta fólk hefur komist inn í almennu kaupleiguíbúðirnar, fengið fimm ára leigusamning með samningi um kaup ef fólk kýs svo. Þetta fólk á allt að svara því fyrir árslok hvort það ætli að kaupa íbúðirnar eða ekki þó það sé nýkomið inn á þennan fimm ára samning. Þessu fólki er öllu úthýst í nýja kerfinu vegna þess að þetta fólk sem er með skuldir á bakinu út af áföllum sem það hefur jafnvel ekkert ráðið við sjálft á engin 10% til þess að leggja í húsnæði. Hópurinn sem fellur út er þess vegna margbreytilegur og hann er stór.

Bent hefur verið á til viðbótar að einstæðir foreldrar verða fljótlega varir við það þak sem er í vaxtabótakerfinu að þegar íbúðarverð fer upp fyrir 6 millj. kr. fá þeir þar með minni niðurgreiðslur. Það er mjög alvarlegt, virðulegi forseti, að það skuli vera komið með þetta frv. svo seint á þingtímanum og það liggur greinilega fyrir að það eigi að afgreiða málið þrátt fyrir að við höfum bent á vankantana. Við höfum bent á mjög alvarlega ágalla á frv. og hversu mikilvægt er að þetta sé skoðað að það sé reiknað út hvaða hópar falla utan við. Hvað þýðir þetta nýja kerfi og að unnið sé vel að þessu máli? Ég er þeirrar gerðar að ég held alltaf að hvar í flokki sem fólk er og hvaða stefnu sem það hefur vilji það búa til kerfi og búa til samfélag þar sem allir eiga möguleika og þar sem öllum er ætlað pláss. Þess vegna er sannfæring mín að það sé líka vilji þessarar ríkisstjórnar og hæstv. forsrh.

Þegar skipt er um kerfi er afskaplega erfitt að gera breytingarnar það skipulega að maður sé viss um að rétt sé að farið. Í húsnæðisumræðunni lýsti ég því hvernig ég, sem fulltrúi flokks míns í efh.- og viðskn. og stjórnarliði, átti þátt í að gera breytingar á vaxtabótakerfinu. Þar var tekist á en ekki hlustað nægilega vel á gagnrýnisraddir. Þegar ég settist svo niður yfir útreikninga og hið nýja kerfi hafði verið lögfest sá ég dæmi sem ég ætla eftir þessa umræðu að gefa forsrh. *Í því voru tekjur hjóna innan við 2,5 millj., eignirnar* um 8 millj., skuldir vegna íbúðar 3 millj. og vaxtagreiðslur tæpar 350 þús. Með lögunum sem ég tók þátt í að breyta fóru vaxtabætur þeirra úr 166.680 kr. niður í 63.822 kr. Ég ætlaði ekki að gera þetta. Ég gerði þetta.

Þegar ætlunin er að breyta stórum samfélagsþáttum þarf tíma. Ég vildi óska að sérhver ríkisstjórn setti sér það markmið að koma með slíkt frv. svo snemma að tími gefist til að skoða málið frá öllum hliðum. Þannig væri öllum ljóst hvort þeir væru að gera rétt. Það er ósk mín og ég hvet forsrh. til að beita sér fyrir því að skoða frv. í sumar og leggja það fram í nýjum búningi í haust.

[15:32]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það sé rétt mat hjá hv. þm. að þingmenn leitast hér yfirleitt við að gera sitt besta varðandi þau mál og störf sem hér eru unnin. Svo ég tæpi á því sem nefnt var varðandi töfluverkið í því frv. sem hér er til umræðu. Þar er jú aðeins um eina töflu að ræða og hún er sjálfsagt takmörkuð. Ég vek athygli á að í frv. er vísað í þau töfluverk sem fylgdu frv. hæstv. félmrh. Menn hafa almennt verið sammála um að þessi frv. hljóti að skoðast í samhengi og saman. *Í þriðja lagi veit hv. þm. af sinni víðtæku* reynslu í nefndastörfum þingsins að af hálfu ráðuneytanna verður engin fyrirstaða að fá þær töflur útreiknaðar fyrir störf nefndarinnar sem þingmenn kjósa.

[15:33]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru töfluverk í frv. félmrh. og þau eru í tölum. Hins vegar eru þar einnig línurit sem sýna gífurlega hækkun á greiðslubyrði eftir nokkur ár. Strikið fer bara hátt upp fyrir þá línu sem hér má sjá. Það er alveg sama hvaða línurit er tekið. Alls staðar hækkar greiðslubyrðin gífurlega, ýmist fyrr eða síðar eftir því hvernig dæmi er tekið. Sumir segja: Þetta er kannski ekki svo alvarlegt vegna þess að það er svo algengt að fólk flytji sig úr félagslegu íbúðinni áður en það hefur búið í henni meira en 8, 10 eða 12 ár. En þarna er ekki verið að koma á félagslegum íbúðum. Nú á að setja á félagsleg lán, þ.e. félagsleg lán í andhverfu sinni, vegna þess að þetta eru bara markaðslán með hefðbundnum niðurgreiðslum vaxta. Þess vegna hlýtur það að vera þannig að þau lán muni fylgja fólkinu jafnvel þótt það skipti um íbúð eins og við gerum einhvern tímann á lífsleiðinni. Fólk fer ekki úr íbúð í kerfi. Það hefur tekið lán, 90% af einhverri upphæð og flytur sig e.t.v. yfir í stærri íbúð. Það flytur þá væntanlega lánið með sér, ef kjörin bjóða upp á það. Ég bendi því forsrh. á að þetta er sama taflan og línuritin eru mjög skuggaleg.

Varðandi það hvort nefndir þingsins geti skoðað málin þá veit ég allt um það. Ég hef löngum setið í nefnd og skoðað bæði mál og dæmi.

Í félmn. eru nú stærstu mál þingsins. Það eru hálendisfrv., sveitarstjórnarfrv. með bráðabirgðaákvæði um sveitarfélög alveg upp á jökla. Það er mjög stórt mál og stendur til að halda aukafundi um það. Síðan á þetta mál að bætast við auk máls sem mér finnst mjög stórt, þ.e. framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum sem bíður þess að vera unnin.

[15:35]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að það fólk sem væri með lán í félagslega kerfinu spennti bogann til hins ýtrasta. Það spannst út frá umræðunni um það að greiðslumat þar væri 28% og því þyngri greiðslubyrði hjá því fólki. Það mun vera alveg rétt. Ég vitna í skýrslu nefndar um félagslegar íbúðir sveitarfélaga, en þar stendur m.a. á bls. 11, með leyfi forseta: „Á árinu 1996 voru 30% af öllum uppboðsíbúðum Húsnæðisstofnunar félagslegar eignaríbúðir. Sambærilegar hlutfallstölur fyrir árið 1995 eru 23% og árið 1994 um 21%. Miðað við að hlutfall félagslegra eignaríbúða er um 8% af íbúðum landsmanna er augljóst að greiðsluvandi íbúa í félagslegum eignaríbúðum er mikill. Þetta sést einnig á umsóknum til Ráðgjafarstofu

um fjármál heimilanna en eins og áður var vikið að voru á fyrsta starfsári stofunnar 23,5% afgreiddra umsókna vegna eigenda félagslegra eignaríbúða."

Þetta sýnir, hæstv. forseti, að vandi þessa fólks er mjög mikill. Benda mætti á að kröfulýsingar Húsnæðisstofnunar vegna íbúða hjá Byggingarsjóði verkamanna voru árið 1996 vegna 181 íbúðar.

[15:37]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem betur fer hefur það komið í ljós, með nýlegri skýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins, að vanskil hafa minnkað mjög hjá íbúðalánasjóðunum. Það gildir þá báða og því ber að fagna. Eins var bent á að líkt og annars staðar hefðu vanskil aukist þegar hið mikla samdráttarskeið sem við þekkjum ósköp vel reið yfir. Auðvitað hlýtur það að hafa bitnað á fólki í félagslegu kerfi eins og öðrum og ég ætla ekkert að leggja mat á þær tölur sem þingmaðurinn nefndi. Þetta snýst ekki um það hvort mikil vanskil séu í félagslega kerfinu eða annað. Þar þarf að bæta ýmislegt. Ekkert okkar hefur varið algerlega óbreytt kerfi. Við höfum bara sagt: Það á ekki að kasta því fyrir róða eins og ætlunin er að gera.

Hið mikilvægasta við orð þingmannsins er að ekkert á að gera fyrir þennan hóp. Það á að tryggja að láglaunamaðurinn fari nú ekki að kaupa sér íbúð í óþarfa sem hann lendir kannski í vanskilum út af. Hann má fara á leigumarkað. Við höfum spurt: Hvaða leigumarkað? Og það er ekki þannig að fyrst séu teknar ákvarðanir um að leggja í svo og svo stórt átak um byggingu leiguíbúða sveitarfélaga, einkaaðila eða hvað það nú væri sem þessi ríkisstjórn myndi kjósa. Nei. Aðeins hefur verið rætt um 50 íbúðir í viðmiðunarumsögn fjmrn. Þess vegna er hópnum sem þingmaðurinn talaði um vísað á kaldan klaka.

[15:39]

**Arnbjörg Sveinsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held það sé alger misskilningur að þarna þrengist um og færri komist að í þessu kerfi. Ég held þvert á móti komist fleiri að vegna þess að greiðslubyrðin er lægri á fyrstu árunum og jafnvel fyrstu 20–25, 30 árin. Þar að auki þarf þetta fólk ekki að bíða eftir að byggt verði inn í kerfið. Það getur farið út á frjálsan markað og keypt þær íbúðir sem það óskar eftir. Það heftir ekki þann fjölda sem fer inn í kerfið. Samkvæmt því sem hér hefur komið fram eru langir biðlistar inn í félagslega íbúðakerfið. Ef það er rétt ætti kosturinn á að fara á almennan markað frekar að hleypa fleirum inn í kerfið.

[15:40]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það segir sína sögu þegar stjórnarliði, fulltrúi í félmn. efast um að biðlistar séu eftir því að komast í núverandi kerfi. Hver einasti maður sem áhuga hefur á að setja sig inn í þessi mál veit að það eru mjög miklir biðlistar í Reykjavík og öllum stóru sveitarfélögunum þar í kring. Það hefur komið fram í skýrslum, í blöðum og alls staðar, þannig að það er undarlegt að heyra að þingmaðurinn hafi efasemdir í þeim efnum.

Við höfum sýnt fram á að greiðslubyrðin er svipuð framan af en eykst svo í þessu nýja kerfi. En alvarlegast er hve stórir hópar lenda utan við og bráðabirgðaskoðun í nokkrum húsnæðisnefndum sýnir að einungis lítill hluti þeirra sem eru á biðlista muni komast þarna inn. Við höldum því fram að ef gera á svona mikla kerfisbreytingu í stórum samfélagsþætti eins og húsnæðiskerfi landsmanna er þá verður að bregðast við þeim þætti. Ef maður ákveður með pólitískri ákvörðun að svona stór hópur fari út úr kerfinu, þá verður að ætla honum stað annars staðar. Þessi ríkisstjórn ætlar honum ekki nokkurn stað. Hún slær hann bara af og ekkert kemur í staðinn nema 50 leiguíbúðir á tveimur árum. Virðulegi forseti, 50 íbúðir á tveimur árum eru 25 íbúðir á ári.

[15:42]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu það bragarbótarfrv. sem ríkisstjórnin hyggur að sé til mótvægis við áhrifin af öðru frv. sem hún flytur um húsnæðismál. Málið er þannig kynnt fyrir okkur að samanlagt séu áhrifin þau að enginn standi verr en áður og einhverjir kannski betur. Jafnvel ríkissjóður stendur í sömu sporum, hann leggur ekkert meira út en hann áður gerði og sparar ekkert frá því sem nú er. (**ArnbS:** Bætir inn í kerfið.) Bætir inn í kerfið? Hvað miklu? (**ArnbS:** Nokkrum milljörðum.) Nokkrum milljörðum. Nú, það er ekkert annað. Menn ætla heldur betur að gera bragarbót ef þeir bæta slíkum fjármunum í húsnæðislánakerfið.

Ég verð þó að segja, vegna þessa framíkalls, að ég hef nú ekki getað séð þær fjárhæðir eða lesið af þeim frv. sem málið varðar eða þeim greinargerðum sem fyrir liggja frá fjmrn. um fjárhagsleg áhrif þessara frv. Það væri þá ástæða til þess fyrir hæstv. forsrh. að rekja í fáeinum orðum hve háar fjárhæðir er um að ræða til viðbótar við það sem orðið hefði að óbreyttu og til hverra þessar fjárhæðir renna.

Það er augljóst mál af umræðunni í dag og hinni löngu umræðu um húsnæðismál um daginn að ekki eru margir þingmenn þeirrar skoðunar að frv. bæti fjármunum í kerfið. Ég vil hryggja menn með því að segja að ég hef heldur ekki komið auga á að þessi sannindi sé að finna í þessum tveimur málum.

Um þetta kerfi, vaxtabótakerfið, sem byggir á því að hafa annars vegar markaðsvexti og síðan beina ríkisstuðningi til íbúðarkaupenda í gegnum vaxtabætur, vil ég fyrst segja að ég er ekki mjög hrifinn af fyrirkomulaginu. Á þessu eru miklir gallar. Ég bendi á að þetta kerfi grundvallast á því að húsnæðiskaupendur taki lán. Forsenda fyrir stuðningi er að menn steypi sér í skuldir.

Að mínu viti er það ekki mjög gæfulegt kerfi sem grundvallast á því að menn veiti einstaklingum stuðning ef þeir setji sig í skuldir áður. Hér er því um að ræða kerfi sem grundvallast á þeirri hugsun að menn þurfi að stofna til skulda. Það er að mínu viti ekki rétt markmið. Rétt markmið er að styðja menn til að eignast íbúðir og það á að beina þeim stuðningi beint til þessa markmiðs en ekki til einhverra hliðarmarkmiða eða annarra markmiða eins og það að koma mönnum í skuldir.

Í öðru lagi er dálítill vandi að dreifa stuðningi ríkisins réttlátt þegar svona er því að aðstæður eru mjög margbreytilegar eftir tekjum og öðrum fjölskylduaðstæðum. Það er því mjög vandasamt að miða út dreifingu fjárhæðarinnar sem ætluð er í þessu skyni þannig að hún verði eins og menn ætla.

Einfaldasta kerfið er það sem við höfum búið við, sem er einfaldlega að láta stuðninginn koma fram í lægri vöxtum. Það er miklu einfaldara og það er miklu ódýrara. Það þarf ekki að koma upp sérstöku tölvukerfi til þess að reikna út alla vextina sem íbúðarkaupendurnir hafi þurft að greiða. Þeir þurfa ekki að hafa fyrir því að draga þau gögn saman og telja það fram í skattframtali sínu og skattstofurnar að fara yfir það. Síðan tilheyrandi bréfaskriftir á milli framteljenda

og skattstofu áður en ákvörðuð er vaxtafjárhæðin sem til greina kemur, og síðan er annað kerfi sem greiðir út bætur eftir þessu. Það þarf því bæði kostnað og mannafla við að koma þessum peningum út. Einfaldasta kerfið er að hafa fasta vexti.

Ef við trúum því sem ríkisstjórnin segir að hún ætli að gera breytingar sem kosta 1.200 millj. kr. öðrum megin og koma síðan með mótvægisaðgerðir sem kosta 1.200 millj. hinum megin þannig að nettótalan sé núll í breytingunni, hver er þá tilgangurinn? Ef allir eru jafnsettir eftir breytingu eins og þeir voru fyrir breytingu, hver er þá tilgangurinn, herra forseti? Ef við breytum kerfi með föstum vöxtum yfir í annað kerfi með markaðsvöxtum og endurgreiðum hluta af vöxtunum, hver er tilgangurinn?

Herra forseti. Ég trúi því bara ekki að það sé tilgangur ríkisstjórnarinnar að útkoman úr dæminu verði núll.

Ég held að tilgangur ríkisstjórnarinnar sé sá að einhverjir fái minna eftir breytinguna en þeir fá núna fyrir breytingu. Ég segi það fullum fetum, herra forseti, að ég legg ekki trúnað á þetta markmið. Menn eru ekki að gera þessa breytingu með þeim kostnaði sem því tilheyrir bæði í rekstri og þeirri fyrirhöfn að koma henni á nema fyrir ríkisstjórninni vaki það markmið að einhverjir þeirra sem í dag búa við fasta vexti eigi að vera verr settir eftir breytingu en núna. Það getur ekkert annað markmið verið með því fyrirkomulagi.

Ég vil, herra forseti, aðeins forvitnast nánar um hvernig ríkisstjórnin hyggst leysa fjárhagslega stöðu byggingarsjóðanna eftir breytingu. Það kemur fram í grg. fjmrn. með frv. að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna sem nemur 275 millj. kr. eigi að falla niður þegar í stað. Það hefur verið rifjað upp að fjárhagsstaða þess sjóðs var stillt af, miðað við tilteknar forsendur árið 1993, um fjölda framkvæmdalána ár hvert, um vexti á útlánum sjóðsins og um greiðslur úr ríkissjóði til þess að núllstilla sjóðinn. Það var niðurstaða þáv. ríkisstjórnar og þáv. fjmrh., sem enn er sá sami, að það þyrfti, á verðlagi í dag, að greiða um 1.300 millj. kr. ár hvert úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs verkamanna til að ganga ekki á eigið fé þess sjóðs.

Þetta hefur verið skert, ekki bara einu sinni síðan 1993, heldur hvert einasta ár síðan 1993. Skerðingin á þessu ári er um liðlega 1 milljarður króna, enda gera fjárlög íslenska ríkisins ráð fyrir því að um 800 millj. kr. halli verði á rekstri Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári.

Nú á ekki að leggja neitt framlag í sjóðinn í framtíðinni, engar 275 milljónir eins og á þessu ári. Það á ekki, segir hæstv. forsrh., að breyta vöxtum á þeim lánum sem þegar eru útistandandi, þannig að sjóðurinn á ekki að fá inn meiri tekjur í gegnum hærri vexti. Þá spyr ég: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að komast hjá því að Byggingarsjóður verkamanna verði gjaldþrota á fáeinum árum eftir þessa breytingu? Hvar eru peningarnir sem þarf til þess að standa undir skuldbindingum sjóðsins? (Gripið fram í.) Hér segir hinn spakvitri utanflokkaþingmaður, formaður félmn.: Taka þá úr Byggingarsjóði ríkisins. (**Gripið fram í:** Það á að sameina sjóðina.) Minni ég þingmanninn á að samkvæmt fjárlögum íslenska ríkisins fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að tap af rekstri Byggingarsjóðs ríkisins verði 874 millj. kr. á þessu ári. Ég segi nú, herra forseti, að þangað er ekki mikla peninga að sækja til að borga tapið á Byggingarsjóði verkamanna. Þegar báðir sjóðirnir eru reknir með miklu tapi sem nemur 1.674 millj. kr. á þessu ári, og verða það á næstu árum að óbreyttu vaxtastigi á útlánum sjóðsins, þá spyr ég hæstv. forsrh.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að koma í veg fyrir það að þessir sjóðir verði gjaldþrota á fáeinum árum? Ég sé ekki betur en að í þessi frv. vanti að gera grein fyrir þeim fjármunum. Hver á að borga þessa fjármuni?

Ég vil líka segja, herra forseti, um það sem fram kemur í grg. eða fskj. með þessu frv. um kostnaðaráhrif af breytingunni, að mér finnst það þurfa frekari skýringa við. Mér er það ljóst að þegar menn gera breytingu á þann veg að vaxtabætur verða greiddar fyrir fram, sem kallað er, þá flýtir það greiðslum, ríkissjóður verður fyrr fyrir útgjöldum en annars hefði orðið. En ég fæ ekki séð að ríkissjóður verði fyrir meiri útgjöldum, það dreifir bara útgjöldunum öðruvísi en annars hefði verið. Ég spyr því hvernig hæstv. fjmrh. fær það út í sinni umsögn að þessi flýting þýði allt að 500 millj. kr. á ársgrundvelli í aukin útgjöld ríkissjóðs. Einhvern tímann hljóta útgjöld ríkisins að minnka á móti breytingunni. Ég óska því eftir, herra forseti, að reynt verði að varpa ljósi á þá fullyrðingu um kostnaðaráhrif af breytingunni sem rakin er í fskj.

Ég gleymdi því áðan þegar ég var að ræða um fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna — og það er kannski rétt að ég minnist á það núna svo það falli ekki alveg niður — að mér sýnist alveg einsýnt að miðað við þetta upplegg málsins sé fjárhagsstaða beggja byggingarsjóðanna í uppnámi og gildir einu þó að þeir verði sameinaðir og skipt um nafn. Það verður stórfellt tap ár hvert á næstu árum miðað við þessa framsetningu málsins. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Getur verið að ríkisstjórnin hugsi sér að brúa þetta gat eða bil með því að hækka vexti á þeim lánum sem eru í dag í byggingarsjóðunum? Er það yfirvofandi að ríkisstjórnin muni taka ákvörðun á næstunni um að hækka vextina á lánum Byggingarsjóðs ríkisins og lánum Byggingarsjóðs verkamanna? Það er eina leiðin sem ég sé að ríkisstjórnin hafi til að loka því fjárhagsgati sem er hjá byggingarsjóðunum, og gerð er grein fyrir í fjárlögum íslenska ríkisins sem ríkisstjórnin lagði fram.

Vextir á lánum, útlánum Byggingarsjóðs verkamanna, eru um þessar mundir 2,4%. Hvað eiga þeir vextir að hækka mikið, herra forseti? Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. forsrh. geri grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Ég vil svo víkja að einu atriði sem ég rak augun í þegar ég var að lesa frv. áðan, sem ekki kom fram í umræðunni um húsnæðismál eða því frv. að gert er ráð fyrir því að hinn nýi sjóður sem á að verða til, Íbúðalánasjóður, eigi að vera rekinn á markaðsforsendum. Það vissum við út af fyrir sig. En það kemur líka fram að gert er ráð fyrir því að afnema ríkisábyrgð á lánveitingum sjóðsins. Það er stórmál, herra forseti, sem ég held að hæstv. félmrh. verði að segja nokkur orð um, því að það vitum við að ef ríkisábyrgðin verður afnumin þá munu vextir hækka, þá munu vextir sjóðsins hækka. Ef menn afnema ríkisábyrgðina af húsbréfunum munu vextir í húsbréfakerfinu hækka. Er það markmið ríkisstjórnarinnar að afnema ríkisábyrgðina, eins og getið er um í athugasemdum, og hefur ríkisstjórnin tekið þá ákvörðun að vaxtahækkunin sem af því leiði eigi að ganga yfir þá sem taka munu lán þarna?

Annað atriði leiðir af því þegar ríkisábyrgð er afnumin. Hvernig ætlar ríkisstjórnin þá að tryggja jafnrétti þeirra sem taka lán hjá sjóðnum hvað varðar veð fyrir lánum sjóðsins? En það er einn af stóru kostunum í núverandi húsnæðislánakerfi að það skiptir ekki máli hvar menn búa. Íbúðirnar eru teknar gildar sem veð fyrir lánunum eftir ákveðnum reglum,

og það er ríkisábyrgðin sem gerir það kleift að svona er. Ef menn afnema hana sé ég ekki annað en að þeir sem búa austur á Höfn í Hornafirði eða annars staðar megi sæta því að sjóðurinn muni neita að lána þeim, hann muni neita að lána þeim vegna skorts á veðum. Eru það markmið hæstv. félmrh. að þeir sem eiga eftir að taka lán á komandi árum og búa úti á landi megi búast við að þeim verði synjað um lán eða bara boðinn hluti af láni miðað við ef íbúðir þeirra væru á höfuðborgarsvæðinu? Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að þetta sé yfirvofandi í kjölfar þess markmiðs sem hér er lýst, að það eigi að afnema ríkisábyrgð á lántökum sjóðsins. Það leiði annars vegar til hærri vaxta og hins vegar til lægri lána úti á landi. Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin taki af skarið um það hver áform hennar eru í þessum efnum svo að menn búi ekki við óvissu hvað það varðar, eða viti það þá fyrir víst ef þetta er það sem að er stefnt.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, varðandi áhrifin af þessari stefnu um markaðsvexti á útlánum, að ég fæ ekki betur séð en að það muni leiða til þess að íbúðum sem verða í boði til leigu muni fækka. Það verði færri íbúðir í boði sem leiguíbúðir eftir þessa lagabreytingu en fyrir. Af þeirri einföldu ástæðu að dýrara verður að eiga þessar íbúðir þegar búið er að hækka vextina, og það verður óarðbærara fyrir þann sem á íbúðina að leigja hana út. Hann fær engar vaxtabætur af því. Ég fæ því ekki betur séð, herra forseti, en að sú aðferð um markaðsvexti á útlánahliðinni leiði til þess að leiguíbúðamarkaðurinn hlýtur að dragast saman. Ekki eru það þau áhrif sem þarf til að mæta því að óhjákvæmilega verða þeir færri sem munu uppfylla skilyrði um lánveitingar en nú er. Þar af leiðandi þyrfti að vera meira framboð á leiguhúsnæði eftir þessa lagabreytingu en er í dag.

Herra forseti. Ég hef þá í fáeinum orðum farið yfir þau helstu atriði sem ég vildi gera að umfjöllunarefni við þessa umræðu málsins.

[16:01]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði athugasemdir við tvö, þrjú atriði sem hann vildi ræða og fá frekari skýringar á. Ég taldi mig hafa svarað þessu áður í umræðum við aðra hv. þm. varðandi umsögn fjmrn. og þann sparnað sem þar er nefndur eins og segir, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi skal bent á að samhliða þessu fellur niður 275 millj. kr. framlag til Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt hefur verið í fjárlögum til að mæta vaxtamun veittra og tekinna lána sjóðsins."

Þarna er verið að vísa til þess að við hina breyttu skipan þarf ekki í hvert sinn á hverju ári í framtíðinni að veita til sjóðsins fjármuni til að dekka hina niðurgreiddu vexti. Ríkissjóður ber auðvitað áfram ábyrgð hér eftir sem hingað til á öðrum skuldbindingum sínum. Það breytist ekki með þessu frv. Þess vegna er það ekki tekið sérstaklega fram í frv. Þetta liggur nokkurn veginn alveg ljóst fyrir hygg ég ef menn athuga það.

Hv. þm. gerði einnig athugasemd við það að menn væru að tala um að þessi fyrirframgreiðsla eða flýting vaxtabótanna gæti aukið árleg útgjöld ríkissjóðs um allt að 500 millj. kr. Það var tekið fram sérstaklega að þetta væri tímabundið, að þetta gæti gerst á næstu 5–8 árum en síðan mundi þetta jafnast út í framtíðinni. Þarna er um flýtikostnað að ræða sem ríkissjóður ber kostnað af.

Varðandi það hvaða afleiðingar það hefði að taka ríkisábyrgðina af þessum lánum þá er sérstaklega gerð grein fyrir því að menn gerðu ráð fyrir því að Íbúðalánasjóðurinn yrði í framtíðinni svo öflugur og sjálfstæður fjárhagslegur sjóður eða fjárhagslega sjálfstæð stofnun að hún stæði undir því án nokkurra skakkafalla að ábyrgð yrði tekin af þannig að ekki þyrfti af þeim ástæðum að koma til neinna vaxtahækkana.

[16:03]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur í þessu fylgiskjali fjmrn. svo ekki verður misskilið að áformað er að fella niður 275 millj. kr. framlag til Byggingarsjóðs verkamanna strax. Það er ekki boðað í þessari umsögn að þessar 275 millj. eigi að vera árlegt framlag ríkissjóðs meðan núverandi kerfi endist. Nei. Það er boðað að það eigi að fella þessa greiðslu niður strax. Hún mun leiða af sér enn verri fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna en nú er (**Forsrh.**: Þetta er ekki rétt. Þetta er misskilningur.) Nei, þetta er enginn misskilningur, herra forseti. Það vantar inn í báða byggingarsjóðina framlög til þess að þeir standi undir sér. Það er gert ráð fyrir því að þeir séu reknir með verulegu tapi á þessu ári, Byggingarsjóður verkamanna 800 millj. kr. og Byggingarsjóður ríkisins 874 millj. kr. Tap þýðir einfaldlega að gengið er á eigið fé og ef ekki koma til peningar inn í þessa sjóði á næstu árum, þá heldur áfram að ganga á eigið fé. Þetta var einu sinni fyrir mörgum árum kallað að safna upp fortíðarvanda, herra forseti, og var þekkt hugtak í stjórnmálaumræðunni.

Ég vil svo segja varðandi hitt atriðið sem hæstv. forsrh. nefndi að sjóðurinn ætti að verða það sterkur að hann þyrfti ekki ríkisábyrgð og gæti þess vegna tekið skakkaföllum af eigin rammleik. En við eigum eftir að sjá, herra forseti, hvernig sjóðurinn ætlar þá að komast hjá skakkaföllunum. Hann mun auðvitað gera það, ef ég met málið rétt, með því að draga úr áhættulánum, með því að lækka lánin út á land.

[16:05]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ólíkt svo glöggum þingmanni eins og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að misskilja þetta svona. Þegar menn hækka ný lán úr þessum sjóði sem eru lægri en þau lán sem ríkissjóður verður að borga af sínum skuldbindingum, þá myndast tap á ári hverju og þá verður ríkissjóður í hverju falli að áætlað kostnað fyrir því. Þegar slík lánveiting hættir, þá þarf ríkissjóður ekki lengur að áætla fyrir þeim kostnaði. Þær tekjur eða þeir peningar sem þar verða til mæta þá öðrum kostnaði ríkisins. Þetta liggur alveg í augum uppi ef þingmaðurinn fer að skoða það.

Varðandi aftur fortíðina, aðra sjóði og þær skuldbindingar og þá fjármuni sem við leggjum til á fjárlögum hverju sinni, þá breytir þetta frv. ekki því. Þess vegna þarf ekki í athugasemd við þetta frv. að taka fram að þar vanti einhverja peninga. Fyrir liggur að þau útgjöld verði í samræmi við þau útgjöld sem við þegar höfum haft. Við erum ekki að losa okkur við þær skuldbindingar sem við höfum gengist við gagnvart fólki sem er í þessum sjóðum. Þetta liggur alveg í augum uppi. Þetta er því einhver reginmisskilningur sem hefur farið fram í þessu ágæta höfði hins góða þingmanns.

[16:06]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti kannski segja að það væri betra ef þetta væri misskilningur en hæstv. forsrh. hefur ekki sannfært mig um að þetta sé neinn misskilningur. Það er nefnilega svo

að það er mismunur á lánum Byggingarsjóðs verkamanna þannig að þau lán sem sjóðurinn tekur bera hærri vexti en þau lán sem sjóðurinn veitir sem nemur umtalsverðum fjármunum á hverju ári. Þess vegna þarf á hverju ári, á meðan þessi lán eru til, að gera ráð fyrir að mismunurinn komi úr ríkissjóði, (Gripið fram í.) eiganda sjóðsins. Það er ekki hægt að fella niður framlag ríkissjóðs á næsta ári og segja að eftir það standi þessi vaxtamismunur ... (**Forsrh.:** ... nýjum lánum.) Það er allt annað mál. Gömlu lánin eru til (**Forsrh.:** Já, já.) og þau eiga sinn líftíma, bæði þau lán sem sjóðurinn á útistandandi og þau sem hann skuldar öðrum. (Gripið fram í.) Þar er vaxtamunur og þar eru óframkomin útgjöld sem ríkissjóður verður að gera ráð fyrir að þurfi að borga. (**Forsrh.:** ... og í ár og minnkar og minnkar smám saman á árinu þannig að við þurfum ekki að ....) Til þess að ríkissjóður stæði undir þessum mismun hefði hann þurft að leggja 1.300 millj. kr. á þessu ári til Byggingarsjóðs verkamanna. Það gerir hann ekki heldur 275 millj. Þess vegna gengur á eigið fé sjóðsins. Og þegar hann hættir líka að leggja til þessar 275 millj. þá heldur áfram að ganga á eigið fé sjóðsins þannig að ég verð að segja, herra forseti, að hæstv. forsrh. verður að gefa sér betri tíma til þess að reyna að sannfæra mig um þessar reiknikúnstir hans og ríkisstjórnar hans.

[16:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Andsvör forsrh. áðan gáfu mér tilefni til þess að fara í frekari umræðu um þetta mál. Ég held að við þurfum að ræða frekar það sem hefur komið fram, að með útgreiðslu á vaxtabótunum á að mismuna fólki. Ég held að við verðum aðeins að skoða, fyrir utan það óréttlæti sem í því felst að mismuna fólki í útgreiðslu á vaxtabótum, hvaða áhrif það getur líka haft.

Ef fólk áttar sig á því, sem það væntanlega gerir, þeir sem eru í íbúðarhugleiðingum og kaupum núna á næstunni og næstu vikum og mánuðum og heyra að vaxtabótagreiðslur verða miklu hagstæðari fyrir þá eftir 1. janúar ef frv. þetta verður að lögum, þ.e. þeir fái greiðslurnar ársfjórðungslega ef kaupin fara fram í janúar á næsta ári en ef þeir geri kaup sín fyrir áramót, þá fái þeir vaxtabótagreiðslur kannski ári seinna — í núverandi kerfi hefur það verið einu til einu og hálfu ári seinna — hvað þýðir það þá, herra forseti? Gæti það ekki haft þau áhrif að margir mundu fresta sínum kaupum fram til næstu áramóta þannig að mjög margir mundu gera sín kaup í byrjun næsta árs, biðu með sín kaup? Hvað þýddi það fyrir afföll á húsbréfum ef mikið af húsbréfum færi út á markaðinn á fyrstu vikum næsta árs af því að menn væru að bíða eftir hagstæðara vaxtabótakerfi í útgreiðslum fyrir þá? Ég held að menn verði aðeins að átta sig á því. Menn verða líka að átta sig á því að þessi útgreiðsla á vaxtabótunum sem verður ársfjórðungslega frá og með næstu áramótum gildir ekki bara fyrir þá sem fá viðbótarlán eða það sem ríkisstjórnin kallar félagslega aðstoð heldur líka fyrir þá sem fara á almennan markað og fá bara húsbréfalán. Ég sé ekki annað en það sé bæði verið að mismuna fólki og taka verulega áhættu í því að margir fresti sínum kaupum og margir ráðist í kaup á sama tíma en það getur haft áhrif á ávöxtunarkröfu húsbréfa. Ég held að þetta liggi alveg fyrir.

Ég spái því, herra forseti, að sú krafa muni verða mjög hávær á næstu vikum og mánuðum og þegar fólk er farið að átta sig á þessu á næsta ári, um að allir sitji við sama borð að því er varðar útgreiðslu á vaxtabótum þannig að þegar menn eru einu sinni búnir að taka upp þetta kerfi að greiða vaxtabætur ársfjórðungslega, þá mun krafan verða mjög hávær um að allir sitji við sama borð í þessu efni. Ég hvet því hv. efh.- og viðskn. til að skoða mjög alvarlega hvað hér er á ferðinni, þ.e. að verið er að taka upp tvö vaxtabótakerfi í raun og sanni að því er útgreiðslurnar varðar.

Ég stóð ekki síður upp til þess að ræða það þegar hæstv. forsrh. sagði að með þessum breytingum væru menn að losa sig við óþarfa kostnað. Væntanlega meinti hæstv. forsrh. hjá ríkinu. En á hvern er verið að setja þennan kostnað? Það er verið að færa þennan kostnað sem ríkið hefur haft yfir á einstaklinga og yfir á sveitarfélögin. Ég held að við verðum að gera það upp við okkur, bæði gagnvart ríki og sveitarfélögum, hvort við viljum halda uppi félagslegri aðstoð við fólk í húsnæðismálum. Ef svarið við því er já, þá verðum við jafnframt að gera okkur grein fyrir því að það kostar peninga. Ég minni á í þessu sambandi að félagsleg aðstoð í húsnæðismálum, félagsleg aðstoð almennt gagnvart láglaunafólki, er miklu meiri t.d. á hinum Norðurlöndunum en hér og hér er verið að færa kostnað frá ríkinu yfir á einstaklinga og sveitarfélög.

Ég nefndi áðan greiðslubyrðina, þakið í vaxtabótakerfinu. Ég ætla líka að nefna annan kostnað af því að ég vænti þess að hæstv. forsrh. vilji gjarnan kynna sér þetta mál. Sýnt hefur verið fram á að kostnaður sem sá sem færi á annað borð inn í þetta nýja kerfi tekur á sig bara við að komast inn í kerfið er miklu meiri en í núverandi kerfi. Útreikningar sýna fram á að beinn kostnaður sem fólk þarf að taka á sig í ýmsum gjöldum, lántökugjöldum, sölulaunum, greiðslumati, þinglýsingargjöldum og stimpilgjöldum er um 56 þús. kr. í núverandi kerfi miðaður við einsætt foreldri sem kaupir sér íbúð á 5,5 millj. En líka hefur verið reiknað út að í núverandi kerfi þyrfti þessi sama einstæða móðir sem kaupir sér þessa stærð af íbúð að greiða 134 þús. kr. í kostnað bara við að komast inn í íbúðina. Það eru töluverð útgjöld fyrir fólk sem er með um eða innan við 100 þús. kr. á mánuði. Það eru nálægt því að vera ein mánaðarlaun hjá fólki bara að komast inn í íbúðina.

Ætli fólkið út úr þessum íbúðum, þá borgar það í dag — við skulum segja þessi sama einstæða móðir — 27.500 kr. En nú þarf hún að borga fasteignasölum sem kætast mjög þessa dagana og hún þarf að setja í vasa þeirra 110 þús. kr. þegar hún selur þessa íbúð þannig að verið er að velta kostnaði yfir á einstaklingana.

Ég vil aðeins ræða nánar um þessi dæmi sem ég nefndi af því að hæstv. forsrh. vildi greinilega meina að ég væri að nefna dæmi sem væru ekki raunhæf. Í þessari athugun sem ég hef látið gera á kaupum, þ.e. fyrir fyrstu tíu árin, þá er alveg sama hvort skoðaður er einstaklingur sem hefur 800 þús. kr. í tekjur og allt fram undir 1.900 þús. kr. því þeir sem eru á þessu tekjubili reka sig allir á þetta vaxtabótaþak. Síðan þurfa þeir að taka á sig þann mismun sem er á núverandi niðurgreiðslukerfi og því sem er í vaxtabótunum og það eru 3.000–63.000 kr. eftir því á hvaða tekjubili viðkomandi einstaklingur er ef hann er að kaupa sér íbúð, segjum fyrir 7,3 millj. Ég býst við, ef við erum að tala um einstæða móður með þrjú börn, að það kosti 7,3 millj. kr. að fá íbúð, kannski þriggja herbergja, sem hún þarf á að halda og þá borgar hún 52 þús. kr. minna á ári í núverandi kerfi en ef hún færi inn í vaxtabótakerfið.

Ég sé ekki annað en að verið sé að beina öllum einstaklingum, öllum einstæðum foreldrum sem á annað borð fá aðgang inn í kerfið, inn í mjög ódýrar íbúðir upp á 5–6

millj. kr. þar sem er þá er verið að draga mjög verulega úr gæðum á þeim íbúðum sem fólk hefur og fyrir utan það að draga úr því að fólk geti valið um íbúðir vegna þess að það er ekki víða í bænum sem hægt er að fá tveggja til þriggja herbergja íbúðir á 5–6 millj. kr. og a.m.k. ekki nýjar íbúðir. Ég nefndi það og vil halda því til haga að af 313 einstæðum foreldrum sem fengu úthlutað hjá Húsnæðisnefnd Reykjavíkur á síðasta ári voru 196 eða milli 60 og 70% sem fengu íbúðir sem kostuðu um 6 millj. kr. Allir útreikningar sem ég er með sýna að vaxtabótakerfið hefði verið þessum einstæðu foreldrum óhagstæðara en núverandi niðurgreiðslukerfi.

Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. að því, herra forseti: Er hæstv. forsrh. tilbúinn að beita sér fyrir því að þakið verði hækkað varðandi einstæða foreldra, sem núna er 185 þús., þ.e. hámark vaxtabóta sem má greiða og hámark vaxtabóta hjá einstakling er 144 þús., ef í ljós kemur að þetta er miklu óhagstæðara fyrir þessa einstaklinga og einstæða foreldra en í núverandi niðurgreiðslukerfi? Ég held að mjög mikilvægt sé, herra forseti, að fá það fram vegna þess að útreikningarnir sýna að það sé nauðsynlegt.

Að því er varðar hjónin er hámark vaxtabóta miklu meira og útreikningar sýna að þakið í vaxtabótum er allt öðruvísi gagnvart hjónum en einstaklingum og einstæðum foreldrum. Þar fyrir utan, herra forseti, hefur verið sýnt fram á að á síðari hluta lánstímans hækkar árleg greiðslubyrði hjá fólki um 100–150 þús. kr. og það er ekkert smáræði, herra forseti. Fyrir utan það þarf fólk að taka á sig 3,5% af íbúðaverði sem sveitarfélögin hafa greitt fyrir fólk fram til þessa dags. Þarna er um verulega breytingu að ræða.

Herra forseti. Af því að ég veit að hæstv. forsrh. er mikill áhugamaður um hag sveitarfélaganna hefði ég viljað ræða ítarlega um einstök áhrif af frv. félmrh. á sveitarfélögin. Það er verið að færa verulegan kostnað yfir á sveitarfélögin. Það er verið að færa niðurgreiðslu sem verið hefur hjá ríkinu yfir til sveitarfélaganna í formi verulegra útgjaldaaukningar hjá sveitarfélögum gegnum húsaleigubótakerfið og uppbyggingu á leiguíbúðum af því að stór fjöldi fólks, hundruð fjölskyldna á ári hverju, fær ekki aðgang að þessu kerfi ásamt ýmsum fleiri atriðum sem er verið að setja á sveitarfélögin sem ég hef ekki tíma til að gera grein fyrir.

Ég spyr hæstv. forsrh. sérstaklega um hámark vaxtabóta. Kemur til greina að breyta þakinu varðandi einstaklinga og einstæða foreldra?

[16:19]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að meðal sveitarstjórnarmanna og sveitarfélaga er víðtækur stuðningur með þeim kerfisbreytingum og þeirri skipan sem hæstv. félmrh. hefur kynnt á þessum málum þessum þannig að ég held að við ættum að taka mark á sjónarmiðum þeirra sem starfa á vettvangi.

Í annan stað vil ég segja að auðvitað er ég þeirrar skoðunar eins og við flest inni í þessu húsi að það þarf að koma til víðtækur samfélagslegur stuðningur til þess að stuðla að því að fólk geti eignast þak yfir höfuðið. Um það er þokkaleg sátt í þjóðfélaginu sem betur fer. Þess vegna ætti líka að geta verið sátt um það að þegar koma fram tillögur sem draga úr þeim kostnaði sem ríkið hefur af því að ná þeim markmiðum, kostnaði sem er ekki velt yfir á einstaklinga, það er verið að gera hagkvæmara kerfi, skilvirkara, markvissara sem dregur úr kostnaði og þess vegna verður meira aflögu til þess að beina þeim markmiðum sem við viljum sjá til að hjálpa fólki að koma sér þaki yfir höfuðið. Þetta er megininntakið í þeim frv. sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram og því frv. sem ég hef mælt fyrir fyrir hönd fjmrh.

Varðandi hina beinu spurningu tel ég ekki efni til þess að breyta þeirri skipan sem við höfum gert ráð fyrir miðað við þau rök sem fram hafa komið eins og staðan er núna.

[16:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að draga úr þeim kostnaði sem ríkissjóður hefur haft af félagslegri aðstoð við lægst launaða fólkið á Íslandi og verið að velta þeim kostnaði yfir á sjálfa einstaklingana og sveitarfélögin. Ég á eftir að sjá hvort það er svona víðtækur stuðningur hjá sveitarfélögunum eins og hæstv. forsrh. nefnir. Ég hef orðið vör við það hjá sveitarstjórnarmönnum þegar þeir eru farnir að lesa frv. og hvaða áhrif þetta hefur, við skulum tala um bara á fjárhag sveitarfélaganna, þá renna á þessa sveitarstjórnarmenn tvær grímur. Þeir velta fyrir sér hvaða áhrif það hefur á fjárhag sveitarfélaganna ef mikill fjöldi þeirra sem eru í félagslegum íbúðum og kaupskylda hvílir á, ef fólk vill fara að óska eftir því að sveitarfélögin kaupi inn þessar íbúðir og vill fara inn í nýja kerfið. Hvaða holskefla gæti þar komið yfir sveitarfélögin?

Sveitarstjórnarmenn velta líka fyrir sér hvort verið sé að hætta niðurgreiðslum á lánum til leiguíbúða eins og lesa má út úr frv. Þeir velta fyrir sér hvað það þýði í útgjöldum í húsaleigubótum ef mikill þrýstingur skapast á aukningu í leiguíbúðir þar sem fjöldi fólks hefur ekki greiðslugetu inn í nýja kerfið. Þeir velta líka fyrir sér hvort það sé réttmætt fyrirkomulag að við eigum að greiða 5% framlag í varasjóð sem á m.a. að renna til þess að greiða niður skuldir annarra sveitarfélaga. Ég heyri að það er ýmislegt sem sveitarstjórnarmenn eru að skoða núna. Ég er ekki viss um að sá víðtæki stuðningur hæstv. ráðherra nefnir verði til staðar þegar upp er staðið. Við skulum athuga það.

Að síðustu, herra forseti, veldur það mér miklum vonbrigðum að hæstv. forsrh. vilji ekki einu sinni skoða hvort nauðsynlegt sé að breyta hámarksgreiðslunni á vaxtabótunum, þakinu, enda þótt honum sé sýnt fram á það með dæmum að einstaklingar og einstæðir foreldrar verða miklu verr settir í þessu nýja vaxtabótakerfi en með niðurgreiðslum. Mér finnst óvanalegt að heyra hæstv. forsrh. tala svona vegna þess að ég hef orðið vör við það í samskiptum við hæstv. forsrh. að ef hann sér fyrir framan sig óréttlæti að því er varðar þá hópa sem eru verr settir, þá neitar hann a.m.k. ekki fyrir fram að skoða hvað er til í því máli. Mér finnst það því ekki boða gott, herra forseti, við 1. umr. málsins ef hæstv. forsrh. aftekur að breyta því hámarksþaki sem er á vaxtabótunum jafnvel þó sýnt sé fram á að það komi mjög illa við ákveðna hópa í þjóðfélaginu.

[16:23]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Það eru fáein atriði sem ég vil koma inn á og reyndar var ég búinn að svara því öllu í löngum umræðum um húsnæðismál fyrir fáeinum dögum.

Fyrst vil ég segja frá því að það standa yfir samtöl milli okkar í félmrn. og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Þeir hafa bent á atriði sem þeir vilja sjá skýrari í húsnæðismálunum og bent á atriði sem þeir telja að betur færi á að orða öðruvísi. Við munum fara saman yfir útreikninga og erum að þessu öllu í hinu mesta bróðerni.

Það er rétt sem hefur komið fram að mikill munur er á vaxtabótum og niðurgreiddum vöxtum. Þá þegar af þeirri ástæðu að til þess að breyta vaxtabótum þarf lagasetningu en vaxtaákvarðanir eða niðurgreiðsla á vöxtum er fyrst og fremst geðþóttaákvörðun hjá félmrh. Hv. 13. þm. Reykv. hækkaði vextina á félagslegu lánunum úr 1% í 2,4% og síðan vexti úr 2,4% upp í 4,9% og þurfti enga lagasetningu til.

Sú löggjöf sem við erum að smíða miðar að því að tryggja tekjulágu fólki eigið húsnæði sem það á að geta búið í til frambúðar og þarf ekki að reisa sér hurðarás um öxl og tapa svo íbúðunum og standa uppi með stórskuldir eins og því miður eru allt of mörg dæmi um.

Ég vil benda á 37. gr. á bls. 9 í frv. um húsnæðismál þar sem tekið er skýrt fram að Íbúðalánasjóður muni ekki lána út á lélegar íbúðir og ég held að sá ótti sé óraunhæfur. Eins og ég hef margoft tekið fram er endanlegt greiðslumat ekki frágengið og menn geta ekki gefið sér að reikna með því að farið verði eftir greiðslumatinu eins og það er á húsbréfum og hækka það upp í 90%. Það geta menn ekki gert.

Nefnd sem hefur verið að skoða greiðslumatið og er búin að skila áliti, kemur með ákveðnar tillögur um nýtt greiðslumat sem taki mið af tekjum, eignum, skuldum og framfærsluþörf viðkomandi fjölskyldu. Það verður þá þegar af þeirri ástæðu sá mismunur á þessu greiðslumati og núverandi greiðslumati húsbréfa að húsbréfagreiðslumatið eins og það hefur verið á almenna markaðnum er miðað við 25 ára endurgreiðslutíma. Greiðslumatið í félagslega kerfinu verður miðað við 40 ára endurgreiðslutíma og þá þegar er árleg greiðslubyrði léttari á 40 ára láni en á 25 ára láni. Samkvæmt frv. er stjórn Íbúðalánasjóðs ætlað að semja nýjar reglur um greiðslumat.

Ég get ekki neitað því að mér brá við að heyra hv. 13. þm. Reykv. lýsa því yfir hve félagslegar íbúðir í Grafarvogi væru dýrar. Hún hefur hingað til haldið því fram að þær væru 10% ódýrari en íbúðir á almennum markaði. Ég skal ekki leggja dóm á reikningsdæmi eða útreikninga hv. 13. þm. Reykv. en þeim ber greinilega ekki saman við þá útreikninga sem ég hef séð. Auðvitað er hægt að búa til absúrd dæmi um mjög tekjulágt fólk sem kaupir mjög dýra íbúð og fullnýtir vaxtabætur sínar og fari upp fyrir þakið en hvort það eru raunhæf dæmi þarf að skoða betur. Það er einmitt ástæða til fyrir hv. efh.- og viðskn. að fara yfir dæmasafnið og skoða það þegar dagskrármálið verður til meðferðar.

Hér kom fram spurning um hvort ætti að hækka vexti til leiguíbúða. Ég vil benda á bráðabirgðaákvæði VIII á bls. 17. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII er Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum á árunum 1999–2000. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta."

Þetta er alveg skýrt að fjöldi og upphæð lána ákvarðast af því hvað Alþingi kemur til með að verja í niðurgreiðslu vaxta á næstu tvennum fjárlögum. Það er náttúrlega alger fásinna að gefa sér að Alþingi komi ekki til með að leggja til að það verði niðurgreidd lán nema fyrir 25 leiguíbúðir á ári.

Ég vil einnig biðja hv. þm. að skoða skýringar á bls. 75 um ákvæði VIII til bráðabirgða. Þar segir svo, herra forseti:

„Svo sem rakið er í athugasemdum við VIII. kafla hér að framan er gert ráð fyrir að viðræður fari fram á milli ríkis og sveitarfélaga um hver verði þáttur sveitarfélaga við fjármögnun lána til leiguíbúða og meðferð núverandi kaupleiguíbúða. Gert er ráð fyrir því að slíkar viðræður leiði til samkomulags. Á meðan niðurstaða í þessu efni liggur ekki fyrir er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi í lánveitingum til sveitarfélaga vegna leiguíbúða, þ.e. með niðurgreiddum vöxtum og lánum til allt að 50 ára. Heimild sjóðsins í þessu efni er takmörkuð við árin 1999 og 2000, samkvæmt fjárlögum ríkissjóðs, enda gert ráð fyrir því að samkomulag ríkis og sveitarfélaga verði komið til framkvæmda eigi síðar en í lok þess tíma."

Framtíðarskipulagi á þessum leiguíbúðarlánum er sem sagt ætlað að koma í gagnið í árslok árið 2000.

Hér hefur því verið haldið fram að kostnaður við að komast yfir íbúð í nýja kerfinu verði miklu meiri en í gamla kerfinu. Milli félmrh. og fjmrh. er samkomulag um að þessi kostnaður verði hliðstæður og sambærilegur. Einn þátturinn í því er sá að breyta grein í framlögðu frv., um stimpilgjöld, sem er til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. Ég veit að fjmrn. mun koma með brtt. þar um. Ætlunin hefur aldrei verið að búa til þröskuld sem fólk kæmist ekki yfir og þar af leiðandi ekki inn í þetta nýja kerfi. Um það voru engar áætlanir.

Hv. 13. þm. Reykv. rifjaði upp að hún hefði gert samkomulag við fjmrh. einhvern tímann og taldi að það hefði verið brotið af hálfu hæstv. fjmrh. Ég veit ekki hvort hún las hverja grein samkomulagsins, ég hef ekki lesið þann pappír. Hitt veit ég að milljarður kom ekki í Byggingarsjóð verkamanna út ráðherratíma hv. 13. þm. Reykv. Ég man að hann var skertur um 400 milljónir til húsaleigubóta og það var enginn milljarður á fjárlögum til Byggingarsjóðs verkamanna þegar ég kom í félmrn.

Hv. 5. þm. Reykn. taldi að menn tækju lánin með sér þegar þeir skiptu um íbúð í félagslega kerfinu. Hún orðaði það svo að menn „tækju lánin með sér". Það er misskilningur. Ég vil biðja hana að fletta upp á 33. gr. á bls. 8, en þar segir, með leyfi forseta:

„Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er heimilt að selja íbúð sína, enda greiði hann annaðhvort upp viðbótarlánið eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Að höfðu samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags skal Íbúðalánasjóður við þær aðstæður gæta þess að nýr kaupandi sem ætlað er að yfirtaka viðbótarlánið uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til þeirra sem ætluð eru slík lán."

Þarna verður því ekki um veðflutning að ræða, sem reyndar hefur nú verið nokkuð til umræðu í þjóðfélaginu. Fasteignin stendur sem veð fyrir húsbréfinu. Viðbótarlánið verður að gera upp. Ef viðkomandi ætlar að skipta um íbúð eða fara úr kerfinu getur hann það með því að greiða viðbótarlánið eða gera samkomulag um að kaupandinn taki við því.

Það undarlegt hvernig þessi umræða hefur þróast. Í umræðunni um daginn, um frv. um húsnæðismál, var mottóið það að farið væri illa með einstaklingana. Nú heyrist mér mottóið vera það að illa sé farið með sveitarfélögin. Ég held að það halli hvorki á sveitarfélög né einstaklinga. Ég tel að báðir aðilar verði betur settir með nýju skipulagi en núverandi skipulagi.

Menn hafa tortryggt það að sveitarfélögin mundu standa við þær skyldur sínar að sjá fyrir leiguhúsnæði. Mér er kunnugt um stórfelldar áætlanir um fjölgun leiguíbúða hjá sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum, bæði í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum.

Hv. 5. þm. Vestf. hafði áhyggjur af því hvernig Íbúðalánasjóður ætti að bera sig. Það er sjálfsagt að fara yfir það í hv. efh.- og viðskn. en svo ég lýsi því í örfáum orðum: Íbúðalánasjóður verður mjög sterkur. Hann hefur eigið fé upp á 26 milljarða. Hann á kost á bestu lánakjörum. Lánasamsetning sjóðanna er þannig að mögulegt er að hagræða mjög með skuldbreytingum, fá lán á lægri vöxtum og borga upp lánin sem hafa verið á háu vöxtunum. Íbúðalánasjóði verður síðan veitt fé, eins og hér hefur margoft komið fram, úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum vegna niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða á árunum 1999 og 2000. Einnig ber að hafa í huga hve það léttir verulega á rekstrinum við að Húsnæðisstofnun verður lögð niður og Íbúðalánasjóður tekur við. Rekstrarkostnaðurinn af þessu kerfi minnkar verulega.

Eins og ég sagði áðan er sjálfsagt að ítarlega verði farið yfir þetta í nefndinni. Þeir útreikningar eða þær áætlanir sem ég hef séð um þetta mál benda til þess að Íbúðalánasjóður geti orðið sjálfbær.

Rétt er að það komi hér alveg skýrt fram, hv. 5. þm. Vestf., að ríkisstjórnin hefur ekki tekið neina ákvörðun um að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum. Það verður ekki gert meðan ég er í félmrn. enda segir í frv.:

„Með því að hækka vaxtaniðurgreiðslu úr innlausn íbúða og styrkja þannig fjárhagsstöðu sjóðsins ...“ — Ég er ekki viss um að þetta sé allt saman rétt orðað, en í framhaldinu segir: — „... verður í náinni framtíð hægt að afnema ríkisábyrgð á lántökum sjóðsins og bæta þjónustu hans með aukinni þátttöku bankakerfisins.“

Þetta eru vangaveltur þeirra í fjmrn. um að hægt sé að afnema ríkisábyrgðina. Niðurstaða nefndar sem ég fékk til þess að skoða þetta atriði með aðild fjmrn. var sú að ekki væri æskilegt að afnema ríkisábyrgðina fyrr en annað kæmi í staðinn. Það þyrfti jafnframt að tryggja að ekki yrði um aukin afföll að ræða og setti ekki kerfið í uppnám. Ég óttast að kerfið kæmist í uppnám ef ríkisábyrgð á húsbréfum væri afnumin núna. Hins vegar getur vel verið að við komumst út úr ríkisábyrgðinni í framtíðinni þegar Íbúðalánasjóður er tekinn við og búinn að „stabílisera“ sig en það er ekki hægt að gera nema því aðeins að hann sé jafntryggur og ríkissjóður.

Það er alls ekki ætlunin, hv. 5. þm. Vestf., að sverfa að landsbyggðinni með þessu nýja kerfi, síður en svo. Það kann að vera að þar sem offramboð er á húsnæði leiði það af sjálfu sér að fasteignaverð lækki. Þá lækka væntanlega lánin líka og skuldirnar hjá viðkomandi kaupendum. Húsbréf verða lánuð út fyrir 65 eða 70% af kaupverði og það verður miðað við það sem húsnæðið kostar á viðkomandi svæði.

Ég vil svo bæta því við þessa umræðu að þessa dagana eru nú í fyrsta skipti engin afföll af húsbréfum. Vextir fara hríðlækkandi. Ég tel það mjög jákvætt og við ættum ekki að gera neitt sem truflað gæti þá þróun.

[16:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með örfáar spurningar til ráðherra. Ráðherra segir að ekki verði lánað út á lélegar íbúðir. Er hæstv. félmrh. tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að hækka hámark á vaxtabætur til einstaklinga og einstæðra foreldra svo þeir geti fengið íbúðir sem eru yfir 6 millj. kr.? Ef það verður ekki gert getur þetta fólk ekki valið sér annað en lélegri íbúðir en það á kost á núna. Þetta segi ég vegna þess að 65% þeirra sem fengu úthlutað hjá Reykjavíkurborg, einstæðir foreldrar, keyptu á sl. ári íbúðir sem kostuðu yfir 6 millj. kr.

Í annan stað: Hvenær verður nýja greiðslumatið sem ráðherrann er að boða tilbúið? Verður það meðan málið er til umfjöllunar í félmn.? Eins vil ég spyrja hann: Er verið að rýmka greiðslumatið eða ekki? Ég óttast að ef miðað verður við neyslustaðal, þá þrengist matið enn frekar. Þannig að ég spyr ráðherrann: Er verið að vinna út frá því markmiði að rýmka greiðslumatið eða ekki?

Varðandi kostnaðinn sem ráðherrann nefndi. Þó að stimpilgjöldin yrðu alveg felld brott — sem ég sé ekki að eigi að gera — en þau vega þyngst í því hve kostnaður mun þyngjast hjá íbúðarkaupendum, þá verður lántökugjaldið hærra í nýju kerfi. Ég á því enn eftir að sjá að kostnaðurinn verði sambærilegur.

Og hverjum eigum við að trúa, herra forseti? Ráðherrann segir að það sé fásinna að ekki verði veitt lán, niðurgreidd frá ríkissjóði, til fleiri íbúða en 25 á ári, næstu tvö árin. Fjmrh. segir annað, segir að ekki verði veitt lán til fleiri en 50 íbúða. Hvorum eigum við að trúa? Auðvitað er þetta grundvallaratriði og ráðherrann verður að sannfæra okkur um að lán verði veitt til að fullnægja þörfinni hjá þeim hundruðum fjölskyldna sem fá ekki inni í nýju kerfi ráðherrans.

[16:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki verður lánað út á lélegar íbúðir. Ég er ekki tilbúinn að hækka þakið á vaxtabótunum. Ég tel að ef fólk rekur sig upp í það þak, þá séu íbúðir í félagslega kerfinu orðnar of dýrar. Þá eru þær komnar yfir markaðsverð en ekki 10% undir markaðsverð, eins og hv. 13. þm. Reykv. hefur haldið fram.

Greiðslumatið er ekki tilbúið. Ef ég man rétt þá var forskrift að því í frv. til laga um húsnæðismál að stjórn Íbúðalánasjóðs geri tillögu til félmrh. sem síðar stafesti nýtt greiðslumat.

Ég legg hins vegar áherslu á að farið verði að vinna í því að útbúa nýja greiðslumatið þannig að menn viti svona hér um bil að hverju þeir komi til með að ganga, þótt formlega séð sé ekki hægt að ganga frá því fyrr en ný stjórn Íbúðalánasjóðs hefur fjallað um málið. Ég tel að skoða verði hugmyndir greiðslumatsnefndar. Ég er ekki tilbúinn að fallast á þær allar því þær gætu sumar orðið óþægilega mikið til þrengingar, t.d. barnmörgu fólki. Ég legg hins vegar áherslu á að greiðslumatið þarf að vera raunhæft og fólk verður að geta treyst því nokkurn veginn að það reki ekki í þrot að óbreyttum aðstæðum og fólk verður að geta staðið við skuldbindingar sínar með tilliti til þess að greiðslumat haldi.

Varðandi 25 íbúðir á ári, þá erum við ekki búin að afgreiða fjárlög fyrir árið 1999, hvað þá heldur árið 2000 og það er verkefni Alþingis og ríkisstjórnarinnar að ákveða við þá fjárlagagerð hve mörg niðurgreidd lán verða veitt.

[16:46]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Núverandi hámark á vaxtabótum segir ekkert til um það, eins og ráðherrann heldur fram, að íbúðirnar séu of dýrar. Það segir okkur einfaldlega að ráðherrann ætlar ekki að standa við það sem hann hefur sagt, að fólk verði jafnsett með vaxtabótum eins og niðurgreiðslum í núverandi kerfi. Ég harma það, herra forseti, að ráðherrann vilji ekki einu sinni skoða það að beita sér fyrir því að breyta hámarkinu á vaxtabótunum, jafnvel þó að sýnt sé fram á að einstaklingar og einstæðir foreldrar verða verr úti í vaxtabótakerfinu.

Hæstv. ráðherra viðurkennir að hið nýja greiðslumat geti leitt til þrengingar og enn fleiri verði á götunni en við höfum nefnt. Hann nefnir að ekkert verði vitað um þetta fyrr en ný stjórn Íbúðalánasjóðs tekur við. Alþingi á að afgreiða málið frá sér án þess að vita hvernig þetta nýja greiðslumat verður og niðurstöðuna um hve margar félagslegar leiguíbúðir verða eigum við ekkert að vita fyrr en við næstu fjárlagaafgreiðslu. Raunverulega eigum við ekki að vita neitt um framhaldið fyrr en búið er að semja við sveitarfélögin í árslok 2000. Þetta er ekki bjóðandi þinginu, herra forseti.

[16:47]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur ekki verið sýnt fram á að þakið sé of lágt. Það er bara einfaldlega svo. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að þau dæmi komi fram að það réttlæti að hækka þakið. Hitt er annað mál að það er ekki góður hlutur að ginna tekjulágt, efnalaust fólk til að kaupa of dýrt.

[16:48]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að fram að þessu hefur það ekki gerst að nokkurs staðar hafi menn verið að ginna tekjulágt fólk til að kaupa of dýrt með því að úthluta því íbúðum úr félagslega kerfinu.

Ég kom upp til að bregðast við þremur atriðum. Í fyrsta lagi er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að rangt var að orði komist hjá mér þegar ég talaði um að viðkomandi tæki lánin með sér. Það sem ég var að reyna að setja í orð var að fólk fer ekki á sama hátt út úr kerfinu og áður með innlausn beinlínis á íbúð byggðri í félagslegu kerfi heldur er um það að ræða að ef sá valkostur hefur verið tekinn sem ráðherrann talar oft um, að fólk hafi fundið sér íbúð og kannski byrjað í einhverri lítilli íbúð fyrst með húsbréfaláni og viðbótarláni frá Íbúðalánasjóði, að þegar viðkomandi ætlar að stækka við sig fær hann leyfi til að selja þá íbúð og finnur sér aðra stærri og fær væntanlega aftur húsbréfalán og lán úr Íbúðalánasjóði sé hann í þeirri stöðu að hafa haldið í horfinu, en þá er líka áþekk greiðslubyrði hjá viðkomandi. Það var nú það sem ég átti við.

Í öðru lagi var fjallað um stöðu Byggingarsjóðs verkamanna og hvernig menn hefðu staðið við greiðslur í hann. Það er athyglisvert að í skýrslu fjmrn. um starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna þar sem farið er yfir framlög til Byggingarsjóðs verkamanna frá árinu 1993 og fram til 1997 segir í niðurlagi: „Niðurstaðan er engu að síður sú að eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna hefur styrkst um allt að 1 milljarð kr. á þessu tímabili. Það er því ljóst að þær aðgerðir sem gripið var til á árunum 1992 og 1993 hafa skilað tilætluðum árangri."

Að lokum þetta. Ráðherrann leggur áherslu á að nú séu samtöl í gangi milli félmrn. og verkalýðshreyfingarinnar og það sé í mesta bróðerni og menn séu að fara yfir útreikninga. Það má því skilja þau orð þannig að þær viðræður geti leitt til einhvers. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að afskaplega hefði verið gott að þær viðræður hefðu átt sér stað áður og verið búið að taka á málum áður en frv. komu inn í þingið.

[16:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nú sé einmitt rétti tíminn að ræða við verkalýðshreyfinguna. Ég vænti þess að það leiði til einhverrar niðurstöðu. Það getur vel verið að ekki verði allir ánægðir eða ég geti ekki orðið við öllu sem þeir koma til með að leggja til en við erum að skoða hlutina saman og fara yfir þá í bróðerni. Og ég er alveg fús að taka tillit til þeirra hugmynda sem þar koma fram.

Það verður miklu auðveldara og sanngjarnara fyrir fólk að komast út úr nýja kerfinu en í gamla kerfinu. Maður sem vill fara út úr félagslega kerfinu í nýja kerfinu, greiðir upp viðbótarlánin og selur síðan íbúðina á markaðsverði, þ.e. á því verði sem hægt er að fá fyrir hana á frjálsum markaði eða ef einhver á rétt á félagslegu láni getur hann með samþykki Íbúðalánasjóðs yfirtekið það. En það er ekki sams konar fyrirkomulag eins og nú er þar sem sveitarfélagið tekur við íbúðinni en getur síðan reiknað það niður samkvæmt fastsettum fyrningarreglum, þannig að viðkomandi fær ekki sannvirði fyrir íbúðina sína. Eitt af því sem vantar inn í þessa umræðu er það hvernig farið hefur verið með fólk þegar það hefur verið að skila íbúðunum sínum, þá hefur það komist að því að eignarhlutur þess var lítill eða jafnvel minni en enginn.

[16:52]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við vorum reyndar ekki að tala um endurgreiðslur eða innlausnir heldur greiðslubyrðina þar sem ég notaði ekki rétt orð. En um það sem hæstv. ráðherra segir að nú sé rétti tíminn til að eiga viðræður við verkalýðshreyfinguna og hann sé fús að taka tillit til sjónarmiða sem fram kunna að koma, þá geri ég mér fyllilega grein fyrir því að hin snarpa umræða sem hefur átt sér stað í þessum sal hefur auðvitað bæði opnað augu ráðherrans sem og annarra stjórnarliða fyrir því að mjög mikilvægt er að breyta því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það breytir því ekki að ef virðing væri fyrir Alþingi og þingmönnum sem hér starfa, þá væri auðvitað farið í þá forvinnu sem hver ráðherra telur mikilvæga fyrir fram og síðan komið inn með frv. og staðið við það. En hér eru einhvers konar handarbaksvinnubrögð að bægslast með frv. inn eins og hæstv. ráðherra á vanda til og síðan á að fara í viðræður um hvaða bætur sé hugsanlegt að gera á því til að eiga möguleika á að ná því fram með einhverju móti.

[16:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þarf ekkert að kenna mér um það hvað þarf til að afgreiða mál á Alþingi. Ég er búinn að vera hér lengi og veit alveg hvernig það gengur fyrir sig. Og hún þarf ekki að hafa áhyggjur af því að mér takist ekki að eiga sæmilegt samstarf við verkalýðshreyfinguna eins og aðra sem ég þarf að eiga samskipti við.

[16:54]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra staðfesti það sem ég hélt fram og kemur raunar fram í athugasemdum með þessu frv. að ekki er ætlunin að ríkissjóður leggi til fé til hins nýja Íbúðalánasjóðs. Hæstv. ráðherra gat um að þetta yrði sterkur sjóður með eigið fé upp á 26 milljarða kr. Ég minni á að annar sjóðurinn, Byggingarsjóður verkamanna, er gerður upp með þó nokkru eigin fé um þessar mundir, nokkrum milljörðum króna. **(Gripið fram í:** Það gengur hægt á það.) En ef sjóðurinn hefði verið gerður upp um næstsíðustu áramót hefði vantað 6.000 millj. kr. til að endar næðu saman. Í því ljósi verður að skoða töluna 26 milljarða að eftir á að ganga á það eigið fé sem nemur vaxtamun á lánum sjóðanna, líftíma lánanna. Ég tel því að hér hafi komið fram að ætlun

ríkisstjórnarinnar sé að láta ganga á eigið fé sjóðanna sem þessu nemur í stað þess að greiða úr ríkissjóði fyrir þessum vaxtamun eins og samið var um árið 1993.

Í öðru lagi vil ég segja að þó að sjálfsagt sé að skoða hvort unnt sé að hagræða í vaxtaútgjöldum sjóðanna með því að greiða upp lán og taka önnur, þá hef ég ekki trú á að þar sé mikið fé að spara.

Í þriðja lagi. Það má líka vera að minni umsvif sjóðsins og lægri rekstrarkostnaður létti undir en ég minni á að megnið af rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar ríkisins greiða viðskiptavinir stofnunarinnar í gegnum vexti og þjónustugjöld. Það sem þar sparast gengur því til þeirra en ekki til að styrkja sjóðinn.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að greinilegt er að mikill ágreiningur er uppi í ríkisstjórninni um hvort eigi að afnema ríkisábyrgð á lánum sjóðsins.

[16:57]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ætlunin að ganga á eigið fé sjóðanna. Það er sjálfsagt að hv. efh.- og viðskn. fari yfir einmitt þá hlið mála við afgreiðslu þessa frv. Ég vænti þess að hún komist að sömu niðurstöðu og við höfum gert að Íbúðalánasjóður geti orðið sjálfbær. Þetta kerfi á að spara, það kemur að sjálfsögðu neytendunum fyrst og fremst til góða, en hér er verið að setja upp ódýrara kerfi. Varðandi ágreining meðal stjórnarflokkanna — annað hvort væri nú ef við værum nákvæmlega sammála um alla hluti. Við erum ekki í sama flokki, þetta eru tveir flokkar sem vinna saman, en við komum okkur ágætlega saman og finnum lausnir og niðurstöður á þeim vandamálum sem upp kunna að koma. Ég kvíði því ekki að við hæstv. fjmrh. getum orðið sæmilega sammála og fundið niðurstöðu sem báðir geta við unað.

[16:58]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ljósi þess sem hæstv. ráðherra var nú að lýsa yfir, að ekki ætti að ganga á eigið fé sjóðanna þá er bara ein niðurstaða og hún er þessi: ríkisstjórnin ætlar að hækka vexti. Það er eina leiðin sem ríkisstjórnin hefur til að koma í veg fyrir að gengið verði á eigið fé sjóðanna sem nemur vaxtamun á lánum þeirra. Ég tel því rétt að ítreka þá fyrirspurn sem ég bar fram við hæstv. forsrh. og bera hana fram við hæstv. félmrh.: Ætlar ríkisstjórnin að hækka vextina á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna?

Varðandi ríkisábyrgð á lánunum kemur skýrt fram í þessu stjfrv. að: „... verður í náinni framtíð hægt að afnema ríkisábyrgð ...“ Það er ekkert ef — það er stefnumörkun — verður hægt í náinni framtíð. Þetta er yfirlýsing fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sem hæstv. félmrh. hefur lýst sig ósammála. Ég vek athygli á að mikill ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um þennan þátt stjfrv.

[16:59]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. „Verður hægt“ er ekki sama sem ákvörðun. Það eru að skapast skilyrði til að þetta verði hægt að gera einhvern tímann í framtíðinni en það er ekki komið að því. Ríkisstjórnin hefur ekki uppi nein áform um vaxtahækkanir á þessum lánum. Ég skal ekki segja hvort einhvern tímann í framtíðinni komi til þess. En það er ekki á dagskrá eins og stendur.

[17:00]

**Útbýting þingskjala:**

Fríverslunarsamtök Evrópu 1997, 573. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 978.

Lax- og silungsveiði, 578. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 983.

[17:00]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég held það sé nauðsynlegt að halda aðeins áfram þeirri umræðu sem hv. 5. þm. Vestf. hefur hafið um vaxtamun og kostnað af eldri lánum. Hv. þm. hefur verið að ræða um að máli lægi þannig að á hverju ári félli til kostnaður vegna vaxtamunar af eldri lánum sem næmi nokkur hundruð millj. kr. og ef maður gefur sér það sem ég viðurkenni að er nú skot út í loftið, en ég ber það undir hæstv. ráðherra, bæði fjmrh. og félmrh., að vaxtamunurinn geti verið að meðaltali í kringum 400 millj. kr. á ári á líftíma þeirra lána sem eftir eru. Ef við segjum að þar sé um að ræða um 20 ára tíma, sé ég ekki betur en hér sé um að ræða vaxtamun upp á u.þ.b. 8 milljarða kr. á 20 ára tímabili. Nú getur vel verið að þessi tala sé býsna ónákvæm vegna þess að ég reiknaði þetta út af fyrir sig á hné mér hér áðan en mér sýnist að þarna sé um að ræða vanda upp á 8 milljarða kr. Þrjár leiðir eru til að taka á þessum sérstaka vanda, þ.e. ef við köllum það fortíðarvanda varðandi vaxtamun húsnæðislána.

Fyrsta leiðin er sú að hækka vexti á þeim lánum sem þegar hafa verið tekin og ég hygg að menn séu almennt sammála um að það sé býsna snúið mál og hæstv. félmrh. sór það áðan af sér fyrir sitt leyti. Ég vildi kannski hnykkja á þeirri spurningu með því að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji hægt að hækka vextina af þeim lánum sem tekin hafa verið á undanförnum árum í ljósi þeirra umræðna og yfirlýsinga líka sem menn hafa skrifað undir varðandi lántökupappíra í þessu máli. Ein leiðin er sem sé að hækka vexti og hæstv. félmrh. hefur svarið það af sér.

Önnur leið er sú að ganga á eigið fé sjóðanna. Það á að sameina sjóðina. Eigið fé þeirra er núna í upphafi tilvistar þeirra 26 milljarðar kr. minnir mig að hæstv. félmrh. hafi sagt og auðvitað má hugsa sér að segja sem svo: Höfuðstóllinn verður skertur sem nemur þessum vaxtamun meðan gömlu lánin eru að ganga út og það er það sem ég vil spyrja hæstv. félmrh. um, en hann neitaði því áðan og sagði að ekki kæmi til greina að ganga á þetta eigið fé Íbúðalánasjóðs hins nýja.

Ef þessar leiðir eru báðar lokaðar, þ.e. bæði hækkun vaxtanna og líka það að ganga á eigið fé Íbúðalánasjóðsins hins nýja er bara ein leið eftir og hún er sú að um verði að ræða viðvarandi sérstakt framlag úr ríkissjóði til að bera vaxtamuninn á komandi árum meðan hin gömlu lán eru að ganga út, 20 ár eða svo. Menn hafa líka neitað þessu þannig að menn hafa með þessum svardögum í umræðunum í dag lokað öllum þessum leiðum, en einhver þessara leiða hlýtur að verða farin. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort þeir hafi gert upp hug sinn í þessu efni og hvort það geti ekki verið að þeir hafi kannski svarað meiru en auðvelt er að standa við.

Ég kem þá að því, herra forseti, sem mér finnst vera fyrsta vandamál í sambandi við málið, ekki þetta frv. í sjálfu sér, heldur bara málið yfirleitt, að það vantar heilmikið af upplýsingum. Alveg lykilupplýsingum eins og um það hvernig á að ganga frá þessum vaxtamun og hvernig verður farið með hann í framtíðinni. Ég held að það sé nauðsynlegt að einhverjir utanaðkomandi aðilar, aðrir en fjmrn. tek ég fram,

ég er þá að tala um Þjóðhagsstofnun eða Ríkisendurskoðun, eða einhverja slíka, verði látnir meta stöðu sjóðanna og framtíðarskuldbindingar þeirra. Kannski liggur út af fyrir sig lauslegt mat í þessum efnum fyrir og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig það mál liggur en auðvitað liggja fyrir álitsgerðir um breytingar á félagslega íbúðakerfinu ef ég man rétt, nokkurra mánaða gamlar þar sem vafalaust er farið yfir þetta, en þessa úttekt vantar í þingskjölin. Það er alveg ljóst að úttektin á fjárhagslegri stöðu sjóðanna með hliðsjón af þessum vaxtamun þegar veittra lána liggur ekki fyrir. Þetta vildi ég nefna í fyrsta lagi, herra forseti, og beina spurningu jafnframt til hæstv. ráðherra hvernig þeir sjá fyrir sér að á þessum vaxtamun verði tekið, fyrst ekki á að hækka vexti, fyrst ekki á að skerða eigið fé og fyrst ekki á að tryggja það með framlögum úr ríkissjóði. Þá sé ég ekki hvaða galdrar það eru sem þessir ágætu ráðherrar ætla að beita til að tryggja að farið verði eðlilega með þessi lán. Þetta var fyrsta atriðið, herra forseti, sem ég vildi nefna í ræðu minni um málið.

Í annan stað ætla ég kannski og í nánum tengslum við þetta atriði að víkja að hinu. Það væri gott ef hæstv. félmrh. gæti hlýtt á mál mitt, en er það ekki í grófum dráttum þannig að menn séu sammála um eða hafi verið sammála um að setja um 1.000–1.500 millj. kr. á ári í þetta á undanförnum árum, t.d. með yfirlýsingunni frá 1991 þótt hún hafi út af fyrir sig verið svikin seinna? Séu menn að segja núna: Skattgreiðendur borgi í kerfið 1.000–1.500 millj. kr., eitthvað því um líkt þá er ég ekki að tala um vaxtabótakerfið. Ég er að tala um hið félagslega íbúðalánakerfi og spurningin er þá sú: Er sú aðferð sem hér er uppi besta aðferðin? Þá er ég ekki að tala um vaxtabótakerfið heldur breytinguna frá félagslega kerfinu yfir í viðbótarlánakerfið. Er þetta besta aðferðin til að tryggja markmiðin í þessu efni, þ.e. þau markmið að fólk með lágar tekjur geti búið í öruggu húsnæði? Það er markmiðið sem við eigum öll í þessu dæmi. Ég segi það eins og er og tek þar með undir með öðrum talsmönnum Alþb. fyrr í umræðunni að betra hefði verið að fá að sjá í þessum skjölum hvernig það hefði komið út að nota áfram 1.000–1.500 millj. kr. til niðurgreiðslna á markaðsvöxtum frekar en til þess að taka þessa peninga alla í vaxtabætur. Ég finn engin rök í fyrir því að hverfa frá því að nota 1–1,5 milljarða sem þarna er um að ræða í að greiða niður vexti frá markaðsvöxtum niður í einhverja hóflega vexti sem eru í félagslega íbúðakerfinu. Ég mundi vilja heyra það, t.d. af munni hæstv. félmrh. af því þetta er auðvitað sama málið, hvaða rök eru fyrir því að fara þá leið sem gerð er tillaga um því ég held hún sé valtari fyrir það fólk sem hæstv. félmrh. á að bera fyrir brjósti og ber vafalaust fyrir brjósti. Ég held hún sé valtari fyrir það vegna þess að lögin sem hér er um að ræða eru ekki á hans forræði heldur á forræði fjmrh. Ég gef ekkert fyrir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í þessu efni sem fylgir frv. um húsnæðismál og við ræddum fyrir nokkrum dögum. Ég held að nauðsynlegt sé að jafnframt því að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. svari því hvernig þeir ætla að dekka þennan gamla vaxtamismun að þeir geri grein fyrir því hvaða rök eru fyrir því út frá félagslegu sjónarmiði að flytja peningana út úr félagslega kerfinu til að borga niður vexti, frá markaðsvöxtum niður í hóflega vexti, yfir í vaxtabótakerfi þar sem þetta er reiknað út á hvern og einn eftir tekjum og eignum o.s.frv.

Í annan stað, herra forseti, ætlaði ég svo að víkja aðeins að atriði sem fram kom í máli hv. 13. þm. Reykv. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag, og það er að gert er ráð fyrir því samkvæmt frv. eins og það lítur út að vaxtabætur verði greiddar fyrir fram. Þær verði greiddar fjórum sinnum á ári. Í fyrsta skipti 5–8 mánuðum eftir kaup á fasteign í stað þess að bæturnar séu greiddar út einu sinni á ári allt að tveimur árum frá kaupdegi líkt og nú er. Nú er út af fyrir sig hægt fyrir hæstv. forsrh. eins og hann gerði áðan að segja við alla fasteignasala í landinu: Lokið þið vegna þess að það er að koma nýtt kerfi, gullöld og gleðitíð, og það er verra kerfi sem þið hafið nú en það sem tekur við. Þá hygg ég að málið sé kannski ekki alveg það einfalt og lífið haldi áfram og menn haldi áfram að kaupa íbúðir en þá gæti staðan orðið sú, segjum að þetta frv. yrði að lögum 1. júlí 1998, og þá væri það þannig að þeir sem fengju vaxtabætur endurgreiddar fengju þær í síðasta lagi þá miðað við 5–8 mánuði, 1. mars 1999. Í síðasta lagi þá, en þá væru hins vegar að klárast vaxtabætur eftir gömlu kerfi til þeirra sem t.d. kaupa í júní 1998 og hvenær fá þeir vaxtabætur? Þeir fá vaxtabætur í ágúst 1999 þegar skattframtölin þeirra eru gerð upp eins og venjulega. Það er með öðrum orðum augljóst mál að þessi hópur fengi í gamla kerfinu vaxtabæturnar sínar hálfu ári síðar en hinir væru farnir að fá þær fyrir fram. Það getur vel verið að það sé alveg hægt að afgreiða þetta eins og hæstv. forsrh. reyndi að gera áðan með því að segja: Menn ganga að þessu vísu og þurfa engar áhyggjur að hafa af því að þetta sé svona og svona, en ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að það verður óánægja með þetta. Ég held það verði uppreisn, ég held að menn muni ekki sætta sig við þetta. Ég segi því alveg eins og er, ég held það sé óhjákvæmilegt fyrir ríkisstjórnina ef hún ætlar að ljúka þessu máli á þessu þingi, sem ég vona satt að segja að hún geri ekki, verði að finna einhverja leið til að tryggja að þessi kerfi geti betur runnið saman, þessi tvö kerfi en gert er ráð fyrir í þessu frv. eins og það er því ég held að þessi tímaskörun sem þarna er um að ræða gangi ekki upp á milli kerfa. Ég reyndar tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég held það gangi ekki að kerfin séu hlið við hlið í langan tíma, mismunandi eins og gert er ráð fyrir. En látum það vera. Þar geta menn í sjálfu sér haft mismunandi skoðun en ég held að hitt sé alveg ljóst að þegar kerfin mætast verður að ganga skýrar frá því en gert er í þessu frv. um vaxtabætur sem er til umræðu.

Í þriðja lagi ætlaði ég síðan að víkja að því ákvæði þessa frv. sem lýtur sérstaklega að fyrirframgreiðslu vaxtabóta og er í c-staflið 1. gr. þar sem segir:

„Á eftir 8. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar. Skulu áætlaðar vaxtabætur greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs."

Gallinn við þetta ákvæði, herra forseti, er að þetta er heimildarákvæði. Ég mundi mælast til þess við hæstv. ráðherra og sérstaklega hæstv. félmrh. að menn velti því fyrir sér hvort þetta verður ekki að vera algerlega skýrt að það sé skylt að greiða þessar vaxtabætur fyrir fram. Ef ég væri félmrh. vildi ég ekki skilja þessa hluti eftir í höndunum á fjmrh. hversu góður sem hann væri. Segjum að við stæðum frammi fyrir því að hér væri samdráttur og kreppa í þjóðfélaginu en ekki bullandi hagvöxtur og góðæri. Segjum að við stæðum frammi fyrir því að fjmrh. væri að reyna að koma fjárlögum saman við þær aðstæður og teldi sig þurfa að skera niður um nokkra milljarða kr. Hvað gera fjármálaráðherrar við þær aðstæður? Það þekkjum við öll sem hér erum inni. Þeir leita uppi allar smugur, allar færar leiðir, leita m.a. að

því í hvaða tilvikum er hægt að skerða eða breyta heimildarákvæðum eða lækka upphæðir sem ákveðnar eru samkvæmt heimildarákvæðum. Það mundi verða gert í þessu tilviki og ég tel satt að segja að frá sjónarmiði félmrn. hljóti þetta að vera stórhættulegt ákvæði eins og það er hér.

Ég tel líka að frá sjónarmiði húsbyggjenda og íbúðarkaupenda í landinu þá sé aðalgallinn við þetta mál af hálfu hæstv. félmrh. að það er allt of losaralegt. Það er allt of mikið af heimildum og allt of lítið af skyldum. Ég held þess vegna að eitt af því sem verði að breyta bæði í húsnæðisfrv. og í vaxtabótafrv., ef það á að afgreiða þetta núna á þessu þingi, sé að það þarf að festa rétt víðar í lögum og fækka heimildum. Og ég skora á hæstv. ráðherra að horfa einu sinni á þessi mál út frá hagsmunum þeirra og úr sporum þeirra sem eru við lítil efni að velta því fyrir sér að fá sér íbúð. Það er alveg ljóst eins og málin eru sett upp, bæði vaxtabótafrv. og líka húsnæðisfrv., að allt of mikið er af opnum heimildarákvæðum sem Alþingi veit ekkert um. Það getur því farið eftir dyntum eða aðstæðum ráðherra, skulum við segja, þá og þá hvernig er orðað.

Ég tel líka algjörlega ófullnægjandi, herra forseti, að við fáum álit nefndar um greiðslumat einhvern tíma og einhvern tíma og síðan eigi stjórn Íbúðarlánasjóðsins að fjalla um það mál. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel ekki hægt að afgreiða þetta frv., herra forseti, öðruvísi en að það liggi algjörlega fyrir hvaða tillögur eru uppi um greiðslumatið. Það er úrslitaþáttur í málinu. Mér finnst að þetta ýti kannski undir það, herra forseti, að menn íhugi mjög vandlega í framhaldi af þessari umræðu hvort ekki sé rétt og hvort það sé ekki beinlínis sanngjarnt að þetta mál verði sett í nýja gerð, allt málið. Það vantar í raun allt í málið. Það vantar viðræður við verkalýðshreyfinguna og samkomulag við hana sem væri eðlilegt að kalla til í þessum efnum eins og alltaf hefur verið gert. En það vantar líka ítarlega úttekt á stöðu byggingarlánasjóðanna, m.a. eiginfjárstöðu þeirra. Það vantar líka ítarlega úttekt á vaxtamismun þeirra lána sem veitt eru og tekin hafa verið í fortíð til félagslega kerfisins. Og það vantar líka rækilega úttekt á því hvað eru skyldur og hvað eru almennar heimildir í þessum frv. Það vantar líka rækilega úttekt á því hver útkoma sveitarfélaganna er í þessu máli. Ég er alveg sannfærður um það að fjöldamörg sveitarfélög, þrátt fyrir af þessum kaupskylduákvæðum, eru guðsfegin að sjá loksins í land með það að geta jafnvel losað sig úr því. Og ég held að það sé aðalkostur málsins að mati margra sveitarfélaga. En ég segi líka að ég held að það eigi eftir að reikna þetta dæmi út hjá mörgum sveitarfélögum. Mér er kunnugt um einstök sveitarfélög sem hafa skoðað þetta frv. m.a. rækilega út frá biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Þessi sveitarfélög, sumum stjórnað af mönnum sem eru hæstv. forsrh. afar þóknanlegir, hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta kerfi sem hér er verið að búa til passi sárafáum, kannski broti eða brotabroti þeirra sem eru á biðlistum eftir félagslegu húsnæði og þess vegna dugi málið ekki eins og það lítur út.

Þess vegna vil ég segja við hv. félmn., ef einhver úr henni er hér: — já, ég sé að hér er hv. 5. þm. Austurl. — Það þarf auðvitað að reikna hvert einasta sveitarfélag. Það þarf að reikna hvert einasta sveitarfélag vegna þess að það er ekki hægt að fara í gegnum þingið með mál af þessu tagi bara hér um bil og kannski upp á von og óvon, án þess að menn viti nokkurn hlut hvað kemur út úr því. Það verður að gera þetta. Og það er auðvitað hægt að gera það.

Ég held þar af leiðandi að miklu skynsamlegra væri, herra forseti, að fresta málinu og að það verðir skoðað betur í sumar. Og ég skora á hæstvirta ráðherra að íhuga mjög vandlega hvort ekki sé betra fyrir þá, betra fyrir húsbyggjendur, betra fyrir Alþingi og betra fyrir þjóðina að hinkra aðeins með þetta mál því að það er ekki nógu vel unnið eins og það liggur hér fyrir, því miður.

Að lokum ætla ég til viðbótar við þær spurningar, herra forseti, af því að tími minn er þrotinn, sem ég hef borið fram til hæstv. tveggja ráðherra, að bera eina fram til hæstv. félmrh. Hann segir: „Það fer eftir framlögum á fjárlögum hverju sinni hve margar leiguíbúðir verða byggðar á ári.“ Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða tillögu mun hann gera um framlög vegna leiguhúsnæðis á árinu 1999 ef þessi mál verða að lögum?

[17:20]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig um það hvort ég teldi að hægt væri að hækka vexti á hinum eldri lánum. Ég lít þannig á að um tæknilega spurningu sé að ræða og ég veit ekki annað en að til sé fullfær leið til þess og í skuldabréfum öllum sé gert ráð fyrir því að slíkt geti gerst. En eins og hæstv. félmrh. sagði þá hefur engin slík ákvörðun verið tekin og engin slík ráðagerð verið höfð uppi.

Vegna umræðunnar um hina liðnu tíð varðandi sjóðina og stöðu þeirra þá vek ég athygli á því að þetta frv. og þessi málatilbúnaður allur breytir ekki skuldbindingum ríkisins gagnvart hinum gömlu sjóðum. Við stöndum ekkert verr gagnvart þeim. Við höfum þurft á Alþingi á fjárlögum að áætla fjármuni til að mæta þeim skuldbindingum. Við þurfum áfram að standa við okkar skuldbindingar. Á hinn bóginn er það tekið sérstaklega fram að við losnum við að bæta við 275 millj. kr. árlega vegna nýrra lána úr þeim sjóðum. Það kemur á móti auknum kostnaði af hinu nýja kerfi. Þessi mál liggja því að mínu mati afar skýrt og glöggt fyrir þinginu til ákvörðunar. Það er einlæg skoðun stjórnarmeirihlutans að þessi málatilbúnaður sé mjög til bóta fyrir þá sem eiga að njóta húsnæðiskerfisins og þess vegna viljum við endilega að málið geti gengið eins hratt fyrir sig eins og verða kann þannig að þetta kerfi, breytt og betra, komist sem fyrst til gagns.

[17:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt og það er þá bara sameiginlegur skilningur okkar sem er þar með niðurstaða af þessum orðaskiptum, að út af fyrir sig er þetta frv. ekki að leggja á byggingarsjóðina nýjar skuldbindingar vegna fortíðarinnar. Það er alveg ljóst. Þær skuldbindingar eru eins og þær hafa verið en það kostar náttúrlega peninga að standa undir þeim. Samkvæmt þessu frv. og áætlun fjárlaga- og hagsýsludeildar fjmrn. er gert ráð fyrir því að kostnaðurinn vegna þessa frv., m.a. vegna breytinganna á því, vegna þess að það er verið að flýta þessum greiðslum, sé þegar allt er komið saman um 1.200 millj. kr á ári. Frá því dragist síðan — eða hvað? — þær greiðslur sem hafa verið til Byggingarsjóðs verkamanna upp á u.þ.b. 270 milljónir. En eftir standa þá þær greiðslur sem eftir eru vegna vaxtamunar af gömlum lánum sem hafa verið eða eru á þessu ári, ef ég man rétt, eitthvað um 850 millj. kr. Ég sé því ekki betur en að staðan sé þannig að menn séu, ef þetta verður samþykkt, að ákveða að taka á ríkissjóð u.þ.b. tvo milljarða á ári á næstu árum, hvort sem það gerist með því að hækka vexti, ganga á eigið fé eða á annan hátt. Menn eru að taka þetta

á ríkissjóð á komandi árum og því spyr ég: Til hvers er leikurinn gerður? Af hverju eru menn þá, úr því að menn ætla að kosta þessu til, að henda hinu félagslega kerfi? Er það þá þannig sem mig grunar, herra forseti, að menn séu fyrst og fremst að því vegna þess að verið er að koma til móts við vanda sveitarfélaganna? Og þá segi ég: Það er mál sem við eigum eftir að ræða. Það er mál sem við eigum eftir að reikna út vegna þess að ég held að þau séu ekki heldur skorin niður úr snörunni. Ég held það eigi t.d. við sveitarfélögin hér á þéttbýlissvæðinu að ekki sé verið að leysa vanda þeirra nema síður sé.

[17:24]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur að staða ríkissjóðs versni um tvo milljarða. Eins og ég hef margoft reynt að segja þá er staðan gagnvart gamla kerfinu söm og fyrr. Það er óbreytt kerfi nema að það mun auðvitað minnka ár frá ári eftir því sem lánum fækkar. Sú staða er söm og fyrr.

Til frádráttar auknum kostnaði við vaxtabótakerfið koma þær 275 millj. kr. sem menn þurfa ekki að bæta við. Síðan er um að ræða flýtigreiðslur sem hægt er að leggja saman upp á um 500 millj. kr. Það mun jafnast út á 5–8 ára tímabili eins og glöggt hefur komið fram í umræðum um málið. Þetta liggur, hygg ég, nokkuð ljóst fyrir.

Varðandi það hvort það stangist á að flýting á greiðslunum eigi sér stað við hið nýja kerfi en ekki í því gamla þá held ég að enginn vafi sé á því að það fær algjörlega staðist. Það er ekki verið að skekkja í neinu stöðu þeirra sem fyrir voru í kerfinu. Á hinn bóginn er verið að skapa við hið nýja kerfi, við hina breyttu skipan og við hina auknu þýðingu vaxtabótanna, tiltekin skilyrði sem kosta okkur í flýtingu tiltekna peninga. Það er ekki hins vegar verið að ákveða að það skuli gerast afturvirkt gagnvart öllum öðrum lánum sem fyrir hendi eru. Enda ættu menn þá að fara að reikna hvað það mundi kosta í flýtikostnaði, sem eru gríðarlegar upphæðir.

[17:25]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að aðalvandi þessarar kerfisbreytingar til að byrja með, ef hún verður samþykkt á annað borð, verði sá fyrstu árin að fólk mun ekki þola að búa við algerlega tvenns konar kerfi í sams konar íbúðum. Menn munu bera sig saman í kerfunum. Ég er sannfærður um að fólk muni ekki una því að búa við gjörsamlega ólík kerfi.

Ég held að þeir sem undirbjuggu þetta mál hafi ekkert vitað um hvað þeir voru að fjalla vegna þess að það segir sig algjörlega sjálft að fólk mun ekki una því að láta setja sig við tvenns konar aðstæður að því er þessa hluti varðar.

Og svo að lokum þetta í þessu andsvari, herra forseti: Það er alveg ljóst að vandinn vegna liðins tíma og tekinna lána eykst ekki með þessu frv. En hann er til. Og hann er u.þ.b. 8–10 milljarðar kr. ef maður horfir á líftíma þeirra lána sem eftir eru. Það á eftir að gera ráð fyrir þeim peningum. Ráðherrarnir segja: „Ekki vaxtahækkun." Þeir segja: „Ekki skattar." Þeir segja: „Ekki verður gengið á eigið fé sjóðsins." Þá segi ég: Hvaða galdrar ætla þeir að nota til að leysa þennan vanda upp á 8–10 milljarða kr.? Ef ekkert af þessu þrennu má gera hvað er þá eftir?

[17:27]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir málefnalega ræðu. „Hvaða galdrar?", spurði hann. Einn þátturinn er sá að lánasamsetningin verður önnur. Lánasamsetningin er ekki hagstæð hjá byggingarsjóðunum eins og þeir eru. Þegar þeir eru orðnir að einum byggingarsjóði eiga þeir kost á bestu lánskjörum og geta skuldbreytt og hagrætt hjá sér. Þetta er svona á sinn máta eins og þegar fátæklingur fær sér ríkt kvonfang. Þá getur vel verið að sameiginlega ávaxtist þetta allt og verði að gróðabúskap.

Ég hef allan tímann skoðað þessi mál frá sjónarhorni tekjulágra og það er einmitt tilgangurinn með þessari breytingu númer eitt að reyna að koma upp kerfi sem er hentugt og farsælt fyrir hina tekjulágu í þjóðfélaginu. Það er akkúrat lykilorðið. Og jafnframt bærilegt fyrir ríkissjóð, bærilegt fyrir sveitarfélögin og að ríkissjóður sé a.m.k. jafnsettur og áður. Þetta held ég að hafi tekist. Ég tel að hið nýja kerfi sé betra fyrir notendur, betra fyrir sveitarfélögin og áþekkt fyrir ríkissjóð.

[17:29]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hlý orð í minn garð og ræðu minnar hér áðan en ég verð að segja að ég næ því ekki alveg enn þá hvernig þeir félagar ætla að leysa þetta með fortíðarvandann. Það er að vísu ein leið eftir. Ég nefndi þrjár áðan. Það er leiðin: „Den tid, den sorg." Það er mjög fræg íslensk leið og hefur mjög oft verið notuð. Mér sýnist að það eigi bara að salta málið. Hæstv. forseti. Er það ekki sá skilningur sem við hljótum að hafa á svari hæstv. félmrh.?

Aðeins út af orðum hans þá ætla ég bara að ítreka: Er það virkilega hans meining að málið verði afgreitt í þinginu án þess að við fáum skýr svör um breytingar á greiðslumatinu? Það var lykilatriðið sem ég spurði um áðan, fyrir utan ýmis önnur, og þætti vænt um ef hæstv. ráðherra treysti sér til að svara því.

[17:30]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði ekki að svara þessari spurningu þar sem tími minn var búinn í fyrra skiptið.

Núverandi húsnæðislöggjöf var sett án þess að greiðslumat lægi fyrir í þeirri mynd sem nú er og ég hygg að ég fari rétt með það. Mönnum óaði ekki við því þá að setja löggjöf þó að greiðslumatið lægi ekki fyrir. Það hefur tekið breytingum síðan, þannig að ég sé ekki að það þurfi endilega að vera forsenda.

Ég er ekki tilbúinn með tillögu um fjárlagaafgreiðslu á niðurgreiðslu til leiguíbúða. Ég get hins vegar fullvissað hv. þm. um að hún verður talsvert hærri en 25 íbúðir eins og menn hafa verið að leika sér með í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Það er hárrétt. Ég á von á því, og það geta skapast vandamál af því og óánægja ef menn fara að bera sig saman. Það kann vel að vera að þeir sem eru í gamla kerfinu komi til með að öfunda þá sem eru í nýja kerfinu. Þeir gætu unað því illa og endilega viljað komast í nýja kerfið. Þeir hafa ákveðna möguleika til þess en „den tid, den sorg".

[17:31]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spái því að menn komi alveg eins til með að vilja úr nýja kerfinu í það gamla. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann treysti sér til þess að heimila að

menn geti valið á milli kerfa, a.m.k. hluta þess tíma sem þessi kerfisbreyting yrði á, t.d. í 10 eða 20 ár. Ég spái því að óskirnar um tilflutning verði fremur á þann veginn en eins og ráðherra gerði ráð fyrir áðan.

Varðandi málið í heild verð ég að endurtaka það sem ég sagði áðan. Bersýnilegt er að málið er mjög losaralegt og margt óljóst enn þá. Við verðum auðvitað að ætlast til að verkið verði unnið aðeins betur, bæði varðandi þennan fortíðarvanda, sem við höfum verið að skiptast á skoðunum um, en þó alveg sérstaklega um stöðu fólksins sem á kaupa þetta húsnæði. Ég giska á að það séu 10–20 meira og minna opin heimildarákvæði í báðum þessum frv. Í raun og veru geta menn ekkert sagt til um hvar þær heimildir lenda. Mér liggur við að segja að það sé siðlaust, a.m.k. fráleitt, að afgreiða þessi mál öðruvísi en að fækka heimildarákvæðunum og festa ákvæðin skýrar í lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 942.

[17:33]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. er að finna á þskj. 942 og er það 553. mál þingsins.

Í frumvarpi þessu er að finna nokkrar mikilvægar breytingar á þeim reglum sem gilda um skattlagningu atvinnurekstrar o.fl. Auk þessa frv. er gert ráð fyrir að fram komi á þessu þingi skattafrumvörp sem fjalla um málsmeðferð í skattkerfinu og samskipti skattkerfisins og skattborgaranna. Þau mál hafa verið til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu um nokkurt skeið. Frumvörp þau sem um ræðir eru annars vegar um bindandi álit ríkisskattstjóra og hins vegar frumvarp sem gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á þeim reglum sem gilda um yfirskattanefnd og verður væntanlega lagt fram síðar á þessu þingi.

Auk þeirra frumvarpa eru önnur mál enn í vinnslu í fjármálaráðuneytinu með það fyrir augum að verða lögð fram síðar á þessu þingi eða á því næsta. Má þar t.d. nefna viðurlagaákvæði skattalaga og réttaráhrif úrskurða í skattkerfinu og frekari breytingar með tilliti til ýmissa tillagna sem kynntar hafa verið að undanförnu af hagsmunaaðilum, svo sem samsköttun móður- og dótturfyrirtækja og skattaleg atriði varðandi starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á skattlagningu á arðgreiðslum milli fyrirtækja og lækkun á skatthlutfalli þeirra, í öðru lagi að bætt verði inn í lögin ákvæði er banni fyrirtækjum með beinum hætti að gjaldfæra í rekstri sínum mútur eða sambærilegar greiðslur til opinberra aðila og í þriðja lagi verði félögum í atvinnurekstri heimilað að fresta tekjufærslu hagnaðar af sölu hlutabréfa og að lokum eru nokkrar breytingar sem snúa að framkvæmd og túlkun laganna.

Í athugun hafa verið fleiri breytingar, m.a. að heimila afskrift keyptrar viðskiptavildar og mun það væntanlega koma til athugunar í hv. efh.- og viðskn.

Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til á skattlagningu lögaðila með tilliti til arðs, er að koma hér á betra og markvissara fyrirkomulagi en nú er. Breytingunum er ætlað að koma í veg fyrir að hagnaður af atvinnurekstri verði skattlagður meira en aðrar tekjur vegna tvísköttunar, þ.e. skattlagningar hjá því fyrirtæki þar sem hagnaðurinn myndast og síðan aftur hjá eiganda hlutafjárins. Skattlagning hlutafélaga hefur verið með þeim hætti að heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum útborgaðan arð að tilteknu hámarki, sem upphaflega var 15% en hefur nú verið lækkað í 7% af nafnverði hlutafjár, þar með talin útgefin jöfnunarhlutabréf. Skatthlutfall hlutafélaga síðustu árin hefur verið 33% af skattskyldum tekjum.

Í þeim tilgangi að samhæfa skattlagningu hagnaðar af rekstri hjá hlutafélagi og arðs í hendi hluthafa og til að koma í veg fyrir margsköttun við arðgreiðslur á milli hlutafélaga er í frumvarpinu gert ráð fyrir tiltölulega einföldu kerfi. Í grundvallaratriðum byggist það á því að hagnaður hlutafélags verði skattlagður í því hlutafélagi sem hann myndast upphaflega. Eftir það geti hann gengið á milli hlutafélaga án frekari skattlagningar. Verði hann á hinn bóginn greiddur út til annarra aðila verði lagður á hann 10% fjármagnstekjuskattur. Sama regla er látin gilda um arð sem kemur frá útlöndum, þó með því skilyrði að sá hagnaður sem að baki arðsúthlutunni stendur hafi fengið svipaða skattlagningu og hagnaður hlutafélaga hér á landi. Er það skilyrði sett m.a. í þeim tilgangi að gera þeim sem fjárfesta í fyrirtækjum sem skrásett er í erlendum skattavinjum ekki skattalega hærra undir höfði en öðrum.

Þá er í frv. eins og áður segir ákvæði sem heimila hlutafélögum að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum er þau kaupa önnur slík innan tveggja ára frá sölunni. Með því er í senn komið í veg fyrir að fjármagn sé, af skattalegum ástæðum, bundið í tilteknum hlutabréfum, en jafnframt er hvatt til áframhaldandi hlutabréfaeignar. Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum er um margt flóknara mál en þegar um arð er að ræða. Að þessu sinni eru ekki lagðar til frekari breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hjá lögaðilum en málið er áfram til athugunar.

Tilgangurinn með þessum breytingum er ekki að breyta skatttekjum ríkisins. Af þeim ástæðum er lagt til að samfara þessum breytingum verði skatthlutföll lækkuð nokkuð til þess að tryggja að með breytingunum verði skattbyrði atvinnurekstrar ekki aukin og til að skapa eðlilegt samræmi í skattlagningu einstaklinga og hagnaðar þeirra af mismunandi rekstrarformum.

Í frv. er lagt til að skatthlutfall hlutafélaga og sambærilegra aðila verði lækkað úr 33% í 30% og skatthlutfall annarra lögaðila, svo sem sameignarfélaga, verði lækkað úr 41% í 38%. Athugun á væntanlegum áhrifum þeirrar breytingar sem í frv. felast bendir til þess að gera megi ráð fyrir að tekjuskattur hlutafélaga lækki um nálægt 150 millj. kr. Við það bætist að tekjuskattur sameignarfélaga mun lækka um nálægt 45 millj. kr. Í heild má því gera ráð fyrir að lækkun á tekjusköttum fyrirtækja nemi tæplega 200 millj. kr.

Vil ég þá, herra forseti, víkja að einstökum greinum.

1. gr. er til fyllingar og skýringar þeim reglum sem gilda um takmarkaða skattskyldu en felur ekki í sér efnisbreytingu.

Með 2. gr. er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu ávöxtunarforma sem bundin eru til

lengri tíma og þeirra þar sem vextir eru greiddir árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun. Þar sem hér er ekki um að ræða verulegar fjárhæðir né stórfelldan mismun á skattlagningu er lagt til að skylda til útreiknings og útgáfu þessa sérstaka stuðuls verði lögð niður.

Í 3. gr. er hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum með því að kaupa önnur innan tveggja ára frá því að hin fyrri voru seld. Séu ný bréf ekki keypt er söluhagnaðurinn skattskyldur með áorðnum verðbreytingum.

4. gr. fjallar um arð af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum. Ber að líta á greinina í samhengi við tillögur um lækkun skatthlutfalla í 6. gr. frv.

Lagt er til að í stað þess ákvæðis laganna sem heimilar að hlutafélög dragi útborgaðan arð frá skattskyldum tekjum sínum komi ákvæði þess efnis að lögaðilum, öðrum en sameignarfélögum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum o.þ.h., dánarbúum og þrotabúum, verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Greinin kveður einnig á um að hið sama skuli gilda um arð sem móttekinn er frá útlöndum að uppfylltu því skilyrði að þar hafi hagnaður verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

Ástæðan fyrir því að heimild til frádráttar á mótteknum arði er takmörkuð við framangreind félagsform en nær t.d. ekki til sameignarfélaga er sú að með innborgun arðs til þeirra er skattlagningu hans að fullu lokið þar sem úttekt úr sameignarfélagi er skattfrjáls en arðgreiðsla úr hlutafélagi til einstaklinga ber fjármagnstekjuskatt.

Úttekt arðs eða hagnaður hjá öðrum félögum, t.d. sameignarfélögum, er á hinn bóginn skattfrjáls. Með þessum reglum næst því sama skattlagning á arð óháð því hvort hann hefur gengið í gegn um fleiri eða færri lögaðila og óháð því hvers eðlis þeir eru.

Í 5. gr. er verið uppfylla af Íslands hálfu tilmæli OECD frá 11. apríl 1996, þar sem aðildarríki OECD voru hvött til að haga skattalöggjöf sinni þannig að komið sé í veg fyrir að líta megi á mútugreiðslur sem eðlilegan rekstrarkostnað.

Ýmis alþjóðasamtök og stofnanir, svo sem OECD, Evróputáðið, Evrópubandalagið og Sameinuðu þjóðirnar, hafa á undanförnum árum hvatt ríki heims til að berjast gegn hvers konar spillingu, m.a. mútugreiðslum.

Þau hafa lagt á það áherslu að ríki heims víkki út gildandi reglur í hverju landi um sig þannig að þær nái einnig til sambærilegs verknaðar sem framin er í öðrum löndum. Liður í þessu er að koma í veg fyrir að innlend fyrirtæki fái frádrátt í skattalegu uppgjöri vegna mútugreiðslna til embættismanna í öðrum löndum.

Þess skal og getið í þessu sambandi að á vettvangi OECD var gerður alþjóðasamningur gegn mútugreiðslum til opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Samningur þessi var undirritaður af hálfu Íslands 17. desember 1997.

6. gr. varðar lækkun skatthlutfalla lögaðila. Í fyrsta lagi er lagt til að almennt skatthlutfall lögaðila annarra en sameignarfélaga, stofnana, sjóða o.þ.h. lækki úr 33% í 30%. Í öðru lagi er gerð tillaga um að skatthlutfall sameignarfélaga o.fl. verði 38% í stað 41% eins og verið hefur. Er það gert til samræmis við breytingar á skatthlutfalli einstaklinga. Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt 10% skatthlutfall af mótteknum arði hjá þeim lögaðilum sem greiða eiga 38% skatt af öðrum tekjum sínum. Samkvæmt gildandi lögum skattleggjast arðstekjur með öðrum tekjum rekstrarins, þ.e. nú með 41% skatti.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur í tilefni kvörtunar sem henni barst gert athugasemdir við 78. gr. tekjuskattslaga að því er varðar skattalega meðferð innstæðna í lánastofnunum. Telur stofnunin að um sé að ræða mismunun milli innlendra og erlendra fjármálastofnana að því er varðar eignarskattsfrelsi bankainnstæðna. Stangist það á við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ákvæði tilskipunar um frjálst streymi fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 7. gr. er lögð til breyting til að afnema umrædda mismunun.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að ræða mál þetta frekar að sinni en legg til að því verði að umræðunni lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:43]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er merkilegt og lýsir stefnu ríkisstjórnarinnar nokkuð glöggt. Það má segja að afleiðingarnar af lögfestingu þess, eins og það er gert úr garði, muni vera lækkun skatta til fyrirtækja og hjá hluthöfum. Þó er það nokkuð misjafnt.

Hér er m.a. lagt til að fresta skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu hlutabréfa um tvö ár. Ein afdrifaríkasta breytingin er þó sú að tekjuskattshlutfall er lækkað úr 33% í 30%.

Ein meginhugsunin við þetta frv. er samt sem áður sú að reyna að koma í veg fyrir tvísköttun. Í skattalöggjöf okkar hefur verið mjög sérstakt ákvæði sem við jafnaðarmenn höfum gagnrýnt mjög harkalega. Það gerir ráð fyrir að fyrirtæki megi draga frá tekjum sínum útborgaðan arð. Í Evrópu er þetta einsdæmi og mjög óeðlilegt að svo skuli með farið. Hér er lögð til breyting á þessum lið. Það á að verða almenn regla að arður sem fyrirtæki greiðir sé ekki frádráttarbær. Hins vegar skal arðurinn dreginn af tekjum ef lögaðili tekur við honum.

Það er ef til vill betra, herra forseti, að útskýra þetta með dæmi því að ég er ekki alveg viss um að allir nái því, þegar verið er að tala um að arður sé frádráttarbær, hvar hann er frádráttarbær og hvar hann er ekki frádráttarbær. Við skulum taka einfalt dæmi.

Stærsti hluthafinn í Flugleiðum er fyrirtæki sem heitir Burðarás og er dótturfyrirtæki Eimskipafélagsins. Þetta fyrirtæki á 33% í Flugleiðum. Flugleiðir greiða arð, svona stundum eða yfirleitt, og þá hefur reglan verið sú hingað til að Flugleiðir hafa mátt draga frá sínum tekjum arðinn sem greiddur er til Burðaráss og reyndar til annarra hluthafa. Síðan hefur þessi arður verið skattskyldur hjá Burðarási eins og um aðrar tekjur sé að ræða.

Það sem breytist hins vegar núna er að Flugleiðir geta ekki dregið þennan arð frá sínum tekjum en Burðarás aftur á móti sem fær arðgreiðslur frá Flugleiðum getur dregið þennan arð frá sínum tekjum. Þetta þýðir einfaldlega að ef við gefum okkur að Burðarás eigi bara hlutafé og einu tekjurnar sem Burðarás fær sé arður úr öðrum fyrirtækjum — þetta er nokkuð góð lýsing á þessu fyrirtæki — þá er Burðarás eftir þessa breytingu skattfrjáls.

Það er dálítið merkileg breyting, herra forseti, að þetta frv. gerir það að verkum að eignarhaldsfélag Eimskipafélagsins, Burðarás, sem á hlutabréf upp á 8 milljarða — nú er þetta svo auðvelt því hægt er að vísa í ársskýrslu Eimskipafélagsins sem dreift var í hólf þingmanna í dag eða í gær

— er núna gert skattfrjálst. Hins vegar, og við skulum gæta fullrar sanngirni, þá aukast skattgreiðslur hjá fyrirtækjunum sem Burðarás á í hvort sem það eru Flugleiðir eða önnur fyrirtæki. Það er hins vegar alveg ljóst af þessu að fyrirtæki sem hafa umtalsverðar arðstekjur eða fyrirtæki sem greiða ekki út mikinn arð lækka sínar skattgreiðslur verulega. Það er einfaldlega vegna þess að skattprósentan er lækkuð núna úr 33% niður í 30%.

Arðgreiðslur til einstaklinga voru áður skattlagðar eins og launatekjur. Einstaklingar urðu að greiða um það bil 40%, sem almenna skattlagningu af sínum arði ef þeir fengu arð. Vaxtagreiðslur voru reyndar skattlausar. Þessu breytti ríkisstjórnin fyrir tveimur árum og tóku upp svokallaðan fjármagnstekjuskatt þar sem arðgreiðslur til einstaklinga og vaxtagreiðslur eru skattlagðar 10%.

Þessa stefnu gagnrýndum við stjórnarandstæðingar harðlega og bentum t.d. á það hvaða sanngirni væri fólgin í því að almennt skatthlutfall venjulegs launamanns sem vinnur sér inn eina eða tvær millj. kr. er 40%, reyndar með persónuafslætti, en maður sem hefur vaxtatekjur upp á eina eða tvær millj. kr. greiðir ekki nema 10% skatt. Hér kemur stefna ríkisstjórnarinnar mun skýrar fram en víða annars staðar. Hér kemur fram að ríkisstjórnin er fyrst og fremst í útfærslu skattbreytinga sinna að ganga erinda þeirra sem meira mega sín í eignum og fjármagnstekjum miðað við aðra.

Herra forseti. Hlutur fyrirtækja í eigu ríkisins er mjög lágur hér á landi miðað við önnur lönd. Til eru tölur um þetta, sem sagt um samsetningu á tekjum ríkisins og eðlilegt er að gera slíkan samanburð. Hvað leggja fyrirtæki til? Hvað leggja einstaklingar til? Allar þessar tölur segja okkur að fyrirtæki hér á landi leggja tiltölulega lítið til ríkisvaldsins, til opinberra aðila, miðað við fyrirtæki í nágrannalöndunum. Enn og aftur er ljóst hverra hagsmuna núverandi ríkisstjórn hefur verið að gæta vegna þess að hún hefur frekar gengið í þá áttina að lækka einmitt skattbyrði fyrirtækja sem þó er ein sú lægsta í Evrópu.

Áfram er þessi samanburður mjög athyglisverður. Hlutfall tekjuskatts fyrirtækja — við erum hér að ræða um tekjuskatt fyrirtækja — sem hlutdeild í skatttekjum ríkissjóðs er líka mjög lágt hérlendis. Það er ekki einungis, herra forseti, um það að ræða að fyrirtæki almennt með öllum sköttum skila hlutfallslega mjög litlu miðað við önnur lönd heldur er tekjuskattur fyrirtækja mjög lágur hér á landi.

Samkvæmt nýjustu meðaltölum frá OECD koma 7,5% af skatttekjum ríkisins vegna tekjuskatts fyrirtækja. Evrópusambandið var á þeim tíma með um 6%. Fyrir Ísland var þetta hlutfall innan við helmingur af þessum tölum. Þetta segir okkur að annaðhvort eru íslensk fyrirtæki svo vanmáttug og með svo lítinn hagnað að þau komast ekki upp í neinar skattgreiðslur eða að skattaumhverfið sé slíkt að það sé mjög ívilnandi miðað við önnur lönd. Báðar skýringarnar eru réttar. Íslensk fyrirtæki hafa ekki sýnt þá arðsemi sem fyrirtæki í nágrannalöndunum hafa sýnt. Uppsafnað tap íslenskra fyrirtækjum er um 80 milljarðar og skattaumhverfi þeirra hér er mjög vinsamlegt fyrirtækjarekstri. En það ber einnig að hafa mjög skýrt í huga að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er mjög slök á alþjóðlegum mælikvarða. Athuganir á samkeppnishæfni þjóða sem einnig hafa verið gerðar — það er yfirleitt betra að vitna í alþjóðlegar samanburðartölur en tölurnar sem ríkisstjórnin birtir öðru hverju frá sínum eigin reiknimeisturum. Alþjóðlegur samanburður sýnir að ein af ástæðunum fyrir mjög slakri stöðu íslenskra fyrirtækja er slök stjórnun í fyrirtækjarekstri.

Þetta er dálítið athyglisvert af því að menn hafa oft verið að halda því fram og sérstaklega hafa verið sterkar raddir um það innan Sjálfstfl., að hér væri atvinnulífinu stjórnað með miklum ágætum. Svo er ekki. Alþjóðlegur samanburður sýnir að það er einn af aðalveikleikum í íslensku hagkerfi að stjórnun íslenskra fyrirtækja er ábótavant.

Það er von mín, herra forseti, að þetta batni smátt og smátt með aukinni menntun og kyrrara efnahagsumhverfi þannig að menn geti borið höfuðið hátt í alþjóðlegum samanburði hvað þennan þátt varðar. En menn geta það ekki enn sem komið er. Og það að framleiðni íslenskra fyrirtækja er svona slök er ástæðan fyrir því að vinnudagur hérlendis er um það bil þriðjungi lengri en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Eina ástæðan fyrir því, herra forseti, að lífskjör hér eru sambærileg og í nágrannalöndunum — þau eru sambærileg — er sú að hér vinna menn miklu lengri vinnudag. Með því að vinna yfir 50 tíma sem er meðalvinnutími hér á landi meðan meðalvinnutími erlendis er innan við 40 tímar, þá ná menn sambærilegum lífskjörum. Menn eru að vinna, herra forseti, tvo daga aukalega í hverri viku til að bæta sér upp slaka framleiðni, slaka stjórnun og slakt rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Það er athyglisvert í þessu að bera saman tölurnar á skattbyrðinni sem hér er lögð til því að hér er tekjuskatturinn lækkaður úr 33% niður í 30%. Þetta 10% lækkun. Það er sagt og útskýrt með litlu dæmi að þetta sé gert til að halda tekjum nokkuð sambærilegum og að verið sé að færa sig í átt til þess sem og gengur og gerist í Evrópu. Og það er að hluta til gert hvað varðar meðhöndlun á arði, þ.e. hvar hann er frádráttarbær. En hver er skattprósentan í löndunum í kringum okkur? Hún verður 30% hér ef þetta verður lögfest. Hún er 36% í Ástralíu. Hún er 34% í Austurríki. Hún er 40% í Belgíu. Hún er 29% í Kanada, þar er hún undir. Hún er 39% í Tékklandi. Hún er 34% í Danmörku. Það eru allir með hærri skattprósentu hjá fyrirtækjum en hér er lagt til. Hér kemur eitt land undir. Finnland 28%, Frakklandi 33%, Þýskaland 45%, Grikkland 40%, Írland 38%, Ítalía 36%, Japan 38%, Lúxemborg 33%.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á að telja lengur. Þetta eru samanburðartölurnar. Það finnst varla land í Evrópu meðal nágrannalanda okkar og reyndar langt þar fyrir utan þar sem fyrirtæki greiða lægri tekjuskatt en hér er lagt til. Í Bretlandi er þessi samsvarandi prósenta 33%. Í Bandaríkjunum er hún 35%. Auðvitað er ekki hægt alveg að taka prósenturnar og bera þær algerlega saman. Það vita allir sem komið hafa nálægt skattalögum að vitaskuld getur verið um að ræða mismunandi útfærslu á einstökum atriðum en þetta er samt sem áður í grundvallaratriðum algjörlega samanburðarhæfar tölur. Og þegar það kemur einnig í ljós að tekjur ríkisvaldsins af fyrirtækjaumhverfinu eru með því lægsta sem þekkist og að tekjuskattur fyrirtækja skilar sér mun minna en gengur og gerist í nágrannalöndunum, þá er engin furða þótt hér sé staldrað við og spurt: Hverra hagsmuna er hér verið að gæta?

Herra forseti. Það er augljóst að enn einu sinni er verið að ívilna fyrirtækjum hér á landi og þó að þær aðstæður komið upp að menn eigi að sýna fyrirtækjum vinsamlegt skattaumhverfi til að hvetja þau til dáða, þá er sá tími löngu liðinn. Við erum komin langt út fyrir eðlilegan ramma hvað varðar skattlagningu fyrirtækja. Við eigum þvert á móti,

herra forseti, að auka gjaldtöku á fyrirtæki til samfélagsins og nota þá aukningu til að lækka gjöld á einstaklingunum. Þá væri vel að verki staðið ef breytt yrði á þann hátt. Þá værum við að gera alveg það sama og gert er í nágrannalöndunum hvað varðar skattlagningu því að engin ástæða er til þess að auka skattlagninguna neitt sérstaklega. Þó skulum við einnig hafa í huga að opinber umsvif hér á landi eru mun minni en í nágrannalöndunum. Ég tala nú ekki um ef borið er saman við Norðurlöndin, enda höfum við séð að í tilteknum málaflokkum erum við mjög á eftir t.d. menntamálum, heilbrigðismálum og velferðarmálum og það er hægt að rekja það að verulegu leyti til fjárvöntunar.

Það er athyglisvert, herra forseti, að alþjóðlegur samanburður sýnir að hér hefur verið dregin upp og lögfest skattaparadís fyrir íslensk fyrirtæki.

Það er hægt að gera athugasemdir við einstaka þætti í frv. Til að mynda er ónákvæmt orðalag í 3. gr. Þar er rætt um sölu hlutabréfa í öðrum hlutafélögum eða einkahlutafélögum. Það á vitaskuld í löggjöf að tala um hlutafélög og hluti. Það eru ekki hlutabréf í einkahlutafélögum. En það eru svona dæmi sem þingnefnd mun skoða nánar í vandaðri yfirferð.

Sömuleiðis má vekja athygli á þessu með söluhagnaðinn sem er frestað hér í um tvö ár. Vitaskuld þýðir þetta ekkert annað en að söluhagnaður af hlutabréfum verður aldrei skattlagður. Hér er í reynd verið að fresta því óendanlega og hér er verið að hygla enn og aftur hlutabréfaviðskiptum umfram það sem eðlilegt má teljast. Vitaskuld geta ívilnandi ákvæði átt rétt á sér fyrst í upphafi hlutabréfaviðskipta en hér er gengið enn lengra en nokkra brýna nauðsyn ber til.

Vitaskuld er til bóta eins og gert er ráð fyrir í frv. að taka á mútugreiðslum og að reyna að tengja arðgreiðslur erlendis frá inn í íslenskt efnahagsumhverfi. Það er í grundvallaratriðum aðferð sem ber að styðja, hvort sem hún er útfærð einmitt á þann hátt eins og gert er í frv. eða öðruvísi, það breytir ekki neinu í meginatriðum. En meginniðurstaða mín, herra forseti, er að frv. felur enn og aftur í sér ívilnanir fyrir íslensk fyrirtæki, ívilnanir sem er algerlega óþarfi að innleiða. Víða er pottur brotinn í íslensku fyrirtækjaumhverfi og hægt er að gera meiri kröfur til íslenskra fyrirtækja að þau skili bæði meira til samfélagsins og sýni betri árangur í alþjóðlegum samanburði. Brýnt er að taka á hinum langa vinnutíma hér á landi og að taka á hinum lágu launum sem íslensk fyrirtæki greiða. Hluti af þeirri skýringu er vitaskuld það skattaumhverfi sem við erum að búa til hverju sinni. Einu frv. sem ríkisstjórnin kemur með aftur og aftur í tengslum við skattamál, þá er það alltaf sá rauði þráður að reyna að létta dálítið á fyrirtækjunum, enn frekar í hverri einustu breytingu sem gerð er. Jafnvel þótt breytingin geti verið til bóta í einstökum atriðum er þess alltaf gætt mjög vandlega að hún skuli verða fyrirtækjunum ívilnandi en ekki einstaklingunum í útfærslu sinni. Það er alvarlegt, herra forseti, þegar við horfum upp á það að íslensk fyrirtæki eru með eina lægstu skattprósentu í nágrannalöndunum og reyndar í öllum hinum vestræna heimi eins og þær tölur sýna sem ég bar áðan saman. Engin ástæða er til að gera minni kröfur til íslenskra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs en gert er erlendis. Þess vegna er þetta frv., herra forseti, eins og ríkisstjórnin leggur fram, í grundvallaratriðum í andstöðu við stefnu okkar jafnaðarmanna.

[18:02]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki setið í stjórn jafnmargra fyrirtækja og hv. þm. svo að ég áttaði mig ekki á að þau eru eins illa rekin og hv. þm. nefnir. Hann hefur kannski verið óheppinn að þessi fjölmörgu fyrirtæki sem hann setið í stjórn hjá séu óvenjulega illa rekin fyrirtæki, það má vel vera. Ég hef ekki þá reynslu sem hann hefur í þeim efnum. Ég bendi hins vegar á að hér var skattur á fyrirtækjum 50% og það hefur sjálfsagt glatt hv. þm. En sú skattprósenta skilaði ekki miklum skatti til ríkisins, fjarri því, og flestir sem til þekktu töldu að svo há skattprósenta ýtti undir skattsvik hjá fyrirtækjum en ekki hið gagnstæða. Flestum skynsamari mönnum þótti skynsamlegt að lækka þá skattprósentu í þágu fyrirtækjanna, í þágu þeirra starfsmanna sem þurftu að fá vinnu því að atvinnuleysi var í landinu og í þágu ríkisins líka enda skilar þessi skattur núna meira fjármagni til ríkissjóðs en 50% skattur áður.

Hv. þm. nefndi fyrirtæki til sögunnar til að draga fram dæmi. Hann sagði jafnframt: Þegar núverandi ríkisstjórn setti á fjármagnstekjuskattinn gekk hún gegn sjónarmiðum okkar jafnaðarmanna. Svo við nefnum sem dæmi: Ef hv. þm. fær sendan heim til sín tékka, kannski 3,5 millj. kr. á ári af arði hlutabréfa — Frjáls verslun telur það reyndar vera þrefalt hærra — áður en ríkisstjórnin lagði á fjármagnstekjuskatt borgaði hv. þm. engan skatt af þessum fjármunum. Eftir að ríkisstjórnin lagði hins vegar fram tillögu sína um fjármagnstekjuskatt varð hv. þm. þó að borga 350 þús. kr. skatt. Er þingmaðurinn að segja að þetta sé í andstöðu við stefnu jafnaðarmanna? Fyrir fjármagnstekjuskatt ríkisstjórnarinnar borgaði hv. þm. engan skatt af þessari tölu sem Frjáls verslun segir reyndar að sé allt of lág tala. Hann getur sjálfsagt svarað þessu skiljanlegar en hann gerði áðan.

En þetta er ekki meginatriði málsins. Meginatriði frv. eru þau að verið er að taka af tvísköttun, hér er verið að samræma hlutina við það sem gerist annars staðar og hafa það í samræmi við viðskiptalegt umhverfi sem menn þekkja annars staðar.

[18:05]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var náttúrlega eins og við var að búast, afskaplega ómálefnalegt af hálfu hæstv. forsrh. en ég átti svo sem ekki von á neinu öðru. Ég vil einungis taka fram og ítreka það sem ég sagði áðan um stöðu í stjórnun íslenskra fyrirtækja að ég vitna í alþjóðlega úttekt svissnesks fyrirtækis sem Þjóðhagsstofnun er aðili að, og ef ég man rétt tengist Þjóðhagsstofnun eitthvað forsrn. þannig að ekki er verið að tala um neinn reynsluheim, hvorki minn né annarra, heldur blákaldar staðreyndir um íslenskt fyrirtækjaumhverfi.

Hæstv. forsrh. var ekki í þeirri umræðu þegar fjármagnstekjuskattur var lögfestur fyrir tveimur árum og kannski ekki von að hann muni þau orðaskipti sem voru þá í gangi milli okkar jafnaðarmanna og hæstv. fjmrh. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna lögðu fram frv. þar sem tekið var almennt á fjármagnstekjum og skattlagt eins og aðrar tekjur í landinu. Í stað þess lögfesti ríkisstjórnin þá ívilnandi útfærslu sem er enn í gildi. Þessi umræða skar mjög á milli sjónarmiða í málum og þegar ég er að draga fram andstöðu okkar við fjármagnstekjuskattinn þá lá hún mjög skýrt fyrir í þeirri hörðu umræðu um lögfestingu þess frv. á sínum tíma og við höfum margoft bent á galla þess. Ég endurtek enn og aftur að skattprósenta upp á 30% hjá íslenskum fyrirtækjum er ein sú lægsta í öllum þessum löndum sem ég taldi upp og menn eiga ekki að hrósa sér af slíku.

[18:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það fyrsta sem kom í hug minn þegar ég fór að líta yfir frv. eftir að því hafði verið dreift fyrir fáeinum dögum og ég sá að m.a. var efni þess að lækka enn tekjuskattsprósentu fyrirtækja, þann skatt sem greiddur er af nettóhagnaði fyrirtækja eftir að öllum frádráttarmöguleikum hefur verið beitt, var að þarna væri á ferðinni einhver skilnaðargjöf frá hæstv. fjmrh. til vina sinna í atvinnulífinu. Nú ber að vísu að taka fram að þegar að samhenginu er gáð er að sjálfsögðu sú hugsun þarna á ferðinni að lægri skattprósenta komi á móti því að fyrirtækjunum verði ekki heimilt eftir breytinguna að draga útgreiddan arð frá skattskyldum tekjum eins og verið hefur. Vissulega mun það þýða íþyngingu gagnvart þeim fyrirtækjum sem hafa greitt arð að fullu miðað við heimildir skattalaga, en eingöngu þeim. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að lækkun á almennu tekjuskattsprósentunni mun þýða hreina skattalækkun á þeim fyrirtækjum sem hafa ekki greitt mikinn arð og í öllu falli ganga sjálfir útreikningar frv. út á að þótt beitt sé meðaltölunum og þeirri úttekt sem frv. byggir á og styðst við til að áætla tekjuáhrifin fyrir ríkissjóð, meira að segja þar kemur út að um lækkun verði að ræða að raungildi upp á um 200 millj. kr. Þegar betur er að gáð er það kannski ekki svo fráleitt, a.m.k. í gamansömum tón, að flokka megi þetta undir skilnaðargjöf frá hæstv. fjmrh., sem orðrómur hermir að hverfi senn til annarra starfa, til þessara aðila.

Nú er þetta frv. þannig saman sett að í því eru í raun og veru nokkur efnisatriði sem eru ekki öll tengd og sum þeirra þess eðlis að auðvelt er að taka undir þau. Að sjálfsögðu er eðlileg viðleitni og hefur skort á hjá okkur að fara betur yfir það að ekki sé um svokallaða efnahagslega tvísköttun að ræða og sérstaklega held ég að það hafi verið orðið nauðsynlegt að hyggja að þessu þegar í hlut á skattaleg meðferð tekna eða arðs vegna atvinnurekstrar milli landa. Við stöndum auðvitað frammi fyrir því og sjáum að það er umtalsverð þróun í gangi þar sem íslensk fyrirtæki, aðallega er það á þann veginn, eru að fjárfesta erlendis, eru að styrkja stöðu sína, t.d. í verslun og viðskiptum og vinnslu sjávarafurða erlendis, með því að koma á fót dótturfyrirtækjum eða kaupa fyrirtæki á því sviði. Að sjálfsögðu mun þá í vaxandi mæli reyna á skattalegar reglur hvað varðar flutning arðs heim, skulum við vona, að því gefnu að fjárfestingin sé skynsamleg og arður komi af fjárfestingunni heim til móðurfyrirtækjanna á Íslandi. Ég tek því undir það efni frv. að nauðsynlegt var orðið að fara yfir þessar reglur um efnahagslega tvísköttun. Í mín eyru hafa til að mynda kvartað forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja og fleiri fyrirtækja sem hafa verið að hasla sér völl vestan hafs, að þar væri um vissa erfiðleika að ræða eins og frá málum væri gengið af okkar hálfu og svo aftur í Bandaríkjunum eða annars staðar. Sömuleiðis í öðru lagi, herra forseti, hef ég ekki trú á því að nokkur maður setji sig á móti því að tilmælum þar að lútandi að koma því skýrt og skilmerkilega inn í löggjöf að mútur séu ekki réttmætur frádráttarbær kostnaður hjá fyrirtækjum, að gengið sé frá því í lögum. Ég á ekki von á að neinn standi upp á Alþingi og mótmæli því og hafi það mikla samúð með mútugreiðslum að hann vilji að fyrirtækjunum sé heimilt að draga þær frá skatti. Þótt þrálátur orðrómur gangi auðvitað um að erfitt sé að eiga viðskipti í ákveðnum heimshlutum nema beita þessum aðferðum er þetta eitthvað sem menn eru að reyna að útrýma úr siðaðra manna viðskiptum og að sjálfsögðu eigum við að vera í fararbroddi þar frekar en eftirbátar annarra í að ganga frá því í löggjöf.

Herra forseti. Þá er upp er talið það sem ég tel sjálfsagða hluti eða tiltölulega óumdeildar breytingar í frv. Í þriðja lagi nefni ég þetta ákvæði um að lengja heimildir til frestunar söluhagnaðar þannig að þann hagnað sé heimilt að færa yfir tvenn áramót sem getur væntanlega þýtt allt að þriggja ára frestun. Það finnst mér ansi vel í lagt, ég verð að segja alveg eins og er. Ég held að það sé orðið miklu meira en eðlilegur umþóttunartími fyrirtækja til að ákveða hvort það ræðst í beinu framhaldi af sölu sem hefur skilað hagnaði í einhverjar aðrar fjárfestingar eða framkvæmdir sem dregur af hagnaðinum. Ef menn hafa leyst til sín mikinn hagnað með sölu finnst mér ekki eðlilegt að menn geti komið honum undan skatti í svona langan tíma án nokkurra frekari skilyrða eða sértilgreindra aðstæðna. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Ágústi Einarssyni, að þetta mun væntanlega í langflestum tilvikum þýða að slíkur hagnaður komi aldrei til skattlagningar því að þá verði möguleikar fyrirtækjanna til að koma honum fyrir á annan hátt orðnir svo miklir.

Þá að lækkun skatthlutfallsins og það tengist aftur breytingu á skattalegri meðferð arðgreiðslnanna, þ.e. að hverfa frá því að hafa greiðslurnar frádráttarbærar sem ég í sjálfu sér er sammála og tel eins og fleiri að hafi alla tíð orkað mjög tvímælis og var reyndar orðið nánast sérislenskt fyrirbæri. Þar er spurningin um hvort á móti eigi að koma þessi regla að vegna þess að arðurinn er þá skattaður sem tekjur eða hagnaður fyrirtækjanna á greiðandahliðinni í þeim tilvikum að menn eru þá jafnframt að borga tekjuskatt, sem þarf ekki endilega að vera, fyrirtæki geta að sjálfsögðu verið að greiða út arð, jafnvel á einstökum árum þegar afkoma þeirra er ekki slík að þau greiði tekjuskatt þannig að ekki er sjálfkrafa samhengi þar á milli en á móti verði arðtekjurnar hjá viðtakandanum skattfrjálsar. Með þessu er rökstudd 3% lækkun á almenna skatthlutfallinu í tekjuskatti af hagnaði fyrirtækja.

Þar segi ég í fyrsta lagi að sú áætlun sem þarna er lögð til grundvallar þýðir með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt er að hafa á henni að um raunlækkun skatta sé að ræða. Í öðru lagi er hún auðvitað áætlun. Það er alveg ljóst að þarna er verið að áætla á tiltölulega óvissum forsendum hver verði nettóáhrifin af þessu fyrirtæki. Ég fyrir mitt leyti hef sterka tilfinningu fyrir því að óvissan liggi fyrirtækjunum í vil. Ég held að yfirgnæfandi líkur séu á því að þessi almenna lækkun skattprósentunnar muni nýtast fleiri fyrirtækjum en sú breyting hvað varðar skattalega meðferð arðgreiðslnanna. Og það muni sýna sig á komandi árum að þarna sé enn verið að ívilna þeim, þó að það standi ekki til samkvæmt forsendum frv. eða það er a.m.k. ekki yfirlýstur tilgangur þar heldur er þetta sett upp sem tæknileg breyting í raun og veru.

Ég hafði sömuleiðis, eins og hv. síðasti ræðumaður, aflað mér yfirlitsupplýsinga um það hvernig skatthlutföllin standa um þessar mundir og þá kemur það í ljós, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson fór rækilega yfir, að við erum nú þegar í hópi allra lægstu ríkja hvað varðar almenna skattlagningu eða tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja. Fyrirtæki á Íslandi greiða eins og kunnugt er engan tekjuskatt til sveitarfélaga, af þeim var létt aðstöðugjöldum upp á 4–5 milljarða, á núgildi sjálfsagt, fyrir nokkru síðan og engir skattar teknir upp í staðinn. Ekki var farin sú leið að leita leiða til að taka a.m.k. í einhverjum mæli upp á móti afkomutengda skatta eða umhverfisgjöld eða annað slíkt, sem sums staðar hefur

verið gert í nágrannalöndunum. Þarna var um nánast hreina tilfærslu á skattbyrði af þessari stærðargráðu að ræða, frá skatti á lögaðila eða fyrirtæki og yfir í skatt á launamenn. Og svo kemur það til viðbótar, herra forseti, að launatengd gjöld fyrirtækja á Íslandi eru með því lægsta sem þekkist. Þannig að þegar upp er staðið er augljóslega búið að búa hér til skattalegt umhverfi sem er orðið fyrirtækjunum mjög hagstætt, nánast skattaleg paradís.

Ég var á ráðstefnu fyrir tveimur eða þremur árum á Norðurlöndunum þar sem farið var yfir þessi mál öll, Norðurlöndin skoðuð og borin saman við afganginn af Evrópu. Það sem kom mér hvað mest á óvart af öllu var sú staðreynd að Norðurlöndin eru sem slík nánast lágskattaparadís fyrirtækja. Því ætlaði ég ekki að trúa fyrir mitt litla líf en staðreyndin er nú samt sú. Og auðvitað veit maður að til að mynda í tilviki Svía hafa verið í gangi aðgerðir hreinlega til að sporna við því að sænsk stórfyrirtæki flyttu starfsemi úr landi. Það skilur maður út af fyrir sig.

En menn verða náttúrlega einhvers staðar að draga mörkin. Við ætlum væntanlega ekki að búa hérna til einhverja Karíbahafs-lágskattaparadís fyrir atvinnulíf en halda áfram með skatta á launamenn sem eru með því hæsta sem þekkist.

Þegar almenna tekjuskattsprósentan hér verður komin niður í 30%, sem þýðir raunskattprósentu ef maður tekur mark á útreikningum frv. um útkomuna þegar arðprósentan eða skattaleg meðferð arðs er komin inn í myndina, sem mun þá þýða að raunveruleg, nettó meðaltalsskattprósenta þegar arðurinn er þarna tekinn með er komin enn neðar eða í u.þ.b. 29%, þá er þetta auðvitað orðið mjög lágt. Og með hliðsjón af því að launatengd gjöld eru hér óvenju lág er niðurstaðan af því bara ósköp einfaldlega sú, að skattbyrðinni er dreift þannig á Íslandi að hún er mjög lág á fyrirtækjunum, jafnvel af nettóhagnaði þeirra, en mjög há á launamönnum. Við erum með næsthæstu skattprósentu í heimi, ef ég man rétt, á óbeinum skatti eða virðisaukaskatti. Mig minnir að á einhverju hinna Norðurlandanna sé skattur hálfu prósentustigi hærri. Við erum sem sagt nánast með heimsmet í því og við erum með tiltölulega háan tekjuskatt, lág skattleysismörk o.s.frv.

Herra forseti. Menn hafa einmitt rætt það mikið á undanförnum árum hversu hlutfallslega litlu atvinnulífið eða fyrirtækin á Íslandi skila inn í tekjuöflun ríkissjóðs. Hv. síðasti ræðumaður nefndi prósentur í því sambandi. Það á sér ákveðnar skýringar sem við þekkjum. Það á sér m.a. þær skýringar að frá óstjórnar- og vitleysisárum þegar hér var bullandi verðbólga og óviðunandi afkoma í ýmsum höfuðgreinum atvinnulífs t.d. sjávarútveginum, mynduðust töp upp á stórar fjárhæðir sem að viðbættum mjög rúmum reglum til að færa þau töp milli fyrirtækja, jafnvel milli óskyldra atvinnugreina, þýddu að tekjuskattsgreiðslugrunnur fyrirtækjanna var einfaldlega með þeim hætti. Um árabil var nánast ekki finnanlegt eitt einasta fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi sem borgaði nokkurn einasta tekjuskatt af því að þau áttu yfirleitt miklu meira en nóg töp. Sum af fínu fyrirtækjunum í öðrum atvinnugreinum voru svo dugleg við að kaupa sér töp, jafnvel af misgáfulegri blaðaútgáfu og guð má vita hvað, að þau borguðu ekki eða ætluðu sér ekki að borga neinn tekjuskatt langt inn í framtíðina. Það hefur að vísu í einstökum tilvikum verið bremsað svolítið af, reglur voru þrengdar og síðan hafa dómar gengið þannig að ekki hefur allt heppnast hjá mönnum sem þeir ætluðu sér í þessum efnum þegar jafnvel gosdrykkjaframleiðendur ætluðu að sleppa við að borga tekjuskatt upp undir áratug síðar vegna þess að þeir höfðu keypt gjaldþrota útgáfufyrirtæki af framsóknarmönnum. Það hefur sem betur fer verið rekið til baka sem eðlilegt er því svo langt er náttúrlega ekki með nokkurri sanngirni hægt að teygja í þessum hlutum.

Nú er hins vegar loksins að hilla undir breytingu í þessum efnum. Ég vænti þess að menn hafi tekið eftir því að hvert sjávarútvegsfyrirtækið á fætur öðru hefur verið að skila ársuppgjöri eða reikningum sínum fyrir sl. ár og í mörgum tilvikum er endanlegur hagnaður fyrirtækjanna lægri svo nemur 50–100 millj. kr., ekki vegna þess að afkoman hafi endilega versnað sem því nemur. Nei, vegna þess að skattgreiðslur eru komnar inn sem áður voru ekki fyrir hendi nema að mjög litlu leyti. Ef menn hafa lagt eyrun við, þá hafa nokkur stór og vel rekin fyrirtæki einmitt verið að birta slíkar tölur, sem segir mér ekkert annað en að í vændum er gjörbreyttur tími hvað þetta varðar. Það eru svo sem engin ný vísindi, það hefur verið fyrirséð að töpin væru að eyðast upp.

Ég held þess vegna að menn þurfi að huga mjög vel að því að hreyfa til almennu tekjuskattsprósentuna núna þegar kannski hillir undir að bætt afkoma í atvinnulífinu gæti farið að skila sér í verulega auknum tekjum inn í ríkissjóð. Ekki með því að menn þurfi að hækka álögurnar á fyrirtækin heldur með því að fyrirtæki sem búa núorðið við batnandi afkomu, hafa nýtt öll uppsöfnuð töp færu að skila skattgreiðslum í verulegum mæli og er þá að sjálfsögðu eðlilegt að þau skili til þjóðarbúsins og borgi eðlilegan hluta af hagnaðinum þangað.

Ég hvet því til þess að farið verði yfir það rækilegar en mér finnst hafa verið gert með þessu frv., jafnvel þó það kosti einhverja frekari gagnaöflun og vinnu hvað varðar að keyra áætlanir um skattskil fyrirtækjanna, og menn eigi náttúrlega að hafa þá til hliðsjónar að hér getur verið meira í húfi en verið hefur undanfarin ár í formi fjárhæða fyrir ríkið út og inn, plúsa og mínusa. Hvert prósentustig í álagningu getur þarna farið að skipta mun hærri upphæðum á komandi árum fyrir ríkissjóð en það hefur gert, vegna þess hvað sáralítið hefur í raun og veru verið um það að fyrirtæki greiddu tekjuskatt.

Ég hef ekki verið mikill stuðningsmaður þess, herra forseti, að menn færu út í einhverja brjálaða skattlagningu t.d. á sjávarútveginn sérstaklega í formi veiðileyfagjalda, sem hefur verið mjög mikið tískufyrirbæri í umræðunni. Ég er hins vegar eindreginn talsmaður þess að sjávarútvegsfyrirtæki, eins og önnur fyrirtæki, borgi eðlilega til samneyslunnar þegar þau hafa afkomu til þess. Það er mín hugmyndafræði í þessum efnum að leggja eigi skattana fyrst og fremst á þá sem geta borgað og skattleggja eigi hagnaðinn þar sem hann er og þegar hann er til staðar og hvorki eigi að leyfa mönnum með óeðlilegum hætti að fresta honum undan skattlagningu né eigi að hlaupa til og lækka prósenturnar þó að horfi til þess að ríkissjóður mundi bæta eitthvað stöðu sína og fá meiri tekjur af hagnaði fyrirtækja á komandi árum. Ekki veitir af. Ég held það væri bara prýðilegt ef við fengjum inn auknar tekjur í einhverjum milljarðavís á komandi árum.

Ég sé heldur ekki, herra forseti, að það séu endilega mikil rök fyrir því að færa enn niður þessa tekjuskattsprósentu, jafnvel þó að breytingarnar á arðgreiðslureglunum mundu þýða einhverja íþyngingu fyrir atvinnulífið. Þá spyr ég á móti, getur það ekki vel borið það? Er ekki komið að því að það fari að skila meiru en það hefur gert undanfarin ár?

Er ekki alveg augljóst mál og óumdeilt að atvinnulífinu var hlíft mjög mikið á erfiðleikatímanum?

Niðurfelling aðstöðugjaldsins og umtalsverð lækkun tekjuskattsprósentunnar — ég er þá ekki að tala um prósentur upp á 50 eins og var á verðbólgutímanum, sú háa tala var fyrst og fremst afsprengi þess að menn reiknuðu inn í verðrýrnun skattgreiðslnanna bara á hálfu ári eða innan árs vegna verðbólgunnar, þó við notum tölur eins og 45 eða 40% eins og voru um skeið áður en lækkunarhrinan hófst sem nú hefur verið.

Að allra síðustu, herra forseti, segi ég það að mér finnst þetta frv., miðað við að það er býsna stórt, a.m.k. hlutar af því sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni af mér og reyndar einnig síðasta hv. ræðumanni, gera það að verkum að mikil ástæða sé til að íhuga að fresta afgreiðslu þess, skoða þetta betur, þannig að t.d. efh.- og viðskn. fengi sumarið til að líta betur yfir þessi mál. Frv. er nokkuð seint fram komið, bætist aftan við langan, langan lista af stórmálum sem dælt hefur verið inn og öll á verksviði þessarar nefndar. Mér finnst það þess vegna ekki ósanngjörn krafa að það verði a.m.k. kannað á næstunni að afgreiðslu þessa frv. verði frestað og það fái ítarlegri skoðun.

[18:27]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt að skattfrelsismörk hér séu lægri en annars staðar gerist. Ég hygg að það séu mjög fáir staðir til þar sem jafnmargir einstaklingar komast algjörlega hjá því að borga tekjuskatt eins og er hér á landi. En það er nú önnur saga.

Varðandi þessar 200 millj. þá þurfa menn að gá að því að af þeim 200 millj. eru nú 50 millj. sem menn gera ráð fyrir að leiði af breytingunni hjá sameignarfélögum, úr 41 niður í 38, sem ég held að allir muni telja vera sanngjarnt, því það eru félög með ótakmarkaða ábyrgð og eiga að lúta sömu lögmálum og einstaklingar hvað prósentuna varðar, hafa orðið eftir. Þar fara því 50 milljónir út sem ég held að menn muni telja sanngjarnt.

En hvað hafa menn verið að gera með því að fella niður aðstöðugjöld sem mönnum þótti ósanngjarn skattur, því að þetta var veltuskattur sem tók ekkert tillit til þess hvort fyrirtækjunum vegnaði vel eða illa, og með að lækka tekjuskatt á fyrirtækjum? Menn voru að gera þetta vegna þess að atvinnuástand var bágborið og kaupmáttur fólksins í landinu hafði lækkað mjög mikið. Menn vildu að fyrirtækin gætu haft burði til að ráða til sín fólk og borgað hærra kaup, því að það er samhengi í öllum hlutum. Ef menn skattleggja fyrirtækin í þrot þá ráða þau ekki fólk og þá borga þau ekki hærra kaup.

En hvort tveggja hefur sem betur fer gerst, að fyrirtækin hafa náð sér á strik, þeim var hjálpað, þau fóru að ráða til sín fólk, atvinnuleysið hefur minnkað, öfugt við það sem gerst hefur í þeim löndum Evrópusambandsins til að mynda þar sem skattpíningin hefur verið meiri og menn hafa verið að vitna til hér. Þar er atvinnuleysið 13–14% og jafnvel hærra ef það væri metið á okkar mælikvarða. Og fyrirtækin hafa verið að auka kaupmátt fólksins án þess að velta því út í verðlagið. Það er þetta sem fólkið er að fagna og það á ekki að beina okkur í kauplækkunarbrautina aftur með því að fara að skattpína fyrirtækin.

[18:29]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög falleg ræða og góð hjá hæstv. forsrh. að öllu leyti nema einu. Hún átti bara alls ekki við þetta mál vegna þess að hér erum við að ræða um tekjuskatt af hagnaði fyrirtækjanna, af nettótekjuafgangi fyrirtækjanna þegar m.a. er búið að draga frá öll launaútgjöld þannig að það er að sjálfsögðu ekki svo að lækkun á tekjuskattsprósentunni af hagnaðnum sé nokkurt innlegg í það mál að hvetja fyrirtækin til að hækka laun. Það má segja að það væri frekar öfugt, að með því að hafa tekjuskattinn af hagnaðinum allríflegan, þá ættu fyrirtækin síður að sjá eftir því að hækka launin og hafa hærri launakostnað frádráttarbæran sem rekstrarkostnað hjá sér.

Þessi ræða átti hins vegar að sjálfsögðu við um aðstöðugjaldið. Þessi ræða á við um launatengd gjöld. Ef við værum að tala um að launatengdur kostnaður fyrirtækjanna hefði verið óhóflega hár þá er eðlilegt að skoða það. Um það ræða menn mest úti í Evrópu, t.d. í Þýskalandi. Þar hafa menn lent í því af ýmsum ástæðum, bæði sögulegum og vegna þess hvernig þeirra almannatryggingakerfi er uppbyggt og vegna fleiri þátta, að launatengdur kostnaður fyrirtækjanna er óhóflega hár, 18–20% bruttó í þýsku atvinnulífi. Því er ekki til að dreifa hér. Hann er mjög lágur. Menn lögðu niður aðstöðugjaldið án þess að taka upp nokkra aðra skatta í staðinn á fyrirtækin. Ég studdi reyndar þá aðgerð þó ég benti á að í leiðinni væri eðlilegt að athuga t.d. að koma þá við einhverjum umhverfisgjöldum eða öðru slíku ef slíkt væri á döfinni eða kæmi til með að koma. En hér er verið að tala um það hvað fyrirtækin eigi að leggja í sameiginlegan sjóð af nettóhagnaði sínum þegar hann einn er eftir og þegar allir frádráttarliðir hafa verið nýttir og allur rekstrarkostnaður greiddur, þar með talin launin. Ég fellst því ekki á að það eigi við sem rök hér að skynsamlegt hafi verið, sem það að mörgu leyti var, að hjálpa fyrirtækjum á erfiðleikaárum með því t.d. að létta af þeim óheppilegum flötum veltusköttum eins og aðstöðugjaldið var.

[18:31]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er viðurkennt af öllum sem til þekkja, innlendum aðilum sem erlendum, að eitt meginvandamál í rekstri íslenskra fyrirtækja hefur verið léleg eiginfjárstaða fyrirtækjanna, léleg uppbygging fjármunamyndunar fyrirtækjanna. Það hefur verið stórfellt vandamál hér. Ég tel að sú skattlagningarstefna sem við fylgjum núna gefi okkur færi á því og sé að gefa okkur færi á því að byggja upp innri stöðu og styrk fyrirtækjanna. Og það ræður úrslitum um það í framtíðinni hvort fyrirtækin standi af sér kreppur sem koma, hvort fyrirtækin geti haldið fólki í vinnu og greitt sæmilega há og góð laun. Það er samhengi í öllum þessum hlutum og menn verða að sjá þá í þessu samhengi.

Þetta frv. snýst að öðru leyti ekki um þessa prósentu. Frv. snýst um allt aðra hluti. Frv. snýst um að jafna hlutina í það far sem við þekkjum annars staðar frá og jafnframt að haga skattlagningu skynsamlegar og síðan laga menn prósentuna í lokin að þeirri niðurstöðu þannig að ríkissjóður komi nánast út á sléttu.

[18:32]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tilhneigingu til að leyfa mér að túlka þessi síðustu orð hæstv. forsrh. þannig að út af fyrir sig standi það opið að menn fari betur yfir forsendur þessara

útreikninga og ef t.d. kæmi á daginn að þetta væri ríflega í lagt hvað varðaði það að mæta áhrifum breyttrar skattalegrar meðferðar afgreiðslna fyrir fyrirtækin, þá yrði það endurskoðað og ef útkoman yrði t.d. að það væri nóg að lækka hlutfallið í 31% eða 31,5% þá yrði það látið standa. Það finnst mér einmitt gefa tilefni til þess að við gerum það og tökum menn þá á orðinu hér, ef svo má að orði komast, og segjum: Það er ekki ætlunin að láta þetta valda neinni skattalækkun heldur er þetta eingöngu breyting af þeim toga sem hér hefur verið um rætt.

Það er alveg hárrétt að íslenskt efnahagslíf og atvinnufyrirtæki hafa verið veik og ein eftirköst af óstjórnarárum hér, verðbólgu og óstöðugleika af ýmsu tagi voru að sjálfsögðu þau að lítið var um fyrirtæki með stöndugan efnahag og rekstrartapi í stórum stíl var safnað upp eins og ég fór yfir hér áðan þannig að árum saman hafa fyrirtækin, þrátt fyrir batnandi afkomu, ekki borgað eina einustu krónu í tekjuskatt.

En ef þetta er nú að breytast sem betur fer, þá eru það ekki endilega rök fyrir því að hafa tekjuskattsprósentuna lága og með því lægsta í heiminum. Svo er ekki vegna þess að hún kemur ekki til sögunnar fyrr en fyrirtækin hafa haft alla þá möguleika sem skattalög og starfsumhverfi þeirra að öðru leyti býður þeim upp á til að byggja sig upp, til að fjárfesta og til að fyrna þær fjárfestingar og afskrifa, til að borga hærri laun og draga það frá sem rekstrarkostnað. Það er því eingöngu spurning um nettóskattlagninguna á hagnaðinum sem eftir stendur.

Það hefur verið heilmikil fjármunamyndun í ýmsum þeim fyrirtækjum sem nú eru að fara að borga t.d. tekjuskatt í sjávarútvegi. Þau eru orðin prýðilega stöndug áður en þau fara að borga nokkurn tekjuskatt vegna þess að uppsafnaða tapið var svo mikið. Ég þekki mörg slík dæmi. Menn geta skoðað veltutölur í þeim fyrirtækjum og eiginfjárhlutfall og annað því um líkt og séð að þau eru orðin prýðilega í stakk búin til að borga tekjuskatt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bindandi álit í skattamálum, 1. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 941.

[18:35]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bindandi álit í skattamálum. Frv. er 552. mál og er að finna á þskj. 941.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp nýmæli sem verið hefur gildandi í nágrannalöndum okkar um árabil og lýtur að heimild skattyfirvalda til að gefa fyrir fram bindandi álit í skattamálum.

Frumvarpið, sem unnið var í fjármálaráðuneytinu, er að nokkru leyti sniðið að danskri fyrirmynd en Danir settu fyrst lög um bindandi álit árið 1982. Í frv. er gert ráð fyrir að skattaðilar geti óskað eftir því við ríkisskattstjóra að hann gefi bindandi álit um skattaleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana þeirra. Það álit sem þannig er fengið yrði bindandi fyrir skattyfirvöld nema því yrði hnekkt með úrskurði yfirskattanefndar eða með dómi. Meginmarkmið frv. er að auka réttaröryggi skattaðila. Það tryggir einstaklingum og fyrirtækjum rétt til að fá fyrir fram úr því skorið hvernig skattlagningu vegna tiltekinna ráðstafana verði háttað og svigrúm til að taka ákvarðanir og gera ráðstafanir á grundvelli þeirra upplýsinga.

Þá er þess einnig að vænta að úrræði þetta muni leiða til færri ágreiningsmála á síðari stigum, þ.e. fyrir yfirskattanefnd og dómstólum. Bindandi álit eru afmörkuð við skatta og gjöld sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar. Gert er ráð fyrir að fyrirspurn um bindandi álit verði beint til ríkisskattstjóra og verður hún að beinast að tiltekinni fyrirætlan skattaðila sem ekki hefur þegar verið ráðist í og ekki hefur áður verið tekin afstaða til með úrskurði eða dómi.

Gert er ráð fyrir að skattaðili sem fengið hefur bindandi álit geti kært það álit til yfirskattanefndar og með niðurstöðu hennar megi fara fyrir dómstóla. Framangreint efni kemur fram í einstökum greinum frv. sem hér greinir.

Í 1. gr. frv. er lýst skilyrðum sem beiðni um bindandi álit þarf að fullnægja. Í 1. mgr. er áskilið að málið geti varðað verulega hagsmuni þess er óskar álits og varði álitamál sem snerta álagningu skatta og gjalda sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar. Þá er ekki hægt að óska eftir bindandi áliti um ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar.

2. gr. frv. mælir fyrir um formskilyrði sem beiðni um bindandi álit þarf að fullnægja.

Ákvæði 3. gr. frv. snýr að málshraða. Fyrir fram bindandi álit samkvæmt frv. þessu eru þess eðlis að þau koma að takmörkuðu gagni ef þau eru ekki látin uppi innan skamms tíma eftir að þeirra er óskað. Er því gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri láti uppi álit eins fljótt og unnt er. Er reglan í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga hvað þetta snertir.

Í 4. gr. kemur fram að ríkisskattstjóri skuli senda álit sitt bæði til álitsbeiðanda og þess skattstjóra sem kemur til með að byggja ákvörðun um skattlagningu á álitinu.

5. gr. frv. kveður á um kæruheimild og málskotsrétt til yfirskattanefndar eða eftir atvikum dómstóla.

Í 6. gr. frv. er fjallað um réttaráhrif bindandi álita. Skulu skattyfirvöld leggja álit ríkisskattstjóra til grundvallar álagningu gjalda hjá álitsbeiðanda vegna þeirra atriða sem álitið varða.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að lagt verði á gjald til að standa straum af kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita.

Að lokum er í 8. gr. frv. að finna ákvæði um heimild til að birta niðurstöður álita sem hafa almenna þýðingu.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að fjalla frekar á þessu stigi málsins um frv. en vænti þess að það fái umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. þingsins og geri tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og þeirrar hv. nefndar.

[18:39]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. forsrh. talaði fyrir á að hluta til fyrirmynd í löggjöf nágrannalandanna en meginefni þess er að hægt er að óska eftir bindandi áliti í skattamálum. Grunnhugsunin er sú að með því eru réttindi skattborgaranna betur tryggð á þann hátt að úrskurður fáist fyrr en venja hefur verið hér á landi. Það er mjög brýnt að mínu mati að hraða afgreiðslu mála í skattkerfinu og ganga tryggilega frá réttindum skattborgaranna. Hins vegar gerir þetta frv. það ekki. Það er ljóst að óánægja ríkir með framkvæmd fjölmargra þátta í íslensku skattkerfi. Eitt af því er hve lengi mál hafa dregist

hjá ríkisskattstjóra eða hjá yfirskattanefnd sérstaklega. Menn hafa búið við ákveðið óöryggi vegna dráttar á málum.

Við þekkjum einnig umræður um einstaka skattstjóra, gagnrýni fólks á skattstjóra eins og var nú nýverið í fjölmiðlum, þ.e. á skattyfirvöld á Ísafirði. Við höfum heyrt slíka umræðu um skattyfirvöld á Akureyri svo fátt eitt sé nefnt. Sömuleiðis má vekja athygli á nýlegum hæstaréttardómi þar sem maður sem var kærður fyrir misferli tengdu skattamálum og hafði setið inni, var sýknaður. Vitaskuld sýnir allur þessi málatilbúnaður og umræður í þjóðfélaginu að við þurfum að vanda betur lagaumgerð um samskipti skattborgara og skattyfirvalda.

Það hefur einnig verið gagnrýnt töluvert í fyrirtækjaumhverfi að skatteftirlit sé ekki nógu markvisst. Við þekkjum, herra forseti, tölur um að 11 milljarðar tapist vegna skattundandráttar. Hvort sú tala er nákvæm læt ég liggja á milli hluta en það er ljóst að skattundandráttur er töluverður og vafalítið eitthvað í nálægð við þetta. Þess vegna er mjög brýnt að eftirlit sé markvisst og nægjanlegt. Stundum er sagt að eftirlitið beinist einkum að þeim sem hafa sína hluti bókhaldslega í lagi. Auðveldara sé að hafa eftirlit með þeim og sjá hvort allt sé rétt fært og hvort rétt sé farið með frádráttarliði eða ekki. Hins vegar eru þeir sem hafa allt sitt bókhald í skókössum sagðir sleppa við opinbert eftirlit. Ekki er gott að segja hvort eitthvað sé hæft í þessari gagnrýni en vafalítið má finna eitthvert sannleikskorn í þessu.

Ein af ástæðunum fyrir því að skatteftirlit og öll sú umgjörð er ekki nægjanlega traust hjá okkur er m.a. fólgin í því að ekki er nægjanlegur mannafli settur til verka og ekki eru nægjanleg laun greidd þeim sem vinna að þessum málum. Skattstofur hafa oft og tíðum verið hálfgerðar uppeldisstöðvar fyrir fært fólk sem síðan hefur horfið til annarra starfa, ekki hvað síst á sviði lögfræði og endurskoðunar. Þetta er vitaskuld áhyggjuefni og tengist að vísu almennt launastefnu ríkisins sem er svo sem ekki hér til umræðu, en það er ekkert að því, herra forseti, að þessi mál séu rædd öðru hverju í víðara samhengi.

Spurningin er hvort þetta frv. leysi eitthvað af þeim vandamálum sem er við að glíma, þ.e. drátt í kerfinu og skapi meira réttaröryggi. Ég tel svo ekki vera einfaldlega vegna þess að frv. er illa úr garði gert. Ekki er tekið á tveimur mjög mikilvægum þáttum sem eru að setja fresti í frv. og standa við þá. Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit samkvæmt lögum þessum svo fljótt sem unnt er."

Ekki eru sett tímamörk hvað þennan þátt varðar. Síðan er málskotsréttur vitaskuld bæði til yfirskattanefndar og til almennra dómstóla en ekki er tekið neitt á vandkvæðum gagnvart yfirskattanefnd, en í 8. gr. laga um yfirskattanefnd segir:

„Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra."

Það er vitað, herra forseti, að ákvæði laganna eru margbrotin og ekki hefur verið látið reyna á nein úrræði hvað þann þátt varðar. Í þeirri löggjöf get ég ekki séð í fljótu bragði að gert sé ráð fyrir hvernig fara skuli með ef hið opinbera brýtur þá fresti sem þar eru en einmitt það hefur gerst. Ástæðan fyrir því að yfirskattanefnd lýkur ekki málum sínum innan tilskilins frests er einfaldlega að ekki er nægjanlega vel að umgjörð starfsins staðið, þ.e. það þarf fleira fólk til að klára þau mál í tíma. Það er alveg augljóst, herra forseti, að frv. mun væntanlega búa til nýja stíflu. Það verður lengi verið að koma fram með bindandi álit nema menn setji fresti og gefi yfirlýsingar um að menn ætli að ráðstafa nægjanlega fjármunum til að tryggja öryggi skattborgaranna. Það er reyndar sagt í athugasemdum við frv., þ.e. umsögn fjmrn., að það þurfi að ráða tvo til þrjá nýja starfsmenn til að reyndari starfsmenn geti tekið að sér umsjón með þessu verkefni, þ.e. að gefa þessi bindandi álit.

Hins vegar er á móti gert ráð fyrir að hægt sé að spara hjá yfirskattanefnd. Það er verið að leggja upp með hugmynd sem er alls ekki slæm, þ.e. að koma með bindandi álit og reyna að stytta fresti en það er ekki gert á þann máta að eitthvert gagn verði að þessu. Til að svo hefði orðið hefði t.d. þurft að setja inn í 3. gr. að úrskurður yrði að liggja fyrir innan tiltekins tíma og ganga náttúrlega eftir því að ákvæði 8. gr. um yfirskattanefnd verði virk. Til þess þarf fjármagn. Að vísu er sumt í skattalögum ekki einungis tengt fjármunum í sambandi við úrslit og úrskurði heldur er það einnig háð reglunum sjálfum. Þar hafa menn hins vegar verið að bæta sig á undanförnum missirum, t.d. með stöðluðum framtölum og öðru slíku, og er það allt vel.

Hér finnst mér hins vegar, herra forseti, vera kastað til höndum. Hugmynd er gripin á lofti, hæstv. forsrh. gerði það nú svo að það passar ágætlega að hæstv. forsrh. tali fyrir máli hæstv. fjmrh. Forsrh. greip á lofti hugmynd fyrir nokkru um að það þurfi að gera eitthvað fyrir skattborgarana í landinu, það þurfi að koma með umboðsmann skattborgara. Þetta var svona endurómur af umræðu sem hefur átt sér stað í Bandaríkjunum og er í sjálfu sér ekki í fyrsta skipti sem hæstv. forsrh. grípur eitthvað á lofti og kemur inn í íslenska umræðu en oftast er það þá ekki hugsað í neinni mótaðri mynd heldur einungis slegið fram í fyrirsögnum. Þetta er alveg sígilt mál hvað það varðar, sérstaklega þegar útfærsla á frv. er skoðuð.

Hins vegar væri vafalítið hægt að betrumbæta frv. í nefnd, þ.e. að setja í þetta fresti, taka upp lögin um yfirskattanefnd samhliða skoðun á málinu, skoða hvernig hægt er að tryggja betur réttarstöðu skattborgara í landinu því að það er brýnt og við jafnaðarmenn höfum margoft talað um að réttaröryggi þurfi að ríkja hjá þeim einstaklingum sem standa undir skatttekjum landsmanna. Það verður hins vegar ekki gert með því að kasta til höndunum við útfærslu á þessu frv. og benda má á að réttlætið í þessu kostar sitt því ef ég sé hér rétt er gert ráð fyrir því að sá sem biður um slíkt bindandi álit verði að greiða fyrir það 50 þúsund, þ.e. aldrei hærri fjárhæð en 50 þúsund, sem á væntanlega að vera hluti af þeim kostnaði sem slíkt álit hefur í för með sér. Hér er nokkuð há tala en það er vitaskuld atriði sem verður skoðað betur í nefnd.

Meginniðurstaða mín varðandi frv. er að það er ekki hugsað til enda, það hefði verið sjálfsagt að leggja til að bindandi álit ríkisskattstjóra þegar óskað er eftir, það hefði gert meira réttaröryggi. Það þarf hins vegar að vera gert innan tiltekinna tímamarka og það þarf að liggja fyrir viljayfirlýsing að bæði ríkisskattstjóra og ekki hvað síst yfirskattanefnd verði tryggður starfslegur og fjárhagslegur rammi til að uppfylla þau lagaákvæði sem í gildi eru. Því að það er satt best að segja, herra forseti, til vansa fyrir Alþingi að horfa upp á 8. gr. laganna, um yfirskattanefnd, vitandi að þetta er brotið vegna þess að ekki er séð nægjanlega fyrir umgjörð að starfi yfirskattanefndar. Það er mjög mikilvægt að borgarar í landinu séu ekki háðir því að þurfa að bíða mjög lengi eftir úrskurðum til þess bærra yfirvalda. Allar breytingar í löggjöf okkar á undanförnum missirum hafa miðað að því að

einfalda og bæta réttarstöðu einstaklinga gagnvart kerfinu og brýnt er að halda því áfram gagnvart skattyfirvöldum. Það verður hins vegar ekki gert með þessu frv. eins og það er lagt fram. Hins vegar, herra forseti, get ég sagt það fyrir hönd okkar jafnaðarmanna að við erum fús til þess að vinna að því að betrumbæta frv. þannig að hægt væri að vinna eftir því og að það mundi skapa virkilega réttarbót fyrir einstaklinga sem greiða skatt í landinu.

[18:51]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér á óvart hvað hv. þm. tók þessu framfarafrv. illa. Hann er hugsanlega á móti framförum. Þetta frv. er auðvitað mjög í þágu skattborgaranna. En því meir sem ég hlustaði á ræðu hans þótti mér skína í gegn að það væri skortur á öðru frv. sem varð til þess að hann fór að finna þessu frv. allt til foráttu og halda því fram að þetta frv. væri illa unnið sem engin rök benda til nema síður sé.

Ég vek athygli á því sem ég sagði þegar ég var að byrja að mæla fyrir frv. fyrr í dag, en þá sagði ég, með leyfi forseta: Auk þessa frv. er gert ráð fyrir að fram komi á þessu þingi skattafrv. sem fjalla um málsmeðferð í skattkerfinu og samskipti skattkerfisins og skattborgaranna. Þau mál hafa verið til sérstakrar athugunar í fjmrn. nú um nokkurt skeið.

Annars vegar er um að ræða frv. til laga um bindandi álit í skattamálum sem þegar hefur verið lagt fram og hins vegar frv. sem gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á reglum sem gilda um yfirskattanefnd og væntanlega verður lagt fram síðar á þessu þingi.

Það er einmitt þar sem fram koma breytingarnar sem varða málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd, og hv. þm. á ekki að láta þetta mál flækja fyrir sér stöðuna og leiða til þess að hann taki þessu framfarafrv., sem er ákaflega vel úr garði gert, jafnilla og hann gerði. Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni þegar ég mælti fyrir frv. að nauðsynlegt væri að hafa tímafresti til að fara eftir og hér er stuðst við reglur stjórnsýslulaga hvað það varðar en auðvitað er líka svigrúm fyrir fjmrh. að setja nánari skilyrði varðandi þann frest í reglugerðarheimild.

[18:53]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur allt sem ég sagði að frv., þ.e. hugmynd um bindandi álit er alls ekki slæm. Þetta frv. er hins vegar illa unnið af því að það tekur ekki á tilteknum meginþáttum málsins eins og hæstv. forsrh. ræddi reyndar um, um frestina. Það er alveg opið með fresti hjá ríkisskattstjóra sem kveði upp um bindandi álit. Það tel ég ekki vera góða útfærslu. Ég bendi á að í 5. gr. frv. segir:

„Álitsbeiðandi getur kært bindandi álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar.“ Það er eðlilegt að þá skoði menn hvaða meðferð mál fá hjá yfirskattanefnd. Þar benti ég á 8. gr. laga og þá staðreynd að núgildandi lög eru margbrotin varðandi starfsemi yfirskattnefndar. Ég tók reyndar vel eftir hvað hæstv. forsrh. sagði um væntanlegt frv. yfirskattanefndar en hann gat ekkert um hvort efnisatriði í því frv. væru það að taka eitthvað á 8. gr., þ.e. fresti þess, eða breyta starfsemi yfirskattanefndar þannig að hún stæði lög og gæti skilað áliti innan einhvers tiltekins tíma.

Aðalmálið er að þetta verði löggjöf sem feli í sér einhverja réttarbót, ekki bara slagorð út í loftið eins og mér fannst hæstv. forsrh. fara um málið. Þegar hann fór aðeins að hugsa um málið sá hann að auðvitað þurfti að vera ákveði um fresti í málinu. Auðvitað sér hann það. Hæstv. forsrh. er lögfræðingur og hann áttar sig á því að það þurfa að vera skýr ákvæði hvað varðar áfrýjunarferilinn sem er til yfirskattanefndar. Það þarf að vera skýrt kveðið á um hvernig frestir eru haldnir. Það er ekkert mjög flókið. Þetta mál er illa unnið en ég er sannfærður um það, herra forseti, að hv. efh.- og viðskn. getur snúið þessu til betri vegar. Hún hefur gert það við fleiri mál hæstv. ríkisstjórnar.

[18:55]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er ágætlega unnið og kemur að miklu gagni fyrir fólkið í landinu og fyrirtækin. Ég vek athygli á þessum orðum sem ég nefndi áðan varðandi yfirskattanefnd og í þriðja lagi vek ég athygli á því að frv. er í sjálfu sér líklegt til að létta álaginu af yfirskattanefnd ef menn geta með sæmilegum hætti gert ráðstafanir fyrir fram þannig að þeir þurfi ekki að lenda upp á kant við skattkerfið, heldur vita nákvæmlega hvar þeir standa að mati skattstofunnar og það er líklegt til þess að fækka mjög úrskurðum sem ganga til yfirskattanefndar og síðan til dómstóla.

[18:55]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta er að verða heilmikil lota þar sem hæstv. forsrh. og starfandi fjmrh. mælir fyrir hverju skattafrv. á fætur öðru og gerum við að sjálfsögðu ekki neinar athugasemdir við það í ljósi þess hvernig aðstæður eru þó að vissulega sé einnig söknuður að því að hafa ekki hæstv. fjmrh. á meðal vor.

Um meginefni frv. hef ég það að segja að þetta er eitt af nokkrum atriðum sem hafa verið til umræðu á undanförnum árum að brýnt væri að hrinda í framkvæmd og koma á í íslenska skattkerfinu þannig að réttarstaða eða þjónusta við skattgreiðendur kæmist nær því hér að vera sambærileg við það sem gerist og gengur annars staðar og í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Með öðrum orðum bindandi álit eða forúrskurðir í skattkerfinu eru að sjálfsögðu af hinu góða. Það er mjög eðlileg hugsun í tilviki sem þessu þar sem menn eiga jafnmikið í húfi, ekki bara hvað varðar endanlega framkvæmd og álagningu heldur oft á tíðum einnig túlkun á vafaatriðum, að þeir geti leitað slíkra forúrskurða í skattkerfinu. Við getum tekið aðrar hliðstæður sem eru möguleikar manna til að fá forúrskurði eða a.m.k. ráðleggingar Samkeppnisstofnunar þegar í hlut eiga ákvarðanir í atvinnulífinu sem gætu varðað við ákvæði samkeppnislaga. Þá er hugsað sambærilega fyrir því að menn geti snúið sér til viðkomandi yfirvalds eða viðkomandi stjórnsýsluvalds og fengið álit fyrir fram áður en þeir binda hendur sínar eða verða fyrir óhagræði vegna óvissu sem kann að ríkja um túlkun reglna og útkomu þeirra gagnvart hlutum af þessu tagi. Þá hugsun í þessu frv. styð ég að sjálfsögðu og tel reyndar að það geti varla verið flókið mál að lagfæra þannig framkvæmdaratriði eða einhverja ágalla sem kunna að vera á þessu og voru tilefni orðaskipta áðan á milli hæstv. forsrh. og hv. þm. Ágústs Einarssonar. Ég held að það hljóti að vera hægt að fara yfir það svo sem eins og varðar þessa kærufresti og annað því um líkt.

Ég hef ekki síður áhuga á því að ræða við hæstv. forsrh. sem hefur látið þessi skattamál dálítið til sín taka, ekki bara sem starfandi fjmrh. heldur einnig í eigin nafni sem forsrh. eða stjórnmálamaður og kem ég aðeins að því síðar um fleiri framfaramál af þessu tagi. Ég sakna þess t.d. mjög hversu seint hefur gengið á Íslandi að koma á sjálfvirkum útreikningi eða sjálfvirkri útfyllingu framtala. Það er mál

sem hefur verið á dagskrá í mörg herrans ár og ég man eftir því að fljótlega eftir að hæstv. núv. fjmrh. kom í það embætti áttum við um þetta orðaskipti snemma á síðasta kjörtímabili og þá gaf hæstv. fjmrh. undir fótinn með að þetta væri í sjónmáli að hér á landi eins og víðast hvar er erlendis, að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, sem oftast liggja allar fyrir hjá hinu opinbera í formi launamiða og annarra slíkra hluta, væri um sjálfvirka útfyllingu að ræða þannig að menn ættu þann valkost að láta þetta gerast sjálfvirkt eða koma viðbótarupplýsingum á framfæri eða reikna þetta út sjálfir.

Ég vildi gjarnan sjá fleiri umbótamál af því tagi líta dagsins ljós. Auðvitað er mikilvægt að skattkerfið sé skilvirkt, að sæmilegur friður ríki um tilhögun þeirra mála og skattyfirvöldum sé gert kleift að starfa í sæmilegri sátt við skattgreiðendurna að svo miklu leyti sem menn geta nokkurn tímann orðið sáttir við að borga skatta. Af einhverjum ástæðum er þroski manna, upp til hópa, ekki meiri en svo að fæstir gleðjast yfir því að sinna skyldu sinni og gjalda keisaranum sitt.

Herra forseti. Þar sem svo vel ber í veiði að starfandi hæstv. fjmrh. er hæstv. forsrh., þá leyfi ég mér að taka upp við hann annan þátt sem tengist mjög þessu máli og öðrum sem boðuð eru, m.a. í greinargerðum með þessum frv. Fleiri umbótamál standa fyrir dyrum í skattkerfinu og þá á ég að sjálfsögðu við hugmyndir hæstv. forsrh. um umboðsmann skattgreiðenda, „ombudsmand" fyrir skattgreiðendur landsins. Það vakti athygli svo vægt sé til orða tekið þegar hæstv. forsrh. gekk fram fyrir skjöldu í að gagnrýna skattayfirvöld og reifaði hugmyndir sínar um að stofna embætti umboðsmanns skattgreiðenda.

Sömuleiðis vill svo vel til, herra forseti, að einmitt daginn sem við ræðum þetta frv. kemur í hólf okkar þingmanna skýrsla Ríkisendurskoðunar um skatteftirlit á Íslandi. Það er hið ágætasta plagg. A.m.k. fékk ég þetta ekki í hendur fyrr en í morgun. Það kann að vera vegna þess að ég hafi ekki kíkt í pósthólfið alveg daglega.

Þar er að finna m.a. alllangan kafla um gagnrýni á skattaframkvæmd og skattyfirvöld. Þar er vísað til vinnu á vegum Félags löggiltra endurskoðenda og þar er sérstaklega vitnað í ummæli hæstv. forsrh. og hugmyndir hans um umboðsmann skattgreiðenda. Þar er einnig vitnað í málþing Félags löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélags Íslands. Síðan er farið yfir þessa gagnrýni og ýmsa aðra sem beinst hefur að skattyfirvöldum á undanförnum missirum.

Reyndar er það svo, herra forseti, að það er nokkuð sérstök upplifun fyrir þá sem lengi hafa haft starfa af því að fylgjast með framkvæmd skattamála, eins og ræðumaður hefur gert m.a. með því að sitja í efh.- og viðskn. núna bráðum í sjö ár samfellt, að heyra hvernig umræðan hefur á skömmum tíma snúist hér á Íslandi.

Þannig er að í kringum 1990 og einhver ár eftir það gekk mjög mikið fár yfir landið þar sem skattsvik voru í tísku ef svo má að orði komast. Þá þótti mikil íþrótt að ræða um stærð neðanjarðarhagkerfisins og skattsvikin. Skýrslur komu á skýrslur ofan, þar sem reynt var að meta umfang skattsvika. Hverjar voru kröfurnar sem uppi voru í hinni almennu umræðu, bæði hér á Alþingi, í fjölmiðlum og víðar? Þær voru um stórhert skatteftirlit. Þess var krafist að skatteftirlit yrði hert því skattsvikin væru allt of mikil og menn yndu því æ verr að greiða sína skatta vegna vitundarinnar um að aðrir slyppu við það.

Ég leyfi mér að túlka það þannig, herra forseti, að þá voru sökudólgarnir skattsvikararnir og ætlunin að ráðast að skattsvikum. Samúðin var með skattyfirvöldum. Þau þurfti að efla og gera betur kleift að sinna hlutverki sínu og ná sökudólgunum, ná þeim sem væru að draga undan.

Nú virðast mér verulegir tilburðir í umræðunni til þess að snúa þessu alveg við og færa gagnrýnina yfir á skattyfirvöld. Þau eru sökudólgurinn og óvinurinn sem þurfi að stemma stigu við. Ég hef nokkuð undrast það hvernig málsmetandi menn með sjálfan forsrh. í fararbroddi hafa tekið þátt í umræðunum sem hallast að þessu viðhorfi.

Mér finnst það ábyrgðarhlutur að ganga svo langt að athyglin færist nánast öll yfir á störf skattyfirvalda á grundvelli laga sem við stjórnmálamenn höfum sjálfir sett. Þarna eru beinar afleiðingar af ákvörðunum og gerðum hér á Alþingi, í stjórnsýslunni, í fjmrn. og víðar, gagnrýndar. Þær eru gagnrýndar og þolendum í málinu vorkennt.

Það er einmitt þannig að í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. hefur haft tíma til að lesa. (**Forsrh.:** Ég er búinn að lesa skýrsluna.) Þá fagna ég því að hæstv. forsrh. er svona vel lesinn í þessu að hann er þegar búinn að fara yfir hana. (**Forsrh.:** Ég var veðurtepptur og las hana.) Hann var veðurtepptur og hafði góðan tíma til lestrar. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

Í skýrslunni er nefnilega komist að þeirri niðurstöðu æ ofan í æ, að lítið þýði að lemja á skattyfirvöldum fyrir það sem öðrum er um að kenna. Þar er t.d. bent á að langt sé frá því að þær skattalagabreytingar sem síðan kemur í hlut skattyfirvalda að framkvæma séu alltaf nægjanlega vel undirbúnar. Þær eru oftar en ekki, eins og við þekkjum auðvitað mætavel sem hér höfum starfað á þingi, snöggsoðnar. Þær koma kannski til sem hluti af öðrum og óskyldum aðgerðum eins og því að ná kjarasamningum eða ljúga saman fjárlögum. Þá grípa menn til þeirra ráða að að krukka í skattkerfið. Skattkerfinu er svo hent í skattyfirvöld, skattstjórana og ríkisskattstjóra og þeim ætlað að framkvæma þetta gjarnan með sáralitlum undirbúningstíma.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir einnig að gagnrýna megi stjórnvöld og Alþingi fyrir seinagang við endurskoðun skattalaga. Meira að segja er farið nokkuð hörðum orðum um frammistöðu sjálfs fjmrn. Ég vona að það verði ekki enn einu sinni afgreitt þannig að það stríð standi yfir milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Að vísu hefur andað köldu milli manna á þeim bæjum en ég held að við hljótum að taka alvarlega þær athugasemdir. T.d. mætti nefna þær athugasemdir sem gerðar eru á bls. 113. Því er haldið fram að dæmi sé um að fjmrn. hafi lagt fyrir skattyfirvöld að virða ekki fordæmisgildi úrskurðar yfirskattanefndar, áður ríkisskattanefndar. Þetta er nokkuð mikið sagt. Er það af því að fjmrh. hafi fundist þeir úrskurðir vitlausir og væru á móti því? Eru menn þarna að brúka kjaft við dómarann? Þarna segir fjmrn.: Það á bara ekki að taka mark á þessum úrskurðum ríkisskattanefndar.

Sama er reyndar sagt um, þó það snúi að öðrum aðilum sem ekki eru hér til standa fyrir máli sínu, endurskoðendur eða þá sem aðstoða við framtalsgerð. Talin eru mikil brögð að því að þeir hafi látið hjá líða að taka tillit til fordæmisgildis úrskurða skattyfirvalda og yfirskattanefndar. Auðvitað er ekki von á góðu ef menn umgangast lögin með þessum hætti.

Mín niðurstaða er sú og ég vildi koma henni á framfæri, að við verðum að varast það, sérstaklega við sem sitjum á Alþingi og setjum lögin sem skattyfirvöld síðan hafa til að vinna eftir, að sakfella þau um hluti sem eru kannski okkur

sjálfum að kenna. Kann að vera að lagaundirbúningur hér sé ekki nægjanlega vandaður? Skortir á að nægur aðdragandi sé að undirbúningi framkvæmdar breyttra reglna varðandi skattheimtu o.s.frv.

Það kann vel að vera, herra forseti, að hugmyndin um umboðsmann skattgreiðenda sé góðra gjalda verð.

Ég hef að vísu nokkrar áhyggjur af því að þetta er að komast í tísku. Lagt er til að allir fái umboðsmenn og umboðsmenn verði fyrir þetta og hitt. (**Forsrh.:** Ég hef ...) Þá hefur Ríkisendurskoðun eitthvað feilað sig því að hún vitnar beint í það. (Gripið fram í.) Hugmyndir um umboðsmann skattgreiðenda er reyndar sagt hér. En einu má gilda og hæstv. forsrh. er til staðar til að útskýra betur.

Það kann vel að vera að þörf sé einhverra aðgerða til að styrkja réttarstöðu þolenda í samstarfi við skattkerfið. Ég ætla ekki að hafna því í öllum tilvikum. En menn verða að gæta hófs í þeirri framgöngu sinni og grafa ekki undan eða veikja stöðu skattyfirvalda. Það er stutt yfir í að umræðan sveiflist yfir á hitt borðið og menn telji þörf á að efla skatteftirlitið svo hægt sé að ná í skottið á skattsvikurunum o.s.frv. Auðvitað er ómögulegt umræðan umpólist með reglulegu millibili og samúðin sveiflist endanna á milli. Þarna verður að gæta eðlilegs jafnræðis og sanngirni í samskiptum aðila. Ég held að almennt hafi staða almennings verið að styrkjast með ýmsum umbótum í okkar stjórnsýslu. Þar hefur þróunin frekar verið í þá átt að tryggja betur réttindi manna. Stjórnsýslan hefur tekið sig á, enda þurfti hún þess og stjórnsýslulögin hafa þar haft áhrif o.s.frv. Sjálfsagt er að fara sambærilega yfir stöðu skattyfirvalda, stjórnsýslunnar í skattamálum. Þar verður hver að líta í eign barm og þýðir ekki að kenna öðrum um eigin mistök.

Herra forseti. Það er spurning um það hve mikill tími vinnst til að skoða þessi mál svo fullnægjandi þyki á þeim fremur skamma tíma sem eftir lifir af þessu þinghaldi.

Ég veit ekki hver afdrif annarra frv. sem hér eru boðuð verða. Að mörgu leyti hefði verið æskilegast að fá allan þennan pakka til skoðunar sem heildstæða úttekt á þessu sviði. Það hefði að mínu mati verið upplagt efni að vinna í milliþinganefnd, þ.e. allar þessar endurbætur og umbætur í skattkerfinu. Margt væri vitlausara en að fara þannig yfir þessi mála. Þá skipti kannski ekki öllu máli hvort þau væru öll komin fram á þinginu eða til umræðu ef þau væru komin það langt í vinnu að þau mætti hafa undir í starfi t.d. efh.- og viðskn. Sú nefnd hefði þá forustu um að stjórna í þeirri vinnu í sumar.

Ég vona, herra forseti, þó að nokkur tími hafi farið í alla þessa skattasúpu í dag og menn séu að verða svangir, að hæstv. forsrh. geti lýst hugmyndum sínum um þær umbætur í skattamálum sem enn hafa ekki komist á dagskrá, áður en við ljúkum umfjöllun um þetta mál.

[19:12]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi varðandi sjálfskráandi fyrirkomulag einföldustu skattframtala, þá hafa menn lagt heilmikla vinnu í þetta. Fjármunir hafa verið lagðir til hliðar á undanförnum árum til þess að undirbúa skref í þessa áttina. Við sjáum reyndar að tæknivæðingin hefur aukist í því að vinnsla skattframtala er einfaldari nú en áður var. Möguleikinn á því að skanna framtölin veldur til að mynda því að allt gengur þetta hraðar fyrir sig. Innan fárra ára á það að geta gengið fram að allur þorri okkar skattgreiðenda þurfi ekkert að bogra yfir þessu. Þá verður þetta aðallega, eins og hv. þm. nefndi, færsla af einu plaggi yfir á annað sem skattstofan hefur yfir að ráða. Þannig er það með flesta skattgreiðendur að þeir færa inn upplýsingar af plöggum sem skatturinn hefur þegar fengið afrit af. Það telst kannski ekki mjög frjó starfsemi, hvorki af hálfu okkar skattgreiðenda eða skattkerfisins.

Hv. þm. nefndi að gengið hefði mikið fár og umræða um það fyrir sex til níu árum og nokkuð áfram þar um að nauðsynlegt væri að auka skatteftirlitið og flokkar lofuðu stórauknu skatteftirliti vegna meints skattsvikaástands á Íslandi. Þetta var mjög hávært í umræðunni og stjórnmálamenn þurftu að sjálfsögðu að vera framarlega þar í flokki. Ekki var látið nægja að hafa slíkt tal uppi heldur var gjarnan þegar efnahagsráðstafanir voru gerðar óhjákvæmilegt að loka slíkum efnahagsráðstöfunum nema lýsa því yfir að síðar mundu fást einn, tveir eða þrír milljarðar með auknu skatteftirliti. Það er hægt að draga fram mörg plögg sem þannig voru og ég verð því miður að viðurkenna að ég hef tekið þátt í slíku, beittur miklum þrýstingi vegna þess að það var ekki nokkur fótur fyrir því að slíkir peningar mundu endanlega nást. Allt byggði þetta á þeirri trú manna að hér væru skattsvik miklu algengari en annars staðar gerðist og fyrirferð þeirra miklu meiri og við miklu meiri þrjótar í þeim efnum en annars staðar gerðist. Þess vegna voru nefndirnar settar sem reiknuðu út neðanjarðarhagkerfið og tölurnar sem þar voru birtar byggðust á því að Ísland yrði væntanlega þá öfug skattaparadís miðað við það sem áður var nefnt í dag, að hver einasta króna kæmi til skila. Við yrðum þá eina landið í heiminum þar sem það gerðist með þeim hætti að kerfið væri svo fullkomið eða eftirlitið svo magnað að þannig mundi það nást. Þetta var heldur ekki frjó umræða og sennilega ekki vel undirbyggð heldur.

Það sýndi sig við samanburð að skattsvik voru ekkert meiri hér á landi en annars staðar gerðist og þegar ég segi annars staðar, þá meina ég í löndum þar sem skatteftirlitið er virkt. Við vitum af ýmsum suðrænum ríkjum, ég má kannski ekki segja vitum en það er almennt talið að í ýmsum suðrænum ríkjum séu skattsvik blómlegri, ef nota má það orð, en hér í hinum norrænu löndum þar sem allt er í fastara formi og fæstir hafa svigrúm og tækifæri til þó fegnir vildu til að svíkja undan skatti af þeim ástæðum sem við nefnum. Langflestir okkar eru launamenn þar sem allt er gefið upp til skatts óhjákvæmilega hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Við skulum vona að okkur flestum líki það betur. Ég held að þarna hafi menn farið offari.

En einmitt út af þessu andrúmslofti lágu skattyfirvöld, eins og hv. þm. reyndar benti á, undir heilmiklum þrýstingi um að standa sig nú betur í því að ná í alla þessa skattsvikara. Starfsmönnum skattstofa var fjölgað verulega í þeim tilgangi að ná betur í þá meintu skattsvikara sem stæðu fyrir þessu neðanjarðarhagkerfi. Reyndar þykjumst við nú merkja nokkurn árangur af því starfi öllu, enda væri annað skrýtið miðað við fjölgun skattheimtumanna og skatteftirlitsmanna og ýmsum skýrari ákvæðum.

Í þessu andrúmslofti hef ég verið þeirrar skoðunar og af því að hv. þm. nefndi það sérstaklega að við værum að tala um eitthvað sem væri okkar sök, þá hef ég gætt þess jafnan þegar ég hef rætt þessi mál að nefna mig með í málinu og orðað það svo að við þingmenn, stjórnmálamenn höfum gleymt okkur, gleymt að við værum ekki bara handlangarar skattheimtukerfisins og skattstofa, við hefðum aðra umbjóðendur. En við vorum svo föst í þessu fari að sanna okkur

sem ætluðum að ná tökum á þessum meintu skattsvikurum sem alls staðar væru, að við gleymdum okkur. Skattstofurnar auðvitað eða þeir sem semja frumvörpin þaðan reyndu að búa sér til ákvæði og reglur sem þjónuðu þeim markmiðum að hafa sem ríkast svigrúm fyrir þessa aðila og gættu þá kannski ekki að sér um leið að huga að jafnræðisreglum og réttindum borgaranna.

Það er ekki nóg með það að stundum hafi menn gengið of langt fram í slíkum efnum varðandi lagasetningarákvæði heldur hefur framkvæmdin í hálfdómstólum eins og skattanefndum og síðan dómstólunum sjálfum ekki verið nægilega góð vegna þess að jafnræðis hefur ekki verið gætt. Frestum var haldið mjög stíft að einstaklingum og fyrirtækjum en ekki af hinum aðilanum.

Mér hefur komið á óvart hve mörg dæmi ég hef fengið frá skattborgurum eftir að ég fór að hreyfa þessum málum sérstaklega og í hverju þessir borgarar margir hverjir hafa lent og ekki þorað að ybba sig af ýmsum ástæðum. Getur það verið rétt ef skattyfirvöld halda reikningum fyrir mönnum vikum og mánuðum saman? Einstaklingarnir með smáfyrirtæki þurfi að verja sig, fresturinn með þeim hætti að endurskoðendurnir þurfi að vinna fyrir þá daga og nætur, taka þá úr öðrum verkum og dæmið endar kannski þannig að maður með lítið fyrirtæki hefur orðið að borga 1 millj. kr. — 1 millj. króna — til að verja sig og það er hægt að setja á hann 30 þús. kr. þegar allt er tínt til. Þá er komin 1 millj. kr. extra skattur sem ríkið tekur ekkert tillit til fyrst hægt er að klína á viðkomandi 30 þús. kr. Eru þetta eðlilegar reglur? Reglurnar segja væntanlega já. Fyrst viðkomandi var svo ólánssamur að hægt var að segja: Þarna eru 30 þús. kr. Væntanlega hefði kannski einhver einstaklingur komist upp með að kæra slík atvik og fara með þau til dómstóla með öllum þeim tíma og kostnaði sem í það fer en það reynir enginn maður. Fyrir utan slíkar tölur eru menn í litlum fyrirtækjum lamaðir meðan á slíkum aðgerðum stendur. Slíkir hlutir til að mynda eru ekki nokkur vinnubrögð og það þarf að hafa möguleika á því í slíkum dæmum að taka á skattheimtumönnum sem þannig haga sér.

Við þekkjum dæmi svipaðs eðlis annars staðar frá. Þar hefur komið fyrir að menn hafa rekið allt að þriðjungi starfsmanna í skattheimtukerfunum þegar komið hefur fram að slíkir menn hafa farið offari. Svona eru dæmin til. En auðvitað eru langflest dæmin alveg í gagnstæðar áttir, að á skattstofunum og í kerfunum vinnur gott, samviskusamt fólk sem er að fylgja eftir reglum sem við eða fyrirrennarar okkar hafa sett því ekki er skattkerfið frekar en Róm byggt á einum degi. Þarna þarf að gæta jafnræðis og við þurfum að gæta þess að gleyma okkur ekki. Ég held því fram að það hafi komið fyrir að við höfum gleymt okkur við setningu reglna að þessu leyti og síðan gleymt að tryggja það að í framkvæmdinni þar sem skatturinn á alls kostar við einstaklingana, við þær aðstæður eigi einstaklingurinn möguleika á að njóta réttar síns við málsmeðferðina, við framkomuna sem hann verður að búa við. Það verði jafnræði að ganga á milli þess.

Þess vegna nefndi ég það sérstaklega að kannaður yrði möguleiki þess að fundinn yrði farvegur fyrir aðila til hliðar við skattkerfið sem ætti einmitt að gæta sérstaklega að því að einstaklingurinn, fyrirtækið, „viðskiptavinur" skattkerfisins fengi að njóta sín.

Ég gerði það viljandi að nota ekki orðið „umboðsmaður" og hef aldrei notað það sjálfur vegna þess að ég hef verið svolítið hugsandi yfir öllum þessum umboðsmönnum sem menn hafa verið að nefna. En ég er ekki þar með að útiloka það ef aðrir sjá ekki aðra leið en einhverja slíka umboðsmannsleið. Ég er ekki að útiloka það að sú leið yrði þá farin en ég vil að aðrir kostir séu skoðaðir líka og það er það sem fjmrn. er að athuga og skoða um þessar mundir með jákvæðum hætti sem ég er mjög ánægður með.

Ég tel að öll þessi umræða og þau skref sem við höfum verið að stíga núna í þessum efnum sé, eins og hv. þm. sagði áðan, mjög í samræmi við það sem við þegar höfum gert varðandi stjórnsýslulög, upplýsingalög, frv. um eftirlitsiðnað og slík réttindamál borgaranna sem við megum ekki gleyma að eru hinir upprunalegu umbjóðendur okkar á þinginu.

Ég legg mikla áherslu á að þessi mál nái fram að ganga. Öll þau mál sem við erum að mæla fyrir í dag eru ívilnandi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Það er reyndar ekki svo oft sem við erum með slíka pakka í farvatninu nema þá þeir hafi verið tengdir einhverjum tilhliðrunum til að mynda í sambandi við gerð kjarasamninga eða þess háttar atriða og þá er þingið stundum við þær aðstæður ekki jafnfrjálst og það ætti að vera við að færa frumvörpin í þann búning sem það helst kysi. Ég tel því að við séum hér varðandi það frv. sem sérstaklega er til umræðu á réttu róli en mér fannst eðlilegt að hv. þm. notaði tækifærið og tæki þetta mál aðeins til umræðu til hliðar við frv. sjálft. Mér fannst það viðeigandi og passa vel við. Þess vegna gerði ég þetta að umtalsefni, að vísu dálítið óskipulega kannski og óundirbúið en af bestu getu.

[19:24]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því hvernig hæstv. forsrh. hagar orðum sínum í sambandi við skattkerfið og það er nokkuð umhugsunarvert. Margt af því sem hann segir er alveg hægt að taka undir. Það er hins vegar umhugsunarvert hvort það er kannski rétt uppsetning mála að hæstv. forsrh. skipi sér fremstum í flokk þeirra manna sem gagnrýna skattkerfið jafnharkalega og hann hefur gert vegna þess að hann á líka að vera verndari þess að mínu mati.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari var hins vegar það sem hann sagði um möguleikana á því að fella niður framtöl hjá tilteknum hópi skattgreiðenda, þ.e. þessi skriflegu framtöl sem fólk liggur yfir langtímum saman, ungir og aldnir, örfáar tölur sem þarf að færa inn á þá pappíra, fjöldi manns upptekinn af þessu í stórum stíl, skapar vinnu hjá endurskoðendum og fleirum og ég segi alveg eins og er að það er engin ástæða til að bíða stundinni lengur með að breyta þessu. Ég tek sem dæmi aldraða sem eingöngu eru með tekjur frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins. Því í ósköpunum er verið að leggja á fólk að fá alltaf þessi skattframtöl sem eru stöðugt umfangsmeiri eftir því sem tímar líða hvað sem öllu einföldunartalinu líður? Þess vegna skora ég á hæstv. forsrh. og fjmrh. og hv. þingnefnd og þá sem hér eru úr henni að breyta þessu frv. þannig að þetta verði gert og það verði sagt sem svo: Þeir sem eru með tekjur sínar frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum slíkum opinberum aðilum þurfa ekki að taka þátt í þessum skattframtalaæfingum á þann hátt sem verið hefur. Þetta er fornöld, vitleysa og öllum til leiðinda.

[19:26]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar. Hæstv. fjmrh. hefur talað um það í nokkur ár að fella

niður þessi framtöl og það er tími til kominn að því verði hrint í framkvæmd.

En ég kem upp út af orðum forsrh. um skattsvikin. Ég get alveg tekið undir það að þegar talað er um skattsvik, þá sér fólk fyrir sér einhverja svartklædda menn með skjalatöskur sem eru að svindla á kerfinu. Það er ekki þannig en það er vissulega rétt að sumir ráða miklu um það hversu mikla skatta þeir greiða. Það er vegna þess að í skattkerfi okkar eru ýmsar smugur, þ.e. lagaákvæði hafa verið sett í skattalög sem hafa verið hugsuð fyrir einhverjar sérstakar aðstæður, tilfelli eða fyrirtæki og aðrir geta nýtt sér þær. Það er þekkt í þjóðfélagi okkar að í skattamálum eru hæfir menn keyptir til fyrirtækja til þess einmitt að nýta sér þau lög sem menn lifa við einmitt til að borga ekki meiri skatta en þeir þurfa.

Ég ætla að nefna annað. Það eru einkahlutafélögin og hvað hefur opnast með þeim. Þau gefa einyrkjum tækifæri til að setja eignir í hendur einkahlutafélaga, jafnvel húsið, bílinn o.s.frv., borga sér lág laun en líka greitt sér út yfir höfuðstól. Við þær aðstæður á viðkomandi að borga hlunnindaskatt en hann er lágur í samanburði og jafnvel er hægt að setja fjármagn í önnur fyrirtæki sem gefa arð og þá er bara greiddur 10% skattur.

Ég ætla að upplýsa það hér að ég skoðaði slík mál í fyrra þegar einstaklingur sagði frá því í ræðu og riti að hann hefði gengið á milli skattyfirvalda og stjórnmálamanna af því að í áratug hafði hann skoðað götuna sína og sá sem virtist eiga mestar eignir og barst mest á borgaði ekki neitt og af tíu einstaklingum sem hann hafði borið lengi saman voru sumir sem fengu meira endurgreitt frá ríkinu en þeir borguðu í skatta.

[19:28]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða er öll dálítið viðkvæm og flókin. Þau dæmi sem hv. þm. var að nefna voru flest þannig að ekki var um skattsvik að ræða. Það var skattafyrirkomulagið sem þar var nefnt. Það er líka dálítið varasamt ef einhver maður gengur um og sér að einhver maður berst á en borgar ekki mikinn tekjuskatt. Viðkomandi gæti hafa erft einhverja stóra hluti og hefði borgað á sínum tíma erfðaskatt og þess háttar skatta en það kemur ekki fram á beinum sköttum hans þannig að menn verða svolítið að vara sig á þessu.

Ég hef það á tilfinningunni og ætla ekki að segja mikið meira en það, að ekki sé mjög mikið um skattsvik á beinum sköttum. Beinir skattar eru ekki orðnir mjög háir hér og ég hef á tilfinningunni að ekki séu mjög umfangsmikil skattsvik á beinum sköttum.

Ég hef hins vegar á tilfinningunni að skattsvik varðandi virðisaukaskattinn séu miklu meiri og umfangsmeiri en við horfum einhvern veginn sem einstaklingar miklu meira á beinu skattana sem ég man ekki hvað eru, 10% eða 15% af skattheimtu ríkisins. Þegar skattskráin er birt á sumrin eru allir að velta fyrir sér sköttum manna, hvað þessi sé með mikið og hvað þessi með lítið og hvort þessi svíkist um að borga skattinn sinn eða ekki. En þetta er smáatriði í allri súpunni.

Ég held einmitt að okkar óbeinu skattar, eins og fyrr var nefnt í umræðunni af hv. þm. Steingrími Sigfússyni, séu mjög háir og svo hættulega háir að þeir ýti undir skattsvik. Ég held reyndar að það verði mjög erfitt nokkru sinni meðan við leyfum frjálst viðskiptalíf og litlar einingar, lítil bifreiðaverkstæði, akstursþjónustu eða hvað sem er, að ná nokkru sinni fullkomlega utan um slíka skattheimtu. Það er óraunsætt að ímynda sér það. En ekki er þar með sagt að enginn af þessum peningum skili sér því að við vitum líka að þeir menn sem borga kannski ekki skattana sína, ekki af því að þeir séu skattsvikarar, þeir bara halda ekki utan um þetta, þeir eru kannski flinkir að gera við bíl en kunna ekki að reka skattkerfið, innskatt og útskatt og allt vefst fyrir þeim. Slíkir menn eyða sínum peningum einhvers staðar og oftast nær fáum við þá til baka að einhverju verulegu leyti inn til okkar.

[19:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. að það sem ég var að benda á er einmitt skattafyrirkomulag sem gefur ákveðnum aðilum í okkar þjóðfélagi tækifæri til að vera með ákveðinn skattundanslátt eða skattahagræðingu eða nota sér þau lög sem við höfum sett hér og voru hugsuð í einhverjum öðrum tilgangi, til þess að komast hjá því að greiða sitt til samfélagsins. Það er alveg ljóst að þeir sem eiga meiri möguleika á því að ráða einhverju um það hversu mikið þeir borga í skatt eru þeir sem eru í rekstri. Launamennirnir geta það ekki vegna þess að þeir eru með laun og þetta liggur fyrir klippt og skorið.

Hitt er svo annað mál að einmitt vegna þess hversu þetta hefur verið flókið en það jafnframt blasað við að þarna er munur á, þá er það orðin hugsun hins almenna manns að eðlilegt sé að þiggja þjónustu þó honum sé boðin nótulaus greiðsla fyrir af því að viðkomandi borgar hvort sem er allt af sínum launum í skatta og allir hinir geta hagrætt. En þetta er hugsanagangur sem er mjög hættulegur í okkar þjóðfélagi.

[19:32]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans ræðu. Mér fannst fengur að því að fá fram skoðanaskipti um þessi mál sérstaklega vegna þess að hæstv. ráðherra hafði úttalað sig þannig að eftir var tekið í fjölmiðlum og þess vegna eðlilegt, úr því að svo vel bar í veiði að hæstv. forsrh. er hér sem starfandi fjmrh., að eiga skoðanaskipti um þetta. Reyndar hef ég haft nokkuð gaman af þessari umræðu. Hún hefur komið inn á ýmsar hliðar og sýnt ágætlega, held ég, hversu margrætt þetta mál er og stutt er á milli hliða í rauninni í því. Samúðin með þeim sem þolendum og framkvæmdaaðilum í þessu máli er auðvitað aðeins sín hliðin hvor á sama peningnum.

Ég held að það verði að segjast að báðir hafa nokkuð til síns máls, þeir sem töluðu fyrir því að gert yrði átak í skattheimtu á sínum tíma og svo hinir sem vara við því að menn fari þar offari. Við getum tekið sem dæmi eitt svið skattheimtu þar sem enginn vafi er á að mikill árangur hefur náðst og þar nefni ég t.d. innheimtu á þungaskatti. Það vissu allir sem eitthvað vissu að stórfelld undanbrögð voru á því að menn greiddu þann skatt. Farið var í aðgerðir til að bæta aðferðir og efla innheimtu. Ríkisskattstjóra var falið það mál og það hefur sannarlega skilað sér í stórbættri innheimtu og að allra mati minni undanskotum og það er vel. Það gerir þá sem greiða skattinn sáttari við að greiða hann að allir taki þátt í því.

Að öðru leyti dró samt hæstv. forsrh. upp nokkra hryllingsmynd af þolendum, litlum fyrirtækjum eða öðrum slíkum. Það minnti mig á dæmið sem hæstv. félmrh. tók forðum

af stöðumælasektunum á Akureyri sem fóru úr nokkrum tugum króna upp í 35 þús. kr. eða svo með öllum kostnaði.

En svo er það spurningin um hvernig það er að vera fjmrh., vera ríkisskattstjóri eða vera skattstjóri í umdæmunum þegar þessi umræða fer fram. Talandi um jafnræði, þá held ég að við verðum að gæta jafnræðis og jafnvægis í umfjöllun um þessi mál þannig að þeirra aðstæðum í þessu sambandi sé líka sýnt fullt tillit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.*

Stjfrv., 547. mál (álagsstuðull á vexti). — Þskj. 932. [19:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Frv. er að finna á þskj. 932 og er 547. mál þingsins.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í 2. gr. þess frumvarps er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu ávöxtunarforma sem bundin eru til lengri tíma og þeirra þar sem vextir eru greiddir árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun. Þar sem hér er ekki um að ræða verulegar fjárhæðir né stórfelldan mismun á skattlagningu er lagt til að felld verði niður skylda til útreiknings og útgáfu þessa sérstaka stuðuls. Breyting samkvæmt þessu frumvarpi er gerð til samræmis við fyrrgreinda breytingu á tekjuskattslögunum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að ræða mál þetta frekar en legg til að því verði að umræðunni lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:35]

### *Eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.*

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 951.

*og*

### *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 1. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 952. [20:33]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 951 sem er 560. mál þingsins, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og fylgifrv. þess til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit á þskj. 952 sem er 561. mál þingsins.

Árið 1996 skipaði ég nefnd til að endurskoða opinbert eftirlit með fjármálastofnunum, þ.e. það eftirlit sem er nú er í höndum tveggja stofnana, bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlits. Nefndin skilaði mér niðurstöðum sínum nú fyrir áramótin en fjórir nefndarmenn af fimm stóðu að meirihlutaálitinu. Niðurstöður eru þessar helstar:

Í fyrsta lagi að virkast eftirlit með fjármagnsmarkaði náist með því að setja á stofn eitt almennt fjármálaeftirlit sem nái til allra greina markaðarins.

Í öðru lagi að slík stofnun eigi að vera sjálfstæð stofnun sem stjórnsýslulega heyri undir viðskrh.

Í þriðja lagi að tryggð verði starfstengsl stofnunarinnar við Seðlabanka Íslands til þess að hann geti í starfsemi sinni nýtt sér þær upplýsingar sem aflað er innan eftirlitsstofnunarinnar og öfugt.

Í fjórða lagi að eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir eftirlit hinnar nýju stofnunar standi undir kostnaði við svipað og vátryggingafélögin gera nú en eins og kunnugt er hefur Seðlabankinn greitt kostnað vegna bankaeftirlitsins án sérgreindrar gjaldtöku.

Frv. það um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem ég mæli hér fyrir er byggt á niðurstöðu nefndarinnar. Rétt er að fara nokkrum orðum um rök fyrir sameiningu núverandi eftirlitsstofnana í eina.

Ljóst er að nú er boðin blönduð fjármálaþjónusta vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana. Einnig hefur þróunin verið sú að mynda fjármálasamstæður. Þannig hafa lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki verið tengd saman annaðhvort sem dóttur- eða móðurfyrirtæki eða í gegnum eignarhaldsfélög. Mörg atriði sem snerta eftirlit með svo samþættum markaði geta valdið erfiðleikum.

Flest bendir til þess að sameinað eftirlit verði öruggara og árangursríkara en eftirlit fleiri aðskildra stofnana, þótt úr ýmsum ókostum megi bæta með samvinnu eftirlitsstofnana og upplýsingaflæði milli þeirra. Líklegt er að þróun næstu ára muni þrýsta enn á og auka þörfina á samræmdu eftirliti á einni hendi.

Þegar litið er til nágrannalandanna kemur í ljós að öll þróun er í átt til sameiningar eftirlitstofnana. Þannig starfa sameinaðar eftirlitsstofnanir í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Í Finnlandi er einnig rætt um sameiningu eftirlita. Þá liggur fyrir breska þinginu frumvarp sem gerir ráð fyrir miklum breytingum á eftirliti breska fjármagnsmarkaðarins sem fela í sér hliðstæðar kröfur um eftirlit.

Almennt má segja að eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands hafi gefist vel. Eftir því sem umfang eftirlitsins hefur aukist og fleiri svið fjármagnsmarkaðarins hafa verið felld undir bankaeftirlitið má þó segja að þessi þáttur í starfsemi bankans hafi fjarlægst hið eiginlega hlutverk Seðlabankans. Rök eru fyrir því að eftirlit með fjármálastofnunum falli undir Seðlabanka þar sem hann er lánveitandi til þrautavara. Eftirlit með öðrum sviðum fjármálageirans, svo sem með verðbréfaviðskiptum, lífeyrissjóðastarfsemi eða vátryggingastarfsemi, eru fjarlægari hlutverki bankans.

Mikilvægt er að eftirlitsstofnun fái að starfa óháð öðrum hagsmunum en þeim sem í eftirlitinu felast. Þetta verður best tryggt með því að tryggja þessari starfsemi sjálfstæði.

Þrátt fyrir þetta er nauðsynlegt að tryggja góð tengsl eftirlitsstofnunarinnar og Seðlabanka Íslands. Mikilvægt er að Seðlabankinn fái áfram notið þeirrar upplýsingaöflunar

og þekkingar sem nú er til staðar í bankaeftirlitinu, og að ekki þurfi að koma til tvíverknaðar við upplýsingaöflun. Að sama skapi er brýnt að ný eftirlitsstofnun haldi góðum tengslum við Seðlabankann. Báðum stofnununum er þetta nauðsynlegt þannig að þær geti gegnt hlutverki sínu á sem árangursríkastan hátt.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði af eftirlitsstarfseminni. Rétt er þó að hafa í huga að nýlega voru samþykkt lög á Alþingi sem kveða á um fullt eftirlit bankaeftirlits yfir lífeyrissjóðum. Kann það að auka umfang opinbers eftirlits á fjármagnsmarkaði.

Starfsemi bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits nú er fjármögnuð með ólíkum hætti. Þannig stendur Seðlabankinn straum af kostnaði bankaeftirlitsins og aflar með starfsemi sinni tekna til þess að standa undir þeim kostnaði. Hins vegar standa vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar undir kostnaði af eftirliti Vátryggingaeftirlitsins. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 60/1994 er kostnaði sem jafnað er árlega á vátryggingafélögin, jafnað á þau í hlutfalli við bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs.

Eðlilegt er að þeim aðilum sem nú falla undir eftirlit bankaeftirlits verði gert að greiða fyrir eftirlitið með svipuðum hætti og vátryggingafélögin gera nú. Raunar verður að telja þá breytingu nauðsynlega þó nýju sameiginlegu Fjármálaeftirliti yrði ekki komið á fót. Flest mælir með því að eðlilegt sé að koma á jafnræði milli fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að þessu leyti.

Í nágrannalöndunum er eftirlitsskyldum aðilum almennt gert að standa undir kostnaði af eftirlitinu.

Rétt er að leggja áherslu á að frumvarpið um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gerir ekki ráð fyrir aukinni eftirlitsstarfsemi á fjármagnsmarkaði. Einungis er gert ráð fyrir að eftirlit það sem nú fer fram í bankaeftirliti og Vátryggingaeftirliti sé á einni hendi. Það eftirlit sem þessar stofnanir hafa með höndum er forsenda þess að hægt sé að gera fjármagnsmarkaðinn heilbrigðari og verjast áföllum á fjármagnsmarkaðinum. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru gerðar ríkari kröfur um slíkt eftirlit og hefur starfsemi núverandi eftirlitsstofnana verið aðlöguð að EES-samningnum.

Helstu efnisatriði frv. eru þessi: Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, sem annast skal þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum. Starfsemi og úrræði verða svipaðar því sem nú er. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið verði sjálfstæð ríkisstofnun með sérstakri stjórn. Gert er ráð fyrir að stofnunin heyri stjórnskipulega undir viðskrh. en jafnframt tryggt að hún njóti sjálfstæðis gagnvart ráðherra í starfsemi sinni.

Lagt er til að þriggja manna stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar. Með daglega stjórn fari forstjórinn. Stjórnendum og starfsmönnum verði sett ströng hæfisskilyrði. Þá starfi sérstök ráðgjafarnefnd eftirlitsskyldra aðila í tengslum við stofnunina. Hún hafi það hlutverk að taka þátt í stefnumótun og koma á framfæri viðhorfum sínum til starfsátta og reksturs. Lögð er á það áhersla að náin samskipti verði milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands þannig að báðar stofnanirnar hafi stuðning hvor af annarri og komið verði í veg fyrir tvíverknað en fjármálastofnanir hafa lagt á það áherslu að umfang upplýsingaöflunar verði ekki aukið við breytingarnar. Tengsl þessara stofnana eru enn frekar tryggð með því að gert er ráð fyrir að Seðlabankinn tilnefni einn mann í stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Gert er ráð fyrir sérstakri kærunefnd þannig að skjóta megi þangað ákvörðun stofnunarinnar gagnvart eftirlitsskyldum aðilum. Kærunefnd er óháð ráðherra í starfi sínu og er Hæstarétti ætlað að tilnefna nefndarmenn og velja formann hennar. Þá verði öllum eftirlitsskyldum aðilum gert að greiða kostnað af eftirlitinu svipað og vátryggingafélögin gera nú.

Frv. þessu fylgir frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármagnsmarkaðinn þar sem lagðar eru til breytingar á hugtökum til samræmis við þetta frv., þ.e. að tilvísunum í bankaeftirlit og Vátryggingaeftirlit verði breytt.

Þá verður á næstu dögum lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands en í því eru m.a. lagðar til breytingar vegna stofnunar Fjármálaeftirlitsins. Við vinnslu frumvarpanna hefur verið haft samráð við forsvarsmenn samtaka fjármálastofnana, Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið. Þessir aðilar hafa komið athugasemdum sínum á framfæri og lít ég svo á að frv. sé lagt fram í sátt við alla þessa aðila þó þeir kunni að hafa efnislegar athugasemdir við einstök útfærsluatriði.

Herra forseti. Þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað á íslenskum fjármagnsmarkaði með stofnun hlutafélags um ríkisviðskiptabankana, sameiningu fjárfestingarlánasjóðanna og hina almennu þróun markaðarins leiða til þess að áhættuþáttum í starfsemi fjármálastofnana fjölgar. Þetta kallar á að stjórnvöld tryggi að eftirlit með þeim sem starfa á þessum markaði sé vel í stakk búið til að fylgjast með starfsemi fjármálastofnana og koma í veg fyrir stór slys í fjármálaumsýslunni.

Augljóst er að hörð samkeppni og nýjar greinar þjónustu kalla á gott opinbert eftirlit sem er til þess bært að fylgjast með því að farið sé að lögum og reglum og að rekstur fjármálafyrirtækja sé heilbrigður og eðlilegur. Með þetta í huga eru frumvörp þessi lögð fram.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvörpunum verði vísað til efh.- og viðskn.

[20:44]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Við jafnaðarmenn höfum um nokkurt skeið talað fyrir því sjónarmiði að skynsamlegt væri að sameina bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið í sérstaka stofnun. Þess vegna fögnum við þessu frv. sem hér er lagt fram af hæstv. viðskrh. Það segir skýrt í frv. að þessi nýja stofnun, Fjármálaeftirlitið, eigi að hafa umsjón með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánastofnunum, vátryggingafélögum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, kauphöllum, verðbréfamiðstöðvum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarfélögum svo að nokkur af þeim félögum séu nefnd sem falla undir þetta frv. Hér falla sem sagt aðilar á fjármagnsmarkaði í víðum skilningi, því þarna eru tryggingafélög einnig, undir eftirlitsstarf hins nýja Fjármálaeftirlits. Þetta er af hinu góða að okkar mati. Eftirlitið verður skilvirkara. Það er skynsamlegt að fella starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlitsins saman í eina stofnun einfaldlega vegna þess að hér er um mjög svipaða eftirlitsstarfsemi að ræða og er nú þegar af hálfu bankaeftirlits Seðlabankans.

Starfsemi Vátryggingaeftirlitsins, sem er mjög mikilvæg, fellur mjög vel að þessu hlutverki sem hin nýja stofnun, Fjármálaeftirlitið, mun hafa með höndum. Hér er því lagt upp með góða hugmyndafræði enda hefur hugmyndarinnar

verið getið og um hana fjallað af öðrum aðilum þar á meðal af þingmönnum jafnaðarmanna hér á árum áður.

Ég ætla að fara, herra forseti, yfir nokkur atriði í frv. sem eru álitaefni og vekja athygli á þeim. Þau mundu þá væntanlega koma til skoðunar í þingnefnd og hugsanlega verða að einhverju umtalsefni.

Í 3. gr. frv. kemur fram að stofnunin heyri undir viðskrh. Það er vitaskuld mjög eðlilegt að svo sé miðað við núverandi kerfi og núverandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Hins vegar finnst mér rétt að vekja athygli á því að það er ekkert sjálfgefið að viðskrn. eða viðskrh. fari með bankamál hér á landi. Þetta hefur ekkert með núv. hæstv. viðskrh. að gera heldur vil ég vekja athygli á því að víða eru fjármálastofnanir og bankastofnanir og seðlabanki undir stjórnsýslulegri umsýslu fjmrn. Það þekkist að vísu annað fyrirkomulag. Sums staðar eru bankamál undir efnhagsráðuneyti en þá í stærra umfangi en núverandi viðskrn. Það ber einnig að hafa í huga að þótt svo við tölum um iðnaðar- og viðskrn. þá eru þetta tvö ráðuneyti. Þau hafa ekki verið sameinuð. Hins vegar væri mjög brýnt, ekki einungis að sameina viðskrn. og iðnrn. heldur sameina sjútvrn., landbrn., iðnrn. og viðskrn. í eitt ráðuneyti, efnahagsráðuneyti. Ég gæti best trúað því að núv. hæstv. viðskrh. yrði mjög ánægður með slíkt ráðuneyti og ég tala nú ekki um ef hann yrði sá ráðherra sem færi með þá málaflokka.

Þetta er hugmynd sem vert er að íhuga vegna þess að þetta er svipað og er mjög víða í nágrannalöndunum, þ.e. að horfið er frá aðgreindum atvinnuvegaráðuneytum eins og við höfum þekkt hér um áratuga skeið.

Efni þessa frv. fjallar ekki um þetta en ég tel hins vegar rétt að vekja athygli á því að uppstokkun á ráðuneytum og verkefnum milli þeirra á vitaskuld alltaf að vera í umræðu hjá okkur.

Í 4. gr. frv. er talað um að skipuð verði sérstök stjórn sem viðskrh. skipi til fjögurra ára í senn. Vitaskuld er matsatriði hvort stjórnin eigi að vera þriggja manna eða fjölmennari. Viðskrh. velur í reynd tvo af nefndarmönnum en einn er skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Það að Seðlabankinn tilnefni sérstaklega mann í stjórn Fjármálaeftirlitsins finnst mér vera álitamál í ljósi þess að með frv. er bankaeftirlitið fært úr Seðlabankanum. Seðlabankainn hefur afmörkuðu hlutverki að gegna fyrst og fremst á sviði peningamála þó svo að menn hafi nú kannski ekki borið þá gæfu til að afmarka löggjöf um seðlabanka með nútímalegum og skýrum hætti, en látum það nú vera. Hins vegar finnst mér það vera álitamál hvort rétt sé að Seðlabankinn tilnefni sérstakan mann í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Mér finnst það ekki sjálfgefið. Ég tel jafnvel að betur færi á því að það yrði ekki gert heldur að ráðherra mundi skipa alla stjórnarmenn. Það er gert ráð fyrir öðrum tengslum við Seðlabankann en hérna finnst mér ekki vera samræmi í upplegg frv. hvað þetta ákvæði varðar, a.m.k. er þetta vert umhugsunar.

Í 6. gr. frv. er fjallað um hæfi stjórnarmanna. Það er sagt að forstjóri skuli ráðinn af stjórn stofnunar. Ég tel það í sjálfu sér vera til bóta að forstjóri sé ekki skipaður af ráðherra. Stjórnarmenn eru faglega skipaðir af ráðherra og þeir ráða forstjóra eftirlitsins, hann annast daglega stjórnun og stjórnin ákveður starfskjör forstjóra, þannig að ekki yrðu nein húsbóndatengsl við viðskrh. eins og er núna gagnvart forstöðumanni bankaeftirlitsins, en hann er skipaður af viðskrh., sem hefur nokkra sérstöðu í skipulagi Seðlabankans. Það er einmitt eitt dæmið um að ýmislegt er þar sem þyrfti að skoða hvað hina lagalegu umgjörð varðar.

Hins vegar segir í 6. gr. varðandi forstjóra:

„Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.“

Það er allt gott og blessað um þetta að segja. Það mætti ef til vill gera meiri kröfur. En látum það vera, alla vega er hægt að vinna út frá þessu. En um stjórnarmenn segir:

„Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði.“

Það er sem sagt ekki gerð krafa um háskólamenntun. Mér finnst það vera mjög mikil spurning hvort ekki eigi að gera kröfur til stjórnarmanna í fjármálaeftirlit landsins um að þeir séu háskólamenntaðir. Mér finnst það satt best að segja sjálfsögð krafa, ég er ekki að gera kröfu til einhverrar sérstakrar háskólamenntunar, en góð menntun manna sem bera ábyrgð á þessum þáttum er vitaskuld af hinu góða.

Síðan segir: „Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.“

Nú þarf ég eiginlega skýringar. Hvað er hér á ferðinni? Er verið að opna möguleika fyrir hæstv. ráðherra að fara í pólitískar skipanir, taka tillit til hagsmuna hinnar dreifðu byggða eða hvað er þetta? Starfsreynslu á hvaða sviði og með hvaða hætti? Mér finnst, herra forseti, að hér sé verið að setja sérstakt ákvæði inn í lögin sem kallar hugsanlega á, ég vil ekki segja misbeitingu, heldur ef til vill óheppilegar skipanir við tilteknar aðstæður. Mér finnst að það eigi að vera alveg ljóst hvað löggjafinn ætlar sér með hæfi stjórnarmanna. Ég set menntunarkröfur ofar en gert er ráð fyrir í frv., mér finnst það eðlilegt að svara kalli tímans. En ég kýs ekki að í frv. sé einhver fjallabaksleið gagnvart skipunum út frá einhverjum sérkennilegum sjónarmiðum, því að talað er um að við skipun eigi starfsreynsla og menntun stjórnarmanna að vera sem fjölbreyttust. Hvað hefur það eiginlega í sjálfu sér með fjármálaeftirlit að gera? Þetta er fyrst og fremst mjög fagleg stofnun sem er á ferðinni, mörkuð af þeirri löggjöf sem hér er. Það er ekki verið að skipa bankastjóra. Þetta væri hefðbundið ákvæði og farið eftir því þegar menn eru að skipa bankastjóra í íslensku umhverfi en mér finnst þessi málsliður ekki eiga vel við.

Í 7. gr. er rætt um sérstaka ráðgjafarnefnd. Ég held að það sé af hinu góða, að sett sé ráðgjafarnefnd til hliðar við stjórn sem hægt er að kalla til. Hún hefur ekki ákvörðunarvald en er samráðsaðili. Hægt er að kalla til sérhæfða aðila því að vitaskuld er aðalatriðið við fjármálaeftirlit að viðhöfð séu góð vinnubrögð og þau séu hafin yfir allan efa. Það er aðalatriðið í sambandi við fjármálaeftirlit.

Þriðji kafli frv. sem fjallar um starfsemina, þ.e. eftirlit, athugun og aðgang, fullnustuúrræði og tilkynningaskyldu. Mér sýnist í fljótu bragði að hér sé vel að verki staðið. Vitaskuld hafa menn löggjöf bæði um bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið, og mér sýnist þessi ákvæði vera í meginatriðum sniðin að þeim verkþáttum og ekkert í fljótu bragði sem er athugavert við það en vissulega mun þingnefnd fara betur yfir þann þátt.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir alveg sérstöku samráði við fulltrúa Seðlabankans. Þar segir:

„Forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum Seðlabankans. Þar skal hann veita upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem nauðsynlegar eru starfsemi Seðlabankans.“

Hér tel ég, herra forseti, að menn séu heldur ekki á réttri leið. Þarna hafa nú greinilega einhverjir aðilar úr Seðlabankanum talið rétt að þeir hefðu mjög mikla umsjón með hinni nýju stofnun og kæmu að henni með formlegri hætti þó svo að eftirlitið yrði fært í hina sérstöku stofnun. Það sést bæði í stjórnarskipuninni og við þessa reglulegu samráðsfundi.

Ég endurtek aftur: Seðlabankinn sér um tiltekna starfsemi á sviði peningamála, banki bankanna og viðskiptabanki ríkissjóðs. Eftirlitshlutverkið er farið úr bankanum með stofnun þessa eftirlits, Fjármálaeftirlitsins. Ég tel því einhverja sérstaka aðkomu Seðlabankans að fjármálaeftirlitinu ekki skynsamlega. Það er þá alveg eins hægt að hugsa sér einhverja aðra aðila, eiga þeir með reglubundnum hætti að vera á samráðfundum, t.d. viðskiptabankar, kauphallir o.s.frv.? Vitaskuld er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kalla til og hafa samráð við alla þá menn sem það hefur eftirlit með eða tengjast fjármálamarkaðnum. Ég held að hin nýja uppbygging sem á að lögfesta sé ekki alveg fullhugsuð.

Í 16. gr. frv. er mjög ítarlegur kafli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Það liggur fyrir að bankaeftirlitið hefur kostað u.þ.b. 100 milljónir, Vátryggingaeftirlitið um 50. Það virðist vera gert ráð fyrir í þessari útfærslu að ná inn þessum peningum af þeim aðilum sem haft er eftirlit með, og sett upp á mjög nákvæman hátt. Ég veit ekki — það er út frá „eignum samtals" og öðru slíku, þetta hefur nú á sér yfirbragð skattlagningar. Ég held að menn yrðu að skoða það vel hvort þetta yrði útfært með þessu móti eins og hér er, en vitaskuld þarf einhvers staðar að ná inn fjármagni til reksturs þessa Fjármálaeftirlits. Það eru rök fyrir því að sá aðili sem eftirlitið beinist að greiði fyrir það.

Talað er um sérstaka kærunefnd og ég held að það þurfi að vera. Samkvæmt stjórnsýslulögum þarf náttúrlega að vera einhver leið, áfrýjunarleið. Hér er gert ráð fyrir kærunefnd sem viðskrh. skipar, þó þannig að Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Hann er samt skipaður af viðskrh. Það þarf hins vegar að setja ákvæði í annað hvort 17. gr. eða aðrar greinar hvað kærunefndin hefur langan tíma til úrvinnslu mála. Skoða þyrfti í nefnd hvort það væri ekki skynsamlegt svo að mál lægju ekki of lengi. Það þarf náttúrlega að vera alveg ljóst, af því að tekið er fram að úrskurði verður ekki skotið til viðskrh., að vitaskuld hljóta menn að hafa möguleika á að fara fyrir almenna dómstóla ef þeim líkar ekki niðurstaða kærunefndar.

Áfrýjunargjald upp á 120 þúsund kr. er aðgangseyririnn að réttlætinu. Þetta er alltaf stór spurning hvort hafa eigi áfrýjunargjald. Mig minnir að í nýlegri löggjöf, ég man nú ekki alveg um hvað það var, þá hefðum við fellt niður í efh.- og viðskn. ákvæði um að setja sérstakt gjald í sambandi við áfrýjun. (**Gripið fram í:** Samkeppnislög.) Já, það var í sambandi við samkeppnislöggjöf, áfrýjunarnefnd samkeppnislaga. Við töldum ekki rétt að menn þyrftu að greiða sérstakan aðgang fyrir æðra dómstig. Það er stór spurning og yrði að skoða það, því að eðli málsins er að við viljum að þetta standi nokkurn veginn undir sér en það eru náttúrlega ákveðin grundvallaratriði í þessu máli. Hins vegar þarf að hafa skýrt í huga að við erum náttúrlega að tala um mjög mikilvægt eftirlit og ef ákvarðanir Fjármálaeftirlits, sem eru byggðar á ströngum lögum, orka tvímælis, að það verði að skjóta þeim til kærunefndar þá er náttúrlega um að ræða mjög stór mál og mikla hagsmuni þannig að vissulega má segja að einhverjar 120 þúsund kr. í því samhengi mundu væntanlega ekki skipta máli. Eftirlitið beinist jú að mjög fjársterkum aðilum að öðru jöfnu. Það væri fróðlegt að vita, herra forseti, um fjölda starfsmanna Vátryggingaeftirlits og bankaeftirlits. Það kemur ekki fram eða ég sé það ekki í fljótu bragði.

Sömuleiðis væri forvitnilegt að vita hvort ákvæði varðandi biðlaun tengjast eitthvað þessu máli. Í frv. segir að þeir sem starfa hjá bankaeftirlitinu eigi rétt á stöðu hjá nýja eftirlitinu. Fróðlegt væri að vita hvaða rétt forstöðumenn bankaeftirlitsins og Vátryggingaeftirlitsins eiga. Eiga þeir rétt á sambærilegri stöðu? Ekki er sagt til um hvort það er sambærilegt en eitthvað hlýtur að hafa verið hugsað fyrir því hvernig taka skuli á, væntanlega er þarna um nokkra tugi starfsmanna að ræða. Ég held það væri fróðlegt ef hæstv. viðskrh. gæti lýst svolítið betur afkomu starfsmanna og breytingu á högum þeirra við þessa lögfestingu.

Varðandi refsiákvæði er talað um að refsa skuli með sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri ákvæði liggi við fyrir brot á öðrum lögum. Ég veit ekki hvort þetta tengist öðrum refsiákvæðum í fjármagnslöggjöf hér. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem skoða yrði og samræma gagnvart annarri löggjöf á fjármagnsmarkaði.

Herra forseti. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að frv. byggist á vinnu sérstakrar fagnefndar sem hann skipaði. Hér er álit og greinargerð nefndarinnar birt eins og vera ber í svona frv. Hugsanlega hefur ráðuneytið gert einhverjar breytingar í lokaútfærslu, það kemur reyndar ekki fram svo ég geri ráð fyrir að þetta sé frv. eins og nefndin skilaði af sér.

Í áliti nefndarinnar vekur það hins vegar athygli að nefndarmenn eru ekki samhljóða. Fimm menn voru skipaðir í nefndina og fulltrúi Seðlabankans, einn af bankastjórum Seðlabankans, leggst gegn þessu frv. Hann leggst gegn því að bankaeftirlitið sé flutt úr bankanum. Svo ég vísi til athugasemdar fulltrúa Seðlabankans, þá segir, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og annars rökstuðnings gegn sameiningu, sem fram kemur í skýrslunni, er það eindregin niðurstaða mín, að skynsamlegast sé að reka bankaeftirlitið sem deild innan Seðlabanka Íslands."

Áður hefur verið rakið að hér sé ekki talið að um sparnað verði að ræða og þetta þrengi að starfsemi Seðlabankans. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann sé sammála þessu. Hvað segir hann um þetta álit fulltrúa Seðlabankans í nefndinni? Ég geri ekki ráð fyrir því að hann sé sammála þar sem hann leggur fram frv. Ég vildi þó mjög gjarnan að hæstv. ráðherra svaraði þeim röksemdum sem fram koma hjá bankastjóra Seðlabankans. Það er ekki síst þar sem um er að ræða flokksbróður hæstv. viðskrh. Ég geri vitaskuld ráð því fyrir að afstaða fulltrúa Seðlabankans í þessari nefnd sé byggð á faglegu mati og athugun á þeirri stöðu sem bankaeftirlitsmál þurfa að hafa hverju sinni. Því væri mjög athyglisvert að vita sjónarmið hæstv. viðskrh. varðandi þann þátt.

Að lokum, herra forseti, vil ég lýsa yfir stuðningi við frv. Ég hef vakið athygli á nokkrum atriðum sem þurfa betri skoðunar við. Frv. er vitaskuld ekki fullkomið frekar en önnur mannanna verk og ekki frekar fullkomið en önnur frv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég sé þó ekki fram á annað en að með farsælli vinnu í viðkomandi þingnefnd geti menn sniðið agnúana af málinu þannig að þetta næði fram að ganga. Það yrði mikil bót í íslensku fjármálalífi.

[21:04]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota tímann, þannig að fleiri komist að í umræðunni á eftir, til að svara nokkrum þeirra spurninga sem fram komu í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar.

Í fyrsta lagi vil ég almennt taka undir það og þakka hv. þm. fyrir að mér fannst hlýir straumar liggja frá þingmanninum til þess ágæta máls sem hér liggur fyrir. Ég tek undir að rétt sé að skoða einstakar athugasemdir hv. þm. í nefnd. Auðvitað má bæta margt eins og málið liggur fyrir núna.

En ég vil svara nokkrum spurningum hv. þm. og þá í fyrsta lagi varðandi tengslin við Seðlabankann. Af því að hv. þm. spurði um afstöðu Steingríms Hermannssonar til málsins get ég í sjálfu sér svarað því um leið. Það sem seðlabankastjóri hafði áhyggjur af, en afstaða Seðlabankans til málsins var skýr, var fyrst og fremst að þarna væri höggvið á öll tengsl milli Seðlabankans og bankaeftirlitsins. Það mundi leiða til þess að Seðlabankinn þyrfti að koma upp eftirliti með innlánsstofnunum hjá sér. Auðvitað vildum við koma í veg fyrir að tvöföldu eftirliti yrði komið upp. Þegar við hins vegar fórum að vinna málið, eftir að nefndin hafði skilað af sér, í tiltölulega góðri sátt við Seðlabankann, varð niðurstaðan sú, eftir að við höfðum tekið tillit til mjög margra ábendinga sem fram komu hjá Seðlabankanum að öðru leyti en því að bankaeftirlitið yrði rekið áfram sem sjálfstæð eining innan Seðlabankans, að Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við málið eins og það liggur fyrir. Enda er það svo á mörgum Norðurlandanna að þar eru bankaeftirlit og fjármálaeftirlit sem þessi rekin í nánum tengslum við seðlabanka. Við höfum þess vegna reynslu af því annars staðar frá. Umfram allt þurfum við að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit og því eru tengslin styrkt milli Seðlabankans og fjármálaeftirlitsins að Seðlabankinn þurfi ekki að koma upp eigin eftirliti með fjármálastofnunum innan Seðlabankans. Það er megintilgangurinn.

Örfá orð til viðbótar, með leyfi forseta. Hv. þm. spurði um starfsmannafjölda. Mér sýnist að starfsmannafjöldinn hjá Vátryggingaeftirlitinu séu 10–12 manns, hjá bankaeftirlitinu 16–18. Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir því að starfsmenn þessara fyrirtækja hafi rétt til starfa hjá hinu nýja fjármálaeftirliti. Sú regla gildir ekki um forstöðumenn þeirra eftirlitsaðila sem nú starfa. Þeim er ekki tryggt starf ef af þeirri breytingu verður sem þarna er um að ræða.

Hugmyndin er ekki ný eins og fram kom hjá hv. þm. Henni hefur áður verið varpað fram. Það sem hins vegar er nýtt í þessu er að nú sést þetta mál í heillegum búningi á Alþingi og ríkisstjórnin ætlar sér að fá það samþykkt. Ég vonast til að um það náist tiltölulega góð sátt við nefndina.

[21:07]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. Varðandi afstöðu fulltrúa Seðlabankans í nefndinni er þó einhver misskilningur á ferðinni. Hæstv. ráðherra sagði að málið þannig útbúið að þegar tengslum væri komið á félli Seðlabankinn frá hugmyndum um að koma upp öðru eftirliti. Ég held að ráðherra hafi orðað þetta á svona. Hins vegar segir alveg skýrt í athugasemd fulltrúa Seðlabankans, sem er hluti af nefndarálitinu, þegar búið var að ganga alveg frá frv., með leyfi forseta: „Ljóst er, að Seðlabanki Íslands getur ekki uppfyllt ofangreind ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, ef núverandi bankaeftirlit er frá honum tekið, nema með því að koma upp á eigin vegum öðru eftirliti með verðbréfa- og peningaviðskiptum."

Það er alveg ljóst hvað bankastjóri Seðlabankans er að fara. Hann telur að þetta þurfi að koma fram. Hluti af nefndarálitinu er útfærsla fjármálaeftirlitsins eins og segir hér í frv. Hæstv. ráðherra er náttúrlega að segja að ekkert sé að marka þá athugasemd sem hér er eða þá að seinna hafi verið fallið frá henni. Ég veit þá ekki af hverju hún ætti að fylgja frv. Hins vegar ætla ég ekki að gera athugasemd fulltrúa Seðlabankans að sérstöku umtalsefni. Bankastjórinn er ekki á mínum vegum í þessum ágæta banka.

Hæstv. ráðherra leitar að hinni réttu niðurstöðu gagnvart afstöðu Seðlabankans til þessa frv. Hins vegar vek ég athygli á því að það er alvörumál þegar nefnd er skipuð með fulltrúa Seðlabankans og hann leggst gegn meginatriðum í útfærslunni. Það er alvörumál og ber að taka það þannig. Ég er mjög formfastur hvað þessi mál varðar, alveg burt séð frá þeim einstaklingum sem gegna bankastjórastöðum eða eru fulltrúar. Ég ætla ekki að hafa nein orð um það en mér finnst að hér hafi ekki verið gætt þeirra faglegu vinnubragða sem ég hefði kosið að gæta við gerð slíks frv.

[21:10]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er alvörumál þegar Seðlabankinn gerir athugasemdir eins og þær sem gerðar eru í fylgiskjali með þessu frv. Þegar skýrslan er skoðuð og borin saman við frv. ætti hv. þm. að sjá að það er nokkur breyting á því hvernig frv. er lagt fram á Alþingi og þeirra tillagna sem fyrir lágu í nefndarstarfinu. Í nefndarstarfinu er gert ráð fyrir að fjármálaeftirlitið verði algjörlega sjálfstætt, á engan hátt háð Seðlabankanum eða í tengslum við Seðlabankann. Meginathugasemdir bankastjóra Seðlabankans, Steingríms Hermannssonar, gengu út á þetta, og hann varaði við því að þarna yrði algerlega skorið á tengslin. Hann benti um leið á það að bankinn þyrfti hugsanlega að koma sér upp eftirliti til að hafa eftirlit með fjármálastofnunum eins og innlánsstofnunum. Þegar frv. er skoðað og breytingar frá skýrslunni metnar, kemur það hins vegar í ljós í 14. gr. frv. sem fjallar um samskipti við Seðlabanka Íslands, ég vitna þar í 2. mgr., með leyfi forseta: „Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart."

Auk þessa segir í 3. mgr.: „Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands."

Þessar tvær málsgreinar tryggja, ásamt mörgum öðrum smávægilegum og tæknilegum athugasemdum sem Seðlabankinn gerði við frv. í vinnslu, að Seðlabankinn leggst ekki gegn málinu eins og það er nú. Vegna 14. gr. er talið tryggt að bankinn þurfi ekki að koma upp eigin eftirliti, sem væri tvíverknaður. Þar af leiðandi get ég fullyrt að Seðlabankinn, eins og ég hef sagt áður, leggst ekki gegn málinu og í frv. kristallast það sem lagt var til í skýrslunni.

[21:12]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hæstv. viðskrh. telji sérstaka ástæðu til að bera blak af fulltrúa Seðlabankans í þessu nefndarstarfi. Það er þá ákvörðun hans en ég vil vekja

athygli á því sem segir á bls. 20 í fskj. I með frv. sem er skýrsla fyrrgreindrar nefndar, með leyfi forseta:

„Með sameiningu í einni sjálfstæðri stofnun mun Seðlabanki Íslands ekki hafa sjálfkrafa og beinan aðgang að upplýsingum um afkomu fjármálastofnana sem hann hefur haft og þarf að hafa. Því þarf að huga sérstaklega að starfstengslum slíkrar stofnunar við Seðlabanka Íslands. Nauðsynlegt er að tryggja að Seðlabankinn geti í starfsemi sinni nýtt sér þær upplýsingar sem aflað er innan eftirlitsstofnunarinnar og að Seðlabankinn og hún geti nýtt sér með gagnkvæmum hætti þá starfsreynslu og þekkingu sem jafnan verður til innan stofnananna." — Þetta er einmitt það sem fjallað er um í 14. gr. frv. Síðan segir: „Því er lagt til að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann í stjórn eftirlitsstofnunar."

Það er augljóst, herra forseti, að allar þær ábendingar sem fram koma í athugasemdum hjá fulltrúa Seðlabankans eru í fullu gildi þegar skýrslan er skoðuð. Það er ekki hægt að segja eftir á að allt hafi breyst við 14. gr. þar sem 14. gr. stendur í frv. Fulltrúi Seðlabankans gerði samt þessa athugasemd og lagðist gegn frv.

Herra forseti. Það þarf að lesa skýrsluna og lesa út úr skýrslunni viðkomandi lagagreinar. Það er ljóst að fulltrúi Seðlabanka Íslands lagðist gegn þessu frv. og meginatriðum þess eins og þau endurspeglast síðar í lagatextanum. Ég skil ósköp vel að hæstv. viðskrh. vilji sem minnst vita af þessari afstöðu Seðlabanka Íslands hvað þetta mál varðar. Hann vill halda sig við það að Seðlabankinn styðji þetta mál eins og það er lagt fram. Það fer kannski betur á að hafa það þannig og ég efast svo sem ekkert um það. Samt sem áður endurtek ég það, herra forseti: Það er alvörumál þegar skipaður er fulltrúi í nefnd til að gera tillögu um fjármálaeftirlit og menn eiga að starfa þannig að skýrt sé þannig að hægt sé að taka tillit til allra sjónarmiða þegar málin eru lögð fram. Það hefði ekkert verið á móti því þótt frv. hefði komið fram og náð fram að ganga af hálfu hæstv. ráðherra, jafnvel þótt Seðlabankinn væri með athugasemdir við það. Það væri ekkert óeðlilegt við það.

[21:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þetta mál sem hér er til meðferðar á sér mjög langan aðdraganda. Oft áður hefur verið rætt á Alþingi um nauðsyn þess að styrkja þessar eftirlitsstofnanir sem hér er verið að fjalla um. Það er ekkert nýtt mál. Það er gamalt mál. Ég man ekki betur en það hafi t.d. verið rætt sérstaklega þegar seðlabankalögin voru sett, þau sem nú eru í gildi. Ég man eftir að við fluttum þá, ég og hv. þáv. þm., Jón Baldvin Hannibalsson, tillögu um að bankaeftirlitið yrði styrkt sérstaklega, tekið út úr Seðlabankanum og gert að sjálfstæðri stofnun. Fyrir því voru margvísleg rök því við töldum að bankaeftirlitið gæti miklu betur sinnt sínum skyldum ef það væri sjálfstæð stofnun. Í tengslum við þær miklu breytingar sem síðar hafa orðið á vátryggingastarfseminni ræddu menn um að jafnvel væri eðlilegt að vátryggingastarfsemin eða eftirlit með henni tengdist einnig þessu eftirliti með bönkunum. Hér er því um að ræða gamla umræðu í þessari stofnun sem er út af fyrir sig kunnugleg og þar af leiðandi ekki þess vegna í sjálfu sér ástæða til að hafa um það miklar umræður. Ég vil hins vegar segja fyrir mitt leyti að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það gæti verið skynsamlegt að slík fjármálaeftirlitsstofnun væri til og hún væri bæði með bankana og vátryggingarnar. Ég held ég hafi hreyft því margoft á undanförnum árum á mínum þingferli. Hins vegar verð ég að segja eins og er að ég tek eftir þessum ábendingum bankastjóra Seðlabankans sem hér eru birtar og ég geri ekki lítið úr þeim eins og fram mun koma í máli mínu á eftir. Ég tel að þetta séu algerlega gildar ábendingar sem fram koma hjá Steingrími Hermannssyni og full ástæða til að taka mark á þeim og íhuga þær og ég hvet til þess að hv. efh.- og viðskn. velti því mjög vandlega fyrir sér hvort þær athugasemdir eru gildar þrátt fyrir þær ábendingar, eða breytingar öllu heldur, sem mér sýnist að hafi orðið í ferli málsins, á 14. gr. frv. eða umbúnaði hennar, miðað bæði við texta greinarinnar og greinargerð frv.

Hins vegar verð ég að segja, herra forseti, að við þær sviptingar sem hér eru að verða á fjármálamarkaðnum veltir maður því kannski fyrir sér núna frekar en fyrir tíu árum eða svo, hvort svona stofnun eigi að vera ein. Mér finnst satt að segja að þessi þvælingur bankanna inn á tryggingasviðið sé nokkurt umhugsunarefni og mér finnst kannski að það geti gilt dálítið önnur rök í þessu máli núna en gerðu fyrir 10–12 árum meðan bankarnir voru alfarið ríkisstofnanir. Mér finnst sem sagt að það komi til greina — a.m.k. vil ég fyrir mitt leyti opna fyrir þá hugsun — m.a. eftir þessar ábendingar frá Steingrími Hermannssyni, hvort ekki sé í raun skynsamlegt að velta því fyrir sér að hérna verði um tvær eftirlitsstofnanir að ræða fyrst og fremst vegna þess að mikilvægt er að menn rugli ekki saman hagsmunum, annars vegar sparifjáreigenda eða þeirra sem skipta við bankana og skuldara og hins vegar þeirra sem tryggja hjá tryggingafélögunum. Ég held að þetta séu býsna ólíkir hagsmunir að mörgu leyti og menn eigi kannski ekki að grauta því saman meira en brýna nauðsyn ber til.

Nú eru það flutt sem rök með þessu frv. að þetta sé þegar orðið svona víða og ég út af fyrir sig horfi alveg á það, mér finnst það alveg fullgild rök. Ég bendi á að hér er að verða til nokkuð mikil stofnun, 200 millj. kr. stofnun. Þetta er ekkert smáfyrirtæki sem hér er að verða til.

Ég vík því næst í framhaldi af þessum orðum mínum að þeim ábendingum sem fram koma í skjalinu á bls. 21, þar sem Steingrímur Hermannsson bankastjóri segir svo, með leyfi forseta:

„Ljóst er, að Seðlabanki Íslands getur ekki uppfyllt ofangreind ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, ef núverandi bankaeftirlit er frá honum tekið, nema með því að koma upp á eigin vegum öðru eftirliti með verðbréfa- og peningaviðskiptum."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Einnig vil ég leggja áherslu á að ég dreg í efa að um nokkurn sparnað verði að ræða með sameiningu bankaeftirlits og vátryggingaeftirlits. Hin sameinaða stofnun hlýtur að starfa í tveimur mjög sjálfstæðum deildum," — eða er ekki svo? Ég spyr hæstv. ráðherra að því — „því eftirlitsverkefnin eru að flestu leyti ólík, eins og fram kemur í skýrslunni."

Skýrslan sem hann er að vitna til er skýrsla ákveðinnar nefndar sem undirbjó þetta frv. Síðan heldur Steingrímur Hermannsson áfram, með leyfi forseta:

„Bankaeftirlitið nýtur hins vegar verulegs hagræðis af ýmiss konar annarri starfsemi Seðlabanka Íslands. Auk þess hlýst af því viðbótarkostnaður, að Seðlabankanum mun verða nauðsynlegt að koma á fót einhvers konar beinu eftirliti með verðbréfa- og peningastofnunum, eins og fyrr segir.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og annars rökstuðnings gegn sameiningu, sem fram kemur í skýrslunni,

er það eindregin niðurstaða mín, að skynsamlegast sé að reka bankaeftirlitið sem deild innan Seðlabanka Íslands."

Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir að birta síðan skjöl málsins þannig að hægt er að skoða þau nákvæmar. Á bls. 38 og 39 í frv. koma fram þau sjónarmið sem mæla gegn sameiningu núverandi eftirlitsstofnana. Það er í fyrsta lagi það að starfsemi Vátryggingaeftirlitsins er að sumu leyti eðlisólík starfsemi bankaeftirlitsins eins og hér sagði áður og ég ætla ekki að rekja frekar.

Í öðru lagi, með leyfi forseta: „Því hefur verið haldið fram að sameinuð eftirlitsstofnun hafi síður möguleika en aðskildar stofnanir til að þróa og búa yfir fjölbreytni og sérþekkingu í eftirlitsstörfum sínum." Þetta finnst mér mikilvæg ábending.

Í þriðja lagi, með leyfi forseta: „Erlendis hefur þróunin orðið sú að til hafa orðið fyrirtæki sem sinna ýmsum tegundum fjármálaþjónustu, bjóða t.d. vátryggingarsamninga sem bæði fela í sér líftryggingu og fleiri persónutryggingar og að annast ávöxtun á hluta iðgjaldanna í formi sparnaðar, en á áhættu vátryggingartakans, að því er best verður séð." Hér er dregið í efa að skynsamlegt sé að fara þessa leið.

Í fjórða lagi segir í upphafi 4. tölul. á bls. 39, með leyfi forseta: „Bent hefur verið á að ekkert gjaldþrot hjá frumtryggingafélagi hér á landi hefur átt sér stað frá því að Vátryggingaeftirlitið tók til starfa fyrir rúmum 22 árum." Ég verð nú að játa að ég hef bara ekki tekið eftir þessu. Mér finnst þetta stórmerkilegt og meðmæli með Vátryggingaeftirlitinu.

Í fimmta lagi segir, með leyfi forseta: „Sú skoðun hefur komið fram að hvorki séu augljós fjárhagsleg rök né hagkvæmnirök fyrir því að sameina eftirlitsstofnanirnar."

Fleiri rök eru tínd til og niðurstaðan er sem sagt sú að bankastjóri Seðlabankans, sem hefur með þessi mál að gera, leggur til að stofnanirnar verði ekki sameinaðar.

Nú verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þetta kannski vera miklu frekar tæknilegt úrlausnarefni og að menn eigi bara að reyna að gera þetta eins vel og mögulegt er þannig að það verði almennilegt eftirlit með þessari starfsemi og þá held ég að mikilvægt sé að menn séu ekki að rugla saman tvenns konar hagsmunum. Hitt er annað að Steingrímur Hermannsson bankastjóri er náttúrlega enginn venjulegur bankastjóri vegna þess að hann hefur meiri reynslu í stjórnmálum en nokkur annar maður, a.m.k. nokkur annar maður sem situr á bankastjórastóli. Mér finnst þess vegna full ástæða til að hlusta á hann. Svo er hitt líka mikilvægt að ég veit ekki betur en Steingrímur Hermannsson sé sá bankastjóri sem hefur með að gera bankaeftirlitið og er yfirmaður þess þannig að hann talar hér alveg af aukavigt því hann þekkir vel til þessarar stofnunar. Ég veit ekki betur en bankaeftirlitið sé meginþáttur í starfsemi þessa bankastjóra, að þessi bankastjóri hafi fátt annað sérstaklega á sinni könnu, fyrir utan kannski starfsmannamál, (**Gripið fram í:** Umhverfismál.) en bankaeftirlitið sjálft og eftirlitið með peningastofnunum. (**RG:** Hann er að hætta.) Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að velta því fyrir sér í fullri alvöru í fyrsta lagi: Eru þetta réttar ábendingar? Það á auðvitað að skoða það. Nefndin skoðar það. En í öðru lagi: Ef þetta verður tekið út úr Seðlabankanum, er þá nokkur ástæða til að hafa þrjá bankastjóra? Er þá ekki staðan sú að verið sé að leggja niður verkefni þriðja bankastjórans, þ.e. Steingríms Hermannssonar? Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. og viðskrh. hvort þetta sé til marks um að hann ætli ekki að láta endurráða í starf þriðja bankastjórans þegar Steingrímur Hermannsson lætur af því starfi núna á miðju þessu ári? (**RG:** Góð spurning.) Vegna þess að um leið og það gerist að meiri hluti starfsins er fluttur út, er þá nokkur ástæða til að hafa mann í því?

Nú þekkja sumir hér í salnum miklu betur til í Seðlabankanum en ég, eins og hv. 11. þm. Reykn. sem hefur af þeim málum mikla reynslu þótt hann beri enga ábyrgð á Steingrími Hermannssyni eins og hann sagði áðan — sem bankastjóra á ég við. — Það breytir hins vegar ekki því að hér erum við komin að mikilsverðum punkti. Maður veltir því líka fyrir sér út frá texta þessa frv. hvort það sé kannski að einhverju leyti búið að hugsa fyrir því hver eigi að taka að sér yfirstjórn þessarar nýju stofnunar. Ég hef aldrei frétt af nokkurri stofnun eða nefnd, hvorki húsnæðisnefnd eða yfirleitt nokkru, sem flutt eru stjórnarfrv. um hér öðruvísi en að áður sé búið að finna það út hver eigi að fá hvað og að flokkarnir séu búnir að skipta því á milli sín. Hver á að fá þennan bita að vera forstjóri í þessari stofnun? Hæstv. ráðherra getur sagt við mig á eftir að þessi stofnun verði óvenju óháð ráðherranum þannig að hann hafi minni völd yfir henni en oft er með stofnanir af þessu tagi og ég tel að það sé mjög mikilvægt sem fram kemur í greinargerð frv., að þar er aftur og aftur undirstrikuð nauðsyn þess að þessi stofnun sé faglega sjálfstæð og eins, mér liggur við að segja, langt frá armi ráðherrans og mögulegt er því hún verður að geta gegnt sínu eftirlitshlutverki algerlega undanbragðalaust, hvort sem um er að ræða vátryggingastarfsemina eða bankaeftirlitið. En ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Er það hér á ferðinni að þetta frv. boði endurskipulagningu á bankastjórn Seðlabankans? Það var verið að tala um það fyrir nokkrum missirum að skynsamlegt væri að hafa þar bara einn bankastjóra og það var verið að tala um að skynsamlegt væri að hafa bara einn bankastjóra í ríkisbönkunum, hlutafélagabönkunum sem nú eru. En svo lenti það nú eins og menn þekkja. En boðar þetta frv. breytingu á bankastjórn Seðlabankans við það að Steingrímur Hermannsson hættir og við það að verið er að flytja fjármálaeftirlitið út úr stofnuninni? Þýðir það þá að bankastjórarnir verði bara tveir og þessir sem eru þarna núna verði taldir fullfærir um að stjórna þessari „sjoppu" þegar verkefnin verða komin annað?

Ég held að það væri mjög æskilegt að hæstv. viðskrh. svaraði þessum spurningum um leið og ég legg á það áherslu að hv. efh. og viðskn. vandi sig mjög við þetta mál. Mér finnst ekkert einboðið að þetta verði hjá einni stofnun, m.a. vegna þess að ég tel að ekki gildi sömu rök um þessi mál og gerðu fyrir nokkrum árum, aðallega af því að þessar stofnanir eru ekki lengur ríkisstofnanir, bankarnir eins og þeir voru. Ég tel því að menn eigi að velta því mjög alvarlega fyrir sér hvort það sé ekki gömul hugsun að endilega eigi að tengja þessar stofnanir saman í eina og hvort ekki sé hætta á því að menn grauti saman hagsmunum vátryggingartakanna, vátryggingarþeganna annars vegar og sparifjáreigendanna og skuldaranna hins vegar.

[21:28]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma upp undir liðnum um fundarstjórn forseta vegna þess að boðaður hefur verið fundur í hv. efh.- og viðskn. á morgun. Það var umtalað að efh.- og viðskn. mundi funda allan daginn á morgun og fram á fimmtudag og var rætt um það mál við forseta þingsins. Síðan sé ég á dagskrá fundarins eins og hún er sett upp, væntanlega af formanni efh.- og viðskn., að fyrstu fjögur

málin eru mál sem þegar eru í nefndinni. En síðan koma málin: Tekjuskattur og eignarskattur, tvö mál, 524. mál og 553. mál; 552. mál, Bindandi álit í skattamálum og 547. mál, Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur. Þetta eru mál sem voru til umræðu fyrr í kvöld. Ég vil því spyrja: Verður þá atkvæðagreiðsla í kvöld um að vísa þessum málum til nefndarinnar því það er ófrávíkjanleg regla í störfum efh.- og viðskn. að hún tekur ekki mál til umfjöllunar sem ekki hefur verið vísað til hennar?

Eftir hádegi er síðan gert ráð fyrir því að öll þau mál sem hæstv. ráðherra er að tala fyrir núna og er ekki búinn að tala fyrir, verði til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. Ég er að nefna þetta af því að maður vill greiða fyrir störfum þingsins og vegna þess að umtalað var að efh.- og viðskn. fundaði allan daginn á morgun og spyr því hvort fyrirhuguð sé atkvæðagreiðsla síðar í kvöld þannig að þessi mál — ég geri ráð fyrir að einhverjum þeirra ljúki, kannski ekki öllum — komist þá formlega til nefndarinnar og hún geti fjallað um málin.

[21:30]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill þakka hv. þm. fyrir þá greiðasemi að vekja athygli á þessu. Boðað verður til atkvæðagreiðslu síðar í kvöld til þess að þetta fái framgang.

[21:30]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Ég vil að þakka viðbrögð hæstv. forseta við þessu. Ég held að þetta flýti fyrir störfum þingsins. Þetta er eðlileg vinnumeðferð í þessum málaflokkum sem við ætlum að taka til umræðu á morgun.

[21:31]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Já og það er enn fremur mjög mikilvægt að efh.- og viðskn. fái þessi mál til meðferðar fyrir morgundaginn. Forseti býst við því að atkvæðagreiðslur geti farið fram milli klukkan ellefu og hálftólf, kannski fyrr. Það fer eftir því hve margir tala í þeim málum sem eru á dagskránni.

[21:31]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að Steingrímur Hermannsson seðlabankastjóri er enginn venjulegur seðlabankastjóri. Það er hárrétt og þess vegna var það að við tókum sérstaklega tillit til þeirra athugasemda sem bankastjórinn gerði í nefndarstarfinu. Ég sá hins vegar að hv. þm. Svavar Gestsson áttaði sig á því hvernig þetta nefndarstarf hafði gengið fyrir sig, hvernig að þessu máli var staðið. En mér fannst gæta örlítils misskilnings hér í umræðunni hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni áðan og vil ég skýra það nákvæmlega.

Þannig var að ég skipaði nefnd sem hafði það hlutverk að kanna möguleika á því að sameina bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið. Nefndin skilaði af sér þeirri skýrslu sem er fylgiskjal með þessu frv. Nefndin skilaði ekki af sér neinu frv. Þar af leiðandi snúa athugasemdir Steingríms Hermannssonar bankastjóra Seðlabankans ekki að efnisatriðum frv. heldur efnisatriðum skýrslunnar eins og hún lá fyrir á þeim tíma.

En það sem ég hef sagt hér og vil endurtaka enn er að við tókum tillit til allra þeirra athugasemda sem komu frá Seðlabankanum þegar við unnum frv. og undirbjuggum framlagningu þess á Alþingi. Þá ræddum við við fulltrúa Seðlabankans, við ræddum við fulltrúa allra þeirra fyrirtækja sem starfandi eru á fjármagnsmarkaðnum og kynntum málið fyrir þeim til að kanna hvort stuðningur væri við málið eða ekki. Og það var stuðningur við málið frá öllum þessum aðilum. Þessar breytingar birtast m.a. í 14. gr. frv. og 4. gr. frv., þeim athugasemdum sem Seðlabankinn gerði og þeim athugasemdir sem fram koma við skýrsluna hjá Steingrími Hermannssyni.

Við höfum átt mjög náið og gott samstarf við Seðlabankann í að reyna að koma þessu máli áfram og ná sæmilegri sátt um það. Það er of mikið að segja eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan, að Seðlabankinn styddi málið. Ég sagði hér og vil ítreka aftur: Seðlabankinn stendur ekki að málinu með stuðningi heldur er það svo að hann gerir ekki athugasemdir við framlagningu frv. Á þessu er nokkur munur.

Það er hins vegar afstaða Seðlabankans, var til skamms tíma og er kannski enn, að nauðsynlegt sé að hafa bankaeftirlitið áfram starfandi innan Seðlabankans. Það varð hins vegar niðurstaða mín og ríkisstjórnarinnar að leggja málið þannig að Fjármálaeftirlitið verður sjálfstætt eftir sameiningu. Á þessu er nokkur munur.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á samstarf tryggingafélaganna og var farinn að efast um að skynsamlegt væri að sameinast í einu eftirliti. Ég tel rökin vera einmitt þau að með auknu samstarfi vátryggingafélaga — tryggingafélaga vil ég nú öllu heldur kalla þetta — og viðskiptabankanna þá sé mikilvægt að sameina eftirlitið.

Ég tek dæmi af því að það er vel þekkt: Landsbanki Íslands hf. á innan tíðar 50% í Vátryggingafélagi Íslands. Mér fyndist óeðlilegt að bankaeftirlitið þyrfti bæði að skoða Vátryggingafélagið og Landsbankann, og Vátryggingaeftirlitið þyrfti líka að skoða Landsbankann og Vátryggingafélagið. Þess vegna er miklu eðlilegra að hafa þetta undir einu eftirliti, samræmdu eftirliti sem gerir þessa hluti öruggari og tryggari en hefur verið. Þetta finnst mér vera meginrökin fyrir sameiningu.

Síðan varðandi önnur atriði sem hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á. Hann spurði hvort þetta væri liður í því að bankastjórum Seðlabankans ætti að fækka. Steingrímur Hermannsson verður sjötugur í júní á þessu ári og lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gera ráð fyrir því að þeir hætti næstu mánaðamót eftir að hafa náð 70 ára aldri. Til þess að gera breytingar á þessu, þ.e. á því hversu margir bankastjórar skuli vera starfandi við Seðlabankann þarfa að breyta lögunum um Seðlabankann. Það er ekki gert ráð fyrir því að þær breytingar verði gerðar þannig að eftir sem áður er gert ráð fyrir því að starfandi verði þrír bankastjórar við Seðlabankanna.

Og af því að hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það svo að Steingrímur Hermannsson væri engum líkur sem slíkur, sem bankastjóri og afkastamaður mikill, þá tel ég alls ekki fært að fækka bankastjórunum vegna þess að þar er að standa upp úr stóli mikill afkastamaður til verka. Og þrátt fyrir það að eftirlitið fari út úr bankanum þá þarf sennilega fleiri menn til að taka við af honum í því starfi.

Þegar formbreyting Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og ríkisviðskiptabankana átti sér stað komu m.a. hér í ræðustólinn hv. þm. Svavar Gestsson og fleiri hv. þm. og voru með alls konar spádóma um það hverjir tækju nú við þessum bankastjórastöðum sem þarna væri verið að útbúa fyrir hina og þessa stjórnmálamennina og margir voru til nefndir. Sá sem harðast gekk fram í þessu öllu saman held ég að

hafi nú verið hv. þm. Ágúst Einarsson sem var búinn að útbúa bankastjórastöður fyrir, ég held, allflesta ráðherrana í ríkisstjórninni. Hver er nú niðurstaðan af þessu öllu saman þegar upp er staðið og búið er að ganga frá ráðningu á öllum þessum bankastjórum? Enginn einasti stjórnmálamaður hefur verið ráðinn í þessar stöður, en spádómarnir gengu allir út á að í þær ætti að ráða stjórnmálamenn. Þess vegna get ég sagt við hv. þm.: Hafið ekki áhyggjur af þessu, þó þetta valdi ykkur miklum áhyggjum. Þetta mun verða mjög svipað og nú og hefur gerst og reynslan sýnir. Við skulum ekki velta okkur mjög mikið upp úr því við þessa umræðu að þarna sé verið að útbúa stöður fyrir hina og þessa. Það er ekki háttur þessarar ríkisstjórnar að starfa þannig. Það hefur komið í ljós við öll þau mál sem hér hafa komið inn og menn hafa verið með vangaveltur um.

Það hefur bæði komið fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og Ágústi Einarssyni að hérna sé ekki um nýtt mál að ræða. Það er hárrétt. Hér er ekki um nýtt mál að ræða, ekki nýja hugmynd eða nokkurn skapaðan hlut. Þetta er allt saman vel þekkt og það hefur verið á stefnuskrá margra stjórnmálaflokka að þetta sé skynsamlegt að gera enda hefur umræðan verið slík að ég heyrði það á báðum hv. þm. sem hér hafa talað að þeir styðja málið í grundvallaratriðum. Þeir eru með einstakar athugasemdir sem ég tel rétt að verði skoðaðar í nefnd. Munurinn er hins vegar sá á þessari ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum að þessi ríkisstjórn er að framkvæma það sem allir hafa verið að tala um, nákvæmlega það sama. Menn töluðu í tíu ár um að sameina ætti fjárfestingarlánasjóði atvinnulífsins. En engin ríkisstjórn gerði það. Það er þessi ríkisstjórn sem gerði það og hefur lokið því starfi. Allir töluðu um að það ætti að breyta formi ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans. Menn töluðu um það í tíu ár líka en enginn gerði það fyrr en þessi ríkisstjórn gerði það. Munurinn á því sem menn hafa verið að ræða um og ekkert hefur gerst í og því sem þessi ríkisstjórn er að gera, er að hún framkvæmir það sem hún talar um að þurfi að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gjaldmiðill Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 944.

[21:38]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 944 sem er 555. mál þingsins, um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum. Í frv. þessu er lagt til að viðskrh. sé að tillögu Seðlabankans heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Breytingin felst í 8. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, en þar segir, með leyfi forseta:

„... að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura."

Það er orðið löngu tímabært að hætta notkun aura þannig að krónan verði lægsta mynteining í umferð. Öll viðskipti verða þá í heilum krónum. Frá því að gjaldmiðli Íslands var breytt 1. janúar 1981 og verðmæti krónunnar hundraðfaldaðist hefur verulega dregið úr notkun aura í viðskiptalífinu. Nú er svo komið að ein króna er smæsta eining í viðskiptum fjölmargra aðila, m.a. ríkissjóðs.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldmiðil Íslands sem eru hliðstæðar breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 38 8. maí 1974, sbr. reglugerð nr. 339 frá 13. nóvember 1974, um að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Samfara gjaldmiðilsbreytingunni 1981 voru framangreind lagaákvæði felld úr gildi með lögum nr. 65 29. maí 1979.

Verði frumvarp þetta að lögum verður enginn skyldugur að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða lægri fjárhæð. Hins vegar verða allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu og einn eyrir eða hærri fjárhæð með heilli krónu.

Þessi ákvæði girða þó ekki fyrir það að einstakar einingar séu verðlagðar með því að tilgreina verð þeirra í aurum, t.d. gengi erlendra gjaldmiðla, verð á lítra af eldsneyti, verð á einingu af rafmagni, heitu vatni o.s.frv.

Er því eðlilegt að gera ráð fyrir því að aurar séu eftir sem áður til sem eining í gjaldmiðlinum þótt sláttu 5, 10 og 50 aura myntar sé hætt. Yrði það þannig að vörur og þjónustu megi áfram verðleggja í aurum, eins og að framan getur, en heildaruppgjörsfjárhæð kröfu eða reiknings sé ávallt sléttuð út miðað við heila krónu. Þetta hefur í för með sér að í reikningum eru einstaka liðir í aurum en samtala reiknings ávallt sléttuð út miðuð við lægstu slegnu einingu og á þetta við hvort sem greiðsla fer fram í reiðufé eða á annan hátt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningar með tilkomu evrunnar, 1. umr.*

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 945.

[21:41]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 945 sem er 556. mál þingsins um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

Samkvæmt ákvæðum Maastricht-sáttmála Evrópusambandsríkja er gert ráð fyrir að myntbandalag verði að veruleika 1. jan. 1999 með þátttöku þeirra ríkja sem uppfylla skilyrði sáttmálans um efnahagslegan stöðugleika. Fastlega er búist við því að ellefu ríki uppfylli efnahagsskilyrði sáttmálans en lokaákvörðun um þátttökuríki verði tekin á fundi leiðtoga Evrópusambandsríkjanna í byrjun maí.

Myntbandalagið mun fela í sér að núverandi gjaldmiðill aðildarríkja þess hverfa en í staðinn kemur ein mynt, evra, og einn seðlabanki, Seðlabanki Evrópu, sem mótar og framfylgir peningastefnu bandalagsins.

Frv. það sem hér liggur fyrir miðar að því að eyða lagalegri óvissu um áhrif myntskiptanna.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að taka af allan vafa um að upptaka evrunnar muni ekki leiða til ógildingar samninga í ekum eða einstökum myntum aðildarríkja EMU.

Um þessi mál hefur nokkuð verið fjallað á alþjóðlegum vettvangi og þar hefur niðurstaðan almennt verið að ekki sé grundvöllur fyrir einhliða uppsögn samninga með tilkomu EMU og því að þjóðlegar myntir aðildarríkja verða ekki lengur gjaldgengar til að efna samninga. Sama á við þar sem

samningar eru í eku. Þessi afstaða byggist á því að markaðsaðilar hafa vitað undanfarin 6–7 ár að hverju stefndi og geti því ekki í góðri trú einhliða sagt upp slíkum samningum af þeirri ástæðu að samningsmynt sé ekki lengur fyrir hendi.

Hér á landi er nokkuð um samninga þar sem skuldari hefur lofað að greiða í mynt aðildarríkja EMU eða eku. Nefna má sem dæmi innlenda gjaldeyrisreikninga innlánsstofnana, ECU-tengd spariskírteini ríkissjóðs, krónureikninga tengda ECU auk ýmissa samninga utan stofnana milli innlendra og erlendra aðila.

Nú hafa nokkur ríki þegar sett lög sem fjalla um áframhaldandi gildi samninga og skuldbindinga eftir tilkomu evrunnar. Lög þessi hafa að markmiði að koma í veg fyrir að samningsaðili geti haft í frammi ágreining um að annars bindandi samningur sé ekki skuldbindandi, þar sem greiðslu sé ekki hægt að inna af hendi í áður umsaminni, þjóðlegri, mynt.

Herra forseti. Að lokinn þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Innheimtulög, 1. umr.*

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 943.

[21:44]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til innheimtulaga á þskj. 943. Eins og nafnið ber með sér fjallar það um innheimtu skulda. Lög um þess háttar starfsemi eru ekki til hér á landi. Ýmis ákvæði aðfararlaga, laga um nauðungarsölu og fleiri laga taka að sjálfsögðu á einstaka þáttum í innheimtu vanskilakrafna en það breytir ekki því að engin almenn innheimtulög eru til í landinu. Ríkisstjórninni þykir rétt að bæta úr því. Slík lög eru til og gilda í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og lagafrv. hefur verið samið í Danmörku.

Samkvæmt frumvarpinu mundu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, m.a. um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem kveða m.a. á að ráðherra geti sett reglugerð um slíkt. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Eins og segir í athugasemdum með frv. er markmið þess að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun og innheimtuleyfi og sviptingar þess. Þá er mælt fyrir um heimild til handa ráðherra að gefa út reglugerð þar sem kveðið verður á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem heimilt verður að krefja skuldara um.

Frv. er ekki einungis ætlað að tryggja hagsmuni skuldara. Verði það að lögum mun staða kröfuhafa einnig batna. Þannig er mælt fyrir um vörslufjárreikninga innheimtuaðila og starfsábyrgðartryggingar, allt að 16,5 millj. kr., sem innheimtuaðilar verða að hafa. Starfsábyrgðartryggingin getur þó einnig orðið skuldurum til hagsbóta sem órétti eru beittir og hafa eignast bótakröfu á hendur innheimtuaðilanum. Einhverjum kann að þykja það skjóta skökku við að setja í lög heimild til handa ráðherra til að ákveða verð fyrir tiltekna þjónustu nú þegar verið er að leitast við að efla samkeppni á sem flestum sviðum. Því er til að svara að samkeppni kemst ekki að þegar um innheimtuþóknun er að ræða, a.m.k. ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Ræðst það af því að skuldarinn sem borgar innheimtuþóknunina og veldur ekki velur ekki innheimtuaðilann. Það gerir að sjálfsögðu kröfuhafinn. Þar sem kröfuhafinn greiðir ekki kostnað við innheimtuna hefur hann takmarkaðra hagsmuna að gæta að því er varðar upphæð innheimtuþóknunar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns má taka ýmis ákvæði refsilaga til innheimtu skulda og skipa réttindum og skyldum skuldara og kröfuhafa. Auk þess hefur Lögmannafélag Íslands samkvæmt heimild í lögum um málflytjendur úrskurðarvald um þóknanir fyrir lögmannsstörf, m.a. innheimtuþóknanir. Því þótti eðlilegt að binda gildissvið þessa frv. við innheimtuaðgerðir á frumstigi, þ.e. frá því að skuld kemst í eindaga þar til byrjaðar eru innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, þ.e. stefnt er fyrir kröfunni eða aðfarar eða uppboðs er beiðst á grundvelli þar til nauðsynlegra heimilda. Með frv. er því ætlunin að brúa bil frá því skuld kemst í eindaga og innheimtuaðgerðir með atbeina yfirvalda eru hafnar. Ekki er stefnt að því með innheimtulögum að koma í veg fyrir eðlilega gjaldtöku vegna innheimtuaðgerða á frumstigi. Lágt gjald sem á tímum samkeppni er óvíst að muni leiða til hækkunar eða hærra en nú tíðkast, hvað þá heldur óeðlilegum kostnaði sem getur og er í ýmsum tilvikum tilfinnanlegur.

Því er við þetta að bæta að markmið frv. er ekki einungis að veita ráðherra heimild til að ákveða með reglugerð hámark innheimtuþóknunar og stemma þannig stigu við óeðlilegum innheimtukostnaði, heldur er markmið frv. ekki hvað síst að skipa réttindum og skyldum skuldara og kröfuhafa að öðru leyti og er þar um að ræða mjög þýðingarmikil atriði eins og drepið hefur verið á hér að framan. Verði frv. þetta að lögum er víst að það mun stuðla að myndun góðra innheimtuhátta, skýra réttarstöðu allra þeirra aðila sem að innheimtunni koma og á eftir að firra bæði skuldara og kröfueigendur tjóni í framtíðinni.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vextir, dráttarvextir og verðtrygging, 1. umr.*

Stjfrv., 562. mál (heildarlög). — Þskj. 953.

[21:49]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 953 sem er 562. mál þingsins, um vexti, dráttarvexti og verðtryggingu.

Fram til ársins 1987 voru í gildi lög um bann við okri, dráttarvexti o.fl., hin svonefndu okurlög, nr. 58/1960. Samkvæmt þeim og ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands frá 1961 var bankanum heimilt að ákveða lágmarksvexti innlána og hámarksvexti útlána. Vextir í almennum viðskiptum manna á meðal máttu ekki vera hærri en almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Seðlabankinn nýtti fyrrgreinda lagaheimild og ákvað alla almenna vexti í landinu til febrúar 1984. Þá heimilaði Seðlabankinn bönkum og sparisjóðum að ákveða vexti á innlánum sem bundin voru til minnst sex mánaða og millibankalánum.

Árið 1987 voru sett lög um vexti er komu í stað okurlaganna frá 1960. Með vaxtalögunum var staðfest almennt frelsi til samninga manna á milli um vexti, þó ekki um dráttarvexti sem enn eru ákveðnir af Seðlabankanum. Með vaxtalögunum var Seðlabankanum falið að birta opinberlega upplýsingar um vexti hjá bönkum og sparisjóðum, honum falið að ákveða dráttarvexti innan tiltekinna marka og að auglýsa meðalvexti á skuldabréfalánum banka og sparisjóða til almennrar notkunar í viðskiptalífinu.

Frá því að vaxtalög gengu í gildi og almennu samningsfrelsi um aðra vexti en dráttarvexti var komið á hefur íslenskur fjármagnsmarkaður tekið margvíslegum breytingum. Hér skal einungis þeirra helstu getið:

Bankar, sparisjóðir og aðrar helstu lánastofnanir hafa tekið upp kjörvaxtakerfi útlána. Í kjörvaxtakerfi eru lántakendur flokkaðir í nokkra kjörvaxtaflokka eftir fjárhagslegum styrkleika og tryggingum sem þeir geta sett fyrir lánum. Vextir í hverjum flokki eru ákveðnir sem álag á hlutaðeigandi kjörvexti (grunnvexti). Jafnframt hefur fjölbreytni innlánsreikninga aukist.

Síðustu gjaldeyrishöftin voru afnumin í árslok 1994 en þar með tengdist íslenskur fjármagnsmarkaður erlendum fjármagnsmörkuðum traustari böndum en áður.

Hlutabréfamarkaður hefur eflst.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur tekið stakkaskiptum með markaðsútboðum og samkomulagi fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um að bankinn veiti ríkissjóði ekki fyrirgreiðslu í formi yfirdráttarlána.

Aukin áhersla er hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum á að afla lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána.

Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skapaði aukna möguleika erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi.

Viðskiptaráðherra skipaði nefnd í ágúst 1994 til að endurskoða vaxtalög. Nefndin skyldi taka mið af reynslu frá setningu laganna, breytinga á fjármagnsmarkaði og ákvæða hliðstæðra laga erlendis. Sér í lagi var nefndinni falið að skoða fyrirkomulag á ákvörðun dráttarvaxta, hvaða vexti úr bankakerfinu Seðlabankinn birtir opinberlega og hvaða meðalvexti hann reiknar út. Nefndin lauk störfum í október 1995 og skilaði frv. til nýrra innheimtulaga um vexti og verðtryggingu. Í grg. með frv. er getið um hverjir sátu í nefndinni og ætla ég ekki að rekja það hér.

Nefndin lagði til að ný lög kæmu í stað vaxtalaganna frá 1987. Í áliti nefndarinnar var jafnframt lögð til sú grundvallarbreyting í vaxtamálum að dráttarvextir yrðu gefnir frjálsir, þannig að þeir réðust af samningum manna í milli.

Frá því að nefndin lauk störfum hefur frumvarpið verið til skoðunar í viðskiptaráðuneytinu. Ráðuneytið gerði allnokkrar breytingar á frumvarpi vaxtalaganefndarinnar þó svo að frumvarpið sem hér birtist byggist að verulegu leyti á vinnu hennar.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á sviði vaxtamála:

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að Seðlabankinn ákveði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum verði lögaðilum heimilt í lánssamningum að semja um dráttarvexti upp að vissu marki. Talið er nauðsynlegt að auka svigrúm lögaðila til að semja um dráttarvexti, m.a. vegna aukinnar alþjóðavæðingar á fjármagnsmarkaðnum. Fyrirtæki eiga nú greiðari aðgang en áður að alþjóðlegum fjármagnsmarkaði og geta þannig samið um dráttarvexti og lántökur erlendis. Lögaðilar hafa samkvæmt frumvarpinu heimild til að semja um álag ofan á samningsvexti en álagið má þó ekki vera hærra en 10 hundraðshlutar. Meginreglan verður hins vegar sú að Seðlabankinn ákveður dráttarvexti eins og verið hefur. Sú breyting verður hins vegar að dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt verða ákveðnir með sama hætti og dráttarvextir af kröfum í innlendri mynt. Ef lögaðilar semja ekki sérstaklega um álag ofan á samningsvexti munu dráttarvextirnir verða ákveðnir af Seðlabankanum eins og nú gildir. Samkvæmt frumvarpinu munu einstaklingar ekki eiga kost á því að semja um dráttarvexti, heldur munu dráttarvextir ákveðnir af Seðlabankanum. Hér er ekki gengið jafnlangt í frelsi til ákvörðunar dráttarvaxta og vaxtalaganefndin mælti með. Talið er rétt að stíga ekki stærra skref til dráttarvaxtafrelsis á þessu stigi. Reynslan af nýju fyrirkomulagi getur hins vegar virkað sem hvatning til að auka enn frekar heimildir einstaklinga og fyrirtækja til þess að semja um dráttarvexti.

Í öðru lagi er lagt til að aðilar verði hvattir til að semja um ákveðna vexti sín á milli en nota ekki í blindni almenna viðmiðun við vexti á markaðnum, eins og nú tíðkast, t.d. meðalvexti hjá bönkum og sparisjóðum. Þessir meðalvextir eru ýmsum annmörkum háðir. Þannig hefur orðið æ erfiðara fyrir Seðlabankann að velja vogir til að reikna meðalvexti eftir því sem kjörvaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreytilegra. Að auki eru við útreikning á þessum meðalvöxtum notaðir allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, þ.e. lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og allir vextir þar á milli. Þessir meðalvextir eru síðan notaðir í ríkum mæli í samningum manna á milli utan bankakerfisins án þess að tillit sé tekið til mismunandi aðstæðna lántakenda. Þetta getur þýtt að aðilar sem taka lán utan bankakerfisins með góðum tryggingum greiða í raun hærri vexti en eðlilegt getur talist. Einnig má finna dæmi um hið gagnstæða. Lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða, sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli, verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þessum vöxtum eða aðstæðum hverju sinni. Þetta mun leiða til betri vaxtamyndunar á lánsfjármarkaði.

Í þriðja lagi er lagt til að vextir af skaðabótakröfum verði hækkaðir frá því sem nú gildir, þ.e. úr vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í vexti sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum. Vextir af skaðabótakröfum munu því hækka verulega enda verður að telja það mikið ranglæti að

sá sem á skaðabótakröfu þurfi að sæta því að fá ekki nema sparisjóðsvexti á kröfu sína.

Í fjórða lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Flestir fjárfestingarlánasjóðirnir lúta nú sömu meginreglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, samanber lög um lánastofnanir aðrar en viðskptabanka og sparisjóði. Því þykir óeðlilegt að sérákvæði gildi um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða.

Í fimmta lagi er lagt til að misneytingarákvæði vaxtalaga og ákvæði um endurgreiðslu á ofteknum vöxtum verði að mestu fellt brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Þörf fyrir ákvæðin nú, þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi, er því lítil. Hafa ber í huga að hin almennu misneytingarákvæði hegningarlaga eiga við um samninga um vexti.

Að lokum eru lagðar til þær breytingar á verðtryggingakafla vaxtalaganna að heimildir til að binda skuldbindingar íslensku krónunnar við erlenda gjaldmiðla verði þrengdar og tekinn af allur vafi um að Seðlabankanum sé heimilt að fengnu samþykki viðskrh. að leggja bann við verðtryggingu á tilteknu tímabili. Að öðru leyti standa ákvæði vaxtalaga um verðtryggingu óbreytt.

Herra forseti. Vaxtalögin frá 1987 hafa að flestu leyti reynst vel. Breytingar á fjármagnsmarkaðnum hafa hins vegar verið slíkar á undanförnum áratug að aðstæður eru til að taka vaxtalögin til endurskoðunar. Endurskoðun á vaxtalögum þarf hins vegar að vanda og krefst mikillar yfirlegu. Að lokinni umræðunni óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[21:59]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til nýrra vaxtalaga og ég ætla í upphafi máls míns að boða brtt. við þetta frv. Brtt. gengur út á það að leggja bann við verðtryggingu útlána. Þessi tillaga mun koma fyrst fram í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar. Nái tillagan ekki þar fram að ganga verður hún borin fram hér til atkvæða við 2. umr. málsins. Að mínu mati, herra forseti, er orðið tímabært að fella niður verðtryggingu á útlánum eins og við höfum þekkt um 20 ára skeið. Þetta var eðlileg aðferð á verðbólgutímanum en við erum komin út úr þessu umhverfi fyrir þó nokkru og slík verðtrygging er mjög fátíð erlendis.

Það er mikilvægt fyrir okkur að leggja bann við verðtryggingu útlána, m.a. vegna þess að nú þegar er fyrirhugað að leggja bann við verðtryggingu innlána. Ef menn hugsa þetta í samhengi þá er Seðlabankinn búinn að ákveða að frá og með 1. janúar árið 2000 verði bannað að verðtryggja innlán. Frá og með 1. janúar sl. var bannað að verðtryggja útlán sem eru til skemmri tíma en fimm ára.

Þá er vitaskuld hægt að spyrja sig: Hvaða sanngirni er fólgin í því að skuldarar þessa lands þurfi að búa við verðtryggingu á sama tíma og þeir sem eiga innstæður í bönkum geta þeir ekki notið þessarar verðtryggingar?

Í þessu frv. eru rökin m.a. að við séum komin að ákveðnum tímamótum. Í frv. er lagt til að leggja megi á sérstakt hámark dráttarvaxta sem nemur 10%. Það byggir á því að við búum við tiltölulega litla verðbólgu. Dráttarvextir eru hámarksvextir, sérstakir refsivextir þannig að við erum í reynd komin býsna langt í þá átt að afnema þá verðtryggingu sem tekin var upp hér með Ólafslögum fyrir réttum 20 árum. Kafli Ólafslaga um verðtryggingu var síðar felldur inn í vaxtalög, sömu vaxtalög og hér eru til umræðu.

Rökin gegn því að afnema verðtryggingu gætu verið þau að með þeim mundu vextir hækka vegna þess að óvissa ykist. Þau rök eru ekki óskynsamleg. Hins vegar eru það sterk rök á móti þessari skoðun að með því að viðhalda verðtryggingu eins og við gerum hér á landi þá værum við að búa okkur aftur undir verðbólgutíma. Við höldum glóðum verðbólgubálsins lifandi með því að hafa þessa lögfestingu og hafa sem almenna reglu að útlán séu verðtryggð.

Vitaskuld getum við líka fært rök gegn verðtryggingu útlána sem samkvæmt þessum lögum á að miðast við neysluverðsvísitölu. Ef eitthvað hækkar í verði hérlendis, tóbak, olía eða eitthvað, þá hækka lán allra landsmanna.

Vextir eru háir hér á landi. Það er að mínu mati, herra forseti, m.a. vegna þessa kerfis sem nú hefur runnið sitt skeið. Úr því að innlán verða bönnuð hérlendis þá er sanngjarnt og eðlilegt að banna útlán með sama hætti. Vitaskuld er ekki hægt að láta skuldbindingar sem þegar eru í gildi taka breytingum nema gert sé ráð fyrir að hægt sé að endursemja um vaxtagrundvöll á eldri skuldbindingu.

Eins verður að hafa í huga, herra forseti, að skuldir heimilanna hafa aukist í tíð núv. ríkisstjórnar. Það er dálítið sérstakt miðað við það góðæri sem nokkuð er umtalað hér hjá ráðherrum. Samt sem áður eru skuldir heimilanna það miklar að þær taka þessum breytingum á verðtryggingu á fölskum forsendum, því að verðtryggingin var á sínum tíma sett á sem vörn í óðaverðbólgu. Það voru rökin fyrir verðtryggingu útlána og verðtryggingu innlána. Það var vörn.

Nú hefur dæminu verið snúið við. Það á að banna verðtryggingu innlána. Það á að vernda fjármálamennina gegn almenningi. Almennir lántakendur eiga áfram að búa við verðtryggð útlán. Ég tel rétt að þessi tillaga nái fram að ganga og gangi síðan til atkvæða þannig að á það reyni hvort þingheimur er reiðubúinn að horfast í augu við hinar breyttu aðstæður. Við búum við tiltölulega kyrrt efnahagsumhverfi hvað verðbólgu varðar. Þannig hefur það verið um nokkurra ára skeið, í 6–7 ár. Þetta fyrirkomulag, fyrir utan að vera íþyngjandi fyrir launafólk og skuldara í landinu, er einnig ávísun á ranga efnahagsstefnu, hefur unnið gegn því að menn bæru ábyrgð á gerðum sínum. Með því að leggja til verðtryggingu á útlánum eru lánveitendur vitaskuld að tryggja sig. Óvissuna og allt hugsanlegt tjón ber lántakandinn. Þessi tillaga, þ.e. brtt. við þetta frv. hæstv. viðskrh., þar sem bann verður lagt við verðtryggingu útlána, er fyrst og fremst vernd fyrir þá sem skulda og liður í skynsamlegri efnahagsstefnu. Samþykkt þeirrar tillögu væri liður í því að horfast í augu við efnahagslegar staðreyndir. Við værum þar með að færa okkur nær stefnu nágrannalandanna að heilbrigðari uppbyggingu okkar efnahagsmála. Verðtrygging þekkist varla og sums staðar í nágrannalöndunum er hún bönnuð.

Verðtryggingarfyrirkomulagið er arfur verðbólgutímans, er arfur fortíðarinar. Nú er þessi arfur fortíðarinnar farinn að valda einstaklingum og efnahagslífi tjóni. Við þurfum að horfast í augu við hinar breyttu aðstæður og stíga skrefið þannig að ótvírætt sé kveðið á um það. Það er ekki nægjanlegt að gera eins og segir í 15. gr. þessa frv.:

„Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að óheimilt sé að verðtryggja innlánsfé og hvers konar lánsfé samkvæmt samningum um lánveitingu sem stofnað er til eftir nánar tiltekinn tíma eða ef lán er afhent eftir hinn tiltekna tíma."

Þetta orðalag er ekki gott. Með því er Seðlabankanum og ráðherra í sjálfvald sett hvort af slíku banni yrði, og við sjáum hvernig þessi heimild hefur verið nýtt hingað til. Hún hefur verið nýtt til þess að banna verðtryggingu á innlánum en viðhalda verðtryggingu á útlánum.

Herra forseti. Í þessu efni er betra að Alþingi tali skýrt. Það er betra að lögin séu skýr og stefnan sé skilmerkilega mótuð hvað verðtryggingu útlána varðar. Þessi tillaga mun verða lögð fram hér á hinu háa Alþingi, kemur þá til efnislegrar umfjöllunar í þingnefnd og síðan til afgreiðslu við 2. umr. þessa máls. Það væri tímabær endurbót á löggjöf um vexti og yrði því fólki sem skuldar mikil bót á sinni stöðu.

[22:09]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er spurning hvað orðið hefur af ráðherranum, hvort hann er kannski bara sofnaður. Já, mér heyrist það.

Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég er sammála þeirri tillögu sem hv. 11. þm. Reykn. gerði grein fyrir áðan. Svo ég rifji það kannski upp þá hafa menn um langt árabil flutt svipaðar tillögur, t.d. hv. þm. Eggert Haukdal og Eyjólfur Konráð Jónsson. Ég hygg líka að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafi einu sinni skrifað upp á slíka tillögu eftir að hann varð forsrh.

Hins vegar má halda því fram að aðstæður varðandi verðtryggingu fjárskuldbindinga séu allt aðrar nú en voru þá. Segja mætti að menn hafi haft nokkuð til síns máls þegar þeir á sínum tíma hikuðu við að slá því föstu á að afnema ætti eða banna verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hv. 11. þm. Reykn. sagði áðan að aðstæður væru nú orðnar þannig að algjörlega fráleitt væri að halda í þessa verðtryggingu og það væru engin marktæk rök fyrir því lengur.

Rökin sem notuð voru í þessu efni fyrir nokkrum árum þegar aðstæður voru öðruvísi á peningamarkaði voru t.d. þau að það mundi hafa í för með sér hærri vexti ef áhættan væri öll í viðskiptunum og ekki um verðtryggingarbindingu að ræða. Þessi rök geta verið gild undir vissum kringumstæðum en aðstæður eru nú aðrar í þeim efnum þannig að ekki er ástæða til að ætla að afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga hefði í för með sér stórkostlegar vaxtahækkanir. Ég útiloka það þó ekki, herra forseti, að einhverjar vaxtahækkanir gætu orðið til að byrja með en ég sé ekki að neitt bendi til þess að það hefði varanleg áhrif. Ég tek undir orð hv. þm. í þeim efnum.

Ég held að það sé fróðlegt af þessu tilefni, herra forseti, að rifja það upp hvernig verðtryggingarsagan er orðin. Ég hugsa að það hafi fyrst verið 1966 að viðreisnarstjórnin innleiddi verðtryggt sparnaðarform varðandi lántökur fyrir ríkið. Mig minnir að það hafi heitið öðru nafni en spariskírteini á þeim tíma. Eins minnir mig að páv. hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, hafi beit sér fyrir verðtryggingu á nýjan leik. Menn voru mjög uggandi yfir því að taka upp verðtryggingu hér og vísuðu þá til þess að þá hefði verðtrygging verið heimiluð í örfáum öðrum löndum. Í sumum löndum var verðtrygging fjárskuldbindinga á þeim tíma beinlínis bönnuð með pósitífum lagaákvæðum.

Þegar verðbólgan keyrði um þverbak á árunum eftir 1970, olíukreppan skall yfir og víxlverkanir launa og verðlags urðu sem svakalegastar, þá var auðvitað alveg ljóst að sparifé landsmanna, m.a. eignir lífeyrissjóðanna voru að brenna upp og verða að engu. Það er augljóst mál. Þá voru settar fram um það kröfur af ýmsum aðilum eins og t.d. Alþfl., sem var þá aðili að vinstri stjórninni, 1978–1979, um að taka upp verðtryggingar. Það var í raun og veru mjög hörð krafa frá páv. hv. þingmönnum Alþfl., ég hygg jafnvel hv. þm. Ágústi Einarssyni á þeim tíma. Við alþýðubandalagsmenn vorum mjög hikandi í þessum efnum en þó varð niðurstaða okkar sú að fallast á að setja verðtryggingarkaflann inn í Ólafslög.

Það er dálítið merkilegt. Ég hef oft hugsað um það síðan að þegar Ólafslögin voru hér til meðferðar þá ræddu menn aldrei um verðtryggingarkaflann. Um verðtryggingarkafla fjárskuldbindinga var aldrei sérstök umræða hér í þinginu. Umræðan var fyrst og fremst um vísitölubæturnar og það hvernig með þær yrði farið á þeim tíma. Umræðan um þá byltingu sem í raun og veru fólst í verðtryggingarkafla Ólafslaga var hverfandi lítil í þessari stofnun.

Ég er sannfærður um að þessi breyting með verðtrygginguna var algerlega óhjákvæmileg á sínum tíma. Hún var óhjákvæmileg og bjargaði lífeyrissjóðunum. Vegna hennar standa lífeyrissjóðirnir jafn vel og þeir standa í dag.

Verðtryggingin, herra forseti, hafði einnig í för með sér hraðari víxlverkun í efnahagskerfinu. Það þýddi meiri verðbólgu til að byrja með. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem vorið 1983 hjó á vísitölu á laun en lét vísitöluna spinna áfram á fjárskuldbindingar, fór mjög illa með skuldara í þessu þjóðfélagi og alveg sérstaklega húsbyggjendur, eins og kunnugt er.

Þá varð til mikil hreyfing húsbyggjenda sem glímdi eitt kjörtímabil eða svo við páv. hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson.

Það sem tók steininn úr í sambandi við vaxtaþróun hér á landi var auðvitað að vextir voru gefnir algerlega frjálsir þrátt fyrir ákvæði laga. Það gerðist sumarið 1984. Þá var uppi nokkur vandi í sjávarútveginum og mig minnir að verkfall hafi staðið yfir. Að minnsta kosti var það þannig að páverandi stjórnarflokkar, sem voru þeir sömu og í dag, Framsfl. og Sjálfstfl., gerðu samninga um að það ætti að gera vissar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Páv. sjútvrh. var Halldór Ásgrímsson. Jafnframt var vélað um að páv. forsrh. fjarstöddum, sem var mjög óvenjulegt, að vextir yrðu gefnir frjálsir frá og með í ágúst 1984. Ég man eftir því að þessi forsrh., sem var þá staddur í Bandaríkjunum, taldi að nokkuð væri sérkennilega að hlutunum staðið og lét það koma fram að hann hefði aldrei sjálfur tekið ábyrgð á ákvörðuninni. Þessi forsrh. Íslands kom við sögu fyrr í kvöld í merku máli sem snerti aðeins eftirlit með fjármálastofnunum.

Sú vaxtasprengja sem varð upp úr árinu 1984 kollvarpaði fjárhag heimila og fyrirtækja hér í landinu í stórum stíl. Það væri fróðlegt ef menn fengjust til þess einhvern tíma að skrifa sögu áhrifanna af þessari gífurlegu vaxtasprengju. Allan þann tíma sem í hönd fór frá 1984–1989, í hálfan áratug eða svo, voru menn að ræða um hvort ákveða ætti vexti með handafli eða láta markaðinn um að ákveða þetta.

Að nokkru leyti má segja að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi sprungið á þessu máli vegna þess hvernig aðstæður voru þá í atvinnulífinu. Það var þá þannig að í þeirri ríkisstjórn beitti hæstv. páv. utanrrh. sér fyrir því að það var tekið á dagskrá að stjórna vöxtum með handafli. Sú umræða er mjög eftirminnileg vegna þess að í henni fullyrtu ýmsir, þar á meðal við alþýðubandalagsmenn og tókum undir með þessum hæstv. ráðherra, að hægt væri að stýra vöxtum frekar með handafli en gert hafði verið.

Á grundvelli þess voru sett lög í ríkisstjórninni 1988–1991 um breytingu á seðlabankalögum þar sem var um mjög merkilegt ákvæði að ræða en frá því segir á bls. 6 í þessu þingskjali sem við erum að ræða. Það segir svo, með leyfi forseta:

„Árið 1989 var bætt við lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, ákvæði sem heimilar bankanum að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að hlutast til um vexti banka og sparisjóða í því skyni að tryggja að raunvextir útlána verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana."

Eins og menn sjá af þessum texta þá er hann býsna hlaðinn merkingu. Þáverandi stjórnarandstaða Sjálfstfl. nýtti sér þennan texta til ótrúlegra ræðuhalda í báðum deildum þingsins á þeim tíma.

Hér segir síðan í framhaldi í greinargerð viðskrh. hæstv. um þetta mál:

„Þrátt fyrir mikla umræðu um vaxtamál af og til á liðnum árum og fullyrðingar um að vextir hér á landi séu mun hærri en í útlöndum hefur ekki verið talin ástæða til að beita þessu lagaákvæði."

Staðreyndin er sú, herra forseti, að þetta lagaákvæði 1989 var sett í bullandi ágreiningi við Seðlabankann. Seðlabankinn var fullkomlega andvígur þeirri stefnu sem páv. ríkisstjórn mótaði í vaxtamálum. Aftur og aftur var knúið á um það að þessu ákvæði yrði beitt en Seðlabankinn setti sig raunverulega þversum í þeim efnum.

Menn hafa stundum talað um að Seðlabankinn væri ósjálfstæður og hann væri undir hælnum á ríkisstjórninni. Það er ekki að öllu leyti rétt. Það kom fyrir aftur og aftur á þessum verðbólgutímum, verðbólguáratugum, að Seðlabankinn beitti sér hvað eftir annað gegn því að þessu nýja ákvæði laganna frá 1989 yrði beitt.

Síðan gerist það í framhaldi af þjóðarsáttinni miklu að það tekst að lækka verðbólguna, almenningur í landinu tekur á sig launalækkun með samningum sem gerðir eru og við stöndum frammi fyrir nýju verðbólgustigi og viðráðanlegu efnhagsumhverfi að þessu leytinu til. Þess vegna er það 100% rétt hjá hv. 11. þm. Reykn. að það á að banna verðtryggingu fjárskuldbindinga héðan í frá, það eru engin rök fyrir henni framar. Það eru engin rök fyrir því að orða það þannig eins og gert er hér í 15. gr. Það er eiginlega verra en ekkert. Vegna þess að hér stendur, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að óheimilt sé að verðtryggja innlánsfé og hvers konar lánsfé samkvæmt samningum um lánveitingu sem stofnað er til eftir nánar tiltekinn tíma eða ef lán er afhent eftir hinn tiltekna tíma."

Ég segi eins og er, herra forseti, ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. greini okkur frá því hvaða afstöðu hann hefur í þessu efni núna við umræðuna. Er hann eða ríkisstjórnin tilbúin til þess að taka þátt í því ásamt stjórnarandstöðunni að banna verðtryggingu fjárskuldbindingu frá og með einhverjum degi sem yrði tiltekinn eftir nánara samkomulagi? Er hann tilbúinn til þess að gera það? Ég held að það væri langæskilegast að málið yrði tekið upp í hv. efh.- og viðskn. Mér heyrðist á hv. 11. þm. Reykn. að hann ætlaði að flytja þessa hugmynd þar og ég teldi eðlilegt að málið yrði fært þar í búning. Þetta er auðvitað flókið mál, það er ekki einfalt að orða þetta og koma þessu í lagabúning. En ég hlýt að taka undir þá spurningu sem kom áðan fram til hæstv. viðskrh.: Hver er skoðun hans á þessu mikilvæga máli?

[22:21]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson boðar við umræðuna að hann muni flytja tillögu og kynna hana fyrst í efh.- og viðskn. um bann við verðtryggingu útlána. Ég held að menn þurfi að hugsa sig mjög vel um í þeim efnum, hvernig að slíkum tillöguflutningi skuli staðið og hvernig slíkt bann yrði framkvæmt.

Hv. þm. gerði mikið úr því hér áðan við umræðu um Fjármálaeftirlitið að mikil alvara fylgdi því þegar Seðlabanki Íslands gerði mönnum viðvart í efnahagsmálum og menn þyrftu að hlusta grannt þegar Seðlabankinn væri að ráðleggja ríkisstjórnum og öðrum í þeim efnum. Það veit ég að er rétt hjá hv. þm. enda er hv. þm. Ágúst Einarsson fyrrv. formaður bankaráðs Seðlabankans.

Nú vil ég ekki útiloka að sú leið verði farin að verðtrygging útlána verði bönnuð í framtíðinni. Við þurfum að vanda okkur mjög í þeim efnum. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við 1995 hafa menn verið að þoka sér út úr verðtryggingunni hægt og bítandi.

Hv. þm. Ágúst Einarsson gerði örlitla grein fyrir því áðan hvernig að því hefði verið staðið og þar eru menn kannski ekki komnir enn nema hálfa leið vegna þess að lokapunkturinn í þessum áfanga er árið 2000. Þess vegna ætla ég, með leyfi forseta, að vitna örlítið í þá skýrslu sem ég fékk í hendur frá Seðlabankanum frá svokallaðri vaxtamyndunarnefnd sem tillögur um afnám verðtryggingarinnar eru byggðar á. Upp úr þessari skýrslu vil ég lesa, með leyfi forseta, út af orðum hv. þm. Ágústs Einarssonar hér og ekki síst í ljósi þess sem hann telur vera mikilvægt að það sé tekið tillit til ábendinga Seðlabankans í þessum efnum:

„Seðlabankinn leggur til að stefnt verði að því að framboð óverðtryggðra fjárskuldbindinga verði aukið þannig að í byrjun árs 2000 verði verðtrygging aðeins notuð á verðbréfum með minnst sjö ára binditíma. Mikilvægt er að aðlögun að þessu markmiði feli ekki í sér hættur fyrir fjármálalífið þannig að lánastofnunum sé gert erfitt að halda viðunandi jafnvægi milli verðtryggingar á eigna- og skuldahlið. Því er nauðsynlegt að gefa rúman aðlögunartíma að því markiði sem að ofan er sett.

Seðlabankinn leggur til að innlánsstofnunum og öðrum aðilum á markaði verði gefið svigrúm til að draga úr notkun verðtryggingar án þess að vera til þess þvingaðar af ströngum reglum eða skömmum aðlögunartíma. Á tímabilinu fram til ársins 2000 verði heimild vaxtalaga til þess að takmarka notkun verðtryggingar aðeins beitt tvívegis, þ.e. í ársbyrjun 1996 og í ársbyrjun 1998." Aðlögunin er tilgreind nánar en ég ætla ekki að rekja það nákvæmlega.

Fyrra skrefið var tekið 1. jan. 1996 þegar lágmarkstími verðtryggðra skuldabréfa var hækkaður í þrjú ár. Næsta skref var tekið um síðustu áramót þegar lágmarksbinditími verðtryggðra innstæðna hækkaði í þrjú ár og lágmarkstími verðtryggðra skuldabréfa hækkaði í fimm ár. Lokaáfanginn er eftir, árið 2000. Þá verður verðtrygging innstæðna óheimil en lágmarksbinditími verðtryggðra skuldabréfa hækki í sjö ár. Þá er verðtrygging allra skammtímalána bönnuð.

Að tillögu Seðlabankans, af því hv. þm. gerði það að umtalsefni hér fyrr í kvöld, ekki í þessari umræðu heldur

umræðu um Fjármálaeftirlitið, að það væri mikilvægt að taka tillit til ábendinga Seðlabankans í þessum efnum, að þá tel ég það vera og tek undir það með hv. þm. Þess vegna mega menn ekki rasa um ráð fram í þeim efnum. Ég tel þess vegna dálítið fljótfærnislegt að henda því inn í umræðuna akkúrat núna og segja: Það ber bara að afnema þetta í hvelli. Menn þurfa að stíga hægt til jarðar og örugg skref í þessum efnum eins og ég tel að þessi ríkisstjórn og tillögur Seðlabankans hafi verið að fikra sig áfram við að gera. Annað getur valdið röskun á þessum markaði.

Það sem skiptir líka auðvitað mjög miklu máli og hv. þm. Svavar Gestsson kom hér inn á: Til hvers getur þetta leitt ef menn gæta ekki að sér? Þetta getur hugsanlega leitt til þess að vextir verði hærri hér en þeir annars þyrftu að vera. Ef við berum saman þá verðtryggðu vexti sem hafa verið frá árinu 1990 til ársins 1996, og það eru líka upplýsingar frá Seðlabankanum, annars vegar meðalraunávöxtun skuldabréfa, óverðtryggðra skuldabréfa, og svo hins vegar verðtryggðra lána, og veltum því fyrir okkur: Ef við hefðum tekið ákvörðunina 1990 og sagt: Við ætlum að banna þetta, til hvers hefði það leitt?

Það hefði leitt til þess að vextir eða meðalraunávöxtun skuldabréfa, óverðtryggðra skuldabréfa, hefði verið 1 – 1,5% hærri. Hefði þetta verið skynsamlegt? Nei, það hefði verið óskynsamlegt að gera þetta nákvæmlega á þessum tíma. Árið 1990 hefði verið 1,3% hærri. Og árið 1996 var meðalraunávöxtun óverðtryggðu bréfanna 10,4% á meðan verðtryggðu lánin voru í 8,9%. Allan tímann er raunávöxtun óverðtryggðu skuldabréfanna hærri. Með þessu er ég að segja að ég tel ekki útilokað að við fikrum okkur út úr verðtryggingunni og ég segi að við höfum verið að því. En förum varlega í þeim efnum og vöndum okkur í þeim efnum.

Svo er heldur alls ekki rétt að allar þjóðir séu að fara út úr verðtryggingunni. Það er akkúrat hið gagnstæða. Svíar og Bretar hafa verið með verðtrygginguna undanfarin ár eins og við Íslendingar. Kanadamenn, Ástralíumenn og Bandaríkjamenn eru í auknum mæli að taka upp verðtryggingu. — Nú er hv. þm. hlaupinn úr salnum og erfitt að tala við hann vegna þess að — (Gripið fram í). Ja, það er nú þannig, hv. þm., með leyfi forseta, að ég gat að mörgu leyti algjörlega fallist á það sem kom fram í ræðu þinni og ekki undan neinu að kvarta í þeim efnum. En það var fyrst og fremst hv. þm. Ágúst Einarsson sem ég vildi tala við vegna þess að ég var með nokkrar athugasemdir við ræðu hans.

Þetta hefur leitt til þess, hv. þingmaður, að vextir, eins og ég sagði áðan, hafa verið þetta einu til einu og hálfu prósenti hærri á þessum tíma. Ástæðan fyrir því að vextir á Íslandi eru hærri en í nágrannalöndunum er að mínu viti ekki það að verðtrygging sé meiri hér en í nágrannalöndunum heldur fyrst og fremst það, og hv. þm. kom reyndar inn á það fyrr í kvöld í ágætri umræðu um skattamál, og hefur mikið með samkeppni fyrirtækja að gera, að fjármagnsmarkaðurinn hér er ófullkomnari en fjármagnsmarkaðurinn í löndunum í kringum okkur.

Samkeppni er minni á fjármagnsmarkaði hér en í löndunum í kringum okkur. Það er slíku sem þessi ríkisstjórn er að breyta. Hún er að auka samkeppnina á fjármagnsmarkaðnum og sennilega hefur ekkert fyrirtæki á íslenskum fjármagnsmarkaði í seinni tíð valdið annarri eins samkeppni á þeim markaði og þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins tók til starfa um sl. áramót. En ef ég man rétt, þá barðist hv. þm. Ágúst Einarsson með oddi og egg gegn því í fyrra á Alþingi að slíkur banki kæmist á fæturna. En það hefur sýnt sig að það er kannski engin fjármálastofnun sem veitir viðskiptabönkunum aðra eins samkeppni og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er að gera. Og það er samkeppni númer eitt, tvö og þrjú sem getur leitt það af sér að vextir lækki á Íslandi. Að því er stefnt og að því er unnið.

Svo er það ekki rétt, og kem ég þá aftur að því — ég held að hv. þm. hafi verið farinn úr salnum — að aðrar þjóðir séu að fara út úr verðtryggingunni. Bandaríkjamenn eru að auka sína verðtryggingu og margt bendir til þess að þeir muni halda því áfram. Kanadamenn eru að taka hana upp en það þýðir ekki endilega að við þurfum að fara sömu leið. Ég tel rétt að skoða það hjá okkur hvort ekki sé hægt að stíga fleiri skref til þess að fikra sig út úr verðtryggingunni, ég get tekið undir það með hv. þm., en förum varlega í þeim efnum. Vegna þess að við erum með fjöregg margra fyrirtækja og heimila í höndunum þegar við erum að gera miklar breytingar á fjármagnsmarkaðnum sem geta leitt til þess að vextir hækki hér stórkostlega.

Ég þarf einnig að leiðrétta hv. þm. vegna þess að hann hélt því fram í ræðu sinni áðan að skuldir heimilanna væru að hækka. Þetta er líka rangt. Það sem gerist núna í fyrsta skipti, sennilega í áratug a.m.k. ef ekki tvo áratugi, ég þori ekki að fullyrða hvort það eru tveir áratugir, en í a.m.k. áratug gerist það í fyrsta skipti árið 1997 að eignamyndun hjá heimilunum er meiri en skuldaaukningin. Það hefur ekki gerst, ekki í tíð nokkurrar ríkisstjórnar fyrr en þessarar ríkisstjórnar. Það er afrek og er í samræmi við það m.a. sem minn flokkur hélt fram í kosningabaráttunni að bæri að stefna að, þ.e. að draga úr skuldaaukningu heimilanna. Það hefur tekist og hv. þm. getur fengið þessar tölur staðfestar.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir umræðuna um það mál sem hér er til umfjöllunar. Ég átti von á að umræðan snerist kannski fyrst og fremst um dráttarvextina. Við þau ákvæði voru ekki gerðar neinar sérstakar athugasemdir í umræðunni og verð ég þá að líta svo á að menn séu tiltölulega sáttir við þá útfærslu sem þar fékkst.

[22:33]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég játa það að hvað varðar þá útfærslu sem um er að ræða á dráttarvöxtum, þá hef ég út af fyrir sig ekkert um hana sagt og hef ekkert um hana að segja á þessu stigi málsins og vísa því til vinnu nefndarinnar.

Varðandi málið að öðru leyti og verðtryggingu fjárskuldbindinga þá ætla ég að segja þetta. Það er búið að afnema sjálfvirkni meira og minna í t.d. breytingum á launum. Það er búið að afnema sjálfvirkni meira og minna t.d. í breytingum á ýmiss konar kvótum. Það hefur jafnvel verið rætt um að afnema sjálfvirkni að því er varðar elli- og örorkulífeyri. Og almennt er talað um það sem meginefnahagsviðmið í þjóðfélaginu að reynt verði að afnema sjálfvirkni. Ég er út af fyrir sig sammála því, ég held að sjálfvirkni eigi ekki að vera mjög víða. Ég held að menn eigi að taka sínar ákvarðanir opnum augum.

Á sama tíma hins vegar þá vefur fjármagnið sjálfvirkt upp á sig. Það er jafnvel talið af þeim sem þekkja vel til að fjárskuldbindingar hér á landi séu ofverðtryggðar. Í raun sé lánskjaravísitalan þannig samsett hjá okkur að hún mæli fjármagnið meira upp en nokkur ástæða væri til. Ég held þess vegna að málið snúist kannski ekki um það að einhverjir hér, eins og ég og hv. þm. Ágúst Einarsson, án þess að ég tali

að neinu leyti fyrir hann, vilji rasa um ráð fram. Ég vil það ekki, ég vil ekki rasa um ráð fram.

Það var mikil samviskuspurning fyrir mig fyrir allmörgum árum þegar Ólafslögin voru sett að setja verðtryggingarákvæðin inn í Ólafslögin. En ég taldi það óhjákvæmilegt vegna þess hvernig staðan var. Og alveg á sama hátt þá vil ég ekki núna að menn rasi um ráð fram, en ég vil að menn taki um það vísvitandi ákvarðanir að feta sig alveg skýrt út úr þessu, því að þetta eru leifar liðins tíma sem við eigum alls ekki að þurfa að endurvekja aftur. Mér finnst að í þessu frv., ef það verður að lögum, eigi að taka slíkar ákvarðanir opnum augum með svipuðum hætti og hv. 11. þm. Reykn. benti á áðan eða á annan hátt sem hv. efh.- og viðskn. nær samkomulagi um.

[22:36]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í raun og veru algjörlega sammála hv. þm. Svavari Gestssyni um efnisatriði málsins. Ég tel skynsamlegt að menn leiti leiða til að fikra sig út úr verðtryggingunni. Við erum á öllum sviðum, eins og hér hefur komið fram, að afnema vísitölur og ég tel að það sama eigi að gilda þarna. En ég minni á það sem ég sagði áðan. Þessi ríkisstjórn tók þá ákvörðun í september 1995 að fikra sig út úr þessari verðtryggingu, sem fyrri ríkisstjórnir höfðu aldrei gert en bara um það talað að nauðsynlegt væri að gera það. Þar voru settir upp ákveðnir áfangar. Síðasti áfanginn á þeirri leið að þessu sinni er árið 2000, þar sem bann verður sett við verðtryggingu á innlánum og bann við öllum verðtryggingum og öllum útlánum undir sjö árum. Ég tel þetta vera áfanga.

Þá er komið að næsta skrefi sem við þurfum að vanda okkur í og rasa ekki um ráð fram, eins og hér hefur margoft komið fram. Þess vegna verðum við að gera alvöru úr því að setja þá áfanga niður fyrir okkur með þeim hætti að við pössum að halda þannig á málum að vextir fari ekki upp úr öllu valdi. Það er í þessu frv., og ég vil undirstrika það — ég get ekki nákvæmlega nefnt þá grein sem það er í af því ég er ekki með frv. fyrir framan mig, en það kemur fram í frv. að viðskrh. fær heimild samkvæmt þessum lögum til að taka ákvarðanir einmitt nákvæmlega um þessi efni sem hv. þingmenn eru að spyrja um.

En fortíðin segir okkur það og vaxtaþróunin í fortíðinni segir okkur að hefðum við stigið þetta skref, og ég fór yfir það áðan, árið 1990 þá hefði það leitt til hærri raunvaxta í landinu á síðustu átta árum en vextirnir hafa verið með verðtryggingunni. Þess vegna skulum við vanda okkur í þessum efnum.

[22:38]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalgallinn við frv. að þessu leytinu til er sá að gengið er út frá verðtryggingu sem meginaðferð við ávöxtun sparifjár. Það er gengið út frá verðtryggingu sem einni aðalaðferðinni við ávöxtun sparifjár í landinu. Í 15. gr. frv. stendur líka, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána." Og síðar segir: „Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að óheimilt sé að verðtryggja innlánsfé og hvers konar lánsfé" o.s.frv.

Ég tel að þessi ákvæði eins og þau eru sett upp séu í rauninni algerlega fráleit, þó að það sé ekki nema vegna þess að það verður að biðja um samþykki ráðherra fyrir því að fikra sig út úr þessu kerfi sem hér er um að ræða. Mér fyndist að það algjört lágmark við lagfæringu á þessum greinum og yfirferð yfir frv. í hv. efh.- og viðskn. að um það væri að ræða að Seðlabankinn hefði þessa heimild og að honum væru lagðar skyldur á herðar varðandi það að fikra sig og þjóðina út úr þessum verðtryggingarfjötrum á eins stuttum tíma og mögulegt er án þess að rasa um ráð fram.

[22:39]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott ef hv. þingmönnum í þessari umræðu vex álit á Seðlabankanum en einhvern veginn hef ég haft það á tilfinningunni að það væri skárra að leita þyrfti álits viðskrh. í þessum efnum og því er þetta sett fram.

Í umræðunni áðan og í ræðu hv. þm. þar sem hann vitnaði í átökin við Seðlabankann, sem ég örlítið man eftir en hv. þm. man auðvitað mun betur sem ráðherra í páv. ríkisstjórn, um einmitt þessi vaxtamál og þau ákvæði sem þá var verið að setja inn, þá held ég að þau átök ættu að vera hv. þm. ofarlega í huga þegar þessi umræða fer fram.

[22:40]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta er að mörgu leyti athyglisverð umræða. Í fyrsta lagi vil ég fullvissa hæstv. viðskrh. um að ég og hv. þm. Svavar Gestsson erum ekki að rasa um ráð fram og þetta er hugsað af okkar hálfu. Hér hefur enginn verið að tala um það, hvorki ég né hv. þm. Svavar Gestsson, að það hefði átt að stíga þetta skref árið 1990. Hvorugur okkar hefur sagt það, þannig að ráðherra veit að slíkt innlegg í umræðuna er ekki mjög málefnalegt en látum það vera. Umræðan hefur verið málefnaleg og ég ætla ekki að stuðla að því að hún fari í annan farveg.

Það sem hér er um að ræða er það að við höfum eðli málsins samkvæmt verið að fikra okkur smátt og smátt út úr verðtryggingu á mjög mörgum sviðum. Hv. þm. Svavar Gestsson vakti sérstaka athygli á þeirri stefnu núv. ríkisstjórnar að afnema verðtryggingu og sjálfvirkni hvað varðar ellilífeyrisþega. Okkur stjórnarandstæðingum hefur reyndar fundist að það væri ekki brýnasta málið í afnámi verðtryggingar. Látum það nú vera.

En það sem við erum að segja er að forsendur eru breyttar. Það eru aðrar aðstæður núna en voru fyrir nokkrum árum. Og það sem hefur verið lagt upp með af hálfu Seðlabankans er það, og hæstv. ráðherra vék að, að frá og með 1. janúar árið 2000 verður bannað að verðtryggja innlán. Frá og með 1. janúar árið 2000 verður bannað að verðtryggja útlán sem eru til skemmri tíma en sjö ára. Það verður sem sagt heimilt eftir 2000 að verðtryggja öll langtímaútlán einstaklinga, þ.e. yfir sjö árum, þar á meðal öll húsnæðislán og mörg önnur lán sem eru í gangi í samfélaginu. En á sama tíma verður bannað að verðtryggja innlán.

Þarna er vissulega verið að fikra sig út úr verðtryggingunni. Það sem við hins vegar erum að segja: Hér á að stíga — kannski ekki fastar til jarðar eða rasa um ráð fram eða eitthvað slíkt, það er enginn að tala um að gera neitt þess háttar — heldur eigum við að fara yfir hvort aðstæður séu þannig að skynsamlegt sé að leggja bann við verðtryggingu útlána nákvæmlega eins og Seðlabankinn telur skynsamlegt að leggja bann við verðtryggingu innlána árið 2000.

Ég segi já við því. Það er einfaldlega skynsamlegt að gera það vegna þess að þetta verðtryggingarfyrirkomulag hjá okkur er farið að valda okkur tjóni. Ég sagði áðan í

ræðu minni að þetta héldi glóðum verðbólgubálsins lifandi. Verðtryggingarfyrirkomulagið er farið að valda okkur tjóni. Ég vitnaði sérstaklega í ákvæði þessa frv. þar sem er verið raunverulega að stíga skrefin í þá átt sem ég er að tala um þegar hámark á dráttarvöxtum er sett 10 af hundraði. Það er sem sagt verið að ganga út frá stöðugleika í dráttarvaxtaumhverfinu. Skynsamlegt og eðlilegt hefði verið er að bregðast við breyttum aðstæðum og það á vissulega að gera á sviði langtímalána eins og við leggjum til.

Mig langar einnig að vitna í svar hæstv. ráðherra, sem virtist vera búinn að gleyma því, varðandi verðtryggingu erlendis en hann svaraði fyrirspurn á þingi árið 1996. Það var fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar kom m.a. fram að hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum hér er um 86%, í Bretlandi um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% og lægra annars staðar. Það er því alveg augljóst að verðtrygging er mjög lítil erlendis þótt það sé vitaskuld rétt að hún hafi verið að aukast erlendis á tilteknum langtímalánum. En við erum svo langt út úr korti hvað varðar verðtryggingu á fjárskuldbindingum að samanburður við útlönd á ekki við. Hægt er að benda á lönd þar sem þetta er beinlínis bannað, enda eigum við, herra forseti, að tala um þetta frá okkar forsendum, tala um þetta út frá þeirri staðreynd sem ég og hv. þm. Svavar Gestsson tókum báðir þátt í 1978 og 1979 að lögfesta, þ.e. verðtryggingarkafla Ólafslaga. Við erum báðir sannfærðir um að það var rétt skref að gera það á þeim tíma. Það var rétt skref í þeirri óðaverðbólgu. Það er nákvæmlega jafnrétt skref að stíga núna til baka. Vitaskuld að vel yfirlögðu ráði og ég held að ég hafi hingað til haft orð á mér fyrir að vera varkár hvað varðar yfirlýsingar í sambandi við vexti. Ég hef hugsað mikið um þetta mál og mín niðurstaða er þessi: Það er tímabært að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Ég bendi á að Alþingi samþykkti þáltill. sl. vor og verið er að vinna að því að skoða verðbólgureikningsskilin og þá aðferðafræði hvort menn eiga að fikra sig út úr þeim efnum eða ekki. Við erum að fara út úr þessum arfi fortíðarinnar og við eigum að gera það markvisst eins og leggjum til.

Ég vil leiðrétta það hver skuldastaða heimilanna er. Árið 1994 var hún 300 millj., 1995 322 millj., 1996 341 millj. Hún hefur sem sagt aukist. Ég hef ekki nýrri tölur. Þetta hefur allt komið fram í skýrslum og svörum frá hæstv. viðskrh. og hæstv. ríkisstjórn. Við skulum hins vegar ekki vera að deila um það mál. Ég hef ekki nýjustu tölur um skuldastöðu heimilanna enda er það kannski ekki meginatriði í þessum efnum. Aðalatriðið er að ef við búum við óskynsamlegt kerfi á langtímalánum eintaklinga þá eigum við að fara út úr því ef við getum gert það og unnið efnhagslífinu gagn.

Þetta er allt spurning um tímasetningu. Ég tel að aðstæður í dag séu þess eðlis að þetta muni ekki kalla á röskun. Þetta muni þvert á móti styrkja efnahagsstefnuna sem við höfum fylgt frá 1990 sem er ekki efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar, þ.e. sú efnahagsstefna að tryggja lága verðbólgu og freista þess að hafa lága verðbólgu og byggja upp hagvöxt og betri lífskjör smátt og smátt. Flestir flokkar á hinu háa Alþingi hafa komið að þessari stefnu á einn eða annan hátt, sumir innan þings, sumir utan þings eða með flokksmönnum sínum annars staðar í þjóðlífinu. Þetta hefur verið sú stefna sem hefur reynst okkur farsæl. Þó að við séum vitaskuld ekki sammála um alla þætti hennar, þá hefur það sem gerðist upp úr 1990, fráhvarfið frá verðbólgutímanum, reynst okkur vel. Það er nákvæmlega jafnskynsamlegt að stíga þessi skref sem núna er verið að fara mjög varlega en afdráttarlaust í formi stefnumótunar Alþingis nákvæmlega eins og þegar við mótuðum stefnum á Alþingi þegar við gengum frá Ólafslögum á sínum tíma. Ég vil minna á það hver sá Ólafur var sem lögin eru kennd við. Það var Ólafur heitinn Jóhannesson, þáv. forsrh. og formaður Framsfl. Þá var það hann sem hafði forustu um þá löggjöf sem markaði tímamót í efnahagsmálum hér á landi og ekki bara út af þessum verðtryggingarkafla heldur út af mörgum öðrum þáttum.

Ég fagna því í sjálfu sér að hæstv. viðskrh. útilokar ekki neitt. Hann sagðist ekki útiloka að þetta mundi leiða til þess að verðtrygging yrði bönnuð í framtíðinni. Hann var mjög varkár, of varkár, og fór að blanda inn í þetta öðrum óskyldum hlutum eins og afstöðu minni til Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Hæstv. ráðherra er alveg fullkunnugt um að við lögðum til að ekki yrði farin leið Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, heldur yrðu sjóðirnir teknir og færðir inn í viðskiptabankana og gerðir sterkari einingar, sem yrðu þá hæfari til þess að dreifa eignaraðild þannig að við sköpuðum hér tryggara og öruggara fjármagnsumhverfi. Ég sé nú ekki beint ástæðu til að fara inn í þá umræðu hér. Ég vil reyna að halda mig við þetta efni. Mér finnst að við hv. þm. Svavar Gestsson og ráðherra höfum að mestu leyti, reynt að vanda okkur í þessari umræðu og rætt efnislega um þessa spurningu: Er tímabært að leggja bann við verðtryggingu útlána eins og ég kynnti hér í upphafi?

Okkar niðurstaða er sú að aðstæður séu þær að skynsamlegt sé að gera það. Þetta er lagt til að vel yfirveguðu ráði. Það er ekkert óðagot í þessu. Hægt er að færa mörg rök fyrir því að þetta sé skynsamlegur lokapunktur í vörninni og sókninni gegn verðbólgunni, raunverulega í því stríði sem hefur staðið um 20 ára skeið. Þess vegna er mikilvægt að skapast geti jafnvel um þetta samstaða. Ég held að það væri mjög gott ef svo yrði. Ef ekki, þá er svo sem ekkert að því að það skilji á milli í afstöðu manna hvað þetta atriði varðar. Ég hef kynnt málsmeðferð okkar í þessu og hv. þm. Svavar Gestsson hefur tekið undir það. Þingflokkar okkar munu fylgja þessu máli eftir, bæði innan efh.- og viðskn. og í þingsölum. En ég legg mikla áherslu á það, herra forseti, að lokum að við teljum að þetta sé raunhæf aðgerð, tímabær aðgerð, og að hún muni gagnast efnahagslífi og almenningi öllum ef hún nær fram að ganga.

[22:50]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til þess að leiðrétta það sem ég gat lesið út úr orðum hv. þm. hér áðan að ég hefði fullyrt að hv. þm. hefði sagt að menn hefðu átt að gera þetta 1991. Það er af og frá. Ég tók bara dæmi um það að ef menn hefðu gert þett árið 1991, þá hefði þróunin orðið sú sem ég var að rekja áðan. Það eigum við að láta okkur verða víti til varnaðar og þurfum því að huga mjög vel að því hvernig að þessu verður staðið.

Mergur málsins er þessi: Ríkisstjórnin eða viðskrh. tók ákvörðun í september 1995 um að fikra okkur út úr verðtryggingunni í ákveðnum áföngum á þeirri leið sem endar eins og ég segi árið 2000. Nú er árið 2000 ekki komið og talsverður tími til stefnu þannig að við höfum tíma til að leggjast yfir þessa hluti, þ.e. hvernig sé skynsamlegast að halda áfram eða hvort — ég vil líka spyrja þeirra spurningar — það sé yfir höfuð skynsamlegt að halda áfram. Hv. þm. fullyrðir að svo sé. Ég treysti mér ekki til þess að gera það akkúrat hér og nú. Ég hef hins vegar sagt í þessari umræðu að ég er tilbúinn til þess að skoða þá leið og hef hugsað mér

að gera það. Ég hef ekki nákvæmlega ákveðið hvernig ég mun gera það. Það er ekkert óeðlilegt kannski að gera það á svipaðan hátt og með þessari vaxtamyndunarnefnd sem fór af stað árið 1994 og skilaði skýrslu 1995. Ég mun skoða þá hluti en ítreka það sem hv. þm. hefur líka sagt: Menn verða að vanda sig í þessu og það má ekki rasa um ráð fram því enginn okkar vill að niðurstaðan verði sú að vextirnir hækki.

[22:52]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lagt mikla áherslu á það í málflutningi mínum að þetta er alvörumál og það ber að tala af varkárni um vaxtabreytingar, ég tala nú ekki um kerfisbreytingar. Umræðan hefur ekki verið í neinum upphrópunarstíl eins og oft vill verða um vaxtamál. Við höfum skipst efnislega á skoðunum um þetta. Hæstv. viðskrh. útilokar svo sem ekkert í þessum efnum og kýs að skoða e.t.v., ég skil hann þannig, hvort ástæða er til að endurmeta þennan feril sem hann lýsti.

Ég tel hins vegar rangt að í frv. verði þessar opnu heimildir til Seðlabanka og viðskrh. eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held þvert á móti að skynsamlegt væri að taka um þetta stefnumarkandi ákvörðun á hinu háa Alþingi. Alþingi er alveg til þess bært. Það má vel vera að þessi umræða þurfi einnig að eiga sér stað innan flokkanna því að ég veit og við vitum að innan stjórnaflokkanna eru vafalítið ýmsir sem mundu vilja styðja þann málflutning sem ég hef haldið fram. Sumir kannski vegna þess að þeir voru alltaf á móti þessu en margir vegna þess að nú eru breyttar forsendur.

Ég hef verið í hópi þeirra sem hefði ekki talað svona fyrir tveimur eða þremur árum eins og ég geri í kvöld. Ég hefði ekki talið það vera tímabært. Ég hefði talið vera vissa áhættu fólgna í því tali. Ég tel hins vegar að núna séu aðstæður með þeim hætti að þetta sé skynsamlegt, það sé efnahagslega skynsamlegt að gera það einmitt í þeirri umfjöllun sem við erum núna í um vaxtalögin. Það er ekki áhætta fólgin í því. Vitaskuld verðum við að vanda okkur við það. Ég kýs að túlka ráðherra þannig að vafi sé í huga hans hver endanleg niðurstaða á að vera í þessum efnum. Menn hafa alltaf rétt til þess að skoða mál betur og koma síðar með skýrari afstöðu. Ég held að það sé einmitt tilefni til að gera það eins og við leggjum málið upp vegna þess að málið mun bera hér að í formi atkvæðagreiðslu fyrr eða síðar á hinu háa Alþingi. En við teljum að málið þoli ekki bið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Starfsréttindi tannsmiða, 1. umr.*

Stjfrv., 458. mál. — Þskj. 788.

[22:55]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er reyndar af svolítið öðrum toga en þau sex mál sem ég er búinn að mæla áður fyrir, en það er frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða sem er á þskj. 788. Markmið með þessu frv., sem samið hefur verið í iðnaðarráðuneytinu, er ætlað að tryggja rétt tannsmiða til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni, sem er löggilt iðngrein, við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun til að geta sinnt starfi sínu.

Samkvæmt hæstaréttardómi um túlkun á tannlæknalögum hafa tannsmiðir ekki heimild til að starfa sjálfstætt við móttöku og mátun í munnholi að óbreyttri löggjöf. Gagnstæð niðurstaða var í héraðsdómi, en nánar er vikið að dómnum í greinargerð frv.

Úr heimildarskortinum tel ég nauðsynlegt að bæta með sérlögum um tannsmiði á grundvelli frv. þess, enda þykir mér óviðunandi að tannsmiðir sem eru ekki heilbrigðisstétt geti ekki sinnt mikilvægum þætti í starfi sínu á eigin ábyrgð en þurfi að treysta á aðra stétt, tannlækna, til að starfa samkvæmt iðnréttindum sínum.

Mótataka og mátun eru nauðsynlegir þættir í tannsmíði og þykja þau störf ekki þess eðlis að tannsmiðir geti ekki unnið þau sjálfstætt eins og önnur störf sem þeir vinna á grundvelli iðnaðarlaga í löggiltri iðngrein sinni. Ég get nefnt að í Danmörku og fleiri löndum geta tannsmiðir unnið slík störf sjálfstætt.

Til að tannsmiður geti sinnt starfi sínu við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum þykir mér sjálfsagt að þeir geti unnið við mótatöku eða við töku móta og mátun hjá viðskiptavini.

Er þá tekið tillit til eðlis þessa starfsþáttar sem tengist heilbrigði manna eins og reyndar aðrir þættir í störfum tannsmiða. Að taka mót af munni viðskiptavinar og mátun á tanngómi eru óhjákvæmilegir þættir í smíði tanngóma eða tannparta. Mótatökunni og mátuninni er nánar lýst í frv.

Til stuðnings því að tannsmiðir geti unnið við mótatöku og mátun vil ég benda á að undanþágur hafa tíðkast frá ákvæðum tannlækningalöggjafar um einkarétt tannlækna til að vinna í munnholi manna og tíðkast enn. Nánar er gerð grein fyrir þessu í frv. en þess vil ég aðeins geta að sérhæft aðstoðarfólk undir stjórn tannlækna getur sinnt þessum verkefnum.

Það skal einnig ítrekað að í dönskum lögum um tannsmíði hafa tannsmiðir, sem eru einnig iðnstétt þar í landi, svipuð réttindi til að vinna við töku móta og mátun og gert er ráð fyrir í frv. þessu. Sama máli gegnir um Finnland og jafnvel fleiri lönd.

Að því er varðar einstakar greinar frv. vil ég bæta eftirfarandi við: Viðvíkjandi 1. mgr. 1. gr. vil ég ítreka að störf við mótatöku og mátun vegna smíða og viðgerða á tanngómum og tannpörtum þykja mér ekki þess eðlis að tannsmiðir geti ekki unnið þau sjálfstætt eins og önnur störf sem þeir vinna á grundvelli iðnaðarlaga í löggiltri starfsgrein sinni. Yrði mótataka og mátun enda minnstur hluti þess starfs þeirra við tanngóma og tannparta.

Ég vil í þessu sambandi taka fram að nám tannsmiða er miklu lengra en nám sérhæfðs aðstoðarfólks tannlækna og er nú fjögur ár auk þess sem meistaraskólanám þarf til að geta öðlast meistararéttindi í iðngreininni. Meistaraskólanám í iðngreinum er nú fjórar annir.

Í 1. mgr. er sleginn sá varnagli, eins og í dönsku lögunum, að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Gera má ráð fyrir að í þessum tilvikum vísi tannsmiðir viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga — og er þá best að undirstrika að aðrir sérfræðingar geta þá verið tannlæknar — og afli jafnvel heilbrigðisvottorða í vafatilvikum áður en vinna hefst.

Í 2. gr. eru ákvæði um refsingu við brot á lögunum, svo og réttarfar.

Í 3. gr. er almenn reglugerðarheimild til handa iðnrh. ef setja þarf nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Þá segir þar einnig að iðnrh. geti í reglugerð kveðið á um að tannsmiðum skuli gefinn kostur á þátttöku í námskeiði um mótatöku og mátun.

Eftir að þetta frv. var lagt fram á Alþingi hafa ýmsir komið að máli við mig með athugasemdir við frv. Ég hef átt fundi með einstökum tannlæknum, formanni og varaformanni Tannlæknafélagsins. Það sem upp úr stendur í þeirri umræðu er að deilt er um þær menntunarkröfur sem gerðar eru hér á landi og svo hins vegar í Danmörku. Ég ætla ekki að bera þær menntunarkröfur saman. Ég tel eðlilegt að það verði sérstaklega skoðað af hv. iðnn. Meiningin er ekki sú að gera minni kröfur til tannsmiða á Íslandi en gerðar eru í Danmörku. Samanburður á þeim kröfum þarf því að vera sérstakt athugunarefni iðnn. Það eina sem ég tel umdeilanlegt í þessu frv. eru deilur um menntunarkröfur og þingið þarf að skera úr um þau efni.

Eins og formaður Tannlæknafélagsins sagði þá geta þeir í raun og veru ekki haft athugasemdir við það að tiltekinni starfsstétt séu heimiluð ákveðin starfsréttindi. (**SvG:** Hefur ráðherrann eitthvert vit á þessum málum? Er þetta seðlabankamál?) Þetta er ekki seðlabankamál. Þetta er á sviði iðnrh. og hefur ekki farið fyrir Seðlabankann til umsagnar. Hins vegar kann vel að vera að Seðlabankinn verði að skera úr um þessi réttindi þegar upp er staðið.

Í kostnaðarumsögn með þessu máli frá fjmrn. kemur fram að það hefur ekki í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þegar fram líða stundir geti þetta leitt til sparnaðar hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að vinna tannsmíðameistara er ódýrari en tannlækna.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á að nauðsynlegt séð að tryggja rétt tannsmiða til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni sem löggiltri iðngrein. Ég vil undirstrika það að tannsmíði er löggilt iðngrein og þess vegna þurfa þeir sem hana stunda á sjálfstæði að halda við smíðar og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum. Þeir ættu að geta unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun sem yrði lítið brot af þessu starfi.

Ég legg því til að að lokinni umræðu um þetta mál verði því vísað til iðnn. þar sem um er að ræða löggilta iðngrein.

[23:03]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil segja það í upphafi, nú þegar halla fer að miðnætti, að nú sannast að Alþingi er mjög fjölskyldufjandsamlegur vinnustaður. Við höfum störf klukkan átta í morgun og höfum staðið 15 tíma á vaktinni. Virðulegur forseti verður því að virða manni það til vorkunnar þó að maður sé hálfframlágur í stólnum.

Mig langar að taka hér til máls vegna þess að ég hef fyrirvara við þetta mál og vil í stuttu máli gera grein fyrir honum. Í athugasemdum við greinar frv. kemur fram að samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands um túlkun á 6. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, hafi tannsmiður ekki heimild til að starfa sjálfstætt í munnholi, þ.e. við mótatöku og mátun. Úr þeim heimildaskorti er ætlunin að bæta með sérlögum um tannsmiði á grundvelli lagafrv. þessa. Það eru ástæður þess að þetta mál er fram komið. Þetta eru aðalatriði málsins.

Hér er vísað í hæstaréttardóm og til þess að halda upplýsingum til haga, þá hefði ég viljað gera grein fyrir honum í stuttu máli. Hann er kveðinn upp árið 1995, fimmtudaginn 7. desember í máli nr. 52/1995 og það er Tannlæknafélag Íslands gegn Bryndísi Kristinsdóttur og gagnsök. Mig langar að tæpa aðeins á þessum dómi. Þar kemur fram, með leyfi forseta, í kafla II:

„Í fyrstu lögunum um tannlækningar, nr. 7/1929, var starfssvið tannlækna skilgreint. Samkvæmt 3. gr. laganna tók það yfir meðferð á alls konar tannsýki sem var nánar útskýrð í dæmaskyni og enn fremur til meðferðar kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa. Í 4. gr. laganna var sagt að öllum öðrum en tannlæknum eða þeim sem tannlækningaleyfi hefðu væri óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn."

Síðar í þessu skjali segir:

„Lög nr. 38/1985, um tannlækningar, leystu síðan af hólmi lög nr. 7/1929, með síðari breytingum. Í 6. gr. laganna er verksvið tannlækna nú skilgreint þannig að það taki til „varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum". Frumvarp til laganna var að stofni til byggt á því lagafrumvarpi sem var unnið 1973–1974. Átti það m.a. við um ákvæði 6. gr. sem sætti minni háttar orðalagsbreytingum í meðförum þingsins. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna sagði að skilgreining á starfssviði tannlækna væri „efnislega lítið breytt en einfaldari heldur en áður". Með þessari skýringu var gefið til kynna að ekki væri fyrirhugað að skilja það undan almennu verksviði og einkarétti tannlækna að setja gervitennur og tanngarða í menn eins og verið hafði frá setningu fyrstu laganna."

Síðan segir: „Kom það og skýrt fram í ræðu páv. heilbrrh. er hann mælti fyrir frumvarpinu en hann vék þegar í upphafi að umræðunni á Alþingi 1974, um stöðu tannlækna og tannsmiða. Vísaði hann til þess að tannsmíði hefði verið gerð að iðngrein sem væri nú aðallega stunduð á sérhæfðum tannsmíðaverkstæðum en tannlæknar hefðu að sjálfsögðu rétt til að stunda tannsmíði, enda væri það veigamikill þáttur í námi þeirra á lokaprófi. Ráðherrann mælti síðan: „Hins vegar hafa flestir þeirra eða allir þann hátt á að senda frá sér tannsmíðaverkefni til tannsmiða sem smíðað þá eftir máli því sem tannlæknir tekur af sjúklingi. Með þessu frumvarpi er ekki ætlunin að breyta á nokkurn hátt réttarstöðu þessara tveggja stétta varðandi tannsmíði frá því sem nú er í gildi, en í dag er það svo að það er tannlæknirinn einn sem hefur leyfi til þess að taka mát og máta gervitennur, festa þær í sjúkling hvort sem um er um heila góma eða parta eða einstakar tennur, krónur eða brýr að ræða. Þar hefur enginn annar leyfi til þess að vinna sjálfstætt við sjúkling, enda er læknisfræðileg þekking á líffærafræði tyggingarfæra undirstaða þess að vel takist til við ísetningu gervitanna." Þessi ummæli ráðherra sættu ekki andmælum við þá umræðu sem á eftir fór."

Ég bendi hæstv. iðnrh. sérstaklega á að viðkomandi ráðherra sagði á sínum tíma að í þessu tilviki væri læknisfræðileg þekking á líffærafræði tyggingarfæra undirstaða þess að vel tækist til. Síðan segir í kafla III í dómnum:

„Með reglugerð nr. 92/1974, um tannsmíði, sem heilbrigðisráðherra setti í mars 1974, var ákveðið að skipa starfsréttindum tannsmiða eftir þessum lögum [sem er getið fyrr í kaflanum] og gera löggildingu samkvæmt þeim að skilyrði til starfans. Í 5. gr. reglugerðarinnar var sett fram sú

almenna takmörkun á starfssviði tannsmiða að þeir mættu ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku né mátun, hvort sem þeir væru aðstoðarmenn tannlækna eða stunduðu starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein."

Seinna var umrædd reglugerð felld úr gildi og í niðurlagi þessa kafla segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þótt reglugerð nr. 92/1974 væri felld úr gildi með fyrrgreindum hætti er ekki unnt að álykta að stöðu tannsmiða gagnvart tannlæknum hafi verið breytt með þeirri ráðstöfun í því tilliti sem hér skiptir máli."

Í kafla IV segir síðan: „Samkvæmt framansögðu verður að telja að frá 1929 hafi tannsmiðir ekki haft lagaheimild til þess að vinna í munnholi manna í því skyni að setja í þá gervitennur eða tanngarða nema samkvæmt undanteknigarákvæðum laga nr. 34/1932 og nr. 62/1947, sem áður voru rakin, en þau tóku ekki til gagnáfrýjanda. Verður tannsmiðum að óbreyttum lögum ekki heimiluð þessi vinna."

Dómsorðið er:

„Gagnáfrýjanda, Bryndísi Kristinsdóttur, er óheimil vinna í munnholi manna í því skyni að setja í þá gervitennur eða tanngarða.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstrétti felldur niður."

Þetta voru dómsorðin og niðurstaðan samkvæmt þessum hæstaréttardómi er sú að tannsmiðum sé samkvæmt lögum óheimilt að vinna í munnholi manna. Nú á að breyta lögunum og gera þeim það heimilt.

Eftir að hafa farið stuttlega yfir þennan hæstaréttardóm ætla ég að víkja að sjálfu frv. og lesa upp úr 1. gr. en þar segir:

„Tannsmiðir geta á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta og þá m.a. unnið við töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar."

Ég vil sérstaklega undirstrika að hér er sagt „enda séu ekki sjúklegar breytingar" o.s.frv. og það er um þetta sem mér finnst málið snúast.

Í greinargerðinni, eins og hæstv. iðnrh. rakti áðan, kemur fram að varðandi slík tilfelli megi gera ráð fyrir því að tannsmiðir vísi viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga. Manni þykir það nokkuð ankannalegt að hér skuli sagt að gera megi ráð fyrir því að þegar um sjúklegar breytingar er að ræða, vísi tannsmiðir viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga. Hér er sérstaklega passað upp á það að tilgreina ekki tannlækna. Reyndar tók hæstv. ráðherra það fram, en ég spyr: Er þetta nægjanlegt og er þetta eðlilegt? Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé sannfærður um að eðlilegt sé að breyta fyrirkomulaginu eins og hér segir. Telur hann eðlilegt að tannsmiðir sjálfir meti hvort um sjúklegar breytingar sé að ræða? Þarf ekki læknisfræðilega þekkingu til þess að geta séð hvort um sé að ræða sjúklegar breytingar í munnholi manna? Þurfa ekki tannlæknar að koma þar til? Þetta er fyrsta spurning mín til hæstv. iðnrh. Þarf ekki læknisfræðilega sérþekkingu eins og hæstv. fyrrv. heilbrrh. taldi þegar lögin voru sett? Um þetta finnst mér þetta mál snúast í megindráttum.

Síðar segir í frv., í almennum athugasemdum:

„Samkvæmt 9. gr. gildandi laga nr. 38/1985, um tannlækningar, getur sérhæft aðstoðarfólk undir stjórn tannlækna sinnt þessum verkefnum." — Ég bendi á að það er undir stjórn og eftirliti tannlækna. Verkefnin eru ekki á þeirra eigin ábyrgð eins og gefið hefur verið í skyn. Síðan segir: „Á það skal og bent að í dönskum lögum um tannsmiði (lov om kliniske tandteknikere), nr. 100/1979, með síðari breytingum, hafa tannsmiðir svipaðan rétt til að vinna við töku móta og mátun og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og er það ekki eina landið þar sem tannsmiðir mega vinna slík störf sjálfstætt."

Hér tilgreindi ráðherrann að það sama ætti við um Finnland en ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með Noreg? Hvað með Svíþjóð? Hvernig er þessum málum komið í þessum löndum?

Síðan vil ég að lokum undirstrika að meginátakapunkturinn í þessu frv. lýtur að menntunarkröfunum. Hjá hæstv. iðnrh. kom fram að hann sjálfur gat ekki metið hvort menntunarkröfur tannsmiða væru nægjanlegar til þess að þetta frv. stæðist. Hann ætlar að vísa því til sérstakrar skoðunar í iðnn. Mér þykir það á gráu svæði ef hæstv. ráðherra flytur frv. en telur sjálfur að ekki sé skýrt hvort menntunarkröfurnar séu nægjanlegar, þ.e. þær kröfur sem gera þarf til stéttarinnar svo hún teljist geta metið hvort um sé að ræða sjúklegar breytingar í munnholi. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra og segja það sem mína skoðun að þetta mál ætti að fara í heilbrrn. til sérstakrar skoðunar. Heilbrrn. fjallar um þau mál sem við koma heilbrigðisstéttum og að mínu mati er óeðlilegt að iðnn. ein skoði þetta mál. Heilbrn. þarf að koma að því líka.

Fyrir mér er þetta mál alls ekki iðnaðarmál. Það er heilbrigðismál. Ég vil beina því til þingsins og forsn. að þessu máli verði vísað til heilbrn. en ekki einungis til iðnn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé því mótfallinn að þetta mál komi til sérstakrar skoðunar í heilbr.- og trn. Hér er að mínu mati um heilbrigðismál að ræða og afar mikilvægt að rétt sé að farið. Menntun tannsmiða verður að vera fullnægjandi svo þeir geti metið hvort um sjúklegar breytingar í munnholi sé að ræða og þeir geti tekið sín mát sjálfstætt og á eigin ábyrgð.

[23:17]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi hvaða framgöngu málið skuli hafa þá er um mál að ræða sem enginn vafi er á að lýtur að starfsréttindum tannsmiða, flutt af iðnrh., og því eðlilegt að Alþingi vísi málinu til iðnn. Ég geri engar athugasemdir við það þó að iðnn. óski síðan eftir áliti heilbr.- og trn. á málinu í vinnu sinni. En kjarni málsins er að á mjög mörgum sviðum heilbrigðisþjónustu sækjum við fyrirmyndir til Danmerkur. Ég tek dæmi af tannfræðingum sem er ekki sambærileg stétt en mjög margir íslenskir tannfræðingar eru menntaðir í Danmörku. Ég held að aðalatriðið sé ef við ætlum að halda áfram að bera okkur saman við þá á þessu sviði sem á mörgum öðrum þá þurfi að fá úr því skorið, en í mínum huga var enginn vafi þegar ég lagði frv. fram að sömu kröfur væru gerðar hér á landi til tannsmiða og í Danmörku.

Eins og ég sagði áðan hafa menn komið til mín eftir að frv. var lagt fram og reynt að færa rök fyrir öðru, þ.e. að minni kröfur séu gerðar hér á landi til tannsmiða en gerðar eru í Danmörku. Þess vegna segi ég: Úr þessu þarf að fást skorið því að það er ekki hugsun mín að gera minni kröfur til íslenskra tannsmiða en til tannsmiða sem starfandi eru í Danmörku. Úr þessu þarf að fást skorið. Ef úr þessu fæst skorið og við erum sannfærðir um að íslenskir tannsmiðir eru jafn vel menntaðir og danskir tannsmiðir þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að íslenskir tannsmiðir hafi sama rétt og danskir

tannsmiðir að þessu leyti til, þ.e. geti starfað sjálfstætt við iðngrein sína og það er mergur málsins.

Í Noregi og Svíþjóð er þetta með öðrum hætti en í Danmörku. Í þessu stutta andsvari hef ég því miður ekki tíma til þess að rekja það nákvæmlega. Grundvallaratriðið er þetta: Hér er um iðnstétt að ræða. Við eigum að gera sömu kröfu til hennar hér á landi og í Danmörku og ef við gerum það þá tel ég að þeir eigi líka að hafa sömu réttindi og skyldur og þar eru til staðar.

[23:19]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir mér er ekki einungis um iðnaðarmál að ræða og iðnstétt. Fyrir mig skiptir máli að læknisfræðileg þekking sé til staðar. Því ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra: Er það ekki skoðun hans að læknisfræðileg þekking þurfi að vera til staðar hjá þeirri stétt sem metur hvort um sjúklegar breytingar sé að ræða í munnholi eða ekki? Þarf sú þekking ekki að vera til staðar?

Síðan náði ég ekki alveg svarinu hvernig þetta er gert í Noregi og Svíþjóð en það er rétt að við beinum sjónum okkar mikið til Danmerkur varðandi heilbrigðiskerfið en við gerum það ekkert síður til Noregs og Svíþjóðar.

Varðandi það að hæstv. ráðherra gerir ekki athugasemd við það að málið farið til skoðunar í heilbr.- og trn. þá vil ég spyrja: Þykir hæstv. ráðherra það ekki æskilegt og reyndar bráðnauðsynlegt þar sem um heilbrigðismál er að ræða?

[23:20]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég átti við með því að ég gerði ekki athugasemd við að málið færi til hv. heilbr.- og trn. er þetta: Málið fer frá þinginu til iðnn. af því að iðnrh. flytur málið og það snýr að starfsréttindum tannsmiða. Ég viðurkenni að það liggur mjög nærri heilbrigðismálum, það er ekki nokkur vafi og þess vegna geri ég engar athugasemdir en ég tel að þingið, þ.e. þingnefndin, eigi að taka þá ákvörðun hvort við viljum láta heilbr.- og trn. skoða málið. Ef svo er þá tel ég það vera til að styrkja málið, ég tala ekki um ef einróma niðurstaða kemur um að þetta sé allt saman skynsamlegt og ég veit að hv. þm. situr í þeirri nefnd. Eftir umræðuna hér er ég ekki alveg viss um að það verði einróma niðurstaða en við sjáum til hvernig það fer.

Í Noregi og Svíþjóð er annað fyrirkomulag en í Danmörku. Það er alveg rétt. Ég hef ekki alveg þá þekkingu til að bera að ég treysti mér til að lýsa því nákvæmlega hvernig þessu er fyrir komið þar.

Varðandi sérfræðiþekkinguna er alveg skýrt að hafi viðkomandi tannsmiður grun um að eitthvað geti verið að í munnholi viðkomandi manns þá er það ótvírætt að hann á að vísa þeim sjúklingi eða þeim skjólstæðingi sínum til heimilislæknis eða sérfræðings og mér þykir rétt að kveða á um að sérfræðingur í þessu tilfelli er alveg ótvírætt tannlæknir. Það er enginn vafi í mínum huga og ég lýsti því áðan. En við getum ekki leyft okkur að gera ríkari kröfur til þessarar stéttar hér á landi en Danir gera til sinnar stéttar, þ.e. svo framarlega sem námið er sambærilegt og þekkingin og reynslan sem þar er til staðar og ég vona að við séum sammála um það. Það sem mér fannst vera svo mikilvægt í þessum ágætu viðræðum sem ég átti m.a. við varaformann og formann Tannlæknafélags Íslands var að þeir sögðu: Við getum ekki lagst gegn því að ákveðinni stétt séu fengin þau starfsréttindi samkvæmt lögum sem löggjafinn vill að hún fái. Það sem við gerum athugasemdir við er það ef það á að gera minni kröfur um nám til þessarar stéttar en gerðar eru í löndunum í kringum okkur og minni kröfur sem gerðar voru á tilteknum sviðum tannlækna til þeirra manna sem eru núna tannlæknar og eru að smíða góma og tannparta.

[23:23]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það að við getum ekki gert minni kröfur til náms en gert er í Danmörku vil ég spyrja hæstv. ráðherra um önnur lönd: Hvað ef t.d. Norðmenn gera ríkari kröfur til þessara mála en gert er í Danmörku varðandi læknisfræðilega þáttinn og menntunarþáttinn? Eigum við einungis að miða okkur við Danmörku? Er það hið útvalda land í þessu sambandi?

Svo langar mig líka að spyrja aftur hvort hæstv. iðnrh. er ósammála ráðum fyrrv. heilbrrh. þegar lögin voru sett en þar segir, með leyfi forseta:

„Það hefur enginn annar leyfi til þess að vinna sjálfstætt við sjúkling enda er læknisfræðileg þekking á líffærafræði tyggingarfæra undirstaða þess að vel takist til við ísetningu gervitanna."

Þetta var undirstaða laganna þegar þau voru sett á sínum tíma en við erum að fara algerlega inn á aðra braut og ég spyr: Er ráðherrann ósammála þessari fyrri hugmyndafræði?

[23:24]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er yfirleitt unun að hlýða á mál hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur einkum þegar er svona síðla liðið á kvöld en ég verð að segja að ræðan sem hv. þm. flutti áðan var langversta ræða sem ég hef nokkru sinni heyrt hana flytja. Ég var sem sagt ósammála öllu sem hv. varaformaður heilbr.- og trn. sagði í ræðu sinni nema í upphafi máls hennar þegar hún sagði að það væri heldur ókristilegt að halda þingmönnum svona seint við að ræða mál. Ég tek undir það en vísa því náttúrlega beinustu leið til ríkisstjórnarinnar sem heldur okkur hérna — ég segi ekki í gíslingu en heldur okkur hérna því vísast vildi stjórnarandstaðan fyrir löngu vera komin heim í rúm sitt eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Ég get hins vegar vel eytt kvöldi og þess vegna næturparti líka til þess að ræða þetta mál. Ég fylgi þessu máli út í ystu æsar. Ég tel að hæstv. iðnrh. eigi hrós skilið fyrir að hafa tekist að finna leið til þess að koma þessu máli fyrir. Satt að segja tæki ég hatt mitt ofan ef ég hefði einhvern vegna þess að ég vissi ekki betur en þetta væri heilbrigðismál og þetta væri á forræði hæstv. heilbrrh. og ég man ekki betur en ég hafi einmitt einhvern tíma varpað fram spurningu í þinginu til hæstv. heilbrrh. um þetta mál. En ég segi það að mér finnst sem hæstv. iðnrh. sé í sínum fulla rétti til þess að leggja þetta mál fram.

Ég er algerlega fylgjandi því að þetta verði samþykkt og ég er líka fylgjandi því að málinu verði vísað frá iðnn. til heilbr.- og trn. þar sem ég sem formaður nefndarinnar mun gera mitt til þess að það verði einróma niðurstaða í málinu. Ég held að þegar málið er skoðað sjái allir menn að þetta er réttlætismál og auðvitað ætti fyrir lifandis löngu að vera búið að samþykkja þetta. Kannski ætti hæstv. iðnrh. að bregða sér aftur í gervi heilbrrh. og leggja líka fram frv. um starfsréttindi þeirra sem vinna við gleraugu og annað slíkt. Ég hygg að það sé líka tímabært að gera það.

Það sem verið er að gera er ekkert annað en að verið er að brjóta á bak aftur rangláta einokun tannlækna á þessu

tiltekna starfi. Engin rök sem hafa komið fram mæla gegn því að tannsmiðir fái þennan rétt sem hér er verið að leggja til. Hvað er það sem verið er að leggja til hérna? Það er verið að leggja til að Alþingi renni lagalegum stoðum undir það að tannsmiðir geti smíðað og þeir geti gert við tanngóma og tannparta og unnið líka við töku móta og þar með farið upp í munnhol sjúklings án milligöngu tannlækna. Ég held að engin rök sem hnígi að því að það sé ekki sanngjarnt að svo sé. Það er bent á það af hæstv. iðnrh. að í Danmörku er þetta við lýði og ef hv. þm. og varaformaður heilbr.- og trn., Siv Friðleifsdóttir, hefur einhverjar efasemdir um að þetta fyrirkomulag gangi þá spyr ég: Hefur hv. þm. velt fyrir sér reynslu Dana í þessum efnum? Staðreyndin er nefnilega sú að hún er giska góð. Það er ekki hægt að benda á neitt þar sem rennir stoðum undir að þetta frv. ætti ekki að samþykkja. Ég held að nokkrir heilbrigðisráðherrar hafi í gegnum tímann búið til einhvers konar frv. sem ýmist hafa verið lögð fram og svæfð svefninum langa eða þeir hafa ekki haft dug í sér til að leggja málið fram. Ég segi einfaldlega: Hver var fyrirvarinn sem varaformaður heilbr.- og trn. setti við málið? Hún fór með langan og ágætan og fróðlegan texta um mál sem fyrst var rekið fyrir héraðsdómi og síðan aftur fyrir Hæstarétti og leiddi til þeirrar niðurstöðu að það var alveg ljóst að það þyrfti að breyta lögum til þess að skjóta lagastoð undir möguleika tannsmiða til þess að geta starfað sjálfstætt og án milligöngu tannlækna. Ég segi fyrir mig að neytendur hljóta að fagna þessu. Það er alveg ljóst að þeir munu njóta þessa í ríkum mæli. Verðlagning á þessum verkum hefur verið gríðarlega há. Hún mun væntanlega lækka. Þetta mun þess vegna þýða minni kostnað fyrir neytendur og væntanlega í sumum tilvikum einnig fyrir ríkið. Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við málið og ég man ekki betur en stjórnarandstaðan í heilbr.- og trn. hafi öll á sínum tíma lýst skoðunum sem ganga mjög í sömu átt og frv.

Ég held að hæstv. iðnrh. hafi lagt fram gott mál. Þetta er mál sem ég og flokkur minn höfum stutt í gegnum árin. Þetta er tímabært mál, þetta er sanngirnismál og þetta er neytendamál. Ég tel að þó að skammt lifi þings, þá muni a.m.k. heilbr.- og trn. ekki láta sitt eftir liggja til að þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

[23:30]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gleðilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli vilja vísa þessu máli til heilbr.- og trn. Hann er sammála mér í því og það er aldrei að vita nema við komumst að sameiginlegri niðurstöðu. Minn fyrirvari lýtur að því að ég er ekki sannfærð um að við séum að stíga rétt skref. Ég vil skoða það sérstaklega í heilbr.- og trn. og fá frekari gögn.

Hv. þm. talaði mjög digurbarkalega um að þetta væri gott mál og að aðrir hefðu kannski ekki haft kjark til þess að leggja það fram. Ég vil því spyrja hv. þm., fyrst hann hefur starfað í þingflokki jafnaðarmanna um nokkurt skeið: Hví var þetta mál ekki lagt fram fyrr í tíð Alþfl. í ríkisstjórn. Ég hef undir höndum frv. til laga, drög að þessum texta og ég bara spyr: Af hverju var þetta ekki lagt fram á sínum tíma? Þetta mál var alveg tilbúið. Hverjir guggnuðu?

[23:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál kom a.m.k. ekki fyrir mín augu fyrr en undir lok síðasta kjörtímabils. Ég vissi ekki af því að þessi meinbugur væri á starfi tannsmiða. Ég man ekki betur en að óþarft hafi verið talið að leggja fram frv. vegna þess að komin væri ákveðin sátt í þetta mál. Hún var síðan staðfest með þeim dómi sem féll fyrir héraðsdómi þannig að menn töldu að þarna hefðu tannsmiðir unnið sigur og ekki þyrfti ekki að breyta þessu eins og hér er verið að leggja til.

Raunin varð síðan önnur, eins og kom fram í dómi Hæstaréttar. Ég ætla ekkert að skorast undan því. Ég var heldur ekki að undanskilja Alþfl. áðan. Ég sagði að fyrri heilbrigðisráðherrar hefðu ýmist samið þessi frumvörp og lagt fyrir þingið en málið dáið sínum dauða þar eða þeir ekki haft kjark til þess að leggja það fyrir. Ég veit ekki hvernig þetta var. Ég minnist þess þó að við fögnuðum því hér, meira að segja í umræðu einhvern tíma, að málið væri komið í höfn. Það reyndist ekki vera rétt.

Hv. þm. segir að hún hafi fyrirvara við málið og fyrirvarinn helgist af því að hún sé ekki viss um að við séum að stíga framfaraspor. Bíðið nú við, herra forseti, hver er þessi rökfærsla? Hvað er það sem hv. þm. sér athugavert við málið? Hún hefur ekki gert grein fyrir því. Það má vel vera að hv. þm. hafi miklu betri skilning og þekkingu á tannlækningum heldur en ég. En ég veit að þetta mál hefur fengið þessa meðhöndlun í Danmörku öllum til farsældar. Við könnuðum þetta á sínum tíma og fengum þær upplýsingar að engir verulegir annmarkar væru á framkvæmd þessa þar. Hví skyldu þeir vera hér?

Auðvitað er hér um ekkert annað að ræða en að tannlæknar eru að ríghalda í einokun sína á þessu. Þannig er það því miður og það er staðreyndin í þessu máli. Mér finnst að fyrst að varaformaður heilbr.- og trn. gerir fyrirvara, þá verði hún að skýra hann betur en með því að segja að hún sé ekki viss um að þetta sé framfaraspor. Hvað er það sem veldur óvissu hennar?

[23:33]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að hv. þm. hafi ekki verið viðstaddur þegar ég flutti ræðu mína. Þar gerði ég nokkuð ítarlega grein fyrir fyrirvara mínum en ég skal reyna að endurtaka hann.

Ég set fyrirvara við 1. gr. þar sem vísað er í að tannsmiðir geti tekið mát, enda sé þar ekki um sjúklegar breytingar að ræða o.s.frv. Þetta orðalag, „enda séu ekki sjúklegar breytingar“, vekur upp ýmsar efasemdir í mínum huga. Þær efasemdir ganga út á hvort eðlilegt sé að tannsmiðir meti einmitt þetta atriði. Þarf ekki læknisfræðilega sérþekkingu til þess að meta það hvort um sjúklegar breytingar sé að ræða? Fyrirvari minn gengur út á það.

Það má vel vera að það sé hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þetta sé hið besta mál og þetta sé allt í lagi en það á eftir að sannfæra mig um að þessi læknisfræðilega þekking sé til staðar. Ég tel að hún verði að vera til staðar ef menn eiga að geta metið hvort um sjúklegar breytingar sé að ræða.

[23:34]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi held ég að námið sem tannsmiðir ganga í gegnum nægi til þess að þeir geti gert sér grein fyrir því að einhvers konar sjúklegar breytingar kunni að vera í munnholi sjúklinga sinna. Í öðru lagi tel ég að ábyrgðarkennd þeirra sem við þetta starfa hljóti að vera slík að þeir sjái sóma sinn í að kalla til sérfræðiaðstoðar er þarf. Í þriðja lagi, herra forseti, höfum við fordæmi frá Danmörku. Þar má sjá slík lög í framkvæmd. Eru einhverjir annmarkar

á framkvæmd þeirra þar? Hæstv. iðnrh. sem leggur málið fyrir segir að svo sé ekki. Hann segir að þar hafi þetta gengið vel. Sömu upplýsingar fengum við á sínum tíma þegar við vorum að velta þessum málum fyrir okkur. Ef Danir hafa fundið upp þetta hjól, getum við þá ekki notað þetta danska hjól einnig á Íslandi eða þurfum við að finna það upp aftur? Eigum við að gera það í heilbr.- og trn.? Hvernig eigum við að fara að því? Eigum við að kalla til danska tannlækna eða tannsmiði sem hafa reynslu af þessu?

Ég er fús til þess sem formaður þessarar nefndar að beita mér fyrir því, þess vegna að fara með hv. varaformanni hv. heilbr.- og trn. til tannlæknis í Danmörku ef það nægir til þess að sannfæra hana. En ég veit að hv. þm. hefur nægjanlega skerpu og greind til að bera svo að þá er um lýkur verði hún orðin sammála okkur um þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipulag ferðamála, 1. umr.*

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 931. [23:36]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Við samningu þessa frv. leitaði samgrn. aðstoðar hjá fulltrúum ferðaskrifstofa, tryggingafélaga og endurskoðenda. Þá óskaði ráðuneytið umsagnar Neytendasamtakanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa. Einnig var horft til nágrannalandanna.

Tilgangur þessa frumvarps er fyrst og fremst að setja skýrari reglur um rekstur ferðaskrifstofa hér á landi, svo sem um ferðaskrifstofuleyfi og fjárhæð trygginga.

Um ferðaskrifstofur gilda lög um skipulag ferðamála. Í þeim lögum er tilgreint að ferðaskrifstofa skuli leggja fram tryggingu fyrir heimflutningi farþega og því sem greitt hefur verið komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofunnar. Nánar er fjallað um upphæð trygginga í reglugerð um ferðaskrifstofur. Þar kemur fram að trygging fyrir svokallað A-leyfi, en það á við um ferðaskrifstofu sem skipuleggur ferðir erlendis og selur farseðla, nemur nú 10 millj. kr. Umrætt ákvæði í lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, kemur til vegna aðildar Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ein gerð þess samnings fjallar einmitt um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarpakka, og var efni þessarar tilskipunar lögfest í lögum um alferðir, nr. 80/1994. Í alferðalögunum er fjallað nánar um hvað felst í alferð en hvergi er vikið að tryggingarskyldu vegna hennar.

Í umræddri tilskipun segir svo:

„Skipuleggjandinn og/eða smásalinn sem er aðili að samningnum skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir heimflutning neytandans ef til gjaldþrots kynni að koma."

Þetta ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins hefur verið túlkað á þann veg að aðildarríkjum beri að greiða allar innborganir vegna alferðar eða gera umræddum viðskiptavinum kleift að ljúka för sinni auk þess sem það er skylt að flytja farþega til síns heima óski hann ekki eftir að halda áfram för. Enn fremur er ljóst að hér er um tryggingu vegna alferða að ræða og ekki er skylt að endurgreiða neytendum vegna annarra hluta en þeirra sem í alferð felast. Hér er fyrst og fremst um neytendavernd að ræða á ákveðnu sviði ferðaþjónustu. Eins og kunnugt er er BSP-trygging ætíð í gildi hjá þeim aðilum sem selja reglubundnar áætlunarferðir með flugvélum, og farþegum, sem kaupa sæti með áætlunarflugi, er því ávallt tryggð heimkoma.

Eins og áður sagði var sú leið farin við setningu alferðalaganna að tryggingarákvæði umræddrar tilskipunar Evrópusambandsins var sett inn í lög um skipulag ferðamála þegar þeim var breytt með lögum nr. 81/1994 en ekki haft með í alferðalögunum sjálfum. Undanfarin missiri hafa nokkrar ferðaskrifstofur hér á landi hætt rekstri. Af þeim voru tvær með nokkurn fjölda farþega erlendis þegar reksturinn stöðvaðist. Sú hefð hefur skapast vegna uppgjörs á tryggingarfé hér á landi að greiða heimflutning og innborganir, bæði vegna alferða og leiguflugs ef tryggingarfé hrekkur ekki til sem ekki er í öllum tilvikum. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins er ekki skylda að greiða innborganir vegna leiguflugs svo sem gert hefur verið hér á landi hingað til. Því er lagt til í frumvarpi þessu að einungis verði greiddur heimflutningur þegar eingöngu er um leiguflug að tefla en bæði innborganir og heimflutningur vegna alferða auk þess sem viðskiptavinum ferðaskrifstofu skal gert kleift að ljúka alferð sinni óski þeir eftir því.

Þá er lagt til að tryggingarfé vegna ferðaskrifstofureksturs verði hækkað verulega. Það er ljóst að 10 millj. kr. trygging hrekkur skammt ef stór ferðaskrifstofa stöðvast á háannatíma. Því er lagt til í frumvarpinu að ákveðið hlutfall af tryggingarskyldri veltu ferðaskrifstofu skuli lagt fram sem trygging. Með því er tryggt að ætíð verði nægjanlegt tryggingarfé þegar og ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu kemur.

Þá er að finna mun nákvæmari reglur um umsókn til ferðaskrifstofureksturs, svo og um mat á upphæð tryggingarfjár.

Í frumvarpinu er enn fremur lögfest skipting milli rekstrarforma ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Hér er í raun um A- og B-leyfi að tefla samkvæmt núgildandi reglugerð en nauðsynlegt þótti að binda þessa skiptingu í lög.

Loks er í frumvarpinu heimild fyrir samgönguráðherra að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Þessi heimild er nauðsynleg þar sem uppgjör af þessu tagi er flókið og tímafrekt. Ekki er talið heppilegt að hafa slíka umsýslu á hendi ráðuneytisins og því farsælla að skipa tilsjónarmann fyrir hvert einstakt tilfelli.

Eins og fram kemur í umsögn fjmrn. er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkissjóð með frv. þessu. Ferðaskrifstofurnar munu sjálfar standa undir þeim kostnaði sem af frv. leiðir. Eins og ég hef gert grein fyrir lýtur frv. helst að því að auka neytendavernd og kveða skýrt á um þær skuldbindingar sem við höfum axlað samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn. og vonast til að það verði að lögum á þessu þingi, enda hygg ég að reynt hafi verið að vanda til frv. eins og kostur var. [23:42]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er endalaust mælt fyrir stjórnarfrumvörpum og búið að tala fyrir einum tíu hér í dag. Þau eiga öll að verða að lögum fyrir vorið. Af hverju gátu menn ekki komið þeim inn fyrr? Hvað hafa menn verið að gaufa í ráðuneytunum? Er svona mikið að gera? Af hverju fær

þingið ekki tíma til að skoða þau mál sem ráðuneytin hafa kvotlast með milli handanna mánuðum og missirum saman? Hvað á þetta að þýða?

[23:43]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Það er auðvitað æskilegt að frv. komi sem fyrst í þingið. Frv. frá samgrn. hafa raunar verið lögð fyrir jafnt og þétt.

Hér er um það að ræða að tryggja að viðskiptavinir ferðaskrifstofa komist leiðar sinnar og tapi ekki fjármunum. Ég hygg að það sé ekki sama hversu vel sé staðið að undirbúningi frv. af þessu tagi. Alþingi hlýtur undir öllum kringumstæðum að reyna að meta hvort frv. sé til bóta og til neytendaverndar. Ég veit að hv. þm. og samgn. mun reyna að greiða fyrir því að þetta frv. verði að lögum.

[23:44]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ágætisfrv. eftir því sem ég get haft skoðun á því. Ég hef ekki mikið vit á þessu máli. Ég viðurkenni það. Ég held að þetta sé þarfamál. Hér á að búa til lagaákvæði til þess að koma í veg fyrir að ferðaskrifstofur geti vaðið til útlanda með fleiri hundruð manns og skilið eftir í reiðileysi án þess að geta tryggt því heimferð.

Ég var að gagnrýna það að gamla aðferðin er byrjuð, að hrúga inn fleiri, fleiri stjórnarfrumvörpum. Hvað ætli það sé búið að tala fyrir mörgum stjórnarfrumvörpum í dag? Eru þau 10, eru þau 12? Í öllum framsöguræðunum hafa ráðherrarnir sagt: Þetta verður að verða að lögum fyrir vorið. Þetta var ég að gera athugasemd við, herra forseti. Þetta er algerlega ómöguleg framkoma við þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 23:45]

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 942.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Bindandi álit í skattamálum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 941.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 547. mál (álagsstuðull á vexti). — Þskj. 932.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JónK*) greiddi ekki atkv.
30 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SJS, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Gjaldmiðill Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 944.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Samningar með tilkomu evrunnar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 945.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Innheimtulög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 943.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Vextir, dráttarvextir og verðtrygging, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 562. mál (heildarlög). — Þskj. 953.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Starfsréttindi tannsmiða, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 458. mál. — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

***Um fundarstjórn.***

Afgreiðsla stjórnarfrumvarpa.

[00:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Mér telst til að á síðustu mínútum hafi verið vísað til nefnda einum 13 stjórnarfrv. og nú eigi að fara að vísa því 14. til nefndar. Stjórnarliðið er ekki betur mætt hér en það að það er stjórnarandstöðunni að þakka að málin komast til nefndar. Annars hefðu þau ekki komist til nefndar nema vegna þess að stjórnarandstæðingar eru mættir. (**ÖS:** Hvað margir?) Það segir út af fyrir sig sína sögu um hvaða virðingu stjórnarliðið ber fyrir stjórnarandstöðunni. Og hún má svo sem mín vegna, stjórnarþyrpingin, bera litla virðingu fyrir stjórnarandstöðunni en það er umhugsunarvert fyrir okkur sem erum hér í verkum hversdags frá morgni til kvölds.

Það er líka umhugsunarvert, herra forseti, í tengslum við þetta mál að talað hefur verið um að ljúka þinginu seint í apríl. Og ég spyr: Er það rétt að ríkisstjórnin ætlist til þess að öll þau 14 mál sem talað hefur verið fyrir í dag verði að lögum í vor? Ef það er rétt lýkur þinginu ekki í lok apríl. Það hlýtur að taka miklu lengri tíma.

Þetta gamaldags tillitsleysi við Alþingi sem kemur fram, í dag og í kvöld, er með þeim hætti að ég hélt að þetta væri liðin tíð. Ég hélt að ríkisstjórnir reyndu ekki lengur að sýna Alþingi mér liggur við að segja dónaskap af því tagi sem sýndur hefur verið í dag. Ég hlýt að óska eftir því við hæstv. forseta að tafarlaust, strax á morgun, kveði forsn. Alþingis og forseti Alþingis upp úr með það hvort ætlunin er að standa við starfsáætlun Alþingis og þá hvenær. Því að þessi framkoma við þingið, stjórn og stjórnarandstöðu, þingmenn hér sem hafa verið að vinna vinnuna sína, er fyrir neðan allar hellur.

Það getur vel verið að ýmsir þingmenn telji það eðlilegt að haga sér á þennan hátt gagnvart þinginu og gera það þannig í raun og veru að leikbrúðu framkvæmdarvaldsins. Ég tel það ekki eðlileg vinnubrögð.

[00:03]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti mun beita sér fyrir því að þessar athugasemdir og ábendingar hv. þm. verði ræddar í forsn. eins fljótt og kostur er.

[00:03]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Mér kom miklu fremur til hugar að bera af mér sakir undir þessari ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Sumir sjá það sem þeir vilja. Þeir sjá stjórnarandstæðinga í auðu sætunum. En ég horfi yfir salinn og mér finnst þetta allt vera félagar mínir úr meiri hlutanum nema þrír eða fjórir menn.

Sú atkvæðagreiðsla sem fór fram var tilkynnt í dag og hefur legið fyrir í allt kvöld að færi hér fram. Ég var forseti fyrr í kvöld þegar það var ákveðið að hún færi fram. (**ÖS:** Þurfti að fresta í 10 mínútur til að ...) Ég vil bara ítreka það að hér er vel mætt af hálfu stjórnarliðsins við þessa atkvæðagreiðslu þannig að mér fannst það henda hv. þm., sem sjaldan gerir, að hann færi með rangt mál.

[00:05]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta er alveg einstaklega ósanngjarn málflutningur af hálfu hv. þm. Guðna Ágústssonar því að hann ber okkur stjórnarandstæðingum á brýn að við höfum ekki verið að sinna okkar störfum. Við höfum tekið þátt í málefnalegri umræðu um ein 13 stjfrv., eins og bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. geta borið vitni um. Farið var efnislega í öll þessi frumvörp, sum voru mikið rædd, önnur lítið. Og það hefur ekkert staðið á okkur stjórnarandstæðingum að sinna skyldum okkar í þingstörfum. Síðasta hálftímann koma hins vegar, væntanlega vegna úthringingar, stjórnarsinnar í hús til að greiða atkvæði og það er góður réttur meiri hlutans að viðhafa þau vinnubrögð en þau eru ekki til fyrirmyndar.

Í umræðunni fyrr í dag tóku einungis þátt hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. og einn eða tveir aðrir stjórnarliðar sem stóðu sig ágætlega í þeirri umræðu. En að tala hér eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gerði áðan að bera stjórnarandstæðingum á brýn slæm vinnubrögð þegar svo til enginn af stjórnarliðunum, sem hér eru mættir, hafa verið í dag og í kvöld í þeirri umræðu sem átti sér stað. Við skulum gæta hófs í málflutningi og sýna hver öðrum þá virðingu. Ég tek

fyllilega undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar að hér er illa að verki staði með öll þau mörgu stjórnarfrv. sem verið er að knýja á um afgreiðslu. Hv. stjórnarliðar þekkja alveg þessa stöðu, þeir hafa verið oft í stjórnarandstöðu. Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar. Við í stjórnarandstöðunni höfum gætt þess nokkuð lengi að viðhafa eðlilega umræðu í svo til hverju einasta máli, eðlilega og málefnalega umræðu. En það kemur örugglega að því að okkur verði nóg boðið með þá framkomu sem stjórnarliðar sýna okkur.

[00:07]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar undirtektir undir mín orð áðan, að hann muni beita sér fyrir því að athugasemdir mínar verði ræddar á vettvangi forsn. Ég tel það mikilvægt að þau orð forseta liggi fyrir. Jafnframt verð ég að segja að ég tel að lítill sómi hafi verið að orðum forsætisnefndarmannsins, hv. þm. Guðna Ágústssonar, og hefði talið betra að fá Jóhannes Kristjánsson sjálfan í ræðustólinn.

[00:07]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. (**ÖS:** Það er Jóhannes sem talar.) Það er rétt að Jóhannes Kristjánsson er góður. (**Gripið fram í:** Þú ert betri.) En ég vildi fyrst og fremst segja það við hv. þm. Reykn. að ég bar ekki neinar sakir á stjórnarandstöðuna. Hún hefur staðið sig vel í vetur. Hún hefur bæði verið málefnaleg og haft sig hóflega í frammi. Hún á þakkir skilið og ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir hvernig hann greiddi fyrir störfum í kvöld og vakti t.d. athygli á því hversu mikilvæg sú atkvæðagreiðsla væri sem hér fór fram vegna starfa efh.- og viðskn. á morgun. Fyrir þetta ber allt að þakka. Ég hef ekkert við hann að sakast.

Fyrst og fremst vildi ég vekja athygli á því að það væri ekki rétt að við stjórnarsinnar værum fáir. Auðvitað höfum við vakað yfir þessari umræðu og beðið eftir þessari atkvæðagreiðslu. Ég var fyrst og fremst að gera athugasemd við þau ummæli sem mér fannst liggja í orðum hv. þm. Svavars Gestssonar að við værum hér fáir en við erum hér margir. En telji nú hver sem getur.

### *Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 00:10.

## 90. FUNDUR

miðvikudaginn 18. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum, fsp. ÓÞÞ, 467. mál, þskj. 800.

*Til félagsmálaráðherra:*

2. Vinnuklúbburinn, fsp. ArnbS, 511. mál, þskj. 882.

*Til samgönguráðherra:*

3. Ríkisstyrktar kaupskipaútgerðir á Norðurlöndum, fsp. GHall, 513. mál, þskj. 884.

*Til iðnaðarráðherra:*

4. Ábyrgð byggingameistara, fsp. GHall, 514. mál, þskj. 885.

*Til umhverfisráðherra:*

5. Brunamótstaða húsgagna, fsp. GHall, 515. mál, þskj. 886.

*Til menntamálaráðherra:*

6. Kjör og staða fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, fsp. KHG, 516. mál, þskj. 887.

7. Fjarkennsla Verkmenntaskólans á Akureyri, fsp. HjÁ, 532. mál, þskj. 911.

*Til heilbrigðisráðherra:*

8. Þjónusta geðlækna í fangelsum, fsp. MF, 527. mál, þskj. 904.

9. Fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga, fsp. MF, 528. mál, þskj. 905.

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Hvalveiðar, 577. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 982.

Málefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs, 575. mál, fsp. SJS og MF, þskj. 980.

Prófun á vímuefnaneyslu nemenda í skólum, 574. mál, fsp. HjÁ, þskj. 979.

Seðlabanki Íslands, 581. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 987.

Tengsl umferðarslysa og neyslu ávana- og fíkniefna, 576. mál, fsp. HjÁ, þskj. 981.

Umferðarlög, 341. mál, nál. allshn., þskj. 985.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:31]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess að áformað er að kl. 15.30 fari fram utandagskrárumræða um stjórnsýsluákvarðanir um lagningu Borgarfjarðarbrautar. Málshefjandi er Gísli Einarsson og umhvrh. Guðmundur Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

### *Stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum.*

Fsp. ÓÞÞ, 467. mál. — Þskj. 800.

[13:32]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni um stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum

sem þingmaðurinn lagði fram fyrr á þessu þingi. Töluverð reynsla er af fiskeldi hér á landi sem hefur reyndar gengið með misjöfnum árangri en hins vegar hefur hlotist af því töluverð reynsla og þekking sem er mikilvægt til framtíðar og er okkur dýrmæt.

Fiskeldi hefur einkum verið á laxi og bleikju og hér hafa á mörgum undanförnum árum verið rekin stór og smá laxeldisfyrirtæki og einkum hefur bleikjueldi verið víða um land og þá einkum í höndum bænda. Fiskeldi í sjó hefur verið reynt að ákveðnu marki. Ágæt reynsla er af lúðueldi sem hefur verið stundað í nokkur ár með góðum árangri en smálúða hefur m.a. verið flutt lifandi úr Breiðafirði í nokkru magni og norður í Eyjafjörð þar sem lúðan hefur verið alin upp í sláturstærð. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með þorskeldi sem hafa gefið ágæta raun.

Fiskeldi í sjó og fersku vatni er stundað í allmiklum mæli víða erlendis og má þar m.a. nefna Noreg og Skotland en í þessum löndum munu vera uppi áform um þorskeldi í nokkuð stórum stíl. Fram hefur komið hjá alþjóðastofnunum að gert er ráð fyrir því að fiskeldi verði í framtíðinni mikilvæg lausn til þess að fæða jarðarbúa og því er mikilvægt að við lítum til þess að hafa stefnu í þessum málum.

Herra forseti. Eins og fyrr segir ber ég fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. á þskj. 800 frá Ólafi Þ. Þórðarsyni sem hljóðar svo:

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum:

a. eldi vatnafiska,

b. eldi fiska í köldum sjó?

[13:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. kynnti fyrirspurn hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sem hann bar fram á þingi á þskj. 800 og hljóðar svo:

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum:

a. eldi vatnafiska,

b. eldi fiska í köldum sjó?

Forsrn. óskaði eftir greinargerð frá landbrn. um málið og byggir á henni. Á árunum 1985–1991 er varið verulegum fjármunum til uppbyggingar í fiskeldi. Opinberir stjóðir og bankastofnanir, einkum Byggðastofnun, Framkvæmdastofnun, ábyrgðadeild fiskeldislána með ríkisábyrgðasjóð, Landsbanki og aðrir bankar lögðu fram verulega fjármuni til uppbyggingar og rekstrar fiskeldisfyrirtækja. Mest af því fé sem sjóðir og bankastofnanir lánuðu fiskeldisfyrirtækjum á þessum árum tapaðist eða um 6–8 þús. millj. kr. Í byrjun árs 1991 höfðu opinberir sjóðir og stofnanir gefist upp á fyrirgreiðslum til fiskeldisfyrirtækja og gjaldþrot blasti við mörgum fyrirtækjanna.

Á fundi sínum 5. júní 1991 samþykkti ríkisstjórnin sérstakar aðgerðir til stuðnings fiskeldi. Alls skyldi lána 300 millj. kr. til fiskeldisfyrirtækja og voru á árunum 1991–1992 veitt sérstök rekstrarlán til 20 fiskeldisfyrirtækja. Nefnd þáv. landbrh. sá um úthlutun fjárins. Mörg þessara fyrirtækja eru enn í rekstri og hafa staðið í skilum með rekstrarlánin. Fullyrða má að ef ekki hefði komið til þessara lánveitinga hefðu flest ef ekki öll fiskeldisfyrirtæki hér á landi orðið gjaldþrota.

Á síðasta ári voru lánaðar 30 millj. kr. til framleiðniaukandi aðgerða í fiskeldi. Áformað er að lána 40 millj. kr. á þessu ári til svipaðra verkefna. Umrætt fé er það fé sem hefur endurgreiðst af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru á árunum 1991 og 1992. Ekki er fyrirhugað að veita nýtt fjármagn til fiskeldisfyrirtækja en miða lánveitingar við endurgreiðslur á áður veittum rekstrarlánum.

Til að efla þróunarstarf í fiskeldi hafa fiskeldisfyrirtæki ásamt Rannsóknarráði Íslands gert markáætlun í fiskeldi. Áætlunin fjallar um framleiðslumarkmið og rannsóknir tengdar þeim. Fullyrða má að áætlun þessi og rannsóknir sem tengjast henni hafi leitt til mikilla framfara í fiskeldi eins og framleiðslutölur bera með sér. Raforkufyrirtæki, landbrn. og Rannsóknarráð Íslands hafa stutt þessa áætlun sem fjallar um þróunarstarf í fiskeldi.

Framleiðsla í fiskeldi hefur aukist úr tæpum 2 þús. tonnum árið 1989 í 5 þús. tonn á árinu 1997. Útflutningsverðmæti fiskeldisafurða voru á síðasta ári um einn milljarður kr. Þetta er rétt að nefna vegna þeirrar fyrirgreiðslu sem ríkisstjórnin ákvað á fundinum 5. júní 1991 og áður var til vitnað að það var sérstaklega hugsað í þeim tilgangi að sú þekking sem í landinu var færi ekki öll forgörðum en ekki í þeirri von að menn gætu haldið fiskeldisfyrirtækjum gangandi með þeim brag sem hefði verið reynt á árunum þar á undan. Telja verður að sú tilraun sem þar var ákveðin hafi heppnast.

[13:37]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þar kom m.a. fram hvaða aðgerðir hafa verið hafðar uppi til þess að halda rekstri fiskeldis gangandi og einnig kom fram hversu mikil verðmætaaukning hefur verið á tímabilinu frá 1989 þannig að hér er um mikilvæga atvinnugrein að ræða. Ég vil líka benda á það sem kom fram í svarinu að áhersla hefur verið lögð á það að þekking í greininni fari ekki forgörðum og er það auðvitað mjög mikilvægt því að hún er mjög dýrmæt og við höfum fengið reynslu af þessari atvinnugrein.

Ég ítreka þakkir til hæstv. forsrh. fyrir svör við fyrirspurninni.

## *Vinnuklúbburinn.*

Fsp. ArnbS, 511. mál. — Þskj. 882.

[13:38]

**Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Vinnuklúbburinn er eitt þeirra verkefna sem ríkisstjórnin hefur staðið að til að berjast við langtímaatvinnuleysi. Önnur verkefni eru Hitt húsið, sem er einkum ætlað ungu fólki, og Gangskör, verkefni sem er ætlað konum á aldrinum 40–60 ára.

Langtímaatvinnuleysi er mikið böl fyrir það fólk sem í því lendir og því mikilvægt að leitað sé sem flestra leiða til að vinna bug á því. Í Vinnuklúbbnum er fólk í fullri vinnu við að leita sér að atvinnu. Hugmyndafræðin er orðin 30 ára gömul og kemur upphaflega frá Kanada og hefur verið þróuð áfram og notuð í Bandaríkjunum og Evrópu og kemur hingað frá Noregi. Um er að ræða sjö vikna prógramm þar sem byrjað er á tveggja vikna námskeiði. Fólk verður að taka þátt í verkefninu af eigin hvötum og eigið frumkvæði er frumforsenda þess að árangur náist.

Markmiðið er aðeins eitt og það er að fá starf. Í Vinnuklúbbnum fær atvinnuleitandi leiðbeiningar um hvernig hann eigi að bera sig að við atvinnuleit. Uppsetning atvinnuumsókna, hvernig menn kynna sig, hvernig menn bera sig í

viðtölum og framkoma. Mönnum er jafnvel kennd undirstöðuatriði í mannasiðum og hreinlæti. Fólki er kennt að sýna sinn rétta persónuleika því að kannanir sýna að flest fyrirtæki setja persónuleika í fyrsta sæti, t.d. fram yfir starfsreynslu þegar farið er yfir kosti og galla umsækjenda um störf.

Einnig er mjög mikilvægur þáttur að kenna fólki hvar eigi að leita að atvinnu því talið er að aðeins 25–30% starfa séu auglýst en önnur hreyfing á vinnumarkaði sé á óauglýstum vettvangi. Verkefnið var sett upp sem tilraunaverkefni og því nauðsynlegt að taka púlsinn og athuga hvað hefur áunnist og hvert skuli stefna.

Ég tel afar mikilvægt að allir langtímaatvinnulausir eigi aðgang óháð búsetu þó verkefnið sé í samstarfi við Reykjavíkurborg. Eins þyrfti að íhuga hvernig verkefnið gæti unnist á landsbyggðinni. Ef áform eru um að halda áfram með verkefnið þá verður að vera ljóst vegna starfsfólks Vinnuklúbbsins og skjólstæðinga hans að tryggt sé hvert framhaldið verður. Í ljósi þessa hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félmrh., á þskj. 882:

1. Hver er reynslan af tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar sem gengur undir nafninu Vinnuklúbburinn?

2. Hvaða sveitarfélög geta og eiga rétt á að nýta sér þjónustu Vinnuklúbbsins?

3. Hvaða áform eru um áframhaldandi störf Vinnuklúbbsins og þá undir forræði hvers?

[13:42]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Þetta verkefni hefur tekist sérstaklega vel. Tæplega 200 einstaklingar hafa tekið þátt í tilraunaverkefninu frá því að það hóf göngu sína 28. okt. 1996 og árangurinn hefur verið framúrskarandi. Alls hafa 82% af virkum þátttakendum fengið vinnu en auk þess hafa 2% farið í skóla eða önnur úrræði. Til samanburðar má nefna að árangur erlendis hefur verið í kringum 62%. Það hafa sem sagt 82% fengið vinnu og einungis 9% hafa ekki fengið vinnu. Hinir hafa farið í skóla eða eru virkir í atvinnuleit.

Hluti þeirra sem hafa byrjað í Vinnuklúbbnum hafa gefist upp eða hætt en yfirleitt strax í upphafi starfsins. Ef þeir eru teknir með þá hefur 71% fengið vinnu og 13% hafa hætt þátttöku. Segja má að 80% þeirra sem hafa farið í gegnum þetta prógramm séu í vinnu.

Markmiðið er að aðstoða einstaklingana sem hafa lent í vítahring langtímaatvinnuleysis til þess að komast út á vinnumarkaðinn að nýju. Vinnuklúbburinn er fyrir alla atvinnulausa en sérstakur forgangshópur eru langtímaatvinnulausir. Það hefur tekist sæmilega að ná til langtímaatvinnulausra og 54% þátttakenda hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur og af þeim eru 16% búnir að vera atvinnulausir í þrjú ár eða lengur. Kynjaskiptingin hefur verið nokkuð jöfn. Karlarnir eru aðeins fleiri eða 53% og konurnar 47%. Langflestir þátttakendur eru milli þrítugs og fimmtugs eða 62%. Yngri en 28 ára eru 18% og fimmtugir eða eldri eru 20%.

Önnur spurningin laut að því hvaða sveitarfélög geta og eiga rétt á að nýta sér þjónustu Vinnuklúbbsins. Vinnuklúbburinn er samstarfsverkefni félmrn. og Reykjavíkurborgar og hann var stofnaður sem úrræði fyrir langtímaatvinnulausa á skrá hjá Reykjavíkurborg. Vinnumiðlun Reykjavíkur sá um að kynna vinnuklúbbinn fyrir þeim atvinnulausu og benda þeim á að til boða stæði að taka þátt í vinnuklúbbnum. Því miður reyndist ekki næg þátttaka úr Reykjavík og var horfið á það ráð að bjóða fleirum, þ.e. öðrum vinnumiðlunum á höfuðborgarsvæðinu að benda fólki á vinnuklúbbinn og auk Reykjavíkurborgar hefur verið fólk af Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Garðabæ. Allir þeir sem sótt hafa um hafa fengið inngöngu en í sumum tilvikum hefur fólk þurft að bíða eftir að komast að.

Um áframhaldandi starf Vinnuklúbbsins er það að segja að áformað er að Vinnuklúbburinn verði áfram starfræktur sem úrræði fyrir langtímaatvinnulausa, og það er verið að ganga frá samningi milli félmrn. og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vinnumálstofnunar um áframhaldandi rekstur Vinnuklúbbsins. Áformað er að starfsemi Vinnuklúbbsins verði með sama sniði og verið hefur og forsendur fyrir þátttöku í klúbbnum eru óbreyttar, þ.e. að þátttakendur séu skráðir atvinnulausir, en réttur til atvinnuleysisbóta er samt ekki skilyrði fyrir þátttöku. Vinnuklúbburinn verður úrræði við starfsleit, sbr. e-lið 10. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, og réttur þátttakenda til atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar. Vinnuklúbburinn verður þannig valmöguleiki við starfsleitaráætlun og fylgi einstaklingur henni ekki getur það leitt til bótamissis. Öll sveitarfélög geta sótt um aðild að Vinnuklúbbnum og einstaklingar með lögheimili í þeim sveitarfélögum sem sótt hafa um geta tekið þátt í Vinnuklúbbnum. Kostnað vegna þeirra sem eiga rétt til atvinnuleysisbóta ber Vinnumálastofnun, eða nánar tiltekið Atvinnuleysistryggingasjóður, en kostnað vegna þeirra sem eru atvinnulausir en eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta ber lögheimilissveitarfélag þátttakandans enda sé sveitarfélagið aðili að Vinnuklúbbnum.

[13:47]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl., Arnbjörgu Sveinsdóttur, sérstaklega fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og hæstv. félmrh. fyrir ágæt svör. Ég tel að Vinnuklúbburinn sem hefur verið nefndur sé eitt af því jákvæðasta sem hefur verið gert hér á landi til að ráða bót á atvinnuleysi, sérstaklega langtímaatvinnuleysi, og ég tel mjög nauðsynlegt að útvíkka það starfsvið sem Vinnuklúbburinn hefur haft á höfuðborgarsvæðinu þannig að hann nái miklu víðar. Ég tel að þarna hafi verið unnið mjög merkilegt starf og hvernig hefur verið farið að og sá frábæri árangur sem hefur náðst er mjög athyglisverður þar sem stór hópur af þessu fólki er langtímaatvinnulaust. Í umræðunni hefur oft verið talað um þetta fólk eins og hóp sem ekki kærir sig um að vinna, ekki vill vinnu og ekki leitar eftir vinnu. En mér finnst að þessi árangur sanni annað.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin og hv. þm. fyrir þátttökuna í umræðunni. Hér hafa komið fram mjög athyglisverðar upplýsingar um að það skuli vera svo hátt hlutfall fólks sem fær atvinnu eftir þátttöku í Vinnuklúbbnum, að það skuli vera 82% þeirra, og aðeins um 9% hafi ekki fengið atvinnu. Þetta er mjög mikill árangur þegar haft er í huga að þarna er um langtímaatvinnulaust fólk að ræða sem er væntanlega þegar búið að reyna ýmsar aðrar leiðir og ekki tekist að fá atvinnu. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að verkefnið sé ekki nægilega vel kynnt meðal langtímaatvinnulausra. Í það minnsta hef ég hitt langtímaatvinnulaust fólk sem ekki hefur haft hugmynd um þetta úrræði. Ég held

því að mjög brýnt sé að verkefnið sé kynnt fyrir öllum sem hafa verið atvinnulausir lengur en í þrjá mánuði. Ég vil svo bara láta í ljós þá skoðun mína að ég held að þetta sé starfsemi sem er komin til að vera. Hún hefur sannað ágæti sitt. Því verður að vera alveg ljóst hvernig verður staðið að framhaldinu. Ég vil að lokum þakka hæstv. félmrh. fyrir að tryggja framgang verkefnisins.

[13:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ekkert er því til fyrirstöðu að útvíkka starfsemina og gefa öðrum sveitarfélögum tækifæri til að senda þátttakendur í Vinnuklúbbinn í Reykjavík. Það er líka hægt að hugsa sér að starta fleiri vinnuklúbbum og ef áhugi er hjá viðkomandi sveitarfélögum þá finnst mér það vera mjög til athugunar. Það er hægt að styðjast við hina góðu reynslu sem orðið hefur í Vinnuklúbbnum í Reykjavík.

Það er rétt að það þarf að kynna verkefnið betur en ég vænti þess að það gerist af sjálfu sér því að samkvæmt lögunum um vinnumarkaðsaðgerðir sem nú eru að koma til framkvæmda að fullu verður hver og einn sem búinn er að vera 10 vikur atvinnulaus að gera starfsleitaráætlun og þetta getur verið einn þáttur í starfsleitaráætluninni. Reyndar höfum við ýmis önnur úrræði á prjónunum. Það er bæði Kvennasmiðjan á Akureyri og Punkturinn sem er handverks- og tómstundamiðstöð fyrir atvinnulausa á Akureyri. Þar er aðstaða fyrir atvinnulaust fólk að vinna að ýmsum áhugamálum og við höfum tekið þátt í kostnaði við það verkefni og Kvennasmiðjuna. Síðast en ekki síst vil ég geta um ákaflega áhugaverða hugmynd frá Rauða krossi Íslands sem hefur óskað eftir samstarfi við félmrn. um möguleika á að stofna skóla að hætti dönsku Produktions-skólanna. Hlutverk skóla af þessu tagi er að gefa nemendum tækifæri á að öðlast reynslu og þroska sem gerir þá hæfa til frekara náms eða starfa þegar þeir yfirgefa skólann. Í skólanum eru kynnt ýmis störf sem unnin eru í samfélaginu og nemendum gefinn kostur á að vinna þau í skólanum. Með því móti væri hægt að styrkja þann hóp ungmenna sem mörg hver hætta í námi og hafa litla eða enga reynslu af vinnumarkaðnum til að gera þau hæfari til að bjarga sér í lífinu. Við í félmrn. erum opin fyrir þátttöku í alls konar verkefnum sem gætu orðið til þess að hjálpa fólki út úr langtímaatvinnuleysi.

## *Ábyrgð byggingameistara.*

Fsp. GHall, 514. mál. — Þskj. 885.

[13:53]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég hef lagt fyrirspurn á þskj. 885 til hæstv. iðnrh. um ábyrgð byggingameistara. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hver er ábyrgð byggingameistara íbúðarhúsnæðis gagnvart kaupendum á hvers konar smíða- eða steypugöllum sem fram koma í nýbyggingum?

2. Ef um ábyrgð er að ræða, hversu lengi varir hún?

Tilefni þess að spurt er er að ekki er það svo sjaldan sem við megum sjá það í fjölmiðlum að mikil málaferli hafa risið upp vegna húsbyggjenda og kaupenda þar sem ekki virðast liggja skýrar línur um ábyrgð þess sem selur. Sem dæmi, herra forseti, vil ég vitna til fréttar þar sem segir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi dæmt tvo byggingameistara til að greiða 714 þús. kr. í bætur vegna byggingargalla á fjölbýlishúsi. Flutt var inn í húsið í lok ársins 1987 og málshöfðun byggðist á því að fljótlega hafði komið í ljós gallar á málningu og steypu sem lýstu sér í því að múr sprakk utan á húsinu og skína tók í ryðgað járn. Auk þess hafi frágangi á svaladyrum, þakrennum og fleiru verið ábótavant. Samningaviðræður milli húsfélagsins og byggingameistara báru ekki árangur. Héraðsdómur dæmdi byggingameistarana til að greiða húsfélaginu 714 þús. kr. Stærsti liðurinn í því var að sannað þótti að steypuhula á steypustyrktarstáli væri á ákveðnum stöðum of lítil og sums staðar nánast engin. Einnig hafði fundist járnarusl og naglar í steypunni og var það talið bera vott um kæruleysi iðnaðarmanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að bera íslenskum iðnaðarmönnum á brýn að þeir séu verri en hverjir aðrir en hitt er annað mál að mál sem þessi ber of oft á góma og fjölmörg hús í Breiðholti og víðar eru svo illa farin að það er með ólíkindum. Menn hafa verið að kenna því um að þetta væru alkalískemmdir og yppt öxlum og sagt: Þetta er skýringin, ekkert er hægt að gera. Enginn ber ábyrgð, enginn nema sá sem kaupir. Ég tel að hér þurfi að koma á hreinum línum í viðskiptum á ábyrgðinni, seljandans gagnvart kaupandanum. Það er sótt hart á kaupandann ef hann stendur ekki í skilum en því miður vill annað vera uppi á teningnum þegar kemur að þeim sem selur og hann er krafinn til ábyrgðar.

[13:56]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 855 spyr hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson um ábyrgð byggingameistara. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hver er ábyrgð byggingameistara íbúðarhúsnæðis gagnvart kaupendum á hvers konar smíða- eða steypugöllum sem fram koma í nýbyggingum. Um galla þá í fasteignakaupum sem spurt er um er ekki til sérstök löggjöf hér á landi. Lögin um fasteignafyrirtæki og skipasölu taka ekki á þessum atriðum, hins vegar hafa dómstólar hér á landi með ýmsum hætti beitt reglum laganna um lausafjárkaup og kaupalaganna þannig að sömu meginreglur gilda að ýmsu leyti um galla í fasteignakaupum og lausafjárkaupum.

Þess ber þó að gæta að kaupalögin eru frávíkjanleg lög og er talið að byggingameistari sem hér er gengið út frá að byggi fyrst íbúðarhúsnæði og selji það síðan, og kaupandi hans geti með sama hætti samið sig frá einstökum reglum sem ella teljast gilda um fasteignakaup. Samningsfrelsi getur leitt til þess að hugtakið galli verði þar af leiðandi afstætt. Reynist um galla að ræða kann seljandi á grundvelli 49. gr. kaupalaganna þó að hafa heimild til að bæta úr gallanum enda valdi það kaupanda ekki verulegum óþægindum eða kostnaði. Þá standa kaupanda þau úrræði til boða að rifta kaupunum, heimta afslátt af kaupverði eða krefja seljandann um skaðabætur með mismunandi skilyrðum þó. Skilyrði riftunar eru þau að gallinn sé verulegur eða seljandinn hafi haft svik í frammi þegar gengið var frá samningum. Galli verður að vera allmikill til að unnt sé að rifta á þeim grundvelli að ekki hafi verið farið eftir byggingareglum. Ekki skiptir hins vegar máli þegar um afslátt er að ræða hvort gallinn er verulegur eða ekki. Lítið hefur þó reynt á afslátt hér á landi. Í mörgum tilvikum hafa hins vegar verið kveðnir upp dómar um skaðabótaskyldu seljenda fasteigna. Grundvöllur skaðabótanna getur verið margs konar, byggist á ábyrgðaryfirlýsingum, svikum, vanrækslu seljanda eða aðila sem

hann ber ábyrgð á, og vanræksla á upplýsingaskyldu sem dómstólar leggja talsvert upp úr í dómum sínum.

Taka má sem dæmi að í hæstaréttardómi frá 1965 og öðrum frá 1966 voru seljendur, sem voru jafnframt byggjendur húsa, taldir bótaskyldir gagnvart kaupanda. Sprungur í húsum stöfuðu annars vegar af vangæslu við frágang grunns og hins vegar missmíði á gerð húss. Í síðara tilvikinu var um að ræða byggingafélag sem byggt hafði íbúðir í fjölbýlishúsi. Um röng vinnubrögð byggingaraðila var að ræða í báðum þessara tilvika. Þótt oft sé um leynda galla á fasteignum að ræða er svo ekki alltaf. Augljós galli og vanræksla kaupenda á að sinna skoðunarskyldu sinni getur orðið til þess að ekki verði um bætur að ræða. Kaupandi vissi með öðrum orðum um gallann eða mátti vita um hann. Ákvæði í kaupsamningi um að kaupandi hafi skoðað eignina og sætt sig við ástand hennar getur ekki firrt seljanda allri ábyrgð heldur er það talið geta undanþegið hann ábyrgð á sýnilegum göllum. Taka má fram að refsiábyrgð er ekki útilokuð vegna mistaka við húsbyggingar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Ef um ábyrgð er að ræða, hversu lengi varir hún? Leyndir gallir geta komið fram jafnvel áratugum eftir verklok og geta byggingameistarar átt von á að *verða þá dregnir til ábyrgðar vegna verka sinna.*

Skiptir þá máli hvort íbúðarhúsnæðið hafi verið gallað þegar byggingameistari seldi íbúðarhúsnæðið. Ég vil ítreka að hér ræði ég um ábyrgð byggingameistara sem selur húsnæði, ekki aðra seljendur, en eins og áður segir getur ábyrgð slíks byggingameistara verið ríkari en ábyrgð annarra seljenda. Talið er að kröfur vegna galla á fasteignum geti fyrnst á tíu árum frá því að gallans verður vart eða mátti verða vart. Byggist þetta á almennri fyrningarreglu fyrningarlaganna. Á tómlæti getur þó reynt fyrr samkvæmt dómum, þ.e. áður en tíu ára fresturinn rennur út þannig að ráðlegast er að kvarta sem fyrst um galla með sannanlegum hætti og gæta réttar síns að öðru leyti sem best. Hér má og hafa í huga að ábyrgðartrygging byggingarstjóra til fimm ára, þótt hún snúi að eiganda byggingarframkvæmdanna, getur þó skipt máli fyrir kaupanda. Verði steypugallar ekki raktir til mistaka byggingameistara heldur gallaðs efnis er ábyrgðartíminn miklu skemmri. Er þessi niðurstaða samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 1983.

Í því tilviki höfðu liðið nær 14 ár þar til galli á efninu kom í ljós og var steypustöð sýknuð enda eins árs frestur samkvæmt fyrningarreglum laganna um lausafjárkaup, sem talinn var eiga við, löngu liðinn. Í drögum að frv. til nýrra kaupalaga er gert ráð fyrir að fresturinn verði lengdur í tvö ár. Vafasamt er talið að ákvæði kaupsamningsformsins um að takmarka ábyrgð byggingameistara sem seldu íbúðarhúsnæðið á mistökum sínum við eitt ár muni standast fyrir dómstólum.

[14:02]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel að hér sé verið að hreyfa mjög athyglisverðu máli. Og það er gaman að velta því fyrir sér hvernig ábyrgð er varið. Ég held að ábyrgð sé fyrst og fremst *siðferðileg hjá iðnmeisturum. Ábyrgð þeirra tengist* t.d. ekkert húsbyggingum sem þeir hafa verið skráðir iðnmeistarar fyrir. Þeir hafa engan forgang um áframhaldandi vinnu við húsnæði þar sem þeir hafa verið meistarar þó að það hafi ekki verið klárað í byggingu á einhverjum tíma.

Það er líka ástæða til að velta fyrir sér ábyrgð vegna efna, efniskaupa og t.d. stáli sem er notað í byggingar, og steypuefni, eins og kom fram áðan hjá hæstv. iðnrh. Það er kannski ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh. hvort honum sé kunnugt um hversu oft hafi verið krafist ábyrgðar af hálfu kaupenda til iðnmeistara. Ég hef varla heyrt um að það hafi gerst. Þess vegna er ástæða til að setja fram einhvers konar löggjöf um þetta mál frekar.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir hin greinargóðu svör og *enn fremur umræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar* í þessu máli. Ég held nefnilega að hann hafi komið að kjarna málsins í lok ræðu sinnar, að þörf er á lagasetningu hvað þetta mál áhrærir. Við vitum að það tekur allt of langan tíma þegar slík mál koma upp, það tekur áraraðir, og fólk getur jafnvel verið svo illa í sveit sett að það liggur við að það verði gjaldþrota við lok málsins og er þá kannski engu nær.

Ég tel því fulla ástæðu til að löggjöf verði sett hér varðandi þessi viðskipti svo mikil sem þau eru. Við höfum orðið vör við það að á ákveðnum byggingartíma, eins og ég nefndi t.d. uppi í Breiðholti, er ógnvekjandi að sjá hvernig mörg hús líta út eftir ekki lengri tíma. Og menn bara firra sig ábyrgð og benda nánast hver á annan þegar leitað er til þeirra sem stóðu að þeim byggingum.

Það hefur að vísu komið upp í fleiri hverfum í Reykjavík en í Breiðholtinu og eru nokkur nýleg dæmi til um hvernig farið hefur. Þess vegna er mikil nauðsyn gagnvart iðnaðarmönnum — svo ekki sé hallað á þá — og gagnvart kaupendum, á að hér séu glögg skil á milli ábyrgðarinnar þannig að fólk þurfi ekki að búa við það í áraraðir að eiga í einhverjum málaferlum og menn komast hring eftir hring fram hjá ábyrgðinni vegna þess að löggjafinn hefur ekki tekið á þessu máli.

[14:05]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Aðeins varðandi þá fyrirspurn sem kom fram frá hv. þm. Gísla Einarssyni, hvort mér væri kunnugt um hve oft hefði verið krafist ábyrgðartrygginga eða ábyrgða fyrir slíku. Mér er ekki kunnugt um það og ég er ekki viss um að nokkurs staðar séu til yfirlit yfir slíka hluti. Hins vegar verða menn varir við það, sem ég tek alveg undir, en hefur þó held ég sem betur fer dregið úr núna, að þessir stórkostlegu gallar séu að koma upp í byggingum, og það hefur gerst held ég með aukinni samkeppni á verktakamarkaðnum að nokkru leyti, þannig að menn þurfa að vanda sig betur. Vísa ég þá að nokkru leyti til ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar áðan að ég held að þetta hafi oft og tíðum verið alveg skelfilegt þegar mikið var að gera og menn þurftu að flýta sér eins og nokkur kostur var við byggingarnar. Í sjálfu sér voru verktakarnir tiltölulega fáir og lítil samkeppni á þessum markaði. Nú snýr þessi samkeppni ekki einvörðungu að hversu ódýrt menn geta byggt heldur líka hver gæði þeirra bygginga eru sem fólk er að kaupa.

Ég tel rétt að skoðað verði hvort hægt sé að koma fyrir í nýju frv. um kaupalög strangari ákvæðum í þessum efnum. Ég er tilbúinn til þess að skoða það og tel að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafi hreyft mjög þörfu máli að þessu sinni og þakka fyrir það. Ég mun því láta skoða þetta sérstaklega í tengslum við þá frumvarpsgerð.

***Brunamótstaða húsgagna.***

Fsp. GHall, 515. mál. — Þskj. 886.

[14:07]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn á þskj. 886 til hæstv. umhvrh. um brunamótstöðu húsgagna og spyr þá hvaða reglur gildi hér á landi um brunamótstöðu húsgagna sem flutt eru til landsins og þeirra sem framleidd eru innan lands. Að gefnu tilefni legg ég þetta fram því að þegar leitað er upplýsinga um hvort einhver staðall eða aðili sé til hér á landi sem takmarki eða hafi eftirlit með húsgöngum, þá kemur í ljós að aðeins virðast vera komnir tveir ÍST EN-staðlar um brunamótstöðu húsgagna hér á landi enn sem komið er. Notkun þeirra er ekki fyrirskipuð í reglugerð. Það virðist vera hending hvort húsgögn á markaðnum uppfylla kröfur staðalsins eður ei.

Löggildingarstofan gefur út löggildingar fyrir ýmsar vörur. Vörur í vissum vöruflokkum sem fara hér á markað eiga samkvæmt reglugerð að hafa svokallað CE-merki. Það virðist þó vera auðveldara að koma vörum inn á markað hérlendis sem ekki hafa slíkar merkingar og uppfylla ekki kröfur staðalsins en í ýmsum nágrannalöndum okkar er mjög kröftuglega fylgst með að svo sé. Það hefur nefnilega oftar en ekki, herra forseti, komið fyrir þegar eldur hefur komið upp í íbúðarhúsnæði að stærsta vandamálið hefur verið sá reykur og alvarlegu eiturgufur sem hafa komið frá húsgögnum. Til dæmis má nefna að gerðar eru strangar kröfur um að keyptar séu gardínur í samkomuhús eða opinberar stofnanir sem eigi að hafa þann eiginleika að þær brenna illa eða ekki. Gerðar eru kröfur um að þar séu ákveðnar hurðir, hvað brunastaðall sé svo og svo mikill. En síðan eru jafnvel innréttingarnar plastklæddar án þess að nokkur athugun hafi farið fram á því hvað gerist ef eldur myndast í þeim innréttingum. Þá gagnar lítið að hafa brunavarðar gardínur eða hurðir vegna þess að eiturgufan gæti orðið svo mögnuð að engum manni væri líft mjög lengi þar inni.

En það er líka annað, herra forseti, sem er alvarlegra að dæmi eru um að húsgögn sem ekki hafi fengið vottun eða ekki verið leyft að flytja inn til annarra Norðurlanda, hafa verið flutt hingað inn. Þetta hefur því miður of oft valdið dauða í brunatjónum, þær sterku eiturgufur sem frá húsgögnunum koma þegar eldur verður. Ég tel að full ástæða sé til að þessi mál séu tekin til alvarlegrar ígrundunar.

[14:10]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. er vel kunnugt hefur umhvrn. nýlega tekið við þessum málaflokki, sem fjallar um brunamál og brunavarnir, frá félmrn. Ráðuneytið hefur í sjálfu sér ekki enn þá haft mikinn tíma til að fjalla ítarlega um hin ýmsu mál er undir stofnunina heyra og hin ýmsu mál sem varða málaflokkinn í heild, en er nú unnið að því. Því leitaði umhvrn. til Brunamálastofnunar ríkisins um upplýsingar vegna fyrirspurnar hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Í svari eða samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar segir að engar sértækar stjórnvaldsreglur séu til á Íslandi um brunamótstöðu húsgagna, hvorki vegna þeirra sem flutt eru til landsins né þeirra sem framleidd eru innan lands, eins og reyndar mátti kannski skilja á framsögu hv. þm. vegna fyrirspurnarinnar.

Hins vegar tóku gildi hér á landi 1. maí 1994 og 1. júní 1995 evrópskir staðlar er taka til mótstöðu húsgagna við bruna út frá sígarettum. Hér er löng upptalning á númerum þessara staðla, ÍST EN 597-1:1994 og ÍST EN 597-2:1994, ÍST EN 1021-1:93 og ÍST EN 1021-2:93. Ég verð auðvitað að játa það að ég hef ekki fyrir framan mig miklar upplýsingar um hvað í þessum staðlanúmerum felst. En staðlar hafa leiðbeinandi gildi á Íslandi og til þeirra skal vísa ef gerðar eru lágmarkskröfur, t.d. í opinberum útboðum.

Brunamálastofnun hefur haft lítil afskipti af húsgögnum þó svo að húsgögnin séu stór þáttur í útbreiðslu elds í byggingum, sérstaklega í íbúðarhúsum, eins og einnig kom fram hjá hv. þm. Þó hefur stofnunin veitt ráðleggingar um val á húsgögnum, t.d. rúmdýnum fyrir sjúkrastofur og fangelsi svo dæmi sé tekið. Að mati brunamálastjóra væri æskilegt að auka eftirlit með brunamótstöðu húsgagna sem seld eru hér á landi, og ráðuneytið sem tók við málaflokknum hinn 1. jan. sl. mun óska eftir nánari tillögum frá brunamálastjóra um það hvernig hentugast er að auka brunaöryggi húsgagna hér á landi og á markaði hér, svo og hvort ástæða sé til að setja sérstaka reglugerð um brunamótstöðu húsgagna. Það er líka óásættanlegt, eins og fram kom hjá hv. þm., ef hér gilda allt aðrar reglur en eru í nágrannalöndunum og að við séum að flytja inn eða heimila að hér séu flutt inn húsgögn eða framleiðsla leyfð á húsgögnum sem bannað er að flytja inn eða framleiða í nágrannalöndunum sem við berum okkur nú gjarnan saman við og vafalaust einhverjar reglur til sem við getum sótt upplýsingar í til að setja skýrari ákvæði um þetta hjá okkur og framfylgja þeim síðan að sjálfsögðu.

[14:13]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans. Ég skil að málið sé að komast inn á hans borð og vænti þess að hann muni líta þetta mál þeim augum sem ástæða er til vegna þess að það er hálfhjákátlegt að gera miklar kröfur um öryggi allt í kringum það óöryggi sem felst í því að húsgögn sem neitað hefur verið um innflutning á til annarra Norðurlanda vegna vafasams tilbúnings og vafasamra efna sem í þessi húsgögn eru notuð, að þau skuli þá eiga greiðan aðgang til Íslands. Í landinu eru til lög sem heita lög um öryggi vöru, að vísu ná þessi lög ekki yfir þetta tiltekna mál eða húsgögn, en ég tel að það sé full ástæða til þess að Bunamálastofnunin auki eftirlit sitt varðandi þennan innflutning.

Það er svo margt sem flutt er til landsins t.d. leikföng úr alls kyns plastefnum, mjög eldfim og gefa af sér miklar eiturgufur. Í þessu máli er margs að gæta og ég ítreka þakkir mínar til hæstv. umhvrh. Vonandi verður tekið á þessu máli svo viðunandi sé. Ísland má ekki verða ruslakistu vafasamra húsgagna sem ekki fá innflutningsleyfi til annarra Norðurlanda.

[14:15]

**Útbýting þingskjals:**

Veiting ríkisborgararéttar, 582. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 989.

***Kjör og staða fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.***

Fsp. KHG, 516. mál. — Þskj. 887.

[14:16]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Þann 24. febrúar 1995 samþykkti Alþingi ályktun um skipan nefndar til að gera úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Í ályktuninni er ályktað að menntmrh. verði falið að láta gera úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Þar yrði í fyrsta lagi athugað hvort námsfólk er stundar nám fjarri heimabyggð verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og hvort Lánasjóður ísl. námsmanna taki sérstakt tillit til slíkra aðstæðna. Í öðru lagi átti að kanna hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð.

Menntmn. mælti einróma með því að þessi athugun yrði gerð og studdist við umsagnir allmargra aðila sem allir voru mjög jákvæðir og mæltu með henni. Meðal þeirra sem hvöttu til þess voru Tækniskóli Íslands, Samband iðnmenntaskóla, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag ísl. sérskólanema, Háskólinn á Akureyri, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Allir umsagnaraðilar töldu fyllstu ástæðu til að kanna stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð og taldi menntmn. mikilvægt að nemendum yrðu tryggðar jafnar aðstæður til náms svo sem kostur væri. Menntamn. lagði því til að sú tillaga sem nefndin hafði haft til umfjöllunar yrði samþykkt með þeirri breytingu sem hún lagði til. Tillagan sem þar er vitnað til var flutt af þremur hv. þingmönnum á 117. löggjafarþingi, Gunnlaugi Stefánssyni, Gísla S. Einarssyni og Sigbirni Gunnarssyni.

Í greinargerð með þeirri tillögu eru raktar röksemdir flutningsmanna fyrir málinu og óþarft að endurtaka það hér.

Í framhaldi af þessari ályktun sem gerð var fyrir þremur árum og liðlega það hef ég því ákveðið að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh. og grennslast fyrir um framvindu málsins. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Hver var niðurstaða úttektar á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð sem Alþingi samþykkti 24. febrúar 1995 að fela menntamálaráðherra að láta gera?

[14:19]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þegar sú þáltill. sem til er vísað var samþykkt var verið að vinna að því að samþykkja ný lög um grunnskóla. Síðan hefur Alþingi samþykkt ný lög um framhaldsskóla og einnig samþykkt breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Grunnskólinn hefur verið fluttur frá ríkinu til sveitarfélaganna og ýmsar breytingar hafa orðið á starfsemi grunnskóla, einkum á landsbyggðinni þar sem þeir hafa verið sameinaðir. Sveitarfélögin hafa gripið til annarra úrræða við rekstur grunnskólans heldur en gilti þegar tillagan var samþykkt.

Þetta hefur verið í mótun á undanförnum missirum. Þess vegna ákvað ég að óskynsamlegt væri að fara út í þessa úttekt á stöðu og högum nemenda fyrr en grunnskólalögin, framhaldsskólalögin og þær breytingar sem voru yfirvofandi á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna hefðu komið til framkvæmda. Nú hefur þetta allt gengið eftir og lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna tóku gildi sl. sumar.

Ég sé heldur ekki að í sjálfu sér sé það hlutverk nefndar að vinna að þessari úttekt. Þetta er rannsókn sem vinna þarf af aðilum sem til þess eru búnir. Þess vegna hef ég beitt mér fyrir samningum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, um að hún taki að sér að semja úttekt eða taka saman gögn um þetta og skila skýrslu til menntmrn. Miðað við framgang málsins eins og hann hefur verið á ég von á að slík skýrsla muni liggja fyrir í maí eða í maílok ef allt gengur samkvæmt áætlun.

Þannig verður að þessu máli staðið. Það á ekki að skipa nefnd en ég tel að engu að síður verði unnt að standa við þau fyrirheit sem gefin voru í þáltill. frá því í febrúar 1995. Þetta tekur einnig mið af þeim meginröksemdum sem hv. þm. vék að í máli sínu sem réttmætt og nauðsynlegt er að hafa í huga þegar mál af þessu tagi er skoðað.

Þannig verður tekið mið af nýju grunnskólalögunum, nýju framhaldsskólalögunum og þeim reglum sem gilda um lánveitingar úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mun semja skýrslu sem að sjálfsögðu verður send alþingismönnum þegar hún liggur fyrir.

[14:21]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þörfu máli. Aðstaða til náms skiptir sköpum í byggðaþróun. Á undanförnum árum hefur skilningurinn vaxið á því að jafna þurfi þessa aðstöðu. M.a. voru styrkir á fjárlögum hækkaðir í því skyni um 40% á yfirstandandi ári. Þeir voru hækkaðir lítillega á árinu þar á undan en það verður að halda áfram á sömu braut til frekari jöfnunar.

Ég vil undirstrika að nauðsynlegt er að hlutlæg úttekt fari fram á þessum málum. Ef Hagfræðistofnun háskólans á að gera þetta hef ég út af fyrir sig ekki athugasemdir við það. Þó er nauðsynlegt að hún leiti fanga sem víðast og geri vandaða úttekt á réttindum nemenda sem stunda nám fjarri heimabyggð. Réttindakaflinn í þessu skiptir miklu máli.

[14:23]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að vekja máls á þessu afar brýna hagsmunamáli dreifbýlisins, þ.e. jöfnun námskostnaðar. Það er vitað mál að mjög kostnaðarsamt er fyrir fólk að senda ungmenni langt frá heimilum sínum til mennta. Hér er um að ræða eitt af albrýnustu byggðamálum þessarar þjóðar.

Það er staðreynd að misrétti er talsvert í þessum efnum. Við höfum fengið mörg bréf frá sveitarstjórnum vegna þessa og t.d. hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps verið mjög ötul við að minna okkur á hve mikið misrétti er í þessum efnum. Eins og formaður fjárln. kom inn á erum við farnir að verja meiri peningum til jöfnunar og það er vel. Ég held þó að mjög brýnt sé að hæstv. menntmrh. standi fyrir því að gerð verði könnun á þessum málum.

[14:24]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Fyrir fjórum þingum síðan, hér í hinu háa Alþingi, var víðtæk samstaða um umrædda þáltill. Margir beðið óþreyjufullir eftir því að heyra hvað kæmi út úr starfi nefndar þeirrar sem þá var samþykkt að setja á stofn.

Skýringin á því að ekkert hafi gerst hefur komið fram í dag. Hæstv. núv. menntmrh. fannst óskynsamlegt að fara

eftir því sem samþykkt hafði verið á þingi í þessum efnum. Ég verð að segja að mér finnst þessi ákvörðun nokkuð mikið bráðræði af hæstv. ráðherra. Einu í þessari þáltill. er t.d. mjög brýnt að fá svar við og það er hver réttindi fólks af landsbyggðinni eru við nám í Reykjavík. Hver eru t.d. réttindi þeirra til húsaleigubóta eða annarra bóta ef það er skráð til heimilis annars staðar?

[14:25]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að leggja þessa fyrirspurn fram. Það hittist þannig á að ég, sem var meðflm. að þessari tillögu, hafði hugsað mér að leita eftir svörum í sama dúr. Ég gleðst því yfir því að þetta skuli vera fram komið.

Ýmsir þurfa að stunda nám fjarri heimabyggð þar sem ekki er boðið upp á viðkomandi námskost heima. Það hefur í för með sér mikinn kostnað og mikla röskun á persónulegum högum. Það er mjög alvarlegt ef sá sem er í námi fjarri heimabyggð nýtur ekki almennra réttinda. Því er alveg nauðsynlegt að láta þessa könnun fara fram og mér þykir miður að það skuli ekki hafa komist lengra en svo að hæstv. menntmrh. hefur nú ákveðið að láta fara fram könnun en betra er seint en aldrei.

Ég vona að þetta skýrist. Á borðum mínum og sennilega flestra þingmanna liggja athugasemdir um mismunun milli nemenda. Nemandi sem á heima í Ólafsvík og stundar nám í Fjölbrautaskóla Akraness nýtur ekki sömu réttinda og annar nemandi úr Ólafsvík sem er við nám á Laugarvatni. Það er athyglisvert.

[14:27]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég get alveg fallist á þau rök sem hæstv. menntmrh. lagði fram. Það er eðlilegt að bíða eftir því að ný lög taki gildi og láta úttekt fara fram þá. Að öðrum kosti mætti segja að úttektin væri gerð á úreltum forsendum. Ég vil hins vegar taka undir það sem hér kom fram, m.a. hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, um að skoða þurfi sérstaklega þátt húsaleigubóta. Það er þekkt að fjöldi ungs fólks breytir um heimilisfang og nánast flyst suður ef svo má að orði komast, einmitt vegna húsaleigubótanna. Þann þátt þarf að skoða vandlega.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því að nú hefur það færst töluvert í vöxt að nemendum sem áður nutu svonefnds dreifbýlisstyrkjar er nú vísað á Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er sérlega slæmt fyrir þá nemendur sem eru í verknámi en hyggja síðan á langskólanám að því loknu vegna ákvæða um hámarkslánstíma. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir breytingu á þeim þætti sérstaklega.

[14:28]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það væri fróðlegt fyrir okkur sem erum á okkar fyrsta kjörtímabili að fá að vita hvort það er viðurkennd venja, hér á hinu háa Alþingi, að ráðherra ákveði sjálfur hvort þær ákvarðanir sem þingið samþykkir komi til framkvæmda eða ekki. Er það viðtekið að ef ráðherra þyki óskynsamlegt að athuga mál, enda þó Alþingi hafi samþykkt svo, þá sé það ráðherrann sem ræður. Þetta hlýtur að vera einsdæmi. Þetta er mjög sérkennilegt, herra forseti.

Ég fæ ekki séð að þau rök sem ráðherrann færir fram, t.d. að til hafi staðið að breyta lögum, geti verið gild í þessu máli. Hér er einlægt verið að breyta lögum og lagaumhverfi þeirra ungmenna sem þurfa að stunda nám fjarri sinni heimabyggð, breytist árlega að ýmsu leyti. Þetta geta ekki verið frambærileg rök og við eigum ekki að samþykkja þau. Ef menn koma hér og segja: Þetta er bara allt í lagi eins og mér heyrist að stjórnarliðar hafi tilhneigingu til að gera, þá eru menn í rauninni að samþykkja það að ráðherrar fari með þau mál sem hér eru samþykkt nákvæmlega eins og þeim sýnist. Það er ekki boðlegt, herra forseti.

[14:30]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Fyrir liggur að verið er að vinna verkið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og ráðherra ætlar að niðurstaða liggi fyrir í lok maí. Ég vil segja þó um annað sem fram kom í svörum hæstv. ráðherra að ályktun Alþingis er auðvitað fyrirmæli til ráðherra. Ályktun Alþingis er ekki bænaskjal sem ráðherrar í ígildi konungs meta hvernig þeir fara með og mér þykir því miður að heyra hæstv. ráðherra segja að honum hafi fundist ályktun Alþingis að einhverju leyti óskynsamleg. Ég lýsi mig mjög andvígan því sjónarmiði ráðherrans sem er að vísu ekki einsdæmi af hálfu ráðherra. Ég minni á að ég spurði fyrr í vetur um framgang þingsályktunar sem samþykkt var hér fyrir tæpu ári þar sem sjútvrh. var falið að láta kanna hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu. Ráðherrann hafði ekkert gert í málinu, hafði ekki einu sinni haft fyrir því að láta stofnanir sem undir hann heyrðu vinna eitthvað að því og bar því við að Alþingi hefði ekki samþykkt fjárútlát til málsins við síðustu fjárlagagerð. Hann gleymdi að vísu að segja frá því að hann bað ekki um neina peninga. Auðvitað er óásættanlegt að ráðherrar ákveði sjálfir hvernig þeir meðhöndla ályktanir Alþingis.

Ég vil líka segja að ég fellst ekki á að rök hafi verið fyrir því að fresta aðgerðum í tæp þrjú ár, að til hafi staðið að breyta lögunum. Þá hefði úttektin vel getað tekið á því sem var og því sem yrði og hefði verið gott að það hefði verið gert og líka hitt að ég sé ekki hvað í þessum lögum hefur í raun og veru breytt þeim aðstæðum sem á að athuga þannig að þau hafa í sjálfu sér ekki fært nein rök fyrir því að fresta ætti athuguninni.

[14:32]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þegar menn lesa umræddа ályktun Alþingis frá 24. febr. 1995 sjá þeir að sjálfsögðu að menntmrh. hefur í einu og öllu farið að ályktuninni því að þar er honum falið að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks sem stundar nám fjarri heimabyggð. Engin tímamörk eru sett í ályktuninni og það sem gert hefur verið er að búa sem best í haginn fyrir því að úttektin geti skilað sem raunsönnustum niðurstöðum. Þess vegna taldi ég að það bæri að vinna að framgangi þeirra frv. og laga sem snerta þessa nemendur, þ.e. bæði í grunnskóla og framhaldsskóla, og einnig að því er varðar Lánasjóð íslenskra námsmanna sem er sérstaklega vikið að í ályktuninni, áður en farið væri að gera úttekt á því hvert væri umhverfi nemendanna. Allir menn sjá að þetta er alveg hreint í samræmi við ályktunina, ráðherranum eru ekki sett nein tímamörk og núna er búið að semja við aðila um að hann taki þetta verk að sér. Ég sé því ekki yfir hverju menn eru að kvarta í þessu efni. Úttektin mun liggja fyrir og skýrslan koma fram og ályktunin frá því 1995 í febrúar verður þar með framkvæmd. Hvergi er mælt fyrir um það í ályktuninni að úttektin skuli gerð innan ákveðins tíma. Það er látið í hendur ráðherrans að meta það, hann hefur gert það

og skýrslan mun lögð fyrir þingmenn þegar hún liggur fyrir.

### *Fjarkennsla Verkmenntaskólans á Akureyri.*

Fsp. HjÁ, 532. mál. — Þskj. 911.

[14:34]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Fyrir nokkru fóru fram á Alþingi ítarlegar umræður um gildi fjarkennslu fyrir íslenskt menntakerfi. Ég hygg að allir þeir sem tjáðu sig um málið hafi verið á einu máli um að fjarkennsla með tölvusamskiptum ætti eftir að valda tímamótum í námi og kennslu, ekki síst út frá sjónarmiðum jafnréttis til náms, byggðarsjónarmiði og einstaklingsmiðuðu námi. Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur á margan hátt verið brautryðjandi í að innleiða fjarkennslu hérlendis, ekki síst á framhaldsskólastigi, enda er það svo að nemendafjöldi í fjarnámi við skólann hefur hlaupið á um þremur árum úr tæpum 20 nemendum í tveimur áföngum í það að verða á síðustu önn 263 nemendur í 73 áföngum. Þetta er stórt stökk á stuttum tíma og mikilsvert. Það lýsir í raun og veru engu öðru en þörfinni fyrir fjarnámið og möguleikunum sem það felur í sér enda er það svo á að á síðustu önn munu nemendur hafa verið búsettir allt frá Namibíu til Mexíkós fyrir utan svo nemendur með búsetu víða um Ísland. Hið sama gildir um búsetu kennara en þeir munu búa í öllum landsfjórðungum. Fjarkennsla er einfaldlega þess eðlis að búseta kennara er þar aukaatriði. Athyglisvert er að lesa niðurstöður könnunar á viðhorfum nemenda í fjarnámi til námsins sjálfs en sú umsögn er í flesta staði afar jákvæð.

Herra forseti. Ekki þarf að fara fleiri orðum um mikilvægi fjarkennslu fyrir menntastig þjóðarinnar en eins og oft vill verða með nýjungar er kerfið í þess orðs víðustu merkingu seint að taka við sér. Gildir það einmitt um fjarkennsluna við Verkmenntaskólann á Akureyri. Þannig hafa fjárveitingar til þess þáttar í skólastarfinu ekki fylgt eftir hinu mikla stökki í aðsókn. Er nú svo komið að miðað við óbreytt ástand verða skólayfirvöld að hefja niðurskurð á þessum mikilvæga þætti. Það tel ég vera mikinn skaða því að þróunarstarf Verkmenntaskólans á Akureyri á sviði fjarkennslu er ómetanlegt fyrir framtíðina. Öll skref aftur á bak í þessum efnum eru varasöm og geta dregið úr þessum mikilvæga þætti. Ég tel að með fullgildum rökum megi halda því fram að fjarnámið við Verkmenntaskólann á Akureyri sé prófsteinn á framvindu þess þáttar á framhaldsskólastigi. Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja áframhaldandi þróun fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri.

[14:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég heyrði að hv. þm. breytti nú fyrirspurninni því að spurt var hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir aðgerðum í þágu Verkmenntaskólans en fyrirspurnin er ekki um það. Fyrirspurnin er um það hvort ráðherra ætli að beita sér fyrir aukafjárveitingu til Verkmenntaskólans á Akureyri. Talsverður munur er á þessu tvennu og einkennilegt að hafa þá ekki orðalagið samræmt milli hins ritaða texta og fyrirspurnarinnar sem fyrir ráðherra er lögð.

Í þessu efni er það svo að menntmrn. hefur staðið mjög að baki fjarkennslunni í Verkmenntaskólanum á Akureyri og lagt mjög mikið af mörkum til að það verkefni þróist. Það er enn þá tilraunaverkefni samkvæmt skilgreiningu ráðuneytisins og verður það til áramótanna 1998/1999. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að verkefnið er í þróun og verkefnið hefur vaxið hraðar en menn óraði fyrir. Það er meiri áhugi á þessu og því nauðsynlegt að huga vel að skipulaginu og taka mjög skipulega á öllum þáttum málsins. Það er það sem menntmrn. hefur einnig gert og nú er sérstakur hópur á vegum þess sem stendur saman á fjármálasviði ráðuneytisins, eftirlitssviði og upplýsingatæknisviði að fara yfir málefni Verkmenntaskólans og fjarkennslunnar þar á þeim forsendum að styrkja grunninn þannig að þetta verkefni komist af tilraunastigi og verði varanlegt verkefni í Verkmenntaskólanum á Akureyri sem hefur haft forustu á þessu sviði og á að hafa það. Hins vegar er eftirspurnin eftir þessu námi svo mikil að það er spurning hvort það er rétt að láta einn skóla sitja einan að því ef ég má orða það svo eða axla einan ábyrgðina á þessu mikla starfi. Það er matsatriði sem menn hljóta líka að líta á þegar það er ljóst að vöxturinn er svo mikill sem raun ber vitni. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða því að fjarkennslan á eftir að verða mun mikilvægari þáttur í skólastarfi okkar og t.d. í hinni nýju skólastefnu er lögð sérstök áhersla á upplýsinga- og tækninám, fjarkennslu og nýtingu tölvutækninnar í þágu allra nemenda. Hér er um mjög öra þróun að ræða og frumkvæðið á Akureyri sýnir að mikill áhugi er á þessu og mikill metnaður í skólanum þar og líka áhugi meðal nemenda og kennara að koma fram með nýjungar á þessu sviði. Varla líður sá viðtalstími sem ég efni til í ráðuneytinu án þess að menn komi og bjóði fram krafta sína og kynni nýjar hugmyndir til að nýta hina nýju tækni í þágu skólastarfs. Að því er varðar þetta, eins og ég segi, er eindreginn vilji minn að þetta fái að þróast áfram við Verkmenntaskólann á Akureyri og tekið verði þannig á málum að það verði litið á allt skipulagið og hvað það er sem þarf að gera til að þróunin stöðvist ekki. Einnig er nauðsynlegt að huga að tengslunum við aðra skóla og jafnframt að átta sig á því að þarna er um kjaramál kennara að ræða sem hefur ekki verið leyst úr, þ.e. að kjarasamningar um þennan þátt í störfum kennara hafa ekki tekist og menntmrn. hefur skilgreint afstöðu sína í því máli og viðræður hafa farið fram milli aðila um þann þátt þessa mikilvæga máls. Það er því eins og alltaf þegar um nýjungar í skólastarfi er að ræða að þá er í mörg horn að líta og margar hliðar mála sem upp koma sem menn þurfa að taka afstöðu til og það hefur reynt á þá þætti alla varðandi þetta starf við Verkmenntaskólann á Akureyri. Á þessum grunni verður síðan tekin afstaða til fjárveitinga til verkefnisins, og metið hver fjárþörfin er. Fjárveitingar til Verkmenntaskólans á Akureyri hækka milli áranna 1997 og 1998 um 37 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til þeirrar hækkunar sem leiðir beinlínis af launahækkunum kennara og raunar hefur sá kostnaðarauki fyrir framhaldsskólana sem felst í launahækkunum kennara ekki verið metinn til fulls. Svo er það hlutur Verkmenntaskólans að forgangsraða þessum fjármunum í þágu einstakra verkefna en það er alveg ljóst að menntmrn. er reiðubúið til að vinna að því með skólanum að styrkja forsendurnar fyrir fjarkennslunni og taka á því í samræmi við þá miklu eftirspurn og þann mikla metnað sem ríkir á þessu sviði innan skólans.

[14:42]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég bið um orðið er út frá þeirri fyrirspurn sem er á skjalinu sem var dreift og

er þess efnis hvort ráðherra muni beita sér fyrir aukafjárveitingu til Verkmenntaskólans á Akureyri. Mig undraði svolítið þessi spurning, sem hefur reyndar komið oft upp þegar hæstv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eiga að beina ýmsum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, að það skuli í raun og veru ekki vera á hreinu hver fer með fjárveitingavaldið. Það er hjá Alþingi, hvort sem um er að ræða afgreiðslu fjárlaga hvers árs, eða aukafjárveitinga og þess vegna eðlilegt að þingmenn beiti sér fyrir því á þeim vettvangi að aukafjárveitingar fáist til þeirra verkefna sem þeir telja þess virði.

[14:43]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég heyri á máli hæstv. ráðherra að hann telur tímabært að fara að skipuleggja hér fjarkennslu. Í haust þegar við ræddum tillögu sem ég var 1. flm. að, sem var um að nýta fjarkennslu til að jafna aðstöðu til náms, var helst á hæstv. ráðherranum að heyra að ekki mætti skipuleggja þessi mál um of og þar fannst mér, herra forseti, að hann ruglaði dálítið saman, annars vegar því að hagnýta tölvutækni á Íslandi og hins vegar því að nýta tæknina skipulega til að jafna aðstöðu til náms með fjarnámi. Ég er ánægð með það ef hæstv. ráðherrann er búinn að átta sig á því að það þarf að móta stefnu í þessu máli og að það þarf síðan að fylgja þeirri stefnu eftir með fjármunum. Stundum hefur okkur fundist að hvort tveggja mætti vanta að mati hæstv. ráðherrans. En aðeins vegna þess sem hann talaði um áðan, að skólar sætu einir að, veit ég ekki betur en Verkmenntaskólinn á Akureyri hafi verið skilgreindur sem kjarnaskóli hvað fjarkennslu varðar og eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda er þetta fyrst og fremst spurning um skipulag af hálfu kjarnaskóla, af hálfu móðurskóla vegna þess að nemendur og kennarar geta í sjálfu sér verið hvar sem er.

[14:45]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og öðrum þeim sem þátt tóku í umræðunni. Fyrst vil ég bregðast við athugasemd hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Það er ekki óeðlilegt að umræða um fjarnám, sem er nýjung og þróunarstarf, fari fram hér sem fyrirspurn til hæstv. menntmrh. Það er jú menntmrn. sem fer með menntamálin.

Það er fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli hafa gengið í málið. Af svörum hans má skilja að vel sé fylgst með í þessum efnum. Þar koma að þau ráðuneyti sem við eiga og ég trúi því að hann muni leiða það til farsælla lykta. Ég ítreka það hversu mikið gildi fjarkennslan hefur að öllu leyti. Ég trúi því að hún eigi eftir að verða snar þáttur í kennslu á 21. öldinni og bjóða nemendum á öllum aldri upp á mikinn sveigjanleika, bæði í grunnnámi og ekki síður í endurmenntun. Þá árétta ég eðli fjarkennslunnar, nefnilega það að vera óbundna tíma og rúmi. Einstaklingurinn á að geta lært á þeim tíma sem honum hentar, með þeim hraða sem honum hæfir og þar fram eftir götunum.

Þó fjármál Verkmenntaskólans á Akureyri verði leyst núna þá óttast ég að vöxtur á þessu sviði verði svo hraður að fljótlega komi upp svipuð staða. Fjárskortur má einfaldlega ekki verða til þess að hefta eðlilega þróun á þessu mikilvæga sviði kennslunnar. Ég vil því spyrja hvort hæstv. menntmrh. gæti hugsað sér að beita sér fyrir nýjum framhaldsskóla sem eingöngu yrði byggður á fjarkennslu. Með því móti væri staða slíks náms tryggð með sérstöku fjárlaganúmeri. Þar með gæfist kostur á að fylgja þróuninni eftir. Kosturinn við slíkan sjálfstæðan fjarkennsluskóla er m.a. sá að hann krefst nánast einskis húsnæðis og fjármunir til hans færu nánast eingöngu til beinnar kennslu. Ég teldi ekki óeðlilegt að slíkur sjálfstæður fjarkennsluskóli yrði til upp úr fjarkennslusviði Verkmenntaskólans á Akureyri.

[14:47]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur vil ég aðeins taka það fram að menntmrn. mótaði stefnu í upplýsinga- og tæknimálum í þágu menntunar og menningar undir heitinu „Í krafti upplýsingar", strax í ársbyrjun 1996. Þar er tekin afstaða til mikilvægis fjarkennslu í skólum. Ráðuneytið þarf því ekki að móta neina stefnu í þessu eða skipa nefndir til þess að fjalla um það.

Varðandi útfærsluna á stefnunni þá er það rétt að við höfum sérstaklega skilgreint þetta verkefni við Verkmenntaskólann á Akureyri og hann hefur stundað tilraunastarf. Það er hins vegar ekki rétt að hann hafi verið útnefndur kjarnaskóli, enda hefur enginn kjarnaskóli verið útnefndur í skólakerfinu. Þar eru starfsmenntabrautir, og við þurfum að bíða eftir tillögum frá starfsgreinaráðum varðandi útnefningu á kjarnaskólum. Og það er aðeins í starfsnámi, eins og þeir sem þekkja framhaldsskólalögin vita, sem um kjarnaskóla er að ræða. Hins vegar hefur þessi skóli fengið þetta sérstaka verkefni og menntmrn. hefur ekki samþykkt að fjarkennsla væri tekin upp undir formerkjum annarra skóla.

Hins vegar er rétt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að spurningin er: Hvernig á að þróa þetta verkefni þegar fram líða stundir? Hvað kennir reynslan okkur? Þetta er ekki staðbundið, hvorki nemendurnir né kennararnir. Þetta er fyrst og fremst spurning um að miðla góðum upplýsingum, taka við þeim og meta þær síðan í þágu nemendanna. Verður þetta skóli sem einungis er á framhaldsskólastigi eða sambland af framhaldsskólastigi, grunnskólastigi og háskólastigi?

Á Austfjörðum er t.d. krafa um að framhaldsskólarnir bjóði í fjarkennslu endurmenntun sem tengist háskólanámi. Eins er það hluti af hinni nýju skólastefnu að tengsl verði á milli grunnskólans og framhaldsskólans um sérhæfingu, þar sem fjarkennslan mundi einnig nýtast mjög vel. Við sjáum því að skilin á milli einstakra skólastiga hafa raskast að vissu marki og þess vegna hvorki skynsamlegt að binda sig við eitt skólastig né eina skólastofnun. Skárra er að horfa á landið í heild og taka síðan ákvarðanir í samræmi við það.

## *Þjónusta geðlækna í fangelsum.*

Fsp. MF, 527. mál. — Þskj. 904.

[14:50]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það hefur löngum verið skortur á því að í fangelsum landsins væri þjónusta geðlækna þótt gert hafi verið ráð fyrir því frá upphafi í lagasetningu, alveg síðan 1974 þegar sett voru lög um ríkisfangelsi. Þar voru sérstök ákvæði um þjónustu við ósakhæfa geðsjúklinga, ósakhæfa afbrotamenn, sem var breytt síðar þegar ný lög voru sett um fangelsi og fangavist 1988. Þegar þau voru sett mátti ekki vista ósakhæfa geðsjúklinga í fangelsum samkvæmt þeim. Jafnframt var kveðið á um það að geðsjúkir fangar sem og aðrir sjúklingar í fangelsum ættu rétt á eðlilegri og sjálfsagðri

heilbrigðisþjónustu. Þar með er talin sérhæfð þjónusta eins og þjónusta geðlækna.

Á þessu hefur verið verulegur misbrestur og reyndar var ekki tekið sérstaklega á málum ósakhæfra geðsjúklinga í töluverðan tíma eftir að þessi lög um fangelsi og fangavist voru sett 1988. Svo var ekki fyrr en réttargeðdeildin að Sogni var stofnsett. Eins og kemur fram í nýlegri skýrslu um starfsemina sem staðið hefur í fimm ár þá hefur réttargeðdeildin á Sogni þjónað sínu hlutverki afar vel.

Fyrir rétt rúmu ári síðan var gerður sérstakur samningur við Sjúkrahús Suðurlands þess efnis að það tæki við rekstri réttargeðdeildarinnar að Sogni. Í yfirlýsingum sem þá voru gefnar var talað um að geðlæknir sem ráðinn yrði að Sogni mundi jafnframt þjóna sem geðlæknir á Suðurlandi og við fangelsið að Litla-Hrauni.

Eftir því sem ég best veit hefur ekki verið gengið frá samningi um að veita slíka þjónustu við fangelsið að Litla-Hrauni. Ég hef þess vegna á þskj. 904 lagt fram fyrirspurn til heilbrrh. hæstv. um þjónustu geðlækna í fangelsum, þar sem spurt er:

1. Hefur verið gengið frá formlegum samstarfssamningi um þjónustu geðlæknis á Sogni, Sjúkrahúsi Suðurlands og í fangelsinu að Litla-Hrauni? Ef svo er, hvað felst í þeim samningi?

2. Hefur verið gerður sérstakur samningur um þjónustu geðlækna í öðrum fangelsum? Ef svo er, hvað felst í þeim samningum?

Þeirri spurningu er beint til hæstv. ráðherra m.a. vegna þess að fyrir ekki löngu síðan var undirritaður samningur milli yfirmanna fangelsismála og heilbrrn. þess efnis að heilbrrn. sæi um að veita ákveðna heilbrigðisþjónustu í fangelsunum.

[14:53]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Svar við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur er svohljóðandi: Um áramót var lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, breytt á þann veg að í þeim eru ákvæði sem segja að í fangelsum skuli fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir. Jafnframt bætist við ákvæði þess efnis að að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun sjái heilbr.- og trmrn. um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

Þá bætist nýr málsliður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117 frá 1993. Þar kemur fram að fangar skuli njóta sjúkratrygginga annarra en sjúkradagpeninga samkvæmt almennum reglum sem um það gilda.

Fangelsismálastofnun gerði samning um læknaþjónustu við fangelsið að Litla-Hrauni í janúar 1997. Þjónustan felst í reglulegum læknisvitjunum tvisvar í viku ásamt útköllum ef á þarf að halda. Læknirinn hefur eftir atvikum vísað föngum á þjónustu sérfræðilækna, þar með talið geðlækna. Um áramótin þegar heilbr.- og trmrn. tók yfir heilbrigðisþjónustu við fanga komust aðilar að samkomulagi um að starfa tímabundið samkvæmt samningnum.

Af hálfu ráðuneytisins er unnið að gerð samnings við Heilbrigðisstofnun Selfoss um heilbrigðisþjónustu við fanga að Litla-Hrauni. Með tilkomu samningsins mun Heilbrigðisstofnun Selfoss sjá um alhliða heilbrigðisþjónustu við fanga að Litla-Hrauni, þar með talið geðlæknisþjónustu. Eins og fram kom í fsp. hv. þm. þá tók Heilbrigðisstofnun Selfoss yfir reksturinn á Sogni um áramótin 1997.

Önnur spurning hv. þm. var svohljóðandi: Hefur verið gerður sérstakur samningur um þjónustu geðlækna í öðrum fangelsum? Ef svo er hvað felst í þeim samningum?

Í júní 1996 gekk í gildi samningur milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Heimilislæknastöðvarinnar Lágmúla 4, um almenna læknisþjónustu ásamt sérfræðiþjónustu, þar með talið geðlæknisþjónustu í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi. Um áramótin, þegar heilbr.- og trmrn. tók yfir heilbrigðisþjónustu við fanga, komust aðilar að samkomulagi að starfa áfram samkvæmt samningnum. Af hálfu ráðuneytisins er unnið að gerð sambærilegs samnings við Heimilislæknastöðina að Lágmúla 4.

Heilbrigðisþjónustu við fanga í Ríkisfangelsinu á Akureyri er sinnt af héraðslækninum á Norðurlandi eystra ásamt heilsugæslulæknum á svæðinu. Læknarnir hafa vísað föngum á sérfræðiþjónustu eftir atvikum, þar með talið þjónustu geðlækna sem starfa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

[14:56]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er mjög sérstakt að gera þurfi sérstakan samning um heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum landsins. Það er merkilegt að það skuli ekki hafa verið fullkomlega eðlilegur réttur þeirra eins og annarra þegna landsins, að fá fullkomna heilbrigðisþjónustu. Ég hef út af fyrir sig aldrei skilið þá afstöðu sem fram hefur komið hjá Tryggingastofnun ríkisins eða heilbrrn. þess efnis að hreilbrrn. eða Tryggingastofnun beri ekki að taka þátt í greiðslum vegna sérfræðiþjónustu við fanga á sama hátt og aðra þá sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda.

Skipulögð geðþjónusta við fanga í fangelsum landsins hefur aldrei verið og mér sýnist að þessir samningar feli það ekkert frekar í sér. Það hefur ítrekað komið fram hjá þeim geðlækni sem nú sinnir störfum á Sogni að hann telji gjörsamlega útilokað að taka að sér þjónustu við Sjúkrahús Suðurlands og jafnframt þjóna föngum á Litla-Hrauni. Hann telur það útilokað nema til komi aukinn fjöldi starfsmanna og staða geðlæknis að Sogni til viðbótar við það sem er í dag.

Úr því að það er nú loksins komið á hreint að heilbrrn. eða yfirmenn heilbrigðismála eigi að sjá til þess að þessari þjónustu sé sinnt í fangelsunum, þá bið ég hæstv. heilbrrh. að koma því á að þarna verði skipulögð geðheilbrigðisþjónusta fyrir fanga í fangelsum hvar sem er á landinu. Ég fullyrði að heilbrigðisþjónustan á Litla-Hrauni er ekki í góðu lagi í dag. Þar þarf að taka verulega á og skoða þær þarfir sem eru til staðar og þá sérstaklega á sviði geðheilbrigðismála.

[14:59]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurlands fyrir að taka þetta mál upp hér á Alþingi. Ég tel mjög mikilvægt að við ræðum þessi mál, og kannski út frá spurningunni: Hvernig viljum við meðhöndla fanga í fangelsi? Hvað vill samfélagið fá út úr því að hafa fanga í fangelsum og hvernig viljum við meðhöndla fanga? Lítum við á fangelsi sem geymslustaði? Lítum við á fanga sem venjulegt fólk sem á rétt á sömu þjónustu og aðrir?

Ég held einmitt að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafi vakið máls á mjög eftirtektarverðu máli og full ástæða til að leggja við hlustir og kalla fram stefnu hæstv. heilbrrh.

almennt í því hvernig hún hyggst framfylgja því lagaákvæði að sinna læknisþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og jafnvel sálfræðiþjónustu við fanga. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi fram í þessari umræðu hver stefna heilbrrn. er í þessum málum. Ég held að það sé mjög mikilvægt og ég ítreka þakkir til þingmannsins.

[15:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Með þeim lagabreytingum sem urðu um áramótin 1988 urðu sjúklingar eða fangar fyrst sjúkratryggðir eins og almennt gerist og það var mjög mikilvægt skref. Eftir að það gerðist er verið að vinna að samningum við læknastöðvar almennt varðandi þjónustu við fanga.

Hv. þm. kom einmitt inn á þá þjónustu sem veitt er á Litla-Hrauni sem hún telur ekki nægilega. Ég er sammála því og það er þess vegna sem við erum að vinna að bættri þjónustu þar og víðar. Á Litla-Hrauni hafa fangar fengið að undanförnu vist á Sogni til að fá geðlæknisþjónustu, þannig að stefnan í þessum málum er skýr. Hún er sú að fangar fái sömu þjónustu og almenningur.

## *Fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga.*

Fsp. MF, 528. mál. — Þskj. 905.

[15:02]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Á þskj. 905 hef ég lagt fram fimm fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh. um fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga. Ég verð að viðurkenna strax, hæstv. forseti, að ég hélt að við þessari fyrirspurn hefði verið beðið um skriflegt svar því hún er afar viðamikil. Það var ekki fyrr en í morgun að ég komst að því að svo var ekki. Það er því e.t.v. erfitt að svara öllum þessum liðum á tiltölulega stuttum tíma.

Nýlega hefur verið skilað skýrslu um fimm ára starfsemi réttargeðdeildarinnar á Sogni. Þar má m.a. sjá að það starfsfólk sem þar hefur starfað á þessum tíma hefur unnið að mínu mati hreint kraftaverk. Skýrslan sýnir okkur að fjórir sjúklingar hafa verið útskrifaðir frá Sogni á þessu fimm ára tímabili. Þá hafa jafnframt, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan, fimm sjúklingar komið þar til meðferðar frá Litla-Hrauni, aðeins þó brot af þeim einstaklingum sem þyrftu á þeirri meðferð að halda. Er það þá fyrst og fremst vegna þess að húsnæðið býður ekki upp á það að fleiri geti notið þessarar þjónustu og þaðan af síður fjöldi starfsmanna.

Í skýrslunni er farið yfir aðdragandann, yfir söguna og síðan er niðurstaðan dregin saman og bent á hvað þurfi í raun og veru að gera til þess að sú starfsemi megi dafna með þeim hætti sem þörf er fyrir í okkar þjóðfélagi eins og alls staðar annars staðar. Réttargeðlækningar hafa alls staðar annars staðar en á Íslandi hlotið mjög verðugan sess í heilbrigðisþjónustunni og innan dómskerfisins, miklu verðugri sess en við höfum séð sóma okkar í.

Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að þar eru nokkur atriði tíunduð sérstaklega sem þurfi að taka á. Í fyrsta lagi þurfi að fjölga starfsmönnum verulega, fagfólki á Sogni, frá því sem nú er. Það þurfi að ráða þar aðstoðarlækni í hlutastarf, það þurfi sálfræðing og iðjuþjálfa, sem fyrir nokkru síðan var látinn fara, félagsráðgjafa þurfi og gera þeim sem þar dvelja kleift að stunda nám umfram það sem er í dag.

Þá er tekið alveg sérstaklega á framkvæmd eftirmeðferðar sem er með mjög sérstöku móti. Þessir fjórir einstaklingar sem hafa verið útskrifaðir frá réttargeðdeildinni eða eru lausir úr öryggisgæslu réttargeðdeildar, eru allir dæmdir til eftirmeðferðar. Þeir verða að fá eftirmeðferð. Því hefur verið framfylgt en af því hefur hlotist mjög mikill kostnaður og ekki er heldur til nægjanlegur fjöldi starfsfólks til að sinna þeirri eftirmeðferð og ekki hefur verið komið á fót göngudeild fyrir þennan hluta þjónustunnar.

Ég hef því í framhaldi af niðurstöðu þessarar skýrslu lagt fram þær fyrirspurnir sem eru á þskj. 905 og hæstv. ráðherra mun fara yfir.

[15:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr um fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga. Spurningar þingmannsins eru margar, enda kom fram í máli hennar áðan að hún ætlaði að fá skrifleg svör við þessari fyrirspurn, en ég skal reyna að svara þeim fyrirspurnum sem lagðar eru fyrir mig.

Fyrsta spurning hv. þm. er hvort ráðherra muni beita sér fyrir nauðsynlegri fjölgun fagfólks við réttargeðdeildina að Sogni í ljósi niðurstöðu nýlegrar skýrslu um starfsemi deildarinnar.

Það er rétt að benda á að skýrsla sú sem til er vitnað er greinargerð sem starfsfólk Sogns vann yfir fimm ára starfsemi deildarinnar, sýn starfsfólks á framtíð stofnunarinnar og í henni kemur fram sú skoðun að fjölga þurfi starfsfólki við deildina.

Á síðustu þremur árum hafa fjárveitingar til Sogns hækkað um 12 millj. kr., eru 83,7 millj. á yfirstandandi ári.

Frá upphafi hefur svipaður fjöldi verið í meðferð á Sogni, sex til sjö sjúklingar en fjórir sjúklingar hafa verið útskrifaðir og hefur starfsfólk á Sogni haft með höndum eftirmeðferð þriggja þeirra. Hins vegar er ljóst að með auknum fjölda skjólstæðinga verður að fjölga því fagfólki sem vinnur að þessum málum. Ráðuneytið og landlæknisembættið eru sameiginlega að vinna að því að móta tillögur um með hvaða hætti eftirmeðferð og hliðarþjónustu við skjólstæðinga stofnunarinnar verður fyrir komið og mun ég bíða eftir niðurstöðu þeirrar vinnu.

Önnur spurning hv. þm. er hvernig staðið sé að framkvæmd eftirmeðferðar þeirra sjúklinga sem eru lausir úr öryggisgæslu réttargeðdeildarinnar og hljóta dóm um eftirmeðferð og eftirlit sem innt skal af hendi af fagfólki deildarinnar.

Sjúklingar eru leystir úr öryggisgæslu á Sogni með úrskurði héraðsdóms. Dómstólar hafa í úrskurðum sínum um afléttingu öryggisgæslu sett skilyrði um áframhaldandi meðferð og eftirlit og þannig lagt á herðar stofnunarinnar skyldur gagnvart sjúklingum sem útskrifaðir hafa verið.

Nú hafa þrír sjúklingar sem leystir hafa verið undan öryggisgæsludómi hlotið eftirmeðferð á Reykjavíkursvæðinu. Læknismeðferð þeirra er í höndum yfirlæknis og fyrrverandi yfirlæknis. Hjúkrunarfræðingar Sogns gefa þeim sjúklingum forðalyfjasprautur. Sálfélagslegir þættir eftirmeðferðarinnar eru í umsjá félagsráðgjafa Sogns svo og samskipti við aðstandendur. Svokallaðir kontaktmenn úr hópi gæslumanna heimsækja sjúklingana reglulega til eftirlits og þeim til stuðnings. Einn fyrrverandi sjúklingur frá Sogni nýtur endurhæfingar og eftirlits á vegum yfirlæknis geðdeildar

Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem hefur tengsl varðandi starfið á Sogni og hefur verið þar í tengslum frá upphafi.

Þriðja spurning hv. þm. er hvort sérstök fjárveiting sé áætluð til eftirmeðferðar og hvernig sú fjárveiting skiptist.

Fjárveitingar til Sogns hafa farið vaxandi, eins og kom fram í upphafi máls míns, allt frá árinu 1993 þegar stofnunin var komin í fullan rekstur. Á síðustu þremur árum hefur fjárveiting til Sogns hækkað um 12 millj. kr. og samkvæmt fjárlögum 1998 er fjárveitingin 83,7 millj. kr. Fjármagn til eftirmeðferðar sjúklinga er innifalin í heildarframlögum til stofnunarinnar en kostnaður við eftirmeðferð hefur að mestu fallið á Sogn en einnig að hluta til á aðrar stofnanir, bæði á Tryggingastofnun ríkisins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Hv. þm. spyr í fjórða lagi hvort ráðherra muni beita sér fyrir uppbyggingu sérhæfðrar göngudeildar og meðferðarheimilis til eftirmeðferðar fyrir þessa sjúklinga.

Í janúar sl. áttu fulltrúar ráðuneytisins og aðstoðarlandlæknir fund með yfirmönnum og fagfólki á Sogni um reynslu þeirra, vandamál og tillögur í framhaldi af fimm ára starfsemi stofnunarinnar. Ráðuneytið og embætti landlæknis eru að vinna tillögur um hvernig unnt er að standa að eftirmeðferð og hvort um verði að ræða tengsl við göngudeildir sjúkrahúsa, sérhæft meðferðarheimili eða eins konar sambýlisform. Í því sambandi verður einnig að tryggja nauðsynlega faglega þjónustu, tengsl við Sogn og félagslega kerfið. Þar eð (Forseti hringir.) slík úrræði kunna að falla undir félagslega kerfið og lög um málefni fatlaðra mun ég leita til félmrh. um að koma að þeirri vinnu.

Ég er ekki nærri búin að svara fyrirspurn hv. þm. en tími minn er búinn.

[15:11]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það hefur háð mjög störfum réttargeðdeildarinnar að Sogni, sem reyndar á víst ekki að kalla því nafni, að ekki eru til skýrar reglur hvað hana varðar um nánast flestalla þætti þeirrar starfsemi. Ef ég aðeins drep niður í þessa greinargerð sem ekki er unnin eingöngu af starfsfólki, það eru aðrir sem komu að á þeim sérsviðum, þ.e. geðlæknisþjónustu, þá segir þar að ekki hafi fengist samþykktar reglur um að Sogn sæi um eftirmeðferð og eftirfylgd útskrifaðra sjúklinga þrátt fyrir að stofnunin sinni því verkefni þá þegar, og það sé mjög slæmt fyrir sjúklingana. Síðan segir í greinargerðinni, sem er alveg með ólíkindum, að ferðakostnaður eftirmeðferðar sjúklinga Sogns sem eru búsettir á Reykjavíkursvæðinu fellur á þá sjálfa og Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki fallist á að taka þátt í þeim greiðslum vegna þess að hún telur að þessa þjónustu megi veita í Reykjavík. Það er mat Tryggingastofnunar ríkisins að þjónustuna megi veita í Reykjavík þó sérþekkingin sé öll á Sogni og þaðan eigi eftirmeðferðin samkvæmt dómi að eiga sér stað. Í greinargerðinni segir:

„Það mat Tryggingastofnunar er e.t.v. ekki undarlegt í ljósi þess að heilbr.- og trmrn. hefur hvergi getið þess eða formlega ákveðið að eftirmeðferð ósakhæfra geðsjúklinga skuli fara fram né heldur hvar hún skuli fara fram.“ Síðan segir líka: „Heilbrigðiskerfið hefur hvergi gert ráð fyrir fjárveitingu né aðstöðu til að framkvæma þessa þjónustu,“ þ.e. eftirmeðferðina. Hvorki dómsmrn. né heilbrrn. hafa svo vitað sé hugmyndir um hvar og hvernig verkefninu skuli sinnt. Fyrsti sjúklingurinn var útskrifaður 1994, dæmdur til eftirmeðferðar. Síðan eru liðin fjögur ár og enn vita þessi hv. ráðuneyti ekki hvernig eða hvar eftirmeðferðinni skuli sinnt.

[15:14]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Réttargeðdeildin að Sogni er ung stofnun, fimm ára gömul stofnun og starfsemi þar hefur verið að þróast og eflast. Þegar sú stofnun var sett á laggirnar, áttu menn ekki von á því að svo hröð útskrift mundi eiga sér stað sem raun ber vitni. Það sýnir auðvitað að þarna á sér stað afburðagott starf. En við höfum mætt þessu með auknum fjárveitingum til heimilisins eða starfseminnar vegna þess að mikilvægt er eins og kom fram hjá hv. þm. áðan að eftirmeðferðin sé frá Sogni því að þar er kunnáttan og þar er fagmennskan. Við höfum því mætt þessu með auknum fjárveitingum.

Varðandi aðra liði, sem hv. þm. kom inn á, þá er þetta samspil þriggja ráðuneyta, dómsmrn., heilbrrn. og nú félmrn. Næstu skref sem stigin eru varðandi sambýli eða aðra slíka þjónustu fyrir útskrifaða sjúklinga verða tekin en þau verða ekki tekin hratt vegna þess að þessi starfsemi er í mikilli þróun. Þegar starfsemin var sett á stofn höfðu margir miklar efasemdir um hana en hún hefur sannað gildi sitt svo rækilega að það er mjög mikilvægt að næstu skref séu tekin varlega og mjög faglega.

## *Ríkisstyrktar kaupskipaútgerðir á Norðurlöndum.*

Fsp. GHall, 513. mál. — Þskj. 884.

[15:16]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Á þskj. 884 hef ég lagt fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. um ríkisstyrktar kaupskipaútgerðir á Norðurlöndum. Spurningarnar eru svohljóðandi:

Í fyrsta lagi: Hver eru ríkisframlög til kaupskipa sem skráð eru og gerð út annars staðar á Norðurlöndum?

Í öðru lagi: Er veittur ríkisstyrkur í einhverju formi til íslenskra kaupskipaútgerða?

Ástæða fyrirspurnar minnar er sú, herra forseti, að íslenski kaupskipastóllinn fer sífellt minnkandi. Þær breytingar skipta nú ekki sköpum en þó skiptir auðvitað máli að sem flest kaupskip í reglubundnum siglingum til og frá Íslandi séu undir íslenskum fána. Flestar þjóðir á Norðurlöndunum leggja mikið upp úr því að eiga öflugan kaupskipaflota sem siglir undir þjóðfána þeirra landa.

Ekki er langt síðan fram kom að norskar kaupskipaútgerðir njóta skattfríðinda ef þær ráða norska sjómenn á sín skip og leiddi það til þess að þegar samgrh. flutti ræðu hér vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu í september 1992, þá kom hann m.a. inn á það, með leyfi hæstv. forseta, og sagði:

„Væntanlega þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér hve mikilvægt er fyrir Íslendinga að við verðum hluti af því umhverfi í samgöngumálum sem gengur í garð í Evrópu 1. sept. nk. Þar gildir einu hvort fjallað er um land-, loft- eða sjóflutninga. Íslendingar eru ekki einir á þessu sviði heldur þurfa þeir að vinna í samstarfi við aðra.“

Hann nefnir grundvallaratriði í þremur liðum, þ.e. í fyrsta lagi frelsi til að láta í té þjónustu, í öðru lagi afnám hindrana fyrir frjálsri samkeppni og í þriðja lagi afnám ríkisstyrkja, eflingu öryggis- og mengunarvarna. Hann segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginreglan í sjóflutningum er frelsi til siglinga. Það er án afskipta ríkisvaldsins en stefnumótun hins Evrópska efnahagssvæðis miðast að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar aðildarríkja undir eigin þjóðfána og auka hlutdeild aðildarríkjanna í alþjóðlegri kaupskipaútgerð. Kaupskipafloti aðildarríkjanna er stór en hefur að miklum hluta verið skráður undir þægindafánum. Þessu vilja menn breyta."

Þessi fyrirspurn er lögð fram vegna þess að fram hefur komið að Hollendingar leggja nú mikið upp úr innflöggun kaupskipa, þ.e. að fá kaupskip undir hollenska fána og leggja mikið undir og upp úr því. Samkvæmt þarlendum lögum sem nýlega hafa verið sett er hollenskum útgerðarmönnum heimilt að ráða fólk allra þjóða á þessi hollensku skip og þar eru nú greidd laun, meðallaun til háseta, 435 dollarar á mánuði sem eru nánast 30 þúsund kr. og sýnist mér nú að Hollendingar séu að fara heldur betur á skjön við það sem hér var getið í upphafi er við ræddum um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

[15:20]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Spurning hv. þm. er tvíþætt. Í fyrsta lagi: Hver eru ríkisframlög til kaupskipa sem skráð eru og gerð út annars staðar á Norðurlöndum?

Samkvæmt upplýsingum Siglingastofnunar um helstu ríkisstyrki á Norðurlöndum til kaupskipaútgerða er þetta að segja: Upplýsingar um ríkisstyrki í Noregi eru fengnar frá ýmsum áttum, þar með töldum lögum þeirra og fréttatilkynningum. Upplýsingar um ríkisstyrki Norðurlanda sem jafnframt eru aðildarþjóðir Evrópubandalagsins, eru m.a. fengnar úr gagnabanka Evrópubandalagsins og eru tölurnar frá árinu 1997 og 1998. Vitað er að mörg Evrópubandalagslönd vinna nú að endurskoðun ríkisstyrkja til kaupskipaútgerða með hliðsjón af leiðbeiningum Evrópubandalagsins frá því í júlí 1997 um ríkisstyrki, og bendir flest til þess að þeir muni aukast í næstu framtíð meðal bandalagsþjóðanna.

Um Danmörk er þetta að segja: Farmenn á dönskum kaupskipum sem skráðir eru á dönsku alþjóðlegu skipaskrána eru undanþegnir tekjuskatti. Útgerðir skipa sem skráð eru á alþjóðlegu dönsku skipaskrána greiða lægra tryggingagjald fyrir hvern starfsmann en útgerðir skipa sem skrá skip sín á almennu dönsku skipaskrána.

Um Noreg er þetta að segja: Norska ríkisstjórnin veitti 339 millj. norskra króna árið 1997 til þess að endurgreiða útgerðum norskra skipa tekjuskatt og tryggingagjöld norskra farmanna. Skip í norsku skipaskránni og alþjóðlegu norsku skipaskránni, NOR og NIS, sem uppfylla norskar öryggiskröfur, geta fengið hluta launakostnaðar vegna norskra ríkisborgara endurgreiddan. Miðað er við að peningarnir dugi fyrir allt að 19% launakostnaðar útgerða vegna norskra starfsmanna. Norska ríkisstjórnin veitti árið 1997 um 75 millj. norskra króna til að endurgreiða útgerðum skipa í norsku alþjóðlegu skipaskránni NIS hluta launakostnaðar farmanna í lærlingsstöðum og í stöðum lægri yfirmanna. Norska ríkisstjórnin hefur ráðstafað á fjárlögum 1998 251 millj. norskra króna vegna fyrri hluta ársins í báða þessa liði. Norskar útgerðir geta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum valið um að greiða tonnaskatt í stað tekjuskatts. Þá miðast skatturinn við stærð skipastóls en ekki rekstrarafkomu og getur það þýtt verulega skattalækkun fyrir útgerðir.

Um Svíþjóð er þetta að segja: Nýjar styrkjareglur fyrir árið 1998 eru að útgerðir farskipa fái endurgreiðslu frá ríkinu sem nemur öllum tekjuskatti sænskra ríkisborgara um borð. Útgerðir farskipa fá einnig tryggingagjöld vegna sænskra farmanna endurgreidd að hámarki 29 þúsund sænskar krónur á ári.

Um Finnland er þetta að segja: Allt að 18% afsláttur er af sköttum farmanna til ríkisins og 30% afsláttur af útsvari farmanna. Aukaskattafsláttur er fyrir hvern heilan mánuð í útivist ef ekki er komið við í Finnlandi.

Þá er spurt: Er veittur ríkisstyrkur í einhverju formi til íslenskra kaupskipa? Því er til að svara að sérstakur skattafsláttur til sjómanna er 656 kr. fyrir hvern dag. Dagafjöldi er fundinn með því að margfalda hvern lögskráningardag með stuðlinum 1,49.

[15:24]

**Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þessar upplýsingar. Þær eru mjög athyglisverðar og ganga finnst mér á skjön við það sem hér var getið um áðan. Þá var rætt um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og að ekki skyldi beita þar ríkisstyrkjum og þeir ekki framleigðir af hálfu ríkis viðkomandi landa.

Það er athyglisvert að þegar hér var lagt fram frv. til laga um afnám stimpilgjalda þá var þess sérstaklega getið í því frv. að stimpilgjöld yrðu afnumin þegar íslensk kaupskip yrðu skráð hér á landi að frágenginni tiltekinni alþjóðlegri skráningu. Mig undrar það mjög að þessi skilyrði skuli vera sett vegna þess að aðilar sem standa í íslenskri kaupskipaútgerð hafa getið þess sérstaklega að skráningarkostnaður hér á landi væri of dýr og þess vegna ættu þeir skipin en væru áfram með þau undir þægindafánum.

Ef hæstv. samgrh. veit hvað hæstv. fjmrh. er að fara með þessu frv. sínu þar sem segir að stimpilgjöld af íslenskum kaupskipum verði ekki afnumin nema að tilteknum uppfylltum skilyrðum sem eru að sett verði hér á alþjóðaskráning, væri nú gott að fá upplýsingar um það.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þetta leiðir eflaust huga landsmanna frekar að því að við verðum að mæta samkeppni í alþjóðlegum siglingum á hafinu kringum Ísland einhvern veginn hvort sem mönnum líkar það betur eða verr vegna þess að eyþjóð sem Íslendingar er nánast fótlaus ef ekki er til öflugur íslenskur kaupskipafloti.

[15:26]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Eins og hv. þm. gat um hefur samgrn. lengi haft áhuga á því að beita sér fyrir aðgerðum sem valda því að hægt verði að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar hér á landi. Eins og fram kom í ræðu hans stöndum við frammi fyrir því að í nálægum löndum eru veitt skattaleg fríðindi sem við Íslendingar höfum ekki treyst okkur til að gera. Þessi mál eru nú í athugun enn einu sinni. Jafnframt höfum við í samgrn. haft samráð og samband við Evrópusambandið og erum ásamt þeim að vinna að tillögum til frambúðarlausnar á þessu máli. Ég vil taka undir með hv. þm. að ég tel að nauðsynlegt sé að athuga það til hlítar hvort ekki sé hægt að leggja niður stimpilgjöld af farskipum til að greiða fyrir því að íslenskar útgerðir skrái skip sín hér á landi á ný.

[15:27]

**Útbýting þingskjals:**

Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, 579. mál, þáltill. KH, þskj. 984.

***Umræður utan dagskrár.***

Stjórnsýsluákvarðanir við lagningu Borgarfjarðarbrautar.

[15:29]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefði verið viðstaddur þessa umræðu ef hann hefði átt þess nokkurn kost og ég vil geta þess að hann er í meginatriðum sammála mínum málflutningi.

Ég vil geta þess líka að allt efni sem ég flyt hér er byggt á fyrirliggjandi gögnum. Ég beini þessari umræðu fyrst og fremst, herra forseti, til ráðherra sem ég tel að eigi hlut að máli, hæstv. samgrh. og sérstaklega umhvrh.

Í þrjú og hálft ár hefur staðið yfir þref og þjark um vegarlagningu frá Flókadalsá, þar með talin brúargerð á Flókadalsá, og veg þaðan að Kleppsjárnsreykjum. Meiri hluti sveitarstjórnar Reykholtsdalshrepps hefur, allt frá því að umræðan hófst, verið á móti tillögu 1 sem er tillaga Vegagerðar um að skera í sundur túnin að Stóra-Kroppi að endilöngu með nýrri vegalagningu. Ekki er þörf á að lýsa ítarlega þeim innansveitarátökum og þjáningum sem þetta mál hefur valdið samfélaginu í Reykholtsdalshreppi en þessar stjórnsýsluaðfarir eru með hreinum ólíkindum.

Til þess að fá Vegagerðina til að skoða aðra möguleika varð hæstv. samgrh. að gefa fyrirskipun um þar að lútandi og þar kom að víðtæk sátt virtist hafa náðst um tillögu, þ.e. tillögu 3 a sem gerð var af verkfræðistofunni Hönnun hf. Meðal þeirra sem samþykkir voru þeirri tillögu voru sveitarstjórn Reykholtsdalshrepps, Vegagerðin, skipulagsstjóri ríkisins, umhvrh. og sennilega meiri hluti þingmanna Vesturl. Skipulagsstjórn ríkisins hafði einnig fallist á þá leið sem ásættanlega niðurstöðu.

En hvað gerist þá? Umhvrh. setur málið á byrjunarreit að ráði Skipulagsstofnunar samkvæmt bréfi sem undirritað er af Stefáni Thors. Sá hinn sami hafði ráðlagt sveitarstjórn Reykholtsdalshrepps hvernig réttast væri að vinna frá upphafi málsins. Í því bréfi er ótrúlegur tónn. Þar segir:

„Í ljósi þess mikla ágreinings sem er um legu Borgarfjarðarbrautar í Reykholtsdalshreppi og verulegrar andstöðu við að brautin verði í svokallaðri legu 3 a er það álit Skipulagsstofnunar að ástæða sé til þess að fallast á það álit sem vísað var til."

Það er sem sagt farið að kröfu oddvita nærliggjandi hreppa og tveggja minnihlutamanna en ekki hlustað á meiri hluta Reykholtsdalshreppstjórnar. Hvernig má svona lagað verða, hæstv. umhvrh.? Þessi gjörð er sambærileg við það að Hafnarfjörður væri að hlutast til um vegagerð í Garðabæ, Reykjavík eða Kópavogi. Afleiðing þessa er að margra ára væntingar um samgöngubætur eru að engu gerðar á þeim vikum sem ákveðið var að setja málið á byrjunarreit.

Ég vitna til bréfs meiri hluta sveitarstjórnar Reykholtsdalshrepps varðandi þetta efni til hæstv. umhvrh., með leyfi forseta:

„Við sem erum kjörnir lýðræðislegir fulltrúar okkar sveitarfélags og ber að afgreiða mál sem falla undir okkar lögsögu samkvæmt sveitarstjórnarlögum sættum okkur illa við það sem við fyrstu athugun og án betri rökstuðnings frá ráðuneytinu virðist ekki vera á eðlilegum rökum reist af ráðuneytisins hálfu."

Að framangreindu vil ég segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi skora ég á hæstv. umhvrh. að draga þennan úrskurð til baka og svara því í sinni ræðu að svo verði gert.

Í öðru lagi spyr ég: Hvernig stendur á því að úrskurður sá er hér um ræðir er byggður á áðurnefndum bréfum oddvita aðliggjandi hreppa en ekki rætt við meiri hluta Reykholtsdalshreppsnefndar um þau álitaefni? Ég held því fram að andmælaréttur sé ekki virtur. Hvernig stendur á því?

Í þriðja lagi spyr ég: Hvers vegna hafnar umhvrn. vilja löglega kjörins meiri hluta sveitastjórnar Reykholtsdalshrepps og bendir á þann möguleika að stofna samvinnunefnd með sveitarfélögum sem ekki hafa lögsögu í málinu en vísar á um leið að ný byggingar- og skipulagslög beri með sér aukið vald einstakra sveitarstjórna?

Herra forseti. Ég beini eftirfarandi spurningum til hæstv. samgrh.

Fyrri spurningin er: Kemur til greina að byggja upp núverandi Borgarfjarðarbraut þar sem hún nú er frá og með brú á Flókadalsá að Kleppjárnsreykjum? Vegstæði 1 er í algerri andstöðu við íbúa Flókadals og leiddi nærri því til þess að sameiningartillagan sem um voru greidd atkvæði um síðustu helgi yrði felld. Vill hæstv. ráðherra beita sér fyrir þeirri lausn?

Seinni spurningin er, herra forseti: Er viðunandi fyrir æðsta vald samgöngumála að stjórnsýslukerfið geti komið í veg fyrir nauðsynlegar vegbætur eins og í þessu tilviki? Væri ekki betra að þeir fjármunir sem þarna hafa verið geymdir árum saman væru nýttir til annars í kjördæminu?

[15:35]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns tek ég það fram að ég er sammála því sem kom fram hjá hv. málshefjanda um að auðvitað er slæmt ef mál dragast úr hömlu og framkvæmdir tefjast af óeðlilegum ástæðum. Mér fannst í ræðu hv. þm. ákveðinn tónn þar sem hann gaf í skyn að allar tafirnar væru vegna þess hvernig stjórnsýslan hefur staðið að málunum. Ég held að hann hafi orðað það svo að stjórnsýsluaðfarirnar væru með hreinum ólíkindum.

Ég tel að tafirnar stafi fyrst og fremst af ágreiningi um málið heima fyrir. Það hefur auðvitað valdið mestu um þetta þó auðvitað hafi málsmeðferð dregist vegna þess að ítrekað hefur málið komið til kasta umhverfis- og skipulagsyfirvalda. En það hefur ekki tafist af þeirri ástæðu. Tafirnar verða af því að það er ágreiningur um málið.

Ég tel að málið hafi notið málsmeðferðar samkvæmt lögum sem umhverfisyfirvöldum hefur borið að fara eftir. Varðandi málsmeðferðina, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, vil ég fyrst segja að við fáum tillögu til skoðunar. Hún er eins og hv. þm. benti á tillaga Vegagerðarinnar. Vegagerðin leggur til að fara þá leið sem kölluð hefur verið leið 1, tillaga 1 eða neðri leið. Umhverfisyfirvöld féllust á að sú leið væri ásættanleg. Um það er ágreiningur heima fyrir og þess vegna heldur málið áfram.

Þá er lögð fram ný tillaga sem kölluð hefur verið sáttatillaga um það að fara aðra leið að málinu. Sú fer, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, einnig fyrir skipulagsyfirvöld, umhverfisyfirvöld, umhvrn. og umhvrh. Við föllumst einnig á að sú leið sé ásættanleg. Málið hefur því ekki verið stöðvað eða komið í veg fyrir það af okkar hálfu. Tafirnar eru vegna áframhaldandi ágreinings heima í héraði.

Síðan kemur til umhvrh. beiðni um að staðfesta svæðisskipulag. Ég fer eftir því sem Skipulagsstofnunin leggur til og bað jafnframt um greinargott svar frá Skipulagsstofnun um það hvernig hún teldi að afgreiða ætti málið. Vegna þessa mikla ágreinings sem verið hafði um málið heima fyrir taldi

ég nauðsynlegt að skýrt kæmi fram með hvaða lögformlega hætti bæri að taka á því.

Hv. málshefjandi talaði réttilega um að ég hefði afgreitt málið samkvæmt ráði Skipulagsstofnunarinnar. Hann hafði hins vegar athugasemdir við þá ráðgjöf. Það sem ég hef fyrir framan mig í því er að Skipulagsstofnun leggur til að skipulagið verði staðfest samkvæmt nýjum lögum og farið að þeim vilja samvinnunefndarinnar að fresta skipulagi veglínunnar. Ég minni á að það er verið að fjalla um svæðisskipulag. Hér er ekki um aðalskipulag fyrir þennan hrepp að ræða, heldur svæðisskipulag. Að svæðisskipulaginu stóðu eins og hv. málshefjanda er mjög vel kunnugt fimm sveitarstjórnir. Skipulagsstjóri segir mér að aðkoma hans að því máli og ráðgjöf við sveitarfélagið hafi fyrst og fremst verið sú að hann hefði ítrekað það við formann samvinnunefndarinnar að nauðsynlegt væri að samvinnunefndin legði mikla áherslu á að komast að niðurstöðu um lagningu leiðarinnar. Síðan féllust allir samvinnunefndarmennirnir á að fresta svæðisskipulaginu út af ágreiningi um þetta svæði, þ.e. þær veglínur sem ekki hefur náðst samkomulag um, þar á meðal fulltrúar Reykholtsdalshrepps.

Skipulagsstjóri tjáði mér að hann hefði ekki ráðlagt hreppsnefndinni annað en taka þátt í skipulagsvinnunni en sömuleiðis bent á að eðlilegt og nauðsynlegt væri — hann hefur gert það fyrir um það bil ári síðan — að láta vinnu við aðalskipulag fara fram. Þannig lægi fyrir aðalskipulag fyrir þennan hrepp þegar farið yrði í svæðisskipulagsvinnuna eða samhliða þeirri vinnu.

Ég ítreka og tel að það sé grundvallaratriðið í þessu að við erum þarna að samþykkja og fara að tillögum sem svæðisskipulagsnefnd hefur komist að niðurstöðu um. Í bréfi mínu hef ég síðan bent á að ákveðnar leiðir séu færar. Það gerir reyndar Skipulagsstofnun einnig þegar hún beinir málinu til mín. T.d. væri eðlilegt að Reykholtsdalshreppur láti vinna aðalskipulagið fyrir sveitarfélagið en geti óskað eftir því, með meðmælum Skipulagsstofnunar, að veita heimild til framkvæmda án þess að fyrir liggi aðal- eða deiliskipulag, samkvæmt 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þá lægi og fyrir ósk Vegagerðarinnar um heimild til slíkra framkvæmda. Þá leið er enn hægt að fara. Eðlilegast hefði verið að fjalla þarna um aðalskipulag fyrir hreppinn en mín niðurstaða varð þó að byggjast á því að við værum að afgreiða svæðisskipulagið. Ég tel að það hafi verið gert á eðlilegan og formlegan hátt.

[15:40]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni hið ótrúlegasta mál sem auðvitað ætti hvorki að vera á dagskrá þessa þings né utan dagskrár. Engu að síður hlaut að reka að því fyrr en síðar að það kæmi hér til umræðu eins og málið hefur þróast.

Til að byggja upp Borgarfjarðarbraut og bæta samgöngur í Reykholtsdal frá Flóku að Kleppjárnsreykjum drógu vegagerðarhönnuðir upp veglínu um blómlega byggð. Þeir gættu þess ekki að þar var fyrir fólk með bú sín og vilja til þess að efla landbúnaðinn með öflugri uppbyggingu á jörðum sínum. Meiri hluti sveitarstjórnar Reykholtsdals, sem lögum samkvæmt fer með skipulagsmál í sveitarfélaginu, gat ekki fallist á áform Vegagerðarinnar. Í ljósi þess beittum við þingmenn kjördæmisins okkur fyrir því, í ársbyrjun 1996, að hæstv. samgrh. Halldór Blöndal fengi ótengdan aðila til að skoða þetta mál. Virtur lögfræðingur benti á að meðalhófsreglu stjórnsýslulaga væri ekki gætt með því að velja þessa veglínu því um aðra jafngóða leið væri að ræða og hæpið að leggja veg um tún og engi og kljúfa jarðir. Því varð úr að leita annarra kosta.

Óháður hönnuður þekktrar verkfræðistofu lagði til svokallaða sáttaleið. Þá leið hefur hreppsnefnd samþykkt og einnig Vegagerðin, skipulagsstjórn ríkisins og þingmenn kjördæmisins, a.m.k. meiri hluti þeirra. Með sérstakri afgreiðslu í lok síðasta árs samþykkti skipulagsstjórn ríkisins skipulagið með sáttaleiðina sem lausn. En þá gerist það, sem við þekkjum, að hæstv. umhvrh. fellir úr gildi skipulag sem gerir ráð fyrir umræddri sáttaleið.

Í mínum huga er einungis ein leið til lausnar í þessu máli. Að hæstv. umhvrh. staðfesti það skipulag með svokallaðri sáttaleið sem löglega kjörin sveitarstjórn hefur samþykkt og er tilbúin að afgreiða með flýtimeðferð á grundvelli 3. liðar bráðabirgðaákvæða í skipulagslögum.

Ég treysti því að hæstv. umhvrh. og samgrh. leiti leiða á grundvelli þeirrar tillögu sem umhvrn. hefur sjálft gert um þessa flýtimeðferð og komi í veg fyrir áframhaldandi ófrið. Sveitirnar þurfa ekki á honum að halda.

[15:43]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Þessar deilur í Borgarfirði hafa komið mér mjög á óvart. Það er ekki síst vegna þess að ég tel að sáttatillagan sé raunhæf og sanngjörn. Hún er vegtæknilega fullnægjandi og ekki svo dýr að ástæða sé að horfa til þess. Á hinn bóginn liggur það fyrir að ef farið er fyrir neðan Stóra-Kropp, þá veldur það mikilli sjónmengun og óhagræði miklu fyrir bóndann þar. Raunar má segja að erfitt sé að sjá að Stóri-Kroppur verði bújörð eftir að vegur hefur verið lagður, svo breiður sem nauðsynlegt þykir í þessu tilfelli. Umferð í Borgarfirði er svo mikil og stríð yfir sumarið og hættur svo miklar. Því er erfitt að sjá það fyrir sér að þar verði farsællega búið ef vegurinn kemur neðan býlisins. Mér kemur því mjög á óvart að ekki skuli hafa náðst samkomulag í sveitinni um sáttaleiðina. Eins kemur það mér á óvart ef bændur í Borgarfirði hafa það að sérstöku keppikefli að vegir séu óþörfu lagðir yfir tún og lendur nágrannabænda.

Ég vil jafnframt segja að ég lít svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu skipulagslega að leggja bundið slitlag á veginn eins og hann er núna. Vegagerðinni er það heimilt. Þetta er þjóðvegur og hún hefur að sjálfsögðu heimild til þess að halda við þjóðvegum, bæta þá og leggja bundnu slitlagi.

Þriðja ástæða þess að þessi niðurstaða kom mér á óvart, eins og allt þetta mál — svipað mætti segja um afstöðu skipulagsins til Hákeksstaðaleiðar eystra — er kostnaðurinn sem af henni leiðir. Óneitanlega er það rétt sem kom fram í fyrirspurn hv. þm., að Vegagerðin er að borga himinháar fjárhæðir fyrir umhverfismat að óþörfu. Hún þarf að greiða fyrir hvers konar bréfaskriftir og athuganir sem nauðsynlegt er að gera vegna nýrra vinnubragða Skipulags ríkisins og umhverfismats. Þess vegna verður allur kostnaðurinn aldrei tíundaður.

[15:45]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur verið deilt um það í Reykholtsdalshreppi og í Borgarfjarðarhéraði hvar vegarstæði Borgarfjarðarbrautar á milli Flókadalsár og Kleppjárnsreykja skuli vera. Þetta hefur m.a. valdið því að skipulagsyfirvöld á svæðinu hafa ekki gert formlega skipulagstillögu um vegstæði sem er þó forsenda þess að framkvæmdir við vegagerðina geti hafist.

Við gerð svæðisskipulags fyrir héraðið var samstaða meðal sveitarfélaga á svæðinu um að gera ekki tillögu um vegarstæði en óska eftir staðfestingu svæðisskipulagstillögunnar á þeim grundvelli. Síðan óskaði Reykholtsdalshreppur eftir að skipulagsstjórn gerði tillögu um vegarstæði þegar svæðisskipulagið var afgreitt til umhvrh. til staðfestingar fyrir síðustu áramót eins og hefur reyndar komið fram.

Skipulagsstjórn varð við þessu og gerði tillögu um breytingar á svæðisskipulagi sem svæðisskipulagsnefndin hafði í raun hafnað og það án þess að bera undir sveitarfélögin. Hæstv. umhvrh. hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa frestað staðfestingunni á vegarstæðinu og vísað málinu heim í hérað. Að mínu mati er niðurstaða umhvrh. eðlileg enda er hún byggð á heimildum í skipulags- og byggingarlögum og eftir ráðgjöf Skipulagsstofnunar.

Á hinn bóginn geta menn deilt um niðurstöðuna enda sýnist sitt hverjum í málinu. Það sem mér finnst athyglisvert í þessu sambandi er hvernig skipulagsstjórn og síðar Skipulagsstofnun hafa komið að málinu með mjög misvísandi hætti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er landið allt skipulagsskylt og sveitarstjórnir bera ábyrgð á að gert sé aðalskipulag þar sem m.a. skal setja fram stefnu um samgöngu- og þjónustukerfi í sveitarfélaginu. Eftir að hafa skoðað málið hefur Vegagerðin lagt til að sveitarstjórnin auglýsi aðalskipulagstillögu um veglínuna sem fyrst og hefur sveitarstjórn sem skipulagsyfirvald ákvörðunarvald um það hvernig sú tillaga lítur út. Einnig að Vegagerðin óski eftir heimild sveitarstjórnar til byggingar brúar yfir Flókadalsá og byggir það á 3. tölulið bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga.

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu hefur margar hliðar og sú versta þeirra er deilan sem ríkir innan sveitar því hún hefur leitt af sér óæskileg áhrif á samfélagið í héraðinu. Þegar niðurstaða um vegarstæði liggur fyrir munu framkvæmdir við nauðsynlega uppbyggingu vegarins hefjast enda er gert ráð fyrir því í vegáætlun og er það von mín að það verði sem allra fyrst.

[15:48]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég hef ekki sérstaka skoðun á því hvernig á að leggja veg á umræddu svæði. Það er mál út af fyrir sig sem stjórnvöld hafa verið að fjalla um og kann vel að vera að þar hafi ekki verið haldið á öllu eins og skyldi. En ég kveð mér hér hljóðs til þess að gagnrýna það sem kom fram, sérstaklega hjá hæstv. samgrh., þar sem verið er að hnýta ómaklega að ég tel í yfirvöld skipulagsmála hvernig þau vinna að framkvæmd laga.

Ég hef ekki orðið var við annað en þar sé reynt að fara að lögum af þeirra hálfu og það stendur þá upp á ríkisstjórnina að endurskoða þá löggjöf ef menn telja að leiðsögnin um mat á umhverfisáhrifum sé ekki eins og skynsamlegt er. Í því sambandi bendi ég á að í gildandi lögum er beinlínis gert ráð fyrir því að endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum fari fram jafnhliða endurskoðun skipulagslaga. En við þetta lagaákvæði var ekki staðið af hálfu umhvrn. og ekki unnið að því. Það er fyrst nú að þessi löggjöf er til athugunar.

Almennt séð þurfa stjórnvöld, og það á við Vegagerðina og ráðuneyti, að taka tillit til þess að það þarf allt önnur vinnubrögð en áður fyrr í þessum efnum vegna forskriftar í lögum sem almennt ríkir þokkaleg sátt um að þurfi að fylgja. Það er fyrst og fremst handahófsgangur í sambandi við framkvæmdir og framkvæmdaundirbúning af hálfu þeirra sem leggja á ráðin um þetta að taka ekki nógu snemma til við skipulagsvinnuna, hvort sem það er aðalskipulag eða mat á umhverfisáhrifum. Úr þessu þarf að bæta og þarna þurfa ráðuneytin að taka sér tak, þar á meðal samgrn., en þetta á almennt við. Þetta gildir um skipulag og vinnu samkvæmt nýjum skipulagslögum og menn ættu að fara yfir þessi mál samræmt á vegum Stjórnarráðsins.

[15:51]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Vegna þess sem hefur komið fram taldi ég nauðsynlegt að taka aftur til máls en hér var látið að því liggja að nú bæri sveitarstjórn Reykholtsdalshrepps að hefja vinnu við aðalskipulag til þess að hægt væri að ljúka málinu lögformlega með gerð aðalskipulags.

Ég hef verið í þeirri trú og ég held að það hafi einnig átt við um sveitarstjórnarmenn að menn væru að vinna að undirbúningi málsins með gerð svæðisskipulags og það komi mjög aftan að mönnum ef nú er gerð sú krafa úr umhvrn. að menn byrji algerlega upp á nýtt og undirbúi aðalskipulag eins sem hér var látið að liggja. Ég tel að það vanti hvorki skipulagsvinnu, rannsóknir né undirbúning í sambandi við málið. Það þarf ákvörðun. Það þarf að kveða upp salómonsdóm þannig að málið verði leyst.

Við þekkjum hverjir hafa það í höndum sínum að kveða upp úrskurð og hafa forgöngu um að hægt sé að kveða upp úr og leysa málið. Það er gert í Stjórnarráðinu og ég tel mjög ósanngjarnt að segja núna að þetta mál eigi að fara heim í sveit aftur. Það hefur verið unnið svo lengi og vel að málinu að það liggur allt á borðinu annað en það að taka ákvörðun um að hefja framkvæmdir.

[15:53]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Svo að ummæli mín misskiljist ekki út af ummælum hv. 4. þm. Austurl. tek ég fram að Vegagerðin vill vinna mjög vel með skipulagsstjóra og mönnum hans. Vandamálið er hversu skammt skipulagið er á veg komið. Auðvitað hefði ekki komið til þeirra árekstra sem ég er að tala um ef skipulagsvinnan hefði gengið betur fyrir sig. Það er kjarni málsins. Við viljum auðvitað vinna vel að því að vernda t.d. fornminjar og gamlar tóftir. Þess vegna hefur verið ákveðið að Vegagerðin leggi fram fé til þess að skrá fornminjar á heiðum og þar sem líkleg vegarstæði eru og við munum með öðrum hætti hraða því að leiðir geti farið í umhverfismat þannig að til dráttar á framkvæmdum eins og nú hefur orðið þurfi ekki að koma öðru sinni. Viðbrögð okkar eru auðvitað þau að reyna að koma í veg fyrir árekstra af þessu tagi og reyna að ná saman við skipulagsstjóra um vinnubrögð sem báðum hentar, skipulagsstjóra og Vegagerðinni, til að hægt sé að ráðast í framkvæmdir og annað þegar fé er fyrir hendi og þörf krefur.

[15:54]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Í þessu máli er mikið talað um málsmeðferð, staðfestingar eða ekki staðfestingar og að byrja þurfi upp á nýtt. En það er tvennt sem mér finnst gleymast í umræðunni. Það er í fyrsta lagi réttur einstaklingsins, í þessu tilfelli bóndans, sem á von á því að fá veginn um hlaðið hjá sér. Hversu langt má hið opinbera ganga á hlut þessa einstaklings, þessa einstaklings sérstaklega og einstaklinganna almennt?

Í öðru lagi: Hver er staða fáliðans gagnvart meiri hlutanum, sem í þessu tilfelli eru íbúar Flókadals sem eiga samgöngur sínar undir legu þessa vegar? Það verður mjög

athyglisvert fyrir okkur þingmenn þéttbýlisins, þingmenn meiri hluta þjóðarinnar, að fylgjast með því hvernig íbúar í dreifbýlinu taka á vandanum, hvernig meiri hluti í sveitarfélagi í dreifbýlinu tekur á vanda minni hlutans, vanda fáliðans, íbúa Flókadals sem eiga samgöngur sínar undir þessum veg.

[15:56]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á bæði athugasemdir og þau svör sem komu fram við spurningum mínum. Ég vil minna á grein sem aðstoðarmaður hæstv. ráðherra skrifaði undir fyrirsögninni „Að henga bakara fyrir smið" í Morgunblaðinu 26. júní 1997. Þar er sagt að málið sé ekki í höndum umhvrh. heldur samgrh. Síðan ritaði hæstv. ráðherra Guðmundur Bjarnason grein þar sem hann sagði að málið væri í höndum Vegagerðar og samgrh. 28. des. 1997 er undir fyrirsögninni „Ráðherra staðfestir mat á efri leið" þá er sagt: „Niðurstaða ráðuneytisins er sú að fyrirhuguð lagning brautarinnar samkvæmt tillögu 3 a sé viðunandi frá öllum umhverfissjónarmiðum sem beri að taka tillit til og hugmyndin hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfi, á náttúruauðlindir og samfélag."

Hvað er þá að? Það segir enn þá í sömu grein hæstv. ráðherra: „Þannig er ég ekki að gera upp á milli leiða enda annarra að velja en umhvrn." Og í framhaldi af því: „Það er ákvörðun framkvæmdaaðila og skipulagsyfirvalda á svæðinu að gera það." Málið er enn þá í sömu stöðu með þeim úrskurðum sem það fékk.

Ég minni á að yfirvald skipulagsmála á svæðinu er hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps. Ekki oddvitar nágrannasveitarfélaga. Samvinnunefnd sem saman stendur af fulltrúum úr fjórum hreppum í nágrenninu fjallar um ráðgjöf en ekki um framkvæmdir. Á þeirri forsendu að úrskurður hæstv. ráðherra er byggður á röngum forsendum fer ég enn fram á að hann verði dreginn til baka og ákvörðun skipulagsstjórnar frá 30. desember verði staðfest og vegagerð verði hafin með brúargerð á Flóku. Annars verði fjármunirnir fluttir í aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í kjördæminu.

Ég álít að ef þetta verður svona eins og staðan er þá getum við ekki afgreitt vegáætlun í ár. Herra forseti. Ég bið hæstv. ráðherra, sem er í salnum, að finna nú þegar lausn á málinu.

[15:58]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í lokaorðum hv. málshefjanda að ég hef út af fyrir sig sem umhvrh. fallist á hvora þessa leið sem um er að ræða sem hafa komið til greina, svokallaða neðri leið eða svokallaða sáttaleið þannig að ekki stendur neitt í veginum hvað varðar lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég hef líka staðfest það svæðisskipulag sem ég var beðinn um að staðfesta eins og svæðisskipulagsnefndin gekk frá því. Það er nákvæmlega þannig sem ég hef staðið að málinu og ég get þess vegna ekki, hæstv. forseti, fallist á að málið sé í raun á borði umhvrh. Eins og hv. málshefjandi vitnaði til eftir það sem ég hef áður látið frá mér fara hef ég fallist á þessar leiðir, hvora heldur sem er. Staðfesting svæðisskipulagsins er eins og svæðisskipulagsnefndin bað um og gekk frá og gerð að tillögu Skipulagsstofnunar, nákvæmlega eins og þar var gert ráð fyrir. Ég hef því farið að ráðleggingum þeirra ráðgjafa og þeirrar stofnunar sem um þessi mál fjallar þannig að það stendur í raun það sem ég hef sagt og hv. málshefjandi hafði eftir mér um málið að það væri framkvæmdaraðilanna sjálfra og þeirra sem um slík mál að öðru leyti fjalla að komast að niðurstöðu um það hvor leiðin verður farin eða hvar vegurinn verður lagður því að það er verkefni þeirra.

Aðeins varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að ef það mátti skilja það svo á orðum mínum að ég hafi lagt til að aðalskipulagsvinna yrði nú hafin þegar menn hefðu í góðri trú og góðri von verið að vinna að því að niðurstaða næðist með svæðisskipulaginu þá vitnaði ég til þess að skipulagsstjóri hafði lagt það til fyrir hreppsnefnd fyrir um ári ef ég man rétt að sú vinna yrði hafin fyrir hreppinn af því að svo mikill ágreiningur væri um þessa ákveðnu tilteknu framkvæmd sem yrði e.t.v. ekki náð niðurstöðu um í vinnunni við svæðisskipulag en það var svæðisskipulagstillagan sem ég eins og hv. þm. batt vonir við að kynni að ljúka málinu. Ég gat ekki gert annað samkvæmt ráðleggingum sérfræðinga minna en að samþykkja svæðisskipulagstillöguna eins og svæðisskipulagsnefnd fimm sveitarfélaga gekk frá henni.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

## 91. FUNDUR

fimmtudaginn 19. mars,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 568. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
2. Framlag til þróunarsamvinnu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
3. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
4. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 94. mál, þskj. 94. — Fyrri umr.
5. Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þáltill., 402. mál, þskj. 723. — Fyrri umr.
6. Norræna ráðherranefndin 1997, skýrsla, 504. mál, þskj. 864. — Ein umr.
7. Norrænt samstarf 1996–1997, skýrsla, 567. mál, þskj. 959. — Ein umr.
8. Vestnorræna ráðið 1997, skýrsla, 566. mál, þskj. 958. — Ein umr.
9. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, stjfrv., 287. mál, þskj. 970. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

***Athugasemdir um störf þingsins.***
Vinna í nefndum.

[10:33]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að láta það koma skýrt fram að eins og staðan er í þinghaldinu núna er engin sátt um störf þingsins. Stjórnarandstaðan hefur á þessum vetri eins og reyndar undanfarin ár reynt að stuðla að því að þingstörfin gætu gengið eðlilega fyrir sig faglega og af sanngirni og reynt fyrir sitt leyti að stuðla að því að vinnubrögð yrðu betri en þau voru löngum áður, m.a. með því að halda þannig á málum að ekki þyrfti að halda ítrekað kvöldfundi, ekki þyrfti að halda ítrekað aukafundi í nefndum á óeðlilegum tímum.

Þessi sáttfýsi stjórnarandstöðunnar hefur að mínu mati að nokkru leyti verið misnotuð vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa gengið á lagið og það er verið að setja fundi á algerlega óeðlilegum tímum í nefndum eins og í efh.- og viðskn. þar sem var fundur í allan gærdag austur í Hveragerði og sá fundur stendur enn. Það stóð til að setja á fund í allshn. á laugardaginn kemur sem ég vil nota tækifærið og mótmæla sérstaklega og það er verið að setja á aukafundi t.d. í félmn. sem hefur hið mesta að vinna núna í hádeginu í dag þegar margir félagsmálanefndarmenn þurfa að taka þátt í þeim umræðum sem fram fara í dag um utanríkismál.

Allt er þetta með þeim hætti, herra forseti, að ekki er nokkur leið að sætta sig við það. Í fyrradag gat stjórnarliðið heldur ekki mætt betur í salinn en svo að það þurfti fjóra eða fimm stjórnarandstæðinga til þess að koma málum eðlilega áfram til nefndar eftir að Alþingi hafði rætt og afgreitt við 1. umr. 14 stjfrv. á einum og sama degi. Þessi vinnubrögð eru ólíðandi vegna þess að það fylgir þeim líka það að stjórnarflokkarnir og ráðherrarnir segja ævinlega: Þetta mál verður svo að verða að lögum fyrir lok þingsins. Þetta gengur ekki.

Ég vil láta þetta koma fram, herra forseti, og ég tel að við þurfum að velta því fyrir okkur hvort við höfum gengið of langt í því að gera Alþingi að ópólitískri tæknistofnun í staðinn fyrir að hún sé vettvangur eðlilegrar pólitískrar umræðu.

Þessu vil ég koma á framfæri og aðalatriðið er þetta: Eins og er er engin sátt um störf þingsins.

[10:35]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég hef látið skrifa út þau þingmál sem hafa verið lögð fram af ríkisstjórninni síðan 3. mars og í gær var 18. mars þegar væntanlega síðasta málið kom. Þetta eru 28 mál og flest þeirra hafa kannski komið fram eins og ég sé á einu blaðinu, ein 19 þeirra bara frá 10. mars. Það er merkilegt til þess að hugsa að af þessum 19 málum sem lögð voru fram eftir 10. mars var þorri þeirra afgreiddur með hraði til efh.- og viðskn. í fyrrakvöld af því að nefndin var að halda sérstakan fund, heils dags fund og rúmlega það um venjuleg þingmál. Herra forseti. Ég tek það sérstaklega fram vegna þess að það hefur gerst á hverjum vetri að efh.- og viðskn. hefur haldið sérstakan langan dagsfund um sérstök afmörkuð þung mál sem hefur blasað við að kæmu til hennar eins og lífeyrissjóðamál. En nú var verið að taka rispuvinnu í málum sem rétt eru komin inn í þingið og eru komin til nefndar.

Þegar maður lítur yfir listann er augljóst að stefnt er að því að þessi mál komist til nefndar og verði afgreidd sem þingmál í vor og því blasir við, virðulegi forseti, að það eru líklega um 80–100 mál í nefndum þingsins á ferðinni sem menn gera sér vonir um að verði afgreidd þaðan út og gerð að lögum í vor. Auðvitað eru það engin vinnubrögð af ráðherrunum að koma með öll þessi frv. sem þeir vilja fá afgreidd undir vorið og það þarf að breyta þeim vinnubrögðum. Það hefur verið mjög góð samstaða þingflokksformanna og forseta að halda starfsáætlun, búa til starfsáætlun fyrir veturinn og halda hana. En nú er allt í uppnámi. Verið er að ræða um að ljúka þinginu hugsanlega 22. apríl. Nefndirnar eru farnar að athafna sig eins og þær séu komnar í lokarispu fyrir jól eða vor af því að það er búið að gefa út þá mynd að nú eigi að hætta fyrr. Þó má vel vera að þrátt fyrir svokallaða þéttingu þingdaga verðum við eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir, en miðað við það eru þessi vinnubrögð algerlega óviðunandi, herra forseti, og ég óska eftir því að við getum tekið upp þá góðu samvinnu sem ríkt hefur milli þingflokksformanna og forseta um að koma okkur saman um hvernig sé staðið að vinnunni í þinginu en lendum ekki inni í þeirri bendu sem nú er að gerast.

[10:38]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Ég er þeirrar skoðunar að verið sé að misnota hinn góða samstarfsvilja stjórnarandstöðunnar. Þegar það kom fyrst upp að menn vildu freista þess að stytta þingtímann var það m.a. rætt með formönnum fastanefnda þar sem ég var. Þar kom fram alveg skýr vilji, a.m.k. af hálfu þeirra stjórnarandstöðuþingmanna sem þar voru, og ég taldi að það væri skilningur á því líka hjá stjórnarliðinu að ef til þessa kæmi mundi stjórnin gera sér grein fyrir því að það þyrfti með einhverjum hætti fallast á að ljúka ekki afgreiðslu ýmissa stóra mála. Ég taldi að skilningur lægi fyrir þessu milli stjórnar og stjórnarandstöðu og það var þess vegna sem stjórnarandstaðan dróst að einhverju leyti á þetta.

En hvað hefur síðan gerst? Eftir að stjórnarandstaðan féllst á þéttingu þingsins með því að teknir voru upp þingfundir á föstudögum sem voru ekki á starfsáætlun og það var jafnframt boðað til nefndafunda á föstudögum sem voru ekki á starfsáætlun, þá hefur það gerst að það er hrúgað inn í þingið gríðarlega yfirgripsmiklum og viðamiklum málum af hálfu stjórnarinnar og það bendir allt til þess að í stað þess að stytta þingið eins og upphaflega var rætt, þá þurfum við að halda því áfram fram í maí. Þetta finnst mér, herra forseti, stappa ansi nærri því að það sé verið að misbeita hinu góða sambandi sem hefur komist á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég segi fyrir mig vegna þess að ég hef látið þessi sjónarmið koma fram gagnvart mínum þingflokksformanni að ég er algerlega andvígur þessu og mér finnst að hérna hafi stjórnarliðið komið aftan að stjórnarandstöðunni. Ég get ekki annað en sagt þetta.

[10:40]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur heyrt athugasemdir hv. þm. og kemur honum ekki á óvart. Við þingflokksformenn höfum rætt það í hópi okkar og forseti áður og forseti mun ræða þessi mál frekar við þingflokksformenn.

Forseti vill aðeins nota tækifærið til þess að þakka þingflokksformönnum fyrir mjög góðan samstarfsvilja og lætur í ljós von um að þetta góða samstarf megi halda áfram en mun sem sagt ræða málin frekar við þingflokksformenn.

[10:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær góðu viðtökur sem við fáum hjá forseta við þeirri hörðu gagnrýni sem við komum fram með. Ég treysti því að í orðum hans felist að hann muni taka þetta mál til alvarlegrar umræðu við ríkisstjórnina sem virðist engan skilning hafa á því að þegar mál hafa komið hingað inn í þingið á eftir að fara fram gífurleg vinna við þessi sömu mál í nefndum þingsins. Ég vil bara nefna það vegna þess að ég á sæti í félmn. að þar eru einhver stærstu, viðamestu og pólitískustu mál þingsins um þessar mundir, húsnæðisfrv. og sveitarstjórnarlög með hálendismálinu innan borðs eins og við kjósum að kalla það. Þar er líka að finna mjög þýðingarmikið pólitískt mál fyrir fólkið í landinu og fyrir helming þjóðarinnar, konur, sem er framkvæmdaráætlun í jafnréttismálum sem ég óttast að verði bara hent fyrir róða í baráttunni um þessi stóru mál.

Ég þakka forseta fyrir undirtektir hans og treysti því að hann reyni að brýna sína liðsmenn með það að svona getum við ekki haldið áfram.

[10:42]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Rétt er að árétta það í þessu samhengi að það er alveg ljóst hvar vandinn liggur í þessum efnum sem hér eru til umræðu. Hann er ekki fyrst og síðast í þinginu hjá þingmönnum eða stjórn þingsins heldur liggur hann hjá ríkisstjórninni. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi engan skilning á því eða kæri sig ekki um það að vita um þau áform og það skipulag sem er til staðar og menn hafa verið að ræða. Þessar nýju sendingar frá ríkisstjórninni, ný stjórnarfrv. sem hafa hrúgast inn á síðustu dögum, bera þess merki að stjórnin virðist ekki kæra sig um það að fylgjast með eða taka mið af þeirri stefnumörkun sem hefur verið mótuð í nokkuð góðu samstarfi stjórnenda í þinginu og þingflokksformanna. Það er alveg ljóst að það eitt dugir ekki að gott samstarf sé á milli þingflokksformanna og forsætisnefndar ef ríkisstjórnin spilar síðan allt annað lag.

Menn hafa með réttu nefnt örfá stórmál sem koma til kasta þingsins á vordögum, húsnæðismál, vegamál, skattamál, auðlindamál svo að ég nefni bara fjögur stór mál sem munu taka marga daga hvert um sig í almennri umræðu í þinginu. Á sama tíma og þetta liggur fyrir eru að renna inn dag eftir dag smámál, en samt dálítið flókin mál, frá ríkisstjórninni og það er alveg ljóst að ríkisstjórnin verður að fara að taka sér tak.

Ég vil segja það hér að lyktum, virðulegi forseti, að ég neita að trúa því að formenn nefnda og stjórnarliðar í þinginu ætli sér að láta ríkisstjórnina nota sig sem sjálfsafgreiðslustofnun enn og aftur og taka hér í gegn með látum einhver mál sem geta þess vegna með góðu beðið haustsins. Þessu vildi ég koma mjög skýrt á framfæri.

[10:44]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tek það fram vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið að hvorki þessi ríkisstjórn né aðrar ríkisstjórnir líta á Alþingi sem einhverja sjálfsafgreiðslustofnun. Hins vegar er alveg ljóst að ríkisstjórn á hverjum tíma ber skylda til þess að leggja mál fyrir Alþingi sem eru brýn og þurfa að ná fram. Ríkisstjórnin þarf jafnframt að haga málum þannig að það sé hægt að leggja fyrir Alþingi ýmis mál til þess að vinna úr þeim, ekki í öllum tilvikum til þess að afgreiða þau og svo lengi sem ég hef setið hér þá hafa alltaf komið einhver mál fram fremur seint.

Ég er þeirrar skoðunar að þau mál sem nú liggja fyrir séu fæst hver mjög flókin. Það er alveg rétt að húsnæðismálin eru nokkuð flókin mál en það er ekki í fyrsta skipti sem húsnæðismálafrv. kemur fram á Alþingi þar sem ríkisstjórnir ákveða að breyta þar til. (**RG:** Nokkuð seint.) Já, hv. þm., ég býst við að hv. þm. hafi einhvern tíma staðið að því sem stuðningsmaður ríkisstjórnar að mál hafi komið fram nokkuð seint. Það er búið að vinna þetta mál mjög vel og vinna það í hendur þingsins. Ríkisstjórnin þarf að standa við skuldbindingar sínar bæði gagnvart þinginu og gagnvart sínum stefnumiðum. Ég tel því að hér hafi verið staðið fullkomlega eðlilega að málum. Stjórnarandstaðan á hverjum tíma hefur sínar skyldur jafnframt og ég trúi því og treysti að um þessi mál geti náðst þokkaleg sátt. En þá verður náttúrlega að hafa í huga að ágreiningur er í mörgum málum en það er ekki þar með sagt að stjórnarandstaðan geti reiknað með því að stöðva mál vegna þess að hún sé ekki sammála þeim.

[10:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Eitthvað var þetta kunnugleg ræða sem hér var flutt. Höfum við kannski heyrt hana einhvern tíma áður? Það er ræðan sem er svona: Þetta hefur nú oft verið svona áður. Og það er ræðan sem er svona: Hv. þm. hefur nú einhvern tíma staðið að því óska eftir því að málum væri flýtt í þinginu, og gefið í skyn að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir t.d. hafi gert það þegar hún var ráðherra.

Ég skora á hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að setja sig inn í það að störf þingsins hafa breyst í grundvallaratriðum. Þau hafa breyst. Það er geysileg breyting sem hefur orðið á störfum þingsins á þessu kjörtímabili. Meðal annars fyrir þátttöku stjórnarandstöðunnar og líka fyrir forustu núv. hæstv. forseta Alþingis. Það er gjörbreyting á störfum þingsins. Núna er unnið eftir starfsáætlunum. Á síðasta þingi tókst að halda starfsáætlun og ljúka þinginu á þeim degi sem stefnt hafði verið að og menn gátu skipulagt vinnu sína að öðru leyti í samfélaginu í samræmi við niðurstöður af skipulagi í þinginu.

Nú er þetta að breytast og við óttumst það að verið sé að setja þessa hluti úr skorðum. Ég vil segja það alveg skýrt, burt séð frá vilja stjórnar eða stjórnarandstöðu, að það er algjörlega á hreinu að taka verður út af dagskrá þingsins í vor nokkur þeirra stóru mála sem liggja fyrir ef ljúka á þinginu 22. apríl. Ég hef skilið það þannig að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stefna að því að ljúka þinginu 22. apríl. Hafi hún komist að einhverri annarri niðurstöðu þá er það nýtt fyrir mér.

En ef ljúka á þinginu á þeim tíma verður að taka út nokkur stór mál, þannig liggur það. Ef hins vegar á að ljúka öllu þessu dóti eins og venjulega, þá verðum við bara hérna fram í júní. En það væri þá gott fyrir alþingismenn að fá að vita það og það er ekki ríkisstjórnarinnar að skipa okkur fyrir verkum í þeim efnum. Hún hefur enga stöðu til þess lengur. Ég vona að þingræðið sé það sterkt að þingið láti ríkisstjórnina ekki skipa sér fyrir, eins og mér fannst hæstv. utanrrh. vera að reyna að gera áðan í fornum stíl, ævagömlum stíl, sem er löngu úreltur í þessari stofnun sem betur fer.

[10:48]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Aðeins örstutt spurning og hún er sú: Hefur ríkisstjórnin fallið frá því að hætta þingi 22. apríl? Það er nauðsynlegt að það komi fram. Stefnir hún ekki enn að því eins og stjórnarandstaðan taldi að hefði verið niðurstaða hennar og náðst hafði í næsta góðu samráði við stjórnarandstöðuna á sínum tíma fyrir nokkrum vikum?

[10:49]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að margt hefur færst til hins betra í störfum þingsins og störfin eru betur skipulögð en áður. Það verður hins vegar ekkert hjá því komist að mál komi fram á síðustu stundu fyrir þær dagsetningar sem hafa verið settar fram í sambandi við þingstörfin, og það hefur verið gert núna. Hér áður fyrr var þetta mun verra.

Ég ætla ekki að fara í neinn samanburð í þeim efnum en það er hins vegar nauðsynlegt að mönnum sé það ljóst að ríkisstjórn á hverjum tíma þarf að koma fram með mál á ýmsum tímum, þó að ég taki undir að auðvitað væri það æskilegt og í reynd nauðsynlegt að þau komi fram sem allra fyrst. En það er nú einu sinni svo að stjórnsýsla landsins er fremur smá að vöxtum og það gengur oft illa að ljúka málum á tilsettum tíma, hvort sem það er nú eða áður.

Það er fullur vilji af hálfu ríkisstjórnar og ásetningur hennar að vinna að því að þingstörfum geti lokið á þeim degi sem tilnefndur hefur verið. En það er jafnframt ásetningur ríkisstjórnarinnar að ljúka þeim málum sem ríkisstjórnin telur algjörlega nauðsynlegt að ljúka fyrir vorið. (**Gripið fram í:** Hver eru þau?) Þau eru allmörg og ég reikna með því að við förum ekki að ræða það í þingsalnum. Það er nauðsynlegt að fara yfir það af formönnum þingflokka. Þar á meðal eru húsnæðismál. Þar á meðal eru skattamál sem eru ekki mjög flókin mál. Þau frv. sem liggja nú fyrir um skattamál eru tiltölulega mjög einföld.

[10:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég taldi mig eiginlega hafa kvittað fyrir þessa umræðu áðan með þökkum mínum til forseta en það er ein athugasemd af minni hálfu. Samkvæmt starfsáætlun eigum við að halda hér áfram nokkuð fram í maí, til 9. maí, ef ég man rétt. Miðað við þann tíma var lokadagur til framlagningar þingmála 1. apríl.

Það er nokkuð langt síðan ákveðið var að reyna að stefna að því að ljúka þingstörfum 22. apríl, þó að það væri ekki í sátt við alla þingflokka. Hins vegar var þessari dagsetningu um síðasta dag framlagningar þingmála ekki breytt. Ég vek athygli á því að eftir miðjan mars hafa a.m.k. komið fram þrjú mál og ég á alveg eins von á því að þau haldi áfram að koma fram. Og ég vek athygli forseta á því að auðvitað hefði verið eðlilegt að breyta dagsetningunni fyrir síðasta dag framlagningar þingmála, a.m.k. þeirra mála sem menn væru að hugsa um að ljúka fyrir 22. apríl. Ég vek athygli á þessum tveimur dagsetningum sem ekki fara saman. Ég vil líka, virðulegi forseti, um leið og ég þakka aftur fyrir undirtektir forseta, segja að ég verð að lýsa því yfir að ræða hæstv. utanrrh. hefur valdið mér mjög miklum vonbrigðum.

[10:52]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þessari umræðu um störf þingsins er lokið. Forseti ítrekar að hann mun ræða framhald þingstarfanna, og þar með hvenær þingi verður frestað í vor, við hæstv. ríkisstjórn og formenn þingflokka.

## *Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, fyrri umr.*

Stjtill., 568. mál. — Þskj. 968.

[10:53]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að þingflokkur Alþb. hefur óskað eftir að ræðutími í fyrsta dagskrármálinu verði tvöfaldaður.

[10:53]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað eftir heimild Alþingis til að fullgilda þrjá viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands frá 16. des. 1997.

Samkvæmt 1. gr. samninganna skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins bjóða ríkisstjórnum ríkjanna þriggja að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þegar viðbótarsamningarnir hafa öðlast gildi. Kveðið er á um að ríkin verði aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þann dag sem þau afhenda ríkisstjórn Bandaríkjanna aðildarskjöl sín.

Í 2. gr. viðbótarsamninganna er kveðið á um að þeir öðlist gildi þegar allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um samþykki sitt á þeim.

Í 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949, segir m.a. að aðildarríki geti samhljóða samþykkt að bjóða öðrum ríkjum í Evrópu aðild að samningnum, enda stuðli það að framgangi meginreglna samningsins og eflingu öryggis á gildissvæði hans. Það var á grundvelli þessa ákvæðis að Grikklandi og Tyrklandi var veitt aðild að bandalaginu árið 1951, Sambandslýðveldinu Þýskalandi árið 1954 og síðan Spáni árið 1982.

Í kjölfar þeirra miklu breytinga, sem áttu sér stað í evrópskum öryggismálum með upplausn Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins og sameiningar Þýskalands, hófst hröð aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum og fjölþættari viðfangsefnum. Bandalagið stofnaði m.a. Norður-Atlantshafssamstarfsráðið og Friðarsamstarfið sem fljótlega leiddi til víðtæks samstarfs við Evrópuríki utan bandalagsins. Þessi þróun varð til þess að stjórnvöld í tólf ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu lýstu yfir vilja til að fá aðild að bandalaginu.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel árið 1994 var áréttað að bandalagið stæði opið nýjum aðildarríkjum og í kjölfar þess gerði bandalagið úttekt á forsendum og markmiðum hugsanlegrar fjölgunar aðildarríkja sem var samþykkt árið 1995. Um svipað leyti hófu fulltrúar bandalagsins viðræður við stjórnvöld í umsóknarríkjum til að meta pólitískar og hernaðarlegar aðstæður í einstökum ríkjum.

Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur ávallt verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu. Jafnframt að hún komi til með að styrkja

enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í ríkjunum þremur, en ríkin verða að hafa komið á borgaralegri stjórn heraflans og leyst tvíhliða deilumál við nágrannaríki sín.

Þrátt fyrir mjög jákvæða þróun undanfarinna ára ríkir enn óvissa í öryggismálum í Mið- og Austur-Evrópu. Er þá skemmst að minnast þeirra hræringa sem nú eiga sér stað í Kosovo og viðkvæman frið í Bosníu-Hersegóvínu. Með þetta í huga þarf að virða stöðumat og grundvallarrétt allra fullvalda Evrópuríkja að haga landvörnum að eigin vild. Í þessu felst m.a. að ákveða upp á eigin spýtur að hvaða alþjóðastofnunum þau vilja eiga aðild.

Atlantshafsbandalagið barðist ávallt gegn skiptingu Evrópu og getur hvorki fallist á nýskiptingu álfunnar í áhrifasvæði né að fullvalda lýðræðisríkjum sé meinað að nýta þann rétt sem felst í fullveldi þeirra. Bandalagið hefur ítrekað að stækkunin sé eingöngu einn liður í margþættri viðleitni þess að stuðla að auknum stöðugleika og öryggi í Evrópu. Í samræmi við það var ákveðið á vormánuðum 1997 að efla friðarsamstarfið og stofna Evró-Atlantshafssamvinnuráðið, sem kom í stað Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins.

Stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands var undirritaður og þar var lagður grunnur að samstarfsráði þess við Rússland. Jafnframt hefur verið stofnuð samstarfsnefnd Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu. Til viðbótar skal nefna friðargæsluverkefni bandalagsins í Bosníu, sem hefur verið grundvallarforsenda þess að hægt væri að ná fram friði í landinu og er grundvallarforsenda áframhaldandi friðar í Bosníu.

*Atlantshafstengslin sem halda áfram að vera hornsteinn* öryggis í Evrópu, raunveruleg aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýju öryggisumhverfi og árangursrík frammistaða þess í Bosníu hefur haft víðtæk áhrif á viðhorf fólks til bandalagsins í álfunni. Þetta kemur ekki eingöngu fram í vilja ríkja til að gerast aðilar heldur einnig í því að þjóðir leita til bandalagsins þegar hættuástand skapast. Besta dæmið er nýleg beiðni Albaníu um fund með fastaráði bandalagsins á grundvelli friðarsamstarfsins til að ræða Kósóvó og afleiðingar þess fyrir Albani. Á sama tíma mátti sjá á kröfuspjöldum mótmælenda í Kosovo að þeir biðluðu til bandalagsins um aðstoð. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að fólk, hvort sem er innan aðildarríkja bandalagsins eða utan þess, lítur svo á að áframhaldandi tilvist bandalagsins og starfsemi þess stuðli að friði í Evrópu.

Sumir hafa lýst yfir áhyggjum um að stækkun bandalagsins verði til þess að draga úr mætti þess sem varnarbandalags. Við þessa aðila er rétt að segja að hinar sameiginlegu varnarskuldbindingar verða áfram hornsteinn Atlantshafsbandalagsins. Þær skapa í sjálfu sér öryggi og stöðugleika í Evrópu í heild. Stækkunin hingað til hefur ekki dregið úr varnarmætti bandalagsins né veikt vinnulag þess sem byggir á því að ná ætíð samhljóða samkomulagi allra aðildarríkjanna um allar ákvarðanir.

Aðrir hafa lýst yfir áhyggjum um hvaða áhrif stækkun bandalagsins kemur til með að hafa á öryggi í álfunni vegna neikvæðra viðbragða Rússlands. Hér vil ég fyrst og fremst undirstrika að Rússland er og verður fullgildur aðili að hinu nýja öryggisfyrirkomulagi Evrópu og er fullgildur aðili að mörgum þeim stofnunum og samtökum sem koma þar við sögu, eins og Sameinuðu þjóðunum, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðinu, samskiptahópnum og síðan með samstarfi við þær stofnanir sem það er ekki aðili að eins og við Atlantshafsbandalagið. En NATO og Rússland eiga margþætt og náið samstarf á vettvangi samstarfsráðs þessara aðila og starfa einnig að friðarframkvæmdinni í Bosníu í góðu samstarfi.

Atlantshafsbandalagið hefur einnig komið til móts við áhyggjur stjórnvalda í Rússlandi vegna stækkunarinnar með einhliða yfirlýsingu um að bandalagið hafi hvorki þörf fyrir né áform um varanlega staðsetningu herliðs eða kjarnavopna í nýjum aðildarríkjum.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madrid 8. og 9. júlí 1997 var ákveðið að bjóða Pólland, Ungverjaland og Tékklandi að hefja aðildarviðræður við bandalagið. Jafnframt var ítrekað að bandalagið yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að framkvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins óháð landfræðilegri legu.

Hvað varðar önnur umsóknarríki var sérstaklega getið þróunar í átt til lýðræðis og réttarríkis í Rúmeníu og Slóveníu og árangurs í eflingu stöðugleika og samvinnu ríkja á Eystrasaltssvæðinu og þar fyrst og fremst hugsað um Eistland, Lettland og Litháen. Þessi ákvörðun var mjög í samræmi við afstöðu Íslands sem sett hafði verið fram á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Sintra þá um vorið um að bjóða eingöngu þremur ríkjum í þessari stækkunarlotu til aðildarviðræðna. Tilvísunin til Eystrasaltsríkjanna var að mínu mati mikill sigur hafandi í huga þann stuðning sem við höfum sýnt aðild þessara ríkja og verulegri andstöðu við það að þessi ríki yrðu sérstaklega nefnd í sambandi við þessar ákvarðanir.

Í Madrid var einnig samþykkt að efla tvíhliða skoðanaskipti við ríki sem lýst hafa áhuga á aðild að bandalaginu. Stjórnvöld í nokkrum þessara ríkja hafa síðan haldið tvíhliða fundi með fastaráði bandalagsins eða fulltrúum alþjóðastarfsliðs höfuðstöðva þess til að ræða hvernig þau geti best undirbúið aðild að bandalaginu.

Aðildarviðræður fulltrúa Póllands, Tékklands og Ungverjalands við fulltrúa Atlantshafsbandalagsins fóru fram á haustmánuðum 1997 og lauk með því að ríkisstjórnir ríkjanna þriggja óskuðu eftir aðild að Norður-Atlantshafssamningnum og hétu því að virða þær skuldbindingar sem aðild fylgdu. Utanríkisráðherrar aðildarríkja bandalagsins undirrituðu svo viðbótarsamninga um aðild ríkjanna þriggja 16. des. 1997 með fyrirvara um samþykkt þjóðþinga landanna.

Áður en viðbótarsamningarnir um aðild ríkjanna þriggja voru undirritaðir lét Atlantshafsbandalagið gera kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðrar fjölgunar aðildarríkja. Niðurstöður þessarar áætlunar benda til þess að sameiginleg útgjöld bandalagsins muni aukast um um það bil 1,5 milljarða Bandaríkjadala á næstu tíu árum og þar af fari um 1,3 milljarðar til mannvirkjagerðar í nýju aðildarríkjunum. Ríkin þrjú munu sjálf þurfa að greiða kostnað vegna aðlögunar vegna eigin varna í samræmdu varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnarmála vegna fjölgunar aðildarríkja. Með þetta í huga má ljóst vera að viðbótarútgjöld Íslands vegna þessarar stækkunar eru ekki umtalsverð m.a. vegna þess að við greiðum ekki í Mannvirkjasjóð bandalagsins þannig að af þessari áætlun þurfum við einungis að greiða hlutdeild í 200 millj. bandaríkjadala en þátttaka okkar í kostnaði Atlantshafsbandalagsins er 0,05%. Þar að auki er ljóst að hin nýju ríki munu að sjálfsögðu taka þátt í þessum kostnaði þannig að kostnaður Íslands verður ekki umtalsverður. En ljóst er að við þurfum

að styrkja starf okkar í Brussel og þegar hefur verið ákveðið að fjölga þar um eitt stöðugildi vegna aukinna umsvifa Atlantshafsbandalagsins á mörgum sviðum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[11:06]

**Útbýting þingskjala:**

Aldamótavandamálið í tölvukerfum, 583. mál, fsp. HG, þskj. 990.

Alþjóðaþingmannasambandið 1997, 580. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 986.

Ár hafsins 1998, 584. mál, fsp. HG, þskj. 991.

Heilsugæslumál á Eskifirði og Reyðarfirði, 585. mál, fsp. HG, þskj. 992.

Köfun niður að Æsu ÍS 87, 586. mál, fsp. KHG, þskj. 993.

Rannsóknarnefnd sjóslysa, 587. mál, fsp. KHG, þskj. 994.

[11:07]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Málið sem hér er á dagskrá er mikilvægt og krefst þess að um það fari fram ítarleg umræða og það var þess vegna sem við í þingflokki Alþb. og óháðra óskuðum eftir því að umræðutíminn yrði lengdur aðeins því að samkvæmt þingsköpum er það svo að ef ekki er beðið um sérstaka umræðu þá er umræðutíminn aðeins átta mínútur og það er allt of knappt miðað við aðstæður og mál af þessu tagi. Þess vegna báðum við um tvöföldun á tímanum þannig að menn hafa 15 mínútna ræðutíma sem er í raun ótrúlega lítið líka miðað við hvað stórt mál er á ferðinni, mál sem markar mikil tímamót í sögu og áherslum öryggis-, afvopnunar- og vígbúnaðarmála í okkar heimshluta núna eftir að múrinn hrundi árið 1989 og þær breytingar sem þar áttu sér stað.

Varðandi spurninguna um stækkun Atlantshafsbandalagsins vakna margar nýjar spurningar. Í fyrsta lagi er á það bent að með því að knýja fram stækkun Atlantshafsbandalagsins á þann hátt sem nú er gert, þá geti það haft í för með sér, m.a. vegna afstöðu Rússa, vaxandi ófriðarhættu og spennu á nýjan leik. Ég held að alveg nauðsynlegt sé að hafa skoðun á því eða a.m.k. fara um það nokkrum orðum hvort að einhverju leyti sé hætt við því að stækkun bandalagsins á þann hátt sem nú er gert ráð fyrir þýði harðari viðbrögð Rússa en ella hefðu þurft að vera. Ég held að nauðsynlegt sé að velta því fyrir sér og þá er ég ekki að tala um Rússland eitt heldur líka nánustu grannríki þess. Þetta hefur auðvitað komið fram í yfirlýsingum Rússa að undanförnu í alls konar greinum og ræðum og líka í stjórnarathöfnum, m.a. í afstöðu þeirra til þess að staðfesta aðild að START-2 samkomulaginu.

Í öðru lagi þurfa menn að spyrja sig þeirrar spurningar hvort stækkun Atlantshafsbandalagsins geti haft í för með sér aukinn vígbúnað í heiminum almennt. Það er alveg greinilegt að hergagnaframleiðendur í Evrópu og Bandaríkjunum líta þessa stækkun Atlantshafsbandalagsins hýru auga. Þeir hafa þegar reynt að koma sér upp tengslum við ríkisstjórnirnar í þeim löndum þremur sem hér er um að ræða í því skyni að hirða sem mest af ávinningnum af stækkun NATO vegna þess að það er vitað að hergögn í þeim löndum sem hér um ræðir eins og í öðrum löndum Austur-Evrópu eru léleg og þau eru talin úrelt af þeim sem þekkja til á þessu sviði. Þess vegna er það niðurstaða allra þeirra sem hafa fjallað um þessi mál að þessi ákvörðun um stækkun Atlantshafsbandalagsins þýði aukinn vígbúnað og aukna hergagnaframleiðslu og þar af leiðandi aukna ófriðarhættu í heiminum frá því sem ella hefði verið.

Í þriðja lagi er það gagnrýnt í tengslum við þessi mál og menn velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið nær að nota þessa milljarða dollara sem hér er um að ræða í annað, hvort það er í samræmi við þær breytingar sem hafa verið að ganga yfir í heiminum að verja öllum þessum fjármunum í vígbúnað. Það er rosalegt að horfa á eftir 1,5 milljörðum dollara í vígbúnaðarframleiðslu, í hergagnauppbyggingu á næstu tíu árum vegna þessarar ákvörðunar sem menn eru að tala um hér og þá er bara verið að tala um kostnað Atlantshafsbandalagsins en ekki um þann kostnað sem hlýst af þessum ákvörðunum í hinum væntanlegu þremur aðildarríkjum. Þannig að þegar upp er staðið þá er hér um að ræða milljarða dollara kostnað og þeir, sem spyrja spurninga eins og ég er að gera hér, í löndum Vestur-Evrópu hinnar gömlu og Austur-Evrópu þar sem í raun er verið að byggja upp ný þjóðfélagskerfi, þeir segja sem svo: Hefði ekki verið nær að nota þessa peninga til að byggja upp lífskjör, m.a. í þessum ríkjum Austur-Evrópu? Hefði ekki verið nær að reyna að byggja upp lífskjör atvinnuleysingjanna í Evrópu um þessar mundir sem eru taldir í tugum milljóna? Hefði það ekki verið nær? Er þetta viðbragð, stækkun NATO, í raun og veru ekki gamaldags kaldastríðsviðbragð af því að menn sjá aldrei aðrar leiðir en þeir hafa farið áður og treysta sér ekki til að takast á við ný verkefni?

Þess vegna spyrja menn sig að því í fjórða lagi, herra forseti: Hefði ekki verið skynsamlegra að leita annarra leiða, nýrra leiða í þessum efnum og er ekki nauðsynlegt fyrir land eins og Ísland að setja á dagskrá ný verkefni þó gömul séu í þessum málum? Ég tel t.d., herra forseti, að þær hugmyndir sem uppi voru um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og yfirlýsingar í þeim efnum verði á dagskrá á ný með þessum ákvörðunum. Ég tel líka í beinu framhaldi af þessu að hugmyndirnar um kjarnorkuvopnalaust belti niður eftir Mið-Evrópu sem var rætt oft áður en hefur lítið verið rætt í seinni tíð, sé mál sem verði að taka á dagskrá ef þessi stækkun Atlantshafsbandalagsins verður að veruleika eins og allt bendir til.

Ég held líka að menn hefðu átt að leggja vinnu og hugsun í eflingu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, frekar en fara þessa leið vegna þess fyrst og fremst að þar eru allir inni. Svörin við þessu eru væntanlega þau að ÖSE eru veik samtök eins og er. Það er mikið til í því. En hvað þarf að gera við þann sem er veikur? Það þarf að styrkja hann. Ég dreg í efa að forráðamenn Atlantshafsbandalagsins hafi haft vilja til þess að styrkja ÖSE eins og þurft hefði að gera til þess að það gæti gegnt því hlutverki sínu að vera sameiningar-, samræmingar- og síðan friðarvettvangur í Evrópu en á því þurfum við að halda miklu frekar en gamaldags stækkun á eldgömlu hernaðarbandalagi.

Ég held líka að við þurfum að hugsa þetta mál út frá því, herra forseti, að öryggisskipan mála í Evrópu geti orðið mikilvægur hluti af öryggisskipan í heiminum öllum og að í staðinn fyrir að menn byggi upp Atlantshafsbandalagið í Evrópu einhliða og dragi jafnvel upp ný tjöld, þá reyni menn að þróa öryggi, samvinnu og friðarviðleitni í Evrópu sem hluta af heimsuppbyggingu í þessum efnum þar sem t.d. Sameinuðu þjóðirnar verði allsherjarfriðar- og öryggissamtök fyrir allan heiminn, fyrir allan hnöttinn.

Í fimmta lagi, herra forseti, tel ég að við eigum að velta mjög alvarlega fyrir okkur því sem fram hefur komið, m.a. í

greinum eftir ýmsa ákafa og trúverðuga talsmenn lýðræðisferlisins í Rússlandi. Þeir hafa áhyggjur af því að þetta geti orðið til þess að Rússar verði að verja auknum fjármunum til hernaðaruppbyggingar sem aftur muni tefja lýðræðisferlið í Rússlandi. Ég held að það sé alvarlegt mál og við eigum að horfast í augu við það. Ég vísa í þessu sambandi á greinar, sem menn hafa t.d. ágætan aðgang að á internetinu, eftir Mikhail Gorbatsjov og fleiri mæta menn sem beinlínis hafa varað við því að hernaðaruppbygging hefjist í Evrópu á ný. Það er að gerast sitt hvoru megin við mörkin. Það mun hægja á lýðræðisferlinu á og þar með sjáum við fram á nýtt vígbúnaðarkapphlaup.

George Kennan hefur stundum verið talinn faðir þeirrar stefnu sem Bandaríkin ráku á kaldastríðstímanum. Sumir telja þá stefnu hafa verið „árangursríka", en ég er ekki þeirrar skoðunar. Hann hefur komist þannig að orði að stækkun NATO sé örlagaríkasta vitleysan í ameríkskri pólitík eftir kalda stríðið. Hann rökstyður það með því að verið sé að setja af stað spennuferli á nýjan leik að óþörfu.

Auðvitað er vert að muna eftir því og tala um að þjóðirnar í Póllandi, Ungverjalandi og í Tékklandi vilja gjarnan treysta stöðu sína með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Svo ég segi alveg eins, miðað við það sem þær hafa gengið í gegnum með nábýlið við austrið, þá er ekkert skrýtið að þær skuli vilja þessa leið. Ef þær eiga engan annan kost en þennan, ef ÖSE er meira og minna ónýtt og afskrifað af Bandaríkjamönnum, Bretum og þeim aðilum sem nenna ekki að leggja þá hugsun og peninga í málið sem þyrfti, þá er ekki skrýtið að þessar þjóðir hugsi sem svo: Við verðum að treysta öryggi okkar með einhverjum hætti og þá er þetta betra en ekki neitt. Þær horfast í augu við það að menn ætla að nálgast málin út frá þessum gömlu kaldastríðsaðferðum og halda að vígbúnaður og hergagnauppbygging sé alltaf besta svarið við öllum vanda.

Ég hygg að við munum það öll ákaflega vel hvernig heimurinn fagnaði hruni múrsins og hvernig menn upplifðu hrun múrsins sem stórkostleg kaflaskipti í sögu mannkynsins. Ég vona að einhverjir muni eftir því þegar Pink Floyd hélt tónleika við hruninn múrinn. Ég vona að einhverjir hér muni eftir því að þeir fundu að þá voru að gerast tíðindi í heiminum. Þeir fundu að gerst hefðu tíðindi í heiminum. Það voru ný tíðindi um nýjan heim, opinn heim og betri. Evrópa var sameinuð þar sem tjaldinu var rutt til hliðar og menn gátu talað saman. Menn hlupu á harðahlaupum gegnum Brandenborgarhliðið sem þeir höfðu horft á eins og óvinnandi virki um áratuga skeið. Þetta var stórkostleg tilfinning fyrir alla sem fylgdust með alheimsmálum á þessum tíma.

Ég óttast að snúa eigi þessu við og menn séu að smíða nýja veggi og nýja múra. Ég er viss um að aðrir sem munu tala í þessu máli segja: Nei, þetta er ekki svona. Ég er viss um að þeir munu segja: Nei, auðvitað stendur það ekki til. Vandinn er hins vegar sá að þegar á þessa braut er komið, þá taka hin sjálfvirku lögmál oft völdin af skynsamari og vel meinandi mönnum. Hin sjálfvirku lögmál hernaðaruppbyggingarinnar taka völdin af öllum, líka þeim sem mæla með þessum tillögum. Menn ráða ekki neitt við neitt og uppbyggingin og spennan heldur áfram. Hættan fer vaxandi.

Er það ekki eðlilegt, herra forseti, að Rússar spyrji núna þeirra spurninga í blöðum: Af hverju þessi uppbygging og spenna, þegar búið er að leggja niður Varsjárbandalagið? Þegar Rússar hafa í raun tekið upp kapítalisma er ekki lengur hægt að nota hinar hugmyndafræðilegu deilur sem yfirvarp eða ástæðu, hvort heldur sem menn vilja kalla það. Af hverju þetta þegar múrinn er hruninn og Þýskaland er eitt á ný? Af hverju?

Það er eðlilegt að þessara spurninga sé spurt. Það gætir ótta og biturleika í ýmsum þeim greinum sem maður hefur séð í þessum efnum. Við heiminum blasa þá hinir gömlu stórveldishagsmunir þar sem hver er að tryggja sitt. Þegar umræðan um stækkun NATO var sem áköfust í þinginu, í fyrra frekar en hittiðfyrra, þá man ég t.d. eftir því að þeir fulltrúar Sjálfstfl. sem tóku þátt í umræðunni, lögðu gríðarlega áherslu á að Eystrasaltslöndin yrðu að fylgja með. Ég man eftir því að Per Stig Møller, sem nú er formaður danska íhaldsflokksins, sagði einhvers staðar að það versta sem gæti gerst fyrir Eystrasaltslöndin væri að stækkun NATO yrði ákveðin án þeirra. Þannig er stórhættulegt að halda þannig á hlutunum.

Ég held að nákvæmlega það gæti verið að gerast í þessum efnum, herra forseti, að staða Eystrasaltslandanna, miðað við það sem menn töluðu um á þessum tíma, geti í raun og veru verið krítísk og þess vegna séu menn þarna frá öllum bæjardyrum séð, bæði frá mínum sem tala frá almennum vinstri pólitískum sjónarmiðum gjarnan og eins frá sjónarmiðum þeirra sem töluðu fyrir t.d. hægri flokkana í Norðurlandaráði í fyrra og hittiðfyrra. Ég held að það hljóti að vera umhugsunarefni að þetta mál ætli að þróast svona.

Hættan er sú, herra forseti, að kalt stríð gæti hafist að nýju. Það gæti hafist nýtt hernaðarkapphlaup með milljarða dollara óþörfum hernaðarútgjöldum. Hættan er sú að það dragi úr lýðræðisvæðingunni í Austur-Evrópu. Hættan er sú að það tefji friðarþróun í heiminum að fara þá leið sem hér er verið að leggja til.

Herra forseti. Miðað við þessar aðstæður hljóta menn að velta því fyrir sér hvaða afstöðu þingmenn munu taka við afgreiðslu á þessari tillögu þegar hún að lokum kemur til meðferðar. Af máli mínu er auðvitað alveg ljóst að við munum ekki greiða atkvæði með þessari tillögu. Hvort okkur verður gefinn annar kostur en að sitja hjá í málinu skal ósagt látið á þessu stigi. Hér er Alþingi Íslendinga meira og minna stillt upp frammi fyrir gerðum hlut en það er mál sem við munum gera upp á síðari stigum málsins við meðferð þess í utanrmn.

[11:23]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. sem ég vildi gera að umræðuefni. Það er hin stóra spurning um það hvort hér sé verið að draga úr spennu eða auka spennu í Evrópu. Ég fullyrði að það er verið að draga mjög mikið úr spennu. Það er rétt hjá hv. þm. Fólk var að fagna frelsinu þegar það hljóp í gegnum Brandenborgarhliðið á sínum tíma. Fólkið í Austur-Evrópu gekk jafnframt í Atlantshafsbandalagið. Það sameinaðist Atlantshafsbandalaginu jafnframt því að sameinast Þýskalandi. Það fagnaði því líka. Eigum við þá að neita öðrum ríkjum í Evrópu um aðgang að Atlantshafsbandalaginu ef þau uppfylla ákveðin skilyrði? Mikill meiri hluti fólksins telur það eitt aðalatriðið í sambandi við efnahagslegar framfarir og lýðræðislega þróun að vera í samtökum þessara ríkja, bæði Atlantshafsbandalaginu og einnig Evrópusambandinu?

Það er líka ljóst að ýmis minnihlutavandamál í Evrópu hafa verið leyst, ekki síst vegna þess að ríkin ætla sér að ganga inn í Atlantshafsbandalagið. Ég minni á Ungverjaland í því sambandi. Ég minni á Rúmeníu. Einnig væri hægt að

nefna dæmi í Eystrasaltsríkjunum. Víða um Evrópu hefur dregið úr spennu vegna þess ferlis sem farið er í gang. Þar með eru lýðræðisöflin að styrkjast í Evrópu. Ef við værum andsnúnir stækkun Atlantshafsbandalagsins, þá værum við að veikja lýðræðisöflin í Evrópu og neita því fólki sem vill taka þátt í lýðræðisþróuninni að vera með okkur í þeirri baráttu.

[11:25]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það er ekki samkvæmt þingsköpum en ég segi það samt: Mikil er trú þín hæstv. utanrrh.

Ég er ekki alveg viss um að þetta sé eins og hæstv. utanrrh. lýsti. Ég held að málið sé þannig að þessi þróun geti haft í för með sér aukna spennu eins og ég rökstuddi áðan. Þeir geta haft það í för með sér að það dragi úr þeim lýðræðislegu breytingum sem þurfa að verða í hinni gömlu Vestur-Evrópu. Þau geti haft í för með sér milljarða útgjöld til hernaðar á og þar með vaxandi ófriðarhættu í heiminum. Öll þessi atriði tel ég að eigi tvímælalaust rétt á sér í þessu máli. Ég tel að það hefði verið skynsamlegra að þróa ÖSE í þá átt að þau samtök yrðu samnefnari og samvinnuvettvangur fyrir alla Evrópu. Þar með hefðu þau verið grundvöllur að víðtækari öryggis- og friðarsamtökum heimsins alls. Þau gætu jafnvel orðið hornsteinn slíkra samtaka.

Ég tel að það að ætla sér að svara öllu með stækkun Atlantshafsbandalagsins tryggi í raun og veru ekki lausn á nokkru máli. Mér finnst viðbrögð hæstv. utanrrh. og svar hans hafi ekki byggst á neinu öðru en því sem honum finnst. Ég ber fulla virðingu fyrir því en það dugir mér ekki vegna þess að spurningarnar vaka áfram eins og ég rakti hér í ræðu minni.

[11:27]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin er ekki aðeins um það sem mér finnst heldur líka hvað því fólki finnst sem er nú að ganga inn í Atlantshafsbandalagið. Hlutföllin voru þannig að yfir 80% íbúa þessara ríkja sagði já og það hlýtur að skipta meginmáli hvað þetta fólk vill. Því er oft slegið fram að þetta muni auka vígbúnaðarkapphlaupið og verða til þess að meira verði fjárfest í vopnum. Ég fullyrði að það er öfugt.

Það er alveg ljóst að ef þessar þjóðir hefðu komið að lokuðum dyrum hjá Atlantshafsbandalaginu, þá hefðu þær gripið til allt annarra úrræða í sambandi við sín mál. Að sjálfsögðu hefðu þær keypt nútímavopn og endurskipulagt varnir sínar með allt öðrum hætti. Það að þær fá nú aðild að Atlantshafsbandalaginu verður til þess að þær geta ráðist í þessar endurbætur með mun minni kostnaði en annars hefði orðið. Jafnframt er nauðsynlegt að taka það fram að margt annað er í gangi. Milli Rússlands og Atlantshafsbandalagsins er náið samstarf, einmitt til þess að koma í veg fyrir það að vígbúnaðarkapphlaupið hefjist á nýjan leik. Ég ætla að þannig sé hægt að koma í veg fyrir það að slíkt gerist. Í reynd er samvinna eina leiðin til að koma í veg fyrir vígbúnaðarkapphlaup.

Það er nauðsynlegt að minna á hið góða samstarf sem er meðal allra þessara þjóða í Bosníu sem hefur sýnt fram á að þjóðir í Evrópu geta í sameiningu unnið að friði.

[11:30]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé allt saman athyglisvert sem hæstv. ráðherra sagði en mér finnst hann setja málið alltaf þannig upp að ekki hafi verið neitt val í þessu máli, þ.e. annað hvort stækkun NATO, uppbygging NATO eða í raun og veru ekki neitt. Eða það að þessar þjóðir væru þá dæmdar til að búa til nýtt og sitt eigið hernaðarbandalag. Ég hef ekki sett málið þannig upp. Ég hef sagt sem svo: Hér hefðu menn átt að leggja meiri vinnu, hugsun og peninga í að þróa nýtt öryggiskerfi fyrir Evrópu á grundvelli ÖSE frekar en að fara þessa leið.

Ég viðurkenni líka að það mjög mikilvæga sjónarmið sem hæstv. utanrrh. nefndi í andsvari sínu og ég mjög rækilega í ræðu minni áðan, að það er mikilvægt að hlusta á þetta fólk. Ég geri ekki lítið úr viðhorfum þess eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni áðan. En við skulum gera okkur grein fyrir því að um leið og menn eru að horfa til þessara 80% sem auðvitað styðja þessa hluti eins og þeir eru núna af því að enginn annar valkostur er settur fram þá kjósa menn þennan. Og um leið og það er þannig þá eru menn að neita öllum hinum, því það er ljóst að fjöldinn allur af öðrum aðilum, öðrum ríkjum, m.a. Eystrasaltsríkjunum vilja sækja um aðild að þessu bandalagi. En menn hafa neitað þeim. Ég tel líka að stórkostlegur tvískinnungur sé vaðandi uppi í þessu máli. En látum það allt vera. Grundvöllur ræðu minnar var fyrst og fremst sá að þetta gæti haft í för með sér aukna spennu, það gæti haft í för með sér að menn væru að hefja nýtt kalt stríð, það gæti haft í för með sér að menn væru að eyða milljörðum dollara í vígbúnað sem menn hefðu ekki þurft að nota annars og gæti haft það í för með sér að það hægði á lýðræðisþróuninni í Austur-Evrópu. Þetta er ekkert lítið og engin gild rök hafa komið fram sem segja: „Allt þetta er rangt."

[11:32]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hér hafa þegar spunnist athyglisverðar umræður um þessa tillögu sem liggur fyrir af hendi ríkisstjórnarinnar. Áður en ég vík mér að efnislegri umræðu um þá tillögu langar mig að segja að mér þótti málflutningur hv. þm. Svavars Geststsonar áðan vera mjög athyglisverður og talsvert í öðrum farvegi en oft hefur verið af hálfu Alþb. þegar umræður um þessi mál hafa verið. Margt sem hann sagði var vel þess virði að skoða ofan í kjölinn. Reyndar var athyglisvert að sjá að ákveðinn samhljómur var í því sem hv. þm. sagði áðan við ræður öldungadeildarþingmanna í Bandaríkjunum sem við höfum m.a. séð í fjölmiðlum síðustu daga, þ.e. öldungadeildarþingmanna harðskeyttra repúblikana.

Mig langar áður en ég vík að tillögunni sjálfri að drepa á eitt atriði í ræðu hv. þm. Svavars Geststsonar. Hann flutti langt mál og tíndi ýmislegt til með hógværum og málefnalegum tilbúnaði sem hneig að þeirri niðurstöðu að hann væri á móti þessari tillögu þótt ekki kæmi það skýrt fram hjá honum. Hann taldi að með því öryggisumhverfi sem við erum að leggja af stað inn í með samþykkt þessarar tillögu í þjóðþingum þeirra landa sem að Atlantshafsbandalaginu standa værum við í rauninni að auka spennu og við kynnum að magna upp nýtt kalt stríð. Þetta sagði hv. þm. og hann spyr: „Hvers vegna leggjum við upp í þetta ferðalag?" Mér þótti sem hv. þm. skjöplaðist vegna þess að honum yfirsást gríðarlega mikilvægt atriði. Atriði sem er sérlega mikilvægt fyrir menn eins og okkur sem tilheyrum smáþjóð og það er sjálfsákvörðunarréttur fullvalda ríkja. Hann er ástæðan fyrir því að þessi stofnun er til sem við störfum í hér dag hvern. Það er sjálfsákvörðunarréttur fullvalda ríkja sem sérstaklega smáríkjum eins og okkur er skylt að hafa í heiðri. Ástæðan fyrir því að þessi þrjú ríki eru núna að verða fullgildir

aðilar að NATO og að níu önnur ríki hafa sótt um aðild að NATO og að þrjú smáríki sem hv. þm. nefndi áðan, Eystrasaltslöndin, hafa sett sem forgangsmál númer eitt á sínar utanríkismálastefnuskrár, er auðvitað sú staðreynd að þessi ríki kjósa sjálf að vera innan þessa varnarbandalags.

Ýmislegt fleira sem kom fram í ræðu þingmannsins ætla ég að ræða síðar, herra forseti. Ég vil segja í upphafi að ég og þingflokkur jafnaðarmanna stöndum heils hugar að þessari tillögu. Við munum gera það sem í okkar valdi stendur til að sjá til þess að hún verði samþykkt á þeim skamma tíma sem lifir þessa þings.

Eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði með nokkurri stemmningu í sinni ræðu þá var það heimssögulegur atburður þegar Berlínarmúrinn hrundi og hrun hans var líka um leið táknrænt fall þess einræðisskipulags sem kommúnisminn í Austur-Evrópu hafði komið á fót, og með honum var lagður grundvöllur að gjörbreyttri og nýrri heimsmynd. Í kjölfarið hafa hlutverk ýmissa alþjóðlegra samtaka á borð við Atlantshafsbandalagið að minni hyggju breyst. Ég tel að tilgangur og eðli NATO hafi breyst og ég held að hv. þm. Svavari Gestssyni og þingmönnum Alþb. væri hollt að reyna að skoða hlutverk Atlantshafsbandalagsins með öðrum gleraugum en þeim gömlu sem menn höfðu áður en þessar heimssögulegu breytingar urðu árið 1989. Við höfum t.d. séð og staðið öll andspænis vanmætti Evrópu til að stilla til friðar í ríkjum eins og á Balkanskaga þar sem tundur hefði getað glæðst í alheimsloga. Það hefði getað leitt til gríðarlegs ófriðarbáls á heimsvísu en við gátum ekki leyst þetta sjálf. Við þurftum atbeina Bandaríkjanna í gegnum Atlantshafsbandalagið. Þetta er staðreynd og mér finnst að menn ættu að leyfa sér þann munað að skoða tilgang Atlantshafsbandalagsins út frá henni. Ég vek líka athygli á því, af því hv. þm. Svavar Gestsson talaði um að nauðsynlegt væri að velta fyrir sér Sameinuðu þjóðunum sem friðarbandalagi heimsins, að það var einmitt einn af forustumönnum í Alþb. sem fyrstur manna reifaði þennan möguleika með rökum og gat þess þá að NATO kynni mögulega að eiga þar hlutverki að gegna sem eins konar varnarsamtök eða varnarstoð undir þessu nýja hlutverki og breyttum Sameinuðum þjóðum.

Ég tel, herra forseti, að þessi tillaga sem liggur fyrir sé í rauninni staðfesting á því að nýtt öryggisumhverfi er að skapast í Evrópu. Ég er algjörlega sammála þeirri niðurstöðu sem varð af hálfu forustumanna Atlantshafsbandalagsins og þeim málabúnaði sem forustumenn íslensku ríkisstjórnarinnar sem þar tóku þátt í málum, höfðu í heimanmund. Eins og menn muna sóttu fimm ríki mjög fast eftir að fá aðild að Atlantshafsbandalaginu og það má heita að nánast öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafi líka stutt, fyrir utan Ungverjaland, Tékkland og Pólland, aðild Slóveníu og Rúmeníu. Það var talið mjög líklegt að þessi þrjú ríki myndu ná fulltingi bandalagsins til fullrar aðildar. Bandaríkjamenn lögðust gegn þessu og Íslendingar fylgdu þeim að málum. Sumir lögðu þeim það til lasts og töldu það óhóflega fylgispekt. En ég tel, herra forseti, að þar hafi ríkisstjórnin haldið hárrétt á málum. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að við höfum tekist á hendur vissar siðferðilegar skuldbindingar gagnvart öðrum smáþjóðum eins og Eystrasaltsríkjunum. Við höfum gerst málsvarar þeirra á alþjóðlegum vettvangi. Við áttum talsverðan þátt í því að þessar þjóðir náðu þó þeirri stöðu sem þær hafa í dag og þær hafa óskað þess mjög eindregið, allar þrjár, að hljóta fulla aðild að Atlantshafsbandalaginu. Það hefur engin þjóð stutt það jafnríkulega og Íslendingar. Ég tel því að frá sjónarhóli þeirra og þess stuðnings sem við höfum jafnan sýnt þeim hafi það verið mjög farsælt að niðurstaðan varð sú að ákveðið var að taka inn þessar þrjár þjóðir í fyrstu atrennu, en að það var jafnframt nefnt, eins og kemur fram í fylgiskjali, að menn vænta þess að síðan verði önnur lota þar sem tekin verði inn fleiri ríki. Menn nefna þar þá Rúmeníu og Slóveníu en auðvitað skiptir miklu máli að þar voru nefnd Eystrasaltsríkin þrjú og e.t.v. varð það ekki síst fyrir atbeina Íslendinga, að þau hlutu þá stöðu að vissar væntingar voru gefnar um hlutskipti þeirra í framtíðinni. Þess vegna segi ég að ég held að þessi niðurstaða hafi verið mjög góð.

Ég held líka að nauðsynlegt sé að skoða það sem hæstv. utanrrh. kallaði nýtt öryggisumhverfi í Evrópu út frá öðrum hlutum líka. Atlantshafsbandalagið leikur þar ekki einungis stórt hlutverk heldur líka Evrópusambandið í vaxandi mæli. Þótt Evrópusambandið hafi ekki neina sérstaka formlega varnarstoð — menn líta svo á að Vestur-Evrópusambandið sé það öðrum þræði, þótt svo sé ekki formlega — þá er það samt sem áður svo að Evrópusambandið og það samstarf sem þar hefur verið á síðustu árum, ég tala nú ekki um það samstarf sem þar er að takast á sviði hins sameiginlega gjaldmiðils, eykur stórkostlega að ég tel öryggið í Evrópu. Það er miklu erfiðara fyrir ríki að fara í stríð ef þau hafa t.d. sama gjaldmiðil. Það er miklu erfiðara fyrir þau ef það er að stóru leyti búið að má út tilbúin landamæri millum þeirra.

Ég vek athygli á því að þegar Eystrasaltsríkin stóðu frammi fyrir þeirri staðreynd að þau áttu þess ekki kost að verða hlutar af Atlantshafsbandalaginu þá braust þessi skilningur sem ég er að lýsa á varnareðli Evrópusambandsins einmitt fram í fréttatilkynningu sem Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sendi frá sér þar sem hún benti einmitt á þann möguleika að það mundi auka öryggi, hún sagði nú reyndar sérstaklega öryggiskennd borgaranna í þessum þremur ríkjum, ef þeim yrði veitt aðild að Evrópusambandinu.

Í þeirri framtíðarsýn, sem forustumenn Evrópusambandsins hafa sett fram og tekur m.a. til kandídata sem kynnu að verða aðilar að Evrópusambandinu, eru þessi þrjú ríki ekki öll þar inni. Það er einungis Eistland þeirra þriggja en þar er Slóvenía, þó ekki Rúmenía, en þetta gefur líka ákveðin fyrirheit og fyrir utan Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið skiptir Vestur-Evrópusambandið líka í vaxandi mæli nokkru í þessum efnum. Við Íslendingar hljótum auðvitað að horfa á þetta allt saman í einu og það skiptir talsverðu máli fyrir varnarhagsmuni og öryggishagsmuni okkar að þróun Vestur-Evrópusambandsins verði með þeim hætti að ekki verði efldur formlegur burðarás varna Evrópusambandsins. Það kynni að þjóna öðrum hagsmunum en endilega okkar. Ég held líka að það sé mikilvægt, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði og hefur reyndar oft komið fram í umræðum, að þegar menn eru að velta fyrir sér stækkun NATO þarf auðvitað að reyna að haga því þannig að það skapi ekki aukna ólgu, t.d. innan Rússlands. Ég er sammála því sjónarmiði en um leið hlýt ég að segja að með engu móti má gefa Rússlandi undir fótinn með að það hafi á einhvern hátt neitunarvald. Það er athyglisvert að þrátt fyrir að hv. þm. Svavar Gestsson segði að þetta hefði skapað vaxandi ólgu meðal Rússa hefur sú stækkun sem hér liggur fyrir ekki hlotið harðvítug mótmæli Rússa, ekki þessi stækkun, en þeir hafa hins vegar stappað niður fæti vegna hugmynda um að taka Eystrasaltslöndin þarna inn. En ég vek athygli á því að þessi stækkun hefur farið tiltölulega friðsamlega fram, m.a. vegna þess að Atl-

antshafsbandalagið hefur gert það sem í valdi þess stendur til að sýna Rússum fram á að það er ekki verið að auka ógnarmátt ríkja gagnvart því. Það skiptir miklu máli.

Hv. þm. Svavar Gestsson leiddi getum að því að með þessu væri verið að auka spennu. Hann sagði líka að verið væri að endurnýja hergagnaiðnað heimsins með því að stækka NATO. Þetta held ég, eins og reyndar hæstv. utanrrh. sagði í stuttu andsvari áðan, að sé algerlega rangt. Hv. þm. Svavar Gestsson hefði t.d. haft nokkurn lærdóm af því hefði hann verið með okkur nefndarmönnum í utanrmn. á fundi í fyrradag sem við áttum með tékkneskri sendinefnd sem var hér á ferðinni. Það voru fulltrúar beggja deilda tékkneska þingsins og við ræddum sérstaklega við nefndarmennina kostnaðinn sem Tékkar mundu hafa af því að ganga í NATO, vegna þess að við höfðum jú fyrir okkur þessar stóru tölur. Þeir fullvissuðu okkur um að þeir hefðu sjálfir orðið næsta undrandi þegar búið var að leggja mat á kostnað þeirra, vegna þess að niðurstaðan var þessi: Það mundi hafa í för með sér svolítinn viðbótarkostnað í upphafi, en síðan myndi þátttakan í NATO leiða til sparnaðar. Af hverju, herra forseti? Vegna þess að þeir búa við úreltar varnir, búa að úreltum austur-evrópskum tækjum og fyrir lá að þeir þyrftu að endurnýja varnarmátt sinn. Þeir peningar sem í það hefðu farið eru peningar sem eru notaðir til að geta gerst aðilar að NATO núna. Þeir sögðu líka, sem var afar athyglisvert, að sú staðreynd að þeir væru aðilar að stóru varnarbandalagi mundi í framtíðinni draga úr kostnaði þeirra við varnir síns lands. Það þýðir, herra forseti, að þátttaka í stóru og öflugu varnarbandalagi dregur úr kostnaði einstakra, smárra þátttökuríkja. Það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hygg ég að sé alls ekki rétt. Er það svo að þetta gæti tafið lýðræðisþróunina í Rússlandi eða Austur-Evrópu? Hv. þm. telur að svo sé og ég á í sjálfu sér erfitt með að færa einhver handtæk rök gegn því.

Skoðun mín er sú að svo sé ekki. Hún byggist á því að það sé yfirgnæfandi vilji þeirra, sem búa í þessum löndum, að þróunin verði með þessu móti. Ef við látum að vilja fjöldans þá finnst mér að við séum að styrkja lýðræðið. Ef við göngum gegn vilja fjöldans þá tel ég að við séum að veikja það. Þá erum við í rauninni að styðja einhvers konar stjórn sem byggir ekki á hinu dreifða valdi.

Þetta eru kannski einu rökin sem ég get fært fram gegn þessu. Hv. þm. sagði að skoðun hæstv. utanrrh. sem ég deili á þessu byggðist ekki á neinum staðreyndum heldur einungis tilfinningum. Ég get ekki fært nein önnur rök en þessi. En það sem skiptir máli er að þetta er það sem þjóðirnar vilja sjálfar. Og drottinn minn dýri, eigum við þá, smáþjóð, sem lifum og höfum lifað í gegnum erfiða tíma einmitt vegna þess að sjálfsákvörðunarréttur fullvalda þjóðar hefur verið virtur, að koma hingað og fara að kvarta undan því að það gerist í þessu tilviki? Mér finnst það algjörlega fráleitt. Ég held að grundvallaratriðið í málinu sé að þetta er ákvörðunarréttur þjóðarinnar.

Þess vegna segi ég: Ég er alveg viss um að Rússar yrðu ekki glaðir, þeir yrðu satt að segja afskaplega óhressir ef Eystrasaltsþjóðirnar þrjár yrðu gerðar að fullgildum aðilum í NATO. Ég er viss um að það mundi tímabundið magna einhverjar viðsjár og spennu. Hins vegar er sjálfsákvörðunarréttur þessara þjóða sem gildir. Ef þær vilja fela hagsmuni sína þessu bandalagi á vald þá tel ég að það sé ekki hægt að standa gegn því. Ég held að þetta skipti meginmáli og þetta er grundvallarpunkturinn í þessu, herra forseti.

Ég segi það svo að lokum að ég er sammála, eins og ég hef sagt áður, meginhugsun þáltill. og tel að utanrrmn. eigi að gera það sem hún getur til að hraða málinu í gegnum þingið.

[11:47]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir ágæta ræðu. Ég tel vera mjög mikilvægt að hér er staðfest að þeir flokkar sem stóðu að inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið fyrir nær hálfri öld eru samstiga um að standa að stækkunarferlinu. Það er mjög mikilvægt að slík pólitísk samstaða skuli vera staðfest á Alþingi. Þrátt fyrir ágreining um ýmis mál í gegnum tíðina hafa þessir flokkar borið gæfu til að standa saman um Atlantshafsbandalagið.

Aðeins út af ummælum hv. þm. varðandi það hvernig Íslendingar stóðu að þessu máli vil ég ítreka að við höfum í sjálfu sér ekkert á móti inngöngu Rúmeníu og Slóveníu í Atlantshafsbandalagið. Í sjálfu sér er þegar farið að undirbúa inngöngu þessara ríkja. En þeir verða að búa við sömu leikreglur og Eystrasaltsríkin. Það er ekki hægt að taka þessi ríki inn á undan Eystrasaltsríkjunum nema fagleg rök liggi þar til grundvallar en ekki andstaða Rússlands.

[11:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki tækifæri til að taka á mörgu á einni mínútu. Ég mun ræða þetta mál e.t.v. síðar í umræðunni. En það er eitt atriði í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem ég vildi koma að og það snýr að Vestur-Evrópusambandinu. Ég tek eftir því að hv. þm. mælir með því á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins að athugað væri að Ísland yrði þar fullgildur aðili. Um þetta má lesa í skýrslu sem liggur fyrir þinginu, Vestur-Evrópusambandið. Ég tel athyglisvert að þessi stefna skuli liggja fyrir af hálfu Alþfl. eða þingmanna jafnaðarmanna á Alþingi, að þetta eigi að athuga.

Ég tel að Vestur-Evrópusambandið sé einn þátturinn í þróun Evrópusambandsins til fullgilds ríkjasambands og þó að formlega hafi ekki verið stigið skref með Amsterdamsáttmálanum um að gera Vestur-Evrópusambandið að hernaðararmi Evrópusambandsins, þá stefnir í þá áttina og mjög sterkir kraftar vinna að því. Ég lít svo til að þetta sé liður í þeirri stefnu þingflokks jafnaðarmanna að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið, að við eigum einnig að fara formlega inn í þennan hernaðarklúbb, væntanlegan hernaðararm Evrópusambandsins og gerast þar fullgildir aðilar. Það er óhjákvæmilegt að ræða þennan þátt samhliða því sem við erum að ræða um stækkun NATO. Þess vegna tek ég þetta upp.

[11:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. að ég hef reifað þennan möguleika í ræðum mínum á þingi Vestur-Evrópusambandsins. Ég hef líka gert það hér og það hafa a.m.k. einn ef ekki tveir aðrir þingmenn gert það líka. Það er líka rétt hjá hv. þm. að öðrum þræði byggist afstaða mín á þeirri skoðun að Ísland eigi að vera aðili að Evrópusambandinu.

Á hinn bóginn tel ég líka að mikilvægt sé fyrir hagsmuni Íslands, eins og hefur margsinnis komið fram í ræðum mínum hérna, að Vestur-Evrópusambandið þróist ekki yfir í það að svo stöddu að verða varnarstoð Evrópusambandsins. Mér sýnist hins vegar mjög margt hvata að þeirri þróun. Þess

vegna tel ég að ef Ísland væri fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu hefðum við aukinn mátt til að seinka þeirri þróun og þar með að vinna hagsmunum Íslands gagn.

[11:51]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem kemur fram hjá hv. þm. er afar athyglisvert. Það er þessi samþætta stefna inn í Evrópusambandið og að styrkja þá sókn með því að taka upp umræðu um að Ísland verði fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu, væntanlegum hernaðararmi Evrópsambandsins. Ég tel að þetta sé fráleit stefna. Við áttum náttúrlega aldrei neitt erindi inn í þetta Vestur-Evrópusamband sem slíkt en það hefur verið að taka miklum breytingum og það færðist í áttina að því sem hv. þm. tók einnig undir í Amsterdam á ríkjaráðstefnunni þar.

Hv. þm. lofaði og prísaði gjaldmiðilsupptöku flestra Evrópusambandsríkjanna á sameiginlegum gjaldmiðli og taldi að það væri trygging fyrir friði. Ég vara við því sjónarmiði. Ég held að allt önnur þróun geti þar gerst eftir að reynt verður að setja þessi ríki inn í fjötra evrunnar, sameiginlegrar myntar, að þá geti reynt á hina félagslegu spennu í kjölfarið eftir að búið er að afvopna einstök ríki að hafa uppi nokkra sjálfstæða stefnu í efnahagsmálum.

[11:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru mjög gamlar fréttir að þessar skoðanir mínar liggi fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að verða aðili að Evrópusambandinu og ég hef fært rök fyrir því að t.d. rök hv. þm. gegn sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins séu ekki gild. Það hef ég margoft gert í umræðu og þetta eru engar nýjar fréttir. Ég get svo sem haldið áfram að hrella hv. þm. með því að lýsa því yfir að ég tel líka að Ísland eigi að tengja krónuna með einhverjum hætti við nýju evruna. Ég held að skynsamlegt sé að gera það og við eigum að leggja drög að því að það verði gert áður en það verður um seinan.

[11:53]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir hlý orð í minn garð og þeirrar ræðu sem ég flutti áðan þó að hann hefði ýmislegt við hana að athuga, og í máli hans komu fram mörg atriði sem er enginn kostur á að svara í andsvari. Ég vil bara segja alveg eins og er að mér fannst að rökstuðningur hans væri ógildur vegna þess að hann byggðist á því að hann hefði trú á því að þetta og hitt ætti að vera á þennan veginn og hinn. Ég hef satt að segja ekki í hendi nein áþreifanleg rök sem stuðningsmenn tillögunnar flytja fram með þeim hætti að ástæða sé til að mótmæla alveg sérstaklega. Þó ætla ég að nefna eitt.

Það er stórmál að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé virtur og alheimssamtök geri það. En það þýðir ekki að alheimssamtök verði sjálfkrafa afgreiðslumaskínur á pöntunum sem koma frá sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Um hvað er tillagan? Hún er ekki bara um það að taka inn þrjú ríki í NATO. Hún er um að hafna þremur ríkjum.

[11:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög ósanngjarnt að halda því fram að ég styðji að þremur öðrum ríkjum sé hafnað. Ég færði rök fyrir því í ræðu minni að það væri æskilegt að ný bylgja nýrra ríkja yrði tekin sem fyrst inn í sambandið og það væru ekki bara þessi þrjú Eystrasaltsríki heldur líka Rúmenía og Slóvenía og reyndar líka hin ríkin.

Hv. þm. sagði að hann skorti rök úr ræðu minni. Hv. þm. sagði að þetta mundi auka spennuna í Austur-Evrópu, auka spennuna í Evrópu. Ég færði rök fyrir því að sérstaklega þátttaka smáríkja í sterkum varnarbandalögum dregur úr kostnaði þeirra við varnarvæðingu. Það drægi hins vegar úr líkunum á því að vígbúnaðariðnaðurinn nái aftur þeirri uppsveiflu sem hv. þm. talaði um og þar af leiðir að spennulíkur minnka.

[11:56]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Tékkland gerði ráð fyrir því að þurfa að verja 1,6% af vergri landsframleiðslu sinni til vígbúnaðar áður. Nú hefur verið tekin ákvörðun um það af stjórn Tékklands að verja u.þ.b. 2% af vergri landsframleiðslu til vígbúnaðar og m.a. þeirrar uppbyggingar sem stækkun NATO krefst.

Hvað þýðir það? Það þýðir að Tékkland mundi vera með hærra hlutfall til hernaðaruppbyggingar en Lúxemborg, en Spánn, en Belgía, en Danmörk og en Ítalía. Með öðrum orðum, Tékkland yrði með hæstu löndum í Evrópu í þessu bandalagi að því er varðar verga landsframleiðslu og það að verja henni til vígbúnaðar. Þar með eru þau rök fallin, ef það eru rök, herra forseti.

[11:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er greinilega miklu betur að sér en ég um það hvað það kostar fyrir þessi ríki að ganga inn í Atlantshafsbandalagið. Ég vísa einungis til þess að ekki eru liðnir tveir sólarhringar frá því að ég sat á fundi með tékkneskum þingmönnum í húsinu þar sem þeir fullyrtu að eftir nánari skoðun á málinu hefði komið í ljós að þeir þyrftu að eyða talsverðu í upphafi en síðan mundi þátttaka þeirra í Atlantshafsbandalaginu draga úr kostnaði þeirra við varnir landsins. Þegar upp væri staðið í einhverri framtíð mundi þetta leiða til sparnaðar. En ég er viss um að það voru fleiri en ég á fundinum með sérfræðingum tékkneska þingsins sem geta vafalaust reifað þetta í ítarlegra máli en ég.

[11:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er engin deila um það að sjálfsákvörðunarréttur þjóða er mjög helgur réttur og situr síst á okkur Íslendingum annað en að viðurkenna það. Hins vegar er alveg ljóst af því hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson útlistar það hugtak hér, að hann hefur misskilið hugtakið, eða a.m.k. eru þar á ferðinni einhver hugtakabrengl hjá hv. þm. Sjálfsákvörðunarréttur þjóða, t.d. hvað varðar rétt þeirra til að ákveða sjálfstæði sitt eða ákvarðanir um innri mál, eigin mál, er ekki hægt að leggja að jöfnu við rétt þeirra til að skipa öryggismálum sínum út á við og gagnvart öðrum ríkjum. Það er einfaldlega ekki hægt. Þá er komið að samskiptum ríkja og þá eru slíkar ákvarðanir komnar í heildarsamhengi.

Hversu langt telur hv. þm. að slíkur ákvörðunarréttur eigi að ná? Ef Írak vill ganga í NATO er það þá sjálfsákvörðunarréttur Íraka að gera það? Ef Líbía ætlar að ganga í Norðurlandaráð er það þá sjálfsákvörðunarréttur Líbíu að ganga í Norðurlandaráð? Nei, auðvitað er þetta ekki svona. Ég held að hv. þm. verði aðeins að gæta að sér og fara ekki með hugtök með þeim hætti sem hann gerði hérna áðan.

[11:59]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta mál sé þess eðlis að menn eigi ekki að vera að flækja sig í einhverjar stríðar skilgreiningar á hugtökum. Málið liggur svona fyrir: Í þeim þremur Eystrasaltslöndum sem hér hafa verið til umræðu eru á milli 95 og 100% þjóðarinnar sem vill ganga í NATO. Ég tel að það eigi að lúta vilja þessara þjóða. Ég tel reyndar líka, þó ég geti ekki rökstutt það í örstuttu máli, að það sé þegar til framtíðar horfir mjög farsælt fyrir öryggi í Evrópu. Mig minnir að hæstv. utanrrh. hafi sagt að í ýmsum þeim löndum sem við erum að ræða sé u.þ.b. 80% eða jafnvel meira sem vilji ganga í Atlantshafsbandalagið. Hvers vegna í ósköpunum skyldum við ekki verða við vilja þessa fólks? Erum við ekki lýðræðissinnar? (**SvG:** Hvaða lýðræði?)

[12:00]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. skyldi ekki treysta sér til að svara spurningu minni en fara með sömu tugguna um skoðanakannanir í Eystrasaltsríkjunum. Ég held það liggi alveg ljóst fyrir eftir umræðuna að hv. þm. ruglar saman hugtökum þannig að það er ekki til þess fallið að skýra umræðuna. Það hvort þetta sé svo skynsamlegt er allt annað mál en það sem ég tók upp. Það hversu mikilvægt er að reyna að virða vilja fólks er einn hlutur á sínum stað en að leggja að jöfnu t.d. rétt íslensku þjóðarinnar í byrjun aldarinnar til að berjast fyrir sjálfstæði sínu og öðlast rétt til að taka ákvarðanir um innri mál, en það er það sem sjálfsákvörðunarréttur felur í sér, og hinu að skipa öryggismálum þjóða sem alltaf hlýtur að vera háð innra samhengi hlutanna, því öryggismál einnar þjóðar gagnvart nágrönnum sínum verða ekki slitin úr samhengi. Við erum að tala um heildarlausnir í öryggismálum Evrópu og þá hanga hlutirnir saman og þá er ekki hægt að nota hugtak eins og innri sjálfsákvörðunarrétt þjóða í því samhengi sem hv. þm. gerði hér.

[12:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og það hafi farið fram hjá hv. þm. að árið 1989 hrundi Berlínarmúrinn. Um leið hrundi það alræðisskipulag sem kommúnisminn í Austur-Evrópu hafði byggt upp. Um leið öðluðust þessar þjóðir frelsi og það hefur komið í ljós að allar þessar þjóðir, 12 talsins, vilja ganga í Atlantshafsbandalagið, hver og ein einasta. Meira að segja Úkraína, sem hefur ekki verið frjálst og fullvalda ríki nema tvö ár síðan 1654, hefur lýst því yfir að innan 10 ára vilji ríkið sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Eigum við þá uppi á Íslandi að fara að flækja okkur í einhverjar þröngar skilgreiningar sem hv. þm. finnast hníga að því að það sé út í hött að taka undir þessar óskir? Að sjálfsögðu ekki. Annaðhvort erum við lýðræðissinnar eða ekki. Ef við erum lýðræðissinnar tökum við að sjálfsögðu undir óskir allra þessara ríkja og hleypum þeim í Atlantshafsbandalagið. (**SJS:** Það er verst að þingmaðurinn er orðinn of gamall til að ganga í Heimdall.)

[12:02]

**Útbýting þingskjals:**

Stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar, 472. mál, svar umhvrh., þskj. 960.

[12:02]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir tillöguna og greinargerðina sem henni fylgir. Það er mikið fagnaðarefni að stækkun Atlantshafsbandalagsins í austurátt sé loks að verða að veruleika en árum saman hefur bandalagið stuðlað að auknum og bættum samskiptum við ríki Mið- og Austur-Evrópu og það á ekki einungis við um þau þrjú ríki sem nú hefur verið boðin aðild, Pólland, Tékkland og Ungverjaland.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði í ræðu sinni að um mjög stórt mál væri að ræða og það er vissulega alveg rétt. En ég er ekki sammála honum um að þessu máli fylgi aukin ófriðarhætta, þvert á móti. Hér er verið að treysta nýtt öryggisfyrirkomulag í Evrópu og þjóðir Mið- og Austur-Evrópu vilja auðvitað taka þátt í því verkefni til að efla enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í þessum löndum. Þetta eru óskir frá frjálsum ríkjum og verður fróðlegt að sjá hvaða afstöðu hv. þm. Alþb. munu taka í málinu hér á hinu háa Alþingi. Það kom fram í andsvörum þeirra áðan að þeir hafa verið að ræða um og skilgreina hugtök en ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að þetta eru sjálfstæð ríki sem hafa fullt frelsi til að óska eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Eins og fram kemur í greinargerð þáltill. hæstv. utanrrh. hefur Atlantshafsbandalagið á undanförnum árum lagað sig að breyttum aðstæðum í evrópskum öryggismálum og fjölþættari viðfangsefnum. Má þar telja Evró-Atlantshafssamvinnuráðið, friðarsamstarfið, samstarfsráð bandalagsins og Rússlands og samstarfsnefnd bandalagsins og Úkraínu. Þá hafa tvíhliða samskipti bandalagsins verið efld við önnur ríki sem lýst hafa áhuga á aðild, að ógleymdri þeirri stækkun bandalagsins sem stendur nú fyrir dyrum. Á leiðtogafundi bandalagsins í júlí sl. var enn fremur skýrt tekið fram að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar lýðræðisríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Þrátt fyrir endalok kalda stríðsins eru öryggis- og varnarmál enn gífurlega mikilvægur málaflokkur í evrópskum stjórnmálum. Ógnir við öryggi álfunnar geta stafað af þjóðernisátökum, útbreiðslu gereyðingarvopna, skipulagðri glæpastarfsemi, umhverfisvá og þannig mætti lengi telja. Einungis með virku samstarfi sín á milli geta ríki Evrópu tryggt öryggi og frið í álfunni. Nýtt öryggisfyrirkomulag álfunnar er enn í mótun þar sem ólíkar fjölþjóðastofnanir vinna saman að tryggingu öryggis og friðar. Ég vil þó í þessu sambandi leggja áherslu á áframhaldandi grundvallarmikilvægi Atlantshafsbandalagsins. Bandalagið er eina stofnunin í evrópskum öryggismálum sem hefur reynst fær um að koma á og viðhalda friði í Bosníu-Hersegovínu enda er Atlantshafsbandalagið helsti vettvangur náinnar samvinnu ríkja Evrópu og Norður-Ameríku í öryggis- og varnarmálum. Atlantshafsbandalagið bindur saman hagsmuni Evrópu og Norður-Ameríku og á vettvangi bandalagsins mynda stjórnvöld þessara ríkja náin tengsl sem leggja ber áherslu á að viðhalda og rækta. Alls sækjast nú tólf ríki eftir aðild að bandalaginu sem þau telja öðru fremur geta tryggt öryggi sitt, stuðlað að stöðugleika í álfunni og stutt við bakið á þróun lýðræðis og eflingu mannréttinda.

Sem formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins langar mig að geta þess að öll viðkomandi ríki hafa árum saman haft aukaaðild að þinginu. Norður-Atlantshafsþingið hefur á undanförnum árum haft frumkvæði að nánum samskiptum við þjóðþing fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins, þar á meðal rússneska þingið. Á haustfundi Norður-Atlantshafsþingsins í London, árið 1987 var ákveðið að reyna að koma á nánu samstarfi við þjóðþing umræddra

ríkja og árið 1990 gerðust fimm þeirra aukaaðilar að Norður-Atlantshafsþinginu, þar á meðal rússneska þingið. Í dag eiga þjóðþing 15 ríkja Mið- og Austur-Evrópu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu og hafa fulltrúar þeirra verið virkir í störfum þingsins. Það er trú mín að þessi tengsl hafi m.a. orðið til að efla gagnkvæmt traust, ekki síst hvað varðar Rússland og Úkraínu. Því kom ekki á óvart að í fyrrnefndum samstarfssamningum sem Atlantshafsbandalagið hefur nýverið gert við Rússland og Úkraínu er þess sérstaklega farið á leit við Norður-Atlantshafsþingið að það stuðli áfram að nánum samskiptum við þjóðþing viðkomandi ríkja og jafnvel að það efli þau enn frekar.

Virðulegi forseti. Á vettvangi Norður-Atlantshafsþingsins hef ég og félagar mínir ítrekað tekið þátt í að álykta með stækkun Atlantshafsbandalagsins í austurátt. Þar hafa sumir raunar viljað stíga stærri skref en aðrir en Íslandsdeildin hefur lagt áherslu á að ekki mætti færast of mikið í fang í senn, heldur bæri að fara með gát að stækkun. Bandalagið þarf svigrúm til að laga sig að auknum fjölda aðildarríkja og með því að fara varlega í sakirnar verður hægara um vik en ella að halda stækkun bandalagsins áfram.

Í greinargerð með tillögunni er lýst markmiðum stækkunar Atlantshafsbandalagsins og þróun sem á sér stað í þeim efnum. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur ávallt verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og komi til með að styrkja enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í ríkjunum þremur. Bandalagið hefur jafnframt ítrekað að stækkunin sé eingöngu einn liður í margþættri viðleitni þess til að stuðla að auknum stöðugleika og öryggi í Evrópu."

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madrid 8. og 9. júlí 1997 var ákveðið að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi að hefja aðildarviðræður við bandalagið. Jafnframt var ítrekað að bandalagið yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að framkvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins óháð landfræðilegri legu. Hvað varðar önnur umsóknarríki var sérstaklega getið þróunar í átt til lýðræðis og réttarríkis í Rúmeníu og Slóveníu og árangurs í eflingu stöðugleika og samvinnu ríkja á Eystrasaltssvæðinu."

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði einmitt stöðu Eystrasaltsríkjanna að umræðuefni í þessu sambandi hér áðan, og ræddi sérstaklega um aðstoð og stuðning Íslands og að afstaða ríkisstjórnarinnar til stækkunar NATO hafi bætt stöðu þeirra í þessu sambandi. Þetta er að sjálfsögðu allt ákaflega mikilvægt að hafa í huga og ljóst að stór verkefni eru fram undan í þessu sambandi eins og hæstv. utanrrh. fjallaði um í framsögu sinni.

Virðulegi forseti. Atlantshafsbandalagið hefur brugðist við áskorunum sem það hefur staðið frammi fyrir á undanförnum árum af framsýni. Mér er því sérstök ánægja að lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands að Atlantshafsbandalaginu.

[12:10]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Lengi hefur verið deilt um aðild okkar að NATO en þær raddir hafa nú að mestu leyti þagnað. NATO hefur breyst í áranna rás. Hlutverk og tilgangur Atlantshafsbandalagsins hefur verið í róttækri endurskoðun frá því járntjaldið féll fyrir hálfu áttunda ári. Breytt hlutverk NATO lýsir sér best í starfi SFOR- og IFOR-friðargæslusveitanna í Bosníu-Hersegóvínu þar sem NATO er að framkvæma ákveðið verkefni fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Rússa og fleiri þjóðir sem standa utan bandalagsins. Við Íslendingar höfum tekið þátt í þessu breytta hlutverki NATO. Við tökum þátt í friðargæslunni í Bosníu, bæði með hjúkrunarfólki, lögreglumönnum og fleirum. Innan NATO hefur verið stofnað til Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins og Friðarsamstarfsins svokallaða, þ.e. Partnership for Peace, en Friðarsamstarfið var einmitt með æfingu á Íslandi fyrir skömmu og fjölmargar Evrópuþjóðir tóku þátt í þeirri æfingu. Ef við lítum til Bosníu og þeirra hörmunga sem hafa átt sér stað þar er alveg ljóst að Evrópa sjálf gat ekki tekið á þeim málum þótt þessar hörmungar ættu sér stað í hjarta Evrópu. NATO þurfti að koma til og það sýnir hvað „Transatlantic Link", eða hlekkur milli Evrópu og Bandaríkjanna, er mikilvægur en við Íslendingar höfum einmitt alltaf lagt ofurkapp á að þessi hlekkur yrði ekki veiktur. Sum Evrópuríki hafa verið talsmenn þess að leggja ofurkapp á að Vestur-Evrópusambandið, VES, yrði fellt undir Evrópusambandið og yrði varnarstoð Evrópusambandsins. Við Íslendingar höfum ekki verið talsmenn þess eins og hefur komið fram í morgun. Við viljum halda sjálfstæði VES áfram og það er ekki í okkar þágu að VES verði varnarstoð Evrópusambandsins heldur áfram svokölluð Evrópustoð NATO. Þegar litið er til baka má sjá ótrúlegar breytingar sem átt hafa sér stað í öryggisskipulagi Evrópu á allra síðustu árum. Það sem stendur upp úr í þessu sambandi er fall kommúnismans og þar af leiðandi upplausn Varsjárbandalagsins og svo sameining Þýskalands sem var lýst með mikilli stemmningu í morgun. Við þessar breytingar hafa ríki sem fyrr voru á áhrifasvæði Sovétríkjanna reynt að nýta sér öll tækifæri til að bindast vestrænum ríkjum sterkari böndum. Þau hafa talið öryggismálum sínum best fyrir komið með því að sækjast eftir aðild í NATO. Þar er fyrst og fremst verið að sækjast eftir þeirri vernd sem 5. gr. stofnsáttmála bandalagsins veitir en hún gengur út á að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll og þannig njóti hvert einasta ríki í bandalaginu fælingarmáttar kjarnorkuvopnabúrs Bandaríkjanna. Eitt aðaláherslumálið gagnvart stækkun NATO hefur verið það að með stækkuninni mundi stöðugleiki og öryggi Evrópu aukast sem og að stækkunin kæmi til með að styrkja enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í þessum ríkjum, þar á meðal í Póllandi, Ungverjalandi og Tékklandi sem við ræðum nú um.

Fyrr í morgun kom hv. þm. Svavar Gestsson inn á það að stækkun NATO gæti hægt á lýðræðisþróuninni en mér er gjörsamlega ómögulegt að skilja hvernig hægt er að telja að svo sé. Breytingarnar eru ótrúlegar í fyrrum Sovétríkjunum og Mið-Evrópu. Fyrir stuttu gafst okkur hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur einmitt tækifæri til að fara í fræðsluferð með miðjumönnum í Norðurlandaráði til Sankti Pétursborgar til að kynna okkur lýðræðisþróunina þar. Mig langar í stuttu máli að lýsa aðeins þeirri heimsókn. Ég held að það væri fróðlegt fyrir þingheim að heyra frá henni.

Í viðtölum okkar við fulltrúa flokka í Sankti Pétursborg kom fram að þeir vilja alls ekki kalla sig flokka. Þeir vilja kalla sig hreyfingar. Það er vegna þess að þeir vilja ekki minna á kommúnistaflokkinn og þann tíma. Einnig var athyglisvert að þeir vilja ekki að margir séu skráðir í hreyfinguna, það sé ekki mikið atriði. Meira atriði sé að þeir sem

skráðir eru séu virkir. Þetta hljómaði svolítið annkannalega. Því er ekki eins háttað hér.

Það er einkennandi bæði fyrir lýðræðisþróunina í Rússlandi og í miðausturríkjunum að stjórnmálaflokkarnir eru gífurlega margir. Í Sankti Pétursborg eru stjórnmálaflokkarnir 43 en einungis 6 þessara flokka náðu 5% lágmarkinu í síðustu kosningum. Því lágmarki þarf að ná til að koma mönnum inn á staðarþingið. Við heyrðum einnig, þegar við hittum tékknesku þingmennina sem komu hér í heimsókn í fyrradag, að í Tékklandi eru 16 flokkar. Þar náðu einungis sex 5% lágmarkinu. Það er því mjög einkennandi að flokkarnir eru gífurlega margir. Þeir eru myndaðir í kringum einstaklinga, í kringum ákveðna karlmenn en minna í kringum hugmyndafræði. Eins virðast konur þarna eiga frekar erfitt uppdráttar í stjórnmálum.

Sumir þeirra flokka sem við ræddum við höfðu allan vara á sér gagnvart NATO og stækkun þess. Að mínu viti er innibyggð togstreita gagnvart Bandaríkjunum sem veldur því að þeir hafa allan vara á sér. Hins vegar kom fram mikill vilji flokkanna til þess að ná tengslum við Vestur-Evrópu, þ.e. við NATO-löndin. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að ná tengslum við Norðurlandaráð og þeir líta til okkar hér á Norðurlöndunum með ákveðna fyrirmynd í huga.

Breytingarnar eru sem sagt ótrúlegar. Austantjaldsríkin eru að fikra sig frá alræði kommúnismans yfir í fjölflokkakerfi. Þeir vilja tengjast öðrum löndum með opnum huga og afar mörg þeirra vilja í NATO eins og hér hefur komið fram.

Varðandi þær umræður sem hér hafa spunnist um sjálfsákvörðunarrétt þjóða, þá lít ég ekki svo á, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan, að ef eitthvert ríki vilji komast inn í NATO þá sé beinn og breiður vegur þar inn. Það er alls ekki þannig. Ég vil frekar taka undir sjónarmið hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem lýsti öryggismálunum í miklu víðara samhengi. Það er alveg ljóst að fleiri ríki vildu ganga í bandalagið. Frakkar, Ítalir og fleiri þjóðir vildu hleypa Rúmenum og Slóvenum inn. Þar var sjálfsákvörðunarréttur ríkja ekki virtur, má segja. Málin eru miklu flóknari en það. Pólland, Ungverjaland og Tékkland fengu inngöngu en aðrir þurfa að bíða.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á að við hefðum fengið heimsókn frá tékkneska þinginu í fyrradag. Þeir eru einmitt eitt þeirra ríkja sem sækja nú um aðild. Og þeir ræddu við okkur í utanrmn. um þessa stækkun og væntingarnar sem þeir hafa. Þeir sögðu að fyrir fimm árum hefðu menn fyrst farið að ræða þar opinberlega um aðild Tékklands að NATO og þá hefði engan grunað að þeir yrðu komnir þar inn árið 1999. Þeir sögðu að þróunin gengi ótrúlega hratt fyrir sig. Þeir bjuggust jafnframt við því að komast í Evrópusambandið árið 2002 eða 2003 og jafnvel fyrr. Ef þeir ganga þar inn þá verða þeir líka hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, okkar svæði, þannig að það er mjög mikilvægt fyrir okkur að tengjast þeim jákvæðum böndum á allan hátt.

Aðspurðir um afstöðu þeirra til frekari stækkunar eftir að þeir sjálfir væru komnir inn í NATO, töldu þeir mjög mikilvægt að Rúmenía, Slóvenía, Eystrasaltsríkin og Slóvakía, sem þeir eru í miklum tengslum við, gengju einnig í bandalagið strax og efnahagslegur og stjórnmálalegur stöðugleiki kæmist á í þessum ríkjum.

Varðandi kostnað af stækkun NATO, sem hér hefur einnig verið komið inn á, þá töldu Tékkarnir, og ég vil staðfesta það sem kom fram hér fyrr í morgun, að það yrði ekki mikið vandamál. Þeir hefðu þurft að fjárfesta í nýjum tæknibúnaði hvort sem er og nýr kostnaður væri ekki umtalsverður. Fram kom að þeir eru að þjálfa sína hermenn vegna þessara breytinga og leggja m.a. áherslu á tungumálakennslu.

Varðandi kostnað þá hef ég verið að skoða dönsk plögg en Danir reikna með að þurfa að borga um 3,9% af svokölluðu NATO Security Investment Program, þ.e. áætlun um kostnað við að taka hin nýju ríki inn og reiknað er með því að Danmörk þurfi að borga 3,9% í mesta lagi af þessu prógrammi en það gerir um 60 millj. Bandaríkjadollara á tíu árum. Til samanburðar mætti nefna að árlegur kostnaður Dana vegna varnarmála er upp á eitthvað um 2,3 milljarða Bandaríkjadollara. Sá kostnaður sem nú á að fella á Danina er ekki umtalsverður þegar grannt er skoðað.

Nýlega greindi varnarmálaráðherra Danmerkur frá því að þeir væru í samstarfi við Pólverja og Þjóðverja um að setja upp sameiginlegan herflokk sem þeir kalla „fælles hærkorps" á dönsku eða Multinational Corps North East. Þetta eru þeir að gera í sambandi við inngöngu Póllands í NATO. Þessi herflokkur mun verða í tengslum við NATO en ekki hluti af skipunarferli NATO eða Common Structure í NATO. Aðalstöðvar þessa herflokks eiga að vera í Póllandi en þar munu bæði Pólverjar, Þjóðverjar og Danir vinna. Talið er að í þessum höfuðstöðvum verði um 450 starfsmenn og þar af 45 Danir. Hér sjáum við því ýmsar breytingar í tengslum við stækkun NATO.

Öryggismál voru rædd sérstaklega á ráðstefnu Norðurlandaráðs fyrir stuttu síðan en menn ræddu nýlega um öryggismál þar. Þar komu að sjálfsögðu fram mjög mismunandi viðhorf og dregið var fram hve mismunandi tengsl norrænna ríkja væru við NATO. Á það var réttilega bent af formanni utanrmn., hv. þm. Geir Haarde, að Rússland hefði á grundvelli samstarfssamnings síns við NATO náð formlegri tengslum við NATO en Svíþjóð og Finnland. Þetta finnst manni fremur undarlegt.

Á ráðstefnunni kom einnig fram að ef Svíþjóð og Finnland gengju í NATO, þá yrði trúlega auðveldara að verja landamæri Eystrasaltsríkjanna. Þessi rök yrðu væntanlega mikilvæg þegar aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO verður rædd á bandarísku þinginu.

Ég vil taka undir þessar hugleiðingar og býst frekar við því að Finnar og hugsanlega Svíar muni huga að fullri aðild að NATO á allra næstu árum. Nú þegar er farið að bera á því í Finnlandi að þessi möguleiki er ræddur mun opinskár en verið hefur á opinberum vettvangi.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja að ég er hlynnt inngöngu Póllands, Ungverjalands og Tékklands í NATO en út á það gengur sú þáltill. sem hér var mælt fyrir af hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni. Þessi lönd, af menningarlegum og efnahagslegum ástæðum og jafnframt á grundvelli þess jákvæða árangurs sem þau hafa náð á því umbyltingarskeiði sem við höfum fylgst með, eiga að fá fulla aðild að öryggis- og efnahagssamstarfi Vesturlanda.

[12:24]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fagna þingmáli því sem hér er komið fram. Ég tel að þetta þingmál sé fullkomin birting á sáttmála sem hefur verið undirbúinn á löngum tíma í viðræðum þessara nýju væntanlegu aðildarríkja að Norður-Atlantshafsbandalaginu, þeirra sem fyrir eru og raunar hinna sem Atlantshafsbandalagsríkin hafa þegar tekið upp náið samstarf við. Ég hygg, herra forseti, að við

ættum að hafa það í huga þegar við ræðum um hugsanlegar afleiðingar eða áhrif þess að stækka Atlantshafsbandalagið með þessum hætti. Ég tel einnig rétt að við lítum til baka.

Það er merkilegt að stækkun bandalagsins, ef úr verður, sem við erum nú raunar öll viss um, verður um það leyti sem það hefur starfað í fimm áratugi. Þegar það hafði starfað í fjóra áratugi, gafst einnig ástæða til þess að líta til baka og skoða hvers vegna bandalagið var stofnað. Það var vegna ásælni austantjaldsríkjanna, raunar Sovétríkjanna sjálfra undir forustu Rússa, sem fram að stofnun Norður-Atlantshafsbandalagsins lögðu undir sig hvert Mið- og Austur-Evrópuríkið á fætur öðru. Þeir stofnuðu þá til hins sama og nasistar Þýskalands höfðu áður stefnt að, að eiga sér nýlendur í Evrópu og leggja undir sig þjóðir og lönd sem fram að því voru frjáls og sjálfstæð ríki. Hinn mikli arfur Sovétríkjanna er sá að hafa tekið upp fána nasismans.

Með stofnun þessa bandalags tókst að stöðva þessa þróun í Evrópu. Þegar við lítum til baka sjáum við að fjórum áratugum síðar hrundi alræðiskerfi sovétkommúnismans innan frá. Áratug eftir hrun Sovétríkjanna verða nokkur af þeim ríkjum sem hann lagði undir sig, fær um að taka þátt í nánast öllum samtökum vestrænna ríkja. Á þessu tímabili höfðu orðið miklu meiri framfarir á Vesturlöndum en austan járntjaldsins. Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að við höfum þetta í huga.

Það kom berlega í ljós þegar við sáum austur fyrir múrinn og austur fyrir járntjaldið að þar var ástand mála miklu lakara en við þekktum á Vesturlöndum. Ekki aðeins á sviði efnahagsmála heldur einnig mannréttinda. Einhverjum kynni að þykja merkilegt en ástandið var einnig slæmt í umhverfismálum og við vitum að það getur orðið langvarandi verkefni að fást við það ástand. Þetta alræðisstjórnkerfi kommúnistanna hafði aldrei talið ástæðu til að viðhafa mengunarvarnir í sama mæli og talin var ástæða til á Vesturlöndum. Náttúruauðlindir þeirra voru mjög illa á sig komnar, ekki aðeins vegna efnahagslegrar nýtingar heldur líka vegna spillingar sökum mengunar.

Ég hygg, herra forseti, að í tilmælum hinna nýfrjálsu Mið- og Austur-Evrópuríkja í lok síðasta áratugs hafi einmitt falist óskir um að brjótast, ekki aðeins undan ofríki kommúnistanna, heldur einnig um að brjótast undan stöðnun til framfara. Þeir vildu stuðla að álíka framförum og höfðu átt sér stað hjá grannþjóðum þeirra handan múrsins. Auðvitað er það þeirra eigin réttur að taka þá stefnu en það er jafnframt skylda okkar að vega og meta hvort við getum rétt þeim höndina. Ég tel, herra forseti, að við hefðum jafnvel átt að gera það fyrr.

Hið rétta er að þau ríki, sem hér um ræðir, eru öll orðin aðilar að Evrópuráðinu sem þau ekki voru áður. Ég tel mikilvægt að skoða hvers vegna það var ekki. Evrópuráðið er gömul og gróin samstarfsstofnun Vesturlanda. Hún hefur starfað á sviði mannréttinda og að því að byggja upp eðlilegar lýðræðisstjórnarstofnanir innan aðildarríkjanna. Hvers vegna voru þessi ríki ekki aðilar að Evrópuráðinu frá byrjun? Þar voru ekki átök á milli austurs og vestur, milli auðvaldssinna eða alræðisstjórnarsinna. Nei, ástæðan var sú að þeir sem réðu málum þarna eystra vildu og töldu nauðsynlegt að halda þeim í öðrum og harðari greipum. Þeir voru að vísu ekki allir borgarar þeirra ríkja heldur aðkomumenn, leiðtogar í Sovétríkjunum undir forustu Rússa. Þeir völdu sjálfir að taka ekki þátt í samstarfi vestrænna ríkja um að reisa Evrópu úr rústum síðari heimsstyrjaldarinnar. Með því samstarfi hófust framfarir á sviði efnahagsmála og mannréttinda sem við þekkjum í dag og teljum sjálfsögð á Vesturlöndum.

Ég hygg að fáir íbúar þessara ríkja hafi kynnst þeim framförum af eigin raun fyrr en eftir fall múrsins seint á árinu 1989 og einmitt þess vegna hafi þeim þótt ríkari ástæða til að sækja eftir fullgildri aðild að öllum fjölþjóðasamtökum Vesturlanda sem höfðu komið þessum framförum á og gert þau að sjálfsögðum réttindum.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að samningarnir verði staðfestir sem fyrst af aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. Ég er sannfærður um að þeir munu ekki leiða til vaxandi spennu í Mið- eða Austur-Evrópu, fremur til vaxandi öryggis sem er einmitt það sem þessi ríki sækjast eftir.

Fyrr í umræðunni hefur verið nefnt að við áttum fund í þessari viku með þingmönnum frá tékkneska lýðveldinu. Þeir fengu tækifæri til og voru aðspurðir fúsir til að greina álit sitt á ástandi mála í grannríkjum sínum og frá því hvers vegna þeir sækja eftir aðild að bandalaginu. Það er alveg ljóst að það er vegna gamalgróinnar vantrúar á öryggi milli ríkja og þjóða í Mið- og Austur-Evrópu. Hvers vegna skyldi það vera, herra forseti? Ég tel víst, enda mátti skilja það raunar á orðum þeirra, að þeir sem þeir skelfast eða hafa ekki tiltrú á að þetta muni viðhalda öryggi og friðsamlegri sambúð eru grannþjóðir þeirra, enda kom í ljós þegar stjórnkerfi kommúnista hrundi í austurvegi að eitt af því fyrsta sem nýfrjáls ríki gerðu var að fella úr gildi eigin samning þeirra um Varsjárbandalagið sem svo var kallað. Það var þeirra eigin ákvörðun. Þeir vildu ekki vera saman í öryggisbandalagi. Nánast sömu dagana óskuðu þau öll eftir aðild að samstarfsstofnunum Vesturlanda, þar á meðal að Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Herra forseti. Ég tel að eðlileg aðlögun hafi átt sér stað með því að þessi ríki urðu fyrst aðilar að Evrópuráðinu. Þau hafa síðan gert samninga um fríverslun og annað samstarf á sviði efnahagsmála við Vesturlönd. Þau hafa um nokkurt árabil tekið þátt í samstarfi innan ÖSE og nú er komið að því að þrjú þau fyrstu, ekki þau síðustu, síður en svo, muni gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu.

Menn hafa velt því fyrir sér enn og aftur hvernig viðbrögð Rússa verði. Kannski er skynsamlegt að menn telji þar að leita helstu ástæðnanna til þess að meta og vega vandlega hvort áhrifin verði aukin spenna eða betra öryggi. Þá verðum við að gæta þess, herra forseti, sem er sérkenni Rússa umfram allar aðrar þjóðir sem við heyrum frá, hvernig þeir ræða sín eigin stjórnmál, að hvergi annars staðar og alls ekki meðal Vesturlandaþjóða þykir jafnsjálfsagt að ræða stórveldisdrauma, ástæðu til þess að seilast til ítaka með öðrum þjóðum. Hvergi nokkurs staðar annars staðar er það jafnsjálfsagt og í Rússlandi. Meðan Rússar eru enn þá að ræða viðfangsefni í stjórnmálum sem við teljum okkur sem betur fer vera búna að leysa að mestu leyti og ræðum nú fremur hvernig eigi að takast á við blikur á lofti, til að mynda á sviði efnahagsmála eða mannréttinda, þá telja þeir jafnsjálfsagt að ræða á sama tíma hvernig þeir viðhaldi hagsmunum sínum og ítökum í öðrum löndum, löndum annarra þjóða. Þetta er ástæða þess að þessar grannþjóðir okkar í Austur- og Mið-Evrópu hafa eftir áratugalanga sambúð, ef sambúð skyldi kalla, undir forustu Rússa enn þá fullkomnar áhyggjur af öryggi sínu vegna nágranna sinna.

Nú þekkjum við í gegnum söguna að oft hafa efnahagslegar ástæður reynst vera orsök þess að þjóðir eða ríki ráðast á granna sína. Þar verður að segjast að þeir gestir okkar

fyrr í vikunni höfðu þá skoðun, og töldu sig hafa fullkomna ástæðu til, að meðal nokkurra grannríkja þeirra fyrrverandi Sovétríkja, Úkraínu, Hvíta-Rússlands og jafnvel Rússlandi væru framfarir á sviði efnahagsmála ekki enn orðnar traustar í sessi né heldur væru sjáanlegar framfarir nægar til þess að ætla að íbúar þar og stjórnendur og leiðtogar þeirra þjóða teldu sig ekki hafa ástæðu til að ásælast það sem aðrir hafa náð. Það hefur lengst af verið talið, herra forseti, að ástæðan fyrir a.m.k. nokkrum aðgerðum Þýskalands á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar hafi verið ásælni í efnahagsleg gæði annarra, þ.e. íbúa grannlanda þeirra. Það er þetta sem tékkneskir þingmenn véku að í viðræðum við okkur. Þeir telja að þegar til nokkurs tíma verður litið muni ekki verða kostnaður umfram aðrar ástæður af því að þeir verði aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það verði nokkur kostnaður á fyrstu árum en síðar muni sá kostnaður verða lægri en yrði ef þeir hefðu ekki aðild að slíku samstarfi. Það er vegna þess hvernig þeir meta ástandið í grannríkjum sínum og telja sig hafa ástæðu til nokkurs ótta.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hafi komið fram að mat þeirra sé vel yfirvegað, þeir hafi fullar ástæður til og ég tel skynsamlegt af okkur að beita okkur fyrir aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu. Ég tel líka ljóst að við munum halda áfram að beita okkur fyrir því að Eystrasaltsríkin verði einnig aðilar að því bandalagi innan tíðar. Þannig hefur rödd Íslands ávallt verið haldið fram af þingmönnum, af ráðherrum hvarvetna sem við höfum náð að sýna afstöðu Íslands og láta hana heyrast. Ég tel rétt að við störfum þannig áfram og ég tel þessa samninga einungis skref á þeim vegi.

[Fundarhlé. — 12:37]

[13:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við ræðum hér það málefni sem menn vitna almennt til sem viðfangsefnisins stækkun Atlantshafsbandalagsins, stækkun NATO. Það ber að í formi þáltill. til staðfestingar á þremur viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands.

Ég tilheyri þeim hópi sem efast mikið um þessa stækkun og hef verið í þeim hópi manna bæði austan hafs og vestan sem hefur gagnrýnt þessi áform. Því er að vísu stundum haldið fram að þetta sé alveg sérstaklega sjaldgæf skoðun, herra forseti, og við séum fámennur og einangraður sértrúarsöfnuður sem hvergi finnist nema á Íslandi sem leyfum okkur að hafa uppi efasemda- eða gagnrýnisraddir í þessa veru. Það er reyndar mikill misskilningur og lýsir ekki mikilli þekkingu þeirra manna sem svo tala um þessi mál eins og hún hefur verið bæði í Bandaríkjunum og víða í Evrópu. Þar hafa ýmsir fræðimenn og stjórnmálamenn, bæði á hægri og vinstri kanti, lýst miklum efasemdum um að sú ákvörðun NATO að stækka til austurs yrði farsæl. Það er dálítið sérkennilegt að heyra hvernig menn á köflum falla í það far vanans að stimpla öll önnur sjónarmið sem einhver afdalasjónarmið sem einhverjir fáir menn beri fram þegar ljóst er að um þetta hafa farið fram miklar umræður, bæði austan hafs og vestan, og það er í sjálfu sér ekki neitt eftir flokkum sem menn skiptast í þeim efnum.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að sú hugsun sem liggur til grundvallar sé röng, sérstaklega vegna þess að ekki er um að ræða lausn í öryggismálum Evrópu eða svæðisins sem tekur til svæðisins alls. Ég held að hún sé í öðru lagi röng, herra forseti, og óheppileg, ógæfuleg upp á framtíðina vegna þess að í staðinn fyrir að efla og byggja upp lýðræðislega öryggisgæslustofnun sem svæðisstofnun í Evrópu sem heyrði síðan undir Sameinuðu þjóðirnar hafa menn ákveðið að framlengja lífdaga gamals hernaðarbandalags að því hernaðarbandalagi óbreyttu í grunninn.

Ég er þeirrar skoðunar að besta skipanin í þessum efnum hefði verið sú að Stofnunin um öryggi og samvinnu í Evrópu, ÖSE, hefði orðið svæðisstofnunin. Það er eina stofnunin sem öll sjálfstæð ríki í Evrópu, einnig þau sem eru á svæði fyrrum Sovétríkjanna, heyra undir og síðan hefði átt, eins og brýna nauðsyn ber reyndar til hvort sem er, að efla Sameinuðu þjóðirnar og öryggisgæsluhlutverk og getu þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að afstaða Íslendinga ætti einmitt að vera sú að efla ÖSE en ekki elta Bandaríkin gagnrýnislaust í þeim ákvörðunum sem þau taka í þessum efnum í einu og öllu. Ef farið er yfir þau gagnrýnisatriði eða sjónarmið sem ég er talsmaður fyrir í sambandi við svonefnda stækkun NATO, nefni ég þar í fyrsta lagi að stækkun NATO og yfir höfuð það að viðhalda ytri landamærum NATO er ákvörðun um nýja skiptingu Evrópu. Það er alveg sama hvað hver segir. Það er að myndast ný, að vísu kannski að mestu leyti ósýnileg, pólitísk og sálræn lína en hún er að myndast austar í Evrópu en áður var og það mun skapa spennu. Það skapar tortryggni þeirra sem komast ekki inn fyrir þá línu og það skapar sérstaklega tortryggni hjá þeim sem sjá þessa ósýnilegu línu, kjarnorkuregnhlífar NATO færast nær sér.

Jafnframt er þetta miður, herra forseti, vegna þess að þau ríki sem tekin eru í klúbbinn, með ákvörðun um að bjóða þremur ríkjum aðild, eru ekki þau ríki í austanverðri eða sunnanverðri Evrópu eða Asíu sem hafa mesta þörf fyrir það. Þetta eru þau ríki sem eru best á vegi stödd efnahagslega. (**ÖS:** Hver hafa mesta þörfina?) Það eru þau ríki þar sem óstöðugleikinn er mestur og efnahagsástandið er verst og glæpirnir vaða mest uppi. Þau hefðu mesta þörf fyrir hjálp. Þeim er ekki boðin aðild. Þeim er neitað. Það er alveg sama hvernig menn reyna að réttlæta þá ákvörðun að velja fyrst þessi þrjú ríki. Hjá hinu verður ekki horft að þetta eru þau ríki sem best standa og hafa í sjálfu sér minnsta þörf, upp á öryggi sitt, fyrir það að komast undir þessa regnhlíf.

Ákvörðun er tekin um að velja úr hópnum þau þrjú ríki sem fá að koma í hernaðar- og efnahagshagsmunaklúbb vestrænna ríkja en hin eru skilin eftir.

Í fyrra flutti hv. þm. Össur Skarphéðinsson ástríðuþrungnar ræður þar sem hv. þm. réðst á utanrrh. fyrir að standa sig ekki í stykkinu hvað varðaði Eystrasaltsríkin. Það var sérkennilegt að heyra í honum hér áðan og mærðarhjal hans. Hvað hefur breyst á einu ári? Eru ekki Eystrasaltsríkin jafnmikið utan við þetta nú eins og stefndi í að þau yrðu í fyrra er hv. þm. flutti sína skörulegu ræðu? Hvað veldur þessum sinnaskiptum þingmannsins sem allt í einu hefur gleymt öllu sem hann sagði í fyrra, öllum árásunum á hæstv. utanrrh. fyrir að standa ekki með Eystrasaltsþjóðunum? (**ÖS:** Hann er betri maður í ár en í fyrra.)

Þá nefni ég kostnaðinn sem þessu brölti er samfara. Auðvitað er þetta vígbúnaðarbrölt og kostnaður hjá þjóðum sem hafa allt annað við peningana að gera en að eyða þeim í aukinn vígbúnað. Þeim væri nær að taka svolítið á í umhverfismálum í Póllandi og Tékklandi eins og skíturinn, mengunin og skógardauðinn eru þar fremur en að eyða milljörðum dollara í nýjar herflugvélar. Hér hafa verið leidd fram

gögn um það hversu mikill viðbótarkostnaður verður þessu samfara.

Að vísu hef ég ekki miklar áhyggjur af þeim kostnaði sem NATO-ríkin lenda í og Kaninn ætlar sér ekki að borga mikið. Hann ætlar aðallega að láta aðra borga fyrir þetta en hann ætlar að selja hergögn. Og hvað hefur staðið yfir núna sl. eitt til eitt og hálf ár í Póllandi? Þar er slagurinn um það hver fái að selja Pólverjum nýju orrustuþoturnar, 100 stykki. Svíar hafa auðvitað verið á ferðinni, Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar og allir vilja selja sínar vélar. Svíarnir koma með JAS-vélar sínar og Frakkarnir með Mirage-vélar og Kanarnir með Boeing, Phantom-þoturnar o.s.frv.

Það vakti mikla athygli og hneykslan í Svíþjóð þegar Björn von Sydow lýsti þeirri skoðun sinni í blaðaviðtali í fyrra að Svíar ættu engan annan kost en ganga í NATO ef þeir ættu að eiga einhvern hergagnaiðnað eftir 10 ár, vegna þess að nýi markaðurinn yrði í nýju aðildarlöndunum. Hann lýsti því að í gegnum NATO yrði því stýrt hverjir fengju að selja þeim aukin hergögn. Svíar mundu því meira eða minna verða undir í samkeppninni ef þeir ekki gengju í NATO. Það var náttúrlega stórbrotin skoðun sem þessi merki stjórnmálaleiðtogi lýsti með þessu, að sjálfstæði og hlutleysi Svía væri að falt þegar það rækist á við hagsmuni hergagnaiðnaðarins. En svona er þetta nú.

Þá nefni ég, herra forseti, ástandið í Rússlandi. Það hefur lengi verið svo að öryggi og stöðugleiki í Evrópu hefur ekki hvað síst snúist um stöðu Rússlands og samskipti þess við vesturhluta álfunnar. Ætli það sé ekki þannig enn? Margir málsmetandi menn sem taka ætti mark á hafa lýst áhyggjum sínum af því, bæði amerískir sérfræðingar í málefnum Rússlands og rússneskir leiðtogar sjálfir, að þetta verði vatn á myllu öfgaaflanna í Rússlandi. (**ÖS:** Ekki gleyma Svavar Gestssyni.) Ekki ómerkari menn en Svavar Gestsson og Gorbatsjov, fyrrum Sovétleiðtogi, hefur lýst þessu t.d. í mörgum blaðagreinum í vestrænum dagblöðum og tímaritum.

Hugum að ástandi hersins í Rússlandi. Ætli það skipti ekki einhverju máli hvernig hlutirnir eru að þróast þar? Vita menn ekki hvernig ástandið er þar? Rússneskir hermenn hafa ekki fengið kaup svo missirum skiptir. Mafían ræður yfir vissum deildum í rússneska hernum og selur hergögn úr vopnabúri hersins. Rússneskir herforingjar hafa gengist við því að hafa selt hergögn til þess að kaupa mat handa hermönnunum. Halda menn að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því sem þarna getur gerst? Þarna ríkir nánast upplausnarástand og það er afar sérkennilegt að menn skuli treysta sér til að gera jafnlítið með mótbárur og gagnrýni rússneskra ráðamanna og raun ber vitni.

Á ráðstefnu Norðurlandaráðs um öryggismál í Helsinki í fyrrasumar kom aðstoðarutanrrh. Sovétríkjanna og flutti mjög harðorða ræðu. Ég verð að segja, herra forseti, að mér fannst ýmsir verða hundslegir þegar sá ágæti maður spurði: Hvers vegna? Hverju eru menn að þjóna með þessu? Og það var fátt um svör. Niðurstaðan var í raun og veru af því bara. NATO hafði ákveðið að stækka sig, velja sér þjóðir með í klúbbinn.

Ástandið í Rússland er þannig, herra forseti, að í Morgunblaðinu í dag er það forsíðufrétt að Jeltsin hósti minna en undanfarið. Það er forsíðufrétt. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Jú, það er auðvitað gott að hann hósti minna, það er fínt. En af hverju er það orðin forsíðufrétt uppi á Íslandi að einn einasti maður hósti aðeins minna en í gær? (**ÖS:** Það er ekki í DV.) Það er af því að ástandið hangir á bláþræði, m.a. á heilsu þessa sjúka manns. Þetta vita það allir sem eitthvað vita. Þarna gætu hlutirnir þess vegna þróast skyndilega á hinn verri veg.

Það er ekki bara í Rússlandi sem þessi óstöðugleiki er. Sá gamli refur Helmut Schmidt lýsti þeirri skoðun sinni þegar hann kom í heimsókn til Íslands fyrir tveimur árum að það mundi að óbreyttu taka 50 ár að koma á stöðugleika í sunnan- og austanverðri Evrópu í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Suðaustur-Evrópuríkjunum. Væri þá ekki nær að Vesturlönd beittu kröftum sínum að því að styðja við þau ríki sem vandinn brennur? Þau gætu t.d. tekið á með þessum ríkjum í umhverfismálum. Þau gætu stutt lýðræðisþróunina, atvinnuppbyggingu í stað þess að velja tiltekið ríki í klúbbinn og auka hernaðaruppbyggingu í þeim löndum.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að þessi áform byggja öll á einum grunni. Þau byggja á þeim grunni að NATO haldi óbreyttri kjarnorkuvígbúnaðarstefnu sinni. Þessi þrjú nýju aðildarríki verða færð undir kjarnorkuvígbúnaðarregnhlíf NATO. Þau verða kjarnorkuvopnavædd í þeim skilningi að hvort sem þar verður komið fyrir vopnum eða ekki þá verða þau hluti af því landsvæði sem NATO áskilur sér rétt til þess að verja með kjarnorkuvopnum og beita að fyrra bragði ef svo ber undir. Hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að það er eins og menn hafi aldrei heyrt af dómi Alþjóðadómstólsins í Haag um ólögmæti kjarnorkuvopna. Það væri rétt að fara yfir það einu sinni enn að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna óskaði eftir því að Alþjóðadómstóllinn í Haag, að vísu gegn atkvæði Íslands svo mikið hneyksli sem það nú var, úrskurðaði um lögmæti kjarnorkuvopna. Það var að vísu í tíð fyrrv. hæstv. utanrrh. núv. sendiherra í Washington að Alþjóðadómstólinn í Haag úrskurðaði, ekki bara um lögmæti þess að nota kjarnorkuvopn heldur líka um lögmæti þess að ógna með þeim. Hver varð niðurstaða dómstólsins? Dómstóllinn var einróma sammála um að beiting kjarnorkuvopna væri brot á mörgum alþjóðlegum sáttmálum og mannréttindaákvæðum. Dómurinn klofnaði þegar kom að því að ákveða hvort hótun um beitingu vopnanna væri jafnframt ólögleg. Meiri hlutinn með oddaatkvæði formannsins felldi þann úrskurð. Megi það hneyksli og sú skömm vera uppi að Ísland skyldi greiða atkvæði gegn því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, fyrir tilstilli þáv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, að Ísland styddi að Alþjóðadómstóllinn fengi að fjalla um þessi mál. Eins og stundum áður eltum við kjarnorkuveldin, Bandaríkin, Bretland og Frakkland sem lögðust gegn því á sínum tíma.

Þessi afdráttarlausa niðurstaða dómstólsins er eitthvert best varðveitta leyndarmálið í vestrænni fjölmiðlun á síðari árum. Það er alveg sama hvernig reynt er að koma af stað umfjöllun um þetta mál. Þagað er um það þunnu hljóði að alþjóðadómstóll sem menn taka að öðru leyti fullt mark á hefur dæmt kjarnorkuvopn ólögmæt, ekki bara tilvist þeirra eða notkun þeirra heldur hótunina um að beita þeim. Hvað segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson við því? Ætlar hann að þegja um það eins og allir hinir, eins og vestrænir fjölmiðlar? Svo virðist sem ef menn komi of nærri hernaðar- og efnahagshagsmunum vestræna klúbbsins þá sé þagað um viss mál sem stofna því eitthvað í hættu.

Þessi staðreynd, herra forseti, nægir mér í raun og veru til þess að setja mig upp á móti þessum áformum. Í þeim felst engin breyting frá þeirri stefnu sem ég get ekki sætt mig við. Það er sú stefna að ætla að byggja tilvist öryggiskerfa framtíðarinnar á því að viðhalda þessum vopnum og hóta

því að beita þeim. Ég er með þykka doðranta frá NATO um þessi stækkunaráform og annað því um líkt og í paragrafi 58 stendur, með leyfi forseta:

„There is therefore no need to change or modify any aspect of NATO's nuclear posture or policy." (**ÖS:** Þýða þetta.)

Það er sem sagt engin ástæða til þess að breyta einu né neinu í kjarnorkuvígbúnaðarstefnu NATO né tilvist vopnanna. — Þó að Alþjóðadómstóllinn í Haag hafi að vísu dæmt þau ólögleg. Nú munu líka fleiri hugsa sér gott til glóðarinnar og þær voru þokkalegar fréttirnar frá Indlandi um að nú ætli Indverjar að stíga skrefið til fulls og koma sér upp kjarnorkuvopnum. Þá þurfa Pakistanar að gera það líka o.s.frv. Ég sé þetta ekki sem jákvæða þróun, herra forseti. Ég tel að það hefði verið nær að nota tækifærið og lýsa t.d. yfir kjarnorkavopnalausu svæði frá Norðurlöndum og niður eftir Mið-Evrópu. Það hefði síðan mátt stækka í báðar áttir og vinna þannig að því að afvopna heiminn en ekki vígbúa hann og byggja öryggisgæslu framtíðarinnar á lýðræðislegum alþjóðlegum stofnunum þar sem allir eiga sama rétt og aðild undir forustu Sameinuðu þjóðanna í heimssamhengi.

Þessi áform, herra forseti, eru því miður ekki í þá átt. Þau eru dapurleg forneskja sem byggir á því að viðhalda gömlu og úreltu skipulagi og draga það með sér inn í framtíðina og nýja öld.

[13:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Jóhann frá Gunnarsstöðum gerir mér þann heiður að rifja upp ræðu sem ég flutti í fyrra. Hann telur að í þeirri ræðu hafi ég farið fram með verðskuldaða ádeilu á hæstv. utanrrh. en nú hlaði ég hann hins vegar óverðskulduðu lofi.

Það er rétt að í fyrra og hittiðfyrra deildi ég talsvert hart á ríkisstjórnina og kannski einkum á hæstv. utanrrh. fyrir það sem mér fannst ekki vera nægileg eftirfylgja við málstað Eystrasaltsþjóðanna. Ég lýsti því hins vegar í ræðu minni fyrr í dag að þegar til fundarins í Madrid kom þá stóðu Íslendingar mjög fast að baki Eystrasaltsþjóðunum. Ég ætla ekki að halda því fram að ræða mín hafi skipt einhverju máli um það en hins vegar kom fram mjög eindreginn vilji í þinginu í þá veru að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. gerðu það. Ég sagði það einfaldlega sem mér fannst mála sannast, að ríkisstjórn Íslands hefði haldið vel á hlut Eystrasaltsríkjanna í þessu máli. Ég held að a.m.k. hafi ríkisstjórn Íslands átt einhvern hlut að því að Eystrasaltsþjóðirnar voru sérstaklega nefndar sem væntanlegir eða mögulegir kandídatar í framtíðinni.

Ég gleðst hins vegar yfir því að það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon finnur nú helst að öllu þessu máli sé að tiltekin þrjú ríki, hann á þá væntanlega við Eystrasaltsríkin, hafi verið skilin frá. Ég lít svo á að hv. þm. sé með þessu að lýsa stuðningi við viðleitni þeirra og þjóðanna sem einhuga eru að baki ríkisstjórnum sínum í að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er ein þeirra röksemda sem hann hefur beitt í dag.

[13:59]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég vísaði til þeirra þriggja ríkja sem fengju hér sérstaka meðhöndlun var ég reyndar að vísa til þeirra sem fengu aðild. Þau njóta þeirra sérstöku forréttinda að vera valin út úr hópnum, tekin upp í hinn vestræna klúbb efnahagslegra og hernaðarlegra hagsmuna en önnur eru skilin eftir. Hv. þm., sem hélt þessar tilfinningaþrungnu ræður í fyrra og hittiðfyrra þar sem hann sagði að það skyldi aldrei verða að Eystrasaltsríkin yrðu ekki tekin inn í fyrstu umferð og skammaði hæstv. utanrrh. miklum skömmum fyrir að vera ekki nógu harður í þeim efnum, stendur nú frammi fyrir niðurstöðu, (**ÖS:** En hann harðnaði.) efnislegri niðurstöðu. Hver er sú efnislega niðurstaða? Hún er að Eystrasaltsríkin eru ekki með. Ég furðaði mig á því að hv. þm. skyldi eftir sem áður koma í ræðustólinn svo ljómandi af ánægju. Hv. þm. mærði hæstv. utanrrh., þann sama og hann skammaði sem mest í fyrra og hittiðfyrra. Mér fannst og finnst reyndar enn vera í því fólgin ákveðin mótsögn vegna þess að hv. þm. hafði lýst sig svo algerlega andvígan þeirri efnislegu niðurstöðu að stækkun NATO yrði yfir höfuð á þá leið að Eystrasaltsríkin yrðu ekki tekin með í fyrstu umferð. Ég vakti athygli á því og ég vona að það sé í lagi að vitna í hugverk, ræður og hugsanir hins merka þingmanns Össurar Skarphéðinssonar lengur en til eins árs í senn. Að vísu geri ég mér ljóst að menn sem skipta oft um flokka og jafnvel skoðanir, það getur verið viðkvæmt mál að vitna í verk þeirra og orð langt aftur í tímann en ég bið þá hv. þm. um leiðsögn. Hversu langt aftur í tímann er leyfilegt að vitna í orð og skoðanir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar?

[14:01]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er sómi að því að hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon vitnar í ræður mínar. Hann má vitna í þær eins lengi og eins oft og hann vill. Mér væri líka sæmd að því að veita honum leiðsögn um það hvernig á að skipta um flokka. Ég hef til að mynda lagt mitt litla lóð á þá vogarskál að við verðum innan tíðar í sama flokki. Það þarf kannski að draga hann þangað með afli en ég held að það muni hafast að lokum. En að öðru leyti, herra forseti, sýnist mér að þegar allt er skoðað og hv. þm. er skorinn til hjartans og nýrnanna komi í ljós að hann er í raun að segja að hann styðji eindreginn vilja Eystrasaltsþjóðanna þriggja til þess að fá, ef þær kjósa það sjálfar, að verða fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það finnst mér ríma mjög við þær ræður sem ég hef haldið hér í dag.

[14:02]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er mikill snillingur í því að taka orð manna og barna þau. Ég held að engin þörf sé á því eða ástæða til að reyna neitt að draga saman í eina setningu það sem ég hef sagt í þessum málum bæði hér áðan og fyrr. Það liggur nokkuð ljóst fyrir hver afstaða mín er. Ég gagnrýni hugmyndina eins og hún leggur sig. Að sjálfsögðu berum við hlýjan hug til Eystrasaltsþjóðanna og viljum gjarnan leggja þeim lið í að byggja upp sjálfstæði sitt og öryggi en það verður að líta á þá hluti alla í heildarsamhengi.

Jafnvel þó svo að t.d. eitt af Eystrasaltsríkjunum hefði verið tekið með eða tvö, eða þess vegna þau öll, hefðu einhver önnur ríki orðið eftir. Þess vegna Búlgaría eða Rúmenía eða einhver önnur. Ég hef ósköp einfaldlega verið að benda á að þessi hugmyndafræði, að taka suma með og aðra ekki er röng. Við eigum að reyna að leita heildstæðra lausna sem hafa ekki í sér fólginn þann áhættuflöt sem hefur verið í öryggismálum Evrópu alla þessa öld og auðvitað lengur, að það eru einhver landamæri, einhver mörk, einhverjir múrar eða girðingar eða línur. Þá skiptir ekki öllu máli fyrir heildarsamhengið, hvoru megin einn eða annar liggur. Það er eðlilega og skiljanlega mikið mál fyrir viðkomandi ríki og ég held að allir skilji hvers vegna ríkin í austanverðri Evrópu

lögðu allt kapp á að reyna að komast þarna undir til þess að komast undir vernd og koma öryggismálum sínum, öryggi sínu ef svo má segja á ábyrgð hinna vestrænu stórvelda. Gera þau ábyrg fyrir öryggi sínu. Það er ósköp skiljanlegt að menn sáu þann kost sem mjög freistandi og traustastan og vildu drífa í því í hvelli. Af hverju vildu þeir drífa í því í hvelli? Af því að þeir óttuðust bakslag.

Þá er komið að því sem ég hef verið að segja: Er ekki þessi aðgerð einmitt hættuleg vegna þess að hún gæti ásamt með fleiru orðið til þess að slíkt bakslag yrði? Menn verða að skoða hlutina í heildarsamhengi. Ekki er hægt að líta á þetta einangrað og það er enn síður hægt að nota hugtakið „sjálfsákvörðunarréttur þjóða" með þeim hætti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði fyrr í umræðunni.

[14:04]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að verið væri að velja tiltekin ríki og það væri nær að einbeita sér að því að styðja ríki Mið- og Austur-Evrópu með eihverjum öðrum hætti og sérstaklega á grundvelli ÖSE. Ég tek fram sem skoðun mína að það er nauðsynlegt að efla ÖSE en ÖSE getur aldrei komið í staðinn fyrir Atlantshafsbandalagið og ég vil nefna sem dæmi það sem er að gerast í Bosníu núna. ÖSE sér þar um framkvæmd að mjög stórum hluta af borgaralegum ákvæðum Dayton-samkomulagsins, eins og að undirbúa og hafa eftirlit með kosningum. Atlantshafsbandalagið sér um framkvæmd hernaðarlegs hluta Dayton-samkomulagsins sem hefur skapað það öryggi sem þarf til til þess að kosningar geti farið fram og lýðræðið eflist. Í þessu hrjáða landi vinna þessar stofnanir afar vel saman og nauðsynlegt er að efla þær báðar.

Því er haldið fram af hv. þm. að einstök ríki séu skilin eftir. Það er alls ekki svo. Atlantshafsbandalagið hefur hafið samstarf við þessar þjóðir með öðrum hætti, með Samvinnu í þágu friðar, með stofnun Evró-Atlantshafssamvinnuráðsins, með samstarfssamningnum við Rússland, með samstarfssamningnum við Úkraínu. Það er alls ekki rétt að ekki sé verið að vinna á þessum vettvangi.

Það er hins vegar nauðsynlegt að öll þessi vinna fari fram á grundvelli Atlantshafsbandalagsins og þeirrar stofnunar sem þar starfar því að Atlantshafsbandalagið hefur séð til þess að allt þetta samstarf hafi farið í gang. Það er Atlantshafsbandalagið sem er að vinna að þróun lýðræðis og hjálpa til við þróun lýðræðis í öllum þessum heimshluta.

[14:07]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig erum við að endurtaka okkur og ég vísa til þess sem ég hef áður sagt, að það sem ég hef talað fyrir eru heildstæðar lausnir þar sem öll ríkin væru með en ekki fáein eða sum valin út úr. Sú mótsögn blasir auðvitað við í málflutningi bæði hæstv. utanrrh. og fleiri hv. þm. þegar þeir tala fjálglega um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og allt það, að um leið og ákveðin ríki eru valin inn í klúbbinn er öðrum neitað. Hvað þá með sjálfsákvörðunarrétt þeirra þjóða? Er hann þá ekki jafngildur Eystrasaltsríkjanna eða annarra slíkra þjóða? Gallinn á þessari aðferð blasir við. Ég skil ekki af hverju það er svona viðkvæmt að ræða það eins og það er. Það er ekki þar með sagt að auðvitað var eðlilegt að menn leituðu einhverra lausna og það fljótt í kjölfar þeirra miklu breytinga og þess umróts sem varð í Evrópu eftir upplausn Sovétríkjanna og fall Berlínarmúrsins.

Ég er þeirrar skoðunar að heildstæðar lausnir á vettvangi samtaka eins og ÖSE þar sem allar þjóðirnar eru með, allar Evrópuþjóðir. Það er eina öryggismálasamstarfið af þessu tagi þar sem öll sjálfstæði ríki eru með, líka hlutlausu ríkin og öll fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna o.s.frv.

Ástæðan fyrir því að ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar fyrir sitt leyti hafa ekki náð að vera þær sterku stofnanir á sviði öryggisgæslu eða til að setja niður deilur eða átök eins og raun ber vitni er náttúrlega sú að stórveldin hafa ekki viljað að menn fengju framkvæmdarvald á þeim vettvangi. Þeir hafa haldið því að sér og neitað að þær stofnanir fengju slíkt afl og þetta vita menn vegna þess að því fylgir mikið vald að ráða yfir hernum. Bandaríkjamenn segja það fullum fetum nú að þeir séu hin eina alheimslögregla eftir að Sovétríkin liðu undir lok. Það held ég að sé ekki heppilegt og skynsamlegt kerfi.

Að lokum, herra forseti, vísa ég m.a. til þeirrar miklu gagnrýni sem orðið hefur vart í Rússlandi og fleiri lýðveldum fyrrverandi Sovétríkja að miklu minna hafi orðið úr efndum á þeim loforðum og vilyrðum sem þessum ríkjum voru gefin í kjölfar upplausnar Sovétríkjanna. Það hafi staðið mjög á efndunum. En það stóð ekki á fallegu fyrirheitunum fyrst eftir að þær breytingar urðu.

[14:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að Atlantshafsbandalagið hefur ekki neitað einu einasta ríki um inngöngu í Atlantshafsbandalagið sem hefur sótt um inngöngu þar. Það er verið að vinna að því að þessi ríki geti gengið inn í Atlantshafsbandalagið á komandi árum án þess að það sé á nokkurn hátt tímasett. Það er því ekki rétt hjá hv. þm. Mér heyrist hins vegar að það sé skoðun hans að hann vilji halda öllum þessum ríkjum utan Atlantshafsbandalagsins hvað svo sem þau vilja. Hann telur að jafnvel þó að það sé mat manna að ríki eins og Pólland, eins og Tékkland og Ungverjaland séu talin fyllilega hæf og reiðubúin til að ganga til þessa samstarfs þá skuli neita þeim. Það skuli heldur ekki unnið að því að aðstoða Eystrasaltsríkin, önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu við að ganga í Atlantshafsbandalagið í framtíðinni. Það er stefna Atlantshafsbandalagsins að þessi ríki geti öll gengið inn.

Það er alveg ljóst að það verða að liggja þar til grundvallar ákveðnar forsendur. Atlantshafsbandalagið ræður því miður ekki við það að taka öll ríkin inn í sama vetfangi, það er augljós staðreynd. Á sama tími er verið að auka samstarf við þau ríki sem óska ekki eftir því að ganga þarna inn, eins og hlutlausu ríkin, Svíþjóð, Finnland, Austurríki, Rússland og Úkraínu. Vel má vera að sá dagur komi að þessi ríki vilji ganga inn. Að sjálfsögðu er ekkert vit í því að leggja niður Atlantshafsbandalagið. Við vitum hvað við eigum og við eigum þessu samstarfi mikið að þakka. Ég tel að það hafi ráðið úrslitum um lýðræðisþróunina í Evrópu. Hvaða vit er í því að leggja það niður sem hefur reynst okkur jafn vel og áhugi er jafnmikill alls staðar í Evrópu um að efla?

[14:12]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hallast að því við að hlusta á hæstv. utanrrh. svara að vandinn í umræðunni sé sá að hæstv. ráðherra fæst ekki til að ræða málin út frá neinu öðru en því að það hafi aðeins verið um tvennt að ræða, stækkun NATO eða ekki neitt. Út af fyrir sig verður bara að hafa það að

hæstv. ráðherra fæst alls ekki til þess að taka það með í reikninginn, taka það inn í myndina að Evrópa kunni að hafa staðið frammi fyrir fleiri kostum. Það er mjög sérkennilegt í ljósi þess hversu mikil umræða hefur víða farið fram um kosti og galla þess, meðal annars innan NATO. Hefur hæstv. utanrrh. gleymt því að um þetta fór fram mjög mikil umræða innan NATO og það var ekki fyrr en 1994 sem þar varð loksins niðurstaða að NATO ætti að standa opið nýjum aðildarríkjum?

Af hverju var umræðan svona mikil? Jú, vegna þess að menn auðvitað áttuðu sig á því 1989 og á því árabili að það voru að koma upp nýjar og gjörbreyttar aðstæður í Evrópu og í raun og veru í heimsmálunum og þá fóru menn náttúrlega yfir stöðuna. Í Bandaríkjunum er enn mikil umræða um það sem hæstv. utanrrh. virðist ekki hafa heyrt af, og er eins og hæstv. utanrrh. viti ekki af því að stjórnmálasamband er við Bandaríkin. Enn þá er mikil umræða í Bandaríkjunum um það hvort þessi leið sé skynsamleg o.s.frv. (Gripið fram í.) Það þarf ekki bara einhverja vinstri menn uppi á Íslandi til.

Um leið og menn fást til að a.m.k. að ræða hvort það hefði verið skynsamlegt að skoða aðra möguleika í stöðunni breikkar umræðan um allan helming. Vandinn við stækkunaráformin er sá að menn enda alltaf einhvers staðar. Þó að menn tíni upp nokkur ríki í viðbót innan fárra ára, þá eru menn væntanlega komnir að landamærum Rússlands og hvað ætla menn að gera þá? Ætla menn að taka Rússland með? Þá eru menn komnir að landamærum Írans? Ætla menn að taka Íran með? Þá eru menn komnir að landamærum Kína? Fá þeir að koma með? o.s.frv. Þessum spurningum verða menn auðvitað að svara? (Forseti hringir.)

Var þá ekki betra að fara öðruvísi í málin, að búa til allsherjarstofnun sem tók til allra frá byrjun? Það er það sem ég er að reyna að fá hæstv. utanrrh. til að hugleiða, að viðurkenna að hafi verið þó ekki sé nema fræðilegur möguleiki. (Forseti hringir.) En enn sem komið er hefur mér ekki orðið mikið ágengt í þeim efnum. Heimsmynd hæstv. ráðherra er algjörlega svarthvít að þessu leyti.

[14:14]

**Útbýting þingskjals:**

Þátttaka útlendinga í virkjanaundirbúningi, 463. mál, svar iðnrh., þskj. 954.

[14:15]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Sú þáltill. sem liggur fyrir og ég fagna er eitt af þeim mikilvægu skrefum sem lýðræðisþjóðir Vesturlanda hafa stigið frá falli kommúnismans til að treysta frið í heiminum. Ár frá ári öðlast þau ríki sem fylgdu austurblokkinni traust hinna vestrænu lýðræðisríkja og síast smám saman sem fullgildir meðlimir inn í samtök þessara ríkja. Tillagan tryggir eitt af þeim skrefum, sem er aðeins eitt af mörgum skrefum að mínu viti, sem þarf að stíga til að tryggja öryggi og jafna velferð í Evrópu. Næsta skrefið hlýtur að vera að Eystrasaltsríkin fái inngöngu í NATO ásamt síðar Slóvakíu og fleiri ríkjum eins og ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Að hraða inngöngu þessara ríkja inn í vestrænt samfélag, vestrænt efnahagslíf er mikilvægt fyrir öryggi Evrópu. Ekkert mun tryggja stöðugleikann betur í Evrópu og það er einmitt það sem allir vilja. Óstöðugt stjórnarfar og örbirgð í þessum ríkjum í miðri Evrópu er stórhættulegt fyrir þjóðir þar í kring og álfuna alla.

Herra forseti. Það er með ólíkindum hver þróunin í fyrrum austantjaldsríkjum til vestrænna hátta hefur orðið mikil á síðustu árum eða frá falli Berlínarmúrsins 1989. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan að hann vonaði að einhverjir myndu enn þá eftir því þegar múrinn féll. Það er að sjálfsögðu óskhyggja hjá hv. þm. að það muni ekki allir enn þá og muni ekki enn þá stjórnarfar kommúnismans. Það gleymist vonandi aldrei og heldur ekki þvílík örbirgð og grimmd fylgdi því stjórnarfari og hvað það leiddi yfir þjóðir sem því fylgdu. Það sagði einn gamall kommi við mig þegar múrinn féll: Nú verð ég að viðurkenna að öll Moggalygin um kommúnismann var sannleikur. (**Gripið fram í:** Var það Svavar?) Það var ekki Svavar. Svo hefur orðið um fleiri og sárt að kyngja þeirri staðreynd, fyrir hv. þm. Svavar og fleiri.

Herra forseti. Einn af varnarhlekkjum vestrænna ríkja er VES, varnarhlekkur sem skipar mikilvægari sess með hverju ári sem líður, ekki aðeins við varnarblokk Evrópuríkja í NATO heldur einnig sem vettvangur Evrópuríkja í umræðunni um varnar- og öryggismál. Í VES eru fyrir utan þau tíu ríki sem eru fullgildir aðilar, átján önnur ríki með málfrelsi, þar á meðal Eistland, Lettland, Litháen, Slóvakía, Slóvenía og fleiri. Ég er ósammála þeirri túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að full aðild Íslendinga að VES væri skref í átt til inngöngu Íslands í Evrópusambandið og að við hefðum aldrei átt að ganga í VES. Þessi skoðun hv. þm. er að sjálfsögðu í takt við skoðanir hans á því að Ísland hafi gengið í NATO og hann hafi aldrei haft áhuga á slíku sambandi. Allir utan örfárra sérsinna eru þó sammála því að stofnun NATO var mjög mikilvægt skref og ein mikilvægasta ákvörðun sem vestrænar þjóðir hafa tekið og Íslendingar um leið, að taka þátt í því samstarfi með öðrum vestrænum þjóðum. NATO hefur einnig dregið mjög glögglega fram hvílíkur mismunur er á frjálsræði Vesturlanda annars vegar og kúgunar kommúnismans hins vegar. Ég tel að Ísland eigi að vinna að fullri aðild sinni að VES og að því að VES verði utan Evrópusambandsins. Ef VES verður hluti Evrópusambandsins innan 10 til 20 ára get ég ekki séð að það skaði hagsmuni okkar. Ég tel fremur að það skaði hagsmuni okkar að vera ekki með innan VES og það komi einfaldlega fram að það muni tryggja hagsmuni okkar innan Evrópu að vera innan VES, hvað sem síðar gerist.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi í ræðu sinni áðan að öll ríki Evrópu lýstu yfir kjarnorkuvopnalausum svæðum. Að sjálfsögðu veit hv. þm. að styrkur NATO og fælingarmáttur byggist á kjarnorkuvopnum eða á því að hafa yfirráð yfir slíkum vopnum og ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi lítinn áhuga á að NATO sé eins sterkt í stöðu sinni í heiminum og það er enda er hann eini þingmaðurinn sem fæst til að mæla gegn NATO í allri Evrópu. (**Gripið fram í:** Þeir eru tveir.) Já, tveir, hann og einn annar. En hv. þm. er krossfari og ég veit að hann mun ekki láta af skoðun sinni. (**Gripið fram í:** Krossberi.) Eða krossberi, sem betur fer, má kannski segja, því þá gefst tækifæri til að ræða þessi mikilvægu mál á þann hátt að einhverjir andstæðir pólar skapist og það er vel að svo sé enn þá. Ég get tekið undir þá skoðun hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það gæti komið að því að Rússland yrði hluti af NATO eins og önnur Evrópuríki. Ég hygg eigi að síður að ríki eins og Rússland, sem er jafnríkt og fjölmennt og raun ber vitni ætti að geta staðið utan við NATO ef þeir kæra sig frekar um það enda hafa þeir fengið stuðning fyrst og fremst Vestur-Evrópuríkja til þess að byggja upp vestrænt velferðarríki í Rússlandi sem ég er sannfærður um að á eftir að blómstra á næstu áratugum á miklu fljótvirkari hátt en menn gera sér almennt grein fyrir og að rússneskt efnahagslíf

eigi eftir að koma mönnum á óvart þegar þeir ná tökum á hinu frjálsa efnahagslífi Vesturlanda.

[14:21]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri áhugavert að hafa meiri tíma til að ræða við hv. þm. en hér gefst um það hvernig mönnum miðar að byggja upp hið vestræna velferðarríki í Rússlandi og hvernig öll kurl eru að koma til grafar í þeim efnum. Ætli það sé ekki þannig að ansi mörgum sé um og ó yfir því sem gerst hefur einmitt í Rússlandi og hvernig t.d. örbirgð hefur verið leidd þar yfir milljónir og milljónatugi þannig að gamalt fólk á í stórum stíl ekki málungi matar. Erum við á réttri leið í átt til vestræns velferðarsamfélags í þeim skilningi? Eða rússneska mafían sem ræður orðið lögum og lofum og er komin með sterk ítök í Vestur-Evrópu og jafnvel á austurströnd Bandaríkjanna í kjölfar þeirrar upplausnar sem hefur ríkt nánast að öllu leyti í stjórnkerfi þessara ríkja? Er það til marks um að við séum á réttri leið í áttina að vestrænu velferðarríki eða lýðræðisríki? Svo ekki sé nú minnst á ástandið í hernum og stöðuna þar. Hv. þm. taldi koma til greina þótt það hafi nú ekki verið löggilt skoðun NATO enn þá að Rússland yrði tekið inn í NATO og þá spyr ég: Af hverju ekki strax? Af hverju gripu menn ekki hið sögulega tækifæri ef menn meina eitthvað með þessu á annað borð og sameinuðu alla Evrópu í öryggislegu tilliti? Við værum að ræða um allt aðra hluti ef menn hefðu haft kjark til þess en af einhverjum undarlegum ástæðum var það ekki í boði og ekki á dagskrá og staðreyndin er auðvitað sú, sem þeir hafa þagað yfir þunnu hljóði í umræðunni, NATO-postularnir, að það eru ekki þau ríki í suðaustanverðri Evrópu sem hefðu mesta þörfina fyrir stuðning og þar sem öryggisástandið er lakast sem hér eiga í hlut. Það eru þvert á móti þau ríki sem voru næst því að spjara sig sjálf og án nokkurrar aðstoðar. Ég skora á hv. þm. að útskýra þetta aðeins betur fyrir okkur, annars vegar vegferð Rússlands í átt til vestræns velmegunarríkis og hins vegar spurninguna um það hvort og þá hvenær Rússland verði tekið í NATO.

[14:24]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki farið mjög nákvæmlega ofan í það hvaða leið Rússar eiga að fara til að ná þeirri lýðræðislegu uppbyggingu og þeirri velferð sem er í vestrænum ríkjum. Þeir finna það sjálfir og hafa að mínu viti reynt með mjög veiku stjórnkerfi, því að það er náttúrlega staðreynd sem hv. þm. veit jafn vel og ég, að rússneska stjórnkerfið er gamla sovétkerfið sem hefur reynst afskaplega staðnað og erfitt að hreyfa til í átt til frjálsræðis. Þeir haukar sem hafa viljað virkilega taka á og einkavæða fyrirtæki og koma meira frjálsræði í efnahagslífið, skera niður báknið, hafa því að sjálfsögðu lent þar á hverjum sótraftinum upp af öðrum sem hefur náttúrlega viljað verja hagsmuni sína, stöðu sína, starf sitt innan kerfisins. Menn sem hafa verið aldir upp innan sovéska kerfisins til að halda uppi skriffinnskunni og auðvitað tekur langan tíma að breyta slíku kerfi í frjálsræðisátt en ég held þrátt fyrir allt að þá sé að koma í ljós að þetta mun takast, fyrr en menn jafnvel héldu fyrir ári. Ég minni á greinar sem hafa komið fram í hinu gagnmerka blaði, Morgunblaðinu, um það hvernig menn sjá fyrir sér hagkerfi Rússlands blómstra innan örfárra ára sem mun leiða til þess að þetta verði eftirsóttasti fjárfestingarstaðurinn í hinum vestræna heimi eða á jörðunni á næstu árum og ég trúi því að komið sé að því að við eigum að geta farið að trúa því að það sé hægt og í rauninni réttlætanlegt að fjárfesta í Rússlandi þótt það hafi ekki verið hægt fram að þessu.

[14:26]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað vonum við öll að Rússland nái að byggja sig upp og þar fari að birta til. Ég er sannfærður um að það muni gerast en ég trúi að það muni gerast á eigin forsendum þeirra ef það heppnast. Ég held að það sé staðreynd sem menn neita ekki orðið í dag að Vesturlönd og vestrænir sérfræðingar vanmátu í fyrsta lagi herfilega það verkefni sem menn stóðu frammi fyrir í Rússlandi þegar Sovétríkin leystust upp. Það var mikið vanmat, misskilningur og vanþekking á ferðinni, að ímynda sér að Rússland gæti tekið hrátt upp vestrænar aðferðir og vestrænar formúlur og að á einhverjum fáeinum árum yrði þar til eitthvert kapitalískt velmegunarríki á vestræna vísu eða á grundvelli vestræns hugsunarháttar. Í öðru lagi er alveg ljóst að leiðsögn og ráðgjöf vestrænna sérfræðinga frá Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og vestrænum ríkisstjórnum hefur gefist mjög misvel, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Reyndar má spyrja sig að því hvernig frammistaða þeirra sérfræðinga er yfirleitt í heiminum, t.d. í kjölfar Asíukreppunnar o.s.frv. þannig að menn hefðu kannski betur verið meira niðri á jörðinni í þeim efnum og ekki talið sér trú um að þeir vissu alla hluti og gætu kennt öllum allt. Það hefur ekki komið á daginn að þau ráð hafi alltaf gefist mjög vel eða dugað öðrum þjóðum við ólíkar aðstæður. Í þriðja lagi verður mikið vart við það nú að þjóðirnar í austanverðri Evrópu og Rússland þar með talið telji mikið vanta upp á að sá stuðningur og sú fyrirgreiðsla sem lofað var á sínum tíma í kringum 1990 hafi skilað sér. Það hefur komið á daginn að ýmislegt er skilyrt sem ekki átti að vera það og háð því að farið sé að forskrift Vesturlanda. Annars eru engir peningar í boði og margt hefur reynst í skötulíki sem lofað var eða gefið var undir fótinn með á þessum árum og þetta held ég að Vesturlönd ættu að hafa í huga.

[14:28]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er mér alveg sammála um að vestrænar aðferðir við að byggja upp efnahagslífið í Rússlandi munu virka og það er gott að hann er kominn á þá skoðun að hið rússneska alræði mun aldrei geta bjargað neinu ríki með nokkru móti þannig að ég fagna yfirlýsingum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er að sjálfsögðu eins og hann kom inn á, og ég reyndar áðan líka, við ramman reip að draga og auðvitað hafa menn ekki gert sér alveg grein fyrir því hve mikið verkefni var þarna fram undan.

Erfiðasta verkefnið er í dag að byggja upp rússneska herinn sem er að verða eitthvert hættulegasta fyrirbærið sem við horfum upp á í fyrrum Sovétríkjunum. Öll hertæki Rússlands eru að grotna niður. Hermenn fá ekki greidd launin sín og leiðast út í spillingu, sölu á tækjum, búnaði og jafnvel kjarnorkuvopnum til hryðjuverkasamtaka. Það sem menn eru hvað hræddastir við nú er að slík vopn gætu hugsanlega komist frá Rússlandi til hryðjuverkahópa við Miðjarðarhafið og í Evrópu sem yrðu miklu hættulegri en þau ríki og ríkisstjórnir sem við höfum verið að hafa áhyggjur af fram að þessu. Ég hygg því að þrátt fyrir að Vesturlönd hafi jafnvel gert mistök í aðstoð sinni við Rússa þá hafi þó jákvæð skref verið fleiri en skrefin aftur á bak og þau séu í rauninni

forsendan fyrir því hversu þetta er þó komið langt þrátt fyrir allt og við eigum eftir að sjá miklu meira.

[14:31]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Össur Skarphéðinsson varaformaður utanrmn. var talsmaður okkar jafnaðarmanna í þessari umræðu og hélt sína ágætu ræðu í morgun. Ég kem hér til þess að taka þátt í umræðu um mjög mikilvægt mál, en vel sjálf að koma með hugleiðingar varðandi umræðuna um Atlantshafsbandalagið og hvað það stendur fyrir í hugum fólks.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég er ekkert hissa á ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar miðað við viðhorf hans og hans flokks. Auðvitað er sterkt að tefla fram kostnaðinum við NATO og kostnaðinum við stækkun þess og bera það saman við aðgerðir til að bæta lífskjör hjá bágstöddum þjóðum. Það er ekkert hægt að bregðast við þannig málflutningi vegna þess að þegar nefndir eru milljarðar dollara og maður sér þá fyrir sér í hjálparstarfi þá getur maður ekki annað en viðurkennt að hver milljarður dollara í hjálparstarfi væri afskaplega þýðingarmikill. En þessa umræðu þekkjum við frá öðrum samanburði okkur nær af ýsmum toga þegar við sjálf segjum: „Væri ekki nær að nota þetta fyrir einhverja hér heima", þegar við af veikum mætti leggjum eitthvað af mörkum til annarra þjóða.

Það má líka spyrja hvort þingmenn hér telji að svo sé komið að við getum lagt niður Atlantshafsbandalagið í ljósi einhvers stöðugleika þrátt fyrir yfirlýsingar um óstöðugleika í okkar heimshluta og jafnvel ógnarástands sums staðar eins og komið hefur fram í þessari umræðu í morgun.

Mig langar líka aðeins, um leið og ég ræði um stöðu Atlantshafsbandalagsins í dag, að ræða um þetta nafn sem hefur fylgt því. Það hefur auðvitað oftast nær verið nefnt NATO bæði hér hjá okkur og nágrannaþjóðunum, almennt í Evrópu og annars staðar. Orðið NATO hefur í gegnum tíðina verið bundið átökum og kaldastríðsjafnvægi í Evrópu. Orðið NATO hefur verið bundið varnarbandalagi og stríðsbandalagi, vissulega með þátttöku Bandaríkjanna sem með aðild sinni gáfu samtökunum mikla þungavigt.

Nú er alveg ljóst að viðhorfið til vægis í Evrópu hefur verið að breytast. Fólk horfir ekki lengur á Evrópu eina heldur er heimurinn allur undir, ekki heimshlutar heldur heimurinn. Og þróunin í Evrópu frá 1989 þegar múrinn féll hefur verið eftirtektarverð og það er alveg ljóst að múrinn er í raun að falla í gleymsku og verða partur sögunnar aðeins átta til níu árum síðar.

En við skulum spyrja okkur að því hvað felist í því að skapa öryggi fyrir einn heimshluta. Er það að skapa öryggi fyrir einn heimshluta eitthvað sem veldur óöryggi fyrir önnur svæði? Þessi umræða kom m.a. fram á málþingi forsætisnefndar Norðurlandaráðs fyrir skömmu og í þessari mjög athyglisverðu umræðu tóku þátt tveir gestir frá Svíþjóð og Noregi, sérfræðingar í öryggismálum.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í morgun hvað væri að gerast í öðrum heimshlutum og hann varpaði fram ýmsum spurningum og fróðlegt væri að reyna að átta sig á því hvernig starf Atlantshafsbandalagsins snýr að öðrum heimshlutum í dag.

Það er alveg ljóst að bandalagið hefur verið að breytast. Þar má nefna Partnership for Peace, eða Friðarsamstarfið sem er orðið mjög mikilvægur þáttur í breyttri starfsemi bandalagsins. Ég hlýt að spyrja: Þorum við að trúa því að sá þáttur eigi eftir að verða ráðandi en vígbúnaðarþáttur víkjandi hjá þessu bandalagi þjóða sem vilja láta gott af sér leiða? Þetta hefur verið varnarbandalag til að afstýra því að sú ógn komi yfir okkur sem við sjáum sífellt hvolfast yfir aðrar þjóðir og við getum horft á það róleg heima í stofu í okkar sófa.

Ég vil trúa því að smátt og smátt þróist friðarsamstarfið og verði hið vaxandi afl í þessu samstarfi. Það er athyglisvert að t.d. í Svíþjóð hefur það verið svo í gegnum árin að varla hefur verið minnst á NATO öðruvísi en í neikvæðri umræðu. Þetta vitum við sem fylgjumst með í gegnum fjölmiðla. Í dag á sér stað opin umræða í Svíþjóð um NATO og starfsemi þess. Þetta er gífurleg breyting og hvers vegna nefni ég hana? Jú, vegna þess með hvaða viðhorfi Svíþjóð hefur þróað sín varnarmál. Svíþjóð hefur viljað standa eitt og sér, hlutlaust og utan við slíkt varnarsamstarf.

Því var líka velt upp á þessari ráðstefnu sem ég var að vísa til, einmitt varðandi breytingarnar á Atlantshafsbandalaginu og væntingar til þess í dag, hvort þessi breyting og viðhorfið til bandalagsins væri e.t.v. orðið enn jákvæðara ef nafni þess hefði verið breytt 1990. Þetta er mjög áhugavert sjónarmið. Gæti verið að neikvæðni felist í orðinu NATO? Hefði e.t.v. verið sterkt að breyta nafninu þegar menn fóru að snúa sér að öðrum verkefnum árið 1990, breyta eðli samstarfsins og þróa það? Hefði viðhorfið til þess í mörgum löndum þá orðið enn jákvæðara?

NATO hefur í auknum mæli tekið þátt í friðaraðgerðum og þær hafa skipt máli, en svo er annað mál hvort sumar friðaraðgerðir beri það nafn með réttu, t.d. aðgerðirnar í Bosníu.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að í mörgum löndum starfa friðarsveitir. Friðarsveitir eru sendar á vettvang til hjálpar, stundum af Sameinuðu þjóðunum og stundum af öðrum, á staði þar sem ástandið er ótryggt. Fólk sér að þessar sveitir, skipaðar ungu fólki úr löndum sem ekki heyja stríð, fara ekki á vettvang til að miða byssu á mann. Þrátt fyrir það blasir sú mynd við þegar við horfum á friðarsveitirnar að störfum að allir einstaklingarnir verða að bera byssu um öxl. Stundum ríkir því nokkur tvöfeldni í huga okkar í afstöðunni til þeirra sem eru að störfum á þessum vettvangi.

Mig langar líka, virðulegi forseti, að nefna Sameinuðu þjóðirnar sem eru viðurkennd friðarsamtök þjóða og ætlað að auka skilning á milli og efla samkennd þjóða um allan heim. Frá þessum sterku þjóðarsamtökum eru bönd bæði til NATO og ÖSE og þessi friðarsamtök hafa fengið NATO í hendur verkefni eða aðgerðir til að varðveita frið í ýmsum löndum. Þetta er mjög athyglisvert og við eigum ekki að líta fram hjá þessu, en þetta hefur reyndar sums staðar verið gagnrýnt.

Utanrrh. velti upp spurningu hér áðan í sinni framsögu og spurði hvort stækkun mundi veikja bandalagið. Hann nefndi neikvæða afstöðu Rússlands en jafnframt að Rússland væri aðili að Sameinuðu þjóðunum og ÖSE og fleiri alþjóðastofnunum sem NATO-starfseminni tengjast. Ég held að okkur beri skylda til að líta til þess að NATO stendur ekki eitt og sér eins og eyja í einhverju starfi heldur tengist NATO þýðingarmiklum samtökum eins og Sameinuðu þjóðunum og ÖSE, samtökum sem t.d. Rússland er tengt. Það er reyndar alveg óráðið í dag hvernig samskipti NATO og Rússlandsráðsins þróast, þ.e. samstarfsráði Atlantshafsbandalagsins og Rússlands. Eigum við ekki að vona og vinna að því að það samstarf geti orðið sterkt friðar- og uppbyggingarafl?

Á árum áður var talað um Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið og jafnvægið þar á milli sem hin tvö stóru öfl. Sá tími er liðinn. Nú fyllumst við skelfingu og stöndum vanmáttug gagnvart átökum og ástandi í fjarlægum heimshlutum. Nú síðast í Írak. Reyndar var athyglisvert að á síðustu stundu tókst stórþjóðunum, Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi og fleirum að ná árangri eftir diplómatískum leiðum.

Össur Skarphéðinsson talaði í morgun og eins og ég hef þegar nefnt var hann talsmaður þingflokks jafnaðarmanna. Hann talaði um stöðuna á Balkanskaga og að við í Evrópu vorum hjálparþurfi til að ráða við átökin þar. Það er svo auðvelt að gleyma fljótt að Evrópa ræður ekki við svona stór mál ein og sér. Ég tek undir orð Össurar Skarphéðinssonar að við erum stuðningsmenn og málsvarar smáþjóða. Það er farsælt að þrjár smáþjóðir, sem kusu það, fá nú aðild að Atlantshafsbandalaginu, jafnvel þó að aðrar þjóðir sem kusu það líka fái ekki aðild nú. Þetta er skref sem ber að styðja þó að ég hefði viljað sjá fleiri komast að í þessari umferð. Við Íslendingar eigum að beita okkur í þágu Eystrasaltsþjóðanna eins og gert var í Madrid. Þó að stuðningur okkar dygði ekki til að þau fengju aðild þá eigum við að halda áfram stuðningi við þessi lönd og aðrar smáþjóðir. Ég spyr þingmenn hvað þeim finnst um það að aðild Eystrasaltsþjóðanna að Atlantshafsbandalaginu nú réðst ekki af vilja þessara þriggja landa, eins og rætt var hérna í morgun, heldur af vilja stóra nágrannans í austri sem beitti sér gegn þeim.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið rætt hvort samstarf í Evrópu almennt geri hættu á átökum minni og það er líka sannfæring mín, en jafnframt að vinasambönd milli þjóða af öllu tagi eru mjög þýðingarmikil og sérstaklega öll ungmennasamskipti á milli þjóða, bæði í Evrópu og víðar. Ég á von á að samhliða því að þau samskipti aukast, og Evrópusambandið leggur mikla áherslu á slík samskipti, þá eigum við eftir að efla þennan skilning út fyrir okkar heimshluta.

Ég spyr líka, virðulegi forseti, vegna umræðunnar hér: Af hverju erum við ekki komin lengra? Af hverju náum við því ekki núna þegar aldamótin 2000 nálgast, að leysa árekstra eftir diplómatískum leiðum? Við getum spurt okkur að því og mörg okkar hefðu trúað því að við værum betur stödd á þessu sviði áður en t.d. hið erfiða ástand á Balkanskaga varð staðreynd. Vígbúnaður kostar mikið fé og erfitt er að sjá, eins og hér hefur verið bent á, hvar vopnaiðnaðurinn kemur inn í myndina og hverju hann ræður. Þó að ég sé stuðningsmaður NATO, þá tek ég hiklaust undir það að ég hef áhyggjur af því að vald vopnaiðnaðarins sé nokkurt. Ég held að við eigum þora að ræða það alveg opið til að reyna að minnka það vald sem vopnaiðnaðurinn hugsanlega hefur.

*Nú er verið að hervæða hópa hér og þar á vegum ólíkra* aðila, hópa sem ekki er ætlað að verja sitt heimasvæði eins og við þekktum að var pólitíkin áður og fyrr. Hið hefðbundna í gamla daga var að ríki vörðu sig, landsvæði stóðu saman til að verja sig gagnvart öðru stærra eða sterkara afli.

Nei, þessa hópa á að senda á vettvang annað þegar svo ber undir og við gerum okkur ekki alveg grein fyrir því hverjir munu hafa það vald til að senda hópa annað og hverjir eiga að stjórna því hvenær hópur er sendur annað. Hver hefði tekið ákvörðun um það að slíkur hópur hefði verið sendur inn í Írak t.d.?

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók það fram að jafnaðarmenn styðja þessa tillögu um stækkun Atlantshafsbandalagsins. Ég staðfesti og tek undir það. Það eru 12 ríki sem sækjast núna eftir aðild og við hljótum að virða að þau lönd vilja eiga skjól í stofnsáttmála sem segir að árás á einn sé árás á alla, að þjóðir telja að betra sé fyrir þær að vera með í þessum hópi en utan hans. Við skulum líka muna að varnarbandalag er með tilveru sinni vörn í sjálfu sér og við verðum líka að þorfa að horfast í augu við það.

Í Norðurlandasamstarfinu er mjög litið til Eystrasaltslanda og landanna í suðaustri. Okkur í vestnorðri finnst stundum nóg um en vandamálin þar eru mörg og stór, ekki síst í umhverfismálum sem í dag eru stærstu utanríkismál samtímans.

Eystrasaltslöndin horfa til Norðurlandanna. Þau leita stuðnings þar og náið samstarf hefur þróast milli Norðurlandaráðs og baltneska ráðsins. Hér hefur verið talað um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og að sumar þeirra fái ekki þó þær vilji. Það á við um Eystrasaltslöndin og ég er leið yfir því að við ráðum ekki sem skyldi í stuðningi við þau.

Það hefur líka verið rætt, virðulegi forseti, að kostnaðurinn við stækkun NATO sé 1,5 milljarðar Bandaríkjadala. Ég tek undir að þetta eru miklir peningar. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvað sá kostnaður miðist við mörg lönd. Á þessi kostnaður einkum við stækkunina með þessum þremur löndum eða er verið að tala þarna um stækkun í framtíðinni af því að þó að ákvörðunin eigi við þrjú lönd, þá er líka komin ákvörðun um að ræða við fleiri og stækkunin verði meiri. Þetta er há fjárhæð þó segja megi að ekkert sé of dýrt ef tekst að afstýra hörmulegum stríðsleikjum valdablokka og tryggja frið. Mínar væntingar eru að friðarsamstarfið verði æ meira ráðandi og í framtíðinni takist að ná árangri fyrst og fremst eftir diplómatískum leiðum og án átaka.

[14:48]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. um kostnað vegna stækkunar Atlantshafsbandalagsins, þá eiga þær tölur sem ég nefndi í ræðu minni eingöngu við þessi þrjú ríki. Meginhluti þessa kostnaðar varðar mannvirkjagerð eða um 1,3 milljarðar Bandaríkjadala af 1,5 milljörðum Bandaríkjadala. Þetta varðar uppbyggingu flugvalla og margs konar mannvirkjagerð sem er nauðsynlegt að ráðast í í þessum þremur löndum og það er alveg ljóst að þegar að því kemur að fleiri lönd ganga inn í Atlantshafsbandalagið, þá verður jafnframt nauðsynlegt að ráðast í margvíslega mannvirkjagerð í þeim löndum. Það mun ekki verða kleift fyrir þessi lönd að taka þátt í því nema með sameiginlegu átaki Atlantshafsbandalagsins í heild.

Eins og vitað er stendur Mannvirkjasjóðurinn að margvíslegum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli á hverju einasta ári og með sama hætti mun Mannvirkjasjóðurinn standa að mannvirkjagerð í þeim tilgangi í öðrum löndum, þar á meðal í þeim löndum sem munu ganga inn.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að ef ekki væri farið í þessa mannvirkjagerð á vegum Atlantshafsbandalagsins hefðu löndin sjálf þurft að ráðast í mikið af henni ein og sér.

[14:49]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er alveg ljóst ef til kemur að þessi 12 lönd sem talað er um og jafnvel enn fleiri í framtíðinni koma inn í Atlantshafsbandalagið og mannvirkjagerð verði með þeim hætti og af þeirri stærðargráðu fjárhagslega sem hér er talað um, þá er um mjög miklar aðgerðir að ræða.

Við þekkjum þá mannvirkjagerð sem farið hefur fram hér á landi og við þekkjum það líka að við sem þjóð höf-

um notið góðs af mörgu af því sem hér hefur verið gert af hálfu Mannvirkjasjóðsins og Keflavíkurflugvöllur varð okkur mjög snemma mikilvægur, ekki síst þar sem við búum á eylandi og í þýðingarmiklu sambandi okkar og í tengslum við aðrar þjóðir. En ég spyr: Þekkir hæstv. utanrrh. það hvort í þessari tölu felist eitthvað annað og meira, einhver önnur og ólík mannvirki en þau sem við þekkjum á Keflavíkurflugvelli, þekkir hann hve mikið af þeirri fjárhæð byggir á flugvallargerð beinlínis og flugbrautagerð? Það væri fróðlegt að fá það inn í þessa umræðu eins og hún hefur þróast.

[14:51]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um það hvernig sú mannvirkjagerð skiptist nákvæmlega, enda hygg ég að það liggi ekki endanlega fyrir. Hér er um áætlanir að ræða sem kunna að breytast en þetta er úttekt sem hefur verið gerð á vegum Atlantshafsbandalagsins um nauðsynlegustu hluti. Það varðar flugvallargerð og margvísleg önnur mannvirki, radarkerfi og annað sem er sambærilegt við það sem við þekkjum hér á landi. Löndin sjálf þurfa að sjá um að endurnýja sinn herafla, þjálfa hermenn sína til að þeir geti tekið þátt í starfi Atlantshafsbandalagsins en auðvitað hjálpar Atlantshafsbandalagið við þessa breytingu og þessa þjálfun.

Það er enginn vafi á því að slík mannvirkjagerð muni að hluta til koma til góðs í borgaralegri starfsemi með sama hætti og það hefur gerst hér á landi. Þess vegna er öll þessi mannvirkjagerð mikilvæg í þeirri lýðræðisþróun sem á sér stað í þessum löndum.

[14:53]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem við ræðum um staðfestingu viðbótarsamninga vegna stækkunar Atlantshafsbandalagsins hefur orðið tilefni til umræðna sem taka langt út fyrir ramma tillögunnar og er það í rauninni mjög eðlilegt og réttmætt vegna þess að þetta mál tengist öðrum þáttum í sambandi við öryggismál í Evrópu allri. Menn hafa í ræðum farið yfir ýmislegt úr liðinni tíð og það er líka athugunarefni út af fyrir sig þó að mestu skipti það sem varðar framtíðina í þessum efnum.

Ég ætla að koma að nokkrum þáttum sem tengjast þessu máli en hér hafa áður talað af hálfu Alþb. formaður þingflokksins, hv. þm. Svavar Gestsson, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og tjáð í ræðustól viðhorf sem ég tek undir í öllum atriðum sem fram hefur komið í þeirra máli, þar sem gagnrýnd hefur verið sú stefna sem felst í þeirri tillögu sem við erum að ræða um. Sterkir fyrirvarar eru af hálfu Alþb. sem annaðhvort mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu eða sitja hjá við atkvæðagreiðslu hennar en um það eigum við eftir að fjalla nánar í þingflokki okkar.

Það er mjög eðlilegt að menn líti ögn til baka og skyggnist um víðar í sambandi við þetta stóra mál. Það hefur margt gerst frá þeim tíma sem eðlilega er vitnað til sem ákveðin þáttaskil í sambandi við öryggismál í Evrópu, þ.e. árin í kringum 1990 þegar sovétkerfið hrundi ekki aðeins í Sovétríkjunum sjálfum heldur í öðrum ríkjum Austur-Evrópu og mikil bjartsýni ríkti um það að þarna væri hinu kalda stríði lokið og hægt væri að draga strik yfir langa og mjög erfiða sögu í Evrópu þó að hún hefði ekki leitt til styrjaldarátaka eða blóðsúthellinga sem betur fer, þ.e. tímabil hins kalda stríðs.

Miklar væntingar voru um það að nú tækju við aðrir og bjartari tímar bæði í Evrópu og víðar um heiminn þar sem menn legðust á árar um að skapa aðra og traustari framtíð en ógnarjafnvægi kalda stríðsins þar sem oft munaði mjóu og enginn vissi í rauninni hvort af hlytist það allsherjarbál kjarnorkustyrjaldar sem við blasti á áratugum hins kalda stríðs.

Nú sjö til átta árum eftir að þessi bjartsýni ríkti eru allt önnur viðhorf uppi í sambandi við stöðu mála, bæði í Evrópu og í heiminum öllum og sú bjartsýni hefur vikið fyrir efasemdum og sumpart svartsýni varðandi þróun mála. Þessi þróun mála tengist í æ ríkari mæli spurningum sem varða heiminn allan vegna þess að þróun á þessum áratug hefur verið undir merkjum hnattvæðingar sem svo er kölluð eða alþjóðavæðingar sem einnig er kölluð hnattvæðing og kannski nær betur því hugtaki sem oft er vísað til og kallað „globalisation" á erlendu máli. Þar er því miður langt frá því að undirstöður hafi verið að styrkjast í sambandi við efnahagsmál í veröldinni. Andstæður hafa verið að skerpast í sambandi við efnahag bæði innan þjóðríkja í hinum velmegandi hluta heimsins og einnig milli hins velmegandi hluta heimsins og þess sem við höfum kallað þróunarríki eða þriðja heiminn. Það þarf ekki langt að leita til að menn sjái á hve gífurlega tæpu vaði við stöndum í þeim efnum og þá minni ég á hrunið í efnahag Austur-Asíuríkja á síðasta ári og þau skjótu umskipti sem þar urðu í efnahagsmálum sem sýna okkur betur en mörg orð hversu höllum fæti menn standa í að hafa náð einhverju sem heitir viðunandi tökum á undirstöðuþáttum í þróun alþjóðamála. Auðvitað eru efnahagsmál og öryggismál nátengt og umhverfismálin þar á meðal, eins og menn hafa vikið að réttilega í ræðum, sem einn af þeim stóru þáttum sem skapa þjóðum og heimi öllum örlög og eiga eftir að gera það í auknum mæli í framtíðinni.

Ég minni á þetta m.a. vegna þess að það er að mínu mati ekki réttmætt, og það stendur a.m.k. á algerum brauðfótum, að ætla að setja jafnaðarmerki á milli lýðræðisþróunar annars vegar og efnahagskerfis hins vegar. Það er ekkert sjálfgefið jafnaðarmerki þar á milli. Það er ekkert sjálfgefið jafnaðarmerki á milli þess að svonefnt þingræði ríki að formi til í löndum og þar sé á ferðinni þróun til jákvæðrar áttar í efnahagslegum skilningi og hvað snertir jafnræði milli þegnanna. Það er eitthvað annað. Þetta segi ég vegna þess að við hljótum að taka mjög eindregið undir nauðsyn þess að treysta lýðræðislega innviði í samfélögum sem víðast um heim, áhrifamátt fjöldans til að ráða ráðum sem hann varðar mestu innan þjóðríkja og í friðsamlegum samskiptum milli þjóðríkja.

En þróunin er því miður ekki í þá áttina. Þar sem drifkarfturinn er, meðal þeirra ríkja sem búa þó við þingræði og lýðræði í vestrænum skilningi, er efnahagsþróunin hraðfara á leið í öfuga átt. Hún er í þá átt að öryggi, raunverulegt efnahagslegt öryggi og undirstöður heimsbúskapar standa æ valtari fæti, vegna hnattvæðingar og frjálsræðis fjármagnsins sem hefur ekkert með lýðræðið að gera. Fjármagnið sem drifkraftur í efnahagslegu tilliti hefur í raun ekkert að gera með lýðræði. Það samkeppnisskipulag, sem nú er reynt að innleiða sem víðast, stefnir í öngstræti eins og það er rekið, eða fram á bjargbrún.

Í raun veit enginn hvenær gerast munu miklu stærri atburðir en við höfum séð í þeim viðvörunarmerkjum sem komið hafa og eru þó nógu tilfinnanleg fyrir umtalsverðan hluta þjóða. Þar mætti nefna hrunið á fjármagnsmörkuðum

Austur-Asíu þegar ákveðið var af alþjóðastofnunum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að hlaupa undir bagga, m.a. að boði Bandaríkjanna sem hins sterka aðila þar. Það var ósvipað því sem gerðist 1995 þegar Bandaríkjaforseti var knúinn til þess af hagsmunaaðilum í Bandaríkjunum að dæla inn í efnahagskerfi Mexíkó risavöxnum upphæðum til þess að forða þar gjaldþroti. Þetta nefni ég vegna þess að þetta skiptir miklu máli í umræðunni í dag. Ég undirstrika það, af minni hálfu, að milli lýðræðis annars vegar og þess samkeppnismynsturs fjármagnsins sem er driffjöðurin í heimsbúskapnum nú um stundir, er í raun ekkert samasemmerki. Það ætti að verkefni okkar og annarra þjóða að leita að gangverki, í sambandi við efnahagsmál heimsins, sem í senn tryggi viðunandi aukið jafnræði og skiptingu gæða milli þegna, þjóða og heimshluta, og þokkalegt öryggi.

Hæstv. utanrrh. sagði í upphafi máls síns hér í dag, þegar hann mælti fyrir þessari tillögu, að NATO væri opið lýðræðisríkjum í Evrópu. Hér hefur af sumum verið lögð áhersla á það að NATO væri samnefnari fyrir það sem við köllum lýðræði. Nú gott og vel. Ég tek undir það að halda lýðræðisskipan með sem mestu áhrifavaldi þegnanna, frelsi þegnanna og ákvörðunarvaldi þeirra. Það er ágætt sem almennt markmið. En ætli þetta sé nú aðalmælikvarðinn í stefnu þeirra ríkja sem eru burðarásinn í NATO? Hver er meginburðarásinn? Bandaríki Norður-Ameríku. Er markmið þeirra að efla jafnræði í heiminum og undirstöður raunverulegs lýðræðis sem víðast? Um slíkt verður ekki felldur dómur án þess að menn taki til athugunar það efnahagskerfi og það gangvirki sem haldið er uppi í nafni þessa sama lýðræðis.

Ef við lítum á lýðræðismælikvarðann að því er varðar NATO, þá væri vert að skoða aðeins aðildarlistann og muna eftir því að ein af þeim þjóðum sem er undir þessum harða mælikvarða lýðræðisins er Tyrkland. (**Gripið fram í:** Það eru fleiri.) Tyrkland var tekið inn í NATO fyrir mjög löngu síðan. Ég veit ekki betur en að ástandið í því ríki sé þannig að það þyki ekki tækt samkvæmt mælikvarða Evrópusambandsins vegna mannréttindabrota og vegna þess að það virðir ekki grundvallarreglur lýðræðis. Og það hefur verið í stöðugum útistöðum við Evrópuráðið af þeim sökum. En það hefur þótt sjálfsagður og velkominn þátttakandi í NATO vegna þess að mælikvarði lýðræðisins er ekki virtur ef hernaðarhagsmunir bjóða annað. Þeir hagsmunir réðu því á sínum tíma að Tyrkland var tekið inn og það hefur auðvitað notið þess á sinn hátt að vera aðili að þessum klúbbi, hernaðarbandalaginu NATO.

Ég tel það hafa verið afar afdrifaríkt og tekin hafi verið röng skref eftir 1990, að halda fast við hernaðarbandalagið NATO og breyta í engu um stefnu þess sem hernaðarbandalags. Það er hernaðarbandalag með kjarnorkustefnu að grundvelli, í stað þess að leitast við að þróa öryggiskerfi í Evrópu sem líklegt væri til að styrkja lýðræðisþróun í Evrópu allri og ekki síst í Rússlandi. Þar er þörfin á því að styrkja innviði lýðræðislegs samfélags mjög mikil, eins og raunar í öðrum ríkjum Austur-Evrópu sem bjuggu við annað kerfi sem hrundi 1989. Það var kerfi sem ekki gat staðist og átti ekki að standast. Sem betur fer hrundi það og það er engin tilviljun að það hrundi. Út í þær ástæður væri hægt að fara hér. Ég hef oft rætt það efni í þessum ræðustól en ég ætla ekki að taka tíma í það núna.

Ég held að sú leið sem hér er verið að feta, að safna einni og einni þjóð, þremur þjóðum, undir væng Atlantshafsbandalagsins sem hernaðarbandalags og kjarnorkuveldis sem áskilur sér áframhaldandi rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, sé röng stefna. Hún er ekki til farsældar fyrir öryggi Evrópu eða heimsins í heild. Það er illa til fundið af Íslendingum að styðja þá þróun í stað þess að leggja sig fram um að leita nýrra leiða til að treysta öryggi í álfunni.

Sagt er að vilji þeirra þjóða sem boðin hefur verið aðild að Atlantshafsbandalaginu sé mikill til að ganga þar inn. Ég skil út af fyrir sig, eins og hér hefur komið fram hjá öðrum talsmönnum Alþb., ástæður þeirra og þeirra sem þar eru í forustu til að vilja í Atlantshafsbandalagið. Miðað við sögu þeirra er það skiljanlegt. Það breytir þó engu um það að við höfum leyfi til þess að meta öryggishagsmuni álfunnar, hér á Íslandi hver fyrir sig, og taka afstöðu til þessarar tillögu út frá slíkum sjónarmiðum. (Forseti hringir.)

Vegna þess að hér hefur verið rætt um svo yfirgnæfandi stuðning þessara landa við inngöngu, hæstv. ráðherra nefndi 80% í því sambandi, virðulegur forseti, minni ég á að í Ungverjalandi var þátttakan í kosningum um spurninguna um inngöngu í Atlantshafsbandalagið eða ekki, þrátt fyrir mikinn eftirrekstur af hálfu stjórnvalda um (Forseti hringir.) þátttöku, 51%. Þátttakan í þeim kosningum rétt marði 50% mörkin og ber ekki vott um að áhuginn hafi verið sá, virðulegur forseti, sem talan 80% ein segir.

[15:10]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek til máls út af ummælum hv. þm. og margra þingmanna Alþb. um að engar aðrar leiðir hafi verið kannaðar og því ætli þeir að vera á móti eða sitja hjá í þessu máli. Auðvitað er verið að byggja upp öryggiskerfi Evrópu á mörgum öðrum sviðum, m.a. innan ÖSE. Ég skil það þannig að hv. þingmenn Alþb. séu andvígir því að þessar þrjár þjóðir, sem þurftu að þola kúgun sovétmanna áratugum saman, fái inngöngu í Atlantshafsbandalagið á lýðræðislegum grundvelli. Þá skiptir það engu máli þó að 80% þeirra sem tóku þátt í þessum kosningum hafi þann vilja. Aðeins vegna þess að engar aðrar leiðir voru athugaðar, þá ætla þeir að vera andvígir því og senda þau skilaboð frá hluta Alþingis að þessar þjóðir séu ekki velkomnar þarna inn. Ég harma það mjög. Og ég vonast nú til þess að hv. þm. sitji a.m.k. hjá því ég tel að það sé afar slæmt að hluti Alþingis sendi þessum þjóðum slík skilaboð. Það liggur fyrir að þetta er eindreginn vilji þessara þjóða, von þeirra til að koma á betra efnahagskerfi og auknu lýðræði í sínum löndum.

[15:12]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. verður að eiga við sig þær áhyggjur sem hann hefur af þeim sem hafa aðrar skoðanir en hann, Framsfl. eða meiri hluti á Alþingi Íslendinga, á þeim tillögum sem hér liggur fyrir. Það hefur nokkuð lengi legið fyrir, virðulegur forseti, að Alþb. hafi ekki talið að NATO sem hernaðarbandalag væri samkvæmi sem Íslendingar ættu að vera þátttakendur í. Það hefur verið okkar mat. Þetta hernaðarbandalag heldur við sín grundvallaratriði í sambandi við uppbyggingu sína sem kjarnorkuveldi og áskilur sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði á sama tíma og Haag-dómstóllinn, að beiðni Sameinuðu þjóðanna, kemst að þeirri niðurstöðu að slík slík stefna sé ólögmæt að alþjóðalögum. Svo er hæstv. utanrrh. undrandi á því að við höfum annað mat á þessu heldur en þeir sem í einu og öllu fylgja þeim siglingarljósum sem hafa ráðið ferðinni í Atlantshafsbandalaginu.

Sögulegu tækifæri hefur verið glatað. Hins vegar er ekki of seint að endurskoða þá stefnu. Það er ekki verið að tryggja öryggi Evrópu til frambúðar með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, með því að taka inn þrjú ríki sem næst liggja Mið-Evrópu inn í Atlantshafsbandalagið og ögra með því hluta þeirra ríkja sem skilin eru eftir. Þar á meðal Rússlandi. Þörfin á að styrkja lýðræðisferlið í Rússlandi er mikil og brýn. Þeirri þörf er ekki þjónað með því að króa Rússa af utan öryggiskerfis í álfunni.

[15:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef vanist því á alllöngum tíma, rúmum tveimur áratugum, að hv. þm. og margir aðrir hv. þingmenn Alþb. hafi afar miklar áhyggjur af Framsfl. og stefnu Framsfl. í ýmsum málum. Það hefur út af fyrir sig verið ánægjulegt að hv. þm. og aðrir hv. þm. Alþb. skuli hafa haft þessar gífurlegu áhyggjur af stefnu Framsfl., sérstaklega í utanríkismálum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að ég hef mjög miklar áhyggjur af þeim áherslum sem þingmaðurinn kom fram með í sinni ræðu. Ég ætla ekki að fara inn á það en hann sagði að ekkert samhengi væri milli efnahagskerfis og lýðræðisþróunar. Er það nú staðreynd að ekkert samhengi sé þar á milli? Er ekki alveg ljóst að kerfi kommúnismans kallaði fram alræði? Er ekki alveg ljóst að ástæðan fyrir því hruni sem nú er í Asíu er sú staðreynd að efnahagskerfið er ekki nægilega frjálst? Er ekki ljóst að mesta vonin til að framhald verði á lýðræði í Kína er að efnahagskerfið verði frjálsara og er ekki alveg ljóst að ástæðan fyrir lýðræðisþróuninni í Mið- og Austur-Evrópu er ekki síst meira frjálsræði í efnahagsmálum? Að mínu mati er þarna beint samhengi á milli. En þær áherslur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson setti fram lýsa mjög miklum hugmyndafræðilegum ágreiningi á Alþingi og það er í sjálfu sér ekkert við því að gera. Ég virði skoðanir annarra og ég virði hans skoðanir. Ég er mjög ósammála þeim en ég vænti þess að hann virði okkar skoðanir í þessu máli. En sérstaklega vænti ég þess að hann virði vilja þessarar þjóðar og þess fólks sem þar býr.

[15:16]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði nú verið æskilegt að hafa dálítið rýmri tíma til að ræða við formann Framsfl., hæstv. utanrrh., um efnahagsmál og samhengið annars vegar milli lýðræðis og hins vegar efnahagskerfa. Ég tek undir það að ég sé að mikið bil er milli okkar hæstv. ráðherra og þeirra sem eru á sömu skoðun og hann í sambandi við það efnahagskerfi sem nú er driffjöður þróunar í heiminum og hefur ekkert að gera með það hvort efnahagskerfi kommúnismans, sem svo var kallað í Austur-Evrópu, var gangfært eða ekki, eða hversu lengi það var gangfært. Það var ekki efnahagskerfi til frambúðar. Það dæmdi sig úr leik. Við erum ekki að taka á nokkurn hátt upp merki þess hér en við erum að vara við þeirri þróun sem nú er uppi í efnahagsmálum heimsins þar sem ekki er verið að treysta lýðræðislegar undirstöður í efnahagslegu samhengi innan þjóðríkja eða í heiminum í heild sinni eða milli einstakra hluta heimsins. Þvert á móti er þetta efnahagskerfi samkeppninnar, hinnar blindu samkeppni þar sem fjármagnið ræður ferðinni og meginmælikvarðinn er ávöxtun peninganna, ávöxtun fjármagnsins sem mylur allt annað undir sig. Og það er á góðri leið með að setja efnahagskerfi heimsins í þannig stöðu að mikil ástæða er til að hafa af því þungar áhyggjur. Það óhefta samkeppnismódel sem þarna er drifkrafturinn gengur ekki til lengdar. Það gengur ekki til lengdar. Það rekst m.a. á þær takmarkanir sem umhverfi veraldar skammtar.

[15:18]

**Útbýting þingskjals:**

Schengen-samstarfið, 588. mál, fsp. HG, þskj. 995.

[15:19]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að hlusta á upphaf þessarar umræðu en vildi eigi að síður bæta örfáum orðum við hana. Ég geri það vegna þess að mér finnst um ákaflega merkilegt mál að ræða og merkilegan áfanga í sögu öryggismála Evrópu á þessari öld. Það er kannski vegna þess að ég hef átt þess kost að fylgjast með þingmannasamstarfi NATO-ríkjanna um nokkurt árabil og hef upplifað á þeim vettvangi miklar breytingar og mér finnst sú tillaga sem hér er til umræðu og afgreiðslu marka viss þáttaskil varðandi það starf sem verið hefur í þeim samtökum.

Eins og ég kom að er meginhlutverk þingsins að efla samstöðu þjóðþinga NATO-ríkjanna. Ég kom þar fyrst inn og var þar í tvö ár árið 1985 þegar kalda stríðið setti mjög mark sitt á starf samtakanna. En árið 1987 var farið að gera veikburða tilraunir til að mynda samtök með þingmönnum frá Austur-Evrópuríkjunum. Síðan kom ég aftur að þessum málum upp úr 1990 og þá var allt gjörbreytt. Þá voru flestar Austur-Evrópuþjóðirnar komnar með aukaaðild að samtökunum, þar á meðal Rússar og flestir stjórnmálaflokkar í þessum ríkjum sendu þangað fulltrúa. Af einhverjum ástæðum hefur Alþb. ekki treyst sér til að taka þátt í þessu starfi og það eru mjög fáir stjórnmálaflokkar í Evrópu sem hafa ekki sent fulltrúa í þetta samstarf. Ég hafði tækifæri á þessum vettvangi til að hlýða á skoðanir þingmanna frá Austur-Evrópuríkjunum og hlusta á sjónarmið þeirra og fylgjast með áralangri baráttu þeirra fyrir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Öryggismál voru mikil alvara hjá þessum þingmönnum og öryggismál voru þar fyrst og fremst í fyrirrúmi, en vissulega kom einnig í ljós að hluti af þessu máli var að skipta um stíl, skipta um takt og tilheyra öðru samfélagi, tilheyra vestrænu samfélagi. Aðild að samtökum vestrænna ríkja var tákn um það.

Nú eru viss þáttaskil í þessari baráttu og ákveðið hefur verið að þrjú lönd Mið-Evrópu fái aðild að bandalaginu. Þetta hefur auðvitað ekki gerst baráttulaust. Búið er að leggja mikla vinnu í þetta mál og m.a. hefur verið unnið að því að þessi stækkun bandalagsins geti átt sér stað án þess að valda truflun í öryggismálum álfunnar eða einangra Rússa eins og hv. 4. þm. Austurl. nefndi það áðan. Tekið var upp samstarf við Austur-Evrópuríkin fyrir nokkrum árum sem var verkefni Partnership for Peace eða Samstarfs í þágu friðar. Það samstarf er á fjölmörgum sviðum og hefur haft gífurlega þýðingu. Það er ljóst að fjölþjóðaliðið á Balkanskaga og allar þjóðir sem í því taka þátt njóta góðs af því samstarfi sem þar var tekið upp. Í þessum anda þarf að vinna áfram.

Umræðan hér á landi hefur hnigið að því að óvinurinn sé horfinn og vissulega get ég tekið undir það að ástandið hefur gjörbreyst. Heimsmynd kalda stríðsins er hrunin. En það er ekki þar með sagt að kominn sé á friður og öryggi í Evrópu þrátt fyrir það. Hættan sem nú steðjar að Evrópu er m.a. vegna pólitísks óstöðugleika og þar á meðal í því stóra ríki Rússlandi og þeim lýðveldum sem einu sinni mynduðu Sovétríkin. Hún stafar af átökum milli minnihlutahópa og

þeirra sem ráða og er kynt undir með mismunandi trúarbrögðum. Þetta kannast allir hv. þm. við af fréttum og þeirri umræðu sem hefur verið um öryggismál um árabil. Það er því langt í frá að kominn sé á friður og öryggi og full þörf er á að leggja í það mikla vinnu og fjármuni að byggja upp öryggiskerfi. Hins vegar hefur sú stefna verið tekin hjá NATO að feta sig áfram smátt og smátt með aðild nýrra þjóða þannig að þær geti komið inn með fullum styrkleika og þeirra innri mál séu í jafnvægi. Eins og fram hefur komið áður er verið að byggja upp öryggiskerfi á vegum ÖSE og fleiri aðila. Ég minntist á þingmannasamtökin í upphafi og kannast því vel við umræðurnar um allsherjaröryggiskerfi í Evrópu. Rússnesku fulltrúarnir í þingmannasamtökunum hafa haldið þessu á lofti og talið sig vera reiðubúna til að taka þátt í því að byggja upp slíkt kerfi. En niðurstaðan hefur verið sú að innri mál þar séu ekki enn þá slík að þetta sé mögulegt. En vonandi þróast mál á þann veg í framtíðinni.

Ég vonast til að þróunin í átt til friðar og öryggis verði hraðfara í Evrópu. Því miður eru mörg hættumerki á þeirri leið. Víða er órói, m.a. á Balkanskaga þar sem mjög hættuleg staða er uppi núna, eins og í Kosovo, sem getur leitt til mikilla átaka ef illa fer. En það er von okkar að þróunin verði á annan veg og að Atlantshafsbandalagið í breyttri mynd eftir stækkunina geti lagt sitt lóð á vogarskálina til að svo verði.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að rifja upp söguna. Lengi mætti tala um liðin ár í þessu sambandi. Sú var tíð að aðildin að NATO skipti þjóðinni í fylkingar og vissulega lá þar lína í gegnum flokkinn minn. Hins vegar held ég að þróunin hafi sýnt svo ekki verður um villst og ég hef sannfærst um það með tímanum, að stofnun þessara samtaka og tilvera þeirra hefur tryggt aðildarþjóðunum öryggi um langt skeið. Ég vona að framhald verði á stækkun þessara samtaka og þau í heild myndi það öryggiskerfi sem við stefnum að. Friður og öryggi eru grundvallaratriði þess að efnahagsmál geti þróast farsællega. Ég geri allra síst lítið úr umhverfismálum í því efni en ég tel að grundvallarþáttur þess að almenningur geti búið við sæmilegan efnahag, og fólk hvar sem vera skal, sé að friður og öryggi ríki og að hægt sé að komast hjá ófriði. Það er að mínum dómi takmark þessara samtaka sem hér um ræðir.

[15:30]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er ljóst að hv. þm. gegnir mikilvægum störfum á vettvangi Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins eða NATO eins og það er oftast kallað og á sæti í sjálfri öryggis- og varnarmálanefnd þess og hefur vafalaust sett sig vel inn í málin. En ég vil spyrja hv. þm., með leyfi forseta, að því hvort hann telji vænlegra varðandi öryggi í Evrópu að færa Atlantshafsbandalagið út til austurs að landamærum Rússlands með öllu því sem hernaðarkerfi Atlantsbandalagsins fylgir, þ.e. sem byggir í grundvallaratriðum á kjarnorkuvígbúnaði. Það er grundvöllurinn. Þá standa andspænis hvort öðru kjarnorkuveldið Rússland og kjarnorkuhernaðarbandalagið NATO.

Hvort er nú skynsamlegra að stefna að þessu eða að reyna að koma upp „cordon sanitaire", belti án kjarnorkuvígbúnaðar, í Evrópu og a.m.k. að hafa einhvern stuðpúða á milli þessara aðila sem eru hvor með sitt kjarnorkuvígbúnaðarkerfið, kjarnorkuvopnalausu belti í Evrópu, með m.a. Norðurlöndin sem þátttakanda og að þróa jafnhliða sameiginlegt öryggiskerfi fyrir álfuna?

[15:32]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðum um stækkun NATO hefur það hvað eftir annað komið upp sem hv. þm. minntist á hvort skynsamlegt væri að NATO-ríkin næðu að landamærum Rússlands. Ég hef ekki verið talsmaður þess að taka það skref því að eins og ég kom að í ræðu minni áðan hefði það getað valdið truflun á þeim ferli sem verið hefur í álfunni.

Ég hef ekki heldur verið trúaður á að einstök kjarnorkuvopnalaus svæði leystu öryggismálin með kjarnorkuveldi sitt hvorum megin. Ég tel farsælt að taka fleiri skref hvað þetta varðar og byggja upp samstarf við Rússa jafnframt eins og hefur verið gert á mörgum sviðum þannig að stækkunin verði með þróun en hún fari ekki fram í stóru áhlaupi. Ég hef verið talsmaður þess að fara varlega í þessum efnum til þess að stækkunin valdi ekki truflunum í öryggismálum og ég tel að þetta skref geri það ekki.

[15:34]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Kannski hefði mátt geta sér þess til úr hvaða flokki viðkomandi hv. þm. talaði en það mátti skilja á þingmanninum að það þyrfti að fara varlega en jafnljóst er að markmiðið, og það hafa margir tekið undir og raunar hæstv. utanrrh. einnig, væri að fjölga í hópnum, ná Eystrasaltsríkjunum sem fyrst inn, það hefur verið mikið áhersluatriði og bæta síðan við þannig að stefnan er greinilega þessi að færa Atlantshafsbandalagið sem næst ef ekki alveg á heilu línunni að landamærum Rússlands þar sem standa þá frammi hvort gegn öðru tvö kjarnorkuherveldi.

Ég er ekki í nokkrum vara um að það gæti skipt sköpum fyrir öryggismál í Evrópu ef menn veldu annan kost en þennan, þ.e. stía sundur þessum kjarnorkuherveldum og ég er ekki í vafa um að slíkt belti, kjarnorkuvopnalaust belti um álfuna þvera frá norðri til suðurs, mundi bæta andrúmsloftið til lengri tíma milli austurs og vesturs, ef við notum þau hugtök um Rússland þó gömul séu, þ.e. að draga úr tortryggni Rússlands í sambandi við þessi mál með allt öðrum hætti en verður ef þessari stefnu verður framfylgt.

[15:36]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem ég var þegar búinn að segja um þetta mál. Ég endurtek að ég hef ekki trú á því að þó að einstök svæði verði gerð kjarnorkuvopnalaus geti það skipt sköpum í kjarnorkuvígbúnaði meðan stórveldin hafa slíkan viðbúnað sitt hvorum megin við slík svæði.

Ég verð einnig að benda á það að strax í upphafi náði NATO að landamærum Rússlands þar sem Noregur er. Sá viðbúnaður náði að landamærunum en eigi að síður hef ég verið fylgjandi því að taka smærri skref til að tími gæfist til að eyða tortryggni og byggja upp samstarfsverkefni með Rússum. Meðal annars hafa þeir fulltrúa sína í Brussel og samskiptin eru með ýmsum hætti nú orðið sem of langt er að telja upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framlag til þróunarsamvinnu, fyrri umr.*

Þáltill. SJS og MF, 7. mál. — Þskj. 7.

[15:38]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukið framlag til þróunarsamvinnu, og þó fyrr hefði verið leyfi ég mér að segja. Þetta er 7. mál þingsins og var lagt fram í byrjun októbermánaðar og hefur því miður ekki komist til 1. umr. fyrr en nú. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Tillögugreinin gerir ráð fyrir því að Alþingi samþykki að auka framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu á næstu árum og til tengdra verkefna með tilteknum aðgerðum og í áföngum þannig að í fyrsta lagi verði strax á þessu ári varið nokkru aukaframlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og 15 millj. kr. til þess að standa straum af kostnaði við áætlanagerð og undirbúning undir aukin verkefni á komandi árum. Nái sá langþráði draumur að rætast að framlög okkar Íslendinga fari vaxandi þannig að einhverju muni á næstu árum þarf að sjálfsögðu að undirbúa vel að sá aukni stuðningur okkar við þróunarríki nýtist sem best.

Í öðru lagi verði á árunum 1999 og 2000, þ.e. á tveimur næstu árum, hækkað grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar samkvæmt fjárlögum úr þeim um það bil 180–190 millj. kr. sem það er í dag í 250 millj. Auk þess verði lagt sérstakt álag á hátekjuskatt einstaklinga og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja þannig að á sérstakan tekjuskatt manna leggist 1% álag hvort ár og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja eða lögaðila 1,5% álag. Frá og með árinu 2001 hækki grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar í 350 millj. kr. auk 2% álags á hátekjuskatt og 3% álags á tekjuskatt fyrirtækja.

Síðan felur tillagan í sér í fjórða lagi að á árinu 1998, þ.e. á yfirstandandi ári, skuli Þróunarsamvinnustofnun vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu, m.a. gera áætlun um verkefni sem talin eru brýn á sviði þróunarsamvinnu þar sem Íslendingar geta einir sér eða í samvinnu við aðra orðið að liði í krafti sérþekkingar, t.d. á sviði sjávarútvegs eða tengdra greina og að utanrrh. leggi áætlun Þróunarsamvinnustofnunar að þessu leyti fyrir Alþingi í formi skýrslu haustið 1998.

Ég vek aftur athygli á því, herra forseti, að tillaga þessi var lögð fram í októbermánuði sl., þannig að þá var enn nokkur tími til stefnu áður en fjárlög yrðu afgreidd og ber að skoða tillögur um fjárframlög á yfirstandandi ári að sjálfsögðu í því samhengi.

Þessi tillaga er endurflutt frá síðasta þingi nánast óbreytt utan þess að ártöl og upphæðir eru aðlagaðar að þeim breytingum sem síðan hafa orðið.

Í greinargerð, herra forseti, er farið yfir sögu þróunaraðstoðar Íslands allt frá því að slík þróunaraðstoð kom til sögunnar og Íslendingar hófu fyrst, á áttunda áratugnum að segja má, að leggja eitthvað af mörkum í þessum efnum. Staðreyndin er sú að það er út af fyrir sig ekkert óskaplega langt síðan Ísland hlaut þann sess í skilgreiningu að vera orðið þróað ríki efnahagslega og jafnvel í öðru tilliti en hvað a.m.k. efnahagslega velmegun og lífskjör hér snertir þá er óumdeilt að a.m.k. síðustu 20–30 ár höfum við tilheyrt þeim hluta þjóða heimsins sem á að vera samkvæmt því sem alþjóðasamfélagið hefur einsett sér, veitendur en ekki þiggjendur í þessum efnum.

Árið 1991 tók Þróunarsamvinnustofnun til starfa og þá voru bundnar vonir við að framlögin mundu aukast eða hlutfall af landsframleiðslu eða þjóðarframleiðslu sem varið yrði til þróunaraðstoðar mundi fara hækkandi. Því miður rættist þetta ekki. Vissulega komu í kjölfarið til sögunnar fyrstu tvíhliða verkefnin þar sem Íslendingar reyndu að aðstoða fátækar þjóðir við uppbyggingu, oftast á sviði sjávarútvegs. Framlögin jukust nokkuð á árunum 1982 og 1983 en tóku síðan að lækka á nýjan leik.

Árið 1985 samþykkti Alþingi till. til þál. um að auka skyldi reglubundið á næstu sjö árum framlög til þróunarsamvinnu að því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjunum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu að því tímabili loknu. Þá var verið að ganga út frá þeim viðmiðunarmörkum sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu samþykkt fyrir velmegunarríkin, að varið skyldi a.m.k. að jafnvirði 1% þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar og þar af væru 0,7% opinber aðstoð eða a.m.k. hið opinbera í löndunum tryggði að slíku hlutfalli yrði að lágmarki veitt í þetta verkefni.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að afdrif þessarar samþykktar Alþingis frá 1985 hafa orðið harla dapurleg. Næstu ár á eftir samþykkt Alþingis, einróma samþykkt Alþingis ef ég man rétt, um þetta efni, lækkuðu en hækkuðu ekki framlög Íslands til þróunarsamvinnu og voru það þó ágætisár í þjóðarbúskapnum og afkomu ríkissjóðs. Framlögin lækkuðu og fóru sem hlutfall af þjóðartekjum niður í eða niður fyrir 0,05%. Árin 1989–1991 hækkuðu þau hins vegar verulega á nýjan leik og náðu hæsta hlutfalli sem þau hafa náð hingað til eða um 0,13%. Síðan hafa þessi framlög því miður farið aftur lækkandi nema ef vera skyldi að segja megi að þau hafi staðið um það bil í stað núna aftur á nýjan leik í 2–3 ár.

Tillaga þessi, herra forseti, felur í sér eins og ég gerði grein fyrir að tekin verði stefnumótandi ákvörðun um tvennt: Að auka þessi framlög á næstu árum og að afla fjár til þeirrar aukningar með tilgreindum hætti, sem sagt með því að leggja nokkurt álag á tekjuskatt hátekjufólks í landinu og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja með þeim rökum að þetta séu þó a.m.k., herra forseti, aðilar sem ættu að vera sæmilega aflögufærir í samfélaginu um nokkra fjármuni í þessu sambandi.

Tillagan er mjög hógvær. Hún gerir ekki ráð fyrir að við setjum okkur á þessu árabili hærri mörk en þau að koma þessu hlutfalli upp undir 0,3% af þjóðarframleiðslu. Miðað við þá útreikninga sem ég gerði og liggja til grundvallar töflu á bls. 2 í greinargerð með tillögunni mundi þetta hlutfall á árinu 2001 komast í u.þ.b. 0,28% af þjóðarframleiðslu eða vera rétt um $^1/_3$ af því sem ríkið á að leggja af mörkum samkvæmt viðmiðun Sameinuðu þjóðanna.

Þetta mundi samt þýða, herra forseti, þótt okkur tækist að hækka hlutfallið sem þessu nemur, að við værum enn í hópi þeirra ríkja innan OECD sem lægstu hlutfalli af þjóðartekjum verja í þessu sambandi og langt á eftir þeim þjóðum sem búa við sambærilega velmegun og við. Ég er, herra forseti, með nýjasta talnahefti Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD í tölum á árinu 1997. Þar er tafla sem hefur lengi verið mér mikið minnkunarefni. Það er taflan yfir framlög aðildarríkja OECD til þróunarsamvinnu. Það er að vísu svo að hin skammarlega staða Íslands kemur ekki fram í töflunni nema í þeim skilningi að Ísland er þar ekki með. Hefur það verið svo um langt árabil að Ísland hefur aldrei verið með

þegar kemur að töflunum um framlög aðildarríkja OECD til þróunarsamvinnu. Ætli það geti ekki verið vegna þess, herra forseti, að menn hafa skammast sín og það með réttu, fyrir frammistöðu Íslands á þessu sviði? En þar eru hins vegar þjóðir eins og Grikkland, Kórea og Ítalía og margar slíkar sem eru miðað við t.d. þjóðartekjur á mann eða aðra slíka mælikvarða langt að baki Íslendingum hvað almenna velmegun snertir.

Ef við lítum aðeins á hvernig þetta stendur, herra forseti, þá er meðaltalið af opinberri þróunaraðstoð eða ODA, eins og það birtist í þessari töflu á árinu 1997 0,27% af þjóðarframleiðslu. Og það er ljóst að þau lönd sem draga þetta meðaltal lengst niður eru ríki eins og Grikkland, Ítalía, Kórea, og reyndar Bandaríkin miðað við þá mælikvarða sem þarna eru lagðir. Ísland er sem sagt langt að baki þessu meðaltali og ekki bara því — Ísland hefur undanfarin ár varið lægra hlutfalli af þjóðarframleiðslu sinni til þróunaraðstoðar en Grikkland, fátækasta ríkið innan OECD.

Ef við lítum til þess hvað hin Norðurlöndin gera í þessum efnum, þá er opinber þróunaraðstoð Dana, þ.e. það sem danska ríkið leggur af mörkum í þessum efnum og fyrst og fremst í gegnum Danida, 0,96% af þjóðarframleiðslu. Þegar því er bætt við sem hjálparsamtök og ýmsir aðrir aðilar í Danmörku leggja af mörkum er þetta hlutfall komið upp í 1,07% í Danmörku, yfir þeim mörkum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér.

Í Finnlandi leggur ríkið af mörkum 0,32% og 0,53% samtals þegar allt er talið.

Norska ríkið leggur 0,87% og þegar allt er talið er það hlutfall komið í 1,06% eða vel yfir þeim mörkum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa miðað við.

Svíar leggja 0,77% frá hinu opinbera, vel yfir viðmiðunarmörkum, og samtals 0,98% eða nánast akkúrat það sem viðmiðunarmörkin gera ráð fyrir.

Ísland, herra forseti, leggur ekki 0,5%, 0,3% eða 0,2%. Það er ekki með í töflunni, en samkvæmt þeim útreikningum sem liggja fyrir í tillögunni er þetta hlutfall nú rétt um 0,1% og hefur í raun og veru farið heldur lækkandi sem hlutfall vegna þess að þjóðarframleiðslan hefur vaxið nokkuð ört sl. þrjú ár.

Herra forseti. Þetta er auðvitað frammistaða sem er ekki nokkur leið að sætta sig við. Það er og hefur lengi verið samfellt skammarefni hversu velmegunarþjóðin Ísland, sem býr við einhver bestu lífskjör í heimi, þrátt fyrir allt, og hefur lengi verið í hópi tíu hæstu ríkja í þjóðartekjum á mann, stendur sig í þessum efnum. Okkur er þar ekkert til afsökunar, nema metnaðarleysi eða sérgæska að standa ekki okkar plikt með þeim hætti sem sjálfsagt þykir að gera á hinum Norðurlöndunum. Þess þá heldur nú, herra forseti, þegar mikið góðæri hefur verið í landinu og það er sem betur fer að skila sér, m.a. í bættum lífskjörum almennings og skárra væri það nú, að við skulum þá ekki a.m.k. láta bágstaddar þjóðir sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi, að vísu ekki með þjóðréttarlega bindandi hætti í þeim skilningi að við séum að skapa okkur skaðabótaskyldu eða refsiábyrgð, en höfum samt tekið þátt í að samþykkja sem viðmiðunarmörk í þessum efnum, ekki a.m.k. láta þetta verkefni, þennan málaflokk njóta vaxandi þjóðartekna til jafns við það sem við erum að njóta sjálf. Það er með öðrum orðum, herra forseti, kjörið tækifæri til að gera eitthvað í þessum efnum.

Herra forseti. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn hefur verið með það á dagskrá og mun hafa gert um það einhverja samþykkt að stefna beri að því að þessi framlög aukist. En ég tel, m.a. í ljósi reynslunnar, að valda þurfi þau áform betur en gert hefur verið eigi að vera einhver von til að þau verði efnd nú frekar en áður þegar menn hafa haft slíkt á prjónunum. Ég vil því eindregið mælast til þess, herra forseti, að athugað verði að Alþingi fyrir sitt leyti taki a.m.k. undir og samþykki að vinna skuli að þeim markmiðum með þessu móti og ekki verði látið sitja við einfalda ríkisstjórnarsamþykkt, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. utanrrh. geti gert okkur betur grein fyrir. Ef menn vilja ekki treysta enn betur efndir slíkra markmiða með sjálfstæðri tekjuöflun sem ég hallast orðið að, að sé eina færa leiðin til að það verði ekki fyrir niðurskurðarhnífnum jafnóðum á hverju ári þegar að efndunum kemur, þá held ég að samþykkt Alþingis á þessu þingi væri til bóta ef eitthvað er.

Ég vil að lokum, herra forseti, nota tækifærið og spyrja hæstv. utanrrh., fyrir utan það að ég vonast til að hann lýsi afstöðu sinni til þessarar tillögu, hvort hæstv. utanrrh. sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að a.m.k. almenn stefnumörkun í anda þeirrar tillögu sem hér er flutt nái fram að ganga og þá í samræmi við þann vilja hæstv. ríkisstjórnar, sem mér þykir vissulega betri en enginn, að stefnt skuli að því að auka þessi framlög á komandi árum.

[15:54]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þeim þingmönnum sem flytja þessa tillögu fyrir þann áhuga sem þeir sýna þróunarmálum. Það er vissulega mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga sinni þeim málum og taki þátt í umræðum um þau. Þau eru mjög mikilvægur málaflokkur sem skiptir samstarf okkar á alþjóðavettvangi mjög miklu máli.

Það er því miður alkunna að framlag Íslands til þróunarsamvinnu hefur verið miklu lægra en annarra þróaðra landa, eins og hv. þm. rakti, og þá einkum lægra en annarra Norðurlanda. Upphaflega var sett fram sem stefnumið í lögum frá árinu 1971 að framlagið skyldi nema 0,7% af þjóðarframleiðslu í samræmi við samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem þá hafði verið gerð. Með þingsályktun frá 1985 var stefnumiðið áréttað og gert ráð fyrir að þessu yrði náð á sjö árum. Segja má því að ekki skorti á ályktanir Alþingis í þessu efni. Í áliti nefndar og starfshóps um þróunarmál frá árinu 1992 var hvatt til þess að stefnumiðinu yrðu gerð betri skil og að hlutfallinu, 0,3–0,4% yrði náð um aldamót. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að framlagið hefur komist hæst í 0,12% árin 1992 og 1993, og er um 0,1% á yfirstandandi ári, þ.e. árinu 1997. Í framhaldi af þeim staðreyndum ákvað ég að fá Jónas H. Haralz, sem lengi hefur starfað að þessum málum á vettvangi Alþjóðabankans og er gjörkunnugur íslenskum þjóðmálum og efnahagsmálum, til að gera skýrslu um þessi mál og í skýrslu sem hann skilaði þann 16. apríl 1977 fyrir utanrrn. og var þá lögð fram í ríkisstjórn, er á það bent (**Gripið fram í:** ... '98) 16. apríl 1997, þ.e. fyrir nálægt einu ári síðan skilaði hann þessari skýrslu og hv. þm. getur að sjálfsögðu fengið aðgang að og aðrir þeir þingmenn sem hafa áhuga á. Þar tekur hann fram að rétt sé að gera glögg skil í umræðum um framlög til þróunarmála á milli framlaga til marghliða samvinnu annars vegar og tvíhliða samvinnu hins vegar. Fyrri liðurinn ákvarðast af þátttöku í alþjóðastofnunum en við þær skuldbindingar hefur Ísland staðið að öllu leyti. Nýjasta dæmi um slíka samvinnu er þáltill. sem hefur verið lögð eða verður lögð fram á Alþingi

alveg næstu daga um þátttöku okkar í MICA, sem er stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna sem tekur ábyrgð á fjárfestingum í þróunarlöndunum. Það hefur ekki verið mjög mikill áhugi hjá íslenskum fyrirtækjum að við tækjum þátt í þessari stofnun vegna þeirra eigin fjárfestinga. Sá áhugi fer vaxandi en það sem skiptir meginmáli að mínu mati er að við erum að styðja þróunarlöndin með þátttöku í slíkri stofnun því það skiptir þessi þróunarlönd afar miklu máli að alþjóðasamfélagið og frjáls fyrirtæki í heiminum leggi út í að stofna til atvinnurekstrar og fjárfesta í þessum löndum. Þess vegna er það að mínu mati mikilvægt framlag til þróunarmála að við tökum þátt í því.

Íslendingar taka þátt um þessar mundir í þróunarnefnd Alþjóðabankans og við gegnum þar forustu fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Forusta okkar í þeim hópi minnir okkur mjög á að við þurfum að standa okkur á þessu sviði eins og aðrar þjóðir og það má segja að það reki nokkuð á eftir okkur en við höfum tekið fullan þátt í þessu starfi og Wolfensohn, bankastjóri Alþjóðabankans, er væntanlegur hingað í vor til að vera á fundi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um m.a. þessi málefni. Við höfum því reynt að auka þátttöku okkar í þessum málum á alþjóðlegum vettvangi. Það er sem sagt aðallega í framlögum til tvíhliða samvinnu sem Ísland er eftirbátur annarra. Það er ekki í hinni marghliða samvinnu og ég vil líka, kannski síðar, geta um framlag okkar í öðrum verkefnum sem ekki beint tengjast þessum eins og t.d. í Bosníu, sem ekki var gert að umtalsefni í þessari skýrslu.

Í skýrslunni er enn fremur bent á að snögg breyting geti ekki orðið á tvíhliða samvinnu þar sem vandlegur undirbúningur verði að fara fram. Opinber stefnumörkun til nokkurra ára ásamt nægilegum fjárveitingum til leitar að verkefnum og frágangs þeirra þurfi því að koma til sögunnar. Það má kannski segja að þetta hafi skort á. Það er ekki nóg að segja sem svo: Við skulum auka þetta um nokkur hundruð millj. Við verðum að finna góð verkefni og tryggja að með slíkum verkefnum náum við árangri, því það hefur átt sér stað mjög mikil sóun og jafnvel spilling í þróunaraðstoð margra ríkja og það hefur ekki náðst sá árangur sem menn væntu.

Það stefnumið var sett fram í þessari skýrslu að útgjöld Þróunarsamvinnustofnunar Íslands aukist úr 172 millj. árið 1997, en þessi framlög endurspegla okkar tvíhliða aðstoð, í 285 millj. árið 2000 og 495 millj. kr. árið 2003 reiknað á föstu verðlagi 1997. Þetta mundi fela í sér að tvíhliða þróunaraðstoð Íslands hækkaði úr 0,035% af þjóðarframleiðslu árið 1997 í 0,08% árið 2003, en þróunaraðstoð í heild úr 0,1% í 0,15% á sama tímabili. Þetta mundi þó enn vera langt undir tilsvarandi framlögum allflestra iðnríkja sem voru að meðaltali tæp 0,3% vegna tvíhliða aðstoðar og rúm 0,4% í heild á árinu 1995. Ég tel að þau markmið sem sett voru fram í þessari skýrslu Jónasar Haralz séu bæði varleg og raunsæ.

Ég lagði þetta mál fyrir ríkisstjórn þann 17. október 1997 og þar var lagt til að ríkisstjórnin fallist á ofangreind markmið og heimili ÞSSÍ eða Þróunarsamvinnustofnuninni að haga störfum sínum í samræmi við það. Nauðsynlegar fjárveitingar voru tryggðar í ár til þess að tryggja þennan undirbúning og við erum farin að vinna á þessum grundvelli. Við það er miðað að fjárveitingar til ÞSSÍ verði 250–300 millj. árið 2000 og 400–500 millj. árið 2003. Auðvitað er það ekki tryggt fyrir fram að Alþingi Íslendinga samþykki þessar fjárveitingar en þetta er miðað við það og háð þeim fyrirvara að við finnum nægilega góð verkefni til þess að framkvæma þetta á þennan hátt. En undirbúningurinn hefur þegar verið við það miðaður og þess vegna tel ég að þetta hafi verið undirbúið nú miklu betur en oft áður því að þar hafi fyrst og fremst verið um yfirlýsingar að ræða en ekki verið unnið að undirbúningi á þeim grundvelli.

[16:03]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið í þessu andsvari til þess að spyrja aðeins út í upplýsingar sem fram komu hjá hæstv. utanrrh. um þróunarsamvinnuna og þær upphæðir sem við erum að leggja í hana. Ég spurði reyndar að þessu við ákveðið tækifæri um daginn í utandagskrárumræðu um kúgun kvenna í Afganistan. Nú hafa rannsóknir sýnt að fjármagn sem veitt er til þróunarsamvinnu nýtist langbest ef því er veitt til verkefna sem viðkoma konum, þ.e. til að aðstoða konur við að verða sér úti um atvinnutækifæri, bæta úr aðgengi þeirra að heilbrigðisstofnunum o.s.frv. Ég hefði áhuga á því að heyra hvort ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hafa skoðað þetta og lagt einhverja áherslu á að beina þessum fjármunum í starfsemi sem viðkemur konum þar sem rannsóknir sýna að þannig nýtast peningarnir best.

[16:04]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeirri leit að verkefnum sem nú er hafin í sambandi við væntanlega aukningu okkar að því er varðar framlag til þróunarmála, þá verður þetta sérstaklega haft í huga. Þetta hefur komið fram í því samstarfi sem við höfum átt, bæði á Grænhöfðaeyjum og í Namibíu og nú erum við að hefja starf í Mósambík. Einnig höfum við starfað með frjálsum félagasamtökum innan lands, m.a. að því að styðja sérstaklega við bakið á konum. Það liggur alveg ljóst fyrir eins og hv. þm. sagði að ólæsi og lítil menntun kvenna víða í heiminum stendur í vegi fyrir framförum, ekki bara þeirra heldur þjóðanna. Ég er alveg sammála því að sérstaklega verði litið til þessa og stjórn ÞSSÍ hefur lagt mikla áherslu á að hafa það í huga.

Það er rétt að geta þess að Þróunarsamvinnustofnunin er undir stjórn utanrrn. En þar starfar sérstök stjórn sem hefur mjög mikil áhrif á starfsemi hennar. Þar eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka þannig að í því felst mikil sérstaða að því er varðar starfsemi utanrrn. að þar hafa fulltrúar flokkanna veruleg áhrif og allan aðgang að öllu því sem er að gerast.

Ýmsir hafa haft uppi þær skoðanir að þessu beri að breyta. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel heppilegt að við reynum að vinna að þessu sérstæða verkefni á þennan hátt þannig að áhugi stjórnmálaflokkanna hvort sem þeir standa að ríkisstjórn eða utan hennar fái notið sín á þessum vettvangi.

[16:06]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Sú tillaga sem nú er flutt hefur áður komið hér til meðferðar og það má segja að á henni sannist að dropinn holar steininn. Þrátt fyrir allt er komin dálítil hreyfing á þróunarmálin og ég tel að það sé út af fyrir sig fagnaðarefni og miðað við allar aðstæður ágæt markmið sem menn eru að setja sér í utanrrn. varðandi framlög til þróunarmála fram til ársins 2003. Ég held að það sé fróðlegt að íhuga það hins vegar í þessu sambandi að þróunaraðstoð er ekki aðeins aðstoð til sjálfshjálpar á viðkomandi svæðum eins og hún þarf að vera. Þróunaraðstoð þarf að beinast markvisst að tilteknum hópum og aðilum, m.a. að konum eins og hér var

nefnt áðan vegna þess að reynslan sýnir að þróunaraðstoð sem beinist að konum skilar langmestum árangri.

Það má líka hugsa aðeins um það að þróunaraðstoð er friðaraðgerð í heiminum. Hún dregur úr bilinu á milli fátækra og ríkra og skapar möguleika þessara aðila til þess að tala saman og koma sér saman um málefnin á heimsvísu meira en ella væri. Þetta má kannski verða okkur nokkurt umhugsunarefni þar sem við vorum fyrir fáeinum klukkutímum að ræða um stækkun Atlantshafsbandalagsins. Þar eru nú ekki aurarnir á ferðinni. Stækkun Atlantshafsbandalagsins kostar Atlantshafsbandalagið eitt 1,5 milljarða dollara á tíu árum að mati bandalagsins sjálfs fyrir utan allan þann kostnað sem fellur til í hinum nýju viðbótaraðildarríkjum sem var verið að tala um áðan. En 1,5 milljarðar dollara er dálagleg upphæð og ég sé ekki betur en að það sé tala sem megi gjarnan miða við og bera saman við þjóðarframlög til þróunarmála í milljónum dollara sem birtast upplýsingar um í greinargerð með þáltill. þeirri sem hér er til umræðu. Þar kemur fram að þjóðarframlög í milljónum dollara nema samtals, eins og þetta er sett upp hér, um 8 milljörðum dollara.

Menn sjá í þessu samhengi og í þessum samanburði hvað hér er um að ræða miklar andstæður. Annars vegar eru þessi gríðarlega dýru hernaðarmannvirki, þessi gríðarlega dýru hernaðartæki, flugvélar, sprengjuflugvélar og allt það og hins vegar svo þessi þróunaraðstoð þar sem tiltölulega mjög litlar upphæðir geta skipt sköpum fyrir fjölda manna og skapað nýtt og betra líf fyrir þúsundir og aftur þúsundir einstaklinga þegar vel og skynsamlega er að þessum hlutum staðið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hugsa ekki um þróunaraðstoðina sem einhverja manngæsku sem er góð út af fyrir sig og mannréttindaáherslu sem er góð út af fyrir sig. Það á líka að hugsa um þróunaraðstoðina sem pólitískt framlag sem hefur þann tilgang m.a. að stuðla að því að heimurinn almennt verði betri og stuðla að því að friðsamlegra verði yfirleitt í heiminum.

Mér finnst þess vegna alveg upplagt að ræða einmitt þetta mál á sama degi og verið er að ræða um stækkun Atlantshafsbandalagsins þar sem menn eru annars vegar með hugmyndir um 1,5 milljarða dollara í aukinn kostnað og hins vegar með hugmyndir um tiltölulega hóflega hreyfingu á framlögum okkar til þróunarmála.

Ég vil síðan, herra forseti, líka geta þess að ég held að það sé dálítið umhugsunarefni að þetta er 7. mál þingsins. Ég held að þessu máli hafi verið dreift 2. október. Það er auðvitað ekki við hæstv. utanrrh. að sakast nema síður sé. Mér hefur skilist að hann væri stundum að reyna að reka á eftir því að menn töluðu hérna um utanríkismál. Ég er heldur ánægður með það. En þetta er 7. mál þingsins. Það hefur ekki komist að fyrr í vetur. Það er vegna þess að þannig hefur staðið á með dagskrá þingsins. Önnur mál hafa verið talin brýnni og allt það. Mér finnst þetta kannski benda til þess að skipulagið á þingstörfunum hjá okkur sé þannig að við séum dálítið upptekin af okkur sjálfum og ekki tilbúin til að taka á málum og setja þau í viðunandi samhengi og ræða mál sem eru kannski ekki alveg á dagskrá augnabliksins. Ég held að það megi gagnrýna alla sem standa að skipulagi þingsins í þessu efni, bæði forseta og formenn þingflokka, vegna þess að þetta er auðvitað ekki eðlilegt. Þessi tillaga sem kom fram í haust hefði þurft að ræðast og m.a. að takast fyrir í utanrmn. áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1998 var afgreitt. Það hefði verið það eðlilega í þessu máli. Það er nauðsynlegt að minna á þetta.

Að síðustu, herra forseti, vil ég ítreka spurningu sem fram kom hjá hv. fyrri flutningsmanni: Hver er skoðun hæstv. utanrrh. á því að Alþingi taki afstöðu í þessu máli? Ég tel reyndar að það eigi að gera það. Auðvitað má segja að Alþingi taki afstöðu með einhverjum línum í fjárlagafrv. eða fjárlögum á hverjum tíma en það væri miklu skemmtilegra ef Alþingi ályktaði um framlög til þróunarsamvinnu til lengri tíma og að utanrmn. fjallaði um málið á þeim grundvelli og afgreiddi það í vor vegna þess að í rauninni er þetta allt saman þekkt. Menn þurfa ekki að liggja yfir tillögum af því tagi sem hér er um að ræða mjög lengi og ég hygg, miðað við þann anda sem mér finnst almennt vera í þessari umræðu, að hægt ætti vera að ná samkomulagi um málið og samkomulag er drýgra veganesti en flest annað þegar kemur að málum af þessu tagi.

[16:12]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að Alþingi álykti um mál eins og þetta og taki stefnumarkandi ákvarðanir. Það er að sjálfsögðu Alþingis að ákveða það. En ég bendi á að ég hef lagt fram í ríkisstjórn stefnumörkun í þessu máli sem ég hef gert grein fyrir hér og sú stefnumörkun liggur fyrir og það er að sjálfsögðu til að styrkja málið að Alþingi álykti um það líka hvort sem það verður nákvæmlega með þeim hætti eða einhverjum öðrum. Þessi stefnumörkun liggur fyrir og að sjálfsögðu er rétt að utanrmn. fái að fjalla um hana í tengslum við þetta mál. Ég bendi hins vegar á að Alþingi hefur oft áður ályktað um þetta mál og reynslan sýnir að það er ekki nóg. Það þarf líka að tryggja fjármuni til þessara verkefna. Ég tel þó að vaxandi skilningur sé á þessu máli og það er vel, ekki bara hér á Alþingi heldur almennt í þjóðfélaginu.

Hingað kom til lands fyrir stuttu síðan virðulegur breskur þingmaður, David Steel, og flutti fyrirlestur um þróunarmál upp í háskóla. Það vakti athygli mína hve hann var vel sóttur og hve mikill og lifandi áhugi var um þessi mál hjá þeim sem sóttu þennan fund. Þetta er að sjálfsögðu málefni sem utanrmn. þarf að ræða og síðan þarf að ákveða hvort rétt sé að álykta um málið. En ég óttast ekkert um það því ég tel allar forsendur vera til þess að ná um það samstöðu.

[16:15]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þátttöku í umræðunni og jákvæð viðbrögð síðast í svari við spurningu sem hv. þm. Svavar Gestsson ítrekaði frá mér. Ég held að það séu allar aðstæður til þess að hæstv. utanrmn. taki þessa tillögu til meðferðar og jafnframt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Þar ber í sjálfu sér ekki mjög mikið á milli, hvort tveggja vísar í sömu átt þótt nokkur munur sé á í tölum og að hluta til hvað aðferðir snertir að tillagan gangi út á sjálfstæða tekjuöflun. En ég hef skilið það svo að samþykkt ríkisstjórnarinnar gangi fyrst og fremst út á að hækka framlög á fjárlögum án sérstakrar tekjuöflunar.

Mér er í sjálfu sér eyrnamerktur tekjustofn eða sérstök tekjuöflun ekkert sáluhjálparatriði í þessu sambandi nema síður sé. Ástæðan fyrir því að það er hins vegar lagt til er ósköp einfaldlega hin bitra reynsla sem m.a. hæstv. utanrrh. vitnaði til, að mjög illa hefur gengið að fá menn til að taka alvarlega eða efna jafnvel fögur fyrirheit í þessum efnum. Ég vona að hæstv. utanrmn. sýni þessu máli þann sóma eða þá athygli að afgreiða það. Satt best að segja held ég að sú

ágæta nefnd, með fullri virðingu fyrir henni, megi gera meira af því að vinna hlutina þannig og í samræmi við mikilvægi þeirra mála sem utanrmn. fer með, að vera virkari í þeim efnum að móta stefnuna og veita leiðsögn um það hvernig farið sé með stærri utanríkispólitísk mál.

Ég vil einnig, herra forseti, taka undir með hæstv. utanrrh. varðandi stjórnskipulega stöðu Þróunarsamvinnustofnunar. Ég er sammála hæstv. ráðherra um það að engin tilefni eru til að fara þar að gera breytingar á. Ég held einmitt að mjög mikilvægt sé að hafa alla með og reyna að draga alla með til þátttöku og ábyrgðar í að móta stefnuna í þessu verkefni og reyna að efla skilning á því að við þurfum að leggja okkar af mörkum með því móti að fullur sómi sé að, og við getum kinnroðalaust á alþjóðavettvangi gengist við frammistöðu okkar í þessum efnum en þurfum ekki að vera í hálfgerðum feluleik með það hvar við erum á vegi stödd eins og átakanleg vöntun okkar inn á skrár OECD er til marks um.

Það er einnig alveg hárrétt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að Ísland hefur að því leyti til staðið við þær skuldbindingar sínar að við höfum yfirleitt verið til fyrirmyndar hvað varðar að greiða okkar reglubundnu og samningsbundnu framlög til alþjóðastofnana. Við erum í hópi fárra þjóða sem hafa alltaf, að mér skilst, verið t.d. í skilum með framlög sín til Sameinuðu þjóðanna og að sjálfsögðu er það jákvætt. En það er á hina hliðina hvað varðar tvíhliða samstarf og sjálfstæð þróunarverkefni á okkar vegum og þá hvað varðar beinlínis bara peningaframlög sem að sjálfsögðu er einnig í talsverðum mæli þörf á í þessum efnum, sem við liggjum eftir.

Varðandi það að ekki sé hægt að auka slík verkefni mjög skyndilega þá er það alveg rétt. Það er ekki farsælt að standa í einhverjum stórkostlegum sviptingum í þessum efnum. Og þess vegna gengur tillagan einmitt út á að það sé ákveðinn undirbúningsferill og framlögin séu aukin í áföngum, reyndar með mjög svipuðum hætti og stefnumótun ríkisstjórnarinnar frá því í október á síðasta ári og hæstv. utanrrh. greindi frá gerir ráð fyrir. Hins vegar er það ekki svo að neinn skortur sé á brýnum, þörfum og viðurkenndum verkefnum á þessu sviði sem út af fyrir sig geta tekið við fjárframlögum ef við viljum ákveða að auka t.d. framlög af okkar hálfu hraðar en Þróunarsamvinnustofnun er tilbúin til að taka við sjálf. Þá æpir þörfin alls staðar á og ýmis samtök og stofnanir eru að reyna á sjálfstæðum forsendum að byggja upp þróunarstarf í framhaldi af og í tengslum við neyðaraðstoð og hjálparstarf þar sem ég tel að peningum væri mjög vel varið, t.d. í gegnum starf út frá Hjálparstofnun kirkjunnar eða Rauða krossinum. Einnig má benda á hið öfluga þróunarstarf á hinum Norðurlöndunum og samvinnuverkefni okkar og hinna Norðurlandanna sem við gætum að sjálfsögðu tímabundið lagt meira en okkar hlutfall í ef við vildum auka þessa aðstoð hraðar en menn teldu að Þróunarsamvinnustofnun væri tilbúin til að taka við í formi tvíhliða verkefna. Með öðrum orðum, það er ekki skortur á verkefnum sem þarna þarf að standa því fyrir þrifum að menn auki þessa aðstoð nokkuð snöggt.

Ég vil einnig að lokum, herra forseti, taka undir það sem hér var komið inn á af hv. 4. þm. Reykn., Siv Friðleifsdóttur. Það er alveg hárrétt að menn hafa verið að endurmeta m.a. í ljósi reynslunnar sem betur fer hvernig fjármunum á þessu sviði sé best og skynsamlegast varið. Og þá hefur það komið í ljós, og hefði svo sem ekki átt að þurfa að koma neinum á óvart, að einn afar skynsamlegur farvegur fyrir það er að fá það konum í hendur í þróunarríkjunum, að hafa stjórn á eða halda utan um þá fjármuni eða þau verkefni sem þarna er lagt í. Af því að það hefur ósköp einfaldlega sýnt sig og ætti ekki að þurfa að vera mikil speki, að þá er yfirleitt haldið utan um þá hluti af ráðdeildarsemi og þær þekkja mjög vel til þess hvar vandinn brennur á.

Það eru líka ýmis ný verkefni sem hafa hlotið meiri athygli á undanförnum árum en áður var. Menn hafa á nýjan leik farið að leggja meira beinlínis í undirstöðuþætti eins og lestrarkennslu og uppbyggingu menntunar eða skóla, vatnsöflun og skógrækt. Skógrækt er t.d. verkefni sem ekki nokkur vafi er á að þarf að stórefla í þróunarríkjunum. Þar hefur víða gengið alveg skelfilega á skóga og í kjölfarið rýrna landgæði mjög. Við skulum ekki gleyma því að í þriðja heiminum er það ósköp einfaldlega svo því miður að timbur er enn þá einn mikilvægasti orkugjafinn, t.d. til matseldar, þannig að eyðing skóga hefur víða skapað skelfileg vandamál einfaldlega hvað frumþarfir af því tagi snertir að hægt sé að elda mat.

Herra forseti. Að lokum ítreka ég þá ósk mína að hv. utanrmn. í samræmi við það sem hér hefur komið fram í umræðunni taki þessa tillögu til skoðunar og stefnumótun ríkisstjórnarinnar. Ég bind vonir við að á þessu vori gætum við á einhvern hátt undirstrikað vilja Alþingis til að taka á í þessum efnum á komandi árum.

[16:22]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég geri mér að sjálfsögðu alveg grein fyrir því að mjög víða er hrópandi þörf fyrir fjármagn í sambandi við þróunarhjálp. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við Íslendingar þurfum fyrst og fremst að efla okkar tvíhliða samstarf og aðstoð og það þurfi mikinn og vandaðan undirbúning. Ég tel sem sagt mikilvægt að Íslendingar séu sýnilegir í þessu samstarfi en ég geri mér jafnframt grein fyrir því að við þurfum að vinna að því í samvinnu við aðrar stofnanir og lönd. Við höfum lagt áherslu á samvinnu við hin Norðurlöndin og stofnanir Norðurlandaráðs. Ég nefni þar Norræna þróunarsjóðinn sem hefur reynst afar mikilvægur í þessu sambandi. Við erum t.d. að takast á hendur verkefni í Mósambik með miklum stuðningi þess sjóðs, sem við hefðum ekki getað tekist á hendur nema í gegnum Norðurlandasamstarfið. Ég tel að þróunaraðstoðin sé dæmi um mikilvægi Norðurlandasamstarfsins og að við eigum að halda áfram að leggja áherslu á það. Það er oft sagt að Norðurlandasamstarfið sé lítils virði en þetta er a.m.k. eitt dæmi um hvað hægt er að gera.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að við þurfum að auka þátttöku okkar í friðarsamstarfi og friðarframkvæmd og gott dæmi um það er friðarframkvæmdin í Bosníu þar sem við Íslendingar höfum tekið ríkan þátt í uppbyggingarstarfinu og friðarferlinu. Ekki með því að senda þangað stóran hóp af fólki en það er nú einu sinni svo að þegar við sendum þangað þrjá lögreglumenn þá er það sambærilegt við það að Bandaríkjamenn sendi þangað þrjú þúsund lögreglumenn. Og þegar við sendum fjóra hjúkrunarfræðinga og lækna þá er það sambærilegt við að Bandaríkjamenn séu þar með fjögur þúsund manns. Ísland er því að leggja heilmikið af mörkum í samvinnu við aðrar þjóðir í því hrjáða landi og við erum að öðlast þar mikilvæga reynslu. Við höfum byggt upp náið samstarf við Alþjóðabankann í þessum verkefnum sem er jafnframt í fyrsta skipti sem við vinnum svo náið með Alþjóðabankanum. Það er mikilvægt verkefni þegar Ís-

lendingar eru í samvinnu við Alþjóðabankann að útvega 600 einstaklingum nýja gervifætur. Það er skemmtilegt verkefni að geta gefið öllu þessu fólki nýja von í lífinu. Það vill nú svo til að Íslendingar og þeir sem vinna á þeirra vegum í Bosníu hafa verið að fá erfiðustu verkefnin á þessu sviði. Það er ekki hver sem er sem getur tekið á móti tíu ára barni að morgni til sem vantar á báðar fætur og sent það gangandi út seinni hluta dags. Það geta allir sett sig í þau spor hvílíkur hamingjugjafi það er fyrir viðkomandi fjölskyldu. Þannig að þrátt fyrir allt erum við Íslendingar að gera góða hluti á þessu sviði.

Jafnframt eru önnur verkefni að fara í gang í Bosníu á sviði heilsugæslu, sérstaklega mæðravernd og ungbarnaeftirliti. Í apríl koma hingað einstaklingar frá sjúkrahúsum í Bosníu til þjálfunar því það verður að segjast alveg eins og er að aðstæður á þessum sjúkrahúsum, t.d. að því er varðar fæðingar, eru hörmulegar. Þar er mikið verk að vinna. Það er mikil lífsreynsla að sjá þessa staði og bera saman við þær aðstæður sem við búum við. Að minnsta kosti var sá sem hér stendur ekki meiri maður en svo að hann hrökklaðist hálfpartinn til baka og hljóp niður stigann í hóp þeirra manna sem þar stóð við útidyrnar og biðu eftir fréttum af konum sínum en fengu ekki að koma nærri. Þetta fólk þarf því á mikilli aðstoð að halda. Þarna eru mjög hæfir sérfræðingar og mjög góðir læknar en þá vantar tækin og aðstæðurnar til þess að starfa betur og við höfum mjög mikið að gefa á þessu sviði. Ég held líka að Íslendingar hafi gott af því að taka þátt í þessu vegna þess að þetta minnir menn líka á það að við búum kannski við betra ástand á alþjóðamælikvarða en við viljum viðurkenna dags daglega, bæði hér á Alþingi og annars staðar í samfélaginu og ég held að allir hafi gott af því að rifja það upp.

[16:28]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra hvað það varðar að að sjálfsögðu er mikilvægt að við reynum að auka okkar framlag á öllum þessum sviðum sem undir þetta falla, þ.e. allt frá neyðaraðstoð og fyrstu hjálp gegnum hjálparstarf og aðstoð af því tagi sem er kannski á ákveðnu millibilsstigi, eins og nú er háttað í Bosníu, og síðan yfir í þróunaraðstoð þegar mesta neyðin er að baki en fram undan er það verkefni að byggja upp og skapa mannsæmandi aðstæður á nýjan leik í löndunum. Þetta er auðvitað nátengt og ekki alltaf auðvelt að greina þarna á milli. Ég fagna því auðvitað að Íslendingar hafa verið að gerast virkari þátttakendur á ýmsum sviðum þar sem við getum að sjálfsögðu lagt heilmikið af mörkum. Við eigum vel menntað fólk í heilbrigðisstéttum og við höfum á einstökum sviðum, eins og t.d. í gerð og framleiðslu hjálpartækja, sérstaklega gervilima í gegnum brautryðjandastarf fyrirtækisins Össurar, náð mjög langt og getum lagt heilmikið af mörkum.

Og að allra síðustu, herra forseti, af því ég hef stundum lent í að gagnrýna hæstv. utanrrh. fyrir ferðalög, fyrirhuguð a.m.k., þá vil ég hrósa því sem vel er gert. Mér fannst vænt um að hæstv. ráðherra skyldi fara til Bosníu og kynna sér þar af eigin raun það ástand sem þar er við að glíma. Það er einmitt frammistaða af því tagi sem ég vil sjá íslenska ráðamenn verða þekkta fyrir, þ.e. að hafa enga minnimáttarkennd gagnvart því að við eigum auðvitað að vera fullgildir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu á því formi að við kynnum okkur málin og séum á vettvangi þar sem tilefni eru til og reynum að leggja okkar af mörkum og mér fannst það ánægjulegt og rétt ákvörðun af hæstv. ráðherra að fara þangað, þótt ég hafi stundum leyft mér að gagnrýna önnur ferðaplön sem ég taldi ekki jafnskynsamleg.

[16:31]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir vinsamleg orð í minn garð og utanrrn. að því er varðar Bosníu. Því miður er það sannleikur að við gerum ekki mjög mikið meira í utanrrn. en að sinna ákveðnum skyldum. Það eru heilmiklar skyldur sem á okkur hvíla í alþjóðlegu samstarfi og eftir því er tekið ef ráðherrar mæta ekki til ákveðinna funda og því miður komumst við ekki nægilega langt í að sinna ýmsum öðrum verkefnum sem eru ekki beint skylduverkefni en þó ber okkur siðferðileg skylda til að taka þátt í alþjóðasamstarfi eins og í Bosníu og þetta ferðalag er hluti af því. Ég er alveg sammála hv. þm. að við þyrftum að gera meira af því og við erum að reyna að sinna því. Ég hef m.a. ákveðið að fara til Afríkulanda í ágústmánuði vegna þróunarsamvinnu og þróunaraðstoðar, en slík ferðalög krefjast nokkurs tíma og menn eru þá frá öðrum störfum á meðan en ég tel það mjög mikilvægt að skilningur sé fyrir því, bæði á Alþingi og annars staðar að ráðherrar þurfi að sinna slíkum hlutum ef við ætlum að sýna samkennd með þessum löndum og taka þátt í að vinna með þeim að framförum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[16:33]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og um bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þetta er 8. mál þingsins á þskj. 8 og flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Kristín Halldórsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Herra forseti. Þetta frv. mun vera endurflutt í fimmta sinn hér með, eða hvort það er sjötta, mig brestur nú minni til að muna það, en það er ljóst að þetta frv. hefur verið á dagskrá af og til allt frá árunum 1984–1985 eða 1985–1986 þegar það kom fyrst fram. Það hefur í raun verið flutt að mestu leyti óbreytt, nema hvað það var lagfært lítillega í fyrsta eða öðrum endurflutningi í samræmi við þróun sem þá hafði orðið á því sviði sem hér á við. Hefur þá sérstaklega verið haft mið af löggjöf um friðlýsingu Nýja-Sjálands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þegar 1. flm. samdi þetta frv. hafði hann til hliðsjónar drög að frv. eða frumvarpsuppkast sem þá lá fyrir nýsjálenska þinginu, flutt af þáv. forsætisráðherra Nýja-Sjálands, David Lange, sem síðar var lögfest eins og frægt varð og olli nokkrum deilum milli Nýsjálendinga og Bandaríkjamanna sem tóku því þunglega að löggjöfin hefti á einhvern hátt t.d. umferðarrétt bandarískra herskipa í nýsjálenskri lögsögu. Síðan er þó nokkurt vatn til sjávar runnið og nefndur David Lange hefur fyrir löngu látið af embætti sem forsætisráðherra Nýja-Sjálands en eftir stendur löggjöfin og er í gildi og reyndar hluti af víðtækara svæði sem nú er orðið viðurkennt kjarnorkuvopnalaust í Kyrrahafinu

á grundvelli svonefnds Rarotonga-samnings um friðlýsingu Suður-Kyrrahafs.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er hægt að vitna og vísa í fyrri framsöguræður og umræður sem orðið hafa um þetta frv. og kannski ekki ástæða til að hafa um það mörg orð hér og nú, a.m.k. ekki hvað varðar efni frv. og grundvallarupplýsingar í greinargerð sem eru kunnar og hefur verið farið yfir áður. Ég ætla því aðallega að fara lítillega yfir það sem ég tel vera nýjast í stöðu þessara mála. Ég ætla fyrst renna lauslega yfir uppsetningu mála í þessu frv. sem, eins og 1. gr. kveður á um, mundu ef að lögum yrði, gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað væri að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Sömuleiðis yrði umferð kjarnorkuknúinna farartækja bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

Markmið laganna er eins og greint er frá í 2. gr. að gera íslenskt yfirráðasvæði að slíku kjarnorku- og eiturefnalausu svæði og afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar. Að dómi okkar flutningsmanna væri með því dregið úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland, og síðast en ekki síst stuðlað að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Í 3. gr. frv. eru hugtök skilgreind, eins og hvað sé átt við með hugtakinu „kjarnorkuvopn" þ.e. sjálfa sprengjuna. Hvað sé átt við með „eiturefnavopn", „hinu friðlýsta svæði" o.sv.frv.

4. gr. leggur kvaðir á alla íslenska borgara og/eða einstaklinga sem hafa varanlegt dvalarleyfi á Íslandi um að undirgangast þær skyldur sem lögin fela í sér. Frv. er því bindandi bæði fyrir þjóðríkið, fyrir Ísland, en einnig fyrir borgara þess og leggur skyldur á Ísland og alla Íslendinga.

Í 5. til og með 13. gr. er nánar lýst þeim takmörkunum eða bannákvæðum sem frv. byggir á. Í 5. gr. er bann við staðsetningu kjarnorkuvopna, meðhöndlun eða geymslu þeirra. Í 6. gr. bann við flutningi, í 7. gr. tilraunabann sem segja má að þegar sé orðið að veruleika í formi alþjóðasamningsins sem Ísland hefur gerst aðili að, og svo á reyndar við um fleira af þessu tagi að það er að sumu leyti uppfyllt nú þegar í formi alþjóðlegra skuldbindinga, en að sjálfsögðu mundi ekki saka að það væri jafnframt undirstrikað í sjálfstæðri íslenskri löggjöf. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að kjarnorkufriðlýsingin sem slík ætti sem grundvallarregla að koma einnig inn í stjórnarskrá landsins.

8. og 9. gr. fjalla um eiturefnavopnin, 10. gr. um kjarnorkuknúin farartæki, og 11. gr. um kjarnorkuúrgang. 12. gr. hefur að geyma ákvæði sem nauðsynleg eru vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, að heimilt sé að veita þær undanþágur sem okkur er skylt að gera vegna alþjóðaskuldbindinga og kveða t.d. á um rétt til frjálsrar gegnumferðar, friðsamlegrar umferðar utan 12 mílna marka ríkja og á alþjóðlegum siglingaleiðum.

Það var reyndar sambærilegt ákvæði sem bakaði nokkurn vanda við lagasetninguna á Nýja-Sjálandi þar sem sundið milli norður- og suðureyja Nýja-Sjálands er það mjótt að ekki er neitt svæði utan 12 mílna lögsögunnar. Þar varð því að reyna á rétt til alþjóðlegrar umferðar um sundið, þótt innan óumdeilanlegrar 12 mílna landhelgi Nýja-Sjálands væri.

13. gr. felur í sér algert bann við komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi Íslands eða heimsóknir slíkra farartækja til hafna eða flugvalla, nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Síðan er fjallað um það nánar hvernig fara skuli með mál í vafatilvikum.

14. gr. leggur þá skyldu á herðar stjórnvalda, og væntanlega fyrst og fremst utanrrh. í þessu tilviki, að afla hinu friðlýsta svæði viðurkenningar.

15. gr. er refsiákvæðagrein og 16. gr. kveður á um að lögin skuli heyra undir utanrrh. en utanrrh. geti haft samráð við aðra ráðherra um framkvæmd þeirra. Að síðustu fjallar síðan 17. gr. um gildistöku.

Eins og áður sagði, herra forseti, er þetta frv. endurflutt og hefur verið alllengi á dagskrá, sömuleiðis það mál sem það tekur til, þ.e. að treysta í sessi með lögum kjarnorkufriðlýsingu eða friðhelgi Íslands. Eins og mönnum er kunnugt er sú yfirlýsta stefna Íslands í gildi og undirstrikuð m.a. af sameiginlegri ályktun á Alþingi að hér skuli aldrei vera kjarnorkuvopn. Í fljótu bragði séð ætti það ekki að saka og ekki valda í sjálfu sér miklum vandkvæðum þótt ákveðið yrði að festa þá stefnu enn frekar en ella í lögum, en því miður hafa menn reist andstöðu við þetta mál, mér að vísu af illskiljanlegum ástæðum, og þá aðallega þeim að það brjóti í bága við skuldbindingar okkar og aðild að NATO. Því miður virðist það vera svo að menn taki þær skuldbindingar fram yfir að svo miklu leyti sem þær rekast á við rétt okkar til að ákveða sjálfstætt að við viljum að allt íslenskt yfirráðasvæði sé óumdeilanlega og með tryggilegum hætti kjarnorku- og eiturefnalaust og friðlýst fyrir slíku.

Það skal tekið fram, herra forseti, að framsetning þessa máls er eftir því sem höfundur gat framast tryggt á þann veg að hún er í samræmi við þau alþjóðlegu kjarnorkufriðlýstu svæði sem fyrir hendi eru í dag, eins og Tlatelolco-svæðið í Suður-Ameríku, og Rarotonga-samninginn um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafsins. Þetta er í samræmi við þær hugmyndir sem mótaðar hafa verið og ræddar á Norðurlöndunum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, þar á meðal í samræmi við samþykkt Norðurlandaráðs frá því 1989, ef ég man ártalið rétt, í Mariehamn á Álandseyjum þar sem ríkisstjórnum Norðurlandanna var falið að vinna að framgangi hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ber auðvitað vel í veiði að spyrja hæstv. utanrrh. hvernig ríkisstjórn Íslands hafi að sínu leyti unnið að því máli sem Norðurlandaráð samþykkti að beina til ríkisstjórnanna að gera með þeirri ályktun á sínum tíma.

Það er auðvitað heilmikil þróun í gangi í þessum efnum, herra forseti, og þar ber kannski hæst og nýjast að umræður eru komnar verulega á skrið um að gera heila heimsálfu og þá aðra en Antarktíku, sem út af fyrir sig má segja að sé friðuð, að kjarnorkuvopnalausu svæði og þar á ég við Afríku. Það mál hefur verið á dagskrá, m.a. Einingarsamtaka Afríkuríkja, og ég veit ekki betur en að unnið sé áfram að því, án þess ég hafi af því alveg nýjar fréttir en ég kynnti mér það fyrir um ári síðan og þá var nokkur þróun orðin í því máli.

Í tengslum við þær miklu breytingar sem orðið hafa ekki síst í Evrópu og víðar auðvitað og borið hefur ítrekað á góma í Norðurlandaráði — m.a. hafa öryggismál og utanríkismál orðið að föstum dagskrárlið í starfi Norðurlandaráðs og í norrænni samvinnu, þetta voru áður meira og minna bannorð — þá lifir þar hugmyndin um kjarnorkufriðlýsingu góðu lífi. Umræður hafa verið talsverðar í Mið-Evrópu um þann möguleika, sem reyndar bar á góma í umræðum nokkru fyrr í dag þegar rædd var stækkun NATO, að menn ættu

að nota tækifærið sem nú væri uppi í Evrópu og reyna að búa til kjarnorkufriðlýst svæði eða belti sem gæti hafist á Norðurlöndunum eða a.m.k. út frá hlutlausu ríkjunum á Norðurlöndunum, Sviþjóð og Finnlandi, og teygt sig niður eftir Evrópu og breikkað til beggja handa eftir því sem því væri unnið fylgi. Þannig mætti vísa til umræðna víða, herra forseti, um þessi mál.

Herra forseti. Ég er ekki í neinum vafa um að frv. sem hér er flutt eða stefnumótun í þá veru nýtur mikils stuðnings á Íslandi. Ég gæti fært fyrir því ýmis rök. Það hefur reyndar komið fram t.d. í skoðanakönnunum. Ég get nefnt það líka, herra forseti, að ég hef fengið heilmiklar stuðningsyfirlýsingar við þetta frv., þar á meðal þúsundir undirskrifta sem væri við hæfi að afhenda virðulegum forseta Alþingis við tækifæri. Þær voru mér afhentar fyrir um ári síðan og áhugasamt fólk, ekki síst ungt fólk í landinu, hafði tekið sig til og safnað þeim máli þessu til stuðnings. Ég held að það sé í samræmi við okkar hefð og arfleifð sem vopnlausrar smáþjóðar að við viljum gjarnan ganga eins tryggilega frá því og við getum og í okkar valdi stendur að land okkar sé ekki notað eða misnotað með því að vopn eða ófögnuður af þessu tagi, eins og kjarnorkuvopn og eiturefnavopn eru, komi inn í okkar lögsögu.

Herra forseti. Í nágrannalöndum okkar, t.d. á Grænlandi og í grænlenskum stjórnmálum, hafa líka orðið atburðir sem hafa vakið athygli á Íslandi og minna okkur því miður á að ástæða getur verið til þess fyrir okkur að taka með varúð því sem að okkur er rétt af kjarnorkuveldunum og trúa ekki öllu án eigin gagnrýnnar skoðunar sem af þeirra hálfu er haldið fram.

Síðast en ekki síst, herra forseti, þá er það auðvitað svo að fáar þjóðir ef nokkrar eiga meira í húfi en einmitt við Íslendingar að bægja þessum ófögnuði frá okkar ströndum og yfirráðasvæði, þ.e. umferð kjarnorkuknúinna farartækja eða umferð kjarnorkuvígtóla sem hér fara um. Við erum af og til minnt á það í fréttum að á hafsbotninum bæði norðan við land og sunnan við land, liggja og ryðga sundur kjarnorkuknúnir og kjarnorkuvopnaðir kafbátar sem stórveldin hafa verið með og hafa sokkið og eru í raun eins og tifandi tímasprengjur hvað það varðar, ef illa fer, að geislamengun hafsins getur aukist frá því sem nú er.

Herra forseti. Ég bind kannski ekki miklar vonir við að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum á þessu þingi, bæði í ljósi reynslunnar því að þegar hafa nokkur tilhlaup verið að því gerð og eins hefur svo óheppilega tekist til á þessu þingi að þrátt fyrir að þetta væri eitt af fyrstu málum þingsins þá er verið að mæla fyrst fyrir því hér og nú þegar komið er fram yfir miðjan marsmánuð, og eru auðvitað nokkur vonbrigði að svo skuli hafa tekist til. Ég er samt sem áður bjartsýnismaður og eljumaður og mun halda áfram að halda þessu máli hér á lofti og endurflytja frv. eftir þörfum. Það getur vel verið að ég plagi menn með því að sitja býsna lengi á þingi enn þó ekki væri nema bara til þess að geta endurflutt þetta frv. og haldið þessu máli vakandi því að ég hef þá trú að, eins og hér var sagt fyrr í dag, að dropinn holi steininn og það kunni að gerast fyrr en ýmsa varir að menn taki ekki gamalkunnar klisjur og málflutning um þetta efni sem sjálfgefinn og að sú tíð kunni að koma í landinu að upp rísi t.d. ungt fólk og ákveði einn góðan veðurdag að kjarnorkufriðlýsa Ísland og hafi þá til þess afl að gera það. Ég á mér a.m.k. þann draum og þá framtíðarsýn að ekki verði margir áratugir liðnir af næstu öld áður en ekki bara Ísland heldur öll Norðurlönd og helst sem stærstur hluti heimsins verði laus við þann ófögnuð og þá ógnun við allt líf á jörðinni sem kjarnorkuvopnin og tilvist þeirra eru. Ég get í sjálfu sér ekki trúað því, herra forseti, að neinn hugsandi maður eigi sér aðra framtíðarsýn en þá að heimurinn verði að lokum án þessara vopna. Það liggur nánast í hlutarins eðli að allir réttsýnir og sanngjarnir menn hljóta að hugsa sér framtíðina þannig að við reynum að gæta öryggis í heiminum einhvern veginn öðruvísi en hlaða upp tortímingarvopnum með þeirri ógn sem því fylgir, þó ekki sé nema að hugsa til þess, að þau yrðu einhvern tíma notuð.

Við erum reyndar minnt á það af og til að því miður er heimurinn ekki þannig að tilefni sé til þess að við leyfum okkur að sofna á verðinum í þessum efnum. Ég læt mér nægja að vitna í fréttir sem einmitt þessa dagana eru að berast frá Indlandi um að ný ríkisstjórn þar hyggist nú stíga skrefið til fulls sem menn hafa reyndar lengi óttast og vitað að gæti verið í farvatninu, að Indverjar bætist sannanlega í hóp þeirra þjóða sem hafa komið sér upp kjarnorkuvopnum, með þeim afleiðingum að mjög líklegt er að sú þróun mundi breiðast út til fleiri landa í Asíu og hafa Pakistanar reyndar þegar aðeins látið skína í tennurnar í því sambandi.

Herra forseti. Það er því ekki þannig eins og kannski mætti ætla stundum, að málflutningur af því tagi sem hér er uppi hafður eða áhyggjur af þessu málefni séu óþarfar, því miður.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að lokinni þessari umræðu að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[16:52]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég tel að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eigi fullt erindi á Alþingi og tek undir að hann sitji hér áfram og fagna þeirri ætlan hans. Ég hef tekið eftir því í umræðum hér í dag að hann er a.m.k. ekki á neinni leið með að gangast undir utanríkisstefnu Alþfl. sem kemur mér í sjálfu sér ekkert á óvart. Alþb. hefur ítrekað stefnu sína í utanríkismálum á Alþingi í dag þó að nokkrar áherslubreytingar hafi orðið eins og er nú venjulegt með alla flokka. Flokkar hljóta að þróast með þeim breytingum sem eiga sér stað í heiminum.

Eitt getum við áreiðanlega orðið sammála um og það er það stefnumið að útrýma kjarnorkuvopnum. Ég er hv. þm. algjörlega sammála um það markmið því að ég tel mjög mikilvægt að kjarnorkuvopn hverfi af þessari jörðu. Það er hins vegar ekkert einfalt mál. En þó verður að viðurkennast að verulegur árangur hefur náðst á þessu sviði og það hefur fyrst og fremst gerst vegna þess að kalda stríðinu er lokið. Ég tel að Atlantshafsbandalagið hafi verið mikilvægasta verkfærið í þeirri vinnu og að þeir samningar sem Vesturveldin hafa náð hafi markað mikilvæg tímamót. Og það er ætlun bæði Atlantshafsbandalagsins og þeirra ríkja sem að því standa að halda áfram á þessari braut.

Eitt það mikilvægasta í þessu sambandi er að koma í veg fyrir að fleiri ríki eignist kjarnorkuvopn og ríki sem eru tilbúin til að beita eiturefnavopnum og jafnvel kjarnorkuvopnum gegn nágrönnum sínum geti alls ekki komið sér þeim upp. Ég get nefnt ríki eins og Írak og fleiri í því sambandi.

Það er hins vegar svo að þó hér séu góðar fyrirætlanir í þessu frv. þá liggur fyrir, eins og ég hef sagt áður á Alþingi, að lög af þessu tagi standast ekki skuldbindingar okkar gagnvart Atlantshafsbandalaginu, hvort sem mönnum

líkar það betur eða verr. Ég tel því að ef slík lög yrðu sett þá væri það jafnframt yfirlýsing um að Íslendingar ætluðu sér að fara úr Atlantshafsbandalaginu og hætta samstarfi við það, m.a. samstarfi við Atlantshafsbandalagið um að vinna að útrýmingu kjarnorkuvopna. En ég tel að það sé besti vettvangurinn til þess að vinna að því. Ég ætla ekki að rekja hér þær yfirlýsingar sem komið hafa fram á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í þessu sambandi en nauðsynlegt er að gera sér þetta alveg ljóst.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þingmenn með langri ræðu í þessu sambandi. Ég vitna til þess sem ég hef áður sagt í sambandi við flutning þessa máls á Alþingi og vísa til þess rökstuðnings sem ég hef haft þar í frammi. Það er alveg ljóst að ég er andvígur þessu frv. Þrátt fyrir að ýmsir ágætir einstaklingar hafi tekið undir með hv. þm. í þessum efnum, þá er mér ekki alveg ljóst á hvaða forsendum það hefur verið. Ég er líka viss um að mjög mikill meiri hluti Íslendinga vill halda áfram samstarfi við Atlantshafsbandalagið og stuðla að friði í Evrópu með því og á þeim vettvangi. Ég hygg að ef margir þessara einstaklinga gerðu sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta frv., ef að lögum yrði, gæti haft þá kynnu einhverjir þeirra að skipta um skoðun.

[16:57]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil taka þátt í þessari umræðu um þetta frv. sem er nú kunnuglegt á Alþingi, jafnoft og það hefur verið flutt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem 1. flm. með þingmönnum úr öðrum þingflokkum. Um skeið var það nú svo, ef ég man rétt, að í þeim hópi voru þingmenn úr Framsfl. sem meðflytjendur málsins en af einhverjum ástæðum hafa þeir helst úr lestinni. Í hópnum var raunar formaður Framsfl. sem var meðflytjandi að frv. sem efnislega var sömu gerðar og það sem við ræðum hér. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni og kannski lá það í orðum hæstv. utanrrh. hér áðan að það væri undrunarefni eða athugunarefni á hvaða forsendum menn hefðu skrifað upp á þetta frv. og er þá væntanlega bæði átt við þá sem nú eru meðflytjendur málsins með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem og formann Framsfl., Steingrím Hermannsson, hér fyrir nokkrum árum meðan hv. þm. og fyrrv. hæstv. utanrrh. sat á Alþingi.

Sú stefna og sú afstaða sem hæstv. núv. utanrrh. og formaður sama flokks, arftaki Steingríms Hermannssonar í formennsku Framsfl., hefur tekið að því er þetta mál varðar er mjög athyglisverð. Ég held að það sé mjög þarft fyrir alþingismenn sem og þjóðina alla að velta fyrir sér þeirri röksemdafærslu sem hæstv. utanrrh. beitir til þess að stöðva framgang þessa frv. á Alþingi Íslendinga.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að allt of fáir hafa gert sér grein fyrir inntaki hernaðarstefnu NATO. Við ræddum einmitt fyrr á þessum degi kjarnorkuvígbúnaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins og þá fælingarstefnu sem svo var kölluð sem hefur verið undirstaðan í hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Það eru vafalaust nokkur tíðindi fyrir ýmsa að að mati utanrrh. Íslands fari ekki saman að vera í Atlantshafsbandalaginu og að lögleiða á Íslandi friðlýsingu landsins gagnvart staðsetningu, geymslu og meðhöndlun kjarnorku- eða eiturefnavopna eins og segir í 1. gr. frv. Það má vel vera að skilningur hæstv. utanrrh. sé í samræmi við það sem ráðamenn í Atlantshafsbandalaginu segja. Ég vil ekki út af fyrir sig skera úr um það. En mér þykir trúlegt að þetta sé boðskapur sem hæstv. utanrrh. hefur hlýtt á og tekið góðan og gildan af sinni hálfu og metur það svo að þarna megi ekki stíga skref af þessu tagi, enda felist í því að Ísland væri að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu ef landið væri friðlýst gagnvart þessum tólum, þessum skelfilegu vopnum sem hér er um að ræða. Þá gera menn sér kannski grein fyrir því hvaða skyldur það eru sem Íslendingar eru að taka á sig með veru í þessu hernaðarbandalagi. Þeir eru að samsama sig þeirri stefnu að halda fyrir sig réttinum til að hafa, beita, jafnvel að fyrra bragði og raunar með skýrum hætti réttinum til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði.

Við hljótum að nefna í sambandi við þessa alvarlegu umræðu það sem hefur verið að koma á daginn á undanförnum árum í nágrannalöndum okkar að því er varðar meðferð mála af yfirstjórn NATO varðandi kjarnorkuvopn, þar sem gengið hefur verið yfir yfirlýstan vilja þátttökuþjóða í Atlantshafsbandalaginu og slíkur vilji að engu hafður, að vísu með samsekt einstaka stjórnmálamanna sem hafa tekið á sig þá ábyrgð, ef ábyrgð skyldi kalla, að fara á bak við, í leyni, yfirlýsta stefnu eigin þjóðar og ríkisstjórnar hennar. Þá er ég m.a. að vísa til Dana og þess sem nú liggur fyrir að gerðist í sambandi við meðferð kjarnorkuvopna á Grænlandi.

Það hefur verið hluti af þessari stefnu sem tengist Atlantshafsbandalaginu að játa hvorki né neita tilvist eða umferð kjarnorkuvopna inn á svæði þar sem þó um er að ræða yfirlýsingar frá viðkomandi þjóðríkjum að þau vilji ekki sjá þau í sinni auðlindalögsögu eða í sinni lögsögu. En reynslan sýnir okkur og það sem upplýst hefur verið, að þær yfirlýsingar hafa ekki verið metnar að neinu leyti heldur hunsaðar og er þar auðvitað um mjög alvarleg mál að ræða.

Ég er afar undrandi á því að hæstv. utanrrh. skuli setja málin fram á þennan hátt og vilja taka á sig þá ábyrgð sem í rauninni því fylgir að vísa frá máli af þessu tagi á Alþingi Íslendinga vegna þess að hann metur það svo að Atlantshafsbandalagið þoli ekki að slík löggjöf yrði sett hér vegna þess að það stangist á við grundvallarstefnu þess. Ég held að það væri fróðlegt til athugunar fyrir þau ríki sem nú vænta þess eða eru að fá tilboð um að þau geti óskað eftir þátttöku í Atlantshafsbandalaginu að löggjöf af þessu tagi eins og hér er fram sett yrði ekki þoluð af þeirra hálfu, að það geti ekki samrýmst veru í hernaðarbandalaginu.

Síðan er um það sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. áðan að Atlantshafsbandalagið væri eins konar forustuaðili í því að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna. Mér er vissulega vel kunnugt um að kjarnorkuveldin hafa reynt nú á síðustu áratugum að halda þeim rétti fyrir sig, þau sem hafa eignast þessi skelfilegu vopn og ráða yfir þeim, að fleiri komist ekki í klúbbinn. En er það siðferðilega góður málflutningur í rauninni á sama tíma og þau hin sömu ríki leggja sig ekki meira fram en raun ber vitni til að taka þessi vopn úr umferð? Þótt þar hafi nokkuð áunnist þá er um að ræða slíkar skelfilegar birgðir af þessum vopnum að tilvist þeirra er auðvitað ógnun við öryggi mannkyns í heild sinni á meðan þau eru til. Ég held að það sama megi gilda í sambandi við eiturefnavopnin. Þau hafa nú verið í höndum fleiri en Íraka sem fullyrt er að hafi haft þau undir höndum og ekki ætla ég að andmæla því að svo hafi verið og svo kunni að vera. Ég þekki þá umræðu vel. En fleiri ríki hafa leyft sér að framleiða og búa yfir slíkum vopnum, ég held þar á meðal forusturíki í Atlantshafsbandalaginu, þótt þau hafi síðan aðild að alþjóðasamningum þar að lútandi að koma í veg fyrir beitingu þeirra. Menn standa frammi fyrir þeirri siðferðilegu spurningu að tiltekinn hópur öflugra ríkja

á almennan mælikvarða áskilur sér réttinn til að hafa þessi vopn, nota þau í sambandi við sín hernaðarmálefni, en segja við aðra: „Þið megið alls ekki yfir þau komast.“ Í þessu felst tvískinnungur og ég verð að segja að því miður hefur maður ekki mikla sannfæringu fyrir því að vilji sé til að leggja það á sig sem eðlilegt er til að fækka þessum vopnum og að útrýma þeim sem er auðvitað það sem setur menn í þá stöðu að geta mælt af styrkleika gagnvart öðrum sem eru að reyna að koma sér upp hinu sama.

[17:08]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þingmenn Alþb. eru andvígir Atlantshafsbandalaginu, andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og andvígir tilveru þess. Þar er um grundvallarágreining að ræða. Ég er sannfærður um að tilvist Atlantshafsbandalagsins hefur skapað þá stöðu sem er í Evrópu í dag og orðið til þess að kommúnisminn er fallinn. Ég er sannfærður um að kommúnisminn mundi lifa mjög góðu lífi í dag ef Atlantshafsbandalagið hefði aldrei orðið til.

Það liggur alveg fyrir að kjarnavopnabúnaður bandalagsins er enn þá grundvallarþáttur í varnarviðbúnaði og fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins og það liggur alveg skýrt fyrir að fullgildir aðilar að þessu bandalagi gangast undir og styðja sameiginlega varnarstefnu bandalagsins. Hitt er jafnljóst að Íslendingar eru andvígir því að hér á landi séu staðsett kjarnorkuvopn og hér hafa ekki verið staðsett kjarnorkuvopn og við munum ekki leyfa staðsetningu kjarnavopna hér á landi. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er jafnljóst að ef einhvern tímann til þess kemur að eitthvað slíkt verði gert, sem við skulum vona að guð lofi að aldrei gerist, þá verður ekkert slíkt gert án samþykkis Íslendinga og að því leytinu til er Ísland friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum nú þegar og hefur verið síðan að þau tortímingartól voru fundin upp.

[17:10]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er einkennileg röksemdafærsla sem hér er höfð uppi af hæstv. utanrrh. Hann segir að vegna tilvistar Atlantshafsbandalagsins sé kommúnisminn svokallaði fallinn. Það liggur fyrir að svo er þó ég viti ekki hvort hæstv. utanrrh. telur Kína með og jafnvel Kúbu sem stundum eru flokkuð undir ríki sem leyfa sér að viðhafa þjóðskipulag svipað og var í Austur-Evrópu, svona að nafninu til, þótt auðvitað sé hægt að deila um hvort það sé af sama toga nákvæmlega. En nú er kommúnisminn fallinn, segir hæstv. utanrrh. og hvað er þá til fyrirstöðu að breyta um stefnu af hálfu hernaðarbandalagsins stóra, NATO, og taka upp aðrar áherslur? Það væri ástæða til að hæstv. ráðherra skýrði það og láti hlutina ríma þokkalega saman. Eða er það bara sannfæring hæstv. utanrrh. að til þess að koma í veg fyrir að eitthvert skipulag komist á einhvers staðar í heiminum þá þurfi NATO að halda fyrir sig réttinum til að beita kjarnorkuvopnum og byggja hernaðarmátt sinn á kjarnorkuvopnum? Svo segir hæstv. ráðherra: „Það er þarflaust að samþykkja þetta frv. og lögleiða það því það er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda.“ Við skulum vænta þess að þær yfirlýsingar hafi verið virtar sem íslensk stjórnvöld hafa krafist að væru virtar í sambandi við þessi mál, m.a. á Alþingi 1985. En reynslan hefur nú sýnt sitt hvað annað, samanber nágrannaríki okkar eins og Danmörku. Þegar til kastanna kom voru þeir pappírar ekki mikils virði. Menn skyldu því hafa vissan vara á. Og hvað er til fyrirstöðu, ef þetta er svona, að setja hér lög af þeim toga sem mælt er fyrir í þessu frv.?

[17:12]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á ekki von á að við getum orðið sammála um þetta efni, ég og hv. þm., því það hefur komið í ljós að hann er í grundvallaratriðum andvígur Atlantshafsbandalaginu og þessi grundvallarágreiningur er að því leytinu til á milli okkar og verður áreiðanlega.

Að því er Grænland varðar þá var það atvik með vitund danskra stjórnvalda, það hefur verið leitt í ljós þótt því væri leynt þannig að dönsk stjórnvöld vissu því miður um það atvik.

Að því er varðar fall kommúnismans þá hafa lýðræðisöflin víða ekki náð þeim sessi sem þörf er á, m.a. víða í Austu-Evrópu, Mið-Evrópu og í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og það er mikil þörf á að styðja betur við bakið á lýðræðisöflunum þar. Miklar breytingar eiga sér stað í Kína og ég er fullviss um að þar mun þróunin verða í lýðræðisátt. Ég trúi því líka að ekki muni verða langt í að sú þróun eigi sér stað í Kína að menn hætti að fangelsa þar pólitíska andstæðinga því þar hefur því miður verið um herfilegt framferði að ræða. Ég hef upplýsingar um það frá andstöðuöflum á Kúbu að þar séu 800 pólitískir fangar og að sumir þeirra hafi tapað sjón vegna næringarskorts. Því miður hafa lýðræðisöflin ekki náð völdum alls staðar í heiminum og ég er fullviss um að Atlantshafsbandalagið er nauðsynlegt verkfæri til að koma þessum öflum til aðstoðar. Það hefur gert það og mun gera það áfram.

[17:14]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tvískinnungurinn í málflutningi hæstv. utanrrh. er satt að segja dæmalaus. Hér er verið að segja okkur að Atlantshafsbandalaginu sé nauðynlegt vegna lýðræðisvöktunar, að mér skilst, að viðhalda kjarnorkuvopnabúnaði sínum og yfirlýstum möguleika á að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Hvað er hæstv. utanrrh. að segja með þessum orðum og hvaða skilaboð eru hér til þeirra sem voru í forustu á undan honum í Framsfl. og tóku þátt í því glæfralega tiltæki að standa að flutningi þessa frv.?

Hvernig heldur ísinn sem hæstv. utanrrh. stendur á þegar hann talar um skort á lýðræði í einstökum ríkjum þegar fyrir liggur að forusturíki Atlantshafsbandalagsins hefur staðið fyrir því að koma á og viðhalda einræðisstjórnum í eigin heimshluta og með vitund og vilja staðið fyrir því að setja þar af lýðræðislega kjörnar stjórnir? Það var gert þegar Allende forsætisráðherra Chile var steypt af stóli og hernaðareinræðisstjórn komst til valda í fjölmörg ár undir verndarvæng Bandaríkjanna og með góðu samþykki. Þetta er nú samkvæmnin í málflutningnum. Þetta er samkvæmnin í því sem hér er fram reitt í þessum efnum. Þetta er hörmulegt til að vita og ég vænti að margir leggi hlustir við þessum málflutningi.

[17:16]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Þetta er að verða nokkuð myndarlegur „eldhúsdagur“ sem hér hefur staðið um utanríkismál þó ólík mál hafi þar komið undir. Ég ætla fyrir mitt leyti ekki að lengja þessa umræðu mikið enda langt liðið á daginn. Vissulega væri ástæða til að fara yfir ýmislegt og maður saknar reyndar þátttöku ýmissa aðila í þessum umræðum. Það hefur t.d. verið athyglisvert hve lítið hefur farið fyrir talsmönnum

Sjálfstfl. í þessum utanríkismálaumræðum í allan dag. (**HG:** Fáir? Enginn.)

Í fyrsta lagi fagna ég, úr því að ég hef tilefni til að fagna einhverju sem hæstv. utanrrh. sagði í umræðum um það mál sem nú er á dagskrá, þ.e. frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, því að hæstv. utanrrh. lýsti sig samþykkan því að stefna bæri að því að losna við kjarnorkuvopn og afkjarnorkuvopna heiminn. Að sjálfsögðu er gott að um það skuli menn vera sammála. Þá gæti maður í beinu framhaldi spurt hvar þess sjáist stað, t.d. í áherslum NATO, að menn virði og viðurkenni þá nauðsyn. Ég ítreka enn og minni á niðurstöðu Alþjóðadómstólsins sem komst samhljóða að þeirri niðurstöðu að það væri ekki einvörðungu rétt af þjóðum heimsins heldur skylt að vinna að því að ganga frá bindandi samningum um algert afnám kjarnorkuvígbúnaðar. Niðurstaðan var sú að mönnum væri skylt að vinna að því vegna þess að tilvist kjarnorkuvopna samrýmdist ekki öðrum ákvæðum í mannréttindasáttmálum um öryggi, frið og velferð sem menn hefðu skuldbundið sig til að reyna að tryggja íbúum jarðarinnar.

Í öðru lagi lýsti hæstv. utanrrh. því sem mikilvægu og brýnu verkefni að koma í veg fyrir að fleiri ríki eignist kjarnorkuvopn. Það er einmitt viðfangsefni samningsins sem gerður hefur verið og síðan framlengdur og kallaður er samningurinn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningurinn, skammstafað út frá enskunni, None Proliferation Treaty.

Undanfarin ár hafa kjarnorkuveldin sex eða hve mörg þau eru, sagt: Við ætlum að vísu að viðhalda okkar kjarnorkuvopnum, áskiljum okkur allan rétt til að eiga þau og beita þeim ef svo ber undir. Kínverjar hafa á alþjóðavettvangi orðað það með nokkuð öðrum hætti heldur en aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. En síðan segjast þau ekki vilja að fleiri ríki komi sér upp þessum vopnum. Þetta hefur verið alþjóðlegur samningur.

Menn hafa haft áhyggjur af því að nokkur ríki væru í færum að koma sér upp kjarnorkuvopnum eða hefðu beinlínis undirbúið þann möguleika. Menn muna að nokkur ríki voru lengi mjög treg til að samþykkja framlenginguna á NPT-samningnum þegar þær viðræður stóðu yfir. Það voru ríki eins og Indland, Pakistan og Brasilía.

Það ljótasta af öllu er þó kannski það að á gildistíma NPT-samningsins hefur eitt ríki komið sér upp kjarnorkuvopnum. Ekki er lengur deilt um að Ísrael á kjarnorkuvopn. Þar með er siðferðið orðið harla tvöfalt. Á sama tíma og þetta á að heita bindandi samningur, þá horfa menn í hina áttina þegar ríki vinveitt Bandaríkjunum, Ísrael, hefur þetta bann að engu og kemur sér upp slíkum vopnabúnaði. Menn deila um hvort það séu 5, 10, 50 eða 100 kjarnorkusprengjur sem Ísrael á í dag. Hins vegar er tæpast deilt um það lengur á alþjóðavettvangi að slík vopn eru þar til staðar. Bolabrögð ísraelsku leyniþjónustunnar eru fræg að endemum. Þeir hafa reynt að þagga niður í þeim sem flutt hafa af þessu einhverjar fréttir. Svo langt hefur það gengið að ísraelska leyniþjónustan hefur stundað mannrán á vísindasmönnum sem höfðu flúið land, fengið hæli í öðrum löndum og leyft sér að miðla alþjóðasamfélaginu upplýsingum um það sem Ísraelsstjórn hefur gert á laun.

Ég og hæstv. utanrrh. erum sammála um að mikilvægt sé að hefta frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna. Til þess að enginn misskilji mig þá er ég ekki að mæla með neinu öðru. Ég mundi að sjálfsögðu telja það hina hörmulegustu afturför ef t.d. stjórnmálaþróunin í Indlandi nú leiddi til þess að það brysti á kjarnorkuvopnakapphlaup í Suðaustur-Asíu. Á því er veruleg hætta eins og fréttir benda nú til.

Það verður á hinn bóginn að hafa það í huga að mikil tvöfeldni hefur verið í gangi varðandi stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi að undanförnu.

Reyndar, herra forseti, er ákaflega erfitt að bera mikla virðingu fyrir því þegar menn rjúka upp og heimta af ýtrustu hörku að sumar þjóðir fari að alþjóðalögum, t.d. Írakar. Þeir skulu ekki komast upp með nein undanbrögð. Af hverju hafa menn ekki beitt sér af sömu hörku t.d. gegn Ísrael? Ísraelar hafa ekki aðeins haft samþykktir Sameinuðu þjóðanna um hernumdu svæðin að engu og brotið Óslóarsamkomulagið vísvitandi, friðarsamkomulagið, heldur hafa þeir blygðunarlaust brotið samninginn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna. Vegna þessa hefur hvorki heyrst hósti né stuna frá sjálfum gæslumönnum samningsins, t.d. Bandaríkjamönnum.

Í þriðja lagi, herra forseti, var þetta frv. á síðasta kjörtímabili flutt af þingmönnum úr öllum flokkum sem þá sátu á Alþingi nema Sjálfstfl. Þar á meðal voru þáv. formaður Framsfl. og, ef minni mitt svíkur ekki, einnig formaður þingflokks Framsfl., þ.e. hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Páll Pétursson og munaði nú um minna. Svo víðtækur var stuðningur við þetta frv. að ef marka mátti flutningsmannahópinn, eða úr hvaða þingflokkum hann kom, hefði mátt reikna með því að meiri hluti væri fyrir þessu frv. á Alþingi. Margir fylltust bjartsýni á að loksins færi eitthvað að gerast í þessum efnum.

Þá verða þau tíðindi að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson tekur við formennsku í Framsfl. og sest í stól utanrrh. Þegar leitað er eftir meðflutningi úr þingflokki Framsfl. með frv. í næstu umferð, þá berst þaðan neitun og útskýringarnar gefur hæstv. utanrrh. í svari eða viðtali við fjölmiðla. Ef ég man rétt voru þær þannig að flutningur þessa frv. eða öllu heldur lagasetning af þessu tagi samrýmdist ekki aðild okkar að NATO. Það er í sjálfu sér mjög áhugavert.

Þó að ég sé ekki sérfræðingur í þessum efnum og hafi kannski ekki sama bakgrunn eða sömu aðstoðarmenn á reiðum höndum og hæstv. utanrrh. þá leyfi ég mér að efast um þessa fullyrðingu vegna þess að ég tel ekki sjálfgefið að aðild eins ríkis að NATO geti ekki verið þannig að það væri, t.d. hvað eigin yfirráðasvæði snertir, undanþegið vissum hlutum. Ég bendi á að aðild sumra NATO-ríkja t.d. að vígbúnaðarþættinum eða kjarnorkuvopnahlutanum hefur verið mismunandi. Þannig hafa t.d. Frakkar lengi haft nokkra sérstöðu í þeim efnum eins og kunnugt er. Ég veit ekki hversu rækileg athugun á þessu, þjóðréttarleg eða lögfræðileg, liggur að baki fullyrðingum hæstv. utanrrh. Ég held því hér til haga að ég samþykki ekki fyrir fram að þetta sé óumdeilanlega svo.

Segjum að lagasetning eins aðildarríkis af þessu tagi samrýmist ekki skuldbindingum þess á grundvelli aðildar að NATO og jafngildi úrsögn úr bandalaginu, þá spyr ég náttúrlega í beinu framhaldi: Hvers vegna er það? Hvað er það sem brýtur í bága við stefnu NATO? Jú, er það ekki fyrst og fremst áskilnaður NATO til þess að beita kjarnorkuvopnum. NATO áskilur sér í fyrsta lagi réttinn á að búa yfir þeim, í öðru lagi að hóta beitingu þeirra og í þriðja lagi að játa hvorki né neita tilvist þeirra á einstökum stöðum á yfirráðasvæði sínu, hvort sem er á landi, í herskipum eða flugvélum. Gott væri að hæstv. utanrrh. útskýrði hvort það er ástæðan.

Ef ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. metur það öðruvísi en t.d. forveri hans á stóli formanns í Framsfl., að lagasetning af þessu tagi sé ekki samrýmanleg skuldbindingum okkar á vettvangi NATO, þá væri mjög fróðlegt að fá að heyra í hverju það liggur. Ef ágiskun mín reynist rétt, um að það sé þessi kjarnorkuvígbúnaðarstefna, hvers virði eru þá yfirlýsingar Íslendinga um að hér skuli aldrei vera kjarnorkuvopn? Hvað var á bak við þær fullyrðingar? Voru þær ekki jafnmikið í ósamræmi við skuldbindingar okkar eins og lögfesting hins sama? Af hverju ekki? Hvað er að marka þá yfirlýstu stefnu íslenskra stjórnvalda frá 8. og fyrri hluta 9. áratugarins um að hér skyldu aldrei vera kjarnorkuvopn? Það var staðfest með samþykkt Alþingis 1985. Var eitthvað á bak við það? Voru það orð sem Íslendingar máttu hafa til heimabrúks en voru innihaldslaus gagnvart NATO eða kjarnorkuveldunum sjálfum, t.d. Bandaríkjunum?

Ég rifja upp, herra forseti, að þegar sá sem hér stendur lagði fram fyrirspurn og spurði þáv. hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson um það hvort hin yfirlýsta stefna Íslands um að hér skyldu ekki vera kjarnorkuvopn tæki jafnframt til íslenskra hafna og til íslenskrar landhelgi og lofthelgi, þá svaraði þáv. hæstv. utanrrh., og varð heimsfrægt, að svo væri. Hann kvað þetta taka til hafna, komu erlendra herskipa í íslenskar hafnir og íslensku lofthelginnar upp yfir 12 mílna landhelginni. Þetta vakti mikla athygli og litla hrifningu í Bandaríkjunum að sögn. A.m.k. fór svo að þáv. hæstv. utanrrh. var á harðahlaupum næstu sólarhringa eftir að m.a. bandarískir fjölmiðlar höfðu slegið þessu upp, hugsanlega voru einhver viðbrögð. Þáv. hæstv. utanrrh. var á harðahlaupum við að draga úr gildi þessarar yfirlýsingar sinnar. Var það af þessum ástæðum? Var það af sömu ástæðum og hæstv. utanrrh. nú segir að þetta samrýmist ekki aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu?

Að lokum, herra forseti, verður að segja það alveg eins og það er: Trú hæstv. utanrrh. á fyrirbærið NATO er mikil. Það er ábyggilega þægilegt, dregur úr áhyggjum, menn sofna sjálfsagt öruggari á kvöldin og vakna á morgnana ef þeir trúa eins og hæstv. utanrrh. gerir, að NATO hafi tryggt friðinn, sé friðarbandalag og NATO sé að þakka að kommúnisminn leið undir lok og allir geti nú sofið rólegir.

Það tjáir lítt að ræða um söguna í páskildagatíð en maður freistast stundum til þess að spyrja sig spurninga með samtengingunni: ef. Ég leyfi mér að spyrja: Ef hlutirnir hefðu nú farið öðruvísi á kaldastríðstímanum, þegar stórveldin stóðu grá fyrir járnum hvort frammi fyrir öðru, hvað þá? Að sögn kunugra munaði hársbreidd ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar heldur sennilega a.m.k. þrisvar sinnum að kjarnorkustyrjöld skylli á, þar á meðal einu sinni í Kúbudeilunni. Ef við bara hugleiðum aðeins andartak þetta „ef", sækja þá engar efasemdir á hæstv. utanrrh. um að það hafi kannski verið dálítið glannalegt fyrir heiminn meðan á þessu stóð og sé það jafnvel enn þá að eiga öll þessi skelfilegu vopn?

Ég verð að segja alveg eins og er að mín heimsmynd er ekki svona einföld. Því miður hef ég einhvern veginn af þessu áhyggjur í allt öðru samhengi en hæstv. utanrrh. virðist halda.

Ég er svo að allra síðustu, herra forseti, algjörlega sannfærður um eitt, þ.e. að almenning í löndunum mun halda áfram að dreyma um betri og friðvænlegri heim þar sem þessi skelfilegu vopn eru ekki til staðar. Ég vona að sá draumur muni rætast. Kannski hitti Václav Havel, leikritaskáldið góða og sá ágæti heimspekingur, naglann á höfuðið þegar hann sagði um NATO — hæstv. utanrrh. væri kannski hollt að fara yfir það og rifja það upp — að NATO væri þrátt fyrir allt fyrst og fremst gamaldags klúbbur hershöfðingja sem væri að daga uppi í nútímanum og væru ekki endilega til framdráttar fyrir okkur að draga með okkur inn í framtíðina. Þetta sagði nú Václav Havel þó að hann væri að beita sér fyrir því að þjóð sín sækti um aðild að þessum sama klúbbi.

[17:32]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi sami ágæti maður, Václav Havel forseti, sagði við mig þegar ég kom í heimsókn til hans ágæta ríkis, Tékklands: „Ég stóð að því og var í fremstu röð við að leggja Varsjárbandalagið niður. Og ég ætlast til þess, vegna þess að ég hafði forustu um að taka þar tappann úr þannig að það varð að leggja niður starfsemi sína, að mitt land fái aðild að Atlantshafsbandalaginu." Hann ætlaðist til þess þannig að það var alveg ljóst að Václav Havel var mikill áhugamaður um að hans land gengi í Atlantshafsbandalagið sem Alþb. er að vísu á móti. Og það er slæmt til þess að vita að hann og hans þjóð skuli fá þær móttökur af þeim.

*Ég vil að lokum segja um þetta mál að það er ágreiningur milli mín og Alþb. um þau einföldu sannindi að ég er þeirrar skoðunar að þessum vopnum verði útrýmt eftir leið samninga en ekki eftir leið einhliða yfirlýsinga eða lagasetningar í einstökum löndum.* Þetta er grundvallarskoðanamunur. Við erum hins vegar sammála um það markmið að útrýma þessum vopnum. Verulegur árangur hefur orðið á þessum sviðum, t.d. stórveldasamningar, NPT-samningurinn sem hér hefur verið nefndur, bann við tilraunasprengingum og efnavopnasamningurinn. Ég vil líka geta þess að Atlantshafsbandalagið og lönd þess hafa hjálpað til og unnið að því *að hreinsa til á Kolaskaga og vonandi munu þjóðir heimsins* halda áfram að reyna bægja frá þeirri miklu vá sem þar er.

[17:34]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að fjöldi þjóða og í heilum heimsálfum eru menn ekki sammála hæstv. utanrrh. um að þetta eigi allt að ráðast af hagsmunum stórveldanna og að kjarnorkuveldin eigi að hafa forustuna í þessum efnum. Nýsjálendingar voru t.d. ekki þeirrar skoðunar. Þeir fóru út í einhliða aðgerðir. Þeir voru aðilar að hernaðarbandalagi, hernaðarbandalaginu ANZAC, og voru reknir úr því eða svo gott sem þegar þeir einhliða lýstu yfir kjarnorkufriðlýsingu Nýja-Sjálands. Og af hverju gerðu þeir það? Það var vegna þess að almenningur í Nýja-Sjálandi vildi það. Menn horfðu upp á framferði Frakka með tilraunasprengingum í Kyrrahafinu og það var bullandi meiri hluti fyrir því að taka af skarið með lögum að Nýja-Sjáland og nýsjálenskt yfirráðasvæði skyldi vera kjarnorkuvopnalaust. Það var gert og Bandaríkjamenn urðu að bíta í það súra epli að þessi litla þjóð sem er nú ekkert mjög stór, 3,5 milljón manns, Nýsjálendingar, gerðu uppreisn og friðlýstu sitt land og það hafa verið fjölmargar einhliða aðgerðir af því tagi.

Af hverju hafa margir málsmetandi stjórnmálamenn á Norðurlöndunum verið að ræða um þá hugmynd að Norðurlöndin öll yrðu kjarnorkuvopnalaus? Það er í sjálfu sér umræða um einhliða aðgerðir. Jú, það er af því að menn eru ekki sáttir við það að hlutirnir gerist jafnhægt a.m.k. og þeir eru að gerast, ef eitthvað er þá að gerast. Það má alveg spyrja sig: Er nokkuð á bak við þau orð miðað við það sem við

sjáum í stefnu NATO í dag eða Bandaríkjanna eða Frakka, að menn séu að undirbúa þá framtíð að við losnum við þessi vopn? Ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég velti því fyrir mér hvort einhverjar innstæður séu í raun fyrir því þá efast ég um það vegna þess að mér virðist trú manna á þessi vopn enn þá því miður svo mikil. Menn eru á fullri ferð að réttlæta tilvist þeirra á ýmsan hátt.

Ég er því að sjálfsögðu ekki sammála hæstv. utanrrh. um að menn eigi að sitja og standa eins og kjarnorkuveldin vilja. Ég tel að íslenska þjóðin hafi sjálfsákvörðunarrétt til þess að ákveða að Ísland sé kjarnorkufriðlýst land.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenskt sendiráð í Japan, fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 94. mál. — Þskj. 94.

[17:37]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um íslenskt sendiráð í Japan. Flm. að þessu máli ásamt mér eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Tillagan er stutt, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998."

Þessi tillaga var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi og þá stóðu að tillöguflutningi með þeim sem hér talar hv. þáv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, Jón Helgason og Kristín Einarsdóttir. Veigamikil röksemd fyrir flutningi tillögunnar þá og er enn er sífellt aukin samskipti og mjög mikilvæg samskipti Íslendinga og Japana, bæði á sviði menningar og einnig á sviði viðskipta.

Við sem flytjum þetta mál hér enn og aftur erum þeirrar skoðunar að þrátt fyrir opnun sendiráðs í Kína í ársbyrjun 1995 þá mæli brýnir hagsmunir með því að opnað verði íslenskt sendiráð í Japan vegna mikilvægis tengsla Íslands og Japans og vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í öðrum fjölmennum ríkjum Austur-Asíu.

Þessari tillögu er ekki teflt á neinn hátt gegn því sendiráði sem hefur verið opnað í þessum heimshluta. Það var auðvitað álitamál þegar það var gert og ég hefði haft aðrar áherslur uppi í þeim efnum á þeim tíma. En hér er sem sagt þessi tillaga flutt og fyrir henni eru færð rök í greinargerð frekar en ég hef þegar mælt fyrir. Ég ætla ekki að fara yfir einstakar talnalegar staðreyndir sem eru hér raktar í sambandi við þróun viðskipa og önnur samskipti lands okkar við Japan en undirstrika gildi þess að þarna verði um jákvæða þróun að ræða í samskiptum ríkjanna sem af Íslands hálfu væri undirstrikað eins og sem tillagan gerir ráð fyrir.

Í fskj. með tillögunni er að finna skrá yfir íslensk sendiráð og starfsmannafjölda þeirra erlendis. Þessi skrá er unnin upp úr Handbók utanríkisráðuneytissins og er út af fyrir sig fróðlegt gagn sem slíkt að hafa það yfirlit hér til hliðsjónar.

Ég hef vænst þess að hæstv. ríkisstjórnar tæki þá ákvörðun að stíga það skref sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Vaxandi undirtektir hafa verið við þetta mál og þessa stefnu sem er að finna í þessari tillögu. Ég minni á leiðara í Morgunblaðinu 9. janúar 1997 þar sem tekið var undir með hæstv. forsrh. í sambandi við gildi þess að byggja upp utanríkisþjónustuna og að opnað verði sendiráð í Japan og hugsanlega einnig aukið við annars staðar þar sem við höfum haft lítil samskipti, þó að reynt hafi verið að rækja þau héðan, m.a. að heiman, utan það að ýmis okkar sendiráð erlendis skipta með sér verkum að gæta hagsmuna sem víðast. Þar er mikið og gott starf unnið af fámennri utanríkisþjónustu okkar. En ekki verður yfir allt komist og það er mjög þýðingarmikið að við stígum þarna frekari skref í að byggja upp okkar utanríkisþjónustu.

Ég hef oft hugsað til þess hvort unnt væri að fjölga diplómatískum sendimönnum okkar erlendis með enn minni kostnaði í einhverjum tilvikum en gerist með þeim sendiráðum sem nú eru starfrækt. Ég skal ekki leggja mat á hvað raunhæft er í þeim efnum en auðvitað hljótum við að leitast við að halda sparlega á um leið og við náum sem bestum árangri fyrir hönd okkar lands og í samskiptum við aðrar þjóðir með starfrækslu utanríkisþjónustu okkar.

Ég teldi æskilegt að fá heyra frá hæstv. utanrrh. hvert mat utanrrn. sé á þessu máli. Ég hef heyrt þetta viðrað öðru hverju á undanförnum árum og metið það svo að raunverulegur vilji og ásetningur væri fyrir því að stíga þetta skref og að þessi hugmynd sem var upphaflega flutt á Alþingi af þingmönnum úr fjórum flokkum sem höfðu raunar þá nýlega verið í heimsókn í Japan — það var kannski kveikjan að því að þessi tillaga var upphaflega flutt — gæti orðið lóð á þá vogarskál að ríkisstjórnin tæki þetta skref.

[17:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þann áhuga og stuðning sem hann sýnir eflingu utanríkisþjónustunnar. Þrátt fyrir ólík sjónarmið í utanríkismálum er mjög mikilvægt að samstaða ríki á Alþingi um að standa bærilega myndarlega að utanríkisþjónustunni og þar liggja mörg verkefni fyrir. Alþjóðasamstarfið fer stöðugt vaxandi og ekki verður hjá því komist að við Íslendingar tökum þátt í því á einn eða annan hátt. Það liggur því alveg fyrir að það kallar á fleira fólk, bæði á vegum utanrrn. og ýmissa annarra ráðuneyta og stofnana, m.a. Alþingis.

Við reynum að sinna þessu af bestu getu. En þegar stofnaðir eru fleiri og fleiri samstarfsvettvangar eins og Eystrasaltsráðið, Barentsráðið, Norðurskautsráðið og svo mætti lengi telja, stofnanir sem tengjast Atlantshafsbandalaginu, þá kallar þetta allt á meiri vinnu og fleira fólk. Það er jafnframt alveg ljóst að mínu mati að ekki verður komist hjá því að stofna fastanefnd eða sendiráð í Vínarborg vegna ÖSE.

Við verðum eins og aðrar Evrópuþjóðir að taka ríkari þátt í öryggismálaumræðu Evrópu og ÖSE er þar mjög mikilvægur vettvangur eins og þingmenn Alþb. hafa m.a. lagt áherslu á í umræðum í dag en þar höfum við enga viðveru einir Evrópuþjóða. Það er nokkuð sem gengur ekki til lengdar. Hins vegar má gera það á margan hátt og ekki þar með sagt að þar þurfi að vera fullmannað sendiráð.

Það hefur verið og er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að opna sendiráð í Tókíó. Í þeim drögum að fjárlagatillögum sem utanrrn. hefur verið með í smíðum fyrir árið 1999 hefur verið gert ráð fyrir því. Hins vegar verður að segjast alveg eins og er að það er kostnaðarsamt. Við gerum ráð fyrir því að rekstrarkostnaður verði u.þ.b. 95 millj. á ári miðað við að við slíkt sendiráð starfi sendiherra, sendiráðsritari, útsendur íslenskur ritari, staðarráðinn ritari og bílstjóri. Þessi áætlun er byggð á reynslu Norðmanna af rekstri sendiráðs í Tókíó. Auk þess mundi falla á ráðuneytið 8 millj. kr. vegna búferlaflutninga og embættisferða og því um líks. Við stofnun slíks sendiráðs yrði stofnkostnaður að lágmarki 24 millj. kr.

og er þá gert ráð fyrir því að húsnæði yrði leigt undir bæði sendiráð og sendiherra.

Þetta yrði langdýrasta sendiráð okkar. Ég geri mér ekki enn þá grein fyrir því hvort slíkur kostnaður rúmast innan fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það liggur alveg fyrir að fjárlagagerðin verður erfið og það þarf að standa gegn ýmsum áformum um aukningu útgjalda og utanrrn. hlýtur að standa frammi fyrir því eins og öll önnur ráðuneyti. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að það ríki skilningur á Alþingi að þetta er mikilvægt.

Í október sl. fóru tveir af embættismönnum ráðuneytisins, Helgi Ágústsson ráðuneytisstjóri og Jón Egill Egilsson, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu, til Japans til að ræða við þarlend stjórnvöld um hugsanlega opnun sendiráðs þar. Við leggjum á það áherslu að ef þetta gerist opni Japanar samhliða sendiráð hér á landi. Þeir hafa ekki verið tilbúnir til að gefa slíka yfirlýsingu og sagt að fjármálaerfiðleikar þar í landi geri það að verkum að þeir geti ekki gefið bindandi yfirlýsingu að þeir gerðu slíkt hið sama. Hins vegar gera þeir ráð fyrir því að það kæmi til með að ýta undir stofnun sendiráðs hér en lýst því yfir að það sé ætlun þeirra að stofna upplýsingaskrifstofu hér eða Information Center. En ekki verður gert ráð fyrir því að þar yrðu japanskir starfsmenn, a.m.k. ekki til að byrja með.

Því var hins vegar lýst yfir í þessari ferð eftir að hafa hlustað á sjónarmið embættismanna okkar að málið yrði athugað alvarlega en það ítrekað að japanskir efnahagserfiðleikar kæmu í veg fyrir að hægt væri að ábyrgjast að japanskt sendiráð yrði stofnað í Reykjavík. Það væri jafnvel ekki hægt að gefa út yfirlýsingu um að slíkt yrði gert innan fárra ára.

Við teljum mikið grundvallaratriði að gagnkvæmni sé í sambandi við sendiráð. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að opna sendiráð í Finnlandi var m.a. sú að við vildum standa við gagnkvæmnisyfirlýsingar en sendiráð hafði starfað hér á landi í fimmtán ár. Ég er ekki að segja með þessu að ekki komi til greina að stofna til sendiráðs í Japan jafnvel þótt sendiráð þeirra yrði ekki opnað hér samtímis eða fljótlega upp úr því. Auðvitað þurfum við að leggja á það sjálfstætt mat. Ég bendi jafnframt á að mikil þörf er fyrir að stofna til sendiráða í öðrum heimshlutum og vil ég þá sérstaklega nefna Suður-Ameríku og Kanada vegna mikilla tengsla okkar við Kanada og Íslendingasamfélagsins þar. Það er ekkert sendiráð í löndum Mið- og Austur-Evrópu, svo ekki sé talað um Afríku. Ýmis lönd sem eru ekki miklu stærri en Ísland hafa verið að opna sendiráð víða um heim og ég nefni t.d. Lúxemborg í því sambandi þannig að það er alveg ljóst að þörfin fyrir þessa starfsemi er fyrir hendi.

Enda þótt ég sé að líta á útgjöldin á sendiráði í Japan er mér fullkomlega ljóst að það koma margvíslegar tekjur á móti. Við eigum svo mikilvæg samskipti við Japan að ég er í engum vafa um það að sendiráð þar mundi t.d. stuðla að auknum ferðamannastraum þaðan til Íslands og mundi örugglega örva viðskipti og samskipti milli landanna. Þjóðfélagslega er ég ekki í nokkrum vafa um að það hefði í för með sér tekjur fyrir landið en ekki kostnað.

[17:51]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir innlegg hans í umræðuna og þær upplýsingar sem hann hefur veitt um ráðagerðir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Ég tek undir margt af því sem hæstv. ráðherra sagði og ítreka að ég tel að skipuleg uppbygging utanríkisþjónustu okkar sé meðal brýnustu verkefna af okkar hálfu og að reyna að víkka sjóndeildarhringinn og samböndin í þeim efnum. Það er alveg sérstaklega mikilvægt að við komum okkur skipulega á landabréfið, ef svo má segja, í heimshlutum sem hafa verið vanræktir en góðar líkur eru á að árangur geti orðið af opnun sendiráða eða diplómatískrar nærveru á slíkum svæðum. Með tilliti til mikilla viðskipta og vafalaust mjög mikilla möguleika á að auka samskiptin við Japana sem eru líklega í fremstu röð sem efnahagsveldi í heiminum og hvers borgarar eru mikið í förum eins og hæstv. ráðherra gat um, þá tel ég það þurfi að athuga vandlega hvort ekki sé rétt að stíga það skref þrátt fyrir að mér sé ljóst að kostnaður sé umtalsverður við að koma upp sendiráði í Japan og brjóta ísinn, auðvitað í von um að það verði um gagnkvæmni að ræða. Ég tek undir orð hæstv. utanrrh. að slík gagnkvæmni er þýðingarmikil í samskiptum ríkja og hef ég lagt áherslu á það með ýmsum hætti þegar um sendiráð er að ræða. Ég ætla ekki að fara að rekja það en nefni þó að fyrir allnokkru flutti ég tillögu um að varðandi fjölda starfsmanna í sendiráðum yrði m.a. litið til ákvæða Vínarsamningsins þar að lútandi einnig þannig að ekki yrði gengið fram hjá slíkum alþjóðareglum.

Ég átta mig fyllilega á því að nærvera okkar með sendiráði eða ígildi sendiráðs í heimshlutum eins og Suður-Ameríku og Afríku gæti haft verulegt gildi og Kanada hlýtur einnig að vera á þessu blaði. Þetta þarf að sjálfsögðu að vega og meta og ég heiti hæstv. utanrrh. og hverjum sem vinnur að þessu máli stuðningi mínum til þess að þarna séu stigin ákveðin skref og þarna sé um skipuleg vinnubrögð að ræða vegna þess að ég er sannfærður um það að við njótum þess ef við komum okkur á kortið í þessum efnum öflugar en verið hefur. Það hefur verið allt of þröngur sjónhringurinn í utanríkisþjónustu okkar miðað við staðsetningu og því vænti ég þess að þarna verði stigin ákveðin skref hið fyrsta og geri mér vonir um að svo verði miðað við þær upplýsingar sem fram komu hjá hæstv. ráðherra.

Jafnframt tek ég undir sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. varðandi sendiráð í Vínarborg hjá ÖSE. Að mínu mati var ekki skynsamleg ráðstöfun að draga þar til baka sendimann okkar sem á sínum tíma hafði þar viðveru, að vísu við afskaplega frumstæð skilyrði, þannig að tæplega var til setunnar boðið, ef svo má segja, að hírast á hótelherbergi eins og ég held að hafi verið raunin með það sendiráð okkar en ég fagna því ef þar verður breyting á og tek undir það.

Ég legg til að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[17:56]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins taka fram vegna þess að ég hafði ekki tíma til þess í ræðu minni áðan að innan skamms er væntanleg skýrsla og álit nefndar sem hefur unnið að því að kanna hvernig standa beri að því að efla utanríkisþjónustuna á næstu árum. Þar hefur ágætis nefnd unnið að málum, m.a. með þátttöku stjórnmálaflokkanna, bæði stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna, og mikilvægra hagsmunaaðila í landinu. Ég vænti þess að skýrslan geti orðið grundvöllur að ákvörðunum í þessu efni á næstu árum. Ekki verður hægt að auka þetta starf nema smátt og smátt, það verður ekki gert í einu vetfangi en mikilvægt að marka stefnu til lengri tíma. Ég vænti þess að álit þessarar nefndar geti orðið grundvöllur að slíkri stefnumörkun sem geti ríkt um góð samstaða á Alþingi. Það er afar mikilvægt þrátt fyrir ágreining um utanríkismál að samstaða ríki um

utanríkisþjónustuna og verkefni og markmið hennar.

[17:58]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að taka undir það sjónarmið sem kom fram í lokaorðum hæstv. ráðherra og fagna því að von er á skýrslu um þessi efni sem drægi upp ákveðna sýn til mála. Ég tel einmitt mjög mikilvægt að það geti verið sem breiðust samstaða milli þingflokka á Alþingi um markviss skref í þessum efnum. Það er tiltölulega auðvelt að ala á tortryggni þegar um er að ræða samskipti okkar út á við og ber oft við að mikið er gert úr tilkostnaði. Það er vissulega rétt en hitt er jafnaugljóst að í heimi sem er orðinn samþættur á flestum sviðum eins og við þekkjum verða menn að vera þar þátttakendur og gera eins vel og mögulegt er. Sem betur fer hefur okkar fámenna utanríkisþjónusta unnið mjög vel á mörgum sviðum og við erum með ágætis starfsfólk í þessari þjónustu yfirleitt.

Ég vil jafnframt segja að fyrir þá sem taka þátt í alþjóðasamstarfi, það hef ég gert um langt skeið með einum og öðrum hætti, þá finnur maður ekki fyrir því í samskiptum við fólk sem er að rækja mál á erlendri grundu að það geri neinn mannamun óháð því hvaða viðhorf menn hafa. Það finnst mér mikils virði og vil að það komi fram og ég er afar þakklátur fyrir það hvernig þjónusta okkar rækir verk sín að þessu leyti og er tiltölulega opin að því er varðar og reiðubúin að miðla m.a. til þingmanna sem eru í verkum á vegum Alþingis erlendis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, fyrri umr.*

Þáltill. SF o.fl., 402. mál. — Þskj. 723.

[18:00]

**Flm. (Siv Friðleifsdóttir)**:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 723, 402. mál, um aukið samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að kanna möguleika aukins samstarfs Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þar á meðal á sviði veiðarfæranotkunar, vísindarannsókna, markaðssetningar og málflutnings um umhverfismál og fiskveiðar á alþjóðavettvangi.“

Sjálfbær nýting sjávarafurða er mikilvægt hagsmunamál Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna. Fiskveiðar hafa frá alda öðli verið órjúfanlegur hluti af menningu og lífi fólks í þessum löndum og þjóðirnar veiða að hluta úr sömu fiskstofnum. Samstarf um sjálfbæra nýtingu fiskstofna liggur því í hlutarins eðli. Þjóðirnar fjórar eru smáþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Því hefur þeim reynst örðugt að koma málstað sínum á framfæri á alþjóðavettvangi, svo sem í sel- og hvalveiðum, og gildir þá einu hversu góðum rökum hann er studdur. Órökstuddur áróður fyrir banni við þorskveiðum í Norður-Atlantshafi hefur birst í auglýsingum erlendis. Auðveldara væri fyrir þjóðirnar að bregðast við slíku og sýna fram á sjálfbæra nýtingu auðlinda ef fiskveiðar væru stundaðar með svipuðum hætti í efnahags lögsögu landanna allra. Því er eðlilegt að þær starfi saman í auknum mæli.

Markmið samstarfs landanna fjögurra skulu vera eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að tryggja sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og verndun lífríkis sjávar með svipaðri fiskveiðistjórn sem tæki m.a. til veiðarfæranotkunar og vísindarannsókna.

Ég held að það sé samdóma álit flestra að stórefla þurfi vísindarannsóknir á fiskstofnunum. Að mínu mati væri mjög æskilegt að við hefðum svipaða fiskveiðistjórnun á þessu svæði. Hún er ekki eins í dag. Færeyjar eru með sóknarmark og við erum með kvótakerfi, fórum úr sóknarmarkinu. Það er að sjálfsögðu himinn og haf má segja sem skilur þar á milli en ég held að mjög æskilegt væri að þessar þjóðir skoði það að reyna að vera með veiðistjórn sem væri sambærilegri en hún er í dag og þá er ég að sjálfsögðu að vonast til þess að Færeyingarnir taki frekar upp annað kerfi en þeir nota núna.

Í öðru lagi ætti markmið samstarfsins að vera að bæta vígstöðu ríkjanna í baráttu gegn ofverndunarsjónarmiðum í sjávarútvegi, t.d. með samræmdum málflutningi á alþjóðavettvangi.

Og í þriðja lagi að vinna gegn mengun Norður-Atlantshafsins svo sem vegna úrgangs kjarnorkuendurvinnslustöðvar í Sellafield.

Það mál hefur talsvert verið rætt á samnorrænum vettvangi. Í Gautaborg 27. febrúar á þessu ári kom yfirlýsing frá umhverfisráðherrum þessara landa, samnorrænu landanna, og sendu þeir bréf til umhverfisráðherra Bretlands þar sem þeir lýstu miklum áhyggjum yfir mengun frá Sellafield. Þeir báðu Bretana um að stöðva þá mengun eins og hægt væri þangað til afleiðingar af slíkri mengun væru kunnar og menn hefðu skoðað betur að setja upp öflugri hreinsibúnað. Umhverfisráðherra Svíþjóðar, Anna Lindh, fór fyrir hópi umhverfisráðherra Norðurlandanna og sagði í yfirlýsingu sinni að sjávarsvæðið í Norður-Atlantshafi væri viðkvæmt fyrir mengun og Bretarnir ættu að taka tillit til þess.

OSPAR-samningurinn er líka mál sem kemur upp í hugann þegar maður ræðir mengun í hafi. Í Morgunblaðinu í morgun er einmitt grein eftir hæstv. umhvrh. Þar er komið inn á Sellafield og þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði samningsins eins og þau eru nú munu ein og sér ekki koma í veg fyrir t.d. losun teknesíums frá Sellafield-verinu, sem verið hefur í fréttum undanfarna mánuði, en þau leggja þá kvöð á bresk stjórnvöld að sýna fram á að hún sé hættulaus fyrir umhverfið og munu auka enn þrýsting á að stöðva þessa losun, þar sem samningurinn er vettvangur umræðna og sameiginlegra ákvarðana um umhverfismál.“

Hér er um við að taka jákvætt skref með þessum OSPAR-samningi líka.

Í fjórða lagi tel ég að markmiðið með samstarfi þessara fjögurra landa, Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs ætti að vera að fjölga sóknarfærum í markaðssetningu á sjávarafurðum, t.d. með vísan í hreinleika afurðar og umhverfisvæna nýtingu auðlindarinnar í Norður-Atlantshafi. Þetta hefur einnig verið að einhverjum hluta skoðað á samnorrænum vettvangi en norræna ráðherranefndin hefur skipulagt upplýsingaherferð sem heitir Græna bylgjan. Markmiðið með henni er að upplýsa annars vegar almenning á Norðurlöndum um sjávarútveg og tengsl sjávarútvegsins við umhverfið og hins vegar, sem er alls ekki síðri tilgangur, á þessi upplýsingaherferð að upplýsa fólk á helstu markaðssvæðum okkar sjávarútvegs, þ.e. fólkið sem kaupir fiskinn. Þetta er m.a.

gert vegna þess að ýmsir aðilar hafa verið með upplýsingar um rányrkju á fiskveiðum víða um heim en þar eru samtök svo sem Unilever og World Wildlife Fund sem hafa mest haft afskipti af þeim málum og þessi samtök eru í dag að undirbúa eins konar umhverfismerkingar eða einhvers konar gæðastimpil á fisk sem er veiddur með sjálfbærum aðferðum. Með slíkum merkingum ættu neytendur að geta haft áhrif á þau ríki sem stunda fiskveiðar og þvinga þau til að stunda sjálfbærar veiðar.

Það er hins vegar áhyggjuefni ef þessi samtök, World Wildlife Fund og Unilever, ákveða einhliða hvernig að slíkum umhverfismerkingum eigi að standa þar sem þessi samtök hafa verið mjög misvísandi í málflutningi sínum í sambandi við ofveiði. Af þessum sökum hefur hópur á vegum norrænu ráðherranefndarinnar verið settur á stofn til að skoða möguleika á umhverfismerkingum á sjávarfangi og eftir hvaða reglum ætti þá að fara og hvaða skilyrði um sjávarfang ætti að uppfylla til að geta fengið þessa merkingu. Þetta mál hefur í gegnum þann vettvang verið tekið upp við FAO, Alþjóða matvæla- og landbúnaðarstofnunina en fékk, að mér skilst, eitthvað dræmar viðtökur þar.

Varðandi þessa upplýsingaherferð, Grænu bylgjuna, sem Norðurlöndin standa að er ágætt að koma því á framfæri hérna að sú herferð er að hefjast og til stendur að fara í víðtæka skoðanakönnun um viðhorf til fiskveiða og tengsl þeirra við sjálfbæra þróun. Spyrja á fjölda manns m.a. í einhverju hinna norrænu ríkja sem stunda fiskveiðar. Ég veit ekki hvort búið er að ákveða hvort gera á það hér á Íslandi en ég vona það. Einnig á að spyrja fólk í markaðslöndunum. Þessi könnun á að kosta 4 millj. íslenskra króna en nú þegar er búið að nota 8 millj. í undirbúning þessarar herferðar, Grænu bylgjunnar. Stefnt er að því að fjármagn komi utan frá í þessa herferð frá svokölluðum „sponsurum" og fé verði einnig tekið af norrænu fjárlögunum á næsta ári býst ég við.

Þótt Íslendingar, Færeyingar, Grænlendingar og Norðmenn séu vissulega smáþjóðir á alþjóðlegan mælikvarða, þá nær sameiginleg efnahagslögsaga þeirra yfir stóran hluta Norður-Atlantshafsins þannig að staða þeirra í umhverfismálum er mun veigameiri en stærð þjóðanna gefur til kynna. Með því að auka samstarf í fiskveiðimálum mundu þessi fjögur lönd sýna umheiminum og umhverfisverndarsamtökum að markmið sjálfbærrar þróunar og hagsmunir fiskveiðiþjóða geta og eiga að fara saman. Það væri því mun auðveldara að útskýra fyrir alþjóðasamfélaginu hvaða fyrirkomulag við höfum á veiðunum, að þær séu sjálfbærar og byggt sé á vísindalegri ráðgjöf. Samstarfið væri líka gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir eins og t.d. Evrópusambandsþjóðirnar sem löngum hafa átt í miklum erfiðleikum með fiskveiðistjórn og eftirlit. Þá yrði um leið tryggt að þessi sameiginlega rödd þjóðanna fjögurra mundi heyrast betur á alþjóðavettvangi en rödd hvers lands fyrir sig.

Ég ræddi á sínum tíma þessa hugmynd við nokkra aðila í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Það er eitt af því góða við norrænt samstarf að maður getur haft beinan aðgang að valdamönnum í hinum norrænu ríkjunum og ég tók þetta mál upp í andsvari við Edmund Johansen á síðasta þingi Norðurlandaráðs. Í svari hans kom fram að hann er nokkuð jákvæður gagnvart þessari hugmynd en hann er reyndar að fara frá núna eins og heyrst hefur í fréttum í dag og í gær. Ég tók þetta mál líka upp við Paaviaaraq Heilmann, sjávarútvegsráðherra Grænlands og einnig Peter Angelsen, sjávarútvegsráðherra Noregs. Hafa þessir aðilar lýst a.m.k. jákvæðum viðhorfum til aukins samstarfs að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir þessari þáltill. Það er nú svo merkilegt að yfirleitt vill maður fá miklar umræður um tillögur sínar en ég á að vera mætt annars staðar kl. 6.30 og því miður verð ég að mæta þar, þannig að ég vona að ég fái einhver viðbrögð en að umræðum verði samt stillt í hóf.

[18:11]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það reynir á hófstillinguna ef uppfylla á óskir hv. flm. Ég skal reyna að taka tillit til þess samkvæmt óskum 1. flm. tillögunnar að tíminn er naumur. En tillagan er umræðunnar virði. Ég tel að hér sé mál sem sjálfsagt er að ræða og athuga í þinginu þó að ég hafi nokkrar ábendingar að gefa varðandi málið.

Svipuðu máli var hreyft ekki alls fyrir löngu á Alþingi. Það mun hafa verið á síðasta þingi. Hv. þm. Svavar Gestsson flutti mál sem var skylt því sem hér er verið að mæla fyrir, og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson varaþm. frá Norðurl. e. mun hafa verið 1. flm. málsins á Alþingi.

Ég tel auðvitað sjálfsagt að þjóðirnar við norðvestanvert Atlantshaf hafi með sér gott samstarf um lífshagsmuni sína eins og hér er vikið að í tillögunni. Það eru viss atriði sem ég hef samt nokkrar áhyggjur af varðandi áherslur sem komu fram í máli hv. flm. Það er í fyrsta lagi það að samhæfa fiskveiðistefnu. Það er gott markmið en býsna stórt viðfangsefni, jafnmikið og ber á milli. Ég veit ekki hvort við erum þeir ráðgjafar í þeim efnum. Þó að við teljum að sitthvað hafi verið vel gert í þeim efnum, þá efast ég um að það væri góð gjöf að öllu leyti til þessara þjóða ef við ætluðum að fara að ráðleggja þeim að taka upp stefnu okkar í öllum atriðum varðandi fiskveiðistjórnun en ekki ætla ég að ræða það frekar eða rökstyðja. Ég bendi á það.

Í öðru lagi er þess að gæta að Grænlendingar og Færeyingar eru ekki sjálfráðir um utanríkisstefnu sína nema að takmörkuðu leyti af sérstökum ástæðum þannig að þar eru auðvitað hindranir í vegi.

Í þriðja lagi það sem kemur fram í greinargerð með tillögunni og lýtur að umhverfisverndarsamtökum og ofverndunarsjónarmiðum, eins og það er kallað hér, og sú varnarstaða sem dregin er upp gagnvart því sem kallað er umhverfisverndarsamtök almennt. Ég skal ekki hafa á móti því að farið sé yfir þá stöðu mála en ég segi það hreint út að ég hef verið ósáttur við málafylgju íslenskra stjórnvalda gagnvart því sem eru frjáls umhverfissamtök og vísa þar til málafylgju af Íslands hálfu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem hefur líka komið fram í máli bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og kom fram í skýrslu sem var flutt þinginu þar sem mér fannst að væri verið að veifa eða sýna ekki alveg rétt merki.

Umhverfisverndarsamtök eru eins og önnur frjáls félagasamtök af mjög mismunandi toga þannig að það er alveg nauðsynlegt að menn skýri mál sitt í þeim efnum hvaða samtök og hvað er það sem menn eru að gagnrýna. Við getum ekki haft á móti því að skoðanir séu fjölþættar. Við eigum hins vegar að vega og meta hvað fellur að hagsmunum okkar í þeim efnum og ég hef síst á móti því. En þessar stuttorðu merkjasendingar sem hafa verið gefnar á alþjóðavettvangi af hálfu íslenskra stjórnvalda eru ekki að öllu leyti til þess fallnar að styrkja stöðu okkar. Það er einhver spenna í lofti, eitthvað yfirspennt af hálfu Íslands þegar verið er að skoða samskipti við samtök, og ég leyfi mér að nefna samtök eins

og Greenpeace sem oft er vísað til. Ég er ekki sammála öllu sem frá þeim samtökum kemur frekar en ýmsum öðrum. Ég hef oft og tíðum gert athugasemdir þar. Afstaða mín t.d. til hvalveiða almennt liggur fyrir en mér er ekki sama hvernig á þeim málum er tekið og ég tel að það sé ekki beinlínis til fyrirmyndar hvernig hefur verið haldið á þeim málum af ríkisstjórn Íslands og hér á Alþingi.

Maður tekur eftir því að það mun verða komið jafndægur á vori þegar tillaga frá stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar kemur inn í þingið um að hefja hvalveiðar. Þetta er einmitt að gerast þessa dagana. Hvað eru menn að fara að taka ekki svona mál upp snemma á þingi, endurflytja tillögur sínar, eða umsemja eftir atvikum, frekar en vera með sýndartillögur í stórum málum, sem ég leyfi mér að kalla svo, með því að setja þau fram á síðustu vikum þinghalds og ætlast væntanlega til þess að þær fái efnislega afgreiðslu. Þetta finnst mér illa til fundið og mér finnst við ekki halda nógu vel á þessum málstað. Ég ætla þó ekki að fara að gera þá tillögu að sérstöku umræðuefni en hún tengist málinu á vissan hátt. Hv. flm. er einmitt meðflutningsmaður á hinni fyrri tillögunni sem ég nefndi hér um hvalveiðar þannig að það er greinilegt samhengi þar á milli. Þar er allt í einu vísað til tillagna Hafrannsóknastofnunar. Íslendingar eiga ekki aðeins að fara að taka upp hrefnuveiðar með því að brjóta ísinn heldur að hefja stórhvalaveiðar á langreyðum, 100 stykki takk og enginn markaður. Hvað eru menn að fara sem flytja slík mál inn á Alþingi Íslendinga? Ætla menn að fara að gera mönnum að éta þetta allt á innanlandsmarkaði þegar ekki hefur verið sýnt fram á að sé neinn markaður erlendis? Er þetta að standa skynsamlega að málum?

Ég leyfi mér að benda hv. flutningsmönnum þeirrar tillögu sem við ræðum hér á að um leið og við höldum að sjálfsögðu fram þeim málstað sem við höfum sannfæringu fyrir eigum við að reyna að umgangast frjáls félagasamtök, sem vinna í umhverfismálum eins og á öðrum sviðum, bæði af reisn en einnig með velvild. Við eigum kunna að hagnýta okkur þann málflutning, a.m.k. þar sem hagsmunir fara saman og þar sem sjónarmið fara saman eins og réttilega er vikið að í þessari tillögu, varðandi mengun hafsins þar sem þau sömu samtök, sem við erum að gagnrýna að því er varðar nýtingu sjávarauðlinda, hafa verið þau sem hafa lagt mest á sig til þess að berjast gegn mengun hafsins og vekja athygli á því og félagar úr þeim stofna jafnvel lífi sínu í hættu með aðgerðum til þess að vekja athygli á ósæmilegu framferði í umgengni við hafið að því er mengun varðar.

Þetta vildi ég segja hér. Ég skal ekki hafa orð mín fleiri þó að mér búi ýmislegt í brjósti varðandi tillöguna og læt því staðar numið.

(**Forseti** (StB)**:** Vegna ábendingar hv. þm. skal þess getið að vorjafndægur eru ekki fyrr en á morgun.)

[18:20]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég byrja á að taka það fram að ég krefst engrar viðveru hv. þm. ef þingmaðurinn þarf að hverfa til annarra verkefna. Ég ætla hins vegar aðeins að taka undir að um mikið hagsmunamál að er ræða fyrir okkur Íslendinga og nágranna okkar í þeim tilgangi að auka samkennd og samvinnu þessara þjóða sem eiga allar mikið undir sjávarútvegi.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að löndin hafi skynsamlegt samstarf um veiðistjórnun úr stofnum sem eru sameiginlegir þannig að sameiginleg ásjóna landanna beri vitni um ábyrga fiskveiðistjórnun en ekki rányrkju. Hvort við getum orðið sammála nákvæmlega um það hvernig fiskveiðistjórninni skuli háttað er annað mál og þar er alllangt í land en mikilvægast af öllu að markmiðið sé ábyrg fiskveiðistjórnun og skynsamleg nýting auðlindanna.

Ég tel jafnframt mikilvægt að þessi lönd hafi samráð um hvernig eigi að bregðast við andsnúnum áróðri um hvers konar sjávarnytjar á erlendum vettvangi. Vegna þess sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði um verndunarsamtök og umhverfisverndarsamtök þá tel ég mig ekki hafa ofsagt neitt í þeim efnum. Ég gerði sterkar athugasemdir við framkomu World Wildlife Fund í garð okkar Íslendinga. Það varð til þess að samtökin sendu fulltrúa sína hingað til lands til að útskýra sjónarmið sín og þeir báðust reyndar afsökunar á því hvernig þeir höfðu komið fram gagnvart okkur.

Við höfðum gert athugasemdir við aðild umhverfissamtaka að Norðurskautsráðinu og teljum nauðsynlegt að hægt sé að víkja þeim þar frá ef þau sýna óábyrga afstöðu gagnvart þeim þjóðum sem þar starfa. Það er mjög erfitt að fá einhverja fullvissu fyrir því frá þessum samtökum að þau beiti sér ekki ósæmilega gegn fiskveiðiþjóðum. Þessi samtök starfa í mörgum deildum og eru í reynd ekki lýðræðisleg í fyllstu merkingu orðsins. Ég get hins vegar tekið undir að málflutningurinn er misjafn eins og hjá Greenpeace. Ég hef verið mjög óánægður með ýmsar yfirlýsingar hjá Greenpeace en það vildi svo til á ráðstefnu sem við vorum báðir á, hv. þm. og ég, í Gautaborg fyrir stuttu að ég átti ágætar viðræður við fulltrúa Greenpeace á þeirri ráðstefnu og það kom í ljós að hann hafði fullan skilning á þeim málflutningi sem ég hafði þar í frammi og var í reynd sammála honum en það sama er ekki hægt að segja um hv. þm. Hann var ósáttur við málflutning minn þar. Ég vil alls ekki halda því fram að það sé allt slæmt sem kemur frá þeim sem starfa innan þessara samtaka. Það á líka við mengunarmál, mengun hafsins og mörg önnur ágæt mál sem þeir hafa barist fyrir.

Samstarf við Færeyinga hefur verið ágætt um árabil og okkur hefur tekist að bæta samskiptin við Grænland. Unnið er að gerð tvíhliða samninga við nágranna okkar auk þess sem þríhliða samstarfssamningur um sameiginlega karfa- og grálúðustofna hefur verið til umræðu meðal þessara þjóða. Við höfum reynt að nota hvert tækifæri til að bæta samstarf við þessar þjóðir, bæði með þríhliða viðræðum og tvíhliða viðræðum og ég mun m.a. í næstu viku eiga viðræður við lögmann Færeyinga í Þórshöfn um sameiginleg mál Íslands og Færeyja.

Síðast en ekki síst er rétt að geta þess að þrátt fyrir allt er mikilvægt fyrir okkur að eiga gott samstarf við Norðmenn á sjávarútvegssviðinu en það er nauðsynlegt að vinda bráðan bug á ágreiningsefnum þjóðanna síðustu árin, m.a. í þeim tilgangi að hægt sé að snúa sér af alefli að sameiginlegum baráttumálum allra þessara þjóða á vettvangi sjávarútvegsmála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Norræna ráðherranefndin 1997, ein umr.*

Skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda, 504. mál. — Þskj. 864.

[18:26]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar sem liggur frammi. Jafnframt liggur frammi venju samkvæmt starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1998. Skýrslan er samin á grundvelli upplýsinga frá öllum ráðuneytum auk annarra sem tengjast þessu samstarfi með setu í norrænum nefndum og stjórnum.

Skýrslunni er ætlað að gefa yfirlit yfir norrænt samstarf ríkisstjórnarinnar á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar árið 1997. Það ár höfðu Norðmenn með höndum formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Í ár gegna Svíar því hlutverki og næsta ár fellur hlutskiptið Íslendingum í skaut. Undirbúningur er þegar hafinn og vænti ég góðs samstarfs Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um framhald hans.

Norrænar fjárlagatillögur fyrir árið 1998 voru lagðar fyrir 49. þing Norðurlandaráðs í nóvember 1997 í Helsinki og fjárlögin samþykkt af samstarfsráðherrum landanna í kjölfarið. Í þeirri samþykkt var tekið fullt tillit til tilmæla Norðurlandaráðs um skiptingu fjárlaganna. Jafnframt er hafinn undirbúningur að þeirri könnun sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs lagði til í nefndaráliti sínu um fjárlögin. Þar var ósk um að kanna möguleika og auka fjármögnun utan norrænu fjárlaganna á starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins og Norrænu eldfjallastöðvarinnar auk nokkurra annarra stofnana með það fyrir augum að flytja síðan stofnanir þessar af norrænu fjárlögunum.

Vegna þess mikilvæga starfs sem unnið er á vegum Norrænu eldfjallastöðvarinar og vegna þess að hún er eina norræna stofnunin á Íslandi ef frá er talið Norræna húsið væri óásættanlagt af okkar hálfu ef starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar yrði hætt.

Hlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins er ekki síður mikilvægt í vaxandi norrænu efnahagssamstarfi. Þáttur iðnaðarrannsókna í því að bæta samkeppnisstöðu Norðurlanda sem heildar er óvefengjanlegur. Því þarf starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins að eiga sér stað með einum eða öðrum hætti þó ekki sé rétt að útiloka breytingar á þeirri stofnun frekar en öðrum.

Stöðugt er stefnt að nánara samráði við Norðurlandaráð um fjárlögin. Sá háttur hefur nú verið tekinn upp að leita umsagnar Norðurlandaráðs áður en norrænu samstarfsráðherrarnir ákveða fjárveitingar af óráðstöfuðum hluta fjárlaganna. Þýðing þess að halda eftir hluta fjárlaganna óráðstöfuðum við upphaf fjárlagaársins hefur aukist undanfarin ár. Ástæðan er einfaldlega sú að ákvarðanir um ný verkefni vegna formennskuáætlana landanna eru ekki teknar fyrr en eftir að búið er að samþykkja fjárlög viðkomandi árs.

Í fjárlögum ársins 1998 er í fyrsta sinn gefið gróft yfirlit yfir skiptingu norrænu fjárlaganna milli víddanna þriggja, þeirrar norrænu, evrópsku og grannsvæðanna. Leitast verður við að gefa enn betri mynd af þessari skiptingu í fjárlagatillögum ársins 1999 en Norðurlandaráð hefur um nokkurt skeið óskað eftir þessum upplýsingum. Nú þegar er einnig hafinn undirbúningur norrænu fjárlaganna fyrir árið 1999 en rammi þeirra, tæpar 717 millj. danskra króna, var samþykktur af samstarfsráðherrum í lok síðasta mánaðar. Þau verða að raungildi jafnhá fjárlögum þessa árs.

Eins og undanfarin þrjú ár hef ég við umfjöllun norrænu samstarfsráðherranna um fjárlögin lýst þeim vilja að verja nokkuð hærri fjárhæð til samstarfsins en niðurstaðan er óbreytt fjárveiting. Verður það að teljast viðunandi, m.a. í ljósi umræðu niðurstöðu um verulegan niðurskurð og sparnaðarkröfur á sviði ríkisfjármála allra landanna.

Á síðasta ári var hafinn undirbúningur að endurskipulagi skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar til að koma til móts við óskir Norðurlandaráðs um að færa skipulag samstarfs norrænu ráðherranefndarinnar nær því skipulagi sem Norðurlandaráð hefur þegar komið á sín störf. Þess er þó gætt að skipulagið endurspegli jafnframt uppbyggingu stjórnsýslunnar í aðildarlöndunum. Jafnframt verður unnið að því á árinu að skýra lagagrundvöll norrænu stofnananna þar sem úrbóta er þörf og ákveða skiptingu ábyrgðar milli viðkomandi aðila.

Samstarf það sem á sér stað innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar er afar fjölbreytt. Ráðherranefndin er samansett á 15 mismunandi vegu og embættismannanefndirnar eru 17 talsins. Auk þess eru að störfum margvíslegir vinnuhópar, sérfræðihópar og stjórnir stofnana. Þá starfa þjóðþing landanna saman sem kunnugt er og eiga samstarf við ráðherranefndina innan vébanda Norðurlandaráðs. Þetta er nefnt hið opinbera norræna samstarf. Auk þess á sér stað fjölbreytt norrænt samstarf milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndunum. Mikilvægt er að boðleiðir og upplýsingaflæði milli allra þessara aðila sé sem best. Þannig nærir og styrkir einn þáttur samstarfsins annan og líkur aukast á að góðar hugmyndir verði að veruleika. Því lét norræna ráðherranefndin á kanna árinu 1997 hvert væri umfang og eðli þess norræna samstarfs sem á sér stað milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Á grundvelli þeirrar könnunar liggja nú fyrir drög að norrænni samstarfsáætlun um aukin tengsl milli norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Ákvörðunar um hana er að vænta á árinu 1998. Samtök norrænu félaganna á Norðurlöndunum hafa þegar tekið ákveðið frumkvæði með því að standa fyrir svokölluðum norrænum þjóðfundum með víðtækri þátttöku fulltrúa frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin hefur stutt þetta framtak með fjárframlögum.

Á árinu 1997 var ákveðið að starfrækt yrði til reynslu norræn upplýsingaþjónusta sem norræna félagið í Svíþjóð rekur fyrir hönd norrænu ráðherranefndarinnar. Þannig gefst almenningi kostur á því að leita upplýsinga um rétt sinn samkvæmt norrænum milliríkjasamningum sem gerðir hafa verið. Starfsemi þess hefst á þessu ári. Vonir standa til að hún nýtist þeim fjölda Norðurlandabúa sem flyst milli Norðurlanda vegna náms og starfa og að stjórnvöld á Norðurlöndum fái á þennan hátt upplýsingar um hvernig þessir samningar eru framkvæmdir í löndunum og hvar úrbóta sé þörf.

Eins og ég sagði í upphafi er leitast við að gera norræna samstarfsvettvanginn þannig úr garði að hann verði æskilegur vettvangur fyrir þá stjórnmálaumræðu sem hæst ber hverju sinni. Til þess þarf góðan farveg fyrir upplýsingar um gang mála innan Evrópusamstarfsins frá degi til dags með tilliti til samnorrænna hagsmuna. Ég tel okkur hafa náð árangri í þessa veru á starfsárinu. Samstarfsráðherrarnir halda nú árlega fundi með sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel. Einn slíkur fundur var haldinn í fyrradag þar sem rædd voru

þau Evrópumál sem hæst ber í dag, þ.e. fjölgun aðildarríkja Evrópusambandsins, svokölluð Dagskrá 2000 og Schengen-samstarfið svo að eitthvað sé nefnt. Samstarfsráðherrarnir gáfu þar yfirlit yfir norræn áherslumál. Tengslin milli norrænu sendiráðanna í Brussel og þeirra sem starfa á norrænum vettvangi hafa styrkst. Með aukinni reynslu læra menn að þekkja betur en fyrr þau Evrópumál sem hafa norræna vídd. Öllum ætti þó að vera ljóst að pólitísk ákvarðanataka hjá ESB er oft, eins og dæmin sanna, slík að ómögulegt er að sjá fyrir í tíma hvernig mál snúast.

Norrænt samstarf við grannsvæðin er í jákvæðri þróun. Starfið fer fram samkvæmt árlegum áætlunum sem taka mið af því tvíhliða samstarfi sem á sér stað milli einstakra ríkja Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Norrænu upplýsingaskrifstofurnar sem starfræktar eru í Eystrasaltsríkjunum þremur og í Pétursborg gegna lykilhlutverki í þessu samstarfi. Norrænu samstarfsráðherrarnir eiga nú reglulega fundi með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna um helstu áhersluatriði samstarfsins. Þessir fundir eru afar vel til þess fallnir að gefa grannsvæðasamstarfinu þann pólitíska grunn sem nauðsynlegur er.

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands að veita samtökunum American-Scandinavian Foundation styrk að upphæð 250 þús. Bandaríkjadala vegna stofnunar norrænnar menningarmiðstöðvar í New York ákváðu samstarfsráðherrar Norðurlanda að veita tilsvarandi fjárhæð, 1,65 millj. danskra króna af norrænu fjárlögunum til þessa málefnis. Ríkisstjórn Finnlands ákvað síðar að fara að okkar fordæmi. Það er fagnaðarefni að Norðurlönd skuli hafa ákveðið að styrkja þetta verkefni sameiginlega. Stefnt er að því að Norðurlönd komi í framtíðinni sameiginlega að ákvörðunum um nýtingu menningarmiðstöðvarinnar.

Norrænt samstarf um málefni norðurskautssvæðisins er í jákvæðri þróun. Beinar fjárveitingar til starfseminnar af norrænu fjárlögunum eru nú rúmlega 2 millj. danskra króna. Í ár ákváðu norrænu menntamálaráðherrarnir að veita 6 millj. danskra króna til norrænnar rannsóknaráætlunar um málefni norðurskautsins sem nær til þriggja ára. Af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar verður fylgst náið með störfum Norðurskautsráðsins í þeim tilgangi að koma á skynsamlegri verkaskiptingu en Norðurskautsráðinu er ætlað að verða heildarrammi fyrir þá starfsemi sem snýr að málefnum norðurskautssvæðisins, ekki síst þeim er snúa að umhverfisvernd og sjálfbærri auðlindanýtingu.

Velferðarmál eru meðal þeirra þverfaglegu málefna sem heyra undir samstarfsráðherrana og sem náið samráð er haft um við viðkomandi fagráðherranefndir. Á árinu 1997 voru lagðar fram tvær skýrslur um velferðarmál á Norðurlöndunum á breiðum grundvelli. Jafnframt átti sér stað umræða um það efni á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1997. Samstarfsráðherrarnir munu halda áfram að fjalla um velferðarmál bæði með tilliti til þess hvernig fyrirliggjandi upplýsingar geti nýst Eystrasaltsríkjunum og hvernig þær verði kynntar í Evrópusambandinu.

Herra forseti. Ég hef stiklað á nokkrum þeirra fjölmörgu mála sem til umfjöllunar eru á norrænum vettvangi en vísa að öðru leyti til þeirrar umfangsmiklu skýrslu sem lýsir öllum þáttum samstarfsins. Ég vil ítreka þakkir til þeirra þingmanna sem starfa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og öðrum þeim þingmönnum sem hafa sinnt Norðurlandasamstarfinu fyrir ágætt samstarf og óskir um að framhald geti orðið á því.

## *Norrænt samstarf 1996–1997, ein umr.*

Skýrsla um norrænt samstarf, 567. mál. — Þskj. 959. [18:38]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf frá febrúar 1996 til desember 1997. Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík var skýrslan Nýir tímar í norrænni samvinnu lögð fram og samþykkt. Með skýrslunni var ákveðið að endurnýja bæri samstarfið og aðlaga það nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Nauðsynlegt væri að hleypa nýju lífi í starfshættina og laga þá að nýjum aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að ESB.

Á undanförnum tveimur árum hefur fari fram mikið starf í Norðurlandaráði í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í skýrslunni. Nú er norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu, þ.e. ESB og EES, og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra.

Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt á þann hátt að fagnefndir voru lagðar niður frá og með áramótum 1995/1996 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á fyrrgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og grannsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og auk þess stofnuð eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Flokkasamstarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur nú eitt árlegt þing í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram en reglubundið þing er nú haldið að hausti og formennska og embættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar í þeim tilgangi að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig hefur samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk, verið eflt og aukið samstarf við fagnefndir norrænu þjóðþinganna. Í byrjun ársins gengu í gildi nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs sem miða að því að einfalda þær reglur sem gilda um starfið og gera þær nútímalegri. Finnland hefur haft formennskuna með höndum á starfsárinu en forseti þingsins var Olof Salmén frá Álandseyjum. Berit Brørby Larsen frá Noregi tók við forsetastóli um áramótin 1997/1998.

Eftir að þessar viðamiklu breytingar hafa gengið í gildi og smám saman komist í framkvæmd hefur starfsemi Norðurlandaráðs á árinu einkennst í auknum mæli af pólitísku starfi. Fagnefndirnar hafa skipulagt starfsemi sína og raðað málum í forgangsröð. Nefndirnar hafa skipað vinnuhópa til að starfa að ákveðnum málefnum og hafa vinnuhópar einnig verið stofnaðir með aðilum úr tveimur eða fleiri nefndum. Forsætisnefnd hefur í auknum mæli einbeitt sér að undirbúningi norrænu fjárlaganna og fjallað um ýmis pólitísk málefni, einkum öryggis- og varnarmál. Þess má geta að í næstu viku á að halda ráðstefnu þar sem farið verður yfir breytingarnar sem gerðar voru og reynt að átta sig á hvernig þær hafa verkað á norrænt samstarf o.s.frv.

Þau pólitísku málefni sem notið hafa mestrar athygli á starfsárinu auk almennra norrænna málefna eru Evrópupólitíkin og öryggismál. Stefna norrænu ESB-landanna á ríkjaráðstefnu bandalagsins var til umfjöllunar og öryggismál voru bæði tekin fyrir á þemaráðstefnu og í forsætisnefnd

ráðsins. Grannsvæðanefndin jók samskipti sín við grannsvæði Rússlands og Norðurlandanefndin starfaði mikið að menningarmálum en sérstök þemaráðstefna var haldin um þau á árinu.

Í byrjun ársins 1997 sátu eftirtaldir þingmenn í Norðurlandaráði: Geir H. Haarde, Guðmundur Árni Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson og Siv Friðleifsdóttir. Varamenn í ráðinu voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðni Ágústsson, Árni Johnsen, Bryndís Hlöðversdóttir, Árni M. Mathiesen og Ísólfur Gylfi Pálmason. Þann 17. maí kaus Alþingi sömu þingmenn til setu í Norðurlandaráði að undanskildum Guðmundi Árna Stefánssyni. Í hans stað var kosin Rannveig Guðmundsdóttir en Guðmundur Árni er nú varamaður hennar. Sigríður Jóhannesdóttir varð varamaður í stað Bryndísar Hlöðversdóttur.

Breytingar á Helsinki-sáttmálunum árið 1996 og samþykktir Norðurlandaráðs sem gengu í gildi í byrjun árs 1997 kveða á um að flokkahópar nir í Norðurlandaráði skuli framvegis tilnefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á þingi ráðsins í Kaupmannahöfn var fulltrúum Íslandsdeildar skipað í eftirtaldar nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Guðmundur Árni Stefánsson sátu í forsætisnefnd. Rannveig Guðmundsdóttir kom í stað Guðmundar Árna Stefánssonar í forsætisnefnd þegar hún tók sæti í Íslandsdeildinni. Siv Friðleifsdóttir sat í Evrópunefnd og var hún annar tveggja varaformanna. Sigríður A. Þórðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sátu í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Sigríður A. Þórðardóttir átti einnig sæti í eftirlitsnefnd ráðsins. Þá má geta þess að Geir H. Haarde var endurkjörinn formaður flokkahóps hægri manna árið 1997.

Sumarfundir allra nefnda Norðurlandaráðs voru haldnir á Grand Hótel í Reykjavík í lok júní. Íslandsdeildin sá um alla skipulagningu þeirra funda.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir fjórum íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin 70 þúsund danskar krónur.

Skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs er nú hluti af alþjóðasviði Alþingis. Starfsmenn alþjóðasviðs eru nú fjórir en Elín Flygenring hefur verið ritari og forstöðumaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs frá árinu 1994. Auðunn Atlason alþjóðaritari hefur aðstoðað við ritarastörf auk Kristínar Ólafsdóttur deildarsérfræðings.

Norrænu fjárlagatillögurnar fyrir árið 1998 hljóða upp á 695,9 millj. danskra króna. Þetta er skerðing á fjárlögum um 6,7 milljónir danskra króna í samanburði við árið 1997. Tillaga ráðherranefndarinnar var lögð fram í ráðinu í ágústmánuði og var fjallað um hana í ráðinu eftir að fagnefndirnar höfðu rætt um tillögurnar. Lokaumfjöllun og afgreiðsla fór síðan fram á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki.

Tvær þingmannatillögur, sem lagðar voru fram á árinu 1996, voru til umfjöllunar í forsætisnefnd. Önnur tillagan var frá flokkahópi vinstri sósíalista og hin frá flokkahópi hægri manna. Forsætinefnd fjallaði einnig um þingmannatillögur um öryggismál sem lögð var fram af miðjuhópnum. Til þess að komast að niðurstöðu um tillöguna var sérstakur vinnuhópur stofnaður í nefndinni.

Í tilmælum nefndarinnar sem samþykkt voru var því haldið fram að þróun varnarmála á eftirstríðsárunum hefði breyst mikið innan Norðurlandanna. Hugtakið „varnarmál" hefði einnig fengið nýja merkingu. Í greinargerð með tilmælum er fjallað um þróun varnarmála á Norðurlöndunum og á grannsvæðum þeirra auk umhverfissjónarmiða í varnarmálasamstarfinu. Einnig er fjallað um málefni er snerta Norðurlönd og tengjast þróuninni í NATO. Forsætisnefnd ályktaði í þá veru að hvert land fyrir sig hafi rétt til þess án þrýstings frá öðrum að ákveða eigin varnarmálastefnu. Þennan rétt verði öll ríki að virða. Öll ríki beri ábyrgð á stefnu sinni og á því að styrkja stöðu varnarmála í Evrópu. Æskilegt væri að eitt skipulag væri ráðandi um öryggismál í Evrópu án tillits til landamæra. Lögð var áhersla á að Rússland tæki þátt í evrópska og evró-atlantíska samstarfinu með tilliti til öryggis- og varnarmála Norðurlanda í framtíðinni. Forsætisnefnd taldi að aukið norrænt samstarf um varnar- og öryggismál væri nauðsynlegt og æskilegt með tilliti til langrar samvinnu Norðurlandanna.

Þingmannanefnd um norðurskautsmálefnin hélt áfram störfum á árinu. Formaður þeirrar nefndar er Geir H. Haarde alþm. en Norðurlandaráð á þrjá fulltrúa í nefndinni. Auk þess eiga þar sæti fulltrúar frá Kanada, Rússlandi, Bandaríkjunum og Evrópuþinginu svo og fulltrúar frumbyggja.

Forsætisnefnd stofnaði á árinu 1996 vinnunefnd til að endurskoða upplýsingastefnu ráðsins og ráðherranefndarinnar. Formaður þeirrar nefndar var Guðmundur Árni Stefánsson alþm. Nefndin hélt áfram að endurskipuleggja upplýsingastefnu Norðurlandaráðs á árinu og lagði einkum áherslu á þrjú svið: Nýtt blað sem kom í stað Nordisk Kontakt og heitir Politik i Norden, vikulegt fréttabréf í formi símabréfs og heimasíðu á alnetinu sem veitir upplýsingar um norrænt samstarf. Stöðugt samstarf er við ráðherranefnd Norðurlandaráðs um upplýsingastefnuna og hefur samvinnan aukist eftir flutning skrifstofu Norðurlandaráðs í sama húsnæði og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar hefur aðsetur í.

Norðurlandanefnd ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: Menningarmálum, menntun og rannsóknum, félagslegum réttindum, jafnrétti, svæðasamstarfi, borgaralegum réttindum og frjálsum flutningi fólks á milli svæða. Málefni Norðurlandanefnda eru fyrst og fremst hin sígildu norrænu samstarfsmálefni en ákveðið var að einbeita sér einkum að þemaráðstefnunni um norræna menningu gagnvart alþjóðavæðingu, norrænum velferðarmálefnum, útlendingahatri og kynþáttafordómum, flóttamannapólitík, kvikmynda- og fjölmiðlamálum, símenntun og fullorðinsmenntun, grasrótarsamstarfi, norrænu tungumálasamstarfi, átaki gegn kynferðislegri misnotkun á börnum og tengslum við félagasamtök. Þess má geta í tengslum við sumarfundi Norðurlandaráðs í Reykjavík að í júní 1997 hélt nefndin áheyrnarfund um tungumálasamstarf með áherslu á vestnorræn tungumál.

Vík ég þá að Evrópunefndinni. Eins og nafnið gefur til kynna er hlutverk hennar að sinna samstarfi Norðurlanda og Evrópu, ESB, EES og EFTA. Evrópunefndin hélt áfram umfjöllun sinni um stefnu norrænu ESB-landanna í Evrópumálum. Í febrúar hélt nefndin ráðstefnu sem var eins konar framhald þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um Evrópumál sem haldin var árið 1996 vegna ríkjaráðstefnu ESB. Nefndin hefur á árinu fjallað mikið um störf Evrópunefnda norrænu þjóðþinganna og annarra nefnda sem fjalla um þau mál. Nefndin fór í sérstaka kynnisferð til Brussel þar sem haldnir voru fundir með fulltrúum Evrópuþingsins og fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Grannsvæðanefndin ákvað að einbeita sér að samskiptum og samvinnu við Eystrasaltslöndin og heimsskautssvæðið en

einnig var ákveðið að efla samstarf við grannsvæði Rússlands. Því var ákveðið að sumarfundur nefndarinnar yrði haldinn í Murmansk þar sem nefndin kynnti sér ástand mála, einkum efnahagsmála og stjórnmála á svæðinu en sérstök áhersla var lögð á að kynna sér ástand umhverfismála.

Í eftirlitsnefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi. Aðalhlutverk hennar er að fylgjast með og endurskoða starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar auk Norðurlandaráðs. Nefndin ber einnig ábyrgð á stjórnskipulegum málefnum.

Þá vil ég geta þess að síðustu að verðlaun Norðurlandaráðs eru nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á bókmenntum á tungumálum norrænu þjóðanna.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1997 hlaut íslenska söngkonan Björk Guðmundsdóttir fyrir persónulega tjáningu og norræna samkennd.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári. Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækja eða stofnana sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitsemi á aðdáunarverðan hátt. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995.

Hæstv. forseti. Ég lýk þá þessum flutningi en vísa að öðru leyti til skýrslu um norrænt samstarf frá febrúar 1996 til desember 1997 sem dreift hefur verið.

[18:53]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 444. mál, nál. allshn., þskj. 996.

Kennarar og leiðbeinendur, 192. mál, svar menntmrh., þskj. 988.

Menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu, 589. mál, fsp. ÓÖH, þskj. 997.

Stöðugleiki og öryggisbúnaður skipa, 590. mál, fsp. KPál, þskj. 998.

[18:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu skýrslu sem við höfum fengið um norrænu samvinnuna, skýrslu hæstv. utanrrh. eða samstarfsráðherra um störfin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar á síðasta ári sem er mikil bók og gífurleg lesning fyrir þá sem hafa nú farið í það allt saman. Sömuleiðis liggur fyrir frá Norðurlandaskrifstofunni starfsáætlun ársins 1998 og svo var hér síðast mælt fyrir skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Það eru aðeins fáein atriði sem ég vil lítillega koma hér inn á og varða ýmist þróun hinnar norrænu samvinnu almennt eða einstök mál sem þar eru á dagskrá og ég tel ástæðu til að gefa gaum að.

Í fyrsta lagi vil ég segja að sem betur fer eru ýmsir jákvæðir þættir sem greina má í þróun hinnar norrænu samvinnu. Ég nefni þar sérstaklega að tilkoma utanríkismála og umræðna um þau mál hefur óumdeilanlega hleypt þó nokkru lífi í umræður á vettvangi Norðurlandaráðs og hinnar norrænu samvinnu og það ásamt með því, sem reyndar er hluti af því að færa meiri pólitík inn í starfsemi ráðsins og umræður á þessum vettvangi, leiðir af sjálfu til þess að þar verða hressilegri skoðanaskipti en áður var. Þótti ýmsum engin vanþörf á að lífga upp á umræður á þeim vettvangi, sem höfðu út af fyrir sig tilhneigingu til að verða kannski nokkuð dauflegar, þegar það var nánast fyrir því mælt að menn yrðu að vera nokkurn veginn alveg sammála.

Herra forseti. Annað sem hefur verið að gerast þarna er að sama skapi ekki jafnjákvætt og ég nefni þar, þó það sé út af fyrir sig að verða þreytt umræðuefni, þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á Norðurlandaráði. Ég var og er enn efasemdarmaður um ágæti þess skipulags sem upp var tekið, en þær ákvarðanir hafa þegar verið teknar og ráðið er þegar tekið til að starfa á grundvelli þeirrar þrískiptingar, landfræðilegu aðgreiningar málefna sem upp var dregin á sínum tíma. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki til góðs, hvorki fyrir þetta samstarf né neitt annað að hringla endalaust í skipulaginu en úr því sem komið er sé vænlegast að láta við það sitja sem ákveðið hefur verið um sinn og reyna að einbeita sér að því að betrumbæta starfið innan þess ramma og fara ekki á nýjan leik, a.m.k. ekki á allra næstu árum að upphefja enn eina skipulagsumræðuna. Enda þótt það megi til sanns vegar færa og ég standi enn við að það séu ýmsir ágallar á því að hverfa frá verkaskiptingu og skipulagi á grundvelli málefna eða málaflokka og yfir í landfræðilega afmörkun eins og þá sem Norðurlandanefnd, nærsvæðanefnd og Evrópunefnd felur í sér þá tel ég að það skipulag sé þó þrátt fyrir allt ekki gallaðra en svo að það megi vel við það búa og vinna að því að betrumbæta starfið innan ramma þess. Reyndar eru menn að fikra sig áfram í gegnum aukið samstarf þessara nefnda eða formanna þeirra og með því að skilgreina betur hvaða hlutverki forsætisnefnd hafi þá að gegna og hvaða málaflokka hún fari með sem einhvers konar sameiginleg yfirnefnd fyrir öllu starfinu o.s.frv.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það eigi að vera áhersla okkar Íslendinga að Norðurlandasamstarfið og vinnan á vettvangi Norðurlandaráðs og ráðherrasamstarfsins á Norðurlöndum sé hornsteinn utanríkistengsla og utanríkismálasamstarfs okkar og það séu ekki síst við og e.t.v. kannski Norðmenn, þær þjóðir sem standa utan Evrópusambandsins, sem hljóti af eðlilegum ástæðum að beita sér sérstaklega fyrir því að efla og viðhalda norrænu samstarfi. Þetta skýrist af því að annað væri óraunsæi en viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að við því er að búast, og það sjáum við reyndar nú þegar, að nýju aðildarþjóðirnar, Finnland og Svíþjóð, eru mjög uppteknar við það að fóta sig í hinu nýja Evrópusamstarfi og á grundvelli nýtilkomnar aðildar sinnar. Meðan það ástand varir og mesta nýjabrumið er að ganga yfir í þeim efnum hvað varðar hinar nýju aðildarþjóðir þá verða aðrar Norðurlandaþjóðir ósköp einfaldlega að taka samstarfið alveg sérstaklega í fóstur ef svo má að orði komast. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að þar verði ekki nema um tiltekið tímabil að ræða vegna þess að ég spái því að það muni fara eins fyrir Finnum og Svíum og hefur að mörgu leyti gerst hjá Dönum að menn muni smátt og smátt átta sig á því að aðild að Evrópusambandinu kemur ekki í staðinn fyrir samstarf við nágrannaþjóðirnar á Norðurlöndunum og menn hverfi jafnvel aftur til þess eftir að hafa fengið að læra það í gegnum dóm reynslunnar að heimurinn frelsast ekki endilega þó þeir séu orðnir aðilar að Evrópusambandinu og komist á

marga fundi í Brussel og gott samstarf Norðurlandaþjóðanna hefur áfram sitt sjálfstæða gildi.

Ég met a.m.k. stöðuna þannig miðað við tilfinningu mína af þessu að Danir hafi nú áttað sig á þessu og jafnvel fyrir nokkru og þeir séu á nýjan leik áhugasamari um að efla norrænt samstarf en þeir voru kannski á fyrstu árum aðildar sinnar að Evrópusambandinu. Var þó sá munurinn á að þeir voru reyndar allan tímann meðan þeir voru eina Norðurlandaþjóðin sem átti aðild að Evrópusambandinu mjög uppteknir af því hlutverki sínu að vera einhvers konar brú eða gluggi hinna Norðurlandanna inn í það samstarf. Auðvitað má ekki gleyma því að Danir fara með utanríkismál fyrir hönd sjálfstjórnarsvæðanna sem eiga ekki aðild að Evrópusambandinu, Færeyja og Grænlands, og það skapar þeim vissa sérstöðu sem gerir að verkum að þeir hafa fleiri og dreifðari hagsmuna að gæta í þessu en kannski t.d. Finnar sem hafa ákveðið eins og kunnugt er og tekið þá stefnu í framkvæmd aðildar sinnar að Evrópusambandinu að vera í hópi þeirra ríkja sem stefna hvað ákveðnast á náinn samruna og mikla samvinnu.

Þetta leiðir nú tíminn í ljós, herra foreti, en ég er sem sagt eindreginn talsmaður þess að við reynum fyrir okkar leyti að því marki sem það er í valdi okkar að tryggja að það fari ekki með norræna samvinnu eins og sumt annað í mannheimum að enginn viti hvað átt hefur fyrr en misst hefur, að menn glutri henni niður og vakni svo kannski upp við vondan draum að einhverjum árum liðnum og sjái þá eftir öllu saman en þá hafi menn kannski unnið tjón sem verður ekki aftur tekið.

Ég held að ekki sé minni ástæða til þess nú en hefur verið að Norðurlandaþjóðirnar fylki sér mjög þétt saman og hvað sem líður þróun mála á meginlandi Evrópu má færa fyrir því gild rök að í vaxandi alþjóðavæðingu í heiminum sé smáríkjum á borð við Norðurlöndin, sem þau eru auðvitað öll í hinum stóra heimi, ekki minni nauðsyn en áður að vinna vel saman.

Í öðru lagi, herra forseti, og nátengt þessu þá hlýtur það að verða þar af leiðandi eitt af markmiðum okkar, eins og hæstv. utanrrh. eða samstarfsráðherra kom inn reyndar á, að beita okkur fyrir því að ekki verði um óhóflegan niðurskurð á fjárveitingum til hins norræna samstarfs að ræða. Ég held að rétt sé að hafa í huga að þó svo að það megi kallast nokkur varnarsigur að ekki var sem sagt haldið — a.m.k. ekki í verulegum mæli — áfram á þeirri braut að skera niður framlög til Norðurlandasamstarfsins við afgreiðslu síðustu norrænu fjárlaganna hefur þegar orðið þar mjög umtalsverður niðurskurður að raungildi. Fjárlögin, sem fóru hæst í um 750–760 millj. danskra króna, eru núna tæpar 700, 695 millj. Ég reiknaði einhvern tíma út á síðasta ári að niðurskurðurinn væri að raungildi orðinn yfir 60 millj. danskra króna ef tekið væri tillit til verðlagshækkana eða um 600 milljónir íslenskar og það er auðvitað umtalsverður niðurskurður. Við hljótum að leggjast á árar fyrir því að það verði a.m.k. ekki lengra gengið og helst að það sé ekki í gildi, a.m.k. ekki til langs tíma neitt bann eða nein frysting á því ef ný verkefni kalla að þá sé svigrúm til að bæta þeim við án þess að endilega sé alltaf hægt að finna það fjármagn með niðurskurði á öðrum sviðum. Búið er að fara mjög rækilega og trekk í trekk í gegnum norrænu fjárlögin með það að markmiði að skera niður til þess að ná fram beinum sparnaði og til þess að losa fé til að mæta tilfallandi verkefnum og ég leyfi mér að efast um að líklegt sé að hægt sé að ganga miklu lengra í þeim efnum öðruvísi en að fara beinlínis að skaða þá starfsemi sem þarna er á ferðinni. Það er mjög slæmt ef þessi þáttur í útgjöldum Norðurlandaþjóðanna, sem eru auðvitað að vaxa eins og raun ber vitni um 2, 3, 4% á hverju ári í fyrsta lagi vegna þeirra verðhækkana sem eru þrátt fyrir allt í gangi og einnig vegna þess að hagvöxtur er í þessum löndum og þjóðarframleiðsla er að aukast. Til þess að halda í horfinu sem hlutfall af þjóðartekjum er eðlilegt að verkefni af þessu tagi taki til sín aukinn hlut. Það er náttúrlega mjög bagalegt ef það líður langt árabil án þess að viðfangsefni af þessu tagi fái í sinn hlut eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Herra forseti. Eitt einstakt málefni, sem ég vil gera að umtalsefni og ég hef gert á vettvangi Norðurlandaráðs, eru þau áform sem vaka því miður enn uppi að endurskoða og jafnvel að leggja af fjárveitingar til nokkurra tilgreindra norrænna stofnana. Þá var gengið frá því á síðasta ári við afgreiðslu norrænu fjárlaganna, ef svo má að orði komast, að nokkrar stofnanir voru þar sérstaklega nefndar og um þær haft ákveðið orðalag í þá veru að það beri að athuga að fjárveitingar til þessara stofnana verði dregnar saman og/eða látnar hverfa á tilteknu árabili og hugað að annarri fjármögnun í staðinn. Ein af þessum stofnunum er Norræna eldfjallastöðin.

Að vísu ber að taka fram að í þessu felst ekki endilega að verið sé að leggja til að þessar stofnanir séu lagðar niður, heldur hitt að athugað verði hvort unnt sé að kosta rekstur þeirra á annan hátt en þann að leggja til hans fé af norrænu fjárlögunum. Ég held að við Íslendingar hljótum að snúast til varnar fyrir Norrænu eldfjallastöðina og það er mér reyndar ánægjuefni að í skýrslu ráðherra er aðeins komið inn á þetta og það einmitt tekið fram að það sé mjög erfitt fyrir okkur að okkur við ef þessi eina norræna stofnun sem starfar á Íslandi hverfur út úr norrænu fjárlögunum af eitthvað um 100 sjálfstæðum fjárlagaliðum eða stofnunum eða aðilum sem þiggja sérmerktar fjárveitingar út úr norrænu fjárlögunum. En líka vegna þess að ekki er í sjónmáli að önnur fjármögnun verði auðveldlega fundin til að standa straum af þessum rekstri. Það yrði a.m.k. verulegt átak fyrir okkur Íslendinga ef við ættum að taka það alfarið á herðar okkar að kosta rekstur þessarar stofnunar og ekki er heldur líklegt að neinn annar yrði til að sinna þeim verkefnum sem eru unnin á Norrænu eldfjallastöðinni ef hún yrði að leggjast af. Að þessu leyti til tel ég að hún hafi sérstöðu og það sé ekki að öllu leyti sanngjarnt að hún sé t.d. sett í bás með Norræna iðnþróunarsjóðnum sem er önnur af þeim fjórum eða fimm stofnunum sem voru sérstaklega nefndar þarna. Þar er auðvitað til að dreifa fjölmörgum öðrum aðilum sem eru með verkefni og starfsemi á skyldum sviðum og margir aðilar, sjóðir og ríkisstjórnir sem leggja til iðnþróunar og atvinnusköpunar. Það má vel fara yfir það hvort þörf sé á sérstökum norrænum iðnþróunarsjóði sem sinni verkefnum á því sviði sem sá sjóður hefur gert.

Ég leyfi mér að nefna þetta hér, herra forseti, eins og ég hef reyndar gert í umræðum á vettvangi Norðurlandaráðs og vonast til að við náum að vinna þannig að þessum málum á árinu sem nú er að líða því að það er ljóst að dregið getur til ákvarðana í þessum efnum strax á næsta hausti við afgreiðslu næstu fjárlaga fyrir árið 1999 að rekstri Norrænu eldfjallastöðvarinnar verði borgið og að við sættum okkur ekki við annað en að hún fái áfram myndarlegan fjárstuðning á norrænu fjárlögunum.

Herra forseti. Ástæða er til að hafa í huga að öllu má

ofgera og líka því að vera endalaust að endurskoða og setja spurningarmerki við tilvist starfsemi af því tagi sem hér á undir eða hefur verið á vettvangi Norðurlandasamvinnunnar. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að fara af og til yfir hlutina og ekkert á að vera heilagt og engin stofnun á að búa við það að af því að hún hafi einu sinni komist á koppinn og fengið norrænar fjárveitingar sé hún heilög og eigi að starfa um aldur og ævi. Það er að sjálfsögðu ekki svo. En það er alveg jafnljóst að hitt er skaðlegt og vont að menn séu nánast á hverju einasta ári að velta því fyrir sér hvort viðkomandi starfsemi eigi rétt á sér og eigi að leggjast niður. Það skapar óþolandi starfsaðstæður, óöryggi, gerir alla áætlunargerð og verkefnagerð, sem tekur til lengri tíma en nokkurra mánaða eða árs, mjög erfiða og ekki er hægt að bjóða fólki upp á það að starfa til langs tíma við þannig aðstæður og slíkt óöryggi, allra síst vísindastofnunum sem sinna grunnrannsóknum og setja upp langtímaáætlanir um rannsóknir, eru í margvíslegum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum sem eru skuldbindandi o.s.frv. Allt kallar á að ákveðinn stöðugleiki ríki, bæði um skipulag og fjárveitingar og öll starfsskilyrði.

Það er von mín, herra forseti, að þeirri miklu endurskoðunarhrinu sem hefur gengið yfir undanfarin missiri á meira og minna öllum norrænu stofnunum og stendur enn að hluta til eins og í tilviki Norrænu eldfjallastöðvarinnar megi fara að ljúka. Þetta hefur verið tengt þeirri sparnaðarviðleitni sem hefur verið uppi og má segja að að mörgu leyti hafi verið eðlileg og ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér en það kemur tími á það að slíku sé lokið, þau verk séu kláruð og þá skapist á nýjan leik einhver stöðugleiki og einhver festa í málinu og starfsemi af þessu tagi og ég held að það sé að verða fyllilega tímabært.

[19:11]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Ég vildi gera að umtalsefni nokkur atriði sem hafa komið fram í þeim skýrslum sem eru til umræðu.

Fyrst vil ég nefna að í skýrslu Halldórs Ásgrímssonar samstarfsráðherra Norðurlanda kemur fram að óásættanlegt væri ef starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar yrði hætt. Undir það vil ég taka og mér finnst raunar ástæða til að árétta það sérstaklega, bæði við samstarfsráðherra og eins líka við okkur þingmenn sem erum í Norðurlandaráði, að við stöndum vörð um þær norrænu stofnanir sem eru hér á landi sem eru ekki nema tvær, þ.e. Norræna eldfjallastöðin og svo Norræna húsið. Þess vegna fagna ég því að tekið sé á málinu eins og er gert í skýrslu samstarfsráðherra.

Ég vildi spyrja sérstaklega um Schengen-samstarfið. Það er alveg ljóst að við Íslendingar höfum verið mjög ánægð með norræna vegabréfasamstarfið og við mundum sjá mjög mikið eftir því ef á því yrði einhver breyting. Það er alveg ljóst að við erum að vinna að því að verða aðilar að Schengen-samstarfinu. Mig langar til að spyrja um stöðu þess máls núna.

Einnig vildi ég nefna norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég átti þess kost á síðasta hausti að sitja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York. Samstarf Norðurlandanna á þeim vettvangi hefur breyst mjög mikið eftir inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í ESB. Íslenska sendinefndin þar naut mikils styrks af norræna samstarfinu. Þess vegna vil ég spyrja ráðherra með tilliti til þess að breytingar hafa orðið á því, norræna samstarfið er ekki eins mikið og það var áður, hvort ekki þurfi að styrkja fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Hvernig sjáum við starf hennar fyrir okkur í framtíðinni? Ég verð að játa að mér þótti að það hlyti að vera mjög erfitt fyrir þessa fámennu fastanefnd að ná utan um alla þá starfsemi sem fer fram þar.

Ég vil síðan víkja nokkrum orðum að Norðurlandaráði og þeim breytingum sem hafa orðið á starfsemi ráðsins. Nú er komin nokkur reynsla af þessari nýju skipan. Við höfum búið við hana í tvö ár og ég get tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að búið er að gera þessar breytingar. Það fór langur tími í umræður um það hvernig þær ættu að vera og ég tek undir það að jafnvel þó við séum ekki fyllilega sátt við hvernig þær hafa reynst, þá ættum við þó að gefa þeim lengri tíma áður en við förum út í að ræða um breytingar á ný. Það er alveg ljóst í mínum huga að sumt hefur auðvitað reynst vel og annað miður. Það sem mér finnst hafa verið til bóta er áherslan á pólitíska starfið. Umræður hafa orðið snarpari og markvissari hvað það snertir en ýmislegt annað hefði maður kannski viljað sjá svolítið öðruvísi. Auðvitað eru nefndirnar mjög stórar, Norðurlandanefndin sýnu stærst og í henni er allt hefðbundna samstarfið. Það er því ansi strembið að ná utan um það allt fyrir þá sem þar sitja.

Það er hins vegar einn hlutur sem snýr að okkur í Íslandsdeildinni. Við erum mjög fá sem erum í Norðurlandaráði miðað við hin löndin. Við höfum eingöngu sjö þingmenn og þess vegna má kannski segja að við höfum meira á okkar könnu en flestir aðrir þingmenn sem eru í Norðurlandaráði. Ég tel að full ástæða sé til fyrir okkur í Íslandsdeildinni að huga betur að starfi okkar þar og efla það. Ég held að ástæða sé til fyrir okkur að veita hvert öðru meiri upplýsingar. Ég nefni þetta vegna þess að ég tel að það hafi þegar sýnt sig að tilhneiging hafi verið til þess að við höfum færri fundi í Íslandsdeild en voru áður þegar hin fyrri skipan var. Við ættum því að taka það til endurskoðunar að við eflum starfið í Íslandsdeildinni.

Einnig er eitt til viðbótar sem ég held að við gætum líka skoðað. Það er að tengja betur starfsemi Norðurlandaráðs við þjóðþingin eins og var ætlunin eða eitt af markmiðunum þegar menn voru að gera breytingar á starfsemi Norðurlandaráðs. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er e.t.v. erfiðara fyrir okkur en hin Norðurlöndin vegna þess að við íslensku þingmennirnir í Norðurlandaráði erum miklu færri en þingmenn hinna Norðurlandanna.

Það er innihald hins norræna samstarfs sem skiptir öllu máli og að sjálfsögðu ber að einbeita sér að því að styrkja það samstarf. Ég held að óhætt sé að segja að við höfum lagt mikla áherslu á þetta nýja skipulag og það sé kominn tími til þess einmitt núna að beina öllum kröftunum í það að styrkja samstarfið enn frekar, hætta að tala um hvernig skipulagsmálin ættu að vera, sætta okkur við það skipulag sem við höfum ákveðið og styrkja samstarfið innan þess.

[19:19]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið. Ég get í sjálfu sér tekið undir allt það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Sigríði Önnu Þórðardóttur. Líka það að ég er ekkert sannfærð um að þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi Norðurlandaráðs séu allar til hins betra. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag sem var áður hafi verið orðið nokkuð úrelt og þreytt þannig að það hafi verið nauðsynlegt að breyta. En hvort við hittum akkúrat á það rétta ætla ég ekki að fullyrða um á þessari

stundu en það er m.a. það sem rætt verður á ráðstefnu sem haldin verður á vegum forsætisnefndar í næstu viku.

Ég held t.d. að forsætisnefnd sé of fjölmenn og ég geri mér grein fyrir að Norðurlandanefndin á í nokkrum erfiðleikum með að ná yfir allt það starf sem henni er falið þar sem hún er í sjálfu sér með allt gamla hlutverk Norðurlandaráðs. Það er því ýmislegt þarna sem þarf að athuga þó að ég sé ekki að halda því fram á þessari stundu að við ættum að breyta nú þegar þessu fyrirkomulagi heldur gæti það alveg komið til greina eitthvað síðar.

Í sambandi við það sem kom fram hjá hv. þm. báðum og varðar Norrænu eldfjallastöðina, þá er það mál sem hefur verið rætt í forsætisnefnd og sú niðurstaða sem þar varð á bókun er í sjálfum sér ekki okkur Íslendingum í forsætisnefnd að skapi en við komumst þó ekki lengra með að breyta þeim texta sem upphaflega hafði verið settur fram. En ég lýsi ánægju með það að hæstv. ráðherra, sem fer náttúrlega með meiri völd á þessu sviði en við þingmennirnir, mun beita sér fyrir því að ekki verði af því að Norræna eldfjallastöðin verði lögð niður eða starfsemi hennar verulega minnkuð. Það er a.m.k. ekki vilji okkar íslensku þingmannanna í Norðurlandaráði.

Um að efla starf Íslandsdeildarinnar sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir kom inn á, þá get ég alveg tekið undir það með hv. þm. að full ástæða geti verið til þess, en óneitanlega hefur Íslandsdeildin minni verkefni eftir að þessar skipulagsbreytingar allar áttu sér stað og flokkahóparnir, þingflokkarnir í Norðurlandaráði hafa fengið aukin völd. En það þarf ekki að þýða að við minnkum okkar starf. Sem dæmi um okkar starfsemi er sú ráðstefna sem haldin verður í Reykjavík á morgun og ber yfirskriftina Norden er í orden eða hvað? en sú ráðstefna virðist fá mjög góðar móttökur bæði á hv. Alþingi og úti í þjóðfélaginu því að mikil aðsókn er að henni. Þar ætlum við að velta fyrir okkur þeim málefnum sem snúa að samstarfinu innan Norðurlanda og ekki síður hvernig það á að tengjast Evrópusambandinu og hvaða afleiðingar stækkun Evrópusambandsins mun hafa á samstarf Norðurlanda og hin einstöku norrænu ríki.

Mig langar, hæstv. forseti, í lokin að spyrja samstarfsráðherra um áherslur þær sem hann mun leggja í sambandi við norrænt samstarf þar sem Ísland tekur nú við formennsku í ráðherranefndinni á næsta ári, ef ég veit rétt, og hvort þegar sé farið að velta fyrir sér nýjum áherslum og hverjar þær séu þá. Ég held að fróðlegt væri að fá það inn í þessa umræðu.

[19:24]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hefur átt sér stað um norræn mál þó betra hefði verið að hafa meiri tíma til hennar. Hér hefur staðið umræða í eina níu klukkutíma um utanríkismál í dag sem hefur verið afar góð að mínu mati. Það er hins vegar staðreynd að síðar í þessum mánuði mun jafnframt fara fram utanríkismálaumræða. Samkvæmt því verða þessum málaflokki gerð ágæt skil á Alþingi í vetur.

Í fyrsta lagi vil ég segja í sambandi við fjárlögin og vegna þeirra ummæla hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að þau hafi verin skorin niður um 65 millj., þá er rétt að hafa í huga að á árinu 1995 hækkuðu fjárlögin um 50 millj. sem var undanfari niðurskurðartímabils en eftir því sem ég best veit hafa útgjöldin síðan verið skorin niður um 35 millj. þannig að í reynd hafa útgjöldin nokkurn veginn staðið í stað á undanförnum árum eða það hefur orðið lítils háttar aukning. En nú er gert ráð fyrir því að fjárlögin verði óbreytt á næsta fjárlagaári og Svíar hafa jafnframt fallist á það. Ég vænti því þess að þeirri varnarbaráttu fyrir norrænum verkefnum sé lokið og hugsanlega geti sóknartímabil hafist á nýjan leik þegar þjóðunum verður enn ljósara að Evrópusamstarfið kemur ekki í staðinn fyrir norræna samstarfið, sérstaklega á sviði menningarmála og heldur ekki á sviði efnahagsmála og margra annarra málaflokka.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir spurði um Schengen-samstarfið og stöðu þess. Ég hafði vænst þess að geta lagt þáltill. til kynningar fyrir Alþingi á næstunni um staðfestingu á Schengen-samkomulaginu sem var undirritað í desember 1996. Þessari þáltill. hefur nú þegar verið dreift til fulltrúa utanrmn. og fulltrúa í allshn. eftir því sem ég best veit. Þingmenn hafa væntanlega séð þá tillögu. Þar er um að ræða samninginn frá 1996. Væntanlega fara að hefjast samningaviðræður eftir að Evrópusambandið ákvað að gera hluta af þessu samstarfi innan Evrópusamstarfsins en það var ákveðið með svokölluðum Amsterdamsamningi.

Staða þess máls er sú að flestar Evrópuþjóðirnar eru fylgjandi því að Ísland og Noregur verði með í þessu samstarfi. Þar er gott dæmi um norrænt samstarf, norrænt verkefni, þar sem allar Norðurlandaþjóðirnar hafa staðið saman. Svíar, Finnar og Danir hafa stutt þessa viðleitni í einu og öllu enda er það sameiginlegur vilji Norðurlandaþjóðanna að brjóta ekki upp norræna vegabréfasambandið. Það hefur hins vegar gætt nokkurrar tregðu hjá öðrum ríkjum, sérstaklega Frökkum, en unnið er að því að ryðja þeim hindrunum úr vegi og ég hef trú á að það takist. Bretar, sem formennskuríki í Evrópusambandinu, hafa nýlega lagt fram tillögu að umræðugrundvelli um þetta mál. Ég er tiltölulega mjög sáttur við þá tillögu Breta og tel að það sé ágætur grundvöllur til að hefja samningaviðræður á. Ef hins vegar hugmyndir Frakka verða ofan á eða leitast verður við að ná einhverri málamiðlun milli hugmynda Breta og hugmynda Frakka, þá tel ég það ekki vænlegt til árangurs eða niðurstöðu í málinu. Næsti fundur um þetta mál er 26. þessa mánaðar og vonandi skýrist málið þá enn frekar og hægt verði að gefa betri upplýsingar um það.

Að því er varðar norrænt samstarf á sviði Sameinuðu þjóðanna þá er alveg rétt hjá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur að dregið hefur úr því samstarfi. Ástæðan er einfaldlega sú að þrjú ríki Norðurlandanna eru aðilar að Evrópusambandinu og Evrópusambandsríkin standa að sameiginlegum tillögum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hafa þar af leiðandi dregið sig út úr sameiginlegum tillöguflutningi Norðurlandanna í verulegum mæli. Hins vegar hafa Norðurlöndin reynt að viðhalda samstarfi sínu. Það er t.d. hefð að utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittast á fundi á ári hverju í New York þegar þeir koma til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og sendiherrar okkar þar í borg, sem eru fulltrúar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, halda reglulega fundi og samstarfi sín í milli.

Það hefur jafnframt styrkt starf okkar að mínu mati að við höfum tekið upp nánara samstarf við Evrópusambandið og Ísland er mjög oft meðflutningsaðili að tillögum sem Evrópusambandsríkin standa að. Þess vegna hefur samstarfið við Evrópusambandsríkin aukist frá því sem áður var og hefur að nokkru leyti komið í staðinn fyrir hið hefðbundna norræna samstarf. Það er hins vegar sem betur fer ríkt hjá öllum Norðurlandaþjóðunum að halda fast saman og við höfum átt þess kost að hafa áhrif á tillöguflutning á vettvangi

Evrópusambandsins á grundvelli þeirra samninga sem við höfum um pólitísk samráð við Evrópusambandið samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hvort ætlunin sé að styrkja fastanefndina, þá verð ég að svara því neitandi, því miður. Við höfum ekki ráðrúm til þess að því ég best fæ séð en ég tek undir að full þörf væri á því að styrkja það starf. Það liggur alveg ljóst fyrir að sú starfsemi er í algeru lágmarki eins og í reynd margvísleg starfsemi á okkar vegum á alþjóðavettvangi. Það er mikið vinnuálag á þessu fólki og það hefur enga möguleika til að taka þátt í öllu því starfi sem þarna fer fram.

Að því er varðar spurningu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um áhersluatriði Íslands í norrænu samstarfi á næsta ári, þá höfum við ekki enn þá gengið frá því en við höfum þó hafið undirbúning að því starfi. Ég mun að sjálfsögðu skýra Alþingi frá aðalatriðum þeirrar áætlunar á haustþingi. Það er þó rétt að taka það fram að við munum leggja áherslu á að fylgja eftir áætlunum Svía og Norðmanna því það er alveg ljóst að við breytum ekki gagngert stefnu samstarfsins frá ári til árs heldur tengjast áætlanir ríkjanna sem voru á undan okkur í formennsku því sem við munum gera. En í þeim umræðum sem þegar hafa farið af stað af okkar hálfu, þá munum við m.a. leggja áherslu á upplýsingamál í víðara samhengi, ekki síst með tilliti til lítilla fyrirtækja og samkeppnishæfni Norðurlandanna út á við. Við munum leggja áherslu á réttindi norrænna þegna, norrænan málskilning sem munu áfram vera áherslumál. Við munum auka áhersluna að því er varðar málefni hafsins, þ.e. sjávarútvegssamstarfið, og má t.d. nefna Ár hafsins sem er í ár. Ég tel mjög koma til greina að við reynum að fylgja því eftir á norrænum vettvangi. Við munum beina athyglinni að málefnum Norðurskautsráðsins á samstarfi Vestur-Norðurlanda. Á sviði efnahags- og fjármálasamstarfsins er alveg ljóst að hin nýja evrópska mynt kemur til með að skipta Norðurlöndin miklu máli og því munum við leggja áherslu á vinnu á því sviði sem varðar samnorræna hagsmuni. Ég tel jafnframt mikilvægt að norræna ráðherranefndin taki á einhvern hátt þátt í þeim viðburðum sem tengjast landafundaárinu, nýrri öld og minnast þess að 1000 ár eru liðin frá því að Leifur Eiríksson fann Ameríku.

Að lokum er rétt að leggja á það áherslu að umhverfismál verða að sjálfsögðu áfram áhersluatriði af okkar hálfu. Ég nefni í því sambandi þann mikilvæga samning sem nú er unnið að á sviði loftmengunar í heiminum og það er nauðsynlegt að hafa gott samstarf milli Norðurlanda um þau mál og önnur umhverfismál hvort sem þau tengjast loftinu, hafinu eða landinu. Umhverfismál eru sífellt mikilvægari þáttur í samstarfi þjóða og við hljótum að vinna að því á vettvangi Norðurlandasamstarfsins.

Ég vil að lokum þakka þessa umræðu og fagna því að góð samstaða ríkir á Alþingi um Norðurlandasamstarfið. Það er einhugur í þingmönnum um að halda því samstarfi áfram, efla það frekar en veikja. Ég tel það mikilvægt veganesti fyrir þá sem vinna á þessu sviði hvort sem það er á vettvangi þjóðþinganna eða á vettvangi ríkisstjórnanna.

[19:36]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er kannski ekki andsvar en mér þótti ástæða til að þakka samstarfsráðherra Norðurlanda fyrir gott samstarf og fyrir þann mikla áhuga sem hann sýnir norrænu samstarfi með því að gegna starfi samstarfsráðherra Norðurlanda auk þess sem hann er utanríkisráðherra þar sem ég veit að það er mikið álag og aukin vinna en ég held að það skipti verulega miklu máli fyrir norrænt samstarf að hann hefur ákveðið að nota sína krafta þar líka.

Ég vil einnig nota tækifærið og þakka þeim ágætu íslensku þingmönnum sem sitja í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir gott samstarf og einnig því starfsfólki sem þjónar okkur á alþjóðasviði Alþingis.

## *Vestnorræna ráðið 1997, ein umr.*

Skýrsla Vestnorræna ráðsins, 566. mál. — Þskj. 958.

[19:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Skýrsla Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1997 er hefðbundin þar sem gerð er grein fyrir starfseminni á árinu og ég ætla út af fyrir sig ekki að bæta neinu við það sem þar stendur en vísa til skýrslunnar. Ég vil hins vegar leyfa mér að geta þess að á árinu 1997 voru undirbúin fjölmörg verkefni sem eru í gangi á þessu ári. Það sem ég nefni þar fyrst er það sem við köllum Brattahlíðarverkefnið og gengur út á að byggja upp kirkju í Brattahlíð á Grænlandi líka Þjóðhildarkirkjunni og jafnframt að byggja upp bæ í Brattahlíð líkan bæ Eiríks rauða en nú er talið með óyggjandi hætti ljóst hvernig þessar byggingar eða þessi hús hafi verið. Við gerum ráð fyrir að þessu verkefni verði lokið á árinu 2000 þegar landafunda okkar í Vesturheimi verður minnst. Það var mjög mikilvægt að heyra jákvæð orð hæstv. utanrrh. gagnvart þeim málum í lokaræðu hans áðan í umræðunni um síðasta dagskrármálið um Norðurlandasamstarfið. Því er ekki að neita að við höfum hugsað okkur á vettvangi Vestnorræna þingmannaráðsins að leita til norrænu ráðherranefndarinnar með þau verkefni sem við erum að vinna að og geri ég ráð fyrir að reynt verði að kynna þau ráðherranefndinni á næstunni.

Ég vil einnig af þessu tilefni taka undir það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan. Ég held að mjög mikilvægt sé að það er einmitt utanríkisráðherra Íslands sem sinnir þessum norrænu málefnum. Það styrkir þau alveg tvímælalaust að þau eru í samhengi við annað alþjóðlegt starf sem við erum að vinna að og minni hætta á því en ella að þessi verk verði þá viðskila.

Í öðru lagi vil ég minna á æskulýðsráðstefnu sem við beitum okkur fyrir og verður haldin hér í sumar. Gert er ráð fyrir því að um 150 ungmenni frá Vestur-Norðurlöndum komi hingað til Íslands, 50 frá hverju landi. Okkur hefur tekist nokkurn veginn að fjármagna þá ráðstefnu með styrkjum frá aðildarlöndunum. Við urðum fyrir dálitlum vonbrigðum með að við sóttum um sérstakan styrk til Norðurlandaráðs til þeirrar ráðstefnu en fengum hann ekki, okkur var synjað. Okkur fannst það sérkennilegt vegna þess að hérna var um að ræða dæmigert norrænt verkefni í raun og veru en í staðinn var okkur vísað á Norræna menningarsjóðinn sem er kannski út af fyrir sig í lagi og við sóttum um fé í hann en staðreyndin er samt sem áður sú að verkefni af þessu tagi eiga miklu betur heima hjá hinu almenna Norðurlandaráði en hjá menningarsjóðnum.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna og við erum núna að vinna að er lífsgildakönnun meðal ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum. Skoðanakönnun mun fara fram á öllum Vestur-Norðurlöndunum, þ.e. í Færeyjum, Grænlandi og

Íslandi, á lífsviðhorfum 18 ára ungmenna í öllum löndunum þar sem spurt verður um framtíðarsýn, framtíðarviðhorf og framtíðarhorfur. Meiningin er að niðurstaðan af þessari lífsgildakönnun verði birt á æskulýðsráðstefnunni í sumar.

Fjórða atriðið sem ég ætla að nefna er að við höfum sett af stað vestnorræna sjávarútvegsráðstefnu sem verður haldin á Íslandi 15. apríl nk. undir forustu og á vegum íslenska sjávarútvegsráðuneytisins, ráðstefna sem er í raun haldin í merki Árs hafsins sem við eigum auðvitað allt okkar líf undir á þessum slóðum. Því teljum við mikilvægt að sinna því.

Staðreyndin er sú að heldur hefur tekist að lífga við starfsemi Vestnorræna ráðsins af því að þar hafa menn hjálpast að með myndarlegum hætti, náð góðri, víðtækri pólitískri samstöðu um það, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu á öllum löndunum og það er mjög jákvætt og mikilvægt.

Stundum er talað um það, herra forseti, að vestnorræna starfið líði að einhverju leyti fyrir áherslurnar á Eystrasalti af hálfu Norðurlandaráðs. Ég orða það aldrei þannig en hins vegar er ekki því að neita að við veltum því oft fyrir okkur hvort okkar sess í tengslum við Norðurlandaráð er nægilega skýr. Við fengum forsætisnefnd eða forseta Norðurlandaráðs fyrir nokkrum mánuðum til að fallast á að við skiptumst á gestum á þingum annars vegar Norðurlandaráðs og hins vegar á ársfundum Vestnorræna ráðsins. Við vonumst til að í fyrsta sinn verði sérstakir gestir frá Norðurlandaráði á þingi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi í vor. Okkur þykir mjög mikilvægt að þau tengsl verði styrkt. Fyrir utan það sem við eigum sameiginlegt þá viljum við auðvitað líka leggja á það áherslu að Vestnorræna ráðið geti orðið eins konar tengiliður á milli heimskautasvæðasamstarfsins annars vegar og Norðurlandaráðssamstarfsins hins vegar. Við getum vonandi orðið eins konar brú þarna á milli. Það er okkar metnaður að reyna að ná því hlutverki og sinna því sæmilega og um það hefur verið ágæt samstaða í Vestnorræna ráðinu að vinna með þeim hætti.

Með þessum orðum, herra forseti, legg ég fyrir þessa skýrslu um starfsemi Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1997.

[19:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa skýrslu og það mikilvæga starf sem hefur verið unnið á þessum vettvangi. Ég vil ítreka þá skoðun mína að það eigi að vera meðal forgangsverkefna í fjölþjóðlegu samstarfi okkar Íslendinga að beina athyglinni að norðurskautssvæðinu, þar á meðal Vestur-Norðurlöndum og þeim sameiginlegu hagsmunum sem við eigum með þessum þjóðum. Þar ber að sjálfsögðu hæst að standa vörð um umhverfi sjávar, fjölbreytileika lífríkisins og sjálfbæra nýtingu auðlindanna.

Við í utanrrn. vinnum að því af fullum krafti að reyna að auka þetta samstarf, sérstaklega á vettvangi Norðurskautsráðsins en ég tel að okkur sé jafnframt skylt að styðja við bakið á samstarfi Vestur-Norðurlandanna.

Ég hef oft varað við því að mér hefur fundist þetta samstarf ekki vera í nægilega góðum tengslum við norrænu ráðherranefndina. Það eru raunverulega miklu sterkari tengsl við Eystrasaltssamstarfið og það kann að vera að ástæðan sé m.a. sú að stofnað var Vestnorræna þingmannasambandið og í reynd gerð tilraun til að koma á sambærilegu samstarfi á ráðherragrundvelli. Ég taldi það hið mesta óráð vegna þess að þá væri hætt við því að önnur Norðurlönd létu sig litlu skipta þetta samstarf en það á að sjálfsögðu að vera áhugamál Finna, Svía, Dana og Norðmanna að samstarf á þessu svæði sé með sama hætti og það er áhugamál okkar Íslendinga að samstarfið við Eystrasaltið gangi vel og eðlilega fyrir sig. Með þessum orðum er ég á engan hátt að gera lítið úr samstarfi þingmanna á þessu svæði. Mér finnst það vera nauðsynlegt og eðlilegt, en vil aðeins leggja á það áherslu að það ágæta samstarf má ekki verða til þess að Norðurlandaráð láti sig þetta svæði litlu skipta eða hafi minni áhuga á því. Þess vegna munum við á formennskuári Íslands, eins og ég tók fram, beita okkur fyrir því að auka vægi þessa samstarfs og gera það eitt af áhersluatriðum Íslands.

Ég þakka hv. þingmönnum fyrir góð orð í minn garð fyrir að sinna samstarfinu. Ég sé ekkert eftir því og tel að það hafi orðið utanrrn. og utanríkisþjónustunni til góðs. Það hefur m.a. orðið til þess að Norðurlandamálum er sinnt í ríkara mæli en oftast áður í utanrrn. sem er nauðsynlegt vegna þess að Norðurlandasamstarfið er grundvallaratriði í öllu alþjóðasamstarfi Íslendinga. Samstarfið við Norðurlöndin er svo mikilvægt að það myndar algeran grundvallarþátt í öðru starfi. Það er alveg sama til hvaða samstarfs við lítum, hvort sem það er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, OECD og allra annarra samtaka sem við vinnum innan, að ávallt er rík tilhneiging til þess að Norðurlöndin haldi saman og haldi sérstaka fundi. Sama má segja um Evrópuráðið og mörg önnur alþjóðleg samtök. Með því að sinna Norðurlandasamstarfinu vel erum við í reynd að styrkja annað alþjóðlegt samstarf. Þess vegna er afar nauðsynlegt að norrænt samstarf sé ríkur þáttur í starfsemi utanrrn. hvernig svo sem því er háttað og hver gegnir embætti samstarfsráðherra á hverjum tíma enda er það þannig meðal margra Norðurlandaþjóðanna að þessum verkefnum er sinnt frá utanríkisráðuneytunum og þó hafður sé annar háttur á hér á landi, þ.e. skrifstofa ráðherranefndarinnar er hjá forsrn., hefur það á engan hátt valdið neinum vanda, þvert á móti. Það samstarf hefur gengið afar vel en ég er hins vegar hræddur um að ef utanrrn. hefði ekki sinnt þessu starfi væri hættara við því að Norðurlandasamstarfið hefði ekki orðið jafnríkur þáttur í starfsemi ráðuneytisins.

[19:49]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau orð sem hann lét falla og ég er sammála honum í einu og öllu. Í fyrsta lagi vil ég segja að við sem eigum að sinna vestnorrænu málunum munum örugglega leita ákveðið til hans á þessu formannstímabili einhvern tíma á næstunni, ekki síst í framhaldi af mikilvægri yfirlýsingu um þau mál hér áðan.

Síðan vil ég segja að okkur er nokkur vandi á höndum með þetta vestnorræna samstarf því að það hefur verið satt best að segja pínulítið munaðarlaust í kerfinu. Ástæðan fyrir því að ráðherrarnir hafa kannski ekki komið að því er væntanlega sú að menn hafi ekki viljað koma upp ráðherranefnd af því að ekki eru öll ríki á nákvæmlega sama grundvelli. Menn hafa kannski verið feimnir við að þeir mundu móðga Dani að einhverju leyti með því að stofna slíka ráðherranefnd og ég hef reyndar heyrt það sjónarmið, m.a. frá Grænlandi, að það væri betra að þetta væri eingöngu þingmannasamstarf. Ég er ekki viss um að það sé rétt. Ég hefði talið að betra væri að reyna að ná einhverjum tengslum við framkvæmdarvaldið, beinum og skipulegum tengslum. Ég held að ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann velti því fyrir sér hvernig hægt væri að koma þeim við.

Ég vil líka segja að ég hef stundum velt fyrir mér því fyrirkomulagi að vera með hluta af þessu vestnorræna starfi inni í forsrn. og þá er ég ekkert að gera lítið úr forsrn. Ég bið engan að taka það þannig og bið engan sem sinnir þessum málum þar að taka það óstinnt upp þó að ég segi að ég hef velt því fyrir mér hvort ekki væri betra að þessi mál og Norðurlandamálin væru virkari í utanrrn. Þó þetta hafi gengið allt saman mjög vel þá velti ég því fyrir mér hvort ekki væri skynsamlegra til lengri tíma litið að tengja þetta aðeins þéttara saman en gert hefur verið.

Þess vegna nefndi ég þetta hér, hæstv. forseti, að lokum um leið og ég þakka fyrir mig og mína. Ég hvet til þess að við hugum að þessu skipulagi og stöðu vestnorræna samstarfsins á næsta ári þegar svo vel vill til að jafnvelviljaður ráðherra og hæstv. núv. utanrrh. vill sinna þessum málum.

***Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, 3. umr.***

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 970.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:53.

# 92. FUNDUR

mánudaginn 23. mars,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, stjfrv., 287. mál, þskj. 970. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Framlag til þróunarsamvinnu, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 94. mál, þskj. 94. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þáltill., 402. mál, þskj. 723. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 568. mál, þskj. 968. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 151, nál. 966, brtt. 967. — 2. umr.
9. Starfsemi kauphalla, stjfrv., 285. mál, þskj. 356, nál. 963, brtt. 964. — 2. umr.
10. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357, nál. 965. — 2. umr.
11. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430, nál. 985. — 2. umr.
12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771, nál. 996. — 2. umr.
13. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 989. — 1. umr.
14. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927. — 1. umr.
15. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — 1. umr.
16. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782. — Fyrri umr.
17. Þjóðhagsstofnun, frv., 489. mál, þskj. 832. — 1. umr.
18. Stjórnarráð Íslands, frv., 545. mál, þskj. 930. — 1. umr.
19. Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, þáltill., 549. mál, þskj. 934. — Fyrri umr.
20. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 557. mál, þskj. 946. — 1. umr.
21. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 987. — 1. umr.
22. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 438. mál, þskj. 764. — Frh. 1. umr.
23. Þingsköp Alþingis, frv., 229. mál, þskj. 261. — 1. umr.
24. Hlutafélög, frv., 230. mál, þskj. 262. — 1. umr.
25. Ársreikningar, frv., 434. mál, þskj. 760. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[15:02]

**Útbýting þingskjala:**

Dvalar- og hjúkrunarheimili, 399. mál, svar heilbrrh., þskj. 949.

Eftirlit með skipum, 593. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1005.

Umferðarlög, 443. mál, nál. allshn., þskj. 1000.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[15:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Að loknum 1. dagskrárliðnum, fyrirspurnum til ráðherra, fer fram atkvæðagreiðsla um 1.–7. dagskrármál að báðum meðtöldum og síðan fer fram umræða utan dagskrár um stöðuna í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson og hæstv. forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

*Birting milliríkjasamninga.*

[15:04]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í fréttum núna síðustu daga hefur verið skýrt frá ummælum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem hann lét falla á ráðstefnu um Norðurlandasamstarf fyrir síðustu helgi þess efnis að útgáfa C-hluta Stjórnartíðinda, sem fjallar um alþjóðlega samninga, hafi dregist úr hömlu og nú um áramót hafi fyrst verið birtir samningar fyrir árið 1995. Það er ljóst af þessu að svo virðist vera að alþjóðlegir samningar hafi ekki hlotið gildi vegna þess að ekki hefur verið staðið eðlilega að birtingu þeirra.

Herra forseti. Hér er um að ræða forkastanleg vinnubrögð utanrrn. en þetta dregur bæði gildistöku viðskiptasamninga svo og samninga um tvísköttun. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh.:

Í fyrsta lagi: Hvernig stendur á þessu?

Í öðru lagi: Hver ber ábyrgð á þessu sleifarlagi og verður einhver látinn sæta þeirri ábyrgð?

Í þriðja lagi: Mun ráðherra beita sér fyrir úrbótum á þessu sviði?

Í fjórða lagi: Mun hæstv. ráðherra láta skoða hvort einstaklingar eða fyrirtæki hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna þessa dráttar í utanrrn.?

Í fimmta lagi: Er það rétt sem haldið hefur verið fram að þýðingum á þessum samningum hafi verið ábótavant þegar samningarnir voru upphaflega lagðir fyrir hv. Alþingi?

[15:05]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er að hluta til einhver misskilningur í þessu máli, þ.e. þarna séu fyrir hendi samningar sem ekki hafa hlotið gildi af þessum ástæðum. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef í utanrrn. hafa flestir þessara samninga öðlast

lagalegt gildi þannig að þeir eru skuldbindandi þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda.

Ég skal ekki fullyrða hvort það á við um þá alla, en a.m.k. marga þeirra, þannig að ummæli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er að hluta til byggð á misskilningi. Utanrrn. mun senda frá sér fréttatilkynningu þar sem þetta mál er útskýrt.

Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega mannekla í þeirri deild ráðuneytisins sem hefur með þetta mál að gera. Á síðasta ári var ráðinn starfsmaður til þess að fara sérstaklega í þessi mál en hann hætti störfum af persónulegum ástæðum og þar af leiðandi hefur ekki verið sá kraftur í málinu sem við ætluðum að setja það. Hins vegar er verið að bæta úr því núna og ég vænti þess að verulegar lagfæringar muni verða í þessu máli. En mér vitanlega hefur ekki hlotist neinn skaði af þessum drætti.

[15:07]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra og ráðuneytinu hefur eiginlega verið komið í opna skjöldu varðandi þetta efni því að það er með ólíkindum að hæstv. ráðherra hafi ekki meiri upplýsingar um mál sem er búið að vera í umræðu í þó nokkra daga áður en það kemur hér til umræðu, t.d. þannig að hann gæti gert Alþingi grein fyrir hvaða samningar hafi ekki hlotið gildi vegna þessa dráttar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ætlar hann að upplýsa Alþingi um það? Þessi margra ára dráttur sem hefur komið fram er ámælisverður. Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Mun hann láta kanna sérstaklega hvort af þessu hafi hlotist fjárhagslegt tjón einstaklinga og fyrirtækja? Mér er alveg ljóst að ráðherrann veit það ekki frekar en annað um málið. En mun hann leggja sig í líma við að fá upplýsingar um þetta mjög svo sérstaka mál?

[15:08]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Hér er um óundirbúnar fyrirspurnir að ræða og ég geri ekki ráð fyrir því að hv. þm. geti gengið út frá því að ráðherra geti svarað nákvæmlega fyrir um það með vissu hvaða samningar þetta eru nema þá ef þingmaðurinn hefði a.m.k. gert ráðherra viðvart um það fyrir fram. Ég fékk engar slíkar upplýsingar og ég er þess vegna ekki með þær í höndum. En ég skal útvega þingmanninum þær. En ef hann ætlaðist til þess að ég svaraði því nákvæmlega hér þá hefði hann a.m.k. getað látið mig vita um málið fyrir tíu mínútum síðan.

[15:09]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Við erum að ræða óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra sem sérstakt ákvæði er um í þingsköpum sem felst í því að þingmenn koma upp, spyrja ákveðinna spurninga um pólitísk efni eða önnur þau efni sem eru í umræðu í þjóðfélaginu og eiga skoðanaskipti við hæstv. ráðherra. Hér er ekki um venjulega fyrispurn að ræða sem menn undirbúa vitaskuld með því að láta ráðherra vita eða utandagskrárumræða. Þetta er formið sem við höfum kosið okkur og hæstv. ráðherra á ekki að skjóta sér bak við það. Hann veit miklu betur. Hann svaraði hins vegar engu um það hvort hann ætlaði að láta athuga hugsanlegt fjárhagslegt tjón sem menn hafa orðið fyrir. Hann segist ætla að upplýsa Alþingi betur um þetta. Því ber að fagna. En hæstv. ráðherra á ekki að kveinka sér undan umræðunni. Það er eðlilegt að þessi mál komi hér til umræðu. Þau vöktu mikla athygli þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vakti máls á þessu. Það er satt best að segja með ólíkindum að við skulum hafa verið að löfesta samninga og síðan bíða þeir í þrjú, fjögur ár í utanrrn. þar til þeir eru birtir lögformlega.

[15:10]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi sérstaklega í þessu sambandi fríverslunarsamninga við Eistland, Lettland og Litháen. Þessir samningar öðluðust fullt gildi þegar ríkin höfðu staðfest þá og eru þeir skuldbindandi fyrir þau, óháð birtingu samninganna þannig að það er a.m.k. nauðsynlegt að hafa þetta í huga. Gildistaka alþjóðasamninga er almennt ekki háð birtingu þeirra. Mér vitanlega hefur enginn skaði orðið vegna þessa máls. Það er mjög erfitt að rannsaka það. Ég tel mig ekki geta látið fara fram sérstaka rannsókn á því og það hefur a.m.k. enginn gefið sig fram sem hefur orðið fyrir skaða.

Það er mín reynsla að ef einhver verður fyrir skaða í okkar samfélagi þá gefur hann sig fljótt fram, ekki síst í ljósi umræðna um málið. Það er gott að þessi umræða fer fram. Ég er a.m.k. ekki að kveinka mér undan henni en mér heyrist hv. þm. vera svona heldur að kveinka sér undan því að eitthvað skuli vera talað við hann.

*Álit ESA-dómstólsins um lög um ábyrgðasjóð launa.*

[15:12]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins fjallaði fréttaritari Ríkisútvarpsins í Brussel um það að Eftirlitsstofnun EFTA hefði komist að þeirri niðurstöðu að íslensk lög verði að víkja fyrir lögum og reglum sem Evrópusambandið hefur sett og, svo vitnað sé til orða fréttamannsins, sé þessi niðurstaða rétt veki það upp spurningu um hvort Alþingi hafi framselt yfirþjóðlegum stofnunum sambandsins lagasetningarvald þegar það samþykkti EES-samninginn á sínum tíma.

Mál þetta snýst um málsókn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna greiðslna úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota og var rekið af lögmanni viðkomandi starfsmanns á þeim grundvelli að vísa til tilskipunar Evrópusambandsins um rétt starfsmanna við gjaldþrot.

Nú hefur ekki fallið dómur í EFTA-dómstólnum um þetta mál en álitsgerðir hafa verið sendar þangað bæði af hálfu opinberra aðila hér sem og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA sem hefur veitt álit og í það álit er verið að vísa. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann þekki þetta mál og hvernig hann meti þessa stöðu, hvort hann geti upplýst hér hvort samstaða hafi verið hjá Eftirlitsstofnun EFTA í þessu efni og hvaða ályktanir megi af þessu draga. Ég vil ekki vera með neinar getsakir um það hver niðurstaða EFTA-dómstólsins verður en afstaðan sem kemur fram er mjög athyglisverð. Það var raunar haft eftir íslenskum fulltrúa í Eftirlitsstofnun EFTA, Hannesi Hafstein, að álit stofnunarinnar væri mjög djarft. Ég vil út af fyrir sig ekki leggja neitt mat á það en vænti þess að heyra túlkun ráðherra á þessari stöðu.

[15:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hér er um mjög stórt mál að ræða bæði út frá pólitísku sjónarmiði og einnig út frá lagalegu sjónarmiði.

Um það er að ræða að Héraðsdómur Reykjavíkur fer þess á leit við EFTA-dómstólinn að hann gefi álit sitt á tilteknu máli þar sem um er að ræða aðila sem telur að íslensk lög gangi skemmra en Evrópurétturinn og þar af leiðandi eigi Evrópurétturinn að gilda í þessu máli.

Utanrrn. hefur unnið að álitsgerð í málinu og hefur vörn í málinu. En það er rétt hjá hv. þm. að það hafa komið álitsgerðir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, einnig frá öðrum þjóðum, a.m.k. Bretum og Norðmönnum, þannig að almennt talið er um mjög stórt mál að ræða. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um hver niðurstaða málsins verður. Það liggur alveg ljóst fyrir af Íslands hálfu að við föllumst ekki á þessar kröfur, við teljum að íslensk lög eigi að gilda í málinu. Það álit sem kemur væntanlega frá EFTA-dómstólnum er ráðgefandi en hins vegar er rétt að taka fram að í öðrum tilvikum hafa dómstólar almennt farið eftir slíkri álitsgerð. En hún er sem sagt ekki komin en það verður mjög fróðlegt að fylgjast með málinu því það getur haft áhrif bæði hér á landi og í ýmsum öðrum löndum jafnframt.

[15:16]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér sýnist vera um að ræða afar stórt mál. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað er mikið undir í málinu. Mér sýnist mjög eðlilegt að íslensk stjórnvöld leitist við að gæta okkar stöðu í þessu efni, þ.e. að íslensk lög séu það sem gildir því að ef annað kemur á daginn stöndum við sannarlega illa gagnvart þeim samningi sem við samþykktum hér, meiri hluti á Alþingi m.a., staðfesti á sínum tíma um hið Evrópska efnahagssvæði. Í fréttinni í hádeginu kom fram að hver sem niðurstaðan yrði þá yrði hún mjög ráðandi í málinu og snerti stöðu samningsins að ýmsu leyti. Eins og menn muna var mjög deilt um réttarstöðuna, þ.e. réttarákvæðið samkvæmt samningnum, ekki síst stjórnarskrána og dómsmálaþáttinn. (Forseti hringir.) Þó það varði það sem hér er um að ræða ekki beint þá er eðlilegt að menn hugsi til þeirrar miklu umræðu sem þá fór fram.

*Hvalveiðar.*

[15:18]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Fyrir tæplega ári voru kynntar niðurstöður starfshóps um hvalveiðar. Sjútvrh. taldi að málið væri komið í ákveðinn farveg. Ríkisstjórnin hefði fallist á meginatriði skýrslunnar, í tillögum nefndarinnar væri beinlínis lagt til að hvalveiðar yrðu teknar upp að nýju en það skref yrði þó ekki stigið fyrr en að höfðu víðtækara samráði. Fram kom hjá ráðherra að leitað yrði eftir formlegu samstarfi við stjórnarandstöðuna og þannig reynt að ná pólitískri samstöðu um að afgreiða á Alþingi ályktun um að hefja nýtingu hvalastofna hér við land.

Einnig kom fram hjá ráðherra að öðrum ríkjum yrði kynntur málstaður Íslands og samkomulags leitað um framkvæmd þeirrar stefnu að hefja hvalveiðar á ný. Lykilorðin voru kynning og samráð. Þetta var fyrir u.þ.b. ári.

Áhugi ríkisstjórnarinnar og sjútvrh. á hvalveiðum kemur skýrast fram í því hve rösklega er gengið til verka. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. eftirtalinna spurninga:

1. Hvaða kynningarstarf hefur farið fram gagnvart erlendum ríkjum síðan tillögur starfshópsins voru kynntar fyrir u.þ.b. ári og hverjir hafa staðið að þeirri kynningu?

2. Hvenær kemur að samráðinu við stjórnarandstöðuna til að byggja upp hina pólitísku samstöðu?

Síðast þegar ég spurðist fyrir um þetta hafði enn ekki verið boðað til fundar þeirra sem tilnefndir voru í fyrra af hálfu þingflokkanna.

[15:20]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Varðandi fyrri lið fyrirspurnarinnar er það að segja að embættismenn hafa rætt þau sjónarmið sem fram komu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við nokkrar erlendar ríkisstjórnir og þar á meðal fulltrúa Bandaríkjastjórnar.

Varðandi síðari liðinn vænti ég þess að samráðshópurinn sem var skipaður geti komið saman innan tíðar til þess að fjalla frekar um framhald málsins.

[15:21]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það væri áhugavert, ekki síst vegna þess að hér liggur fyrir tillaga átta stjórnarþingmanna um að hefja hvalveiðar, ef ráðherrann upplýsti frekar um þetta kynningarstarf. Telur hann að það hafi borið þann árangur að viturlegt væri að samþykkja tillöguna sem liggur fyrir eða er enn frekara kynningarstarfs þörf?

Jafnframt væri gott ef það væri rifjað upp fyrir okkur til hvers var ætlast með samráðinu. Ef ég man rétt átti samráðshópurinn m.a. að standa fyrir ákveðnum kynningum. Það er greinilega ekki komið að því enn þá. Ef til vill misminnir mig en það væri gott ef hæstv. ráðherra vildi rifja upp með okkur hvert erindisbréf starfshópsins var sem tilnefnt var í fyrir tæpu ári en hefur enn ekki verið kallaður saman.

[15:22]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og hv. þm. vék að í upphafi var erindi hópsins að freista þess að leita eftir pólitískri samstöðu um framgang málsins og að viðhafa nauðsynlegt samráð um þau skref sem talið yrði ráðlegt að stíga í þessum efnum. Ákveðið undirbúnings- og könnunarstarf hefur farið fram af hálfu embættismanna og þess vegna er að því komið að hópurinn komi saman og ræði þessi viðfangsefni í því ljósi og hvernig réttast er að halda á málum í framhaldinu.

[15:23]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þetta form er afar knappt og þess vegna fyrirgef ég hæstv. ráðherra að hann skuli ekki veita mér ítarlegri svör við spurningum mínum. Ég vil þó að lokum varpa fram einfaldri spurningu sem ég tel að hann ætti að geta svarað. Vegna þess að hér er verið að fjalla um ráðleg skref og hvað er mögulegt að gera þætti mér fróðlegt að heyra skoðun hans á því hvort hann telji að sú tillaga sem hér liggur fyrir og flutt er af átta stjórnarþingmönnum sé líkleg til að greiða fyrir pólitískri samstöðu í þinginu um málið.

[15:23]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég hef ekki tekið efnislega afstöðu til þeirrar tillögu sem liggur fyrir vegna þess að ég tel að það sé eðlilegt og í samræmi við þær yfirlýsingar sem gefnar voru að ræða málið í þessum samstarfshópi og móta þar afstöðuna.

*Hrognkelsaveiðar.*

[15:24]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vek athygli á málefnum hrognkelsaveiðimanna. Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort einhverjar aðgerðir séu fyrirhugaðar vegna þess ástands sem er hjá þeim mönnum. Til hvaða aðgerða ætlar sjútvrh. að grípa vegna tekjusamdráttar hjá grásleppuveiðimönnum? Tekjusamdráttur þeirra verður a.m.k. 65% því að þeir hafa fengið tilkynningu um að þeir fái aðeins að landa helmingi þess magns sem þeir veiddu í fyrra og búið er að tilkynna um 35–40% verðlækkun. Þetta varðar mörg hundruð fjölskyldur í landinu, þetta varðar frá einum fjórða upp í tvo þriðju af heildartekjum margra sjómanna og ég bendi sérstaklega á sjómenn á Austurlandi og á norðausturhorninu, sem hafa ekki treyst sér til að hefja veiðar vegna þessa ástands.

Síðan vil ég spyrja: Hvers vegna er það liðið að þorsknetabátar fái að landa ótakmarkað grásleppu, þ.e. tugum tonna daglega? Þetta er eini fiskurinn sem hægt er að draga af 250 faðma dýpi, og á tíu faðma dýpi eða hvað sem er. Hægt er að láta þennan fisk vera allt að hálftíma um borð í bátnum og láta hann síðan í sjóinn og hann lifir. Hann getur velkst í netum í 4–5 daga án þess að nokkuð komi fyrir. Hvernig stendur á því að snúið var til baka með þá aðgerð sem átti að grípa til um daginn að meina mönnum að koma með þennan fisk í land og nú fá þeir að landa ótakmarkað eins og þeir vilja án þess að vera með nokkra heimild til veiða á grásleppu, veiðitímabilið er ekki hafið við Faxaflóa? En á sama tíma henda menn þorski alveg miskunnarlaust í hafið.

Ég spyr hvort það eigi að grípa til aðgerða vegna ástandsins í grásleppuveiðunum.

[15:26]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það virðist vera fyrirsjáanleg veruleg verðlækkun á afurðunum og það geti komið af þeim sökum til tekjutaps. Ég sé hins vegar ekki að það sé hægt að bregðast við því með breytingum á veiði eða veiðireglum. Því miður er það þannig að það gerist á mörkuðum fyrir sjávarafurðir að verð breytist, það hækkar og það lækkar. Þetta er það sem atvinnugreinin þarf að búa við og laga sig að. Ég sé ekki að með stjórnvaldsaðgerðum verði verðþróun á erlendum mörkuðum breytt. Ákvarðanir um veiðitíma eru teknar út frá almennum líffræðilegum forsendum en ekki markaðsaðstæðum. Það á jafnt við um ákvarðanir um grásleppuveiðar og aðrar veiðar.

Varðandi síðara atriðið sem hv. þm. spurðist fyrir um er mér ekki kunnugt um að ákveðin hafi verið nein breytt framkvæmd í þeim efnum. Tilteknir bátar hafa grásleppuleyfi og aðrir ekki og ég þekki ekki neitt breytta framkvæmd af hálfu Fiskistofu í þeim efnum en er fús til að kanna það ef einhverjar breytingar hafa verið gerðar á framkvæmd mála af hálfu Fiskistofu varðandi þau dæmi sem hv. þm. nefndi þar um varðandi stærri báta sem hafa ekki grásleppuleyfi.

[15:28]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Mér fannst þau þó vera mjög takmörkuð. Ég minni á að á sínum tíma þegar loðnuveiðiflotinn missti möguleika sína til að stunda loðnuveiðar að ákveðnu marki voru þeim úthlutaðar heimildir í þorski. Ég tel að núna sé nákvæmlega sama ástand uppi. Það er mögulegt að veita þessum mönnum sem hafa stundað hrognkelsaveiðar á móti takmarkaða heimild til að veiða þorsk, bara til þess að vega upp á móti tekjutapinu í þetta skipti.

Ég minni einnig á það sem var að gerast varðandi grásleppuna og löndun á markaði núna að Fiskistofa var búin að senda út tilskipun um að hætta að koma með þennan fisk í land. Þá slepptu menn þessum fiski lifandi í sjóinn. Síðan kom önnur tilskipun um að það yrði að koma með allan fisk í land sem væri veiddur. Þetta er svolítið merkilegt því að það er líka til fyrirmæli um það að sleppa þeim fiski sem veiðist án heimildar í sjóinn sem er lifandi og lifir af. Ég skora á sjútvrh. að grípa inn í málið.

[15:29]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru meiri möguleikar á að grásleppa geti lifað af eftir að hún hefur verið dregin um borð og henni hent í sjóinn aftur þannig að full ástæða er til þess að það mál verði skoðað nánar.

*Stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.*

[15:30]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Fyrir helgina bárust fréttir af ákvörðunum um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Ákvörðunin tekur til stækkunar um einn ofn, þ.e. þriðja ofninn í verksmiðjunni, og fyrirheit eru raunar gefin um að stefnan verði sett á fjórða og jafnvel fimmta ofninn. Fréttaflutningur hefur verið fremur einhliða. Ekkert skorti á upplýsingar um fjármálahlið þessa máls, um afkomu fyrirtækisins, um veltu þess og hagnað og hver búhnykkur yrði af nýjum ofni. Hann yrði einn sá stærsti í heiminum, verksmiðjan yrði sú stærsta sinnar tegundar, þriðji ofninn yrði sá afkastamesti í heiminum og fullyrt er að framkvæmdir hefjist á næstu vikum og helstu byggingarframkvæmdum ljúki fyrir árslok. Þessu á auðvitað að fylgja mikil hagsæld og störf til langframa fyrir 25 manns. En það vantar ýmislegt í þessa merkilegu frétt sem ég hef hvergi séð né heyrt. Það er t.d. hvergi minnst á að þessi framleiðsluaukning muni leiða til aukins útstreymis koltvíoxíðs um 160 þús. tonn og ekki verður það til að auðvelda okkur að undirrita samning þjóða heims um að draga úr mengun andrúmsloftsins.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvað með umhverfismat vegna þessarar miklu stækkunar og framleiðsluaukningar? Það var fullyrt í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins að ekki þyrfti neitt umhverfismat, vegna þess að ákvörðun um þriðja ofninn byggðist á lögum frá 1977. Ég finn ekkert slíkt í þeim lögum. Það er aðeins kveðið á um byggingu tveggja ofna en hæstv. ráðherra getur kannski bent mér á þetta ákvæði. En þó svo væri, á að trúa því að menn ætli ekki að taka tillit til gjörbreyttra viðhorfa frá þeim tíma og stóraukinna krafna um umhverfisvernd? Á hverju ætla menn þá að byggja starfsleyfið vegna þessarar stækkunar og hvar er það á vegi statt? Hvar er byggingarleyfið á vegi statt? Er það fengið? Hvað með samráð við nágranna verksmiðjunnar og þá á ég ekkert síður við þá sem búa andspænis verksmiðjunni og hafa hana daglega fyrir augum? Hvað finnst þeim? Og hvað með samráð eða álit samstarfsnefndar sem nýlega var sett á stofn til að fylgjast með áhrifum á umhverfið vegna stóriðju í Hvalfirði?

[15:32]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég gleðst yfir að hv. þm. skuli rifja upp alla þá hagsæld sem hlýst af framkvæmdum í Hvalfirði en ætla ekki að hafa fleiri orð um það, heldur snúa mér beint að því að svara þeim spurningum sem hv. þm. bar fram. Í fyrsta lagi hvað varðar umhverfismat þá er það ljóst og hefur legið fyrir frá upphafi og frá því málið var hér fyrst til umræðu, að í upphaflegum aðalsamningi um byggingu járnblendiverksmiðju á Grundartanga er gert ráð fyrir að verksmiðjan geti orðið þrír til fjórir ofnar að stærð. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, bráðabirgðaákvæði með þeim lögum, er gert ráð fyrir að ekki þurfi að fara fram umhverfismat á þeim framkvæmdum sem tekin hefur verið ákvörðun um eða gefin fyrirheit um að ráðist skyldi í. Stjórnendur verksmiðjunnar á Grundartanga eru með bréf frá umhvrh. um að ekki þurfi að fara fram umhverfismat á þessum ofnum.

Þá spurði hv. þm. hvað liði útgáfu starfsleyfis. Tillaga að starfsleyfi liggur núna tilbúin í Hollustuvernd ríkisins og mun fara til kynningar eða auglýsingar samkvæmt því sem lög um það gera ráð fyrir, á næstu dögum eftir því sem ég best veit.

Þriðja spurningin sneri að samráði við samtök í Hvalfirði sem kalla sig Sól í Hvalfirði. Ég veit að ekki þarf að minna hv. þm. á að við hátíðlega athöfn ekki alls fyrir löngu gengu fulltrúar Sólar, sveitarfélaganna við Hvalfjörð, Járnblendifélagsins og Norðuráls á Grundartanga ásamt iðnrh. og umhvrh. frá víðtæku samkomulagi um umhverfismál í Hvalfirði. Að þessu stóðu allir þeir sem höfðu hæst um stór slys sem menn töldu að gætu hlotist af stækkun álvers. Ekkert af þessu er núna í umræðunni sem betur fer og þeir aðilar sem hæst höfðu hafa nú gengið fram fyrir skjöldu um að gera þetta samkomulag. Ánægjan er svo mikil í þessu að halda á sérstakan umhverfisdag Sólar í Hvalfirði og þeirra aðila sem að þessu standa.

[15:35]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Mikil er nú ánægjan þarna uppi í Hvalfirði. Ég hef svolítið aðrar upplýsingar en hæstv. ráðherra þar sem hann vitnaði til mikillar ánægju meðal umhverfisverndarsinna, að því er mér best skildist, þarna í Hvalfirðinum. Hann vill þá kannski lýsa nákvæmlega í hverju samstarf við þetta fólk er fólgið um það hvað er að gerast í Hvalfirði. Mér kom raunar ekkert sérstaklega á óvart í svörum hæstv. iðnrh. Þau voru á þann veg sem vænta mátti. Hann telur auðvitað allt gulltryggt í bak og fyrir en það vakti athygli mína að hann minntist ekki á hina miklu auknu losun koltvíoxíðs um 160 þús. tonn á einu bretti. Og ég spyr: Hvarflar yfirleitt ekkert að hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar að reyna að uppfylla þau markmið sem sett voru á fundinum í Kyoto á síðasta ári? Var það bara allt í plati? Eða er það einlægur ásetningur manna, ef betlistafurinn dugar ekki, þ.e. betlið um að fá að menga talsvert meira en aðrir, að þá verði samkomulagið bara hunsað og brotið? Veldur þetta hæstv. ráðherra engum áhyggjum?

[15:36]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Hv. þm. gleymir því í umræðunni um samkomulagið frá Kyoto að engin þjóð hefur enn þá gerst aðili að því samkomulagi. Og þótt undirritunarferlið sé farið af stað eru staðfestingar og annað slíkt eftir og við höfum sagt: Við munum bíða og sjá til með ákvörðun um það hvort Íslendingar gerist aðilar að því samkomulagi eða ekki, hvað verður um það sérákvæði sem þarna var tekið sérstaklega fram að skyldi gilda um Ísland, sérákvæði um Ísland.

[15:36]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég hef ekki gleymt því að ekki er búið að undirrita þetta samkomulag og að það hefur ekki verið staðfest. En ég hélt að menn hefðu lýst því yfir og væru fúsir til að reyna að vinna að því að við gætum staðið við samkomulagið ásamt öðrum þjóðum. Mér heyrist það ekki á þessu sem nú er að gerast að stefnt sé að því. Ég vil líka spyrja vegna þess að hæstv. ráðherra minntist ekki á það, í hverju þetta samráð við umhverfisverndarsinna í Hvalfirði er fólgið? Hvernig hafa þeir komið að þessari ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar, um fjölgun um einn ofn sem mun leiða til þess að umhverfið mengast enn meira en orðið er, að á Grundartanga verður stærsta stóriðjusvæði og mesta mengunarbæli á öllu Íslandi?

[15:38]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Íslendingar hafa verið í fararbroddi þjóða heims við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Frá árinu 1976 til ársins 1990 hafa Íslendingar dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 40% (Gripið fram í.) meðan aðrar þjóðir hafa ekkert gert í þessum efnum og eru núna að fara að taka sér tak í þessum efnum. Við munum og viljum gera allt sem við getum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og til að það sé hægt eigum við að láta framleiðsluna fara fram á þeim stöðum þar sem mengunin er minnst og mengun í framleiðslu í orkufrekum iðnferlum er minnst á Íslandi. Hún er tíu sinnum minni á Íslandi af því við notum hreina orku til þess heldur en í þeim löndum þar sem þetta fer fram með jarðefnaeldsneyti.

*Aldurssamsetning þjóðarinnar.*

[15:39]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. Fyrir skömmu voru hv. þm. fjárln. og efh.- og viðskn. boðaðir á upplýsingafund í Seðlabanka Íslands þar sem Jón Blöndal, starfsmaður OECD, fór yfir stöðu efnahagsmála á Íslandi í samanburði við önnur OECD-ríki. Fundurinn var afar fróðlegur og kom Ísland almennt mjög vel út úr þessum samanburði. Þar kom m.a. fram að hinir svokölluðu kynslóðareikningar eru úrelt fyrirbæri og skila ekki þeim árangri sem til var ætlast. Hins vegar benti Jón Blöndal á að eitt af grundvallaratriðum í framtíðarsýn manna um efnahagsmál væri að gera nauðsynlega könnun á aldurshópabreytingum, þ.e. könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa á Íslandi.

Á síðasta þingi lagði ég ásamt nokkrum þm. Framsfl. fram þáltill. um þetta efni. Hún hljóðaði þannig að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kannaði áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrissjóðsmál og á heilbrigðiskerfið. Ég hvatti til þess að nefndin skilaði áliti innan árs. Mig langar að vita hvort ríkisstjórnin hafi tekið á þessu máli, sem er mjög brýnt og alvarlegt. Í raun undirstrikaði þessi fundur með Jóni Blöndal, starfsmanni OECD, að mjög nauðsynlegt væri að fara út í þessa reikninga.

[15:41]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn um mál sem ég held að full ástæða sé til að ræða á hinu háa Alþingi. Það er rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að á umgetnum fundi kom fram að nauðsynlegt væri fyrir okkur eins og alla aðra að kanna aldurssamsetningu þjóðarinnar fram í tímann og eins hitt að kynslóðareikningar sem hefðu farið sigurför, a.m.k. um Evrópu og Bandaríkin á undanförnum árum, væru kannski ekki eins nákvæmir og menn vildu vera láta. Ég held að við stöndum nokkuð vel hvað þetta áhrærir því við höfum nokkuð góðar upplýsingar um hvernig aldurssamsetning þjóðarinnar muni breytast á komandi árum og áratugum. Stjórnvöld hafa satt að segja, nú þegar verðbólgan er nánast horfin hér á landi, haft miklu betra tækifæri en nokkurn tíma fyrr til að áætla fram í tímann. Það höfum við gert og brugðist við, m.a. með breytingum á lífeyrissjóðalöggjöfinni, en lífeyriskerfið sem byggir á þremur stoðum, í fyrsta lagi á framlagi úr ríkissjóði til að tryggja lágmark, eins konar öryggisnet, í öðru lagi á skyldutryggingu uppsöfnunar lífeyrissjóða og loks í þriðja lagi á valfrjálsu framlagi til lífeyrissjóða eða sambærilegra stofnana. Við höfum gert meira því iðgjöld einstaklinga til þessara lífeyrissjóða er hægt að draga frá tekjum áður en þær eru skattlagðar. Við höfum því í raun gert það sem margar þjóðir hafa enn ekki gert, þ.e. að takast á við þetta framtíðarvandamál þannig að hingað hafa komið erlendar sendinefndir, nú síðast frá Noregi, til að kynna sér hvað Íslendingar hafa gert til að undirbúa breytta aldurssamsetningu en forsendan fyrir þessu öllu var samkomulag sem gert var af hálfu ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna með þeim breytingum sem gerðar voru á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á sínum tíma.

[15:43]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég tel þó að við höfum ekki tekið jafnnákvæmlega á þessum málaflokki sem skyldi. Það kemur fram í upplýsingum sem ég hef frá Hagstofu Íslands að árið 1970 voru um 5,9% þjóðarinnar 65 ára og eldri. Árið 1995 voru 11,3% 65 ára og eldri, og gert er ráð fyrir að árið 2030 verði þetta um 19% þjóðarinnar, sem segir okkur að árið 2030 verða Íslendingar um 321.000, þar af 60.400 manns sem eru 65 ára og eldri.

Í nokkrum vestrænum löndum þar sem aldurshópadreifingin hefur verið könnuð kemur í ljós að um miðja næstu öld verða hugsanlega tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega og ég tel brýnt að við skoðum þetta mjög vel. Það má enginn misskilja orð mín með þeim hætti að ég sé að hnýta í aldraða, langt í frá. Ég er að hugsa um framtíð aldraðra um leið og ég hugsa um framtíð þjóðarinnar.

[15:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég tek það svo að hv. þm. sé að vekja athygli á mjög mikilvægu máli sem snertir hagsmuni aldraðra og það séu fyrst og fremst þeir hagsmunir sem hann hefur í huga. Ég vil enn fremur segja að það er á þann veg sem ríkisstjórnin hefur einnig litið á þetta mál þegar horft er nokkra áratugi fram í tímann. Það er rétt hjá hv. þm. að um 2030 verður aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar svipuð aldurssamsetningu flestra vestrænna þjóða, Vestur-Evrópuþjóða.

Það þýðir að helmingi fleiri aldraðir, fullorðnir sem komnir eru á aldur til að taka eftirlaun verða að baki hvers sem er vinnandi. Þetta þýðir auðvitað að miklu meiri fjármunir munu renna til lífeyris fullorðins fólks á þeim árum og við höfum verið að vinna að breytingum hér til þess að koma í veg fyrir að slíkt muni leiða til stórkostlegra skattahækkana eða stórkostlegra ríkisútgjalda. (Forseti hringir.) Á fundi sem ég var á í síðustu viku, í Kalmar, þar sem fjármálaráðherrar 10 Norður-Evrópuþjóða hittust var einmitt litið á aðstæður Íslendinga sem sérstaklega góða í þessum efnum.

[15:46]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Það er greinilegt að við göngum í takt í þessu máli, ég og hæstv. fjmrh., og ég treysti honum til þess að koma á fót þeirri nefnd sem var í téðri þáltill. minni og ég vonast til þess að útreikningarnir liggi fyrir eins fljótt og mögulegt er.

## *Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 287. mál. — Þskj. 970.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GGuðbj, IP, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SJóh, StG, SJS, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1006).

## *Framlag til þróunarsamvinnu, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SJS og MF, 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

## *Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frh. 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Íslenskt sendiráð í Japan, frh. fyrri umr.*

Þáltill. HG o.fl., 94. mál. — Þskj. 94.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, frh. fyrri umr.*

Þáltill. SF o.fl., 402. mál. — Þskj. 723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 568. mál. — Þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Verslunaratvinna, 2. umr.*

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 151, nál. 966, brtt. 967.

[15:52]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. vegna frv. til laga um verslunaratvinnu frá efh.- og viðskn. Efh.- og viðskn. gerir tillögu um nokkrar breytingar á frv., sem eru í 11 liðum, og mun ég nú gera grein fyrir þessum brtt.

(**Forseti** (ÓE): Forseti biður um hljóð í salnum.)

Í fyrsta lagi er lögð til breyting við 4. gr. frv. þess efnis að 3. mgr. 4. gr. falli brott en í henni er samkvæmt frv. kveðið á um að verslun á grundvelli starfsleyfis samkvæmt V. kafla, þ.e. vegna sölu notaðra ökutækja, skuli tekin af fastri starfsstöð. Er þetta fellt niður samkvæmt tillögu nefndarinnar.

Frá nefndinni eru tvær brtt. við 5. gr. frv. Í a-lið bætist við lokamálslið smáviðbót sem rakin er í brtt. Í b-lið er gerð tillaga um að það komi ný málsgrein, svohljóðandi:

„Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim skylt að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.“

Þetta er hið efnislega ákvæði 8. gr. sem lagt er til að verði umorðuð á þennan veg.

(**Forseti** (ÓE): Það er kannski hvort tveggja að það er mikill hávaði í salnum og ræðumaður talar ekki mjög hátt.)

Hæstv. forseti. Ég reyni að haga orðum mínum þannig að ég sé ekki í kapphlaupi við aðra þingmenn sem vilja gjarnan ræða mál sín á milli og þeir eru sjálfsagt að ræða mál sem þeim finnst mikilvægari en það sem gæti verið sagt hér en ég vona að við getum haldið þessu áfram.

Ég var að gera grein fyrir 3. lið brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um verslunaratvinnu. Það er brtt. við 7. gr. þar sem því ákvæði er bætt við „hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki“. Ég hafði áður rakið þann lið brtt. sem gengur út á það að 8. gr. frv. verði umorðuð. Síðan er í 4. lið gert ráð fyrir því að kaflanúmer og kaflaheiti III. kafla falli brott enda er búið að ganga frá þeim greinum annars staðar.

Í 5. lið brtt., sem er við 12. gr. frv., er smáorðalagsbreyting sem þar kemur fram. Í 6. lið er brtt. við 13. gr., er verði 12. gr., og þar er bætt við nýrri málsgrein þess efnis að „verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð“ o.s.frv. Þar er verið að fella inn þá kröfu sem var gerð til þeirra sem versla með notuð ökutæki og var áður ákvæði í 3. mgr. 4. gr.

Í 7. lið brtt. er gert ráð fyrir breytingum á 14. gr., þ.e. að lokamálsliður 2. mgr. falli brott og eins að breyta tilvísun í 3. mgr.

Í 9. lið brtt. er gert ráð fyrir að VII. kafli falli brott en í honum er fjallað um lokunartíma sölubúða og það eru einar fjórar greinar sem þar er lagt til að detti út úr frv.

Í 11. lið brtt. er síðan gert ráð fyrir öðru gildistökuákvæði en var í frv.

Þetta eru brtt. efh.- og viðskn. við frv. um verslunaratvinnu sem ég vona að þingheimur geti tekið undir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:57]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, 592. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 1003.

Vörugjald, 347. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1001; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1002.

### *Starfsemi kauphalla, 2. umr.*

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 356, nál. 963, brtt. 964.

[15:57]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. og nál. við frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til brtt. við frv. og mun ég gera grein fyrir þeim.

Í 1. lið brtt. er gerð brtt. við 1. gr. þar sem einungis er verið að kveða skýrar á um hugtök, þ.e. um svokallaðan tilboðsmarkað, þar er talað um skipulega tilboðsmarkaði.

Í 2. lið er gerð tillaga um að breyta lagatilvísun.

Í 3. lið brtt. eru brtt. við 4. gr. sem fjallar um starfsleyfi. Þar er í a-lið brtt. gert ráð fyrir að þar sé mismunandi krafa um fjárhæð innborgaðs hlutafjár eftir því hvort verið er að tala um skipulegan tilboðsmarkað eða kauphöll. Í b-lið er aðeins fjallað um þær upplýsingar sem sá aðili sem hyggst

sækja um starfsleyfi þarf að leggja fram til að gera þær upplýsingar eðlilegri miðað við þær væntingar sem viðkomandi aðili hefur áður en hann hefur störf.

Í 4. lið brtt. er lagt til að í 5. gr. falli síðari málsl. 2. mgr. niður.

Í 5. lið brtt. er brtt. við 6. gr. þar sem einungis er verið að breyta fyrirsögn og að fyrirsögnin verði „Virkur eignarhlutur" en ekki eignarréttur og þetta er í samræmi við hugtök í öðrum lögum.

Í 6. lið er gerð brtt. við 7. gr. sem er umorðun á 1. mgr. og hún orðist svo:

„Framkvæmdastjóri hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal auk þess uppfylla hæfisskilyrði laga um hlutafélög, hafa óflekkað mannorð, hafa aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar."

Í 7. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 10. gr. frv. Það er einungis orðalagsbreyting í a-lið og b-lið. Síðan eru í c-lið felld niður orðin „og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan" í 3. tölul. greinarinnar, enda er þar verið að vísa í kauphöll eða samsvarandi markaði sem aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa metið gilda. Í d-lið er enn fremur ákveðin breyting á hugtakanotkun.

Í 8. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 13. gr. frv. þar sem fjallað er um málskotsrétt og skýra þær sig sjálfar. Í a-lið er tilvísanabreyting og í b-lið er lagt til að 3. málsl. greinarinnar falli niður.

Í 9. lið brtt. er lögð til breyting á 14. gr. frv. um ákveðna viðbót við 3. og 4. tölul. Það er verið að vísa til þess að fyrirtæki þurfi að hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi.

í 10. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 15. gr. frv. þar sem verið er að stytta frest úr sex mánuðum í þrjá mánuði, þ.e. frestur sem stjórn kauphallar hefur til þess að fjalla um umsókn um skráningu.

Í 11. lið brtt. er lögð til breyting 17. gr. frv. þar sem verið er að kveða svo á um að áður en stjórn kauphallar samþykki fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skuli leita umsagnar um þær hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Í 12. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 18. gr. frv. þar sem ráðherra þarf að láta Seðlabanka Íslands vita ef hann hyggst stöðva viðskipti í kauphöll. Enn fremur er lagt til að 4. mgr. frv. falli niður. Þetta er sú leiðrétting að heimilt er að stöðva viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast og í a-lið er gert ráð fyrir því að tilkynna eigi um slíkt til bankaeftirlitsins. En 4. mgr. er felld niður en þar gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi þetta vald. Stjórn kauphallarinnar á að hafa þetta vald samkvæmt brtt. nefndarinnar.

Hæstv. forseti. Nú hefur ég gert grein fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og ég vænti þess að hv. þingheimur geti samþykkt þær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Verðbréfaviðskipti, 2. umr.*

Stjfrv., 286. mál (kauphallir, innborgað hlutafé). — Þskj. 357, nál. 965.

[16:04]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál. Hv. efh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. til laga. Og hæstv. forseti, það er skemmst frá því að segja að hv. efh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umræður utan dagskrár.*

Staðan í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

[16:04]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Fyrir aðeins um það bil tveimur klukkustundum var sáttafundi sjómanna og útvegsmanna slitið í húsakynnum sáttasemjara. Samningsslitin urðu með þeim hætti að útgerðarmenn gerðu kröfu um það að sjómenn féllust á tiltekin skilyrði og tilkynntu þeim að ef þeir ekki féllust á þá skilmála væri tilgangslaust að halda samningaviðræðum áfram.

Áður höfðu sjómenn samþykkt miðlunartillögu sáttasemjara þar sem hugmyndir þriggja ráðuneytisstjóra um breytt lagaumhverfi til að tryggja sjómönnum umsamin hlutaskiptakjör voru kjarni. Útvegsmenn felldu hins vegar málamiðlunartillöguna fyrst og fremst vegna þess að þeir vildu koma í veg fyrir framgang frumvarpanna eins og kemur glögglega fram í viðtali við formann Landssambands ísl. útvegsmanna í Degi nú um helgina. Staðan í málinu nú er því sú að engar viðræður fara fram, enn stendur verkfall sem alfarið er á ábyrgð útgerðarmanna vegna þess að þeir vilja koma í veg fyrir að þau frv. sem hæstv. ríkisstjórn lét vinna fái framgang hér á Alþingi og telja sig geta stöðvað málið þannig. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera?

Í viðtali við Morgunblaðið föstudaginn 20. mars sl. sagði hæstv. utanrrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég held hins vegar að það liggi alveg ljóst fyrir að forsenda þess að deilan fái farsæla lausn sé að þau frumvörp sem hafa verið samin á vegum þriggja manna nefndar ríkisstjórnarinnar verði flutt á Alþingi. Ég sé í sjálfu sér ekki að það sé eftir neinu að bíða með að þau séu lögð þar fram."

Daginn eftir, á laugardegi, 21. mars kom hins vegar annað viðtal við hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu og af því viðtali er ekki annað að skilja en að hæstv. sjútvrh. hafi upplýst hann um að hæstv. sjútvrh. hafi lofað forsvarsmönnum LÍÚ því að frumvörp þau sem um ræðir yrðu ekki lögð fram á Alþingi nema verkfalli yrði aflýst eða að samkomulag tækist um lausn sjómannadeilunnar.

Mér er forvitni á að vita, hæstv. forsrh.: Er þetta rétt? Hefur hæstv. ríkisstjórn gefið LÍÚ-forustunni, og þá áður en atkvæðagreiðslan um málamiðlunartillögu sáttasemjara hófst, til kynna að ef samningar ekki næðust mættu forsvarsmenn LÍÚ ganga út frá því sem gefnu að frv. yrðu ekki lögð fram á Alþingi og þannig hafi ríkisstjórnin fengið forsvarsmönnum LÍÚ í hendur fullan og óskoraðan stöðvunarrétt á því að ríkisstjórnin legði frumvörpin fram á Alþingi? Er það rétt skilið að svona hafi verið gengið frá málum?

Í öðru lagi spyr ég hæstv. forsrh.: Hvaða boðskap hefur ríkisstjórnin nú að flytja deilendum í sjómannadeilunni eftir að ljóst er að sjómenn hafa fallist á málamiðlunartillögu sáttasemjara og lýst fylgi sínu við frumvarpsbúning hæstv. sjútvrh. og annarra ráðherra sem að málinu koma? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að greiða fyrir lausn þeirrar alvarlegu deilu sem nú er komin upp og alfarið er á ábyrgð annars viðsemjanda, þ.e. LÍÚ? Hvaða boðskap hefur hæstv. ríkisstjórnin að flytja sjómönnum sem fyrir sitt leyti hafa gengist inn á þær lausnir sem sáttasemjari og ríkisstjórnin hafa boðið á þessari deilu?

[16:09]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það varð okkur öllum mikil vonbrigði að miðlunartillaga sáttasemjara, sem byggði á þeim frv. sem ráðuneytisstjórar þriggja ráðuneyta höfðu unnið, skyldi verða felld í atkæðagreiðslu, en það er reyndar sá réttur sem menn hafa, að samþykkja eða fella þær tillögur sem þannig eru lagðar fram.

Það er líka sameiginlegt mat okkar þriggja ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hefur verið falið að fara með þetta mál fyrir hennar hönd, utanrrh., sjútvrh. og mín, að mál þetta verði ekki að lokum leyst nema frv. þrjú, sem samin hafa verið verði grundvöllur þeirrar lausnar. Það er mat okkar allra þriggja og enginn ágreiningur er um það.

Það er jafnframt mat okkar að þessi frv., þegar þau kæmu til kasta til lausnar málsins, yrðu jafnframt að leiða til þess að vinnufriður skapaðist þar með. Þetta tvennt hangir saman.

Sáttasemjari hefur skýrt okkur frá því að upp úr viðræðum hafi slitnað og nýr fundur milli aðila hafi ekki verið boðaður og hann sjái á þessari stundu ekki forsendur fyrir því hvenær slíkur fundur verði boðaður eða með hvaða hætti, þó að sjálfsagt verði það gert innan ekki of margra daga miðað við verklagsreglur sem um það fjalla.

Hæstv. sjútvrh. er á þessari stundu, eftir því sem ég best veit, í viðræðum við forráðamenn sjómanna og síðan við forráðamenn Landssambands ísl. útvegsmanna til að kynna sér beint viðhorf þeirra til þeirrar stöðu sem nú er upp komin í þessu viðkvæma og erfiða máli. Í framhaldi af þeim fundum mun ráðherranefndin sem ég nefndi áðan koma saman til fundar og meta stöðuna fyrir sitt leyti og hvernig hún skuli nú koma eða koma ekki til kasta ríkisstjórnarinnar og þá í framhaldi af því, eftir atvikum, löggjafarstofnunarinnar.

Það er því heldur fljótt fyrir mig á þessu augnabliki, hv. málshefjandi, að kveða upp úr um það hvernig viðbrögðin verða þar sem hæstv. sjútvrh. er, eins og ég sagði, einmitt þessa stundina í viðræðum við hagsmunaaðila. En við skulum gæta þess að þingið fái svo fljótt sem auðið verður upplýsingar um afstöðu okkar til þess máls.

[16:12]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Málið er í þeirri stöðu að lausn á þessari kjaradeilu er ekki fyrirsjáanleg nema að undangenginni lagabreytingu. Breyting á lagaumhverfi deiluaðila er nauðsynleg til þess að skapa skilyrði fyrir samningum. Það liggur líka fyrir að ríkisstjórnin er þessarar skoðunar. Það kemur fram í þeirri miðlunartillögu sem sáttasemjari lagði fram. Þar er tekið fram að forsenda sáttatillögunnar sé að lögbinda þessi þrjú frumvarpsdrög. Það kemur líka fram að ef Alþingi mundi ekki fallast á þessi frv. og gera þau að lögum þá félli úr gildi kjarasamningurinn sem yrði gerður á grundvelli þessarar tillögu.

Það liggur því fyrir, herra forseti, ótvírætt að það sem ber að gera núna í þessari stöðu er að ríkisstjórnin flytji þau þrjú frv. sem boðuð hafa verið. Ríkisstjórnin þarf að falla frá kröfu sinni, sem er óeðlileg og óskiljanleg, um að sjómenn aflýsi verkfalli áður en frumvörpin verði flutt. Það skilyrði er óeðlilegt og óskiljanlegt inngrip í kjaraviðræður. Ekki er hægt að ætlast til þess að sjómenn nái fram viðunandi kjarasamningi án þess að hafa nokkur vopn í höndunum til að beita gegn útvegsmönnum þegar fyrir liggur að útvegsmenn hafa fellt framlagða sáttatillögu. Það er því nauðsynlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin falli frá þessari óskiljanlegu kröfu sinni um að sjómenn megi ekki beita vopnum sínum til að ná fram kjarasamningi og að ríkisstjórnin leggi fram þessi þrjú frv.

[16:14]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þetta er sérkennileg staða. Sjómenn eru í raun í verkbanni af hálfu útvegsmanna. LÍÚ heldur flotanum í landi. Það er e.t.v. þess vegna sem enginn hefur mætt í fjölmiðla til að tapa mörkuðum eða milljörðum, en þegar verkfall sjómanna hófst í febrúar sl. stóð ekki á slíkum yfirlýsingum af hálfu fiskverkenda og söluaðila strax á fyrsta degi.

Þögnin nú segir ákveðna sögu um hvar hagsmunabandalögin liggja í þessari deilu. Ríkisstjórnin getur ekki krafist þess að sjómenn aflýsi verkfalli án kjarasamnings undir þessum kringumstæðum en ríkisstjórnin getur sett deilunni betri umgjörð með því að leggja frumvörpin þrjú fram. Þá vita aðilar hvar þeir standa.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hvað er á móti því að ríkisstjórnin leggi frumvörpin fram strax svo að þau komist í vinnslu? Það liggur hvort eð er fyrir að einn góðan veðurdag muni verkfalli ljúka enda hafi þá kjarasamningar tekist. Frumvörpin voru forsenda þess að sjómenn samþykktu miðlunartillögu sáttasemjara og tilvist þeirra hefur áhrif á samningaviðræðurnar nú. Er mögulegt að útvegsmenn fái að hafa áhrif á innihald frumvarpanna, að þeim verði breytt frá því sem nú er að ósk LÍÚ? Hver er hin raunverulega ástæða þess að ríkisstjórnin leggur málin ekki þegar fyrir þingið?

[16:16]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Mér sýnist einsýnt að deiluaðilar nái ekki saman og þegar til þess er litið að nú er nærri 19 eða 20 mánaða ferli lokið, og ný lög um stéttarfélög og vinnudeilur hafa tekið gildi, að svo langur aðdragandi skuli vera að svokallaðri viðræðuáætlun sem engan árangur hefur borið. Þótt ég sé ekki talsmaður laga þá sýnist mér einsýnt að að því stefni að nú þurfi að grípa til þeirrar óvenjulegu málsmeðferðar að setja lög á útgerðarmenn.

En hvernig skyldi það nú verða gert? Það þarf auðvitað að fara fram með þeim hætti að það sem nú þegar hefur á unnist og á undan er komið í þessum kjarasamningum verði þar inni ásamt því að þær eðlilegu grunnkaups- og kjarahækkanir sem almennt hafa gerst í landinu á umliðnum árum en ekki hafa náð til sjómanna séu auðvitað þar inni. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta mál er nokkuð flókið og margsnúið.

En vandinn er nákvæmlega sá sami sem blasir við þjóðfélaginu hvort sem það eru útgerðarmenn eða sjómenn sem stoppa flotann, eins og réttilega var komið inn á áðan. Þarna

er á jöfnu. Virðulegi forseti. Mér sýnist að það verði verk að vinna fyrir Alþingi á næstu sólarhringum.

[16:19]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það eru allir sammála um það, líka hæstv. ráðherrar, að frumvörp þriggja manna ráðuneytisstjóranefndarinnar séu verðmætur lykill að lausn þessarar deilu. Hæstv. utanrrh. hefur raunar sagt að leggja beri þessi frumvörp fram *eins fljótt og verða má. Af hverju er það ekki gert?*

Í viðtali við Morgunblaðið 21. mars segir hæstv. utanrrh. orðrétt svo:

„Það var haft eftir fulltrúum sjómanna [á fimmtudag] að sjávarútvegsráðherra hefði gengist inn á það á sunnudagskvöld að leggja þetta mál fyrir þingið um leið og atkvæðagreiðslunni væri lokið og sjómenn hefðu samþykkt miðlunartillöguna," sagði hann. „Sjávarútvegsráðherra sagði mér í samtali [í gær] að hann hefði ekki lofað því og staðið á því á þeim fundi að hann væri ekki tilbúinn til þess. Jafnframt hefði hann gefið þau loforð gagnvart útvegsmönnum."

Virðulegi forseti. Ég fékk ekki svar við spurningu minni áðan og þess vegna endurtek ég hana: Er það virkilega svo að hendur ríkisstjórnarinnar í málinu séu bundnar vegna þess að hæstv. sjútvrh. hafi lofað útgerðarmönnum því að leggja ekki þessi frumvörp fram á Alþingi nema sjómenn aflýsi verkfalli? Er búið að binda ríkisstjórnina í báða skó með slíku loforði hæstv. sjútvrh. þannig að LÍÚ og LÍÚ-forustan hafi málið alfarið í sínum höndum? Ef svo er að ríkisstjórnin er bundin í báða skó vegna slíks loforðs, þá verður Alþingi og alþingismenn að sjá til þess að slík frumvörp komi fram á Alþingi Íslendinga.

[16:21]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ef sjómannaverkfall dregst á langinn hefur það auðvitað skaða í för með sér. Það var þó nokkur munur á í lok febrúar miðað við það sem nú er. Þá var jafnan sagt að hættan væri sú að loðnan sigldi fram hjá, mikil verðmæti sem ekki yrði hægt að bjarga með því að geyma sér þau í hafinu. *Það þekktu menn. Sú staða er ekki uppi núna. Sá er munurinn* aðeins til þess að svara því sem nefnt var sérstaklega.

Hæstv. sjútvrh. gaf út yfirlýsingu um það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að það fylgdi því að löggjafarvaldi yrði beitt til að leysa deiluna, að vinnufriður fylgdi þeirri ákvörðun. Þetta var gefið út í upphafi til allra aðila og til landsmanna allra og til þingsins þannig að það þurfti engum manni að koma á óvart. Ríkisstjórnin er engum bundin hvað það varðar nema sjálfri sér og þinginu. En það er óviðeigandi annað en vinnufriður skapist þegar málið flyst af vettvangi viðsemjendanna yfir á vettvang þjóðþingsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og meðal annars fengið á sinn fund fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Vátryggingaeftirlitinu. Þá bárust nefndinni margar umsagnir um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á umferðarlögunum. Í fyrsta lagi eru það breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartrygginga ökutækja og slysatrygginga ökumanns, en þær eru taldar nauðsynlegar í kjölfar setningar skaðabótalaga. Fjárhæðir í ábyrgðartryggingum eru frá 1. mars 1997 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna munatjóns. Fjárhæð slysatryggingar ökumanns frá sama tíma er 20 millj. kr. Ekki er vitað um tjón í slysatryggingu ökumanns sem áætlað er að muni nema hærri fjárhæð en nemur vátryggingarfjárhæðinni. Hins vegar hafa orðið nokkur slysatjón í ábyrgðartryggingu ökutækja þar sem bætur eru áætlaðar hærri eða á bilinu 20–30 millj. kr. Án lagabreytinga er ekki unnt að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna umfram verðlagsbreytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að vátryggingarfjárhæðirnar séu það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Því er lagt til að vátryggingarfjárhæð í slysatryggingu ökumanns verði ákveðin 75 millj. kr. og einnig er lagt til að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna líkamstjóns eða missis framfæranda verði ákveðin 1.000 millj. kr. og að vátryggingarfjárhæð í munatjónum ábyrgðartryggingar verði ákveðin 175 millj. kr. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á vátryggingariðgjöld einar og sér og tóku fulltrúar Vátryggingaeftirlitsins undir þetta álit á fundi nefndarinnar.

Þá kom fram hjá einum af viðmælendum nefndarinnar það álit hans að rangfærslur væru í greinargerð með frumvarpinu varðandi hækkun vátryggingarfjárhæða, þar sem segir að með skaðabótalögunum hafi hæstu bætur til einstaklings vegna alvarlegra slysa hækkað verulega.

Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á slysatryggingu ökumanns. Lagt er til að ákvæði 92. gr. umferðarlaga verði skýrð nánar og bótasvið tryggingarinnar tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar með því að taka notkunarhugtak ábyrgðartryggingarinnar upp í reglur slysatryggingarinnar. Einnig er lagt til að slysatryggingin nái ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að slysatryggingin nái einnig til vátryggingartaka sem slasast sem farþegi eða af völdum eigin ökutækis.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins og skrifa allir nefndarmenn undir álitið.

Virðulegi forseti. Að lokum er rétt að nefna að nauðsynlegt er að gera breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins og mun nefndin ræða það mál milli 2. og 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umferðarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430, nál. 985.

[16:23]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar á þingskjali 985 um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

### *Almenn hegningarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771, nál. 996.
[16:27]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar á þingskjali 996 um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund til viðræðna um málið Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneytinu, Davíð Þór Björgvinsson dósent og Friðrik Sigurðsson frá Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtæki. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem miða að því að mæla refsiverða nánar tiltekna háttsemi sem tengist tölvum og notkun þeirra. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru ákvæði um skemmdarverk á tölvubúnaði, bæði á tölvuvélbúnaði og gagnaberum og á forritum og gögnum. Þá eru í frumvarpinu lýst refsiverð brot sem framin eru með því að nota tölvu og er þar fyrst og fremst um auðgunarbrot að ræða. Einnig eru í frumvarpinu ákvæði um óheimila notkun á tölvum og innbrot í tölvukerfi og loks er í frumvarpinu tekið á eftirgerð tölvubúnaðar, en núgildandi lagaákvæði veita takmarkaða refsivernd gagnvart slíkum brotum.

Tölvubrot ýmiss konar eru nú sífellt meira til umræðu og fagnar nefndin því að lagt hafi verið fram frumvarp þar sem tekið er á slíkum brotum. Jafnframt telur nefndin rétt að benda á að þróun á sviði tölvutækni er ör og því brýnt að fylgjast grannt með umræðu um refsiréttarleg álitaefni á þessu sviði. Hjá viðmælendum nefndarinnar komu fram ábendingar um að sérstaklega þyrfti að huga að brotum þar sem fjarskiptabúnaður er notaður, en mikið tjón getur hlotist af slíkum brotum. Telur nefndin brýnt að hafin verði nú þegar vinna við það að móta ákvæði þar sem tekið verði á þessum málum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn skrifa undir álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þjóðfáni Íslendinga, 1. umr.*

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 927.
[16:29]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 34 frá 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga. Sams konar frv. var einnig lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Meginefni frv. þessa var samið í nefnd sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 6. maí 1994 og í áttu sæti Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis, sem jafnframt var skipaður formaður, Andrés Pétursson, upplýsingafulltrúi hjá Útflutningsráði, og tilnefndur af því, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, tilnefndur af Ferðamálaráði, og hv. alþm. Guðmundur Hallvarðsson sem einmitt átti frumkvæði að flutningi tillögu til áðurnefndar þál. og mælti eftirminnilega fyrir henni.

Ég hygg að aflvaki tillögu hans hafi verið sá að hin tiltölulega ströngu verndarákvæði fánalaganna hafi komið í veg fyrir að þjóðfáninn yrði nýttur löglega til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu en einkum hefur útflytjendum þótt eftirsóknarvert að geta auðkennt vöru sína með upprunatákni af þessu tagi eins og tíðkast víða erlendis. Slíka notkun hafa lögin um þetta þjóðartákn okkar ekki leyft en það er reyndar allrar athygli vert að þau geyma eftir því sem næst verður komist sýnu strangari verndarákvæði en annars staðar þekkjast. Ástæður þess að verndarákvæðin urðu svo vandlega útfærð í fánalögunum hafa ekki fundist í lögskýringargögnum en þeirri alþýðuskýringu hefur verið haldið á lofti að það stafi öðru fremur af því hversu samofið fánamálið varð sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og sókn hennar til frelsis og fullveldis framan af öldinni.

Hvað sem því líður er ljóst að réttarreglur sem skírskota til almennra velsæmisviðhorfa með svo nákvæmlega útfærðum hætti sem verndarákvæði fánalaganna eru dæmi um, hljóta að koma til endurskoðunar að ákveðnum tíma liðnum og eftir atvikum að taka breytingum í samræmi við ríkjandi réttarvitund á hverjum tíma. Sú endurskoðun tel ég að hafi verið um margt orðin tímabær og nefni því til vitnis bæði þá umræðu sem varð um áðurnefnda þáltill. og samþykkt hennar á hinu háa Alþingi sem og þá ásókn sem orðið hefur í að nota fánann í ýmsum tilgangi og ýmis dæmi um vafasama meðferð hans á undanförnum árum sanna. Þess vegna var það að nefnd þeirri sem skipuð var í þessu skyni var ekki einasta falið að endurskoða verndarákvæði fánalaganna heldur taldi ég og nauðsynlegt að allt regluverkið um meðferð hans og notkun yrði yfirfarið í heild sinni. Tillögur nefndarinnar voru því ekki einungis í búningi lagafrv. heldur skilaði hún einnig drögum að reglugerð um málið og annars konar fyrirmælum. Niðurstöður nefndarinnar og tillögur voru á síðasta þingi lagðar óbreyttar og í heild sinni fyrir Alþingi þótt ekki teldust þær að öllu leyti löggjafarmálefni.

Engu að síður taldi ég málið þess eðlis að rétt væri að hv. alþm. hefðu það allt til glöggvunar og gætu þá látið í ljós skoðun sína á því eftir atvikum. Sami háttur er hafður á þessu nú utan að ákvæðum frv. hefur í nokkrum tilvikum verið breytt eða hnikað til í þágu skýrari framsetningar á málsmeðferðarreglum og því um líkum atriðum.

Veigamesta atriðið í frv. þessu er eins og nærri má geta sú breyting sem lögð er til að gerð verði á verndarákvæðum í 12. gr. laganna. Þess er þó fyrst að geta að 12. gr. samanstendur af sex málsgreinum. Lagt er til að fyrstu þrjár þeirra standi óbreyttar. Þar er fyrst um að ræða almennt verndarákvæði í 1. mgr. sem mælir fyrir um að enginn megi óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki, en það síðan nánar útfært í næstu þremur málsgreinum. Tvær hinar fyrstu þeirra eru einnig óhreyfðar þannig að óheimilt verður eftir sem áður að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana, eða sem auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkum eða öðru þess háttar. Jafnframt skal stjórnmálaflokkum áfram vera óheimilt að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Að gildandi lögum er loks óheimilt að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarningi, umbúðir um eða auglýsingu á vörum. Þar er komið að því bannákvæði sem í 9. gr. frv. er lagt til að aflétt verði um annað en firmamerki á þann

hátt að slík notkun verði heimiluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ákveðin verða með reglugerð. Þau skilyrði eru kynnt í 19. gr. reglugerðardraga sem birt eru sem fskj. II með frv. og gera ráð fyrir að starfsemi sú er í hlut á fullnægi tilteknum gæðakröfum. Þegar á allt er litið hlýtur traustasta markaðssetningin jafnan að felast í gæðum vöru og þjónustu. Með því að gera ákveðnar gæðakröfur til þeirra hluta sem leitað er eftir leyfi til að auðkenna með fánanum er hér leitast við að samræma og tryggja eins og kostur er að notkun hans til markaðssetningar skerði í engu þá helgi og virðingu sem fánanum ber. Með þetta að markmiði hlýtur það að vera af hinu góða að fáninn sé notaður í þessu skyni þegar þess er jafnframt gætt að honum sé engin óvirðing gerð og hann ekki tengdur því sem enginn sómi er að.

Á hinn bóginn þótti ekki fært að heimila notkun fánans í firmamerkjum í ljósi þess hve rekstur fyrirtækja getur verið margbreytilegur og breyst frá einum tíma til annars. Sum rekstrarsvið fyrirtækja kunna þannig að uppfylla ákveðnar gæðakröfur meðan önnur gera það ekki og sama getur átt við um stjórnun þeirra til lengri tíma.

Við 12. gr. er loks skeytt nýrri málsgrein sem tekin er úr samkeppnislögum um bann við notkun þjóðfánans á vörur af erlendum uppruna af augljósum ástæðum. Þetta ákvæði var óbreytt tekið í samkeppnislög úr eldri lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti en rétt þykir að færa það í fánalögin til að safna þar á einn stað öllum réttarreglum um þjóðfánann. Í ljósi þess að sú meginbreyting sem hér er lögð til felur í sér að heimilt verður að nota fánann með öðrum hætti en venjulegast er, þ.e. til flöggunar, þykir rétt að taka af öll tvímæli um gildissvið laganna og ná jafnframt til hvers kyns annarrar notkunar. Þannig er sérstaklega á því tekið í 8. gr. frv. að lögin taki jafnframt til hvers kyns skírskotana eða eftirlíkinga af þjóðfánanum án tillits til þess á hvaða formi hann birtist, t.d. á prenti eða á skjá.

Þriðja atriðið sem ég vil víkja sérstaklega að er hvernig háttað er meðferð meintra brota á lögunum en ákvæði laganna er þetta varða hafa ekki verið svo skýr sem skyldi. Í 14. gr. laganna er mælt svo fyrir að brot á lögunum sæti ákveðnum viðurlögum. Þegar grunur leikur á að lögin hafi verið brotin fer því um meðferð slíks máls að hætti opinberra mála, það sætir með öðrum orðum rannsókn af hálfu lögreglunnar og eftir atvikum saksókn af hálfu ákæruvaldsins. Í 8. gr. laganna hefur hins vegar verið mælt fyrir um það frávik frá reglugerð um meðferð opinberra mála að úrskurða skuli um ágreining um rétta notkun fánans í Stjórnarráðinu, þ.e. í forsrn., eftir að mál er varða þjóðfánann voru færð þangað. Til að taka af allan vafa um að ráðuneytið geti nýtt sér rannsókn lögreglunnar í þessu skyni þykir rétt að hnykkja á því sérstaklega í 5. gr. frv.

Að öðru leyti eru lagðar til óverulegar breytingar á lögunum sjálfum. Mál er varða þjóðfánann voru eins og önnur þjóðleg málefni flutt til forsrn. við gildistöku laga um Stjórnarráð Íslands og reglugerðar um sama 1. jan. 1970, og leiða nokkrar breytingar lagatextans að því. Þá er lagt til að úrelt ákvæði um fána hafnsögumanns falli brott sakir notkunarleysis en í þess stað komi óbreytt ákvæði forsetaúrskurðar um fána forseta Íslands sem rétt þykir að getið sé í þessum lögum. Ákvæði um tollfána heldur sér óbreytt en brott fellur ákvæði um sérstakan póst- og símafána. Þessi starfsemi hefur nú að langstærstum hluta verið gefin frjáls og er að öllu leyti sinnt af fyrirtækjum sem rekin eru á einkaréttarlegum grundvelli. Þykir því bæði óþarfi og jafnvel óviðeigandi að slík starfsemi hafi sérheimild til að auðkenna sér þjóðfánann með eigin merki í honum. Sú heimild var og bundin við tjúgufánann, eða klofinn fána, sem eingöngu er ætlaður til nota fyrir opinberar stofnanir. Þegar ríkisrekin fyrirtæki hafa verið færð úr opinberu og yfir í einkaréttarlegt rekstrarumhverfi á heldur ekki við að þau noti áfram ríkisfána.

Samhliða frv. þessu eru eins og áður segir kynntar í fylgiskjölum tillögur að breytingum á stjórnvaldsfyrirmælum um þjóðfánann. Annars vegar er lagt til að safnað verði og sameinað í eina reglugerð ýmsum reglum og venjum sem skapast hafa um meðferð og notkun fánans og hins vegar er lagt til að gefin verði út ný auglýsing um liti þjóðfánans, í öðrum litastiga en nú gildir. Er það m.a. nauðsynlegt í ljósi þess að gildandi auglýsing skilgreinir fánalitina aðeins í litastiga fyrir textíl- eða tauliti, þ.e. fyrir fána til flöggunar, en af þeirri rýmkun sem lagt er til að verndarákvæði fánalaganna taki, hlýtur óhjákvæmilega að leiða að bjóða verður upp á nánar útfærðar skilgreiningar fyrir prent- og skjáliti jafnframt. Geymir sú tillaga sem hér fylgir í fylgiskjali I slíkar skilgreiningar sem útfærðar hafa verið í samráði við úrval sérfræðinga á þessu sviði, þar á meðal frá Iðntæknistofnun, út frá þeim heimildum sem varðveittar eru um tillögur fánanefndarinnar frá 1944 og vilja löggjafans þegar fánalögin voru samþykkt það ár.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. heldur árétta aðeins það meginatriði þess að færa út í frumvarpsbúning þann vilja Alþingis sem birtist í ályktun þess frá 6. maí 1994 að auka frjálsræði um notkun fánans í þágu eflingar og framdráttar atvinnulífi og efnahag landsmanna án þess þó að skerða í nokkru þýðingu hans sem tákns og ímyndar þjóðarvitundar og fullveldis. Þetta hygg ég að tekist hafi í frv. og leyfi mér því að leggja til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég einnig fram frv. til laga um skjaldarmerki Íslands sem samið var af sömu nefnd og falið var að fjalla um breytingar á fánalögunum en það frv. varð heldur ekki útrætt þá. Það kann að koma mörgum spánskt fyrir sjónir að eins ítarlega og fánalögin mæla fyrir um vernd þjóðfánans hafa engin slík ákvæði verið sett skjaldarmerkinu til verndar eða nokkrar reglur um meðferð þess og notkun, hvorki fyrir stjórnvöld né almenning, ef frá er skilinn áskilnaður samkeppnislaga um að merkið megi ekki nota í heimildarleysi við framboð vöru eða þjónustu. Aðrar réttarreglur um skjaldarmerkið hafa því aðeins verið í forsetaúrskurði um gerð þess og útlit, nr. 35 frá 17. júní 1944.

Vitaskuld er það hins vegar svo að ríkisskjaldarmerkið hlýtur fyrst og fremst að vera merki og tákn ríkisins eða þess sem falin er handhöfn ríkisvalds til að auðkenna með skjöl og annað það sem frá ríkinu stafar. Engu að síður hafa menn þóst merkja að notkun þess er nokkru almennari en svo að hún taki einungis til handhafa opinbers valds. Kemur það m.a. til af því að hin títtnefndu verndarákvæði fánalaganna hafa hamlað því að framleiðendur vöru og þjónustu hafi getað nýtt sér fánann til auðkennis um uppruna framleiðslu sinnar. Nokkur ásókn hefur því alltaf verið í að nota skjaldarmerkið í því skyni. Með því að verndarákvæði fánalaganna hafa aldrei verið túlkuð svo að þau gætu með lögjöfnun náð jafnframt yfir skjaldarmerkið og ekkert í lögskýringargögnum með fyrrnefndu ákvæði samkeppnislaga varpað ljósi á hvaða sjónarmið eigi að leggja mati á slíkum umsóknum til grundvallar hefur notkun þess í því skyni

yfirleitt verið heimiluð, enda mundu ákveðnar takmarkanir á athafnafrelsi almennings að þessu leyti helst vera reistar ef meðferð þess þætti stríða gegn almennu velsæmi, siðferðisvitund almennings eða öðrum slíkum réttarhugmyndum sem blunda í þjóðarsálinni.

Þar eð starf nefndar þeirrar sem skipuð var til að endurskoða fánalögin miða einmitt að því að rýmka heimildir til að nýta fánann í því skyni sem skjaldarmerkið hefur sumpart verið notað í hans stað fól ég nefndinni jafnframt það tímabæra verkefni að semja reglur um meðferð þess og notkun sem samboðin gæti talist mikilvægi þess sem ríkistákns og þeirrar helgi sem það á að hafa í vitund þjóðarinnar. Nefndin skilaði tillögu sinni í formi lagafrv. er hafði tvennt að markmiði. Annars vegar að tryggja stjórnvöldum ríkisins einkarétt á merkinu en hins vegar að setja þeim hinum sömu ákveðnar reglur um meðferð þess. Að athuguðu máli tel ég að sömu markmiðum verði náð með öllu einfaldari hætti en frv. þetta gerði ráð fyrir og hef af þeim sökum ákveðið að leggja það ekki fyrir Alþingi á ný. Þess í stað beini ég því til hv. allshn. að taka upp í frv. það er ég hef nýlokið við að mæla fyrir einfalt ákvæði er tryggi ríkinu þann einkarétt á merkinu er því hefur ávallt borið. Reglur um meðferð þess og notkun af hálfu stjórnvalda lúta hins vegar aðeins innri málefnum ríkisins og þarf ekki lagaboð til slíkrar reglusetningar. Slíkar reglur mun ég því sjálfur setja, fallist nefndin á að taka upp tillögu mína og tillaga nefndarinnar verði að lögum.

[16:42]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það frv. sem liggur fyrir og hann hefur mælt fyrir. Það er nauðsynlegt að endurskoða fánalögin og margt í þeim þarfnast lagfæringar þó svo ég geti ekki í sjálfu sér tekið undir að það hafi endilega verið nauðsynlegt að endurskoða fánalögin eins og það var orðað til að auka frjálsræði í notkun fánans. Mér fannst það satt að segja mjög sérkennilegt orðalag á þáltill. eins og hún var lögð fyrir og var svo samþykkt í þinginu því það getur ekki verið markmið Alþingis í málum af þessu tagi að auka endilega frjálsræði í notkun fánans. Aðalatriðið er auðvitað að fáninn haldi virðingu sinni sem sameiningartákn og samnefnari þjóðarinnar, burt séð frá því hvernig háttað er frjálsræði í meðferð hans.

Varðandi endurskoðun fánalaganna vil ég líka gagnrýna það, herra forseti, að það er mjög sérkennilegt að skipa þriggja manna nefnd sem eru eingöngu sjálfstæðismenn. Það vill svo til að fáninn er merki okkar allra, líka hinna sem erum ekki í Sjálfstfl. Ég hef t.d. ekki hugsað mér að ganga í Sjálfstfl. og ég held að það eigi við um fleiri í þessari virðulegu stofnun þannig að það að vera eingöngu með menn sem eru sérstaklega merktir Sjálfstfl. úr röðum stjórnmálamanna, þ.e. hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, Þorvald Garðar Kristjánsson og Harald Blöndal sem eru allir hinir mætustu menn og ég geri ekkert lítið úr því. Ég hefði talið eðlilegt að þetta væri verkefni sem menn ættu í félagi af því fáninn er sameiningartákn þjóðarinnar allrar og mér finnst óeðlilegt þegar unnið er að málum eins og fánanum og skjaldarmerkinu að þar séu eingöngu menn úr tiltölulega mjög þröngum pólitískum hópi. Þótt Sjálfstfl. hafi því miður allmikið fylgi um þessar mundir er það nú ekki enn þá svo a.m.k. að allir landsmenn kjósi hann. Það eru þó a.m.k. nokkrir sem móast enn þá við.

Varðandi málið að öðru leyti get ég alveg tekið undir að ég geri ráð fyrir að það sé eins í þessu máli og mörgum öðrum að það sé ekkert annað að gera fyrir okkur en laga okkur að því sem er tíðkanlegt víðast annars staðar í meðferð fána. Ég geri ráð fyrir því að við eigum engan annan kost. Manni hefur auðvitað oft runnið til rifja hvernig farið hefur verið með fánann á undanförnum árum.

Ég sótti núna á dögunum sem fulltrúi Vestnorræna ráðsins umhverfisráðstefnu eða umhverfisþing Norðurlandaráðs í Gautaborg. Þar var borið fram kaffi í fundarhléum og þegar menn höfðu lokið sér af að drekka kaffið úr pappamálum þá var þeim gefinn kostur á því að henda pappamálunum í ruslafötu svo sem tíðkanlegt er og ekki er merkilegt að öðru leyti en því að fánalitirnir, norrænu fánalitirnir, voru utan um hverja ruslafötu fyrir sig, þ.e. sænski um eina, íslenski um eina, norski um eina og danski um eina. Þetta fannst mér óvirðing við fánana. Ég velti því fyrir mér hvað væri hægt að gera þegar að maður stendur frammi fyrir þessu. Ekki hendir maður málinu frá sér annars staðar en í þessar ruslafötur eða hvað? Hvað er hægt að gera? Hvernig á maður að koma kvörtunum sínum á framfæri við einhvern? (**ÁRÁ:** Setja það í stæstu fötuna.) Ég fylgi að sjálfsögðu ekki tillögu formanns þingflokks Alþfl. sem ég ætla ekki að láta berast til Görans Perssons.

Veruleikin er sá að maður stendur oft frammi fyrir vanda af þessu tagi þó að lífsháski minn í þessum efnum hafi orðið einna mestur þegar nærfatafyrirtækið Joe Boxer hélt mikla hátíð í flugskýlinu á Reykjavíkurflugvelli og var þá með íslenska fánann innan um nærfatamerkin og síðan var íslenski þjóðsöngurinn fluttur í rafmögnuðum djasstakti eftir hátíðina. Viðstaddir voru ýmsir mestu virðingarmenn þjóðarinnar og gátu enga björg sér veitt vegna þess að þetta hvolfdist allt saman yfir þá og þeir höfðu enga aðstöðu til þess að stöðva þessi ósköp.

Ég held að það komi kannski fyrir alla Íslendinga einhvern tíma á ævinni að það er verið að misbjóða tilfinningum manns fyrir fánanum eða þjóðsöngnum eða skjaldarmerkinu og maður getur eiginlega ekki gert neitt. Við hvern á að tala? Hvað á að gera? Ég tel að að ákvæðin sem nefnd eru í 5. gr. frv. séu til bóta en ég veit samt sem áður ekki eiginlega hvernig á með þessi mál að fara.

Ég sé t.d. að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því að heimilt verði með leyfi forsrn. að nota fánann í vörumerki eða á sölu-varning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Ég er alveg sammála þessu ákvæði. Ég veit satt að segja ekki hvernig forsrn. ætlar sér að framkvæma þetta í einstökum atriðum? Verður einhver sérstakur maður í þessu verki í forsrn.? Úr því að búið er að ákveða að tengja þetta lögunum um meðferð opinberra mála væri þá ekki hugsanlegt að meðferð fánans að þessu leytinu til heyrði undir dómsmrn.? Ég spyr. Þá er ég ekkert að gera lítið úr forsrn. að því er þetta atriði varðar.

Ég vil þakka fyrir það, herra forseti, að hér er birt tillaga að reglugerð um notkun og meðferð þjóðfána Íslendinga. Það er mjög gott að hafa það skjal hér við hendina. Ég vík aðeins að 17. gr. þessarar tillögu vegna þess að hún er efni málsins, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða sams konar skilríkjum.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota fánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki."

Allt er þetta út af fyrir sig nokkuð gott. En ég skil þetta þannig, herra forseti, að hérna séu menn að tala um að menn noti ekki merki sem líkjast fánanum að lit og lögun heldur. Það sé í rauninni ekki aðeins verið að tala bara um fánann sem slíkan heldur merki úr öðru efni en fáninn er venjulega, merki sem eru eins og fáninn eða lík fánanum. Mér finnst það skipta mjög miklu máli að dregin séu alveg skýr mörk í þessu efni og vildi inna hæstv. forsrh. eftir því hvernig menn hugsa sér þetta nákvæmlega. Ég velti því fyrir mér hvort ákvæði 17. gr. ættu ekki kannski að vera öll eða nær öll í lögunum sjálfum vegna þess að þarna er um að ræða ákveðin grundvallaratriði sem hægt væri fyrir almenning að skírskota til ef fólki fyndist að fánanum væri óvirðing sýnd.

Ég vil líka, herra forseti, nefna að ég hefði talið að til greina kæmi að flutt hefði verið frv. til laga um þjóðfána Íslendinga sem hefði tekið yfir öll lögin þannig að við hefðum endurskoðað þau eins og þau leggja sig með hliðsjón af fenginni reynslu en hefðum ekki bara til meðferðar frv. um breyting á lögunum, en það er atriði sem hv. allshn. getur út af fyrir sig tekið á þegar hún fær málið til meðferðar.

Ég held að það sé einnig mikilvægt að hv. allshn. fjalli um skjaldarmerkið í leiðinni. Ég hef velt því fyrir mér áður hvort það kæmi til greina að við ættum sérstök lög um þessi þjóðtákn okkar sem eru þjóðfáninn, þjóðsöngurinn og skjaldarmerkið, sem væru heildarlög í þessum efnum. Þó að ég fagni þessu frv. og finnst gott að málið kemur til umræðu þá er ég samt ekki alveg viss um að við náum utan um málið. Þá er ég ekki að tala um að við eigum að túlka lögin allt of þröngt. Ég er ekki að tala um það heldur er ég að segja að ég óttast að það sæki í það far sem markaðnum og smekk fólks sýnist burt séð frá því hvort fánanum er þar með sýnd nægileg virðing að mati margra og þó ekki allra á hverjum tíma. Auðvitað er fólk misjafnlega viðkvæmt fyrir þessum þjóðartáknum. En ég held að þau skipti máli og ég veit að það skiptir máli fyrir Ísland að þessi þjóðartákn séu virt og stjórnvöld móti reglur sem tryggja þá virðingu og samstöðu um hana.

[16:52]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er afar merkilegt frv. Nú gerist það að við tökum til umræðu á Alþingi frv. til laga sem á engan hátt er hægt að flokka niður sem meiri hluta stefnumál eða sem mál stjórnarinnar gagnvart stjórnarandstöðu vegna þess að þetta mál er þeirrar tegundar sem við hljótum að ræða saman í miklu bróðerni og hafa skoðun á hvernig er, þ.e. hvort einhvers staðar þurfi að kveða fastar að og mál sem virkilega á að vera samkomulag um hvernig afgreitt er frá hv. Alþingi.

Lögin eða frv. sem er breyting á lögunum eins og hér hefur komið fram fjallar fyrst og fremst um breytingar varðandi gerð, meðferð og notkun þjóðfána okkar. Auðvitað er verið að opna þarna á veigamiklar breytingar, þ.e. heimildina til þess að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð, svo að ég vitni til ákvæða í 9. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég er í hópi þeirra sem voru fremur mótfallin þessum hugmyndum þegar þær voru reifaðar á sínum tíma á Alþingi. Ég óttaðist að ef við gerðum breytingar á lögum um þjóðfána okkar og færum að heimila að hann væri notaður í umbúðir, auglýsingar eða annað slíkt, þá mundum við skjótlega missa tökin á því máli og kannski lenda í því sem við sjáum í mörgum öðrum löndum svo sem eins og Bandaríkjunum þegar við sjáum vörur sem maður hefur á tilfinningunni að gerðar séu úr fánanum. Það geta verið klæði sem eru eiginlega bara fáninn eins og hann leggur sig og það geta verið sængurföt svo að ég nefni eitthvað og virkar mjög óviðfelldið fyrir okkur sem höfum haft strangari reglur og lítum þjóðfánann með nokkuð mikilli virðingu þó við höfum ekki notað hann eins mikið og margar aðrar þjóðir.

Hins vegar verð ég að segja, virðulegi forseti, að þegar ég hef skoðað þetta frv. þá finnst mér vera þannig tekið á þessu máli að ég get alveg fallist á það. Mér finnst að vandað hafi verið til verksins hvað varðar rýmri notkun til viðskiptaþarfa eins og maður segir og vil ég lýsa ánægju með að nokkuð vandlega hefur verið haldið á málum þar. En ég ætla aðeins að koma að því síðar þegar ég fer að kíkja aðeins greinargerðina. Þegar ég nefni greinargerðina vil ég líka taka það fram að það er svo oft að við fáum frumvörp um breytingar á lögum þar sem vísað er til þess að sett verði reglugerð um lögin sem verið er að breyta og að reglugerð verði breytt, en við fáum ekki að sjá reglugerðina. Stundum er óskað eftir því af nefndum þingsins að ef drög að henni liggi fyrir þá komi sú reglugerð til nefndarinnar. En oftast er það svo að lögin eru afgreidd frá Alþingi án þess að við vitum hvernig viðkomandi reglugerð verður. Ef til vill er það sjálfsagt að reglugerð um þjóðfánann komi fyrir þingið en engu að síður vil ég lýsa því yfir að mér finnst það afar mikilvæg að í frv. er birt tillaga að reglugerð og hún fylgi fyrir okkur til að fara yfir og þannig vil ég sjá vönduð vinnubrögð. Virðulegi forseti. Þess vegna hrósa ég gerð þessa frv. sem hæstv. forsrh. leggur fram hér.

Það er vissulega ánægjulegt að geta komið í ræðustól Alþingis með góð orð um vönduð vinnubrögð og hrósað einhverjum sem maður annars er gjarnan að mæla gegn og andmæla frumvörpum frá. Ég er því afskaplega ánægð að geta komið á jákvæðu nótunum í ræðustól.

Hins vegar velti ég vöngum yfir ýmsu við lestur frv. Ég velti því fyrir mér sem nefnt er í 6. gr. frv., þar sem segir að í stað dómsmrn. verði það forsrn. sem fer með mál er varða fánann. Það er sagt að það sé gert til samræmis við auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. En það kom fram hjá þeim ræðumanni sem á undan mér talaði að e.t.v. gæti eftirlitið orðið vandasamara þar sem þessi mál yrðu flutt frá dómsmrn. Það væri áhugavert að heyra aðeins nánar frá hæstv. forsrh. um það að hvaða leyti það var skoðað ef einhver vandkvæði kæmu í ljós við þessa breytingu.

Mér finnst 9. gr. frv. um breytingu á 12. gr. laganna markverðust, það er veigamesta breytingin af því að um þau mál mundi helst vera ágreiningur hjá okkur. Ég sagði áðan að ég ætlaði að koma aðeins nánar að því. Þegar maður lítur á greinargerðina og les það sem sagt er um tillögu að reglugerð um notkun og meðferð þjóðfána Íslendinga þá segir að enginn megi óvirða fánann, hvorki í orði né verki. Engin merki má hafa í fánanum nema heimiluð. Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum fánans skulu vera til sýnis o.s.frv. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá sem gerðir eru með réttum litum og hlutföllum o.s.frv. Sagt er hvernig óheimilt er að nota fána sem ekki eru

gerðir í samræmi við sýnishorn og hvernig óheimilt er að draga á stöng fána sem er upplitaður, óhreinn, trosnaður eða skemmdur. Þetta er afskaplega gott ákvæði.

Síðan er talað um að óheimilt er nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga og stofnana, og óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota fánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki og óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Ég nefndi áðan að mér finnst versta dæmið um notkun á fána vera þegar jafnvel eitt sængurver er eins og fáninn allur og því spyr ég forsrh.: Er eitthvað í frv. sem afstýrir því að slíkt gæti gerst? Nú hef ég lesið hér upp úr 17. gr. hvað er óheimilt og ég veit að varðandi auglýsingar og firmamerki, söluvarning og umbúðir er kveðið á um í 9. gr. og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er með leyfi forsætisráðuneytisins að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki."

Svo er aftur vísað til þess að það er óheimilt að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Þess vegna spyr ég: Er tryggt að í lögunum séu ákvæði sem banna ef t.d. yrði framleitt hér á landi, þó það sé ótrúlegt, einhver slík vara sem er eiginlega fáninn og er sett á markað? Það er mjög mikilvægt að það sé vegna þess að það er eitt af því sem ég gæti ekki hugsað mér að sjá hér. Áðan var nefnt að oft væri verið að ræða um hvað markaðurinn segir eða fólk vill. Það er til fólk sem vill svona hluti og það gæti orðið þannig að einhver á markaði teldi sér hag í því að búa til slíkar vörur. Ég vil gjarnan að tryggt sé að við lendum ekki í að fá slíkar vörur í verslanir og tel mikilvægt að því sé afstýrt strax í lögunum eða í reglugerðinni.

Annað vil ég nefna sem mér finnst afar mikilvægt og það er umfjöllun um fánalitina. Mér finnst afar mikilvægt, bæði að auglýsingin um liti fánans og að búið sé að koma sér niður á tillögu að auglýsingu, hvaða kerfi eigi að nota, og þarna á að reyna að tryggja að þeir íslensku fánar sem við sjáum blakta við hún séu allir í sama lit, a.m.k. nokkurn veginn þannig að það sé ljóst að þetta sé sami fáninn. Á þessu hefur verið misbrestur. Blái liturinn hefur verið allt frá einhvers konar himinbláum og niður í mjög dökkbláan lit og ef maður sæi nokkra íslenska fána hlið við hlið væri vart hægt að hugsa sér að þetta ætti að vera sami þjóðfáninn.

Auðvitað gerir maður sér ekki grein fyrir því þegar maður sér þessa tillögu að auglýsingu hvernig blái liturinn er. Það gæti svo sem gerst að þegar ég sæi fána með lit samkvæmt þessari auglýsingu blakta þá mundi ég segja: Heyrðu, ég hélt að blái liturinn í íslenska fánanum væri allt annar. En ég treysti því að þetta fólk hafi farið mjög ítarlega ofan í málið og að liturinn á fánanum sem þarna er lagður til sé í samræmi við það sem hefð okkar er fyrir litum fánans. Þetta segi ég um leið og ég tek undir það sem Svavar Gestsson sagði áðan, í svona vinnu tel ég að eigi að velja fólk þverpólitískt. Það á að vera þannig. Eins og ég sagði í upphafi eru sum mál þess eðlis að við eigum að vinna saman að því og það á ekki að vera þannig að menn verði svo uppteknir af því sem þeir eru að láta vinna á vegum ráðuneytis síns að þeir taki bara einsleitt fólk til þeirrar vinnu.

Engu að síður sýnist mér, virðulegi forseti, að hér hafi tekist nokkuð vel til með frv. og það er fyrst og fremst spurning mín hvort tryggt sé að ekki sé hægt að framleiða vörur hér sem beri útlit fánans af því ég sé það hvorki í reglugerðinni né í lagasetningunni. Að öðru leyti tel ég að það hafi verið farið varlega með heimildirnar sem opnað er á í breytingu á 12. gr. og ég er mjög ánægð með það. Ég vona að málið verði skoðað mjög vel í allshn. og full sátt verði um málið þegar það verður afgreitt þaðan vegna þess að mér finnst það mikilvægt.

[17:05]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir fagna því frv. sem er komið fram og tek undir efni þess en þar er auðvitað meginbreytingin sú sem er að finna í 9. gr. þessa frv. Ég ætla aðeins að hafa örfá orð um þetta og beina tveimur spurningum til hæstv. forsrh. Fyrst fagna ég því sögulega yfirliti sem er að finna í athugasemdunum. Mér finnst alltaf til bóta að farið sé yfir sögu máls og menn átti sig á því hvernig hlutirnir eru til orðnir.

Eins og kemur vel fram í greinargerðinni hafa verið ýmis vandkvæði á notkun íslenska fánans og þá sérstaklega að því sem víkur að litum íslenska fánans sem hafa verið með ýmsu móti. Þar með kem ég að fyrri spurningu minni. Tekinn er upp nýr litaskali og það á að gefa út reglugerð um litina. En hvernig ætla menn að fylgjast með því að þessu sé framfylgt? Það kemur mjög greinilega fram að þetta hefur verið vandamál alveg frá upphafi og þá hlýtur maður að spyrja sig hvernig eigi að fylgjast með því að þessir litir séu réttir. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að því sé beint til framleiðenda og menn fylgist kannski sérstaklega með því að framleiðendur noti rétta liti. En mér finnst afar mikilvægt að menn átti sig á því hvernig á að fylgja þessu eftir og þá einnig það sem er mikið atriði í þessu öllu saman sem er notkunin á íslenska fánanum. Ég hygg að öllum almenningi sé nokkuð vel ljóst við hvaða tækifæri á að nota íslenska fánann og hverjir eru þeir hátíðisdagar sem við notum fánann sérstaklega. Mönnum er annt um að farið sé rétt og vel með fánann en hvernig á að kenna fólki þessa réttu notkun? Við þekkjum að skátahreyfingin hefur tileinkað sér þessar reglur og kennt mörgu ungu fólki hvernig á að fara með fánann en ég verð að viðurkenna það í þessum ræðustól að ekki kynni ég að brjóta saman íslenska fánann ef ég lenti í því verki og ég veit ekki einu sinni hvort ég væri fær um að draga hann að húni. Ég hygg þó að ég gæti það.

Í ljósi þess að verið er að endurskoða lögin er þá fyrirhugað eitthvert átak í því að kenna meðferð fánans? Væri ekki nauðsynlegt að taka í þetta tíma í grunnskólum landsins, ég veit ekki til þess að það sé gert. Það kann þó að vera og þetta er kannski eitthvað sem áður gekk frá manni til manns en ég velti því fyrir mér hvort ekki væri nauðsynlegt að gera eitthvað í því.

Síðan vík ég sérstaklega að 9. gr. sem hv. síðasti ræðumaður gerði einnig að umtalsefni og ég fagna þeim breytingum sem hér er verið að leggja til. Auðvitað er um það að ræða að skilgreina hvenær fánanum er gerð óvirðing og hvenær ekki og hvenær það að hafa íslenska fánann á einhverjum vörum verður til þess að einhverjum finnist að þar sé um óvirðingu að ræða. Það sem einum finnst vera óvirðing finnst öðrum í lagi þannig að ég get ímyndað mér að menn geti kannski lent

í einhverjum vandræðum við að skilgreina þetta. Þetta eru þau vandamál sem ég sé í málinu en vegna þessara breytinga sem er verið að gera held ég að nauðsynlegt væri að nota tækifærið og fylgja þeim eftir með nánari kynningu frekar en að auglýsa bara t.d. litaskalann og gefa út reglugerð um meðferð fánans. Ég held að full þörf sé á því að kenna almenningi að þekkja reglurnar, hvernig á að umgangast fánann o.s.frv. til þess einfaldlega að viðhalda þekkingunni.

[17:11]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég mun koma skilaboðum til formanns nefndarinnar fyrir ágæt og góð orð sem féllu í garð nefndarinnar sem vann að endurskoðun þessara laga og þá sérstaklega formannsins sem var mjög ötull og starfaði vel að þessum málum.

En aðeins til að lýsa vandanum sem nefndin stóð frammi fyrir, af því að hér var t.d. komið inn á litaval og hvers vegna væri verið að fara yfir úr kerfinu sem fyrir var yfir í Pantonekerfi sem allar auglýsingastofur nota og þannig litakerfi að enginn litamunur verður á hvort sem þrykkt er á pappír eða tau og hvort birtist á sjónvarpsskjá eða á prentmynd í blaði, þá verða menn aðeins að horfa til fortíðar og hvernig þetta hefur þróast. Á bls. 6 í frv. segir svo um liti fáns, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er við gerð fánans að nákvæmni sé gætt í litum hans. Ber að hafa þá fánaliti sem fyrir er mælt. Það þýðir að litir fánans eiga ekki að vera breytilegir. Miklar brotalamir hafa verið í framkvæmd á þessari óhjákvæmilegu reglu.

Þetta kann að eiga sér rætur að einhverju leyti í þeim breytingum sem í tímans rás hafa orðið á orðalagi í fyrirmælum um liti fánans, sbr. konungsúrskurð 19. júní 1915, konungsúrskurð 30. nóv. 1918 og fánalögin 17. júní 1944. Í konungsúrskurðunum er heiðblái liturinn auðkenndur ultramarine-blár en þeirri skilgreiningu sleppt úr gildandi lögum. Óljóst er hvaða litur heiðblár er því að heiðbláminn getur verið mismunandi. Sama óvissa er um ultramarine-bláma og ekki einhlít skýring á þeim lit. Stöðugleika bláa litarins hefur þannig einkum verið áfátt í gerð fánans, en einnig kemur hér til sögu rauði liturinn þó að litamismunar gæti þar síður en í bláa litnum. Samt hefur viðgengist talsverður munur á ljósrauðustu litunum og hinum dekkstu. Þess er og að geta að samkvæmt fánalögunum skal rauði liturinn vera eldrauður en í konungsúrskurðunum var hann skilgreindur hárauður. Hvíti liturinn, sem áður var óskilgreindur, er nú í fánalögunum auðkenndur mjallhvítur. Þessi litur sést samt yfirleitt ekki skjannahvítur eða línhvítur heldur gráhvítur eða jafnvel kremhvítur."

Þetta er lítið dæmi um þann vanda sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir en með þessum lögum ætti að verða úrbót á þannig að menn sjái ekki jafnvel tvo íslenska þjóðfána hlið við hlið sem þó bera keim af sitt hverjum lit þessa litrófs alls sem ég gat um áðan.

Ég viðurkenni að það er ábyggilega mjög erfitt að halda utan um þessi mál svo að vel sé. En með þeim ákvæðum sem koma inn í þessum lögum þar sem talað er um frjálsræði þá er sagt í 9. gr.:

„Áréttað er ákvæði 1. mgr. 12. gr., um að eigi megi óvirða fánann, þannig að aukið frjálsræði breytir engu þar um. Gert er ráð fyrir að forsætisráðuneytið setji reglugerð sem kveði nánar á um þessi efni í framkvæmd."

Menn þurfa því að leita til ráðuneytisins til að fá að nota fánann. Því kem ég ekki auga á að leyfilegt sé að nota íslenska fánann í nærbuxur eins og sýnt var í sjónvarpinu í ekki löngu viðtali sem einn ágætur fréttamaður átti við mig. Hann endaði þátt sinn um íslenska þjóðfánann á því að það mætti jafnvel gera og sýndi síðan nærfatnað í nærmynd þar sem þjóðfáninn prýddi þessa ágætu flík. Þetta er auðvitað ekki meiningin. Þarna er verið að afbaka málið alveg eins og ég sagði áðan. Auðvitað væri fánanum óvirðing sýnd ef hann væri í botni öskubakka. Það er hin mesta óvirðing. Þegar verið er að tala um að merkja gæðavöru fánanum, t.d. flíkur, er því átt við sérmerki sem væntanlega yrði tekið af við notkun. Það er því í mörg horn að líta.

Ég ætla ekki að lengja ræðu mína en vildi aðeins taka undir það sem hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, sagði. Ég hugsa nefnilega að það sé talsvert umhugsunarefni hvort ekki væri rétt að leggja meiri áherslu á grunnskólana í þessu sambandi. Ég gat þess þegar ég flutti þessa þáltill. 1994 að svo væri komið að íslenski fáninn sæist yfirleitt ekki í skólum, hann væri ofverndaður og svo verndaður að nánast fólk væri ragt við að nota hann. En ég hef trú á að með allri þessari umræðu, umfjöllun og breytingu á lögunum, muni Íslendingar verða enn frjálsari við það. Ég varð hins vegar var við, þegar það kom í umræðuna að leyfa notkun fánanns jafnvel allan sólarhringinn yfir bjartan sumartímann, geysilega andstöðu hjá fólki gegn því og skil ég það mætavel því þá hefði kannski eitt leitt af öðru þannig að notkunin hefði teygst yfir í rökkurtímann og jafnvel yfir í svartnættismyrkrið þannig að þetta er sjálfsagt og eðlilegt.

Ég vil segja að lokum að ég tel fulla ástæðu til að ríkisfyrirtæki noti fánann meira en gert er yfir sumartímann a.m.k. og breyti þeim leiðindamóral sem upp kom er einn ágætur forstöðumaður ríkisfyrirtækis tók upp á því að flagga þegar stjórnarmenn mættu til fundar. Mjög mikið grín var gert að því í fjölmiðlum að fáninn skyldi notaður á þessum tyllidögum. Það var kannski ekki ástæða endilega til að gera þetta svona. Eðlilegra hefði verið að flagga alla daga. En ég sem nefndarmaður lýsi ánægju minni með að hér skuli hafa orðið ágæt lok í þessu starfi og er ánægður með undirtektir þingmanna.

[17:17]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir góðar undirtektir við mál þetta og málefnalegar umræður um það. Það er hárrétt sem fram hefur komið hjá þingmönnum að málið er mjög vandmeðfarið. En það var niðurstaða þingsins og þess vegna er nú málinu hreyft í ráðuneytinu að sjálfsögðu, að tími væri kominn til breytinga. Við stæðum verr að vígi með því að binda okkur við þrengri reglur um fánann en allir aðrir, heldur en að reyna að halda utan um málið.

Það var að því fundið af tveimur hv. þm. að af fimm nefndarmönnum væru a.m.k. þrír sjálfstæðismenn og hefði verið ástæða til að hafa nefndina þverpólitíska og það er sjálfsagt alveg rétt (**RG:** Betra.) hvað það varðaði. Ég vil þá taka fram að það var nú ekki af þeim ástæðum sem þessir þrír voru til sögunnar kvaddir. Formaðurinn er fyrrum forseti sameinaðs þings sem þótti vel við hæfi. Annar af þessum þremur hafði verið aðalhvatamaður að málinu og viljað mjög rýmka hér reglur. Hinn þriðji hafði hins vegar opinberlega varað við því að of geyst yrði farið í að rýmka þessar reglur og þótti mér því fara vel á til jafnvægis við hinn sem vildi rýmka mjög, að kalla hann til setu í nefndinni, svona til að

fara bil beggja. En sjálfsagt er athugasemdin sem gerð var hér alveg rétt engu að síður.

Varðandi það sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi um það sem kynni að vanta á í 17. gr. reglugerðartillögunnar um aðferðir sem lægju nærri fánanum er tekið fram í 8. gr. frv. að lögin taki jafnframt til hvers kyns skírskotana eða eftirlíkinga af þjóðfánanum, án tillits til þess á hvaða formi hann birtist, þannig að ég hygg að það nálgist það sem hann var að fjalla um.

Við höfum lög, væntanlega frá 1981–1982, um þjóðsönginn sem sett voru að tilhlutan ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens í framhaldi af deilum um notkun þjóðsöngsins í tiltekinni kvikmynd. Mönnum þótti varlegra að hafa slíka lagasetningu, ekki þó eingöngu til að frysta þjóðsönginn heldur til að tryggja að honum væri sýnd nægjanleg virðing. Það atriði kemur einmitt fram í greininni sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi, þ.e. lokasetningin sem hún las kæmi í veg fyrir að forsrn. myndi nokkurn tímann heimila að sængurver yrði saumað nánast upp úr fánanum. Það væri óvirðing og því yrði ekki heimilað að gera slíkt og hægt er að koma í veg fyrir það samkvæmt þessum lögum.

Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, sagði áðan, þá er rétt að vekja athygli á því að fyrirrennari minn, Steingrímur Hermannsson, gekkst fyrir því árið 1990 eða snemma árs 1991 að gefinn væri út ritlingur um fánann, ansi góður ritlingur þar sem gerð var grein fyrir sögu fánamálsins frá upphafi, helstu staðreyndum hvað það varðaði og síðan eru þar skýringarmyndir um það hvernig brjóta eigi saman fánann og hvernig eigi að draga að húni, hvernig eigi að hnýta fánabönd við fánann og þess háttar. Jafnframt er tekið fram hvar fáninn skuli vera í fylkingu annarra fána, erlendra fána og hvernig skuli bera hann í skrúðgöngum og þess háttar, lengd fánastangar í hlutfalli við flaggið og fleira í þeim dúr sem of langt yrði upp að telja. Reyndar er að auki í þeirri bók greinargerð um skjaldarmerkið og reyndar um fálkaorðuna og viðurkenningarpeninga forsetaembættisins og einhverja fleiri þætti. Þetta er ágætt rit sem þyrfti að endurskoða ef þetta frv. verður að lögum og koma víðar á framfæri.

Ég hygg reyndar að ágætlega hafi verið gerð grein fyrir litaskalanum af hálfu þess þingmanns sem síðastur talaði, um það hvernig þessu er haldið til haga. Það eru tiltölulega fáir aðilar sem koma að framleiðslu fánans og við í forsrn. höfum orðið vör við að mikill vilji er til þess af hálfu slíkra aðila að fá réttar og góðar upplýsingar. Fólk vill gera vel í öllum þorra tilvika og því er mikilvægt fyrir ráðuneytið að hafa lögvarðar skýringar á því hvernig skuli með fánann fara varðandi lit og form, aðallega þá lit, en á það hefur skort að við höfum getað bent á litaheimildir sem ganga upp því þær heimildir sem nú eru fyrir hendi ganga ekki upp gagnvart auglýsingastofum og slíkum aðilum. Þar þurfti því samræmingar við svo tæknin fái að njóta sín.

Svo ég fari í hitt gervið og gagnrýni, sem kannski er nú skrýtið, eitt ákvæði frv. þá er það þannig að sérstaklega er tekið fram að stjórnmálaflokkar megi ekki notfæra sér fánann í áróðursskyni. Ég held að flestir menn skilji alveg sæmilega hvað átt er við með þessu. Ég get nefnt sem dæmi að Sjálfstfl. hélt skemmtun á Ísafirði og var auðvitað með sína fána í fánaborgum og svo einhver skemmtiatriði inni. Þar fyrir utan var fánastöng. Það var venja hvað sem gerðist í þessu íþróttahúsi til skemmtunar að íslenski fáninn var dreginn að húni og það var gert í þessu tilfelli. En hinn varkári sýslumaður Ísfirðinga sendi lögregluna og dró niður fánann af flaggstönginni fyrst svona voðalegt fyrirbæri sem stjórnmálaflokkur var inni. Ég sé t.d. ekki að þetta ætti að túlka svo að til að mynda á landsfundum flokka eða þess háttar að rangt væri að virðulega yrði farið með fánaborgir þar í kring til hátíðabrigða. Það finnst mér allt annað mál en að nota fánann með einhverjum ógeðfelldum hætti í áróðri í auglýsingum, blöðum eða í sjónvarpi eða að viðkomandi flokkur, hver sem hann væri, reyndi að helga sér fánann umfram aðra flokka. Það gæti ekki gengið. En það fer örlítið í taugarnar á mér að líta á stjórnmálaflokka sem hálfgerð fyrirbæri sem ekki má láta jafngöfugan hlut og íslenska fánann komast í snertingu við. Ég er ekki alveg sáttur við það. Ég tek fram að ég er ekki beint að gagnrýna frv. Ég er að reyna að útskýra a.m.k. það sem fyrir mér vakir hvað þetta varðar, þ.e. ef til siðs er að flagga á fánastöng fyrir utan þar sem um er að ræða skemmtun, rokkskemmtun eða hvað sem er, þá eigi ekki þegar að draga það niður þótt stjórnmálaflokkur haldi fund fyrir innan. Það finnst mér ekki passandi þótt ég sé ekki að áfellast sýslumanninn fyrir varúðarreglu hvað þetta varðaði. En þannig held ég að þetta eigi að vera.

Ég vona að nefndin taki þessar athugasemdir sem komið hafa frá hv. þingmönnum til athugunar. Ég vona að málið fái framgang fyrir þinglokin, en mun ekki að mínu leyti knýja neitt á um það ef menn vilja taka sér aftur rúman tíma til að fara yfir málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.*

Stjfrv., 582. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 989.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lágmarkslaun, 1. umr.*

Frv. GE o.fl., 307. mál. — Þskj. 382.

[17:26]

**Flm. (Gísli S. Einarsson):**

Herra forseti. Ég vonast til að forsrh. sé viðlátinn í húsinu og hlýði á það sem ég hef um þetta mál að segja. Það er búið að reyna að koma þessu máli á dagskrá síðan í upphafi þings eftir áramót. Þá var beðið um flýtimeðferð á málinu og ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hæstv. forsrh. mun vera farinn úr húsinu. Hann þurfti að vera við athöfn annars staðar en kemur kannski síðar.)

Herra forseti. Mér þykir þetta mjög miður. Það er búið að reyna hvað eftir annað að koma þessu máli á dagskrá og það hefur ekki verið hægt að koma því fram vegna þessarar stöðu, að hæstv. forsrh. hefur ekki séð sér fært að vera við. Málið heyrir beint undir hæstv. forsrh. og þess vegna er mjög nauðsynlegt, ef hægt á að vera að fá svar við meðferð á þessu máli, að hann sé við. Ég sé því ekki annað en að einu sinni enn verði að skoða hvernig eigi að fara með málið.

Ég sé ekki annað en ég verði að óska eftir því við forseta að þetta mál verði tekið til sérstakrar umfjöllunar hjá hæstv. forseta þingsins og fá umræðu um hvernig það megi vera, þegar búið er að óska eftir því sérstaklega að forsrh. verði viðstaddur við þetta mál, að þegar tækifæri gefst til að ræða við hann, þá hverfi hann á brott. Herra forseti. Mín beiðni lýtur að því að forsrh. láti skoða þau rök sem ég ætla mér að setja fram fyrir því að lágmarkslaun verði lögbundin á Íslandi.

Herra forseti. Ég ætla mér að setja fram rök fyrir því að hagfræðingum á Íslandi beri undir forustu hæstv. forsrh. að skoða þetta mál vegna þess að í 28 löndum heimsins hafa nú þegar verið lögbundin lágmarkslaun og það hefur komið í ljós alls staðar þar sem lágmarkslaun hafa verið lögbundin að þar hafa þau skilað betri árangri fyrir fjölskyldur, fyrir heimilin og fyrir þjóðríkin.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill nefna við hv. þm. að hæstv. forsrh. mun vera á lykilfundi í sambandi við sjómannadeilluna. Forseti hafði að vísu ekki heyrt um þær óskir sem hv. þm. hefur en býður nú hv. þm. að fresta málinu.)

Herra forseti. Ég sé ekki annað fært en að fresta þessu máli. Ég sé ekki að möguleiki sé á öðru en ræða málið við hæstv. forsrh. vegna þess að með þetta mál þarf að fara sérstalega og það verður að koma svar frá hæstv. forsrh. um það hvað hann vill gera. Ef í ljós kemur að hann er á móti málinu þarf að knýja þetta mál einhvern veginn í gegnum þingið.

Umræðu frestað.

## *Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, fyrri umr.*

Þáltill. KÁ, 453. mál. — Þskj. 782.

[17:30]

**Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Það gengur ýmislegt á þessa dagana. Ég hefði óskað þess að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna líka en ég ætla að láta mig hafa það að mæla fyrir málinu því að mér finnst mikilvægara að koma því til nefndar.

Sú till. til þál. sem ég mæli fyrir gengur út á það að fela forsrh. að láta rita sögu heimastjórnartímabilsins 1904–1918. Hér er nánar skilgreint hvernig verkið skuli unnið, það skuli fjallað um aðdraganda þess að Íslendingar fengu heimastjórn, hugmyndir sem að baki lágu, helstu forvígismenn sjálfstæðisbaráttunnar um aldamótin, bæði karla og konur — það er rétt að taka það fram — aðgerðir stjórnvalda á tímabilinu og umræður og átök sem þá urðu. Einnig verði fjallað um þau áhrif sem atburðir úti í heimi höfðu á líf landsmanna og loks þróun samfélagsins á þessum tíma sem lagði að stórum hluta grunn að því atvinnulífi, stjórnkerfi og mannlífi sem hér þrífst nú. Hér er lagt til að stefnt verði að því að ritið verði tilbúið til útgáfu á 100 ára afmæli heimastjórnarinnar árið 2004.

Hæstv. forseti. Það tímabil sem hér um ræðir í sögu okkar lands er afar spennandi. Eins og ég nefni í tillögugreininni gekk mikið á í íslenskum stjórnmálum. Á þessu tímabili voru stjórnmálaflokkarnir að verða til, verkalýðshreyfingin var að verða til, samvinnuhreyfingin tók gríðarlegum framförum og ók mjög þó hún hefði hafið sitt skeið nokkru fyrr. Á þessum tíma voru margir mjög aðsópsmiklir og merkilegir stjórnmálamenn sem réðu hinni pólitísku umræðu og hér voru átök um ýmis stórmál eins og lagningu síma, um ný fræðslulög og fleira og fleira sem reyndust deilumál á sínum tíma en síðar þjóðinni til mikilla heilla.

Þótt undarlegt megi virðast hafa þessu tímabili ekki verið gerð ítarleg skil í neinum yfirlitsritum. Til eru ævisögur einstakra stjórnmálamanna eins og ævisaga Hannesar Hafsteins. Núna er verið að rita ævisögu Einars Benediktssonar skálds, sem kom mikið við sögu þessa tímabils, og fleiri mætti nefna en það eru líka margir af þeim stjórnmálamönnum, körlum og konum, sem mest bar á á þessu tímabili sem hefur ekki verið gerð skil og má þar t.d. nefna Valtý Guðmundsson, Þorbjörgu Sveinsdóttur, sem lést reyndar áður en heimastjórnartímabilið gekk í garð en hafði mikil áhrif í aðdragandanum, og fleiri. Að mínum dómi gefst nú mjög gott tækifæri til þess að fara ofan í þetta merka tímabil og væri afar skemmtilegt ef tækist að ljúka þessu verki fyrir árið 2004.

Það fólk sem barðist fyrir sjálfstæði Íslands og lagði sitt af mörkum til þess að þróa samfélag okkar í átt til nútímans, í átt til aukinna mannréttinda og aukins jafnaðar, allt þetta fólk á það svo sannarlega skilið að þessi saga sé skráð og það er líka nauðsynlegt að skoða hana upp á nýtt út frá nýjum sjónarmiðum því að sannleikurinn er sá að lengi vel eimdi eftir af þessum miklu átökum. Menn eins og Valtýr Guðmundsson voru kallaðir landráðamenn og var illa talað um þá en ég hygg að við mundum sjá ýmsar hugmyndir hans í nýju ljósi núna þannig að þarna er mjög margt að skoða og þarna er um mjög spennandi verkefni fyrir sagnfræðinga að ræða.

Yfirlitssögur þeirra hreyfinga sem urðu til á þessum tíma eru ekki til. Saga verkalýðshreyfingarinnar hefur reyndar lengi verið í bígerð og lengi verið unnið að henni en því verki er ekki lokið. Sögu samvinnuhreyfingarinnar var stungið ofan í skúffu af einhverjum ástæðum sem mér vitanlega hafa ekki verið upplýstar en tengjast eflaust túlkunum og deilum á sögu þeirrar hreyfingar og stjórnmálahugmyndum á eftir að gera miklu ítarlegri skil.

Þá má nefna áhrif heimsstyrjaldarinnar fyrri á íslenskt samfélag, hagkerfið, atvinnulífið o.s.frv. Eins og ég nefndi áðan er það afar merkilegt tímabil sem hér um ræðir og kjörið tækifæri til að minnast þess með því að skrifa sérstakt rit. Ég skilgreini ekki nánar hvernig það á að vera. Menn verða að hafa nokkuð frjálsar hendur til að átta sig á því hvernig á að byggja upp slíkt rit, það gæti jafnvel verið í fleiri bindum, á að blanda sögu einstaklinganna inn í sjálfa söguna eða á að taka þá út úr eða hvernig vilja menn gera þetta.

Í nútímasagnfræði hafa áherslur aftur beinst að einstaklingum og menn eru að skoða þá á nýjan hátt í samhengi við söguna og við þurfum einmitt að skoða marga þessa einstaklinga, mann eins og Hannes Hafstein, upp á nýtt því að um hann var rituð mikil hetjusaga sem var skrifuð í ljósi þeirrar dýrkunar sem ríkti á honum. Það þarf auðvitað að skoða hann og hugmyndir hans upp á nýtt eins og svo marga aðra. Ég held að það sé rétt að mikill áhugi er á þessu tímabili og það hefur m.a. komið í ljós við útgáfu fyrsta bindis ævisögu Einars Benediktssonar.

Þá vil ég ekki síst nefna þróun mannréttinda og lýðræðishugmynda sem var mikil á þessum tíma, ekki síst í tengslum við kvenréttindahreyfinguna. Ég vona að því tillagan fái

góðar undirtektir og að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þjóðhagsstofnun, 1. umr.*

Frv. KHG o.fl., 489. mál. — Þskj. 832.

[17:39]

**Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 832 er flutt frv. til laga um breytingu á lögum um Þjóðhagsstofnun, nr. 54/1974. Flutningsmenn eru fjórir. Auk mín eru það hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Gísli S. Einarsson.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Þjóðhagsstofnun. Meginbreytingin er að stofnunin er færð frá forsætisráðuneyti og mun framvegis heyra undir Alþingi ef frumvarpið nær fram að ganga. Vegna hlutverks stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún sé að öllu leyti óháð stjórnvöldum. Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn. Má benda á að Alþingi ákvað fyrir rúmum áratug að færa Ríkisendurskoðun frá framkvæmdarvaldinu undir yfirstjórn Alþingis, m.a. vegna þeirra sjónarmiða að ekki þótti eðlilegt að Ríkisendurskoðun heyrði undir aðila sem stofnuninni var falið að hafa eftirlit með. Breyting þessi var til þess fallin að styrkja starfsaðstöðu Alþingis, m.a. við gerð fjárlaga, og er þinginu opnuð leið til þess að láta stofnunina gera á eigin vegum rannsóknir og athuganir á einstökum málum.

Í samræmi við þessi sjónarmið er lagt til í frumvarpinu að beiðnir til Þjóðhagsstofnunar um skýrslur eða athuganir verði að vera innan almennra reglna sem forsætisnefnd Alþingis setur. Rétt er að slíkar reglur geri Þjóðhagsstofnun kleift að meta fyrir stjórnvöld áhrif efnahagsaðgerða og lagabreytinga og nýta þannig sérfræðikunnáttu og dýra reiknigetu, sem einungis er til staðar í stofnuninni.

Þá er gert ráð fyrir að áfram geti alþingismenn og einstakar þingnefndir snúið sér beint til stofnunarinnar og óskað eftir upplýsingum eða skýrslu um efnahagsmál, sbr. 5. tölul. 2. gr. laganna um Þjóðhagsstofnun.

Þriðja meginbreytingin er að við verkefni Þjóðhagsstofnunar er bætt að stofnunin skuli gera þjóðhagsáætlun til langs tíma og taka mið af vernd og nýtingu auðlinda, svo og umhverfismálum, þegar metin eru áhrif tiltekinna aðgerða á þjóðarbúskapinn. Er þessi breyting gerð til þess að stuðla að vandaðri áætlanagerð og markvissri efnahagsstjórn.

Í 1. gr. frv. er lagt til að Þjóðhagsstofnun heyri undir Alþingi í stað forsætisráðherra, eins og nú er. Í samræmi við þá breytingu er gert ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis ráði forstjóra stofnunarinnar. Til viðbótar koma ákvæði þar sem kveðið er á um að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar, að hann sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart því og loks að forsætisnefnd Alþingis geti að fengnu samþykki Alþingis vikið forstjóranum úr starfi.

Í 2. gr. er mælt fyrir um að Þjóðhagsstofnun sé engum háð í störfum sínum og enn fremur um rétt forsætisnefndar Alþingis til að krefjast skýrslu um einstök mál er falla undir starfsemi Þjóðhagsstofnunar.

Í 3. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 2. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi er kveðið á um gerð áætlana til langs tíma og að leggja beri áherslu á verndun og nýtingu auðlinda, svo og umhverfismál, í þeim áætlunum. Í öðru lagi að Þjóðhagsstofnun geti annast verkefni fyrir aðra aðila, svo sem ríkisstjórn, Seðlabanka Íslands og alþjóðastofnanir, en þó innan þeirra marka sem forsætisnefnd Alþingis setur. Er það til samræmis við þá breytingu að Þjóðhagsstofnun starfi á vegum Alþingis í stað ríkisstjórnar. Loks er bætt við greinina ákvæði um að skýrslur Þjóðhagsstofnunar skuli teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, í hvorri um sig eða báðum, eftir því sem við á.

Í 4. gr. frv. er lagt til að 4. gr. laganna falli brott, enda er það hlutverk sem Þjóðhagsstofnun er ætlað samkvæmt þar til greindum lögum fallið brott og greinin því óþörf.

Í 5. gr. frv. er lagt til að ríkissjóður greiði allan kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunar, en nú greiðir ríkissjóður helming og Seðlabanki Íslands hinn helminginn. Þar sem sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar er lykilatriði í breytingum frumvarpsins þykir ekki eðlilegt að stofnunin eigi fjármögnun starfsemi sinnar að hálfu undir Seðlabanka Íslands og er því breytingin lögð til. Þess í stað er gert ráð fyrir að fjárhæðin sem Seðlabankinn greiðir nú til Þjóðhagsstofnunar renni í ríkissjóð.

Í 6. gr. frv. er lagt til að sambærilegt ákvæði og er að finna í lögum um Ríkisendurskoðun um gerð skýrslu sem lögð skal fyrir Alþingi verði í lögum um Þjóðhagsstofnun.

Loks er í 7. gr. frv. kveðið á um gildistöku laganna, ef samþykkt verða, og gert ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1999.

Þá er að lokum þess að geta, herra forseti, að í ákvæði til bráðirgða er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frv. um ráðningu forstjóra Þjóðhagsstofnunar gildi skipun núv. forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Ekki er því gert ráð fyrir að það ákvæði frv. taki gildi fyrr en næst verður ráðinn forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir efnisatriðum þessa frv. sem flutt er af fjórum þingmönnum úr tveimur stjórnarandstöðuflokkanna, Alþfl. og þingflokki jafnaðarmanna.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stjórnarráð Íslands, 1. umr.*

Frv. ÁE, 545. mál (menningarmálaráðuneyti). — Þskj. 930.

[17:47]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 930 að leggja fram, frv. til laga um breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Frv. felur í sér að sett verði á laggirnar nýtt ráðuneyti, menningarmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að verkefni á sviði menningarmála, sem vel flest hafa verið í umsjón menntmrn., verði færð til

hins nýja ráðuneytis og sérstakur ráðherra muni fara með menningarmál.

Það er ekki á hverjum degi, herra forseti, að lagt er til að setja á laggirnar nýtt ráðuneyti en að mínu mati er brýnt að svo sé gert. Þó að verksvið menntunar og menningar skarist nokkuð er það minna en ætla mætti. Þess má einnig geta að menntmrn. sem skólamálaráðuneyti hefur fullnóg á sinni könnu og yrði þrátt fyrir þessa breytingu eitt af alstærstu ráðuneytunum. Eins og menn vita, herra forseti, er brýnt að taka til hendinni í skólamálum okkar Íslendinga og þá ekki úr vegi að huga að slíkri uppstokkun í ráðuneytunum eins og lagt er til þó að ekki væri annað en að hagsmunir menntamála væru lagðir þar til grundvallar.

Í frv. er það hins vegar fyrst og fremst rökstutt út frá sjónarmiðum menningar en þetta nýja ráðuneyti mundi fara með málefni sem varða Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi. Það mun fara með tónlistarmál, þar á meðal málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Það mun hafa umsjón með listkynningu innan lands og utan, annast listamannalaun og Rithöfundasjóð, bókmenntir og útgáfustarfsemi og undir þetta ráðuneyti munu kvikmyndir einnig falla, þar á meðal Kvikmyndasjóður. Allt sem viðkemur listum yrði á verksviði þessa nýja ráðuneytis. Sömuleiðis munu öll söfn, sem hingað til hafa verið í annarri umsjón, falla undir þetta ráðuneyti og þau söfn sem menningarmálaráðuneytið muni sjá um væru m.a. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og almenningsbókasöfn. Minjar, þar á meðal Þjóðminjasafn muni falla undir þetta, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn og byggðasöfn, jafnframt Listasafn Íslands og önnur listasöfn svo og önnur safnastarfsemi.

Það er ljóst af þessu að þetta eru umfangsmiklir og veigamiklir málaflokkar sem hinu nýja ráðuneyti er falið að annast.

Eitt af ákvæðum í frv. er að gera ráð fyrir því að Ríkisútvarpið, þ.e. hljóðvarp og sjónvarp, verði hluti af menningarmálaráðuneytinu, þ.e. að menningarmálaráðuneytið yrði stjórnsýsluaðili Ríkisútvarpsins í stað menntmrn. eins og nú er.

Önnur ákvæði í frv. gera ráð fyrir því að höfundarlög falli undir þetta, Íslensk málnefnd, manna- og bæjarnöfn og tveir veigamiklir málaflokkar, sem eru íþróttamál og æskulýðsmálefni. Þau mundu vera á verksviði hins nýja ráðuneytis.

Ef skoðuð eru fjárhagsleg umsvif menningarmála hér á landi, þá sést við skoðun á fjárlögum fyrir 1998 að um 17 milljörðum er ráðstafað til menntmrn. og þar af renna tæpir 4 milljarðar til menningarmála. Af þessum tæpum 4 milljörðum eru á annan milljarð, u.þ.b. 1,5 milljarðar sem renna til Ríkisútvarpsins. Umsvif hins nýja ráðuneytis yrðu því um 4 milljarðar en menntmrn. yrði eftir sem áður með veruleg umsvif, eða útgjöld yfir 13 milljarða á ári.

Það er athyglisvert að utanrrn. er með útgjöld upp á 3 milljarða, landbrn. um 8, sjútvrn. 2,5 milljarða, dóms- og kirkjumrn. 8,5, félmrn. 10 milljarða, heilbr.- og trmrn. 59 milljarða, fjmrn. 21 milljarð, samgrn. 10 milljarða, iðn.- og viðskrn. um 2 milljarða og umhvrn. um 1 milljarð. Og til samnburðar yrði hið nýja menningarmálaráðuneyti með umsvif upp á um 4 milljarða.

Þannig væri hið nýja menningarmálaráðuneyti stærra að fjárhagslegu umfangi en utanrrn., sjútvrn., iðnrn., viðskrn. og umhvrn. Önnur ráðuneyti væru stærri. Það er ljóst af þessu, herra forseti, að hið nýja ráðuneyti yrði miðlungsstórt ráðuneyti og út frá því sjónarmiði, þ.e. fjárhagslegu, er hægt að færa fyrir því sterk rök að skynsamlegt væri að hafa menningarmál í sérstöku ráðuneyti.

Það hins vegar ekki svo, herra forseti, að meginþátturinn í röksemdum mínum fyrir nýju ráðuneyti sé að gæta fjárhagslegra hagsmuna, þ.e. hins fjárhagslega umfangs heldur miklu frekar að með þessu er markaður skýr farvegur fyrir menningu hérlendis. Brýnt er að efla hana og styðja og það verður m.a. gert með því að hafa um hana sérstaka stjórnsýsluumgjörð. Við vitum að mikil gróska er í menningu hérlendis. Við sjáum margvíslega útgáfustarfsemi, listsýningar og frjóa menningarmálaumræðu. Við vitum einnig, herra forseti, að það að setja á laggirnar nýtt ráðuneyti getur endurspeglað nýjar áherslur stjórnvalda. Skýrasta dæmið um þetta er þegar umhvrn. var sett á stofn, en það er yngst af ráðuneytunum. Stofnun þess sýndi á sínum tíma aukna áherslu stjórnvalda á umhverfismál. Viðhorf og vinna í sambandi við umhverfismál hafa gjörbreyst, m.a. við það að núna er sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Ef þetta frv. yrði lögfest, þá væri um að ræða mjög mikilvæga stefnumörkun af hálfu Alþingis um að gera menningarmálum hærra undir höfði.

Rök hafa heyrst gegn hugmynd um sérstakt menningarmálaráðuneyti. Með því væri verið að auka á umsvif stjórnsýslunnar hér á landi. Þetta er ekki rétt einfaldlega vegna þess að ekki er um að ræða aukningu heldur markvissari stjórnun á menningar- og menntamálum. Ég er þess fullviss að betri stýring yrði á menntamálum hérlendis ef menningarmálin væru tekin út úr menntmrn. alveg eins og ég er fullviss um að menningarmálin fengju betri stjórnun ef þau væru í sérstöku ráðuneyti. Þvert á móti, herra forseti, tel ég að þessi aðferð muni spara hinu opinbera verulegt fé í bættri stjórnsýslu auk þess að styrkja mikilvæga málaflokka sem eru öllu mannlífi til bóta.

Reyndar er hægt að vekja athygli á hugmyndum um að breyta ráðuneytisskipan hér á landi og ég sé sérstaka ástæðu til að gera að umtalsefni sameiningu sjútvrn.-, iðnrn.-, viðskrn. og landbrn. í eitt ráðuneyti. Þar með værum við komin með eitt atvinnuvegaráðuneyti en slík ráðuneyti eru algeng í nágrannalöndunum. Ef menn vilja uppstokkun á ráðuneytunum, þá væri það aðgerð sem væri nokkuð augljós fyrir utan reyndar að setja á laggirnar sérstakt menningarmálaráðuneyti.

Nú er það ekki svo, herra forseti, að verið sé að koma fram með glænýja hugmynd. Þessu hefur verið varpað fram áður. En það sem meira er um vert er að útfærsla á menningarmálaráðuneytum er mjög þekkt erlendis og hefur reynst þar vel. Í Frakklandi til að mynda er starfrækt öflugt menningarmálaráðuneyti og í sumum Norðurlandanna er þessi skipan einnig viðhöfð. Það er því frekar í þá áttina erlendis að menn sjá fyrir sér að menningarmálin fái sérstaka stjórnsýslulega umgjörð.

Einnig þarf að hafa í huga, herra forseti, að menning gerir ekki einungis það að bæta mannlíf og bæta samskipti einstaklinga heldur er hún efnahagslega mikilvæg. Menningarstarfsemi skilar miklu framlagi til landsframleiðslunnar, hlutur hennar fer vaxandi, t.d. í kvikmyndaiðnaði. Þar eru verulega sóknarfæri hvað varðar atvinnu og útflutningsframleiðslu og allt þetta mun hjálpa til við að skapa menningunni þá umgjörð sem henni hæfir. Þess má geta, herra forseti, að í félögum Bandalags ísl. listamanna, sem er hluti af menningarmálastarfsemi, eru vel á annað þúsund og sennilega

nær tvö þúsund einstaklingar félagsmenn. Við sjáum því að mikill fjöldi Íslendinga hefur að hluta til eða alla atvinnu sína af starfsemi tengdum menningarmálum. Og menningarmál í þeim skilningi sem átt er við í frv. eru listastarfsemi, safnastarfsemi, íþróttir og æskulýðsstarfsemi auk annarra þátta sem ég gat um í upphafi.

Það er því von mín, herra forseti, að um þetta frv. megi skapast samstaða. Sú leið hefur verið farin að tekið er úr reglugerð Stjórnarráðs Íslands ákvæði þar sem verksvið ráðuneyta eru betur skýrð. Í frv. er gerð tillaga um lögfestingu meginþátta í ákvæðum reglugerðarinnar sem snúa að menningarmálum. Það er sömuleiðis gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1999, þannig að ráðrúm gefst til að vinna að stofnun þessa nýja ráðuneytis. En vitaskuld er ætlunin einnig með frv. að hveta til umræðu um menningarmál, um stjórnsýslu menningarmála, þannig að sú umræða geti skilað okkur fram á við. Úr því að við viljum hlúa að þessari starfsemi er einnig mikilvægt að það sé gert með markvissum aðgerðum, þar á meðal lagabreytingum eins og hér er lagt til en ekki látið við það sitja að fara um menningarmál fallegum orðum.

Herra forseti. Hér er lögð til skynsamleg útfærsla á nýju ráðuneyti, talin upp þau verkefni sem ættu að vera í því ráðuneyti. Vitnað er til fjárhagslegs umfangs þessa ráðuneytis sem styður þetta skref og jafnframt er vitnað til góðrar reynslu nágrannalandanna af einmitt slíku ráðuneyti eins og hér er lagt til.

Herra forseti. Að svo mæltu óska ég þess að frv. fái víðtæka umfjöllun bæði í þingnefnd og í þjóðfélaginu öllu og að það mundi geta skapast út frá því umræða sem yrði menningu og menningarmálum til framdráttar hér á landi. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 1. umr.*

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 946.

[18:01]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 946 sem er 557. mál þingsins, um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frv. er samið í viðskrn. Samkvæmt því skal stofna hlutafélag um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Meginástæða þess að farið er út í stofnun hlutafélags um rekstur inn er sú að með þeim hætti er ríkisstjórninni gert kleift að mæta tilboði sem bátaábyrgðarfélögin, viðskiptaaðilar Samábyrgðarinnar og starfsmenn hafa gert í hlut ríkissjóðs í félaginu.

Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir afnámi skyldutryggingar þilfarsbáta undir 100,49 rúmlestir brúttó með niðurfellingu laga um bátaábyrgðarfélög.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð með lögum nr. 54/1909. Henni var þá ekki lagt til sérstakt stofnfé úr ríkissjóði né gert ráð fyrir að það kæmi frá öðrum. Henni var hins vegar tryggð ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sínum upp að 200.000 kr. Auk þess lagði ríkissjóður Samábyrgðinni til fjármuni, allt að 25.000 kr., vegna kostnaðar við stofnun og stjórn hennar.

Samkvæmt fyrstu lögunum um Samábyrgðina skyldi hún vera gagnkvæmt tryggingafélag. Með lögum nr. 23/1921 voru þau ákvæði laga nr. 54/1909 sem kváðu á um að hún væri gagnkvæmt tryggingafélag felld brott og ábyrgð ríkissjóðs vegna skuldbindinga hennar hækkuð úr 200.000 kr. í 800.000 kr. Bar ríkissjóður einn ábyrgð á skuldbindingum Samábyrgðarinnar allt til 1967 er fyrsta verulega breytingin var gerð á lögunum.

Árið 1941 er ríkissjóði gert að leggja Samábyrgðinni til stofnfé, 500 þús. kr. og árið 1947 er ríkissjóði enn gert að leggja henni til viðbótarstofnfé, 1,5 millj. kr. Frá upphafi og fram til 1967 voru sérstök ákvæði í lögunum um að ef Samábyrgðinni yrði slitið skyldi ráðstafa eignum hennar til Fiskveiðasjóðs.

Árið 1967 eru sett ný lög um Samábyrgðina, eins og áður sagði, lög nr. 47/1967. Með þeim lögum er ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum félagsins felld brott og sömuleiðis ákvæðin um afdrif eigna félagsins við félagsslit.

Árið 1976 voru enn sett ný lög um Samábyrgðina, lög nr. 19/1976. Breytingar á lögunum áttu fyrst og fremst rætur að rekja til nýrra laga um vátryggingastarfsemi, einkum ákvæða um Tryggingaeftirlitið og nýrra sérstakra laga um bátaábyrgðarfélögin sem samtímis voru samþykkt á Alþingi og eru lög nr. 18/1976. Þau lög gerðu ýmis ákvæði laganna um Samábyrgðina óþörf.

Gildandi lög um Samábyrgðina voru sett árið 1978, lög nr. 37/1978. Helsta breytingin sem þá var gerð er sú að bráðafúatryggingin sem sett var inn í lögin árið 1967 var felld niður en í hennar stað kom sérstök tryggingargrein innan Samábyrgðarinnar, Aldurslagasjóður fiskiskipa. Gildandi lögum var breytt með lögum nr. 40/1990 og var þá felldur niður sá kafli laganna sem fjallaði um Aldurslagasjóð. Þá má einnig nefna breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 116/1993 vegna samnings um hið Evrópska efnahagssvæði.

Lögin um bátaábyrgðarfélög eru upphaflega frá árinu 1938 en þá var skyldutrygging á fiskiskipum, 70 smálestum brúttó eða minni, lögfest, sbr. lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, nr. 27/1938. Þá voru nokkur bátaábyrgðarfélög þegar starfandi en þeim fjölgaði verulega við þessa lagasetningu. Lögin hafa breyst nokkuð í tímans rás. Lögin voru endurskoðuð í byrjun fimmta áratugarins í ljósi reynslunnar af rekstri félaganna, sbr. lög nr. 32/1942. Þá var skyldutryggingin útvíkkuð og hún látin ná til vélbáta með þilfari allt að 100 smálestum að stærð. Enn voru lögin endurskoðuð og var þá heiti laganna breytt í lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Gildandi lög um bátaábyrgðarfélög eru nr. 18/1976. Er það samsett útgáfa laga nr. 41/1967 og breytinga á þeim lögum, nr. 91/1975. Með lögunum frá 1975 var stærðarmörkum breytt úr 100 rúmlestum brúttó í 100,49 rúmlestir brúttó og var það gert til að taka af öll tvímæli um stærðarmörk þeirra skipa sem féllu undir skyldutrygginguna. Ýmsar breytingar voru einnig gerðar vegna tilkomu laga um vátryggingastarfsemi og vegna starfsemi Tryggingaeftirlits. Um allnokkurt skeið hefur skyldutrygging sú sem lögð er á herðar eigenda vélbáta með þilfar, 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, verið gagnrýnd. Ýmsir hafa talið þessa skyldutryggingu tímaskekkju, enda var henni komið á er bátafloti landsmanna var annar en hann er nú og aðstæður aðrar. Á síðustu árum hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna ítrekað ályktað um það á fundum sínum að afnema bæri

skyldutryggingu skipa undir 100 lestum og gefa þær frjálsar. Landssamband smábátaeigenda hefur og ályktað í sömu veru. Í kjölfar samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði misstu bátaábyrgðarfélögin einkarétt sinn á því að taka umræddda báta til tryggingar og skipta landinu upp í markaðssvæði. Starfa þau nú í samkeppni við önnur vátryggingarfélög á þessum markaði og þykir því ekki tilefni til að hafa sérlög um þau lengur.

Bátaábyrgðarfélögin eru nú fjögur talsins, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Bátatrygging Breiðafjarðar, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og stærsta bátaábyrgðarfélagið, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, sem nýlega fékk starfsleyfi til alhliða vátryggingastarfsemi og skipti um nafn, heitir nú Vörður vátryggingafélag. Formlega telst það þó enn þá bátaábyrgðarfélag.

Á sl. sex árum hefur félögunum fækkað um þrjú. Fulltrúar frá bátaábyrgðarfélögunum, viðskiptaaðilar Samábyrgðarinnar og starfsmenn hafa gert mér fyrir hönd ríkissjóðs tilboð í eignarhluta ríkisins í félaginu. Hljóðar tilboðið upp á 190 millj. kr. Með tilboði þessu er áratugaágreiningur um eignarhald á Samábyrgðinni leystur. Með tilboðinu viðurkenna fulltrúar sjávarútvegsins eignarrétt ríkissjóðs og ríkissjóður viðurkennir að ekki sé óeðlilegt að tekið sé tillit til að hluti viðskiptavildar fyrirtækisins sé viðurkenndur sem eign viðskiptaaðilanna, enda hafa bátaábyrgðarfélögin í hendi sér hvort þau halda áfram viðskiptum við Samábyrgðina sem endurtryggjanda.

Herra forseti. Ég tel rétt að reifa nánar ágreininginn um eignarhaldið á Samábyrgðinni. Fulltrúar bátaábyrgðarfélaganna hafa í gegnum tíðina haldið því fram að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum væri í eðli sínu gagnkvæmt vátryggingarfélag og því í eigu viðskiptamanna hennar. Til þess að reyna að átta sig á stöðu félagsins hefur tvívegis verið aflað lögfræðiálita um það hver ætti Samábyrgðina. Það fyrra er frá árinu 1989 og var unnið af Jóni Ingimarssyni, þáverandi skrifstofustjóra í heilbr.- og trmrn. Hann komst að þeirri niðurstöðu að ríkið eitt hefði lagt Samábyrgðinni til fjármuni og að enginn annar aðili hefði með lögunum eða á annan hátt öðlast slík tengsl eða aðild að Samábyrgðinni að jafnað verði til eignarréttinda. Þá hefði ríkið eitt borið ábyrgð á skuldbindingum hennar frá 1921 þeim sem var ekki unnt að endurtryggja. Stóð ábyrgð þessi til ársins 1976.

Árið 1992 var Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður fenginn til að gefa álit á þessu ágreiningsefni. Í áliti hæstaréttarlögmannsins segir m.a., með leyfi forseta: „að Alþingi geti gert hverjar þær ráðstafanir með Samábyrgðina og eignir hennar sem það kýs. Við þær ráðstafanir verði aðeins að gæta að því að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila sem eiga gild fjárhagsleg réttindi á hendur Samábyrgðinni samkvæmt samningum við hana eða á öðrum grundvelli. Að því athuguðu sýnist löggjafinn geta t.d. lagt félagið niður og látið eignir þess renna í ríkissjóð, ákveðið að breyta félaginu í hlutafélag þannig að ríkissjóður fái allt hlutafé, eða þannig að hlutafélaginu sé deilt út til bátaábyrgðarfélaganna og annarra viðskiptamanna félagsins eftir gefnum reglum."

Eins og fyrr segir hefur nú náðst lending í ágreiningsefni þessu. Með tilboði sínu viðurkenna fulltrúar bátaábyrgðarfélaganna í reynd eignarrétt ríkissjóðs, en á móti kemur að fallist er á að tekið sé tillit til þess að viðskiptavild Samábyrgðarinnar komi að verulegu leyti í hlut bátaábyrgðarfélaganna. Með fyrirvara um samþykki Alþingis hefur ríkisstjórnin samþykkt tilboðið fyrir sitt leyti. Með samþykki sínu hefur ríkisstjórnin jafnframt ákveðið að um sölu á Samábyrgðinni muni ekki fara samkvæmt verklagsreglum um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Jafnvel þótt svo kynni að fara að ekki yrði af sölu ríkissjóðs á Samábyrgðinni til framangreindra aðila að þessu sinni tel ég afar mikilvægt að frv. nái fram að ganga. Með stofnun hlutafélags um Samábyrgðina væri ríkissjóður í stakk búinn til þess að bregðast við tilboðum í félagið er síðar kynnu að berast.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni óska ég þess að frv. verði vísað til efh. og viðskn.

[18:11]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er vafalaust hið besta mál sem hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur flutt hér. Þó langar mig í stuttu andsvari að spyrja hann svolítið út í örfá atriði. Í frv. kemur fram að tilboðið sem honum er gert er m.a. gert fyrir hönd starfsmanna félagsins. Mig langaði að spyrja, vegna þess að það kemur ekki fram í greinargerð eða máli hæstv. ráðherra, hversu margir starfsmenn eiga aðild að tilboðinu og hvað það er hátt hlutfall af starfsmönnum þeirra félaga sem hér greinir um. Í öðru lagi fannst mér hæstv. ráðherra ekki gera nægilega skýra grein fyrir því hvernig verðið, 190 millj., er fundið. Þarna er um að ræða fyrirtæki eða samsteypu sem hefur eigið fé upp á 250 millj. og það er verið að selja á 190 millj. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi skýra það ögn. Vel má vera að hann þurfi meira en andsvar til þess og ég er reiðubúinn að hlýða á mál hans í langri ræðu á eftir. Í þriðja lagi langar mig líka að spyrja hæstv. ráðherra hvernig á því standi, fyrst ljóst er að ríkið á þetta, að félagið er ekki boðið út. Er það vegna þess ágreinings sem hann rakti í nokkuð ítarlegu máli að hefur staðið um eignarhald á félaginu? Er það ástæðan fyrir því að ákveðið er að víkja frá þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt varðandi útboð þegar um er að ræða sölu á eignum ríkisins?

[18:12]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. vék að í lokin sem snýr að því hvers vegna verklagsreglur ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu væru ekki nýttar í þessu sambandi. Ég reyndi að gera því skil í ræðu minni og það er fyrst og fremst vegna þess að tilboð berst frá þessum aðilum fyrir hönd, þ.e. tilboðið er undirritað af Sveini H. Hjartarsyni og Hjálmari Styrkárssyni, sem eru stjórnarmenn í Samábyrgðinni og gera þetta tilboð fyrir hönd starfsmanna, viðskiptaaðila og bátaábyrgðarfélaganna, og það verður samkomulag um 190 millj. kr. sem kaupverð. Vel kann að vera að hægt væri að reikna þetta verð hærra og því gerði ég grein fyrir að það er vilji ríkisins að selja þessum aðilum til að jafna þann ágreining sem staðið hefur áratugum saman um það hver ætti og þar af leiðandi er tekið tillit til viðskiptavildarinnar í því tilboði sem hér er gert og að einhverju leyti kemur það bátaábyrgðarfélögunum til góða. Að öðru leyti er þetta þannig að ekkert er getið um það í þessu tilboði í hvaða eignarhlutföllum Samábyrgðin mun verða þegar búið er að breyta henni og þessir aðilar hafa keypt. Fyrst og fremst eru það þessir tveir aðilar, stjórnarmenn í Samábyrgðinni, sem gera þetta tilboð fyrir hönd þessara aðila sem ég vitnaði í að framan.

[18:14]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ber að skilja það svo að hæstv. ráðherra viti ekki hverjir standa að baki tilboðinu sem tveir stjórnarmenn í bátaábyrgðarfélaginu, sem hann nefndi, hafa sett fram?

Ég spurði hæstv. ráðherra hversu margir starfsmenn stæðu þarna að baki vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að taka ákveðið tillit til þess þegar starfsmenn gera tilboð eins og þetta. Þess vegna langar mig að vita ef hæstv. ráðherra getur svarað því, hvort þarna er um að ræða örfáa starfsmenn eða hvort þarna er um að ræða hátt hlutfall, kannski alla starfsmenn sem að málinu koma. Ég held að það skipti máli.

Í öðru lagi, herra forseti, segir hæstv. ráðherra að vikið sé frá verklagsreglum um útboð þegar um er að ræða sölu ríkiseigna, að því er ég skildi mál hæstv. ráðherra, vegna þess að þarna hefði verið gert tilboð fyrir hönd starfsmanna og það hangir aftur í fyrri athugasemd minni: Hvað er um marga starfsmenn að ræða og hvað vega þeir þungt í þessu tilboði?

Í þriðja lagi, herra forseti, sýnist mér að hér sé komið fordæmi sem ég út af fyrir sig er hlynntur. Fordæmið felst í því að ef starfsmenn hjá ríkisfyrirtæki gera tilboð um að kaupa fyrirtækið af hæstv. ríkisstjórn þá hljóti þeir hér eftir að fá a.m.k. samningaviðræður og þar með sýnist mér að ekki sé ósanngirni af mér að halda því fram að verklagsreglur og stefna hæstv. ríkisstjórnar um útboð á ríkiseignum séu fallnar um sjálfar sig samkvæmt þessu fordæmi.

[18:16]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er alls ekki svo að verklagsreglur ríkisstjórnarinnar í framkvæmd einkavæðingar séu fallnar um sjálfar sig, síður en svo. Enda er skýrt tekið fram hér og var skýrt tekið fram í ræðu minni áðan að menn væru að víkja frá þeim og það er gert alveg vísvitandi þannig að þinginu er gerð grein fyrir því hvernig á því stendur. Það sem ég var að vitna í er einfaldlega að ekki kemur fram í kauptilboðinu hver eignarhlutur hvers og eins aðila er. Hins vegar höfum við átt upp á síðkastið fundi með þeim mönnum sem gera þetta tilboð fyrir hönd þeirra aðila sem þarna er tilvitnað í tilboðinu. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að talað er um að bátaábyrgðarfélögin fengju að kaupa 20% eignarhlut í félaginu, þ.e. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Vörður sem áður hét Vélbátatrygging Eyjafjarðar. Hlutur Bátatryggingar Breiðafjarðar yrði minni enda er það félag töluvert minna og fjárhagsleg staða þess veikari en hinna þriggja. Síðan yrði seldur sem dreifðast tiltölulega lítill hlutur til útgerðarmanna sem eru í viðskiptum eða vildu koma í viðskipti svo og til starfsmanna sem óskuðu eftir að eignast hlut. (Gripið fram í.) Já. Þetta er hugsunin sem liggur þarna að baki.

Fyrst og fremst hafa þessir tveir menn sem undirrita tilboðið fyrir hönd tilboðsgjafa, Sveinn Hjörtur Hjartarson og Hjálmar Styrkársson, átt öll samskipti við ráðuneytið um þetta mál til að byrja með. Það var ekki þannig að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni væri vikið frá í þeim efnum. En vegna anna hefur hann ekki verið beinn aðili að þessu starfi milli ráðuneytisins og tilboðsgjafanna á undanförnum vikum. En hann var upphaflega þátttakandi í þessum viðræðum um það sem hér er á ferðinni.

[18:18]

**Einar Oddur Kristjánsson**:

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta frv. og tilurð þess. Það kann að vera að frv. sjálft sé ekki svo slæmt en ég held að rétt sé að gera þingheimi grein fyrir ýmsum atriðum varðandi þetta og ég verð líka að leiðrétta nokkuð hjá hæstv. viðskrh.

Deilurnar um Samábyrgð á íslenskum fiskiskipum hafa að mínu viti aldrei staðið um það hvort þetta félag væri gagnkvæmt tryggingafélag eða í eigu ríkisins. Ég hef aldrei vitað annað en menn væru sammála um að félagið væri í eigu ríkisins. Það hefur engin einkenni gagnkvæms tryggingafélags þar sem lengst af ævi þess hefur það verið í ábyrgð ríkisins. Hins vegar hafa verið um það mjög miklar deilur lengi, og ég hef tekið þátt í þeim deilum í a.m.k. tveim eða þrem nefndum, hvern veg væri skynsamlegt að ráðstafa þessu félagi.

Samábyrgð á íslenskum fiskiskipum er endurtryggingarfélag bátaábyrgðarfélaganna í landinu auk þess sem það hefur um áratuga skeið annast tryggingar fyrir útgerð ríkisins, þ.e. vitaskipið, varðskipin og Ríkisskip meðan það lifði þannig að ríkið og bátaábyrgðarfélögin voru þeir sem stóðu að þessu endurtryggingarfélagi. Deilurnar stóðu sem sagt um það hvernig skynsamlegt væri að ráðstafa félaginu.

Við sem höfum verið í ýmsum nefndum varðandi þetta fyrir hönd bátaábyrgðarfélaganna höfum alla tíð haldið því fram að bæði væri sanngjarnt og skynsamlegt að koma þessu félagi þannig fyrir að bátaábyrgðarfélögin eignuðust þar verulegan hlut. Ég hef oft í þessum nefndastörfum gert kröfur um mjög verulegan hlut, meira að segja lagt til að skipt væri upp í hlutfalli við tryggingarnar eins og það hefur gengið fyrir sig í gegnum tíðina, en ríkið hefur yfirleitt verið með um 20% af tryggingum eða ríkisskipin og bátaábyrgðarfélögin 80%. Þetta hefur ekki fallið í góðan jarðveg og enginn viljað taka undir þetta. Á tímum síðustu ríkisstjórnar var farið í gegnum þetta og þá voru tryggingamálin á vegum heilbrrn. Þá var reyndar samið frv. um að selja þetta og ríkið tæki þetta alfarið í sína eigu en úr því varð ekki að reynt yrði að gera það að lögum.

Ég kannast, herra forseti, mjög vel við þá aðferðafræði sem kemur þarna fram, að í stað þess að deila um það hver eigi hvað, þá geti verið skynsamlegt að ríkið selji þetta, og þá bátaábyrgðarfélögunum, fyrir lægra verð en ella og viðurkenni þannig hlut þeirra í þessu samlagi. En þess ber að geta að vátryggingafélagið Vörður sem nær yfir Norðurland og Austfirði, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga sem nær yfir alla Vestfirði og stóran hluta af Húnaflóasvæðinu og Bátatrygging Breiðafjarðar sem er í Stykkishólmi, eru einu sjálfstæðu tryggingafélögin sem mér er kunnugt um að starfi úti á landsbyggðinni. Ekki síður þess vegna hefur það löngum verið baráttumál mitt að rétt og skylt væri að efla þessi félög og það væri skynsamleg ráðstöfun fyrir framtíð Samábyrgðarinnar að bátaábyrgðarfélögin ættu töluverðan hlut í þessari samsteypu. Fjórða félagið er svo Grótta sem nær yfir Reykjavíkursvæðið og Reykjanes. Þar voru sameinuð tvö félög. Bátaábyrgðarfélag Suðurlands, eða Vestmannaeyja, hefur verið lagt niður. Það fór inn í Tryggingamiðstöðina minnir mig þannig að þeim hefur fækkað þessum félögum. Austfirðingar og Norðlendingar sameinuðust fyrir nokkrum árum. Deilan hefur því staðið um þetta.

Ég hef haldið því fram í þeirri undirbúningsvinnu sem ég hef nokkrum sinnum komið að, að hafi bátaábyrgðarfélögin

ekki hagsmuna að gæta við að endurtryggja í gegnum Samábyrgð Íslands, á hverju ætti þá Samábyrgð Íslands að lifa? Hví ætti þá það félag að vera til ef enginn hefur áhuga á því? Þá væri alveg eins hægt að endurtryggja hjá einhverjum öðrum félögum, félögum sem við vitum að eru mun stærri, sterkari og öflugri — ég á við tryggingafélög sem eru enn þá starfandi — fremur en að vera með endurtryggingar sínar í gegnum Samábyrgðina. Áhugi ríkisins fyrir að selja þetta væri því að mörgu leyti misskilningur, því ekki væri verið að leysa út neina umtalsverða peninga. Um þetta hafa deilurnar staðið og þannig hefur þetta gengið fram.

Það frv. sem núna liggur fyrir er tillaga um að selja félagið á 190 millj. kr. Ég hafði talið síðast þegar ég fór í gegnum þessa hluti í haust að bátaábyrgðarfélögin gætu ekki, mættu ekki, kaupa þetta félag fyrir meira en rétt svona um 100 millj. Það er alveg hámarksgreiðsla ef þau ætluðu að vera fær um að reka það áfram. Þess skal getið að lífeyrissjóðsskuldir hvíla á félaginu og ýmislegt fleira. Ekki er hægt að kaupa félagið hærra verði, höfuðstólinn sem er kannski rúmar 200 millj. fyrir 100 millj., og ætla sér að reka það áfram ef það ætti að gagnast félögunum til þess að efla þau og styrkja og til þess að tryggja viðgang þeirra.

Það samkomulag sem er prentað hér sem fylgiskjal sýnir að mönnum hefur verið mikið í mun að kaupa þetta, meira en ég átti von á. Ég verð því miður að upplýsa það, herra forseti, að hér er um töluvert bráðræði að tefla. Það hefur ekki verið gengið úr skugga um það hvort bátaábyrgðarfélögin vilja vera með í þessum kaupum. (**Gripið fram í:** Hefur ekki?) Nei. (**Gripið fram í:** Nú.) Það er nánast við þann að tala sem hér stendur því ég er stjórnarformaður Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga sem er stærsti endurtryggjandi Samábyrgðarinnar. Ég vissi ekki af þessu samkomulagi fyrr en ég heyrði um það útvarpinu þar sem ég hafði verið svo óheppinn að vera veðurtepptur austur á fjörðum þegar frv. var afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. Þó að ég sé ekki móðgunargjarn maður að eðlisfari og upplagi, þá finnst mér í dálítið mikið ráðist og hefði mátt bíða til að kanna hvort svo væri að vélbátaábyrgðarfélögin hefðu á þessu áhuga því að ég hef alltaf talið aðalatriði þessa máls að styrkja vélbátaábyrgðarfélögin. Það væri mikið byggðamál. Það væri mjög til að treysta þessi litlu félög sem eru sannanlega eign smábátaútgerðarinnar í landinu, eign hennar, ekki eign stjórnar vélbátaábyrgðarfélaganna, þ.e. eign þeirra sem tryggja. Vélbátaábyrgðarfélögin eru gagnkvæm tryggingafélög. Ég tel þetta því nokkurt bráðræði. Er þó kannski allt í lagi að þetta sé fram komið. Það gefst þá tími til þess að fara yfir þetta. Það mun gefast tími til þess á næstu dögum að kalla saman þessar stjórnir. Ég hef ekki vegna veðurs getað náð saman minni stjórn undanfarna daga. Við ætluðum að reyna að halda stjórnarfund í hádeginu en vegna þess að flug féll niður var ekki hægt að halda stjórnarfund í Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga. Það var haldinn stjórnarfundur í vátryggingafélaginu Verði á laugardaginn eða föstudaginn þar sem gerð var samþykkt um að skiptin sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði um, ef til kæmi og ef þeir kynnu að gerast aðilar að þessu, væru þá miðuð við ákveðið tryggingatímabil, ákveðinn árafjölda og ákveðið magn trygginga. Um þetta hefur aldrei verið talað, aldrei verið rætt eða talað við einn eða neinn. Þetta er alveg ófrágenginn hlutur.

Í fyrsta lagi, herra forseti, er ófrágengið hvort menn treysta sér til þess að kaupa þetta félag á svona háu verði, samanber þá fjárhæð sem þarna er boðin. Ég hefði talið og taldi síðast þegar ég kom nálægt þessu máli að hún væri allt of há fyrir bátaábyrgðarfélögin.

Í öðru lagi á eftir að ganga frá því hvort félögin treysta sér til þess að vera með og þá hvernig þau ætla að standa að þessu samkomulagi, að þessum kaupum, í hvaða hlutfalli og til hvers þau treysta sér. Þetta er allt saman ófrágengið.

Ég vildi upplýsa þetta af því að ég sit, að því að ég best veit, í nefnd á vegum viðskrn. til að annast endurskoðun á lögum um Brunabótafélag Íslands. Kannski er nefndin hætt störfum. Mér hefur ekki verið tilkynnt það. (Gripið fram í.) Nei, ekki Brunabótafélagið heldur Samábyrgðin. Fyrirgefið þið. Menn geta nú ruglast í þessu. (**Gripið fram í:** Næst Brunabótafélagið.) Næst er það það, já. En það er ekki rétt, herra forseti, að ég hafi ekki getað tekið þátt í þessum störfum vegna anna. Það er ekki rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra. Ég fékk einu sinni í vetur fundarboð og var beðinn að koma á nefndarfund. Ég sagði þá að þann dag væri ég upptekinn fyrir löngu en gæti mætt næsta dag. Ég hef aldrei síðan fengið nein fundarboð. Mér fannst þetta því heldur óþægilegt þar sem ég sit í nefnd til að endurskoða þetta, að fréttir af þessu samkomulagi svo og af gerð þessa frv. bærust til mín þann veg sem þær gerðu.

[18:30]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér finnst sem hæstv. viðskrh. eigi eftir að skýra hér nokkra hluti. Þetta mál hefur satt að segja þróast með ólíkindum á allra síðustu mínútum. Við, nokkrir þingmenn, hófum umræðu til að fá upplýsingar um atriði sem voru óglögg, en mér sýnist umræðan hafa snúist á þann veg, að það sem hæstv. ráðherra sagði áðan fellur hreint eins og keilur fyrir hríðskotabyssu.

Hæstv. ráðherra byrjaði á að upplýsa það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi því miður ekki getað tekið þátt í störfum nefndar sem vélaði um þetta mál. Þetta kom mér mjög á óvart. Ég hafði hlaupið á greinargerðinni og þar er hvergi talað um neina nefnd og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hvergi nefndur þar á nafn. En hæstv. ráðherra upplýsir þingmenn um það að sökum mikilla anna hafi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ekki verið rekinn úr nefndinni, eins og hæstv. ráðherra sagði, en horfið þaðan sjálfviljugur.

Síðan kemur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og upplýsir þingheim um það að hann viti ekki betur en að hann sé enn þá að störfum í þessari nefnd sem sé að undirbúa það mál sem hér liggur fyrir. Og hann hafi af tilviljun heyrt af málinu í útvarpi. Hann lýsir því yfir að þó að hann sé störfum hlaðinn, þá sé það ekki vegna anna sem hv. þm. hafi ekki getað tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Rak hann hv. þm. Einar Odd Kristjánsson úr þessari nefnd? Ef hann gerði það, hvers vegna? Ef hann gerði það ekki, hvernig stendur þá á því að hann upplýsir að hv. þm. starfi ekki lengur í nefndinni, en hv. þm. kemur hins vegar og heldur því fram að það sé rangt hjá hæstv. ráðherra?

Þessi skrípaleikur heldur svo áfram, herra forseti, vegna þess að það er upplýst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er líka stjórnarformaður í Bátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga. Það kemur hér fram, herra forseti, að tilboðið, sem hæstv. viðskrh. hefur undirritað, berst honum af hálfu tveggja aðila sem eru Sveinn Hjörtur Hjartarson og Hjálmar Styrkársson, og þeir gera honum tilboðið, m.a. fyrir hönd bátaábyrgðarfélaganna. Ég spyr, herra forseti: Eru þessir menn umboðslausir? Gera þeir tilboð án umboðs?

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því skorinort yfir að það félag sem hann veitir forstöðu vissi ekki af þessu. Hann heyrir þetta fyrst í fjölmiðlunum. Hann upplýsir líka að stjórn vátryggingafélagsins Varðar hafi á laugardaginn í hádeginu haldið fund og að þeim fundi loknum hafi komið fram að það er alls ekkert víst að það félag ætli sér að verða þátttakandi í þessu tilboði. Það virðist því að þeir menn sem gerður hefur verið samningur við hafi a.m.k. haft mjög takmarkað umboð. Það umboð skerðist enn frekar þegar lesið er í fylgiskjali I þar sem segir að umræddir aðilar geri tilboðið, ekki bara fyrir hönd bátaábyrgðarfélaganna og viðskiptaaðila við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, heldur líka starfsmanna sem standa að tilboði þessu. Það segir líka í greinargerðinni, á bls. 2, með leyfi forseta: „Meginástæða þess að farið er út í stofnun hlutafélags um reksturinn er að þannig er ríkisstjórninni gert kleift að mæta tilboði sem bátaábyrgðarfélögin, viðskiptaaðilar Samábyrgðarinnar og starfsmenn hafa gert í hlut ríkissjóðs í félaginu." En hæstv. ráðherra upplýsti það í svari sínu til mín áðan að enn hafa engir starfsmenn gerst aðilar að tilboðinu. Það er von að hæstv. ráðherra brosi hjárænulega í sæti sínu því að þetta er satt að segja orðið heldur farsakennt.

Við stöndum því frammi fyrir tilboði sem enginn hefur í rauninni gert nema viðskiptamenn Samábyrgðarinnar en bátaábyrgðarfélögin hafa ekki gert það og starfsmennirnir hafa ekki gert það. Þá liggur það auðvitað fyrir að greinargerðin sem hæstv. ráðherra byggir frv. sitt á er röng í veigamiklum atriðum. Ég vek athygli á því, herra forseti, að þær sakleysislegu spurningar sem ég velti fram í upphafi þessarar umræðu í andsvari, af því ég taldi að málið væri svo léttvægt, vörðuðu einungis hlut starfsmanna að þessu tilboði. Það liggur sem sagt fyrir að bátaábyrgðarfélögin eiga ekki hlut að tilboðinu og starfsmennirnir eiga það ekki heldur. Þá spyr ég, herra forseti: Hverjir eru það sem standa að þessu tilboði? Þetta er satt að segja orðið afar merkilegt.

Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að svara þessu. Þetta er að vísu allt önnur ræða en ég ætlaði að flytja því ég ætlaði einungis að spyrja hæstv. ráðherra út í tiltekin atriði. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra, ef hann getur gefið sér tóm frá samræðum við samstarfsmenn sína, hvernig verðið á félaginu er fundið. Ég saknaði þess bæði í ræðu hæstv. ráðherra, í greinargerðinni sem ég hef hlaupið á og í andsvörum hans, að hann skýrði það út fyrir okkur hvernig stæði á þessu verði. Í umsögn fjmrn. kemur fram að samkvæmt ársreikningum fyrir 1996 nam eigið fé 253 millj. kr. Hæstv. ráðherra segir að 190 millj. kr. sé ásættanlegt tilboð og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að ekki sé skynsamlegt að gefa meira en 100 millj. kr. fyrir fyrirtækið. Það kom líka fram í máli hæstv. ráðherra að lífeyrisskuldbindingar hvíla á félaginu — eða það kom fram í umræðum hérna áðan, kannski hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni — að lífeyrisskuldbindingar hvíla á félaginu. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað eru þær miklar og hvað er það sem veldur því að menn festa sig við þetta verð, 190 millj. kr.? Ég held að mikilvægt sé að menn fái upplýsingar um það við 1. umr.

En að lokum þetta, herra forseti: Ég spurði hæstv. ráðherra hvað ylli því að hann telji heppilegt við sölu á þessari eign ríkisins, að víkja frá þeim verklagsreglum sem hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt varðandi sölu ríkiseigna, en það eru útboð. Ég er þeirrar skoðunar að sjálfsögðu að viðhafa eigi útboð og það sé besta leiðin til að hámarka eign okkar skattborgaranna. En það sem mér þótti athyglisverðast í svari hæstv. ráðherra var rökstuðningur hans fyrir því að hann féll frá útboðinu. Hann sagði að það hefði verið vegna þess að starfsmenn hefðu komið og gert tilboð í fyrirtækið.

Það finnst mér út af fyrir sig alveg prýðileg regla. Þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra gefur auðvitað fordæmi. Hún felur það í sér að hér eftir hljóta starfsmenn ríkisfyrirtækja, sem á að selja, að geta komið til ríkisstjórnarinnar og óskað eftir samningaviðræðum um kaup á þeim. Og þar með að ríkisstjórnin sé reiðubúin til að selja fyrirtækin, semjist um verð við starfsmennina, án þess að fylgja útboðsreglunum sem hin víðfræga nefnd um einkavæðingu hefur sett fram og ríkisstjórnin hefur fylgt.

En það sem er auðvitað merkilegast í málinu er að röksemd ráðherrans fellur algjörlega um sjálfa sig. Það er ekki hægt að koma hingað og upplýsa í fyrsta lagi að hann hverfi frá verklagsreglunum vegna þess að það hafi verið starfsmenn sem gerðu tilboð, og í öðru lagi að staðfesta síðan að engir starfsmenn eru orðnir aðilar að kauptilboðinu. Ég spyr því þennan vaska hæstv. ráðherra, sem yfirleitt kemur hingað með afskaplega vel undirbúin mál: Hvað veldur því að þessi hrákasmíð er lögð fyrir þingheim?

[18:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hefja umræðu um þetta mál yfirleitt, vegna þess að það hefur orðið til þess að ýmislegt hefur afhjúpast í tengslum við þetta frv. sem lá í þagnargildi í framsögu hæstv. ráðherra, kannski af eðlilegum ástæðum, og ekki hægt að ætlast til þess að hann græfi undan eigin málflutningi með því að rekja þau vandamál sem eru í farvatni þessa máls sem bersýnilega liggja núna fyrir. Það sem kemur fram með öðrum orðum, herra forseti, er náttúrlega í fyrsta lagi það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson á sæti í endurskoðunarnefnd á Samábyrgðinni. Það kemur í ljós að þrátt fyrir það heyrir hann í útvarpi að verið sé að vinna í málinu með tilteknum hætti. Og svo er því lýst yfir af sjálfum ráðherranum úr ræðustól á Alþingi að hv. þm. hafi ekki verið í nefndinni og ekki komið nálægt þessu frv. sökum anna. Einhvern tíma hefði þetta nú verið kallað brottrekstur úr ræðustól á Alþingi, og ég held að þannig verði að líta á að hv. þm. hafi bara — eða geti litið þannig á að hann hafi verið leystur frá störfum með þessari sérkennilegu ræðu hæstv. ráðherra áðan.

Í öðru lagi er þetta þeim mun furðulegra þegar fyrir liggur að einn af þingmönnum stjórnarliðsins, þessi sami þingmaður, er formaður stærsta bátaábyrgðarfélagsins og er þar af leiðandi lykilmaður í þessu máli, algjör lykilmaður í málinu. Út af fyrir sig veltir maður því fyrir sér hvernig mál eru afgreidd á þingflokksfundum Sjálfstfl., ekki bara af þessu tilefni heldur mörgum öðrum. Þar hlýtur margt að vera skrýtið, ég verð að segja það, þegar kemur upp mál af þessu tagi þar sem það er alveg ljóst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er lykilmaður úr tveimur áttum á þessu stóra máli.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að rifja það upp, herra forseti, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði áðan, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipunum, sem á sér mjög merka sögu, er í raun og veru ákaflega heppilegt samstarf á endurtryggingarkerfi bátaútvegsins á Íslandi. Við höfum haft þá stefnu um árabil og áratuga skeið að viðhalda þessu kerfi fyrir bátaábyrgðarfélögin, nema þá þau sjálf hafi tekið ákvörðun um annað. Þannig minnir mig að það hafi verið

með bátaábyrgðarfélagið í Vestamannaeyjum að það hafi í raun og veru sjálft óskað eftir því að verða leyst upp og gekk síðan inn í annað tryggingafélag, þ.e. Tryggingamiðstöðina, er mér tjáð.

En hér er í raun og veru farin allt önnur leið. Ég hygg að skýringin á þessu sé upphaflega kannski að einhverju leyti í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég man ekki betur en að lagt hafi verið fyrir Alþingi frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem beinlínis hafi verið gert ráð fyrir, að ég held 150 eða 200 millj. kr. kæmu í tekjur af því að selja Samábyrgðina með þeim hætti sem hér er lagt til. (Gripið fram í.) Þetta frv. var lagt fyrir í lok nóvember eða byrjun desember á sínum tíma og það var í raun stjórnarandstaðan á þeim tíma sem stöðvaði það og taldi ófært að ganga frá þessu máli á svona stuttum tíma. Og það endaði með því að samábyrgðarkaflinn, sem var dálítill kafli í þessu frv., var tekinn út. Hann var tekinn út og þetta mál var ekki afgreitt.

Síðan gengur þessi draugur aftur á þennan hátt og verður að segja alveg eins og er að það er ákaflega sérkennilegt. Og auðvitað hef ég hæstv. ráðherra grunaðan um það að menn ætlist ekki endilega til þess að málinu verði lokið hér af því að stutt er eftir af þinginu, ég held að menn séu kannski að uppfylla einhverja samninga innan ríkisstjórnarinnar án þess að menn meini allt of mikið með því að leggja þetta fyrir þingið með þeim hætti sem hér er gert.

Hitt er síðan umhugsunarefni, herra forseti, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gagnrýndi sérstaklega áðan, og það er að tekið skuli vera fram fyrir hendurnar á bátaábyrgðarfélögunum á þennan hátt. Það eru miðstýrðar ákvarðanir ofan frá sem í rauninni eru teknar með þeim hætti sem hér er gert og er auðvitað sérstaklega gagnrýnivert. Þetta minnir mann í rauninni ekki á neitt annað en frv. um að slíta Brunabótafélaginu. Því að það eru nákvæmlega sömu aðfarirnar, að Alþingi eigi í raun og veru að rifta fyrirkomulagi sem fólk er tiltölulega mjög sátt við að hafa. En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem kann að meta gildi samstöðunnar að því er varðar bátaábyrgðarfélögin, flytur síðan annað frv. um að rjúfa samstöðuna að því er varðar Brunabótafélagið og er þar með ekki sjálfum sér samkvæmur, að beita ofríki valdsins gagnvart þeim sem eiga Brunabótafélagið. En það mál er á dagskrá á eftir eins og hv. þm. hefur nefnt.

Þess vegna fagna ég ummælum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í þessu máli og fylgi honum í málinu og ég vona að þetta frv. verði ekki að lögum. Þetta er vitleysa eins og það er, og það er illa að því staðið, herra forseti.

[18:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Hv. þm. Svavar Gestsson getur þess að þetta frv. sé að ganga aftur, hafi fyrst komið fram í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. Það kom fram sem ákvæði í bandormi eins og hann gat um.

Ég vildi einungis koma fram til þess að segja það, herra forseti, að ég hef í sjálfu sér ekki mótað mér afstöðu til þessa frv. Ég hef ekki tekið jafnharða afstöðu gegn því og hv. þm. Ég kom upp í kvöld til þess að spyrja um tiltölulega einföld og sárasaklaus atriði og ég hafði enga hugmynd um að greinargerð frv. virðist vera röng í mjög veigamiklum atriðum og ég hafði heldur enga hugmynd um það að svo virðist sem ríkisstjórnin gerði sér enga grein fyrir hvernig hún komst sjálf að þessari tölu, 190 millj.

Ég lýsi því yfir að ég áskil mér allan rétt til þess að fylgja málinu þegar ég er búinn að skoða það en mér sýnist að málatilbúnaðurinn allur sé þess eðlis að það sé afar hæpið að hægt sé á þessu þingi að samþykkja frv. sem er byggt á svona veikum stoðum.

[18:46]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nákvæmlega þetta sem ég átti við að mér sýnist að undirbúningur málsins sé þannig að varla sé hægt að ætlast til þess að á þeim örfáu dögum sem eftir lifa af þinginu að þetta mál verði að lögum nákvæmlega eins og það lítur út vegna þess að rökstuðning og undirbúning vantar undir málið m.a. í bátaábyrgðarfélögunum og stjórnum þeirra.

[18:47]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að bera þetta saman sem hann gerði áðan. Hann er að vísu að þjófstarta umræðu sem á að byrja á eftir um Brunabótafélagið og eignarhaldsfélag þess.

Gagnkvæm tryggingafélög eins og vélbátaábyrgðarfélögin eru eru eign þeirra sem tryggja. Hætti slíkt vélbátaábyrgðarfélag störfum og leggi niður starfsemi sína er alveg ljóst að eignunum verður skilað ef einhverjar eignir eru í höfuðstól til þeirra sem tryggðu, smábátaútgerðarmannanna. Þeir eiga félagið. Það er alveg ljóst enda er líka alveg ljóst að ef það væri mínus á höfuðstólnum bæri þeim að borga þannig að hér fer hv. þm. mjög villur vegar.

Brunabótafélag Íslands var gagnkvæmt tryggingafélag sem starfaði alveg á sama grunni eins og vélbátaábyrgðarfélögin en það gerðist bara með það félag að þau hættu starfsemi. Það hætti tryggingastarfsemi. Það hætti að starfa sem gagnkvæmt ábyrgðarfélag tryggingartaka og gerðist almennt fjármálafyrirtæki. Um það stendur deilan hér á eftir þegar kemur að því. Þess vegna ber að taka þann höfuðstól og setja hann til hinna óvirku eigenda sem verða þá virkir og taka á móti peningum sínum. Þetta er meginatriðið.

Ef við í Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga hættum störfum og hættum að tryggja og segjum bara slútt og búið þá sit ég sem stjórnarformaður ekki á höfuðstólnum og segi: Nú ætla ég að fara að gera góðverk. Nei, það er sko allt annað. Við skiptum upp gagnkvæmum tryggingafélögum þannig að þessi samanburður hv. þm. var alrangur.

[18:48]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst í andsvarinu að hv. þm. hafi staðfest það sem ég var að segja áðan að hann hefur í raun og veru tvenns konar skoðanir í þessum málum eftir því hvort málið hann er að tala um en ég vísa að öðru leyti til umræðunnar um Eignarhaldsfélag Brunabótafélagsins sem fram fer hér á eftir.

[18:49]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alrangt hjá hv. þm. Ég hef bara eina skoðun á málinu. Hún er nákvæmlega sú sama hvort sem um er að ræða Brunabótafélag Íslands heitið eða vélbátaábyrgðarfélögin. Þetta eru gagnkvæm tryggingafélög sem hafa starfað vel og lengi og ég held alltaf staðið sig mjög vel. Ég held það. Ég tók engan þátt í því, herra forseti, þegar Brunabótafélag Íslands hætti að starfa. Það getur vel verið að það hafi verið rétt ákvörðun.

En vélbátaábyrgðarfélögin, herra forseti, eru í dag einu starfandi tryggingafélögin úti á landi og að mínu áliti er mikil þörf á því að efla þau og styrkja þar sem það er mikill vilji fyrir því, bæði í Stykkishólmi, á Ísafirði og Akureyri að halda þeirri starfsemi áfram.

[18:50]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Umræðan um frv. um að gera Samábyrgð Íslands á fiskiskipum að hlutafélagi hefur farið svolítið út um víðan völl. Frv. snýst ekki um sölu Samábyrgðarinnar. Frv. snýst um að gera Samábyrgð Íslands á fiskiskipum að hlutafélagi en af því að það lá fyrir samkomulag við ríkisstjórnina og þá tilboðsgjafa sem þarna koma fram þótti okkur rétt að prenta tilboðið með þannig að ljóst væri að það stæði til að selja tryggingafélagið ef það yrði gert að hlutafélagi hér á þinginu. Um það snýst málið. Það er að því leyti til allt öðruvísi en það frv. sem kom inn í tíð fyrri ríkisstjórnar því að þá voru einfaldlega tvær eða þrjár greinar sem fjölluðu um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem gerðu ráð fyrir því að það félag yrði selt án þess að breyta því í hlutafélag og fyrir það kæmu 150 millj. kr.

Þá snerist deilan um það, og það er ekki rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, einfaldlega um það hver ætti Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hér er ég með alla þá umræðu sem fram fór um þessar tvær greinar sem voru í því frv. Öll umræðan snerist þá um það hverjir ættu og m.a. sá sem hér stendur tók virkan þátt í þeirri umræðu og vil ég nefna hv. þm. Svavar Gestsson sem tekið hefur þátt í umræðunni líka. Niðurstaðan þá varð sú að menn hættu við að selja Samábyrgðina á þeim forsendum sem þarna var gefið. (**ÖS:** Hver var afstaða ráðherrans þá?) Afstaða ráðherrans var þá sú að það væri ekki hægt og það er skjalfest í þingtíðindunum að það væri ekki hægt nema að ná samkomulagi við Samábyrgðina um að selja, þ.e. bátaábyrgðarfélögin, og eftir því hef ég unnið sem viðskrh. að leita leiða til þess að ná þessu samkomulagi. Ég kem kannski aðeins inn á það hér á eftir um nefndarstarfið.

Ég hef staðið í þeirri trú að þeir ágætu menn sem gera þetta tilboð fyrir hönd tilboðsgjafa eins og það er orðað hefðu að baki sér alla þá aðila sem þeir voru að gera tilboðið fyrir og ég kem kannski örlítið inn á það hér á eftir. Það er misskilningur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að fyrst og fremst sé verið að víkja frá verklagsreglum ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum vegna þess að verið sé að gera samning við starfsmennina. Það er ekki. Við töldum að þeir væru hluti af þessu samkomulagi sem bátaábyrgðafélögin, viðskiptamenn Samábyrgðinnar og starfsmenn hefðu gert sín á milli og ætla aðeins að rekja það betur á eftir.

Deilan um frv. snýst að einhverju leyti um það hversu hátt verðið á að vera. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að verðið sem hér sé búið að staðfesta, 190 millj. kr., sé allt og hátt. Viðskrh. verður þá varla sakaður um það á sama tíma í þessari umræðu að hann hafi selt Samábyrgðina á of lágu verði. Hins vegar var sú upphæð sem þarna varð samkomulag um lendingu og við byggðum það á úttekt sem við fengum Kaupþing til að gera á virði Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Þetta mál hefur því að öllu leyti verið ágætlega undirbúið af okkur og þykir mér leitt ef einhverjir aðrir en viðskrn. eru núna á síðustu metrunum að klikka í því að hafa nægilega undirbúið heimavinnu sína í því að samkomulag gæti tekist um málið. Í greinargerðinni frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum segir:

„Lágmarks ásættanlegt verð er samkvæmt okkar útreikningum því nálægt 200 millj. kr. og raunar má e.t.v. færa rök fyrir því að þessi tala sé nær 253 millj. kr. sem er bókfært verð eigið fé stofnunarinnar."

Þetta er niðurstaðan. Við semjum hins vegar um 190 millj. og það byggist á því að við viljum láta bátaábyrgðarfélögin njóta viðskiptavildarinnar sem við teljum að hún hafi verið búin að byggja upp. (Gripið fram í.) Þetta er niðurstaða Kaupþings. Hins vegar er gert ráð fyrir því að lífeyrisskuldbindingarnar séu 90–100 millj. kr. og það er einhver reginmisskilningur, bara bókhaldsmisskilningur, ef menn halda að ekki sé gert ráð fyrir því að þessar skuldbindingar séu færðar upp í reikningum fyrirtækisins. Það er gert. Þær eru færðar skuldamegin í reikningum fyrirtækisins og auðvitað er gert ráð fyrir því að þær komi fram í ársreikningum þannig að ekki er verið að taka þær sérstaklega út og segja: Þær eru bara einhver partur af þessu. Þær eru bara hluti af þessu máli öllu saman og eru í ársreikningnum þannig að engum þarf að koma það á óvart.

Ég ætla þá að víkja að nefndarstarfinu. Það er rétt sem hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að viðskrh. skipaði nefnd til þess að fara ofan í það hvernig ætti að standa að formbreytingu Samábyrgðarinnar og óskaði eftir tilnefningu frá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni í þeim efnum. Þær tilnefningar sem bárust frá þessum aðilum voru um nefndarmennina Svein H. Hjartarson, Hjálmar Styrkársson og Einar Odd Kristjánsson.

Þetta hafa verið langar og erfiðar viðræður sem embættismenn ráðuneytisins sem sitja í nefndinni hafa átt við þessa ágætu viðskiptamenn Samábyrgðarinnar. Síðasta sumar gekk það svo langt, og ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson man það, að það var niðurstaðan að nú væri best að hætta þessu nefndarstarfi og það var tilkynnt á nefndarfundi að best væri að hætta nefndarstarfinu, menn næðu ekki saman og viðskrn. þyrfti að taka ákvarðanir um það hvernig það skyldi standa að þessari breytingu. (**Gripið fram í:** Enginn rekinn?) Enginn rekinn. Á þessum tíma óskuðu nefndarmenn eftir því að menn fengju aðeins meiri tíma til þess að skoða málið. Sá tími var veittur. Síðan hafa menn verið í óformlegum samtölum þannig að menn haldi öllu til skila í umræðunni um það hvernig að þessu skuli staðið og það endar með því að menn ná samkomulagi sem liggur á borðinu um að bátaábyrgðarfélögin kaupi, um að breyta Samábyrgðinni í hlutafélag og andvirði þessa kaupverðs renni í ríkissjóð til að byggja varðskip og tryggja þannig öryggismál sjómanna m.a. Þetta fannst mér vera hin besta og ásættanlegasta lending og var ánægður með hvað það verð var sem menn voru tilbúnir til þess að borga.

Hins vegar þegar málið kemur inn á Alþingi og það á að taka til 1. umr. fyrir fáum dögum heyri ég að einhver bölvaður draugagangur sé í málinu, aðallega fyrir utan þingið vegna þess að þá eru einstakir menn farnir að hafa samband við þingmenn hér um að það sé engin sátt um málið. Það kom mér á óvart vegna þess að starfsmenn ráðuneytisins hafa allan tímann staðið í þeirri meiningu og þeirri trú og margítrekað það við þá menn sem undirrita tilboðið að að baki þeim sé öll hjörðin sem þeir séu að gera þetta tilboð fyrir. Til þess að ganga alveg úr skugga um að svo væri óskaði ég eftir því að þetta mál yrði ekki á dagskrá fyrir fáum dögum. Haldinn var fundur með tilboðsgjöfunum í

viðskrn. og við vildum fá skýrt og skortinort úr því skorið hvort stuðningur væri við málið af hálfu þeirra aðila sem gerðu tilboðin.

Síðan kemur til mín minnisblað frá tilboðsgjöfunum frá 19. mars sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að loknum fundi er við áttum þann 17. mars í viðskrn. með Halldóri Kristjánssyni ráðuneytisstjóra og Benedikt Árnasyni, starfsmanni ráðuneytisins, hefur þetta helst gerst:

Fundur með Einari Oddi Kristjánssyni. Við áttum fund með Einari Oddi Kristjánssyni alþingismanni um stöðu málsins strax um kvöldið og ræddum þær breytingar sem voru frá sameiginlegu nefndaráliti okkar dagsettu 2. október 1997. Í máli Einars kom fram að sökum anna hafi hann ekki verið viðstaddur á þingflokksfundi þegar frv. er tekið fyrir í endanlegri mynd. Jafnframt hafi okkur ekki tekist að gera honum grein fyrir hvernig málalyktir hefðu orðið á síðasta nefndarfundi" — sem hann gat ekki sótt. Það er kannski ástæða fyrir því að þetta mál hefur farið svona að hv. þm. eins og ég sagði áðan hefur ekki getað sótt þá nefndarfundi sem boðaðir hafa verið. (**EOK:** Þetta er frásögn þeirra.) Þetta er frásögn þeirra og ég treysti þeirri frásögn sem er send til mín í viðskrn. eftir að hafa átt fund með þessum ágætu mönnum sem eru í forsvari fyrir þetta félag og eru í stjórnum þessara félaga.

Ég held áfram, með leyfi forseta: „Við ræddum við Einar Odd Kristjánsson um væntanlega skiptingu og kaup bátaábyrgðarfélaganna á eignarhluta ríkissjóðs í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Niðurstaða þeirrar umræðu var að við vorum nokkuð ásáttir um að miða ætti við að hvert ábyrgðarfélag fengi að kaupa 20% eignarhlut í félaginu. Það er Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Vörður, áður Vélbátafélag Eyjafjarðar. Hlutur Bátaábyrgðartryggingar Breiðafjarðar yrði minni enda er það félag töluvert minna og fjárhagsleg staða þess veikari en hinna þriggja. Síðan yrði selt sem dreifðast tiltölulega lítill hluti til útgerðarmanna sem eru í viðskiptum eða vildu koma í viðskipti svo og til starfsmanna sem óska eftir að eignast hlut."

Svo segja þeir varðandi kynningu málsins: „Í undirbúningi þessa máls hafa bátaábyrgðarfélögin fylgst með gangi þess og okkur virðist áhugi á að þetta nái fram að ganga. Hjálmar Styrkársson er framkvæmdastjóri Gróttu og hefur hann séð um að halda stjórn félagsins upplýstri. Sveinn Hjörtur Hjartarson hefur verið í sambandi við Hermann Guðmundsson, útgerðarmann og stjórnarmann í Verði. Framkvæmdastjóri Bátaábyrgðatryggingar Breiðafjarðar hefur verið upplýstur um málið og einstakir stjórnarmenn.

Þá er þess að geta að Einar Oddur Kristjánsson er stjórnarformaður Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga. Samband hefur verið haft við ýmsa af þeim aðilum sem tryggja beint hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og hefur Bragi Bjarnason útgerðarmaður í Höfn á Hornafirði sem er með þrjú skip í tryggingu hjá Samábyrgðinni þegar lýst yfir áhuga á að gerast hluthafi í hinu nýja félagi. Starfsfólk Samábyrgðarinnar og stjórn hafa fylgst með framgangi málsins."

Svona gæti ég haldið áfram. Ef sú yfirlýsing á ekki við rök að styðjast, sem hér kemur frá þeim ágætu mönnum sem sitja í þeirri nefnd sem margoft hefur verið til umfjöllunar og ítrekað óskað eftir því að haft verði samráð við alla aðila og til þess að undirstrika það allrækilega, þá krafðist ég þess að fá yfirlýsingu frá þeim um það hvernig áð málinu hefði verið staðið. Hvað á að gera betur í að tryggja að baklandið sé tryggt? Þess vegna kemur mér mjög á óvart þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson stendur upp og segir að ekkert hafi verið rætt um málið. Menn verða að gera greinarmun á því hvort málið hafi verið rætt eða hvort samkomulag sé um málið eða ekki. Mér sýnist að það sem skilur á milli í þeim efnum sé það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er ekki ánægður með það verð sem tilboðsgjafarnir voru tilbúnir til að borga fyrir fyrirtækið. Þar er mikill munur á eða hvernig undirbúningi málsins líður og hvað snýr að því í þessum efnum.

Þess vegna segi ég: Við getum deilt um verðið. Það er allt í ágætis lagi og ég tel að við höfum náð ásættanlegri niðurstöðu hvað verðið snertir á grundvelli þess mats sem búið var að fara fram á því hvers virði fyrirtækið væri þannig að uppákoman hér er mér alveg óskiljanleg. Í ljósi þess að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið í nefndinni sem undirbjó málið, sem við héldum um mitt síðasta sumar að næði ekki niðurstöðu vegna þess að það væri svo mikill ágreiningur og við höfum síðan verið í óformlegum viðræðum við þá aðila sem sendu síðan inn tilboðið, þá Svein Hjört og hinn nefndarmanninn sem var með honum í þessu starfi, og við trúðum því og treystum eftir margítrekaðar óskir okkar og spurningar um það hvort ekki séu allir með. Til þess að ganga algerlega úr skugga um það voru þeir kallaðir til fundar í ráðuneytinu og látnir senda okkur inn skriflegar skýrslur um það hver staða málsins væri. Ég trúi því ekki að menn sem eru fengnir til starfa með þessum hætti sendi frá sér slíkt og það sé tilbúningur, það segir mér það ekki nokkur maður.

[19:03]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa hreinskilnu ræðu sem a.m.k. að því er varðar þá punkta sem ég varpaði til hans er vel skýrt af hans hálfu. Ég hef fengið svör við spurningum mínum um það hvernig verðið var fengið. Það var mín upphaflega spurning sem hleypti þessari miklu umræðu af stað. Ég vildi einungis fá að vita hvernig þessar 190 millj. kr. hafa verið fengnar og sætti mig fullkomlega við að það hafi verið gert með því að fá hlutlausan aðila úti í bæ til að meta það.

Sömuleiðis hefur hann hreinsað loftið varðandi það fordæmi sem mér fannst að hér væri verið að búa til í þeim tilvikum þegar starfsmenn gera tilboð um kaup á ríkisfyrirtæki.

Hins vegar vildi ég gjarnan vita hvað hæstv. ráðherra átti við þegar hann sagði að óskandi væri að einhverjir klikkuðu ekki á síðustu metrunum. Átti hæstv. ráðherra e.t.v. við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson?

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að það er algerlega staðfest í þessari umræðu sem hér kom mjög fyrirvaralítið upp, að bátaábyrgðarfélögin, þrátt fyrir þau gögn sem hæstv. ráðherra hefur í höndunum, standa ekki að baki þessu tilboði. Hæstv. ráðherra gat þess líka að starfsmenn hafa a.m.k. ekki til þessa gert nein tilboð í kaup á þessu og þá sýnist mér að hæstv. ráðherra, þrátt fyrir þann vandaða undirbúning sem hann hefur haft að þessu máli, þurfi að taka þetta mál aftur til sín og skoða það miklu betur.

Ég tel, herra forseti, og vil láta þess getið að mér finnst að sá ágreiningur sem hér er kominn upp mjög alvarlegur. Hæstv. ráðherra er í rauninni að segja að hann hafi í höndunum gögn sem séu allt annars eðlis og lýsi raunveruleikanum allt öðruvísi en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerir. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, herra forseti, en það er

alveg ljóst að hér er um að ræða mál sem er talsvert alvarlegt.

[19:06]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekkert sé óljóst í þessu máli nema ef vera kynni að vera eitt atriði. Það er hvort Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga (Gripið fram í.) stendur að þessu máli eða ekki því að þeir sem hafa komið að undirbúningnum eru Hjálmar Styrkársson sem er framkvæmdarstjóri Gróttu og Sveinn Hjörtur Hjartarson sem hefur haft samband við aðra aðila og ég trúi því minnisblaði sem hér er fyrir mig lagt. Mér finnst því málið liggja alveg hreint fyrir.

Herra forseti. Ef bátaábyrgðarfélögin ætla ekki að standa við kauptilboðið sem undirritað er af tilboðsgjöfunum þá er það alveg sérmál og breytir engu um þetta frv. Frv. getur orðið að lögum eftir sem áður og Samábyrgðinni breytt í hlutafélag og hefur ekkert með það að gera hvort þessi bátaábyrgðarfélög kaupa eða ekki því þau viðurkenna í tilboðinu að þetta er eign ríkisins. Hlaupi þau frá tilboðinu, þá er ekkert annað fyrir viðskrh. að gera en leita að öðrum kaupendum og þeir eru líka til þannig að ég hef engar áhyggjur af því.

Spurningin er hins vegar sú hvert það verð verður þá sem menn fá fyrir hlutafélagið og ég segi: Það þyrfti þá að vera heldur hærra heldur en það verð sem hér er talað um af þeirri ástæðu að þarna er tekið tillit til viðskiptavildarinnar af því að þetta eru bátaábyrgðarfélögin. Og þá sjáum við að það hefur verið hrein gjöf þegar menn ætluðu sér á sínum tíma í tíð fyrri ríkisstjórnar að selja fyrirtækið allt á 150 millj. því að ef eitthvað er þá hefur markaðsvirði fyrirtækisins frekar lækkað á undanförnum árum en hækkað vegna þess einkaréttar sem tekinn hefur verið af fyrirtækinu.

[19:08]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því hvað hann er að segja þegar hann stillir málunum svona upp gagnvart hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur.

Ég kom til þess að ræða kaupverðið í upphafi þessarar umræðu og ég sætti mig fyllilega við þá skýringu sem hæstv. ráðherra gefur á því hvernig sú tala er fundin. Hæstv. ráðherra kemur hins vegar hingað og lýsir því yfir í sinni síðustu ræðu að ef staðið væri öðruvísi að sölu þessa fyrirtækis, ef það yrði boðið út á markaði — hann vísar til þess að það eru fyrirtæki sem vilja kaupa það — þá mundum við skattborgararnir fá meira í okkar hlut heldur en við fáum með þessu fyrirkomulagi. Þess vegna hlýt ég að velta því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra líði ekki svolítið illa að hafa farið þessa leið vegna þess að ég trúi því að hann vilji sem vandaður ráðherra efla hlut skattborgaranna og sjá til þess að við fáum sem mest fyrir þessar eignir sem verið er að selja. Mér finnst reyndar að þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra setji þetta mál í heldur undarlegt samhengi og geri það að verkum að menn þurfa að skoða það mjög vel hvort þeir ætli að fallast á þetta.

Að öðru leyti vildi ég segja það sem mér gafst ekki tóm til áðan, herra forseti, að ég hnaut um það að hæstv. ráðherra sagði að draugagangur hefði komið í málið utan þingsins og það hefði birst með þeim hætti að einhverjir aðilar hefðu haft samband við þingmenn. Ég vil þess vegna að það komi alveg skýrt fram að ekki hefur nokkur einasti þessara drauga sem hæstv. ráðherra segir að séu til utan þingsins haft samband við mig. Ég kom hérna bara vegna þess að ég hnaut um ákveðnar tölur sem var að sjá í greinargerð með frv. hæstv. ráðherra og mér sýnist að hafi verið ærið tilefni til þess að ég gerði það.

[19:10]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg klárt varðandi verðið og hefur margoft komið fram í umræðunni að af því að samábyrgðafélögin gera þetta tilboð þá er verið að taka tillit til þeirrar viðskiptavildar sem þar liggur að baki. Ég tel, ef verið væri að selja öðrum aðilum, að þá hefðu menn staðið öðruvísi að og þá hefðu menn farið eftir verklagsreglum ríkisstjórnarinnar. Þetta tók ég skýrt fram og það þarf enginn að velkjast í vafa um það. Það gerði ég þannig að þingheimi væri alveg ljóst hver aðferðin væri sem þarna væri viðhöfð. Verðið er sanngjarnt, tel ég, og ég ítreka að ég vildi gjarnan að hægt væri að ná samkomulagi um þetta.

Sé ekki samkomulag um þetta tilboð sem er ekki í raun og veru neinn partur af þingmálinu sem slíku — það fylgir bara með frv. — þá stendur það eftir að það þarf að breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag. Um það snýst þetta mál, þ.e. að breyta Samábyrgðinni og hefur ekkert með deilu um kauptilboðið sem slíkt að gera. Það er hins vegar sjálfsagt að það sé skoðað. En það á ekki að þurfa að tefja það á nokkurn hátt að menn geti tekið málið í gegnum þingið og breytt formi Samábyrgðarinnar.

[19:12]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar tilboðsgjafarnir Sveinn Hjörtur Hjartarsson og Hjálmar Styrkársson gerðu mér kvöldið 17. mars grein fyrir tilboði sínu og ég innti þá eftir því hvernig það mætti vera að ég hefði frétt af þessu í útvarpi, þá sögðu þeir að þetta hefðu verið mistök. En eftir ræðu hæstv. viðskrh. sé ég náttúrlega í hendi mér að þetta voru engin mistök. Það er alveg ljóst. Það þótti bráðnauðsynlegt til þess að ná þessu samkomulagi að ég yrði fjarlægður úr umræðunum. Það er alveg ljóst. Það var það sem var gert. Ég hef einu sinni fengið fundarboð. Ég hafði samband við ráðuneytið og sagðist geta mætt, ekki þann dag heldur daginn eftir, og hef aldrei frá þeim heyrt síðan. Ég hafði aldrei heyrt frá tilboðsgjöfunum fyrr en 17. mars, aldrei eitt einasta orð. Og að ég hafi ekki getað sinnt þeim vegna anna er náttúrlega uppspuni. Það er slíkur uppspuni að mönnunum er til skammar að hafa skrifað þetta. Ég var veðurtepptur þegar málið var tekið fyrir í þingflokki Sjálfstfl. Það voru engar annir. Ég var bara veðurtepptur. En ég var fjarlægður frá umræðunni greinilega af því að afstaða mín til málsins þótti óeðlileg og þótti erfið. Það er það sem gerðist.

Það liggur líka fyrir að ekkert samkomulag er hjá vélbátaábyrgðarfélögunum um þessi kaup. Það var ekki gert fyrr en löngu seinna. Einum og hálfum mánuði eftir að það var gert var farið að leita eftir samkomulaginu. Og mér finnst ekki klókt, herra forseti, hjá hæstv. viðskrh. að segja í lokin að ef menn fallist ekki á þetta, þá hafi hann öll ráð í hendi sér um að selja einhverjum öðrum. Það er ekki klókt að vera með svona hótanir. Það borgar sig ekki þegar menn eiga að vinna saman. Tilfellið er að ekki er hlaupið að því að selja Samábyrgðina neinum öðrum en vélbátaábyrgðarfélögunum vegna þess að án þeirra er hún ekkert.

[19:14]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vonast til þess að ekki hafi komið fram neitt í mínu máli sem hafi orðið til þess að ég væri að ásaka hv. þm. Einar Odd Kristjánsson fyrir að taka ekki þátt í nefndarstarfi. Ég hef fullan skilning á því þó að menn geti ekki mætt á fundi vegna anna. Ég var einfaldlega að vitna í minnisblað sem þessir ágætu menn sendu mér í kjölfar þeirrar óskar minnar við þá að málið yrði aftur brotið algjörlega til mergjar og gengið úr skugga um að stuðningur væri við það. Ef sá stuðningur er ekki til staðar þá felst engin hótun — hv. þm. má ekki skilja það þannig — í því að þá verði það selt öðrum. (**Gripið fram í:** Hvernig átti að skilja þetta?) Ég sagði einfaldlega: Samábyrgðinni er hægt að breyta í hlutafélag burt séð frá því hvort þetta tilboð fylgi frv. eða ekki. Skapist ekki samstaða milli bátaábyrgðarfélaganna — mér þætti miður ef það er rétt að hún er ekki til staðar og ekki verði hægt að ná því máli saman — þá eru auðvitað aðrir tilbúnir til þess að kaupa. Og af því að nú er það yfirlýst að ríkið sé fullur eigandi að Samábyrgðinni og fallist á það með þessu tilboði, þá er auðveldara fyrir ríkið að selja. Þetta er á engan hátt hótun af minni hálfu. Ég mun leggja mig fram um það og er ég tilbúinn til þess ef þetta samkomulag er ekki til staðar sem ég þó vonast til að sé — reyndar var ég fullvissaður um það þann 19. mars að svo væri — að leita leiða til þess að tryggja samstöðu um það. En verðið, 190 millj. kr., er sanngjarnt verð. Það verða menn að hafa í huga. Ég vonast til þess að við getum náð saman um þetta og að tilboðið standi og að þeir ágætu menn hafi haft umboð til þess að gera tilboðið sem undir það rita fyrir hönd þeirra aðila sem þeir tilgreina að séu tilboðsgjafarnir.

[19:16]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg fyrir, og það var það sem ég var að vekja athygli á þegar ég talaði áðan, að þeir sem gerðu tilboðin höfðu ekki umboð tveggja stærstu tryggingafélaganna. Það getur ekki verið að það sé tilviljun að ég sem stjórnarformaður annars þeirra frétti af tilboðinu 17. mars. Það var vitandi vits.

Það er rangt sem segir í þessu minnisblaði sem hæstv. ráðherra las upp að það hafi orðið samkomulag milli mín og þessara manna um það hvern veg þessu yrði skipt. Þeir lýstu skoðun sinni á því hvað þeir teldu að væri eðlilegt og rétt. Ég sagði að það yrði að kalla saman stjórnir félaganna, það yrði að nást samkomulag milli bátaábyrgðarfélaganna ef þau ætluðu að standa að þessu. Ég lofaði að reyna að kalla stjórn mína saman. Þeir hafa ekki getað náð því enn þá þannig að sú vinna að athuga um það hvort samstaða sé meðal bátaábyrgðarfélagana um þetta tilboð hófst 17. mars. Ég skal ekkert um það segja hér og nú hvernig tiltekst með það, hvað mönnum sýnist um það. Ég gat þess réttilega áðan að mér fyndist þessi tilboðsupphæð há miðað við allar þær forsendur sem ég hef tekið þátt í á síðasta hausti að reikna út.

[19:18]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fullyrðir að tilboðsgjafarnir hafi ekki haft umboð til þess að gera þetta tilboð. Ég ætla ekkert að fullyrða í þeim efnum en segi ekki annað eftir ítrekaðar viðræður ráðuneytisins við þessa ágætu menn að ráðuneytið stóð í þeirri trú að þeir hefðu fullt umboð. Þetta verður hv. þm. að eiga við þá sem rita undir tilboðið. En það er auðvitað grafalvarlegt ef þeir hafa verið umboðslausir. Það er mjög alvarlegt vegna þess að tilboðið hljóðar svona:

„Við undirritaðir, Sveinn Hjörtur Hjartarson og Hjálmar Styrkársson f.h. bátaábyrgðarfélaganna og viðskiptaaðila við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, svo og starfsmenn sem standa að tilboði þessu, kallaðir tilboðsgjafar í tilboði þessu, gera iðnaðar- og viðskiptarháðherra eftirfarandi kauptilboð“ og það er prentað í þingskjalið.

Síðan undirrita þeir þetta, Reykjavík, 5. febrúar 1998, fyrir hönd tilboðsgjafa án nokkurs fyrirvara. Ég hefði haft fullan skilning á því að ef það væri fyrirvari í kauptilboðinu en það er ekki aldeilis. Þeir undirrita þetta algerlega fyrirvaralaust þannig að hverju á ég að trúa öðru en því að þessir menn hafi fullt umboð?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:20]

**Útbýting þingskjals:**

Umferðarlög, 443. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1004.

## *Seðlabanki Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 987.

[19:20]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 987 sem er 581. mál þingsins, um breytingu, á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Í síðustu viku mælti ég fyrir frv. til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í því frv. er lagt til að sérstök stofnun, Fjármálaeftirlitið, fari með þau verkefni sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingareftirlitið annast nú. Verði frv. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að lögum mun bankaeftirlit Seðlabankans falla niður. Af þeim sökum er nauðsynlegt að fella niður ákvæði laga um Seðlabanka Íslands sem lúta að starfsemi bankaeftirlits. Er það gert með þessu frv.

Í frv. er kveðið á um samráð og upplýsingaflæði milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Á sama hátt er kveðið á um samráð og upplýsingaflæði milli Fjármálaeftirlits og Seðlabankans í frv. til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stofnunum tveimur er ætlað að gera samstarfssamning um þessi samskipti. Tilgangurinn er sá að tryggja að hvor stofnun hafi stuðning af hinni og koma í veg fyrir tvíverknað á upplýsingaöflun sem íþyngi fyrirtækjunum og stofnununum á fjármagnsmarkaði. Ekki er þó tryggt að Seðlabankanum nægi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið býr yfir. Því verði að tryggja bankanum rétt til milliliðalausrar upplýsingaöflunar.

Til viðbótar við breytingar sem leiðir af frv. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum sem miða að því að færa lögin betur í takt við aðstæður á fjármagnsmarkaði. Gildandi lög um Seðlabanka Íslands eru frá 1986. Síðan þá hefur innlendur fjármagnsmarkaður gerbreyst og um leið starfsumhverfi og starfsaðferðir Seðlabankans. Á undanförnum árum hafa verið sett lög um íslenskan fjármagnsmarkað og um starfsemi

flestra stofnana sem á honum starfa aðrar en Seðlabanka Íslands.

Við smíði frv. hefur verið tekið mið af ýmsum skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði gildandi laga eru sum hver orðin úrelt. Í vissum tilvikum takmarka þau svigrúm bankans til þess að sinna sjálfsögðum skyldum á innlendum fjármagnsmörkuðum. Þá má nefna að á sumum sviðum er nauðsynlegt að breyta ákvæðum gildandi laga þannig að þau styðji notkun á stjórntækjum bankans betur en gildandi lög gera í dag.

Í frv. er ekki farin sú leið að taka seðlabankalögin til gagngerðrar endurskoðunar. Það viðamikla verkefni bíður betri tíma. Hins vegar þótti rétt að nota tækifærið og breyta nokkrum ákvæðum laganna sem orðin eru úrelt og ekki í samræmi við aðstæður á fjármagnsmarkaði.

Ég vil geta tveggja breytinga sem frv. gerir ráð fyrir. Hin fyrri er að lagt er til að Seðlabankinn fái það hlutverk að stuðla að greiðari, hagkvæmari og öruggari greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Í gildandi lögum er Seðlabankanum vart ætlað nokkurt hlutverk á sviði greiðslumiðlunar og er það í ósamræmi við það sem víðast gerist. Seðlabankinn hefur þegar beitt sér fyrir umfangsmikilli endurskoðun á innlendri greiðslumiðlun. Þessi endurskoðun var hafin í framhaldi af því að í Seðlabankanum var tekin saman viðamikil skýrsla um innlenda greiðslumiðlun þar sem m.a. var bent á ýmsar brotalamir í henni. Þá liggur fyrir að á vettvangi Myntbandalags Evrópu verður komið á laggirnar greiðslumiðlunarkerfi (TARGET) sem líklegt er Seðlabankinn muni eiga kost á aðild að. Til þess að svo geti orðið þarf að laga fyrirkomulag innlendrar greiðslumiðlunar að þeim reglum sem gilda munu í Myntbandalaginu, t.d. hvað varðar öryggi og meðferð stórra greiðslna. Nauðsynlegt er því að kveða á í lögum um að Seðlabankinn hafi hlutverki að gegna á sviði greiðslumiðlunar.

Seinni breytingin felst í því að fellt er niður ákvæði 9. gr. laga um að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þessi ákvæði samrýmast á engan hátt þeim aðstæðum og umhverfi sem skapast hefur á innlendum fjármagnsmarkaði. Eftir afnám hamla á flutningi fjármagns milli Íslands og annarra landa er opinber íhlutun í vaxtaákvarðanir stofnana á fjármagnsmarkaði óhugsandi enda mundi hún hafa afdrifaríkar afleiðingar. Einnig má minna á að öflug samkeppni ríkir á erlendum fjármagnsmarkaði, ekki aðeins á milli lánastofnana sem starfa með líkum hætti heldur einnig milli tegunda lánastofnana.

Síðast en ekki síst ríkir samkeppni við erlendar fjármálastofnanir sem jafnframt veitir innlendum stofnunum aðhald.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til efh.- og viðskn.

[19:25]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri vissulega tilefni til að ræða löggjöf um Seðlabanka Íslands. Ég kýs hins vegar að gera það ekki núna. Þetta frv. er náttúrlega hvorki fugl né fiskur en hins vegar fylgifrv. með öðru frv. sem tengist eftirliti á fjármagnsmarkaði og örfáar aðrar greinar sem verða leiðréttar hér. Þetta er auðvitað ekki sú nauðsynlega heildarendurskoðun sem þyrfti að eiga sér stað um löggjöf um Seðlabanka Íslands en sú umræða verður að bíða betra tækifæri.

Hins vegar vildi ég spyrja hæstv. ráðherra í tilefni af umræðu sem varð fyrir nokkrum dögum um vaxtamál. Þá spurði hv. þm. Svavar Gestsson ráðherra hvort hann mundi vilja stuðla að því að það yrði aðeins einn bankastjóri Seðlabankans. Tilefnið var það að bankaeftirlitið yrði fært frá Seðlabankanum og það yrði komið að skipun nýrra manna og hæstv. ráðherra svaraði því til að ekki stæði til að breyta seðlabankalögum. Það væri kveðið á um fjölda bankastjóra í seðlabankalögum sem er vissulega rétt.

Úr því að komið er fram frv. um löggjöfina um Seðlabankann, þ.e. búið að opna hana þar sem kveðið er líka á um fjölda bankastjóra, mun hæstv. ráðherra vilja stuðla þá að því og er þá reiðubúinn til að standa að tillögu um að fækka bankastjórum Seðlabanka Íslands í einn ef sú tillaga kemur fram? Spurning mín er: Kemur hún fram af hálfu hæstv. ráðherra? Ef hún kemur fram frá öðrum þingmönnum, sem ég á vafalítið von á, hvaða afstöðu mun hæstv. ráðherra hafa til slíkrar tillögu?

[19:27]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. orðaði það svo að þetta væri hvorki fugl né fiskur, þá stóð alls ekki til að hafa frv. annaðhvort fugl eða fisk. Hins vegar er frv. þannig að það er fyrst og fremst partur af því frv. sem var til umræðu um fjármálaeftirlit fyrir rúmri viku og er beinlínis flutt til þess að tryggja að flutningur bankaeftirlitsins sem verður partur af Fjármálaeftirlitinu fari formlega út úr Seðlabankanum og undir viðskrh.

Fyrir utan tvö önnur smávægileg atriði sem eru tæknilegs eðlis stóð aldrei til að flytja frv. um neitt annað en nákvæmlega það sem í þessu er. En af því að hv. þm. spyr um hugsanlegar breytingar á frv. svara ég því eins og ég svaraði hv. þm. Svavari Gestssyni af því að hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði þar í að Steingrímur Hermannsson, núverandi seðlabankastjóri, væri engum líkur. Þrátt fyrir að verkefni Seðlabankans séu eitthvað að minnka tel ég ekki fært að fækka að bankastjórum vegna þess að ég tel að það séu næg verkefni eftir fyrir þá þrjá bankastjóra sem þarna verða að störfum og ég tala ekki um þegar mikill verkmaður er að yfirgefa seðlabankastjórastólinn.

[19:28]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að spyrja um verkkunnáttu núverandi seðlabankastjóra. Á því getur hæstv. ráðherra haft þá skoðun sem hann vill. Ég spurði einfaldlega um það hvort ráðherrann mundi beita sér fyrir því að gerð yrði sú breyting á seðlabankalögunum að skipaður yrði einn seðlabankastjóri. Ég skil ráðherra þannig að hann muni ekki leggja til þá breytingu þótt seðlabankalögin séu opnuð núna með þessum hætti og einfalt væri að gera þá breytingu ef hann vildi. Ég skil að hann kýs að gera það ekki.

Ég vildi gjarnan fá skýrari svör hjá ráðherra við seinni spurningunni minni ef sú tillaga kæmi fram sem ég á fastlega von á að verði borin fram við 2. umr. málsins að við Seðlabankann yrði einungis einn seðlabankastjóri. Skil ég þá ráðherra rétt í því að hann muni greiða atkvæði gegn slíkri tillögu?

[19:29]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst rétt að nota tækifærið til að rifja upp það sem áður hafði farið fram varðandi umræðuna um

bankastjóra og af því að ég veit að hv. þm. veit að sá seðlabankastjóri sem er núna að yfirgefa bankann er verkmaður mikill, ég vildi bara halda því til haga í þessari umræðu.

Til að svara því alveg skýrt sem spurt er um mun ég ekki styðja tillögu sem fram kæmi um það að fækka bankastjórum Seðlabankans frá því sem nú er því að hér er ekki um heildarendurskoðun á lögunum um Seðlabankann að ræða. Hér er um afmarkaða tiltekna þætti í endurskoðun laganna að ræða, tvö tæknileg atriði sem snúa að greiðslumiðlun og svo fyrst og fremst þau atriði sem snúa að breytingu á bankaeftirlitinu og fjármálaeftirlitinu.

Hins vegar kemur að því að seðlabankalögin eins og önnur lög sem hafa verið í sífelldri endurskoðun um fjármagnsmarkaði munu verða tekin til endurskoðunar en engin ástæða er til þess að vera með vangaveltur um það á þessari stundu til hvaða niðurstöðu sú endurskoðun mun leiða. Ég ætla að láta það bíða og láta koma í ljós hver sú niðurstaða verður. Hins vegar er erfitt að velta slíkum hlutum fyrir sér. Menn hefðu ekki séð það fyrir í vangaveltum fyrir kannski tveimur árum hvernig ætti að koma fyrir bankaeftirliti eða Vátryggingareftirlitinu. En niðurstaðan varð farsæl og ég tel að um hana sé góð samstaða eftir nefndarstarf í þeim efnum og ég tel eðlilegt að innan tíðar verði farið að huga að því með nefndarstarfi hvort ekki sé rétt að taka ákveðna hluti og fram fari heildarendurskoðun á lögunum um Seðlabanka Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19. og 22.–25. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

## 93. FUNDUR

þriðjudaginn 24. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 151, nál. 966, brtt. 967. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Starfsemi kauphalla, stjfrv., 285. mál, þskj. 356, nál. 963, brtt. 964. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357, nál. 965. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430, nál. 985. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771, nál. 996. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 989. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Þjóðhagsstofnun, frv., 489. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Stjórnarráð Íslands, frv., 545. mál, þskj. 930. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 557. mál, þskj. 946. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 987. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770, nál. 1000, brtt. 1004. — 2. umr.
14. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 460, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
15. Búfjárhald, stjfrv., 543. mál, þskj. 928. — 1. umr.
16. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950. — 1. umr.
17. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 578. mál, þskj. 983. — 1. umr.
18. Búfjárhald, frv., 415. mál, þskj. 736. — 1. umr.
19. Jarðabréf, þáltill., 506. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
20. Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, þáltill., 579. mál, þskj. 984. — Fyrri umr.
21. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — Frh. 1. umr.
22. Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, þáltill., 549. mál, þskj. 934. — Fyrri umr.
23. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 438. mál, þskj. 764. — Frh. 1. umr.
24. Þingsköp Alþingis, frv., 229. mál, þskj. 261. — 1. umr.
25. Hlutafélög, frv., 230. mál, þskj. 262. — 1. umr.
26. Ársreikningar, frv., 434. mál, þskj. 760. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.

[13:30]

**Útbýting þingskjals:**
Læknalög, 598. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1011.

[Fundarhlé. — 13:29]

[14:02]

**Útbýting þingskjala:**
Kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum, 594. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1007.
Læknalög, 598. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1011.
Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, 597. mál, þáltill. HG, þskj. 1010.

### *Tilhögun þingfundar.*

[14:03]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**
Áður en gengið verður til dagskrár telur forseti rétt að geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum sem hefjast nú í byrjun fundarins er gert ráð fyrir því að forseti haldi fund með formönnum þingflokka um framvindu mála.

***Verslunaratvinna, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 151, nál. 966, brtt. 967.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 967,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 967,2–11 samþ. með 42 shlj. atkv.
5.–31. gr. (verða 5.–26. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

***Starfsemi kauphalla, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 356, nál. 963, brtt. 964.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Brtt. 964,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 964,2–19 samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–42. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I og II samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

***Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 286. mál (kauphallir, innborgað hlutafé). — Þskj. 357, nál. 965.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Umferðarlög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430, nál. 985.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

***Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771, nál. 996.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

***Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 582. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 989.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Þjóðfáni Íslendinga, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 927.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KÁ, 453. mál. — Þskj. 782.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Þjóðhagsstofnun, frh. 1. umr.***

Frv. KHG o.fl., 489. mál. — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.*

Frv. ÁE, 545. mál (menningarmálaráðuneyti). — Þskj. 930.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 946.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Umferðarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770, nál. 1000, brtt. 1004.

[14:17]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 1000, um frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 frá 1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Ólafsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Jón Bjartmarz og Jónmund Kjartansson frá embætti ríkislögreglustjóra og Einar Guðmundsson frá Sjóvá-Almennum. Þá hafa nefndinni borist fjölmargar umsagnir um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem nauðsynlegar eru í kjölfar þeirrar stefnu sem mörkuð var á síðasta löggjafarþingi þegar samþykktar voru breytingar á umferðarlögum varðandi sönnun ölvunarástands ökumanns með öndunarsýni. Annars vegar er um að ræða lögfestingu gjaldtökuheimildar vegna töku og rannsóknar öndunarsýna til könnunar á ölvunarástandi ökumanns. Við athugun á vínandamagni í blóði ökumanns, sem er grunaður um ölvunarakstur, er greitt sérstaklega fyrir töku blóðsýnis og rannsókn á því og telst þessi kostnaður til sakarkostnaðar máls sem sakborningi er gert að greiða ef hann er fundinn sekur um akstur undir áhrifum áfengis. Ekki er um slíkan beinan kostnað að ræða við könnun ölvunarástands með öndunarsýni en nauðsynlegt þykir að tryggja jafnræði milli ökumanna sem reynast aka undir áhrifum áfengis án tillits til þess hvort gerð er rannsókn á vínandamagni í blóði ökumanns eða öndunarsýni. Því er lagt til að umrædd gjaldtökuheimild verði lögfest. Miðað er við 6.500 kr. sakarkostnað, en það er algengur kostnaður við töku blóðsýnis. Hin breytingin snýr að rannsókn vegna ölvunaraksturs, en ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn, hvort sem um er að ræða blóðsýni eða öndunarsýni. Til að unnt sé að taka öndunarsýni þarf ökumaður að vera samvinnuþýður og fús til að gefa öndunarsýni með blæstri í þar til gert mælitæki. Því þykir nauðsynlegt að bregðast við þessu og er lagt til að lögfest verði viðurlög við vanrækslu ökumanns á því að veita atbeina sinn við slíka rannsókn og varði það sviptingu ökuréttar í eitt ár. Er breytingin í samræmi við lagaákvæði í sambærilegum tilvikum annars staðar á Norðurlöndum.

Í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið var nokkuð rætt um umferðarslys vegna ölvunaraksturs og úrræði til að stemma stigu við akstri undir áhrifum áfengis. Var m.a. rætt nokkuð um það hvort að lækka eigi leyfilegt áfengismagn í blóði. Kom fram á fundi nefndarinnar að dómsmálaráðherra hefur ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem kanna á þessi mál. Tekur nefndin undir nauðsyn þess að leitað verði leiða til að stemma stigu við ölvunarakstri og að kannað verði hvaða leiðir henta best í því sambandi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara. Guðný Guðbjörnsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[14:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni gott og þarft mál sem ég styð. Ég hef þó skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilið mér rétt til að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Fyrirvari minn er til kominn vegna þess að ákvæði er ekki í frv. sem raunverulega ætti að vera þar. Frv. lýtur að tveimur meginbreytingum, þ.e. gjaldtökuheimild vegna töku og rannsóknar öndunarsýna til könnunar á ölvunarástandi ökumanns og hin snýr að rannsókn vegna ölvunaraksturs. Með þessum breytingum ásamt brtt. sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Margréti Frímannsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni, tel ég að stigin séu mikilvæg skref til að sporna gegn ölvunarakstri. Brtt. okkar fimmmenninga felur í sér að lækka leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanns úr 0,5 prómillum í 0,0 með öryggismörk að 0,2 prómillum.

Ég tel að þessi tillaga sé í fullu samræmi við aðalmarkmið umferðaröryggisáætlunar fram til ársins 2001 og verði tillagan samþykkt mun hún örugglega eins og í Svíþjóð eiga stóran þátt í því að draga úr ölvunarakstri. En í umferðaröryggisáætlun sem var samþykkt í febrúar 1996 segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92."

Þar kemur einnig fram að á árinu 1998 verði meginviðfangsefnin eftirfarandi: Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum, ölvunarakstur, ökuhraði og ungir ökumenn.

Í skýrslu dómsmrh. um stöðu umferðaröryggismála sem nýlega var lögð fyrir þingið kemur fram að athygli veki að slysum vegna ölvunaraksturs hefur fjölgað hér á landi meðan

veruleg fækkun hefur orðið annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er áhyggjuefni, segir í skýrslunni. Í könnun sem Gallup gerði fyrir Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. kemur fram að 35% fólks segjast hafa verið farþegar með ökumanni sem hafði neytt áfengis. Hlutfallstalan er mismunandi eftir aldursflokkum, hæst meðal þeirra sem eru á aldrinum 17–34 ára. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar ofan í þessa umferðaröryggisáætlun eða skýrsluna, en tel að það sem ég hef vitnað til sé í fullu samræmi við þær brtt. sem hér eru lagðar fram og mælt fyrir.

Herra forseti. Allir eru sammála um að ölvunarakstur er alvarlegasti þátturinn í okkar umferðaröryggismálum. Krafan hefur verið hávær undanfarnar vikur um aðgerðir gegn ölvunarakstri og hefur t.d. Læknafélagið krafist aðgerða og bent á þá leið að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna. Læknafélagið hefur m.a. bent á að Svíar hafi lækkað leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna fyrir nokkrum árum og slysum þar sem ölvun er talin helsti orsakavaldurinn hafi fækkað verulega í kjölfarið, eða um 30%. Einnig hefur verið bent á að árið 1995 hafi 58 ölvaðir ökumenn átt aðild að umferðarslysum hér á landi. Einnig er bent á að á tímabilinu 1986–1995 létu 32 lífið hérlendis vegna umferðarslysa sem ölvaðir ökumenn áttu aðild að, en það samsvarar 14% allra banaslysa á tímabilinu. Skemmst er einnig að minnast að fyrir um hálfum mánuði síðan voru 30 ökumenn á einni helgi teknir ölvaðir við akstur.

Að meðaltali slasast um 60 til 90 manns í umferðinni vegna ölvunar. Allt að fimmta hvert banaslys má rekja til ölvunar og árlega eru 2.000 til 2.500 manns teknir vegna gruns um ölvun. Athyglisvert er einnig að í könnun sem gerð var í lok nóvember 1997 kemur fram að þeir sem oftast hafa ekið undir áhrifum áfengis eru ökumenn á aldrinum 25–34 ára. Þegar aldurshópurinn 17–20 ára er spurður í þessari könnun sem Sjóvá-Almennar og VÍS létu gera kemur fram að tæplega 52% ökumanna á aldrinum 17–20 ára hafa ekið undir áhrifum áfengis eftir að þeir tóku próf.

Í norskri rannsókn sem gerð hefur verið kemur fram sláandi niðurstaða. Gerð var rannsókn hjá tilteknu norsku knattspyrnufélagi. Knattspyrnumenn voru látnir gera þrjár mismunandi æfingar, fyrst alsgáðir og síðan með 0,3 til 0,4 prómill vínanda í blóði og loks með 0,7 til 0,8 prómill í blóði. En þar kemur fram eftirfarandi: Við 0,3 til 0,4 prómill jukust mistök um 25% og við 0,7 til 0,8 prómill jukust mistök um 47,5%. Fram kom einnig í norskri rannsókn að vínandamagn innan við 0,5 prómill, sem er leyfilegt í umferðinni í dag, dregur verulega úr hæfni ökumanna við akstur. Þannig er fullyrt í þessari norsku könnun að slíkt vínandamagn í blóði lengi viðbragð um 35%, minnki sjón í myrkri um 30%, auki möguleika á mistökum um 25%, nákvæmni í akstri minnki um 20%, möguleikar á að meta aðstæður rétt minnki um 20% og tekin er meiri áhætta við akstur. Þetta er niðurstaðan varðandi vínandamagn í blóði innan við 0,5 prómill sem er leyfilegt hér á landi í umferðinni í dag. Þannig sýna rannsóknir svo ekki verður um villst að strax við 0,2 prómill hafi vínandi áhrif á hæfni ökumanns til að aka og fullyrt er að við 0,2 prómill skerðist dómgreindin um 25%.

Í þeirri tillögu sem ég hér mæli fyrir eru sett ákveðin öryggismörk sem verða að vera til staðar, eða frá 0 til 0,2 prómill til að taka af allan vafa um hina minnstu neyslu vínanda í gegnum fæðu, sælgæti, meðul eða neyslu pilsners og léttöls. Þannig er sett ákveðið svigrúm eða öryggismörk sem rúma slíka neyslu. Óeðlilegt verður líka að teljast að setja inn refsingu fyrir neðan 0,2 prómill þar sem ekki hefur verið sannað að slíkt magn vínanda hafi afgerandi áhrif á akstureshæfni ökumanna. Ástæða er einnig til að fara yfir þetta því ýmsir fullyrða að með þeirri tillögu sem hér er mælt fyrir sé ekki einu sinni leyfilegt að drekka pilsner. Það er auðvitað alrangt. Rannsóknir voru gerðar í Svíþjóð á hvaða áfengismagn mældist í blóði eftir neyslu pilsners og léttöls, sterks bjórs og léttvíns. Mæling á áfengismagni í blóði fer að miklu leyti eftir stærð og líkamsbyggingu, hvort áfengis er neytt á fastandi maga eða með mat.

Helstu niðurstöður voru þessar: Ef pilsners er neytt með hádegisverði nær líkaminn að brjóta vínandann jafnóðum niður. Það sama á við um léttan bjór að 2,8% styrkleika. Þar mælist aðeins útslag hjá léttustu konum, konu sem var 50 kíló. Hún var með 0,07 prómill, þ.e. innan við 0,1 prómill, en stuttu seinna var hún komin niður í 0,0. Þegar sterks bjórs var neytt með hádegisverði mældist enginn af þátttakendum með yfir 0,2 prómill vínanda í blóði. Þegar eins glass af léttvíni var neytt með hádegisverði mældust allir undir 0,2 prómill strax að lokinni máltíð, nema léttasta konan. Hún var með 0,22 prómill og það tók hana 90 mínútur að komast niður 0,0 prómill.

Herra forseti. Ég er að vitna í sænska rannsókn sem hefur verið gerð á þessu. Ef eitt glas af léttvíni, 18,75 sentilítrar eða sterkur bjór, 33 sentilítrar, er drukkið með mat á 30 til 45 mínútum nær líkaminn að brjóta vínandann niður að miklu leyti jafnóðum. Heilbrigður líkami brýtur niður 0,10–0,15 prómill af vínanda á klst. Þær vinnureglur sem viðhafðar eru við öndunarsýni hérlendis eru þær að ef vínandi mælist hjá ökumanni skal hann bíða í 15 mínútur og blása aftur til að vínandi í munni trufli ekki mælingu.

Herra forseti. Ég held af því sem ég hef lesið, sem eru mjög ítarlegar niðurstöður af rannsóknum á fjórum síðum og ég hef farið hér yfir meginniðurstöðuna, hafi ég sýnt fram á að það sé rangt sem haldið er fram að ef þessi tillaga verði samþykkt þá sé ekki einu sinni heimilt að drekka pilsner eða að neyta matar þar sem áfengi er í mat eða lyfja eða sælgætis þar sem áfengi er í sælgætinu, og hefur verið sýnt fram á það í sænskri rannsókn, en þeir hafa á umliðnum árum verið með leyfilegt vínandamagn í blóði 0,2 prómill sem gaf mikinn árangur.

Herra forseti. Ég vil líka fara yfir rannsóknir sem hafa verið gerðar í Noregi og Danmörku og líka í Svíþjóð og ekki síst af því tilefni sem fram kom í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi og haft eftir formanni Umferðarráðs að þar sem hann talar um meiri fækkun á ölvunarakstri og banaslysum í Noregi en í Svíþjóð en í Noregi er leyft meira vínandamagn í blóði en í Svíþjóð. Í Noregi er það 0,5 prómill en í Svíþjóð 0,2 prómill. Danir hafa haft mjög háa tíðni ölvunaraksturssslysa. Þeir tóku ákvörðun um hert eftirlit lögreglu og fékk lögreglan betri og fullkomnari tækjabúnað til að mæla ölvun ökumanna. Þeir gerðu átak í bættum samgöngum og má nefna næturvagna, bæði strætisvagna og lestir. Áróður var aukinn verulega, bæði á landsvísu og staðbundinn. Áróðursherferð var sett af stað og var stór þáttur tileinkaður ungum ökumönnum. Nú 1. mars 1998 lækkuðu þeir síðan mörkin úr 0,8 prómill í 0,5. Árangurinn hefur verið nokkuð góður að þeirra mati og lækkun ölvunarslysa orðið þó nokkur.

Samkvæmt norskri handbók er vitnað í rannsóknir frá 1989 og 1990 þar sem sýnt er fram á að 18–24 ára ökumenn með meira en 0,5 prómill í blóði séu í 900 sinnum meiri hættu á að deyja í umferðinni en ef þeir væru allsgáðir. Mér

finnst þetta nokkuð sláandi niðurstaða. Rannsóknir sýna að við 0,2 prómill er aukin hætta og hún stigvex með auknu áfengismagni.

Í Noregi hafa slysin verið eftirfarandi: Banaslys 1993 281, 1994 283, 1995 305, 1996 255 og 1997 305 þannig að banaslysum hefur ekki fækkað þar eins og þessar tölur sýna.

Hlutfall ölvunaraksturs hefur ekkert breyst að því er Noreg varðar. Þannig hefur um þriðjungur banaslysa verið rakinn til ölvunar eða tæp 90 árið 1996 og rúmlega 100 árið 1997 og fjöldi slysa á vélknúnum ökutækjum hefur verið á bilinu 3,5–3,7 á árunum 1987–1996 og var hann 3,6 árið 1996 og 3,5 árið 1994–1995. Norðmenn líta á ölvunarslys sem alvarlegasta einstaka þáttinn í umferðinni. Í nýrri umhverfisöryggisáætlun sem norska samgrn. hefur gert fyrir árið 1998–2007 og norska Stórþingið hefur samþykkt er gert ráð fyrir lækkun prómillmarka niður í 0,2 prómill í Noregi líkt og er í Svíþjóð. Reyndar er það svo í Svíþjóð, sem hefur í nokkur ár haft 0,2 prómill leyfilegt vínandamagn í blóði, að þeir eru núna að undirbúa að fara með prómillmarkið niður í 0 prómill eins og lagt er til í tillögunni.

Undirbúningur að lagabreytingunni í norska Stórþinginu í þessu efni er í gangi og gert er ráð fyrir að Stórþingið taki afstöðu til þeirra mála á þessu ári.

Samkvæmt danska umferðarráðinu hefur slysum almennt farið fækkandi í Danmörku frá því að vera rúm 11 þúsund 1983 niður í um 8 þúsund 1996. Slysum fækkaði um 3% milli áranna 1995 og 1996, hins vegar fækkaði ölvunarslysum ekki nema um 1% meðan slysum almennt fækkaði um 3%, eða úr 1.672 árið 1995 niður í 1.653 árið 1996. Þessi ár, 1995–1996, fjölgaði banaslysum vegna ölvunar úr 123 í 130.

Prómillmörkin hafa verið lækkuð í Svíþjóð eins og ég greindi áður frá og það hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál að Svíþjóð væri eina landið í heiminum sem væri með 0,2 prómill en það er ekki rétt. Þetta er einnig í Vestur-Ástralíu og Viktoríufylki. En ekki er ljóst hvort Ástralir hafi lækkað þau fyrir alla aldurshópa eða bara fyrir unga ökumenn.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að í dag er leyfð meiri neysla áfengis við akstur en eðlilegt má teljast ef marka má rannsóknir þessa efnis sem ég hef hér vitnað í. Fólk gerir sér almennt grein fyrir því en það þarf sjálft að meta það og spyrja sjálft sig: Er ég kominn yfir leyfileg mörk eða ekki? Þegar fólk hefur áfengi um hönd og ætlar síðan aka bifreið. Það er vandamálið, herra forseti, að leggja það í mat einstaklingsins því að hann er oft ófær um að meta það sjálfur. Þar sem áfengismagn er mælt sem hlutfall af blóði líkamans fást afar mismunandi svör við því og mjög erfitt að segja til um það. Einstaklingur sem vegur kannski 55–60 kíló er kominn yfir mörkin eftir einn sterkan 0,5 lítra bjór meðan einstaklingur sem vegur kannski 100 kíló getur drukkið tvo bjóra án þess að fara yfir mörkin. Síðan fer það eftir því hvort bjórinn er drukkinn með mat o.s.frv. Eftir að einstaklingar hafa drukkið einn eða tvo bjóra eða eitt eða tvö léttvínsglös getur verið stutt í að ýmsir telji í lagi að drekka þriðja bjórinn eða þriðja léttvínsglasið og þurfa þeir síðan að meta það sjálfir hvort það sé í lagi að setjast undir stýri. Þeir þurfa sem sagt sjálfir að meta það hvort einn bjór, tveir bjórar eða eitt eða tvö léttvínsglös séu í lagi og þeir séu innan 0,5 prómillmarkanna sem leyfileg eru. Þetta er einmitt kjarni málsins, herra forseti, þau skilaboð sem við sendum út í þjóðfélagið með þessu. Það er í lagi að smakka áfengi, bara ekki of mikið, og eftir að hafa innbyrt það þurfa þessir einstaklingar, sem eru með slævða dómgreind eftir einhverja áfengisneyslu að meta sjálfir hvort þeir séu færir um að aka. Skilaboðin sem við eigum að gefa út í þjóðfélagið eiga að vera afdráttarlaus: Eftir einn aki ei neinn.

Með því segjum við skýrt að akstur og áfengi fari ekki saman. Vínmagn í blóði sem heimilað er nú, eða 0,5 prómill, sendir aftur á móti þau skilaboð út í þjóðfélagið að það sé allt í lagi að smakka áfengi og aka, bara að drekka ekki of mikið. Það eru raunverulega skilaboðin sem við gefum út í þjóðfélagið og það er raunverulega megintilgangurinn með flutningi okkar fimmmenninganna á tillögunni að gefa önnur skilaboð en við gerum í dag, nefnilega að segja skýrt að áfengi og akstur fer ekki saman þannig að enginn velkist í vafa um það. Það liggur hætta í því með 0,5 prómill, að senda þessi skilaboð út í þjóðfélagið að það sé í lagi að smakka áfengi og aka, bara að drekka ekki of mikið. Þess vegna viljum við, sem flytjum þessa breytingu, gefa skýr skilaboð: Áfengisneysla og akstur fer ekki saman. Slíkar auglýsingar nú um að akstur og áfengi fari ekki saman hafa takmarkað gildi, herra forseti, meðan áfengi og akstur getur farið saman svo fremi að áfengið fari ekki yfir ákveðin mörk.

Full ástæða er til að nefna í þessu sambandi þegar við erum að tala um verulegar breytingar að því er þetta varðar með það markmið sem ég er alveg sannfærð um að náist að við munum ná því að fækka verulega ölvunarakstri, að mikil andstaða var á sínum tíma innan þings og utan um bílbelti. Menn töldu að verið væri að skerða frelsi einstaklinganna. Sömu rök heyrir maður nú að verið sé að skerða frelsi einstaklinganna til þess að drekka einn eða tvo bjóra áður en þeir fara að keyra og meta það síðan sjálfir hvort þeir séu hæfir til þess að keyra. En ég spái því að ef tillagan verður samþykkt muni ekki líða margir mánuðir eða ár þangað til við munum ekki heyra þau rök að verið sé að takmarka frelsi einhverra til þess að fá sér einn eða tvo bjóra ef þeir ætla síðan að keyra á eftir. Vegna þess að við spyrjum auðvitað: Frelsi á kostnað hverra? Það er það sem við verðum að hafa í huga.

Nú síðan heyri ég þau rök líka að með þessari tillögu séum við að gera einhverjar miklar breytingar varðandi hestamenn, að þeir megi nú ekkert fá sér þegar þeir fara á hestbak, hvorki bjór eða annað. Auðvitað er þetta rangt og þeir sem halda slíku fram hafa ekki kynnt sér efni þessarar brtt. eða efni núgildandi laga. Ákvæði í núgildandi lögum um hestamenn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega."

Þetta er auðvitað sjálfsagt ákvæði, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann geti ekki stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega. En vínandamagn í blóði, sem er núna 0,5 prómill, á bara alls ekkert við um hestamennina. Það er sett í þeirra eigið sjálfdæmi að meta það að þeir séu ekki undir svo miklum áhrifum áfengis að þeir geti stjórnað hestinum örugglega. Það er ekki verið að breyta því varðandi hestamennina þó við förum með vínandamagnið í blóði úr 0,5 niður í 0,2 prómill. En kannski væri einhver ástæða til þess að skoða það — ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis að hann geti ekki stjórnað hestinum örugglega. Það er auðvitað sjálfsagt að þeir séu ekki undir svo miklum áhrifum áfengis að þeir geti

ekki stjórnað hestinum örugglega. En þetta sýnir auðvitað að þeir sem halda því fram að verið sé að breyta einhverju í sambandi við það hafa ekki kynnt sér málið.

Herra forseti. Ég tel að tillagan, sú leið sem hér er lögð til, sé einn stærsti þátturinn í að efla forvarnir og tryggja eins og kostur er að ekki sé farið undir stýri eftir neyslu áfengis enda er þessi tillaga í samræmi við áætlun um umferðaröryggi eins og ég hef sýnt fram á. Fræðsla og forvarnir, eins og tillagan felur í sér, eru sterkasta vörnin gegn ölvunaraksti. Ég geri lítið með rökin um að aðrar þjóðir hafi ekki gengið svona langt enda gætum við orðið öðrum þjóðum til fyrirmyndar í þessu efni ef við fyrst þjóða tækjum þetta skref, að fara með leyfilegt vínandamagn í blóði úr 0,5 niður í 0 með öryggismörk upp að 0,2. Ég held að það væri til fyrirmyndar fyrir þjóðina sem hefur sett sér mjög metnaðarfulla áætlun í umferðaröryggismálum, m.a. að fækka verulega ölvunarakstri. (**MF:** Og vímuefnalaust Ísland.) Já, vímuefnalaust Ísland, ég tala nú ekki um það.

Ég held að við séum að fjalla um eina áhrifaríkustu forvörnina til þess að sporna gegn ölvunarakstri ásamt því sem frv. felur í sér. Síðan þurfum við að tryggja aukið eftirlit og við þurfum einnig að skoða að herða refsingar.

Ég vil líka nefna, ef menn telja að ekki sé skynsamlegt að Ísland ríði á vaðið fyrst allra þjóða heims og fari með áfengismagn í blóði niður í 0,0 prómill, að Svíar sem hafa haft mjög góða reynslu af því að færa vínandamagn í blóði úr 0,5 niður í 0,2 prómill, sem m.a. leiddi til þess að ölvunarakstur minnkaði um þriðjung, eru nú með hugmyndir uppi um að fara sömu leið og þessi tillaga gerir ráð fyrir, eða í 0,0 prómill með öryggismörk að 0,2 prómillum. Það er einnig athyglisvert að nú er komin tillaga frá bresku ríkisstjórninni — í Bretlandi hefur 0,8 prómill af vínanda verið leyfður í blóði — um að færa þessi 0,8 prómill niður í 0,5 prómill og í 0,2 prómill fyrir unglinga. Þar er stökkið fyrir unglinga úr 0,8 prómillum niður í 0,2 prómill. Af hverju fara þeir ekki úr 0,8 prómillum niður í 0,2 prómill fyrir fullorðna í stað einungis 0,5? Þessum upplýsingum fylgir að þeir treysti sér ekki með vínandamagnið hjá fullorðnum niður fyrir 0,5 prómill. Líta má til þess að vínmenning er allt önnur í Bretlandi en hér, oft og iðulega er drukkinn bjór með mat í hádegi eða að degi til og þeir telja þetta of mikið stökk í einu. Þeir hafa verið í 0,8 prómillum og eru þarna að færa sig niður og alveg niður í 0,2 prómill fyrir unglinga.

Herra forseti. Það er gott og blessað að dómsmrh. hefur skipað nefnd til að skoða þessi mál, þ.e. um lækkun vínandamagns í blóði ökumanna, en mér skilst að nefndin hafi einnig það verkefni að athuga hvernig auka megi eftirlit og hugsanlega refsingar vegna ölvunaraksturs. En ég sé enga ástæðu til þess varðandi þennan þátt að Alþingi bíði með að taka afstöðu til þess hvort lækka eigi vínandamagn í blóði því reynslan talar þar skýrustu máli. Ég tel mig hafa fært alveg skýr rök fyrir því. Ég hef vitnað í rannsóknir, innlendar og erlendar, máli mínu til stuðnings og það er engin ástæða til að Alþingi bíði eftir að fá einhverja blessun eða grænt ljós frá framkvæmdarvaldinu í þessu efni. Það er kannski hægt að draga verulega úr ölvunarakstri og slysum ef við samþykkjum þetta nú fremur en að bíða eftir því að framkvæmdarvaldinu þóknist að koma með málið inn í þingið eða leggja blessun sína yfir það. Alþingi á að geta haft sjálfstæða skoðun á málum án leiðbeininga frá framkvæmdarvaldinu og það er afar hvimleitt, svo ekki sé meira sagt, að Alþingi sé boðið upp á það oft í hverju málinu á fætur öðru, að geta ekki tekið afstöðu í málum nema málin hafi fyrst verið skoðuð og blessuð af framkvæmdarvaldinu. Þetta er auðvitað enn eitt sem við stöndum frammi fyrir, herra forseti, varðandi virðingu þingsins, að ekkert megi samþykkja á hv. Alþingi nema embættismenn og framkvæmdarvaldið hafi blessað það og sagt að þetta sé í lagi. Herra forseti. Alþingi má orðið ekki hafa neina sjálfstæða hugsun eða skoðun í neinu máli. Ég held að svo miklar rannsóknir og samanburður í þessum málum liggi fyrir, ekki síst í Svíþjóð þar sem þeir hafa lækkað leyfilegt vínandamagn í blóði, að við höfum nægjanlegar forsendur til að taka ákvörðun nú en þurfum ekki að bíða eftir einhverju nefndarstarfi á vegum framkvæmdarvaldsins.

Við flm. þessarar tillögu gerum líka ráð fyrir góðum tíma til að kynna þessa breytingu og hún á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. október næstkomandi. Við ætlumst til að sá tími verði notaður til öflugs fræðslu- og forvarnastarfs til að kynna þessa breytingu þannig að þegar hún tekur gildi séu allir meðvitaðir um að skilaboð löggjafans eru skýr: Áfengi og akstur fer ekki saman og við ítrekum það með því að færa vínandamagn í blóði úr 0,5 prómillum niður í 0,0 prómill. Það er ekki einstaklingsins að meta hvort hann sé fær um að aka eftir að hafa neytt áfengis, heldur á hann ekki að aka eftir að hafa neytt áfengis. Rökin um frelsi einstaklingsins til að meta sjálfur hvort hann sé innan leyfilegra marka við neyslu áfengis eru ekki haldbær, herra forseti, því þá spyr ég um leið: Frelsi á kostnað hverra? Það er auðvitað kjarnaatriðið í þessu máli.

Að lokum, herra forseti, er það skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu að með því að samþykkja þessa brtt. við þetta ágæta frv. séum við að stíga mjög stórt skref til þess að draga verulega úr ölvunarakstri á Íslandi. Því hvet ég eindregið til þess, herra forseti, að brtt. okkar fimmmenninganna verði samþykkt.

[14:50]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan var þetta mál sem brtt. tekur á rætt sérstaklega í allshn. og menn eru sammála um það í þeirri nefnd að hér sé um alvörumál að ræða. Og auðvitað kom margt athyglisvert fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Engu að síður er rétt að vekja athygli á því að ekki er vitað til þess að í nokkru landi í heiminum séu í gildi lög sem kveði á um að vínandamagn í blóði ökumanns megi ekki fara upp fyrir 0,0 prómill. Því er mjög brýnt að skoða þetta mál gaumgæfilega áður en ákvörðun er tekin um setningu slíkra reglna, bæði lagalega og tæknilega. Fram hjá þessu verður ekki litið. Dómsmrh. hefur vegna bréfs Læknafélags Íslands sett á fót starfshóp til að skoða til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að fækka ölvunarslysum. Starfshópnum er m.a. ætlað að kanna hvaða áhrif lækkun á prómillmörkum alkóhóls í blóði ökumanna muni hafa á umferðaröryggið. Ekki liggja fyrir öruggar heimildir um að lækkun leyfilegs prómillmagns í blóði úr þeim mörkum sem nú er miðað við hérlendis leiði til fækkunar slysa. Skiptar skoðanir eru um þessi mál og hafa niðurstöður tilrauna nágrannaþjóða okkar með setningu reglna er þetta varða, leitt í ljós að ekki eru endilega tengsl milli fjölda alvarlegra slysa og lækkunar leyfilegs prómillmagns í blóði. Þannig hefur banaslysum í umferðinni sem rekja má til ölvunaraksturs á þeim sjö árum sem liðin eru frá lækkun Svía á takmörkunum í 0,2 prómill einungis fækkað um 8%, á meðan slíkum slysum hefur fækkað um 16% í Noregi þar sem haldið var við sömu mörk og miðað er við hér.

Ekki verður því talið skynsamlegt að fara út í breytingar á þessum atriðum fyrr en fyrir liggur niðurstaða starfshóps þess sem áður er nefndur. Leiði niðurstaða starfs hans hins vegar til að ætla megi að lækkun hámarks prómillmagns í blóði ökumanna dragi úr hættunni á umferðarslysum mun verða farið eftir þeim niðurstöðum. Þetta snertir ekkert virðingu eða sjálfstæði þingsins, hv. þm., heldur einfaldlega þá staðreynd að menn vilja fá meiri rök fyrir þessu máli.

Í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lagði fram á Alþingi í janúar, um stöðu umferðarmála, var gerð grein fyrir þeim verkefnum og megináherslum sem yrðu í umferðaröryggisstarfi á þessu ári. Í skýrslunni kemur fram að eitt af þeim fjórum meginatriðum árið 1998 sé ölvunarakstur. Á tímabilinu 1986 til 1995 létust 32 hér á landi vegna umferðarslysa sem ölvaður ökumaður átti aðild að, eða um 14% allra banaslysa á sama tímabili. Tengslin milli fjölda umferðarslysa og ölvunaraksturs eru því augljós og á þessu máli þarf að taka. En til að hægt sé taka á þessu vandamáli hefur þegar verið gripið til ýmissa aðgerða. Má þar nefna að á síðasta ári voru gerðar breytingar á umferðarlögum í því skyni að unnt væri að taka upp nýja aðferð til að staðreyna áfengisneyslu ökumanna, þ.e. með öndunarsýni í stað blóðsýnis. Frekari breytingar á umferðarlögum til að tryggja þessa aðferð í sessi eru nú til umfjöllunar á Alþingi. Felur þessi breyting m.a. í sér að unnt er að stunda mun virkara eftirlit með ölvunarakstri, þar með talið á landsbyggðinni, svo hægt verði að ráðast í kerfisbundið eftirlit sem verður virkara en áður.

Virðulegi forseti. Þetta mál verður skoðað í dómsmrn. og ráðuneytið mun skila skýrslu um það næsta haust. Því vil ég undirstrika þá skoðun meiri hluta nefndarinnar að við teljum að hér sé vissulega um alvörumál að ræða, en að það þurfi að skoða það betur. Það verður gert og því teljum við þessa brtt. ekki tímabæra nú.

[14:56]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Ég er hlynntur því að leyfilegt hámark áfengismagns í blóði ökumanns verði lækkað. Mörkin eru óþarflega há. Ölvunarakstur á ekki að eiga sér stað. Hann er glapræði og hann er nánast að segja glæpur. Ég tel eðlilegt að lækkað verði úr 0,5 í 0,2 prómill. Þá þarf enginn að velkjast í vafa um að eftir einn ei aki neinn. En nú er það svo að það fer eftir holdafari eða líkamsbyggingu hversu mikið menn þola án þess að fara yfir mörkin. Þannig gæti verið að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þyldi bara hálfan bjór meðan hv. þm. Ágúst Einarsson þyldi heilan. Fólk getur velkst í vafa um það hvar mörkin eru. Ef þau yrðu sett niður í 0,2 prómill þyrfti enginn að velkjast í vafa. Það á ekki að drekka og fara svo að keyra. Ekki neitt.

Hins vegar hefur hæstv. dómsmrh. sett málið í ákveðinn farveg með því að skipa nefnd til að gera athugun og samkvæmt því er eðlilegt að taka þetta mál um leyfilegt hámark áfengismagns í blóði upp aftur á haustþinginu að lokinni gagnasöfnun og undirbúningi eins og hæstv. dómsmrh. hefur lagt til og hv. formaður allshn. kom einnig inn á í seinni ræðu sinni. Þannig er löggjafarþingið að láta framkvæmdarvaldið vinna málefnið til þess að Alþingi geti tekið skynsamlega ákvörðun að athugunum og rannsóknum loknum. Slíkt tryggir haldgóða lagasetningu miklu fremur en að hlaupa til og breyta þessu núna rétt eftir að ráðherrann er búinn að ákveða tiltekna málsmeðferð sem kemur löggjafarvaldinu til góða í lagasetningunni síðar. Ég sé sem sagt fyrir mér gildistöku nýrra ákvæða um næstu áramót, þ.e. að nefndin, starfshópurinn, sem ráðherrann hefur skipað ljúki störfum sínum í sumar eða haust, Alþingi taki málið til meðferðar á haustþinginu og gildistaka gæti þar með orðið um næstu áramót.

[14:59]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna afstöðu hv. síðasta ræðumanns í þessu máli. Ég tel að það hafi komið skýrt fram í málflutningi 1. flm. brtt., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að reynsla Svía og rannsóknir á slysum vegna ölvunaraksturs sýni að við eigum að fara þessa leið. Ég sé enga ástæðu til að tefja málið í einhverju nefndarstarfi uppi í ráðuneyti. Þegar dæmin blasa við og við horfum upp á öll þessi hörmulegu slys undanfarin ár vegna ölvunaraksturs, þá tel ég að við eigum að taka á málinu strax. Það kemur ekkert í veg fyrir að Alþingi geti tekið afstöðu til málsins nú þegar. Ég er því ekki sammála hv. þm. um að bíða þurfi með það til haustsins að taka afstöðu til málsins eftir að hæstv. dómsmrh. er búinn að láta vinna það í nefnd. Við höfum talandi og skýr dæmi um að fara eigi þessa leið. Við berum ábyrgð meðan við gerum það ekki. Skilaboð okkar verða að vera skýr. Það er ekki leyfilegt samkvæmt lögum að aka undir áhrifum áfengis. Engu að síður erum við með undanslátt þar sem við leyfum 0,5 prómill. Við eigum auðvitað að gefa skýr skilaboð út í samfélagið um að ekki megi aka eftir neyslu áfengis og hafa viðmiðunina í samræmi við það.

[15:00]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt að við séum með undanslátt. Ég held að afar mikilvægt sé — og veit að við erum sammála, ég og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, að eðlilegt sé að færa mörkin niður. En það er oft þannig þegar góð mál eru að gerast, þá verður óþolinmæðin dálítið mikil. Þau mörk sem Íslendingar og margar fleiri þjóðir hafa haft, 0,5 prómill, hafa verið í lögum alllengi og þrír til fjórir mánuðir til eða frá gera kannski ekki allan muninn. En ég bendi á að þrátt fyrir að Svíar fari niður í núllmarkið, þá hafa Norðmenn náð betri árangri með 0,5 prómill mörkunum hjá sér heldur en Svíar hafa gert. Það kom fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur áðan. Þetta er því ekki einhlítt.

Við þurfum hins vegar að ræða oftar og meira á hinu háa Alþingi um umferðarmálin og hvernig við getum tryggt betur öryggi í umferðinni. Vissulega eru mörg slík mál í sínum farvegi í þinginu og það er vel. Við skulum sameinast um að vinna að þeim framgangi og þessu máli, um leyfilegt vínandamagn í blóði, þegar það mál er fullbúið og þroskað.

[15:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom skýrt fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan að þær upplýsingar sem komið hafa fram um breytingar á slysum í Noregi eru ekki réttar. Að minnsta kosti komu aðrar upplýsingar fram í máli hv. þm. en þær sem hv. þm. Hjálmar Jónsson minntist á.

Hv. þm. talar um að það breyti engu þó við bíðum í nokkra mánuði með að taka afstöðu til þess hvort við eigum að breyta leyfilegu prósentumagni af áfengi í blóðinu við akstur. Ég sé enga ástæðu til þess að bíða, enda verður tekin afstaða til málsins þegar greidd verða atkvæði í þinginu um brtt. sem hér er verið að ræða um. Þá þurfa þingmenn að taka afstöðu til þessa máls hvort við eigum að lækka prósentuna. Ég kalla það undanslátt þegar menn eru að leyfa

0,5 prómill áfengismagn í blóðinu þegar í lögum stendur að eigi sé heimilt að aka undir áhrifum áfengis. Það er auðvitað verið að leggja það undir dómgreind hvers og eins hvenær hann er hæfur til að aka og jafnvel þarf hann að fara að meta það þegar hann er búinn að missa dómgreindina vegna áfengisneyslu. Það er auðvitað afleitt og kom reyndar fram í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar áðan. Eins og komið hefur fram erum við sammála, en við erum ekki sammála um að það eigi að bíða með þetta fram á haust, enda verðum við að taka afstöðu til málsins strax í vor.

[15:04]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilega eitthvað óljóst í málinu. Heimildum ber ekki saman eins og hv. þm. sem var í andsvari gat um. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur eina heimild, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefur aðra um sama málið. Sagt er að upplýsingar séu ekki réttar frá Noregi sem við erum hér með. Er þá ekki augljóst að skoða þarf málið betur? Ég hefði talið það áður en við hlaupum til að samþykkja brtt. þar sem heimildir eru út og suður.

Það er líka annað, herra forseti, að venjan er að skoða mál í nefnd, leita umsagna um mál þegar þingnefnd er með þau í meðferð. Þessi brtt. um lækkað leyfilegt vínandamagn í blóði var ekki í frv. heldur kemur fram sem brtt. Því hefur ekki verið óskað eftir umsögn nokkurs aðila um þetta atriði. Þá væri mikilvægt í haust að geta sent það út til að fá einnig umræðu um það hvað umsagnaraðilum finnst sem fá yfirleitt mál um umferðina til umsagnar, og eftir stendur að við þroskum málið, leitum umsagna og fáum réttar heimildir og upplýsingar og tökum síðan ákvörðun með löggjöf.

[15:06]

**Útbýting þingskjals:**

Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, 596. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 1009.

[15:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að með góðum vilja má skilja á orðum hv. tveggja þingmanna Sjálfstfl. sem hér hafa talað að þeir séu hlynntir því að lækka vínandamagn í blóði en bara ekki núna og bíða sem sagt eftir að fá grænt ljós frá framkvæmdarvaldinu. Það var einmitt það sem ég var að segja áðan. Þingið hefur ekki orðið neina sjálfstæða hugsun. Ef ekki kemur grænt ljós frá embættismönnunum í kerfinu, þá getur þingið ekki tekið afstöðu til mála. Það er mjög hvimleitt, herra forseti, að búa við það í hverju málinu á fætur öðru. Það má ekki gera neinar brtt. á frv. sem koma frá embættismönnunum öðruvísi en þeir blessi þær brtt. hvað þá að samþykkja þingmannafrumvörp sem þingmenn flytja nema búið sé að blessa það af viðkomandi ráðherra eða embættismanni. Það er auðvitað sama með þessar tillögur, herra forseti, hjá stjórnarliðum. Þeir þurfa að láta embættismennina halda í höndina á sér, fá leiðsögn þeirra (**Gripið fram í:** Æ, Jóhanna.) til að þeir geti samþykkt þessa brtt.

Menn telja að það vanti eitthvað meira á rannsóknir og kannanir og það sé ótækt að Ísland hafi forustu meðal annarra þjóða um að lækka leyfilegt vínandamagn í blóði og hafi forustu um að ganga lengra en aðrar þjóðir í því efni. Er það virkilega svo að við þurfum að fá reynslu frá öðrum þjóðum sem ætla að ganga svona langt, t.d. Svíum, áður en við förum út í að gera þessa sjálfsögðu breytingu? Reynslan hjá Svíunum hlýtur að vera góð en þeir hafa í nokkur ár búið við að leyfilegt vínandamagn í blóði sé 0,2 prómill þegar þeir núna eru að hugleiða að fara með það niður í 0 prómill með öryggismörk að 0,2. Það hlýtur að þýða að þeir hafi góða reynslu af þessu.

Varðandi það sem fram kom í máli hv. formanns allshn. þá heyrði ég að hún las mjög samviskusamlega upp skoðun formanns Umferðarráðs á þessu máli sem við hlustuðum á í gærkvöldi í sjónvarpinu þar sem mynd sást úr Aftenposten af einhverjum slíkum upplýsingum um að slysum hefði fækkað meira í Noregi en í Svíþjóð þar sem í Noregi sé leyfilegt áfengismagn í blóði hærra en í Svíþjóð. Þetta eru engin rök í málinu og ég bið um að fá fram hjá formanni allshn. hvaða könnun og rannsókn er á bak við slíkar fullyrðingar. Allar upplýsingar sem ég hef komið með og tölulegur samanburður er byggður á ítarlegum rannsóknum og könnunum.

Hvað segja þessar kannanir varðandi Noreg, sem hér er dregið upp sem eitthvert fyrirmyndarland að því er þetta varðar og standi sig miklu betur en Svíar sem hafa lægra leyfilegt áfengismagn í blóði? Þar kemur fram, ég las það hér áðan, að ef við skoðum t.d. árin 1996 og 1997, þá hefur banaslysum fjölgað í Noregi, þau voru 255 1996 og 1997 305 og hlutfall ölvunarslysa hefur ekkert breyst. Þriðjungur banaslysa í Noregi var rakinn til ölvunar eða tæp 90 árið 1996 og rúmlega 100 árið 1997. Varla er það fækkun.

Hvernig snýr svo málið að Svíþjóð sem hefur um nokkurra ára bil haft leyfilegt áfengismagn í blóði í 0,2 prómillum?

Árið 1989, árið áður en prómillmagni var breytt í 0,2%, voru banaslys 804. Hver er fjöldi banaslysa árið 1996? Hann er 487, næstum því helmings fækkun.

Ef hv. þm. Hjálmar Jónsson er eitthvað ruglaður út af misvísandi upplýsingum, þá skal ekki standa á mér, herra forseti, að skjóta á einum fundi í allshn. til að fara yfir þær rannsóknir og kannanir sem liggja fyrir og bera saman þær upplýsingar sem hér hafa verið dregnar fram.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði. Við höfum verið með undanslátt í þessu efni að því er varðar leyfilegt áfengismagn þegar fólk sest undir stýri. Skilaboðin eru þau að það megi drekka svolítið en ekki mikið og síðan verður hver og einn að meta það sjálfur hvort hann sé undir þessum 0,5 prómillum án þess að geta mælt það nokkurs staðar nema hann sé tekinn af lögreglunni.

Það hljóta líka að vera rök í málinu sem ég hef sett fram varðandi norska rannsókn í þessu efni sem var gerð á norska knattspyrnufélaginu sem ég nefndi, um mismunandi áfengismagn í blóði og hvernig það kom niður á þeim sem voru í prófi þegar við 0,7–0,8 prómill jukust mistök um hvorki meira né minna en 47,5%. Það liggur fyrir að hæfnin skerðist um 25% við akstur strax við 0,2 prómilla vínandamagn í blóði. Er það ekki svo hér á landi að fimmta hvert slys í umferðinni megi rekja til ölvunaraksturs?

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Mér finnst ekkert af þeim rökum sem hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa teflt fram standast eða séu til þess fallin að sannfæra mig um að rétt sé að bíða eftir því hvað framkvæmdarvaldið vill í þessu efni. Ég held að við höfum fullnægjandi og boðlegar kannanir og rannsókir sem sýni að ekki er eftir neinu að bíða. Verst finnst mér rök hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur sem segir að af því að ekkert annað land hafi farið með þetta niður í 0 og 0,2 prómill sem öryggismörk, þá sé ekki rétt að Ísland taki þar forustu.

Ég vil enn og aftur segja: Ég hygg að reynslan muni sýna að til fyrirmyndar yrði fyrir Ísland ef það tæki afgerandi

forustu í þessu máli þar sem við værum með skýr skilaboð út í þjóðfélagið að akstur og áfengi fer ekki saman. Þess vegna er þinginu að mínu viti, herra forseti, ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þessarar tillögu.

[15:14]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gat ekkert lesið það út úr orðum mínum áðan að ég væri sammála því hér og nú að leyfilegt vínandamagn í blóði væri lækkað. Auðvitað er það rétt sem hv. þm. Hjálmar Jónsson benti á áðan, að þetta er brtt. sem hér liggur fyrir þannig að það var ekki hægt að senda þetta mál til umsagnar í þjóðfélaginu eins og vaninn er með frv. sem fjalla um m.a. breytingu á umferðarlögum enda snertir það hagsmuni margra.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er mjög sérstakt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem vill vinna vel í málum, sérstaklega stjórnarfrv. sem hún telur almennt rétt að skoða vel og vandlega og á mörgum fundum, skuli ekki vilja láta skoða þetta mál ítarlegar. En það kemur svo sem ekkert á óvart þó að hún sé ekki sammála þingmönnum Sjálfstfl. Það er ekki í fyrsta skiptið sem það kemur fram.

Það vill svo til að hún nefndi formann Umferðarráðs áðan, sem jafnframt er aðstoðarmaður dómsmrh. Hann mætti á fund allshn. og upplýsti okkur um stöðu þessara mála og ýmsar rannsóknir sem hefðu átt sér stað. Það voru reyndar fleiri sem mættu á fund nefndarinnar, m.a. Jón Bjartmarz og Jónmundur Kjartansson, frá embætti ríkislögreglustjóra, og Einar Guðmundsson, frá Sjóvá-Almennum sem er forvarnarfulltrúi þar. Þeir tóku allir undir þá skoðun sem hér hefur verið sett fram að skoða þurfi þetta mál betur. Ég hygg því að þetta mál liggi alveg ljóst fyrir.

[15:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. misminni það að allir gestir sem komu á fund allshn. hafi tjáð þá skoðun sína að það ætti að fresta þessu máli og skoða það betur. Ég spyr hvort hv. þm. geti haldið því fram að fulltrúi Sjóvár-Almennra, Einar Guðmundsson fræðslufulltrúi, hafi haldið því fram að það bæri að skoða þetta mál betur. Þeir lýstu því allir yfir að það bæri að lækka vínandamagn í blóði. Ég gat ekki heyrt að t.d. sá maður hefði nefnt að rétt væri að setja þetta mál í einhverja nefnd.

Að því er varðar það að þessi brtt. hafi ekki verið send til umsagnar, þá vil ég spyrja hv. þm. að því hvort hún sé tilbúin til þess að beita sér fyrir því við forseta að fresta afgreiðslu þessa frv. og þá atkvæðagreiðslu um frv. og brtt., til að hægt verði að taka málið á nýjan leik inn í nefndina og skoðað það þar, senda það til umsagnar og að hálfur mánuður verði gefinn til umsagnar um brtt. og síðan verði málið afgreitt fyrir þinglok? Ef hv. þm. ber þau rök fyrir sig að það þurfi að senda málið út í þjóðfélagið þá er ég alveg tilbúin til að skoða það ef hv. þm. er þá tilbúinn að beita sér fyrir frestun á málinu hér. Við tökum það þá hér út af dagskrá og þannig að það fari ekki í atkvæðagreiðslu og þá heldur ekki brtt. Tökum málið aftur inn í nefndina og sendum brtt. út til umsagnar og gefum viku eða hálfan mánuð. Það þarf varla lengri tíma. Við erum með stórt húsnæðisfrv. þar sem umsagnaraðilar hafa einungis hálfan mánuð til að fara yfir hundrað síðna bók þannig að það ætti ekki að vefjast fyrir þeim sem um þessa litlu brtt. fjalla að fara yfir hana á nokkrum dögum og senda nefndinni umsögn sína. Ég spyr hv. þm.: Er hún tilbúin til málamiðlunar að fallast á að við málsmeðferðin verði þessi? Mér finnst hv. þm. bjóða upp á það, herra forseti.

[15:18]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég sé að bjóða upp á þetta. Ég vek hins vegar athygli á því að þessi brtt. sem hér er lögð fram er ekki hluti af frv. og hefur því ekki hlotið sömu meðferð og frv. Það breytir því ekki að hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir að þetta mál yrði tekið sérstaklega til skoðunar í dómsmrn. og að starfshópur yrði skipaður. Þar kæmi að fólk víðs vegar að úr þjóðfélaginu sem hefði þekkingu á þessum málum og skýrslu yrði skilað um það mál hér í haust. Það er alveg óþarfi að skoða þetta mál frekar í allshn. Ég held að málið sé í góðum farvegi.

[15:19]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur alltaf það sama í gegn hjá þessum hv. þm. þ.e. ef framkvæmdarvaldið hefur ekki blessað málið, ef framkvæmdarvaldið og embættismennirnir hafa ekki gefið grænt ljós á málið, ef framkvæmdarvaldið og embættismennirnir hafa ekki haldið í höndina á hv. þm. og öðrum þingmönnum Sjálfstfl. sem hér hafa talað og veitt þeim leiðsögn í málinu, þá er Alþingi ekki fullbúið og ekki í stakk búið til að taka afstöðu til málsins. Hv. þm. neitar tilboði mínu um að taka málið aftur inn í nefnd og gefa umsagnaraðilum færi á að segja sína skoðun á því. Af hverju skyldi það nú vera? Er það ekki vegna þess að þetta er ekki stjórnartillaga, ekki hluti af stjfrv., eins og hv. þm. sagði?

Nei, herra forseti, þetta gengur allt út á það sama hjá þessum þingmönnum. Ef þeir hafa ekki fengið leiðsögnina ofan úr dómsmrn. og frá embættismönnunum þar þá er Alþingi ekki í stakk búið til þess að taka afstöðu til málsins. Þetta er fullkomin vanvirðing við þingið. Auðvitað á þingið að geta haft sjálfstæða hugsun í þessu máli og tekið afstöðu til tillögu eins og hér liggur fyrir án þess að embættismennirnir blessi hana.

[15:20]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi það í ræðu sinni áðan að ekki stæði á henni að boða til aukafundar í allshn. ef á þyrfti að halda. (**SP:** Hún er búin að neita þremur.) Hv. þm. er búinn að neita þremur aukafundum í allshn. núna á einni viku, en eitt af því sem veldur okkur erfiðleikum í að afgreiða mál frá allshn., sem bíða mörg, er að stjórnarandstaðan hv. hefur ekki verið samvinnuþýð í því að koma til funda og vinna með okkur í mörgum brýnum málum sem liggja fyrir allshn. Það er sett stopp á afgreiðsluna og vinnuna vegna þess að hv. stjórnarandstæðingar vilja ekki vinna með okkur. Þetta er vandinn ... (Gripið fram í.) Já, laugardögum og hvaða dögum sem vera skal — vegna þess að mörg brýn mál liggja fyrir hv. allshn.

Ég bendi á að hæstv. ráðherra dómsmála lýsti yfir nefndarskipaninni til að skoða þetta með prómillmagnið, vínandamagnið í blóði, áður en hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur datt í hug að koma með sína brtt. eða áður en hún kynnti hana fyrir nefndarmönnum. Það er því spurning hvort er á undan, eggið eða hænan og hvort er hvað, ef út í það er farið.

En fleira þyrfti að lagfæra í áfengislöggjöfinni og í umferðarlögum, t.d. það að ökumanni sem hefur lent í umferðaróhappi sé óheimilt að neyta áfengis nokkra klukkutíma eftir að umferðaróhappið átti sér stað. En ökumenn hafa stundum

verið staðnir að því að spilla sönnunargögnum með því að hella í sig áfengi eftir að hafa valdið slysi og enginn getur þá sannað á þá að þeir hafi verið drukknir þegar slysið varð. Því þarf að leggja bann við því að viðkomandi neyti áfengis í sex klukkutíma eftir að slys sem hann olli átti sér stað.

Herra forseti. Fulltrúi Sjóvár-Almennra sagði að mikilvægast væri að málið kæmist á hreyfingu og að það yrði tekið fyrir á haustþingi.

[15:23]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst út af því síðasta sem hér kom fram um það að ég hefði kynnt þessa breytingu eftir að hæstv. dómsmrh. hefði boðað þessa nefndarskipan, þá finnst mér það nú ekki skipta öllu máli. En til að halda öllu til haga í þessu efni þá ber þess að geta að ég hafði kynnt þetta í þingflokknum áður en hæstv. dómsmrh. tilkynnti þessa nefndarskipan sína.

Varðandi það að kalla saman fund í nefndinni, þá vil ég segja að hafi ég sagt aukafund — ég held að ég hafi ekki gert það — en hafi ég sagt aukafund þá bið ég forláts á því. Það hefur þá verið mismæli hjá mér ef ég hef talað um aukafund vegna þess að ég vil að þetta mál verði tekið upp á hefðbundnum fundi nefndarinnar strax í fyrrmálið ef það verður haldinn fundur. Það er langur fundur allan daginn og því ættum við að geta tekið málið upp þannig. Mér finnst mjög sérkennilegt ef hv. þingmenn neita þessu ágæta boði. Þau hafa lagt áherslu á að þetta færi til umsagnar úti í þjóðfélaginu. Ekki skal standa á mér að stuðla að því. En þegar fram kemur tilboð um það þá er því neitað og enn og aftur vísað í nefndarskipunina hjá embættismönnunum. Þau geta ekki hreyft sig í málinu fyrr en komið er grænt ljós frá embættismönnum. Þetta er mjög sérkennileg staða sem hér er upp komin, herra forseti.

[15:24]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki hvort hv. þm. sagði fund eða aukafund (Gripið fram í.) í allshn. Hitt liggur fyrir að venjulegur fundartími er tveir klukkutímar tæpir á viku í allshn. Við erum með tugi mála sem bíða og fáar vikur eru eftir af þessu þingi þannig að það er augljóst að marga aukafundi þyrfti ef við ætluðum að ljúka öllum þeim mikilvægu málum sem eru á leiðinni í gegnum hv. allshn.

Varðandi virðingu Alþingis og það að við hv. þm. Sjálfstfl. þurfum að láta framkvæmdarvaldið halda sérstaklega í höndina á okkur, þá erum við einfaldlega í þessu máli að láta framkvæmdarvaldið vinna gögn í hendurnar á okkur þannig að við getum tekið skynsamlega ákvörðun. Að taka skynsamlegar ákvarðanir að könnuðum öllum málavöxtum er það sem á að vera aðalsmerki hv. Alþingis og það er það sem hér þarf að gera en ekki rjúka til og samþykkja hugdettur hv. þm.

[15:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú ber hv. þm. því fyrir sig að það séu svo mörg mál í allshn. og þess vegna sé ekki hægt að fjalla um þessa tillögu. Ég ætla að minna hv. þm. á að fimmta hvert banaslys í umferðinni má rekja til ölvunar og árlega eru 2.000–2.500 manns teknir vegna gruns um ölvun. Að mínu mati, og ég vona að hv. þm. sé sammála mér um það, má víkja mörgum þeirra mála sem eru í allshn. til hliðar, stjfrv. ýmiss konar sem ekkert liggur á að afgreiða, til að þetta mál geti haft þar ákveðinn forgang og fengið þá umfjöllun og meðferð sem hv. þingmenn óska eftir. En nú er því borið við að þar séu svo mörg mál til umfjöllunar að ekki sé hægt að taka þetta mál þar til meðferðar þó við höfum tölurnar fyrir framan okkur um árlegan fjölda, þúsundir manna sem eru teknar vegna gruns um ölvun við akstur. Auðvitað á þetta mál að hafa þarna ákveðinn forgang. Ég fer fram á það, herra forseti, að þetta verði fyrsta málið sem verði tekið upp á fundi allshn. á morgun og atkvæðagreiðslu verði frestað um frv. og þessa brtt. til þess að fullnægja þeim óskum sem fram hafa komið hjá stjórnarliðum sjálfum.

[15:27]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu breyting á umferðarlögunum frá 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni). Eins og fram kom hjá frsm. allshn. var ég fjarstödd afgreiðslu þessa máls sem var í síðustu viku og þess vegna fannst mér rétt að afstaða mín til málsins kæmi hér fram. Ég var viðstödd umræður um málið í nefndinni og ég tel að hérna sé um mjög þarft mál að ræða og styð það heils hugar, þ.e. að samræma gjaldtöku á öndunarsýni eða rannsókn á blóði og einnig síðara efnisatriðið.

Ég vil einnig koma aðeins að þeirri brtt. sem hér er til umræðu og þeim undarlegu orðaskiptum sem hafa orðið um vinnubrögð í allshn. út af henni. Þessi brtt. er að mínu mati mjög athyglisverð, þ.e. að lögð sé áhersla á að þingið sendi út skýr skilaboð um að það fari ekki saman að drekka áfengi og aka ökutæki. En ég verð að segja að ég tel að þetta sé mikilvæg breyting sem þurfi að fá eðlilega umræðu í þjóðfélaginu eins og um frv. væri að ræða. Mér finnst því tillaga flm., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, mjög góð um að þetta verði rætt í allshn. og aðilar fengnir til þess að fara í gegnum þessi (**Gripið fram í:** Það er búið að ræða þetta.) efnisatriði nánar eins og hún er búin að biðja um og síðan yrði athugað hvort þetta þyki ráðlegt. Að öðrum kosti mætti flytja um þetta sérstakt frv. En þetta er það stórt mál að ég tel rétt að það fái mjög góða umfjöllun. Þar af leiðandi styð ég þá tillögu að þetta fái betri umræðu í nefndinni og fari ekki í atkvæðagreiðslu strax.

Varðandi umræðuna um að stjórnarandstaðan og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þar með hafi neitað að hafa fundi í allshn. þá vil ég taka fram að það er einfaldlega vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag í þinginu um meðferð mála á næstu vikum og á meðan hefur verið ákveðið að samþykkja ekki marga aukafundi að svo komnu máli. Það hefur ekkert með allshn. að gera frekar en nefndir þingsins almennt. Ég tel að vinnubrögð í allshn. séu með ágætum og vona að svo verði áfram. Þar er mjög mikið af málum og við reynum auðvitað að vinna að þeim eins og kostur gefst. Nefndin mun að sjálfsögðu fara í þá umræðu sem þörf er á og ég vona að það verði einnig gert um þá brtt. sem fyrir liggur.

[15:31]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég get eiginlega ekki orða bundist því að það hefur verið lengi umræða um þá brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að og ég er meðflm. að. Mér finnst brtt. vera mjög mikilvæg og mér finnst miður að hér hafa verið mjög fáir þingmenn viðstaddir. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að miklir atburðir liggja í loftinu og þingmenn eru sjálfsagt bundnir á fundum og við umræðu um þá atburði hér og þar en þetta er mál sem mér finnst að hv. þingmenn eigi að geta tekið afstöðu til. Þetta er mjög

einföld tillaga sem ég skil raunar ekki að þurfi að fara aftur í nefndina. Þetta er svo einfalt mál. Mér finnst þetta ekki þurfa neina geysilega umfjöllun í þjóðfélaginu vegna þess að það er bara spurning um að fólk viðurkenni það og taki á því að áfengi og akstur fara ekki saman. Það á ekki að gera einstaklingunum það að þurfa að meta það hver fyrir sig hvort þeir megi drekka einn bjór eða tvo, eitt glas af rauðvíni eða tvö eða hvað það nú er, bara að drekka ekki áfengi ef þeir ætla að aka eða öllu heldur að aka ekki ef þeir hafa drukkið áfengi, í hvaða röð sem við viljum taka það.

Ég skil ekki hvað er verið að verja í málinu. Hvaða hagsmuni er verið að verja? Hv. þingmenn Sjálfstfl. Sólveig Pétursdóttir og Hjálmar Jónsson hafa varið þá niðurstöðu allshn. að þessu beri að vísa í einhverja sérstaka nefnd og stuðning við það mál sem hæstv. dómsmrh. hefur gefið út um þetta að það þurfi að ræða þetta í sérstakri nefnd embættismanna eða sérstakra sérfræðinga. Út af fyrir sig er allt í lagi að ræða málin fram og aftur en flóknari mál en þetta hafa verið sett á borð þingmanna og þeim ætlað að taka afstöðu til þeirra án þess að embættismenn þvæli með það fram og aftur. Ég skil ekki rökin fyrir því að halda þessum mörkum. Hver eru rökin? Þau hafa ekki komið fram. Hverra hagsmuni er verið að verja? Það eru miklir hagsmunir, þetta snertir hagsmuni margra, sagði hv. þm. Sólveig Pétursdóttir áðan. Hverra hagsmuni snertir þetta? Ég hafði haldið að það væru hagsmunir almennings að reyna að fækka umferðarslysum. Það eru komnar fram tölur um slys sem hafa orðið einmitt vegna þess að fólk hefur ekið drukkið. Hvað er þá einfaldara en að segja þessu fólki: Þegar áfengi hefur verið drukkið er bíllinn ekki snertur, hvorki bíll, bifhjól né þess vegna reiðhjól eða hvað sem er, þess vegna hesturinn, hv. þm. Hjálmar Jónsson. Ég er innilega sammála því að fólk á ekki að fara drukkið á hestbak. Það er engin spurning að þetta fer ekki saman og þess vegna er langeinfaldast að setja mörkin við núllið.

Þá er þetta með rökin. Mér heyrist að hv. þingmenn ætli að koma í andsvar eða flytja ræður um þetta mál og þá er ágætt að fá að vita hvers vegna þau telja að það þurfi að skoða þetta svona mikið. Telja þau líklegt að slysum fjölgi við að færa mörkin niður? Eða telja þau allsendis óvíst að þeim muni fækka við að færa mörkin niður?

Það er ekki aðeins að verið sé að senda skýr skilaboð til almennings eins og við höldum fram með því að segja að ekki verði leyfilegt að drekka áfengi af einu eða neinu tagi og enga áhættu að taka heldur getum við líka spurt okkur að því: Mundi það ekki hafa í för með sér sparnað í tíma og fyrirhöfn ef það er einfaldlega bannað að innbyrða áfengi af nokkru tagi áður en menn aka? Það er þá væntanlega ekki þörf á miklum rannsóknum á blóðsýnum. Það er einfalt að blása í blöðru og sé ástandið ekki þeim mun alvarlegra eða um slys að ræða ætti ekki að þurfa að mæla blóðsýni eða annað af því tagi, þá er nóg að blása í blöðru.

Ég hef svo sem ekki meira um þetta að segja. Mér blöskrar hvernig umræðan hefur þróast og þau rök sem hafa komið fram ef rök skyldi kalla fyrir því að það þurfi að skoða þetta á svona geysilega vandaðan hátt eða á svona löngum tíma og í nefnd og fá umsagnir héðan og þaðan. Mér finnst satt að segja að brjóstvitið ætti að duga í þessu efni. Og ég spyr: Hvaða hagsmuni er verið að verja í þessu máli?

[15:38]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það mál sem hefur verið til umræðu lít ég svo á sem fulltrúi í allshn. að það sé í vinnslu í ráðuneytinu og eigi eftir að koma inn í allshn. til afgreiðslu hvort lækka eigi leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur á bifreiðum. Ég lít ekki svo á að allshn. eða fulltrúar allshn. hér inni séu að hafna einhverri umræðu varðandi þetta sérstaka mál.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vissi ósköp vel um það að þetta mál var í umræðu og í vinnslu og ég get ekki ímyndað mér að það sé neitt vandamál að leyfa því að skoðast.

Ég vil svo mótmæla því að það sé vegna þess að allshn. vilji ekki taka slíkt mál til vinnslu heldur vil ég lýsa því yfir að störfum í allshn. hefur verið haldið í heljargreipum stjórnarandstöðunnar á undanförnum vikum sem hefur neitað að taka mál fyrir, hefur hafnað því að halda aukafundi, sem eru taldir nauðsynlegir, og það vita allir sem vinna í nefndastörfum að langflest mál þingsins eru í allshn. og bíða afgreiðslu. Stjórnarandstaðan hefur samt getað leyft sér að fara í sérstakar vinnuferðir austur fyrir fjall með efh.- og viðskn. og látið það vera gott og gilt en ekki unnið sérstaklega aukafundi fyrir allshn.

[15:39]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekkert um heljargreipar í hv. allshn. Ég sit ekki í allshn. og veit ekkert hvað hefur verið fjallað þar um vinnubrögð eða hvernig samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu hafa verið þar. Þar verður hv. þm. að ræða á vettvangi allshn. eða við fulltrúa í allshn. Hann minnti á að það mál sem er til umræðu væri í vinnslu í ráðuneytinu og sei, sei jú, við höfum heyrt að það sé í vinnslu í ráðuneytinu. En eiga hv. þingmenn ekki að geta tekið ákvörðun um svo einfalt atriði sem þetta án þess að fá línuna ofan úr ráðuneytinu? Það er það sem ég hef verið að gagnrýna.

[15:40]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Margar stofnanir sem koma að ráðuneytum, t.d. Umferðarráð hefur fjallað sérstaklega um þessi mál í allshn. og rannsóknir á t.d. því hversu mörg slys eru vegna áfengisaksturs. Það er náttúrlega ekkert augljóst mál í rauninni að þessi mörk séu allt of há. Það er í sjálfu sér ekkert augljóst. En auðvitað er alltaf hræðilegt þegar slys verður af hvaða orsökum sem það er. Venjulega verða þau slys þegar menn eru langt fyrir ofan þau mörk sem eru í dag. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu. Aftur á móti verður hv. þm. Kristín Halldórsdóttir að átta sig á því að mikil störf liggja fyrir hinum ýmsum nefndum en allra flest málin liggja fyrir allshn. og þar hefur stjórnarandstaðan ákveðið að grípa niður og stöðva eðlilega vinnslu mála. Í tvígang hefur verið hafnað að halda aukafundi í þessari einu nefnd sem allir vita að hefur í raun langflest verkefnin á sinni könnu og þetta eru alveg stórfurðuleg vinnubrögð af hálfu minni hlutans.

[15:42]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ómögulega komið aftur og aftur og farið að svara fyrir stjórnarandstöðuna og hvað þá stjórnarsinna í hv. allshn. Það er mér alveg ómögulegt að gera. En hv. þm. hélt áfram að ræða um að þetta væri til umræðu í ráðuneytinu og það væru margar stofnanir sem kæmu þar að verki, Umferðarráð o.s.frv. Ég efast ekkert um það en ég vil bara minna á að það hefur margsinnis komið fram að ölvunarakstur er stórhættulegur og ég efast reyndar ekkert

um að þeim mun hærra sem mörkin fara í blóði viðkomandi yfir þau mörk sem eru nú á áfengismagni í blóði, þeim mun hættara er við því að það valdi slysum. En aðalatriðið er að einstaklingarnir séu ekki settir í þá stöðu að vera að velta því fyrir sér hvort þeir séu að nálgast þessi mörk eða ekki. Það er miklu einfaldara og alveg sjálfsagt, og það getur brjóstvitið sagt okkur, að ekki sé leyfilegt að neyta áfengis og aka svo.

[15:43]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. 12. þm. Reykn. Mér finnst málið snúa þannig við að hv. þm. þurfi að skýra það út og svara því hvers vegna eigi ekki að skoða það og athuga með þeim sérfræðingum sem færastir eru á þessu sviði hvort eigi að gera þá breytingu sem hér er verið að tala um. Ég hef engan heyrt hafna því að það komi ekki til greina. En þetta er mikið álitamál. Við fylgjum meginreglu sem fylgt er í Evrópu og það hlýtur að vera eðlileg krafa, ekki bara ráðuneytisins heldur Alþingis að um það sé fjallað af þeim sérfræðingum sem gerst þekkja.

Við höfum nýlega fengið tilboð frá samtökum lækna sem vilja leggja málinu lið og koma inn í umræðuna og eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta. Hvers vegna má ekki fara í þessa athugun og taka síðan ákvörðun? Þessi spurning lýtur að hv. þm. en ekki hinum sem hafa verið að mæla fyrir því að þessi skoðun sé gerð.

Herra forseti. Svo verð ég að fá að segja það að mér finnst ekki smekklegt að koma aftur og aftur spurninguna: Hvaða hagsmuni er verið að verja? Í henni felast dylgjur sem mér finnst ekki vera smekklegar.

[15:45]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi setning sem ég hef sagt hér aftur og aftur — hverra hagsmuni er verið að verja? — hefur ekki að ástæðulausu verið sögð. Þessi setning kom fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur áðan. Ég skrifaði hana eftir henni vegna þess að þetta vakti athygli mína. Hún sagði: Þetta mál snertir hagsmuni margra. Þetta olli mér miklum heilabrotum. Hverra hagsmuni þarf að verja í þessu máli?

Hæstv. ráðherra spurði: Hvers vegna ekki að skoða þetta með sérfræðingum? Ég veit ekki betur en sérfræðingar séu búnir að skoða þetta heilmikið og ég bara spyr: Hvers vegna hefur þetta ekki miklu fyrr verið skoðað með sérfræðingum? Það er búið að fjalla, sem betur fer, um umferðarmál, um breytingu á umferðarlögum mánuðum saman og það vekur furðu mína ef sérfræðingar hafa ekki rætt þetta í allri þeirri umfjöllun. Þess vegna er mín spurning sú: Hvers vegna ekki miklu fyrr?

[15:46]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum fylgt meginstefnunni sem hefur verið farið eftir í Evrópu og það hefur verið gert af mikilli ígrundun en auðvitað er það svo að alltaf getur komið til álita að gera þurfi breytingar. En hér þurfum við að huga að því að reglurnar miði að því markmiði, sem ég held við séum öll sammála um, að draga úr umferðarslysum og ekki síst þeim sem hljótast af því að ökumenn aka drukknir. Þess vegna þurfum við að vanda þær ákvarðanir sem teknar eru. Við eigum að fara í þá vinnu sem nauðsynleg er og taka síðan ákvarðanir. Það eru einfaldlega vönduð vinnubrögð og skynsamleg. Ég er ekki að andmæla því að það kunni að koma til breytinga af þessu tagi, en ég vil að það sé skoðað nákvæmlega og niðurstaðan verði þá örugglega sú að við séum að ná meiri og betri árangri.

[15:47]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hæstv. dómsmrh. séum innilega sammála um þetta. Ég er talsmaður vandaðra vinnubragða, svo sannarlega. Hann talaði um meginstefnuna í Evrópu og það er sjálfsagt að taka mið af því sem er að gerast í nágrannalöndum okkar, en nú höfum við t.d. reynsluna í Svíþjóð að miða við. Við vitum líka að ölvunarakstur hefur lengi verið eitt af stærstu vandamálunum í sambandi við umferðarmál. Það er mikið böl sem menn hafa lengi verið að velta fyrir sér hvernig eigi að taka á, og þess vegna furða ég mig á því að þetta skuli vera að koma upp núna, við lokaafgreiðslu þessa máls. Ég furða mig á því. Ég hafði skilið það svo að læknar hefðu sent þau skilaboð frá sér út í þjóðfélagið að þarna þyrfti að verða á breyting og þess vegna hélt ég að sérfræðingar hefðu svo sannarlega sagt sitt í þessu máli.

[15:49]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að verða heilmikil umræða um áfengi og akstur, sem við erum öll sammála um að fari ekki saman. Við erum öll sammála um að fordæma ölvunarakstur og þau slys sem hljótast af því að menn neyta áfengis og aka síðan bíl. En það má auðvitað spyrja: Hvers vegna er ekki búið að lækka mörkin löngu fyrr? Vegna þess að þetta er og hefur verið talið álitamál. Þess vegna skipar hæstv. dómsmrh. starfshóp sérfræðinga til að vinna í málinu til að Alþingi geti tekið skynsamlega ákvörðun og að við færum okkur niður með mörkin. Mér finnst fljótt á litið og hef lýst því hér í stólnum aftur og aftur í dag að eðlilegt sé og skynsamlegt að fara niður í núllið eða 0,2 prómill með frávikinu með mörkin, en ég vil fá röksemdirnar frá þeim sem gerst þekkja til og eru sérfræðingar á þessu sviði og síðan tökum við á hinu háa Alþingi ákvörðun í málinu. Ég vil því nýta vinnu þess hóps við lagasetninguna sem hæstv. dómsmrh. hefur skipað.

[15:50]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer náttúrlega að bera keim af stagli. Auðvitað erum við hv. þm. Hjálmar Jónsson innilega sammála í þessu máli, að ölvun og akstur fara ekki saman. Það sem við erum ekki sammála um er hversu fljótt og hvernig eigi að taka á því máli og hv. þm. segir eins og mér finnst hafa komið fram í umræðunni, að það sé álitamál hver mörkin eigi að vera. Ég spyr mig aftur og aftur, hvers vegna er það álitamál? Mér finnst það ekkert álitamál og ég þarf ekkert álit sérfræðinga á því hvort það sé álitamál hvort ég eigi að vera sett í þá stöðu að spyrja mig hvort ég megi fara og aka bílnum eftir eitt glas af rauðvíni eða einn bjór eða eitthvað slíkt.

[15:51]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir værum ein um að ákveða þetta mál yrðum við fljót að komast að niðurstöðu. Ég er hins vegar nokkuð viss um að býsna margir þingmenn telja að þetta sé álitamál, að fara niður með mörkin. Þess vegna er eðlilegt að við fáum niðurstöðu sérfróðra manna til að geta haldið öllum þeim rökum fram sem nauðsynlegt er að komi fram svo að við fáum meiri hluta fyrir málinu. Það er ekkert varið í að láta fella þetta í

þinginu, því þá yrði miklu erfiðara að taka málið upp aftur síðar. Því vil ég einfaldlega að þessi brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur verði felld, en við tökum málið upp á haustþingi, eftir rannsókn sérfræðihópsins sem hæstv. dómsmrh. hefur skipað.

[15:52]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins þetta. Hv. þm. sagði: Það er ekkert varið í að láta fella tillöguna í þinginu. Ég er alveg sammála því. Það er akkúrat ekkert varið í það ... (**HjálmJ:** Fjalla um málið í haust.) Í haust? Við erum að tala um tillöguna sem er til umfjöllunar núna. Ég tók hv. þm. svo að hann væri að fjalla um þá tillögu og hafa áhyggjur af því að hún yrði felld núna. Ég er sammála því og þess vegna hef ég miklar áhyggjur af því hve fáir þingmenn hafa verið viðstaddir þessa umræðu, því það er mjög mikilvægt að alþingismenn hugsi um þetta mál, taki afstöðu til þess og treysti sér til að samþykkja tillöguna.

[15:53]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi umræða vera allsérstök. Ég vil undirstrika það, ef einhver hefur verið í vafa um það, að við á hinu háa Alþingi erum auðvitað öll sammála um að áfengi og akstur eigi ekki saman og við viljum að sjálfsögðu senda skýr skilaboð út í þjóðfélagið í þeim efnum, bara svo enginn vafi sé um það mál.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir var eitthvað að misskilja orð mín áðan þegar ég talaði um að það væru hagsmunir margra hvernig farið væri með þetta mál. Að sjálfsögðu á ég fyrst og fremst við öryggismál. Það er verið að tala um öryggi almennings í þessu sambandi. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna til þess bréfs sem dóms- og kirkjumrn. sendi Læknafélagi Íslands og er dags. 16. mars sl. þar sem segir: „Ráðuneytið telur rétt að ábendingar yðar verði teknar til nánari skoðunar og hefur af þeirri ástæðu ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem hafa á það hlutverk að leita enn frekari leiða til að stemma stigu við ölvunarakstri. Mun starfshópurinn taka til skoðunar hvort rétt sé að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði, eða samkvæmt öndunarsýni með hvaða hætti unnt sé að herða enn frekar eftirlit með ölvunarakstri, og í þriðja lagi hvort herða beri viðurlög við ölvunarakstri.“ Í þennan starfshóp á m.a. að skipa fulltrúa frá ríkislögreglustjóra, Umferðarráði, heilbrrn., Læknafélaginu og fleirum og auðvitað er þessum aðilum ætlað með sinni sérþekkingu að gæta hagsmuna almennings.

[15:55]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú fullyrðing skýrðist að einhverju leyti um hagsmuni margra, og það gleður mig að þar sé átt við hagsmuni almennings í þessu máli og hafði ég raunar vonast til að um það væri að ræða, (Gripið fram í.) en það var ákaflega erfitt að skilja það af orðum hv. þm. áðan. Þess vegna spurði ég og nú er svarið komið.

En það skýrir málið í rauninni ekkert mjög mikið fyrir mér, vegna þess að mér finnst svo augljóst að það séu hagsmunir almennings að skýr skilaboð séu frá Alþingi um að áfengi og akstur fari ekki saman. Og ef menn eru settir í þá stöðu að þurfa alltaf að velta því fyrir sér hvort þeir megi drekka pínulítið áður en þeir aki, þá finnst mér það ekki fara saman við hagsmuni almennings.

[15:56]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir undirstriki það einmitt að ágreiningur er meðal hv. þm. um þetta mál. Ég vil líka láta það koma fram sem bent var á í allshn. þegar þetta mál var rætt og það var vissulega rætt í allshn., að það sem væri aðalatriðið í sambandi við ölvunarakstur væri hert eftirlit og tvennt skipti mestu máli í því sambandi. Það væri aukin löggæsla og öflugur áróður. Þetta væri aðalatriðið sem forvörn í þessu sambandi. En að sjálfsögðu erum við tilbúin að láta skoða fleiri leiðir m.a. hvort þörf sé á að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði. En það eru líka fleiri atriði eins og bent var á í bréfi Læknafélagsins og dómsmrn. svaraði, og ég gat um áðan. Við teljum því rétt að allir þessir þættir séu skoðaðir í samhengi svo við náum sem bestum árangri.

[15:57]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er spurning um aðalatriðin. Fyrir mér eru það aðalatriðin og aðalhagsmunir almennings að menn þurfi ekki að velkjast í vafa um hvað þeim er leyfilegt að innbyrða af áfengi áður en þeir aka. En ég hlýt að óska þessari merkilegu nefnd alls hins besta í störfum sínum, þótt ég að sjálfsögðu ætli að vonast til að þessi umræða hafi orðið til að vekja athygli hv. þm. á því máli sem hér er til umræðu og hafi auðveldað þeim að taka afstöðu til brtt. sem ég vona að sjálfsögðu að verði samþykkt.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. 13. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:58]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þau orð féllu áðan sem ekki verða látin óátalin varðandi störf minni hlutans í allshn. sem voru mjög ómakleg og ósmekkleg sem ég mótmæli. Hér var sagt af hv. 10. þm. Reykn. Kristjáni Pálssyni að minni hlutinn héldi málum ríkisstjórnarinnar í heljargreipum. Þau væru í heljargreipum stjórnarandstöðunnar í allshn. og að minni hlutinn stöðvaði eðlilega vinnslu mála. Þetta er mjög ómaklegt, herra forseti, vegna þess að minni hlutinn hefur í allan vetur starfað mjög samviskusamlega í allshn. að framgangi stjórnarfrv. og unnið þar vel, afgreitt á færibandi frv. ríkisstjórnarinnar og dómsmrh., oft með óeðlilega miklu hraði og látið það yfir sig ganga, herra forseti, og ég vil þá nota tækifærið og vekja athygli á því að hvað eftir annað hefur minni hlutinn óskað eftir að þingmannamál væru tekin til umræðu í nefndinni en það hefur ekki orðið enn, herra forseti, þótt við séum komin að þinglokum. Ég er viss um að engin nefnd í þinginu, og ætti kannski að athuga það, hefur afgreitt jafnmörg mál og allshn. Ég mótmæli því, herra forseti, að við í minni hlutanum séum sökuð um að stöðva eðlilega vinnslu mála, sem höfum á færibandi verið að afgreiða mál dómsmrh. í allan heila vetur og síðast í morgun þrjú frv. Og látið það yfir okkur ganga að frv. stjórnarandstöðunnar og þingmanna séu ekki einu sinni tekin á dagskrá hjá formanni nefndarinnar. Og svo af því að við mætum ekki á aukafundi sem meiri hlutanum þóknast að boða, sem stundum hefur fallið saman við aðrar nefndir þegar þær eru að störfum, þá er það gert að sérstöku athugunarefni hér í ræðustólnum með þeim orðum að við séum að stöðva eðlilega vinnslu mála.

Þetta snýr nefnilega akkúrat að ríkisstjórnarflokkunum. Það eru þeir sem eru að stöðva eðlilegan framgang mála

vegna þess að það er ekkert samkomulag, herra forseti, um þinghaldið, um þingstörfin, um það hvenær eigi að ljúka þingi, um hvaða mál eigi að afgreiða í allshn. af þeim mörgu tugum sem þar liggja fyrir og hvaða mál eiga að hafa ákveðinn forgang hjá ríkisstjórninni. Ég hlýt því að nota tækifærið og mótmæla þeim vinnubrögðum og ekki síst þeim ummælum sem hér hafa fallið, sérstaklega frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni og reyndar fleirum, hv. þm. Hjálmari Jónssyni, sem einnig á sæti í allshn., þar sem gagnrýnd eru störf minni hlutans í allshn. sem hefur starfað af mikilli samviskusemi í nefndinni í allan heila vetur. Ég vil heyra það frá formanni nefndarinnar hvort hún taki undir þau orð að minni hlutinn hafi ekki starfað af fyllstu samviskusemi að framgangi mála í allshn. og sé hér að stöðva framgang á málum. Ég mótmæli þessu, herra forseti.

[16:01]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég sagði ekkert um það að minni hlutinn hefði ekki starfað af heilindum í nefndinni þegar nefndarfundir stæðu yfir heldur það að minni hlutinn hefur komið í veg fyrir að allshn. héldi aukafundi þannig að hægt væri að afgreiða mál úr þeirri nefnd sem er sennilega með langflest mál sem koma fyrir eina nefnd í þinginu. Það hefur verið sýnt á skjali sem er gefið út af þinginu reglulega. Ég þarf ekkert að telja það upp, en mig minnir að það hafi komið fram að sá málafjöldi sem allshn. þyrfti að afgreiða frá sér næði yfir tvær og hálfa blaðsíðu. Það var upplýst í nefndinni fyrir ekkert löngu síðan þegar verið var að reyna að skipuleggja aukafundi nefndarinnar.

Þá aftur á móti virðist minni hlutinn hafa tekið þessa sérstöku nefnd í gíslingu, eins og ég sagði áðan, til þess að reyna að fá fram frá ríkisstjórninni einhverjar línur í því hvaða mál ætti að afgreiða á þessu þingi. Ég held því að þau ummæli sem falla á minni hlutann fyrir að hafa tafið störf þessarar nefndar séu ekki ómakleg og séu í rauninni rétt. Ég þarf ekki að draga neitt af því til baka. Ég held einmitt að málið sem sérstaklega hefur verið til umræðu hér sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur fylgt eftir og allir hafa í rauninni viljað ræða, líði að sjálfsögðu fyrir það að tími nefndarinnar verður sífellt skemmri til að geta afgreitt það sem og önnur.

Ég hef ekki orðið var við neina sérstaka færibandavinnu í þessari nefnd. Þar hefur verið farið mjög ítarlega yfir öll mál. Þau hafa verið grandskoðuð og kallaður til fjöldi aðila þannig að ekki hefur verið um neina færibandavinnu að ræða heldur mjög nákvæma vinnu og, ég held, nefndinni allri til sóma. Ég get ekki sagt annað um minni hlutann en að sú vinna sem fer fram með minni hlutanum er til mikillar prýði og mikils sóma þannig að ég er ekkert að gera lítið úr þeirri vinnu, síður en svo.

[16:04]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kýs að koma upp í andsvari við hv. þm. þó að þær ásakanir sem hér hafa verið bornar fram af hv. þm. Kristjáni Pálssyni varðandi þetta mál ættu frekar heima undir öðrum dagskrárlið, þ.e. um fundarstjórn forseta, en e.t.v. verður tækifæri til að ræða þau mál ítarlegar að loknum andsvörum.

Þessi umræða og gagnrýni sem hv. þm. viðhafði hér á störf minni hluta í allshn. er fyrir neðan allar hellur. Allur þingheimur veit að starfið í allshn. hefur verið þannig að þar er unnið mjög vandlega. Auðvitað hafa menn ekki alltaf verið sammála en það hefur verið farið mjög málefnalega yfir öll mál. Og fullyrðingar um að mál hafi verið tekin í gíslingu þar til hægt var að sjá hvað ríkisstjórnin vildi afgreiða á þessu þingi, er fráleitur málflutningur af hálfu þingmannsins. Vitaskuld eru umræður milli þingflokksformanna og forseta um hvernig haga beri störfum þingsins. En ummæli eins þingmanns sem kemur upp og sakar annan úr nefnd fyrir að tefja mál og starfa ekki samkvæmt þingsköpum, eru að mínu mati þess eðlis að það ber að taka þau upp á fundum þingflokksformanna og forseta.

Herra forseti. Ég kann ekki við svona vinnubrögð. Við upplifðum þetta fyrir nokkrum dögum þegar stjórnarliðar sökuðu stjórnarandstæðinga um að sinna ekki störfum sínum. Nú er maður að heyra aftur að menn séu að misbeita verksviði sínu í nefndarstörfum. Þessi umræða er ekki þinginu sæmandi og ber því að taka hana upp af til þess bærum embættismönnum hvort sem það eru forseti eða formenn þingflokka.

[16:06]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvað á að eyða miklu púðri í svona umræðu. Ég verð að segja það alveg eins og er að hv. þm. Ágúst Einarsson á ekki sæti í allshn. og veit afskaplega lítið hvernig störf fara þar fram, a.m.k. innan veggja. Ég sagði áðan að störfin innan nefndarinnar væru til mikillar fyrirmyndar. Aftur á móti hefur ítrekað verið komið í veg fyrir að aukafundir yrðu haldnir í þessari nefnd, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar og við það hef ég gert athugasemd. Ég sé ekkert athugavert við að koma því hér á framfæri, hv. þm. Ég tel það alls ekki fráleitan málflutning og það er alls ekki fyrir neðan allar hellur að segja frá því hvernig þessi nefnd hefur verið bremsuð af í sínum störfum. Ég vísa þessu því til föðurhúsanna, herra forseti.

[16:07]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var reyndar það eina rétta hjá hv. þm. að ég á ekki sæti í allshn. Hins vegar bar hv. þm. minni hluta allshn. það á brýn að hann væri að vinna óeðlilega í nefndinni til að knýja ríkisstjórnina til að leggja fram sinn málalista. Hann gaf í skyn og sagði að hér væri um að ræða óeðlileg vinnubrögð af hálfu nefndarmanna. Þeim ummælum er ég að mótmæla. Þau eru ósönn.

Hvað varðar aukafundi í nefndum þá eru þeir venjulega haldnir í samkomulagi annaðhvort innan nefndarinnar eða, sem er algengara, í samkomulagi við forseta þingsins og þingflokksformenn þegar dregur að lokum eðlilegs þingstarfs. Þetta eru vinnubrögð sem við þekkjum öll. Það er ekki venja að halda aukafundi, hvorki í allshn. eða annarri nefnd, nema við mjög sérstakar aðstæður og um það ríki samkomulag. Ég veit ekki til þess — svo mikið þekki ég til vinnubragða í allshn. — að neitt hafi hallað á vinnubrögð í þeirri nefnd, hvorki af hálfu minni hluta né meiri hluta. Ég hef ekki heyrt neitt um og mun ekki gagnrýna neitt t.d. vinnubrögð forustu allshn. Ég veit ekki betur en að þau séu öll eins og þau eigi að vera samkvæmt þingsköpum og um það snýst málið. Enginn í allshn. né í þinginu hefur misbeitt á nokkurn hátt stöðu sinni í þingnefnd eða annars staðar. Það er það sem hv. þm. er að gefa í skyn með ummælum sínum um störf minni hluta allshn. og því er ég að mótmæla.

[16:09]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er náttúrlega með mikla útúrsnúninga í þessu máli. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi einfaldlega fram að mín túlkun snýr fyrst og fremst að því að minni hluti þingsins er að draga störf þessarar nefndar á langinn. Nefndarmenn í öðrum nefndum hafa sýnt að þeir vilji fara í sérstakar fundarherferðir, fara í sérstakar vinnubúðir til að geta unnið sín mál í friði og spekt og geta þannig afgreitt langa lista sem liggja fyrir til hægt sé að afgreiða mál inn í þingið og í einni slíkri nefnd á hv. þm. Ágúst Einarsson sæti. Ég mundi segja að ef allshn. hefði farið í einhverja slíka ferð þá væri búið að afgreiða sennilega meiri hlutann af þeim málum sem nú bíða afgreiðslu í nefndinni.

[16:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. Kristján Pálsson dró hér nokkuð í land síðan hann talaði úr ræðustól áðan. Þakka skyldi honum þó hann gerði það, slík voru hans ummæli, ósmekkleg og fyrir neðan allar hellur, þ.e. að bera minni hlutanum í allshn. það á brýn að stöðva eðlilega vinnslu mála.

Það er ljóst að það gengur ekki að fara fram á aukafundi í nefndum, t.d. allshn., oft á þeim tíma sem nefndarmenn í allshn. eiga líka að vera að störfum í öðrum nefndum. Þar fyrir utan, herra forseti, hljóta það að vera eðlileg vinnubrögð sem ber að viðhafa varðandi afgreiðslu mála í nefndum þegar svo stuttur tími er eftir og ekki síst í allshn. þar sem tugir mála eru frá stjórnarliðum, að samið sé um hvernig eigi að ganga til verka vegna þess að auðvitað getum við ekki klárað öll mál. Það er því tímabært að forgangsraða málum til að eitthvert vit og skynsemi sé í vinnubrögðunum. Það á að semja um það hvernig þessu þinghaldi eigi að ljúka og hvernig eigi að forgangsraða málum.

Ég vil aftur leyfa mér að mótmæla því hvernig við höfum mátt búa við það í þessari nefnd þar sem við höfum sinnt okkar starfi af mikilli samviskusemi, að eilíflega sé gengið yfir stjórnarandstöðuna þegar kemur að þingmannamálum. Í allan fyrravetur var varla fundur þar sem rædd voru málefni stjórnarandstöðunnar eða þingmanna. Það er það sem ég og við í minni hlutanum höfum viljað koma í veg fyrir núna, herra forseti, með því að óska eftir að þingmannamálin séu tekin til umfjöllunar á eðlilegan hátt. Það á ekkert að vera á aukafundi. Það á að vera á hefðbundnum fundartíma nefndarinnar.

[16:13]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta það að ég var ekkert að draga í land áðan. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að minni hluti þingsins í heild, og minnihlutaþingmenn í allshn., taki ákvörðun um að samþykkja ekki aukafund í nefndinni. Það getur enginn ákveðið það fyrir þessa þingmenn aðrir en þeir sjálfir að mæta ekki á nefndarfundi. Það er ákvörðun nefndarmanna minni hlutans í allshn. að mæta ekki á þessa fundi eða að samþykkja þá ekki þannig að ég er ekki að draga neitt í land með það að það er að endingu ákvörðun minni hlutans í allshn. að hafna slíkum fundum.

Varðandi önnur atriði sem hv. þm. nefndi og þá sérstaklega umræður um mál minni hlutans, þá hafa þau verið tekin til sérstakrar umræðu í nefndinni. Ég geri ráð fyrir því að formaður nefndarinnar taki það til einhverrar umræðu á eftir ef hv. þm. kærir sig um það. Ég held að óhætt sé að segja að flestallir þingmenn, eftir því sem ég best veit, hafi fengið góða meðferð sinna mála í gegnum allshn. og ég vona svo sannarlega að þessi umræða geti orðið til þess að meiri sátt verði um að reyna að liðka fyrir störfum í jafnmikilvægri nefnd og þessari þannig að ekki verði óeðlilegur dráttur á málum vegna þess að neitað er um aukafundi í nefndinni.

[16:15]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. tala þannig eins og við í minni hluta allshn. séum með eitthvert samsæri gagnvart meiri hlutanum. Ég veit ekki í hverju það felst, herra forseti. Ég kannast ekki við það. Þvert á móti höfum við unnið mjög kappsamlega að framgangi mála í nefndinni, kannski um of. Ég hef stundum haft það á orði í nefndinni að málin fari of hratt í gegn og fá ekki nægilega skoðun. Ég spyr hv. þm. um það hver réttur minni hlutans er raunverulega í nefndum þingsins. Hver er réttur minni hlutans? Það á ekki að vera hlutverk minni hlutans í nefndum að afgreiða mál bara á færibandi fyrir ríkisstjórn án skoðunar, jafnvel þó að meiri hlutinn og stjórnarliðar fallist á slík vinnubrögð. Þegar við erum að tala um að samið sé um forgangsröðun mála í þessari nefnd sem og öðrum hvaða mál eigi að afgreiða er það til þess að þau fái eðlilega og faglega umfjöllun í nefndinni. Við erum kannski að afgreiða mál sem gerir svo sem ekkert til þó að liggi fram á næsta haust núna þegar stutt lifir af þinginu. Við viljum því fá að vita hvaða mál það eru sem dómsmrh. og ríkisstjórn vill setja í algjöran forgang og sem þarf nauðsynlega að afgreiða á þinginu en það fáum við bara enga vitneskju um af hálfu meiri hlutans heldur standa þeir bara í ræðustól og tala um samsæri minni hlutans. Við erum einu sinni á löggjafarsamkundunni og hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að þó að stjórnarliðarnir séu í meiri hluta á minni hlutinn ákveðinn rétt bæði í þinginu og í þingnefndum.

[16:17]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er með allra duglegustu þingmönnum í hv. Alþingi og leggur fram gríðarlegan fjölda mála og fylgist vel með og tekur mikinn þátt í störfum allshn. þegar hún er að störfum og þegar máli skiptir. Ég geri alls ekki lítið úr störfum hv. þm. og geri ráð fyrir því að hún uppskeri eins og hún sáir í þeim tilfellum þegar hún kemur fram með góð mál. Ég veit að mörg af málum hennar hafa náð fram að ganga þó svo hún hafi verið í minni hluta og ég held að flestallir hér inni sem hafa verið lengi á þingi geti sagt að þeir hafi náð einhverju fram þó að þeir hafi verið í minni hluta. Auðvitað er það eðli minni hluta að ráða minna en meiri hluti, skiljanlega. Skiljanlega er það. Í því felst lýðræðið og ég geri ráð fyrir því að hv. þm. sætti sig við það og ég á ekki von á því að störf hennar í meiri hluta hafi verið öðruvísi en nú er.

Eftir því sem mér er sagt eru mál minni hlutans tekin nákvæmlega sömu tökum á þessu þingi eins og öðrum, fá umfjöllun eftir því sem beðið er um úti í þjóðfélaginu og eru tekin til umræðu inni í nefndinni. Það er svo aftur annað mál hvernig þau eru síðan afgreidd til ríkisstjórnar eða inn í þingið eða látin bíða en það mega meirihlutamenn einnig sætta sig við. En ég hef ekki orðið var við það að minni hlutinn væri beittur neinum bolabrögðum í þinginu eftir að ég kom hingað inn.

[16:18]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðan við fyrr í dag vorum enn þá að tala um 13. dagskrármálið fagnaði ég því alveg sérstaklega að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvatti til umræðna í allshn. um tiltekið mál og kvaðst aldeilis vera tilbúinn til þess að koma þar á fundi til að ræða málið. Þessu fagnaði ég vegna þess að á tæpri viku hefur þurft að aflýsa þremur fundum í hv. allshn. vegna þess að stjórnarandstaðan í þinginu eða minni hlutinn í nefndinni einn, ekki veit ég hvort það er, neitar að koma á þessa fundi. Ég vildi að þetta kæmi alveg skýrt fram.

Það liggja fyrir mörg mál og þegar er búið að fella niður þrjá fundi á tæpri viku vegna þessa ... (**Gripið fram í:** Er þetta andsvar?) Ég er að taka undir orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar og hef fulla heimild til þess. (**Gripið fram í:** Í andsvari?) (**LB:** Tala við þriðja aðila?) Herra forseti. Mundir þú skera úr málinu?

(**Forseti** (GÁS)**:** Hljóð í salnum. Hv. þm. hefur orðið.)

Ég fagnaði því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vildi koma til að ræða brýn mál í allshn. og tek þar með undir orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar vegna þess að við vitum öll mætavel hversu mörg mál liggja fyrir allshn. og við verðum að koma þeim áfram og ljúka þeim. Það eru almannahagsmunir.

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Hv. 11. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[16:20]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan vegna andsvars hv. þm. Kristjáns Pálssonar þar sem hann svaraði gagnrýni minni á ummæli hans um það að minni hluti þingsins, eins og hann orðaði það, væri að beita fyrir sér minni hluta allshn. til að þvinga fram tiltekna starfshætti. Forseti úrskurðaði að ég gæti ekki borið af mér sakir fyrr en að loknum andsvörunum. Ég hlíti vitaskuld úrskurði forseta en vek samt athygli á því að hv. þm. Hjálmar Jónsson fór upp í andsvari við Kristján Pálsson til að endurtaka raunverulega röksemdir hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

Herra forseti. Mér finnst að við séum e.t.v. komin eilítið út fyrir hefðbundin þingsköp varðandi það efni og bið forseta um að íhuga það mál.

Hins vegar nefndi hv. þm., og það er það sem ég vil gera að umtalsefni, að hv. efh.- og viðskn. hefði haldið sérstakan fund til að fara yfir mál sín. Það er vitaskuld rétt. Þau fundahöld voru haldin í fullu samráði við forseta þingsins. Efh.- og viðskn. dettur ekki í hug að halda aukafundi og hvað þá að fara í sérstakan dagsfund til að skoða mjög mikilvæg mál nema um það ríki bæði fullt samkomulag innan nefndarinnar og við forseta þingsins og þingflokksformenn. Það var vitaskuld í þessu tilfelli. Þetta eru góð vinnubrögð sem eru viðhöfð í efh.- og viðskn. og það eru góð vinnubrögð sem viðhöfð eru í allshn. Það er þessi ómálefnalega gagnrýni hv. þm. Kristjáns Pálssonar sem ég er að mótmæla, gagnrýni á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eða þá þegar hann er að draga inn í það minni hlutann í þingsölum.

Þetta er ósanngjarnt, herra forseti. Það eru engin rök fyrir þessu. Ef minni hlutinn vildi beita einhverjum slíkum aðferðum að tefja störf þá eru vitaskuld til þess leiðir. Við þekkjum það. Við höfum ekki beitt þeim. Við höfum verið í málefnalegri umræðu. Oft og tíðum er málefnaleg umræða nokkuð lengi. Það er eðli málsins þegar mönnum er heitt í hamsi en þetta voru ósanngjarnar ásakanir sem hv. þm. viðhafði gagnvart minni hluta hvort sem hann er í allshn. eða í efh.- og viðskn.

[16:23]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað að ákveðnir hv. þm. eiga enn þá þann kost að ræða málið undir dagskrárliðnum og vill mælast til þess að hv. þm. fari að ýtrustu þingsköpum þegar þeir nýta sér þann rétt þingskapa 55. gr., annars vegar um að ræða störf þingsins og hins vegar að bera af sér sakir, að þeir gæti hófs í þessum rétti sínum.

[16:23]

**Kristján Pálsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst dálítið einkennilegt þegar þingmenn koma upp undir þeim lið að bera af sér sakir og eru í raun, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson gerði, að viðurkenna að hann hafi farið í ferð austur fyrir fjall með efh.- og viðskn. og sagði að það væri rétt eftir mér haft. Hv. þm. kallar það að bera af sér sakir. Ég geri athugasemd við það, hæstv. forseti, að það sé notað undir þessum þingskapalið að kalla þetta að bera af sér sakir eins og ég hafi borið á hann einhverjar ósannar dylgjur sem ég var að sjálfsögðu ekki að gera.

Hv. þm. kom inn á ómálefnalega gagnrýni. Margoft hefur sú gagnrýni verið hrakin sem komið hefur fram á minni hlutann.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill spyrja hvort það sé eitthvað fleira um störf fundarins sem hv. þm. vill ræða?)

Herra forseti. Ég kom upp til þess að ræða störf þingsins. Það var beðið sérstaklega um það að koma hingað upp til þess að ræða einhverjar sakir sem ég hefði borið á þingmann. Ég hefði talið, herra forseti, að forseti ætti að gera athugasemd við það að slíkt mál væri notað gegn þingmanni hér inni að tilefnislausu til að fara upp í ræðustól.

[16:25]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að það að heimila mér að tala undir því að bera af mér sakir var að mínu mati fyllilega réttmætt vegna þess að hv. þm. Kristján Pálsson var að segja áðan og gefa í skyn að það væru viðhöfð einhver óeðlileg vinnubrögð hjá öðrum þingnefndum og tilgreindi sérstaklega efh.- og viðskn. Þar væri unnið með öðrum hætti miðað við allshn. og var þar með að draga niður minni hlutann sem starfar í allshn. og þar sem hann tilgreindi sérstaklega minni hluta þingmanna þá tek ég það til mín. Þetta eru ósæmilegar ásakanir sem hann hefur í garð okkur og þeim er ég að mótmæla. Þess vegna á ég fullan rétt á að koma upp og bera af mér sakir eins og ég hef gert. Hitt er annað mál og hv. þm. hefur fullan rétt á að koma hér um fundarstjórn forseta og kvarta yfir því að það sé með þeim hætti gert eins og forseti leyfði. Ég tel hins vegar að sú umræða sem við höfum átt um þetta sé fyllilega innan þingskapa að öllu leyti nema því að ég tel að það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði áðan í andsvari sínu hafi verið á mörkum. En að öðru leyti held ég að bæði ég og hv. þm. Kristján Pálsson höfum fyllilega haldið okkur innan marka þingskapa. (**HjálmJ:** Ég vil bera af mér sakir.)

[16:26]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti varð ekki var við það að einhverjar sakir hefðu verið bornar á hv. þm. (Gripið fram í.) Forseti getur ekki

orðið við þessum óskum og varð ekki var við það að sérstakar sakir hefðu verið bornar á hv. þm.

[16:27]

**Hjálmar Jónsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það kom fram áðan í máli hæstv. forseta að ekki hefðu verið bornar á mig sakir. Ég varð ekki var við annað en að svo væri í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar þar sem ég hefði farið út fyrir eðlileg mörk áðan og því vil ég upplýsa hann og þingheim um það að ég hugðist koma upp áður til að bera af mér sakir eftir að hv. Jóhanna Sigurðardóttir talaði til mín. Þá benti hæstv. forseti mér á að fara heldur með þetta í andsvar og því kom þetta sem andsvar undir ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

Þannig liggur í málinu og ég vona svo að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi tekið athugasemdir mínar til greina og komi á alla þá fundi í allshn. hér eftir sem hún verður beðin að mæta á.

[16:28]

**Útbýting þingskjala:**

Eignir og skuldir heimila, 602. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1015.

Norræna vegabréfasambandið, 601. mál, fsp. HG, þskj. 1014.

Stjórn fiskveiða, 591. mál, frv. ÁJ, þskj. 999.

Umferðarlög, 341. mál, brtt. allshn., þskj. 1018.

Virkjanaundirbúningur og gæsla íslenskra hagsmuna, 599. mál, fsp. HG, þskj. 1012.

[16:28]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég tek til máls um það frv. sem við erum að fjalla um, þ.e. breytingu á umferðarlögum varðandi öndunarsýni en ég hygg að það sé búið að ræða það mál býsna vandlega en umræðan að undanförnu hefur aðallega snúist um vinnubrögð í allshn. og ég tel að sem formaður allshn. verði ég að koma nokkuð að því máli.

Ég held að við þurfum í sjálfu sér ekkert að efast um að hv. þm. vinna almennt af bestu samviskusemi á hinu háa Alþingi og ég get alveg tekið undir það að minni hlutinn í allshn. hefur unnið af samviskusemi og það á ekki síst við um hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vegna þess að hún spurði um það áðan. Hins vegar er jafnljóst að stjórnarandstaðan í þinginu tók sig saman um það að mótmæla öllum aukafundum og það vill svo til að það bitnaði sérstaklega á allshn. Það hafa verið nefnd mörg dæmi um það í umræðunni og ég get auðvitað nefnt ýmis dæmi um það. Ég get m.a. upplýst að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bauð það sérstaklega að við mundum funda á laugardegi til þess að reyna að vinna í öllum þeim fjölda mála sem liggja fyrir nefndinni og því var boðaður fundur á þeim degi en stjórnarandstaðan í þinginu mótmælti því þannig að ég er ekki, hvað mig sjálfa varðar, að bera neinar ávirðingar á hv. þm. í því sambandi. En þetta er hins vegar staðreynd sem liggur fyrir.

Ég held að það sé misskilningur að um einhver persónuleg ummæli eða persónulegar ávirðingar sé að ræða. Þetta eru náttúrlega átök milli meiri hluta og minni hluta í þinginu. Það var sagt áðan að minni hlutinn ætti ákveðinn rétt. Ég get alveg eins sagt á móti að meiri hlutinn hefur líka oft velt því fyrir sér hvort hann ætti ekki rétt, því stjórnarandstaðan hefur auðvitað ákveðin tök á meiri hlutanum.

Við erum búin að vinna mikið í allshn. og halda marga fundi og hafa bæði meiri hluti og minni hluti komið þar að. Ég vil fá að nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að upplýsa það að samkvæmt því yfirliti sem ég hef um stöðu mála í fastanefndum sem er dags. 20. mars sl. þá eru stjórnarfrv. 11 talsins í allshn. Frv. frá þingmönnum eru 14 og þáltill. eru 9. Þetta yfirlit er tvær og hálf blaðsíða yfir stöðu mála í fastanefndum. Ég hygg að þetta sé mestur fjöldi mála í einni fastanefnd í þinginu.

Því miður er það svo að hefðbundinn fundartími dugar bara alls ekki varðandi störf í allshn. Vissulega hefði ég viljað hafa tíma til að ræða öll þessi mál og ég vona bara að meiri hlutinn og minni hlutinn nái saman um að vinna sem best (Gripið fram í.) og að sem flestum málum, jafnt í umferðaröryggismálum, sem hér eru til umræðu, sem og í fleirum sem eru auðvitað mjög mikilvæg fyrir hagsmuni almennings í landinu.

Virðulegi forseti. Ég kalla eftir aðstoð stjórnarandstöðunnar til þess.

[16:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér tilgangslaust að karpa um þetta mál áfram. Við í minni hlutanum höfum komið því skýrt á framfæri sem við teljum mjög ósanngjarna gagnrýni af hálfu meiri hlutans á störf minni hlutans í allshn. Við höfum mætt á ýmsa aukafundi sem haldnir hafa verið á þessu þingi sem boðað hefur verið til af hálfu meiri hlutans og ekkert skorast þar undan. En meiri hlutinn verður líka að átta sig á því að það stendur líka upp á hann í þinginu og stjórnarliða og ríkisstjórnina að koma sér saman um hvaða mál eigi að afgreiða í þinginu áður en því lýkur kannski á næstu vikum. Það er auðvitað í samræmi við eðlileg og skynsamleg vinnubrögð, ekki síst þegar formaður allshn. upplýsir að 34 mál séu óafgreidd í allshn. og ljóst að við komumst ekki yfir öll þessi mál á stuttum tíma, að minni hlutinn í allshn. fái vitneskju um hvaða stjórnarfrv. það eru sem hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórnin leggja áherslu á.

Það er ekkert skrýtið þó að stjórnarandstaðan hafi verið að mótmæla aukafundum sem bæði hafa stangast á við störf í öðrum nefndum og ekki síst þegar hún fær ekki að vita hvernig lyktir á þessu þinghaldi eigi að vera og hvernig allshn. t.d. á að ganga til verka varðandi þau 34 mál sem enn eru óafgreidd og hvað við eigum að setja í forgang þar. Kannski erum við að afgreiða og fara yfir einhver mál og eyða dýrmætum fundartíma nefndarinnar í að fara yfir stjórnarfrv. sem ekki liggur nokkurn skapaðan hlut á að afgreiða. Ég tel því að sú gagnrýni sem hefur komið fram af hálfu meiri hlutans sé mjög ósanngjörn og ég vil leyfa mér að vona, þó að ég vilji ekkert fullyrða um það, að þessi gagnrýni sem hér hefur komið fram geti haft áhrif á störf allshn. það sem eftir lifir þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Vörugjald, 2. umr.*

Stjfrv., 347. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 460, nál. 1001, brtt. 1002.

[16:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald, með síðari breytingum. Þetta frv. var lagt fram fyrir áramót en hefur tafist í meðförum nefndarinnar en hún hefur nú

afgreitt málið og gerir tillögu til breytinga á frv. í einum tíu liðum sem ég mun gera grein fyrir.

Þessar breytingar eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis en í frv. fjmrh. var gert ráð fyrir að framkvæmd gjaldsins færi til ríkisskattstjóra. Nefndin leggur til að þessu ákvæði frv. verði breytt. Þetta ákvæði kom fram í nokkrum greinum þess. Í stað þess verði gengið þannig frá að skattstjórar munu halda áfram að annast álagningu vörugjaldsins en hins vegar getur fjmrh. ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum.

Þá er lagt til að við 9. gr. frv. bætist að tollskrárnúmer 8517.1901 falli brott en með þessu er lagt til að vörugjald verði fellt niður af rafeindasímtækjum sem bera nú 25% vörugjald.

Þá er loks lagt til að gildistöku verði breytt og miðað við 1. júní 1998.

Enn fremur vil ég geta þess, hæstv. forseti, að lagt er til að í lögunum verði skýrt kveðið á um heimild til sölu eða innflutnings á hráefni eða efnum án vörugjalds til innlendrar framleiðslu hvort sem um gjaldskylda eða ógjaldskylda framleiðsluvöru er að ræða og að uppgjörstímabil vörugjalds verði samræmt uppgjörstímabili virðisaukaskatts og gjalddagar verði þeir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts vegna sölu á vöru og þjónustu hér á landi.

Hæstv. forseti. Öll nefndin ritar undir þetta nefndarálit og ég vona að þingheimur geti fallist á þær brtt. sem gerðar eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búfjárhald, 1. umr.*

Stjfrv., 543. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 928.

[16:39]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum. Mál þetta er flutt á þskj. 928 og er 543. mál þessa þings.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en var þá ekki útrætt og er nú endurflutt óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að heiti laganna verði breytt og verði: Lög um búfjárhald, forðagæslu og fleira, sbr. 5. gr. frv.

Tilgangur laganna um búfjárhald er að tryggja svo sem kostur er góða meðferð búfjár og að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Frv. sem hér er flutt varðar ákvæði III. kafla laganna um vörslu búfjár og ákvæði V. kafla sem fjallar um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár. Tilgangur forðagæslunnar er að tryggja að ætíð sé til nægilegt fóður fyrir þann búfénað sem settur er á vetur og að unnt sé að grípa til ráðstafana ef út af ber.

Starfi forðagæslumanna er þannig háttað að skráð er allt búfé sem sett er á vetur, birgðir gróffóðurs mældar og metnar að magni og gæðum og skráð uppskera korns og garðávaxta. Athugaður er húsakostur og aðbúnaður fénaðar, þar með talinn aðbúnaður útigangshrossa. Ef fram kemur að fóður skorti snemma vetrar er gripið til viðeigandi ráðstafana. Þá er búfjáreftirlitsmönnum ætlað það hlutverk að fylgjast með ástandi beitilanda í byggð á starfssvæði sínu.

Markmið laganna um búfjárhald er að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna fóðurskorts og vanhirðu. Veigamikill munur er á þessum lögum og lögum um dýravernd nr. 15/1994, en samkvæmt þeim eru að jafnaði ekki tök á að grípa inn í fyrr en talið er að í óefni sé komið. Til þess að eftirlitskerfi eins og að framan er lýst geti þjónað tilgangi sínum þurfa eftirlitsmenn að eiga aðgang að öllum lögbýlum og ákvæði laga þurfa að vera skýr um málsmeðferð sé þeim synjað um aðgang eða þeir hindraðir á annan hátt við störf sín.

Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að bændur hafi synjað eftirlitsmönnum um upplýsingar og aðgang að býlum sínum. Verði framhald á slíku skerðir það áreiðanleika og gildi þeirra upplýsinga sem hér um ræðir og getur hindrað eðlilega framkvæmd ýmissa ákvæða svo sem að því er varðar beingreiðslur í sauðfjárframleiðslunni.

Einn megintilgangur laganna um búfjárhald er sem fyrr segir að tryggja að við framleiðslu sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Vaxandi kröfur neytenda um skilgreindar og rekjanlegar upplýsingar um uppruna búfjárafurða gera það að verkum að taka þarf reglur um merkingu gripa til gaumgæfilegrar skoðunar og aðlaga þær nútímakröfum og breyttum aðstæðum.

Í löndum Evrópubandalagsins er nú þegar skylda að merkja alla gripi samkvæmt viðurkenndu merkingarkerfi sem samræmt er fyrir aðildarlöndin öll. Umræða um búfjármerkingar hér á landi hefur verið í samræmi við þróun þessara mála víða erlendis. Í lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og reglugerð við þau, er kveðið svo á að við slíka framleiðslu skuli allt búfé vera einstaklingsmerkt með öruggum hætti. Hliðstæð ákvæði um einstaklingsmerkingu sláturgripa er í reglugerð nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu. Þá er áhugi fyrir því innan Félags hrossabænda að taka upp merkingar hrossa með svipuðum hætti til þess m.a. að kaupendur hrossa geti betur treyst því að ætterni þeirra sé rétt tilgreint í upprunavottorðum en slíkt er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir hrossamarkaðinn.

Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, eru ákvæði um búfjármörk. Ákvæði þeirra laga fjalla fyrst og fremst um sönnun eignarréttar en lagaheimild skortir til að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt til sönnunar á uppruna, m.a. í sambandi við gæðastýringu.

Hæstv. forseti. Með hliðsjón af framansögðu er talin ástæða til að styrkja nokkur ákvæði laganna til að tryggja framkvæmd þeirra og er frv. þetta flutt í því skyni. Breytingarnar miða í fyrsta lagi að því að tryggja hindrunarlausa framkvæmd ákvæðanna um forðagæslueftirlit og talningu búfjár. Í öðru lagi að styrkja hlutverk búfjáreftirlitsmanna sem eftirlitsmanna með nýtingu lands. Í þriðja lagi að renna traustari stoðum undir þau ákvæði laganna er varða heilbrigði búfjár og mun ég gera nánari grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til með frv.

Til þess að tryggja lagagrundvöll fyrir ákvæðum um skyldumerkingu búfjár í samanburði við það sem ég hef rakið að framan er lagt til að bætt verði við 5. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um heimild til að koma á skyldumerkingu búfjár eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi. Eitt af hlutverkum búfjáreftirlitsmanna er að fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Til að gera þá framkvæmd markvissari en verið hefur er bætt inn í ákvæði um að búfjáreftirlitsmaður skuli gera sveitarstjórn

og landgræðslustjóra aðvart telji hann um illa meðferð lands að ræða. Með vaxandi hrossaeign þéttbýlisbúa færist í vöxt að bændur taki hross í hagagöngu. Vill þá brenna við að ekki séu fyrir hendi upplýsingar um eigendur og ábyrgðarmenn hrossanna. Því þykir rétt að skylda landeigendur til að hafa jafnan tiltækar upplýsingar um eigendur og fjölda gripa í hagagöngu í landi þeirra.

Nokkuð er jafnan um að ábúendur lögbýla og aðrir umráðamenn búfjár meini búfjáreftirlitsmönnum að ganga að gripahúsum og/eða beitilöndum. Slíkt dregur úr gildi upplýsinganna og veldur sem fyrr segir erfiðleikum við ýmsa framkvæmd. Rétt er að hafa í huga að oftar en ekki er ástæðan fyrir slíkri tregðu sú að ekki er allt með felldu hvað varðar meðferð lands, fóðurbirgðir og velferð dýranna. Með tilliti til þessa er talið nauðsynlegt að treysta ákvæði laganna svo grípa megi til aðgerða í slíkum tilvikum. Því er lagt til að við niðurlag 10. gr. bætist nýtt ákvæði sem heimilar landbrh. með aðstoð lögregluyfirvalda að grípa til nauðsynlegra ráðstafana takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta.

Umtalsverður kostnaður getur fylgt því fyrir viðkomandi sveitarstjórn ef grípa þarf til aðgerða vegna fóðurskorts og vanhirðu búfjár. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða umtalsverðar fjárhæðir sem sveitarstjórn er ábyrg fyrir. Því er lagt til að sett verði í lög skýr ákvæði sem tryggi sveitarstjórn rétt til að krefjast veðs í fénaði viðkomandi bónda vegna greiðslu kostnaðar sem af slíkum aðgerðum hlýst.

Til þess að tryggja tafarlausar aðgerðir ef upp koma alvarleg brot vegna fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi gagnvart dýrum er lagt til að við 11. gr. verði bætt ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að svipta búfjáreiganda fyrirvaralaust og til bráðabirgða leyfi til búfjárhalds í samræmi við dýraverndarlög. Skal þá búfénu ráðstafað eins og búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir telja að best tryggi velferð þess.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef rakið í framsögu þessari er með frv. fyrst og fremst verið að treysta ákvæði laganna að því er varðar framkvæmd nokkurra ákvæða og lögfesta heimild til að ákveða skyldumerkingu búfjár. Í umræðum sem urðu á Alþingi þegar frv. þetta var til meðferðar á síðasta þingi komu fram þau sjónarmið að taka þyrfti fleiri ákvæði laganna um búfjárhald til endurskoðunar en þau sem tekið er á í frv. þessu. Raunar þyrfti að fara fram heildarendurskoðun á lögunum. Ég hef ákveðið að láta hefja slíka heildarendurskoðun en tel afar brýnt að þær breytingar sem nú er lagt til að gerðar verði bíði ekki slíkrar heildarendurskoðunar heldur hljóti lögfestingu á þessu þingi.

Einnig vil ég geta þess að í umræðum á þinginu í fyrra bentu nokkrir hv. þm. á nauðsyn þess að styrkja lagaákvæði sem lúta að því að taka á vandamálum sem upp koma vegna ágangs búfjár og ofbeitarvandamála. Í því frv. sem hér er flutt eru ákvæðin um hlutverk forðagæslumanna og eftirlitsmanna lands styrkt til muna og geri ég mér vonir um að það auðveldi sveitarstjórnarmönnum og Landgræðslu ríkisins að taka á slíkum málum. Varðandi ofbeitarvandamál og vandamál vegna ágangs búfjár að öðru leyti þá eru þau nú til athugunar í landbrn. og hjá Landgræðslu ríkisins. Reynist ekki gerlegt að taka skipulega á þeim málum samkvæmt ákvæðum gildandi laga mun ég beita mér fyrir endurskoðun laganna um Landgræðslu ríkisins, eða eftir atvikum lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til að tryggja eðlilega og nauðsynlega framkvæmd þeirra mála. Þessi atriði munu að sjálfsögðu einnig koma til skoðunar við væntanlega heildarendurskoðun á lögunum um búfjárhald.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 950.

[16:48]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Frv. þetta er flutt á þskj. 950 og er 559. mál þingsins.

Frv. er flutt til að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum í framhaldi af búvörusamningi sem var undirritaður þann 17. desember sl. um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Gildandi samningur um stjórnun mjólkurframleiðslunnar milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda, nú Bændasamtaka Íslands, frá 15. ágúst 1992 rennur út 31. ágúst nk. Í þeim samningi eru ákvæði sem kveða á um að gerð skyldi úttekt á framkvæmd samningsins að fjórum árum liðnum frá gildistöku þessa samningsins milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt frá 11. mars 1991. Í framhaldi af því var hafinn undirbúningur viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði. Sú úttekt átti því í raun að fara fram árið 1995 en dróst af ástæðum sem ég kem að síðar.

Gildandi búvörusamningur um stjórnun mjólkurframleiðslunnar grundvallaðist í megindráttum á starfi svokallaðrar sjö manna nefndar sem var skipuð þann 31. mars 1991 í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna svokölluðu og í áttu sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda, bænda og stjórnvalda. Þann 23. september 1996 endurskipaði ég sjö manna nefnd á grundvelli samkomulags sem náðist milli aðila að nefndinni um áframhaldandi starf og starfsvettvang við stefnumörkun um málefni landbúnaðarins. Samkomulag varð um að nefndin starfaði að eftirfarandi verkefnum:

Í fyrsta lagi að athugun á rekstrarskilyrðum landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin. Í öðru lagi að athugun á verðlagningu búvara og samkeppnislöggjöf með hliðsjón af hliðstæðum í nágrannalöndum okkar. Í þriðja lagi að innflutningsvernd fyrir landbúnaðarvörur. Í fjórða lagi að hagræðingu við framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara og í fimmta lagi að smásöluverslun og verðlagslöggjöf með viðskipti með búvörur.

Álit nefndarinnar um framleiðslu og vinnslu mjólkur, sem samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar byggist á, inniheldur úttekt á þróun í framleiðslu og vinnslu mjólkur á síðustu árum, hvaða áhrif samningur um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 1992 hefur haft og tillögur um hvert beri að stefna á næstu árum í málefnum mjólkurframleiðenda og mjólkuriðnaðar og í markaðsmálum greinarinnar.

Álit nefndarinnar er prentað með frv. þessu sem fskj. II og vísa ég til þess um nánari upplýsingar.

Með búvörusamningnum sem gerður var í ágúst 1992 voru gerðar grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum mjólkurframleiðslunnar. Útflutningsbætur voru aflagðar, framleiðsluskilyrði voru þrengd og niðurgreiðslur voru færðar af heildsölustigi yfir í beingreiðslur til bænda. Heildargreiðslumark mjólkur við upphaf samningsins var lækkað úr 104,5 milljón lítrum í 100 milljón lítra og leyfð var sala á greiðslumarki milli framleiðenda. Gerð var tiltekin krafa til mjólkurframleiðenda og mjólkurbúa um hagræðingu sem leiddi til lækkunar á raunverði mjólkur til bænda og neytenda. Til að ná því fram var m.a. ráðstafað fjármunum úr verðmiðlunarsjóði til úreldingar á mjólkurbúum og í hagræðingarverkefni meðal bænda.

Samningur sá, er var undirritaður 17. desember sl., spannar tímabilið frá 1998, frá lokum þess samnings sem nú gildir, til ársins 2005. Samningurinn felur í sér umtalsverðar breytingar frá gildandi samningi. Um efni samningsins vísa ég til fskj. I og III með frv. þessu en ætla að víkja aðeins að aðalefnisatriðum hans. Í samningnum er byggt á þessum markmiðum:

Í fyrsta lagi að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur. Í öðru lagi að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið og í þriðja lagi að nýta sem best skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Ég vil nefna þær meginbreytingar sem samningurinn felur í sér og lagt er til að verði lögfestar. Fyrst má nefna að núverandi verðlagningarfyrirkomulagi búvara verður breytt. Eftir gildandi lögum ákveður verðlagsnefnd búvöru, svonefnd sex manna nefnd, verð á mjólk og nautgripakjöti til framleiðenda auk annarra búvara sem kunna að falla þar undir en fimm manna nefnd ákveður verð mjólkur og mjólkurvara og nautgripakjöts, svo og verð annarrar búvöru í heildsölu. Verði frv. lögfest hættir fimm manna nefnd störfum en verkefni hennar færast yfir til verðlagsnefndar búvöru. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að verðlagning verði einfölduð við að 18. gr. gildandi laga falli niður en þar segir m.a. að enginn megi kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna. Þessi ákvæði gerðu það óheimilt að víkja frá skráðu verði í samningum milli kaupenda og seljenda sem nú verður heimilt.

Veruleg nýmæli er að finna varðandi fyrirkomulag um verðlagningu á afurðum nautgripa. Í stað þess að miða verðlagningu á mjólk og nautgripakjöti við afurðir meðalbús, skal miða verðlagninguna við bú af hagkvæmri stærð með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum. Með þessu fyrirkomulagi eru verðlagsnefnd búvara gefnar frjálsari hendur við mat á því hvernig verðlagsgrundvallað bú fyrir mjólk er fundið, þar sem nefndinni er ekki skylt að miða við reikningsleg meðaltöl. Verðlagsnefnd skal ákveða lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk sem hverri afurðastöð ber að greiða að lágmarki í stað þess að skrá fast verð. Um þetta atriði var full samstaða í sjö manna nefnd. Því til viðbótar leggur nefndin til að verðskráningu á nautgripakjöti verði hætt eigi síðar en 1. september 1998. Verðlagsnefnd er samt ætlað það hlutverk að meta framleiðslukostnað nautgripakjöts við gerð verðlagsgrundvallar fyrir mjólkurframleiðsluna við ákvörðun lágmarksverðs. Tillögur sjö manna nefndar um fyrirkomulag á verðlagningu á nautgripakjöti koma til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1998.

Nýmæli er að viðurkenndum samtökum skv. 4. gr. laganna er heimilað að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir nautgripakjöt og kindakjöt. Hér er vísað til Landssambands kúabænda og Samtaka sauðfjárbænda. Það á sér hliðstæðu í að verðlagsnefnd búvara hefur skráð annað verð á einstökum flokkum nautgripakjöts og kindakjöts en hefur numið áætlun framleiðslukostnaðar í verðlagsgrundvelli fyrir kúabú og verðlagsgrundvelli fyrir sauðfjárbú. Í reynd hefur það leitt til þess að tekjuáætlun verðlagsgrundvallar fyrir þessar búgreinar hefur ekki náðst en verið talið nauðsynlegt af forsvarsaðilum búgreinanna vegna markaðsaðstæðna. Þessar ákvarðanir hafa hverju sinni verið gerðar í samræmi við tillögu frá landssamtökum þessara búgreina. Með þessu ákvæði frv. eru lögð skýr mörk milli laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum annars vegar og samkeppnislaga nr. 8/1993 hins vegar hvað varðar rétt samtaka framleiðenda nautgripakjöts og kindakjöts til að gefa út leiðbeinandi verð.

Þá vil ég víkja að fyrirkomulagi verðlagningar á vinnslu- og heildsölukostnaði. Svo sem áður er rakið mun verðlagsnefnd búvara ákveða heildsöluverð búvara í stað fimm manna nefndar er verður lögð niður. Fimm manna nefnd hefur verðlagt vinnslu- og heildsölukostnað afurða nautgripa, sauðfjár og alifugla. Samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 var gert ráð fyrir að heildsöluverðlagningu sauðfjárafurða yrði hætt haustið 1997. Þeirri ákvörðun var frestað af fimm manna nefnd til haustsins 1998. Rök nefndarinnar fyrir því eru að rétt væri að leggja af heildsöluverðlagningu á kindakjöti á sama tíma og henni verður hætt til framleiðenda, sem verður 1. september nk. Í áliti sjö manna nefndar frá 4. nóvember sl. er gerð tillaga um að verðlagningu á mjólk og mjólkurafurðum í heildsölu verði hætt eigi síðar en 30. júní 2001. Þessi tillaga er tekin upp í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 17. desember sl. sem verður verkefni verðlagsnefndar búvöru að koma til framkvæmda.

Ákvæði er um að verðlagsnefnd geti heimilað samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði að gera samning sín á milli um verðtilfærslu milli afurða, komi um það tillögur frá samtökunum eða einstökum afurðastöðvum. Það er í samræmi við álit sjö manna nefndar frá nóvember 1997 og samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá desember 1997. Það er jafnframt í samræmi við núgildandi fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða, en með gildandi lögum er Framleiðsluráði landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilað að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Í því samkomulagi er heimilt að kveða á um verðtilfærslu til að jafna framlag mismunandi framleiðslutegunda milli mjólkurbúa.

Samningur um verðtilfærslu milli afurðastöðva mun ekki binda aðrar afurðastöðvar en þær sem að honum standa. Öllum afurðastöðvum verður frjálst að taka þátt í þessum samningum eða standa utan þeirra. Þeir munu ekki taka gildi nema með samþykki verðlagsnefndar. Sú verðtilfærsla milli afurða sem um ræðir á rót sína að rekja til þess tíma er niðurgreiðslum á verði mjólkur var breytt í beinar greiðslur til bænda árið 1992. Það var gert á þann hátt að saman-

lögð niðurgreiðsla úr ríkissjóði á einstakar mjólkurafurðir á ársgrundvelli var færð sem beingreiðsla til framleiðenda, reiknað á hvern lítra mjólkur sem kom til sölu innan lands. Hlutfall niðurgreiðslunnar nam þá 47,1% af verði mjólkur til framleiðenda en var bundið fast með samningi um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá árinu 1992. Með frv. þessu er lagt til að lögfest verði verðtilfærslugjald af innveginni mjólk í afurðastöð sem er innan greiðslumarks.

Við lögfestingu ákvæða í búvörusamningnum frá 1992 var niðurgreiðslu á verði mjólkur og mjólkurafurða í heildsölu hætt en jafnvirði þeirra greitt beint til bænda svo sem ég hef áður rakið. Niðurgreiðslur voru þá mjög breytilegar sem hlutfall af verði hverrar afurðar. Í hlutfalli af framleiðslukostnaði voru niðurgreiðslur mestar á smjöri og mjólkurdufti. Til að valda ekki röskun á markaði mjólkurafurða við þessa tilfærslu á fjármunum var tekin ákvörðun í fimm manna nefnd á þessum tíma að heimila tilfærslur á milli verðs einstakra afurða sem hefur verið við lýði síðan. Það er gert á þann hátt að við heildsöluverðlagningu er fært af verði einnar afurðar til annarrar, þó þannig að summa fjárhæðar til hækkunar vara verði jöfn summu fjárhæða til lækkunar á öðrum vörum. Hér er lagt til að gjald þetta verði bundið í lögum og að það verði ákveðið 2,65 kr. af hverjum lítra mjólkur og verði notað til að lækka verð tiltekinna afurða. Sé miðað við núverandi markað mjólkur og mjólkurafurða mun gjald þetta nema tæplega 270 millj. kr. á ári. Gjald þetta mun verða til árlegrar endurskoðunar og koma til athugunar hjá verðlagsnefnd búvara þegar nefndin hefur verið skipuð. Innheimta þessa gjalds nemur nú rúmlega 300 millj. kr. á ári og mun því lækka árlega um ríflega 35 millj. kr. Lækkun gjaldsins mun væntanlega leiða til hækkunar á verði þeirra afurða sem fá til sín verðtilfærslu, svo sem smjörs, undanrennudufts og nýmjólkurmjöls, en á móti kemur lækkun annarra afurða vegna lægri gjaldtöku.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi verðákvörðunar verðlagsnefndar búvöru fyrir afurðir annarra búgreina en sauðfjár og nautgripa að öðru leyti en því sem viðkemur breytingum sem koma í kjölfar niðurfellingar á 18. gr. laganna og ég hef rakið.

Þá vil ég nefna breytingar sem verða á skipan verðlagsnefndar búvöru. Nefndin hefur verið skipuð þremur fulltrúum framleiðenda sem Bændasamtök Íslands hafa tilnefnt og þremur fulltrúum neytenda. BSRB hefur rétt til að tilnefna einn þeirra og ASÍ tvo.

Svo sem kunnugt er hafnaði ASÍ tilnefningarrétti í nefndinni í nóvember 1996 og tilnefndi félmrh. í þeirra stað samkvæmt ákvæðum laganna.

Í frv. er skipan nefndarinnar breytt á þann hátt að fulltrúum neytenda í nefndinni fækkar úr þremur í tvo við það að stjórn ASÍ tilnefnir einn í stað tveggja fulltrúa. Á sama hátt fækkar fulltrúum framleiðenda í tvo. Jafnframt er gert ráð fyrir því að stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir viðurkenndra samtaka búgreinafélaga í þeim greinum sem verðlagt er fyrir tilnefni fulltrúa í sameiningu. Sé tekið mið af þeirri verðlagningu sem fer fram í dag mundu Bændasamtök Íslands, Landssamtök sauðfjárbænda og Landssamband kúabænda tilnefna tvo menn í nefndina í sameiningu. Ef ekki næst samstaða milli þessara aðila um fulltrúa tilnefnir landbrh. í þeirra stað.

Nýmæli er að gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra tilnefni fulltrúa í nefndina og sé hann formaður nefndarinnar. Enn fremur er það nýmæli að gert er ráð fyrir fulltrúum frá samtökum afurðastöðva í nefndina er komi frá þeirri vinnslugrein sem verðlagt er fyrir hverju sinni. Þetta er sama fyrirkomulag og er gildandi fyrir fimm manna nefnd, en í henni taka sæti fulltúar afurðastöðva í þeirri vinnslugrein sem fjallað er um hverju sinni. Fulltrúar frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði taka því þátt í verðlagningu þegar fjallað er um verðlagsmál mjólkur og fulltrúar Landssamtaka sláturleyfishafa þegar fjallað er um verðlagsmál sláturafurða. Gert er ráð fyrir að samtök afurðastöðva eigi einn fulltrúa í nefndinni þegar fjallað er um verðlagningu til framleiðenda, en tvo þegar fjallað er um verðlagningu á vinnslu- og heildsölustigi. Annar fulltrúi framleiðenda víki þá úr nefndinni sem verður sem áður sex manna. Komi ekki tilnefning frá samtökum launþega í nefndina tilnefnir félagsmálaráðherra í þeirra stað en landbúnaðarráðherra í stað samtaka afurðastöðva. Sama á við ef samtök afurðastöðva eru ekki starfandi.

Ákvarðanir í verðlagsnefnd búvöru verða teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Til að tryggja meiri hluta í nefndinni, komi upp ágreiningur, fær atkvæði formanns tvöfalt vægi komi upp jöfn staða atkvæða.

Með þessari breytingu laganna hverfur hlutverk sáttasemjara ríkisins við verðlagningu búvara komi upp ágreiningur. Á sama hátt fellur niður verkefni þriggja manna úrskurðarnefndar sem skal skera úr ágreiningi um verðlagningu búvara reynist sáttaumleitanir árangurslausar.

Með þeim breytingum sem raktar hafa verið á fimm manna nefnd og verðlagsnefnd búvara er verið að gera verðlagningarfyrirkomulag búvara einfaldara, hraðvirkara og hagkvæmara.

Þá vil ég víkja að öðru þýðingarmiklu atriði sem er fyrirkomulag framleiðslustjórnunarinnar. Með búvörusamningnum frá 1992 var tekið upp greiðslumark fyrir mjólkurframleiðsluna til að takmarka framleiðslu mjólkur við innanlandsmarkað með því að verðstuðningur yrði ekki veittur við framleiðslu umfram markaðsþörf innan lands. Í skýrslu sjö manna nefndar frá maí 1992, sem núgildandi samningur um stjórnun mjólkurframleiðslunnar byggði á, var gerð tillaga um það fyrirkomulag framleiðslustýringar í framleiðslu mjólkur sem nú er í gildi. Í skýrslunni var tekið fram að fjallað hefði verið um ýmsar hugmyndir um sveigjanleika í framleiðslustjórnun en ekki náðist samkomulag um breytingar á þann hátt fyrir tímabilið fram til ársloka 1994. Í ljósi þess taldi nefndin eðlilegt að fram færi fyrir árslok 1994 ítarleg könnun á áhrifum framleiðslustýringar samkvæmt gildandi búvörusamningi og þá sérstaklega hugað að því að auka sveigjanleika í þessu efni.

Í áliti sjö manna nefndar frá nóvember sl. er lagt til að kannaðir verði möguleikar á að koma á sveigjanlegri framleiðslustjórnun þar sem tilfærsla greiðslumarks verði ekki eingöngu bundin við kaup og sölu. Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar eru ákvæði um að samningsaðilar standi að könnun og mati á leiðum til þess að auka sveigjanleika núverandi framleiðslustjórnunar og auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki. Þessari athugun skal lokið fyrir 1. júní nk.

Í frv. er gert ráð fyrir að fyrirkomulag framleiðslustjórnunar haldist fyrst um sinn með sama sniði og áður og að greiðslumark jarða 1. sept. nk., þegar nýr samningur tekur gildi, verði það sama og hefði orðið miðað við að núgildandi samningur hefði haldist óbreyttur. Það leiðir af sér að heildargreiðslumark verður það sama og áður að teknu tilliti

til breytinga á markaði fyrir mjók og mjólkurafurðir innan lands. Gerð er sú breyting á að beingreiðslur til framleiðanda mjólkur skal vera 47,1% af lágmarksverði mjólkur. Í þessu felst breyting frá gildandi fyrirkomulagi við ákvörðun beingreiðslu sem nemur 47,1% af grundvallarverði mjólkur eins og það hefur verið ákveðið á hverjum tíma. Prósentan er sú sama en viðmiðunin breytist.

Nýmæli um viðskipti með greiðslumark eru að þau skuli fara um einn markað. Þar er byggt á tillögum sjö manna nefndar frá 4. nóv. 1997 um viðskipti með greiðslumark sem eru sett fram með það að markmiði að viðskiptin valdi sem minnstri hækkun á framleiðslukostnaði mjólkurafurða sem hátt verðlag á framleiðslurétti hefur leitt af sér og að upplýsingar um þróun viðskipta með greiðslumark verði opnari og áreiðanlegri. Þetta viðskiptafyrirkomulag á sér fyrirmynd hjá öðrum þjóðum, svo sem í Danmörku og í Kanada, þar sem þetta fyrirkomulag er talið gefa góða raun.

Þá vil ég víkja að breytingum sem varða framleiðslu sauðfjárafurða. Það varðar ákvæði um að hætta gjaldtöku við útflutning á kindakjöti sem nemur 30 kr. á kíló og að undanþiggja allt útflutningsskylt kindakjöt sem slátrað er utan haustsláturtíðar útflutningsuppgjöri. Í núgildandi lögum nær undanþágan einungis til dilkakjöts. Þessar breytingar eru gerðar að tillögu Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda. Að fenginni reynslu tveggja sl. ára er talið að ekki þurfi að framkvæma frekari jöfnun milli sláturleyfishafa á verðum við sölu á markaði erlendis en næst með því að skipta betri útflutningsmörkuðum milli sláturleyfishafa.

Ekki verður við 1. umr. farið ítarlega í að skýra einstakar greinar en vísað til greinargerðar með frv. og fskj. með því. Í kostnaðarumsögn með frv. er vakin athygli á að samkvæmt ákvæði 27 í 7. gr. samningsins um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar skuli ríkissjóður leggja fram á fyrstu þremur árum samningstímans 22,5 millj. kr. til tiltekinnar hagræðingar og stuðningsverkefna. Að teknu tilliti til sparnaðar er leiðir af frv. verði hins vegar nettóútgjöld ríkissjóðs nokkru lægri eða tæpar tíu milljónir þessi ár, en úr því geti dregið úr árlegum kostnaði ríkissjóðs við mjólkurframleiðsluna.

Að lokum er rétt að minna á að sá samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, sem hér er lagt til að verði lögbundinn, hefur hlotið staðfestingu kúabænda í almennri atkvæðagreiðslu með miklum meiri hluta. Kosningaþátttaka var 56,3% og samningurinn samþykktur með 88,8% greiddra atkvæða. Þátt tóku 1.067 framleiðendur af 1.896 framleiðendum með atkvæðisrétt.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[17:07]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér er vafalítið á ferðinni mikilvægasta þingmál á sviði landbúnaðar sem verður væntanlega afgreitt á þessu vori. Það fjallar um, eins og hæstv. ráðherra lýsti, endurnýjun á búvörusamningi fyrir mjólkurframleiðslu, en fyrri búvörusamningur var gerður árið 1992. Þá voru gerðar miklar kerfisbreytingar í landbúnaði. Tekið var upp nýtt kerfi opinberrar aðstoðar og fyrirkomulags við verðlagningu og aðra þætti. Með þeim samningi voru útflutningsbætur felldar niður og þá voru felldar niður niðurgreiðslur. Þess í stað voru teknar upp beingreiðslur til bænda. Þá var m.a. sett á greiðslumark og heimiluð sala á því á milli býla. Einnig átti að ná fram hagræðingu með þeim samningi.

Ýmislegt hefur breyst frá því að þessi samningur var gerður og má segja að margt hafi gengið eftir hvað varðar markmiðið með fyrri búvörusamningi. Þó hefur hagræðingunni síst miðað áfram en ýmsir aðrir þættir horft til bóta hvað það varðar að stuðningur hefur minnkað. Aðrir þættir hafa hins vegar þróast miður vel.

Frv. byggir á samningi ríkisvaldsins við Bændasamtökin. Upprunaleg gerð þess samnings var unnin í svokallaðri sjö manna nefnd, en það er margvíslegur fróðleikur sem er í frv., skýrsla sjö manna nefndar, samningurinn sjálfur auk sjálfs frv. og greinargerðar með því. Reyndar er rangnefni að kalla þetta sjö manna nefnd vegna þess að fulltrúi Alþýðusambandsins gekk úr nefndinni og hún starfaði áfram sem sex manna nefnd en niðurstaðan lá fyrir bæði í nál. og síðan samningi.

Helstu breytingar sem eru gerðar varðandi búvörusamninginn miðast vitaskuld við tiltekin markmið. Þau markmið voru að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða, bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu og nýta skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra markaði sem hagkvæmir þykja. Það er augljóst á þessu að markmiðin eru nokkuð háleit eins og oft vill nú verða þegar menn reyna fyrir sér í löggjöf með þessum hætti.

Leiðirnar sem farnar eru og endurspeglast í frv., þær breytingar sem gerðar eru, eru í reynd ekki mjög miklar miðað við fyrri búvörusamning. Við ákvörðun verðs til bænda er nú miðað við hagkvæma bústærð, ekki meðalbú. Þetta mun auka svigrúm við verðlagningu til bænda. Það er áfram inni í þessu verðtilfærsla í nokkuð miklum mæli. Það kemur fram bæði í 4. og 8. gr. frv., verulegar upphæðir sem þar eru færðar á milli. Því kerfi er viðhaldið. Það er óbreytt fyrirkomulag beingreiðslna, þ.e. er 47% af lágmarksverði. Hins vegar felst ein aðalbreytingin í búvörusamningnum í breytingum varðandi verðlagsákvarðanir.

Nú er það svo, herra forseti, að verðákvörðun í landbúnaði er miðstýrð ákvörðun, tekin í nefndum. Í svokallaðri sex manna nefnd er ákveðið verð til bænda. Hins vegar er ákvörðun um verð á heildsölustigi ákveðin í svokallaðri fimm manna nefnd. Ein meginbreytingin í frv. er að nú er ein nefnd, skipuð fimm til sex manns, sem tekur ákvörðun um verð til bænda og verð á heildsölustigi. Hins vegar er nýmæli í þessu að árið 2001 verður þessi verðlagning gefin frjáls. Nefndarskipunin sjálf hefur breyst nokkuð eins og hæstv. ráðherra lýsti. Það koma fagaðilar að ákvörðunum hverju sinni. Enn er gert ráð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins og BSRB inn í þessar nefndir. Vitaskuld mætti hugsa sér öðruvísi samsetningu á þessum nefndum ef menn vilja á annað borð hafa þær. Það má tilgreina Neytendasamtökin en oft hefur komið til umræðu hvort þau ættu ekki að eiga aðild að þessum nefndum. Ef ég man rétt þá var um það rætt til skamms tíma en menn hafa ekki endurvakið þá hugmynd.

Hægt er að segja tvennt varðandi verðákvörðunina, þ.e. að færa þetta undir eina nefnd sé í sjálfu sér til bóta og samsetning nefndarinnar einnig. Hins vegar held ég að ákvörðun eða stefnumótun um að árið 2001 verði tekið upp meira frjálsræði sé of rúmur tími. Það hefði átt að setja sér stífari mörk við að innleiða frjálsari viðskiptahætti í verslun með landbúnaðarafurðir, hvort sem er á heildsölustigi eða verðlagningu til bænda.

Samt er ekki hægt að segja að þetta frv. leiði okkur aftur á bak í skipulagningu á sölu og framleiðslu á mjólkurafurðum.

Það væri ósanngjörn framsetning. Hins vegar eru endurbæturnar mjög litlar. Þetta eru hænuskref sem við höfum verið að taka í breytingum á landbúnaði hérlendis, í sjálfu sér hægari breytingar að nokkru leyti en gert er í nágrannalöndunum. Það er vitaskuld mesta áhyggjuefnið vegna þeirra þriggja staðreynda sem ég hef reynt að draga nokkuð skýrt fram í sambandi við umræðu um landbúnað.

Í fyrsta lagi er hérlendis einn mesti stuðningur við landbúnað sem þekkist í heiminum, opinber stuðningur sem kemur fram bæði í beinum fjárhagsstuðningi og markaðsvernd. Þar erum við með einna mestan stuðning sem þekkist.

Í öðru lagi er það einnig staðreynd að matvæli hér á landi eru 30% dýrari en að meðaltali í Evrópusambandinu. Það kostar sem sagt 30% meira að kaupa inn í matinn fyrir venjulegan neytanda en að meðaltali í Evrópusambandinu. Þessar tvær staðreyndir eru ekki til hagsbóta fyrir okkur, að vera með einn mesta stuðning í heiminum og hátt matarverð.

Þriðja staðreyndin er óhugnanlegust. Hún er sú að bændur eru fátækasta og tekjulægsta stétt landsins. Þegar þessar þrjár staðreyndir eru skoðaðar spyr maður vitaskuld: Er ekki eitthvað í uppbyggingu kerfisins sem leiðir til slíkra staðreynda því þær eru óumdeildar? Ég held að enginn komi hér upp og segi að bændur séu tekjuháir eða séu ekki tekjulægsta stétt landsins. Ég held að það sé enginn sem geti komið og sagt með neinum rökum að hér sé ekki einn mesti stuðningur við landbúnað í heiminum. Það er þannig. Það eru aðeins nokkur lönd fyrir ofan. Það er heldur ekki hægt og fullyrða að matvæli séu hér á sambærilegu verði og í Evrópusambandinu. Það er ekki svo.

Þótt bændur beri ekki mikið úr býtum og staða sauðfjárbænda sé reyndar enn þá daprari en mjólkurframleiðenda, þá sjáum við að fjölmargir í milliliðastarfsemi í tengslum við landbúnað virðast hafa það býsna gott og hafa tryggt sér ágæta afkomu undanfarna áratugi. Þetta þekkja menn sem hafa skoðað ársreikninga sem þar liggja á bak við, að þar hefur átt sér stað mikil eiginfjármyndun um margra áratuga skeið og einhvers staðar kemur hún.

Varðandi stöðu kúabænda er mjög athyglisvert, herra forseti, að skoða það sem kemur fram í skýrslu sjö manna nefndar á bls. 35 í frv., þ.e. afkomu kúabænda frá 1992–1996. Þar kemur fram að eiginfjárhlutfall kúabúa árið 1992 var um 50%, fór síðan í 58%, svo í 49%, 42% og er núna um 40%. Það er að segja eiginfjárhlutfall kúabúa hefur lækkað. Þetta segir ekkert annað en að á þessum fjórum árum hafa kúabændur orðið fátækari miðað við það sem áður var. Þetta staðfestir það sem ég hef verið að reyna að draga fram, að tekjur eru ónógar í landbúnaði. Það er ekki rétt gefið í þessum leik.

Það eru miklir fjármunir sem hér er um að ræða. Greiðslur úr ríkissjóði eru 3 milljarðar vegna mjólkurframleiðslu, aðallega beingreiðslur. Þetta kemur fram í frv. til fjárlaga eða í fjárlögum sem voru afgreidd fyrir árið 1998. Fyrir sauðfjárframleiðslu eru þetta 2,3 milljarðar, samtals á 6. milljarð. Þetta eru að vísu lægri tölur en voru fyrir nokkrum árum en þetta er samt verulegt fé.

Ef útgjöld landbrn. eru skoðuð og rekstrarkostnaður ráðuneytisins er dreginn frá er þetta á 9. milljarð sem útgjöld eru á fjárlögum til landbrn. Langmest af því er tengt framleiðslu annaðhvort sauðfjárafurða eða mjólkur. Til samanburðar — af því að þingmenn, ekki síst þeir sem áhuga hafa á landbúnaðarmálum, þekkja vel til samgöngumála — þá eyðum við u.þ.b. 7 milljörðum á ári í samgöngumál. Hér erum við því að ræða miklar tölur.

Við sjáum að eitt aðalefnið í frv., fyrirkomulagið um greiðslumark, þ.e. ákvörðun um heildargreiðslumark er um 100 millj. lítra. Mér sýnist af frv. að dæma að viðskipti með greiðslumark hafi ekki orðið mjög mikil og ekki hafi nema að hluta til náðst fram sú hugsun sem menn vildu, að verslun með greiðslumark mundi leiða til hagkvæmni. Hún hefur gert það að nokkru leyti en ekki nægjanlega. Þannig er hægt að sjá að meðalbú hefur farið úr 70 þúsund lítrum í 80 þúsund lítra. Þetta er ekki mikil breyting á nokkuð mörgum árum. Við sjáum einnig að hér er samt lagt upp með, og það er e.t.v. eitt það alvarlegasta við frv., að takmarkanir og hömlur eru lagðar á verslun með greiðslumark. Í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þetta er nokkuð sérkennilegt, þó að allt þetta byggist að vísu á þeim samningi sem gerður var. Þetta er svipuð hugsun og menn þekkja í sambandi við sjávarútveginn þar sem nýverið hefur verið nokkur umræða um ákvörðun fiskverðs, kvótaþing og annað þess háttar. Þetta er svipuð hugsun, og ég spyr: Af hverju mega þessi viðskipti ekki fara fram eins og þau hafa gert? Hvaða vandkvæði eru við þau viðskipti sem kalla á að settur sé upp miðstýrður aðili sem á að sjá um þetta? Ég veit vitaskuld að viss rök eru færð fyrir því en þau eru ekki öll sannfærandi og ég er ekki alveg viss um að allir bændur kjósi þetta fyrirkomulag við verslun með greiðslumark.

Ef menn vilja hins vegar láta þetta fara um einn markað í stað þess að heimila frjáls viðskipti sem eru í gangi, þá er vitaskuld hægt að nýta sér þá markaði sem fyrir eru á þessu sviði. Það að láta viðskipti fara í gegnum markað er ekki ný hugmynd og síst af öllu í landbúnaði. Það eru starfræktir markaðir sem gætu hæglega yfirtekið þetta og eru miklu betur til þess fallnir en Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili einfaldlega vegna þess að þetta er þegar til. Ég nefni t.d. Verðbréfaþing Íslands, sem hefur alla þá tækni- og tölvukunnáttu sem þarf til þessa. Ég nefni t.d. uppboðsmarkað landbúnaðarafurða, sem er starfræktur á Selfossi og tengdur mjög fullkomnu tölvuneti hringinn í kringum landið sem er fiskmarkaðsnetið. Þetta ættu menn vitaskuld að hugleiða ef menn vilja viðhafa þetta fyrirkomulag. Af hverju ekki að nýta sér þá tækni sem er til staðar í stað þess að byggja hana upp annars staðar.

Þetta eru atriði sem verður að skoða mjög vandlega í nefnd. En samt verður að vekja athygli á því að framleiðni í íslenskum landbúnaði er mjög ábótavant. Það er kannski eitt af því sem valdið hefur mestum vonbrigðum með núgildandi búvörusamning, þ.e. hve illa hefur tekist til með að auka framleiðni í greininni. Það er sömuleiðis áhyggjuefni að ekki hafi tekist að ná betri sátt milli landbúnaðarins og annarra í þjóðlífinu. Ég tel að nú sé einmitt ákveðið tækifæri til að ná betri sáttum í samskiptum sem tengjast þeirri umræðu sem hefur verið í gangi um þjóðlendur, um umhverfismál, þéttbýlið, dreifbýlið og samskipti, bæði á hálendi og annars staðar. Ég tel að bændur og landbrh. ættu að hafa forustu um að nýta einmitt þetta tækifæri. Þetta er nýtt svið, og hægt að koma þar fram sem sá sem tryggir sameiginlega aðkomu bæði þéttbýlis og dreifbýlis. En í stað þess hefur ríkisstjórnin kosið að spyrna við fótum og lifa í einangruðu kerfi fortíðarinnar hvað þennan þátt varðar. Ég lít hins vegar svo á, herra forseti, að þarna sé tækifæri sem menn hefðu

vitaskuld átt að nýta.

Þegar ég nefni stuðning sem miðað er við erlendis, þá vil ég bara geta einnar tölu, að stuðningur Evrópusambandsins við landbúnað er 1% af landsframleiðslu. Hér er hann 2%. Hann er sem sagt tvöfalt meiri hér. Ef maður ber saman ýmsa aðra þætti í tengslum við landbúnað, þá sjáum við að okkar stefna er lakari en stefna Evrópusambandsins. Þetta eru því þættir sem menn ættu að líta betur til.

Vitaskuld er það svo að þegar eftirspurn breytist og minnkar, þá minnkar framboð og framleiðni lækkar og framleiðsla og tekjur á mann lækka nema störfum fækki. Þetta þekkjum við. Þetta hefur verið að gerast um áratuga skeið í íslenskum landbúnaði. Mikilvægast er vitaskuld að gera hann lífvænlegan fyrir þá sem eftir eru. Það er óhugguleg tilhugsun að fjórðungur býla muni fara í eyði þegar núverandi ábúandi hættir. Það sem vantar hjá okkur er að menn geti farið í nýja búskaparhætti eða hætt með meiri reisn og sjálfsvirðingu en nú er.

Ég er mjög á móti því, herra forseti, að fækkun starfa í landbúnaði skuli vera nær öll vegna aldurs. Þetta er það sem ég kalla stefnu mannsins með ljáinn. Mér finnst hún óviðfelldin. Ég vil gefa mönnum tækifæri á að fara í aðrar atvinnugreinar af styrkleika eða ef menn kjósa að draga sig út úr hefðbundnum landbúnaðarstörfum, að þeir geti gert það með sjálfsvirðingu og reisn. En til þess, herra forseti, að það sé hægt, þá þurfa menn að brjótast út úr þessu sérhæfða kerfi landbúnaðarins. Menn hafa læst sig inni í lokuðu hagkerfi, bæði í lánamálum, í sérlögum, og menn ætla nú eina ferðina enn að loka sig inni í sérkerfi í sambandi við menntamálin. Vitaskuld er þetta ekki góð aðferðafræði og þetta er það sem er kannski mest gagnrýnivert. Losa þarf um einangrun landbúnaðarins. Auðvitað eiga samkeppnislög að gilda í meginatriðum hvað viðskipti varðar eins og þau gilda um allan atvinnurekstur hér á landi nema um landbúnað. Hraða þarf þeirri þróun vegna þess að hún er til hagsbóta fyrir bændur og neytendur.

Við sáum hvernig það tækifæri sem GATT-samningurinn gaf okkur var misnotað. Þar var öllu skellt í lás með mjög háum tollum og ekki neinu hleypt inn, sem hefði verið möguleiki, og eflt hefði íslenskan landbúnað. Hæstv. landbrh. og ríkisstjórninin eru frosin inn í kerfi fortíðarinnar. Við höfum séð stjórnkerfið, nefndafargan, marga tugi nefnda sem kosta sitt. Við sjáum að ekki er stuðlað að stærri búum og hagkvæmni og við sjáum að öll þessi ríkisforsjá gagnvart landbúnaði heldur áfram. Við höfum ekki náð tökum á ofbeit og gróðurvernd. Við höfum ekki náð sátt milli þéttbýlis og dreifbýlis, og landbúnaðurinn hefur ekki náð sátt við þéttbýlið hvað þessa þætti varðar. Og það gengur ekki, herra forseti, að ósætti ríki í landinu hvað þetta varðar.

Herra forseti. Það er hægt að hafa fleiri orð um þennan samning. Ég tel að hann breyti ekki neinu í meginatriðum. Hann viðheldur áfram gölluðu kerfi. Það hefði verið hægt að stíga skref sem hefðu verið meira til framfara. Endurbætur í íslensku landbúnaðarkerfi eru einfaldlega allt of hægfara en það kemur í sjálfu sér ekki neinum á óvart því það hefur verið stefna þeirra tveggja flokka sem mynda núv. ríkisstjórn.

[17:28]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Undanfarin ár þessa áratugar hefur átt sér stað mikil hagræðing í íslenskum landbúnaði. Verð á landbúnaðarvöru hefur lækkað gríðarlega og má segja að það sé orðið sambærilegt við það sem er í nágrannalöndum okkar. Stuðningur okkar Íslendinga við landbúnað er líka orðinn sambærilegur við aðrar þjóðir og engin þjóð hefur minnkað opinberan stuðning við landbúnað jafnmikið og við höfum gert á þessum áratug hér á landi.

Ég get þess einnig að ákvæðum GATT-samningsins er beitt hér á landi með sama hætti og þeim er beitt meðal annarra þjóða. En það er fagnaðarefni, herra forseti, að þegar drög að mjólkurhluta búvörusamnings komu fram var stefnan tekin á að semja til langs tíma. Samningurinn var gerður í desember 1997. Hann á að gilda til ársloka 2005. Til svo langs tíma hefur ekki verið samið fyrr. Verður því ekki annað sagt en að samningurinn tryggi starfsfrið og öryggi í greininni. Bændur ættu því að geta horft fram á nokkuð eðlilegt rekstrarumhverfi og aukið hagkvæmni og hagræðingu í framleiðslu sinni. Því er ég ánægður með meginatriði þessa samnings og þar með lagafrv. sem hér er lagt fram af hæstv. landbrh. og ríkisstjórninni til staðfestingar á samningnum, og hæstv. landbrh. hefur gert hér grein fyrir.

Í 14. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Öll viðskipti með greiðslumark skulu fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Aðilaskipti með greiðslumark taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir."

Það er þetta atriði, herra forseti, sem ég hef efasemdir um og fyrirvara. Það er ákvæði samningsins um að öll viðskipti með greiðslumark í mjólk skuli fara um einn markað. Starfsreglur þessa kvótamarkaðar skulu settar af landbrh. með reglugerð og fá umsagnir og staðfestingu Framleiðsluráðs. Þetta ákvæði orkar að mínum dómi tvímælis og ég hygg það vera slæman galla á annars skýrum og greinargóðum búvörusamningi. Mér er ekki alveg ljóst hvernig það gat ratað inn í samninginn því að það felur í sér að frjáls viðskipti með greiðslumark verði afnumin. Einn tilboðsmarkaður lokar á bein tengsl milli kaupenda og seljenda greiðslumarks og lokar þar með einnig á flutning á greiðslumarki beint milli ættliða, t.d. þegar yngri kynslóð á bæ flytur sig annað og eldri kynslóðin, væntanlega foreldrar unga bóndans, vilja afhenda honum hluta af greiðslumarkinu eða það allt á því verði sem þau koma sér sjálf saman um. Einu sjáanlegu breytingarnar sem ákvæðið um einn tilboðsmarkað felur í sér eru þessar: Að loka á bein samskipti og viðskipti kaupenda og seljenda greiðslumarks. Einn kvótamarkaður kemur ekki í veg fyrir að búnaðarsambönd og kaupfélög og mjólkursamlög, jafnvel sveitarfélög, og vafalaust fleiri geti haft sömu áhrif og áður á kvótaverðið. En í dag virkar þetta kerfi ágætlega, herra forseti. Það verður meiri og meiri hagræðing en með þessu ákvæði um einn tilboðsmarkað fæ ég ekki annað séð en stefnt sé í gagnstæða átt. Vissulega er rétt að aðalfundur Landssambands kúabænda samþykkti tilboðsmarkaðinn en þess þarf þó að geta að það var gert með naumum meiri hluta og langt er í frá að eining eða sátt ríki hjá kúabændum um þessi ákvæði. Kúabændur samþykktu svo í almennri atkvæðagreiðslu þennan samning fyrir sitt leyti. En hvers vegna gerðu þeir það? Vegna þess að þeir höfðu ekki aðra valkosti. Annaðhvort var að samþykkja samninginn allan, sem ég árétta að er ágætur og hinn prýðilegasti gerningur, eða þá að hafna honum öllum. Miðað við það hversu margir kúabændur hafa lýst áhyggjum sínum af lögfestingu tilboðsmarkaðarins tel ég að hv. landbn. þurfi að skoða þetta rækilega í meðferð málsins í nefndinni.

Ég tel líka að allmargir mjólkurframleiðendur vænti þess af hinu háa Alþingi að það geri skynsamlega breytingu á samningnum að þessu leyti. Það væri einnig mikilvægt þegar á þessu stigi, herra forseti, við 1. umr. um frv. að hæstv. landbrh. skýrði betur hvernig tilboðsmarkaðurinn er hugsaður. Hvernig á hann að vera, hversu oft á að bjóða kvóta upp, hversu oft að ákvarða eða gefa út verð? Ýmsir aðilar gætu séð um að taka við slíkum upplýsingum um kvóta. Frjáls viðskipti þurfa að eiga sér stað áfram því að þau hafa ásamt öðru haft mikið að segja fyrir hagræðingu í þessari grein landbúnaðar á Íslandi.

[17:35]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, 595. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 1008.

Starfslokasamningar, 600. mál, fsp. JóhS og SvG, þskj. 1013.

[17:35]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim tveimur ágætu hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls í þessum umræðum fyrir framsetningu þeirra og athugasemdir. Það er sjálfsagt og eðlilegt að menn komi fram með athugasemdir sínar við 1. umr. þótt landbn. eigi auðvitað eftir að fjalla ítarlega um málið og skoða einstaka þætti frv. og þá auðvitað kannski ekki síður þann bakgrunn sem frv. hefur og ég veit að hv. þm. bæði þeim sem hér hafa talað og öllum öðrum er ljóst hvað á bak við frv. stendur. Það er löng samningagerð, fyrst í svokallaðri sjö manna nefnd, sem þó er rétt hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að er kannski ekki alveg réttnefni því að Alþýðusambandið dró sinn fulltrúa út úr nefndinni, en áfram áttu þó launþegar í gegnum BSRB aðild að þessari svokölluðu sjö manna nefnd. Þar höfðu menn fyrst unnið ítarlega vinnu sem tók langan tíma og fóru yfir málin, settu fram hugmyndir sínar og tillögur. Um það varð samstaða sem ég tel að hafi verið afar mikilvægt að ná. Í öðru lagi er síðan næsta skref, sá grunnur sem er á bak við frv., sjálf samningagerðin milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna sem byggir auðvitað á fyrra nál. Hér hefur því farið fram mikil og vönduð undirbúningsvinna sem ég bið hv. nefndarmenn að hafa í huga þegar þeir hefja vinnu sína við málið að ítarlegt samningaferli hefur þegar átt sér stað.

Fyrst ég er að tala um það má síðan nefna þá atkvæðagreiðslu sem hv. þm. Hjálmar Jónsson nefndi í máli sínu sem fór fram meðal kúabænda um samninginn. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það var ekki nema ofurlítill meiri hluti bænda með atkvæðisrétt sem tók þátt í atkvæðagreiðslunni. Kosningaþátttakan var 56,3% sem er þó auðvitað afgerandi meiri hluti og sá meiri hluti sem þarna greiddi atkvæði samþykkti síðan samninginn nánast 100%, nær 90% svo nákvæmlega sé farið með. Það virðist því vera allbærileg samstaða um málið. Auðvitað kann að vera að þar kunni að ríkja skiptar skoðanir um einstök atriði eins og hlýtur alltaf að vera í samningaferli eins og þessu þar sem svo mjög er fjallað um hagsmuni einstaklinga og afkomumöguleika og þá stefnu sem verið er að móta í atvinnugreininni. Það er því ekki óeðlilegt að það séu eitthvað skiptar skoðanir um einstök atriði.

Hv. þm. spurði um einn þátt sem hann lýsti efasemdum og fyrirvara um, þ.e. ákvæðinu í 14. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir einum svokölluðum kvótamarkaði og hv. þm. Ágúst Einarsson talaði einnig um og lýsti þeirri skoðun að nokkuð væri þrengt það frelsi sem hefur þó ríkt um kvótaviðskipti almennt í þessari grein. Ég undirstrika að ég er ekki sammála hv. þm. Hjálmari Jónssyni þegar hann segir að frjáls viðskipti hafi verið afnumin. Ég held að hér sé æði djúpt í árina tekið en vissulega hlýtur að fara dálítið eftir því hvernig til tekst með þennan markað hvernig hann virkar, hversu opið og frjálst viðskiptaumhverfi greinarinnar er í þessu efni. Ég lýsi þeirri skoðun minni afdráttarlaust að ég tel mjög mikilvægt að þau viðskipti geti gengið frjálst og eðlilega fyrir sig og við útfærslu á því ákvæði sem hv. þm. spurði um sé þess gætt að markaðsverðið geti verið breytilegt frá einum tíma til annars og að þessi viðskipti geti orðið nokkuð stöðug.

Ég hef að vísu heyrt því sjónarmiði lýst að þessi markaður væri kannski opinn tvisvar, fjórum, sex sinnum á ári. Mér finnst það vera mál sem þarf að skoða betur. Við höfum ekki átt um það ítarlegar viðræður við Bændasamtökin enn þá þannig að það er ekki tímabært fyrir mig að gefa út, eða ég get raunverulega ekki svarað spurningu hv. þm. um það nákvæmlega hvernig staðið verði að útfærslu þessa ákvæðis en lýsi sjónarmiði mínu að ég tel að hér þurfi að gæta að því að viðskiptin geti verið opin og frjáls þótt þau fari í gegnum einn farveg og viðhorfum þeirra sem hafa gert þessa tillögu hef ég þegar lýst. Þau er bæði að finna í frv. og þeim hef ég lýst í framsöguræðu minni og þarf ekki út af fyrir sig að ítreka en þar er m.a. talað um að viðskiptin séu, ef ég má orða það svo, gagnsærri og augljósari, opnari og menn viti um þau. Aukakostnaði sem þegar er vitað um að fylgir þessum viðskiptum í dag sé haldið í lágmarki, það ætti að vera hægt með því að semja um þetta við einn aðila og ég get út af fyrir sig líka tekið undir það með hv. þm. Ágústi Einarssyni að til er ýmiss konar farvegur fyrir viðskipti af þessu tagi. Ekki er endilega sjálfgefið að það sé gert af hálfu opinberra aðila. Við höfum þegar heyrt um og vitum af þeirri umræðu sem er í gangi um endurskoðun á stofnanaskipulagi landbúnaðarins. Tillaga um það kom fram í skýrslu nefndar sem ég skipaði til að fjalla um þau mál og ég er með það mál þegar í athugun. Þar á meðal er starfsemi Framleiðsluráðsins sem ég veit að sumir hv. þm. hafa lýst þeirri skoðun sinni á að sé nauðsynlegt að taka til athugunar og er ein af þeim stofnunum sem verða teknar til sérstakrar skoðunar í umræðum um endurskipulagningu þessa kerfis. Það er því ekkert sem segir það í dag að það þurfi endilega að vera Framleiðsluráð landbúnaðarins sem fjallar um þetta enda kveðið á um það í greininni að það geti verið einhver annar aðili sem samið er við. Þetta á einnig eftir að skoða nánar.

Hæstv. forseti. Ég vísa aðeins til þess sem áður hefur komið fram um þennan kvótamarkað og hef ekki miklu við það að bæta á þessu stigi. Auðvitað mun nefndin ræða það mál og fjalla um það líka við Bændasamtökin þegar nefndin fer yfir frv. og heyra viðhorf sem eru á bak við þessa hugmynd og auðvitað má í því sambandi kalla til fleiri aðila sem staðið hafa að þessum álitum og komu fram með þessa hugmynd. Þá á ég t.d. við fulltrúa BSRB og fulltrúa vinnuveitenda sem áttu sæti í sjö manna nefndinni svokölluðu.

Ýmislegt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan eru mál sem við höfum rætt um áður og út af fyrir sig tel ég ekki þörf á að ég fari mörgum orðum um við 1. umr. um frv. því að skoðanir mínar í því efni hafa komið fram áður. Ég hygg að við séum reyndar sammála um ýmislegt í því sem þarf að gera fyrir íslenskan landbúnað. Það þarf að gera þar ýmsar breytingar og ég tel að verið sé að því. Ég tel að það séu reyndar mjög margar breytingar

sem hafa átt sér stað í starfsumhverfi landbúnaðarins á þessu kjörtímabili og þeim er ekki lokið. Enn er unnið að þeim á ýmsum sviðum en við erum kannski síst sammála í því hversu stór skref á að stíga í þessu efni og hversu hratt ber að fara. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum að fara okkur hægt í þessu efni og huga vel að hverju skrefi sem tekið er þótt ég vilji reyndar fullyrða að hvað varðar þær breytingar sem eru t.d. gerðar á verðlagsmálum, bæði um verðlagningu sauðfjárafurða og nú í þessu frv., ef að lögum verður, varðandi verðlagningu á mjólkurafurðum, sé hægt að tala um miklu meira en hænuskref í því sambandi. Ég tel að um róttækar breytingar sé að ræða sem er reyndar ekki fullséð enn þá hvernig mun reiða af þar sem það hefur ekki enn þá reynt á það. Í haust mun reyna á þetta varðandi sauðfjárafurðirnar og á samningstímabilinu varðandi mjólkurafurðirnar þannig að hér er verið að stíga stór skref.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar og ég get gert að mínum orðum þá hafa orðið miklar breytingar á undanförnum árum varðandi verðlagsmál, opinberan stuðning og verðlagningu innlendrar matvælaframleiðslu í samanburði við önnur lönd og ég tel að við höfum framkvæmt GATT-samninginn svokallaða með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndunum. Menn geta haft misjafnar væntingar og misjafnar skoðanir á því hvernig það á að vera en hér hafa verið stigin stór skref og breytingarnar orðið miklar. Það hefur reyndar sýnt sig líka í afkomu bænda á undanförnum árum að þeir hafa tekið mikið á sig og hafa gengið í gegnum miklar þrengingar vegna þess að markaðurinn hefur á sama tíma stöðugt dregist saman, að vísu ekki mjög í mjólkinni en alvarlega í sambandi við sauðfjárframleiðsluna. Þetta þekkjum við og ekki þarf eyða mörgum orðum í það.

Hæstv. forseti. Mig langar að ljúka þessum orðum mínum nú — ég sé að tími minn er senn á enda – og greina frá því að ég sat nýlega fund landbúnaðarráðherra OECD-ríkja sem haldinn var í París og þar komu fram hjá, að ég hygg, flestöllum ráðherrum Evrópuþjóða mjög svipuð viðhorf til landbúnaðar, til mikilvægis hans og til hlutverks hans og við höfum haft í hávegum á Íslandi, þ.e. talið að hann væri í raun miklu meira en spurningin um að framleiða mat og verðlagning á þeirri matvælaframleiðslu. Hann er spurning um ákveðna atvinnuhætti. Hann er spurning um ákveðið lífsmunstur. Hann er spurning um menningu, líf og búsetu til sveita. Hann er spurning um búsetu í landinu í heild og fjölmargt fleira slíkt mætti taka til. Ég held að um þetta ríki nokkur sátt með þjóðinni og þó hv. þm. gæti þess í sínu máli áðan að nota ætti það tækifæri sem nú væri til þess að ná betri sátt milli landbúnaðarins og almennings, þá held ég að sáttin sé í raun nokkuð víðtæk og Íslendingar viðurkenni almennt að við viljum hafa landbúnað í landinu. Við viljum að okkar matvælaframleiðsla sé þannig að við getum treyst því að þau matvæli sem við neytum séu góð og holl afurð, framleidd mengunarlaust án óþarfra lyfja og án vaxtarhvetjandi efna. Allt þetta setur landbúnaðarframleiðslu okkar í nokkuð annað far en gerist í nágrannalöndunum þar sem þetta er talsvert öðruvísi hvað þetta varðar.

Ég leyfi mér einnig að fullyrða að viðhorf landbúnaðarins og bændastéttarinnar til umhverfismála sé mjög í samræmi við það sem almennt gerist meðal íbúa landsins. Ég held að bændur hafi ekki neinar sérskoðanir eða aðrar skoðanir á því. Umræðan um beitarmál hefur verið mikil að undanförnu og ég hygg að hægt sé að finna fjölmörg dæmi þess að bændur hafa tekið á þeim málum af miklum trúverðugleika og myndugleika og sýnt í verki að e.t.v. eru þeir þrátt fyrir allt bestu vörslumenn landsins.

Hæstv. forseti. Ég held að ekki hafi verið beint til mín formlega öðrum spurningum en þessari um kvótamarkaðinn sem ég hef aðeins farið yfir og ég lýsti þeim skoðunum mínum að ég tel að það þurfi að gæta sín í því að þær breytingar sem hér eru lagðar til þrengi ekki það að við getum kallað frjáls viðskipti í þessu sambandi. En auðvitað er gert ráð fyrir því að þær fari um einn farveg og það er gert til þess, eins og fram hefur komið, að gera þennan markað skýrari á allan hátt og augljósari í þeirri trú líka að hægt sé að halda verði og kostnaði niðri.

[17:49]

**Útbýting þingskjala:**

Kjaramál fiskimanna, 603. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1023.

Kvótaþing, 606. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1026.

Meðferð opinberra mála, 441. mál, nál. allshn., þskj. 1021.

Stjórn fiskveiða, 604. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1024.

Verðlagsstofa skiptaverðs, 605. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1025.

[17:50]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að koma upp aftur og þakka hæstv. landbrh. fyrir ágæta málsmeðferð. (**ÓS:** Hvaða sleikjugangur er þetta.) Ég er sammála því og ánægður að heyra hann segja það að ekki megi þrengja að í því kerfi sem við búum við varðandi viðskipti með mjólkurkvótann. Það er einmitt það sem ég óttast svolítið að þessi samningur og lögin sem eiga að staðfesta hann geri eins og þau eru núna úr garði gerð og því vil ég árétta að við þurfum að taka það mál til sérstakrar athugunar í hv. landbn. Það er nefnilega óþarfi að gera við kerfi sem er í raun og veru ekki bilað. En ef mönnum finnst þetta kerfi á viðskiptum með mjólkurkvóta bilað, þá er nauðsynlegt að það komi fram hvaða atriði eru í ólagi með viðskiptin við mjólkurkvótann. Ég verð ekki var við það í umræðum manna á meðal og heldur ekki hér að menn (**GÁ:** Verðið er hátt.) finni svo mikið að mjólkurkvótaviðskiptunum. Verðið er hátt segir hv. formaður landbn. Það var vegna þess að bændur voru að fylla á hjá sér og nýta ónýtt rými í fjósum og það var reyndar á síðasta ári. Nú hefur kvótaverðið lækkað verulega og það er að mínum dómi langeðlilegast að markaðurinn stýri þessu sjálfur.

[17:52]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hæstv. landbrh. erum ekki sammála um hraðann á endurbótum í íslenskum landbúnaði. Ég tala um hænuskref sem hann er ekki alveg sáttur við en ég bendi á að það eru ekki miklar breytingar í þessum samningi miðað við fyrri samning. Það sem gerir hins vegar þingnefndinni erfitt fyrir, af því að hann vék að einhverjum breytingum á kvótasölufyrirkomulagi, er að það er ekki svo auðvelt. Það liggur fyrir samningur og ef við breytum mjög miklu þá verður að gera nýjan samning. Þetta bindur hendur Alþingis ansi mikið. Það eru ekki góð vinnubrögð að gera samning fyrst og síðan lögfesta. Stefnumörkunin á að vera á Alþingi jafnvel af hálfu ríkisstjórnarinnar þó að ég væri ósammála því. Síðan, í kjölfar þess, á að gera samning.

Mér finnst hins vegar aðalatriðið vera að bændur hafa viss tækifæri núna — bændur eiga að græða á sinni starfsemi — að taka forustu í þáttum eins og umhverfismálum, nýtingu landsins, m.a. miðhálendisins. Bændur eiga að vera í forustu í þeirri umræðu. Þeir eru það ekki. Það er brýnt að koma sambúðinni við þéttbýlið í betra lag og þegar tækifæri er til þess þá á að grípa það. Það á að bæta kjör bænda og neytenda. Það er óviðunandi ástand að bændur skuli búa við lægstu tekjur allra stétta hérlendis og það er óviðunandi að neytendur búi við hæsta matarverð í Evrópu. Þetta er óviðunandi. Til þess að breyta þessu þarf að breyta um stefnu. En ég sé, herra forseti, að þessari stefnu verður ekki breytt fyrr en að loknum næstu kosningum.

[17:54]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við sjáum nú til hvernig næstu kosningar fara. Það er eftir að kveða upp þann dóm og um hvað gerist síðan í kjölfar þeirra kosninga. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að við erum kannski ekki alveg sammála um það og raunar ekki um alla þætti landbúnaðarmálanna, að ég leyfði mér að segja áðan að ég teldi að samsvörun mætti finna í ýmsu í málflutningi okkar þó að ágreiningur væri kannski fyrst og fremst um það hversu hratt á að fara og hversu stórstígar breytingarnar eiga að vera. En áherslurnar geta verið og eru sjálfsagt að ýmsu leyti nokkuð breytilegar.

Það er rétt hjá hv. þm. að ekki eru mjög miklar breytingar í þessum samningi á ýmsum efnisatriðum, t.d. eins og hinum almenna stuðningi. Hann er lítt breyttur. Hann er nánast eins og er í gildandi samningi og margt er mjög svipað. En mér finnst þó að ekki megi gera lítið úr því — hv. þm. er mér kannski ekki alveg sammála um það — að róttækar breytingar eru boðaðar eða fyrirhugaðar í verðlagsmálunum og það hlýtur að skipta miklu máli. Þar er svigrúmið í raun til þess að gera ákveðnar breytingar, ná fram ákveðinni hagræðingu, hugsanlega og vonandi auknum tekjum inn í atvinnugreinina og stuðla að bættri afkomu hjá bændum. Staðreyndin er sú að þó það komi ekki fram í töflum sjö manna nefndarinnar sem tilgreindar eru í frv. og ná aðeins til ársins 1996 þá breyttust þó tekjur bænda nokkuð á seinasta ári þannig að þær fara núna batnandi. Ég leyfi mér líka að fullyrða að það sé fullur vilji til sátta — og í raun megi alls ekki gera mikið úr því að ekki ríki sátt milli bændastéttarinnar og almennings í landinu. Ég leyfi mér að fullyrða að þar sé ekki sá ágreiningur fyrir hendi sem hv. þm. vill reyna að draga fram, t.d. í sambandi við umhverfismálin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lax- og silungsveiði, 1. umr.*

Stjfrv., 578. mál (stjórnsýsluverkefni, Fiskræktarsjóður o.fl.). — Þskj. 983.

[17:56]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 983 og er 578. mál þingsins.

Á síðasta þingi var gerð sú breyting með lögum nr. 24/1997 að stjórnsýsluverkefni veiðimálastjóra voru aðskilin frá rannsóknum í veiðimálum. Á grundvelli þeirra laga var sérstakur framkvæmdastjóri skipaður fyrir Veiðimálastofnun en áður hafði veiðimálastjóri veitt stofnuninni forstöðu.

Frv. er m.a. samið af nefnd sem ég skipaði til þess að endurskoða nokkur ákvæði í lögum um lax- og silungsveiði, m.a. vegna áðurnefnds aðskilnaðar á rannsóknum og stjórnsýsluverkefnum. Breytingarnar sem lagðar eru til með frv. eru þríþættar.

Í fyrsta lagi að færa stjórnsýsluverkefni frá landbrh. til veiðimálastjóra. Í öðru lagi að treysta lagaákvæði er varða verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska og í þriðja lagi að efla Fiskræktarsjóð.

Í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði er landbrh. ætlað að veita ýmis leyfi og undanþágur langoftast að fenginni umsögn eða eftir atvikum tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Yfirstjórn lax- og silungsveiðimála er í höndum landbrh. og fer hann því með æðsta stjórnsýsluvald samkvæmt lögunum. Óeðlilegt verður að telja að æðsta stigi stjórnsýslu sé að lögum falin svo víðtæk lagaframkvæmd eins og dæmi eru um í lax- og silungsveiðilögunum. Slík tilhögun leiðir til þess að ekki er til eðlileg málskotsleið innan stjórnsýslunnar vilji aðili stjórnsýslumáls ekki sætta sig við málsmeðferð og ákvörðun ráðherra í tilteknu máli.

Með frv. þessu er lagt til að afgreiðsla stjórnsýslumála verði flutt frá landbrh. til veiðimálastjóra. Allar greinar frv. hafa að geyma ákvæði er varðar þennan tilflutning á stjórnsýsluverkefnum. Aðeins þrjár greinarnar, 11., 21. og 27., hafa síðan að geyma ákvæði er varða verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska og um Fiskræktarsjóðinn.

Á undanförnum árum hafa komið upp vandkvæði við framkvæmd reglugerðar nr. 401/1988, um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Við setningu reglugerðarinnar á sínum tíma var haft samráð við hagsmunaaðila en á þeim tíma voru nokkrar líkur á umtalsverðri hafbeit og fiskeldi í kvíum með ströndum landsins. Óumdeilanlegt er að flutningur á lifandi fiski til endurveiði eykur hættu á útbreiðslu fisksjúkdóma. Eftir að kýlaveiki fannst í laxi í Elliðaánum og í hafbeitarstöðinni í Kollafirði árið 1995 var árið 1996 hvergi á landinu veitt undanþága fyrir flutningi á hafbeitarfiski milli vatnasvæða til endurveiði. Undanþágur höfðu verið gefnar undangengin ár. Ráðherra að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar hefur samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði heimildir til þess að banna þess konar flutning sem hér um getur og vísast þar til 79. gr. laganna.

Ekki fékkst samþykki hjá fisksjúkdómanefnd fyrir undanþágu árið 1996 eins og áður segir en samþykki fékkst aftur árið 1997 með ströngum skilyrðum. Ráðherra gaf undanþágur í kjölfar þess með þeim skilyrðum sem fisksjúkdómanefndin setti.

Ekki er deilt um það hlutverk sem fisksjúkdómanefnd er fengið með þessu ákvæði reglugerðarinnar heldur það að telji ráðherra sig ekki geta veitt undanþáguna, t.d. vegna erfðablöndunarhættu eða óæskilegra vistfræðilegra áhrifa, hefur hann ekki til þess nægilega trygga lagaheimild. Um fiskrækt, sbr. 23. gr. laganna, segir einungis til um hvernig bera skuli sig að við samþykkt áætlunarinnar en hvergi er þess getið að einungis skuli nota viðkomandi stofn árinnar eða vatnsins eins og segir í reglugerðinni. Það er viðurkennt meðal erfða- og vistfræðinga, er stunda rannsóknir á laxfiskum, að eitt

það mikilvægasta fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegs stofns sé að varðveita sérkenni sem stofninn hefur og er niðurstaða aðlögunar í þúsundir ára.

Atlantshafslax á mjög undir högg að sækja. Útbreiðsla tegundarinnar og stærð stofna hennar hafa minnkað mjög á þessari öld og einkum síðustu árin eins og gögn Alþjóðahafrannsóknaráðsins sýna og ítrekað hefur verið bent á, t.d. af Alþjóðalaxakvótasjóðnum. Ástæðnanna er bæði að leita í náttúrulegum breytingum á umhverfi en ekki síður vegna aðgerða mannsins. Svo er komið að lax er horfinn af stórum svæðum og honum hefur fækkað mjög á öðrum þar sem bæði búsvæðum laxins og laxastofnum hefur verið spillt. Því er afar brýnt að vel sé á málum haldið hér á landi svo að þessi mikilvæga auðlind spillist ekki eða tapist.

Af því sem hér að framan greinir má ljóst vera að illframkvæmanlegt er að notast við þau ákvæði sem eru í núgildandi lögum og reglugerðum sem varða verndun og viðhald þeirrar auðlindar sem hér um ræðir. Enn fremur má benda á Ríó-sáttmálann um viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra þróun, en með frumvarpinu, ef að lögum verður, er stuðlað að því að ekki sé stefnt í óþarfa hættu þeim fjölbreytileika sem er enn þá í stofnum íslenskra laxfiska.

Með frv. er gert ráð fyrir að með fiskrækt í ám og vötnum skuli einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni og hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldistöð, í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiða sé óheimilt. Frá þessum ákvæðum getur veiðimálastjóri síðan veitt undanþágu að fengnu sérstöku mati af áhrifum þess á lífríki veiðivatnsins og aðliggjandi veiðivatna. Með þessu verða lögfestar ótvíræðari lagaheimildir fyrir þeim ákvæðum reglugerðarinnar sem setja takmarkanir og skorður við starfsemi fiskeldisfyrirtækja og veiðifélaga sem sátt hefur verið um. Þá eru lögð til ný ákvæði sem eru hvorki í lögum né reglugerð sem taka á veigamiklum atriðum er varða framkvæmd laganna og varðar aðra en þá sem sækja um undanþágu frá banni en telja sig málið varða.

Lagt er til að með lögum sé báðum aðilum tryggð sanngjörn málsmeðferð og ákvarðanir stjórnvalds séu byggðar á faglegum grunni. Með umsókn til veiðimálastjóra, en henni ber að fylgja álitsgerð dýralæknis fisksjúkdóma og Veiðimálastofnunar, eru stjórnvaldi tryggðar faglegar úttektir óháðra aðila auk greinargerðar þess sem sækir um leyfi til framkvæmdanna. Þeir sem telja hagsmunum sínum ógnað geta gert athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Sætti aðilar máls sig ekki við úrskurð veiðimálastjóra um höfnun umsóknar eða undanþágu frá banni með eða án skilyrða úrskurðar landbrh. í málinu sem æðsta stjórnvald.

Í frumvarpi þessu er einnig lagt til að skerpt verði á þeim ákvæðum er varða hafbeit svo að tryggt verði í framtíðinni að við veitingu rekstrarleyfa verði nægilegt tillit tekið til þeirra sjónarmiða er varða erfðamengun.

Gert er ráð fyrir við veitingu rekstrarleyfa í þeim tilvikum þar sem fyrirhuguð beiting hafbeitistöðva er í nálægð við laxveiðiár með náttúrulegum stofnum að fram fari mat á hættu á erfðablöndun.

Þá er lagt til það nýmæli að veiðimálastjóri geti veitt undanþágu til flutnings á seiðum í hafbeitarstöð áður en endanlegt rekstrarleyfi er gefið hafi stöðin fengið heimild til starfa samkvæmt ákvæðum annarra laga. Er þá átt við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Vík ég nú að þriðja meginmáli þessa frv. sem varðar Fiskræktarsjóð en hann var á sínum tíma settur á laggirnar með það að markmiði að efla fiskrækt í landinu m.a. með fiskvegagerð og seiðasleppingum. Síðar var bætt við lögin ákvæði sem heimila styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Mikilvægi sjóðsins hefur aukist eftir því sem áhrif manna og náttúru landsins verða meiri.

Nú er svo komið að Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf sem hefur ekki orðið fyrir stórfelldu hruni í laxastofninum. Miklu fé er nú varið í öðrum heimkynnum laxins til viðhalds hans og verndunar svo að auðlindin tapist ekki fyrir fullt og allt. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu hruni, sumar þekktar aðrar ókunnar. Áhyggjur manna af að brátt fari á sömu leið með íslenska stofna eiga að vera hvatning til þess að gera allt sem mögulegt er til þess að efla aðgerðir sem bætt geta lífsskilyrði laxastofna okkar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að efla Fiskræktarsjóð. Það er unnt að gera með því að breyta því ákvæði laganna sem kveður á um að aðeins skuli greiða til sjóðsins af raforkusölu til almennings. Telja verður að auknar tekjur til Fiskræktarsjóðs samrýmist þeim hugmyndum sem Landsvirkjun hefur sett fram í umhverfisstefnu sinni en þar kemur fram að Landsvirkjun mun í framtíðinni þurfa að starfa enn nánar með þeim sem stunda rannsóknir á veiði og gefa leiðbeiningar um veiðimál.

Allar rannsóknir á lífríki vatna, sem ríkið styrkir með framlögum á fjárlögum, eru grunnur að skynsamlegri nýtingu fallvatna. Fiskræktarsjóður eflir með markmiðum sínum einnig þann grunn þekkingar sem við þurfum á að halda til viðhalds þeim auðlindum sem eru í vötnum landsins. Sérstaða sjóðsins er sú að í hann hafa greitt þeir sem hafa tekjur af því lífríki sem eru í vötnum landsins og fallorkunni sem í þeim er.

Með frv. þessu er lagt til að vatnsaflsstöðvarnar greiði einnig í sjóðinn af óskírum tekjum sínum vegna sölu á raforku til nýrra stórnotenda samkvæmt sérsamningum sem gerðir verða í framtíðinni. Greiðslur í Fiskræktarsjóð árið 1997 af óskírum tekjum vegna sölu raforku til almennings árið 1996 voru 7,7 millj. kr. Með því sem hér er lagt til munu tekjur sjóðsins í framtíðinni hækka þegar auknar tekjur koma til af orkusölu fyrirtækjanna af nýjum samningum við stóriðjufyrirtækin.

Eins og fram kemur í umsögn fjmrn. verður ekki séð að frv. hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðarinnar og athugasemda með frv. Hvað varðar meðferð málsins vil ég leggja mikla áherslu á nauðsyn þess að lögfesta frv. á þessu þingi og að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[18:06]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt af þremur yfirlýstum markmiðum þessa frv. sem hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir er að efla Fiskræktarsjóð. Í 27. gr. frv. segir svohljóðandi:

„Þrjú prómill af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda."

Í þessu felst að upphæðin sem af þessu kemur á að renna í Fiskræktarsjóð til að sinna þeim verkefnum sem hann á að standa að. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mig brestur einfaldlega málskilning til þess að skilja hvað í þessu felst. Hvað felst í því að það eigi að taka 3 prómill af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu?

Mig langar líka að spyrja hæstv. landbrh. að því hvað þetta feli í sér í tekjum. Það segir á bls. 8 í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Sé tekið mið af greiðslum í Fiskræktarsjóð árið 1997 af óskírum tekjum vegna sölu raforku til almennings árið 1996 voru tekjur sjóðsins 7,7 millj. kr.“

Hvernig ber að skilja þetta? Ber að skilja þetta svo að verði þetta að lögum muni tekjur sjóðsins aukast um 7,7 millj.? Ég hef lagt mitt litla höfuð í bleyti og skil þetta ekki.

Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Þýðir þetta ekki alveg örugglega það að verði frv. samþykkt er í raunninni verið að skattleggja stóriðju í landinu um þá upphæð sem þarna á að renna í Fiskræktarsjóð?

[18:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda að markmið þessarar breytingar í 27. gr. frv. er að styrkja fjárhag Fiskræktarsjóðs. Ég verð hins vegar að gera þá játningu fyrir hv. þm. og þingheimi að ég kann ekki að skýra nákvæmlega út hvað óskírar tekjur merkir, þ.e. hvað í því felst, hver sá tekjustofn raunverulega er. En það er nokkuð sem hefur verið í lögunum þannig að það er ekki breyting og fjallar um það hver hinn raunverulegi tekjustofn er og ætti ekki að vefjast fyrir þeim sem annast innheimtuna og sjá um framkvæmdina.

Með því að bæta inn í þetta tekjum af raforkusölu samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda er einkum átt við stóriðjuna, að það séu samningar sem orkusalar gera, sem í dag er fyrst og fremst Landsvirkjun en gæti hugsanlega í framtíðinni orðið einhverjir aðrir, með breytingu á lögum um orkuframleiðslu, þ.e. þeir sem selja stóriðjuaðilum eða stórnotendum raforku, vatnsaflsstöðvar, eiga að greiða af öllum nýjum samningum.

Varðandi það hvaða tekjur þetta geta orðið til viðbótar þá eru þær tekjur sem sjóðurinn hafði áður af raforkusölu til almennings þessar 7,7 millj. sem hv. þm. vitnaði til. Tekjurnar af þeim samningum sem eru hugsanlega í farvatninu, nú veit ég ekki nákvæmlega um það hvað verður af þeim eða hvaða samningar kunna að verða gerðir, gætu aukist um kannski 1–1,5 millj. kr. á ári. Nákvæmari tölur er ekki hægt að gefa upp þar sem menn vita ekki hvaða samningar kunna að verða gerðir. Það er sem sagt ekki verið að taka inn greiðslur af allri raforkusölu til stóriðju, þ.e. þeim samningum sem eru fyrir hendi í dag heldur af nýjum samningum.

[18:11]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðu hans áðan þegar hann mælti fyrir þessu frv. og enn fremur þau svör sem hann veitti mér. Að vísu sýndist mér hæstv. ráðherra væri farið eins og mér að hann skildi ekki að öllu leyti það frv. sem hann er að flytja en ég geri engar athugasemdir við það.

Þetta frv. er flutt í þrennum tilgangi. Ég ætla ekki að ræða þann tilgang sem er fyrst reifaður, þ.e. að færa stjórnsýsluverkefni frá landbrh. til veiðimálastjóra heldur ætla ég aðeins að koma að nokkrum athugasemdum sem varða hina tvo. Annars vegar að treysta lagaákvæði sem eiga að stuðla að viðhaldi náttúrulegra stofna og hins vegar þriðja atriðið sem ég reifaði áðan í andsvari mínu að efla Fiskræktarsjóð og það eru nokkrir punktar sem ég vildi ræða.

Í 4. gr., herra forseti, er tekið svo til orða að veiðimálastjóra eigi að vera heimilt að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna til þess að vernda villta laxastofna. Nú er það svo að víða er um að ræða afskaplega merkilega stofna laxfiska sem þarf svo sannarlega að vernda ekki síður en laxa en eru þó ekki laxar. Hér á ég við hina gríðarsterku stofna sjóbirtinga á Suðurlandi. Þeir eru einstakir í heiminum. Það er sennilega hvergi hægt að finnan nokkurt svæði þar sem eru jafnmargir stofnar sem eru jafnsterkir og hafa á meðal sín jafnstóra sjóbirtinga og einmitt þar. Þar er hins vegar laxinn tiltölulega torgæfur og ég held þess vegna, herra forseti, að nauðsynlegt sé að hv. landbn. taki til umhugsunar þegar hún fjallar um þetta hvort ekki ætti að breyta þessu orðalagi þannig að í staðinn fyrir villta laxastofna komi þarna villta stofna laxfiska. Það tekur þá yfir bæði lax, sjóbirting og sjóbleikju. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrst menn á annað borð eru að gera þessa breytingu.

Ég hegg líka eftir því, herra forseti, að í 6. gr. a er verið að gefa veiðimálastjóra rétt til að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í vatni þar sem sannað telst að fiskur hrygni í september. Ég er sannfærður um að þarna vaki ekki nema gott eitt fyrir höfundum frv. Ég vek hins vegar athygli á því að þetta skarast á vissan hátt við 12. gr. c þar sem segir í tölul. 4., með leyfi forseta:

„Veiðimálastjóri getur sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.“

Ef þetta ákvæði gefur veiðimálastjóra þennan rétt held ég því fram, herra forseti, að 6. gr. a-liðar sé óþörf.

Stór hluti þessa frv. og sá sem mestur er að umfangi varðar regluverk sem snertir flutning á stofnum úr upprunalegu veiðivatni yfir í annað veiðivatn. 11. gr. er langumfangsmest í frv. og þar er að finna marga liði sem snerta einmitt þetta. Þar segir í 11. gr. c, tölul. 5, með leyfi forseta:

„Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.“

Þetta er afar gott.

Mér skildist á máli hæstv. landbrh. áðan að ástæðan fyrir því að þessar reglur væru settar væri sú að reglugerð sem hann vísaði til hefði ekki gefist nógu vel og það má vel vera að ekki hafi verið til nægilega styrk lagastoð fyrir henni. Þess vegna er verið að gera þetta. Ég er mjög hlynntur þessu. Ég tel að farsælt sé að setja lög um þetta. En þegar maður les síðan 11. gr. áfram og alla þá liði sem koma á eftir þá snúast þeir bara um eitt. Þeir snúast um undanþágur frá þessari meginreglu sem þarna er verið að setja. Þarna er sem sagt í fimm liðum sett upp afskaplega flókið kerfi sem menn þurfa til að fá undanþágu frá því sem hæstv. ráðherra segir hér næsta hróðugur að sé eitt af meginatriðunum. Mér finnst þess vegna að hér sé vel farið af stað en menn endi í heldur lakari áfangastað en lagt var upp til.

Ég velti því reyndar fyrir mér hvort málsgreinarnar frá og með a.m.k. 7 og til 12 sem bæta á við 23. gr. laganna með 11. gr. frv. séu óþarfar og hvort ekki megi allt eins segja: „Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni nema Veiðimálastofnun telji annað ráðlegt.“ Undir engum kringumstæðum tel ég að hæstv. landbrh. eða nokkur annar, sérfræðingur eða yfirvald, treysti sér til að leggja til að það megi flytja stofna milli veiðivatna ef Veiðimálastofnun er því andvíg. Ég held að enginn mundi gera það. Þess vegna velti ég fyrir mér hvort það sé ekki einnar messu virði hjá landbn. að kanna hvort ekki sé hægt

að fella burt þessa liði þar sem gert er ráð fyrir mjög flóknu ferli. Það er hægt að fá þessa undanþágu en til þess þá þarf veiðifélag eða eigandi veiðivatnsins sem áformar fiskrækt í viðkomandi vatni með framandi stofni, að sækja um undanþágu. Hún er send til veiðimálastjóra. Hann auglýsir hana. Hann óskar eftir umsögnum veiðifélaga á svæðinu. Hann þarf umsögn dýralæknis fisksjúkdóma. Hann þarf líka umsögn Veiðimálastofnunar. Þetta ferli tekur — ég hef ekki talið það saman — einhverjar vikur og jafnvel mánuði. Mér finnst þetta vera allt of flókið. Ég held einfaldlega að ef Veiðimálastofnun og þess vegna fisksjúkdómanefnd, telur að það sé ráðlegt að heimila flutning á framandi stofni yfir í veiðivatn þá sé það í lagi. En ég held ekki að það þurfi að fara í gegnum allt þetta undarlega ferli. Ég sé reyndar hvaðan hæstv. ráðherra hefur þetta því þetta er mjög keimlíkt því ferli sem menn hafa um mat á umhverfisáhrifum og ég ímynda mér að höfundarrétturinn liggi þar.

Ég hnýt líka um það, herra forseti, að eitt af því sem veiðimálastjóri á að kanna þegar framandi stofnar eru fluttir á milli veiðivatna, er m.a. hætta á erfðamengun. Mér finnst þarna kátlega til orða tekið vegna þess að það hlýtur jafnan að vofa yfir hætta á einhvers konar erfðamengun ef menn eru að gera þetta. Ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra er að leggja lagastoð undir það að menn geti stemmt stigu við þessu er fyrst og fremst hættan á erfðamengun og síðan auðvitað smit á sjúkdómum líka.

Herra forseti. Ég var áður búinn að nefna að ég tel að ef 4. mgr. 24. gr. laganna sem kveðið er á um í staflið c í 12. gr. frv. standi þá sé í rauninni óþarfi að hafa inni staflið a í 6. gr.

Ég hnýt líka um það, herra forseti, að í 13. gr. er gefin heimild til þess að uppræta fisk úr veiðivatni, t.d. vegna sjúkdóma. Ég tel að fullkomlega gild rök séu fyrir því að menn velti fyrir sér hvort það eigi að grípa til svo afdrifaríkra ráða. En jafnframt segir: „... eða til þess að rækta aðrar fisktegundir ...“ Það finnst mér vera mjög hæpið og ég spyr hæstv. ráðherra: Undir hvaða kringumstæðum telur hann að það kæmi til greina t.d. að uppræta sjóbirting til þess að setja lax í ár? Ég spyr að gefnu tilefni.

Margir hafa í gegnum tíðina af gáleysi reynt að gera nákvæmlega þetta. Þeir hafa freistað þess að drepa niður sjóbirting til þess að koma laxi í ána. Nú er það svo að af þessum þremur fiskum, laxi, bleikju og sjóbirtingi þá er það yfirleitt urriðinn — sjóbirtingur er ekkert annað en sjógengur urriði — sem lætur undan síga ef fiskar af hinum tegundunum koma í vatnið til hans. Hann er sem sagt viðkvæmur og ég held að það sé mjög hættulegt að gefa því undir fótinn að menn hafi lagaheimild til þess að drepa hann niður með þessum hætti. Ég bendi sérstaklega á margar smáár á Suðurlandi þar sem er að finna frábæra stofna af sjóbirtingum sem hafa í sínu náttúrulega umhverfi, sem er afskaplega kalt, þróast í gegnum áranna rás. En menn hafa gert tilraunir til þess að eyða þeim og setja lax í staðinn og stundum hefur þeim tekist að eyða sjóbirtingsstofnunum án þess að laxinn nái nokkru sinni fótfestu vegna þess að umhverfið er ekki náttúrulegt fyrir hann. Mér finnst þess vegna að það sé hæpið að hafa þetta þarna inni og það fer hrollur um mig þegar ég les að það kynni að vera mögulegt að leyfa notkun sérstakra efna til þess að eyða fiskstofnum. Það er skelfilegt, herra forseti.

Síðan kem ég að Fiskræktarsjóði. Í 27. gr. segir að það eigi að verja 3 prómillum af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt samningum til nýrra stórnotenda til þess að efla Fiskræktarsjóð. Eins og hæstv. landbrh. sagði áðan felur þetta í sér skattlagningu á nýrri stóriðju í landinu og mér er algjörlega ósárt um þó að hún sé skattlögð í þessum tilgangi. En mér finnst samkvæmt þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra gaf áðan að það sé næsta lítið sem úr þessu komi. Ég held að virkjanir í tengslum við stóriðju í landinu hafi valdið það miklum skaða, kannski ætti ég að segja „skaða“ innan gæsalappa af því að það er auðvitað umdeilanlegt, ég held alla vega að hún hafi valdið svo mikilli röskun á náttúrulegu umhverfi vatnafiska að það sé allt í lagi að þessi grein atvinnulífsins sé látin greiða talsvert meira en sem nemur 1–2 millj. Ég held þess vegna að þetta sé allt of lítið.

Ég spyr líka hæstv. landbrh. hvort það sé ætlunin að nota þetta aukna fjármagn til þess að stuðla að uppkaupum á laxakvóta í úthafinu. Ég tek eftir því að í greinargerðinni er talsvert mikið rætt um það að laxastofnar víðs vegar við Atlantshafið séu nú á hröðu undanhaldi og það hygg ég að sé að mörgu leyti rétt. Það er að nokkru rakið til veiða á úthafinu. En ég held að mönnum yfirsjáist eigi að síður að oftar en ekki þá er það löglegur veiðistuldur sem veldur því. Í Skotlandi t.d. og á Bretlandseyjunum öllum, sér í lagi á Írlandi er veiðiþjófnaður nánast lögleg tómstundagrein og menn fara í mótmælagöngur ef ríkisstjórnir viðkomandi landa reyna einhvern veginn að hrófla við því með lagasetningu. Ég held að það skipti verulegu máli varðandi dvínun þessara stofna. Ég set mig alls ekki upp á móti því að Fiskræktarsjóði verði varið í ríkari mæli þess að kaupa upp veiðikvóta á Atlantshafslaxi í úthafinu. En ég spyr hæstv. landbrh. hvort það sé tilgangurinn.

Herra forseti. Ég hegg líka eftir því að í greinargerðinni er talað um að þetta sé í samræmi við umhverfisstefnu Landsvirkjunar og sérstök málsgrein sem fjallar um það. Því spyr ég hæstv. landbrh. Gengur hann þá ekki út frá því að það verði Landsvirkjun sem í öllum tilvikum greiði þessar auknu fjárhæðir sem eiga að fara til Fiskræktarsjóðs?

Þá kem ég að öðru máli sem mér er hugleikið líka, herra forseti. Ég tel að Landsvirkjun hafi oft farið afar gáleysislega að veiðivötnum og hún hafi sums staðar valdið ómældum skaða þar sem hún hefur ekki fallist á að greiða neinar skaðabætur fyrir. Það er að vísu ekki sama hvar á landinu það er. Það er merkilegt að skoða hvar Landsvirkjun hefur drepið niður fæti og hvar hún hefur greitt bændum skaðabætur. Það er fyrir norðan. Það er í tengslum við Blönduvirkjun og svo auðvitað ýmsar aðrar virkjanir. En þar sem hún hefur valdið einna mestum skaða á vatnakerfi, þ.e. við Þingvallavatn og í Soginu, hefur hún ekkert borgað. Ég fullyrði það, herra forseti, að Landsvirkjun er völd að því að stórlaxastofninn í Soginu hefur nánast gereyðst og hann nær sér ekki upp vegna þess hvernig Landsvirkjun heldur á vatnsstreymi niður Sogið. Það er ekki lengra síðan en röskir tveir mánuðir að vatnsborðið t.d. í Úlfljótsvatni lækkaði um hátt í einn metra og voru aurar langt út eftir öllu vatninu. Menn geta þá velt tvennu fyrir sér: Hvað verður þá um fiskstofnana og sérstaklega ungviðið í Úlfljótsvatni meðan á þessu stendur? Það heldur sig yfirleitt á grynningum í skjóli þar. Og hvað verður um ungviðið neðar í ánni þar sem allt þetta vatnsmagn streymir með fossandi afli? Landsvirkjun hefur líka átt nokkra sök á því með gáleysislegri meðferð á vatnsborði Þingvallavatns, sérstaklega fyrr á árum, upp úr 1980, að urriðinn sem þar heldur til hefur átt mjög erfitt uppdráttar og sérstakur stofn bleikjunnar, svokölluð kuðungableikja, hefur ekki náð sér á strik fyrr en núna á allra síðustu árum.

Þegar Efra-Sogið var virkjað leiddi það til þess að urriðastofninn nánast gereyddist, þ.e. sá stofn sem hryngndi úti fyrir Efra-Soginu. Ég tel og reyndar ekki bara ég heldur ýmsir fræðimenn, íslenskir og erlendir, að brottnám urriðans úr vistkerfinu hafi leitt til mjög óreglulegra sveiflna á murtustofninum sem leiddi til þess að veiði hrundi í vatninu um árabil. Það hafði aftur í för með sér að bændur töpuðu mjög miklum hlunnindum, hlunnindum sem skiptu þá verulega miklu máli og þeir hafa aldrei fengið neinar bætur fyrir þetta.

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að á lýðveldisdaginn árið 1959 brast bráðabirgðastíflan sem hafði verið reist úti fyrir jarðgöngum þar sem Sogið var síðan fellt eftir niður í Úlfljótsvatn um Steingrímsstöð. Þetta leiddi til þess að vatnsborð Þingvallavatns lækkaði um á annan metra með þeim afleiðingum að bæði bleikjugerðirnar fjórar og urriðinn sköðuðust talsvert. Seiði lágu dauð í hrönnum út um allt vatn og vatnið er kannski fyrst núna að ná sér upp áratugum síðar. Aldrei voru neinar bætur greiddar. Landsvirkjun greiddi aldrei neitt.

Ég spurði hæstv. iðnrh. um það fyrr á þessu kjörtímabili hvort einhverjar bætur hefðu verið greiddar fyrir það og hæstv. ráðherra svaraði mér og alveg örugglega samkvæmt bestu vitund að engar bætur hefðu verið greiddar vegna þess að engra bóta hefði verið óskað. En nú er það samt sem áður þannig að í bók sem Guðmundur Daníelsson rithöfundur skrifaði og heitir Dunar á eyrum, er viðtal við Steingrím Jónsson rafveitustjóra þar sem hann er að lýsa því að þá, sennilega einhvern tíma upp úr 1960, hafi verið í gangi miðlunarnefnd sem átti að reyna að ná málamiðlun um bætur til bændanna. Það hefur aldrei komið neitt út úr þessari nefnd og því tel ég að Landsvirkjun standi í nokkurri skuld við a.m.k. bændur þarna.

Ég segi þess vegna, herra forseti, og spyr hæstv. landbrh.: Er þá ekki allt eins tímabært að setja inn í þessi lög einhvers konar ákvæði um það að tiltekið hlutfall af tekjum af sölu raforku sem Landsvirkjun stendur að, eigi að fara í sérstakan sjóð til að bæta bændum hlunnindatap sem beinlínis má rekja til aðgerða fyrirtækisins í komandi framtíð en líka í fortíðinni? Mig svíður það, herra forseti, að sjá þá ágætu bændur í kringum Þingvallavatn sem hafa sannanlega beðið skaða af starfsemi fyrirtækisins, liggja óbætta hjá garði kannski af því að þeir eru of kurteisir og hófsamir, kannski líka vegna þess að þá óar að leggja í þetta stórfyrirtæki og ógnar auðvitað framkoman gagnvart þeim.

Ég spyr, herra forseti: Er ekki mögulegt að hæstv. landbrh. velti því fyrir sér að beina því til landbn. að kanna hvort ekki sé rétt að setja inn einhvers konar sjóð af þessu tagi sem mundi þá e.t.v. vera sæmilegur plástur á þau sár sem starfsemi stofnunarinnar hefur veitt sumum í fortíðinni?

[18:29]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir umfjöllun hans um þetta frv. og athugasemdir hans sem geta verið góð leiðbeining fyrir hv. landbn. sem getur þá skoðað ýmsa þætti sem hv. þm. hefur bent á varðandi frv.

Ég vil fyrst segja út af skilningsleysi á frv. að „óskírar" tekjur er eitthvert tæknimál um tekjustofn Fiskræktarsjóðsins. Það er skilgreining á tekjuhugtakinu sem ég hætti mér ekki nánar út í að útskýra og var búinn að gera þá játningu áður að ég væri ekki alveg viss um hvernig væri hugsað en ég er fullviss um að þeir sem annast þessi mál kunna lagið á því og hefur ekki orðið til trafala við innheimtuna hingað til vænti ég.

Hv. þm. gerir athugasemdir um það að e.t.v. megi skilgreina ákveðna þætti í frv. á annan hátt eins og laxastofna annars vegar og laxfiska hins vegar. Ég hlýði á þessar athugasemdir hans og beini þeim til landbn. til frekari skoðunar og tel að það sé gert með fullum rökum enda veit ég að hv. þm. hefur góða þekkingu á þeim málum sem verið er að fjalla um í þessu frv., og er full ástæða til þess að hlýða á athugasemdir hans hvað þetta varðar. Ég hef út af fyrir sig ekki frekari athugasemdir við það heldur finnst sjálfsagt að landbn. líti á þessa þætti.

Hins vegar velti hv. þm. fyrir sér tilgangi 11. gr. sem má vissulega segja að standi undir einum af þremur þáttum sem frv. er ætlað að taka utan um og fjallar um flutninga á laxfiskstofnum milli vatnasvæða. Ég hef út af fyrir sig ekki við það að athuga heldur að hv. landbn. taki þessa þætti líka til nánari skoðunar því að hér eru settar í nokkuð ítarlegu máli ýmsar leiðir til undanþágu og til málsmeðferðar en stundum er það svo að það er bæði gott og nauðsynlegt að hafa málsmeðferð nokkuð skýra og að hennar sé að nokkru getið í lögum þannig að menn sitji þá ekki uppi með það, t.d. ráðherrar, að setja síðan reglugerðir sem hafi óskýran bakgrunn eða menn lendi síðar í því að þurfa að taka á úrskurðarmálum í viðkvæmum efnum þar sem menn hafi ekki leiðbeiningu löggjafans til að fara eftir. Ég hygg að það sé m.a. það sem er á bak við ítarlega útfærslu á málsmeðferð í 11. gr. þar sem leiðir eru opnaðar til undanþágu en það kann að vera að þær séu of flóknar eða með þeim hætti að það megi taka á þessu öðruvísi. Um eitt er ég þó alveg sammála hv. þm., að Veiðimálastofnun eða sérfræðingar verða að leggja línuna og afar erfitt er fyrir ráðherra að ætla eða eiga að vera dómari í því hvað má og hvað má ekki eða hvað er ásættanlegt í þessu efni. Ég hef m.a. þegar lent í því að þurfa að takast á við það og fjalla um það sem afar viðkvæmt deilumál hvort á að leyfa slíka flutninga eins og hér er verið að ræða um og því var talið nauðsynlegt að setja í frv. skýrari reglur en eru í gildandi lögum. Þegar ég tala um ráðherra á það a.m.k. við um þann sem hér stendur en það kann að vera að til ráðherradóms veljist menn sem hafa mikla og víðtæka þekkingu á þessum málum, séu e.t.v. doktorar í einhverjum fiskifræðum og hafi þekkingu á við þá sérfræðinga sem þeir eiga annars að vinna með og leita leiðbeininga hjá. Ég vísa þessu einnig til nefndarinnar að skoða þessa þætti nánar og að sjálfsögðu að kalla þá til sem hafa unnið að undirbúningi og gerð frv.

Varðandi athugasemdir eða fyrirspurn hv. þm. við 13. gr. þá hygg ég, ég get þó ekki vísað til annars en þess sem stendur í athugasemdum við einstakar greinar frv., að ekki sé verið að setja inn í frv. ný atriði heldur sé þetta í gildandi lögum en hef þó ekki lögin fyrir framan mig til þess að fullyrða þetta en í athugasemdum við frv. segir að um 12.–20. gr. sé aðeins gert ráð fyrir breytingum á stjórnsýsluverkefnum sem verið sé að færa frá ráðherra til veiðimálastjóra en ekki sé efnisatriðabreyting. Sé þetta rétt hygg ég að það sem verið er að breyta þarna sé fyrst og fremst það að verið er að fela veiðimálastjóra hlutverk sem í gildandi lögum sé í höndum ráðherra en efnisatriði í greininni séu samkvæmt gildandi lögum. Sé svo ekki verð ég einnig að vísa til nefndarstarfsins með það að fá nánari skýringu og hvort heldur er er auðvitað sjálfsagt að nefndin afli sér frekari skýringa á því hvað sé átt við eða hvað menn hafi haft í huga þegar þeir tala um að

hægt sé að gera upptækar úr veiðivatni aðrar fisktegundir en þær sem fyrir eru í vatninu og með hvaða aðferðum það er gert eins og bent er á.

Allra seinast, hæstv. forseti, aðeins frekari hugleiðingar um Fiskræktarsjóðinn, tekjustofna hans og hlutverk. Það er útilokað að segja nákvæmlega fyrir um það hvað kunni að felast mikill tekjuauki í þeirri breytingu sem er lögð til í 27. gr. frv. heldur aðeins það hvað ætla má miðað við það sem vitað er um eða talið er að sé í farvatninu af hugsanlegum nýjum samningum til stórra orkunotenda og þá sé verið að tala um þetta kannski 1–2 millj. sem er auðvitað sáralítil aukning á tekjum sjóðsins. Litið til lengri framtíðar gæti verið um stærri upphæðir að ræða sem ég ætla þó ekkert að velta fyrir mér frekar á þessu stigi. Auðvitað hefði ég ekki heldur grátið það ef menn hefðu talið sér fært að auka tekjur sjóðsins á annan hátt, t.d. með því að greitt yrði af sölu til allra stórra orkunotenda þ.e. þeirra sem kaupa þegar í dag orku af virkjunaraðilum. En það var ekki talið mögulegt eða tiltækt af hálfu þeirra sem gengu endanlega frá frv. að hafa það með þeim hætti af því að það gæti leitt til þess að taka þyrfti upp þegar gerða samninga. Það var meginástæðan fyrir því.

Þess vegna sé ég ekki að við bætum stórum böggum á Fiskræktarsjóðinn miðað við þennan tekjuauka sem hér er þó gefin von um en vissulega ætti fjárhagur hans að rýmkast örlítið. Þá veit ég að tekjur hans hafa verið notaðar, m.a. til þess að taka þátt í kaupum á laxalögnum í sjó en ég er ekki viss um og veit reyndar ekki hvort tekjur hans hafi verið notaðar til þess að taka þátt í kaupum á laxakvóta á úthafinu. Reyndar á ég vart von á því að tekjur sjóðsins séu þær að hann hafi getað tekið mikinn þátt í því þó að það sé hugsanlegt en hitt veit ég að hann hefur verið notaður til að taka þátt í kaupum á laxalögnum í sjó sem við höfum verið að semja um að undanförnu og eru nú að nást samningar um að bæta fyrir það þannig að öllum slíkum veiðum sé hætt og það tel ég að sé afar mikilvægt skref sem við erum um það bil að ná núna. Ég óttast því að ekki verði auðvelt að bæta við nýjum bótaþáttum á sjóðinn miðað við þennan litla tekjuauka sem hann fær hér en sjálfsagt er að nefndin skoði það nánar og t.d. það að gera upp eða bæta landeigendum fyrir hlunnindatap. Það kann að vera að það sé jafnvel ekki síður verkefni Bjargráðasjóðs en þó er það svo að Bjargráðasjóður tekur fyrst og fremst þátt í verkefnum sem eru skilgreind þannig að viðkomandi atvinnugrein hafi greitt til sjóðsins þannig að bótaréttur skapist þar.

Síðan spurði hv. þm. hvort það mætti skilja það svo af því að í greinargerðinni er vísað til umhverfisstefnu Landsvirkjunar að ráðherra gerði ráð fyrir því að það væri fyrst og fremst Landsvirkjun sem yrði orkusali í framtíðinni. Ég nefndi það reyndar í andsvari mínu til hv. þm. áðan, hann hefur þá ekki tekið eftir því, að ég teldi að þó að það væri einkum Landsvirkjun sem væri þessi orkusali í dag væri ekkert sem segði til um að það yrði svo í framtíðinni. Ýmsar breytingar geta gerst hvað það varðar og þess vegna er í lögunum kveðið á um að það skuli vera þeir sem selja orku frá vatnsaflsstöðvum í landinu sem greiða í sjóðinn en ekki merkt neinu einu fyrirtæki. Ég hygg að það að vitna til umhverfisstefnu Landsvirkjunar hafi fyrst og fremst verið notað sem rökstuðningur fyrir því að þeim aðilum sem nýta þá auðlind sem felst í fallvötnunum okkar beri að taka þátt í hvers konar rannsóknum sem þeir gera auðvitað en einnig í gegnum Fiskræktarsjóðinn eins og hér er lagt til, og hafa gert hingað til af raforkusölu til almennings en hér er gert ráð fyrir því að þeir greiði einnig af nýjum samningum til stórnotenda.

[18:40]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Ég held að hann hafi svarað flestum þeim spurningum sem ég beindi til hans og hann tók vel í ýmsar þær athugasemdir og ábendingar sem ég kom fram með. Sumar þeirra eru þess eðlis að ég tel að hv. landbn. ætti skilyrðislaust að fara að þeim. Aðrar eru auðvitað umdeilanlegar og helgast af þeim viðhorfum sem ég hef til þessara mála sem kunna að vera nokkuð öðruvísi en hæstv. landbrh.

Ég er að sjálfsögðu þakklátur fyrir það að hæstv. ráðherra tók ekki illa í að það væri ráð að koma upp einhvers konar sjóði til þess að bæta bændum hlunnindatap þar sem hægt er að benda á að virkjun vatnsfalla hefur orðið til þess að skerða tekjur þeirra. Ég nefndi mjög sérstakt dæmi sem eru bændur við Þingvallavatn sem fengu ekki neinar bætur þegar Sogið, sem þá var mesta bergvatnsá landsins, var virkjað með þeim afleiðingum að því er ég tel að tekjur þeirra í kjölfarið minnkuðu og féllu algerlega niður um árabil. Aldrei kom króna í bætur. Hæstv. ráðherra sagði að e.t.v. mætti hugsa sér að Bjargráðasjóður kæmi til aðstoðar í slíkum málum. Ég hugsa að eins og málum er háttað sé of langur tími liðinn til þess að svo geti gerst en ég get samt sem áður ekki látið hjá líða að nota tækifærið til þess að reifa þetta örlítið frekar.

Það er hastarlegt að bændur sem búa við Þingvallavatn höfðu að stórum hluta tekjur sínar af veiði í vatninu. Í dag er það reyndar enn svo að þeir hafa umtalsverðar tekjur af silungsveiði og má segja að stöku bóndi búi enn við vatnið sem hefur eiginlega afkomu sína af veiðunum. Landsvirkjun hefur hins vegar komið þannig fram að það er til vansæmdar. Dæmi eru um það frá öllum síðustu sumrum að vatnsborðið á vatninu er lækkað það ört að fiskurinn leggst frá. Það er alþekkt að ef vatnsborðið í vatninu lækkar ört hrekst fiskurinn út frá ströndinni og það þýðir að bændurnir veiða ekki sem áður.

Þetta þýðir það, herra forseti, að þegar Landsvirkjun notar Þingvallavatnið sem miðlunarlón kemur það niður á bændunum en Landsvirkjun græðir hins vegar peninga á því. Það væri réttlætismál að hún greiddi bændunum þegar eitthvað slíkt gerðist eða að hún sæi einfaldlega til þess að þeir hefðu með einhverjum hætti tekjur af þessari notkun fyrirtækisins á vatninu. Það er t.d. nöturlegt að hugsa til þess að bændur í Þingvallasveit voru síðastir til þess að fá rafmagn og ég held að það væri góð hugmynd að Landsvirkjun sæi til þess að bændurnir á þessu svæði hefðu ókeypis rafmagn til híbýla sinna. Mér finnst að það sé nokkuð sem menn ættu að ræða í framtíðinni. Það er hins vegar mál sem ég fellst á að sé tiltölulega fjarskylt þessu ágæta frv. sem liggur fyrir.

Ég reifaði í fyrri ræðu minni tilgang og uppbyggingu Fiskræktarsjóðs. Í greinargerðinni segir um Fiskræktarsjóðinn að hann hafi í upphafi haft það markmið að efla fiskrækt í landinu með fiskvegagerð og seiðasleppingum. Löngu seinna er frá því greint að bætt var ákvæði inn í lögin sem heimilar að styrkja annars konar verkefni sem eigi að stuðla að viðhaldi eða aukningu íslenskra laxfiska. Þetta er virðingarvert og þess vegna tel ég nauðsynlegt að stækka og efla sjóðinn. Mér sýnist á máli hæstv. ráðherra að sú breyting sem er lögð til muni ekki leiða til mikillar styrkingar á sjóðnum. En verkefnin eru hins vegar ærin. Það liggur fyrir að það þarf

að kaupa upp laxakvóta á úthafinu en jafnframt tel ég líka að það skipti máli að reyna í vaxandi mæli að verja fjármagni til þess að kanna afdrif laxins þegar hann kemur til hafs, þegar hann gengur úr ánum. Ástæðan fyrir því að stofnarnir eru á niðurleið er að hluta til sú að afkoma laxaseiðanna er ekki nægilega góð þegar kemur í hafið.

Hvað veldur því? Það veit ekki nokkur maður. Hvers vegna? Vegna þess að það er ekkert fjármagn veitt til rannsókna á nákvæmlega þeim þætti sem lýtur að sjávarvist laxfiskanna. Við höfum áratugum saman verið að rannsaka þann þátt í lífskeðju fisksins sem er háður í straumvatni á landi og við höfum náð giska góðri þekkingu upp á því sviði. Við vitum næsta vel við hvaða aðstæður laxaseiðin lifa best á meðan þau eru enn í straumvatninu. Við vitum ekkert hvað bíður þeirra þegar þau koma í hafið og hvort eitthvað sé hægt að gera til þess að bæta afkomu þeirra. Þetta skiptir máli, herra forseti, ekki bara um þá stofna sem við höfum núna heldur líka og ekki síður varðandi uppbyggingu stofna annars staðar.

Ég bendi t.d. á ár eins og Rangárnar sem sakir ýmissa umhverfisþátta hafa átt undir högg að sækja sem laxár. Það hefur hins vegar tekist með þeim aðferðum sem menn á borð við Þröst Elliðason hafa þróað í samvinnu við bændur þar að ná upp verulega góðri veiði. Það sem hins vegar bjátar helst á þar eins og reyndar víða er að stundum ber það við að þó að miklu magni seiða sé sleppt eru endurheimturnar takmarkaðar. Af hverju? Vegna þess að umhverfisþættir í hafinu eru ekki nógu heppilegir. Við vitum hins vegar ekki hvaða umhverfisþættir þurfa nákvæmlega að vera til staðar til þess að afkoma sé nægilega góð þegar í sjávarvistina kemur. Þetta þarf að rannsaka og ég tel að þetta sé eitt af þeim verkefnum sem Fiskræktarsjóður ætti að sinna.

Ég hef, herra forseti, lagt fyrir þingið tillögu til þingsályktunar sem varðar einmitt auknar rannsóknir á þessu sviði. Ég hefði talið æskilegt, af því að það er talsvert langt síðan hún var lögð fram, að hún hefði verið rædd í tengslum við þetta frv. og þá hefði hæstv. landbrh. e.t.v. getað verið til þess að taka þátt í umræðunni. Ég ætla að öðru leyti ekki að fjölyrða um frv., herra forseti, en ég tel að þær ábendingar sem ég hef komið fram með um ýmis ákvæði frv. séu þess eðlis að landbn. beri skylda að skoða þau til hlítar. Ég held líka að hæstv. ráðherra eigi að velta því fyrir sér sem landbrh., sem gæslumaður laxastofnanna í ánum fyrir hönd okkar sem hér störfum á hverjum degi, hvort ekki sé hægt að finna meira fjármagn en það sem hann hefur fundið hér í 27. gr. til að efla Fiskræktarsjóðinn svo að hann geti í ríkarari mæli sinnt þeim verkefnum sem ég hef verið að reifa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búfjárhald, 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 415. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 736.

[18:48]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir og Magnús Stefánsson, sem sagt einn þingmaður frá hverjum þingflokki á Alþingi.

Frv. gerir ráð fyrir að við 5. gr. laganna um búfjárhald bætist ný málsgrein og orðist eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., [og það á við lög þessi] nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.“

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1999. Ber að taka fram að það er nokkuð síðan þetta frv. var lagt fram þannig að gildistökuákvæðið er að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem athuga þarf í hv. nefnd með hliðsjón af því hversu langan aðlögunartíma er talið eðlilegt að hafa að þessu frv.

Þetta frv., herra forseti, hefur tvívegis áður verið flutt á Alþingi. Það var á síðasta kjörtímabili en þá varð frv. í hvorugt skiptið útrætt. En það er því miður svo að sá vandi sem þessu frv. er ætlað að taka á, þ.e. tíð umferðaróhöpp og slys sem tengjast lausagöngu stórgripa hefur síst minnkað. Til marks um það er nýleg samantekt á umferðaróhöppum sem tengjast búfé, úr ritgerð sem ungur námsmaður, Hugi Hreiðarsson, hefur unnið. Er þessi samantekt birt sem fylgiskjal I með frv. á bls. 4. Þar sjá menn að því miður er það enn svo að árekstrar umferðarinnar og búfjár eru alltíðir og hefur ekki dregið úr þessu vandamáli að neinu marki miðað við samanburð við eldri fylgiskjöl með frv., en þar eru ýmsar upplýsingar sem 1. flm. tók saman á árunum 1992–1994 og ná allt aftur til ársins 1987 og jafnvel aftar. Við því var kannski tæplega að búast hvað sauðfé varðar en hitt er öllu alvarlegra að á einstaka svæðum eru árekstrar hrossa og umferðarinnar jafnmargir og fyrr eða jafnvel heldur fleiri. Það á t.d. við því miður um umdæmi lögreglunnar á Sauðárkróki.

Því er þetta frv. flutt, herra forseti, að gildandi úrræði að þessu leyti virðast ekki hafa dugað til að taka á þessu vandamáli eins og vonir stóðu til, t.d. þegar lögum um búfjárhald var breytt og þau reyndar endurskoðuð í heild og sett á árinu 1991. Þá varð sú niðurstaða að setja í lög ótvíræðar afdráttarlausar heimildir til handa sveitarstjórnum að fyrirskipa vörsluskyldu á sínu svæði og menn bundu vonir við að í framhaldinu mundi það gerast að á vandamálinu yrði tekið og það hyrfi smátt og smátt úr sögunni í gegnum það að einstakar sveitarstjórnir settu reglugerðir eða samykktir um búfjárhald og þá yfirleitt vörsluskyldu hvað stórgripi snertir sem a.m.k. þyddi að sá hluti vandamálsins hyrfi.

En því miður hefur það ekki gengið eftir að öllu leyti því þó fjölmargar sveitarstjórnir hafi tekið vel á þessu vandamáli, þá hefur annars staðar að því er virðist ekki náðst samstaða í héraði um að taka á málinu og fyrirskipa nauðsynlega vörslu þar sem árekstrar eru milli stórgripa og umferðar. Jafnvel hefur borið á því allra síðustu árin eða frá því að dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem eigandi stórgrips var talinn bera nokkra ábyrgð þar sem um vörsluskyldu var að ræða í viðkomandi sveitarfélagi, að menn hafi fellt úr

gildi samþykktir um vörsluskyldu þar sem þær voru komnar á, og það fært fram sem rök að ella kynnu eigendurnir, bændur, að verða bótaskyldir í slíkum tilvikum og það vildu menn ekki að gerðist. Það er því alveg ljóst, herra forseti, að málið hefur ekki þróast með þeim hætti sem vonir voru bundnar við þegar lögin voru sett á árinu 1991. Reyndar á þetta mál sér enn þá eldri aðdraganda í starfi nefndar sem starfaði á árunum 1989–1990 til að taka á þessum vanda og í henni sátu fulltrúar Vegagerðar, Búnaðarfélags, sem þá hét svo, Umferðarráðs og fleiri aðilar. Niðurstaða þeirrar nefndar varð einmitt þessi, að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð þó reyndar hefði einn nefndarmanna fyrirvara á um það atriði.

Eftir sem áður varð niðurstaðan sú við setningu búfjárhaldslaganna 1991 eins og áður sagði að láta á það reyna hvort þetta vandamál leystist í gegnum aðgerðir einstakra sveitarstjórna en það hefur ekki gengið eftir eins og dæmin sýna, og töflur um slys og óhöpp sem sjá má í fylgiskjölum bera með sér.

Þá held ég, herra forseti, að ekki sé um annað að ræða en að horfast í augu við það að vilji menn uppræta þetta vandamál, þá verður að grípa til einhverra frekari aðgerða en gert hefur verið hingað til. Ég held að það geti tæplega verið rök í þessu máli að núverandi ástand sé ásættanlegt. Það er alveg ómögulegt, held ég, að telja að ástandið sé þolandi þegar svo er að árekstrar milli umferðar og búfjár og þá t.d. umferðar og stórgripa eru á bilinu 30–50 á hverju ári undanfarin þrjú ár. Í einhverjum tilvikum öll þessi árin er því miður um mjög alvarlega árekstra að ræða þar sem verður meiri háttar eignatjón og slys ef ekki dauðsföll. Það er ástand sem ekki er ásættanlegt, herra forseti, eins og mjög er í tísku að segja í dag.

Það er líka skoðun mín og væntanlega okkar allra flutningsmanna, herra forseti, að þetta mál sé einmitt af þeim toga sem landbúnaðurinn sjálfur þurfi að reyna að hafa forgöngu um að leysa. Það er ekki í þágu landbúnaðarins að reyna að réttlæta eða verja óbreytt ástand í þessum efnum. Það eru einmitt hnökrar í samskiptum landbúnaðarins og sveitanna og annarra aðila í þjóðfélaginu af þessu tagi sem ekki eru heppilegir og eru ekki til góðs né landbúnaðinum eða búskap til framdráttar í landinu að hlutir af þessu tagi viðgangist.

Það er rétt, herra forseti, að fara örfáum orðum um það af hverju aðgerðirnar eru einskorðaðar við stórgripi en ekki sauðfé eða kindur. Fyrir því eru kannski aðallega tvær ástæður eða tvennt sem mestu skiptir þar. Það fyrra er að árekstrarnir eru miklum mun alvarlegri þegar stórgripir eiga í hlut og yfirleitt eru slys eða meiri háttar tjón bundin við það að um stórgripi er að ræða. Vissulega eru óhöppin þar sem kindur koma við sögu alltíð og hlutfallslega auðvitað fleiri, en í langflestum tilvikum er þar um mjög óverulegt tjón að ræða og ekki alvarlega atburði í þeim skilningi að mikil hætta sé á slysum á fólki eða meiri háttar áföllum af því tagi. Þetta er annað.

Hitt er, herra forseti, að það er allt önnur og miklu stærri aðgerð að fyrirskipa vörsluskyldu eða girða af alla vegi alls staðar í landinu þannig að sauðfé ætti hvergi aðgang að vegum. Þar er um allt aðrar forsendur í raun að ræða og það eru ekki í hugum okkar tillögumanna nein áform uppi, a.m.k. ekki 1. flm., að leggja slíkt til. Ég held einmitt að það að taka á vandanum sem snýr að stórgripunum eigi að geta orðið til þess að frekar viðhaldist sátt um hitt, að menn búi áfram í landinu við þær aðstæður að upprekstur sauðfjár sé stundaður og þá verði að sjálfsögðu ekki undan því vikist að einstöku sinnum geti leiðir umferðarinnar eða bíla og sauðfjár á heiðum uppi legið saman. Það að óbreytt ástand ríki veldur hins vegar þeim núningi, sem ég kom áður inn á í ræðu minni, og er held ég ekki vel til þess fallið að sú sambúð verði farsæl.

Auk þess má nefna, herra forseti, í þriðja lagi og það skiptir miklu máli, að í langflestum tilvikum er nein umtalsverð röskun á þeim búskaparháttum sem þegar eru tíðkaðir að fyrirskipa vörslu á stórgripum. Lausaganga stórgripa er sárasjaldgæf og upprekstur stórgripa eða hrossa eins og yfirleitt er, er ekki stunduð nema á fáeinum stöðum á landinu og reyndar er vel hægt að hugsa sér að sá upprekstur geti haldið áfram með tilteknum takmörkunum þó að svona vörsluskylda í byggð og vörsluskylda gagnvart vegum eða meiri háttar umferðaræðum væri fyrirskipuð. Eftir sem áður ætti að mega að skilgreina þau upprekstrarsvæði sem væru þannig afmörkuð að ekki hlytist nein teljandi hætta fyrir umferð þó að áfram væri stundaður slíkur upprekstur. Stórgripir eru í vörslu í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella allt árið og það kostar því ekki nema óverulegar breytingar á högum tiltölulega fárra bænda í landinu þó að slík vörsluskylda væri fyrirskipuð.

Þá er enn rétt að nefna að í fjölmörgum sveitarfélögum er nú þegar slík vörsluskylda á grundvelli samþykkta eða reglugerða viðkomandi sveitarstjórna og um það er birt nýlegt yfirlit sem unnið var upp á nýtt og tekið saman af landbrn. þegar endurflutningur þessa frv. var í undirbúningi í janúarmánuði sl. Þetta er vandað yfirlit yfir samþykktir sveitarstjórna um búfjárhald og hvað í þeim samþykktum felst í aðalatriðum og menn geta flett upp þessu í fylgiskjölum á bls. 12 og áfram í frv.

Aðeins einn þátt til viðbótar, herra forseti, vil ég gera lítillega að umtalsefni og það er spurningin um tjón eða bætur og hvernig ábyrgð aðila kann að breytast í þeim tilvikum að vörsluskylda sé við lýði eða hún fyrirskipuð.

Í fyrsta lagi er ljóst að slík vörsluskylda er mjög víða í landinu þannig að að því leyti til verður ekki breyting á bótastöðunni, ábyrgðarstöðunni, þó að þessi lagabreyting yrði gerð. Það ætti eingöngu við um þau svæði þar sem slík vörsluskylda er ekki fyrir hendi nú.

Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því að í vegalögum er núna nýtt ákvæði um það að slík vörsluskylda eða bann við lausagöngu búfjár er fyrir hendi alls staðar þar sem girt hefur verið beggja vegna vega. Þá gildir það nýmæli vegalaganna að lausaganga alls búfjár á þeim vegasvæðum er bönnuð og sömuleiðis í þeim tilvikum verður væntanlega ekki um breytingu á ábyrgðarstöðunni að ræða. Aðeins í þeim tilvikum að í kjölfar lagabreytinga af þessu tagi yrði sú breyting á að eigendum gripa væri fyrirskipuð vörsluskylda, þá kæmu til skoðunar þau tilvik þegar vörsluskyldan væri þannig framkvæmd af ásetningi eða gáleysi að til greina kæmi að skipta ábyrgð á tjóninu. Almenna regla umferðarlaganna, þ.e. 88. gr. umferðarlaga, helst að sjálfsögðu áfram. Sú meginregla er að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Þessi regla helst að sjálfsögðu áfram. En eins og ég sagði, aðeins í þeim tilvikum að vörsluskylda væri vanrækt eða hún gáleysislega framkvæmd er líklegt að heimild 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga, þ.e. 3. mgr. 88. gr., yrði virt. Sú heimild felur í sér þann möguleika að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður jafnvel að öllu bætur sem eigandi eða

ábyrgðarmaður ökutækisins greiðir samkvæmt venju. Með öðrum orðum, svo fremi sem bændur stæðu eðlilega að því fyrir sitt leyti að framkvæma vörsluskylduna yrðu þeir að sjálfsögðu ekki dregnir til ábyrgðar fyrir tjón sem stórgripir yllu ef um slys eða hreinan óvilja væri að ræða eða að tjónið yrði við aðstæður þar sem með engu móti mætti rekja það til gáleysis eða vanrækslu eiganda gripanna.

Þá er eingöngu eftir þessi spurning: Telja menn ástæðu til að hafa svo mikla samúð með mönnum í þeim tilvikum að ekki megi láta óbreytt ákvæði umferðarlaga um ábyrgð í tjónum gilda? Ég er ekki við fljóta athugun á þessu máli þeirrar skoðunar að nein ástæða sé til að gera breytingar á umferðarlögum í tengslum við lagabreytingu af þessu tagi en segi hins vegar: Telji menn ástæðu til þess er að sjálfsögðu rétt og skylt að fara yfir þann þátt málsins og ég teldi eðlilegt að aðlögunartími að gildistöku vörsluskylduákvæðanna yrði þá nýttur til að endurskoða þessi ákvæði umferðarlaga.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að eftir að frv. þetta kom fram starfaði búnaðarþing í Reykjavík og þar lögðu menn vinnu í að fara yfir frv. og ég átti þess kost að mæta hjá þeirri þingnefnd á búnaðarþingi sem fjallaði um þetta mál. Þar kom fram, án þess að ég ætli að taka að mér að endursegja það eða gefa skýrslu um það, að menn höfðu að sjálfsögðu áhyggjur af stöðu þessa máls en jafnframt voru efasemdir um hvort lögfesting ákvæða af þessu tagi væri rétt eða óumflýjanleg aðgerð eða hvort hugsanlega mætti beita sér gegn þessu vandamáli einhvern veginn öðruvísi. Ég vil því láta það koma hér fram að að sjálfsögðu er ég og við flutningsmenn opin fyrir öðrum hugmyndum sem að sama gagni mættu koma til þess að taka á þessu vandamáli jafnvel þó menn vildu setjast yfir málið á nýjan leik og skoða til hvaða aðgerða væri hægt að grípa, hugsanlega annarra en þessara að taka af skarið með ótvíræðum ákvæðum um vörsluskyldu. En ég verð að segja, herra forseti, alveg eins og er að hitt sætti ég mig heldur illa við að ekki náist einhver árangur í þessu máli og það verði með einhverjum hætti á því tekið.

Ég vil því ljúka með því að segja að ég bind vonir við að Alþingi fyrir sitt leyti taki einhven veginn á þessu máli og komi því í farveg. Það ber vel í veiði að hæstv. landbrh. er viðstaddur umræðuna. Ég vona einnig að þetta mál njóti velvilja og verði skoðað af hálfu landbrn. sem að sjálfsögðu fer með yfirstjórn þessara mála. Þó er þetta í reynd ekki bara vandamál sem snýr að landbúnaðinum. Þetta er samskiptavandamál þessara aðila í landinu og þau eru nú mjög á dagskrá og hafa birst m.a. á hinu háa Alþingi á þessum vetri í ýmsum myndum. Þetta er akkúrat eitt dæmigert mál af þeim toga sem ég held að sé mikilvægt að finna farsæla lausn á þannig að sambúð og samskipti þessara aðila, almennings og umferðarinnar annars vegar, bænda, búfjáreigenda, landbúnaðarins og sveitanna hins vegar séu sem hnökralausust.

Þar sem þessi lög, herra forseti, heyra undir hv. landbn. þá legg ég að sjálfsögðu til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað þangað og vona að það fái þar víðsýna og vandaða skoðun.

[19:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð í tengslum við umræður um þetta frv. og það mál sem hér er til umfjöllunar og byrja á því að taka heils hugar undir það með flm. frv. að það sé nauðsynlegt að taka skipulega á þeim málum sem hér er verið að fjalla um með tilliti til þeirra alvarlegu slysa og umferðaróhappa sem hafa orðið og tengjast lausagöngu búfjár eins og hv. framsögumaður gerði grein fyrir. Ég tek einnig eindregið undir þau viðhorf sem hann gerði rækilega grein fyrir að hér er fyrst og fremst verið að tala um stórgripi og hættuna sem af lausagöngu þeirra stafar, nautgripa og hrossa, fremur en sauðfjár, enda um miklu stærra mál að ræða og viðameira ef ætti einnig að fjalla um sauðfé. Ég velti því þó fyrir mér hvort ekki þurfi að skoða málin í víðara samhengi heldur en frv. gerir ráð fyrir. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé ekki, eins og ég sagði áðan, fyllilega sammála þeim anda sem í frv. felst að á þessum málum þurfi að taka.

Það er einnig rétt sem fram kom hjá hv. framsögumanni frv. að búnaðarþing sem fjallaði um þetta mál — ég er með fyrir framan mig umsögn búnaðarþingsins um þetta þingmál — tekur einnig undir þá meginskoðun að að taka þurfi á lausagöngu stórgripa en bendir m.a. á vegalögin og mér finnst framkvæmd vegalaganna vera eitt af því sem þarf að skoða. Það er 56. gr. vegalaganna sem kveður á um að lausaganga búfjár sé bönnuð á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er beggja megin. En ágreiningur hefur verið á milli landeigenda og Vegagerðarinnar um framkvæmd þessara mála, m.a. um það hver skuli bera kostnað af uppsetningu girðinganna og viðhaldi þeirra. Framkvæmdin verður að vera sú sem lögin gera ráð fyrir.

Tryggingamálin þarf einnig að skoða eins og hv. þm. gerði grein fyrir í sinni framsögu og ég ætla ekki að orðlengja um það frekar.

Mér virðist ljóst að þessi atriði, sem hér er m.a. fjallað um, heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti, þ.e. auk landbrn. a.m.k. einnig samgrn. vegna vegalaganna og svo má sjálfsagt líka segja dómsmrn. þar sem hér er það spurning um samstarf við lögregluyfirvöld hvernig taka skuli á málum. Ég hef fullan hug á því að beita mér fyrir því að fulltrúar þessara þriggja ráðuneyta fjalli um málið og þá hugsanlega hvaða lagabreytingar þurfi að gera frekar til þess að geta fylgt þessu eftir. Einnig má benda á þá skyldu eða ábyrgð sveitarstjórna í þessu sambandi sem hv. framsögumaður gerði einnig grein fyrir.

Mig langar svo, hæstv. forseti, aðeins í lokin að ítreka það sem kom reyndar fram í umræðum um 15. dagskrármál þessa fundar þar sem fjallað var einnig um breytingu á lögum um búfjárhald, að ég hef ákveðið að láta fram fara heildarendurskoðun á þeim lögum og þá hljóta þessi ákvæði, ákvæði um lausagöngu búfjár einnig, að koma þar til skoðunar.

Þetta segi ég allt saman til þess að lýsa fyrst og fremst stuðningi mínum við efni frv. og velta því upp hvort ekki þurfi að skoða fleiri þætti og hvort fleiri aðilar þurfi að koma að því heldur en hér er gert ráð fyrir. Ég vil að sjálfsögðu alls ekki draga úr því að landbn. skoði þetta mál ítarlega og ef mönnum finnst að með því sem hér er lagt til með þessu frv. sé hægt að gera bót á án þess að fleira komi til þá verður það þingsins og löggjafans í heild að taka um það endanlega ákvörðun. Ég minni á það einnig að heildarendurskoðun á þessum lögum er að fara af stað og þar hlýtur að verða tekið m.a. á þessum þætti verði það ekki gert á fullnægjandi hátt á þessu þingi

[19:12]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þessi svör og þessar upplýsingar. Ég fagna því að það er skiln-

ingur á því á öllum vígstöðvum að á þessu máli þurfi að taka. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. ráðherra að það er í breiðu samhengi og kemur inn á verksvið annarra ráðuneyta, samgrn., dómsmrn. og jafnvel fleiri. Ég hafði ekki séð þessa endanlegu samþykkt búnaðarþings en það kemur mér ekki á óvart að menn þar viðurkenni tilvist vandans og séu að reifa mögulegar aðgerðir til að bæta þar úr.

Það er að sjálfsögðu fullkomlega eðlilegt að bændur bendi á Vegagerðina og það hversu seint gengur að girða meðfram vegunum og vilji sjá vandamálið fyrst og fremst leysast í gegnum það að væntanlega verði stórauknu fé varið til girðinga þannig að vegirnir verði þannig girtir af og friðaðir. En við þingmenn vitum hversu hægt það gengur og þekkjum mætavel hvað er til skiptanna í þeim efnum. Það er alveg ljóst að það munu líða ár ef ekki áratugir þangað til búið verður að girða af öll þau svæði þar sem slík vandamál eru af og til að skjóta upp kollinum.

Ég er, eins og ég sagði áður, herra forseti, mjög opinn fyrir því að tekið verði á þessu máli einhvern veginn öðruvísi en nákvæmlega svona. Það er mér ekki hjartans mál heldur hitt að ná þarna árangri. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að heildarendurskoðun þessara laga er á dagskrá og þá verður farið yfir þennan þátt eins og aðra. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra komi þá afstöðu sinni og síns ráðuneytis á framfæri við hv. landbn. sem fær þetta mál til umfjöllunar og vonandi einhverrar fyrirgreiðslu. Ég gæti þess vegna prýðilega sætt mig við það, að þeirri umfjöllun aflokinni og eftir að ákveðið hefði verið í samráði ráðuneytis og landbn. hvernig yrði farið í málið, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnar eða eitthvað í þeim dúr. Ég er ekki að gera neina kröfu um afgreiðslu þess og get það svo sem auðvitað ekki en mun hins vegar halda því vakandi að málinu sé fylgt eftir.

[19:15]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka aðeins samstöðu mína með efni frv. eins og ég hafði áður gert og tel nauðsynlegt að taka á þessum málum og trúlega væri ekki óskynsamlegt að gera það með heildarendurskoðun. Ókosturinn við það er auðvitað sá eins og hv. þm. vita, a.m.k. allir þeir sem hér eru saman komnir núna í augnablikinu og væntanlega þingheimur allur, að slík heildarendurskoðun vill oft taka meiri tíma en þegar reynt er að taka á einstökum málum sem brýnt er að leysa. En aðeins til að árétta það sem fram kemur í áliti búnaðarþingsins, að þingið tekur undir þá meginskoðun í ályktun sinni sem fram kemur í frv. að útiloka skuli lausagöngu stórgripa en bendir á vegalögin og þá kröfu sem bændastéttin gerir til þess að tekið sé á málunum með þeim hætti að þetta þýði ekki fyrst og fremst kostnað fyrir landbúnaðinn þar sem gert sé ráð fyrir þessu í öðrum lögum að lausaganga skuli bönnuð. Með leyfi hæstv. forseta, segir m.a. í álitinu:

„Það er skoðun þingsins að veggirðingar séu hluti af uppbyggingu vegakerfisins og líta beri á viðhald þeirra eins og annað viðhald á vegakerfinu og þingið leggur áherslu á nauðsyn þess að markvisst verði unnið að því að allir þjóðvegir landsins verði girtir tryggilega af." Að lokum segir svo þingið, með leyfi forseta: „Telur þingið því ótímabært að algert bann við lausagöngu stórgripa verði sett í lög eins og frumvarpið gerir ráð fyrir." Það er auðvitað á þeim forsendum en ekki vegna þess að þeir séu á móti efni frv. að þeir hafa nokkrar áhyggjur af þeim kostnaði sem af því hlýtur að leiða og hverjum beri að greiða fyrir það. Þess vegna er það skoðun mín eins og ég gat um áðan að það þurfi kannski að skoða málið í örlítið víðara samhengi en frv. sem slíkt gerir ráð fyrir.

[19:17]

**Útbýting þingskjala:**

Lögreglulög, 442. mál, nál. allshn., þskj. 1019; brtt. allshn., þskj. 1020.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19.–26. mál.

Fundi slitið kl. 19:18.

---

## 94. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770, nál. 1000, brtt. 1004. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 460, nál. 1001, brtt. 1002. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Búfjárhald, stjfrv., 543. mál, þskj. 928. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 578. mál, þskj. 983. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Búfjárhald, frv., 415. mál, þskj. 736. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Kjaramál fiskimanna, stjfrv., 603. mál, þskj. 1023. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 604. mál, þskj. 1024. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Verðlagsstofa skiptaverðs, stjfrv., 605. mál, þskj. 1025. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
10. Kvótaþing, stjfrv., 606. mál, þskj. 1026. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

**Fjarvistarleyfi:**

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.

### *Tilhögun þingfundar.*

[13:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að þegar greidd hafa verið atkvæði um sex fyrstu dagskrármálin verður gert 20 mínútna hlé á fundinum að beiðni formanna þingflokka. Forseti biður þingflokksformenn að koma til fundar í forsetaherbergi ásamt hæstv. sjútvrh.

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, 340. mál, nál. sjútvn., þskj. 1027; brtt. sjútvn., þskj. 1028.

Skipan héraðsdómara, sýslumanna og forstöðumanna, 608. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 1030.

### *Umferðarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770, nál. 1000, brtt. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Brtt. 1004,1 felld með 38:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GMS, JóhS, KH, LB, MF, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (ÁE, BH, GGuðbj, HG, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁÞ, DO, GB, IP, LMR, RG, SJóh, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með brtt. eru stigin mjög mikilvæg skref í umferðaröryggismálum til að sporna gegn ölvunarakstri. Allt að fimmta hvert banaslys má rekja til ölvunaraksturs og árlega eru allt að 2.500 manns teknir vegna gruns um ölvun við akstur. Allar innlendar og erlendar rannsóknir styðja þessa leið en í Svíþjóð minnkaði ölvunaraksturinn um 30% þegar leyfilegt vínandamagn í blóði var fært niður eins og hér er lagt til. Ég sé enga ástæðu til þess að bíða eftir að embættismenn dómsmrh. gefi þinginu grænt ljós í þessu brýna umferðaröryggismáli og segi já.

[13:34]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta mál var rætt sérstaklega í allshn. og hefur verið upplýst að hæstv. dómsmrh. hefur nú skipað starfshóp sem mun kanna þetta mál sérstaklega og mun væntanlega skila skýrslu um það næsta haust. Við teljum því í meiri hluta allshn. að þessi brtt. sé ekki tímabær.

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1004,2 kölluð aftur.
3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

### *Vörugjald, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 347. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 460, nál. 1001, brtt. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Brtt. 1002,1–3 (1.–3. gr. falli brott) samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1002,4–9 samþ. með 55 shlj. atkv.

4.–10. gr. (verða 1.–6. gr.), svo breyttar, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1002,10 samþ. með 55 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

### *Búfjárhald, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 543. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 928.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

### *Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 950.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

### *Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 578. mál (stjórnsýsluverkefni, Fiskræktarsjóður o.fl.). — Þskj. 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

### *Búfjárhald, frh. 1. umr.*

Frv. SJS o.fl., 415. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 736.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 13:42]

*Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:09]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Áður en atkvæðagreiðslan hefst er rétt að taka það fram varðandi fyrri mgr. 2. gr. frv. til laga um kjaramál fiskimanna á þskj. 1023 að við nánari athugun hefur komið í ljós að kjaraáhrif þess ákvæðis eru nokkuð víðtækari en að hafði verið stefnt. Því hefur verið tekin ákvörðun um það að því verði beint til hv. sjútvn. sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar að lokinni 1. umr., að efnisákvæði fyrri mgr. 2. gr. verði breytt þannig að það taki einungis til rækjuveiða.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁÞ, EOK, GÁS, IP, LMR, RG, SJóh, StG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga um að veitt verði afbrigði við málsmeðferð á frv. um kjaramál sjómanna. Þetta tengist atkvæðagreiðslu um afbrigði fyrir þremur öðrum þingmálum kenndum við þríhöfðanefnd ríkisstjórnarinnar. Þingflokkur jafnaðarmanna styður að þríhöfðamálin komi hér nú þegar til umræðu. En við styðjum ekki að frv. um kjaramál verði veitt afbrigði. Það frv. felur í sér lögfestingu á kjarasamningi og bann við verkföllum. Þingflokkur jafnaðarmanna er andvígur fjölmörgum ákvæðum þess frv. Frv. sjálft er mjög gagnrýnisvert.

Yfirlýsing hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar er til bóta en 2. gr. frv. er forkastanlegt og alvarlegt inngrip í kjaramál viðsemjenda. Í ljósi þess að þessi fjögur mál koma saman að miklu leyti til umræðu greiðum við því ekki atkvæði að frv. um kjaramál fái flýtimeðferð en munum styðja að hin þingmálin þrjú komi til umræðu.

[14:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við kjósum að greiða ekki atkvæði með því að þetta frv. um lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna verði tekið fyrir með afbrigðum. Með því mótmælum við þeirri lagasetningargleði sem hæstv. ríkisstjórn hefur endurtekið orðið uppvís að. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram frv. til að taka samningsréttinn af mönnum og binda enda á lögmætar aðgerðir í kjaradeilu með lagasetningu á Alþingi.

Eins er ljóst að í þessu frv. eru mjög umdeild atriði sem mikil andstaða er við. Frv., eins og það er lagt fram, boðar í 2. gr. íhlutun í tugi kjarasamninga hvað varðar ákvæði um fjölda í áhöfn og skiptahlut, þó að hæstv. sjútvrh. hafi að vísu hér áðan boðað breytingar sem eru til bóta á þessu atriði. Eftir stendur að til stendur að afnema samningsrétt og verkfallsrétt sjómanna í tvö ár. Með vísan til þessa greiðum við ekki atkvæði.

[14:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur margoft sýnt að hún er ekki vönd að virðingu sinni. Og núna sýnir hún það með eftirminnilegum hætti með því að biðja þingheim allan að styðja flýtimeðferð á lagafrv. sem bannar sjómönnum lýðræðislega réttindabaráttu í tvö ár eða til aldamóta. Þetta get ég að sjálfsögðu ekki stutt og ég mótmæli siðlausum vinnubrögðum þessarar siðlausu ríkisstjórnar í þessu máli. Ég vek athygli á því að þegar hagsmunum fjármagns og stórfyrirtækja er ógnað er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar alltaf reiðubúin að þjóna þeim.

[14:14]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og aðrir þingflokkar stjórnarandstöðunnar þá munum við kvennalistakonur ekki styðja það að frv. um kjaramál fiskimanna fái flýtimeðferð á Alþingi. Það er algerlega óásættanlegt að samningsrétturinn sé tekinn af sjómönnum með lögum enn einu sinni. Að sjómenn og útgerðarmenn geti ekki leitt sín kjaramál til lykta á eigin forsendum sýnir okkur í hvaða óefni er komið með hið lagalega umhverfi þessarar stéttar. Þetta er algerlega óviðunandi og því munum við sitja hjá við því að veita þessu flýtimeðferð.

[14:15]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er greinilegur ásetningur ríkisstjórnarinnar að leyfa sjómönnum ekki að semja. Þegar verkfall sjómanna hafði staðið í tæpa viku í febrúar var komið fram frv. um stöðvun. Nú hafði vinnustöðvun varað í rúma viku þegar ríkisstjórnin ákvað að skipa kjarasamningum sjómanna með lögum. Í bæði skiptin hefur flumbrugangurinn verið slíkur að ríkisstjórnin hefur mátt draga annaðhvort frv. eða efnisatriði þess til baka.

Það er algerlega óviðunandi að sjómenn skuli ekki fá frið til að semja um kjör sín vegna afskipta ríkisstjórnar Íslands. Hér er með því frv. sem liggur fyrir um kjaramál fiskimanna verið að grípa inn í kjaradeilu. Það eru forkastanleg vinnubrögð. Ég mun ekki geta stutt slík vinnubrögð og sit hjá.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 8.–10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

***Kjaramál fiskimanna, 1. umr.***

Stjfrv., 603. mál. — Þskj. 1023.

*og*

***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Stjfrv., 604. mál. — Þskj. 1024.

*og*

***Verðlagsstofa skiptaverðs, 1. umr.***

Stjfrv., 605. mál. — Þskj. 1025.

*og*

***Kvótaþing, 1. umr.***

Stjfrv., 606. mál. — Þskj. 1026.

[14:17]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Tillaga var um að öll málin fjögur yrðu tekin saman til umræðu og ef ekki er hreyft athugasemd við því verður svo gert. Þá vill forseti upplýsa að borist hefur beiðni frá þingflokki Alþb. og óháðra um að ræðutími verði tvöfaldaður. Sá er réttur þingflokksins og verður því ræðutími tvöfaldur.

[14:18]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrst fyrir frv. sem liggur fyrir á þskj. 1023, um kjaramál fiskimanna.

Hinn 3. febrúar sl. hófst verkfall á fiskskipaflotanum en samningar sjómanna og útvegsmanna höfðu verið lausir frá því í árslok 1996 eða í rúmlega 13 mánuði. Er þetta í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna hafa leitt til þess að stærsti hluti fiskiskipaflotans stöðvast. Fyrri deilur, sem stóðu í byrjun árs 1994 og vorið 1995, hafa líkt og deilan nú, fyrst og fremst snúist um tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla. Sjómenn telja að í mörgum tilvikum hafi þessi tengsl óeðlileg áhrif á skiptakjör og ákvörðun fiskverðs til hlutaskipta í viðskiptum utan fiskmarkaða.

Í janúarmánuði síðastliðnum beitti ég mér fyrir óformlegum viðræðum á milli deiluaðila undir forustu Ásmundar Stefánssonar framkvæmdastjóra. Þessar viðræður hófust upp úr miðjum janúar en til þeirra var stofnað í nánu samráði við ríkissáttasemjara og deiluaðila. Í viðræðunum var farið ítarlega yfir ýmsar hugmyndir til lausnar deilunni en viðræðurnar urðu ekki til þess að deilan leystist.

Þann 9. febrúar sl. var lagt fram frumvarp á Alþingi um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Samkvæmt frumvarpinu var m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem áhrif hafa á hana. Þá skyldi nefndin gera tillögur er beindust einkum að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum.

Þann 10. febrúar rituðu fulltrúar samninganefnda Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða ríkissáttasemjara bréf þar sem óskað var eftir að verkfalli aðila yrði frestað frá kl. 23.00 þann 11. febrúar til kl. 23.00 þann 15. mars. Segir í bréfinu að óskin um frestun verkfalls sé sett fram á þeirri forsendu að skipuð verði nefnd í samræmi við 1. gr. fyrrnefnds frumvarps er hafi það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Nefndin skuli skila tillögum er beinast að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi áhrif á skiptakjör sjómanna. Nefndin skili tillögum sínum í síðasta lagi 10. mars 1998. Fulltrúar allra aðila deilunnar undirrituðu yfirlýsingu hjá ríkissáttasemjara þann 11. febrúar þar sem fallist var á þá tillögu sem sett var fram í bréfinu frá 10. febrúar.

Með vísan til framangreinds bréfs sjómanna ákvað ég að skipa nefnd til að gera tillögur um þargreind atriði og var hún skipuð 11. febrúar. Jafnframt ritaði ég Alþingi bréf sama dag þar sem óskað var eftir að frumvarp það sem lagt var fram á Alþingi þann 9. febrúar yrði afturkallað.

Nefndin skilaði tillögum sínum þann 4. mars sl. Tillögur nefndarinnar voru þríþættar. Í fyrsta lagði lagði nefndin til að sett yrði á stofn Verðlagsstofa skiptaverðs. Í öðru lagi lagði nefndin til að komið yrði á fót opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark — Kvótaþingi. Í þriðja lagi að veiðiskylda fiskiskipa yrði aukin frá því sem nú er.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar deiluaðilum samdægurs. Í framhaldi af því hófust viðræður milli aðila um nýja kjarasamninga sem m.a. byggðu á þeirri forsendu að tillögur nefndarinnar yrðu lögfestar. Því miður skiluðu þær viðræður engum árangri og fór svo að verkfall á fiskiskipaflotanum hófst að nýju 15. mars. Í framhaldi af því lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu 16. mars. Miðlunartillagan byggði á þeirri forsendu að frumvarpsdrög nefndarinnar, sem skipuð var 11. febrúar, yrðu að lögum á yfirstandandi þingi. Tillagan var borin undir atkvæði í félögum sjómanna og útvegsmanna og lauk atkvæðagreiðslunni 18. mars. Niðurstaðan varð sú að sjómenn samþykktu miðlunartillöguna en útvegsmenn felldu.

Eftir að miðlunartillagan hafði verði felld boðaði ríkissáttasemjari deiluaðila að nýju til viðræðna. Þær viðræður skiluðu engum árangri og slitnaði upp úr þeim 23. mars. Í framhaldi af því kallaði ég fulltrúa í samninganefndum sjómanna og útvegsmanna á minn fund. Í þeim viðræðum kom fram að mikið bar á milli aðila og engin lausn á deilunni virtist vera í sjónmáli. Því var fyrirsjáanlegt að yrði ekkert að gert mundi yfirstandandi verkfall standa í margar vikur ef ekki mánuði.

Ljóst er að almenn stöðvun veiða og vinnslu um lengri tíma hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Þau áhrif yrðu þó mun meiri og alvarlegri fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og bæjarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Vinnsla á fiski er að stöðvast en það mundi leiða til þess að fjöldi fiskvinnslufólks mundi missa atvinnu. Hér er því um mikla almannahagsmuni að tefla og því nauðsynlegt að bregðast við til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem stöðvun fiskiskipaflotans um lengri tíma mundi ella valda.

Með frumvarpi þessu er lagt til að efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara verði lögfest. Gildandi kjarasamningar, með þeim breytingum sem af miðlunartillögunni munu leiða, yrðu lögfestir til 15. febrúar árið 2000 nema aðilar semji um annað. Jafnframt er lagt til að sett verði í lög tvö efnisákvæði er ekki var að finna í miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Annað atriðið snýr að kauptryggingu sjómanna sem stunda veiðar á fjarlægum miðum svo sem á Flæmingjagrunni eða í Barentshafi. Síðara atriðið snýr að hlutaskiptum þegar fækkað er í áhöfn en samkvæmt síðastgildandi kjarasamningum getur fækkun í áhöfn valdið hækkun á heildarlaunakostnaði útgerðar.

Eins og áður hefur komið fram hefur athugun leitt í ljós að efnisákvæði þetta leiðir til víðtækari kjaraáhrifa en að var stefnt og verður því þess vegna beint til hv. sjútvn. að hún breyti þessu ákvæði þannig að það taki einungis til rækjuveiða.

Ég mun þessu næst gera grein fyrir því frv. sem hér liggur fyrir um stofnun Kvótaþings. Samkvæmt frv. er lagt til að komið verði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótaþingi. Er frv. samhljóða þeim drögum að frv. sem samið var af nefnd þeirri sem skipuð var þann 11. febrúar til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipi þrjá menn í stjórn Kvótaþings. Stjórnin þingsins getur tekið ákvörðun um að fela öðrum rekstur einstakra þátta í starfsemi Kvótaþings eða reksturinn í heild. Í því sambandi kæmi vel til álita að fela Verðbréfaþingi Íslands að annast starfsemi Kvótaþings enda er um mjög hliðstæða starfsemi að ræða.

Stjórn Kvótaþings verður falið að setja reglur um ýmsa þætti í starfsemi þingsins, m.a. um skráningu kaup- og sölutilboða, útreikning viðskiptaverðs, greiðslumiðlun, miðlun upplýsinga og trúnaðarskyldu. Slíkar reglur þurfa að tryggja að viðskipti fari fram á öruggan hátt og á sem skemmstum tíma. Slíkt er t.d. mikilvægt fyrir þá, sem eru að ljúka veiðum af aflamarki tiltekinnar tegundar og þurfa af þeim sökum að leita eftir viðskiptum á þinginu.

Fiskistofa yrði eini milliliður tilboðsgjafa og Kvótaþings. Aflamark er opinber réttindi og því er nauðsynlegt að Fiskistofa, sem annast alla skráningu varðandi aflaheimildir einstakra skipa, gangi úr skugga um að tilboðsgjafar fullnægi skilyrðum laga um kaup eða sölu á aflamarki. Um leið og sölutilboð berst Fiskistofu verður það aflamark, sem um ræðir, flutt á biðreikning frá þeim tíma. Þegar Fiskistofa hefur gengið úr skugga um að skilyrðum fyrir tilboði sé fullnægt sendir stofan það áfram til Kvótaþings til skráningar í tilboðsskrá. Þegar viðskipti hafa farið fram sendir þingið Fiskistofu upplýsingar um viðskiptin en þá mun stofan án tafar annast flutning aflamarks milli skipa í samræmi við þau.

Þegar tilboð hefur borist Kvótaþingi frá Fiskistofu, yrði það hlutverk þingsins að ganga úr skugga um að það fullnægi settum skilyrðum og að trygging sé nægileg fyrir kauptilboði og greiðslu þóknunar. Þar sem hér er um staðgreiðsluviðskipti að ræða þarf Kvótaþing að koma upp greiðslumiðlunarkerfi milli kaupenda og seljenda eða að semja um slíkt kerfi við aðra.

Samkvæmt frumvarpinu munu viðskipti fara fram á Kvótaþingi a.m.k. einu sinni á hverjum virkum degi. Viðskiptin fara þannig fram að fyrst eru fundin þau kaup- og sölutilboð fyrir hverja tegund, sem eru hæf til að mætast hvað verð snertir. Viðskiptin fyrir þessi tilboð fara því næst fram á reiknuðu viðskiptaverði, sem yrði eitt og hið sama fyrir alla. Gert er ráð fyrir að stjórn þingsins setji nánari reglur um pörun tilboða en slíkar reglur eru þekktar víða um heim í hliðstæðum viðskiptum.

Samkvæmt greinargerð sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið um starfsemi Kvótaþings miðað við frv. þetta er líklegt að áhrifin af starfsemi þingsins yrðu tvíþætt. Annars vegar verður ekki eins auðvelt og áður að draga kostnað við öflun aflamarks frá aflaverðmæti fyrir útreikning á hlut áhafnar fiskiskips með óbeinum hætti eins og gerist t.d. í tonn á móti tonni viðskiptum því viðskiptin verða sýnileg og gerast með peningalegum greiðslum. Hins vegar breytist kostnaður vegna viðskiptanna. Hér er átt við kostnað í víðum skilningi, þ.e. ekki einvörðungu umboðslaun og þess háttar heldur einnig öflun upplýsinga og áhættu í viðskiptum. Hvað fyrrnefndu áhrifin varðar er líklegt, að mati Þjóðhagsstofnunar, að laun sjómanna hjá þeim útgerðum sem hafa stundað tonn á móti tonni viðskipti muni að jafnaði hækka með Kvótaþingi. Það verður því ekki eins fýsilegt og áður fyrir útgerðir að kaupa kvóta, eftirspurn eftir aflamarki minnkar og kvótaverð lækkar. Þetta verða a.m.k. áhrifin til skemmri tíma. Áhrifin til lengri tíma eru óvissari og ráðast til að mynda af samningum sjómanna og útvegsmanna. Svo vikið sé að síðari áhrifunum verður að telja líklegt að viðskiptakostnaður lækki með því að koma á einu skipulögðu þingi sem er óháð og nýtur trausts markaðsaðila. Þá segir í greinargerð Þjóðhagsstofnunar að reynslan sýni að stofnun formlegra markaða eins og Kvótaþings leiði oftast til aukinna viðskipta. Áhrifin á sjálft kvótaverðið eru hins vegar óviss, því þau koma bæði fram í auknu framboði og eftirspurn. Líklegt er að nokkrar verðsveiflur verði á Kvótaþingi, a.m.k. ef marka má aðra svipaða markaði.

Viðskipti með tonn á móti tonni hafa hvatt vinnslufyrirtæki til að framselja aflamark sitt til útgerða sem ráða yfir litlum aflaheimildum. Afnám þessara möguleika mun væntanlega leiða til þess að vinnslan nýti sínar aflaheimildir sjálf. Ekki er víst að staða kvótalítilla útgerða muni versna svo mjög þar sem verð á aflamarki mun lækka í kjölfarið að öllum líkindum og það verður minni fyrirhöfn og viðskiptakostnaður við að afla veiðiheimilda en áður. Kvótaþing getur því skapað hvata til aukinnar sérhæfingar og hagkvæmni að því leyti.

Ljóst er að ef frumvarp um stofnun Kvótaþings verður að lögum verða talsverðar breytingar á starfsumhverfi þeirra sem stunda útgerð frá því sem nú er. Viðskipti með aflamark hafa yfirleitt gengið nokkuð greiðlega fyrir sig enda er slíkt nauðsynlegt, sérstaklega í þeim tilvikum þegar lítið er eftir af aflamarki. Verði frumvarp um Kvótaþing að lögum þarf því að tryggja að framkvæmd við rekstur þingsins verði sem allra greiðust þannig að tryggt sé að flutningur aflamarks muni áfram ganga hratt og örugglega fyrir sig. Útgerðarfyrirtæki þyrftu að sjálfsögðu að laga sig að þessu breytta fyrirkomulagi og e.t.v. að skipuleggja flutning aflamarks með meiri fyrirvara en gert hefur verið.

Starfsemi Kvótaþings, eins og hér er lýst, mun hafa áhrif á sjávarútveginn í heild og tekjuskiptinguna á milli sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu. Áhrifin fyrir einstakar áhafnir eða einstök fyrirtæki geta orðið misjöfn og leiða til ólíkra viðbragða. Meginatriðið er að margt bendir til þess að hagkvæmni í sjávarútvegi í heild geti aukist, ef vel

tekst til með Kvótaþingið, og það getur stuðlað að bættum samskiptum útgerða og sjómanna til lengri framtíðar.

Herra forseti. Ég mun næst gera grein fyrir frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og að ákvæðum núverandi laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna verði breytt til samræmis við það.

Er frv. samhljóða þeim drögum að frv. sem samið var af nefnd þeirri sem skipuð var þann 11. febr. til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Verðlagsstofa skiptaverðs mun starfa í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar verði að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni verði falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum. Slíkt hlutverk er nú í höndum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1995, en nefndin hefur ekki haft bolmagn til að sinna því verkefni sem skyldi. Útvegsmönnum verður skylt að senda Verðlagsstofunni alla fiskverðssamninga milli áhafna og útvegsmanna og Fiskistofu verður skylt að láta stofunni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Sama á við um Fiskifélag Íslands og aðra aðila sem vinna í umboði Fiskistofu. Þá verður mjög víðtæk upplýsingaskylda gagnvart Verðlagsstofu vegna athugunar einstakra mála.

Nokkurrar tortryggni hefur gætt hjá forustumönnum samtaka sjómanna varðandi það hvort raunverulegt söluverð afla sé í öllum tilvikum lagt til grundvallar hlutaskiptum á þann hátt sem lög og kjarasamningar kveða á um. Verðlagsstofu verður falið að fylgjast með þessu, m.a. með úrtakskönnunum. Með því er unnt að slá á tortryggni án þess að fórna neinu varðandi leynd viðskiptaupplýsinga. Þagnarskyldu Verðlagsstofu er því einungis aflétt að upp komi misræmi og er henni þá gert að greina útgerð og áhöfn frá málavöxtum.

Meginhlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs verður að fjalla um skiptaverð í einstökum tilvikum. Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, verður Verðlagsstofu rétt og skylt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.

Athugun stofunnar á tilteknu tilviki getur ýmist verið að frumkvæði hennar sjálfrar eftir athugun á opinberum verðupplýsingum og samningum eða samkvæmt ábendingum. Verðlagsstofa aflar allra opinberra gagna um fiskverð vikomandi skips og samninga útgerðar þess og áhafnar. Hún snýr sér síðan til útgerðar og krefst allra frekari upplýsinga sem hún metur nauðsynlegar og leitar umsagnar útgerðar og áhafnar um málið. Að þessu búnu tekur Verðlagsstofa ákvörðun um hvort máli verði skotið til úrskurðarnefndarinnar. Telji stofan ástæðu til málskots leggur hún málið fullbúið til ákvörðunar ásamt öllum upplýsingum fyrir úrskurðarnefndina. Telji Verðlagsstofa ekki ástæðu til málskots fær úrskurðarnefndin aldrei vitneskju um frumathugunina.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndina fylgir í meginatriðum ákvæðum núgildandi laga. Málið fer fyrst fyrir fulltrúa heildarsamtaka hagsmunaaðila sem hafa skamman tíma til lausnar á því en náist ekki samkomulag fer málið til fullskipaðrar nefndar. Úrskurðarnefndin mun eftir sem áður geta fjallað um mál sem heildarsamtök hagsmunaaðila skjóta til hennar vegna þess að ekki næst samkomulag um fiskverðssamning milli áhafnar og útgerðar. Í þeim tilvikum mun úrskurðarnefndin fela Verðlagsstofu gagnasöfnun.

Gert er ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar verði aðeins framvirkir líkt og nú er, þ.e. frá því að máli er skotið til nefndarinnar eða frá því að nefndin kemst að niðurstöðu. Komist nefndin að því að lágmarksverðsreglan hafi verið brotin kveður hún upp úrskurð um að um tiltekinn tíma, allt að þremur mánuðum, skuli fylgt verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum að teknu tilliti til aðstæðna allra. Útgerðin tekur með öðrum orðum þá áhættu að vera úrskurðuð til að fylgja því verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum ef hún fer niður fyrir lágmarksverð í uppgjöri við áhöfn. Ekki er unnt að leggja þá skyldu á útgerðarmenn að stunda útgerð með óbreyttu sniði á gildistíma úrskurðar. Hins vegar er ljóst að útgerðir geta rýrt gildi úrskurðar með því að leggja skipi eða gjörbreyta um útgerðarhætti. Í þeim tilvikum er lagt til að gera útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir það sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar ef stöðvun á rekstri skips eða breyting á útgerðarháttum er ekki til komin vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Þá mæli ég, herra forseti, að lokum fyrir frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða.

Með þessu frumvarpi er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum 12. gr. fiskveiðistjórnarlaga um framsal aflamarks til samræmis við tillögur í frumvarpi til laga um Kvótaþing.

Jafnframt er lagt til að veiðiskylda verði aukin þannig að skip þurfi að veiða 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári en missi ella leyfi til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild, en samkvæmt gildandi lögum þurfa skip að veiða 50% aflamarks annað hvert fiskveiðiár.

Er frv. samhljóða þeim drögum að frv. sem samið var af nefnd þeirri er skipuð var þann 11. febr. sl. til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða er almennt skilyrði fyrir flutningi aflamarks að það skip sem flutt er til hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem flutt er. Fiskistofa hefur heimild til að víkja frá þessu skilyrði og eru frávikin í reynd svo mörg að reglan er aðeins virk varðandi tiltölulega fáar tegundir, t.d. humar og innfjarðarrækju. Er lagt til að hið almenna skilyrði verði í ljósi þessarar framkvæmdar fellt niður en ráðherra þess í stað heimilt að ákveða með reglugerð að það gildi um tilteknar tegundir.

Samkvæmt frv. um Kvótaþing er gert ráð fyrir að meginreglan verði að viðskipti á Kvótaþingi séu forsenda flutnings aflamarks milli skipa sem ekki eru í eigu sömu útgerðar. Efnisákvæði þar um eru í frumvarpi til laga um Kvótaþing sem gerð hefur verið grein fyrir. Í 2. mgr. 1. gr. þess frv. er kveðið á um að flutningur aflamarks milli skipa í eigu sömu útgerðar, jöfn skipti á aflamarki og millifærsla af þeim tegundum sem mjög lítið er flutt af, geti eftir sem áður farið fram utan Kvótaþings. Öðlast flutningur þessi ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Varðandi jöfn skipti á aflamarki þá er lagt til að miða skuli verðmætahlutföll við meðaltalsviðskiptaverð á Kvótaþingi í síðastliðinni viku. Hafi ekki átt sér stað viðskipti í þeirri viku yrði að líta til verðs í síðustu viku sem viðskipti áttu sér stað.

Viðskipti með aflamark af ákveðnum tegundum eru svo lítil að óraunhæft virðist að gera viðskipti á Kvótaþingi að skyldu. Hér má fyrst og fremst nefna viðskipti með aflaheimildir af einstökum stofnum innfjarðarrækju. Er lagt til að ráðherra geti að fengnum tillögum stjórnar Kvótaþings

með reglugerð undanþegið slíkar tegundir viðskiptaskyldu á Kvótaþingi.

Samkvæmt núgildandi lögum er gerður munur á flutningi aflamarks milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð og öðrum flutningi og er krafist umsagnar sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð í síðarnefnda tilvikinu. Á Kvótaþingi vita kaupendur og seljendur ekki hvor af öðrum og því er ekki hægt að setja skilyrði fyrir flutningi aflamarks eftir því hver kaupandinn er. Því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Í 5. mgr. 2. gr. er lagt til að leyfi skips til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild þess falli niður ef það veiðir ekki a.m.k. 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári. Samkvæmt núgildandi ákvæði þarf að veiða a.m.k. 50% aflamarks annað hvert ár. Að öðru leyti eru skilyrði þessarar málsgreinar óbreytt frá gildandi lögum. Þó er lagt til að óheimilt verði að veita skipi sem ekki veiðir 50% af aflamarki sínu eitthvert fiskveiðiár veiðileyfi á næstu þremur fiskveiðiárum þótt skilyrðum sé að öðru leyti fullnægt, m.a. varðandi úreldingu í þess stað. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að unnt sé að komast hjá ákvæðinu með því að flytja veiðileyfi af skipi í lok fiskveiðiárs og síðan til baka í upphafi þess næsta.

Aukin veiðiskylda mun stuðla að því að aflahlutdeild verði eingöngu á skipum sem stunda reglubundnar fiskveiðar. Mun breytingin stuðla að því að aflahlutdeild verði færð til þeirra skipa sem veiðarnar stunda og því draga úr umfangi óeðlilegra aflamarksflutninga, en tengsl þeirra við fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna hafa verið í brennidepli í kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna á undanförnum árum. Mikilvægt er að þessi aukna veiðiskylda dragi ekki úr sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins. Verði það gert mun draga úr möguleikum einstakra útgerða til að hagræða í rekstri. Þá mun það draga úr möguleikum nýrra aðila til að hasla sér völl í útgerð en þeir byrja margir með því að festa kaup á skipum með litlar aflaheimildir og þurfa því að reiða sig á nægjanlegt framboð aflamarks.

Herra forseti. Ég hef þá í öllum meginatriðum gert grein fyrir efnisákvæðum þeirra fjögurra frv. sem hér liggja fyrir og eru sameiginlega til umræðu. Ég legg til að frumvörpunum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til meðferðar hv. sjútvn.

[14:43]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að bregðast þegar við þeim röksemdum sem hæstv. sjútvrh. færði fram fyrir inngripi ríkisstjórnarinnar í viðræður deiluaðila um gerð nýs kjarasamnings. Ríkisstjórnin rökstyður inngrip sitt með þeim rökum að verkfallið hafi áhrif, að það hafi áhrif á fiskvinnsluna þar sem bátar róa ekki dögum saman.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að benda á að með þessum rökum hefur ríkisstjórnin lýst þeirri skoðun sinni að sjómannastéttin eigi ekki meðan þessi ríkisstjórn situr og reyndar lengur að hafa leyfi til að grípa til verkfalla. Það er skír og klár afstaða ríkisstjórnarinnar að sjómenn megi ekki undir neinum kringumstæðum hafa það vopn í hendi sinni sem verkalýðshreyfingunni er dýrmætast, þ.e. að geta beitt verkfalli í kjaradeilu. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að draga hér skýrt fram þannig að fyrir liggi þessi afstaða ríkisstjórnarinnar sem var undirstrikuð með röksemd hæstv. sjútvrh., að þar sem verkfall hefur áhrif á fiskvinnslu þá þykir rétt að banna verkfall.

Ég get ekki séð fyrir mér, herra forseti, að ríkisstjórnin telji rétt að leyfa verkfall í nokkru tilviki eftir þessa skilgreiningu.

[14:45]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Athugasemdir hv. þm. styðjast ekki við nein rök. Auðvitað eru mjög miklir efnahagslegir hagsmunir í húfi en hér verður að horfa á stöðu málsins í heild sinni, hversu langan tíma það hefur tekið og líka hins að langsamlega veigamesti þáttur deilunnar lýtur að breytingum á lagaumhverfi sem sjómenn og útvegsmenn þurfa að búa við og sjómenn lýstu yfir stuðningi við þær tillögur sem sérstök nefnd sem ég setti á fót skilaði fyrir skömmu.

Við verðum líka að hafa í huga í þessu sambandi, sem er grundvallaratriði, að verið er að lögfesta sáttatillögu sem sjómenn höfðu samþykkt en útvegsmenn fellt og verið er að lögfesta tvö atriði þar til viðbótar sem forustumenn sjómanna eru nú sáttir við eins og þeim hefur verið breytt og því er ekki verið að ganga gegn vilja sjómanna í þessu efni. Sáttatillagan sem sjómenn höfðu samþykkt fól í sér að framlengja kjarasamninga og friðarskyldu til 15. febrúar árið 2000. Með nokkrum rökum má segja að verið sé að ganga gegn viðhorfum hins aðilans sem felldi sáttatillöguna en það verður ekki sagt að hér sé verið að ganga gegn þeim viðhorfum sem sjómenn hafa lýst og m.a. staðfest í atkvæðagreiðslu um sáttatillöguna og til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á frv. eins og það verður þegar hv. sjútvn. hefur tekið tillit til þeirra óska sem hafa verið settar fram.

[14:47]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að sjómannastéttin megi ekki hafa verkfallsrétt. Það er það sem ríkisstjórnin er að taka af sjómannastéttinni, það er rétturinn til að verja sig, það er rétturinn til að sækja fram og það er rétturinn til að verja sig á gildistíma þess frv. sem liggur fyrir. Verkfall hafði staðið mjög skamman tíma þegar ríkisstjórnin lagði fram í fyrra sinnið frv. til laga um að banna það. Verkfall hefur nú staðið í aðeins 10 daga þegar ríkisstjórnin er komin að nýju með nýtt frv. sem bannar verkfall. Það liggur ljóst fyrir að það er það sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er að afnema réttindi sjómanna og ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvenær gengur ríkisstjórnin alla leið og afnemur verkfallsréttindi allrar verkalýðshreyfingarinnar?

[14:48]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Athugasemdir hv. þm. eru algerlega út í hött. Hér eru alveg sérstakar aðstæður eins og gerð hefur verið mjög skýr grein fyrir og langsamlega veigamesti þátturinn í því lýtur að þeirri staðreynd að kjaradeilan hefur fyrst og fremst lotið að kröfum um breytt lagaumhverfi. Frv. þar að lútandi liggja núna fyrir sem sjómenn hafa fallist á en útvegsmenn andmælt að verulegum hluta. Þetta er sú staðreynd sem liggur fyrir og allt annað eru útúrsnúningar og í sjálfu sér ekki sæmandi hv. þm. að hafa slíka rökleysu í frammi.

[14:49]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að í miðlunartillögu ríkissáttasemjara til lausnar kjaradeilunni var sérstaklega tekið fram í upphafi að forsenda miðlunartillögunnar séu

þrjú frv. sem þar eru upptalin að þau verði að lögum á löggjafarþinginu 1997–1998 eins og þau eru kynnt. Það vakti athygli mína að þessi ákvæði, þessi inngangsorð í málamiðlunartillögu sáttasemjara, hafa verið felld út í frv. því sem er til umræðu. Því hlýt ég að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver eru skilaboð hans til sjútvn.? Eru skilaboðin þau að afgreiðsla þessara þriggja frv. eins og þau liggja fyrir séu forsenda þess að samþykkt verði tillaga hans um málamiðlunartillögu sáttasemjara eða lögfestingu hennar með einhverjum breytingum eða er hæstv. sjútvrh. horfinn frá því að forsenda afgreiðslunnar sé að umrædd frv. verði afgreidd eins og þau komu frá ráðherranefndinni? Ég ítreka spurningu mína: Eru það tilmæli hæstv. sjútvrh. að sjútvn. afgreiði þessi þrjú frv. eins og þau liggja fyrir eða eru skilaboð hæstv. sjútvrh. til sjávarútvegsnefndar að nefndin taki þessi frv. og skoði þau og geri á þeim breytingar ef nefndarmönnum finnst ástæða til?

[14:50]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alveg ljóst að atkvæðagreiðslan um miðlunartillögu ríkissáttasemjara snerist ekki um frv. Frv. voru hins vegar forsenda fyrir þeirri tillögu og þau hafa nú verið lögð fram óbreytt eins og nefndin gekk frá þeim og koma þannig til meðferðar hjá hv. sjútvn. og það er ósk ríkisstjórnarinnar að nefndin afgreiði frv. þannig. Það getur vel verið að við skoðun á frv. komi einhverjir tæknilegir gallar í ljós sem við höfum ekki séð. Ég get ekki fullyrt um það en það er ósk okkar að frv. verði afgreidd eins og þau liggja fyrir en auðvitað er ekki hægt að binda hendur nefndarinnar ef einhverjir slíkir gallar koma fram og þeir geta auðvitað lotið að hagsmunum beggja aðila í deilunni. Ég er ekki með neinar hugmyndir uppi í því efni en þessi ósk er að þessu leyti mjög skýr.

[14:52]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var lóðið. Hæstv. ráðherra hefur vikið frá málsmeðferðartillögu ríkissáttasemjara. Þar var forsenda tillögu ríkissáttasemjara að frv. yrðu afgreidd sem lög frá Alþingi eins og þau liggja fyrir. Það var þá ekki tilviljun að hæstv. ráðherra felldi þann inngang niður þegar hann birti málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara í frv. Hann er með öðrum orðum að tilkynna að sjómenn hafi ekki, öfugt við það sem þeir höfðu þegar þeir gengu til atkvæðagreiðslu um málamiðlunartillöguna, neina tryggingu fyrir því að frv. þrjú sem ráðherranefndin samdi verði afgreidd eins og var þó forsenda málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara sem atkvæði gengu um á sínum tíma.

[14:53]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Miðlunartillaga ríkissáttasemjara fylgir með frv. sem fylgiskjal og er hluti af lögunum og miðlunartillagan fær þannig beint lagagildi, grein fyrir grein, en það var að sjálfsögðu óþarfi að lögfesta inngangsorðin sem kváðu á um að frv. yrðu lögð fram á Alþingi og samþykkt hér vegna þess að þau frv. hafa verið lögð fram. Menn lögfesta ekki með öðrum orðum að frv. skuli lögð fram sem þegar hafa verið lögð fyrir þingið. Það er því alveg augljóst að hv. þm. fer villur í túlkun sinni á því að inngangsorðin fylgja ekki með.

[14:54]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að við sem sitjum á hv. Alþingi þurfum að fá betur fram hver er umgjörð þeirra frv. sem verið er að fjalla um. Það er ljóst að ríkisstjórnin leggur allt kapp á að skipa kjarasamninga sjómanna með lögum. Hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson hafði sagt að ef sjómenn aflýstu verkfalli yrðu frv. þrjú lögfest. Hins vegar gerist það í gær, eftir að sjómenn eru farnir að ræða það sem möguleika að aflýsa verkfalli að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., kemur í fréttir og hótar sjómönnum því að frv. þríhöfða verði ekkert endilega lögð fram þótt sjómenn aflýsi verkfalli. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að vita, herra forseti, hvort hótun Halldórs Ásgrímssonar var sett fram í umboði ríkisstjórnarinnar.

[14:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu talaði utanrrh. eins og jafnan í umboði ríkisstjórnarinnar. En það álitaefni sem hv. þm. víkur að hefur ekkert komið upp. Sjómenn hafa ekki tekið neinar ákvarðanir um að aflýsa verkfallinu þannig að það álitaefni sem hv. þm. er að víkja að hefur ekkert gildi að þessu leyti því að sjómenn hafa ekki tekið neina slíka ákvörðun og þess vegna er í sjálfu sér alveg út í hött að vera að draga það álitaefni inn í umræðuna. Ef sjómenn hefðu tekið slíka ákvörðun hefði það verið gilt umræðuefni en hugmyndir af þessu tagi sem hafa ekki verið framkvæmdar skipta ekki miklu máli að minni hyggju við þessa umræðu.

[14:56]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir vissulega máli í umræðunni undir hvers slags hótunum menn ganga til verka. Vegna þess að áðan var minnst á það undir hvaða formerkjum sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara þá stóð í því skjali sem greidd voru atkvæði um að forsenda miðlunartillögunnar væru frumvarpsdrögin þrjú og jafnframt kom fram að yrði tillagan samþykkt væri kominn á gildandi kjarasamningur en yrðu frv. ekki að lögum á þessu þingi félli kjarasamningur aðila sjálfkrafa úr gildi án uppsagnar. Svona mikilvæg voru frumvarpsdrögin þrjú þá. Mikilvægi þeirra virðist hafa rénað og fleira virðist hafa breyst af því sem fyrirheit voru gefin um.

Herra forseti. Ég held að þau mál sem við erum að fara að fjalla nú um séu mun alvarlegri og öll aðkoma að þeim sé mun alvarlegri af hálfu ríkisstjórnarinnar en leit út fyrir þegar umræðan hófst í dag. Þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið og fram hafa komið eru mjög alvarlegar.

[14:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur misskilið umræðuna í meira lagi. Þau frv. sem um ræðir eru lykilatriði í þessu dæmi öllu saman. Uppistaðan í því er að unnt er að finna lausn sem getur verið viðunandi í þessum efnum, og ekkert hefur breyst þar að lútandi. Það er alrangt að einhverjar hótanir hafi verið hafðar í frammi gagnvart samningsaðilum. Ekki á nokkurn hátt. Ég lít ekki svo á og sé ekki að hv. þm. geti fært því nokkurs staðar stað að hafðar hafi verið í frammi hótanir af hálfu ríkisstjórnarinnar til samningsaðila. Við sögðum að vísu við útvegsmenn að við værum tilbúnir að lögfesta frv. burt séð frá því hvaða afstöðu þeir tækju til þeirra mála og ég lít ekki á það sem neinar hótanir. Það var einfaldlega aðstaða

sem menn stóðu frammi fyrir og þurftu að taka ákvarðanir um.

[14:59]

**Útbýting þingskjala:**

Stjórn fiskveiða, 209. mál, nál. sjútvn., þskj. 1031; brtt. sjútvn., þskj. 1032.

Virðisaukaskattur, 607. mál, frv. ÁJ o.fl., þskj. 1029.

[14:59]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er alkunna að staðið hafa mjög hörð átök milli sjómanna og útvegsmanna í bráðum á fimmta ár. Átökin eru ekki hefðbundin kjaramálaátök á milli viðsemjenda í vinnudeilu heldur eru þetta átök sem má að verulegu leyti rekja til þess lagaumhverfis sem Alþingi hefur búið sjómönnum og útgerðarmönnum, þ.e. þar sem útgerðarmenn geta stundað viðskipti bæði með aflakvóta og með fisk við sjálfa sig að verulegu leyti á kostnað sjómanna þó að það sé bannað bæði í kjarasamningum og í lögum.

Þessi átök hafa því ekki verið hefðbundin átök um kaup og kjör heldur í raun réttri átök um lagaumhverfið sem sjómannastéttin býr við. Krafa sjómannastéttarinnar hefur ekki síður beinst að Alþingi og þeim lögum sem Alþingi hefur sett en að viðsemjendum sínum, útgerðarmönnum. Og vegna þess að Alþingi hefur ekki brugðist við með þeim hætti að sjómönnum séu tryggð umsamin kjör þá hefur sjómönnum ekki tekist í fimm ár að fá kjarasamningum framfylgt á eðlilegan hátt eins og allar aðrar starfsstéttir í landinu hafa gert.

Kjarasasmningar sjómanna hafa nú verið lausir í á fjórtánda mánuð. Eins og hér hefur komið fram hafa áður verið gerðar tilraunir til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að hrinda möguleikum sjómanna til að ná fram eðlilegum kjarasamningum við útgerðarmenn með lagasetningu frá Alþingi. Það var gert síðast þann 9. febrúar sl. þegar hæstv. sjútvrh. lagði fram á Alþingi frv. sem til þess var gert að banna verkfall sjómanna aðeins örfáum dögum eftir að það verkfall hafði skollið á. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin ætlaðist til þess að það frv. yrði keyrt í gegnum Alþingi á tveimur dögum og yrði þá að lögum aðeins tveimur dögum eftir að það yrði kynnt á Alþingi, og gæti þannig hnekkt verkfalli sjómanna sem hefði staðið í nokkra daga.

Stjórnarandstaðan kom í veg fyrir að þær ráðagerðir næðu fram að ganga og gaf mönnum þannig ráðrúm til að bregðast við fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar, sem sjómennirnir gerðu með því að fresta verkfalli sínu eins og kunnugt er gegn því að ríkisstjórnin féllist á að skipa nefnd sem fengi það hlutverk fyrst og fremst að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi áhrif á skiptakjör sjómanna. Með öðrum orðum með því að hnekkja fljótræðislegri ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar þann 9. febrúar sl. um að banna verkfall sjómanna með lögum, þá tókst að skapa svigrúm til þess með frumkvæði sjómanna sjálfra, að hægt væri að takast á við það lagaumhverfi sem verið hefur vandamálið í samskiptum aðila, sjómanna og útvegsmanna, í bráðum fimm ár.

Sú niðurstaða fékkst að ráðuneytisstjóranefnd, sem hæstv. sjútvrh. skipaði, skilaði af sér þremur frumvörpum þann 4. mars sl., þ.e. þeim frumvörpum sem hér er verið að ræða, frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og frv. til laga um Kvótaþing.

Sjómenn tóku þeim tillögum mjög vel þegar þær lágu fyrir. Ríkisstjórnin fékk því einstakt tækifæri til að greiða fyrir lausn í þessari löngu deilu sjómanna og útvegsmanna með því að leggja frumvörpin fram á þinginu þannig að eftir stæði aðeins í deilum aðila hefðbundin deila um kjarasamninga milli launaþega og atvinnuveitenda en að önnur mál sem voru erfiðust og hafa verið erfiðust í deilunni væru leyst með lagabreytingu frá Alþingi, þ.e. það lagaumhverfi sem útvegsmenn og sjómenn búa við í sínum samskiptum.

Ríkisstjórnin fékk þannig einstakt tækifæri til að setja kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna á allt annað stig en hún hefur verið sl. fimm ár, á stig hefðbundinna kjaraátaka og kjaradeilna milli launþega og atvinnuveitenda sem auðvitað mundu leysast eins og allar slíkar hefðbundnar kjaradeilur hafa leyst hjá öðrum stéttum í frjálsum samningum.

Ríkisstjórnin notaði hins vegar ekki þetta tækifæri sem hún hafði til að koma deilu sjómanna og útvegsmanna á allt annað og auðveldara stig. En þegar hæstv. ríkisstjórn frétti af jákvæðum viðbrögðum sjómanna við niðurstöðum ráðherranefndarinnar, þá tilkynnti hún til baka að það væri skilyrði fyrir framlagningu frumvarpanna að sjómenn féllu frá að gera nýjan kjarasamning við vinnuveitendur sína og aflýstu verkfallinu. Það var með öðrum orðum skilyrði af hálfu ríkisstjórnarinnar til að leggja fram frumvörp, sem hún sjálf sagði þó í hinu orðinu, að væru lykill að lausn kjaradeilunnar, það var skilyrði hennar fyrir að leggja slík frumvörp fram að sjómenn hyrfu frá kjarasamningaborðinu án kjarasamnings, afléttu verkfalli og létu niður falla allar hefðbundnar kjarakröfur sínar, þar á meðal kröfu um að sjómenn fengju sambærilega hækkun á kauptryggingu sinni og verkafólk í landi hefur fengið á föstum launum sínum. Það var með öðrum orðum krafa hæstv. ríkisstjórnar að sjómenn féllu frá sanngjarnri lausn í sambandi við kauptryggingarmál sín, ef menn bera þau mál saman við aðrar stéttir, að þeir féllu frá því öllu saman til þess eins að fá fram á Alþingi frumvörp sem allir aðilar málsins, þar á meðal ríkisstjórnin sjálf lýsti þó yfir að væri lausn kjaradeilunnar. Og ég spyr: Skyldi slík og þvílík krafa nokkurn tíma hafa verið sett fram við aðra stétt í átökum um kaup og kjör? Að til þess að fá fram á Alþingi lagabreytingar, sem tryggðu það að hægt væri að framkvæma gerða kjarasamninga og hægt væri að standa við landslög, að þá féllist viðkomandi stétt launamanna á að afsala sér sanngjörnum kauphækkunum sem allar aðrar stéttir í samfélaginu höfðu fengið. Skyldi ríkisstjórn nokkurn tíma hafa sett fram slíka kröfu við aðila í kjarasamningum? Ekki minnist ég þess.

En það var ekki bara svo að hæstv. ríkisstjórn setti þessi skilyrði fram við sjómenn, að þeir aflýstu verkfalli og afsöluðu sér öllum kjarabótum sem þeir hefðu þó líkur á að ná samningum um við útvegsmenn, eins og t.d. hækkun á kauptryggingu, dánarbætur, slysabætur o.fl., heldur kom fram hjá hæstv. utanrrh. í viðtali við Morgunblaðið, að sjútvrh. hefði gefið útgerðarmönnum sambærileg loforð, þ.e. loforð um að leggja ekki umrædd frumvörp fram nema sjómenn aflýstu verkfalli sínu eða komið yrði í veg fyrir að samningar næðust. Þannig að þegar útgerðarmenn gengu til atkvæða um málamiðlunartillögu sáttasemjara þar sem þessi þrjú frumvörp voru forsenda fyrir lausn málsins, þá vissu þeir að með því að fella þá málamiðlunartillögu gætu þeir komið í veg fyrir að frumvörpin þrjú kæmu inn á Alþingi.

Og það skyldi nú ekki hafa verið skýringin á því að útgerðarmenn felldu málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara?

Vitna ég í því sambandi til viðtals við formann LÍÚ, Kristján Ragnarsson, sem kom í blaðinu Degi um síðustu helgi, þar sem hann lýsti því beinlínis yfir og var ekkert að draga fjöður yfir það, að ástæðan fyrir því að útgerðarmenn felldu málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara hafi verið sú að þeir vildu stöðva að frumvörpin kæmu inn í þingið. Hæstv. sjútvrh. gerði það ekki endasleppt við deiluaðila þegar hann tilkynnti öðrum aðilanum, sjómönnum, að því aðeins mundi hann leggja þessi frumvörp fram á Alþingi, að þeir afboðuðu verkfall og afsöluðu sér öllum kauphækkunum og kjarabótum sem þeir hefðu getað fengið í frjálsum samningum og voru m.a. í málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara, tilkynnti svo útvegsmönnum líka, viðsemjendum þeirra, að þeir hefðu neitunarvald í sínum höndum um framlagningu frv. á Alþingi.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan í spurningum til hæstv. sjútvrh., að það hlýtur að vekja athygli manna að hvorki í athugasemdum við frv. til laga um kjaramál fiskimanna né í fylgiskjölum kemur fram það meginatriði í tillögum sáttasemjara, sem ég vitnaði til áðan og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forsenda eftirfarandi miðlunartillögu er að eftirtalin frumvarpsdrög í áliti nefndar til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna frá mars 1998 verði að lögum á löggjafarþinginu 1997–1998:

1. Drög að frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

2. Drög að frv. til laga um Kvótaþing.

3. Drög að frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 15. maí, 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Verði tillagan samþykkt er kominn á gildandi kjarasamningur til þess tíma sem um getur í tillögunni. Verði frumvörpin ekki að lögum á yfirstandandi þingi fellur kjarasamningur aðila sjálfkrafa úr gildi án uppsagnar."

Í tillögu ríkissáttasemjara voru sem sé tekin af öll tvímæli um að forsenda fyrir flutningi þeirrar miðlunartillögu var að frumvörpin þrjú yrðu samþykkt sem lög frá Alþingi á yfirstandandi þingi eins og frá þeim var og er gengið af hálfu nefndar ráðuneytisstjóranna. Og yrði misbrestur á því væru samningar aftur lausir, með öðrum orðum, þá væri miðlunartillagan ekki lengur í gildi.

Það er athyglisvert að þessarar forsendu í tillögu ríkissáttasemjara er hvergi getið í frv. til laga um kjaramál fiskimanna. Það er útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að halda þannig á málum að ég sé að ætlast til að þessi inngangsorð, forsenda miðlunartillögunnar séu lögbundin. Ég var ekki að vekja athygli á því. Ég var að vekja athygli á því að þessi kafli er felldur niður og ekkert um hann getið í athugasemdum lagafrv. eða fylgiskjölum með lagafrv., en hvorki athugasemdirnar né fylgiskjölin hafa lagagildi því þau eru ekki borin undir atkvæði heldur hafa þau einungis það gildi að lýsa vilja sjútvrh. um afgreiðslu málsins.

Verði frv. til laga um kjaramál fiskimanna samþykkt á Alþingi og verkfall sjómanna bannað til 15. febrúar árið 2000 en frumvörpin þrjú hins vegar ekki afgreidd eða afgreidd allt öðruvísi en þau eru lögð fram, þá mun sú afgreiðsla, eða það afgreiðsluleysi, engin áhrif hafa á þá lausn í kjaramálum fiskimanna sem frv. ráðherra gerir ráð fyrir þar sem málamiðlunartillaga ríkissáttasemjara er lögfest með nokkrum viðbótum og verkfall og aðgerðir bannaðar til 15. febrúar árið 2000.

Ég fékk ekki skýr svör frá hæstv. ráðherra við spurningu minni sem er þessi: Geta sjómenn ekki treyst því að ráðherra líti svo á að afgreiðsla frv. þriggja eins og þau eru lögð fram af honum og kynnt hér í dag séu forsenda fyrir því að frv. til laga um kjaramál fiskimanna verði afgreitt? Með öðrum orðum: Er hægt að treysta því að frv. um kjaramál fiskimanna verði ekki afgreitt á Alþingi nema hin þrjú frv. fylgi með? Geta sjómenn treyst því? Já eða nei. Eða eru skilaboð sjútvrh. til sjútvn. þessi: Takið þið nú, góðir nefndarmenn, þessi frumvörp til skoðunar og gerið á þeim þær breytingar sem þið teljið æskilegar og eðlilegar. Það tengist ekki afgreiðslu frv. til laga um kjaramál fiskimanna og ekkert skilyrði fyrir afgreiðslu þess að frv. þrjú séu afgreidd eins og hæstv. sjútvrh. hefur lagt þau fram.

Þetta er ekki flókin spurning. Hún er mjög einföld. Ég hlýt að geta fengið einfalt svar við henni og ég kalla eftir því í þriðja sinn. Geta sjómenn treyst því að ætlun og vilji sjútvrh. sé að fylgifrumvörpin þrjú verði afgreidd eins og þau eru lögð fram?

Herra forseti. Það eru ýmis efnisatriði sem sjálfsagt er að ræða í frv. um kjaramál fiskimanna. Vissulega eru í miðlunartillögunni sem lagt er til að binda í lög, ýmsir þættir sem varða sjómenn miklu. Að sjálfsögðu er eðlilegt að sjómenn vilji fá hækkun einstakra kaupliða svo sem tryggingarinnar, tímakaups og hlífðarklæðapeninga til jafns við þær hækkanir sem almennt hafa orðið á launum landverkafólks. Í miðlunartillögu ríkissáttasemjara er ákvæði um það. Gert er ráð fyrir að lögfesta þetta og það er vel.

Það er líka eðlilegt að sjómenn fái þá hækkun á eingreiðslu dánarbóta og örorkubótaþætti slysatryggingar sjómanna samkvæmt siglingalögum sem gert var ráð fyrir í málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara og gert er ráð fyrir að lögfesta í þessu frv. Svo er um fleira sem var í miðlunartillögu ríkissáttasemjara þó þetta séu tiltölulega smávægileg atriði og vegi ekki nema að hluta upp á móti almennum kjarabótum og kauphækkunum sem orðið hafa í landi.

Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Af hverju velur hann sérstaklega þau tvö atriði sem koma fram í 2. gr., þ.e. í síðari málsgreininni, að ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar skuli vera sérstakt kauptryggingartímabil, og í ákvæðinu í 1. mgr., sem raunar á að breyta, um skiptakjaraákvæði kjarasamninga varðandi fækkun í áhöfn?

Nú er mér og flestum þingmönnum kunnugt um að í kjarasamningaviðræðum við útgerðarmenn lögðu samninganefndir sjómanna fram fjöldann allan af tillögum og óskum um breytingar á gildandi kjarasamningum milli þessara aðila. Hvernig stendur á því að hæstv. sjútvrh. velur ákvæðið í 2. mgr. 2. gr. umfram eitthvað annað? Hvaða rök eru fyrir því að hæstv. ráðherra valdi akkúrat þetta atriði úr tillögum og kröfugerðum sjómanna til að lögfesta en ekki önnur atriði sem þar komu fram og voru ekki síður mikilsverð í augum sjómanna? Hafði hæstv. ráðherra samráð, t.d. við forustumenn sjómanna, um hverjar af kröfum þeirra, óskum og beiðnum hæstv. ráðherra ætti að velja til lögfestingar? Tíndi hann þetta kannski bara upp með bundið fyrir augun? Dró hann upp úr hatti? Hver eru rökin fyrir því að þegar hæstv. ráðherra velur atriði til að lögfesta til viðbótar við miðlunartillögu sáttasemjara, þá velji hann endilega þessi tvö?

Hver er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að þegar hæstv. ráðherra velur úr hugmyndum útvegsmanna, þá velur

hann þá aðferð sem er í 1. mgr. 2. gr.? Sú aðferð gengur út á að rústa öllum kjarasamningum sjómanna á mismunandi veiðum, nema á línuveiðum. Hann velur ákvæði sem útgerðarmenn höfðu aldrei rætt við sjómenn um og rústar svo að segja öllum kjarasamningum sjómanna. Síðan kemur hann núna, tæpum sólarhring eftir að frv. er lagt fram, og segir: Því miður, þetta eru mistök, ég ætlaði að gera allt annað en ég gerði. Ég ætlaði ekki að rústa öllum kjarasamningum sjómanna. Ég ætlaði bara að þetta ákvæði ætti við um úthafsrækjuveiðarnar.

Hvers konar flumbrugangur er þetta? Skipti hæstv. ráðherra um skoðun á þessum tæpa sólarhring eða komst hann að raun að sú aðferð sem hann valdi hefði allt aðrar afleiðingar og verri en hann hafði áður ætlað? Hvers vegna valdi hæstv. ráðherra þá þessa aðferð? Hefði hann fengið vilja sínum framgengt þá væri 1. umr. um málið nú þegar lokið. Hún hefði farið fram í gær. Menn væru nú að ræða 2. gr. eins og hún kom upprunalega frá honum án þess að honum hefði gefist færi á að leiðrétta hana, eftir að sjómenn gerðu honum grein fyrir því hvað þessi ákvæði þýddu. Hæstv. ráðherra þarf því að gera nokkra grein fyrir þeim viðbótum sem hann hefur valið við miðlunartillögu sáttasemjara til að lögfesta.

Herra forseti. Það er vissulega spurning hvort það sé líklegt að sjómenn á Íslandi fái nokkurn tíma að gera kjarasamning við sína viðsemjendur. Eftir að ríkisvaldið hefur ítrekað gripið inn í deilur þeirra með lagasetningu, er þá nokkuð annað líklegt en að útgerðarmenn geri bókstaflega út á það í framtíðinni að ef samningar nást ekki og verkfall stendur í einn eða í hæsta lagi tíu daga, þá komi ríkisstjórnin, höggvi á hnútinn og banni sjómönnum að grípa til aðgerða í kjaramálum í eitt, tvö eða þrjú ár? Þetta hefur gengið svona meira og minna í á fimmta ár og ekkert óeðlilegt að viðsemjendur sjómanna gangi út frá því að þetta sé orðin regla. Hvernig eiga viðsemjendur útvegsmanna, sjómenn, að ná fram eðlilegum kjarasamningum við þær aðstæður? Munu þeir nokkru sinni gera það eftir þetta?

Þau afskipti sem hér eru ganga t.d. ekki út á að skipaður sé gerðardómur sem falið sé að taka til skoðunar öll atriði sem komið hafa upp á borðið í samningaviðræðum sjómanna og útgerðarmanna og reynt að meta þau hvert fyrir sig í gerðardómi til nýrra samninga. Þannig er ekki haldið á málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin ákveður sjálf hvernig kjarasamningarnir skuli vera . Hún ákveður sjálf og ætlar að fá Alþingi til að lögfesta að tillögu sinni hvað tekið skuli til greina í kröfugerð sjómanna og hvað ekki, hversu lengi kjarasamningarnir skuli standa og hvað sjómenn megi gera á þeim tíma. Þeir mega náðarsamlegast semja um eitthvað annað en þeir mega ekki beita sinni félagslegu aðstöðu til að ná fram slíkum samningum.

Hvað halda menn, hæstv. forseti, að það gagnist sjómönnum að eiga samkvæmt ábendingum ríkisstjórnarinnar í næstu tvö ár, til 15. febrúar árið 2000, að sitja að samningaborði við útgerðarmenn, frjálsir að því að semja við útgerðarmenn um breytingu á kjarasamningi en mega ekkert gera til þess að fá slíkar breytingar fram? Þeir eiga að vera háðir velvilja útgerðarmanna í þessi tvö ár, eiga að sitja uppi hjá sáttasemjara næstu tvö árin og ræða við útgerðarmenn. Þeir eru frjálsir að því að gera nýjan samning við þá en mega ekkert gera til þess að beita valdi samtaka sinna til þess að ná slíkum samningum fram.

Auðvitað hlýtur þetta mál að bera á góma ILO. Auðvitað hlýtur ILO að fjalla um þetta og ég trúi ekki að sú stofnun staðfesti þessa niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar. Það mun auðvitað koma á daginn hvort svo verður eða ekki.

Um hin þrjú frv. sem fylgja frv. til laga um kjaramál fiskimanna ætla ég ekki að segja mjög mikið á þessu stigi málsins, enda eiga þau eftir að fara í umfjöllun sjútvn. Ég ítreka þó spurningu mína til hæstv. ráðherra og hef nú spurt þrisvar sinnum. Auðvitað eru bæði kostir og gallar við þessi frv. Kostur við frv. til laga um Kvótaþing er að viðskiptin verða gegnsæ og ljós. Með þeim liggur fyrir hver viðskipti með aflaheimildir eru og á hvaða verði. Ókosturinn er að sjálfsögðu sá að þarna er um að ræða aðeins einn markað sem hefur einokun á öllum viðskiptum og hætt er við því að niðurstaðan verði sú að aflaheimildirnar safnist á æ færri hendur.

Ýmsir kostir eru líka við frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs. Ókostirnir eru að sjálfsögðu þeir að þarna er um mjög aukna miðstýringu að ræða. Það er athyglisvert að hvort tveggja þessara frv., frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og frv. til laga um Kvótaþing, hefðu verið óþörf ef ríkisstjórnin hefði tekið jákvætt í aðaltillögur sjómanna gengu út á að allur afli færi á markað. Ef niðurstaðan hefði verið í samræmi við aðalkröfu sjómanna sem talað hefur verið fyrir hér á Alþingi af þingmönnum jafnaðarmanna, þá einföldu lausn að setja allan afla á markað, þá hefðu hin flókna miðstýring í frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og hin óvissa ráðstöfun, sem er í frv. til laga um Kvótaþing, verið óþarfar. Í frv. til laga um Kvótaþing er óvissan um það hvort aflaheimildir komi til með að safnast á enn færri hendur en nú er með tilkomu þeirra laga. Hin einfalda tillaga, allur afli á markað, hefði leyst málið fljótar og betur en þessi tvö frv. geta gert.

Hæstv. ríkisstjórn hefur valið nokkuð flóknari leið. Það er sjálfsagt að skoða hana, enda sé tryggt að hún tryggi sjómönnum það að þeir njóti þeirra skiptakjara sem þeir hafa samið. Þeir eiga ekki að þurfa að horfast í augu við að vera hlunnfarnir af viðsemjendum sínum, þvert gegn ákvæðum kjarasamninga og landslaga.

[15:31]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér eru til umfjöllunar ekki minna en fjögur frv. Fyrst frv. til laga um kjaramál fiskimanna og síðan þrjú frv. sem kennd hafa verið við þríhöfðanefnd sem dregur sjálfsagt nafn sitt af því að fyrr á öldinni starfaði svonefnd tvíhöfðanefnd og hlaut nafn af því að ekki tókst að sameinast um hver skyldi verða formaður hennar, þannig að þeir voru hafðir tveir. Kannski hefur það verið eins í þríhöfðanefndinni, á henni hafi verið þrjú höfuð. Það er eins og kunnugt er í fornsögunum ljótustu þursar sem lýst er í þeim bókmenntum. Það voru þeir sem höfðu hvorki meira né minna en þrjú höfuð. Það þótti ekki gæfulegt þá hvað sem segja má um nútímann.

Ég ætla aðallega að halda mig við það frv. sem lýtur að því að setja lög á sjálfa kjaradeiluna, þ.e. þetta frv. sem hefur hlotið það frumlega nafn: „Um kjaramál fiskimanna“. En fyrst, herra forseti, er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um aðdraganda og aðstæður í þessari deilu og rifja aðeins upp vissa hluti.

Staðreyndin er sú að þetta hefur verið meira og minna ein hrakfallasaga allt frá því að lögum um stjórn fiskveiða var breytt á árinu 1990, framsalsreglum á veiðiheimildum var breytt og til sögunnar kom flutningur á svonefndu aflamarki milli skipa, sem manna á meðal gengur undir nafninu kvóta-

leiga. Á það var bent þá þegar og oft í framhaldinu að til árekstrar hlyti að koma milli þessa fyrirkomulags, framsals á veiðiréttinum annars vegar og hlutaskiptakjara sjómanna hins vegar. Sagan sýnir heldur betur svo ekki verður um villst að þetta kom á daginn. Þær deilur sem sérstaklega eru nú til umfjöllunar eru í rauninni þriðju átökin sem sjómenn fara í út af sömu undirliggjandi deiluatriðunum, þ.e. að í ársbyrjun 1994 stóðu hörð átök og sömuleiðis vorið 1995.

Lyktir þeirra deilna og tilraunir til að ná utan um þetta vandamál sem tengist framsali veiðiréttarins og meintri eða þvingaðri þátttöku sjómanna í kostnaði vegna leigu veiðiheimildanna gegnum fiskverð, þær deilur standa enn. Tilraunir til að setja þau deilumál niður hafa ekki tekist. Menn geta sagt ýmislegt um það mál og kennt hver öðrum um en staðreyndirnar tala sínu máli, deilurnar og óánægjan eru meiri nú en kannski nokkru sinni fyrr.

Hér hefur staðið, herra forseti, þriðja verkfallið á fjórum árum þar sem undirrót deilunnar er í rauninni sú sama. Inn í þetta blandast einnig vandamál sem reyndar hefur verið uppi allt frá því fiskverð var gefið frjálst, eins og sagt er svo fallega, og varðar verðlagningu á afla þegar menn eru í viðskiptum við sjálfa sig, ef svo má að orði komast, þegar menn landa eigin afla til vinnslu og verðleggja þarf aflann vegna uppgjörs við sjómenn. Þá hefur mönnum þótt að í mörgum tilvikum væru sjómennirnir í harla veikri stöðu til að knýja fram sanngjarna verðlagningu á sínum hlut, þegar eigandinn og kaupandinn að aflanum er einn og hinn sami. Þessi tvíþættu vandamál má segja að séu í hnotskurn undirrót deilunnar. Frv. bera líka keim af því, þ.e. þau þrjú sem eru afrakstur starfa þríhöfðanefndarinnar. Þau lúta að annars vegar takmörkunum á eða fyrirkomulagi á viðskiptum með aflaheimildir og hins vegar verðmyndunar- eða verðlagningarþættinum í gegnum Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Athyglisvert er, herra forseti, að deilan, sem er tilefni lagafrumvarpa af hálfu ríkisstjórnar sem fela í sér íhlutun í lögmætar kjaraaðgerðir, er ekki ýkja gömul. Það var fyrst 3. febrúar sem verkfall skall á og það er umhugsunarefni að strax 8. febrúar, eða fimm dögum eftir að verkfall hófst, voru umræður komnar í gang í þjóðfélaginu og gefið undir það af ráðherrum að lagasetning væri í undirbúningi. Það má spyrja hvort það sé að verða sú tímalengd sem umburðarlyndi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar gagnvart verkfallsréttinum þolir. Það séu fimm dagar. Það liðu fimm dagar frá því verkfall hófst 3. febrúar þar til umtal um lagasetningu var komið á fulla ferð í þjóðfélaginu 8. febrúar sl. Þann 9. febrúar lagði ríkisstjórn Davíðs Oddssonar undir forustu sjútvrh. Þorsteins Pálssonar fram frv. á Alþingi eins og kunnugt er um lagaíhlutun. Það voru síðan sviptingasamir sólarhringar hér þann 10. og 11. sem að lokum leiddu til þess eftir að stjórnarandstaðan hafði hafnað því að taka frv. á dagskrá með afbrigðum, að sjómenn völdu þann kost að fresta verkfalli og láta vinna þá vinnu sem boðuð var í frv. og kennd hefur verið við þríhöfðanefnd.

Síðan var það þannig, herra forseti, svo haldið sé áfram að rekja þessa stöðu, að þegar upp úr sáttafundi slitnaði á mánudaginn sl. einhvern tímann um hádegisbilið, ef ég man rétt, leið varla klukkutími þar til lagatalið var byrjað á nýjan leik. Þá voru þessir fimm sólarhringar komnir ofan í klukkustund sem þolinmæði ríkisstjórnarinnar entist og þá var sagt: Lög, lög, lög!

Það er mikið umhugsunarefni, herra forseti, þegar menn sitja uppi með svona lagaglaða ríkisstjórn hvað sé þá orðið eftir af frjálsum samningsrétti í landinu. Er kannski verið að segja að sú reynsla öll frá 1994 og viðbrögð ríkisstjórnar nú, sem reyndar hefur áður sett niður deilur sjómanna með bráðabirgðalögum meira að segja, í janúar 1994, sé sú að þessi stétt sjómanna hafi í reynd verið svipt verkfallsrétti og samningsrétti? Og það er til lítils að hafa hann á pappírnum ef niðurstaðan er sífellt sú að hann sé óvirkur eða lítils virði í reynd.

Ég, herra forseti, verð að leyfa mér að segja að ég held að hæstv. ríkisstjórn hafi af alveg óvenjulegri lítilsvirðingu komið fram við sjómenn og réttindi þeirra hvað þetta snertir. Það var og er enn frægt þegar hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson kom inn í þessa umræðu og tilkynnti alþjóð, eins og önnur eins tíðindi hefðu ekki lengi gerst, að hann hefði hætt við Afríkuför vegna þess að hann hygðist vera heima og tiltækur þegar kæmi að því að harðna færi í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Menn spurðu auðvitað hvað utanrrh. kæmi þetta við. Hann er að vísu fyrrv. sjútvrh. og sumir vilja meina að hann hafi átt erfitt með að venja sig af þeirri hugsun að hann sé það ekki enn þá, hæstv. ráðherrann. En þetta mál er að sjálfsögðu ekki á hans ábyrgð.

Þetta þótti mörgum boða lítið gott og gefa þann tón að ríkisstjórnin mundi hafa afar takmarkaða þolinmæði gagnvart því að deiluaðilar leystu sín mál sjálfir. Og það er nákvæmlega það sem hér hefur gerst, herra forseti. Mestu vonbrigðin í sambandi við þetta mál er það skipbrot sem frjáls samningsréttur í landinu bíður ítrekað með því að sjómenn og útvegsmenn skuli ekki geta lokið sínum málum hjálparlaust og sín í milli. Þótt það taki einhvern tíma og kosti að flotinn sé bundinn í höfn einhverja daga, þess vegna einhverjar vikur, er það þá ekki eðli málsins ef það er það sem til þarf, þá á það að gerast? Það er ekki hægt að skilyrða frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt þannig að hann megi standa í fimm sólarhringa eða klukkustund. Annaðhvort hafa menn samningsrétt og rétt til að beita samtakamætti sínum eða ekki. Og ef menn hafa hann ekki þá er venjan sú í löggjöf siðaðra ríkja að ganga frá því með einhverjum öðrum hætti hvernig kjaramálum þeirra stétta, sem af einhverjum ástæðum verður niðurstaðan að skuli ekki hafa samningsrétt og verkfallsrétt, sé þá skipað. Yfirleitt er þá settur upp einhver dómstóll eða úrskurðarfarvegur, eins og kjaradómur eða kjaranefnd sem hefur það hlutverk að ákveða um kjör þeirra stétta sem af öryggisástæðum eða einhverjum slíkum þjóðarhagsmunum er ekki talið rétt að hafi verkfallsrétt.

Mér sýnist þróunin, herra forseti, vera grafalvarleg í þessu máli hvað varðar umhverfið sem sjómenn eru staddir í. Auðvitað fyrst og fremst vegna þess að þær ríkisstjórnir sem setið hafa í landinu á þessum tíma hafa ekki virt rétt sjómanna, þær hafa þvert á móti haft hann að engu þegar svo ber undir.

Herra forseti. Ef vikið er aðeins nánar að efni þessara frumvarpa þá er það í fyrsta lagi frv. á þskj. 1023, mál nr. 603, um kjaramál fiskimanna, sem staldrað er við. Það vakti sérstaka athygli, herra forseti, hvernig búið var um þau tvö ákvæði sem inn í frv. koma og ekki höfðu verið í svonefndri miðlunartillögu sáttasemjara og hæstv. ríkisstjórn þótti ástæða til að bæta inn í þennan lagapakka, þ.e. annars vegar fyrri málsgrein og hins vegar síðari málsgrein 2. gr. og svo 3. gr. sem kveður á um með hvaða hætti lögin eru gerð að ígildi kjarasamnings og verkfalls- og samningsréttur sjómanna gerður óvirkur á gildistíma laganna.

Fyrri málsgrein 2. gr. var auðvitað með miklum endemum, herra forseti, og það væri gaman að fá einhvern tímann við tækifæri upplýst hvernig hann varð til. Var það vegna þess að verið væri að reyna að plata menn? Telja mönnum trú um að eitthvað annað væri á ferðinni en það sem hefði orðið afleiðingar af þessum texta ef hann hefði verið lögfestur? Það er kannski ekki við hæfi, herra forseti, að eyða miklum tíma í það úr því þegar hefur verið boðuð breyting á þessu ákvæði og það er vel, að hæstv. sjútvrh. hefur séð að þetta gengur auðvitað ekki og hér var boðað við 1. umr. málsins og reyndar strax í sérstakri yfirlýsingu við atkvæðagreiðslu um afbrigði við frv., að eftir því yrði óskað við sjávarútvegsnefnd að fyrri málsgrein 2. gr. yrði breytt þannig að ákvæðin sem taka til kjarasamninga og fjölda í áhöfn mundu eingöngu gilda um rækjuveiðar.

En málsgreinin eins og hún er hefði farið inn í, að því er kunnugir telja, a.m.k. eina tvo tugi gildandi kjarasamninga um þetta atriði. Áhrifin hefðu í raun orðið þau að útvegsmenn hefðu haft sjálfdæmi um hvernig þeir fækkuðu í áhöfn og þeirri gömlu grundvallarreglu í kjaralegum samskiptum útgerðarmanna og sjómanna að skipta skuli í svo marga hluti sem nemur áhöfn á skipi hverju sinni yrði kastað fyrir róða.

Hlutaskiptafyrirkomulagið, herra forseti, er auðvitað ævafornt skipulag eins og menn þekkja. Einhver mundi segja að það hefði gefist íslensku þjóðinni nokkuð vel. Ætli það geti ekki verið ein ástæðan fyrir því að við eigum afkastamestu sjómannastétt í heimi að menn hafa fyrir löngu fundið út það skipulag að heppilegt sé að menn geri út saman í þeim skilningi að menn fái hver sinn hlut aflans sem dreginn er. Þannig er hlutaskiptakerfið í raun og veru innbyggt bónuskerfi eða hvatningarkerfi ef svo má að orði komast. Það mælir sjálfkrafa aukna fyrirhöfn og aukið álag áhafnar þegar afli vex og meira er fyrir því haft að ná honum og það er eins konar útgerðarsamningur milli áhafnarinnar og útgerðarinnar þar sem menn deila með sér ágóðanum. Mér finnst menn ekki ætla sér lítið að kippa þessu burtu í einni málsgrein í frv. sem menn hefðu helst viljað afgreitt í gær en það er það sem hefði gerst í raun og veru ef 2. gr. hefði orðið að lögum eins og hún lítur út. Nú hefur verið boðað að þetta skuli taka til rækjuveiðanna eingöngu og þá er búið að takmarka mjög áhrifin af breytingunni en auðvitað hefði verið heppilegast að þessi mál hefðu verið leidd til lykta með öðrum hætti, þ.e. þeim að um þessi mál hefði þá verið samið eins og auðvitað málið að öllu leyti. Þetta er dæmigert mál, herra forseti, sem menn þurfa að leysa í góðu samkomulagi sín á milli og ég hafði fulla trú á því að það væri hægt. Ég hef enga trú á öðru en íslenskir sjómenn hafi skilning á því og vilji gjarnan að samskipti séu með þeim hætti að eftir því sem tilefni eru til geti orðið breytingar t.d. á mönnun fiskiskipa í tengslum við nýja tækni o.s.frv. Sjómenn hafa að sjálfsögðu ekki áhuga á því að verið sé að halda fleiri mönnum um borð en þörf er fyrir og eru væntanlega tilbúnir til að skipta afrakstrinum af aflanum á færri menn og fá betri hlut að svo miklu leyti sem raunhæft er að gera það. En að hafa þetta galopið og þannig að menn gætu fækkað í áhöfn að geðþótta án tillits t.d. til þess hvernig vinnuálagið vex um borð, hvernig öryggisþættirnir koma inn í myndina o.s.frv., nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Það verður alveg öruggt mál að ekki verður fækkað í áhöfn fiskiskipanna hist og her þó að þau séu orðin nýtískuleg nema það komi við og auki vinnuálagið á þá menn sem eftir eru.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég velti því fyrir mér t.d. hvernig það er orðið að vera einn af sex mönnum í áhöfn á 500 tonna rækjuskipi sem er veiðandi norður í ballarhafi í ís og vondum veðrum. Þannig er það að verða og það er spurning hvort ekki er nú þegar nokkuð langt gengið í vissum tilvikum í þeim efnum. Í öðrum tilvikum kann að vera að menn sitji eftir með óþarflega íhaldsama samninga sem hafa ekki tekið að öllu leyti mið af því hvernig þróunin hefur orðið.

Þetta er að sjálfsögðu eðlilegt að skoða en, herra forseti, ég segi það enn og aftur að um þessa hluti eiga menn og þurfa menn að semja. Það þýðir ekki neitt, það er aldrei annað en að pissa í skóinn sinn að þröngva fram lögum í svona deilum vegna þess að þessir aðilar verða að eiga samskipti og þau verða ekki afmáð með lögum af þessu tagi. Það verða ekki byggðir veggir milli áhafna og útgerða með því að setja einhver lög á Alþingi. Halda menn að þessir menn geti þar með hætt að talast við og þurfi ekki að þekkja hver annan í sjón og ekki bjóða hverjir öðrum góðan daginn, að þetta sé einhvern veginn þannig? Nei, það er sko ekki þannig. Það mun seint ganga að gera mikið út á Íslandi nema það geti verið eitthvert skaplegt andrúmsloft ríkjandi í samskiptum þessara aðila. Þess vegna er náttúrlega alveg hroðalegt niðurlag, herra forseti, að ekki skuli takast eina ferðina enn að útkljá þessi mál í samningum milli aðila og það er auðvitað alveg baneitrað upp á andrúmsloftið að svo sé.

Mér finnst furðulegt hversu léttúðlega menn taka á þessum þætti málsins eins og það sé ekkert áfall að í þriðja skiptið í röð eftir verkföll, átök og stöðvun flotans tekst ekki að heldur að ljúka málinu með samningum. Hvað segir þetta okkur um það hvernig andrúmsloftið í samskiptum þessara aðila er orðið og hvernig það er að þróast? Það er ekki gott. Það ætti að vera öllum nokkurt áhyggjuefni, auðvitað fyrst og fremst deiluaðilunum en ekkert síður okkur á Alþingi eða þeim í sjútvrn. eða þeim sem þetta mál varðar.

2. mgr. 2. gr., herra forseti, lýtur að sjálfsögðu réttlætismáli sem eðlilegt var að taka inn, þ.e. að kauptryggingarákvæðin séu ekki bara nafnið tómt ef svo ber undir þegar menn eru að fara í langar og misvel heppnaðar veiðiferðir á fjarlæg hafsvæði og er kannski haldið þar við rýran hlut dögum og vikum saman, þá er náttúrlega eðlilegt að kauptryggingin taki til þeirrar veiðiferðar sem slíkrar og þess hluta hennar sem slíkrar og það sé síðan ekki gert eins og einhver brögð hafa verið að að menn fari inn í landhelgina aftur eða fari í veiðar sem gefa vel af sér í einhverja fáeina sólarhringa til að ná upp hlut og fá fyrir kauptryggingunni og þannig sé hægt að hafa hana í reynd óvirka þegar um slíka blandaða veiðiferð er að ræða. Ég á ekki von á því að nokkur maður geti talið annað en sanngjarnt að gera þá lagfæringu sem þarna er á ferðinni.

Þá kem ég að 3. gr., herra forseti, sem fjallar um það hvernig vinnustöðvanir og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem deiluaðilar hygðust grípa til á samningstímanum eru ólöglegar. Allar aðgerðir sem menn mundu fara í til að knýja fram einhverjar breytingar sem þeim er þó að nafninu til heimilt að semja um eru ólöglegar. En þetta er sem sagt þannig að menn mega semja ef þeir verða sammála um eitthvað en þeim er óheimilt að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að reyna að ná fram því samkomulagi. Það er ekki heimilt. Auðvitað er alltaf, herra forseti, grafalvarlegt mál þegar menn ganga frá hlutunum á þennan hátt. Menn vísa til þess að þetta sé friðarskyldan sem kemst á í kjarasamningum og það sé ekki verið að beyta stöðunni neitt hvað

það snertir. En hér er ekki verið að fjalla um kjarasamning, það er ekki svo, því miður ekki. Hér er verið að fjalla um að það eru sett lög á menn í miðri vinnudeilu. Lögmætar aðgerðir manna eru stöðvaðar á grundvelli réttinda sem njóta verndar, m.a. í stjórnarskránni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála. Það er það sem er að gerast þannig að það er ekki að mínu mati, herra forseti, haldbært að vísa bara til þess að þetta sé sams konar friðarskylda og kæmist á í frjálsum kjarasamningum. Það stenst ekki. Löggjafinn verður að svara og rökstyðja réttmæti þess að grípa inn í grundvallarmannréttindi með öðrum hætti en þeim að vísa til þess ástands sem kemst á í frjálsum samningum milli aðila. Það verður að vera hægt að rökstyðja með vísan til brýnna almannahagsmuna, öryggisreglu eða einhverra slíkra hluta að svona takmörkun á mannréttindum fái staðist. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, m.a. vegna þess að þessi mál eru að nokkru leyti í nýju umhverfi vegna alþjóðaskuldbindinga sem við Íslendingar erum aðilar að að farið verði mjög rækilega yfir þennan þátt málsins, t.d. það að hv. félmn. sem hefur á undanförnum missirum einmitt verið að fjalla um ýmis grundvallaratriði í löggjöf af þessu tagi sem varða helgi verkfallsréttarins og aðra slíka hluti.

Að lokum, herra forseti, er svo gildistökuákvæðið þannig að það kemur á þessari skipan mála til ársins 2000, reyndar fram í febrúarmánuð árið 2000. Það yrði þá á fyrri hluta loðnuvertíðar árið 2000 sem menn gætu farið að draga andann á nýjan leik. Menn vita hvað það þýðir. Það eru engar aðgerðir af einum eða neinum toga heimilar fyrr en eftir að þessi lög falla úr gildi. Þá tekur við hinn langvinni prósess sem löggjöfin, sem þrælað var í gegnum þingið um stéttarfélög og vinnudeilur, mælir fyrir um og tekur marga mánuði að koma málunum í gang eins og kunnugt er. Í raun og veru er verið að svipta sjómenn samningsfrelsi og verkfallsrétti langt fram á árið 2000 og raunverulega langleiðina út það ár (**SvG:** Þrátt fyrir þessi góðu lög.) þrátt fyrir þessi fínu lög ríkisstjórnarinnar þannig að í reynd verður aldamótaárið að mestu leyti sokkið í sæ áður en sjómenn geta farið að hreyfa sig á nýjan leik í kjaramálum sínum. Þannig ætlar hæstv. ríkisstjórn sjómannastéttinni á Íslandi að fagna aldamótunum að hún verði með hendur bundnar á bak aftur af þessum nauðungarlögum. (**SvG:** Hvar er Páll Pétursson?) Og það er lýst, herra forseti, úti í salnum eftir hæstv. félmrh. sem á að heita vinnumálaráðherra á Íslandi, á að fara með málefni aðila vinnumarkaðarins. Það hefur ýmsum þótt ótrúlegt miðað við framgöngu hans en það mun nú samt vera svo miðað við reglugerð um Stjórnarráð Íslands að það eigi að heita svo að hæstv. félmrh., Páll Pétursson, fari með þetta embætti. Það er spurning hvort hann er að sinna einhverjum öðrum mikilvægum skyldum um þessar mundir eða getur heiðrað okkur með nærveru sinni á næstunni.

Herra forseti. Ég sel það í hendur forseta að setja í gang eftirgrennslan um það hvað hæstv. félmrh. er að sýsla.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. er ekki í húsinu. Hann verður látinn vita af ósk þingmannsins.)

Svo finnst mér, herra forseti, þegar farið er að ræða það á annað borð að það væri fullkomlega ástæða til að hæstv. forsrh. og hæstv. Afríkumála — nei, utanrrh. kæmi og væri viðstaddur umræðuna því að hann hefur verið alláberandi og ég veit ekki annað en það hafi verið þriggja manna nefnd hæstv. ráðherra sem var að þinga um þetta um helgina og það væri eðlilegt að hægt væri að leggja spurningar fyrir alla hæstv. ráðherrana í þessu sambandi.

Herra forseti. Örfá orð um hin frumvörpin þrjú sem er að vísu er ekki tími til að fara rækilega ofan í úr því að valinn var sá kostur að slengja þessu öllu saman. Ég verð að segja að ég er mátulega hrifinn af þeirri skipulagningu á störfunum hér því að mér finnst að þau frumvörp verðskuldi að um þau hefði verið fjallað í rólegheitum og yfirvegað og á efnislegum forsendum. Fullkomin ástæða er til að fara þar yfir einstök atriði og velta því fyrir sér hvernig þau munu leggjast út. Mér er að vísu ljóst að hér er á ferðinni pakki sem er kannski ekki skynsamlegt að hrófla mikið við ef þó á að reyna að gera ástandið ekki illt verra. Það á þó að heita svo að einhver árangur hafi náðst í því að laga þetta þannig til að óánægjan sé minni en ella um þessa skipan mála og frumvörpin þrjú eru lögð fram eins og þau voru í miðlunartillögu sáttasemjara og þá miðlunartillögu samþykktu sjómenn. Það er því alveg ljóst að það er hlutur sem menn verða að íhuga mjög vandlega áður en farið yrði út í að gera þar einhverjar efnisbreytingar sem hefðu áhrif á það samhengi sem hlutirnir eru í.

Í fyrsta lagi vil ég segja ef við tökum til að mynda fyrst frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. 604. mál hefur það fólgið í sér fyrst og fremst eitt ákvæði sem er efnisbreyting á lögunum um stjórn fiskveiða. Að öðru leyti vísar það í frv. um Kvótaþing sem fylgir með og það er þetta ákvæði að hækka veiðiskyldu fiskiskipanna upp í 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið á hverju ári. Reglan þar, herra forseti, hefur eins og kunnugt er verið sú að fiskiskipin hafa haldið veiðileyfi sínu og veiðiheimildum út á að veiða ígildi 50% af þeim veiðiheimildum sem skráð er á þau annað hvert ár. Þau hafa getað veitt 50% annað árið og 0% hitt án þess að missa veiðirétt sinn. Þessi regla hefur í reynd þýtt það vegna þess hvernig hún er útfærð að skipin þurfa fyrst og fremst og fremst að vera haffær og komast á sjó og geta skrapað í einhverjum tegundum sem nemur helmingnum af þeim veiðiheimildum sem eru skráð á þau. Þannig útfærð hefur reglan að sjálfsögðu bitið mjög lítið. Skip sem er með miklar veiðiheimildir í þorski getur fullnægt veiðiheimildinni með því að fara annað hvert ár á rækju og veiða sem nemur 50% af skráðum aflaheimildum sínum í rækju annað hvert ár. Síðan er það reiknað yfir í þorsk samkvæmt flóknum stuðlum og þá telst veiðiskyldunni fullnægt.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög skynsamlegt og farsælt að þróa kerfið í þá átt að skipin veiði að breyttu breytanda meira af veiðiheimildum sínum sjálf en verið hefur. Það er ekki farsæl þróun til lengdar að dreifing veiðiheimildanna á flotann sé ekki í neinu samræmi við það útgerðarmunstur sem hann stundar. Það er miklu heilbrigðara að hann lagi samsetningu veiðiheimilda sinna jafnt og þétt að þeirri útgerð sem þeir stunda á hverjum tíma og færi þær yfir í þær tegundir sem þeir eru að veiða en geymi ekki einhverja gamla fortíð í veiðireynslu á skipunum en skipti því svo eða leigi frá sér á hverju einasta ári. Ég er því þeirrar skoðunar að þessar rúmu heimildir hafi verið til þess fallnar að tefja fyrir því sem væri eðlileg aðlögun í flotanum og dreifingu veiðiheimildanna að veruleikanum á hverjum tíma.

Deila má um hvort það eigi að gera með svona ákvæði um veiðiskyldu eða með öðrum aðferðum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að rétt væri að refsa mönnum fyrir að veiða ekki í samræmi við þann afnotarétt sem þeir fá úthlutað á hverjum tíma. Það mætti gera með svonefndri fyrningarreglu, að hluti þeirra veiðiheimilda sem menn ekki nýttu fyrntist frá

útgerðinni á hverju ári og færðist til þeirra sem nota sinn rétt og jafnvel rúmlega það.

Er grunnreglan sem við eigum að byggja þetta kerfi á ekki sú, svo lengi sem það er við lýði á annað borð, að veiðirétturinn sé afnotaréttur og menn eigi annaðhvort að nota hann eða láta hann ganga a.m.k. smátt og smátt til annarra? Það held ég. Ég hef allan tímann verið þeirrar skoðunar að fényting manna á veiðirétti sem þeir ekki noti sjálfir en hafa fengið úthlutað án endurgjalds sé í raun og veru siðlaus. Ég tel það mestu brotalömina í kerfinu eins og það er og hafi allan tímann verið. Ég er sannfærður, herra forseti, um að það hafi verið mestu mistök sem gerð hafa verið í þessu kerfi, að opna fyrir þann möguleika. Aðlögunin átti að gerast í gegnum framsal á varanlegum veiðirétti og síðan átti að hafa fullt frelsi til þess að skipta á sléttu á jafngildum veiðiheimildum.

Útfærslan á reglunni er líka umhugsunarefni að því leyti að menn missa annaðhvort allt eða ekkert. Við þessi 50% mörk þá ætti það að heita svo að fari menn í 49% eitt ár þá missi menn allt. Mér finnst nú fyrr mega rota en dauðrota. Ég hefði kannski talið skynsamlegt að þarna væri beitt einhvers konar hlutfallslegri skerðingu. Mönnum væri refsað upp að vissu marki ef þeir nýttu ekki veiðiheimildirnar en ekki þannig að þeir misstu þær bara allar á einu bretti. Það liggur auðvitað í hlutarins eðli að það er mjög ströng refsing og spurning hvort önnur útfærsla að þessu leyti væri ekki skynsamlegri.

Hér er að vísu komið inn visst „force majeure"-ákvæði. Verði menn fyrir meiri háttar áföllum eða óhöppum þá kemur til undanþæg regla. Eftir stendur það að ég held að útfærslan á þessu ákvæði sé ekki mjög skynsamleg þó að mörkin sem hér eru sett séu að mínu mati enn mjög væg. Ég tel það ekki mikið að menn eigi að veiða helminginn af sínum veiðiheimildum á hverju ári.

Í öðru lagi, herra forseti, um frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna þá fer ég þar hratt yfir sögu. Mér finnst það frv. tvímælalaust vera í rétta átt. Ég held að það sé tilraunarinnar virði að styrkja stöðu einhvers úrskurðaraðila með aðgerðum af því tagi sem ákvæðin um Verðlagsstofuna, sem eru það nýja í málinu, og heimildir hennar eru. Hér er sett á fót einhvers konar verðlagslögregla, það má í raun nota það heiti, sem sjómenn geta hóað í ef þeir telja að þeir séu bersýnilega beittir órétti með fiskverðinu. Einkanlega mundi það eiga við um þau tilvik er menn eru að kaupa aflann af sjálfum sér eða skyldir aðilar eiga í viðskiptum. Það er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, herra forseti, að ákvæðin séu þannig að þetta verði ekki máttlaust apparat sem hægt sé að ráðskast með. Annaðhvort væri að hafa öflugan úrskurðarfarveg og hafa hann þannig að hann geti verið skjótvirkur. Þannig tæki ekki langan tíma að fá úrskurðinn og hægt væri að fullnusta hann og tryggja að hann nái fram að ganga.

Kemur þá enginn annar en sjálfur hæstv. félmrh. Páll Pétursson og er honum fagnað hér í þingsalnum alveg sérstaklega. (**Félmrh.:** Takk fyrir.) Eðlilegt má telja að hann sé viðstaddur þessar umræður um kjaramál fiskimanna. Þó að hæstv. ráðherra sé kannski frægari fyrir áhuga sinn á kjaramálum bænda þá er nú ekki lakara að hann setji sig einnig inn í kjör annarra stétta. (**Félmrh.:** Ég hef líka áhuga á kjörum fiskimanna.) Já, það er gott.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla frekar um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna, ég hef ekki tíma til að fara þar frekar ofan í einstök ákvæði. Ég segi þó hiklaust að ég tel þetta vera í rétta átt og tilraunarinnar virði að gera þessar breytingar. Að sjálfsögðu getur reynslan ein skorið úr um það hversu vel þessi atriði halda. Maður er vissulega hvekktur af dapurri reynslu. Ekki vantar að samið hafi verið um og það sett í lög eða kjarasamninga t.d. að óheimilt sé að láta sjómenn taka beint eða óbeint á nokkurn hátt þátt í kostnaði vegna kvótakaupa eða leigu á veiðirétti. Reynslan hefur orðið önnur eins og kunnugt er. Úrskurðarnefndin, sem miklar vonir voru bundnar við og sett var á laggirnar eftir síðustu deilu, hefur heldur ekki reynst það tæki sem sátt gæti orðið um.

Að lokum, herra forseti, vil ég minnast á frv. til laga um Kvótaþing. Ætlunin er að setja á fót opinberan eða viðurkenndan tilboðsmarkað, sem þetta Kvótaþing í raun er, þar sem þeir sem vilja leigja frá sér veiðiheimildir leggja inn tilboð eða óskir um slíkt og hinir sem ætla að kaupa koma með sínar óskir. Samband milli kaupenda og seljenda er rofið og þannig á að girða fyrir það að um tengslaviðskipti sé að ræða. Og eins á að girða fyrir það að tengsl geti verið á milli leigjenda kvótans og ráðstöfunar aflans síðar meir. Sá afli er verðlagður annaðhvort í gegnum sölu á markaði eða í beinum viðskiptum og fellur þá undir þau ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna, sem ég var að fjalla hér um áðan.

Með þessum hætti á vissulega, herra forseti, a.m.k. á yfirborðinu séð, að koma í veg fyrir að þau viðskipti með veiðiheimildir sem mikið hefur verið um, sum hver hafa gengið undir nafninu „tonn á móti tonni", geti farið fram eins og áður var. Það á ekki að vera mögulegt fyrir þá sem leigja til sín kvóta að láta áhöfnina taka þátt í þeim kostnaði í gegnum niðursett fiskverð og ráðstöfun aflans, t.d. til þess sem þeir leigðu frá. Að því leyti, herra forseti, held ég að tæplega verði deilt um að frv. og þær breytingar sem það felur í sér séu til bóta. Þær eru í áttina að lausn þessa langvinna stríðs sem staðið hefur um svonefnt kvótabrask og tengst hefur leigu eða viðskiptum með aflamark.

Menn verða svo auðvitað að velta fyrir sér hvaða áhrif þessi breyting hefur að öðru leyti. Og það er alveg ljóst, herra forseti, að ýmsir eru mjög uggandi um sinn hag vegna þess að þeir hafa reynt að fóta sig og lifa í þessu nýju umhverfi sem leiguliðar, að hluta eða jafnvel öllu leyti. Slatti af útgerðum á sáralitlar og jafnvel engar veiðiheimildir, en reynir að komast af. Ég skil fullkomlega áhyggjur þeirra sem þannig er ástatt um, þegar Kvótaþingið verður komið á og öll viðskipti með leigukvóta fara þangað.

Þá verður að sjálfsögðu að hafa í huga að ýmsar breytingar munu verða og þeir sem hafa stundað þessi viðskipti á báðar hliðar munu verða fyrir áhrifum af breytingunum. Ekki aðeins öðrum megin. Þetta mun að sjálfsögðu líka hafa áhrif á þá sem hafa stundað það í stórum stíl að leigja frá sér kvóta. Þeir sem hafa látið aðra veiða fyrir sig verða að horfast í augu við breytingarnar líka. Að mínu mati er ekki auðvelt að sjá fyrir hver heildaráhrifin af breytingunni verða þegar upp er staðið. Þar mun til að mynda skipta mjög miklu máli hvernig leiguverðið sjálft þróast. Verði það á skikkanlegum nótum er ekki víst að þetta komi svo illa við hagi kvótalítilla útgerða eða einyrkja sem margir óttast. Verði framboðið hins vegar lítið og leiguverðið hátt þá er auðvitað ljóst að staða slíkra aðila verður erfið og kannski mun þetta slá af einhverjar þeirra útgerða sem komið hafa til sögunnar án þess að eiga sjálfar veiðiheimildir.

Auðvitað er skiljanlegt að um þetta frv. séu skiptar skoðanir og ýmsir uggandi um áhrifin af því. Í þessu eins og svo mörgu öðru, herra forseti, er ekki bæði hægt að sleppa og halda. Sömu aðilar og talað hafa sig hása undanfarin ár um kvótabrask og rangindi gagnvart sjómönnum, geta auðvitað ekki snúið við blaðinu og sagt svo sannfærandi sé: Nei, nei, nei, það má ekki setja á Kvótaþingið, við viljum fá að halda þeim viðskiptum áfram sem við höfum verið í. Menn verða að velja á milli þess hvort þeir vilji reyna þetta eða aðrar aðferðir sem menn kynnu að telja betri til að taka á vandamálum í þessum efnum eða búa við óbreytt ástand.

Ég held að a.m.k. til að leysa þann þáttinn sem ég fór hér yfir fyrr, herra forseti, sé þetta tilraunarinnar virði. Ég geri mér þó vel grein fyrir því að um heildaráhrifin af þessari breytingu eru nokkuð skiptar skoðanir.

Þá er tíma mínum lokið, herra forseti, enda tókst mér nokkurn veginn að fara á hundavaði yfir þessi fjögur frv., eins og ég hafði ætlað mér, og lýk nú máli mínu.

[16:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér eru fjögur frv. til umræðu í einu, hvorki meira né minna. Þeim er ætlað að binda enda á verkfall sjómanna, ef svo mætti segja.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að byrja umfjöllun mína með reynslusögu af fundi sem ég var á í gær. Þar komum við, konur úr stjórnarandstöðuflokkunum, saman til að hlusta á konur. Þar hlustuðum við á skoðanir þeirra á stöðu sinni í þjóðfélaginu og til landsmála almennt. Jafnréttismál kynjanna bar eðlilega mikið á góma og hið illræmda launamisrétti kynjanna. Í því sambandi furðuðu fundarkonur sig á því að um leið og ein hæstlaunaða stétt landsins færi í verkfall þá yrði allt vitlaust og lög sett á stéttina. Þessir sjómenn eru hundóánægðir með sín kjör, þrátt fyrir himinhá laun, eins og konurnar orðuðu það.

Hver var samanburðurinn? Jú, það voru laun kvenna í þessu landi. Einnig var talað um hve skrýtið það væri að svo fáar konur væru sjómenn. Jafnvel þó þær reyndu að komast á sjó þá fengju þær ekki pláss.

Ég tek þetta fram hér, herra forseti, ekki til þess að býsnast yfir launum sjómanna, heldur til þess að minna á samhengi umræðunnar í þessari kjaradeilu og hina gífurlegu mismunun sem á sér stað í þessu þjóðfélagi, launamismunun. Sjómönnum finnst sín kjör ekki nógu góð þegar kjarasamningar þeirra eru brotnir æ ofan í æ, m.a. vegna kvótabrasks og viðskipta með fisk milli skyldra aðila. Launin teljast heldur ekki nógu góð vegna þess að viðmiðunarhópar þeirra eru ekki aðrir verkamenn, verkakonur eða fólkið í frystihúsum landsins, sem einnig vinnur við sjávarútveg.

Nei, viðmiðunarhópar sjómanna eru útgerðarmenn, útgerðarmenn sem fá gjafakvóta þjóðarinnar á silfurfati og þurfa aðstoð ríkisvaldsins til að greiða laun sjómanna samanber sjómannaafsláttinn en geta samt ekki eins og aðrir atvinnurekendur samið við sína starfsmenn um kaup og kjör.

Virðulegi forseti. Allt frá því að framsal á veiðiheimildum var almennt heimilað árið 1990 hafa kjaramál sjómanna verið í uppnámi og oftsinnis komið til verkfalla. Oftar en ekki hafa verið sett lög á þessar kjaradeilur af því að starfsumhverfið er slíkt að réttlætiskennd sjómanna er misboðið og það sem meira er, gildandi kjarasamningar eru virtir að vettugi, þ.e. sjómenn hafa þurft að taka þátt í kvótabraski án þess að teljast eigendur keypts kvóta og misst við það laun og þeir hafa ekki fengið markaðsverð fyrir aflann eins og kveðið er á um í þeirra samningum.

Grundvöllur þessarar óánægju er sá að mínu mati að fiskveiðistjórnarkerfið er útfært þannig að stefnt er að hámarksframleiðni, sem vissulega er gott, án þess að taka mið af grundvallarforsendum réttlætis og félagslegra sjónarmiða.

Ég hef kynnt mér, herra forseti, grundvallarlöggjöf Bandaríkjanna um fiskveiðistjórnun, svokallaða Magnuson-Stevenson Act sem ég vil líta á sem nokkurs konar grunnlög um kvótamál í Bandaríkjunum. Ég hef velt því fyrir mér, herra forseti, hvort hér þurfi ekki að setja ákveðin ákvæði inn í stjórnarskrá um að það verði að stjórna fiskveiðunum þannig að þjóðin í landinu geti verið sátt við stjórnina. Í þessum áðurnefndu bandarísku lögum er m.a. kveðið á um það að taka verði mið af hagkvæmnissjónarmiðum en auk þess verði að hafa í huga hagsmuni sjómanna, hagsmuni fiskvinnslufólks, ekki síst kvenna sem vinna við þau störf og hagsmuni sjávarbyggða auk hagsmuna útgerðarmanna.

Það er mín skoðun, herra forseti, að það ástand sem varir í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna muni ekki verða viðunandi fyrr en lagaumhverfið breytist til muna og nokkuð meira en lagt er til í þeim fjórum frumvörpum sem hér eru til umræðu. Ég mun fá tækifæri til þess að fara í smáatriðum ofan í efni þessara frumvarpa í hv. sjútvn. og mun því ekki ræða efnislega um fylgifrumvörpin þrjú. Mér sýnist þó í fljótu bragði að í frv. um Kvótaþing og í frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sé verið að taka á viðkvæmum deilumálum sjómanna og útgerðarmanna um fiskverð og kvótasölu og fagna því að sjómenn hafa samþykkt þá útfærslu sem þar kemur fram.

Varðandi þá spurningu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði fyrir hæstv. sjútvrh. um það hvort ætlunin sé að lögfesta þessi frv. óbreytt eða ekki, þá vil ég taka það fram að það hlýtur formlega að vera réttur þingsins að hafa frelsi til að gera þær athugasemdir við frv. sem nauðsynlegar þykja því að almennt er því ekki tekið vel af okkur þingmönnum ef inn í þingið kemur frv. og sagt er: „Það má ekki breyta einum staf.“ Þingið setur lög landsins hvort sem þau eiga við um sjávarútveginn eða annað og þingnefndin hlýtur því að fara yfir málið í heild vitandi reyndar að sjómenn hafa samþykkt frumvörpin í þeirri mynd sem þau eru nú. Ég tel þó mikilvægt að frumvörpunum verði ekki breytt núna í trássi við vilja sjómanna vegna þess að hér er verið að setja lög enn einu sinni á kjarasamninga þeirra sem auðvitað er með öllu óþolandi.

Þriðja fylgifrv. er um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þar er eitt ákvæði sem ég fagna sérstaklega, nefnilega að veiðiskylda er aukin upp í 50% á ári frá 50% annað hvert ár. Ég tel reyndar að veiðiskyldan hefði getað aukist meira án þess að nauðsynlegur sveigjanleiki kerfisins sé heftur um of. Það er grundvallaratriði að mínu mati að þau miklu verðmæti sem aflamarkið er fari til þeirra sem veiða í reynd en ekki til þeirra sem voru svo heppnir að stunda fiskveiðar á árunum 1980–1983 þegar þessu kerfi var komið á eins og reyndin er nú.

Fjórða frv. um kjaramál fiskimanna er auðvitað meginmálið hér þar sem hin frumvörpin eru aðeins nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi en ekki nægjanlegar og ekki kjarasamningur. Í þessu fjórða frv. er tekið beint á kjaramálum sjómanna með því í fyrsta lagi að banna kjaradeilur sjómanna til 15. febrúar árið 2000.

Í öðru lagi á að lögfesta miðlunartillögu ríkissáttasemj-

ara en þar er m.a. kveðið á um 13% hækkun kaupliða við gildistöku og 3,65% til viðbótar 1. janúar 1999. Þessa miðlunartillögu hafa sjómenn samþykkt en útvegsmenn ekki.

Hitt nýmæli þessa frv. er þó 2. gr. þar sem kveðið er á um að fækkun í áhöfn eigi ekki að hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir útgerðarmenn. Það er að mínu mati ekkert skrýtið að sjómenn tækju ákvæði 1. mgr. 2. gr. þessa frv. mjög illa þegar þeim var kynnt þessi grein þar sem það er alveg ljóst að hér er um verulega kjaraskerðingu að ræða fyrir skipstjóra, vélstjóra og háseta frá því sem nú er. Þetta kemur m.a. fram í gögnum sem við þingmenn fengum í morgun frá Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þetta var á fundi þingmanna Reykjaness með félögum úr Vísi frá Suðurnesjum. Af þessum gögnum má ljóst vera að þetta ákvæði mundi skerða kjör sjómanna verulega. Það er því ánægjuefni að sjútvrh. hefur samþykkt fyrir sitt leyti að þessu ákvæði verður breytt eftir tillögum sjútvn. Það er reyndar forsenda þess að mínu mati að við stjórnarandstöðuþingmenn mótmæltum því ekki að þetta frv. yrði tekið til umræðu, a.m.k. segi ég það fyrir mig sjálfa.

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér í upphafi ræðu minnar að bera saman kjör sjómanna og kjör láglaunakvenna til að benda á þær gífurlegu launaandstæður sem til staðar eru í landinu. Ein konan á áðurnefndum fundi sagði: „Ef ég bara hefði mánaðarlaun sjómannsins í árslaun þá væri ég ánægð." Þetta er því miður raunveruleikinn.

Með þessu er ég alls ekki að draga úr mikilvægi sjómannastéttarinnar og sjávarútvegsins í heild. Því miður er það enn svo að við Íslendingar erum allt of háðir þessari einu auðlind og löngu er tímabært að styrkja fleiri atvinnugreinar til þess að styrkja atvinnulífið og kjörin í þessu landi fyrir alla, konur jafnt sem karla. En eins og er er mjög mikilvægt að reka okkar sjávarútveg á hagkvæman hátt án þess að skipta þjóðinni upp eftir því hvort hún er með eða móti fiskveiðistjórnarkerfinu. Til þess þarf breytt kerfi um stjórn fiskveiða þar sem byggðum landsins er tryggður kvóti svo og sjómönnum og fiskvinnslustöðvum. Það kerfi sem nú er við lýði býður upp á átök sem vekja óþarfa andúð landsmanna sem ekki stunda sjávarútveg á útvegsmönnum og jafnvel sjómönnum. Þetta kerfi er svo ómanneskjulegt að sjálfsögð mannréttindi heillar stéttar, þ.e. verkfallsréttur sjómanna, eru tekinn af þeim ár eftir ár. Það ástand er framlengt með því frv. um kjaramál fiskimanna sem hér er til umræðu og því er ég mótfallin.

Það er skylda okkar alþingismanna að búa sjávarútveginum það lagalega umhverfi að útgerðarmenn og sjómenn geti samið eins og siðmenntað fólk og það hlýtur að vera verkefnið sem við blasir nú, a.m.k. fyrir næstu kosningar.

[16:27]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Það er erfitt viðfangsefni fyrir þingið að taka til umræðu og síðan umfjöllunar í nefndum frv. sem fjallar um kjaradeilu og má segja að leggi bann við aðgerðum sjálfra deiluaðila til að ná niðurstöðu. Við höfum hins vegar áður staðið frammi fyrir slíku verkefni varðandi þá deiluaðila sem hér um ræðir og það er mjög miður þegar við lítum til baka að rifja upp að segja má að deilur þeirra um flest þau ágreiningsefni sem nú eru uppi hafa staðið um árabil án þess að þeir hafi sjálfir náð höfn sem sitja beggja vegna borðs og geti sagt eftir nokkur missiri eða mánuði að viðunandi staða sé um þau mál.

Herra forseti. Ekki er betra að sjómenn hafa ekki haft gildandi kjarasamning langt á annað ár og allur sá tími hefur ekki dugað til að ná landi í viðræðum. Hins vegar er staða málsins nú sú að fyrir liggur samþykkt sjómanna á miðlunartillögu sáttasemjara sem byggir á tillögum sérstakrar nefndar sem á vegum ríkisstjórnar hafði fjallað um deiluefnin og einkum þau sem deiluaðilar hafa sjálfir sagt að væru meginágreiningsefni í þessari kjaradeilu. Það voru einmitt tillögur varðandi þau meginágreiningsefni sem hlutu samþykkt sjómanna þegar miðlunartilagan var samþykkt því að hún grundvallaðist á þeim tillögum sem þessi nefnd þriggja ráðuneytisstjóra hafði lagt fram.

Það verður að segjast eins og er, ekki síst um deilur í sjávarútvegi, að afleiðingar vinnustöðvunar snerta marga aðra og hafa jafnafdrifarík áhrif á lífskjör annarra en deiluaðilanna einna. Þannig er með stöðvun fiskiskipa að fiskvinnslufólk og fiskvinnslustöðvar um allt land sitja uppi án verkefna, án kjara og án launa.

Hins vegar er það einnig svo um þetta efni, herra forseti, og þess verður að geta strax, að ef svo fer fram sem horfir og eftir því sem fram kemur í miðlunartillögunni og frv. fjórum sem hér um ræðir, munu afleiðingar hafa mismunandi áhrif á kjör sjómanna. Ég hyggst nú a.m.k. gera grein fyrir mínu áliti varðandi þau mál sem hér liggja fyrir.

Auðvitað er vandi samningamanna mikill og eykst frekar en að minnka við það að deiluefnin reynast langvinn og hefur fjölgað. Það hefur gert þeim sjálfum erfiðara um vik að nálgast hver annan með málamiðlun. Ég verð að viðurkenna að á stundum hefur skotið upp spurningunni um það hvort samningsvilji hafi verið nægur við samningaborðin. Allténd er það svo að meira að segja eftir að sjómenn höfðu samþykkt sáttatillögu ríkissáttasemjara var deiluaðilum ekki unnt að ná endanlega landi með þau fáu mál sem eftir voru óafgreidd. Þess ber þó einnig að geta að afleiðingar þessara ráðstafana og afleiðingar af kjarasamningum sjómanna, ef svo vel hefði tekist til, hafa áhrif á aðra.

Kjör sjómanna hljóta að koma til umræðu við samanburð á kjörum annarra, einkum annarra sem starfa í sjávarútvegi. Þá liggur fyrir að tekjuþróun sjómanna sem stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum hefur verið tiltölulega jákvæð og jákvæðari en tekjuþróun fiskvinnslufólks sem vinnur við vinnslu sama sjávarafla. Athyglisvert er að þetta hefur gerst á sama tíma og útgerðarfyrirtækin sem þeir starfa hjá hafa haft minni aflaheimildir, minni verkefni og þess vegna, gætum við haldið, minni tekjumöguleika fyrir skipin og áhafnirnar en um fullan áratug þar á undan. Möguleikarnir eru meira að segja minni en verið hefur um áratuga bil. Samt sem áður hefur svo vel tekist til að einmitt á þeim tíma sem aflaheimildir voru rýrar og verkefni af skornum skammti eru tekjur sjómanna og útgerða skárri en áður. Þess vegna velta menn því fyrir sér hvers vegna deilurnar í kjaraviðræðum sjómanna og útvegsmanna eru svo harðar.

Deilurnar hafa staðið svo mánuðum skiptir, kjarasamningar hafa verið lausir í um eitt og hálft ár. Í raun hafa sömu deilurnar staðið svo árum skiptir og nú gætir þess mjög áberandi að óþreyja og þykkja kemur fram í viðbrögðum samningamanna við samningaborðið, t.d. þegar þeir gera grein fyrir stöðu mála í fjölmiðlum og öðrum leiðum með skilaboð til almennings. Það er a.m.k. ekki vafi um þetta í mínum huga. Ég hef heyrt það og ég hef séð það.

Þegar við virðum fyrir okkur hver helstu deiluefnin eru kemur í ljós að þau eru ekki endilega bein ákvæði um kjör eða

skiptingu kjara. Þau eru jafnvel lagaumhverfið sem sjávarútvegurinn hlýtur að starfa við, útgerðarfyrirtækin jafnt sem sjómenn. Þar hefur aftur og aftur komið upp það sem sumir kalla kvótabrask. Aðrir segja að stór hluti þess séu eðlileg viðskipti og framkvæmd á nauðsynlegum sveigjanleika í sjávarútvegi á Íslandi. Ég hygg að því verði ekki mótmælt með góðum rökum að þessi sveigjanleiki hefur gefið útgerðarfyrirtækjum möguleika til að ná meiri verðmætum af sjávarfangi þrátt fyrir minni veiðiheimildir en áður. Þar með hafa þau gefið sjómönnum færi á meiri tekjum fyrir minni afla.

Þó að reynt hafi verið til þrautar hafa aðrar og betri tillögur ekki komið fram en þær sem birtast í tillögum þriggja manna nefndarinnar um þetta efni. Eitt þeirra frv. sem um það fjallar, frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs og útskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, hefur hlotið þau ummæli, af hálfu forustumanna deiluaðila beggja vegna borðs, að við þau ákvæði muni væntanlega hægt að una og menn vænti þess beggja megin að þau leiði til betri lausnar á þeim ágreiningsefnum. En þess ber þó einnig að geta að fyrir liggja ummæli allra aðila um að þau ágreiningsefni séu ekki *á milli útvegsmanna og sjómanna almennt. Þar er um að* ræða tiltekin skip, tiltekin fyrirtæki og tilteknar áhafnir. Þar eru sem sagt sértæk deiluefni sem reynt er að leysa eða finna leiðir til að leysa.

Næsta tillaga eða frv. sem lýtur að því að koma þessum málum betur fyrir, þ.e. viðskiptum með aflaheimildir, hefur birst í frv. til laga um Kvótaþing. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því að einn miðlægur markaður fyrir þau viðskipti sé nauðsynlegur til að tryggja eðlileg kjör sjómanna. Þó má vel vera að einhverjir hafi rétt fyrir sér um þá tillögu. Við skulum sjá hvernig okkur gengur að fjalla um þau mál í hv. sjútvn. þingsins. Ég verð þó að láta í ljós þá skoðun mína að ég er alls ekki viss um að bein tengsl séu milli þess máls og kjaramála sjómanna. Ég sé ekki þau tengsl.

Það verður að viðurkennast að útvegsmenn hafa fullan vara á og margir raunar andmælt þeim hugmyndum. Eins verður að viðurkennast að þó einhverjir hafi þá skoðun að slík miðstöð fyrir færslu veiðiréttinda á milli óskyldra fyrirtækja muni hugsanlega leiða til lægra verðs í þeim viðskiptum, þá hafa jafnmargir bent á að það mundi að líkindum leiða til hærra verðs. Eins er talið líklegt að það leiði til minnkandi framboðs í þeim viðskiptum en hingað til og um áhrif af minnkandi framboði er þekkt að það leiðir til hækkandi verðs.

Varðandi þriðja málið verð ég að viðurkenna, herra forseti, að mér sýnist að það mundi spilla mjög þeim ákvæðum sem menn hafa fram að þessu þróað í lögunum um stjórn fiskveiða. Hér á ég við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, um veiðiskyldu. Ég verð að segja, herra forseti, að eitt þeirra ákvæða sem best hefur reynst við takmarkaðar veiðiheimildir íslenska fiskiflotans er sveigjanleikinn sem felst í því að geta flutt veiðiréttindi, aflaheimildir eða hvað sem við viljum kalla þau, á milli skipa og útgerðarfyrirtækja.

Með þessu frv., ef það verður óbreytt að lögum, eru þær heimildir stórlega takmarkaðar og ljóst að stór og mikilvæg útgerð við sunnanvert landið, allt frá Austurlandi suður um og á Vesturlandi, mun eftir það búa við stórskerta möguleika. Vélbátaútgerðin, dagróðrarbátarnir munu ekki komast undan þeim ákvæðum nema með því að draga stórlega saman umsvif sín. Þá mun fækka sjómönnum sem njóta þessara gjörða því að þeim skipum mun fækka.

Þessa dagana verður þess vart að útgerðarmenn og skipstjórar á umræddum skipum séu að ráða ráðum sínum um hvernig þeir geti brugðist við til að þurfa ekki að sæta því að veiðiheimildir þeirra verði teknar af þeim bótalaust. Ef þeir ætla að komast aftur í útgerð nokkrum árum seinna, verða þeir ekki aðeins að fjárfesta í skipinu heldur einnig í öðru skipi til að fá heimild til að flytja það aftur inn í þann fiskiskipaflota sem heimild hefur til veiða innan íslensku lögsögunnar. Þá verður að segjast að þær refsingar sem þar eru lagðar til eru óhóflega þungar. Þær eru miklu þyngri en venja er ef menn brjóta lög. Varla er hægt að segja að það sé brot á lögum um meðferð atvinnuréttinda ef menn nýta sér þau ekki að fullu, a.m.k. skil ég ekki á hverjum er brotið.

Herra forseti. Ljóst er að sá hluti fiskiskipaflotans sem staðið hefur undir þeirri þróun að ná þeim árangri að við stundum ekki einungis veiðar á grunnslóð heldur einnig á djúpslóð, er bátaflotinn. Hann mun fara verst út úr þessum aðgerðum. Litlu fyrirtækin sem stunda veiðar á einu skipi munu finna mest fyrir þessum aðgerðum, fjölskyldufyrirtækin sem fram til þessa dags hafa verið sterkasta einkenni sjávarútvegs á Íslandi. Slík fyrirtæki hafa haft mestan sveigjanleika vegna þess að þeir sem starfa við þau hafa sjálfir tekið á sig þrengingar og jafnvel það að vera atvinnulausir um tíma á hverju ári. Þeir munu týna tölunni. Fólk sem hefur aðlagað lífsvenjur sínar því starfsmunstri sem útgerð eins lítils báts býður upp á mun sitja bjargarlaust uppi. Sjómennirnir á stóru skipunum munu ekki líða fyrir þetta. Það verða útgerðarmenn og sjómenn á bátunum og þeirra fjölskyldur. Af þessu má ljóst vera að afleiðingar þessara gjörða fyrir kjör sjómanna á Íslandi verða mismunandi eftir því hvers konar sjómennsku þeir stunda.

Herra forseti. Verði áhrifin svo afdrifarík fyrir útgerð bátaflotans, sem ég er ekki í vafa um, er ljóst að þá munum við sjá stórlega skerta möguleika í landvinnslunni. Stærstur hluti hennar hefur byggt á afla bátanna, meira að segja sá hluti landvinnslunnar sem hefur skilað hæsta verðinu og mestum verðmætum af vinnslunni, þ.e. saltfiskvinnslan og vinnsla ferskra afurða sem fluttar eru út fullunnar, ekki frystar en að öllu leyti fullunnar. Þetta eru mestu verðmæti sem við þekkjum af vinnslu sjávarafurða og hún hvílir á afla bátaflotans. Möguleikar bátaflotans verða þrengdir umfram allra annarra með þessum ákvæðum.

Útgerðarmenn bátanna munu vafalaust leita eftir því að sameinast stóru fyrirtækjunum og þá verðum við að gæta þess að hér fyrir þinginu liggur frv. til laga um að takmarka það hversu stór útgerðarfyrirtæki megi verða á Íslandi miðað við þær aflaheimildir sem þau fyrirtæki hafa til umráða. Það er alveg ljóst, herra forseti, að einhver fyrirtæki standa frammi fyrir því að þurfa að gera ráðstafanir vegna þeirra ákvæða eftir að aðrir útgerðarmenn sækjast eftir að sameinast þeim.

Líklega komum við til með að sjá útgerð sameinast verkun í meiri mæli en nokkru sinni áður. Þá fer lítið fyrir skoðunum og ummælum þeirra sem hafa undanfarin ár talað fyrir því að það væri hagkvæmt og efnahagslega réttmætt fyrir Íslendinga að greina milli útgerðar og vinnslu. Bersýnilega, herra forseti, munu þessi ákvæði leiða til þess að útgerðarmenn einstakra báta sækist eftir sameiningu við vinnslustöðvar. Þeir munu neyðast til að haga gerðum sínum þannig að hvert og eitt fyrirtæki nái sem mestum sveigjan-

leika. Honum verður ekki náð með öðru móti en sameiningu, sameiningu og aftur sameiningu. Þær útgerðir sem stundað hafa það veiði- og útgerðarmunstur sem byggir á bátaútgerð við suðurströndina verða fyrir mestu og dýrustu skerðingunum. Líklega munum við sjá þá útgerð leggjast af að mestu, nema hún birtist aftur í formi stórútgerðarfyrirtækja.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég mundi sjá eftir fjölskyldufyrirtækjunum í íslenskum sjávarútvegi. Þau hafa verið ráðandi munstur og hafa oft og tíðum verið þau fyrirtæki sem hafa sýnt hvað mest langlundargeð við sína sjómenn og þau sveitarfélög þar sem þau eru staðsett. Stóru fyrirtækin hafa átt auðveldara um vik jafnframt því að á þau hafa verið gerðar meiri kröfur um arð til hluthafa sem að öðru leyti eiga ekkert undir afkomu sjávarútvegs, starfa ekki við hann sjálfir og sjá hann ekki nema sem birtingu verðbréfa og arðs af þeim.

En í þessu frv. tel ég þó verst, herra forseti, að nánast ekkert er gert ráð fyrir neinum viðbrögðum við ófyrirséðum atvikum nema þau taki til hálfs árs, heils missiris. Þá er líka ljóst, herra forseti, að skip sem verða fyrir slæmum vélarbilunum, gæftaleysi eða fiskleysi við þær veiðar sem eru stundaðar aðeins hluta úr ári og skemmri tíma en hálft ár, munu geta orðið fyrir verulegum skerðingum. Ég held, herra forseti, að þessu verði að breyta í meðförum þingsins ef við eigum ekki að sjá stóran hluta sjómanna á Íslandsmiðum, ég tala nú ekki um útgerðarfyrirtækja og fjölskyldna sem að þeim búa, standa uppi bjargarlaus.

[16:46]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég spyrja: Hvar er hæstv. sjútvrh.? Og hvar er hv. formaður sjútvn., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Mér finnst lágmark að þessir aðilar séu við umræðuna. Ég fer þess á leit að þeir verði kallaðir hér til.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að þeir eru báðir í húsi og skal gera ráðstafanir til þess að þeir fái óskir hv. þm.)

Ég þakka forseta fyrir. Ég ætla að beina spurningum til hæstv. sjútvrh. — sem nú gengur í salinn — og einnig beina ákveðnum tilmælum til formanns sjútvn., en hann hlýðir kannski á umræðuna annars staðar.

Það vill þannig til, hæstv. forseti, að ég á lítinn bróðurson sem er að verða þriggja ára gamall. Og það er mikið gert af því í minni fjölskyldu að kenna honum að þekkja sinn arf frá Vestmannaeyjum og hann syngur alla daga: Skipstjórar kalla, skipanir gjalla, vélarnar emja, æpa og lemja, á haf skal nú haldið til veiða.

Það er einmitt það sem er að gerast í þessu máli að nú á að skipa mönnum til veiða, hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Ég hef hugsað mér í máli mínu að beina einkum sjónum að þeim þætti sem snýr að þessari vinnudeilu og því sem er verið að gera í málinu en læt hin frumvörpin þrjú, sem menn ætla að láta sigla hér í gegn í nokkuð góðum friði, liggja milli hluta að sinni, og ég mun ekki hafa mjög langt mál um þetta.

Hæstv. forseti. Mér finnst eins og stjórnvöld hafi ekki fullkomlega áttað sig á því að við lifum í nokkuð breyttu lagalegu umhverfi. Gerðar voru breytingar á stjórnarskránni árið 1995 þar sem m.a. stéttarfélög eru nefnd sérstaklega sem dæmi um frjáls félagasamtök og í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“

Það á að kveða á um það í lögum hvernig að þessu skuli staðið.

Síðan bætast við alþjóðasamþykktir og sáttmálar sem við erum aðilar að og ég ætla að koma síðar að þeim í máli mínu, sem takmarka rétt stjórnvalda til að grípa inn í vinnudeilur og ganga út á það að tryggja rétt stéttarfélaga til að starfa án afskipta og til að semja um kaup og kjör með eðlilegum og frjálsum hætti. Og ég spyr: Hafa íslensk stjórnvöld gert sér grein fyrir því hvað þessar breytingar þýða? Hvernig stendur á því að við erum að upplifa ár eftir ár endalaus afskipti stjórnvalda af kjarasamningum og af umhverfi á vinnumarkaði? Við hljótum að þurfa að spyrja okkur hvernig á þessu standi. Ég vil beina spurningu til hæstv. sjútvrh. Það kom fram í upphafi umræðunnar að hann boðar breytingu á 2. gr. frv. til laga um kjaramál fiskimanna, vegna þess, eins og hann sagði, að menn hafa áttað sig á því að greinin, eins og hún stendur, hefði miklu víðtækari áhrif en menn vilja kannski eða meiningin var. Menn átta sig á því að þarna var of langt gengið. En ég spyr: Var það kannað í undirbúningi málsins hvort þessi íhlutun stenst þá alþjóðasáttmála og samþykktir sem við erum aðilar að? Þá er ég að tala um samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Það hafa margsinnis verið gerðar athugasemdir við framgöngu íslenskra stjórnvalda í málefnum vinnumarkaðarins. Komið hefur fram á alþjóðaþingum og hjá þeim nefndum Alþjóðavinnumálasambandsins sem fara með þessi mál, að íslensk stjórnvöld hafi gengið of langt, séu inni á gráu svæði og hafi gengið of langt. Ég vil meina að hér sé eitt dæmi um slíkt, verið sé að grípa inn í gang mála áður en menn hafa raunverulega verið píndir til að komast að niðurstöðu. Ég er mjög ósátt við að gripið skuli vera svona fljótt inn í, og auðvitað á helst aldrei að grípa inn í vinnudeilur með lögum. En við hljótum að viðurkenna að þegar sjávarútvegurinn á í hlut eru alveg gríðarlegir hagsmunir í húfi. Það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi, bæði útgerðar, sjómanna og fiskvinnslunnar og verkafólks í landi. En hins vegar hefur það gerst trekk í trekk að gripið er inn í deilur sjómanna með lagasetningu og við hljótum að spyrja okkur: Hvers vegna þeir? Hvers vegna eru menn ekki látnir klára sitt verk? Það virðist vera hægt að panta lagasetningu hjá ríkisstjórninni. Þetta er óþolandi ástand á vinnumarkaðnum.

Til að rifja aðeins upp það sem gerst hefur á undanförnum árum í samskiptum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og samtaka launafólks þá minnumst við þess að fyrir tveimur árum voru sett ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þvert gegn vilja allra stéttarfélaga opinberra starfsmanna. Ný vinnumarkaðslöggjöf var sett sem kostaði miklar deilur og reyndar var það svo að þegar frv. kom fyrst fram stóð ekki steinn yfir steini. Það var brot á alþjóðasamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu að mati Lagastofnunar háskólans. Það stóð ekki steinn yfir steini og það varð að breyta nánast hverri einustu grein sem kom frá frumvarpssmiðunum.

Ég minni á Atvinnuleysistryggingasjóð sem menn eru smátt og smátt að átta sig á hversu slæmar breytingar voru gerðar þar. Eða lögin um vinnumarkaðsaðgerðir, sem reyndar hefur ekki mikið reynt á, en ég hef heyrt að verkalýðshreyfingin sé ekki mjög ánægð með framkvæmd þeirra mála. Og nú síðast eru það lög á sjómenn. Það stendur til að setja lög á sjómenn meðan nánast hvert einasta stéttarfélag í landinu hefur gert kjarasamning, frjálsan kjarasamning til tveggja

ára, en þá ætlar ríkisstjórnin að sjá til þess að sjómenn búi nauðugir við kjarasamning í tvö ár. Þeir eiga nauðugir að hlýða því að samþykkja kjarasamning.

Það er þessi hlið málanna sem fær mesta athygli, þ.e. sjálf gjörðin. Verið er að svipta sjómenn verkfallsrétti. Það er reyndar líka verið að setja lög á Vinnuveitendasambandið hvað varðar verkbönn. En nú er verið að setja lög á sjómenn og útgerðarmenn meðan öllum öðrum stéttum hefur tekist að semja um kaup og kjör. Við hljótum að spyrja hvað búi þarna að baki.

Við vitum einnig að það eru ekki aðeins kjörin sem um er að ræða heldur allt umhverfi sjávarútvegsins, það fiskveiðakerfi sem hér hefur verið komið á af Alþingi en það ber ábyrgð á þróun þess. Ég ætla ekki að fara út í einstaka þætti þess en mér finnst hafa vantað mikið í umræðuna hvað felst í þessum kjarasamningi. Það er ekkert rætt um það hvað felst í þeim kjarasamningi sem hér á að lögbinda. Eru sjómenn sæmilega sáttir við það sem kveðið var á um í miðlunartillögu sáttasemjara? Það er sáralítið í umræðunni vegna þess að menn segja einfaldlega sem svo: Það eru frumvörpin þrjú sem skipta meginmáli. En við skulum ekki gleyma því að verið er að lögbinda kjör sjómanna til næstu tveggja ára. Eina stéttin sem mun búa við lögbundin kjör og getur ekki sagt upp samningum sínum. Það er hins vegar alveg ljóst að útgerðarmenn eru vægast sagt óánægðir.

Hvað ætla menn að gera? Hvað ætla menn að gera á þessum tveimur árum? Hvað á að gera þegar þessi lög renna út? Á þá að byrja þennan skollaleik upp á nýtt? Hvað ætlar hæstv. sjútvrh. að gera? Ætlar hæstv. sjútvrh. að beita sér eitthvað, nota þennan tíma til að reyna að finna varanlega lausn á þessum deilum? Ég ætla að leyfa mér að draga í efa að þau þrjú frumvörp, sem hér liggja fyrir og eru til umræðu, skapi endanlega lausn á þeim vanda sem sjávarútvegurinn á við að glíma og þeirri togstreitu sem þar er að finna. Ég held að menn verði að hugsa þetta dæmi til enda.

Af máli mínu er væntanlega ljóst að ég er algjörlega andvíg frv. um kjaramál fiskimanna. Eins og ég sagði áðan, tel ég að hér hafi verið gripið of fljótt inn í málin. Ég hef efasemdir um að þetta standist þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Það sem ég hef þó einna mestar áhyggjur af er að við skulum ekki vera komin lengra en þetta í okkar vinnumarkaðsmálum, að hér skuli ekki ríkja frjáls samningsréttur og menn verði einfaldlega að komast að niðurstöðu. Ríkisvaldið á ekki að grípa svona fljótt inn í eins og í þessu tilviki.

Frv. um kjaramál sjómanna er að mínum dómi vinnumarkaðsmál. Ég geri ekki athugasemd við að þau mál verði öll skoðuð í heild í sjútvn. En ég fer þess á leit sem formaður félmn. Alþingis að nefndin fái þetta mál til umsagnar. Við munum að sjálfsögðu bregðast skjótt við og það er fundur í nefndinni á morgun. Mér finnst það mjög eðlilegt að við fáum þetta mál til umsagnar sem vinnumarkaðsmál og skoðum það út frá vinnulöggjöfinni og því að hér er verið að setja lög á stéttarfélag. Sú umfjöllun mun ekki verða til þess að tefja gang þessara mála með neinum hætti, en ég held að það hljóti að vera til bóta að fleiri komi að skoðun þessara mála.

Ég ætla að vona að sæmileg sátt takist um hin frumvörpin þrjú sem hér eru til umræðu. Auðvitað er alls ekki fullkomin samstaða eða ánægja með inntak þeirra en þetta er hluti af þeirri lausn sem er verið að reyna að vinna að og eins og hefur komið fram mun stjórnarandstaðan leggja sitt af mörkum til að sjá til þess að þau nái fram að ganga. Ég ætla að gera það að lokaorðum mínum að vonast til þess að ekki komi til þessarar lagasetningar um kjaramál fiskimanna. Sjómenn eiga enn þá einn leik í stöðunni sem gæti komið í veg fyrir að þeir yrðu að búa við nauðungarsamninga næstu tvö árin en það er auðvitað þeirra að kveða upp úr með það hvað þeir gera.

Að endingu minni ég á að mikil reiði ríkir í röðum sjómanna og útvegsmanna eins og heyra má og lesa í fjölmiðlum, ekki síst hjá formanni Sjómannasambands Íslands, Sævari Gunnarssyni, sem kallar þetta valdníðslu, stríðsyfirlýsingu og gerræði og ég held að ekki sé hægt annað en taka undir það. Hér er verið að taka mannréttindi af fólki og koma í veg fyrir frjálsa kjarasamninga. Enn einu sinni í sögu íslenska vinnumarkaðarins er verið að taka verkfallsréttinn af stéttarfélögum og það er auðvitað óþolandi að ekki skuli vera hægt að innleiða betri vinnubrögð og menn verða einfaldlega að ganga í það mál að leysa þær deilur sem að baki búa. Eins og fram hefur komið hafa sjómenn í raun og veru farið margsinnis í verkföll út af sömu atriðunum, út af sömu deilunum og engin finnst lausnin þannig að hér er um stórmál að ræða sem ég held að stjórnvöld hljóti að verða að beita sér fyrir að endanleg lausn finnist á sem snýr auðvitað að fiskveiðistjórnuninni og því máli öllu. Fyrr en sú lausn finnst verða þessar deilur milli útgerðarmanna og sjómanna ekki leystar. Hins vegar eiga þeir auðvitað eftir að deila um kaup og kjör eins og aðrar stéttir í landinu en enn og aftur er ekki ásættanlegt að sjómenn einir stétta skuli eiga að búa við nauðungarsamninga næstu tvö árin.

[17:02]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Segja má að sú umræða sem stendur yfir og hefur staðið í dag hafi í rauninni byrjað fyrir mörgum árum og aðdragandi hennar er mjög langur, margra ára gamall. Segja má að deilur á milli sjómannasamtaka og útgerðaraðila hafi farið fram hjá þjóðinni og að þessar stríðandi fylkingar hafi ekki getað komið sér saman um það hvernig skuli semja um kjör og skiptingu kökunnar. Þess vegna ætti ekki að koma á óvart að þessi umræða skuli standa í heilan dag.

Það má ljóst vera að eitt skilyrði af hálfu sjómannasamtakanna fyrir lausn á hinni langvinnu kjaradeilu séu þrjú lagafrv. samin af svonefndri þriggja manna nefnd. Talsmenn sjómanna hafa lagt ofuráherslu á þá lagasetningu. Það hefur komið ítrekað skýrt fram í ræðum þeirra, í yfirlýsingum í fjölmiðlum og þannig má áfram telja. Þess vegna er í alla staði eðlilegt að þau komi fram á þessari stundu á Alþingi til umræðu því að það er eins og ég ítreka og ég nefndi áðan, forsenda af hálfu forsvarsmanna sjómannasamtakanna.

Miðlunartillaga sáttasemjara var samþykkt af samtökum sjómanna en felld af útvegsmönnum. Sú tillaga er meginstofn í fjórða frv. sem er til umfjöllunar, tillaga sem sjómenn hafa samþykkt í röðum sínum. Við hana er reyndar bætt tveimur atriðum og ég tel sú yfirlýsing skipta miklu sem hæstv. sjútvrh. gaf í upphafi ræðunnar þar sem atriði sem varðar 2. gr. og felur í raun í sér að hlutaskiptin skuli vera óbreytt. Með öðrum orðum að sá misskilningur sem áður hefur komið fram um skerðingu í garð sjómanna er leiðréttur. Ég tel það grundvallaratriði og það liggur fyrir með yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. Að stofni til er efni frv. fjögurra því að langmestu leyti í þeim anda sem samtök sjómanna hafa beitt sér fyrir. Bróðurparturinn er að kröfu sjómanna forsenda fyrir sáttum í deilunni eins og fram hefur komið frá talsmönnum þeirra. Með þessar forsendur í huga má segja

að nánast sé útilokað að afgreiða allan pakkann ef svo má að orði komast án þinglegrar meðferðar og þess vegna koma málinu til umræðu.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Hér hefur verið farið mjög ítarlega yfir einstaka þætti, bæði í framsöguræðu hæstv. sjútvrh. sem og í ræðum einstakra hv. þm. Ég vil þó aðeins nefna örfá atriði og nefni þar fyrst frv. til laga um Kvótaþing.

Nú er það svo eins og öllum er kunnugt að forsenda og lykill fyrir því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við núna er framsal þannig að greinin sjálf geti leitað hagræðingar, þannig að kostur útgerðarinnar verði sem hagkvæmastur, þannig að verðmætin náist sem mest og kakan þannig sem stærst áður en til skiptanna kemur. En það fer ekki milli mála að um þetta frjálsa framsal hefur verið deilt og verður ugglaust deilt um ókomna tíð en það er rétt að leggja þunga áherslu á að í megindráttum hafa þessir þættir gengið afskaplega eðlilega og vel fyrir sig.

Á hinn bóginn má í rauninni líta á það sem kalla mætti undantekningartilvikin þar sem menn hafa í raun reynt að fara á svig við allar eðlilegar leikreglur í þessum þætti og það eru þær undantekningar sem má segja að hafi kallað fram spennu og mönnum hefur reyndar hætt dálítið til að alhæfa út frá þessum undantekningartilvikum. En ég ítreka að ég trúi að það sé skoðun flestra að í það heila tekið hafi leikreglurnar gengið upp. En vegna þeirrar spennu hefur sú krafa komið ekki síst frá sjómannasamtökunum að komið verði á Kvótaþingi til að herða kröfurnar og ná utan um framsalið þannig að þessi undantekningartilvik heyri fortíðinni til. Það er með öðrum orðum sett fram til þess að draga úr spennu, til þess að létta á þeirri spennu sem upp er komin.

Ljóst er að þar eru veittar ákveðnar undanþágur. Ég ætla ekki að rekja efni frv. Það hefur þegar verið gert út á hvað það gengur en þar er gert ráð fyrir eðlilegum viðskiptum í gegnum svonefnt Kvótaþing. Undanþágur eru veittar eins og segir í 1. gr. þegar um er að ræða m.a. jöfn skipti á tegundum og skipti innan sömu útgerðar.

Hins vegar hafa áhyggjuraddir heyrst og þær eðlilegar þar sem menn benda m.a. á að útgerð sem jafnframt á vinnslu þurfi ekki að fara í gegnum Kvótaþingið og einyrkjar svonefndir, þeir sem eingöngu eru með útgerð, standi þar ekki jafnfætis þeim sem eru jafnframt með vinnslu. Þess vegna hafa þær spurningar komið upp og réttilega hvort það standist í rauninni samkeppnislög eða hvort jafnræðisreglu sé gætt gagnvart ólíkum útgerðarformum, þ.e. þeir sem eru eingöngu með útgerð annars vegar og hins vegar þeir sem eru með útgerð og vinnslu. Það er atriði sem er ástæða til þess að skoða og trúi ég að það muni verða gert í hv. sjútvn. þegar málið kemur inn á borð til þeirrar ágætu nefndar.

Ég vil rétt að lokum segja um þennan þátt að menn leggja á það þunga áherslu að Kvótaþing komi til þess að draga úr spennu, til þess að gera viðskiptin sýnilegri, eðlilegri og draga þar með úr tortryggni.

Hvað varðar veiðiskylduna í öðru frv., sem kemur þá í frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, er verið að þrengja verulega veiðiskylduna. Í stað þess að vera 50% annað hvert ár þá skuli hún vera 50% árlega. Þetta er komið inn af sömu ástæðu og ég rakti um Kvótaþingið. Enn tengist það framsalinu og þeirri tortryggni sem hefur komið upp varðandi framsalið og enn minni ég á að þar eru það undantekningarnar sem hafa meira verið blásnar upp og hrókaræður haldnar um en í flestum tilvikum hafa þessi viðskipti gengið eðlilega fyrir sig.

Menn hafa tengt umræðunni svonefnt kvótabrask þó að það sé varasamt að nota slíkt orð því að það er oft mjög erfitt að skilgreina hvað menn eiga við með því og sú umræða vill hlaupa út og suður. En ég tel rétt að benda á það eins og hér hefur reyndar verið gert að útgerðir einstakra landshluta eru misjafnlega settar. Einkum á Suður- og Vesturlandi er töluvert um svonefnda leiguliða sem hafa getað stundað útgerð sína vegna þess að þeir hafa haft möguleika á því að leigja aflaheimildir. Menn óttast það og benda réttilega á að með þessari þrengingu kunni að verða saumað illilega að þessum einyrkjum og sumir óttast jafnvel að slík útgerð kunni í einhverjum tilvikum að leggjast af. Það hlýtur að vera áhyggjuefni út frá byggðasjónarmiði og út frá jafnræðisreglu.

Eins og hefur verið bent á í umræðunni eru einstök atriði varðandi veiðiskylduna sem hv. sjútvn þarf að taka vel til skoðunar. Það eru viðbrögð vegna eðlilegra frátafa, vegna svonefndra „force majeure"-ákvæða og trúi ég að það muni einnig verða gert í nefndinni.

Hvað varðar verðmyndunarþáttinn er rétt að minna enn einu sinni á það að frá því að útgerð á Íslandi var stunduð á árabátum hafa menn verið að deila um verðmyndunina um skiptingu kökunnar. Menn byrjuðu þá deilu í fjörukambi meðan útgerð var stunduð eingöngu með árabátum og sú deila hefur haldist alveg frá þeim tíma og mun haldast meðan menn gera út á Íslandi. Ítrekað hefur verið reynt að taka á því máli í gegnum tíðina. Menn hafa sett á úrskurðarnefndir, verðlagsráð og alls konar ráð og nefndir til þess að taka á þessum málum en það hefur einfaldlega ekki gengið af ýmsum ástæðum og ætla ég ekki að lengja umræðuna með því að freista þess að telja upp þær ástæður.

Með einu þessara frv., frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, er rétt einu sinni verið að freista þess að koma böndum á þá tortryggni sem hefur einkum gætt meðal sjómannasamtakanna varðandi verðmyndunina, annars vegar með úrskurðarnefnd og hins vegar með Verðlagsstofu skiptaverðs. Um það má heyra að fulltrúar sjómanna eru sáttir og er í rauninni ekki annað um það að segja en að menn trúi því að verði frv. að lögum, að þá leiði þetta fyrirkomulag til þess að draga muni úr spennu varðandi þennan þátt og þau mál komist í eðlilegt horf þó ugglaust verði ávallt áfram til deilur um þennan mikilvæga þátt, um skiptingu kökunnar og verðmyndunina.

Ég ítreka það sem kom fram í upphafi umræðunnar í máli hæstv. sjútvrh. um 2. gr. þar sem hæstv. ráðherra lýsti því yfir hver hugsunin væri þar á bak við.

Þetta tel ég, herra forseti, að séu megindrættirnir í þessum fjórum frv. og ætla mér ekki að fara frekar út í saumana á þeim enda hefur það verið gert mjög ítarlega í ræðum manna hér.

Þó er alveg ljóst, herra forseti, að efni þessara fjögurra frv. draga mjög svo taum sjómanna enda hygg ég að sjómannasamtökin séu að mestu leyti sátt um efni þeirra og bróðurparturinn af þessum frv. er reynar þess efnis að sjómannasamtökin hafa krafist þess af hv. Alþingi að þau frv. verði gerð að lögum.

Hins vegar ber að líta á það að frumvörpin munu leiða til aukins kostnaðar fyrir útgerð. Það fer ekkert á milli mála og þarf ekkert mjög flókna útreikninga til þess að sjá það. Þá er líka vert að hafa í huga hvaða áhrif það hefur á þróun útgerðar hérlendis, ekki síst varðandi þróun fiskiskipaflota okkar,

endurnýjunar tæknibúnaðar og þar fram eftir götunum. Hins vegar má segja að 90–99% af þessum pakka sé sjómönnum hagstæður en á kostnað útgerðar og er þess vegna ekki að undra að útvegsmenn skuli heldur vera ósáttir við drjúgan hluta af þessu.

Þá að lokum, herra forseti. Hér hefur þingið gripið inn í þessa deilu. Eins og ítrekað hefur komið fram í ræðum manna þá hygg ég að allir hv. alþingismenn séu sammála því meginsjónarmiði að óeðlilegt sé að Alþingi grípi inn í vinnudeilur. Það er meginregla. En saga þingsins segir okkur að ítrekað hefur það gerst og hygg ég að allir hefðbundnir flokkar hafi gert sig, ef svo má segja, seka um slíkt. Það gera menn auðvitað ekki nema nauðir reki til, þegar í verulegt óefni er komið og þjóðarhagsmunir taldir vera í húfi. Þetta hefur sem sagt margsinnis verið gert eins og saga þingsins segir.

Líka er vert að ítreka það að hér hefur átt sér stað deila sem hefur staðið í langan tíma og augljóst að deiluaðilar virðast ekki hafa getað komið sér saman. Það má segja, herra forseti, að það sé í rauninni sorglegt fyrir þjóðina að hlusta á aðdróttanir og harkalegar yfirlýsingar deiluaðila í fjölmiðlum og brigsl á báða bóga. Það er sorglegt að talsmenn þessara tveggja hópa, annars vegar útvegsmanna og hins vegar sjómannastéttarinnar, sem hefur verið trúað fyrir þessari auðlind þjóðarinnar, skuli ekki hafa getað náð saman. Og miðað við þau gífuryrði sem heyrst hafa í fjölmiðlum hlýtur maður að spyrja sjálfan sig hvort málið sé komið á slíkt persónulegt stig að það sé farið að verða hindrun fyrir eðlilegan gang viðræðna. Það er sorglegt að heyra þetta og hlýtur að vekja menn til mikillar umhugsunar.

Hins vegar er rétt að ítreka það að hér er um þjóðarhagsmuni að ræða. Þetta er ekki einkamál sjómanna og útgerðar. Hér er það landvinnslan ekki síður og efnhagslífið allt saman sem er í húfi og einstök byggðarlög. Það er nú einu sinni svo að efnahagslíf okkar er að langsamlega mestu leyti háð sjávarútvegi og þeim verðmætum sem dregin eru úr sjó. Það hefur mismikil áhrif á einstök byggðarlög en vissulega er landvinnslan sem grunnur að atvinnu margra byggðarlaga, ekki síst úti á landi, í hættu, hvað þá ný fyrirtæki sem hafa verið að hasla sér völl á síðustu mánuðum í þessari grein og standa nú frammi fyrir hráefnisskorti.

Meginatriðið í þessu, og ég hygg að flestir séu sammála um það, er að koma flotanum af stað og hefur með þessum frv., trúi ég, verið gengið mjög langt í samningaátt. En það er rétt, herra forseti, að benda einnig á að lokum að þó þessi frv. verði að lögum þá útilokar ekkert að talsmenn útvegsmanna og sjómanna geti haldið áfram að lagfæra sín mál og reyna að komast að samkomulagi sem hlýtur að vera meginmarkmiðið. Það er ekkert sem útilokar það að þessir aðilar geti haldið áfram að ræða saman og það held ég að allir hljóti að vona að muni gerast þannig að langþráður friður geti skapast um þessa eina mikilvægustu atvinnugrein í efnahagslífi okkar.

[17:19]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. við ræðum í dag fjögur frv. hæstv. sjútvrh. Ég mun taka þau öll til umfjöllunar og byrja á frv. til laga um kjaramál fiskimanna.

Ég held að það verði að leiðrétta þann misskilning, virðulegi forseti, sem ýmsir stjórnarsinnar hafa verið að halda fram, að hér sé um að ræða lög á aðra en sjómenn. Vitaskuld er hér um að ræða lög á sjómenn sökum þess að þeir eru í verkfalli. Það eru ekki sett lög á þá sem ekki eru í verkfalli eða standa ekki að neinum vinnumarkaðsaðgerðum nú um stundir. Það er því alveg ljóst að hér er á ferðinni lagasetning á sjómenn. Síðan geta menn deilt um það hvort efni laganna sé hugsanlega hliðhollt öðrum aðilanum frekar en hinum. En menn mega ekki rugla saman því sem skiptir mestu máli. Hér er verið að setja lög á sjómenn.

Í öðru lagi er það líka grundvallarmisskilningur að hér sé verið að lögfesta kjarasamning. Kjarasamningur er allt annars eðlis. Hér er verið að lögfesta kjör sjómanna til tveggja ára í það minnsta, a.m.k. til 15. febrúar árið 2000. Og í ljósi þeirrar vinnulöggjafar sem nýverið var samþykkt á Alþingi, fyrir einu eða tveimur árum síðan, þá er alveg ljóst að sjómenn geta ekki gripið til aðgerða fyrr en vel er liðið á það ár og jafnvel í upphafi árs 2001.

Það er grundvallarmunur á kjarasamningum, virðulegi forseti, og lögum því það er alveg ljóst að sjómenn eða aðilar vinnumarkaðarins munu ekki geta sagt upp þessum kjörum því eins og fram kemur í frv. til laga um kjaramál sjómanna eru fylgiskjölin eða miðlunartillögurnar hluti af þeim lögum. Þess vegna verður þessum kjörum ekki sagt upp. Með brot á þeim ákvæðum sem fram koma í þessum fylgiskjölum, verður væntanlega farið eins og fram kemur í 4. gr. frv. til laga um kjaramál fiskimanna, þ.e.: „Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála ...“ Og ef útgerðarmenn brjóta ákvæði þessara lögbundnu kjara þá mun það ekki þýða það að sjómenn geti sagt þeim upp. Það mun einungis þýða það að sjómenn verða væntanlega að kæra útgerðarmenn til lögreglu því að kjörin eru lög og fylgiskjölin eru hluti af þeim lögum sem hér er ætlunin að lögfesta. Sjómenn og útgerðarmenn reyndar eru því sviptir rétti sínum til þess að beita þeim aðgerðum sem þeir telja að þeir geti beitt í samskiptum hvor við annan. Þeir eru sviptir þessum rétti sínum til tveggja ára. Sjómenn eru sviptir samningarétti sínum til tveggja ára og geta því ekki samið um kaup sín og kjör fyrr en í fyrsta lagi eftir 15. febrúar árið 2000.

Það er líka eftirtektarvert, virðulegi forseti, að þetta verkfall hefur einungis staðið í tíu daga eða svo og þá telur ríkisstjórnin ástæðu til þess að grípa inn í. Tíu dagar eru ekki langur tími. En það að verkfallið hafi staðið í tíu daga nægir ríkisstjórninni sem tilefni til þess að svipta þessa aðila rétti sínum til þess að semja næstu tvö árin. Ég held að þetta sé í þriðja skipti á fjórum árum sem löggjafarvaldið grípur inn í kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna og í ljósi þess er virkilega orðið umhugsunarefni hvort sú staðreynd sé ekki farin að gera það að verkum að þessir aðilar telja sig kannski ekki bera eins ríkar skyldur og eins mikla ábyrgð á að ná kjarasamningi og ef þessar staðreyndir væru ekki öllum ljósar. Það hlýtur a.m.k. að vera umhugsunarefni fyrir þessa aðila í ljósi þess að ætíð eru sett lög og þá hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna er þá verið að elta ólar við að gera einhvern kjarasamning?

Ég held að þessi aðferðafræði löggjafarvaldsins hafi svipt samningsaðilana ákveðinni ábyrgðartilfinningu á því að gera samninga um kaup og kjör og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég held að þessi mýmörgu fordæmi löggjafarvaldsins séu ekki til fyrirmyndar.

Virðulegi forseti. Rétturinn til þess að semja eru mannréttindi og rétturinn til þess að semja hefur verið staðfestur bæði í lögum hér á landi og eins í alþjóðasáttmálum sem ríkisstjórnin og þjóðin hefur undirgengist. Það þarf því veru-

lega sterk rök til þess að svipta menn þessum réttindum. Það hlýtur að þurfa gríðarlega sterk rök. Það er mikill efi í mínum huga að það að verkfall hafi staðið í tíu daga réttlæti að þessir aðilar séu sviptir þessum sjálfsögðu mannréttindum til tveggja ára. Ég hef miklar efasemdir, virðulegi forseti, hvað þetta varðar.

Eins og ég sagði í upphafi er ekki verið að lögfesta kjarasamning heldur er verið að lögfesta kjör og það er verið að binda hendur þessara aðila til a.m.k. tveggja ára svo að menn velkist ekki í vafa um hvað hér er verið að gera.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nema að mótmæla því að ríkisstjórnin grípi inn á þennan hátt. Ég held að flestir séu sammála um að mjög óæskilegt sé að gera þetta svona og mjög óæskilegt að löggjafarvaldið sé æ ofan í æ að gefa það fordæmi að samningsaðilar þurfi ekki að bera ábyrgð á gjörðum sínum.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi eru hér til umræðu þrjú frv. sem í raun voru forsenda þess að sjómenn sjómenn samþykktu þá miðlunartillögu sem ríkissáttasemjari lagði fram á dögunum. Þetta eru frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv. til laga um Kvótaþing og frv. til laga um breyting á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ég vil segja í upphafi, virðulegi forseti, um þessi frv. að það er mér a.m.k. lítið tilhlökkunarefni hvernig mál sjómanna og hvernig mál fiskveiðistjórnarkerfisins eru að þróast. Þetta er að þróast yfir í að verða einhvers konar risabákn. Þetta er að fara í ekki mjög ósvipaðan farveg og landbúnaðarkerfið, samanber Verðlagsstofu skiptaverðs. Hver kannast ekki við verðlagsráð landbúnaðarins? Svo er það Kvótaþing, Framleiðsluráð landbúnaðarins, eftirlitsgjöld o.s.frv. Ég er voðalega smeykur um að við séum smám saman að byggja upp slíkt bákn, hvað varðar stjórn fiskveiða, að það sé farið að slaga verulega upp í báknið sem við höfum byggt upp í landbúnaðarkerfinu og því miður búin að missa öll tök á, en nýframkomnar tölur sýna fram á að kostnaður við nefndastörf í landbúnaðarkerfinu undanfarin tvö og hálft ár er um það bil eitt hundrað milljónir. Við verðum að gæta þess að horfa á þá þróun sem þar hefur átt sér stað sem víti til varnaðar í þessum efnum og megum ekki fara þá leið sem þar hefur verið farin.

Virðulegi forseti. Um frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs er ýmislegt að segja. Þó má segja sem svo að hér sé kannski á ferðinni skásta frv. af þeim þremur sem hér liggja fyrir. Hins vegar er ekki hægt annað í umfjöllun um frv. en að vekja sérstaka athygli á 5. gr. þess þar sem Verðlagsstofu skiptaverðs er fengin gríðarlega víðfeðm heimild til að rannsaka og fara ofan í gögn og upplýsingar einstaklinga og fyrirtækja. Við verðum í setningu slíkra reglna að gæta ákveðins meðalhófs. Í 2. mgr. 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum óháð þagnarskyldu þeirra."

Verðlagsstofa skiptaverðs er þannig yfir bankaleynd hafin.

Virðulegi forseti. Það að veita stofnun sem þessari ríkari heimild en lögreglan hefur, segir meira en mörg orð hversu „drastískrar" aðferðar, ef svo má að orði komast, hér er gripið til. Ég held að það verði að skoðast mjög vel í hv. sjútvn. en þar á ég sæti, virðulegur forseti, hvort nauðsynlegt sé að ganga jafnlangt og hér er stefnt að. Menn verða að hafa það á hreinu hvernig réttlæta eigi jafngrófar aðgerðir eins og hér á heimila Verðlagsstofu skiptaverðs að grípa til.

Það breytir ekki því, virðulegi forseti, að ég tel þetta frv. drög að réttri leið og þrátt fyrir ýmsa tæknilega annmarka megi segja að það sé jafnvel hið skásta af þeim þremur sem hér liggja fyrir.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, ætla ég að fjalla um frv. til laga um Kvótaþing. Ég byrja á því sem segja mætti jákvæðast við frv. en það er að nú verða allar upplýsingar uppi á borðinu, þ.e. eins og segir í 15. gr. þess frv.:

„Kvótaþing skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um viðskipti, þar á meðal um viðskiptaverð, heildarmagn og verðmæti, allt eftir tegundum. Þá skal birta aðrar upplýsingar sem Kvótaþing telur að geti stuðlað að virkri verðmyndun."

Þetta mun þýða það, virðulegi forseti, að upplýsingar um framsal, sölu og leigu aflaheimilda verða til staðar og það er til mikilla bóta. Erfitt hefur reynst að fjalla um þessi mál á undanförnum árum vegna þess að menn hafa oftar en ekki þurft að draga ályktanir án þess að hafa allar upplýsingar við höndina. Reikna má með því í kjölfar þess að Kvótaþing taki til starfa muni þessar upplýsingar allar liggja fyrir í aðgengilegu formi.

Á hinn bóginn fylgir yfirleitt eitthvað með í kaupunum þegar frumvörp af þessu tagi eru sett fram. Í mínum huga er ljóst að verði þetta frv. óbreytt að lögum, þá mun það leiða til mikils samruna í sjávarútvegi. Fyrirtækjum mun fækka. Það er alveg á hreinu. Fyrirtæki munu renna saman og þeim mun fækka. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, og þetta á einkanlega við einstaklingsútgerðir sem stunda bolfiskveiðar. Aflaheimildir í bolfiski eru of litlar til þess að allir geti gert út á þær á ársgrundvelli. Það er einföld staðreynd. Menn munu standa frammi fyrir því að verði þetta frv. að lögum þá geta þeir ekki gert samninga til langs tíma um tonn á móti tonni eða tvö tonn á móti einu tonni á einhverju föstu verðlagi. Sökum þess að aflaheimildir eru of litlar er ljóst að menn munu skoða vandlega hvernig framtíð þeirra verði best borgið.

Í þessu sambandi munu menn sennilega skoða einkanlega tvær leiðir. Þær eru annars vegar að renna saman við stærri fyrirtæki og hins vegar að selja. Þá verða ekki aðrir til þess að kaupa en stóru fyrirtækin. Verði þetta að lögum held ég að sú stefna hæstv. sjútvrh., að koma aflaheimildum á eins fáar hendur og kostur er, sé að ná takmarki sínu og þetta sé einn af síðustu nöglunum sem reknir verða í þá kistu.

Það vakti athygli mína hér áðan að hv. þm. Árni Ragnar Árnason, sem er varaformaður hv. sjútvn., en þar sem stjórnarandstaðan hefur formennsku í þeirri nefnd þá má segja hann oddvita stjórnarmeirihlutans í nefndinni, lýsti yfir miklum efasemdum um tilvist þessa Kvótaþings, a.m.k. í því formi sem það liggur fyrir hér.

Við stöndum einfaldlega frammi fyrir spurningunni: Viljum við halda þessari einstaklingsútgerð um allt landið eða viljum við koma henni á færri hendur? Ef allt þetta fer á fáar hendur þá munu fjölmörg störf tapast. Fari þetta undir stærstu fyrirtækin, þá munu þau ekki líta á það sem einhvers konar vinnumiðlun eða atvinnubótavinnu. Þau munu ekki halda úti skipum ef þau geta sótt þetta með færri skipum. Við þurfum ekki að velkjast í vafa um það. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ganga ekki of nærri einstaklingsútgerðinni í landinu. Ég held að hún sé gríðarlega mikilvæg og einnig tel ég það mikilvægt fyrir landvinnsluna ef við viljum halda

því í sama horfi. En viljinn til að koma þessu á færri hendur er ríkur og þetta er nákvæmlega leiðin til þess. Reyndar er *hugsanlegt að menn leggist í einhverja lögfræðilega loftfimleika* við að reyna komast fram hjá þessu en það mun reynast mjög erfitt.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að verði þetta að lögum óbreytt, þá mun það leiða til mikilla erfiðleika fyrir einstaklingsútgerðir í landinu og landvinnsluna. Það mun fækka mjög störfum í sjávarútvegi. Í mínum huga er þetta frv. ekki í þágu sjómanna að óbreyttu, nema hvað það varðar að viðskipti með aflaheimildir verða uppi á borðinu. Því ber að fagna en að öðru leyti hef ég miklar efasemdir um þetta frv. Ég tek undir þær efasemdir sem hv. varaformaður sjútvn. lýsti hér áðan.

Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo, a.m.k. sem oddvita stjórnarmeirihlutans í nefndinni, en að það komi til skoðunar að breyta frumvörpunum í meðferð nefndarinnar. Orð hans verða ekki skilin öðruvísi en svo.

Ég vil vekja athygli á þeim orðum sem hv. þm. Hjálmar Árnason lét falla hér áðan. Hann á einnig sæti í sjútvn. Hann taldi mjög mikilvægt að skoða hvort jafnvel þessi útfærsla á frv. til laga um Kvótaþing standist almennt samkeppnislög. Ég tel að mikilvægt sé að skoða það í nefndinni og mun beita mér fyrir því.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Þar er einkanlega verið að lögfesta tvö atriði. Annars vegar á að lögfesta skyldu til að veiða 50% af því aflamarki sem mönnum er úthlutað. Í greininni segir:

„Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

Falli veiðileyfi skips niður samkvæmt þessari málsgrein er óheimilt að veita því leyfi til veiða í atvinnuskyni næstu þrjú fiskveiðiár."

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er verið að lögfesta reglu um að:

„Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein."

Hér er lögfest veiðiskylda upp á lágmark 50% á hverju ári og standist það ekki eru menn sviptir veiðileyfi til þriggja ára. Það er þó með þeirri undantekningu að tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, þá hafi það ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis.

Virðulegi forseti. Hér er nokkuð langt gengið. Það er dálítið gróft ef til þess kemur að fiskiskip verður til frá veiðum í fimm mánuði. Við getum tekið dæmi um loðnuveiðiskip sem verður frá veiðum í fimm mánuði yfir hávertíðina. Viðkomandi skip yrði svipt aflaheimildum og fengi ekki veiðileyfi í fiskveiðilandhelginni næstu þrjú árin. Ég held að ákvæði af þessum toga muni seint fara óbreytt í gegnum þingið enda sagði varaformaður hv. sjútvn. að hann teldi að hér stefndi í stórslys sem koma yrði í veg fyrir. Ég lít svo á að hann tali þar sem forustumaður stjórnarþingmanna í sjútvn. Þar sem ég sit í sjútvn. fæ ég ágætt tækifæri til að skoða þetta en það er hætta á því, virðulegi forseti, að verði þessi frv. óbreytt að lögum, þá muni það leiða til þess að aflaheimildir færist á fáar hendur og störfum í sjávarútvegi muni fækka til mikilla muna.

Kannski hefur hæstv. sjútvrh. stefnt að þessu núna leynt og ljóst um árabil. Kannski verða eftirmæli hans sem sjútvrh. þau að hann hafi nánast lagt einstaklingsútgerð í landinu í rúst og komi upp fiskveiðistjórnarkerfi sem er orðið svo mikið um sig og flókið, fullt af nefndum, ráðum, stofnunum o.s.frv. að erfitt verði fyrir landbrh. að keppa við þau ósköp.

[17:43]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Í dag hefur nokkuð verið rætt um aðdraganda þess að inn í þingið er komið frv. um kjaramál fiskimanna. Fyrr í dag hélt ég því fram að það væri beinlínis búinn að vera ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að setja lög um kjaramál sjómanna. Í sjálfu sér ekki hægt að lesa þessa atburðarás öðruvísi.

Það hefur ítrekað verið bent á það hversu stutt þetta verkfall eða uppihald hefur verið, hversu lítil þolinmæði hefur verið sýnd sjómönnum, hversu lítið svigrúm þessum aðilum hefur verið gefið til að klára sinn kjarasamning sjálfir.

Menn hafa líka bent á það eðlilega og er ekkert ofsagt í þeim efnum, hvaða umgjörð sjómenn hafa haft, hvernig aftur og aftur hefur verið gripið inn í kjaradeilur þeirra og hvernig þeim hefur ýmist verið lofað eða hótað til að það mætti verða sem nú er fram komið, að kjaramálum yrði klárlega skipað með lögum og að ekki fengjust niðurstöður úr eðlilegum kjarasamningaviðræðum.

Við hljótum að velta því fyrir okkur þegar málið er komið á þetta stig, um hvað þessi deila sjómanna og útvegsmanna snýst í raun og veru. Hún snýst fyrst og fremst um það, herra forseti, að útgerðarmenn standi við lög og kjarasamninga. Hún snýst ekki um kauphækkanir, eins og menn eiga þó að venjast í okkar samfélagi. Hún snýst fyrst og fremst um að útgerðarmenn standi við lög og kjarasamninga, lög um að þeir tryggi sjómönnum ávallt hæsta verð fyrir aflann og það ákvæði kjarasamninga að ekki megi með neinum hætti láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum útgerðar. Krafa sjómanna er því réttlætiskrafa og stjórnvöld hefðu, ef þau hefðu viljað, fyrir löngu getað verið búin að breyta starfsumhverfi sjávarútvegsins þannig að deilan um verðlagningu sjávarafla hleypti ekki samskiptum sjómanna og útvegsmanna reglulega í harðan hnút. Það er nefnilega svo að stór hluti starfsumhverfis útgerðarmanna og sjómanna er bundinn í lögum. Sjómenn hafa lengi verið ósáttir við þetta umhverfi og það hafa skapast um það deilur, og dregið hefur til verkfalla vegna þess hve sjómenn hafa verið ósáttir við kvótabrask og viðskipti sem einstaka útgerðarmenn hafa verið að eiga við sjálfa sig.

Ég heyrði að hv. þm. Hjálmar Árnason talaði áðan um kvótabrask eins og honum væri ekki alveg ljóst við hvað væri átt. Ég hélt hins vegar að öllum væri ljóst að þegar verið er að ganga á kjarasamninga og brjóta lög er klárlega um kvótabrask að ræða. Ég hélt að enginn alþm. þyrfti útskýringu á því, ekki í dag, svo mjög hefur þetta verið rætt.

Herra forseti. Óbreytt starfsumhverfi hefur þjónað útgerðarmönnum, enda hefur málflutningur þeirra ekki bent til

þess að þeir kærðu sig um miklar breytingar, eða að þeir sjái stóra skugga á því ástandi sem verið hefur. Og það er svo merkilegt að þeir virðast ráða vilja stjórnvalda þegar kemur að starfsumhverfi sjávarútvegsins. En átök um verðmyndun á sjávarafla hafa nú leitt til þriggja verkfalla, og afskipta stjórnvalda með einhverjum hætti hverju sinni. Þessi deila hefur staðið óleyst um árabil, hvað sem öllum nefndum og regluverki líður. Krafa sjómanna um að staðið verði við lög og kjarasamninga hefur verið sett út af borðinu aftur og aftur.

Hæstv. sjútvrh. fór yfir þessa sögu fyrstur manna í dag þegar hann las fyrir okkur þá greinargerð sem fylgir með frv. um kjaramál fiskimanna. Þetta er sorgarsaga, herra forseti, og það er nöturlegt að hverju sinni þegar farið hefur að reyna á verkfallsvopnið og það gat hugsanlega farið að bíta hefur verið gripið inn í. Þá hefur verið passað upp á að ekki yrðu samningsniðurstöður sem ekki þössuðu einhverjum. Já, sjómenn hafa viljað láta standa við það að þeir fengju hæsta verð fyrir aflann, eins og segir í lögum. Útgerðarmenn hafa sagst vilja frjálst fiskverð, en þessi orð „frjálst fiskverð" hafa sannarlega fengið nýja merkingu á undanförnum árum. Vegna þess að í framhaldinu hafa býsna margir spurt, frjálst fyrir hverja? Það er alveg ljóst að útgerðarmenn hafa talið að það ætti að vera frjálst fyrir sig og stundum farið frjálslega með það meinta frelsi. En frelsi eins hóps getur aldrei byggt á því að hann sniðgangi kjarasamninga og lög. Frelsi eins nær aldrei lengra en að rétti þess næsta. Um leið og einn aðili nýtir meint frelsi sitt til að brjóta á rétti annars er hann farinn að misbeita rétti sínum og grafa undan honum. Þvingaðir samningar þar sem farið er fram hjá kjarasamningum eru slík misnotkun. Þeir eru ekki frjálst fiskverð. Það er þess vegna, herra forseti, sem sjómenn hafa aftur og aftur farið í verkfall. Aftur og aftur gert þá aðalkröfu að staðið væri við lög og kjarasamninga eða að búinn verði til farvegur til að svo mætti verða. Það er merkilegt hve sjálfsagt það hefur þótt að ein stétt manna skuli ítrekað þurfa að sækja svo sjálfsögð mannréttindi með því neyðarúrræði sem verkfall er, og hve viljug ríkisstjórnin hefur verið að koma í veg fyrir að þeir fái notið þeirra sjálfsögðu mannréttinda að lög og kjarasamningar þeirra séu virtir. Það er í raun furðulegt hve sjómenn hafa verið seinþreyttir til vandræða en maður veltir því líka fyrir sér: Á hvað eru útgerðarmenn að horfa þegar þeir eru að meta sína hagsmuni? Vinnufriður við sjómenn hefur ekki komist ofarlega á það blað, enda hafa þeir greinilega getað treyst því að ríkisstjórnin bjargaði þeim út úr formlegum átökum við þann hóp, áður en reyna fer á og þannig bjargað þeim frá óvelkomnum samningsniðurstöðum. En miðað við málflutning þeirra, herra forseti, hefði þó mátt ætla að þeir teldu það til nokkuð brýnna hagsmuna sinna að kvótakerfið yrði áfram við lýði og það án mikilla breytinga. Útvegsmönnum hefur eigi að síður tekist að egna svo á móti sér, bæði sjómenn og stóran hóp landsmanna, að pælingar í þá veru að breyta kvótakerfinu, jafnvel afnema það, hafa á síðustu árum heyrst úr hinum ólíklegustu áttum.

Það er ljóst, herra forseti, að stjórnmálamenn hafa ekki nema takmarkað viðnám gagnvart kjósendum sínum og sá þröskuldur lækkar eftir því sem nær dregur kosningum. En ríkisstjórnin með þá Þorstein og Davíð í broddi fylkingar hefur hjálpað til við að magna upp óánægjuna ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti minnir hv. þm. á að fylgja reglum þingskapa um ávörp.)

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert það. Ég hef verið að beina máli mínu til hæstv. forseta, en hef nefnt bæði ríkisstjórnina og ráðherra. Ég hygg að ljóður minn liggi í því að ég hafi ekki sagt að þeir væru hæstv. en mun halda mig við það þá með góðri hjálp forsetans.

(**Forseti** (GÁ): Það er samkvæmt þingsköpum.)

Einmitt, ég mun reyna að halda mig við þingsköp, herra forseti. En það er einmitt vegna þess að hæstv. ríkisstjórn með hæstv. sjútvrh. og forsrh. í broddi fylkingar hefur magnað upp óánægjuna með því að standa vörð um hagsmuni útgerðarmanna sama hvað á dynur. Með því að styðja þannig sérhagsmuni hefur safnast upp mikil óánægja með þetta kerfi. Eðlilega hanga útgerðarmenn á sínum sérréttindum og möguleikum eins og hundar á roði og það er eðlilegt að þeir verji hagsmuni sína. Það er verra þegar stjórnmálamenn gleyma sér við að verja slíka hagsmuni.

Sjómenn hafa farið fram á að staðið verði við kjarasamninga og lög og hafa bent á leiðir til þess. Þeir hafa bent á þá leið að afli fari um markað, að verð á afla myndaðist á fiskmarkaði eða að verðið yrði markaðstengt sem í raun myndaðist af markaði. Gegn þessu hafa útgerðarmenn barist með oddi og egg. Þeir hafa alfarið verið á móti því að afli væri seldur um fiskmarkaði, a.m.k. nógu stór hópur þeirra, alla vega þeir sem ráða forustunni í LÍÚ. Það hefur heldur ekki náðst samstaða um það að verð myndaðist með tilliti til þess verðs sem gengur á markaði. Auðvitað hafa menn velt því fyrir sér, herra forseti, af hverju útgerðarmenn vilja ekki láta verð á afla myndast á markaði. Menn hafa jafnvel spurt: Af hverju vilja útgerðarmenn ekki hæsta verð fyrir fiskinn? Vegna þess að það verð sem fæst fyrir aflann myndar ekki bara hlut sjómanna, heldur líka hlut útgerðar. Af hverju vill útgerðin ekki rétt verð eða það verð sem markaðurinn setur á aflann? Fyrir því eru nokkrar ástæður og sú sem liggur beinast við er sú að mjög stór hópur þeirra er líka fiskverkendur. En þeir útgerðarmenn eru líka til sem selja allan afla sem þeir fá á markaði og kaupa líka á markaði, sérhæfa sig þannig og gengur býsna vel. Aðrir hafa kosið að selja frekar fiskinn óveiddan í sjónum, versla með kvótann, jafnvel braska eins og hér hefur verið rætt um og reynt þannig að hafa eitthvað upp úr krafsinu. Það hefur verið þeirra leið til að sérhæfa vinnslu sína og veiðar en það hefur einmitt verið slagorðið undanfarin ár, herra forseti, að menn þyrftu að auka sína sérhæfingu, bæði í veiðum og vinnslu.

En það eru líka útgerðarmenn, sem jafnframt eru fiskverkendur, sem taka megnið af þeim afla sem þeirra skip fá til vinnslu en hinar vaxandi kröfur um framleiðni og sérhæfingu sjá til þess að slíkt er í raun á undanhaldi í bolfiskinum. Við þessa flóknu hagsmuni útgerðarmanna eru sjómenn síðan að slást þegar þeir eru að berjast í því að staðið sé við lög og kjarasamninga, en það eru einmitt þessi gráu svæði þegar útgerðarmaðurinn er að versla við sjálfan sig, fiskverkandann, með afla eða selja og kaupa kvóta sem þarf að skýra hlutina.

Herra forseti. Það væri auðvitað einfaldast að selja um markað eða markaðstengja verðið á aflanum því þá er allt uppi á borði og fiskverðið rétt, en gegn því er allt tínt til. Okkur hefur meira að segja verið sýnt lögfræðiálit sem segir okkur að það megi ekki, því þá sé ekki víst að útgerðarmaðurinn geti nýtt fjárfestingar sínar í landi. Útgerðarmaðurinn virðist hins vegar einn og sjálfur ráða því hvort hann vill nýta þessar fjárfestingar og þá þarf hann ekki að taka tillit til annarra. Með þessu er verið að segja okkur að til að útgerðarmaðurinn, sem fiskverkandi í þessu tilfelli, þurfi ekki að láta reyna á hvort hann sé sá sem gerir mest verðmæti úr aflanum

og getur þess vegna greitt hæsta verð, þá sé rétt að banna að á það verði látið reyna. En þarna stangast kjarasamningar sjómanna og lög á við niðurstöður lögfræðiálitsins, því samkvæmt kjarasamningum og lögum ber útgerðarmanni að greiða sjómanni hæsta verð fyrir aflann. Lögfræðiálitið sem veifað hefur verið segir hins vegar að til að útgerðarmaður geti nýtt fjárfestingar sínar í landi megi ekki gera þær kröfur til hans. Þarna er atriði, herra forseti, sem þyrfti að athuga nánar. Hvort á að vera rétthærra, hinn meinti réttur útgerðarmanns til að nýta fjárfestingar sínar í landi eða þau lög sem gilda um sjómenn?

En það er líka fleira og stærra sem hangir á spýtunni. Ef allur afli færi um markað þannig að ekki lægi fyrir eins og nú þegar kvótaárið byrjar, hver kæmi til með að selja afurðirnar sem verða úr aflanum, þyrftu seljendur jafnvel að fara að keppa meira og standa sig betur. Ef ekki væri lengur hægt að kaupa meiri hluta í frystihúsi sem er hluti af fyrirtæki með góðan kvóta og tryggja sér þannig sölu afurðanna og milliliðastarfsemina væri auðvitað vá fyrir dyrum hjá ýmsum voldugum aðilum í samfélaginu. Og hvers mega sjómenn sín gagnvart þeim hagsmunum hjá hæstv. ríkisstjórn?

Það er nefnilega svo að ef ráðstöfunarréttur útgerðarinnar, sem er í raun vinnsluréttur líka, yrði tekinn af henni með því að allur afli færi um fiskmarkað og allir fiskverkendur yrðu síðan að keppa um aflann og enginn hefði einokun á neinu þá mundi verðið á kvótanum lækka því í dag eru menn ekki bara að kaupa sér veiðirétt með kvótakaupum, menn eru í raun líka að kaupa vinnslurétt. En ef menn yrðu að kaupa hann með kaupum á afla á markaði, þá yrði virði kvótans auðvitað minna.

Hagsmunirnir liggja að hluta til í því, herra forseti, að kvótavirðið er sá gullfótur sem virði hlutabréfanna byggir á og þar með staða fyrirtækjanna á verðbréfamörkuðum. Það eru auðvitað gríðarlegir hagsmunir að halda þessu óbreyttu. En sú einokun sem ríkir innan þessa skipulags er andstæð bæði hagsmunum sjómanna og verkafólks.

Til þess að viðhalda þessu ástandi, herra forseti, hafa menn skipað úrskurðarnefndir og sett á flókin regluverk og enn á að halda áfram á þeirri braut. Það er samt alveg ljóst að úrskurðarnefndir og regluverk koma seint í stað þeirrar einu aðferðar sem til er svo útgerðarmenn standi við lög og samninga sjómanna. Það er ekkert flóknara en svo að til að sjómenn fái rétt verð fyrir sinn hlut þá verður að leyfa því að myndast á markaði. En útgerðarmenn með stuðningi Sjálfstfl. hafa verið á löngum flótta undan því að markaðurinn fengi að ráða, að markaðurinn fengi að verðleggja þessa vöru. Á meðan hafa sjómenn verið hlunnfarnir. Á meðan hefur ríkt órói og tortryggni í samskiptum aðila og á meðan hefur ekki verið vinnufriður.

Gerðar hafa verið margar tilraunir víða um heiminn til að komast hjá því að láta markaðinn verðleggja vöru. Það er ekki aðeins að heil kenningakerfi hafi verið smíðuð til að sanna að betra sé að láta markaðinn ekki koma nærri verðlagningu vörunnar. Heimsveldi hafa byggst á því að forðast að láta markaðinn ráða verðlagningu. Nefndir og regluverk hafa átt að sjá um þá hlið viðskipta. Flestir eru nú sammála um að tilgangslaust sé að hafa þessa tilraun hér á landi öllu lengri, það sé í raun fullreynt. En Sjálfstfl. og útgerðarmenn eru ekki á því að fullreynt sé og til að ekki færi nú að reyna á samningsaðila var talið vissast að banna verkfall sjómanna í tíma og skipa kjörum þeirra með lögum. Það má fresta markaðslausnum enn um sinn, herra forseti, en hver lætur sig dreyma um annað en að það verði frestur?

Hér liggja fyrir og eru rædd öll í senn fjögur frv. Það er í fyrsta lagi frv. til laga um kjaramál fiskimanna. Það er frv. sem lögbindur kjör sjómanna í tvö ár. Það er frv. sem gerir það að verkum að sjómenn geta ekki hreyft sig til þess að bæta aðstæður sínar næstu tvö árin. Það er frv. sem á að koma í veg fyrir að verkfall nái að bíta.

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með tilraunum hæstv. ríkisstjórnar til að koma lögum yfir sjómenn. Ég talaði fyrr í dag um flumbrugang og það hefur verið nöturlegt að fylgjast með því hversu mikill asinn hefur verið. Svo mikið lá á í febrúar að það átti að lögfesta bann við verkfalli sjómanna þannig að þeir hefðu ekki einu sinni svigrúm til að bregðast við þeim aðstæðum sem upp voru að koma. En sem betur fer háttaði þannig til að hæstv. ríkisstjórn varð að draga það frv. til baka og sjómenn fengu sjálfir að ráða atburðarásinni um hríð.

Aftur var komið fram með frv. en þá tókst ekki betur til en svo að textinn gerir ráð fyrir mun víðtækari kjaraáhrifum en reiknað hafði verið með, eins og hæstv. sjútvrh. orðaði það. Það var merkilegt að hæstv. sjútvrh. skyldi þurfa að koma hér við upphaf atkvæðagreiðslunnar í dag og segja þingheimi og þjóðinni að hæstv. ríkisstjórn hafi alveg óvart ætlað sér að ganga mun nær sjómönnum og kjörum þeirra með þessu frv. en þeir höfðu kannski hugsað sér. Eða hvað? Hafði einhver talað um fyrir þeim í millitíðinni? Höfðu sjómenn e.t.v. gert það eins og síðast? Það er alveg ljóst, herra forseti, að það þarf að hægja á atburðarásinni þegar komið er í þessa stöðu. Það hafa dæmin sannað ítrekað. Það þarf að bremsa þessa menn af og biðja þá um að hugsa sig um aftur. Það sáum við fyrst í febrúar og það sáum við aftur við meðferð þessa frv. sem hér liggur fyrir.

Það er nöturlegt að frv. skuli liggja fyrir og ég er alls ósammála því mati, herra forseti, að aðstæður hafi verið orðnar slíkar að þær hafi kallað á frv. af þessu tagi. Það er í rauninni fráleitt að halda því fram. Hins vegar er umhugsunarefni hvort ríkisstjórnin með aðgerðum sínum og hvort einstaka ráðherrar með orðum sínum séu búnir að koma málum í það horf að sjómenn og útgerðarmenn geti hreint og klárlega ekki samið um þessi kjör, þeir fái ekki frið til þess og þeim séu ekki skapaðar til þess aðstæður. Það er vítavert, herra forseti.

Ég held samt miðað við þær aðstæður sem nú eru á vinnumarkaði og eru í raun gjörbreyttar, þær aðstæður sem nú hafa framkallað mun meiri ábyrgð hjá þeim sem gera þar sína samninga, að þær eigi líka að ná til sjómanna og útvegsmanna. Það hefði verið mun betra og það hefði auðvitað átt að láta þessa aðila leiða sínar deilur til lykta með kjarasamningi. Það var hæstv. ríkisstjórn hins vegar ekki tilbúin til að gera og þess vegna sitjum við uppi með þetta frv.

Þá komum við að frv. þremur sem voru samin af svokallaðri embættismannanefnd, þríhöfðafrumvörpunum. Menn hafa sagt í dag að bæði innihald frv. um kjaramál fiskimanna, þvingunarfrumvarpsins, og þessara þríhöfðafrumvarpa væri sniðið að vilja sjómanna. Herra forseti. Ég held að ekkert sé fjær sanni. Það hefur ítrekað komið fram að innihald þessara þriggja frv. er ekki í samræmi við kröfur sjómanna. Þar er ekki búinn til sá farvegur sem sjómenn báðu um til þess að réttlæti yrði í því hvernig verðlagning er á afla. Það var hins vegar mat þeirra að ekki yrði lengra komist og að hér væri

þó verið að gera tilraun til þess að sníða af tiltekna ágalla og það var orðað eitthvað á þann veg að menn væru tilbúnir til að gera þá tilraun að þessi frv. yrðu að lögum og við þau yrði unað.

Frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs er greinilega það frv. sem menn binda mestar vonir við, kannski vegna þess að þar eru ákvæði um aðgerðir sem hægt er að fara í. Sjómenn segja að kostir frv. séu fyrst og fremst þeir að sjómennirnir, þeir sjálfir eða einstakar áhafnir, þurfi ekki að vera formlegir kærendur til að mál verði rannsökuð vegna þess að Verðlagsstofan getur skoðað mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingum. Mér heyrist því á þeim sjómönnum sem við mig hafa talað að þeir telji þetta frv. líklegast til að verja þá gegn kvótabaski. En sú hugsun hlýtur að hvarfla að manni þegar frv. er lesið hvort ekki hefði verið einfaldast að fela rannsóknarlögreglunni þetta hlutverk. Stóra bróður er nefnilega ætlað býsna víðfeðmt hlutverk með þessu frv. og það er greinilega álit nefndarinnar sem samdi frv. að það þurfi að fylgjast með atferli Kristjáns Ragnarssonar og félaga dag og nótt, og að jafnvel bankaleynd skuli aflétt til að eftirlitið geti orðið sem nákvæmast. Þetta er e.t.v. nauðsynlegt. Og eins og ég sagði, hæstv. forseti, hafa sjómenn sagst vera tilbúnir til að gera tilraun með þetta fyrirbæri og jafnvel látið sig dreyma um að þarna væri komin ákveðin lausn hvað það varðar að minnka tilraunir útgerðarmanna til kvótabrasks. Það er líka reynt að sníða burt ágalla þess að verðlagning á afla er ógegnsæ vegna þess að verðmyndun á afla er ekki nema að litlum hluta gegnum fiskmarkað. Hér á landi, herra forseti, fer lægra hlutfall af fiski gegnum fiskmarkaðinn en hjá öðrum þjóðum sem búa við markaðskerfi.

Það er svolítið merkilegt að velta því fyrir sér að það skyldi einmitt verða niðurstaða nefndarinnar að hafa afskipti af viðskiptum með kvóta frekar en að hafa afskipti af viðskiptum með afla. Ég fór áðan yfir það hvaða hagsmunir eru fólgnir í því að hafa það kerfi óbreytt og mér sýnist að niðurstaða embættismannanefndarinnar geri ekki annað en staðfesta það sem ég rakti áðan.

Þá komum við að frv. um Kvótaþingið sem á að gera viðskipti með kvóta gegnsærri. Það er svolítið merkilegt að horfa til þess að niðurstaðan skyldi einmitt verða sú að það þyrfti að gera viðskiptin með kvótann gegnsæ. En varðandi þetta frv., herra forseti, þá vil ég benda á að það tekur að hluta á þátttöku sjómanna í viðskiptum með aflaheimildir, ekki að öllu leyti, en gildandi lög um stjórn fiskveiða — og nú vík ég að þriðja frv. sem er um breytingarnar á stjórn fiskveiða — voru að mörgu leyti með ákveðinni vörn fyrir sjómenn vegna þess að þegar viðskipti fóru fram með aflamark, þá þurftu bæði sveitarstjórn og stjórn sjómannafélags viðkomandi verstöðvar að koma með umsögn um það mál þannig að það var farvegur fyrir ákveðið eftirlit. Kvótaþingið gerir hins vegar annað og meira eða eins og segir í 15. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Kvótaþing skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um viðskipti, þar á meðal um viðskiptaverð, heildarmagn og verðmæti, allt eftir tegundum."

Hér segir: „birta daglega", herra forseti. Ég sé fyrir mér að þessar upplýsingar verði hluti af öllum viðskiptahornum fjölmiðlanna. En eins og menn hafa séð undanfarið þá fjölgar þeim. Þeir sem vilja kalla sig fjölmiðla með fjölmiðlum eru allir komnir með viðskiptahorn þar sem við fáum að vita um öll viðskipti með hlutabréf á hverjum degi. Ég sé fyrir mér að þessi viðskiptahorn muni samviskusamlega segja okkur hverjir eigi viðskipti með kvóta og jafnframt hversu miklir peningar séu í umferð.

Bara á síðasta ári, herra forseti, var verðmæti þess sem fór á milli óskyldra aðila á kvótamarkaði 8,5 milljarðar. Til eru upplýsingar sem hafa komið fram um kvótaviðskipti og umfang þeirra. Það er ljóst að þessi viðskipti hafa á hverju ári skipt milljörðum og miðað við þær umsagnir sem fylgja frv. um Kvótaþing gera menn ekki ráð fyrir því að þau minnki heldur er sú skoðun sett fram að tilvist markaðarins muni e.t.v. kalla á enn meiri viðskipti.

Herra forseti. Ég held að þegar þjóðin fer að upplifa það reglulega og sjá og heyra af því hversu mikla peninga útgerðarmenn eru tilbúnir til þess að greiða hverjir öðrum fyrir veiðleyfi, fyrir aflaheimildir, þá muni enn herða á kröfunni um að útgerðarmenn greiði þjóðinni eitthvað, hinum lögformlega eiganda auðlindarinnar. Ég held að ekki geti farið hjá því auk þess sem mér sýnist, herra forseti, að Kvótaþingið geti verið mjög eðlilegur vettvangur ef sú ákvörðun yrði tekin að taka hér upp veiðileyfagjald eða að hið opinbera færi að selja veiðiheimildir, þá gæti Kvótaþingið verið hinn eðlilegi farvegur fyrir slíka sölu. Frv. um Kvótaþing hefur því ýmsar hliðar.

Þá erum við komin að þriðja frv. sem er breyting á lögunum um stjórn fiskveiða þar sem fjallað er um veiðiskylduna. Ýmsir hafa talað um að auka þyrfti veiðskylduna. Það mál hefur margoft verið rætt á hv. Alþingi og ef ríkisstjórnin hefði haft á því nokkurn áhuga hefði hún getað verið búin að lögfesta fyrir löngu meiri veiðiskyldu. Svo mörg frv. hafa verið flutt hér um það. Það hefur hins vegar ekki verið gert fyrr en nú og þá með því sniði að útgerðarmenn verða að veiða 50% af þeim veiðiheimildum sem þeim eru úthlutað á hverju ári í stað annars hvers árs. Þetta eru litlar breytingar að mati ýmissa og sumir í röðum sjómanna telja þetta ekki merkilegt framlag. Aðrir eru tilbúnir að sætta sig við þessa breytingu þó þeim þyki hún ganga í takmarkaða átt.

Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt þá hafa sjómenn sagst vera tilbúnir til að undirgangast þær breytingar sem felast í lögfestingu frv. þriggja og þeir hafa satt að segja bundið nokkrar vonir við það að frv. yrðu lögfest og það yrði farið í þessa tilraun. Þess vegna er mjög mikilvægt hvernig þessi mál verða unnin í þinginu.

Ég er ekki sammála því sem kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, að þessar tillögur dragi taum sjómanna. Það er langt í frá. Eins og þeir hafa sjálfir lýst yfir þá er ekki verið að taka sérstaklega á kröfum þeirra. Hins vegar, herra forseti, kölluðu útgerðarmenn þessar breytingar yfir sig og þeir mega í rauninni þakka fyrir að ekki skuli gengið enn frekar á þeirra hlut. Þeir kölluðu þessar breytingar yfir sig með óbilgirni í garð sjómanna, með því að nýta allar þær glufur sem eru í lögunum um stjórn fiskveiða til að skara eld að eigin köku og með því, í því miður allt of mörgum tilfellum, að virða ekki samninga sjómanna né þau lög sem eiga að skapa kjaraumhverfi þeirra. Það er því, herra forseti, á ábyrgð útgerðarmanna að þessi þrjú frv. liggja fyrir þinginu með því innihaldi sem þau hafa. Mér sýnist þess vegna að þeir verði að sætta sig við innihaldið rétt eins og sjómenn, hvernig svo sem þeir kunna við það.

Ég á sæti í hv. sjútvn. og mun taka þátt í því að fjalla um frv. þar. Ég tók þess vegna vel eftir þeim skilaboðum sem hæstv. sjútvrh. flutti nefndinni fyrr í dag þegar hann mælti fyrir frumvörpunum og svaraði spurningum þeirra þingmanna sem kusu að beina til hans spurningum strax

að lokinni ræðu hans. Skilaboð hans til nefndarinnar voru einföld, herra forseti. Hæstv. sjútvrh. fer í fyrsta lagi fram á að nefndin geri tillögu um breytingu á 2. gr. frv. því eins og ég gat um áðan þá kom fram í máli hans að kjaraáhrifin yrðu víðtækari en að var stefnt ef greinin færi óbreytt í gegn. Skilaboð hans voru að þau ættu einungis að ná til rækjuveiða.

Í öðru lagi sagði ráðherrann hér fyrr í dag, aðspurður, að breytingar á frv. þremur sem komu frá embættismannanefndinni ættu að einskorðast við tæknilega galla sem kynnu að vera á þeirri lagasmíð. Ég ætla að endurtaka þetta, herra forseti.: „að breytingarnar ættu að einskorðast við tæknilega galla". Ég geri ráð fyrir því, af því að ríkisstjórnin er með meiri hluta í hv. sjútvn., að niðurstaðan verði þá að nefndin lesi frumvörpin í þaula og leiti þar tæknilegra galla og þeir verði sniðnir af, kannski einhverjar kommusetningar eða þess háttar tæknilegir gallar, og síðan verði frv. lögfest eins og þau liggja fyrir núna hvað varðar efni og innihald.

Ég hef tekið eftir því að menn hafa í dag verið að lýsa yfir áhyggjum af því hvaða áhrif einstök atriði þessara laga kunna að hafa. Það er alveg ljóst að hver einasta breyting sem gerð er á lögunum um stjórn fiskveiða hefur mikil áhrif. Þar hafa ýmsar breytingar sem litu út fyrir að vera smávægilegar leitt til mikilla breytinga. Ég hef líka, herra forseti, áhyggjur af ýmsu sem þessi ákvæði kunna að leiða af sér. En ég hef heldur ekki verið sátt við margar breytingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft forgöngu um að gera á lögunum um stjórn fiskveiða undanfarin ár eða öðrum lögum sem snúa að umhverfi sjávarútvegsins. Ég hef haft áhyggjur af því hvernig þær breytingar hafa verið gerðar oft af fullkomnu tillitsleysi við þá sem við eiga að búa og hafa kannski hert frekar á þeim hnúti sem hefur verið í samskiptum sjómanna og útvegsmanna.

En eins og ég sagði, herra forseti, þá hafa sjómenn sagst vera tilbúnir til að búa við það sem hér stendur til að lögfesta og útgerðarmenn bera ábyrgð á því að þessi frv. eru komin inn í þingið. Mér sýnist því að eftir að nefndin hefur leitað tæknilegra ágalla (Forseti hringir.) þá muni þessi frv. koma hér aftur inn og verða lögfest eins og þau liggja fyrir.

[18:24]

**Útbýting þingskjals:**

Siglingalög, 613. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1042.

[18:25]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Þau þrjú frv. sem eru kennd við þríhöfðanefndina og hér eru lögð fram eru í heild sinni ekki þess eðlis að þau styrki í senn fiskveiðistjórnina, sjávarútveginn og þann afrakstur sem þjóðin hefur haft af nýtingu fiskimiðanna. Það þýðir að til lengri tíma munu þessu frumvörp heldur ekki styrkja stöðu fiskimanna, sjómanna, né heldur þeirra sem vinna hráefnið í landi.

Í fiskveiðistjórnarkerfinu, kvótakerfinu, hefur frjáls framsalsréttur verið grundvallarforsenda þess hve vel útgerðinni hefur tekist að laga sig að þeim erfiðu aðstæðum sem hér hafa ríkt undanfarin tíu ár, á tímabili sem árviss samdráttur hefur orðið í heildarþorskafla fram til ársins 1996. Þessi framsalsréttur hefur í raun verið ein af grundvallarforsendunum sem hafa leitt til þess að íslenskur sjávarútvegur hefur komið sterkari út úr erfiðleikatímabilinu og verður það að flokkast undir einstakan árangur í fiskveiðistjórn og í hagstjórn. Það þarf enginn að fara í grafgötur með það að þeir sem hafa fyrst og fremst notið góðs af þessu eru sjómenn. Þeir njóta góðs af því að útgerðin býr við eðlileg skilyrði til vaxtar. Engir eiga eins mikið undir því og þeir sem njóta launa hjá útgerðinni.

Þessi árangur í fiskveiðistjórn okkar, árangurinn í rekstri útgerðarinnar og í launakjörum sjómannanna hefur ekki farið fram hjá öðrum þjóðum. Það vekur athygli að hér á landi er deilt um hvernig eigi að skila arðinum af nýtingu sjávarauðlindarinnar á meðan um það er deilt meðal Evrópuþjóða hvernig byrðunum af rekstri sjávarútvegsins verði best skipt á herðar skattborgaranna.

Á meðan sjávarútvegurinn innan ESB-landanna svo dæmi sé tekið stendur ekki undir neinni rannsóknarstarfsemi og framlög til hafrannsókna fara minnkandi innan sambandsins þá tekur sjávarútvegurinn á Íslandi þátt í að fjármagna fjárfestingar í rannsóknum. Þannig er nú staðan sem endurspeglar styrkleika sjávarútvegsins á Íslandi miðað við það kerfi sem hefur ríkt og hefur að sjálfsögðu líka endurspeglað sterka stöðu launþega sjávarútvegsins, þ.e. sjómannanna.

Með þeim frv. sem hér liggja fyrir er verið að skerða það frelsi sem hefur verið í viðskiptum með aflaheimildir. Slíkar ráðstafanir er að sjálfsögðu eingöngu hægt að kalla neyðarráðstafanir sem gripið er til í því skyni að leysa kjaradeilu sem engin efni standa til að ætla að deiluaðilar geti sjálfir leyst. Það er nauðsynlegt að þingið gefi sér tíma til að skoða mjög nákvæmlega hvaða áhrif þær breytingar sem í frumvörpunum felast muni hafa á sjávarútveginn, á arðsemi hans og þar með á þau launakjör sem sjávarútvegurinn skapar sjómönnum og landverkafólki, þ.e. á þau verðmæti sem sjómenn og landverkafólk geta sótt í í kjarasamningum sínum.

Það er engan veginn hægt að líta svo á að þessi þrjú frv. sem hér liggja fyrir séu óbreytanleg. Það fer eftir vilja Alþingis hvort þau eru það eða ekki. Ef á þeim eru einhverjir meinbugir sem skapa vanda til skemmri eða lengri tíma, þá ber að lagfæra þá. Eins og ég segi þá liggur það í augum uppi fyrir mér að breytingarnar munu draga úr arðsemi fiskveiða og auka kostnað. Málið snýst því um að lágmarka það tjón sem af breytingunum getur hlotist.

Hugsanlegt er að í þessum frumvörpum séu atriði sem einkum og sér í lagi til lengri tíma muni reynast mjög dýrkeypt fyrir alla aðila. Fyrir útgerðina, fyrir sjómenn og fyrir þjóðina sem nýtur góðs af því með margvíslegum hætti hve sterkur sjávarútvegur er rekinn hér. Meðal þess sem ég sé sérstaka ástæðu til að gjalda varhug við eru ákvæði í frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Í 1. gr. frv. er veiðiskylda fiskiskipa aukin frá því að vera 50% aflamarks annað hvert fiskveiðiár eins og nú er, en í frv. er kveðið svo á um að veiðiskyldan skuli vera 50% á hverju fiskveiðiári. Viðurlög eru ærið ströng, því ef minna veiðist fellur veiðileyfi skipsins og aflahlutdeild niður og rennur til annarra skipa. Gerist slíkt er óheimilt að veita skipinu leyfi til að veiða í atvinnuskyni næstu þrjú fiskveiðiár. Þar með glatast rúmmetratala skipsins og verður þá útgerðaraðilinn að kaupa sér úreldingu fyrir nýju skipi. Hér eru á ferðinni ærið ströng viðurlög og verður ekki hjá því komist að benda á að viðurlög af þessu tagi eru hvorki réttlætanleg né í neinu samræmi við þær aðstæður sem útgerð býr við á Íslandi. Margs konar veiðar eru hér stundaðar með þeim hætti að vertíð stendur afar stutt. Á það t.d. við um loðnu og innfjarðarækju. Skakkaföll sem útgerðir verða fyrir, svo sem bilanir á skipum eða aflaleysi, geta haft afgerandi áhrif á hve mikið tekst að veiða af úthlutuðum aflaheimildum.

Það er óhjákvæmilegt að skoða þetta ákvæði af mikilli nákvæmni. Hugsanlegt er að sú leið sem farin er í frv. sé óframkvæmanleg og óæskileg og hægt væri að finna aðrar æskilegri leiðir. Ég nefni það sérstaklega að veiðiskylda verði í raun óbreytt en að heimildir til framsals innan ársins verði þrengdar. Slík nálgun við þennan vanda hefði yfir sér allt annað yfirbragð og væntanlega ekki eins alvarlegar afleiðingar í för með sér né heldur tjón, eins og ákvæði frv. eru nú.

Um áhrif Kvótaþings á sjávarútveginn á Íslandi er erfitt að segja. En mér þykir þó ekki ólíklegt að samanlögð áhrif Kvótaþingsins og aukinnar veiðiskyldu á útgerðarmunstrið á Íslandi verði í þá veru að þær breytingar sem hér um ræðir leiði til þess að samþjöppun verði í útgerð og heimildir færist á færri hendur. Því þykir mér ekki ósennilegt að það sem við höfum verið að reyna að forðast með því að setja sérstök lög gegn samþjöppun aflaheimilda muni nú gerast og ýtt verði undir þá þróun með því sem hér er verið að leggja til.

Einnig er hætt við því að ef ekki tekst vel til með Kvótaþingið muni það leiða til þess að arðsemi í fiskveiðum minnki og að dregið verði úr sérhæfingu. Allt eru þetta atriði sem full ástæða er til að hafa þungar áhyggjur af.

Ég kem nú að lokum að því frv. sem hér hefur verið lagt fram um kjaramál fiskimanna. Að sjálfsögðu er ærið hastarlegt að þurfa að grípa inn í kjaradeilur með lagasetningu, eins og þó hefur oft orðið að gera á Íslandi. Þegar slíkt er gert er það hins vegar undirstöðuatriði að reyna að gæta jafnvægis í aðgerðum. Eitt af erfiðari deilumálum sem staðið hafa milli útgerðarinnar og sjómanna varðar það hvernig fara skuli með ef fækkað er í áhöfnum skipa, einkum og sér í lagi ef innleiddar eru nýjungar í tæknimálum sem leiða til þess að hægt er að komast af með færri í áhöfn. Þessi deila hefur staðið nokkuð lengi og ekki hefur tekist að leysa hana í viðræðum milli aðila. Þegar tekið er tillit til þess sem nú er verið að tala um, að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í 2. gr. í frv. til laga um kjaramál fiskimanna nái einungis til rækjuflotans, er löggjafinn í raun að ákveða að deilumál, sem mjög brýnt er að aðilar leysi með samningum, verði ekki leyst næstu tvö árin. Það er tekið á málefnum rækjuflotans en ekki er tekið á málefnum annarra útgerða og þau mál verða þá væntanlega ekki til skoðunar meðan gildistími laganna er.

Ég held að rétt sé að menn velti því fyrir sér hvort hér er á ferðinni mál sem eingöngu varðar hagsmuni útgerðarinnar og hvort einsýnt sé að sjómenn hafi ekki hag af því að ná samningum við útgerðina sem byggjast á því að ekki verði kostnaðarauki fyrir útgerðina að innleiða nýjungar í fiskveiðitækni. Ég hef fulla samúð með því sjónarmiði útgerðarinnar að nýjungar í tækni í fiskiskipaflotanum eigi ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir útgerðina. Ég hef fulla samúð með þessu sjónarmiði og leyfi mér að halda því fram að sjómenn eigi líka hagsmuna að gæta í því að það leiði ekki til kostnaðarauka fyrir útgerðina að innleiða tækninýjungar og framfarir í fiskiskipaflotanum. Ef menn halda sig stíft við það að útgerðin verði að greiða sérstaklega fyrir að innleiða tækninýjungar í flotanum er í raun verið að leggja stein í götu þess að flotinn verði endurnýjaður, að skipin og sú tækni sem notuð er við fiskveiðarnar verði endurnýjuð. Með öðrum orðum, verið er að leggja stein í götu þess að sjávarútvegurinn á Íslandi verði samkeppnishæfur við sjávarútveg annarra ríkja eins og hann er best tæknivæddur. Er þarna einungis um að ræða hagsmunamál útgerðarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Langtímahagsmunir sjómannanna liggja einnig í því að tækniframfarir í sjávarútveginum verði sem mestar og útgerðin hafi burði til að geta keypt sér þá tækni sem best er á hverjum tíma. Ég held þess vegna að með því að verða við kröfu sjómanna um að þetta mál verði ekki í þeim farvegi sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, sé verið að draga stórlega úr líkunum á því að íslenskur sjávarútvegur verði tæknilega séð samkeppnisfær við sjávarútveg nágrannaríkjanna, en það þýðir að sjálfsögðu að almennt í samkeppninni við sjávarútveg nágrannalandanna munum við geta farið halloka. Þetta eru alvarleg tíðindi, ekki aðeins fyrir útgerðarmenn heldur einnig fyrir sjómannastéttina.

Ég held því að menn verði að huga að því hvort ekki hafi verið seilst helst til langt í þeim breytingum sem farið hefur verið fram á við hæstv. sjútvn. að gerðar verði á 2. gr. frv. Þetta vildi ég láta koma fram til að það færi ekkert á milli mála, að sá sem hér stendur hefur fullan skilning á þeirri kröfu útgerðarinnar að nýjungar í tæknimálum eigi ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir útgerðina.

Ég vil að lokum taka það fram enn einu sinni að ég lít á framlagningu þessara frumvarpa sem algert neyðarúrræði og harma að ekki skuli hafa tekist að ná samkomulagi um þau deilumál sem staðið hafa milli útgerðarmanna og sjómanna.

[18:41]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það er dapurlegt hlutskipti að þurfa að setja lög á deilu sjómanna og útgerðarmanna. Það er hins vegar engu að síður nauðsynlegt. Þau frumvörp sem hér er verið að ræða og eiga að leysa deiluna eru tvíeggjað sverð og áhrif þeirra eru engan veginn ljós. Það sem ég hef mestar áhyggjur af er frv. um Kvótaþingið og frv. um veiðiskylduna. Þótt margt sé við kvótakerfið sem má gagnrýna er í mínum huga engum vafa undirorpið að það hefur leitt til meiri hagkvæmni í sjávarútvegi á Íslandi en annars staðar gerist og gert það að verkum að okkar sjávarútvegur er sá eini við norðanvert Atlantshaf sem ber sig og reyndar meira en það, hann stendur undir okkar þjóðarbúi. Það er sveigjanleikinn í slíku kerfi, hið frjálsa framsal sem er fyrst og fremst grundvöllurinn að afkomu þessarar greinar í dag og þeim bata sem þar hefur á orðið á undanförnum árum. Ég hef þess vegna áhyggjur af því ef framsalið verður takmarkað, að það muni koma niður á rekstrarhagkvæmni útgerðanna. Ég hef sérstaklega áhyggjur af því að það muni koma niður á hinum minni útgerðum, einstaklingsútgerðunum og fjölskylduútgerðunum, sem hafa verið að kaupa og aðallega leigja til sín aflaheimildir annars staðar frá og hætt við því að slíkar breytingar muni leiða til þess að möguleikar þeirra til að stunda útgerðina minnki.

Það er hins vegar afar erfitt að vera á móti Kvótaþingi, erfitt að vera á móti því að viðskiptin fari um gagnsæjan markað þar sem ljóst er að um engin undirmál er að ræða, enda hefur eitt helsta deilumálið verið það að ekki sé réttilega staðið að því að leigja heimildir og gagnstætt því sem kveðið er á um í samningum eru sjómenn látnir taka þátt í kaupunum. Ég get af þeim sökum engan veginn verið á móti Kvótaþingi, en ég hef aftur á móti áhyggjur af að það geti haft neikvæð áhrif fyrir einhverjar útgerðir. En ég verð að treysta því að frelsið sem í þessu er fólgið muni einnig leiða til þess að útgerðarmenn finni leiðir til að fjármagna kvótaleigu og kvótakaup þannig að einstaklingsútgerðir muni áfram vera til í okkar sjávarútvegi og eiga möguleika á að keppa um veiðileyfin og kvótann við hin stóru almenningshlutafélög.

Ég hef öllu meiri efasemdir um að takmarka kvótaframsalið eða réttara sagt að auka veiðiskylduna í það sem lagt er til í frv. Ég er hræddur um að þegar til lengri tíma er litið muni það hafa áhrif til hækkunar á leigu kvóta vegna minna framboðs og hafa þau sömu áhrif, sem ég hef áður nefnt, á hinar minni útgerðir, einstaklingsútgerðir og bátaútgerðina sérstaklega, en það má segja að bátaútgerðin sé mest á stöðum eins og Hornafirði, Vestmannaeyjum, Suðurnesjum, Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum.

Ég hef áhyggjur af því að þessar útgerðir muni lenda í vanda af þessum sökum. En einhvern veginn verður að leysa deiluna og það er orðið ljóst og það fyrir allnokkru að deilan mundi ekki leysast nema á grundvelli þessara laga. Bátaútgerðin og einstaklingsútgerðin standa ekkert betur eftir langt verkfall og við verðum einungis að vona að innan þessa nýja ramma nái útgerðarmennirnir, vonandi í góðri samvinnu við sjómenn, að þróa atvinnustarfsemi sína þannig að hún haldi áfram að skila því sem hún hefur hingað til skilað í þjóðarbúið, haldi áfram að veita þá atvinnu bæði á sjó og landi sem hún hefur gert hingað til. Í trausti þess að svo verði, að deilan leysist og að við fáum nokkurn frið til að sinna þessari atvinnustarfsemi mun ég styðja þau frv. sem hafa verið lögð fram. Ég ætlast hins vegar til að farið verði rækilega yfir þau í nefndinni og ef upp komi einhver vandamál sem augljóslega mættu betur fara, sýni báðir samningsaðilarnir sem verið er að reyna að leysa deiluna fyrir, skilning á því og taki þátt í að reyna að leysa málið frekar en að setja sig upp á móti augljósum og nauðsynlegum breytingum á frv.

Ég endurtek, herra forseti, að ég vonast til að þetta verði til gæfu fyrir okkur þótt óneitanlega búi uggur í mínu brjósti.

[18:47]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu síðasta hv. þm. Árna Mathiesens kom fram að hann hefði þær óskir fram að færa að ef miklir ágallar kæmu fram á frv. í hv. sjútvn. þar sem ég á sæti muni það væntanlega verða leitt til lykta þannig að báðir aðilar gætu orðið nokkuð sáttir. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. í dag að meginlínurnar eru lagðar fram í þessum þremur frv. svo og í lagasetningunni sjálfri. Það hefur líka komið fram að menn hafi áhyggjur af mönnunarmálum um borð í skipum og óttist að þetta komi sjómönnum og sérstaklega útgerðarmönnum ekki til góða því að verið er að sporna við framþróun í tæknibúnaði skipanna. Því miður er ekki málið svona einfalt. Málið er það að allt of mörg slys verða um borð í fiskiskipum vegna mannfæðar og það er svo merkilegt að þegar gengið er þann veginn af hálfu útgerðar að fækka um borð í skipum þá sjást þeir oft ekki fyrir um hversu margir þurfa raunverulega að vera um borð. Dæmi eru um það að skipstjórinn er bæði að hugsa um að stjórna skipi og hífa upp tröllaukin veiðarfæri með miklum þunga í átökum í miklum sjó og fjórir til sex menn á dekkinu og alls ekki er fylgst með hvernig þarna er staðið að eða unnið. Hvergi er meiri slysatíðni en meðal sjómanna, fiskimanna.

[18:49]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég ætlist til að gerðar verði grundvallarbreytingar á frv. Ég er að hugsa um augljósa galla sem gætu komið fram við vinnslu þeirra í nefndinni eins og hafa reyndar þegar hafa komið fram varðandi 2. gr. og hæstv. sjútvrh. hefur þegar beðið um að yrði leiðrétt í nefndinni. Vel gæti verið að einhverjir aðrir svipaðir ágallar fyndust á frv. og þá vona ég og ætlast til að aðilar málsins sýni skilning á því að það þurfi að leiðrétta en bindi sig ekki í bókstaf sem gæti orðið okkur til skaða í framtíðinni.

[18:50]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég lofa því að tala ekki í 40 mínútur. Ég vil segja að það hryggir mig ávallt þegar upp kemur sú staða að setja þurfi lög á vinnudeilur, sama hvar þær eru, hjá sjómönnum eða annars staðar í þjóðfélaginu og sérstaklega hryggir mig að það skuli ítrekað þurfa að setja lög á deilur sem eiga sér stað milli útgerðarmanna og sjómanna. Reyndar er ekkert nýtt að sett séu lög á deilu sjómanna sérstaklega en það sem er nýtt í þessu dæmi er að verið er að setja lög á útgerðarmenn. Vona ég að þinginu verði fyrirgefið þótt það reyni með þessu móti að leysa þá deilu sem er virkilega erfið og var ekki fyrir séð að mundi leysast af samningamönnum á næstu vikum eða mánuðum þannig að í þessu tilfelli brýtur nauðsyn þá hefð sem þarf að vera að aðilar á vinnumarkaði og verkalýðsfélög leysi sitt við samningaborðið.

Þau frv. sem hafa verið lögð fyrir þingið eru í mínum huga leið til þess að bæta stöðu sjómanna sem hafa verið afskaplega óánægðir með viðskipti sem hafa átt sér stað um að kaupa aflaheimildir um borð í skip til að geta haldið veiðum áfram. Ég tek fram að það sem ég hef kynnst í þessum málum er að mestu leyti í mikilli sátt við sjómenn en til eru dæmi þess að gengið hefur verið mjög á hlut sjómanna og þá fyrst og fremst í viðskiptum sem hafa falist í því að útgerðarmenn hafa selt aflaheimildir af skipi sínu og keypt þær svo til baka af einhverjum öðrum með aðild sjómanna. Hefur þetta ávallt verið mér mjög mikill þyrnir í augum og nánast óverjandi að slík viðskipti hafi yfirleitt átt sér stað. Ég tel að þessi viðskipti hafi í raun komið öllum illa þegar til lengdar er litið og kvótakerfið sem ég held að margir séu sammála um að hafi reynst farsælt fiskstjórnarkerfi hafi liðið stórlega fyrir það hvernig hafi verið með ýmsu móti svínað á sjómönnum.

Þetta framferði leiðir nú til þess að þingið neyðist til að grípa inn í með þeim frv. sem hér eru til umræðu og munu a.m.k. leiðrétta það að svokallað kvótabrask, getur ekki gerst óðruvísi en fyrir opnum tjöldum.

Þetta hefur svo aftur aðrar afleiðingar sem ég hef bent á opinberlega og hefur fyrst og fremst áhrif á ákveðnum svæðum landsins sem hafa neyðst til að kaupa sér aflaheimildir, leiguheimildir innan ársins til að geta haldið skipum sínum úti og það hefur verið heiðarlega gert. Samkvæmt þeim lögum sem eru nú lögð fram mun ekki verða hægt að gera það með sama hætti, þótt ekkert banni það í raun að sjómenn kaupi leigukvóta með útgerðarmönnum sínum en þá verður það gert fyrir opnum tjöldum þannig að ekkert fer milli mála að sjómenn hafa þá valið að gera það. Ekki það að ég sé að mæla með slíku, auðvitað er eðlilegast og best að útgerðin geri þetta sjálf en ekkert bannar þó slík viðskipti ef í nauðirnar rekur og allir aðilar eru sammála um slík viðskipti.

Það á eftir að koma í ljós hvaða afleiðingar þetta hefur, herra forseti, og ég hef verulegar áhyggjur af því að þetta geti haft a.m.k. tímabundnar afleiðingar á Suðurnesjum og mönnum reynist jafnvel erfitt að fá það aflamark sem þeir þurfa til að halda úti skipum sínum og halda úti eðlilegri vinnslu í húsum. Ég óttast jafnvel að framboðið verði það lítið að leiga á aflaheimildum verði enn dýrari en hún hefur

verið. Það gæti einnig leitt til þess að eftirspurn eftir varanlegum aflaheimildum verði meiri og það hækki enn verð á varanlegum aflaheimildum. Það held ég sé í rauninni þvert á það sem menn höfðu hugsað sér en ég held því miður að sú geti orðið raunin en það er eitt af því sem verður að koma í ljós með þessum lögum enda hefur enginn getað spáð í það fram að þessu hvernig kvótamarkaðurinn hefur þróast. Ég minnist þess að ýmsir héldu því fram að þegar viðskipti sem fólust í því að svokallaður línutvöföldunarpottur var við lýði legðust af mundi kvótaleigan lækka en raunin varð sú að það hafði engin áhrif og eftir það hefur kvótinn reyndar hækkað.

Ég held, herra forseti, að eftir að þær yfirlýsingar sem hafa komið frá hæstv. sjútvrh. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felast í fækkun í áhöfn sem voru í lögunum og áttu ekki að hafa áhrif á útgjöld útgerðar vegna launa, eftir að það var tekið út, eigi sá hluti þessara frv. að geta verið nokkuð ásættanlegur fyrir sjómenn. Út af fyrir sig verður engin breyting fyrir útgerðarmenn en þeir hafa að sjálfsögðu alla möguleika til að reyna að ná samningum við sjómenn á þessum tíma til að mæta tæknibreytingum eða öðrum breytingum sem verða á veiðiháttum til að gera útgerðina hagkvæmari en þessi tveggja ára lögbinding þýðir að sjálfsögðu að ekkert gerist á þeim tveimur árum sem fram undan eru.

Það er eitt sérstakt atriði sem ég tel að þurfi að skoða sérstaklega í hv. sjútvn. og það er svokölluð veiðiskylda sem samkvæmt þessu frv. á að verða 50% á ári. Ég held að mjög margir séu sammála um að það eru mjög hörð skilyrði sem útgerðinni eru sett með þessu frv. sem geta leitt til þess að hagræðing og hagkvæmni veiðanna verður minni vegna þess að menn verða að veiða verulegan hluta aflans, a.m.k. helminginn, mjög fljótlega á fiskveiðiárinu til að vera alveg tryggir um að tapa ekki veiðirétti sínum og aflahlutdeild. Eins og hefur komið fram í dag þýðir að tapa þessu frá sér að varanlegar aflahlutdeildir verða ekki aftur á þessu skipi og að það hverfur út úr landhelginni. Það þýðir að ef slíkt skip vildi koma inn að þremur árum liðnum þarf að kaupa nýja rúmmetra á móti. Þetta er í raun ekkert annað en hrein eignaupptaka sem ég efast um að standist og hvet því hv. sjútvn. til að skoða þetta mjög rækilega í ljósi þessa. Engum er greiði gerður með því að gera útgerðina gjaldþrota eða koma útgerðarmönnum í þann vanda að þurfa að fara að velja á milli þess að selja allt frá sér eða þurfa að sæta afarkostum.

Það er miklu nær að þetta sé gert þannig að öllum sé hagur að, þ.e. útgerðarmönnum, sjómönnum og þjóðinni þá um leið. Ég vonast því til þess að eftir að búið er að gera þær lagfæringar sem mælst hefur verið til að verði á kaflanum um áhafnamálin og stjórn fiskveiða og þegar búið er að skoða þær breytingar sem verið er að tala um í veiðiskyldunni eigi þessi frumvörp að geta verið sæmileg leið til þess að skapa sátt hjá þjóðinni og sjómönnum um þetta kerfi þannig að við getum búið við það næstu ár.

Margoft hefur komið fram að enda þótt kvótakerfið sé ekki gallalaust er það eitthvert það besta stjórnunarkerfi sem hefur verið reynt í praxís til þess að halda uppi hagkvæmum veiðum og hagkvæmri vinnslu, til að halda uppi velferð í einu þjóðfélagi eins og á Íslandi sem er eitt örfárra þjóðríkja í heiminum sem byggir afkomu sína og velferð á því að fiskveiðar og stjórn fiskveiða gangi upp. Án þeirra væri þetta þjóðfélag ekki það sem það er í dag. Það er því mjög mikilvægt fyrir okkur öll, þjóð, þing, sjómenn og útgerðarmenn, að vel fari í stjórnun þessa mikilvægasta atvinnuvegar þjóðarinnar. Þess vegna vona ég að með hjálp útgerðarmanna og sjómanna og þjóðarinnar allrar nái þingið, þó á stuttum tíma sé, að leiðrétta það sem við vitum að er ekki beinlínis í takt við það sem við ætluðumst til, að það verði lagfært og við náum að samþykkja lög á föstudaginn kemur sem við getum verið ánægð með.

[19:02]

**Útbýting þingskjals:**

Sendiráð Íslands í Brussel, 611. mál, fsp. HG, þskj. 1038.

[Fundarhlé. — 19:03]

[20:30]

**Árni Johnsen:**

Virðulegi forseti. Það liggja mörg álitamál fyrir í þeirri umræðu sem hér á sér stað og fjallar um lausn deilu útgerðarmanna og sjómanna. Það er alveg ljóst að mínu mati að með þeim breytingum sem gerðar eru samkvæmt fyrirliggjandi frumvörpum skapast æðimargir óvissuþættir sem menn sjá ekki fyrir endann á. Það endurspeglar kannski fyrst og fremst þá stöðu sem er uppi og hefur verið um nokkurra ára skeið þar sem sívaxandi óvissu hefur gætt í öllu er lýtur að sanngirni í fiskveiðistjórn, þar sem totryggni hefur farið vaxandi, alið hefur verið á tortryggninni að sumu leyti og að öðru leyti hafa menn ekki borið saman bækur eins og skyldi að mínu mati. Það var löngu tímabært að taka þessa óóruggu umfjöllun fyrir úti í þjóðfélaginu, í sjávarplássunum og annars staðar í landinu, og reyna að komast til botns í þeirri stöðu sem mismunandi hagsmunir í útgerð, hjá sjómönnum, í byggðum og landsfjórðungum hafa valdið. Deilan hefur staðið um mismunandi hagsmuni. En nú hefur dampurinn sprungið og þó svo að reynt sé að leysa málin með þjóðarhagsmuni í huga er síður en svo friður um málið.

Það verður líka að segjast eins og er að gengið hefur verið ótrúlega langt að útgerðinni í landinu með þeim frumvörpum sem nú liggja hér fyrir. Það hefur verið gengið mjög langt til móts við kröfur forustumanna sjómanna. Ég segi forustumanna sjómanna vegna þess að í mörgum tilvikum eiga sjómenn ekki samleið í þessum efnum frekar en öðru er nefna mætti í sambandi við fiskveiðistjórnina. Þar eru slíkir mismunandi hagsmunir í húfi að ekki er hægt að ætlast til þess að menn tali um samleið heildarinnar.

Það hefur nánast verið gengið að útgerðinni á bjargbrúninni eða á borðstokknum og í mörgum tilvikum hangir útgerðin nú utan á borðstokknum í óvissu um frekara framhald í þeim rekstri sem hún hefur staðið í undanfarin ár og áratugi og er burðarás okkar samfélags. Að þessu leytinu til er það jafnt óhagur sjómanna sem útgerðarmanna að slíkir óvissuþættir skuli vera til staðar. Það getur ekki þjónað hagsmunum sjómanna að kippa grundvelli undan mörgum þáttum útgerðarinnar og kannski þeim þáttum sem hafa verið hvað mest til fyrirmyndar í útgerð á Íslandi, þ.e. einyrkjaútgerðinni, útgerð fjölskyldunnar sem hefur orðið að standa ábyrg fyrir sínu en ekki verið í neinum fléttum út og suður í einingum sem kunna að vera ágætar að vissu marki. Máttinn dregur fyrst og fremst úr best reknu útgerðum landsins sem eru einstaklingsútgerðirnar. Það eru útgerðirnar sem byggja á því að menn vita hvar þeir standa, vita hvað þeir hafa og vita hvað þeir mega og taka auðvitað eðlilega áhættu eins og fylgir allri veiðimennsku en fara sjaldnast yfir strikið í þeim efnum. Þetta er nú það sem hefur verið burðarásinn í íslenskri útgerð og því miður verður að segja það eins og er

að þessi frv. sem hér liggja fyrir ganga á hlut þessa öryggis í þjóðarbúskapnum.

Það má nefna ákveðin dæmi. Til að mynda er eitt atriðið í frumvörpunum algjör frágangssök að mínu mati, þ.e. veiðiskyldan sem er óháð bilunum eða frátöfum sem hljóta að teljast eðlilegar. Þetta er eitt af því sem þarf að lagfæra í þeim frv. sem hér liggja fyrir því að auðvitað gengur ekki að bátur sem dettur út úr veiði í einhverja mánuði vegna vélarbilunar eða annarra óviðráðanlegra orsaka, tapi veiðirétti í allt að þrjú ár eins og reiknað er með við ákveðnar kringumstæður í uppsetningu málanna. Maður verður að ætla að þarna sé frekar um misskilning að ræða eða mistök heldur en uppsetningu sem er sett fram með fullri vissu um að hún sé sú eina rétta.

Ýmis áhyggjuefni tengjast Kvótaþinginu sem er eitt af því sem gengur til móts við kröfur forustumanna sjómanna. Við getum tekið dæmi af útgerð sem hefur á undanförnum árum lagt mikið upp úr humarvinnslu og hefur aflað sér nokkurs humarkvóta. Við skulum taka Borgey á Hornafirði sem dæmi. Nú þarf þetta fyrirtæki að láta ákveðinn hluta af sínum kvóta á kvótamarkað vegna þess að ekki er mögulegt fyrir fyrirtækið að veiða humarinn á þeim bátum sem það hefur til veiðanna. Þessi umframhumarafli hefur verið veiddur með því að fá aðra til að veiða hann en nú gengur það ekki upp lengur og fyrirtækið þarf að fara í samkeppni við sjálft sig, má segja, um að kaupa eigin kvóta á Kvótaþingi. Þetta eru auðvitað agnúar sem menn staldra við og eru vissulega áhyggjuefni vegna þess að í ýmsum tilvikum mun þetta væntanlega leiða til samdráttar í útgerðinni, þ.e. samdráttar í störfum og það er ekki síður áhyggjuefni fyrir sjómenn en aðra sem hlut eiga að máli.

Sjónarmið útgerðarmanna varðandi það þegar hlutaskiptunum er breytt eins og gert er ráð fyrir er líka skiljanlegt. Hlutur skipstjóra á tíu manna netabát er t.d. 200 þús. kr. en ef áhöfnin væri sjö menn þá færi hlutur skipstjórans í 250 þús. kr. Þá spyr maður auðvitað hvort skynsamlegt og eðlilegt sé að ætlast til þess að útgerðin greiði bæði hærra kaup og þróunarkostnaðinn við að skapa þær aðstæður að færri menn þurfi í skipshöfn. Þetta er eðlilegt og engin ástæða til að loka augunum fyrir því. Þetta skiptir mestu máli varðandi tekjur yfirmanna á flotanum en mun minna máli hjá undirmönnum. Það verður líka að segjast eins og er að það var alveg rétt hjá Kristjáni Ragnarssyni, formanni útvegsmanna, að furða sig á upphrópunum forustumanns sjómanna sem voru úr takti við allt sem heitir eðlilegt, meðan það mál gekk allt yfir í fjölmiðlum.

En það undirstrikar kannski líka þann vanda sem hefur verið um árabil í kjarasamningum sjómanna að samstaða sjómanna hefur verið mjög út og suður, þ.e. sjómanna og yfirmanna, hvort sem er skipstjórnarmanna eða vélstjóra. Allt ber þetta að sama brunni að það er ekki mikill hryggur í þeirri vinnu sem hefur verið lögð fram. Hún er frekar hrygglaus. (**SJS:** Hrygglaus? Ekki hryggileg?) Þetta er síður en svo gamanmál því það er ömurlegt til þess að vita og ömurlegt að horfa upp á það að ár eftir ár skuli sjómenn og útgerðarmenn ekki geta náð samningum um þau ágreiningsmál sem eru þar uppi.

Það ber að fagna þeim þáttum sem taka af allan vafa um mörg atriði sem hafa verið mjög umdeild í fiskveiðistjórninni. En höfuðvandinn og það sem er áhyggjuefni er einmitt það sem er andstætt einyrkjanum, þ.e. þegar ætlast er til þess að menn hópi sig saman og eru þvingaðir til þess að fara í eitthvert samflot sem er líka andstætt hefð og stíl íslenskrar útgerðar. (**SJS:** Til höfuðs einkaframtakinu?) Það er engin spurning að það er rétt ábending hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þessi aðferð er að hluta til andstæð einkaframtakinu og er því ekki skrýtið að hv. þm. skælbrosi í allar áttir því að hluta til er þetta miðstýring og forsjárhyggja sem hefur lengi staðið hjarta þingmannsins mjög nálægt. (**SJS:** Hver flytur frumvarpið?) Ég er hér að segja mína skoðun og stend við mína skoðun og þarf enga forsjárhyggju í þeim efnum. Það er verið að hvetja menn í einyrkjaútgerðinni til þess að draga saman seglin í sjálfstæði sínu og eins og ég sagði áðan í fyrirmyndarútgerðum landsins þar sem braskið hefur verið minnst og fyrirhyggja þeirra sem hafa reynsluna, þekkinguna og brjóstvitið hefur verið mest.

Herra forseti. Það er skammt hugsað hjá þeim forustumönnum sjómanna sem hafa krafist þeirra þátta sem nú stefnir í að verði lögfestir og þess mun ekki langt að bíða, að mínu mati, að marga þætti í þessari þróun verði að taka upp aftur og endurskoða mjög alvarlega. Þetta er kannski vegna þess stjórnleysis sem hefur átt sér stað á ákveðnum stigum samningagerðarinnar hjá samningsaðilum. Það er kannski hluti af uppsöfnuðum vanda, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, að menn eru orðnir langþreyttir á þessum mikla innri þrýstingi og óvinveitta vinnuumhverfi því auðvitað er það ekki spennandi vinnuumhverfi, hvorki fyrir útgerðarmenn né sjómenn, að eilífur ófriður ríki á þeirra vettvangi um kjaramál og um fyrirkomulag fiskveiða og stjórn. En því miður er enginn einn sannleikur til í þessum efnum vegna hinna mismunandi hagsmuna sem ríkja.

Ég tel það mjög sanngjarna kröfu til stjórnvalda að í framhaldi af þeirri lagaafgreiðslu sem hér stefnir í muni stjórnvöld landsins standa fyrir úttekt á stöðu einyrkjaútgerðarinnar. Það er grundvallaratriði að mínu mati ef nást á einhver sátt um þennan þátt, þennan veikasta hlekk í óformlegu samkomulagi ríkisstjórnar og forustumanna sjómanna sem liggur fyrir, að tekið sé á þeim þætti er lýtur að útgerð einstaklinganna. Það er alveg ljóst að sá hluti útgerðarinnar sem hefur haft takmarkaðan kvóta, hefur leigt kvóta eða veitt með aðferðinni tonn á móti tonni, mun mjög eiga undir högg að sækja og annaðhvort er það forustumanna útgerðar í samvinnu við stjórnvöld eða lánastofnana landsins ekkert síður að hafa frumkvæði að því að gera þessa úttekt og beita þá aðgerðum til að styrkja einstaklingsútgerðina á ný. Það er ekki bara að margir útgerðarmenn í einstaklingsútgerðinni muni glíma við mikinn vanda heldur er alveg ljóst að hluti þeirrar útgerðar mun leggjast af. Það er einn óvissuþátturinn sem er erfitt að horfa fram hjá og sjá ekki hvert stefnir í þeim efnum.

Það er auðvitað líka hluti af þessu óvinveitta umhverfi þeirra sem stunda útgerð á Íslandi og leggja grundvöllinn að öllum þeim búskap sem við erum að baksa við frá degi til dags í okkar landi, öllum þeim mönnum hvort sem það eru útgerðarmenn eða sjómenn, að það er óeðlilegt að vinnuumhverfi þeirra sé ekki í farsælli farvegi en nú er. Dæmi: Ef útgerðarmaður ætlar að taka kvóta á leigu og vill staðgreiða kvótann til að mynda, þá á að rannsaka hvort hann sé borgunarmaður fyrir kvótanum. Þetta er auðvitað nokkur einföldun en málið er engu að síður sett svona upp. Að sumu leyti væri miklu hreinlegra að ganga til enda í þessum efnum og þjóðnýta einfaldlega útgerðarmanninn ef hann á að vera eitthvert handbendi opinberrar fyrirhyggju. Ég held nefnilega að það sé alveg ljóst að opinber útgerð, t.d. sveitarfélaga,

hefur reynst illa á Íslandi, alls staðar nema á einum stað. Þar hefur hún gengið vel og það er á Neskaupsstað. En þar hefur hún líka verið rekin á allt öðrum forsendum. Hún hefur verið rekin sem einkafyrirtæki. (**Gripið fram í:** Á Akureyri líka.) Á Akureyri var hlutdeild bæjarins allt upp í tveir og hálfur milljarður í Útgerðarfélagi Akureyrar. Nú hefur þessi hlutur lækkað um líklega 70% eða 80%. En hvað var Akureyri að gera á þessum tíma þegar hún átti svo stóran hlut í Útgerðarfélagi Akureyrar? Akureyri var að greiða niður af eigin tekjum vinnu fólksins á Akureyri nákvæmlega eins og Bæjarútgerð Reykjavíkur gerði á sínum tíma áður en það fyrirtæki var einkavætt. Þetta eru fordæmin sem við eigum að læra af og taka mið af ef við ætlum að skila árangri í eðlilegu umhverfi sjávarútvegs á Íslandi. Það getur ekki verið á neinn hátt hvetjandi fyrir menn að taka þátt í atvinnulífi ef gefið er út frjálst veiðileyfi á þá í raun og veru með persónuníði og illu umtali alla daga ársins. Það hlýtur að hrekja athafnamenn eins og aðra úr því umhverfi sem þeir hafa valið sér að vinna í. Og það getur ekki verið hagur sjómanna þegar til lengri tíma er litið að þetta umhverfi sé andstætt vinnuveitendum þeirra því það mun líka draga tennurnar úr sjómönnunum sjálfum. Þetta er vandinn við það að leysa slíkar deilur sem nú eru með lagakrókum. Í þessum lagakrókum hefur verið beitt með beitu sem forustumönnum sjómanna þóknast betur en útgerðinni og það er ekkert undarlegt þótt þungt sé í útgerðarmönnum í þeirri stöðu sem nú er.

Ég hef sagt og stend við það sem mína skoðun að heldur meira megi reyna á þolrifin í útgerðarmönnum en sjómönnum. Ég sný ekki í land með það. Engu að síður verður maður að gæta allrar sanngirni og þarna eru menn á ystu mörkum. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því og vera ekkert að fela það heldur tala um það tæpitungulaust því hyggilegast er að lúra ekki á neinu í þeim efnum.

Uppi eru áform um endurmenntun sjómanna og það er af hinu góða. En eftir því sem ég best veit er hugmyndin að skapa eins konar endurmenntunarskóla í Reykjavík. Af hverju á hann að vera í Reykjavík? Af hverju getur endurmenntunin ekki farið fram með námskeiðum á landsbyggðinni? Það yrði ódýrara fyrir útgerðirnar, hentugra fyrir sjómennina og skynsamlegra fyrir allan framgang málsins að skipuleggja þann þátt þannig að hann verði sem næst þeim stað sem vinnan er.

Það á að vera hvetjandi fyrir útgerðarmenn að þróa skipin, vélvæða þau og skapa sem mestan arð og mesta möguleika í hverju skipi. Þess vegna hefur fækkað í áhöfnum t.d. með því að kaupa lagningarkarla í netabátana og ná þannig bæði hærri launum fyrir sjómennina og meiri nýtingu í fjárfestinguna sem er tækið sjálft, báturinn. Svo koma ýmsar lokur inn í. Ef til að mynda níundi maðurinn fer um borð í bát þá þarf aukaklósett þannig að margar eru nú girðingarnar sem þarf að stökkva yfir og reglugerðirnar. Auðvitað er því málið flókið og snúið. Þau eru ekkert mörg atriðin sem eru mjög athugunarverð í þessu en þau vega þungt.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. hvort ekki sé ætlun ríkisstjórnarinnar að í kjölfar þeirra lagafrv. sem til umræðu eru, miðað við að þau verði afgreidd, að gera ítarlega úttekt á þeirri breytingu sem verður á aðstöðu og möguleikum einyrkjanna, einstaklingsútgerðarinnar, með það fyrir augum að grípa til aðgerða sem geta styrkt útgerðirnar, einyrkjana, í gegnum þær breytingar sem nú er verið að leiða í lög. Þetta held ég sé lykilatriði í því að skapa frekari sátt um málið hjá þeim sem mest á hallar í þessum málatilbúnaði. Það er alveg ljóst að sumar útgerðir munu freista þess að kaupa aukinn kvóta, þ.e. þær sem hafa verið með leigukvóta eða veitt tonn á móti tonni. Aðrar geta það ekki nema þá með aðgerðum og skoðun mála. Þessi tvö atriði hljóta allir að vera sammála um. Tryggja í fyrsta lagi að eðlileg frávik í veiðum svo sem eins og vélarbilun eða annað sem kann að koma upp, muni ekki þýða veiðibann og hins vegar að menn horfi til þess að hér er ekki verið að leggja á borðið nein tíu boðorð sem eiga að duga um aldur og ævi. Hér er verið að leggja á borð mannanna verk sem eru lögð fram undir miklum þrýstingi, þrýstingi sem að sumu leyti er vanhugsaður, þrýstingi sem forustumenn sjómanna hafa sett fram, en sem tryggir ekki eðlilega þróun og stöðu sjómanna í náinni framtíð í mörgum þáttum veiðimennskunnar.

Að mínu mati þarf fyrst og fremst að leggja áherslu á þessa þætti í vinnslu frumvarpanna og ég ítreka fyrrgreindar spurningar til hæstvirtra ráðherra.

[21:01]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen kom víða við og af mörgu er að taka. Hann taldi ófært að þau endurmenntunarnámskeið sem væri getið um í frv. til laga um kjaramál fiskimanna skyldu menn sækja til Reykjavíkur. Þetta er misskilningur vegna þess að talað er um að það skuli nánar getið um hvar námskeiðin skuli haldin og hvernig eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Til viðbótar námskeiðum samkvæmt tilgreindum lista geti önnur námsekið staðið yfirmönnum til boða samkvæmt nánara samkomulagi milli útgerðar og yfirmanna". Hér er líka getið um endurmenntun vélstjóra: „Hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvaða námskeið skuli boðið upp á, hvar og hvenær þau eru haldin".

Það fer mjög í taugarnar á mér og pirrar mig þegar ágætir þingmenn dreifbýlisins koma hér og telja að það sé allt af hinu illa ef Reykjavík er nefnd í þessu sambandi. Hins vegar er ekkert vit í því að dreifa dýrum kennslutækjum út um allt land. Námskeiðin eru þess eðlis að það er eðlilegt að undir þau sé vel byggt, veitt sé mikið fjármagn í það vegna þess að ein brú í skipi kostar nokkur hundruð milljónir og það er ekki nema eðlilegt að talsvert sé lagt í það að kennslutæki séu þannig úr garði gerð að þau geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru núna, t.d. til skipstjórnarmanna. Sama á við um vélstjórana og síðan kemur náttúrlega að þeim sem verða fyrir mestum slysum, það eru hinir vinnandi menn á dekki, og þar er talað um Slysavarnaskólann. En það þarf þó nokkuð meira til að leggja. Það stendur til nú að kaupa nýtt skip fyrir Slysavarnaskóla sjómanna og þá mun það væntanlega sigla til hinna ýmsu hafna eins og Sæbjörgin hefur gert.

[21:03]

**Árni Johnsen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Um endurmenntunarþáttinn í lagagerðinni er nákvæmlega þetta sagt : „Nánar verður getið um aðferð og staðsetningar." Það er sem sagt óljóst hvernig það verður.

Ég hef aldrei verið að abbast út í Reykjavík sem höfuðborg landsins og að ákveðinn búnaður sem er hagkvæmt að staðsetja í Reykjavík sé staðsettur þar. En það er mikill misskilningur að ástæða sé til þess að byggja upp aðstöðu endurmenntunar fyrir sjómenn í Reykjavík út á tækjabúnað. Þessar fullkomnu brýr í skipum eru úti um allt land og ef þessir hlutir eru skipulagðir má til að mynda ætlast til þess að enda þótt viðverutími þessara skipa í höfnum landsins sé

stuttur sé ekkert á móti því að semja við viðkomandi aðila um að þar fari endurmenntunarkennslan fram sem þarf að gera í brúm skipa og með þeim tækjabúnaði. Það þarf ekki að setja það á skrifstofu, hvorki á Akureyri, Egilsstöðum eða Hornafirði eða hvar sem er. Endurmenntunarþátturinn er þess eðlis að hann getur allur farið fram úti á landsbyggðinni í sjávarplássunum, það segir sig sjálft. Þeir hermar sem eru til staðar til að mynda á Norðurlandi eystra, í Vestmannaeyjum og Reykjavík eru allt sambærileg tæki, tölvutæknin í þessum efnum er slík að sumir þeirra herma sem voru fullkomnir fyrir nokkrum árum eru úreltir í dag. Menn geta farið í tölvuna heima hjá sér og náð nákvæmlega sömu markmiðum og hermarnir gefa í dag. Við skulum bara horfast í augu við það eins og það er að möguleikarnir liggja í þessu hvar sem er á landinu.

[21:05]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen hlýtur að skilja það sem fram kemur í frv. um kjaramál sjómanna, þar sem sagt er að nánar verði ákveðið hvar námskeiðin skulu haldin. Hann getur þess sérstaklega að það eigi að vera í Reykjavík en sagði að lokum að tölvutæknin væri orðin slík að ekkert þyrfti að binda þetta við Reykjavík. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna hann var að nefna Reykjavík í ræðu sinni.

Hins vegar kostar siglingarsamlíki nokkra peninga og sjálfsagt verður ekki hægt á næstu árum að taka tölvuna á skrifborðinu heima hjá sér í notkun eins og siglingarsamlíki. Um einhver ár enn verða menn að koma til þeirra staða þar sem þessi tæki eru til staðar til þess að æfa sig og þjálfa.

Hins vegar er þetta aukaatriði í öllu málinu. En ég vildi aðeins gera athugasemdir við þennan málflutning um það að Reykjavík væri alvond fyrir þá sem endurmenntunarnámskeið sækja.

[21:07]

**Árni Johnsen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson skuli hafa lagt mér þau orð í munn að ég sæi allt svart í Reykjavík. Hann getur aldrei hafa fundið því stað í orðum mínum. Kannski er verið að elta ólar við smáatriði í þessu dæmi þar sem stórt „ef" er á bak við. En þetta er óklárt í uppsetningunni og við þekkjum tilhneigingu ráðuneyta til að búa til apparat. Tilhneiging ráðuneytanna er að búa til apparatið í Reykjavík. Það þarf ekki að vera af hinu illa en í þessu tilviki er það óþarfi og ástæða til að horfa til allra annarra kosta fremur, að endurmenntunin eigi sér stað á vettvangi sjómannanna sjálfra og jafnvel í skipum þeirra.

[21:08]

**Útbýting þingskjala:**

Álagning opinberra gjalda, 612. mál, fsp. ÖS, þskj. 1039.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, 609. mál, þáltill. StG og EOK, þskj. 1036.

Tilkostnaður við tannréttingar, 610. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1037.

[21:08]

***Ágúst Einarsson:***

Herra forseti. Við erum að ræða um frumvörp sem eru afleiðing af vandamálum. Þessi vandamál snúa að samningsgerð og vinnubrögðum við samningsgerð í sjávarútvegi. Frumvörpin eru ekki lausn á þessum vandamálum heldur er einungis tekið á tilteknum afleiðingum atburðarásar sem á sér miklu dýpri rætur en endurspeglast við samningsgerðina.

Mjög illa hefur horft í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna um nokkuð langan tíma. Hin síðari ár hefur oft og tíðum komið til verkfalla og menn hafa ekki náð kjarasamningum. Þetta er ekki fyrsta verkfallið sem verið er að binda enda á á síðustu árum. Ýmislegt bendir til þess að þegar samningstíma lýkur samkvæmt þessu frv. að þessi erfiðu samskipti haldi áfram.

Í þeim lögum sem eru sett núna og í þessum fjórum frumvörpum er vitaskuld mjög slæm niðurstaða. Í sjálfu sér skiptir engu máli, herra forseti, hvert væri efni laganna. Það hlýtur alltaf að vera mjög vond niðurstaða að það þurfi að kveða upp úr um samninga um kaup og kjör í lögum í stað þess að aðilar gangi frá málum sínum í kjarasamningi. Hins vegar er athyglisvert við frumvörpin að ríkisstjórn Íslands hefur ekki góða stöðu í þessari atburðarás. Einu afskipti ríkisstjórnarinnar af þessu máli hafa verið til vandræða við lausn kjaradeilunnar.

Menn muna glöggt eftir í þessum sal þegar varla var skollið á verkfallsaðgerð, sem er fyllilega lögmætt vopn í kjarabaráttu, að þá vildi ríkisstjórnin setja lög og banna það verkfall sama dag. Stjórnarandstaðan náði að stöðva framgang þess máls ásamt sjómannaforustunni og því máli var frestað en samur var vilji ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Það er ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar, sama hvaða ríkisstjórnar það er, að höggva á hnúta í kjaradeilu. Það hlýtur ávallt að vera neyðarúrræði, það mikið neyðarúrræði að ekki má grípa til þess nema við mjög sérstakar aðstæður. Ég efast um það, herra forseti, að þær sérstöku aðstæður hafi verið hér uppi þó svo þessir aðilar hafi ekki náð saman um stund. Bæði hafa menn séð verkfallsaðgerðir lengur, bæði í sjávarútvegi og í öðrum atvinnugreinum, og samt náð niðurstöðu í kjarasamningi. Ef til vill er ástæða þess að öll þessi frumvörp komi fram og allt vonleysið í umræðunni um að menn nái niðurstöðu í kjarasamningum meira bundið því andrúmslofti sem ríkir í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna en efnislegum rökum.

Sjávarútvegurinn hefur einnig verið mjög mikið í umræðunni, ekki einungis hvað varðar samskipti útgerðarmanna og sjómanna, heldur einnig samskipti eða umgengni eða afnotarétt útgerðarmanna yfir auðlindinni, veiðiheimildunum. Við þekkjum vel þá umræðu í þessum sal, umræðuna sem tengist veiðileyfagjaldi og óbilgirni útgerðarmanna hvað þann þátt varðar í allri umræðu. Verjendur núverandi kerfis, gjafakvótakerfis, eru þó einmitt sömu aðilarnir og standa að þessum frumvörpum. Það eru þeir sem hafa forgöngu um að setja lög á kjarabaráttu og kjaradeilu launþega og banna verkfallsvopnið í tvö ár.

Herra forseti. Það er einnig vert að hugsa um stöðu Alþingis í þessu máli. Því hefur verið lýst yfir af hálfu hæstv. sjútvrh. að litlar breytingar verði hægt að þola á þessum frumvörpum. Þegar einstakir stjórnarþingmenn hafa jafnvel komið upp og fundið þessu ýmislegt til foráttu, einstökum atriðum í frumvörpunum, hafa aðrir stjórnarþingmenn komið jafnharðan upp og bent á að það verði ekki hægt að gera nema smávægilegar breytingar og tæknilegs eðlis.

Vitaskuld eru það slæm vinnubrögð að Alþingi Íslendinga sé sett upp við vegg á þann hátt að raunverulega er gerður samningur við tiltekna aðila á vinnumarkaðnum og Alþingi á síðan að lögfesta þann gerning meira og minna óbreyttan. Þetta er hins vegar ekkert nýtt. Þetta hefur margoft komið fram á Alþingi í sambandi við kjaradeilur og reyndar í sambandi við margvíslega aðra löggjöf þegar menn telja

hagsmuni vera það brýna að framkvæmdarvaldið hafi gengið frá samningum og síðan viljað fylgja þeim eftir með lögfestingu með meiri hluta sínum. Það er vitaskuld réttur framkvæmdarvaldsins sem býr við meiri hluta á Alþingi að viðhafa þau vinnubrögð en það setur samt sem áður Alþingi, og þá sérstaklega stjórnarandstöðuna, í erfiða stöðu.

Öll afskipti hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar af þessari deilu voru slæm. Það var slæmt þegar ríkisstjórnin lagði upp með að banna verkfallið á fyrsta degi. Það var slæm aðferð hjá hæstv. sjútvrh. að gefa fyrirheit um að lögfesta niðurstöðu þríhöfðanefndarinnar, ásamt miðlunartillögu. Þá á ég ekki við vinnu hennar heldur fyrirheitin um lögfestingu niðurstöðu ásamt miðlunartillögu. Í mínum huga eru þetta ekki góð afskipti að koma þannig að kjaraviðræðum en ég ber fulla virðingu fyrir þeim ágætu mönnum sem sátu í þríhöfðanefndinni og útbjuggu frumvörpin. Allir sem til þekkja vita að þau vandamál sem þar er verið að taka á eru flókin og erfið. Í þessum frv. þríhöfðanefndarinnar er ýmislegt sem orkar tvímælis en tímaskortur hefur valdið því að ekki var hægt að útfæra betur. Nú gefst ekki tækifæri til að veita þessum frv. þá athygli og þá skoðun sem vert væri innan þingsins.

Ríkisstjórnin stefnir að því að þessi frv. verði sem allra fyrst að lögum. Fyrst var rætt um að það yrði í gær, svo í dag og loks á morgun. Ef vilji meiri hluta nær fram að ganga er þó líklegt að það verði á föstudag. Þessi fjögur frv. fá því ekki þá þinglegu meðferð sem skyldi. Efni frv. allra er þess eðlis að vitaskuld hefði þurft að leggjast betur yfir þau en það tækifæri mun Alþingi ekki fá.

Í einu af þessum frv. er t.d. eitt atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. um. Það er í frv. til laga um kjaramál fiskimanna. Meginefni þess frv. er lögfesting á kjarasamningi til tveggja ára. Í 4. gr. er refsiákvæði og þar segir:

„Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum."

Hér er brot á kjarasamningi, sem alltaf getur átt sér stað og kemur stundum fyrir og menn skjóta málinu þá til Félagsdóms ef það er ekki þeim mun alvarlega. Hér segir hins vegar: „Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar ..."

Ég átta mig ekki á þeirri lögfræði sem þarna liggur að baki því að við lögfestingu þessa kjarasamnings skuli kveðið sérstaklega á um slík refsiákvæði. Forvitnilegt væri að fá á því skýringar ef þær hafa þá ekki komið fram fyrr í þessari umræðu.

Frv. um kjaramál sjómanna er vitaskuld mikið álitamál efnislega, þ.e. miðlunartillagan. Formlega hins vegar er það ómögulegt. Að setja lög með þessum hætti í kjaradeilum er að mínu mati algjörlega óásættanlegt. Við höfum hér samningafrelsi og það ber að hafa í heiðri.

Annað frv., um veiðiskylduna, þ.e. um að veiða 50% hvert ár í stað 50% annað hvert ár, styð ég, m.a. vegna þess að á síðasta þingi lagði ég, ásamt nokkrum öðrum þingmönnum í þingflokki jafnaðarmanna, fram frv. um að auka veiðiskyldu. Þar var lagt til að hafa það 80% annað hvert ár. Þetta frv. gerir ráð fyrir 50% hvert ár og er alveg sambærilegt. Ég tel skynsamlegt að menn séu þá annaðhvort innan eða utan þessarar atvinnugreinar. Það á ekki að líðast að menn veiði einungis hluta af sínum veiðiheimildum og leigi hinn síðan út. Þetta er ekki síst óréttmætt meðan þessum veiðiheimildum er úthlutað ókeypis.

Hins vegar er mjög margt í þessu sem hægt væri að leysa með því að allur fiskur færi um fiskmarkaði. Það hefur heyrst áður hér í umræðunni. Nú fara rúmlega 100 þús. tonn af botnfiski um fiskmarkaði af þeim 300 þús. sem koma hér til landvinnslu. Það væri vandalítið að taka við viðbótarmagni á fiskmörkuðum. Fiskvinnslan og landvinnslan öll mundi eflast á því. Verðið væri sýnilegt og miklu af svokölluðu kvótabraski væri þar með lokið. (**Gripið fram í:** Það væru góðir aðalfundir hjá Framsfl.) Meira að segja mætti fyrst ræða um að allur botnfiskur færi á markað. Því mætti velta fyrir sér hvort ekki ætti láta allan þorsk að fara um fiskmarkaði. Við vitum að deilurnar í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna í sambandi við þátttöku í kvótakaupum hafa fyrst og fremst verið tengdar þorski frekar en öðrum tegundum.

Sömuleiðis kemur til álita að takmarka framsalið innan ársins, þ.e. leigukvótann. Vitaskuld er ekki auðvelt að taka á þessu, m.a. vegna þeirrar stöðu sem vel er þekkt t.d. á Suðurnesjunum, þegar kvóti er búinn og útgerðarmenn og sjómenn kaupa í sameiningu kvóta og sjómennirnir taka þátt í þessum kaupum með sérstöku verði á fiskinum. Þetta er óheimilt samkvæmt kjarasamningum. Við vitum að þetta hefur verið misnotað þannig að menn hafa leigt frá sér kvóta en síðan leigt kvóta til sín aftur og látið sjómenn taka þátt í þeim kaupum. Það er ekki einungis ólöglegt heldur versta svíviðra.

Hins vegar þyrfti að finna þessum samskiptum og því hvað gera skuli þegar kvóti er uppurinn á fiskiskipi, betri samningsfarveg hjá sjómönnum og útgerðarmönnum. Þessi erfiðu samskipti er ekki hægt að líða né þá valdbeitingu sem oft á tíðum er beitt gagnvart einstökum sjómönnum eins og dæmi þekkjast um.

Þriðja frv., um Verðlagsstofu, tel ég vera af hinu góða. Sú upplýsingamiðlun sem þar er kveðið á um mun takmarka ólögmæt eða óeðlileg viðskipti. Það upplýsir betur um verðmyndun og stuðlar að því að þessi samskipti verði fyrir opnum tjöldum. Hér er tilraun til að gera úrskurðarnefndina, sem samið hefur verið um, virkari og ég held að ekki sé annað hægt en að taka undir þau ákvæði.

Frv. um Kvótaþing er hins vegar meira matsatriði. Vitaskuld er af hinu góða að þau viðskipti séu ljós og betri yfirsýn náist yfir verð. Hins vegar getur Kvótaþing eins og hér er gert ráð fyrir, haft miklar afleiðingar á Suðurlandi og Suðurnesjum. Það er ekki gott að sjá hvaða áhrif þetta hefur á bátaútgerð. Þessi viðskipti eru umtalsverð í leigukvóta innan ársins. Þau voru 10 milljarðar á næstsíðasta fiskveiðiári, þar af 6 milljarðar milli óskyldra aðila og á síðasta fiskveiðiári hafa þessi viðskipti verið enn meiri. Þessi viðskipti upp á 6–8 milljarða, milli óskyldra aðila, er raunverulega ekkert annað en veiðileyfagjald. Það er athyglisvert að það veiðileyfagjald það sem útgerðarmenn greiða er verulega hátt. Á fiskveiðiárinu 1996–1997 voru það 6 milljarðar sem gengu í leigu milli óskyldra aðila. Þetta eru athyglisverðar tölur frá ríkisskattstjóra og þær voru lagðar fram í þingnefnd hér fyrr í vetur.

Almennt held ég Kvótaþingið komi mismunandi út gagnvart landshlutum. Ég efast reyndar ekki um að verði þetta lögfest muni menn vinna eftir þessu og laga sig að því. Samt er rétt að hafa í huga að það sé ekki alveg ljóst hverjar afleiðingarnar verða.

Mín almenna afstaða gagnvart þessu er að leggjast gegn frv. um kjaramál, styðja frv. um aukningu á veiðiskyldu, einnig frv. um verðlagningu og Verðlagsstofu og upplýsingarnar en setja spurningarmerki við útfærsluna um Kvótaþing. Ég held samt að nefndin gæti farið betur yfir það og kynnt mönnum betur afleiðingar þess máls við 2. umr.

Þessi frumvörp eru samt áfellisdómur yfir samskiptum útgerðarmanna og sjómanna. Rétturinn til kjarasamninga er einn mikilvægasti réttur samfélagsins og það er slæmt að löggjafarvaldið taki þann rétt af viðkomandi aðilum. Engu skiptir hvort rétturinn er tekinn af útgerðarmönnum eða tekinn af sjómönnum. Þeirra er rétturinn til að semja og einnig þeirra skylda. Þeir hafa brugðist þeirri skyldu sinni að leiða málin til lykta og þess vegna eru þessi frv. komin fram. Þau eru afleiðing vandamála, ekki lausn, vegna þess að afskipti ríkisstjórnarinnar af þessu máli voru ekki góð. Og það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á slæmum vinnubrögðum í því. Hún hefur öðrum fremur komið málum í þennan hnút. Það lá ljóst fyrir alveg frá upphafi, að forustumenn útgerðarmanna töluðu alltaf eins og þeir ættu von á lagasetningu í sínum anda þegar viðræður voru sigldar í strand. Vitaskuld er ekki gott að semja undir slíkum kringumstæðum.

Varðandi allt þetta mál er ánægjulegt að stjórnarandstaðan hefur staðið saman í sínum málflutningi og verið samstiga sjómannasamtökunum á öllum stigum þessa máls. Hún hefur komið í veg fyrir verri útfærslu en stefndi í með þessum frv.

Það er áhyggjuefni, herra forseti, að í sjónvarpi í kvöld mátti skilja ummæli Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, sem hótanir um að útgerðarmenn mundu ekki senda skip sín til veiða. Það er mjög ámælisvert að lesa megi þetta úr viðbrögðum forustumanns útgerðarmanna. Ég er ekki að ætlast til þess að forustumenn útgerðarmanna eða forustumenn sjómanna lýsi sérstakri ánægju sinni varðandi alla þessa málsmeðferð. Það er áhyggjuefni þegar forustumaður útgerðarmanna tekur þannig til orða að skilja megi sem hótun um að skip fari ekki til veiða ef þessi lagasetning nær fram að ganga. Líklegast eru þessi ummæli viðbrögð reiði vegna niðurstöðu af viðræðum hans við hæstv. ríkisstjórn. Ég veit ekki hvernig þær viðræður voru en ég bið menn að gæta allrar sanngirni varðandi það að löggjafinn og ríkisstjórnin hefur vitaskuld rétt til að reyna að höggva á þennan hnút þótt ég sé ósammála, bæði því að málið sé borið fram á þann hátt sem hér er gert og einnig að kveðið sé á um kjaramál sjómanna í frv. til laga.

Ég tel að ríkisstjórnin hafi með aðkomu sinni allan tímann stefnt þessu í þann hnút sem núna er verið að reyna að leysa. Þessi niðurstaða, þessi fjögur frv., eru öllum vonbrigði. Það getur ekki verið neinum ánægjuefni, jafnvel þó endi sé bundinn á verkfall. Verkfall er réttur manna í kjaradeilu. Það getur varla orðið nokkrum til ánægju að lög þurfi að setja í kjaradeilu. Þar með er rétturinn til kjarasamninga tekinn úr höndum þeirra sem hafa þann rétt og þær skyldur.

Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki lagst gegn því að þessi mál verði rædd á málefnalegan hátt. Við höfum stuðlað að því að 1. umræðu geti lokið í kvöld þannig að nefnd geti í fyrramálið tekið til starfa við að fjalla um þessi mál af ábyrgð. Það er hins vegar erfitt fyrir þingnefnd og þingið allt að búa við þau fyrirmæli eða óskir frá ríkisstjórn um að allra minnstu megi breyta í löggjöfinni. Þessi frumvörp og vinnubrögð eiga að vera okkur víti til varnaðar í framtíðinni að jafnerfiðum kjaradeilum og þessari kemur.

[21:30]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Hér þarf ekki að hafa mörg orð. Það er harmsefni þegar Alþingi verður að grípa inn í kjaradeilur. Lýðræðið er að bíða mikið afhroð þegar aðilar á vinnumarkaði koma sér ekki saman um nýjan kjarasamning og slíkt strandar aftur og aftur eins og nú hefur gerst. Stóryrði falla og klögumálin ganga á víxl og í raun er erfitt fyrir hinn almenna mann í þjóðfélaginu að átta sig á deilunni, slíkir sérfræðingar í þrætulist koma hér þannig fram.

Ég tel að bæði útgerðarmenn og sjómenn verði að líta í eigin barm og íhuga hvort ekki sé rétt að skipta um forustumenn í öllum samtökum sem að málinu koma, a.m.k. þá sem í Karphúsinu sitja. Auðvitað hefði átt að skipta um samninganefnd. Framkoma þeirra manna sem hafa farið fyrir deiluaðilum hefur minnt á spaugstofu í mínum huga. Það hefur verið gengið fram með þeim hætti. (**SJS:** Ljótt er að heyra.)

Þeir sem semja fyrir stéttir sem búa við lakari kjör ná saman um sín málefni og undrar maður sig stundum á því hvað þeir geta samið um lágt kaup. (**SJS:** Það er ..... efni.) Það er rétt, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að það er íhugunarefni og um leið sér maður náttúrlega í hvers slags ógöngur sú deila sem við ræðum er komin í. (Gripið fram í.) Oft er það þegar deilur harðna og stranda að þá þarf nýja menn til að skynja nýja leið og ná deilunni upp úr hjólfarinu.

Hvað þau frv. varðar sem hér liggja fyrir þá óttast ég auðvitað nokkur atriði, að ákvæði þeirra kunni að skerða möguleika ekki síst smærri útgerða kvótalítilla báta þar sem duglegir einstaklingar hafa verið að komast inn í útgerðina. Á ég þar við veiðiskyldu o.s.frv. og að framsalsréttur verði skertur. Þetta kann því að skaða sjómennina í leiðinni og verða kannski endalokin á litlum útgerðum, því miður.

Auðvitað eiga lögreglan og dómstólar að taka á þeim fáu aðilum sem brjóta kjarasamninga sjómanna. Fáeinir aðilar í útgerð, sem slíkt ástunda, eiga að sæta refsingu og eiga að verða sviptir þeim rétti að koma nálægt auðlind sjávarins. Hinir mörgu eiga ekki að líða fyrir þá fáu skúrka. Að vísu liggur það fyrir að sjómenn veigra sér við að kæra og hitt hygg ég að sé líka ljóst að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur því miður tekið slælega á þeim brotlegu. Þar tel ég að forustumenn útgerðarmanna hefðu átt að bregðast hart við og styðja löglegar og réttar kröfur sjómanna. Þetta er mín sannfæring og ég vil að hún komi hér fram.

En ég vil lýsa því yfir að ég bind vonir við ýmis atriði sem í frv. eru, þá ekki síst að Kvótaþingið eigi eftir að breyta miklu. Það mun gera öll viðskipti opinber og um leið öllum kleift að kaupa og ljóst hverjir eru að selja frá sér. Kvótaþing gæti orðið til þess að lækka kvótaverð í framtíðinni, sem að mínu mati hefur verið allt of hátt. Ég vona að Kvótaþing stuðli að meiri sátt í landinu um málefni sjávarútvegsins.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi kjaradeila sé í mikilli sjálfheldu og engin lausn sé í sjónmáli. Þess vegna styð ég stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli og þau frv. sem hér liggja frammi. Auðvitað mun hv. sjútvn. grandskoða frv. og glöggva sig á efni deilunnar. En mín von, og það skulu vera mín lokaorð hér við þessa umræðu, er sú að aðilar málsins nái áttum á næstu tveimur árum og geri út um sín deilumál og þau þurfi ekki að koma hér til lausnar inni á Alþingi Íslendinga.

[21:36]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ill nauðsyn krefst þess að við tökum á þeirri kjaradeilu sem nú er í gangi. Það hefur verið spurning hversu hratt átti að taka á þessu, þ.e. hversu lengi átti að leyfa deiluaðilum að reyna að ná lausn. En nú hefur sú ákvörðun verið tekin að ríkisvaldið gangi núna til aðgerða enda eru miklir hagsmunir í húfi. Það kunna jafnvel hundruð milljóna á dag að fara forgörðum fyrir þjóðarbúið á meðan deilan er óleyst og flotinn er bundinn í höfn.

Hins vegar er mjög slæmt að ganga á samningsréttinn og það á aldrei að gera nema þegar mjög illa gengur og ekki útséð um að samningar náist. Í þessari deilu hefur verið óvenju mikil heift og mikið um persónuleg illindi og jafnvel þannig að það er orðið mikilvægara að fá sálfræðinga til að aðstoða menn en hagfræðinga og aðra með menntun í viðskiptafræðum. Ég er sannfærður um að enginn hv. þm. muni greiða neinu þessara frv. atkvæði með glöðu geði.

Herra forseti. Hvers vegna eru deilurnar svona illvígar? Hvers vegna eru svona illvíg átök á milli sjómanna og útgerðarmanna? Það er vegna þess að sumir sjómenn fá laun miðuð við 100 kr. á kíló af þorski. Aðrir sjómenn fá laun miðuð við 70 kr. fyrir kíló af þorski og enn aðrir fá laun miðuð við jafnvel niður í 40 kr. fyrir kíló af þorski. Og þetta eru menn sem vinna hlið við hlið á sambærilegum skipum sem landa jafnvel í sömu höfn. Þetta veldur deilunni.

Hvers vegna er þetta svo? Hvers vegna fá sjómennirnir svo mismunandi verð? Það er vegna þess að sumir vinna hjá útgerð sem hefur fengið kvótann gefins. Hún hefur ekki þurft að kaupa þennan kvóta. Aðrir vinna hjá útgerð sem hefur þurft að kaupa kvótann og þeir sjómenn sem vinna hjá útgerð sem ekki á kvóta neyðast til að taka þátt í kvótakaupunum vegna þess að annars hafa þeir ekki vinnu, annars leggja þeir ekki úr höfn og þeir eru í rauninni að borga auðlindagjaldið ásamt útgerðinni.

Vandamálið er nefnilega ekkert annað en eignarhaldið á auðlindinni. Það er vandamálið sem við eigum við að glíma og þessi vandi mun verða viðvarandi. Þetta verður ekkert búið með þessari lagasetningu, þetta mun halda áfram. Eftir nokkur ár mun það verða svo að sjómenn munu taka þátt í greiðslu fyrir veiðiheimildir vegna þess að eigendur þeirra útgerða sem eiga kvóta munu gera arðsemiskröfu til þess kvóta. Þeir munu gera arðsemiskröfu til þess fjár sem bundið er í kvótanum og ella væri hægt að selja, leggja inn á bankareikning eða kaupa fyrir það spariskírteini. Arðsemiskrafa til þessa fjár mun því myndast þannig að útgerðarfyrirtækin sem eiga mikinn kvóta munu þurfa að skila eigendum sínum miklum arði af þessari eign og það mun verða nákvæmlega sami arðurinn og þau fyrirtæki sem ekki eiga kvóta og þurfa að leigja hann til sín, þurfa að standa undir. Því mun myndast krafa um að greiða arð af auðlindinni og sú krafa mun koma fram hjá sjómönnum líka, beint eða óbeint. Í framtíðinni munu sjómenn þurfa að borga kvóta, allir saman. En það verður væntanlega eitthvað lægra en það háa verð sem er á kvótanum í dag.

Herra forseti. Það frjálsa og lipra framsal sem er á kvótanum nú er uppspretta þeirra verðmæta sem menn eru að deila um. Það er uppspretta þess hve kvótakerfið er arðbært. Ef ekki væri frjálst framsal á kvótanum og gömul skip yrðu að veiða aflann hvað sem það kostaði því hann væri bundinn við skip og ekki mætti framselja, þá yrði útgerðin afar óhagkvæm. Þá þyrfti miklu meiri mannskap til að ná í aflann og við hefðum ekki þennan arð sem allir eru að bítast um.

Nú tala sjómenn um kvótabrask og krefjast þess að það verði afnumið og þeir horfa til þess að framsalið verði afnumið. En um leið eru þeir að krefjast þess að arðsemin, hagnaðurinn af kerfinu verði afnuminn. Það er kannski það sem menn vilja. Menn vilja kannski ekki hafa neinn hagnað af kerfinu. Kannski stefnir allt í það. (**Gripið fram í:** Eða bara tap.) Já, jafnvel tap eins og var hérna áður en takmarkanir á veiðiheimildum voru teknar upp og framsalið var leyft, þá var nefnilega tap á útgerðinni. Þá var vandamálið það að koma skipunum út vegna taprekstrar. (**SJS:** Rétti upp hönd þeir sem vilja tap.) Já, rétti upp hönd þeir sem vilja tap, herra forseti. Mér sýnist að spurningin sé orðin um það því að takmörkun á framsali svo sem hér er lögð til að kröfu sjómanna þýðir minni hagnað. (**SvG:** Hver er forseti hér?)

Herra forseti. Eitt atriði í þessum samningum hélt ég að væri einhver misskilningur, bara einhver della og það var þetta furðulega ákvæði að þegar fækkað er í áhöfn þá vex kostnaður útgerðar. Ég hélt fyrst að ég heyrði ekki rétt og ég hélt að einhver hefði gert svona smámistök einhvern tíma sem yrðu leiðrétt í hvelli þegar skynsamir menn settust niður. Þetta er svo mikil della að maður skilur það ekki. Nú kemur í ljós að það má ekki. Og hvers er vegna það? Vegna þess að búið er að framkvæma það. Í tillögunum sem lagðar voru fram fyrir hið háa Alþingi er gert ráð fyrir að þetta verði afnumið, líka afturvirkt. Það er náttúrlega alveg út í hött. Ég ætla að leggja til við hv. sjútvn. þegar hún fjallar um þetta í fyrramálið að hún skoði þá leið að takmarka þetta ekki bara við rækju heldur segja að ef fækkað er í áhöfn skipa frá og með deginum í dag þá skuli það alla vega ekki kosta útgerðina meira. Að sjálfsögðu ætti útgerðin að fá eitthvað líka fyrir það. Að sjálfsögðu ættu menn að skipta þessum hagnaði á milli útgerðar og áhafnar vegna þess að fækkun í áhöfn er yfirleitt vegna fjárfestingar, vegna einhvers átaks útgerðarmannsins. Hann þarf að fjárfesta í nýjum tækjum, í nýjum búnaði eða slíku og það er fráleitt að hann þurfi að borga fyrir það. Ef sjómannasamtökin skilja þetta ekki og ætla sér að standa föst á þeirri kröfu að útgerðin tapi á því að fækka í áhöfn, tapi á því að auka framleiðni skipsins, þá stöndum við frammi fyrir stórkostlegri stöðnun í sjávarútvegi hér á landi. Ég er alveg sannfærður um að ef sjómenn hugsa málið til enda þá muni þeir sjálfir krefjast þess að útgerðin hagnist eitthvað pínulítið á því að auka framleiðni skipsins.

Herra forseti. Þau frv. sem við hér tölum um eru takmörkun á frjálsu framsali umfram það sem hefur verið og þar með er hagnaðurinn minnkaður. Vel getur verið að það sé lausnin þannig að menn hætti bráðum að slást um arðinn af þessari auðlind, arðinn af auðlind þjóðarinnar. Þessi frv. munu hafa illar afleiðingar fyrir margar útgerðir. Ég er ekki viss um að menn hafi séð og sjái enn fyrir, sérstaklega á þeim stutta tíma sem er til umræðu um þessi mál, þær afleiðingar sem þessi frv. hafa, sérstaklega á minni útgerðir eins og margir hv. þm. hafa bent á á undan mér. Ég ætla ekki að fara lengra út í það.

Herra forseti. Ég ætla að geta um annað atriði. Hér á að setja á stofn tvær nýjar ríkisstofnanir. Það á sem sagt að blása út ríkisbáknið pínulítið eins og alltaf er gert við allar aðgerðir. Þrír menn á Kvótaþinginu eiga að kosta 16 millj. og fjórir menn í Verðlagsstofu skiptaverðs eiga að kosta 25–30 millj. Og að sjálfsögðu verður þetta í Reykjavík. Þessir sjö starfsmenn verða náttúrlega tíu þegar upp er staðið. Þeir

þurfa rakara og þeir þurfa bakara, eins og þekkt er, þannig að með margfeldisáhrifum verða þetta um tuttugu manns sem munu þurfa að flytja frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ég ætla bara að benda hv. landsbyggðarþingmönnum á þetta. (**Gripið fram í:** Við höfum tekið eftir þessu.)

Herra forseti. Verðlagsstofa skiptaverðs er alveg með ólíkindum. Ég ætla að lesa nokkrar greinar, með leyfi hæstv. forseta:

Í 5. gr. segir. „Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur." Og í 3. mgr. 5. gr. segir: „Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara."

Ef ég sæti í Verðlagsstofu skiptaverðs vildi ég að sjálfsögðu sjá launaseðla allra sjómanna í landinu, og fá þá senda reglulega einu sinni í mánuði, takk. Það er það sem þeir geta krafist.

Þetta er alveg ótrúlegt. Þetta er svo mikið sovét og svo mikið skriffinnskuveldi að ég vil kalla þetta ríkisvæðingu sjávarútvegsins. Og það er kannski það sem stefnir í. (Gripið fram í.) Ríkisvæðing sjávarútvegsins. (**SJS:** Hver flytur frv.?)

Herra forseti. Hv. þm. spyr hver flytji frv. Hæstv. ríkisstjórn flytur það af illri nauðsyn, vegna þess að það er allt komið í hnút hjá þeim aðilum sem fjalla um þessi mál. (**Gripið fram í:** Er ekki sama ...?) Hér er mjög ill nauðsyn og það er þjóðarhagur sem krefst þess að menn taki á þessu máli. Ég mun því styðja þessi frv. öll vegna þess óleysanlega hnúts sem viðræðurnar eru komnar í en ég er ekki ánægður með frv.

[21:47]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt var skynsamlegt í máli hv. þm. eins og oft áður, sérstaklega þar sem hann benti réttilega á að verið væri í lausn málsins að búa til tvær ríkisstofnanir. Það hefur oft áður þótt nauðsynlegt að búa til nýja ríkisstofnun í sambandi við sjávarútveg og er skýrasta dæmið um það svonefnd Fiskistofa, sem var ekki stór í sniðum þegar hún var stofnuð og sagt að hún yrði aldrei mjög stór. En viti menn, á fáeinum árum hefur hún blásið út þannig að starfsmenn eru á annað hundrað. Hún er staðsett í Reykjavík.

Ég er eiginlega alveg viss um að ef Fiskistofa hefði verið staðsett utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. á Akureyri, þá væri hún ekki með á annað hundrað manns, hún væri kannski með 20–30 manns. Það er nefnilega mjög gott ráð fyrir þá sem vilja aðhald og sparnað í ríkisbúskapnum að staðsetja nýjar ríkisstofnanir úti á landi.

Ég vil beina fyrirspurn til hv. þm. Péturs Blöndals: Mun hann styðja tillögu mína um að þær tvær nýju ríkisstofnanir, ef Alþingi samþykkir að koma þeim á laggirnar, verði staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins? Ég hef að vísu ákveðinn stað í huga en ég ljóstra því ekki upp að sinni.

[21:49]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður lýst því að ég hef ákveðinn ótta af hinum miklu fólksflutningum af landsbyggðinni til Reykjavíkur, sem er Reykvíkingum ekki til hagsbóta, ég vil geta þess. Ég gæti því alveg og mun taka vel í það að skoða þær tillögur sem hv. þm. kemur með, sérstaklega ef hann ætlar ekki að setja þær á neinn ákveðinn stað sem honum er hugnanlegur. Það á sérstaklega við um Verðlagsstofuna. Kvótaþingið mundi ég helst vilja framselja til Verðbréfaþingsins eða einhverra annarra aðila sem hafa á þessu þekkingu og reynslu og geta örugglega gert það miklu ódýrara en einhverjir óreyndir menn úti á landi. (**Gripið fram í:** Og hafa rakara þar líka.)

[21:50]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér hefur verið farið allítarlega yfir efnisatriði þessara frv. og er í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta þegar talsvert er liðið á umræðuna. Það er þó eitt atriði sérstaklega sem ég ætla að gera að umtalsefni í máli mínu og það er 3. gr. frv. um kjaramál fiskimanna. Ég hlýt í framhaldi af því beina nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh. um þetta mál.

Ég hef heyrt þingmenn velta því fyrir sér hvernig á því stendur að aldrei er hægt að ná kjarasamningum um kjör sjómanna. Aftur og aftur hefur það gerst á undanförnum missirum að menn hafa talið sig nauðbeygða til að leysa hlutina á annan hátt. En að sama skapi hafa menn kannski ekki velt því fyrir sér sem skyldi hver ástæðan er fyrir þessu. Að nokkru leyti kom ástæðan fram í máli hv. síðasta ræðumanns áðan, hv. þm. Péturs Blöndals. Ástæðan er að nokkru leyti sú að verðið á fiski hefur verið misjafnt til sjómanna eins og menn þekkja. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú að ríkjandi er ósætti um fiskveiðistjórnarkerfið í landinu. Það er vegna þess að menn eru að takast hart á um mjög mikil verðmæti sem ósætti er um hvernig á að skipta. Það er af þeim ástæðum sem ekki hafa náðst samningar um kaup og kjör.

Þetta hefur orðið til þess að sú deila, sem staðið hefur að undanförnu, hefur magnast upp svo að segja með hverjum einasta degi og satt að segja hefur maður heyrt í fjölmiðlum, aðallega af hálfu talsmanna útgerðarinnar, óvenjuleg fúkyrði um hinn samningsaðilann, sem ég ætla ekki að hafa eftir úr þessum virðulega ræðustól.

Fyrir nokkru ætlaði ríkisstjórnin að grípa inn í þessa deilu með því að setja lög um gerðardóm, sem átti að kveða upp úrskurð um kjarahluta deilunnar. Stjórnarandstaðan stöðvaði það frv., sat undir alveg gífurlegri gagnrýni af hálfu stjórnarliðsins fyrir það, bæði úr Framsfl. og Sjálfstfl., einkum reyndar af hálfu hæstv. forsrh., sem veittist að stjórnarandstöðunni í sambandi við það mál. Og það er ástæða til að rifja það upp vegna þess að það hefur verið notað, af hálfu stjórnarflokkanna og aðallega hæstv. forsrh., til að tefja það að eðlilegar umbætur gætu náð fram að ganga á þingsköpum Alþingis. Það hefur í rauninni verið settur þverbiti fyrir það af hálfu stjórnarflokkanna, eftir þessa niðurstöðu, að hægt væri að vinna eðlilega að nauðsynlegum og óhjákvæmilegum endurbótum á þingsköpum Alþingis. Þetta sýnir auðvitað hvað þessi deila er hörð og hvað þetta mál er allt erfitt að hæstv. ríkisstjórn skuli, mér liggur við að segja, leyfa sér að haga sér með þeim hætti sem hæstv. forsrh. hefur gert í þessu sérstaka máli.

Stjórnarandstaðan stöðvaði þetta mál á sínum tíma og það varð til þess að menn héldu áfram viðræðum. Niðurstaðan var sú að menn fóru ótrúlega langt með viðræður. En herslumuninn vantaði alltaf á að menn næðu í land.

Niðurstaðan varð síðan sú að þessi frv. voru samin og voru þau kynnt stjórnarandstöðunni í Stjórnarráðinu í gærmorgun og þá var látið í veðri vaka af hæstv. ríkisstjórn að þetta væru fullkomin og í rauninni algóð frv. og alveg ástæðulaust að breyta þeim. Farið var fram á það við stjórnarandstöðuna í gær að málin yrðu tekin á dagskrá í gær. Því var hafnað af stjórnarandstöðunni vegna þess að menn vildu fá að ræða við hagsmunaaðila um málið. Og viti menn, sú töf sem aftur var kennd stjórnarandstöðunni varð til þess að laga málið og bæta það. Ég er alveg sannfærður um að ef menn hefðu gefið sér aðeins lengri tíma hefði verið hægt að þoka þessum málum jafnvel enn þá lengra áleiðis.

Í stuttu máli sagt verður auðvitað að viðurkenna það, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur haldið illa á þessu máli. Hún ber að miklu leyti ábyrgð á því hvernig deilan hefur þróast.

Það kemur líka fram í ummælum þingmanna stjórnarflokkanna, að hver á fætur öðrum sem talaði í dag t.d. hv. þm. Árni Johnsen, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og Pétur Blöndal, hafa gagnrýnt þetta frv. mjög harðlega og þessi frv. öll sem hér eru til meðferðar og alla málsmeðferðina eins og hún leggur sig. Hv. þm. Pétur Blöndal heldur því fram að málið sé svo slæmt að það minni ekki á neitt annað en hin gömlu Sovétríki, en segir þó að það sé ill nauðsyn. Með öðrum orðum að sovétkerfið hafi verið ill nauðsyn, og það er nokkuð athyglisverð niðurstaða hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, 16. þm. Reykv.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að greinilega er enginn sáttur við málið, það er enginn sáttur við málið eins og það er. Við höfum í okkar þingflokki, Alþb. og óháðra, lýst því yfir af okkar hálfu að við munum eindregið greiða götu þessara þriggja mála vegna þess að þau eru hluti af niðurstöðu sem sjómenn felldu sig við þegar þeir studdu miðlunartillöguna. Þannig að okkar afstaða í þeim efnum liggur út af fyrir sig alveg fyrir.

En hitt er alveg ljóst að frv. um kjaramál fiskimanna er algerlega óalandi og óferjandi, það verður að segjast eins og er. Við munum greiða atkvæði á móti því. Það er ekki einu sinni hægt að sitja hjá um mál af þessu tagi. Það sem veldur þar mestu er 3. gr., 5. gr. og 2. gr. jafnvel þó að henni verði breytt. Það er því bersýnilegt að þegar kemur að atkvæðagreiðslu um þessi mál hljóta okkar þingmenn að beita býsna mikilli ákveðni í afstöðu sinni.

Ég vil áður en ég kem að 3. gr. aðeins víkja nánar að 1. gr. frv. og benda á hvað hún er í rauninni sérkennileg, því að hér segir, með leyfi forseta: „Efnisákvæði miðlunartillagna þeirra sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar kjaradeilum á fiskiskipaflotanum þann 16. mars 1998, og birt eru á fylgiskjölum I–IV sem eru hluti af lögum þessum, skulu frá gildistöku laga þessara ...“ o.s.frv.

Þetta þýðir í raun að öll þessi fskj. eru lög. Að öll þessi fskj. sem birtast sem fskj. með frv., fskj. I–IV, eru lög. Það verða þá lög í landinu á þessum tíma, fram til 15. febrúar árið 2000. Hvernig á að fara með hækkun kaupliða, hvernig á að fara með eingreiðslur dánarbóta, hvernig á að fara með örorkuþátt slysatryggingar sjómanna, hvernig á að fara með hafnarfrí á frystitogurum o.s.frv.? Það er auðvitað alveg ofboðslegur hlutur fyrir Alþingi að standa frammi fyrir því að þurfa að setja þessi fyrirkomulagsatriði í lög, eins og um vaktafrí á frystitogurum, svo ég nefni dæmi, fyrir utan hundruð annarra atriða sem eru í þessum fylgiskjölum.

Það hlýtur því að vera okkur dálítið umhugsunarefni af hverju þetta er svona. Og líka umhugsunarefni fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu. Með þessu er ég ekkert að sýkna einn eða neinn og síst útgerðarmenn í þessu dæmi. En ég spyr: Hvað er þá okkar starf orðið í sex hundruð sumur ef staðan er orðin þannig að jafnstór og þýðingarmikil stétt og sjómenn ná ekki kjarasamningum? Og verkalýðshreyfingin í landinu hefur í rauninni engin úrræði heldur til að hjálpa þeim til að ná kjarasamningum, sem er nokkurt umhugsunarefni.

Mér finnst einhvern veginn að sú spurning varðandi sjómennina hljóti að reyna dálítið á þolrifin gagnvart því sem einu sinni var kallað samstaða eða „solidaritet“ í verkalýðshreyfingunni, vegna þess að það skiptir dálítið miklu máli. Af því að þessi stétt er bundin á höndum og fótum til 15. febrúar árið 2000 og hún getur ekki byrjað á hinum góðu viðræðuáætlunum hinna fullkomnu laga Páls Pétursssonar fyrr en 16. febrúar árið 2000. 16. febrúar árið 2000 er loksins hægt að byrja á að losa sig út úr þessu. Þetta er svakalegt. Það er í rauninni alveg ofboðslegt að standa svona að málum.

Hæstv. félmrh. hefur passað sig á að láta ekki ... ja, hann er hér laumulega í hliðarherbergi, loksins, það hefur ekki sést í hann, þann mikla mann í allan dag fyrr en núna og er boðinn hjartanlega velkominn á fundinn. Hæstv. félmrh. hefur haldið um það langar ræður að vinnulöggjöfin nýja sem hann beitti sér fyrir hafi algjörlega ráðið úrslitum og gjörbreytt kjaramálastöðu í landinu, þannig að verkalýðshreyfingin á Íslandi geti héðan í frá náð sæmilegum kjarasamningum. Hvaða áhrif hafði vinnulöggjöf hæstv. félmrh. Páls Pétursssonar í sjómannadeilunni? Vill hæstv. ráðherra svara því? Ég hygg að það sé þvert á móti þannig að í ljós komi ef menn skoða málið nánar að vinnulöggjöf hæstv. félmrh. Páls Pétursssonar í sjómannadeilunni, ef eitthvað er, hafi heldur verið til bölvunar. Veruleikinn er í rauninni sá að ríkisstjórnin er með þessu frv. að kveða upp dóm yfir vinnulöggjöf hæstv. félmrh.Páls Pétursssonar og segja: Hún er ónýt þegar mikið liggur við. Nú vill svo til að hæstv. félmrh. er einn af flutningsmönnum þessa frv. Hann er að flytja frv. til laga um dóm yfir sjálfum sér og má segja að þar komi vel á vondan, eins og máltækið segir.

Herra forseti. Þetta lýtur alveg sérstaklega að 3. gr. frv. sem ég ætla nú að lesa, með leyfi forseta:

„Vinnustöðvanir þeirra aðila sem um ræðir í fylgiskjölum I–V svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.“

Síðan segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar árið 2000.“

Hvað þýðir þetta hér? Þetta þýðir í fyrsta lagi að komið er á því sem kallað er friðarskylda deiluaðila á öllu tímabilinu. Á öllu því samningstímabili sem hér um ræðir, eða hvað? Ég spyr. Er það ekki rétt? Ég vil að hæstv. ráðherra svari því. Er ekki rétt að hér sé verið að kveða á um allsherjarfriðarskyldu beggja samningsaðilanna á tímabilinu til 15. febrúar árið 2000?

Í öðru lagi bannar ákvæðið allar vinnustöðvanir þessara aðila út af þeim samningi sem kveðið er á um í miðlunartillögunni. Er það ekki rétt?

Í þriðja lagi segir ákvæðið: Það má semja um aðra skipan kjaramála. Þá spyr ég: Geta deiluaðilar, geta aðilar málsins, þ.e. útvegsmenn og sjómenn, samið um að stytta samninginn? Geta þeir samið um að samningurinn renni út t.d. 31.

desember 1998? Ég er ekki að segja að þeir geri það. En geta þeir það? Eins og þetta lítur út hér er alveg nauðsynlegt að fá svör ráðherranna við þessu efni málsins til þess að það auðveldi meðferð málsins í þingnefnd og af því líka að hv. félmn. mun fara yfir þessi mál sérstaklega held ég að þetta þurfi að skoðast.

Í fjórða lagi fylgir sá böggull skammrifi að þó að semja megi um aðra skipan kjaramála og þar með að stytta samninginn eða lengja eftir atvikum eða breyta honum að öðru leyti má ekki efna til vinnustöðvunar þess vegna. Það er því ekki aðeins verið að kveða á um svokallaða friðarskyldu aðila út af þeim samningi sem felst í miðlunartillögunni heldur er líka verið að banna verkföll út af hugsanlegum breytingum sem menn mundu vilja takast á um á þessum samningi. Ég hygg að það sé mjög langt síðan menn að hafi gengið svo langt í ákvæðum af þessu tagi að þeir hafi ekki einasta bannað verkföll vegna þess sem verið er að kveða á um á þeirri stundu heldur líka verkföll vegna hugsanlegra breytinga sem aðilar samningsins vilja takast á um. Ég segi þess vegna, herra forseti, burt séð frá því hvaða skoðun ég hef á málinu sem ég hef gert grein fyrir að ég tel að sé alveg fráleitt, að þetta sé algerlega út í hött. Hér eru menn að nota sleggju þegar hamar dygði og ég tel að þessi texti eins og hann lítur út sé algerlega fráleitur. Ég fer fram á það við hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. að þeir, burt séð frá efni málsins að öðru leyti, velti því fyrir sér hvort ekki er allt of langt gengið í að reyra sjómannastéttina algerlega fasta á þessum tíma fram að 15. febrúar 2000 þannig að þeir eru ekki frjálsir gerða sinna fyrr en 16. febrúar árið 2000.

Ekki er allt búið enn, herra forseti. Segjum nú að sjómennirnir og útvegsmennirnir verði að una niðurstöðunni til 15. febrúar árið 2000, þá er það þannig að á tímanum gildir miðlunartillaga og í 1. gr. hennar er þetta orðað svona:

„Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar."

Með öðrum orðum 15., eða 16. febrúar árið 2000 öllu heldur, tekur gildi hjá sjómönnum sá samningur sem við vorum með í gær eða er þeir unnu síðast áður en verkfall hófst. Með öðrum orðum þýðir þetta ákvæði að verið er að segja: Sjómenn fara 16. febrúar árið 2000 inn á samning sem var síðast í gildi snemma á árinu 1998. Það sjá allir að hvað sem efni málsins líður er þetta tæknilega fráleitt, algerlega fráleitt, og ég skora á hv. sjútvn. að fara í saumana á þessu uppsagnaratriði, þessu losunaratriði kjarasamningsins sem er með lögum verið að þvinga upp á sjómenn.

Staðreyndin er sú að eins og þetta er orðað og búið um málið geta sjómenn ekki farið í aðgerðir vegna nýs samnings fyrr en 16. febrúar árið 2000. Þeir eru því dæmdir til þess að taka við gömlu kjörunum frá því í ársbyrjun 1998 þegar liðnir eru tveir mánuðir inn á árið 2000. Þeir eru dæmdir til þess eins og staðan er núna. (Gripið fram í.) Jú, þeir eru samningslausir og samkvæmt hefð færu þeir inn á þann samning sem gilti síðast áður en þessi samningur er settur á þá. Hvað sem öllu öðru líður er málið illa undirbúið tæknilega. Ég skora hæstv. ráðherra, félmrh. og sjútvrh., að fara mjög vandlega yfir þessi mál vegna þess að ég tel að bæði umbúnaður málsins í 3. gr. og að öðru leyti sé með þeim hætti að það verði að gerast. Ekki þarf að taka fram að auðvitað verður það að gerast í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, þá aðila sem um er að ræða, vegna þess að þó að menn geti ekki talast við út af þessum frv., verða menn auðvitað að reyna að skoða tæknileg frágangsatriði. Annars væru þeir að bregðast umbjóðendum sínum og hlytu að vera tilbúnir til að gera það.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. sjútvrh. og hæstv. félmrh. að greina frá viðhorfum sínum í þessu efni og þess vegna kvaddi ég mér sérstaklega hljóðs út af 3. gr. frv. um kjaramál fiskimanna en vísa að öðru leyti til þess sem fram hefur komið í málflutningi talsmanna Alþb. og óháðra í umræðunum.

[22:08]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi en ég vil þó ekki láta hjá líða að koma því að að ég er hundóánægður með fjölmargt af því sem er í þeim frv. sem hér eru þrátt fyrir að ég standi að málinu í heild sinni.

Byrjum á þskj. 1023, um kjaramál fiskimanna, 2. gr. Ég er mjög ósáttur við það að verið sé að lögbinda aukinn launakostnað útgerðarinnar eins og hér er boðað. Við vitum að íslensk útgerð er sú alafkastamesta í heimi og það sama má segja um íslenska sjómenn. Íslensk útgerð, íslenskir sjómenn, keppa við ríkisstyrktar útgerðir í nálægum löndum og eini möguleikinn fyrir íslenskan sjávarútveg til að standa sig í þeirri samkeppni er að vera stöðugt að hagræða og að ná í þann afla sem við sækjum í sjóinn með minni tilkostnaði en ríkisstyrktu útgerðirnar í nálægum löndum gera. Ég tel að við séum að teppa frekari hagræðingu með því móti eins og hér hefur verið bent á að launakostnaður útgerðarinnar muni aukast ef fækkar í áhöfn skipa.

Að vísu hefur líka komið fram að þetta ákvæði sé komið í fjölmarga samninga hjá ýmsum sjómannafélögum og hjá ýmsum tegundum útgerða en mér finnst óeðlilegt að vera nánast að lögbinda það að launakostnaður hækki ef fækkar í áhöfnum skipa.

Það hefur verið boðað að það eigi að undanskilja rækjuskipin. Ég leyfi mér þá að spyrja, herra forseti: Af hverju ekki að undanskilja loðnuveiðiskipin líka? Það er alveg ljóst að það hlýtur að verða farið að huga að því að fækka í áhöfnum loðnuveiðiskipa. Skipin eru orðin mun betur útbúin en þau voru fyrir örfáum árum og við höfum séð þessi nýju norsku skip þar sem menn eru farnir að stunda þessar veiðar með 7–8 mönnum meðan menn eru með 15–17 menn á góðum íslenskum loðnuskipum. Ég spyr: Af hverju tökum við ekki loðnuflotann inn líka eins og rækjuveiðiskipin?

Hvað með endurnýjun ísfisktogaranna sem við vitum öll að verður að eiga sér stað? Ef þetta verður að lögum eins og hefur verið boðað erum við að koma í veg fyrir að ísfisktogarar verði endurnýjaðir þannig að hægt sé að sækja þennan afla sem þeir eiga með færri mönnum? Þetta er ég mjög ásáttur við eins og þetta horfir núna, vonast reyndar til að sjútvn. geri lagfæringar á þessu þannig að það er kannski óþarfi að ergja sig meira á því í kvöld en ég hef hér lýst, herra forseti.

Í þskj. 1024, um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, er ákvæði um að það beri að skerða aflamark skips ef það veiðir ekki 50% af aflamarki sínu. Ég held að það sé mjög flókið í framkvæmd og hafi mjög marga galla að miða við veiði skipsins. Það er hægt að leika sér að því teoretíska dæmi að þetta geti leitt til þess að t.d. allt aflamark landsins í þorski geti færst á eitt skip. Ef við gefum okkur að eitt skip, svo maður leiki sér að þessu teoretíska dæmi, sé með 10 tonna aflamark í þorski, það nái að veiða 5 tonn en gæftir séu þannig að flotinn nái ekki 50% af aflamarki sínu, þá þýðir

það næsta ár eins og ég skil þetta hérna, að allt aflamark í þorski er komið á þetta eina skip sem var með 10 tonn og náði 5 tonnum. Það segir sig sjálft að það mundi týnast á næsta ári aftur en mér finnst, ef þetta er réttur skilningur, að teoretískt gæti þetta litið svona út. Menn eiga ekki að haga textanum þannig að allt aflamark landsins í þorski gæti lent á einu skipi.

Ég mundi heldur vilja sjá að menn takmörkuðu framsal og þó ég sé almennt á móti því að setja hömlur á framsal á aflamarki, þá vildi ég heldur sjá þá nálgun að menn takmörkuðu framsalið en að miða við að skip næði að veiða 50%.

Ef við berum þskj. 1026, um Kvótaþing, saman við ákvæði í þskj. 1025, um Verðlagsstofu skiptaverðs, þá sýnist mér að þeir sem sömdu þetta frv. hafi haft mun meiri tíma þegar þeir voru að semja þskj. 1025, um Verðlagsstofu skiptaverðs, en þegar þeir sömdu frv. um Kvótaþing. Mér finnst þetta vera mjög hrátt og ég get ekki almennilega lesið út úr þessu hvers eðlis þetta apparat, Kvótaþing, er. Er þetta ríkisstofnun? Það hefur komið fram að menn eru meira að segja farnir að deila um hvar þessi ríkisstofnun eigi að vera stödd á landinu. Það eina sem ég sé um að þetta sé ríkisstofnun er í athugasemd við 7. gr. Þar er sagt að Kvótaþing sé opinber stofnun og stofnkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Kannski má lesa það óbeint út úr lagatextanum en mér hefði fundist eðlilegra að menn segðu hvers konar stofnun þetta sé og menn tækju þá t.d. á því að starfsmannalögin vörðuðu þá starfsmenn sem vinna í þessari stofnun ef þetta er opinber stofnun og eins hvernig skuli fara með þá starfsmenn sem vinna þetta hugsanlega á vegum annars aðila. Svo við berum þetta enn saman við Verðlagsstofu skiptaverðs þá er þar talað um að semja megi við aðrar ríkisstofnanir um að annast þá starfsemi sem þar á að fara fram en þetta er hins vegar opið í Kvótaþinginu. Ég teldi að það væri betra að hafa þetta opið eins og það er í Kvótaþinginu, þ.e. að ráðherra geti samið um eins og hér er nefnt í greinargerðinni, að láta Verðbréfaþingið annast þetta en ekki eins og er í þskj. 1025 þar sem miðað er við að þetta verði að vera ríkisstofnun. Mér finnst samt að það vanti að skýra betur hvers eðlis Kvótaþingið er. Hver á t.d. að fara með, við skulum segja að ákveðið verði að slíta þessu, að fólk hafi uppsagnarfrest?

Í 7. gr. er sagt að þóknun Kvótaþings standi undir kostnaði við þingið. Hver borgar kostnaðinn af því að loka þessari stofnun þegar þar að kemur? Hver borgar kostnaðinn af uppsagnarfrestinum? Á að reikna það inn í gjaldskrána strax í upphafi? Hver fer þá með þann sjóð sem þar myndast og þar fram eftir götunum?

Í 1. tölul. 1. gr. frv. til laga um Kvótaþing segir, með leyfi forseta:

„Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila."

Í greinargerðinni kemur fram að það beri að túlka þetta mjög þröngt. Ég les þetta þannig að tveir aðilar, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar sem eiga saman tvö skip, mættu þá ekki færa á milli skipa sinna. Ég veit ekki hvort þetta er rétt túlkun hjá mér en mér sýnist þó að þetta þýði að ef tveir aðilar eiga saman tvö skip og þá geti þeir ekki flutt á milli eins og ef einn lögaðili ætti skipið eða einn aðili. Ég mundi mjög gjarnan vilja að menn kíktu á það hvort þetta sé ekki óþarflega þröngt.

Varðandi það að binda enda á kjaradeilu með lögum þá finnst mér almennt ógeðfellt að gera það. Ég hef haft og hélt mig hafa það prinsipp þegar ég fór á þing að það mundi ekki henda mig að taka þátt í því. Ég ætla hins vegar að greiða þessum frumvörpum atkvæði mitt og styðja þau þegar þar að kemur af því að ég tel að svo miklir hagsmunir séu í húfi að ekki sé forsvaranlegt að láta þessa aðila sem hafa sýnt að þeir eru ekki þess megnugir að ná saman um sín mál, halda áfram að leika sér að fjöreggi þjóðarinnar eins og þeir hafa gert. Ég mun því styðja þetta þó að ég sé ósáttur við mörg atriði í þessu eins og ég hef rakið.

[22:18]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að taka undir síðustu orð hv. ræðumanns hér áðan um það vonda sem að þessu snýr og það er að skipta sér yfir höfuð af kjaradeilum. Hins vegar hef ég áhyggjur af því hve margir þingmenn hafa komið hér upp í dag og lýst áhyggjum sínum yfir því að ekki skyldu hafa orðið breytingar á mönnunarákvæðum fiskiskipanna. Ég verð að segja að það hljómar eins og ef maður af götunni kæmi hér inn og segði: „Hér ættu ekki að vera nema tíu þingmenn. Það þarf ekki meira til." Ég er hræddur um að sá aðili geri sér ekki alveg glögga grein fyrir starfi þingsins frekar en þingmaðurinn gerir sér grein fyrir starfi sjómannsins. Vandamálið á mörgum fiskiskipum er það að tíð slys verða vegna þess að þau eru ekki nógu vel mönnuð. Dettur mönnum kannski í hug að slysatíðni um borð í fiskiskipum sé vegna þess að menn séu að þvælast þar hver fyrir öðrum? Nei, ég held að við ættum að halda þannig á málinu og vonast til þess að útgerðarmenn og sjómenn finni flöt á því sjálfir hvernig best verður á þeim málum haldið burt séð frá allri launapólitík sem því fylgir. Ég bið því þá menn um að hafa sig hæga sem eru að tala um að rétt sé og eðlilegt að fækka á skipum án tillits til þess hvernig vinnan fer fram, hversu margir eru um borð í dag, hvernig skipið er búið og til hvaða veiða er haldið. Að síðustu skulum við líka hafa það að leiðarljósi og spyrja okkur sjálf: Hvers vegna er slysatíðni jafnmikil til sjós og raun ber vitni? Hún er ekki vegna þess að þar séu ofmönnuð fiskiskip.

[22:20]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. sem var í andsvari að það er langeðlilegast að útgerð og sjómenn leysi það sín á milli hvernig skip eru mönnuð. En ég trúi því ekki að tækniframfarir hafi ekki áhrif á það hvaða þörf sé fyrir mannskap á skipum. Við vitum, þar sem ég nefndi norska loðnuflotann, að mjög miklar tækniframfarir hafa orðið hjá þeim. Það hafa líka orðið miklar tækniframfarir í okkar flota án þess að ástæða hafi þótt til að fækka í mannskap á þeim skipum. Ég vil tengja þetta saman, þ.e. að tækniframfarir munu létta mönnum mjög starfið og hafa gert það og það þýðir þá líka að menn eiga að geta fækkað í mannskap á skipunum.

[22:21]

**Guðmundur Hallvarðsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Gott er að miða við norska loðnuflotann. En menn skulu ekki gleyma því hvernig endurnýjunarreglur fiskiskipaflotans hafa verið hér á umliðnum áratugum. Við erum með skip sem var smíðað 1960 og það er búið að breyta því svo að ekki er eftir nema 1% eða 2% í byrðingi. Svona má telja skipin alveg í þeim tugum sem þau eru til, sérstaklega loðnuskipin. Það er nefnilega þannig að þó að þeim hafi verið breytt og þau bætt, þá er ekki mikið — ég man ekki hvenær síðasta loðnuskipið var smíðað fyrir

Íslendinga. En það er saga út af fyrir sig hvernig þróun og endurnýjun fiskiskipaflotans hefur farið fram. Það er hluti af málinu líka að tæknibúnaðurinn er ekki sem skyldi, ekki kannski sambærilegur við það sem gerist hjá Norðmönnum.

En það er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig þegar talað er um tæknina og hversu henni hefur fleygt fram. Menn tala um ágæti margra skuttogara og að búnaður þeirra sé þannig úr garði gerður að skipstjórnandinn geti verið við afturhluta brúarinnar bæði með tækin til þess að hífa inn trollið og til þess að stjórna skipinu. En þetta er mikill slysavaldur um borð í skuttogurum af því að sá sem er að hífa inn trollið fylgist ekki nógu vel með hinum vinnandi mönnum á þilfarinu því hann stendur líka við stjórnvöl skipsins í kannski flota 10–20 skipa sem sigla hlið við hlið. Þetta mál er því margbreytilegt og kemur svo víða við eins og ég sagði áðan vegna endurnýjunarreglna flotans og vegna þess að stjórntæki eru slík að betur væri haldið á málum ef skipin væru betur mönnuð og tveir menn væru í brú þá híft væri og líka þegar skip er á ferð.

[22:23]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. beindi til mín spurningum sem mér er ljúft að svara. Hann spurði hvaða áhrif vinnulöggjöf sú sem samþykkt var vorið 1996 hefði haft á þessa kjaradeilu. Ég skal aðeins fara yfir það.

Sú vinnulöggjöf hefur reynst vel. Kjarasamningar hafa yfirleitt tekist vel í þessari lotu síðan lögin voru sett. Ég held að við búum að því að hafa gert bestu heildarkjarasamninga sem gerðir hafa verið. Þeir eru gilda lengur en áður hefur tíðkast. Í þeim er stórhækkun lægstu launa. Þeir setja ekki verðbólgu á skrið og kaupmáttur á samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar að aukast um hvorki meira né minna en 25% frá 1995–2000. Ríkisstjórnin liðkaði auk þess fyrir með skattalækkunum upp á 4%.

Það er að vísu ein sorgleg undantekning, og þess vegna erum við hér í kvöld, á því að samningsaðilar komi sér saman. Þegar öll von var úti um að samningsaðilar næðu samningi með aðstoð sáttasemjara þá bar hann fram miðlunartillögu nákvæmlega samkvæmt þeirri forskrift sem er í vinnulöggjöfinni. Öll skilyrði sem þar eru sett voru uppfyllt áður en miðlunartillagan var lögð fram. Þau eru þessi, ef ég rifja það upp, herra forseti, og les úr 28. gr. laganna:

„Skilyrði þess að sáttasemjara sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu, eina eða fleiri, samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,

b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,

c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,

d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,

e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu."

Þetta gerði sáttasemjari og ég vil láta það koma fram í þessari umræðu að ég tel að sáttasemjari og hans menn hafi unnið sín störf af samviskusemi og gert sitt ýtrasta til þess að ná árangri við að koma á kjarasamningi.

Sáttasemjari lagði fram miðlunartillögu samkvæmt þeirri vinnulöggjöf sem í gildi er og hér er verið að lögfesta miðlunartillögu sem sjómenn voru búnir að samþykkja. Aðilar geta á samningstímanum, hv. 8. þm. Reykv., komið sér saman um breytingar á kjarasamningi ef þeim býður svo við að horfa og þetta bindur þá ekki í báða skó að þessu leytinu til en þeir þurfa að koma sér saman. (Gripið fram í.) Nei. Ekki samkvæmt niðurlagi 3. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun."

Ef menn geta komið sér saman þá er það gott og því ber að fagna en lengd friðartímans helgast af öðrum samningum sem flestir aðrir samningsaðilar hafa gert og sjómenn voru búnir að fallast á með miklum meiri hluta atkvæða í atkvæðagreiðslu um þessa miðlunartillögu sem við erum að lögfesta. Útvegsmenn eru því miður mjög óánægðir og þeir felldu þessa miðlunartillögu. Þess vegna þarf að koma til þessarar lagasetningar. Það er auðvitað neyðarúrræði að leysa kjaradeilur með lögum en ábyrg stjórnvöld geta þó ekki brugðist öðruvísi við. Stjórnvöld bera fram lagafrumvörp sem eiga að skapa lagaumhverfi sem stuðlar að bættum samskiptaháttum.

Það er fjarstæða að halda að heimsendir verði 16. febrúar árið 2000. Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus þannig að í síðasta lagi skulu þeir hafa gert viðræðuáætlun og vera farnir að tala saman tíu vikum fyrir 15. febrúar árið 2000. Ef samningsaðilar hafa ekki gert viðræðuáætlun tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus þá skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem þegar hafa verið gerðar. Síðan geta samningsaðilar samkvæmt 24. gr. laganna hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitanir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun.

Herra forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram.

[22:31]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. félmrh. hefur uppi tal af þessu tagi í þingsal, ögrandi tal og ögranir í garð samtaka launafólks vegna vinnulöggjafarinnar sem hann stóð fyrir á sínum tíma í mikilli andstöðu við öll samtök launafólks í landinu. Það er almennt álit manna innan samtaka launafólks að löggjöf hæstv. félmrh. Páls Pétursonar hafi verið til óþurftar og hún hafi spillt fyrir samningaviðræðum. Þessi löggjöf sem hefur verið tengd Margréti Thatcher á Bretlandi, sérstaklega í ljósi þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við að koma henni á. Það er ekki vegna hennar sem mönnum tókst að ljúka kjarasamningum á vinnumarkaði á sínum tíma heldur þrátt fyrir þessa löggjöf.

Það lýsir líka mikilli vanþekkingu af hálfu hæstv. félmrh. ef hann telur það vera eitthvert nýmæli hér á landi að fram séu settar miðlunartillögur af sáttasemjara ríkisins. Þetta hefur alla tíð verið þannig. Hann hefur alla tíð haft tök á því að setja fram miðlunartillögur til að leysa kjaradeilur.

Síðan segir hæstv. ráðherra að hér hafi verið gerðir einhverjir bestu kjarasamningar í manna minnum. Þetta er alrangt og reyndar eru áhöld um að launafólki, jafnvel þeim sem best hefur vegnað í sínum samningum, takist að fá til sín *réttmætan hluta af því góðæri sem óumdeilanlega hefur verið* í landinu vegna ytri aðstæðna og þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr.

[22:33]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. 17. þm. Reykv. um þetta atriði. Útkoman úr kjarasamningunum sýnir sig. Ég tel að þeir hafi tekist farsællega.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem borin er fram miðlunartillaga. En í nýrri vinnulöggjöf er ítarlega gefin forskrift um hvernig sáttasemjari skuli bera fram miðlunartillögu og hvaða skilyrðum þurfi að uppfylla áður en miðlunartillagan er borin fram og það er það sem ég var að benda á. Sáttasemjari uppfyllti öll þau skilyrði og bar fram miðlunartillögu þegar hann hafði þrautreynt aðrar leiðir.

[22:34]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott til þess að vita að hæstv. félmrh. skuli draga í land því að svo var að skilja á fyrri yfirlýsingu hans að vegna vinnulöggjafarinnar hefðu menn náð einhverjum bestu kjarasamningum í manna minnum. Útkoman sýnir sig, sagði hæstv. félmrh. Það er nefnilega lóðið. Útkoman sýnir sig ekki.

Ég vil vekja athygli á því, sem ég hef reyndar gert áður í þingsal, að ríkisstjórnin, hæstv. fjmrh. og forstöðumenn í stofnunum gera allt sem þeir geta til að koma á launaleynd og það eru herskarar lögfræðinga nú á vegum stéttarfélaganna að reyna að koma í veg fyrir að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophussyni takist að koma á almennri launaleynd í opinberum stofnunum. Útkoman sýnir sig því ekki. Þetta er mál sem á eftir að koma til kasta þingsins vegna þess að sannarlega er verið að brjóta lög. Stéttarfélögin eiga eftir að láta reyna betur á þessi mál en síðan mun þetta að sjálfsögðu koma til kasta þingsins. En ég vil mótmæla því sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að hin góða útkoma sýndi sig. Það gerir hún ekki, því miður.

[22:36]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekkert gert að því þó að hv. þm. sé óánægður með útkomuna úr kjarasamningunum. Ég dreg ekkert í land. Kjarasamningarnir tókust farsællega á grundvelli vinnulöggjafarinnar. Það var unnið eftir hinni nýju vinnulögjöf og kjarasamningarnir tókust farsællega. Mér hefur aldrei dottið í hug að telja að það sé allt saman vinnulöggjöfinni að þakka. Það er ýmsu öðru að þakka en menn unnu eftir þeim leikreglum sem þar voru lagðar og náðu landi í öllum tilfellum nema einu. (**Gripið fram í:** Þrátt fyrir þessar leikreglur.)

[22:36]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekki miklu við það að bæta sem fram kom í síðustu orðaskiptum. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði fyrr í ræðu minni í kvöld, að í rauninni er frv. um kjaramál sjómanna frv. til laga um vantraust á vinnulöggjöf hæstv. félmrh. Páls Pétursson. Hann flytur í rauninni frv. um vönd á sjálfan sig. Það er það sem er að gerast. Hann afhjúpar það að vinnulöggjöfin, sem hann bjó til um vorið og lagði sjálfan sig undir í að koma saman í löngum umræðum, er ónýt. Og hún er til bölvunar vegna þess að þegar kemur að erfiðustu kjaradeilunum í landinu, þá reynist hún gagnslaust og niðurstaðan er sú að hæstv. ráðherra flytur frv. til laga um að taka úr sambandi sína eigin vinnulöggjöf til 15. febrúar árið 2000. Það er nú hetjubragurinn á þessu hjá hæstv. ráðherra. Ég vil votta honum samúð mína vegna þess að sú vinnulöggjöf hefur með þessu og með hans eigin frv. orðið sér til skammar.

[22:38]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Það er náttúrlega fjarri lagi, herra forseti, að hægt sé að skoða lögfestingu þessarar miðlunartillögu sem eitthvert vantraust á vinnulöggjöfina. Það er auðvitað fjarri lagi. Það var aldrei möguleiki á að búa til vinnulöggjöf sem tryggði það í öllum tilfellum og ævinlega að öllum kjarasamningum lyki með samkomulagi og þá er þetta þrautaráð eftir sem öllum er að sjálfsögðu mjög nauðugt að beita.

[22:38]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af hverju flytur þá ekki hæstv. félmrh. frv. til laga um breytingu á vinnulöggjöfinni sem er á þessa leið: Þó skal setja lög um að banna verkföll þegar það á við? Það var það sem hæstv. ráðherra var að segja.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að allur belgingurinn um að hin nýja vinnulöggjöf hafi tryggt launafólki í landinu 25% kaupmáttaraukningu. Hvers lags eiginlega tal er það? Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að allir vita að þetta er rangt og hæstv. félmrh. líka, og veit að þetta breytir engu í þeim veruleika.

Staðreyndin er einnig sú að þegar hann heldur því fram að miðlunartillagan sem sjómenn samþykktu hafi verið unnin gegn hinni frumlegu vinnulöggjöf hans, þá er það ekki frumlegra en það að í vinnulöggjöfinni frá 1938 var gert ráð fyrir slíkum miðlunartillögum. Þetta er því miður allt tóm vitleysa, herra forseti, sem hæstv. ráðherra er að segja hér, enda er orðið áliðið kvölds.

[22:39]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að kvöldið fari verr í hv. 8. þm. Reykv. en mig. Ég gat auðvitað aldrei vonast eftir því og dettur ekki í hug að fara fram á það, að hv. stjórnarandstæðingar sem töluðu mest og lengst gegn vinnulöggjöfinni vorið 1996 fari um hana einhverjum viðurkenningarorðum. Ég ætlast ekki til þess að þeir leysi þannig niður um sig. En fólkið í landinu lifir við þessa vinnulöggjöf. Það er ekki svo mjög óánægt og það er það sem skiptir mig máli. (**SvG:** En sjómenn?) Sjómenn una þessari lagasetningu og lögfestingu miðlunartillögunnar. (**SvG:** Eiga þeir annan kost?) Það eru útvegsmenn sem ekki una þessari lagasetningu og kvarta sárlega, það eru útvegsmenn, og nú eru allt í einu hv. stjórnarandstæðingar orðnir talsmenn útvegsmanna gegn sjómönnum.

[22:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð sem ég vil bæta við þessa umræðu. Það er óhjákvæmilegt fyrst að vekja athygli á því að hæstv. félmrh. sem hér hefur verið í orðaskiptum upp á síðkastið er ótrúlega glaðbeittur, svo ekki sé nú sagt sperrtur, miðað við það að tilefni umræðna á þessum degi eru lög á frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt einnar mikilvægustu starfsstéttar í landinu. Það er eins og óvenjulega vel liggi á hæstv. félmrh. Það er reyndar kannski ekki svo

mikið sagt út af fyrir sig vegna þess að það eru misjafnir dagar hjá honum eins og fleirum. En mér finnst það nokkuð sérkennilegt að hæstv. félmrh. landsins og yfirmaður vinnumarkaðsmála skuli vera svona glaðbeittur einmitt á þeim degi sem lögþvingun af þessu tagi gengur yfir hinn frjálsa samnings- og verkfallsrétt. Það mætti ætla, eða hvað, að það væri bara næstum að segja fagnaðarefni fyrir hæstv. ráðherra, sem hælist hér um af breytingum á vinnulöggjöfinni sem hæstv. ráðherra lamdi í gegn í andstöðu við allt og alla og telur væntanlega það sem gerst hefur vera (Gripið fram í.) til sannindamerkis um ágæti þeirrar framkvæmdar. Þess sér nú ekki stað, a.m.k. ekki í þessu tilviki, herra forseti.

Síðan eru það orðin rök hjá hæstv. ráðherra að af því að sjómenn uni þessu skár en útvegsmenn þá sé þetta í lagi. Ég verð að segja alveg eins og er að þótt ég hafi tekið málstað sjómanna að verulegu leyti í þessari deilu átta ég mig ekki alveg á þeirri röksemdafærslu að í prinsippinu breyti það einhverju þegar verið er að afnema þennan rétt. Er það það sem hæstv. ráðherra er að segja, að það sé óðruvísi að snerta við honum á aðra hliðina en hina?

Í öðru lagi, herra forseti, hafa verið fluttar mjög athyglisverðar ræður í dag af hálfu hv. stjórnarsinna. Ég hef fylgst nokkuð grannt með þeim og ég held að ég hafi náð að heyra þær að mestu leyti. Þær hafa verið athyglisverðar vegna þess að hér hafa talað a.m.k. einir átta stjórnarþingmenn og þeir hafa allir í meira eða minna mæli talað gegn ákvæðum þessara frv. og þvegið hendur sínar af því að ætla samt að styðja þau. Hér hefur farið fram hver kattarþvotturinn á fætur öðrum þar sem hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa streymt í ræðupúltið og beðist afsökunar á því að þeir ætla, þrátt fyrir að vera á móti frv., að greiða þeim atkvæði. Þetta hefur satt best að segja verið heldur ömurlegur málflutningur. (**Gripið fram í:** Skammarlegur.) Heldur skammarlegur málflutningur. Það minnir mann eiginlega helst á frásagnir af Kópavogsfundinum þegar menn skrifuðu undir grátandi en skrifuðu undir samt. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa komið hér nánast í tárum og iðrast og lýst yfir andúð sinn á meira og minna öllum ákvæðum frv. en sagt síðan í lokin: Ég ætla náttúrlega að greiða þeim atkvæði. (**Gripið fram í:** Farðu með kvæðið.) Þetta var dapurlegt, herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal komst einna átakanlegast að orði en auk hans mæltu á svipaða vísu hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, hv. þm. Árni Johnsen, sem gekk svo langt að telja að þetta væri atlaga að einkaframtakinu og það lægi við að betra væri að þjóðnýta útgerðina í landinu en að afgreiða þessi frv., en hann ætlar samt að styðja þau, enda flutt af flokksbróður hans hæstv. sjútvrh. og samþingmanni á Suðurlandi. Reyndar hafa ræður þingmanna Suðurlands verið alveg sérstaklega athyglisverðar og sá grunur læðist að manni að harður slagur standi yfir um sálirnar í einhverjum útgerðarmönnum í því kjördæmi þessa dagana. En auk þess töluðu í svipaða veru hv. þm. Árni R. Árnason, Tómas Ingi Olrich, Árni M. Mathiesen, Kristján Pálsson og síðast en ekki síst hv. þm. Guðni Ágústsson, starfandi forseti. Meira og minna var þetta allt í þessum dúr og ég segi alveg eins og er, herra forseti, ég hef heyrt rismeiri málflutning en þann sem fram fór í dag.

Vissulega má deila um ýmis ákvæði þessara frv. og það má rökræða um áhrif þeirra en við hljótum að treysta því að þingmenn fari almennt eftir sannfæringu sinni og samþykki ekki það sem stríðir gegn samvisku þeirra, eða hvað? Eigum við ekki að vona það, herra forseti?

Fyrir mitt leyti get ég stutt efni allra þríhöfðafrv. sökum þess að ég tel þau viðleitni til að taka á vandamálum. Þó þau kunni í reyndinni að hafa neikvæð áhrif að einhverju leyti og komi ekki jafnt við alla, þá verður auðvitað að velja það sem við ætlum meiri hagsmuni.

Í þessum efnum verður ekki bæði sleppt og haldið. Það þýðir ekki að tala sig hásan um kvótabrask, eins og sumir af ræðumönnum hér hafa gert á undanförnum missirum, en hrökkva síðan frá með ömurlegum kattarþvotti þegar reyna á að taka á því sama kvótabraski vegna þess að það kunni að koma við einhverja. (**ÖS:** Nefndu þá.) Þetta er ekki rismikill málflutningur, herra forseti. Ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem er í góðu skapi í kvöld og kallar mikið fram í, er mér sammála. (**ÖS:** Alveg.) Ég sé það á honum. Hv. þm. hefur fyrir löngu áttað sig á því að það er ekki hægt að bæði sleppa og halda þó bæði sé hægt að vera óháður í hlutverki ritstjóra á dagblaði og jafnframt þingmaður. Það er allt annað mál. Það er ekki að sleppa og halda.

Ég tel, herra forseti, að í þessu máli standi það eftir að barátta stjórnarandstöðunnar og sjómanna á þessum vetri hafi skilað nokkrum árangri. Ég er að sjálfsögðu ekki sáttur við niðurstöðuna vegna þess að í fyrsta lagi tókst ekki að koma á kjarasamningi og í öðru lagi vegna þeirra þvingunarákvæða sem eru í einu af þessum fjórum frumvörpum, frv. sem ég kalla ofbeldisfrv. Samt tel ég að barátta stjórnarandstöðunnar hér í þinginu og harðfylgi sjómanna í þeirra baráttu hafi þrátt fyrir allt skilað nokkrum árangri. Menn hafa náð að afstýra mun verri hlutum en þeim sem þó stendur til að koma á með þessum frv.

Að lokum, herra forseti, vil ég taka undir það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði í andsvari við einni af ræðum þingmanna stjórnarliðsins. Mér hefur líka blöskrað að heyra menn koma, hvern á fætur öðrum í þessari umræðu, og gráta yfir því að ekki hafi náðst meiri árangur í að heimila að unnt væri að fækka í áhöfn skipa í flotanum niður úr öllu valdi. Ég held að menn ættu að staldra við og hugleiða til hvers það gæti leitt að ganga of langt í þeim efnum. Að gera samanburð á mönnun skipa hjá öðrum þjóðum er ekki að öllu leyti eðlilegur málflutningur. Það skortir ýmislegt á að þau erlendu skip séu samanburðarhæf. Ekki er hægt að bera saman við þann skipakost sem þar á í hlut né afköst eða til hvers ætlast er af sjómönnunum í hverju einu tilviki. Maður skyldi hafa það í huga að íslensk skip afkasta miklu meiru en sambærileg skip nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Er þá nokkuð skrýtið að mannskap þurfi um borð? Enn er tæknin a.m.k. ekki komin á það stig að skipin veiði sjálf, gangi sjálf frá aflanum o.s.frv.

Auðvitað þurfa menn einnig að horfa til vinnuumhverfis, öryggismála og fleiri þátta. Allt eins mætti spyrja sig að því, eins og gerði hér í dag, hvort það sé ekki nokkuð langt gengið þegar allt niður í sex manns eru á 500 tonna rækjutogara á veiðum norður í ballarhafi um hávetur. Það er ekki stór áhöfn á svo miklu skipi. Er það ekki jafnmikið áhyggjuefni og hitt að ekki hafi tekist að fækka meira á öðrum skipum flotans. Þannig að ég tel að eitt það mikilsverðasta sem þó hafi áunnist hafi einmitt verið að koma í veg fyrir geðþóttaheimild í lögum sem tæki af ákvæði kjarasamninga um mönnunarreglur. Það hefði ekki verið geðslegt að bjóða upp á dansinn sem þá hefði getað hafist.

Þessu vildi ég koma á framfæri, herra forseti, við lok umræðunnar, þó sérstakt erindi mitt hingað væri, ég við-

urkenni það, að vekja athygli á löngum röðum stórbrotins málflutnings stjórnarþingmanna í dag.

[22:50]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þeim ítarlegu umræðum sem fram hafa farið í dag um þau fjögur frv. sem hér hafa verið lögð fram. Þessi mál eru öll yfirgripsmikil og hafa verulega þýðingu fyrir sjávarútveginn og efnahagsstarfsemi í landinu. Þess vegna er eðlilegt að ræða þau ítarlega og ég held að umræðurnar sem fram hafa farið í dag hafi að mestu verið málefnalegar og mikilvægar fyrir framgang málsins.

Ég get tekið undir þau sjónarmið, sem fram hafa komið hjá flestum þeirra sem hér hafa talað, að auðvitað er miður að til þess þurfi að koma að Alþingi setji niður kjaradeilur á milli launþega og vinnuveitenda. Hér var um mjög sérstakar aðstæður að ræða, ekki einvörðungu vegna þeirra miklu efnahagslegu hagsmuna sem hér voru í húfi og þess langa tíma sem viðræður aðila höfðu staðið, heldur einnig vegna þess að meginefni deilunnar sneri í svo veigamiklum atriðum að því lagaumhverfi sem aðilar þurfa að vinna við og er ekki efni venjulegra kjarasamninga á milli launamanna og atvinnurekenda.

Við verðum líka að hafa í huga, þegar metið er hvenær rétt er að grípa inn í atburðarás eins og þessa, að í þessu tilviki hafði deilan komist á það stig að ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu sem var samþykkt af öllum samtökum launþega en felld af vinnuveitendum.

Það frv. sem hér liggur fyrir um kjaramál fiskimanna gerir ráð fyrir að lögfesta miðlunartillöguna að viðbættum tveimur ákvæðum. Með breytingu sem ákveðin hefur verið á 2. gr. frumvarpsins eru sjómenn sáttir við þá niðurstöðu. Því er ekki verið að binda kjarasamning þeirra til lengri tíma en þeir höfðu sjálfir fallist á í atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna.

Ýmsir þingmenn hafa hér orðið til þess að fara hörðum orðum um annan samningsaðilann og saka annan aðilann um að bera ábyrgð á því að deilan sé með þessum hætti komin inn á borð alþingismanna. Ég vara við málflutningi af þessu tagi vegna þess að þeir sem gerst þekkja vita að hann á ekki við rök að styðjast. Ég held að hið fornkveðna eigi við í þessu tilviki eins og oft áður að sjaldan veldur einn þá tveir deila. Það eru ekki rök til þess að bera annan aðilann sökum í þessu efni. Báðir bera ábyrgð á því að ekki tókst að leysa deiluna með samningum.

Ýmsir hv. þm. hafa vikið að tæknilegum atriðum sem þeir telja nauðsynlegt að skoða í nefnd. Ég ætla ekki að víkja frekar að þeim atriðum í þessari umræðu. Ég ætla hins vegar að koma aðeins að þeim atriðum sem hv. 8. þm. Reykv. vék að og þeim spurningum sem hann bar fram. Hv. þm. taldi að ekki væri unnt að hefja kjaraviðræður eða setja fram viðræðuáætlun fyrr en eftir 15. febrúar árið 2000. Þetta er á misskilningi byggt. Vitaskuld er unnt að setja fram viðræðuáætlun og kröfur og hefja viðræður fyrir þann tíma. Þau einu takmörk eru sett að ekki er unnt að knýja á um nýja kjarasamninga með verkföllum fyrr en eftir þann tíma. Það er sú niðurstaða sem orðið hefði ef útvegsmenn hefðu samþykkt miðlunartillöguna, þá hefði verið friðarskylda og aðilar ekki getað knúið á um breytingar á kjarasamningi eða nýjan kjarasamning með verkföllum fyrr en eftir þann tíma. Þessi löggjöf breytir því ekki þeirri stöðu.

Hv. þm. spurði svo hvort friðarskylda yrði til þessa dags árið 2000. Það er rétt. Það er með nákvæmlega sama hætti og orðið hefði ef útvegsmenn hefðu samþykkt miðlunartillöguna.

Hv. þm. spurði einnig hvort aðilar gætu stytt kjarasamninginn í frjálsum samningum sín á milli. Þeim er það heimilt. Þeim er heimilt að gera breytingar á kjarasamningnum og m.a. að stytta hann ef þeir ná samkomulagi þar um. Hins vegar er það á sama grundvelli og verið hefði ef samningar hefðu tekist eða báðir aðilar samþykkt miðlunartillöguna. Slíka breytingu er ekki hægt að knýja fram með verkfalli og hefði ekki verið hægt að knýja fram með verkfalli ef útvegsmenn hefðu samþykkt miðlunartillöguna. Að þessu leyti er staðan sú sama.

Þá velti hv. þm. því fyrir sér hvort staðan yrði sú eftir 15. febrúar árið 2000, ef þá hefðu ekki tekist nýir kjarasamningar, að þeir kjarasamningar sem nú eru í gildi, áður en þessi lög koma til framkvæmda, kæmu að nýju til framkvæmda. Það er misskilningur. Lögin sem kveða á um hvaða kjarasamningur skuli vera á þessum tíma hafa að þessu leyti alveg sama gildi og kjarasamningur sem verður til með atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Hafi nýr kjarasamningur ekki tekist þegar samningarnir renna úr gildi eða lögin falla úr gildi, þá framlengjast síðastgildandi kjarasamningar. Lögin hafa að því leyti sama gildi og um venjulegan kjarasamning væri að ræða. Það er ekki svo að þeir samningar sem verið hafa í gildi fram til þessa lifni óbreyttir við þegar þessi lög falla úr gildi. Þær hugrenningar byggjast á misskilningi.

Hér hafa þingmenn farið mörgum orðum um þau frv. sem þriggja manna nefndin samdi og legið hafa fyrir um nokkurn tíma. Vitaskuld orkar allt tvímælis þá gert er. Þó hlaut öllum að vera ljóst að ef ætlunin væri að koma með einhverjum hætti til móts við þau sjónarmið sjómanna, að draga úr því að tengsl væru á milli viðskipta með aflaheimildir og viðskipta með hráefni sem áhrif hefðu á fiskverð, þá hlyti það að hafa einhver áhrif. Ef þær tilraunir hefðu til að mynda leitt til samnings, sem samningsaðilar voru komnir þó nokkuð á veg með fyrri hluta ársins meðan Ásmundur Stefánsson kom að kjaraviðræðunum og fólu m.a. í sér mjög verulega takmörkun á framsali og miðstýrt fiskverð, þá hefði það haft slík áhrif. Útvegsmenn höfðu léð máls á því að ganga nokkuð í þá átt þó að þær tilraunir hefðu ekki borið árangur. Ég hygg að öllum hafi verið þetta ljóst.

Ég held hins vegar að ofgert hafi verið hversu mikil áhrifin verða af þessu. Verði ekki frekari takmarkanir á framsali má gera ráð fyrir að nægjanlegt framboð verði á aflaheimildum á kvótamarkaði og bátar geti keypt sér viðbótaraflaheimildir um markaðinn en allt veltur það auðvitað á því að nægjanlegt framboð verði á aflaheimildum. Það skiptir sköpum, þegar höfð er í huga staða einstaklingsútgerða og báta með minni aflaheimildir, að ekki verði gengið of langt í því að takmarka framsalið. Það er lykilatriðið ef menn vilja í raun og veru huga að stöðu þeirra báta.

Út af fyrir sig er það alveg laukrétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan um að það færi ekki saman að taka undir, jafnvel með stóryrðum, alla gagnrýnina á svokallað kvótabrask en lýsa svo andstöðu við þær tilraunir sem gerðar eru til þess að stemma stigu við þeirri þróun. Það er réttmæt athugasemd en það breytir ekki því að þessi frumvörp hljóta að hafa einhver áhrif. Þau geta haft áhrif á einstakar útgerðir og stöðu í einstökum byggðum. Mitt mat er að eigi að síður skapi þau umgjörð sem geti tryggt vel reknum út-

gerðum áframhaldandi starf. Þær þurfa að laga sig að nýjum aðstæðum. Það getur tekið tíma og aðlögunarbreytingar en von mín er að frumvörpin, verði þau að lögum, stuðli að bættum samskiptum útvegsmanna og sjómanna en geti jafnframt orðið ný undirstaða undir rekstur þessarar mikilvægu atvinnugreinar í landinu.

Það ber kannski allt of mikið á því í þessari umræðu að menn gleymi mikilvægi þess að tryggja öruggan rekstrargrundvöll þessarar atvinnugreinar. Það má ekki gleymast hvaða þýðingu það hefur fyrir byggðina, sjómennina og starfsfólkið í fiskvinnslufyrirtækjunum að vel sé staðið að málum. Það kann vel að vera að það henti stundum í áróðursskyni að vega að útvegsmönnum eða atvinnurekendum. Hinn kaldi veruleiki er þó að mestu máli skiptir að þessi fyrirtæki séu vel rekin, skili hagnaði og geti byggst upp. Þannig hafa þau tækifæri til að fjárfesta og skapa ný atvinnutækifæri og fleiri störf. Í von um að þessi frumvörp verði þáttur í slíkri framþróun vona ég að Alþingi geti staðið að afgreiðslu þeirra.

[23:03]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg á hreinu að þessi niðurstaða, hvað sem öðru líður, verður ekki til þess að bæta samskiptin á milli sjómanna og útvegsmanna. Það er alveg ljóst. Þau hafa ekki verið harðvítugri um árabil en núna.

Ég man ekki eftir að hafa heyrt forustumann útvegsmanna lýsa niðurstöðu mála með jafnmyndrænum hætti og Kristján Ragnarsson gerði í fréttum í kvöld. Ég ætla þó ekki að hafa það eftir úr þessum ræðustól vegna þess að ég tæki þá áhættu að hæstv. forseti, sem gætir vel reglu í þinginu, yrði að víta mig fyrir orðbragðið. Það var allt saman frekar óvenjulegt.

Ég hygg að það verði að viðurkennast að staðan er sú að verði þessi frumvörp að lögum eins og allt bendir til, þá verður þarna áfram mikil illska á milli. Ég held að stjórnvöld þurfi að gera sér grein fyrir því og gera ætti átak, að svo miklu leyti sem stjórnvöld geta eitthvað gert í því máli, til að fá deiluaðila til að tala betur saman en verið hefur m.a. um tæknileg úrlausnarefni.

Þá kem ég að aðalatriði andsvars míns. Ég tel með öðrum orðum alveg óhjákvæmilegt að endurskrifa 3. gr. frv. Ég er andvígur henni og jafnvel þó að hún verði endurskrifuð geri ég ráð fyrir að ég verði andvígur henni áfram. Ég tel að með orðalagi greinarinnar eins og hún er séu menn að tvítaka það að friðarskyldan skuli gilda. Ég tel að það sé bæði gert í fyrri málslið og í lok seinni málsliðar. Þegar þetta er svo lesið saman við 1. gr. í miðlunartillögu sáttasemjara þá er ég eiginlega alveg viss um að menn hljóta að komast að þeirri niðurstöðu að þörf sé á að endurskrifa þessa texta. Ég hvet til þess að hv. sjútvn. fái tæknimenn deiluaðila til þess að setjast yfir þetta mál ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Kjaramál fiskimanna, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 603. mál. — Þskj. 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 29:11 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GGuðbj, KHG, LB, MF, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁÞ, BH, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, LMR, ÓE, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er óvenjulegt, en gerist í þetta skipti, að við greiðum atkvæði gegn því að mál fái áframhaldandi þingmeðferð. Ástæðan er einfaldlega sú að við teljum ákvæði aðallega 3. gr. þessa frv. með þeim hætti að ástæða sé til að stöðva málið hér og nú. Við munum beita því afli sem við höfum í þeim efnum til að sýna a.m.k. hver okkar vilji er.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 604. mál. — Þskj. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Verðlagsstofa skiptaverðs, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 605. mál. — Þskj. 1025.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Kvótaþing, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 606. mál. — Þskj. 1026.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 23:12.

## 95. FUNDUR

föstudaginn 27. mars,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Fjarvistarleyfi:**
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[10:00]

**Útbýting þingskjala:**
Lögmenn, 57. mál, nál. allshn., þskj. 1040; brtt. allshn., þskj. 1041.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, 615. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1046.

Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, 617. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1048.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, 614. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1045.

Tollalög, 619. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1050.

Umsýslustofnun varnarmála, 531. mál, svar utanrrh., þskj. 1035.

Vímuefnameðferð barna og unglinga, 533. mál, svar heilbrrh., þskj. 1022.

[Fundarhlé. — 10:01]

[13:00]

**Útbýting þingskjala:**
Endurgreiðsla þungaskatts, 501. mál, svar fjmrh., þskj. 1044.

Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, 616. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1047.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 620. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1051.

Tekjur og gjöld vatnsveitna, 539. mál, svar félmrh., þskj. 1043.

[16:32]

**Útbýting þingskjala:**
Aðgangur að Grensáslaug, 623. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1053.

Kjaramál fiskimanna, 603. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1055; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1056; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1065.

Kvótaþing, 606. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1061; brtt. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1062.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, 618. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1049.

Sparnaður í ráðuneytinu, 537. mál, svar menntmrh., þskj. 1034.

Stjórn fiskveiða, 604. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1057; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1058.

Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, 622. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1052.

Störf nefndar um skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, 624. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 1054.

Verðlagsstofa skiptaverðs, 605. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1059; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1060.

Vörugjald, 347. mál, þskj. 1033.

Fundi slitið kl. 16:34.

---

## 96. FUNDUR

föstudaginn 27. mars,
að loknum 95. fundi.

**Dagskrá:**
1. Kjaramál fiskimanna, stjfrv., 603. mál, þskj. 1023, nál. 1055 og 1065, brtt. 1056. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 604. mál, þskj. 1024, nál. 1057, brtt. 1058. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Verðlagsstofa skiptaverðs, stjfrv., 605. mál, þskj. 1025, nál. 1059, brtt. 1060. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Kvótaþing, stjfrv., 606. mál, þskj. 1026, nál. 1061, brtt. 1062. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

***Kjaramál fiskimanna, 2. umr.***

Stjfrv., 603. mál. — Þskj. 1023, nál. 1055 og 1065, brtt. 1056.

***og***

***Stjórn fiskveiða, 2. umr.***

Stjfrv., 604. mál. — Þskj. 1024, nál. 1057, brtt. 1058.

***og***

***Verðlagsstofa skiptaverðs, 2. umr.***

Stjfrv., 605. mál. — Þskj. 1025, nál. 1059, brtt. 1060.

***og***

***Kvótaþing, 2. umr.***

Stjfrv., 606. mál. — Þskj. 1026, nál. 1061, brtt. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þingskjala. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, IP, KHG, KH, LMR, RA, RG, SP, StG, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[16:37]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. sjútvn. um frv. til laga um kjaramál fiskimanna sem er 603. mál. Nefndarálitið liggur frammi á þskj. 1055 ásamt brtt. sem þar er fjallað um á þskj. 1056.

Nefndin hefur fjallað um frv. svo og önnur sem við höfum á þessum fundi til umræðu á ströngum og löngum fundum. Það kemur fram í nál. hverjir hafa verið gestir nefndarinnar til að hún mætti kynna sér efnið og hugsanleg áhrif þess. Auk þess bárust henni umsagnir um þetta mál frá Fiskifélagi Íslands og félmn. Alþingis en um það hafði komið fram ósk við 1. umr. að sjútvn. mundi leita álits hv. félmn.

Frumvarpi þessu er ætlað að lögfesta efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 16. mars sl. þannig að þau gildi að meginstefnu til um kjör fiskimanna fram til 15. febrúar árið 2000. Á þessu tímabili eru vinnustöðvanir deiluaðila sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir óheimilar. Hins vegar er deiluaðilum heimilt að semja um aðra skipan kjaramála á tímabilinu. Rétt er að taka fram að skv. 1. gr. frumvarpsins er fylgiskjölum I–IV ætlað að hafa lagagildi. Í uppsetningu frumvarpsins eru þau hins vegar sett sem fylgiskjöl með greinargerð frumvarpsins en ekki sem fylgiskjöl með lagatextanum sjálfum. Verður þetta atriði leiðrétt við endanlegan frágang laganna þar sem skýrlega kemur fram í lagatextanum að þessi fylgiskjöl eiga að fylgja lögunum og hafa lagagildi. Síðasta fylgiskjalið fylgir hins vegar greinargerð frumvarpsins.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að veiðiferðir á fjarlægari miðum skuli teljast sérstakt kauptryggingartímabil og er ekki lögð til breyting á því ákvæði. Hins vegar er lögð til sú breyting á 1. mgr. 2. gr. að reglan um að fækkun í áhöfn leiði ekki til sérstaks kostnaðarauka útgerðar nái eingöngu til áhafna skipa sem stunda rækjuveiðar og landa daglega eða ísa afla um borð. Er þessi breyting í samræmi við ummæli sjávarútvegsráðherra við atkvæðagreiðslu um hvort afbrigði yrðu veitt fyrir því að málið mætti koma til 1. umr. Ráðherrann tók fram að við nánari athugun hefði komið í ljós að kjaraáhrif 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins væru nokkuð víðtækari en að hafði verið stefnt og beindi þeim tilmælum til sjávarútvegsnefndar að efnisákvæðinu yrði breytt þannig að það tæki einungis til rækjuveiða. Lagt er til að þetta ákvæði frumvarpsins öðlist lagagildi 1. júní 1998.

Þá er lögð til sú breyting á viðurlagaákvæði frumvarpsins að það nái einungis til brota gegn 3. gr. þess en ekki er talin ástæða til að láta viðurlagaákvæðið ná til annarra efnisgreina enda eru brot gegn þeim brot gegn kjarasamningum.

Eins og rakið er ítarlega í greinargerð með frumvarpinu hefur kjaradeila sjómanna og útvegsmanna staðið frá því í árslok 1996 eða langt á annað ár. Þrátt fyrir margvíslegar tilraunir stjórnvalda til þess að stuðla að lausn deilunnar með milligöngu ríkissáttasemjara og raunar með milligöngu fleiri aðila hafa samningar ekki enn tekist og engin lausn á deilunni virðist vera í sjónmáli. Verði ekkert að gert mun yfirstandandi verkfall sjómanna geta staðið í langan tíma en það hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög, sem og þjóðarbúið í allt. Meiri hlutinn telur að við svo búið megi ekki standa og þótt lagasetning til lausnar vinnudeilum sé almennt óheppileg og mjög gegn sannfæringu margra hv. þm. kann hún engu að síður að vera nauðsynleg vegna þeirra miklu almannahagsmuna sem í húfi eru. Því leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þingskjali 1056.

[16:42]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta sjútvn. á þskj. 1065 sem er 603. mál. Ásamt mér standa að nál. hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykk áliti þessu.

Virðulegi forseti. Minni hluti sjávarútvegsnefndar mótmælir því harðlega að enn einu sinni skuli sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Þetta er gert þrátt fyrir að báðir aðilar hafi mótmælt því að löggjafinn grípi inn í deiluna og þess í stað viljað reyna til þrautar að ná að semja um og leysa deilur sínar sjálfir.

Með þessari lagasetningu er ekki verið að lögfesta kjarasamning sjómanna. Þess í stað er verið að lögfesta kjör þeirra til 15. febrúar árið 2000. Jafnframt því sem kjör þeirra eru lögfest eru báðir aðilar deilunnar, sjómenn og útvegsmenn, sviptir rétti sínum til að beita þeim vopnum sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd sem hluti af mannréttindum því að sjómenn geta ekki beitt verkfallsvopni sínu til að ná fram bættum kjörum. Auk þess eru útvegsmenn sviptir þeim rétti sínum að beita verkbanni.

Það sem vekur sérstaka eftirtekt er að frumvarp um lög á verkfall sjómanna kemur fram einungis tíu dögum eftir að það hófst og fram hefur komið við umfjöllun félagsmálanefndar Alþingis, en þangað var málið sent til umsagnar, að svo mikið hafi legið á lagasetningunni að ekki hafi unnist tóm til þess að kanna hvort lagasetning af þessu tagi fái samrýmst ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum sem Ísland er aðili að, eins og samþykktum ILO. Lögfræðingur sjómannasamtakanna hélt því fram á fundi félagsmálanefndar að lagasetningin fengi ekki staðist umræddar samþykktir en Landssambandi íslenskra útvegsmanna hefur ekki enn gefist tóm til að kanna málið sem ber því vott hvílíkur hraði hefur verið á meðferð málsins í þinginu. Slík vinnubrögð átelur minni hlutinn harðlega og telur vera fyrir neðan virðingu Alþingis að þar séu stunduð vinnubrögð af þessum toga.

Með vísan til þess að minni hlutinn telur að ekki sé fullreynt að samningum verði náð og þeirra grundvallarviðhorfa hans að ekki eigi að grípa til lagasetningar á kjaradeilur og svipta sjómenn verkfallsrétti eina ferðina enn mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpi til laga um kjaramál fiskimanna.

Virðulegi forseti. Ég hef nú mælt fyrir minnihlutaáliti sjútvn. og mun kannski gera frekar grein fyrir viðhorfi mínu síðar í þessari umræðu. En ég vil taka það fram að bæði fulltrúar sjómanna og fulltrúar útvegsmanna sem komu á fund sjútvn. hörmuðu það að þessi gjörð væri framin, þ.e. að setja lög á þessa kjaradeilu. Báðir aðilar lögðu á það mikla áherslu að þeir fengju frið og tóm til þess að ná samningum

sjálfir og því ítreka ég það fyrir hönd minni hlutans að við hörmum að meiri hlutinn á Alþingi skuli grípa til þessara aðgerða og við lýsum alfarið ábyrgð á hendur honum.

[16:46]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Það er á þskj. 1057 og er þar einnig gerð grein fyrir brtt. á þskj. 1058. Í nál. kemur fram við hverja nefndin hefur rætt til að kynna sér efni og hugsanlegar afleiðingar eða áhrif af frv. með því að það verði að lögum. Síðan er rétt að gera grein fyrir efni tillagnanna sjálfra en meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði ákvæðum um veiðiskyldu þannig að hún verði óbreytt frá því sem er í gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Á móti er hins vegar lagt til að sett verði inn ákvæði í lögin sem takmarki framsalsheimild eiganda fiskiskips við það að einungis sé heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess.

Það er mat meiri hlutar nefndarinnar að þannig megi ná fram sömu eða a.m.k. sambærilegum markmiðum og stefnt er að með þeirri tillögu um veiðiskyldu sem var í frv. Meiri hlutinn telur að með þessari aðferð verði þeim sem við skerðingarnar þurfa að búa gert auðveldara að sveigja til og hagræða í rekstri sínum og því hvernig þær nýta sér þennan veiðirétt.

Þá er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem geri sjávarútvegsráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Lagt er til að sambærilegu bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við frumvörpin um Kvótaþing og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Um þetta vil ég segja, herra forseti, að það kom mjög skýrt fram í umræðum nefndarmanna og viðræðum þeirra við þá gesti sem hún fékk til fundar að menn hafa þungar og alvarlegar áhyggjur af þeim afleiðingum og áhrifum sem löggerningar þessir geta haft fyrir útgerðarfyrirtæki í landinu og sérstaklega þau sem ekki hafa mikinn sveigjanleika sökum þess að þau reka aðeins eitt eða örfá skip. Það er einnig ljóst að slík áhrif á þau fyrirtæki munu jafnframt bitna á sjómönnum sem hjá þeim starfa og vel er hugsanlegt, herra forseti, að áhrifin á sjómennina verði enn þá þungbærari en áhrifin á eigendur fyrirtækjanna.

Að síðustu er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem tryggi aðilum heimild til að flytja aflamark milli skipa innan sömu útgerðar ef um kaupleigu eða leigu er að ræða þrátt fyrir sérstök eignarréttarákvæði þeirrar tegundar samninga án þess að þurfa að fara í gegnum Kvótaþingið. Sams konar breyting er lögð til á frumvarpi til laga um Kvótaþing. Sá fyrirvari er þó á slíku að leigusamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna og geti þannig ekki talist ráðstöfun til þess að komast undan ákvæðum laganna. Meiri hlutinn taldi að ákvæði frumvarpsins væru fullþröng varðandi fjármögnunarformið vegna þess að þetta fjármögnunarform er að ryðja sér til rúms sem einn af valkostum fyrirtækja til að standa að fjárfestingu og meiri hlutinn telur ekki ástæðu til þess að frv. um þetta efni mismuni fjármögnunarleiðum einstakra fyrirtækja í landinu eða þeirra sem bjóða fram fjármagn til ýmissa fyrirtækja. Hins vegar munu leigu- og kaupleigusamningar gerðir eftir gildistöku þessara laga ekki falla undir þetta ákvæði. Rétt er að geta þess að þeir Vilhjálmur Egilsson og Einar Oddur Kristjánsson sem hafa starfað í hv. sjútvn. með mjög góðu framlagi til framgangs þessara mála og til að bæta ákvæði þeirra eftir því sem unnt er, telja báðir að ákvæði um leigu og kaupleigu ættu að gilda eins og um önnur form fjármögnunar eða eignar því að hið rétta er að þessi fjármögnunarform eru með sérstökum ákvæðum um eignarrétt eða eignarréttarfyrirvörum en það breytir því ekki að raunverulegu útgerðarformi eða útgerðarháttum hvers skips ráða þeir aðilar sem þau reka en ekki fjármögnunaraðilar hvernig sem háttað er ákvæðum um hugsanlegt endurhvarf vegna eignarréttar.

Við teljum rétt að geta þess, herra forseti, að þess eru ekki dæmi að fyrirtæki hafi nýtt sér þessi fjármögnunarform í þeim tilgangi að komast undan öðrum ákvæðum laga sem snúast um önnur efni.

[Fundarhlé. — 16:51]

[16:59]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um um breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Ásamt mér skrifa undir nál. hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er einnig samþykkir áliti þessu.

Herra forseti. Minni hlutinn átelur harðlega að ríkisstjórnin skuli í krafti meiri hluta síns á Alþingi lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin. Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættisnefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt enda hafi sjútvrh. heitið þeim að það yrði gert. Stjórnarandstaðan hefur í máli sínu á Alþingi, herra forseti, lagt áherslu á að sjútvrh. og ríkisstjórnin stæði við loforð sín gagnvart sjómönnum.

Brtt. sú sem hér liggur fyrir frá meiri hluta sjútvn., sem gerir ráð fyrir minni veiðiskyldu og þar með minna atvinnuöryggi sjómanna en frv. gerir ráð fyrir, er veruleg efnisbreyting frá þeirri tillögu sem sjómenn voru að taka afstöðu til þegar þeir greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara. Með því að hverfa frá veiðiskyldu yfir í framsalstakmarkanir er verið að leggja minni áherslu á veiðiaflaheimildina en meiri á ráðstöfun þeirra óháð hagsmunum áhafnar. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða. Það er ljóst að með samþykkt þessarar breytingar er sjútvrh. að ganga á bak orða sinna gagnvart sjónmönnum.

Herra forseti. Hér er nefnilega um meira en tæknilega breytingu að ræða. Með vísan til þessa mun minni hluti sjútvn. sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

[17:02]

**Útbýting þingskjals:**

Stjórn fiskveiða, 604. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1067.

[17:03]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd

sjómanna og útvegsmanna. Nál. liggur fyrir á þskj. 1059 og þar er gerð grein fyrir brtt. sem liggja frammi á þskj. 1060.

Eins og segir í nál. átti nefndin viðræður við fjölmarga aðila til að kynna sér efni frv. auk þess sem henni barst umsögn frá Fiskifélagi Íslands. Meiri hluti nefndarinnar vekur á því athygli að til tals hefur komið innan hennar að Verðlagsstofa skiptaverðs verði staðsett á landsbyggðinni og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið.

Þá leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1060, en í þeim felst eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að við 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.

Í grg. með frv. er vikið að þeim verkefnum sem Fiskifélagi Íslands höfðu verið falin í tengslum við störf úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sem starfað hefur skv. lögum sem ætlað er að falli úr gildi ef þetta frv. verður að lögum. Af þeim athugasemdum má ráða að ráðgert sé að Fiskifélagið skuli eiga kost á slíkum verksamningi eftirleiðis á grundvelli ákvæða þessa frv. Tekur meiri hlutinn eindregið undir það.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að 3. málsl. 3. gr. orðist svo: Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best.

Í þriðja lagi er lagt er til að við 5. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að meðalhófsreglan skuli gilda við upplýsingaöflun starfsmanna Verðlagsstofu skiptaverðs samkvæmt þessari grein og að kröfur um upplýsingar verði í samræmi við tilefni. Upplýsingar má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða almennum tilgangi skv. 3. gr.

Nefndin taldi nauðsynlegt að kveðið yrði skýrt á um þetta þannig að traust mundi skapast milli Verðlagsstofunnar annars vegar og þeirra aðila sem hún mun þurfa að sinna með eftirliti hins vegar.

Í fjórða lagi er lagt til að á eftir 2. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn samkvæmt 2. mgr. skal sjávarútvegsráðherra skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar við 2. mgr. 10. gr. sem lúta að því að ákvörðun úrskurðarnefndarinnar nái til verðs fyrir afla sem landað er í síðasta lagi að sjö dögum liðnum frá því að máli óskyldra aðila var skotið til nefndarinnar í stað þess að hún taki gildi frá því að hún er tilkynnt aðilum.

Það sama er lagt til að gildi um ákvarðanir nefndarinnar um kærur frá Verðlagsstofu skiptaverðs sem fjallað er um í sömu málsgrein 10. gr., en með þessu vill nefndin koma því fram að það ákvæði sem í frv. er í 2. mgr. 10. gr. geti ekki dregið úr hófi gildistöku úrskurða sem um þetta fjalla.

Með tillögu um nýja 17. gr. í frv. er lagt til að lögð verði ríkari þagnarskylda á starfsmenn Verðlagsstofunnar og nefndarmanna í úrskurðarnefnd en frv. gerði ráð fyrir. En þetta er gert í ljósi þess að starfsmenn Verðlagsstofunnar munu fjalla um ýmsar viðkvæmar upplýsingar sem snerta hag og afkomu einstakra fyrirtækja, jafnvel einstaklinga í sjávarútvegi, og því almennt séð nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um þagnarskyldu í frv. um meðferð slíkra upplýsinga.

Að síðustu er í 7. tölul. lagt til að bætt verði við frv. ákvæði til bráðabirgða líkt og í hinum tveimur frv., sem eru 604. og 606. mál þingsins, þ.e. að sjútvrh. leggi fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð verði grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frv. felur í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar. Lagt er til að sambærileg bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við frv. um Kvótaþing og frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

[17:10]

**Útbýting þingskjala:**

Kvótaþing, 606. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1069; nál. 3. minni hluta sjútvn., þskj. 1071.

Verðlagsstofa skiptaverðs, 605. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1068; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1070.

[17:10]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti sjávarútvegsnefndar, sem ásamt mér skipar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, ítelur harðlega að ríkisstjórnin skuli, í krafti meiri hluta síns á Alþingi, lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin.

Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættismannanefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt, enda hafði sjávarútvegsráðherra heitið þeim að það yrði gert.

Stjórnarandstaðan hefur lagt áherslu á að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin standi við loforð sín gagnvart sjómönnum. Með vísan til þeirra efnisbreytinga sem felast í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar er á hinn bóginn ljóst að ríkisstjórnin ætlar að svíkja gefin loforð.

Herra forseti. Það var ríkisstjórnin sem valdi leið frumvarpanna þriggja. Sú staða sem upp er komin og afleiðingar afskipta ríkisstjórnarinnar af málefnum sjómanna er algerlega á hennar ábyrgð.

Með því að breyta frv. um stjórn fiskveiða í grundvallaratriðum er ljóst að forsendur eru orðnar aðrar en þær voru þegar greidd voru atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara.

Með vísan til þessa mun minni hluti sjútvn. sitja hjá við afgreiðslu þessara mála í heild sinni.

[17:12]

**Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sem finna má á þskj. 1070.

Frv. um úrskurðarnefnd um Verðlagstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna styrkir gildandi ákvæði um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með því að setja á laggirnar nýja stofnun, Verðlagsstofu skiptaverðs er starfi í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar verði að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Það er sjónarmið 2. minni hluta að frumvarpið sé til verulegra bóta, svo og fram komnar breytingartillögur við það. Verðlagsstofa mun hafa víðtækar heimildir til þess að afla gagna um fiskverð og krefjast nauðsynlegra upplýsinga.

Er með því mjög bætt staða sjómanna frá því sem nú er til þess að rétta hlut sinn og tryggja að hann verði í samræmi við eðlilegt skiptaverð hverju sinni.

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég tel að frv. þetta sem stutt er af sjómannasamtökunum horfi til verulegra bóta til úrlausnar á því deiluefni sem menn hafa glímt við, sem er að leysa úr ágreiningi milli útgerða og sjómanna um það verð sem notað er til að ákvarða skiptahlut.

Ég vænti þess að með þeim bótum sem gerðar eru í frv. á gildandi fyrirkomulagi verði staða manna mjög bætt til að tryggja að sjómenn verði ekki hlunnfarnir í þeim viðskiptum, eins og þeir hafa svo rækilega komið á framfæri við þjóðina á undanförnum missirum að allmörg dæmi eru um.

[17:16]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta sjútvn. við frv. til laga um Kvótaþing, 606. mál, nál. er á þskj. 1061 og brtt. 1. minni hlutans á þskj. 1062. Í nál. kemur fram að nefndin hefur kynnt sér málið og m.a. fengið á sinn fund ýmsa aðila sem þurfa undir að búa eða koma að framkvæmd þegar frv. verður að lögum eða hafa komið að undirbúningi frv. Auk þess bárust nefndinni umsagnir frá Vinnslustöðinni hf., Lýsingu hf. og SP-fjármögnun.

Áður en ég geri grein fyrir einstökum tillögum 1. minni hluta vil ég taka fram vegna þessa máls að það sem mest skilur á milli nefndarmanna, ekki síst nefndarmanna sem hafa skipað meiri hluta nefndarinnar, er að hér er á ferðinni það þingmál af þeim fjórum sem við ræðum í dag, sem virðist líklegast til að hafa afdrifaríkust áhrif, ásamt ákvæðunum í brtt. við lögin um stjórn fiskveiða, á möguleika útgerða, sérstaklega hinna smærri útgerðarfyrirtækja til að ná fram hagræðingu í starfsemi sinni. Það er alveg ljóst að ef svo fer fram sem menn álíta og hafa haft af miklar áhyggjur, að afkomumöguleikar þessara fyrirtækja verði miklu verri, verða bein áhrif á sama veg á tekjumöguleika þeirra sjómanna sem hjá þeim starfa. Ekki einasta mun það hafa áhrif á tekjumöguleika sjómanna og útgerðarfyrirtækjanna, heldur leiðir það aftur til þess að útgerðarfyrirtækin verða að verja minni fjármunum en ella hefði verið til viðhalds á skipum sínum, tækjabúnaði eða til endurbóta eða endurnýjunar skipanna. Það mun aftur leiða til alvarlegra áhrifa á aðrar starfsgreinar í þjóðfélaginu og um allt það samfélag sem hver útgerð starfar í þegar þær þurfa að draga verulega saman aðkeypta þjónustu til reksturs síns. Það er líka líklegt, herra forseti, að með skerðingunum á framsalsrétti veiðiheimilda muni það verða til þess að fyrirtæki sem fram að þessu hafa stundað veiðar utan lögsögunnar í einhverjum mæli verði af þeim ástæðum að draga að sér hendina í þeirri sókn og þá fara menn að sjá jafnvel enn þá meiri áhrif á þau verðmæti sem útgerðirnar draga í þjóðarbúið.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að við þurfum að ganga mjög varlega um þær dyr og ég get ekki talið að með þessum aðgerðum sé gengið um gleðinnar dyr, síður en svo. Ég tel rétt að geta þess aftur að það hversu mjög skilur milli nefndarmanna, eftir að hafa kynnt sér þessi mál mjög vel, er merki um hversu réttmætt það er að hafa fullar áhyggjur af þeim áhrifum og afleiðingum sem munu fylgja í kjölfar þessarar löggjafar.

Vík ég þá að þeim tillögum sem 1. minni hluti leggur til við þetta mál. Hann vill fyrst taka fram að viðmælendur nefndarinnar létu í ljósi þungar áhyggjur yfir þeim alvarlegu afleiðingum sem ákvæði frv. valda með takmörkunum sínum á möguleika útgerða til að flytja aflamark milli skipa og hagræða þannig veiðiheimildum sínum. Einn nefndarmanna, sem skipar þennan 1. minni hluta, telur að veita ætti frekari undanþágu frá skyldu til að byggja færslu aflamarks milli skipa á viðskiptum á Kvótaþingi og gerði hann fyrirvara um þetta atriði, eins og kemur fram við undirritun nál.

Þá kom fram í nefndinni sú skoðun að lagfæra þurfi þau ákvæði frv. sem varða framkvæmd viðskiptanna á Kvótaþinginu þannig að þau verði þjálli og jafnframt verði gætt fyllsta öryggis, en það orð að viðskiptin geti orðið þjálli felur jafnframt í sér að þeir sem vilja eiga slík viðskipti þurfi ekki að mæta eða senda gögn í fleiri en eina stofnun sem um á að fjalla.

Mér þykir það sjálfsögð aðgerð til að gera mönnum auðveldara að búa við lög og reglur, að þeir geti lagt fram sín erindi við opinbera aðila og þá sem eru að lögum sem skyldumarkaðir fyrir viðskipti þeirra. Slík erindi gætu komið fram á einum stað og fengju þar alla umfjöllun sem þyrfti. Þar gætu menn lokið viðskiptunum og þyrftu ekki að leita annað.

Í þessu efni telur 1. minni hluti nauðsynlegt að á næstu mánuðum, við undirbúning að framkvæmd laganna, verði ákvæði þeirra grandskoðuð með tilliti til þessa. Þá leggur 1. minni hlutinn til að frv. verði samþykkt með breytingum sem koma fram á sérstöku þskj. sem ég hef áður nefnt, þskj. 1062, en í þeim felst í fyrsta lagi að lagt er til að viðurlagaákvæði 18. gr. verði breytt verulega og ekki verði um að ræða þær refsingar sem frv. gerir ráð fyrir heldur verði seljanda gefinn kostur á að afhenda hið selda en jafnframt er opnað fyrir heimild til að útiloka slíkan seljanda frá frekari viðskiptum á Kvótaþingi, nema að fullnægðum tilteknum og tiltölulega þungum skilyrðum. Til slíkra útilokana yrði þó vart gripið nema brotið væri sýnilega framið af ásetningi eða ef um ítrekuð brot væri að ræða.

Þá er lagt til að bætt verði við frv. ákvæði til bráðabirgða, líkt og ég hef gert grein fyrir varðandi tvö önnur frv. hér á undan, en það leggur þá skyldu á herðar sjútvrh. að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð verði grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frv. felur í sér á íslenskan sjávarútveg og sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar. Lagt er til að sambærilegu bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við hin fyrrnefndu þingmál.

[17:22]

**Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um Kvótaþing, en ásamt mér skipa 2. minni hluta hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Herra forseti. Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar átelur harðlega að ríkisstjórnin skuli, í krafti meiri hluta síns á Alþingi, lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin.

Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættismannanefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt, enda hafði sjávarútvegsráðherra heitið þeim að það yrði gert.

Stjórnarandstaðan hefur lagt áherslu á að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin standi við loforð sín gagnvart sjómönnum. Með vísan til þeirra efnisbreytinga sem felast í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar er á hinn bóginn ljóst að ríkisstjórnin ætlar að svíkja gefin loforð.

Ég vísa, herra forseti, til þeirra efnisatriða sem rakin eru í nál. minni hluta sjútvn. um frv. um stjórn fiskveiða sem hér er einnig til umfjöllunar.

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli manna að lögfesting Kvótaþings sé álitamál. Í umræðum um þessi mál hefur margoft komið fram í þinginu að hverju sinni sem menn breyta starfsumhverfi sjávarútvegsins er um álitamál að ræða. Menn eru einlægt að breyta forsendum fyrir rekstri, mismunandi mikið. Einn tapar og annar græðir eins og gengur, og eðlilega hljóta menn hverju sinni að hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig mál koma út. Það er ekki bundið bara við það mál sem við fjöllum um núna, eða þau mál sem hér eru til umfjöllunar.

Það liggur hins vegar fyrir, herra forseti, að það var ríkisstjórnin sem valdi þá leið sem hér er farin. Í samningaviðræðunum höfðu sjómennirnir haft uppi aðrar áherslur. Meginkrafa þeirra hefur verið sú að staðið væri við kjarasamninga og lög og þeir hafa beðið um að starfsumhverfi þeirra væri breytt til að svo mætti verða. Krafa þeirra var sú að farið yrði í að breyta umhverfinu þannig að verðmyndun á afla á veiddum fiski yrði höfuðviðfangsefnið. Við því var ekki orðið en boðið upp á þann kost að farið verði í hinn endann, verðlagningu á veiðiheimildum. Sú staða sem upp er komin og afleiðingar afskipta ríkisstjórnarinnar af málefnum sjómanna eru algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Með vísan til þessa mun 2. minni hluti sjútvn. sitja hjá við afgreiðslu þessara mála í heild sinni.

[17:27]

**Frsm. 3. minni hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 1071 er að finna nál. 3. minni hluta sjútvn. í þessu máli, frv. til laga um Kvótaþing. Ég vek athygli á því að í þessu máli er enginn meiri hluti, heldur bara minni hlutar sem er afar óvenjulegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, í jafnumdeildu máli sem þessu, þótt að sjálfsögðu sé það skiljanlegt þegar málið er svo stórt sem raun ber vitni.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að komið verði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark og er liður í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir að viðskipti útvegsmanna með aflamark geti bitnað á aflahlut sjómanna.

Frumvarpið gerir viðskipti með aflamark sýnilegri en nú er og kemur í veg fyrir að blandað verði saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Að þessu leyti er um að ræða verulegan kost út frá hagsmunum sjómanna.

Hinu er ekki að leyna að frumvarpið mun hafa talsverðar breytingar á starfsumhverfi í sjávarútvegi í för með sér, og eftir yfirferð sjútvn. á málinu undanfarinn sólarhring stendur upp úr að mikil óvissa ríkir um mat á þróun mála, verði frv. að lögum.

Hjá mörgum umsagnaraðilum kom fram það mat að störfum sjómanna mundi fækka verulega og samrunaþróunin í átt til fárra og stórra útgerða yrði mjög hröð. Einkum var óttast um stöðu bátaútgerðar og smærri sjávarútvegsbyggða í þessu sambandi. Óhjákvæmilegt er að lengri tími gefist til þess að meta áhrifin af lögfestingu Kvótaþingsins og kannað til hvaða breytinga væri hægt að grípa til þess að draga úr óæskilegum áhrifum af lögfestingu frumvarpsins. Þá sýnist enn fremur nauðsynlegt að gefa einhvern aðlögunartíma að nýju fyrirkomulagi ef rétt þykir að lokinni frekari athugun að taka það upp.

Við lagabreytingu í starfsumhverfi í sjávarútvegi ber að gæta þess að fjölbreytt útgerðarmunstur geti dafnað og að staða sjávarplássa styrkist fremur en hið gagnstæða. Það væri mikið glapræði að hrapa að niðurstöðu sem geti leitt til hins gagnstæða.

Þriðji minni hluti telur því ekki fært að styðja frumvarpið að svo komnu máli.

Vandi nefndarinnar hefur verið allnokkur við meðferð málsins. Fyrst og fremst hefur vandinn verið sá að nefndin hefur haft örskamman tíma til að glöggva sig á frv. sem er mjög mikil breyting á starfsumhverfi í sjávarútvegi eins og nú tíðkast að nefna það. Það er ekki ætlandi neinni þingnefnd að geta með sæmilega traustum hætti gert sér grein fyrir þeim miklu áhrifum sem margir segja að muni verða í kjölfar þess að samþykkja þetta fyrirkomulag. Og það eru ekki skynsamleg vinnubrögð af hálfu Alþingis að hrapa að niðurstöðu í þessum efnum því að það er kunnara en frá þurfi að segja að menn vita að oft er of seint að bæta skaðann þegar hann hefur orðið. Þó að menn geti vissulega breytt lögum og lagfært þau í ljósi reynslunnar þá er skynsamlegra, þegar mikil álitamál eru uppi, að athuga þau vel áður en farið er af stað í för sem þessa.

Ég vil nefna nokkur dæmi úr því sem fram kom í umsögnum þeirra sem gengu á fund nefndarinnar til að lýsa viðhorfi sínu til málsins. Það kom fram hjá fulltrúum Samtaka fiskvinnslustöðva það mat þeirra að stór sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreytta starfsemi mundu eiga bestu möguleikana í þessu kerfi. Að sama skapi væri staða minni útgerða lakari en þeirra stóru. Þeir mátu það svo að Kvótaþing mundi skapa mikla óvissu og hafa ófyrirsjáanleg áhrif. Þeir mátu það líka þannig að minni fyrirtækin í sjávarútvegi mundu renna inn í stóru fyrirtækin og kölluðu það Samherjaáhrifin, þar sem umhverfið leiðir til þess að eigendur minni útgerða, bátaútgerðarinnar, teldu sinn kost bestan að sameinast stóru, öflugu útgerðarfyrirtæki. Þeir mátu það líka þannig að fyrirtækjum í útveginum mundi mjög fækka í kjölfarið og sjómönnum einnig. Með öðrum orðum, aukin samþjöppun í greininni, fækkun á störfum og færri og stærri fyrirtæki. Það er ekki hægt að skrifa upp á þessa framtíðarsýn að mínu viti. Ég er ekki stuðningsmaður þess að þróa sjávarútveginn á þennan hátt og vil því staldra við áður en lengra er haldið og ganga frekar úr skugga væntanleg áhrif af þessari breytingu áður en lagt er af stað og áður en ákveðið er hvort fara eigi í þessa för.

Ég vek hins vegar athygli á, af því ég var hér að rekja umsögn samtaka sem töldu þetta ekki gæfuspor, að auðvitað er kostur í málinu hvað varðar stöðu sjómanna, uppgjör á aflahlut þeirra. Því mega menn aldrei gleyma að það hefur verið stórt vandamál á undanförnum árum og það verður að leysa það vandamál þannig að sátt sé um.

Ég vil einnig nefna umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar. Þeir töldu það kost að verðmyndun ætti sér stað á opnum markaði í þessu kerfi en bentu á að þeir hefðu efasemdir um Kvótaþingið og væru smeykir um neikvæða þróun í flutningi aflamarks á milli byggðarlaga og minntu á andstöðu sína við núgildandi stjórnkerfi fiskveiða en komust að þeirri niðurstöðu að eina leiðin til þess að fá skorið úr um áhrifin væri að prófa kerfið.

Formaður smábátaeigenda gekk einnig á fund nefndarinnar og var mjög andsnúinn þessu fyrirkomulagi. Hann taldi sem aðrir að þetta mundi leiða til þess að smærri útgerðir rynnu inn í stærri sjávarútvegsfyrirtækin og fór fram á það að bátar undir tólf tonnum væru undanþegnir ákvæðum frv. um Kvótaþing. Hann taldi að þetta fyrirkomulag mundi bitna

mjög á félagsmönnum sínum. Það er því ljóst að það var margt álitaefni í þessu og þarf nokkuð hrausta menn til þess að láta þessi viðvörunarorð eins og vind um eyru þjóta og leggja til að málið verði lögfest á öðrum sólarhring frá því að nefndin tók það til meðferðar. Mörg merkileg frv. hafa verið í meðförum þingnefnda Alþingis vikum saman og þingnefndir talið fulla þörf á. En þetta mikla mál um kerfisbreytingu í sjávarútvegi hefur aðeins verið til meðferðar hjá þingnefnd í rétt liðugan sólarhring.

Herra forseti. Ég gæti stiklað á umsögnum fleiri aðila en ég hygg ég láti þetta duga sem dæmi um það sjónarmið sem fram kom. Ég get svo sem bætt því við líka að við mig hafa haft samband á þessum sólarhring bæði sjómenn og útvegsmenn og allir lýst miklum efasemdum um málið. Ég hygg að það sé lýsandi dæmi um þær áhyggjur sem menn hafa um þróunina í ljósi þessarar tillögu eða kerfisbreytinga sem er að finna í frv. Ég met það svo að þau sjónarmið sem ég hef rakið eigi að leiða okkur til þeirrar niðurstöðu að vanda okkur við verkið. Ég ætla ekki að útiloka að unnt verði að búa málið þannig út að þess verði gætt að taka tillit til þeirra sem óttast afleiðingarnar af þessu eða dregið úr væntanlegum slæmum áhrifum. Það er einfaldlega verkefni þingnefndar í hverju máli að athuga mál þannig og gefa sér þann tíma sem þarf til að komast að skynsamlegri niðurstöðu og sá tími hefur ekki verið gefinn í þessu tilviki. Það er undirstrikað með því að 1. minni hluti nefndarinnar leggur til að fylgst verði með framvindu málsins og ráðherra gefi skýrslu um þróunina innan skamms. Það er auðvitað lýsandi dæmi um það að þeir sem skipa þann minni hluta telja að málið sé að mörgu leyti ekki nægjanlega athugað.

*Ég vil segja, herra forseti, að fyllsta ástæða er til þess* að hafa verulegar áhyggjur af því hvernig mál eru að þróast í sjávarútvegi og þá á ég við hvernig menn skipa málum með lögum frá Alþingi. Stöðugir árekstrar hafa verið innan greinarinnar undir núverandi fyrirkomulagi um stjórn fiskveiða sem hafa farið mjög vaxandi eftir að frjálst framsal var tekið upp fyrir átta árum. Framsalið ásamt breytingu sem varð skömmu seinna um frjálst fiskverð virðist hafa leitt til verulegra árekstra á milli sjómanna og útvegsmanna sem erfitt hefur reynst að ráða fram úr. Það er greinilegt að þarna eru gagnstæðir hagsmunir sem þetta stjórnkerfi dregur fram og skerpir fremur en að sætta.

Það er líka rétt að minna á að þetta kerfi hefur leitt af sér hliðarverkanir sem eru mjög óæskilegar og umdeildar, þ.e. brottkast afla og annað af því taginu. Til þess að reyna að girða fyrir hefur verið sett á fót ríkisstofnun, Fiskistofa, til þess að annast eftirlit með útvegsmönnum og sjómönnum. Þessi ríkisstofnun fer stöðugt stækkandi og hefur verið sú stofnun ríkisins á undanförnum árum sem hvað hraðast hefur vaxið. Og ég er ekki viss um að við sjáum fyrir endann á útþenslu þess bákns.

Hér er lagt til að stofnsetja tvær ríkisstofnanir til viðbótar til þess að reyna að greiða úr ágreiningi sem kerfið leiðir af sér á milli sjómanna og útvegsmanna, annars vegar Kvótaþing og hins vegar Verðlagsstofu skiptaverðs sem á að vera nokkurs konar lögregla á óprúttna útvegsmenn. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess fyrir Alþingi að staldra við á þessum tímamótum og spyrja: Erum við á réttri leið í að stjórna okkar sjávarútvegi þegar hvert ár sem líður leiðir það eitt af sér að hörð átök eru á milli stétta og lausnin er fólgin í að koma upp nýjum eftirlitssveitum?

Nú skulum við gefa okkur að þessar tvær nýju ríkisstofnanir verði samþykktar hér og komið á laggirnar. Ég er ekki svo viss um að eftir eitt ár eða tvö telji menn þetta nægjanlegt. Mér býður í grun að líklegra teldu menn að enn þurfi að auka eftirlitskerfið til þess að draga úr óánægju sem uppi er.

Ég held að Alþingi eigi að hafa eina reglu við lagasetningu og hún er sú að þegar þarf að byggja upp mikið eftirlitskerfi þá eru lögin vond. Og þegar reynslan er sú að að byggja þarf annað eftirlitskerfi við hliðina á því sem fyrir var þá eru lögin mjög vond. Lausnin hlýtur því að vera fólgin í að skoða þau lög sem leiða af sér þetta eftirlitskerfi í stað þess að bæta við nýjum sveitum og nýjum stofnunum í hóp þeirra sem fyrir eru. Þetta vildi ég, herra forseti, draga fram í ljósi þess sem hér er að gerast og benda líka á eitt atriði sem ekki hefur verið nefnt til þessa, þ.e. byggðaáhrifin af þessu öllu saman.

Þróunin er ekki bara sú að menn séu að koma upp eftirlitssveitum hverri á fætur annarri, heldur eru menn að markaðsvæða þennan sjávarútveg og menn eru að markaðsvæða réttindin. Það er að verða eins og hver annar verðbréfamarkaður að höndla með réttindi til veiða. Og þar er landið eitt markaðssvæði og það eru engar hindranir eða neinar girðingar til að verja stöðu manna eftir búsetu eða stöðu manna eftir útgerðarflokkum eins og þó er nú víða í löggjöf erlendis, að reynt er að verja stöðu þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Því auðvitað er það þannig að þegar sett eru lög þá er það fólkið sem á að búa við lögin sem er aðalatriði málsins en ekki kerfið sjálft. Mér finnst að í þessum efnum markist löggjöfin hér á landi af því að menn líti á kerfið sem aðalatriði en fólkið sem aukaatriði og hagsmuni þess.

Ævinlega er sagt að það þurfi að hagræða í sjávarútvegi, *að það þurfi bara að hafa einn stóran frystitogara en ekki* marga litla báta og það sé hagkvæmt fyrir þjóðina. Aldrei dettur þeim spekingum sem skrifa þessi fræði í hug að líta á stöðu fólksins sem breytingarnar hafa áhrif á. Fólkið býr í eignum sínum, hefur atvinnu sína o.s.frv. og kerfisbreytingar af þessu tagi geta haft mikil áhrif á stöðu þess. Þau eru aldrei metið, það er eins og þau komi málinu ekkert við. Svona eiga menn ekki að gera, herra forseti. Löggjöfin verður alltaf að líta til þess hvaða áhrif hún hefur á það fólk sem þarf að búa við hana. Það held ég að sé kannski einn stærsti ágallinn sem við búum við í dag að það skortir einmitt að sníða löggjöf að þörfum fólks, a.m.k. í jafnríkum mæli og menn eru að miða löggjöfina við þarfir frystitogara eða stórútgerðarmanna. Því er mikill ófriður um þessi mál hér á landi og er stöðugt í umræðunni og hefur verið á undanförnum árum og ekki hvað síst á þessum vetri. Þrátt fyrir að þetta eigi að vera svo fullkomið kerfi held ég að það hafi aldrei verið önnur eins umræða um sjávarútvegsmál í þjóðfélaginu og á þessum vetri. Það lýsir því að fólkið er óánægt og ég spái því að þau frv. sem liggja fyrir muni engu breyta í þeim efnum og að það verði enn þá mjög mikil óánægja í þjóðfélaginu og ekki hvað síst hjá þeim sem vinna við þessa atvinnugrein. Þótt þessi frv. kunni að einhverju leyti að ráða bót á ágöllum *sem fyrir eru verður enn þá mikil óánægja og hún fer ekki* minnkandi á næstu mánuðum frá því sem nú er.

Ég held að það sé komið að því að fólk hafi áttað sig á því að það er löggjöfin sem er grundvöllurinn og er meinið og um þetta verður tekist á um í næstu alþingiskosningum. Þetta verður aðalkosningamálið í næstu alþingiskosningum sem stjórnmálaflokkarnir verða að veita svar við. Ætla þeir að búa til löggjöf sem veitir fólki sæmilegt öryggi? Óöryggið er alveg hrikalegt um land allt hjá því fólki sem starfar

í sjávarútvegi eða býr í byggðarlögum sem eru meira og minna háð sjávarútvegi þó að það sjálft starfi ekki í honum. Það er ekki bara í þeim byggðarlögum sem hafa misst kvóta sinn sem fólk er uggandi um framtíð sína heldur líka í þeim byggðarlögum sem búa við blómstrandi stórútgerðir vegna þess að fólkið gerir sér grein fyrir því að þetta allt getur horfið á einni nóttu og menn staðið upp með tvær hendur tómar og óttast í ljósi þessarar stöðu um afkomu sína, öryggi og eignir. Þetta knýr áfram óánægjuna og þau frv. sem við erum að ræða taka ekki á þessu atriði, eru ekki bót á því aðalmeini sem við búum við, því miður, herra forseti.

[17:49]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Hér eru til umræðu fjögur stjórnarfrv. sem öll snúa að vinnudeilu útvegsmanna og sjómanna eða eru því tengd. Af þeim nál. sem hafa verið kynnt hef ég ekki skrifað undir tvö þeirra og ekki lagt fram slíkt skriflegt nál. en mun gera grein fyrir afstöðu minni úr þessum ræðustól.

Mér finnst þó rétt, herra forseti, áður en við snúum okkur beint að þessum frv. að fara aðeins yfir þá stöðu sem við erum í í dag. Öllum er ljóst að það er ekki eingöngu ríkisstjórnin heldur þjóðin öll sem stendur frammi fyrir miklum vanda sem eru deilur og verkföll í sjávarútvegi milli sjómanna og útvegsmanna. Ég hef orðið þess mjög var á undanförnum vikum, mánuðum og dögum að þessar deilur hafa leitt til þess að menn hafa uppi bæði stóryrði og hrakyrði um þá sem eiga að koma að þessum samningum. Er þar skemmst að minnast sjónvarpsviðtals í beinni útsendingu eða fréttaflutningi kl. 8 í gærkvöldi í Ríkissjónvarpinu þar sem einn hv. alþm. lýsti því yfir að hann teldi að samninganefndirnar væru ónothæfar og svo var Alþingishúsið í baksýn. Ég held að ástæða sé til þess að staldra aðeins við og átta sig á þessu.

Kannski er eðlilegt að þeir spyrji sem vita ekki: Hvernig stendur á því að við búum við það núna æ ofan í æ að það nást ekki samningar á vinnumarkaði milli sjómanna og útvegsmanna? Við skulum reyna að átta okkur á því starfsumhverfi sem þeir eru í.

Sjómannaforustan stendur frammi fyrir því og hefur staðið frammi fyrir því lengi að menn eru ákaflega óánægðir með hlutinn sinn, sérstaklega í bolfiskveiðunum vegna þess að sjómenn fá mismunandi laun, starfandi á sama sjó á sama tíma. Allir sem þekkja til launamála ættu að vita það vel að það sem alltaf er um að ræða í öllum kjarasamningum er samanburðarfræðin undir öllum kringumstæðum. Menn bera saman laun sín og þessi samanburðarfræði er það afl sem knýr kjarabaráttuna áfram og það er ekkert óeðilegt um sjómenn frekar en samanburður á launum hjúkrunarkvenna, tollvarða, verkamanna eða hverra sem er þannig að þeir sem hneykslast kannski á sjómannaforustunni ættu aðeins að hugsa sinn gang.

Hinir sem hneykslast líka á forustu útvegsmanna ættu líka að velta hlutunum fyrir sér. Frammi fyrir hverju standa útvegsmenn? Þeir standa frammi fyrir því að við höfum fiskveiðistjórnarkerfi sem hefur eitt sér til ágætis, eflaust réttilega að dómi útvegsmanna, og það er framsal aflaheimildanna. Skyldi einhver hneykslast á útvegsmönnum þó að þeir reyndu í þeirri stöðu eftir fremsta megni að halda í þennan framsalsrétt? Nei, ég held að það séu ekki efni til þess að hneykslast neitt á þeim.

Ég þekki flesta forustumenn sjómannasamtakanna og hef þekkt lengi. Þeir eru eflaust ekki gallalausir. Ég þekki forustumenn útvegsmanna og hef þekkt lengi og þeir eru eflaust ekki heldur gallalausir. En ég er sannfærður um að gagnvart þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir væri nær að átta sig á því að hingað stefna vandræðin og það ekki að ástæðulausu.

Við 1. umr. um þessi frv. sagði hv. þm. Svavar Gestsson er hann hneykslaðist nokkuð á því að ekki gengi að semja: Hvað er nú orðið okkar starf í sex hundruð sumur? Og það er einmitt þetta, þetta er nefnilega orðið okkar starf núna í 14 ár. Það er löggjöfin, það er ramminn, það er umgjörðin, lagaumgjörðin, sem útvegsmenn og sjómenn starfa í sem gerir þeim ókleift að semja. Það er þessi lagaumgerð. Hingað stefna vandræðin, og hingað munu vandræðin eðlilega stefna þannig að við skulum velta fyrir okkur stöðu okkar, herra forseti, og gefa okkur dálítinn tíma til þess að átta okkur á því hvar við erum stödd.

Þessar aðstæður gefa útvegsmönnum og sjómönnum ekki tækifæri til að semja. Það eru lögin sjálf. Í þeim rekst hvað á annars horn.

Síðasti ræðumaður gat þess réttilega að lög sem kölluðu á mikið eftirlit og enn þá meira eftirlit væru eflaust vond lög. Ég hef aldrei verið sannfærðari um það en í dag að aðferðir sem við notum til að stjórna fiskveiðunum eru rangar. Ég var í upphafi mjög á móti kerfinu. Sérhver dagur, vika, missiri, mánuður, árstími og ár hafa sannfært mig um það meira og meira að við erum á villigötum. Við erum á mjög miklum villigötum og það er það sem þingið þarf að athuga og þarf að velta fyrir sér. Og nú þegar þessari hrinu lýkur í kvöld eða nótt ættu hv. þm. að nota tækifærið til að velta því fyrir sér hvað sé til ráða vegna þess að það gefst þá eitthvert tóm, varla mjög langt held ég, vegna þess að eins og ég sagði áðan hingað munu vandræðin stefna aftur og þá er rétt að átta sig á því hverjir skyldu bera ábyrgð. Ætli það verði ekki styttri upptalning að segja hverjir bera ekki ábyrgð?

Allir stjórnmálaflokkar á Alþingi, bæði stjórnarandstaða og stjórnarflokkar, hafa staðið að þessu í 14 ár og mikill meiri hluti innan þessara flokka allra hefur trúað því og vill trúa því að þetta sé hin rétta aðferð. Það er þannig.

Sjómannaforustan hefur heldur ekki verið með eina skoðun á því að það ætti að afnema kerfið. Kerfið hefur heilmikinn stuðning meðal sjómanna eða átti það a.m.k. lengi vel þó að mig gruni að hann minnki stöðugt.

Flestir útvegsmenn hafa barist mjög fyrir þessu kerfi. Á meðan við reyndum með okkur innan LÍÚ áður fyrr voru það yfirleitt svona þrír fjórðu sem fylgdu þessu kerfi en einn fjórði á móti, kannski meira stundum. Það liggur fyrir að það eru flestir, sem hafa komið nálægt þessu, sem hljóta að þurfa að horfa í eigin rann hvernig við getum snúið þessu ofan af okkur.

Eins og ég sagði áðan eru hér tvö frv. þar sem ég hef ekki skrifað undir nál. Það er frv. um Kvótaþing og frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs. Eins og ég sagði áðan hef ég ætíð verið mikill efasemdamaður um að þessi aðferð væri rétt. Ég hef verið alveg viss um að sóunin sem fylgdi kerfinu væri þjóðhagslega mikið böl og ég hef líka þekkt hvers konar vandræðum það veldur mjög víða að hafa þetta kerfi og hve mikil blekking er fólgin í þeirri hagkvæmni sem þarna er.

Gagnvart þeim deilum sem nú standa ætla ég að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki átt annarra kosta völ en að skipta sér af deilunni eins og hún hefur reyndar gert. Það er náttúrlega öllum kunnugt að hún tók afstöðu í deilunni og hún tók afstöðu með sjómönnum. Hún taldi rétt að verða við þeim

óskum sem fram komu, m.a. í miðlunartillögu sáttasemjara að það gæti verið leið út úr þessum deilum að setja upp Kvótaþingið og setja upp þessi lögreglulög sem þurfa að fylgja því.

Ég er alveg viss um og efast ekkert um einlægni sjómannaforustunnar um að þeir trúi því að með því að gera þeirra svona þá minnki vandræði þeirra. Ég efast ekkert um að þeir trúi því líka sem skrifuðu skýrslu Þjóðhagsstofnunar að hagkvæmt sé að gera þetta svona.

Ég trúi því líka að ríkisstjórnin með því að fylgja þessum ráðum og leggja þetta til og gera þessi frv. að sínum trúi því að hún sé að gera rétt. En ég hef um þetta allt efasemdir. Ég hef um þetta mjög miklar efasemdir. Ég efast stórlega um að þessi breytta skipan muni bæta kjör sjómanna. Ég hef allar efasemdir um að röksemdafærsla Þjóðhagsstofnunar fái staðist. Hún er með ólíkindum og virkar sem öfugmæli. Ég óttast að þegar upp er staðið verði menn litlu nær. Ég hef miklar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta kann að hafa eins og hefur komið fram áður, sérstaklega á einyrkjana í íslenskri útgerð. Þeirra hagur mun skerðast meðan stórútgerðirnar geta látið þessa lagasetningu nokkurn veginn fram hjá sér fara. Ég trúi því og þykist vita, herra forseti, að ef við skerðum hlut og stöðu einyrkjanna í sjávarútvegi varanlega þá erum við ekkert annað að gera en að búa okkur til verri framtíð en efni standa til.

Ég vona einlæglega, herra forseti, að ég hafi rangt fyrir mér. Vonandi er svartsýni mín óþörf. Vonandi gengur þetta annan veg fram. Þótt ég hafi alla tíð verið á móti kvótakerfi geri ég mér grein fyrir því að kvótakerfi án framsals fær aldrei staðist. Ég hef alltaf talið rétt að berjast gegn kvótakerfinu á þeim forsendum að sýna mönnum fram á hve mikil sóun væri í kerfinu. En það á ekki að lama það og gera það ónýtt eins og ég óttast að sé verið að gera með þessum frv. því þá getum við orðið í mjög vondum málum mjög lengi. Og á hverjum skyldi það bitna fyrst? Það kemur fyrst niður á sjómönnum vegna þess að þau störf sem þeir vinna í dag gætu innan tíðar tilheyrt þeirri veröld sem var. Það kæmi niður á sjávarútvegsplássum Íslands vegna þess að ef við minnkum framsalið, minnkum verslunina, er eins hætt við því að frystingin úti á sjó eflist og aukist. Það er einmitt það sem ég veit að enginn vill. Enginn vill það.

Ríkisstjórnin taldi sig knúna til að gera þetta og ég vona að svartsýni mín sé ekki á rökum reist. Ég hef skrifað undir nál. um að ég sé reiðubúinn til að standa að því að setja lög á útvegsmenn eins og ég kalla það því þessi lagabálkur er ekkert annað en lög á útvegsmenn. Ég veit það er alltaf mjög viðkvæmt, ég veit það er oft fordæmt og ég veit það er mjög óæskilegt að slíkt sé gert en í þessari stöðu sé ég enga ástæðu til að ég sé neitt að hlífa mér við því að taka þá óvinsælu ákvörðun. Hins vegar eru frv. tvö sem eru flutt af ríkisstjórninni. Ég ætlast til þess að sumir flutningsmannanna — ég á fyrst og fremst við hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh., þessa tvo menn sem hafa sjálfviljugir gengið í forustu fyrir pólitískri ábyrgð á þessu kerfi alla tíð — og vonast til að þeir fyrirgefi mér og skilji að ég hef lítinn áhuga, þótt ekki væri nema upp á síðari tíma sagnfræði, að vera með núna þegar menn ætla eins og ég held að höggva fæturna undan þessu óskabarni þeirra. Ég held að menn hljóti að hafa á því skilning að ég láti það alveg vera.

Ég er hins vegar alveg viss um að fátt er nauðsynlegra fyrir íslenskt efnahagslíf en að bæta kjör sjómanna. Ekki vegna sjómanna heldur vegna þess að sjávarútvegurinn er það meginafl sem knýr áfram þetta þjóðfélag og við getum aldrei hámarkað afköst okkar og við getum aldrei hámarkað ágóða okkar í sjávarútvegi nema með því að eftirsótt sé að vera á sjó. Ég þykist ekki kunna nema eitt ráð til að bæta kjör sjómanna og það var hægt að gera það í dag, hefði verið hægt í gær og fyrradag. Það er að hætta við þetta frosna viðhorf til þorskveiðanna á Íslandi og fara nú að veiða þorsk eins og við höfum gert í 70 ár. Það er 70 ára reynsla fyrir því að Íslandsmið bera mjög vel 300.000 til 350.000 tonn af þorski. Þessu þjóðarbúi veitir nú ekkert af að fá það núna. Sjómönnum veitir ekkert af því og útvegsmönnum veitir ekkert af því. Það gæti verið að mínum dómi sú eina kjarabót sem nokkurn tímann gæti komið út til handa sjómönnum. Þessar deilur eru dæmdar til að hvorki þeir né útvegsmenn hafi neitt upp úr þeim. Við eigum að gera það núna og við eigum um leið, því ég veit að þessi frv. öll verða samþykkt, þegar búið er að samþykkja frv. um Kvótaþingið og lögreglufrv. sem því fylgir, að fara yfir þau lög sem á undanförnum árum hafa verið samþykkt um það í hvaða starfsumhverfi sjávarútvegurinn starfar, fara nú í gegnum þessar lögreglusamþykktir allar. Það verður að átta sig á því hvað við höfum uppskorið. Það er ástæða fyrir þingmenn að gera það. Það er líka ástæða fyrir útvegsmenn að gera það, að átta sig á því hvert stefnir. Og ef svo fram heldur, hvar ætli við verðum stödd um aldamótin? Það er mikil ástæða til að endurskoða þetta allt.

Ég hef verið sannfærður um það alla mína ævi að mikill og góður árangur í sjávarútvegi hefur aldrei náðst nema fyrir atbeina afreksmanna. Það er saga þessarar þjóðar og það var þannig sem sjávarútvegurinn reis upp þessa öld og gerði þessa þjóð sæmilega efnaða. Ég er sannfærður um að það hljóti að koma að því að menn hætti að hrista hausinn, hætti að berja höfðinu við steininn og segja: „Það er engin önnur leið til að stjórna fiskveiðum.“ Það er hægt að stjórna sókn. Við verðum að breyta yfir í sókn til að ná árangri efnahagslega og ekki síður til að þessi stanslausu vandræði stefni ekki hingað aftur og aftur eins og þau munu gera því þetta er ekki í síðasta sinn sem Alþingi mun standa frammi fyrir þeim mikla vanda að þurfa að höggva á hnút sem kominn er í kjaramál. Það er verið að því. Ég stend að því. Ég hef engan heyrt geta um hvað annað er hægt að gera en að höggva á þann hnút. Ég þykist vita að ríkisstjórnin sé að gera í einlægni það sem hún veit og telur að henni að beri að gera. Hún telur réttilega að mínum dómi að hún geti ekki setið hjá og látið þetta yfir sig ganga. Þess vegna er hún að gera þetta. Hún hefur ákveðið og ákvað að fara að ráðum sjómanna. Menn geta gagnrýnt hana fyrir það. En menn geta líka spurt: Átti ríkisstjórnin einhverra annarra kosta völ? Kannski ekki, herra forseti. En ég held að með þessum orðum sé ég búinn að skýra afstöðu mína.

[18:09]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Hér eru til umræðu fjögur frv. sem öll lúta beint eða óbeint að sjávarútvegi. Hér kom fram einkum í lokaorðum hv. síðasta ræðumanns að aðdragandi þeirra væri í rauninni fiskveiðistjórnarkerfið. Ég er ekki allsendis sammála því sjónarmiði og vil rifja upp að hér er ekki í fyrsta sinn verið að deila um sjávarútveg, þ.e. deilur á milli útvegsmanna og sjómanna. Þær eru ekki núna uppi í fyrsta sinn. Þær hófust fyrir meira en 14 árum. Þær hófust fyrir daga núverandi fiskveiðistjórnarkerfis. Þær teygja sig allt aftur til þess tíma sem menn hófu útræði frá Íslandi. Það er deilan

um það hvernig eigi að skipta hlutnum, hvernig á að skipta kökunni eða hvað við viljum kalla það og sú deila mun halda áfram á meðan við veiðum og fiskar synda í sjónum. Ég held að það sé alveg ljóst.

Aðdragandi þess að þessi fjögur frv. berast hér inn er öllum ljós. Við höfum fylgst með því í fjölmiðlum og það hefur verið rakið úr þessum ræðustóli. Margir vilja meina að deilan hafi verið komin í óleysanlegan hnút og ekki hafi verið um annað að ræða, m.a. vegna þjóðarhagsmuna, en að höggva á þann hnút. Með þeim frv. sem nú liggja fyrir þinginu má segja að menn séu að reyna að leysa vandann, höggva á hnútinn og leysa þennan vanda. Auðvitað vona allir að þar með sé búið að leysa þennan vanda en ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að mál af þessum toga mun aftur berast hér inn á borð til hv. alþm. á einhvern annan hátt eða með svipuðum hætti og það kann að vera meginvandinn. Sú fullyrðing hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar kann að vera rétt að lagaumhverfið feli vandann í sér en ég hygg að vandinn sé kannski aðeins víðtækari en svo. Segja má að hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi sjái sig knúin með rökum sem lengi má deila um að grípa inn í þessa kjaradeilu. Miklir hagsmunir eru í húfi og rétt að minna á það sem hér hefur fram komið að í raun liggja fyrir frv. sem byggja að megninu til á miðlunartillögu sáttasemjara og það er verið að taka undir sjónarmið sem þeir samþykktu í atkvæðagreiðslu en gegn útvegsmönnum, enda felldu þeir miðlunartillöguna. Hins vegar, herra forseti, má segja að með þessu sé þinginu stillt upp við vegg. Svigrúm hv. þm. til að vinna úr frumvörpunum verður eðlilega mun takmarkaðra. Það vekur að sjálfsögðu upp spurningar um sjálfstæði þings og þar verða menn að meta meiri hagsmuni fyrir minni hagsmuni ef svo má að orði komast. Þess urðum við verulega áskynja í hv. sjútvn. í gær og nótt þegar við hlustuðum á ólík sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila, að þá stangast sjónarmið allhressilega á. Það er mjög erfitt að finna þá lausn sem allir geta verið sáttir við. En það fann hv. sjútvn. einnig að hún var að vinna, skoða frumvörp og leita álits, ég veit ekki hvort á að segja í skugga, en a.m.k. í þeirri umgjörð sem aðdragandinn felur í sér að þar hefur verið gert samkomulag við hagsmunaaðila.

Ég ætla ekki að fara efnislega ítarlega í þessi frv. sem hér liggja enda hefur það verið gert ágætlega. En um hvað er þá verið að véla hér? Í rauninni er verið að gera tilraun til að setja lög til að eyða tortryggni, til að eyða spennu sem hefur verið að byggjast upp á löngum tíma milli útgerðarmanna og sjómanna. Sú spenna snýst um verðmyndunina, hvernig eigi að verðleggja og hvernig eigi að skipta kökunni. Það segir sig sjálft og liggur í hlutarins eðli að sjónarmiðin eru þar nánast jafnmörg og mennirnir eru margir. Það er ekki einasta að þar séu sjónarmið ólík milli útvegsmanna og forustumanna sjómannasamtaka heldur vitum við að innan raða hvors hóps um sig eru skoðanir skiptar. Þar ræður eðli útgerðar og þar ræður búseta og þannig má áfram telja, því hvaða sjónarmið eru þar uppi.

Hitt er aftur á móti rétt að benda á að ég hygg að margir geti tekið undir það að í flestum tilvikum ganga samskipti sjómanna og útgerða afskaplega vel. En við vitum af og bent hefur verið á nokkur dæmi þar sem sterkur og rökstuddur grunur leikur á eða því er haldið fram að útgerðarmenn komi óheiðarlega fram við starfsmenn sína. Það vekur mann einnig til umhugsunar um hvernig þau ef ég má segja undantekningartilvik leiða til alhæfingar um stéttina alla, um greinina alla, með í rauninni skelfilegum afleiðingum í umsögnum og jafnvel athöfnum. Það er umhugsunarefni hvernig heil atvinnugrein er dæmd fyrir framferði tiltölulega fárra aðila.

Sú leið sem er farin til að draga úr þeirri spennu og eyða tortryggni og forsendan fyrir henni er lagasetning um kjaramál fiskimanna, eins og frv. heitir, og ég vísa til þess sem ég sagði í upphafi og til miðlunartillögu sáttasemjara og hvernig taumur sjómanna er þar dreginn enda eru útvegsmenn afskaplega ósáttir við þann hluta. Í kjölfarið á því frv. fylgja þríburar, þrjú frumvörp sem hanga nokkuð saman og er þar fyrst að nefna frv. um nýja eftirlitsstofnun. Nú hefur úrskurðarnefnd verið starfandi og undan því kvartað að hún hafi ekki virkað sem skyldi en hér verið að reyna að búa til skjól utan um úrskurðarnefnd þannig að sjómenn sem grun hafa um að verið sé að véla þá eða pretta með einhverjum hætti, eins og haldið hefur verið fram, eigi þar öruggt skjól og geti leitað til þessarar eftirlitsstofnunar til að taka með óvilhöllum hætti á þeirra máli. Um það má lengi deila og deili þeim skoðunum í sjálfu sér sem hér hafa komið fram um að áhyggjuefni er hvernig svonefndur eftirlitsiðnaður fer stöðugt vaxandi í okkar ágæta landi, en hér er niðurstaða og í rauninni krafa frá sjómönnum sem gengið er til móts við.

Hins vegar er svo frv. um Kvótaþingið þar sem gert er ráð fyrir nánast sem meginreglu að öll viðskipti með aflaheimildir skuli fara um eitt miðstýrt kvótaþing með ströngum aðferðum og afskaplega gegnsæjum aðferðum. Frá því eru veittar reyndar ákveðnar undantekningar, jöfn viðskipti og síðan tilfæringar innan útgerðar. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég tel þær undanþágur vera helst til þröngar og þær geti haft verulega skaðleg áhrif á útgerðarmunstur í okkar landi og hef þess vegna haft fyrirvara á nál. og mun því ekki greiða þeim þætti atkvæði þegar til atkvæðagreiðslu kemur.

Ég tel að skoða verði öll frv. í heild sinni og vísa þá til frv. um eftirlitsstofnun sem á að vera fyrir sjómenn ef grunur leikur á að verið sé að svína á þeim. Í ljósi þess og jafnframt með tilvísan til þess að það eru dæmi og þau nokkuð mörg, einkum sunnan lands og vestan, þar sem samskipti sjómanna og útgerðarmanna ganga mjög heiðarlega fyrir sig þar sem allir aðilar, sjómenn, útgerðarmenn og vinnslan eru sátt með þann samning sem gerður hefur verið. Ég skil tortryggni forustumanna sjómannasamtakanna vegna reynslu frá einstökum aðilum en við megum ekki líta fram hjá því að þeir eru fjölmargir sem beinlínis byggja störf sín sem sjómenn, störf sín sem útvegsmenn á gagnkvæmu trausti og samkomulagi. Það er þess vegna sem ég hefði viljað sjá eina undanþágu til viðbótar, nefnilega þá að sjómenn geti gert skriflegan samning við útvegsmenn og haldið síðan áfram föstum viðskiptum við landvinnslu en haft sitt traust og skjól í þeirri eftirlitsstofnun og úrskurðarnefnd sem frumvörpin gera ráð fyrir. Ég tel að með þeim hætti væri hægt að sameina það að tryggja öryggi sjómanna eða réttarstöðu þeirra skulum við segja og hins vegar að halda uppi þeim nauðsynlega sveigjanleika sem þarf að vera til staðar í öllum atvinnugreinum.

Þar að auki hefði ég einnig viljað sjá eina undanþágu til viðbótar, þ.e. varðandi kaupleigu. Það er viðskiptaháttur sem er að ryðja sér til rúms í stærri eignum, þó að hann hafi tíðkast lengi með minni eignir, svo sem bíla, lyftara og smærri hluti í þeim dúr. En slíkir viðskiptahættir eru að ryðja sér til rúms í íslensku athafnalífi og það er þess vegna óeðlilegt til lengri tíma litið að útvegsmönnum skuli gert að fjárfesta einungis í gegnum banka og þeim beinlínis bannað að eiga slík viðskipti í gegnum kaupleigur sem kann að vera

hagstæðara fyrir fyrirtækið og þar af leiðandi fyrir þjóðina í heild sinni. Það hefði ég viljað sjá í frv. um Kvótaþing og geri af þessum ástæðum, en einkum þó þeirri fyrri, þann fyrirvara á nál. sem þar kemur fram.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um fjórða frv., um stjórn fiskveiða, það eru má segja minni háttar mál sem koma í kjölfar hinna.

Herra forseti. Hver verður síðan afleiðingin af þessu? Auðvitað er erfitt að segja til um það. Þegar haldið er út í óvissuna þá grípur gjarnan um sig óöryggi og þess hefur gætt í viðtölum í fjölmiðlum við ýmsa aðila í sjávarútvegi, bæði sjómenn og útvegsmenn og eins þá sem eru í vinnslunni. Hins vegar er rétt að benda á að inn í þetta dragast smábátamenn. Þeir dragast má segja óverðskuldað inn í kjaradeilur og fá yfir sig óbeint lög sem þeir hafa ekki á nokkurn hátt komið að eða verið valdir að þar sem kjaradeilan nær ekki yfir smábátamenn.

Þær áhyggjur eru einnig umhugsunarefni, og ég deili þeim sannarlega, sem hefur verið lýst úr þessum ræðustóli og hjá ýmsum aðilum í greininni að einyrkjar kunni að leggjast af. Ég vona svo sannarlega að það muni ekki gerast en verði það niðurstaðan þá er einmitt rétt að hafa það í huga hvert stefnir í sjávarútvegi. Er það vilji manna að sjá hér eingöngu rísa upp svokallaðar stórútgerðir, fá fyrirtæki, og að einyrkjarnir hverfi smám saman? Um þetta verða menn að sjálfsöðgu að vera mjög meðvitaðir. Það hlýtur því að vera ánægjuefni að sjá á brtt. að fyrir árslok 1999 skuli hæstv. sjútvrh. gera Alþingi grein fyrir hvaða áhrif hafa orðið af þessum lögum, þ.e. ef frumvörpin verða samþykkt á þinginu, og ekki síst að skoða sérstaklega hvaða áhrif þau munu hafa á einyrkja. Það er ástæða til að nefna þetta sérstaklega og fylgjast vel með.

Verði þau áhrif sem hinir svartsýnustu spá, þá geta menn ímyndað sér áhrifin á ýmsar byggðir í landinu og má spyrja hvort það ýti enn frekar undir þá hröðu byggðaþróun sem átt hefur sér stað.

Ég held hins vegar að ástæða sé til að reyna að líta bjartsýnum augum á það sem tekur við og í rauninni ekki um annað ræða þegar lagasetning hefur átt sér stað og veruleikinn blasir við en að laga sig að þeim veruleika. Það er ástæða til að skoða það að nú bendir margt til þess að þorskstofninn sé mjög ört vaxandi og við megum vænta þess að sjá auknar aflaheimildir á næstu missirum. Fari svo að fleiri aðilar fari í gegnum Kvótaþingið má það ljóst vera af þessu tvennu samanlögðu að áhyggjur manna geti verið ástæðulausar. Ég segi þetta til að reyna að draga fram bjartsýnni hliðina á þetta, en auðvitað er það reynslan sem mun skera úr og þess vegna er nauðsynlegt að hafa það ákvæði í brtt. að Alþingi fjalli sérstaklega um reynsluna fyrir árslok 1999 þannig að hægt verði að bregðast við.

Hins vegar, herra forseti, er rétt að ítreka það sem komið hefur fram í umræðum, að það hlýtur að vera meginkeppikefli þingsins að skapa sjávarútvegsgreininni það rekstrarumhverfi og það umhverfi sem hún getur dafnað og blómstrað í en fyrst og fremst þó að stuðla að slíku umhverfi að friður og sátt geti skapast um þessa mikilvægustu atvinnugrein okkar. Það hefur gengið á stöðugum inngripum. Í rauninni eru þeir ekki öfundsverðir sem starfa við greinina hvort heldur er í rekstri eða sem sjómenn eða við vinnslu þar sem nánast stöðugur utanaðkomandi ófriður truflar eðlilegan rekstur. Ég tel, herra forseti, að meginverkefni okkar eigi að vera það að skapa henni traust rekstrarskilyrði, öruggt umhverfi og hún fái í rauninni frið til að dafna.

[18:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hlýt að hefja mál mitt á því að ítreka það enn og aftur að það eru mikil vonbrigði að við skulum þurfa að standa hér á Alþingi og ræða lagasetningu á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna eina ferðina enn. Ég held að það megi ekki týnast út úr umræðunni, herra forseti, sem hefur farið dálítið út í tæknileg atriði þessara mála og jafnvel vangaveltur um fiskveiðistjórnun almennt og álitamál um hvort taka megi meira af þorski upp úr sjónum o.s.frv., að við erum að ræða mjög alvarlega íhlutun í frjálsan verkfalls- og samningsrétt fjölmennrar starfsstéttar í landinu. Það getur aldrei verið gleði- eða fagnaðarefni. Þess þá heldur er það að menn virðast hafa unnvörpum verri samvisku en almennt mætti búast við af því sem þeir eru svo að samþykkja í leiðinni.

Ég verð að segja, herra forseti, að margt er mjög sérkennilegt í bæði aðdraganda þessa máls og málflutningi á Alþingi þessum málum tengdum.

Rétt er að minna á það, herra forseti, að við erum að ræða stjórnarfrv. Við erum ekki að ræða frv. sem hafa bara þá stöðu að þau séu flutt af einum eða tveimur sérvitringum á þingi. Nei, þetta eru fjögur stjórnarfrv., flutt af hæstv. sjútvrh. Og það sem meira er, að þessi stjórnarfrv. hafa sérstaka stöðu vegna yfirlýsinga og loforða sem tengjast meðferð þeirra og gefin voru út fyrir fram. Þau eru því ekki bara venjuleg stjórnarfrv. í þeim skilningi heldur var því heitið að mætti það verða hluti af lausn kjaradeilunnar og til að sjómenn aflýstu aðgerðum þá yrðu þau ekki bara lögð fram heldur afgreidd á þinginu.

Herra forseti. Maður hlýtur að spyrja í ljósi umræðna hér bæði við 1. umr., þar sem ekki færri en einir tíu stjórnarþingmenn komu og báðust afsökunar á því að þeir mundu nú samt sem áður sennilega grátandi greiða þessum málum atkvæði, heldur líka vegna þess að þegar málin koma úr nefnd eru þar fyrirvarar út og suður, meiri hlutinn í sjútvn. sundurtættur. Það vantaði einn hér og annan þar á nefndarálitinu og breytingartillögurnar og þegar upp er staðið eru víst aðeins tveir af þingmönnum stjórnarliðsins án fyrirvara að einhverju leyti við þessi mál. Þetta, herra forseti, gefur allt mjög góð tilefni til að spyrja ... (**GMS:** Hverjir eru þeir?) Það mun vera hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður þingflokks Framsfl., sjálfur svipuhaldarinn svo að maður grípi nú til breskrar samlíkingar, menn kannast við það hvaða verkfæri þingflokksformenn í því landi eru stundum kenndir, og hitt mun vera varaformaður sjútvn., hv. þm. Árni Ragnar Árnason, sem embættisins vegna hefur sennilega orðið að afsala sér því að geta verið með fyrirvara eins og allir hinir.

Herra forseti. Þetta gefur allt saman tilefni til að spyrja: Í hvaða umboði var það loforð gefið sjómönnum að afgreiða frumvörpin og gera þau að lögum? Var ekki alveg skýrt að þar væri talað fyrir hönd öruggs meiri hluta á Alþingi? Það hlýtur bara að vera, herra forseti. Ég trúi því ekki að menn séu í alvöru að hrista hausinn úti í sal og meini að þetta hafi ekki verið þannig eins og það hlýtur að vera að þegar lofað er lagasetningu, þá sé það gert í umboði fyrirliggjandi meiri hluta. Annars eru málin enn sérkennilegri en fram hefur komið. (**KHG:** Þetta er verri frammistaða en hjá Sameinuðu þjóðunum.)

Herra forseti. Þetta er allt hið sérkennilegasta mál. Það verður að segja það alveg eins og er.

Um þann kattarþvott, þær iðrunar- og grátræður sem hafa síðan verið fluttar af hálfu hv. stjórnarliða sem ætla samt að samþykkja frumvörpin, ætla ég svo sem ekki að hafa fleiri orð. Þær aflausnarbeiðnir tala fyrir sig sjálfar og ekki meira um það. Aðeins til viðbótar þó að í bráðabirgðaákvæðum sem komin eru inn í breytingartillögur eru afar sérkennileg ákvæði um einhvers konar skýrslugerð eða vöktun ráðherra og þings á því sem menn eru að gera. Menn lýsa því nánast yfir að menn séu með svo blendnar tilfinningar í garð þeirra breytinga á lögum sem verið er að gera að því er lýst yfir fyrir fram að það verði að fylgjast mjög grannt með því að ekki fari allt til fjandans þannig að unnt sé þá að grípa í taumana. Það eiga að vera skýrslugjafir og mikil eftirlitsstörf sem hæstv. sjútvrh. á að hafa veg og vanda af og leggja síðan fyrir Alþingi í formi skýrslna strax á næsta ári. (**KPál:** Þetta er gott.) Jú, þetta er mjög gott, hv. þm. Kristján Pálsson, alveg til fyrirmyndar og er til marks um hversu sannfærðir menn eru um að þeir séu að gera rétt, er það ekki, þegar menn lýsa því yfir að þeir hafi svo miklar efasemdir um þær breytingar sem verið er að gera á lögunum að það sé nauðsynlegt að setja á alveg sérstaka vöktun. (**GMS:** Miðstýringarmennirnir vilja það.) Reyndar ætti ekki að þurfa að lýsa því yfir, herra forseti, almennt að stjórnvöld, yfirvöld sjávarútvegsmála geti fylgst með því sem er að gerast í greininni og ekki þarf heldur að taka það fram að Alþingi geti gert breytingar ef því sýnist svo þannig að þetta er það sem meistari Þorbergur hefði kallað „selvfölgeligheder" fyrr á öldinni. Hins vegar er það til marks um visst andrúmsloft í kringum afgreiðslu þessara mála að það skuli þurfa að taka þetta fram í hverju málinu á fætur öðru. Það er stundum gert þegar verið er að taka upp algert nýmæli í lögum, setja nýja heildarlöggjöf á einhverju sviði o.s.frv. að hafa þar sólarlagsákvæði. En það er fremur óvenjulegt að sjá þegar verið er að gera einstakar efnisbreytingar á lögum af þessu tagi að það séu hnýttar slaufur á þá pakka.

Herra forseti. Eins og kom áðan fram hefur umræðan lent svolítið út á almennt spor og það er svo sem ekkert skrýtið í sjálfu sér vegna þess að auðvitað hafa þessi frumvörp áhrif og það er ekkert nema eðlilegt að menn vilji ræða þau. Ég vil leggja það inn í þá umræðu sem hér var hafin m.a. af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og Hjálmari Árnasyni sem töluðu síðastir að ég held að meginsjúkdómur í þessu kerfi eins og það er núna sé bundinn við leiguna og að svo hafi alla tíð verið. Ég held að það sé mesti veikleiki svo ekki sé sagt sjúkdómur í þessu kerfi. Það versta er að það fyrirbæri er að mínu mati með öllu óþarft og hefði aldrei átt að koma til sögunnar vegna þess að það var og er miklu heilbrigðara að þróunin gerðist í gegnum varanlega tilfærslu afnotaréttarins sem ætti að fara fram að siðaðra manna lögum á opinberu kauppingi og síðan með heimildum til að skipta á jafngildum veiðiheimildum og rúmum heimildum til að geyma ónýttar veiðiheimildir og færa þær milli ára eða taka fram fyrir sig er miklu meira en nægjanlegur sveigjanleiki í kerfinu til þess að það geti lagað sig að breyttum aðstæðum. Leiguvaríantinn í þessu, ef svo má að orði komast, herra forseti, hefði aldrei átt að koma til sögunnar. Það er undirrót ófriðarins. Þegar menn tala um að vandamálin í samskiptum sjómanna og útvegsmanna séu tengd löggjöfinni sem þeir eiga að starfa eftir er heilmikið til í því og þau vandamál eiga fyrst og fremst uppsprettu sína í leigunni og öllu sem henni tengist.

Siðferðilega er það svo, herra forseti, að það er fénýting veiðiréttarins í gegnum leigu án þess að nýta hann, jafnvel ár eftir ár, sem er auðvitað sú hlið á þessu öllu saman sem er langsamlega erfiðast að verja og er í raun og veru ekki hægt því að það var aldrei meiningin með kerfinu sem var upphaflega sett á fót til að takmarka sókn í fiskstofnana að fara að búa til einingu sem unnt væri að fénýta með leigu án þess að nýta sjálfur jafnvel árum saman. Það var aldrei ætlunin, augljóslega ekki. Auðvitað ekki heldur að búa til óhæfilegan gróða einstakra aðila sem væru að afhenda eða selja öðrum réttindi sín varanlega enda væri hægt að taka á því máli með skattalegum aðgerðum ef vilji væri fyrir hendi.

Ég hefði þess vegna viljað frekar en að fara þá leið sem hér er lögð til þó að hún sé viðleitni til að taka á þeim vandamálum sem tengjast leigunni eða framsali aflamarksins innan fiskveiðiárs með kvótaþingi, ég hefði viljað sjá menn móta þá stefnu að menn ætluðu út úr því kerfi, út úr því fari jafnvel þó að það tæki einhver ár að bakka út úr því og afnema í áföngum þær heimildir eða taka þær út úr kerfinu. Það væri hægt að hugsa sér að gera reyndar eins og með margar fleiri breytingar í þessu, með ákveðinni aðlögun sem er yfirleitt sanngjarnt að sé fyrir hendi vegna þess að menn hafa lagað sig að þeim leikreglum sem gilda og menn hafa tekið ákvarðanir, farið í fjárfestingar og jafnvel tekið áhættu sem er ekki sanngjarnt að raska síðan högum manna gagnvart með mjög snöggum breytingum. Að því leyti til hefði að sjálfsögðu þurft og ætti að reyna að finna eðlilegan og sanngjarnan aðlögunarfarveg yfir í það nýja fyrirkomulag sem menn mundu setja sér.

Talandi um áhyggjur af einyrkjum og stöðu einstakra byggðarlaga sem var mjög uppi í umræðum áðan, og geri ég ekki lítið úr því, þá spyr ég sömu menn: Hvar hafa þeir verið gagnvart því sem þegar hefur gerst í kerfinu? Eða er það ekki þannig að það hafi gengið bærilega á bátaflotann undanfarin ár? Er það eitthvað nýtt? Þarf endilega þessar breytingar til? Ég held ekki. Ég veit ekki betur en það séu að verða heil lög horfin út úr íslenska bátaflotanum og bátar af millistærðum og minni millistærð eru nánast horfnir, bátar t.d. undir 500 tonnum eru að verða niður undir helmingur af því sem þeir voru fyrir 10–15 árum. Hafa menn engar áhyggjur af því? Er það fyrst nú sem er ástæða til að staldra við og spyrja sig spurninga? Ég býð alla þá velkomna sem eru tilbúnir að ganga í þann hóp að gera þó seint sé einhverjar ráðstafanir til þess að þessi hlutföll raskist ekki enn frekar en orðið er en það hefur ekki verið vilji fyrir því. Endurtekið hafa verið felldar á Alþingi tillögur um að setja einhverjar girðingar inn í lögin, t.d. þannig að togaraflotinn keypti ekki upp bátaflotann. Hvar voru allir þeir hugsjónamenn sem hafa núna þessar miklu áhyggjur þegar verið var að afgreiða þær breytingar hér eða flokksbræður þeirra? Þeir bera ábyrgð á því að slíkar hugmyndir hafa verið felldar á Alþingi aftur og aftur með þeim afleiðingum sem allir sjá að það er orðin heilmikil röskun, a.m.k. frá þeim hlutföllum sem áður voru og ég held að hafi verið í þokkalegu jafnvægi milli báta, minni báta og svo aftur stærri skipa. Staðreyndin er reyndar sú að Íslendingar eru eina þjóðin sem eru að reyna að keyra á einu opnu fiskveiðikerfi fyrir allar stærðir skipa frá minnstu trillum á aflamarki upp í stærstu úthafsveiðitogara. Ég þekki enga aðra þjóð sem hefur þorað að taka þá áhættu að láta þróunina í útgerðarmynstri hjá sér ganga þannig til að það væri óheft framsal réttarins innan alls flotans upp úr og niður og ég held sjálfur að það sé stórhættulegt og hafi alla tíð verið.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið

og hef oft lagt til að setja girðingar í þetta og það ætti t.d. að taka bátaflotann, smábáta- og bátaflotann og veiðina á grunnslóðinni algerlega út undan og hafa hana í sérkerfi, einu samræmdu kerfi þannig að menn gætu farið út úr þeim óskapnaði sem þeir eru fastir í þar. Er þá vilji fyrir því í tengslum við þær umræður sem eru uppi að skoða slíka hluti í einhverri alvöru? Ég lýsi eftir því. Eru þeir menn sem hafa núna miklar áhyggjur af röskun sem kunni að verða í gegnum Kvótaþingið tilbúnir til þess að fara í það þó seint sé? Það væri betur að svo væri. En hjartnæmar ræður og miklar áhyggjur eru léttar í vasa ef ekkert annað er á bak við það en orðin. Það gæti þá farið með það eins og sjávarútvegsstefnu Framsfl. á Reykjanesi að hún væri fyrst og fremst góð og gáfuleg rétt fyrir kosningar meðan verið væri að smala á hana atkvæðum en síðan heyrist lítið af henni eftir það. (**Gripið fram í:** Hvernig var hún?) Eða hetjuskapur þingmanna Sjálfstfl. á Vestfjörðum sem var ekki lítill fyrir síðustu kosningar en hefur orðið svolítið svona moðreykjarlegt í kringum það allt saman upp á síðkastið.

Nei, herra forseti. Ef menn vilja fara út í að ræða þetta á annað borð á þessum nótum er alveg sjálfsagt mál að gera það. Ég skal ekki taka mikinn tíma í það vegna aðstæðna en ég býð upp á að við tökum okkur eins og einn eldhúsdag í sjávarútvegsmálin við tækifæri. Þá skulum við endilega fara yfir þessar miklu og að sumu leyti nýtilkomnu áhyggjur manna af því að í gegnum þessi mál verði mikil röskun. En sú röskun getur auðvitað orðið á ýmsa vegu, herra forseti, og það er kannski hugsanlegt að hún komi að einhverju leyti við ýmsa sem hafa ekki verið miklir þolendur í þessu ferli hingað til.

Varðandi frumvörpin fjögur, herra forseti, lýsti ég í aðalatriðum afstöðu minni til þeirra við 1. umr. og þær breytingar sem þarna eru á ferðinni eru ekki slíkar að það gefi tilefni til að bæta þar miklu við. Eins og við öll í stjórnarandstöðunni *er ég eindreginn andstæðingur ofbeldisfrv.* sem ég kalla svo, þ.e. frv. um lög á kjaramál sjómanna. Það er hörmuleg niðurstaða og vond fyrir alla aðila, Alþingi, deiluaðilana og alla að menn skuli standa frammi fyrir slíkum hlutum og það er ekki réttlætanlegt að mínu mati að grípa til aðgerða eins og þeirra sem það frv. felur í sér.

Varðandi frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða felur það fyrst og fremst í sér veiðiskylduákvæði sem hefur verið mikið til umræðu og er eitt aðalefnið í þessu sambandi auk þess sem þar er vísað í lögin sem setja á um Kvótaþing. Að vísu er þar á ferðinni breyting sem gengur til baka að nokkru leyti og hverfur frá því að gera veiðiskylduna árlega eins og ætlunin var og var tillaga þríhöfðanefndarinnar. Ég sagði að vísu við 1. umr. að ég teldi útfærsluna á því gallaða en ekki var þar með sagt að það ætti að bakka frá því. Það var að sjálfsögðu enginn vandi að breyta útfærslunni tæknilega þannig að ekki væri áhætta tekin gagnvart því að einhver meiri háttar slys yrðu í framkvæmdinni því að það er auðvitað ekki ætlunin að koma mönnum illa verði þeir fyrir bilunum eða frátöfum af óviðráðanlegum ástæðum. Að sjálfsögðu var hægt að útfæra ákvæði sem tæki á slíkum tilvikum. Það þurfti ekki að hverfa frá því að auka veiðiskylduna.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé í grunninn rétt að nálgast þetta a.m.k. jafnframt út frá veiðiskyldu og það er ekki sami hlutur að öllu leyti að takmarka framsalsréttinn árlega frá skipinu eins og að leggja á veiðiskyldu því að veiðiskylduna uppfylla menn ekki nema með því að sýna fram á getu skipsins að það sé útgerðarhæft og hafi veiðigetuna. Auðvitað mætti hugsa sér að menn lentu inn á það spor að vera að einhverju leyti að lifa á leigu þó að skipin væru ekki lengur færi um að sinna veiðiskyldunni þó svo einhver hluti réttarins mundi verða ónýttur.

Varðandi Verðlagsstofu þá styð ég það frv. eins og ég sagði við 1. umr. Nafnið er að vísu dálítið skondið. Það minnir mann eiginlega á skömmuntarskrifstofu ríkisins eða eitthvað slíkt sem hefði getað verið til upp úr kreppunni eða á eftirstríðsárunum. Þetta hljómar pínulítið þannig svo ekki sé nú sagt sovéskt. Þetta er heilmikil stofnun sem þarna verður sett upp og ég held að ekkert annað sé að gera úr því menn ætla að reyna að hafa þarna úrskurðarfarveg en að reyna að gera hann þá þannig úr garði að eitthvert gagn sé í honum og hann haldi eitthvað og það sé þá til staðar stofnun eða eitthvert fyrirbæri, hvað sem það heitir, sem getur farið ofan í saumana á hlutunum, getur starfað sjálfstætt, veitt aðhald og krafið upplýsinga o.s.frv. Ég held því að það sé fullkomlega tilraunarinnar virði í ljósi þess hvernig þessi mál hafa gengið til hingað til að prófa þessa leið.

Og að allra síðustu um fjórða frv. um Kvótaþingið, herra forseti. Það er ljóst að þar er á ferðinni mjög umdeilt fyrirkomulag. Margir óttast afleiðingar þess og það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt að menn spyrji: Voru til aðrar betri aðferðir til að reyna að ná fram sömu markmiðum og þar er lagt upp með? Ég hef lýst því hverja ég hefði talið heppilegustu stefnuna í þessum efnum. Það var að hverfa frá leigunni alfarið, taka hana út úr kerfinu þótt í einhverjum áföngum væri. Ég er algerlega sannfærður um að það væri sú einstök aðgerð sem væri gæfulegust til þess að skapa í framtíðinni einhvern frið um þessi mál. Sú mikla og útbreidda óánægja sem er með kerfið, eins og sagt er úti í þjóðfélaginu, er að langmestu leyti sprottin af hlutum sem tengjast þessum leigurétti og öllu sem honum fylgir. Ég tel þessa tilraun til að rjúfa það samband sem verið hefur á milli tilfærslna á veiðiréttinum og aflaverðs og þar með hina meintu þvinguðu þátttöku sjómanna í kostnaðinum, góðra gjalda verða. Ég held að heppilegast hefði verið, herra forseti, og gáfulegast af hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðinu að afgreiða þessi frv. algjörlega óbreytt en segja frekar: Komi hins vegar í ljós *tæknilegir eða efnislegir vankantar á framkvæmdinni* þá verður auðvitað leitað samkomulags við aðila um að lagfæra þá. Ég er alveg sannfærður um að það hefði verið lafhægt að ganga frá bókunum eða samkomulagi sem deiluaðilar hefðu þá verið aðilar að, fyrir slíkan farveg og er alsiða í kjarasamningum eins og menn þekkja. Andrúmsloftið er að vísu ekkert sérstaklega gott þar á milli eins og kunnugt er en þetta hefði mátt reyna a.m.k. og hefði verið skynsamlegasti farvegurinn. Ríkisstjórnin eða stjórnarliðið hefur valið þá leið að fara að krukka í sum þessara mála og það veldur því að við munum ekki styðja þau öll eins og við hefðum ella gert ef þetta hefði borið að eins og upphaflega var lofað og sú afstaða er rakin nánar í nefndarálitum minni hlutanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka lengri tíma í umræður um þetta með tilliti til aðstæðna eins og ég endurtek. Ég held að mikill málfundur um þetta mál í viðbót hafi kannski ekki mikið upp á sig og valdi þá fyrst og fremst því að enn dregst um sinn að flotinn komist þrátt fyrir allt úr höfn sem er kannski eiginlega það eina sem hægt er að gleðjast yfir eða verður að lokum í sambandi við þessi mál.

[18:49]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tvær spurningar í framhaldi af ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég skildi það ekki, styður hv. þm. Kvótaþingið eða styður hann það ekki? Það er fyrri spurningin. Hin spurningin varðar framsal kvóta. Ég hef álitið hv. þm. vera einn helsta stuðningsmann kvótakerfisins á Alþingi og í mínum huga fer saman aflamarkskerfið og frjálst framsal á afla. Eins og ég skildi hv. þm. núna var hann að tala um einhvers konar framsal þar sem búið væri að draga skip í ákveðna dilka. Eins og ég skildi þetta þá átti að vera sér framsal milli ísfiskstogara, sér framsal milli línubáta, sér framsal milli smábáta og verksmiðjuskipa. Var þetta réttur skilningur eða hvað átti hv. þm. við þegar hann var að tala um að reisa þyrfti girðingar varðandi frjálst framsal? Ég vil því spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: Er hann að hverfa frá stuðningi sínum við frjálst framsal aflaheimilda eins og það hefur verið?

[18:50]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. ætlar að fara að taka mig í alvöru upp í afstöðu minni til stórmála af því tagi sem hér ræðir um þarf kannski meiri tíma en tvær mínútur í andsvari. Svarið við fyrri spurningunni er að ég vísa þar í nefndarálit 3. minni hluta sjútvn., Kristins H. Gunnarssonar. Ég mun fylgja því áliti og við í þingflokki Alþb. og óháðra, þ.e. að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um Kvótaþingið með vísan til þess rökstuðnings sem þar er. En ég lýsti mig hins vegar efnislega jákvæðan í garð þeirrar tilraunar sem þingið í raun væri, bæði við 1. umr. og einnig í orðum mínum hér áðan.

Varðandi afstöðu mína til framsals þá geri ég skýran greinarmun á varanlegu framsali afnotaréttarins og leigunni hins vegar. Það var leigan sem ég var að tala um og það er leigan sem ég tel að eigi að færa út úr kerfinu, hún sé sjúkdómurinn í því og hafi alltaf verið og hefði aldrei átt að koma til sögunnar. Kvótakerfið stenst hins vegar ekki nema í því sé einhver framsalsmöguleiki og einhver þróunar- og hreyfanleikamöguleiki á veiðiréttindum. Það er okkur öllum ljóst. Svo lengi sem við búum við það kerfi þá verða að vera einhver úrræði fyrir slíkt. Ég hef aldrei skrifað upp á þetta kvótakerfi með núverandi framsalsreglum eins og það er. Ég hef aldrei verið stuðningsmaður þess í óbreyttu formi, hef alla tíð lagt til á því breytingar. Ég hef talið glæfralegt að bjóða upp á þá þróun að t.d. stærstu skipin sem kynnu tímabundið að hafa mjög góða afkomu eða í krafti fjármagns, ættu kost á því t.d. að kaupa upp allan bátaflotann. Ég tel það vitlaust, þjóðhagslega, byggðapólitískt og út frá forsendum lífríkisins þannig að mínar hugmyndir og okkar fleiri hafa verið þær að búa til sérstakt lag í útgerðinni fyrir smábáta og bátaflotann sem miðað yrði við þarfir og eðli sóknarinnar á grunnslóðinni. Það væri girðingin sem lægi á milli og veiðiréttur færðist ekki almennt þar upp. En framsal að siðaðra manna hætti gagnvart stærri fiskiskipunum sem nýttu miðin utar verður að vera ef aflamarkskerfi er við lýði á annað borð.

[18:53]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið skrifa ég með fyrirvara undir eitt af þessum málum, þ.e. frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, en ég skrifa ekki á nefndarálit vegna frv. til laga um Kvótaþing. Ég mun í nokkrum orðum gera grein fyrir því af hverju afstaða mín er þessi.

Í fyrsta lagi vil ég segja að sannfæring mín er sú að nauðsynlegt hafi verið að setja lög á þessa deilu. Ég tel að hún hafi verið komin í þann hnút að ekki hafi verið um annað að ræða en að ganga til þess verks. Ég studdi það í grundvallaratriðum á þeim forsendum sem upp voru lagðar, þ.e. að því fylgdi frv. til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og frv. til laga um Kvótaþing. Meiri hluti sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og gert nokkrar brtt. við frv. um Verðlagsstofu skiptaverðs og ég hef stutt þær. Hins vegar gegnir öðru máli um Kvótaþingið. Staðan er einfaldlega sú að mínu mati að kastað hefur verið til höndum um samningu þessa frv. og hugmyndin sem í grundvallaratriðum getur vel virkað hefur nánast verið stórskemmd með þeirri útfærslu sem er í frv. og ýmis atriði sem í því eru eru meingölluð algerlega að óþörfu.

Ég hef gert athugasemdir við í frv. að gert er ráð fyrir að þegar skip er gert út, mörg skip eru gerð út af sömu útgerð þá skuli gerður greinarmunur á því hvort skip er á kaupleigu eða hvort það er fjármagnað öðruvísi. Með þessu er verið að mismuna gróflega fyrirtækjum eftir því hvaða fjármögnunarform þau kjósa að nota varðandi skip sín. Þarna er einnig verið að mismuna gróflega fyrirtækjum í fjármálaþjónustu eftir því hvort þau bjóða upp á kaupleigu sem fjármögnunarform eða hvort þau bjóða venjuleg lánsform. Ég tel að þessi mismunun sé algerlega ástæðulaus og í rauninni mjög varasöm, ekki síst í ljósi þess að ein af röksemdafærslunum fyrir þessari mismunun hefur verið sú að það fólk sem starfar við kaupleigufyrirtæki og þá þjónustu sé á einhvern hátt þátttakendur í ólöglegu athæfi eða broti á kjarasamningum sjómanna. Þetta tel ég algerlega af og frá. Kaupleiga er eðlilegur þáttur í okkar fjármagnsmarkaði og ég tel algerlega ónauðsynlegt að mismuna þessum þætti umfram aðra. Ég tel að engin sérstök hætta sé á því að þetta fjármögnunarform muni verða notað til að fara í kringum þessi lög umfram önnur fjármögnunarform. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um það.

Varðandi frv. sjálft er það meingallað eins og ég rakti áðan. Ég reyndi í starfi nefndarinnar að koma að ýmsum brtt. sem hefðu gert þessi lög miklu betri og gert starfsemi væntanlegs Kvótaþings miklu þjálli og eðlilegri en fyrirhugað er samkvæmt frv.

Í fyrsta lagi kemur fram í 1. gr. frv. að óskyld starfsemi sé Kvótaþingi óheimil. Þó er í 4. gr. frv. heimild til stjórnarinnar til að semja við óháðan aðila um að annast daglegan rekstur þingsins eða ákveðna þætti starfseminnar. Þá vaknar spurningin: Hvað gildir fyrir þann aðila sem tekur slíkt að sér? Er óskyld starfsemi honum óheimil? Ég nefni t.d. Verðbréfaþing Íslands. Samkvæmt orðanna hljóðan eins og frv. er sett fram gæti komið upp sú staða að Verðbréfaþing Íslands gæti ekki tekið að sér rekstur á Kvótaþingi vegna þess að það er í annarri starfsemi og það er að taka að sér drýgstan hluta af starfsemi Kvótaþingsins. Til hvers er þá verið að ræða um að ástæða sé til að fela Verðbréfaþingi Íslands þessa starfsemi? Þetta er atriði sem hefði mjög lítið þurft að hafa fyrir að laga en félagar mínir í meiri hluta sjútvn. voru ekki tilbúnir til að hlusta á.

Þá er í 4. gr. frv. ákvæði um hæfi stjórnarmanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þeir skulu ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrir-

tæki eða sitja í stjórn slíks fyrirtækis. Sama gildir um maka þeirra og skyldmenni í beinan legg."

Nú er það svo að fjölmargir einstaklingar eiga mjög litla hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum og almennt gildir á fjármagnsmarkaðnum að óverulegir eignarhlutir í fyrirtækjum eru ekki látnir hafa áhrif á hæfi manna til að gegna störfum framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja eða vegna setu í stjórn þeirra. Hér er hins vegar það ákvæði mjög stíft sett fram, algjörlega fortakslaust og meira en það, það er gerð krafa um að börn, tengdabörn eða foreldrar eigi heldur ekki slíka hluti í fyrirtækjum þannig að enginn getur í rauninni setið í stjórn Kvótaþings (**SJS:** En ófædd börn?) nema gefa út yfirlýsingu um að börn, tengdabörn eða foreldrar eigi ekki hluti, þó ekki sé nema smáhluti, í sjávarútvegsfyrirtækjum. Viðkomandi þarf þá væntanlega að hafa aðgang að skattskýrslum þessara barna sinna eða foreldra og þá fer að sneiðast um þá sem gætu setið í stjórn þessa ágæta Kvótaþings. *Ég hef á tilfinningunni* að þeir ágætu menn sem sömdu þetta frv. hafi kannski haft takmarkað vit á því sem þeir voru að gera þegar þeir settu þetta saman með tilliti til þess hvernig svona markaður virkar yfirleitt. Þeir virðast hafa verið algjörlega staðráðnir í því að tryggja að þeir sem sitja í stjórn Kvótaþings hafi enn þá minna vit á starfsemi þess heldur en þeir sjálfir virðast hafa í sambandi við þetta.

Ég lagði til í störfum nefndarinnar að þessu yrði breytt og það væri í rauninni hægt að fella þetta alveg niður og nóg að eftir stæði að stjórnarmenn ættu ekki að hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga mætti óhlutdrægni þeirra í efa, en á þetta féllust félagar mínir í meiri hluta sjútvn. ekki.

Þá vil ég koma að því að viðskiptakerfi Kvótaþingsins er afar þunglamalegt. Þeir sem þykjast gera tilboð um sölu á aflamarki þurfa að senda skriflega beiðni þar um til Fiskistofu. Síðan er mjög þunglamalegt kerfi í því hvernig slík beiðni er endurnýjuð eða afturkölluð eða slíkt. Nú getur það að sjálfsögðu verið að sölutilboð standi í viðskiptakerfi Kvótaþingsins um töluverðan tíma og þannig sé ástatt að sölutilboði sé ekki tekið og þess vegna þurfi að endurnýja það nokkuð oft. Þessu fylgir mikið umstang bæði hjá Fiskistofu og ekki síður hjá viðkomandi aðila sem þarf að gera þetta á þennan hátt. Þess vegna lagði ég til að fyrirkomulagið yrði það að Kvótaþingið sjálft sæi um uppgjör viðskiptanna gagnvart skráningu hjá Fiskistofu og uppgjör að öðru leyti, að Kvótaþingið gæti kannað kvótareikninginn hjá Fiskistofu, bæði á hverjum morgni og eins áður en viðskiptin væru látin mætast, til þess að kanna hvort innstæða væri til á kvótareikningnum fyrir þessum flutningi. En það er eins og frumvarpshöfundarnir hafi einungis einblínt á það hvort viðkomandi ætti aflamark inni á sínum kvótareikningi þegar hann var að selja. Það er algjörlega litið fram hjá því í frv. að ýmsar viðskiptalegar ástæður eða forsendur geta verið fyrir því að seljandi aflamarks geti ekki staðið við sölutilboðið, að hann hafi gert einhvers konar viðskiptasamninga út og suður við þriðja aðila sem þýðir að hann geti ekki í rauninni selt, ekki vegna þess að ekki sé til fyrir því á kvótareikningnum heldur af allt öðrum viðskiptalegum ástæðum. Ekki er gert ráð fyrir slíku í frv. og ekki heldur gert ráð fyrir því að slíkur aðili selji samt aflamark, án þess í rauninni að geta efnt sölutilboðið, því þá var hins vegar mjög stíft refsiákvæði sett fram í upphafi þess efnis að sekta ætti viðkomandi með upphæð sem næmi tvöföldu andvirði selds aflamarks. Þessu hefur nú verið breytt og er rétt að þakka fyrir það sem lítið er. Því er breytt þannig að það sem seljandi aflamarks sem getur ekki efnt sölutilboðið þarf að gera er í fyrsta lagi að bæta það tjón sem hann hefur valdið og setja nægar tryggingar fyrir því að geta staðið við sitt tilboð.

Síðan lagði ég líka til að tryggja betur en er í frv. að viðskiptin gætu átt sér stað gagnvart tryggingum og öðru því að það getur líka gerst að kaupandi geti ekki efnt sitt kauptilboð. Þá er spurningin: Hvað gerist á þessu Kvótaþingi ef annaðhvort seljandi getur ekki efnt sölutilboðið eða kaupandi ekki kauptilboðið? Þá skulum við hafa í huga að þessi markaður er svokallaður blindur markaður. Fjölmargir geta átt viðskipti, 50 aðilar að selja, 50 aðilar að kaupa. Þetta fer allt saman í einn pott og enginn veit hver selur hverjum. En þá þýðir það hins vegar að ef einhver af þessum aðilum getur ekki staðið við sínar skuldbindingar af einhverjum ástæðum sem geta verið slys, mistök eða eitthvað slíkt, og upp kemur sú staða að ekki er hægt að efna viðskiptin á markaðnum þannig að sá viðskiptadagur dettur niður dauður.

Ég lagt fram þá tillögu að Kvótaþinginu væri heimilt að eiga ákveðinn varasjóð af aflamarki til þess að geta séð til þess að viðskipti á markaðnum væru alltaf efnd en féllu ekki niður. Hugsaðu þér, hæstv. forseti, ef upp kæmi sú staða t.d. á Verðbréfaþingi Íslands að fjögurra milljarða viðskipti hafi átt sér stað á einum degi og fyrirkomulagið væri þannig að *ef einn af þessum viðskiptaaðilum gæti ekki efnt sitt tilboð* að þá ógiltust öll viðskipti þann dag. Þannig er fyrirkomulagið sett upp á Kvótaþingi. Ef einn aðili af mjög mörgum, kannski hundrað, getur ekki efnt viðskiptin að þá eyðileggst allur dagurinn. Ég hafði lagt til að reynt yrði að bæta úr þessu þannig að þessi markaður yrði þjálli en á það var ekki hlustað.

Ef *við horfum á fyrirkomulagið eins og það er á* Verðbréfaþingi Íslands (Gripið fram í.) þá eru ákveðnir þingaðilar aðilar að þeim markaði. Þingaðilarnir setja ákveðnar tryggingar gagnvart Verðbréfaþinginu og mjög lítil áhætta er á því að ekki séu efndir á viðskiptum þingaðilanna hver við annan sem skipta við Verðbréfaþingið. Hins vegar gerist það oft að þeir sem þingaðilarnir eru að versla fyrir geta ekki staðið við sínar skuldbindingar og þá er það þannig að þingaðilarnir hafa birgðir af hlutabréfum eða skuldabréfum eða einhverjum slíkum pappírum eða önnur úrræði, sem þeir hafa verslað sjálfir fyrir eiginn reikning, til þess að sjá til þess að viðskiptin séu efnd.

Þessu er ekki til að dreifa á Kvótaþinginu vegna þess að þar eru ekki slíkir milliliðir sem hafa tök á því að geta séð til þess að viðskipti verði efnd, heldur þarf það að gerast inni á þinginu sjálfu vegna þess að fyrirkomulag viðskiptanna er þetta. Á þetta allt saman benti ég í umræðum um þetta mál og lagði til ákveðnar breytingar á frv. til þess að tryggja að hægt væri að efna viðskiptin. En félagar mínir í meiri hlutanum hlustuðu ekkert á þessar breytingar frekar en svo margt annað sem þarna var.

Ég ætla ekki að rekja í smáatriðum þær tillögur sem ég lagði fram. Ég held að þetta sé nokkuð nóg til þess að skýra það af hverju, hæstv. forseti, ég vil ekki leggja nafn mitt við þetta frv. eins og það lítur út og lái mér hver sem á mig hlýðir. Ég tel að forkastanlegt sé að leggja upp með málið í þessum búningi. Þetta gerir ekkert annað en að grafa undan trausti á þessu Kvótaþingi. Menn munu þurfa að koma í haust og staga í þessar reglur eins og þær eru settar upp og það verður trúi ég mikil sneypuför fyrir þá félaga mína í þessari hv. þingnefnd sem ekki vildu fyrir nokkurn mun taka þátt í að breyta frv. og Kvótaþingið sem ég í prinsippinu var tilbúinn

til þess að styðja mun verða þvílíkur óskapnaður þegar það fer af stað að það mun bara tæpast virka fyrr en búið er að breyta þessum hlutum sem ég hef rakið hér.

[19:10]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að halda langa ræðu þó að vissulega sé um stórmál að ræða. En hvers vegna eru þau stórmál, þessi fjögur þingmál sem hér eru til umræðu?

Jú, í fyrsta lagi er enn einu sinni verið að setja lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna þó að báðir málsaðilar hafi mótmælt því harðlega að fá ekki að leysa deilu sína með samningum. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hluta sjútvn. þá mun ég og við kvennalistakonur greiða atkvæði gegn frv. um kjaramál fiskimanna.

Í öðru lagi er það stórmál að með brtt. meiri hlutans við frv. um stjórn fiskveiða er verið að brjóta loforð sem sjómannastéttinni var gefið, þ.e. að ákvæðinu um 50% veiðskyldu er breytt í ákvæði um 50% framsalsheftingu. Á þessu tvennu eru verulegur efnismunur sem alls ekki er hægt að túlka sem tæknilega breytingu. Ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu við það frv. eins og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn.

Í þriðja lagi er um stórmál að ræða vegna þess að auk þess að setja lög á kjarasamninga sjómanna og brjóta loforð sem gefin voru sjómönnum þá eru hér tvö frv. til umræðu, frv. til laga um Kvótaþing og um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Þessir frv. eru fyrst og fremst plástrar á sjúkt kerfi, plástrar sem væntanlega munu stuðla að því að staðið verði betur við kjarasamninga sjómanna. En um leið munu þeir hafa ófyrirséðar afleiðingar, ekki síst frv. um Kvótaþing. Þó ég styðji það að sjálfsögðu að staðið sé við kjarasamninga sjómanna sem annarra þá hef ég verulegar efasemdir um þær breytingar á lagaumhverfi sjávarútvegsins sem hér eru lagðar til. Væntanlega verður betur tryggt að sjómenn fái eðlilegt verð fyrir fiskinn og þá um leið fyrir sína vinnu og að þeir verði síður þvingaðir til að taka þátt í kvótakaupum útgerðarmanna, t.d. með þátttöku í svokölluðum tonn á móti tonni viðskiptum. Það er vissulega vel. En um leið er líklegt að þessi tvö frv., einkum frv. um Kvótaþing, muni leiða til þess að smáútgerðir leggist af eða sameinist stærri heildum.

Þetta gæti haft alvarleg áhrif í mörgum byggðarlögum landsins og þá er ég einkum með í huga Vestfirði allt suður með til Hornafjarðar. Á þetta bentu flestir hagsmunaaðilar sem komu á fund sjútvn. og það var ekki síst óvissan um áhrif Kvótaþingsins sem virðist leggjast illa í fólk og þá ekki síst fiskvinnslufólk.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan í sjútvn. tekur mismunandi afstöðu til þessara tveggja síðastnefndu frv. Jafnaðarmenn leggja áherslu á að stjórnvöld beri ábyrgð á þeim leiðum sem eru farnar til að sætta sjómenn og því munu þeir sitja hjá. Undir þetta get ég tekið heils hugar svo og get ég tekið undir afstöðu alþýðubandalagsmanna til Kvótaþingsins sem þeir treysta sér ekki til að styðja, ekki síst vegna þeirrar óvissu sem virðist ríkja um áhrif þess.

Ég gæti einnig stutt frv. um Verðlagsstofu sjávarútvegsins efnislega að flestu leyti þó að það sé einnig ljóst að enn ein eftirlitsstofnun muni kosta fé og sé því kannski ekkert sérstakt fagnaðarefni. Ég kýs þó að sitja hjá við það frv. einnig því að ríkisstjórnin verður ein að bera ábyrgð á lagasetningunni sem er eins og ég sagði áðan ekkert annað en plástur á verulega gallað kerfi.

Kvótakerfið er mjög umdeilt en það getur verið hagkvæmt ef framsal er ekki heft um of. Þetta kerfi er hins vegar ómanneskjulegt. Það býður upp á lítið atvinnuöryggi fyrir sjómenn og fólk í sjávarplássum og það er gersamlega óþolandi að mínu mati að heilu byggðarlögin geti misst lífsviðurværi sitt vegna þess að kvóti er seldur burt eða leigður frá viðkomandi skipi.

Í þessum frumvörpum eru lagðar hömlur á framsal en ég tel að það hefði mátt ganga lengra í þeim efnum í framsalsheftingu eða að auka veiðiskyldu og þar með að auka atvinnuöryggi sjómanna án þess að missa nauðsynlegan sveigjanleika kerfisins og þá um leið hagkvæmni þess. Þetta kerfi er að mínu mati, herra forseti, orðið eins og lifandi ófreskja sem þarf að hefta með þessum fjórum lagabálkum sem eru til umræðu. Ófreskju þessa þarf að hefta til þess að a.m.k. sumir sjómenn geti lifað betur með henni. Því miður mun ófreskjan við þessa heftingu ráðast til atlögu á öðrum sviðum með ófyrirséðum afleiðingum.

Virðulegi forseti. Ég hef skýrt meginafstöðu mína til þessara mikilvægu stórmála sem hér er hraðað í gegnum þingið í offorsi enn einu sinni. Það er skoðun mín að þessi frumvörp verði í raun til þess að óánægjan með kvótakerfið blossar upp á nýjum vígstöðvum og því sé brýnna en nokkru sinni fyrr að stokka fiskveiðistjórnarkerfið alveg upp á nýtt. Ég er sannfærð um að það verður eitt af stórmálum fyrir næstu kosningar og þá skiptir öllu að koma á fiskveiðistjórnarkerfi sem er í senn hagkvæmt og réttlátt, réttlátt bæði gagnvart sjómönnum, útgerðarmönnum, fiskvinnslufólki, sjávarbyggðum og þjóðinni allri sem á þessa mikilvægustu auðlind okkar Íslendinga. Um slíkt fiskveiðistjórnarkerfi þarf að ríkja sátt milli sjómanna og útgerðarmanna og milli sjávarútvegsins og þjóðarinnar, sátt sem endurspeglast m.a. í því að útgerðarmenn og sjómenn geti gert kjarasamninga eins og aðrar stéttir.

Það er ekki góð líðan að upplifa það að þingið sé að lögfesta fjóra lagabálka, lagabálka sem mjög fáir þingmenn, ef nokkrir, eru fyllilega ánægðir eða sáttir við, lagabálka sem eru keyrðir í gegnum þingið þrátt fyrir mikla óvissu um áhrif þeirra vegna þess að mikilvægara þykir að flotinn komist á sjó því að þjóðarverðmæti eru að sjálfsögðu í húfi eins og alltaf í verkföllum.

Að lokum fagna ég þeim ákvæðum til bráðabirgða sem fest eru við flest frv. með brtt. frá meiri hluta sjútvn., nefnilega að fyrir lok fiskveiðiársins 1998–1999 verði kannað hvaða áhrif þessi lög hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar og skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar verði lögð fyrir Alþingi. Þetta ætti að mínu mati að auka líkurnar á því að gripið verði í taumana ef allir óvissuþættir fara á versta veg.

Herra forseti. Það eru blendnar tilfinningar meðal þingmanna til þessarar lagasetningar, þingmanna stjórnarliða ekki síður en stjórnarandstöðunnar. Það er neyðin ef neyð skyldi kalla að losna við verkfall sjómanna sem rekur stjórnina til að samþykkja þessi frumvörp fremur en yfirveguð vissa um að verið sé að stíga heillavænlegt skref. Þetta blendna andrúmsloft minnir mig mjög á það sem ég hef lesið um í Alþingistíðindum frá árinu 1983 þegar kvótakerfið var samþykkt. Þá voru tilfinningar reyndar mjög blendnar en þar var það viss eftirvænting sem var í lofti meðal margra þingmanna þó að vissulega væri mikil óvissa.

Lagasetningin er í heild plástur sem er nauðsynlegur til þess að sjómenn geti verið sáttir við kerfið en plásturinn er

ekki betri en svo að líklegt má telja að önnur sár myndist annars staðar. Það er verulegt áhyggjuefni ef þessar spár ganga eftir og þessar lagabreytingar leiði til þess að útgerð á stórum svæðum landsins, allt frá Vestfjörðum til Hornafjarðar, leggist niður eða samræmist stærri heildum sem losna úr tengslum við viðkomandi byggðir. Því hefur verið spáð hér á landi en einnig í erlendum rannsóknum á sjávarbyggðum í norðri að það muni fækka á næstu árum í mörgum sjávarplássum sem byggja eingöngu á sjávarútvegi. Erlendu rannsóknirnar benda til að það muni gerast óháð því hvaða fiskveiðistjórnarkerfi verði við lýði. Því er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að komast út úr því mynstri að heilu plássin lifi á einni atvinnugrein. Lykilatriðið fyrir byggðir landsins er fjölbreyttari atvinnustarfsemi auk skynsamlegrar stefnu í fiskveiðistjórnun.

Að lokum tek ég fram að ég tel mjög óréttlátt hve fáar konur njóta þeirra kjara sem sjávarútvegurinn býður upp á, bæði til sjómanna og útgerðarmanna, og tel því mikilvægt og tímabært að ný stefna í fiskveiðistjórnun geri konum jafnt sem körlum kleift að njóta afrakstursins af þessari auðlind, bæði sem fiskvinnslukonur, sjómenn eða sjókonur og útgerðarmenn, svo og sem almennir þegnar í landinu. Nýtt lagaumhverfi verður að koma til en það getur að sjálfsögðu orðið margs konar, með eða án kvótakerfis. En það eru einnig til leiðir til að lagfæra kvótakerfið eins margoft hefur verið rætt hér á Alþingi. T.d. kæmi til greina að allur fiskur færi á markað eða að taka upp veiðileyfagjald í stað gjafakvóta. Þetta væru leiðir sem mundu leiða til þess að sjómenn yrðu sáttari við kerfið að því leyti að þeir fengju þá rétt fiskverð fyrir fiskinn og þjóðin fengi þá einnig notið afrakstursins umfram þá fáu útgerðarmenn sem fá nú gjafakvótann.

Þjóðin hefur þegar tekið við sér að mínu mati. Ég held að það sé mjög mikil þjóðarvakning meðal fólks um það að þetta kerfi er óréttlátt og vil ég þar ekki síst vísa í stofnun almannasamtaka sem starfa núna víðs vegar á landinu gegn því að kvótinn verði einkaeign fárra útvaldra. Þjóðin hefur áttað sig á að það er löngu tímabært að lagfæra í grundvallaratriðum núverandi kerfi sem hefur skapað meiri mismunun í landinu en nokkur kynslóð hefur upplifað fyrr. Á meðan milljarðamæringar verða æ fleiri situr fiskverkakonan eftir með lúsarlaun ef hún hefur þá yfir höfuð atvinnu. Á meðan skólakerfið og heilbrigðiskerfið er svelt til vansa fyrir unga sem aldna greiða sterkar útgerðir varla skatta og fá auk þess kvótann gefins og fá aðstoð við að borga laun sjómanna í gegnum sjómannaafslátt. Það getur ekki ríkt sátt um slíkt kerfi og það sem nú er verið að gera er á yfirborðinu fyrst og fremst að tryggja að staðið verði við kjarasamninga sjómanna með ófyrirséðum hliðarafleiðingum. Hér er ekki tekið á ósanngirni kerfisins. Hér er ekki verið að leysa kjaradeilur. Nei, þeim er eingöngu frestað til 15. febrúar ársins 2000. Þá verður vonandi komin önnur ríkisstjórn með aðra stefnu sem gerir þessum aðilum kleift að semja um kjaramál sín eins og siðmenntuðu fólki í öðrum atvinnugreinum.

[19:28]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Þá er komið til 2. umr. um það vandræðamál að setja lög á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna. Ég lýsi því yfir í annað sinn eins og við fyrri umræðu að það tekur mig sárt að þurfa að taka þátt í slíkri lagasetningu. Þau fjögur frv. sem voru lögð fram hafa tekið nokkrum breytingum í meðförum sjútvn. og get ég ekki sagt annað en að þær breytingar séu yfirleitt mjög þarfar. Ég lýsi sérstakri ánægju minni með breytingu á stjórn fiskveiða þar sem gert var ráð fyrir því að skylda öll skip til að veiða í það minnsta 50% af aflahlutdeild sinni. Þeirri reglu er breytt og einungis er gert ráð fyrir því að það verði 50% hámark á framsal sem er að sjálfsögðu mun eðlilegri krafa enda hefur styrrinn staðið fyrst og fremst um að framsalið væri of frjálst og leiddi til brasks að margra mati. Að þessu leyti hefur lagasetningin væntanlega breyst til hins betra og miklu auðveldara fyrir útgerðarmenn að lifa við það ákvæði sem hér kemur fram en áður var.

Aðrar breytingar sem eru gerðar eru tæknilegs eðlis að mestu leyti þannig að ég fer ekki út í þær enda hefur því verið lýst nokkuð vel sem lagt er til af framsögumönnum fyrir þessum tillögum.

Kvótaþing er ein lagasetningin sem kemur fram í frv. og eru ýmsar vangaveltur um hvaða afleiðingar slíkt muni hafa að hefta nánast allt framsal, eins og það hefur verið fram að þessu, og framsal eða sala megi ekki fara fram nema í gegnum Kvótaþing.

Viðskipti með aflaheimildir hafa á síðustu árum verið mjög stór þáttur í afkomu útgerða og sjómanna og er svo komið í dag að kvótahreyfingar eru allt að 40% af öllum úthlutuðum aflaheimildum allra tegunda. Einstök landsvæði hafa notað kvótaleiguna til að bæta sér upp kvótamissi síðustu ára, og þá sérstaklega í botnfiski, og voru viðskipti með botnfisk á síðasta fiskveiðiári um 223 þúsund tonn, sem er gríðarlega hátt hlutfall af öllum úthlutuðum botnfiskheimildum. Þessi viðskipti eru af mörgum toga, milli fyrirtækja, innan sömu eigenda, milli óskyldra aðila, svokölluð bein viðskipti, skipti á tegundum og tonn á móti tonni. Hin svokölluðu beinu viðskipti voru á síðasta fiskveiðiári um 29 þúsund tonn og hafa verið svipuð á síðustu tveimur árum. Eitt svæði landsins, Reykjaneskjördæmi, keypti til sín á síðasta fiskveiðiári um 18 þúsund tonn af botnfiski. Það eru um 62% af öllum þeim botnfiski sem seldur var beinni sölu á síðasta fiskveiðiári.

Kaupendur að þessum kvóta eru að mestu útgerðarmenn smærri skipa og áhafnir þeirra og mestur hluti af þessum kvóta hefur farið til landvinnslunnar og haldið uppi vinnu á ákveðnum svæðum þar sem landvinnsla hefur verið uppistaðan í atvinnulífinu. Þær hugmyndir sem felast í Kvótaþinginu munu því setja þessi viðskipti, eins og þau hafa verið tíðkuð, í uppnám og gera þau nánast útilokuð og ekki er séð fyrir hvernig afkoma þeirra sem hafa treyst á þessi viðskipti verður tryggð. Þar er um að ræða hundruð sjómanna og fiskvinnslufólks um mestallt land, en þó að mestu leyti í Reykjaneskjördæmi, á Suðurlandi og Vesturlandi.

Ég hef lagt mikla áherslu á það í mínum þingflokki að hægt yrði með einhverjum ráðum að bregðast við þróun sem gæti farið á versta veg og lýst hefur verið af fyrri ræðumönnum, að útgerðir einyrkja, fjölskyldna og smærri fiskvinnslufyrirtæki mundu líða svo fyrir þessa breytingu að þau mundu leggjast af eða þeim mundi fækka stórlega. Þess vegna hef ég lagt ríka áherslu á að eftirlit með Kvótaþingi og afleiðingum þess yrði tryggt í lagasetningu. Ég get fagnað því að í nál. er sérstaklega getið um það í 2. lið, nál. við frv. um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, að sjútvrh. muni í árslok 1999 gefa sérstaka skýrslu til Alþingis um hvaða áhrif frv. og breytingarnar sem í því felast muni hafa, sérstaklega á stöðu og möguleika einstaklingsútgerða, og geri ég ráð fyrir að þar verði tekið til sérstakrar skoðunar að sjálfsögðu áhrif á fiskvinnslu sömuleiðis.

Ég hef rætt þær áhyggjur mínar sérstaklega við hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. og þeir hafa báðir lýst því yfir að fylgst verði mjög vel með þróun þessarar starfsemi sem hefur treyst á þessi viðskipti á undanförnum árum, hvort hún muni leiða til þeirrar niðurstöðu að hún eigi mjög í vök að verjast eftir breytingarnar. Ef svo yrði þá hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að það yrði skoðað mjög nákvæmlega af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig væri hægt að grípa inn í þá þróun, ef hún færi á versta veg. Ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn muni skoða þessar breytingar mjög rækilega enda er hér um mjög miklar grundvallarbreytingar á þróun viðskipta að ræða, sem hafa í raun tíðkast að langmestu leyti á heiðarlegan hátt og var ekki í rauninni ástæða til að ætla annað en að það gæti þróast á heiðarlegan hátt áfram með minni breytingum en hér er gert ráð fyrir. En af því að hér er um að ræða samkomulag við sjómenn vegna þess að sjómenn hafa samþykkt ákveðnar hugmyndir sem hafa komið í gegnum ríkissáttasemjara gegnum tillögu frá ríkisstjórninni, þá sé í raun ekki um annað að ræða en að koma í gegn ákveðnum breytingum á kvótakerfinu og þessum framsalsmöguleikum sem í því felast svo hægt sé að halda vinnufrið í útgerð og meðal sjómanna um einhvern tíma, að þá neyðumst við á hinu háa Alþingi til að samþykkja lög sem þessi.

Ég ítreka að það er ekki að minni hyggju besta leiðin til að leysa slíkar deilur að gera það með lagasetningu. En eftir því sem ég komst næst í hv. félmn. var ekkert það í spilunum milli sjómanna og útgerðarmanna sem benti til þess að deilan væri að leysast eða að það væri eitthvað á næstu dögum eða næstu vikum sem mundi geta leitt til þess að deilan leystist. Því er það að sjálfsögðu skylda ríkisstjórnar og Alþingis vegna afkomu þjóðarbúsins og þjóðarheillar að grípa inn í deilur sem ekki virðast hafa neina lausn um langan tíma. Þetta er neyðarúrræði.

Ég ætla ekki að ræða um það sem aðrir hafa sagt um hið svokallaða kvótakerfi og stjórnun á fiskveiðum almennt. En það kemur mér samt alltaf jafnmikið á óvart að heyra það þegar hv. þm. eru að ræða um sóun í kvótakerfinu, sem hefur verið reynt í ein 14 ár, menn sem þekkja það hvernig sóunin var í því kerfi sem ríkti fyrir daga kvótakerfisins, og ætla ég að geyma þá umræðu þar til síðar. En gnostisismi sá sem Einar Oddur segir að fylgi þeim mönnum sem fylgja þessu kerfi er í mínum huga ótrúlega mikil gleymska því að allir sem stunduðu sjóinn fyrir þetta kerfi muna hvernig afla var hent, hvernig meðferð á afla var með allt öðru móti en nú tíðkast. Hefur meðferð breyst til mikilla muna í rétta átt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og vonast til þess að hægt verði að leiða þær breytingar, sem þessum frv. fylgja, þannig áfram að sem minnstur skaði verði af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:40]

**Útbýting þingskjals:**

Endurskoðun laga um háskóla, 626. mál, fsp. SvG, þskj. 1073.

[Fundarhlé. — 19:40]

[20:31]

**Útbýting þingskjala:**

Gjaldtaka af nemendum í skólum, 627. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1074.

Loftferðir, 201. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1063; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1064.

## *Kjaramál fiskimanna, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 603. mál. — Þskj. 1075, nál. 1055 og 1065, brtt. 1056.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:39]

1. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GHall, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:33]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur mótmælt því harðlega að nú skuli eiga að lögbinda kjör sjómanna til næstu tveggja ára. Því mun þingflokkurinn greiða atkvæði gegn því frv.

Hvað varðar frv. þrjú eru þær forsendur sem voru fyrir samþykki sjómanna við miðlunartillögu sáttasemjara brostnar þar sem gerð hefur verið grundvallarbreyting á efninu. Sú staða sem komin er upp er afleiðing afskipta ríkisstjórnarinnar og algerlega á hennar ábyrgð. Þingflokkur jafnaðarmanna mun því sitja hjá hjá afgreiðslu málanna þriggja.

[20:34]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í þingflokki Alþb. og óháðra teljum við að í frv. um kjaramál felist óvenju harkaleg atlaga að samningsrétti og mannréttindum, einkum í 3. gr. frv. Við munum því greiða atkvæði gegn frv., bæði einstökum greinum þess og frv. í heild. Við teljum einnig að klaufaleg tök að öðru leyti hafi einkennt málið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem hefur meira og minna, að því er varðar hin frv., spillt þeim og skapað aðstæður sem eru að mörgu leyti erfiðar til að taka á málum þrátt fyrir jákvæða þætti og við munum skýra nánar við atkvæðagreiðslur um þau mál.

[20:34]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við stöndum *frammi fyrir* mjög dapurlegri niðurstöðu. Alþingi er í þann veginn að samþykkja lög á lögmætar aðgerðir sjómanna til að skipa sínum kjaramálum. Þessi lög taka af frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt sjómannastéttarinnar á Íslandi fram á næstu öld.

Við mótmælum þessari lagasetningu og greiðum atkvæði gegn þessu frv. Við munum hins vegar sitja hjá eða styðja eftir atvikum þau frv. sem þessu fylgja eftir því sem efni þeirra gefur tilefni til.

[20:35]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Þegar þessi mál hafa komið til umræðu á Alþingi hefur afstaða mín verið sú sama og verður hér nú.

Ég tel að það hafi mátt halda öðruvísi á málum en raun ber vitni og er þá ekki hallað á neinn þó svo hafi farið sem fór. En svo ég sé sjálfum mér samkvæmur, eins og ég hef áður verið, þá greiði ég atkvæði gegn þessu frv.

[20:36]

**Árni Johnsen:**

Herra forseti. Nú mætti tína til mörg atriði í atkvæðaskýringu en ég vil aðeins nefna eitt. Ég harma að gerður er greinarmunur á trolli og rækjutrolli. Eini munurinn á þessum veiðarfærum er smáriðið net og stórriðið og hagræðing og þróun fær ekki notið sín á trollbátum. Ég segi já með takmörkuðum þunga.

[20:37]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur áteljum harðlega frv. um kjaramál fiskimanna sem nú á að fara að samþykkja sem lög. Enn einu sinni á að setja lög á kjaradeilur sjómanna. Við mótmælum þeirri lagasetningu en munum sitja hjá við atkvæðagreiðslur um hin frv. þrjú sem hefur verið breytt í veigamiklum efnisatriðum frá því að þau voru lögð fram. Sú leið sem hér er valin verður því að teljast alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[20:38]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þau frv. sem við greiðum atkvæði um nú verður að skoða í samhengi og í einni heild. Forsenda þess að við göngum til hins erfiða og umdeilanlega verks að setja lög er banna verkfall er vitaskuld sú að því fylgir niðurstaða um það sem tekist var á um í vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna. Þau þrjú frv. sem liggja fyrir um stjórn fiskveiða, Verðlagsstofu skiptaverðs og Kvótaþing eru flutt af ríkisstjórninni til þess að tryggja að lausn fáist í harvítugri, sársaukafullri og stórhættulegri kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Það var þjóðarnauðsyn að ljúka þessari kjaradeilu og vinnustöðvun. Slíkt var ekki hægt að gera með einhliða lagasetningu sem bannaði verkfall. Þess vegna er niðurstaðan sú sem við stöndum nú frammi fyrir. Þó ég sé fráleitt sáttur við allt í þeirri lagasetningu lít ég svo á að í ljósi þeirrar stöðu sem við erum nú í beri að ljúka kjaradeilunni með efnislegri niðurstöðu. Sú niðurstaða birtist okkur í þessum lagafrumvörpum og því styð ég þau.

Brtt. 1056,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁJ, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GHall, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:40]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að lögfesta að sjómenn sem vilja heyja réttinda- og kjarabaráttu með því að leggja niður vinnu muni sæta fjársektum ef ekki harðari og þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum, eins og segir í því ákvæði sem við erum hér að greiða atkvæði um.

Sjómenn hafa mótmælt því harðlega að vera sviptir verkfallsrétti með lögum en svo vön er þjóðin orðin því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hlýði fjármagni og stórfyrirtækjum í einu öllu að þegar í einhverju er komið til móts við aðra, í þessu tilviki sjómenn með lagafernunni sem hér er til afgreiðslu, þá þykir það undrum sæta.

En vonandi mun þjóðin aldrei venja sig við stjórnarhætti af því tagi sem við erum hér að verða vitni að, banni við verkföllum og lagasetningu sem í reynd enginn er ánægður með.

Brtt. 1056,2 (ný 4. gr.) samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** SJS, ÖS.

14 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH*, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1056,3 (ný 5. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Fylgiskjöl I–IV samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GHall, SJS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31:16 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 604. mál. — Þskj. 1076, nál. 1057 og 1067, brtt. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:46]
Brtt. 1058,1.a samþ. með 30:16 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1058,1.b samþ. með 39:6 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** ÁE, GE, JóhS, SighB, SvanJ, ÖS.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:5 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, GE, JóhS, SighB, SvanJ.
10 þm. (GGuðbj, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1058,2 (tvö ákvæði til brb., verða ákv. til brb. I–II) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Verðlagsstofa skiptaverðs, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 605. mál. — Þskj. 1077, nál. 1059, 1068 og 1070, brtt. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:49]
1. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** EOK.
9 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,2 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** EOK.

9 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,3 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** EOK.

8 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EKG, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, KPál, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1060,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, ÓÖH, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁE, EgJ*, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

10. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

11.–16. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,6 (ný 17. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

18.–19. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1060,7 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** EOK.
2 þm. (SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SP, StG) fjarstaddir.

### *Kvótaþing, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 606. mál. — Þskj. 1078, nál. 1061, 1069 og 1071, brtt. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:58]
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, GMS, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

2.–17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.
18 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, GMS, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1062,1 (ný 18. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

19.–21. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, GMS, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1062,2 (tvö ákvæði til brb., verða ákv. til brb. I–II) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, EOK, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** EOK.

4 þm. (KÁ, SighB, VE, ÖS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG, SJS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 21:01.

---

## 97. FUNDUR

föstudaginn 27. mars,
að loknum 96. fundi.

**Dagskrá:**

1. Kjaramál fiskimanna, stjfrv., 603. mál, þskj. 1075 (með áorðn. breyt. á þskj. 1056). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 604. mál, þskj. 1076 (með áorðn. breyt. á þskj. 1058). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Verðlagsstofa skiptaverðs, stjfrv., 605. mál, þskj. 1077 (með áorðn. breyt. á þskj. 1060). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Kvótaþing, stjfrv., 606. mál, þskj. 1078 (með áorðn. breyt. á þskj. 1062). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:03]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 30:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** SighB, ÖS.
14 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 2.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (ÁE, KÁ, MF, ÖS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

### *Kjaramál fiskimanna, 3. umr.*

Stjfrv., 603. mál. — Þskj. 1075.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:07]
Frv. samþ. með 29:17 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁE, GE, GHall, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:04]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er komið til endanlegrar afgreiðslu frv. sem felur í sér að sjómenn er sviptir verkfallsrétti og lög sett á útgerðarmenn sem þeir eru afar ósáttir við. Á fundi félmn. í gær kom greinilega fram sú mikla undiralda ef ekki stórsjór sem einkennir samskipti þeirra deiluaðila sem hér eigast við. Því miður er hvorki verið að leysa eitt né neitt með þessari lagasetningu og ég spyr: Hvernig á að nýta gildistíma laganna til að leita raunverulegra lausna á þeim vanda sem hér er við að glíma? Ég get ekki annað en mótmælt þessu inngripi stjórnvalda í vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna og segi nei.

[21:05]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þegar þessi frv. koma nú til lokaafgreiðslu er rétt að undirstrika andstöðu okkar við þá lögþvingun sem hér á að fara fram. Lagasetningu sem tekur af grundvallarmannréttindi, samningsrétt og verkfallsrétt, og sviptir fjölmenna stétt í landinu þeim réttindum fram á næstu öld. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur haldið illa á þessu máli og margt við undirbúning mála, málsmeðferð og í málflutningi hefur svo vægt sé til orða tekið minnt á skrípaleik. Alvarlegast er þó það, herra forseti, að deiluaðilum skyldi ekki takast að ljúka kjarasamningi sín í milli án utanaðkomandi íhlutunar og í friði. Það veit ekki á gott hvað varðar samskipti þessara aðila í framtíðinni. Ég ítreka vonbrigði mín með þessa niðurstöðu og greiði atkvæði gegn frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1079).

### *Stjórn fiskveiða, 3. umr.*

Stjfrv., 604. mál. — Þskj. 1076.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:09]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, GE, GHall, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:08]

**Árni Johnsen:**

Herra forseti. Það er ástæðulaust að pukrast með þá staðreynd að það er mikil þjáning að þurfa að samþykkja þau frv. sem hér eru til afgreiðslu í kvöld, eins vitlaus og þau eru í mörgum þáttum. (Gripið fram í.) Eins og málið hefur vaxið í algjörri sjálfheldu og svelti má segja að hyggilegast sé að taka eitt skref í einu og samþykkja það bögglauppboð sem hér er um að ræða svo unnt sé að höggva á hnútinn og hefja nýja samningagerð og lagasmíð því ekki mun af veita í sameiginlegum hagsmunum sjómanna og útgerðarmanna þar sem sérstaklega hallar á einstaklingsútgerðina í landinu, þá útgerð sem hefur verið til fyrirmyndar á Íslandi. Ég vil í því sambandi vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í brtt. meiri hluta sjútvn. þar sem segir: „Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.“ Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1080).

### *Verðlagsstofa skiptaverðs, 3. umr.*

Stjfrv., 605. mál. — Þskj. 1077.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:10]

Frv. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** EOK.

9 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1081).

### *Kvótaþing, 3. umr.*

Stjfrv., 606. mál. — Þskj. 1078.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:11]

Frv. samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP.

**nei:** EOK.

18 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, GMS, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjÁ, HG, IP, LMR, LB, RG, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1082).

Fundi slitið kl. 21:11.

---

## 98. FUNDUR

mánudaginn 30. mars,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 1016. — 3. umr.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357. — 3. umr.
3. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430, brtt. 1018. — 3. umr.
4. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 1033. — 3. umr.
5. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770. — 3. umr.
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771. — 3. umr.
7. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 210, nál. 1063, brtt. 1064. — 2. umr.
8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 209. mál, þskj. 222, nál. 1031, brtt. 1032. — 2. umr.
9. Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 429, nál. 1027, brtt. 1028. — 2. umr.
10. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 441. mál, þskj. 768, nál. 1021. — 2. umr.
11. Lögreglulög, stjfrv., 442. mál, þskj. 769, nál. 1019, brtt. 1020. — 2. umr.
12. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1005. — 1. umr.
13. Siglingalög, stjfrv., 613. mál, þskj. 1042. — 1. umr.
14. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011. — 1. umr.
15. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
16. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051. — 1. umr.
17. Lágmarkslaun, frv., 307. mál, þskj. 382. — Frh. 1. umr.
18. Þingsköp Alþingis, frv., 229. mál, þskj. 261. — 1. umr.
19. Hlutafélög, frv., 230. mál, þskj. 262. — 1. umr.
20. Útvarpslög, frv., 239. mál, þskj. 278. — 1. umr.
21. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374. — Fyrri umr.
22. Gjaldþrotaskipti, frv., 325. mál, þskj. 410. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá Dr. Bielhans Bauer,
Erindi frá Deport 56, Ungverjalandi.

[15:01]

**Útbýting þingskjals:**
Verslunaratvinna, 151. mál, þskj. 1016.

## *Umræður utan dagskrár.*

Vistun ungra afbrotamanna.

[15:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um vistun ungra afbrotamanna. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. dómsmrh. verður til andsvara svo og hæstv. félmrh. Það er samkomulag um fyrirkomulag umræðunnar þannig að hún mun standa í allt að eina klukkustund. Málshefjandi hefur í fyrra sinn átta mínútur til umráða og þrjár mínútur í síðara sinn. Dómsmrh. hefur sama tíma, félmrh. fimm mínútur í fyrra sinn og þrjár mínútur í síðara sinn. Sama gildir um talsmenn þingflokka en aðrir þingmenn og ráðherrar hafa þrjár mínútur.

[15:02]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrir u.þ.b. hálfum mánuði var haldin á vegum foreldrahóps Vímulausrar æsku ráðstefna um vímuefnavandann. Þar sögðu fimm mæður í fyrsta skipti opinberlega frá reynslu sinni og baráttu vegna neyslu barna þeirra á áfengi og öðrum vímuefnum. Þessar sögur létu engan sem á hlýddu ósnortinn. Það kom berlega í ljós að þau meðferðar- og vistunarúrræði sem við höfum fullnægja hvergi nærri þeirri þörf sem er til staðar. Sérstaklega virðist ástandið slæmt hvað varðar vistun, meðferð og endurhæfingu ungra afbrotamanna, einkum þeirra sem ánetjast hafa fíkniefnum.

Kerfið sem við búum við virðist alls ekki búa yfir þeim úrræðum sem þarf til þess að taka á þeim vandamálum sem fylgja þeim börnum og ungmennum sem brotið hafa af sér og hlotið hafa dóm. Fangelsiskerfið býður ekki upp á þá kosti sem þurfa að vera til staðar og þjónusta heilbrigðiskerfisins vegna þessara einstaklinga er vægast sagt í molum.

Eðli og aðdragandi afbrota hefur breyst á undanförnum árum. Langflestir sem brjóta af sér eiga að baki feril sem eiturlyfjaneytendur og eru oft á tíðum í neyslu þegar brotið er framið. Þá eru afbrotin í mörgum tilvikum til komin vegna fjármögnunar á eiturlyfjakaupum. Þetta á ekki síst við um unga afbrotamenn enda hefur neysla eiturlyfja aukist verulega og aldur þeirra sem neyta hefur færst niður, jafnvel er um að ræða börn í neyslu.

Fíkniefnaneyslu fylgir aukið ofbeldi á heimilum og utan þeirra, dauðsföll bein eða óbein afleiðing fíkniefnaneyslu, vændi er stundað, hætta er á smitsjúkdómum hvers konar, hætta á alvarlegum sálrænum vandamálum, aukin hætta á geðsjúkdómum, upplausn fjölskyldna og auknum afbrotum.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að mæta þessum vanda, meðal annars með auknu forvarna- og meðferðarstarfi. Mikið vantar þó á að boðið sé upp á nægjanlega fjölbreytt úrræði í þessum efnum.

Skýringin er að mínu mati sú að við höfum ekki skoðað vandann frá öllum hliðum og samræmt aðgerðir hjá öllum þeim aðilum sem koma að málum og heyra undir mismunandi ráðuneyti. Um markvissar aðgerðir er því ekki að ræða og fjármunir sem fara til þessara mála nýtast illa. Sérstaklega er ástandið slæmt hvað varðar vistun, meðferð og endurhæfingu ungra afbrotamanna og á það við um afbrotaungmenni undir og yfir sakhæfisaldri sem er 15 ára. Þetta á við um alla meðferð mála hjá ungum afbrotamönnum sem eru í eiturlyfjaneyslu og hinna sem ekki eru í neyslu.

Engin sérstök vistun er til fyrir þetta unga fólk nema þá sem eru undir sakhæfisaldri en ég tel þó að þar þurfi einnig að gera mun betur því að í flestum tilvikum er um að ræða fársjúka einstaklinga sem brotið hafa af sér, í sumum tilvikum mjög alvarlega og hljóta refsingu fyrir.

Börnum og ungmennum sem hljóta þann dóm að taka út refsingu í lokaðri vistun er nauðsynlegt að fá meðferð vegna eiturlyfja og/eða áfengisneyslu. Þá er stöðug og markviss endurhæfing nauðsynleg þar sem þeim er kennt að horfast í augu við brot sitt og takast á við lífið á nýjan leik. Margir þessara einstaklinga hafa jafnvel týnt niður ýmsu því sem okkur finnst eðlilegur þáttur í daglegu lífi, svo sem þrifnaður á eigin líkama og samskipti við annað fólk. Munurinn á réttu og röngu er ekki skýr í þeirra huga eða skiptir ekki svo miklu máli.

*Flestir þeir sem brjóta af sér hafa lifað mjög lengi í* sýndarveruleika eiturlyfjaneyslunnar. Síendurtekin afbrot og eiturlyfjaneysla í brengluðu umhverfi með fársjúkum fíklum er heimur þessara barna og ungmenna, þessara ungu síbrotamanna. Kerfið tekur ekki á vanda þeirra, hvorki þegar þau hefja neyslu eða afbrotaferil. Þess eru dæmi að ungur fíkniefnaneytandi hafi tugi brota á málaskrá lögreglu þegar mál hans voru tekin til dóms. Á þeim tíma sem leið frá því hann fyrst braut af sér og þar til dómur féll sökk þessi ungi maður æ dýpra í eiturlyfjaneyslu, brotunum fjölgaði svo hann gæti fjármagnað eiturlyfjakaupin. Við höfum brugðist þessum dreng og mörgum hans líkum með því að takast ekki á við vandann og það breytta umhverfi sem við búum við og fylgir aukinni fíkniefnaneyslu.

Ég hef dreift í hólf allra þingmanna greinargerð frá starfsmanni barnaverndarnefndar sem vinnur með unga síbrotamenn og er viðstaddur yfirheyrslur yfir þeim. Hann óskaði sérstaklega eftir því að greinargerðin kæmi fyrir augu og eyru þingmanna. En þar sem tíminn í umræðunum er stuttur er of langt mál að lesa það upp. En ég bið hv. þm. að kynna sér innihald bréfsins. Þarna er um raunveruleg dæmi að ræða.

Þessi starfsmaður barnaverndarnefndar og aðrir starfsmenn sem fara með málefni ungra afbrotamanna sem og aðstandendur barnanna og unglinganna hafa bent á að taka verður á málefnum þessa hóps með allt öðrum hætti en gert er í dag.

Í fyrsta lagi þarf að taka strax á málum þegar unglingur hefur brotið af sér. Helst að það líði ekki nema sólarhringur þar til hann hefur fengið dóm. Þetta ætti í flestum tilvikum að

vera hægt þar sem unglingurinn er oftast tekinn á vettvangi afbrotsins og þarf því ekki langan rannsóknarferil.

Núverandi kerfi varðandi skilorðsdóma hentar ekki fyrir unga síbrotaunglinga eða fíkniefnaneytanda sem brýtur af sér. Skilorðseftirlitið verður að vera virkara og með öðru fyrirkomulagi en nú er. Á skilorði þarf að tryggja meðferð og endurhæfingu og jafnframt vinnu með foreldrum og öðrum aðstandendum, svo sem systkinum sem eru á vissan hátt þolendur í þessum tilvikum. Við höfum ekki heldur þau úrræði sem duga þegar kemur til þess að loka þarf þessa ungu afbrotamenn inni í fangelsi.

Vissulega hafa átt sér stað miklar umbætur í fangelsum landsins á undanförnum árum. En skipulag þeirra fullnægir þó engan veginn þeim kröfum sem þarf að gera varðandi unga afbrotamenn, sérstaklega þá sem eru í harðri neyslu eiturlyfja.

Ekki er boðið upp á meðferð við áfengis- eða eiturlyfjasýki þegar einstaklingur kemur til afplánunar. Ekki fyrr en í lok afplánunar. Ekki er boðið upp á virka betrun og endurhæfingu sem frá byrjun miðaði að því að gera einstaklinginn hæfari til þess að takast á við lífið og tilveruna. Ekki er um að ræða virka aðstoð við fjölskyldur þessara einstaklinga. Heilbrigðisþjónustan í fangelsunum er alls ekki í lagi eins og hún er rekin í dag. Fangaverðir og gæslumenn gera sitt besta en þeir hafa hvorki fengið þá sérhæfingu sem til þarf né eru það margir að þeir geti sinnt þessum einstaklingum eins og til þarf. Álagið á þessa starfsmenn er óhóflegt. Félagsskapurinn sem ungir afbrotamenn hafa mest af að segja er því oft á tíðum samskipti við sér eldri og reyndari afbrotamenn sem hafa ekki heldur haft nema takmarkaða möguleika til að bæta líf sitt og eru því oftar en ekki bitrir og þurfa ekki síður á félags- og/eða sálgæslu að halda.

Það er mat mitt að nauðsynlegt sé að koma á fót lokaðri vistun fyrir unga afbrotamenn þar sem meðferðar- og endurhæfingarstarf hefst strax við upphaf afplánunar dóms, meðferð og endurhæfing eigi sér stað á tveimur stöðum, það er lokaðri vistun og á síðari stigum opinni vistun þar sem foreldrar og aðrir aðstandendur taki virkan þátt í endurhæfingunni.

Kostnaður við svona vistun þarf ekki að vera miklu meiri en hann er í dag en skipulag og framkvæmd væri með allt öðrum hætti.

Mig langar til að benda á tvo staði þar sem slík starfsemi gæti átt sér stað þar sem möguleikar til vistunar, endurhæfingar, náms og vinnu eru að einhverju leyti til staðar. Ég nefni Krísuvík og Gunnarsholt í Rangárvallasýslu.

Virðulegi forseti. Við getum ekki lengur horft á það ástand sem þessi ungmenni og fjölskyldur þeirra búa við. Markmið okkar hlýtur að vera að um leið og barn eða ungmenni tekur út dóm fyrir afbrot sem hann eða hún hefur framið sé stefnt að því að gera þessa ungu einstaklinga hæfa til þess að takast á við lífið, ná tökum á tilverunni. Óbreytt ástand er okkur öllum til skammar. Því beini ég eftirfarandi spurningum til hv. dómsmálaráðherra um vistun og meðferð ungra afbrotamanna:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp sérstök lokuð og/eða opin vistun fyrir unga afbrotamenn 15–18 ára og 18–22 eða 25 ára þar sem um verði að ræða sérhæfða meðferð og endurhæfingu jafnframt meðferðarstarfi með fjölskyldum viðkomandi unglinga?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að mál ungra afbrotamanna fái sérstaka flýtimeðferð í dómskerfinu eða að hér verði komið á fót sérstökum unglingadómstóli og refsiákvæði laga endurskoðuð með tilliti til þess að taka megi sérstaklega á vanda fíkniefnaneytenda sem fá skilorðsbundna eða óskilorðsbundna dóma? Eða telur hæstv. ráðherra að til þess sé svigrúm innan þeirrar löggjafar sem við búum við í dag?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að starfsmönnum fangelsanna verði fjölgað með sérstakri áherslu á fjölgun heilbrigðisstarfsmanna innan fangelsa?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að fara yfir og gera tillögur að samræmdu starfi allra þeirra sem koma að málefnum ungra afbrotamanna, 15–18 ára og 18–22 eða 25 ára?

Til hæstv. félmrh. beini ég eftirfarandi spurningum um sama efni:

1. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á laggirnar lokuð og/eða opin vistun fyrir afbrotamenn undir 15 ára aldri þar sem fram fari betrun og endurhæfing ásamt öflugu meðferðarstarfi fyrir fjölskyldu þessara einstaklinga?

2. Hvaða stað telur hæstv. ráðherra ákjósanlegastan fyrir slíka starfsemi?

3. Þarf að breyta lögum vegna refsingar og vistunar ungra afbrotamanna eftir hækkun sjálfræðisaldurs? Ef svo er um hvaða lög er að ræða?

4. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á fót nefnd sem fari yfir og geri tillögur að samræmdu starfi allra þeirra aðila sem koma að málefnum afbrotamanna undir sakhæfisaldri, þ.e. yngri en 15 ára?

5. Mun ráðherra beita sér fyrir fræðslu í grunnskólum landsins um afleiðingar afbrota?

6. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að tekið verði strax á afbrotum unglinga þannig að unglingurinn og fjölskylda hans þurfi ekki um langan tíma að bíða ákvörðunar um refsingu og vistun?

[15:12]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að taka þetta mál til umfjöllunar. Málefni sem þessi eru mjög mikilvæg og sérstök ástæða er til þess að ræða þau á Alþingi.

Varðandi þær fyrirspurnir sem hv. þm. hefur sett fram vil ég segja það varðandi fyrstu spurninguna sem lýtur að því hvort áformað sé að koma á fót sérstöku unglingafangelsi eða sérstöku fangelsi fyrir ungt fólk að engar slíkar ákvarðanir hafa verið teknar. Þar kemur margt til. Ég vil fyrst vekja á því athygli að fjöldi þeirra sem afplána fangavist á þessum aldri er auðvitað nokkuð mismunandi frá einu ári til annars en á árinu 1996 luku 317 afplánun. Þar af voru 72 á aldrinum 21–25 ára, 29 á aldrinum 18–20 ára og fjórir sem voru yngri en 18 ára. Á síðasta ári luku 223 afplánun, 62 voru á aldrinum 21–25 ára, 17 á aldrinum 18–20 ára og tveir yngri en 18 ára.

Fangelsismálastofnun og sérfræðingar hennar hafa fram til þessa ekki talið þörf á að koma á fót sérstöku unglingafangelsi, m.a. með tilliti til þess takmarkaða fjölda sem lýkur afplánun á hverju ári, en einnig hafa þar á bæ verið settar fram efasemdir um að það sé öllum tilvikum besta aðferðin að setja þetta unga fólk allt í einn hóp. Reynslan hafi sýnt að það sé oft og tíðum erfiðara að fást við þennan vanda þegar þessir unglingar koma saman og í ýmsum tilvikum auðveldara þegar þeim hefur verið dreift á fleiri staði.

Það sjónarmið hefur líka verið sett fram að fangelsi af þessu tagi gæti dregið úr því að dómar yrðu skilorðsbundnir. Nú hafa dómstólar ákveðið að skilyrða eða ákveða sérstaklega að skilorðsbundnum dómum skuli fylgt ákveðið eftir og slíkir dómar leggja skyldur á Fangelsismálastofnun um eftirlit og má vænta þess að á komandi árum verði í ríkara mæli kveðið á um slíkt eftirlit og jafnvel bann við áfengis- og vímuefnanotkun af hálfu dómstólanna. Þetta kallar á nýtt hlutverk Fangelsismálastofnunar varðandi eftirlit með skilyrði. Það er rétt sem fram kom af hálfu hv. málshefjanda að í dag eru ekki aðstæður til þess að takast á við slíkt eftirlit sem má telja fullnægjandi og í ljósi nýrrar dómareynslu á þessu sviði er það mat mitt að á komandi árum þurfi að gefa þessum viðfangsefnum enn meiri gaum því að ég er sannfærður um að með virku eftirliti á þessu sviði þegar dómar hafa verið skilyrtir megi taka á ýmsum þeim vandamálum sem hv. þm. vék að.

Varðandi aðra spurninguna sem laut að því hvort rétt væri að flýta sérstaklega málsmeðferð eða koma á fót unglingadómstóli vil ég segja að ég tel almennt að sakamál fái mjög fljóta og góða rannsókn og meðferð í dómstólakerfinu og af þeirri ástæðu einni sé ekki ástæða til að taka upp sérstaka flýtimeðferð fyrir brot ungmenna. Auk þess ber að hafa í huga að ef sérstakir brotaflokkar eða mál einstakra brotamanna eiga að fá sérmeðferð hefur það áhrif á framgang annarra mála. Í þeirri endurskoðun opinbers réttarfars og dómstólakerfisins sem hefur farið fram á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á skjóta, samræmda og vandaða málsmeðferð. Í því felst m.a. að við höfum horfið frá sérstökum sérdómstólum vegna einstakra málaflokka eða hópa afbrotamanna og ég tel að það væri ekki til bóta að taka þá gömlu skipan upp á nýjan leik. Gildandi refsiákvæði veita mikið svigrúm þegar komið er að spurningu um val á viðurlögum. Þegar skilorðsbundnum refsingum er beitt er heimilt að setja sérstök skilyrði, m.a. varðandi það að hlíta fyrirmælum eftirlitsaðila um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn, tómstundir, um það að viðkomandi neyti ekki áfengis eða deyfilyfja á skilorðstímanum, að viðkomandi undirgangist dvöl á hæli eða stofnun ef nauðsyn þykir í allt að 18 mánuði ef venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyja en ella í allt að einu ári. Þegar um óskilorðsbundnar refsingar er að ræða eru ýmis úrræði til staðar fyrir ungmenni. Fyrir utan það val sem er á milli einstakra fangelsa er heimilt að þeir afpláni refsingu á sérstökum stofnunum utan fangelsa og það hefur verið gert að hluta eða í heild, t.d. hjá SÁÁ á Tindum meðan þeir voru reknir og á heimilum barnaverndaryfirvalda. En það er rétt að taka fram að forstöðumaður Fangelsismálastofnunar hefur tjáð mér að ástæðan fyrir því að meðferðarúrræðum er ekki beitt strax í upphafi fangavistar eigi fyrst og fremst rætur að rekja til þess að sérfræðingar varðandi meðferðarúrræði hafi talið að þau nýttust betur undir lok fangavistar en í upphafi og að sjónarmið fangelsisyfirvalda hafi fyrst og fremst byggst á þeim sjónarmiðum en þau er auðvitað sjálfsagt að taka til stöðugrar endurskoðunar og endurmats í ljósi þeirra viðhorfa sem eru uppi um árangursríka meðferð á hverjum tíma. Vitaskuld ræður það úrslitum um árangur meðferðar hvort heldur um er að ræða dæmda menn eða frjálsa að vilji þeirra sjálfra til meðferðar skiptir vitaskuld höfuðmáli.

Þá spyr hv. þm. að því hvort í deiglunni sé að auka við starfslið fangelsanna, sérstaklega á heilbrigðissviðinu. Á þessu sambandi minni ég á að nú hafa gengið í gildi lög þar sem heilbrrn. tekur yfir og hefur tekið yfir heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Almennt hygg ég að hún sé fullnægjandi en Fangelsismálastofnun leggur þó höfuðáherslu á það í þessu sambandi að sem allra fyrst verði komið á fullnægjandi skipulagi um geðheilbrigðisþjónustu í fangelsunum en af forgangsverkefnum í fangelsunum sjálfum á vegum Fangelsismálastofnunar yrði lögð áhersla á að ráða hjúkrunarfræðing til starfa á Litla-Hrauni.

Varðandi fjórðu og síðustu spurninguna er það að segja að ráðuneytið hefur yfirfarið skýrslur sem vitnað hefur verið til um þessi efni og hefur ákveðið að setja á fót vinnuhóp til að skoða þessi álitaefni og vinna úr þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram.

[15:22]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu grafalvarlega máli og ég mun reyna að svara þeim spurningum sem hún beindi sérstaklega til mín. Að vísu er hæstv. dómsmrh. búinn að svara að hluta.

Þegar ósakhæfur einstaklingur yngri en 15 ára kemst í kast við lögin og fremur afbrot fer með mál hans samkvæmt barnaverndarlögum. Þannig er það barnaverndarnefndar að taka ákvörðun um viðbrögð, m.a. um endurhæfingu og meðferðarstarf fyrir fjölskyldu viðkomandi. Það fer eftir eðli afbrots og hvort um endurtekin afbrot eða síbrot er að ræða hver viðbrögð barnaverndarnefnda eru. Við fyrstu brot og vægari brot er gjarnan látið nægja að veita unglingi stuðning í formi ráðgjafar og eftir atvikum með skipun tilsjónarmanns. Gjarnan er boðið upp á fjölskylduviðtöl en almennt má segja að þessi stuðningur er nokkuð breytilegur eftir einstökum sveitarfélögum.

Í þeim tilvikum þar sem afbrot ósakhæfs unglings eru metin alvarleg og þegar um síbrot er að ræða sækja barnaverndarnefndir gjarnan um meðferðarvistun fyrir unglinginn til Barnaverndarstofu. Á vegum stofunnar er rekin meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Stuðlar, þar sem fram fer greiningarmeðferð í allt að fjóra mánuði. Þar er líka neyðarvistun þar sem unnt er að vista unglinginn fyrirvaralaust í skamman tíma, allt að 15 dögum, í því skyni að stöðva hann af. Í greiningarmeðferðinni er vandi unglingsins greindur og tekin afstaða til þess hvort hann geti farið heim á ný og hvaða stuðningi unglingurinn þurfi á að halda eða hvort æskilegt sé að hann þurfi á langtímameðferð að halda. Á vegum Barnaverndarstofu eru nú starfrækt fjögur langtímameðferðarheimili þar sem unnt er að vista ósakhæfa afbrotaunglinga. Búast má við að fimmta heimilið taki til starfa á hausti komanda.

Rétt er að geta þess að í undirbúningi er að byggja sérstaklega yfir meðferðarstarfsemi fyrir unglinga í Skagafirði samkvæmt samningi milli Barnaverndarstofu og héraðsnefndar Skagfirðinga sem mun annast framkvæmdina. Reiknað er með að starfsemin geti hafist 1. október nk. og er við það miðað að henni verði sérstaklega ætlað að mæta meðferðarþörf unglinga á aldrinum 15–18 ára sem gerast brotlegir við lögin.

Þar sem sérstaklega er spurt um meðferðarstarf fyrir fjölskyldur þessara barna er rétt að geta þess að Barnaverndarstofa leggur áherslu á að meðferðarheimilin hafi öflugt foreldrasamstarf með fjölskyldufundum eigi sjaldnar en á sex vikna fresti. Það gengur misjafnlega enda eiga börnin ekki alltaf, því miður, sterka forsjáraðila sem eru reiðubúnir til slíkrar vinnu. Hins vegar er það regla að áður en barn er vistað

í meðferð er gerður svonefndur vistunarsamningur sem er þríhliða samningur foreldra, viðkomandi barnaverndar- og meðferðarheimilis og gjarnan er í honum að finna skuldbindingu af hálfu foreldra um að þeir njóti fjölskyldumeðferðar á meðan barnið dvelur á meðferðarheimilinu. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að unglingurinn útskrifist af meðferðarheimilinu í sömu aðstæðurnar og í mörgum tilfellum voru orsök þess að til vistunarinnar kom.

Önnur spurningin: Hvar telur ráðherra æskilegan stað fyrir slíka starfsemi? Þeirri stefnu hefur verið fylgt undanfarin ár að neyðarvistun fyrir ósakhæf börn svo og greiningarmeðferð sé staðsett í Reykjavík. Hins vegar hefur þótt álitlegt að langtímameðferð fari sem mest fram á meðferðarheimilum sem staðsett eru utan þéttbýlis. Þannig eru öll langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu staðsett úti á landi, þrjú á Norðurlandi og tvö á Suðurlandi og væntanlega tekur nýtt heimili til starfa í haust og því verður valinn staður í Borgarfirði. Rökin fyrir því að velja langtímameðferðarheimilum stað utan þéttbýlis eru bæði fagleg og fjárhagsleg. Unglingarnir losna frekar við áreiti frá gömlu félögunum og freistingar til að strjúka á götuna eru til muna minni. Reynslan sýnir líka að strok eru fátíðari og unglingunum gefst frekar tóm til að taka þátt í námi og uppbyggilegu starfi í rólegheitunum í sveitinni.

Þriðja spurningin var um hvort ástæða væri til að breyta lögum vegna refsingar og vistunar ungra afbrotamanna eftir hækkun sjálfræðisaldurs. Það þarf að breyta nokkrum ákvæðum barnaverndarlaga, einkum vistunarkafla laganna sem fyrst og frv. þar að lútandi legg ég væntanlega fram í ríkisstjórn í fyrramálið. Hins vegar stendur fyrir dyrum og er verið að vinna að heildarendurskoðun barnaverndarlaganna. Þeirri vinnu er ekki lokið en ég vænti þess að geta lagt þar fram frv. í þingbyrjun næsta haust.

Þá var spurt: Mun ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á fót nefnd sem fari yfir og geri tillögur að samræmdu starfi allra aðila? Ég hef ekki áform um að skipa sérstaka nefnd til þess arna. Barnaverndarstofa er í skipulegu samstarfi við barna- og unglingageðdeild Landspítalans, m.a. er að vistunarmálum lýtur. Hins vegar væri frekari ástæða til þess að farið væri sérstaklega yfir málefni sakhæfra barna sem eru ekki sjálfráða.

Varðandi fræðsluna er það að mínu mati verkefni hæstv. menntmrh. Varðandi seinustu spurninguna, að taka strax á afbrotum unglinga, vil ég segja að barnaverndarlögin taka það fram að ekki má refsa börnum fyrir afbrot þeirra, meðferðin á að vera í formi stuðnings.

[15:28]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hafa hafið þessa umræðu. Hún er sá þingmaður sem hefur sýnt þessum málum mestan áhuga á meðal okkar og ég hef jafnan tekið mikið mark á því sem hún segir um þessi mál. Þess vegna hlustaði ég með athygli á þær spurningar sem hv. þm. bar fram og ég hlustaði líka á svör hæstv. ráðherra.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir telur, eins og velflestir foreldrar barna sem hafa lent í erfiðleikum af því tagi sem hér eru til umræðu, að nauðsynlegt sé að koma upp einhvers konar sérstakri unglingastofnun þar sem líka er kostur á meðferðarúrræðum, e.t.v. lokaðri meðferðarstofnun. Hæstv. ráðherra, sem kom og flutti mál sitt eftir að hafa ráðslagað við menn sína í Fangelsismálastofnun, var annarrar skoðunar. Hann segir að sérfræðingar Fangelsismálastofnunar telji að ekki sé þörf á unglingafangelsi og hann tekur til tvenns konar raka í málinu. Í fyrsta lagi telja sérfræðingar hans að sá fjöldi sem er fyrir hendi sé ekki nægur. Hver er þessi fjöldi? Hæstv. ráðherra rakti að það væru 29 fangar á aldrinum 18–20 ára sem hefðu á síðasta ári lokið fullnustu dóms og fjórir yngri en 18 ára. En þessir fjórir eru líka á meðal okkar smæstu bræðra og við þurfum líka með einhverjum hætti að hugsa um velferð þeirra og það sem vantaði inn í málflutning hæstv. ráðherra er þetta: Hvað eigum við að gera fyrir þessa menn? Vegna þess að við berum líka ábyrgð á þeim og við eigum líka að nota þá meðferð sem kerfið býður þeim upp á til þess að betra þá, við eigum ekki bara að taka þá tímabundið úr umferð úr mannlegu samfélagi til þess að vernda okkur hina. Við eigum að nota fangelsin sem betrunarhús til þess að betra þá. En þessi partur af hinum gamla borgaralega húmanisma virðist vera horfinn úr hugsunarhætti kerfisins.

Hin röksemd sérfræðinga hæstv. ráðherra er að þeir hafa efasemdir um að það sé besta aðferðin að setja svona unglinga saman í einn hóp. Þetta er allt annað en það sem okkur er sagt sem höfum verið að ræða við foreldrana sem eldurinn brennur heitast á. Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að ég tel að talsvert gap ginnunga sé á milli þess sem hæstv. ráðherra segir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og það sýnir e.t.v. að hinir ágætu sérfræðingar hæstv. ráðherra, sem ég er viss um að vinna sitt starf af eljusemi og vandvirkni, þyrftu e.t.v. að kynna sér þetta talsvert betur.

Herra forseti. Ég kem hingað sem formaður heilbr.- og trn. vegna þess að í skugga þeirra voveiflegu atburða sem hafa gerst innan heilbrigðiskrefisins á síðustu vikum, hefur komið í ljós að það er alvarlega brotinn potturinn í heilbrigðismálum innan fangelsisgeirans. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra minnti réttilega á í tengslum við spurningu hv. þm. varðandi heilbrigðismálin, að heilbrigðismálin hafi verið færð yfir á heilbrrn. frá og með síðustu áramótum. Hér er hæstv. dóms- og kirkjumrh. og hæstv. félmrh. En ég sakna vinar í stað, herra forseti. Hvernig stendur á því að hæstv. heilbrrh. er ekki hér? Vegna þess að það er alveg ljóst að það þarf að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar.

Frá því að heilbrrn. tók yfir þennan málaflokk hefur enginn geðlæknir verið til staðar á Litla-Hrauni. Þar eru um 80 manns. Sumir þeirra hafa sent neyðaróp út í kerfið en enginn geðlæknir er til staðar. Á meðan hæstv. dómsmrh. hafði þetta mál á sinni könnu var staðan þó þannig að geðlæknir kom einu sinni til tvisvar í mánuði. Hann gat að vísu ekki sinnt nema hluta af þeim verkefnum sem þar biðu hans en hann var a.m.k. mættur á staðnum. Eftir áramótin hefur engin geðlæknisþjónusta verið í boði. Hvað er gert við þá sem eru að mati sálfræðings Fangelsismálastofnunar mjög alvarlega sjúkir? Hvað er gert við þá? Þeir eru settir í einangrun. Herra forseti. Er þetta boðlegt í siðuðu samfélagi? Er hægt að taka fanga sem eru greindir sem alvarlega sjúkir af sálfræðingi stofnunarinnar og setja þá í einangrun? Ég tel að það sé ekki hægt. Ég tel að þetta sé svo alvarlegt að það þurfi að fara í þetta mál mjög fljótlega. Ég tel að þetta þoli enga bið.

Ég segi, herra forseti, að ég er viss um að innan kerfisins er fullur skilningur á því að bregðast við þessu máli og ég vil segja það líka að ég hef tekið eftir því að hæstv. heilbrrh. hefur sagt að það þurfi að bregðast skjótt við, hún hafi skilning á þessu máli. Punctum saliens í þessu máli er að fangar eru fólk eins og við og þeir hafa nákvæmlega sömu mannréttindi og við. Þeir hafa sama lagabundna rétt og við

hin til þess að njóta aðstoðar þegar þeir eru sjúkir og þeir hafa sama lagabundna rétt og við hin til þess að fá aðstoð þegar þeir eru í andlegri kröm og neyð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa stór orð um það en ég held að atburðarás síðustu viku sýni að í þessum efnum er pottur brotinn og ég tel að við eigum öll, alþingismenn, ráðherrar og þeir sem eru starfsmenn innan fangelsiskerfisins, að taka okkur saman um það að bæta þessa stöðu.

[15:34]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að hefja þessa umræðu. Ég hef enga sérþekkingu í þessum málum frekar en mörg okkar hér og veit t.d. lítið um hvernig á málum er haldið í nágrannalöndum okkar en einhvern veginn finnst manni að í þessu sem öðru höfum við ýmsa möguleika til þess að halda sæmilega á málum ef vilji er fyrir hendi. Um það verður því miður að efast þegar litið er til ástandsins eins og það er og við komumst auðvitað ekki lönd né strönd ef vettlingatökin verða áfram viðhöfð. Við erum að tala um mannréttindi. Við erum að tala um velferð og hag einstaklinga og fjölskyldna og við erum að tala um þjóðarhag.

Stærsti vandinn sem við er að fást nú er neysla fíkniefna af ýmsu tagi, hvort sem um er að ræða áfengi eða önnur vímuefni sem oft og tíðum breyta ósköp venjulegri manneskju í afbrotamanneskju. Þar liggur stærsti vandinn sem umturnar lífi og aðstæðum einstaklinga og fjölskyldna sem fá alls ekki nægja aðstoð til að vinna úr sínum málum. Þau eru sorglega mörg dæmin um ungt fólk sem lendir á villigötum, lendir í klóm vímuefna og leiðist út í afbrot í tengslum við neyslu og fær ekki þá meðferð og þá aðstoð sem það þarfnast. Meðhöndlunin er stundum jafnvel verri en engin. Fólk er tekið fyrir afbrot og það er dæmt til refsingar en síðan líður tíminn og sumum tekst að rétta kúrsinn. Þeir fá aðstoð fjölskyldna til að skapa sér nýja stöðu í lífinu. En svo kemur skellurinn því að nú á að afplána dóminn sem féll kannski fyrir mörgum mánuðum.

Ég þekki skelfileg dæmi þessa þar sem lögð hefur verið í rúst sú veröld sem hefur tekist að byggja upp þar sem grunnur var lagður að góðu heimili og jafnvel barn komið til sögunnar. Slík dæmi eru því miður alltaf að gerast og enga miskunn er að hafa hjá yfirvöldum þó að á sama tíma sé séð til þess að hvítflibbaglæpamönnum sé gert kleift að afplána sína refsingu þannig að sem minnst röskun verði á lífi þeirra. Um það eru dæmi.

Herra forseti. Margt má betur fara í þessum efnum og ekki tjóar að bera við fjárskorti vegna þess að dýrara er að láta allt danka eins og það er. Það verður að taka faglega á þessu máli og stefna að betrun en ekki forherðingu þeirra sem rata í þessa ógæfu. Það á ekki að líðast að ungir afbrotamenn séu dæmdir til refsingar og gert að taka hana út löngu síðar. Það á ekki að vista unga afbrotamenn með eldri síbrotaföngum. Það á að gefa þeim tækifæri til að bæta ráð sitt og verða að manni eins og við segjum.

Herra forseti. Viðbrögð og svör hæstvirtra ráðherra ollu vonbrigðum. Mér heyrðust þeir hafna algerlega hugmyndum um lokaða meðferðarstofnun eins og hér var spurt um. Ég tel brýnt að koma á lokaðri meðferðarstofnun fyrir unga afbrotamenn þar sem þeir fá fræðslu, meðferð og uppbyggingu við hæfi. Það þarf að tryggja að þeir hafi að einhverju að hverfa en lendi ekki á nýjan leik í sömu aðstæðum og urðu þeim að falli. Íslenskt þjóðfélag hefur efni á slíkri stofnun en það hefur ekki efni á að loka augunum fyrir neyð þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem eiga um sárt að binda vegna tímabundinna erfiðleika sem má bæta úr.

Herra forseti. Ég vil enda mál mitt með tilvitnun í niðurlag bréfs frá móður sem talar af reynslu og leggur einmitt áherslu á nauðsyn lokaðrar meðferðarstofnunar fyrir einstaklinga sem lenda í slíkri ógæfu sem hér um ræðir. Hún segir, með leyfi forseta:

„Opin meðferðarstofnun hefur ekkert að segja því að flestir þessa hóps“ — þ.e. fíkniefnaneytenda sem lenda í afbrotum — „eru komnir of langt til að vistast þar sem þeir geta gengið út daginn eftir. Ég segi þetta vegna þess að ég hef upplifað þetta sjálf og ég vil engum svo illt að ætla honum að ganga í gegnum slíkt helvíti þar sem allt blandast saman, ástin á afkvæminu, sjálfsblekkingin, lygin og vonleysið, reiðin út í eiturlyfjasalana og ekki síst reiðin út í kerfi sem frekar slær á hverja veika tilraun til sjálfsbjargar en að vera til hjálpar reiðubúið.“

[15:39]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu alvarlega máli. Ein afleiðing þess að ungt fólk missir fótanna í samfélaginu er að það leiðist inn á afbrotaferil. Vandamálið hefur farið vaxandi í okkar þjóðfélagi og þrátt fyrir vaxandi umræðu og tilraunir stjórnvalda til að bregðast við hefur ekki tekist að snúa þróuninni við í þessum efnum.

Það er vissulega svo að fíkniefnanotkun á drýgstan þátt í að auka afbrot hérlendis einkum hjá ungu fólki og brýnt er að berjast gegn þeim vágesti með öllum ráðum. Hins vegar er umræðuefnið í dag vistun ungs fólks eftir að skaðinn er skeður og skerða verður frelsi þess vegna afbrota.

Það hefur komið fram í máli hæstv. dómsmrh. og félmrh. að ýmsar aðgerðir hafa verið uppi til þess að bæta meðferð þessara mála. Einnig er ljóst að enn vantar upp á að nægileg úrræði séu í boði ef bjóða á upp á meðferðarúrræði t.d. í stað fangavistar. Hækkun lögræðisaldursins virðist hafa dregið fram í dagsljósið vandamál sem áður var erfitt að taka á sem koma m.a. fram í því að nú eru um 25 manns á biðlista eftir meðferð í því kerfi.

Á vegum Barnaverndarstofu er unnið að undirbúningi úrbóta í þessu efni og kostnaðartölur hafa verið nefndar upp á 90 millj. kr., þ.e. kostnaður þessu samfara en á síðustu fjárlögum voru aðeins veittar 20 millj. kr. til að mæta þessum vanda og ljóst er að vinna þarf áfram að þessum málum og úrbætur í þessu efni kosta fjármuni.

Það er ljóst að hækkun sjálfræðisaldursins jók úrræði til að grípa inn í þegar illa fer hjá unglingum frá 16–18 ára aldri og er það vel. Æskilegt væri að hægt væri að grípa inn í sem mest á þessum vettvangi. Venjuleg fangavist er óyndisúrræði fyrir fólk á þessum aldri þó að til hennar sé gripið þegar allt um þrýtur og dómar eru fallnir. Ungt fólk sem vistað er í fangelsum á þessum aldri á því miður oft langan afbrotaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur því reglan hefur verið sú að dómar fyrir fyrstu afbrot, ef þau eru ekki því alvarlegri, eru skilorðsbundnir.

Ég tel farsælast að yfirvöld dómsmála, félagsmála og heilbrigðismála vinni saman að því að gera áætlanir um heppileg úrræði í þessu alvarlega máli sem hér er rætt um. Ljóst er að aðgerða er þörf og breyttar aðstæður sem skapast af hækkun sjálfræðisaldursins auka möguleika til þess að taka snemma á málum og þá með úrræðum í félagslega kerfinu sem mér

finnst afar brýnt að stefna að að verði aðalreglan.

[15:43]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég var einnig á þeirri ráðstefnu með foreldrum fíkniefnaneytenda sem hv. 5. þm. Suðurl. nefndi áðan og frásagnir foreldra nokkurra ungmenna sem hafa lent í þeim hildarleik voru vissulega ógnvekjandi. Það er heldur ekki eins og þarna sé um að ræða örfáa unglinga sem eiga engan að. Þetta vandamál getur komið upp á hverju heimili á Íslandi í dag, hversu gott sem það er, heimili þar sem foreldrar eru af öllum mætti að gera allt fyrir unglingana sína. En áhrifin frá umhverfinu eru gríðarsterk og eitthvað veldur því, t.d. búferlaflutningar, að unglingar missa fótfestuna, fá ekki viðurkenningu frá umhverfinu í þeim mæli sem þeir þurfa og grípa þá til örþrifaráða til að gera sig gildandi. Það sem gerir meðferð unglinga erfiðari en annarra er að þeir eru sjálfir ekki reiðubúnir til að horfast í augu við eigin vanda fyrr en allt er komið í óefni. Þeim finnst oftar en ekki að foreldrar eða kennarar séu að gera úlfalda úr mýflugu þegar reynt er að tala um fyrir þeim.

Afbrot unglinga eru einnig oftar en ekki tengd tilraunum þeirra til að verða sér úti um fjármuni til að geta haldið sér í vímu. Á vegum Barnaverndarstofu var haldinn fyrirlestur nýlega um sænska endurhæfingarstofnun, Hassela, sem tekur í þriggja ára enduruppeldi ungmenni á aldrinum 16–20 ára sem eiga í alvarlegum vímuefnavanda en einnig geta komist á stofnunina þeir sem hafa hlotið dóma vegna afbrota, en eins og við þekkjum eru þeir gjarnan í vímuefnum líka. En þeir verða að undirrita samning til að undirgangast það sem meðferðin krefst af þeim, þar á meðal að stunda nám. Enginn er útskrifaður frá þessari stofnun nema með bréf upp á réttindi í einhverri starfsgrein sem þau geta sjálf valið um. Síðasta meðferðarárið stunda þau almenna vinnu eða skólanám undir eftirliti skilorðsmanna. Þessi meðferð hefur gefið gríðarlega góðan árangur og leiddi rannsókn sem gerð var af hlutlausri stofnun á lífi þeirra sem höfðu lokið meðferð fimm árum áður að yfir 70% þeirra stunduðu nám eða vinnu og voru lausir við alla vímugjafa og höfðu ekki lent í afbrotum. Slíkur árangur er svo góður þegar litið er til þess hve alvarleg vandamál þeirra voru sem þarna áttu í hlut er þeir komu til meðferðar að við hljótum að staldra við og athuga hvort hér séu skilyrði til að setja á stofn álíka stofnun.

Á það má einnig minna að á þessari stofnun er lögð mikil áhersla á að vinna með forráðamönnum ungmennanna eftir því sem kostur er á en fjölskyldur þessara ungmenna verða oft ótrúlega illa úti eftir það hörmungartímabil sem þær hafa lifað á þeim tíma sem líf barna þeirra var á ystu nöf og ekki réðist við neitt. Þá má ekki gleymast að samstæð og sterk fjölskylda er það sem gefur besta og þjóðfélagslega hagkvæmasta stuðninginn eftir að meðferð er lokið.

[15:46]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er því miður mjög alvarlegt ástand í málefnum ungra afbrotamanna og fíkniefnaneytenda. Það kom mjög skýrt fram á ráðstefnu þeirri sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir minntist á í upphafi máls síns. Ég gleymi því seint að hafa hlustað á reynslusögur og örvæntingu þeirra fimm mæðra sem þar sögðu sögu sína og á þá sérfræðinga sem þar sögðu okkur frá því hvernig ástandið í raun er í þessum málum. Ég tel að úrræðaleysið sé áfellisdómur yfir bæði dóms- og félagsmálayfirvöldum hér á landi.

Meðferðarúrræði vantar algerlega til að bæta og endurhæfa þá unglinga sem eru komnir í þann vítahring sem afbrot og fíkniefnaneysla er, bæta þá og endurhæfa til að skila þeim sem betri einstaklingum út í samfélagið. Sagðar voru sögur af því hvernig staða ungra afbrotamanna, síbrotamanna og fíkniefnaneytenda er. Þegar úrræðaleysið er algert er vísað á geðdeild. Þar eru engin pláss, niðurskurður er slíkur, og að lokum er viðkomandi unglingur vistaður í síbrotagæslu á Litla-Hrauni þar sem enginn geðlæknir er að störfum. Í hvers konar þjóðfélagi búum við?

Síðan talar hæstv. dómsmrh. um skilorðsdómana. Það var mál manna á þessari ráðstefnu að skilorðsdómar virki ekki fyrir unga síbrotamenn, það þurfi önnur úrræði. Þeir virka kannski fyrir heilbrigt fólk. Nefnt var dæmi af unglingi sem var dæmdur í þriggja ára skilorð og 800 þús. kr. sekt og til að greiða verjandalaun að auki. Þessi dómur var kveðinn upp að morgni og áður en dagur var að kvöldi kominn var hann búinn að brjóta af sér aftur því að hann var kominn út. Þetta eru engin vinnubrögð og það verður að taka á þessu.

Það var líka bent á leið sem farin hefur verið á Norðurlöndum og ég tel að við þurfum að skoða. Sú leið hefur verið tekin sem fyrirmynd í hópstarfi á vegum Reykjavíkurborgar þar sem unglingum er gerð grein fyrir hvaða afleiðingar afbrot þeirra hafa. En vegna þess að menn tala oft um að þetta kosti peninga, þá vil ég að það komi fram að einn afbrotaunglingur kostar samfélagið 250 þús. kr. á viku. Það hefur verið reiknað út. Það þýðir milljón á mánuði og ég held að peningarnir væru betur komnir í að koma upp úrræðum fyrir þetta unga fólk, eins og þeim sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir minntist á í upphafi, þannig að við sköpum betra samfélag. Þessi mál þola enga bið.

[15:49]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa afskaplega brýnu og viðkvæmu máli.

Ég leyfi mér að fullyrða að gildismat okkar Íslendinga á sjúkdómum er að ýmsu leyti bundið fordómum. Þannig virðast margir sjúkdómar alls ekki eiga upp á pallborðið í almennri umræðu úti í samfélaginu og segja má að þær áherslur endurspeglist að mörgu leyti innan stjórnsýslunnar. Þetta eru sjúkdómar sem eru bundnir þögninni og þeir sniðgengnir rétt eins og þeir séu ekki til staðar.

Ég nefni þar sérstaklega ýmsa geðræna sjúkdóma, félagslega sjúkdóma, að ekki sé talað um fíkniefnasjúkdóma. Hver er afleiðingin af þessu, herra forseti? Ungu fárveiku fólki er kastað á milli stofnana, inn á eina stofnun og út af annarri, ýmist sem sjúklingar, refsifangar eða hvorugt og vandinn er fljótur að vinda upp á sig. Því má segja, herra forseti, að hér ríki á þessu sviði ákveðið upplausnarástand.

Þetta er vandi samfélagsins alls. Það er einföldun að kalla til ábyrgðar aðeins eitt eða tvö ráðuneyti. Þetta er vandi og ábyrgð alls samfélagsins, allra ráðuneyta, samfélagsins í heild sinni. Ástandið hygg ég að hafi skapast af þessu gildismati þjóðarinnar á því hvað eru viðurkenndir sjúkdómar og hvað ekki. Þarna verður að eiga sér stað hugarfarsbreyting innan alls samfélagsins og það sem meira er, okkur ber í kjölfarið að stokka upp viðbrögð stjórnsýslunnar við afleiðingum þessara alvarlegu sjúkdóma. Við getum ekki lengur vélað með líf hinna ungu sjúklinga með þeim hætti sem við gerum í dag. Við getum ekki vistað þá sem hverja aðra fanga.

Þeir eru ungir og þeir eru sjúkir og þeir eiga að geta átt sína framtíð en til þess verður að grípa til sértækra aðgerða. Það er samfélagsleg skylda okkar. Það er hin pólitíska skylda okkar.

[15:52]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir hv. þm. til hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um að hafa frumkvæði að þessu máli.

Við þingmenn höfum orðið varir við það undanfarin ár að vaxandi þrýstingur er frá almenningi vegna ótta og óöryggis vegna glæpa að þyngja refsingar og gera þær harðari. Það vekur upp spurninguna um það, herra forseti, til hvers refsingar séu. Sumir telja að refsing sé hefnd samfélagsins. Stundum er hún til viðvörunar, til að vara fólk við að ef það gerir þetta, þá gerir samfélagið þetta. Stundum er það hugsað til að geyma menn, forða almenningi frá þessu hættulega fólki. En endrum og eins, og það er væntanlega okkar viðhorf, er það til að endurhæfa, til að gera fólk betra. Það ætti að vera grunnhugsun okkar í fangelsismálum. Fangelsi ættu að heita betrunarhús.

Herra forseti. Hér hafa brot tengd fíkniefnum nokkuð verið nefnd og þau eru þess eðlis að við stöndum eiginlega dálítið úrræðalaus gagnvart þeim. Þetta er ný reynsla fyrir löggjafann, dómskerfið, lögregluna og fyrir fangelsisyfirvöld. Komið hefur fram að við erum að tala um sjúkt fólk og það tekur maður ekki sömu tökum og þá sem eru heilbrigðir.

Herra forseti. Þegar ungur maður kemur inn í fangelsi byrjar ákveðið niðurbrot á siðferði. Það er nefnilega þannig að maðurinn sem var dæmur fyrir virðisaukaskattsbrot reynir að réttlæta brot sitt fyrir sér. Að hann hafi verið að halda fyrirtækinu gangandi. Þetta hafi ekki verið neitt brot í sjálfu sér. Maður sem er dæmdur fyrir ástríðuglæp, hvort sem það er ofbeldi eða jafnvel morð vegna afbrýðisemi, hann réttlætir fyrir sér að hann hafi ekki verið með sjálfum sér þegar hann framdi glæpinn og þetta sé kannski allt í lagi og skiljanlegt. Þannig gerist það að fangi sem kemur inn lærir að skilja orsakir og afsakanir allra hinna fanganna á glæpum sínum og þekking hans á réttu og röngu fer hríðhrakandi meðan hann situr inni. Þeir sem höfðu lélegt siðferðisþrek áður hafa því enn þá verra siðferðisþrek þegar þeir eru búnir að sitja inni dálítinn tíma.

Að bæta siðferðisþrekið er mjög erfitt verkefni en þetta er verðugt verkefni og við verðum að hafa trú á því góða í hverjum manni þegar við ráðumst á þetta verkefni sem felst í því að bæta menn, að gera hinum seka grein fyrir því að hann hafi brotið reglu samfélagsins og sætta hann við afleiðingarnar. Við þurfum að byggja upp sjálfsímynd fangans og gera honum grein fyrir gildi boða og reglna, hvers vegna við eigum ekki að stela, ljúga og myrða. Við þurfum að kenna honum, jafnvel upp á nýtt eða kannski í fyrsta skipti, muninn á réttu og röngu.

[15:55]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Herra forseti. Þetta er þörf og nauðsynleg umræða og fyrir hana ber að þakka. Yfirskrift hennar er Ungmenni og fangelsi. Ég geri ekki stóran greinarmun á því þegar rætt er um ungmenni, unga meinta sakamenn hvort heldur þeir eru sakhæfir, undir eða yfir sjálfræðisaldri eða hvort um er að ræða eldri meinta sakamenn sem hafa af einhverjum ástæðum lent á skjön við lögin í fyrsta og eina skiptið. Ég horfi á þennan hóp manna sem tiltekinn hóp, andstæðu við þann hóp sem er allt of vel þekktur og við höfum kallað einu nafni síbrotamenn.

Um þann hóp sem við ræðum þurfa að gilda ákveðin lykilhugtök: Sveigjanleiki, manneskulegt viðmót og samhæfing opinberra aðila þegar kemur að stjórn þessara mála. Því miður er það þannig í þessum efnum sem og í fíkniefnamálunum almennt að þessi mál skarast inn í fjölmörg ráðuneyti og samstarf og samhæfing eru af skornum skammti, því er nú verr og miður.

Staðreyndin er sú að þeir einstaklingar sem hér eiga í hlut eru eins margir og mennirnir eru. Það er spurt um félagslegan bakgrunn, brotavilja einstaklinga, möguleika til endurhæfingar, heilbrigðisástand. Því er um margflókin mál að ræða sem gerir það að verkum að skoða þarf mál hvers einasta einstaklings og meta hvernig samfélagið getur best sinnt þeirri grunnþjónustu sinni til að gera viðkomandi einstakling betri og um leið tryggja það að samfélagið eigi þess kost að lifa án ótta við hann eða gerðir hans.

Ég segi það fyrir fullt og fast, virðulegi forseti, af því að ég þekki þau mál eilítið frá störfum mínum áður og fyrr með Verndar-fólki góðu, að okkar íslensku fangelsi í dag eru ekki mönnum bjóðandi. Þau eru af ýmsum gerðum. Litla-Hraun er auðvitað stofninn og kjarninn í fangelsismálum okkar, langstærsta einstaka fangelsið. Þar ægir saman fólki af öllum tegundum og gerðum og fangaverðir og starfsmenn fangelsisins eiga alla mína samúð í þeim efnum. Við eigum líka svonefnt vinnufangelsi á Kvíabryggju sem mér finnst vera alger andstæða og hefur að mörgu leyti tekist vel upp með að endurhæfa og gera þá einstaklinga betri sem þangað hafa farið. Við höfum líka þriðju tegundina, sem er hneisa fyrir íslenskt samfélag, Skólavörðustíg 9 sem ætti að loka ekki seinna en í dag. Það er fyrir neðan allar hellur að hýsa þar einstaklinga. Það er því víða verk að vinna og ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessi umræða geti á einhvern hátt orðið til þess að menn fari að horfa á þessi mál í samhengi, við skoðum þau lykilhugtök sem á þarf að taka, þ.e. samhæfingu, sveigjanleika og mannúð, sem eru lykilatriðin í nálgun þessara stóru viðfangsefna.

[15:59]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hér tóku til máls og hæstv. ráðherrum þau svör sem þeir gáfu.

Vissulega er það rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á áðan að það er einföldun að kalla til ábyrgðar einstök ráðuneyti, í þessu tilviki dómsmrn. og félmrn. Engu að síður eru það þau ráðuneyti sem fara með þessa málaflokka. Þangað beinum við öllum erindum. Samskipti foreldra, afbrotamanna, fangavarða, gæslumanna og allra eru við þessi ráðuneyti fyrst og fremst. Þess vegna er eðlilegt að á það sé kallað að svörin komi frá ráðuneytunum.

Það sem vakti kannski mesta ánægju mína í svörum hæstv. dómsmrh. var að hann lýsti því yfir að hann mundi láta skipa nefnd sem áður hefur reyndar verið talað um að færi í samræmingar- og samhæfingarvinnu á öllum þeim þáttum sem þarf að taka til við vistun ungra afbrotamanna. Innilokun er næg refsing. Hver einasti einstaklingur sem hefur heimsótt fangelsin, sem vissulega hafa verið löguð á undanförnum árum, eins og Litla-Hraun, fangelsið í Kópavogi, og hver sá sem ræðir við fanga eða fangaverði veit að það er skynsemi í því að skilja á milli ungra afbrotamanna og þeirra sem hafa meiri reynslu í þeim efnum. Hverjir eru

mestu sérfræðingarnir? Það eru foreldrarnir, ungu afbrotamennirnir og fangaverðirnir. Það eru mestu sérfræðingarnir í þessum efnum og allir sem ég hef talað við eru á þeirri skoðun að það eigi að skilja á milli. Þá og því aðeins getum við beitt þeim meðferðarúrræðum sem til þarf vegna þess að ungur afbrotamaður sem fer t.d. á Litla-Hraun þarf að fá uppbyggingu og endurhæfingu en ekki bara hann heldur öll hans fjölskylda. Það verður ekki gert með því fyrirkomulagi sem er í fangelsinu á Litla-Hrauni.

Hæstv. félmrh. kom inn á að ekki væri um refsingu að ræða þegar ósakhæf ungmenni eiga í hlut. Vissulega er það rétt. Það heitir það ekki samkvæmt lögum. En vistun ungra afbrotamanna sem ekki hafa náð sakhæfisaldri er auðvitað refsing. Það þarf að tryggja það að foreldrar geti tekið þátt í þeirri meðferð sem þar á sér stað ekki síður en þeirra sem eldri eru. Ég vil benda á að þó að það sé að vissu leyti kostur að hafa meðferðarheimili úti á landi, þá kemur stærsti hluti þessa unga fólks úr Reykjavík og það er mjög dýrt fyrir foreldri að ferðast norður í land eða austur eða á Suðurland til þess að taka þátt í meðferðinni því ekki er tekið þátt í kostnaði þessara foreldra. Kannski ættu foreldrar þessara barna upp að 18 ára aldri rétt á umönnunarlaunum, eins og þeirra sem eiga börn er eiga við langvarandi erfiða sjúkdóma að stríða.

Ég þakka fyrir þessa umræðu og ég vona að hún sé upphafið að þeim úrbótum sem verður að fara í.

[16:02]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Þessi umræða skapar ekki tíma til þess að fara ofan í kjölinn á grundvallaratriðum í refsipólitík og viðhorfum gagnvart refsingu en hún hefur verið um margt gagnleg.

Hv. 12. þm. Reykn. sagði að með öllu hefðu verið vettlingatök á fengelsismálum á undanförnum árum. Vel má vera að svo sé. En ég hygg nú að í annan tíma hafi ekki verið gert meira í umbótum í fangelsismálum en á síðustu árum. Búið er að byggja nýtt fangelsi á Litla-Hrauni. Í fyrsta skipti er búið að skapa aðstæður til þess að deildaskipta fangelsum. Það er búið að byggja nýja aðstöðu fyrir tómstundastarf fanga á Litla-Hrauni og fyrir vinnuaðstöðu og það er búið að bæta aðstöðu til náms. Ég er ekki með þessu að segja að búið sé að leysa allan vanda í kerfinu en í annan tíma hefur ekki verið gert meira og því miður hef ég stundum saknað þess þegar fjárveitingar í þessum málaflokki hafa verið til umfjöllunar hér, þá hafa ekki verið settar á langar ræður af hálfu hv. þingmanna eða áhugi verið mikill. (Gripið fram í.) Eigi að síður hefur þetta gerst á undanförnum árum.

Ég er þeirrar skoðunar að mjög mikilvægt sé að menn hugi ekki einungis að refsingunni eða hegningunni varðandi þau viðhorf sem ríkja að baki fangelsisvistun og í vaxandi mæli hafa menn sinnt því hlutverki að nota frelsissviptinguna til þess að aðstoða fanga með ýmsum hætti til þess að nálgast þjóðfélagið á nýjan leik. Það eru starfandi sálfræðingar við fangelsin. Það er starfandi fangaprestur. Vernd sinnir sérstakri fyrirgreiðslu og viðtölum við fanga. SÁÁ og AA-samtökin hafa sinnt meðferðarúrræðum og átt fundi með föngum. Rauði kross Íslands stendur fyrir sérstökum vinnuheimsóknum til fanga sem ekki fá heimsóknir frá ættingjum sínum og boðið er upp á námsaðstoð. Margt af þessu getum við eflt og bætt en menn mega ekki gleyma því að þetta er fyrir hendi.

Varðandi það sérstaka umræðuefni sem við höfum verið að fjalla um í dag, þ.e. unga afbrotamenn, þá tel ég að margar þeirra hugmynda sem fram hafa komið að undanförnu séu virkilega þess virði að þær séu skoðaðar og menn freisti þess að hrinda þeim í framkvæmd. Gerðar hafa verið tilraunir til þess að koma ungum afbrotamönnum í vistun á meðferðarheimilum og ugglaust má finna leiðir til þess að gera meira í því efni. Ég bind því vonir við það starf sem nú er áformað að setja af stað og tekur auðvitað eins og hér hefur verið bent á til fleiri ráðuneyta en dómsmrn. eins.

[16:06]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Við höfum verið með metnaðarfullar heitstrengingar um að Ísland verði án eiturlyfja árið 2002. Þess vegna er hörmulegt að horfa upp á það að við erum ekki að vinna bug á vandanum, hann stóreykst. Mér er sagt að eiturlyfjasalar hafi aldrei gengið jafnhart fram og undanfarnar vikur þar sem bókstaflega enginn er óhultur fyrir þeim og framferði þeirra tekur út yfir allan þjófabálk.

Ég lít svo á að refsivist sé á vegum dómsmrn. en á vegum félmrn. eigi að vera meðferð fyrir unglinga. Meðferð er ætluð til að koma unglingunum á réttan kjöl. Hér hefur verið talað um að lokaðar meðferðarstofnanir vanti fyrir þetta fólk eða fyrir þessa unglinga. Meðferðarheimilin eiga að sjálfsögðu að hafa unglingana samfellt og þeir eiga ekki að geta horfið þaðan í leyfisleysi þannig að það er nú kannski matsatriði hvað er lokað og hvað er opið. Það var opið á Tindum og þaðan gátu þeir strokið þegar þeir vildu. Það á ekki að vera þannig á meðferðarheimilunum.

Meðferðarheimilið í Skagafirði verður þannig úr garði gert að þaðan á enginn vistmaður að komast í leyfisleysi. Nóg um það.

Það er greinilega þörf á fleiri meðferðarstofnunum, sérstaklega með tilliti til þessarar flóðbylgju eiturlyfja sem nú er að steypast yfir okkur. Við verðum vafalaust að horfast í augu við það. Það er ekki eins og við höfum ekkert gert. Við höfum gert ýmislegt og við höfum lagt stórfé í aukin meðferðarúrræði, m.a. vegna hækkunar sjálfræðisaldursins. Við tökum þátt í fjölskylduráðgjöf sem er samstarfsverkefni félmrn., heilbr.- og trmrn. og Reykjavíkurborgar og ráðuneytin hafa ýmislegt samstarf sín á milli.

Hér hefur verið kvartað yfir því að foreldrar eigi erfiðara með að heimsækja og taka þátt í meðferð á meðferðarheimilum úti á landi. Það er nokkuð til í því að það kostar eitthvað en það má líka líta á það að foreldrarnir sleppa við framfærsluna meðan viðkomandi unglingur er á meðferðarstofnun. Það er ekkert borgað með þeim þar þannig að þetta á ekki að vera óyfirstíganlegur kostnaður.

Hv. 9. þm. Reykv. var venju sinni trúr og fjargviðraðist yfir hæstv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. var ekki boðaður til þessarar umræðu og það var ekki verið að beina spurningum til hans.

Herra forseti. Ég vil þakka mikilvæga umræðu sem hér hefur farið fram.

[16:09]

**Útbýting þingskjala:**

Lánasjóður landbúnaðarins, 625. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1072.

Loftferðir, 201. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1083.

Starfsemi kauphalla, 285. mál, þskj. 1017.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 628. mál, frv. GE, þskj. 1084.

***Verslunaratvinna, 3. umr.***

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 1016.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Veðbréfaviðskipti, 3. umr.***

Stjfrv., 286. mál (kauphallir, innborgað hlutafé). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Umferðarlög, 3. umr.***

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430, brtt. 1018.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Umferðarlög, 3. umr.***

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Almenn hegningarlög, 3. umr.***

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Meðferð opinberra mála, 2. umr.***

Stjfrv., 441. mál (sektarinnheimta). — Þskj. 768, nál. 1021.

[16:14]

**Frsm. allshn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 1021 um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, Hallgrím Ásgeirsson lögfræðing og Egil Stephensen, Stefán Hirst og Þröst Eyvinds frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þá hafði nefndin til hliðsjónar við meðferð málsins umsagnir sem henni hafa borist frá ýmsum aðilum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og er þeim ætlað að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu, en að undanförnu hefur ekki tekist að sinna sektarmálum nægilega vel í nokkrum stærri umdæmum landsins. Því er lagt til að minni háttar sakamáli verði lokið á mun einfaldari hátt en nú er, með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu, og taki dómari þá ákvörðun með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Á þetta við ef sakborningi hefur sannanlega borist sektarboð lögreglustjóra en hann ekki sinnt því innan tilskilins frests. Slík áritun hefði þá sama gildi og dómur og því unnt að leita fullnustu sektar með aðför eða beita vararefsingu.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi og geta þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra við gildistökuna sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frumvarpinu þótt brot hafi verið framið fyrir þau tímamörk eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Telur nefndin slíkt eðlilegt þar sem hér er um málsmeðferðarreglur að ræða og samkvæmt meginreglum réttarfars fer meðferð mála eftir gildandi reglum á hverjum tíma. Þykir í því sambandi rétt að taka fram að þessi málsmeðferð ein og sér á ekki að leiða til breytinga á þyngd refsinga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Skrifa allir nefndarmenn undir álitið en Jóhanna Sigurðardóttir með fyrirvara.

[16:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kom hjá framsögumanni nefndarinnar hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara.

Frv. sjálft fjallar um að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu og við það út af fyrir sig geri ég ekki athugasemdir. En ég hef efasemdir um að lögreglan eigi að hafa á sinni hendi innheimtu sekta. Þó að frv. fjalli ekki sérstaklega um hver hafi innheimtuna með höndum er ástæða til að vekja athygli á þessu við umræðuna málið. Ég vil einnig benda á að fulltrúi frá lögreglustjóraembættinu tók undir þessa skoðun að óheppilegt væri að rekstrarafkoma embættisins væri tengd innheimtu sekta. Upplýsti fulltrúi lögreglustjóra m.a. að verið væri að kanna aðrar leiðir varðandi innheimtu á sektunum.

Innheimtuhlutfall sekta hefur verið mjög lágt hér á landi eða um 20–25% en innheimtuhlutfall annars staðar á Norðurlöndum er um 90% en þar annast lögreglan ekki innheimtu sekta og er það mat mitt að það eigi ekki að vera í verkahring hennar en fyrir jólin voru á fjárlögum fyrir þetta ár skornar niður fjárveitingar til lögreglustjórans í Reykjavík um 30 millj. og embættinu ætlað að ná þeim tekjum með bættri innheimtu sekta.

Herra forseti. Ég tel að óeðlilegt að rekstrarafkoma embættisins sé undir því komin hvernig lögreglunni tekst að ná til lögbrjóta og að innheimta sektir vegna þeirra. Út af fyrir sig fjallar 1. gr. frv. ekki um það hver hefur innheimtuna með höndum heldur að gera meðferð sektarmála skilvirkari og þar kom fram að ef tekin yrði ákvörðun um að flytja innheimtuna frá lögreglustjóraembættinu hefði þessi grein sem hér er verið að breyta á meðferð opinberra mála ekki

áhrif á það. Engu að síður tel ég ástæðu til að vekja athygli á þessu við umræðu og umfjöllun um frv.

Það sem ég geri athugasemd við, og gerði reyndar við 1. umr. líka, er 2. gr. frv. Hún fjallar um gildistöku greinarinnar og segir að lög þessi öðlist þegar gildi. Síðan er ekki sagt meira um það í sjálfri frumvarpsgreininni. Síðan segir í skýringartexta um þessa grein, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum er lagt til að þau öðlist þegar gildi. Við gildistöku laganna geta þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frv. þótt brot hafi verið framið fyrir það tímamark."

Ég vil í fyrsta lagi geta þess að í einni umsögninni kom fram ábending um að ef frv. ætti að gilda um brot sem voru framin fyrir það tímamark hefði verið ástæða til að geta þess í lagatextanum sjálfum en það er ekki gert af hálfu nefndarinnar.

Út af fyrir sig geri ég ekki athugasemdir við það heldur að þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra sæti þeirri meðferð sem lögð er til með frv. þótt brot hafi verið framið fyrir það tímamark. Ég tel að það ákvæði og túlkun þess orki mjög tvímælis að ógreiddar sektir í kerfinu eigi að sæta meðferð samkvæmt þessu frv. þar sem hert er á sektarinnheimtu þó um sé að ræða brot sem framin eru áður en lögin taka gildi. Vissulega er búið að ákveða refsinguna en sektarinnheimtunni sjálfri er breytt. Ef maður lítur til stjórnarskrárinnar þá segir þar:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað."

Á þetta hef ég bent. Sektir eru viðurlög og það er verið að breyta fullnustunni frá því sem var þegar brotin voru framin. Það er það sem ég tel orka mjög tvímælis, að láta þetta gilda um sektir og brot sem framin voru áður en þessi lög tóku gildi. Ég mun því ekki greiða þessari grein atkvæði mitt.

Þar sem 1. gr. breytir ekki því hver hafi innheimtuna með höndum sem ég tel að þurfi að gera þá geri ég ráð fyrir að ég muni styðja hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lögreglulög, 2. umr.*

Stjfrv., 442. mál (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.). — Þskj. 769, nál. 1019, brtt. 1020.

[16:22]

**Frsm. allshn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 1019 um frv. til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Þórhall Ólafsson frá dómsmálaráðuneyti og Jónas Magnússon og Gylfa Thorlacius hrl. frá Landssambandi lögreglumanna. Þá hafa nefndinni borist nokkrar umsagnir um málið.

Frumvarpið felur í sér breytingar á nokkrum ákvæðum lögreglulaga. Helstu breytingar eru þessar. Í fyrsta lagi er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra, að kveða á um samstarf lögregluliða um lengri tíma í tilteknum landshluta eða héraði. Þá er lagt til að valnefnd Lögregluskólans verði til ársloka 1998 heimilt að víkja frá aldursskilyrði lögreglulaga við val nema úr hópi umsækjenda. Einnig er lögð til sú breyting að ríkislögreglustjóri en ekki dómsmálaráðherra skipi lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjón og aðstoðaryfirlögregluþjón.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Er einkum um þær að segja varðandi 1. og 3. tölul. brtt. sem birtast á þskj. 1020 að:

Ábendingar bárust um að fyrirkomulag það sem mælt er fyrir um í fyrri efnismálsgrein 4. gr. frumvarpsins væri andstætt meginreglum stjórnsýsluréttar, þar sem með því væri sama aðila, þ.e. ríkislögreglustjóra, falið vald til að veita lausn frá embætti um stundarsakir vegna meintra brota í starfi og sjá um rannsókn á kærum á hendur lögreglumönnum um slík brot í starfi. Því leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á 5. og 35. gr. lögreglulaga þess efnis að kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir meint refsivert brot við framkvæmd starfa hans skuli beina til ríkissaksóknara og fari hann með rannsókn málsins. Lagt er til að við meðferð slíkra mála geti ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær og ber lögreglu að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn slíkra mála. Þá eru í 2. tölulið breytingartillagnanna lagðar til breytingar til leiðréttingar á villum sem voru í frumvarpstextanum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í nefndu þingskjali og skrifa allir nefndarmenn undir álitið en Bryndís Hlöðvarsdóttir með fyrirvara.

[16:25]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. hv. allshn. með fyrirvara og vil gera grein fyrir honum nú.

Ég byrja á því að taka fram að ég er hlynnt því fyrirkomulagi sem lagt er til í 1. gr. frv. um að ríkislögreglustjóri geti ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og að ríkislögreglustjóri skuli þá ákveða jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Ég held að þessi breyting sé þörf og einnig það sem líka er gert ráð fyrir í 1. gr. að dómsmrh. geti samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.

Í 1. gr. er líka kveðið á um að ráðherra geti samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan umdæmis síns ef hagfellt þykir vegna staðhátta.

Þessar breytingar geta t.d. lotið að samnýtingu tækjabúnaðar, samræmingu löggæslustarfa, t.d. á sviði fíkniefna- og umferðarlöggæslu eða leitar- og björgunarstarfa og þjálfunar lögreglumanna. Ég held að þetta sé því mjög þörf breyting.

Eins og tekið er fram í athugasemdum með frv. er æskilegt að geta skipulagt hvernig haga skuli miðlun mannafla milli lögregluliða um lengri tíma til þess að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, t.d. við ýmsar samkomur og útihátíðar. Þessi breyting hefur í för með sér að þá muni ekki í hverju einasta tilviki þurfa að leita samþykkis eða fyrirmæla ríkislögreglustjóra um miðlun mannafla milli lögregluumdæma. Ég held að þarna sé mjög þörf breyting á ferðinni og styð hana. Fyrirvari minn lýtur því ekki að þeirri breytingu

en hann lýtur að þeirri breytingu sem kemur fram í 4. gr. frv. Þar er kveðið á um að ríkislögreglustjóri skuli skipa aðra lögreglumenn en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna en dómsmrh. hefur skipað alla lögreglumenn hingað til.

Eins og fram kom hjá framsögumanni nefndarinnar, hv. þm. Árna R. Árnasyni, þá hefur hv. allshn. nú þegar brugðist við þeirri gagnrýni sem kom fram á þetta ákvæði frv. með því að leggja til að kæru á hendur lögreglumanni fyrir meint refsivert brot skuli beina til ríkissaksóknara og tel ég þá breytingu til bóta. Hins vegar hefur verið á það bent að ekki sé rétt að hafa tvenns konar lögreglumenn: Annars vegar þá sem eru ráðherraskipaðir og hins vegar þá sem eru skipaðir af ríkislögreglustjóra. Það eru rök fyrir því að færa skipunarvaldið frá ráðherra en þau rök eiga við um alla lögreglumenn en ekki bara suma. Ég get nefnt þau rök að það séu í raun og veru meiri líkur á að það verði um faglegt mat að ræða við ráðningar en ella þannig að ríkislögreglustjóri muni frekar en ráðherra geta metið hverjir eigi að vera lögreglumenn og hverjir ekki. Þannig eru meiri líkur á að fagleg sjónarmið ráði við skipun í þessi störf í stað t.d. pólitískra en þetta á að sjálfsögðu við um alla lögreglumenn að mínu mati en ekki bara suma. Því get ég ekki stutt þessa breytingu eins og hún kemur fyrir.

Ég vil líka vekja athygli á því að í umsögn fjmrn. kemur fram það mat að breytingin sem kemur fram í þessu frv. muni ekki hafa kostnaðarauka í för með sér. Ég efast stórlega um að þetta mat geri verið rétt, herra forseti, hvað varðar 1. gr. frv. og þær breytingar sem hún hefur í för með sér, þ.e. breytingin sem snýr að samstarfi og samnýtingu lögreglunnar. Það lítur út fyrir að breytingin muni hafa það í för með sér að oft verði um að ræða að sérhæfðar lögreglusveitir af þéttbýlissvæðum verði nýttar úti í dreifbýlinu og ég sé ekki betur en það hljóti að hafa í för með sér ákveðinn kostnaðarauka, t.d. í formi dagpeninga og annarra hluta sem fylgja því þegar skipt er um starfsvettvang, þegar lögreglumaður fer af sínum venjulega og almenna starfsvettvangi út fyrir umdæmi sitt. Þessi atriði eru að því er ég best veit bundin í kjarasamninga lögreglumanna og munu því óneitanlega fela í sér kostnaðarauka.

Úr því að hæstv. dómsmrh. er hér á staðnum vil ég nota tækifærið og beina því til hans, hvort þessi þáttur hafi ekki verið tekinn með þegar kostnaðarmatið er gert á þessu frv. eða öllu heldur hvort hann telji ekki að þennan þátt vanti inn í mat fjárlagaskrifstofunnar. Því að líklega er það svo að ekki er hægt að fara fram hjá ákvæðum í almennum kjarasamningum um dagpeninga og aðrar greiðslur sem fylgja því þegar menn eru fluttir á milli umdæma.

[16:31]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna fyrispurnar hv. þm. þá get ég ekki hér greint nákvæmlega frá því hvaða forsendur lágu til mats fjárlagaskrifstofu fjmrn. en get lýst því yfir að að sjálfsögðu verður farið eftir ákvæðum kjarasamninga í þeim tilvikum sem sú grein tekur til sem hv. þm. vitnaði í, þannig að í engu verður vikið frá þeim.

[16:31]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt við umræðu um breytingar á lögreglulögum að fara nokkrum orðum um einn þann þátt sem hér er gerð tillaga um að breyta en það varðar skipan lögreglumanna og þá ekki síst skipan yfirmanna lögreglu. Hér er að vísu eingöngu talað um yfirlögregluþjón og aðstoðaryfirlögregluþjón en ég held að það sé ástæða til við þessa umræðu að fara nokkrum orðum um skipunarvaldið almennt á þessum vettvangi.

Það er auðvitað veruleiki sem menn hafa horfst í augu við nú um langt árabil að núverandi ríkisstjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa um áratuga skeið skipt dómskerfinu á milli sín og þá ekki síst löggæslunni þegar kemur að skipan æðstu yfirmanna lögreglunnar. Það sama á við um sýslumenn og úttektir fjölmiðla í gegnum árin hafa sýnt svo ekki verður um villst að nær undantekningarlaust eru sýslumenn hringinn í kringum landið, yfirmenn lögreglu hringinn í kringum landið flokkshollir sjálfstæðis- eða framsóknarmenn. Á því eru vafalaust góðar undantekningar en á þeim vettvangi hefur helmingaskiptareglan milli þessara stjórnmálaflokka ekki síst verið staðfest og verið gerð bersýnileg. Nýleg tíðindi og nýlegar skipanir hæstv. dómsmrh. í þeim efnum taka auðvitað af allan vafa í því að flokksskírteinið ræður þar meiru um en hæfi manna, reynsla, menntun og þekking.

Skemmst er að minnast skipan ríkislögreglustjóra fyrir ekki mörgum vikum síðan sem sannarlega hefur leitt af sér almenna opinbera umræðu um það hvernig hæstv. dómsmrh. fer með skipunarvaldið og hafa aðrir umsækjendur með réttu og með sanngjörnum rökum farið þess á leit að það yrði rökstutt. Það var reynt að gera en rökstuðningurinn varð harla léttur í vasa þegar til kom. Mér er reyndar ekki kunnugt um hvar mál annarra umsækjenda eru á vegi stödd. Ég vil þó rifja upp að einn umsækjanda hafði á orði að hann mundi leita réttar síns á öðrum vettvangi, hvort það var á vettvangi Jafnréttisráðs eða annars staðar skal ég ekki um segja.

En þetta var aðeins toppurinn á ísjakanum því að eftirtektarvert er að ekki eingöngu þegar rætt er um þetta valdamikla embætti ríkislögreglustjóra verður hæstv. dómsmrh. og Sjálfstfl. hált á svellinu, heldur hafa líka nýlegar ráðningar yfirmanna lögreglunnar í Reykjavík vakið menn til umhugsunar um það hvað það er í raun og sanni sem ráði úrslitum þegar valið er í þessar mikilvægu stöður hjá hinu opinbera. Þess vegna hef ég skilning á því þegar hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerir sérstakan fyrirvara um að það skuli vera á valdi hæstv. dómsmrh. til framtíðar að hann hafi skipunarvald þegar kemur að skipan yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Reynslan hræðir í þeim efnum, sporin hræða, og nóg er nú samt. Eðli máls samkvæmt er auðvitað skynsamlegt og í anda þeirra stefnumörkunar sem ríkisstjórnin hefur farið fram með hvað varðar ríkisstofnanir að það verði á hendi yfirmanns hverrar stofnunar fyrir sig að velja sér nánustu samstarfsmenn og þeir hafi um það sjálfdæmi en þurfi ekki að leita til æðra yfirvalds, ráðuneyta eða ráðherra í þeim efnum.

Þess vegna tel ég það óskynsamlega niðurstöðu í frv. að menn skuli fara þá leið að setja það skipunarvald áfram á hendur hinu pólitíska valdi, hæstv. dómsmrh., að skipa í þessar mikilvægu stöður.

Ég held að ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli og auðvitað hafa almennar umræður og opinberar umræður á síðustu mánuðum og raunar missirum sýnt fram á ákveðnar alvarlegar brotalamir í samskiptum yfirstjórnar lögreglu og undirmanna. Þar virðist eins og annaðhvort séu boðskipti ekki með þeim hætti sem æskilegt er ellegar að stjórnun sé ekki sú sem ástæða er til að gera kröfur um, eða þá að trúnaðarbrestur er hreinlega á milli almennra lögreglumanna

og yfirstjórnar lögreglu. Ég er hér að tala um lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Það væri dálítið hjákátlegt að við ræddum einmitt um þetta skipurit lögreglu og breytingar á lögreglulögum án þess að við nefndum einu einasta orði við umræðuna þau alvarlegu tíðindi sem okkur hafa verið birt í fjölmiðlum á síðustu dögum og lúta að umsýslu með fíkniefni og hvarf fíkniefna úr vörslu lögreglunnar. Ég hef eins og aðrir hv. þm. og þjóðin öll fylgst með þeirri umræðu í gegnum fjölmiðla, fylgst með svörum yfirmanna lögreglu og raunar hæstv. dómsmrh. líka þar sem þessir einstaklingar hafa lýst yfir miklum áhyggjum sínum yfir því að svona hlutir geti gerst innan herbúða lögreglunnar.

Svo langt hefur þessi umræða gengið að þeir lögreglumenn sem hafa starfað í fíkniefnadeildinni á síðustu árum og raunar allt aftur til ársins 1981 hafa eðlilega látið sér til hugar koma samkvæmt fjölmiðlafréttum að óska eftir lausn frá embætti til þess að allur vafi verði af tekinn að þeir séu ekki meintir sökunautar í máli þessu. Mér dettur ekki í hug eitt aukatekið andartak að ætla að einhverjir vafasamir hlutir séu í þeim efnum hjá almennum lögreglumönnum í Reykjavík eða hringinn í kringum landið.

Ég geri hins vegar þá kröfu til þeirra pólitísku ábyrgðarmanna í þessum málum, hæstv. dómsmrh., sem hefur setið í sínu embætti í heil sjö ár, að þeir axli nú ábyrgð. Að þeir axli ábyrgð en komi ekki hér aftur og aftur fram fyrir alþjóð og tali um að það séu brotalamir og það séu alvarlegir hlutir að gerast hjá íslenskum lögreglumönnum. Eftir höfðinu dansa limirnir og við hljótum auðvitað að gera kröfu til þess að hæstv. ráðherra og lögreglustjórinn í Reykjavík taki á sig ábyrgð í þessum efnum, en að ábyrgðinni sé ekki sýknt og heilagt, aftur og aftur vísað í neðri lög, vísað á hendur almennum lögreglumönnum sem eru hér að púla daginn út og inn — fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti, en öðruvísi verður það ekki nefnt, fyrir skítalaun og eiga erfitt með að láta enda ná saman. Eru að vinna oft á tíðum við vonlausar aðstæður með lélegan tækjabúnað. Nú síðast var í helgarblöðunum, eða í nýlegu tímariti Lögregluskólans birt viðtal við einn reyndan lögreglumann sem sagðist hafa sagt það um langt árabil að það væri brandari hvernig lögregluyfirvöld stæðu að verki þegar kæmi að því að velja tækjabúnað, til að mynda lögreglubifreiðar, fyrir íslenska lögreglumenn. Hann orðaði það þannig ef ég man rétt að valdir væru eins konar fjölskyldubílar, og þegar meintir brotamenn væru staðnir að verki þá settust þeir upp í sínar hraðskreiðu bifreiðar og vinkuðu þeim bless. Þessi gagnrýni er ekki ný af nálinni. Ég minnist þess að hún var uppi á borðum fyrir einum tveimur áratugum þegar ég á mínum skólaárum starfaði sem slíkur hjá lögreglunni í Reykjavík.

Ég er satt að segja orðinn leiður á því, virðulegi forseti, að þjóðinni sé boðið upp á það aftur og aftur, þinginu sé boðið upp á það aftur og aftur að þegar upp koma mál sem sannarlega þarf að skoða og eru gagnrýni verð, þá sé þeim málum bara sópað svona út til hinna almennu lögreglumanna og það sagt — af þeim sem hina raunverulegu ábyrgð bera — þetta eru alvarlegir hlutir, á þessu þarf að taka. Við hljótum að fara að gera kröfu til þess að þeir sem hafa stjórnina með höndum fari nú senn að taka sína ábyrgð. Mér er ekki grunlaust um það, af því mér dvelst hér eilítið við lögregluna í Reykjavík, að þar sé orðin dálítil vík á milli vina þegar kemur að yfirstjórn hennar annars vegar og almennum lögreglumönnum hins vegar. Þetta merki ég af samtölum við lögreglumenn sem finnst vanta mikið upp á það í fyrsta lagi að boðskiptaleiðir séu skýrar og klárar, að yfirstjórn lögreglunnar láti sig varða það sem lögreglumennirnir, sem vinna úti á akrinum, eru að gera. Og í þriðja lagi, sem er kannski ekki hvað síst í þessum efnum, að þeir finni til þess að þeir njóti trúnaðar og stuðnings hjá yfirmönnum sínum þegar á bjátar, en að þessir yfirmenn, og ég staldra enn og aftur við þá tvo sem ég hef nefnt hér sérstaklega, lögreglustjórann í Reykjavík og hæstv. dómsmrh., sýni þann nauðsynlega stuðning en afgreiði ekki málin út um opinn gluggann með almennum yfirlýsingum á borð við þær að hér sé um alvarlega mál að ræða. Ég geri með öðrum orðum eðlilega kröfu til þess að menn beri pólitíska og faglega ábyrgð á því sem gerist í starfsemi lögreglunnar hjá þeim aðilum sem hana bera.

Ég vil láta það koma fram, virðulegi forseti, við þessa umræðu að sumar þær breytingar sem hér er að finna eru skynsamlegar og eru til bóta. Sérstaklega tel ég það skynsamlegt að ríkislögreglustjóri geti ákveðið, að höfðu samráði við lögreglustjóra, að lögreglulið í einu umdæmi, skuli geta gegnt störfum í öðru umdæmi. Þar sé um ákveðna skörun að ræða, samstarf og samhæfingu sem er auðvitað svo mikilvæg í þessum efnum, því að eins og oft hefur komið fram upp á síðkastið í umræðum um fíkniefnamál, að þá virða þessir brotamenn engin landamæri í þessum efnum. Hæstv. dómsmrh. svaraði fyrirspurn minni ekki fyrir margt löngu einmitt um þessi efni, þar sem ég spurði um tiltekin dæmi, um fíkniefnalögreglumenn sem voru ráðnir á síðasta ári með sérstakri fjárveitingu að tillögu ríkisstjórnar, að þeim yrði gert kleift að sinna sínu starfi með þeim hætti að umdæmi þeirra væri ekki einn tiltekinn kaupstaður, þ.e. dvalarstaður þeirra eða vinnustaður, heldur svæðið allt, fjórðungurinn allur. Og hæstv. dómsmrh. lét þess getið að hann ætlaði að beita sér fyrir því og hefði beitt sér fyrir því að þessir lögreglumenn væru í góðu sambandi við höfuðstöðvar fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík, þar sem hiti og þungi dagsins hefur kannski ekki síst hvílt á í þessum efnum.

Enginn má skilja orð mín þannig að ég sé að fordæma frv. í heild og breidd en ég tel auðvitað ekki unnt að snerta á umræðunni öðruvísi en að rifja það upp sem við höfum rætt af miklum hita og þunga á síðustu vikum og mánuðum, þann vanda sem er sannarlega við að etja í fíkniefnamálum og það hversu lögreglan hér á landi hefur átt erfitt uppdráttar af mörgum orsökum til þess að takast á við vandann. Ég undirstrika að auðvitað gerir lögreglan ein og sér ekki nein kraftaverk þegar kemur að baráttunni gegn fíkniefnum eða dómsmrh. Enn þá erum við í þeim sporum, því er verr og miður, að þrátt fyrir ágætan vilja og almennt tal um samhæfingu allra þeirra ráðuneyta sem koma að þessum fíkniefnamálum vantar svo mikið upp á að samstarfið gangi fram snurðulaust og virkt eins og vera ætti. Þar vantar enn þá mikið upp á. Ég kalla enn þá eftir því að menn bretti upp ermar og láti ganga fram samstarf heilbrigðismála, félagsmála, dómsmála og forsrn. svo ég nefni fjögur ráðuneyti af vafalaust fleirum sem inn tengjast í þennan alvarlega málaflokk af einum eða öðrum toga.

Að lyktum segi ég þetta, virðulegi forseti. Ég leggst gegn því að taka áhættu af því að hæstv. dómsmrh. hafi þetta skipunarvald í hendi. Hann hefur því miður sýnt það og forverar hans í embætti líka. Þá er ég að tala um flokksbræður hans, forvera hans í samstarfsflokknum í núv. ríkisstjórn. Það er engin tilviljun að helmingaskiptin hjá þessari helmingaskiptastjórn hafa birst mjög skýrt þegar kemur að skipun yfirmanna í löggæslu, skipun sýslumanna hringinn í kringum

landið. Þar talar reynslan sínu máli. Hún er ólygnust eins og alltaf.

[16:47]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera að sérstöku umræðuefni þær dylgjur sem hv. þm. hafði í frammi um að hæfustu menn hefðu ekki verið skipaðir í embætti enda voru orð hans í þeim efnum með öllu órökstudd. Ég ætla fyrst og fremst að víkja að því sem hv. þm. nefndi að að mati hans væri fyrri mgr. 4. gr. frv. ekki í samræmi við nýju lögin um starfsmenn ríkisins. En hvernig víkur þeim málum við?

Það er meginreglan í hinni nýju skipan að ráðherrar skipa yfirmenn stofnana og þeir skipa alla embættismenn. Það er grundvallarreglan í hinni nýju skipan að ráðherrar skipa alla embættismenn. Lögreglumenn eru allir embættismenn og tekin var um það sérstök ákvörðun að lögreglumenn væru allir embættismenn ríkisins en ekki almennir starfsmenn. Það er því nokkurt brot á þessari meginreglu, sem Alþingi hefur ákveðið að ráðherra skipi ekki alla embættismenn, að færa þetta skipunarvald yfir til ríkislögreglustjóra. Ég tel það hins vegar vera mjög mikilvægt að færa þessar almennu ráðningar úr ráðuneytinu yfir til ríkislögreglustjóra enda er það þannig að í öllum meginatriðum fer ráðuneytið að tillögum viðkomandi embætta þegar um mannaráðningar eða skipun í þessi embætti er að ræða. Það er í fullu samræmi við þau nýju lög sem við höfum sett í þessu efni að ráðherra skipi æðstu embættismennina í viðkomandi embættum og menn mega ekki gleyma því í þessu sambandi að lögreglumenn eru allir embættismenn en ekki almennir starfsmenn.

[16:49]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst þetta: Það eru engar dylgjur af minni hálfu þegar ég rek veruleika mála hvað varðar skipan æðstu yfirmanna lögreglu nú á síðustu vikum, mánuðum, missirum og árum. Það hlýtur að vera undarleg tilviljun, virðulegi forseti, ef mál hafa einhvern veginn skipast með *þeim hætti að allir þeir aðilar sem hæstv. núv. dómsmrh.* hefur staðið að því að skipa í embætti eru nánast undantekningarlaust allir úr hans eigin flokki. Það eru engar dylgjur þegar ég endurtek rökstudda gagnrýni virtra dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur um skipan hæstv. dómsmrh. á ríkislögreglustjóra fyrir nokkrum vikum. Það eru engar dylgjur. Það er bara sá veruleiki sem blasir við okkur. Það þýðir ekki að skauta jafnódýrt fram hjá málum og hér um ræðir.

Ég sagði áðan að reynslan væri ólygnust og ég er til í að fara yfir það með hæstv. dómsmrh. lið fyrir lið í embættisstíð hans og skoða hvaðan þeir koma og hver bakgrunnur þeirra einstaklinga er sem hann hefur skipað til yfirmannastarfa í lögreglu, í sýslumannsembætti, á þeim sjö árum sem hann hefur setið í embætti. Mér dettur ekki í hug að ætla annað en að í mörgum tilfellum hafi hann valið hæfasta manninn. En það er hins vegar skrýtin tilviljun að í *nánast öllum* tilvikum með heiðarlegum undantekningum eru þetta allt flokksfélagar ráðherrans.

Síðan að lyktum varðandi það atriði sem við ræddum áðan. Ég ætla ekki að fara í deilur við hæstv. ráðherra um það hvað gildandi lög segja um þetta efni. En ef hann er þeirrar skoðunar sjálfur að það sé óskynsamlegt að hann skipi alla lögreglumenn í landinu, hvers vegna ekki að taka skrefið til fulls? Hvers vegna ekki að láta þann anda, sem lögin sem við höfum samþykkt kveða þó á um að það sé ábyrgðarmaður hverrar stofnunar fyrir sig sem ráði næstu yfirmenn sína, ganga fram að fullu og öllu hvað sem líður embættismönnum eða öðrum starfsmönnum ríkisins?

[16:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar hv. 9. þm. Reykn. var afskaplega góður vottur um að dylgjur hans eru með öllu órökstuddar. Það var afskaplega gott vitni um órökstuddar dylgjur. Engir tilburðir voru hafðir í frammi um rökstuðning fyrir fullyrðingunum og yfirlýsing mín stendur því eftir sem áður að þessar dylgjur voru settar þannig fram og eru ekki svara verðar. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn að eiga orðastað við hv. þm. um allar þær embættisveitingar sem ég hef tekið ákvörðun um á undanförnum árum og get fullyrt að eru í einu og öllu í samræmi við hagsmuni viðkomandi embætta og byggðar á mati á því hverjir hafa í hverju tilviki verið hæfastir til þess að gegna viðkomandi embætti.

Athugasemd mín stendur alveg óhögguð um matið á því að það er eðlilegt að fyrri mgr. 4. gr. frv. sé eins og hún er. Það er í bestu samræmi við þau *meginsjónarmið* sem hafa legið að baki þeim ákvörðunum hverjir standa að skipun æðstu embættismanna ríkisins.

[16:53]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt eins og sakir standa að við fáum hreinlega úr þessu skorið og ég lýsi því þess vegna yfir að ég mun leggja fram fyrirspurn seinna í dag þar sem óskað er skriflegra upplýsinga um allar embættisveitingar ráðherrans á þeim umliðnu sjö árum sem hann hefur setið í embætti þannig að hver og einn geti þá horft á það og metið það nákvæmlega hvort um dylgjur sé að ræða eða hvort það fari ekki ansi nærri veruleikanum og sannleikanum sem ég sagði áðan. Við þurfum þá ekki að deila um það meira á þessum vettvangi.

Hvað varðar hinn þátt málsins. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera að okkur greini á um það hvar eigi að draga þessa línu, hvar eigi að draga þá línu hvenær ráðherra skipi og hvenær æðsti yfirmaður stofnunar eigi að skipa. Það er hins vegar þannig, hvað sem áhrærir þessum skilgreiningum á embættismönnum annars vegar og öðrum starfsmönnum ríkisins hins vegar, að meginstefnumörkunin hefur verið sú og var sú í almennri umræðu um þau mál að það væri yfirmaður viðkomandi stofnunar sem hefði skipunar- og ráðningarvaldið á eigin hendi. Hins vegar hafa orðið undantekningar á þessu og þess er skemmst að minnast í samgn. að *hæstv. samgrh. hefur stundum verið* að reyna að breyta þessari línu. Í umræðu á eftir um frv. til laga um loftferðir eru m.a. tilraunir af hálfu hans til þess að hafa skipunarvald áfram á hendi hvað varðar næstu undirmenn flugmálastjóra. Sú almenna stefnumörkun sem hæstv. fjmrh. fór fram með með miklum látum og miklum gusti fyrr á þessu kjörtímabili er að brotna upp hér og þar. En skoðun mín er óbreytt í því. Ég held að það sé óskynsamlegt að skilja þetta vald eftir hjá hinum pólitíska hæstv. dómsmrh.

[16:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er að mörgu leyti áhugaverð umræða sem hér fer fram og ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram að það er mjög mikilvægt að úthýsa pólitík í

mannaráðningum í lögreglunni sem víðar. Spurningin er hins vegar hvernig það verði best gert. Það er annað mál.

Við megum ekki gleyma því að það er ekki hægt að skipta mannkyninu í tvo flokka, annars vegar hinn pólitíska flokk, stjórnmálamenn, og hins vegar hina ópólitísku embættismenn. Það er þannig að flestir menn eru pólitískir og engin trygging er fyrir því þótt vald sé tekið frá stjórnmálamönnum og fært til embættismanna að fagleg meðhöndlum sé þar með tryggð. Svo er ekki. Reyndar er sá kostur við það að stjórnmálamenn hafi skipunarvald eða ráðningarvald á hendi að það er auðveldara að draga þá til ábyrgðar og láta þá koma með skýringar á gjörðum sínum en hina.

Vissulega er það svo að pólitískir forsvarsmenn, ráðherrar, eru ábyrgir fyrir þeim stofnunum sem heyra undir ráðuneyti þeirra og þannig mætti færa rök fyrir því að t.d. dómsmrh. svaraði fyrir það sem gerðist innan lögreglunnar jafnvel þótt ráðningarvaldið væri fært til sýslumanna eða lögreglustjóra. Ég held hins vegar að ekki sé nein ein formúla sem tryggi að pólitík sé úthýst úr mannaráðningum. Ég held að það eitt geti tryggt eðlilegar ráðningar að þetta sé allt fyrir opnum tjöldum og engin felumál í gangi. Ég legg því áherslu á að það er ekkert einhlítt í þessu efni. Fyrst við erum að tala um ráðningarmál eiga pólitískar ráðningar reyndar stundum rétt á sér að mínum dómi. Það hefur t.d. verið talað um að það sé eitthvað skítugt og slæmt að skipa pólitískt í bankaráð og stjórnir fjármálastofnana. Ég held að það geti verið hið besta mál að tryggja að einstaklingar með ólík sjónarmið komi þar að málum úr ólíkum hlutum samfélagsins. Hin faglega áhersla hefur þýtt að menn hafa komið allir úr einni átt, peningafrjálshyggjumenn úr fjármálaheiminum, flestir í sama flokknum.

Aðeins um ráðningarmálin. Við erum að tala um frv. þar sem verið er að breyta ráðningarmátanum hjá lögreglunni. Það er sennilega mikilvægara í þeirri starfsgrein en mörgum öðrum að vanda vel til verka. Lögreglan er sú stétt manna sem verður hvað mest útsett fyrir kvörtunum og það er einfaldlega eðli máls samkvæmt. Það er ekkert bundið við okkur Íslendinga, þetta er alls staðar svo. Þess vegna er mjög mikilvægt að tvennt sé gert, að það sé tryggt ferli sem geri rannsókn á störfum lögreglumanna auðvelda og skilvirka, það þarf þarf að gera fyrir borgarann en við þurfum líka að tryggja ferli sem stendur vörð um réttindi lögreglumannsins.

Skipulagið hefur verið með þeim hætti fram til þessa að það hefur verið á valdi dómsmrh. að ráða alla lögreglumenn. Reyndin hefur að sjálfsögðu verið sú að lögreglustjórar eða sýslumenn hafa gert tillögu og dómsmrh. síðan yfirleitt farið að þeim tillögum. Hið formlega vald hefur hins vegar verið hjá ráðherranum.

Nú er verið að breyta þessu. Yfirlögregluþjónar, æðstu embættismenn hjá lögreglunni, verða skipaðir af ráðherra en lögreglumenn aðrir af sýslumönnum eða lögreglustjórum. Ég er ekki sannfærður um að það sé til góðs að gera þessa breytingu. Í fyrsta lagi sé ég ekki rökin fyrir því að skilja á milli yfirlögregluþjóna og annarra lögregluþjóna. Gerðar eru sömu kröfur til þessara aðila og eðlilegt að hið sama gildi um alla lögreglumenn. Ég hef a.m.k. ekki séð rök sem hafa sannfært mig um annað.

Hvers vegna er ég því heldur fylgjandi að ráðningarvaldið verði allt hjá dómsmrh.? Ástæðan er þessi: Eins og ég gat um áðan þá koma upp ýmis kærumál innan lögreglunnar. Agavaldið hefur þar verið hjá sýslumanni eða lögreglustjóra. Hann veitir áminningu og á sama hátt og hann fengi nú vald til að ráða lögreglumenn þá gæti hann líka rekið þá.

Ég held að það hafi sýnt sig ítrekað í þeim málum sem upp hafa komið, þar sem lögreglumenn hafa fengið áminningu og þeim verið skotið til dómsmrh. til umfjöllunar, að þá hafi það sýnt sig ítrekað, og núna ekki alls fyrir löngu hafa slík mál verið uppi, að dómsmrh. hefur afturkallað áminningar. Hann hefur afturkallað áminningar og ógilt þessar áminningar. Þetta gæti hann ekki eftir þessa breytingu eða a.m.k. er álitamál hvort slíkt væri á hans færi, og væri fróðlegt að heyra hvernig dómsmrh. lítur á það mál.

Núna væri þessu væntanlega skotið til ríkislögreglustjóra. Er hann ekki fær um að taka ákvörðun í þessu efni? Ég held að sú ákvörðun gæti orðið nokkuð einhliða. Í fyrsta lagi er mjög líklegt að einstakir lögreglustjórar eða sýslumenn mundu ráðfæra sig við ríkislögreglustjóra áður en til áminningar kemur þannig að hann er hluti af þessu ferli öllu. Ég held að ákveðin rök séu fyrir því að þarna komi inn aðili, ráðherra eða ráðuneytið, sem er ekki í hringiðu atburðanna. Ég held að það hafi sýnt sig. Væri fróðlegt að heyra álit hæstv. dómsmrh. á því hvort hann líti svo á að eftir þessar breytingar sem hér er verið að leggja til sé þessi áfrýjunarmöguleiki numinn brott.

Þetta eru sem sagt athugasemdir mínar við þetta lagafrv. Í fyrsta lagi sé ég ekki ástæðu fyrir því að gera þarna greinarmun á lögreglumönnum og yfirlögregluþjónum. Ég held að sama eigi að gilda um þá alla. Ég er þeirrar skoðunar, gagnstætt því sem hér hefur komið fram í máli ýmissa annarra um þetta mál, að ráðningarvaldið eigi að vera og lausnarvaldið þá einnig hjá ráðherranum.

Að lokum vil ég segja, þar sem verið er að tala um breytingar á lögreglulögum, að ég hefði viljað ganga lengra og láta endurskoða, eins og ég reyndar hef oft mælt fyrir hér úr þessum ræðustól, ákveði um fimm ára ráðningu lögreglumanna. Ég tel að ráðning lögreglumanna eigi að vera ótímabundin, það eigi ekki að gilda hið sama og gerir um embættismenn almennt vegna þess að eðli starfs þeirra er annað. Ég sakna þess að ekki skuli vera gerð breyting á því í lagafrv. sem hér liggur fyrir.

[17:06]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég lít ekki svo á að þetta frv. breyti neinu um það að stjórnsýslukæra til ráðuneytis verður eftir sem áður heimil og gengur til ráðuneytis þó að um millistofnanir sé að ræða. Þetta frv. breytir því ekki þeim meginreglum sem þar gilda um.

[17:07]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera mjög mikilvæg yfirlýsing sem kemur hér frá hæstv. ráðherra. Ef sýslumaður eða lögreglustjóri hefur veitt lögreglumanni áminningu en lögreglumaðurinn er ósáttur við gang mála og vísar málinu til ráðherra sem núna getur ógilt slíka áminningu, lítur hæstv. dómsmrh. þá svo á að engin breyting verði á þessu?

[17:08]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get haft þetta andsvar stutt: Ég lít svo á að ekki verði breyting á þessu.

[17:08]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að ræða örlítið brtt. sem kom frá allshn., þ.e. 3. tölul. á þskj. 1020 en þar er breyting á 35. gr. núverandi lögreglulaga. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs í tengslum við þetta er rannsókn sem nú fer fram af hálfu skipaðs ríkislögreglustjóra um hugsanleg brot sem hafa átt sér stað á lögreglustöðinni í Reykjavík, hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, þ.e. brot á almennum hegningarlögum eða vanrækslu í starfi.

Samkvæmt núgildandi 35. gr. lögreglulaga sem ætlunin er að breyta með þessu frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Berist kæra á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari stýrir rannsókn málsins."

En breytingin sem hér er verið að mæla fyrir er sú, eftir því sem ég les úr þessu, að kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skuli beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins. Breytingin er þá væntanlega sú að kærum á hendur lögreglumönnum skuli beina til ríkissaksóknara í stað lögreglu eins og nú. En hann fer áfram með rannsókn málsins.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson minntist áðan á þá umræðu sem fram hefur farið nú nýverið um lögreglustjóraembættið í Reykjavík og yfirstjórn þess og taldi réttilega að mínu mati að þær niðurstöður sem skoðun á embættinu leiddi í ljós geti ekki verið á ábyrgð annarra en hæstv. dómsmrh. og lögreglustjórans í Reykjavík. Aðrir koma þar ekki til álita. Það er ekki langt síðan, virðulegi forseti, að við ræddum í þessum sal skýrslu sem hæstaréttarlögmaðurinn Atli Gíslason skilaði um starfsemi lögreglustjóraembættisins í Reykjavík þar sem niðurstaða hans var nánast sú að hann gaf yfirstjórn lögreglunnar falleinkunn. Hæstv. dómsmrh. tók undir þá einkunnargjöf en með því fororði að þó væri búið að gera þar einhverjar breytingar.

Mér finnst, virðulegi forseti, í tengslum við þetta mál nauðsynlegt að ræða í alvöru á hinu háa Alþingi hver raunverulega beri ábyrgð? Því í þessari umræðu hefur mér fundist að menn séu að reyna að beina ábyrgðinni frá yfirstjórninni að undirmönnum sem vitaskuld er ekki í neinu samræmi við þá skipan mála sem á að vera. Það má nefna sem dæmi að nú fyrir ári síðan eða svo þurfti dómsmrh. í Noregi að segja af sér vegna aðgerða sem fram fóru jafnvel fyrir hans tíð og sýnir kannski hvernig menn á Norðurlöndum eða í nágrannalöndum okkar líta á svona málefni. En við lítum öðruvísi á það.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að ábyrgðin sé hjá hæstv. dómsmrh. og lögreglustjóranum í Reykjavík vegna þeirra aðdróttana og ávirðinga sem hafa verið bornar á lögreglustjóraembættið í Reykjavík nú núverið og nánast verið staðfestar. Því vildi ég beina í fyrsta lagi spurningu til hæstv. dómsmrh. sem lýtur að skipan rannsóknarlögreglustjóra sem settur var vegna þessa máls. Ég velti því fyrir mér í því sambandi hvert hugsanlegt gildi þeirra rannsóknargagna verði sem hann mun skila, hvort það verður til hæstv. dómsmrh. eða ríkissaksóknara þar sem kveðið er svo skýrt á í lögum að ríkissaksóknari stýri rannsókn málsins. Ég velti því fyrir mér hvort eðlilegt sé að skipa sérstakan ríkislögreglustjóra í málinu þegar það er alveg klárt að ef grunur vaknar um brot starfsmanns lögreglu þá skuli ríkissaksóknari fara með þá rannsókn. Ég velti því fyrir mér hvað verði um þau rannsóknargögn sem núverandi tímabundið skipaður ríkislögreglustjóri skilar af sér.

Í öðru lagi hlýt ég að velta því fyrir mér líka hvort ekki hafi komið til álita nú vegna þessara nýju ávirðinga sem fram eru komnar þegar fyrir liggur að fíkniefni hafa horfið úr geymslu lögreglustjórans í Reykjavík, einkanlega í ljósi þess að talsverð umræða hefur farið fram um lögreglustjóraembættið í Reykjavík og það svona almennt verið viðurkennt að þar hafi yfirstjórn mála ekki verið nægilega skýr eins og m.a. kom fram í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. skilaði Alþingi, að víkja lögreglustjóranum í Reykjavík tímabundið úr starfi á meðan þessi rannsókn fer fram vegna þess að á meðan rannsóknin fer fram hefur hann vitaskuld boðvald yfir mönnum hjá embættinu sem hugsanlega þarf að spyrja um hvernig fyrirkomulaginu var háttað. Staðan er dálítið undarleg því að á meðan verið er að yfirheyra menn og rannsaka mál sem varðar að mínu viti starfsábyrgð lögreglustjórans í Reykjavík, þá skuli hann sitja áfram í embætti. Ég er mjög efins um að þetta sé rétt fyrirkomulag eins og málum er nú háttað og ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvort ekki hafi komið til álita að víkja lögreglustjóranum í Reykjavík tímabundið úr embætti á meðan þessi rannsókn fer fram. Í öðru lagi vil ég árétta fyrri spurningu mína, hvort rétt hafi verið að málum staðið að skipa sérstakan lögreglustjóra vegna þessa máls í stað þess að fela ríkissaksóknara strax rannsókn á þessum ávirðingum.

[17:16]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú úttekt sem embætti ríkislögreglustjóra gerði og birt hefur verið og leitt hefur í ljós tilteknar staðreyndir um fíkniefni sem vantar í fíkniefnageymslu lögreglunnar í Reykjavík fól ekki í sér grunsemdir um brot einstakra lögreglumanna. Þess vegna var nauðsynlegt að skipa sérstakan ríkislögreglustjóra til að fara með rannsókn málsins. Hún miðar að því að kalla fram hvort grunsemdir séu fyrir hendi um brot einstakra manna varðandi hegningarlög í þessu tilviki, og hvort einstakir lögreglumenn hafi gerst brotlegir við starfsmannalög eða vanrækt skyldur sínar sem opinberir starfsmenn. Ég tek það mjög skýrt fram í þessu sambandi að fyrirmæli ráðuneytisins til setts ríkislögreglustjóra lúta hvort tveggja að því að kanna þetta hjá einstökum lögreglumönnum og eins hjá yfirmönnum lögreglunnar í Reykjavík. Það hefur enginn verið dreginn undan ábyrgð í því efni en þá fyrst kemur málið samkvæmt lögum til meðferðar hjá ríkissaksóknara þegar ljóst er hvort grunsemdir eru fyrir hendi. Það er verkefni setts ríkislögreglustjóra og þessi háttur var á hafður í fullu samráði við ríkissaksóknara.

Varðandi spurninguna um hvort ástæða er til að veita yfirmönnum lögreglunnar tímabundna lausn, þá ræðst það eða kemur sú spurning fyrst upp þegar ljóst er hvort þessar grunsemdir eru fyrir hendi sem kalla á raunverulega rannsókn af hálfu ríkissaksóknara.

[17:18]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. dómsmrh. sagði áðan að sú úttekt sem fram hefur farið hefði leitt í ljós þá staðreynd að tiltekið magn fíkniefna vanti í geymslur lögreglunnar, þ.e. ekki er um að ræða grun, heldur er hér á ferðinni staðreynd. Ég hlýt því að spyrja og ítreka spurninguna og kalla eftir frekari rökstuðningi. Er ekki alveg kristaltært hver ber ábyrgð á lögreglustjóraembættinu

í Reykjavík? Er það ekki lögreglustjórinn í Reykjavík? Ég hlýt því að spyrja sem svo þegar þessi staðreynd liggur fyrir, það er verið að rannsaka þetta frekar, hvort ekki sé rétt á meðan á þessari rannsókn stendur að viðkomandi, í þessu tilviki lögreglustjórinn í Reykjavík sem ég tel að beri ábyrgð á þessu, víki tímabundið úr starfi því það er dálítið óþægilegt fyrir settan ríkislögreglustjóra að rannsaka embætti og þá hugsanlega starfsábyrgð lögreglustjórans og hann skuli sitja áfram í starfi. Þetta er voðalega óeðlileg staða. Hér er ekki verið að fella neina dóma, hér liggur aðeins fyrir í fyrsta lagi sú staðreynd að þetta er horfið, og meðan verið er að rannsaka ástæður þess hljótum við að spyrja hvers vegna lögreglustjórinn í Reykjavík sitji enn þá. Mér finnst þetta vera mjög óeðlileg staða sem uppi er í þessu máli án þess að hér sé verið að sakfella nokkurn mann. Viðkomandi er hins vegar yfirmaður í þessari stofnun og hlýtur að bera ábyrgð sem slíkur, sem yfirmaður. Það hlýtur eitthvað að felast í yfirmannaábyrgð, þess vegna fá menn hærri laun, þess vegna hafa menn betri stöðu af því menn bera ábyrgð og eiga að gera það.

[17:20]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að yfirmenn stofnana og þar á meðal lögreglunnar í Reykjavík bera að sjálfsögðu ábyrgð á stjórnun embættisins og eftirliti með því að reglum sé framfylgt og að hefðbundnum vinnubrögðum sé fylgt og regla sé í öllu starfi embættisins.

Í þessu tilfelli getur það komið til álita hvort einstakir lögreglumenn eða yfirmenn lögreglunnar hafi gerst brotlegir við hegningarlög eða starfsmannalög og sú úttekt sem ríkislögreglan hefur gert leiðir þá staðreynd í ljós að tiltekin efni eru horfin. En þar er ekki varpað grun á einstaka aðila vegna ábyrgðar á því að efnin vantar og við það taldi ég að væri ekki unnt að una og á þessum málum yrði að taka af fullri festu og því var settur nýr ríkislögreglustjóri til að ganga úr skugga um þetta tvennt, um ábyrgð samkvæmt hegningarlögum og ábyrgð samkvæmt starfsmannalögum. Ég hef litið svo á að þegar rannsókn hans er komin á það stig að í ljós kemur hvort grunsemdir vakna varðandi ábyrgð samkvæmt hegningarlögum á tilteknum atvikum eða ekki, þá sé rétti tíminn til að taka afstöðu til spurninga af því tagi sem hv. þm. varpaði fram og þegar leitt hefur verið í ljós í rannsókninni hvernig ábyrgð samkvæmt starfsmannalögum og skyldum yfirmanna er háttað sé rétti tíminn til að taka ákvarðanir í samræmi við þær niðurstöður. Til að taka slíkar ákvarðanir var sú rannsókn nauðsynleg sem ákveðin hefur verið.

[17:22]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem litlu við þetta að bæta. Ég skil hæstv. dómsmrh. svo að ef ekki tekst að sýna fram á einhver ákveðin brot, einhverja hegðan sem feli í sér skýr brot, þá komi ekki til þess að viðkomandi, í þessu tilviki lögreglustjórinn í Reykjavík, verði látinn bera ábyrgð á því, t.d. þeirri staðreynd að verulega vantar í fíkniefnageymslu lögreglunnar. Ég skil orð hans svo að brot á einhverju sérstöku ákvæði hafi þurft að hafa átt sér stað til að til þess geti komið að þessi tiltekni lögreglustjóri þurfi að bera starfsábyrgð. **(Dómsmrh.:** Þetta er útúrsnúningur.) Ef þessi skilningur minn er réttur verð ég að lýsa því yfir að mér þykir það miður að menn skuli ekki vera látnir sæta ábyrgð í samræmi við þá stöðu sem þeir hafa í viðkomandi embættum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða, 2. umr.*

Stjfrv., 209. mál (hámark aflahlutdeildar). — Þskj. 222, nál. 1031, brtt. 1032.

[17:24]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta er 209. mál þingsins og er á þskj. 222.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk til fundar við sig ýmsa aðila úr sjútvrn. og úr því nefndarstarfi sem liggur til grundvallar frumvarpsflutningnum.

Frv. gengur út á það að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem koma eiga í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu sömu aðila eða í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið umfram tiltekin mörk. Frv. var samið af nefnd sem skipuð var af hæstv. sjútvrh. til að skoða þetta mál sérstaklega. Formaður nefndarinnar var Baldur Guðlaugsson hrl. og kom hann ásamt fleirum fyrir nefndina.

Umsagnir bárust frá ýmsum aðilum, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum um þjóðareign, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Sjómannasambandinu, Verðbréfaþingi Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Eins og áður sagði, herra forseti, felur frv. í sér takmarkanir eða hámark á því hlutfalli aflahlutdeildar úr fiskstofnum sem fiskiskip í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geta átt og sömuleiðis heildarhlutdeild í aflamarki allra tegunda sem sæta takmörkunum. Fyrir frumvarpsflutningnum hafa verið færð ýmis rök og eru þau tíunduð í grg. með frv. Sjútvn. vill sérstaklega benda á þar til viðbótar þau rök sem tengjast einfaldlega stærð og mikilvægi sjávarútvegsins í íslenskum þjóðarbúskap og því að ekki er hyggilegt að öll eggin, ef svo má að orði komast, fari í eina körfu eða mjög fáar, og því geta áhættudreifingarrök einnig verið fullgild og legið til grundvallar því að tryggja með tilteknum hætti fjölbreytni og fjölda rekstrareininga í greininni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum sem lagðar eru til og fluttar á þskj. 1032. Þær breytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að fella niður nokkrar tilvísanir í ákveðin ákvæði eða tilteknar málsgreinar laga, sérstaklega á það við um 1. gr. frv. Þar eru allmargar lagatilvísanir sem eru ýmist óþarfar og jafnvel ekki rétt að þrengja efni ákvæðanna eins og gert er með þeim tilvísunum heldur talið eðlilegra að vísa í viðkomandi lög sem slík.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. efnismgr. 1. gr. frv. sem snúa að því að ganga frá því með skýrum og ákveðnum hætti vegna aðila sem hafa á kaupleigu eða leigu fiskiskip, að einungis skuli telja aflahlutdeild slíkra fiskiskipa með þegar leigusamningur eða kaupleigusamningur sé gerður til sex mánaða eða lengri tíma. Tilgangur þessarar breytingar er að koma þarna fyrir skýrri efnisreglu og freista þess að sporna við málamyndagerningum eigenda fiskiskipa sem gætu miðað að því að víkjast undan ákvæðum laganna,

komast undan þeim takmörkunum sem lögin fela í sér hvað varðar hámark aflahlutdeildar einstakra aðila.

Í þriðja lagi leggur nefndin til þá breytingu að hámarksaflahlutdeild einstakra lögaðila skv. 5. mgr. 1. gr. verði hækkuð úr 10% í 12%. Hér er um að ræða sérstakt ákvæði sem tekur til þeirra félaga sem eru í eigu margra aðila þar sem gilda ákvæði sömu málsgreinar um dreifða eignaraðild og yfirleitt þá almenningshlutafélög þar sem sett eru mjög ákveðin ákvæði um hámarkseign einstakra aðila. Nefndinni þótti of lítill greinarmunur gerður á þessum aðilum annars vegar og þeim sem 2. mgr. sömu greinar tekur til en þar er talað um 8% hámark af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla. Úr því lögin gera þennan greinarmun á annað borð þótti mönnum eðlilegra að þarna væri dálítið lengra bil á milli og niðurstaðan varð sú að leggja til að færa þetta 10% hlutfall upp í 12% þannig að mörkin verða þá 8% annars vegar fyrir þá aðila sem ekki uppfylla skilyrðin um dreifða eignaraðild og 12% fyrir hina.

Í fjórða lagi er lögð til sú breyting á uppsetningu eða framsetningu frv. að 6. og 7. mgr. 1. gr. falli brott en í staðinn komi ný grein, verði þá 11. gr. b, með sömu ákvæðum efnislega að mestu leyti. Þetta er gert aðallega vegna þess, herra forseti, að eins og frv. var fram borið var 1. gr. frv. og önnur efnisgrein frv. var sem sagt rúmar tvær blaðsíður í frumvarpsskjalinu. Það þótti okkur fullmikið af því góða, herra forseti, þannig að við ákváðum að skipta þessu þá a.m.k. upp í tvær lagagreinar og flytjum um það brtt. Jafnframt kemur þar til sú efnisbreyting að sá aðlögunartími sem aðilar hafa sem lenda af einhverjum ástæðum upp fyrir þau viðmiðunarmörk sem lögin kveða á um er lengdur samkvæmt brtt. okkar í d-lið á þskj. 1032 úr þremur mánuðum í sex mánuði. Það felur einfaldlega í sér að menn fá helmingi lengri frest til þess að bregðast við og koma aflahlutdeildareign sinni niður fyrir þau mörk sem lögin kveða á um en áður var. Mönnum fundust þrír mánuðir fullskammur tími í þessu sambandi.

Í fimmta lagi þarf að gera breytingu á tilvísunum í samræmi við þá breytingu að skipta 1. gr. frv. upp í tvennt og 3. töluliður brtt. á þskj. 1032 gengur út á að breyta tilvísunum í samræmi við það.

Þá er í sjötta lagi lagt til, eins og mjög er í tísku um þessar mundir, að við frv. bætist nýtt ákvæði til brb. sem leggi þær skyldur á sjútvrh. að hann leggi fyrir Alþingi skýrslu að liðnum fimm árum frá gildistöku laganna um áhrif þeirra á íslenskan sjávarútveg. Ég leyfi mér að vekja athygli manna á því að um þetta orðalag var komið samkomulag í hv. sjútvn. áður en svonefnd þríhöfðafrumvörp komu þar til umfjöllunar þannig að frumkvæðið eða fordæmið er þá frekar sótt hingað en öfugt. Mönnum þótti ástæða til þess að þar sem um algert nýmæli er að ræða í löggjöfinni á þessu sviði að setja inn takamarkanir af þessu tagi á stærð fyrirtækja í sjávarútveginum og reyndar nýmæli í íslenskri löggjöf, hygg ég vera, nema ef vera skyldi að hægt sé að segja að ákvæði samkeppnislaga séu að einhverju leyti sambærileg þegar að því kemur að tryggja samkeppni og hugsanlega að sporna við samruna fyrirtækja til að afstýra fákeppni eða einokun. Hins vegar er um að ræða mjög sérstök ákvæði sem setja tiltekin og ákveðin stærðarmörk á fyrirtæki í einni atvinnugrein og m.a. með vísan til þess þótti mönnum í sjútvn. ástæða til að tryggja með lagaákvæði af þessu tagi að staðan yrði metin að nokkrum árum liðnum og þá farið yfir það til hvaða breytinga þetta hefði leitt eða hvaða áhrif þetta hefði haft á þróunina í atvinnugreininni.

Undir nál., herra forseti, skrifa allir nefndarmenn í sjútvn. og sömuleiðis sat fundi nefndarinnar áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, Guðný Guðbjörnsdóttir, og er hún samþykk áliti þessu. Við leggjum sem sagt til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

[17:34]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að málið sé komið að lokum. Málið hefur fengið talsverða umfjöllun, var töluverðan tíma í undirbúningi í nefnd þar sem reynt var að skoða helstu hliðar málsins. Ég held að það sé mjög eðlilegt að frv. eins og þetta líti dagsins ljós og sé síðan bundið í löggjöf. Auðvitað má deila um það hver séu veigamestu rökin fyrir því að binda það í lög að setja eitthvert hámark á heildarkvótaeign. Ég tók eftir því að hæstv. sjútvn. kaus að nefna það í nál. sínu að helstu rökin fyrir frv. sé ekki að finna í nefndarálitinu eða greinargerðinni frá þeirri nefnd sem vann að því að undirbúa þessi lög. Nú verð ég að játa að ég hef ekki undir höndum skýrslu þá sem lögð var til grundvallar af nefndinni eða nefndin sendi frá sér, því miður láðist mér að hafa það með mér til þingsins í dag. En ég held að ég muni það rétt, af því ég sat í þessari nefnd, að þau mál sem hæstv. sjútvn. vekur athygli á voru mjög til umfjöllunar í nefndinni, þ.e. einmitt þau rök að það geti verið mjög hættulegt, vegna þess að afkoma íslensks þjóðfélags byggir svo mjög á sjávarútvegi ef öll aflahlutdeildin væri komin í hendurnar á einum aðila. Hvort sem þessi setning ratаði inn í sjálft nefndarálitið eður ei man ég ekki á þessari stundu en þessi mál voru a.m.k. rædd mikið í nefndinni því að þetta eru augljós rök fyrir því að setja eitthvert hámark á heildarkvótaeign einstakra aðila, lögaðila eða einstaklinga.

Ég tel að vísu að meginrökin fyrir opinberri íhlutun af þessu tagi hljóti að vera þau hvað sjávarútveginn áhrærir, vegna eðlis þeirrar starfsemi, að það verði að takmarka aðganginn að greininni. Það verður að takmarka aðganginn að greininni og það er einmitt vegna þess að þessi aðgangur að greininni sjálfri er ekki frjáls sem það er svo mikil hætta á að það geti safnast upp óeðlilegt efnahagslegt vald sem geti síðan leitt til þess að þessi þýðingarmikla auðlind okkar sé komin í hendurnar á fáeinum aðilum. Ég held að um þær hljóti að vera pólitísk sátt í þjóðfélaginu að það sé í alla staði óeðlilegt.

Þetta tel ég að séu helstu rökin fyrir því og þess vegna taldi ég á sínum tíma þegar menn voru að ræða þetta og bera eignarhlutdeild einstakra fyrirtækja í þessari grein saman við eignarhlutdeildina í ýmsum öðrum greinum og komast að þeirri niðurstöðu að það hefði orðið minni efnhagsleg samþjöppun í sjávarútvegi en ýmsum öðrum greinum, sem er út af fyrir sig rétt, þá held ég að málið sé ekki svona einfalt. Ég held að málið hljóti að snúast um það að þar sem við erum með atvinnugrein þar sem aðgangurinn er ekki frjáls, þar sem menn geta ekki brotist inn til þess að taka þátt í samkeppninni hljóti að gilda um það önnur lögmál en í atvinnugreinum þar sem inngripið er frjálst og menn geta haslað sér völl eðlilega og hafið samkeppni. Þetta taldi ég sjálfur að væru helstu rökin fyrir því að við gripum inn í þetta eins og lagt er til í frv. og er væntanlega verið að gera að lögum núna. Ég tel að út af fyrir sig megi síðan deila um það og það sé svona deila sem fái aldrei neinn endi hvort þetta séu meginrökin. Það eru meginrökin í mínum huga en það er algjört aukaatriði í málinu.

Aðalatriðið er það að þingið er væntanlega að komast að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt að grípa inn í löggjöfina og tryggja tiltekna efnahagslega dreifingu, valdadreifingu í þessari mikilvægu atvinnugrein. Það held ég að skipti mjög miklu máli og muni hafa farsæl áhrif fyrir sjávarútveginn í heild og fyrir þjóðarbú okkar.

[17:39]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins að taka það fram að í raun og veru er enginn ágreiningur um það atriði sem hv. þm. vék að og fjallað er um í nál. Það mætti kannski segja að nákvæmara orðalag hefði verið að sjútvn. vilji sérstaklega vekja athygli á þessum rökum en endilega að vera að gefa í skyn, eins og orðalagið gerir kannski, að þau hafi vantað í sjálfu sér af hálfu málsflytjenda. Segja má að þau komi að nokkru leyti fyrir neðst á bls. 5 og bls. 6 í fskj. með frv. Þó eru það ekki beinlínis þessi áhættudreifingarrök sem þar eru tíunduð heldur er varað við því að einstakir aðilar geti fengið of sterka stöðu gagnvart stjórnvöldum o.s.frv. En það sem sjútvn. vildi draga fram með þessu orðalagi í nál. var ósköp einfaldlega efnahagsleg áhætta sem í því gæti verið fólgin fyrir þjóðarbúið að of fáar einingar yrðu í þessum rekstri sem er jafnstór og raun ber vitni í þjóðarbúskap okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 340. mál (heildarlög). — Þskj. 429, nál. 1027, brtt. 1028.

[17:41]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um frv. til laga um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands. Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til fundar við sig fulltrúa frá sjútvrn. og umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landhelgisgæslunni, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpið gengur út á að sett verði heildarlög um heimildir erlendra veiði- og vinnsluskipa til athafna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og í höfnum landsins og að þetta frv. leysi af hólmi eldri lög á þessu sviði. Það er sett m.a. með hliðsjón af reynslu af lögum nr. 13 frá 1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Ísland. Komið hefur í ljós að nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar m.a. með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa í hinu alþjóðlega umhverfi og vegna alþjóðasamninga um stjórn fiskveiða. Þá er og nauðsynlegt að kveða skýrar á um heimildir íslenskra stjórnvalda til setningar reglna um veiðar þeirra erlendu skipa sem fá veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar. Auk þess þykir rétt að setja fyllri reglur um framkvæmd milliríkjasamninga og leyfisveitinga samkvæmt þeim og ákveðin mál sem hafa komið upp eins og í samskiptum okkar við norskan síldarflota kalla á breytingar af þessu tagi.

Þá eru felld inn í frv. nokkur ákvæði laga nr. 151 frá 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, svonefndra úthafsveiðilaga, sem betur þykja eiga heima hér. Þetta lýtur að réttindum erlendra skipa til þjónustu hér við land.

Meginreglur að þessu leyti verða óbreyttar, sem sagt þær að óheimilt er að veita erlendum skipum veiðiheimildir í íslenskri lögsögu nema að undangengnum milliríkjasamningum. Það er hin almenna regla, að vísu með undanþáguheimildum ef um rannsóknarveiðar er að ræða. Sömuleiðis er almenna reglan að erlendum veiðiskipum er veittur frjáls aðgangur að íslenskum höfnum til að landa afla og leita þjónustu, nema í þeim tilvikum þegar stundaðar eru veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan lögsögu og utan, þ.e. íslenskum deilistofnum, ef ekki hefur náðst samkomulag um nýtingu þeirra. Þá snýst reglan við og löndun er bönnuð nema með sérstakri undanþáguheimild frá ráðherra.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þskj. og þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að nokkuð hert ákvæði verði sett inn í frv. um tilkynningarskyldu erlendra skipa í íslenskri lögsögu, sbr. 4. gr. frv. Þetta er samkvæmt ábendingum frá Landhelgisgæslunni en Gæslan telur að það muni auðvelda að hafa eftirlit með dvöl þessara skipa í íslenskri landhelgi.

Í öðru lagi lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 7. gr., sem heimili Landhelgisgæslu eða Fiskistofu að kalla skip til hafnar ef eftirlit samkvæmt 1. mgr. 7. gr. getur einhverra hluta vegna ekki farið fram á sjó. Tekið skal fram í sambandi við það ákvæði sem áður ræddi um, þ.e. 2. tölulið brtt., að gætt sé þá meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins við beitingu þess ákvæðis.

Í þriðja lagi leggur sjútvn. til að fyrirsögn frv. verði breytt þannig að skýrt komi fram í heiti laganna hvert sé megingildissvið þeirra, þ.e. að það taki fyrst og fremst til veiða og vinnslu erlendra skipa og því er lagt til að fyrirsögn orðist svo: Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í sjútvn. Guðný Guðbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk álitinu. Við leggjum sem sagt til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Loftferðir, 2. umr.*

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 210, nál. 1063 og 1083, brtt. 1064.

[17:46]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta samgn. ásamt brtt. um frv. til laga um loftferðir.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði hér á landi ný loftferðalög sem leysi af hólmi gildandi lög um loftferðir og lög um stjórn flugmála. Íslensku loftferðalögin hafa þjónað hlutverki sínu með ágætum á gildistíma sínum. Þau hafa hins vegar ekki fylgt þeim miklu breytingum sem hafa orðið í flugmálum undanfarna þrjá áratugi. Tækniþróun flugsins er hröð og alþjóðlegt lagaumhverfi tekur miklum breytingum. Starfsemi af því tagi sem lög um loftferðir ná til er að umtalsverðu leyti alþjóðleg. Því er brýnt að laga íslenska löggjöf að þessu leyti að nýjum veruleika.

Sem dæmi um það hvernig umhverfi þessara laga hefur breyst get ég tekið dæmi af gildandi lögum um loftferðir frá

21. maí 1964, í 52. gr., þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú neytir flugstjóri eða annar flugverji áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við 1. og 3. mgr., og ber þeim að gera allt, sem unnt er, til að afstýra broti, þar á meðal að gera lögreglu viðvart. Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, brýna ákvæði þessarar greinar fyrir veitingamönnum."

Við vitum það, virðulegi forseti, að þrátt fyrir góðan vilja lögreglustjóra og lögreglumanna, ég tala nú ekki um veitingaþjóna, þá er hér um að ræða ákvæði sem hefur ekki haft neinn praktískan tilgang og eitt af því sem lagt er til við endurskoðun þessara laga er einmitt að þetta ákvæði verði ekki lengur í lögum um loftferðir.

Þær breytingar sem felast í frv. eru margs konar eins og kom fram við 1. umr. málsins. Það má geta í stuttu máli nokkurra en vísa má að öðru leyti til grg. frv. og framsöguræðu hæstv. samgrh. Nefna má breytingu sem lögð er til á skaðabóta- og tryggingarákvæðum í tengslum við loftferðir, bótamark hefur verið stórhækkað auk þess sem ábyrgð flytjanda hefur verið aukin allt til samræmis við þróun undanfarinna ára, m.a. í erlendri löggjöf. Fullyrða má að þessar breytingar feli í sér mikla réttarbót fyrir farþega. Í breytingunum felst að ákvæði íslenskra laga verða aðlöguð þeim réttarreglum sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við skyldur okkar á þeim vettvangi. Þá hafa skilgreiningar í frv. verið gerðar skýrari og markvissari en í gildandi lögum, meðal annars um lofthæfi, flugverja og flugliða, auk þess sem orðanotkun hefur verið samræmd nútímaorðafari. Breytingar eru lagðar til á refsiákvæðum loftferðalaga. Að lokum má geta þess að gert er ráð fyrir að eytt verði þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur um stöðu flugráðs, sérstaklega eftir síðustu lagabreytingar sem gerðar hafa verið.

Samgöngunefnd hefur fjallað ítarlega um málið, farið yfir umsagnir og hlýtt á athugasemdir gesta. Meiri hluti nefndarinnar telur að sú umfjöllun hafi verið greinargóð og leitt í ljós að ekki sé þörf á viðamiklum breytingum á frv. Þó eru nokkur atriði sem meiri hlutinn telur nauðsynlegt að færð verði til betri vegar eins og rakið verður hér á eftir.

Það er í fyrsta lagi varðandi 6. gr. frv., hugtakið „sjálfstæð stofnun". Við fengum athugasemd frá Páli Hreinssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hann vekur athygli á því að hér sé augljóslega um að ræða nokkurn hugtakarugling í frv. þar sem talað er um „sjálfstæða stofnun" en bersýnilega er átt við „sérstaka stofnun". Páll Hreinsson rekur þennan mun á sjálfstæðum og sérstökum stofnunum og kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnvaldsákvörðunum sjálfstæðra stofnana verði ekki skotið til ráðherra til endurskoðunar en það er aftur á móti hægt að gera varðandi sérstakar stofnanir. Ef við lesum athugasemdir við 2. kafla frv. til loftferða er bersýnilegt að út frá því er gengið að hægt sé að kæra ákvarðanir Flugmálastjórnar til ráðherra og þannig virðast þessi lögskýringargögn gera ráð fyrir að fremur sé um sérstaka stofnun að ræða, en ekki sjálfstæða, enda verða ákvarðanir sjálfstæðra stofnana ekki kærðar til ráðherra án skýrrar lagaheimildar eins og menn vita. Þess vegna er mjög mikilvægt að hugtakanotkunin sé alveg skýr og því leggur samgn. til að í stað hugtaksins „sjálfstæð stofnun" standi „sérstök stofnun" og það sé þá hin lögformlega staða Flugmálastjórnar.

Í öðru lagi tel ég rétt að rekja aðeins þær breytingar sem hafa verið gerðar í frv. varðandi stöðu flugráðs sem er í samræmi við stefnu síðari ára um fækkun stjórna. Beint stjórnsýslusamband verður milli Flugmálastjórnar Íslands og samgrh. eins og ég hef þegar rakið. Frv. gerir ráð fyrir að flugráð sé einungis ráðgefandi. Meiri hlutinn leggur til í meðferð þingsins að hlutverk flugráðs sé nokkuð breytt og hlutverk þess útvíkkað. Lagt er til að auk ráðgefandi stöðu verði flugráði fengin lögbundin umsagnaraðild um nánar tilgreind málefni, sem eru síðan tíunduð sérstaklega í brtt. Þetta er gert til að treysta stöðu flugráðsins. Það skal tekið fram varðandi orðin „við stjórn flugmála" í brtt. meiri hlutans, að þau hnykkja enn frekar á þessu lögbundna umsagnarhlutverki flugráðsins. Ekki er gert ráð fyrir að flugráð fari með stjórnsýsluvald þannig að ráðið úrskurði í kærumálum eða ákvarði um rétt og skyldur manna. Þess vegna felur sú breyting ekki í sér breytingu á hlutverki Flugmálastjórnar eins og það er skilgreint í 6. gr. Enn fremur leggur meiri hlutinn til að gerð verði breyting á því hvernig skipað verði í flugráð. Það er lagt til að Alþingi kjósi þrjá af fimm flugráðsmönnum en ráðherra skipi tvo sem fylgi embættistíma hvers ráðherra í stað þess að ráðherrann skipi alla, eins og frv. gerir ráð fyrir. Auk þess töldum við ástæðu til að lögfesta þá meginreglu að varamenn mæti einungis til funda þegar aðalmenn eru forfallaðir en gera má ráð fyrir að eftir sem áður fái varamenn fundargerðir og gögn funda.

Þá vil ég nefna aðeins í þessari yfirferð eina breytingu til sem er varðandi skyldu til vátryggingar loftfars skv. 1. mgr. 131. gr. sem við leggjum til að verði lögð á umráðanda loftfars hverju sinni. Meiri hlutinn telur eðlilegast að flugrekandinn, umráðandinn, skuli sjá um að taka og halda við vátryggingu. Í þessu sambandi má nefna að einungis fá skráðra loftfara í flutningaflugi á Íslandi eru í eigu íslenskra aðila og framkvæmdin gæti orðið erfið ef skyldan hvíldi á eigandanum. Í raun er það flugrekandinn sem sér um tryggingamál loftfara. Þá er lagt til að við 131. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 5. mgr., sem skyldi eigendur kennslu- og einkaflugvéla til að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Hér á landi hafa orðið hörmuleg flugslys í einkaflugi þar sem einungis flugmaðurinn hefur verið tryggður og fjölskyldur þeirra sem hafa slasast eða farist hafa litlar sem engar bætur fengið. Meiri hlutinn telur rétt að brugðist sé við því með því að koma á skyldubundinni slysatryggingu á þessu sviði samhliða því að bótaréttur farþega í flutningaflugi er stóraukinn í samræmi raunar við alþjóðlegar reglur.

Þá tel ég rétt að vekja athygli á að meiri hlutinn hefur enn fremur lagt til breytingar á þeim ákvæðum sem lúta að stjórn leitarstarfs samkvæmt 2. mgr. 132. gr. þegar flugslys hefur orðið. Talið er eðlilegast að Flugmálastjórn stjórni leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst því að enginn aðili er betur til þess búinn að staðsetja flugvélina og stjórna leit á því stigi. Þegar leitarstaður er fundinn taki lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn í samræmi við gildandi lögreglulög. Rannsóknarnefnd flugslysa er ekki ætlað það hlutverk samkvæmt lögum að stjórna björgun á slysstað heldur einungis að fara með vettvangsrannsókn til þess að freista þess að leiða í ljós orsakir slyssins. Vettvangsstjórn lögreglustjóra felur í sér að hann fari með yfirstjórn björgunaraðgerða og leitar ef þess þarf með. Vettvangsrannsókn tekur einungis til rannsóknar á orsökum slyssins en ekki til lögregluannsóknar samkvæmt lögum um meðferð opinberra

mála. Gengið er út frá þeirri meginreglu að slík rannsókn sé í höndum lögreglu í samræmi við 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Að lokum vil ég nefna að í brtt. meiri hlutans eru settar skýrari reglur um heimildir Flugmálastjórnar til að innheimta gjöld sbr. 139. gr. og 71. gr. í samræmi við það sem hefur verið að gerast á þessu sviði í löggjöf okkar, að treysta frekar gjaldtökuheimildir vegna ákvæða stjórnarskrár þar að lútandi.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. skrifa auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen.

[17:55]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta samgn. sem skipa auk undirritaðs hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Áður en ég fer yfir þær helstu athugasemdir sem við hv. áðurgreindir þm. gerum við frv. sem hér er til 2. umr. vil ég vekja á því sérstaka athygli að í framsögu hv. formanns samgn., hv. 1. þm. Vestf., drap hann ekki einu orði á það sem er að sönnu langstærsta breytingin í því frv. sem við erum hér að fjalla um, og er í raun eðlisbreyting á skipan þeirra mála sem við höfum átt að venjast á vettvangi flugrekstrar. Það er sú heimild til einkavæðingar sem er að finna í 7. gr. frv. Ef ég man rétt var lítið komið inn á það við 1. umr. málsins. Maður hefur á tilfinningunni að það hafi verið með vilja gert að keyra niður þennan þátt málsins, hafa hann í bakhönd og ekki allt of sýnilegan. En það er alveg ljóst og ég ætla að segja það hér og nú, virðulegi forseti, að þær heimildir sem þar er að finna til handa Flugmálastjórn og hæstv. samgrh. eru mjög víðtækar. Þessir aðilar geta í raun og sanni haft þann hátt á sem þeir kjósa og vilja og án þess að spyrja kóng eða prest um það, hvað þá hið háa Alþingi. Með öðrum orðum, hér er enn og aftur lagt til af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þessarar hægri stjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., að þingið afsali sér í einu og öllu forræði og eftirliti með mikilvægum opinberum rekstri, mikilvægri opinberri þjónustu og framkvæmdarvaldinu gert kleift eftir því sem það vill frá einum tíma til annars að fara með þau mál eins og það kýs. Í þessu samhengi er auðvitað ekki hægt annað en að rifja upp tiltölulega nýlega lagasetningu. Þar á ég við hlutafélagavæðingu Pósts og síma sem hefur þróast nákvæmlega á þann veg sem spáð var og sagt fyrir um í ítarlegri umræðu um þau mál, nefnilega að hlutafélagavæðingin eða formbreytingin á því fyrirtæki var auðvitað eingöngu fyrsta skrefið. Þar var eingöngu um það að ræða að hið háa Alþingi sleppti með öllu forræði á málinu, forræði á því mikilvæga þjónustufyrirtæki og færði það nánast að öllu leyti í hendur hæstv. samgrh. Við eins og aðrir Íslendingar höfum fylgst með því hvernig hann hefur farið með það. Það er efni í alllanga umræðu sem ég ætla ekki að hefja hér og nú en óhjákvæmilegt er að minnast á. Hæstv. ráðherra hefur skipt þar fyrirtækinu upp til helminga. Um það var þráspurt í þeirri umræðu og því var jafnoft neitað af hálfu hæstv. ráðherra. Um það var líka þráspurt í þeirri umræðu hvort uppi væru áform um að selja eignarhluta ríkisins, eignarhluta almennings í Pósti og síma. Jafnoft var því svarað afdráttarlaust neitandi.

Nú er hins vegar komið á daginn og hæstv. samgrh. lýsti því yfir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að hans draumur og hans vilji og hans ætlan sé að koma þessum hlutum á markað þannig að ástæða er til þess við þessa umræðu, virðulegi forseti, að skoða aðeins reynsluna af samskiptum þings við framkvæmdarvald, reynsluna af svörum hæstv. samgrh. til hv. þingmanna þegar kemur að ákvörðunum á borð við þær sem við ætlum hér að taka viðvíkjandi loftferðum.

Nefndarálit minni hlutans tekur til þessa þáttar m.a. sem ég gerði að mínum upphafsorðum. Ég vil segja það strax að minni hlutinn getur ekki stutt það frv. eins og það er hér úr garði gert af nokkrum ástæðum sem ég mun rekja og reifa.

Það er að sönnu hárrétt sem fram kom í máli hv. 1. þm. Vestf., formanns samgn., að hér er um að ræða lagasetningu sem að magni til, þegar horft er á þetta viðamikla frv. í því ljósi, er fyrst og fremst lagahreinsun, endurbætur sem þörf er á að gera út frá tæknilegum forsendum, út frá breyttri þjóðfélagsskipan og út frá nauðsyn þess að koma þessum málum öllum undir einn hatt og í aðgengilegt form og minni hlutinn út af fyrir sig gerir engar athugasemdir við það verklag og vinnulag og tók enda mjög virkan þátt í störfum nefndarinnar sem voru eins og fram kom býsna viðamikil enda margir aðilar sem komu þar að verki eins og segir í lista umsagnaraðila í nefndaráliti meiri hluta samgn.

Það hefur verð dálítið fróðlegt að fylgjast með því hvernig kaup hafa gerst á eyrinni hvað varðar skipan flugráðs sem talsmaður meiri hluta nefndarinnar gerði að umtalsefni. Það kom mjög fljótt í ljós að lítil sátt var um þá skipan mála sem hæstv. samgrh. lagði upp með í frv. þar sem ráð var fyrir því gert að hann réði þessu öllu einn og skipaði flugráð að fullu og öllu. Og það sem meira var að völd flugráðs voru út af fyrir sig að engu gerð. Það hafði mjög lauslegan umsagnarrétt, ráðgefandi rétt, en það var algjörlega á valdi hæstv. ráðherra hversu mikið hann kallaði eftir slíkri ráðgjöf eða þá sem mikilvægara er, hvort hann tæki nokkurt mark á henni. Það kom fljótlega fram af hálfu nefndarmanna, bæði í minni hluta og meiri hluta, að þetta væri skipan sem ekki væri hægt að búa við. Það varð úr að meiri hluti nefndarinnar kom fram með brtt. á síðustu stigum umfjöllunar málsins sem er að finna á lista yfir þær brtt. sem meiri hlutinn flytur. Þar er lendingin býsna kúnstug, svo ekki sé nú meira sagt.

Í fyrsta lagi: Hver skipar? Nú er lagt til að hæstv. ráðherra skipi formann og varaformann ráðsins. Alþingi hins vegar kjósi þrjá ráðsmenn, þrjá fulltrúa þingsins. Ég efast satt að segja um það og kalla eftir því hvort mörg fordæmi séu um þessa skipan mála. Víst er það þekkt að ráðherra skipi formenn stjórna, nefnda og ráða, en ég man ekki eftir mörgum dæmum þess að hann hafi á hendi skipunarvald formanns og varaformanns tveggja af fimm nefndarmönnum. En menn munu þá væntanlega tína þau hér til. Meðan ég heyri ekki um þau þá vil ég halda því fram að hér sé um hálfgerða nauðlendingu að ræða, einhvers konar ráðabrugg meiri hluta nefndarinnar í samskiptum við samgrh., einhvers konar sáttargjörð þeirra í millum þar sem ráðherra fær að halda ákveðnu forræði málsins á eigin hendi en þingið þó að vera með.

Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar eða lagfæringar skulum við segja á hlutverki ráðsins í þessum brtt. sem meiri hlutinn flytur og rétt að skjóta því inn, virðulegi forseti, að þær eru ófáar. Þær eru einar þrjátíu talsins og segir það dálítið um verklag og vinnubrögð í hinu háa ráðuneyti. En látum það vera. Í þessum brtt. eru nú tekin ákveðnari skref í þá veru að flugráð eftir allt saman hafi einhverju hlutverki að gegna öðru en því sem áður var gert ráð fyrir, þ.e. að veita ráðherra ráðgjöf ef hann óskaði og vildi.

Nú eru tilgreind ein sex eða sjö atriði sem flugráði er heimilt að fjalla um og flest af því er til bóta og skynsamlegt að flugráð taki á. En ég vek þó sérstaka athygli á því að enn þá er það nú þannig að flugráð út af fyrir sig tekur ekki við þeim erindum sem berast frá hagsmunaaðilum eða öðrum sem þurfa að sækja sín erindi til flugmálayfirvalda, Flugmálastjórnar Íslands. Þau munu stöðvast mestan part hjá flugmálastjóra og ef vill fara beinustu leið þaðan til hins háa ráðuneytis. Flugráð kemur þar hvergi nærri. Flugráð hefur þó samkvæmt þessum brtt. heimild til þess að taka upp einstök mál ef það kýs svo. En hvað síðan gerist í kjölfarið er algjörlega óráðin gáta. Eftir sem áður er flugráð dálítið í lausu lofti lofti og vantar nauðsynlega viðspyrnu til þess að það geti sinnt því hlutverki sem því er hér ætlað lögum samkvæmt.

Nú veit ég og skal viðurkenna að hlutverk og skipan flugráðs fram til þess tíma hefur kannski ekki verið þannig að til fyrirmyndar væri. Það hefur verið ákveðin réttaróvissa hvað varðar stöðu þess innan stjórnkerfisins en því miður er það svo að henni er alls ekki eytt með þessum brtt., með þessu frv. sem hér er að finna. Það er því ekki rétt fullyrðing í nál. meiri hluta samgn. að hér sé réttaróvissu eytt hvað varðar hlutverk flugráðs.

Vissulega er það þannig að þeirri réttaróvissu að eytt að nú hefur flugráð engu hlutverki að gegna beint gagnvart flugmálastjóra, með öðrum orðum hefur flugráð eða stjórn flugmála ekkert húsbóndavald yfir flugmálastjóra. Hann þarf ekkert að hlusta á það eða taka mið af ábendingum þess, kjósi hann það. Hans einasti húsbóndi er samgrh. Þrátt fyrir kúnstuga skipan ráðsins, virðulegi forseti, leikur enn þá mikill vafi á því í raun og sanni hvaða hlutverki flugráðið gegnir í stjórn okkar flugmála. Þetta er skilið eftir galopið og er ekki viðunandi þegar menn ganga til þeirra verka að reyna að hnykkja á og fara í ákveðna lagahreinsun á gildandi lögum og reglum um þennan mikilvæga þátt samgöngumálanna sem flugmálin eru.

Víkur þá sögunni að því sem ég gerði að mínum upphafsorðum, hinum stóru breytingum á skipan okkar flugmála, þ.e. þær heimildir sem eru veittar í 7. gr. frv. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt, virðulegi forseti, til þess að halda því til haga hvað þar er á ferð að lesa þá grein eins og hún hljómar og geri ég það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni."

Hér er reitt hátt til höggs og hér eru ekkert sérstaklega litlar heimildir á ferð. Nei, þær eru þvert á móti algjörlega galopnar. Ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, að textinn segir að Flugmálastjórn geti að samþykki samgrh. farið í fyrirtækjarekstur með hagsmunaaðilum, flugrekstraraðilum eða öðrum þeim sem áhuga sýna sem hafi það að markmiði að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar. Þetta þýðir með öðrum orðum, virðulegi forseti, að hér er verið að opna á, kjósi menn það, fari hæstv. samgrh. í það farið, detti honum það í hug, að einkavæða skulum við segja Reykjavíkurflugvöll. Hann getur hann gert það og þarf ekki að spyrja neinn að því. Hann hefur fullar heimildir til þess. Þannig gæti hann líka einkavætt alla flugvelli á Vestfjörðum ef honum dytti það í hug hugsanlega í samstarfi við Flugleiðir. Hann gæti líka tekið upp á því að einkavæða í samstarfi við Íslandsflug alla flugvelli á Norðurlandi vestra og eystra. Það er sem ég sæi nú upplitið á samkeppnisaðilum í innanlandsflugi, við skulum segja ef við skoðum þennan Vestfjarðaþátt sérstaklega, ef stofnað yrði nýtt félag Flugfélags Íslands og Flugmálastjórnar Íslands um rekstur flugvalla og þjónustu við farþega á öllum flugvöllum á Vestfjörðum. Hvernig litist samkeppnisaðilanum, Íslandsflugi, á það ráðabrugg? Hver væri staða þess fyrirtækis við slíkar aðstæður? Eða, ef við snúum málum á hvolf og skoðum fyrirtækið Íslandsflug og Flugmálastjórn Íslands í Norðurlandskjördæmunum tveimur, hvernig litist Flugfélagi Íslands á það ráðabrugg þegar þetta einkafyrirtæki með aðild opinberra aðila væri með ríkiseinokun de facto á öllum rekstri flugvalla á þessum stöðum? Þetta er einn þáttur málsins.

Hinn þáttur málsins er að sönnu enn þá alvarlegri og hann er þessi: Hér hafa menn hlaupið algjörlega yfir þann þátt málsins sem lýtur að eftirlitshlutverki Flugmálastjórnar Íslands. Ég rifjaði upp til samanburðar ferlið varðandi hlutafélagavæðingu Pósts og síma og þeirra fylgifrumvarpa sem þá voru með í för. Þá var gripið til þess ráðs að setja á nýja stofnun, Fjarskiptastofnun Íslands. Menn báru þau rök uppi sem voru og eru gild og góð að það gengi auðvitað ekki þegar um væri að ræða hlutafélag í eigu ríkissjóðs, hlutafélag sem hugsanlega gæti tengst öðrum samkeppnisaðilum á samkeppnismarkaði fjarskiptamála, að þetta félag héldi áfram eftir sem áður að vera eftirlitsaðili og leyfisveitandi á þessum sama vettvangi í fjarskiptamálum. Það var nokkuð almenn sátt um það þrátt fyrir allt í þessu mikla pólitíska deilumáli að þessi skipan væri sú eina sem hægt væri að búa við þegar hlutafélagavæðingin og einkavæðingin hefði gengið í garð.

Í nefndinni var margbent á það í þessu máli hér að þegar og ef menn ætluðu að feta þessa slóð og fara í einkavæðingu, fara í hlutafélagavæðingu eða fara í kompaní með samkeppnisaðilum á flugrekstrarsviði þá væri auðvitað alls ekki hægt að Flugmálastjórn héldi áfram að vera, ekki eingöngu framkvæmdaraðili, ekki eingöngu hlutdeildaraðili með keppinautum á flugrekstrarsviði heldur líka eftirlitsaðili með þessum sömu hlutum. Þetta gengur ekki upp. Við látum þess hér getið með kurteislegu orðalagi þó að það gefi auga leið að þess verður ekki langt að bíða að Samkeppnisstofnun, að umboðsmaður Alþingis, að hugsanlega alþjóðlegir samningar sem við höfum undirgengist knýi á um það að við þurfum að taka þessi mál upp aftur, hugsanlega strax á haustþingi og skilja þarna klárlega á milli.

Ég held að ekki sé verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli þó að ég segi að í nefndinni fóru fram allítarlegar og ágætar umræður um þessi mál. Þeir aðilar sem gerst þekktu og heimsóttu nefndina tóku undir að þess yrði ekki langt að bíða að menn þyrftu að taka sérstaklega á þessum þætti.

Á hinn bóginn kom fram af hálfu flugmálastjóra, og nefndarmenn gerðu hans rök að sínum, að hér væri um kostnaðarauka að ræða sem gerði það að verkum að menn tækju ekki það skref að skilja þarna á milli eftirlits- og framkvæmdaþáttarins. En það eru bara ekki rök sem gilda. Það hefði hugsanlega verið hægt að búa við það fyrirkomulag sem við þekkjum og höfum búið við um langt skeið ef hér væri um að ræða opinberan aðila sem væri beggja megin borðs. Það er ekki gott fyrirkomulag sem við höfum búið við en það hefði kannski verið hægt að búa við það. En það er gjörsamlega óhæft og ómögulegt og engum manni bjóðandi þegar menn ætla að taka afdráttarlaus skref í þá veru að einkavæða, að binda sér trúss og fara í kompaní með einum eða öðrum samkeppnisaðila, að þetta sama fyrirtæki, móðurfyrirtækið, sé um leið hinn stóri dómari þegar kemur að veitingu flugrekstrarleyfa, þegar kemur að úttektum á stöðu flugvalla hér og þar um landið, þegar og ef hugsanleg einkafyrirtæki, sem auðvitað eðli máls samkvæmt ætla að hámarka sinn arð, eiga það undir Flugmálastjórn Íslands, móðurfyrirtækinu, hvort þau megi lifa eða deyja. Þetta gengur ekki, virðulegi forseti.

Í áliti Samkeppnisstofnunar, sem kom að sönnu seint inn í þetta mál og var kölluð til þann sama dag og málið var tekið úr nefnd, þá er það alveg skýrt að Samkeppnisstofnun hefur þær sömu áhyggjur og við í minni hluta samgn. Samkeppnisstofnun orðar það þannig í minnisblaði frá 27. mars. 1998, með leyfi forseta:

„Samkvæmt orðskýringu á ákvæði 7. gr. frv. er ekki girt fyrir það að Flugmálastjórn eignist hlut í flugrekstraraðila eða stofni með flugrekstraraðila fyrirtæki í því skyni að vinna að þeim markmiðum sem nefnd eru í ákvæðinu. Að mati Samkeppnisstofnunar getur slíkt samstarf við flugrekstraraðila sem á undir eftirlitsvald Flugmálastjórnar, skarast við eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar, vakið tortryggni keppinauta og haft í för með sér vissa hættu á samkeppnishömlum."

Þetta getur ekki verið skýrara þó að hér sé þetta mjög kurteislega orðað af hálfu þessarar opinberu stofnunar. Við málið er ekki hægt að skilja á þann hátt hvað svo sem mönnum finnst um hinar fjárhagslegu forsendur þess. Það stóð a.m.k. ekki í meiri hluta þingsins við afgreiðslu hlutafélagavæðingar Pósts og síma að setja á eitt stykki stofnun og digran lagabálk um hana, Fjarskiptastofnun Íslands. Hér eru í engu minni hagsmunir á ferð en þar. Hér er um sannanlegan samkeppnismarkað að ræða milli flugrekstraraðila, og þegar eftirlitshafinn, leyfishafinn er orðinn meira og minna innblandaður í einkarekstur, þá missir hann auðvitað alla tiltrú sem leyfishafi, sem eftirlitshafi. Á þessu máli verður að taka, ekki einhvern tímann seinna, heldur hér og nú. Ég skora á meiri hluta nefndarinnar og meiri hluta þingsins og á þingmenn alla að við ljúkum ekki 3. umr. þessa máls öðruvísi en að frá þessum málum verði gengið með viti bornum hætti.

Ég undirstrika það, virðulegi forseti, að í nál. er það ekki skoðun minni hluta nefndarinnar að það sé tabú undir öllum kringumstæðum að skynsamlegt geti verið á einstökum sviðum að framkvæmdadeild Flugmálastjórnar geti tekið höndum saman við þá aðila sem til máls þekkja og áhuga hafa á því að vinna saman að einstaka þáttum í rannsóknarskyni til að mynda eins og hér er getið um og í þróunarstarfi af ýmsum toga. Það verður hins vegar að vera samkvæmt mjög afmörkuðum reglum og skýrum leikreglum. En þessi almenna opna heimild, þessi tékki sem hér er óútfylltur er eitthvað sem ekki er hægt að búa við. Það er alveg ljóst af minni hálfu.

Við þekkjum það auðvitað sem hér sitjum og Íslendingar allir og þeir sem þurfa að reiða sig á flugsamgöngur, ekki síst fólk úti um hinar dreifðari byggðir, þó að auðvitað fari fólk á suðvesturhorninu flugleiðis landshorna á milli eins og þeir sem úti á landi búa, að samkeppni er mikilvæg. Samkeppni Íslandsflugs og Flugfélags Íslands á liðnu sumri til að mynda gerði það að verkum að fargjöld lækkuðu umtalsvert. En þetta hefur ekki allt verið hávaðalaust. Það er líka þekkt að þeir sem fyrir voru á markaði, Flugleiðir eða nú Flugfélag Íslands, höfðu ákveðið forskot á mörgum lykilflugvöllum hvað varðar aðstöðu í húsakynnum í eigu almennings, húsakynnum í eigu og umsýslu Flugmálastjórnar Íslands. Og hinn nýi samkeppnisaðili sem með frelsinu fékk tök á því að fljúga á æ fleiri staði og varð til þess að verð lækkaði verulega landshorna á milli í fluginu átti sums staðar á brattann að sækja með að fá inni og fá lykil að flugstöðum úti um landið. Af þessu fékk ég fréttir og af þessu fengu margir aðrir fréttir. Ég vona svo sannarlega að þetta hafi lagast og breyst. En þetta sýndi það að Flugmálastjórn Íslands var bæði í senn eigandi, rekandi flugvallarins, dómari og úrskurðaraðili í því hvernig haga skyldi málum þannig að virk samkeppni gæti átt sér stað. Þeir samkeppnisaðilar, og ég er hér að nefna þessa tvo stóru, Flugfélag Íslands og Íslandsflug, gætu því staðið tiltölulega jafnfætis hvað varðar samkeppnisstöðu t.d. varðandi þjónustu við flugfarþega á stórum flugvöllum á borð við Akureyri, Vestmannaeyjar og fleiri staði.

Hvernig halda menn að Flugmálastjórn, eigandi og umsýslumaður flugvallarhúsnæðis víða hringinn í kringum landið geti með trúverðugum hætti úrskurðað í þessum efnum þegar og ef þessi sama Flugmálastjórn Íslands er orðin eignatengd við annað og kannski bæði þessi fyrirtæki á einum eða öðrum vettvangi? Hvar liggja þá trúverðugheitin? Það er ekki ofsagt sem segir í skynsamlegu áliti Samkeppnisstofnunar að það muni vafalaust vekja tortryggni og það er óhjákvæmilegt annað. Hér erum við að opna gátt sem við verðum að gera okkur glögga grein fyrir til hvers leiðir og hver niðurstaðan verður úr þessu öllu saman. Ég árétta að ég er til umræðu um það, virðulegi forseti, að menn skoði nýjar leiðir í flugrekstri hér á landi. Það er opið fyrir mér a.m.k. En menn verða hins vegar að vita hvert stefnt er og hvar lent verður áður en af stað er tekið og áður en jafnvíðtækar heimildir og hér um ræðir eru veittar á hinu háa Alþingi. Það er lykilatriði af minni hálfu.

Virðulegi forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða einstök atriði mikið nánar. Það væri þó full ástæða til því að hér er auðvitað um stórmál að ræða, hér er um grundvallarlöggjöf að ræða sem við munum væntanlega þurfa að búa við um langan aldur. Ég vísa til þess að gildandi lög í þessum efnum hafa staðist tímans tönn og hafa verið í gildi um langt árabil. Við hljótum að ganga að því sem vísu verkefni að löggjöf sem við erum að ganga frá hér og nú geti staðist tímans tönn, a.m.k. geti staðist út sumarið. En eins og frá málum er gengið núna þá er það ekki svo.

Því er það, virðulegi forseti, að við í minni hluta samgn. höfum fullan fyrirvara á þessum lykilatriðum sem ég hef hér nefnt og einstaka atriðum öðrum og vísum pólitískri ábyrgð alfarið á hendur ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum í þinginu.

[18:25]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum höfum við verið að reyna að gera valdmörkin í löggjöfinni varðandi loftferðir almennt skýrari. Þær breytingar sem gerðar voru t.d. varðandi löggjöf um rannsókn flugslysa var einmitt í þessa átt. Ég tel að ef við lesum 7. gr. þá sé það alveg augljóst mál að þar er líka gerð tilraun til þess að gera valdmörkin skýrari með því að opna heimildir til þess að stofna sérstök félög um einstaka þætti flugmálanna. Þannig hefur þessi þróun verið erlendis að stofnuð hafa verið félög ýmist með einkaeign ríkisins eða þá í samstarfi við aðra um einstaka þætti loftferðanna. Almennt séð getum við sagt sem svo að það sé kannski eðlilegt að annars vegar höfum við stjórnsýsluna og hins vegar framkvæmdaþáttinn og reyna að tryggja að það sé gert á skilvirkan hátt.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson las nokkuð úr áliti Samkeppnisstofnunar og það ætla ég líka að leyfa mér að gera, með leyfi virðulegs forseta. Þar segir:

„Að mati Samkeppnisstofnunar fara ákvæði 7. gr. ekki gegn markmiði samkeppnislaga en starfsemi slíkra félaga sem þar um ræðir lyti að sjálfsögðu ákvæðum samkeppnislaga."

Ákvæði samkeppnislaga eru skýr að þessu leytinu að þau tryggja ákveðinn aðgang fyrirtækja og eftir því sem ég þekki til varðandi alþjóðlega samninga og tilskipanir Evrópusambandsins, þá er líka gert ráð fyrir því að tryggt sé aðgengi samkeppnisaðila að tiltekinni þjónustu ef um er að ræða að annar samkeppnisaðili hafi einkanot af því að veita slíka þjónustu.

Ég tel hins vegar að almennt séð væri óheppilegt að Flugmálastjórn væri í samstarfi við einstök flugfélög um rekstur til að mynda flugstöðva. Ég held að það gæti skapað óþarfa totryggni og ég teldi að miklu heppilegra væri fyrir Flugmálastjórn að leita sér annarra samstarfsaðila að því leytinu.

[18:27]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var býsna merkileg yfirlýsing sem hv. 1. þm. Vestf. gaf í lok síns andsvars þegar hann lýsti þeirri skoðun sinni að ekki væri skynsamlegt að hans mati að þessi heimild ýtti undir það að Flugmálastjórn Íslands færi í samrekstur með einkaaðilum um rekstur flugvalla. (**EKG:** Flugrekstraraðila um rekstur flugstöðva) Flugrekstraraðila — þá á hv. þm. væntanlega við að ekki komi þá til greina að þeir sem eiga flugvélar og reka þær og eru í áætlunarflugi eða leiguflugi geti átt flugvelli eða önnur þau atvinnutæki sem á þeim er að finna með Flugmálastjórn Íslands.

Meginkjarni málsins er sá og það þýðir lítt fyrir hv. þm. að lesa eina setningu úr bréfi Samkeppnisstofnunar því að í framhaldi af þeirri setningu — og það hefur enginn haldið því fram að löggjöfin eins og hún liggur fyrir brjóti í bága við samkeppnislög. Það sem við erum að benda á hins vegar er að framkvæmd laganna, og það er einmitt það sem Samkeppnisstofnun tekur til og tekur á, getur mjög auðveldlega og verður sennilega með þeim hætti að þar munu skapast ýfingar og grá svæði sem munu skapa tortryggni keppinauta á milli og hafa í för með sér vissa hættu á samkeppnishömlum. Það er kjarni málsins. Við skulum ekki gera þessi mál flóknari en þau eru. Þetta er nú ekki stórt land eða margbreytilegur samkeppnismarkaður sem hér er að finna í fluginu, við skulum ekki tala neitt þannig. Það eru tvö flugfélög sem eru dóminerandi og ráða áætlunarfluginu. Ef ekki er verið að tala um þessa aðila, hverja þá varðandi framkvæmdir og umsýslu á flugvöllum landsins? Ég hlýt að spyrja.

Ég árétta enn og aftur af því að hv. þm. svaraði því engu — það kann vel að vera að menn hafi í löggjöf fram undir þetta reynt að skilja á milli, og rannsóknarnefnd flugslysa er gott um dæmi um það. En hefur hann engar áhyggjur af því sem ég sagði áðan að eftirlitsþátturinn og framkvæmdaþátturinn hljóti að ganga móti hvor öðrum og stefna málum í mikla erfiðleika?

[18:29]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að segja í lok máls míns áðan var það að ég teldi það ekki heppilegt að Flugmálastjórn færi í samstarf við flugrekstraraðila um rekstur einstakra flugstöðva. Það hins vegar út af fyrir sig útilokar ekki það að Flugmálastjórn færi í samstarf við flugrekstraraðila um ýmislegt annað sem hentugt og skynsamlegt þætti frá hálfu Flugmálastjórnar. Ég held hins vegar að hitt gæti valdið óþarfa tortryggni sem ástæðulaust væri. Hins vegar gæti ég vel séð það fyrir mér að Flugmálastjórn færi í samstarf við ýmsa aðra aðila um rekstur flugstöðvar m.a. vegna þess að við sjáum að eðli flugstöðva er mjög að breytast. Víða úti um hinn vestræna heim eru flugstöðvar að verða viðskiptamiðstöðvar og ég teldi t.d. ýmsa samstarfsmöguleika á því sviði alveg kjörna.

Af því að hér hefur aðeins verið rætt um lagaskýringu Samkeppnisstofnunar sem mér barst í hendur í dag eins og öðrum, þá tel ég að hún sé á nokkuð hæpnum forsendum gerð vegna þess að ef við lesum annars vegar 7. gr. og hins vegar athugasemdir við þessa 7. gr., þá er augljóst hvað hér er verið að reyna að vekja máls á. Í fyrsta lagi að settur sé lagarammi um samstarf eins og þegar er til staðar milli Flugmálastjórnar og kerfisfræðistofu verkfræðideildar Háskóla Íslands. Fyrirmynd að þessu er sótt í gildandi lög um Háskóla Íslands. Í öðru lagi að Flugmálastjórn verði heimilað að stofna fyrirtæki til að selja þjónustu stofnunarinnar og í þriðja lagi að opnuð sé leið fyrir þann möguleika að færa hluta af starfsemi Flugmálastjórnar í hendur sjálfstæðra aðila sem starfa mundu í nánum tengslum við embættið, en þetta er í samræmi við þróun erlendis. Ég tel því að ekki sé ástæða til að túlka þetta með þeim hætti að hér sé verið að opna svo almenna og rúma heimild. Það er fyrst og fremst verið að reyna að opna það að gera starfsemi Flugmálastjórnar sem skilvirkasta m.a. með stofnun hlutafélaga eins og hefur verið að tíðkast hérlendis og erlendis þar sem menn hafa viljað auka skilvirkni og bæta rekstur í ríkisbúskapnum.

[18:31]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég árétta það að ég hef verið og er til viðræðu um það að gera skynsamlegar breytingar á rekstri flugstöðva eða hvaða þætti sem er í flugrekstri almennt og hlutdeild ríkissjóðs frá einum tíma til annars í þeim efnum. Enn þá kemur hv. þm. sér undan því að svara kjarnaatriði málsins sem er þetta og Samkeppnisstofnun kemur réttilega inn á þegar hún bendir á hlutverk Flugmálastjórnar sem sé

m.a. að veita leyfi til flugrekstrar og hafa eftirlit með flugrekstraraðilum. Enn þá stendur þessi spurning skýr og klár: Hvernig getur það farið saman að þessi leyfisveitingarhafi, þessi eftirlitsaðili, sé fyrir hádegi í því að hafa eftirlit með hlutum og veita flugrekstrarleyfi en eftir hádegi snúi sú hlið upp þegar þeir taka upp samstarf við þá aðila sem þeir veita leyfin og eiga að hafa eftirlit með? Það er þessi kjarni máls sem hv. þm. kemur sér undan að svara. Því þarf að fara fyrst áður en menn geta farið í skynsamlega efnisumræðu um það hvort, hvernig og í hversu miklum mæli er skynsamlegt að gefa Flugmálastjórn Íslands kost á því að tengjast rannsóknarstarfi annarra aðila eða með hvaða hætti hún á og getur nýtt sér „know how" og þekkingu annarra aðila.

Þessu verður að svara og ég þykist vita, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. sé að búa sig undir andsvar. Kannski hann geti gert betur þó að ég efist um það.

[18:34]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og frsm. meiri hluta samgn. og formaður hennar, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., vék að áðan er greinilegt að álit Samkeppnisstofnunar er nokkuð á misskilningi byggt og hefur ekki komið til orðs svo mér sé kunnugt að Flugmálastjórn ætli sér að eignast hlut í flugrekstraraðila. Það held ég að sé á misskilningi byggt og hefði verið auðvelt fyrir Samkeppnisstofnun að ganga úr skugga um það með því að skrifa samgrn. um þau efni og spyrjast fyrir um þau.

Það sem lýtur hins vegar að því sem hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, sagði áðan er það spurningin um hver eigi að hafa eftirlit með rekstri flugvalla og flugmálum yfirleitt, að loftför séu í góðu lagi o.s.frv. Þessari spurningu hefur oft verið varpað fram og þess vegna er það að loftferðaeftirliti er hagað með ýmsum hætti hjá hinum ýmsu þjóðum. Hér hefur ekki verið valin sú leið að loftferðaeftirlitið sé gert að sjálfstæðri stofnun heldur reiknað með því að það sé áfram undir flugmálastjóra þó svo að flugvellir, flugumsjón og aðrir þættir flugmála heyri jafnframt undir embætti flugmálastjóra. Vel má vera að hv. þm. finnist rök til þess og það er alls ekki út í hött að velta því upp hvort rétt sé að íhuga það alveg hreint án tillits til þess hvernig rekstri einstakra flugvalla verður hagað með því fororði að rekstur þeirra sé á valdi flugmálastjóra, hvort við eigum að styrkja loftferðaeftirlitið og gera það að óháðri stofnun Flugmálastjórnar. Ég held að spurningin hljóti þá að snúast um það en ekki 7. gr. eins og hún er orðuð.

[18:36]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum eilítið að nálgast kjarna málsins. Það var nákvæmlega þetta sem ég var að tala um, hvort ekki væri skynsamlegt að skilja þarna á milli og loftferðaeftirlitið og sú deild Flugmálastjórnar hefur einmitt verið nefnd í því sambandi. Það mundi strax laga málið. En auðvitað tengist það 7. gr. frv. náið því að þar er stefnumörkun í þá veru að einkaaðilar sem Flugmálastjórn hefur haft eftirlit með og veitt leyfi til eru orðnir viðskiptalega tengdir Flugmálastjórn Íslands þannig að þetta er orðinn einn hrærigrautur. Það gerir það að verkum að það er brýn nauðsyn til að skilja þarna mjög skýrt og ákveðið á milli.

Þetta er orðinn dálítið þreytulegur frasi hjá hæstv. ráðherrum og hv. stjórnarsinnum mörgum hverjum að þegar kemur álit frá Samkeppnisstofnun er gjarnan talað um einhvern misskilning. Enginn misskilningur er þarna á ferðinni, ekki nokkur misskilningur hjá Samkeppnisstofnun. Hún les einfaldlega það sem stendur í frv. og í athugasemdum með því og hæstv. ráðherra segir að ekki sé gert ráð fyrir því í 7. gr. að það eigi að taka upp samstarf við einhvern flugrekstraraðila. Með öðrum orðum það er ... (**Samgrh.:** ... ekki eignast hlut í.) Já, já, en það stendur hvergi ... (**Samgrh.:** Það stendur ekki ... ) Jú, jú, það stendur nákvæmlega en það stendur hvergi neitt um að það sé bannað að Flugmálastjórn Íslands renni saman í nýtt kompaní með Flugfélagi Íslands eða Íslandsflugi svo að ég nefni tvo stóra flugrekstraraðila. Þvert á móti er gefið undir fótinn með það því að í okkar tiltölulega fábrotna atvinnulífi eru ekki margir sérfræðingar á þessum vettvangi, ekkert allt of margir aðilar sem hafa sérþekkingu og hafa fjármuni með höndum til þess að taka upp samstarf á þessum vettvangi þannig að auðvitað gefur það auga leið að mönnum komi fyrst til hugar þessir aðilar sem ég nefni til sögunnar. Það er ekkert sem bannar það þannig að hér er enginn misskilningur á ferðinni nema ef vera skyldi hjá hæstv. ráðherra sjálfum.

[18:38]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði satt að segja vænst þess að hv. þm. mundi taka málefnalega á þeirri athugasemd sem ég kom fram með áðan en svo er ekki. Hér stendur í 3. mgr. 7. gr.:

„Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni."

Svo mörg eru þau orð í 3. mgr. 7. gr. Orðrétt segir, með leyfi hæstv. forseta, í niðurlagi álits Samkeppnisstofnunar:

„Samkvæmt orðskýringu á ákvæði 7. gr. frv. er ekki girt fyrir það að Flugmálastjórn eignist hlut í flugrekstraraðila."

Heimildin er skýrt orðuð í 7. gr. Þess vegna er alveg ljóst að ráðherra er ekki heimilt að beita heimildum flugmálaáætlunar eða fjárlagaheimildum með því að kaupa hlut í Íslandsflugi, Flugleiðum, Flugfélagi Íslands eða öðrum fyrirtækjum flugrekstraraðila. Ekki er átt við það. Ég veit að hv. þm. áttar sig á þessum mun þegar við bendum á það en eins og ég sagði áðan kemur það náttúrlega til greina og hlýtur að koma til skoðunar á næstu árum hvort rétt sé að gera loftferðaeftirlitið að sjálfstæðari stofnun en það er í dag en hér er það skref ekki stigið hjá okkur enda er þetta með ýmsum hætti í kringum okkur og það hefur ekki komið svo að mér sé kunnugt um gagnrýni á að flugmálastjóri eða loftferðaeftirlit hafi ekki gegnt skyldu sinni.

[18:40]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson)** *(andsvar)*:

Ég fagna þrátt fyrir allt, herra forseti, þeim vilja hæstv. ráðherra til þess að skoða það mjög alvarlega að skilja þarna á milli eftirlitsaðila og framkvæmdaraðila og vonast til þess að það mál geti gengið skynsamlega fram.

Hvað varðar þessar orðskýringar sem við höfum verið að tala um skulum við bara nota einfalt dæmi. Um það er tekin pólitísk ákvörðun að stofna hlutafélag um rekstur flugstöðvarinnar í Reykjavík og Reykjavíkurflugvallar. Flugmálastjórn tekur ákvörðun um það að taka upp samstarf við Flugfélag Íslands og um þetta er stofnað dótturfyrirtæki,

Reykjavíkurflugvöllur hf. Það gefur auðvitað auga leið að komin eru á hagsmunatengsl milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugfélags Íslands í þessu sameiginlega dótturfyrirtæki og ekki er heldur girt fyrir það, virðulegi forseti, að þetta nýja fyrirtæki, Reykjavíkurflugvöllur hf., gæti tekið um það ákvörðun að hefja áætlunarflug hingað og þangað. Það gefur því auga leið að Samkeppnisstofnun er algerlega á réttu róli þegar hún drepur á það að ekki sé girt fyrir það í 7. gr. að Flugmálastjórn geti þess vegna orðið flugrekstraraðili á morgun kjósi hún það. Þó hæstv. ráðherra segi núna að ekki séu áform uppi um það veitir frv. heimild til þess. Það er kjarni málsins og á þeim nótum ræðum við málið.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra og hv. formanns samgn. að engin áform séu uppi um það að einkavæða þannig flugvelli landsins og flugstöðvar í landinu og taka upp samstarf við flugrekstraraðila því að ég held að það sé ekki skynsamlegt og það mundi skapa þá tortryggni sem Samkeppnisstofnun hefur ótta af. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni. En það er ekkert í lögum og ekkert í frv. sjálfu sem girðir fyrir það, þau opna allar heimildir upp á gátt.

[18:43]

**Útbýting þingskjals:**

Fjáraukalög 1997, 630. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1086.

[18:43]

**Ragnar Arnalds:**

Virðulegi forseti. Frv. um loftferðir er mjög viðamikill lagabálkur með fjöldamörgum lagfæringum á ýmsum sviðum, snyrtingar hér og þar, og um margt athyglisverður hvað tæknilegar breytingar varðar. Hins vegar er ótvírætt verulegur galli á frv. eins og hefur komið fram í máli frsm. minni hluta samgn. en minni hluti samgn. er einróma um það álit sitt að frv. sé stórgallað og ekki sé unnt að afgreiða það eins og það liggur fyrir.

Það er hvort tveggja sem við gagnrýnum, annars vegar skipun flugráðsins og hlutverk þess og hins vegar sú óútfyllta ávísun til Flugmálastjórnar og samgrh. sem finna má í 7. gr. frv.

Við meðferð málsins í nefnd hefur vissulega margt athyglisvert komið fram og ég vildi gjarnan mega nefna það sem kom fram í samgn. og ég hafði ekki áttað mig á fyrr að einkaflugfloti landsmanna er orðinn mjög aldraður. Fullyrt er að allar verksmiðjuframleiddar einkaflugvélar í landinu séu a.m.k. 17–18 ára gamlar og þaðan af eldri, allar verksmiðjuframleiddar einkaflugvélar, en nokkrar sérsmíðaðar vélar munu vera yngri. Því er ljóst að floti einkaflugvéla er orðinn ótrúlega gamall og úreltur og alls ekki góðs viti og óneitanlega nokkurt áhyggjuefni að svona skuli komið.

Hvað varðar ágreining minni hluta nefndarinnar við ríkisstjórnarflokkana og hæstv. ráðherra um flugráðið þá verður það mál allt að skoðast í því ljósi að þegar frv. var lagt fram var það bersýnilega ætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. samgrh. að gera flugráð algerlega valdalaust. Hæstv. samgrh. átti að fá heimild til þess að skipa allt ráðið til fjögurra ára í senn og átti embættistími ráðsins að miðast við skipunartíma eða embættistíma þess ráðherra sem það skipaði. Það átti sem sagt að skipa fimm menn í ráð og hæstv. samgrh. átti að ráða skipan þeirra allra. Þetta taldi samgn. algjörlega fráleitt og einsetti sér að gera á þessu breytingar. Ég tel hins vegar að tillögur meiri hluta nefndarinnar gangi alls ekki nægilega langt í leiðréttingarátt. Ég tel að það skipulag sem hér er gerð tillaga um, að Alþingi kjósi þrjá af fimm flugráðsmönnum en ráðherra skipi síðan formann og varaformann ráðsins, sé stjórnunarómynd sem ekki eigi sér neitt fordæmi í okkar stjórnskipulagi. Satt að segja undrast ég þá hugkvæmni sem lýsir sér í þessari málamiðlunarlendingu sem felur það í sér að ráðherra skipi forustuna, formanninn og varaformanninn, en Alþingi skipi síðan á móti þrjá flugráðsmenn. Ég næ því ekki af hverju ekki er hægt að hafa þetta eins og oft er þegar um alþingisskipaðar stjórnir eða ráð er að ræða, að Alþingi velji mennina en ráðherra eigi kost á því að skipa formanninn. Það er nokkuð langt gengið að hann skuli eiga að skipa tvo af fimm mönnum og þar á meðal bæði formann og varaformann og ekki í neinu samræmi við það sem annars staðar tíðkast.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir að það sé stefna síðari ára að fækka stjórnum opinberra stofnana og það eiga að heita einhver rök fyrir þessu sérkennilega fyrirkomulagi. En ég veit ekki betur en hæstv. samgrh. hafi einmitt sett stjórn yfir Póst og síma á sínum tíma og menn hafi einmitt verið að setja upp stjórnir til eftirlits og ráðgjafar í ríkisfyrirtækjum hér og hvar þannig að þessi stefna er nokkuð loðin að ekki sé meira sagt, að það eigi endilega að svipta stjórnir og ráð öllum völdum og gera þær að einhverjum leikbrúðum í höndum viðkomandi ráðherra. Ég tel að stjórnir og ráð í ríkisstofnunum hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Þær eiga að gegna eftirlitshlutverki. Þær eiga að hafa eftirlit með gjörðum framkvæmdarvaldsins af hálfu Alþingis ef Alþingi hefur kosið slíkar stjórnir og ég held að það veiti ekkert af því hvort heldur er á sviði samgöngumála eða heilbrigðismála eða mörgum öðrum sviðum að menn séu skipaðir í slík ráð og slíkar stjórnir til að hafa eftirlit með viðkomandi stofnunum. Ég veit hins vegar að ráðherrar og forstjórar eru kannski ekki allt of hrifnir af slíkum stjórnum og ráðum. Það þarf engum að koma á óvart. En frá lýðræðislegu sjónarmiði og frá sjónarmiði Alþingis er hér um hreina afturför að ræða.

Ég vil líka segja það um 7. gr. að það kemur mér mjög á óvart að henni skuli vera hleypt í gegn af hálfu meiri hluta samgn. án þess að nein tilraun sé gerð til þess að skýra hvað í þessari grein felst en þar er, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, lagt til að Flugmálastjórn geti átt aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, að hún megi stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög og, svo ég bæti við, með leyfi herra forseta:

„... önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfeignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar."

Hér er verið að fara inn á alveg nýja braut í ríkisrekstri og maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort menn ætli virkilega að taka slíkar ákvarðanir án þess að einhver prinsippumræða fari fram um það hvort þetta eigi að gerast eins og hér er lagt til. Ég veit vel að í lögum um Póst og síma sem samþykkt voru þegar Póstur og sími var gerður að hlutafélagi, var hliðstætt ákvæði sem vissulega var mjög gagnrýnt vegna þess að menn sáu að þar var ákveðin aðferð til einkavæðingar. En það er þó reginmunur á hvort slík heimild er gefin hlutafélagi, væntanlegu hlutafélagi eins og Pósti og síma, eða hvort ríkisstofnun í A-hluta fjárlaga er veitt slík heimild. Ég er satt að segja ekki alveg viss um það að slíkt standist stjórnarskrá

lýðveldisins þó ég vilji ekki kannski fullyrða neitt um það á þessu augnabliki vegna þess að ég tel að það þurfi að skoða svolítið nánar. En auðvitað geta A-hluta stofnanir ríkisins og ríkisstjórn ekki skuldbundið ríkið eða látið fasteignir af hendi eða greitt fé inn í ný hlutafélög án þess að það sé gert með heimildum í fjárlögum. Það er skilyrðið samkvæmt stjórnarskránni. Lagaheimild sem stjórnarskráin kveður á um verður að vera afmörkuð og það verður að vera ljóst af lagaheimildinni hver takmörk heimildarinnar eru. Það er t.d. ekki hægt að gefa ríkisstjórninni blankóumboð til þess að selja allar ríkisjarðir eða allar fasteignir ríkisins eftir eigin geðþótta. Það verður að skilgreina það í fjárlögum eða lögum hvernig heimildin er afmörkuð. Það sem ég gagnrýni í þessu samhengi er að hér er sett inn í lagafrv. heimild til Flugmálastjórnar með samþykki samgrh. til að stofna hlutafélög án þess að heimildin sé á nokkurn hátt afmörkuð hvað fjármuni snertir eða hvað tilganginn varðar að öðru leyti.

Ég tel að þessi heimild sé allt of opin og allt of óljós til þess að hún geti staðist sem slík í einföldum lögum. Ég minni enn á það sem ég sagði áðan að hér erum við að tala um A-hluta stofnun. Það er t.d. alveg ljóst að venjuleg A-hluta stofnun eins og Vegagerð ríkisins getur ekki staðið í einkarekstri öðruvísi en sérstakar heimildir séu til þess í fjárlögum og það sama mundi auðvitað gilda um Flugmálastjórn. Menn verða því að gera sér grein fyrir því að þegar slíkar heimildir eru veittar í væntanlegum lögum um loftferðir þá standast þær ekki án einhverra frekari heimilda af hálfu Alþingis. Þær eru eiginlega marklausar öðruvísi en að þær séu betur skilgreindar og ákveðnar í fjárlögum og lögum.

Ég tel að hæstv. samgrh. þurfi ekkert að vera undrandi á þeim fyrirspurnum sem fram komu áðan af hálfu hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar. En hann fékk svör við nokkrum spurningum, m.a. að það stæði ekki til að breyta flugvöllum í hlutafélög og það er auðvitað gott að fá að vita það. En það væri í raun og veru miklu mikilvægara að fá svör við því frá hæstv. samgrh. hvort hann telji að heimildin sem hér er verið að veita í 7. gr. laganna gæti rúmað slíka ákvörðun að breyta flugvöllum í hlutafélög. Spurningin er auðvitað ekki um það hvað hæstv. ráðherra hefur í sínum huga, hvað hann ætlar sér eða hvað Flugmálastjórn ætlar sér. Það er ekki mergurinn málsins þegar við erum að setja lög heldur hvað gæti falist í lögunum. Er hugsanlegt að með þessari lagabreytingu sem hér er verið að gera sé það mögulegt að áliti hæstv. samgrh. að seinni tíma samgrh. gæti breytt flugvöllum landsins í hlutafélög? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að þessu. Ég tel að það sé miklu mikilvægara að upplýsa hver sé skilningur hans á lagagreininni en ekki hitt, hvað hann ætlar sér persónulega, enda getur sú ætlan breyst eins og við þekkjum frá fyrri tíð.

Ég tel að með þeim áformum um einkavæðingu sem verið er að áforma í 7. gr. frv. sé verið að skapa mjög hættulegt fordæmi sem við getum ekki látið ganga í gegn án nánari umræðu þannig að við áttum okkur á hvað er verið að gera hér. Ég held að við ættum ekki að gera lítið úr áliti Samkeppnisstofnunar sem hefur sent samgn. álit sitt, en þar er ekki tekið svo smátt til orða þegar sagt er að ljóst sé að samstarf af því tagi sem hér er á ferðinni gæti skarast við eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar og að það geti vakið tortryggni keppinauta og haft í för með sér vissa hættu á samkeppnishömlum. Er það virkilega ætlun samgrh. og meiri hluta samgn. að afgreiða þetta frv. án þess að skilgreina þessa grein það vel að slíkri gagnrýni sé endanlega svarað? Ég tel að það sé ekki forsvaranlegt og vænti þess fastlega að hæstv. ráðherra og samgn. fái tækifæri til þess að gera lagfæringar á þessum lögum sem skilgreini og takmarki þær heimildir sem felast í 7. gr. miklu betur og skýrar en gert er í greininni. Ég sem sagt tel að það verði að skilgreina réttarstöðu Flugmálastjórnar, heimildir hennar, í samræmi við þær venjur sem ríkja í ríkisrekstrinum.

Ég ítreka það sem hv. 9. þm. Reykn. sagði áðan að það vekur mikla furðu að meiri hluti samgn. skuli koma með sitt nefndarálit og að í framsöguræðu formanns nefndarinnar skuli ekki vera vikið einu einasta orði að þessu mikla álitamáli og þeim rökum sem þar eru á bak við.

Þetta mál er órætt enn og ég vænti þess fastlega að betur verði um hnútana búið áður en þetta frv. verður að lögum.

[19:01]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu um loftferðir er ansi mikill bálkur, hátt í 200 greinar og hefur verið til meðferðar í samgn. bæði á þessu þingi og síðasta þingi. Það má segja að félagar mínir í minni hluta samgn. hafi gert nokkuð vel grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls. Við erum á því að ekki sé búið að fara nægilega vel yfir marga þætti málsins og ýmsir hlutir eru þar óljósir eins og hefur komið hér fram, m.a. 7. gr. Við höfum ekki fengið það skýrt hér hvernig hæstv. ráðherra túlkar þá grein. Þó svo að hann hafi verið með yfirlýsingar um það hvað hann hygðist gera og ekki gera, þá vitum við nú hvernig slík ummæli frá þessum hæstv. ráðherra hafa verið í málum sem hafa verið hér til umfjöllunar, eins og t.d. málefnum Pósts og síma. Ég held að það sé ljóst að við þurfum að fá betri skýringar á því hvernig menn túlka þessa 7. gr. Ég velti því fyrir mér hvort málið þurfi ekki að fara til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. til þess að fá þetta skýrt því að athugasemdin frá Samkeppnisstofnun sem hefur verið hér til umræðu er í þá veru að full ástæða er til þess að fá frekari umfjöllun um málið. Í þessari umræðu hefur ekkert komið fram sem skýrir túlkunina á 7. gr.

Annað sem við höfum gert athugasemdir við er skipun flugráðs. Sá háttur sem meiri hlutinn leggur til er nánast stílbrot við þá reglu eða leið sem nánast er orðin algild í skipun manna í ráð sem þetta. Yfirleitt er það svo að Alþingi kýs ráðsmenn en síðan skipar ráðherra formann. En hér kýs Alþingi þrjá af fimm ráðsmönnum í flugráðið og síðan er það samgrh. sem skipar bæði formann og varaformann. Þetta er algerlega þvert á þær reglur sem settar hafa verið undanfarið og þær breytingar á lögum sem við höfum staðið að á undanförnum þingum.

Við gerum einnig athugasemdir við það að flugráðið komi ekkert að ráðningu flugmálastjóra. Það væri eðlilegt að ráðið væri a.m.k. umsagnaraðili um ráðningu í það embætti. Við höfum einnig gert athugasemdir við það í 6. gr. að ráðherra skuli skipa framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar. Þetta er líka þvert á það sem hefur tekið gildi í öðrum lögum. Ég hef ekki fengið skýringar á því hvers vegna þetta þarf að vera öðruvísi þegar flugráð er annars vegar og Flugmálastjórn heldur en í öðrum ráðum og fyrirtækjum í ríkiseigu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu enda erum við komin fram yfir þann tíma sem við ætluðum okkur til umræðu í þinginu í dag. En vil ítreka það að ég tel að við þurfum að fá betri skýringar á túlkuninni á 7. gr. Ég hefði talið eðlilegt að málið færi aftur til nefndarinnar í ljósi álits Samkeppnis-

stofnunar á 7. gr. og að við fengjum þá skýra túlkun á því hvað þessi 7. gr. hefur í för með sér eða hvað hún þýðir.

Ég held að ég hafi þetta þá ekki lengra en tel að félagar mínir hafi gert vel grein fyrir því hver afstaða okkar er til þessa lagafrv.

[19:06]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það eru einungis þrjú atriði. Í fyrsta lagi vil ég nefna skipan flugráðs eins og það liggur nú fyrir samkvæmt frv. Í gildandi lögum segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins."

Þessari skipan er því haldið að vísu með þeirri breytingu að gert er ráð fyrir því að þeir sem ráðherra skipar skuli halda umboði sínu jafnlengi ráðherra, en hér er gert ráð fyrir að þeir haldi umboði sínu í átta ár og fjögur ár sem er auðvitað óeðlilegt og algerlega óvenjulegt.

Ég hygg að það sé líka alveg ljóst að það sé óeðlilegt og úrelt orðalag að komast svo að orði: „Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra." Ég er þess vegna sammála því sem hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds sagði áðan, að ef menn á annað borð hafa flugráð er eðlilegt að það skuli hafa eftirlitshlutverk og vera til ráðuneytis fremur en að flugráð eigi að hafa daglega yfirstjórn flugmálastjóra með höndum. Það var jafnvel svo að flugráð fjallaði um það hvaða menn væru ráðnir til snjómoksturs eða annars slíks á flugvöllum landsins sem auðvitað getur ekki verið á hendi flugráðsmanna og er eðlilegt að falli undir verksvið flugmálastjóra og starfsmanna hans.

Ég vil í öðru lagi ítreka það sem ég sagði áður að auðvitað er ekki um það að tefla að Flugmálastjórn eignist hlut í flugrekstraraðila. Það gefur auga leið. Hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, sagði áðan að til þess gæti komið að fyrirtæki sem stofnað væri t.d. um rekstur flugvallar með hlutdeild Flugmálastjórnar færi að reka flugvélar í samkeppni við önnur flugfélög. Ég held að engar heimildir séu til slíks í frv. eins og það eru orðað.

Að síðustu vil ég að sá skilningur minn komi fram að auðvitað er Flugmálastjórn annars vegar bundinn af fjárlögum og hins vegar af flugmálaáætlun um ráðstöfun á þeim fjármunum sem hún hefur yfir að ráða.

[19:10]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnar í gildandi lög um hvernig í flugráðið er valið og kosið er í það. Við höfum gagnrýnt þessa leið við val og skipun í flugráð vegna þess að menn hafa verið að breyta þessu til þess vegar að Alþingi kjósi fulltrúana og síðan velji eða skipi ráðherra formann. Það er óeðlilegt að ráðherra skipi bæði formann og varaformann og það séu aðeins þrír kosnir af Alþingi. Þó svo sé í gildandi lögum er full ástæða til að taka þetta til endurskoðunar og hafa samræmi í því hvernig valið er í ráð af þessu tagi.

Ég verð að segja að ég tel fullkomlega eðlilegt að formaður haldi umboði sínu á meðan ráðherra situr. Ég er alveg sammála því, enda hafa menn verið að breyta lögum í þá veru. Það er fullkomlega eðlilegt. En ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi engar áhyggjur af því sem kom fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds og kom fram í samgn. við umfjöllun á þessu máli, þ.e. hvað flugfloti okkar af einkaflugvélum er orðinn gamall. Yngstu vélarnar eru 17 ára og meðalaldurinn er tæplega 30 ár.

Ýmislegt annað kom fram í nefndinni sem snýr að einkaflugmönnum og ég hefði talið fulla ástæðu til að skoða betur en því miður kom umsögn einkaflugmanna ekki fyrr en mjög seint til nefndarinnar. Ýmsar athugasemdir þeirra hefði ég talið fulla ástæðu til þess að skoða betur áður en þessi lagasetning fer í gegnum þingið.

[19:12]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nefndaráliti minni hluta samgn. sem hv. 18. þm. Reykv. skrifaði undir stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur skal á það bent að tæpast eru fordæmi fyrir því að ráðherra skipi formann og varaformann einstakra stjórna eða nefnda en Alþingi aðra. Farið er fram á að bent verði á fordæmi slíks."

Svo mörg eru þau orð. Af því að hér er farið fram á það að ég bendi á fordæmi þá er fordæmið í lögunum sjálfum. Eins og fram kom í máli hv. þm. lét hann í ljósi þá skoðun að rétt væri að óbreytt lög væru áfram í gildi sem þýðir þá að hin sama skipan eigi halda áfram.

[19:13]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fullkominn misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég hafi lagt til að gildandi lög yrðu áfram í gildi að því leyti sem snýr að því hvernig skipað er í flugráðið. Það er algerlega rangt hjá hæstv. ráðherra og misskilningur. Ég taldi að eðlilegt væri að Alþingi kysi alla fullrúana og síðan að hæstv. ráðherra skipaði formann. Það taldi ég eðlilega meðferð málsins en ekki að gildandi lög yrðu áfram í gildi.

[19:13]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einungis af því að hv. þm. í nefndaráliti sínu spurði um fordæmi sem ég taldi nauðsynlegt að geta um það.

[19:14]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. samgrh. og um það er enginn ágreiningur að vafalaust hefur verið þörf á því að breyta núgildandi ákvæðum um flugráð. Ráð af þessu tagi getur starfað á þrennan hátt. Það getur haft stjórnsýsluhlutverk, það getur haft eftirlitshlutverk og það getur haft ráðgjafarhlutverk. Það virðist hafa haft ákveðið stjórnsýsluhlutverk sem í raun er kannski miklu meira en hægt er að ætlast til að ráð af þessu tagi geti staðið undir og kannski er eðlilegt að breyta því. Ráðherrann vildi breyta þessu í hreint ráðgjafarhlutverk. En úr því að niðurstaðan verður sú að um eftirlitshlutverk verður að ræða, þá er auðvitað ekki eðlilegt að viðkomandi ráðherra hafi allt of mikið áhrif á val þeirra manna sem eiga að sitja og hafa eftirlit með ráðuneytinu og viðkomandi ráðherra. Eftirlitshlutverki verður best sinnt af óháðum aðila og flugráð ætti því að vera algjörlega óháð viðkomandi ráðherra.

Svo vil ég bara bæta því við í sambandi við heimildir til stofnunar hlutafélaga vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að lagaákvæðið mundi alveg breyta um merkingu ef

skotið væri inn setningunni: „í samræmi við heimild í fjárlögum". Það væri strax allt annað að heimildin væri bundin því skilyrði og ég vil eindregið skora á hæstv. ráðherra og meiri hluta nefndarinnar að taka tillit til þessara ábendinga minna og koma með brtt. þess efnis.

[19:16]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin á sínum tíma að Alþingi skyldi kjósa þrjá menn í flugráð en tveir skyldu skipaðir af ráðherra með sérþekkingu í flugmálum, sé að þeir menn eru vandfundnir hér á landi sem hafa sérþekkingu á flugmálum og eru ekki vanhæfir til að takast á hendur umrædd störf. Hugsunin á bak við ákvæðið er sú að þeir sem Alþingi kýs séu fyrst og fremst pólitískir fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem standa á bak við kjör þeirra en á hinn bóginn sé nauðsynlegt fyrir samgrh. og flugráð sjálft að hafa menn með sérþekkingu innan sinna vébanda. Þeir væru hins vegar ekki beinlínis pólitískir fulltrúar. Enda hygg ég að reynslan sýni það að tilhneiging hefur verið til að skipa formenn flugráðs, fyrst og fremst út frá mikilli þekkingu þeirra á flugmálum. Þar gæti ég t.d. nefnt Leif Magnússon sem vinnur hjá Flugleiðum og núv. formann flugráðs.

[19:18]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni áðan og í svari mínu við andsvari ráðherra hef ég vakið athygli á því að 7. gr. er gölluð bæði að efni og formi. Efnislega er hún gölluð að því leyti að við teljum mjög óeðlilegt að ríkisfyrirtæki fái heimild til að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar. Efnislega tel ég að þetta sé mikill ágalli.

Ég var líka með formlega athugasemd, þ.e. jafnvel þó að menn væru samþykkir þessu þá hlytu þeir að orða það formlega. Eins og þetta er orðað hér er þetta allt of opið og heimildin allt of rúm. Ég benti hæstv. ráðherra á að formlega væri greinin þó strax aðeins skárri ef sagt væri, með leyfi forseta: Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra og heimild í fjárlögum að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar. Þar með hefðu stofnunin og viðkomandi ráðherra ekki opið umboð til þess að gera þetta á grundvelli þessarar einu óljósu lagagreinar heldur yrði að sækja heimild til þess hverju sinni í fjárlög. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um skoðun hans á þessu atriði.

[19:20]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Áðan tók ég fram að ég teldi að Flugmálastjórn væri óheimilt að verja fjármunum sínum án heimildar í fjárlögum eða flugmálaáætlun. Ég hygg að það svari til fulls spurningu hv. þm. en er reiðubúinn til að ræða milli 2. og 3. umr. hvort rétt sé að gera þetta ákvæði gleggra að því leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Eftirlit með skipum, 1. umr.*

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1005.

[19:21]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)**:

Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum.

Á undanförnum missirum hefur færst í vöxt að skip séu gerð út til skoðunarferða eða útsýnisferða og þá einkum sem hluta af ferðaþjónustu við innlenda sem erlenda ferðamenn. Á það hefur verið bent að eftirlit með starfsemi þessara skipa eða báta þurfi að vera strangara og skilvirkara. Í því sambandi hefur verið bent á nauðsyn þess að tryggja að reglum sé fullnægt, m.a. um skráningu skipsins, smíði og búnað, mönnun áhafna, neyðaráætlanir, leiðbeiningar til farþega, tilkynningarskyldu og vátryggingarskyldu. Markmið þessa frv. er að bæta úr fyrrgreindum atriðum.

Í 1. gr. frv. er lögð til breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993. Lagt er til að farþegaflutningar með skipum verði háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun gefi út slíkt leyfi þegar sýnt hefur verið fram á að uppfyllt hafi verið ákvæði laga og reglugerða sem um skipið og starfsemi þess gilda, m.a. um smíði þess og búnað, atvinnuréttindi og fjölda skipverja í áhöfn skips.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting á siglingalögum nr. 34/1985. Lagt er til að kveðið verði á um það í siglingalögum að þeim sem annast farþegaflutninga með skipum sé skylt að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi gegn tjóni sem kann að verða. Samkvæmt reglum siglingalaga ber hann ábyrgð á ef óhapp eða slys verður um borð í skipinu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni frv. en vísa til greinargerðar með því. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Siglingalög, 1. umr.*

Stjfrv., 613. mál. — Þskj. 1042.

[19:22]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)**:

Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum björgunarkafla siglingalaga. Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði 11. apríl 1997. Breytingar þær sem frv. felur í sér byggja á alþjóðasamningi um björgun frá 1989 sem leysti af hólmi eldri samning um sama efni frá 1910.

Ástæður alþjóðasamningsins frá 1989 má fyrst og fremst rekja til þess er olíuskipið Amoco Cadiz fórst við Frakklandsstrendur í mars 1978. Það hafði í för með sér mikið umhverfistjón. Með frv. er alþjóðabjörgunarsamningurinn frá 1989 leiddur í lög hér á landi.

Ísland undirritaði hvorki samninginn frá 1910 né fullgilti hann en tekið hefur verið mið af honum í núgildandi siglingalögum. Ísland undirritaði ekki samninginn frá 1989 en miðað er við að gerð verði tillaga um fullgildingu hans ef frv. þetta verður að lögum.

Alþjóðlegi björgunarsamningurinn frá 1989 öðlaðist gildi 14. apríl 1996 þegar eitt ár var liðið frá því að 15 ríki höfðu samþykkt hann. Meginatriði frv. eru eftirfarandi:

Samkvæmt gildandi siglingalögum eiga björgunarreglurnar fyrst og fremst við um björgun á skipi eða á farmi um borð í skipinu eða sem verið hefur um borð. Björgun mannslífa sem slík veitir ekki rétt til björgunarlauna en getur þó haft áhrif á ákvörðun björgunarlauna.

Með samningnum frá 1989, sem frv. þetta byggir á, gilda nýjar björgunarreglur. Nýjar reglur gilda einnig um lausafé sem ekki eru í neinum tengslum við skip. Jafnframt er það nýmæli að nú er lagt til að björgunarreglur siglingalaga taki ekki aðeins til björgunar á sjó heldur eigi þær jafnt við um björgun á ám og vötnum.

Í 9. gr. björgunarsamningsins er miðað við að strandríki hafi rétt til að gera ráðstafanir í samræmi við reglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína. Í því efni hefur verið litið svo á að því nær ströndum viðkomandi ríkis sem mengunarhætta kemur upp, því meiri líkur eru á að réttur til að grípa inn í sé fyrir hendi.

Meginreglan í björgunarrétti er reglan um „no cure, no pay" sem útleggst: Engin björgun, engin björgunarlaun. Í samningnum frá 1989 og frv. þessu er það nýmæli að gerð er undantekning frá þessari meginreglu. Hún felst í því að björgunarmaður sem unnið hefur að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, á rétt á sérstakri þóknun sem svarar kostnaði hans við björgunarvinnuna þó honum hafi ekki tekist að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Samningurinn frá 1989 kveður á um að hverju ríki sé í sjálfsvald sett hvort björgunarreglurnar verði látnar gilda um skip í eigu ríkisins. Almenna reglan á Norðurlöndum er sú að björgunarreglur siglingalaga taka einnig til skipa í eigu ríkisins. Hér er lagt til að sú meginregla verði áfram í gildi hér á landi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni frv. en vísa til ítarlegrar greinargerðar sem fylgir frv. Ég vil bæta því við að vel hefur verið vandað að undirbúningi þess. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[19:26]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég tek undir það með ráðherra að frv. til laga um breytingu á siglingalögum er vel unnið. Hér kemur margt athyglisvert fram varðandi björgun. Þó eru fáein atriði sem ég vildi koma inn á. Tímans vegna mun ég ekki hafa langt mál um það en mér finnst þurfa að athuga það sem segir á bls. 24, með leyfi forseta:

„Lagt er til að í 170. gr. c komi ákvæði sem er að mestu leyti samhljóða 169. gr. gildandi siglingalaga, þó með þeirri undantekningu að 6.–8. mgr. fela í sér nýmæli. Þá gilda ákvæði 1.–6. mgr. aðeins um skiptingu björgunarlauna þegar það skip sem bjargar er skrásett á Íslandi. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Í 7. mgr. segir að þegar skipið sem bjargar er ekki skrásett á Íslandi fer um skiptingu björgunarlauna eftir löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð."

Nú er það svo, herra forseti, að fjölmörg kaupskip sigla undir erlendum fána en hafa íslenska áhöfn. Þau eru í svokallaðri þurrleigu. Ég sé fram á vanda hvað þetta ákvæði áhrærir. Ef t.d. skip Eimskipafélagsins eða Samskipa undir erlendum fána með íslenskri áhöfn bjargaði skipi, þá yrðu björgunarlaun að fara t.d. eftir lögum Kýpur eða Panama. Þannig að hér eru nokkur atriði sem þurfa skoðunar við í nefndinni.

Eins er athyglisvert að skoða málið varðandi kröfur bjargenda. Án tillits til aðstæðna gæti það komið upp að bjargendur gerðu kröfu um björgunarlaun og meðan ekki hefur verið skorið úr um það geta björgunarmenn krafist þess að góss sé ekki flutt af strandstað. Þá vaknar spurningin: Getur það verið að texti þessara laga gæti tafið mjög fyrir björgun? Þar er mér t.d. hugsað til strands Víkartinds. Ef ekki hefur verið nægilega vel gengið frá tryggingu útgerðarmanns eða eiganda skipsins, farmurinn ekki verið nægjanlega tryggður og björgunarmenn í vafa um að þeir muni njóta þeirra björgunarlauna sem þeir telja sig verðskulda, þá gætu þeir samkvæmt orðanna hljóðan sett fram kröfu um lögbann á flutning þess góss sem bjargað hefur verið, þar til þeim væru tryggð björgunarlaun.

Ég tel að eftir strand Víkartinds, að fenginni þeirri reynslu, hafi menn unnið þetta frv. Eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh. er þetta mjög ítarlega og vel unnið lagafrv. Ég er ekki að gera lítið úr því. Hér eru þó fáein ákvæði sem ég tel að hv. samgn. þurfi að skoða milli umræðna.

Ég ætlaði aðeins að nefna þetta tvennt hér. Tímans vegna ætla ég ekki að fara í fleiri þætti en mun hins vegar koma því sem ég tel að betur þyrfti að skoða beint til formanns hv. samgn. Ég vildi aðeins benda á þetta tvennt og beina spurningum mínum til hæstv. samgrh. Hvernig sér hann þau mál þróast er ég gat um, skip á þurrleigu með íslenskri áhöfn undir erlendum fána og kröfuna um rétt björgunarmanna til að nánast kyrrsetja það góss sem bjargað hefur verið í land, t.d. af strönduðu skipi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 14.–22. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

## 99. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Verslunaratvinna, stjfrv., 151. mál, þskj. 1016. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Umferðarlög, stjfrv., 341. mál, þskj. 430, brtt. 1018. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Umferðarlög, stjfrv., 443. mál, þskj. 770. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 444. mál, þskj. 771. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 209. mál, þskj. 222, nál. 1031, brtt. 1032. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 429, nál. 1027, brtt. 1028. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 441. mál, þskj. 768, nál. 1021. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Lögreglulög, stjfrv., 442. mál, þskj. 769, nál. 1019, brtt. 1020. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 210, nál. 1063 og 1083, brtt. 1064. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1005. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Siglingalög, stjfrv., 613. mál, þskj. 1042. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

12. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Ein umr.

13. Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 262. mál, þskj. 329. — Fyrri umr.

14. Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, stjtill., 616. mál, þskj. 1047. — Fyrri umr.

15. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, stjtill., 615. mál, þskj. 1046. — Fyrri umr.

16. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, stjtill., 614. mál, þskj. 1045. — Fyrri umr.

17. Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, stjtill., 617. mál, þskj. 1048. — Fyrri umr.

18. Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, stjtill., 622. mál, þskj. 1052. — Fyrri umr.

19. Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, stjtill., 621. mál, þskj. 1066. — Fyrri umr.

20. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, stjtill., 618. mál, þskj. 1049. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Almannavarnir, 635. mál, frv. ÁE, þskj. 1091.

Grunnskóli, 636. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 1092.

Sjóður í vörslu sjávarútvegsráðuneytis, 633. mál, fsp. ÁE, þskj. 1089.

Skattlagning framlaga úr kjaradeilusjóðum, 631. mál, þáltill. SJóh o.fl., þskj. 1087.

Verðjöfnun á raforku, 632. mál, fsp. SvG, þskj. 1088.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Frétt DV um umræður á Alþingi um vistun ungra afbrotamanna.

[13:34]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Í gær var utandagskrárumræða um vistun ungra afbrotamanna og til svara voru hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh. Þau gögn sem við þingmenn fengum um þessa umræðu voru á þann veg að félmrh. mundi verða viðstaddur umræðuna og dómsmrh. sæti fyrir svörum.

Nú gerist það í umræðunni að hv. formaður heilbr.- og trn. ber hæstv. heilbrrh. sökum um áhugaleysi á þessu máli og sökum um að vera ekki viðstaddan umræðuna. Þessi ræða hans hefur greinilega haft þau áhrif á fréttaskrif um þetta mál að í DV í morgun kemur grein um að þetta hafi vakið sérstaka athygli og er dregin sú ályktun af umræðunni að þetta hafi verið niðurstaðan, að það sem athygli vakti var að hæstv. heilbrrh. var ekki viðstaddur. Ég spyr því: Undir hvaða formerkjum var þessi umræða háð? Ég tel nauðsynlegt að það komi fram. Var heilbrrh. boðaður til þessarar umræðu? Fékk hann þau gögn sem til þurfti? Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að þetta sé upplýst.

Mér er fullljóst að hv. þingmenn eiga að sitja þingfundi en hins vegar hefur aldrei verið gerð athugasemd við það, ekki upp á síðkastið svo ég muni, að ráðherra sem ekki er boðaður til utandagskrárumræðu sé borinn sökum á þennan hátt af hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir að sitja ekki undir umræðum.

[13:37]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna ræðu hv. 2. þm. Austurl. vill forseti taka fram að hæstv. heilbr.- og trmrh. var ekki boðaður til þessarar umræðu heldur hafði orðið samkomulag um að hæstv. dómsog kirkjumrh. og hæstv. félmrh. yrðu hér til andsvara og gert var ráð fyrir því að tíminn sem í umræðuna færi yrði ein klukkustund. Niðurstaðan varð sú að gefa sér þann tíma sem þar var ákveðinn í umræðuna og að einungis yrðu þessir tveir hæstv. ráðherrar til svara.

Þetta vill forseti taka fram vegna ræðu hv. 2. þm. Austurl.

[13:37]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að einungis var óskað eftir því að þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér hafa verið nefndir yrðu viðstaddir umræðuna í gær, enda hét hún Vistun ungra afbrotamanna. Fyrst og fremst var verið að tala um lokaða eða opna vistun fyrir unga afbrotamenn. Upphaflega var ætlunin að sækja um lengri umræðu og þá hefði mátt hugsa sér að taka stöðu heilbrigðismála í fangelsum í framhaldi af ráðstefnu sem var haldin um daginn en að þessu sinni var það ekki gert og ekki á nokkrum stigum farið fram á það við hæstv. heilbrrh. að hún væri viðstödd.

[13:38]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér þykir nú Framsfl. vera orðinn ærið hörundsár. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að sú umræða sem hér var háð utan dagskrár í gær var háð í skugga ráðstefnu, í skugga málþings sem haldið hafði verið að frumkvæði Verndar í Norræna húsinu, þar sem fram komu mjög alvarlegar upplýsingar um stöðu heilbrigðismála sem einnig vörðuðu unga fanga. Það kom fram hjá sálfræðingi fangelsisins á Litla-Hrauni að víða væri pottur brotinn að því er varðaði geðheilbrigðismálin og kom fram að fram að áramótum hefði einn geðlæknir komið einu sinni til tvisvar í mánuði í fangelsið. Hann hefði ekki getað sinnt þeim verkefnum sem þar voru.

Það kom líka fram í máli sálfræðingsins á ráðstefnunni að eftir áramótin hefði engin geðheilbrigðisþjónusta verið í fangelsinu. Dettur einhverjum manni í hug að þegar menn eru að ræða utan dagskrár málefni fanga sem þarna vistast, í ljósi þeirra atburða sem þar hafa gerst og í ljósi þessara upplýsinga sem þarna komu fram, að ekki yrði spurt eftir því hvað hæstv. heilbrrh. ætlaði að gera í málinu? Það mátti

að sjálfsögðu hverjum manni vera það ljóst að það hlaut að koma upp í umræðunni, að sjálfsögðu. Þess vegna var í hæsta máta eðlilegt að ég innti eftir því hvers vegna hæstv. ráðherra var ekki viðstaddur þessa umræðu. Ég hefði talið það miklu betra. En ef það er svo að hv. þm. Jón Kristjánsson er þeirrar skoðunar að það þurfi sérstaka utandagskrárumræðu um heilbrigðismálin í fangelsunum, er sjálfsagt að íhuga hvort ekki sé rétt að verða við þeirri bón.

[13:40]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tel að útskýringar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hafi ekki verið til að bæta málstað hans í þessum efnum. Auðvitað er hægt að biðja um umræður um önnur mál síðar en það var ekki það sem rætt var um í gær, það voru ekki geðheilbrigðismál í fangelsum sem voru á dagskrá. Þess vegna var það algerlega ómálefnalegt af hv. þm. að nota mikinn hluta ræðutíma síns til þess að hneykslast á því að hæstv. heilbrrh. væri ekki við umræðuna, enda hefur það komið fram hér hjá málshefjanda, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að hún óskaði ekki eftir því að hæstv. heilbrrh. væri viðstaddur umræðuna.

Mér er eiginlega nauðsynlegt, hæstv. forseti, að segja það að auki í tengslum við þetta að í upphafi þessa kjörtímabils beitti ég mér fyrir því innan þingflokks framsóknarmanna að stjórnarandstaðan fengi formennsku í þremur nefndum. Það varð niðurstaðan, m.a. vegna þess að þetta þótti hafa gefið góða raun á síðasta kjörtímabili og ekki ástæða til að hverfa til baka vegna þess að að okkar mati er þetta til að styrkja stöðu þingsins og styrkja þingræðið í landinu. Það hefur hins vegar sýnt sig á þessu kjörtímabili að þetta er ekki einfalt mál. Miðað við frammistöðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem formanns í hv. heilbr.- og trn., þar sem hann hefur nánast lagt hæstv. heilbr.- og trmrh. í einelti, verð ég því miður að segja að þessi mál hljóta að verða til athugunar þegar þau koma næst til umræðu.

[13:42]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. málshefjanda virðist hafa láðst að láta hæstv. heilbrrh. vita af því að hún ætlaði að ræða þessi mál því að hæstv. heilbrrh. var víðs fjarri og gerir það að sjálfsögðu enn erfiðara að ræða málin, þannig að ég skil nú ekki í því hvernig hv. málshefjandi getur kvartað yfir því að láðst hafi að láta heilbrrh. vita af umræðunni í gær þegar hann gleymir því sjálfur í dag.

Það voru tveir ráðherrar Framsfl. árið 1988 sem gerðu það samkomulag sín á milli að færa heilbrigðismál ósakhæfra afbrotamanna úr umsjá dómsmrn. yfir í umsjá heilbrrn. og öll þeirra málefni. Það var hv. þáv. dómsmrh. Halldór Ásgrímsson og hv. þáv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason. (**Gripið fram í:** 1990?) Það var rétt fyrir stjórnarskipti sem sú ákvörðun var tekin, að færa málefni þessara fanga frá dómsmrn. til heilbrrn. Það var því mjög eðlilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi um bágan hag þessa fólks varðandi geðheilbrigðisþjónustu í umræðunni í gær og raunar aðra heilbrigðisþjónustu sem hefur verið með þeim hætti í gegnum árin að það er einhver svartasti blettur á íslenskri heilbrigðissögu sem ég hef nokkru sinni séð. Ég fullyrði það úr þessum ræðustól að ástandið hefur verið þannig að margt af því fólki sem þar hefur átt í vök að verjast og verið meðal okkar minnstu bræðra hefur verið gert að stofnanamat og jafnvel gleymst úti í erlendum fangelsum, sjúkt fólk sem hefur átt að fá aðhlynningu en ekki fengið. Það er mjög eðlilegt (Forseti hringir.) að hv. þm. geri þessi mál að umræðuefni og hafi gert það í gær og mjög eðlilegt að hann beini máli sínu til hæstv. heilbrrh. því það voru tveir ráðherrar Framsfl. sem tóku ákvörðun um að málefni (Forseti hringir.) þessara ósakhæfu afbrotamanna yrðu færð frá (Forseti hringir.) dómsmrh. yfir til heilbrrh. og annar þeirra var formaður Framsfl., virðulegi forseti.

[13:45]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er ótrúleg uppákoma í upphafi þingfundar. Það voru mjög sterkar ábendingar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með í utandagskrárumræðunni í gær. Og að koma hér og gefa það til kynna að þegar rætt er um unga afbrotamenn þurfi ekki að tala um geðhjálp í fangelsunum. Skyldi það ekki vera að ungir afbrotamenn þyrftu á geðhjálp að halda og jafnvel miklu meiri hjálp að halda en þeir sem eldri eru?

Virðulegi forseti. Það hefur aldeilis oft gerst að ráðherra sem ekki hefur verið kallaður til umræðu í utandagskrárumræðu hafi mætt hér til leiks. Ég ætla sérstaklega að gefnu þessu tilefni að nefna hæstv. félmrh. vegna þess að ég held að það hafi verið á síðasta vetri sem hann sat hér utandagskrárumræðu og tók þátt í henni þótt hún beindist að öðrum ráðherra, og ég hældi honum feikilega mikið fyrir það. Og það er ástæða til að nefna það því ég er ekki alltaf að hæla hæstv. félmrh.

Virðulegi forseti. Hitt málið er öllu alvarlegra sem hér kom fram þegar þess er getið og eiginlega hótað að víkja eigi formanni heilbrn. úr formennsku í heilbr.- og trn. fyrir að hann hefur skoðun á heilbrigðismálum. Skyldi það vera að formaður heilbr.- og trn. hefði ef til vill mesta þekkingu á heilbrigðismálunum? Skyldi það vera að sá einstaklingur hefði mesta þekkingu og kæmi sem fyrirliði stjórnarandstöðunnar í þeim málaflokki og gerði athugasemdir?

Og er það svo, virðulegi forseti, að í tilboði til stjórnarandstöðunnar um að fá þrjá formenn í nefndum hafi falist að múlbinda ætti þingmann? Átti með því að múlbinda þennan sterka þingmann jafnaðarmanna, Össur Skarphéðinsson, með formennsku í heilbr.- og trn.? Ég geri alvarlega athugasemd við þetta.

[13:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir skömmu gerðist það að stjórnarandstaðan nýtti rétt sinn samkvæmt þingsköpum til að greiða atkvæði gegn afbrigðum. Stjórnarliðið brást við því með þeim hætti að því var hótað að breyta samskiptum í veigamiklum atriðum og margra missira vinna um breytingu á þingsköpum Alþingis var í raun tekin út af borðinu.

Nú er greinilega þykkt í framsóknarmönnum út af ummælum formanns heilbrn. í gær. Og hvert er viðbragð stjórnarliðsins, hvert er viðbragð formanns þingflokks Framsfl.? Viðbragðið er að hóta því að stjórnarandstaðan fái ekki á næsta þingi formennsku í nefndinni. Ég vil að það sé alveg skýrt af minni hálfu alla vega og okkar þingflokks: Við höfum ekki verið að sækjast eftir því til að komast í náðina hjá stjórnarflokkunum. Við höfum talið að um væri að ræða góð vinnubrögð í skipulagi þingsins. Ég skora á hv. formann þingflokks Framsfl. að kalla þá hótun aftur núna, vegna þess að það er óþolandi fyrir okkur í stjórn og stjórnarandstöðu að láta þá hótun liggja hér yfir vötnunum á þann hátt sem hún liggur nú fyrir.

[13:49]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Þetta er ákaflega sérkennileg umræða svo ekki sé meira sagt. Ég held satt að segja að flokka megi hana undir mistök. Hér var eftir því óskað í umræðum í gær og um það spurt hvort hæstv. heilbrrh. hefði ekki eitthvað til málanna að leggja. Deginum síðar kvarta forustumenn Framsfl. yfir því að sú beiðni hafi komið fram. Gera þannig lítið úr ráðherra sínum og gefa til kynna að hann hafi ekkert um málið að segja. Og það sem meira er, þeir finna þessari umræðu stað nákvæmlega á þeim tíma sem hæstv. heilbrrh. er ekki hér í salnum og hefur ekki nein tök á því að koma inn í umræðuna. Ég held að stjórnarandstaðan hafi það mikið álit á hæstv. heilbrrh. að hún telji það mikilvægt að heilbrrh. sé viðstödd umræðu um efni máls, og einnig um það sem við ræðum um hér. Hér er því um stórkostleg mistök að ræða af hálfu framsóknarmanna í þinginu. Og þau voru aldeilis punkteruð í lokaorðum hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, formanns þingflokks Framsfl., þegar hún fór fram með hótanir og kvað upp úr með að það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson leyfði sér að hafa skoðanir á heilbrigðismálum þýddi það að nú þyrfti sko aldeilis að fara að skoða upp á nýtt það samkomulag sem gert var í upphafi þessa kjörtímabils um hlutdeild stjórnarandstöðu í störfum þingsins, í störfum nefndanna.

Ég hef ekki heyrt einn einasta mann í heilbrn. þingsins, og ég kalla þá eftir því ef svo er, sem hefur haft uppi kvartanir um stjórn þessa hv. þm. í nefndinni. Og ég krefst þess að ef kvartanir eru á ferð um þau efni þá komi þær fram. Hér er því um að ræða fullkomlega staðlausa stafi af hálfu hv. þm. fyrr en hún finnur orðum sínum stað. Öðruvísi skal hún vera ómerkingur orða sinna.

[13:51]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er hin einkennilegasta umræða. Það lá í hlutarins eðli að hv. þm. gátu reiknað með því að þegar á að taka fyrir vistun ungra afbrotamanna þá hljóta að koma fram á því máli allar þær hliðar sem því tengjast, þó að vegna þeirrar takmörkunar sem var við umræðuna, þ.e. einn klukkutími, veldi ég að kalla aðeins til svara tvo ráðherra en lýsti því jafnframt yfir að það þyrfti að ræða fleiri hliðar og það yrði gert í framhaldinu.

Það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð af hálfu Framsfl. að biðja um frestun á umræðunni á meðan hæstv. heilbrrh. var sótt til þess að svara þegar máli var beint til hennar. Það er alls ekkert óeðlilegra að hv. þm. Össur Skarphéðinsson beini spurningum eða umræðu sinni að þessari hlið, vistun ungra afbrotamanna, en að hv. þm. Framsfl. komi hér fram við þessa umræðu að hæstv. ráðherra heilbrigðismála fjarstaddri.

Það er líka einkennilegt að segja það að þó valinn hafi verið formaður úr stjórnarandstöðu fyrir heilbr.- ogt trn., þar sem vinnan hefur verið með ágætum og enginn undan því kvartað, að ekki hafi þar verið staðið eðlilega að afgreiðslu mála, þó að hann sem þingmaður sem hefur mikið vit á heilbrigðismálum gagnrýni störf hæstv. heilbrrh. Við þurfum auðvitað að ræða það ef í því á að felast að okkur sé úthlutað fyrir náð og miskunn einhverjum embættum af hálfu meiri hlutans, að við undirgöngumst það að gagnrýna ekki þessa stjórn eða störf hennar. Þetta er alveg með ólíkindum að okkur sé boðið upp á slíka framkomu af hálfu formanns þingflokks Framsfl.

[13:53]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég undrast þessa síðustu ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Mér þykir hún draga heldur í land frá því sem hún sagði í upphafi fundarins þegar hún viðurkenndi og staðfesti að hún hefði ekki óskað eftir hæstv. heilbr.- og trmrh. við umræðuna. Að koma hér með einhverjar útskýringar eins og þær að framsóknarmenn hefðu átt að biðja um frest á umræðunni meðan kallað væri á heilbrrh. sýnir bara það (Gripið fram í.) að hv. þm. gerir sér ekki grein fyrir þingsköpum.

En út af því sem hér var sagt áður og ég sagði fyrr í umræðunni þá ætla ég ekki að draga neitt til baka af því sem ég sagði. Við vitum það öll að við erum að þróa með okkur ný vinnubrögð á hv. Alþingi. Við erum að þróa með okkur vinnubrögð þannig að stjórnarandstaðan fái ákveðið hlutverk í þingstörfunum og á þann hátt eflist þingið og þannig eflum við þingræðið. Það tekur sinn tíma að þróa þetta þannig að öllum líki. Þess vegna leyfði ég mér að koma fram með þá skoðun að mér finnst að hv. formaður heilbr.- og trn. hafi ekki starfað af fullum heilindum sem formaður þeirrar nefndar. (**Gripið fram í:** Ha!)

Að sjálfsögðu má hv. þm. og á hv. þm. að hafa miklar skoðanir á heilbrigðismálum og það hefur hann og þeim getur hann svo sannarlega komið á framfæri. En hann á ekki að starfa þannig að hann leggi hæstv. heilbr.- og trmrh. í einelti, eins og hann hefur gert. Ég bendi á að tveir hv. stjórnarandstæðingar gegna formennsku í nefndum að auki, og ekki hefur verið neitt upp á þá að klaga og þeir hafa staðið sig með prýði, en ég ætla ekkert að bakka með það að mér finnst hv. formaður heilbr.- og trn. ekki hafa staðið sig með prýði. (**SvG:** Þannig að hótunin stendur?)

[13:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það vill nú svo til að formaður heilbr.- og trn. er annálaður geðprýðismaður. Annars hefði hann kannski leyft sér þann munað að segja nokkur vel valin orð við þennan hv., og mér þykir miður að ég þurfi að taka mér það orð í munn, þennan hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur yfir því síðasta sem hún sagði. Mér er alveg sama þó að menn hafi aðrar skoðanir en ég, það kann vel að vera að þeir telji að ég sé vondur formaður. En að koma hingað og segja að ég hafi ekki sýnt heilindi í starfi mínu, formaður þingflokks Framsfl., sem aldrei sl. þrjú ár, aldrei hefur komið til mín og kvartað undan störfum mínum og það hefur enginn þingmaður Framsfl. kvartað undan störfum mínum.

Herra forseti. Ef þingmenn Framsfl. halda að formaður heilbrn. sé slík lufsa að hægt sé að kaupa hann með vegtyllum þá ættu þeir að skoða þetta mál betur. Ef Framsfl. heldur að það sé hægt að kaupa mig fyrir einhver metorð þá fer hann villur vegar í þessu eins og svo mörgu öðru. Ég hef leyft mér þann munað, herra forseti, að hafa skoðanir og standa fast á þeim og fylgja því ákvæði stjórnarskrárinnar sem segir að ég eigi að fylgja sannfæringu minni. Og það getur vel verið að einhverjum ráðherra í einhverju ráðuneyti þyki það miður og það getur vel verið að ég hafi komið við kvikuna á henni stundum. En ég hef aldrei gert annað en að fara málefnalega í umræður um þau mál. Ég held að ég hafi afgreitt hvert og eitt einasta frv. sem til nefndarinnar hefur komið frá ráðherranum, en þau eru að vísu firna fá. Kynni það að eiga sér einhverjar ástæður í verklagi ráðuneytisins?

Herra forseti. Það er einungis vegna þeirra atburða sem urðu á síðustu vikum að ég skora ekki á hæstv. heilbrrh. að mæta mér í þessum sal í umræðunni um geðheilbrigðismálin í fangelsunum. En af virðingu við þá sem eiga aðild að því máli vil ég ekki gera það, vegna þess að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Herra forseti. Hér situr einn maður, hæstv. kirkjumrh., sem þegir. En hver var það sem fyrstur tók upp (Forseti hringir.) heilbrigðismál í fangelsunum í gær? Og hver var það sem benti sérstaklega á að frá (Forseti hringir.) síðustu áramótunum, eftir að allt komst í óefni í fangelsunum varðandi geðheilbrigðismálin, að það hefði verið eftir að hæstv. heilbrrh. tók við málinu? (Forseti hringir.) Það var ráðherra í ríkisstjórninni sem hóf þá umræðu en ekki ég.

[13:58]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Margt hefur verið sagt í þessari umræðu og ég hlýt að rifja upp hvað varð tilefni hennar. Ég spurði um hvaða reglur hefðu verið og undir hvað formerkjum utandagskrárumræðan hefði verið háð í gær. Hæstv. heilbrrh. var ekki kallaður til hennar, það hefur verið upplýst hér, og vörn þeirra hv. alþýðuflokksmanna sem hafa talað hér er sú að fara út í almennar umræður um geðheilbrigðismál í fangelsum, eins og það hafi verið það sem ég talaði um. (**ÖS:** Vertu ekkert að draga í land.) Eins og það sé ekki alvarlegt mál, hv. þm. Vörnin er í því.

En ég er aðeins að tala um umgengnisreglur í hv. Alþingi. Það er vitað að utandagskrárumræður eru háðar samkvæmt sérstöku samkomulagi um tíma og hverjir eiga að vera við. Það er ákveðinn tími sem hver hefur í þeirri umræðu, það er neglt niður fyrir fram. Ég er að tala um það og upplýst hefur verið hér að viðkomandi ráðherra var ekki boðaður til umræðunnar.

Ég er ekki að beina máli mínu til hæstv. ráðherra en það hefur verið gert mikið úr því að hann sé ekki viðstaddur. Ég hef ekkert við hann að tala um þetta. Ég var að beina máli mínu til hæstv. forseta og hann hefur svarað spurningum mínum og það hefur verið upplýst sem ég vildi fá fram að ráðherrann var ekki boðaður með venjulegum hætti til umræðunnar og hafði ekki skyldu til þess að vera viðstaddur hana umfram almenna þingskyldu sína. Það er upplýst og þetta er niðurstaða og það er það sem ég vildi fá fram.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afturköllun þingmáls (frv. um lágmarkslaun).

[14:01]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég ætlaði ekki undir þessum lið að ræða slík alvarlegheit sem hafa verið á vörum manna en kannski væri ástæða til þess að efna til umræðu um störf þingsins í einar tvær til þrjár klukkustundir til þess að menn gætu hreinsað andrúmsloftið.

Ég ætla aðeins, herra forseti, að gera grein fyrir því að mál nr. 307, frv. til laga um lágmarkslaun, væri dregið til baka vegna þess að náðst hefur samkomulag milli mín og hæstv. forsrh. um að það mál fengi sérstaka skoðun með því samkomulagi sem við höfum gert núna fram til haustsins og kæmi þá aftur til umræðu. Hefði mér verið ljóst hvernig sú umræða sem hér hefur verið mundi fara hefði ég dokað örlítið við fram eftir degi með að ræða um þetta mál en ég held að rétt sé að gera grein fyrir því. Menn geta þá kannski hugsað sér að það mál hafi dramatísk áhrif einhvern tíma seinna meir. En ég legg það til, hæstv. forseti, að tekinn verði tími í það að ræða almennt um störf þingsins og þau brigslyrði og ásakanir sem hafa komið fram, sérstaklega á hendur hv. formanni heilbr.- og trn.

### *Um fundarstjórn.*

Orð formanns þingflokks framsóknarmanna um formann heilbr.- og trn.

[14:03]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé í framhaldi af þessum umræðum og hótunum formanns þingflokks Framsfl. að óska eftir því að gert verði hlé á fundinum þannig að forseti og formenn þingflokkanna geti rætt um þessi mál og þá stöðu sem virðist vera komin upp í þinghaldinu og hvort ætlunin er af hálfu framsóknarmanna og annarra stjórnarliða að gera alvöru úr þessari hótun núna á næstunni og við stjórnarandstæðingar verðum þá að gera það upp við okkur hvernig við ætlum að bregðast við. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að gert verði hlé á fundinum þannig að hægt sé að ræða þessi mál því að þessi staða, eftir að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir neitaði að taka til baka hótanir sínar, er algerlega óþolandi. Ég leyfi mér því að fara þess á leit við hæstv. forseta að gert verði hlé á fundinum í nokkrar mínútur.

[14:03]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Eitt af verkefnum þingforseta er að stjórna störfum þingsins og hafa eftirlit með starfsemi þingsins og þingnefnda. Hér hefur formaður þingnefndar verið borinn sökum um óheilindi í störfum sínum sem formaður og óheilindin eiga þá væntanlega að felast í því, eða það verður ekki öðruvísi skilið en svo að óheilindi séu í störfum formanns þingnefndar að vera ekki sammála ráðherra eða gera athugasemdir við störf ráðherra. Síðan er því hótað af formanni þingflokks Framsfl. að rifta samkomulagi um störf þingsins sem gert var við upphaf þessa kjörtímabils.

Ég tek undir ósk hv. þm. Svavars Gestssonar um að gert verði hlé á fundum þingsins og þessi alvarlegu mál rædd því að á morgun verður haldinn fundur til þess að reyna að ná samkomulagi þingflokka um lok þinghaldsins. (**Gripið fram í:** Í dag.) Í dag á að gera það, og það er algerlega fráleitt við þessar aðstæður að ætla sér að fara að taka upp einhverjar samkomulagsviðræður við stjórnarandstöðuna um hvernig haldið skuli á málum til loka þingsins þegar yfirlýsingar eins og hér hafa verið gefnar hafa ekki verið skoðaðar betur. Það þarf t.d. að fá það upplýst sem ekki er hægt: Er sú beiðni um að formaður heilbr.- og trn. sé settur af borin fram í samráði við þann ráðherra sem ekki er mættur? Er það sá ráðherra sem er ekki mættur sem er að biðja sér miskunnar með þessum hætti? Er þessi hótun studd af formanni Framsfl.? Talar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir í nafni þingflokksins þegar hún tilkynnir þessa hótun? Er þetta í samráði við þingflokksformann Sjálfstfl. og forsrh. sem stóð að samkomulaginu við stjórnarandstöðuna í upphafi þessa kjörtímabils?

Virðulegi forseti. Það er skylda forsætisnefndar að taka svona alvarlegar ásakanir upp til skoðunar og afgreiðslu því

að hún á að stýra störfum þingsins og þeirra þingnefnda sem kjörnar eru og það er alvarlegt mál þegar forustumaður þingflokks ásakar formann þingnefndar fyrir óheilindi í störfum sínum sem þingnefndarformaður. Það er ekki hægt að láta það fara inn um annað eyrað og út um hitt. Forsetum ber skylda til þess að ganga strax í þetta mál áður en lengra er haldið og það er út í hött að ætla sér að fara að ræða við stjórnarandstöðu um eitthvert allsherjarsamkomulag í þinginu um afgreiðslu mála í skugga svona ásökunar.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur ákveðið að gera stutt hlé á fundinum og gefur 20 mínútna fundarhlé.)

[Fundarhlé. — 14:07]

### *Formennska í nefndum.*

[14:49]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna þeirra umræðna sem hér fóru fram áðan átti forseti fund með formönnum þingflokka. Að loknum þeim fundi er ljóst að ekki liggja fyrir óskir um breytingar á verkaskiptingu stjórnar og stjórnarandstöðu í þingnefndum. Forseti vill taka fram að hann telur að formaður heilbr.- og trn. hafi sem slíkur rækt störf sín með eðlilegum hætti í heilbr.- og trn.

### *Verslunaratvinna, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 1016.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, LMR, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

### *Umferðarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 341. mál (ábyrgðar- og slysatryggingar, síðara frv.). — Þskj. 430, brtt. 1018.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]

Brtt. 1018 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, LMR, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

### *Umferðarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 443. mál (öndunarsýni). — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, LMR, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

### *Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 444. mál (tölvubrot). — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, LMR, ÓÖH, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

### *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 209. mál (hámark aflahlutdeildar). — Þskj. 222, nál. 1031, brtt. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]

Brtt. 1032,1 samþ. með 38 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1032,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1032,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1032,4 (nýtt ákvæði til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Réttur til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 340. mál (heildarlög). — Þskj. 429, nál. 1027, brtt. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1028,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1018,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
8.–16. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1028,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

### *Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 441. mál (sektarinnheimta). — Þskj. 768, nál. 1021.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, BH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, MF, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, BH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Lögreglulög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 442. mál (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.). — Þskj. 769, nál. 1019, brtt. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Brtt. 1020,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1020,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, BH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
6 þm. (ÁRJ, GÁS, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir því að ráðningarmáti yfirlögregluþjóna og annarra lögregluþjóna sé mismunandi eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. Hins vegar hafa komið fram áhyggjur þess efnis að dregið sé úr réttarstöðu og starfsöryggi lögregluþjóna með því að færa lausnarvald nær starfsvettvangi þeirra og draga úr málskotsmöguleikum. Fáar stéttir eru eins útsettar fyrir gagnrýni og lögreglustéttin. Þetta er eðli máls samkvæmt og mikilvægt er að gagnrýni komist greiðlega til skila og henni sé fylgt eftir ef lögreglumenn brjóta af sér í starfi. En jafnframt þarf að tryggja að réttur lögreglumannsins sé rækilega tryggður með því að mál hans fái ítarlega skoðun ef þau orka tvímælis.

Í ljósi yfirlýsinga sem hæstv. dómsmrh. gaf við umræðu frv. í gær þess efnis að þessi lagabreyting þrengdi í engu möguleika lögregluþjóna til að vísa álitamálum vegna áminninga fyrir brot í starfi til úrskurðar í ráðuneyti frá því sem tíðkast hefur á liðnum árum mun ég ekki greiða atkvæði gegn þessari lagabreytingu heldur sitja hjá.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, JóhS, KHG, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddur.

Brtt. 1020,3 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
5.–6. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

***Loftferðir, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 210, nál. 1063 og 1083, brtt. 1064.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, KPál, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:05]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um mjög mikilvæga lagasetningu að ræða, ný heildarlög um loftferðir sem leysa af hólmi lög sem um margt voru orðin úrelt og stóðust ekki kröfur nútímans. Því miður er þessi lagasetning langt í frá gallalaus þó að margt horfi til bóta. Má þar nefna að í engu er reynt að skilja á milli framkvæmdarvalds Flugmálastjórnar Íslands annars vegar og eftirlitsþáttar þeirrar stofnunar hins vegar. Í öðru lagi er í frv. að finna mjög víðtæka heimild til samgrh. um myljandi einkavæðingu án þess að nokkrar hömlur séu á það settar. Og í þriðja lagi er skipan mála hvað varðar flugráð í fullkomnu klúðri og engan veginn hægt að skilja við málið þannig.

Ég mun þess vegna sitja hjá í atkvæðagreiðslu við frv. í heild og þessar veigamestu greinar þess en styðja það sem til bóta horfir. Ég greiði ekki atkvæði.

2.–5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, KH, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1064,1 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddur.

6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 24:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:10]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þessi lagagrein er um margt óljós eins og kom fram við 2. umr. frv. í gær. Eitt er þó ljóst: Verið er að opna á einkavæðingu flugvallanna. Hér er því um grundvallarákvörðun að ræða og að mínum dómi er fráleitt að opna á heimildir til framkvæmdarvaldsins án þess að Alþingi komi að endanlegri ákvörðun ef til kemur. Í álitsgerð einkavæðingarnefndar fjmrh. sem birt var í febrúar sl. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að ríkisstjórnin samþykki að leggja áherslu á að færa verkefni ríkisins til einkaaðila með einkaframkvæmd á næstu árum. Nefndin hefur haft til skoðunar eftirfarandi verkefni sem öll eru á framkvæmdaáætlun ráðuneytanna og fyrirsjáanlegt er að ráðist verði í á næstu árum. Þau eru: Reykjavíkurflugvöllur. Heilsugæsla á höfuðborgarsvæði. Iðnskólinn í Hafnarfirði. Gæsluvarðhaldsfangelsi.“

Með samþykkt þessarar lagagreinar er verið að gefa Halldóri Blöndal hæstv. samgrh. opinn tékka á flugvelli landsins. Ég er ekki tilbúinn til þess og segi nei.

[15:11]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um óvenjulega víðfeðma og opna heimild að ræða til handa hæstv. samgrh. og raunar flugmálastjóra til þess að gera eðlisbreytingar á eignarhaldi og formi Flugmálastjórnar Íslands. Ég hygg að sjaldan sé jafnlangt gengið og hér því að hér er ekki verið að taka hið venjubundna fyrra skref í þeim efnum að hlutafélagavæða fyrst og einkavæða síðan, heldur er lagt til að ríkisstofnun, A-hluta stofnun, fái galopna heimild til þess að kaupa ný fyrirtæki, að sameinast nýjum fyrirtækjum og einkavæða flugvelli og flugstöðvar, allt eftir því hvað ráðherra vill hverju sinni. Það er algjörlega óviðunandi að skilja við málið á þennan hátt og ekki hægt annað en að bregðast hart við. Ég segi nei.

[15:12]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi minna á að hugbúnaðurinn í hinni nýju alþjóðlegu flugstjórnarmiðstöð sem hér var reist fyrir nokkrum árum er íslensk uppfinning og unnin í samstarfi milli háskólans og flugmálastjóra við einkaaðila og hefur borið hróður Íslendinga víða og varpað nýju ljósi á þá möguleika sem við höfum í gerð hugbúnaðar og raunar kallað eftir því í öðrum löndum hvort flugmálastjóri og þeir

sem þar stóðu að verki kynnu að koma annars staðar við sögu með svipuðum hætti.

Í öðru lagi vil ég vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram og til þess að taka af allan vafa lýsa því yfir að ég mun við 3. umr. flytja svohljóðandi brtt. við 7. gr.: „Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun."

Brtt. 1064,2 (ný 8. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:14]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er gerð tillaga um það að breyta skipan flugráðs frá því sem gert var ráð fyrir í frv. hæstv. samgrh. og raunar gerðar gjörbreytingar á þeirri ætlan sem hann hafði uppi við framlagningu frv. Hins vegar verður ekki hægt að horfa fram hjá því að sú skipan meiri hluta samgn. sem hér er gerð tillaga um er allsérkennileg. Þar er gert ráð fyrir því að hæstv. samgrh. skipi formann og varaformann ráðsins en Alþingi skipi þrjá aðra ráðsmenn. Enn fremur er kastað til þess höndum að skilgreina á fullnægjandi hátt það hlutverk sem flugráð eigi að gegna í þessari stjórnsýslu allri saman. Hlutverk þess hangir enn í lausu lofti og við málið er auðvitað ekki hægt að skilja þannig. Ég greiði því ekki atkvæði.

[15:14]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil einungis taka fram að sú skipan flugráðs sem hér er gert ráð fyrir er sú sama og er í núgildandi lögum og hef ég ekki orðið var við að menn hafi gagnrýnt það svo mjög.

Brtt. 1064,3–30 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (BH, JóhS, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

9.–146. gr. og ákv. til brb. I–IV, svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (JóhS, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GMS, HjÁ, HG, IP, KHG, KÁ, RA, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

### *Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Siglingalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 613. mál. — Þskj. 1042.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

[15:17]

**Útbýting þingskjala:**

Embættisveitingar, 638. mál, fsp. GÁS, þskj. 1094.

Hlutafélög, 634. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 1090.

Umferðarstjórn lögreglunnar, 637. mál, fsp. SvG, þskj. 1093.

Yfirskattanefnd, 641. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1104.

Út af dagskrá voru tekin 12.–20. mál.

Fundi slitið kl. 15:17.

---

## 100. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
að loknum 99. fundi.

**Dagskrá:**

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 209. mál, þskj. 222 (með áorðn. breyt. á þskj. 1032). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 429 (með áorðn. breyt. á þskj. 1028). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 441. mál, þskj. 768. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Lögreglulög, stjfrv., 442. mál, þskj. 769 (með áorðn. breyt. á þskj. 1020). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 210 (með áorðn. breyt. á þskj. 1064). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Ein umr.

7. Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 262. mál, þskj. 329. — Fyrri umr.

8. Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, stjtill., 616. mál, þskj. 1047. — Fyrri umr.

9. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, stjtill., 615. mál, þskj. 1046. — Fyrri umr.

10. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, stjtill., 614. mál, þskj. 1045. — Fyrri umr.

11. Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, stjtill., 617. mál, þskj. 1048. — Fyrri umr.

12. Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, stjtill., 622. mál, þskj. 1052. — Fyrri umr.

13. Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, stjtill., 621. mál, þskj. 1066. — Fyrri umr.

14. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, stjtill., 618. mál, þskj. 1049. — Fyrri umr.

15. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050. — 1. umr.

16. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051. — 1. umr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

### *Stjórn fiskveiða, 3. umr.*

Stjfrv., 209. mál (hámark aflahlutdeildar). — Þskj. 1097.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, JóhS, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GÁS, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, SP, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1112).

### *Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 340. mál (heildarlög). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, JóhS, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GÁS, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, LB, ÓÖH, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1113).

### *Meðferð opinberra mála, 3. umr.*

Stjfrv., 441. mál (sektarinnheimta). — Þskj. 768.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, BH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG*, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (ÁRJ, GE, JóhS, SighB, SJóh, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GÁS, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, SP, StG, VE, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1114).

### *Lögreglulög, 3. umr.*

Stjfrv., 442. mál (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.). — Þskj. 1101.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GE, JóhS, KHG, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KÁ, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1115).

***Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.***

[15:22]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Í ræðu minni á Alþingi fyrir tæpu ári upplýsti ég að hafin væri athugun á því hvernig staðið skyldi að eflingu utanríkisþjónustunnar þannig að hún gæti gegnt hlutverki sínu sem best í breyttum heimi. Nefnd sem ég skipaði í þessu skyni hefur lokið störfum og skilað áliti sem boðar kaflaskil í störfum utanríkisþjónustunnar.

Ástæðan að baki þessarar úttektar er hin mikla alþjóðavæðing undanfarinna ára hvort sem er í stjórnmálum, viðskiptum eða menningarmálum. Sá áhugi á styrkingu utanríkisþjónustunnar sem fram hefur komið hjá öllum stjórnmálaflokkum og í viðskiptalífinu hefur verið þessu starfi mikil hvatning. Jafnframt hefur þessi áhugi gefið til kynna almenna viðurkenningu á breyttri stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Þróun mála, ekki aðeins í nágrannaríkjunum heldur einnig í fjarlægum heimsálfum, hefur nú mótandi áhrif á lífskjör og samfélagsþróun á Íslandi. Íslendingum er því lífsnauðsynlegt að tryggja hagsmuni sína í margþættara og að mörgu leyti erfiðara alþjóðaumhverfi. Alþjóðaumhverfi, sem þó er jafnframt þess eðlis að það býður upp á fjölbreyttari tækifæri þar sem samhentar, tæknivæddar og vel menntaðar þjóðir geta haslað sér völl óháð fjarlægðum og landamærum.

Utanríkisþjónustan gegnir lykilhlutverki í þessu starfi *enda hafa verkefni hennar aukist gífurlega undanfarin ár.* Búnaður hennar og mannafli miðast þó að mörgu leyti við aðstæður í utanríkismálum fyrir áratug. Róttækra breytinga er því þörf. Ég hef kynnt tillögur nefndarinnar fyrir ríkisstjórn og hefur álit hennar verið gert opinbert.

Í stuttu máli er lögð áhersla á að Ísland hafi ávallt öfluga utanríkisþjónustu til að gæta hagsmuna Íslands gagnvart umheiminum. Skrifstofur ráðuneytisins hér heima verði styrktar til að tryggja trausta stefnumótun varðandi úrvinnslu mála og til að takast á við ný verkefni. Starfsmönnum verði fjölgað, tæknivæðing aukin, samstarf ráðuneyta eflt, verkefnum forgangsraðað og viðskiptaþjónustan þróuð enn frekar.

Einnig er lagt til að hagsmunagæsla erlendis verði styrkt með opnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada. Jafnframt að opnuð verði fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vínarborg sem einnig yrði sendiráð í Austurríki og nágrannaríkjum þess. Þá er lagt til að kjörræðismönnum verði veittur meiri stuðningur.

Ljóst er að þessum breytingum fylgir talsverður kostnaðarauki sem verður ekki undir 300 millj. kr. á ári miðað við að allar tillögurnar komi til framkvæmda. Um er að ræða fjórðungsaukningu á fjárveitingum til utanríkisþjónustunnar.

Mikilvægt er að skoða þessi mál með opnum huga og átta sig á því að hér er verið að fjárfesta til framtíðar. Kostnaður við sendiráð getur virst mikill en því fé er vel varið og skilar sér aftur til þjóðarbúsins.

Fyrri umræðan um þáltill. um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands fór fram á Alþingi fyrir stuttu. Yfirgnæfandi stuðningur er við að bjóða ríkin þrjú velkomin. Kalda stríðinu er lokið og lok þess hafa gjörbreytt stöðu mála í Evrópu. Takmarkið er óskipt álfa og öryggi allra þjóða. Stækkun Atlantshafsbandalagsins undirstrikar nýjan hugsunarhátt í samræmi við þær jákvæðu breytingar sem átt hafa sér stað. Núverandi öryggisfyrirkomulag Evrópu er margslungið og samverkandi kerfi margra alþjóðastofnana. Það byggir ekki á tveimur andstæðum pólum eins og áður var. Þessar alþjóðastofnanir vinna hver fyrir sig eða saman eftir viðfangsefnum hverju sinni. Besta dæmið er Bosnía þar sem stofnanirnar bæta hver aðra upp.

Varanlegt öryggi í Evrópu verður ekki án þátttöku Rússlands, víðlendasta og fjölmennasta ríkis álfunnar. Rússland er fullgildur aðili að flestum þeim stofnunum sem mynda hið nýja öryggisfyrirkomulag og á samstarf við þær stofnanir sem það er ekki aðili að. Rússland og Atlantshafsbandalagið eiga margþætt og náið samstarf á vettvangi samstarfsráðs þessara aðila og starfa saman að friðarframkvæmdinni í Bosníu. Loks hefur NATO komið til móts við áhyggjur stjórnvalda í Rússlandi vegna stækkunar Atlantshafsbandalagsins með einhliða yfirlýsingu um að það hafi hvorki þörf fyrir né áform um varanlega staðsetningu herliðs eða kjarnavopna í nýjum aðildarríkjum.

Við Íslendingar höfum lagt áherslu á að efla tengslin við Rússland bæði tvíhliða og á vettvangi fjölþjóðlegra stofnana. Slíkt samstarf eflir gagnkvæmt traust og tengsl milli þjóða og einstaklinga. Nú eru í burðarliðnum nokkrir samningar milli Íslands og Rússlands. Þar má nefna samning um fjárfestingar, samning um samstarf í sjávarútvegi, loftferðasamning og tvísköttunarsamning. Það er einlæg von mín að hægt verði að staðfesta þessa samninga fljótlega.

Á undanförnum vikum og mánuðum hafa sjónir okkar enn á ný beinst að átökum og óvissu á Balkanskaga. *Framganga serbneskra lögreglusveita í þorpum Kósóvóhéraðs* hafa vakið óhug og ótta um að í vændum sé ný hrina átaka í Evrópu. Hætturnar eru augljósar; óstöðugleiki hefur verið í Albaníu, fjölmennur albanskur minni hluti er í fyrrum *Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu* og á *næstu grösum* er Bosnía-Hersegóvína með viðkvæma og brothætta friðargerð.

Ég hef lagt áherslu á stuðning Íslands við ákvarðanir Samskiptahóps stórveldanna um Kósóvó. Mikilvægt er að senda serbneskum stjórnvöldum skýr skilaboð um að hið alþjóðlega samfélag muni ekki þola þjóðernishreinsanir. Það er jafnframt mikilvægt að ítreka við leiðtoga Kósóvó-Albana alþjóðlegan stuðning við kröfur þeirra um sjálfsákvörðunarrétt. Hið alþjóðlega samfélag hefur markað þá stefnu að rétt sé að stefna að sjálfsstjórn Kósóvó innan júgóslavneska sambandslýðveldisins og ég álít það raunhæfa lausn.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, gegnir viðamiklu hlutverki í nýju öryggisfyrirkomulagi álfunnar. Gildir það bæði á sviði traustvekjandi aðgerða á hernaðarsviðinu og til styrkingar mannréttindum og lýðræði svo nokkrir þættir starfseminnar séu nefndir. Öll Evrópuríki auk Kanada og Bandaríkjanna eiga þar aðild en því miður höfum við ekki enn komið við fastri þátttöku í Vín sem áður er vikið að.

Evrópuráðið í Strassborg vinnur ötullega að eflingu og varðveislu mannréttinda. Starfsemi ráðsins miðar að því að stuðla að stöðugleika og öryggi í aðildarríkjunum með því að festa í sessi lýðræðislega stjórnarhætti og tryggja grundvöll réttarríkja. Ljóst er að með þessum fyrirbyggjandi aðgerðum gegnir stofnunin mikilvægu hlutverki í hinu nýja öryggisfyrirkomulagi Evrópu.

Aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur fjölgað töluvert eftir lok kalda stríðsins og eru nú fjörutíu talsins. Mörg nýju aðildarríkjanna *bjuggu við ólýðræðislega stjórnarhætti og* meginreglur nútímaréttarríkja voru þeim framandi. Evrópuráðið hefur því aðstoðað þessi ríki með ýmsum hætti til að tryggja mannréttindi og festa lýðræðislega stjórnarhætti í sessi.

Til að tryggja áframhaldandi trúverðugleika Evrópuráðsins verða öll aðildarríki þess að standa við þær skuldbindingar sem aðild hefur í för með sér. Í þeim efnum verður að ríkja jafnræði milli ríkjanna. Stækkun ráðsins má ekki leiða til lakari mælikvarða á þessu sviði þar sem virðing fyrir mannréttindum er órjúfanlegur hluti af tryggingu öryggis og jafnvægis í Evrópu. Á næstu árum verður enn meiri áhersla lögð á eftirlitsþáttinn og mun þingmannasamkoma Evrópuráðsins gegna þar veigamiklu hlutverki.

Á næsta ári er liðin hálf öld frá stofnun Evrópuráðsins. Ísland tekur þá í fyrsta sinn við formennsku í ráðherranefnd þess. Í því felst m.a. að vera í fyrirsvari fyrir Evrópuráðinu gagnvart öðrum alþjóðastofnunum eins og ÖSE, ESB, Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum. Formennskan í Evrópuráðinu er veigamikið verkefni sem kallar á frumkvæði af Íslands hálfu og mun útheimta mikla vinnu. Til að mæta því hefur verið fjölgað í fastanefnd Íslands í Strassborg.

Á sviði svæðisbundinnar samvinnu hefur Ísland lagt sitt af mörkum með þátttöku í Eystrasaltsráðinu. Við höfum einnig tekið þátt í svæðisbundnu samstarfi innan Barentsráðsins, sem beinist einkum að mengunarvörnum og efnahagsuppbyggingu í norðvestanverðu Rússlandi. Viðskiptatengsl við þetta svæði hafa aukist undanfarin ár ekki síst á sjávarútvegssviðinu. Ljóst er að það er hagsmunamál Íslendinga að vel takist til með þessa þróun.

Í febrúar náðist innan Norðurskautsráðsins samkomulag um reglur sem fylgja ber í starfi ráðsins til að vinna að sjálfbærri þróun. Segja má að meginmarkmið ráðsins sé að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, heilbrigðu vistkerfi og líffræðilegum fjölbreytileika. Það er því hagsmunamál Íslendinga að Norðurskautsráðið nái sem fyrst að verða vettvangur þar sem aðildarríkin geta tekið höndum saman um að tryggja í senn sjálfbæra nýtingu auðlinda og eðlilega umhverfisvernd.

Hvað varðar varnarmál Íslands, þ.e. samstarf okkar við Bandaríkin, framlag til eigin varna og öryggissamstarf við bandamenn og samstarfsríki er ljóst að meginverkefnið fram undan er endurskoðun varnarstefnu Íslands til lengri tíma sem nú er unnið að. Þar verður einkum höfð að leiðarljósi trygging varna landsins um ókomna framtíð á grunni aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningi okkar við Bandaríkin. Jafnframt þarf að skilgreina hvað við viljum leggja af mörkum til sameiginlegs öryggis aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess. Þar þarf meðal annars að hafa í huga þátttöku í æfingum eins og Samverði 97 sem fór fram hér í sumar og þátttöku í beinum friðaraðgerðum eða mannúðarverkefnum eins og við höfum gert í Bosníu.

Ísland fer nú með formennsku í EFTA og í EES/EFTA á fyrri hluta þessa árs og gegnir því forustuhlutverki við framkvæmd EES-samningsins á þessum tíma. Framkvæmd samningsins gengur vel. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur tvímælalaust reynst farsæll valkostur fyrir Ísland. Við njótum efnahagslegs og pólitísks ávinnings af því auk þess sem við höfum áhrif á framgang ýmissa mála umfram ríki sem standa utan þess. Meginmarkmið Evrópusambandsins er að tryggja frið og stöðugleika í Evrópu og með þátttöku okkar í EES erum við aðilar að þeirri þróun. Pólitískt samráð innan ramma EES gefur okkur tækifæri til þess að koma sjónarmiðum á framfæri við ESB ásamt því að gerast aðilar að málflutningi sambandsins í veigamiklum málum.

Ef litið er til tveggja helstu framtíðarverkefna Evrópusambandsins, þ.e. stækkun sambandsins og stofnun Efnahags- og myntbandalagsins, munu þau óneitanlega hafa áhrif á Ísland. Við höfum beina hagsmuni af stækkun Evrópusambandsins þar sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir því að ný aðildarríki verði aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Næsta öruggt er að Efnahags- og myntbandalaginu verði hrint í framkvæmd á næsta ári með þátttöku fleiri ríkja en upphaflega var gert ráð fyrir. Þessi sameiginlegi gjaldmiðill mun óhjákvæmilega hafa áhrif á efnahags- og viðskiptamál annarra ríkja, þar á meðal Íslands. Þegar heyrast raddir úr íslensku atvinnulífi sem telja brýnt að tengja íslensku krónuna sterkum böndum við hinn sameiginlega evrópska gjaldmiðil meðal annars til að draga úr kostnaði fyrirtækja vegna gjaldeyrisyfirfærslna og gjaldeyrissveiflna. Í lok síðasta árs setti ríkisstjórnin á fót samráðsnefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalagsins á íslenskt efnahagslíf.

Umfangsmikil endurskoðun á Schengen-samstarfinu fer nú fram í kjölfar ákvörðunar ríkjaráðstefnu ESB í Amsterdam. Í Amsterdam-samningnum er ákveði um að aðild Íslands og Noregs að Schengen-samstarfinu skuli byggjast á samstarfssamningnum milli Íslands og Noregs við Schengenríkin frá árinu 1996. Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að Schengen-samstarfið hafi verið farsælt. Það tryggir bæði áframhaldandi þátttöku okkar í norræna vegabréfasamstarfinu og leggur grundvöllinn að víðtæku samstarfi á sviði lögreglu- og dómsmála. Áframhaldandi vilji okkar til samstarfs er skýr. Hins vegar er ljóst að til þess að af samstarfi geti orðið verður að gera ráð fyrir fullri þátttöku Íslands og Noregs í þessum málaflokki á þjóðréttarlegum grundvelli eins og hingað til. Ekki er enn útséð hvort takist að finna ásættanlega lausn en í ljósi framvindu mála að undanförnu eru vonir bundnar við að viðunandi lausn finnist á þessu mikilvæga máli.

Á undanförnum árum hafa EFTA-ríkin gert fríverslunarsamninga við þrettán ríki og gefið út samstarfsyfirlýsingar við sjö ríki. Fríverslunarviðræður við Kanada marka þáttaskil í starfssemi EFTA en þær eru mikilvægasta viðfangsefni EFTA síðan EES viðræðunum lauk. Fríverslunarviðræðurnar verða efst á baugi á ráðherrafundi EFTA í Reykjavík í júní. Aðdragandinn að þessum viðræðum við Kanada hefur verið skammur. Undir formennsku Íslands í EFTA hefur þetta mál fengið forgang. Fyrsti samningafundurinn verður haldinn í maí næstkomandi og er hann í undirbúningi hjá starfshópi sex ráðuneyta.

Öflug þátttaka Íslands í norrænu samstarfi er sem fyrr grundvallarþáttur í íslenskri utanríkisstefnu. Skýrsla mín um störf norrænu ráðherranefndarinnar var til umræðu 19. mars sl. Meginþáttur og kjarni norræna samstarfsins er innra samstarf norrænu ríkjanna. Þar er um að ræða fjölþætt samstarf sem á sér stað ekki eingöngu milli ríkisstjórna og þjóðþinga heldur einnig milli nánast allra frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa nána samvinnu sín á milli í málaflokkum sem tengjast Evrópusambandinu og EES-samningnum. Aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB virðist ekki hafa dregið úr þátttöku þeirra og virkni í norrænu samstarfi og hugmyndir finnskra stjórnvalda um norðlæga vídd í starfsemi Evrópusambandsins eru jákvæðar og njóta fyllsta stuðnings okkar.

Í maí næstkomandi eru fimmtíu ár frá stofnun hins fjöl-

þjóðlega viðskiptakerfis. Annar ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) verður haldinn í Genf um sama leyti til að móta framtíðarstörf stofnunarinnar á nýrri öld.

Alþjóðaviðskiptastofnunin mun ýta nýjum viðræðum um þjónustuviðskipti og landbúnað úr vör í lok aldarinnar. Of snemmt er að segja til um hvort nýjar tollaviðræður á sviði vöruviðskipta fylgi í kjölfarið svo stuttu eftir lok Úrúgvæviðræðnanna en hugmyndum þess efnis vex nú fylgi. Ísland hefur skipað sér í hóp þeirra sem telja æskilegt að samningaumhverfið um aldamótin verði víðtækara en nú er útlit fyrir og eru nýjar viðræður um tollalækkanir á vörusviðinu lágmarkskrafa í því sambandi.

Á því rúmlega hálfa ári sem liðið er frá stofnun viðskiptaþjónustu utanrrn. hefur ótvírætt komið í ljós að mikil þörf er á slíkri þjónustu. Fyrirtæki snúa sér í æ ríkari mæli til ráðuneytisins með beiðni um fyrirgreiðslu á sviði viðskipta. Það eru ekki einungis stór og meðalstór fyrirtæki heldur jafnframt smærri fyrirtæki. Þessi þróun samræmist aukinni alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja. Öll sendiráð Íslands veita markaðsaðstoð og fyrirtækjaþjónustu. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur verið mótuð sú stefna í utanríkisráðuneytinu að nýta heimsóknir ráðherra og embættismanna til annarra landa í þágu atvinnulífsins þar sem því verður við komið.

Uppnámið í efnahagslífi Asíu fyrir rúmu missiri kom mörgum í opna skjöldu eftir þá öru framþróun sem þar hefur átt sér stað. Japanar höfðu um skeið glímt við stöðnun en ótraustir innviðir í efnahagslífi Indónesíu, Suður-Kóreu og fleiri landa þar eystra leiddu skyndilega til alvarlegrar efnahagskreppu. Aðgerðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fleiri alþjóðastofnana hafa þegar borið nokkurn árangur. Að margra áliti mun takast að ná jafnvægi í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum Asíu á tiltölulega skömmum tíma.

Sameinuðu þjóðirnar minnast þess í ár að fimmtíu ár eru liðin síðan mannréttindayfirlýsingin var samþykkt í desember 1948 en hún hefur verið leiðarljós allrar mannréttindabaráttu síðan. Mannréttindamál eru óaðskiljanlegur hluti alþjóðastjórnmála, ekki einkamál sérhverrar þjóðar. Mannréttindi eru alþjóðleg og algild og það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim.

Nú stendur yfir þing mannréttindaráðsins í Genf. Ísland á þar áheyrnaraðild og mun sem fyrr gerast meðflytjandi að mörgum ályktunartillögum sem fjalla um stöðu mannréttinda víða um heim og mannréttindi ýmissa þjóðfélagshópa sem eiga undir högg að sækja. Við Íslendingar viðurkennum ekki að gengið sé á mannréttindi í nafni trúarbragða, hefða og menningar. Í þessu sambandi má minna á mikilvægi þess starfs að mannréttindamálum sem fjölmargir Íslendingar vinna innan sjálfstæðra félagasamtaka. Efla þarf samstarf stjórnvalda og þessara félagasamtaka.

Mikilvægt er að Ísland taki þátt í viðleitni allra þjóða til að leysa hin miklu hnattrænu vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. Innan efnahags- og félagsmálaráðsins sem Ísland á sæti í höfum við vakið athygli á mikilvægi skynsamlegrar nýtingar auðlinda hafsins, varna gegn mengun hafsins og þýðingu þess fyrir fræðuöryggi í heiminum. Ísland hefur áréttað mikilvægi nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa, mikilvægi markaðslögmála í þróunarsamstarfi og þess að mannréttindi séu órjúfanlegur þáttur í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna.

Áratugurinn sem nú er að líða hefur verið helgaður baráttunni gegn fíkniefnaneyslu. Löngu er orðið tímabært að samfélag þjóðanna komist að samkomulagi um raunhæfar aðgerðir til að setja skorður við framleiðslu, dreifingu og neyslu ólöglegra fíkniefna. Í því skyni verður haldið í sumar sérstakt aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um fíkniefnavarnir.

Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað yfirstandandi ár málefnum hafsins og er það til marks um það vægi sem lífríki hafsins og nýting auðlinda þess hefur í starfsemi samtakanna. Skipuð hefur verið nefnd til að fjalla um þátt Íslands í Ári hafsins og ríkisstjórnin hefur gefið út sérstaka yfirlýsingu af þessu tilefni. Á ári hafsins eigum við þess kost að vekja athygli umheimsins á vistvænum íslenskum sjávarafurðum og greiða þannig götu íslenskra útflutningsfyrirtækja. Með þessa hagsmuni í huga mun Ísland taka þátt í heimssýningunni í Lissabon sem helguð verður höfunum. Þessu til viðbótar hefur verið ákveðið að nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fjalli á næsta ári um málefni hafsins og verður kappkostað að láta rödd Íslands heyrast á þeim vettvangi.

Þótt sérhvert ár sé ár hafsins fyrir íslensku þjóðina, er mikilvægt að nýta öll tækifæri sem gefast til að stuðla að yfirvegaðri og skynsamlegri umræðu á alþjóðlegum vettvangi um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Það er óneitanlega áhyggjuefni hve almennar fullyrðingar og hrakspár um ofveidda fiskstofna og ógnun lífríkis af völdum mengunar lita umræðu um sjávarútveg á alþjóðavettvangi. Sem betur fer er mengun í sjó við Ísland áfram með því minnsta sem gerist í heiminum og víða er litið með áhuga til árangurs okkar á sviði fiskveiðistjórnunar. Alþjóðasamningar um fiskveiðimálefni, einkum þar sem um er að ræða stofna sem fleiri en Íslendingar veiða, eru nú sem fyrr eitt aðalverkefni utanríkisþjónustunnar. Samningaviðræður um þorskveiðar okkar í Barentshafi hafa ekki enn borið árangur þó stöðugt sé unnið að lausn málsins. Betur hefur gengið að ná samkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Samningar fjögurra strandríkja, Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands, og Evrópusambandsins náðust í lok október sl. Jafnframt hefur verið unnið með góðum árangri innan svæðisbundinna fiskveiðistofnana.

Um miðjan desember síðastliðinn hófust könnunarviðræður Grænlendinga, Íslendinga og Norðmanna um skipan loðnuveiða í lögsögu þessara þriggja landa. Uppsögn loðnusamnings í lok október leiðir til þess að enginn samningur verður í gildi í lok yfirstandandi loðnuvertíðar 30. apríl nk., komi ekki til nýs samnings en nú er unnið að gerð nýs samkomulags.

Það er afdráttarlaus stefna Íslands að nýta beri með sjálfbærum hætti allar lifandi auðlindir hafsins. Þar með teljast hvalir og selir, enda skipa sjávarspendýr stóran sess í lífríki íslenska hafsvæðisins. Í samræmi við ályktun ríkisstjórnarinnar frá því í maí í fyrra þar sem ítrekuð er stefna stjórnvalda að hefja hvalveiðar hér við land að nýju, hafa átt sér stað viðræður við ýmis ríki. Sérstaklega hefur verið kannað hvort þær viðhorfsbreytingar til hvalveiða sem borið hefur á innan Alþjóðahvalveiðiráðsins geti leitt til endurskoðunar á afstöðu Íslands til aðildar að ráðinu. Svo virðist sem nokkuð skorti á að málið sé í höfn, en stjórnvöld munu áfram fylgjast með þróun mála og meta stöðuna.

Málefni hafsins og nýting lifandi auðlinda þess er eitt af meginviðfangsefnum samningsins um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland gerðist aðili að 1994. Skipaður hefur

verið samráðshópur til að fylgjast m.a. með umfjöllun um málefni hafsins á þeim vettvangi.

Viðræður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um takmörkun losunar á gróðurhúsalofttegundum í andrúmsloftið er dæmi um það hvernig auðlindanýting og umhverfisvernd tvinnast saman með beinum afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf. Samningaviðræðurnar um loftslagsbreytingar hafa með tvennum hætti mikla þýðingu fyrir Ísland. Í fyrsta lagi ríkir mikil óvissa um afleiðingar gróðurhúsaáhrifa á norðurslóðum og í öðru lagi eru möguleikar Íslands á að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda minni en annarra iðnríkja.

Þótt margt sé á huldu um áhrif gróðurhúsalofttegunda á loftslag á jörðinni verður ekki horft fram hjá hættunni sem getur falist í þessum áhrifum. Mikilvægt er því að takmarka losun þessara lofttegunda í heiminum og ber að fagna samkomulagi Kyoto-fundarins þar að lútandi.

Gripið var til aðgerða hér á landi til að nýta jarðhita til húshitunar í stað jarðefnaeldsneytis fyrir áður nefnt viðmiðunarár, 1990. Ef þessar aðgerðir hefðu ekki komið til hefði losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi verið um 40% meiri árið 1990 eða svipuð og meðaltal OECD-ríkjanna. Möguleikar okkar á að draga úr losun frá samgöngum, fiskveiðum og iðnferlum eru ekki miklir enn sem komið er, enda erum við þar að verulegu leyti háð alþjóðlegri tækniþróun. Brýnt er að Íslendingar fylgist vel með og taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Ísland vill verða virkur þátttakandi í rammasamningnum ásamt Kyoto-bókuninni við hann og vonandi mun útfærsla áðurnefndrar samþykktar gera það kleift. Það skýrist þó ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir aðildaríkjaþingið í Buenos Aires. Hins vegar liggur fyrir að við þurfum að grípa til frekari aðgerða heima fyrir til þess að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Vinna þarf að nýrri framsækinni áætlun um aðgerðir sem ná yfir losun frá allri starfsemi í landinu sem og bindingar í gróðri. Þetta þurfum við að gera óháð því hvort við getum gerst aðilar að bókuninni eður ei.

Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka verulega framlag til tvíhliða þróunarsamstarfs á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þess mun þegar sjá merki í starfsemi stofnunarinnar á næsta ári, en hún starfar nú í fjórum löndum Afríku: Namibíu, Malaví, Mósambík og Grænhöfðaeyjum. Stefnt verður að auknum verkefnum á sviði mennta- og heilbrigðismála, einkum í Malaví og Mósambík. Lögð verður sérstök áhersla á aðstoð við konur í ljósi þess að aðstoð við þær skilar sér margfalt út í þjóðfélagið. Mjög góð reynsla hefur verið af kvennaverkefnum Íslands í Namibíu og Grænhöfðaeyjum. Áfram verður unnið að sjávarútvegsverkefnum í Malaví, Mósambík og Namibíu. Í undirbúningi er opinber heimsókn til nokkurra samstarfsríkja í suðurhluta Afríku sem væntanlega verður farin í ágúst næstkomandi.

Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna hefur tekið til starfa. Náið samstarf verður milli sjávarútvegsskólans, Hafrannsóknastofnunar, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands og munu fyrstu nemendur hefja nám á hausti komanda. Skólinn verður rekinn með svipuðu sniði og Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna.

Utanrrn. hefur nú haft forsvar í málefnum Alþjóðabankans í eitt og hálft ár. Alþjóðabankinn er stærsta þróunarstofnun heims og veitir lán, tækniaðstoð og ráðgjöf á öllum sviðum efnahagslegrar og félagslegrar uppbyggingar. Aukinn hagvöxtur er ein af helstu forsendum framþróunar hvers lands, en menntun og heilsugæsla eru dæmi um mikilvæga málaflokka þar sem Alþjóðabankinn leggur ríkulega af mörkum til þróunarstarfs.

Í þessu samhengi má nefna framlag Íslands til uppbyggingarstarfsins í Bosníu-Hersegóvínu. Þar hafa íslensk og bosnísk yfirvöld tekið höndum saman á sviði heilbrigðismála með aðstoð Alþjóðabankans. Um er að ræða tvö verkefni. Hið fyrra felst í aðstoð við fórnarlömb stríðsins sem misst hafa fætur fyrir neðan hné og hið síðara byggist á endurmenntun lækna og hjúkrunarfólks á sviði barnalækninga, kvensjúkdóma og mæðraverndar.

Ísland hefur einnig stutt Alþjóðaframfarastofnunina til jafns við önnur ríki en hún er sú stofnun Alþjóðabankans sem veitir aðstoð til fátækustu þróunarríkjanna. Árangur af starfi stofnunarinnar fer vaxandi og er sérstaklega ánægjulegt að uppbygging mannauðs er nú eitt helsta lykilorðið í starfsemi hennar.

Samstarf Norðurlanda innan Alþjóðabankans er mjög náið og með samstilltum málflutningi er vægi landanna innan bankans meira en atkvæðamagn þeirra gefur tilefni til. Sjónarmið Norðurlanda hafa hlotið aukinn hljómgrunn á síðustu árum og nýtur því bankinn trausts stuðnings þeirra. Íslenskur ráðherra situr nú í fyrsta sinn í þróunarnefnd Alþjóðabankans, en nefndin gegnir veigamiklu hlutverki og markar stefnu bankans í þróunarmálum hverju sinni. Ísland fer með formennsku fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í þróunarnefndinni en auk þess mun Ísland tala máli Norðurlanda á ársfundi Alþjóðabankans í haust.

Herra forseti. Fá ríki eru jafnháð alþjóðasamskiptum og Ísland og ein mikilvægasta forsenda góðra lífskjara hér á landi er að standa vel að utanríkisviðskiptum og öðrum utanríkismálum. Eins og ég gat um í upphafi gegnir utanríkisþjónustan lykilhlutverki í þeirri viðleitni að styrkja stöðu okkar sem best í þeirri samkeppni sem á sér stað á alþjóðavettvangi. Hér er um hreina hagsmunagæslu að ræða sem snertir alla landsmenn beint eða óbeint. Það er því von mín að skilningur á mikilvægi utanríkismála komi rækilega fram hér á Alþingi í dag.

[15:53]

**Útbýting þingskjala:**

Kvótaþing, 606. mál, þskj. 1078.

Loftferðir, 201. mál, brtt. samgrh., þskj. 1100.

Stjórn fiskveiða, 604. mál, þskj. 1076.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1105.

[15:54]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þetta var að mörgu leyti athyglisverð ræða hjá hæstv. utanrrh. Því miður virðist það uppnám sem þingmenn úr flokki hans ollu fyrr í dag hafa gert það að verkum að þingmenn hafa ekki eirð í sér til þess að sitja undir þessari umræðu. Þegar ég lít hér yfir salinn er a.m.k. ekki nema einn hv. þm. stjórnarliðsins í salnum.

Horfi maður út um gluggann sést að það er komið vor. Ég er ekki að ásaka hæstv. ráðherra um vorgalsa en það vekur eigi að síður athygli mína að þessi ræða hæstv. ráðherra er kölluð vorræða utanrrh. Ég hygg að það sé fyrsta skiptið sem svo er tekið til orða.

Ég kann því hins vegar ágætlega, herra forseti, að það komi sumar í hæstv. utanrrh. Á vissan hátt mætti segja að það sé loksins komið sumar í alþjóðamálum eftir hlýnun sem átti sér stað í lok kalda stríðsins. Segja má að þeir miklu

atburðir sem eru að gerast úti í Evrópu og við að vissu marki tökum þátt í, þ.e. stækkun tveggja alþjóðabandalaga, staðfesti að vorið sem fylgdi í kjölfar kalda stríðsins sé orðið að sumri. Mér finnst því vel til fundið hjá hæstv. utanrrh. að koma léttstígur í pontu og kalla ræðu sína vorræðu. Með vissum hætti boðar hún, eins og ég sagði áðan, hlýnun í hinu alþjóðlega andrúmslofti og samskiptum þjóða.

Það stappar nærri því að staðan í Evrópu í dag sé gerbreytt frá því sem hún var fyrir tæpum áratug. Staðfestingu þess er auðvitað að sjá í stækkun Evrópusambandsins og einnig NATO. Öryggisumhverfi álfunnar er allt saman breytt. Það hvílir líka á fleiri og fjölbreyttari stoðum en áður. NATO er að sönnu jafnmikilvægt og áður og þar með sá stuðningur sem það sækir til Bandaríkjanna. Þó margir mundu vilja sjá breytingu á stöðu Atlantshafsbandalagsins, þá sjáum við það einfaldlega á þeim atburðum sem urðu í Bosníu að þar gat Evrópa ekki óstudd og ein síns liðs slökkt neista sem hefði getað glæðst í ófriðarbál.

Evrópusambandið gegnir líka öryggishlutverki. Okkur hér á Íslandi hættir til að líta á Evrópusambandið fyrst og fremst frá sjónarhóli efnahagslegs ávinnings eða tolla en meginhugmyndin að baki stofnunar Evrópusambandsins var auðvitað að tryggja frið og öryggi í álfunni.

Í ræðu minni vil ég, herra forseti, fara nokkrum orðum um stækkun Atlantshafsbandalagsins og sér í lagi þátt Íslendinga í henni. Eins og við þingmenn munum þá spunnust hér harðar umræður um afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar til stækkunar NATO. Á þeim tíma kom ég í þennan stól og gagnrýndi hæstv. utanrrh. nokkuð harðlega vegna þess að mér þótti hann ekki styðja málstað Eystrasaltsríkjanna sem skyldi í ræðu sinni þá. Ég tel að þær umræður sem urðu hér á þinginu, einmitt um þá ræðu, hafi mótað þá farsælu stefnu sem ríkisstjórnin fylgdi þegar til Madrid kom.

Við urðum öll vitni að því að þau ríki sem harðast sóttu að komast í NATO fóru með nokkru diplómatísku afli um álfuna. Sum sóttu okkur heim til þess að afla stuðnings og það var yfirgnæfandi stuðningur við að fimm ríki kæmu í fyrstu lotu. Auk þeirra þriggja staðfestingarsamninga sem liggja nú fyrir Alþingi var talið að Slóvenía og Rúmenía mundu einnig komast inn. Bandaríkin, studd af Íslendingum, tóku af skarið í þeim efnum og ég tel að það hafi verið mjög farsæl afstaða hjá hæstv. ríkisstjórn. Hvers vegna? Vegna þess að ég tel að með þau ríki fyrir utan bandalagið sé skemmra en ella þangað til önnur inntaka verður. Þá held ég að meiri líkur séu á að Eystrasaltslöndin verði í næstu bylgju sem tekin verður inn í Atlantshafsbandalagið.

Ég vil ítreka það, herra forseti, að í þessum þremur ríkjum er yfirgnæfandi stuðningur almennings við aðild að Atlantshafsbandalaginu og ég tel því að við eigum að styðja það, m.a. í krafti sjálfsákvörðunarréttar fullvalda ríkja. Það er alveg ljóst hvar þessi ríki vilja finna sér skjól og við eigum að styðja þau.

Við Íslendingar höfum ákveðna arfleifð í þessum efnum. Svo ég rifji það upp þá tók þáv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., svo afdrifaríka ákvörðun að fara til Eistlands í ágúst 1991. Hann beitti sér fyrir því að ríkisstjórnin, sem Alþfl. sat þá í, tók fyrst ríkisstjórna þá ákvörðun að styðja og viðurkenna fullveldi þessara ríkja. Þar með tel ég að við höfum fyrir okkar leyti tekið þátt í að gjalda þessum ríkjum þá skuld sem við höfum staðið í við þau allar götur síðan 1940.

Þess vegna hryggir það mig, herra forseti, að í annars ágætri ræðu hæstv. utanrrh. þar sem hann fjallar um NATO og stækkunina, þá er allmörgum orðum farið um mikilvægi Rússlands og nauðsyn þess að hafa gott jafnvægi í tengslum við Rússland. Hins vegar hefur Rússlandsforseti sagt að það muni koma öryggiskerfi og friði álfunnar úr jafnvægi ef þessi þrjú ríki sem ég nefndi áðan væru tekin inn í Atlantshafsbandalagið. Með öðrum orðum hefur hann reynt að taka sér neitunarvald í þessum efnum. Íslendingar geta ekki undir nokkrum kringumstæðum fallist á að annað ríki hafi neitunarvald í þessum efnum.

Þess vegna hefði ég kosið að hæstv. utanrrh. nefndi a.m.k. ríkin þrjú. Hvers vegna hefði það verið viðeigandi? Vegna þess að m.a. fyrir atbeina hans og annarra Íslendinga sem koma að stækkun NATO voru þessi þrjú ríki nefnd í lokayfirlýsingu Madrid-fundarins. Við heyrðum það sjálf sem erum í utanrmn. hversu mikilvæg sú yfirlýsing var Eystrasaltslöndunum. Við heyrðum það þegar Ilves, utanrrh. Eistlands, sótti okkur heim og lýsti því hversu gríðarlega mikilvægur sá siðferðilegi stuðningur sem Íslendingar veittu Eistlendingum hefði verið þeim í aðdraganda Madrid-fundarins og á meðan á honum stóð. Það er alveg ljóst að þessi lönd bera miklar væntingar til okkar og ég segi fyrir mína hönd og flokks míns að við teljum að jafnan þegar Íslendingar tala um NATO og fyrirhugaða stækkun NATO sé nauðsynlegt að nefna þessi ríki alveg eins og gert var í yfirlýsingunum frá Madrid. Það er ekki gert í þessari ræðu hæstv. utanrrh. og mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé alveg ljóst að íslenska ríkisstjórnin hafi það á stefnu sinni að styðja viðleitni þessara ríkja til að komast inn í Atlantshafsbandalagið þegar við næstu inntöku.

Hinn sumarboðinn í hinu alþjóðlega umhverfi er stækkun annars bandalags, þ.e. Evrópusambandsins. Ég tek það fram áður en ég hef ræðu mína um Evrópusambandið að ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar hefðu átt að leita lags og neyta ákveðinna kringumstæðna sem komu hér upp fyrir nokkrum árum og missirum og freista þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég er enn þeirrar skoðunar að þegar fram í sækir verði það heppilegt fyrir Ísland. Ég tek eftir því að ýmislegt sem ég hef séð frá hæstv. utanrrh. boðar öðruvísi skilning á eðli Evrópusamstarfsins en áður. Nú tek ég fram að ég er ekki að kvarta undan því að hæstv. ráðherra hafi ekki góðan skilning á þessu en ég tók auðvitað eftir því sem fyrrv. stjórnarsinni meðan hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu hversu hlýjum orðum hæstv. ráðherra fer um Evrópska efnahagssvæðið. Framsfl. sem hann tilheyrir hafði áður þess konar afstöðu gagnvart Evrópusambandinu að ég held að enginn þingmanna flokksins hafi greitt atkvæði með aðildinni þegar hún var til ákvörðunar í þinginu. Þess vegna gleður það mitt litla jafnaðarmannahjarta að lesa eftirfarandi, herra forseti, sem hrotið hefur úr penna hæstv. ráðherra: „Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur tvímælalaust reynst farsæll valkostur fyrir Ísland.“ Ég er hæstv. ráðherra mjög sammála og mikið skelfing hefði það verið miklu þægilegra fyrir Alþingi og jafnvel fyrir Íslendinga ef hæstv. ráðherra hefði verið þessarar skoðunar líka fyrir nokkrum árum. Hæstv. ráðherra hefur líka sýnt í greinum sem hann hefur ritað að hann hefur meiri skilning á mikilvægi ýmissa hluta sem eru að gerast í Evrópusamstarfinu en ýmsir aðrir í ríkisstjórninni. Ég vek þá sérstaklega athygli á þeim hluta ræðu hæstv. ráðherra sem varðar það samstarf á sviði sameiginlegs gjaldmiðils sem er núna að verða að veruleika í Evrópu.

Það er að mínu viti ljóst, herra forseti, að innan ríkisstjórnarinnar virðist sem ekki sé fullkomin sátt í þessum efnum og sem stefnan sé ekki algjörlega ein og hin sama eftir því hver talar. Hæstv. forsrh. hefur talað í þá veru að það sé ekki æskilegt að Íslendingar tengist samstarfi Evrópuþjóðanna á sviði gjaldmiðla. Hæstv. utanrrh. tók hins vegar af skarið í grein sem hann skrifaði í dagblaðið Dag, mig minnir einhvern tímann í janúarmánuði eða fyrr á þessu ári, og lýsti þar skorinort yfir að það kynni að vera skynsamlegt að tengjast gjaldmiðlasamstarfinu með einhverjum hætti. Ég er algjörlega sammála hæstv. utanrrh. um þetta. Ég beið því eftir því þegar ég las ræðu hæstv. ráðherra að sjá hvað hann hefði um þetta að segja en hæstv. ráðherra lætur sér nægja að segja í ræðu sinni, ef ég man rétt, að víða í þjóðfélaginu séu ýmsir sem séu farnir að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að Íslendingar tengist þessu með einhverjum hætti. Hæstv. ráðherra telur sjálfan sig ekki í þeim hópi í ræðunni. Mér virðist sem sagt, herra forseti, að það sé eins og hæstv. utanrrh. setji ekki alveg jafnskýlaust fram í ræðu sinni þær skoðanir á möguleikum Íslands til að tengjast samstarfinu eins og hann hefur gert utan þings og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort þetta sé vegna þess að ríkisstjórnin er ekki algjörlega sammála í þessum efnum. Ég held að Myntbandalagið muni valda straumhvörfum í efnahagslífi Evrópu. Það hefur verið bent á að sameiginlegur gjaldmiðill dregur verulega úr gengisáhættu fyrirtækja, vaxtastig mun leita niður á við og samkeppnishæfni fyrirtækja mun verða allt önnur og betri. Þá spyr maður sjálfan sig: Eftir því sem fleiri ríki munu ganga inn í þetta samstarf og öll ríkjanna sem nú eru í ESB hafa lýst því yfir, líka þau sem eru ekki aðilar að samstarfinu nú, að þau muni verða það innan tíðar. Það er alveg ljóst að sum þeirra 11 ríkja sem munu á næstu 10 árum verða aðilar að Evrópusambandinu munu að sjálfsögðu líka ganga inn í þetta samstarf. Hvaða áhrif hefur það þá fyrir Íslendinga að standa þarna fyrir utan? Ýmsir menn sem mér eru miklu vísari á sviði hagfræði og efnahagsmála hafa mælt það svo að kostnaður íslenskra fyrirtækja af því að standa utan við þetta samstarf gæti numið frá 6 til 12 milljörðum kr. Það er a.m.k. alveg ljóst að samkeppnishæfni fyrirtækja í löndum utan samstarfsins mun minnka. Við búum við góðæri í dag og getum lifað við þetta í dag en ég spyr, herra forseti: Hvað gerist þegar harðnar á dalnum, þegar fyrirtækin lenda e.t.v. í krappari dansi en þau hafa gert um nokkurra missira skeið? Ég held því og hvet hæstv. utanrrh. til að halda fram þeirri stefnu sem hann hefur stiklað á í greinum sínum utan þings. Ég tel að það væri mjög farsælt fyrir íslenskt viðskiptalíf.

Herra forseti. Það fer heldur ekki hjá því að það hafa orðið vissar breytingar á starfi Evrópusambandsins á allra síðustu missirum. Við sem erum eins konar aukaaðilar að því í gegnum Evrópska efnahagssvæðið höfum haft ákveðinn rétt til áhrifa þar í gegnum samráð í sérfræðinganefndum. Nú gerðist það á fundinum í Amsterdam þar sem verið var að breyta Maastricht-sáttmálanum að drjúgur hluti þeirra mála sem falla undir fyrstu stoð ESB, þ.e. EES-málanna fylgja núna svonefndu samráðsferli. Það gerir það að verkum, herra forseti, að ef upp kemur ágreiningur milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins og hann er ekki leystur að tveim umræðum loknum getur þingið hafnað því. Með öðrum orðum þetta kallar á að reynt verður að freista málamiðlunar áður en málið fellur þá við þriðju umræðu. En við þá málamiðlun getur Ísland að engu leyti komið að sjónarmiðum sínum. Þetta ásamt þeirri staðreynd að verið er að flytja fleiri þætti undan fyrstu stoð samstarfsins yfir í samráðsferlið dregur óneitanlega úr þeim áhrifum sem Ísland hefur og ég spyr hæstv. utanrrh.: Með hvaða hætti telur hann að fært sé að tryggja hagsmuni EES-ríkjanna?

Ef tími minn leyfði, herra forseti, mundi ég einnig beina til hans spurningum sem varða breytingar á afstöðu Sviss til bæði EFTA og ESB en eins og kunnugt er er í bígerð tvíhliða samningur milli Sviss og ESB og við vitum að þeir hafa fullbúna aðildarumsókn í frystinum og 67% íbúa þjóðarinnar telja að það eigi að sækja um aðild og forseti landsins hefur nýverið lýst því yfir að það væri æskilegt að sjá landið innan Sviss. Hvað gerist ef þessi tvíhliða samningur fer að verka, hvað gerist þá varðandi EFTA? Þeir hafa greitt drjúgan hluta af kostnaði við EFTA þótt þeir komi ekki að öllu samstarfi innan EFTA-ríkjanna en hvaða áhrif mun þetta hafa á samstarf EFTA-ríkjanna og þar með á möguleika okkar til að starfa innan Evrópska efnahagssvæðisins? Getur það verið, herra forseti, að þær breytingar sem eru að verða á því umhverfi sem ég hef lýst hér, hnígi að því að það sé besti og vænlegasti kosturinn fyrir Ísland að tryggja hagsmuni sína með því að sækja á næstu árum um aðild að Evrópusambandinu?

[16:10]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma inn á nokkur af þeim málum sem hv. þm. fjallaði um í ræðu sinni án þess að ég geti það að fullu og mun þá gera það í síðari ræðu minni í dag. Að því er varðar Eystrasaltsríkin og aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu vísa ég til þeirrar umræðu sem átti sér stað á Alþingi fyrir stuttu um þau mál. Þar gerði ég þessu máli ítarleg skil og það er nú svo í máli sem þessu að þegar aðeins er tiltölulega stuttur tími til að hafa framsögu er ekki hægt að gera öllum málum jafngóð skil. Við reynum því að velja fremur þau mál sem ekki hefur verið komið inn á áður en það dregur á engan hátt úr stuðningi Íslands við Eystrasaltsríkin í þessu máli. Ég vil ekki að ræða mín sé skilin þannig. Það er hins vegar jafnljóst að það er mikilvægt að eiga góða samvinnu við Rússland og þróunin í Rússlandi skiptir afar miklu máli fyrir öryggi Evrópu. Þar með talið öryggi Eystrasaltsríkjanna. Það er mjög mikilvægt að það samstarf verði með eðlilegt en við höfum ávallt ítrekað það að Rússar hafa að sjálfsögðu ekkert neitunarvald í þessum efnum, það hefur verið mjög skýr afstaða Íslands.

Að því er varðar Evrópumyntina vil ég minna á að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að fara yfir það mál og væntanlega mun nefndin skila áliti sínu fljótlega. Það er von mín að það verði vönduð og góð yfirferð um þýðingu þess máls fyrir Ísland og við getum þá tekið frekari ákvarðanir í því máli í framhaldi af því en ég minni á að við eigum ekki aðild, getum ekki átt aðild að því samstarfi eins og er, nema ganga í Evrópusambandið en vel má vera að það breytist einhvern tímann.

[16:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að taka af öll tvímæli um að þá staðreynd að Eystrasaltsríkjanna þriggja er ekki getið í ræðu hans ber engan veginn að túlka þannig að eitthvað hafi dregið úr stuðningi hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnarinnar við þessi ríki. Ég rifja það hins vegar upp þegar ég var blautur á bak við eyrun einhvern tímann í umræðum að mig minnir að það hafi verið hæstv. utanrrh. sem einmitt sagði að ræður sem fjölluðu um samskipti Íslands við útlönd

væru þaullesnar af sendimönnum erlendra ríkja og menn drægju síðan ályktun af því hvað í þeim stæði og líka af því hvað í þeim stæði ekki og það var þess vegna sem ég taldi nauðsynlegt að reifa þetta hér. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að auðvitað er æskilegast að hafa sem best samstarf við Rússa og reyna að draga úr tilfinningum þeirra um að það sé verið að magna einhvers konar seið á hendur þeim en á hinn bóginn þarf það að vera algerlega skýrt að þeir hafa alls ekki neitunarvald í þessum efnum. Þessi ríki þrjú upplifa margt í framferði rússneskra stjórnvalda sem ógn við sig og ef við skoðum t.d. hvað hefur verið að gerast í þessum ríkjum síðustu mánuði sjáum við auðvitað hvernig Rússar eru á vissan hátt að reyna að reka fleyg í hið ágæta samstarf þeirra með framferði sínu t.d. gagnvart Lettlandi og þetta var eitt af því sem hefur komið upp í samræðum okkar við sendimenn þessara ríkja. Ég tel að það sé mikilvægt að smáþjóð eins og við stöndum vaktina gagnvart hagsmunum annarra smáþjóða. Við höfum notið þess í fyrndinni og aðrir eiga að njóta þess af okkur líka og þess vegna fagna ég því að það er algerlega ljóst að íslenska ríkisstjórnin og stuðningur Íslendinga er óskoraður að baki óskum Eystrasaltsþjóðanna í þessu efni.

[16:14]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við þetta að bæta. Það er nú svo að það verður ekki hægt að hafa allar ræður eins og það veit ég að hv. þm. er mér alveg sammála um. En land eins og Eistland viðurkennir það ekkert síður en við að það er mikilvægt að koma á vinsamlegum og góðum samskiptum við Rússland. Og það er forsenda þess að Eistland geti gengið í Evrópusambandið að leysa þau ágreiningsmál sem hafa verið uppi milli þessara þjóða að því er varðar svokallaðan rússneskan minni hluta í Eistlandi.

Þar hefur ýmislegt gengið til betri vegar og utanríkisráðherra Eistlands staðfesti það einmitt á fundi með mér fyrir nokkrum dögum að í nýlegri heimsókn, að því er mig minnir aðstoðarforsætisráðherra Rússlands til Eistlands, hafi hann sagt á blaðamannafundi um þau mál að hann hefði ekkert um þau mál að segja því um væri að ræða innanríkismál Eistlands. Slík rödd hefur aldrei heyrst áður frá Rússlandi mér vitanlega og þess vegna er það mjög ánægjulegt ef þjóðirnar geta komist að niðurstöðu um stöðu þessa fólks. Ég held að Eistland skilji það á sama hátt og við og náttúrlega enn frekar því að Rússland er þeirra nágrannaríki, hvað það er mikilvægt að leysa þessi mál milli þjóðanna.

[16:16]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirferð hans áðan. Ýmislegt kom fram í máli hans sem ég get verið hjartanlega sammála, sérstaklega hvað varðar orð hans um mannréttindamál og stefnu í þeim.

Í upphafi ræðu sinnar gat ráðherra þess að fyrir tæpu ári var skipuð nefnd sem gera átti athugun á því hvernig efla mætti utanríkisþjónustuna og gera tillögur um hvernig hún gæti best gegnt hlutverki sínu í breyttu umhverfi. Þessi nefndarskipun utanríkisráðherra var að mínu mati mjög jákvæð, ekki síst vegna þess að við skipan í nefndina var þess gætt að sem flest sjónarmið kæmu fram varðandi framtíðarskipan utanríkisþjónustunnar. Meðal annarra áttu þar sæti fulltrúar atvinnulífsins og stjórnarandstöðu.

Hæstv. ráðherra gat þess í upphafi ræðu sinnar að nefndin hefði skilað áliti sem boðaði kaflaskil í störfum utanríkisþjónustunnar. Þessari niðurstöðu ráðherrans er ég ekki sammála. Ég tel eins og fram kemur í bókun minni með skýrslunni að skýrslan sé allgott yfirlit yfir stöðu mála eins og hún er nú og aðeins hafi verið gerð tilraun til að kortleggja á hvaða sviðum þurfi að bæta þjónustuna. Það er nauðsynlegt að styrkja og breyta starfsemi utanríkisþjónustunnar í takt við það breytta alþjóðlega umhverfi sem við búum við. Jafnframt má segja að sveigjanleiki þjónustunnar þurfi að vera meiri en nú er, þar sem breytingar eru mjög örar og hæfileiki okkar til þess að aðlagast þeim breytingum þarf að vera til staðar.

Sá tími þar sem samskipti okkar við aðrar þjóðir voru í tiltölulega föstum skorðum og litlar breytingar áttu sér stað milli ára er liðinn. Dæmi eru um að þróun í fjarlægum ríkjum hafi á ákveðnum sviðum meiri áhrif hér á landi en breytingar hjá ríkjum sem við höfum hingað til átt mest samskipti við. Þetta breytta umhverfi býður upp á nær endalaus tækifæri fyrir smáþjóð eins og okkar ef rétt er haldið á málum. Það er því mikil nauðsyn að utanríkisþjónustan sé löguð að þessu breytta umhverfi. Það á ekki aðeins við um störf utanríkisráðuneytisins heldur starfsemi allra ráðuneyta, stofnana þeirra og jafnvel starfsemi sjálfs Alþingis. Þetta breytta umhverfi kallar á ný viðhorf og önnur vinnubrögð af hálfu allra þessara aðila. Ég tel að við eigum mikið starf óunnið og í raun sé skýrslan sem starfsnefnd hæstv. utanrrh. skilaði aðeins upphafið að enn meiri vinnu sem nauðsynlegt er að fara í. Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta ekki staðar numið hér.

Í bókun þeirri sem ég lagði fram segir, með leyfi forseta:

„Skýrsla nefndarinnar er yfirlit yfir stöðuna eins og hún er nú og tilraun er gerð til að kortleggja á hvaða sviðum þurfi á komandi árum að bæta þjónustu utanríkisráðuneytisins.

Hér er hins vegar aðeins um ákveðna grunnvinnu að ræða; gera þarf mun víðtækari úttekt á allri þátttöku íslenskra aðila í alþjóðasamstarfi. Tíminn sem nefndin hafði til að starfa var of naumur og umfjöllun og tillögur því of þröngar. Miðast þær nær eingöngu við starfsemi utanríkisráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að halda áfram þessari vinnu sem hér er hafin, kortleggja alla opinbera og hálfopinbera þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi t.d. störf annarra ráðuneyta, Alþingis, opinberra stofnana, hagsmunasamtaka o.s.frv. Þetta þarf að gera með það að markmiði að samhæfa þátttöku og nýta takmarkaða fjármuni á markvissan hátt.

Skoða þarf hvort ekki er rétt að gera meiri kröfur um sérþekkingu og sérhæfingu á mismunandi sviðum í störfum sendiráða.

Setja þarf skýrari reglur um fagleg réttindi og skyldur starfsmanna utanríkisþjónustunnar meðal annars þegar teknar eru ákvarðanir um ráðningu og flutning starfsmanna.

Það er nauðsyn ef fámenn þjóð með takmarkaða fjármuni ætlar að gera sig gildandi í samstarfi þjóðanna að stefna og störf utanríkisþjónustunnar sé markviss en þó í stöðugri skoðun með það að markmiði að við forgangsröðun verkefna sé tekið fullt tillit til hagsmuna þjóðarinnar í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Því þarf að skoða hvort ekki má draga úr kostnaði við þjónustuna og vægi einstakra sendiráða til þess að mæta kostnaði vegna nýrra sendiráða og nefnda sem leggja ber meiri áherslu á vegna breyttra aðstæðna.

Breytt alþjóðlegt umhverfi kallar á víðtækar breytingar í starfsemi utanríkisþjónustunnar. Það þarf að leggja í það mun meiri vinnu en þessi nefnd gat innt af hendi á þeim tíma

sem hún var að störfum að skilgreina markmið og gera tillögur að breyttu hlutverki og/eða skipulagi ýmissa sendiráða í takt við breyttar aðstæður.

Vinna nefndarinnar og skýrslan sjálf er því aðeins góður grunnur að áframhaldandi starfi sem nauðsynlegt er að hefja nú þegar."

Í þessari bókun er gerð tilraun til að nefna þá þætti sem ég tel að fara þyrfti betur yfir. Ég tek þó fram að ég tel starf nefndarinnar góðan grunn að byggja á. Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka þeim sem sæti áttu í nefndinni fyrir samstarfið, sérstaklega starfsmönnum utanríkisráðuneytisins. Ég gat því miður ekki setið alla fundina en fékk allar þær upplýsingar og gögn sem lögð voru fram og yfirferð yfir umræðuna þegar ég var ekki viðstödd.

Sá tími sem nefndin hafði var þó að mínu mati of naumur til að sinna öllum þeim markmiðum sem sett voru í upphafi vinnunnar. Við hefðum þurft í raun og veru eitt ár í viðbót til að ljúka vinnunni.

Það þarf meiri tíma til að kortleggja alla opinbera og hálfopinbera þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi til að við séum á hverjum tíma tilbúin til að færa til áherslur okkar eftir því hvar hagsmunir þjóðarinnar liggja hverju sinni. Þannig mætti nýta þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum úr að spila miklu betur en ella.

Í ræðu hæstv. ráðherra kom fram að þær tillögur sem eru gerðar í skýrslunni styrki hagsmuni okkar, þ.e. opnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada og stofnun fastanefndar hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Ef þessar tillögur verða að veruleika kosta þær talsverða fjármuni eða u.þ.b. 300 millj. kr. Þar væri um að ræða fjórðungsaukningu á fjárveitingum til utanríkisþjónustunnar frá því sem nú er. Þær tölur eru þó miðaðar við að ekki verði um verulegar breytingar að ræða að öðru leyti. Ég er sammála tillögum um stofnun nýrra sendiráða sem settar eru fram í skýrslunni. En ég tel jafnframt að það hefði mátt skoða og meta af alvöru hvort ekki mætti draga úr starfsemi annarra sendiráða og jafnvel leggja niður en stofna skrifstofur fastanefnda í þeirra stað.

Í störfum okkar fengum við skýrslur um starfsemi allra sendiráða. Hins vegar var ekki gerð tilraun til að leggja á það mat hvort dregið hefði úr mikilvægi starfsemi þeirra frá því að þau voru stofnuð og hvort hlutverk þeirra væri jafnmikilvægt og áður miðað við þær breytingar sem átt hafa sér stað á alþjóðavettvangi. Þessi vinna er öll eftir.

Ég tel nauðsynlegt að gera kröfu um sérhæfingu sendiráða langt umfram það sem nú er gert. Það þýðir að gera þarf meiri kröfur til sérmenntunar og sérþekkingar starfsmanna á ákveðnum sviðum eftir því hvar áherslur okkar liggja hverju sinni. Sveigjanleiki þarf að vera meiri í utanríkisþjónustunni þannig að ákveðin sendiráð sjái í raun alfarið um afmarkaða málaflokka burt séð frá staðsetningu þeirra. Það er mitt mat að ef þannig er staðið að málum yrði allt starf utanríkisþjónustunnar markvissara og fjármunir mundu nýtast betur. Stofnun nýrra sendiráða eða skrifstofu fastanefnda skilar aðeins árangri að vissu marki. Nauðsynlegt er að endurmeta hlutverk og starfsemi þeirra sem fyrir eru í takt við breyttar aðstæður. Það verk er algerlega ónunnið. En ég hlýt miðað við orð hæstv. ráðherra áðan, að meta það svo að vilji sé fyrir hendi að fara í þessa vinnu.

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að geta þess, að ég tel einnig nauðsynlegt að Alþingi fari ofan í saumana á sinni starfsemi á alþjóðavettvangi, þannig að vægi þeirrar starfsemi verði í takt við breyttar aðstæður og nýja tíma.

Í þeim kafla ræðu sinnar sem fjallaði um öryggis- og varnarmál sagði hæstv. utanrrh. að varanlegt öryggi í Evrópu yrði ekki tryggt án þátttöku Rússlands. Ég tek heils hugar undir þessa skoðun. Nauðsynlegt er að hún verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um fjölgun aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Ekki er síður nauðsynlegt að hafa þessa staðreynd í huga þegar fjallað er um og teknar eru ákvarðanir um með hvaða hætti friður og öryggi yrðu best tryggð í Evrópu. Verður það gert með því að viðhalda þeim anga kalda stríðsins sem NATO er? Eða er hægt að skapa samstöðu um aðrar leiðir sem vænlegri eru til árangurs? Til dæmis með því að efla Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í öryggis- og friðarmálum álfunnar?

Uppbygging og skipulag NATO tilheyrir fortíðinni ef miðað er við þær breyttu aðstæður sem við búum við. NATO er hernaðarbandalag sem enn byggir að stórum hluta á forsendum sem ekki eru lengur til. Framlenging lífdaga bandalagsins er tilraun þeirra sem hagsmuna eiga að gæta til að viðhalda sjónarmiðum sem ekki eru lengur til staðar nema hjá örfáum aðilum.

NATO áskilur sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum af fyrra bragði þótt búið sé að úrskurða hjá Alþjóðadómstólnum að beiting kjarnorkuvopna sé alltaf ólögleg. Til að viðhalda bandalaginu með nær óbreyttu skipulagi og til að reyna að koma í veg fyrir eðlilega umræðu um hvort hlutverki þess sé lokið, eru búnir til jákvæðir hliðarangar í starfsemina, eins og Samstarf í þágu friðar. Þess í stað ætti að stefna að því að leggja bandalagið niður og byggja upp nýtt kerfi í þágu öryggis og friðar. Kerfi sem tæki til allrar Evrópu í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar.

Alþýðubandalagið hefur lagt áherslu á eflingu ÖSE. Að NATO tilheyri öðrum tímum, tímum ógnarjafnvægis og tvískiptingar Evrópu. Við leggjum áherslu á að ný hugsun sé nauðsynleg í þessum málum. Hugsun sem byggi fyrst og fremst á friði og tryggingu mannréttinda í álfunni. Stefnu sem byggir á þeirri staðreynd að forsendur kalda stríðsins eru ekki lengur til staðar og óþarfi sé og jafnvel hættulegt að viðhalda kerfi sem byggir á úreltum forsendum.

Á Alþingi liggur fyrir tillaga þess efnis að staðfesta þrjá samninga um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands að NATO. Ráðherra kom inn á það í ræðu sinni að þessi fyrirhugaða stækkun væri í samræmi við þær jákvæðu breytingar sem átt hafa sér stað. Kalda stríðinu væri lokið. Stefnan væri óskipt álfa með öryggi allra þjóða að leiðarljósi. Stækkun Atlantshafsbandalagsins undirstrikaði nýjan hugsunarhátt. Eins og ég sagði áðan er ég ósammála því mati ráðherra að stækkunin undirstriki nýjan hugsunarhátt hvað varðar friðar- og öryggismál í Evrópu.

Við fyrstu umræðu um tillöguna kom berlega í ljós að hér á Alþingi eru menn alls ekki tilbúnir til að fara í umræðu um friðar- og öryggismál í Evrópu á málefnalegan hátt út frá nýrri hugsun og breyttum tímum. Umræðan er enn menguð af tilvist kalda stríðsins og verður líklega þannig á meðan einhverjir þeirra sem ólust upp í því umhverfi og festust í hugsunarhætti þess láta gamlar klisjur og ímyndaða andstæðinga ráða ferðinni í málflutningi sínum, eins og mér finnst stundum örla á hjá ýmsum hv. stjórnarliðum.

Ég get aftur á móti vel skilið í ljósi sögunnar að meirihlutastuðningur sé meðal þeirra þjóða sem hlut eiga að máli við inngöngu í NATO. Ástæðurnar fyrir þeim stuðningi eru

ef til vill ekki síður sálrænar en hernaðar- og efnahagslegar. Það þýðir þó ekki að gera eigi lítið úr þeim ástæðum. Þvert á móti er eðlilegt að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða í þessum efnum sem öðrum.

Ákvarðanir þessara þjóða eru þó ekki síður skiljanlegar í ljósi þess að ekki er boðið upp á neinn annan kost. Það er í raun ekki um neitt val að ræða fyrir þessar þjóðir. Þótt umræðan um nýtt kerfi í þágu öryggis- og friðar í Evrópu sé töluverð meðal annarra þjóðþinga og reyndar nokkuð áberandi einmitt í tengslum við þessa fyrirhuguðu stækkun NATO, þá er hún enn stutt á veg komin og ekki liggja fyrir neinar áþreifanlegar tillögur um annað kerfi sem byggi á öðrum grunni en NATO. Þess vegna er eðlilegt í ljósi sögunnar og stöðunnar í dag, að þessar þjóðir sækist eftir aðild að bandalaginu. Málefnaleg umræða er þó farin vel af stað í þjóðþingum annars staðar. En hér á landi láta menn sig þessa umræðu litlu varða enn sem komið er.

Það er full ástæða til þess, burt séð frá þeirri þingsályktun sem liggur fyrir til afgreiðslu um fjölgun aðildarþjóða NATO, að taka stefnu Íslands í öryggis- og friðarmálum til málefnalegrar umræðu á Alþingi og fara yfir þær tillögur sem fram hafa komið í þeim efnum. Ísland, þó fámennt sé, getur haft áhrif á þróun þessara mála á alþjóðavettvangi ekki síður en á mörgum öðrum sviðum heimsmála.

Evrópumálin og staða Íslands í samskiptum okkar við Evrópusambandið hljóta stöðugt að vera á dagskrá í íslenskum stjórnmálum. Hvað sem mönnum kann að hafa fundist um aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á sínum tíma er samningurinn staðreynd sem þjóðin býr við. Samningurinn leggur Alþingi það á herðar að laga löggjöf þjóðarinnar að lögum og tilskipunum Evrópusambandsins án þess að Íslendingar geti haft mikil áhrif á löggjöf. Þetta er stærsti og augljósasti gallinn við EES-samninginn.

Það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá að löggjafarstarfið fer nú að miklu leyti fram í Brussel og að ýmsar þær tilskipanir sem þaðan koma eru ekki teknar til umræðu eða skoðunar hér á Alþingi jafnvel þó að um veigamiklar breytingar sé að ræða. Ég tel nauðsynlegt að taka upp þá vinnureglu að allar samþykktir sem hér taka gildi verði kynntar og *í það minnsta ræddar í nefndum þingsins.*

Einnig er tímabært að meta heildaráhrif samningsins og stöðu okkar innan hans og gagnvart Evrópusambandinu. Getum við í samstarfi við aðrar þjóðir sem eru utan Evrópusambandsins knúið fram einhverjar þær breytingar sem tryggðu aukin áhrif okkar í ákvarðanatöku? Hver væri staða okkar innan samningsins? Er hagsmunum okkar betur borgið utan hans? Er hægt að styrkja betur stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu? Hvaða leiðir eru þar færar?

Sem stendur erum við aðeins að hluta til óbundin af lagasetningu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum og náttúruvernd. Staða og möguleikar landsins meðal þjóðanna, þá ekki síst Evrópuþjóðanna, er stórmál sem mikilvægt er að ræða af hreinskilni með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Ég dreg ekki í efa að aðild okkar að EES-samningnum hefur að mörgu leyti verið til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðfélag, ekki aðeins fyrir útflutningsatvinnuvegina heldur einnig fyrir almenning í landinu, launafólk og neytendur. Sem dæmi má nefna lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, margvísleg lög á sviði neytendamála, mengunareftirlits, matvælaeftirlits, öryggis- og hollustuhátta á vinnustöðum og vinnutíma.

Ávinningurinn hefur þó fyrst og fremst orðið vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa um langan tíma dregið lappirnar á þessum sviðum. Þær þjóðir sem við störfum með innan samningsins voru mun lengra komnar og við njótum þess. Íslensk stjórnvöld hafa þó langt í frá staðið sig í að framkvæma margt af því jákvæða sem samningurinn getur haft í för með sér. Á ráðstefnu á vegum Alþýðubandalagsins í vetur kom m.a. fram að sérfræðingar telja að stjórnvöld megi standa sig *miklu betur við framkvæmd samningsins.* Sérstaklega hvað varðar vinnumarkaðsmál.

Gallarnir við EES-samninginn eru einnig fjölmargir. Þeir varða sérstaklega getu Íslendinga til að hafa áhrif á þá löggjöf sem gildir á svæðinu eins og ég hef áður sagt. Sá galli er svo stór að á honum verður að finna lausn sem tryggir eðlilega aðkomu Íslendinga að ákvörðunum sem beinlínis snerta innanríkismál og stefnumörkun þjóðarinnar í utanríkismálum. Við verðum að meta þá stöðu sem upp er komin, kanna valkostina og taka ákvörðun í framhaldi af því. Þetta mál er á dagskrá og hefði mátt fá betri yfirferð af hálfu hæstv. utanrrh. hér áðan. Þeir sem ekki ræða málið til hlítar, sætta sig við þá metnaðarlausu stöðu sem Ísland er í gagnvart Evrópusambandinu með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá saknaði ég þess, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. gerði enga grein fyrir undirbúningi eða aðild okkar að svokölluðu MAI-samkomulagi sem farið hefur verið yfir á erlendum vettvangi. Um það hafa birst blaðagreinar og töluverð umræða er þegar hafin meðal annarra Evrópuþjóða um það samkomulag.

Ég hefði viljað koma inn á ýmis fleiri atriði en tímans vegna verður það að bíða betri tíma. Í dag eru á dagskrá fleiri tillögur sem snerta beint þau atriði sem komið var inn á í ræðu hæstv. ráðherra.

[16:33]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi koma að hér í andsvari. Hv. þm. Alþb. tala um að annar valkostur hafi ekki verið settur upp í því að byggja upp öryggissamstarf í Evrópu. Nú er verið að styrkja ÖSE og styrkja það mikið. Það kemur hins vegar ekki í staðinn fyrir Atlantshafsbandalagið. Það er líka verið að gjörbreyta starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Það er verið að setja á laggirnar Evró-Atlantshafssamvinnustofnunina. Samvinna í þágu friðar er líka mikil nýjung á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Samstarfssamningurinn við Rússland, samstarfssamningurinn við Úkraínu, þetta er allt saman liður í nýrri öryggisstefnu í Evrópu. Hér er því unnið á mörgum stöðum við að skapa nýtt öryggisnet. Þess vegna skil ég ekki málflutninginn um að það hefði átt að finna upp eitthvað allt annað til þess að skapa öryggi í Evrópu.

Auðvitað þurfa menn að nýta þær stofnanir sem eru fyrir og hafa reynst okkur best. Það eru aðeins draumórar að halda því fram að það hafi verið hægt að leggja til að leggja niður Atlantshafsbandalagið. Mér finnst þetta vera hreinn útúrsnúningur.

[16:35]

**Geir H. Haarde:**

Herra forseti. Það voru athyglisverð ummæli sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni að því er varðar Atlantshafsbandalagið og hæstv. utanrrh. drap á í andsvari. Það verður fróðlegt að sjá hvernig alþýðubandalagsmenn ráðstafa atkvæðum sínum þegar þetta mál kemur hér til afgreiðslu. Ég bíð spenntur

eftir því. Annars vegar er talað um að NATO sé úrelt fyrirbæri en hins vegar er talað um að leyfa eigi ríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu, sem vilja ganga í samtökin, að njóta sjálfsákvörðunarréttar síns og ganga í þau.

Ég minni á að í þýska þinginu var í síðustu viku atkvæðagreiðsla um þetta mál. Þar voru engir flokkar sem lögðust gegn þessu máli í heild sinni nema gömlu kommúnistarnir sem sitja þar á þingi og koma frá austurhluta landsins, þýska alþýðulýðveldinu fyrrverandi. Meira að segja Græningjarnir, sem ætla sér stóran hlut í næstu ríkisstjórn Þýskalands, ætla sér utanríkisráðherraembættið ef þeir vinna sigur ásamt jafnaðarmönnum, ýmist studdu stækkun NATO ellegar sátu hjá. Það eru vissulega breyttir tímar þó að Alþb. haldi sig því miður við fortíðina í þessum efnum eins og reyndar í ýmsu öðru.

Að því er varðar mál utanrrh. að öðru leyti þá sýnir hin yfirgripsmikla ræða hans auðvitað hversu margþætt verkefni utanríkisþjónustunnar eru og hversu hið tiltölulega fámenna starfslið þjónustunnar þarf að geta sinnt umfangsmiklum, síbreytilegum og flóknum viðfangsefnum frá degi til dags. Ræðan sýnir líka að enda þótt hagsmunagæsla og fyrirsvar fyrir Íslands hönd sé höfuðverkefni þjónustunnar, eins og verið hefur, þá taka almenn alþjóðamál æ meiri tíma og fyrirhöfn af ráðherrans hálfu og starfsmanna ráðuneytisins. Enda sjáum við hvað verið hefur fyrirferðarmest í umræðu um utanríkismál hér á Alþingi í vetur. Það eru ekki beinlínis okkar eigin hagsmunamál heldur valdabrölt Saddams Husseins sem hér hefur ítrekað verið rætt. Við sjáum að heimsmyndin er gerbreytt. Alþjóðasamfélagið stendur ítrekað frammi fyrir því hvernig eigi að meðhöndla herra eins og Saddam Hussein, Milosevic í Júgóslavíu og aðra einræðisherra sem neita að fara að leikreglum hins alþjóðlega samfélags. Og menn standa frammi fyrir því á alþjóðlegum vettvangi hvernig eigi að bregðast við slíku og það gera Íslendingar eins og aðrar þjóðir. Þess vegna verða mál sem þessi æ fyrirferðarmeiri í verkefnum utanrrn. og sömuleiðis í umræðum um þessi mál á Alþingi.

Á þessum fundi í dag eru fleiri mál en þessi skýrsla. Þau mál sýna að vel og ötullega er unnið að íslenskri hagsmunagæslu í utanrrn. Þau eru til marks um að ýmis ágreiningur við nágrannaþjóðir okkar hefur verið leystur, t.d. að því er varðar lögsögumörk milli Íslands og Grænlands í kringum Kolbeinsey, varðandi margvísleg samskipti við Grænland og Færeyjar, norsk-íslenska síldarstofninn og ýmislegt fleiri. Og auðvitað, eins og ráðherrann gat um í ræðu sinni, verður áfram unnið að því að leysa úr hagsmunaárekstrum og ágreiningi við okkar nágrannaþjóðir. Vonandi gefst gott tækifæri til þess að ræða þau við utanrrh. Noregs sem hingað er væntanlegur seinna í vikunni. Þá gefst tækifæri til þess að fara á ný yfir deilumál sem uppi eru. Ég er ekki að segja að menn geti vænst þess að þau leysist í slíkri heimsókn en allar viðræður eru að sjálfsögðu einungis til góðs.

Fyrr í þessum mánuði átti utanrrmn. þess kost að minnast upphafs síns með því að haldinn var eittþúsundasti fundur nefndarinnar. Í næsta mánuði, aprílmánuði, verða sjötíu ár liðin frá því að hún hóf formlega störf hér í þinginu. Við sem nú sitjum í nefndinni tókum ákvörðun um að opna aðgang að fundargerðum nefndarinnar. Þar á að miða við þær reglur sem gilda í upplýsingalögum um almenn, opinber plögg, þ.e. að venjulegar fundargerðir séu almenningi opnar eftir 30 ár en eftir 80 ár sé um að ræða einkamálefni. Af þessu tilefni hefur ýmsum gefist tækifæri til þess að glugga eilítið í hinar eldri fundargerðir. Þar má vissulega sjá að sviðið var annað þegar menn fengust við utanríkismál Íslands, t.d. frá árunum fyrir síðari heimsstyrjöld eða á meðan á henni stóð. Við sjáum hversu gjörbreytt aðstaðan er fyrir þá sem núna fást við þessi mál vegna þeirrar gríðarlegu alþjóðavæðingar sem orðið hefur og endurspeglast í ræðu ráðherrans.

Menn geta ekki lengur sagt að utanríkismál séu bara varnarmál eða utanríkismál eða bara fríverslunarsamningar. Eins og fram kemur í ráðherraræðunni eru utanríkismál í dag t.d. heilmikil efnafræði. Menn þurfa að kunna skil ýmsu til að geta fjallað um málefni eins og þau sem upp komu á Kyoto-fundinum og í framhaldi af honum. Heilmikil hagfræði og alþjóðleg peningamálafræði felst í því er varðar EMU-samstarfið sem menn hafa hér gert að umtalsefni. Allt eru þetta hlutir sem menn verða að gefa gaum í okkar litlu utanríkisþjónustu. Starfsmenn þar verða að vera reiðubúnir að beina athygli sinni að mismunandi málum, einu í dag, öðru á morgun, vegna þess að við höfum ekki mannafla til þess að koma upp þeirri sérhæfingu og sérþekkingu sem önnur utanríkisráðuneyti geta leyft sér. Þetta þekkjum við annars staðar úr stjórnkerfinu. Þetta þekkjum við mætavel hér á Alþingi þar sem menn þurfa að starfa í mörgum þingnefndum og geta ekki sérhæft sig eingöngu á einu sviði.

Ég vil víkja eilítið að því nefndarstarfi sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Ég fagna að því skuli lokið með áliti sem ég tel býsna gott, þar með er þó heildarskoðun á verkefnum og störfum utanríkisþjónustunnar ekki endanlega lokið. En þarna er hins vegar komin viss leiðsögn fyrir nokkur næstu ár sem ég vænti að okkur muni auðnast að hrinda í framkvæmd í sameiningu, ríkisstjórninni og Alþingi, framkvæmdarvaldinu annars vegar og svo löggjafar- og fjárveitingavaldinu hins vegar. Um er að ræða ýmsar hugmyndir sem vert er að gefa sérstakan gaum. Að hluta er um að ræða hugmyndir sem munu kosta aukið fjármagn en það verða menn að horfast í augu við í ljósi þeirra breyttu viðhorfa sem uppi eru í þessum efnum. Jafnframt eru uppi hugmyndir sem ættu að geta horft til sparnaðar og aukinnar festu, t.d. í fjármálastjórn ráðuneytisins, sem auðvitað er af hinu góða. Meðal annars er lagt til að ráðinn verði sérstakur fjármálastjóri í utanrrn. sem ekki hafi flutningsskyldu eins og venjulegir diplómatar í ráðuneytinu hafa.

Ég vil vekja máls á nokkrum atriðum til viðbótar á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða. Ég vil eindregið taka undir það sem ráðherrann sagði að því er varðar Kyoto-málefnin og fyrirhugaðan samning um það efni. Það er mjög brýnt fyrir okkur Íslendinga að láta ekki króa okkur af í þeim málum, að við skrifum ekki undir samning eingöngu til þess að vera með, og hefta þar með möguleika okkar á eðlilegri efnahagsþróun, eðlilegri nýtingu fallvatna og auðlinda hér á landi. Sú hætta er vissulega fyrir hendi ef þau öfl sem mestu virðast ráða í þessum efnum verða ofan á. Auðvitað er alveg fráleitt að Íslendingar þurfi að gjalda sinnar sérstöðu með því að komið verði í veg fyrir frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði eða annarri slíkri stóriðju aðeins vegna þess að það er lítið af henni fyrir í landinu, vegna þess að landsmenn eru fáir og hafa ekki mengað mikið til þessa.

Það er auðvitað ekki hægt að láta Evrópusambandið komast upp með að segja að ekki sé hægt að taka tillit til Íslands eins og umhverfisstjóri þess hefur sagt opinberlega og komið hefur fram hér í fjölmiðlum og að allir verði að leggja sitt af mörkum, þegar Evrópusambandið sjálft hefur fullt svigrúm til að versla innbyrðis, innan sinna vébanda, milli landa sem

menga lítið og hinna sem menga mikið þar sem um er að ræða stórfellda umframmengun af einni verksmiðju miðað við það sem væri á Íslandi vegna þess hvers konar orkugjafi er í spilinu og hvers konar orkugjafi er notaður, hvort um er að ræða endurnýjanlega orku eða ekki. Þetta veit ég að þingmenn þekkja mjög vel. En það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að þótt menn vilji vera með í alþjóðlegu samstarfi um þetta þá megum við ekki fórna grundvallarhagsmunum okkar sjálfra í þessu efni. Íslendingar eru ekki og hafa aldrei verið neinir sérstakir umhverfissóðar og það viljum við ekki vera og viljum ekki fá á okkur slíkan stimpil. Ýmsar aðrar þjóðir hér í nágrenninu sem ástæðulaust er að nefna mætti hæglega kalla umhverfissóða en við þurfum að halda fast og þétt á spöðunum í þessu efni og gæta þess vel og vandlega að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir. Þó svo að prósentutölurnar fyrir okkur séu kannski hærri en annarra í aukningu á losun úrgangsefna, þá eru þær í raunverulegu magni margfalt minni en hjá öðrum löndum og aðrar þjóðir verða bara að taka tillit til þess.

Ég vildi einnig nefna í nokkrum orðum hið fyrirhugaða peningamálasamstarf í Evrópu sem nú er að verða að veruleika um næstu áramót. Þetta mun hafa borið á góma fyrr í umræðunni og full ástæða er til að menn ræði þetta á Alþingi, þ.e. efnahags- og peningamálasamstarf Evrópuþjóðanna og gjaldeyrissamstarfið, peningamálaheildina sem verið er að reyna að byggja upp. Það er rétt sem hér hefur komið fram að ríkisstjórnin hefur sett í gang ákveðna vinnu í þessu efni til að greina hver áhrifin verða fyrir Ísland og íslenskt efnahagslíf og hvernig hægt sé að bregðast við þessu. Vissulega þurfum við að standa klár á því hvernig við eigum að bregðast við og það koma ýmsar leiðir til greina. Nema auðvitað sú að ganga inn í samstarfið. Hún kemur ekki til greina vegna þess að hún stendur okkur ekki opin, vegna þess að við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu og reyndar er það svo að ýmsar þjóðir sem þar eru aðilar hafa kosið að standa utan við þetta. Ég er hins vegar sannfærður um að þetta samstarf, ef það gengur upp tæknilega séð, muni geta fært þeim sem að því standa heilmikinn efnahagslegan ávinning því það mun hafa í för með sér mikinn gengisstöðugleika og mun lágmarka áhættu þá sem fyrirtæki í alþjóðaviðskiptum þurfa að taka sem er auðvitað heilmikil og lágmarka ýmsan kostnað sem aðilar í viðskiptalífinu þurfa ella að taka á sig. Þetta skiptir mjög miklu máli í viðskiptum og þess vegna skiptir þetta mjög miklu máli fyrir þjóðirnar í heild og þjóðarbúskap þessara landa. Við Íslendingar eigum meira undir alþjóðaviðskiptum en flestir aðrir þannig að það er eðlilegt að við hugum að þessu, ekki síst vegna þess að Evrópubandalagið er okkar stærsta viðskiptasvæði.

Við getum brugðist við þessu t.d. með því að festa krónuna einhliða gagnvart þessari gjaldeyriseiningu ef okkur býður svo við að horfa en það eru líka til fleiri leiðir sem nú er verið að greina, eins og ég segi, á vegum ríkisstjórnarinnar og rétt er síðan að leggja ákveðið mat á. En við skulum átta okkur á því að eftir að allir gjaldeyrisflutningar til og frá landinu hafa verið gefnir frjálsir sem var sjálfsögð, eðlileg og rétt ákvörðun á sínum tíma, þá höfum við auðvitað skapað vissa áhættu á því að menn taki upp á því að spekúlera gegn krónunni okkar, taki upp á því að veðja á ákveðnar hreyfingar í gengi hennar upp eða niður eins og gerst hefur annars staðar og það getur vissulega fært okkur vissa hættu og skapað okkur erfiðleika ef við búum okkur ekki undir slíka hluti fyrir fram.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi nefna, virðulegi forseti. Í öðru lagi vildi ég bara að endingu ítreka að ég tel að vel sé haldið á málum í utanrrn. Það er gert fagmannlega og þar er traust stjórn á þeim efnum eins og vera ber og sem betur fer er öflugur og víðtækur meirihlutastuðningur á Alþingi við öll helstu mál á sviði utanríkismála. Þannig á það að vera. Þannig er það hjá flestum tiltölulega siðuðum ríkjum, þrátt fyrir hjáróma raddir, m.a. á Alþingi um einstök mál.

[16:51]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla hæstv. utanrrh. er ítarleg þó ekki sé margt þar sem kemur á óvart. Fremur eru það vonbrigði að ekki er nógu skýrt hvað verður í nokkrum lykilmálum, t.d. varðandi Schengen og fleiri atriði mætti nefna. Skýrslan sýnir mjög vel að hæstv. utanrrh. hefur í mjög mörgu að snúast og Íslendingar virðast núna vera víða í mikilvægri stöðu í sínum alþjóðasamskiptum.

Utanríkismálatengsl Íslendinga verða að mínu mati æ mikilvægari með vaxandi áhrifum frá EES á okkar löggjöf og með þeirri breytingu sem orðin er í þá veru að svo virðist vera að verslun, viðskipti, verkalýðsbarátta, menningartengsl, umhverfismál eða bara stjórnmálin yfirleitt séu að verða æ alþjóðlegri.

Þó eru nokkur atriði í þessari skýrslu sem ég vil gera að umræðuefni og spyrja hæstv. utanrrh. um. Ég fagna því að hann hefur svarað hér jafnóðum því ég held það komi yfirleitt mjög mikið af spurningum í þessari umræðu og ég fagna því hvað hæstv. ráðherra hefur gert sér far um að svara eins og kostur er jafnóðum.

Ég vil vekja athygli á því að stofna á ný sendiráð í Japan, Kanada og fastanefnd hjá ÖSE í Vínarborg og kostnaðaraukinn er sagður um 300 millj. kr. eða um fjórðungsaukningu er að ræða í framlögum til utanríkisþjónustunnar. Þá er bent á að kostnaðurinn verði samt ekki nema 2% af heildarútgjöldum þjóðarinnar. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hlutfall sé lægra hér en annars staðar. Er þetta eitthvað sem við megum búast við að fari áfram upp á við?

Um varnarsamstarfið vil ég spyrja hvernig gangi að endurskoða varnarstefnu Íslands til lengri tíma og hvort ríkisstjórnin sjái fyrir sér að herinn hverfi af Miðnesheiði í fyrirsjáanlegri framtíð eins og Bandaríkjamenn hafa gefið til kynna að þeir óski eftir.

Ég sé fyrir mér að slíkt geti vel gerst þrátt fyrir aðild okkar að NATO en að sjálfsögðu þyrfti slíkt að gerast þannig að góður aðdragandi verði að því með viðeigandi ráðstöfunum, bæði varnarlega og varðandi atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. En ég tel mjög mikilvægt eins og komið hefur fram að þörf er á að ræða þessi mál algjörlega án allra hagsmuna að öðru leyti, þ.e. bara að skoða okkar öryggis- og varnarhagsmuni.

Þá vil ég spyrja um samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Það er einkum tvennt þar sem vekur áhuga minn. Það er í fyrsta lagi það sem hér hefur nú komið fram og margir hafa spurt um, þ.e. um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalagsins á íslenskt atvinnulíf. Hvenær, nákvæmlega má búast við niðurstöðum úr þeirri úttekt? Býst ráðherrann við að niðurstaðan geti haft þau áhrif að til endurskoðunar komi á því hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu? Ég átta mig ekki alveg á tilgangi þessarar úttektar.

Í öðru lagi vil ég spyrja hvenær ríkisstjórnin gerir Alþingi grein fyrir því hvernig hún hyggst taka þátt í Schengen á þjóðréttarlegum grundvelli. Fyrirhugar ríkisstjórnin að gera tillögu um breytingar á stjórnarskrá vegna áhrifa yfirþjóðlegra stofnana eða er það mat hæstv. utanrrh. að þær leiðir sem verið er að skoða núna geri slíkt ekki nauðsynlegt? Þetta er búið að vera í umræðunni ítarlega, m.a. í Morgunblaðinu og fram hafa komið álit lögfræðinga en mér er ekki nákvæmlega kunnugt um í hvaða farvegi málið er hér á landi nú, hvort það er bara í vinnslu innan ríkisstjórnarinnar eða hvort við erum í samningum í tengslum við Noreg og málið þar í athugun núna.

Varðandi Sameinuðu þjóðirnar vil ég láta í ljós að ég tel mjög ánægjulegt að Ísland hefur tekið sæti í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, ECOSOC, þar sem nú er mikið fjallað um heilbrigðis- og menntamál og ekki síst um varnir gegn vímuefnaneyslu. Ég fagna fyrirhuguðu aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í sumar um fíkniefnavarnir og velti fyrir mér hvernig þátttöku Íslands verði háttað í því þingi, hvort ríkisstjórnin ráði því eða hvort það verður ákvörðun stjórnar Alþingis.

Fyrst ég er að tala um Sameinuðu þjóðirnar vil ég spyrja aftur — ég spurði um þetta einnig í síðustu utanríkismálaumræðu — hvort til standi að auka mannafla Íslendinga hjá Sameinuðu þjóðunum í New York þar sem alveg er ljóst, að mínu mati, að umræðum í þriðju nefnd þingsins sem fjallar um mannréttindi er ekki fylgt nægilega vel eftir af hálfu Íslands. Þar er m.a. fjallað um eftirfylgni vegna kvennaráðstefnunnar í Peking. Ég tel við höfum ekki fylgst nægilega vel með þessu vegna manneklu í New York. Eftirfylgnin, þ.e. hvernig fylgt er eftir samþykktum Peking-ráðstefnunnar, virðist vera mjög markviss af hálfu hinna Norðurlandanna, ekki síst í Noregi þar sem kvennasamtökunum er haldið mjög vel við efnið. Þau eru boðuð reglulega til fundar í utanrrn. og látin fylgjast nákvæmlega með því hvað verið er að gera á vegum ráðuneytisins í New York. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að við Íslendingar fylgjum eftir nú þegar samþykktum Peking-ráðstefnunnar nægilega markvisst eða hvort hann fyrirhugar nánari eftirfylgni og e.t.v. upplýsingafundi með kvennahreyfingunni hér eins og tíðkast í Noregi.

Í kaflanum um Ár hafsins í ræðu hæstv. ráðherra er ítrekuð sú stefna stjórnvalda að hefja hvalveiðar hér við land þótt síðar verði og þeirri spurningu er velt upp hvort endurskoða beri afstöðu Íslands til aðildar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki tímabært að gefa skýrari skilaboð að þessu leyti erlendis þar sem það er alveg ljóst að þessi stefna háir okkur, ekki bara í okkar viðskiptum heldur einnig í okkar menningarsamstarfi við Bandaríkin nú þegar. Það varð ég persónulega vör við í nýlegum samræðum mínum við bandaríska aðila vegna væntanlegra hátíðahalda í Bandaríkjunum í tilefni ársins 2000, þ.e. fólk talar um að stefna okkar í hvalamálum geri menningarsamskipti erfið.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að Ísland eigi að ganga sem fyrst í Alþjóðahvalveiðiráðið og fylgja síðan alþjóðlega viðurkenndum stefnum um hvalveiðar eftir það. Annað er óraunsætt og sú yfirlýsing ríkisstjórnarinnar að ætla bráðum að hefja hvalveiðar er að mínu mati fyrst og fremst til þess að róa fólk innan lands en er í raun og veru blekking þegar litið er til stefnu á alþjóðavettvangi.

Herra forseti. Í ræðu hæstv. ráðherra er kafli um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina um losunarmörk gróðurhúsalofttegunda sem ég ætla ekki að fara í smáatriðum út í. En hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að Ísland vilji verða virkur þátttakandi í rammasamningnum en það skýrist ekki fyrr en eftir þingið í Buenos Aires í nóvember. Ég spyr því hvort ríkisstjórnin sé búin að vega og meta, þ.e. ef hún nær ekki hugmyndum sínum fram, hvort hún ætli þá virkilega að sleppa að undirrita samninginn. Slíkt yrði glapræði að mínu mati þó að það sé mjög skiljanlegt að ríkisstjórnin sé ekki tilbúin að koma með slíkar yfirlýsingar á þessari stundu á meðan hún er að vinna að lausnum sínum.

Að mínu er mati mjög ánægjulegt að það hefur verið ákveðið að auka framlög til þróunarsamstarfs á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og ætlunin er að leggja sérstaka áherslu á aðstoð við konur í ljósi þess að margar rannsóknir og alþjóðastofnanir hafa sýnt að aðstoð við þær skilar sér best út í viðkomandi þjóðfélög. Þar er vitnað m.a. í góða reynslu af kvennaverkefnum í Namibíu og Grænhöfðaeyjum. Vonandi verður haldið áfram á þessari braut og ég spyr hæstv. utanrrh. hvort ekki hafi komið til tals innan ráðuneytis hans að styrkja alþjóðlega lánastarfsemi kvenna, ekki síst í ljósi þess að íslenskur ráðherra situr nú í fyrsta sinn í þróunarnefnd Alþjóðabankans og fer með formennsku þar fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Ég tel að það væri mjög mikilvægt áherslumál að láta verða af því að ýta undir möguleika kvenna til að taka lán, ekki síst kvenna í þróunarlöndum.

Að lokum vil ég geta þess, hæstv. forseti, þar sem ég var ekki viðstödd umræðuna í síðustu viku um stækkun NATO að ég tel að sú útvíkkun á bandalaginu sem stendur fyrir dyrum sé mjög eðlileg með hliðsjón af breyttri Evrópu og þó að ég líti á NATO sem hernaðarbandalag sem í raun sé allt of fyrirferðarmikið í heiminum eins og hann er í dag. Tilvist kalda stríðsins virðist enn þá sveima yfir vötnunum, ekki síst innan þess bandalags og því væri e.t.v. æskilegra eins og hefur komið fram hjá þingmönnum Alþb. að svokölluðu öryggis- eða friðarhlutverki NATO væri sinnt annars staðar þar sem mjög erfitt er að aðskilja þetta nýja hlutverk, sem ég trúi að eigi eftir að eflast, frá hinu hlutverkinu, þ.e. hernaðarhlutverkinu. E.t.v. væri ÖSE mjög góður vettvangur og ég tel að þann vettvang beri að styrkja.

Það er að mínu mati, hæstv. forseti, nokkuð miður að hér á landi virðist sem oft sé ekki gerður greinarmunur í utanríkismálastefnu okkar á tilvist Bandaríkjahers annars vegar og hins vegar að við erum í NATO. Ég tel að ef við lítum til náinnar fortíðar þá bárum við að mínu mati enga ábyrgð á fyrirhuguðum árásum Bandaríkjamanna á Írak fyrir skömmu, sem varð ekki af sem betur fer, en samt leit út fyrir að ætlunin væri að nýta flugvöllinn hér í slíkum hernaði. Þetta er að mínu mati mjög óviðunandi og því spyr ég hvort svona lagað sé bundið í varnarsamningnum, ég hef ekki orðið vör við það, eða hvort þetta er háð ráðherrum á hverjum tíma. Það er að mínu mati eitt að vera í NATO og annað að taka þátt í einhliða hernaðarátökum Bandaríkjanna við önnur ríki.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að styttast en ég tel mjög mikilvægt að við Íslendingar verðum vel á verði í öllum alþjóðasamskiptum okkar og fagna því hve kröftuglega er staðið að þátttöku okkar á ýmsum sviðum. Það er þó eitt atriði að lokum, herra forseti, sem ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um og það varðar stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni. Staða þessara kvenna er vægast sagt mjög slök bæði sem

sendiherra og sem eiginkvenna og ég spyr að lokum hvort hæstv. ráðherra fyrirhugar einhverjar breytingar á högum þeirra.

[17:06]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er rétt að byrja á því síðasta sem spurt var um, þ.e. stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni. Það er rétt að það eru of fáar konur í utanríkisþjónustunni. Núna er verið að ráða nýtt fólk til utanrrn. Það sóttu milli 130–140 manns, þar af yfir 70 konur og yfir 60 karlar. Við munum trúlega geta ráðið í fimm stöður til að byrja með vegna þess að fólk hefur hætt og eins og málið stendur í dag verða sennilega ráðnar fjórar konur og einn karlmaður. Það er held ég ekki alveg sambærilegt við það sem hefur oft gerst áður þannig að við erum mjög meðvituð um að þetta hlutfall breytist. En þetta er einfaldlega vegna þess að það er mat þeirra sem stóðu í þessum viðtölum að konurnar séu afar vel hæfar til þess að gegna þessum störfum.

Spurt var um hvort kostnaður við sendiráð og utanríkisþjónustu væri lægri hér á landi en annars staðar. Ég hygg að svo sé ekki og tel að þetta sé á engan hátt sambærilegt vegna þess að utanríkisþjónusta lítilla ríkja verður hlutfallslega alltaf dýrari en þeirra stærri. Hins vegar ef við berum okkur saman við útgjöld flestra ríkja bæði til utanríkisþjónustu og varnarmála er það miklu lægra á Íslandi en almennt gerist vegna þess að við höfum engan her. Án þess að ég ætli beint að fara að bera það saman þá er mjög erfitt að fara út í slíkan samanburð. Mér er þó kunnugt um það að land eins og Lúxemborg, sem er að vísu heldur stærra en við, er með sendiráð á mun fleiri stöðum í heiminum en Ísland þannig að þeir leggja í mikil útgjöld vegna utanríkismála. (Forseti hringir.) Ég mun reyna að koma inn á aðrar spurningar hv. þm. síðar.

[17:09]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna yfirlýsingu ráðherra um að það standi fyrir dyrum að bæta stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni. Ég spurði einnig um stöðu eiginkvenna en þær geta ekki unnið og þetta háir t.d. konum sem hafa menntað sig til starfa að geta ekki unnið erlendis.

Að öðru leyti mun ég bíða með mín viðbrögð þar til hæstv. ráðherra hefur svarað fleiri spurningum.

[17:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar eiginkonur eða maka starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem betur fer gengur það í báðar áttir, er alveg rétt að það fylgja því margvísleg vandamál sem við getum ekki leyst en auðvitað gera starfsmenn sér fulla grein fyrir þessu þegar þeir fara út í þessi störf og út á þetta svið. Það sem hefur verið gert er að skipa sérstaka nefnd um fjölskyldumál starfsmanna utanrrn. og sú nefnd er að störfum. Í þeirri skýrslu sem er nýkomin á borð þingmanna um málefni utanríkisþjónustunnar eru þessu máli gerð nokkur skil.

Ég vildi kannski aðeins koma inn á málefni Schengen. Þau mál eru alveg skýr. Verið er að leita eftir samningum við Evrópusambandið á grundvelli þess að ekki þurfi að breyta stjórnarskrá landsins. Lögfræðingar sem við fengum sérstaklega til þess hafa skilað skýrslu um þetta mál sem er aðgengileg öllum þingmönnum og öðrum sem hafa áhuga á þar sem þetta kemur skýrt fram.

Þessum samningum er ekki lokið. Samningurinn um Schengen-samstarfið var gerður í desember 1996 og ríkisstjórnin hyggst leggja þann samning fram á Alþingi eftir nokkra daga til kynningar án þess að gert sé ráð fyrir að hann verði afgreiddur en síðan verður hann væntanlega afgreiddur á Alþingi í haust og þá liggur vonandi fyrir samningur milli Íslands, Noregs og Evrópusambandsins um þetta mál því að bæði Ísland og Noregur hafa einsett sér það að gerast aðilar að þessu samstarfi sem hefur mjög mikla pólitíska þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

[17:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar vegna Schengen er mjög áhugavert. Mér hefur virst alveg ljóst hvaða kröfur Evrópusambandið gerir varðandi Schengen. Við verðum að koma þarna inn á þjóðréttarlegum grundvelli og það er meira spurning um hvernig það sé túlkað, þ.e. hvort þurfi stjórnarskrárbreytingu eða ekki. Mér finnst hæstv. ráðherra vera að segja svolítið annað núna en þetta hefur ekki verið skilningur minn þannig að ég mun bara bíða eftir því að fá þessa skýrslu og fagna því að hún er væntanleg og þá getum við rætt þetta þegar þar að kemur.

[17:12]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka hæstv. ráðherra ræðuna sem hann flutti áðan. Sú ræða er skýrsla fremur en stefnumörkun með framtíðarsýn. Þar er víða komið við og gefið greinargott yfirlit í stuttu máli um helstu dagleg viðfangsefni utanríkisþjónustunnar sem er vissulega fróðlegt á sína vísu en hins vegar fannst mér allt of fátt í ræðunni sem vísar veginn fram á við eða markar stefnu til framtíðar. Þó er slík atriði þar að finna og nefni ég þar fyrst og fremst þau áform sem hæstv. ráðherra hefur um eflingu utanríkisþjónustunnar þar sem hann ræðir um stofnun nýrra sendiráða í Kína og Japan, um aðstöðu fyrir fastanefnd á vegum ÖSE í Vín, sem jafnframt verði sendiráð í Austurríki, og um aukinn stuðning við kjörræðismenn. Hæstv. ráðherra áætlaði að kostnaður við þessar aðgerðir sé ekki undir 300 millj. kr. sem er 25% aukning á fjárveitingum eins og þær eru í dag til utanrrn. Með þessu boðar hæstv. ráðherra eflingu utanríkisþjónustunnar þar sem vissulega er horft til framtíðar og ég er honum sammála um það. Ég gagnrýni ekki þær fyrirætlanir hans og tel að þeim peningum sem þar um ræðir sé vel varið, einfaldlega vegna þess að það er rétt sem hæstv. ráðherra segir í lokaorðum sínum að fá ríki eru jafnháð alþjóðasamskiptum og Ísland og að ein mikilvægasta forsenda góðra lífskjara hér á landi sé að standa vel að utanríkisviðskiptum. Því gagnrýni ég ekki, eins og tíska er meðal Íslendinga, útgjöld á vegum utanríkisþjónustunnar. Ég er hæstv. ráðherra sammála um að þetta eru einhver nauðsynlegustu útgjöld sem ráðist er í af hálfu íslenska ríkisins.

Hins vegar samrýmist ekki þessari stefnu hæstv. ráðherra um eflingu utanríkisþjónustunnar hversu fáorður hæstv. ráðherra er um afstöðu Íslands til þeirra viðfangsefna sem einkenna helst stjórnmálaframvinduna í heimshluta okkar, þ.e. hversu fáorður hann er um samrunaferilinn í Evrópu og um Myntbandalagið. Um samrunaferilinn í Evrópu segir hæstv. ráðherra í ræðu sinni nánast aðeins eina setningu sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við höfum beina

hagsmuni af stækkun Evrópusambandsins þar sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir að ný aðildarríki verði aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu." Annað hefur hæstv. ráðherra ekki að segja um þetta stóra og mikla mál þar sem 11 ný ríki í Austur- og Suður-Evrópu eru u.þ.b. að bætast við á næstu tíu árum í Evrópusambandið og fá þar beina aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Hæstv. ráðherra hefur einnig fátt að segja um þróunina um sameiginlega mynt í Evrópu. Þar segir hann nánast aðeins, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók fram í ræðu sinni fyrr í dag, að nú heyrist raddir úr íslensku atvinnulífi sem telji brýnt að tengja íslensku krónuna sterkum böndum við hinn sameiginlega evrópska gjaldmiðil. Stefna af hálfu hæstv. ráðherra í málinu er hins vegar engin í ræðu hans.

Ég efast um að til sé nokkurt annað land í allri Evrópu, hvorki innan né utan Evrópusambandsins, þar sem utanríkisráðherra mundi flytja þjóðþingi boðskap um utanríkismál þar sem samrunaferlinu í Evrópu er jafnlítill gaumur gefinn og í orðum hæstv. utanrrh. Þarna tel ég að Ísland skeri sig alveg úr. Sú umræða sem er efst á baugi í allri Evrópu fer ekki fram hér. Í því eina ríki, á Íslandi, hafa stjórnvöld enga efnislega skoðun á málinu, því það er ekki efnisleg skoðun að segja að málið sé ekki á dagskrá, það eigi ekki að vera til umfjöllunar. Sú afstaða að málið sé ekki á dagskrá og eigi ekki að vera til umfjöllunar hefur valdið því að Íslendingar hafa gróflega vanrækt heimavinnu sína. Í tíð fyrri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var hafin fyrir tilverknað ráðherra Alþfl. úttekt á kostum og göllum aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Auðvitað er það ljóst að slíkri aðild fylgja bæði kostir og gallar en forsendan fyrir því að skynsamleg umræða geti átt sér stað um það mál er að slík úttekt liggi fyrir. Að fólkið í landinu, sem vill taka þátt í slíkri umræðu, viti hverjir eru raunverulegir kostir og raunverulegir gallar við þá umræðu og geti því háð hana á skynsamlegum nótum.

En þessari vinnu var hætt strax við stjórnarskiptin. Þá var ákveðið að málið væri ekki á dagskrá og því hefur engin athugun á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar farið fram. Það er því ekki undarlegt þó að ríkisstjórn Íslands hafi engin skilgreind samningsmarkmið í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að þessu ferli, hvaða kröfur t.d. þyrfti að uppfylla til að kostir aðildar teldust meiri en ókostirnir. Það hefur aðeins farið fram mjög lausleg umræða á Íslandi um þau málefni. En mér er nær að halda að Ísland sé eina ríkið í allri Evrópu þar sem stjórnvöld hafa engin skilgreind samningsmarkmið í þessari umræðu. Í tímaritinu Atlantica, af öllum tímaritum, birtist nýlega viðtal við forsrh. Íslands þar sem hann segist ekki einu sinni sjá aðild Íslands að Evrópusambandinu úti við sjóndeildarhringinn hvað þá meir. Þannig hefur hæstv. utanrrh. ekki talað. Þannig talaði hæstv. forsrh. í viðtali við þetta tímarit, eins undarlegt og það nú er.

Eftir því, virðulegi forseti, sem fleiri ríki verða aðilar að Evrópusambandinu þeim mun minni þýðingu mun EES-sáttmálinn hafa. Ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa afskaplega takmarkaðan áhuga á því samstarfi. Sviss, eitt EFTA-landanna, hefur engan áhuga á að gerast aðili að EES heldur vill beinar tvíhliða samningaviðræður við Evrópusambandið. Þeir sem fylgjast með málum hljóta að verða varir við það að Norðmenn hafa mjög takmarkaðan áhuga á að leysa ýmis vandamál innan vébanda EES heldur sækjast miklu frekar eftir því að ná niðurstöðum í tvíhliða viðræðum við Evrópusambandið þannig að þegar horft er á öll þessi atriði, þá óttast ég að eftir því sem árin líða minnki stöðugt mikilvægi EES-sáttmálans sem var góður og þarfur á sinni tíð.

Íslendingar eiga enn sín tækifæri. Það er mín skoðun og ég trúi því að utanrrh. hafi fengið að heyra það líka að ef aðildarumsókn Íslendinga bærist áður en langt um líður, þá mundi það skilyrði ekki verða sett að sú umsókn yrði ekki tekin til meðferðar fyrr en núverandi viðræðuferli lýkur, þ.e. eftir tíu ár. Bærist slík umsókn eftir ekki allt of langan tíma þá hef ég þá trú að hún yrði tekin til afgreiðslu og umfjöllunar með sjálfstæðum og sérstökum hætti strax eða fljótlega eftir að hún bærist. Ísland hefur því vissulega tækifæri til að taka ákvörðun um þessi mál enn og þarf ekki að bíða eftir því að því viðræðuferli sé lokið sem nú stendur yfir.

Auðvitað geta menn verið þeirrar skoðunar að Ísland eigi hvorki nú né í framtíðinni að tengjast Evrópusambandinu frekar en orðið er. Þannig voru menn vissulega þeirrar skoðunar að Ísland ætti ekki að gerast aðili að EFTA undir neinum kringumstæðum og ekki að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði undir neinum kringumstæðum þótt hvort tveggja hafi orðið. Í augum þeirra sem eru þessarar skoðunar kemur auðvitað ekki til greina að huga að aðild, velta fyrir sér kostum hennar og göllum, skilgreina samningsmarkmið eða hefja viðræður hvorki nú né síðar. Ég virði vissulega þau sjónarmið. Þau eiga fullan rétt á sér og ég geri ekkert lítið úr þeim. En hvorugur ríkisstjórnarflokkanna hefur hins vegar tekið þessa afstöðu. Þeir hafa báðir sagt að aðild væri ekki á dagskrá á yfirstandandi kjörtímabili en hvorugur útilokað að til þess geti komið síðar.

Þeir sem þannig hugsa verða því að velta fyrir sér hvort hagstæðara sé fyrir Ísland að bíða eftir að hefja viðræður þar til núverandi viðræðulotu við ríkin í Mið-Evrópu, Mið- og Austur-Evrópu, er lokið, eða hvort ástæða sé til að óska eftir viðræðum fyrr og vinna áður þá heimavinnu sem þarf að vinna, þ.e. úttektina á kostum og göllum aðildar og skilgreina samningsmarkmið Íslendinga. Ég tel að það væri miklu hagstæðara fyrir Ísland, ef til greina kemur að Ísland verði einhvern tímann aðili að Evrópusambandinu, að það gerist áður en tíu ný ríki Mið-, Austur- og Suður-Evrópu hafa gengið til liðs við það en eftir að það hefur gerst. Ég tel að áhrif Íslendinga gætu orðið miklu sterkari með því móti, ekki síst á stefnumörkun í sjávarútvegsmálum, sem verður auðvitað hluti af þeim viðræðum sem munu eiga sér stað við hin nýju aðildarríki. Ég er sannfærður um að það er meira í samræmi við hagsmuni Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusamstarfinu áður en hin 11 nýju ríki eru tekin inn í Evrópusambandið en að bíða þangað til það hefur verið gert.

Þess vegna tel ég, herra forseti, og vil láta það koma fram að nauðsynlegt sé að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, hvað sem endanlegum ákvörðunum líður, að Íslendingar fari nú að vinna sína heimavinnu. Að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að haldið verði áfram vinnu að úttekt á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar, sem hafin var í tíð síðustu ríkisstjórnar, og vinni að því að skilgreina hugsanleg samningsmarkmið Íslendinga, þannig að ef niðurstaða stjórnvalda væri sú að æskilegt væri að hefja samningaviðræður eða senda inn aðildarumsókn, þá væri hægt að leita til þjóðarinnar áður en það yrði gert og leggja fyrir hana þau samningsmarkmið sem hæstv. ríkisstjórn vildi ná fram og spyrja þjóðina þessarar einföldu spurningar á grundvelli slíkra skilgreindra samningsmarkmiða: Viljið þið að við leitum eftir viðræðum við Evrópusambandið um mögulega

aðild? Þessa heimavinnu þurfa stjórnvöld að vinna og ég skora á hæstv. utanrrh. að hefja þá vinnu.

Á sama hátt tel ég nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirra miklu umræðna sem urðu á sínum tíma um kosti og galla aðildar Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði, að á næsta ári þegar fimm ár verða liðin frá því að samþykkt var á Alþingi að ganga til þess samstarfs, beiti hæstv. utanrrh. sér fyrir því í ríkisstjórninni að gerð verði úttekt á reynslu Íslendinga af samstarfinu í EES, hvað hefur áunnist og hvað hefur miður farið. Við vitum afskaplega vel að það sem margir fullyrtu úr þessum ræðustól fyrir bráðum fimm árum um mikið aðstreymi útlendinga ekki síst inn á hið íslenska félagslega kerfi hefur ekki ræst. Þær fullyrðingar hafa heldur ekki ræst að hingað mundi streyma inn fjármagn þar sem verðmætustu auðlindir Íslands yrðu keyptar upp af útlendingum. Margar hrakspárnar hafa ekki ræst. En það hefur kannski farið fram hjá okkur að mjög mikið af réttindamálum launafólks og neytenda hefur áunnist á Íslandi bókstaflega fyrir tilverknað þessa samnings. Í málefnum neytenda, frjálsrar samkeppni og réttinda verkafólks hefur upphefð okkar á undanförnum árum komið að utan. Og það er rétt að fá það staðfest með slíkri úttekt, sem ég tel að sé mjög tímabær, á næsta ári, fimm árum eftir að umrædd samþykkt um aðild Íslands að EES var gerð á hinu háa Alþingi.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, varpa þeirri spurningu fram til hæstv. utanrrh. hvort hann teldi ekki rétt og væri ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir því að slík úttekt yrði unnin á næsta ári.

Herra forseti. Það eru fjölmörg önnur atriði í ræðu hæstv. utanrrh. sem ég vildi gjarnan geta komið að en get ekki tímans vegna og verð því að láta mér nægja þau orð sem ég hef hér látið falla.

[17:28]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að átt hafi sér stað í utanrrn. einhver sérstök skipuleg úttekt á kostum og göllum þess að ganga í Evrópusambandið á sínum tíma. Það má vel vera að það hafi farið algjörlega fram hjá mér. En það er ekki svo að ekkert sé verið að gera í þessum málum. Við erum stöðugt í viðræðum við margar þjóðir um samskipti Íslands við Evrópusambandið, erum að útskýra okkar stöðu og leita eftir skilningi þeirra á hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu. Við erum að sjálfsögðu alltaf að ræða það til að reyna að gera okkur grein fyrir því hvað gæti beðið okkar í þeim efnum. Í því felst ekki einhver fullyrðing um að það sé ætlun okkar að ganga þar inn, en við erum ávallt að kanna viðhorf annarra þjóða.

Það liggur alveg ljóst fyrir, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að stóri gallinn við þetta er sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins. Og það eru engar líkur á að þær breytingar verði á henni sem við gætum sætt okkur við. En við erum alltaf að spyrja um það þannig að við erum alltaf að vinna okkar heimavinnu, sem ég trúi að hafi líka verið unnin áður í utanrrn. og hef engar efasemdir þar um.

Um úttekt á kostum og göllum EES-samningsins, þá getur vel komið til greina að gera þá úttekt. Hins vegar held ég að það sé ekki mjög mikils virði vegna þess að sú reynsla er góð og samningurinn hefur reynst Íslendingum vel. Það er ekki þar með sagt að samningurinn hefði ekki getað verið betri eins og allir aðrir samningar við erlend ríki. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að þeir séu gagnrýndir á Alþingi. Ég tel t.d. að síldarsamningurinn við Noreg hafi verið afar góður jafnvel þótt Alþfl. hafi gagnrýnt hann.

[17:30]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa hæstv. utanrrh. um að á vegum sumra þeirra ráðuneyta sem alþýðuflokksmenn fóru með í síðustu ríkisstjórn var hafinn undirbúningur að skoðun á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar, m.a. á vegum viðskrn. og iðnrn. sem óskuðu eftir tilteknum upplýsingum og vinnu þar að lútandi frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Einnig minnist ég þess þó ég hafi það ekki undir höndum að utanrrn. hafi beitt sér fyrir sams konar athugunum og úttektum á öðrum sviðum, en eins og ég sagði var þetta allt saman stöðvað við stjórnarskiptin.

Auðvitað er alltaf hægt að gagnrýna samninga þegar þeir eru gerðir. En það er reynslan sem sker úr. Hæstv. utanrrh. var ekki fylgjandi EES-samningnum þegar hann var gerður en hans dómur, persónulegi dómur í ljósi þeirrar reynslu sem hann hefur fengið er sá að sá samningur hafi reynst vel þótt hann hafi ekki stutt hann á sinni tíð. Það er hins vegar áhugavert að fá á einum stað að sjá saman komið gagnrýnisatriðin á þennan samning sem fram voru sett í samningagerðinni og niðurstöður um það hvort sú gagnrýni hafi átt rétt á sér eða ekki, og það voru engin smáorð sem höfð voru uppi í því sambandi úr þessum ræðustól. Það er líka forvitnilegt fyrir okkur Íslendinga að fá það staðfest að upphefð okkar í neytendamálum, frjálsri samkeppni, ýmsum félagslegum réttindum hefur komið á síðustu árum fyrir tilverknað þessa samnings.

[17:32]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið voru hafnar á sínum tíma þegar Framsfl. hafði forustu í ríkisstjórn. Það hefur því alltaf legið fyrir að Framsfl. taldi rétt að ganga til þeirra viðræðna. Við gagnrýndum hins vegar málsmeðferðina og margt sem þáv. ríkisstjórn gerði. Hún hafði þá enga samvinnu við stjórnarandstöðuna og okkur um áframhald þeirrar vinnu.

Vissulega geta menn farið út í að gera úttekt á þessu öllu saman en mér finnst ekki rétt að utanrrn. fari að stunda úttekt á slíkri pólitískri sagnfræði. Mér finnst það vera frekar sagnfræðinga og mér hefur nú heyrst að þingmenn Alþfl. væru tiltölulega duglegir við það á Alþingi að minna á afrek sín þannig að ég veit ekki hvort þarf fleiri til í þeim efnum. Ég get vel tekið undir með hv. þm. að það var margt mjög vel gert í þeim samningi og staðið vel að málum á margan hátt. En ég tel hins vegar að það hefði mátt standa öðruvísi að málum og ég vitna til þeirrar gagnrýni sem ég setti fram á málefnalegan hátt á Alþingi á sínum tíma.

Eins og hv. þm. veit lagðist ég ekki gegn þessum samningi og ég tel að Íslendingum hafi verið nauðsynlegt að taka þátt í því samstarfi, enda var ég í hópi þeirra manna sem voru stuðningsmenn þess að hefja þær viðræður. Hv. þm. ætti að vita það þó að hans minni í þessum efnum nái eingöngu til síðustu ríkisstjórnar og er það miður.

[17:34]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér dettur ekki í hug að fara að deila um sagnfræði við hæstv. ráðherra. Það liggur fyrir hvernig þessi samningur var afgreiddur á þinginu, hvernig menn greiddu atkvæði og auðvitað stendur það.

Það sem ég er hins vegar að vekja athygli á er að það er gott fyrir Íslendinga að vita miðað við þær fullyrðingar sem þá voru gefnar, bæði um jákvæðar og neikvæðar hliðar þess samnings, hver niðurstaðan er. Hvað hefur áunnist með þessum samningi? Hvað hefur hann fært okkur? Hvaða hrakspár sem hafðar voru uppi um hann hafa ekki ræst? Þetta er gott fyrir Íslendinga að vita, líka upp á framtíðina því að svona brugðust menn líka við á sínum tíma þegar samþykktur var samningur um EFTA-aðild Íslands, þá voru menn uppi með slíkar hrakspár. Aldrei var gerð nein úttekt á því hvort sá samningur hefði verið jákvæður eða neikvæður fyrir okkur, hvað af honum hefði verið jákvætt og hvað neikvætt o.s.frv. Með nákvæmlega sama hætti er umræðan um EES-samninginn og framhald hans, þ.e. ekki liggur fyrir hvaða jákvæð áhrif þessi samningur hefur haft fyrir okkar og hver hafa verið hans neikvæðu áhrif.

Ef fólk ætlar ekki að festast í tilfinningalegri afstöðu til málsins, einhverri fyrir fram gefinni afstöðu sem færð er til bókar í eitt skipti fyrir öll, og vill ræða þessi mál skynsamlega að fá að vita niðurstöðuna, fá að sjá reynsluna og nota síðan dóm reynslunnar til að vega og meta þær aðgerðir sem kunna að vera á borðum alþingismanna og ráðherra á næstu árum í sambandi við samvinnu Íslands um efnahagsmál við önnur lönd. Þetta er bara af því góða. Þetta er ekki sagnfræði, virðulegi forseti. Síður en svo.

[17:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði um skýrslu þá sem við þingmenn höfum nú fengið í hendur um endurskoðun á utanríkisþjónustunni. Það er margt vel um þá skýrslu og ég er stuðningsmaður þess sem þar kemur m.a. fram og snýr að því að efla utanríkisþjónustuna í skilningnum að fjölga sendiráðum. Vissulega kostar það umtalsverða peninga að framkvæma tillögur nefndarinnar sem ganga út á nokkur ný sendiráð en ég er þeirrar skoðunar að við eigum að sjálfsögðu að leggja í það eins og viðráðanlegt er að halda á okkar málstað erlendis og það er tvímælalaust tímabært að færa þar út kvíarnar.

Að öðru leyti er þessari skýrslu því miður talsvert áfátt. Ég held að vinna þurfi það verkefni frekar að kortleggja utanríkissamskipti og utanríkispólitíska þátttöku þjóðarinnar í miklu víðara samhengi þar sem Alþingi, önnur ráðuneyti en utanrrn., opinberar stofnanir, hagsmunasamtök og fleiri aðilar eru jafnframt tekin með í dæmið. Það er algerlega lífsnauðsynlegt fyrir fámenna þjóð sem hefur úr takmörkuðum fjárráðum að spila að byggja markvisst upp þátttöku sína á þessu sviði.

Í öðru lagi, herra forseti, þegar kemur að ræðu hæstv. utanrrh., þá staldra ég við kaflann um stækkun NATO. Að vísu hafa farið fram miklar umræður um það mál á þingi nýlega og ég get vísað til þeirra og þeirrar ræðu sem ég hélt þar. Ég verð þó að segja að mér finnst sá tónn sem oft er í þeirri umræðu og þar á meðal af hálfu hæstv. ráðherra eiginlega hálfleiðinlegur. Það er sérstaklega það að menn skuli vera svona önugir yfir því að einhver önnur sjónarmið komi fram en þeir hafa sjálfir. Það er nánast reynt að afgreiða það eins og eitthvert sérislenskt fyrirbæri að menn leyfi sér að velta upp kostum og göllum þeirrar niðurstöðu sem þar var valin og spyrja sig gagnrýninna spurninga um hvort ekki hefði hugsanlega mátt fara aðrar og farsælli leiðir í nýskipan öryggismála í álfunni. Er það af hinu illa? Er það verra? Er virkilega verið að reka þetta trúboð á þeim forsendum að það eigi bara að vera ein löggilt skoðun? Mig undrar þetta nokkuð og sömuleiðis sú sagnfræði sem hér veður uppi að breytingar í alþjóðamálum á síðustu árum hafi sannað eitt og afsannað annað. Hvað hefur sannast í raun og veru? Hefur það t.d. sannast sem margir vilja vera láta í sínum málflutningi að vígbúnaðarkapphlaup kaldastríðsáranna hafi verið af hinu góða? Er það niðurstaðan að hið tryllta vígbúnaðarkapphlaup kaldastríðsáranna þegar menn hlóðu upp kjarnorkuvopnum sem nægðu til þess að gereyða heiminum mörgum sinnum, að það hafi verið sérstök blessun fyrir mannkynið? Er það það sem verið er að segja? Þrátt fyrir að það liggi fyrir alveg óhrekjandi sannanir um að tvísvar, þrisvar ef ekki fjórum sinnum munaði hársbreidd að gereyðingarstyrjöld skylli á. Menn eru ekkert að velta því fyrir sér. Bara af því að það gerðist ekki, þá er þetta allt í lagi.

Mér finnst þetta vera sambærileg röksemdafærsla við þá að maður gengi í svefni yfir tíu akreina hraðbraut og ef hann er svo stórheppinn að enginn keyrir á hann, þá sé það sönnun þess að það sé algerlega hættulaust að ganga sofandi yfir tíu akreina hraðbraut. Nei. Það er bara sönnun fyrir því hversu óskaplega heppinn viðkomandi maður var. Það hefur ekkert sannast á þeim árum sem liðin eru frá því að kalda stríðinu lauk eins og það er sagt annað en það hversu heppið mannkynið var að komast í gegnum þetta tryllta tímabil án þess að tortíma sér og hversu heppin við erum enn þá á meðan þau gereyðingarvopn eru til staðar að ekki er gripið til að nota þau. Það hefur ekkert annað sannast. Ég hafna því þessum málflutningi, herra forseti.

Ég tek undir það sem hér er sagt um hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og er hér eftir sem hingað til stuðningsmaður þess að við eflum þátttöku okkar þar og stofnum okkar fastanefnd þó fyrr hefði verið.

Sömuleiðis geri ég ekki annað en taka undir kaflana sem lúta að norrænu samstarfi, Norðurskautsráðinu og minni á vestnorræna samstarfið í þeim efnum. Ég held alveg tvímælalaust að við eigum að afmarka dálítið þátttöku okkar út frá því að efla stöðu okkar sem mest á svæðisgrundvelli út frá Íslandi. Þar er vestnorrænt samstarf í mínum huga númer eitt, norrænt samstarf númer tvö og norðursvæðastarf, heimskautssvæðasamstarf númer þrjú. Ég held að við eigum alveg hikstalaust að forgangsraða þátttöku okkar í þessum hringjum út frá okkar eigin landi. Það er skynsamlegt og hyggilegt fyrir þjóð eins og okkur að gera.

Þá fáein orð um varnarsamstarfið, herra forseti. Það er ekki langur kafli. Þeir hafa sést stærri í ræðum og skýrslum utanrrh. á umliðnum árum um það efni. Ætli þetta sé ekki einar átta línur. En þar eru þó tvö orð sem ég staldra við og vil spyrja hæstv. ráðherra út í. Það er þetta, með leyfi forseta, en svo segir í texta um varnarsamstarfið:

„... er ljóst að meginverkefnið fram undan er endurskoðun varnarstefnu Íslands til lengri tíma sem nú er unnið að. Þar verður einkum höfð að leiðarljósi trygging varna landsins um ókomna framtíð ...“

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Til hvers vísa orðin „um ókomna framtíð?“ Er verið að tengja þetta við veru bandaríska hersins á Íslandi? Er það framtíðarsýn, stefna hæstv. utanrrh. og flokks hans, að um ókomna framtíð skuli reyna að framlengja það ástand sem nú er, að í landinu sé erlendur her? Ég held að það sé ástæða til að fá þetta skýrar fram því það er kannski svolítið á reiki þrátt fyrir allt hver hin opinbera stefna Framsfl. er orðin í þessum efnum sem einu

sinni var að verulegu leyti andvígur hersetunni, þó gjarnan sé reynt að þurrka það út í sagnfræðinni að talsverður hluti þingmanna Framsfl. *studdi* það ekki. Það er kannski orðið nauðsynlegt að rifja það upp fyrir hæstv. utanrrh. Af einhverjum ástæðum vildi hann lítt við það kannast t.d. þegar aðildin að NATO var rædd að það hefði ekki verið samstaða í hans eigin flokki um það mál, talaði eins og það hefðu bara verið örfáir sérvitringar, kommúnistar og vondir menn sem hefðu leyft sér að gagnrýna það en ég man nú ekki annað en formaður Framsfl. á þeim tíma hafi verið því andvígur og ekki greitt því atkvæði.

Einu sinni var sagt að ekki ætti að vera her í landinu á friðartímum. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Til hvers vísa þessi orð? En ég vísa að öðru leyti til þeirrar tillögu sem er næst á dagskrá á þessum fundi og við munum ræða síðar í kvöld.

Þá vík ég að samskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Þar er að vísu ekki kveðið mjög fast að orði. Í sambandi við hinn sameiginlega evrópska gjaldmiðil er talað um raddir úr íslensku atvinnulífi sem telji brýnt að tengja krónuna við evrópsku myntina. Það er eins og mig minni að hæstv. utanrrh. hafi tekið öllu dýpra í árinni, bæði í blaðagreinum og í yfirlýsingu eða ræðu úti í Brussel á dögunum. Þess vegna vakti sérstaka athygli mína í þessu sambandi greinarkorn sem ég rakst á í Financial Times á fimmtudaginn var þegar ég var á ferðalagi og ég gerðist svo djarfur að rífa það út úr blaðinu og vona að eigandinn fyrirgefi mér það, sem er erlent flugfélag. En ég var svo stórhrifinn af því sem hæstv. forsrh. segir þar og vona að rétt sé eftir honum haft.

Hann er þar að tala um að útilokað sé fyrir okkur að gerast aðilar að Evrópusambandinu, jafnvel þótt til standi að endurskoða sameiginlegu fiskveiðistefnuna 2002, vegna þess að það sé óhugsandi fyrir Ísland að gefa upp sjálfstæði sitt í peninga- og efnahagsmálum þannig að það sé ekki bara fiskveiðistefnan ein sem þarna standi í veginum heldur sé óhugsandi að Ísland afsali sér sjálfstæði sínu í efnahags- og peningamálum eins og það mundi þurfa að gera ef það gengi inn í Evrópusambandið og ég tala ekki um eftir að hin nýja evrópska mynt er komin til sögunnar. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er það stefna ríkisstjórnarinnar sem þarna er lýst svona afdráttarlaust og hefur ekki verið borin til baka?

Að hinu leytinu var auðvitað athyglisverð ræða formanns Alþfl. hér áðan sem var nánast ein samfelld áróðursræða fyrir því að Ísland ætti að drífa inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og það sem fyrst í voninni um að við kæmumst fram úr öðrum út á sérstaka stöðu okkar og tengsl við Evrópusambandið. Það er málflutningur sem ég er ákaflega andvígur, herra forseti, og tel fráleitan. Það er hvorki neitt sem kallar á það af okkar hálfu í aðstæðum okkar né líklegt að þær viðræður mundu skila í sjálfu sér neinu öðru en því að Íslandi byðist þá að ganga inn í Evrópusambandið í grófum dráttum nákvæmlega eins og það er í dag og við vitum hvað það þýðir og ég held að það þurfi enga sérstaka úttekt í þeim efnum.

Auk þess verð ég að segja um alla úttektarfræðina sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði mikið úr: Við hvað á að bera saman? Það að gera úttekt á því hvernig EES-samningurinn hafi komið út er að því leyti mjög vandasamt sýnist mér, herra forseti, að það verður að bera það saman við eitthvað. Við hvað? Við ástandið eins og það var fyrir daga samningsins? Eru menn þá að gefa sér að ekkert annað hefði komið í staðinn? Auðvitað er það ekki nothæfur grunnur fyrir samanburðinn því að menn verða náttúrlega að reikna með því að ef ekki hefði orðið EES-samningur þá væri komið eitthvað annað í staðinn og það væri enginn flokkur sem gagnrýndi EES-samninginn að tala um annað en við þyrftum á einhvern hátt að samningsbinda samskipti okkar við Evrópusambandið. Spurningin var bara hvernig. Hvað er hagstæðast fyrir smáþjóð eins og Ísland með mjög mikla sérstöðu að gera í þessum efnum? Áhersla okkar í Alþb. var á tvíhliða samning sem hefði fólgin í sér viðskiptakjör á mjög hliðstæðum grunni og EES-samningurinn en væri einfaldari í sniðum og fæli ekki í sér þátttöku í því flókna stofnanafargani sem EES-samningurinn setti upp, væri meira í ætt við tvíhliða bókun eða viðskiptasamning og fæli í sér ákvæði um samvinnu á ýmsum öðrum sviðum sem Ísland var reyndar þegar á ýmsum sviðum þátttakandi í. Ég nefni ýmis samstarfsverkefni á sviði menningar og vísinda og rannsókna sem Ísland var þátttakandi í jafnvel fyrir daga EES-samningsins. Þessi uppstilling mála er að því leyti stórkostlega einfölduð að menn geta einfaldlega ekki borið nútímann og einhver undangengin ár saman við það sem var einhvern tímann löngu áður við einhverjar allt aðrar aðstæður, eins og ekkert hefði breyst. Eins og valið hefði bara verið annaðhvort eða. Það var það aldrei í mínum huga. Augljóslega hefði Ísland og þess vegna fleiri þjóðir sem hefðu valið aðrar leiðir en að gera EES-samninginn leitað eftir einhvers konar annars konar samningsbundnu samstarfsformi við Evrópusambandið. Það liggur í hlutarins eðli.

Herra forseti. Orðalagið um Schengen endurspeglar auðvitað *frá minni hlið þann ágreining sem ég geri við* hæstv. ráðherra um það mál. Ég tel að það hafi verið mistök af Íslands hálfu að reyna að gerast fullgildur aðili að Schengen-samningnum. Það lá orðið nokkuð ljóst fyrir að hann stefndi lóðbeint inn í Evrópusambandið, að verða hluti af réttarreglum Evrópusambandsins eins og hann er nú að verða og að hlutar hans mundu lenda inn í fyrstu stoð og þar með yrði um yfirþjóðlegt vald að ræða. Það er nákvæmlega í hnotskurn sá vandi sem menn standa núna frammi fyrir og hæstv. utanrrh., Íslendingar og Norðmenn þess vegna einnig eru síður en svo búnir að bíta úr nálinni með. Það er hægara sagt en gert að leysa þá þversögn sem þar með er komin upp fyrir ríki sem eru ekki fullgildir aðilar að Evrópusambandinu.

Herra forseti. Ég vek athygli á athyglisverðu orðalagi um hvalveiðar. Mjög athyglisverðu. Þar er sagt fullum fetum að það sé að sjálfsögðu vilji Íslendinga og stefna ríkisstjórnarinnar að veiða hvali en við vitum hvar það mál er á vegi statt og ég minni á að hin árlega vortillaga nokkurra þingmanna stjórnarliðsins um að hefja hvalveiðar er nú komin fram enda orðið nógu stutt eftir af þinginu að það er borin von að hún verði afgreidd. Það er að verða jafndagvisst og það að páskarnir koma og síðan sumardagurinn fyrsti og eitthvað svoleiðis að stjórnarsinnar koma með vortillöguna sína um hvalveiðar þegar ljóst er að ríkisstjórnin ætlar eitt árið enn ekkert að gera í málinu. Ég hefði í sporum hæstv. utanrrh. sleppt þessum texta. Ég held að þögnin geymi best framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum. Ég er stuðningsmaður þess, herra forseti, að við skoðum aðild Íslands að CITES-samningnum með jákvæðum huga. Ég held að við eigum einmitt að fara þannig í þau mál að við séum þar aðilar en reynum frekar að hafa áhrif á þróun þeirra hluta í okkar þágu.

Um Kyoto-bókunina og Kyoto-samningaferlið mætti ýmislegt segja. Hér er gefið mjög sterklega í skyn það sem ég

hef gagnrýnt, að við Íslendingar verðum ekki aðilar, nema við fáum enn þá víðtækari undanþágur en þær sem kreistar voru út í Kyoto á sínum tíma. Það er mjög neikvæð staða fyrir Ísland að vera í þessu ferli þannig statt í miðjum klíðum að vera sífellt hótandi því að vera ekki þátttakendur. Auðvitað er það skiljanlegt þegar maður hefur fyrir framan sig framtíðarsýn hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar sem er búinn að lýsa yfir eymd, volæði og fátækt á Íslandi ef ekki verði haldið áfram að virkja og virkja og virkja og byggja og byggja og byggja, ný og ný og ný álver. Ef framtíðarsýn manna er þessi er skiljanlegt að menn séu aumir út af Kyoto ef menn sjá allt bara sótsvart nema hér rísi eitt álver á ári. Það er framtíðarsýn iðnrh. og í því ljósi verður að skoða textann.

Um þróunarsamstarfið vísa ég til þeirrar tillögu sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir höfum flutt um það mál hér á þingi og segi að lokum, herra forseti, að ræða hæstv. utanrrh. boðar engin tímamót. Það er satt best að segja ótrúlega ótrúlegt, herra forseti, hversu litlu það virðist skipta hvort utanrrh. þjóðarinnar kemur úr Sjálfstfl., Alþfl. eða Framsfl.

[17:52]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt að við Íslendingar séum sem mest sammála um utanríkismál. Það er alveg rétt að deilt hefur verið um ýmis mál áður fyrr, m.a. um varnarmálin og Atlantshafsbandalagið, mér er vel kunnug um þær umræður og deilur sem voru í Framsfl. um þau mál og ég veit að Alþb. saknar þeirra. Þeir höfðu mikla ánægju af því að ráðast á Framsfl. út af þeim málum og margur liðsmaðurinn yfirgaf Framsfl. yfir í Alþb. m.a. út af því þannig að ég skil vel söknuð þeirra í þessu sambandi. En tímarnir hafa breyst og sem betur fer bar Framsfl. gæfu til þess að standa að aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og standa að varnarsamningnum við Bandaríkin og þetta eru hornsteinar í varnarmálum okkar. Ég er þeirrar skoðunar að það beri að byggja á þessum tveimur samningum um ókomna framtíð. Það er afstaða mín svo lengi sem þetta samstarf getur haldið áfram.

Hins vegar þarf að endurmeta varnarþarfir landsins og þar getur ýmislegt komið til greina. Við þurfum að meta hvaða þörf er fyrir viðveru varnarliðsins hér á landi, í hvaða mæli o.s.frv. Það er þetta starf sem við erum að vinna að. Í þessu orðalagi felst ekkert ákveðið um það hvernig þetta eigi að vera um ókomna framtíð. Við verðum að miða við þær aðstæður sem eru uppi á hverjum tíma. Ég er hins vegar sannfærður um að ákveðinn varnarviðbúnaður á Íslandi er nauðsynlegur en ég heyri að Alþb. er þeirrar skoðunar að það eigi alls engar varnir að hafa og í engu varnarbandalagi að vera.

[17:54]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki vegna þess að ég sakni þess eða það komi mér mikið við hvort framsóknarmenn eru allir sammála eða menn leyfa sér að hafa þar mismunandi skoðanir. Mér er ljóst að það er ekki mjög mikið í tísku nú í tíð núv. formanns í Framsfl. að menn hafi þar einkaskoðanir sínar. Það er bara ein lína sem gildir fyrir liðið og það hefur m.a. birst í því að þingmenn Framsfl. mega ekki flytja tillögur í utanríkismálum sem þeir höfðu frelsi til áður í tíð fyrrv. formanns flokksins.

Ég spurði um það hvað þessi orð „um ókomna framtíð" þýddu. Ég hallaðist að því, a.m.k. í fyrri hluta svars hæstv. utanrrh., að þau þýddu að hæstv. utanrrh. teldi að hér ætti að vera erlendur her í landinu um ókomna framtíð. Það ætti um ókomin ár að byggja á þeim tveimur stoðum sem hann kallar svo, NATO-aðildinni og varnarsamningnum við Bandaríkin sem felur í sér að herinn sé hér og verji landið. Ég harma auðvitað ef það er rétt skilið. Mér finnst það dapurlegt að menn skuli ekki eiga sér þá fallegu framtíðarsýn að Ísland geti verið herlaust land. Ég finn til með þeim mönnum sem geta ekki átt sér þann draum og ég tala ekki um hversu gaman yrði að upplifa að hann rættist. Það er ekki þar með sagt að Ísland geti ekki haft varnir innan þeirra marka sem við teljum að eigi þá að vera. En ég spyr á móti, fyrir hverju er verið að verja okkur í dag? Hver er óvinurinn? Er það ekki alveg ljóst að þeir tímar eru uppi að Bandaríkjamenn sjálfir vilja fara, vilja draga hér úr umsvifum og fara? Er það þá ekki heldur nöturlegt að þurfa að vera nánast á hnjánum að biðja þá að vera? Biðja þá að vera hér með einhver umsvif og í raun og veru skín í gegn að það eru fyrst og fremst efnahagslegir ávinningar sem liggja þar að baki. Mér finnst það dapurlegur endir ef svo má að orði komast sem vonandi verður á þessu máli að á lokasprettinum verði það Íslendingar sem grátbiðji herinn að vera í einhver ár en svo fari hann samt.

[17:56]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega grundvallarspurning hvort Ísland geti og eigi að vera varnarlaust. Ég er þeirrar skoðunar að svo geti ekki verið og við getum ekki leyst þau mál nema í samstarfi við aðrar þjóðir, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi varnarsamstarfsins milli Bandaríkjanna og Íslands. Hvernig því er síðan nákvæmlega fyrirkomið er atriði sem við þurfum að svara og ég tel að það komi til greina að gera ýmsar breytingar. Menn spyrja gjarnan: Hver er óvinurinn, hvar er hættan? Er nokkur hætta? Það má vel vera að engin hætta sé á innrás annars ríkis til Íslands en ég minni á að það eru líka hryðjuverkamenn starfandi í þessum heimi, því miður. Það eru glæpamenn starfandi í þessum heimi og það er kannski mesta hættan sem mannkynið býr við í dag að sveitir slíkra manna komist yfir tortímingarvopn og geti tekið til þess að hafa í frammi ýmsa tilburði þannig að við þurfum líka að taka tillit til þess. Ég deili þeirri framtíðarsýn hv. þm. að við getum verið laus við öll vopn og her í þessum heimi en því miður er ég hræddur um að við fáum því ekki einir ráðið, jafnvel þótt Alþb. og Framsfl. legðu saman í þeim málum, sem ég hef ekki mikla trú á miðað við málflutning okkar hér frekar en að Alþfl. og Alþb. leggi saman í þessum málum.

[17:58]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið er ég glaður að hæstv. utanrrh. skuli þó eiga sér þennan blómadraum um að hér þurfi ekki að vera erlendur her. Ég óska honum til hamingju með það og vona að við fáum að lifa það báðir að það rætist.

Nú er það svo, herra forseti, að ekki dugir lengur að draga fram gamlar ljósmyndir úr ljósmyndasafni Morgunblaðsins af rússneskum herflugvélum sem séu að ógna landinu en það var eins og kunnugt er gert með reglubundnu millibili um áratuga skeið. Þar með voru komin rökin fyrir því að hafa hér erlendan her og mikinn vígbúnað og vera í NATO. En þá er gripið til þess ráðs að hér séu nú hryðjuverkamenn og þeir gætu komið hér, nýtt Tyrkjarán gæti borið að, og það sé

ekki gáfulegt að tala um að landið eigi að vera varnarlaust. Á því getur að sönnu, herra forseti, verið mikill munur að hér sé erlendur her í landinu og hinu að hér sé einhver öryggisgæsla. Ég gef mér að við myndum að sjálfsögðu halda uppi landhelgisgæslu, jafnvel efla hana. Ég gef mér að við myndum fara leiðir eins og sumar smáþjóðir sem ekki hafa her en láta lögreglu sína og sérsveitir í lögreglu halda uppi öryggisgæslu við flugvelli o.s.frv. Ég man ekki hvort það er Kostaríka eða eitthvert slíkt smáríki í Karabíahafinu sem hefur einmitt þá skipan mála á að það kýs að kalla öryggissveitir sínar en ekki her vegna þess að landsmenn vilja það ekki. En þeir segja: Þetta er öryggisgæsla okkar og hún er innan lögreglunnar.

Við gætum að sjálfsögðu gert þetta þannig. Auðvitað mundum við halda uppi löggæslu á Keflavíkurflugvelli. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þeim þætti málsins. Vandamálið yrði ekki að koma í veg fyrir að einhverjir fáeinir ribbaldar gætu framið hér nýtt Tyrkjarán.

Auðvitað væri Ísland þá í einhverju samhengi með sín mál og mundi geta leitað samninga um viðurkenningu annarra þjóða á sinni stöðu. Auðvitað tæki þá eitt við af öðru. Spurningin er ekki um að hafa erlendan her og vera í NATO eða hafa landið algjörlega galopið og varnarlaust. Það eru langar leiðir þar á milli. Ég er ekkert viss um að við þyrftum að verða svo óskaplega ósammála, ég og hæstv. utanrrh., ef við gæfum okkur tíma til að ræða þetta einhvern tíma af viti, yfirvegað og málefnalega, ef menn væru ekki endalaust hoppandi ofan í eldgamlar skotgrafir um leið og önnur sjónarmið en löggilt og útgefin lína Bandaríkjanna og NATO heyrist. Þá er eins og allt fari í baklás hjá sumum.

[18:01]

**Útbýting þingskjala:**

Veiting ríkisborgararéttar, 582. mál, nál. allshn., þskj. 1106; brtt. allshn., þskj. 1107.

Verðlagsstofa skiptaverðs, 605. mál, þskj. 1077.

[18:02]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Á döfinni eru miklar breytingar í Evrópumálum og þá ekki síst í þeim málaflokkum sem einkum snerta hagsmuni Íslands. Á þessa málaflokka er drepið hér í viðamikilli ræðu utanrrh. í dag. Meðal þeirra atburða sem hæst ber í þessari deiglu Evrópumálanna er að sjálfsögðu stækkun NATO, útfærsla Evrópusambandsins og Myntbandalagið. Ég mun víkja hér einkum og sér í lagi að Myntbandalaginu en einnig ræða málefni hafsins, hafrannsóknir og nýtingu sjávarauðlinda, en um þau mál hefur orðið mikil umræða á þessu ári. Sú umræða er ekki síst í kjölfar þess að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að helga þetta ár hafinu. Ég stenst þó ekki þá freistingu að blanda mér lítillega í þá umræðu orðið hefur um stækkun NATO, aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu svo og stækkun Evrópusambandsins.

Þegar rætt er um stækkun NATO, sem nú er unnið að, er rétt að hafa í huga að smáríki Mið- og Austur-Evrópu líta svo á að í Atlantshafsbandalaginu sé fólgin mesta trygging þessara ríkja fyrir sjálfstæði og fyrir því að þau geti hagað málefnum sínum að eigin vild eins og að sjálfsögðu er eðli sjálfstæðra ríkja. Þessu máli víkur nokkuð öðruvísi við þegar um er að ræða Rússland sem telur að stækkun Atlantshafsbandalagsins væri þeim mjög óhagstæð. Rússland hefur lagt megináherslu á að unnið sé að öryggismálum Evrópu á vettvangi ÖSE. Það er athyglisvert að málflutningur sumra stjórnarandstöðufulltrúa hér í dag hefur verið nákvæmlega sá sami og rússneskra stjórnvalda. Þeir telja að ekki eigi að nota Atlantshafsbandalagið sem grundvöll öryggissamvinnu lýðfrjálsra Evrópuríkja. Jafnvel hefur verið gefið í skyn að leggja eigi bandalagið niður og snúa sér að því að nýta ÖSE sem grundvöll öryggissamstarfsins í framtíðinni. Ég held að þetta sé byggt á miklum misskilningi á hagsmunum smáþjóða Evrópu og nær sé að líta til þess að sameiginlega miðar stækkun NATO og stækkun ESB að því að skapa öryggismálum í Evrópu betri og traustari grundvöll í framtíðinni.

En það sem mig langar til að minnast sérstaklega á í þessari umræðu og fjallað er um í ræðu utanrrh. er eitt af stærstu skrefunum sem nú á að stíga í átt til þess að mynda bandaríki Evrópu. Myntbandalagið, sem allt bendir til að taki gildi í upphafi næsta árs, er langstærsta skrefið sem stigið hefur verið til þessa í þá átt. Sameiginleg Evrópumynt, sameiginlegur seðlabanki og peningastjórnun munu hafa í för með sér stóraukinn þrýsting á sameiginlega skattastefnu Evrópusambandsríkjanna. Það mun auka líkur á því að umhverfi atvinnulífsins í Evrópusambandinu verði að fullu samræmt en á því er mikil brotalöm eins og staðan er nú.

Nokkrar efasemdir voru um það hve mörg ríki Evrópusambandsins mundu taka þátt í myntsamstarfinu. Svo miklar voru þessar efasemdir að í skýrslu sem Seðlabanki Íslands gaf út snemma sl. sumar var talið líklegast að tiltölulega fá ríki yrðu til þess að mynda myntsambandið til að byrja með. Litlar líkur voru taldar á því að víðtækt samstarf yrði um þetta. Nú liggur hins vegar ljóst fyrir að 11 ríki Evrópusambandsins munu taka þátt í þessu samstarfi.

Danir og Bretar hafa í raun og veru samið um að fá að vera utan þess. Þegar þessi umræða stóð sem hæst í sumar var auk þess ekki ljóst hvort þær þjóðir sem efnislega voru sammála um nauðsyn þess að stofna Myntbandalagið gætu uppfyllt þau skilyrði sem voru sett um aðhald í efnahagsmálum. Þau skilyrði höfðu komið fram í viðauka við Maastricht-samkomulagið.

Um sumarið og á liðnu hausti kom í ljós að mikill meiri hluti ESB-ríkjanna lagði höfuðáherslu á að taka þátt í Myntbandalaginu. Mörg ríkjanna lögðu mikið á sig til þess að standast þau skilyrði sem sett höfðu verið fyrir þátttöku. Enn standa sum ríkjanna að vísu tæpt gagnvart skilyrðunum. Það á við um Belgíu og Ítalíu að því er varðar skuldir hins opinbera sem eru langt yfir viðmiðunarmörkunum. Þau mörk voru reyndar talin hafa minna vægi en 3% mörk á halla hins opinbera, en þar stóðu Ítalir einna tæpast. Nú virðast þeir hafa náð markmiðinu. Í nýútkominni skýrslu peningastofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnar ESB kemur fram að nokkuð ljóst sé að 11 lönd ESB uppfylli skilyrði viðaukans og muni verða með. Það eru þá öll lönd sambandsins nema Bretland, Svíþjóð, Danmörk og Grikkland.

Staða þeirra ríkja sem standa munu utan Myntbandalagsins er mjög ólík. Grikkir uppfylla ekki skilyrði Maastrichtsamningsins, Danir og Bretar, eins og ég sagði áður, sömdu sig frá skilyrðunum og sköpuðu sér tímabundið svigrúm. Svíar uppfylla skilyrðin að undanteknu ákvæði um aðild að gengissamstarfi Evrópusambandsríkjanna í tvö ár en um það atriði standa nú deilur.

Lengi stóðu Ítalir mjög tæpt varðandi skilyrði Maastrichtsamkomulagsins. Þó að þeir hafi náð miklum árangri í stjórn efnahagsmála sinna eru uppi efasemdir um að sá árangur sé varanlegur. Hins vegar er mjög mikil áhersla lögð á það

af hálfu þeirra ríkja sem eiga mikil viðskipti við Ítali og keppa við þá á alþjóðlegum mörkuðum að þeir verði með í Myntbandalaginu frá upphafi. Þessi áhersla varpar ljósi á það hve mikilvægur örlagavaldur Myntbandalagið verður í alþjóðlegum viðskiptum. Þær þjóðir sem keppa á alþjóðlegum mörkuðum við Ítali vilja binda þá við Myntbandalagið. Það er til þess að koma í veg fyrir að þeir grípi til þess að bæta samkeppnisstöðu sína með gengisfellingum eins og þeir hafa gert óspart á liðnum árum og áratugum. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að sviptingar í gengisskráningu lírunnar, pesetans og pundsins fyrir nokkrum árum, grófu undan fyrirtækjarekstri á ákveðnu sviði atvinnulífsins á Íslandi á þeim tíma. Það dæmi minnir okkur á að jafnvægi það sem náðst hefur í efnahagsmálum og sá styrkur sem atvinnureksturinn hér á landi nýtur nú um þessar mundir er háð því að jafnvægi haldist í gegngismálum Evrópuríkja sem við keppum við á alþjóðlegum mörkuðum.

Það er ekki auðvelt að átta sig á því hver áhrif Myntbandalagsins verða á stöðu Íslands. Þó er nokkuð ljóst að þau verða æðimikil. Við eigum mikil viðskipti við lönd sambandsins, bæði þau sem verða innan Myntbandalagsins og þau sem verða utan þess. Allt bendir til þess að í ársbyrjun 1999 verði gengi þeirra Evrópugjaldmiðla sem verða innan Myntbandalagsins fryst gagnvart evrunni. Viðskipti milli landanna munu fara fram á grundvelli evrunnar þótt peningaprentun hefjist ekki fyrr en 1. janúar 2002.

Staða evrunnar mun ráðast af aðhaldi í fjármálastjórn innan hins opinbera geira aðildarríkjanna. Miklar bollaleggingar eru um fyrstu skref og frumþróun Myntbandalagsins. Allmargar þjóðir sem utan samstarfsins standa hafa látið búa til mismunandi þróunarlíkön fyrir Myntbandalagið til þess að reyna að átta sig á áhrifum þess á aðrar Evrópumyntir. Þar er reynt að spá fyrir um pólitísk viðbrögð, viðbrögð atvinnulífsins og áhrif á alþjóðleg viðskipti. Þetta á t.d. við um Breta og Svisslendinga en báðar þjóðir eiga sterka gjaldmiðla sem njóta trausts í alþjóðlegum viðskiptum. Veik eða sterk staða evrunnar getur því haft mikil áhrif á efnahag og hagstjórn í þessum ríkjum. Veik evra mundi t.d. að mati svissneskra hagfræðinga leiða til hækkandi gengis svissneska frankans en slík þróun mundi tefla hagvexti í Sviss í mikla tvísýnu. Þetta dæmi er tekið til þess að undirstrika hve þróun evrunnar mun hafa afdrifarík áhrif á hagvöxt og hagstjórn þeirra ríkja sem eiga mikið undir alþjóðlegum viðskiptum og skipta mikið við ESB-ríkin. Augljóst er að Ísland verður í hópi þeirra ríkja.

Þeim ESB-ríkjum sem utan Myntbandalagsins standa stendur til boða að gerast aðilar að gengisfyrirkomulagi sem nefnt hefur verið ERM II. Í því fyrirkomulagi felst að gjaldmiðlar utan Myntbandalagsins verða tengdir evrunni með ákveðnum vikmörkum. Seðlabönkum ERM II landanna býðst aðgangur að lánsfé frá Evrópuseðlabankanum ef verja þarf gengi gjaldmiðla fyrir spákaupmennsku. Að mati Seðlabanka Íslands er ekki gert ráð fyrir því að lönd utan Evrópusambandsins geti tengst þessu samstarfi. Ekki liggur heldur fyrir hvort ríki utan ESB geti fengið aðgang að greiðslumiðlunarkerfi bandalagsins, Target, sem unnið hefur verið að á vegum peningastofnunar Evrópu þótt líkur séu taldar á að svo geti orðið með tímanum.

Í nóvember sl. var skipuð nefnd til að kanna áhrif Myntbandalagsins á íslensk efnahagsmál. Skýrslu nefndarinnar er að vænta innan skamms og verður fróðlegt að sjá niðurstöður þeirrar skýrslu. Að mati Ingimundar Friðrikssonar, aðstoðarbankastjóra í Seðlabankanum, er ljóst að þegar viðskipti Íslands við ESB-ríkin eru metin, þá yrðu efnahagsleg tengsl Íslands við Myntbandalagið mikilvæg. Þau yrðu þó ekki yfirþyrmandi eins og hann sagði á ráðstefnu Landsbanka Íslands sl. sumar.

Ég tel ljóst að þróun mála innan Myntbandalagsins verður einn af afdrifaríkustu utanaðkomandi áhrifavöldum sem móta munu íslensk efnahagsmál og utanríkismál á komandi árum. Þróun bandalagsins er mikilli óvissu háð þótt margir telji að úr henni hafi dregið upp á síðkastið. Þess ber þó að minnast að Myntbandalagið verður stofnað án þess að á undan hafi gengið pólitísk sameining.

Evrópusambandið er ekki pólitísk heild í dag, því fer víðs fjarri. Evrópusambandið er samstarfsvettvangur sjálfstæðra ríkja sem enn hafa ekki getað fundið ásættanlegar lausnir á grundvallarvandamálum sem snerta lýðræði, aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, stjórnun og stofnanaþátt, svo eitthvað sé nefnt. Í þessu er áhættan fólgin eins og kanslaraefni þýskra sósíalista, Gerhard Schröder, benti á á fundi hér fyrr í vetur. Það er nauðsynlegt að við fylgjumst náið með þessari þróun. Hagsmunir okkar eru bundnir við það hvernig þessu bandalagi um myntsamstarf vegnar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað árið 1998 málefnum hafsins. Á það var minnst í ræðu utanrrh. um utanríkismál. Athyglin beinist því mikið að vistfræði hafsins og þeim efnahagslegu verðmætum sem eru í hafinu og á hafsbotninum. Okkur Íslendingum gefst þarna tækifæri til þess að vekja athygli á mikilvægi vistkerfis hafsins og vekja athygli á gæðum sjávarafurða.

Það er staðreynd að nágrannaþjóðir okkar líta oft fram hjá mikilvægi sjávarins og sjávarafurða. Ástæður þess eru margvíslegar. Þar vegur þungt að sjávarútvegur er eins konar afgangsstærð í efnahag þjóða Vestur-Evrópu þótt matvælaöflun úr auðlindum sjávarins sé hlutfallslega há í heiminum og sjávarútvegur og fiskvinnsla skipti talsverðu máli fyrir strandhéruð margra Evrópuríkja. Meðal afleiðinga þessa er sú staðreynd að sjávarútvegur nýtur víðtækra styrkja í Evrópusambandinu og í Evrópulöndum utan ESB svo sem Noregs.

Önnur afleiðing af þessu lága gengi sjávarútvegsins er sú staðreynd að framlög til hafrannsókna hafa farið minnkandi í Vestur-Evrópu undanfarin ár. Á meðan sjávarútvegurinn tekur þátt í rannsóknum á lífríki hafsins, þorskklakrannsóknum t.d. og í fjárfestingum í tækjabúnaði til hafrannsókna tekur evrópskur sjávarútvegur engan þátt í rannsóknum öfugt við aðrar atvinnugreinar. Á meðan deilt er um það hérlendis hvernig skipta skuli arði af fiskveiðum er um það deilt í Vestur-Evrópu hvernig deila skuli byrðum af rekstri sjávarútvegsins á herðar skattgreiðenda.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að við höfum sem þjóð hagsmuni af því að vekja athygli á mikilvægi hafsins, ýta undir auknar hafrannsóknir og stuðla að varðveislu hafsins sem matarforðabúrs og uppsprettu hagsældar hjá strandríkjunum. Á vegum Evrópuráðsþingsins er nú unnið að stefnumörkun á sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur blandað sér mikið í þessa umræðu og þegar haft mikil áhrif á þessa stefnumörkun. Fyrstu drögum að stefnumörkun sem birt voru í skýrsluformi sl. ár var harðlega mótmælt af hálfu fulltrúa Íslands í vísindanefnd þingsins og voru þau mótmæli tekin til greina og drög skýrslunnar lögð til hliðar og ný drög samin. Vinna við þau drög stendur nú yfir og er reiknað með að ályktað verði um málið á yfirstand-

andi ári. Íslandsdeildin hefur notið aðstoðar sérfræðinga í sjútvrn. og utanrrn. við undirbúning þessarar vinnu. Ég tel það mjög mikilsvert að svo verði áfram og ég legg áherslu á að það starf sem unnið hefur verið í utanrrn. við að styrkja stöðu ráðuneytisins til að taka á fiskveiðisamningamálum er mjög til fyrirmyndar og þar þarf að geta betur en gert hefur verið. Ég styð því utanrrh. heils hugar í þeirri viðleitni hans.

[18:17]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu minnar vil ég koma inn á þá gagnrýni sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með á málflutning jafnaðarmanna, þá félaga mína Össur Skarphéðinsson og Sighvat Björgvinsson. Hann hafði á orði m.a. að ræða formanns Alþfl. hefði verið einn samfelldur áróður fyrir aðild að Evrópusambandinu. Um þetta vil ég aðeins segja að við eigum að þora að ræða þessi mál og með opnum huga ræða hvað er í spilunum fyrir okkur, hafna því sem ekki er gott en skoða ef á þarf að halda hvað hugsanlega er fram undan fyrir okkur. Spurt var: „Hvað með EES-samninginn? Við hvað á að bera saman?" Það er alveg ljóst að ný tækifæri opnuðust fyrir Ísland með EES-samstarfinu og eðlilegt er að spyrja hvað það hafi gefið okkur og sú könnun á að vera fordómalaus. Enginn vafi í mínum huga er um að að samningurinn sem þá var gerður á sinn stóra þátt í hve við réttum úr kútnum á árunum sem fylgdu. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur notið þess sem þessi ágæti samningur gaf okkur og þeirra tækifæra sem hann bauð upp á.

Hæstv. utanrrh. lét í ljós áhyggjur um að Alþb. og Alþfl. næðu ekki saman vegna ólíkra áherslna þessara flokka og þingmanna þeirra í Evrópumálum. Ráðherra þekkir hins vegar sjálfur mætavel breidd í skoðunum innan flokks. Ég þarf ekki annað en að minna hæstv. utanrrh. á það þegar helmingur af þingflokki framsóknarmanna sat hjá í atkvæðagreiðslu um EES-samninginn undir forustu núv. hæstv. utanrrh. á meðan formaður flokksins þá greiddi atkvæði á móti ásamt helmingi þingflokks. Þannig virkar lýðræðið líka í Framsfl. og þannig mun það virka í röðum okkar.

Virðulegi forseti. Þótt ræða utanrrh. væri fremur upptalning en beinlínis ítarleg umfjöllun, er drepið í henni á flesta þætti utanríkissamstarfs okkar. Þó tíminn leyfi ekki ítarlega umfjöllun um hvern og einn einstakan þátt ræðunnar er mjög mikilvægt að við komum inn á ólíka þætti hennar. Áhugasvið okkar þingmanna eru líka á margan hátt misjöfn og því gerist það að umræðan flyst inn á ólík svið og verður e.t.v. ekki sú samfella sem hún gæti verið ef við héldum okkur við fáa afmarkaða þætti.

Mig langar í upphafi máls míns að koma inn á mannréttindamálin. Ég hef mjög oft gert það við utanríkismálaumræður. Að þessu sinni ætla ég að koma inn á og bera fram spurningar um þrjú atriði fyrir hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi vil ég nefna að Ísland hefur fullgilt flótamannasamninginn frá 1951, flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna, ekki lögleitt hann. Ég spyr enn á ný: Hvers vegna? Ég hef verið með fyrirspurnir til dómsmrh. og ávallt hefur það verið á döfinni að breyta lögum. Lögin um eftirlit með útlendingum eru orðin gömul og þau uppfylla í mörgum tilvikum ekki skilyrði flóttamannasamningsins varðandi útlendinga og landgöngu og hvenær heimilt er að vísa útlendingi úr landi og nýja skilgreiningu á pólitískum flóttamanni. Í umræðunni um Schengen-samstarfið kom líka fram að það þyrfti að breyta mjög mörgum lögum. Farið var yfir það í skýrslunni og nefnt að breyta þyrfti lögum um eftirlit með útlendingum, um framsal sakamanna, um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og að breyta þyrfti lögum og reglugerðum um lögregluskrár ásamt ýmsu öðru. Það eina sem búið er að gera af því sem þarna var talið upp er að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um ávana- og fíkniefni. Ég spyr utanrrh.: Veit hann hvernig stendur á að það dregst að taka á þessum málum sem eru mjög mikilvæg varðandi alþjóðasamninga sem við höfum gert?

Í öðru lagi langar mig að koma inn á stríðsglæpadómstól um Rúanda. Settir hafa verið á laggirnar tveir dómstólar af Sameinuðu þjóðunum, annar í febrúar 1993 þegar öryggisráðið setti á stofn stríðsglæpadómstól um brot í gömlu Júgóslavíu eftir styrjöldina sem braust þar út 1991. Ísland er eitt þeirra landa sem breytt hafa sinni löggjöf í samræmi við starfsaðferðir dómstólsins og því hefur verið fagnað af mannréttindasamtökum. Í árslok 1994 setti öryggisráðið líka á stofn stríðsglæpadómstól vegna þjóðarmorðs í Rúanda. Hann hefur ekki hlotið nægilegan stuðning aðildarríkja. Þarna gerðust hroðalegir atburðir og verið er að reyna að ná til þeirra sem báru ábyrgð á þeim. Af hverju höfum við ekki tekið inn í okkar löggjöf ákvæði um stríðsglæpadómstólinn í Rúanda eins og Júgóslavíu, þótt ekki væri nema til sýna jafnræði og vilja okkar í verki?

Í þriðja lagi vil ég koma inn á réttindi kvenna. Í umræðunni um stöðu kvenna í Afganistan 8. mars sl. sem Bryndís Hlöðversdóttir hóf á Alþingi var vikið að því af hálfu utanrrh. að kvennafundur væri í New York um þær mundir en ekki ljóst um þátttöku okkar þar. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum á að setja inn kæruleið. Þetta er afar brýnt. En orðalagið sem var sett fram á kvennafundinum er mjög veikt og kvennasamtök stöðvuðu að þetta veika orðalag færi inn í sáttmálann. Það er nefnilega mjög þýðingarmikið að inn í kæruleiðina komi réttur félagasamtaka til að leggja fram kæru fyrir hönd skjólstæðinga og þetta er mjög mikilvægt fyrir konur. Sum lönd sem staðfest hafa sáttmálann brjóta á konum. Konur leita réttar síns en fá ekki réttarbót þrátt fyrir aðild landa sinna að sáttmálanum. Kæruleiðin getur verið þeirra björg. Þetta getur átt við um konur í Afganistan og Pakistan. Í mörgum af þeim löndum sem í hlut eiga er oft um ólæsar konur að ræða og mikilvægt fyrir þær að geta leitað liðsinnis félagasamtaka. Þess vegna er ekki bara mikilvægt að einstaklingar geti kært, heldur líka félagasamtök. Þess vegna spyr ég: Styðjum við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að þessi leið verði farin?

Virðulegi forseti. Þetta eru þrjú atriði sem eru mjög mikilvæg og sem í flestum tilfellum hafa áður komið fyrir Alþingi. Ég hef sagt það aftur og aftur hversu mikilvægt er að Ísland sé rödd frelsis og mannréttinda á erlendum vettvangi og utanrrh. hefur tekið undir það í umræðu hér og ég met það við hann en spyr: Hvað verður gert í þessum þremur þáttum sem ég vel að nefna hér?

Virðulegi forseti. Í skýrslunni er að finna kafla um norrænt samstarf. Þetta er ekki langur kafli. Þar er vísað til skýrslu ráðherranefndarinnar og væntanlega í aðra skýrslu um norræna samstarfið sem var hér á dagskrá þingsins ekki alls fyrir löngu. Ég verð að segja að mér finnst slæmt að það hefur gerst æ ofan í æ á liðnum árum að skýrslurnar um þetta mikilvæga alþjóðasamband eru á dagskrá í lok fundar. Það er eins og þetta sé afgangsverkefni Alþingis og engir eru orðnir eftir til að fjalla um þetta þýðingarmikla samstarf nema örfáir þingmenn sem í hlut eiga í samstarfinu.

Ég vil leggja mitt af mörkum til að þessu verði breytt því í umræðunni í Norðurlandaráði um þær breytingar sem gerðar hafa verið kemur stöðugt einn þáttur aftur og aftur fyrir og það er fótfestan í þjóðlöndunum og það að fara með málin þangað inn og fá hljómgrunn þar um það sem verið er að gera. Ég vil taka undir það sem kemur fram í skýrslunni að Norðurlandasamstarfið hefur alltaf verið hið þýðingarmesta af okkar erlenda samstarfi.

Nýverið hélt forsætisnefnd Norðurlandaráðs málþing um árangur breytinganna sem gerðar voru á samstarfinu á þingmannavængnum. Þetta voru miklar breytingar frá því við vorum land á móti landi, eins og kölluðum það, í samstarfinu þar sem fulltrúar Íslands stóðu saman eins og einn lítill flokkur sem samt var metinn í fullkomnu jafnrétti við hinar stærri sendinefndir sem komu frá nágrannalöndunum. Nú er búið að gera þær breytingar að við erum ekki lengur að starfa land á móti landi. Við erum búin að fylkja okkur inn í pólitísku flokkahópana í Norðurlandaráði og störfum þar. Þess vegna er starfið búið að fá á sig annað yfirbragð. Það er pólitískara og að mörgu leyti verðum við að viðurkenna að það er öflugra og sterkara. Þetta segi ég hér sérstaklega vegna þess að ég er ein þeirra sem börðust mjög lengi gegn því að við færum inn í pólitísku flokkahópana með starfið.

Auk þessa hefur Norðurlandasamstarfið verið sett í þrjá stólpa, Norðurlandanefndina, grannsvæðanefndina og Evrópunefndina. Þótt ekki eigi að vera nauðsynlegt að fara yfir hlutverk þessara nefnda hér ætla ég þó að nefna að nú eru næstum öll verkefni sem voru hinn norræni vettvangur á sínum tíma samankomin í einni nefnd, Norðurlandanefndinni, en áður voru nefndir Norðurlandaráðs fjölmargar. Ég hef haft áhyggjur af því að með þessu skorti okkur yfirsýn yfir þau mál sem þar eru og sum verði út undan. En á hinn bóginn er líka talað um að mikilvægt sé að sjálfstæði nefndanna sem mynda þessa þrjá stólpa samstarfsins verði sem mest. Við hljótum því að spyrja okkur: Hvað gerist við það að þessir þrír stólpar verða svo sjálfstæðir innan samstarfsins og hvernig mun okkur ganga að finna fótfestu heima í þjóðlöndunum og í samstarfinu í þjóðþingunum miðað við það?

Það er mjög mikill áhugi í Norðurlandaráði á grannsvæðunum og við Íslendingar gagnrýnum það að Vestur-Norðurlönd sem eru Ísland, Færeyjar og Grænland, séu orðin eins konar jaðarsvæði. Það vil ég nefna við ráðherrann og spyrja hvernig umræðan um Vestur-Norðurlönd sé í ráðherranefndinni vegna þess að mér finnst að áherslan í þingmannasamstarfinu hafi færst mjög í suður og austurátt, yfir á Eystrasaltslöndin og Rússland.

Annað sem hefur komið til og er nýtt í umræðunni og ráðherrann drap á í sinni ræðu, er tillaga Finna um það sem þeir kalla „den nordlige dimension" og sem við höfum kallað hinu norrænu vídd. Það þýðir að það á að styrkja á hlutverk Evrópusambandsins á norðursvæðum Evrópu sem hluta af utanríkissviði Evrópusambandsins, að það sé grundvallaratriði að styrkja og skerpa Evrópusambandspólitíkina sem tengist þessu mikilvæga svæði og skilgreina forgangsröð Evrópusambandsins. Ríkisstjórnir allra Norðurlandanna hafa lýst stuðningi við tillögu um þessa norrænu vídd. Bent hefur verið á að stækkun eða útvíkkun Evrópusambandsins yfir á Eystrasaltssvæðið undirstriki mjög vægi tengslanna milli Rússlands og Evrópusambandsins. Það dregur einnig fram þýðingu Rússlands sem nágranna Evrópusambandsins og að norræna víddin sé heildarsvæði sem ásamt Eystrasaltssamstarfinu nái til Barents- og heimskautasvæðisins. Sumir telja að þarna eigi að taka á öllu grannsvæðasamstarfi utan hefðbundinna öryggismála og í raun og veru öllu því sem hefur verið í samstarfi Evrópusambandsins, norrænu landanna og grannsvæðanna.

Ég tek það fram að forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur lýst stuðningi við áherslurnar. En það er svo erfitt að átta sig á hvernig norræna víddin snýr að okkur. Mikil áhersla virðist lögð á að þessi norræna vídd verði brú á milli Evrópusambandsins og Rússlands. Áherslan er lögð á að gas frá þessu svæði geti orðið þýðingarmikið fyrir Evrópu. Við hljótum að spyrja: Ef rússneskt gas getur dugað Vestur-Evrópu í hundrað ár, hvar á hugsanlegt framlag okkar til orkumála í Evrópu, ef við mundum kjósa það að flytja út rafmagn, að koma fram í þessari umræðu?

Virðulegi forseti. Í Norðurlandasamstarfinu hafa vangaveltur um hvernig hægt sé að tengja það sem þar er á döfinni þjóðþingunum, gengið eins og rauður þráður gegnum umræðuna. Varðandi Evrópumálin var hugsunin sú að Evrópunefndin mundi tengja okkur saman. Auðvitað er Evrópunefndin með fleiri málaflokka en hins vegar hefur það verið yfirlýst stefna að þar væri hægt að samræma áherslur landanna innan Evrópusambandsins og landanna sem standa utan við. Þetta er enn ein spurning mín til ráðherrans. Ég veit að það er erfitt að svara mörgum spurningum í ræðu hvers þingmanns en það er líka eiginlega eina leiðin fyrir ráðherrann að eiga við okkur skoðanaskipti um utanríkismálin. Hann þarf að geta brugðist við mismunandi spurningum hvers og eins okkar.

[18:32]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna þá er það rétt að hann hefur ekki verið lögleiddur. Að því máli hefur verið unnið í dómsmrn. en því ekki lokið.

Að því er varðar ávana- og fíkniefnamál þá er í undirbúningi aukaallsherjarþing hjá utanrrn. og ýmsum öðrum ráðuneytum. Í sambandi við þessi miklu mál, þ.e. fíkniefnamál og glæpamál, finnst mér koma til álita að þingmenn sæki þingið ásamt öðrum sendimönnum.

Varðandi stríðsglæpadómstól fyrir Rúanda þá kannast ég ekki við að ástæða hafi verið til að setja eitthvað í lög í því sambandi. Þetta mál hefur ekki verið beinlínis í forgangi í utanrrn, það er rétt, en við styðjum þennan dómstól og við höfum greitt til hans. Við höfum einnig stutt að settur yrði upp alþjóðastríðsdómstóll.

Að því er varðar kvennafund í New York þá sótti fulltrúi félmrn. þennan fund ásamt fulltrúum frá fastanefndinni í New York.

Það verður að viðurkennast að vestnorræna samstarfið hefur ekki verið mjög mikið en þó farið vaxandi og umræður farið fram í ráðherranefnd Norðurlandaráðs um það. Áhugi fyrir Norðurskautsráðinu og norðurskautssamstarfinu hefur aukist og útspil Finna er m.a. vitnisburður um það. Hið sama má segja um samstarfið í kringum Barentshafið og margvíslegt annað samstarf. Ég tel því að þetta hafi farið heldur batnandi.

[18:35]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Auðvitað verða þau að vera í eins konar skeytastíl. Ég tek undir það að mikilvægt er að þingmenn fái tækifæri til að sækja þingið

ásamt fulltrúum utanrrn. Þetta eru mjög mikilvæg mál og ég hvet utanrrh. til að beita sér í þeim.

Varðandi flóttamannasamninginn þá hefur því verið svarað til í nokkur missiri að verið sé að vinna að breytingum á lögum um útlendingaeftirlit. Í vetur hefur verið hrúgað inn í þingið alls kyns málum sem sett hafa verið í forgang. Ég held að það séu um 80 eða 100 mál sem menn vonast til að ná út úr nefndum og gera að lögum núna á þessu vori. Auðvitað er dapurlegt að hugsa til þess að mál sem snúa að mannréttindum séu bara látin sitja á hakanum. Ég hvet utanrrh. til að beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að þessi frumvörp komi hingað inn.

Ástæðan til að setja lög um Rúandadómstólinn er jafnmikil og að setja lög um Júgóslavíudómstólinn. Slík staðfesting ríkjanna þýðir að ef leita þyrfti að slíkum einstaklingum hér á landi þá væri lagagrundvöllur fyrir því. Þannig gildir hið sama um Rúandadómstólinn og Júgóslavíudómstólinn. Þar fyrir utan gefum við ákveðin skilaboðin með því.

Ég hafði á tilfinningunni að fulltrúi félmrn. hefði sótt kvennafundinn. Mikilvægast er hins vegar að vita hvort utanrrh. styður það að fulltrúar Íslands taki til máls á þessum fundum og styðji að kæruleiðin verði virkari heldur en sú veika tillaga sem lögð var fram. Ég óska þess að utanrrh. skrái þetta hjá sér og gefi það veganesti þegar farið verður aftur á næsta fund, að við styðjum að þetta verði virkt.

Aðeins í lokin, virðulegi forseti. Ég veit um þýðingu hinnar norrænu víddar en hún beinist eiginlega öll í norður og norðaustur. Hún beinist sáralítið að Vestur-Norðurlöndum, öðrum en þeim eru innan heimskautasvæðisins.

[18:37]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi Vestur-Norðurlöndin þá er það alveg rétt að við hefðum mörg viljað sjá athyglina beinast meira að Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Norður-Noregi. Fyrir því eru margir ágætir baráttumenn. Ég tel að Norðurskautsráðið, sem verður samstarfsvettvangur Rússlands, Kanada, Norðurlandanna og Bandaríkjanna, beini athyglinni í aðrar áttir og sé þess vegna gott mótvægi við annars ágætt samstarf til suðurs og austurs. Samstarf við Eystrasaltsríkin hefur oftsinnis borið á góma í umræðunni og mikill stuðningur verið við það hér á Alþingi.

Að því er varðar þátttöku okkar í ýmsum fundum og margvíslegu samstarfi þá verðum við að viðurkenna að okkar nefndir eru fámennar. Fastanefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum er mjög fámenn. Hún getur ekki sinnt öllum viðfangsefnum. Það er ekki í okkar áætlunum að fjölga þar alveg á næstunni þó full þörf sé á því. Starfið takmarkast því við þessa möguleika

Við styðjum mjög eindregið baráttu kvenna í Afganistan og viljum einskis láta ófreistað til að rétta þeirra stöðu. Enginn efast um það. Þar hafa gerst hræðilegir hlutir. Allir þeir sem berjast fyrir mannréttindum hljóta að taka undir það.

[18:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi Afganistan og Pakistan sem dæmi um lönd. Í þessu tilfelli snýr þessi kæruleið að öllum konum og öllum heiminum. Hins vegar er rétt að þetta snýst ekki um fámennan hóp eða litlar nefndir. Fyrir því er hins vegar gömul hefð að Ísland situr fundi og fulltrúar frá Íslandi mæta og fylgjast með. Þeir flytja ekki ræður. Rödd Íslands heyrist ekki á mörgum af þessum fundum og ráðstefnum. Það sem ég, virðulegi forseti, er að hvetja utanrrh. til er að breyta þessu. Það er ekki nóg að fulltrúi Íslands sitji ráðstefnur og sýni með því góðan vilja til að fylgjast með málum. Mestu skiptir að rödd Íslands heyrist. Fulltrúar Íslands á þessum ráðstefnum ættu að hafa það í veganesti að geta sagt: Þetta styður Ísland. Þetta er ég að tala um.

Svo ég víki aftur að samstarfinu. Enginn ætti skilja orð mín svo að ég sé ekki eins og aðrir upptekin bæði af grannsvæðum Norðurlandanna og öflugu Evrópusamstarfi í gegnum Norðurlöndin. Ég hef miklu fremur áhyggjur af því að Evrópusamstarfið sem átti að miðla til okkar, landanna utan Evrópusambands, hefur kannski ekki gert það. Enginn man til þess að fluttar hafi verið ræður um það sem væri að gerast í Evrópunefndinni í Norðurlandaráði til að upplýsa þingið hér. Þingið er ekki vettvangur fyrir það. Auðvitað er samstarfsráðið mikilvægt en það er sérstakt heimskautasamstarf og tengist ekki beinlínis Norðurlandastarfinu eins og við þekkjum það. Það er miklu frekar angi sem kyssir það, ef svo má að orði komast.

Ég var að spyrja um og vekja athygli á því að við erum á vissan hátt utan við þessa norrænu vídd, „den nordlige dimension", af því að hún er skilgreind inn í Rússland og Eystrasaltslöndin.

[18:42]

**Útbýting þingskjala:**

Endurvinnsla á pappír, 629. mál, þáltill. ÁRÁ og ÍGP, þskj. 1085.

Jöfnun á námskostnaði, 645. mál, frv. SvanJ, þskj. 1118.

Kjaramál fiskimanna, 603. mál, þskj. 1075.

[18:42]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Í skýrslu hæstv. utanrrh. kennir margra grasa, enda margt sem fella má undir málaflokkinn utanríkismál. Í forgrunni er skipulag utanríkisþjónustunnar. Til stendur að auka stórlega umfang þjónustunnar sem mun, eins og fram kom í ræðu hæstv. utanrrh., fela í sér verulegan kostnaðarauka eða um 300 millj. kr. á ári ef allar tillögurnar koma til framkvæmda.

Hæstv. utanrrh. hvetur til þess að þingheimur skoði þessi mál með opnum huga og átti sig á því að verið sé að fjárfesta til framtíðar. Það má vissulega til sanns vegar færa. Því er þó ekki að neita að á hugann leita vangaveltur um það hvort slíkur kostnaðarauki sé nauðsynlegur jafnvel þó opnun sendiráða í Kanada og Japan komi til. Vissulega er þörf fyrir þessi sendiráð. Hefur það verið skoðað nægilega hvort ekki megi loka öðrum sendiráðum til að mæta þessum kostnaði?

Hér hefur verið bent á að verulega skorti á að nefndin sem undirbjó tillögur þær sem hér eru til umræðu, fengi nægilegan tíma til að skoða starfsemi utanríkisþjónustunnar í víðtæku samhengi, m.a. með hliðsjón af starfsemi annarra sendiráða og ýmiss konar stofnana sem Ísland er aðili að.

Tengsl Íslands við umheiminn að öðru leyti en í gegnum utanríkisþjónustuna hljóta að hafa verulega þýðingu þegar metið er hvort þörf sé á því að hafa opið sendiráð. Eins og vitað er, herra forseti, er mismikið álag á sendiráðum í hinum ýmsu löndum. Það hlýtur að ráðast af þörfinni á hverjum stað. Þetta þyrfti að endurskoða annað slagið.

Ég tek undir þau sjónarmið sem formaður Alþb., hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakti máls á í bókun sinni við álit nefndarinnar um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar, að athuga þurfi hvort hægt sé að hagræða og hvort störf sendiráðanna geti ekki verið markvissari. Tæknibyltingin

sem einkennt hefur síðustu áratugi og fætt af sér internet, símafundi, skjáfundi og önnur nýmæli gerir flutning manna á milli landa síður mikilvægan en áður og hlýtur að snerta starfsemi utanríkisþjónustunnar í formi hagræðingar á ýmsum sviðum. Ég nefni þetta sem einn þátt sem skoða þyrfti mun betur, herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um að vinna nefndarinnar hafi aðeins verið grunnvinna en stóra kortlagningin sé eftir. Þegar málið snýst um kostnaðarauka upp á 300 millj. kr. á ári þá er miður, herra forseti, að ekki sé betur staðið að undirbúningi.

Þá tel ég rétt að minna á stöðu kvenna innan utanríkisþjónustunnar við umræðuna eins og hefur reyndar þegar verið gert af hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og fleirum. Eins og sjá má af handbók utanrrn. eru konur í miklum minni hluta í þjónustunni. Ein af 23 sendiherrum, ein af 15 sendifulltrúum og tvær af átta sendiráðunautum. Þetta er sannkallað viðfangsefni fyrir hæstv. utanrrh. til að ráðast til atlögu við, a.m.k. við stöðuveitingar í utanríkisþjónustunni. Þessi hlutföll eru á engan hátt ásættanleg, sama hvernig á málið er litið.

Við umræðuna hefur verið minnst á stöðu maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem eru oftast konur en hæstv. ráðherra lýsti því yfir í ræðu áðan að þau mál væru í athugun og fagna ég því. Það er fullkomlega óeðlilegt að neita fólki um að vinna úti eins og reyndin er um þetta fólk. Þetta er ótrúlegt forneskjusjónarmið og ég leyfi mér að fullyrða að með þeirri kröfu sé verulega þrengt að mannréttindum þessara kvenna ef þau eru þá ekki hreinlega brotin.

Hæstv. utanrrh. gerði í ræðu sinni grein fyrir stuðningi sínum við ákvarðanir samskiptahóps stórveldanna um Kósóvó. Í fréttatilkynningu frá utanrrn. frá 10. mars sl. er frá því greint að hæstv. utanrrh. lýsi yfir þungum áhyggjum vegna hins alvarlega ástands sem skapast hefur í Kósóvó og fordæmir voðaverk serbneskra stjórnvalda. Tekur hann undir kröfu hins alþjóðlega samfélags um að binda tafarlausan enda á blóðbaðið í Kósóvó og að hafnar verði pólitískar viðræður hið fyrsta til að finna friðsamlega lausn á framtíðarskipan héraðsins. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. skuli á þennan hátt leggja lið mannréttindabaráttu í Kósóvóhéraði en vil um leið vekja athygli á skipulögðum mannréttindabrotum í öðru landi, nefnilega í Afganistan. Þar verða konur daglega fyrir skipulögðum ofsóknum af hendi talebana sem framkvæma glæpi sína gegn konum í nafni trúarbragða. Sýnt hefur verið sýnt fram á það af hálfu ýmissa mannréttindasamtaka að glæpirnir gegn konunum í Afganistan eiga sér enga stoð í íslam og að kúgunin gangi mun lengra en réttlætanlegt er í nafni trúarinnar. Konur eru myrtar, þeim nauðgað og þær lokaðar inni. Þeim er meinaður aðgangur að opinberu lífi, þær eru réttdræpar ef þær sjást á almannafæri án þess að vera í fylgd þess karlmanns sem talebanar viðurkenna að eigi þær. Þetta allt viðgengst án þess að alþjóðasamfélagið hafi haft í frammi mótmæli sem duga.

Bent hefur verið á að hið lögskipaða kynjamisrétti sem fyrirfinnst í Kabúl sé einsdæmi þrátt fyrir kúgun kvenna víðs vegar um heim. Þar er sérstaðan ekki síst sú að konurnar höfðu notið ákveðinna mannréttinda um nokkurt skeið en eru sviptar þeim í einu vetfangi þegar hópur harðsvíraðra trúarofstækismanna nær völdum í borginni. Konur sem unnu áður úti hafa nú verið sendar heim til sín, lokaðar inni og málað fyrir glugga híbýla þeirra. Þær njóta í raun minna frelsis en dýr, mannréttindi ná ekki til þeirra. Þetta er allt saman að gerast nú á 50 ára afmælisári mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Ég vakti athygli á stöðu kvenna í Afganistan í þinginu fyrir skömmu í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars. Þar hvatti ég hæstv. utanrrh. til að senda frá sér yfirlýsingu um konurnar í Kabúl í anda þess sem hann gerði um Kósóvó. Hæstv. utanrrh. lagði þar á það áherslu að hann miðaði aðgerðir sínar við þátttöku Íslendinga í ýmsum alþjóðastofnunum og tók hann ekki undir þá leið að senda frá sér sérstaka yfirlýsingu. Hér áðan lýsti hæstv. utanrrh. því yfir að hann styddi í einu og öllu frelsisbaráttu kvennanna í Afganistan og ég vil því nota tækifærið og hvetja hann til þess að endurskoða afstöðu sína og leggja þungt lóð á vogaskálar þess að úr ástandinu í Kabúl verði bætt.

Ég hef heyrt þess getið að alþjóðleg mannréttindasamtök hafi sent áskorun í þessa veru til íslenskra stjórnvalda og ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. utanrrh. hvort þessi orðrómur sé réttur og hvort slík áskorun hafi borist utanrrn. og sé svo, hvernig hæstv. utanrrh. telji rétt að bregðast við henni.

Í ræðu sinni vék hæstv. utanrrh. að mikilvægi þess að vinna náið með frjálsum félagasamtökum sem starfa í þágu mannréttinda. Ég get tekið undir það og vek athygli hæstv. utanrrh. á hvatningu fjölda mannréttindasamtaka í þá veru að ríkisstjórnir heims og einstakir ráðamenn í utanríkisþjónustu fordæmi kúgun kvenna í Afganistan hvar sem þeir geta komið því við. Ísland gæti með því lagt þungt lóð á vogaskálarnar ef hæstv. utanrrh. gæfi yfirlýsingu í þá veru.

Hæstv. utanrrh. vék að öryggis- og varnarmálum í ræðu sinni. Þar kemur til umfjöllunar aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands að NATO og öryggismál í Evrópu. Í umræðum um þáltill. á þinginu á dögunum komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að þróa nýtt öryggiskerfi í Evrópu sem væri ekki byggt á gömlu hernaðarbandalagi eins og NATO. Þá hefur því líka verið haldið fram að NATO hafi breyst, það sýni sig best með samstarfi þess og Sameinuðu þjóðanna um friðargæslu og starfsemi eins og Samstarf í þágu friðar eða Partnership for Peace.

Ekki verður fram hjá því horft að í Evrópu hafa átt sér stað gífurlegar breytingar á síðustu árum og hafa þær m.a. haft það í för með sér að innan NATO hefur verið rætt um nýjar leiðir og stefnumótun bandalagsins hefur verið tekin til ítarlegrar skoðunar sem hefur vissulega breytt ásýnd bandalagsins að nokkru leyti frá því sem var. En burt séð frá því hvort NATO sé í jákvæðri þróun eða ekki og hvað mönnum kann að finnast um þær breytingar sem hafa átt sér stað þar eru það þung rök sem mæla með því að styðja aðild ríkjanna þriggja að bandalaginu. Þar kemur ekki síst til sú staðreynd að fólkið í þessum löndum hefur eindregið óskað þess að fá aðild en um og yfir 80% íbúa þeirra sagði já við aðild að NATO.

Aðild að Atlantshafsbandalaginu er stór liður í sjálfstæðisbaráttu þessara þjóða ásamt inngöngu í Evrópusambandið. Það er vilji fólksins sem byggir þessi lönd sem hefur verulega þýðingu í þessum efnum og hlýtur því að vega þungt í umræðu um málið uppi á Íslandi. Hið nýja öryggiskerfi sem væri vissulega æskilegt að móta er ekki til staðar í dag og þessar þjóðir standa frammi fyrir því að byggja tilveru sína á þeim meðulum sem til eru. Um það snýst málið eins og það kemur fyrir Alþingi Íslendinga, herra forseti, og út frá þeim forsendum tel ég rétt að taka afstöðu til málsins þegar þar að kemur.

Virðulegi forseti. Komið hefur verið inn á mörg mikilvæg mál í umræðunni, bæði í ræðu hæstv. utanrrh. og hjá öðrum sem hafa talað. Samskipti Íslands við Evrópusambandið er mál sem mun vera í brennidepli á næstunni sem og þátttaka Íslands í alþjóðlegu umhverfismálasamstarfi svo dæmi séu nefnd. Um þau mál sem og fleiri eins og þátt Íslands í þróunarsamvinnu mætti hafa langt mál hér en ég læt staðar numið að sinni.

[18:52]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfsagt er að halda áfram starfi að því er varðar endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar og fara ofan í saumana á því hvort einhvers staðar sé hægt að spara. Auðvitað er sjálfsagt hægt að spara einhvers staðar og ekki vil ég vera með neinar fyrir fram skoðanir í þeim efnum. Ég tel hins vegar ólíklegt að okkur takist að fækka í hinum ýmsu fastanefndum sem við rekum og ég fullyrði að við erum að reka sendiráð okkar með lágmarksmannskap. Þetta er fólk sem þarf að sækja margvíslega fundi fyrir utan það að sinna miklum verkefnum og þar að auki höfum við verið að leggja meira á sendiráðin með viðskiptaþjónustunni sem þýðir aukið álag á sendiráðin víðast hvar.

Hvort loka eigi einhverjum sendiráðum, þá er ég alfarið þeirrar skoðunar að við eigum ekki að gera það. Þá hafa oftast verið nefnd sendiráðin á Norðurlöndunum. Allar þjóðir Norðurlandanna hafa sendiráð hér á landi og ég teldi það röng skilaboð af hálfu Íslands að loka sendiráðum okkar á Norðurlöndunum. Þetta eru svo mikilvægir samstarfsaðilar í utanríkismálum á öllum sviðum og ekki minnkar þýðing þess við inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið. Ég er því alfarið á móti því að loka þessum sendiráðum og tel að það mundi skaða utanríkisþjónustu Íslendinga og málstað okkar á þessum sviðum.

Ég hefði gjarna viljað koma inn á önnur atriði síðar sem hv. þm. spurði um.

[18:54]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. svaraði því til að hann mæti það svo að ekki væri rétt að loka sendiráðum og hann fullyrti að verið væri að reka þessi sendiráð með lágmarksmannskap og miðað við lágmarkskostnað. Ég hef ekki gögn í höndunum til að hrekja staðhæfingar hæstv. utanrrh. en ég vil hvetja til þess eigi að síður að farið sé nánar ofan í þá vinnu sem var hafin með þeirri skýrslu sem liggur fyrir.

Ég nota tækifærið til að ítreka spurningu mína um hvort það sé rétt sem ég hef heyrt að áskorun hafi borist frá alþjóðlegum mannréttindasamtökum til utanrrn. um að lýsa yfir stuðningi við konur í Afganistan og hvernig hæstv. utanrrh. telji rétt að bregðast við slíkri áskorun hafi hún borist.

[18:56]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að slík áskorun hafi borist. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir hver afstaða okkar er í málinu. Við styðjum baráttu þessara kvenna enda samrýmdist ekkert annað lífsviðhorfum okkar Íslendinga. Við höfum hins vegar tekið þátt í margvíslegu starfi að því er varðar baráttuna í Afganistan. Við höfum gerst aðilar að yfirlýsingum Evrópusambandsins. Við höfum gefið út sameiginlegar yfirlýsingar með hinum Norðurlöndunum. Fram undan er utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna eftir mjög skamman tíma, strax eftir páska og ég er viss um að þetta mál verður til umræðu þar.

Á fundi sl. vor beittum við okkur einmitt fyrir því að þetta mál yrði tekið til umræðu og kæmi inn í yfirlýsingu fundarins þannig að ekki hefur farið á milli mála hver okkar afstaða er. Í hvaða tilvikum við eigum að gefa út sérstakar yfirlýsingar um mál eins og þetta og einir og sér gilda engar ákveðnar reglur. En að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert og ég skal taka það til frekari athugunar ef það gæti orðið til stuðnings málinu. En við höfum sem sagt verið þátttakendur í sameiginlegum yfirlýsingum um málið á margvíslegum vettvangi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Norðurlandanna og Evrópusambandsins.

[18:58]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nota tækifærið og lýsi yfir ánægju minni með það að mér þykir afstaða hæstv. utanrrh. til þeirrar hugmyndar að lýsa sérstaklega yfir stuðningi við baráttu þessara kvenna mun jákvæðari nú en í umræðunum hér um daginn og ég fagna því. Hæstv. utanrrh. kom að því að það væru svo sem engar sérstakar reglur til um það hvenær væri rétt að nota slíka sérstaka yfirlýsingu og hvenær ekki en ég bendi á það máli mínu til stuðnings að mannréttindasamtök hafa í miklum mæli beitt sér fyrir því að hvetja ríkisstjórnir heims og einstaka utanrrh. eða aðra ráðamenn í utanríkisþjónustu til að beita sér fyrir málinu. Slíkur þungi og slík áhersla hefur verið lögð á þetta mál og ég teldi það mjög af hinu góða ef hæstv. utanrrh. vildi beita sér sérstaklega fyrir málinu.

[18:59]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóða vorræðu í dag. Þetta mun vera í annað sinn á þessu þingi sem utanríkismál eru rædd, góðu heilli. Þó læðist að manni sú hugsun að málaflokkurinn þarfnist enn frekari umræðna á hinu háa Alþingi, svo viðamikil og áhrifarík sem utanríkismál eru orðin á daglegt líf á Íslandi.

Ég fagna einnig áliti nefndar um framtíð utanríkisþjónustunnar sem eins og nefnt var boðar kaflaskil í störfum utanríkisþjónustunnar með gerbreyttu umfangi hennar. Þrátt fyrir öfluga utanríkisþjónustu á undanförnum áratugum, þó með tiltölulega litlum mannafla, höfum við átt fullt í fangi með að fylgjast með og gæta hagsmuna okkar í þeirri gríðarlegu þróun sem orðið hefur í samskiptum ríkja og milli heimshluta á síðustu árum.

Eins og ég hef minnst á áður í umræðu um utanríkismál hefur mynd okkar af jarðkringlunni minnkað svo að ekki verður komist hjá því að sinna þessum málaflokki enn betur og tengja hann betur við þær ákvarðanir og þá framtíðarstefnu sem við leggjum hér innan lands. Hvort heldur er í viðskipta-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða fiskveiðimálum, svo ekki sé talað um umhverfismál, verðum við sífellt háðari alþjóðlegri stefnu og alþjóðlegri afkomu í þessum málaflokkum.

Það liggur í augum uppi að þær breytingar sem orðið hafa á alþjóðasamskiptum, og mér liggur við að segja stökkbreytingar, á undanförnum árum hafa ekki bara haft áhrif á starfsemi ráðuneytis utanríkismála. Þessar breytingar hafa ekki síður haft mikil áhrif á starfsemi annarra ráðuneyta. Allir málaflokkar stjórnsýslunnar þurfa nefnilega að taka mið af breyttum aðstæðum. Ef litið er til starfa Alþingis má

segja að mikill meiri hluti þingmanna tengist nú beint eða óbeint starfi á alþjóðlegum vettvangi í formi reglubundinna samskipta í alþjóðasamstarfi eða með sérstökum samskiptum vegna einstakra málaflokka.

Ýmsum kann að finnast þessi starfsemi of viðamikil og tímafrek. Ég vil hins vegar fullyrða að sá árangur sem næst sé margfalt virði þeirrar vinnu sem innt er af hendi. Ég segi þetta því hæstv. utanrrh. boðaði hér áðan kostnaðarauka vegna þeirrar stefnubreytingar sem ráðuneytið hyggst taka í starfsemi sinni. En ég tel þetta nauðsynlegt til að halda takti í þeim breytingum almennt sem nú eiga sér stað og til að verða ekki eftir í þeim startholum sem ríki heimsins eru nú að spyrna sér úr í þróun alþjóðavæðingar.

Ég vil líka leyfa mér að halda því fram að sá kostnaður sem út í er lagt muni skila sér margfalt til baka sem ígildi vöruskipta og þjónustu, aukins skilnings á sérstöðu landsins í sjávarútvegsmálum, umhverfismálum og ekki síst þar, þ.e. í umhverfismálum, felast möguleikar Íslendinga að starfa á alþjóðlegum vettvangi í okkar þágu og annarra. Þegar starfa Íslendingar víða á hinum alþjóðlega markaði eða fyrir alþjóðlegar stofnanir og þiggja þar laun, þjálfun og reynslu sem nýtist okkur í framtíðinni.

Á undanförnum árum hefur Ísland orðið virkara og mun sýnilegra í öryggis- og mannréttindamálum. Breytingar sem urðu fyrir hartnær áratug í Austur-Evrópu gerðust ekki með Íslendinga sem hlutlausa áhorfendur. Við vorum virk í frelsisbaráttu Eystrasaltslanda og tókum einnig fyrstir afstöðu með sjálfstæði Slóveníu og Króatíu. Við höfum haldið áfram og stutt við bakið á þessum löndum og öðrum löndum sem á eftir komu. Það höfum við gert á ýmsa vegu, með stjórnmálalegum stuðningi og jákvæðum málflutningi, beinni aðstoð í formi ráðgjafar, kennslu eða heilbrigðisþjónustu svo dæmi sé nefnt.

Við höfum einnig átt þess kost að vinna að og upplýsa um mannréttindi og hafa þannig jákvæð áhrif á þjóðfélagsgerðir sem hafa verið hálfri öld eftir nágrannalöndum sínum.

Til að vera virt í samfélagi þjóðanna er nauðsynlegt að við séum virkir þátttakendur í breytingu samtímans jafnt öryggismálum sem öðrum. Við höfum átt mjög góða samvinnu við alþjóðlegar stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, NATO, ÖSE, Alþjóðabankann, Evrópuráðið o.fl. Ég tel Íslendinga hafa þar mikið erindi vegna sögulegra tengsla sinna við þessar alþjóðlegu stofnanir og einnig vegna sérstakra aðstæðna sem eyland í Atlantshafi með gróin sambönd innan þessara stofnana og gróin sambönd beggja megin hafsins.

Ég vil t.d. nefna stuðning Íslands við stækkun Atlantshafsbandalagsins sem hlutverk þar sem Ísland getur átt góðan leik. En á sama tíma vara Íslendingar við, ég vil segja innlimun Vestur-Evrópusambandsins eða VES í Evrópusambandið. Það er ekki einungis af því að Íslendingar eru ekki fullgildir meðlimir VES heldur sjáum við ákveðna ókosti, ef svo mætti orða, við að Evrópusambandið útiloki þannig þau lönd sem nú eiga aðild að VES eða munu geta átt aðild í framtíðinni, ef skilyrði fyrir inngöngu í VES verður aðild að Evrópusambandinu.

Auk þess má nefna tengsl Evrópusambandsins og NATO sem nú er í stækkunarhugleiðingum eins og áður var sagt og þær hugsanlegu afleiðingar sem yfirtaka Evrópusambandsins á VES hefði á samskipti þar á milli. Íslendingar hafa beitt sér mjög á þessum vettvangi og varað við að reistir verði þar einhverjir þröskuldar sem gætu haft neikvæð áhrif á jafnvægi í Evrópu.

Þá má enn minnast á þá áherslu sem hæstv. utanrrh. hefur lagt á stuðning við ákvarðanir samskiptahóps stórveldanna í Kósóvó nýlega og þann stuðning sem Ísland hefur veitt Bosníu-Hersegóvínu í formi pólitísks stuðnings og ýmissa verkefna, m.a. við heilbrigðis- og öryggismál.

Þetta framlag okkar skiptir miklu og það mun efalítið skila sér í þeirri ímynd sem afstaða og aðstoð Íslands þegar hefur.

Á þessu ári tekur hæstv. utanrrh. við varaforsetaembætti Evrópuráðsis og mun síðan á næsta ári, við nýhafin hátíðarhöld 50 ára afmælis ráðsins 5. maí á næsta ári, taka við formennsku Evrópuráðsins. Eins og ég minntist á hefur Evrópuráðið verið leiðandi vettvangur mannréttinda og lýðræðis. Þetta á ekki eingöngu við ríki meginlands Evrópu, einkum nýfrjálsu ríkin, heldur eru samþykktir Evrópuráðsins fyrirmynd að svipuðum samþykktum samtaka eins og Sameinuðu þjóðanna. Evrópuráðið mun á næstunni enn efla starfsemi sína og efla þá sérstaklega eftirlit með framfylgni mannréttinda í Evrópulöndum og mun ráðið halda áfram því verkefni undanfarinna ára að vera hið pólitíska hlið mannréttinda þjóða Austur-Evrópu, það hlið sem þjóðir Austur-Evrópu þurfa að ganga í gegnum til að fá viðurkenningu mannréttinda til jafns við aðrar vestrænar þjóðir. Góður undirbúningur og frumkvæði Íslands á þessu væntanlega og mikilvæga ári í formennsku er forsenda fyrir því að vel takist.

Áður en skilist er við Evrópuráðið vil ég nefna afar athyglisverða ráðstefnu sem nýlega var haldin á vegum ráðsins vegna alþjóðlegs Árs hafsins. Þar áttu Íslendingar þess kost að kynna sjónarmið sín á breiðum grundvelli og eiga skoðanaskipti við Evrópuríkin og þá ekki síst Evrópusambandsríkin. Hæstv. sjútvrh. hélt framsögu á fundinum og Tómas Ingi Olrich lagði fram gagnrýni á skýrslu um sjávarútvegsmál sem er í undirbúningi í ráðinu. Auðvitað hjálpar það okkur að taka þátt í svona viðamiklum ráðstefnum sem munu bergmála víða um heim og það að Íslendingar skuli vera jafnvirkir í málflutningi á þessum ráðstefnum. Það kom greinilega í ljós og á málefnalegan hátt að afstaða Íslands í sjávarútvegsmálum bæði hvað snertir mikilvægi fyrir atvinnulífið og ekki síður sú sjálfbæra þróun sem hér hefur verið unnið að hefur vakið athygli og miklar umræður. Á málefnalegum samkomum sem þessum er því ekki síst tækifæri til að vinna að rétti sínum á þessu sviði.

Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. færum við sífellt út kvíarnar með fríverslunarsamningum við einstök ríki. Við miðum nú orðið ekki við Evrópu og Miðjarðarhafið heldur munum við gera okkur vonir um fríverslunarsamning við Kanada í samstarfi okkar innan EFTA. Slíkur samningur var í umræðunni fyrir nokkrum árum og þótti heldur torsóttur en vonir glæðast við þær viðræður sem nú standa yfir. Enn sækja Íslendingar með fyrirtæki til annarra heimsálfa í Ameríku eða Suðaustur-Asíu sem er jákvæð þróun og í takt við tímann. Það er til marks um þau umsvif sem þegar eru orðin á þessu svæði að stofnað hefur verið sendiráð í Peking og á borðum er að stofna annað í Tókíó.

Okkur er ekki vanþörf á að halda vel á okkar spilum og koma undirbúin til verks ef erfiðið á að vera árangursins virði. Á heimavelli jafnt sem erlendis er því unnið að verkefnum í þróun milliríkjaviðskipta. Það hefur farið vel á því samstarfi sem utanrmn. hefur átt við ráðuneyti utanríkismála í þeim efnum. Samstarf í formi upplýsinga eða funda með erlendum ráðamönnum, sem hingað hafa komið á vegum ráðuneytisins, hafa verið gagnlegir og nauðsynlegir.

Samkvæmt lögum um þingsköp skal utanrmn. vera ráðherra til ráðuneytis um þau mál er lúta að málaflokkum utanríkismála og það sannaðist mjög vel í starfi nefndarinnar, ekki síst fyrir nokkrum árum þegar umræður stóðu yfir um EES-samninginn að fátt er það sem ekki tengist utanríkismálum í smáu sem stóru. Það skiptir því máli að þeir sem starfa á þessu sviði geri það samhent og ég vil segja að ýmsu leyti á gagnsærri hátt en verið hefur þannig að upplýsingaflæðið sé gott á milli manna og samvinna slík að ekki verði um tvöföldun að ræða. Á undanförnum árum hef ég hins vegar orðið vör við að þingmenn og embættismenn hafa ekki alltaf haft jafnmikil samráð og æskilegt væri þegar þeir vinna í sömu málaflokkum á alþjóðlegum vettvangi. Þegar jafnviðamikill málaflokkur sem utanríkismál er í húfi, þá ber að sjálfsögðu að nýta alla krafta til fullnustu og ég vænti þess að um breytingar verði þar að ræða í væntanlegri stefnubreytingu utanrrn.

Ég vonast til þess að sú stefna sem tekin verður á næstunni muni veita okkur afl til aukinnar framsýni og frumkvæðis þannig að við getum með reisn tekið þátt í óhjákvæmilegri þróun á næstu árum.

[19:11]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanrrh. greinargóða ræðu og skýrslu um utanríkismál og vil leyfa mér að taka undir nokkur af þeim sjónarmiðum sem hann hefur látið fram koma. Í fyrsta lagi tek ég undir það sem kemur einnig fram í skýrslu nefndar hans um framtíð utanríkisþjónustunnar að nauðsynlegt er fyrir okkur að hún sé ávallt öflug og endurskoðuð reglulega í ljósi breytilegra þarfa, hagsmuna og aðstæðna, ekki síst hversu við erum öðrum þjóðum fremur háð samskiptum við aðrar þjóðir um öll aðföng og afurðasetningu. Sérstaklega fagna ég þeirri tillögu nefndarinnar að koma á fót sendiráði í Kanada sem mér hefur löngum þótt bið eftir. Einnig fagna ég því sem annars staðar kemur fram í máli ráðherrans að á vegum EFTA eru hafnar eða er í undirbúningi að hefja viðræður við Kanada um fríverslunarviðskipti eða fríverslunarsamning, og vil nú leyfa mér að gera sem fyrr að inna eftir slíkum viðræðum eða möguleikum við Bandaríkin.

Það er rétt sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar að víxlverkun málaflokka er veruleg og þess vegna nauðsynlegt að við höfum okkur í frammi í mörgum málaflokkum. Í því samhengi er rétt að nefna að á síðustu áratugum, ekki síst þeim sem nú er að ljúka, hefur alþjóðastofnunum fjölgað og þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur að velja og hafna jafnan hvar Ísland á aðild og vega það og meta í því ljósi að við erum hvorki stór né áhrifamikil. En hins vegar fer áhrifamáttur okkar í hverri stofnun fyrir sig eftir því hve vel okkur tekst að velja og hafna.

Þá er þess að geta að við erum sjálf háð tiltrú annarra á raunhæfni og gott starf alþjóðastofnana. Þess vegna er nauðsynlegt að við leggjum þeim sjálf bæði gott orð og það framlag sem við getum. Í þessu samhengi vil ég nefna það sem fram kemur annars staðar í máli ráðherra að í skoðun er hvort við getum gerst aðilar að stofnun sem nefnd er skammstöfuninni CITES. Ég hef í hópi annarra þingmanna lagt til að við gerumst aðilar að þeirri stofnun eða a.m.k. rannsökuðum það til hlítar í því ljósi að á vegum hennar og á vettvangi hennar er fjallað um mikilvægustu hagsmuni okkar, þ.e. hvernig við nýtum sjávarauðlindir. Stofnunin hefur á síðari árum látið sig mjög varða hvernig þær auðlindir eru markaðssettar og talið margar þær tegundir sem um ræðir vera í útrýmingarhættu, en þar eru einmitt ýmis sjónarmið önnur eða ólík sjónarmiðum okkar sem við teljum vel ígrunduð og góðar forsendur fyrir.

Gildi þátttöku í starfi alþjóðastofnana er mikið, einkum fyrir okkur, og þess vegna tel ég mikilvægt að þátttaka Íslands í hverri stofnun sé reglubundin og vel skipuð á vettvangi ráðherra, þingmanna, embættismanna sem og annarra starfsmanna. Ég tek því undir þau sjónarmið að gera ætti Íslendingum kleift að vera um sinn starfsmenn alþjóðastofnana og færa þannig fram sjónarmið Íslands og flytja hingað heim þau sjónarmið sem þeir heyra frá öðrum.

Ráðherrann gerir öryggismálum og varnarsamstarfi okkar við Bandaríkin og aðrar Atlantshafsbandalagsþjóðir ágæt skil. Ég hef velt því talsvert fyrir mér að undanförnu eftir fyrri umræðu um samninga um stækkun Atlantshafsbandalagsins með aðild nýrra ríkja að því hvers vegna skoðanir alþýðubandalagsmanna í þeirri umræðu eru svo ólíkar skoðunum okkar hinna og vel að merkja verð ég að viðurkenna að þeir eru þar í hópi afskaplega fárra a.m.k. meðal þeirra sem við hittum fyrir í grannlöndum okkar á þeim vettvangi sem öryggis- og varnarmál Evrópuríkja eru rædd. En kannski kann það að ráða einhverju í þessu að þeir þingmenn Alþb. og óháðra taka ógjarnan þátt í umræðum Evrópumanna um varnarmál og öryggismál og sérstaklega ekki innan hóps Atlantshafsbandalagsríkjanna. Ég verð að viðurkenna að ég hygg að þeirra sjónarmið hefðu hugsanlega orðið fyrir áhrifum af viðræðum við aðrar þjóðir eða þingmenn annarra aðildarríkja þess bandalags.

Það er rétt að við höfum gjarnan horft mjög á hlut Eystrasaltsríkjanna og þá verðum við að viðurkenna að í skrifum alþjóðlegra fjölmiðla á síðustu vikum um stækkun Atlantshafsbandalagsins og þeirra hlut hefur komið fram sú skoðun að hugsanlega muni hann ekki eins tryggur og menn hafi haldið á síðustu mánuðum og missirum. En það er líka rétt að við Íslendingar látum þau sjónarmið heyrast að næstu grannar þeirra í hópi Norðurlandabúa, þ.e. Finnar og Svíar, hafa ekki enn séð ástæðu til þess að yfirvega eða láta þá skoðun eða stefnu heyrast að þeir verði hugsanlega meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins á næstunni. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að ef þessar tvær þjóðir hefðu verið aðilar að Atlantshafsbandalaginu þá hefði betur mátt tryggja tilveru og öryggi Eystrasaltsríkjanna, þ.e. þá hefðu bandalagsþjóðirnar verið þeim nær landfræðilega og átt auðveldara með að sýna öryggi í verki eða með aðgerðum. Hitt er mjög áberandi hve fulltrúar Eystrasaltsríkjanna reyna að nálgast Vesturlönd eins og þeir geta eins og nýlega kom fram þegar Evrópuþjóðirnar flýttu klukku sinni sem við ekki gerum lengur.

Auðvitað er það rétt að nauðsynlegt er að meta afstöðu og nágrenni Rússa. En við megum ekki falla í neina gryfju sem verður til þess að Rússar hafi neitunarvald um örlög nágranna sinna eða vilja þeirra til að tryggja tilveru sína og sjálfsákvörðunarrétt.

Í umræðunni í dag hefur eins og stundum áður verið talað um hugsanlegt nýtt kerfi alþjóðastofnana á sviði öryggismála. Ég verð að viðurkenna að ég tel að fram undan sé nýtt kerfi alþjóðastofnana á þessu sviði en það sé að fæðast á grunni þeirra sem starfað hafa til þessa. Ég tel rétt að geta þess að innan Atlantshafsbandalagsins, Vestur-Evrópusambandsins og ÖSE hefur verið talsverð þróun í verkefnum, í stefnumótun og afstöðu til einstakra mála og

ég hygg að sú þróun muni færa okkur í framtíðinni nýtt kerfi alþjóðastofnana sem allar, hver á sínu sviði, fjalla um öryggismál í Evrópu og nágrenni hennar.

Einhverjir hafa velt því fyrir sér hvort hinn mikli fjöldi stofnana sem starfa á þessu sviði leiði til tvíverknaðar en ég er ekki viss um að við gerum rétt í að halda því mikið á lofti því að víðast hvar virðast þær bæta hver aðra upp.

Um varnarsamstarf okkar og Bandaríkjanna og raunar einnig við aðrar bandalagsþjóðir verður að geta þess að okkur er eins og öðrum mjög mikilvægt að stöðugleiki ríki því hann er grundvöllur að trausti og öryggi í samskiptum þjóða. Því höfum við kynnst á undanförnum áratugum og verið þess megnug í þessu samstarfi einu að leggja fram okkar litla framlag til öryggis og stöðugleika. Á annan hátt hefðum við sennilega ekki verið þess megnug. Hið nána samstarf okkar við Bandaríkin á þessu sviði er aðeins angi af mjög fjölbreyttu og góðu samstarfi Íslendinga og Bandaríkjamanna í mjög mörgum málaflokkum en þess vil ég þó geta í þessu samhengi að nú eru þeir tímar að hugsanlega kann að leiða til vandamála eða vandleikinna verkefna í samskiptum okkar á Íslandi. Mér sýnist sem sé að samningar og samskipti varnarliðsins við næstu nágranna sína um viðskipti við þjónustustofnanir sveitarfélaga á Suðurnesjum séu fremur erfiðir og menn þurfi að taka sig á, bæði við sjálf og samstarfsaðilar okkar, til þess að ná efnislegum tökum á þeim málum.

Ég vil að lokum sérstaklega fagna því hve ráðherrann veitir Ári hafsins mikla athygli og þeirri umræðu sem staðið hefur um mánaðabil eða raunar í mörg ár um loftslagsbreytingar og hvernig við þeim verður brugðist. Ég vil taka undir þær skoðanir að þar er sennilega okkar mikilvægasta viðfangsefni í samstarfi við aðrar þjóðir. Um leið og hæstv. ráðherra nefnir auðlindir hafsins verðum við að geta þess að í hafinu eru ekki aðeins okkar mikilvægustu auðlindir heldur er það sjálft grundvöllur allra lifandi náttúruauðlinda. Lifandi náttúruauðlindir eru okkar einu auðlindir og á þeim byggjum við atvinnulíf, efnahag og raunar það mannlíf allt sem hér er í dag. Þess vegna tel ég skipta máli að við höldum frammi þeim skoðunum okkar sem við höfum byggt upp eftir athuganir á auðlindum hafsins. Við þykjumst þekkja allvel til. Við þykjumst hafa nokkuð góða reynslu og við vitum sem er að til annars lífsviðurværis hverfum við ekki ef þær brestur. Mér finnst þess vegna skipta máli að við reynum að taka höndum saman með grannþjóðum okkar um vistvæna starfshætti í fiskveiðistjórn, þ.e. að við náum saman við granna okkar, Norðmenn og Rússa um veiðar í Barentshafi, náum saman við þá granna okkar og fleiri um viðbrögð við mengun sem virðist stafa frá starfsemi í Bretlandi og nánast að við náum yfirleitt góðu samstarfi og samskiptum við grannþjóðir okkar ekki aðeins á norðurhjara heldur á norðurhveli um öll viðfangsefni á þessu mikilvæga sviði, umhverfismál, náttúrulegar og lifandi auðlindir, mengunarvarnir og viðbrögð við spillingu náttúrunnar og þeirra stofna sem í henni lifa.

[19:22]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Margt athyglisvert og jákvætt kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. enda hefur vel tekist til um margt í starfi hans og í starfi utanríkisþjónustunnar almennt en hún hefur á að skipa mjög góðu starfsliði sem er Íslendingum til sóma. Það er hins vegar ekki ætlun mín að halda lofrullu um starf utanríkisþjónustunnar eða hæstv. utanrrh. Öllu fremur vil ég rækja það hlutverk mitt að veita honum lýðræðislegt aðhald enda veitir ekki af í heimi sem er að verða nær samhljóma í lofsöng til markaðshyggju.

Af hálfu þingmanna Alþfl. var því sérstaklega og mjög ákaft fagnað hve hlýjum og lofsamlegum orðum hæstv. utanrrh. hefði farið um Evrópusamstarfið og hið Evrópska efnahagssvæði. Svo uppnuminn var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþfl., að hann sagði að nú væri svo komið í sögu Íslendinga að öll upphefð kæmi að utan og átti hann þar við Brussel. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hvatti til rannsóknar á sögunni. Hann vildi láta rannsaka hvernig menn hefðu greitt atkvæði um hið Evrópska efnahagssvæði og vísaði þar sérstaklega til Framsfl. (Gripið fram í.) Ég vildi að Sighvatur Björgvinsson hefði haft örlítið víðari sjóndeildarhring og horft til þjóðarinnar allrar vegna þess að þjóðin gerði þá kröfu á sínum tíma að fá að greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um hið Evrópska efnahagssvæði en var meinað um það af þessum sama þingmanni, Sighvati Björgvinssyni, og hans flokki og þeim aðilum sem þá fóru fyrir stjórn landsins. Í skoðanakönnunum sem voru birtar ítrekað kom fram að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga vildi þjóðaratkvæði um hið Evrópska efnahagssvæði en var meinað um það þannig að á þessu getur ekki farið nein rannsókn þótt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vilji gjarnan að menn rannsaki fortíð framsóknarmanna í þessu efni.

Hitt er alveg rétt að ýmislegt jákvætt hefur komið út úr samstarfi okkar við Evrópuþjóðir. Það er alveg rétt. En því er nú þannig farið að um flest af því jákvæða má segja að það eru breytingar sem við hefðum getað gert sjálf og þá er ég að vísa til breytinga sem hafa verið gerðar í ýmsum félagslegum efnum. Ég vara við því að menn dragi rangar ályktanir af þögn þjóðarinnar um EES. Menn nenna ekki að gangrýna sýknt og heilagt það sem þegar er orðið. Við erum stödd á hinu Evrópska efnahagssvæði og reynum að sjálfsögðu að gera hið besta úr því sem þar er að finna. En ég vil taka það undir að full ástæða væri til þess að rannsaka þau áhrif sem hið Evrópska efnahagssvæði hefur haft á íslenskt þjóðlíf og þá ekki síst lýðræðið í landinu vegna þess að með þeim sáttmála sem við gerðum þegar við gengum í hið Evrópska efnahagssvæði skuldbundum við okkur til þess að gera veigamiklar skipulagsbreytingar á íslensku efnahagskerfi og íslensku þjóðlífi. Það er átakanlegt að fylgjast með því í störfum Alþingis og í störfum einstakra þingnefnda að þegar inn koma mál sem menn hafa á ríkar skoðanir og einhver bendir á það undir lokin að þetta sé tilskipun frá Brussel, þá þagnar allt. Og það er umhugsunarvert að menn sem áður reyndu að hafa áhrif á gang mála reyna nú að skilja gang mála, reyna að skilja tilskipanirnar sem koma frá Brussel. Það væri vissulega nauðsynlegt og gagnlegt og fróðlegt og mikilvægt að gera úttekt á þeim áhrifum sem Evrópska efnahagssvæðið og þær skuldbindingar sem við gerðum í tengslum við EES hafa haft á íslenskt þjóðlíf og íslenskt lýðræði.

Hæstv. utanrrh. fór ekki aðeins hlýjum orðum um hið Evrópska efnahagssvæði og Evrópusambandið. Hann fór líka hlýjum orðum um Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og svokallað þróunarstarf á vegum hans. Hann fór hlýjum orðum um alþjóðaviðingu fjármagnsins líka. En hann fór líka hlýjum orðum um mannréttindi og það er vel. Hann sagði í sinni ræðu: „Við Íslendingar viðurkennum ekki að gengið sé á mannréttindi.“ Þetta sagði hæstv. utanrrh. í sinni ræðu og hann sagði líka, með leyfi forseta:

„Mannréttindamál eru óaðskiljanlegur hluti alþjóðastjórnmála, ekki einkamál sérhverrar þjóðar. Mannréttindi eru alþjóðleg og algild og það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim."

Þetta eru dýr orð og þetta eru góð orð og ég tek undir þessi orð. En ég spyr: Hvernig hefur til tekist í þessu efni? Hvernig hefur til tekist hjá Íslendingum í þessu efni? Hver er afstaða okkar gagnvart Kínverjum og mannréttindamálum í Kína, einhverri stærstu þrælakistu heimsins? Ég veit ekki betur en allflest ráðuneyti og allflestar stofnanir þessa samfélags hafi sent sendinefnd á fætur sendinefnd til að efla og bæta tengslin við Kínverja. Hvað hafa Íslendingar gert til að verja mannréttindi í Kína? Hér var talað um Afganistan. Við munum einskis láta ófreistað að styðja konur í Afganistan, sagði hæstv. utanrrh. Hefur þetta nokkuð verið rætt við Bandaríkjamenn? Við munum einskis láta ófreistað, sagði hæstv. utanrrh. Hér var á ferðinni fyrir fáeinum dögum fulltrúi andófsmanna í Afganistan, kona sem var að vekja athygli á hlutskipti kvenna þar og kúgun kvenna og hvernig þær væru grýttar í hel. Það kom fram í hennar máli að talebanar í Afganistan fengju stuðning frá Bandaríkjastjórn. Hefur þetta verið rætt við fulltrúa Bandaríkjamanna? Hafa Íslendingar tekið þetta upp á alþjóðavettvangi þar sem þeir geta látið til sín heyra og hugsanlega haft einhver áhrif? Hvað með Írak? Ekkert hefur verið fjallað um Írak í dag. Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að ekki er fjallað um Írak þegar rætt er um mannréttindi í skýrslu utanrrh.? Hvernig stendur á því? Vita menn ekki að það hafa komið fram ásakanir frá stofnunum Sameinuðu þjóðanna, frá sjálfstæðum rannsóknastofnunum? Frá málsmetandi aðilum víðs vegar um heiminn, Ramsey Clark, fyrrverandi dómsmálaráðherra Bandaríkjanna meðal fjölmargra annarra um að viðskiptabannið á Írak hafi orðið þess valdandi að mörg hundruð þúsund manns hafi látið lífið. Á þetta er ekki minnst. Þetta er eitt mesta og stærsta hitamál samtíðar okkar og á þetta er ekki minnst í skýrslu utanrrh. Á það er ekki minnst að sami hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að Bandaríkjamönnum yrði gefin heimild til þess að lenda hér og fara hér með árásarflugvélar, sem áttu að gera árásir á Írak. Þetta kalla ég að þjóna alþjóðafjármagninu og hernaðarhyggjunni.

Ég hef velt því fyrir mér hvað valdi því að Bandaríkjastjórn var eins áköf og raun bar vitni að hefja árásarstríð á hendur Írak. Ég tel að skýringin sé sú að prýstingur í heiminum hafi verið orðinn það mikill að aflétta viðskiptabanni á Írak að þeir hafi ekki séð aðra leið til að veikja írökskuþjóðina og Írak en að gera hernaðarárás á landið. Írak sem framleiddi áður 3,2 milljónir tunna af olíu á dag var komið niður í 600 þúsund og olíuiðnaðurinn í Bandaríkjunum sem er búinn að fjárfesta í gömlu Sovétríkjunum, olíuiðnaðurinn í Evrópu, olíuiðnaðurinn í Arabaheiminum hafi óttast að aukið framboð af olíu frá Írak og hugsanleg lækkun á verði mundi verða þess valdandi að efnahagur iðnríkjanna yrði í verulegum vanda staddur. Þetta eru vangaveltur sem menn hafa haft uppi í Bretlandi og víðar og vísa ég til þeirra sem hafa haft einhverja gagnrýni uppi. Hún hefur verið af afar skornum skammti. Ég hefði viljað að utanrrh., sem vill kenna sig við miðju stjórnmálanna, hefði reynt að halda uppi gagnrýnum málflutningi af þessu tagi. Ég hefði kosið það.

Ég hefði kosið að hann hefði gert það líka þegar hann gerðist málsvari Norðurlandanna hjá Alþjóðabankanum og í starfi okkar innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann fer lofsamlegum orðum um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann. Það er ekki orð um að þessar stofnanir hafi verið gagnrýndar víða um heim fyrir að setja þróunarríkjum og ríkjum almennt stólinn fyrir dyrnar og þrengja að lýðræðislegum sjálfsákvörðunarrétti. Svo eru menn að tala af þjósti og með hroka um það hvort menn ætli virkilega að ganga gegn vilja þjóða sem vilja koma í NATO. Á sama tíma eru menn að setja þessum fátæku ríkjum stólinn fyrir dyrnar í gegnum Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn því að það eru menn að gera. Um það bera vitni fréttatilkynningar sem koma frá utanrrn. þar sem segir m.a.:

„Utanríkisráðherra lýsti yfir fullum stuðningi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna við sérstakt átak Alþjóðabankans til að auka fjárfestingar einkaaðila í orkumálum, samgöngu- og fjarskiptakerfum þróunarríkjanna."

Það er þetta sem þessar fátæku þjóðir hafa verið að gagnrýna. Þær hafa ekki fengið aðgang að lánum nema þær hafi undirgengist að umbreyta efnahagskerfi sínu, einkavæða stoðkerfin, almannaþjónustuna og um það talaði hæstv. utanrrh. í ræðu sinni sem hann flutti í Hong Kong sl. haust. Þar var talað um aðgerðir til að tryggja einkafjármögnun í stoðkerfi samfélagsins, Action program to facilitate private involvement in infrastructure, millifyrirsögn í ræðu hæstv. utanrrh. Hann talar um það líka að þetta sé liður til að styrkja einkafjármagnið í þessum ríkjum og farið er lofsamlegum orðum um þann grunn sem eigi að starfa á og hefur verið dreginn upp og myndaður af hugmyndagengi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Síðan er talað um það líka að á grundvelli þessa eigi að meta frammistöðu viðkomandi landa í efnahagsuppbyggingu. Á þessum grundvelli, á einkavæðingarmarkaðsgrundvellinum. Ég hef saknað þess að um þessi atriði færi fram lýðræðisleg umræða á Íslandi, hvernig við beitum okkur gagnvart þessum fátæku ríkjum heimsins.

Ég hefði viljað ræða um NATO líka. En ég vil nota þessar síðustu sekúndur sem ég hef til að ítreka það sem ég sagði áðan um þann hroka sem einkenndi afstöðu ríkisstjórnarinnar og NATO-sinna í Alþingi gagnvart þeim sem hafa áhyggjur af því að verið sé að færa út þetta hernaðarbandalag og ýta undir hernaðaruppbyggingu, þetta eru sömu menn og sömu aðilar og eru að setja fátækustu þjóðum heimsins stólinn fyrir dyrnar og þvinga þær til að færa almannaþjónustuna, vatnsveiturnar, rafmagnsveiturnar í hendur alþjóðlegra kapítalískra fyrirtækja.

[19:38]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Ögmund Jónasson um starf Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og reyndar Sameinuðu þjóðanna jafnframt. Það er alveg ljóst að við Íslendingar störfum á vettvangi þessara stofnana og styðjum þær og við teljum þær vera mikilvægustu stofnanir sem geta gert átak í þróunarmálum og í mannréttindamálum og þá er ég sérstaklega að tala um Sameinuðu þjóðirnar.

Ég veit ekki á hvaða vettvangi hv. þm. vill starfa, ég geri mér það ekki ljóst eða hvort hann vill almennt standa utan allra alþjóðasamtaka. Ég skil hann þannig. Hann vill ekki viðurkenna starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Íraksmálum. Hann telur að við séum að ganga gegn öðrum ríkjum innan Sameinuðu þjóðanna að því er varðar Írak. Það kom fram í umræðum á Alþingi. Hann telur að það eigi alls ekki að stuðla að því að einkafjármagn komi inn í þróunarríkin sem skipta þessi ríki grundvallarmáli. Mér heyrist að hann vilji fyrst og fremst byggja þessi ríki upp á grundvelli sósíalisma

og lánsfé þannig að ekki er ljóst hvort þau geti borgað þetta til baka.

Það er alveg rétt að við teljum vera mjög mikilvægt að einkafjármagn komi inn í þróunarríkin þar til uppbyggingar og atvinnusköpunar. Við Íslendingar höfum rekið okkur á það í sambandi við þróunarhjálp í Afríku að það skiptir sköpum ef atvinnufyrirtæki eru tilbúin til að koma inn í kjölfar þróunarhjálpar og fjárfesta í þessum löndum með innlendum aðilum eins og hefur t.d. gerst í samstarfi í sjávarútvegi í Afríku. Þar hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fjárfest með þarlendum fyrirtækjum og þetta hefur skapað mörgum vinnu og er leið sem markar framfarir í þessum löndum.

[19:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég styð Sameinuðu þjóðirnar. Ég styð Genfarsáttmálann líka. Ég styð mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en ég styð það ekki að við hlýðum Bandaríkjamönnum og hernaðarveldunum í einu og öllu og í blindni. Ég tel að sú ákvörðun sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tók hafi strítt gegn grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég er tilbúinn að færa fyrir því rök í ræðustól eða á öðrum vettvangi og ég tel að það sé ekki stuðningur við Sameinuðu þjóðirnar til frambúðar að hlíta forsjá Bandaríkjastjórnar eins og íslenska ríkisstjórnin hefur því miður gert í þessu máli.

Ég vil að sjálfsögðu starfa innan alþjóðastofnana. En ég vil að við gerum það á gagnrýninn hátt og á sjálfstæðan hátt og ég vil ekki að við styðjum þá stefnu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn hafa fylgt á liðnum árum og hefur sætt vaxandi gagnrýni um heim allan að setja fátækum ríkjum stólinn fyrir dyrnar og skilyrða lán með þeim hætti sem gert hefur verið. Þetta er stefna mín.

[19:42]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einu sinni staðreynd í sambandi við þróunarhjálp að það skiptir afar miklu máli að í viðkomandi löndum sé vilji til þess að byggja upp lýðræði, viðurkenna markaðsbúskap sem er grundvallaratriði í heimsbúskapnum í dag. Ég trúi því ekki að hv. þm. Ögmundur Jónasson vilji hverfa frá markaðsbúskap hér á landi og vænti þess að hann aðhyllist blandað hagkerfi.

Ég vil taka það fram í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er verið að byggja upp ákveðið öryggiskerfi, öryggiskerfi sem kemur í veg fyrir að ákveðnar þjóðir og einræðisherrar þar geti ráðist á nágrannaþjóðir með gereyðingarvopnum og eiturvopnum. Út á það gengur starfið gagnvart Írak og aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna eru skuldbundnar til að taka þátt í þessu. Við Íslendingar höfum ekki fylgt Bandaríkjamönnum í blindni. Það er eitthvert hugarflug hv. þm. Fleiri en Bandaríkjamenn standa að öryggisráðinu, það veit hv. þm. Það eru ýmsar aðrar þjóðir eins og Kína, Rússland og margar aðrar þannig að það er ekki rétt að við höfum fylgt þeim í einu og öllu. Hins vegar er það rétt að ég taldi rétt að heimila þeim að lenda hér á landi vegna viðbúnaðar út af Írak en það var ekki á grundvelli þess að þeir væru búnir að biðja sérstaklega um það. En ég taldi það rétt og stend við það.

[19:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu eigum við að stuðla að afvopnun og við eigum að reyna að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að draga úr hernaðarhyggju í heiminum og við eigum að beita okkur gegn öllum gereyðingarvopnum hvort sem það eru kjarnorkuvopn, efnavopn, sýklavopn eða önnur ógnvekjandi vopn. Hins vegar vil ég vekja athygli á þeim tvískinnungi sem einkennir alla umræðuna. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur vísað í blaðaskrifum á árásir Íraka á Kúrdahéruð í Norður-Írak árið 1988. Á þeim tíma var Saddam Hussein góði skúrkurinn, svo að vitnað sé í líkingu Henry Kissingers á sínum tíma um Pinochet, Chile-hershöfðingjann. Hann er góði skúrkurinn, sagði hann þá. Á þeim tíma var Saddam Hussein góði skúrkurinn og það er talið að þessi vopn sem beitt var gegn Kúrdunum í Norður-Írak hafi verið keypt í Bretlandi. Á þeim tíma fengu Írakar einnig vopn frá Bandaríkjunum. Talið er að þau hafi komið í gegnum Chile.

Ég er að vekja athygli á þeim tvískinnungi sem einkennir þessa umræðu alla. Ég vil að sjálfsögðu hvetja hæstv. utanrrh. til þess að beita sér gegn efnavopnum og eiturvopnum í Írak en ég er að hvetja til þess að menn séu heilsteyptir í sínum málflutningi og sýni sjálfstæði í sinni afstöðu. Á það finnst mér hafa skort af hálfu íslenskra stjórnvalda.

[19:46]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla ræðu sem náði yfir mjög svo fjölbreytilegt svið. Ég vil byrja á því að taka undir þau sjónarmið sem koma fram í ræðu hæstv. ráðherra varðandi aðild okkar að Schengen-samkomulaginu, að það er mjög mikilvægt af hálfu Íslendinga að geta gengið frá þeim samningi sem allra fyrst og náð þar fullri aðild enda tel ég að með fullri aðild séum við ekki aðeins að halda áfram því mikla og nána samstarfi sem við höfum átt í Evrópu heldur séum við líka að efla okkar varnir gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna og aðild okkar að sameiginlegu öryggiskerfi lögreglu innan Evrópuríkjanna nýtist okkur í því starfi.

Ljóst er að Schengen-samstarfið og Schengen-samningurinn munu verða til umræðu um nokkurn tíma enn og ekki er alveg ljóst hvert hann mun leiða. Ég velti því fyrir mér hvort Schengen-samstarfið og stækkun Leifsstöðvar muni vera nátengt og hvort einhver breyting sé að verða á afstöðu hæstv. ráðherra til stækkunar Leifsstöðvar. Ekki það að ég hafi heyrt neitt um það en ég vildi gjarnan fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort stækkun Leifsstöðvar sé ekki á dagskránni nákvæmlega eins og stefnt hefur verið að samkvæmt þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fyrir ráðuneyti og nefndir þingsins.

Varðandi ár hafsins þá fagna ég þeim miklu undirtektum sem koma fram frá hæstv. ráðherra við ár hafsins. Ég vil minna á samþykkt í hinu háa Alþingi þar sem samþykkt var að reka skólaskip á mun öflugri hátt en áður en það getur nýst einmitt í þeim tilgangi að auka möguleika unglinga og skólafólks til að fara á sjó og kynna sér starfsemi um borð í venjulegum rannsóknarskipum í samstarfi við íslenska vísindamenn sem eru þeir fremstu í heiminum á sínu sviði. Svona tengingu tel ég einmitt eiga vel heima innan þeirra stofnana sem það reka í dag í samstarfi við Hafrannsóknastofnun sem tengist þannig inn í grunnskóla landsins. Ég lýsi yfir mikilli ánægju minni með það hvernig þetta er að þróast í samstarfi við sjútvrn.

Mig langaði aðeins til þess að spyrja hæstv. ráðherra um VES eða Vestur-Evrópusambandið og hver staða þess væri í augum ráðuneytisins og hæstv. utanrrh. Ég tók eftir því að

í ræðu hæstv. ráðherra er ekki tekin nein sérstök afstaða til VES eða yfirleitt minnst á það í ræðunni. Ég minni á það að Vestur-Evrópusambandið hefur verið mjög öflugur málsvari fyrir Evrópuþjóðir í varnarlegu tilliti og þær þjóðir sem þar eiga aðild eru miklu fleiri en þær sem standa að NATO eins og kunnugt er. Núna taka 28 ríki þátt í starfinu innan VES á einn eða annan hátt.

Ég minni á að á VES-ráðstefnu í desember í fyrra var einróma tekið undir stækkun NATO af öllum þeim sem þátt tóku í þeirri umræðu. Ég held að það megi segja að slíkur stuðningur allra Evrópuríkja sé mjög mikilvægur. Þess vegna tel ég að efling samstarfs innan VES af hálfu Íslendinga sé liður í utanríkisstarfinu sem eigi að vera hluti af yfirferð Alþingis.

Ég hef nefnt í umræðum um utanríkismál hvort ekki væri ástæða fyrir Íslendinga að sækja um fulla aðild að VES. Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að slíkt sé ekki hægt vegna þess að reglur VES leyfi ekki slíkt. Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hefði kynnt sér sjónarmið Klaus Kinkels, utanríkisráðherra Þýskalands, í þessu efni en hann upplýsti í ræðu sem hann hélt í desember í fyrra á þingi VES að hann teldi að spurningin væri ekki hvort breyta þyrfti reglum um inngöngu í VES heldur væri það spurning um túlkun á reglum VES hvort nýjar þjóðir fengju fulla aðild að sambandinu eða ekki. Þá er í fyrsta lagi verið að tala um hvort ríki sem eru í NATO en ekki Evrópusambandinu eigi rétt á fullri aðild eða ekki eða hvort þann rétt hafi eingöngu ríki sem bæði eru í Evrópusambandinu og í NATO. Þetta er spurning um samræmdan skilning á því hvaða reglur gildi og túlkun á þeim.

Mig langaði, herra forseti, aðeins að minnast á varnarsamstarfið sem tók ekki mikið pláss í ræðu hæstv. ráðherra sem sýnir að sjálfsögðu að náðst hefur að tryggja samninga við varnarliðið til ársins 2000. Ég held að þar hafi verið vel að verki staðið af hálfu ráðuneytisins og störf ráðherra séu góð að þessu leyti og góð samvinna við Bandaríkjamenn í að halda því samstarfi áfram sem allir hafa talið mjög markvert og tryggja frið í Evrópu ásamt mörgu öðru.

Samt er ljóst að samskiptin verða sífellt erfiðari og þá fyrst og fremst samskipti á hinu fjárhagslega sviði. Við höfum séð það að starfsemi varnarliðsins hefur liðið mjög mikið fyrir fjármagnsskort á undanförnum mánuðum og árum og sífellt er verið að draga úr þeirri starfsemi sem þarna hefur þótt sjálfsögð. Ég get þó tekið fram sem formaður í einni þeirra nefnda sem fást við samstarfið við varnarliðið og sveitarfélög á Suðurnesjum að náðst hefur mjög gott samkomulag um fráveitumál á svæðinu og vil ég nota tækifærið til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans þátt í að leysa það mál ásamt skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofunnar, Þórði Ægi Óskarssyni. Þar hafði inngrip hæstv. utanrrh. og starfsmanna hans mikið að segja og er það gott þegar utanrrn. tekur afstöðu og aðstoðar sveitarfélög og yfirvöld á svæðum til þess að ná eðlilegri niðurstöðu í samningaferli milli þessara tveggja aðila.

Samt er ljóst að ýmis önnur mál eru óleyst hjá varnarliðinu sem varða eðlileg samskipti sveitarfélaganna og varnarliðsins. Maður veltir því fyrir sér, herra forseti, vegna þess að starfræksla stöðvarinnar er nánast að verða ómöguleg, hvort þessi mikli niðurskurður fjármagns sé vísbending um að það sé stefna bandarískra yfirvalda að draga svo úr starfsemi hjá varnarliðinu að hún verði svo smá að hún hverfi einn góðan veðurdag. Í mínum huga er ekki neinn bragur á því ef samskipti Bandaríkjamanna og Íslendinga einkennast svo af fjárskorti að menn eru í eilífum vandamálum við að leysa dagleg verkefni sem er skylt að leysa í stórri stöð eins og þessari. Ég held að ef ekki ríkir stórhugur heimsveldis í þessu samstarfi við fullvalda ríki, sé eins gott að endurskoða þá miklu samninga sem hafa verið farsælir fram að þessu.

[19:57]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram komu tvær spurningar og önnur vegna Leifsstöðvar. Það er allt í fullum gangi með undirbúning að fyrsta áfanga í stækkun Leifsstöðvar sem er reiknað með að kosti 1.100 millj. og framkvæmdir geti hafist síðla sumars eða næsta haust. Gert er ráð fyrir því á lánsfjárlögum þannig að þar hefur engin breyting orðið á.

Hvað varðar VES þá hefur stefna Íslands ekkert breyst í þeim efnum. Við höfum skilið það þannig og ég held að það sé ótvírætt að engin þjóð getur orðið fullgildur aðili að VES nema vera í Evrópusambandinu. Ég veit ekki til þess að því hafi verið breytt af hálfu Evrópusambandsins. Þjóðir sækja ekki um aðild að VES. Það er boðið til slíkrar aðildar og mér vitanlega hefur ekkert slíkt boð komið til Íslands, Noregs eða Tyrklands.

Ég vildi, herra forseti, aðeins að lokum vegna þess að tíminn er naumur, þakka fyrir ágæta umræðu um utanríkismál, þakka fyrir hlý orð í garð utanríkisþjónustunnar. Ég vil jafnframt þakka fyrir málefnalega gagnrýni sem hér hefur komið fram og ég tek undir þau sjónarmið að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að ræða allar hliðar utanríkismálanna og það er okkur sem starfa í utanríkisþjónustunni nauðsynlegt að heyra þær raddir. Í mörgum tilvikum verður það til þess að við tökum mið af þeim og breytum okkar áherslum. Hins vegar er alveg ljóst að lýðræðisleg umræða verður ekkert ávallt til þess að menn fallist á allt sem sagt er, en slík umræða er nauðsynleg í lýðfrjálsu landi.

[19:59]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég veit að utanrrn. hefur túlkað reglurnar um inngöngu í VES þannig að þar væri ekki um að ræða möguleika á fullri aðild þó svo að við hefðum áhuga á því eða gæfum í skyn áhuga á að fara inn sem fullgildir aðilar.

Það sem ég var að segja áðan var að í ræðu Klaus Kinkels, utanríkisráðherra Þýskalands, kom fram að þetta væri ekki spurning um að breyta þyrfti þessum reglum heldur væri þetta spurning um túlkun á þeim reglum sem þegar væru í gildi.

Ég vil hvetja hæstv. utanrrh. til að kynna sér það sem fram kom í máli utanríkisráðherra Þýskalands og kanna hvort þessi skilningur minn á því sem þarna fór fram er réttur.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti.

### *Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, fyrri umr.*

Stjtill., 616. mál. — Þskj. 1047.

[20:01]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um staðfestingu samninga um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar.

Hér er um að ræða gamalt deilumál sem gekk fyrst og fremst út á Kolbeinsey og svæðið þar. Þetta mál er öllum hv. þm. kunnugt. Ég vísa til athugasemda við þáltill. þessa málinu til skýringar og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, fyrri umr.*

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 1046.

[20:01]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Hér er líka um mjög mikilvægt mál að ræða, till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem hefur áður verið rætt á Alþingi.

Ég vísa til athugasemda sem fylgja þessari þáltill. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, fyrri umr.*

Stjtill., 614. mál. — Þskj. 1045.

[20:02]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er á dagskrá um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu er m.a. fylgifiskur samningsins um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Samskipti okkar við Færeyinga á sviði fiskveiðimála hafa verið vinsamleg og mikil samstaða hefur verið um þau á Alþingi.

Ég vísa til athugasemda við þáltill. og legg til að málinu verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, fyrri umr.*

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 1048.

[20:03]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Till. til þál. um staðfestingu samnings milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar gengur m.a. út á heimildir Grænlendinga til að veiða loðnu í okkar lögsögu. Á það hefur m.a. verið lögð áhersla hér á hv. Alþingi.

Þetta mál hefur áður komið hér til umfjöllunar. Ég vísa til þeirrar umræðu og athugasemda með þáltill. og legg til að henni verði vísað til hv. utanrmn.

[20:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kem hér aðeins til að fagna því að þessi samningur hefur tekist milli Íslands og Grænlands um gagnkvæmar heimildir til fiskveiða innan lögsögu. Þetta munu vera nokkur tímamót í samskiptum þessara ríkja þó sambærilegir samningar milli Íslands og Færeyja eigi sér alllanga sögu. Þetta er liður í ákaflega jákvæðri þróun núna síðustu missirin í samskiptum Íslands og Grænlands. Mér er jafnframt kunnugt um að í undirbúningi er almennari rammasamningur um samstarf okkar á þessu sviði. Því ber sérstaklega að fagna vegna þess að allmörg óleyst samskiptamál hafa verið í samskiptum Íslendinga og Grænlendinga á sviði fiskveiða. Enn er ólokið samningum um nokkra sameiginlega fiskstofna á hafsvæðinu milli landanna.

Ég fagna því sérstaklega að þróunin í samskiptum þessara landa skuli vera svo jákvæð og það hefur þegar skilað sér í verðmætri samstöðu Íslands og Grænlands. Þar nefni ég t.d. samstöðu þjóðanna um samninga um fiskveiðistjórnun og veiðikvóta á úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Eins hafa Ísland og Grænland sýnt samstöðu í viðræðum um loðnusamninga milli Íslands, Grænlands og Noregs að undanförnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, fyrri umr.*

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 1052.

[20:06]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fullgildingu stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar sem er á vegum Alþjóðabankans. Þessi stofnun gengur daglega undir nafninu MICA. Hér er um mjög mikilvæga stofnun að ræða sem kemur til aðstoðar í þróunarlöndum og greiðir fyrir fjárfestingu einkaaðila í þessum löndum. Aðilar sem annars hefðu ekki fjárfest í þessum löndum töldu sig reiðubúna til að gera það vegna ábyrgðar þessarar stofnunar.

Ég vil leggja til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, fyrri umr.***

Stjtill., 618. mál. — Þskj. 1049.

[20:07]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Marokkó. Hér er um að ræða enn einn fríverslunarsamninginn sem EFTA-ríkin hafa gert við þjóðir utan EFTA. Athyglin hefur upp á síðkastið beinst að Miðjarðarhafsríkjunum. Við Íslendingar höfum ekki mjög mikil viðskipti við þær þjóðir sem þar búa en vonandi munu þau viðskipti fara vaxandi. Aðrar þjóðir innan EFTA-ríkjanna hafa haft mun meiri viðskipti við þessar þjóðir. Áfram verður haldið á þessari braut og viðræður við Kanada bera vitni um það.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að þessari þáltill. verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, fyrri umr.***

Stjtill., 621. mál. — Þskj. 1066.

[20:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Í þessari þáltill. er um mikilvægan samning að ræða sem Ísland hefur unnið að ásamt öðrum þjóðum. Því miður tíðkast slík starfsemi þó að ég sé sannfærður um að það eigi ekki við um Íslendinga í þessum viðskiptum. Þetta er alþjóðlegur samningur sem full þörf er á og við Íslendingar hljótum berjast gegn slíkum starfsháttum ásamt öðrum þjóðum.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessari þáltill. vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 15. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 20:10.

# 101. FUNDUR

mánudaginn 6. apríl,
kl. 2 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, stjtill., 614. mál, þskj. 1045. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, stjtill., 615. mál, þskj. 1046. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, stjtill., 616. mál, þskj. 1047. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, stjtill., 617. mál, þskj. 1048. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, stjtill., 618. mál, þskj. 1049. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, stjtill., 621. mál, þskj. 1066. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, stjtill., 622. mál, þskj. 1052. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Starfsemi kauphalla, stjfrv., 285. mál, þskj. 1017, frhnál. 1149, brtt. 1150. — 3. umr.
10. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 286. mál, þskj. 357. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 989, nál. 1106, brtt. 1107. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

## *Minning Jónasar Árnasonar.*

[14:02]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Jónas Árnason, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, andaðist í gærmorgun, sunnudaginn 5. apríl. Hann var sjötíu og fjögurra ára að aldri.

Jónas Árnason var fæddur á Vopnafirði 28. maí 1923. Foreldrar hans voru hjónin Árni Jónsson frá Múla alþingismaður og Ragnheiður Jónasdóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1942, stundaði nám í BA-deild Háskóla Íslands 1942–1943 og nám í blaðamennsku við háskóla í Washington og Minneapolis í Bandaríkjunum 1943–1944. Hann var blaðamaður við Fálkann 1944–1946, við Þjóðviljann 1946–1952 og var jafnframt ritstjóri Landnemans 1947–1952. Árin 1953–1954 var hann sjómaður. Eftir það starfaði hann löngum við kennslu. Hann kenndi um tíma við Gagnfræðaskólann í Neskaupstað, við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar í Reykjavík og við Héraðsskólann í Reykholti.

Jónas Árnason var oft í framboði við alþingiskosningar, fyrst fyrir Sósíalistaflokkinn, síðan Alþýðubandalagið. Hann var landskjörinn alþingismaður 1949–1953 eftir kosningar í Seyðisfirði og 1967–1971 eftir kosningar í Vesturlandskjördæmi. Þingmaður Vesturlandskjördæmis var hann 1971–1979. Í apríl 1959 var hann um tíma á þingi landskjörinn varaþingmaður. Hann átti sæti á 19 þingum alls. Fulltrúi á þingi Evrópuráðsins var hann 1973–1979 og sat fjórum sinnum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Faðir Jónasar, Árni frá Múla, svo og afi hans, Jón Jónsson í Múla, sátu lengi á Alþingi. Einn langafa Jónasar, Jón Jónsson á Lundarbrekku, sat þjóðfundinn 1851.

Í foreldrahúsum hlaut Jónas kynni af stjórnmálahreyfingum í landinu. Faðir hans fékkst lengi við blaðamennsku og ritstjórn. Jónas stundaði nám í þeim greinum vestanhafs að loknu menntaskólanámi. Síðan var hann blaðamaður að aðalstarfi nokkur ár. Kennsla í unglingaskólum varð síðar aðalstarf hans að undanskildum þeim árum sem hann sat á Alþingi. Helstu áhugamál og umræðuefni hans á Alþingi voru menningar- og menntamál, listir og þjóðfrelsis- og alþjóðamál. Hann var ekki langorður í ræðustóli, en málsnjall, beinskeyttur og orðheppinn.

Jónas Árnason var afkastamikill rithöfundur og skáld. Ritstörf voru hugðarefni hans enda var hann vel til þeirra fallinn. Hann hafði kynnst sjómannslífi og þess gætir víða í skrifum hans og skáldskap. Hann skráði endurminningar kunningja sinna sem höfðu stundað sjómennsku, samdi sögur og orti kvæði, mörg þeirra vel til söngs fallin og þjóðkunn. Allmörg leikrit samdi hann sem nutu vinsælda á leiksviði. Í þeim voru söngvar sem urðu landfleygir, margir þeirra undir ljúfum erlendum lögum. Aðrir vinsælir söngvar urðu til í samstarfi Jónasar og Jóns Múla, bróður hans, sem lögin samdi.

Síðustu æviárunum eyddi Jónas Árnason í rósemi í bústað sínum að Kópareykjum í Reykholtsdal.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Jónasar Árnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[14:07]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 657. mál, frv. GÁS, þskj. 1130.

Atvinnuleysistryggingar, 654. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1127.

Ár hafsins 1998, 584. mál, svar sjútvrh., þskj. 1103.

Beingreiðslur, 665. mál, fsp. VE, þskj. 1143.

Bókaútgáfa, 649. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 1122.

Bætt þjónusta hins opinbera, 650. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 1123.

Flugmálaáætlun 1998–2001, 207. mál, nál. samgn., þskj. 1139; brtt. samgn., þskj. 1140.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 509. mál, nál. samgn., þskj. 1136.

Flutningskostnaður olíuvara, 660. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1133.

Gæludýrahald, 644. mál, frv. HG, þskj. 1117.

Háskólinn á Akureyri, 658. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1131.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 640. mál, frv. TIO og JónK, þskj. 1096.

Iðnaðaruppbygging á Vestfjörðum, 666. mál, fsp. KHG, þskj. 1144.
Innflutningur kjöts og dýra, 667. mál, fsp. HG, þskj. 1145.
Laxveiðiferðir stjórnenda bankanna, 316. mál, svar viðskrh., þskj. 1151.
Leigubifreiðar, 519. mál, nál. samgn., þskj. 1137; brtt. samgn., þskj. 1138.
Loftferðir, 201. mál, þskj. 1099.
Loftpúðar í bifreiðum, 648. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 1121.
Losun mengandi lofttegunda, 647. mál, þáltill. ÓÖH og KPál, þskj. 1120.
Lögreglulög, 442. mál, þskj. 1101.
Réttarfarsdómstóll, 656. mál, frv. SvG, þskj. 1129.
Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, 646. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 1119.
Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, 663. mál, þáltill. GÁ og ÓÖH, þskj. 1141.
Skipting Landssíma Íslands hf. í tvö hlutafélög, 643. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 1116.
Starfsemi kauphalla, 285. mál, frhnál. efh.- og viðskn., þskj. 1149; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1150.
Stjórn fiskveiða, 209. mál, þskj. 1097.
Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 639. mál, frv. ÁRÁ, þskj. 1095.
Stjórnarskipunarlög, 659. mál, frv. JóhS og ÁRJ, þskj. 1132.
Sýslur, 668. mál, fsp. HG, þskj. 1146.
Tekjuskattur og eignarskattur, 653. mál, frv. GÁS, þskj. 1126.
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 655. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1128.
Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 651. mál, frv. StB o.fl., þskj. 1124.
Veiðar og vinnsla erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, 340. mál, þskj. 1098.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[14:11]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Utandagskrárumræða fer fram á þessum fundi eftir að atkvæðagreiðslur hafa farið fram um dagskrármál 2–8 að báðum meðtöldum. Þessi umræða er um kostnað Landsbankans við laxveiðar og rangar upplýsingar í svari ráðherra til Alþingis. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson verður til andsvara.

### *Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 614. mál. — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 616. mál. — Þskj. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 618. mál. — Þskj. 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

### *Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, frh. fyrri umr.*

Stjtill., 621. mál. — Þskj. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, frh. fyrri umr.***

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Umræður utan dagskrár.***

Kostnaður Landsbankans við laxveiðar og rangar upplýsingar í svari ráðherra til Alþingis.

[14:17]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ábyrgðarleysi, siðblinda, hagsmunaárekstrar, eiginhagsmunapot. Botnlaus sóun á almannafé í bankakerfinu. Alþingi vanvirt með rangri upplýsingagjöf frá ráðherra og enginn ber ábyrgð.

Þessi orð brenna á vörum fólks í þjóðfélaginu og krafan er hávær, herra forseti, að á þessu máli verði tekið. Tugmilljarða útlánatöpum bankanna, háum vöxtum og himinhárri gjaldtöku í bankakerfinu hafa skattgreiðendur þurft að standa undir. Sóun Landsbankans í óhóflega risnu, ferðalög og dagpeninga, líka til maka, og önnur hlunnindi til toppanna eru á kostnað almennings. Meira að segja tómstundaáhugamál þeirra, laxveiðar, borga skattgreiðendur á sama tíma og fjöldi starfsmanna bankans voru reknir og bankinn var á framfæri almennings þegar nokkrir milljarðar voru veittir af skattfé til að bjarga bankanum. Allt er þetta svo kórónað með því að einn bankastjóranna er beggja vegna borðs og selur sjálfum sér og bankanum laxveiðileyfi og græðir sjálfur á öllu saman.

Misrétti í launakjörum kynjanna í bönkunum, sem upplýst var á Alþingi, er líka nú til meðferðar hjá kærunefnd jafnréttismála. Og enginn ber ábyrgð, herra forseti. Þetta er myndin sem fólk hefur og fólki ofbýður. Allt hefur þetta æpt á fólkið í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og missirum, ekki síst þann stóra hóp fólks sem skömmtuð eru sultarlaun sér og sínum til framfærslu. Og enginn ber ábyrgð, herra forseti. Og nú á síðustu dögum bætast laxveiðar við ofan á allt annað, og svo yfirgengilega miklar laxveiðar að það er engu líkara en að stjórnendur bankanna séu úti í laxveiðiánum hvern einasta dag á sumrin í stað þess að stjórna bankanum. Líklegt er að hætti stjórnendur bankanna þessu tómstundaáhugamáli sínu á kostnað almennings þá verði verðfall á laxveiðileyfum til hagsbóta fyrir hinn venjulega borgara sem greiðir laxveiði sína sjálfur.

Það verður líka að koma upp á borðið hverjir fóru í þessar ferðir. Sú fyrirspurn hefur verið lögð fram og henni verður að svara, þó ekki væri nema til að staðreyna hvort um skattalega misnotkun hafi verið að ræða. Laxveiðar bankans er varla hægt að kalla annað en skemmtiferðir, gjafir, hlunnindi eða mútur sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum ef það leiðir til forréttinda í viðskiptum umfram aðra. Auk samkeppnislaga þarf líka að skoða hvort brotin hafi verið skattalög, bankalög og ákvæði starfsmannalaga og ég beini því til hæstv. viðskrh. að svo verði gert og spyr hann um það.

Herra forseti. Nú hefur keyrt um þverbak. Röng upplýsingagjöf til Alþingis. Mælirinn er hreinlega fullur. Svarið er ekki nægjanlega nákvæmt, segir bankaráðið bara. Meira en helming vantar þó upp á rétta upphæð. Hvernig stendur á því að bankastofnun getur ekki lagt saman og skilað skammlaust til þingsins upplýsingum um fjárhæðir sem í heildina nema rúmum 40 millj. kr.? Ekki var það af tímaskorti, herra forseti, því það tók bankann þrjá mánuði að koma þessum röngu upplýsingum til þingsins þó þeir hafi einungis tíu daga til þess samkvæmt þingsköpum, eða álíka tíma og það tók Ríkisendurskoðun að leiðrétta rangfærsluna. Ég bið ráðherra um skýringu á þessu.

Í bankakerfinu, einkum Landsbankanum, virðast eiga sér stað alvarlegir siðferðisbrestir, dómgreindarleysi og hrein græðgi í ýmsum kostnaðargreiðslum og starfskjörum stjórnendanna. Af mörgu er að taka en ég nefni bara tvennt, risnu og ferðalög. Það hrópar á mann og maður spyr: Af hverju öll þessi risna hjá Landsbankanum? Á árinu 1996 var þessi risna nærri helmingi hærri en hjá forsrn. og embætti forseta Íslands til samans, en á rúmlega fjóru og hálfu ári nam risnan um 80 millj. kr. Það hrópar á mann og maður spyr: Hvernig stendur á því að fara þurfti í 379 ferðir til útlanda á rúmlega fjóru og hálfu ári, sem samsvarar því að fjórða hvern dag allt árið um kring er einhver úr bankanum á ferðalagi erlendis? Halda mætti að bankinn væri hvorki síma- né tölvutengdur þegar fjórða hvern dag þarf einhver stjórnenda eða aðrir að vera erlendis og eyða í það 102 millj. kr. á liðlega fjóru og hálfu ári. Og enn sem fyrr, herra forseti, ber enginn ábyrgð.

Ríkisendurskoðun er nú að staðreyna hvort upplýsingar sem ég hef fengið á þessu og síðasta þingi um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað og öll starfskjör stjórnendanna séu réttar eða hvort Alþingi hafi líka fengið þar rangar upplýsingar. Svo mjög ofbýður fólki þessar fjárhæðir að vonandi kemur ekki í ljós að þær hafi verið hærri.

Herra forseti. Sú staða er komin upp að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hefur verið lítilsvirt með rangri upplýsingagjöf frá framkvæmdarvaldinu. Algjör trúnaðarbrestur ríkir og löggjafarsamkoman hefur orðið fyrir hreinu áfalli í samskiptum sínum við framkvæmdarvaldið. Hér eftir, herra forseti, mun algjör tortryggni ríkja um svör ráðherra til þingsins nema hart verði við brugðist. Nú reynir ekki síst á forsn. þingsins. Spurt er brennandi spurninga, herra forseti, hvernig ætlar forsn. að bregðast við til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu? Um það spyr ég.

Ég legg til að lög um ráðherraábyrgð verði endurskoðuð og að ráðherra sem gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar skuli sæta ábyrgð eins og gerist í löndunum í kringum okkur en að hann geti ekki áfram borið ábyrgðina á undirmenn sína eða aðra. Ég legg til að nefndir þingsins geti að eigin frumkvæði þegar látið fara fram opinbera rannsókn á svona og viðlíka málum sem m.a. snerta sóun og misnotkun á fé skattborgaranna. Ég legg til að Alþingi beiti sér fyrir því að farið verði í saumana á því hvernig bæta megi siðferði í stjórnsýslunni. Siðferðismat er þar í molum, leikreglur þarf að setja.

Ég legg til að farið verði ofan í alla löggjöf og allar opnar heimildir Alþingis til framkvæmdarvaldsins. Þannig verði varpað ljósi á það hvort of rúmar eða óskýrar heimildir Alþingis til framkvæmdarvaldsins geti verið orsök sóunar eða of lítils aðhalds í meðferð opinberra fjármuna eða skilvirks eftirlits af hálfu löggjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu. Í lögum þarf líka að skýra betur og skilgreina hver beri ábyrgð og hvernig með skuli farið ef eitthvað fer úrskeiðis. Starfsaðstaða og verksvið Ríkisendurskoðunar verður líka að vera með þeim hætti að hægt sé að fela Ríkisendurskoðun,

en ekki ráðherra, að svara fyrirspurnum þar sem hætta getur verið á hagsmunaárekstrum ef ráðherra eða undirstofnanir hans eru vanhæfar til að svara fyrispurnum frá Alþingi sem snerta meðferð á fé skattborgaranna.

Ég beini því til forseta þingsins hvort þess megi vænta, herra forseti, að þessar reglar verði teknar til skoðunar en sumar þeirra liggja nú þegar fyrir þinginu og tillögur sem ég hef þar lagt fram. Spurningarnar sem ég afhenti ráðherra í gær og hér hefur verið dreift til þingmanna lúta m.a að eftirliti, ábyrgð ráðherra og bankaráðs, lögum sem hugsanlega *hafa verið brotin, og hvernig ráðherra hyggst bregðast við* í þessu máli og hvaða skýringar hann hefur á þeim röngu upplýsingum til Alþingis sem ég nú vænti að fá svör við.

Herra forseti. Þessu máli er langt frá því að vera lokið. Virðing Alþingis er í húfi að á þessu máli verði tekið. Þjóðin krefst þess að þeir sem hún kallar til forustu og þeim sem fengið er vald til ákvarðanatöku og ráðstöfunar á skattfé almennings axli ábyrgð. Eftir því verður nú gengið, herra forseti.

[14:25]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Vegna þeirrar yfirskriftar sem þessi umræða utan dagskrár hefur og áður en ég vík að einstökum spurningum hv. þm., vil ég í upphafi leggja áherslu á að þær upplýsingar sem ég veitti þinginu í bréfi dags. 5. mars. sl. voru veittar í góðri trú af minni hálfu og skýrt tekið fram í svarinu að það væri byggt á upplýsingum frá hlutaðeigandi viðskiptabönkum. Fyrirspurnin var þess eðlis að ég varð að reiða mig á upplýsingar frá Landsbanka Íslands og ég hafði enga ástæðu til að ætla annað en að þær upplýsingar sem ég fékk væru réttar.

Þegar mér var hins vegar greint frá því að fyrri upplýsingar bankans um málið væru rangar ritaði ég strax forseta þingsins bréf þar sem ég greindi honum frá því hvað hefði gerst. Það gerði ég til þess að koma réttum upplýsingum á framfæri við þingið eins fljótt og nokkur kostur væri.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig spurningar í átta liðum, gerði það strax í gær, og ég þakka hv. þm. fyrir það, og þeim spurningum hefur nú verið dreift á borð þingmanna.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm. til hvaða ráðstafana ráðherra muni grípa vegna þess trúnaðarbrests sem bankastjórn og bankaráð hafi valdið gagnvart þingi og þjóð.

Eins og kunnugt er urðu breytingar á formlegri stöðu viðskrh. gagnvart bankanum um síðustu áramót. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélags um ríkisviðskiptabanka, fer ráðherra með eignarhlut ríkissjóðs í hlutafélaginu. Hlutverk viðskrh. er því tvíþætt. Annars vegar fer hann með lög um viðskiptabanka, veitir starfsleyfi og afturkallar starfsleyfi og hefur önnur þau völd sem viðskiptabankalögin tilgreina. Hins vegar kemur hann fram fyrir hönd eigandans sem hluthafi í þeim hlutafélagabönkum sem ríkið á. Í þeim efnum er enginn munur á aðkomu hans að hlutafélaginu og aðkomu venjulegs hluthafa að sínu hlutafélagi, þó hann sé sterkari hluthafi en gengur og gerist í ljósi þess að hann fer einn með eignarhlutinn í viðkomandi félögum.

Varðandi hið síðarnefnda, hlutverk ráðherra sem hluthafa í Landsbanka Íslands, fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum bankans samkvæmt því sem lög og samþykktir hans greina, og ráðherra fer með þetta vald á hluthafafundi. Á aðalfundi kjósa hluthafar bankaráð sem hefur það verkefni að hafa yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög og samþykktir, sbr. 39. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Það er því hlutverk bankaráðs að grípa til aðgerða vegna þessa máls.

Það er ljóst að þetta mál er mikið áfall fyrir þennan stærsta og rótgrónasta banka þjóðarinnar og hætt er við að trúnaðarbrestur geti orðið milli bankans og viðskiptamanna hans. Það verður því að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir slíkan trúnaðarbrest.

Ég treysti nýkjörnu bankaráði Landsbanka Íslands hf. til að grípa til aðgerða sem verða til þess að draga úr þessu *áfalli og byggja að nýju upp traust á bankanum. Komi hins* vegar til þess að ráðherra telji að aðgerðir bankaráðs séu ekki fullnægjandi getur hann krafist hluthafafundar og tekið málið til umfjöllunar þar. En á þessu stigi hef ég ekki ástæðu til að ætla að grípa þurfi til slíkra aðgerða. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að í þessu máli mun ég láta fjárhagslega hagsmuni ríkisins sem eiganda bankans ráða aðgerðum mínum og sama skylda hvílir auðvitað á bankaráðinu.

Um aðgerðir mínar sem viðskrh. vil ég einnig segja að ráðuneytið hefur ritað bankaráði Landsbankans bréf þar sem óskað er eftir nánari skýringum á því hvernig staðið geti á þessum röngu upplýsingum. *Enn fremur var óskað eftir* upplýsingum um innra eftirlitskerfi bankans og mats bankaráðs á því sem þarna hefur gerst. Þá var þess óskað að bankaráð gerði ráðherra grein fyrir málinu í heild þegar niðurstöður Ríkisendurskoðunar liggja fyrir og bankaráðið hefur fjallað um þær.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvernig ég meti ábyrgð mína í tengslum við þetta mál. Ljóst er að ráðherra ber ábyrgð á svörum við fyrirspurnum sem alþingismenn geta spurt á Alþingi og varða starfsemi sem heyra undir starfssvið þeirra. Þar með eru taldar fyrirspurnir um málefni einstakra fyrirtækja og stofnana. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði í upphafi: Ég veitti Alþingi upplýsingarnar í góðri trú og tók fram að svörin væru byggð á upplýsingum frá hlutaðeigandi bönkum. Eins og ég sagði áðan hafði ég ekki ástæðu til að ætla að þær væru rangar, enda var fyrirspurninni svarað líkt og öðrum fyrirspurnum. Ég gerði Alþingi grein fyrir málinu strax og ég fékk vitneskju um að upplýsingarnar sem þarna voru veittar hefðu verið rangar.

Sé hv. þm. að vísa til hinnar formlegu stjórnarskrárbundnu ráðherraábyrgðar með spurningu sinni, þá tel ég mig ekki hafa brotið gegn henni í þessu máli. Þar kemur fyrst og fremst til að það var hvorki ásetningur minn né heldur má rekja það til gáleysis af minni hálfu að upplýsingarnar sem veittar voru þinginu reyndust rangar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvort ráðherra eða bankaráð hafi haft vitneskju um að einn bankastjóri Landsbankans hafi árum saman selt bankanum veiðileyfi úr Hrútafjarðará? Mér var ekki kunnugt um þetta fyrr en þær upplýsingar komu fram í tengslum við fyrirspurn þingmannsins. Ég get hins vegar ekki sagt til um hvort bankaráðið bjó yfir vitneskju um þetta en bíð nánari greinargerðar þess um málið.

Í fjórða lagi er spurt hvort ráðherra telji að bankaráð Landsbankans hafi brotið gegn starfsskyldu sinni í laxveiðimálinu, varðandi eftirlit með risnu-, ferða- og bifreiðakostnaði. Ég lít svo á að hér sé spurt um starfsskyldur fyrrv. bankaráðs ríkisviðskiptabankans á því árabili sem til umfjöllunar hefur verið. Á þessari stundu hef ég ekki forsendur til að meta þetta. Ég tel rétt að bíða frekari upplýsinga um það. Rétt er þó að taka fram að núverandi bankaráð, sem skipað er sömu einstaklingum og sátu í hinu fyrra bankaráði

ríkisviðskiptabankans, hefur á allan hátt leitast við að varpa svo skýru ljósi á þetta mál sem kostur er. Þannig kom það réttum upplýsingum á framfæri um leið og ríkisendurskoðandi hafði greint frá því að fyrir lægju rangar upplýsingar. Bankaráð hefur óskað viðbótarathugasemda af hálfu ríkisendurskoðanda þannig að það hefur reynt að gera allt sem hægt er til að upplýsa málið.

Hv. þm. spyr jafnframt hvort endurskoðunardeild bankans, kjörnir endurskoðendur eða bankaeftirlit hafi gert athugasemdir við laxveiði-, risnu-, ferðakostnað, dagpeningagreiðslur, bifreiðakostnað eða önnur hlunnindi eða starfskjör bankastjóra Landsbankans og hvort eftirliti hafi verið ábótavant. Athugasemdum af þessu tagi hefur ekki verið komið á framfæri við viðskrn. Ég tek fram að ársreikningar bankans hafa verið staðfestir án athugasemda öll þau ár sem hér um ræðir.

Í sjötta lagi spyr hv. þm. um álit mitt á tilefni laxveiðiferðanna og hvort um brot á samkeppnislögum geti verið að ræða. Tilefni laxveiðiferðanna er eitt af því sem er til athugunar hjá Ríkisendurskoðun. Hvort um brot á samkeppnislögum kunni að vera að ræða vil ég ekki fullyrða um meðan ekki liggja fyrir nánari upplýsingar en tel þó að það sé fremur ólíklegt.

Í sjöunda lagi spyr hv. þm. hver sé skýringin á því að fyrirmælum bankaráðs hafi ekki verið fylgt. Engar upplýsingar liggja fyrir um þetta hjá mér, aðrar en þær sem fram hafa komið í fjölmiðlum. Ég tel það ekki hlutverk ráðherra að kanna framkvæmd einstakra samþykkta bankaráðs sem snúa að daglegri stjórn bankans hverju sinni.

Að síðustu spyr hv. þm. hvort ég muni beita mér fyrir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað Landsbankans verði birt opinberlega. Það hefur áður komið fram hjá mér að ég lít þetta mál alvarlegum augum. Ég mun leitast við að upplýsa þingið um þær skýringar sem ég fæ í málinu. Ég bíð þess að bankaráð geri grein fyrir málinu og mun þá taka ákvörðun um á hvern hátt ég geti upplýst þingið um málavöxtu og þar mun ég hafa hagsmuni ríkisins sem eiganda bankans að leiðarljósi.

[14:35]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá svo skjótt eftir að okkur hv. þingmönnum barst til eyrna að rangar upplýsingar hefðu verið veittar í svari við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Eftir svör hæstv. ráðherra held ég að að e.t.v. hefði verið rétt að bíða fram yfir páskaleyfið. Mér heyrast svör hans við nánast hverri þeirri spurningu sem hér hefur verið lögð fram vera að málin séu í athugun. Hann hefur ekki skýr svör við einni einustu spurninga hv. þm.

Þetta mál er mjög alvarlegt. Það er alvarlegt vegna þess hve illa er farið með þá fjármuni sem eru í bönkum sem hafa verið í almenningseign, reknir af ríki fram til þessa og eru enn í eigu ríkisins, þó að þarna sé ekki um gífurlega stórar fjárhæðir að ræða á mælikvarða fjárlaga Alþingis. Þó má benda á að sú upphæð sem þarna um ræðir er hærri en fer t.d. til heilsugæslunnar í Mosfellsbæ, til rekstrar heilsugæslu í Vík, á Klaustri, Hvolsvelli og Hellu samanlagt þannig að við erum að tala um verulegar fjárhæðir ef horft er til ýmissa þátta í ríkisrekstrinum.

Þetta er einnig alvarlegt vegna þess að þær upplýsingar hafa komið fram að bankaráðið hafi ekki vitað hvers eðlis þessar ferðir voru fyrr en fyrir um það bil viku síðan. Bankastjórn undirritar þær upplýsingar sem ráðherra berast og síðan berast Alþingi, endurskoðandi bankans hafði gert athugasemdir við bankastjórnina einhvern tíma á síðasta ári. Bankastjórnin lét bankaráðið ekki vita af málinu, formaður bankaráðs á að hafa fengið vitneskju um það í nóvember sl. en að öðru leyti fengu bankaráðsmenn ekki vitneskju um málið fyrr en um síðustu helgi. Það er auðvitað mjög alvarlegt vegna þess að við erum að ræða um hver beri ábyrgðina. Er það hæstv. ráðherra sem ber ábyrgðina á því að Alþingi fær rangar upplýsingar, þó hann hafi lagt þær fram, eins og fram kom í máli hans, í góðri trú? Hjá ýmsum þjóðþingum í nágrenni okkar ber ráðherra ævinlega ábyrgðina. Þó upplýsingarnar, rangar upplýsingar sem fram eru lagðar, séu í raun komnar frá undirstofnun ráðuneytis, þá ber hæstv. ráðherra sjálfur ábyrgðina. Hvort var það bankastjórnin eða bankaráðið sem undirritaði plagg það er hæstv. ráðherra fékk? Niðurstaðan hlýtur að verða sú að þegar þessari könnun hæstv. ráðherra lýkur og þeim spurningum sem hér hafa verið lagðar fram hefur verið svarað, að hinir ábyrgu verði látnir víkja. Sá eða þeir sem ábyrgðina bera á því að Alþingi fékk rangar upplýsingar hljóta að verða látnir víkja.

Ég hefði viljað heyra þau svör frá hæstv. ráðherra hvort sem niðurstaðan verður sú að endanleg ábyrgð liggi hjá honum sjálfum eða þeim aðilum sem gáfu hæstv. ráðherra upplýsingarnar.

Þá hefði ég einnig viljað heyra afdráttarlaust frá hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar sem nú er í vinnslu og verður lokið í þessari viku, verði birt hv. alþingismönnum í ljósi þessarar reynslu.

[14:40]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Kvennalistinn átti fulltrúa í bankaráði Landsbankans eitt kjörtímabil árið 1991–1995 en á ekki fulltrúa þar nú. Auk þess að beita sér fyrir ýmsum úrbótum fyrir starfsmenn á samdráttartímum, m.a. í jafnréttismálum, lagði fulltrúi Kvennalistans, Kristín Sigurðardóttir, fram tillögu um að leggja laxveiðiferðir af og lækka risnu. Í kjölfarið samþykkti bankastjórnin að semja siðareglur fyrir starfsmenn en engar reglur virðast enn komnar um risnu eða laxveiðar ef marka má þær upplýsingar sem væntanleg skýrsla Ríkisendurskoðunar mun vonandi skýra frekar.

Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir eru alvarlegt áfall fyrir þingið og þjóðina. Þær eru áfall sem mun að öllum líkindum hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Landsbankann. Starfsfólk bankans er nú skammað fyrir bruðl yfirmanna og sumir eru farnir að skammast sín fyrir vinnustaðinn. Líklegt má telja að viðskiptavinir íhugi sín viðskipti við stofnun sem sóar almannafé með því að eyða 42 millj. í laxveiðar á nokkrum árum og gefur ráðherra og Alþingi villandi upplýsingar, stofnun sem er stýrt af bankastjóra sem selur bankanum veiðileyfi sem hann sjálfur hagnast á. Hér er grafalvarlegt mál á ferðinni sem taka verður á með öðru en að kalla úlfur úlfur í nokkra daga. Það verður að draga rétta aðila til ábyrgðar. En hverjir eru þeir?

Í mínum huga er skýrt að í þessu máli bera bankaráð og bankastjórar Landsbankans auk viðskrh. ábyrgðina. Þeir verða að gera ítarlega grein fyrir því hvernig þeir réttlæta þessa eyðslu í laxveiðar og hvernig þeir hafa brugðist við athugasemdum endurskoðenda. Sérstaka ábyrgð ber Sverrir Hermannsson bankastjóri vegna viðskipta sinna með laxveiðileyfi. Væri Sverrir Hermannsson þingmaður, þá gætu kjósendur refsað honum og flokki hans í næstu kosningum.

Sverrir Hermannsson er ekki þingmaður sem stendur en hann er fyrrv. þingmaður og ráðherra Sjálfstfl. Hann situr sem bankastjóri í skjóli Sjálfstfl. sem hlýtur að taka sinn skell vegna þessa máls.

Þetta mál kallar því jafnframt á endurskoðun þess kerfis að núverandi stjórnarflokkar eigni sér bankastjórastöður ríkisbankanna. Þetta mál verður vonandi til þess að stjórnarflokkarnir slaki á klónni við ráðningar og láti faglega færni fremur en flokksskírteini ráða við stöðuveitingar bankastjóra. Þetta mál verður vonandi einnig til þess að ábyrgð bankastjóra verði í samræmi við kjör þeirra eins og almennt á að gilda á vinnumarkaðnum.

Síðast en ekki síst sýna tiltækar upplýsingar um laxveiðar, risnu og bílapeninga bankamanna að þau gífurlegu hlunnindi skila sér lítt til hins almenna starfsmanns og allra síst til hinna fjölmörgu kvenna sem starfa í Landsbankanum. Þeim er upp á lagt að hagræða og helst að bæta þjónustuna án nokkurrar yfirvinnu. Hinn almenni starfsmaður og almenningur sem á bankann hlýtur að gera sömu hagræðingarkröfur til toppanna í stað söunar í laxveiðar og risnu, ella víki þeir úr starfi.

Virðulegi forseti. Oft er talað um að bankakerfið á Íslandi sé dýrt, vextir séu háir og vaxtamunur mikill. Skyldi nokkurn undra að svo sé eftir að hafa heyrt það sem nú liggur fyrir. Margar spurningar hafa vaknað m.a. um afskriftir bankans, risnu, bílastyrki og ferðalög sem ekki er unnt að ræða nánar. Svör viðskrh. við spurningum hv. málshefjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, eru um margt ófullnægjandi. Því má telja líklegt að þessi mál komi aftur til umræðu á Alþingi eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir.

[14:44]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Mál Landsbankans snýst að mínum dómi um þrennt. Í fyrsta lagi snýst það um að yfirstjórn bankans hefur gefið ráðherra og Alþingi rangar upplýsingar. Það er háalvarlegt og óþolandi hátterni. Maður hlýtur að spyrja hvernig bókhaldi bankans sé háttað ef rúmlega 100% skekkja er kölluð ónákvæmni á þeim bæ.

Í öðru lagi snýst málið um það að innan bankans viðgengst lúxuslifnaður stjórnenda sem ekki á sinn líka meðal opinberra stofnana svo vitað sé. Landsbankinn býr við þau ósköp að honum er stjórnað af mönnum sem greinilega halda að þeir séu meira í ætt við arabíska olíufursta og ameríska auðjöfra en opinbera starfsmenn íslenska ríkisins. Stjórnendur skýra sitt ljúfa líf með því sem þeir kalla viðskiptahagsmuni en þær skýringar þarfnast svo sannarlega skoðunar.

Í þriðja lagi hefur komið í ljós að tillögur bankaráðsins, sem sendar voru bankastjórninni til umfjöllunar og henni er ætlað að hlíta, hafa verið hundsaðar. Ég hlýt að spyrja hvernig á því stendur að bankaráðið hefur ekki fylgt málum betur eftir en raun ber vitni.

Hæstv. forseti. Við hljótum að bíða niðurstöðu rannsóknar Ríkisendurskoðunar og krefjast þess að hún verði gerð opinber og að Alþingi fái hana til umfjöllunar. Það er löngu orðið tímabært að stjórnendur Landsbankans sæti ábyrgð gerða sinna. Sú umræða sem átt hefur sér stað að undanförnu um háttsemi bankastjóranna, kaup þeirra og kjör, hlýtur að stórskaða orðstír bankans en við því mega hvorki eigendur hans, fólkið í landinu, né viðskiptavinir. Nú verður að grípa til viðhlítandi aðgerða og vinna bug á þeirri spillingu sem ríkir innan yfirstjórnar Landsbankans.

Hæstv. forseti. Það er kominn tími til að Alþingi sendi bankastjórninni þau skýru skilaboð að svona geri menn ekki. Það er greinilega þörf á allsherjarhreingerningu í hinu gamla og virðulega bankahúsi við Austurstræti og hún verður að fara fram.

[14:46]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Í mínum huga lýtur þetta mál að Alþingi með tvennum hætti. Í fyrsta lagi hvað varðar meðferð almannafjár og í því sambandi á margt eftir að koma fram en það er til frekari skoðunar og mun ég því ekki fjalla mikið um það. Hitt atriðið sem mér finnst vera kjarnaatriði í málinu er sú ábyrgð sem hæstv. viðskrh. ber á því að rangar upplýsingar eru bornar inn á Alþingi. Ég held að enginn hafi sett þau viðhorf fram að hæstv. ráðherra hafi borið þessar upplýsingar fram af ásetningi eða gáleysi. Ég held að enginn hafi haldið því fram í umræðunni. En það breytir engu um það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Hann ber ábyrgð á undirmönnum sínum og hann ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann leggur fram á Alþingi. Góð trú, ásetningur eða gáleysi skiptir þar engu máli. Hæstv. viðskrh. ber ábyrgð á þessum upplýsingum og það er kjarni málsins. Í annan stað, virðulegi forseti, óttast ég mjög að þær upplýsingar sem hafa borist þannig inn á Alþingi og komið hefur í ljós að hafa reynst rangar muni gera það að verkum að aukin tortryggni muni ríkja í garð þeirra upplýsinga sem hingað eru bornar inn á þingið frá hæstv. ráðherrum. Væntanlega mun það gerast í framhaldinu að hv. þm. munu oftar óska þess að Ríkisendurskoðun fari yfir þessi svör og það er mjög slæmt að þessi tortryggni sé uppi.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta mál er í huga mínum dálítil prófraun á íslenskt samfélag, þ.e. hvort einhver beri ábyrgð þegar mál af þessum toga koma upp. Satt best að segja er sagan þess eðlis að ekki er hægt að vænta þess að nokkur þurfi að bera ábyrgð í þessu máli frekar en öðrum en kannski í mesta lagi þeir sem lægst eru settir. Ég vona þó, virðulegi forseti, að við berum gæfu til þess í fyrsta sinn að menn beri ábyrgð í samræmi við þau störf sem þeim er falið að sinna og í samræmi við þá stöðu sem þeir hafa og ég hvet hæstv. viðskrh. til að hafa það í huga.

[14:49]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það er ekki í þágu málsins að drepa því á dreif. Það er ekki í þágu málsins að gefa til kynna að hæstv. viðskrh. standi í einhverri sök. Ef menn ætla að halda því fram að ráðherrar eigi hér eftir eða hafi jafnvel átt hingað til að staðreyna öll þau svör sem þeir flytja þinginu þarf að gjörbreyta öllu fyrirkomulagi fyrirspurna. Ég segi fyrir mig að ég hef margoft flutt svör við fyrirspurnum sem ég hef ekki haft nokkurn möguleika á að fullyrða, hefði ég verið spurður, hvort væru örugg eða rétt og ég fullyrði að fjöldi fyrrverandi ráðherra hafa flutt þess háttar svör. Það er ekki nokkur vinnandi vegur fyrir einstaka ráðherra að sannreyna hvort svörin séu rétt. Það þýðir hins vegar það af þeirri ástæðu að það er afar alvarlegt mál þegar ráðherra eru gefnar vitlausar upplýsingar. Megi þingmenn ekki treysta því að ráðherrar sem vitna í svör eins og við gerum iðulega og segjum: Þessi og þessi svör eru byggð á þessum og þessum upplýsingum — megi ráðherrann ekki og þá ekki þingmennirnir treysta því að þau svör séu unnin samkvæmt bestu samvisku og séu rétt erum við í vandræðum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að enginn viðskrh., sem hefði fengið þessi svör til að fara með inn á þing, hefði byrjað á að gefa sér að þau væru röng

og senda einhverja rannsóknarnefnd til að athuga málið. Ég tala ekki um stofnun sem Ríkisendurskoðun hefur skyldu til að endurskoða og hefur gert í áratugi að endurskoða og skrifað upp á reikninga fyrir. Þá tek ég fram að ég er ekki að sakast við Ríkisendurskoðun í þessu tilfelli heldur. Við verðum að mega treysta þessum upplýsingum. Þess vegna er afar alvarlegt mál að viðskrh. skuli hafa fengið þessar upplýsingar og borið þær hingað inn í þingið en ekki er á nokkurn hátt hægt að sakast við hæstv. viðskrh. í málinu, við hljótum að sjá það, hvert og eitt okkar. (**Gripið fram í:** Hver er ábyrgur?) Það er ljóst að sá sem gefur upplýsingarnar ber ábyrgðina og það er opinber starfsmaður. (**Gripið fram í:** Er það starfsmaðurinn?) Sá sem gefur viðskrh. upplýsingarnar ber ábyrgðina. Ef hitt dæmið er fyrir hendi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi áðan að ráðherrann ætti að bera ábyrgð á vitlausum upplýsingum gæti einfaldur bókhaldari komið ráðherra frá. Með því að láta honum í té upplýsingar sem honum væri ekki nokkur kostur á að sannreyna. (**Gripið fram í:** Er það einfalt dæmi?) Nei, hv. þm., reyndu ekki að snúa út úr fyrir þessu. Ég veit ekki af hverju þingmaðurinn er svona órólegur. Ef það er svo að ráðherra á að víkja vegna þess að hann ber inn rangar upplýsingar í góðri trú sem einhver hefur sett honum getur slíkur aðili látið ráðherra fara og ég hygg að það þyki engum manni nokkurt réttlæti. Það breytir ekki alvöru málsins en enginn maður getur með nokkurri sanngirni sagt að hæstv. viðskrh. hafi gerst brotlegur á einn eða annan hátt.

[14:52]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Upp er kominn alvarlegur trúnaðarbrestur milli yfirstjórnar Landsbanka Íslands og Alþingis. Trúnaðarbrestur milli yfirstjórnar bankans og starfsfólks hans og trúnaðarbrestur milli bankans og landsmanna. Málið snýst um siðfræði og meðferð almannafjár og ljóst að það hefur skaðað bankann og viðskiptahagsmuni hans, bæði innan lands og utan. Verði ekkert að gert mun málið grafa undan tiltrú almennings á stjórnvöldum.

Stjórnendur í atvinnulífi sem lenda í því að ákvarðanir þeirra skaða orðstír fyrirtækisins með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað létta oftast eigendum að taka þær ákvarðanir hvort skipta beri um stjórnendur eða þeim falin áframhaldandi forráð rekstrar með því að taka sjálfir af skarið og bjóðast til að standa upp. Bankastjórar og bankaráð Landsbankans ættu að gefa stjórnvöldum svigrúm til að taka á málum án þess þrýstings frá almenningsálitinu sem leiðir af óbreyttri stöðu. Ráðlegging mín til bankastjórnar og bankaráðs er að þeir axli ábyrgð með því að segja störfum sínum lausum en láti þess getið að þeir séu tilbúnir að sitja áfram ef óskað er. Framhaldið er þá lagt í hendur stjórnvalda, tiltrú almennings og ábyrgð opinberra aðila bíður minni hnekki og yfirstjórn bankans heldur frekar andlitinu. Sem rökstuðning fyrir afstöðu minni vil ég nefna eftirfarandi: Upplýsingar sem Alþingi eru gefnar eru upplýsingar til þjóðþings sem almenningur hefur kosið til að gæta hagsmuna sinna. Að kasta höndunum til slíkrar upplýsingagjafar ber vott um að viðkomandi telji sig ekki eiga skyldum að gegna gagnvart almenningi og almannahagsmunum. Alþingi getur ekki látið slíkt óátalið.

Kjarni þessa máls snýst ekki um sekt eða sýknu, málið snýst um trúnaðarbrest og þann álitshnekki sem Landsbankinn hefur orðið fyrir. Koma verður í veg fyrir frekari skaða. Ég vona að stjórnendur bankans og bankaráð hafi siðferðilegan styrk til að horfast í augu við raunveruleikann.

[14:54]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta mál er í huga mínum miklu stærra en svo að það snúist um að hengja upp eitt stykki bankastjóra eða þótt þeir yrðu þrír. Þetta mál snýst um ábyrgð. Þetta snýst m.a. um ábyrgð Sjálfstfl. Sá bankastjóri sem á einna alvarlegastan hlut að máli vegna einkahagsmunaárekstra er fyrrv. þingmaður og ráðherra Sjálfstfl., kominn í þetta embætti gegnum flokkspólitíska ráðningu. Formaður bankaráðs Landsbankans á nær öllu þessu tímabili, hver er það? Er það einhver Jón Jónsson úti í bæ? Nei, það er framkvæmdastjóri Sjálfstfl. og góðvinur hæstv. forsrh. að sögn. Ábyrgð Framsfl. og hæstv. viðskrh. er einnig mikil. Hæstv. viðskrh. var spurður og það er hæstv. viðskrh. sem svarar og það er ekki frambærilegur málflutningur, hvorki af hálfu hæstv. viðskrh. né hæstv. forsrh. að vísa ábyrgðinni niður á við í kerfinu. Verður kannski að lokum látið nægja að reka sendisveininn eða skúringakonuna? Eða finnst einhver lágt sett vélritunarstúlka í Landsbankanum sem vélritaði upp hið vitlausa svar? Verður það hún sem á að taka pokann sinn? En það eru fleiri sem bera ábyrgð. Hæstv. viðskrh. ber ekki bara ábyrgð vegna svarsins sem hann bar fyrir Alþingi. Hæstv. viðskrh. er yfirmaður bankamála, fer með eignarhlut almennings í bankanum og það er hæstv. viðskrh. sem lét sér ganga úr greipum tækifæri til að endurskipuleggja bankana þegar þeir voru „háeffaðir" og framlengdi alla gömlu bankastjórana, þrátt fyrir tillögur stjórnarandstöðunnar um annað. Þar held ég að mesta ábyrgð hæstv. viðskrh. liggi. Hann ber fulla pólitíska ábyrgð á ástandinu í bönkunum, vegna þess að hann setti þá á, hann setti þá alla á, gömlu flokkspólitísku bankastjórana, og Alþfl. ber reyndar einnig ábyrgð. Hann hefur verið fullgildur þátttakandi í þriggja stoða kerfinu, þriggja bankastjóra kerfinu og nýtt kvóta sinn.

Herra forseti. Það er lágmarkskrafa að æðstu menn sem bera ábyrgð í málinu taki pokann sinn en ekki þeir lægst settu.

[14:57]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Yfirskrift umræðunnar er um ranga upplýsingagjöf. Það er yfirskrift umræðunnar. Þó kaus þessi hv. þm. að reyna að gera mjög ósmekklega að sök manns sem hvergi hefur nærri komið, Kjartans Gunnarssonar, formanns bankaráðs Landsbankans, þar til um áramótin síðustu, sem er sennilega fyrsti bankaráðsformaður í sögu bankans sem hefur ekki þegið veiðitúr á vegum bankans, sem er formaður bankaráðsins þegar ákveðið er að slíkum veiðiferðum skuli hætt. Það er ekki hans síðan að fylgja slíkri ákvörðun fram. Það voru m.a. gefnar um það opinberar yfirlýsingar að slíkum veiðiferðum yrði hætt. Þetta var afskaplega ósmekkleg árás hv. þm. hér áðan.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi að þetta væri upphæð sem samsvaraði rekstri á heilsugæslustöðum. Þetta er þó ekki nema helmingi lægri upphæð en gjaldþrot Þjóðviljans í Landsbankanum sem Alþb. þóttist opinberlega hafa borið ábyrgð á. Það mætti líka nefna slíkar tölur til samanburðar.

[14:58]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það skyldi ekki vera að þetta væri til marks um það sem koma skal í málinu að hæstv. ráðherrarnir fari að

reyna að snúa þessu upp í leðjuslag og kenna öllum öðrum um og taka þá fleiri með sér í gröfina? Eru það kannski fleiri en Ögurvíkingurinn sem ætlar að hafa mann fyrir sig í þessu máli? Mér fannst málflutningur hæstv. forsrh. benda til þess. Að fara að draga aðra og alls óskylda hluti inn í þetta bendir ekki til að menn hafi mikinn áhuga á að ræða um málið efnislega. Með öðrum orðum, herra forseti, það á greinilega að reyna að koma þeim undan ábyrgð sem ábyrgð bera í málinu. Öll framganga hæstv. ráðherra í umræðunni lyktar af því að vísa ábyrgðinni niður á við. Það held ég að menn muni ekki sætta sig við. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. beri mjög ríka ábyrgð á málinu í gegnum alla tíð þess. Það voru bankaráðsfulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. sem knúðu það í gegn eftir hörð átök að Sverrir Hermannsson var ráðinn í staðinn fyrir faglegan mann úr bankanum sem tillaga var um á móti. Það kostaði afsögn eins af bankaráðsfulltrúum Sjálfstfl. en flokkshagsmunir voru samt látnir ráða. Það var knúið í gegn með atkvæðum núverandi ríkisstjórnarflokka að Sverrir Hermannsson var ráðinn inn í Landsbankann. Allan tímann síðan hafa þessir sömu flokkar verið í ráðandi stöðu í þessum bankaráðum þannig að hvort framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur verið formaður bankaráðsins árinu lengur eða skemur skiptir ekki máli hér. Eða er hæstv. forsrh. að segja að Kjartan hafi verið áhrifalaus í bankaráðinu? Annað hefur manni heyrst. Svona formúlur, herra forseti, duga ekki hér. Það hlýtur að mega nefna manninn á nafn þó að hann sé framkvæmdastjóri Sjálfstfl.

[15:00]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta mál snýst um trúnað og þann trúnaðarbrest sem forsvarsmenn Landsbankans hafa valdið í samfélaginu. Þeir verða að bera ábyrgð á því. Svör hæstv. ráðherra voru mjög slök, óljós og loðin. Þetta mál um óhóf, misnotkun aðstöðu og röng svör til Alþingis sýnir þörf á bættu siðferði og siðareglum. Ráðherra svaraði ekki hvort endurskoðendur hefðu gert athugasemdir þó um væri spurt. Hann ætlar ekki að beita sér fyrir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar verði gerð opinber. Hæstv. forsrh. ætlar greinilega að kenna lágt settum starfsmönnum um þetta mál. Það á enginn að bera ábyrgð.

Ef laxveiðiboð eiga að styrkja og viðhalda viðskiptasamböndum er ljóst að boð Landsbankans til ráðherra og alþingismanna orka mjög tvímælis. Viðskrh. hefur upplýst að hann hafi þegið slík boð sem þingmaður. Bankaráð ber ábyrgð og ráðherra sem yfirmaður bankamála og sá sem gaf Alþingi rangar upplýsingar ber ábyrgð.

Þingflokkur jafnaðarmanna skrifaði sl. föstudag bréf til hæstv. forseta þar sem spurt var hvernig forsn. hyggist bregðast við þessari röngu upplýsingagjöf frá framkvæmdarvaldinu til Alþingis og hvernig hægt verði að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þessum spurningum verður vafalítið svarað.

Erlendis væru bankastjórn, bankaráð og viðskrh. búin að segja af sér vegna þess trúnaðarbrests sem þau bera ábyrgð á. Það, herra forseti, væri eðlileg niðurstaða í þessu máli.

[15:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Á Alþingi leggja þingmenn iðulega fram fyrirspurnir til að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu þegar eitthvað rangt eða umdeilanlegt hefur gerst í stjórnkerfinu. Þetta á við um laxveiðar bankastjóra og þetta á við um fjölmargt annað. Nú hefur komið í ljós að sá sem verður fyrir gagnrýni er sá hinn sami og undirbýr svör ráðherra sem les þau upp eða setur þau fram skriflega, fullkomlega gagnrýnislaust. Með andvaraleysi sínu er ráðherra hins vegar orðinn ábyrgur og ríkisstjórnin öll og hæstv. forsrh. gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir þessu og þess vegna rís hann hér upp sjálfum sér til varnar.

Sú spurning sem vaknar í mínum huga er hversu almennur þessi blekkingarleikur er því víst er að hér er ekki um einsdæmi að ræða. Í haust komu fram staðhæfingar í þinginu um að rafmagnseftirlit í landinu væri í lamasessi eftir að það var einkavætt og að tilkostnaður við einkaframkvæmdina hefði rokið upp úr öllu valdi. Hæstv. iðnrh. vísaði öllu þessu á bug og kvað hann allt vera í himnalagi. En það skyldu þó aldrei hafa verið sömu aðilar og gagnrýndir voru sem undirbjuggu svör hæstv. ráðherra?

Hæstv. iðnrh. verður að gera hreint fyrir sínum dyrum í fleiri málum en bankalaxmálinu. Og það eru fleiri en hæstv. iðnrh. sem þurfa að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli. Þeir sem hafa blekkt almenning og ekki risið undir þeirri ábyrgð sem þeir hafa axlað eiga að víkja úr starfi undanbragðalaust og skilyrðislaust á að sjá til þess.

En það er annað og meira sem hangir á þessari spýtu. Þjóðin mun ekki sætta sig við að þeir sem eru ábyrgir fyrir þessu máli, eða hafa verið ábyrgir fyrir þessu máli, fái nýjar ábyrgðarstöður á vegum almannavaldsins. Mál þetta þarf að rannsaka ofan í kjölinn og það er skylda Alþingis að taka málið fyrir að nýju og fylgjast með framvindu þess. Því er ekki lokið með þessari umræðu sem hefur aðeins sýnt okkur toppinn á spillingarísjakanum í íslensku þjóðfélagi.

[15:04]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Staða Alþingis varðandi það mál sem hér er rætt er erfið. Sá vandi sem þingið stendur frammi fyrir er mikill. Hvað á að segja um það að slíkir atburðir skuli gerast, að framkvæmdarvaldið svarar spurningum þingmanna eins og hér um ræðir?

Spurningin er siðferðilegs eðlis fyrst og fremst. Henni verður ekki svarað með endurreiknuðum tölum eða ítarlegri gögnum um það hverjir hafi farið höndum um í Landsbanka Íslands. Spurningin er hvernig viðkomandi sem ábyrgð ber, í þessu tilviki hæstv. viðskrh., ætlar að bregðast við sjálfur. Þetta mál verður ekki hreinsað frá öðruvísi en að þeir sem ábyrgðina bera, hvort sem er að formi eða innihaldi, svari. Og það er eftir því svari sem þingið hlýtur að bíða og biðja um að verði veitt. Alþingi á það inni hjá framkvæmdarvaldinu að það svari af alvöru og þeir sem þar bera hina pólitísku ábyrgð geri hreint fyrir sínum dyrum, gagnvart sjálfum sér ekki síst, en jafnframt gagnvart Alþingi Íslendinga.

[15:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil ítreka tvær eða þrjár spurningar til hæstv. viðskrh. Í fyrsta lagi: Mun hann beita sér fyrir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar sem væntanleg er núna á næstu dögum verði gerð opinber og lögð fyrir þingið? Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann hafi fengið skýringar hjá bankastjórum eða bankaráði á röngum upplýsingum til þingsins. Í þriðja lagi þá spurði ég hæstv. ráðherra hvort hann mundi láta sér nægja afsökunarbeiðni bankastjórnar eða bankaráðs, áminningu til bankastjórnar eða loforð um

bót og betrun. Ég skildi hæstv. ráðherra svo — hann leiðréttir mig þá — að hann mundi ekki láta sér það nægja og ef niðurstaða bankaráðs verður ekki fullnægjandi muni hann kalla til hluthafafundar.

Mér fannst miður að hæstv. ráðherra skyldi ekki geta svarað varðandi eftirlitsskyldu bankaráðs og innra eftirlitið í bankanum. Ég held að það sé alveg ljóst að innra eftirlitið í bankanum er í molum. Og ég held að við hljótum, bara miðað við þær upplýsingar sem við höfum nú, að sjá að bankaráðið hefur líka brugðist skyldum sínum. Ég vitna aðeins til þess að 1993 átti að setja reglur um risnu. Þær eru ekki enn til í dag og bankaráðið hefur greinilega ekki kallað eftir þeim af hálfu bankastjórnar. Það átti að hætta öllum laxveiðiferðum 1993 en þær viðgangast enn þá þannig að ég spyr um eftirlit bankaráðsins. Mér sýnist því að bankaráðið hafi líka brugðist í þessu efni.

Það kom fram í fjölmiðlum í gær — ég spyr ráðherrann hvort hann hafi vitneskju um það — að endurskoðendur bankans hafi komið fram með aðvaranir varðandi ýmsa kostnaðarþætti, laxveiðar o.fl. Ráðherrann segist ekki hafa fengið slíka aðvörun. En veit ráðherrann til þess að bankaráðið eða bankastjórn hafi fengið slíka aðvörun frá endurskoðendum bankans?

Herra forseti. Þetta mál er margþætt og snýst um sóun og misnotkun á almannafé sem við höfum farið hér í gegnum, varðandi laxveiðar, risnu, ferðalög o.fl. Það snýst um það að bankastjóri hefur misnotað aðstöðu sína og selur sjálfum sér og bankanum laxveiðileyfi. Það snýst um rangar upplýsingar til Alþingis, hugsanlega skattalega misnotkun og brot á ýmsum lögum sem ég nefndi hér, og það snertir almennan siðferðisbrest og ábyrgðarleysi í stjórnsýslunni. Heilbrigð dómgreind og siðgæðisvitund gagnvart óskráðum reglum virðast ekki duga til. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann í átta liðum þegar hann fær þær upplýsingar sem hann bíður eftir.

Ég minni líka á, herra forseti, að ég hef lagt hér fram ýmsar tillögur sem ég tel að séu til þess að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þær lúta að ráðherraábyrgð, eftirlitsnefndum þingsins, endurskoðun á allri löggjöf og opnum heimildum til framkvæmdarvaldsins og ég spyr hvort þar geti legið orsökin fyrir sóun og of litlu aðhaldi í meðferð opinberra fjármuna. Einnig hef ég lagt til að við styrkjum stöðu Ríkisendurskoðunar. (Forseti hringir.) Ég vænti þess einnig að fram komi a.m.k. fyrr eða síðar, svör við þeim spurningum sem ég hef beint til forsetadæmisins.

[15:10]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur verið mjög kvartað undan því að ekki skyldi vera hægt að svara öllum þeim fyrirspurnum sem hér voru lagðar fram. Það er að vísu rétt, ég viðurkenni það, að svörin voru að mörgu leyti ófullkomin að því leyti til að ekki liggja fyrir upplýsingar um einstaka þætti sem fram koma í einstökum fyrirspurnum hv. þm. Það hvarflaði ekki að mér, eins og fram hefur komið hjá mörgum hv. þm. sem hér hafa talað, að vera með dylgjur eða vangaveltur um það hvernig þetta mál liggur fyrir. Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir um heildarniðurstöðu málsins er fyrst hægt að taka ákvarðanir.

Það er ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan í lok þessarar umræðu að engar reglur séu til um starfskjör bankastjóra, ferðakostnað og risnu. Þær reglur hafa verið settar nú með tilkomu hlutafélagabankanna, skýrar reglur um launakjör, skýrar reglur um risnukostnað og skýrar reglur um ferðakostnað, en þessar reglur voru ekki áður til staðar.

Hv. þm. hafa kallað eftir ábyrgð og það er alveg eðlilegt. Margir kunna að þurfa að bera ábyrgð í þessu máli en langeðlilegast er að menn beri ábyrgð á þeim forsendum sem liggja til grundvallar í málinu en verði ekki dæmdir hér á málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Það er grundvallaratriði að það verði ekki gert. Þeir eiga að bera ábyrgð sem ábyrgðina eiga að bera og það þurfa þeir að gera. Og dylgjur eins og fram komu í frammíkalli hv. þm. Svavars Gestssonar, um að það eigi að láta vélritunarfólk eða lægra sett fólk í starfi Landsbankans bera ábyrgð, eru ósmekklegar við þessar kringumstæður og útúrsnúningur á orðum hæstv. forsrh. áðan. Það kom skýrt fram að þeir verða látnir bera ábyrgð í þessu máli sem ábyrgðina eiga að bera.

[15:12]

**Útbýting þingskjala:**

Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, 661. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1134.

Lyfjalög, 652. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1125.

***Um fundarstjórn.***

Frekari upplýsingar um laxveiðikostnað Landsbankans.

[15:13]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég átti satt að segja von á því að hæstv. forseti hefði einhvern boðskap að flytja Alþingi að loknum þeim umræðum sem fóru fram hér áðan um það hvernig forsetar þingsins ætluðu að tryggja að Alþingi gæti fengið að fylgjast með þeirri vinnu sem fram undan er sem byggist á því sem sjaldan eða aldrei hefur komið fyrir áður, þ.e. að Alþingi hafi verið veittar gróflega rangar upplýsingar. Hæstv. iðnrh., ráðherra bankamála, er ábyrgur gagnvart Alþingi. Alþingi getur ekki snúið sér til annarra en hans með beiðni um frásögn eins og gert hefur verið í dag. En það er stofnun sem heyrir undir Alþingi, Ríkisendurskoðun, sem fer með rannsókn málsins. Og hvað ætla forsetar Alþingis að gera til að tryggja að Alþingi sem stofnun geti fengið allar þær upplýsingar og fylgst með því máli sem fram undan er varðandi rannsókn á því alvarlega máli sem hér hefur komið upp? Ég tel að forseti Alþingis verði að skýra Alþingi frá því hvernig forsetadæmið ætli að tryggja að Alþingi fái þessar upplýsingar. Hægt er að gera það með því að kjósa sérstaka nefnd á vegum Alþingis til að fylgjast með málinu. Hægt er að gera það þannig að forsetadæmið tryggi að þingflokkar geti fylgst með því með því að halda sérstaka fundi með formönnum þingflokka. Það er líka hægt að gera það þannig að forsetadæmið beiti sér fyrir því að dreift verði upplýsingum til alþingismanna fari svo að rannsókn málsins verði ekki lokið fyrr en eftir að þinghlé hefur verið gert á komandi vori. En það er ekki hægt að skiljast við þetta mál eftir þær umræður sem hér hafa farið fram öðruvísi en að spyrja hæstv. forseta: Hvernig ætlar forseti Alþingis að tryggja að Alþingi geti fylgst með framvindu málsins og fái nákvæmar og réttar upplýsingar um þá athugun sem nú fer fram á

vegum stofnunar sem heyrir undir Alþingi Íslendinga?

[15:15]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka það fram sem ég held að öllum hv. þm. eigi að vera ljóst að forseti tekur ekki þátt í umræðum í þinginu og síst af öllu af forsetastól. Forseti metur leiðbeiningar hv. þm. um það hvað hægt er að gera. Forsætisnefnd hefur rætt þau erindi sem henni hafa borist frá þingflokki jafnaðarmanna, tvö bréf, og frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og tekið þau til afgreiðslu á fundi sínum í morgun og mun kynna þeim sem sendu bréfin það sem forsætisnefnd hefur þegar gert.

Að öðru leyti er eins og komið hefur fram beðið frekari skýrslna frá Ríkisendurskoðun sem forseti þykist vita að hæstv. viðskrh. muni kynna þinginu þegar þar að kemur.

### *Starfsemi kauphalla, 3. umr.*

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 1017, frhnál. 1149, brtt. 1150.

[15:16]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Ég kynni brtt. frá efh.- og viðskn. við þetta frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem er til umræðu. Efh.- og viðskn. fjallaði aðeins um málið milli 2. og 3. umr. og er sammála um að gera brtt. sem liggja frammi á þskj. 1150 í þremur liðum. Þetta eru annars vegar hreinar orðalagsbreytingar sem hafa komið fram við prófarkalestur að eru nauðsynlegar og hins vegar er ákvæði sem á að tryggja að það sem rætt er um í 19. gr. frv. verði ekki afturvirkt. Að öðru leyti gerir nefndin að tillögu sinni að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.*

Stjfrv., 582. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 989, nál. 1106, brtt. 1107.

[15:18]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. allshn. á þskj. 1106 og 1107 um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Vinna nefndarinnar við frv. var með hefðbundnu sniði. Formaður, varaformaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir sem bárust, alls 128, til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allshn. hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, samanber þskj. 723 frá 118. löggjafarþingi. Nefndin tók málið síðan fyrir á fundi sínum og mælir hún með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1107 en þar er lagt til að 71 aðila verði veittur ríkisborgararéttur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. 1107 (ný 1. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Starfsemi kauphalla, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 1017, frhnál. 1149, brtt. 1150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Brtt. 1150,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1150,2 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1150,3 samþ. með 42 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
21 þm. (ÁJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, StG) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1162).

### *Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 286. mál (kauphallir, innborgað hlutafé). — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁÞ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, RG, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1163).

Fundi slitið kl. 15:23.

---

## 102. FUNDUR

mánudaginn 6. apríl,
að loknum 101. fundi.

**Dagskrá:**

*Til dómsmálaráðherra:*

1. Reglugerð um geðrannsóknir, fsp. MF, 526. mál, þskj. 903.

2. Skipun tilsjónarmanna, fsp. MF, 529. mál, þskj. 906.
3. Prófun á vímuefnaneyslu nemenda í skólum, fsp. HjÁ, 574. mál, þskj. 979.
4. Störf nefndar um skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, fsp. HjálmJ, 624. mál, þskj. 1054.
5. Umferðarstjórn lögreglunnar, fsp. SvG, 637. mál, þskj. 1093.

*Til fjármálaráðherra:*

6. Starfsemi Umsýslustofnunar varnarmála, fsp. MF, 523. mál, þskj. 896.

*Til heilbrigðisráðherra:*

7. Heilsugæslumál á Eskifirði og Reyðarfirði, fsp. HG, 585. mál, þskj. 992.
8. Tilkostnaður við tannréttingar, fsp. ÖJ, 610. mál, þskj. 1037.
9. Aðgangur að Grensáslaug, fsp. ÁRJ, 623. mál, þskj. 1053.

*Til viðskiptaráðherra:*

10. Málefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs, fsp. SJS og MF, 575. mál, þskj. 980.

*Til samgönguráðherra:*

11. Köfun niður að Æsu ÍS 87, fsp. KHG, 586. mál, þskj. 993.
12. Rannsóknarnefnd sjóslysa, fsp. KHG, 587. mál, þskj. 994.
13. Menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu, fsp. ÓÖH, 589. mál, þskj. 997.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Útgáfa reglugerðar um sölu áfengis.

[15:24]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli þingsins á þeim fáheyrða yfirgangi sem hæstv. fjmrh. hefur sýnt Alþingi með útgáfu reglugerðar um ÁTVR sl. föstudag. Sú reglugerð gerbreytir verslunarháttum með áfengi frá því sem tíðkast hefur í 76 ár og hefur verið grundvöllur áfengisstefnu Íslendinga. Reglugerðarbreytingunni hefur ákaft verið fagnað af Verslunarráði Íslands. Með henni er ÁTVR bannað að annast innkaup á áfengi til landsins og veita heildsölum þannig virkt aðhald. Með henni er jafnframt gengið út frá því sem vísu að Alþingi samþykki ný áfengislög sem nú eru í meðförum þingsins og eru þar mjög umdeild. Með öðrum orðum telur framkvæmdarvaldið, hæstv. fjmrh., að það geti reitt sig á að meiri hluti Alþingis sé nánast viljalaust verkfæri.

Staðreyndin er sú að Alþingi hefur ekki lokið umræðu um þetta umdeilda mál og af hálfu þingmanna stjórnarflokkanna hafa komið fram miklar efasemdir um stefnu hæstv. fjmrh. í þessu máli. Það eru helber ósannindi, sem haldið hefur verið fram í fréttatilkynningu frá fjmrn., að hér sé farið að kröfu Samkeppnisráðs eða í fótspor frænda vorra á Norðurlöndum. Þetta er fáheyrð framkoma við löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Hér er komið aftan að Alþingi og ég leyfi mér að mælast til þess við hæstv. forseta þingsins að hann taki þessi mál til sérstakrar skoðunar. Að öðrum kosti er ljóst að efnt verði til mikillar umræðu um þetta málefni og ekki síður þessi vinnubrögð, þegar Alþingi kemur saman að nýju. Á þessu stigi skulum við láta það liggja á milli hluta að framkvæmd reglugerðarinnar er erfiðleikum háð með þeim skamma fyrirvara sem ætlaður er og við skulum líka láta liggja á milli hluta að tveimur tímum eftir að reglugerðin var undirrituð komu helstu fjárstuðningsmenn Sjálfstfl. saman, þar á meðal eflaust nokkrir valinkunnir brennivínsheildsalar, til þakkargjörðar í boði Sjálfstfl. Tilefnið kann að hafa verið annað en það er alltaf gott að geta glaðst í góðra vina hópi.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að hlutur Alþingis verði réttur í þessu máli.

[15:27]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja yfir mig undrandi á því sem hér hefur verið sagt. Ég skil ekki að það geti verið fáheyrður yfirgangur að fara að tilmælum stofnunar sem sett er á laggirnar af hálfu Alþingis með sérstökum lögum. (**ÖJ:** Ráðherrann er ekki að gera það.) Virðulegi forseti. Fæ ég tækifæri til þess að tala?

(**Forseti** (RA)**:** Hæstv. ráðherra hefur orðið.)

Ég þakka fyrir. (**ÖJ:** Við höfum fengið nóg af blekkingum í því.) Hann virðist halda að hann sé hæstv. ráðherra þessi maður sem situr þarna úti í sal.

(**Forseti** (RA)**:** Hæstv. ráðherra hefur orðið.)

Síðastliðið haust kom álit Samkeppnisstofnunar. Þar var skýrt tekið fram að að þeirra áliti þyrfti að skilja innflutningsstarfsemina hjá ÁTVR frá annarri starfsemi og þar var sagt að samreksturinn stríddi gegn markmiðum samkeppnislaga. Samkeppnisráð mæltist til þess að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana.

Sambærilegar ráðstafanir og hér hafa verið gerðar með reglugerðarbreytingu hafa þegar átt sér stað bæði í Noregi og í Svíþjóð, þar reyndar með lagabreytingum. Í Finnlandi er ALKO hlutafélag í eigu ríkisins sem starfar í tveimur sjálfstæðum einingum.

Þetta mál er undirbúið af nefnd sem sett var á laggirnar í febrúar og hefur sú nefnd verið til umræðu á hinu háa Alþingi. Í nefndinni sátu aðstoðarmaður minn, forstjóri ÁTVR og tveir úr stjórn ÁTVR. Lögfræðiálit lá fyrir þegar nefndin starfaði. Niðurstaðan þar var ótvíræð: Það er nauðsynlegt að skilja á milli söludeildar og aðfangadeildar og lagaákvæði skuldbinda ÁTVR ekki til að annast innflutning. Mér finnst sjálfsagt, virðulegi forseti, í framhaldi af þessari umræðu, að efh.- og viðskn. þingsins skoði reglugerðina þegar hún afgreiðir þau frv. sem þar eru til umræðu. Það finnst mér alveg sjálfsagt. Mér finnst sjálfsagt að þeir sem gerðu þessa reglugerð og sátu í nefndinni komi á fund nefndarinnar og skýri þetta mál. Mér finnst það sjálfsagt en tek skýrt fram að það eru afar eðlileg viðbrögð af hálfu ráðuneytisins og fjmrh. að fara að því sem Samkeppnisstofnun lagði til í áliti sínu á síðasta hausti. (**ÖJ:** Hún lagði þetta ekki til.)

[15:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég verð sömuleiðis að segja að ég varð undrandi þegar ég frétti að hæstv. ráðherra hefði við þessar aðstæður, meðan Alþingi hefur til umfjöllunar fjögur mál sem tengjast fyrirkomulagi og skipulagi áfengismála, gefið út reglugerð sem felur í sér grundvallarbreytingu á stöðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Auðvitað er slík breyting gerð á með þessu.

Ég vil láta það koma fram að ég hafði óskað eftir því við formann efh.- og viðskn., í kjölfar frétta af því að nefnd, m.a. skipuð aðstoðarmönnum ráðherra, væri að skoða skipulag Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, að við í efh.- og viðskn.

fengjum allar upplýsingar um þá vinnu á meðan við værum að vinna að málinu. Og að sjálfsögðu reiknaði maður þá ekki með því að standa frammi fyrir gerðum hlut af hálfu hæstv. ráðherra.

Ég vil einnig minna á þá ósk okkar í stjórnarandstöðunni að allar þingnefndirnar sem fjalla um áfengismálin, og þær eru þrjár, efh.- og viðskn., heilbr.- og trn. og allshn., ættu þess kost að fara yfir tillögur nefndar ráðherranna á sameiginlegum fundi. Það hefur ekki heldur verið unnt að verða við þessu, a.m.k. hefur ekki unnist tími til þess enn þá. Samt gefur hæstv. ráðherra út þessa reglugerð.

Það er einnig nauðsynlegt að fram komi, herra forseti, að það er hreinn og klár fyrirsláttur hjá hæstv. ráðherra að bera fyrir sig nefnt álit Samkeppnisstofnunar. Samkeppnisstofnun er að vísa í þau ákvæði samkeppnislaga að aðskilja þurfi einkaleyfabundna starfsemi og samkeppnisstarfsemi. Fyrir því eru fjölmörg fordæmi að bókhaldslegur og fjárhagslegur aðskilnaður sé gerður á milli slíkra þátta í rekstri opinberra stofnana. Nærtækt dæmi er Póstur og sími heitinn, sem var með Samkeppnisstofnun á bakinu og sífellt að framkvæma slíkan fjárhagslegan og bókhaldslegan aðskilnað. Auðvitað var hægt að gera þetta gagnvart ÁTVR. Ef lagastoð skyldi vanta þá bar vel í veiði því lögin voru til meðferðar á Alþingi. Að bera það fyrir sig að það hafi ekki verið lagastoð til að gera þetta er auðvitað alveg fráleitur málflutningur.

Hvað segir þá hæstv. ráðherra við því ef við veitum lagastoðina fyrir umræddum aðskilnaði með brtt. á þeim frv. sem hér eru til umfjöllunar? Er hæstv. ráðherra þá tilbúinn að draga þessa ákvörðun til baka eða a.m.k. endurskoða hana og leyfa ÁTVR að annast innflutning áfram, enda sé sá hluti starfseminnar aðskilinn með fullnægjandi hætti frá smásölunni þannig að Samkeppnisstofnun telji það fullgilt?

[15:32]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég vísa enn á bug þeirri gagnrýni að hér hafi ekki verið eðlilega staðið að útgáfu reglugerðar af hálfu fjmrh. Hv. Alþingi er ekki að fjalla um þetta tiltekna atriði. Þau frv. sem liggja fyrir Alþingi voru rædd mjög mikið á milli stjórnarflokkanna og það vita allir sem komið hafa að málinu að fyrir lá samkomulag um þau atriði sem er að finna í þeim frv.

Það kom vissulega til álita, því er ekki að leyna, að leggja til við hv. Alþingi að einkaleyfi ÁTVR yrði tekið af þannig að allir gætu stundað smásölu með tilteknum skilyrðum. Niðurstaðan var þó ekki sú. Þau atriði sem um er rætt í reglugerðinni koma til vegna þess að Samkeppnisstofnun lagði eindregið til að við yrðum að taka upp breytta háttu. Og ég endurtek hér að þeir verslunarhættir sem teknir eru upp með reglugerðinni eru hinir sömu og tíðkast á Norðurlöndum þar sem áfengisútsölur hafa verið með svipuðu sniði og hér á landi. (**ÖJ:** Þetta eru ósannindi.) Þetta er nú einu sinni þannig og hv. þm. getur fengið að skoða þær upplýsingar sem ég hef undir höndum í þessum efnum.

Ég vil síðan ítreka það, virðulegi forseti, að mér finnst sjálfsagt að nefndin skoði þetta mál. Það er niðurstaða sem liggur fyrir. Það að gera þetta 15. maí var m.a. vegna þess að forstjóri stofnunarinnar taldi að hann þyrfti að hafa tíma til undirbúnings. Hjá fyrirtækinu sjálfu breytast hlutirnir sáralítið því að fyrirtækið þarf auðvitað að afla aðfanga. Eini munurinn er sá að það verður gert með útboði sem nær ekki eingöngu til Íslands heldur jafnvel til annarra landa. Vandinn er sá, og það vita hv. þm., að það var ekki hægt að fara aðra leið nema breyta lögum af því að í 4. gr. laga um ÁTVR segir skýrt og skilmerkilega að forstjórinn ráði alla aðra starfsmenn fyrirtækisins. Samkeppnisstofnun segir að það sé nauðsynlegt að halda þessu algjörlega aðskildu og þar með var nauðsynlegt að breyta lögunum eða fara þessa fyllilega löglegu leið enda liggur fyrir lögfræðiálit á málinu.

## *Starfsemi Umsýslustofnunar varnarmála.*

Fsp. MF, 523. mál. — Þskj. 896.

[15:35]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Hér hefur um langt árabil verið starfrækt verslun sem selur umfram- eða afgangsvöru frá bandarískra hernum. Þar er eins konar „Notað og nýtt“ frá hernum í Keflavík. Þessi verslun hefur verið rekin við Grensásveg um nokkurt skeið. Að mínu mati hefur verið afskaplega lítil umræða um að ekki skuli hafa verið greidd eðlileg gjöld af þeirri vöru sem þarna er seld í samkeppni við annan verslunarrekstur. Með eðlilegum gjöldum á ég við innflutningsgjöld og flutningskostnað.

Þessi Umsýslustofnun varnarmála, sem svo heitir nú en var áður Sala varnarliðseigna, selur ýmsan varning sem engin bráð nauðsyn verður að teljast að herinn hafi til sölu hér á landi. Ég beindi fyrir nokkru síðan þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh. hvort hann teldi að þessi sala hjá Umsýslustofnun varnarmála væri í samræmi við nútímaviðskiptahætti og við ákvæði samkeppnislaga þar sem sú vara sem í boði er lýtur ekki sömu skilyrðum og innflutt vara sem íslenskir aðilar selja í beinni samkeppni.

Hæstv. utanrrh. kaus að svara ekki spurningunni um það hvort þessi verslun væri í samræmi við nútímaviðskiptahætti og ákvæði samkeppnislaga. Þess í stað vísaði hann til viðbætis við varnarsamning, 8. gr., og einnig til b-liðar 7. mgr. 8. gr. sem hann taldi veita heimildir til að selja þessa afgangsvöru frá hernum. Í þessum greinum er kveðið á um það hvaða vöru menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið megi flytja inn, þ.e. tollfrjálst, einkabifreiðar og bifhjól ásamt ýmsum öðrum persónulegum munum. Í 7. lið b segir að slíkar vörur skuli eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, gjöf né í skiptum. Það má þó ef sérstaklega stendur á.

Nú virðist standa sérstaklega á um alla afgangsvöru frá hernum, hverju nafni sem hún nefnist. Þarna eru seldar bifreiðar, þvottavélar, leikföng, fatnaður og ýmislegt annað í beinni samkeppni við innlenda aðila sem borga þurfa eðlileg gjöld af þeirri vöru sem þeir flytja inn og bjóða. Ég hef þess vegna lagt fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. þar sem segir:

„1. Hefur það stoð í lögum að fella niður aðflutningsgjöld af vöru, þar með töldum bifreiðum, sem Umsýslustofnun varnarmála, „Sala varnarliðseigna“, flytur inn og selur hér á landi í samkeppni við annan verslunarrekstur? Ef svo er, um hvaða lagaheimild er þar að ræða?

2. Hvernig er háttað eftirliti með uppboðum og sölu Umsýslustofnunarinnar á bifreiðum?“ — En ég býst við að það séu seldir fleiri tugir ef ekki hundruð bifreiða á hverju ári.

[15:39]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að ég er í nokkrum vandræðum með að svara þessari fyrirspurn. Það er ekki síst vegna þess að um svipað leyti og þessi fyrirspurn kom fram var lagt fram svar, að ég hygg frá hæstv. utanrrh., við fyrirspurn af svipuðum toga. Þá má búast við að svarið verði ekki ólíkt því sem þar var gefið.

Reyndar svaraði hv. þm. fyrri hluta fyrirspurnarinnar sjálf en skv. 3.–5. mgr. 8. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, er mönnum úr liði Bandaríkjanna og heryfirvöldum heimilt að flytja til landsins vörur. Þar með eru taldar bifreiðar, án greiðslu aðflutningsgjalda. Ég vil sérstaklega geta þess að þessi viðbætir hefur lagagildi og er birtur í Lagasafninu.

Um meðferð og endursölu þessara vara hér á landi gilda mjög strangar reglur. Í b-lið 7. mgr. 8. gr. viðbætisins, sem hv. þm. reyndar vitnaði til, kemur fram að slíkar vörur skuli ekki látnar af hendi á Íslandi. Þar skiptir engu hvort um er að ræða gjöf, sölu eða skipti. Ein undanþága er þó frá þessari reglu og hún er sú að þegar sérstaklega stendur á sé heimilt að afhenda þessar vörur hér á landi samkvæmt skilyrðum tollyfirvalda, t.d. um greiðslu aðflutningsgjalda. Í þeim tilvikum annast Umsýslustofnun sölu varanna, þ.e. hún hét áður Sölunefnd varnarliðseigna, samkvæmt reglugerð nr. 227/1995. Og með sérstöku milliríkjasamkomulagi árið 1962 var ákveðið að setja á laggirnar sérstaka nefnd á vegum utanrrn. er skyldi sjá um alla ráðstöfun tollfrjálsrar vöru samkvæmt varnarsamningnum og ætlunin væri að ráðstafa innan lands. Við sölumeðferðina var nefndinni gert að tryggja greiðslu á tollum og öllum afléttum gjöldum.

Spurt er hvernig eftirliti sé háttað með uppboðum og sölu Umsýslustofnunar á bifreiðum. Ég get einungis svarað með því að Umsýslustofnunin er ein af stofnunum utanrrn. og lýtur stjórnsýslulegu eftirliti þess. Það er svo sem ekkert einsdæmi, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli heyrir undir utanrrn. en ekki undir fjmrn. þó að þar fari fram tollafgreiðsla. Ég verð þess vegna að vísa til svars utanrrn. þar sem fram kemur að verið sé að kanna hvort heppilegt sé að flytja stofnunina um set. Mér skilst þó að sala á þeim eignum sem þarna er um að ræða, sé þannig að boðið sé í viðkomandi eignir, t.d. bifreiðar sem sérstaklega er spurt um, og boði hæstbjóðanda tekið. Og mér skilst jafnframt að þær bifreiðar fari jafnan á svipuðu verði og er markaðsverð á slíkum bifreiðum hér á landi. Tollum eða aðflutningsgjöldum er þannig ekki skilað af vörunni heldur fyrst og fremst þeim ágóða sem verður af þessari verslun. Þá kemur kannski að kjarna málsins og hann er spurningin um hvort þessi ágóði sé eðlilegur miðað við starfsemina.

Í fjárlögum fyrir yfirstandi ár er gert ráð fyrir að hagnaðurinn sé 11 millj. kr. af 147 millj. kr. rekstrartekjum. Mér er kunnugt um að fara þurfi í verulegt viðhald á húsnæðinu sem þessi starfsemi fer fram í og get ekki því miður ekki, virðulegi forseti, á þessari stundu, sagt til um það hvort þessi rekstrarafgangur, þessi hagnaður, sé eðlilegur miðað við umsvifin. Og ég tel að eðlilegra sé að vísa spurningum um eftirlit með þessari starfsemi til þess aðila sem hefur stjórnsýslulegt eftirlit með starfseminni. Það er utanrrn. Ég finn að þessi svör eru heldur fátækleg. Ég hef verið að vitna til svara sem liggja fyrir en ég sé ekki í fljótu bragði að ég geti svarað öðruvísi. Svörin liggja fyrir af hálfu utanrrn.

[15:44]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

*Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, mér finnast þessi svör hálffátækleg.* Það er svo sem ekki við öðru að búast vegna þess að niðurfelling aðflutningsgjalda af vöru sem herinn flytur inn og selur síðan í sinni verslun styðst við afar hæpna lagastoð. Svarið er hið sama annars vegar hjá hæstv. utanrrh. þegar spurt er um það hvort þetta standist samkeppnislög, og hins vegar þegar hæstv. fjmrh. er spurður um lagastoðina fyrir því að fella niður aðflutningsgjöld af vöru. Svarið er *nákvæmlega hið sama. Þar er vísað í viðbæti við samninginn* sem gerður var við herinn á sínum tíma.

Ef farið er yfir þessa viðbót lið fyrir lið, sem því miður ekki er tími til hér, þá er í raun og veru ekkert þar sem tekur af allan vafa varðandi samkeppnislögin og ekki heldur ákveðin lagaheimild fyrir því að fella niður aðflutningsgjöld af þeirri vöru sem seld er með þeim hætti sem gert er. Þarna er um að ræða, eins og ég kom inn á áðan, verslun með ýmsan varning, *notaðan og sjálfsagt að einhverjum hluta nýjan* sem herinn hefur ekki þörf fyrir og hefur flutt inn umfram þarfir sínar.

Ég mun, virðulegi forseti, leita eftir svörum við því annars staðar, bæði hjá Ríkisendurskoðun og Samkeppnisráði, hvort eðlilega sé staðið að málum hvað varðar þessa verslun, Sölu varnarliðseigna eða Umsýslustofnun varnarmála eins og hún heitir nú. Ég verð að sætta mig við að hæstv. fjmrh. hefur ekki önnur svör en þau sem hér hafa komið fram.

Ég vil, virðulegi forseti, nota tækifærið hér þar sem frést hefur að hæstv. ráðherra hafi þegar haldið kveðjuhóf og kvatt sína starfsfélaga, þó að við höfum ekki fengið neinar ábyrgar fréttir af því að hann sé að fara, að ef þetta yrði nú síðasta fyrirspurnin sem hann svaraði í sölum þingsins að þakka hæstv. ráðherra fyrir samstarfið á þessu sviði.

[15:46]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. ætlaði að bæta því við að hún ætti síðan von á að leifarnar af ráðherranum fyndust hjá Sölunefnd varnarliðseigna, hann yrði til sölu þar. En sem betur fer mín vegna kom það nú ekki, heldur árnaðaróskir. Sannleikurinn er samt sá að engar kveðjuveislur hafa verið haldnar, þvert á móti hefur verið efnt til mannfagnaðar (**Gripið fram í:** Það var í fréttum.) Já, ég heyrði það nefnilega líka í fréttum, en ég vil hér og nú segja frá því að um afskaplega eðlilega hluti er að ræða sem ég veit að hv. þm. þekkja og það er að nokkrum sinnum á kjörtímabili kemur það fyrir að menn hittast og fara yfir mál, kannski undir öðrum kringumstæðum, það er almennast að segja það, heldur en gerist á hefðbundnum nefndafundum þingmanna og þingnefnda (Gripið fram í.) Já, já.

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir í skriflegu svari frá utanrrn. að ráðuneytið sé að undirbúa breytingar á reglugerðum um Umsýslustofnun varnarmála og muni að því loknu taka ákvörðun um hvort flytja eigi stofnunina. Ég tel ekkert óeðlilegt við að hv. þm. ræði hvort þetta sé eina fyrirkomulagið sem eigi að gilda þegar verið er að selja vöru sem kemur til landsins og ekki eru lögð viðkomandi gjöld á vöruna. Þetta á ekki eingöngu við um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli heldur einnig þegar um er að ræða t.d. verktakastarfsemi sem fer fram innan vallarins. Það kann vel að vera að tími sé kominn til að endurskoða þetta fyrirkomulag og ég tel

fyllilega eðlilegt að leitað sé leiða til að framkvæma þetta eins og eðlilegast er að sé á hverjum tíma.

### *Reglugerð um geðrannsóknir.*

Fsp. MF, 526. mál. — Þskj. 903.

[15:49]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru var greinargerð skilað um starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni í ljósi fimm ára reynslu. Í lokaorðum þeirrar greinargerðar kemur m.a. fram að við megum vænta þess á næstu árum og reyndar hafi þess þegar sést merki, að veruleg þörf sé fyrir aukna vistun vegna meðferðar þeirra einstaklinga sem eru af einhverjum orsökum dæmdir ósakhæfir eða sakhæfir geðsjúkir. Réttargeðdeildin hefur tekið við ósakhæfum geðsjúkum en það hefur vantað töluvert á að við gætum sinnt sakhæfum geðsjúkum með eðlilegu móti miðað við þær kröfur sem gerðar eru. Að undanförnu hafa þær spurningar vaknað hvort eðlilega sé staðið að mati á einstaklingi sem kemur til dóms vegna afbrota sem hann hefur framið hvað varðar geðrannsókn og hvort um það séu einhverjar sérstakar fastmótaðar reglur hvernig staðið skuli að geðrannsóknum hjá afbrotamönnum sem bíða dóms.

Eftir að hafa kynnt mér töluvert dóma og málsskjöl í einstaka tilvikum sýnist mér sem í raun séu engar fastar reglur um geðrannsóknir og það þurfi að taka upp í ljósi breyttra aðstæðna fastmótaðar reglur sem fjalli um sakhæfi eða ósakhæfi og geðsýki, hvort hún sé til staðar og þá í hve miklum mæli og hvort viðkomandi einstaklingur sé ósakhæfur eða sakhæfur. Síðan ætti meðferðin að vera út frá þeim niðurstöðum sem liggja fyrir eftir slíka rannsókn og meðferðarþarfir séu metnar út frá þeim rannsóknum sem fyrir liggja og þeim niðurstöðum sem hafa fengist. Í dag er það þannig að annaðhvort er einstaklingur sakhæfur eða ósakhæfur, annaðhvort vistast hann á réttargeðdeild eða í fangelsi. Millistig er ekkert. Við höfum ekki notað þau úrræði sem til staðar eru, t.d. hjá nágrannaþjóðum eða þá fyrirmynd sem við gætum fengið þaðan til vistunar og meðferðar fyrir geðsjúka afbrotamenn eins og við ættum að gera og þörf er fyrir.

Ég hef á þskj. 903 beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um reglugerð um geðrannsóknir:

Í fyrsta lagi. Hvernig er háttað fyrirkomulagi geðrannsókna á þeim einstaklingum sem ákærðir hafa verið fyrir afbrot?

Í öðru lagi. Eru í gildi reglur um þessar rannsóknir? Ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að þær verði settar?

[15:52]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Sem svar við fyrri fyrirspurninni er það að segja að meðal þeirra atriða sem rannsaka skal við rannsókn opinberra mála eru ýmis atriði er varða sakborning sjálfan, svo sem persónulegar aðstæður, hegðun fyrir og eftir brot og þroski og heilbrigðisástand, bæði líkamlegt og andlegt, menntun, uppeldi og fleira. Ef vafi leikur á hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi sakbornings er rétt samkvæmt d-lið 1. mgr. 71. gr. laga um meðferð opinberra mála, að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til að leidd verði í ljós atriði sem geri dómara fært að meta sakhæfi hans. Liggi ekki fyrir ótvírætt samþykki sakbornings til rannsóknar þarf úrskurð dómara. Ýmist er það ákæruvaldið, þar með taldir lögreglustjórar eða héraðsdómari, sem á frumkvæði að framkvæmd geðrannsóknar. Hann tekur ákvörðun um framkvæmd hennar, svo sem hvaða læknir skuli annast hana. Venjulegast er ákvörðun um geðrannsókn tekin með úrskurði og er hún þá oft tengd gæsluvarðhaldsúrskurði. Algengt er að gæsluvarðhaldi sé beitt fyrst og fremst til að geðrannsókn geti farið fram ótrufluð.

Rannsóknirnar eru alla jafna mjög ítarlegar og taka alllangan tíma, frá nokkrum vikum upp í marga mánuði. Nokkur breyting hefur orðið á í þessu efni á undanförnum árum og nú orðið er læknisfræðilegt mat eða álit er byggir á viðtali og skoðun án ítarlegrar rannsóknar oft látið nægja.

Um síðari lið fyrirspurnarinnar er það að segja að engar reglur eru lögfestar um hvaða brot skuli vera tilefni geðrannsóknar né hvaða afbrotamannagerðir komi þar helst til greina. Ákveðnar venjur hafa þó mótast og sum brot eru þess eðlis að þau gefa vísbendingu um afbrigðilegt sálarástand. Má þar nefna manndráp, brennu, grófar líkamsárásir og skírlífisbrot gagnvart börnum. Í öðrum tilvikum er geðrannsókn látin fara fram ef eitthvað kemur fram við rannsókn málsins sem vekur grun um andlega vanheilsu eða vanþroska. Geðrannsóknir eru taldar hafa tvenns konar hlutverki að gegna. Annars vegar þarf að ganga úr skugga um sakhæfi en hins vegar eru þær taldar gegna því hlutverki að skapa grundvöll fyrir val á virkum, sanngjörnum og skynsamlegum viðurlögum. Dómarar hafa almennt lýst því viðhorfi að ekki sé þörf á að settar verði reglur um framkvæmd geðrannsókna. Því til stuðnings má benda á að í Noregi og Danmörku hafa heldur ekki verið settar formlegar reglur um framkvæmd geðrannsókna. Telja verður að málum þessum sé ágætlega skipað án þess að settar verði reglur um framkvæmd þeirra. Tilvikin eru svo margbreytileg að það getur valdið vandkvæðum ef reyna á að flokka þau í ákveðna skilgreinda flokka sem þau falla svo e.t.v. ekki að í hinni raunverulegu framkvæmd. Meðan engrar gagnrýni verður vart á núverandi fyrirkomulag tel ég enga þörf og þar af leiðandi ástæðulaust að setja sérstakar reglur um framkvæmd geðrannsókna.

[15:55]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í þeirri greinargerð sem ég nefndi áðan, sem byggð er á starfsemi réttargeðdeildarinnar á Sogni sl. fimm ár, kemur mjög skýrt fram að skilgreiningu vanti á geðrænu sakhæfi og ósakhæfi. Einnig hefur verið bent á að í öllum þeim löndum sem við miðum okkur við og líka þeim sem hæstv. ráðherra nefndi áðan hafi þeim sjúklingum sem dæmdir eru til réttargeðfræðilegrar meðferðar og vistunar fjölgað verulega. Það er m.a. vegna þess að þær þjóðir eru farnar að nota réttargeðlæknisfræðina miklu meira við afgreiðslu eða ákvörðun dóma en hér hefur verið gert, m.a. vegna þess að vistunarúrræði eru miklu fjölbreyttari en hér. Ég held að ástæða sé til að skoða það hvernig staðið er að þessu annars staðar og hvort ekki sé kominn tími til að við séum betur undir það búin að beita réttargeðfræðilegum úrræðum í meðferð og vistun afbrotamanna, hvort sem um er að ræða sakhæfa eða ósakhæfa.

### *Prófun á vímuefnaneyslu nemenda í skólum.*

Fsp. HjÁ, 574. mál. — Þskj. 979.

[15:57]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Enginn velkist í vafa um að fíkniefnaváin er ein ömurlegasta ógn við íslenskt samfélag. Þrátt fyrir mikla vinnu undir merkjum forvarna berast stöðugt óhugnanlegar fréttir af neyslu ungmenna á fíkniefnum. Nýlega á opinni ráðstefnu lýstu fimm mæður ungra fíkla átakanlegri reynslu sinni af því hvernig börn þeirra drógust inn í hinn miskunnarlausa heim fíkniefna, með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem því fylgir fyrir einstaklinginn og alla aðstandendur hans. Í nokkrum tilvikum er um að ræða fíkniefnaneyslu allt frá 13 ára aldri. Við þurfum ekki að fara í grafgötur með það að börn á grunnskólaaldri eru sum hver fórnarlömb þessa skelfilega eiturs. Síðan tekur framhaldsskólastigið við og þannig verður keðjuverkun. Flestir geta verið sammála um hversu mikilvægt er að geta gripið inn í með réttum úrræðum strax á fyrstu stigum hrösunar barns eða unglings. Alkunna er hins vegar að oftar en ekki eru það foreldrarnir sem síðastir fá að vita um að barn þeirra er byrjað að feta sig inn á hinar lífshættulegu brautir fíkniefnanna. Hins vegar eru mörg dæmi þess að kennarar, skólafélagar og leikfélagar hafi fengið grun um að tilteknir einstaklingar séu byrjaðir að fikta sig inn á þessar hættulegu brautir. Þá vekur athygli, herra forseti, að árlega virðast fá sýni vera send til rannsókna til að ganga úr skugga um meinta fíkniefnanotkun, enda slík hefðbundin efnarannsókn afskaplega dýr og svifasein. Nú munu hins vegar vera til aðferðir sem eru bæði miklu einfaldari í meðferð, skjótvirkari og ódýrari í alla staði. Þar er m.a. átt við mælingar úr þvagsýnum eða jafnvel úr svita einstaklings. Aðferðin mun vera mjög einföld og getur í raun hver sem er notað hana.

Þess vegna kviknar sú spurning hvort ekki sé ástæða til að búa foreldra, kennara og leiðbeinendur í íþrótta- og tómstundastarfi þeim vopnum að geta kallað einstakling til slíkrar prófunar ef minnsta ástæða er til.

Hér er vissulega vandi á höndum. Ég bendi á vernd einstaklingsins, óeðlilega upplýsingasöfnun og fleira í þeim dúr. En þarna, herra forseti, gæti samt verið möguleiki á að koma markvisst inn í skólakerfið, inn á heimili og annars staðar þar sem grunur leikur á að fíkniefnaneysla geti verið til staðar, kerfisbundnu fyrirkomulagi. Hins vegar kunna að vera á þessu lagalegar hindranir og af þeim ástæðum hef ég beint þeim fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. hvort hann telji að lög banni skólayfirvöldum í samvinnu við foreldra að taka upp markvissa prófun á vímuefnaneyslu nemenda ef ástæða er talin til.

[16:01]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég lít svo á að ef skólayfirvöld eiga að fá almennar heimildir til rannsóknar af því tagi sem hv. þm. spurðist fyrir um þurfi sérstakar lagaheimildir til þess. Lögregla og barnaverndaryfirvöld hafa almennar heimildir til rannsókna á tilteknum málum en eigi að taka upp almennt víðtækara eftirlit og fela það öðrum aðilum eins og skólum tel ég að til þess þyrfti sérstakar lagaheimildir.

[16:01]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið. Ég vil benda á að komi nemandi drukkinn í skóla, grunnskólanemandi eða framhaldsskólanemandi, er tiltölulega auðvelt að sjá það af hegðan hans eða af lykt. Í slíkum tilvikum er þegar í stað gripið til viðeigandi ráðstafana.

Hins vegar er vandinn með fíkniefnaneyslu sá að nemandi getur verið undir áhrifum fíkniefna án þess að það sjáist af atferli hans né heldur að einhver sérstök lykt fylgi því.

Ég ítreka það sem ég nefndi áðan að núverandi og hefðbundin tækni við að mæla meinta fíkniefnaneyslu er seinvirk og dýr en hér er verið að benda á nýja tækni sem er til staðar og hefur rutt sér til rúms og gæti einfaldað þessa framkvæmd í alla staði. Það er líka vert að benda á að hér er verið að ræða um að taka upp hugsanlegt kerfisbundið eftirlit í samstarfi við foreldra, í samstarfi við námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðinga og þannig mætti áfram telja. Ég ítreka hvaða gildi það hefur fyrir einstakling ef hægt er að forða ungu barni eða unglingi frá hrösun strax á fyrstu stigum áður en vandamálið er orðið alvarlegt. Fyrir einstaklinginn er það mikilvægt, þjóðfélagslega er það mikilvægt. Sé það skoðun hæstv. dómsmrh. að það þurfi lagabreytingu til vil ég spyrja hvort hæstv. dómsmrh. hafi í hyggju að beita sér fyrir slíkri lagabreytingu í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram því og þar bendi ég á einkum þessa nýju tækni.

[16:03]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hér er um að ræða atriði sem lýtur að innra starfi skólanna og slík lög verða vitaskuld ekki sett nema það sé vilji til þess og áhugi af hálfu stjórnenda skóla og ekki nema fyrir liggi að menn telji eðlilegt að skólarnir fari inn á þessa braut. Ég tel því að það þurfi að svara ýmsum spurningum um þessi atriði áður en hægt er að gefa einhverjar yfirlýsingar um að hafinn verði undirbúningur að löggjöf af þessu tagi.

[16:05]

**Útbýting þingskjals:**

Aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis og tóbaksvörnum á árinu 1997, 672. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1158.

### *Skipun tilsjónarmanna.*

Fsp. MF, 529. mál. — Þskj. 906.

[16:05]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Í þeirri greinargerð sem ég nefndi áðan, sem skilað var að lokinni fimm ára starfsemi að Sogni, kemur m.a. fram að samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga á sá sem dæmdur hefur verið ósakhæfur og vistaður á réttargeðdeildinni á Sogni rétt á því að honum sé skipaður tilsjónarmaður en í 62. gr. almennra hegningarlaga segir:

„Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefur með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem

áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum."

Samkvæmt greininni á sá sem er ekki sakhæfur og vistaður á Sogni, sem í þessu tilviki er kallað hæli, rétt á því að Hæstiréttur skipi honum tilsjónarmann. Tilsjónarmennirnir hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna þótt það komi ekki fram í þessum lagatexta. Það er mjög mikilvægt að mati þeirra sem skiluðu greinargerðinni og hafa starfað að Sogni í þessi fimm ár að hlutverk tilsjónarmanna verði skilgreint nánar en nú hefur verið gert og þar með hvernig þeir geti borið sig að við að sinna því. En í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Einnig er nauðsynlegt að athuga hvort æskilegt væri að velja tilsjónarmenn úr hópi ákveðinna faghópa sem þekkingu hafa á gangi mála í heilbrigðis- og dómskerfinu, t.d. lögmenn. Hæstiréttur hefur á undanförnum árum í nokkur skipti skipað aðstandendur sjúklinga sem tilsjónarmenn. Getur það sett aðstandendur í mikinn vanda og skapað erfiðleika í samskiptum við sjúklinginn en það er aftur mjög óhagstætt fyrir bata og endurhæfingu þeirra. Æskilegt væri að athuga þau mál nánar."

Það er niðurstaða þeirra sem unnu að þessari greinargerð eftir þetta fimm ára starf að það sé mjög nauðsynlegt að skipun og hlutverk tilsjónarmanns sé skýrt skilgreint í lögum eða reglugerð og kemur það líka fram í lokaorðum skýrslunnar. Um leið sé mjög nauðsynlegt að koma með skýrari reglur um réttarstöðu ósakhæfra geðsjúklinga þannig að tilsjónarmenn geti þá unnið eftir þeim reglum. Ég hef þess vegna borið eftirfarandi fyrirspurn fram til hæstv. dómsmrh.:

Hvernig er staðið að skipun tilsjónarmanna ósakhæfra geðsjúklinga skv. 62. gr. almennra hegningarlaga? Eru í gildi sérstakar reglur þar að lútandi? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkar reglur verði settar?

[16:08]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er kveðið á um það í 62. gr. almennra hegningarlaga að Hæstiréttur skuli skipa þeim mönnum sem eru vistaðir á hæli skv. 15. gr. eða 16. gr. almennra hegningarlaga tilsjónarmann. Þannig er staðið að skipun tilsjónarmanna að Hæstiréttur leitar jafnan til skipaðs réttargæslumanns eða verjanda viðkomandi er tekur málið upp við fjölskyldu hans. Undantekningarlítið hefur einhver ættingi tekið að sér hlutverk tilsjónarmanns en honum ber að hafa eftirlit með því að dvöl viðkomandi á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til.

Ekki hafa verið settar almennar reglur um þessi efni. Tilvikin eru mjög fá eða um það bil eitt mál á tveggja ára fresti. Að því er ég best veit hafa engin vandkvæði komið upp í þessu efni og heilbrigðisyfirvöld hafa ekki gert athugasemdir til dómsmrn. um þessa framkvæmd. Þannig hefur ekki verið talin þörf á því fram til þessa að setja sérstakar reglur um þetta atriði en eðlilegt er að fylgst verði með framvindu mála og að sjálfsögðu mun ráðuneytið verða fúst til þess að ræða við heilbrigðisyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd mála á Sogni um skýrari framkvæmd ef þess er talin þörf. En reyndin hefur verið sú á réttargeðdeildinni á Sogni að yfirstjórnin þar eða geðlæknir sem hefur viðkomandi sjúkling til meðferðar hefur gert tilsjónarmanni viðvart þegar sjúklingur hefur náð slíkum bata að rétt kunni að vera að leggja undir úrskurð héraðsdóms á Suðurlandi hvort hælisvistun teljist lengur vera nauðsynleg.

[16:10]

**Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin en bendi á að það er Hæstiréttur skipar þennan tilsjónarmann þannig að í raun og veru er þar ekki um að ræða að eitthvert sérstakt samstarf þurfi við heilbrigðisyfirvöld. Eina hlutverk tilsjónarmanna, sem er skýrt, er að fylgjast með því að viðkomandi einstaklingur sé ekki vistaður lengur en nauðsyn ber til að Sogni og starfsfólk Sogns hefur reynt að gefa tilsjónarmönnum og aðstandendum sjúklinga og öðrum en tilsjónarmönnum bestar upplýsingar hverju sinni um það hvert er ástand sjúklingsins. Hlutverki tilsjónarmanna er ekki lokið með því vegna þess að í þeim tilvikum þar sem um aðstandendur er að ræða fylgja tilsjónarmenn þessum einstaklingum út af Sogni og nú þegar hafa nokkrir einstaklingar verið útskrifaðir þaðan.

Engin umræða hefur átt sér stað um það hvert skuli vera raunverulegt hlutverk þessara tilsjónarmanna eða hvort um launaða vinnu skuli vera að ræða. Þetta er ákveðin binding og á Sogni hafa komið upp erfiðleikar þar sem bent hefur verið á að það geti verið mjög erfitt fyrir aðstandendur að ætla að taka af skarið með það hvort einstaklingur skuli vistaður lengur en hann sjálfur telur eðlilegt. Þá er betra að þar sé við að eiga fagmanneskju með þekkingu á því sviði en ekki náinn aðstandanda þess einstaklings sem í hlut á.

## *Störf nefndar um skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál.*

Fsp. HjálmJ, 624. mál. — Þskj. 1054.

[16:13]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Spurning mín til hæstv. dóms- og kirkjumrh. er svohljóðandi:

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að kanna:

a. reynsluna af sameiginlegri forsjá,

b. úrræði gildandi laga um umgengni foreldra og barna og hvaða fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál,

c. hvernig auka megi þá fræðslu ef þess verður talin þörf?

Þegar lög voru sett fyrir fáeinum árum sem heimiluðu sameiginlega forsjá foreldra með barni sínu eða börnum eftir skilnað voru Íslendingar að fara inn á sömu braut og Norðurlandaþjóðirnar og ýmsar þjóðir fleiri, svo sem Bretar og Bandaríkjamenn. Mér leikur forvitni á að vita hvernig þetta hefur reynst hér á landi. Hæstv. dómsmrh. skipaði nefnd á síðasta ári til að gera skýrslu um sameiginlegu forsjána og fleira og sú nefnd hefur sem sagt starfað í tæpt ár. Þar er hið mætasta fólk að kanna þessa reynslu en í skipunarbréfi nefndarinnar kemur ekki fram hvenær nefndin eigi að skila skýrslu sinni. Því spyr ég hvað sé að frétta af starfinu og hvenær megi vænta þess að niðurstöður komi.

Ég hef á tilfinningunni að ýmis vandamál hafi komið upp vegna hinnar sameiginlegu forsjár, e.t.v. vegna þess að ekki sé nógu vel um hnútana búið þegar sameiginlega forsjáin er ákveðin. Sameiginleg forsjá foreldra eftir skilnað þeirra, forsjá með börnunum, er samstarfsverkefni og afar þýðingarmikið. Það er sameiginlegt uppeldi og sameiginleg ábyrgð á hag og hagsmunum barnsins.

Hjón skilja sjaldnast að tilefnislausu. Það eru oft að baki erfiðleikar, ósætti og vonbrigði en hjón sem skilja geta verið sammála um það að reyna að gera eins gott úr og hægt er barna sinna vegna og reyna því að breiða yfir ágreining fyrst í stað. Þá kann að vera að vandamálin komi upp nokkru síðar og reynslan sé þá sú að þau hafi í skilnaðarmálinu tæpast verið í standi til að taka sameiginlega ábyrgð á forræðinu. Því er spurningin einnig sú hvort ekki þurfi að auka möguleikana á fræðslu, ráðgjöf og leiðbeinandi aðstoð og auðvelda fólki að þiggja þá þjónustu.

[16:16]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í nefnd þeirri sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til eiga sæti Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Oddný Vilhjálmsdóttir sem tilnefnd er af Kvenréttindafélagi Íslands, og Ólafur Þ. Stephensen sem tilnefndur er af karlanefnd Jafnréttisráðs.

Nefndin var skipuð í maímánuði á síðasta ári en nefndarskipunina má rekja til bréfs sem karlanefnd Jafnréttisráðs ritaði dómsmrh. í byrjun mars 1997 þar sem þess var óskað að nefnd yrði skipuð til að kanna þessi mál. Tilefni þeirrar tillögu karlanefndarinnar var að mörg erindi bæði formleg og óformleg höfðu borist nefndinni frá feðrum sem töldu sig eiga í erfiðleikum vegna forræðis- og umgengnisréttar.

Nefndin ákvað strax í upphafi að tvískipta verkefninu, annars vegar í athugun á reynslu af sameiginlegri forsjá og könnun á raunverulegum samvistum barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá og hins vegar í athugun á úrræðum gildandi laga til að koma á umgengni foreldra og barna og hvaða upplýsingar og fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnað. Þessi skipting verkefna byggðist m.a. á því að fljótlega eftir að nefndin var skipuð kom í ljós að Sigrún Júlíusdóttir, dósent við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, var að undirbúa rannsókn um reynslu af sameiginlegri forsjá hér á landi. Um er að ræða yfirgripsmikla rannsókn sem mun gefa glögga mynd af þeirri reynslu sem fengist hefur af sameiginlegri forsjá þau fimm ár sem foreldrum barna hefur verið unnt að semja um slíkt fyrirkomulag.

Þá mun rannsóknin kanna raunverulegar samvistir barna við foreldri sem þau búa ekki hjá, a.m.k. í þeim hópi þar sem forsjáin var í upphafi sameiginleg. Nefndin taldi að niðurstöður rannsóknar Sigrúnar yrðu mikilvægt innlegg í hluta verkefna nefndarinnar og því æskilegt að ganga til samstarfs við hana um framkvæmd hennar. Dómsmrn. ákvað að styrkja þessa rannsókn sérstaklega. Nefndin bíður niðurstaðna rannsóknar Sigrúnar varðandi mat sitt á þeim verkefnum hennar sem snúa að mati á reynslunni af sameiginlegu forsjánni hér á landi og hverjar séu raunverulegar samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

Nefndin hefur frá því að hún var skipuð haldið 15 fundi og einbeitt sér að því að kanna hvort úrræði gildandi laga til að koma á umgengni foreldra og barna séu fullnægjandi og hvaða upplýsingar og fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnaðaðar-, forsjár- og umgengnismál. Nefndin hefur fengið til viðræðna fulltrúa fjölmargra aðila sem vinna að þessum málum til að fá yfirsýn yfir þau úrræði og þá fræðslu sem foreldrum standa til boða.

Á fund nefndarinnar hafa komið fulltrúar eftirtalinna aðila: Dómsmrn., embættis sýslumannsins í Reykjavík, Félags einstæðra foreldra, samtakanna Ábyrgra feðra, fjölskylduráðgjafarinnar Samvistar, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kvennaráðgjafarinnar, sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Þá hefur umboðsmaður barna komið til fundar við nefndina og skýrt henni frá þeim athugasemdum og ábendingum sem því embætti hafa borist vegna þessara mála. Þá hefur nefndin aflað upplýsinga um fyrirkomulag fræðslu til foreldra í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál á hinum Norðurlöndunum.

Nefndin hefur nú lokið upplýsingasöfnun vegna fyrri hluta verkefnis síns og er nú að undirbúa áfangaskýrslu til ráðherra þar sem rakin verða úrræði gildandi laga til að koma á umgengni foreldra og barna og bent á leiðir til úrbóta. Jafnframt verður þar lýst þeirri fræðslu sem foreldrum stendur til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál og settar fram tillögur um hvernig gera megi betur í þessum efnum. Nefndin stefnir að því að skila ráðherra þessari áfangaskýrslu eigi síðar en 1. júní nk.

Síðan mun nefndin bíða niðurstaðna úr rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur um reynsluna af sameiginlegu forsjánni. Fyrstu niðurstaðna úr þeirri rannsókn er að vænta í júní eða júlí nk. en endanlegar niðurstöður ættu að liggja fyrir í haust. Að þeim niðurstöðum fengnum mun nefndin skila lokaskýrslu þar sem metin verður reynslan af sameiginlegu forsjánni hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og skýrt frá hverjar sýnast vera raunverulegar samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá. Lokaskýrslu nefndarinnar er því að vænta fyrir lok ársins 1998.

[16:20]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Bara smáinnlegg í þessa umræðu. Ég vil þakka fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram um starf þessarar nefndar. Það er greinilega mjög víðfeðmt hlutverk sem nefndin hefur til athugunar og gott eitt allt um það að segja. Mig langar til að leggja áherslu á að mjög mikilvægt er að niðurstaða komi fljótt í mörg þeirra mála sem nefndin er með til umfjöllunar. Þar vil ég sérstaklega nefna rétt barna til umgengni við báða foreldra sína. Ég tel að úrbótum í þeim efnum verði að flýta mjög og þau geti vart beðið eftir því að nefndin klári öll þau verkefni sem hún er að vinna. Ég tel mjög mikilvægt að komið verði á skyldurráðgjöf, faglegri ráðgjöf við skilnaði til að tryggja að börn fái notið þess réttar sem þau eiga samkvæmt alþjóðasamningum og mannréttindasáttmálum sem við erum aðilar að.

Sömuleiðis tel ég mikilvægt að því fyrirkomulagi verði komið á að börnum sé skipaður talsmaður þegar erfitt er að koma á umgengni við það foreldri sem börn eru ekki hjá. Þannig verði séð til þess að haft sé samband fyrir barnið við það foreldri sem t.d. ekki sinnir umgengnisskyldu sinni til að réttur barnsins verði tryggður. Ég held að þetta geti ekki beðið eftir að nefndin ljúki störfum þó greinilega sé um mjög mikilvæg og margþætt mál að ræða sem nefndin er að fjalla um. En ég held að taka verði á þessum sérstaka þætti sem er umgengnisréttur barna við báða foreldra sína. Það er nauðsynlegt að það bíði ekki eftir lokaniðurstöðu þessarar nefndar.

[16:23]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir svörin og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur einnig fyrir innlegg hennar. Það er ánægjulegt að nefndin skuli vera að komast á lokasprettinn í vinnu sinni og skili niðurstöðum á þessu ári, áfangaskýrslu fyrir 1. júní og lokaskýrslu og niðurstöðum sínum í haust eða á haustmissirinu. Þetta eru

virkilega mikilvæg mál sem vanda þarf til löggjafar við eins og allt annað.

Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að nefndin hefur leitað upplýsinga í nágrannalöndum okkar. Mér er kunnugt um að í Danmörku er slíkum málum þannig háttað að foreldrar í skilnaðarmáli eiga kost á sérfræðiviðtölum eftir þörfum, bæði þá og síðar, hvenær sem þau þurfa á því að halda að eigin dómi. Norðmenn hafa hins vegar þann hátt á að þeir gera það að skilyrði áður en þeir heimila sameiginlega forsjá að foreldrar komi a.m.k. í þrjú viðtöl um þessi mál. (**Gripið fram í:** Jafnvel fyrir skilnaðinn.) Jafnvel líka fyrir skilnað.

Allar misfellur í þessum efnum, ósætti foreldra og uppgjöf gagnvart aðstæðum koma niður á börnunum, þeim sem síst skyldi og þeim sem foreldrarnir vilja auðvitað alls ekki að það komi niður á, en þau verða því miður oft og einatt fórnarlömb í þessum hryggilegu málum sem mörg hver sannarlega eru.

## *Umferðarstjórn lögreglunnar.*

Fsp. SvG, 637. mál. — Þskj. 1093.

[16:26]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Um nokkuð langt skeið hefur verið mikil óvissa um tilvist og starfsemi umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík. Um tíma stóð til að leggja umferðardeildina niður og það var ekki fyrr en við snöfurleg viðbrögð m.a. í fjölmiðlum sem niðurstaðan varð sú að þau áform voru sett á ís a.m.k. í bili. Þau munu alla vega ekki vera á dagskrá ráðuneytisins um þessar mundir.

Í tengslum við málefni umferðardeildarinnar er á það bent að nú er í gildi metnaðarfull umferðaröryggisáætlun til ársins 2001. Umferðaryfirvöld t.d. í höfuðstað landsins, Reykjavík, hafa einnig samþykkt myndarlega umferðaröryggisáætlun sem þau hafa verið að kynna þar sem sett eru margvísleg markmið um lagfæringar á umferð í borginni, m.a. um stórfellda fjölgun 30 km svæða í íbúðarhverfum o.fl.

Þá hafa verið settar upp myndavélar á gatnamótum eins og menn þekkja í öryggisskyni. En á sama tíma og þetta er í gangi birtast sérkennilegar reglugerðir um einkennisbúninga lögreglumanna og um búnað lögreglumanna í einstökum atriðum, um merki þeirra í einstökum atriðum, m.a. um hverjir megi hafa eyrnalokka og hversu stóra. Þar kemur fram að konur mega hafa mjög litla eyrnalokka, alls ekki stóra, en karlmenn enga eyrnalokka. Þannig láta yfirvöld sér annt um hvað eina í fari umferðarlögreglumanna í þessu plássi og er það vel.

Vinnubrögð dómsmrn. í þessu máli og yfirmanna lögreglunnar hafa hins vegar oft verið, að mati þeirra sem best þekkja til, býsna fljótfærnisleg og með þeim hætti að ýtt hefur undir öryggisleysi hjá þeim sem fara með umferðarstjórn og umferðarmál hjá lögreglunni. Af þeim ástæðum eru bornar fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh.:

Í fyrsta lagi. Eru áform um það hjá ráðuneytinu eða lögreglunni í Reykjavík að leggja niður umferðardeild lögreglunnar?

Í öðru lagi. Kemur til greina að mati ráðherra að auka sjálfstæði deildarinnar innan lögreglunnar, m.a. í þeim tilgangi að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar til ársins 2001?

Í þriðja lagi. Telur ráðherra að reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna tryggi nægilega vel öryggi þeirra við umferðarstjórn?

[16:28]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Á síðasta hausti var settur á fót starfshópur sem skipaður var fjórum fulltrúum frá yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík og þremur fulltrúum frá stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur. Aðalmarkmið starfshópsins var að fjalla um aðalvaktkerfi lögreglunnar í Reykjavík með tilliti til vinnutímatilskipunar EES.

Í þessu sambandi var m.a. skoðaður sá möguleiki að fella niður núverandi kerfi í almennri deild og umferðardeild og sameina þessar einingar í eina deild. Niðurstaða starfshópsins varð sú að leggja til að umferðardeild starfaði áfram og því eru engin áform um að leggja umferðardeildina niður, hvorki hjá ráðuneytinu né lögreglustjóranum í Reykjavík.

Til að ná fram markmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar til ársins 2001 hefur ýmsum úrræðum verið beitt eins og rakið er m.a. í skýrslu minni til Alþingis um stöðu umferðaröryggismála sem lögð var fram fyrr á þessu ári. Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir því sem úrræði til að ná fram markmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar að auka sjálfstæði einstakra lögregludeilda.

Af fyrirspurn hv. þm. verður heldur ekki ráðið með hvaða hætti slíkt ætti að leiða til aukins árangurs. Að mati lögreglustjórans í Reykjavík kemur það ekki til greina og færir hann þau rök fyrir því að á undanförnum mánuðum hafi markmið hans verið þau að virkja alla einkennisklædda lögreglumenn meir við umferðarlöggæslu til viðbótar starfsemi umferðardeildarinnar. Í því sambandi nefnir hann að samkvæmt úttekt lögreglustjórans á árangri í 15 flokkum umferðarlagabrota fyrstu þrjá mánuði þessa árs, hafi almenn deild lögreglunnar kært í rúmlega 3.000 málum en umferðardeildin í um 1.500 málum. Lögreglustjóri bendir á að sérstaka athygli veki hversu miklu fleiri ökumenn almenn deild kæri vegna ölvunar við akstur og réttindaleysis við akstur, svo dæmi sé tekið. Ljóst er að sú tilhögun hefur gefist mjög vel. Lögreglustjóri metur það svo að þessum málaflokki hafi sjaldan eða aldrei verið betur sinnt. Segir hann að samanburður á fyrstu þremur mánuðum þessa árs og síðasta árs gefi til kynna að sú stefna að virkja alla lögreglumenn meira í umferðarmálum hafi skilað sér ríkulega en töluverð aukning hefur orðið á kærum í flestum flokkum umferðarlagabrota.

Ég tel að reglugerð um einkennisbúninga, merkibúnað lögreglumanna, sé fullnægjandi trygging fyrir öryggi lögreglumanna við umferðarstjórn. Nefna má að með reglugerðinni var formlega tekið upp svokallað endurskinsvesti, sem er mjög áberandi og sést vel í myrkri. Samkvæmt reglugerðinni skal vestið að jafnaði nota úti við þegar skuggsýnt er og slæmt skyggni. Auk þess segir að vestið skuli ætíð fylgja klæðnaði lögreglumanns á bifhjóli.

Reglugerðin tók gildi 1. jan sl. og af því tilefni var, m.a. hjá lögreglunni í Reykjavík, vakin athygli á gildandi ákvæðum hennar með skriflegri tilkynningu til lögreglumanna. Þar kemur fram að a.m.k. tvö endurskinsvesti verði til staðar í öllum lögreglubifreiðum embættisins og er lögð rík áhersla á að allir lögreglumenn noti þau við störf í umferðinni, svo sem umferðarstjórn, við stöðvun ökutækja þar sem slys hafa orðið o.s.frv. Einnig má nefna að í febrúarmánuði sl. var mælt fyrir því hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík

að í öllum bifreiðum umferðardeildar yrðu tvær ljósakylfur til umferðarstjórnunar, auk endurskinsvestanna, en öllum lögreglumönnum í umferðardeild sem starfa úti er úthlutað endurskinsvesti. Að mínum mati tryggir hin nýja reglugerð um öryggi lögreglumanna við umferðarstjórn ekki síður en áður.

[16:33]

**Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og gagnlegar upplýsingar um búnað lögreglumanna, endurskinsvestin sem eru tvenn og kylfurnar sem hann fjallaði ræki lega um í máli sínu. Í máli hans kom einnig fram að ekki væri á döfinni að leggja niður umferðardeildina, að mér skildist, eins og áform voru uppi um. Þar á móti leggur hann mikla áherslu á að það að draga hina almennu lögreglu alla inn í umferðareftirlitið sé mjög til bóta og skili miklum árangri. Mér sýnist að þar með sé það í raun þannig, þó að hugmyndir um það að leggja niður umferðardeildina séu ekki á dagskrá til framkvæmda eins og sakir standa, þá sé ráðuneytið sé með það í huga að smátt og smátt yfirtaki hin almenna lögregla alla þessa starfsemi og umferðardeildin verði þar með lögð niður. Ef það er ætlunin, eins og mig grunar af svörum ráðherrans þrátt fyrir ákvarðanir þeirra um að hætta við fyrir nokkru, þá tel ég það slæmt vegna þess að hjá umferðardeildinni og umferðarstjórn lögreglunnar í Reykjavík er geysilega mikil fagleg þekking sem getur ekki nýst annars staðar en þar, jafnmarkvisst og verið hefur. Þess vegna vara ég við hugmyndum um að það að taka almennu lögregluna inn í þetta í staðinn muni leysi allan vanda.

[16:34]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 8. þm. Reykv. vil ég minna á það mat lögreglustjórans í Reykjavík að sú nýbreytni að fela almennu deild lögreglunnar að takast einnig á við þessi verkefni hefur skilað mjög umtalsverðum árangri í virkari umferðarstjórn og fleiri sektum en nokkru sinni áður. Út frá þeim markmiðum sem við erum að vinna að á grundvelli umferðaröryggisáætlunarinnar sýnist mér að augljóst sé að lögreglan hafi náð meiri árangri í þessu efni. Reyndar er stefnan sú í öðrum viðfangsefnum að lögreglan í heild takist á við þau en dregið verði úr hólfaskiptingu varðandi afmarkaða málaflokka. Þetta helst einnig í hendur við þá stefnumörkun að koma löggæslunni hér í Reykjavík meira út í hverfi borgarinnar. Menn verða að horfa á þróunina í ljósi þessarar nýbreytni og í ljósi þeirrar heildarstefnumörkunar sem unnið er eftir.

## *Heilsugæslumál á Eskifirði og Reyðarfirði.*

Fsp. HG, 585. mál. — Þskj. 992.

[16:36]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Á þskj. 992 ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um heilsugæslumál á Eskifirði og Reyðarfirði:

1. Hvernig ætlar ráðuneytið að bæta á viðunandi hátt úr því ófremdarástandi sem ríkir í lækna- og heilbrigðismálum Eskifjarðarlæknishéraðs?

2. Mun ráðuneytið verða við ósk bæjarstjórnar Eskifjarðar um að kaupa bústað fyrir heilsugæslulækni á Eskifirði?

3. Hvernig hyggst ráðuneytið leysa húsnæðismál heilsugæslunnar á Reyðarfirði til frambúðar?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er því miður ærið. Í heilsugæslumálum þessa læknishéraðs hefur ríkt það sem í fyrirspurninni er kallað „ófremdarástand" í eitt ár og þrjá mánuði eða síðan annar af föstum heilsugæslulæknum héraðsins fór þaðan og hálfu ári síðar hvarf hinn. Frá þeim tíma hefur héraðið verið læknislaust að öðru leyti en því að ráðnir hafa verið íhlaupalæknar til þess að leysa vandann frá degi til dags. Þeir nú að nálgast töluna 30 frá ársbyrjun 1997.

Þetta er ótrúlegt, virðulegur forseti, en þannig er þetta. Og það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvernig ástandið er fyrir íbúa læknishéraðsins, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, að búa við slíkt fullkomið öryggisleysi. Fram að þessu hefur ekki sést ljós í myrkrinu en vonandi er það ekki langt undan. Vonandi fáum við að heyra hér frá hæstv. ráðherra hvaða líkur eru á því að ráðuneytið tryggi viðunandi lausn. Þarna á ríkið að sjá þegnunum fyrir þjónustu og krafa fólks á landsbyggðinni, eðlileg krafa, er að fyllsta öryggis sé gætt að þessu leyti og tryggð sé þjónusta til jafns við þá sem í aðalþéttbýli landsins búa.

Varðandi aðra liði fyrirspurnarinnar er vísað til þess sem fram kemur í erindum, fleiri en einu, til hæstv. ráðuneytis í síðasta mánuði. Það er óskin um að keyptur verði læknisbústaður á Eskifirði fyrir lækni sem þar starfi. Ljóst er að það er ein þeirra aðgerða sem verða að koma til eigi að skapa festu.

Í þriðja lagi, varðandi húsnæðismál heilsugæslunnar á Reyðarfirði, þá er vísað til býsna gamals samkomulags um að tryggja þar starfsaðstöðu til jafns við þá myndarlegu heilsugæslu sem komið hefur verið upp á Eskifirði.

[16:40]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beinir til mín þremur spurningum. Í fyrsta lagi vil ég minna á að á Eskifirði var tekin í notkun ný heilsugæslustöð 1. des. 1995. Stöðin er 660 fermetrar á stærð og rúmar tvo heilsugæslulækna. Að auki er rými fyrir tannlækni. Lyfsala er í hluta hússins á neðri hæð en í rishæð er aðstaða fyrir starfsfólk ásamt fundarsal og skrifstofu rekstrarstjóra. Heilsugæslustöðin er hin glæsilegasta á landinu og var ekkert til sparað við byggingu hennar. Stöðin er afar vel búin tækjum og hefur m.a. fengið nýtt röntgentæki. Einnig hefur stöðin bifreið til umráða.

Á Eskifirði er hjúkrunarheimili og dvaraheimili í Hulduhlíð og tiltölulega auðvelt að fá vistrými á staðnum. Þá er heilbrigðisstofnun í Neskaupstað aðgengileg og léttir verulega undir störfum heilsugæslulækna í þessu byggðarlagi. Nýverið var vaktskipulag lækna á Eskifirði endurnýjað og hefur hið nýja skipulag í för með sér töluverða hækkun launa. Kjör lækna á Eskifirði eru sambærileg kjörum lækna við svipaðar aðstæður.

Eins og hv. þm. kom hér inn á áðan hefur að undanförnu verið erfitt að fastsetja lækni á Eskifirði og eftir að héraðslæknirinn fór í burtu um mitt ár 1997 hafa margir afleysingalæknar verið á Eskifirði. Eftir að úrskurður kjaranefndar birtist 3. mars sl. og launakjör lækna á heilsugæslustöðvum liggja fyrir eru miklar líkur til þess að úrbætur séu í augsýn. Það er ljóst að í minni héruðum hafa orðið verulegar kjara-

bætur fyrir heilsugæslulækna og mér er kunnugt um áhuga lækna á að ráða sig til Eskifjarðar og ég bind miklar vonir við þær umsóknir.

En það eru fleiri spurningar sem hv. þm. beinir til mín. Ráðuneytið mun verða við ósk bæjarstjórnar Eskifjarðar um kaup á bústað fyrir heilsugæslulækni á Eskifirði. Eins og fram kom er enginn læknabústaður á Eskifirði en á Reyðarfirði er læknabústaður, einbýlishús, sem mikið hefur verið lagfært á síðustu árum. Áður var læknabústaður á efri hæð gömlu heilsugæslustöðvarinnar á Eskifirði. Það hús var selt. Síðan hefur verið leigð íbúð á Eskifirði sem að mestu hefur verið notuð af afleysingalæknum. Eins og hv. þm. veit voru gerðar breytingar á lögunum um embættisbústaði á 120. löggjafarþingi og þar með er ekki heimilt að kaupa bústað á Eskifirði nema með breyttri löggjöf.

Í þriðja lagi spyr hv. þm: Hvernig hyggst ráðuneytið leysa húsnæðismál heilsugæslunnar á Reyðarfirði til frambúðar? Á Reyðarfirði er heilsugæslustöðin í leiguhúsnæði og hefur verið undanfarin níu ár. Húsnæðið er 250 fermetrar. Það er að mörgu leyti ágætt en fullstórt. Heimild er fyrir kaupum á nýrri heilsugæslustöð á Reyðarfirði og voru tillögur uppi um það fyrir um ári síðan að smíða 170 fermetra hús sem kosta átti um 12 millj. kr. Heimamenn töldu hins vegar æskilegra að ná samningum um áframhaldandi leigu á því húsnæði sem heilsugæslustöðin er í og það varð úr.

[16:44]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa því máli sem hér er til umræðu. Það sem ég hef haft mestar áhyggjur af varðandi þetta læknishérað er læknavandinn sem hefur verið viðvarandi núna undanfarið ár og á rætur að rekja til óvissu í kjaramálum heilsugæslulækna og breytinga sem urðu í þeim efnum. Ég hef ekki tíma til að rekja það mál í þeim tíma sem ég hef hér.

Það er nauðsynlegt að kjaranefnd endurskoði staðaruppbætur þarna eins og hún hefur heimild til en hins vegar er einnig nauðsynlegt að vinna áfram að tillögum um að bæta starfsumhverfi í heilsugæslunni og auka samvinnu þar á milli sem gæti orðið til þess að styrkja læknishéraðið í sessi.

Aðstaða er góð í heilsugæslustöðinni en hins vegar liggur fyrir loforð, frá þeim tíma er í það var ráðist, um að byggja upp heilsugæsluna á Reyðarfirði einnig. Það er úrlausnarefni sem ekki hefur tekist að ljúka enn, en nauðsynlegt er að halda áfram í því efni.

[16:46]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir vegna starfsþjálfunar, 669. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1154.

Aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum, 664. mál, fsp. SvG, þskj. 1142.

Almannatryggingar, 459. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1157.

Bæjanöfn, 164. mál, nál. menntmn., þskj. 1152; brtt. *menntmn.*, þskj. 1153.

Flutningur nemenda grunnskóla milli bekkja eða skóla, 670. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1155.

Gjaldmiðill Íslands, 555. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1159.

Samningar með tilkomu evrunnar, 556. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1160.

Vinnuregla Þróunarsjóðs sjávarútvegsins við úreldingu fiskvinnsluhúsa, 671. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1156.

[16:46]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hefði þó óskað eftir að svör hæstv. ráðherra hefðu verið skýrari því ljóst er að þolinmæði heimamanna er á þrotum. Ég vil í því sambandi vitna í ályktun frá Félagi eldri borgara á Eskifirði sem okkur þingmönnum Austurlands barst nú á dögunum en þar segir, með leyfi forseta:

„Félagið lætur í ljós áhyggjur sínar vegna hins ógnvekjandi ástands í læknamálum Eskifjarðarlæknishéraðs. Læknaskipti eru hér mjög tíð og læknalaust oft dögum saman. Slíkt öryggisleysi er öldruðum mjög erfitt, brýtur niður sálarþrek, vilja og líkamlegt mótstöðuafl sem getur valdið ótímabærum og kostnaðarsömum veikindum".

Það er alveg ljóst að þegar aldraðir eru farnir að taka svo djúpt í árinni er málið orðið mjög alvarlegt.

Okkur hafa einnig borist ályktanir frá sveitarstjórnum á Reyðarfirði, Eskifirði og Neskaupsstað og stjórn heilsugæslu Eskifjarðarlæknishéraðs. Það er nefnt að frá því í janúar 1997 eða á fimmtán mánuðum hafa starfað 26 læknar í héraðinu. Við þessar aðstæður hlýtur að koma mjög til athugunar hvort ekki muni vera skynsamlegt að greiða staðaruppbætur þar sem þessi læknaskortur er fyrst og fremst kjaralegs eðlis. Úrskurður kjaranefndar leysti ekki málið og því verður að grípa til annarra aðgerða.

[16:48]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin vil ég undirstrika að þau valda mér vonbrigðum. Það er ekki fundin lausn á því neyðarástandi sem þarna hefur ríkt og er enn til staðar, verður alvarlegra með hverjum deginum sem líður. Það er eindregin krafa sem er undirstrikuð hér með þátttöku annarra þingmanna Austurl. í þessari umræðu að ráðuneytið sjái til þess að þarna náist lausn sem hægt er að una við. Það er ekki verið að biðja um að tveir heilsugæslulæknar verði ráðnir í dag eða á morgun. Menn mundu gleðjast ef einn læknir fengist til starfa sem yrði þarna til frambúðar á meðan verið er að leita tryggilegra lausna til frambúðar. Það liggur enn þá ekkert fyrir. Það er þakkarvert að forsendum greiðslna fyrir gæsluvaktir hefur verið breytt. Það getur verið mikilvægur liður í þessu.

En það þarf ljóslega að koma fleira til. Ég spyr, virðulegur forseti: Af hverju leggur hæstv. ráðherra hér ekki fram eða biður viðkomandi ráðuneyti að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum varðandi embættisbústaði, varðandi þetta hérað og e.t.v. fleiri? Það var heilbrrn. sem beitti sér fyrir því og lagði mikinn þrýsting á heimamenn fyrir tveimur árum eða svo að selja læknisbústað og skilyrti það nánast í sambandi við önnur mál og það ber að leiðrétta og verður að leiðrétta.

Ég vænti þess að eftir þessa umræðu átti hæstv. ráðherra sig á því hversu grafalvarlegt þetta mál er fyrir þetta hérað. Um leið og talað er um byggðamál verða menn auðvitað í Stjórnarráðinu í Reykjavík að átta sig á því að undirstöður sem heilsugæslu verður að tryggja. Það er nú ekki svo að þetta sé á einhverjum útnára sem fáir búi og þetta þarf auðvitað að gilda fyrir alla. Hér erum við á miðjum Austfjörðum að fást við vandamál af þessum toga.

[16:51]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Alvaran er okkur ljós í heilbrrn. og landlæknisembættið hefur unnið að því að fá fastan lækni í Eskifjarðarlæknishérað. En eins og fram hefur komið hefur það ekki gengið á meðan menn biðu eftir kjaranefndarúrskurði. Nú liggur hann fyrir og það er visst svigrúm í kjaranefndarúrskurði sem við vonumst til að geta nýtt okkur.

En eins og ég kom inn á í máli mínu áðan er á Reyðarfirði nýlegt einbýlishús mjög vel uppgert. Það hefur samt ekki dugað til þess að fá fastan lækni þar og því höfum við tekið það ráð að leigja húsnæði á Eskifirði og höfum haft þá meira val um húsnæði en ella. Það hefur ekkert komið fram sem styður það að málið leystist þótt við keyptum embættisbústað á Eskifirði. Kæmi sú staða upp mundum við skoða það sérstaklega. En ég get fullvissað hv. þingmann um að allra lausna er leitað til að fá lækni á þetta svæði.

## *Tilkostnaður við tannréttingar.*

Fsp. ÖJ, 610. mál. — Þskj. 1037.

[16:53]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ekki skal ég leggja dóm á hvort allar þær tannréttingar sem framkvæmdar eru í landinu eru bráðnauðsynlegar, en hitt er ég sannfærður um að í mörgum tilvikum eru þær tvímælalaust nauðsynlegar. Svo er þó komið að margt það fólk sem mest þarf á þessum lækningum að halda hefur ekki efni á því að leita sér lækninga. Ég fullyrði að efnalítið fólk hefur ekki tök á að veita börnum sínum heilsuvernd á þessu sviði. Annaðhvort er stuðningur almannatrygginga of lítill eða verðlagning sérfræðinganna er of há, nema hvort tveggja sé. Hér er dæmi úr raunveruleikanum: Í barnafjölskyldu reynist þörf á því að rétta tennur í tveimur börnum. Í öðru tilvikinu er um alvarlega ágalla að ræða sem krefjast þess að fastar spangir verði settar í góma barnsins. Í hinu tilvikinu er um minni aðgerð að ræða. Foreldrarnir fóru til tannréttingasérfræðings og leituðu álits og báðu um kostnaðarmat og ekki stóð á svarinu: 500 þús. kr. í öðru tilvikinu, hálf millj. kr., 120 þús. kr. í hinu. Þetta er samtals á sjöunda hundrað þúsund krónur, eða vel rúmlega hálfs árs laun láglaunamanns. Er að undra að athuganir landlæknisembættisins hafi leitt í ljós að fólk í lægri tekjukantinum hafi ekki lengur efni á að leita sér tannlæknaþjónustu og þarf þó ekki þessi yfirgengilegu dæmi til? Þessi fjölskylda sem ég tek dæmi af fær 100 þús. kr. stuðning frá almannatryggingum vegna barnsins sem hefur alvarlegri ágallana en ekkert vegna hins. 100 þús. kr. hrökkva þó skammt þegar reikningurinn er á sjöunda hundrað þúsund kr. Hér er alvarlegur misbrestur á ferðinni sem verður að leiðrétta og þess vegna er spurt:

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr tilkostnaði við tannréttingar en þess eru dæmi að láglaunafólk þurfi að greiða sem nemur hálfs árs tekjum fyrir tannréttingar hjá börnum sínum?

[16:55]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ráðuneytið hefur þegar gripið til aðgerða sem hafa það að markmiði að allir þeir sem þurfa á tannréttingum að halda geti fengið þær á viðráðanlegu verði. Eins og ég kem að hér á eftir hafa þær aðgerðir þegar skilað árangri.

Til að skýra eðli málsins vil ég í stuttu máli víkja að forsögunni. Um árabil hefur Tannréttingafélag Íslands ekki viljað semja um tannréttingar við almannatryggingar. Á tímabili gaf ráðuneytið út gjaldskrá og tók þátt í greiðslum sjúklinga með hlutfalli af þeirri gjaldskrá. Gjaldskrá réttingatannlækna var hins vegar hærri og einstakir réttingatannlæknar með miklu hærra gjald. Reynt var að nota norskt flokkunarkerfi til viðmiðunar en ekki náðist samkomulag um það við félagið. Frá árinu 1994 til ársbyrjunar 1997 tóku almannatryggingar því eingöngu þátt í alvarlegustu tilvikum vegna m.a. meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa en þær reglur sættu mikilli gagnrýni og mörk þess hverjir fengu greiðslur og hverjir ekki voru um margt óljós.

Frá ársbyrjun 1997 var tekin upp sú regla að greiða styrk til sjúklinga undir 20 ára aldri sem þurfa á almennum tannréttingum að halda og giltu þær allt að tveimur árum aftur í tímann. Styrkur þessi var upphaflega 70 þús. kr. en var hækkaður í nóvember sl. í 100 þús. kr. Styrkurinn greiðist út í þrennu lagi eftir framgangi meðferðarinnar. Samkvæmt könnun tryggingayfirtannlæknis sem gerð var í tengslum setningu reglna var meðalkostnaður hvers sjúklings árið 1996 frá tæpum 200 þús. kr. upp í 400 þús. kr. eftir sérfræðingum. Til mín hefur komið dæmi um tífaldan verðmun á tannréttingum eða frá 30 þús. kr. og upp í yfir 400 þús. kr. Vissulega var mikill munur á þeim aðferðum sem beita átti en viðkomandi foreldri og unglingur völdu ódýrari aðferðina sem jafnframt var sársaukaminni og eru sáttir við útkomuna.

Auk þess að veita fastan styrk hefur sjúklingum og forráðamönnum þeirra verið bent á að verð á þessari þjónustu er mjög mismunandi og því eðlilegt að leitað sé verðtilboða. Við höfum fengið viðbrögð frá fólki sem hefur þakkað okkur fyrir ábendingarnar þar sem það að leita tilboða í verð hafi sparað þeim hundruð þúsunda króna. Tannlæknadeild Tryggingastofnunar og ráðuneytið hafa bent sjúklingum á að þeir eiga rétt á að fá öll gögn úr sjúkraskrá afhent, þar með taldar myndir, afsteypur og greiningar og geta farið með þessi gögn milli sérfræðinga. Auk þess hefur tannlæknadeild Tryggingastofnunar leiðbeint og aðstoðað þá sem til hennar hafa leitað. Óhjákvæmilegt er að benda á að sérfræðingar í tannréttingum beita ekki allir nákvæmlega sömu aðferðum. Þannig kann að vera ástæða fyrir mismunandi verðlagningu þjónustunnar, en þeir 12 tannréttingalæknar sem eru starfandi hér á landi eru allir sérfræðingar í sínu fagi og faglegt eftirlit með störfum þeirra er á hendi heilbrigðisyfirvalda. Áfram taka almannatryggingar þátt í tannréttingum vegna alvarlegustu tilvikanna svo sem vegna klofins góms, slysa og afleiðinga alvarlegra sjúkdóma og er þar um að ræða allt að 100% greiðsluþátttöku eftir því hvað um er að ræða.

Virðulegi forseti. Niðurstaðan af þessum aðgerðum ráðuneytisins og Tryggingastofnunar er sú að sjúklingar fá betri þjónustu á miklu lægra verði en áður og sjúklingar og foreldrar þeirra eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá. Um þetta kerfi virðist ríkja almenn sátt öfugt við það sem áður var.

[17:00]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, fyrir þessa fyrirspurn sem var vissulega bæði brýn og orð í tíma töluð. Það vekur athygli í svari hæstv. ráðherra hversu mismunandi kostnaður virðist vera

fyrir sömu verkin eða sambærileg verk allt eftir því hver veitir meðferðina og það kom fram í máli ráðherra að munurinn getur verið tífaldur. Það er alvarlegt og er nokkuð sem Tryggingastofnun og tryggingaráð þarf að bæta úr.

Kjarni málsins er sá að börn láglaunafjölskyldna eiga í mörgum tilvikum alls ekki kost á tannréttingum í dag.

Líka vekur athygli sá fjöldi mála sem berst til tryggingaráðs þar sem óskað er eftir endurgreiðslu á tannréttingakostnaði sökum lágra tekna framfærenda og 100 þús. kr. styrkur nægir þar alls ekki. Ég tel að heilbrrn. og Tryggingastofnun gætu leitað annarra leiða til þess að koma til móts við þessar fjölskyldur, t.d. með því að hækka beinar greiðslur og jafnvel að setja þær reglur að hugsanlega megi draga tannlæknakostnað sem fer yfir ákveðna upphæð frá skatti. Þar má slá tvær flugur í einu höggi, koma til móts við þessar fjölskyldur og jafnframt hafa eftirlit með tekjum tannlækna.

[17:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að spyrjast fyrir um þetta mál. Það er alveg ljóst að 500 þús. kr. aðgerð er ofviða meðallaunamanni ef hann fær aðeins 100 þús. greiddar úr almannasjóðum til að koma til móts við þann kostnað. Ef mörg slík dæmi eru uppi þá fær fjöldi barna ekki þá þjónustu sem þyrfti.

Vissulega er þetta rétt leið sem farin hefur verið hjá hæstv. heilbrrh. og í Tryggingastofnun, að koma til móts við fleiri eins og gert er með þessari 100 þús. kr. greiðslu. En það dugir bara alls ekki til. Það þarf meira til þess að allir geti átt kost á þessari þjónustu.

Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir benti á frádrátt frá skatti. Slíkt mál liggur fyrir í þinginu og væri full ástæða til þess að skoða þá leið betur þó svo að yfirvöld séu ekki beint hrifin af henni. En það verður að jafna þarna og þetta má ekki bitna á börnum láglaunafólks þannig að þau fái ekki viðunandi tannlæknaþjónustu eins og tannréttingar eru í mjög mörgum tilvikum.

[17:03]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin sem að mörgu leyti voru skýr og greinargóð og ég veit að á vegum ráðuneytisins er unnið vel að þessum málum en sú vinna hefur ekki skilað því enn sem komið er að fólk fái þessa þjónustu á viðráðanlegu verði.

Tvennt fannst mér sérstaklega athyglisvert í máli hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi er athyglisvert að meðaltalskostnaður sumra tannréttingasérfræðinga skuli vera 200 þús. kr. en 400 þús. kr. hjá öðrum. Þetta er vísbending um að ekki er hægt að alhæfa um þessa stétt. Sumir virðast þannig sanngjarnir í verðlagningu, aðrir okra. Fram kom í máli hæstv. ráðherra að oft gæti verið um tífaldan mun að ræða, enda veit ég dæmi þess að fólki hafi verið boðin aðgerð fyrir 30 þús. kr. hjá einum tannréttingasérfræðingi þegar annar býður meðferð upp á 300 þús. kr.

Þetta segir okkur að upplýsa verður almenning um verðlagninguna á skýran hátt ef menn á annað borð vilja ekki hreinlega beita verðlagsákvæðum gagnvart þessari starfsstétt. Alla vega þarf að upplýsa um þessi efni og allt tal sem stundum heyrist um að lög, upplýsingalög eða önnur lög, komi í veg fyrir að upplýsingar verði veittar bendir til þess að þar þurfi eitthvað að færa til í lögum því að þó við séum að ræða um kjör sérfræðinga sem einstaklinga, þá byggja kjör þeirra á útgjöldum almennings og um þau verður að upplýsa. Því kalla ég eftir upplýsingum og verðlagseftirliti gagnvart þeim sérfræðingum sem ekki hafa siðferðilega burði til að stilla ágirnd sinni í hóf. Gagnvart almannatryggingum minni ég á frv. mitt um breytingar á almannatryggingum vegna tannlækninga þar sem gert er ráð fyrir því að minni háttar tannréttingar lúti sömu lögmálum og almennar tannlækningar og fólk fái þannig viðeigandi stuðning vegna slíkra aðgerða.

Að öðru leyti vil ég lýsa ánægju með þann ásetning hæstv. heilbrrh. að færa þessi mál til betri vegar og ég hvet til þess að stóråtak verði gert á þessu sviði með ströngu verðlagseftirliti og lagabreytingum í upphafi næsta þings í þá veru sem ég og aðrir þingmenn Alþb. og óháðra hafa lagt til og ég nefndi hér áður þannig að orð sem höfð voru eftir tryggingayfirtannlækni í blaðaviðtali sl. haust um að við gætum orðið heimsmeistarar á þessu sviði fái stoð í raunveruleikanum. Það er enn þá langt í land og á sviði tannréttingamála sér ekki enn til lands því miður.

[17:06]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið höfum við náð verulegum árangri á þessu sviði og þeir sem ekki fengu greitt til 1997 eru nú að fá 100 þús. kr. greiddar. Það hlýtur að vera mikil búbót. Sú vinna sem tryggingayfirtannlæknir hefur unnið í Tryggingastofnun er mjög merkileg fyrir margra hluta sakir og gerir það að verkum að endurgreiðslur til sjúklinga hafa hækkað vegna þess að verðlagseftirlitið er miklu betra en nokkurn tíma hefur verið. Tannlæknadeild Tryggingastofnunar var tölvuvædd fyrir tveimur árum og það gerbreytir allri þessari aðstöðu þannig að við eigum miklu auðveldara með að bera saman verðlagningu en eins og hér hefur fram komið getur verðlagningin verið allt frá 30 þús. upp í 400 þús. kr.

Þetta er nokkuð sem við höfum verið að vinna að að bæta og ég held að óhætt sé að segja að okkur hefur tekist mjög vel til þarna, a.m.k. eru þeir sem njóta þjónustunnar miklu ánægðari í dag en þeir voru fyrir tveimur árum.

## *Aðgangur að Grensáslaug.*

Fsp. ÁRJ, 623. mál. — Þskj. 1053.

[17:08]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Mig langar að varpa fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um gjaldtöku fyrir fatlaða lífeyrisþega vegna aðgangs að sundlauginni á Grensásdeildinni.

Lífeyrisþegar fá frítt í sund í almennum sundlaugum eins og hérna á höfuðborgarsvæðinu. Fatlaðir sem ekki geta notað almennar sundlaugar en geta farið í Grensáslaug án þess að fá þar nokkra sérstaka þjónustu svo sem þeir sem eru hjólastólabundnir, þurfa að greiða aðgangseyri þar. Með þessu er verið að mismuna lífeyrisþegum eftir því hvaða fötlun þeir eru haldnir.

Nú vitum við að þrengt hefur verið að Sjúkrahúsi Reykjavíkur í fjárveitingum til rekstrar og þeir hafa ekki treyst sér til þess að afnema þetta gjald en eftir því sem ég best veit eru forsendurnar fyrir gjaldinu löngu brostnar vegna þess að það var sett á á meðan Grensáslaug var látin greiða fyrir heita vatnið eins og til húshitunar í Reykjavík en nýtur nú

sömu kjara og almenningssundlaugarnar. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að þessi hópur fatlaðra, sem reyndar er ekki stór en býr við þetta ranglæti og þessa mismunun að þurfa að greiða fyrir þegar þeir sækja sundlaugar, fái sömu kjör hvað varðar aðgang að Grensáslauginni eins og fatlaðir lífeyrisþegar hafa í almennum sundlaugum, þeir sem geta nýtt sér þær. Ég vil benda á að þessi hópur, lífeyrisþegar, er yfirleitt mjög tekjulágur og þó að aðgangseyrir sé ekki hár eða um 150 kr. í hvert sinn þá er þetta þó nokkur upphæð fyrir fólk sem hefur aðeins lífeyrisgreiðslurnar til að lifa af. Það getur farið allt upp í 40–48 þús. kr. á ári. Þeir sem um er að ræða eru ekki margir og ég gæti trúað að því að kostnaðurinn sem heilbrrn. þyrfti að bera af þessu væri kannski á við eina utanlandsferð starfsmanns í ráðuneytinu með dagpeningum. Það mundi kosta á við þrjá til fjóra daga í góðri laxveiðiá að koma þarna á réttlæti. Ég vil því gjarnan að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn að veita fé til þess að leiðrétta þá mismunun sem þessi hópur býr við í þjónustu hvað varðar aðgang að sundlaugum.

[17:11]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Æfingasundlaug Grensásdeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur er eins og heitið gefur til kynna æfingasundlaug fyrir einstaklinga sem nota sundæfingar til að ná líkamlegri færni. Fyrst og fremst er þetta æfingasundlaug endurhæfingardeildar sjúkrahússins og gegnir þar mikilvægu hlutverki sem tæki til að deildin nái markmiðum sínum til að endurhæfa inniliggjandi sjúklinga. Á þeim tímum þegar sjúkrahúsið þarf ekki á sundlauginni að halda hafa aðrir möguleika á að notfæra sér þá kosti sem þessi sundlaug býður upp á. Kostirnir eru einkum þeir að starfsfólk er til staðar sem sinnir og aðstoðar fatlaða einstaklinga við sundæfingar sem hluta sjúkraþjálfunar eða til viðbótar við hana. Þá hefur æfingalaugin verið leigð til hópa fatlaðra sem stunda sameiginlegar sundæfingar sem eru sniðnar að þeim og hæfa þeim sérstaklega, enda eru þeir hópar þá með eigin þjálfara með í för.

Nokkuð er um að fatlaðir einstaklingar sem hafa áður verið við æfingar í lauginni haldi áfram að koma þangað til að notfæra sér aðstæður þar sem henta þeim vel. Almennir sundstaðir bjóða lífeyrisþegum yfirleitt upp á ókeypis aðgang og nú er spurt hvort einstaklingar sem ekki geta nýtt sér þá sundstaði vegna fötlunar sinnar eigi ekki að fá að njóta sömu kjara í æfingalauginni.

Allir geta verið sammála um að tímaþörf sjúkrahússins vegna inniliggjandi sjúklinga hefur fyrsta forgang. Tímaþörf sjúkraþjálfunar vegna sjúklinga á göngudeild sem er niðurgreidd af almannatryggingum hefur annan forgang og þeir sjúklingar greiði sinn hlut samkvæmt reglum tryggingaráðs um þjálfun. Hópar fatlaðra undir leiðsögn þjálfara hafa þriðja forgang en þeir hópar eru oftast á vegum félaga fatlaðra sem njóta opinbers stuðnings. Síðast koma svo þeir sem nota þá tíma sem eftir standa til að koma þarna á eigin vegum og njóta aðstöðunnar og þeirrar aðstoðar sem þar býðst og fæst ekki annars staðar. Þessir aðilar greiða 150 kr. fyrir hvert skipti eins og hv. þm. gat um áðan.

Það er ljóst af þessari upptalningu að hinir ýmsu hópar sjúklinga njóta innbyrðis ekki sömu kjara í æfingalauginni sjálfri hvað þá ef miðað er við almenningssundlaugar. Jafnljóst er að æfingasundlauginni verður ekki jafnað við almenningssundstaði enda gegnir hún allt öðru hlutverki. Ég tel að ákvörðun í þessu máli verði að liggja hjá stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur miðað við þá sérhæfðu þjónustu sem veitt er þannig að jafnrétti náist annars vegar milli sjúklinga æfingalaugarinnar innbyrðis og hins vegar miðað við sundgesti almenningssundstaða ef það er yfirleitt samanburðarhæft.

Í þessu sambandi verður einnig að minnast þess að fatlaðir hafa aðgang að sundlaug hjá Sjálfsbjörg sem er opin um það bil 35 klukkustundir á viku. Þar er aðgangur ókeypis en almennt ekki veitt sérstök aðstoð. Hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra kostar hvert skipti 100 kr. enda er veitt aðstoð eftir þörfum. Nauðsynlegt er að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur hafi í huga við skoðun hvort aðgangur eigi að vera ókeypis út frá þeirri sérhæfðu þjónustu sem veitt er og í samanburði við aðrar sérhæfðar sundlaugar sem hér hafa verið nefndar.

[17:15]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn sem er vissulega brýn og þörf.

Varðandi aðgengi fatlaðra að sundlaugum bæði á höfuðborgarsvæðinu og víðar um landið er það þannig að þó svo mikið hafi verið gert í þeim efnum að bæta aðgengi fyrir heyfihamlaða að sundlaugunum, þá er einn hópur sem kemst nánast ekkert inn í þessar almennu sundlaugar og það eru fjölfatlaðir sem þurfa á miklum hjálpartækjum að halda til að geta komist ofan í laugarnar. Þarna kreppir skórinn verulega að þessum hópum bæði fjárhagslega en ekki síst það að opnunartími þjálfunarlauga, sem henta þessu fólki, er yfirleitt af svo skornum skammti að t.d. foreldrar fjölfatlaðra barna eiga ekki nokkurn kost á að fara með börn sín í þessar laugar því að venjulega er búið að loka þeim þegar dagvinnutíma foreldra lýkur. Þetta er líka atriði sem væri gott að hæstv. heilbrrh. léti skoða og reyndi að koma með úrbætur í þeim efnum.

[17:16]

**Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur fyrir að benda á þennan þátt í sambandi við opnunartímann sem er vissulega ástæða til að taka til athugunar.

Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um að þeir sem liggja á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og nota sér Grensáslaugina eigi að hafa forgang og hafi þá forgangsröðun sem hæstv. ráðherra nefndi. Engu að síður segi ég og fer ekki ofan af því að ráðherra getur tekið ákvörðun um að þeir fötluðu einstaklingar sem ekki geta nýtt sér almennar laugar, þurfa ekki aðstoð og þurfa ekki að fá sjúkraþjálfun geti fengið sömu kjör þegar þeir koma í Grensáslaugina eins og aðrir lífeyrisþegar í almennum sundlaugum. Eins og hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir benti á er aðgangur fatlaðra og mikið hreyfihamlaðra, fjölfatlaðra og hjólastólabundinna ekki í nógu góðu lagi víðast hvar í almennum sundlaugum og þess vegna er það oft eina leiðin að nota þessar sérstöku þjálfunarlaugar. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka þessa ákvörðun þannig að ekki sé verið að mismuna þessum hópum bæði hvað varðar aðgangseyri, jafnvel opnunartíma eins og minnst var á, þannig að ókeypis aðgangur verði veittur fyrir þetta fólk svo það geti komið og notið þess sem sundlaugarnar veita þeim. Bæði er þetta stórt atriði hvað varðar andlegt og líkamlegt heilsufar þess og kostar ekki meira en eina til tvær utanlandsferðir með dagpeninguum fyrir einn eða tvo ráðuneytismenn eða þrjá til fjóra daga í laxveiði. Þetta eru

ekki stærri upphæðir en þetta sem þarf til að leiðrétta kjör þessa hóps sem vissulega á undir högg að sækja.

[17:19]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það eru nokkrar sérútbúnar sundlaugar á Reykjavíkursvæðinu sem fatlaðir geta nýtt sér. Mér fannst það mjög athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur um að opnunartími væri ekki nógu sveigjanlegur. Kannski ættum við fyrst og fremst að einbeita okkur að því að hægt verði að nýta þessar laugar. Nýlega var opnuð t.d. hjá DAS, Hrafnistu, mjög glæsileg sérútbúin laug og sjúkraþjálfunaraðstaða við hliðina og í Kópavogi er sérstök laug við endurhæfingardeild Ríkisspítala sem má eflaust nýta betur. Ég minntist á sundlaugina hjá Lömuðum og fötluðum og Sjálfsbjörg þannig að það eru margar sérútbúnar sundlaugar á þessu svæði og fyrst og fremst ætti náttúrlega að leggja áherslu á að fatlaðir einstaklingar geti nýtt sér þessar laugar.

## *Málefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs.*

Fsp. SJS og MF, 575. mál. — Þskj. 980.

[17:20]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mönnum að að undanförnu hafa orðið talsverðar umræður um störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Þær umræður hafa bæði beinst að einstökum úrskurðum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda sem og að vinnuaðferðum í öðrum tilvikum og jafnvel að sjálfum samkeppnislögunum og einstökum ákvæðum þeirra.

Umræðan hefur einkum risið hátt þegar samkeppnisyfirvöld hafa gripið til þess að skilyrða samruna eða yfirtöku fyrirtækja á öðrum á undanförnum missirum og nú síðast þegar samkeppnisráð beitti ákvæðum 18. gr. til að stöðva samruna eða yfirtöku Myllunnar/Brauðs hf. á Samsölubakaríi með þeim rökum að þá kæmi til sögunnar einn algerlega markaðsráðandi aðili hvað varðaði rekstur á verksmiðjubakaríi hér og framleiðslu á brauðum t.d. í hillur stórmarkaða.

Það hefur ekki síður, herra forseti, vakið eftirtekt hverjir hafa verið í fararbroddi fyrir gagnrýninni eða svo ekki sé sagt árásunum á Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð í þessu sambandi. Þar fóru fyrir fríðum flokki ef ekki þrír þá a.m.k. tveir nafntogaðir forstjórar stórfyrirtækja sem einmitt eru sjálf starfandi á fákeppnismarkaði hér í landi og þar komu að talsmenn Verslunarráðs og talsmenn iðnaðarins. Nú vantar það ekki, herra forseti, að allir þessir aðilar séu a.m.k. í orði kveðnu hallir undir frjálsa samkeppni og telji að hún eigi að ríkja. En hitt vekur auðvitað athygli að svo virðist að ef Samkeppnisstofnun er því hlutverki sínu trú að hindra þá viðleitni markaðarins sem alltaf er í gangi, að ná markaðsyfirráðum eða undirtökum á markaði og geta í skjóli slíkrar stöðu haft áhrif á verð, þá ætlar allt vitlaust að verða. Það læðist að mér sá grunur, herra forseti, að menn hafi ekki alveg skilið tilganginn með samkeppnislöggjöf og samkeppnisyfirvöldum ef menn bregðast þannig við þegar samkeppnisráð reynir á eðlilegan hátt að tryggja forsendur samkeppnisaðstæðna á markaði.

Ég hef því leyft mér af þessu tilefni, herra forseti, að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi. Hver er afstaða ráðherra til þeirrar gagnrýni sem forsvarsmenn nokkurra stórfyrirtækja á fákeppnismarkaði og talsmenn Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs hafa látið í ljós á störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs?

Í öðru lagi. Telur ráðherra að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hafi í einhverjum tilvikum starfað andstætt ákvæðum og megintilgangi samkeppnislaga?

Í þriðja lagi. Styður ráðherra viðleitni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til að tryggja virka samkeppni á hérlendum markaði eins og sú viðleitni hefur birst í störfum þessara aðila?

Í fjórða lagi. Telur ráðherra sérstök tilefni til að breyta einhverjum ákvæðum samkeppnislaga, t.d. ákvæðum 18. gr.?

[17:24]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 980 hafa þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon, hv. 4. þm. Norðurl. e., og hv. 5. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, beint til mín fjórum fyrirspurnum um málefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Í fyrsta lagi er spurt:

Hver er afstaða ráðherra til þeirrar gagnrýni sem forsvarsmenn nokkurra stórfyrirtækja á fákeppnismarkaði og talsmenn Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs hafa látið í ljós á störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs?

Hér verður að hafa í huga að samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga annast Samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Viðskrh. fer ekki þannig beint með hlutverk á framkvæmd laganna. Almennt séð má hins vegar benda á að tilgangur samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum sem stuðlar að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins þannig að almenningur fái sem bestar vörur og þjónustu á sem lægstu verði og búi þar af leiðandi við betri lífskjör.

Þá er þess einnig að geta að samkeppnislög með sama markmiði og þau íslensku eru í gildi í öllum löndum Vestur-Evrópu. Það má segja að það sé ríkjandi sjónarmið í efnahagsstjórn í löndunum sem við berum okkur saman við að virk samkeppni tryggi sem mesta hagsæld þjóða. Virk samkeppni er hins vegar ekki náttúrulegt ástand. Fyrirtæki hafa það að meginmarkmiði að hagnast sem mest á starfsemi sinni. Samkeppnin gerir fyrirtækjum erfiðara um vik að hámarka hagnað sinn. Sökum þessa hafa fyrirtæki stundum tilhneigingu til að hamla samkeppni. Því er í samkeppnislögum sett fram ýmis úrræði til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur og vernda samkeppnina. Samkeppnislögum er þannig ætlað að vernda samkeppni en ekki keppinautana hver fyrir öðrum.

Í því sambandi verður að hafa í huga að samkeppnislögin gera sérstaklega ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld grípi til aðgerða ef markaðsráðandi fyrirtæki reyna t.d. í skjóli stöðu sinnar að knýja fram óeðlilegar verðhækkanir eða eyða samkeppni. Í ljósi þess er við því að búast að stór fyrirtæki og samtök fyrirtækja gagnrýni samkeppnisyfirvöld vegna þess að störf þeirra geta farið gegn hagsmunum einstakra fyrirtækja.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra að Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráð hafi í einhverjum tilvikum starfað andstætt ákvörðunum og megintilgangi samkeppnislaga?

Eins og fram kom hér á undan er viðskrh. ekki falin bein dagleg stjórnsýsla í samkeppnismálum og það er ekki hlutverk ráðuneytisins að hafa eftirlit með störfum Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs. Það hlutverk hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólar. Hins vegar fylgist viðskrn. vel með framkvæmd samkeppnislaga og er mér ekki kunnugt um nein tilvik þar sem fram hefur komið að samkeppnisyfirvöld hafi að einhverju leyti starfað gegn tilgangi samkeppnislaga.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Styður ráðherra viðleitni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til að tryggja virka samkeppni á hérlendum markaði eins og sú viðleitni hefur birst í störfum þessara aðila?

Þegar þessari spurningu er svarað verður að hafa í huga að samkvæmt 1. gr. samkeppnislaga er markmið laganna að efla virka samkeppni í viðskiptum. Hlutverk Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er síðan að framfylgja þeim vilja sem endurspeglast í markmiði laganna. Ég tel að samkeppnisyfirvöld hafi unnið að framkvæmd samkeppnislaga með þeim hætti sem samkeppnislög áskilja og vitaskuld styð ég það að samkeppnisyfirvöld sinni starfsskyldum sínum. Hinu ber hins vegar ekki að neita að samkeppni hér á landi er að mörgu leyti þrengri stakkur sniðinn en erlendis vegna smæðar markaðarins. Samkeppnisstofnun er því vissulega oft og tíðum mikill vandi á höndum með að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga og vald stofnunarinnar í þeim efnum er því vandmeðfarið.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra sérstök tilefni til að breyta einhverjum ákvæðum samkeppnislaga, t.d. ákvæðum 18. gr.?

Samkeppnislögin eru fimm ára um þessar mundir. Þegar þau voru sett á sínum tíma fólu þau í sér grundvallarbreytingu á þeim lögum sem giltu fyrir þann tíma. Á þeim fimm árum sem liðin eru hafa samkeppnisyfirvöld verið að móta vinnubrögð sín og smám saman hefur verið að koma í ljós hvernig einstökum ákvæðum laganna er beitt. Almennt má segja að reynslan af hinni nýju löggjöf sé góð. Setning laganna og sú stefnubreyting sem fólst í því að setja reglur um eftirlit með samkeppni í stað eldri laga sem báru ríkan keim af verðlagsstýringu og opinberum afskiptum var tvímælalaust rétt. Segja má að hingað til hafi samkeppnislögum hlutfallslega mest verið beitt gegn opinberum samkeppnishömlum, t.d. með kröfu um fjárhagslegan aðskilnað verndaðs rekstrar frá samkeppnisrekstri, samanber 2. mgr. 14. gr. laganna. Þessi ákvæði laganna virðast hafa reynst vel og athafnalífið og hagsmunasamtök þeirra hafa ekki kvartað yfir beitingu þessara úrræða sem þar um ræðir.

Að undanförnu hefur þunginn í starfi samkeppnisyfirvalda verið að færast frá eftirliti með ríkisrekstri yfir í aðgerðir gegn samkeppnishömlum einkafyrirtækja. Þá hafa gagnrýnisraddir orðið háværari um marga þætti í lögunum og starfsháttu samkeppnisyfirvalda svo sem um málsmeðferðarreglur, skipan samkeppnisráðs, beitingu 18. gr. um bann við samruna og fleiru orðið að umtalsefni. Samkeppnislög eru þess eðlis að hvorki er skynsamlegt að gera á þeim örar breytingar né rjúka til breytinga nema að vel athuguðu máli. Hins vegar verður að skoða lögin með gagnrýnum huga og lagfæra þau og breyta ef í ljós kemur að í þeim eru atriði sem betur mega fara.

Varðandi 18. gr. samkeppnislaga sérstaklega vísa ég til þess að nánast í öllum löndum í Vestur-Evrópu er að finna löggjöf sambærilega samrunaákvæði og kemur fram í 18. gr. og hefur þróunin verið sú að ríkjum fjölgar frekar en fækkar sem taka upp eftirlit með samruna og yfirtöku.

[17:30]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir þessar fyrirspurnir. Ég þakka enn fremur hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að þrátt fyrir upphlaup þeirra aðila, sem tilgreindir eru í fyrirspurn hv. þingmanna, sökum þess að Samkeppnisstofnun er farin að beita sér meira að fyrirtækjum á fákeppnismarkaði í stað fyrirtækja á opinberum markaði, og hróp og köll um breytingar þá sýnist mér að hæstv. viðskrh. ætli ekki í neinu að taka tillit til þeirra athugasemda og ég held að það sé hárrétt hjá hæstv. viðskrh. Ég fagna þeim svörum sem hann hefur sett fram í umræðunni og vona að hann muni áfram standa vörð um samkeppnina því að samkeppnin er til staðar samkeppninnar vegna en ekki fyrir fyrirtækin.

[17:31]

**Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég þakka sömuleiðis hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Það var ánægjulegt að í þessu tilviki var engin hætta á því að um villandi eða rangar upplýsingar væri að ræða þar sem svörin komu frá brjósti hæstv. ráðherra.

Ég tel einnig mjög mikilvægt að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hafi bakstuðning viðskrh. á hverjum tíma til að sinna hlutverki sínu og ég tel að hæstv. ráðherra hafi afdráttarlaust veitt Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði slíkan stuðning í svörum sínum. Það væri afar óheppilegt ef yfirvöld samkeppnismála störfuðu í einhverju tómarúmi hvað varðaði hið pólitíska bakland bæði löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Það er Alþingi sem hefur sett samkeppnislögin og falið viðskrh. að hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra mála og með óbreyttum lögum er auðvitað mjög mikilvægt að það bresti ekki stuðning við að samkeppnisyfirvöld sinni hlutverki sínu en það er það sem þau eru að gera hér.

Ég tek síðan undir það að að mörgu leyti er eðlilegt að fyrirtækin sem eru stór á markaði í fákeppni, svo ekki sé sagt einokunaraðstöðu, væli þegar Samkeppnisstofnun er á ferðinni vegna þess að eðli málsins samkvæmt er líklegast að aðgerðir og ákvarðanir samkeppnisyfirvalda beinist einmitt að þessum aðilum. Það liggur í hlutarins eðli. Það veit á gott, það veit á að Samkeppnisstofnun er að störfum þar sem hún á að vera að störfum ef þessum aðilum er órótt.

Auðvitað er alveg ljóst að á Íslandi er mikið fákeppnisumhverfi á fjölmörgum sviðum viðskipta, samgöngum, flutningum, bönkum, tryggingafélögum, olíufélögum o.s.frv. og það verður að líta á þessi mál í því ljósi. Ég tel að löggjöfin hafi verið að þróast eðlilega og framkvæmdin verið að mótast og það séu engin tilefni til að rjúka upp og fara að breyta lögunum þó að umræður og jafnvel átök hafi orðið um einstaka úrskurði. Að sjálfsögðu er ekkert heilagt í þessum efnum, ekki lögin og ekki starfsaðferðir Samkeppnisstofnunar. Það geta verið tilefni til að endurmeta þá hluti en það á að gera í rólegheitum og yfirvegað en ekki í tengslum við upphlaup út af einstökum úrskurðum.

[17:34]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að í þessu svari var í sjálfu sér ekki mikil hætta á ónógum eða misvísandi upplýsingum.

(**SJS:** Ónákvæmum.) Ónákvæmum upplýsingum. Hins vegar ítreka ég það sem kom fram í svarinu að þetta eru tiltölulega mjög ung lög og það er fyrst núna að reyna á einstaka þætti þeirra sem snúa beinlínis að samkeppnismarkaðnum þar sem fyrirtækin sem starfandi eru á litlum markaði með einokunaraðstöðu eða oft og tíðum fákeppnisaðstöðu verða fyrir barðinu á samkeppnisyfirvöldum. Einstök átök og deilur sem koma upp um hvernig samkeppnislögunum er beitt mega ekki verða til þess að menn fordæmi lögin og segi sem svo: Þarna verður að gera breytingar, og þá tek ég dæmi af 18. gr. sem slíkri sem hefur mest verið rætt um núna upp á síðkastið.

Ég hef hins vegar í hyggju, kannski síðari hluta sumars eða næsta haust, að eðlilegt sé að taka samkeppnislögin að því leyti til skoðunar og fara yfir hvernig framkvæmdin hafi gengið. Það á ekki að verða gert út frá hagsmunum einstakra fyrirtækja eða þeirra sem kvarta. Um það verður að hafa mjög breiða pólitíska samstöðu. Að því þarf Alþingi að koma að einhverju leyti. Þá á ég við þá flokka sem eiga fulltrúa á þingi og atvinnulífið að nokkru leyti líka, einfaldlega til þess að meta hvernig til hefur tekist. Þessi löggjöf var sett á sínum tíma, ef ég man rétt árið 1993 og kom þá til framkvæmda. Hún markar alger tímamót á þessu sviði og margar þjóðir benda á frá sinni reynslu og hafa horft á íslensku samkeppnislögin að mönnum hafi tekist að búa hér á Íslandi út samkeppnislög sem taki á mörgum þeim þáttum sem aðrar þjóðir öfunda okkur af að verið sé að taka á. Við eigum því að vanda okkur og við eigum að fara yfir þessi mál að mjög yfirlögðu ráði en ekki að hlaupa til af því að menn eru að kvarta. En ég ítreka það þó að menn verða líka að passa sig að beita þessu skynsamlega vegna þess að við erum á litlum markaði.

[17:36]

**Útbýting þingskjala:**

Erlendar skuldir þjóðarinnar, 675. mál, fsp. PHB, þskj. 1166.

Innheimta komugjalda heilsugæslustöðva, 662. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1135.

Veiting ríkisborgararéttar, 582. mál, þskj. 1161.

Út af dagskrá voru tekin 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 17:37.

---

## 103. FUNDUR

þriðjudaginn 14. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
2. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051. — 1. umr.
3. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 630. mál, þskj. 1086. — 1. umr.
4. Yfirskattanefnd, stjfrv., 641. mál, þskj. 1104. — 1. umr.
5. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 625. mál, þskj. 1072. — 1. umr.
6. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 642. mál, þskj. 1105. — 1. umr.
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 654. mál, þskj. 1127. — 1. umr.
8. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 655. mál, þskj. 1128. — 1. umr.
9. Gjaldmiðill Íslands, stjfrv., 555. mál, þskj. 944, nál. 1159. — 2. umr.
10. Samningar með tilkomu evrunnar, stjfrv., 556. mál, þskj. 945, nál. 1160. — 2. umr.
11. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 989 (með áorðn. breyt. á þskj. 1107). — 3. umr.
12. Flugmálaáætlun 1998-2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Síðari umr.
13. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879, nál. 1136. — 2. umr.
14. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá vísindasiðanefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

[13:31]

**Útbýting þingskjals:**

Sameining sveitarfélaga, 538. mál, svar félmrh., þskj. 1102.

### *Tilkynning um dagskrá.*

[13:31]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Um fundahaldið í dag og næstu daga tekur forseti þetta fram: Um klukkan fjögur í dag verður utandagskrárumræða um ráðstöfun sýslumannsembættisins á Hólmavík. Málshefjandi er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hæstv. dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Á morgun klukkan ellefu verður umræða um skýrslu viðskrh. um málefni Landsbanka Íslands hf. Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar svo og við hæstv. viðskrh. Að öðru leyti verða þingmannamál á dagskrá á morgun og fyrir hádegi á fimmtudag. Síðari hluta fimmtudags verða mál úr nefndum og stjórnarfrumvörp. Á föstudag og laugardag verða nefndarfundir eins og áður hefur verið tilkynnt.

### *Tollalög, 1. umr.*

Stjfrv., 619. mál. — Þskj. 1050.

[13:33]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum. Þetta er þskj. 1050, 619. mál.

Helsta breytingin sem lögð er til í frv. er að lögfestur verði viðauki við tollalög þar sem tilgreindar verði ýmsar vörur á sviði upplýsingatækni sem ekki verði heimilt að leggja toll á. Jafnframt falli niður tollur af þeim vörum sem falla undir viðaukann og bera nú tolla.

Á ráðherraráðstefnu í Singapore í desembermánuði 1996 gerðust 28 ríki, sem starfa í Alþjóðaviðskiptastofnuninni, aðilar að ráðherrayfirlýsingu um niðurfellingu tolla í þrepum fyrir árið 2000 af ýmsum vörum á sviði upplýsingatækni. Síðar hafa fleiri ríki gerst aðilar að yfirlýsingunni og alls eru nú 43 ríki aðilar að henni og talið er að þau stundi um 93% heimsviðskipta með vörur á sviði upplýsingatækni. Í yfirlýsingunni er því lýst yfir að aðildarríki hennar skuli þróa viðskiptahætti sína þannig að það auki möguleika fyrir markaðsaðgang vara á sviði upplýsingatækni en jafnframt skuli aðildarríkin afnema toll af vörum sem tilgreindar eru í viðaukum við yfirlýsinguna. Niðurfelling og binding tolla af þessum vörum áttu samkvæmt yfirlýsingunni að gerast í tilteknum áföngum og skyldi vera að fullu lokið 1. jan. árið 2000 en þó var hvatt til örari niðurfellingar.

Í framhaldi af gerð þessarar yfirlýsingar lagði hvert ríki fyrir sig fram skuldbindingaskrá yfir þær vörur sem féllu undir ákvæði yfirlýsingarinnar og tollar skyldu afnumdir af. Á listanum, sem var lagður fram af Íslands hálfu, eru vörur sem tilgreindar eru í lista sem lagt er til að verði hluti af viðauka II og ber heitið viðauki IIC. Þar er að mestu leyti um að ræða vörur sem engir tollar eru á í dag og hefur þess vegna tiltölulega litla þýðingu fyrir ríkissjóð eins og síðar verður vikið að.

Vörur sem tollar falla niður af og óheimilt verður að leggja tolla á samkvæmt yfirlýsingunni eru m.a. óáteknir miðlar, hugbúnaður, rafmyndasímtæki, hljóðnemar, hátalarar, símsvarar svo og ýmiss konar fjarskiptaútbúnaður. Fæstar þeirra vara sem falla undir ákvæði ráðherrayfirlýsingarinnar bera nú tolla og hefur Ísland reyndar þegar skuldbundið sig til að leggja ekki tolla á margar þeirra. Þó eru tilteknar vörur sem falla undir yfirlýsinguna sem bera nú tolla og tollar munu því falla niður af. Þar ber helst að nefna rafmyndasímtæki, hljóðnema, hátalara, símsvara og svokallaða óátekna miðla, þ.e. segulbönd, myndbönd og diska.

Eins og ég sagði áður er erfitt að áætla hvert árlegt tekjutap ríkissjóðs verður við niðurfellingu tolla. Í heild má þó ætla að tekjutapið verði vart meira en 25 millj. kr. á ári. Á móti kemur að afnám tolla af þessum vörum auðveldar útflutning af ýmsum vörum á sviði upplýsingatækni sem framleiddar eru hérlendis en öllum er kunnugt um að íslenskur iðnaður, hugbúnaðariðnaður, hefur verið í mikilli framför á undanförnum árum.

Í annan stað er lagt til í þessu frv. að dregið verði úr ábyrgð þeirra aðila sem koma fram fyrir hönd innflytjenda við tollafgreiðslu á því að aðflutningsgjöld verði greidd. Samkvæmt ákvæðum tollalaga er meginreglan sú þegar einhver annar aðili en innflytjandi kemur fram gagnvart tollyfirvöldum við tollafgreiðslu ábyrgist sá aðili in solidum ásamt innflytjanda að aðflutningsgjöld verði greidd. Sem dæmi um slíka aðild má nefna flutningsmiðlanir, hraðflutningsfyrirtæki og rekstraraðila tollvörugeymslna. Standi innflytjandi ekki í skilum með greiðslu aðflutningsgjalda er því hægt að krefja umboðsaðilann um greiðslu aðflutningsgjaldanna. Telja verður að ábyrgð umboðsaðila á greiðslum aðflutningsgjalda sé of víðtæk, m.a. vegna þeirra breytinga sem urðu á tölvukerfi og tollafgreiðsluháttum á síðasta ári en þá var umboðsaðilum gert kleift að skuldfæra aðflutningsgjöld beint á innflytjendur, þ.e. þá sem njóta greiðslufrests í tolli. Því er lagt til í frv. að ábyrgð umboðsaðila falli brott við skuldfærslu aðflutningsgjalda á innflytjanda. Þó er gert ráð fyrir að umboðsmaður beri áfram solidariska ábyrgð í þeim tilvikum er umboðsaðili hefur ekki haft heimild til að skuldfæra aðflutningsgjöld á innflytjanda eða þegar umboðsmaður vissi eða mátti vita að upplýsingar sem voru veittar við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, er lagt til í þessu frv. að ríkistollstjóri og tollstjórar í stað fjármálaráðherra nú skipi tollverði við embætti sín. Þó er gert ráð fyrir að fjmrh. skipi áfram yfirtollverði, aðaldeildarstjóra og deildarstjóra. Það fyrirkomulag að fjmrh. skipi tollverði þykir of þungt í vöfum og er breyting því lögð til. Það skal tekið fram, virðulegi forseti, að svipuð breyting var gerð eða var fyrirhugað að gera með framlagningu laga um lögregluna — ég man nú ekki lengur nákvæmlega hvaða lög það eru — þar sem gert var ráð fyrir að nokkur breyting yrði á skipun lögreglumanna en þó ekki yfirlögregluþjóna og annarra yfirmanna lögreglunnar. Ég fer ekki nánar út í þá sálma enda kann sú tillaga að hafa breyst í meðförum þingsins. (Gripið fram í.) Já, svo mun vera.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á málsmeðferðarákvæðum tollalaga í því skyni að ákvæðin verði skýrari og að ótvírætt verði að endurákvörðun tollstjóra og ríkistollstjóra sé kæranleg beint til ríkistollanefndar án þess að fyrst verði að kæra hana til viðkomandi tollyfirvalds.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna sem varða skylduaðila sem koma fram fyrir hönd innflytjenda til varðveislu gagna um innflutninginn. Lagt er til að geymsluskyldan verði að meginstefnu til hjá innflytjendunum sjálfum ef þeir eru bókhaldsskyldir, geymsluskylda umboðsmanna takmarkist hins vegar við tölvutæk gögn sem varða tollafgreiðsluna sjálfa.

Loks eru í sjötta lagi lagðar til orðalagsbreytingar á einstökum greinum laganna sem miða að því að færa orðalag þeirra til samræmis við breytingar sem orðið hafa á póststarfsemi á undanförnum árum og til að gera orðalag einstakra greina skýrari og leiðrétta ónákvæmt orðalag.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málið afgreitt til 2. umr. og sent hv. efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 1. umr.*

Stjfrv., 620. mál. — Þskj. 1051.

[13:41]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, en frv. gerir ráð fyrir breytingum á hvorum tveggja þessum lögum. Þetta frv. er að finna á þskj. 1051 og er 620. mál þessa þings.

Á undanförnum árum hafa sífellt verið gerðar strangari kröfur til opinberra aðila um hvernig staðið skuli að innkaupum vöru, þjónustu og framkvæmda. Er það í samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Einnig hefur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gert strangari kröfur um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Þrátt fyrir þetta má segja að fyrirkomulag innkaupa ríkisins hafi verið gott miðað við önnur lönd. Hér á landi fór snemma að tíðkast notkun útboða við innkaup og formfastar reglur voru settar um tilhögun þeirra. Má að nokkru leyti þakka það því að auk þess að leita fyrirmynda í Evrópu var á sínum tíma einnig fylgst með skipan þessara mála í Bandaríkjunum. Ég vil, virðulegi forseti, nefna í þessu sambandi sérstaklega lög nr. 63/1970, sem hér er verið að breyta, sem Magnús Jónsson, fyrrv. fjmrh., hafði forgöngu um að setja, en sú löggjöf held ég að hafi skipt sköpum um þróun þessara mála hér á landi.

Þau lög, sem nú eru í gildi og ég nefndi og varða innkaup ríkisins, eru annars vegar lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og hins vegar lög nr. 52/1987, um opinber innkaup. Breytingar voru gerðar á þessum lögum með lögum nr. 55/1993 vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en í þeim samningi eru gerðar miklar kröfur um hvernig haga skuli innkaupum opinberra aðila.

Í maí 1993 samþykkti þáverandi ríkisstjórn útboðsstefnu ríkisins og var hún þáttur í því umbótastarfi sem stjórnvöld hafa unnið að til að koma á nýskipan í rekstri ríkisins. Gerðar voru kröfur um aukin útboð á vegum ríkisins og að skýrar reglur giltu um útboð þannig að jafnræðis væri gætt milli þeirra sem bjóða ríkinu viðskipti. Jafnframt var það markmið útboðsstefnunnar að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Nokkur reynsla er nú komin af þeim tilmælum sem fólust í stefnunni. Útboð hafa aukist verulega og gætir yfirleitt ánægju með það hjá seljendum vöru, þjónustu og framkvæmda.

Á svipuðum tíma og útboðsstefnan var samþykkt gaf stjórn opinberra innkaupa út reglur um innkaup ríkisins. Þeim var ætlað að skýra samskipti og skapa traust milli kaupenda og seljenda. Jafnframt gaf stjórnin út handbók um innkaup innan Evrópska efnahagssvæðisins og var henni ætlað að vera opinberum aðilum leiðsögn í þeirri skyldu sem aðild að EES hafði í för með sér varðandi opinber innkaup. Nýlega voru reglur um innkaup ríkisins og ýmis atriði útboðsstefnunnar fest í sessi með því að sameina ákvæði þeirra reglugerð um opinber innkaup í reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda var lagt fram sl. vor en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarp þetta er byggt á því frumvarpi. Helsta breytingin frá því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi er að horfið er frá þeirri hugmynd að skipa sérstaka kærunefnd útboðsmála.

Gert er ráð fyrir að farið verði með brot á lögum samkvæmt almennum reglum þannig að verktakar, birgjar og þjónustuaðilar geti leitað til dómstóla og eftir atvikum sýslumanns, sé brotið á rétti þeirra. Ætlunin er að ákvæði um sérstakt úrskurðarvald fjmrh., þar sem ráð gert er fyrir því að leitað sé til hans áður en mál séu borin undir dómstóla, verði felld brott. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við þessa skipan mála og bent á að fjmrn. og önnur ráðuneyti eigi oft hagsmuna að gæta í innkaupamálum. Hins vegar er ekki talið skylt að láta sérstaka úrskurðaraðila fjalla um kærumál vegna brota á reglum EES-samningsins um opinber innkaup. Í Noregi og Bretlandi er t.d. fjallað um þessi mál í almenna dómskerfinu.

Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim ákvæðum laganna sem fjalla um viðmiðunarfjárhæðir en þær breytingar eiga rót að rekja til breytinga sem gerðar voru á tilskipun um opinber innkaup síðasta haust. Tilskipun þessi var sett til að laga löggjöf Evrópusambandsins að reglum GATT-samningsins um opinber innkaup. Til skoðunar er að Ísland gerist aðili að þeim kafla GATT-samningsins sem fjallar um opinber innkaup. Slíkt mundi kalla á frekari lagasetningu.

Loks eru lagðar til ýmsar breytingar í því skyni að kveða skýrar á um atriði er þykja óljós í núgildandi lögum. Frv. er m.a. ætlað að koma til móts við athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA vegna núverandi skipunar kærumála. Það hefur verið sent til stofnunarinnar til umsagnar að því er þetta atriði varðar. Nauðsynlegt kann að vera að gera einhverjar breytingar á frv. að fengnum athugasemdum stofnunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að í Evrópulöndum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópusambandinu mun vera vaxandi áhugi á því að taka upp ákvæði um stjórnvald sem úrskurðað geti í málum þar sem ágreiningur er m.a. um opinber innkaup. Það er hins vegar ekki talin vera skylda og af hálfu íslenskra stjórnvalda var ákveðið að fara þessa leið. Íslensk stjórnvöld og hv. Alþingi verða á næstu árum að fylgjast vel með þessum málum og breyta löggjöfinni til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar ef við viljum njóta þess hagræðis sem öllum er ljóst að er af því að geta boðið út á stærra svæði en íslenska ríkisvaldið nær til.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og sent hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fjáraukalög 1997, 1. umr.*

Stjfrv., 630. mál. — Þskj. 1086.

[13:48]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Samkvæmt venju liggur frammi frv. til fjáraukalaga. Ég vil byrja á að segja að ég teldi það afar gott ef hv. Alþingi gæti afgreitt þetta frv. til fjáraukalaga, svokallað seinna frv., vegna ársins 1997. Þar er árið 1997 gert upp eins og tíðkast hefur með undangengin ár.

Ég vil einnig segja frá því að vonandi mun verða hægt að leggja fram ríkisreikning vegna sl. árs innan tíðar. Fjmrn. stefnir að því að á næstu árum verði hægt að leggja það frv. fram, frv. til laga um ríkisreikning vegna fyrra árs, á vorþinginu jafnvel þótt frv. fái ekki afgreiðslu á því þingi. Það væri auðvitað bráðnauðsynlegt, m.a. vegna upplýsinga sem þar koma fram og snerta undirbúning fjárlagagerðar á hverjum tíma.

Af þessu tilefni, virðulegi forseti, vil ég rifja það upp að fyrir nokkrum árum þurfti ég að mæla fyrir einum sex eða sjö ríkisreikningum í röð. Ég vil sérstaklega taka fram að ég tel að á undanförnum árum hafi verið tekið ærlega til í þessum málum af hálfu ráðuneytisins og við höfum reynt að leggja frv. fram snemma til að geta mætt þeim eðlilegu

óskum hv. þm. og almennings að fyrir liggi sem allra nýjastar upplýsingar um ríkisfjármálin þegar fjallað er um fjárlög og fjárlagafrv. næsta árs.

Í greinargerð með frv. til fyrri fjáraukalaga ársins 1997 er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á sl. ári og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga.

Fyrir Alþingi verður lögð skýrsla um ríkisfjármál árið 1997 þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör er skýrð. Á síðasta ári var gerð sú breyting á uppsetningu lagagreina þessa frv. miðað við fyrri ár, að eingöngu var sótt um heimildir fyrir greiðslum umfram fjárveitingar í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins. Niðurfelling óhafinna fjárveitinga var því ekki tilgreind sérstaklega í lagagreinum frv. Sami háttur er hafður á uppsetningu frv. í ár.

Samkvæmt greiðsluuppgjöri var ríkissjóður rekinn með 5 milljarða kr. afgangi á síðasta ári. Er það í fyrsta sinn um langt skeið sem rekstur ríkissjóðs skilar tekjuafgangi. Þá eru undanskildar vaxtagreiðslur sem námu 3,8 milljörðum kr. og voru færðar til bókar á greiðslugrunni í kjölfar sérstakrar innköllunar á mörgum eldri flokkum spariskírteina. Við þá endurfjármögnun falla vaxtagreiðslur ríkissjóðs til fyrr en ella. Að þessari sérstöku aðgerð meðtalinni var tekjuafgangurinn 1,2 milljarðar kr. á greiðslugrunni.

Ég vil, virðulegi forseti, af þessu tilefni minna á að á undanförnum árum hef ég lagt mig fram um að kalla inn flokka spariskírteina sem borið hafa háa vexti. Það hefur fyrst og fremst verið gert til þess að spara ríkissjóði fjármuni, jafnvel þótt sá sparnaður komi ekki fram fyrr en eftir minn dag í fjmrn., en styttist nú mjög í dvöl minni þar eins og sumir vita. (**SJS:** Ha?) Ég vona að sumir hafi frétt af þessu.

Hins vegar skiptir það kannski meira máli að með þeim breytingum sem við höfum staðið að í þessu sambandi, hefur okkur tekist að lækka vexti verulega á skuldbindingum ríkissjóðs. Það hefur leitt til þess að ríkið greiðir nú miklu minna í vexti. Þannig gefst færi á að greiða niður skuldir ríkissjóðs hraðar eða nýta þá fjármuni til annars.

Ég vil þakka þeim hv. þm. sem sýnt hafa skilning á því að við fjárlagagerð á hverjum tíma var ekki hægt að setja þessi atriði í frumvörpin. Það var ekki hægt að gera fyrr en fyrir lágu upplýsingar frá viðeigandi opinberum stofnunum eftir ítarlega skoðun. Ég ætla ekki að gera það að aðalmáli hér. Ég er fyrst og fremst að segja þetta til skýringar, m.a. á því hvers vegna vaxtagreiðslur hafa á greiðslugrunni á undanförnum árum verið hærri en ella. Þetta hefur hins vegar ekkert með svokallaðan rekstrargrunn að gera. Hann er sá grunnur sem fjárlög nú byggjast á og munu byggjast á í framtíðinni. Þannig eru ríkisreikningur og fjárlög á sama grunni og þar er því sambærilegar tölur að finna.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 urðu um 132 milljarðar kr. eða um 200 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fjmrn. sem fram kom í fyrri fjáraukalögum ársins 1997. Hlutfall ríkistekna af landsframleiðslu árið 1997 er áætlað 25%. Það er ívið lægra en árið áður. Hækkun tekna, frá því sem reiknað var með við setningu fjárlaga, nam um 5,8 milljörðum kr. og veldur það mestu um afkomubata ríkissjóðs. Þar gætir áhrifa af hagstæðri efnahagsframvindu á árinu.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á sl. ári urðu 127 milljarðar kr. að frátöldum framangreindum áhrifum af sérstakri innlausn spariskírteina. Þau voru um 0,8 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hlutfall útgjaldanna af landsframleiðslu er áætlað 24,1% og lækkar verulega frá árinu áður eða um 1,7%. Óhafnar fjárveitingar ráðuneyta námu alls 5,7 milljörðum kr. í árslok 1997 en greiðslur umfram veittar heimildir námu nærri 2,9 milljörðum kr.

Sótt er um heimildir fyrir umframgreiðslunum í þessu frv. til síðari fjáraukalaga eins og fram kemur í niðurstöðusamtölu í 2. gr. frv. Mismunur afgangsheimilda og umframgreiðslna nemur 2,9 milljörðum kr. eins og fram kemur í samtölu gjalda í 1. gr.

Í fskj. I eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum ársins 1998 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1997, svonefndar yfirfærslur milli ára. Í fskj. II eru sýnd umframgjöld og afgangsheimildir sem falla niður í lok ársins 1997 og ekki er fyrirhugað að draga frá eða bæta við fjárveitingar ársins 1998. Þetta eru samtals um 1.300 millj. kr.

Virðulegi forseti. Við 1. umr. hefur ekki verið venja að fjalla um einstök ráðuneyti, um heimildir til útgjalda á vegum þeirra og hvernig útgjöld hafi staðist fjárlagaheimildir, né heldur um það yfirlit sem fylgir með þessu frv. Hins vegar ber að benda á töflu á bls. 17 sem sýnir breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997. Á töflunni má sjá hvernig fjárveitingar fara yfir áramót. Tekið skal fram, og það verður kannski aldrei of oft gert, að vafalítið hefur það haft gífurlega mikla þýðingu fyrir stjórn ríkisfjármálanna á undanförnum árum að geta sagt að óhafnar fjárveitingar geti færst á milli ára. Fyrir nokkrum árum var það þannig að einstakir stjórnendur í ríkisrekstri reyndu að eyða fjármunum sem þeir höfðu samkvæmt fjárlögum síðast á árinu, af ótta við það að ef þeir verðu ekki fjármununum til tiltekinna nota yrðu þeir fjármunir teknir af þeim í fjárlögum næsta árs. Sparnaður var ekki dyggð. Dyggðin var að koma peningunum í lóg. Með breyttum stjórnunarháttum sem m.a. koma fram í þessu hefur það gerst að menn treysta mun betur en áður því að eðlileg og góð og aðhaldssöm ráðdeildarstjórn í ríkisrekstrinum skili mönnum fjármunum en ekki hinu gagnstæða.

Ég legg áherslu á að það sem hefur gerst á undanförnum árum er þáttur í því hve vel hefur tekist til í ríkisfjármálunum. Ég viðurkenni hins vegar að það er ekki alltaf auðvelt að átta sig á þessari töflu en það er hægt að vísa til 2. gr. Ef við drögum fyrsta dálkinn frá öðrum dálki, þ.e. dálkinn fyrir umframgjöld 1997 frá dálki fyrir óhafnar greiðslur 1998, þá er mismunurinn 2,8 milljarðar kr. Það eru þeir fjármunir sem um getur í 1. gr. frv.

Ef við hins vegar leggjum tölurnar saman, og þá verður auðvitað að líta á að sumar þeirra eru neikvæðar í þriðja til sjötta dálki, eru 1.576 millj. kr. færðar yfir til ársins 1998. Um það er nánar getið um í fskj. I. Ég vona að þetta hafi ekki ruglað hv. þm., það átti að vera til skýringar. Þetta hefur hins vegar verið til umræðu hér á hverju einasta ári að undanförnu. Ég vonast til að við áttum okkur betur en áður á því hvernig þessi tafla er byggð upp.

Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að fara mörgum fleiri orðum um frv. Hv. fjárln. fær það til meðhöndlunar og fer auðvitað yfir einstaka þætti þess með þeim aðilum sem gefið geta sem besta upplýsingar um málið.

Að lokinni þessari umræðu vil ég gera tillögu um frv. verði samþykkt til 2. umr. og sent til hv. fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

[14:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mér finnst ekki nokkur leið önnur en að hæstv. fjmrh. fái einhverjar umræður um þetta merka fjáraukalagafrv. sem hann mælir hér fyrir (**Gripið fram í:** Hans síðasta líka.) Og ekki síst vegna þeirra merku tíðinda sem komu mönnum auðvitað algjörlega á óvart og komu fram í ræðu hæstv. ráðherra, að það kynni nú að styttast í embættisferli hans í fjmrn. Það hlaut einhvern tíma að koma að því að hæstv. ráðherra léti af embætti en hann hefur nú þegar gegnt því samfellt lengur en nokkur annar maður. Vissulega er hægt að gleðjast með hæstv. ráðherra yfir því að viðskilnaðurinn er allgóður í þeim skilningi að góðæri undanfarinna missira hefur að sjálfsögðu skilað ríkissjóði nokkrum tekjuauka þannig að það gerist nú í fyrsta sinn um mjög langan tíma að ríkissjóður er rekinn með afgangi. Það mun þurfa að fara aftur til fjármálaráðherratíðar hv. þm. Ragnars Arnalds til að finna sambærilegar tölur í þeim efnum.

Vissulega á hæstv. fjmrh. talsvert verk að vinna að ná upp þeim mikla halla á ríkissjóði sem var á fyrri hluta starfstíma hans. Hann mun eins og kunnugt er einnig hafa slegið Íslandsmet í hallarekstri ríkissjóðs á fyrri hluta starfsferils síns en samanlagður halli ríkissjóðs á þeim árum var af stærðargráðunni í kringum 40 milljarðar kr. og þarf því afgang þann sem nú er á ríkissjóði um nokkuð langt árabil til að ná jöfnu. En til þess að horfa fyrst og fremst á björtu hliðarnar eins og segir í kunnum dægurlagatexta, þá skulum við gleðjast með hæstv. ráðherra við leiðarlok hans sem fjmrh. yfir því að staðan er þó þessi. Við þökkum honum að sjálfsögðu fyrir samstarfið hér á undangengnum árum.

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst tvö málefni sem ég ætlaði lítillega að gera að umtalsefni. Ég hafði reiknað með að sérfræðingar vorir í ríkisfjármálum, fjárlaganefndarfólk eða aðrir slíkir, yrðu búnir að opna hér umræður. En úr því svo er ekki vil ég koma að því máli sem ég ætlaði að víkja lítillega að. Það eru málefni tveggja ráðuneyta eða tveir málaflokkar. Það fyrra er blessað utanrrn. Við ræddum lítillega um útafkeyrslu utanrrn. í tengslum við fjáraukalaga- og fjárlagaumræður í nóvember og desembermánuði sl., að vísu við litla hrifningu sumra. Ég hygg að húsbóndinn, hæstv. utanrrh., hafi verið með brosminna móti undir þeim umræðum. En staðreyndin er sú að það á ekki að persónugera slík mál heldur líta á það sem þarna hefur gerst.

Það vakti mikla athygli svo ekki sé meira sagt að þessu tiltölulega litla ráðuneyti, utanrrn., skyldi takast að keyra svo hressilega út af á árinu 1997 að tæpan hálfan milljarð þurfti í aukafjárveitingar eða fjáraukaheimildir þegar fyrra fjáraukalagafrv. ársins 1997 var til hér umfjöllunar. Ég er með það skjal, herra forseti, þ.e. stöðuskjalið eftir 2. umr., eftir að brtt. meiri hluta fjárln. við 2. umr. höfðu verið samþykktar. Þá voru heimildir utanrrn. komnar í 492 millj., 492,6 millj. Ég ætla ekkert að endurtaka þá umræðu alla. Það var út af fyrir sig verið að gefa skýringar á þessu. Það hefði mjög óvænt komið upp á að það þyrfti að opna sendiráð í Finnlandi og svo hefði þurft að leggja í gífurlegan kostnað vegna sendiráðsbústaða í bæði London og Washington. Menn spurðu sem svo: „Hvernig í ósköpunum má vera að slíkt komi svo mjög á óvart að menn séu algjörlega varnarlausir gagnvart því og þurfi að taka slíkar tölur inn á fjáraukalög?" Ég tel að þær skýringar sem fram komu hafi ekki verið fullnægjandi eða tæmandi í öllu tilliti, alla vega ekki til marks um að allt sé alveg 100% í fjármálastjórn og áætlunargerð í þessu ágæta ráðuneyti og það verða menn að taka til skoðunar og reyna að kippa því í liðinn. Menn vakna ekki upp einn góðan veðurdag þegar langt er liðið á fjárlagaár við að útgjöld af þessari stærðargráðu verði að koma inn á fjáraukalög, svo nemur hundruðum milljóna króna og að heilir og hálfir sendiráðsbústaðir erlendis séu allt í einu í uppnámi og þurfi að fá peninga svo nemur t.d. 290 millj. vegna eins þeirra, eins og átti við um tilfellið í London.

Ég er að rifja þetta upp, herra forseti, vegna þess að utanrrn. heldur áfram í þessu fjáraukalagafrv., númer 2 fyrir árið 1997. Ég sé ekki betur en að það fái fullkomlega sinn hlut svona hlutfallslega í viðbót við hálfa milljarðinn tæpa frá því fyrir jólin. Það eru sem sagt rétt tæpar 80 milljónir sem nú þarf að bæta við heimildir vegna utanrrn., en upphaf 2. gr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. 2. gr. laga nr. 120/1997 ..."

Þ.e. 2. gr. fjáraukalagafrv. hins fyrra. Hérna er með öðrum orðum verið að fara fram á viðbótarútgjaldaheimildir til viðbótar fjárlögunum og fjáraukalögunum sem samþykkt voru fyrir jól. Það vekur auðvitað enn athygli að utanrrn. skuli þurfa tæpar 80 millj. í viðbót vegna alls konar liða. Tökum til dæmis blessað sendiráðið í Finnlandi, sem ræðumaður er, vel að merkja, eindreginn stuðningsmaður að sé komið þar á fót. Gleymdist nú ekki óvart að áætla fyrir tækjum og búnaði og slíkum hlutum? Maður spyr sig auðvitað að því: „Hvernig getur það gerst?"

Hér eru ótrúlegustu hlutir sem maður er satt best að segja mjög undrandi á. Að það skuli þurfa að leita eftir umtalsverðum fjáraukaheimildum þegar komið er inn á næsta fjárlagaár vegna rekstrar t.d. sendiráða eða fastanefnda sem eiga að vera í tiltölulega föstum skorðum. Það er ekki um neina nýja hluti að ræða. Ég veit ekki betur en að sendiráðið í París og aðild okkar að OECD og UNESCO sé löngu ákveðinn hlutur og það er ekkert nýtt í því á árinu 1997. Af hverju þarf þá allt í einu tæpar 6 milljónir í aukafjárveitingu til slíkra hluta? Er það vegna þess að eitthvað nýtt hafi komið upp á eða er það vegna þess að grunnurinn að fjárlagatillögum ársins sem leið frá viðkomandi ráðuneyti sé svona illa unninn, það vanti svona mikið í hann?

Mér finnst ástæða til að farið verði yfir þetta og ég beini því til hv. fjárln., auk þess sem auðvitað væri áhugavert að heyra svör hæstv. fjmrh. við þessu ef einhver eru, ef hann hefur skýringar á reiðum höndum.

Það er skiljanlegt, herra forseti, þegar hlutir eins og gæslulið Sameinuðu þjóðanna eða friðargæsla á átakasvæðum þurfa skyndilega á meira fjármagni að halda. Það er „eðlilegur", ef svo má að orði komast, fjáraukalagaliður þegar augljóslega er um að ræða verkefni sem erfitt er að áætla útgjöldin og eru breytingum undirorpin. En það vekur auðvitað athygli að það skuli þurfa svona mikið í fastarekstur sendiráða eða fastanefnda og annarra slíkra hluta. (**Gripið fram í:** Eru það tölvukaup?) Það var nú ekki verið að finna tölvurnar upp í gær þannig að ég skil ekki að það ætti heldur að þurfa að koma mönnum algjörlega á óvart, ekki nema þeir hafi verið með reiknistokka í öllum sendiráðunum og svo frétt af því nýlega að komin væru til sögunnar fyrirbæri sem hétu tölvur. Því trúi ég náttúrlega ekki. Þetta hlýtur að vera eitthvað sem er hægt að lagfæra, herra forseti, við trúum því. Hin háa fjárln. hefur ekkert annað að gera eftir áramót eins og kunnugt er en að skoða þessa hluti og yrkja eina og eina

vísu. Hún hefur nægan tíma til þess núna eftir áramótin þegar ekki er sama annríkið við fjárlagaafgreiðsluna og er fyrir jól, að fara vel ofan í saumana á þessum hlutum. Ég legg til að hin háa fjárln. líti betur yfir áætlunargerð hjá utanrrn. og þess vegna öðrum aðilum sem gefa sambærilegt tilefni til þess að staða þeirra sé skoðuð.

Þá að því síðara, herra forseti, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni. Það kemur væntanlega ekki mikið á óvart en það er heilbr.- og trmrn. Það er skaði að hæstv. heilbrrh. er ekki viðstaddur því að æskilegt er að fagráðherra sé til staðar jafnframt til að gefa skýringar á sínum málum. Heilmikil umræða var um stöðuna í heilbrigðismálunum og þá gríðarlegu fjárvöntun sem var til þess málaflokks í fjáraukalagafrv. á síðari hluta ársins 1997 sem var auðvitað sönnun þess sem við í stjórnarandstöðunni héldum fram við afgreiðslu fjárlaga í desember 1996, að það væri stórkostlegt gat í fjárlagafrv. hvað varðaði útgjöld til heilbr.- og trmrn.

Það kom heldur betur á daginn því að niðurstöðutala fjáraukalagafrv. eftir 2. umr. samkvæmt stöðuskjali var upp á rétt tæpa tvo milljarða kr., 1.981,5 millj. kr. Þar voru mjög stórir liðir sem tengdust t.d. stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og vanda í heilsugæslunni og á sjúkrahúsum úti á landi. Þeim liðum var þannig lokað að settir voru upp stórir pottar, óskiptir pottar t.d. fyrir sjúkrahús almennt á landsbyggðinni. Síðan áttu menn að sækja í þessa potta um einhvern hluta af óbrúaðri fjárþörf á árinu 1997. Það er að mínu mati, herra forseti, eðlilegt að hér við þessa umræðu eða í allra síðasta lagi við 2. umr. þessa fjáraukalagafrv. verði gefið tæmandi yfirlit yfir það hvernig ráðstöfun þessara potta hefur verið og hvernig staðan er hjá einstökum stofnunum sem áttu að sækja í þennan óskipta lið vegna þess að vandi þeirra er í raun falinn, honum er drekkt í þessum potti þannig að ekki er hægt út frá þessu skjali eða öðrum gögnum sem við þingmenn höfum í höndunum að átta sig á því hvernig hver einstök stofnun stendur, fyrir utan það að við heyrum fréttir af og til í fjölmiðlum af vanda einstakra stofnana.

Við vitum að síðan var haldið áfram sama leik við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998. Þeim var logið saman með miklu gati hvað varðaði raunverulega þörf vegna stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og fleiri slíkra stofnana. Samt er það svo að í fjárlaukalagafrv. sem við ræðum nú, er farið fram á á 800 millj. kr. í heilbr.- og trmrn. Þar eru áfram stórar tölur á ferð, t.d. vegna Ríkisspítala, 124,4 millj. Það fer væntanlega beint inn í rekstur þess batterís. Stjórnarnefnd, vegna viðhalds 106 millj. kr. Þar er væntanlega átt við stjórnarnefnd Ríkisspítala. Síðan eru nýframkvæmdir á Landspítalalóð með 31,9 millj. Það eru sem sagt um 260 millj. kr. sem Ríkisspítalar og mannvirkjagerð á Landspítalalóðinni fá þarna í viðbót samkvæmt þessu fjáraukalagafrv.

Við spyrjum þá um stöðuna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Menn hafa e.t.v. tekið eftir fréttum af miklum vanda sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri stendur núna frammi fyrir. Þar er verið að tala um að ganga enn lengra í lokunum og fækka aðgerðum og lengja biðlista þvert ofan í það sem gefið var í skyn við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga í desembermánuði sl., að þannig yrði leyst úr vanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að ekki þyrfti að koma til stórfelldrar skerðingar á þjónustu. Hvar eru nú þau fyrirheit? Getur hæstv. fjmrh. upplýst okkur um það? Ætlar hann að skilja þannig við þetta embætti að fjárveitingar til sjúkrahúsanna séu allar í uppnámi? Vill ekki hæstv. fjmrh. sýna af sér svolítið örlæti í lokin og taka almennilega á vanda þessara stofnana sem hann er búinn að kvelja undanfarin ár og þjarma að eins og allir vita og hefur gert hvern heilbrrh. á fætur öðrum gráhærðan. Þessi mál hafa meira og minna verið í upplausn allan þennan tíma.

Herra forseti. Mér finnst annað ómögulegt en við fáum einhverjar skýringar á þessu. Ég lýsi sérstaklega eftir því hvernig staðan er varðandi rekstur stóru sjúkrastofnananna. Hvað hefur orðið úr efndum? Hvernig hefur verið unnið að uppskiptingu óskiptu pottanna síðan í desember? Hvar eru þau mál á vegi stödd og hvað veldur því t.d. að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri stendur núna frammi fyrir ákvörðun um stórfelldan niðurskurð í rekstri og þjónustu þvert ofan í fyrirheit um annað sem gefin voru í jólamánuðinum? Hvað hefur orðið um þá fjármuni sem þar voru til ætlaðir og voru reyndar allt of litlir eins og var rækilega bent á af talsmönnum stjórnarandstöðunnar og sannast enn í þessum plöggum að svo miklu leyti sem hægt er að átta sig á því út frá ósundurliðuðum pottum sem þetta byggir allt á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Að sjálfsögðu mætti ræða margt fleira og væri eðlilegt að gera en ég ætla að einskorða mig fyrst og fremst við þessi tvö mál.

[14:16]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Það frv. til fjáraukalaga sem liggur fyrir sýnir endanlega útkomu ríkissjóðs fyrir árið 1997. Fjárlögin eru í eðli sínu heimildir um rekstur og umfang í ríkisstarfseminni en þótt fullt jafnvægi sé á í umfangsmiklum rekstri er vandkvæðum bundið að láta standa upp á krónu um áramót að notaðar séu þær heimildir sem fjárlögin veita. Athyglin hlýtur á þessu stigi að beinast að því sem út af stendur á hvorn veginn sem er þegar uppgjörsfjárlög eins og þessi líta dagsins ljós. Ég mun víkja örlítið nánar að því síðar.

Niðurstaðan nú er sú að ríkissjóður er rekinn með hagnaði og eins og hér hefur komið fram markar þetta tímamót því að tölur hafa ekki verið réttum megin við strikið í rekstri síðan 1983 og mörg orð hafa fallið á undanförnum árum um hættuna á skuldasöfnun ríkissjóðs og hallarekstri síðustu ára. Því er ekki að neita að uppsveifla í þjóðfélaginu hefur fært ríkissjóði tekjur sem ráða úrslitum um þessa útkomu fremur en að útgjöld hafi verið skorin niður. Það skal enn einu sinni endurtekið að brýn nauðsyn er til að hluti efnahagsbatans nýtist til að greiða niður skuldir þjóðarinnar, það rennir stoðum til frambúðar undir það velferðarkerfi sem við viljum hafa hér á landi. Þegar betur árar eins og nú er mjög áríðandi að hafa þetta í huga. Meiri tekjur leysa okkur ekki undan því að forgangsraða í útgjöldum ríkissjóðs. Það hefur þegar komið í ljós í þróun efnahagsmála á þessu ári að áhrif minnkandi lánsfjárþarfar ríkissjóðs af vaxtakerfinu í landinu hafa verið mjög jákvæð. Þar að auki er beinn hagnaður í ríkisfjármálum fólginn í lækkuðum vaxtagjöldum. Þá fjármuni sem losna við lækkandi skuldastöðu er hægt að nýta til enn frekari greiðslu á skuldum eða til brýnna verkefna sem eru ætíð fyrir hendi í rekstri ríkissjóðs eins og hefur komið fram í umræðunni.

Uppsetning fjárlaga fyrir árið 1998 er sem kunnugt er með öðrum hætti en árið 1997 og er reiknað með að gerð verði áætlun um að þau verði afgreidd hallalaus á greiðslugrunni þegar skuldbindingar hafa verið reiknaðar með. Nauðsynlegt er að framhald verði á hinni hagstæðu þróun ríkisfjármála sem útkoma fyrir árið 1997 sýnir.

Eins og fram hefur komið er um uppgjörsfjárlög að ræða og athyglin hlýtur því að beinast að þeim sem hafa farið fram úr fjárheimildum. Nauðsynlegt er fyrir fjárln. að kalla eftir skýringum í þessu sambandi hvort um rangar áætlanir sé að ræða eða umfang starfsemi umfram heimildir. Ríkissjóður hefur þegar skilað skýrslu um afkomu ríkissjóðs og gert fjárln. grein fyrir henni en nauðsyn ber til að kalla eftir skýringum fjmrn. og einstakra ráðuneyta eftir því sem tilefni gefst til. Varðandi þá umræðu sem hefur farið fram og ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég segja að ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu sem fram fór um málefni utanrrn. við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga en að sjálfsögðu mun verða leitað eftir skýringum á þeim atriðum sem koma fram í frv. Sömuleiðis vona ég að liggi fyrir staða mála fyrir 2. umr. málsins um ráðstöfun þeirra fjármuna sem voru ætlaðir til að bæta halla sjúkrahúsanna.

Sá starfshópur eða talsmenn hans sem fóru í það mál gerðu fjárln. grein fyrir áformum sínum í upphafi starfs síns og er ætlunin að fylgjast með því áfram. Ekki er síður nauðsynlegt að fara yfir ónýttar heimildir og hvað liggur að baki þeirra upphæðna og þeirra innstæðna sem má sjá í frv. Ég tek fram að eðlilegt er að heimildir séu gefnar til að draga ónotaðar heimildir í einhverju mæli yfir áramótin og ég tek undir að það hefur leitt í mörgum tilfellum til betri meðferðar fjármuna ríkissjóðs og er sammála hæstv. fjmrh. um það. Uppgjör ríkissjóðs má ekki leiða til kapphlaups stofnana til að nýta heimildir sínar fyrir áramót. Hitt er svo annað mál að full ástæða er til að fylgjast grannt með yfirfærslum og ákvörðunum, hvort þær eru leyfðar eða ekki, eða hvort heimildir eru felldar niður. Það verður að gera í framhaldi af framlagningu þessa máls hér.

Áætlanagerð um vaxtagjöld hefur vakið athygli í þessu sambandi og hefur verið bent á um 590 millj. kr. ónotaða heimild í vaxtagjöld ríkissjóðs. Tilefnið er í sjálfu sér ánægjulegt og vissulega er brýn nauðsyn að áætlanagerð sé sem nákvæmust. Batnandi efnahagsástand sést víðar í frv., m.a. í ónotuðum heimildum til greiðslu launa vegna gjaldþrota. Allt þetta vitnar um batnandi efnahagsástand en nauðsynlegt er fyrir alla sem fjalla um fjárlögin að gera allt til að áætlunin, sem þau byggjast á, sé sem nákvæmust.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni enda hef ég tækifæri til að koma að málinu nánar við athugun hv. fjárln. á frv. og einnig þegar það kemur til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að halda kveðjuræðu fyrir hæstv. fjmrh. eins og gert hefur verið hér á undan. Í tíð hans hefur orðið mikil breyting á framsetningu fjárlaga og meðferð allri í ríkisfjármálunum og ég hygg að þær breytingar sem gerðar hafa verið á síðustu árum auðveldi þeim starfið sem eiga að halda utan um þessi mál í framtíðinni.

[14:24]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið þetta tækifæri fram hjá mér fara til að ræða fjármál ríkisins, væntanlega í síðasta sinn við hæstv. fjmrh. sem eins og boðað hefur verið mun ganga í raðir almennra þingmanna í næstu viku. Þá getum við farið að ræða við hann almennt eins og hvern annan og hætt að ávarpa hann hæstvirtan hvað sem það svo stendur lengi.

Það eru nokkur atriði í þessu frv. sem mig langar að fá skýringar á ef hæstv. fjmrh. hefur þær handbærar. Eins og hefur komið fram endurspeglar frv. auðvitað þá miklu breytingu sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi og hér er enn verið að leiðrétta tekjutölur ríkisins frá því sem þegar hafði verið gert á síðasta ári. Hér hafa tekjuskattur og eignaskattar skilað sér enn betur en þær áætlanir sem við samþykktum síðast gerðu ráð fyrir. En það sem vekur athygli er að menn virðast hafa ofmetið skatta á vöru og þjónustu upp á 169 millj. kr. Ég minnist þess að þegar góðærisins fór fyrst að gæta kom það fram að svo virtist sem virðisaukaskattur og aðrir slíkir tekjustofnar skiluðu sér ekki eins og menn höfðu vænst. Ég hygg að þar hafi komist á jafnvægi því að virðisaukaskatturinn skilar sér að hluta til eftir á en fróðlegt væri að fá skýringu á því hver er meginskýringin á þessari tölu, 169 millj., sem menn hafa ofætlað skatta á vöru og þjónustu.

Það eru örfá atriði sem mig langar að spyrja út í og ég ætla ekki að gera utanrrn. sérstaklega að umtalsefni en þar sem ég sit í hv. utanrmn. hefur ekki farið fram hjá mér, frekar en væntanlega öðrum þingmönnum hve verkefni ráðuneytisins hafa aukist mikið og hve þörfin er þar brýn fyrir fleira starfsfólk og jafnframt að menn reyni að forgangsraða verkefnum en ég kann auðvitað ekki frekar en hv. 4. þm. Norðurl. e. skýringar á þessum vanáætlunum sem hér er að finna. Þetta eru ekki allt háar upphæðir og hugsanlega hafa gengisbreytingar og fleira slíkt einhver áhrif en það er auðvitað nauðsynlegt að fá skýringar á þessu þar sem er meira og minna um fastákveðnar upphæðir að ræða. Mig langaði að spyrja út í einn lið sem heyrði undir landbrn. og er þar langsamlega stærsti liðurinn. Það er um uppkaup á fullvirðisrétti. Hér er beðið um 46,7 millj. umfram það sem áætlað hafði verið og það er í rauninni kominn tími til að við förum að gera okkur grein fyrir því hér á hinu háa Alþingi hvernig sá samningur sem gerður var við sauðfjárbændur á sínum tíma hefur gengið og hvernig hefur gengið að kaupa upp fullvirðisréttinn.

Ef ég man rétt fór þetta afar hægt af stað og það var svo sem búast mátti við tregða hjá bændum. Svo ég rifji upp ummæli bóndans á Torfalæk sem sagði að það væri lífsstíll að vera bóndi þá hætta menn auðvitað ekki búskap nema brýna nauðsyn beri til en ætlunin með þessum samningi var auðvitað m.a. sú að reyna að fækka bændum og gera þeim kleift að hætta sem það vildu. Nú sé ég að formaður landbn. gengur í salinn og hér situr einnig í salnum hv. þm. Egill Jónsson sem er varaformaður hv. landbn. ef ég man rétt. Kannski kunna þeir frekari skýringar á þessu en ráðherrann en vissulega er ástæða til að staldra við og átta sig á því hvernig þetta hefur gengið eftir.

Varðandi dóms- og kirkjumrn. vekur það athygli mína að opinber réttaraðstoð hefur farið hvorki meira né minna en 22,2 millj. fram úr því sem áætlað var og í skýringum segir að þetta sé fyrst og fremst vegna gjafsóknar. Það væri afar fróðlegt að fá skýringar á þessu. Kannski er það hreinlega efni í fyrirspurn hvað þarna er á ferðinni. Er það að aukast að dómsmrn. veiti gjafsóknir? Hvers konar mál eru þar á ferð? Hvað býr að baki? Þetta er nokkuð há upphæð.

Einnig vekur það athygli hve lögreglustjóraembættið í Reykjavík, sem mikið hefur verið í umræðunni að undanförnu, hefur farið fram úr fjárlögum. Í frv. er sú skýring gefin að hér sé fyrst og fremst um laun að ræða. Ég verð nú að segja að þarna er farið ansi langt fram úr og æskilegt væri að fá skýringar á því hvað veldur. Er þetta fjölgun starfsmanna eða eru þetta einfaldlega þær launahækkanir sem samið var um á síðasta ári? Þarna hefur bæst við býsna há upphæð.

Varðandi heilbr.- og trmrn. get ég ekki látið hjá líða að nefna að þar eru heldur betur gamlir kunningjar á ferð. Ár

eftir ár hefur þurft að sækja um auknar fjárveitingar vegna þess að ráðuneytið hafi vanáætlað útgjöld. Það verður þó að segjast að úr því hefur dregið verulega. Á undanförnum árum hefur verið sótt um hundruð milljóna til sjúkratrygginganna og slysatrygginga og annarra tryggingaflokka. Hafa menn hreinlega tekið sig á í áætlanagerðinni og hætt þessum bókhaldsbrellum, sem ég vil meina að hafi verið beitt á undanförnum árum? Þar var reynt að sýna fram á sparnað í ráðuneytinu. Er hér um einhverja raunverulega breytingu að ræða?

Hér er líka endurtekið efni, aukin framlög til Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur, þó hið síðarnefnda komi ekki fram hér sem sérstakur liður heldur inni í öðru. Auðvitað er rétt að minna á að vandi stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hefur alls ekki verið leystur, langt í frá. Enn er glímt við niðurskurð þar, þó ég vilji á engan hátt gera lítið úr vanda sjúkrahúsa úti á landi, svo sem á Akureyri.

Þá langar mig til þess að spyrja hæstv. fjmrh. sérstaklega út í lið sem heyrir beint undir hans ráðuneyti og það er gerð kjarasamninga. Þar er farið 11,7 millj. fram úr áætlun. Fróðlegt væri ef hæstv. ráðherra upplýsti hvað gerð kjarasamninga kostaði fjmrn. á síðasta ári. Það kemur hér fram og við vitum auðvitað að kjarasamningar voru gerðir við nánast hvern einasta hóp opinberra starfsmanna og aðra þá sem ríkið semur við. Ég held því fram að menn hafi ekki beitt mjög skynsamlegum vinnubrögðum í kjarasamningagerð hjá ríkinu á undanförnum árum og áratugum. Beðið er fram á síðasta dag með að hefja umræður, og síðan taka menn þetta í löngum lotum, í næturvinnu og miklum törnum. Fróðlegt væri að fá að vita hvað þetta kostar þegar sjálf kjarasamningagerðin hefur farið 11,7 millj. fram úr því sem áætlað var. Ég býst við að megnið af þessu sé launakostnaður þó annað kunni að vera þar inn í.

Að lokum vil ég nefna umhvrn. Því tengjast sérkennilegar skýringar í frv., hæstv. forseti. Hér er liður sem heitir Ýmis umhverfisverkefni, og í skýringum í frv. á bls. 27 segir, með leyfi forseta:

„Frávik á viðfangsefninu ýmis umhverfisverkefni á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni er 21,9 millj. kr. Skýringar eru margþættar en aðallega er um vanda frá árinu 1996 að ræða." Engar frekari skýringar eru gefnar. Hér er sem sagt vandi frá 1996 sem hefur farið yfir á árið 1997 sem skýrður er sem „vandi í ýmsum umhverfisverkefnum". Fróðlegt væri að fá skýringar á þessu.

Þetta eru auðvitað ekki nein stórmál, hæstv. forseti. Ástæða er til að fagna því að í þessu frv. má sjá ýmsar afleiðingar laganna um fjárreiður ríkisins. Að mínum dómi er um skýra og skilmerkilega uppsetningu að ræða og greinargóðar töflur um fyrirhugaðar breytingar á framlögum vegna óhafinna fjárveitinga. Ég held að allt þetta geri Alþingi, alþingismönnum og öðrum sem koma að fjármálum ríkisins auðveldara að fylgjast með því sem er að gerast og hvernig fjármunum ríkisins er varið. Það er ánægjulegt að svo miklar framfarir hafi orðið í þessum efnum.

Að lokum vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir samstarfið á undanförnum árum og óska honum alls hins besta í því sem við tekur hjá honum. Hvenær og hvar sem það verður. Þótt eflaust megi segja ýmislegt um hæstv. ráðherra þá verð ég að segja honum það til hróss að hann hefur verið mjög iðinn við að ræða við þingmenn. Hann hefur ekki skirrst við að svara því sem til hans hefur verið beint og þar mættu ýmsir aðrir ráðherrar taka hann sér til fyrirmyndar. Ég held að við þingmenn metum það þegar ráðherrar sitja undir umræðum og fylgjast með og svara okkur þingmönnum þegar við leitum skýringa.

[14:37]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er að snúast upp í allsherjar kveðjuræður hér og kannski fyllilega við hæfi. Hæstv. ráðherra lét í ljós þá ósk að þetta frv. yrði afgreitt í vor. Ég efa ekki að það ætti að vera hægt. Þó að hv. fjárln. sé ekki alveg jafnverkefnalaus og hv. 4. þm. Norðurl. e. vildi vera láta, þá held ég að það sé fullur hugur í nefndarmönnum að afgreiða málið í vor. Því er ekkert til fyrirstöðu en það er hætt við því að það verði ekki afgreitt í tíð núv. fjmrh. ef marka má flugufregnir.

Þetta merkilega þingmál er ekkert smámál. Þetta er síðara frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997 og lokaniðurstöður fjárlagadæmis þess árs. Þær eru um margt athyglisverðar, eins og hér hefur komið fram, ekki síst með tilliti til þess að við afgreiddum fyrri fjáraukalög í desember, örskömmu fyrir jól. Maður skyldi halda að þá væri orðið nokkuð ljóst um niðurstöður tekna en þó fyrst og fremst um gjöldin í öllum megindráttum.

Hér kemur reyndar annað á daginn og ber ekki þess vott að menn hafi nægilega góð tök og yfirsýn yfir það sem er að gerast á hinum ýmsu stöðum í ríkiskerfinu. Það varpar nokkrum skugga á þær glæsilegu niðurstöður sem hæstv. fjmrh. hefur nú kynnt.

Ég hlýt auðvitað enn einu sinni að minna á álit minni hluta fjárln. og viðvörunarorð, bæði við afgreiðslu fjárlaga ársins 1997 og við afgreiðslu fjáraukalaganna í desember sl. Við höfum margsinnis sýnt fram á að þar var um stórfelldar vanáætlanir að ræða, bæði tekju- og gjaldamegin. Enn einu sinni sannast að ekkert hefur verið ofsagt í þeim efnum og langt frá því. Við höfum að sjálfsögðu viljað hafa vaðið fyrir neðan okkur og töldum upphaflega tekjuhliðina vanáætlaða um 1–2 milljarða. Nú hefur komið á daginn að tekjur ríkissjóðs hafa verið vanáætlaðar um rétt tæpa 6 milljarða kr. Sú niðurstaða var raunar orðin ljós við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga í desember og þar munar sáralitlu. Gjaldahliðin og þær upplýsingar sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga ársins 1997 vekja nokkra furðu.

Við í minni hlutanum vorum ákaflega ósátt við ýmsar ráðstafanir á gjaldahliðinni og vildum þar hafa annan hátt á. Það var einkum í sambandi við rekstur sjúkrastofnana sem hart er tekist á um á hverju einasta ári og ekki útséð um þau átök. Það voru mikil vonbrigði að meiri hluti Alþingis skyldi ekki taka tillit til ábendinga minni hlutans og ráðast að vanda sjúkrahúsanna, einkum stærstu sjúkrahúsanna í landinu. Þau eiga í vök að verjast og auðvitað hefur komið á daginn að betur hefði verið hlustað á það sem minni hlutinn hefur haft fram að færa. Flestar forsendur hafa legið ljósar fyrir og sýnt að brýn þörf er á að hækka fjárveitingar til þessara sjúkrastofnana ef við ætlum að halda því ágæta þjónustustigi sem þær hafa hingað til veitt. Tillögur minni hlutans hafa því miður verið felldar og þó að meiri hlutinn hafi viljað taka á þeim vanda á vissan hátt þá er vandinn óleystur enn þá.

Minni hlutinn sýndi hins vegar mikinn skilning á fjárþörf sendiráðanna, eins og hér hefur komið fram. Nú er reyndar komið í ljós að sá mikli skilningur var auðvitað algjör ofrausn. Samkvæmt viðauka II í skýrslu Ríkisendurskoðunar eiga sendiráðin enn þá inni á annað hundrað

millj. kr. í ónýttum fjárheimildum. Almennt eiga sendiráð inni rúmar 89 millj. og sendiráð Íslands í Brussel 15,6 millj. Þessi mikli skilningur var því ónauðsynlegur í þetta sinn. Ýmsar fjárheimildir sem hér eru sýndar í viðauka II í skýrslu Ríkisendurskoðunar hafa ekki verið nýttar nú í mars 1998. Sýnilegt er að hér eru margar stofnanir og verkefni sem eiga inni heilmiklar ónýttar fjárheimildir. Þetta vekur auðvitað spurningar sem við hljótum að leita svara við í störfum okkar í nefndinni.

Í þessari skýrslu og raunar í frv. kemur fram að ónotaðar fjárheimildir nema alls 4,2 milljörðum kr. Mikið af þessum fjárheimildum koma fram við afgreiðslu fjáraukalaga í desember þegar árið er nánast liðið. Áætlanir eru því ekki mjög nákvæmar á þessum bæ. Þetta er talsvert hærri fjárhæð en á árinu 1996 en þá nam samsvarandi upphæð um 2,7 milljörðum kr. Þar er fjmrn. reyndar ofarlega á blaði sem hefur ætlað sér miklu meiri vaxtagjöld en varð. Það vekur einmitt upp þá spurningu hvernig áætlanagerðinni er eiginlega háttað í fjmrn. að þeir skuli ekki átta sig betur á tölum í desember en raun ber vitni.

Margar athyglisverðar upplýsingar koma mjög skýrt fram í viðauka í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þarf virkilega að fara yfir og leita skýringa á hvað er á bak við allar þær tölur. Það þarf að leggja í þá vinnu, hjá því verður ekki komist. Vissulega eru ýmsir liðir sem vitað er að voru ætlaðir til framkvæmda sem hafa tafist af einhverjum orsökum en fyrst og fremst vekja rekstrartölurnar undrun. Maður spyr sig hvers vegna í ósköpunum aðalskrifstofa félmrn. hefur t.d. allt of háar fjárveitingar fjögur ár í röð, hún hefur sem sagt ónotaðar heimildir á hverju einasta ári um áramót og Brunamálastofnun ríkisins hefur mjög háar ónotaðar heimildir miðað við umfang þeirrar skrifstofu. Fleiri dæmi mætti nefna, t.d. ábyrgðasjóð launa, liðinn Félagsmál, ýmis starfsemi. Það vekur auðvitað spurningar að hér eru bæði Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur sýnd með ónotaðar heimildir en það mun vera vegna framkvæmda sem ekki var farið í fyrir áramótin. Eins og ég segi, það er auðvelt að skýra þau atriði þar sem um framkvæmdir er að ræða því alltaf getur eitthvað slíkt komið upp á. En það mætti margt tína hér til, skýrsluvélakostnaður er með vannýtta heimild upp á rúmlega 80 millj. og þannig hefur það verið á hverju einasta ári þau fjögur ár sem hér eru sýnd. Þetta þarf allt saman að fara yfir.

Sama er að segja um lista sem er í viðauka I í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem taldir eru upp nokkrir liðir sem fóru 7 millj. kr. eða meira yfir fjárheimild. Það þarf að leita skýringa á því. Það hlýtur að þurfa að hækka verulega t.d. liðinn Jöfnun á námskostnaði sem hefur farið undanfarin fjögur ár ævinlega talsvert fram úr fjárheimildum. Eins er um Bændaskólann á Hólum sem hefur í þrjú ár farið talsvert fram úr fjárheimildum að ekki sé minnst á sýslumanninn á Akranesi sem hefur á hverju ári í fjögur ár farið myndarlega fram úr (**Gripið fram í:** En á Hólmavík?) og er rúmlega 26 millj. fram úr á þessu blaði. Sýslumaðurinn á Hólmavík hefur ekki gert það, maður veit ekkert hvað verður á næsta ári. Það er annað mál.

Það hlýtur að þurfa að skoða þá liði þar sem farið er fram úr á hverju ári. Það geta verið eðlilegar orsakir, einfaldlega of lágt áætlaður rekstrarkostnaður eða eitthvað slíkt og yfir það þarf að fara því að það gengur ekki að setja þetta þannig fram ár eftir ár án þess að leitað sé skýringa á því hvað þarna er að baki.

Ýmislegt fleira væri gaman að fara út í sem kemur fram í skýrslunni. Ég vil aðeins nefna eitt atriði sem er stjórnendum ríkisins til nokkurs lofs vegna þess að oft hefur verið talað um ofvöxt og útþenslu í ríkisgeirunum og að þar sé fjöldi starfsmanna sem geri helst ekkert annað en naga blýanta. Hvað sem því líður þá hefur heildarfjöldi reiknaðra ársverka ekki aukist á síðasta ári, þeim fækkaði reyndar en ef leiðrétt er fyrir flutningi á rekstri grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna á síðasta ári stóðu ársverk því sem næst í stað milli ára og það er athyglisvert.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. Ég vil aðeins segja að það er auðvitað fagnaðarefni að ríkissjóður standi vel. Það er reyndar tími til kominn eftir langvarandi hallarekstur undanfarinna ára sem er nú farinn að nálgast afskriftir ríkisbankanna á sama tíma í stærðargráðu. Enginn mótmælir því að markmið um hallalaus fjárlög er markmið sem á að stefna að og helst góðum afgangi. En ég hlýt að undrast og gagnrýna áætlanagerð af því tagi sem okkur birtist og ég hef verið að benda á þar sem menn eru að veita heimildir langt umfram þörf að því er virðist og það á síðustu dögum fjárlagaársins en um leið er þráast við að taka á augljósum vanda heilbrigðisstofnana í landinu.

[14:52]

**Útbýting þingskjala:**

Nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 673. mál, fsp. PHB, þskj. 1164.

Ríkisfjármál 1997, 678. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 1171.

Skuldbinding B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna aukins hluts dagvinnulauna, 674. mál, fsp. PHB, þskj. 1165.

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 676. mál, fsp. PHB, þskj. 1167.

Tengsl umferðarslysa og neyslu ávana- og fíkniefna, 576. mál, svar dómsmrh., þskj. 1147.

Veiting ríkisborgararéttar, 582. mál, þskj. 1161.

Virðisaukaskattur af handverksmunum úr íslenskum náttúruefnum, 677. mál, fsp. RG, þskj. 1168.

[14:54]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka þær ágætu umræður sem hafa farið fram um þetta mál sem kemur reyndar alltaf fram um þetta leyti árs ár eftir ár og enda þótt það sé ekki alltaf nákvæmlega eins þá fjallar það oft um svipaða hluti. Ég vil segja það almennt í upphafi að ég mun í þessari ræðu ekki fara nákvæmlega ofan í allar þær fyrirspurnir og athugasemdir sem gerðar hafa verið en ég óska eftir því með öðrum að hv. nefnd fái tækifæri til þess að skoða þau atriði sem hér hafa verið nefnd til sögunnar sérstaklega og afla skýringa á þeim og það verður ekki gert í stuttri umræðu í dag.

Núna liggja fyrir bæði skýrslur Ríkisendurskoðunar og skýrsla um ríkisfjármál frá fjmrn., frá fjmrh., sem dreift var í dag. Þar er að finna ýmsar upplýsingar. Jafnframt hygg ég að óendurskoðaður ríkisreikningur fyrir sl. ár, jafnvel endurskoðaður, gæti legið fyrir innan tíðar og allt þetta hjálpar til að hv. þm. fái eðlilegar upplýsingar um stöðu ríkisfjármálanna.

Það er einu sinni þannig að margt af því sem samþykkt er í fjárlögum á hverju ári eru áætlanir og ekki nokkur lifandi leið að ætlast til þess að hægt sé að fara nákvæmlega eftir þeim áætlunum. Sífellt breytist umhverfið sem leiðir til þess

að útgjöldin breytast og útgjaldahorfurnar breytast jafnvel á mjög skömmum tíma.

Ég minni á að það er alveg hárrétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., sagði í umræðunni að á fyrri hluta þessa áratugar jukust skuldir ríkissjóðs verulega vegna hallareksturs sem var þó langsamlega mestur árið 1991. Það er umræða sem við, ég og hv. þm., höfum margoft tekið hér og ég held að sé ekki neinum til gagns að rifja upp. Við gátum lært af því sem gerðist þá. Það er þó ástæða til þess að segja það — ég er ekki að kasta rýrð á stjórn eins eða neins með því að segja það — að klaufaskapurinn var að loka ekki lánsfjárlögunum fyrir jól. Lánsfjárlögin voru skilin eftir opin fram yfir jól eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt og lánsfjárlögin fyrir 1991 urðu eins konar fjárlög númer tvö. Það eru einhver skrautlegustu lánsfjárlög íslenska ríkisins sem hafa fæðst á síðustu áratugum og gott skólabókardæmi um það hvað getur gerst þegar menn hafa opnar fjárheimildir um of skömmu fyrir kosningar.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma en nefna að frá 1991 til 1997 hefur það gerst að árangurinn, ef við mælum hann í afkomu ríkissjóðs, er sá að 15 milljarða munur er á afkomunni 1997 og 1991 þrátt fyrir það að allar þær skuldir sem söfnuðust upp á fyrri hlutanum hafa auðvitað kostað veruleg vaxtaútgjöld allan þennan tíma.

Við skulum hins vegar ekki gleyma því sem hefur ekki komið fram og ástæða er til að halda til haga að við erum að njóta þess þessi árin að við erum sjálfsagt á besta stað í efnahagssveiflunni. Við getum ráðið því heilmikið hve þessi sveifla tekur langan tíma með því að haga okkur skynsamlega, þar á meðal í ríkisfjármálunum. Við megum ekki gleyma því að við, eða ríkissjóður réttara sagt, nærist á því nú eins og á tímum hv. þm. og fyrrv. fjmrh. Ragnars Arnalds, að innflutningur er talsvert meiri en útflutningur og við erum að skattleggja viðskiptahallann sem þýðir auðvitað að í normal árferði, þegar jafnvægi er á viðskiptum við önnur ríki, fengjum við ekki jafnmiklar tekjur og við höfum í dag. Þetta ber að hafa í huga og er auðvitað sérstök áminning til okkar allra þegar við hugum að því hvers ríkissjóður er megnugur á hverjum tíma. En mér hefur stundum sýnst að almenningur og hv. þm. hafi á stundum gert nokkuð harðar kröfur til ríkissjóðs þó ég skuli fyrstur manna viðurkenna að mér finnst að andinn í garð ríkissjóðs og skilningur á ríkisfjármálunum hafa vaxið stórkostlega á þessum áratug, ekki síst í kjölfar þess að ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, stjórnvöldum og aðilum á vinnumarkaði og fleirum, tókst að ná verðbólgunni niður sem skipti auðvitað öllu máli til að hægt væri að stýra þjóðfélaginu og hafa fjármálastjórnina í lagi.

Ég ætla ekki að fara í frekari umræður um utanrrn. en gert var þegar síðasta fjáraukalagafrv. var til umræðu. Þá urðu harðar umræður um það mál og gefnar að ég held nokkuð góðar skýringar á því hvers vegna utanrrn. eða útgjöld utanrrn. fóru fram úr heimildum. Að verulegum hluta til var þetta vegna þess að ákveðið var að fara í mjög dýrar framkvæmdir og viðgerðir á húsum sem íslenska ríkið á erlendis og ber að líta á að það er ekki rekstur heldur er verið að byggja upp eignir sem Íslendingar eiga þar.

Ég skal viðurkenna að heilbrigðis- og tryggingamálin er sá málaflokkur sem er langsamlega erfiðastur þegar rætt er um ríkisfjármálin. Það gildir ekki einungis hér á landi heldur víðast hvar í heiminum að sá málaflokkur tekur sífellt til sín meiri fjármuni og í öllum löndum er rætt um hvernig eigi að fjármagna þau útgjöld sem krafist er til heilbrigðismála. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér á landi er eitt besta heilbrigðiskerfi í heimi og ég held að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi séu sammála um að við eigum að reyna að viðhalda því. Hins vegar liggur ljóst fyrir að nokkuð skortir á að stjórn þessara mála sé viðunandi þegar horft er á þessi mál frá sjónarhóli þess sem situr t.d. í fjmrn. og þá er ég ekki að tala um stjórn heilbrrn. sem slíka, heldur almennt stjórn í þessum málaflokki, á sjúkrahúsum og víðar. Hér er ekki verið að saka neinar persónur um eitt eða neitt heldur að benda á að kerfið gefur því miður tilefni til að oft er lítið samræmi í því sem samþykkt er á hinu háa Alþingi og því sem síðan kemur út þegar niðurstaða fæst. Ég hygg að það verði eitt stærsta verkefnið í ríkisfjármálum á næstu árum að reyna að ná tökum á þessu vandamáli og að ná niðurstöðu um aðferð sem nokkuð víðtæk sátt er um í þjóðfélaginu þegar við ræðum um þessa hluti. Við verðum að geta fundið aðferð sem allir eru sáttir við þannig að það sé tiltrú þeirra sem eru fagmenn og starfa t.d. á dýrum spítölum að það sé rétt gefið þegar fjárlög eru samþykkt og það sé líka á hinn bóginn nokkuð ljóst að Alþingi, fjárveitingavaldið, geti treyst því að þeir sem stjórna samkvæmt lögum sem Alþingi setur virði þá löggjöf. Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma, þetta allt er þingmönnum auðvitað vel kunnugt. Ég tel að ekki þýði að leysa málið í þingsal með hávaðasömum umræðum. Þetta er eitt af því sem menn verða að einhenda sér í, ef ég má svo að orði komast, og ná lausn á á næstu árum. Það verður ekki gert nema í víðtæku samkomulagi við mjög marga aðila sem koma að málinu því að þessi málaflokkur er svo opinn, það er svo auðvelt að koma miklum útgjöldum fyrir og það eru svo miklar þarfir sem menn telja fyrir hendi og ýmis sjónarmið sem koma fram sem leiða til þess að það er mjög erfitt að stunda aðhaldsstarfsemina sem þarf að vera til staðar á hverjum tíma.

Ég vona að þessi orð um þennan mikilvæga málaflokk leiði ekki til þess að umræður í dag fari eingöngu í hann, ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á að þessi viðkvæmi málaflokkur krefst þess að hann sé skoðaður af fullri alvöru og einbeitni á næstu árum. Með því er ég engan veginn að segja að draga eigi úr fjármunum sem fara til þessa málaflokks. Ég hef trú á að útgjöld heilbr.- og trmrn. muni vaxa verulega á næstu árum en sem almennum skattgreiðanda og þjóðfélagsþegn er mér hins vegar ekki sama hvernig það gerist. Ég tel að tími sé kominn til og reyndar fyrir löngu að tekið sé viðeigandi á þessum málaflokki og ég tek skýrt fram að ekki er verið að ráðast á einn eða neinn, hér er ekki verið að gera lítið úr því starfi sem unnið hefur verið í heilbr.- og trmrn. heldur er fyrst og fremst verið að staðfesta að þessi málaflokkur er erfiðastur viðureignar í útgjaldamálaflokkum ríkisins. Það er ekkert annað sem ég er að segja.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði athugasemdir við nokkra liði sem koma fram í frv. og nefndi til sögunnar tekjuliði upp á 170 millj. kr. Frá því er að segja að hér er leiðrétting frá fjáraukalögum sem komu fram í haust og þegar tillit er tekið til þess að hér er um að ræða tekjur upp á vel á annað hundrað millj. er þetta ekki stórt. Það vill svo til að einmitt um áramótin sést ekki alveg nákvæmlega hvernig tekjustraumarnir verða og þess vegna getur það gerst að einhver mismunur komi upp. Ég hygg að ef starfsmenn fjmrn. eru spurðir finnist þeim 160–170 millj. ekki vera stór biti í þeim efnum.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að á sínum tíma kom í

ljós að fjmrn. gat ekki spáð með góðu móti fyrir fram um virðisaukaskattinn. Við þekktum hann ekki nægilega vel til að sjá hvernig hann skilaði sér á vissum tímum hagsveiflunnar. Við fundum fyrir því þegar atvinnulífið byrjaði að starfa eðlilega á nýjan leik, fjárfestingar jukust, að þá dró úr virðisaukaskattskilum. Það á sér auðvitað þær skýringar að innskattur t.d. vegna byggingaframkvæmda kemur á móti útskattinum og dregur því úr skattskilum á tilteknum tíma. Hins vegar getur það leitt til þess að skatturinn skili sér betur á árunum þar á eftir. Virðisaukaskatturinn er það nýr í íslenska skattkerfinu að menn verða sjálfsagt smám saman að læra á það hvernig skattskilin verða við mismunandi aðstæður í efnahagslífinu.

Um landbrn. skal ég vera stuttorður. Uppkaupin urðu miklu minni en menn áttu von á. Ég verð að rifja upp að gerður var samningur milli ríkisstjórnarinnar annars vegar, auðvitað með fyrirvara um samþykki Alþingis, og landbúnaðarforustunnar, bændaforustunnar hins vegar um sauðfjárframleiðsluna hér á landi. Hv. Alþingi fékk samninginn og breytti honum. Sú breyting var gerð að tilhlutan hv. landbn. Það er rétt að virðulegur forseti, Guðni Ágústsson, er þar formaður og átti sjálfsagt hlut að málum. Í mjög grófum dráttum er breytingin byggð á því að ef uppkaupapeningarnir yrðu ekki notaðir til uppkaupa væri m.a. hægt að nota þá til markaðssetningar ef ég man rétt. Síðan kom í ljós að uppkaupin urðu miklum mun minni en menn óraði fyrir og sumt af fjármununum var notað til markaðssetningar en að öðru leyti var ákveðið að fresta greiðslunum í fjárlagafrv. Loks endaði það með nýjum samningi við bændaforustuna núna þar sem þessir fjármunir voru notaðir til annarra nota fyrir landbúnaðarframleiðsluna í landinu. Það er lengri saga en svo að ég sé að fara út í hana hér en eins og allir hv. þm. vita hefur það lengi verið svo að bændaforustan og landbúnaðurinn hér á landi hefur kvartað undan því að vera í spennitreyju og geta ekki endurnýjað hús og ýmislegt sem þarf til framleiðslunnar og í framhaldi af því var gerður nýr samningur. Ég vona að ég fari nokkurn veginn rétt með þessi mál en ég veit að í salnum eru menn meiri sérfræðingar en ég í þessum málum.

Ég hygg að hjá lögreglunni í Reykjavík sé það rétt sem hv. þm. sagði að launahækkunin er meiri en menn áttu von á. Lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt og í samningum þeirra er gert ráð fyrir að launin séu reiknuð á ákveðinn hátt. Ákveðin nefnd, sem hagstofustjóri á m.a. sæti í, reiknar laun þeirra miðað við þá hækkun sem hefur orðið hjá öðrum stéttum og það skiptir verulegu máli hvenær það er gert. Ég hygg að hækkun á launum til lögreglumanna hafi orðið meiri en menn áttu von á og fjárlög gerðu ráð fyrir þótt ég útiloki ekki heldur að þarna komi til aðrir hlutir.

Varðandi gerð kjarasamninga vil ég taka fram að í fjárlögum yfirstandandi árs ... (Forseti hringir.) Er ég búinn með tímann?

(**Forseti** (GÁ)**:** Tíminn er liðinn.)

Fyrir löngu? Það kemur enginn tími fram hér.

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið hæstv. ráðherra afsökunar en ljósið virðist vera bilað.)

Ef ég mætti, virðulegi forseti, og ef því er ekki mótmælt, fá að segja örfá orð að allra síðustu þar sem mér var ekki ljóst hvenær tímanum lauk og enginn gerir athugasemd.

Þá eru það 17,7 millj. í venjulegu árferði. Þetta þýðir að yfirvinna og annar kostnaður sem hefur lent á samninganefndinni vegna yfir 100 samninga sem hafa verið gerðir á árinu eru þeir fjármunir sem þarna koma fram.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gagnrýndi nokkuð að ekki skyldu standast á fjárheimildir og útgjöld. Þessi umræða hefur reyndar margoft farið fram en ég minni á að það er ekki við að búast að svo gerist að fjárheimildir standist alveg á við greiðsluútgjöld viðkomandi árs. Hins vegar er ugglaust rétt sem kemur fram hjá Ríkisendurskoðun að það þyrfti að fara yfir þetta annað slagið, stokka upp og kannski slétta út. Eins og ég hef margoft sagt held ég að sá háttur sem hefur verið stundaður nokkur undanfarin ár hafi verið til mikils gagns. Á þessu ári er tekinn upp rekstrargrunnur og í tilefni af því verða breytingar á yfirstandandi áis. Varðandi það að vaxtagjöldin skuli fara 600 millj. kr. fram yfir er frá því að segja að það var ekki gerð, ef ég man rétt, nein breyting á þessu í desember heldur var ákveðið að bíða og sjá hver niðurstöðutalan yrði. Það kann að vera að við höfum lækkað vextina eitthvað en verið er að tala um tölur eins og 13–14 milljarða sem greiddir eru í vexti á hverju ári. Við vitum ekki fyrir fram hve mikið við tökum af lánum innan lands og hve mikið erlendis og eiginlega er ekki nokkur leið að áætla þetta rétt þannig að ekki skakki a.m.k. upp undir hálfum milljarði. Ég vek athygli á því að þetta er nánast eina atriðið sem Ríkisendurskoðun gerir einhverja athugasemd við, þ.e. að vextirnir skyldu vera 600 millj. kr. lægri en við gerðum ráð fyrir í upphafi árs og það varð til þess að skýrsla Ríkisendurskoðunar varð ekkert fréttaefni í blöðum. Ég er gjörsamlega sammála öllu því sem kemur fram í skýrslunni og get tekið undir að það er eðlilegt að litið sé á þetta tiltekna atriði sérstaklega í framhaldi af því.

Aðalatriðið finnst mér vera það, virðulegi forseti, að bilið á milli áætlunar fjárlaga og niðurstöðutalnanna er sífellt að minnka. Ef við skoðum þetta núna yfir heilan áratug kemur sífellt betur í ljós að við erum að ná tökum á áætlanagerðinni og það skiptir auðvitað mestu máli.

Virðulegi forseti. Ég veit að ég er að misnota aðstöðu mína og tala umfram það sem ég má. Ég vil að lokum þakka fyrir þau góðu orð sem fallið hafa í minn garð í umræðunni og vonast til að þetta sé ekki síðasta ræða mín á þingi því ég á heilmikið eftir að gera, flytja annað frv., en vil nota tækifærið til að þakka hv. alþm., sem töluðu í umræðunni og hafa gert ár eftir ár, kærlega fyrir samstarfið og málefnalegt framlag þeirra þegar þessi mál hafa verið til umræðu.

[15:13]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. fráfarandi fjmrh. ræddi um fjármál sjúkrahúsanna í landinu, að þau væru erfið og hefðu löngum verið erfið. Ég skal taka undir að ekki er ástandið gott og ég held að fátt hafi verið mér erfiðara við afgreiðslu fjárlaga í vetur en að skilja svo við þann pakka sem þar var gert að það stefndi inn í fleiri milljarða áframhaldandi hallarekstur á sjúkrahúsunum í landinu. Mér finnst mikið hafa skort á að stefnumótunarumræða færi fram í fjármálum sjúkrahúsanna og ég held það sé viðurkennd staðreynd, t.d. erlendis, að það má spara mikið fjármagn í heilbrigðiskerfinu t.d. með því að styrkja sjúkrahúsin og gera þau fjárhagslega sterkari, gera þau færari um að ráða til sín hæfa sérfræðinga sem vinna þar í fullu starfi við að lækna fólk.

Það er líka hægt að spara peninga með því að styrkja heilsugæsluþáttinn með því að taka upp tilvísanakerfi sem

ekki hefur eiginlega mátt minnast á hér. Þetta liggur fyrir. Hins vegar er hægt að eyða endalaust í heilbrigðismál ef við hleypum sérfræðingastéttinni lausri í einkaklíníkum úti um borg og bý, þar sem endalaust er verið að krefjast betri tækjabúnaðar og meiri fjárútláta af hálfu ríkisins og sjúklinga fyrir aðgerðir. Ég bara vonast til að þessi umræða sem hæstv. ráðherrann, sem því miður er fráfarandi, drap á að þyrfti að fara fram, fari hér einmitt fram einhvern tíma á næstunni um stefnumótun í heilbrigðismálum á Íslandi.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður því miður að biðjast afsökunar á því að ljósið er bilað hér og verður því að hafa gömlu mælinguna í gangi.)

[15:16]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vona að gamla mælingin sé hagstæð, það sé hagstætt mál í henni.

Fyrst vil ég segja vegna orða hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., að okkur er auðvitað stórkostleg huggun að vita að hv. fjárln. ætlar að rukka eftir skýringum á þeim atriðum sem þurfa skýringa við, eins og t.d. útafkeyrslu utanrrn. Ég mun rukka eftir þeim skýringum sem fjárln. hefur fengið frá ráðuneytinu og annars staðar að, vegna þess að ég tel ástæðu til þess að fara þannig rækilega yfir hlutina. Alþingi verður náttúrlega að taka eftirlitshlutverk sitt að þessu leyti mjög alvarlega og fara ofan í saumana á þeim hlutum sem hér eru lagðir fyrir í frumvarpsformi af hálfu hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Að öðru leyti komu ekki skýringar eða svör við spurningum mínum. Varðandi t.d. heilbrigðismálin liggur alveg ljóst fyrir að þar þarf að kalla eftir upplýsingum um stöðu mála. Hv. þm. nefndi að starfshópur sem mun hafa verið settur í að ausa upp úr pottunum hafi kynnt fjárln. vinnufyrirætlanir sínar eða áform þegar hann var að hefja störf. En síðan skildist mér að meira lægi í raun og veru ekki fyrir um það hjá fjárln. hvernig að því hefði verið unnið. Því endurtek ég spurningar mínar um það hvernig þau mál standa gagnvart vanda einstakra stofnana eins og t.d. Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem stjórnendurnir neyðast þessa dagana til að taka ákvarðanir um stórfelldan niðurskurð, lokanir, fækkun aðgerða og annað því um líkt, kannski óafvitandi um hvað að lokum kemur upp úr þessum pottum og í þeirra hlut.

Um vinnubrögðin að þessu leyti, herra forseti, þá tek ég undir það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, 8. þm. Reykn., Sigríði Jóhannesdóttur, að auðvitað skortir hér á stefnumótun, þ.e. faglega stefnumótun í heilbrigðismálum þannig að menn geti hætt þessu pottasulluverki hér á hverju ári, þessum nauðungar-, þvingunar-, sparnaðaraðgerðum þar sem áætlaðar eru ónógar fjárveitingar til stofnananna. Síðan er búinn til pottur sem menn eiga að sækja í, koma skríðandi á hnjánum til hins háa ráðuneytis og einhverrar nefndar, biðja um framlag úr pottinum og þiggja svo það sem það er rétt og afsala sér í leiðinni möguleikanum til þess að halda uppi gagnrýni eða krefjast meiri fjárveitinga. Það er það sem gerist. Þetta er í raun mjög lúaleg aðferð, herra forseti, til þess að hjartstinga stjórnendur þessara stofnana og múlbinda þá, handjárna eða hvað við viljum nú kalla það.

Ég bendi á það sem mun vera tilfellið varðandi vinnubrögðin núna með pottana, fínu pottana, þar sem er verið að ausa upp 500 millj. kr. kannski eða hvað það nú er, alla veganna 200 millj. til sjúkrastofnana úti á landsbyggðinni. Það sem ég hef af því starfi frétt, herra forseti — ég þáði m.a. upplýsingar í þingsalnum áðan — er að þar sitji tíu manna starfshópur kófsveittur við þetta núna og hafi gert vikum saman, tíu manna starfshópur og þrír menn í fullu starfi. Það er því búið að búa til nýtt fjárlagabatterí, nýja fjárlaganefnd úti í bæ sem situr við það að skipta upp 500 millj. kr. með tilheyrandi kostnaði. Er þetta hagræðing, herra forseti, að hafa fjölda manns í fullri vinnu við einhvers konar framhaldsfjárlög sem eru samin úti í bæ? Þetta er náttúrlega argasta framsal á fjárveitingavaldi, a.m.k. skiptavaldinu, og vinnubrögð sem ég hef stórfelldar efasemdir um að séu til bóta hvað fagleg sjónarmið eða gegnsæi í stjórnsýslunni eða annað því um líkt áhrærir.

Hverjir eru svo settir í nefndirnar? Hverjir eru gerðir að starfsmönnum í þessum hópum? Jú, það eru forsvarsmenn viðkomandi sjúkrastofnana. Þeir eru neyddir í þá aðstöðu að fara inn í einhvern starfshóp eða gerast starfsmenn í svona nefndarstarfi, slást þar við kollega sína um hlutdeild í þessum óskipta potti og fara með dúsuna heim sem þeir ná að krafsa til sín en bera líka ábyrgð á því í leiðinni að þeir fá ekki meira því þeir eru aðilar að skiptingunni.

Ég vil leyfa mér að segja að ég held að þetta séu fullkomlega óheilbrigðir stjórnsýsluhættir sem hér er verið að koma á í gegnum þetta pottaverk. Mér finnst að hv. formaður fjárln. og allt það merka fólk sem situr í þeirri nefnd ætti að hugleiða hvaða einkunn það er að gefa sjálfu sér með því að skrifa upp á vinnubrögð af þessu tagi. Af hverju gekk ekki fjárlaganefnd hreint til verks og sá um þetta og kláraði það, t.d. í samráði við heilbr.- og trn.? Af hverju er þetta sett út í bæ? Af hverju er ekki fjárlagagerðin unnin á Alþingi og það til loka? Mér finnst þetta, herra forseti, vera mikið umhugsunarefni sem þarna hefur verið að gerast og vera á skjön við þau vinnubrögð sem menn hafa verið að reyna að taka hér upp undanfarin ár, þ.e. bætta áætlanagerð, skýrari verkaskiptingu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og hreinni vinnubrögð að þessu leyti. Þetta pottasullumverk í heilbrigðismálunum er algjörlega á skjön við þetta, gengur þvert á þetta og er afturför en ekki framför í þessu tilliti.

Herra forseti. Að lokum vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og hans tölu áðan. Ég tek undir það sem einhver af fyrri ræðumönnum nefndi, að hæstv. ráðherra hefur tamið sér, og það er vel, að vera virkur þátttakandi í umræðum og svara þegar hann er spurður. Ýmsir mættu taka sér það til eftirbreytni. Ég nefni t.d. hæstv. dómsmrh. og hæstv. sjútvrh. í einum og sama manninum sem stundum er fullsnubbóttur í svörum að mér finnst og sýnir innleggi þingmanna og umræðum oft ekki mikla virðingu þegar hann svarar jafnvel með einu jái eða neii og finnst fyndið. Það er þvert á móti virðingarvert að hæstv. ráðherrar sýni sjálfum sér, málaflokki sínum og auðvitað í leiðinni Alþingi þann sóma að virða slíka umræðu með málefnalegri þátttöku og innleggi.

Ég kemst ekki hjá því aðeins að nefna vegna þess að hæstv. ráðherra gerði það, hið merka ár 1991, árið er stjórnarskipti urðu. Það eru oft dálítið sérstök ár eins og kunnugt er, m.a. er stundum pexað um hver beri ábyrgðina á því sem þá gerist, hvort allt sé á ábyrgð fyrri ríkisstjórnar vegna þess að hún hafi gengið frá fjárlögum eða hvort þeir sem við taka beri þar einnig vissa ábyrgð. Þeir hafa að sjálfsögðu vissa möguleika á að grípa í taumana ef þeir svo kjósa þó að liðið sé nokkuð á ár. Um það ætla ég ekki að deila. Ég hallast þó að því að það sé að breyttu breytanda eðlilegara að gjaldfæra það sem gerist á þeim árum á fráfarandi ríkisstjórn, sérstaklega með þeim rökum að hún hefur gengið frá

fjárlögum, lánsfjárlögum og öðru slíku yfirleitt áður en hún fer frá völdum.

En við verðum þá líka þegar við berum saman ár og ræðum atburði að taka til greina og sýna fulla sanngirni þeim aðstæðum sem voru á líðandi stundu. Aðstæður ársins 1991 og áranna þar á undan voru um margt sérstakar. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hæstv. fjmrh. eða öðrum viðstöddum að árin 1990 og 1991 voru mjög sérstök m.a. vegna þess að þá var verið að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til að ná niður verðbólgunni og innleiða þann stöðugleika sem við síðan búum að og hefur nú ekki síst nýst hæstv. núv. fjmrh. til að ná smátt og smátt tökum á ríkisfjármálum og öðru slíku. Það er alveg ljóst að þjóðarsáttinni á sínum tíma og ýmsum aðgerðum í kringum hana á árunum 1990 og 1991 fylgdu mikil útgjöld. Það var ekki bara almenningur sem þó vissulega færði mestu fórnirnar heldur lagði ríkissjóður þar líka heilmikið í púkkið. Að ógleymdu því að á árunum 1989–1991 var mikil niðursveifla í tekjum ríkissjóðs. Þá hélt efnahagslægðin innreið sína frá gósenárunum 1987–1988 og þess sá að sjálfsögðu stað.

Alvarlegast við ástandið núna hins vegar, herra forseti, er viðskiptahallinn eins og hæstv. ráðherra kom inn á og eru ákveðin óveðursský við sjóndeildarhring þrátt fyrir að ýmsu öðru leyti séu jákvæðar horfur í efnahagsmálum.

[15:26]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegur forseti. Ég skal vera örstuttorður. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir ræðu hennar áðan. Ég held að hún hafi alveg réttilega sagt að það þarf að ræða þessi mál, málefni sjúkrahúsanna og heilbrigðisþjónustunnar í landinu nokkuð öðruvísi en við höfum verið að gera á undanförnum árum. Það þarf að draga þar alla til ábyrgðar, ekki einungis þingmenn, ekki einungis þá sem eru í ráðherrastól á hverjum tíma, heldur láta umræðuna ná til allra þeirra sem starfa í þessum málaflokki án þess að framselja valdið til þeirra. Ég leyfi mér að skilja hv. þm. þannig að það þyrfti að styrkja fjármálastjórn sjúkrahúsanna fjárhagslega og heilsugæsluna og þá það forvarnastarf sem þar er unnið. Ég er alveg tilbúinn til að svara því játandi að ég er sammála hv. þm. um þetta. En þá verða leikreglurnar, aðferðin, að vera þannig að ljóst sé að stjórnendur geti og vilji fara að fjárlögum íslenska ríkisins.

Það er ljóst og var kannski angi af þessari umræðu þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gagnrýndi pottaaðferðina sem svo er kölluð, að hún er auðvitað hallærisbragð, neyðarbragð af hálfu stjórnvalda vegna þess að það hefur gerst ár eftir ár að einstök sjúkrahús hafa keyrt verulega fram úr fjárlögum. Og stundum hefur það gerst því miður að þessi sömu sjúkrahús hafa ekki einu sinni getað haldið útgjöldum innan eigin fjárhagsáætlana sem gerðar voru þegar nokkuð var liðið á árið. Það eitt sýnir hve mikinn vanda er við að etja í þessum málum og hve nauðsynlegt er að finna aðferð sem heldur í þessum efnum því það er einskis virði frá mínum bæjardyrum séð að henda sífellt meiri fjármunum í þessa starfsemi. Það verður fyrst að finna þá aðferð sem við ætlum að nota og hægt er að fara eftir og það verði að vera vilji til þess að fara eftir þeim fjárlögum sem íslenska ríkið samþykkir, þ.e. sem Alþingi samþykkir á hverjum tíma.

Það var ekki meining mín að fara að deila við hv. þm. um árin 1990 og 1991. Ég minni hins vegar á að á þessum árum gerðist það líklega í fyrsta skipti að stjórnarandstaðan, a.m.k. Sjálfstfl. sem stjórnarandstöðuflokkur, studdi kjarasamninga sem gerðir voru. Það var held ég í fyrsta skipti sem það gerðist vegna þess að áður fyrrum þótti það sjálfsagt — og stundum hefur það nú reyndar gerst síðar — að stjórnarandstöðuflokkarnir færu gegn öllu því sem ríkisstjórnin er að gera hversu skynsamlegt sem það svo er.

Mig langar að allra síðustu að geta þess, af því spurt var um umhvrn. og útgjöld sem eru kölluð Ýmis umhverfisverkefni, að stærstu liðirnir sem þar er að finna í þessum 23 millj. kr. eru mengunarvarnir við hafnir annars vegar og lyfta við hús umhvrn. hins vegar sem samþykkt var að fara í af alkunnum ástæðum.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að ákjósanlegt væri ef hv. nefnd gæti afgreitt þetta mál fyrir vorið. Þannig stæðum við á næsta hausti með samþykkt fjáraukalög með fyrirliggjandi reikning fyrir liðið ár og fjárlagafrv. þá til umræðu á grundvelli nýjustu upplýsinga sem tiltækar eru sem er nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi þegar teknar eru jafnafdrifaríkar ákvarðanir og í fjárlögum á hverjum tíma.

[15:30]

**Útbýting þingskjals:**

Fullgilding samstarfssamnings milli Schengen-ríkjanna og Íslands og Noregs, 682. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1176.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Yfirskattanefnd, 1. umr.*

Stjfrv., 641. mál. — Þskj. 1104.

[15:31]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

Að undanförnu hafa í þjóðfélaginu farið fram allmiklar umræður um þá hlið skattamála sem snýr að samskiptum skattborgara við skattkerfið. Sú umræða er að sjálfsögðu af hinu góða og nauðsynlegt fyrir skattyfirvöld að gefa henni gaum, taka þátt í henni og draga af henni ályktanir í þeim tilgangi að bæta úr þeim ágöllum sem til staðar kunna að vera á hverjum tíma og laga skattkerfið að þeirri þróun sem sífellt er í gangi. Þessi þróun hefur á undanförnum árum verið sérstaklega ör að því er tekur til stjórnsýslumála og réttarstöðu borgaranna en umræðan um skattamál hefur ekki síst snúist um þessi atriði.

Í umræðunni hafa stofnanir skattkerfisins, skattstofur landsins, embætti ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd sætt gagnrýni. Þegar litið er til þess hlutverks þessara aðila er gagnrýni ekki óeðlileg og hún á að hjálpa þeim að gegna sem best hlutverki sínu og stjórnvöldum til að gera þær breytingar og ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að sú gagnrýni sem í frammi er höfð sé málefnaleg og snúi að raunverulegum ágöllum. Óánægja með það að borga skatt, sem réttilega er ákveðinn samkvæmt gildandi lögum, á ekki að vera tilefni til ádeilna á skattframkvæmdina og það af síður gremja þeirra sem kunna að vera hindraðir í því að smeygja sér fram hjá skyldum sínum í því efni.

Ég hef sem fjmrh. tekið þessa gagnrýni alvarlega og látið kanna réttmæti hennar ítarlega. Í þeim tilgangi m.a. var sett á laggirnar nefnd sem skipuð er fulltrúum fjmrn.,

skattkerfisins, og fulltrúum tilnefndum af Lögmannafélagi Íslands annars vegar og Félagi löggiltra endurskoðenda hins vegar til að fjalla um þessi mál og koma með ábendingar eða tillögur um úrbætur. Þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á skattkerfið að undanförnu má skipta í tvennt. Annars vegar hefur það verið gagnrýnt að réttur skattborgaranna sé að mörgu leyti fyrir borð borinn í samskiptum þeirra við skattyfirvöld. Bent hefur verið á að skattyfirvöld virði ekki þann frest sem þau hafa til afgreiðslu á málum, ekki sé jafnræði með gjaldendum og yfirvöldum hvað frest varðar, ekki sé nægilegt samræmi í gerðum og afstöðu aðila innan skattkerfisins og að skortur sé á að reglur séu nægilega gagnsæjar og úrskurðir séu birtir. Hins vegar hefur verið látið að því liggja að skattyfirvöld og jafnvel dómstólar séu vilhallir í ágreiningsmálum og láti hollustu við ríkisvaldið og persónulega hagsmuni fremur ráða gjörðum sínum en rétta túlkun á lögum.

Ráðuneytið telur að sú gagnrýni sem beinist að meintri hlutdrægni úrskurðaraðila í skattkerfinu, einkum yfirskattanefndar, eigi ekki við rök að styðjast og engar vísbendingar séu til þess að svo sé. Sé litið til þess hvernig úrskurðir yfirskattanefndar hafa fallið kemur í ljós að nærri helmingur þeirra hefur fallið gjaldendum í hag, þ.e. leitt til lækkunar á gjöldum frá því sem skattstjóri hafði áður ákveðið. Þess má geta að hlutföll þessi eru svipuð og í Danmörku sem býr við hliðstætt kerfi. Þetta bendir til þess að nefndin sé óhlutdræg. Hins vegar hefur verið bent á að svo hátt hlutfall breytinga frá úrskurði skattstjóra sé óeðlilegt og bendi til þess að eitthvað skorti á nægilega góða málsmeðferð á því stigi. Svo kann að vera en þó ber að gæta þess að oft eru lögð fram fyrir yfirskattanefnd af hálfu kærenda ný gögn og upplýsingar sem skattstjóra hafði ekki gefist tækifæri til að taka afstöðu til.

Afdrif þeirra mála sem yfirskattanefnd hefur úrskurðað í segja einnig nokkra sögu um áreiðanleik verka hennar. Í miklum meiri hluta tilvika una gjaldendur og ríkið við úrskurði nefndarinnar. Í þeim tilvikum, sem miklu færri eru, að niðurstöður hennar eru bornar undir dómstóla, standast þeir í flestum tilvikum. Sú gagnrýni sem fram hefur komið á skipun nefndarinnar á heldur ekki rétt á sér og er á misskilningi byggð.

Yfirskattanefnd er hvorki dómstóll né gerðardómur. Hún er hluti af skattkerfinu og er sem slík hluti af stjórnsýslukerfinu. Samkvæmt grunnreglum stjórnsýsluréttar skulu ákvarðanir stjórnvalds vera kæranlegar til æðra setts stjórnvalds. Þegar um er að ræða tiltekin ágreiningsmál varðandi skattlagningu hefur því verið skipað þannig með lögum að úrskurður í þeim málum sé í höndum yfirskattanefndar en ekki fjmrh. Yfirskattanefnd er þannig stjórnvald í skilningi stjórnsýsluréttar með það hlutverk að endurskoða ákvarðanir skattstjóra. Nefndin er í störfum sínum ekki bundin af öðru en lögum. Samkvæmt þessu er fullkomlega eðlilegt að nefndin sé skipuð af fjmrh.

Önnur skipan mála, svo sem að skipa nefndina fulltrúum gjaldenda, væri í andstöðu við alla venjulega stjórnsýslu og mundi gerbreyta eðli nefndarinnar. Það mundi gera hana að einhvers konar gerðardómi. Með því yrði endurskoðun úrskurða á stjórnsýslustigi afnumin og dregið úr réttaröryggi borgaranna. Um þá gagnrýni að sá háttur sem á er um skipan í nefndina kunni með beinum eða óbeinum hætti að hafa áhrif á afstöðu nefndarinnar eða einstakra nefndarmanna skal það eitt sagt að ekkert dæmi er þess að fjmrh. eða fjmrn. hafi gert tilraun til að hafa áhrif á afstöðu yfirskattanefndar eða túlkun hennar á skattalögum, hvorki almennt né við úrlausn einstakra mála.

Ekkert dæmi er til þess að við skipun eða endurskipun í nefndina hafi verið svo mikið sem litið til þess hver afstaða viðkomandi hafi verið almennt eða í einstökum málum. Einungis fagleg sjónarmið hafa ráðið vali á mönnum í nefndina. Þeir þættir gagnrýninnar sem snúa að samskiptum borgaranna við skattkerfið, réttarstöðu þeirra og skilvirkni skattkerfisins að því er varðar afgreiðslu ágreiningsmála, eiga fullan rétt á sér og kalla á úrbætur. Meðal annars af þeim ástæðum ákvað ég að leggja fram frv. sem hér er til umræðu ásamt öðru frv. sem þegar hefur verið mælt fyrir um bindandi álit í skattamálum. Frv. voru samin í fjmrn. Efni þeirra var kynnt í nefndinni sem ég gat um áður og í sitja m.a. fulltrúar Lögmannafélags Íslands og Félags löggiltra endurskoðenda og var það rætt ítarlega. Nefndin var sammála um að efni frv. væri til mikilla bóta.

Í þessum tveimur frv. eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar sem í senn er ætlað að bæta réttarstöðu borgaranna og að gera meðferð skattkerfisins á úrlausn ágreiningsmála skilvirkari. Með lögum um bindandi álit gefst sá möguleiki að skattaðili fái fyrir fram bindandi afstöðu skattyfirvalda til þess hvernig tilgreindar ráðstafanir af hans hálfu verða skattalega meðhöndlaðar. Með því á réttaröryggi að aukast og þeim málum sem leiða til ágreinings fyrir yfirskattanefnd og dómstólum að fækka. Með því frv. sem hér er mælt fyrir um, breytingar á lögum um yfirskattanefnd, er ætlunin að bæta málsmeðferð fyrir nefndinni og skapa forsendur fyrir því að raunhæft verði að standa við þann frest sem nefndinni er settur í úrlausn mála.

Mikilsvert er að ágreiningsmál á sviði skattamála séu leyst á skilvirkan og einfaldan hátt. Það er ekki viðunandi að meðferð þessara mála sé ekki í samræmi við þær reglur sem kveðið er á um í lögum. Að þessu hefur ítrekað verið fundið, m.a. í álitum umboðsmanns Alþingis. Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um yfirskattanefnd sem ætlað er að miða að skilvirkari málsmeðferð fyrir nefndinni og tryggja að unnt verði að standa við lögákveðna fresti. Helstu vandamál og ástæður fyrir seinvirkri málsmeðferð fyrir nefndinni má rekja til fjölda þeirra mála sem berast henni. Þá gætir verulega árstíðabundinna sveiflna á því hvenær mál berast henni. Þannig berst nefndinni um helmingur allra mála á hverju ári á þriggja mánaða tímabili, frá 15. október til 15. janúar. Reynslan hefur leitt í ljós að ekki er hægt að ætlast til að leyst verði úr öllum málum sem berast á þessu tímabili innan lögákveðinna tímamarka, nema með mjög auknum mannafla hjá nefndinni sem þá yrði verkefnalítill utan annatímans. Slík lausn er ekki talin viðunandi. Vegna þessara atriða eru eftirfarandi breytingar lagðar til með frv.:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir lengingu kærufrests til yfirskattanefndar. Hann verður lengdur úr 30 dögum í þrjá mánuði. Með þessari breytingu má vænta þess að kærur til nefndarinnar dreifist á nokkuð lengra tímabil en nú er og vinnuálag á nefndinni verði jafnara. Jafnframt er gert ráð fyrir að upphaf kærufrests miðist við póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þótt ástæða sé til að ætla að ágreiningsmálum um skatta og gjöld hafi verið leidd til lykta svo fljótt sem verða má hefur reynslan sýnt fram á að kærufrestur til yfirskattanefndar er of skammur í mörgum tilvikum. Með lengingu kærufrests er bæði dregið úr líkum

á því að skattaðilar glati kæruheimild til nefndarinnar vegna fjarveru, misskilnings á kærufresti eða af öðrum ástæðum, og þeim gefið aukið ráðrúm til að færa kæruna í endanlegan búning af sinni hálfu. Þá eru sett ítarlegri skilyrði en eru í gildandi lögum um form og efni kæru og gagnaöflun fyrir nefndina.

Í öðru lagi er lagt til að frestur yfirskattanefndar til að kveða upp úrskurði verði lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði. Samkvæmt núgildandi lögum er frestur yfirskattanefndar til að úrskurða um kærur þrír mánuðir, nema mál sæti sérstökum málflutningi, skv. 2. mgr. 7. gr. laganna, en þá er frestur nefndarinnar sex mánuðir. Að viðbættri þeirri breytingu sem vænta má að leiði af lengingu kærufrests og gerð er grein fyrir hér að framan, svo og með öðrum aðgerðum sem ráðist verður í samhliða þessu, m.a. fjölgun starfsfólks hjá nefndinni, má telja víst að unnt verði að virða frest þennan í öllum tilvikum nema sérstakar ástæður liggi að baki.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti gefið skattaðila kost á endurákvörðun skatts í þeim tilvikum að ný gögn eru lögð fyrir yfirskattanefnd og ekki hefur verið tekin afstaða til á fyrri stigum málsins. Með þessu úrræði er stefnt að því að ýmis smærri mál geti hlotið fljótvirkari afgreiðslu en ella og yfirskattanefnd verður þar með leyst undan því að fjalla um hin einföldustu afgreiðslumál auk þess sem slík mál munu fá skjótvirkari lausn en ella.

Til viðbótar við ofangreind atriði er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til yfirskattanefndar til að úrskurða skattaðila málskostnað í þeim tilvikum sem úrskurður fellur skattaðila í vil, að hluta eða öllu leyti. Það skilyrði er sett fyrir greiðslu málskostnaðar að krafa hafi verið gerð um greiðslu málskostnaðar og að skattaðili hafi orðið fyrir verulegum kostnaði sem eðlilegt var að hann stofnaði til og telja megi ósanngjarnt að hann beri kostnaðinn sjálfur. Slíkt ákvæði getur einnig veitt starfsmönnum skattstofanna eðlilegt aðhald þegar þeir kveða upp úrskurði.

Að lokum er að finna ákvæði sem heimilar yfirskattanefnd að fresta réttaráhrifum úrskurðar ef fjmrh. ákveður að bera lögmæti hans undir dómstóla að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Tillaga um þetta ákvæði er gerð samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að umræðunni lokinni og til 2. umr. að sjálfsögðu.

[15:45]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð samkvæmt dagskrá Alþingis í dag og næstu daga og af væntanlegum ráðherraskiptum sem boðuð hafa verið af hæstv. forsrh. en að þetta sé síðasta mál sem hæstv. núv. fjmrh. mælir fyrir, sá sem hefur verið í embætti fjmrh. lengst allra manna. Ég vil því nota þetta tækifæri, þar sem ég hef bæði verið samherji hans og andstæðingur, til að þakka honum fyrir samstarfið sem hefur verið mjög gott undir öllum kringumstæðum og árna honum góðs.

[15:46]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að það teljist nú kannski hálfgerð nauðgun á þingsköpum að ræða þessi mál hér og nú vil ég samt nota tækifærið til að þakka hv. þm. fyrir þetta andsvar og svara því á þann veg að ég hef notið þess í mínu starfi sem fjmrh. og sem þingmaður að eiga samstarf við hv. þm. bæði sem samherja og andstæðing þannig að hvergi hefur skugga borið á.

[15:46]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér um breytingu á lögum um yfirskattanefnd er mjög mikilvægt og merkt mál. Það þarf að skoða, herra forseti, í tengslum við annað þingmál sem varðar bindandi álit í skattamálum. Hæstv. fjmrh. talaði fyrir því máli fyrir nokkru. (**Gripið fram í:** Settur fjmrh.) Settur fjmrh., hæstv. forsrh. talaði reyndar fyrir því, það er rétt ábending. En þingmálið sjálft var unnið í fjmrn. og á ábyrgð hæstv. fjmrh. Í þeirri umræðu kom fram sú ósk, sérstaklega hjá okkur stjórnarandstæðingum, að öll þessi mál yrði að skoða í víðara samhengi vegna þess að ekki væri nægjanlegt að kveða upp úr um bindandi álit í skattamálum heldur þyrfti einnig að koma til breyting á lögum um yfirskattanefnd. Meginatriðið í þessum málflutningi er að bæta réttarstöðu þeirra sem greiða skatt. Ég held að í sjálfu sér sé ekki ágreiningur um að mjög brýnt sé að þeir sem hafa spurningar um sín skattframtöl eða álagningu, að vandi þeirra sé leystur eins fljótt og auðið er og án þess að óhæfilegur dráttur verði.

Bent var á í þeirri umræðu að það frv. væri gallað hvað viðvék því atriði að ekki var kveðið upp úr um fresti hjá ríkisskattstjóra varðandi bindandi álit. Nú hefur hv. efh.- og viðskn. haft þetta mál til umfjöllunar og komist að samhljóða niðurstöðu að afgreiða málið til 2. umr., þ.e. frv. um bindandi álit í skattamálum og gerir á því breytingar. Þær veigamestu eru að kveða upp úr um ákveðinn frest sem ríkisskattstjóri hefur til að gefa bindandi álit. Það er mjög mikilvægt að frestir séu settir hjá stjórnvöldum við að taka ákvarðanir gagnvart þegnunum. Það má ekki líðast að stjórnvöld nýti fresti eða ef frestir eru ekki til staðar til að draga mál von úr viti.

Ég geri þetta að sérstöku umtalsefni, herra forseti, vegna þess að yfirskattanefnd hefur einmitt verið þessu markinu brennd. Mál hjá yfirskattanefnd hafa dregist um langan tíma, í allt að tvö ár, jafnvel þó segi í lögunum að yfirskattanefnd skuli afgreiða mál í meginatriðum innan þriggja mánaða og í undantekningartilvikum innan sex mánaða. Í þessu frv. er lagt til að gera almennan frest til afgreiðslu hjá yfirskattanefnd sex mánaða. Ekki ætla ég svo sem að hafa á móti því, jafnvel þó að fresturinn verði lengdur, ef því fylgir þá sá vilji löggjafans og framkvæmdarvaldsins að standa við þá fresti. Það er satt best að segja alveg ólíðandi að við skulum hafa ákvæði í lögum sem kveða upp úr um tiltekna fresti, eins og er í lögunum um yfirskattanefnd, en svo er það brotið og menn yppta öxlum og gera ekkert í málinu.

Við gerðum betrumbót í efh.- og viðskn. á frv. um bindandi álit í skattamálum og ég fagna því sérstaklega að það vorum við í stjórnarandstöðunni sem höfðum frumkvæði í því að gera þá breytingu á frv. Það var samhljóða niðurstaða eins og í mjög mörgum málum sem við fjöllum um frá hæstv. fjmrh. Ég tel brýnt að frv. fái skjóta meðferð í þinginu. Ég held að þetta sé brýnt mál og það eigi lögfestingu skilið og menn eigi ekki að láta frv. daga uppi. Ég held að þetta sé gott mál. Það þarf vitaskuld að fara vel yfir það, sérstaklega hvað varðar þá þætti að tryggja réttarstöðu þegnanna, sem greiða skatta hér á landi, að ekki sé brotið á þeim með því að fara fram yfir lögbundna fresti.

Sú hugmynd hefur vaknað hvort ekki ætti að vera refsiákvæði í skattalögum, ekki gagnvart þeim sem brjóta skatta-

lögin heldur gagnvart skattyfirvöldum, ef þau fara fram úr þeim frestum sem lögbundnir eru. Það var ekki útfært þannig í hv. efh.- og viðskn. varðandi bindandi álit í skattamálum. Hugmyndin er samt athyglisverð vegna þess að það er brýnt, herra forseti, að mínu mati að hugað verði betur að réttarstöðu skattgreiðendanna, að staða þeirra sé gerð betri gagnvart fjmrn. og skattyfirvöldum. Auðvitað þarf ákveðið jafnvægi að vera þarna á milli og sanngjarnar reglur og það hefur tekist að nokkru leyti. En fyrst og fremst verðum við að ganga frá löggjöfinni þannig að umgjörðin sé skýr og öll deilumál hafi farveg sem leiðir til skjótrar niðurstöðu og vitaskuld megum við ekki gleyma því að hvort sem það viðvíkur bindandi álitum eða úrskurði skattyfirvalda þá hafa þegnar landsins vitaskuld dómstólaleiðina alltaf sem úrræði. Ýmsar ábendingar sem eru núna að koma fram í frumvörpum hjá hæstv. fjmrh. eru einmitt byggðar m.a. á ábendingum umboðsmanns Alþingis, og það er vel þegar brugðist er við með þeim hætti.

Ég tel, herra forseti, að þetta frv. sé í meginatriðum af hinu góða. Það bætir réttarstöðu fólksins í landinu, það íþyngir ekki almannavaldinu og það er eðlilegt að stuðla að samþykkt þess.

Ég vil að lokum, herra forseti, nota þetta tækifæri þar sem svo háttar að þetta er síðasta þingmál hæstv. ráðherra, þ.e. hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar, og segja örfá orð. Væntanlega erum við að hlusta á síðustu ræðu hans sem ráðaherra. Hann mun hins vegar sitja á Alþingi áfram enn um stund eftir því fréttir herma. Ég veit ekki, herra forseti, hvaða siðir eiga við hér á Alþingi þegar ráðherra hverfur úr sínu embætti. Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um störf ráðherrans.

Hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hefur setið mjög lengi í stóli fjmrh. Það er eitt annasamasta embætti ríkisstjórnar Íslands og hefur verið það lengi. Stundum er fjmrh. öfundaður af þeirri stöðu en oftar en ekki ganga yfir hann sjóir miklir og öfundin verður í minna lagi oft og tíðum.

Það verður hins vegar að segjast þegar horft er yfir ráðherraferil hæstv. ráðherra, Friðriks Sophussonar, að margar breytingar hafa verið gerðar, fjölmargar til bóta, aðrar miður eins og gengur. En í meginatriðum finnst mér að segja megi að honum hafi verið umhugað um að bæta áætlanagerð, bæta fjárreiður ríkisins, og hann hefur staðið fyrir faglegum vinnubrögðum. Ég hef hins vegar oft og tíðum verið ósammála hæstv. ráðherra, Friðriki Sophussyni, en hann hefur aldrei skotið sér undan málefnalegri umræðu. Hann hefur verið hreinskiptinn gagnvart okkur þingmönnum, einnig stjórnarandstöðuþingmönnum, og það er ekki sjálfgefið, herra forseti, að ráðherra hegði sér svo. Véfréttir einar vita hvað hæstv. ráðherra tekur sér fyrir hendur, en ég vil óska honum velfarnaðar í framtíðinni og þakka honum fyrir samstarfið þann tíma sem hann var ráðherra.

[15:55]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. vil ég fyrst segja varðandi frestinn sem minnst var á, en verið er að lengja frest nefndarinnar, yfirskattanefndar, úr þremur mánuðum í sex mánuði, þá held ég að það sé fyllilega raunsætt. En ég vil jafnframt láta það koma fram að sem betur fer hefur nefndin unnið aðeins á kúfnum, eins og sést á bls. 3 í athugasemdum við lagafrv., þar sem fram kemur að óafgreidd mál í lok tímabilsins árið 1994 voru tæplega 1.300 á meðan þau voru rúmlega 900 árið 1997. Ég held að það sé rétt að lengja þennan tíma í sex mánuði og þá sé fyllilega raunsætt að standa við þá tímafresti.

Ég held einnig að sú nýbreytni sem bryddað er á, að skattborgarinn eigi kost á því að fá greiddan kostnað þegar hann vinnur mál gagnvart ríkinu, sé af hinu góða og ætti að halda starfsmönnum skattkerfisins, sem ég ber mikla virðingu fyrir að sjálfsögðu og tel flesta hverja vera ágæta starfsmenn, dálítið við efnið, því að öðrum kosti mun það kosta ríkið heilmikil útgjöld, þ.e. ef úrskurðir eru ekki réttir og annað kemur í ljós þegar yfirskattanefnd fjallar um þá.

Ég held, virðulegi forseti, að stundum sé erfitt að sjá skóginn fyrir trjánum þegar maður starfar í stjórnsýslunni, ekki síst fyrir ráðherra sem starfar í ríkisstjórn um hríð og jafnvel þótt um lengri tíma sé. En ég er alveg sannfærður um að þessa tíma, tíunda áratugarins, verður minnst með því að stjórnsýslan hefur verið að breytast á mjög mörgum sviðum. Við höfum verið að setja ný stjórnsýslulög, upplýsingalöggjöf þar sem stjórnvöld eru skyldug til að veita ákveðnar upplýsingar. Við höfum séð hvernig umboðsmaður Alþingis hefur tekið á stjórnsýslunni og Ríkisendurskoðun, svo nefnd séu nokkur dæmi, og dæmi sem kannski þeim sem hér eru nokkuð nærtæk. Almennt held ég að hægt sé að fullyrða að hv. alþingismenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, hafi haft mikinn skilning á því að bæta stjórnsýsluna og allt eru þetta liðir og atriði sem byggja á löggjöf sem Alþingi hefur sett. Þetta eru mikilvægar breytingar. Þær kosta að vísu talsvert rót, kosta að menn þurfa að vinna sína heimavinnu mjög vel. Það er fjöldi manns í ráðuneytunum sem þarf að vinna að þessum breytingum. Það er meiri hraði í stjórnsýslunni og oftast kemur mönnum í hug sú einfalda lausn að nauðsynlegt sé að fjölga starfsfólki. Ég er á móti þeirri aðferð. Ég tel, og ætla að gera það að lokaorðum mínum hér, að betri aðferð sé að breyta lögum og reglum þannig að hægt sé að koma í veg fyrir árekstra og gera framkvæmdina og stjórnsýsluna þannig úr garði að hún geti verið skjót, viðbrögðin séu skjót, niðurstöðurnar skýrar og ágreiningsmálum milli hennar og almennings geti fækkað. Það er betri aðferð en að fjölga sífellt fólki í ráðuneytunum og slíkt getur einungis endað með skelfingu.

Ég vil að allra síðustu enn á ný, ég veit ekki einu sinni í hvaða skipti í dag, þakka hv. þingmönnum fyrir samstarfið meðan ég hef verið ráðherra. Ég er nú ekki dauður enn þá reyndar. Ráðherraskiptin eiga sér ekki stað fyrr en á fimmtudaginn, sem er í síðari hluti vikunnar en nú er enn þá fyrri hluti vikunnar. Ég vil þó sérstaklega þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir okkar samstarf sem hefur verið mikið og kannski meira en gengur og gerist vegna þess að hv. þm. hjálpaði mér á sínum tíma þegar hann var utan þings á tímabili við ákveðna erfiða þætti í starfi mínu, sem var kjarasamningagerð á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Þetta er orðið svo mærðarlegt allt saman að ég held að ástæða sé til að setja punkt hér og segja amen á eftir efninu. Ég vænti þess að stuðningur hv. nefndar við þetta mál speglist í ummælum hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.*

Stjfrv., 625. mál. — Þskj. 1072.

[16:00]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tiltölulega litlu frv. um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, sem flutt er á þskj. 1072 og er 625. mál þingsins. Frv. er aðeins tvær greinar og sín málsgreinin hvor grein en getur þó haft nokkra þýðingu fyrir þá sem um ræðir ef það verður að lögum. Frv. er flutt að tilhlutan stjórnar Lánasjóðs landbúnaðarins sem hefur óskað eftir því við landbrn. að það beiti sér fyrir breytingu á ofangreindum lögum í þá veru að lánstími verði lengdur á tilteknum lánum sjóðsins, þ.e. þegar í hlut eiga lán til nýrra bygginga, jarðakaupa, jarðræktarframkvæmda og annarra framkvæmda sem teljast varanlegar, sbr. 1. mgr. 10. gr. núgildandi laga en þar segir, með leyfi forseta:

„Lán til nýrra bygginga, jarðakaupa og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en lán til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu til allt að 12 ára."

Tillagan er um að 25 ára lánstími verði lengdur í 40 ár og til þess gert að létta greiðslubyrði og auðvelda nýframkvæmdir og husanlega nýliðun í landbúnaði. Í fskj. með frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að frv. leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð þótt það verði að lögum, hins vegar er gert ráð fyrir að það breyti nokkru um innstreymi í sjóðinn þar sem lánstíminn verður 15 árum lengri ef ákvæðinu verður beitt að fullu en það er auðvitað ákvörðun stjórnar og framkvæmdastjóra á hverjum tíma. Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. og ég vænti þess að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umræður utan dagskrár.*

Ráðstöfun sýslumannsembættisins á Hólmavík.

[16:03]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að missirum saman hafa verið árekstrar og ágreiningur milli dómsmrn. og dómsmrh. annars vegar og sýslumannsins á Akranesi hins vegar. Fyrir tilstuðlan ráðuneytisins var gerð stjórnsýsluathugun hjá sýslumanni sem leiddi ekki til þess að neinar athugasemdir væru gerðar við embættisfærslur hans. Sennilega var það að tilstuðlan ráðuneytisins sem viðvera sýslumanns á vinnustað var könnuð og leiddi það ekki til að neinar athugasemdir væru gerðar. Mér er sagt frá því að núv. dómsmrh. hafi orðað við sýslumann fyrir u.þ.b. fjórum árum að flytja hann í veigaminna embætti þótt ekki hafi orðið af því. En fyrir nokkru var hins vegar sýslumanni veitt áminning vegna meðferðar hans á svokölluðu ÞÞÞ-máli þannig að enginn vafi er á að það er álit hæstv. dómsmrh. að embættisfærsla sýslumanns sé ekki að hans skapi. Hins vegar kom mjög á óvart þegar fregnir bárust af því nú fyrir páskana að í bréfi hafi hæstv. ráðherra tilkynnt sýslumanni að hann íhugi að nota heimild í stjórnarskrá til að flytja sýslumanninn á Akranesi til starfs á Hólmavík og sýslumanninn á Hólmavík til starfs á Akranesi. Ekkert var rætt við sýslumann áður en bréfið var sent og mér er ekki kunnugt um að nein ástæða sé gefin í bréfinu fyrir því að þessir nauðungarflutningar eigi sér stað heldur sé sýslumanni aðeins gefinn andmælaréttur til 20. þessa mánaðar.

Hér er um að ræða dæmalaust mál og mjög óeðlilega málsmeðferð af hálfu hæstv. dómsmrh. og því hlýt ég að kalla eftir svari við þeirri einföldu spurningu hver ástæðan er fyrir því að gripið er til slíkra úrræða.

Þá spyr ég einnig hæstv. dómsmrh. hver ástæðan sé fyrir að hann tekur þá ákvörðun að flytja sýslumanninn á Akranesi nauðugan til Hólmavíkur. Ég veit ekki betur en þar hafi verið sýslumaður í starfi á Hólmavík en svo undarlega vill hins vegar til að á sama tíma var laust eða að losna annað sýslumannsembætti úti á landsbyggðinni, þ.e. sýslumannsembættið í Vestmannaeyjum en sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafði þá verið ráðinn til starfa sem varalögreglustjóri í Reykjavík. Hvers vegna nýtti hæstv. ráðherra sér það ekki eða orðaði við sýslumanninn á Akranesi hvort hann væri reiðubúinn að færa sig þangað þar sem sýslumannsembættið var laust? Hver er ástæðan fyrir því að hann valdi sýslumannsembættið á Hólmavík þar sem sýslumaður sat í embætti fyrir og var ekki vitað til að sá sýslumaður hefði leitað eftir embætti annars staðar?

Í þriðja lagi kemur fram að Vestfirðingar eru mjög ósáttir við þetta ráðslag hæstv. ráðherra. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sendi honum bréf þann 8. apríl 1998 þar sem hún mótmælir framferði hans. Bæjarstjórnin í Bolungarvík hefur 14. apríl gert samþykkt þar sem tekið er undir bréf stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og mér barst afrit af því í dag. Að auki hafa hv. 1. þm. Vestf. verið afhent mótmæli yfir 200 Strandamanna við ráðstöfun hæstv. ráðherra þar sem þingmenn Vestfirðinga eru hvattir til að hlutast til um að fyrrnefnd embættismannaskipti komi ekki til framkvæmda. Þá er spurning mín til hæstv. ráðherra hvort hann engu að síður ætli að halda fast við ákvörðun sína og flytja sýslumanninn á Akranesi nauðungarflutning norður til Hólmavíkur og hver sé þá ástæðan fyrir slíkri aðgerð.

[16:07]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. spyr um ástæður fyrir því að sýslumanninum á Akranesi hefur verið tilkynnt um þau áform ráðuneytisins að flytja hann til starfa á Hólmavík. Áður hefur komið fram af minni hálfu að ein meginástæðan fyrir því er sú að ráðuneytið telur að betur fari á því að sýslumaðurinn á Akranesi stýri minna embætti en hann hefur gert. Að vísu er ekki mjög algengt að embættismenn séu fluttir á milli embætta en kemur alltaf fyrir öðru hverju og oft hefur gefist mjög vel að flytja menn þannig á milli og menn hafa staðið sig með ágætum þegar þeim hafa verið fengin ný verkefni sem eru betur við þeirra hæfi. Ég vona satt best að segja að sú verði einnig raunin á í þessu tilviki. Ég tek eftir því að hv. 4. þm. Vestf. talar á annan hátt um þetta mál á Alþingi en hann hefur gert að undanförnu í fjölmiðlum, líkir ekki Hólmavík lengur við Brimarhólm eða Síberíu og fer í sjálfu sér mjög vel á því. Hv. þm. nefndi það ekki í þingræðu sem hann hefur gert opinberlega að réttara hefði verið að víkja sýslumanninum á Akranesi frá störfum. Ég lít svo á að þótt það sé mat ráðuneytisins að embættissýslan á Akranesi hafi ekki verið sem skyldi séu ekki tilefni til að grípa til slíkra aðgerða og í þessu falli sé eðlilegra að taka tillit til meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna. Stjórnsýslulögin og ekki

síst 36. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gerir beinlínis ráð fyrir að embættismenn séu fluttir þannig til og stjórnarskráin gerir það einnig og í athugasemdum við 36. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er þess sérstaklega getið að æskilegt sé að hafa heimild til að flytja starfsmenn þannig á milli embætta. En það er rétt að geta þess að samkvæmt stjórnarskránni eiga embættismenn rétt á því að hafna því að taka við embætti og taka við eftirlaunum í staðinn og það er ákvörðunaratriði þeirra sem eiga hlut að máli í slíkum tilvikum og rétt er að taka fram að sýslumanninum á Akranesi hefur verið veittur andmælaréttur vegna þessara áforma til 20. þessa mánaðar.

Þá er að því spurt hvers vegna Hólmavík hafi orðið fyrir valinu í þessu tilviki. Það var mat ráðuneytisins að það væri eðlilegt að finna minna sýslumannsembætti sem væri minna að umfangi og hefði færri mál til afgreiðslu í þessu tilviki. Það kom svo heim og saman að á Hólmavík var einnig sýslumaður sem við treystum mæta vel til að takast á við stærra embætti og því var afráðið að þeir tveir embættismenn hefðu skipti á embættum.

Varðandi andmæli íbúa á Hólmavík og Ströndum er það að segja að því fer alveg víðs fjarri að með þessari ráðstöfun sé á nokkurn hátt verið að óvirða íbúa á þessum svæðum. Aldrei hefur verið uppi það sjónarmið í fyrri tilvikum þegar embættismenn hafa verið fluttir til. Ég hef staðið að slíkum ákvörðunum áður og minnist þess ekki að menn hafi haft slíka gagnrýni í frammi en sýslumaður á lögmætan andmælarétt og endanleg ákvörðun verður að sjálfsögðu ekki tekin fyrr en svör hafa borist frá honum en aðrir eiga lögum samkvæmt ekki rétt til andmæla.

[16:13]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Óneitanlega er um allsérstætt mál að ræða sem vakið hefur upp mikla reiði í Strandasýslu og víða um Vestfirði. Hér var nefnt áðan að um 200 Strandamenn hafa sent mótmæli til þingmanna Vestfjarða. Ég vænti þess að þau mótmæli finni sér stað hjá þeim flokki sem stendur að þessum gjörningi.

Hitt er svo annað mál að það kann vel að vera að menn hafi misst svolítið áttir í því hvað menn telja að sé að hjá þessum ágæta manni sem þarna er um að ræða, Sigurði Gizurarsyni. Hann hefur lent eitthvað upp á kant við dómsmrn. og att kappi við menn þar um lagatúlkanir í nokkurn tíma. Hins vegar megum við ekki gleyma því að þetta er maður sem hefur að baki mjög góðan námsferil, maður sem á eitthvert hæsta lögfræðipróf sem tekið hefur verið á Íslandi. Þetta er líka maður sem Alþingi hefur í tvígang kosið í nefnd til að semja frv. eða drög að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland og þetta er maður sem er menntaður bæði frá Frakklandi og Sviss og á að baki nokkuð góðan feril sem fagmaður í grein sinni. Ég held því að þótt þetta sé óvenjuleg gerð hjá hæstv. dómsmrh., sem ég vona að hann vindi ofan af og leysi með öðrum hætti, þá megum við ekki gleyma að þessi ágæti einstaklingur sem þarna á í hlut, Sigurður Gizurarson, er að öllu leyti hinn vænsti maður sem kann sitt fag og það er fráleitt að tala um að senda hann í einhverja Brimarhólmsvist norður til Hólmavíkur því að það vita þeir sem þekkja Hólmavík og landið þar í kring að það er svo fráleitt að það sé afleitur staður til að vera á. Samt sem áður, miðað við hvernig þessi mál hafa skipast þá vona ég að hæstv. dómsmrh. finni aðra lendingu í málinu en núna er stefnt að.

[16:15]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Það vakti óneitanlega mikla undrun þegar það spurðist út um fyrirætlanir hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. um hrókeringar á sýslumönnum milli Hólmavíkur og Akraness. Málið er að sýslumann, sem dómsmrn. taldi með réttu eða röngu að réði ekki við starf sitt á Akranesi, átti að senda til Hólmavíkur. Ég ætla út af fyrir sig ekkert að leggja dóm á embættisferil þessa tiltekna sýslumanns. Það er ekkert í mínum verkahring eða mínu valdi. En það er hins vegar óneitanlega mjög sérkennilegt að úr því að það er mat dómsmrn. að þessi viðkomandi sýslumaður ráði ekki við starf sitt á einum stað þá sé svarið að senda hann til starfa á öðrum stað. Hvað er það sem gefur til kynna að þetta sé skynsamleg ráðstöfun?

Þetta hefur valdið mjög miklum sárindum og óánægju og reiði á Vestfjörðum. Mótmæli hafa borist frá Fjórðungssambandinu. Það hafa borist mótmæli frá einstökum sveitarfélögum og í dag bárust mér mótmæli yfir 200 atkvæðisbærra manna í Strandasýslu sem safnað var á örfáum dögum, sárafáum dögum. Og það liggur fyrir að fleiri mótmæli eru á leiðinni. Það er mjög mikill þungi á bak við þessa kröfu sem kemur fram í undirskriftalistanum úr Strandasýslu, þar sem kjósendur mótmæla harðlega ákvörðun dómsmrh. um boðuð sýslumannsskipti og þar sem okkur þingmönnum Vestfjarða er falið að hlutast til um að fyrrnefnd embættismannaskipti komi ekki til framkvæmda.

Ég tel að þetta hafi verið mjög óheppileg og mjög óskynsamleg ákvörðun, að sjálfsögðu ekki gerð af illum hug, en hún er alls ekki til farsældar. Það er ógeðfelld tilhugsun okkar sem búum í hinum dreifðu byggðum að út á land séu sendir menn sem eru ekki taldir standa sig í þéttbýlinu. Ég hafði vænst þess, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra endurskoðaði afstöðu sína og það veldur mér vonbrigðum að það er ekki gert. Ég skora því enn og aftur á hæstv. dómsmrh. að endurskoða þessa afstöðu sína.

[16:18]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. málshefjanda og þeim þingmönnum Vestfirðinga sem hér hafa talað að þessi ákvörðun hæstv. dómsmrh. er afar undarleg stjórnsýsla svo ekki sé nú sagt beinlínis forneskja, að ætla að fara að senda embættismann sem ráðuenytið hefur átt í útistöðum við og þar á ofan áminnt, í annað embætti. Það lýsir að mínu mati fráleitum viðhorfum til þeirrar þjónustu sem hér á í hlut og auðvitað til íbúa viðkomandi svæða, að lélegur embættismaður, sem hann hlýtur að vera að mati ráðuneytisins eða tæpast fær um að sinna sínu starfi, sé nógu góður fyrir fólk á minni stöðum úti á landi. Það er það sem í raun felst í þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Þau rök að umfang embættisins sé eitthvað minna eru engin rök vegna þess að það þýðir ekki að neinn eðlismunur sé á starfseminni sem sýslumenn hafa með höndum í minni umdæmum en stærri. Það er enginn eðlismunur á verkefnum sýslumanna eftir stærð umdæma, einungis munur á umfangi. Og það þýðir sem sagt að í lagi sé að menn séu vanhæfir ef það er í minna magni eða ef menn eru hroðvirkir þá sé það í lagi ef það bitni á mönnum í færri tilvikum.

Þetta er ekki frambærileg framsetning á málum, herra forseti. Og verði þetta að fordæmi, við hverju má þá búast? Verða þá hinir brottreknu bankastjórnar Landsbankans ráðnir sem útibússtjórar í litlum útibúum af því það sé í lagi þar ef

þau eru nógu lítil? Og verður lögreglustjórinn í Reykjavík, sem eitthvað hefur nú gengið misjafnlega hjá að undanförnu, kannski gerður að pólitíi á Borgarfirði eystra? Þetta gengur ekki svona, herra forseti, þetta er algjör fjarstæða. Þetta eru stjórnsýsluhættir sem ekki ganga upp. Ráðherrar og ráðuneyti verða að taka afstöðu til hæfis embættismanna á öðrum forsendum en út frá staðsetningu eða landafræði. Landafræði er ónýtur mælikvarði á það hvort menn séu hæfir eða ekki hæfir embættismenn.

Svo er það að lokum, herra forseti, þannig að ein ástæða þess að deilur hafa orðið milli sýslumannsins á Akranesi og dómsmrn. er svonefnt ÞÞÞ-mál. Gæti það hugsast að hér ætti að finna blóraböggul í því máli, hengja bakara fyrir smið? En stjórnsýsla sjálfs ráðuneytisins í þeim málum öllum og reyndar frekar tveggja ráðuneyta en eins, hefur nú ekki fengið háa einkunn, m.a. hjá Ríkisendurskoðun.

[16:20]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Embættisfærsla hæstv. ráðherra sýnir lítilsvirðingu. Hæstv. ráðherra sýnir fólkinu á Hólmavík og á Vestfjörðum lítilsvirðingu. Hæstv. ráðherra sýnir sýslumönnunum báðum lítilsvirðingu. Ekki var leitað eðlilegs samráðs við þessa ákvörðun.

Embættisfærslur Þorsteins Pálssonar sem dómsmrh. síðustu mánuði orka orðið mjög tvímælis. Það er í fyrsta lagi, herra forseti, þetta mál um nauðarflutninga sýslumanna, í öðru lagi málsmeðferð í fíkniefnamálum og í þriðja lagi mál lögreglustjórans í Reykjavík. Ráðherrar bera ábyrgð. Hér eru mörg tilvik sem sýna vissulega vanhæfi ráðherrans. Hæstv. ráðherra ætti að hugleiða hvort hann sé fær um að gegna þessu háa embætti svo vel sé.

[16:22]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum vikum var ég á fundi með konum á Vestfjörðum á Ísafirði. Það var þungt í þessum konum ekki síst vegna þess hvernig fjölmiðlar fjölluðu ítrekað um svæðið en þær upplifðu það sem lítilsvirðandi umfjöllun. Það var niðurstaða þessa fundar að eitt af því brýnasta sem lægi fyrir væri sameiginlegt átak um að bæta ímynd svæðisins.

Þegar ég kom í haust til starfa í fjárln. var hv. fjárln. nýkomin úr ferðalagi um Vestfirði og höfðu nefndarmenn fengið létt menningarsjokk á Hólmavík þar sem þeir skoðuðu sýslumannsembætti staðarins. Var það oft nefnt á fundum nefndarinnar fram til jóla að þarna yrðum við að bæta úr því að þvílíkt væri ástand þessa embættis, þ.e. aðbúnaðurinn, og voru allir sammála um þetta.

En nú hefur Sjálfstfl. í hæstv. ríkisstjórn fundið leið til að nýta sér þetta volæði. Hann ætlar að nota það til refsivistar fyrir þá sýslumenn aðra á landinu sem ekki hafa farið að vilja ráðuneytisins. Hvers eiga Vestfirðingar að gjalda? Það bætir trauðla ímynd svæðisins að senda þangað til refsivistar sýslumann sem hefur þann dóm frá hæstv. ráðuneyti að hann valdi ekki starfi sínu.

[16:24]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér fyrirhugaða færslu sýslumannsins á Akranesi til Hólmavíkur né heldur embættisfærslur Sigurðar Gizurarsonar og ágreining hans við dómsmrn. Almennt held ég að Sigurður hafi komist ágætlega af við íbúa Akraness enda Akurnesingar almennt löghlýðið friðsemdarfólk. En það sem ég vil hins vegar láta koma fram við þessa umræðu og vil beina til hæstv. dómsmrh. er að ég tel að það eigi að gera sýslumönnum það að skilyrði að þeir hafi búsetu í sínu umdæmi. Sýslumaðurinn á Akranesi flutti með fjölskyldu sína til Seltjarnarness fyrir nokkrum árum og hefur alllengi farið daglega á milli staða með Akraborginni til að sækja vinnu. Mér finnst ekki í lagi að yfirvaldið á staðnum, sýslumaðurinn sem er æðsti yfirmaður löggæslunnar og fulltrúi í almannavarnanefnd staðarins sé ekki á Akranesi nema að hámarki 30 klukkustundir á viku. Það er sjálfsagt ekkert í ráðningarsamningi sýslumanna sem gerir þeim þetta skylt en ég tel að því þurfi að breyta.

Flestar ríkisstjórnir og allir stjórnmálaflokkar hafa haft á stefnuskrám sínum síðustu 20 árin að auka starfsemi hins opinbera á landsbyggðinni, m.a. með því að flytja opinber störf frá höfuðborginni út á land. Síðustu tvær ríkisstjórnir hafa reynt í litlum mæli að fara eftir þessari stefnu og mætt harðri andstöðu í kerfinu. Í nýrri skýrslu sem Rekstur og ráðgjöf vann fyrir Byggðastofnun kemur skýrt fram hvernig þróunin hefur verið á undanförnum árum en fjölda stöðugilda A-hluta ríkissjóðs fækkar jafnt og þétt á landsbyggðinni en fjölgar í Reykjavík. Þannig fækkaði þessum stöðum um 31 á Vesturlandi á árunum 1994–96 á sama tíma og þeim fjölgaði um 236 í Reykjavík. Þá voru stöðugildi á hverja þúsund íbúa 45 á Vesturlandi en 105 í Reykjavík. Þegar á það er litið að þeim opinberu störfum sem þó eru til staðar á landsbyggðinni er í auknum mæli sinnt af fólki sem býr á höfuðborgarsvæðinu þá eykst þessi munur enn. Þetta á ekki bara við um sýslumanninn á Akranesi heldur presta og fleiri embættismenn. Mér finnst þessi þróun ákveðin niðurlæging fyrir landsbyggðina sem ástæða er til að taka á.

Herra forseti. Ég ítreka að ég er ekki að gera athugasemdir við embættisfærslur Sigurðar Gizurarsonar og sjálfsagt er hann í fullum rétti að búa þar sem hann kýs. Ég legg hins vegar áherslu á að þessu þarf að breyta þannig að þegar sýslumannsembætti eru veitt þá sé búseta á viðkomandi svæði skilyrði.

[16:26]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið fram í þessari umræðu sem ekki lá ljóst fyrir áður að ástæðan fyrir því að sýslumaðurinn á Akranesi á að flytjast nauðungarflutningi til Hólmavíkur er sú að hæstv. dómsmrh. er þeirrar skoðunar að hann standi sig ekki í starfi án þess þó að hæstv. dómsmrh. hafi getað sannað á hann nokkuð slíkt. Það hefur líka komið fram í þessari umræðu að hæstv. ráðherra telur rétt við slíkar aðstæður að flytja embættismann nauðungarflutningi í annað umdæmi þar sem fólkið er færra.

Segja menn svo að eitthvað óeðlilegt sé við það að segja um þessar athafnir valdsmanns, að grípa þannig inn í embættisfærslur undirmanna sinna, að þetta sé eins og hér fyrr á öldum þegar valdsmenn sendu til afplánunar á Brimarhólm þá sem þeir felldu sig ekki við, án þess að þurfa að sanna á þá sakir. Með því er ekki verið að líkja saman þessum tveimur stöðum, Brimarhólmi og Hólmavík, heldur þeim valdsmönnum sem þarna eiga hlut að máli og starfsháttum þeirra.

Virðulegi forseti. Það var annað sem vakti athygli mína og það var að hæstv. dómsmrh. er ánægður með þessa gjörð sína og virðist ekki ætla að láta það hafa nein áhrif á sig þó að Vestfirðingar og hans eigin flokksmenn, m.a. einstaklingar sem hafa stutt við bakið á honum á þeim tíma á hans pólitíska

ferli þegar honum lá mest við, biðji hann um að skipta um skoðun. Hann ætlar ekki að láta það hafa nein áhrif á sig. Hann sendir Vestfirðingum þessa kveðju úr ræðustóli: „Mér er alveg sama hvað þeir segja. Þetta valdaafskipti mitt skal standa. Maðurinn skal fluttur nauðungarflutningi hvort sem hann vill það eða vill það ekki, hvort sem þið viljið það eða viljið það ekki."

[16:29]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Fram kom talsverður misskilningur í máli hv. 4. þm. Vestf. þar sem hann sagði og fullyrti að ákvörðunin í þessu tilviki, þ.e. að færa til sýslumann, hefði byggst á því að fólkið væri færra á Hólmavík. Það sem ég sagði var að talið var eðlilegt að færa sýslumanninn til þannig að hann fengi umfangsminna embætti til að sýsla með og það er oft gert.

Ég hef til að mynda flutt sýslumann vestan af fjörðum og til Reykjavíkur í umfangsminna starf, þó miklu meira fjölmenni sé hér í Reykjavík en fyrir vestan. Ég man ekki eftir að nokkur hafi kvartað yfir því. Það var einfaldlega talin eðlileg ráðstöfun. Sú var svipaðs eðlis og þessi, þó að hún hafi verið gerð með samkomulagi aðila.

Einnig er ástæða til að gera athugasemdir við það sem hér hefur verið sagt að dómsmrn. hafi lent upp á kant við viðkomandi sýslumann. Dómsmrn. fylgist með störfum sýslumannanna eins og annarra embættismanna sem undir það heyrir og ber skylda til að grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar teljast til þess að halda stjórnsýslunni í góðu horfi.

Ég get tekið undir það sjónarmið sem fram kom hjá 8. þm. Reykn. um að þörf sé á að bæta aðstöðu sýslumannsins á Hólmavík. Aðstaðan hefur batnað varðandi íbúðarhúsnæði sýslumannsins en aðstöðu sýslumannsembættisins þarf að bæta.

Að lokum, herra forseti, þá get ég tekið undir það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Vesturl. um búsetu sýslumanna. Þó tel ég að til þess að unnt sé að setja þau skilyrði þá þurfi að hafa bein fyrirmæli þar um í lögum.

## *Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 1. umr.*

Stjfrv., 642. mál. — Þskj. 1105.

[16:32]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Í frv. því sem hér er lagt fram um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er lagt til að sérstök ákvæði gildi um þær veiðar þrjár komandi vertíðir.

Norsk-íslenski síldarstofninn hefur um margt sérstöðu. Það leiðir til þess að enn er ekki tímabært að ákveða skipulag veiða úr stofninum til frambúðar. Fyrir hrun stofnsins í lok sjöunda áratugarins var þetta stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi. Héldu hinir eldri árgangar hans sig að mestu innan þess svæðis að sumarlagi sem nú er íslensk lögsaga og höfðu vetursetu fyrir austan land. Veiðar úr þessum stofni voru mikilvæg uppistaða í atvinnulífi víða um land og hrun stofnsins var eitt mesta efnahagsáfall sem Ísland hefur orðið fyrir á síðsutu áratugum. Síðustu árin hefur stofninn rétt nokkuð við og hefur hinn kynþroska hluti hans aftur farið að leita vestur á bóginn út frá ströndum Noregs. Langt er þó frá að stofninn hafi tekið upp sitt fyrra göngumynstur og hafa veiðar íslenskra skipa úr honum á síðustu þremur vertíðum að langmestu leyti farið fram utan íslenskrar lögsögu. Veiðarnar hafa farið fram á fáum vikum í maí og júní og hefur síldin á þeim tíma verið erfið til manneldisvinnslu, m.a. vegna átu. Afli íslenskra skipa hefur því að mestu farið í bræðslu. Við þessar aðstæður hefur loðnuflotinn hentað mjög vel til veiðanna en í honum eru öflug skip sem vel henta til að sækja langt og veiða mikið magn á skömmum tíma.

Taki síldin aftur upp sitt fyrra göngumynstur munu aðstæður mjög breytast varðandi veiðar og nýtingu síldarinnar. Veiðitímabilið verður væntanlega mun lengra, frá júní og fram á vetur. Veiðisvæðin verða að mestu nærri landi og líklegt er að öll veiði íslenskra skipa verði innan íslenskrar lögsögu. Nýting síldarinnar mun í auknum mæli verða til manneldis.

Um fiskveiðar utan lögsögu Íslands gilda nú lög nr. 151/1996. Samkvæmt 4. gr. þeirra skal sjútvrh. binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands. Á síðustu vertíð voru veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum leyfisbundnar á grundvelli þessarar heimildar. Öll skip, sem leyfi höfðu til veiða í atvinnuskyni, áttu kost á leyfi til síldveiðanna. Að öðru leyti miðaði stjórn síldveiðanna fyrst og fremst að því að tryggja að heildarafli íslenskra skipa færi ekki yfir leyfilegt heildarmagn. Kom því hvorki til úthlutunar aflahlutdeildar né aflamarks til einstakra skipa. Flestir eru sammála um að sú leið sem farin var til stjórnar veiðanna á síðustu síldarvertíð er mjög óhagkvæm, m.a. fyrir þær sakir að hún stuðlar að aukinni sókn vanbúinna skipa til veiðanna. Er því ekki fýsilegt að stjórna veiðum áfram á sama hátt.

Norsk-íslenski síldarstofninn veiðist bæði innan og utan íslenskrar lögsögu og er því svonefndur deilistofn. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 151/1996 er gert ráð fyrir mismunandi leiðum til stjórnar veiða úr deilistofnum eftir því hvort samfelld veiðireynsla er úr þeim stofnum eða ekki. Veiðireynsla telst samfelld hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni þrisvar á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem til ráðstöfunar er af hálfu íslenskra stjórnvalda og háttar svo til um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Á grundvelli núgildandi laga er því heimilt að skipta leyfilegum aflaheimildum Íslands úr stofninum milli einstakra skipa með úthlutun varanlegrar aflahlutdeildar til þeirra, enda byggist sú aflahlutdeild alfarið á veiðireynslu þeirra.

Kröfur Íslands til hlutdeildar í veiðiheimildum úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa m.a. byggst á því að miklar líkur séu á að hann taki aftur upp sitt fyrra göngumynstur eins og áður var rakið. Hvenær það verður er hins vegar óvíst. Verður í ljósi þessa að telja óeðlilegt að ákveða til framtíðar skipulag veiða úr þessum stofni í samræmi við ákvæði laga nr. 151/1996 og láta veiðireynslu sem myndast hefur við aðstæður sem væntanlega eru gjörólíkar þeim sem ríkja munu í framtíðinni ráða aflahlutdeild einstakra skipa. Því er lagt til að sett verði lög er kveði á um að tímabundið skuli gilda sérstakar reglur um stjórn þessara veiða.

Í frv. er kveðið á um hvernig skuli standa að stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1998, 1999 og 2000. Lagt er til að veiðiheimildum verði skipt þannig milli

skipa að allt að 90% af heildarmagninu sem í Íslands hlut fellur komi í hlut þeirra skipa sem stunduðu veiðar úr stofninum á árunum 1995, 1996 og 1997.

Þá er gert ráð fyrir að eftirstöðvum verði skipt milli þeirra skipa sem ekki hafa stundað þær veiðar og þannig gefst möguleiki til að veita nýjum skipum leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Einnig er gert ráð fyrir að heimildir til framsals árlegra veiðiheimilda verði takmarkaðar þannig að ekki verði heimilt að framselja frá hverju skipi meira en 50% af sama hlutfalli þess úr árlegum heildarafla og sem nam hlutfalli þess úr heildarafla þriggja síðustu vertíða. Með þessu móti er unnt að nýta flutning veiðiheimilda til að ná fram hagkvæmni í rekstri og fullri nýtingu á hlut Íslands í heildaraflanum. Á hinn bóginn verður einnig að líta til þess að lagt er til að veiðiheimildum verði skipt á milli skipa án tillits til aflareynslu. Því þykir rétt að takmarka rétt til framsals svo að útgerðir, sem ekki hafa sannað veiðihæfni skipa sinna, geti ekki framselt veiðiheimildir þær sem þær fá úthlutað á grundvelli þessara laga. Til að tryggja fulla nýtingu veiðiheimildanna er gert ráð fyrir að ráðherra setji frekari reglur um framkvæmd veiðanna, þar með talið hvernig standa skuli að endurúthlutun veiðiheimilda ef það virðist nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir aðalefni þessa frv. en vil minna á að þar sem veiðar hefjast innan tíðar er mjög æskilegt að unnt verði að hraða afgreiðslu málsins í þinginu. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[16:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið ákaflega mikið hringl með málin, veiðistjórnun og í raun og veru alla málsmeðferð varðandi veiðar okkar á norsk-íslensku síldinni. Eiginlega er sama hvar borið er niður, hvort það er veiðistjórnunin, samningagerðin eða annað. Það hefur allt verið mjög skrautlegt. Til marks um það mætti nefna að öll árin sem veitt hefur verið úr þessum stofni, frá því að veiðar hófust 1994, hefur verið breytt um kerfi. Ég held að ég fari rétt með það að í hvert einasta skipti sem menn hafa hugað að því, að áliðnum vetri, hvernig standa ætti að veiðunum, síðan farið var að stjórna þeim, þá hefur nýtt fyrirkomulag verið prófað að einhverju leyti.

Veiðarnar hófust þannig að menn fóru til veiða á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands, Færeyja og Noregs, út í Síldarsmuguna sem sumir kalla á árinu 1994 og náðu strax nokkrum árangri. Fyrstu síldinni var landað snemmsumars 1994, ef minni mitt svíkur ekki. Þá voru veiðar frjálsar og um þær ríktu ekki neinar reglur. Þau skip sem fyrst fóru til veiða og náðu mestum árangri sýndu fram á að ganga síldarinnar væri orðin þannig að íslenski flotinn gæti veitt hana í verulegu magni.

Árið 1995 byggði þetta á einhliða ákvörðun Íslendinga og Færeyinga í samkomulagi. Árið 1996 var úthlutunin mjög sérstök. Þá var úthlutað vissu magni á skip á grundvelli ákveðinna reglna þar sem burðargeta réði nokkru. Árið 1997 voru veiðarnar gefnar frjálsar innan ramma þess heildaraflamarks sem kom í hlut Íslands á grundvelli fjórhliða samninga Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands. Þá voru sem sagt stundaðar ólympískar veiðar innan þessa magns. Nú, á árinu 1998, á að ganga í gildi ný regla, enn ein reglan og hún er til þriggja ára.

Þetta hringl, herra forseti, er auðvitað mjög bagalegt og ég þekki þess mörg dæmi að þetta hafi gert útgerðarmönnum og vinnsluaðilum ókleift að ráðast í fjárfestingar eða gera breytingar sem þeir höfðu hug á að gera. Auðvitað er ólíkri aðstöðu manna saman að jafna, t.d. til að tryggja sér hráefni í vinnslu eftir því hvort um er að ræða ólympískar veiðar eða úthlutun og á hvaða grunni sú úthlutun er.

Að þessu slepptu tel ég, herra forseti, að það þurfi auðvitað að vera allveigamikil rök til þess að hverfa frá ákvæðum laga sem Alþingi hefur sett og eru almenn lög sem eiga að gilda um málsmeðferð varðandi fiskstofna almennt við landið. Það er lagt til hér. Að taka 5. gr. laga um úthafsveiðar úr sambandi í þrjú ár og setja alveg sérstakar reglur, lagareglur um málsmeðferðina hvað varðar þennan stofn í þrjú ár. Við hljótum að spyrja okkur að því, ef ekki stendur til að gjörbreyta almennum leikreglum gagnvart öðrum stofnum, hver sú brýna þörf sé. Hver er sú ríka ástæða og rök sem valda því að þessi sérstaka málsmeðferð eigi að gilda í þessu tilviki?

Ákvæði 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eru tiltölulega skýr. Ég tel að ekki hafi leikið nokkur vafi á því hvað vakti fyrir úthafsveiðinefndinni á sínum tíma og síðan Alþingi með lögfestingu þeirra leikreglna. Í fyrsta lagi er það svo, herra forseti, að um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan hennar, þ.e. íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, samanber þó ákvæði þessarar greinar. Hin almennu lög um stjórn fiskveiða og ákvæði þessarar greinar, sem fjallar um deilistofna, eiga að gilda. Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum."

Síðan er veiðireynslan skilgreind og sagt til um hvað þurfi til að veiðireynsla teljist samfelld:

„Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda." Það ákvæði þessarar málsgreinar er þegar uppfyllt.

Það er nær því að vera í fjögur ár en þrjú að svo mikið hafi veiðst á einu ári að það svari til þriðjungs eða meira af því sem íslensk stjórnvöld hafa nú til ráðstöfunar á grundvelli alþjóðasamninga um veiðar þessarar tegundar, eða um 200 þús. tonn. Veiðarnar hafa a.m.k. óumdeilanlega gefið það af sér sl. þrjú ár, 1995, 1996 og 1997. Þetta ákvæði þessarar greinar er því uppfyllt. Þá spyr ég: Hvaða skilning leggja menn í orðin „skal aflahlutdeild einstakra skipa"? Ég tek eftir því að í greinargerð frv. er talað um að heimilt sé, á grundvelli núgildandi laga, að skipta aflaheimildum Íslands milli einstakra skipa o.s.frv.

Það virðist með öðrum orðum vera skoðun ráðuneytisins ef marka má greinargerðina að þetta sé heimildarákvæði en ekki skylduákvæði og ég spyr hæstv. ráðherra hvað liggi því mati ráðuneytisins til grundvallar. Hefur ráðuneytið látið gera lögfræðilega úttekt á því hver staða málsins er? Hverjar telur ráðuneytið að væru málsástæður útgerða sem á grundvelli óbreyttra laga færu fram á að þeim yrði reiknuð aflahlutdeild?

Svo vil ég segja, herra forseti, að þegar kemur að þeirri reglu sem frv. leggur upp um meðferð þessara mála næstu þrjú árin fullyrði ég að sú regla sem ráðuneytið leggur hér til er í ósamræmi við anda gildandi laga. Út af fyrir sig tel ég alveg ljóst að Alþingi getur ákveðið að setja ný lög, aftengja úthafsveiðilögin og búa til sérstakar leikreglur um þriggja ára skeið. En það getur tæplega verið eðlilegt að sú reiknisregla sem notuð er til skipta milli einstakra aðila á því þriggja ára tímabili gangi gegn almennum ákvæðum fiskveiðistjórnarlaganna og gegn anda úthafsveiðilaganna sjálfra. Ég vek athygli á að í 2. gr. frv. segir í e-lið að að öðru leyti en því sem í fyrri hluta 2. gr. er rakið skuli ákvæði laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum eiga við eftir því sem við geti átt. Hlýtur það þá ekki að skiljast sem svo að þessi sérregla eigi að vera eftir því sem kostur er í samræmi við anda almennu fiskveiðistjórnarlaganna og laganna um úthafsveiðar og ég svara hiklaust játandi. Hvers vegna er það, herra forseti, sem ég tel að sú aðferð að taka eingöngu mið af burðargetu skipa og að hluta til úthluta þeim öllum jafnt í stað þess að horfa a.m.k. að einhverju leyti til veiðireynslu sé í andstöðu við anda laganna? Það er vegna 2. mgr. sem ég hef þegar vitnað í en það er líka vegna upphafs 6. mgr. en þar segir, herra forseti: „Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips." Þegar gengið var frá reglunum í 5. gr. úthafsveiðilaganna var alveg ljóst að í báðum tilvikum ætlaðist Alþingi til þess að veiðireynsla væri tekin inn í dæmið. Hvort heldur sem hún lægi fyrir sem samfelld veiðireynsla eða ef notuð væru ákvæði 6. mgr. og næstu málsgreinar þar á eftir í 5. gr., ef ekki væri fyrir hendi samfelld veiðireynsla þá skyldi taka mið af fyrri veiðum skips en væri heimilt að líta einnig til gerðar og búnaðar skips o.s.frv. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig hann telur í ljósi þessara ákvæða 5. gr. um úthafsveiðar að þetta sé hægt eða rétt, nema verið sé að fara fram á það við Alþingi að kúvenda í afstöðu sinni til þessara mála, að hafna veiðireynslu með öllu þegar kemur að því að úthluta til einstakra aðila þótt um sé að ræða sérstaka ráðstöfun í þrjú ár. Ég vek athygli á að eftir sem áður væri að sjálfsögðu hægt að byggja hina sértæku úthlutun innan þriggja ára tímabilsins að einhverju leyti á veiðireynslu. Það er afstaða mín að það eigi að gera og það er afstaða mín að það sé bersýnilega ósanngjarnt í garð þeirra skipa sem riðu á vaðið, lögðu í kostnað og sýndu sérstaklega fram á það með veiðum fyrstu tvö árin, 1994 og 1995, að íslenski flotinn var orðinn í færum til að veiða umtalsvert magn úr stofninum. Hvað var það sem lagði grunninn að kröfugerð Íslands í samningum við Noreg og Rússland annað en það að íslenski flotinn hafði þegar sýnt fram á veiðigetu sína í þessu sambandi? Ekkert annað. Á þá að meta það einskis?

Herra forseti. Það er einnig í algjöru ósamræmi við það sem gert var á Flæmska hattinum og gert var á Reykjaneshryggnum því að þar var gengið lengra. Þar var beitt svonefndri frumherjareglu sem þýddi að menn fengu sérstaka umbun fyrir að hafa brotið ísinn, fyrir að hafa riðið á vaðið og lagt grunn að samningsstöðu eða kröfugerð Íslands. Því er öllu hent hér. Enginn veit hvað á að taka við í framhaldinu. Þess vegna, herra forseti, teldi ég í fyrsta lagi að Alþingi hljóti að þurfa að fara mjög vel yfir það. Eru rök fyrir að grípa til þessarar sérstöku ráðstöfunar með þeim einu rökum, að ég fæ best séð, að síldin hafi ekki enn þá tekið upp eitthvað sem þeir í sjútvrn. kalla náttúrulegt göngumynstur? — Reyndar hef ég nú oftar heyrt það orð notað af hæstv. utanrrh. — Og þá lýsi ég eftir hvert hið löggilta náttúrulega göngumynstur norsk-íslensku síldarinnar er. Bíðum við, hvernig var það á síðustu árunum eða jafnvel áratugunum áður en hún hætti að veiðast hér við land? Hegðaði hún sér alltaf eins? Nei, ætli það nú. Var ekki verið að byggja bræðslur á Vestfjörðum og síðan austur eftir öllu Norðurlandi en á endanum var öll veiðin út af Austfjörðum? Hvað af þessu göngumynstri á að taka sem hið eina og sanna og löggilta göngumynstur síldarinnar? Er alveg öruggt mál að síldin muni hlýða þessu og hegða sér alveg nákvæmlega eins? Ég er ekki viss um að síldin muni hlýða fyrirmælum úr sjútvrn. Hún hlýðir ekki einu sinni Hjálmari og þá held ég sé nú ekki mikil von til að hún hlýði kontóristunum í ráðuneytinu.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð mjög undrandi þegar ég las þetta frv. Þetta er að mínu mati mjög merkilegur samsetningur og þegar farið er yfir það hver áhrifin verða af beitingu þessarar reglu kemur mjög margt sérkennilegt í ljós. Menn skulu átta sig á því að með þessu reikniverki er verið að færa til alveg gífurlega hagsmuni. Hvað mun koma út úr þeirri reglu ráðuneytisins sem hendir öllu sem heitir aflareynsla frá undanförnum árum en tekur í staðinn tvær mælieiningar, í hlutföllunum 60/40? Það er burðargeta skipanna eins og hún stendur nú og það er jafnt á öll skip sem hafa yfir höfuð farið til veiða eða landað einu einasta kílói á einhverju af undangengnum þremur árum. Það þýðir að í sumum tilvikum færast þúsundir tonna frá skipum sem hafa stundað þessar veiðar undanfarin ár og náð árangri í þeim veiðum yfir á önnur skip sem sukku í fyrstu eða annarri veiðiferðinni, sem lögðust á hliðina á leiðinni til lands með eina farminn sem þau hafa nokkurn tímann náð um borð, eða skipum sem fóru út á mið, bleyttu nótina einu sinni, náðu aldrei einu einasta kvikindi um borð og fengu gefins af öðrum bátum og lönduðu því. Skipum sem á þriggja ára tímabili náðu því að landa nokkrum tonnum. Dæmi: Sæborg með skipaskrárnúmer 254 náði að landa 15 tonnum. Hún sökk í fyrstu eða annarri veiðiferðinni og á að fá úthlutað eftir sem áður 1.535 tonnum samkvæmt þessari fínu reiknireglu ráðuneytisins. Ætli það vefjist ekki eitthvað fyrir því skipi að ná því?

Hið merka skip Flosi, sem vann sér það til frægðar að fara á hliðina í fyrstu veiðiferðinni og sennilega einu, hefur samt komið með 19 tonn og má samkvæmt þessu framselja 9,5 tonn og á að fá úthlutað 1.568 tonnum.

Þannig má taka hvert skipið á fætur öðru. Sæljón, sem mun ekki hafa veitt mikið sjálft, hefur aflareynslu upp á 114 tonn, á að fá úthlutað 2.574 tonnum. Hvað ætli togarinn Venus hafi aflað á þessu tímabili? Hver er meðalaflareynsla hans þegar tekið er besta meðaltal áranna 1995, 1996, 1997? Það eru 4 tonn. Hann mundi þá samkvæmt 50% reglunni mega framselja 2 tonn. Það munar um það. Hin tvö þyrfti hann þá að veiða sjálfur en Venus á að fá úthlutað samkvæmt reiknireglu ráðuneytisins 2.723 tonnum. Það er dálaglegur stabbi. Gaman væri að vita hvernig þeim gengur að klára það miðað við þau 4 tonn sem þeir náðu. Svipað má segja um togarann Hoffell. Þeir náðu þó hvorki meira né minna en 5 tonnum. Það var nú talsvert meira og fá úthlutað umtalsvert magn. Hvaðan kemur þá sú mikla úthlutun umfram veiðireynslu sem þessi skip hafa? Hún kemur að sjálfsögðu frá skipunum sem náðu mestum árangri við veiðarnar þar á meðal og ekki síst skipunum sem fóru strax af stað. Af því að samúð með

einstaklingsútgerðum er mjög í tísku í stjórnarflokkunum get nefnt sem dæmi útgerð Súlunnar EA sem er eins skips útgerð, var með fyrstu skipum, gott ef ekki fyrsta skipið sam landaði norsk-íslenskri síld á Íslandi eftir 27 ára hlé á Raufarhöfn. Þar munar hvorki meira né minna en því að ef Súlan fengi tekið eðlilega tillit til veiðireynslu sinnar, þótt ekki væri nema að hluta til, gæti úthlutun til hennar numið nálægt 5.000 tonnum en verður samkvæmt reiknireglu þessari um 3.700 tonn. Þarna getur munað kannski 1.300 tonnum. Ég hef undir höndum útreikninga sem er ekkert leyndarmál að eru ættaðir frá Farmanna- og fiskimannasambandinu þar sem menn hafa verið að skoða hvernig það kæmi t.d. út ef aflareynslan væri látin vega 70% og burðargetan 30% eða 67% og 33% eða eitthvað í þeim dúr. Þá kemur í ljós að þetta lagfærist talsvert miðað við aflareynslu og minna er úthlutað út á burðargetuna eða veiðileyfið eitt og sér. Ég teldi, herra forseti, að verði það niðurstaðan að fara út í sérreglu af þessu tagi hljóti menn að þurfa að skoða það að breyta reiknireglunni. Mér finnst annað svo bersýnilega ósanngjarnt að ég fer fram á að það verði skoðað að gera þær breytingar í meðförum málsins á Alþingi. Ég vil líka leyfa mér að minna menn á að það er talsverð tímamótaákvörðun hvað aðferðafræði snertir ef menn hverfa algjörlega frá því í þessu tilviki að horfa eitthvað a.m.k. til þeirrar veiðireynslu sem fyrir er. Ætli það verði ekki þannig að lokum og þegar upp verður staðið að vandfundin verði skárri viðmiðun þegar til kastanna kemur en sú að láta dóm reynslunnar um það hverjir náðu árangri í viðkomandi veiðum, a.m.k. að einhverju leyti, skera úr um það hvernig réttindunum er útdeilt? Ætli það reynist ekki líka þjóðhagslega skynsamlegt fyrirkomulag frekar en að úthluta þessu aðallega til hinna sem ekki náðu árangri í veiðunum? Til hvers er það? Hvaða tilgangi þjónar það? Þegar framsalsmöguleikarnir eru hafðir mjög takmarkaðir eins og hér á að gera mun það fyrst og fremst skapa vandamál í framkvæmdinni. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að endurúthluta því sem togarar, sem náðu fjórum tonnum og mega framselja tvö, geta nýtt sér sjálfir? Hvenær á að taka þær ákvarðanir á vertíðinni, á vertíð sem tekur aðeins þrjár, fjórar vikur? Hvernig á að tryggja að þjóðarbúið njóti þessara verðmæta öðruvísi en að gera þeim skipum sem hafa getuna til að ná aflanum kleift að gera það? Það mun reynast þjóðhagslega mjög vitlaust, herra forseti, og óhagkvæmt í öllu tilliti að hafa þetta á nokkurn annan hátt en þann.

Það er margt fleira, herra forseti, sem ég hefði haft áhuga á að fara aðeins inn á í sambandi við þetta mál og geri það kannski í seinni ræðu ef tilefni gefast til en ég tel framsetningu málsins, herra forseti, meingallaða og verulega þörf á að gera breytingar á frv. ef á að afgreiða það á annað borð.

[16:59]

**Útbýting þingskjala:**

Rekstrarkostnaður Landsvirkjunar, 680. mál, fsp. JóhS, þskj. 1173.

Útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka, 679. mál, fsp. JóhS, þskj. 1172.

[16:59]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við lestur frv. velti ég því fyrst og fremst fyrir mér hvaða nauður rekur menn til þess að leggja fram frv. af þessu tagi. Hvers vegna er verið að leggja fram frv. sem felur í sér að útdeila eigi aflaheimildum eða aflaréttindum að þessu leytinu á einstök skip þó eingöngu sé til þriggja ára? Hver er ástæðan? Nú þekkjum við það úr umræðunni um veiðistjórnun að það hefur a.m.k. í orði kveðnu ávallt verið reynt að skýla sér á bak við það að um sé að ræða líffræðilega nauðsyn. Það þurfi að takmarka aðganginn að auðlindinni, við höfum svo mikinn og öflugan flota að það sé ljóst að einhvers konar veiðistjórnun þurfi að vera og þetta hefur alltaf og ævinlega verið rökstuðningurinn fyrir því að kvótasetja með einhverjum hætti aflaheimildirnar á Íslandsmiðum.

Ef við skoðum núna norsk-íslenska síldarstofninn og veltum því fyrir okkur hvort þetta sé ástæðan fyrir að það þurfi að skipta þessum aflaheimildum niður á einstök skip þá kemur á daginn að svo er alls ekki. Það er ekki þessi gríðarlega þörf á því að raða niður heimildum upp á grömm og kíló á einstök skip varðandi norsk-íslenska síldarstofninn. Þegar þessi mál voru rædd á síðasta ári kom fram hjá einstökum útgerðarmönnum að það fyrirkomulag við veiðistjórn sem gilti á síðasta ári væri hin mesta ósvinna. Það mundi leiða til sóunar, það mundi leiða til þess að ekki væri hægt að nýta aflann skynsamlega og þar fram eftir götunum.

Allt þetta reyndist tóm vitleysa vegna þess að þegar upp var staðið kom á daginn að við náðum ekki einu sinni að veiða þær heimildir sem við höfðum í norsk-íslenska síldarstofninum. Sumir útgerðarmenn sem unnu við síldveiðar og síldarvinnslu bentu á þetta strax á síðasta ári, þegar leið á árið, að ekki mundi takast að ná þessum aflaheimildum, þessum heimildum sem við hefðum til veiða. Þær upplýsingar sem ég hef eru þær að við höfðum heimildir til þess að veiða um 230 þúsund tonn af 1.500 þúsund tonna kvóta, en það veiddust um 220 þúsund tonn. Það er því alveg deginum ljósara að við erum ekki að fjalla um frv. sem kemur fram vegna þess að líffræðilegar ástæður hafi verið til þess að verja þennan síldarstofn sem geri það að verkum að við ætlum að taka upp þessa aðferð við veiðistjórn. Það eru með öðrum orðum allt aðrar ástæður.

Við þekkjum reyndar fleiri dæmi um að tekin hafi verið ákvörðun um að kvótabinda einstakar tegundir og síðan hefur kvótinn verið settur nánast nákvæmlega jafnmikill og veiddist á undanförnum árum. Dæmi um þetta er steinbítsurinn sem nú er í kvóta. Kvótinn er svipaður og menn hafa verið að veiða árum saman þannig að hér er ekki um að ræða veiðistjórn. Hér er um að ræða efnahagsstjórn. Við heyrum reyndar strax í máli t.d. hv. 4. þm. Norðurl. e., formanns sjútvn., að hann fer strax að velta því fyrir sér hvort ekki sé um að ræða einhverjar tilfærslur á afla miðað við aflareynslu eða einhverjar aðrar úthlutunarreglur sem brúkaðar eru. Það er auðvitað alveg ljóst að þegar menn fara að skoða þetta þá er hér fyrst og fremst um að ræða frv. sem felur í sér ákveðna efnahagslega stjórn. Á bak við þetta liggur sú hugsun að óskynsamlegt sé að stjórna veiðunum með sóknartakmörkunum eða með því að setja heildarpott. Það kemur fram í athugasemdum við frv. þar sem því er haldið fram, því er slegið hér fram án þess að það sé út af fyrir sig rökstutt neitt sérstaklega, að flestir séu sammála um að sú leið sem farin var til stjórnar veiðanna á liðinni síldarvertíð sé mjög óhagkvæm.

Hvaða úttekt liggur fyrir um þetta? Hefur þetta einhvers staðar sannast? Alls ekki. Það liggur einfaldlega fyrir að við náðum ekki kvótanum. Og það var ekki vegna þess að menn hefðu ekki frelsi til sóknarinnar. Svo var ekki. Heldur einfaldlega vegna þess að síldin gaf sig ekki til og menn

náðu ekki aflaheimildunum. Það er augljóst mál að miklu minni líkur eru á því ef við förum að skipta þessu síðan niður á skip, að við náum þessum heimildum. Þess vegna segi ég: Það eru miklu meiri líkur á því að sú óhagkvæmni, það óhagræði og sú sóun sem ævinlega virðist fylgja kvótakerfi í hvaða mynd sem það er sett upp, aukist.

Við getum að vísu velt því fyrir okkur hvort þetta sé tillaga um kvótakerfi. Eins og hér hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra og hv. formanns sjútvn., er verið að setja þessar reglur til þriggja ára. Gert er ráð fyrir því að þessu sé útdeilt á skipin. Þau eigi ekki að afla sér veiðireynslu, ef ég hef skilið þetta rétt. Þau eigi ekki að mynda stofn til varanlegra aflaheimilda. Þetta er gert á grundvelli stærðar en ekki aflareynslu.

Út af fyrir sig getum við ekki svarað því hér og nú með neinni vissu hvernig þessi mál munu þróast. En við skulum aðeins velta fyrir okkur hver staðan verður á Alþingi eftir árið 2000 þegar skip hafa verið að veiða þrjú ár í röð á grundvelli einhverrar úthlutunar sem þau hafa fengið. Það verður auðvitað lögð á það ofuráhersla af fulltrúum slíkra skipa og útgerðarinnar í heild spái ég, að verja þær heimildir sem hvert og eitt einstakt skip hefur fengið. Og með þessu frv. verður búið að loka pottinum. Það er ekkert flóknara en það.

Og menn munu strax, um leið og þessi úthlutun liggur fyrir, á árinu 1998, fara að meta réttinn til að veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum til fjár í mati á einstökum fyrirtækjum og verðmæti skipanna. Við fengum þessa reynslu varðandi úthafskarfaveiðarnar. Áður en búið var að kvótasetja þær veiðar lá fyrir að menn voru búnir að meta huglægt til fjár þessar veiðiheimildir eða þennan rétt til veiði.

Út af fyrir sig geri ég ekkert með það hvort menn útdeili þessum heimildum á grundvelli aflareynslu eða á einhverjum öðrum forsendum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að menn munu rífast um það daginn út og daginn inn, árið út og inn, hvor aðferðin sé heppilegri og skynsamlegri.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að upp á síðkastið og frá því að lögin um stjórn fiskveiða voru sett árið 1983 hefur oftast verið stuðst við grundvallarregluna um veiðireynslu. Það er þó alls ekkert einhlítt. Það hefur oft og tíðum verið brotið. Ég tek sem dæmi grálúðuna og fleiri tegundir. Auðvitað er nærtækast að nefna í þessu sambandi það sem gerðist áður en þau lög tóku gildi og þeim aflaheimildum var deilt út á grundvelli allt annarrar lagasetningar, en það er loðnukvótinn sjálfur. Honum var ekki úthlutað nema að mjög litlu leyti, mig minnir að einum fjórða, á grundvelli veiðireynslu. Hitt var á grundvelli stærðar skipanna og síðan jafnt, með öðrum orðum nokkuð svipað og lagt er til í þessu frv.

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kaus að ræða þetta mál var sú að ég var ekki í þingflokki Sjálfstfl. þegar þetta mál var rætt. Ég vil hins vegar að það komi fram að þetta er mitt sjónarmið og hefur alltaf verið og ég hef sett það fram áður í opinberri umræðu að ég tel að það standi einfaldlega engin efni til þess að úthluta þessum aflaheimildum, hvort sem það er til lengri eða skemmri tíma, á þessum tímapunkti niður á einstök skip. Það á einfaldlega að nýta þann sóknarmöguleika sem er í skipunum í dag til þess að ná þessum kvóta og ná þessum aflaheimildum sem við væntanlega höfum og það mun frekar styrkja okkar stöðu heldur en hitt. Ég óttast að sú staða gæti komið upp að við næðum enn þá minni hluta af okkar heimildum á síldinni og þar með væri staða okkar til frekari samningaviðræðna miklu veikari en ella.

[17:09]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Íslenskur sjávarútvegur er bundinn þröngu sovétkerfi. Það er með ólíkindum þegar litið er á þau lög og reglur sem gilda um íslenskan sjávarútveg hvernig hann er rekinn. Það er nánast eins og útgerðarmenn séu ekki fjárráða. Tekinn er af þeim hver fiskur, hver sporður, hann er veginn og vigtaður og gjöld eru tekin af þessu. Þetta er borgað inn í sjóði og síðan fær útgerðarmaðurinn eftir dúk og disk það sem honum ber, þ.e. afganginn. Það er nánast eins og ríkiskerfi, ríkisapparat, reki íslenskan sjávarútveg.

Við erum með lög um hlutaskipti og ef menn gefa sér tíma og tóm til að lesa þau lög þá eru þau með ólíkindum. Talið er upp í smáatriðum hvað eigi að gera og hvað megi gera. Síðan erum við með lög um Þróunarsjóð. Útlendingum er bannað að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi og svo erum við hv. þm. nýbúnir að setja lög um Kvótaþing og Verðlagsstofu og ég veit ekki hvað og hvað. Það eru þvílík lög og reglur sem gilda um íslenskan sjávarútveg að ég fullyrði að hann er ekki lengur einkaframtak. Hann er ekki lengur venjulegur rekstur. Þetta er ríkisrekstur, stjórnað héðan ofan úr hv. Alþingi.

Eins og ég gat um áðan þá eru útgerðarmenn ekki fjárráða. Ef Jóna framleiðir vöru og selur Gunnari koma þau sér saman um verð og greiðslutilhögun og svo greiðir Gunnar Jónu fyrir vöruna. En svo er ekki í sjávarútvegi. Þar er allt saman skipulagt ofan frá af grænum skrifborðum ráðuneytisins.

Herra forseti. Víða um heim eru menn að hverfa frá slíkri miðstýringu. Við þekkjum örlög Sovétríkjanna þar sem menn hurfu frá 70 ára tilraun sem hafði í för með sér gífulega hörmulegar afleiðingar. Og það er meira að segja talað um slíkt fráhvarf frá miðstýrðu kerfi hér á landi þó að minna sé um efndir og minna sé um gerðir. Menn tala um að einkavæða og að hverfa frá ríkisvæðingu á fjármálamarkaðinum þó það gangi hægt og alls staðar er verið að tala um að hverfa frá þessari ríkisvæðingu. Nema í sjávarútvegi. Hann skal vera áfram á forræði ríkisins, á forræði löggjafarsamkundunnar meira að segja.

Herra forseti. Harðvítugt sjómannaverkfall og verkföll undanfarið eru afleiðing af undarlegu eignarhaldi á kvótanum. Sumar útgerðir hafa fengið kvóta gefins. Þar fá sjómennirnir hundraðkall fyrir kílóið. Aðrar útgerðir hafa þurft að kaupa kvótann og þurfa að kaupa hann og þar fá sjómennirnir 40 kr. og jafnvel niður í 30 kr. fyrir kílóið. Þetta er ástæðan fyrir þessum harðvítugu verkföllum. Og þetta er vandamálið með eignarhaldið. Hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson gat þess rétt áðan að myndast muni verð á þann kvóta sem hér er meiningin að fara að úthluta eftir undarlegum reglum. Að sjálfsögðu myndast verð á hann og það verð mun skekkja þetta dæmi enn frekar.

Herra forseti. Ég hef lagt til í þingsályktun á hv. Alþingi að árlegum kvóta verði skipt á alla íbúa landsins á nægilega löngum tíma þannig að allur kvóti yrði settur á markað. Hver einstaklingur mundi reyna að selja sinn hlut í kvótanum og ein allsherjar markaðsvæðing yrði á eignarhaldinu á kvótanum og allur kvótinn færi þar af leiðandi á markað. Þetta er tillaga í anda Thatcher hinnar bresku, alþýðukapítalismi og markaðsvæðing. Ég vil endilega að menn skoði þá tillögu.

Í þessu tilfelli sem við erum hér að ræða erum við að tala um nýjan stofn til að veiða og þar er engin reynsla. Þar er engin veiðireynsla. Enginn telur sig eiga rétt á því að veiða

þennan stofn. Því væri tilvalið að byrja á því að senda öllum Íslendingum, öllum íbúum landsins, heimild til að veiða alla síld úr norsk-íslenska stofninum næstu þrjú og jafnvel fimm árin og sjá svo til hvernig hverjum og einum tekst að selja. Það er náttúrlega erfitt að meta hvað útgerðirnar væru tilbúnar til að borga fyrir þessa veiðiheimild en ég giska á að það yrðu svona 2, 3 jafnvel 4 milljarðar. Þetta yrðu svona 10–15 þús. kr. á hvern Íslending og yrði alveg ágætis æfing í því að prófa svona markaðsvæðingu á kvóta. Þetta gæti orðið byrjun í átt að því kerfi sem ég hef lagt til, þ.e. að þjóðin eigi allan kvótann og svo reyni hver um sig að selja sinn hlut.

[17:14]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er viðbúið að ágreiningur rísi um mál af þessu tagi þar sem verið er að skammta hagsmuni eða verðmæti eða rétt eða hvað við viljum kalla það vegna þess að það er svo sannarlega gert þegar verið er að móta reglur um það hverjir fái að veiða og þá hversu mikið úr þessum tiltekna stofni.

Það er í sjálfu sér tillaga að ákveðnu kvótakerfi sem hér er verið að búa til. Ekki sú sama og verið hefur, ekki sú sama og getið er um í lögunum um stjórn fiskveiða og ekki heldur sú sem menn vildu horfa til þegar lög voru sett um veiðar á úthafinu. Enda á 1. gr. þessa frv. að kippa 5. gr. þeirra laga úr sambandi þannig að þau ákvæði um hvernig skuli úthluta veiðiheimildum séu ekki í gildi, e.t.v. vegna þess að nú gat verið komið að því að á reyndi að komin væru árin þrjú sem dygðu til að úthluta veiðiheimildum varanlega, innan gæsalappa þó. En ég hef á tilfinningunni, herra forseti, og það er kannski meira en tilfinning, að þetta afkvæmi sem hér liggur fyrir í frv. til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sé fyrst og fremst afkvæmi deilna um hvernig eigi að stjórna þessum veiðum. Deilna sem eigi rót sína að rekja til þess þegar lögin voru sett um veiðar á úthafinu en þá gerðist það, herra forseti, að meiri hluti sjútvn. tók það sérstaklega fram í nál. sínu að það væri hans skilningur, með leyfi forseta að:

„Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Það kom sem sé fram, herra forseti, strax í lok árs 1996 að ekki var vilji meiri hluta sjútvn. að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum mynduðu grunn að fastri aflahlutdeild. Þeir voru ýmsir sem undirstrikuðu þennan vilja sinn og skilning hér í þingsal þegar þau lög voru afgreidd frá Alþingi. Ég hygg að þarna sé grunnurinn að því að nú er gripið til þess ráðs að kippa 5. gr. laganna um veiðar á úthafinu úr sambandi og frv. lagt fram til sérstakra laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Við þær aðstæður, herra forseti, er ekki óeðlilegt þótt þeir sem hafa verið að afla sér reynslu í veiðunum og hafa að sumu leyti mátt trúa því að þeir væru að gera það, vegna þess að bæði kveða úthafsveiðilögin á um hvernig það skuli gert og einnig hitt að hæstv. ráðherra hefur ekki verið fáanlegur til að kveða upp úr um hvernig þessum málum yrði háttað, þá hefur þeim aðilum sem hafa verið að afla sér reynslu verið leyft að trúa því að staðið yrði við þessi ákvæði úthafsveiðilaganna sem birtast í 5. gr. laganna.

Í fyrravor spurði ég hæstv. ráðherra einmitt út í þessi mál og reyndi að fá hann til að senda mönnum þau skilaboð, klár og kvitt, að þeir væru ekki að afla sér veiðireynslu. Það fékkst ekki. Því segi ég það aftur, herra forseti, að menn máttu trúa því miðað við það hvernig hæstv. ráðherra hefur komið fram í þessu máli að þeir væru að afla sér veiðireynslu. Þess vegna er ekkert skrýtið þótt einhverjir þeirra séu sárir og reiðir og sárreiðir þegar það kemur í ljós að ákveðið hefur verið að búa til eina regluna enn, að búa til nýja reglu sem ekki byggir á því sem þeim var þó leyft að halda að yrði gert og höfðu e.t.v. byggt einhverjar áætlanir á.

Nú á að snúa þessu við og horfa til burðargetu og svo á að skipta jafnt og síðan eiga að vera eftir ákveðin prósent fyrir þá sem vilja fá að spreyta sig en hafa ekki gert það áður. Það er þó ekki rétt að segja að alls ekki sé horft til veiðireynslu vegna þess að það eru jú þeir sem hafa einhverja reynslu af veiðunum, og eins og fram hefur komið fyrr í þessari umræðu nægir að hafa bleytt veiðarfæri til að flokkast sem slíkur, en það eru þessir aðilar sem fá 90% af þeim veiðiheimildum sem úthlutað verður. Þessar veiðiheimildir skiptast síðan eftir burðargetu að 60% til, og að 40% jafnt.

Eftir standa þá allt að 10% eins og það er orðað og á ráðherra að setja reglur um hvernig þeim verður úthlutað. Ég tel rétt að hæstv. ráðherra upplýsi strax hvernig það er hugsað. Ég held að mjög óeðlilegt sé að senda þessi 10% algjörlega opin til umsagnar án þess að ljóst sé hvaða reglur ráðherra er með í huga varðandi þessi 10%. Ég met það á svipaðan hátt og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að eftir þrjú ár, af því að verið er að móta nýjar reglur til þriggja ára, hafi menn tilhneigingu til að líta svo á að búið sé að loka síldarpottinum. Ég á a.m.k. erfitt með að sjá hvernig hægt verður að komast hjá því að þá teljist menn enn á ný vera búnir að afla sér tiltekinnar reynslu eða vinna sér inn tiltekinn rétt og það geti orðið snúið að taka þann rétt af þeim. Hins vegar getum við auðvitað að fenginni reynslu einnig allt eins átt von á því að strax næsta haust komi frv. til breytinga á þessum lögum af því þá þurfi að hringla eitthvað með þessa nýju reglu af því hún hafi að einhverju leyti ekki reynst nógu vel.

Ef til vill kemur líka í ljós það sem segir í þessari merkilegu greinargerð, sem að stórum hluta til er í viðtengingarhætti og fylgir þessu frv., að þær veiðar sem voru undir núverandi verklagi hafi einfaldlega ekki reynst nægilega hagkvæmar og áfram verði leitað leiða til frekari hagkvæmni. Mætti þá segja mér að sá vísir að frjálsu framsali sem hér er að finna gæti e.t.v. spírað enn frekar í frumvarpsgerð hér í þinginu.

En í viðtengingarhætti, sagði ég, herra forseti, því það er furðulegt að lesa í grg. frv. þær vangaveltur sem fram koma um hugsanlegt göngumynstur norsk-íslenska síldarstofnsins þegar og ef hann kæmi nú inn fyrir landhelgina. Það er eiginlega merkilegt í ljósi þeirrar sögu og þeirrar þekkingar sem við Íslendingar eigum að hafa á síldarstofninum, að menn skuli setja annað eins og þetta frá sér á prenti. Það er kannski allt í lagi að tala um þessa hluti en stjórnarfrv. til nýrra laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum hefur aðra stöðu og á að hafa aðra stöðu en þá að menn varpi fram hugmyndum sem ekki byggja á merkilegri grunni en hér virðist vera.

Herra forseti. Ég þykist skilja og átta mig á því af hverju meiri hluti þingmanna og ríkisstjórnin ákveður að fara fram með þetta frv. Það hefur komið fram í máli mínu að ég tel það vera til að forða sér undan því að veiðireynsla í þessum stofni myndi grunn að fastri aflahlutdeild eins og meiri hluti

sjútvn. bókaði sem sinn skilning og kom fram við afgreiðslu á úthafsveiðilögunum.

Ég vil hins vegar minna á að fyrir þinginu hefur legið og verið til vinnslu í sjútvn. frv. jafnaðarmanna, sem flutt var bæði á síðasta þingi og endurflutt á þessu, um breytingar á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, einmitt um síldina, ákvæði þess efnis, herra forseti, að ráðherra skuli bjóða út veiðiheimildir í norsk-íslenska síldarstofninn. Ég held að ástæða sé til að rifja það frv. upp við þessa umræðu því mér sýnist, herra forseti, að hægt verði að komast hjá ýmsum þeim vanda sem hér er verið að reyna að sniðganga með því einfaldlega að samþykkja það frv. Með því gætu menn náð þeirri hagkvæmni sem greinilega er ekki talin hafa náðst með hinum frjálsu veiðum á síðasta ári og ég er nokkuð viss um að menn þykjast ekki heldur ná þó að þetta frv. verði að lögum eins og það liggur fyrir núna. Vil ég þar m.a. benda á takmarkað framsal og ljóst er að einhvers staðar í miðri ánni verður skipt um takt því að í d-lið frv. er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið endurúthlutun þegar eitthvað er liðið á vertíð og við getum átt von á að settar verði nýjar reglur eða einhverju breytt þannig að menn búi skyndilega við allt aðrar aðstæður en þeir gera við upphaf vertíðar. Það mun þykja óhagkvæmt bæði fyrir þá sem stunda veiðar og vinnslu.

Í öðru lagi er það einnig svo að ef menn bjóða út þessar veiðiheimildir í síldina þarf ekki að takast á um þá hagsmuni sem hér er verið að skammta. Þá þarf ekki að takast á um hvort það er veiðireynsla, burðargeta eða annað sem á að ráða. Þá einfaldlega bjóða þeir í sem treysta sér til að veiða síldina með arðbærum hætti. Ég held við hljótum öll að vera sammála um að sá háttur sé eðlilegastur í þessu tilliti þegar allt kemur til alls.

Ég hef tekið eftir að sú hugmynd um að norsk-íslenski síldarstofninn sé tekinn út fyrir sviga hefur átt ákveðnu fylgi að fagna. Til dæmis hefur formaður Framsfl., þegar hann hefur verið í mátulegri fjarlægð frá umræðu um þetta mál, lýst því yfir að hann væri nokkuð hrifinn af þeirri hugmynd og gæti hugsað sér hana á einhvern hátt. Við sjáum hins vegar hvernig fór um þá hrifningu þegar þetta frv. var lagt fram því hann hlýtur að hafa samþykkt það í ríkisstjórn fyrst og síðan stutt það í gegnum sinn þingflokk og inn í þingsal. Það er a.m.k. alveg ljóst að eitthvað annað hefur orðið ofan á en hrifning hans á því að bjóða upp veiðiheimildir í norsk-íslenska síldarstofninum. En ég held, herra forseti, að rétt væri að við litum til þess að fara þá leið frekar en vera á flótta undan því að veiðireynsla úr þessum stofni myndi grunn að fastri aflahlutdeild eins og mér sýnist vera hér í gangi, að við ákveðum að síldin lúti öðrum lögmálum hvað varðar stjórn veiða en aðrar veiðar með því að bjóða upp heimildirnar, reynum þannig að ná hagkvæmni og réttlæti umfram það réttlæti sem felst í því að breyta úthlutunarreglum, að breyta skömmtun, ókeypis skömmtun ár frá ári á flótta undan því sem ekki má verða samkvæmt skilningi meiri hluta sjútvn.

[17:29]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er fram komið frv. sem sérstaklega á að gilda um deilistofninn síld næstu þrjú árin. Það var mér mjög eftirminnilegt þegar við afgreiddum í fyrra lögin um fiskveiðar utan lögsögu hvernig ákvæðin um síldveiðarnar þvældust fyrir bæði sjútvn. og þinginu. Mig minnir að atkvæðagreiðsla hafi verið stöðvuð á seinustu stundu vegna þess að ákvæði til bráðabirgða var ekki nákvæmlega í samræmi við skilning annars stjórnarflokksins.

Hér er komið frv. sem er að mörgu leyti mjög athyglisvert og ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að augljóslega er fyrst og fremst um efnahagsstjórnunarfrv. að ræða fremur en að líffræðilegar forsendur skýri hvers vegna það er til komið.

Undanfarin ár hafa síldveiðarnar verið frjálsar að því leyti að þær hafa ekki verið kvótasettar og menn hafa verið að safna sér veiðireynslu og vonast til að hún nýttist og um það eru skýr ákvæði í áðurnefndum lögum sem á að taka úr sambandi. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég er sammála því að varhugavert sé að byggja úthlutun á kvóta í síld á veiðireynslu nokkurra undafarinna ára og ég held að við þingmenn verðum að hafa í huga hversu umdeild upphaflega kvótaúthlutunin var árið 1983 þegar þorskurinn var kvótasettur. Hér er farin sú sérkennilega leið að veiðireynslan er virt, en á afmarkaðan hátt. Veiðireynslan síðustu þrjú ár á að gilda sem aðgöngumiði inn í pottinn en síðan er það stærð skips sem á að gilda að hluta eða 60% og jafnt að öðru leyti eða 40%. Það verður því erfitt en ekki útilokað fyrir nýliða að byrja síldveiðar því það verða eingöngu 10% af kvótanum sem þeim verða hugsanlega opin en það er eftir náð og miskunn hæstv. sjútvrh. hvernig þær reglur verða. Hérna er um gífurlega mikla hagsmuni að ræða, 10% af síldarkvótanum á ári hverju eru mikils virði ef veiðar verða á næstunni eins og þær hafa verið undanfarin ár og ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að það er í hæsta máta óeðlilegt að ráðherra ráði þessu einhliða. Þess vegna mun ég mælast til þess að hv. sjútvn. taki það til umræðu hvort ekki sé rétt að setja einhverjar leiðbeinandi reglur um leið og ég fagna því að það eru þó a.m.k. 10% sem eru utan við fyrir þá sem hafa ekki veiðireynslu nú þegar.

Enda þótt framsal sé takmarkað við 50% er kapphlaupið virkilega að byrja að mínu mati. Þessi þrjú ár verða þannig að eftir þann tíma verður mjög erfitt að snúa við. Það er alveg ljóst að það 50% framsal, sem nú á að heimila, mun ganga kaupum og sölum. Hver fær andvirði kvótans? Er það þjóðin sem á auðlindina, a.m.k. á meðan hún er inni í efnahagslögsögunni? Nei, það verða áfram útgerðarmennirnir sem koma til með að skiptast á summum sem nemur andvirði þessa kvóta. Ég tel því að það verði mjög erfitt að bakka eftir þrjú ár og við séum því í raun að gefa rásmarkið með frv. og það hafi að hluta til verið gert fyrir þremur árum því að það eru eingöngu þeir sem hafa veitt síðustu þrjú árin sem komast í aðalkapphlaupið.

Ég tek sérstaklega undir með hv. síðasta ræðumanni um að réttara væri að taka öðruvísi á málinu og samþykkja frv. sem hér liggur fyrir frá jafnaðarmönnum, frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og fleirum. Ég tel að það væri mun vænlegri leið til að komast hjá því að þurfa að taka ákvarðanir af þessu tagi að veita sumum einstaklingum en ekki öðrum, bara eftir handahófsreglum ráðherrans eða lögum þingsins, þau gífurlegu verðmæti sem eru í húfi. Ég tel að eðlilegra væri að veiðileyfin væru boðin út og að allir geti komið að þessum veiðum eða þeir sem telja sig geta stundað þær á hagkvæman hátt. Þá er ég ekki síst með komandi kynslóðir í huga. Ég tel að það yrði skelfilegt ástand ef það yrði svo að eftir nokkur ár hoppi þeir sem nú stunda síldveiðar af bátnum fyrir gífurlegar upphæðir og allir nýliðar þurfi að kaupa sig inn í greinina þannig að þeir geti varla stundað hana.

Þess vegna tel ég alveg augljóst að frv. er málamiðlun

milli margs konar hagsmuna og það er augljóst að jafnvel við stjórnarandstæðingar teljum að það sé of mikið af þessu en ekki nógu mikið af hinu, við erum ekki einhuga í málinu. Málið er mjög mikilvægt og ég tel að þessi leið sé að sumu leyti skiljanleg miðað við núverandi aðstæður en hún er mjög varhugaverð.

[17:36]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. sem hér talaði síðast að frv. er um margt málamiðlun. Það er líka athyglivert að hlusta á athugasemdirnar sem hafa komið fram. Þær lýsa mjög vel þeim mismunandi sjónarmiðum sem eru uppi, ekki bara um norsk-íslensku síldina, heldur almennt þeim viðhorfum sem eru uppi í íslenskum sjávarútvegi. Segja má að í ekki fleiri ræðum en hér hafa verið haldnar hafi a.m.k. komið fram þrjú meginsjónarmið fyrir utan það sem liggur að baki þeirri málamiðlun sem er í frv. Hér hafa komið fram kröfur um úthlutun alfarið á grundvelli veiðireynslu, hér hafa komið fram kröfur um uppboð á veiðiheimildum og hér hafa verið sett fram þau sjónarmið að hvorki sé líffræðilega né efnahagslega þörf á nokkurri stjórnun á veiðunum.

Auðvitað lýsir þetta þeim vanda sem menn standa frammi fyrir þegar úrlausnarefni af þessu tagi blasa við að sjónarmiðin eru æðimisjöfn og það fer auðvitað ekki endilega eftir flokkum. Það getur líka farið eftir landshlutum og hvaða hagsmuni einstakir þingmenn telja eðlilegt að verja. Sjónarmiðin geta verið skipt, ekki endilega eftir flokkum, heldur eftir ýmsum öðrum sjónarmiðum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. varpaði fram þeirri spurningu hver væri sú brýna þörf að setja fram frv. Ástæðan er sú að menn eru mjög almennt þeirrar skoðunar, þó að það sé ekki án undantekningar, að ekki sé rétt að ráðstafa veiðirétti í norsk-íslensku síldinni varanlega á þessu stigi málsins. Eins og lögin eru gera þau hins vegar ráð fyrir því að úthlutun fari varanlega fram fyrir upphaf næstu vertíðar samþykki Alþingi ekki nýja skipan þeirra mála. Það skal skipta aflahlut á milli skipa eins og kveðið er á um í gildandi lögum þannig að annað hvort standa menn frammi fyrir því að gera breytingar á lögunum ellegar að úthluta varanlega veiðiheimildum á grundvelli aflareynslu undangenginna ára. Með því að það er mjög almennt sjónarmið að ekki sé rétt að gera það á þessu stigi málsins er lagt til að horfið verði að því ráði að skipa þessum málum til bráðabirgða fyrir þrjár næstu síldarvertíðir.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék svo að því að sú aðferð sem lagt er til að verði notuð til bráðabirgða sé ekki í samræmi við þau meginsjónarmið varðandi úthlutun á veiðiheimildum sem eru í fiskveiðistjórnarlögunum og úthafsveiðilögunum. Að vísu er um margt rétt að þar er fyrst og fremst byggt á veiðireynslu. En eins og fram hefur komið í umræðunum má þó minna á að upphafleg úthlutun veiðiheimilda í loðnu og síld byggðist á öðrum forsendum, fjölda skipa og stærð þeirra. Á vissan hátt má segja að þessi bráðabirgðaráðstöfun taki mið af þeirri úthlutun eða úthlutunarreglum sem átt hafa sér stað varðandi uppsjávarveiðar fram til þessa.

Ugglaust er rétt hjá hv. þm. að mörg rök geta mælt með því að nota veiðireynslu fremur en aðrar viðmiðanir. Við erum þó í þeirri aðstöðu í þessu tilviki að ekki er hægt að nota veiðireynslu alfarið ef menn ætla að halda þessum hópi opnum þannig að nýir aðilar geti komið inn. Að einhverjum hluta þarf a.m.k. að byggja á öðrum sjónarmiðum. Niðurstaðan er vissulega málamiðlun en byggir á því að 90% af aflaheimildunum fari til skipa sem hafa verið að veiða á undanförnum árum og hafa veiðireynslu. En úthlutunin á milli þeirra fer eftir öðrum reglum og vissulega kemur sú úthlutun öðruvísi niður en ef byggt hefði verið á veiðireynslu og sitthvað kann að þykja skjóta skökku við í því efni. En um leið er þessi hópur opinn þannig að ný skip geta komið inn í veiðarnar. Ég hef talið mjög mikilvægt að hafa heimildir til framsals þannig að þær verði ekki afnumdar með öllu til þess að koma í veg fyrir að ráðuneytið þurfi að vera að stjórna þessum veiðum með reglugerðum og endurúthluta með ákveðnu millibili. En það er líka vandkvæðum bundið að hafa framsalsmöguleikann algjörlega opinn þegar aðgangurinn er opinn með þessum hætti sem hér er lagt til og úthlutun til nýrra skipa fer væntanlega fram eftir fjölda þeirra eða stærð eða svipuðum reglum og frv. gerir ráð fyrir því að það er ekki ætlunin að fara að úthluta til skipa einvörðungu til þess að þau fari að selja veiðiheimildir aftur. Þess vegna er framsalstakmörkunin miðuð við veiðireynslu skipanna á undanförnum árum.

Við væntum þess að með því að þessi framsalsmöguleiki er fyrir hendi reyni a.m.k. mjög lítið á að til endurúthlutunar þurfi að koma en engan veginn er hægt að útiloka að svo kunni þó að fara og þess vegna eru heimildir til að setja reglur þar að lútandi. En ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að auðvitað væri æskilegra að hægt væri að standa þannig að verki að ekki þyrfti til þess að koma að endurúthluta meðan á vertíðinni sjálfri stendur. Það skapar alltaf óvissu og verður trauðla gert þannig að öllum líki.

Ég hef þá vikið að helstu atriðum sem hér hafa komið fram. Auðvitað má ræða lengi um grundvallarviðhorf sem uppi eru í þessum efnum, hvort heldur menn eru að mæla fyrir uppboði á aflaheimildum eða stjórnlausum veiðum. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fara mörgum orðum um þau grundvallarsjónarmið sem menn deila um í þeim efnum en hef reynt að víkja að þeim meginspurningum sem hafa komið fram um frumvarpið sjálft.

[17:45]

**Útbýting þingskjals:**

Tannlæknaþjónusta, 681. mál, fsp. SJóh, þskj. 1174.

[17:45]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni áðan óskaði ég eftir því að ráðherrann gerði okkur grein fyrir þeim hugmyndum sem eru um úthlutun 10 prósentanna. Ég vil fá skýrt hvort sá skilningur minn á c-liðnum reynist réttur, að skip sem fær úr 10%-pottinum í ár, verði þetta frv. að lögum, sé á næsta ári komið með rétt til framsals. Talað er um þrjár síðustu vertíðir og ljóst að þau skip sem fá úr 10%-pottinum í ár, þar hafa menn ekki sannað veiðihæfni skipa sinna eins og það var orðað í greinargerð, mega því ekki framselja. Það má ekki framselja nema veiðihæfni skipanna sé fyrir hendi, svo merkilegt sem það virðist.

Ef þeim tekst nú að sanna veiðihæfni skipa sinna, eftir úthlutun úr 10%-pottinum í ár, mega þeir þá framselja það sem þeir fá á næsta ári eða 50% þess?

[17:46]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni áðan að ég reiknaði með að úthlutun til nýrra skipa yrði svipuð og á milli þeirra skipa sem hafa veiðireynslu. Þar hefur þó endanleg ákvörðun ekki verið tekin. En varðandi spurninguna um

túlkun á c-liðnum er það svo að þegar nýtt skip hefur aflað sér veiðireynslu getur það árið eftir framselt með tilvísun til þeirrar veiðireynslu sem þá er orðin til.

[17:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Heldur hefur spurningunum fjölgað við þessar umræður en að þeim hafi fækkað. Sú sem er einna áleitnust nú — og ég vísa þar m.a. til orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, 1. þm. Vestf. — er spurningin um það hvaðan frumkvæðið að þessu máli er komið. Hver hefur beðið um að þetta mál yrði flutt? Hvaða aðilar í þjóðfélaginu hafa þrýst á sjútvrn. með að flytja þetta mál? Það kom ekki fram að það væri sérstakt kappsmál ráðherra að gera þessar breytingar. Ég lýsi eftir frumkvöðlunum að þessu máli. Er það vegna óska frá síldarverkendum eða fiskvinnslunni í landinu? Mig grunar að svo sé ekki. Er þetta samkvæmt beiðni LÍÚ eða að óskum útgerðarmanna? Mig grunar að svo sé ekki heldur þvert á móti. Er þetta vegna þess að Hafrannsóknastofnun hafi farið fram á að þetta yrði haft öðruvísi en á síðasta ári? Mig grunar að svo sé ekki. Er það vegna þess að Fiskistofa eða samskiptaaðilar okkar í þessum efnum, Norðmenn, Færeyingar og Rússar hafi beðið um breytingar af hálfu Íslands á fyrirkomulaginu? Mig grunar að svo sé ekki. Hver biður um þetta mál? Hvers vegna mega lögin ekki gilda óbreytt?

Ég spyr spurninga hér, herra forseti, eins og: Hvað, ef þetta verður að lögum, verður um veiðireynslu skipa frá umliðnum árum, t.d. ef þau eru seld? Nú liggur það í hlutarins eðli að menn hafa lagt í kostnað og útbúið sín skip til veiða á nýjum stofnum í ljósi ákvæða úthafslaganna og reynslunnar. Þeir væru þá kannski að fá á móti þeim kostnaði, þeirri áhættu og óvissu sem fylgir nýrri útgerð, hlutdeild í verðmætum og sú reynsla mundi fylgja skipum þeirra. Hvað verður um það? Verður því öllu hent? Öfugt við það sem gert var á Reykjaneshryggnum og Flæmska hattinum? Hvað eiga útgerðarmenn í þessari stöðu að halda?

Myndar reynslan á þessu þriggja ára tímabili, ef að lögum verður, einhvers konar grunn til síðari tíma nota eða ekki? Það er einnig eðlilegt að þessar spurningar komi upp. Hvernig á að fara með málin í framhaldi þessa þriggja ára tímabils, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson einmitt nefndi, ef það á að vera einhver eyða í reynslusögunni. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig þá eigi í komandi tilvikum að tryggja að eitthvert frumkvæði, einhver hvati verði til að nýta nýja fiskistofna eða leita nýrra möguleika. Það er óumdeilanlegt að eitt af því sem ýtti undir sóknina og lagði grunninn að þeim viðbótarréttindum sem íslenski flotinn hefur fengið á Flæmska hattinum, á Reykjanesshryggnum og uppi í Smugu, var sá ávinningur sem útgerðarmenn gerðu sér vonir um að fá á móti þeim kostnaði og þeirri áhættu sem þeir tóku. Sú er hugsunin á bak við svonefnda frumherjareglu í úthafsveiðilögunum. Hvað eiga þeir að halda sem lagt hafa í sambærilegan kostnað vegna upphafsveiðanna á norsk-íslensku síldinni?

Við skulum taka annað nærtækt dæmi, þ.e. kolmunnann, ef menn, á þessu ári eða hinu næsta sem mikil þörf er á að gera, reyna fyrir sér með veiðar úr þeim stofni sem er stór og í góðu ástandi. Þessi stofn gengur inn í íslensku lögsöguna að hluta til en við höfum lítið sem ekkert nýtt okkur hann. Að mínu mati gæti hér verið uppistaða veiða sem næmi tugum ef ekki hundruðum þúsunda tonna. Ef menn leggja í þann kostnað, eiga þeir þá að reikna með því að samt sem áður verði farið eins með þær veiðar þeirra og hér á að gera gagnvart norsk-íslensku síldinni? Menn taki áhættuna af því að frumkvæði þeirra og veiðireynslu þeirra á fyrstu árum slíkra veiða verði einskis metin og henni verði hent. Ég fer fram á að hæstv. sjútvrh. svari þessu.

Við getum tekið túnfiskveiðar eða önnur slík dæmi. Er hin nýja hugsun í þessum efnum að hafa engan hvata fyrir hendi með því að gelda jafnharðan ákvæði úthafsveiðilaganna eins og hér á að gera gagnvart norsk-íslensku síldinni? Telur hæstv. sjútvrh. það skynsamlegt fyrirkomulag? Telur hæstv. sjútvrh. það líklegt til að hvetja til þess á komandi árum að menn leiti fyrir sér með veiðar á nýjum tegundum? Ég tel það sorglegt afturhvarf til fyrri tíma, til heimóttarhugsunarháttarins þegar sjóndeildarhringur manna náði aldrei út fyrir 200 mílna lögsöguna. Allt of lengi sátu Íslendingar fastir innan þeirrar ósýnilegu girðingar og ég hélt að reynsla síðustu ára og þeir landvinningar sem menn hafa þó náð og skilað ómældum viðbótarverðmætum inn í greinina hefðu kennt mönnum eitthvað. Það virðist ekki vera ef marka má þetta. Sem betur fer, herra forseti, eru þrátt fyrir allt enn miklir ónýttir möguleikar, a.m.k. möguleikar sem við Íslendingar höfum ekki tekið þátt í að nýta. Við ættum þó að veiða úr þessum stofnum. Ég nefni aftur þar dæmi eins og kolmunnann og túnfiskinn.

Í þessu frv., herra forseti, er sú mikila mótsögn að veiðireynsla undanfarinna þriggja ára skuli notuð til að afmarka þá sem úthlutað er til. Þá er það látið gilda. Það skulu aðeins vera skip sem veiddu eitthvað eða töldust veiða eitthvað á sl. þremur árum og síðan er 90% úthlutað til þeirra á grundvelli þessarar merkilegu reiknireglu. Á hinn bóginn er veiðireynslunni hent þegar að því kemur að skipta. Þá er veiðireynslan einskis metin og eins og ég fór yfir í fyrri ræðu minni, koma út skrautleg dæmi um báta á hafsbotni, báta sem fóru á hliðina í einu veiðiferðinni eða togara sem náðu fjórum eða fimm tonnum að meðaltali á þessum þremur árum, þ.e. þá tólf eða fimmtán tonnum yfir allt tímabilið. Þeim er úthlutað fleiri þúsundum tonna. Þannig kemur það út. Í sama mæli er tekið af skipum sem sannarlega gætu nýtt getu sína á þessu sviði.

Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort hann sé ekki spenntur að fara að beita ákvæðum d-liðar 2. gr. frv. um að setja reglur. Ég óska hæstv. ráðherra alveg sérstaklega til hamingju og ráðuneytinu með þá ánægjulegu daga sem ráðuneytið á fram undan í maí og byrjun júní á þessu ári. Þá verður þetta sennilega ekki nægjanlegt að gera eins og sl. vor þegar fyrst var gefin út reglugerð fyrir vertíðina, svo var gefin út önnur reglugerð til að skipta upp afgangnum svo næmi einni veiðiferð á hvert skip. Svo fóru skipin út. Þá kom bræla og sum skipin neyddust til að leita vars eða fara í land með slatta. Ráðuneytið varð að gefa út þriðju reglugerðina til að þau mættu fara út aftur, enn aftur og klára slattana sína. Útkoman úr þessu öllu varð sú að við náðum ekki kvótanum. Það var nú allur árangurinn af þessu glæsilega reglugerðarverki ráðuneytisins. Þetta verður enn þá verra.

Næst þarf hæstv. ráðherra, einhvern tímann á miðri vertíðinni, að meta hvað togararnir sem veitt hafa 4 og 5 tonn en fá 2–3 þús. tonnum úthlutað, eigi langt í land með að ná sínum hlut. Auðvitað verður hæstv. ráðherra að endurúthluta því, þegar líður á vertíðina og sjáanlegt er að láréttu útgerðirnar, þær á hliðinni eða hafsbotnsútgerðirnar, nái ekki miklu. Hann verður að endurúthluta því. Þá hefur hellingur skipa sótt um á grundvelli 10% reglunnar, fengið slöttum úthlutað og margir hverjir munu ekki veiða eitt einasta kvik-

indi af því. Þá verður ráðherra að meta hvernig hann fer með restina af því og úthlutar því. Þá mun hann gefa út reglugerð sem gengur út frá burðargetu skipanna í einni veiðiferð, þá kemur bræla, skipin fara í land með slatta. Þá verður að gefa út eina reglugerð enn um að þau megi klára slattana sína o.s.frv.

Þetta er tóm della. Þetta er óskilvirk stjórnun og vitleysa vegna þess að þarna þarf að veiða takmarkað magn af uppsjávarfiskum á mjög stuttri vertíð. Í raun og veru þarf að drífa þetta magn í land á nokkrum vikum. Síldin er hvort sem er ekki í vinnsluhæfu ástandi. Hugmyndir um að gera stórt grand í því eru að mínu mati óraunhæfar þangað til við höfum náð gagnkvæmum samningum við Norðmenn um að mega elta stofninn inn í norsku lögsöguna og veiða hann þar að haustinu. Þá getum við gert okkur vonir um að fara að nýta þetta til manneldis í einhverju verulegu mæli.

Ég tek undir það með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að fyrsta spurningin er auðvitað: Til hvers er þessi lagasetning yfir höfuð? Önnur spurning er: Ef menn vilja aftengja ákvæði 2. mgr. 5. gr. um varanlega úthlutun, af hverju er það þá ekki gert með einföldu ákvæði? Af hverju er það ekki gert með einni línu sem segir að þetta skuli þó ekki gerast næstu þrjú árin en reglurnar að öðru leyti látnar standa? Þannig væri fyrirkomulagið sambærilegt því sem var á síðasta ári og ég hallast að því að það væri illskásti kosturinn.

Til vara geri ég þá kröfu að menn líti til þess að lagfæra reiknireglurnar sem á að gilda í þessi þrjú ár, ef sú verður niðurstaðan, og taki veiðireynsluna inn að einhverju marki. Allt annað, herra forseti, er að mínu mati bersýnilega ósanngjarnt og óhagkvæmt. Annað væri heimskulegt og mundi gera stjórnun og framkvæmd þessara mála óskilvirkari og flóknari en vera þarf. Það er hægt að setja um þetta tiltölulega einfaldar reglur sem ganga vel upp og þarf ekki að vera að hringla með eftir að vertíðin er hafin. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að leita eftir samkomulagi um breytingar á frv. í þá veru.

[17:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fyrirspurnum hv. þm. er það að segja að þegar hann spyr hvað verði um veiðireynslu skipa sem verið hafa að veiðum árin áður en þau þau verða seld, þá er það ljóst fyrir að engum veiðirétti hefur verið úthlutað. Fyrirkomulagið sem hér er mælt fyrir um er ráðstöfun til þriggja ára. Þegar kemur að lokum þess tímabils þarf að taka ákvarðanir um það hvernig standa eigi að framhaldinu. Hér er ekki kveðið á um hvaða reglur koma til með að gilda, eftir árið 2000.

Þá spurði hv. þm. hvort viðhorf mitt væri að þessi regla ætti að gilda um aðrar úthafsveiðar og hvort draga ætti úr þeim hvata sem úthafsveiðilögin gera ráð fyrir varðandi aðrar veiðar. Ég get svarað því mjög skýrt. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að sá hvati sem felst í úthlutun samkvæmt veiðireynslu sé mjög mikilvægur. Ég tek undir með hv. þm. um að mjög brýnt er að við getum farið að hefja tilraunaveiðar með kolmunna. Við vitum að í undirbúningi eru tilraunaveiðar á túnfiski. Að mínu mati er eðlilegt, þegar kemur að úthlutun aflaheimilda úr þessum stofnum, að það byggist á grundvelli veiðireynslu í samræmi við meginreglur úthafsveiðilaganna.

Varðandi síðustu spurninguna um þá spennu sem fylgir því að setja reglur af því tagi sem hv. þm. var að lýsa, þá er það ágallinn við aðferðir eins og þessar að hugsanlega þarf að taka ákvarðanir um endurúthlutun á miðri vertíð. Ég tek undir það með hv. þm. að það er ágalli. Aðferðir eins og þessar geta gert það óhjákvæmilegt.

[18:00]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er að vísu vel ljóst að það er rétt að það hefur engum varanlegum veiðiréttindum verið úthlutað og verður þá ekki næstu þrjú árin ef þetta yrði gert svona. En ég veit að ég þarf ekki að útskýra fyrir hæstv. sjútvrh. að útgerðarmenn eða eigendur skipa sem hafa stundað þessar veiðar að undanförnu velta þessum hlutum mjög mikið fyrir sér. Og það er alveg ljóst að ef óvissa ríkir um það hvort einhver réttindi fylgja skipi við kaup sem eru leidd af liðnum tíma, þá verkar það sem hemill á að menn geti tekið slíkar ákvarðanir að eðlileg þróun geti orðið af þessu tagi. Ég þekki beinlínis dæmin um að deilur hafa akkúrat staðið um það hvernig með slík réttindamál ætti þá að fara. Það hefur jafnvel valdið því að viðskipti sem sýndust báðum aðilum hagkvæm og skynsamleg hafa ekki getað orðið vegna þess að menn náðu ekki niðurstöðu um það hvernig ætti að fara með yfirfærslu á hinum hugsanlegu réttindum sem þarna gætu verið á ferðinni. Þess vegna er allt grautarlag af þessu tagi mjög slæmt hvað þetta varðar.

Í öðru lagi er dapurlegt fyrir hæstv. ráðherra að þurfa að svara því þannig að hæstv. ráðherra telji mikilvægt að fyrir hendi sé hvati í löggjöfinni til að menn leiti leiða við að nýta nýja stofna en mæla svo hér fyrir frv. um algjörlega hið gagnstæða því það er hæstv. ráðherra að gera. Frv. felur í sér fráhvarf frá því, er í raun ávísun á hið gagnstæða. Og menn munu spyrja sig áður en þeir leggja í mikinn kostnað eða taka mikla áhættu t.d. sem frumkvöðlar eða brautryðjendur í kolmunnaveiðum, dýrum veiðum, áhættusömum veiðum, sem einungis mjög sérhæfð og öflug skip geta gert sér vonir um að stunda með árangri: „Verður svo farið eins með okkur og þá sem riðu á vaðið við veiðar á norsk-íslensku síldinni? Verður eftir þrjú til fimm ár komið með frv. klippir á ákvæði úthafsveiðilaganna og gerir veiðireynslu okkar að engu?“ (Forseti hringir.) Þetta eru spurningar sem vakna í málinu og það er vont fyrir okkur að fjalla um málið án þess að geta svarað þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.*

Stjfrv., 654. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1127.

### *og*

### *Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 1. umr.*

Stjfrv., 655. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1128.

[18:03]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að ræða þessi mál saman þar sem líta má á 8. dagskrármálið, þ.e. frv. til laga

um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem fylgifrv. með frv. um atvinnuleysistryggingar, sem er á þskj. 1127 og er frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Nú er komin nokkur reynsla af nýjum lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð ég taldi að rétt væri að breyta nokkrum atriðum í lögunum. Ég vil taka það fram að þessi atriði eru öll ívilnandi. Þó er eitt atriðið bæði ívilnandi og eins með nokkrum hömlum. Þetta er sem sagt frv. sem er samið samkvæmt tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingarsjóðs sem mér voru kynntar.

Helstu breytingarnar á gildandi lögum sem felast í frv. eru þær að lagt er til að jafnaður verði réttur fiskvinnslufólks sem ekki á rétt á að gera kauptryggingarsamning samkvæmt 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS og þeirra sem eiga þann rétt. Það er ákveðið óréttlæti í því að mismuna verkafólki eftir því hvort það eigi rétt á kauptryggingarsamningi eða ekki þannig að um þetta ákvæði held ég að engum geti blandast hugur að sé mjög til bóta.

Í öðru lagi er kveðið á um rétt manna til geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér umtalsvert svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Samkvæmt gildandi lögum leiðir það til skerðingar bótaréttar skrái hinn atvinnulausi sig ekki strax hjá vinnumiðlun þegar starfslok verða. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni bæði af hálfu þeirra sem eru atvinnulausir og hinna sem starfa við atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Ég hygg að það megi segja það sama um þetta atriði og hið fyrra að það sé skynsamlegra fyrirkomulag að svipta fólk ekki réttindum til atvinnuleysisbóta fyrir það eitt að skrá sig ekki strax.

Þá er í þriðja lagi lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Gildandi lög kveða á um að réttur til atvinnuleysisbóta geymist aðeins á meðan á töku fæðingarorlofs stendur eða í sex mánuði að meginreglu. Hér er sömuleiðis um leiðréttingaratriði að ræða og eðlilegt að gefa móðurinni tækifæri til þess að vera heima lengur en þessa sex mánuði hjá barni sínu án þess að yfir henni vofi réttindasvipting til atvinnuleysisbóta.

Þá er mælt fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar geymir fangi áunninn rétt meðan hann er í afplánun en þó að hámarki í 24 mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fangar geymi áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir.

Svo er í frv. að finna ákvæði um rétt manna sem gegna hlutastarfi til hlutabóta. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um tilvist þessa réttar. Rétt er að hafa það alveg skýrt að hvergi í lögum er gert ráð fyrir því að hlutabætur séu greiddar. Hins vegar hefur sú venja verið undanfarin ár að greiða hlutabætur og nú eru um 20% af þeim sem eru á atvinnuleysisskrá á hlutabótum. En þær eiga ekki stoð í lögum og út af fyrir sig væri einfalt að ákveða að héðan af yrðu hlutabætur ekki greiddar. Hér er farin sú leið að fá þeim lagastoð og það er ívilnandi. Hins vegar er þessi réttur takmarkaður með tvennum hætti; annars vegar að réttur þessi geti verið til staðar í allt að tvö ár á bótatímabili og hins vegar að réttur til hlutabóta falli niður fari tekjur af hlutastarfi yfir ákveðin viðmiðunarmörk. Þá er einnig gert ráð fyrir í frumvarpinu að þeir sem stunda hlutastörf geti geymt áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði hafi starfshlutfall þeirra verið hærra áður en þeir réðu sig í viðkomandi starf. Er þetta ákvæði til rýmkunar á réttarstöðu fólks sem gegnir hlutastörfum þar sem gildandi lög hafa verið túlkuð á þann veg að þessir einstaklingar verði að skrá sig sem umsækjendur um atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfinu en sæta skerðingu áunnins bótaréttar ella.

Að lokum, herra forseti, er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrisjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum. Í þinginu er til meðferðar frv. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem tekur á þessu atriði. Það er mjög óeðlilegt að ekknabætur skuli vera látnar skerða atvinnuleysisbætur og það voru mistök við setningu laganna að undanskilja þær ekki. Skert er hjá ekkjunni vegna þeirra bóta sem hún fær en t.d. konan sem á lifandi mann á sjónum sem hefur jafnvel háar tekjur, hefur fullan rétt og þar er ekki skert vegna tekna sem bóndinn dregur í búið. Þetta ákvæði frv. gengur sem sagt í sömu átt og frv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem ég hef áður lýst stuðningi við í þinginu.

Prentuð er umsögn um frv. sem fskj. frá fjmrn. og þar segir, með leyfi herra forseta, í niðurlagi:

„Mat á heildaráhrifum frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs er ekki einhlítt og fer eftir því hversu margir nýta sér hin nýju ákvæði. Þó má ætla að kostnaður ríkissjóðs breytist óverulega, verði frumvarpið að lögum, jafnvel lækki lítils háttar.

Þetta var um frv. um atvinnuleysistryggingar.

Hvað varðar frv. um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á þskj. 1128, þá er þar einungis verið að fjalla um samhljóða ákvæði til samræmis við hið fyrra frv. þannig að sömu meginreglur gildi bæði um Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Mér er ljóst, herra forseti, að nú er skammur tími til stefnu til afgreiðslu málsins og vera má að ekki vinnist tími til að afgreiða það á þessu þingi nema þá að um það sé allsherjarsamstaða. Þetta er hins vegar lítið mál. Í því eru réttlætisatriði og skynsamleg og ég vil leyfa mér að vona að hv. þingheimur treysti sér til að afgreiða málið fyrir vorið. Ég geri tillögu um að hv. félmn. fái frv. til meðferðar. Ef hún treystir sér ekki til þess að afgreiða þau fyrir þinglok þá verða þau auðvitað að bíða haustsins. En þakklátur væri ég ef hv. félmn. sæi sér fært að fjalla um málið og afgreiða það fyrir þinglok.

[18:13]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Vegna þessara síðustu ummæla hæstv. félmrh. vil ég harma það hve seint þessi frv. koma fram því að vissulega er hér um réttarbætur að ræða. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur ýmislegt komið fram um framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar. Ýmsir hnökrar hafa verið á þeim og margt sem upp hefur komið á vinnumarkaði hefur beint sjónum að því hvernig lögin virka í raun og veru þegar fer að reyna á. Því er hér um leiðréttingar að ræða sem ég lýsi fullkomnum stuðningi við og hefði viljað hafa tíma til að vinna í hv. félmn. Ég skal svo sannarlega gera mitt til að reyna að sjá til þess að nefndin afgreiði þessi mál. En það verður að segjast eins og er að tíminn er vægast sagt naumur og hv. félmn. er að vinna við afar stór mál þar sem eru húsnæðisfrumvörp hæstv. félmrh. og jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar sem ég hefði mjög gjarnan viljað klára á þessu vori. Mér þykir afar slæmt að landið skuli vera án jafnréttisstefnu mánuðum saman þó að sumum finnist þar kannski vera bættur skaðinn. En staðan er

sú að skammt lifir þings, skammur tími er til stefnu og við verðum að sjá hverju fram vindur.

Þingmenn minnast þess eflaust að á sínum tíma varð allnokkur rimma um núverandi lög um Atvinnuleysistryggingasjóð og einnig um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Við í stjórnarandstöðunni vorum býsna ósátt við margt sem þar var verið að gera og þau mál öllsömul tengdust líka hinni nýju Vinnumálastofnun félmrn. sem vinnur eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Vissulega fer að verða tímabært að skoða rækilega hvernig sú stofnun hefur farið af stað, hvað þar er verið að gera og hvernig þetta hefur allt saman virkað til að draga úr atvinnuleysi og aðstoða þá sem eru að leita sér að vinnu.

Sem betur fer hefur efnahagsþróunin komið okkur til aðstoðar og það hefur dregið úr atvinnuleysinu. Jafnframt hafa ýmis séreinkenni þess komið í ljós. Þar vil ég sérstaklega rifja upp og nefna það sem við ræddum reyndar fyrr í vetur sem er langvarandi og stöðugt atvinnuleysi kvenna. Atvinnuleysi kvenna er enn þá mun meira en atvinnuleysi karla. Ákveðinn hópur fólks býr við langtímaatvinnuleysi og einnig er mjög vert að gefa gaum ungu fólki sem er því miður oft illa menntað eða hefur ekki lokið skóla, það á greinilega erfitt með að fá vinnu. Við þessu öllu þarf að bregðast.

Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að mér gafst kostur á því núna fyrir u.þ.b. hálfum mánuði að sækja ráðstefnu Norðurlandaráðs um velferðarkerfið og vinnumarkaðsmál. Það var afar fróðleg ráðstefna sem ég á reyndar eftir að finna tíma til að gera almennileg skil og ég hef svo sannarlega hugsað mér vegna þess að þar kom margt athyglisvert fram, ekki síst það sem snertir atvinnuleysi. Þá verður mér einkum hugsað til þess sem Svíar eru að gera í þeim efnum. Það tengist annars vegar því að þó að margt megi segja um Evrópusambandið hafa þeir mjög miklar áhyggjur af því mikla atvinnuleysi sem er í ríkjum Evrópusambandsins. Það hefur verið samþykkt í ráðherraráðinu að setja aðgerðir gegn atvinnuleysi þar mjög ofarlega á blað og grípa til sameiginlegra og samræmdra aðgerða gegn atvinnuleysinu. Á ráðstefnunni sem ég sótti í Stokkhólmi var einmitt fulltrúi frá sænska vinnumálaráðuneytinu sem greindi frá ýmsum hugmyndum og aðgerðum sem þar væru á döfinni. Mér fannst þar sérstaklega athyglisvert að þeir eru að taka upp svokallaðar hundrað daga áætlanir sem beinast einkum að ungu fólki. Þar er stefnt að því að reyna að endurmennta, þjálfa og koma viðkomandi í vinnu á hundrað dögum. Ef ekki hefur ræst úr eftir 90 daga eru sérstakir samningar við sveitarfélögin til vara. Mér fannst einna athyglisverðast að þetta unga fólk fer beint yfir til sveitarfélaganna, sem setur það í ákveðin verkefni, og þá hefst þar nýtt ferli. Þetta er mjög athyglisvert að kynna sér nánar sem aðgerð til þess að draga úr atvinnuleysinu.

Því nefni ég þetta, hæstv. forseti, að mér finnst mjög forvitnilegt að reyna að átta mig á því hvað gerst hefur í kjölfar nýrra laga um Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og vildi gjarnan beina því til hæstv. félmrh. að hann greini okkur aðeins frá því í umræðunni hvert mat hans er á þessum breytingum. Ég hef heyrt ýmsa gagnrýni á lögin og m.a. kom upp töluverð umræða síðasta sumar um framkvæmdina og að ákveðinn hópur fólks hefði orðið fyrir skerðingu á bótum. Eftir því sem ég best veit var reynt að kippa því í liðinn og eflaust hefur ýmislegt komið upp. Ég hef líka heyrt gagnrýni á hina nýju Vinnumálastofnun. Umræða hefur verið um úthlutunarnefndirnar og mörgum finnst að stofnunin hafi farið hægt af stað og að þar sé ekki nægilega mikil sérþekking á málunum. Þetta er mjög ung stofnun og eflaust á margt eftir að koma þar í ljós. Ég verð að viðurkenna að við í félmn. höfum ekki getað gefið okkur tíma til að fylgjast nógu vel með þróuninni og það er eitt af því sem stendur til hjá okkur fljótlega að heimsækja stofnunina og sjá hvernig gengur og hvert mat þeirra sem þar vinna er á því hvernig gengið hefur.

Áður en ég vík að frv. væri líka afar fróðlegt að heyra frá hæstv. félmrh. hvernig gengið hefur með Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, hvernig hefur gengið að skilgreina þá hópa sem eiga þar rétt, hvað eru deildirnar orðnar margar, hversu margir fá bætur o.s.frv. Í umræðunni var talað um að hæstv. ráðherra ætlaði að skoða sérstaklega ákveðna hópa einyrkja, t.d. þýðendur, og ég vildi biðja hæstv. félmrh. að upplýsa okkur um það hvort þessi hópur hefur farið af stað. Hefur eitthvað gerst í málefnum þýðenda og annarra einyrkja sem vöktu athygli á stöðu sinni þegar frv. var til umræðu?

Þær breytingar sem verið er að leggja til sýnist mér að muni sérstaklega koma konum til góða og ég fagna því alveg sérstaklega, ekki síst í ljósi þess eins og ég nefndi hér fyrr að konur eru mun fjölmennari í hópi atvinnulausra en karlar. Það kom einmitt fram þegar verkfall sjómanna var yfirvofandi hve fiskvinnslufólk og þá ekki síst konurnar standa oft veikt að vígi. Það er því hið besta mál að hér skuli lagt til að jafna rétt þeirra. Eins líst mér mjög vel á það og ég held að það sé mjög þarft að fólk geti geymt bótarétt sinn lengur en nú er heimilt vegna þess að mjög margt getur valdið því að fólk hverfur af vinnumarkaði um skeið og oft getur tekið langan tíma að finna vinnu þó að fólk geti kannski á einhvern hátt séð sér farborða á meðan. Eins er með fæðingarorlofið. Það er mjög algengt að konur teygi fæðingarorlofið í heilt ár og jafnvel lengur og auðvitað er mjög slæmt að missa réttinn til atvinnuleysisbóta þegar þannig stendur á að foreldrar eru að reyna að vera heima til þess að sinna sínum litlu börnum.

Ég fagna alveg sérstaklega því sem hér er lagt til um rýmkun á rétti fanga. Ég vil rifja það upp að þegar við vorum að fjalla um lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð var vakin sérstök athygli okkar á erfiðri stöðu fanga sem eiga oft mjög erfitt með að fá vinnu og koma út réttindalausir sem verður því miður oft til þess að þeir fara út af mjóa veginum og lenda oft og tíðum aftur á þeim breiða í heldur slæmum félagsskap. Ég minnist þess að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakti athygli á þessu og við fengum fulltrúa frá Fangelsismálastofnun og öðrum aðilum til þess að kanna þetta sérstaklega en því miður gafst ekki tími til þess að gera á þessu breytingu þegar lögin voru endurskoðuð í heild.

Það er mjög gott að hér skuli vera tekið undir tillögu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem benti réttilega á hve skerðingar á tryggingabótum geta oft verið óréttlátar og hér er verið að koma til móts við þau sjónarmið. Allt það sem verið er að leggja til er eftir því sem ég best fæ séð mjög til bóta og þó að það sé nú svolítið erfitt að átta sig hér á umsögn fjárlagaskrifstofunnar, hún bendir á að ýmislegt eykur kostnaðinn en annað kemur sem sparnaður á móti og fer allt eftir því hversu margir nýta sér viðkomandi ákvæði þá virðist útkomman svona vera einhvers staðar nálægt núllinu. Sannast að segja er afar erfitt að átta sig á því hver útkoman er. En það skiptir minnstu máli að mínum dómi. Það sem mestu skiptir er að hér er um réttarbætur að ræða. Það hefur dregið mjög mikið úr atvinnuleysinu og þar af leiðandi þeim kostnaði sem er við atvinnuleysið en við þurfum svo

sannarlega að sinna vel þeim hópi sem er atvinnulaus, greina hann og reyna að átta okkur á því hvaða aðgerðir koma því fólki best til góða og við megum auðvitað ekki gleyma því að það eru og verða áfram sveiflur í efnahagslífinu og það getur gerst hér eins og annars staðar að atvinnuleysi vaxi að nýju.

Töluverður uppgangur hefur t.d. verið í efnahagslífi Danmerkur en þar er samt sem áður mikið atvinnuleysi og hefur verið lengi og viðvarandi þannig að við þurfum svo sannarlega að vera vakandi yfir breytingum sem eiga sér stað í atvinnulífinu, tæknilegar breytingar, samruna fyrirtækja og fleira og fleira sem veldur því að störfum fækkar. Þess vegna þurfum við að sníða kerfi okkar og laga sem best að því að aðstoða fólk við það að vera virkt í vinnu og að reyna að skipuleggja endurmenntun og símenntun og andlega og líkamlega uppbyggingu sem kemur hinum atvinnulausu best að notum.

Ég ítreka stuðning minn þessi frv. og vona svo sannarlega að okkur gefist tími til þess að klára þau fyrir vorið en ég verð að viðurkenna að ég er ekki mjög bjartsýn í þeim efnum.

[18:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og hæstv. félmrh. Páls Péturssonar er ýmislegt í þeim frv. sem hér eru til umræðu sem horfir til bóta, annað sem er umdeilanlegt og sumt gagnrýnivert. Ég vil byrja á að fagna því sérstaklega að með þessum frv. skuli orðið við þeim tillögum sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir bar fram í þinginu þess efnis að hætt yrði að skerða atvinnuleysisbætur hjá fólki sem fær makalífeyri eftir látinn maka. Þetta var eflaust slys á sínum tíma þegar sú breyting var gerð eins og reyndar kom fram í máli hæstv. félmrh. þegar frv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur var til umræðu. Hann lýsti því þá yfir að þetta yrði lagfært og það er gert með þessum frv. Ég vil sérstaklega fagna því að það skuli gert.

Af öðrum þáttum sem horfa til bóta í þessum frv. má nefna ákvæði þess efnis að einstaklingum er heimilað að geyma áunninn bótarétt í tvö ár og að sá réttur taki einnig til þeirra sem nýta sér fæðingarorlof. Reyndar mun þetta hafa verið við lýði í fyrri lögum en ekki á eins afdráttarlausan hátt og hér er varðandi fæðingarorlofið. Þessu vil ég einnig fagna.

Þá vil ég taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur varðandi rétt fanga til að geyma bótarétt en vil beina því til hæstv. ráðherra hvort ekki væri æskilegt að setja í lögin ákvæði þess efnis að fangar gætu áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta með vinnu í fangelsum. Þetta er nokkuð sem mætti taka til athugunar í meðförum þingsins.

Það sem ég tel umdeilanlegast í þessum frv. og gagnrýnivert er ákvæði þess efnis að skerða réttindi hlutavinnufólks. Það kemur fram í frv. að einstaklingar sem hafa unnið fulla vinnu en er þröngvað til að taka að sér hlutastörf, eru þó yfir frítekjumarki sem mun vera rúmar 78 þúsund kr., 78.636, missa réttinn til atvinnuleysisbóta. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hverjar áætlanir séu um fjölda einstaklinga. Hvað er líklegt að skerðing atvinnuleysisbótanna taki til margra einstaklinga?

Í skýrslu Vinnumálastofnunar sem birt var 23. mars sl. kemur fram að 17,6% þeirra sem voru skráðir atvinnulausir í lok febrúar er í hlutastörfum. Hér erum við að tala um rúmlega eitt þúsund manns. Spurning mín til hæstv. ráðherra, sem er að leggja til með þessum frv. að atvinnuleysisbætur hlutavinnufólks sem er yfir því frítekjumarki, sem ég vísaði til áðan, verði skertar, er þessi: Hvað ætlar félmrn. að um marga einstaklinga sé að ræða sem verði fyrir skerðingu af völdum þessarar lagabreytingar, ef af verður?

Við þekkjum að það er mikið kappsmál allra að koma atvinnuleysinu niður, útrýma atvinnuleysi í landinu. Þar í ofanálag er það kappsmál stjórnvalda að koma atvinnuleysistölunum niður. Spurningin er þessi: Hvað gerist þegar farið er að höggva í bæturnar á þann hátt að fólk sjái ekki lengur hag sinn í því að skrá sig atvinnulaust og mun þetta eitt ekki koma til með að gefa okkur falska mynd um ástandið þegar fram líða stundir? Þetta er nokkuð sem hefur tíðkast í fyrirtækjum og einnig stofnunum á vegum hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, að þegar kreppir að er fólki oft stillt upp við vegg. Ég þekki þess mörg dæmi, t.d. á sjúkrahúsum þar sem starfsstéttir hafa hreinlega verið spurðar hvort þær vilji horfa upp á að félögum þeirra verði sagt upp störfum eða að taka hinn kostinn að minnka við sig vinnu og fara í hlutastörf. Einstaklingur sem er með allsæmilegar tekjur, við skulum segja 150–160 þúsund kr. á mánuði, og færi niður í helmingsstarf fengi engar atvinnuleysisbætur. Við vitum að hrapið úr tekjum sem einstaklingur hefur í fullu starfi niður í atvinnuleysisbætur eða niður í hálft starf, ef því er að skipta, veldur miklum búsifjum hjá fólki og miklum vandræðum.

Hér er á ferðinni lagafrv. sem skerðir kjör þessa fólks í krónum talið. Og spurning mín er: Um hve marga af rúmlega eitt þúsund manns sem er á atvinnuleysisskrá í hlutastörfum er að ræða sem verða fyrir skerðingu af völdum þessara frv. ríkisstjórnarinnar? Því við þurfum að hafa þetta vel kortlagt áður en við göngum frá lagafrv. og áður en við samþykkjum þau á Alþingi.

Ég vil vekja athygli á því að enda þótt atvinnuleysi hafi lítillega minnkað þá er atvinnuleysi á Íslandi mjög mikið. Það er mjög mikið hjá þjóð sem frá stríðslokum og fram á þennan áratug þekkti varla atvinnuleysi, ef undantekin eru árin í lok sjöunda áratugarins. Atvinnuleysi var mjög sjaldan yfir einu prósentustigi. Núna mælist atvinnuleysi 3,7% og á árinu 1997, síðasta ári, þá voru 5.230 manns að meðaltali atvinnulausir á Íslandi. Þetta er mikill fjöldi. 5.200 vinnufærir einstaklingar höfðu ekki atvinnu. Það sem mér finnst vera áhyggjuefni er hve þetta málefni, málefni atvinnulausra, hefur vikið til hliðar í þjóðmálaumræðu á Íslandi. Það er engu líkara en þjóðin sé farin að sætta sig við þetta ástand og það er mjög alvarlegur hlutur vegna þess að rúmlega fimm þúsund manns atvinnulausir eru rúmlega fimm þúsund mönnum of mikið á atvinnuleysisskrá.

Ég vil af þessu tilefni vekja athygli á þáltill. sem flutt var á þinginu fyrr í vetur. 1. flm. var hv. þm. Svavar Gestsson en flm. voru auk hans Kristín Ástgeirsdóttir, sá er hér stendur, og Guðmundur Árni Stefánsson, þar sem við leggjum til að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og vinnumarkaðarins til að semja heildstæða skýrslu um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, eru að leita sér að vinnu eða hafa misst vinnu, og gera tillögur til að bæta hag þeirra og tryggja þeim skilyrðislaust sömu mannréttindi og aðrir hafa. Í þessari þáltill. eru tilgreind nokkur atriði sem við viljum að verði tekin sérstaklega til könnunar.

Af þessu tilefni vil ég líka rifja það upp að hér heyrast annað veifið úr munni stjórnmálamanna mjög fordómafullar yfirlýsingar í garð atvinnulauss fólks. Þannig var að skilja á

hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu að atvinnuleysisbætur væru of háar. Þær hömluðu því að hægt væri að koma atvinnuleysisstiginu niður í það horf sem það var fyrir þann tíma sem atvinnuleysið hóf innreið sína í stórum stíl. Það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. félmrh. á þessum yfirlýsingum samráðherra hans um atvinnuleysisbæturnar.

Mönnum til upplýsingar eru atvinnuleysisbætur nú tæpar 60 þús. kr. á mánuði, 59.636 kr., og held ég að fæstum finnist það vera of há upphæð og ljóst að enginn lifir góðu lífi af slíkri fjárupphæð, ef menn yfirleitt geta lifað af slíkri fjárupphæð. Þetta lýsir náttúrlega mikilli vanþekkingu á kjörum fólks, það lýsir vanþekkingu á kjörum atvinnulausra og það lýsir vanþekkingu á kjörum láglaunafólks á Íslandi þegar ráðherra leyfir sér að koma fram með fullyrðingar af þessu tagi.

Af þessu tilefni hafa samtök launafólks ályktað og mótmælt þessum yfirlýsingum ráðherrans. Stjórn BSRB samþykkti í byrjun þessa mánaðar ályktun þar sem lagt er til að aðilar vinnumarkaðar og stjórnvöld leggist á eitt um að útrýma atvinnuleysi hér á landi fyrir aldamót. Í þessari ályktun sem kemur frá stærstu heildarsamtökum opinberra starfsmanna er vakin athygli á því að atvinnuleysi hjá konum er umtalsvert meira en hjá körlum, sem er umhugsunarvert í ljósi þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til til að draga úr atvinnuleysi. Þær aðgerðir hafa fyrst og fremst beinst að hefðbundnum karlastörfum á sama tíma og skorið hefur verið niður við störf þar sem konur vinna, t.d. í heilbrigðisþjónustunni, í umönnunarstörfum og annarri þeirri starfsemi þar sem konur eru helst við störf.

Ég ætla að leyfa mér að ljúka máli mínu með því að lesa upp niðurlagið í þessari ályktun sem kom frá BSRB og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB hvetur stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins til þess að sameinast um markvissa stefnu til að útrýma atvinnuleysinu fyrir árið 2000. En það verður ekki gert með því að lækka bæturnar heldur einungis með því að auka framboð á störfum fyrir þá hópa sem eru atvinnulausir. Það er m.a. hægt með því að snúa þeirri þróun við sem verið hefur í heilbrigðisþjónustunni þannig að við verðum áfram í fremstu röð í heiminum á því sviði."

Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu fleiri um þetta. Ég bíð þess að heyra frá hæstv. félmrh. nánari upplýsingar um hvert sé mat félmrn. á fyrirhuguðum skerðingum á atvinnuleysisbótum til hlutavinnufólks. Það er ljóst að margir einstaklingar verða fyrir umtalsverðum skerðingum. Í máli mínu hefur komið fram að hlutavinnufólk er 17,6% allra þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá, rúmlega eitt þúsund einstaklingar. Hve margir þessara einstaklinga verða fyrir skerðingu vegna þeirra frv. sem hæstv. félmrh. hefur lagt fyrir þingið?

[18:45]

**Útbýting þingskjals:**

Mælingar á geislavirkni í lífríki Íslands, 462. mál, svar umhvrh., þskj. 1170.

[18:45]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þessi frumvörp sem ég er að mæla fyrir. Sannleikurinn er sá að hér er um tiltölulega einföld ákvörðunaratriði að ræða þannig að ég held að það þurfi ekki að fara í löng eða mikil nefndastörf í kringum þau til þess að gera sér grein fyrir því hvernig þetta er. Annaðhvort vilja menn hafa þetta svona eða halda óbreyttu ástandi og ég á von á að nefndarmenn telji að það sem er lagt til í þessum frumvörpum sé betra en það sem er í gildandi lögum og það fyllir mig ákveðinni bjartsýni.

Vinnumálastofnun er að komast á laggirnar. Satt að segja hefur þar ýmislegt gengið hægar enn ég hefði viljað. Þarna er um mikið verkefni að ræða að koma þessu öllu á laggirnar. Þarna eru veruleg nýmæli og þetta er að komast á fullan skrið. Ég tel að mjög æskilegt væri ef hv. félmn. vildi gefa sér tíma að þingi loknu — ég geri ekki ráð fyrir að það geti orðið meðan þing stendur eða fyrr en eftir þinglok — til að heimsækja Vinnumálastofnun og jafnframt félmrn. Þau væru mjög velkomin í félmrn. Við vildum gjarnan kynna ykkur vinnuklúbbinn og þau önnur tiltæki sem við erum með á prjónunum eða starfrækjum til að reyna að hamla gegn langtímaatvinnuleysi og til að hjálpa fólki til vinnu. Við erum í námskeiðahaldi og jafnframt held ég að gagnlegt væri að kynna betur starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er töluvert umfangsmikil starfsemi og nauðsynleg sem er í gangi.

Jafnframt væri æskilegt ef nefndin hefði tækifæri eða tíma til þess að heimsækja einhverja af þeim svæðisvinnumiðlunum sem komnar eru í gang. Fyrir nokkru var formlega opnuð svæðisvinnumiðlun á Blönduósi og þar var jafnframt settur jafnréttisfulltrúi með tilheyrandi starfsemi með áherslu á atvinnulíf eða að útvega konum atvinnu með tilliti til þess að í því kjördæmi er atvinnuleysi meðal kvenna skráð hæst á landinu og hefur svo verið því miður um marga mánuði.

Á þessum svæðisvinnumiðlunum á að gera starfsleitaráætlanir með hverjum einstaklingi sem hefur verið atvinnulaus í tíu vikur samfleytt og þar á eftir er honum borgað fyrir að fylgja sinni starfsleitaráætlun, þ.e. fyrir það að leita sér að vinnu.

Varðandi Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, þá hefur gengið sorglega hægt að samræma þar sjónarmið varðandi reglugerðarsetningu og ég verð að taka það á mig að mér finnst að það hafi gengið allt of hægt og harma að svo hefur verið en vonandi er það nú að komast í lag.

Hvað varðar málefni þýðenda, þá hef ég fyrst og fremst í huga þá sem þýða fyrir sjónvarp því að þeir hafa verið í sambandi við okkur í ráðuneytinu, þá hefur verið lögð töluverð vinna í það að reyna að finna einhvern botn í þeirra málum, en það er bara ekkert einfalt. Þessir menn eiga undir annað ráðuneyti að sækja, þ.e. stofnanir sem heyra undir menntmrn. og niðurstaðan varð sú og ég hélt í góðu samkomulagi lögfræðinga í félmrn. og fyrirsvarsmanna þýðenda, að reyna að leysa þeirra mál í samstarfi við menntmrn. En þeir eru sem sagt ekki orðnir aðilar að tryggingasjóðnum, m.a. vegna þess að þeir hafa ekki félag með sér. Þetta eru verktakar eða þeim hefur verið haldið sem verktökum og þeir eru ekki skipulagðir í sinni verkalýðsbaráttu og þeirra tengsl eru mjög lausleg.

Minnst var á verkfall sjómanna. Það er rétt að segja frá því svo að það komist inn í Alþingistíðindi að meðan á verkfalli sjómanna stóð kom upp hugmynd að reyna að koma í veg fyrir að stór hópur fiskverkafólks yrði rekinn á atvinnuleysisskrá. Ég tók þá ákvörðun að Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi fyrirtækjunum til þess að halda fólkinu á launaskrá og fannst það miklu heppilegri lausn en að fyrirtækin færu að segja fólkinu upp og reka það beinlínis á atvinnuleysisbætur. Allmörg fyrirtæki urðu við þessu og röskuðu þá ekki háttum fiskverkafólks, starfsfólksins síns, eins og annars hefði orðið. Í þetta fóru töluverðir peningar og hugsanlega þarf að grípa

til einhverra ráðstafana síðar á árinu ef sá kvóti sem til þess er ætlaður klárast.

Hv. 17. þm. Reykv. spurði nokkurra spurninga. Hann talaði um skerðingu á réttindum hlutavinnufólks. Ég hef ekki hér tölu þess fólks sem kæmi til með að skerðast hjá. Það er tiltölulega auðvelt að nálgast hana og ég vonast eftir að geta komið henni til nefndarinnar ef hún er að starfa að þessum málum. Ég skal strax fara fram á það við Vinnumálastofnun að fá þessar upplýsingar. Ég hafði ekki útbúið mig með þær undir þessa umræðu.

Sannleikurinn er sá að það er mjög torvelt að fá hlutavinnufólk til að taka fullt starf. Við höfum reynt töluvert til þess að fá það til að taka fullt starf. Í byggðarlagi sem ég þekki var fyrirtæki sem sótti um að flytja inn útlendinga. Þar var töluvert atvinnuleysi og farið var fram á það við viðkomandi fyrirtæki og viðkomandi vinnumiðlun að þeim sem voru á skránni væri boðin sú vinna sem í boði var. Það bara gekk ekki og voru þó á milli 20 og 30 á atvinnuleysisskrá í byggðarlaginu. Margt af því var hlutavinnufólk og ekkert af því treysti sér til þess að taka þá vinnu sem þarna var í boði.

Síðan er ein hlið enn á þessu. Til eru fyrirtæki sem eru farin að praktísera það að láta vaktirnar ekki vera nema sex klukkustundir og skerða þannig starfshlutfall fólksins en ná á sex tímum sömu eða svipuðum afköstum hjá fólkinu og á átta tímum, en ætla svo Atvinnuleysistryggingasjóði að borga sem svarar skerðingunni á starfshlutfallinu. Það er ólag á þessu hlutabótaskipulagi og það er mjög nauðsynlegt að lagfæra það.

Rétt er að hafa í huga í þessari umræðu að frítekjumarkið kemur líka til. Atvinnuleysisbætur eru rétt tæpar 60 þús. kr. á mánuði en atvinnuleysisbætur plús frítekjumarkið eru 78.974 kr. þannig að ef maður skoðar annars vegar fólk sem er á strípuðum atvinnuleysisbótum og hefur e.t.v. ekkert annað og hins vegar hlutabótafólkið sem vinnur hálfan daginn eða vinnur að hluta og nær þó nærri 80 þús., þá er þarna nokkurt ósamræmi og ég held að þetta frítekjumark sé sæmilega rýmilegt.

Það er auðvitað matsatriði hvenær atvinnuleysi er mikið og hvenær lítið. Ég tel að atvinnuleysi hér sé of mikið og er einbeittur í því að við þurfum að lækka það, við þurfum að minnka það. Það er engum greiði gerður með því að vera atvinnulaus. Við eigum að reyna að stuðla að því að sem allra flestir sem geta unnið hafi vinnu. Þess vegna er það mikil þversögn að hér skuli vera þvílíkur vinnuaflsskortur sem raun ber vitni. Við erum með í vinnu á Íslandi líklega í kringum 3.000 erlenda ríkisborgara. Á atvinnuleysisskrá voru í fyrra til jafnaðar 5.230 mínus 20% vel að merkja ef við drögum hlutabótafólkið frá sem var oftast í kringum 20%.

Í máli hv. 17. þm. Reykv. kom fram tilvitnun í vangaveltur sem hæstv. fjmrh. — ég segi nú ekki hæstv. fyrrv. fjmrh. — lét hafa eftir sér á Akureyri. Þar held ég að hann hafi verið en ekki veit ég hvað hann var að gera. En hann var með einhverjar vangaveltur um að atvinnuleysisbætur væru of háar. Nú kann það að vera hans mat en það er ekki mitt mat og það stendur ekki til að lækka atvinnuleysisbætur þannig að það liggi ljóst fyrir. Það stendur ekki til að gera það og menn geta sofið rólega þess vegna. Atvinnuleysisbætur hafa fyllilega hækkað í takt við þá launaþróun sem hefur verið í landinu og ég vænti þess að þær muni gera það áfram. Fleira var það ekki, herra forseti.

[18:58]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins tæpa á nokkrum atriðum. Hæstv. félmrh. segir að víða sé erfitt að fá fólk til að taka fullt starf. Ég staðhæfi að það sé mjög algengt að fólk sé þvingað til að taka hlutastarf, fólk sem vill vinna fullt starf er þvingað til að taka hlutastarf. Ég þekki það úr starfi stéttarfélaga að það er algengt að þetta gerist, ekki bara á almennum markaði heldur hjá opinberum stofnunum, hjá ríkisstofnunum og hjá sveitarfélögum. Ég get nefnt fjölmörg dæmi þessa. Það er hjá þessu fólki sumu sem gerð er tillaga með þessum frumvörpum um skerðingu. Mér finnst mjög mikilvægt að ráðherrann upplýsi Alþingi um hve háar upphæðir er að ræða og um hve mikinn fjölda einstaklinga er að ræða.

Þá vil ég nefna að þó að svo kunni að vera að ýmis fyrirtæki eða einhver fyrirtæki eða einhverjir einstaklingar reyni að misnota þetta kerfi eins og önnur kerfi þá er ekki þar með sagt að það réttlæti skerðingu á stuðningi samfélagsins.

Bent var á það fyrir fáeinum árum að ýmsir læknar ávísuðu á óþarflega dýr lyf og þá var ráð ríkisstjórnarinnar að auka kostnað sjúklinga — ég man að hæstv. félmrh. var mér þá innilega sammála um það — að láta það ekki bitna á fátækum sjúklingum. Á sama hátt megum við ekki láta sviksemi einhverra eða veilur í kerfinu bitna á saklausu fólki en það er hætt við því að það gerist með þessu móti.

Að lokum þetta: Það þarf ekki að vera nein þversögn fólgin í því að skortur sé á vinnu á sama tíma og útlendingar koma til landsins. Ég kem að því nánar hér á eftir því að ég veit að mér gefst kostur á að koma aftur upp.

[19:00]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hef ég ekki tiltækar upplýsingar um hversu margir mundu verða fyrir skerðingu en ég mun útvega nefndinni þær upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Þess eru dæmi að fyrirtæki ætli Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða hluta af launum. Ég þekki það og get staðfest það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði, að þess eru dæmi að fólk hafi verið knúið til þess að minnka við sig vinnu, þ.e. stytta vinnutíma sinn og beinlínis vísað á Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að borga restina.

Varðandi greiningu á atvinnuleysinu þá hefur það verið gert sums staðar á landinu að greina af hvaða orsökum atvinnuleysið er komið. Ástæðurnar eru margar og ég hef séð töluvert fróðlegar greiningar á þeim, en ætla ekki að orðlengja um það hér að svo komnu máli.

[19:02]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera lítið annað en botna það sem ég náði ekki að gera áðan. Það sem ég vildi sagt hafa er að það þarf ekki að vera þversögn fólgin í því þótt um sé að ræða skort á vinnuafli á einu sviði en umframframboð á öðru og ég gat um það áðan að ráðstafanir stjórnvalda á liðnum árum hafa fyrst og fremst beinst að því að skapa hefðbundin karlastörf á sama tíma og skorið er niður á starfssviðum þar sem konur starfa einkum.

Ég vitnaði í þáltill. sem fjórir alþingismenn hafa flutt og ég vitnaði í tillögusmíð frá BSRB. Við erum að hvetja til þess að gerð verði könnun á atvinnuleysinu, hvers eðlis það er þannig að unnt verði að grípa til ráðstafana sem útrýma atvinnuleysi í landinu.

[19:03]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við framsóknarmenn bentum á það fyrir síðustu kosningar að við teldum að fjölga þyrfti störfum á Íslandi um 12 þúsund til aldamóta. Nú eru allar líkur á að þau verði ekki bara 12 þúsund heldur a.m.k. 13 þúsund sem bætast við. Það er alveg ljóst að við þurfum að flytja inn fólk til þess að sinna hluta af þessum störfum. Nú þegar er vinnuaflsskortur víðast hvar um land, ekki eingöngu í karlastörfum heldur líka í kvennastörfum og í fjölbreyttum störfum. Það er ekki bara í fiski sem vantar fólk. Það eru ýmis önnur störf sem atvinnurekendur telja sig ekki geta mannað með innlendu vinnuafli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gjaldmiðill Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 944, nál. 1159.

[19:05]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

Efh.- og viðskn. sem hefur gefið út þetta nefndarálit. Nefndin hefur fjallað um málið og sent það hefðbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og fengið nokkrar ábendingar. Nefndin gerir tillögu um að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum. Þær eru:

Við 1. gr. Í stað orðanna „fimmtíu aurum eða lægri fjárhæð sleppt, en fimmtíu og einn eyrir“ í 2. málsl. efnisgreinarinnar komi: lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar. Þetta er spurningin um það hvenær hækkað er upp og hvenær lækkað er niður.

Í öðru lagi er gerð sú tillaga að lögin taki gildi 1. janúar 1999 en ekki við samþykkt frv.

Undir þetta nefndarálit ritar öll efh.- og viðskn. fyrir utan Sólveigu Pétursdóttur sem var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningar með tilkomu evrunnar, 2. umr.*

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 945, nál. 1160.

[19:06]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

Þetta nefndarálit er frá efh.- og viðskn. Frv. var sent til umsagnar til hefðbundinna aðila og fjallað um það í nefndinni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum að annars vegar falli 2. mgr. 4. gr. niður, sem fjallar um gildistöku en að gildistakan verði í sérstakri grein sem orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Hæstv. forseti. Undir þetta nefndarálit ritar gjörvöll efh.- og viðskn. utan Sólveigar Pétursdóttur sem var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

## 104. FUNDUR

miðvikudaginn 15. apríl,
kl. 11 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 630. mál, þskj. 1086. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Yfirskattanefnd, stjfrv., 641. mál, þskj. 1104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 625. mál, þskj. 1072. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 642. mál, þskj. 1105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 654. mál, þskj. 1127. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 655. mál, þskj. 1128. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Gjaldmiðill Íslands, stjfrv., 555. mál, þskj. 944, nál. 1159. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Samningar með tilkomu evrunnar, stjfrv., 556. mál, þskj. 945, nál. 1160. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Skýrsla viðskiptaráðherra um málefni Landsbanka Íslands.
12. Gjaldþrotaskipti, frv., 325. mál, þskj. 410. — 1. umr.
13. Málefni ungra fíkniefnaneytenda, þáltill., 491. mál, þskj. 839. — Fyrri umr.
14. Ný markmið í framhaldsmenntun, þáltill., 499. mál, þskj. 854. — Fyrri umr.
15. Þingsköp Alþingis, frv., 229. mál, þskj. 261. — 1. umr.
16. Hlutafélög, frv., 230. mál, þskj. 262. — 1. umr.
17. Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, þáltill., 597. mál, þskj. 1010. — Fyrri umr.
18. Almannatryggingar, frv., 534. mál, þskj. 913. — 1. umr.
19. Útvarpslög, frv., 239. mál, þskj. 278. — 1. umr.
20. Gæludýrahald, frv., 644. mál, þskj. 1117. — 1. umr.
21. Skattlagning framlaga úr kjaradeilusjóðum, þáltill., 631. mál, þskj. 1087. — Fyrri umr.
22. Almannatryggingar, frv., 470. mál, þskj. 803. — 1. umr.
23. Jöfnun á námskostnaði, frv., 645. mál, þskj. 1118. — 1. umr.

24. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 435. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.

25. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 452. mál, þskj. 781. — Fyrri umr.

26. Vinnumarkaðsaðgerðir, frv., 471. mál, þskj. 804. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá utanríkisráðuneyti varðandi Schengen-samkomulagið.

## *Tilhögun þingfundar.*

[11:00]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka eftirfarandi fram um fundahaldið í dag: Þeirri umræðu sem boðuð var um málefni Landsbankans, samanber 11. dagskrármálið og hefjast átti kl. 11, verður frestað þar til síðar í dag. Gert er ráð fyrir að umræðan um 11. dagskrármálið hefjist kl. 4 síðdegis.

Um kl. 3.30 verður gert hlé á þingfundi svo að ráðrúm gefist til þingflokksfunda. Forseti gerir enn fremur ráð fyrir stuttu hádegishléi í kringum kl. 1, eftir því hvernig stendur á umræðum. Atkvæðagreiðslu fara fram um kl. 4 í dag.

## *Gjaldþrotaskipti, 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 325. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 410.

[11:01]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni, Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Ögmundi Jónassyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Hér er á ferðinni frv. sem ég tel að sé ný leið fyrir skuldug heimili í landinu og sem gefur fólki nýja möguleika til þess að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþrot. Þannig yrði, ef þessi leið væri samþykkt, hægt að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggjandi stefnu fyrir þá sem annars eru í vonlausri stöðu. Í frv. er um að ræða greiðsluaðlögun sem eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi, herra forseti:

Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.

Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.

Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.

Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.

Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.

Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Eins og hér hefur verið lýst, herra forseti, mundi þessi leið opna nýja möguleika mörgum sem nú eru í vonlausri stöðu og sjá ekki fram á annað en gjaldþrot og missi húsnæðis. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst yfir stuðningi við þessa leið. Framsfl. gerði það fyrir kosningar en sveik eftir kosningar. Standi Framsfl. við kosningaloforð sitt og láti Sjálfstfl. ekki beygja sig mun þetta frv. eiga greiða leið í gegnum þingið.

Ástæða er til að staldra nokkuð við þátt Framsfl. í þessu máli vegna kosningaloforða hans. Ég hygg að hér sé á ferðinni eitt stærsta kosningaloforð Framsfl. í síðustu kosningum. Frambjóðendur flokksins rituðu margar greinar um það sem ég ætla aðeins að rifja hér upp. Ekki var það síst hæstv. viðskrh. sem þar var í fararbroddi þeirra sem vildu koma á greiðsluaðlögun. Hér hef ég þrjár af mörgum greinum sem

hann skrifaði fyrir kosningar um þetta mál þó heldur hafi lítið heyrst í hæstv. viðskrh. um þetta mál eftir kosningar.

Hér er grein sem heitir Greiðsluaðlögun. Þar kemur fram, herra forseti, að greiðsluerfiðleikar heimilanna hafi skapað neyðarástand og að grípa verði til víðtækra skuldbreytinga. Þær gætu falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt, skuld sé fryst o.s.frv. Síðan sagði núv. ráðherra, á þeim tíma, fyrir kosningar:

„Það er mat okkar framsóknarmanna sem flytjum þetta frv. að nú sé tími kannana og skoðana á ástandinu liðinn, ástæður fólksins liggi fyrir og ástæður greiðsluerfiðleikanna séu kunnar og því sé nú runninn upp tími aðgerða og því er þetta frv. um greiðsluaðlögun flutt."

Í kjölfar þess fylgdu tvær aðrar greinar, Út úr vítahringnum, þar sem greiðsluaðlögun var í forgrunni, og Endurreisn heimilanna, skuldbreyting aldarinnar. Þetta voru meginmarkmið framsóknarmanna í síðustu kosningum og þykir mér miður að hæstv. forseti sem nú er í stólnum, Guðni Ágústsson, skuli ekki geta tekið þátt í þessum umræðum vegna þess að hann talaði mikið fyrir þessari leið sem Framsfl. sveik eftir kosningar.

Þegar hv. þm. Guðni Ágústsson var minntur á þetta mál í upphafi þings fyrir þremur árum, þá lagði hv. þm. allt traust sitt á núverandi ráðherra og sagði, með leyfi forseta:

„Ég trúi því að núv. hæstv. ráðherrar muni leggja á borðið í haust þau þingmál strax sem þarf í þessum efnum og hefja aðrar þær aðgerðir sem munu duga til að koma til móts við skuldugar fjölskyldur sem eiga nú í erfiðleikum.

Síðan sagði hv. þm.: „Ég vil segja að lokum, herra forseti, að ég gef hæstv. ráðherrum einhvern tíma enn til þess að koma til móts við þessi mál. En það er ljóst í mínum huga að ég mun gera kröfu til þess sem þingmaður að skuldbreyting aldarinnar eigi sér stað ..."

Hv. þm. var nokkuð hvassyrtari fyrir kosningarnar um þetta efni en hann vildi þó gefa ráðherrunum tíma til þess að leggja fram sínar aðgerðir. Nú höfum við aðgerðir þeirra, herra forseti. Við höfum aðgerðir framsóknarmannanna og aðgerðir sjálfstæðismannanna. Hverju hafa þær skilað fyrir fólkið? Hverju hefur skuldbreyting aldarinnar skilað? Ég held að það sé full ástæða til þess, herra forseti, að rifja það upp.

Skuldbreyting aldarinnar gekk þannig fyrir sig að hæstv. félmrh. kom hér inn í þingið nokkrum mánuðum eftir kosningar með það sem átti að vera skuldbreyting aldarinnar. Samkvæmt því áttu heimilin að geta skuldbreytt erfiðum skuldum.

Þegar þingið fór að skoða þetta mál, herra forseti, kom í ljós að aðgerðir sem höfðu verið í gildi frá árinu 1993 voru miklu betri en þessi skuldbreyting aldarinnar. Þingnefnd skoðaði málið og í ljós kom, herra forseti, að ef þessi nýja leið Framsfl. um skuldbreytingu aldarinnar, sem færð var inn í þingið nokkrum mánuðum eftir kosningar, hefði verið í gildi á árinu 1993, þá hefðu ekki 2.000 manns fengið aðstoð vegna greiðsluerfiðleika heldur aðeins 400. Það var öll skuldbreyting aldarinnar, herra forseti.

Hæstv. ráðherra var gerður afturreka með þetta frv. og reglurnar sem verið höfðu í gildi frá 1993 voru einfaldlega staðfestar og lögfestar hér á hv. Alþingi.

Síðan komu hin úrræðin sem áttu að koma í staðinn fyrir þá greiðsluaðlögun sem ég mæli hér fyrir. Hver voru þau, herra forseti? Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Það var fyrsta leiðin. Önnur leiðin var heimild í skattalögum til að gera nauðasamninga vegna skattaskulda hjá einstaklingum. Þetta átti að koma í stað greiðsluaðlögunar. Nú hefur verið upplýst hverju þetta hefur skilað fyrir fólk sem á í greiðsluerfiðleikum og er að missa sín heimili.

Frá 1. júlí 1996 til 31. desember 1997 eða á einu og hálfu ári hafa 22 fengið aðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Þetta átti að breyta öllu hjá skuldugum heimilum í landinu en á einu og hálfu ári hafa 22 einstaklingar fengið aðstoð. Það er allt og sumt, herra forseti.

Hvað með heimild í skattalögum til að gera nauðasamninga vegna skattaskulda hjá einstaklingum? Herra forseti. Hvað hafa margir fengið aðstoð samkvæmt þeim lögum? Ekki einn einasti hefur fengið aðstoð samkvæmt þeim lögum. Þó eru þetta þau tvö frumvörp sem áttu að koma í stað greiðsluaðlögunar sem framsóknarmenn mæltu svo sterkt fyrir um síðustu kosningar. Greiðsluaðlögun átti að leysa allan vandann. Ég hygg að hv. þm. Guðni Ágústsson geti e.t.v. þakkað þessum loforðum Framsfl. það að hann situr í þingsæti á Alþingi. En þessi loforð voru svikin og ég held að þetta séu ein stærstu svik aldarinnar, herra forseti. Það er þess vegna sem við í stjórnarandstöðunni höfum tekið okkur saman og flutt frv. um þetta efni. Við fluttum þáltill. um þetta á nokkrum þingum á undan en nú viljum við gefa framsóknarmönnum raunverulegt tækifæri til þess að standa við sitt loforð. Það stendur bara upp á Framsfl. að þetta frv. geti orðið að lögum. Öll stjórnarandstaðan er sammála um þessa leið. Sjálfstfl. hefur verið á móti henni.

Jón Kristjánsson er eini þingmaður Framsfl. í salnum, fyrir utan þann sem hér er í forsetastól, þeir flýja alltaf þegar óþægileg mál eru á ferðinni. Ég spyr hv. þm. Jón Kristjánsson: Ætlar hv. þm. að beita sér fyrir því að þingmenn Framsfl. samþykki þetta mál?

Framsóknarmenn hafa ekki aðeins svikið þessi loforð og komið með tvö frumvörp sem litlu eða engu hafa skilað. Þeir hækkuðu líka dómsmálagjöldin við síðustu fjárlagagerð. 40–50 millj. kr. hækkun á aðfarargjöldum og gjöldum fyrir beiðni um nauðungarsölu. Kemur þetta í staðinn fyrir greiðsluaðlögun, herra forseti?

Það er auðvitað nauðsynlegt, herra forseti, að rifja þetta upp vegna þess að það kennir kannski hv. þingmönnum Framsfl. að segja minna fyrir kosningar en efna þess í stað loforð sín.

Ég vil áður en ég fjalla frekar um þetta frv. víkja að því sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði fyrir kosningarnar um þetta frv. sem ég mæli hér fyrir. Hv. þm. spurði varðandi greiðsluaðlögunina:

„Liggur nokkuð á?" Og hann svaraði „Já, líf, heill og hamingja þúsunda heimila ungs fólks um allt land veltur á skjótum aðgerðum. Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóðir og bankar verða að lengja lán og skuldbreyta. Alþingi verður að gera ráð fyrir peningum í fjárlögum um þessar aðgerðir. Ríkisstjórn ásamt aðilum vinnumarkaðarins verður að gera strax nýja þjóðarsátt sem hjálpar fólki í þessum vanda. Málið þolir enga bið. Það verður að leysa fyrir kosningar."

En hvað var svo gert? Ég hef lýst því, herra forseti. Jú, það var lengt í húsbréfalánunum en hverju skilaði það? Aðeins 6% þeirra sem tekið hafa lán hafa tekið þau til 40 ára. Á þessum tveimur árum hafa aðeins 6% af heildinni tekið lán til 40 ára. Það var öll björgin. Þessa sorgarsögu Framsfl. í þessum málum, þessi stóru svik aldarinnar, verður að ræða í tengslum við þetta mál.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum farið yfir hvað þetta frv. felur í sér og hvað það er mikilvægt fyrir skuldug heimili að frv. verði að lögum. Þessi leið hefur verið reynd t.d. í Noregi og hún hefur gefist þar mjög vel. Um 5.500 umsóknir bárust í Noregi fyrsta árið og áhrifin hafa orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögun byggja á. Rúmlega 22 þús. manns hafa leitað til sýslumanns með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Það liggur því fyrir að þessi leið hefur reynst mjög vel t.d. í Noregi þar sem hún hefur verið reynd. Þessi leið hefur fyrst og fremst gagnast fólki með lágar tekjur og skuldir sem eru fimm til sex sinnum meiri en almennt gerist. Það er mikið um að einstæðir foreldrar með börn undir 18 ára aldri hafi farið þessa leið.

Herra forseti. Það mætti auðvitað margt um þetta mál segja. Ég vil líka vekja athygli á því að ég er ekki fyrst að koma með þetta núna í þingið eftir að ég hætti sem ráðherra vegna þess að þetta mál var undirbúið í tíð minni sem ráðherra 1993. Þá var gerð ítarlega skýrsla um þessa leið og nefndin sem fór í þetta verkefni mælti eindregið með að þessi leið yrði farin og þar voru tíundaðir mjög kostir þess og gagnsemi að koma á fót þessari sérstöku greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum erfiðleikum. Mér vannst ekki tími í ráðuneytinu til að flytja það sem ráðherra, en hv. þm. Össur Skarphéðinsson fylgdi þessu máli eftir, t.d. með flutningi á þáltill. Hv. fyrrv. þm. og núv. forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók upp frv. framsóknarmanna, þar sem Finnur Ingólfsson var í forustu, og flutti það á þingi eftir kosningar þegar sýnt var að framsóknarmenn ætluðu ekki að standa við málið og síðan hafa verið fluttar tillögur, t.d. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, og nú hefur verið ráðist í að útbúa frv. til að freista þess að málið nái fram að ganga.

Ég vil líka minna á að Húsnæðisstofnun, sem gerði umsögn um frv. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, koma ekki í stað greiðsluaðlögunar."

Þetta var álit Húsnæðisstofnunar. Enda hefur það auðvitað komið í ljós og ég hef lesið hér tölur, 22 einstaklingar hafa fengið aðstoð samkvæmt frv. um réttaraðstoð til einstaklinga og enginn hefur fengið niðurfellda skattaskuld hjá fjmrn. vegna laga sem sett voru þar að lútandi, sem koma áttu í stað greiðsluaðlögunar.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjalla frekar um þetta mál. Ég hef farið yfir helstu meginatriði í málinu en það er auðvitað ýmislegt annað sem væri freistandi að taka til umræðu undir þessu dagskrármáli en það er samkomulag um að reyna að stytta frekar umræður um einstök mál sem hér eru á dagskrá þingsins í dag.

Ég vil í lokin segja, herra forseti, um leið og ég óska þess að málinu verði vísað til hæstv. félmn., að ég minni enn á að það stendur bara upp á Framsfl. að þetta mál verði samþykkt á þingi. Það er Framsfl. sem ber ábyrgð á því hvort þetta mál fái framgang, mál sem gæti bjargað mörgum heimilum í landinu sem eru í erfiðleikum og skuldabasli og ekkert blasir við annað en gjaldþrot. Framsóknarmenn hafa tækifæri nú, herra forseti, til að standa við stóru orðin frá síðustu kosningum.

[11:20]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. nefndi nafnið mitt í þessari umræðu um leið og hún kyrjaði gamla sönginn sem hefur verið sunginn hér í þrjú ár um svik Framsfl. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að tala fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna um hvort þetta frv. nær fram að ganga. Það mun verða skoðað í nefnd eins og önnur mál sem hér fara fram og ég ætla að geyma mér allar yfirlýsingar um það að sinni.

Hitt er svo annað mál að um leið og talað er um kosningasvikin þá hefur hv. þm. réttilega nefnt nokkrar breytingar á löggjöf sem hafa hnigið í þessa átt. Hitt finnst mér þó skipta mestu máli að á þeim tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið hafa orðið algjör umskipti í efnahagsmálum. Kaupmáttur fólks hefur aukist meira en nokkru sinni áður. Aðstaða bankanna til að skuldbreyta fyrir fólk og lengja lán hefur stórbatnað með batnandi efnahagsástandi. Það finnst mér skipta höfuðmáli í þessu sambandi en eigi að síður hafa verið gerðar aðgerðir sem hníga í þessa átt og þær tölur um hve margir hafa nýtt þær aðgerðir segja í sjálfu sér ekki alla söguna. Þær segja í sjálfu sér ekkert um það hve margir hafa fengið skuldbreytingar og auðvitað er það langbest að það sé gert með eðlilegum bankaviðskiptum og eðlilegri fyrirgreiðslu með batnandi stöðu bankanna, og vonandi verður framhald á þeirri þróun.

[11:22]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ákaflega merkilegt að hv. þm. velur að fara í stutt andsvar þar sem hann hefur eina og hálfa mínútu í stað þess að biðja um orðið og skýra fyrir þjóðinni af hverju þingmenn Framsfl. hafa svikið þetta stóra kosningaloforð um skuldbreytingu aldarinnar og greiðsluaðlögun. Hv. þm. nefnir að ég sé að kyrja einhvern söng um svik Framsfl. Þetta eru bara staðreyndir málsins, herra forseti. 22 einstaklingar af þeim hundruðum sem eru í vandræðum hafa fengið aðstoð gegnum leiðir framsóknarmanna, 22 einstaklingar. Og í stað þess að gera fólki grein fyrir þeim svikum sem Framsfl. hefur orðið ber að kýs hann að nota þessa einu mínútu sem hann valdi sér í andsvörum að ræða um umskipti í efnahagsmálum. Jú, jú, það hafa orðið umskipti í efnahagsmálum en ég fullyrði að láglaunafólkið hefur ekki fundið mikið fyrir því í sinni buddu þó að bankastjórar og fleiri hafi gert það. Láglaunafólk hefur ekki fundið það í sinni buddu vegna þess að mörg heimili eru í miklu basli og hafa ekki fundið góðærið í sínum vösum. Og það hefur ekkert verið gert fyrir þetta fólk í húsnæðismálum sem máli skiptir til að auðvelda því að halda sínu húsnæði og að eiga fyrir brýnustu framfærslunni. Það er því aumkunarvert, herra forseti, að hv. þm. skuli velja sér eina mínútu til að gera málinu skil, þessu stóra máli, sem ég er sannfærð um að fleytti nokkrum þingmönnum framsóknarmanna inn á þing eftir síðustu kosningar. En það er allt svikið, herra forseti. Það er nú staðreyndin í þessu máli. Þessi söngur verður kyrjaður áfram það sem eftir lifir þessa þings og eftir kosningar nema framsóknarmenn standi við stóru orðin og samþykki þetta frv. um greiðsluaðlögun. Ég ráðlegg þeim það eindregið vegna þess að ég met t.d. hv. forseta, sem nú er í forsetastóli, sem ég hélt reyndar að væri eini maðurinn eftir sem hefði einhverja félagslega hugsun í Framsfl. og

þess vegna var ég að vona að hann gæti tekið þátt í þessum umræðum.

[11:24]

**Jón Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki ótakmarkaðan tíma til að svara fullyrðingum hv. þm. um kosningasvik Framsfl. því að þær fullyrðingar eru rangar og það er óþarfi að fjölyrða um þær í löngu máli. Ég endurtek að þær tölur um hve margir hafa nýtt sér fyrirgreiðslu samkvæmt nýjum lögum segja í sjálfu sér ekki neina sögu um þetta mál og þær segja í sjálfu sér ekkert um heildarmyndina hvað varðar lengingu lána og fyrirgreiðslu sem almenningur hefur fengið hjá fjármálastofnunum. Það væri hægt að fara yfir það mál og verður auðvitað gert þegar það kemur til nánari umræðu og vinnslu í nefndum í þinginu og vafalaust til 2. umr., ef tími gefst til þess á þeim tíma sem eftir er, ég vil ekkert um það segja. En ég þarf ekki lengri tíma til að svara fullyrðingum hv. þm. um kosningasvik Framsfl. Ég er orðinn vanur að heyra þennan söng og búið er að boða að hann verði sunginn hér áfram til loka kjörtímabilsins. Það er þá ekkert við því að gera. Þau mál verða lögð undir dóm fólks í næstu kosningum og ég kvíði ekkert þeirri niðurstöðu sem þar verður.

[11:27]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samviskan er greinilega að naga hv. þm. vegna þess að hann talar fyrir því að þetta mál komi til 2. umr. og ég fagna því, herra forseti, vegna þess að þetta er það góður og ljúfur drengur, hv. þm. Jón Kristjánsson, að hann vill greinilega standa við það sem hann segir. Ég treysti þá á það að hv. þm. hjálpi okkur í félmn. til að fá þetta mál aftur inn í þingið og til atkvæðagreiðslu þannig að hægt sé að láta reyna á það.

Þegar hv. þm. talar um að engin svik séu þá ætla ég bara að nefna hér eitt í lokin, sem ég að vísu nefndi í ræðu minni áðan, skuldbreytingu aldarinnar sem þeir boðuðu. Þegar það kom inn í þingið var ráðherrann gerður afturreka með það vegna þess að þær reglur sem höfðu verið í gildi um skuldbreytingu frá 1993–1995 veittu 2.000 manns fyrirgreiðslu. Athugað var að ef reglur nýja frv. ráðherrans, um skuldbreytingu aldarinnar, hefðu verið í gildi frá 1993–1995 þá hefðu aðeins 400 fengið fyrirgreiðslu en ekki 2.000. Kallar hv. þm. þetta virkilega ekki svik aldarinnar?

[11:28]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Sjálfstfl. reytir eina fjöðrina af annarri úr höfuðbúnaði Framsfl. og við sáum það á hv. þm. Jóni Kristjánssyni að honum líður ekki nema rétt svo þolanlega í vistinni hjá Sjálfstfl. Þetta er eitt af þeim málum sem Framsfl. keyrði hvað harðast fram með fyrir síðustu kosningar. Ég minni á það, herra forseti, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert, að þetta var eitt af þeim málum sem ýmsir hinna vöskustu í sveit Framsfl. létu hvað dólgslegast yfir í ræðustól Alþingis fyrir síðustu kosningar. Ég rifja það upp að nokkrir hv. þm flokksins, m.a. núv. hæstv. félmrh., lögðu fram sérstakt frv. um greiðsluaðlögun og skoruðu á þingheim að samþykkja það. Það var enginn annar en hinn drenglyndi forseti Alþingis sem mælti þessi orð: „Líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna veltur á viðbrögðum ríkisstjórnarinnar. Málið þolir enga bið.“

Það er kannski þess vegna sem hæstv. forseti er heldur dapur og hnípinn á svipinn vegna þess að hann sá hér skutlast út úr salnum hv. þm. Sturlu Böðvarsson, sem hann væntanlega ætlaði að kveðja til að sitja í sinn stað í forsetastóli til að geta komið hingað og tekið undir málflutning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Þetta mál sem hér er flutt er nefnilega nánast sniðið, a.m.k. efnislega, upp úr því frv. sem þingmenn Framsfl. lögðu hérna fram. Hv. þm. Jón Kristjánsson kemur og sýnir það glögglega að hann er í eins konar bóndabeygju í hinu kalda faðmlagi Sjálfstfl. Í hjarta sínu vill hann fylgja þessu máli. Í hjarta sínu veit hann að þörf er á því en hann getur ekki fylgt því vegna þess að Sjálfstfl. er á móti málinu eins og hvað eftir annað hefur komið fram.

Mér finnst nauðsynlegt að þeir þingmenn Framsfl. sem tóku hvað ákafast til máls í þessum efnum fyrir nokkrum missirum komi og skýri málið. Það er ekki nægilegt af þeirra hálfu að koma hingað upp í tveimur örstuttum andsvörum og fjasa aðallega um góðærið og efnahagsástandið. Þeir verða að skýra út fyrir þingheimi hvað veldur sinnaskiptum þeirra. Ef það er svo eins og mátti ráða af máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar, að ríkisstjórnin hafi gripið til aðgerða sem þeir telja að séu nægar þá þurfa þeir að skýra það út fyrir þingheimi. En hv. 1. flm., Jóhanna Sigurðardóttir, leiddi mjög sterk rök að því í máli sínu að sá vandi sem við er að glíma er ekki leystur. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til hafa ekki dugað til þess að höggva að rótum þess vanda sem málaður var hvað dekkst af framsóknarmönnum fyrir stuttu síðan.

Hvað veldur því að Framsfl. telur skyndilega að ekki þurfi að grípa til þessara ráða? Við getum öll verið sammála um að efnahagsástandið er miklu betra. Það ríkir góðæri til lands og sjávar og það væri slæm ríkisstjórn sem tækist að klúðra því niður. Þessari ríkisstjórn hefur um margt tekist vel og hún hefur haldið áfram að treysta undirstöður efnahagslífsins. Hún tók við góðu búi og farsælum grunni sem lagður var af fyrri ríkisstjórn og það hefur margsinnis komið fram.

Eftir sem áður er engum blöðum um það að fletta að allt of stór hópur á um sárt að binda. Engir máluðu það jafnsterkum litum og þingmenn Framsfl. á síðasta kjörtímabili sem héldu hér miklar, kappsfullar og oft og tíðum góðar ræður um aðbúnað og kjör þessa fólks. Það kann vel að vera að í þessum hóp hafi fækkað en við vitum eigi að síður að skuldarar og þeir sem hafa lent í greiðsluþroti eru allt of margir. Spurningin er: Er einhvern veginn hægt að lina þjáningar þeirra? Er hægt að lina þær þjáningar sem staðan hefur kallað yfir margar fjölskyldur, yfir börn þessa fólks?

Það var dómur Framsfl. fyrir skömmu að það væri hægt. Þeir lögðu fram frv. um greiðsluaðlögun sem var að mörgu leyti mjög gott þó á því væru vissir efnislegir gallar. En það sýndi a.m.k. skilning þeirra á vandanum. Hvað veldur því núna þegar þeir hafa aðstöðu til þess að ýta málinu í farsæla höfn, að skyndilega skortir þá kraftinn? Hvað veldur því til að mynda að hv. þm. Guðni Ágústsson sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mærði í hástemmdu lofi áðan og kvað hann vera þann hinn eina þingmann Framsfl. sem enn hefði einhverja félagslega taug aftan úr sér, tekur ekki til máls í þessu mikla máli (**Gripið fram í:** Liggur hún aftur úr mönnum?) þegar hann tók sér það hlutverk á sínum tíma að berjast fyrir kjörum lítilmagnans í þjóðfélaginu? Það hefur margsinnis komið fram að hann stendur einmitt einn fárra framsóknarmanna enn þá föstum fótum í þeim sverði þar sem fólkið í landinu lifir. Fáir í stjórnarliðinu skilja kjör þess fólks sem hefur orðið krappast úti jafn vel og hann. Menn leita auðvitað eftir afstöðu manna sem hafa sjálfviljugir gert

sig að talsmönnum þessara hópa. Menn geta ekki leyft sér það í stjórnarandstöðu að slá sig til riddara með málum eins og þessum og draga sig síðan inn í skuggann, inn í hið notalega skjól forsetadæmisins, þegar þeir skyndilega komast í þá aðstöðu að geta beitt afli sínu til farsældar þessu fólki.

Herra forseti. Ég hef áður komið að þessu máli. Ég flutti árið 1993 þáltill. um greiðsluaðlögun með þáv. þingmanni Sigbirni Gunnarssyni og það mál sem hér liggur fyrir er efnilega mjög vel heppnuð útfærsla á því máli. Ég tel að öll rök hnígi að því að við eigum að samþykkja þetta mál. Ég rifja það upp að þeir sem núna hafa Framsfl. í hnappheldunni beittu þeim rökum á sínum tíma gegn þessu máli að það mundi opna flóðgátt. Ég vek þess vegna sérstaka athygli á því að sú opnun sem þetta frv. felur í sér að greiðsluaðlögun er mjög takmörkuð og kemur alfarið í veg fyrir að hægt sé með einhverjum rökum að halda því fram að hér sé verið að opna gátt fyrir sóun á almannafé. Það er síður en svo.

Hér er talað um að þeir sem eiga að fá heimild til greiðsluaðlögunar þurfi í fyrsta lagi að vera einstaklingar sem ekki stunda atvinnurekstur. Hér er um að ræða fólk sem hefur einhverra hluta vegna lent í einhvers konar ógæfu, til að mynda vegna sjúkdóma, til að mynda vegna atvinnuleysis og það væri hægt að telja upp fleiri atriði sem sannanlega er í mörgum tilvikum hægt að sýna fram á að voru ekki í valdi þeirra sem í hörmunginni lentu. Það er sanngirnisatriði að þjóðfélagið reyni einhvern veginn að koma þeim til aðstoðar sér í lagi vegna þess að þetta frv. mun líka bæta rétt þeirra sem eiga kröfurnar. Það mun líka bæta stöðu kröfuhafa. Það er verið að reyna að koma því svo til vegar að skuldararnir sem eru í verulegum greiðsluerfiðleikum fái sér í fyrsta lagi faglega aðstoð og í öðru lagi þarf að vera ljóst að þeir sæta hvorki greiðslustöðvun né hafa tekið þátt í nauðarsamningum né verið undir gjaldþrotaskiptum. Og stjórnvald þarf að meta það svo að aðstæður viðkomandi skuldara mæli að öðru leyti með því að hann fái greiðsluaðlögun. Þetta mun leiða til þess að viðkomandi einstaklingur og viðkomandi fjölskylda mun eiga miklu auðveldara með að vinna sig út úr vandanum. En þetta þýðir líka að kröfuhafarnir eiga meiri líkur á því að fá eitthvað upp í sínar kröfur. Þannig að þegar málið er skoðað í heild má segja að allir græði á því, sá sem í erfiðleikunum er, sá sem kröfurnar á og þjóðfélagið sem ella þarf einhvern veginn að hlaupa undir bagga, þess vegna með félagslegri aðstoð. Og ekki síst, herra forseti, græðir Framsfl. á því að þetta mál komist í gegn vegna þess að þá er ekki hægt að ásaka hann fyrir að hafa svikið þetta loforð. En ég gæti, herra forseti, í lengra máli rifjað upp þann hluta kosningaloforða Framsfl., þ.e. stefnuskrá flokksins sem samþykkt var í október 1994 minnir mig, sem laut einmitt að þessum atriðum. Þar var því lýst í hástemmdum orðum hvernig Framsfl., kæmist hann til valda, ætlaði sér að gjörbreyta stöðu skuldara. Sumir þeirra sem núna sitja í ríkisstjórn fyrir Framsfl. gengu svo langt að þeir ræddu bókstaflega um að frysta vissa tegund skuldar og jafnvel að lækka hana. Ekkert af þessu hefur auðvitað séð dagsins ljós.

Góðærið sem búið var að leggja drög að og sem að verulegu leyti á rætur sínar að rekja til breyttra aðstæðna í umhverfinu og erlendis, en líka vegna þess að ríkisstjórnin hefur staðið sig alveg ágætlega við að gera gott úr málunum, hefur valdið því að líkast til eru þeir færri nú sem eiga um sárt að binda. En þeir eru til. Og það er ekkert sem heimilar okkur eða þeim sem áður mæltu til stuðnings við þetta fólk að falla frá þeim stuðningi. Mér finnst að þeir sem áður héldu þessar miklu ræður um nauðsyn þess að mál af þessu tagi yrði að lögum hljóti að skulda þinginu skýringu og ekki síst því fólki sem batt miklar vonir við stuðning Framsfl., skýringu á þessum sinnaskiptum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur kallað svik aldarinnar.

Ég skil það, herra forseti, þegar ég horfi yfir salinn að þá er ekki að sjá nokkurn einasta framsóknarmann. Þeir eru auðvitað hræddir við málflutning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þeir vita að þegar hún bregður vendi réttlætisins á loft þá hljóta ranglátir að sviptast undan á flótta. Við sjáum, herra forseti, hvernig bankastjórar Landsbankans hafa feykst eins og sprek fyrir vindi undan þeim sóp og það má vera að hv. þm. Framsfl. óttist að ef þeir reyti hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til reiði í þessu máli þá bíði þeirra sömu örlög og bankastjóra Landsbankans. Kannski er það skýringin á því að þeir flýja unnvörpum úr salnum og hér er enginn eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Málefni ungra fíkniefnaneytenda, fyrri umr.*

Þáltill. SJóh o.fl., 491. mál. — Þskj. 839.

[11:40]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram á Alþingi till. til þál. um málefni ungra fíkniefnaneytenda og auk mín skrifa upp á tillöguna hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að standa fyrir sérstöku átaki til að tryggja tafarlausa meðferð ungra fíkniefnaneytenda sem vilja fara í meðferð þannig að framvegis myndist ekki langir biðlistar eftir meðferð vegna áfengis- og fíkniefnanotkunar.“

Með tillögunni fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Í Morgunblaðinu 27. janúar sl. er viðtal við Þórarin Tyrfingsson yfirlækni á Vogi. Í viðtalinu kemur fram að að mati SÁÁ er meira um fíkniefni á Íslandi nú en nokkru sinni áður og einnig að tíðkaðar eru nýjar aðferðir við neyslu þeirra. Yfirlæknirinn fullyrðir að ástandið hafi versnað til muna frá 1995, mun meira af ólöglegum fíkniefnum sé í umferð, fleiri noti alls konar efni og neysluaðferðirnar séu fjölbreyttari. Hans álit er að lækning sé mun erfiðari en hún var fyrir þremur til fjórum árum.

Þórarinn segir að þetta skapi mikinn vanda hjá sjúkrahúsinu Vogi þar sem fólk sem er illa á sig komið og í afeitrun þurfi mikla umönnun og Vogur hafi alls ekki undan. Sjúklingar sem þurfi að sinna séu á biðlistum en göngudeildir og vaktir stóru spítalanna leggi fram mikla vinnu í þágu þeirra. Hann fullyrðir að mikill skortur sé á skyndiþjónustu fyrir áfengissjúklinga og allt að 300 sjúklingar séu á biðlista, misjafnlega illa á sig komnir.

Mat þeirra sem vinna að þessum málum er að mjög tilfinnanlega vanti meðferðarpláss fyrir yngstu vímuefnaneytendurna en ef séð væri fyrir þörfum þeirra mundi það létta á þrýstingi sem hefur verið á almenn meðferðarheimili að undanförnu um að taka mjög unga vímuefnaneytendur til meðferðar. Komið hefur fram í blaðafréttum að yngsti vímuefnaneytandi sem hefur verið til meðferðar á Vogi sé 13 ára. Þeir sem best þekkja til vímuefnavanda unglinga

telja að unglingar í þessum aðstæðum þurfi mun sérhæfðari meðferð en er í boði á almennum meðferðarstofnunum."

Í fskj. með þáltill. fylgja nokkur línurit og þar á meðal upplýsingar um innritanir ungs fólks sem fór í meðferð á Vogi árið 1997. Þar kemur í ljós að innlagnir þeirra sem voru 19 ára og yngri voru 264. Og í línuritunum sem fylgja með og koma líka frá sjúkrahúsinu á Vogi kemur fram að gríðarleg aukning, svoleiðis alveg ótrúleg að línuritið gengur beint upp í loftið, er á stórneytendum kannabis og amfetamíns.

Þegar ég las frétt í Morgunblaðinu sem vitnað er til í greinargerðinni bar ég fram á Alþingi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. þar sem ég spurði hvort von væri á að meðferðarúrræðum yrði fjölgað í ljósi þessara upplýsinga sem lægju fyrir. Heilbrrh. sagði þá að úrræðum hefði fjölgað mjög á undanförnum árum. Hún sagði einnig að á Íslandi væru fleiri úrræði fyrir áfengissjúka og vímuefnasjúka en annars staðar í löndunum í kringum okkur, fleiri rúm fyrir þessa sjúklinga. En hún sagði líka að ríkisstjórnin væri fyrst og fremst með visst forvarnarátak í gangi.

Ég hygg að það hafi verið fleirum en mér sem fannst þetta nokkuð kaldar kveðjur til aðstandenda þeirra sem voru á fyrrnefndum biðlistum á Vog og þá kannski fyrst og fremst þeirra unglinga sem þarna eiga hlut að máli en það kemur einnig fram í svari heilbrrh. við fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur við vímuefnameðferð barna og unglinga að gríðarleg aukning hefur verið á unglingum sem sækja eftir meðferð þannig að það er nánast tvöföldun á örfáum árum. Á þremur árum má segja að um tvöföldun sé að ræða og það liggur fyrir og er viðurkennt að þetta séu ekki hentug úrræði fyrir umræddan flokk sjúklinga, þ.e. unglinga, að setja þá í þá meðferð sem er í boði á Vogi. Samt kom í ljós að 8% af heildarfjölda skjólstæðinga Vogs á árinu 1993 höfðu verið á aldrinum 12–20 ára en 12% árið 1997.

Í umræddu svari heilbrrh. til hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur kemur einnig fram að á síðustu fjórum árum hafi verið einn sérmenntaður geðlæknir við störf á Vogi. Sálfræðingur hefur verið þar að störfum við meðferð og greiningu á unglingum síðan árið 1983 en félagsráðgjafar hafa að jafnaði ekki starfað á Vogi. Þetta eru uggvænlegar upplýsingar í ljósi þess fjölda sem maður veit að hefur verið þarna til meðferðar.

Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir spyr líka hverja þjónustu barna- og unglingageðdeild Landspítala veitir þeim börnum og ungmennum sem þurfa meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum. Hæstv. ráðherra bendir á það sem er alveg rétt að algengasta vímuefnið er áfengi sem börn og unglingar misnota sem og aðrir í þessu þjóðfélagi en á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur fer ekki fram sérstök meðferð barna og unglinga sem eiga við vímuefnavanda að etja og innlagnir á Landspítalann voru 1996 60 talsins, væntanlega af fyrrgreindum orsökum þó að það sé ekki tiltekið í svarinu. Það segir sig sjálft að þarna er ekki um meðhöndlun af neinu tagi að ræða á þeim stóra hópi sem þarna er í brýnni þörf.

Það kemur einnig fram í svari hæstv. heilbrrh., sem hafði í svari sínu til mín sagt í febrúar að á Íslandi væru mun fleiri úrræði fyrir áfengissjúka og vímuefnasjúka en annars staðar í löndunum í kringum okkur, að það sem er verið að ræða um sérstaklega fyrir ungmenni eru átta greiningarrými á Stuðlum og alls 20 meðferðarrými á Varpholti, Torfastöðum, Árbót og Bakkaflöt og þarna er engan veginn eingöngu um að ræða unglinga sem aðeins eiga í erfiðleikum vegna vímuefnavanda. Þau börn sem eru í meðferð á flestum þessum stöðum eiga við margs konar blandaðan vanda að etja og mörg alls ekki af vímuefnatoga.

Þegar hæstv. heilbrrh. er spurð hvort hún telji heppilega lausn að veita börnum og ungmennum meðferð vegna vímuefnanotkunar á stofnunum sem sniðnar eru að þörfum fullorðinna þá svarar hæstv. ráðherra því til að best fari á því að börn og unglingar fái meðferð á þar til gerðum meðferðarstofnunum. Samt liggur það fyrir að 264 börn og ungmenni fengu meðferð hjá SÁÁ í fyrra og ríkisstjórnin hefur engin áform um fleiri meðferðarúrræði. Ég verð að segja að ég undrast mjög þá afstöðu í ljósi þeirrar flóðbylgju sem núna virðist ganga yfir þjóðfélagið af vandamálum í kjölfar vímuefnaneyslu unglinga. Ég held að við þurfum mjög á því að halda að fá öfluga enduruppeldisstofnun í þjóðfélaginu þar sem börn að 20 ára aldri sem hafa lent í vímuefnavanda og jafnframt þau sem hafa gerst sek um afbrot, sem eru oft tengd neyslu vímuefna, yrðu meðhöndluð. Ég held að þetta ætti að vera nokkurs konar skólastofnun og ég sé fyrir mér setrið að Reykholti og þá skóla sem þar höfðu verið byggðir upp sem kjörna til að reka slíkt heimili á. Auðvitað yrði slíkt heimili að vera með íslensku sniði og á forsendum okkar Íslendinga en við getum samt lært heilmikið af því sem gert er erlendis og vel hefur tekist. Ég minni á fyrirlestur, sem haldinn var á vegum Barnaverndarstofu um daginn, um meðferðarstofnunina sænsku, Hassela, sem er einmitt blönduð stofnun þar sem ungmenni geta komið. Eiginlega eru þrjár leiðir sem ungmenni geta komið eftir til meðferðar inn á Hassela. Það er ef þau sjálf óska þess að komast úr úr miklum vímuefnavanda, það er ef þau eru dæmd af félagsmálayfirvöldum til að undirgangast meðferð og einnig er þriðji möguleikinn sem er líka mikið notaður að þau fá að velja, þegar þau hafa hlotið dóm vegna fíkniefnaafbrota, hvort þau afpláni með því að undirgangast meðferð á Hassela eða fara í fangelsi. Mörg velja Hassela en það verður að taka fram að það eru ákaflega ströng skilyrði. Allir sem fara inn á Hassela-meðferðarstofnunina þurfa fyrst að fara inn á stofnun sem má kalla afeitrunarstofnun í þrjá mánuði. Þá fyrst komast þau inn á Hassela-stofnunina sem er að nokkru leyti opin stofnun þannig að þau fá að fara í bæjarferðir í fylgd gæslumanna gegn ákveðnum mjög ströngum skilyrðum og sem dæmi vil ég taka að ef það kemst upp að unglingur hafi fengið sér einn bjór í slíkri bæjarferð, er það brot á skilorði og þá verður hann undantekningarlaust, t.d. ef hann hefur farið inn á Hassela til að afplána afbrot, að fara í fangelsi og taka út sína refsingu þar. Þar eru engir sénsar gefnir eins og það er kallað á Íslandi.

Meðferðin á Hassela-stofnuninni sjálfri tekur tvö ár og svo tekur við eitt ár undir mjög nánu eftirliti eftirlitsmanna stofnunarinnar en samt eru ungmennin vinnandi eða í námi úti í þjóðfélaginu. Líka má minna á það að í tengslum við meðferðina á Hassela-stofnununum, sem ég tel að þurfi líka að koma hér, er mjög öflug foreldrameðferð og foreldrastarf en ávallt verður að hafa það í huga að þegar ungmenni lenda í slíkri ógæfu verða foreldrarnir og fjölskyldurnar oft ákaflega illa úti og það er ekki síst nauðsynlegt að fjölskyldur ungmennanna fái stuðning við þessar aðstæður.

[11:55]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Mig langar til að taka undir þá tillögu sem hér var verið að mæla fyrir. Fíkniefnavandi ungs fólks er eitt alvarlegasta vandamálið sem við er að glíma í nútímasamfélagi og það er jafnframt það vandamál sem brýnast er að

leysa. Það er rökstutt mjög vel í tillögunni hversu alvarlegt þetta vandamál er og það hefur einnig komið fram með vaxandi þunga í almennri umræðu. Það er ljóst að átaks er þörf á þessu sviði. Tillögugreinin, sem felur ríkisstjórninni að standa fyrir sérstöku átaki til að tryggja tafarlausa meðferð ungra fíkniefnaneytenda, er skýrt orðuð og markar ákveðna stefnu á þessu sviði.

Ljóst er að gagnvart ungum fíkniefnaneytendum og þessu vandamáli þarf þrennt: Það þarf stefnu, það þarf peninga og það þarf að gera þetta mál að forgangsverkefni. Ekkert af þessu þrennu er uppfyllt hér á landi. Stefnan er ekki fastmótuð, peningar of litlir til úrræða og málið hefur ekki hlotið þann forgang sem vert er. Málið er ekki einungis á sviði heilbrigðismálefna heldur tengist það fjölskyldumálum, menntamálum og dómsmálum og er mjög víðfeðmt í öllum sínum hryllingi. Afleiðingarnar af fíkniefnanotkun, sérstaklega ungs fólks, eru geigvænlegar. Við höfum fjölmörg sorgleg dæmi um það hér á landi. Við höfum ráðvillta foreldra sem vita ekki og kunna ekki ráð og við höfum ráðvillt stjórnvöld gagnvart þessu vandamáli sem er líklega eitt það alvarlegasta á síðari hluta 20. aldarinnar. Þess vegna er brýnt, herra forseti, að málið sé tekið til umræðu og að mörkuð sé stefna af hálfu Alþingis til sérstaks átaks í þessu efni eins og tillagan gerir ráð fyrir. Ég vænti þess að hv. þingnefnd, sem fær málið til umfjöllunar, hraði afgreiðslu málsins þannig að við gætum samþykkt þá stefnumörkun sem hér kemur fram áður en þingi lýkur í vor.

[11:58]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni till. til þál. um málefni ungra fíkniefnaneytenda, málefni sem við höfum sannarlega tekið upp nokkrum sinnum áður. Bæði í utandagskrárumræðum og í málatilbúnaði frá stjórnarandstöðunni fyrst og fremst hefur á undanförnum þremur árum iðulega verið vakin athygli á því ástandi sem ríkir hvað varðar meðferðarúrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur. Aftur og aftur hefur verið vakin athygli á því að þau meðferðarúrræði sem við höfum í dag, sérstaklega á vegum SÁÁ að Vogi, fullnægja ekki þeirri þörf sem er til staðar fyrir meðferð fyrir unga fíkniefnaneytendur og það er ákveðinn aldurshópur sem er á svokölluðu gráu svæði, þ.e. fellur ekki undir þær ráðstafanir sem gerðar eru á vegum félagsmálayfirvalda og ekki er heldur til úrræði fyrir á vegum heilbrigðisyfirvalda.

Þessi hópur er því miður orðinn nokkuð stór eins og sést á tölum á bls. 2 í fylgiskjali með tillögunni þar sem eru tölur um ungt fólk í meðferð á Vogi 1997 sem er á aldrinum 13–19 ára. Þar er alls um 206 einstaklinga að ræða en innritanir eru heldur fleiri, þær eru 264 sem þýðir þá væntanlega að sumir einstaklingarnir hafi komið oftar en einu sinni til meðferðar.

Það er jafnframt ljóst að á geðdeildum sjúkrahúsanna eru í dag ungir fíkniefnaneytendur. Inni í fangelsunum eru ungir fíkniefnaneytendur og fyrir stuttu síðan vöktum við athygli á því hversu nauðsynlegt er að taka sérstaklega á vistun ungra afbrotamanna, sérstaklega þeirra sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna og það er nú svo, virðulegi forseti, að langstærstur hluti ungra afbrotamanna er í fangelsum eða í vistun vegna þess að þeir hafa brotið af sér til þess að fjármagna fíkniefnakaup.

Það er mjög nauðsynlegt að taka á þessum málum og það er auðvitað mjög slæmt að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera á staðnum þegar þessi mál eru rædd, ekki síst í ljósi þess að hér voru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir úr ræðustól vegna þess að ráðherra hefði ekki verið beðin um það sérstaklega að vera viðstödd umræðu um vistun ungra afbrotamanna þar sem um er að ræða, eins og ég hef áður sagt, sjúklinga, þ.e. fíkniefnaneytendur. Þess vegna hefði verið mjög æskilegt að ráðherra væri hér á staðnum en ég býst við að 1. flm. þessarar tillögu hafi fallist á að hún væri fjarstödd. Það er kannski lýsandi líka fyrir þátttökuna í þessum umræðum hver hinn raunverulegi vilji til úrbóta er því eins og við sjáum eru ekki margir í salnum til að taka þátt í umræðunni eða að velta fyrir sér þeirri stöðu sem er í málefnum ungra fíkniefnaneytenda í dag.

Í heilbr.- og trn. er til meðferðar frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt fram og verður að öllum líkindum afgreitt. Ég óttast, miðað við þá umræðu sem hefur verið í gangi, að með því að búa til þetta áfengis- og vímuvarnaráð, og það er tilfinning mjög margra, séu þar með komnar þær úrbætur sem eiga að koma. En það er langt í frá vegna þess að þetta frv. og það ráð sem verið er að leggja til að sett verði á laggirnar mun í sjálfu sér ekki breyta neinu um þau meðferðarúrræði sem við höfum í dag.

Á ráðstefnu sem hér hefur verið minnst á sem foreldrahópur Vímulausrar æsku efndi til fyrir stuttu síðan, kom fram mjög skýrt í máli þeirra foreldra sem þar töluðu hvílíkt úrræðaleysi ríkir gagnvart þeim ungu fíkniefnaneytendum sem eru orðnir mjög háðir vímuefnum, þ.e. eins og það er kallað eru í harðri neyslu og hafa jafnvel af þeirri ástæðu hlotið varanlegar skemmdir, þ.e. eiga við mjög erfið sálræn eða geðræn vandamál að stríða og þurfa þess vegna á mjög sérhæfðri meðferð og læknishjálp að halda. Það kom mjög skýrt fram í máli þeirra allra að þessi meðferðarúrræði eru ekki til staðar í dag og þeir telja að við þeim breytingum sem gerðar voru varðandi sjálfræðisaldur hafi ekki verið brugðist né gripið til þeirra ráðstafana sem þurfti til þess að bæta aðstöðu þeirra í þeim hópi sem ekki hefur sjálfræði og þarf sérhæfð meðferðarúrræði og er nú mun stærri en áður var.

Þó að þessi tillaga hafi nú legið um nokkurt tíma í þinginu án þess að vera tekin á dagskrá, þá er enn tími fyrir Alþingi að samþykkja ályktun sem felur það í sér að tafarlaust verði leitað lausna til að tryggja meðferð ungra fíkniefnaneytenda og að farið verði í sérstakt átak. Það er rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á. Það vantar stefnu í þessi mál öll hjá stjórnvöldum. Það vantar fjármagn og það vantar að þessu sé meira en í orði lýst sem sérstöku forgangsverkefni þannig að það verði í verki líka. Fjármuni þarf til og þó að þetta hafi ekki farið í sérstakt kostnaðarmat er sjálfsagt hægt að fá útreikning á því fyrir nefndina hvað reikna má með að þurfi af fjármagni og þó að kannski sé um einhverjar verulegar fjárhæðir að ræða þá verður að horfa á að þær munu skila sér margfalt til baka í hverjum þeim einstaklingi sem tekst að bjarga sé gripið inn í í tíma og áður en ungur fíkniefnaneytandi er dæmdur í annars konar meðferð, þ.e. í afplánun í fangelsi þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni meðferð í raun og veru eða þeirri læknishjálp sem þetta unga fólk þarf á að halda. Ég vil því eindregið hvetja til þess að þessi tillaga fái afgreiðslu í þeirri nefnd sem hún fer til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ný markmið í framhaldsmenntun, fyrri umr.*

Þáltill. SJóh o.fl., 499. mál. — Þskj. 854.

[12:06]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Á hinu háa Alþingi hefur legið um nokkurn tíma till. til þál. um ný markmið í framhaldsmenntun. Flutningsmenn eru sá hv. þm. sem hér stendur, Sigríður Jóhannesdóttir og hv. þingmenn Alþb. Svavar Gestsson og Margrét Frímannsdóttir. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að standa fyrir sérstöku átaki til þess að efla starfsmenntun í framhaldsskólum. Við undirbúning átaksins skal meðal annars hugað að eftirfarandi þáttum:

a. hvernig unnt er að styrkja kennslu í verklegum greinum,

b. hvernig unnt er að stuðla að því að boðið verði fram fjölbreyttara starfsnám en nú er, m.a. styttri og sveigjanlegri námsleiðir á framhaldsskólastigi,

c. hvernig unnt er að tryggja að veitt verði aukið fjármagn til starfsmenntunar, t.d. með sérstökum framlögum í því augnamiði að efla starfsmenntun í framhaldsskólum,

d. hvernig unnt er að tryggja, t.d. með sérstökum samningum milli menntamálaráðuneytisins og Kennaraháskóla, að starfsmenntakennurum fjölgi á næstu árum og að endur- og símenntun þeirra verði styrkt sérstaklega,

e. hvernig tryggja má með skipulegum aðgerðum að samningar takist við atvinnulífið þannig að starfsemi flestra fyrirtækja verði skipulögð með hliðsjón af starfsmenntunarkröfum,

f. hvernig best er að setja markmið um að 80–90% af hverjum árgangi ljúki einhvers konar framhaldsnámi."

Með þáltill. fylgir eftirfarandi greinargerð:

Löngum hefur verið talað mikið um að auka vægi list- og verkgreina í íslenska grunnskólanum og um það gefin góð fyrirheit. Því miður hefur reynst svo hingað til að hlutur verk- og listgreina í grunnskólanum hefur ekki aukist. Hefur því verið borið við að kennsla sé dýrari í þessum greinum en öðrum, bekkjardeildir séu stórar og í slíkum greinum þurfi að skipta bekkjunum og af því sé mikið óhagræði í skólastarfi. Síðast en ekki síst hafa einfaldlega verið of fáir tímar til skiptanna. Nú hefur kennslustundum í grunnskóla verið fjölgað nokkuð og þá vaknar sú spurning hvort unnt sé að tryggja að nægur hluti af viðbótartímunum fari til aukinnar kennslu í áðurnefndum greinum. Áfram þarf að gera ráð fyrir að stórum bekkjardeildum sé skipt, en verkgreinakennurum hefur reynst afar erfitt að hafa umsjón með yfir 25 börnum í einu í þessum greinum þar sem þau þarfnast oft mikillar einstaklingstilsagnar. Leita þarf leiða til að auka veg list- og verkgreina og leggja þarf aukna áherslu á að árangur í þeim verði metinn ekki síður en annað þegar nemendur eru brautskráðir úr grunnskóla. Árangur nemenda í verklegum greinum hefur mikið forsagnargildi þegar metið skal hvaða börn eru líkleg til að standa sig vel í framhaldsnámi og hver ekki.

Margar leiðir hafa á síðustu árum verið ræddar til að auka framboð á svokölluðum „styttri starfsnámsbrautum" í framhaldsskóla. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar og sumar mjög góðra gjalda verðar. Þó verður að segja að hvati til að fara í slíkt nám hefur ekki verið fyrir hendi því að þokkalega hefur gengið hjá ungu fólki að komast út í atvinnulífið og afla sér starfsreynslu, sem gefur möguleika til starfsframa, án þess að það hafi tekið sérstök próf. Þá hefur ekki verið nægur vilji hjá atvinnurekendum og verkalýðsfélögum til að semja um að þeir sem hafa slíkt starfsnám fái sérstakan launaauka umfram þá sem sjálfir hafa orðið sér úti um starfsreynslu utan skóla. En margt bendir til að þeir tímar, þegar ungt fólk gat gengið út í atvinnulífið strax eftir grunnskóla og aflað sér starfsreynslu og starfsframa, séu nú liðnir. Virðist það stutt af því að vaxandi hluti ungs fólks er langtímum saman á atvinnuleysisskrá. Það veldur því áhyggjum að ungir Íslendingar afla sér framhaldsmenntunar í miklu minni mæli en ungt fólk í nágrannalöndum og nýjustu tölur sýna að aðeins um 55% þeirra ljúka einhvers konar framhaldsnámi. Þetta hlutfall verður að bæta.

Erfitt hefur verið á niðurskurðartímum undanfarinna ára að tryggja það fjármagn sem þarf til að byggja upp starfsmenntun um allt land.

Það blasir við að í litlu skólunum svokölluðu, litlu framhaldsskólunum, sem hefur verið þrengt svo mjög að á undanförnum árum að það eru fyrst og fremst bóknámsbrautirnar sem eru eftir vegna þess að þær eru ódýrastar í rekstri. Það eru þessar fáu tilraunir til verknámsbrauta á þessum stöðum sem hafa verið lagðar niður og ég verð að tiltaka það hér að vantrú mín sem ég hef áður látið í ljós úr þessum stóli á hinu háa Alþingi á líkön sem eiga að stjórna fjárútlátum til skóla, þar á meðal framhaldsskóla, tengist ekki síst þessum þætti, að þetta vill verða til þess að mjög er þrengt að möguleikum smærri skóla í hinum dreifðari byggðum til að bjóða upp á verknámsdeildir.

Viðbúið er að í fyrstu verði þar um frekar smáa hópa að ræða sem þurfa samt að njóta forgangs í fjárveitingum svo að eðlileg þróun geti orðið. Því er nauðsynlegt að ræða hvernig unnt sé að eyrnamerkja fjármagn til að nota til uppbyggingar á þessu sviði og veita þar með þróun og uppbyggingu í þessum greinum forgang. Þetta mætti tengja eftir því sem unnt væri endurmenntun og símenntun í viðkomandi greinum og örva þannig þróun í verkmenntum og starfsmenntun.

Á undanförnum árum hefur starfsréttindanám fyrir verkmenntakennara því miður ekki verið stöðugt í boði fyrir alla sem hafa viljað stunda það. Það hefur orðið til þess að allt of stóran hluta þeirra sem eru við kennslu í verkmenntagreinum og hafa góða faglega menntun vantar kennslufræðilega þekkingu og hefur það háð þróun í greinunum. Gera þarf réttindanámi starfsmenntakennara hærra undir höfði og hafa það stöðugt í boði fyrir þá sem vilja stunda slíka kennslu og hafa til þess faglegan grunn.

Ég vil benda á að því miður liggur nú fyrir Alþingi frv. til nýrra lögverndunarlaga um starfsréttindi kennara og útlit er fyrir að knúið verði mjög á um afgreiðslu þess fyrir vorið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að minnka kröfur til þeirra kennara sem stunda kennslu í verklegum greinum. Í stað þess að auka framboð á námi og gera þeim sem það vilja stunda auðveldara að stunda námið, þá var gripið til þess að minnka kröfurnar. Þetta er alveg ótrúlegt metnaðarleysi og bendir ekki til þess að þeir sem geisast hér um landið í gullnum vagni og boða nýja skólastefnu ætli sér virkilega að gera nokkuð sem máli skiptir fyrir starfsmenntabrautirnar og verkmenntabrautirnar.

Til þess að slíkt nám væri ávallt í boði þyrfti að gera sérstakan samning milli Kennaraháskóla og menntmrn. Eins mætti hugsa sér að slíkt nám væri hægt að stunda í fjarnámi en við eigum ekki að minnka kröfurnar. Það er ekki rétta leiðin.

Mjög brýnt er að stuðla að samkomulagi milli ráðuneytis, atvinnulífs og verkalýðsfélaga um aukið framboð stuttra starfsmenntabrauta þar sem allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi og að slíkt nám njóti virðingar og tilhlýðilegs forgangs. Til þessa verks þarf að ganga skipulega um land allt.

Æskilegt er að átakið miði að því að að minnsta kosti 80–90% íslenskra ungmenna útskrifist með einhvers konar starfsmenntun til að byggja framtíð sína á. Til þess að það markmið náist þarf að beita öllum tiltækum ráðum og má í því sambandi benda á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar. Einnig má minna á að ávallt þurfa að bjóðast tækifæri til að fólk geti bætt við starfsmenntun sína og aukið þannig tækifæri sín í greininni.

Því miður hefur það brunnið við í skólakerfi okkar að við höfum verið með allt of mikið af lokuðum götum þannig að fólk hefur alltaf þurft að byrja á núllpúnkti ef það hefur viljað skipta um fag eða fara í annan farveg. Þetta er ákaflega slæmt. Ég vil benda t.d. á nýtt fag sem er byrjað að kenna í Danmörku og heitir social- og sundhedsarbejdere. Í allt er hægt að taka fjögur ár en jafnframt aðeins eins árs nám. Eftir eins árs nám getur maður unnið einn við heimilishjálp en samt undir yfirstjórn. Maður getur tekið tveggja ára nám til að verða fullgild heimilishjálp. Taki maður þriðja og fjórða árið er hann þar að auki fullgildur sjúkraliði og svo má halda áfram inn í háskólanám. Þar er hægt að taka hjúkrunarfræði eða hvað það sem hugurinn girnist. Námið á undan er ávallt metið að fullu.

Svona þurfum við að búa um hnútana svo að unga fólkið lendi ekki í blindgötum. Það þarf að vera nauðsynlegur sveigjanleiki í kerfinu svo þeir sem áður hafa aflað sér starfsmenntunar í fagi sem hefur ekki leitt af sér viðunandi atvinnutilboð geti lagt stund á annað fag þar sem betra útlit er með atvinnu og geti fengið metið á sanngjarnan hátt það sem það hafði áður lokið við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þingsköp Alþingis, 1. umr.*

Frv. GÁS o.fl., 229. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 261.

### *og*

### *Hlutafélög, 1. umr.*

Frv. GÁS o.fl., 230. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 262.

[12:19]

**Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frv. til laga sem í fljótu bragði mætti ætla að væru alls ótengd því annað þeirra varðar breytingar á lögum um hlutafélög og hitt breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Málin eru þó nátengd. Bæði lúta þau að því að löggjafinn tryggi greiðan aðgang að markvissum upplýsingum af hálfu hlutafélaga sem eru að helmingi eða meira í eigu ríkisins.

Þessi frv. voru lögð fram fyrir nokkrum mánuðum síðan og spruttu af utandagskrárumræðu sem þá fór fram um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfarið birti forsrh. skýrslu um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, sem saman var tekin af Stefáni M. Stefánssyni lögmanni.

Þau mál sem ég geri hér að umtalsefni hafa sannarlega verið ofarlega á baugi í almennri þjóðfélagsumræðu nú hina síðustu daga, vikur og mánuði. Þar vísa ég til þeirrar almennu umræðu sem átt hefur sér stað vegna tiltekins rekstrarkostnaðar viðskiptabankanna, án þess ég ætli að fara í gegnum hana að þessu sinni. Þó tel ég rétt að vekja athygli á því að með formbreytingum á viðskiptabönkunum, Búnaðarbanka og Landsbanka, taka mætti formbreytingu á Pósti og síma með í það kompaní, þá er nú svo komið að þær upplýsingar sem þjóðin hefur verið að furða sig á upp á síðkastið varðandi risnukostnað, starfskjör bankastjóra o.s.frv. að alþingismenn hafa ekki lengur aðgang að þeim. Með öðrum orðum þá væri einfalt svar við spurningunni um hvaða fjármunir hefðu runnið til slíkra hluta af hálfu Landsbankans eða Búnaðarbankans á yfirstandandi ári. Þá gæti hæstv. viðskrh. komið í þingsal og sagt: Ég hef ekki heimildir til að svara þessu. Síðan bæri hann við viðskiptaleynd.

Ýmsir hafa túlkað það svo að með formbreytingunni á ríkisfyrirtækjum hafi lokast gjörsamlega fyrir upplýsingastreymi til alþingismanna og þjóðarinnar allrar hvað innri mál viðkomandi stofnana varðar. Í skýrslu þeirri sem forsrh. lét taka saman um þessi mál kemst skýrsluhöfundur að þeirri niðurstöðu að réttur einstaklinga til að krefja ráðherra um upplýsingar skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geti opinber. Löggjafinn kveður síðan nánar á um hvaða málefni eru opinber. Í framhaldinu af því hafa hæstv. ráðherrar, hæstv. samgrh. og hæstv. viðskrh., túlkað það svo að þegar ríkisfyrirtæki hafi verið hlutafélagavædd séu þau ekki lengur opinber. Þar með stöðvast upplýsingaflæðið til þingsins og þjóðarinnar allrar. Við þetta verður auðvitað ekki búið.

Það er alveg ljóst, ekki síst með hliðsjón af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað síðustu daga og vikur að viðskiptalífið almennt, hlutafélög, stórfyrirtæki og önnur verða að leggja sín spil á borðið og sýna viðskiptamönnum sínum, þeim sem borga brúsann og halda fyrirtækjunum gangandi, svart á hvítu hvernig málum er hagað á viðkomandi bæjum.

Þessi frv. eru til þess ætluð að taka af öll tvímæli í þessa veru. Annars vegar kveða þau á um skýrt afmarkaðan og skilgreindan rétt alþingismanna í þingskapalögum. Hins vegar er um það að ræða að ríkisfyrirtæki, sem eru í eigu ríkissjóðs að helmingi eða meira, séu skýlaust undir það sett að veita þær upplýsingar sem um er beðið af hinu háa Alþingi. Þetta eru ákaflega einföld frv. að allri gerð og engin ástæða til að þingið þurfi að voma lengi yfir þeim. Þetta er einfaldlega spurning um pólitískan vilja og vilja til að standa skil á almennum upplýsingum til þjóðarinnar með viti bornum hætti.

Nú hafa þessi hlutafélög í eigu ríkissjóðs verið skilgreind í lögum um fjárreiður ríkisins sem svokölluð E-hluta fyrirtæki eða ríkisaðilar. Í þessu frv. um þingsköp Alþingis eru öll tvímæli tekin af um að þau teljist þar með til opinberra fyrirtækja og beri því að veita upplýsingar um ýmsa þætti í rekstri þeirra.

Hins vegar eru líka tekin af öll tvímæli í lögum um hlutafélög þar sem einfaldlega er sagt að hlutafélög sem teljist til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira sé skylt

að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinber málefni og ríkisfyrirtækjum. Þeir einkaaðilar sem hugsanlega eiga hlut í fyrirtækjum ásamt ríkisvaldinu og þjóðinni, eru undir þetta verklag seldir.

Ég lít því svo á, virðulegi forseti, í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað, að það sé almennur vilji í þinginu til að taka þessi frv. til afgreiðslu, fljótt og vel. Þau eru einföld að allri gerð. Hér er aðeins spurt um pólitíska vilja. Ég þykist vita að meiri hluti þingheims vilji síður að upplýsingar af þeim toga sem hér hafa verið mikið í umræðu síðustu daga verði lokaðar niðri í skúffum. Þeim má ekki sópa út í horn og opinberir aðilar mega ekki hafna að veita upplýsingar sé um þær beðið. Flóknara er þetta mál ekki.

Í þessu samhengi er auðvitað freistandi að nefna dæmi í þessa veru. Nú nýverið var eitt dótturfyrirtækja Landsbankans uppvíst að því að neita um upplýsingar vegna þess að 10% eignarhlutdeild var á hendi einkaaðila. 90% hlutdeild var hins vegar á hendi ríkissjóðs. Það dugði hins vegar ekki til þess að hægt væri að krefja þetta fyrirtæki um skýlausar upplýsingar. Það bar fyrir sig þessari svonefndu viðskiptaleynd. Við þetta verður ekki búið.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna, virðulegi forseti, þótt það eigi nú kannski ekki við nákvæmlega efni þessara frv., hið almenna siðferði í viðskiptalífinu. Eins og ég gat um er hér við það miðað að þeim fyrirtækjum sem ríkið á að helmingi eða meiru beri að veita upplýsingar en í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um einstaka kostnaðarliði bankakerfisins er auðvitað eðlilegt að krefjast þess að einkaaðilar geri slíkt hið sama. Ég er þar til að mynda að vísa til Íslandsbanka en ég hef spurt forsvarsmenn þess banka að því hvort þeir séu ekki reiðubúnir til að leggja sín spil á borðið eins og ríkisbankarnir hafa gert og eru enn að gera þessa dagana.

Fyrstu viðbrögð þeirra las ég í Morgunblaðinu í morgun og þau ollu mér miklum vonbrigðum. Þau eru mjög hefðbundin. Því er borið við með almennum orðum að ekki standi til að veita slíkar upplýsingar og enn fremur er það fullyrt að þessi mál séu heilbrigðari og betri hjá þeim en á öðrum bæjum. Þetta eru auðvitað bara fullyrðingar út í loftið meðan fram á þær er ekki sýnt með tölum.

Ég vil hvetja til þess úr þessum ræðustól að samkeppnisaðilar á bankamarkaði gangi fram fyrir skjöldu, ótilneyddir, og geri hreint fyrir sínum dyrum þannig að viðskiptamenn geti glöggvað sig á rekstri þeirra fyrirtækja.

Í þessu samhengi er líka rétt að minna á að Íslandsbanki er auðvitað samansettur af nokkrum öðrum bankastofnunum og til skamms tíma og allt fram á seinustu mánuði hefur ríkið verið eignaraðili þar í gegnum Fiskveiðasjóð. Ef ég man rétt var núverandi formaður bankaráðs í bankaráðinu fram undir það síðasta sem fulltrúi ríkisvaldsins, Fiskveiðasjóðs, og einmitt í því ljósi er enn eðlilegra en ella að Íslandsbanki gangi fram fyrir skjöldu.

En nóg um það. Ég geng út frá því sem vísu, virðulegi forseti, að til þess sé pólitískur vilji að vinda sér í að afgreiða málið hratt og vel inn í viðkomandi nefndir strax að lokinni þessari umræðu. Mér sýnist í fljótu bragði eðlilegt að frv. um þingsköp fari inn í allshn. og geri tillögu um það. Á hinn bóginn er vísast eðlilegast að breytingar á lögum um hlutafélög fari inn í efh.- og viðskn. og geri ég það einnig að tillögu minni. Ég geng hins vegar út frá því sem vísu að þessar tvær nefndir hafi samráð sín á milli varðandi vinnulag og verklag í nefndunum. En ég vil enn og aftur árétta að það eru engin efni til þess að það þurfi að sitja yfir þessum einföldu frv. daga og nætur svo vikum skiptir. Öll efni standa til þess að nefndir þingsins geti afgreitt þau hratt og vel inn til 2. umr. að örfáum dögum liðnum og verður fylgst grannt með því hver hinn pólitíski vilji stjórnarmeirihlutans á Alþingi er til þess að gefa Alþingi og þjóðinni allri kost á því að fylgjast með því hvað gerist bak við luktar dyr í hlutafélögum í eigu ríkisins. Það er ákveðinn mælikvarði á ummæli margra þeirra upp á síðkastið hvort hugur fylgir máli þar eða hvort verið sé að tala inn í tómið og gegn betri vitund eða hvort þeir meini eitthvað með því að upplýsingasamfélagið fái að virka eðlilega. Hér er gerð bein tillaga um það og ég vænti þess og vona svo sannarlega að menn falli ekki á því prófi.

Stjórnarandstaðan, þingmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. Alþfl., þingflokks jafnaðarmanna, þingflokks Alþb. og Kvennalista, eru hér meðflm. þannig að vilji stjórnarandstöðu er skýr í málinu. Nú reynir hins vegar á vilja ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., um þessi efni, hvort nýjustu tíðindin hafi kennt þeim eitthvað í þá veru að upplýsingar verði ekki lokaðar niðri í skúffum, þeim verði ekki haldið frá þjóðinni, og hvort þeir hafi áttað sig á hinni nýju vídd og hinum miklu breytingum sem hafa átt sér stað í þá veru eða hvort þeir ætla að hamra hið gamla járn og reyna að loka þær inni í skúmaskotum og lokuðum skúffum. Því neita ég að trúa fyrr en ég tek á.

[12:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er vel við hæfi að ræða þessi frv. í dag því að það hefur sannarlega komið í ljós hve eftirlitshlutverk Alþingis með allri stjórnsýslu, opinberri stjórnsýslu, er mikilvægt einmitt í þeim málum sem hafa verið hvað efst á baugi í dag og undanfarna daga hvað varðar Landsbanka Íslands. Eins og 1. flm. þessara frv. gat um í framsögu sinni má segja að forsaga þessara frv. hafi verið sú að við umræður á Alþingi þegar rædd var hlutafélagavæðing ýmissa ríkisfyrirtækja var kallað eftir því hver réttur þingmanna yrði til upplýsinga um ýmis málefni þessara fyrirtækja eftir að þau væru orðin að hlutafélögum.

Þegar hlutafélagavæðing bankanna var til umræðu upplýsti hæstv. viðskrh., bankamálaráðherra, að hlutafélagavæðingin hefði ekki áhrif á upplýsingagjöf til þingmanna um málefni bankanna.

Þegar ríkisfyrirtækið Póstur og sími var gert að hlutafélagi var síðan látið reyna á upplýsingagjöf um ákveðin málefni fyrirtækisins fyrir og eftir hlutafélagavæðingu. Ég lagði fram á þingi fyrirspurn um ákveðin atriði og þá kom í ljós að unnt var að veita upplýsingarnar um fyrirtækið fyrir hlutafélagavæðingu en ekki að sama skapi um sömu málefni sama fyrirtækis eftir að það var orðið að hlutafélagi.

Í kjölfar þess fór ég fram á utandagskrárumræðu um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins, sem fór fram fyrir u.þ.b. ári, og í kjölfar þes lét hæstv. forsrh. útbúa skýrslu um þennan rétt og skýrslunni var dreift hér í upphafi þessa þings í haust. Skýrslan hefur ekki verið rædd enn þá þó svo það hafi verið beðið um það að hún yrði rædd hér eins og aðrar skýrslur sem hafa verið lagðar fyrir þingið. Það getur vel verið að ekki þurfi að ræða þá skýrslu ef menn bregðast skjótt við og gera þau frv., sem hér liggja fyrir, að lögum, þá gæti sú umræða orðið óþörf.

Eins og kom fram í máli 1. flm., hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, er þessi breyting á lögunum nauðsynleg

til þess að Alþingi geti uppfyllt eftirlitshlutverk sitt. Hann benti á fyrirtæki sem neita upplýsingum, dótturfyrirtæki Landsbankans, um málefni sín vegna þess að fyrirtækið er ekki að fullu í eigu ríkisins. Það gæti ekki átt sér stað ef þessi frv. yrðu að lögum. Það mál sýnir vel hversu nauðsynlegt það er að breyta lögum í þá veru sem hér er lagt til til þess að Alþingi sé gert kleift að fylgja eftir málum eins og þeim sem eru nú komin upp í Landsbankanum. Ef mál verða látin vera óbreytt verður ekki hægt að fylgjast með rekstri opinberra fyrirtækja eins og bankanna eins og gert hefur verið hingað til.

Án þess að ég ætli að lengja umræðuna mjög, sem ég gæti reyndar gert ef ég vildi, vil ég bara leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að þessi frv. verði að lögum. Vissulega verður fylgst með því hvernig menn afgreiða þessi mál þegar þau koma til nefndar og þau mál verða hér til umfjöllunar og vonandi koma þau hingað inn í þingið aftur og verða rædd hér og verða að lögum fyrir vorið. Því að það er ekki hægt að una við það að Alþingi geti ekki fylgst með rekstri þessara fyrirtækja, sérstaklega þegar sú spilling hefur komið í ljós sem hefur viðgengist í opinberum fyrirtækjum þar sem farið hefur verið illa með almannafé. Almenningur mun ekki sætta sig við það og þingið ætti því að sjá sóma sinn í því að samþykkja frv. eftir umfjöllun í allshn. þingsins

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Útvarpslög, 1. umr.*

Frv. SighB o.fl., 239. mál (textun frétta). — Þskj. 278.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:39]

### *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÁRJ og ÖS, 470. mál (tekjutrygging öryrkja). — Þskj. 803.

[13:03]

**Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Þetta mál fjallar um að leiðrétta þá ósanngjörnu reglu að greiðslur úr Tryggingastofnun ríkisins til ellilífeyrisþega, sem hefur verið öryrki áður, lækka við það eitt að öryrkinn verði 67 ára. Til þess að leiðrétta þetta óréttlæti þarf að breyta tveim greinum í lögum um almannatryggingar, í fyrsta lagi 11. gr. þar sem þarf að breyta henni til þess að grunnlífeyrir lækki ekki eða breytist ekki við það að öryrki veri 67 ára og fær ellilífeyrisgreiðslur. Til þess að svo verði ekki, þ.e. grunnlífeyrir lækki ekki, þarf að bætast við 2. mgr. 11. gr. nýr málsliður sem hljóðar svo:

„Þá skulu þeir sem notið hafa örorkulífeyris við 67 ára aldur halda öllum réttindum sínum, þar með talinni fjárhæð tekjutryggingar öryrkja, þegar þeir hefja töku ellilífeyris."

Einnig þarf að breyta 17. gr. Hún fjallar um tekjutrygginguna og ný málsgrein þarf að bætast við hana sem hljóðar svo:

„Fjárhæð tekjutryggingar ellilífeyrisþega, sem fengu greiddan örorkulífeyri við 67 ára aldur, skal ekki lækka við greiðslu ellilífeyris ef tekjur hlutaðeigandi hafa ekki breyst."

Eins og ég sagði áðan er það svo samkvæmt núgildandi lögum að greiðslur til þeirra sem hafa fengið greiddan örorkulífeyri, þ.e. hafa verið öryrkjar áður en þeir urðu ellilífeyrisþegar, hafa lækkað við það eitt að öryrkinn verður 67 ára. Þá fær hann lægri greiðslur frá Tryggingastofnun eftir að hann nær 67 ára aldri. Þetta er ákaflega sérkennilegt og margir öryrkjar furða sig á þessu og skilja ekki hvers vegna þeim er ætluð lægri framfærsla frá tryggingunum við það eitt að verða eldri. Oft er það svo með öryrkjana að ef þeir hafa verið t.d. fatlaðir batnar ekki ástandið við það að þeir eldast.

Reglurnar eru svo hvað varðar grunnlífeyrinn að skerðingarprósenta gagnvart öðrum tekjum lífeyrisþegans er önnur gagnvart ellilífeyri en örorkulífeyri, þ.e. 30% skerðingarprósenta gagnvart ellilífeyri meðan skerðingarhlutfallið er 25% gagnvart örorkulífeyri og þar ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill biðja hv. þm. forláts vegna þess að forseti þarf að leiðrétta mismæli sem honum urðu á þegar hann kynnti hið umrædda dagskrármál, nefndi það sem 18. dagskrármálið, fjallar að sönnu um almannatryggingar en auðvitað er hv. þm. að ræða 22. dagskrármálið sem einnig fjallar um almannatryggingar. Rétt skal vera rétt og forseti leiðréttir þetta hér með.)

Það er rétt og ég þakka forseta fyrir leiðréttinguna en ég held áfram með mína framsögu fyrir þessu frv. Ég hafði rétt lokið við að skýra þær breytingar sem verið er að leggja til á grunnlífeyri lífeyrisþega sem fer af örorkulífeyrisgreiðslum yfir á ellilífeyrigreiðslur og hvernig reglurnar eru mismunandi fyrir þá sem eru annars vegar ellilífeyrisþegar. Þar er skerðingarprósentan 30% en örorkulífeyrisþegarnir búa við 25% skerðingu á grunnlífeyri. Þessu þarf að breyta ef örorkulífeyrisþeginn á að halda óbreyttum lífeyri eftir að hann er orðinn 67 ára.

Aftur á móti er það svo að tekjutrygging öryrkja er hærri en tekjutrygging ellilífeyrisþega, þ.e. óskert tekjutrygging. Þess vegna þarf að breyta 17. gr. laga um almannatryggingar ef öryrkinn á að halda óbreyttri tekjutryggingu eftir að hann er orðinn ellilífeyrisþegi. Það er ljóst eins og ég sagði áðan að ekkert bendir til þess að framfærsla öryrkja minnki við það að hann eldist, minnki við það að hann verði 67 ára. Þess vegna er sanngirnismál að þessar leiðréttingar verði gerðar. Það eru ekki mikil útgjöld fyrir tryggingakerfið að breyta þessu. Það eru ekki margir öryrkjar sem verða lífeyrisþegar ár hvert. Ég hef athugað þetta fyrir nokkru og það eru ekki nema nokkrir lífeyrisþegar á hverju ári sem þetta gildir um og þess vegna sanngirnismál að framfærslueyrir þeirra lækki ekki við það eitt að þeir verði 67 ára.

Í greinargerð með frv. bendi ég á annað atriði sem gæti einnig haft skerðingaráhrif á lífeyri öryrkja sem verður ellilífeyrisþegi. Það er atriði sem snýr að EES-samningnum og ætla ég ekki að fara út í að skýra það mál enda er það ágætlega skýrt í greinargerðinni og ekki gert ráð fyrir að því verði breytt með þessu frv. þar sem þar er stærra mál á ferðinni sem

snýr að EES-samningnum og við breytum ekki svo léttilega með frv. sem þessu. Hér er á ferðinni mikið sanngirnismál, réttarbót fyrir öryrkja sem verða ellilífeyrisþegar við 67 ára aldur og mikilvægt að þetta verði leiðrétt. Þetta kostar ekki mikla peninga og er mál sem þyrfti að kippa í liðinn og ætti ekki að taka langan tíma.

Þegar ég hef lokið framsögu fyrir málinu legg ég til að það fari til heilbr.- og trn. til umfjöllunar. Reyndar hef ég áður flutt þetta mál, nú flyt ég það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Síðast þegar þetta mál fór til heilbr.- og trn. fékkst það ekki afgreitt út úr nefndinni en ég vonast til þess að svo fari ekki fyrir málinu að þessu sinni heldur fáist það afgreitt úr nefndinni og þessir lífeyrisþegar, öryrkjar sem margir hverjir eiga lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum haldi þó a.m.k. óbreyttum lífeyri þó að þeir nái 67 ára aldri. Það er ekki nema sanngjarnt mál og það hljóta allir að sjá að ekki er boðlegt að lækka greiðslu til öryrkja við það eitt að hann verði 67 ára. Framfærsla hans minnkar ekki við það, það er frekar að hún aukist með aldrinum þannig að ég vonast til þess að hv. heilbr.- og trn. afgreiði þetta mál fljótt og vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skattlagning framlaga úr kjaradeilusjóðum, fyrri umr.*

Þáltill. SJóh o.fl., 631. mál. — Þskj. 1087.

[13:12]

**Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram á hinu háa Alþingi till. til þál. um skattlagningu framlaga úr kjaradeilusjóðum en ásamt mér flytja tillöguna hv. þm. Alþb. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvernig breyta eigi skattalögum til að framlög úr kjaradeilusjóðum verkalýðsfélaga verði ekki tvísköttuð eins og nú. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar verkalýðshreyfingar og stjórnvalda og skili hún áliti fyrir 1. október 1998."

Með tillögunni fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum missirum hefur nokkuð borið á því að einstaklingar sem fengið hafa framlög úr kjaradeilusjóðum hafa leitað réttar síns fyrir dómstólum vegna meintrar tvísköttunar þeirra. Ljóst er að framlög launþega í kjaradeilusjóði eru hluti af félagsgjöldum viðkomandi og eru meðhöndluð sem laun og skattlögð samkvæmt því. Þegar launþegi fær framlag úr kjaradeilusjóði sem hann hefur áður greitt í af launum sínum er það framlag skattlagt eins og launatekjur og er það því tvískattað.

Flutningsmenn telja þetta mikið óréttlæti og leggja til að kannað verði hvernig ráða megi bót á þessu. Virðast einkum tvær leiðir koma til greina, annars vegar að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt á þann veg að framlög úr kjaradeilusjóðum séu sérstaklega undanþegin skatti eða hins vegar að undanþiggja sjálf framlögin í kjaradeilusjóðina skatti. Það væri sams konar aðferð og viðhöfð er við greiðslur í lífeyrissjóði en þær eru nú undanþegnar skatti. Var sú breyting gerð til þess að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Virðist eðlilegt að líta á framlög úr kjaradeilusjóðum á sama hátt."

Forsaga þess að ég flyt þessa þáltill. er að ég hef lengi verið félagi í Kennarasambandi Íslands og við kennarar höfðum þegar við fórum í verkfall 1995 árum saman greitt 1% af launum okkar í kjaradeilusjóð. Við höfðum alltaf staðið í þeirri meiningu sjálf að þarna værum við að leggja inn á nokkurs konar bankabók og í þessa sjóði gætum við svo gengið ef við lentum í kjaradeilum og engum manni datt í hug að þetta yrði skattlagt eins og svo kom á daginn.

Árið 1995 lentum við í sjö vikna verkfalli og var mikið greitt út úr sjóðnum til verkfallsmanna eftir ákveðnum reglum. Það var lagt ríkt á við þá sem fengu styrkina að þeir yrðu að gefa þá upp á skattskýrslu en það mundi ekki verða skattlagt. Annað kom svo á daginn.

Félagsmenn töldu þetta skilmerkilega fram á skattskýrslum sínum en þetta var svo bara skattlagt eins og hverjar aðrar launatekjur og fólki var gert árið eftir að borga af þessu skatt sem þá var 43%. Þetta olli mikilli reiði og sárindum í félagi okkar og síðan hef ég fylgst með að svipað hefur komið á daginn varðandi greiðslur úr kjaradeilusjóðum sjúkraliða og síðast á Vestfjörðum í haust. Væntanlega hefur það samt ekki komið þeim jafnmikið á óvart og það kom okkur í Kennarasambandi Íslands vegna þess að við vorum alveg handviss um það allan tímann að við værum bara að leggja inn á bók sem við ættum svo inni á þegar við lentum í kjaradeilum og þetta væru peningar sem við værum búin að borga staðgreiðslu af.

Ég tel mjög brýnt að úr því fáist skorið, hvað er rétt og hvað er lögmætt í þessu atriði. Lögmenn túlka þetta mjög upp á sinn hvorn veginn. Sumir segja að það sé alveg greinilegt að við eigum ekki að borga skatt af þessu, aðrir segja að ákvæði í lögum séu ekki nógu skýr og meðan svo sé verði að greiða af þessu skatt. Ég tel mjög brýnt að lögum verði breytt og að í annan stað verði ákvæðin gerð skýrari þannig að það sé alveg skilyrðislaust að fólk sem fær úr sjóði, sem það er búið að greiða framlag í árum saman sem hefur alltaf verið skattlagt, þurfi ekki að borga skatt af þessum framlögum, en hins vegar verði, eins og stungið er upp á í greinargerðinni, framlag í kjaradeilusjóð frádráttarbært frá skatti. Ég legg til að eftir þessa umræðu verði þáltill. vísað til hv. efh.- og viðskn. til meðferðar og vonast til að þó mjög sé liðið á þinghaldið komi hún þaðan fljótt og verði samþykkt fyrir vorið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Átak til að draga úr reykingum kvenna, fyrri umr.*

Þáltill. KÁ, 435. mál. — Þskj. 761.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, fyrri umr.*

Þáltill. KÁ, 452. mál. — Þskj. 781.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.*

Frv. KÁ, 471. mál (kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir). — Þskj. 804.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:20]

### *Jöfnun á námskostnaði, 1. umr.*

Frv. SvanJ, 645. mál. — Þskj. 1118.

[13:34]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989.

1. gr. þessa frv. til breytinga á lögunum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Síðari málsliður 2. gr. laganna orðast svo: Réttur til styrks fellur niður ef nemandi nýtir rétt sinn til töku námsláns."

2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998."

Samkvæmt lögum sem hér er frv. um að breyta, lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, skal ríkissjóður veita námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Þessi námsstyrkur er í daglegu tali kallaður dreifbýlisstyrkur og getur tekið til ferða, fæðis og húsnæðis auk þess sem efnalitlir nemendur geta átt rétt til sérstakra styrkja. Ekki er um háar upphæðir að ræða en þó munar fjölskyldur sem þurfa að kaupa fæði og húsnæði fyrir unglinginn sinn um þessa peninga enda er afar kostnaðarsamt ef ungmenni þurfa að sækja nám sitt um langan veg og leigja húsnæði og kaupa fæði auk ferðakostnaðar.

Þessa réttar til dreifbýlisstyrks eiga þeir framhaldsskólanemar að njóta sem stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Þó eiga framhaldsskólanemar ekki rétt á styrk ef þeir geta stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða ef þeir eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og það er einmitt vegna þessarar reglu, herra forseti, sem það mál er fram komið sem ég mæli fyrir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán vegna náms þar sem krafist er sambærilegrar undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis, þ.e. náms á háskólastigi, en lánasjóðurinn veitir einnig lán til svokallaðs sérnáms. Lög um framhaldsskóla taka til alls skólastarfs á því skólastigi sem tekur við af skyldunámsstiginu og allt til háskólastigs. Þessir skólar eru fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Hvaða nám flokkast sem sérnám og verður þannig lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna ræðst af ákvörðunum stjórnar lánasjóðsins og er upptalning á slíku námi í fylgiskjali með auglýsingu um úthlutunarreglur lánasjóðsins. Þar eru taldar upp ýmsar námsbrautir framhaldsskólanna eða nám sem fram fer í framhaldsskólum landsins svo sem vélstjórnarnám, fiskiðn og fiskvinnsla, snyrtifræði, tækniteiknun, sjúkraliðanám, garðyrkja o.fl.

Við umræðu um fyrirspurn um dreifbýlisstyrk á þessu þingi kom líka fram að nemandi á tónlistarbraut í menntaskóla fékk ekki dreifbýlisstyrk eins og félagar úr sama landshluta því samkvæmt reglunum er tónlistarnám á 7. og 8. stigi talið lánshæft og átti þá viðkomandi nemandi, sem greinilega var kominn á þann stað í sínu tónlistarnámi, ekki lengur rétt til dreifbýlisstyrksins því hann átti samkvæmt lögunum orðið rétt á láni frá LÍN.

Réttur nemanda til námsstuðnings í formi styrks eða námslána er þannig mjög ólíkur á þessu skólastigi, því skólastigi sem rúmast innan ramma framhaldsskólalaganna. Nemendur sem stunda svokallað sérnám á þessu skólastigi eiga rétt á námsláni en geta ekki vegna þess réttar fengið dreifbýlisstyrkinn. Skiptir þá engu samkvæmt gildandi lögum hvort þeir nýta sér réttinn til lántökunnar eða ekki. Bara það að rétturinn er fyrir hendi kemur í veg fyrir að þeir geti fengið dreifbýlisstyrk. Þeir nemendur sem stunda heföbundið bóknám á framhaldsskólastigi eða nám sem skoða má sem beinan undirbúning undir háskólanám eiga hins vegar ekki rétt á námslánum en geta eftir atvikum fengið dreifbýlisstyrk. Þannig getur það gerst að nemendur frá sama stað, á sinni brautinni hvor, í sama skóla eigi gjörólíkan rétt þó aðstæður séu að öðru leyti hinar sömu.

Full ástæða er til þess, herra forseti, að endurskoða í heild þau ákvæði sem gilda um námsstuðning, bæði um námslán og styrki, til að gætt sé samræmis og að réttlæti og tilgangur þessara jöfnunaraðgerða hins opinbera sé öllum ljós og skiljanlegur. Með þessu litla frv. er ekki verið að leggja til stórar breytingar á þessum málum en þó breytingar sem hníga í réttlætisátt. Hér er lagt til að það ákvæði laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði sem kveður á um að framhaldsskólanemendur eigi einungis kost á námsláni, ekki dreifbýlisstyrk, ef þeir stunda sérnám á framhaldsskólastigi samkvæmt skilgreiningu stjórnar lánasjóðsins, falli út. Þess í stað verði það val þessara nemenda hvort þeir taka námslán eða þiggja dreifbýlisstyrk eins og jafnaldrarnir, enda séu aðstæður þeirra sambærilegar hvað það varðar að um sé að ræða ungmenni, fólk sem enn á lögheimili hjá foreldrum og þarf að stunda nám fjarri fjölskyldu sinni. Vegna eðlis sérnámsins, m.a. þess að fólk er gjarnan eldra þegar það hefur slíkt nám, er eðlilegt að nemendur í slíku námi eigi rétt á námsláni þannig að það er fjarri því að verið sé að leggja til að sá réttur verði af tekinn.

Það má líka undirstrika það að með því að nemendur í slíku sérnámi sem yfirleitt er starfsnám eigi bæði þennan rétt til dreifbýlisstyrks eða láns úr lánasjóðnum ef þeir svo kjósa, þá sé beinlínis verið að ýta undir það að nemendur fari í slíkt nám en nokkuð hefur þótt á það skorta að slíkt nám þætti nógu eftirsóknarvert. Hins vegar er ljóst að hluti nemenda vill gjarnan eiga kost á dreifbýlisstyrk á framhaldsskólaárunum

og geta þannig átt óskertan rétt til námsláns síðar, því að eins og kunnugt er er sá réttur takmarkaður við tiltekinn árafjölda og hafa iðnnemar t.d. ítrekað bent á það óhagræði sem hlýst af því að vera ef til vill búinn að nýta stóran hluta þess tíma þegar háskólanám er hafið og fólk kannski farið að reyna að standa á eigin fótum og stofna eigið heimili. Það fer því betur á því að snúa þessum réttindum við eins og hér er lagt til, þ.e. að allir sérnámsnemar á framhaldsskólastigi sem að öðru leyti uppfylla skilyrði eigi rétt til dreifbýlisstyrks nema þeir sem kjósa að taka námslán. Þeir eigi þann rétt áfram. Þannig verði það val framhaldsskólanema í sérnámi hvort þeir nota rétt sinn til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna þá þegar eða þiggja dreifbýlisstyrk og geti þeir átt rétt til hans vegna aðstæðna sinna og eigi þá óskertan rétt til námslána ef þeir hyggja á háskólanám síðar.

Herra forseti. Sá málsliður sem nú er í lögunum og á að hverfa, ef frv. verður að lögum, hljóðar svo, með leyfi forseta: „Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu."

Í stað þessa, herra forseti, er lagt til að þessi málsliður orðist svo: „Réttur til styrks fellur niður ef nemandi nýtir rétt sinn til töku námsláns."

Ég held að hér sé um ákveðna réttarbót að ræða fyrir þá framhaldsskólanemendur sem enn eru á framfæri foreldra sinna en stunda nám fjarri heimili og vilja geyma þann rétt sem þeir eiga eða geta átt hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar til þeir eru lengra komnir í námi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, fyrri umr.*

Þáltill. HG, 597. mál. — Þskj. 1010.

[13:43]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Það hefur verið frekar hljótt um málefni Schengen á Alþingi um skeið en veðrabrigði urðu í þinginu í gær því að þá var dreift meðal þingmanna sérstöku þingmáli sem ber heitið: Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samstarfssamnings milli Schengen-ríkjanna og Íslands og Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum. Þessu þingmáli upp á allnokkrar síður fylgdi í ljósriti, A-4, í fyrsta sinn á Alþingi Íslendinga, samkomulag og sáttmáli sem Schengen byggir á og var þó sérstakur samningur undirritaður af hálfu Íslands 19. desember 1996 um þetta mál.

Það er fyrst á Alþingi í gær sem menn fá að sjá pappírana sem varða það mál sem þarna var gerður formlegur gerningur að af hálfu Íslands fyrir einu og hálfi ári eða nálægt því. Út af fyrir sig er þakkarvert að Alþingi Íslendinga og almenningur fái að sjá málið, fái að sjá innihaldið í málinu og er það að vísu aðeins hluti málsins sem var lagður fram í gær. Jafnframt er ljóst að þeir pappírar sem eru lagðir fyrir af ríkisstjórninni varðandi málið eru ekki lagðir fram til staðfestingar því að málið liggur alls ekki þannig fyrir nú að gerðum breytingum á vegum Evrópusambandsins síðasta sumar að hægt sé að staðfesta samninginn þótt vilji væri til af meiri hluta á Alþingi Íslendinga.

Það hefur e.t.v. ýtt við ráðuneytunum að undirritaður lagði fram fyrirspurn nokkru fyrir páska og óskaði eftir skriflegu svari, sem hefur ekki borist enn þá í mínar hendur. Fyrirspurnin var til hæstv. ráðherra utanríkis- og dómsmála þar sem spurt var m.a.: „Hvað veldur því að samstarfssamningur Íslands og Schengen-ríkjanna frá 19. des. 1996 hefur hvorki verið birtur opinberlega hérlendis né lagður fyrir Alþingi ásamt fylgigögnum í formi viðauka, reglugerða og handbóka sem þegar liggja fyrir í íslenskri þýðingu? Er ríkisstjórnin reiðubúin að veita Alþingi og öðrum aðgang að þessum gögnum... ?

Svarið kom óbeint inn í þingið í gær í formi till. til þál. og samkomulagsins og sáttmálans sem að baki liggur upp á a.m.k. 142 gr. sem er Schengen-sáttmálinn og hann liggur hér. Enn þá hafa ekki komið viðaukar, regugerðir og handbækur sem hæstv. dómsmrh. hét þó hátíðlega hér á Alþingi þegar þetta mál var rætt fyrir allnokkru að yrðu lögð fram fyrir þingið. Ég vænti þess að úr því verði bætt.

En því nefni ég þetta í upphafi máls míns, virðulegur forseti, að ég er að mæla fyrir þingmáli sem varðar þetta Schengen-mál, það stóra mál sem verið er að vinna að í framhaldi af þeim gjörningi sem gerður var í árslok 1996. Ég hef flutt sérstaka till. til þál. um málið og hana er að finna á þskj. 1010, það er 597. mál, og varðar úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna. Tillagan er svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir að gerð verði vönduð úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins, í samvinnu við önnur ráðuneyti og samtök sem berjast gegn fíkniefnum. Alþingi verði gefin skýrsla um málið strax og það kemur saman haustið 1998."

Sú tillaga sem flutt er gerir ráð fyrir að dómsmrh. láti í samvinnu við önnur ráðuneyti og aðra sem láta sig varða baráttuna gegn fíkniefnum gera sérstaka úttekt á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Schengen á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins. En meðal ráðuneyta sem vinna að málinu, þ.e. fíkniefnamálum, auk dómsmrn. eru félmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn. Slíka úttekt hefði að sjálfsögðu þurft að gera strax og Schengen-aðild kom á dagskrá hérlendis. Til þess hvatti m.a. sá sem hér talar ítrekað í umræðum á Alþingi. Enn er ekki um seinan að gera slíka úttekt og því er tillagan flutt og lagt til að henni verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. þingsins. Ég vænti þess að hún fái þar skjóta afgreiðslu svo brýnt og sjálfsagt sem þetta mál ætti að vera og varðar eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum landsins og mál sem er félagslega afar stórt mál. Hér hafa menn sett sér háleit markmið um að gera Ísland að fíkniefnalausu landi eða a.m.k. Reykjavíkurborg fíkniefnalausa árið 2002 en á sama tíma vinna íslensk stjórnvöld að gerð samnings sem afnemur vegabréfaeftirlit til landsins og gerir mun torveldara en verið hefur að fylgjast með ólöglegum innflutningi fíkniefna. Engin skilmerkileg grein hefur verið gerð fyrir því hvernig menn ætla að koma í veg fyrir þann aukna ófarnað sem stefnir í vegna þessa samnings að því er þennan málaflokk varðar.

Schengen-málið hefur síðan marga aðra þætti sem eru ekki viðfang þessarar till. til þál. sem hér er flutt og verður rætt í annan tíma. Það skýrist kannski að einhverju ef inn í þingsali berst væntanlega skriflegt svar við fyrirspurn minni

til tveggja hæstv. ráðherra um stöðu málsins á vegum stjórnvalda sem er full ástæða til að komi fram. Kannski væri ástæða til að ræða þetta mál og stöðu þess hér sérstaklega áður en þinghaldi lýkur vegna þess að unnið er að þessu máli á fullri ferð á vegum hæstv. ríkisstjórnar að tengja Ísland við samninginn sem er nú orðið viðfangsefni Evrópusambandsins með beinum hætti eins og sá sem hér talar hefur bent á um árabil að stefndi í en lítið var hlustað á og lítið gert með.

Virðulegur forseti. Með aðild að Schengen verður mönnum heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkja Evrópusambandsins og annarra þeirra sem tengjast samningsákvæðunum án þess að sæta nokkru eftirliti. Í samræmi við það verður allt vegabréfaeftirlit hérlendis gagnvart ferðamönnum sem koma frá Schengen-landi fellt niður. Yfirvöld vita þar af leiðandi ekki hverjir eru á ferð. Ég nefni í þessu sambandi, því að oft er borið við að menn séu að bjarga norræna vegabréfasambandinu frá stóra strandinu sem hefur auðvitað blasað við lengi, að í þessum samningi er ekki að finna sömu ákvæði og eru í gamla norræna vegabréfasamstarfinu um að heimilt sé að taka ferðamenn og óska eftir skilríkjum með svonefndum stikkprufum. Engar heimildir eru um það í þessum samningi þannig að til þess að fara að biðja menn um skilríki þurfa menn að hafa sérstakar ástæður til þess, þ.e. að viðkomandi sé grunaður um það að vera með eitthvað ólöglegt í pokahorninu.

Ég vænti að allir sjái í hvert efni stefnir þó að tolleftirlit sé hér eftir sem áður eins og ég kem hér að á eftir. Tolleftirlit á landamærum heyrir hins vegar sögunni til í Evrópusambandinu en vegna þess að Ísland eins og Noregur er ekki aðili að Evrópusambandinu helst heimild að formi til til tolleftirlits, þar á meðal með farangri farþega, á meðan ekki er samið um annað sérstaklega. Að þessu leyti hefðu Ísland og Noregur sem aðilar að Schengen sérstöðu. En hversu lengi hún helst og í hvaða formi heimildunum verður beitt er hins vegar óljóst. Líklegt er að um verði að ræða stöðugan þrýsting á Noreg og Ísland sem samstarfsaðila að Schengen að sleppa eftirliti með farangri eins og gerist annars staðar á Schengensvæðinu eða halda slíku eftirliti í lágmarki. Ég vek athygli á því að eftir að Ísland væri orðinn aðili að Schengen værum við orðnir vörsluaðilar ytri landamæra Evrópusambandsins, þurfum að gæta ytri landamæranna, sem á að hækka og þétta, það er viðfangið, það er efnið, hækka og þétta ytri landamærin og allt eftirlit þar en hins vegar að halda opnu innan svæðisins. Auðvitað verður þrýst á það úr mörgum áttum að tolleftirlitið verði hér ekki framkvæmt með burðugum hætti af hálfu íslenskra yfirvalda þó að hitt sé jafnljóst að formlegar heimildir eru til þess að óbreyttu.

Virðulegur forseti. Ítrekaðar viðvaranir hafa komið fram af hálfu innlendra aðila um málið, þ.e. hættuna á auknum ólöglegum innflutningi fíkniefna. Það er þekkt úr nágrannalöndum okkar, og vísa ég þar til Svíþjóðar og Noregs, þar sem Svíar sem aðilar að Evrópusambandinu hafa fellt niður allt eftirlit með tolli, að þar hefur innflutningur ólöglegra fíkniefna stóraukist og um leið þrýstingurinn á Noreg með ólöglegan innflutning á þeim löngu landamærum sem eru milli Noregs og Svíþjóðar og hafa Norðmenn þó reynt að herða mjög tollgæslu á landamærum sínum. Þeir hafa tekið þar mun meira eftir að tolleftirlit var afnumið milli Svíþjóðar og annarra landa Evrópusambandsins eins og gerðist með aðild Svía að Evrópusambandinu. Sumir löggæslumenn í Noregi hafa ítrekað lýst áhyggjum sínum vegna fíkniefnasmygls í kjölfar Schengen-aðildar Noregs sem er í hliðstæðri stöðu og Ísland gagnvart Evrópusambandinu en hefur hins vegar geysilöng sameiginleg landamæri við Svíþjóð. Þess er getið í greinargerð, virðulegur forseti, að formaður samtaka löggæslumanna í lénum Noregs, Arne Johannesen, hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af aukningu fíkniefna sem og því verkefni að eiga að gæta ytri landamæra Evrópusambandsins á hinni löngu Noregsströnd.

Nokkrir íslenskir tollgæslummenn hafa í einkasamtölum lýst þeirri skoðun sinni við flm. þessarar tillögu að Schengenaðild muni gera eftirlit með ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins mun erfiðara en nú er. Sama sjónarmið kom fram í grein eftir Kristján Pétursson, fyrrverandi deildarstjóra, sem hann ritaði í Morgunblaðið 18. jan. 1997 um þessi efni. Þar varar hann eindregið við hættunni á auknum innflutningi fíkniefna um Keflavíkurflugvöll verði af aðild Íslands að Schengen. Hann segir það eindregna skoðun þeirra löggæslumanna sem vinni við eftirlit og rannsóknir fíkniefnamála að Schengen-samningurinn geri þeim illmögulegt að viðhalda því eftirliti sem verið hefur, hvað þá að efla það. Orðrétt segir í þessari grein Kristjáns, með leyfi forseta:

„Í langflestum tilvikum þegar fíkniefni finnast hjá farþegum við komu til landsins liggur að baki mikil og oft flókin upplýsingaöflun tollgæslu og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Svo hægt sé að hafa hendur í hári grunsamlegra komufarþega, innlendra sem erlendra, verður að skoða skilríki þeirra, [þ.e. vegabréfaeftirlit] þar sem oftast er um að ræða ókunna aðila (burðardýr). Eftir að vegabréfaskoðun Schengen-farþega verður lögð af er ekki lengur fyrir hendi nein aðstaða til slíks eftirlits í flugstöðinni."

Með „ekki nein aðstaða" er átt við að það eru engar heimildir.

Undir forustu lögreglustjóraumdæmisins í Keflavík vinnur tollgæslan samræmt að vegabréfaeftirliti eða samvinna er á milli vegabréfaskoðunar og tollgæslu. Auðvitað sjá allir að þegar annar hlekkurinn er rofinn og menn vita ekkert hverjir eru á ferðinni hvaða aðstöðu tollurinn hefur til þess að grípa inn í. Það verða aðrar aðstæður sem menn starfa þá við og erfiðari.

Í Schengen-samningnum er vissulega kafli um fíkniefni en hann varðar fyrst og fremst gæsluna á ytri landamærum. En uppspretta fíkniefna er í ríkum mæli í löndum Evrópusambandsins. Menn þekkja deiluna milli Frakklands og Hollands í sambandi við þetta þar sem Frakkar hafa neitað að staðfesta Schengen-samninginn í bili (Forseti hringir), virðulegur forseti, og nota neyðarákvæði í samningnum til þess að leggja ekki niður tollafgreiðslu gagnvart Belgíu og Lúxemborg, vegna þess að þeir treysta ekki stefnu Hollendinga í fíkniefnamálum. (Forseti hringir.) Nú eru Ítalir og fleiri ríki, þar sem fíkniefni eru meðhöndluð á annan hátt, orðnir aðilar að þessu opna svæði, Spánn og önnur ríki (Forseti hringir.) og fyllsta ástæða er til þess að sú úttekt verði gerð hið snarasta sem hér er lögð til, virðulegur forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. ÁÞ o.fl., 534. mál (umönnunarbætur í fæðingarorlofi). — Þskj. 913.

[14:00]

**Flm. (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Lúðvík Bergvinsson. Breytingin sem hér er lögð til er um að við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr liður sem verður e-liður og orðist svo: „Greiðslu í fæðingarorlofi og umönnunarbætur."

Virðulegi forseti. Með frv. þessu verður skýrt kveðið á um að heimilt verði að greiða umönnunarbætur til foreldra langveikra og fatlaðra barna samhliða greiðslum í fæðingarorlofi. Nokkur munur virðist vera á því hvernig fjmrn. og heilbrrn. túlka greiðslur til mæðra sem taka fæðingarorlof. Skv. 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar, ef andleg og líkamleg hömlun barnsins hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og þörf á sérstakri umönnun eða gæslu.

Í 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, segir, með leyfi forseta:

„Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins."

Í c-lið 16. gr. segir, með leyfi forseta:

„Fæðingardagpeningar skulu greiddir í 6 mánuði."

Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi á 122. löggjafarþingi 1997 til 1998, þskj. 311, segir m.a. um konur í þjónustu ríkisins:

„Konur í þjónustu ríkisins sem áður féllu undir lög nr. 38/1954, eldri starfsmannalög, njóta launa í barnsburðarleyfi í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við fæðingu barns eru greidd laun í sex mánuði ...

Konan heldur þeim dagvinnulaunum sem stöðu hennar fylgja á þeim tíma sem hún fer í barnsburðarleyfi ...

Þegar kona nýtur launagreiðslna í barnsburðarleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 er litið svo á að hún sé áfram í starfi og ávinnur hún sér þar af leiðandi rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda á meðan barnsburðarleyfið varir, í allt að 12 mánuði. Greitt er í lífeyrissjóð af launum í barnsburðarleyfi.

Um konur sem eru opinberir starfsmenn sveitarfélaganna segir m.a.: „Opinberir starfsmenn sveitarfélaganna njóta að öllu jöfnu réttinda í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Byggist það á ákvæði í kjarasamningum ..."

Um aðra starfsmenn sveitarfélaganna segir: „Þó virðist það almennt vera svo að starfsmenn í fæðingarorlofi ávinni sér starfsaldur í orlofinu ..."

Virðulegi forseti. Þá segir jafnframt í svari fjmrh. um starfsmenn banka t.d.:

Samkvæmt kjarasamningi á kona rétt á að vera fjarverandi í sex mánuði þegar hún fær greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins í stað launa frá bankanum, enda nýtur konan fullrar réttindaávinnslu til starfsaldurs samkvæmt bókuninni í kjarasamningunum.

Virðulegi forseti. Af þessu má sjá að fjmrn. túlkar greiðslur í fæðingarorlofi á mjög eindreginn hátt sem launagreiðslur og er litið svo á að konan sé áfram í starfi meðan á töku barnsburðarleyfis stendur. Greitt er í lífeyrissjóð af launum konunnar og hún ávinnur sér rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda enda hafi konan farið úr launuðu starfi meðan á fæðingarorlofi stendur.

Í úrskurðum sínum, virðulegi forseti, hefur Tryggingaráð hins vegar túlkað greiðslur til mæðra sem bætur en skv. 43. gr. almannatryggingalaganna er ekki heimilt að greiða samtímis tvenns konar bætur. Þannig hefur framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins verið á þann veg að mæður sem eignast alvarlega sjúk eða fötluð börn verði að velja um að taka annaðhvort fæðingarorlofsgreiðslur eða umönnunarbætur þótt umönnunarbæturnar séu augljóslega grundvallaðar á allt öðrum forsendum en greiðslur í fæðingarorlofi.

Í reglugerð með heimild í lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að umönnunarbætur taki við af fæðingarorlofsgreiðslum, þótt heimilt sé að greiða bæturnar á fæðingarorlofstímabilinu. Þetta hefur ráðuneytið túlkað á þann veg að ef barn fæðist alvarlega fatlað eða með lífshættulegan sjúkdóm getur móðir fengið umönnunarbætur greiddar frá þriggja mánaða aldri barnsins gegn því að hún afsali sér fæðingarorlofsgreiðslum. Með þessu er móðurinni gert að afsala sér þriggja mánaða launum. Hafa ber í huga, virðulegi forseti, að launuð vinna móður á öðrum tíma skerðir ekki réttinn til umönnunarbóta enda er verið að standa undir tilfinnanlegum útgjöldum og sérstakri gæslu eða umönnun með þessum greiðslum. Greiðslur í fæðingarorlofi eru skattskyldar en ekki umönnunarbæturnar.

Með úrskurði sínum er tryggingaráð að leggja að jöfnu greiðslur sem eru af ólíkum toga og grundvallaðar á gjörólíkum forsendum eins og þessar greiðslur í fæðingarorlofi og umönnunarbætur sýna. Verið er að skerða tekjur foreldra langveikra og fatlaðra barna með því að gera þeim að afsala sér launatekjum í fæðingarorlofi gegn greiðslum á umönnunarbótum sem eiga að standa undir umtalsverðum kostnaði sem ekki fæst bættur með öðrum hætti. Þess eru mörg dæmi, virðulegi forseti, að annað foreldri þessara barna þurfi að dvelja langdvölum fjarri heimili og margar fjölskyldur halda tvö heimili meðan á meðferð barns stendur. Það er því augljóslega mikið réttlætismál að létta undir með foreldrum sjúkra og fatlaðra barna vegna tilfinnanlegra útgjalda. Þau útgjöld fást ekki bætt nema með greiðslum á umönnunarbótum.

Virðulegi forseti. Frv. þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um túlkun á lögum um almannatryggingar um að greiðslur á dagpeningum í fæðingarorlofi til mæðra beri að túlka sem laun eða launaígildi, enda hafi móðir lagt niður launað starf vegna fæðingar barns og að greiðslur í fæðingarorlofi upphefji ekki rétt foreldra til greiðslna á umönnunarbótum vegna alvarlega sjúkra eða fatlaðra barna.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið máli mínu og óska að hv. heilbr.- og trn. fjalli um þetta mál. Ég vona að það fá brautargengi héðan frá Alþingi. Hér er augljóslega um mikið réttlætismál að ræða.

[14:09]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur sérstaklega fyrir að flytja þetta mál hér á Alþingi. Hún hefur ekki verið lengi á Alþingi en hefur mælt fyrir fjöldamörgum málum af þessu tagi til að rétta stöðu þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Hún vill bæta stöðu foreldra og barna sem sérstaklega eiga undir högg að sækja í lífsbaráttunni og ég vil færa henni bestu þakkir fyrir það.

Þegar fatlað barn fæðist í fjölskyldu er það auðvitað óskaplegt áfall og mikil röskun á högum fólks sem hefur átt sér einskis ills von. Fjölskyldan hefur ekki vænst neins nema góðs af tilverunni og svo fæðist þetta barn sem þarf jafnvel á báðum foreldrum að halda allan sólarhringinn um ófyrirséðan tíma. Ég þekki þess mörg dæmi að slíkt hafi raskað högum fólks svo alvarlega að það hafi jafnvel misst eignir sínar í kjölfarið.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að þessi gloppa væri í lögum um almannatryggingar. Til viðbótar því sem fólk þarf að takast á við undir þessum kringumstæðum væri fólk svipt fæðingarorlofi í þrjá mánuði ef það kysi að fara yfir á umönnunarbætur. Þetta eru ekki þær fjárhæðir að þær mundu raska fjárhag ríkisins mjög þó þeir foreldrar sem lenda í þessum alvarlegu hremmingum nytu þessa þrjá mánuði bæði umönnunarbóta og fæðingarorlofs. Eins og ég segi er ekki hægt að lýsa þeim ósköpum sem þetta fólk þarf oft og tíðum að ganga í gegnum og alveg óskiljanlegt að vera skuli svona gildrur til að gæta þess að fólk fái ekki það sem það á vissulega rétt á samkvæmt mínum skilningi.

Ég vona að hv. heilbr.- og trn. taki nú rösklega við sér þegar þetta frv. berst til nefndarinnar og afgreiði málið. Ég vona að það fáist samþykkt á þeim þingdögum sem eftir eru. Eins og ég segi er þetta mikið réttlætismál, þetta er sanngirnismál og gríðarleg hjálp fyrir þá foreldra sem þarna eiga í hlut. Þetta eru ekki þær fjárhæðir að það raski fjárhag ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gæludýrahald, 1. umr.*

Frv. HG, 644. mál. — Þskj. 1117.

[14:13]

**Flm. (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gæludýrahald. Frv. þetta er á þskj. 1117, 644. mál þingsins og hefur verið flutt einu sinni áður hér á Alþingi ef ég man rétt. Kannski tvívegis en þá í fyrra skiptið einvörðungu til kynningar. Í hittiðfyrra var þetta mál lagt fram á þingi og fór til nefndar en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Ég sem flm. þessa frv. hef farið yfir þær umsagnir sem bárust um frv. á 120. löggjafarþingi. Ég hef fengið erindi frá aðilum sem láta sig þessi mál varða, þar fyrir utan, og hef endurskoðað í nokkru það frv. sem þá var flutt og legg það fyrir þingið í því formi.

Frv. sem upphaflega var flutt um gæludýrahald vakti nokkra athygli og fékk jákvæðar undirtektir hjá mörgum sem tjáðu sig um það sem halda gæludýr og láta sig gæludýrahald varða. Fram komu þau sjónarmið m.a. á opnum fundum sem haldnir voru á vegum Dýraverndunarsambands Íslands, ef ég man rétt, til þess að kynna málið og ræða, þau viðhorf að æskilegt væri að sett yrði sérstök löggjöf um gæludýrahald. Þó að heimildir væri að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit um að setja reglur þar að lútandi á vegum sveitarfélaga þá væri ástæða til þess að um þetta gilti sérstök löggjöf þar sem tekið væri á ýmsum þeim efnum sem snerta þetta dýrahald. Það er reynt að gera með þessu frv. Markmiðið er eins og kemur fram í 1. gr., að lögfesta reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum skýrar heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald.

Það einmitt einkennir frv. að fyrir utan nokkur almenn ákvæði er gert ráð fyrir því að það sé í hendi sveitarstjórna að fylla upp í með sérstökum samþykktum.

Í 2. gr. frv. fjallað um það til hverra frv. nær og skilgreiningin á gæludýrum samkvæmt því. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með gæludýrum samkvæmt lögum þessum er átt við hunda og ketti og önnur þau dýr sem einstaklingar halda sér til afþreyingar og hleypt er út undir bert loft um lengri eða skemmri tíma. Einnig teljast til gæludýra samkvæmt lögunum dýr af öðrum tegundum, telji heilbrigðisyfirvöld að þau geti valdið heilsutjóni eða viðlíka ama og af þeim orsökum sé rökstudd ástæða til afskipta af þeim í almannaþágu. Lögin taka ekki til búfjárhalds í þéttbýli, sbr. lög nr. 46/1991.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, sem staðfest skal af umhverfisráðuneyti, að takmarka eða banna að haldnar séu tilteknar tegundir gæludýra í sveitarfélagi eða setja um það nánari skilyrði."

Þá er samkvæmt 3. gr. frv. sveitarstjórn heimilt að halda skrá yfir gæludýr í sveitarfélaginu og gera grein fyrir þeim ef óskað er eftir af yfirvöldum.

Í 4. gr. eru ákvæði sem vissulega heyra til álitamála eins og fleira sem varðar þessi efni. Í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Eigendur gæludýra skulu gæta þess að þau gangi ekki á annarra manna lendum og sjá til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Eiganda gæludýrs er skylt að bæta það tjón er dýrið veldur. Ef tjónþoli hefur á einhvern hátt stuðlað að því að tjón varð er heimilt að lækka bætur eða láta þær niður falla. Dýrin skulu auðkennd eða merkt eiganda sínum í samræmi við nánari ákvæði í samþykkt sveitarfélags."

Hér er sem sagt reynt að marka þá stefnu að gæludýrahald sé heimilt innan þeirra marka sem sveitarfélag setur enda valdi þau ekki grönnum óþægindum eða tjóni. Og samkvæmt 5. gr. er heimilt að handsama gæludýr sem ganga laus utan lóðarmarka í þéttbýli og eigendur skulu greiða kostnað við töku þeirra og geymslu o.s.frv.

Þetta er meginefni frv. fyrir utan það að 6. gr. kveður á um brot gegn lögunum og í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Samþykktir um hunda- og kattahald sem settar hafa ver-

ið fyrir gildistöku þessara laga halda gildi sínu brjóti þær ekki í bága við lögin."

En lögin öðlast þegar gildi samkvæmt frumvarpstexta.

Hér eru í meginatriðum sömu ákvæði og voru í frv. sem lá fyrir þinginu í hittiðfyrra en svolitlu vikið til og í greinargerð og skýringum er að finna nokkur ákvæði fyllri þar sem tekið var tillit til ábendinga sem bárust í umsögnum um frv.

Ég held að það eigi að vera ljóst jafnsjálfsagt sem gæludýrahald er og mörgum til yndisauka að þá er nauðsynlegt að réttarstaðan í þessu máli sé sem skýrust, ekki síst fyrir þá sem halda gæludýr, að þeir viti sinn rétt og hafi sinn rétt. En einnig að ákvæðin sem varða grannaréttinn séu skýrð og kveðið á um það í löggjöf til þess að byggja á við frekari útfærslu af hálfu sveitarstjórna.

Í greinargerð með frv. er vísað til umsagna sem bárust á 120. löggjafarþingi um málið og að í flestum þessum umsögnum hafi komið fram að brýn þörf væri fyrir lagasetningu um gæludýrahald og margir fögnuðu framkomu frv.

Í nýlegum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er í 4. gr. að finna heimild fyrir umhverfisráðherra til að setja reglugerð um gæludýr og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. Með þeim lögum voru einnig felld úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Á 117. löggjafarþingi voru samþykkt eftir langan aðdraganda ný heildarlög um dýravernd. Þau fjalla um ábyrgð manna gagnvart öllum dýrum, en þó einkum þeim sem eru í vörslu eða umsjón manna, og taka bæði til dýraeigenda og hins almenna borgara. Segja má að frumvarpið sem hér er flutt sé eðlileg viðbót við löggjöf á þessu sviði. Með því er dreginn almennur lagarammi um gæludýrahald sem sveitarstjórnum er ætlað að fylla í.

Í greinargerð er að finna upplýsingar um fjölda gæludýra að svo miklu leyti sem um það er vitað og er vísað til rannsókna sem farið hafa fram á tjóni sem rakið er til gæludýra og rannsóknir á sjúkdómum sem rekja má til gæludýrahalds. Sérstakt fylgiskjal er um það efni sem tekið er úr upplýsingum sem komu fram í blaðagrein fyrir tveimur árum.

Þess ber að geta að fram hafa farið sérstakar rannsóknir á gæludýrum og sjúkdómum sem þeim tengjast. Þar vil ég nefna alveg sérstaklega rannsóknir Helgu Finnsdóttur dýralæknis sem hefur rannsakað sérstaklega sjúkdóma í köttum og lagt fram mikilsverðar upplýsingar um það efni og niðurstöður. En það er auðvitað í allra þágu að sjúkdómar af völdum gæludýra verði ekki til tjóns og reynt verði að koma í veg fyrir þá, bæði dýranna vegna og eins vegna almannaheilla.

Hér eins og annars staðar er gæludýrahald í vaxandi mæli í þéttbýli og eins og ég gat um í upphafi míns máls er það mjög eðlilegt og hefur mikið gildi fyrir þá sem halda gæludýr og það getur haft verulegt gildi uppeldislega líka fyrir ungviði. Allir þekkja gildi þess áður fyrr þegar fólk bjó til sveita fyrst og fremst og var í nánu sambýli við húsdýr og fyrir utan dýr í hinni villtu náttúru. Gæludýrahald er auðvitað með vissum hætti svörun borgarbúans við því að þær aðstæður eru ekki lengur til staðar og til þess að lífga upp á lífið og tilveruna og sjálfsagt er að heimila slíkt dýrahald, gæludýrahald í þéttbýli, en hafa jafnframt reglur og réttarheimildir sem skýrastar þar að lútandi. Meginreglan hlýtur að vera sú að slíkt dýrahald sé velkomið á meðan það ekki veldur öðrum tjóni. Það er, má segja, leiðarljósið sem haft hefur verið við samningu þessa frv. sem ég legg til að að lokinni umræðu fari til hv. umhvn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:25]

### *Tollalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 619. mál. — Þskj. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 620. mál. — Þskj. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Fjáraukalög 1997, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 630. mál. — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

### *Yfirskattanefnd, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 641. mál. — Þskj. 1104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 625. mál. — Þskj. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

***Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 642. mál. — Þskj. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 654. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 655. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Gjaldmiðill Íslands, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 944, nál. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Brtt. 1 í nál. 1159 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1159 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Samningar með tilkomu evrunnar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 945, nál. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 1160 samþ. með 43 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1160 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Gjaldþrotaskipti, frh. 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 325. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

***Málefni ungra fíkniefnaneytenda, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJóh o.fl., 491. mál. — Þskj. 839.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Ný markmið í framhaldsmenntun, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJóh o.fl., 499. mál. — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.***

Frv. GÁS o.fl., 229. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Hlutafélög, frh. 1. umr.***

Frv. GÁS o.fl., 230. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. HG, 597. mál. — Þskj. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. ÁÞ o.fl., 534. mál (umönnunarbætur í fæðingarorlofi). — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Útvarpslög, frh. 1. umr.***

Frv. SighB o.fl., 239. mál (textun frétta). — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Gæludýrahald, frh. 1. umr.***

Frv. HG, 644. mál. — Þskj. 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Skattlagning framlaga úr kjaradeilusjóðum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJóh o.fl., 631. mál. — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. ÁRJ og ÖS, 470. mál (tekjutrygging öryrkja). — Þskj. 803.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Jöfnun á námskostnaði, frh. 1. umr.***

Frv. SvanJ, 645. mál. — Þskj. 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Átak til að draga úr reykingum kvenna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KÁ, 435. mál. — Þskj. 761.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KÁ, 452. mál. — Þskj. 781.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.***

Frv. KÁ, 471. mál (kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir). — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 16:19]

***Skýrsla viðskiptaráðherra um málefni Landsbanka Íslands.***

[17:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en umræðan hefst vill forseti taka fram að samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Ráðherra hefur 15 mínútur til framsögu og 5 mínútur við lok

umræðunnar. Talsmenn þingflokka, annarra en þingflokks ráðherra, hafa 10 mínútur í fyrra sinn og 3 mínútur í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar 3 mínútur í fyrra og síðara sinn. Gert er ráð fyrir að umræðan standi í allt að tvær klukkustundir.

[17:02]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Málefni Landsbanka Íslands hafa verið mjög til umfjöllunar að undanförnu, m.a. í þingsölum. Ég sagði í þinginu við umræðu utan dagskrár 6. apríl sl. að þegar frekari upplýsingar lægju fyrir um laxveiðimál Landsbanka Íslands hf. mundi ég gera þinginu grein fyrir þeim og það geri ég í þessari skýrslu.

Skýrsla mín skiptist í fjóra meginþætti. Í fyrsta lagi geri ég grein fyrir greinargerð Ríkisendurskoðunar til bankaráðs Landsbanka Íslands um kostnað bankans vegna laxveiðiferða, risnu og fleira og afstöðu bankaráðs Landsbankans til greinargerðarinnar sem lögð hefur verið fram með þessari greinargerð.

Í öðru lagi geri ég grein fyrir frekari skýringum bankaráðs á hinni röngu upplýsingagjöf bankans til viðskrh. að því er varðar laxveiðiferðir á vegum bankans.

Í þriðja lagi mun ég víkja nánar að spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til mín við utandagskrárumræðuna 6. apríl sl., spurningum sem mér var ekki unnt að svara fyllilega á því stigi.

Í fjórða lagi mun ég fjalla um þær breytingar sem nú hafa orðið á yfirstjórn Landsbankans.

Ef ég vík fyrst að greinargerð Ríkisendurskoðunar þá má rekja upphaf þessa máls, eins og þinginu er kunnugt, til upplýsinga um laxveiðiferðir á vegum bankans, rangrar upplýsingagjafar til ráðherra vegna þeirra og risnukostnaðar vegna bankastjóra almennt. Nú liggur fyrir greinargerð Ríkisendurskoðunar til bankaráðs Landsbanka Íslands um kostnað bankans vegna laxveiðiferða, risnu og fleira, greinargerð sem unnin var að beiðni Sverris Hermannssonar og bankaráðs Landsbankans.

Bankaráð Landsbankans hefur afhent mér greinargerðina í dag ásamt athugasemdum sínum og hef ég sent hana til forseta Alþingis. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar koma fram ávirðingar á hendur tveimur fyrrverandi bankastjórum Landsbankans, þeim Björgvini Vilmundarsyni og Sverri Hermannssyni og athugasemdir við bókhald og skipulag bankans sem í meginatriðum má skipta í sex eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi hefur, eins og hv. þingmönnum hefur þegar verið gerð grein fyrir, komið í ljós að Landsbankinn veitti mér rangar upplýsingar um laxveiðiferðir stjórnenda Landsbankans. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar koma fram upplýsingar varðandi þetta atriði sem þegar hefur verið komið á framfæri á Alþingi og geri ég það því ekki að sérstöku umfjöllunarefni hér. Skýrslan sýnir þó að aðrar upplýsingar sem bankinn hefur veitt mér vegna fyrirspurna á Alþingi og Ríkisendurskoðun kannaði virðast hafa verið réttar.

Í öðru lagi eru í skýrslunni gagnrýnd kaup Landsbankans á veiðileyfum hjá Bálki ehf. sem er í eigu fjölskyldu Sverris Hermannssonar, fyrrum bankastjóra. Varðandi þetta atriði vil ég vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta, en þar segir:

„Athugun á þessum viðskiptum gefur ekki tilefni til að ætla annað en að verð, sem bankinn hefur greitt Bálki ehf. fyrir veiðileyfi, sé í samræmi við markaðsverð á slíkum leyfum í sambærilegum ám. Einnig skal tekið fram að viðskiptin hafa" — í flestum tilvikum — „verið staðfest, með áritun aðalbankastjóra Landsbankans á reikninga, en ekki af Sverri Hermannssyni sjálfum. Engu að síður telur Ríkisendurskoðun afar óæskilegt vegna hættu á hagsmunaárekstrum að bankinn eigi viðskipti með þeim hætti, sem hér er lýst, við aðila svo nátengdum einum af æðstu yfirmönnum hans."

Í þriðja lagi er í greinargerð Ríkisendurskoðunar gagnrýndur óhóflegur kostnaður vegna laxveiðiferða sem ekki hefur tekist að rökstyðja út frá hagsmunum bankans nema að hluta. Svo aftur sé vitnað í greinargerð Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta, segir þar orðrétt:

„Eftir að hafa farið yfir fyrirliggjandi upplýsingar og skýringar er það mat Ríkisendurskoðunar, að verulegur hluti laxveiðiferða á kostnað bankans, a.m.k. þriðjungur, verði vart rökstuddur með vísan til ofangreindra sjónarmiða um viðskiptahagsmuni." Í mörgum tilvikum eru þátttakendur hvorki núverandi né væntanlegir viðskiptavinir bankans heldur menn sem ætla má að tengist viðkomandi bankastjórum með öðrum hætti, svo sem vegna kunningsskapar. „Tekið skal fram að þessi athugasemd á ekki við um ferðir á vegum Halldórs Guðbjarnasonar bankastjóra."

Í fjórða lagi er í skýrslunni gagnrýnd önnur óútskýrð risna sem virðist tengd áfengiskaupum og annarri einkaneyslu bankastjóranna, Sverris Hermannssonar og Björgvins Vilmundarsonar, en Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við risnukostnað Halldórs Guðbjarnasonar. Ríkisendurskoðun segist ekki hafa fengið viðunandi skýringar af hálfu bankastjóranna tveggja á stórum hluta þessa kostnaðar. Rétt er að vekja athygli á yfirlýsingu Sverris Hermannssonar sem fram kemur í greinargerðinni en þar setur hann fram sínar skýringar á risnukostnaði honum tengdum.

Þá er rétt að taka fram að sökum veikinda hafði Björgvin Vilmundarson ekki tækifæri til að yfirfara ofangreind fylgiskjöl og koma á framfæri viðeigandi skýringum. Hins vegar reyndi Ríkisendurskoðun að meta þessi útgjöld með hliðsjón af risnukostnaði hinna bankastjóranna og þeim skýringum sem þeir gáfu.

Í fimmta lagi er í skýrslunni lagt mat á bifreiða- og ferðakostnað. Varðandi bifreiðakostnað leiddi sú athugun ekki til sérstakra athugasemda Ríkisendurskoðunar við kostnað vegna bifreiða bankastjóranna. Um bifreiðakostnað segir í greinargerðinni að bankastjórarnir töldu sig hafa rétt til tveggja ferða á ári ásamt maka á kostnað bankans þótt þær tengdust ekki erindrekstri á vegum bankans. Telur Ríkisendurskoðun brýnt að slík starfskjör liggi skriflega fyrir telji bankaráðið eðlilegt að bankastjórarnir njóti kjara sem þessara. Þá telur Ríkisendurskoðun skýringar á tilefni utanlandsferða ófullnægjandi og gerir alvarlegar athugasemdir við risnukostnað vegna utanlandsferða bankastjóranna og ferðakostnaðar maka.

Í sjötta og síðasta lagi vil ég víkja að athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi skráningu og frágang bókhaldsgagna sem tengjast risnukostnaði Landsbankans, skattframtali sem og athugasemdum er varða endurskoðun á bókhaldi bankans. Stofnunin bendir m.a. á að við skoðun sína hafi vaknað spurningar um hvort og þá að hve miklu leyti og með hvaða hætti kostnaður sá sem hér um ræðir hafi verið færður til frádráttar á skattskyldum tekjum bankans og hvort skilyrði hafi verið uppfyllt í því sambandi. Stofnunin bendir á að eðlilegt sé að skattframtal bankans verði leiðrétt ef frádráttarbær kostnaður hefur verið oftalinn í framtali

hans. Þetta þarf bankaráð Landsbankans að taka til sérstakrar umfjöllunar.

Þar sem greinargerð Ríkisendurskoðunar hefur verið dreift til þingmanna mun ég ekki fara efnislega í einstaka þætti að öðru leyti en því sem fram kemur að framan og í umfjöllun minni um tiltekin atriði á eftir.

Næst vil ég víkja sérstaklega að frekari skýringum bankaráðs á rangri upplýsingagjöf bankans til viðskrh. vegna laxveiðiferða, en bréf þess efnis hefur einnig verið sent Alþingi. Eins og ég kynnti í utandagskrárumræðu 6. apríl sl. óskaði ég eftir nánari skýringum bankaráðs á hinni röngu upplýsingagjöf bankans til mín. Bankaráðið hefur nú komið nánari skýringum á framfæri. Í þeim skýringum koma fram þrjár ástæður misræmis í upplýsingum í viðkomandi veiðiferðum.

Í fyrsta lagi hafði kostnaður vegna ferða á vegum dótturfyrirtækja ekki verið tekinn með. Í öðru lagi hafði kostnaður vegna hlutdeildarfyrirtækja og kostnaður vegna sameiginlegra ferða með öðrum bönkum ekki verið tekinn með. Í þriðja lagi hafði ýmis kostnaður verið vantalinn, kostnaður vegna veiðiferða sem yfirstjórn bankans tók ekki þátt í og nánar tiltekinn kostnaður sem bókfærður hafði verið á tiltekin útibú bankans.

Um svör við öðru misræmi í svörum bankans vísar bankaráð til greinargerðar Ríkisendurskoðunar. Fram kemur að venjan sé sú að öll veigameiri upplýsingagjöf til opinberra aðila sé yfirfarin af innri og ytri endurskoðendum bankans áður en bakinn sendi hana frá sér. Í þessu tilviki virðist ekki hafa verið talin þörf á slíkri yfirferð. Það er mat bankaráðsis að það séu ekki ásættanleg vinnubrögð.

Það er mitt mat einnig, með vísan til þeirrar umfjöllunar sem nú hefur átt sér stað um málið, að þessar skýringar séu nægjanlegar.

Í utandagskrárumræðu 6. apríl sl. um ranga upplýsingagjöf Landsbankans beindi hv. málshefjandi til mín nokkrum spurningum um málið. Leitaði ég svara við þeim á grundvelli upplýsinga sem ég hafði undir höndum. Hins vegar var mér ekki unnt að svara öllum spurningum eins og ég hefði viljað þar sem ég beið enn skýringa. Nú hef ég hins vegar fengið frekari upplýsingar og vil af því tilefni taka fram nokkur atriði.

Hv. þm. spurði hvort ég teldi að bankaráð Landsbankans hefði brotið gegn starfsskyldu sinni í laxveiðimálinu varðandi eftirlit með risnu-, ferða- og bifreiðakostnaði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nú undir höndum liggur það fyrir að bankaráðið hafi ekki brugðist starfsskyldum sínum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki að finna slíkar athugasemdir við starfsemi þáverandi þingkjörins bankaráðs ríkisviðskiptabankans. Vakin er athygli á skýringum bankaráðs á hlutverki sínu og ábyrgð sem fram kemur í athugasemdum sem fylgja greinargerð Ríkisendurskoðunar og hefur verið dreift til þingmanna.

Ég vil einnig að það komi skýrt fram að ég tel að núverandi bankaráð hafi haldið á þessu máli af ábyrgð og festu eftir að það kom upp. Það hefur leitast við að varpa eins skýru ljósi á þetta mál og nokkur kostur er. Þannig kom það réttum upplýsingum á framfæri um leið og ríkisendurskoðandi hafði greint þeim frá því að fyrri upplýsingar væru rangar, óskaði viðbótarathugana af hálfu ríkisendurskoðanda og hefur nú komið nánari skýringum á framfæri. Þá hefur bankaráðið nú horft til framtíðar með ráðningu nýs aðalbankastjóra.

Þá spurði hv. þm. hvort eftirliti endurskoðunardeildar bankans, kjörinna endurskoðenda eða bankaeftirlits hafi verið ábótavant. Það er mat ríkisendurskoðanda að skort hafi á að eftirlitsaðilar hafi sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart viðskrh. og bankaráði varðandi eftirlit með kostnaðarliðum sem eru til umfjöllunar í skýrslunni. Það ber að taka skýrt fram að með undirbúningi að stofnun hlutafélags um bankana var stjórnskipulag bankans skýrt verulega frá því sem var á þeim tíma þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar er tekin saman. Undirbúningsnefnd um stofnun hlutafélags lagði á það ríka áherslu að tryggja sjálfstæði innri endurskoðunardeildar gagnvart bankastjórn en stjórnskipulag bankans hafði ekki verið nægjanlega skýrt með tilliti til þessa. Ég tel því, að því er innri endurskoðunardeildina varðar, að nú hafi orðið þar breytingar frá þessu tímabili sem hér er til umfjöllunar.

Bankaráðið hefur jafnframt gert mér grein fyrir að það hafi ákveðið að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem bankanum beri að veita opinberum aðilum um rekstur sinn séu yfirfarnar og staðfestar af innri endurskoðanda sem beri ábyrgð í þeim efnum. Þannig verði valdsvið innri endurskoðanda skýrt og sjálfstæði hans gagnvart bankastjórn tryggt enn frekar. Þá verði lagður af sá háttur að halda risnu og ferðabókhaldi utan fjárhagsdeildar sem fer með almennt bókhald bankans.

Ég vil að síðustu ítreka í þessu sambandi að ég tel miklar breytingar hafa orðið til batnaðar samhliða breytingum á rekstrarformi bankans að því er varðar kostnaðareftirlit og endurskoðun í því sambandi. Nefna má að stjórnskipulag hefur verið skýrt auk þess sem settar hafa verið reglur um risnukostnað og greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga bankastjóra eins og þinginu hefur áður verið gerð grein fyrir. En vitaskuld má alltaf gera betur og ég tel að stjórnendur bankans muni hafa vakandi auga fyrir þessum atriðum í framtíðinni.

Ég vil að lokum víkja að þeim breytingum sem nú hafa orðið á yfirstjórn bankans.

Óþarfi er að rekja í löngu máli atburði síðustu tveggja sólarhringa í þeim efnum. Ítarlega hefur verið fjallað um þau mál í fjölmiðlum. Björgvin Vilmundarson aðalbankastjóri, Sverrir Hermannsson bankastjóri og Halldór Guðbjarnason bankastjóri hafa hætt störfum við bankann. Í athugasemdum bankaráðs við greinargerðina kemur fram að Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni hafi verið falið að kanna réttarstöðu bankans að því er varðar hugsanlegar endurkröfur á hendur bankastjórunum.

Bankaráðið hefur ákveðið að ráða Halldór J. Kristjánsson í starf aðalbankastjóra. Þeir sem þekkja til verka Halldórs geta vitnað um hæfni hans sem stjórnanda og til þess að leiða erfið mál til lykta. Ég tel því að vel hafi verið ráðið í starf aðalbankastjóra Landsbankans á erfiðleikatímum í starfi bankans. Mitt mat er að þessar breytingar hafi tekist vel til. Ég tel að óhjákvæmilegt hafi verið að gera þessar breytingar eins og málum var komið. Ég fagna sérstaklega því að bankastjórarnir skuli sjálfir hafa haft frumkvæði að því að víkja til hliðar í því skyni að tryggja hagsmuni bankans til framtíðar.

Herra forseti. Ég tel að nú hafi skapast aðstæður til þess fyrir Landsbankann að efla hag sinn og ímynd og að ná betri árangri í rekstri sínum en áður. Með því eykst samkeppni á hinum íslenska fjármagnsmarkaði en við þurfum einmitt á því að halda ef við ætlum að telja okkur í hópi velmegandi þjóða.

[17:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þessi kolsvarta skýrsla er hrollvekja, skelfileg hrollvekja. Hún er hreint áfall og blaut tuska framan í þjóðina. Hin gegndarlausa spilling, græðgi og ofsalega misnotkun á fé skattborgaranna til persónulegs ávinnings og eigin hagsmuna er hræðileg. Mér blöskrar þetta og ofbýður. Stjórnendur stærsta banka þjóðarinnar hafa nú endanlega gengið fram af fólki. Hvílíkt hamstur! Hvílík misnotkun á almannafé! Hvernig er þetta hægt, herra forseti? Óútskýrð áfengiskaup hjá tveimur bankastjórum upp á 2,5 millj. kr. Óútskýrð risna upp á 4,8 millj. hjá tveimur bankastjórum. Þar af eru 800 þús. kr. endurgreiddar hjá einum bankastjóra.

Ríkisendurskoðun segir bankastjóra hafa farið utanlandsferðir með maka sem ekki verði séð að tengist með nokkrum hætti erindisrekstri þeirra. Alvarlegar athugasemdir við risnukostnað vegna utanlandsferða bankastjóra. Risnukostnaður í utanlandsferðum nam 50–140 þús. kr. Ríkisendurskoðun segir sterkar vísbendingar um að risnuútgjöld tengist í mörgum tilvikum aðeins bankastjórunum sjálfum og mökum þeirra. Samt fá þeir fulla dagpeninga, makarnir hálfa og greitt að fullu fyrir gistingu þeirra. Makarnir fylgja þeim oftast í utanlandsferðum, segir Ríkisendurskoðun. Taka þessir menn aldrei upp buddu sína?

Skýringar vantar á 19 millj. af 68 millj. í risnu eða tæplega þriðjungi. Umboðsaðilar áfengis afhentu áfengi beint í veiðihús. Slíkt er bannað með lögum. Í risnu tveggja bankastjóra eru 3 millj. kr. áfengisviðskipti við eitt veitingahús, þar af eru aðeins 440 þús. kr. skýrðar. Ganga þarf úr skugga um að lögformlega hafi verið staðið að skattskilum vegna ferðahlunninda bankastjóra, segir Ríkisendurskoðun.

Brot á hvaða lögum eru hér á ferðinni, herra forseti? Stöndum við frammi fyrir því, herra forseti, að þessi skýrsla sem hvíla mun eins og skuggi yfir þjóðinni um langan tíma, kalli á lögsókn og lögreglurannsókn? Herra forseti. Ég spyr ráðherrann um hvort það verði skoðað. Erum við á Íslandi eða í bananaþjóðfélagi þar sem valdhafar maka krókinn á kostnað fólksins? Spurningin er áleitin, herra forseti. Erum við á bekk með siðspilltum þjóðum eða þjóðum þar sem siðgæði ríkir? Er hér að koma upp á borðið ein ástæða þess að ein af ríkustu þjóðum heims getur ekki búið öllum þegnum sínum sómasamlegt viðurværi vegna bruðls og sóunar? Er þetta ástæða þess að hyldjúp gjá er að skapast og myndast milli ríkra og fátækra í íslensku samfélagi?

Reiði fólksins er að brjótast fram af meiri þunga og af meiri krafti en við höfum áður séð. Fátækt fólk sem telja þarf hverja krónu í buddu sinni til að eiga fyrir brýnustu nauðsynjum en greiðir samviskulega sín bankalán er allt í senn sárt, undrandi en þó langmest, herra forseti, ævareitt. Því svíður, herra forseti, undan græðgi toppanna sem treyst hefur verið til trúnaðarstarfa. Því svíður græðgi þeirra manna sem fá 1 millj. í mánaðarlaun eða sem svarar einum árslaunum verkafólks en virðast samt ekki geta tekið upp buddu til að greiða fyrir einkaneyslu sína, skemmtanir og hvers konar fríðindi. Fólk hefur kallað þetta þjófnað. Ég lái því það ekki, herra forseti.

Hinn venjulegi launamaður í þessu landi er hundeltur af kerfinu, skattinum og bönkunum ef hann greiðir ekki sína skatta og skuldir. Fær hann afskrifuð sín bankalán eða skattaskuldir eigi hann ekki fyrir þeim? Nei, hann er látinn bera ábyrgð og honum er refsað ef hann stendur ekki við sitt. Fólk krefst með réttu þess sama af þeim sem treyst hefur verið til trúnaðarstarfa í þjóðfélaginu og fá fyrir það himinhá laun, starfskjör og fríðindi sem fólkið, líka það sem hundelt er af kerfinu, þarf að greiða fyrir.

Herra forseti. Gömul kona hringdi í mig í gærkvöldi og sagði: Ég hef hreinlega ekki sofið vegna þessa máls. Þetta er grátlegt. Búum við virkilega í svona spilltu samfélagi? Orð þessarar konu er spegill þjóðarinnar í þessu máli. Fólk vill ekki svona þjóðfélag. Það gerir kröfu um allsherjarhreingerningu í íslensku samfélagi. Fólki gjörsamlega ofbýður, herra forseti, og eftir þessa svörtu skýrslu mun fólk verða hamslaust af bræði.

Þessi svarta skýrsla mun hvíla eins og skuggi yfir þjóðinni, herra forseti, þar til leikreglum samfélagsins hefur verið breytt og við höfum búið fólkinu þjóðfélagssiðgæði í stað siðspillingar. En, herra forseti, nægir það til að endurreisa trúnað milli bankans og fólksins að bankastjórarnir þrír skyldu segja af sér? Nei. Gallinn er sá að fjöldi fólks trúir ekki að bankaráðið hafi hreinan skjöld í málinu.

Bankaráðið segir að Ríkisendurskoðun telji þá hafa rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðilar fullkomlega eðlilega. Þetta er algjörlega rangt. Enga slíka yfirlýsingu er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er hlálegt að lesa greinargerð bankaráðsins sem er hreinn kattarþvottur, herra forseti. Þar reyna þeir að hvítþvo sig þegar bankaráðið segir að nokkrar fjárhæðir hjá tveimur bankastjórum hafi ekki verið skýrðar. Við erum þó að tala um margar milljónir. Betra hefði verið að ganga hreint til verks og að bankaráðið hefði einnig sagt af sér.

Greinargerð bankaráðsins þarf líka að ræða í sérstakri umræðu. Ég furða mig á því, herra forseti, að ráðherra verji bankaráðið í þessari umræðu. Bankaráðið á hafa eftirlit með rekstri bankans, þar með talið risnu og ferðalögum. Hvernig gat 200 millj. kr. risna og ferðalög á tæpum fimm árum farið fram hjá bankaráðinu sem á að hafa eftirlit með rekstri bankans? Sá bankaráðið virkilega ekkert athugavert við það að nærri 400 ferðir voru farnar til útlanda á tæpum fimm árum? Það samsvarar því að nær fjórða hvern dag allt árið um kring var einhver erlendis á vegum bankans. Sá bankaráðið ekkert athugavert við að ferðalög og risna eru að meðaltali um 40 millj. kr. á hverju ári sem samsvarar mánaðarlaunum 550 verkakvenna?

Hvernig skilgreinir ráðherra hlutverk bankaráðsins þar sem í lögum segir að bankaráðið eigi að hafa eftirlit með rekstri bankans? Hvernig skilgreinir ráðherrann það? Fellur ekki risna og ferðalög undir reksturinn, eða hvað? Var virkilega ekkert stoppað við þessar háu tölur hjá bankaráðinu? Hvað með innra eftirlit bankans? Hver ber ábyrgð á því ef innra eftirlit bankans hefur verið í molum? Ég spyr ráðherrann: Er það ekki bankaráðið? Hvað segir ráðherrann um þau ummæli Sverris Hermannssonar að bankaráðið sjálft hafi hafið og stundað þessi viðskipti við Sverri en sjálfur hafi hann verið gerður að kokki og veislustjóra?

Ég óska þess að ráðherra staðreyni þessi ummæli því þau snúa að ábyrgð bankaráðsins í þessu máli.

Ekki má gleyma því, herra forseti, sem snýr að löggjafarþingi þjóðarinnar. Greinilega vísvitandi rangar upplýsingar. Ég játa að menn blekktu, segir einn bankastjórinn. Löggjafarþing þjóðarinnar hefur verið lítilsvirt og smánað. Því hefur verið gefið langt nef. Hvernig, herra forseti, ætlar forsn. og allur þingheimur að endurheimta stöðu sína og styrk gagnvart framkvæmdarvaldinu? Við því verðum við að bregðast. Forusta hæstv. forseta er þar mikilvæg. Ég beini óskum um

það til virðulegs forseta en fjölmörg mál um það liggja fyrir þinginu og verða að fá efnislega umfjöllun og afgreiðslu á Alþingi.

Svör við fyrirspurnum frá þingmönnum eru á ábyrgð ráðherra. Ráðherrann er ábyrgur gagnvart þinginu, ekki embættismennirnir. Í því efni getur ráðherrann ekki skotið sér á bak við undirmenn eða aðra. Ég spyr ráðherra: Hver er ábyrgð hans í þessu máli? Telur ráðherrann, líkt og í öðrum löndum, að ráðherra eigi sjálfur að axla ábyrgðina? Ráðherrar eru ekki bara sendlar með svör frá embættismönnum til þingsins. Þeir bera ábyrgð gagnvart þinginu.

Hreingerning er hafin í bankakerfinu. Alla bankana verður að skoða. Dótturfyrirtæki þeirra verður að skoða. Opna verður upp á gátt hjá dótturfélaginu Lýsingu og lýsa þar upp hvert skúmaskot. Taka þarf til í öllu kerfinu, breyta leikreglunum og búa hér til siðað samfélag sem fólk er stolt af að tilheyra. Verði það ekki gert mun skuggi þessarar kolsvörtu, skelfilegu hrollvekju hvíla yfir þjóðinni um langan tíma.

[17:27]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að áhrif einfaldrar fyrirspurnar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fyrir hæstv. viðskrh. um laxveiðiferðir stjórnenda Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka hafi haft víðtækari áhrif en nokkur gat séð fyrir. Eðlilega var búist við að svör við þessum spurningum fengjust strax þar sem bókhald þessara virtu fjármálastofnana hlyti að vera þannig að auðveldlega mætti sækja upplýsingar sem þessar. En reyndin varð önnur, svörin bárust seint og illa og alls ekki innan þess tíma sem hæstv. ráðherra hefur samkvæmt þingsköpum til að svara.

Verra var að svör hæstv. ráðherra um kostnað vegna laxveiðiferða stjórnenda Landsbankans reyndust röng. Kostnaðurinn reyndist miklu meiri en fram kom í þeim svörum. Í ljós kom að risnukostnaður, annar en vegna veiðiferða, var einnig óheyrilega hár. Í sumum tilvikum var hann án útskýringa. Þetta mál er allt með ólíkindum.

Allra verst er þó sú staðreynd að ekki megi treysta bókhaldi og upplýsingum frá einni stærstu og virtustu fjármálastofnun landsins. Þar virðist hafa verið haldið tvenns konar bókhald, annað geymt í höndum sérlegs starfsmanns bankastjóranna án vitundar bankaráðsins. Í ljós kemur að innra eftirlit bankans er alls ekki í lagi. Það sem þarna hefur viðgengist er sannarlega engri stofnun til sóma. Hvað varðar ábyrgð á því sem gerst hefur vísar hver á annan. Það er ekki aðeins um það að ræða að óeðlilega hafi verið staðið að bókhaldi og innra eftirliti Landsbankans heldur virðist þurfa mun skýrari reglur um starfssvið og ábyrgð þeirra sem að þessum málum koma innan bankans.

Þá kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar við bankastjórana áður en hf. var sett aftan við nafn bankans. Það er varla hægt að trúa að þannig hafi verið staðið að málum og eðlilega vekur niðurstaða Ríkisendurskoðunar upp spurningar um ábyrgð þess ráðherra sem er æðsti yfirmaður þessara stofnana og fer nánast með alræðisvald í málefnum bankanna í dag.

Það kemur vissulega einkennilega fyrir sjónir að þeir þrír bankastjórar sem ráðnir voru til áframhaldandi starfa við Landsbankann um síðustu áramót samkvæmt vilja hæstv. ráðherra hafa nú rúmum þremur mánuðum síðar allir sagt af sér vegna þeirra mála sem fjallað er um í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Eftir að hafa hlustað á ýmsar skýringar fyrrv. bankastjóra og bankaráðsmanna sem birst hafa í fjölmiðlum síðustu daga og eftir lestur skýrslunnar hlýt ég að álykta að hæstv. ráðherra hafi um langan tíma verið ljóst að ekki hafi verið staðið eðlilega að málum innan Landsbankans.

Skoða verður ráðningu bankastjóranna þriggja um síðustu áramót í ljósi þeirrar vitneskju og þeirrar staðreyndar að ekki var á þeim tíma vilji til að breyta skipulagi bankans og ráða aðeins einn bankastjóra eins og nú hefur verið gert. Umræða og tillögur í þessa veru lágu þó fyrir og komu fram frá Alþýðubandalaginu í umræðunni um breytt rekstrarform bankanna. Mér er einnig kunnugt um að Jóhann Ársælsson og Anna Margrét Guðmundsdóttir, bæði fulltrúar í bankaráði Landsbankans, hafa flutt slíkar tillögur á fundum þess.

Athugun Ríkisendurskoðunar nær aftur til ársins 1993. Í skýrslunni koma fram mjög alvarlegar athugasemdir og verður að teljast með ólíkindum að tvenns konar bókhald, stöðugar veiðiferðir, hrikaleg vínkaup og ferðalög, hafi farið fram hjá innri endurskoðunardeild Landsbankans. Hún hefur þó samkvæmt starfslýsingu það hlutverk að fylgjast með því að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna og því að almennt eftirlit í starfsemi bankans sé virkt.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar starfa að jafnaði níu starfsmenn í endurskoðunardeild Landsbankans. Fram hjá þessu eftirliti fóru þó 41,7 millj. kr. í veiðiferðir. Sumar þeirra voru undir yfirskini viðskiptahagsmuna sem hlýtur þó að vera afar hæpið eða má í ljósi þeirra viðhorfa telja að hæfilegt magn laxveiðiferða þjóni kannski hagsmunum annarra ríkisstofnana? Væru þeim því heimil kaup á ákveðnum fjölda laxveiðileyfa ár hvert?

Fram hjá innra eftirlitinu fór risnukostnaður að upphæð rúmlega 45 milljónir króna, þar af 13,9 á síðasta ári. Risnukostnaður bankastjóranna er hrikalega hár, sérstaklega sú upphæð sem hefur farið til áfengiskaupa. Risna bankastjóranna er meiri en kemur fram hjá þeim persónulega. Í skýrslunni kemur fram að í ýmsum tilvikum hafi áfengis- og matarúttektir vegna bankastjóranna eða þeirra starfa verið samþykktar af öðrum en þeim sjálfum.

Það er líka athyglisvert að tveir bankastjórar hafa keypt áfengi fyrir u.þ.b. 3 milljónir króna af „tilteknu veitingafyrirtæki í Reykjavík", eins og segir orðrétt í skýrslunni. Aðeins hefur komið fram fullnægjandi skýring á 444.776 krónum af þessari fjárhæð. Þá vekur einnig athygli að tvívegis var keypt áfengi af þessum veitingamanni fyrir tæpar 200 þúsund krónur en í stað þess að veitingamaðurinn afhenti áfengið, þá sá umboðsaðili áfengisins a.m.k. einu sinni um að afhenda það í veiðikofa bankastjóranna.

Um þetta segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Telji bankastjórnin eða stjórnendur bankans nauðsynlegt að veita áfengi í veiðiferðum eða sambærilegum ferðum á vegum bankans ber þeim skilyrðislaust að virða reglur um sölu og veitingar áfengis og kaupa áfengið hjá ÁTVR. Vakin skal athygli á því að ÁTVR býður upp á sérpöntunarþjónustu þannig að henni á ekki að vera skotaskuld úr því að leysa úr sérþörfum ferðalanga á vegum bankans og dótturfélaga hans, sé talin brýn þörf á því."

Vegna ófullnægjandi bókhalds getur bankinn ekki veitt skýringar á stórum fjárhæðum vegna risnu. Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir og telur að bókhaldsgögn Landsbankans, þessarar virtu fjármálastofnunar, standist

engan veginn þær kröfur sem gerðar eru. Þá telur Ríkisendurskoðun einnig nauðsynlegt að athuga hvort staðið hafi verið eðlilega að skattalegri meðferð þessa kostnaðar, m.a. hvort staðið hafi verið með lögformlegum hætti að skattskilum vegna ferðahlunninda bankastjóra og upplýsingagjöf á launamiðum þeirra til skattstjóra í samræmi við reglur um tekju- og eignarskatt.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir um ferðakostnað bankastjóranna og maka þeirra. Þar er um að ræða ferðir sem alls ekki verður séð að tengist með nokkrum hætti erindisrekstri á vegum bankans. Um er að ræða ferðir þar sem bankastjórar eru á fullum launum, fullum dagpeningum, fá auk þess kostnað greiddan og fá einnig orlof af þeim launum sem þeir taka í þessum sumarleyfisferðum. Makar fá greidda hálfa dagpeninga. Er nema von að Ríkisendurskoðun velti fyrir sér skattalegri meðferð þessara launa? Skýringar á tilefni utanlandsferða eru einnig sérkennilegar og væru ekki viðunandi í bókhaldi nokkurrar annarrar ríkisstofnunar. Enda verður ekki séð að svona óreiða gæti þrifist um svo langan tíma hjá nokkurri ríkisstofnun miðað við það eftirlitskerfi sem þær búa við.

Virðulegi forseti. Skýrslan er harður dómur yfir yfirstjórn Landsbankans. Þó eru þar ekki allir undir sama hatti. Einn bankastjórinn sker sig úr. Það er Halldór Guðbjarnason. Vissulega ber hann að hluta ábyrgð á því hvernig komið er því honum hlýtur að hafa verið ljóst hvernig staðið var að málum. En hans viðskipti, notkun á risnu og öðrum kostnaði virðist þó hafa verið eðlilegri og hófsamari en segja má um aðra sem hlut eiga að máli. Einnig liggja fyrir fullnægjandi skýringar á þeim upphæðum sem skrifast á hann. Ekki verður annað séð en að bankaráðið hafi staðið eðlilega að málum miðað við þær upplýsingar sem það hafði. Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að endurskoðendum bankans, en í skýrslunni segir:

„Að áliti Ríkisendurskoðunar er ljóst að verulega hefur skort á að eftirlitsaðilar hafi sinnt skyldu sinni gagnvart viðskiptaráðherra og bankaráði varðandi eftirlit með kostnaðarliðum, sem eru til umfjöllunar í skýrslu þessari. Stofnunin telur ljóst að endurskilgreina þurfi kostnaðareftirlit bankans frá grunni og búa þannig um hnútana að mál af þessu tagi endurtaki sig ekki.

Ljóst er að endurskipuleggja þarf eftirlit og endurskoðun hjá bankanum. Framvegis þarf m.a. að leggja þunga áherslu á eftirlit með viðkvæmum rekstrarkostnaðarliðum og tryggja að öll skýrslugjöf bæði innri og ytri endurskoðenda verði milliliðalaus til bankaráðs en fari ekki til bankastjórnarinnar."

Fram kemur í bréfi bankaráðsins til ráðherra kemur fram að á árinu 1996 að bankaráðið óskaði eftir athugun Ríkisendurskoðunar á því hvort nægjanlega vel væri staðið að upplýsingagjöf til bankaráðsins þannig að það gæti sinnt eftirlitshlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Ríkisendurskoðun taldi að svo væri. Því verður að álykta að bankaráðið hafi sinnt skyldu sinni miðað við fyrirliggjandi upplýsingar. Ekki verður annað séð en að niðurstaða Ríkisendurskoðunar sé að ábyrgðin sé fyrst og fremst gerendanna, það er tveggja fyrrverandi bankastjóra og innra eftirlit bankans sé í molum. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er þó hvergi nærri fullnægjandi enda kemur þar fram að ýmsa þætti eigi eftir að skoða betur.

Við hljótum því, virðulegi forseti, að fara fram á að þegar þeirri athugun verður lokið verði niðurstaðan birt á Alþingi sem og niðurstaða sambærilegrar úttektar sem þingflokkur Alþb. og óháðra hefur farið fram á að gerð verði hjá Búnaðarbanka og Seðlabanka. Við verðum að tryggja að atburðir sem þessir endurtaki sig ekki og því verður ríkisstjórnin að sjá til þess að reglum og eftirliti, er varða starfsemi bankanna, verði breytt í samræmi athugasemdir Ríkisendurskoðunar.

[17:37]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um kostnað Landsbanka Íslands af veiðiferðum og risnu er svört. Skýrslan er áfellisdómur yfir stjórnun bankans, bókhaldi hans, endurskoðun og eftirliti. Gegndarlaus sóun á almannafé hefur viðgengist vegna veiðiferða, ferðalaga og óhóflegra áfengiskaupa. Allt bendir til að lögbrot hafi verið framin í sambandi við áfengiskaup. Starfskjör bankastjóra eru ekki ljós þannig að bankaráðið hefur ekki staðfest hvort heimilt sé að bankastjórar fari í tvær einkaferðir ásamt maka til útlanda eða ekki. Bankaráðið fær mánaðarlegt yfirlit um risnukostnað og hefur ekki þótt hann óeðlilega hár. Hvaða viðmið á eiginlega að nota?

Lögbundið eftirlitshlutverk bankaráðsins er greinilega í molum. Bankaráðið bregst við því strax og segir að öllu verði eða hafi þegar verið kippt í liðinn. Yfirlýsingar bankaráðsins, sem fram koma í bréfi til viðskrh. dagsettu í dag, eru yfirklór aðila sem bera ábyrgð og eru ekki trúverðugar við núverandi aðstæður. Hvers vegna ætti að taka fyrir laxveiðar nú frekar en 1993? Hvernig getur bankaráðið tekið undir með Ríkisendurskoðun um að viðskipti með laxveiði við Bálk ehf. hafi verið óviðeigandi og sagt um leið að bankaráðið sem sat frá 1994–97, þ.e. að verulegu leyti sama fólk og nú, hefði lagst gegn slíkum viðskiptum ef það hefði vitað um þau? Hvernig kemur það heim og saman við fullyrðingu Sverris Hermannssonar um að laxveiðar á vegum bankans hafi farið fram með fullri vitneskju bankaráðsins öll árin?

Hvorki fólkið í landinu né við stjórnmálamenn látum blekkjast af svona yfirlýsingum. Ekki verður undan því vikist að menn sæti ábyrgð þannig að þetta mál verði upphaf siðvæðingar, ekki bara í Landsbankanum heldur og í íslenskri stjórnsýslu og stjórnmálum yfirleitt.

Ábyrgð viðskrh. er ótvíræð. Hann ber bæði hina formlegu ábyrgð og hann hefur ekki getað skýrt nógu vel þátttöku sína í laxveiðiferðum Landsbankans. Hvers vegna fer óbreyttur þingmaður í laxveiðiferð vegna komu erlends bankastjóra? Ég tel að hæstv. viðskrh. hafi ekki fyllilega gert grein fyrir sínum þætti þessa máls. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur ekki fram hverjir hafi farið í þessar ferðir. Þarna hefur sjálfur viðskrh. lýst því yfir að hann hafi tekið þátt í þeim án þess að skýra hvers vegna svo viðunandi sé.

Ábyrgð bankaráðsins er einnig mjög skýr þó að greinilega sé ætlunin að það sleppi með að láta bankastjórana segja upp. Tveir bankastjóranna þurfa að gera grein fyrir 2 millj. kr. risnu en þriðji bankastjórinn, Halldór Guðbjarnason, er greinilega með hreinni skjöld þó erfitt sé að líta svo á að einhver einn í bankastjórninni sé saklaus. Bankastjórnin hlýtur að vera samábyrg. Sérstaklega þarf að athuga ábyrgð fyrrv. formanns bankaráðsins, Kjartans Gunnarssonar, og hvort löglegt sé að hann sitji samtímis í bankaráðinu og stjórn VÍS. Ég hef ekki séð sannfærandi rök fyrir því þrátt fyrir fjölmiðlaumræðu. Kjartan Gunnarsson er framkvæmdastjóri Sjálfstfl. Ég tel að það yrði mjög varhugavert ef hann kæmist hjá því að sæta ábyrgð í þessu máli.

Herra forseti. Margir hafa undanfarna daga spurt hvort það sé ekki gott að vera kona í stjórnmálum í dag og horfa á þetta musteri karlveldisins molna innan frá. Í hugum þessa fólks eru höfuðstöðvar Landsbanka Íslands orðið tákn gamla karlveldisins sem er að hrynja. Þrír karltoppar eru látnir fjúka. Annar karl er umsvifalaust ráðinn í staðinn. Nokkrum öðrum er skákað til, til bráðabirgða að vísu. Hér er enn eitt dæmið um það hvar jafnréttismálin eru í forgangsröðinni hjá þessari ríkisstjórn. Ekki virðist hafa hvarflað að viðskrh. eða bankaráðinu að nota þetta tækifæri til að ráða fyrsta kvenbankastjóra landsins.

Kvennalistinn átti fulltrúa í bankaráði Landsbankans árið 1990–1993. Þá tíðkaðist það að bankaráðið færi í árlegar laxveiðiferðir sem okkar fulltrúi tók þátt í en lagði margoft til, fyrst ein og síðan með Önnu Margréti Guðmundsdóttur, að laxveiðiferðum á kostnað bankans yrði hætt. Það er athyglisvert að skoða örlög þeirrar tillögu sem mörg hundruð starfsmanna Landsbankans úti um allt land höfðu bankaráðið til að samþykkja með undirskriftum sínum.

Af fimm fulltrúum í þáverandi bankaráði eru fjórir eftirlifandi. Þar af hafa þrír staðfest að tillagan hafi verið samþykkt, þ.e. Kristín, Anna Margrét og Steingrímur Hermannsson. Það er mjög athyglisvert hvernig Kjartan Gunnarsson, þáverandi formaður bankaráðsins, og Sverrir Hermannsson hafa verið tvísaga um þessa tillögu. Fyrir skömmu var haft eftir Kjartani í blöðum að tillagan hafi aldrei verið samþykkt en verið vísað með góðum tilmælum til bankastjórnar. Í dag segir sami Kjartan í bréfi bankaráðsins til viðskrh. að bankaráðið hafi samþykkt árið 1993 að hætta sjálft þátttöku í veiðiferðum bankans.

Í frétt Morgunblaðsins frá 14. sept. 1993 er sagt frá fundi landsbankamanna á Selfossi. Þar var verið að réttlæta uppsagnir á annað hundrað starfsmanna og um sama leyti var t.d. árlegt matarboð starfsfólks Landsbankans með mökum í mötuneyti bankans lagt af í sparnaðarskyni. Í greininni stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Sverrir Hermannsson bankastjóri sagði að ekki yrði um neinar laxveiðar bankastjóra né bankaráðsmanna á kostnað bankans. Það væri einn liðurinn í sparnaði bankans. Sóun er of viðtekin venja í þessu þjóðfélagi, sagði Sverrir og að tími væri kominn til að henni linnti."

En hvað segir bankastjórinn fyrrverandi um þetta mál í Morgunblaðinu í dag? Orðrétt svarar hann spurningu um hvort því hafi ekki verið beint til bankastjórnar að hætta laxveiðum á vegum bankans 1993. Svar Sverris er á þessa leið:

„Þetta er rangt. Hið rétta er að hún Kristín litla Sigurðardóttir hóf þessa umræðu í bankaráði og kom með þessa hugmynd úr prjónaklúbbi Kvennalistans. Það var hins vegar engin samþykkt gerð í þessa veru og engu beint til bankastjórnar. Laxveiðar á vegum Landsbankans fóru því fram með fullri vitneskju bankaráðsins öll árin og engar athugasemdir gerðar við þær."

Svo mörg voru þau orð. Þetta svar sýnir ekki eingöngu hvernig viðkomandi hagræðir sannleikanum og e.t.v. minni sínu eftir hentugleikum heldur sýnir þetta viðhorf Sverris Hermannssonar til fyrrv. bankaráðskonu Landsbankans, viðhorf hans til tillögu lögskipaðra bankaráðskvenna. Sjaldan heyrist nú til dags jafn hreinræktuð kvenfyrirlitning.

Við kvennalistakonur hvetjum alla prjónaklúbba landsins til virkni í starfi því kannski eru það einmitt þeir sem eru þess megnugir að verða litlar þúfur sem velta þungu hlassi. Eftir svona yfirlýsingar verða höfuðstöðvar Landsbankans fyrir mér ímynd kvenfyrirlitningar og spilltra stjórnarhátta. Ég vona að tilvist Landsbankans úti um allt land verði áminning um að herða þurfi baráttuna fyrir kvenfrelsi og jafnrétti auk þess að ráðast á spillingu í stjórnsýslunni. Það eru toppar Landsbankans sem eru spilltir og starfsfólkið líður fyrir það.

Ég vil að lokum, herra forseti, óska nýjum bankastjóra góðs gengis í starfi með von um að honum takist að breyta ímynd bankans frá því að vera ímynd siðspillingar og sóunar en verði í raun banki allra landsmanna þar sem jöfn virðing er borin fyrir konum og körlum. Hvort það er tilviljun eða ekki að hinn nýráðni bankastjóri er sjálfstæðismaður skal ósagt látið. Hitt skiptir mig meiru að kynni mín af störfum Halldórs J. Kristjánssonar eru þannig að ég hef fulla ástæðu til að treysta honum til að reisa Landsbankann og ímynd hans við þó ekki sé ljóst að ráðning hans sé framfaraspor fyrir jafnrétti kynjanna.

[17:47]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Segja má að kaflaskipti hafi orðið í stjórnsýslu Íslendinga. Jafnvel er talað um siðvæðingu stjórnsýslunnar. Það sem áður kann að hafa verið látið afskiptalítið sem einhvers konar forréttindi háttsettra aðila í samfélaginu á hreinlega ekki við í dag. Aðgerðir síðustu vikna bera þess merki. Háttsettir embættismenn hafa verið látnir sæta ábyrgð á gerðum sínum. Það eitt sætir í sjálfu sér tíðindum. Kaflaskilin eru þannig tákn nýrra tíma.

Komið hefur í ljós hversu mikilvægu hlutverki Ríkisendurskoðun sem sjálfstæður og hlutlaus aðili gegnir fyrir það sem kalla má þriflega stjórnsýslu. Það er hins vegar jafnmikilvægt fyrir Alþingi og ríkisstjórn að bregðast við á réttan hátt. Brýnt er að vöndur siðvæðingarinnar lendi þar sem honum er ætlað en verði ekki beitt gegn saklausum.

Herra forseti. Fróðlegt er að lesa í skýrslu Ríkisendurskoðunar athugasemdir um embættisstörf Halldórs Guðbjarnasonar. Þar kemur skýrt fram að engar athugasemdir eru gerðar við störf Halldórs, engar. Þetta er athyglisvert ekki síst í ljósi þess að Halldór er sá bankastjóranna sem á frumkvæði að því að segja starfi sínu upp, eða eins og segir í yfirlýsingu hans, með leyfi hæstv. forseta: „Til að skapa yfirvöldum það svigrúm sem nauðsynlegt er til að endurskipuleggja bankann og endurreisa traust almennings á honum þannig að eigendur bankans og starfsfólk þurfi ekki að líða fyrir þá neikvæðu umræðu sem orðið hefur um bankann."

Ég tel afskaplega mikilvægt fyrir þingið og framkvæmdarvaldið að rétt sé staðið að verki við tiltektir í stjórnsýslu. Þeir sem bera ábyrgð eiga að svara fyrir þá ábyrgð. Þeir sem bregðast þeirri ábyrgð eiga að gjalda þess en ég tel það jafnmikilvægt fyrir þing og önnur stjórnvöld að gæta ekki síður hagsmuna þeirra sem hafa hreinan skjöld. Svo virðist ekki vera í tilviki Halldórs Guðbjarnasonar. Segja má að skipulagsleysi í yfirstjórn bankans hafi beinlínis hrakið hann úr starfi. Það getur aldrei hafa verið tilgangurinn. Ég tel að yfirvöld beri siðferðilega ábyrgð á að refsivöndur siðvæðingar hafi hrakið Halldór Guðbjarnason úr starfi.

Réttlætinu á að fylgja. Þeir sem gerast brotlegir í starfi eiga að víkja. Með sama hætti ber okkur skylda til að verja rétt þeirra sem sannarlega hafa hreinan skjöld. Að öðrum kosti er umræðan öll óábyrg.

[17:50]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Vissulega eru það alvarleg tíðindi sem hér hafa verið að gerast. Greinargerð Ríkisendurskoðunar staðfestir að Alþingi var sagt rangt frá. Hún staðfestir að við stærsta banka þjóðarinnar höfðu stjórnendur komið sér upp sjálftökukerfi. Hún staðfestir að þeir sem áttu að hafa eftirlit með starfsemi bankans, bæði innra eftirlit og ytra eftirlit, brugðust hlutverki sínu. Hún staðfestir einnig að æðsta stjórn bankans, bankaráð og ráðherra, hefðu mátt haga störfum sínum með nokkuð öðrum hætti og sinna eftirlitsskyldu sinni betur.

Þetta mál er hins vegar ekki búið, það er alveg ljóst. Ríkisendurskoðun tekur sjálf fram að enn hafi hún ekki lokið umfjöllun um ýmis atriði svo sem ferðakostnað og enn hafi hún ekki fengið skýringar á ýmsum athugasemdum sem hún hefur gert. Því vænti ég þess fastlega að hæstv. viðskrh. muni upplýsa Alþingi um framhald málsins.

En það eru ýmsar spurningar sem einnig rísa þó að takmarkaður tími sé til að fjalla um þær. Í áliti Ríkisendurskoðunar kemur fram eins og ég sagði áðan að bæði innra og ytra eftirlitið hefur brugðist. Innra eftirlitinu er stjórnað af yfirmanni sem ráðinn er af bankaráðinu sjálfu og ber ábyrgð gagnvart því en ekki bankastjórninni og verður ekki betur séð af áliti Ríkisendurskoðunar en hann hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni og skyldu sinni við bankaráðið. Því spyr ég: Hefur verið gerð breyting hér á?

Það kemur líka í ljós í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ytra eftirlitið hefur brugðist. Það eftirlit er í höndum tveggja aðila, endurskoðanda, sem ráðinn er til starfa af viðskrh., og Ríkisendurskoðunar sjálfrar. Ég spyr: Hefur hæstv. viðskrh. sem ræður annan aðilann til starfa gert einhverjar breytingar þar á? (**Viðskrh.:** Ekki lengur.) Eftir niðurstöðu Ríkisendurskoðunar þar sem Ríkisendurskoðun segir að þessi aðili, sem á að sinna ytra eftirliti og starfar á vegum ráðherra, hafi brugðist ráðherranum, hefur ráðherrann þá gripið til viðeigandi ráðstafana?

Ég spyr ráðherrann einnig í lokin: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að tryggja að það áfall sem ríkisbankakerfið hefur orðið fyrir og það vantraust sem þetta kerfi býr nú við hjá almenningi í landinu verði betrumbætt? Ríkisstjórnin ein getur gripið til þeirra ráðstafana sem nægja til að endurvekja traust almennings á þessu kerfi. Til hvaða ráðstafana mun hún grípa?

[17:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Af þessu máli þarf að draga lærdóma og ætla ég að vekja máls á þremur atriðum. Þau eru samtvinnuð og snerta stjórnsýsluna, pólitíkina og peningana.

Í fyrsta lagi er nú deginum ljósara að Ríkisendurskoðun og hugsanlega fleiri sjálfstæða rannsóknaraðila á vegum Alþingis ber að efla. Ríkisendurskoðun hefur sýnt vönduð vinnubrögð í þessu máli og sannast hefur gildi þess að Alþingi geti leitað til aðila sem eru sjálfstæðir gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Í öðru lagi hefur þetta mál sýnt brotalöm í samskiptum framkvæmdarvaldsins og Alþingis en þar hefur skort aðhald en aðhaldið gerir tvennt í senn: Dregur úr hættu á misnotkun og spillingu og stuðlar að því að gera menn ábyrga orða sinna og gerða í stjórnkerfinu. Í þessu sambandi vil ég ítreka það sem ég sagði þegar Landsbankamálið kom áður til umræðu á Alþingi að rangar og villandi upplýsingar í því máli ættu að verða okkur tilefni til að taka fleiri mál til skoðunar þar sem ætla má að gefnar hafi verið misvísandi upplýsingar. Sá hinn sami hæstv. ráðherra, Finnur Ingólfsson, sem varð það á að fara með rangar staðhæfingar um laxveiðar bankastjóra Landsbankans, svaraði hér í þinginu fyrir fáeinum vikum fyrirspurn um afleiðingar af einkavæðingu rafmagnseftirlitsins í landinu. Ráðherrann flutti þinginu þann boðskap að allt væri þar í himnalagi og ásakanir og gagnrýni um bruðl með almannafé og að eftirlitið væri í molum ætti ekki við nokkur rök að styðjast.

Margt bendir til að hið sama hafi gerst í því máli og í bankamálinu nú að þeir aðilar sem gagnrýndir voru hafi undirbúið svar ráðherrans, með öðrum orðum eigin málsvörn sem jafnframt þjónaði þeim tilgangi að styrkja pólitíska óskhyggju ráðherrans án þess að hann gerði nokkuð til að kalla til óvilhalla aðila og er kominn tími til að svo verði gert, enda mun það vera til umræðu nú í iðnn. þingsins.

Þriðja atriðið sem ég ætla að nefna er að gagnvart ríkisbönkunum hafa fulltrúar almennings brugðist. Það hefur sýnt sig í þessu máli. En það er mikilvægt að gleyma því ekki að á meðan fjármálastofnanir eða aðrar mikilvægar samfélagsstofnanir eru í almannaeign og undir almannastjórn er hægt að gera kröfur um upplýsingar og allt sem snertir stefnumótun og ráðstöfun fjármuna. Með hlutafélagavæðingu og einkavæðingunni eru kastljós opinberrar skoðunar hins vegar dempuð og við tekur viðskiptaleyndin eins og feluleikurinn heitir á fínu máli. Einkavæðingin dregur þannig úr aðhaldi auk þess sem hún flytur til fjármagn og það hefur verið gert í milljarðavís á þessum áratug án þess að fá verðskuldaða umræðu í þjóðfélaginu.

Að lokum þetta, herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu ber vott um hroka, það ber vott um siðblindu og ótrúlega spillingu, enda er andrúmsloftið í landinu rafmagnað. Hafa menn hugleitt líðan þeirra sem hafa ekki peningaráð til að framfleyta sér og sínum þegar þeir skoða þessa (Forseti hringir.) sukkreikninga yfirstéttarinnar? Laxamálið er siðferðilegt stórmál og það er peningalegt stórmál. Efnahagslega er það hins vegar smátt í sniðum sé það skoðað í ljósi þeirrar eignatilfærslu sem átt hefur sér stað í landinu með einkavæðingu undangenginna ára. (Forseti hringir.) Það er löngu tímabært að snúa af þessari braut og þau mál sem hér eru til umræðu ættu að verða okkur að kenningu um nauðsyn þess að stuðla að lýðræðislegu og opnu samfélagi (Forseti hringir.) í stað þess að færa það á bak við lokuð tjöld með hlutafélaga- og einkavæðingu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta tímans því margir eru á mælendaskrá.)

[17:57]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Það er vandi að fara með fé, sérstaklega annarra manna fé, og alveg sérstaklega opinbert fé sem ég kalla fé án hirðis. Það er alveg sérstaklega mikill vandi að fara með mikið fé. Það fólk sem lendir í þeirri stöðu, aðallega karlmenn, mega gæta sín að halda mjög greinilega aðskildum einkafjárhag og fjárhag viðkomandi fyrirtækis.

Fólk á að fá nákvæmlega skilgreind laun fyrir störf sín. Fólk í slíkri stöðu þarf daglega að spyrja sig: Er ég að gera rétt? Fyrir utan það að miklum peningum fylgja mikil völd og völd geta skapað örlög annars fólks, valdið atvinnuleysi eða ráðningum o.s.frv.

Herra forseti. Það er greinilegt að myndast hefur gjá á milli fólksins í landinu og ráðamanna. Fólk sem er í basli

með að láta mánaðarlaunin endast og snýr þúsundkallinum á milli fingranna, því ofbýður þegar ráðamenn bjóða sjálfum sér í veiðiferðir sem kosta mánaðarlaun hver dagurinn. Við hv. þingmenn megum ekki gleyma því fólki sem hefur kosið okkur. Við ráðstöfum meiri peningum en flestir aðrir og við þurfum að spyrja okkur daglega: Förum við vel með þá peninga? Förum við vel með skattana sem fólkið er að borga og eru skattarnir bærilegir?

Herra forseti. Það mál sem við ræðum nú, skýrsla Ríkisendurskoðunar um kostnað við veiðiferðir bankastjóra Landsbanka Íslands, truflar á margan hátt og særir réttlætiskennd fólks. Í fyrsta lagi er röng upplýsingagjöf til Alþingis ein og sér mjög alvarleg. Í öðru lagi eru viðskipti eins bankastjórans við nátengdan aðila sem lýsir óafsakanlegu dómgreindarleysi. Svo er það mikill kostnaður sem kemur bankarekstri ekkert við.

Í skýrslunni er ekki fjallað um, og átti ekki að fjalla um, önnur atriði miklu stærri sem varða útlánatöp bankans, rekstur bankans og þess að bankastjórarnir sitja í stjórnum dótturfyrirtækja í vinnutímanum og taka fyrir það sérstök laun.

Herra forseti. Sú lausn sem fengist hefur gefur von um að tekist hafi að leysa þau brýnu siðferðilegu vandamál sem Landsbankinn hefur glímt við. Þetta er mikil breyting og kannski meiri en við sjáum fyrir. Í fyrsta skipti hafa bankastjórar hætt störfum vegna ábyrgðar og verið er að gera miklu meiri kröfur til stjórnunar og það er mjög jákvætt að nýi bankastjórinn er ráðinn ópólitískt. Vonandi verður þetta mál til þess að það fólk sem er í valdastólum, bæði í ríkisfyrirtækjum sem og í ráðuneytum, spyrji sig daglega hvort það sé að gera rétt.

[18:00]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Við ræðum grafalvarlegt mál, mál sem við megum ekki og eigum ekki að afgreiða með upphrópunum, eigum ekki að afgreiða með mannfórnum heldur að taka á með yfirvegun. Allt þetta mál sýnir ljóslifandi það mikilvæga hlutverk sem við hér inni, sem Alþingi Íslendinga gegnir hvað varðar eftirlit með framkvæmdarvaldi og stofnunum ríkisins. Þess vegna er það umhugsunar- og áhyggjuefni að við, þingmeirihluti hér hefur búið þannig um hnúta nú að Alþingi Íslendinga getur ekki lengur gegnt eftirlitshlutverki með þeirri stofnun sem við erum að ræða, Landsbanka Íslands hf. Með öðrum orðum hefur verið hallað aftur dyrum þegar kemur að eðlilegri almennri upplýsingagjöf af þeim toga sem við ræðum og Ríkisendurskoðun hefur gert uppskátt um.

Ég hef lagt fram frv. til að taka á þessu vandamáli og mælti raunar fyrir því í dag og ég vænti þess að til þess sé pólitískur vilji að menn bæti þarna úr og tryggi að Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands og önnur fyrirtæki í eigu ríkisins veiti þær upplýsingar sem þingið kallar eftir hér eftir sem hingað til.

Ég ætla ekki að ræða efnisatriði þeirrar greinargerðar sem menn hafa helst staldrað við. Á hinn bóginn ætla ég að eyða nokkrum orðum í það blað sem fylgdi greinargerðinni og á er að finna svokallaðar skýringar bankaráðs Landsbanka Íslands. Það er aumlegt yfirklór sem þar er á ferð og satt að segja átakanlegt að hæstv. viðskrh. hafi kosið að verja þetta yfirklór, verja þetta bankaráð og stilla sér upp við hlið þess. Það var pólitísk yfirlýsing af hans tagi hér áðan og hann verður að standa við og búa við.

Meginninnihald greinargerðar bankaráðsins er þrenns konar: Bankaráðið vissi ekki, vildi ekki vita eða átti ekki að vita og vísar í raun allri ábyrgð af höndum sér, þeirri ábyrgð sem er skýlaus í lögum, nefnilega að fara með yfirstjórn bankans. Þá hlýtur maður auðvitað að gagnálykta eftir að hafa lesið plaggið í gegn og spyrja hæstv. viðskrh.: Hvert er þá í raun hlutverk bankaráðsins? Hvaða hlutverki gegnir það við yfirstjórn bankans ef ekki að hafa eftirlit og umsýslu með þeim hlutum sem er að finna í greinargerð Ríkisendurskoðunar? Þetta er hin áleitna spurning og því hlýtur maður að þráspyrja hvort hæstv. viðskrh. ætli sér að standa við þá yfirlýsingu að hann ætli að hvítþvo bankaráðið af allri ábyrgð á því máli sem er til staðar. Er það pólitísk yfirlýsing við þessar umræður?

[18:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Þinginu og þjóðinni er núna mikilvægast að friður og traust fái að ríkja um Landsbankann á ný, jafnt inn á við sem út á við. Landsbankinn er ein mikilvægasta fjármálastofnun landsins og orðspor okkar út á við og inn á við krefst þess að skapað sé traust og friður um bankann. Bankastjórar Landsbankans hafa sagt af sér, fyrst aðalbankastjórinn, m.a. af heilsufarsástæðum, og síðan hinir tveir bankastjórarnir í kjölfarið. Þar með hafa orðið kaflaskil í málinu og viðbrögð bankastjóranna eru óvenjuleg við aðstæður eins og þessar. Ekki er deilt um það í þinginu að þessar afsagnir voru eins og mál voru komin algerlega nauðsynleg forsenda þess að skapa mætti traust og frið um bankann á nýjan leik.

Ég tel að hæstv. viðskrh. og reyndar ríkisstjórnin hafi sýnt algerlega fumlaus viðbrögð í þessu erfiða máli og tryggt að enginn dagur liði eftir að mál höfðu skipast eins og við þekkjum án þess að bankanum væri tryggð skipuleg, traustvekjandi stjórn. Það hefur hæstv. viðskrh. gert fumlaust og það mun hafa mesta þýðingu fyrir framtíð bankans að mínu mati.

Við þingmenn hljótum hins vegar að vera dálítið hugsandi yfir því hvar sem við erum staðsett í stjórn eða stjórnarandstöðu eða í verkum okkar gagnvart þinginu að jafnmiklar upplýsingar og jafnháar tölur skuli geta farið fram hjá öllum eftirlitsaðilum bankans um jafnlanga hríð vegna þess að í því tilfelli sem er um að ræða er því ekki haldið fram að forráðamenn bankans hafi í neinu reynt að leyna gjörðum sínum eins og stundum gerist þegar mál af þessu tagi koma upp. Því er hvergi haldið fram að forráðamenn bankans hafi reynt að leyna gjörðum sínum. Athafnir þeirra sem gerðar eru athugasemdir við hafa legið ljósar fyrir í gögnum bankans. Hér er um stórar tölur að ræða. Við hljótum að vera undrandi yfir því að þessar tölur hafi svo lengi, ekki bara þau ár sem eru nú sérstaklega skoðuð, heldur mörg ár þar á undan því talað er um að þetta hafi viðgengist um mjög langa hríð, að þetta skuli allt saman hafa farið fram hjá mönnum. Við sem störfum í ráðuneytunum erum sérstaklega undrandi vegna þess að eftirlitskerfið með ráðuneytunum er þannig að það er farið yfir og gerð athugasemd við smæstu atriði, atriði sem okkur finnst stundum næstum því hjákátlega smá gagnvart ráðuneytunum en atriði sem eru jafnumfangsmikil virðast fara fram hjá öllum aðilum.

Því var áðan haldið fram áðan að hæstv. viðskrh. væri að reyna að hvítþvo bankaráðið. Hæstv. viðskrh. hefur ekki gert neina tilraun í þá átt. Við byggjum umræðuna í þessum sal á þessari stundu á upplýsingum Ríkisendurskoðunar og við höfum tekið þá afstöðu að byggja á þeim upplýsingum,

trúa þeim upplýsingum og trúa því mati og við eigum engan annan kost. Það er mat Ríkisendurskoðunar, sem má lesa úr skýrslum hennar, að bankaráðið hafi ekki brugðist í neinu.

Í greinargerð bankaráðsins er vísað sérstaklega til orða í lok skýrslu bankaráðsins og á fundi með bankaráðinu lýsti ríkisendurskoðandi því yfir að þessi orð bæri að túlka með þeim hætti sem bankaráðið gerir hér. Bankaráðið spurði síðan ríkisendurskoðanda sérstaklega um það hvort það orðalag sem væri notað væri fullnægjandi að hans mati og hann undirstrikaði það. Við eigum engan annan kost en að taka alla skýrsluna gilda, ekki velja úr það sem okkur líkar eða hitt sem okkur líkar ekki. Við eigum engan slíkan kost.

Í annan stað kemur fram í greinargerðinni að bankaráðið spurðist sérstaklega fyrir um það hvort verið gæti að upplýsingum væri haldið frá bankaráðinu þannig að það gæti ekki tekið afstöðu til viðkvæmra og erfiðra mála. Ríkisendurskoðun fór yfir málið og það var mat Ríkisendurskoðunar á þeim tíma að bankaráðið fengi allar þær upplýsingar sem það þyrfti til að byggja á eftirlit sitt með starfsemi bankans. Við verðum fyrir okkar leyti að byggja á þessu. Við eigum engan annan kost en að byggja á þessu ella erum við að tala með ótraustvekjandi og ótrúverðugum hætti. Það er ekki traustvekjandi gagnvart almenningi ef við veljum okkur umræðuefnin og kjósum að taka mark á Ríkisendurskoðun þegar það hentar en henda jafnframt áliti Ríkisendurskoðunar á burt þegar það hentar ekki.

Meginmálið er að bankanum, stærsta banka þjóðarinnar, hefur verið komið á ról á nýjan leik og full ástæða er til að ætla að bankinn muni fljótt og vel ávinna sér traust á ný. Það hlýtur að vera það sem vakir fyrir okkur að verði tryggt. Hér geta menn haft uppi stór orð um einstaklinga sem eru ekki hér til að verja sig og við vitum að viðurkennt er að þeim hefur orðið á í messunni. Þeir hafa heldur betur viðurkennt það með því að segja störfum sínum lausum, virðulegum, þýðingarmiklum störfum, og þar með tekið á sig fulla ábyrgð eins og hér var krafist á sínum tíma og jafnframt gefið bankanum tóm, þeir hafa allir tekið það fram, tóm og tækifæri til að byggja upp traust sitt á nýjan leik. Ég endurtek að ég tel að hæstv. viðskrh. hafi staðið fumlaust að þessu máli og það sé honum til hróss fremur en til hins gagnstæða.

[18:10]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Mörg þung orð hafa fallið í tengslum við Landsbankamálið á síðustu dögum og í þinginu í dag. Það eru margir kallaðir til ábyrgðar fyrir það sem viðgengist hefur þar og verður ekki flokkað undir annað en spillingu og óstjórn. Þrír bankastjórar hafa sagt af sér. Þeir hafa axlað þá ábyrgð sem á að fylgja ábyrgðarmiklum störfum en er réttlætinu þar með fullnægt? Hverjir eru hinir seku í málinu?

Ég vil aðeins draga athygli manna að því að þó að allir bankastjórarnir þrír hafi sagt af sér er ekki þar með sagt að þeir hafi allir brotið af sér. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir að þar hafa menn staðið mjög misjafnlega að málum og ég held að rétt sé að halda því til haga í umræðunni eins og bent hefur verið á, t.d. varðandi Halldór Guðbjarnason, sem hefur sagt af sér þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun dæmi verk hans ekki hart í skýrslunni. Ábyrgðin er einfaldlega meiri en svo að hún komi aðeins til þegar menn hafa brotið af sér. Hún getur fallið á menn þó þeir hafi ekki vísvitandi brotið af sér í starfi og auðvitað á það sama við um ráðherraábyrgðina, herra forseti, þótt ég ætli ekki að leggja dóm á það hvort hún á við í þessu máli.

Það er hins vegar í hæsta máta undarleg túlkun sem hæstv. forsrh. hélt fram í fyrri umræðu um málið að ráðherra væri ekki ábyrgur fyrir það sem undirmenn hans gera í starfi. Það er þokkalegt siðferði ef ráðherra getur vísað á auman kontórista í hvert skipti sem kallað er eftir ábyrgð hans vegna einhverra verka. Slík ráðherraábyrgð er einskis virði og enn frekar er rétt að vekja athygli á þeirri fráleitu túlkun hæstv. viðskrh. þegar hann heldur því fram opinberlega að ráðherraábyrgðin gufi nánast upp í þeim tilfellum þegar Alþingi tilnefnir fulltrúa í stjórnir og ráð. Þetta er fráleit túlkun og landsmenn hljóta að spyrja hinn eina handhafa hlutabréfsins í Landsbankanum hf., Finn Ingólfsson: Hvað ætlar hann að gera í málinu, hvernig ætlar hann að axla ábyrgð sína? Er hann verðugur gæslumaður þessara fjármuna eða aðeins ábyrgðarlaus sendiboði bankaráðsins og embættismanna eins og hann og hæstv. forsrh. vilja vera láta?

Augu manna beinast óneitanlega í fleiri áttir en að ráðherrum. Það var vægast sagt undarleg upplifun að fylgjast með útsendingu frá blaðamannafundi bankaráðs Landsbanka Íslands þar sem fyrrverandi formaður bankaráðsins og núverandi varaformaður þess lýsti því yfir heilagur í framan að það væri fráleitt að láta sér detta í hug að einhver mundi halda áfram sukkinu í Landsbankanum, rétt eins og nú væri búið að hengja skúrkana og hinir saklausu bankaráðsmenn væru búnir að þvo hendur sínar. Er þetta svona einfalt? Voru bankaráðsmenn virkilega ekki meðvitaðir um það sem þarna átti sér stað? Eru hendur þeirra þvegnar? Hvað voru þeir að gera þann tíma sem þetta gekk yfir og hvað var Kjartan Gunnarsson að gera þann tíma sem hann var formaður bankaráðsins og af hverju var ekki kippt í taumana fyrr? Það er ekki rétt að Ríkisendurskoðun hvítþvoi bankaráðið í skýrslunni fyrir utan það að skýrslan í málinu er enginn stóridómur. Það er fráleitt. Ég held að málinu verði ekki lokið og spurningum sem hafa vaknað verði ekki svarað fyrr en fram hefur farið opinber rannsókn á þessu máli þar sem endanlega verður skorið úr um það hverjir eru hinir seku og hverjir hinir saklausu í málinu.

[18:13]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það eru vissulega tímamót að bankastjórar Landsbankans hafa axlað þá ábyrgð sem þeir báru og sagt störfum sínum lausum. En það eru fleiri sem bera ábyrgð í Landsbankamálinu. Bankaráðið ber þar ábyrgð og greinargerðin sem liggur frammi frá þeim er kattarþvottur. Ráðherra bankamála, hæstv. viðskrh., ber einnig ábyrgð.

Það er ástæða til að minnast á dótturfyrirtæki bankans. Hæstv. forsrh. benti í fjölmiðlum réttilega á mun meiri áföll sem dunið hafa á Landsbankanum en laxamálið þar sem bankinn hefði tapað stórfé við gjaldþrot sem lent hafa á bankanum. Hann nefndi á Stöð 2 10. apríl sl. gjaldþrot fjármögnunarfyrirtækisins Lindar og upplýsti að gjaldþrot þess dótturfyrirtækis Landsbankans hafi kostað hann og um leið almenna skattgreiðendur 1 milljarð eða svo eins og hann sagði orðrétt sem væri hlutfallslega eins og Barings bankamálið á sínum tíma. Forsrh. sagði einnig að þetta mál hefði einhverra hluta vegna ekki vakið mikla athygli.

Herra forseti. Það var vissulega reynt að kalla fram upplýsingar og viðbrögð við þessu mesta útlánatapi Landsbankans. Þann 6. mars 1996 óskaði ég eftir upplýsingum í þingsölum um þetta stærsta tap Landsbankans frá stofnun hans sem þá var talið samkvæmt upplýsingum fjölmiðla vera 600 milljónir. Það var í fyrirspurn til hæstv. viðskrh. og ég

spurði einnig hvort bankastjórar og yfirmenn fyrirtækisins yrðu látnir sæta ábyrgð.

Fátt var um svör hjá hæstv. viðskrh. um útlánatapið og ábyrgð stjórnenda. Hæstv. viðskrh. sem er ábyrgur fyrir bankamálum gerði lítið úr öllu saman, máli sem fyrrverandi bankastjóri Sjálfstfl. í Landsbankanum kallar í Morgunblaðinu í dag „skelfilegt mál og greinilegt spillingarmál, eins og þau mál gerast verst", með leyfi forseta.

Voru þessir hálauna embættismenn sem kostað hafa skattgreiðendur einn milljarð í útlánatapi í Landsbankanum látnir bera ábyrgð? Nei. Yfirmaður Lindar bar ekki meiri ábyrgð en svo að hann var fljótlega eftir milljarðsgjaldþrotið kominn í gott starf í utanrrn. og er nú á leið utan sem sendifulltrúi íslenska ríkisins í Genf. Og stjórnarformaðurinn, þá einn af bankastjórum Framsfl. í Landsbankanum, var þar áfram þrátt fyrir þetta en samkvæmt hlutafélagalögum er ábyrgð stjórnarformanna mjög mikil í svona málum. Þó svo að Ríkisendurskoðun telji í skýrslu sinni að hann hafi verið innan marka í laxaspillingarmálinu þá skrifaði hann þó undir bréf með röngum upplýsingum til viðskrh. um laxveiðikostnað sinn og hinna bankastjóranna og þar skeikar á þriðja tug milljóna. Það eru þokkaleg skilaboð frá æðsta manni banka að undirskrift sé ekkert að marka eins og hann sagði, bara formsatriði eða hefð.

Herra forseti. Hún er víða, spillingin í opinbera kerfinu og löngu tímabært að menn axli þá ábyrgð sem þeir eru kjörnir til eða ráðnir til að bera. Siðvæðingar er vissulega þörf. Í kjölfar þessarar umræðu þarf að ræða hvaða reglur og hefðir við viljum hafa í samfélaginu um afsögn og ábyrgð. Þjóðin lætur ekki bjóða sér þetta lengur.

[18:17]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Þetta mál hefur farið hátt undanfarið í þjóðfélaginu og gerir enn. Það er hiti í því og tilfinningar. Hér hafa fallið stór orð. Ég held að rétt væri að spara sér sem mest stóru orðin meðan svona erfitt er að sjá til og bíða eftir því að rykið setjist svo að hægt sé að fara að tala um næstu skref í málunum.

Reynslan kennir að svona mál koma upp með miklum látum. En svo líður tíminn og þau gleymast og skilja alla jafna lítið eftir sig, það helst að nokkrir einstaklingar og fjölskyldur eiga erfiðara líf en áður en ekkert breytist í meginatriðum.

Það sem mér virðist koma í ljós í þessu máli er ekki það að bankamenn hafi veitt lax. Það vissu allir. Það er ekkert nýtt. Það er annað sem er nýtt, merkilegt og athyglisvert. Það er eins og réttlætiskennd sé að festast í sessi með nýjum hætti. Þjóðfélagið er vissulega orðið opnara og gegnsærra. Það er hægt að skoða málin betur mörg hver. En réttlætiskenndina þarf að treysta í sessi með reglum.

Ég er sannfærður um að enginn þeirra manna sem sagði upp störfum í Landsbankanum í fyrradag er slæmur maður. En við getum ekki byggt opinbert siðferði á mannkostum einum saman. Það þarf að styrkja stjórnsýsluna með því að innleiða skýrari og almennar siðareglur. Bæði styrkist við það ytra aðhald og innra, það sem kemur frá stofnunum sjálfum.

Mér er kunnugt um og það er ágætt að geta haft tækifæri til að segja frá því hér, að Siðfræðistofnun háskólans hyggst hrinda af stað könnun á siðferði í opinberu lífi bæði hérlendis og í nágrannalöndunum, á því hvaða reglur séu í gildi og hvað þurfi og geti betur farið. Mér er kunnugt um það líka að Nýsköpunarsjóður háskólans mun styrkja verkefnið og væntanlega einnig sjálf Ríkisendurskoðun. Þetta gefur eiginlega vonir um að eitthvað gerist til lengri tíma litið. Við erum lítil þjóð sem á að geta búið við skýrar leikreglur þannig að jöfnuður ríki. Með þessu móti er siðbótartal ekki vopn í tímabundinni orrahríð heldur viðleitni til að byggja upp varanlegt lýðræði og réttlæti í samfélaginu. Það má ekki nota ásakanir um siðferðisbresti sem vopn til að ná sér niðri á andstæðingum sínum.

„Förum við vel með okkar vald?" spurði hv. þm. Pétur H. Blöndal áðan. Það er réttmætt og nauðsynlegt að við spyrjum okkur þess einnig á þingi. (Forseti hringir.) Og það vantar kannski að einhver segi hér, þó enginn sé verðugur þess og ekki ég frekar en aðrir: Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum.

[18:21]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér ræðum við mjög alvarlegt mál eins og fram hefur komið í þeirri umræðu sem fram hefur farið. En það sem vakti sérstaka eftirtekt mína voru orð hæstv. forsrh. áðan. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekkert gert í þessu máli. Þeir einstaklingar sem bornir voru sökum hafa sagt af sér og ríkisstjórnin í kjölfarið ráðið einn bankastjóra. Það er það eina sem ríkisstjórnin hefur gert í þessu máli. Það eru í raun og veru öll hin fumlausu viðbrögð sem hæstv. forsrh. talaði um áðan, þ.e. að ráða einn mann í staðinn, það er allt og sumt. Ríkisstjórnin hefur því í sjálfu sér ekki gert neitt annað.

Ég vil líka vekja athygli á því tímabili sem Ríkisendurskoðun fór yfir, en þá höfðu ráðherra og bankaráð yfirumsjón, allan þann tíma, með rekstri og almennu eftirliti bankans. Því er eðlilegt að menn spyrji sem svo: Hvernig er þessu eftirliti háttað? Lýtur eftirlitið einungis að þeim upplýsingum sem bakaráðið fær? Hvílir engin skylda á bankaráðinu um að afla sér upplýsinga sjálfstætt? Þetta hljóta að vera grundvallarspurningar því að ef svo er ekki, ef bankaráðið ber einungis ábyrgð á þeim upplýsingum sem það fær en ekki þeim sem það aflar sér ekki, þá er spurning af hverju við erum með bankaráð og hver beri almennt ábyrgð á þessum þáttum málsins.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að Ríkisendurskoðun hafi hvítþvegið bankaráðið. Hann orðaði það þannig. Þess er hvergi að finna stoð í þeirri skýrslu sem lögð var fyrir þingið að Ríkisendurskoðun hefði á einhverjum stað hvítþvegið bankaráðið. Það er ekki í þeirri skýrslu sem er lögð fyrir okkur. Ef það er í einhverri skýrslu þá er hún annars staðar en hér á þinginu þannig að menn verða að halda þessu til haga.

En það breytir því ekki, virðulegi forseti, að þáttur Alþingis er líka nokkuð stór í þessum efnum því aldrei hafa verið gerðar neinar sérstakar hæfiskröfur til þeirra sem starfa í bankaráði. Það hafa aldrei verið gerðar neinar sérstakar hæfiskröfur. Kannski er það svo og kannski eru allir flokkarnir undir þá sök seldir að tilnefningar í bankaráð hafi að miklu leyti verið pólitískir bitlingar og við höfum gert litlar kröfur til þeirra sem sitja í bankaráði þannig að það er kannski dálítið erfitt við þessar aðstæður að ætlast til þess að þeir sem við gerum litlar kröfur til þegar skipað er í bankaráðin skuli sinna jafnmikilvægu hlutverki og að veita heilli bankastofnun eftirlit. Því held ég að í kjölfar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram sé nauðsynlegt að stjórnarformaður eða formaður bankaráðs í bönkunum eigi sæti í bankanum sjálfum en sé ekki í þessu í hlutastarfi (Forseti hringir.) því

að meðan svo er þá er ekki mjög erfitt að gera ríka kröfu til bankaráðsins.

[18:24]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Nú þegar komið er að ákveðnum þáttaskilum í þeim miklu umræðum sem hafa átt sér stað um málefni Landsbanka Íslands hf. upp á síðkastið er ástæða til að reyna að átta sig aðeins á því um hvað þessi umræða hefur snúist.

Í fyrsta lagi hefur verið vakin athygli á því á eðlilegan hátt að gríðarlegum upphæðum hefur verið varið til laxveiðiferða á vegum Landsbanka Íslands.

Í öðru lagi hefur athygli verið vakin á því sem Ríkisendurskoðun talar um, þ.e. óæskileg viðskipti bankans við fyrirtæki sem tengist einum bankastjóranna.

Í þriðja lagi er það að hæstv. viðskrh. var afhent bréf undirritað af tveimur bankastjórum Landsbanka Íslands með ósönnum upplýsingum um þessi mál. Ég býst við að það sé ekki síst það síðasta sem hafi valdið því að upp blossaði þessi mikla reiði vegna viðskipta Landsbankans og framferðis Landsbankans í þessum laxveiðimálum.

Loks liggja fyrir í greinargerð Ríkisendurskoðunar nýjar upplýsingar um kostnaðarliði sem ekki hafa verið skýrðir.

Það er alveg ljóst þegar við skoðum þetta í þessu samhengi að á þessu máli bera allir þrír bankastjórar Landsbankans jafna ábyrgð. Þeir koma þar allir við sögu. Og þess vegna var það mjög eðlileg niðurstaða og rökrétt hjá þeim öllum að segja af sér, vegna þess að þeir báru þarna jafna ábyrgð. Viðbrögð þeirra voru bæði eðlileg en líka óhjákvæmileg eins og öllum var ljóst.

Hvað stendur eftir núna þegar komið er að þessum þætti í umræðunni? Það sem stendur eftir fyrst og fremst er að Landsbanki Íslands hefur skaðast. Hluti af því verðmati sem á sér stað á bankastofnun eins og Landsbanka Íslands er sú viðskiptavild sem bankinn nýtur, það álit sem bankinn nýtur, það álit sem bankinn hefur verið að byggja upp á heilli öld. Það er augljóst að bankinn hefur glatað hluta af þeirri viðskiptavild og það er það alvarlegasta og það mesta af því tjóni sem við erum að tala um þegar við ræðum um Landsbanka Íslands.

Þess vegna er það mjög mikilvægt sem hæstv. forsrh. benti hér á, að nú hefur verið reynt að snúa þessu máli við. Gripið var strax til aðgerða og traustur maður ráðinn sem bankastjóri Landsbankans. Það hefur komið fram í yfirlýsingum bankaráðsins að ætlunin er að taka upp ný vinnubrögð. Vonandi leiðir það til þess að bankanum takist að ná að nýju þeirri viðskiptavild sem hann naut meðal þjóðarinnar og okkur takist að endurreisa orðstír þessarar mikilvægu fjármálastofnunar. Það er mjög mikið í húfi fyrir okkur öll, fyrir íslenska þjóð, fyrir Landsbankann og viðskiptavini hans.

[18:27]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það er eitt í þessari umræðu sem er ekki hægt að skilja við á þessari stundu og á þessum stað án þess að fá það skýrt. Í svokallaðri greinargerð bankaráðs segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í lok greinargerðar Ríkisendurskoðunar kemur fram sú afdráttarlausa skoðun að bankaráð Landsbanka Íslands hafi rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðili með fullkomlega eðlilegum hætti ...“

Virðulegi forseti. Ég er búinn að lúslesa greinargerð Ríkisendurskoðunar. Ég finn hvergi þá einkunnagjöf sem hér er vísað til. Hæstv. forsrh. vísaði einnig til þessa og raunar hæstv. viðskrh. sömuleiðis. Ég kalla eftir því hér og nú að lesið verði upp fyrir mig úr þessari greinargerð Ríkisendurskoðunar hvar er að finna þessa syndakvittun Ríkisendurskoðunar til handa bankaráði Landsbanka Íslands. Á meðan það hefur ekki verið gert eru þetta auðvitað staðlausir stafir sem hér hefur verið haldið fram, bæði í þessari svokölluðu greinargerð og einnig í orðum hæstv. ráðherra. Það er ekki hægt að ljúka við þessa umræðu hér öðruvísi en að fá þetta fullkomlega skýrt. (**Gripið fram í:** Heyr!)

Að vísu var ýjað að því áðan að ríkisendurskoðandi hefði hugsanlega sagt þetta einhvers staðar. En hvergi er að finna um þetta einn einasta staf og ég bið um að þetta verði lesið fyrir mig ef það er einhvers staðar að sjá.

[18:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fá það fram hvort hæstv. viðskrh. telji málinu lokið af sinni hálfu á Alþingi með þessari skýrslugjöf. Ég tel nefnilega að málinu sé alls ekki lokið. Líkt og síðasti ræðumaður sé ég hvergi í skýrslu Ríkisendurskoðunar þá syndakvittun sem hæstv. forsrh. sagði að bankaráðið hefði fengið.

Við þurfum að ræða greinargerð bankaráðsins vegna þess að mörgum spurningum er enn ósvarað um hlut og eftirlitsskyldu bankaráðsins.

Við þurfum líka, herra forseti, að óska eftir því að hæstv. viðskrh. gefi Alþingi skýrslu um hvort krafist verði endurgreiðslu á oftekinni risnu. Líka hvernig farið verður með þann misbrest sem virðist vera í skattalegri meðferð. Ríkisendurskoðun segir að eðlilegt sé að skattframtal verði leiðrétt ef frádráttarbær kostnaður vegna risnu sé oftalinn í framtölum. Þess vegna þurfum við að fá skýrslu um þetta tvennt ásamt umræðu um greinargerð bankaeftirlitsins.

Við eigum líka eftir að fá svör frá Ríkisendurskoðun varðandi fyrirspurnir sem ég hef lagt fram. Ríkisendurskoðun svarar bara einni fyrirspurninni og viðurkennir meira að segja að það svar sé ófullkomið vegna þess að sagt er — og það snertir risnuna og ferðalögin, að Ríkisendurskoðun kannaði þó ekki sérstaklega nánari sundurliðun í heildarkostnaði einstakra gjalda. Og fyrirspurn mín var frá árinu 1993 en ekki 1994 eins og Ríkisendurskoðun tilgreinir.

Einnig er ósvarað fyrirspurnum frá mér sem beint var til Ríkisendurskoðunar að staðreyna, um starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra og einnig varðandi stjórnargreiðslur, lífeyrisgreiðslur og ferða- og bílahlunnindi stjórnenda frá þessum tíma. Þessu er öllu ósvarað.

Einnig segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að heildstæð athugun á ferðakostnaði hafi ekki farið fram vegna tímaskorts hjá Ríkisendurskoðun. Og ég minni á að við þurfum einnig að fá skýrslu um það til þingsins. Þegar sú niðurstaða Ríkisendurskoðunar liggur fyrir, þá þarf einnig að ræða hana. Ég spyr ráðherrann: Mun hæstv. ráðherra gefa Alþingi skýrslu um þau atriði sem ég nefndi sem enn er ósvarað og niðurstaða ekki fengin í? Það er mjög mikilvægt að fá það fram, herra forseti, við lok þessarar umræðu hvort ráðherrann telji virkilega að málinu sé lokið af hans hálfu, vegna þess að það er það ekki. Í mínum huga hefur ráðherrann alls ekki skýrt nægjanlega fyrir þinginu ábyrgð sína í þessu máli.

Ég minni einnig á það í lokin, herra forseti, að við höfum ekki rætt þann þátt sem snýr að þinginu og framkvæmd-

arvaldinu og hvernig forsrn. og þingheimur allur ætlar að bregðast við til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

[18:32]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Hæstv. forsrh. fór áðan í ræðu sinni yfir efni skýrslu Ríkisendurskoðunar og sagði sem svo að menn gætu ekki valið úr henni það sem þeir vildu og hvað ekki. Annaðhvort taka menn Ríkisendurskoðun trúanlega eða ekki.

Ég get ekki annað en bent á það í tengslum við þessi ummæli hæstv. forsrh. að hingað til hafa það helst verið hæstv. ráðherrar sem hafa viljað velja úr hvenær skýrslur Ríkisendurskoðunar eru réttar og hvenær ekki og man ég ekki betur en að ríkisendurskoðandi og stofnunin hafi setið undir stöðugri gagnrýni vegna nýlegrar skýrslu frá embættinu. Þurfti ríkisendurskoðandi að svara fyrir sig símleiðis frá útlöndum trekk í trekk. Það er einna helst úr herbúðum hæstv. ráðherra sem gagnrýni á störf þessarar þörfu stofnunar hafa komið fram og það er rétt að halda því til haga hér.

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu á sér margar hliðar sem enn er eftir að skoða og sem verðugt væri að skoða. Ég vil benda á eitt atriði til íhugunar. Í greinargerð bankaráðs í kaflanum um laxveiðar segir að farnar hafi verið ferðir með öðrum bönkum og má þá draga þá ályktun að þar hafi menn verið að ræða viðskipti því annars er óheimilt að stofna til kostnaðar sem bankinn greiðir, þ.e. tilefnið verður að þjóna hagsmunum bankans. En ef menn voru að ræða viðskipti í þessum ferðum, væntanlega með öðrum bankastjórum, getur þá verið og er það ekki beinlínis líklegt að slíkar ferðir hafi stangast á við samkeppnislög? Er það eðlilegt að verið sé að greiða niður slíkar ferðir, að bankinn standi fyrir því að menn séu að ræða saman um viðskipti, menn sem eru í forsvari fyrir stofnanir sem eru í samkeppni?

Það er margt sem enn á eftir að skoða í tengslum við þetta mál, enda er alveg ljóst að þetta milljónatugabruðl sem hér hefur komið í ljós verður ekki afgreitt með 15 síðna skýrslu Ríkisendurskoðunar og uppsögn þriggja bankastjóra. Málið er einfaldlega stærra en svo, herra forseti.

[18:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið góð en allt of stutt fyrir þá sem aðeins hafa fengið heilar þrjár mínútur til umráða. Eftir situr í mínum huga að ég er ekki sannfærð um að nógu mikið breytist til batnaðar við það að skipt er um bankastjóra. Það að stjórnmálaflokkarnir hafa skipað bankaráðin hefur leitt af sér þá vafasömu hefð að þau starfa á ábyrgð Alþingis og hvorki bankaráðsmenn né hæstv. bankamálaráðherra hafa sætt þeirri ábyrgð sem annars væri eðlileg. Þetta sýnir að mínu mati vel að skynsamlegra er að ráðherrar skipi stjórnir ríkisstofnana eins og nú er að verða algengara og í samræmi við nútímastjórnarhætti.

Núverandi bankaráð Landsbankans er kosið af viðskrh. sem fer með öll hlutabréfin í Landsbankanum hf. Hæstv. viðskrh. kaus hins vegar að gera litlar breytingar á bankaráðinu frá því sem áður var og þar sitja nú flokkspólitískir fulltrúar sem eru vanir því að flokkar þeirra taki á sig ábyrgðina. Er ekki orðið tímabært, herra forseti, að bankaráðin verði kjörin á faglegum forsendum og að þau og viðskrh. taki á sig þá ábyrgð sem þeim ber? Þó að þessu máli sé augljóslega ekki lokið þar sem nauðsynlegt er að rannsaka fyrirsjáanleg lagabrot, þá er mjög umhugsunarvert hvort hæstv. viðskrh. og bankaráðið ætli að láta viðkomandi stjórnmálaflokka sitja uppi með ábyrgðina. Er það betri kostur að mati hæstv. viðskrh.?

[18:36]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á að þetta mál liggi þungt á hv. þingmönnum. Það liggur þungt á þjóðinni allri, því miður, og þetta er ekki bara áfall fyrir Landsbankann sem þarna kemur upp. Þetta er áfall fyrir alla þjóðina því að þjóðin er eigandi þessa banka.

Ég held hins vegar að þau mál sem núna liggja fyrir í skýrslum á þinginu og liggja alveg ljós fyrir verði ekki leyst til hagsbóta hvorki fyrir Landsbankann sem fyrirtæki né fyrir þjóðina með gífuryrðum og stóryrðum eins og hér hafa verið höfð frammi í umræðunni, því miður.

Varðandi lögsókn og lögreglurannsókn kemur það skýrt fram í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir frá bankaráði Landsbankans, að bankaráðið hefur ráðið sér lögfræðing, Jón Steinar Gunnlaugsson, til að gæta réttarstöðu bankans í málinu og það er bankaráðsins að taka ákvarðanir um framhald þess máls.

Það tímabil sem hérna er til umfjöllunar er tímabilið 1994–1997. Á þeim tíma var Landsbanki Íslands ríkisviðskiptabanki. Það var Alþingi sem kaus bankaráð bankans hlutfallskosningu á Alþingi og fulltrúar þeirra flokka sem höfðu þann styrk á þinginu og buðu fram í þeirri kosningu fengu sína fulltrúa kjörna í bankaráðið. Alþingi bar ábyrgð á því bankaráði og þeir fulltrúar sem þar sátu báru ábyrgð gagnvart Alþingi. Það er líka hins vegar alveg ljóst að viðskrh. á hverjum tíma er eftir sem áður yfirmaður bankamála í landinu. (**Gripið fram í:** Og ber ábyrgð.) Og ber ábyrgð. Hans ábyrgð er skilgreind í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og ég bið hv. þingmenn um að kynna sér hvað stendur um ábyrgð viðskrh. í þeim efnum.

Það sem núna hefur hins vegar gerst frá seinustu áramótum er að breyting hefur orðið á rekstrarformi ríkisviðskiptabankans. Honum hefur verið breytt í hlutafélag. Viðskrh. fer með þá ábyrgð að vera eini hluthafinn í Landsbanka Íslands hf. og kýs bankaráð á aðalfundi. Það bankaráð ber ábyrgð gagnvart viðskrh. og viðskrh. ber ábyrgð á því bankaráði. Rannsókn þessa máls snýr ekkert að því bankaráði sem núna er starfandi og breytir engu um það þó að sömu aðilar að stofni til sitji í bankaráðinu sem einstaklingar vegna þess að ábyrgðin er annars vegar gagnvart viðskrh. og hins vegar gagnvart Alþingi og á því er munur. Ég vona að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því. Það sem hins vegar hefur gerst núna... (**Gripið fram í:** Voru ekki bankastjórarnir endurráðnir líka?) Jú, hv. þm., bankastjórarnir voru ráðnir af bankaráði Landsbanka Íslands hf. Bankaráð Landsbanka Íslands hf. hefur líka fallist á lausnarbeiðni þeirra bankastjóra sem nú hafa beðist lausnar. Þetta er hinn lögformlegi gangur málsins og mér þykir það skrýtið ef þetta er hv. þm. ekki alveg skýrt. (**Gripið fram í:** ... voru líka í bankaráðinu?) Jú, brotið tekur til þess tíma þegar Alþingi kaus bankaráðið og það er það sem ég er að reyna að skýra út fyrir hv. þingmönnum. (Gripið fram í.) Breytingin sem núna hefur hins vegar átt sér stað er ... (**Gripið fram í:** Er þá bankaráðið ábyrgðarlaust?)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa hljóð.)

Breytingin sem núna hefur átt sér stað er sú að ráðningarsamningur eftir að hlutafélagaformið kom til — og þetta segir okkur kannski ekki neitt annað en það að ríkisviðskiptabankaformið var úrelt og er úrelt og það hefur

orðið breyting með hlutafélagaforminu. (**Gripið fram í:** Yfirstjórn ...) Ráðningarsamningar hafa núna verið gerðir við alla bankastjórana. Reglur hafa verið settar um risnukostnað, reglur hafa verið settar um ferðakostnað sem ekki voru áður til. Þetta er breyting. Bankaráðið núna hefur lýst því yfir að ný vinnubrögð verði viðhöfð. Það verður hætt að veiða lax. Kostnaðareftirlit í bankanum verður aukið. (**ÖJ:** Hvers konar rugl er þetta?) Hv. þm. Ögmundur Jónasson ætti að lesa yfirlýsingu bankaráðsins áður en hann hefur þau stóryrði uppi sem hann fer hér með vegna þess að það kemur fram, hv. þm., í þeirri yfirlýsingu sem liggur fyrir hjá bankaráðinu. (**ÖJ:** Ráðherrann ruglar.) Aðalbankastjóri bankans hefur lýst því yfir að ekki verði lagt í neinn kostnað nema sem skilar bankanum raunverulegum tekjum. Ríkisendurskoðun fer núna með endurskoðun bankans en velur til þess fulltrúa. Það er ekki viðskrh. sem gerir það. (Forseti hringir.)

Aðalatriðið er þetta, og ef hv. þingmenn bera hag Landsbankans fyrir brjósti eins og mér virðist að hv. þingmenn hafi viljað gera við þessa umræðu, þá mun það ekki þjóna hagsmunum Landsbankans sem banka (Forseti hringir.) og þar af leiðandi ekki hagsmunum þjóðarinnar til lengri tíma litið að halda þessari umræðu áfram (Gripið fram í.) vegna þess að það liggja allar upplýsingar fyrir í þessu máli. Í þeim skýrslum (Gripið fram í.) sem hérna liggja fyrir í þinginu núna liggja allar upplýsingar fyrir. (Forseti hringir.) Umræðu í þinginu á að vera lokið ... (Gripið fram í.) vegna þess að framhald málsins ... (Gripið fram í.) Hv. þingmenn, framhald málsins hlýtur að ráðast af því hvernig bankaráðið tekur á þeim sem brotið hafa af sér. (**Gripið fram í:** Við treystum ekki á það. Er verið að banna umræðu á Alþingi?)

Fundi slitið kl. 18:43.

---

## 105. FUNDUR

fimmtudaginn 16. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Hlutafélög, frv., 634. mál, þskj. 1090. — 1. umr.
2. Grunnskóli, frv., 636. mál, þskj. 1092. — 1. umr.
3. Réttarfarsdómstóll, frv., 656. mál, þskj. 1129. — 1. umr.
4. Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, þáltill., 579. mál, þskj. 984. — Fyrri umr.
5. Þrávirk lífræn efni í lífríki Íslands, þáltill., 428. mál, þskj. 753. — Fyrri umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 653. mál, þskj. 1126. — 1. umr.
7. Almannatryggingar, frv., 657. mál, þskj. 1130. — 1. umr.
8. Gjaldmiðill Íslands, stjfrv., 555. mál, þskj. 1180. — 3. umr.
9. Samningar með tilkomu evrunnar, stjfrv., 556. mál, þskj. 1181. — 3. umr.
10. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879, nál. 1136. — 2. umr.
11. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Síðari umr.
12. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011. — 1. umr.
13. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, stjfrv., 661. mál, þskj. 1134. — 1. umr.
14. Lyfjalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1125. — 1. umr.
15. Flutningskostnaður olíuvara, stjfrv., 660. mál, þskj. 1133. — 1. umr.
16. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 658. mál, þskj. 1131. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Fuglaverndarfélagi Íslands.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:31]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[10:31]

**Útbýting þingskjala:**

Bindandi álit í skattamálum, 552. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1177; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1178.

Gjaldmiðill Íslands, 555. mál, þskj. 1180.

Loftferðir, 201. mál, frhnál. meiri hluta samgn., þskj. 1182.

Samningar með tilkomu evrunnar, 556. mál, þskj. 1181.

### *Hlutafélög, 1. umr.*

Frv. ÁE o.fl., 634. mál. — Þskj. 1090.

[10:32]

**Flm. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um atvinnulýðræði. Auk mín flytja frv. 14 aðrir þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna og Alþb., hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig

Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir og Svavar Gestsson auk átta annarra þingmanna úr þingflokki jafnaðarmanna. Flutningsmenn eru því meðal annarra þingflokksformennirnir hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson og flokksformennirnir hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

Með atvinnulýðræði er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja en atvinnulýðræði er ekki útbreitt hér og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þá þætti í skipulagi atvinnulífsins. Meginreglan varðandi fyrirtækjarekstur var að eigendur viðkomandi fyrirtækis höfðu allt ákvörðunarvald í fyrirtæki en launafólk var einungis samningsbundið. Þetta hefur breyst mikið á undanförnum áratugum.

Í nútímafyrirtækjum eru þrír hópar sem ráða mestu, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar, og starfsmenn. Framkvæmdastjórar eru oft meðal eigenda en það er alls ekki algilt. Hins vegar starfa eigendur og framkvæmdastjórar náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum, m.a. við kjarasamninga. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald, þá hafa áhrif æðstu stjórnenda eða framkvæmdastjóra aukist verulega á Vesturlöndum undanfarna áratugi.

Rök fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með samstarfi og upplýsingum er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum í starfsemi fyrirtækis og á stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði veitir stjórnendum aðhald, bætir starfsanda, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnarhætti. Það vinnur jafnframt gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og það er hluti af fyrirtækjamenningu sem er ákveðin félagsleg umgjörð um starfsemi fyrirtækis.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun fyrirtækja eru m.a. að þá er tekið tillit til hagsmuna starfsmanna meira en nú er gert, t.d. með því að veittur er aðgangur að reynslu og upplýsingum starfsmanna. Ráðstöfunarréttur stjórnar er í reynd takmarkaður þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar meðal starfsmanna og tekið er meira tillit til þjóðfélagslegra afleiðinga af stefnu fyrirtækis, svo sem á sviði mengunar, líðan starfsmanna á vinnustað, tryggingu atvinnu, staðsetningu og ýmislegt fleira.

Fyrirtæki hafa einnig verið að færa sig meira frá miðstýringu yfir til dreifstýringar þar sem fleiri aðilar koma meira að ákvörðunum sem tengist vinnu þeirra. Gott samband milli stjórnenda og starfsmanna getur verið í þágu beggja og haft í för með sér betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að hækka laun, bæta framleiðni og styrkja fyrirtæki um leið og það eykur eftirlit sem er nauðsynlegt í heimi vaxandi samkeppni.

Evrópusambandið hefur sett ákvæði um atvinnulýðræði og vikið er að þeim í alþjóðlegum samningum, sem við erum aðilar að, og búast má við því, herra forseti, að við verðum innan ekki langs tíma að lögfesta hér á landi ákvæði í tengslum við atvinnulýðræði vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Þess vegna er mjög mikilvægt að við festum í lög útfærslu á okkar eigin forsendum um atvinnulýðræði og fáum reynslu á þessa hugmyndafræði án þess að bíða eftir tilskipunum að utan.

Þótt hagsmunir gætu farið saman innan fyrirtækis, þá takast þessir aðilar á, þ.e. vinnuveitendur og starfsmenn, um kaup og kjör. Nú er hins vegar líklegt að þróunin fari meira að færast yfir á vinnustaði í formi samninga og hún muni verða meira innan einstakra vinnustaða með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Síðustu kjarasamningar settu ákveðnar reglur á þessu sviði. Slíkt fyrirkomulag er þekkt víða erlendis og hefur verið þar lengi í föstum skorðum, m.a. í nágrannalöndunum. Við þekkjum hér á landi sameiginlega hagsmunagæslu verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, t.d. oft og tíðum gagnvart ríkisvaldi auk samvinnu þeirra í lífeyrissjóðaumhverfi.

Meginefni þessa frv. er hins vegar ekki að búa til streymi fyrir almennar upplýsingar og samráð heldur að taka skrefið að fullu, þ.e. að kveða ótvírætt á um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags af tiltekinni stærð. Hér þarf að hafa í huga að við erum mjög langt á eftir og reyndar áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Hjá Alþýðusambandi Íslands er hins vegar verið að undirbúa núna mikið átak í menntun trúnaðarmanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli sem fulltrúar starfsmanna gagnvart eigendum og æðstu stjórnendum. Aukin menntun trúnaðarmanna með námskeiðahaldi er mjög mikilvæg og einmitt þessi áhersla innan verkalýðshreyfingarinnar sýnir að verið er að bregðast við nýjum aðstæðum. Trúnaðarmenn munu verða lykilaðilinn varðandi samstarf í atvinnulýðræði og í kjarasamningum framtíðarinnar og þetta mun vafalítið þróast mjög hratt á næstu árum þannig að starf stéttarfélaganna stefnir meira inn á vinnustaðina, bæði hvað varðar kjarasamninga, starf trúnaðarmanna og, ef frv. verður að lögum, með formlegri aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja.

Þetta frv. byggir á danskri löggjöf en íslenska hlutafélagalöggjöfin tekur mjög mið af þeirri dönsku. Sú útfærsla sem hér er lögð til, að starfsmenn kjósi stjórnarmenn, er hluti af hugmyndafræðum um atvinnulýðræði og sú aðferð sem skilar fljótast árangri.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni eru yfir 25 ára gömul og þau hafa reynst vel. Hér er lagt til að í félögum þar sem 35 manns eða fleiri hafa starfað síðustu þrjú ár kjósi starfsmenn fulltrúa í stjórn sem svarar til helmings þeirra stjórnarmanna sem eru kosnir af öðrum. Til dæmis ef í stjórn félags væru sex manns þá yrðu kosnir þrír til viðbótar frá starfsmönnum, þannig að í stjórn þess félags sætu níu manns. Ef um væri að ræða sjö manna stjórn að öðru jöfnu, þá er helmingurinn af sjö þrír og hálfur og er kveðið á um að hækka upp í næstu heila tölu, fjóra. Í þeirri stjórn sætu þá sjö frá eigendum og fjórir frá starfsmönnum eða ellefu manns samtals. Þetta er lagt til í frv. og er sama aðferðafræði og er í danskri löggjöf.

Í lögum um hlutafélög ræður einfaldur meiri hluti þannig að vandalaust er að framkvæma þessi ákvæði vegna þess að þó svo að standi á jafnri tölu í stjórn, þá má kveða á um í samþykktum að atkvæði formanns ráði úrslitum ef atkvæði eru jöfn, þannig að þar skapast engin vandkvæði við framkvæmd þessa frv.

Stjórnarmenn sem sækja umboð sitt til starfsmanna fyrirtækis hafa sama rétt og aðrir stjórnarmenn. Þeir taka þátt í stjórnun fyrirtækisins, koma fram með skoðanir starfsmanna, ræða stefnu og stjórnun fyrirtækis út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Í frv. er lagt til að þessir fulltrúar starfsmanna séu valdir þannig að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund þar sem fulltrúar eru kosnir og allir fastráðnir starfsmenn eigi seturétt á þeim fundi og séu kjörgengir í stjórnina. Sérhver fastráðinn starfsmaður fer með eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða.

Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum og nýta hina vel heppnuðu dönsku löggjöf í því skyni. Hér er lagt til eins og í dönsku lögunum að fulltrúi í stjórn félagsins komi úr hópi starfsmanna en í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúi starfsmanna komi frá stéttarfélögunum en sé ekki nauðsynlega starfsmaður viðkomandi fyrirtækis. Hér er hins vegar lagt til eins og algengt er erlendis að fulltrúar starfsmannanna séu starfandi innan fyrirtækisins. Væntanlega mundu þetta verða trúnaðarmenn, í fyrstu a.m.k., og væri það mjög vel við hæfi að einmitt slík tengsl sköpuðust. Við áframhaldandi útfærslu verða tengsl starfsmanna og stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra nánari en verið hefur og við flutningsmenn teljum að þetta frv. stuðli að því.

Þátttaka starfsmanna í stjórnun fyrirtækis er sums staðar erlendis tryggð með víðtækari hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir þó svo einnig þekkist útfærsla þar sem skemmra er gengið, en víðast hvar í nágrannalöndunum eða má segja í flestum þeirra eru ákvæði í þessa átt sem frv. gerir ráð fyrir.

Í frv. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi og kosnir starfsmenn taki þegar sæti í stjórn félagsins og veittur aðlögunartími til breytinga á samþykktum.

Ef miðað er við 35 starfsmenn og fleiri þá falla stærri fyrirtæki undir þetta og er vikið að því í frv. Í tölum frá Þjóðhagsstofnun kemur fram að einungis 2.000 fyrirtæki hér á landi eru með fleiri en fimm starfsmenn. Það eru 390 fyrirtæki og stofnanir hérlendis árið 1995 með 35 starfsmenn eða fleiri. Þessi fyrirtæki og stofnanir mundu falla undir þetta frv. ef gert er ráð fyrir að sambærileg ákvæði gildi um ólík rekstrarform.

Meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir ákvæði frv. eru langflest fyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Það liggja fyrir góðar tölulegar upplýsingar um þau. Þetta eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins og um það bil 45 fyrirtæki mundu falla undir þetta ákvæði. Heildarumsvif þeirra fyrirtækja árið 1997 eru 150 milljarðar, starfsmannafjöldi á annan tug þúsunda og markaðsvirði félaganna er um það bil 150 milljarðar. Við sjáum því að þetta hefði strax áhrif á starfsemi þessara fyrirtækja. Hægt er að nefna fyrirtæki eins og Eimskip, Flugleiðir, Samherja, Granda, Íslandsbanka, olíufélögin og tryggingafélögin. Ef frv. yrði samþykkt fengju starfsmenn þessara félaga allra fulltrúa í stjórn þeirra.

Vitaskuld er hægt að útfæra stefnu frv. gagnvart einkahlutafélögum og samvinnuhlutafélögum og þetta á einnig að ná yfir stofnanir í eigu ríkisins sem eru ekki í hlutafélagaformi þannig að vitaskuld á þessi aðferð víðar við en einungis innan hlutafélaga þó að hér sé lagt upp með breytingar á hlutafélagalögum.

Það er mjög brýnt, herra forseti, að mótuð sé sjálfstæð stefna á þessu sviði, m.a. vegna þess að búast má við því að innan Evrópusambandsins verði þetta form lögfest með tíð og tíma og við yrðum þá að lögfesta það einnig hér á landi. Þá er mjög mikilvægt að við hefðum þegar sett lög um slíkt kerfi í atvinnulífinu, unnið með það í nokkurn tíma og öðlast reynslu á þessu mikilvæga sviði sem eykur hlut starfsmanna í fyrirtækjarekstri.

Sú löggjöf sem byggt er á, þ.e. danska löggjöfin, hefur reynst vel hvað þessa hluti varðar og það er skynsamlegt að byggja útfærslu okkar á löggjöf sem hefur komið vel út í framkvæmd.

Frv. tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þ.e. þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja og með samþykkt þess væri eðlilegt að útfæra sambærilega aðild starfsmanna að stjórnun stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem eru í öðru rekstrarformi.

Ég er þess fullviss, herra forseti, að samþykkt þessa frv. muni styrkja íslenskt atvinnulíf, leiða til bættra kjara launafólks en jafnframt bæta möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og þar með bæta samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði. Með tilliti til þess hve margir úr þingflokkum jafnaðarmanna og Alþb. standa að þessu frv. þá er hægt að fullyrða að hér er um að ræða útfærða stefnu jafnaðarmanna og félagshyggjufólks og markar tímamót í umræðu um skipulag á vinnumarkaði. Þessar hugmyndir hafa verið ræddar oft áður innan íslensks samfélags. Hér er framhald af þeirri umræðu og tillögum sem áður hafa verið gerðar, bæði innan þingsala og annars staðar og það fer vel á því að svo víðtæk samstaða hafi skapast í þessum flokkum, þ.e. Alþfl. og Alþb., við útfærslu frv. að það er lagt fram með þessu móti á hinu háa Alþingi.

[10:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. og þakka hv. framsögumanni fyrir ágæta ræðu. Ég vil gjarnan láta það koma fram í að þessi mál hafa verið rædd hér áður, fyrir allmörgum árum, ótrúlega mörgum árum satt að segja. Ég hygg að það séu komnir um þrír áratugir síðan hv. þm. Ragnar Arnalds hreyfði þessu máli í tillögu til þál. um lýðræði, minnir mig að málið hafi heitið. Efnið var alla vega atvinnulýðræði.

Ég minnist þess að þessi mál voru talsvert mikið rædd, m.a. í mínum flokki og þá komu fram misjöfn sjónarmið í þessum efnum. Þau komu frá ýmsum forustumönnum í verkalýðshreyfingunni, eins og Eðvarð Sigurðssyni sem taldi að þetta væri í raun og veru ekki að öllu leyti skynsamlegt fyrirkomulag. Hann taldi að með þessu væri verið að gera verkalýðinn, eins og það hét, samábyrgan fyrir rekstri fyrirtækjanna og draga úr vilja og krafti fólks til þess að berjast fyrir betri kjörum og með þessu væri verið að veikja baráttuþrek verkalýðshreyfingarinnar. Þetta snerist um að fólk mundi smátt og smátt öðlast meiri samúð með fyrirtækjunum en því fólki sem það ætti að standa með, þ.e. þeim sem lifa á því einu að selja vinnuafl sitt. Ég vil taka það fram að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé fullkomlega gilt sjónarmið og að atvinnulýðræði megi aldrei verða til þess að veikja baráttu verkalýðshreyfingarinnar heldur verði það að styrkja hana.

Sú tillaga sem hv. þm. Ragnar Arnalds flutti hér fyrst hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launamanna á stjórn þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá. Skal löggjöf þessi vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenskum atvinnuvegum og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launafólki í ríkisfyrirtækjum, og þá einkum iðnfyrirtækja, veruleg bein áhrif á stjórn þeirra en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif."

Ég held að þessi tillaga hafi síðan verið flutt nokkrum sinnum en náði ekki fram að ganga. Henni fylgdi mjög ítarleg greinargerð um atvinnulýðræði sem er mjög fróðleg miðað við allar aðstæður og í ljósi sögunnar. Á grundvelli hugsun-

arinnar í þessari tillögu og þeirrar stefnumótunar sem fólst í henni beitti Alþb. sér fyrir því að starfsmenn fengju aðild að stjórnun allmargra ríkisfyrirtækja. Þannig voru sett ákvæði í lögin um heilbrigðisþjónustu sem gerðu ráð fyrir því að starfsmenn ættu t.d. aðild að stjórnarnefnd Ríkisspítalanna. Þau lög voru sett að frumkvæði Magnúsar Kjartanssonar, þáv. heilbr.- og trmrh., og þessi atvinnulýðræðishugsun var þar að leiðarljósi. Ég tel mjög nauðsynlegt að halda því til haga að málið hefur átt sér langan aðdraganda og nauðsynlegt að muna eftir því um leið og rætt er um málin.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna er kom að mínu mati ekki nægilega skýrt fram hjá hv. frsm. Það er a.m.k. mitt sjónarmið að tilgangurinn með þessu sé einnig sá að reisa skorður við ofurvaldi fjármagnsins yfir vinnandi mönnum yfirleitt. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að hérna er ekki um neina silkihanskanálgun að ræða gagnvart þeim sem eiga fyrirtækin og fjármagnið á hverjum tíma. Í raun er þrengt að fjármagninu með lýðræðislegum aðgerðum eins og hér er gerð tillaga um. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að í frv. og í umræðum um málið er ekki um það að ræða að fulltrúar starfsmanna fái meiri hluta í stjórnum fyrirtækja og þar með yfirráð yfir fjármagninu eða hlutafénu á bak við fyrirtækið, heldur er gert ráð fyrir því að viðkomandi hafi áhrif á tiltekna þætti í starfsemi fyrirtækjanna eins og hv. þm. rakti ágætlega áðan.

Þessi tvö atriði, annars vegar hinn sögulegi aðdragandi og hins vegar það meginmál að atvinnulýðræði getur sett skorður við valdi fjármagnsins, voru þau meginatriði sem ég vildi draga fram.

Við höfum á undanförnum árum og áratugum fjallað heilmikið um markaðinn og að hve miklu leyti eigi að nota markaðinn. Við alþýðubandalagsmenn höfum um árabil verið þeirrar skoðunar að markaðurinn eigi að vera þjónn en ekki herra. Ég hygg að við höfum viljað ganga lengra í því en flestir aðrir að takmarka völd markaðarins þá þörf krefur, með lýðræðislegum ákvörðunum sem Alþingi tæki eða með samningum sem verkalýðsfélögin beittu sér fyrir. Ég lít svo á að ákvarðanir um atvinnulýðræði, eins og finna má í þessu frv. sem ég er meðflm. að, hafi þann tilgang að setja markaðnum skorður og koma í veg fyrir það að markaðsöflin neyti ýtrasta styrks síns til þess að aukast og margfaldast, jafnvel á kostnað hins almenna launamanns.

[10:53]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Sú hugsun sem hér er sett fram í frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög er gömul og út af fyrir sig góð og gild svo langt sem hún nær. Ég óttast að það fyrirkomulag sem þarna er vísað til vekji meiri vonir en innstæða er fyrir. Auðvitað kann það að vera misjafnt eftir aðstæðum hversu miklum áhrifum er hægt að ná í gegnum það fyrirkomulag sem hér er lagt til, þ.e. að fulltrúar starfsmanna hlutafélaga eða fyrirtækja fái aðild að stjórnum þeirra.

Í þessu sambandi vildi ég sérstaklega vekja athygli á þeim gerbreyttu aðstæðum sem skapast hafa á undanförnum árum. Þær má svo sem rekja nokkuð langt til baka en ber þó á þeim í vaxandi mæli. Þær tengjast tökum fjármagnseigenda á atvinnulífi að því er snýr að starfsmönnum. Þar er ég sérstaklega að vísa til þeirrar svokölluð hnattvæðingar sem felst í algerri opnun fyrir fjármagnsflutninga heimshorna á milli og þar er um gerbreyttar aðstæður að ræða frá því sem var fyrr á öldinni. Hinar nýju aðstæður auðvelda fjármagnseigendum gífurlega, frá því sem var, viðskiptin við seljendur vinnuaflsins. Þær breytingar sem þarna eru í gangi hafa nú þegar gjörbreytt aðstæðum til hins verra fyrir starfsfólk og af þeim sökum má segja að allt sem lýtur að því að styrkja aðstöðu starfsmanna á einhvern hátt sé af hinu góða.

Varðandi hnattvæðingu fjármagnsins þá sjá menn margvíslegar afleiðingar hennar. Það birtist m.a. í því að launum og kjörum er þrýst niður, í víðtækum skilningi, hjá launafólki nánast um allan heim. Hin frjálsa för fjármagnsins hefur ekki nein landamæri lengur. Alþfl. átti nú drjúgan þátt í því að afnema þær hindranir sem voru varðandi fjármagnsflæði inn og út úr þessu landi. Viðskrh. Alþfl. afnam það með einni reglugerð 1990, ef ég man rétt, það síðasta sem eftir stóð. Þetta var síðan innsiglað með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem er hluti af hnattvæðingu fjármagnseigendanna.

Þetta birtist í því, virðulegur forseti, að rauntekjur fólks, ekki í Evrópu en mjög víða, t.d. í Norður-Ameríku, hafa færst niður á sama tíma og framleiðni í atvinnurekstri hefur aukist. Þau tök verkalýðsfélaga í hinum iðnvædda hluta heimsins voru allsterk en hafa veikst það mikið að það er langt frá því að launafólkið haldi í sinn hlut af skiptingu arðsins af atvinnurekstrinum, þó það hafi tekist hér áratugina áður. Fyrir þessu liggja upplýsingar, m.a. hjá Alþjóðabankanum sem hefur safnað upplýsingum um þessi efni og auðvitað kemur þetta skýrt fram á vegum einstakra þjóðríkja.

Við erum á hraðferð í þessum breytingum sem er engan veginn séð fyrir endann á. Það sem vonir standa til að geti þó fylgt og verið sárabót í þessum efnum er að jafnhliða fjármagnsflutningum til þróunarríkja nái fyrirtæki sem þar eru að koma sér fyrir að hagnast af hræbillegu vinnuafli sem þar er í boði. Mikið af því sem er að gerast í sambandi við fjölþjóðfyrirtækin felst í því að þau koma sér fyrir á annarri slóð en þar sem vinnuaflið er dýrast. Þessar breytingar hafa hins vegar ekki orðið til þess að staða launafólks í þróunarríkjum hafi batnað til neinna muna. Því miður eru ekki horfur á því að menn komi þar undir sig fótunum til þess að verjast því arðráni sem er í fullum gangi, róttækara en við höfum áður séð.

Þessar aðstæður hafa þegar barið að dyrum hér á landi, þó ekki með sama þunga og sums staðar erlendis. Bandaríki Norður-Ameríku eru auðvitað það ríki sem í iðnvædda hluta heimsins þar sem kapítalið hefur komist lengst með launafólkið sem eltir atvinnutækifærin er réttindalítið eða réttindalaust og býður niður vinnu sína vegna þess að verkalýðsfélög eru þar mjög veikburða og ná ekki að skjóta skildi fyrir verkafólkið. Þetta hefur leitt til þess að í Bandaríkjunum hefur atvinnuleysi m.a. verið minna en í Evrópu af þeim sökum að menn bjóða vinnuafl sitt á lægri kjörum en áður og færa sig miklu meira til en annars staðar og þetta er hluti af hnattvæðingunni sem á eftir að berja að dyrum hér eins og horfir með auknum þunga einnig hér á landi og gerir launafólkinu mun örðugra fyrir í baráttunni við fjármagnseigendur og eigendur og ráðamenn fyrirtækja en áður var.

Ég óska hv. flutningsmönnum þessa máls alls hins besta í viðleitninni til þess að styrkja, þó með veikum hætti sé, stöðum launafólks inni í stjórnum fyrirtækja. Það fær þá kannski upplýsingar um stöðuna áður en því er húrrað út og rekið á dyr þar eins og gerist í auknum mæli með uppsögnum og meira að segja í opinberum fyrirtækjum sem verið er að einkavæða. Þar þekkja menn hvernig gengið er að starfsfólkinu. Það sem er aðalatriðið hér og ég vil leggja áherslu

á að lokum er þessi stórfellda breyting hin allra síðustu ár til að veikja stöðu launafólks á heimsmælikvarða og ekki síst í hinum þróuðu ríkjum heimsins sem horfir til mikils ófarnaðar að mínu mati því að til hvers er þessi brjálaða samkeppni sem haldið er uppi? Hverju á hún að þjóna? Þar sem í leiðinni er gengið á auðlindir jarðar með þeim hætti sem við þekkjum og umhverfi jarðar stafar mikil hætta af. Þetta er mikil hættuslóð og ef áhrif verkalýðshreyfingar og starfsmanna mættu styrkjast til þess að andæfa gegn þessu er það sannarlega vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Grunnskóli, 1. umr.*

Frv. SvG o.fl., 636. mál. — Þskj. 1092.

[11:03]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Fyrir fáeinum árum var tekin ákvörðun um að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna eins og það heitir og uppi voru efasemdir um það hjá ýmsum þingmönnum, og m.a. þeim sem hér stendur, að það þyrfti kannski að huga aðeins betur að því máli en þá var gert. Nú hygg ég hins vegar að það sé nokkuð almenn sátt um það að sveitarfélögin hafi sinnt grunnskólanum nokkuð vel.

Gallinn við grunnskólalögin er sá að þau kveða ekki á um rétt barna til þess að vera í skóla heldur bara skyldur sveitarfélaga til þess að hafa börn í skóla og það er mjög alvarlegt mál. Það hefur orðið til þess að börn sem eiga við vissa erfiðleika að stríða hafa ekki fengið skólavist og hafa langtímum saman orðið að sæta því að komast ekki í skóla af margvíslegum ástæðum. Sérstaklega er þetta erfitt þegar um er að ræða börn sem eru vistuð fjarri heimilum sínum í öðrum sveitarfélögum, t.d. á vegum barnaverndaryfirvalda. Barnaverndaryfirvöld taka stundum um það ákvörðun að skynsamlegt sé að koma börnum í fóstur á heimilum sem eru í öðrum byggðarlögum og þegar börn eru á skólaaldri eiga þau auðvitað samkvæmt lögum að eiga rétt á því að vera í skóla. Veruleikinn hefur þrátt fyrir þetta orðið sá að í sumum tilvikum hefur staða þeirra verið óljós og börnin hafa verið utan skóla langtímum saman. Það hefur vakið upp feiknalegar deilur og menn þekkja dæmi um það. Síðustu dæmin eru austan úr Flóa og í blaðinu Degi í dag birtist viðtal við Soffíu Sigurðardóttur á Neistastöðum í Villingaholtshreppi sem segir frá reynslu sinni í þessu efni þar sem hún gerði til þess ítrekaðar tilraunir að koma barni í skóla en aðstæður voru ekki með þeim hætti að viðkomandi yfirvöld, þ.e. sveitarfélagið, féllist á það.

Hér er flutt frv. til að bæta úr þessu. Hér er flutt frv. sem gengur út á að rétturinn sé alltaf barnsins fyrst. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 56. gr. koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

Öll börn eiga rétt á skólagöngu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. gr. [þ.e. grunnskólalaganna] Sveitarstjórn er skylt að tryggja barni skólavist sem næst dvalarheimili þess og að tryggja því flutning til og frá skóla þegar um lengri veg er að fara. Nú koma upp deilur milli sveitarfélaga um það í hvaða skóla barn skuli ganga og hvaða sveitarfélag skuli bera kostnað af skólavist barnsins og skal þá úrskurðarnefnd“ — sem er nýtt atriði í þessu frv. — „kveða upp úrskurð um málið, sbr. 58. gr.“

Í 58. gr. er síðan gert ráð fyrir því að ákvæði komi um þessa úrskurðarnefnd sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd sem fjallar um deilumál milli sveitarfélaga sem upp kunna að koma vegna framkvæmda á lögum þessum. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en sá þriðji skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslusviði.“

Með öðrum orðum, hér starfar nefnd þriggja manna, hún kveður upp úrskurði þegar upp koma deilur milli sveitarfélaga. Barnið bíður ekki með skólavist sína eftir því að nefndin ljúki sér af heldur fer barnið í þann skóla sem er næst heimili þess eða sem hentar því að öðru leyti best því í 3. gr. og síðustu grein frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða skólagöngu barna sem hafa verið vistuð fjarri lögheimilum sínum á vegum barnaverndarnefnda eða hliðstæðra aðila skal menntamálaráðuneytið greiða kostnað af dvöl barnsins þar til úrskurðarnefnd skv. 58. gr. hefur fellt úrskurð sinn.“

Með öðrum orðum, ef barn er vistað fjarri heimasveitarfélagi sínu í öðru sveitarfélagi þá fer barnið skilyrðislaust í þann skóla sem það sveitarfélag notast yfirleitt við ef það hentar barninu af öðrum ástæðum. Nú vill viðkomandi sveitarfélag hins vegar ekki sætta sig við þetta og vill ekki borga þann kostnað sem af þessu hlýst. Þá bitnar það ekki á barninu samkvæmt þessu frv. heldur fer það beint til viðkomandi úrskurðarnefndar og þangað til hún kveður upp úrskurð sinn borgar menntmrn. brúsann.

Hér er um að ræða nauðaeinfalda breytingu og ég hygg að allir þingmenn hljóti að vera sammála um þetta mál. Þó að það sé seint fram komið þá trúi ég ekki öðru en það geti eins og ýmis önnur mál sem hér er verið að flytja þessa dagana orðið að lögum áður en þingi lýkur. Málið er svo einfalt að það er algerlega sjálfsagt mál að kveða upp úr með það að barnið eigi þarna allan rétt þegar kemur að spurninni um skólagöngu. Auðvitað þyrfti að endurskrifa grunnskólalögin þannig að réttur barnsins væri algerlega skýlaus sem grundvallaratriði þeirra laga miklu frekar en að lögin séu sett upp eins og réttur sveitarfélags. Satt að segja er það að verða þannig í vaxandi mæli finnst mér í seinni tíð að sveitarfélögin eru að verða eins og stofnanir sem menn líta á meira óháð því fólki sem býr þar og að sveitarfélögin hafi sem stofnanir kannski litlar eða engar skyldur við fólkið sem á heima í viðkomandi sveitarfélögum. Það er auðvitað óþolandi viðhorf og þarf að breyta því. Þess vegna þarf að mínu mati að velta því fyrir sér að endurskoða grunnskólalögin til þess að tryggja að þar sé alls staðar talað um rétt barnsins annars vegar og skyldur sveitarfélagsins hins vegar.

Herra forseti. Ég vænti þess að frv. verði vel tekið og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttarfarsdómstóll, 1. umr.*

Frv. SvG, 656. mál. — Þskj. 1129.

[11:09]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um réttarfarsdómstól sem væri nýmæli í dómstólakerfinu og réttarkerfinu í landinu og hefur verið til í öðrum löndum mjög lengi en ekki á Íslandi. Tilgangurinn er sá að stundum kemur fyrir að dómstólarnir eru beðnir um að taka upp mál sem þeir hafa kveðið upp dóma í. Fyrir því eru oft gild rök. Þrátt fyrir það er þessu hafnað og það er gjarnan að sögn vegna þess að dómstólar eins og Hæstiréttur eru kannski að kveða upp úrskurð í eigin málum. Þetta varð hljóðbærast í þessu landi í fyrrasumar þegar Hæstiréttur hafnaði endurupptöku á máli Sævars Ciesielskis þar sem ýmsir töldu að væru mikil rök fyrir því að málið væri tekið upp aftur. Út af fyrir sig felli ég engan dóm í þeim efnum, ég hef ekki vit á því máli. Ég hygg hins vegar að skynsamlegra hefði verið fyrir þjóðina að einhver önnur stofnun en Hæstiréttur hefði getað fjallað um málið. Þess vegna er frv. til laga um réttarfarsdómstól flutt.

Frv. er í átta greinum og byggist að nokkru leyti á ákvæðum danskra laga um hliðstæð efni þar sem eru ákvæði um „den særlige klagerett" eins og það heitir á dönsku, sérstakan kvörtunardómstól sem hefur að vísu talsvert víðtækara hlutverk en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Í frv., sem er sjö efnisgreinar, er byrjað á því að segja:

„Setja skal á stofn dómstól er nefnist réttarfarsdómstóll. Hann fjallar um kröfur um endurupptöku opinberra mála.

Í dómnum eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar dómara við dómstólinn til fimm ára í senn. Einn þeirra skal vera hæstaréttardómari og er hann jafnframt forseti dómsins en hinir tveir héraðsdómarar. Aðeins má skipa sama dómara til setu í dómnum tvisvar í röð."

Ég vek athygli á þessu. Hér er sem sagt ekki um það að ræða að ég sé að gera tillögu um fasta stofnun heldur um dómstól sem kemur saman þegar þörf krefur og óskað er og rök eru fyrir að komi saman.

Ég sé það þannig fyrir mér að til að byrja með yrði allmikið leitað til dómstólsins. Þegar fram í sækti mundi hann móta sínar starfsreglur þannig að ég hygg að það yrði ekki um að ræða verulega ásókn á starfsemi hans þannig að ég tel ekki að um sé að ræða nýja stóra stofnun heldur fyrst og fremst eins konar öryggisventil í kerfi okkar.

Í 3. gr. frv. segir svo:

„Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður málið þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem hér segir:"

Þau eru síðan talin upp. Þau eru þessi:

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,

b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hefur verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. tölul. segir ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

3. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:

a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,

b. ef ætla má að falsgögn eða refsiverð hegðun dómara, ákæranda, rannsóknara eða annarra í því skyni að fá fram ákveðin málalok hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

4. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. tölul. segir.

Í 4. gr. er fjallað um hvernig dómstóllinn tekur ákvörðun um endurupptöku máls og fjallar um beiðni þar að lútandi eða eins og þar stendur:

„Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis" — þetta getur einnig átt við þegar beiðandi er sviptur frelsi — „þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl, sem kunna að vera til styrktar beiðni, skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

Ríkissaksóknari sendir beiðnina til dómstólsins ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

Dómstóllinn getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 2. mgr. 156. gr. laga um meðferð opinberra mála."

Í 5. gr. er síðan fjallað um hvernig réttarfarsdómstóllinn tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku máls.

Í 6. gr. segir: „Dómar réttarfarsdómstólsins eru endanlegir og verður ekki áfrýjað."

Í 7. gr. segir: „Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála sem ekki er kveðið á um í lögum skal hafa hliðsjón af lögum um meðferð opinberra mála svo sem við getur átt."

Í vetur var samþykktur mikill lagabálkur um dómstóla og þá spurði ég hæstv. dómsmrh. að því hvort hann teldi ekki eðlilegt að taka þetta mál þar inn í. Hann neitaði því og sagði að það stæði ekki til og engin áform væru uppi um það í dómsmrn. Ég harma það vegna þess að það er ein forsenda réttarríkis að fólk geti treyst því að þær stofnanir sem fjalla um mál þess séu óvilhallar. Ekki er hægt að halda því fram að dómstóll sem kveður upp úrskurð í eigin máli sé óvilhallur í málinu. Þess vegna er mikilvægt réttarfarsatriði í þjóðfélagi okkar að stofnun af þessu tagi verði til þangað sem fólk getur skotið málum sínum.

Herra forseti. Eins og ég sagði er þetta algerlega nýtt mál, hefur aldrei áður verið flutt í þessari stofnun áður svo ég kannist við og ég skil vel að menn þurfi tíma til að skoða það. Ég þurfti sjálfur þó nokkurn tíma til að setja mig almennilega inn í málið. Ég tek fram að ég naut hjálpar nefndadeildar Alþingis og nokkurra lögfræðinga, kunningja minna, þó að ég beri að sjálfsögðu ábyrgð á málinu í einstökum atriðum. En ég teldi æskilegt að það færi til umsagnar og meðferðar í

sumar og hv. allshn. sendi það til umsagnar þannig að hægt verði að endurflytja málið í haust ef fólk telur ekki unnt að gera málið að lögum núna, ef það er talið hægt að bestu manna yfirsýn.

Satt að segja rann mér til rifja hvernig farið var með mál Sævars Ciesielskis í fyrrasumar. Mér þótti leiðinlegt að sjá hvernig Hæstiréttur lenti á milli tannanna á fólki vegna þess hvernig hann fjallaði um málið. Þá er ég ekki að taka afstöðu til niðurstöðu Hæstaréttar en ég tel að það sé líka mikilvægt fyrir réttarríki að Hæstiréttur njóti trausts. Þetta frv. hefur líka þann tilgang að stuðla að því að Hæstiréttur njóti þess trausts.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði svo að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:19]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson flytur mál sem hann hafði boðað að hann mundi koma með fram á þinginu í kjölfar þess að Hæstiréttur hafnaði endurupptöku á máli Sævars Ciesielskis og ég þakka hv. þm. fyrir það. Hér er hið merkasta mál flutt fram. Enda þótt það byggist á einu sértæku atriði sem hefur hent í réttarsögunni er málið þó miklu stærra en að hægt sé að láta það nema við eitt tiltekið atvik.

Hv. þm. bendir réttilega á það í máli sínu að nauðsynlegt sé að Hæstiréttur njóti víðtæks trausts. Ég er sammála honum um það. Þess vegna ríður á miklu að hann sé ekki settur í þá stöðu að það sé með einhverjum hætti hægt að varpa rýrð á störf hans. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt þegar málum er svo háttað í dæmum eins og þessum að þá felur aðkoma Hæstaréttar í rauninni í sér að hann er að dæma í eigin málum, hann er að kveða upp úrskurð í eigin málum. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að segja að niðurstaðan sé hafin yfir gagnrýni.

Þess vegna hygg ég að það sé mjög mikilvægt að fara þá leið sem hv. þm. leggur hér til, þ.e. settur sé á stofn sérstakur réttarfarsdómstóll sem mun hafa það með höndum að fjalla um kröfur sem koma fram um að opinber mál verði tekin upp á nýjan leik. Þá yrði Hæstiréttur í rauninni losaður við það slaverí að þurfa að fella úrskurð í eigin málum eins og núna háttar til.

Við þekkjum öll tilurð málsins. Málið tengist einum mesta og alvarlegasta atburði í dómsögu síðari ára, þ.e. Geirfinns- og Guðmundarmálunum. Hvernig sem þeim málum var háttað á sínum tíma er alveg ljóst að þau kurl voru ekki öll til grafar tínd. Ég minni t.d. á það, herra forseti, að ekki er langt síðan að roskinn rannsóknarlögreglumaður, sem hafði yfirumsjón með stórum hluta rannsóknarinnar á Geirfinnsmálinu, sagði í viðtali við Morgunblaðið að hvernig sem atburðirnir hefðu gerst væri alveg ljóst af rannsókn málsins að þeir hefðu ekki gerst með þeim hætti sem dómur byggði úrskurð sinn á. Það skiptir auðvitað verulega miklu máli, herra forseti, þegar menn ræða þetta mál. Ég held að það hafi komið fram á seinni árum, m.a. í heimildarþætti sem Sigursteinn Másson gerði og sýndur var í Ríkissjónvarpinu, að margar af þeim ásökunum sem Sævar Ciesielski bar fram á hendur réttarkerfinu höfðu við rök að styðjast. Ég hika ekki við að fullyrða að það sem í ljós kom um harðræðið gagnvart Sævari Ciesielski stappar mjög nærri því að vera pyndingar, ekkert annað. Menn vissu til að mynda að Sævar Ciesielski var vatnshræddur maður og hvað var gert við hann? Það voru hafðir í frammi drekkingartilburðir við hann í fangelsinu, það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Hann sætti jafnframt barsmíðum í viðurvist vitna eins og fram kom.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þær ásakanir sem Sævar Ciesielski bar fram á sínum tíma reyndust hafa við rök að styðjast og það vekur auðvitað spurninguna: Ef þetta var rétt hjá honum var þá ekki ýmislegt fleira rétt? A.m.k. voru nýju upplýsingar sem komu fram í málinu þannig að ég sjálfur er þeirrar skoðunar að það hefði verið afar farsælt fyrir dómskerfið í landinu og fyrir samfélagið í heild að málið yrði tekið upp aftur. Ég held að það sé alveg ljóst að niðurstaðan sem Hæstiréttur komst að á sínum var ekki rétt, ég hika ekki við að fullyrða það. Ég tek mér í munn, herra forseti, orð eins hinna dæmdu, séra Guðjóns Skarphéðinssonar, sem sagði: „Galdramennirnir játuðu líka."

Það er alveg nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir eitthvað svipað í framtíðinni, til að koma í veg fyrir að það sé ekki hægt að uppræta mál fyllilega, þegar það koma fram nýjar upplýsingar í þeim, að þá sé til einhver leið til þess að taka málin upp aftur. Það hefur komið í ljós að lögunum er áfátt að þessu leyti og þess vegna er flutt þetta frv. til laga um sérstakan réttarfarsdómstól. Frv. mun gera það að verkum, ef það verður að lögum, að það verður miklu auðveldara að fjalla um kröfur um endurupptöku opinberra mála. Ég fagna þess vegna frv. og ég segi eins og hv. þm. Svavar Gestsson: Hér er um það mikið nýmæli að ræða að vafalaust þarf talsverðan tíma fyrir þingheim til að skoða þetta. Ég held að það sé rétt að menn gefi sér þann tíma en ég mæli með því þegar þing kemur saman aftur að loknu sumri að þetta mál verði lagt fyrir þing aftur og reynt að gera það að lögum á því þingi.

[11:24]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir góðar undirtektir við málið. Það er alveg rétt sem hann segir að ég reikna með því að þetta þurfi einhvern tíma. Ég hef lært það á langri þingsetu að temja mér þolinmæði en það má samt ekki vera allt of langur tími því að það er eiginlega alveg til skammar að hafa það kerfi að t.d. Hæstiréttur verði sjálfur að kveða upp úrskurð í eigin málum.

Ég ætla svo sem ekki að vera að þreyta þingheim á löngum ræðum um þetta mál, Guðmundar- og Geirfinnsmál sem er upphafið að þessu öllu saman, en það er alveg hræðilegt mál. Það er umhugsunarefni fyrir þingið og þjóðina að svona mál skuli hafa komið upp með þeim hætti sem það gerðist. Það var ekki þinginu til sóma hvernig það tók á þessu máli, ef hægt er að tala um að það hafi tekið á málinu á sinni tíð. Málið varð því miður bitbein pólitískra átaka í stað þess að reynt væri að fella málið inn í sanngjarnan, faglegan farveg strax í upphafi og það tel ég að hafi bitnað á þessu fólki, m.a. þeim manni sem óskaði eftir endurupptöku máls síns, þ.e. Sævars Ciesielskis, í fyrrasumar.

Ég vil misnota aðstöðu mína, herra forseti, til hvetja þingmenn til að lesa bók Þorsteins Antonssonar, sem heitir Réttur er settur, og er 500 síðna doðrantur um þessi mál þar sem tekið er mjög rækilega á þeim og sýnt fram á hvernig með þessi mál var farið. Hvað sem öllu öðru líður þá er ég algerlega sannfærður um að það var ekki nógu vel að þessum málum staðið af hálfu íslenska réttarkerfisins. Ég er algerlega sannfærður um að það er ekki of mikið sagt að segja að það er ekki réttarþjóðfélag sem lýkur máli eins og við gerðum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum á sínum

tíma, það er ekki réttarþjóðfélag. Þess vegna er brýnt að taka á málinu. Þess vegna flutti ég þetta frv., skrifaði þetta frv., og þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir góðar undirtektir.

[11:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það var réttarríkinu til vansa hvernig á þessum málum var tekið. Hann rifjar það upp að málið hafi komið til kasta þingsins einhvern tíma fyrr á öldinni. Nú vill það svo til að það er einhver örlítill áramunur á okkur hv. þm. þannig að ég fylgdist ekki svo grannt með því, ég var ekki alveg kominn til þess pólitísks vits og þroska sem ég vænti að við getum fallist á að ég sé nú kominn til. En hitt verð ég að segja að ekkert mál sem ég man eftir hefur kastað jafnlöngum skugga yfir jafnmörg ár og þetta. Eiginlega má segja að þetta mál hafi kannski haft veruleg áhrif á tvær kynslóðir sem hafa vaxið upp og ég held að allir sem hafa komið að málinu, kynnt sér það með einhverjum hætti, séu sammála um að niðurstaða dómstólanna var ekki hin rétta. Vel má vera að það unga fólk sem lenti í þessu skaðræði hafi orðið sekt um einhvers konar glæp en það er alveg ljóst að það bar ekki sökina á þeim hræðilegu glæpum sem það var dæmt fyrir. Játningar lágu fyrir vissulega en ég ítreka aftur þau orð sem einn sakborninga sagði: Galdramennirnir játuðu líka.

Þegar réttarríkið svokallaða fer með fólk eins og farið með þessa vesalings einstaklinga, sem var haldið í einangrun mánuðum saman, fengu ekki að sjá nokkurn mann, fengu ekki að fylgjast með fréttum, varla að lesa, var hrellt með margvíslegum tilburðum sem virtust beinlínis miða að því að brjóta niður sálarþrek þess, við hverju eiga menn að búast? Það vill svo til að Íslendingar eiga einhvern frægast réttarsálfræðing sem nú er starfandi, hann er sérfræðingur í málum af þessu tagi. Hann hefur farið aftur og aftur nákvæmlega í mál af þessu tagi og sýnt fram á að þessi umbúnaður sem fólki er búinn leiðir til þess að það er hægt að toga út úr því hvaða játningar sem er.

Ég tel mikilvægt að við drögum einhvern lærdóm af þessu máli. Við höfum ekki gert það, við höfum aldrei gert þetta mál upp innan samfélags okkar. En nú er hv. þm. og þeir sem styðja þetta mál þó að reyna að draga lærdóm af því og þar með að kvitta fyrir að vissu marki fyrir hönd samfélagsins. Ég tel að það sé nauðsynlegt. Menn geta þá sagt að til einhvers hafi þetta þó verið ef það verður til þess að þessir atburðir geti ekki orðið aftur. Ef frv. hv. þm. verður að lögum þá tel ég að það sé a.m.k. búið að skapa farveg til þess að gera endanlega upp við svona mál og láta réttlætið ná fram að ganga á grundvelli nýrra upplýsinga. Nú sýnist mér bara að það sé ekki hægt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, fyrri umr.*

Þáltill. KH, 579. mál. — Þskj. 984.

[11:29]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 984, sem er 579. mál þessa þings, um aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að sjá til þess að unnin verði ítarleg rannsókn og úttekt á aðdraganda, ferli og afleiðingum hitasóttar í hrossum sem breiðst hefur út hér á landi á þessu ári. Rannsóknin verði unnin á vegum embættis yfirdýralæknis og stuðst við upplýsingar og gögn frá dýralæknum og hestamönnum. Á grunni hennar verði mótuð áætlun um viðbrögð í samráði við atvinnumenn í hestamennsku og félagasamtök hestamanna."

Herra forseti. Það er liðinn mánuður síðan þessi tillaga kom fram og hún hefur áður verið á dagskrá þingsins en náðist því miður ekki að mæla fyrir henni í það skiptið, og ég segi því miður því mér er mikið í mun að koma tillögunni til nefndar og treysti því auðvitað að hv. landbn. gefi sér tíma og afgreiði hana í vor. Það er mjög mikilvægt að taka á þessu máli og það er miður að hvorki hæstv. landbrh. né hv. formaður landbn. geta verið viðstaddir þessa umræðu en ég veit að þeir hafa lögmæt forföll og verður að taka tillit til þess. Hér eru staddir aðrir nefndarmenn í landbn. og ég treysti því að landbn. taki á þessu máli. Mér er reyndar kunnugt um og komst að því eftir að þessi tillaga kom fram að nokkurt starf þessu tengt hefur þegar farið fram á vegum landbn.

Það má vel vera að tillögunni sjálfri megi breyta, það megi skerpa hana og bæta. Ég vil t.d. sérstaklega nefna að fyrir misgáning er ekki minnt í tillögunni á stórt og mikilvægt hlutverk Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum. Það eru mistök af minni hálfu og það hlutverk og verkefni skil ég mætavel og það þarf að hafa í huga.

Þessa tillögu, herra forseti, má auðvitað ekki skilja sem svo að engin viðbrögð hafi orðið og ekkert hafi verið aðhafst af hálfu yfirvalda í þessu efni, því fer auðvitað fjarri eins og reyndar er minnt á í grg. með tillögunni. Strax og mönnum var ljóst að ekki var um að ræða venjulegt og kunnuglegt fóðurslen í hrossum heldur augljóslega smitandi sjúkdóm, sem menn könnuðust ekki við, var gripið til varúðarráðstafana sem m.a. fólust í banni við flutningum milli svæða og til útlanda og hestaeigendum var að sjálfsögðu leiðbeint um meðferð. En þrátt fyrir þessar ráðstafanir, sem menn hafa virt það ég best veit, hefur veikin breiðst út jafnt og þétt. Hundruð hrossa hafa sýkst og nokkur drepist og engin trygging er fyrir því að sóttin nái ekki til allra landsvæða áður en yfir lýkur. Mjög margir eru reyndar orðnir þeirrar skoðunar að hún muni fara yfir allt landið. Það sé útilokað að hindra það og margir hafa haldið því fram að þessi sótt verði landlæg.

Miklir hagsmunir eru í húfi og margir hafa vaknað til vitundar um hvílíkar afleiðingar andvaraleysi og óvarkárni geta haft. Þess vegna skiptir öllu að draga lærdóm til framtíðar af þessari reynslu og má ekkert til spara í fyrirhöfn eða fé. Rannsóknir eru að sjálfsögðu hafnar, eins og ég sagði, og hófust raunar fljótlega eftir að veikinnar varð vart á vegum embættis yfirdýralæknis og rannsóknastofnunarinnar á Keldum. Fjölmörg sýni hafa verið tekin og send til rannsóknar fyrst og fremst hjá dýralæknaháskólanum í Uppsölum í Svíþjóð. Kostnaður vegna þessa er þegar orðinn umtalsverður og ljóst að hann verður mikill áður en séð verður fyrir endann á þessari atburðarás. Það er m.a. þess vegna sem nauðsynlegt er að ræða þetta mál á Alþingi. Hér er um svo stórt mál að ræða, hér eru svo miklir hagsmunir í húfi að Alþingi ber að ræða málið og gera sér grein fyrir að taka þarf á því af festu og kosta nokkru til.

Herra forseti. Svo margt hefur verið rætt og ritað um

hitasóttina sem herjað hefur á þarfasta þjóninn undanfarnar vikur að naumast er þörf á miklum lýsingum eða útlistunum þar að lútandi. Ég held að ekki líði sá dagur að ekki sé fjallað um þetta í fjölmiðlum. Mikið hefur verið skrifað í blöðin og þeir sem hafa viljað hafa getað fylgst vel með þessu. Aðalatriðið er að við stöndum frammi fyrir alveg nýjum aðstæðum í sambandi við hestamennsku, hvort sem um atvinnu- eða áhugamennsku er að ræða. Við þurfum að horfast í augu við nýjar aðstæður, annað umhverfi en við höfum búið við eða talið okkur búa við.

Heilbrigði íslenska hestsins hefur verið viðbrugðið, svo sem flestra annarra dýrategunda hérlendis. Nýtur þar við fjarlægðar frá öðrum löndum og tiltölulega góðra aðstæðna til að verjast sjúkdómum og smiti sem herja víða erlendis. Strangar reglur eru í gildi til að koma í veg fyrir slíka óáran en hún getur auðvitað valdið gríðarlegum usla í dýrum sem aldrei hafa komist í kast við ýmsa sjúkdóma og þar af leiðandi ekki byggt upp ónæmi eða varnir gagnvart þeim. Almennt er talið að íslensk hross hafi mótefni gegn tiltölulega fáum veirum og hættan lúri því víða í leyni og full ástæða til að hafa varann á, og þótt misbrestur hafi vissulega orðið á framkvæmd reglanna hafa varnir að mestu dugað til þessa.

Hestamenn hafa óneitanlega verið nokkuð andvaralausir og talið sig geta um frjálst höfuð strokið í þessu tiltölulega einangraða og hreina umhverfi. Þeir hafa umgengist hver annan áhyggjulaust, sent hesta um landið þvert og endilangt á sýningar, til tamninga eða til sölu og öllum þótt sjálfsagt. Menn hafa jafnvel hent hálfgert gaman af smámunasemi í reglum um samskipti við útlönd og lagt mátulegan trúnað á nauðsyn þess að sótthreinsa notuð stígvél og reiðfatnað þótt menn hafi á ferðum sínum erlendis heilsað upp á kunningja í hestamennsku, jafnvel brugðið sér með honum í reiðtúr eða litið inn í hesthúsið hans. Gamla hugsunin um að íslenska rokið, — ekki ríkið heldur rokið — sjái um að feykja burt hvers konar pestaröngum hefur líklega verið nokkuð ríkjandi, enda höfum við í raun og veru sloppið við mestalla óáran sem rekja mætti til óvarkárni af þessu tagi.

Því er ekki að undra að hestaeigendur og þeir sem hafa atvinnu af hestamennsku séu slegnir óhug og áhyggjum vegna þessarar enn þá óþekktu hitasóttarinnar sem geisað hefur einkum á suðvesturhorni landsins um nokkurra vikna skeið en hefur breiðst nokkuð út um landið á undanförnum dögum.

Það er kannski ástæða til að minna á að svo virðist sem um frekar væga sótt sé að ræða en engu að síður er ástæða til fyllstu aðgæslu vegna hugsanlegra hliðarverkana. Veiran sjálf er ekki banvæn en ef eitthvað annað amar að getur hún ráðið úrslitum. Einmitt nú er runninn upp eða að renna upp sá viðkvæmi tími sem menn höfðu hvað mestar áhyggjur af, þegar hryssur kasta hver af annarri og mega illa við sýkingu. Og um allt land eru menn með böggum hildar vegna áætlana um sýningar og mót og hvað bjóða megi hestum í þjálfun hvað sem svo síðar verður af slíkum mótum.

Herra forseti. Íslenski hesturinn hefur fylgt íslenskri þjóð frá upphafi byggðar gegnum þykkt og þunnt og verið henni bæði til gagns og gleði. Hann er einstakur og lofaður víða um heim fyrir hæfni og sérstaka kosti. Fyrr á öldum var hann nefndur þarfasti þjónninn og vann þá flest þau verk sem bílar og margs konar vinnuvélar leysa nú í þágu mannsins. Á síðustu áratugum hefur hann í æ ríkari mæli orðið félagi mannsins í tómstundum. Fjölmargir eiga nú hesta sér til ánægju. Hestamenn fara hundruðum saman í lengri og skemmri hestaferðir um byggðir og óbyggðir landsins og slíkar ferðir eru mjög eftirsóttar af útlendingum. Á hverju ári koma hátt á þriðja þúsund erlendir ferðamenn til Íslands eingöngu vegna áhuga á íslenska hestinum, en auk þess kynnast 20–25 þúsund erlendir ferðamenn íslenska hestinum í styttri ferðum. Um 5 þúsund útlendingar sækja landsmót hestamanna sem haldin eru fjórða hvert ár og mér er til efs að nokkur önnur samkoma dragi slíkan fjölda útlendinga til sín með tilheyrandi tekjum, gjaldeyri og öðrum tekjum.

Mikil atvinna hefur skapast við hestamennsku um allt land við hrossarækt og alls konar þjónustu við hestaeigendur, atvinna við járningar, reiðkennslu, hestaflutninga, hestaleigu, framleiðslu og sölu hestavara, skipulagningu hestaferða, leiðsögn og aðra þjónustu í því sambandi. Ekki má svo gleyma dýralæknunum sem hafa haft ærið að starfa undanfarnar vikur og reyndar oftast endranær því ýmislegt getur komið upp í sambandi við þessar ágætu skepnur. Erfitt er að slá tölu á þá sem hafa atvinnu af hestamennsku en kunnugir telja að ársverk tengd henni séu a.m.k. eitt þúsund. Þau störf eru nú í uppnámi af völdum þessarar sóttar.

Útflutningur hesta er umtalsverður og íslenskir hestar teljast nú vera um 100 þúsund í 20 löndum, þar af munu vera um 45 þúsund íslenskir hestar í Þýskalandi þar sem hann er ákaflega vinsæll. Veglegar sýningar og mót eru haldin árlega erlendis þar sem íslenskir hestar og íslenskir knapar halda orðstír lands og þjóðar hátt á lofti. Það má líka minna á að í júlí 1997 kom út skýrsla á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um störf nefndar sem falið var að kanna möguleika á auknum útflutningi framleiðslu sem tengist eða gæti tengst íslenska hestinum. Niðurstöður nefndarinnar eru að umtalsverðir möguleikar séu á því sviði.

Af öllu því sem hér hefur verið talið upp má ljóst vera að miklir hagsmunir eru í húfi þegar um íslenska hestinn er að ræða, bæði fjárhagslegs og atvinnulegs eðlis, auk þeirra hagsmuna sem ekki verða í krónum taldir, heldur tilfinningum. Því er mikilvægt að bregðast myndarlega við þeirri vá sem nú steðjar að hestum, hestaeigendum og atvinnumönnum í greininni.

Farsóttin er nú að mestu gengin yfir á suðvesturhorni landsins og hestamennskan að miklu leyti komin í eðlilegt horf á því svæði. En því er ekki að neita að sóttin hefur valdið miklum tilfinningalegum og fjárhagslegum skaða. Hestaeigendur hafa misst hross, atvinnumenn hafa orðið af viðskiptum og aðeins framtíðin sker úr um varanlegt tjón. Nú má einskis láta ófreistað að vinna úr þessu máli sem best við getum. Leggja þarf kapp á að upplýsa hvernig veikin hefur borist til landsins eða hvort hún er e.t.v. heimafengin eins og sumir hafa hallast að. Upplýsa þarf hvernig hún smitast, rannsaka afleiðingar hennar og komast að niðurstöðu um hvaða meðhöndlun reynist best. Sumir halda því fram að hestamenn og sérfræðingar hafi farið á taugum og viðbrögðin og fréttaflutningurinn ekki síst í útlöndum hafi þegar valdið þvílíkum skaða að langan tíma taki að bæta hann. Fréttaflutningur í útlöndum hefur a.m.k. sums staðar verið á hasarnótum á þá leið að hross drepist hér í hrönnum og íslenski stofninn sé að hrynja og allt veldur þetta ákaflega miklum skaða. Það getur tekið langan tíma að hrekja og afsanna slíkar fréttir þegar þær eru einu sinni komnar á kreik. Einnig er ljóst að útflytjendur hrossa frá ósýktum svæðum telja sig hafa orðið að sæta miklu órétti. Það þarf auðvitað alveg sérstaklega að fara yfir fjárhagslegar afleiðingar þessa máls, meta fjárhagslegan skaða einstaklinga í greininni og taka ákvarðanir um hugsanlegan stuðning eða bætur við þá

sem orðið hafa fyrir tjóni. Það verður ekki komist hjá því og við getum bara spurt okkur hvað hefði verið gert ef slík sótt hefði lagst á annan stofn húsdýra, svo sem sauðfjár eða kúa.

Það þarf líka að svara áleitnum spurningum eins og þeim hvort gerlegt sé eða jafnvel æskilegt að verja íslenska hestinn gegn sýkingu af þessu tagi, en um það eru deildar meiningar. Menn spyrja sig jafnvel þeirrar spurningar hvort fjárhagslegt tap verði í raun og veru meira vegna varúðarráðstafana heldur en ef ekkert eða minna hefði verið gert til að hefta útbreiðslu sóttarinnar. Allt þetta þarf að ræða og skoða allar hliðar málsins. Það þarf að fara yfir allt ferlið og viðbrögðin. En mikilvægast alls og algerlega nauðsynlegt er að móta áætlun um hvernig taka beri á málum við svipaðar aðstæður í framtíðinni. Þessir atburðir virðast hafa komið dálítið að óvörum þannig að menn voru ráðvilltir. Það verður ekki annað sagt. Ég er ekki að beina þessu til sérfræðinga. Ég er fyrst og fremst að tala um áhyggjur og þann óhug sem hestamenn almennt urðu slegnir. Þeir eiga skilið að tekið verði á þessu þannig að þeir hafi það á tilfinningunni að þetta sé tekið alvarlega og áætlun verði mótuð um hvernig taka beri á málinu. Það er ekki nóg að dýralæknar og veirufræðingar ráði ráðum sínum heldur þurfa bæði atvinnumenn og áhugamenn í greininni að eiga fulla aðild að málinu. Við eigum ekki að láta atburði sem þessa koma gersamlega flatt upp á okkur. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að hvort sem því er um að kenna í þetta sinn eða ekki, þá hefur með auknum samskiptum við útlönd og útlendinga á þessu sviði stóraukist hætta á sýkingum og smiti sjúkdóma sem við höfum hingað til ekki talið okkur útsett fyrir. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því og vera þess vitandi hvernig við ætlum að lifa með þessum aðstæðum. Hér þurfa allir að leggjast á eitt, bæði dýralæknar og veirufræðingar og jafnt atvinnumenn sem áhugamenn í hestamennsku og að því miðar þessi tillaga.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. landbn.

[11:44]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. flm. fyrir að flytja þessa tillögu. Ég held að full ástæða sé til að um þetta sé fjallað á hv. Alþingi og að Alþingi tjái sig að einhverju leyti um það hvernig staðið skuli að viðbrögðum vegna þessa nýja og ókunna sjúkdóms. Mér þykir hins vegar leiðinlegt að þurfa að gagnrýna tillöguna samt sem áður örlítið og þá út frá því grundvallarsjónarmiði sem ég hef um þáltill. að þær eigi ekki að fela í sér að embættismönnum sé sagt að gera það sem lögin hvort sem er segja þeim að gera eða þá að tillögurnar feli í sér að framkvæmdarvaldið eigi að gera það sem það er nú þegar að gera. Ég tel að tillögurnar þurfi að vera efnismeiri en raunin er þegar tillögur eru á þann veg sem ég var áðan að lýsa. Það má segja að sú tillaga sem hér liggur frammi gangi nánast út á að ráðherra og yfirdýralæknir sinni embættisskyldum sínum.

Ég þekki áhuga hv. flm. á þessu máli og veit að það er ekki auðvelt að setja saman tillögu sem í einum hvelli mundi hjálpa við þá rannsókn sem nú þegar er í gangi, og jafnvel koma henni í annan og betri farveg. Ég held að samt sé nauðsynlegt að það sé gert. Ég hef áhuga á að við í hv. landbn. vinnum úr þessari tillögu þannig að hún megi styrkja það rannsóknarferli sem hafið er og jafnvel frekar leiða til niðurstaðna úr því. Það mundi virkilega skipta máli í baráttunni við þennan sjúkdóm.

Nokkuð er síðan tillögunni var dreift á hv. Alþingi og síðan þá hefur sjúkdómurinn þróast nokkuð. Hann hefur dreifst mun víðar um landið og í ljós hefur komið að hér er ekki um að ræða neinn af hinum stóru þekktu veirusjúkdómum sem hrjá hross í nágrannalöndunum. Út af fyrir sig er það léttir. Þeir sjúkdómar eru víða mjög erfiðir viðfangs og kosta atvinnugreinina mikið þar sem þeir eru landlægir. Hins vegar er líka erfitt þegar sjúkdómur upp kemur í landi eins og okkar, sem byggir á því að flytja út afurðir þessarar atvinnugreinar, sem menn kannast ekki beinlínis við í öðrum löndum.

Eins og ætla mátti í upphafi hefur hitasóttin breiðst talsvert hratt um landið. Það er greinilegt af eðli veirunnar sjálfrar að hún er smitandi. Hún er klárlega smitandi, þó ég segi kannski ekki að hún sé bráðsmitandi. Kannski hafa aðrir annað mat á því en hún er mjög klárlega smitandi og jafnvel líklegt að hún berist með vindi eins og dæmi eru um með aðrar veirusýkingar. Þó hún breiðist um allt landið þarf það ekki að þýða að þetta verði landlæg sótt sem við kæmum til með að glíma við til frambúðar. Hugsanlega er hér um að ræða veirusjúkdóm sem er til í nágrannalöndunum en menn verði ekki varir við vegna þess að veiran er þar í jafnvægi við dýrategundina sem hún lifir í og að þau að öllu jöfnu ráði við að halda niðri með eigin mótefnaframleiðslu. Því er afar mikilvægt, í þeirri rannsókn sem stendur yfir og þarf að fara fram, að finna út úr því hvaða veiru er um að ræða. Við þurfum að komast að því hvort hún er til í nágrannalöndunum og hvaða áhrif hún hefur á hross erlendis.

Vegna þess hvernig þessi mál liggja í dag er sönnunarbyrðin og rannsóknarbyrðin eiginlega á okkur sjálfum. Við sem stöndum frammi fyrir þessu nýja vandamáli þurfum að sýna fram á að þetta sé eitthvað sem sé til staðar í þeim löndum sem við flytjum hrossin til og að hestar sem bæru þessa veiru frá Íslandi til annarra landa væru ekki að smita stofninn í þeim löndum. Rannsóknar- og upplýsingaskyldan hvílir því á okkur.

Frá vísindalegu sjónarmiði er það mjög áhugavert, þegar sjúkdómur kemur upp á einangruðu landsvæði eins og hér, að sjá hvernig sjúkdómurinn breiðist út, hvernig hann hegðar sér og hvaða lögmál gilda um útbreiðslu hans. Ég á því von á að útlendingar muni hafa mikinn áhuga á að rannsaka þennan sjúkdóm með okkur. Þeir hafa vafalítið áhuga á að finna út hvaða veiru er um að ræða, hvernig hún hegðar sér hér og sjá hvort hún er til annars staðar, fylgjast með því hvernig veiran breiðist um landið, hvað dugir til að stöðva útbreiðsluna eða halda aftur af henni og þá jafnvel enn frekar hvað það er sem dugir ekki.

Hins vegar ekkert skrítið þótt veiran breiðist tiltölulega hratt út. Hestamennska hér á landi er mjög almenn, stunduð nánast á hverju byggðu bóli. Vegna þess hversu fáir sjúkdómar hafa hrjáð íslenska hrossastofninn höfum við getað verið mjög frjálsleg í umgengni við hrossin og hestamenn hverjir við aðra. Ég á von á að sjúkdómurinn muni halda áfram að breiðast út með svipuðum hraða og hingað til og þær varnarlínur sem settar hafa verið upp og nýlega verið breytt muni einungis tefja för sjúkdómsins um einhverja hríð.

Ég tel að eðlilegt hafi verið að setja upp varnarlínurnar og þær hafi þjónað þeim tilgangi að fækka hrossum sem hætt væri við smiti yfir hávetrartímann. Nú þegar vorið nálgast eiga hrossin auðveldara með að berjast við sjúkdóminn sjálf

og því á ég von á að skaðinn verði ekki eins mikill þótt sjúkdómurinn haldi áfram að breiðast út.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. flm. og ítreka vilja minn til að vinna að því að tillagan fái afgreiðslu í landbn.

[11:53]

**Jónas Hallgrímsson:**

Virðulegi forseti. Hér er hreyft þörfu máli. Mér finnst það raunar löngu tímabært, enda liðnir einir tveir, þrír mánuðir síðan hins skæða hrossasjúkdóms sem hér um ræðir varð vart. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. flm., Kristínu Halldórsdóttur, fyrir að færa þetta mál inn í sali Alþingis og vekja þar með athygli á þeirri alvarlegu stöðu sem heil atvinnugrein, hrossabúskapur í landinu, stendur nú og e.t.v. síðar frammi fyrir. Ég skil þetta mál svo að flm. hvetji almennt til ítarlegrar rannsóknar, jafnvel ítarlegri en þeir sem aðild eiga að rannsóknninni. Það má ekki skilja orð mín svo að ég telji þá ekki vel hæfa til þess og að þeir reyni ekki allt sem þeir geta til að finna orsakavaldinn. Ég tel að hér sé reynt að skapa möguleika á að gera enn frekari rannsóknir með auknum fjármunum, meiri fjármunum en þeir hafa úr að spila í dag. Ég skil það svo að leita eigi eftir aðdraganda, ferli og afleiðingum þessa ókennilega sjúkdóms og styð það heils hugar.

Gríðarlegir hagsmunir, menningarlegir, félagslegir og fjárhagslegir eru hér í veði og mikils vert að ekkert verði til sparað svo orsakavaldur finnist og reynt verði að forða frekara tjóni en þegar er orðið. Það gæti ráðið úrslitum um framtíðarhagsmuni í þessari atvinnu- og tómstundagrein, bæði hér innan lands og þá ekki síður erlendis, ef sjúkdómurinn bærist þangað sé hann þá ekki þar þegar eins og ýmsir telja. Það er þó önnur saga og lengri.

Ég legg þunga áherslu á að þessu máli verði fylgt eftir líkt og mér skildist hv. þm. Árni M. Mathiesen gera á undan mér.

[11:55]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað. Hér er vissulega mjög athyglisvert mál á ferðinni sem ég held að þrátt fyrir allt hafi ekki verið gefinn nægjanlega mikill gaumur. Hér er um ákaflega alvarlega atburði að ræða. Hrossasóttin, sem breiðst hefur um landið þrátt fyrir að reynt hafi verið að grípa til allra hugsanlegra aðgerða til að koma í veg fyrir hana, hefur hreinlega lamað þann hluta landbúnaðarins sem hvað mestar vonir hafa verið bundnar við, þ.e. hrossaræktina.

Það hefur orðið gífurlegur vöxtur í þessari atvinnugrein. Þetta er ekki bara tómstundagaman þéttbýlisbúa eins og stundum er látið í veðri vaka heldur er þetta mikilvæg atvinnugrein sem skiptir miklu máli í mörgum sveitum og hefur jafnvel verið þrautalendingin fyrir marga þá sem hafa staðið frammi fyrir minnkandi tekjum vegna samdráttar í hefðbundnum landbúnaði.

Við erum í raun að tala um tvenns eða þrenns konar vandamál. Í fyrsta lagi er um að ræða sérhæfðan hrossabúskap þar sem fjölskyldur hafa eingöngu framfæri sitt af slíkri atvinnustarfsemi í ýmsum tilvikum. Við erum einnig að tala um atvinnustarfsemi sem er mjög þýðingarmikil stoð við hefðbundinn landbúnað. Loks er um að ræða þýðingarmikinn þátt í lífsmunstri fjölda fólks í þéttbýlinu sem engin ástæða er til að gera lítið úr.

Ég tel því að hér liggi fyrir skynsamleg þáltill. Það sem ég tel hins vegar kannski skipta meira máli í bráð varðandi þetta, er að gripið sé til aðgerða til að mæta þeim óskaplega vanda sem menn standa frammi fyrir í atvinnugreininni. Við skulum ekki gleyma því að þegar slík vá sem þessi hefur dunið yfir í einstökum atvinnugreinum, þó sennilega sé erfitt að finna hliðstætt dæmi, þá hefur verið reynt að forða samfélaginu frá tjóni. Í því sambandi hefur sérstaklega verið horft til opinberra lánasjóða eins og t.d. Stofnlánadeildarinnar, hins nýja Lánasjóðs landbúnaðarins og sjóða á borð við Byggðastofnun svo dæmi séu tekin. Þessir sjóðir hafa þarna fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Ég tel að það væri eðlileg krafa og eðlilegt að stjórnvöld, sem auðvitað hafa fullt vald á málinu, beittu sér fyrir því að þau lán í opinberum stofnlánasjóðum af þessu taginu, sem hafa veitt hafa verið hrossaræktendum, yrðu fryst í tvö ár, afborganir slíkra lána yrðu frystar í tvö ár.

Í þessu sambandi bendi ég á að til slíkra aðgerða hefur oft verið gripið, t.d. í sjávarútvegi. Eins var gripið til slíkra fjárhagslegra aðgerða á sínum tíma til að forðast tjón varðandi loðdýraræktina. Að lokum var tekið á þeim málum svo skynsamlega að sú grein komst í gegnum öldudalinn, þrátt fyrir allt. Þrátt fyrir mikinn tekjubrest komst sú grein að lokum í gegnum öldudalinn. Ef við hefðum ekki gripið til mikilla aðgerða á þessu sviði á síðasta kjörtímabili er ég viss um að þessi atvinnugrein, sem nú skilar miklum tekjum inn í þjóðarbúið og lifir góðu lífi í sveitum landsins, væri tæplega til. Í ljósi þess hversu hrossaræktin er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein í okkar þjóðfélagi og í ljósi þess að hestamennska er orðin snar þáttur í samfélagsmyndinni á þéttbýlisstöðunum held ég að full rök séu fyrir því að grípa til sérstakra aðgerða í þessu sambandi.

Við skulum átta okkur á því að þeir sem stunda þessa atvinnugrein nú hafa í flestum tilvikum verið tekjulausir í tvo mánuði, átta vikur eða þar um bil. Ekki þannig að tekjurnar hafi minnkað eða dregist saman. Menn eru tekjulausir, tekjur er engar vegna þess að það sem hefur gerst er að hrossasala til útlanda hefur ekki bara dregist saman, hún hefur líka dregist mjög mikið saman og jafnvel stöðvast í mörgum tilvikum innan lands. Þetta er mjög alvarleg staða.

Ég nefndi áðan að hrossabúskapur væri líka orðinn mikilvæg stoðgrein við hefðbundinn annan landbúnað. Á þessum mánuðum eru menn einmitt að festa kaup á áburði, þurfa að leggja fram tryggingar eða verulega fjármuni til þess að standa straum af slíkum útgjöldum og bændur, m.a. í mínu kjördæmi, hafa haft samband við mig og bent mér á að þessi staða núna muni valda þeim óskaplegum vandræðum.

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið sem þessi þáltill. gefur til þess að vekja máls á þessu alvarlega máli. Það er hárrétt sem hér er verið að segja, að við þurfum að komast að því hvað hér er á ferðinni, hvað í raun og veru hefur gerst. Hér er um að ræða mjög alvarlegt fár. Sumir tala um að það geti staðið í tvö ár og menn geta þá hreinlega staðið frammi fyrir því að vera tekjulausir eða tekjulitlir í tvö ár. Þannig er um heila atvinnugrein sem menn hafa talað um að gæti jafnvel verið að velta milljörðum þegar allt er tekið til þannig að það gefur auga leið að við þurfum að komast að eðli og umfangi þessa máls.

Hinu er ekki að neita, og við verðum að horfast í augu við það, að hinar fjárhagslegu afleiðingar af þessu ástandi eru að verða mjög sárar. Þetta er farið að koma mjög víða við heimili í landinu, fjölskyldur sem hafa haft framfæri sitt

af þessari atvinnugrein að einhverju eða öllu leyti og þess vegna er það okkar skylda sem hér erum að ræða þessi mál hispurslaust. Það hefði verið mjög æskilegt ef hæstv. landbrh. hefði getað verið við og tekið þátt í þessari umræðu. Ég kom því miður sjálfur nokkuð seint til umræðunnar. Engu að síður tel ég að hér sé mál sem eðlilegt er að við ræðum og vonandi kemst til skila á annan hátt.

[12:02]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni gafst mér ekki tími til þess að ræða einn þátt í ræðu hv. flutningsmanns varðandi fjárhagslegan skaða einstaklinga og hvernig hefði verið brugðist við ef sóttin hefði lagst á annan bústofn. Þetta var reyndar líka inntak ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar.

Þetta er ekki auðvelt umfjöllunarefni og ekki auðvelt að ná utan um þann fjárhagslega vanda sem af þessu hlýst og augljóslega er þegar orðinn einhver. Hrossaverslun og hrossasala er ekki atvinnugrein þar sem hægt er að tala um að menn séu með stöðugar og fastar tekjur. Það er ekki eins og með mjólkina, að mjólka tvisvar á dag og það er ekki eins og með sauðfjárfurðirnar, að fénu er að mestu leyti slátrað á haustin. Tekjudreifingin getur verið mjög mismunandi hjá þeim sem í þessari grein eru, getur verið mismunandi milli ára og mismunandi innan ársins þannig að erfitt er að fullyrða hvert tekjutapið er af því að hrossasalan hefur dregist saman innan lands og stöðvast til útlanda núna í tvo mánuði.

Síðan er staða þeirra sem þessa atvinnugrein stunda líka mjög misjöfn. Það er langt frá því að allir sem hana stunda hafi átt innhlaup í opinbera lánasjóði eða til opinberra lánastofnana þannig að frysting á lánum þar hjálpar kannski ekki nema hluta af þeim sem í hlut eiga. Ég er hins vegar ekki að segja að það geti ekki komið til greina en ég held að affarasælast væri, alla vega til að byrja með, að það yrði ákvörðun þeirra sem um þau mál fjalla hvernig standa ætti að því í hverju og einu tilfelli. Ég held að of snemmt sé að tala um að við verðum hér í tveggja ára tekjuleysi í hrossasölu, hvort heldur rætt er um söluna til útlanda eða sérstaklega söluna innan lands. Ég sé ekki fyrir mér ef sjúkdómurinn breiðist út um allt land að salan innan lands muni neitt minnka sérstaklega ein og sér þó að auðvitað hafi salan til útlanda áhrif á innanlandssöluna að einhverju leyti. Ég held að umfjöllunarefnið fjárhagsleg aðstoð vegna skaða af hitasóttinni sé mjög erfitt og að jafnvel sé ótímabært að fara út í þá umfjöllun til þess að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir. En ég útiloka ekki að til þess gæti þurft að koma.

Varðandi viðbrögðin ef annar bústofn hefði átt í hlut er það að segja að þegar um smitandi sjúkdóm er að ræða sem menn vilja halda utan landsins eða utan svæðisins ef þetta er rætt á öðrum landfræðilegum grunni en á grundvelli eyjar, þá er oftast gripið til niðurskurðar. En það er algerlega óhugsandi í þessu tilfelli gagnvart hrossunum. Reyndar á ég mjög erfitt með að ímynda mér þann sjúkdóm sem gæti borist í íslenska hrossastofninn sem væri það alvarlegur að við mundum fara að skera stofninn niður því að niðurskurður á ræktuðum stofni er ekkert smámál og ef við ætluðum að fara að gera það hérna þá held ég að það væri nánast útilokað og skaðinn jafnvel enn þá meiri en það sem við værum að reyna að koma í veg fyrir. Þetta hefur hins vegar verið gert varðandi aðrar dýrategundir en þær eru bara einfaldlega allt annars eðlis. Þar eru afurðirnar öðruvísi. Þar er umgengnin á milli búa öðruvísi en í hrossaræktinni og allt aðrar aðstæður við að eiga. Þar hafa hins vegar komið til opinberar bætur vegna niðurskurðar og vegna tekjuleysis sem orðið hefur vegna niðurskurðarins. Þar er það þekkt hvernig að slíkum málum skal standa, en ég held að ekkert af því sem þar hefur verið gert eigi við um hitasóttina í hrossunum og þær aðstæður sem þar hafa skapast nú og því erfitt að bera þetta saman.

Ég held hins vegar að það sem ég var að leggja áherslu á í fyrri ræðu minni, þ.e. að við reynum að komast að því sem fyrst um hvaða veiru er að ræða, að staðfesta að hún sé til annars staðar og komast að því hvernig hún hegðar sér þar og að smit héðan og til annarra landa muni ekki valda sjúkdómstilfellum þar, sé það sem við þurfum að leitast við að finna út úr og sýna fram á og leggja áherslu á að það sé gert hratt og vel. Og ef okkur tekst vel í því sambandi, þá muni aðrar vangaveltur sem hér hafa komið fram um fjárhagslegan skaða og hugsanlega stöðvun í tvö ár ekki koma til og greinin muni sjálf geta leyst úr þessu að mestu leyti.

[12:09]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Reykn. sagði að fjárhagsleg aðstoð varðandi hrossaræktina er mjög flókin alveg eins og alltaf hefur verið mjög flókið að bregðast við miklum vanda sem steðjað hefur að einstökum atvinnugreinum. Það var mikill vandi þegar erfiðleikar dundu yfir í sjávarútveginum, t.d. í hraðfrystihúsaiðnaðinum, hvernig ætti að bregðast við því. Það var mjög mikill vandi hvernig ætti að bregðast við þegar vandinn steðjaði að í loðdýraræktinni eða fiskeldinu. Þetta þýðir hins vegar ekki að við eigum ekki að grípa til aðgerða, enda tel ég ekki að hv. þm. hafi verið að tala um það.

Ég er hins vegar ekki alveg sammála honum um að ótímabært sé að huga að aðgerðum í þessum efnum. Ég held að ef við viljum vera raunsæ varðandi þetta hrossafár, þá verður í besta tilfelli um að ræða stórkostlegt tekjuhrun í atvinnugrein sem fyrir er ekkert allt of vel stödd. Þá á ég auðvitað við landbúnaðinn í heild. Þess vegna held ég að það væri mjög óskynsamlegt af okkur að bíða mjög lengi með aðgerðir núna. Það er alveg ljóst að þegar hefur orðið mikill tekjubrestur. Það er alveg ljóst að á næstu mánuðum, hvernig sem allt fer, verður mikil tekjuminnkun í þessari atvinnugrein. Vitneskjan um þessa hrossasótt mun hafa áhrif á markaðsstarfsemi okkar erlendis. Þessi vitneskja um hrossasóttina hefur dregið úr kjarki manna til þess að versla með hross innan lands, það er mér kunnugt um, og einmitt þess vegna eru menn að reyna að verjast með því að setja upp víggirðingar milli héraða til að koma í veg fyrir að hrossasóttin breiðist út. Þess vegna tel ég skynsamlegt, til þess að afstýra vandræðum og til að firra menn frekari vandræðum, að lánastofnanir reyni að bregðast við fyrir sitt leyti. Mér er ljóst að einmitt í þessari atvinnugrein hafa menn oft og tíðum átt erfitt með innkomu inn í opinbera lánasjóði en það breytir því ekki að það er þó vísir í rétta átt, það er alla vega skref í þá áttina, að reyna að koma til móts við atvinnugrein sem á sannarlega í gríðarlegum vanda og sem er mjög mikilvæg fyrir hinar dreifðu byggðir og raunar þéttbýlið líka. Þess vegna held ég að það væri skynsamlegt af okkur að bregðast við fyrr en seinna.

[12:11]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að banna hv. þm. Einari Guðfinnssyni að hugsa um það hvernig megi aðstoða þessa ágætu

búgrein, hrossaræktina. Þó að menn hafi ekki selt hross í tvo mánuði þá eiga þeir væntanlega þessi hross enn þá og þeir munu væntanlega áfram reyna að selja hrossin. Ef við finnum lausn á þessu og útflutningur verður leyfður innan tiltölulega skamms tíma ... (**ÖS:** Þriggja ára.) Þetta var ekki mjög uppbyggilegt frammígrip hjá hv. þm. Ef við finnum lausn á þessu innan tiltölulega skamms tíma, þá eru þessi hross til staðar. Þau eru enn þá markaðsvara og markaðurinn væntanlega enn þá fyrir hendi þannig að skaðinn verður þá miklu minni en hann ella hefði getað orðið. Ég held lausnin til þess að aðstoða greinina liggi ekkert á borðinu. Að gera það að aðalatriðinu núna að leita að einhverri mjög flókinni lausn held ég ekki að sé það sem við eigum að leggja mesta áherslu á.

Það má nefna sem dæmi: Hverjir ættu að fá bæturnar? Flutt voru út eitthvað í kringum 2.500 hross á síðasta ári. Ég hugsa að ég muni rétt að tveir til þrír aðilar hafi flutt út um það bil helminginn af hrossunum. Ég fer með þetta bara eftir minni. Á þá helmingurinn af bótunum að fara til þessara tveggja eða þriggja manna sem fluttu út helminginn? Er síðan víst að bóndinn sem seldi einn eða tvo hesta í fyrra hefði örugglega selt einn eða tvo hesta á þessu ári? Seldi hann líka einn eða tvo hesta í hittiðfyrra? Ég held að svo mörg spurningarmerki séu í þessu að þessi umræða sé ekki tímabær þó að ég virði vilja hv. þm. og ætli alls ekki að banna honum að hugsa um þetta. Og ef hann fær einhverja hugmynd þá má hann gjarnan bera hana undir mig.

[12:14]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 2. þm. Reykn. kærlega fyrir það óvænta umburðarlyndi að banna mér ekki að hugsa um þessi efni. Ég vil hins vegar segja við hv. þm. að þessi umræða er miklu meira en tímabær. (**ÖS:** Er þetta ráðherrastarf?) Þessi umræða er bráðnauðsynleg. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ef við ætlum að stíga það skref að aðstoða greinina með fjárframlögum á einhvern hátt, þá stæðum við frammi fyrir alls konar vandamálum. En ég var ekki í þessu sambandi eingöngu að tala um það eða sérstaklega að tala um það.

Ég var eingöngu að tala um að eðlilegt væri að opinberir stofnlánasjóðir, eins og Lánasjóður landbúnaðarins, ef ég man heiti hans rétt, og Byggðastofnun, þar sem undirritaður á reyndar sæti í stjórn, taki frumkvæðið nú þegar og bjóði það fram að afborganir lána séu frystar til að koma í veg fyrir þá óskaplegu vá sem annars mun dynja yfir þessa mikilvægu atvinnugrein. Hér er ekki bara um að ræða hefðbundna hrossarækt, eins og ég nefndi áðan, heldur miklu, miklu meira. Meðal annars er þetta snar þáttur í ferðaþjónustu í landinu og mér er auðvitað kunnugt um það eins og öllum öðrum hér að hestaferðir eru að verða æ vinsælli þáttur í ferðamennsku okkar. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að þetta hefur þegar haft lamandi áhrif á allt markaðsstarf á komandi sumri í þessum efnum. Þess vegna er það gríðarlega mikið þjóðhagslegt spursmál fyrir okkur að okkur takist að reyna að verja þessa atvinnugrein eins og við getum. Og það er einfaldlega þannig að menn gætu staðið bara frammi fyrir því, vegna tekjumissisins, yrði þessi atvinnugrein einfaldlega ekki til, að vera ekki til sem fyrirtæki, að vera ekki til sem hrossaræktendur ef þetta gengur eftir og menn þurfa að standa skil á öllum þeim afborgunum og lánum sem þeir hafa tekist á hendur vegna þessa alvarlega tekjubrests.

[12:16]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt ef umburðarlyndi mitt kemur hv. þm. á óvart. (**ÖS:** Öllum.) Enn þá leiðinlegra þykir mér þó ef það kemur hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á óvart. Hv. þm. nefndi lánastofnanirnar. Það hlýtur að vera hluti af hefðbundinni og venjulegri starfsemi hverrar lánastofnunar að ef sá sem skuldar í stofnuninni vegna atvinnurekstrar síns lendir í tímabundnum erfiðleikum, þá er tekið á því og það skoðað í lánastofnuninni. Það þarf ekki sérstaklega að tala um það sem einhverja opinbera aðstoð eða opinberan styrk við heila atvinnugrein. Það þarf ekki að setja merkimiða á atvinnugreinina, að nú sé hrossaræktin búin að fá opinberan styrk og opinbera aðstoð vegna þess að Byggðastofnun og Lánasjóður landbúnaðarins fresta afborgunum af lánum hjá viðskiptavinum sem lenda í erfiðleikum vegna sjúkdóma. Mér finnst þetta vera hluti af eðlilegri og hefðbundinni starfsemi þessara stofnana. Og að setja þann stimpil á heila atvinnugrein að hún þurfi opinbera aðstoð tel ég að vera ekki rétt.

En ég endurtek það sem ég sagði áðan að ef menn ætla sér að fara út í opinbera aðstoð vegna sjúkdómsins, vegna þess að um tekjuleysi er að ræða til langframa, þá held ég að mjög erfitt verði að finna formúluna fyrir þeirri aðstoð. Ég held að réttara sé fyrir okkur að einbeita okkur að öðrum verkefnum og öðrum vandamálum í sambandi við þessa hitasótt en þá að fara að leita eftir opinberum styrkjum. Ef við viljum nota peninga til að leysa vandamálið þá eiga þeir peningar að fara fyrst og fremst í rannsóknirnar því þar liggur lausnin.

[12:18]

**Útbýting þingskjals:**

Schengen-samstarfið, 588. mál, svar utanrrh., þskj. 1175.

[12:19]

**Flm. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir mjög mikilvæg og góð innlegg í hana. Það vekur athygli mína að hv. 2. þm. Reykn., hv. 1. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Vestf. eru allir stjórnarþingmenn og fyrir stjórnarandstæðing sem hér stendur er það nokkurs virði að þeir sýni tillögunni svona mikinn áhuga og skilning og vilji leggja sitt af mörkum til að hún verði samþykkt eða a.m.k. um hana fjallað rækilega í nefnd.

Hv. 2. þm. Reykn. hóf mál sitt á því, eins og hann orðaði það, að gagnrýna tillöguna örlítið. Ég tek þá gagnrýni hreint ekki nærri mér. Hann sagðist vera andvígur því að embættismönnum og framkvæmdarvaldinu væri sagt að gera það sem það ætti að gera. Það væri raunverulega það sem fælist í tillögunni að segja þeim að þeir ættu að sinna sínum embættisskyldum. Ég er ekki alveg sammála þessu. Það getur oft þurft að ýta við embættismönnum og framkvæmdarvaldinu og ekkert athugavert við það. Hv. Alþingi hefur fullan rétt til þess að taka upp hvert það mál sem því sýnist og koma með sína skoðun á málinu, álykta um það og styrkja þannig og styðja embættismennina og framkvæmdarvaldið í sínum störfum. Þeir eru á okkar ábyrgð eins og við vitum. En ég skil hins vegar afstöðu hv. þm., ég hef heyrt hana áður í sambandi við aðrar tillögur og hann er auðvitað í annarri stöðu en sú sem hér stendur. Hann er í fyrsta lagi stjórnarþingmaður og

með miklu meiri tengsl inn í kerfið en ég. Hann er auk þess sérfræðingur í þessu máli og þekkir hvað er að gerast þar og hefur aðstöðu til þess að beita sér á þeim vettvangi. Ég er alveg sammála honum um að það mikilvægasta í málinu er að tryggja að rannsóknir fari fram, allt verði gert til að upplýsa málið og nýta þetta tækifæri til að komast að sannleikanum um það. Samstarf við erlenda vísindamenn er mikilvægt, vísindaleg niðurstaða er mikilvæg en það er ekki síður mikilvægt að taka á málinu, eins og kom fram sérstaklega í máli hv. 1. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Vestf., að taka á málefnum einstaklinganna sem hafa orðið fyrir skaða og munu vafalaust verða fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessa. Ég ræddi það í fyrri framsöguræðu minni og þykir vænt um að menn sýni skilning á þessu. Þetta er mál sem þarf að velta fyrir sér. Það má vel vera að nokkuð erfitt verði að komast að niðurstöðu um þau efni en við vitum nú þegar talsvert um það. Við vitum að það eru fleiri en einn og fleiri en tveir sem sitja uppi með stóran hóp hrossa sem þeir hafa ekki fengið leyfi til að flytja út.

Ég er ekki að varpa sök á þá sem ráða hér heima vegna þess að þeir eru auðvitað í þeirri aðstöðu að búast má við því að alls ekkert yrði tekið á móti þessum hrossum erlendis. En hv. 2. þm. Reykn. sagði að skaðinn væri náttúrlega ekki allur, þeir ættu væntanlega enn þá þessi hross. En við skulum ekki gleyma því að þessi hross standa ekki og bíða eftir því að verða flutt út. Það safnast kostnaður á þessi hross, þau þurfa sitt fóður, þau þurfa sitt atlæti og umhirðu og safna þannig upp kostnaði hjá eigendum sínum. Það er því mjög mikið fjárhagslegt tjón sem ýmsir í greininni hljóta að verða fyrir. Slíkur útflutningur gerist kannski ekki svona óvænt, eins og mér fannst koma fram í máli hv. 2. þm. Reykn. Þetta er ekki eitthvað sem mönnum dettur allt í einu hug og ætla að flytja út næsta dag. Þetta er ekkert hipsumhaps. Það eru nokkrir aðilar á Íslandi sem hafa atvinnu af þessu og þetta tekur langan tíma og undirbúning og er ekki jafnóvænt eins og mér fannst hann vilja vera láta.

Við skulum líka athuga það að ekki er bara um hrossasölu að ræða hvort sem hún er innan lands eða erlendis. Það er margt fleira í sambandi við hestamennskuna. Hv. 1. þm. Austurl. og Vestf. minntu á ferðaþjónustuna í þessu sambandi og það er ljóst að þetta mun hafa einhver áhrif á útgerð þeirra aðila nú í ár, vonandi ekki mjög mikil og sennilega ekki jafnmikil og á söluna. En menn selja fleira en hross. Það eru líka ýmsar vörur og þjónusta í tengslum við hestamennskuna og mér var t.d. sagt að þær vikur sem mesta óvissan ríkti á suðvesturhorninu og minnst umferð hestamanna var á þeim tíma, þá duttu gjörsamlega niður öll viðskipti í þeim verslunum sem þjónusta hestamennina. Það er því ýmislegt sem þarf að hugsa í þessu máli og velta fyrir sér. Þetta er ekki grein sem er sambærileg við aðrar búgreinar, ekki beint. En við skulum samt hafa í huga að það hefur þótt sjálfsagt að taka á áföllum í öðrum greinum, hvort sem um er að ræða loðdýrarækt, fiskeldi eða hvaðeina, og það hlýtur að þurfa að hafa það í huga líka í sambandi við þessa grein.

Ég vil líka nefna að alls ekki er búið að bíta úr nálinni með afleiðingar þessara atburða. Fram undan er landsmót í byrjun júlí og það er ekki útséð með að þessir atburðir kunni að hafa talsvert mikil áhrif á landsmótið. En við skulum vona að það fari ekki illa.

Ég vil aðeins þakka aftur fyrir þessar umræður og þann stuðning sem mér fannst koma fram í máli hv. þm. sem hér töluðu. Ég met þann velvilja og vilja hv. 2. þm. Reykn., sem fram kom í máli hans, til að nýta þessa tillögu til að koma rannsókninni í annan og betri farveg eins og hann orðaði það, en eins og við vitum er hv. þm. fulltrúi í landbn. Hér situr reyndar annar þingmaður, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir einnig í landbn. og mér þykir vænt um að hafa hana hér viðstadda til að undirbúa sig undir þau störf sem bíða landbn. í sambandi við þessi mál.

Ég vil aðeins minna á megintilgang þessarar tillögu. Það er svo ríkt í Íslendingum „komi það sem koma vill"-afstaða og „verði það sem verða vill"-viðbrögð. Fyrir mér vakir fyrst og fremst að reyna að tryggja að dreginn verði lærdómur til framtíðar af þessari reynslu, þessir atburðir verði ekki látnir ganga yfir án þess að nýta reynsluna til mótunar áætlunar um viðbrögð í svipuðum tilvikum, sem við getum alveg átt von á að verði, og þess vegna mættu verða til fleiri en ein áætlun til þess að láta ekki koma sér á óvart ef annað eins dynur yfir þessa ágætu atvinnugrein.

[12:29]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar að koma aðeins örstutt inn í umræðuna og lýsa yfir stuðningi mínum við þáltill. sem hér hefur verið til umræðu og er hið merkasta plagg. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að hún fái skjóta og góða afgreiðslu í hv. landbn. Ég tel það vera til mikils sóma ef tillagan verður samþykkt, þótt með einhverjum breytingum verði.

Það hafa orðið mikil vonbrigði að hingað til hefur ekki tekist að rækta þessa veiru þó að sýni hafi verið send víða til útlanda þannig að við vitum í rauninni ekki enn hvað þarna er á ferðinni en það eru samt góðar vonir til að íslenskur vísindamaður sé að ná þeim árangri að geta ræktað þessa veiru sem er náttúrlega skilyrði fyrir því að hægt sé að rannsaka hana og greina. Vonandi á eftir að koma í ljós alveg á næstunni að þetta sé veira sem er þekkt í nálægum löndum og það mun þá auðvitað snarbreyta stöðunni. Hið gagnstæða getur komið í ljós þannig að eins og rætt hefur verið í dag getur það komið á daginn að mjög varanlegt tjón verði fyrir íslenskan landbúnað af þessum sjúkdómi. Ég verð að segja að mér finnst oft hafa verið ráðist í aðgerðir til aðstoðar af minna tilefni en þessum sjúkdómi núna og finnst mjög athugandi að hægt sé að veita a.m.k. til að byrja með þeim sem þess þurfa, ég held það þurfi náttúrlega alls ekki eins og hv. 2. þm. Reykn. stakk upp á, að það fari nákvæmlega eftir því hve mörg hross hver aðili flutti út í fyrra heldur hverjir þurfa aðstoð og hverjir ekki. Það sé fyrst og fremst miðað við það og það sé þá hægt að byrja á að veita þeim aðilum lán sem, ef svo illa fer að þessi sjúkdómur virðist valda varanlegu tjóni á þessari búgrein, er þá hægt að breyta yfir í styrki til viðkomandi aðila. Mér finnst þetta mjög athugandi og þetta er atriði sem þarf að ræða því eins og komið hefur fram í dag er þetta sá þáttur í íslenskum landbúnaði sem hefur kannski verið hvað mestur vaxtarbroddur í á undanförnum árum, hefur fært miklar tekjur í þjóðarbúið og ef það stöðvast við þennan sjúkdóm, sem guð forði okkur frá að fari svo illa, er það náttúrlega alveg gríðarleg blóðtaka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þrávirk lífræn efni í lífríki Íslands, fyrri umr.*

Þáltill. ÖS o.fl., 428. mál. — Þskj. 753.

[12:33]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar sem miðar að því að komið verði á könnun á þrávirkum lífrænum efnum í lífríki Íslands. Hana flyt ég með hv. þm. Kristjáni Pálssyni, Gísla Einarssyni og Árna M. Mathiesen. Með tillögunni leggjum við til að ríkisstjórninni verði falið að láta gera athugun á dreifingu og styrk lífrænna þrávirkra efna í lífríkinu við íslenskar strendur. Við leggjum sérstaklega til að þess verði freistað að mæla magn þessara efna í helstu tegundum nytjafiska á miðunum við Ísland, jafnframt að gerðar verði sérstakar mælingar á útbreiðslu efnanna meðal sjávarspendýra við Ísland. Ég kem að því síðar í framsögu minni hvers vegna við leggjum það til. Í þriðja lagi að teknar verði upp skipulegar rannsóknir á því hvernig þrávirk lífræn efni flytjast upp fæðukeðjuna við Ísland með sérstakri áherslu á efri stig keðjunnar.

Það kemur fram í skýrslum sem gerðar hafa verið um lífríki norðursins á allra síðustu árum að ein af mestu hættunum sem menn telja að steðji að lífríkinu á norðurhjaranum eru þessi efni. Nýlega kom út skýrsla á vegum sérfræðinga átta ríkisstjórna í löndum norðurhjarans, Ísland er eitt af þeim, og þar er gerð úttekt á lífríkinu og reynt að benda á þær hættur sem kunna að koma upp í framtíðinni. Það er sameiginleg niðurstaða þessara sérfræðinga að sú vá sem kann að búa í þessum þrávirku lífrænu efnum kunni að reynast lífríkinu á norðurhjaranum mesta ógnin. Þar fyrir utan er líklegt, herra forseti, eins og ég færi rök að síðar í máli mínu að löngu áður en þessi efni kunna að hafa raunverulega heilsufarslega spillandi áhrif eru þau líkleg til að gera verulegan usla í markaðsmálum Íslendinga erlendis með fiskafurðir. Ástæðan er sú að í fyrsta lagi eru þessi efni afar skaðleg öllu því sem lifandi er og í öðru lagi er eðli þeirra slíkt að það er líklegt að þau safnist fyrir á norðurhveli jarðar þótt hér sé engin uppspretta þeirra. Vel þekktar afleiðingar af uppsöfnun þessara efna í mönnum og dýrum eru t.d. krabbamein, ófrjósemi, óeðlilegur kynþroski, hvers kyns ofnæmi og alvarleg bilun ónæmiskerfisins. Þótt efnin séu í sjálfu sér ekki talin valda krabbameini örva þau hins vegar vöxt frumna sem hafa hafið skiptingu og geta orðið að krabbameini.

Það er líka alvarlegt að á allra síðustu missirum hafa komið í ljós niðurstöður rannsókna sem sýna að þau hættumörk, sem menn höfðu áður talið gild, standast ekki. Þ.e. þau eru e.t.v. rétt fyrir hinar dramatískari afleiðingar efnanna eins og þau sem ég taldi upp áðan en nú er hins vegar komið í ljós að kannski í þúsund sinnum minna magni geta þessi efni leitt til skaðlegra áhrifa á fóstur í móðurkviði, þau geta leitt til þess að afkvæmi dýra og börn manna sýni ákveðna bilun, til að mynda í samstillingu tauga. Hjá börnum slíkra mæðra kemur fram skortur á einbeitingu, stundum ofvirkni, misþroski og ýmislegt sem ógnar kannski ekki beinlínis lífi viðkomandi en getur haft mjög óheillavænlegar og alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi einstaklinga. Ég get þess í framhjáhlaupi, herra forseti, að könnun sem fór fram í Bandaríkjunum bendir til að u.þ.b. 5% allra bandarískra barna eigi við einhvers konar kvilla af þessu tagi að stríða sem má beinlínis rekja til þrávirkra lífrænna efna. Við þekkjum þessi efni vel. PCB-fjölskyldan, sem er blanda 207 efna, er e.t.v. þekktust í umræðunni því að hún hefur margoft komið upp en jafnframt eru það skordýraeitur ýmis konar eins og DDT. Þetta eru allt saman efni sem eiga uppruna sinn langt fjarri Íslands ströndum en samt koma þau hingað. Við erum í rauninni saklaus fórnarlömb hinna iðnvæddu samfélaga heimsins. Hvergi á norðurhvelinu og hvergi á Íslandi eru neinar raunverulegar uppsprettur þessara efna.

Hvernig stendur á þessu? Það er sérstakt eðli þessara efna. Þau eru rokgjörn sem þýðir að þegar þau lenda einhvers staðar í hita gufa þau upp mjög fljótlega. Þau berast með háloftastraumum víðs vegar um heiminn en um leið og þau komast inn á kaldari svið heimsins, t.d. yfir á norðurhluta kringlunnar, þéttast þau og falla til jarðar. Þannig geta þau fært sig í stökkum í átt til kaldari svæðanna og alltaf þegar hitnar gufa þau upp aftur og berast lengra norður eftir. Þegar þau eru hins vegar komin alla leið norður eru litlar líkur á að það hlýni nægilega til að þau gufi upp aftur og fari enn lengra þannig að norðurhvelið er eins konar kuldagildra fyrir þessi efni. Það safnar þessum efnum saman til sín.

Því miður eru ekki til langar mælingaseríur yfir þessi efni en það sem þó er til bendir til að þetta sé að gerast. Sem betur fer hafa Evrópuþjóðir, ekki síst fyrir forustu Íslendinga, beitt sér fyrir takmörkunum og banni hin allra skelfilegustu þessara efna. Það hefur leitt til þess að menn hafa dregið mjög úr notkun þeirra og í sumum verst menguðu hlutum Evrópu með tilliti til þessara efna hefur styrkur þeirra hraðminnkað. En ég nefni sem dæmi að í innhafi, sem er ekkert ýkja langt frá okkar parti kringlunnar, eins og Eystrasaltinu, hefur mengunin af völdum þessara efna verið slík að fólki er ráðlagt að takmarka fiskát ef fiskurinn er upprunninn úr Eystrasaltinu. Þarna er um að ræða váboða sem hlýtur auðvitað að skipta máli fyrir okkur Íslendinga í framtíðinni.

Þessi efni eru kölluð þrávirk vegna þess að þau brotna ekki niður. Þau geta verið virk aftur og aftur og aftur, e.t.v. öldum saman, og í því felst hættan. Náttúran vinnur ekki á þeim og út af því eðli þeirra sem ég reifaði áðan munu þau um síðir safnast saman á köldu svæðin, þar á meðal hér fyrir norðan. Þau flytjast síðan upp í gegnum fæðukeðjuna og vegna þess að þau brotna hvergi niður verða margföldunaráhrif meiri eftir því sem ofar dregur í fæðukeðjunni. Smáþörungar og bakteríur taka þessi efni upp úr hafinu umhverfis og síðan koma smásæ krabbadýr og éta þau og stærri krabbadýr éta hin smáu og fiskar og seiði éta krabbadýrin og stærri fiskar hina smærri og síðan éta selirnir fiskana, ísbirnirnir til að mynda í norðurhöfum éta síðan selina. Í sumum tilvikum éta menn ísbirnina. Þetta veldur því að ef við tökum til að mynda þorsk er að finna kannski 25 millj. sinnum meira magn af þessum efnum í þorskinum en í sjónum sem hann syndir í en ef við tökum til að mynda ísbjörn er að finna 50 þús. millj. sinnum meira magn af þessum efnum en í sjónum.

Hið furðulega, herra forseti, í þessu dæmi er að eftir að mælingar á þessum efnum hófust kom í ljós að hvergi á jarðríki hafa mælst jafnhá gildi þessara efna og einmitt í hinum fituríku spendýrum norðursins. Ísbirnir á Svalbarða og á Grænlandi hafa í sér gríðarlegt magn af þessum efnum. Sá hinn ágæti ísbjörn sem drepinn var af skipverjum úr kjördæmi hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar var til að mynda tekinn og mældur með tilliti til margra þessara efna og í ljós kom að þótt hann hafi verið tekinn í hafi ekki ýkja langt frá fæðingarstað hv. þm., sem ég nefndi hér áðan, var hann kolmengaður, hann var fullur af eitri. (**Gripið fram í**: Er eitthvert samband þarna á milli?) Eigi er svo, herra þm.,

sem ég get a.m.k. fært rök á enda er hv. þm. með hreinlegri mönnum sem ég þekki. Það er líka hægt að benda á að á ýmsum eyjum norðursins, eins og á Bjarnareyju og eyjaklasanum sem tengist Svalbarða, hefur verið mikill óskýrður fugladauði á árum fyrri sem nú er rakinn til þess að þar var einfaldlega komið svo mikið af efnum í þessi dýr.

Hefur þetta einhver áhrif við Ísland? Örugglega í framtíðinni en nú þegar bendir margt til að staðan sé alls ekki nógu góð við Ísland. Nokkrar mælingar hafa verið gerðar á þessu hér á Íslandi. Hin fyrsta sem verulegum tíðindum sætti var gerð á fálkum og þá kom í ljós að lífræn þrávirk efni sem mæld voru í íslenskum fálkum voru meiri en í sambærilegum ránfuglum erlendis sem voru þó í þeim löndum þar sem var verið að nota þessi efni. Þetta eru alveg skelfileg tíðindi fyrir okkur, herra forseti. Þegar við Reykvíkingar förum í sunnudagsbíltúrinn okkar út á Álftanes og horfum og hlustum á æðarfuglinn úa á kyrrlátum vordögum hljótum við að gleðjast yfir fegurð lífsins á slíkum dögum en að baki þessari spegilfögru mynd blasir þó við annar og ógnvænlegri veruleiki. Í nákvæmlega þessum æðarfugli, sem hefur búsetu í nánd við forseta Íslands í stærsta æðarvarpi á suðvesturhorninu, hafa menn gert mælingar á fuglinum. Það kemur í ljós að lífræn þrávirk efni, PCB í þessum æðarfugli, sem er svo að segja í jaðri borgarinnar, eru svo mikil að það er meira en í slíkum fuglum annars staðar. Það er svo mikið að við tilteknar aðstæður, þ.e. á vorin þegar fuglinn er að búa sig undir varp og hefur safnað mikilli fitu og í fitunni setjast þessi efni fyrir og þegar hann brýtur fituna niður til að mynda egg og hugsa um unga sína fara efnin út í blóðrásina. Þá verður styrkur þeirra svo mikill að samkvæmt niðurstöðum Hollustuverndar ríkisins eru þau líkleg til að valda bráðum eiturhrifum, svo ég vitni orðrétt í þá skýrslu sem komið hefur frá þeim.

Ég er ekki viss um að menn á Íslandi geri sér yfirleitt grein fyrir því hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að í nánasta nágrenni okkar, í hinu óspillta Íslandi, er staðan einfaldlega þannig að æðarfuglinn er svo fullur af eiturefnum sem hafa komið annars staðar frá að við vissar aðstæður getur það valdið bráðum eiturhrifum. Þetta eru fyrir mér alveg ótrúleg tíðindi, og ég verð að segja, herra forseti, að þetta er mál sem er erfitt að verjast en mál sem við þurfum eigi að síður að reyna að taka einhvern veginn á.

Þegar ég var umhvrh. í tíð fyrri ríkisstjórnar var þetta eitt af þeim málum sem við beittum okkur fyrir. Þá kynntist maður því hversu erfitt er að taka á svona málum. Hvers vegna? Vegna þess að það er ekki líklegt að það sem menn gera og verja kannski mjög miklum fjármunum til skili nokkrum árangri fyrr en eftir mjög langan tíma. Það kemur kannski ekki fram fyrr en eftir öld eða aldir. Eigi að síður verða menn að hafa framsýni til þess að fara í þetta.

Íslendingar hafa beitt sér fyrir því að dregið verði úr notkun þessara efna á alþjóðavettvangi. Það er ekki síst fyrir atbeina þeirra að nú liggur fyrir að innan skamms mun verða gert alþjóðlegt samkomulag um að hætta notkun tólf hættulegustu efnanna. Eitt af þeim er til að mynda toxafen, skordýraeitur sem hefur áhrif á taugakerfið og er aldrei notað á Íslandi. En það eru samt sem áður, held ég, ekki nema tvö til þrjú missiri síðan útflutningur á gámum með tiltekinni sjávarafurð frá Íslandi var stöðvaður til Þýskalands vegna þess magns af toxafeni sem var í þessari afurð.

Mig langar að síðustu, herra forseti, að reifa aðeins mikilvægi þessa máls fyrir íslenskan sjávarútveg. Menn hafa til að mynda verið að mæla PCB í brjóstamjólk kvenna og það kemur í ljós að ein tegund kvenna sker sig frá. Það eru inúítakonur á norðurhjaranum, til að mynda víðs vegar um Kanada og á Grænlandi. Þær hafa í móðurmjólk sinni miklu hærra magn en nokkrar aðrar konur, áttfalt meira magn en hvítar konur í Kanada, stallsystur þeirra í sama landi, áttfalt meira magn af þessum efnum er að finna í brjóstamjólk þeirra. Hvers vegna? Vegna þess að þær lifa á heföbundinni fæðu úr náttúrunni, þ.e. á feitum sjávarspendýrum, hval, sel og jafnvel ísbjörnum.

Í Færeyjum, þar sem ég taldi sjálfur að menn væru svo að segja hættir að éta grind nema til hátíðabrigða, kemur í ljós að neysla sjávarspendýra er það mikil að í færeyskum konum mælast þessi efni í brjóstamjólk miklu hærri en annars staðar ef inúítakonurnar eru taldar frá. Á Íslandi mælist þetta líka þó að við séum víðs fjarri uppsprettu mengunarinnar, þá er þriðjungi meira af sumum þessara efna í brjóstamjólk íslenskra kvenna en kvenna í ýmsum löndum í Evrópu. Af hverju er það, herra forseti? Það er vegna þess að við lifum á sjávarfangi. Þó að PCB sé í íslensku sjávarfangi miklu minna en til að mynda í fiski erlendis, í Evrópu, þá er það samt sem áður nægilegt vegna þess hversu mikið við borðum af fiski að þetta safnast fyrir. Ég hef miklar áhyggjur af því þegar þessi mál eru að komast í hámæli eins og þau eru að gera í Bandaríkjunum núna. Nýlega var t.d. haldin 900 manna ráðstefna í San Francisco bara um þetta. Þar komu fram uggvænlegar upplýsingar og ég hef áhyggjur af því að þegar umræðan vex um þetta kunni hún að hafa mjög neikvæð áhrif á markaðssetningu okkar á þessum afurðum erlendis. Þess vegna þarf að grípa í taumana. Eitt af því sem við getum gert er að hafa stöðugt á hraðbergi nýjar upplýsingar um að staðan er þrátt fyrir allt enn þá þannig að íslenskur fiskur er miklu hreinni en víðast annars staðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. GÁS, 653. mál (heimildir til vaxtabóta). — Þskj. 1126.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, 1. umr.*

Frv. GÁS, 657. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 1130.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Gjaldmiðill Íslands, 3. umr.***

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 1180.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Samningar með tilkomu evrunnar, 3. umr.***

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 1181.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 2. umr.***

Stjfrv., 509. mál (gjald af flugvélabensíni). — Þskj. 879, nál. 1136.

*og*

***Flugmálaáætlun 1998–2001, síðari umr.***

Stjtill., 207. mál. — Þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140.

[12:50]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forseta mun ég í fyrsta lagi mæla fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum og í öðru lagi fyrir nál. og brtt. varðandi flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001.

Nál. um frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum, er á þskj. 1136. Eins og menn þekkja komu fram athugasemdir m.a. frá samkeppnisráði fyrr í vetur um að innheimta eldsneytisgjalds af flugvélabensíni og þotueldsneyti stæðist ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar væru til fjáröflunar af þessu tagi og leiddi til mismununar. Þess vegna lagði hæstv. samgrh. fram frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem fól í sér að fella úr lögum heimild til innheimtu gjalda af flugvélabensíni og til þess að jafna samkeppnisskilyrði í flugi með því að fella þetta gjald niður.

Þetta frv. fékk talsvert mikla umræðu í samgn. Leitað var eftir umsóknum frá Flugmálastjórn, flugráði, Flugleiðum, Flugfélagi Íslands og Íslandsflugi. Umsagnir bárust frá þremur fyrstnefndu aðilunum. Alls staðar voru umsagnirnar jákvæðar og sama kom fram reyndar þegar fulltrúar þessara aðila komu til fundar við nefndina. Samgn. leggur þess vegna til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Með þeim breytingum sem þessi lagabreyting hefur í för með sér ...

(**Forseti** (RA)): Áður en lengra er haldið og vegna þess hve stuttur tími er þangað til fresta verður fundi, það eru aðeins tiltölulega fáar mínútur, þá vildi forseti spyrja hv. þm. hvort ræða hans sé mjög stutt. Ef svo er ekki, þá væri kannski æskilegt að fresta málinu í heild til kl. 3 þannig að allir sitji þá við sama borð að mæla fyrir málinu.)

Ég geri út af fyrir sig engar athugasemdir við það. Ræða mín verður í sjálfu sér ekki löng en til að fá heilsteyptari mynd og meira samhengi í umræðuna, þá get ég tekið undir það með hæstv. forseta að málinu verði frestað til kl. 3 í dag.

(**Forseti** (RA)): Þá gerum við það.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–16. mál.

Fundi slitið kl. 12:54.

---

## 106. FUNDUR

fimmtudaginn 16. apríl,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Tilkynning frá ríkisstjórninni.
2. Hlutafélög, frv., 634. mál, þskj. 1090. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Grunnskóli, frv., 636. mál, þskj. 1092. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Réttarfarsdómstóll, frv., 656. mál, þskj. 1129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, þáltill., 579. mál, þskj. 984. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Þrávirk lífræn efni í lífríki Íslands, þáltill., 428. mál, þskj. 753. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 653. mál, þskj. 1126. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, frv., 657. mál, þskj. 1130. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Gjaldmiðill Íslands, stjfrv., 555. mál, þskj. 1180. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Samningar með tilkomu evrunnar, stjfrv., 556. mál, þskj. 1181. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011. — 1. umr.
12. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, stjfrv., 661. mál, þskj. 1134. — 1. umr.
13. Lyfjalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1125. — 1. umr.
14. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879, nál. 1136. — Frh. 2. umr.
15. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr.
16. Flutningskostnaður olíuvara, stjfrv., 660. mál, þskj. 1133. — 1. umr.
17. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 658. mál, þskj. 1131. — 1. umr.

[15:03]

**Útbýting þingskjala:**

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1997, 685. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1185.

Kostnaður við grunnskóla, 540. mál, svar félmrh., þskj. 1148.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni, 503. mál, svar umhvrh., þskj. 1169.

***Tilkynning frá ríkisstjórninni.***

Ráðherraskipti í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

[15:04]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Friðrik Sophusson fjmrh. hefur beðist lausnar frá embætti sínu með bréfi, dags. 14. apríl. Friðrik Sophusson hefur gegnt embætti sínu í tæp sjö ár með miklum ágætum og góðum árangri. Honum eru þökkuð góð störf og óskað velfarnaðar.

Að tillögu forsrh. hefur forseti Íslands á ríkisráðsfundi í dag skipað Geir H. Haarde alþm. til að gegna embætti fjmrh. í ríkisstjórninni. Honum er óskað allra heilla og velferðar í störfum.

Þá hefur í dag verið ákveðið, sem vera mun fordæmalaust eða fordæmalítið, að framvegis skuli hæstv. utanrrh. verða staðgengill forsrh. í forföllum hans og forsrh. staðgengill utanrrh. í forföllum hans. Þetta tilkynnist hv. Alþingi hér með.

[15:05]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Í tilefni þessarar tilkynningar hæstv. forsrh. vill forseti færa fráfarandi fjmrh., Friðriki Sophussyni, þakkir fyrir samstarf á umliðnum árum og jafnframt færa nýjum fjmrh., Geir H. Haarde, árnaðaróskir í nýju og umfangsmiklu starfi. Samstarf forseta og formanna þingflokka er mikið og hefur vaxið á undanförnum árum. Í þeim hópi hefur Geir H. Haarde gegnt mikilvægu hlutverki. Samvinna við hann hefur verið sérstaklega ánægjuleg. Hans er því saknað úr þeim hópi og honum þökkuð störf á þeim vettvangi.

***Hlutafélög, frh. 1. umr.***

Frv. ÁE o.fl., 634. mál. — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Grunnskóli, frh. 1. umr.***

Frv. SvG o.fl., 636. mál. — Þskj. 1092.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Réttarfarsdómstóll, frh. 1. umr.***

Frv. SvG, 656. mál. — Þskj. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KH, 579. mál. — Þskj. 984.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Þrávirk lífræn efni í lífríki Íslands, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÖS o.fl., 428. mál. — Þskj. 753.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. GÁS, 653. mál (heimildir til vaxtabóta). — Þskj. 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Almannatryggingar, frh. 1. umr.***

Frv. GÁS, 657. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Gjaldmiðill Íslands, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 555. mál (lægsta mynteining). — Þskj. 1180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JHall, KH, KPál, LB, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SvG, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, GE, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, LMR, MS, ÓÖH, RG, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1187).

### *Samningar með tilkomu evrunnar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JHall, KH, KPál, LMR, LB, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SvG, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, GE, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, MS, ÓÖH, RG, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1188).

### *Flutningskostnaður olíuvara, 1. umr.*

Stjfrv., 660. mál (flokkun olíu). — Þskj. 1133.

[15:11]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, sem er á þskj. 1133, 660. mál þingsins.

Frv. þetta er fyrst og fremst flutt vegna álits samkeppnisráðs þess efnis að visst ákvæði í lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara stríði gegn markmiði samkeppnislaga. Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaganna skal ráðið vekja athygli einstakra ráðherra á áliti sínu ef það telur að ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæli stríði gegn markmiði laganna og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum.

Í áliti samkeppnisráðs nr. 11/1995 frá 22. nóv. 1995 kom fram að jöfnun á flutningskostnaði olíuvara geti samrýmst meginreglum samkeppnislaga enda sé í því sambandi gætt jafnræðis á milli einstakra fyrirtækja og neytendahópa. Hins vegar taldi ráðið að eina leiðin, sem samrýmdist fyllilega markmiði samkeppnislaga og tryggði um leið jafnræði milli einstakra fyrirtækja og neytendahópa, væri sú að jafna flutningskostnað á hverri tegund olíuvara fyrir sig, óháð flutningskostnaði á öðrum tegundum vörunnar.

Flokkaskipting skv. 4. gr. laganna um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara er talin geta leitt til mismunar í garð einstakra fyrirtækja eða neytendahópa og þar með í vissum tilvikum torvelda frjálsa samkeppni. Er því gert ráð fyrir breytingu á þeirri grein laganna. Í greininni verða nú taldir upp þeir flokkar olíu sem eru í notkun hér á landi og jafnframt er þar gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins geti ákveðið nýja flokkun eða undirflokkun olíu ef þörf er á. Fyrst og fremst verður flokkum fjölgað samkvæmt greininni þannig að í stað flokksins „aðrar olíur og blöndur til brennslu" komi tveir flokkar. Þeir eru annars vegar svartolía, brennsluolía, og hins vegar milliþykkar olíur og blöndur til brennslu.

Ekki var talið unnt að taka upp sundurliðaðri flokkun varðandi flutningsjöfnun olíuvara með því að breyta þessari grein laganna en jafnframt eru gerðar aðrar nauðsynlegar breytingar á 1. gr. laganna.

Með fyrirhugaðri breytingu er unnt að koma í veg fyrir að kostnaður við að flytja eina tegund olíu á landi geti hækkað flutningsjöfnunargjald af annarri olíutegund sem aðeins er flutt á sjó. Hægt er að vinna gegn því að tiltölulega hár kostnaður við að flytja eina tegund af olíu sem ætluð er neytendum víðs vegar um land hafi í för með sér hækkun á flutningsjöfnunargjaldi á annarri tegund sem kaupendur á fáum stöðum á landinu hafa einir not af.

Jafnframt því að taka þannig tillit til framangreinds álits samkeppnisráðs er fyrirhuguð sú breyting á 1. gr. laganna að milliþykkum olíum og blöndum til brennslu verði bætt við upptalningu olíutegunda í landflutningum. Í því sambandi má hafa í huga að vafi getur stundum leikið á því hvort olíu skuli flokka annars vegar sem gasolíu eða dísilolíu eða hins vegar milliþykkar blöndur og olíur til bræðslu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Læknalög, 1. umr.*

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011.

[15:15]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að fellt verði inn í núgildandi læknalög nýtt ákvæði sem fjallar um hvernig fara skuli með mál þegar upp koma óvænt atvik við meðhöndlun sjúklinga. Markmið frv. er einkum tvíþætt. Að tryggja aukið eftirlit og skráningu þannig að efla megi gæði heilbrigðisþjónustunnar og um leið auka og efla réttindi sjúklinga. Efni frv. styrkir því nýsamþykkt lög um réttindi sjúklinga og í heilbr.- og trmrn. er einnig unnið að frv. til laga um sjúklingatryggingu sem byggir á sama hátt á þeim grundvallarsjónarmiðum að tryggja í auknum mæli réttindi sjúklinga.

Frv. það sem er til umræðu er samið af fulltrúum tilnefndum af landlæknisembætti, Landssambandi sjúkrahúsa, Landssambandi heilsugæslustöðva, Læknafélagi Íslands og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, auk lögfræðinga í heilbr.- og trmrn. Nefndin aflaði upplýsinga um fyrirkomulag tilkynningamála frá öðrum Norðurlöndum og um meðferð slíkra mála hér á landi bæði hjá heilbrigðisstofnunum um land allt og hjá landlæknisembættinu. Óskað var eftir upplýsingum frá heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum um það hvaða hátt þeir hefðu á tilkynningum og óhappaskráningu. Í ljós kom að núgildandi ákvæði 18. gr. læknalaga er nánast óvirkt. Svo virðist sem oftar en ekki berist embætti

landlæknis ekki vitneskja um mistök eða vanrækslu fyrr en sjúklingar þeir sem hlut eiga að máli eða aðstandendur þeirra snúa sér til embættisins með kvörtun vegna atviksins.

Í svörum sem bárust kom fram að mál af þessu tagi væru sjaldgæf í heilsugæslunni. Auk þess var á það bent að læknar teldu oft erfitt að standa að formlegum tilkynningum en núgildandi ákvæði læknalaga gera ráð fyrir að verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skuli hann tilkynna það landlækni. Bent var á að slíkt væri oft erfitt fyrir lækna, ekki síst í minni heilsugæslustöðvum. Í svörum frá sjúkrastofnunum kom fram að á árinu 1995 hafi farið fram formleg skráning óhappa hjá a.m.k. sex heilbrigðisstofnunum, þar á meðal hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík.

Fram kom að föll voru algengust óhappa meðal sjúklinga, oft með þeim afleiðingum að þeir beinbrotnuðu. Mistök við lyfjagjöf komu einnig fyrir. Af upplýsingunum sem bárust var erfitt að meta hvort eða hvenær þessi óhöpp sjúklinganna voru tilkynnt til landlæknis. Hjá þeim sjúkrahúsum sem halda ekki skipulega óhappaskrá kom fram að allra óhappa sjúklinga ætti að geta í sjúkraskrá þeirra. Í reynd virðist sem það sé undir heilbrigðisstarfsmönnum sjálfum komið hvort mál séu tilkynnt landlækni. Nefndin sem samdi frv. efndi til málþings um feril þessara mála. Til þess var boðið öllum héraðslæknum og fulltrúum frá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum, félögum heilbrigðisstétta, Landssambandi sjúkrahúsa, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa og Landssambandi heilsugæslustöðva. Málþingið var vel sótt og í almennum umræðum kom skýrt fram óöryggi heilbrigðisstarfsmanna og forstöðumanna stofnana gagnvart tilkynningarskyldunni eins og hún er í dag í 18. gr. læknalaga.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að semja eigi ítarleg ákvæði um feril þessara mála þannig að mótuð verði skýrari, öruggari og ekki síst aðgengilegri farvegur en nú er. Með frv. er jafnframt lögð áhersla á að tilkynningar af þessu tagi eru hluti gæðaeftirlits í starfi heilbrigðisstarfsmanna. Forsenda þess að bæta megi þjónustu og meðhöndlun sjúklinga er að heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisyfirvöld hafi glöggt yfirlit yfir þau tilvik þar sem eitthvað fer úrskeiðis. Fyrirkomulag af þessu tagi á rætur í hinar sænsku Lex-Maria-reglur sem settar voru á fyrri hluta þessarar aldar en hafa síðan þróast í tímans rás. Í greinargerð með frv. er að finna yfirlit yfir stöðu þessara mála á Norðurlöndum.

Víkjum þá að efni nýrrar 18. gr. a í læknalögum sem frv. þetta kveður á um. Í ákvæðinu er lýst nýju viðbragðskerfi þegar óvæntan skaða ber að höndum. Annars vegar er fjallað um hvernig með slík mál skuli fara innan heilbrigðisstofnana og hins vegar hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Heilbrigðisstofnunum er ætlað að rannsaka slík mál sjálfar en tilkynna mál strax til landlæknis ef forstöðumaður og faglegir yfirstjórnendur telja ástæðu til. Þá er stofnunum jafnframt gert að skila landlækni tvisvar á ári skýrslu um óvænta skaða og viðbrögð við þeim. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn eiga að tilkynna óvæntan skaða til landlæknis sem tekur síðan ákvörðun um hvernig staðið verður að rannsókn málsins.

Í 1. mgr. 18. gr. eru almenn fyrirmæli ef meðferð heilbrigðisstarfsmanns hefur óvæntan skaða í för með sér, þ.e. að þegar árangur eða afleiðingar meðferðar verða aðrar en gert var ráð fyrir í upphafi skuli mál rannsakað til að finna á því skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að atvik eigi sér ekki aftur stað. Upplýsa skal sjúkling um hinn óvænta skaða sé þess kostur en hugsanlegt er að eðlilegt sé að bíða um sinn vegna ástands sjúklings og er þá gert ráð fyrir að nánasta vandamanni sjúklings sé greint frá því sem gerst hefur.

Varðandi skilgreiningar á hugtökunum „heilbrigðisstarfsmaður“ og „meðferð“ er vísað til 2. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

Á heilbrigðisstofnunum bera yfirlæknir og hjúkrunardeildarstjóri ábyrgð á að óvæntur skaði sé tilkynntur faglegum yfirstjórnendum og að þeir tilkynni hann forstöðumanni. Það er síðan sem fyrr segir forstöðumanns að meta í samráði við þá hvort tilvikið skuli þegar tilkynnt landlækni. Frv. gerir ráð fyrir að það sé forstöðumaður sem beri ábyrgð á að skaðinn sé rannsakaður, afgreiddur og tilkynntur í samræmi við ákvæði. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þennan feril í reglugerð en drög að henni eru birt sem fylgiskjal með frv. þessu.

Verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun ber yfirlæknir ábyrgð á að málið sé tilkynnt lögreglu í samræmi við ákvæði frv. til laga um dánarvottorð sem er nú til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. Loks er gert ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir sendi landlækni tvisvar á ári skýrslur um alla óvænta skaða af meðferð ásamt niðurstöðum rannsókna mála. Landlæknisembættið metur síðan hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að koma þeim upplýsingum áfram til annarra stofnana. Landlæknir skal jafnframt árlega senda ráðherra samantekt um óvæntan skaða í heilbrigðisþjónustu og afdrif mála. Verði frv. þetta að lögum mun það öðlast gildi 1. jan. 1999 en nauðsynlegt er að kynna ákvæði laganna og reglugerðar sem sett yrði á grundvelli þeirra rækilega fyrir þeim sem eftir þeim eiga að starfa.

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að fylgja úr hlaði málum sem hafa það að markmiði að tryggja réttindi sjúklinga og að bæta gæði heilbrigðisþjónustunnar og þar af leiðandi það starfsumhverfi sem heilbrigðisstéttir starfa í frá degi til dags. Ég legg mikla áherslu á að við meðferð frv. og reglum sem settar verða er ætlunin að móta öflugt gæða- og eftirlitskerfi. Það er mikilvægt að öll framkvæmd takist vel og að markmiðin nái fram að ganga. Það er hlutverk heilbrigðisyfirvalda að stuðla að því og verði frv. þetta að lögum mun undirbúningur þegar hefjast en drög að reglugerð þar sem kveðið er á um framkvæmd laganna liggja sem fyrr segir þegar fyrir og eru birt sem fylgiskjal með frv. þessu.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frv. þetta fái jákvæða umfjöllun og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:25]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á læknalögum er að öllu leyti til bóta. Ég fæ ekki séð annað. Undanfarið hafa verið miklar umræður um hve slæm staða þeirra er sem hafa orðið fyrir læknamistökum eða orðið fyrir slysum á sjúkrastofnunum eða heilbrigðisstofnunum. Í vetur þegar þessi mál voru til umræðu voru gefnar vonir um það frá heilbrrh., eða a.m.k. frá fulltrúum ráðherrans eða starfsmönnum í ráðuneytinu, að þarna yrði verulega tekið á málum. Ég verð því miður að harma að ekki skuli vera gengið lengra en hér er gert í að bæta stöðu þeirra sem hafa orðið fyrir læknamistökum. Ég bendi á að sú sem hér stendur og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Össur Skarphéðinsson höfum viljað taka mun ákveðnar á þessum málum og höfum lagt fyrir þingið

tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á reglum um sjúklingatryggingu því að við teljum að alls ekki sé nógu langt gengið eins og hæstv. ráðherra gerir hér. Þótt frv. sé til bóta teljum við að það þurfi að fara í vinnu við að gera úttekt á reglum um sjúklingatryggingu og leggja þurfi fyrir tillögur til réttarbóta á því sviði. Það þarf t.d. að koma með tillögur sem snúa að skaðabótum og miskabótum, þær verði greiddar þeim sem verða fyrir líkamstjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi eða dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða á öðrum heilbrigðisstofnunum og það þarf að einfalda leið sjúklinga til að sækja réttinn þannig að komið verði í veg fyrir fjölda dómsmála.

Auðvitað er sú breyting á lögum sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir til að bæta stöðuna að nokkru leyti því tilkynningarskyldan og upplýsingaskyldan ætti að auðvelda sjúklingum að fá upplýsingar ef um mistök hefur verið að ræða en það er svo langt frá því að hér sé tekið á málum eins og þyrfti að gera. Það hefur komið í ljós að þessi mál hafa alls ekki verið í nógu góðu horfi. Kvartað hefur verið undan seinagangi í kerfinu, erfiðleikum við að afla gagna, erfiðleikum við sönnunaraðstöðu, bætur eru lágar til þeirra sem lenda í því að verða fyrir skaða á stofnunum. Sú trygging sem er fyrir sjúklinga í dag er aðeins slysatrygging almannatrygginga þar sem sjúklingar eru slysatryggðir en ekki er þar um neinar miskabætur að ræða fyrir sjúklinga í þeirri sjúklingatryggingu. Í þeirri þingsályktun sem við hv. þm. stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn. höfum lagt fram og hefur ekki verið mælt fyrir enn þá en liggur fyrir þinginu leggjum við til hliðsjónar og höfum skoðað mál eins og þau eru í Danmörku og höfum lagt með ályktun okkar frv. til laga um sjúklingatryggingu sem fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason, sem nú gegnir stöðu umhvrh. og landbrh., sem sá ráðherra lagði fram á 113. löggjafarþingi.

Það var reyndar lagt fram hér til kynningar en ég velti fyrir mér hvers vegna flokkssystir hæstv. ráðherra hefur ekki treyst sér til að leggja fram ámóta frv. og flokksbróðir hennar í sama embætti lagði hér fram til kynningar á 113. löggjafarþingi. Þetta var mjög vel unnið frv., samið af Arnljóti Björnssyni, þáv. prófessor, að beiðni ráðherrans. Fyrirmynd þess frv. var danska lagafrv. um sjúklingatryggingu sem varð að lögum nokkru eftir að frv. Guðmundar Bjarnasonar var lagt fram hér á þingi.

Danska frv. sem haft var til hliðsjónar við samningu frv. Guðmundar hefur verið breytt nokkuð. Við töldum að full ástæða væri til þess að farið yrði í að skoða frv. frá 113. löggjafarþingi. Það yrði notað við vinnu þeirrar nefndar sem færi í að endurskoða lög um sjúklingatryggingu og þyrfti þá einnig að hafa til hliðsjónar ýmsar lagabreytingar sem orðið hafa á íslenskum lögum frá því að þetta frv. var samið.

Það kom fram í svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, sem lögð var fram á haustþingi 1997, um mistök við læknisverk, að fjöldi mála hefur aukist mjög, frá því að vera nokkrir tugir í u.þ.b. 250 mál á ári, 250 kærumál vegna læknamistaka.

Þetta gerist þrátt fyrir það að margir veigra sér við að fara út í málarekstur vegna læknamistaka, þó þeir telji sig hafa verið fórnarlömb slíkra mistaka, vegna þess að mjög mikill kostnaður og álag fylgir því að fara út í málarekstur. Engu að síður hefur málunum fjölgað frá nokkrum tugum upp í 250 mál á ári. Við hefðum þess vegna talið mikilvægt að farið yrði heildstætt í þessi mál. Þetta frv., sem Arnljótur Björnsson þáv. prófessor samdi að beiðni þáv. hæstv. heilbrrh., yrði skoðað og tekið yrði á þessum málum víðtækar. Vonast ég til þess að hæstv. ráðherra, sem greinilega hefur áhuga á að bæta stöðu þeirra sem lenda í mistökum eða óvæntum skaða á stofnunum sem þetta frv. sem hér er til umræðu sýnir, dusti nú rykið af frv. fyrirrennara síns og flokksbróður, Guðmundar Bjarnasonar, og fari að þeirri ósk sem kemur fram í till. til þál. frá okkur þremenningunum, hv. þingmönnum, um að látin verði fara fram úttekt á reglum um sjúklingatryggingu hér á landi.

Það þarf verulega að bæta réttarstöðu fólks sem sífellt er í sambandi við okkur þingmenn sem sinnum þessum málum, heilbrigðis- og tryggingamálunum. Það er nánast í hverjum mánuði sem einhverjir hafa samband við mann vegna slíkra mála sem þeir hafa lent í og er greinilegt að staða þeirra er afleit, hún er afleit. Og bætur sem þeim eru ætlaðar eru allt of lágar og ekki tekið tillit til miska eða skaða sem þetta fólk verður fyrir heldur eru það aðeins hinar venjulegu almannatryggingaslysabætur sem þessu fólki standa til boða og síðan eru aðrar bætur ef fólk leggur í að fara dómstólaleiðina.

Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að taka undir með okkur þremenningunum og fara í þá vinnu sem hér er lögð til þannig að þetta fólk þurfi ekki að búa við það ástand sem nú ríkir í þessum málum, þó svo að þetta frv. til laga muni bæta ástandið nokkuð.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, þegar hann mælti fyrir þessu máli, að lagafyrirmæli um tilkynningarskyldu til landlæknis vegna mistaka og vanrækslu lækna eða annarra í heilbrigðisstéttum hefur verið og er nánast óvirk. Það hefur alveg greinilega komið í ljós og er alveg rétt. Það kemur vel fram í grg. með frv. hæstv. ráðherra að þessi mál hafa verið í miklum ólestri og þurfa mun betri leiðréttingu en hér er gerð, sem þó er í áttina. En ég mun vissulega taka þátt í umræðu um þetta mál þegar það kemur til hæstv. heilbr.- og trn. Sömuleiðis vonast ég til þess að þáltill. um endurskoðun á reglum um sjúklingatryggingu verði afgreidd um svipað leyti og ég vonast til þess að menn nái að samþykkja þá þál. og bæta enn úr því ástandi sem ríkir í málefnum þeirra sem hafa orðið fyrir áföllum vegna mistaka í heilbrigðiskerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, 1. umr.*

Stjfrv., 661. mál. — Þskj. 1134.

[15:37]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Samkvæmt dagskrá á nú að ræða frv. hæstv. heilbrrh. um gagnagrunna. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að áður en umræðan hefst að spyrjast fyrir um fyrirætlanir hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar. Málið sjálft er viðamikið og flókið og felur í sér mikið nýmæli, tækifæri og spurningar og það hefur verið lífleg umræða um málið í þjóðlífinu. Hæstv. ráðherra hefur í fjölmiðlum rætt um að málið verði varla afgreitt á þessu þingi, það sé það viðamikið, og stefnir að afgreiðslu á haustþingi. Hæstv. forsrh. hefur lýst gagnstæðum skoðunum og telur brýnt að málið nái fram að ganga núna.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að vita hvort ráðherrann hæstv. knýi á um afgreiðslu málsins nú eða hvort málið verði lagt fram til kynningar og 1. umr., enda málið sjálft seint fram komið.

Það er lítið eftir af þessu þingi eins og hæstv. forseti veit. Þótt málið sé vitaskuld á forræði þingsins þá veit hæstv. ráðherra að vilji hans og stjórnarþingmanna ræður för. Það skiptir því miklu máli, herra forseti, hvernig umræða og úrvinnsla verður gagnvart þessu máli, hvor leiðin verður farin. Þess vegna sé ég ástæðu til að spyrjast fyrir um þetta áður en umræðan hefst.

[15:39]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að þessi fyrirspurn sé borin upp. Þetta frv. sem hér verður til umfjöllunar innan skamms hefur verið í mikilli umræðu síðasta hálfa mánuðinn í þjóðfélaginu. Ég legg á það mikla áherslu að þetta mál fái vandaða meðferð og hef ítrekað það oftsinnis og geri það enn hér. Nú kemur þetta mál til kasta þingmanna og það mun fljótt koma í ljós hér í þinginu hvort þingmenn treysta sér til að afgreiða það á vandaðan hátt á þeim tíma sem eftir lifir þingsins.

[15:40]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykn. um málsmeðferðina varðandi það frv. sem hér hefur verið tekið á dagskrá. Ég tel að það sé á engan hátt forsvaranlegt að sá sem hefur forræði á málinu, hæstv. heilbrrh., skjóti sér undan því að greina þinginu frá því nú, áður en málið kemur til umræðu, hver sé vilji hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar í sambandi við þetta mál. Það er ekki hægt að tala um þetta efni á einhverju dulmáli eins og hæstv. ráðherra. Það er dulkóðuð afstaða sem kom hér fram í máli hæstv. ráðherra, og mér finnst nauðsynlegt að sá lykill sem að þeirri afstöðu gengur sé gefinn upp, og það er einungis á valdi hæstv. heilbrrh. að gera það.

Ég sá í viðtali við hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu 8. apríl sl. að þar segist hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, í samtali við blaðið „leggja áherslu á að frumvarpið væri nú aðeins kynnt, það yrði vart afgreitt á þessu þingi heldur þráðurinn tekinn upp næsta haust. Hún sagði að því mundu þeir, sem gera vildu við það athugasemdir, fá til þess nægan tíma."

Hér er nokkuð skýrt talað. Það eru nokkur tíðindi ef hæstv. ráðherra getur ekki kveðið jafnskýrt að orði eða þannig að enginn vafi leiki á um vilja hæstv. ráðherra í þessu efni. Ég held að ekki þurfi að segja þinginu, sem á aðeins fáa starfsdaga eftir, að mál af þessum toga fær ekki vandaða meðferð í þinginu til afgreiðslu nema menn ætli að sitja hér langt fram á sumar.

[15:42]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það þarf að koma skýrt fram frá hæstv. heilbrrh. hvað hún hyggst fyrir með málið. Eins og komið hefur fram þá hafa verið uppi misvísandi áform innan ríkisstjórnarinnar um þetta mál. Hæstv. forsrh. telur að það þurfi að fá skjóta afgreiðslu í þinginu og þurfi að afgreiðast fyrir vorið. Hæstv. heilbrrh. talar um að það verði aðeins lagt fram til kynningar, það hefur þó nokkrum sinnum komið fram í fjölmiðlum frá hæstv. ráðherra. Auðvitað verður það að koma hér skýrt fram áður en við hefjum þessa umræðu hvort hæstv. ráðherra ætlar sér að málið fari til heilbr.- og trn. og fái þar þá umræðu sem það þarf og kallaðir verði til þeir fjölmörgu sem hafa gert ákveðnar athugasemdir við málið í fjölmiðlum. Þó svo að umræða hafi verið nokkur um málið í hálfan mánuð þá er þetta frv. tiltölulega nýkomið inn í þingsali og við, a.m.k. í stjórnarandstöðunni, nýbúin að sjá það, þó að nokkuð hafi verið fjallað um það í fjölmiðlum.

En það er alveg ljóst að það þarf að koma hér skýrt fram áður en við hefjum umræðuna hvað hæstv. ráðherra ætlar sér fyrir um málið. Á að afgreiða það á næstu örfáu dögum sem eftir lifa af þinginu — ég held að það séu einir tíu starfsdagar sem lifa eftir af þinginu — eða ætlar hæstv. ráðherra að leggja það hér til kynningar og umfjöllunar? Eða ætlar hæstv. ráðherra að leggja það aftur fram í haust, eins og manni hefur skilist á ummælum í fjölmiðlum? Þetta þarf að koma skýrt fram, herra forseti, áður en þessi umræða hefst.

[15:44]

**Tómas Ingi Olrich** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sú umræða sem hér á sér stað virðist vera til þess gerð að kalla fram yfirlýsingar frá hæstv. heilbrrh. um það hvort hún hyggist beita sér fyrir því að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. Mig langar til að benda á tvö atriði í sambandi við þetta mál. Fyrir það fyrsta er það óvenjulegt að áður en mælt er fyrir frv. skuli það hafa fengið eins víðtæka umfjöllun í fjölmiðlum og þetta frv. hefur fengið. Það hefur birst ótrúlegur fjöldi af greinum með efnislegum athugasemdum um frv. Þessar greinar eru settar fram sumar hverjar af faglegum sjónarmiðum og eru mjög upplýsandi um málið, a.m.k. nokkrar þeirra.

Ég vil einnig taka fram að það er rétt að þingmenn hugi svolítið að því hvers eðlis þetta mál er. Þetta mál veit að hugvitsiðnaði en sá iðnaður er á alþjóðlegan mælikvarða sá sem einna mestar sviptingar eru á, þar sem hraðinn er mestur og þar sem tíminn er minnstur. (**ÖS:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) Þetta er um það efni sem hér er búið að vekja upp, (**Gripið fram í:** Er þetta efnisumræða?) hvort það á að koma efninu fyrir, hvort á að reyna að ... (Gripið fram í.) Ég býst við því að hv. þingmenn sem hér eru að kalla fram í geti gert það sem ég er að gera, að taka þátt í umræðu um fundarstjórn forseta. Þeir geti komið hér upp eins og ég en ekki verið að trufla mál mitt.

Ég vil taka það fram að af efnislegum ástæðum er mjög brýnt að þessu máli verði hraðað.

[15:46]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er vissulega um mjög athyglisvert og stórt mál að ræða sem mjög margir hafa jákvæð viðhorf til. En hinu verður ekki neitað að hæstv. ráðherra skýrði frá því opinberlega að hæstv. ráðherra hefði ekki í hyggju að málið yrði afgreitt á þessu þingi heldur mundi einungis leggja málið fram til kynningar. Það hefur orðið til þess, herra forseti, að alþingismenn hafa ekki búið sig undir efnislega umræðu eins og þeir þurfa að gera ef það ætti að afgreiða málið nú á þessu vori. Þá hefðum við farið í það verk að ræða við ýmsa aðila sem hafa tjáð sig um þetta mál og afla okkur upplýsinga og undirbúa okkur undir efnislega umræðu um málið strax við 1. umr. Þetta höfum við ekki gert. Ekki vegna þess að við höfum ekki áhuga á málinu heldur einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðherra, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði grein fyrir áðan, sendi okkur þau skilaboð að hér yrði ekki um að ræða afgreiðslubeiðni af hennar hálfu heldur aðeins framlagningu til kynningar. Því höfum við ekki getað undirbúið okkur, herra forseti, efnislega til þess að ganga til 1. umr. undir þeim forsendum sem allt í einu virðast vera komnar upp núna.

Þetta bið ég hæstv. forseta að taka til umhugsunar.

[15:47]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það mál sem nú á að ræða í þinginu er vissulega stórt og mikið mál sem hefur á sér margar hliðar og sem full ástæða er til að skoða mjög ítarlega áður en það er afgreitt frá þinginu. Ég verð að segja að ég er mjög undrandi yfir því að hæstv. ráðherra skuli láta sér detta í hug að málið fari í gegnum þingið á þeim skamma tíma sem er eftir af þessu þingi.

Málið er umdeilt. Það felur í sér mjög veigamikil atriði sem krefjast umfjöllunar, ekki aðeins í þinginu heldur ekki síður úti í þjóðfélaginu.

Ég vil benda á það hér af því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich segir að þetta mál hafi fengið óvenjumikla umfjöllun úti í þjóðfélaginu sem er rétt, þ.e. í fjölmiðlum, að sú umfjöllun átti sér að mestu leyti stað áður en frv. kom inn í þingið þannig að þingmenn áttu þess aldrei kost að kynna sér málið út frá því frv. sem fyrir lá, hvernig það væri útfært. Það var ekki fyrr en stuttu fyrir páska sem þingheimur fékk að sjá frv. í þeirri mynd sem það er þó að flestir hafi vissulega heyrt talað um þessa hugmynd í nokkurn tíma. Það er gífurlegur munur þar á og mér finnst fráleitt að vísa til umræðu sem á sér stað um frv. áður en það er lagt fram sem einhver rök fyrir því að það geti hlotið skjóta afgreiðslu í þinginu.

Umræðan á eftir að fara fram úti í þjóðfélaginu líka. Það er ekki síður nauðsynlegt. Fram hafa komið margar efasemdir frá hinu íslenska vísindasamfélagi vil ég segja. Þar eru menn mjög efins. Vissulega eru margir mjög jákvæðir alveg eins og í þinginu og ég held að það sé algerlega óháð pólitískum skoðunum manna að öðru leyti. Hér er í raun ekki um flokkspólitískt mál að ræða þannig að ég vil hvetja til þess og ég ætla rétt að vona að það sé meining hæstv. heilbrrh. að hér verði málið einungis lagt fram til kynningar en ekki afgreitt á þessu þingi.

[15:50]

**Kristján Pálsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir undrun minni á því að stjórnarandstaðan skuli reyna að koma í veg fyrir að mál komist hér á dagskrá. (**SighB:** Það er ekki rétt.) (**Gripið fram í:** Það er enginn að því.) (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Stjórnarandstaðan er að reyna að koma í veg fyrir að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi með upphlaupi og ég vil lýsa því yfir að ég er mjög undrandi á því að mönnum skuli detta það helst í hug að reyna að stoppa mál af þessu tagi. Hér er um stórkostlegt mál að ræða sem skapað getur hundruðum menntaðra Íslendinga vinnu og á eftir að skapa enn fleirum vinnu í framtíðinni. Ef stjórnarandstaðan ætlar að nota slík mál til þess að slá sér upp á, þá er hún á miklum villigötum.

[15:51]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þessari túlkun hv. þm. sem talaði áðan. Ég er ekki að reyna að stöðva þetta mál. Ég hef í meginatriðum jákvæð viðhorf til þessa frv. Ég er eingöngu að vekja athygli á því að þingmenn hafa verið grunlausir um að þeir þyrftu að búa sig undir efnislega umfjöllun málsins því að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að ekki standi til að leggja málið fram á vorþingi óðruvísi en til kynningar. Sú efnislega umræða sem þyrfti að fara fram um það við 1. umr. getur ekki farið fram af þeirri einföldu ástæðu, virðulegi forseti, að við höfum ekki búið okkur undir það vegna þess að hæstv. ráðherra hafði skýrt frá því að ekki væri tilgangurinn að reyna að taka málið til afgreiðslu á þessu þingi.

[15:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan. Það er enginn að stöðva málið og mjög margir eru jákvæðir gagnvart þessu máli. En það eru margar hliðar á því og ef við eigum að geta farið almennilega í þessa umræðu og ef það á að afgreiða málið í vor, þá þurfum við meiri undirbúning því að við bjuggum okkur ekki undir þessa umræðu með það að leiðarljósi að það ætti að fara í afgreiðslu heldur að það yrði lagt fram til kynningar. Þess vegna er nauðsynlegt að fá það fram hér frá hæstv. ráðherra sem ætlar að fara að mæla fyrir málinu, hvort til standi að keyra það í gegnum þingið í vor. Við verðum að fá það á hreint. Ef svo er þá væri réttast, herra forseti, að fresta málinu til morguns eða næstu daga þannig að þingmönnum gefist tóm til að skoða málið og vinna það almennilega til að geta rætt það hér með það að leiðarljósi að það verði afgreitt með vorinu. Það er enginn að koma í veg fyrir það. En við erum að kalla eftir einhverri sanngirni í því að við fáum réttar upplýsingar og við getum þá unnið málið samkvæmt því.

[15:53]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Frv. um gagnagrunna er á dagskrá til 1. umr. og það hefur verið ljóst í nokkra daga að það yrði tekið fyrir í dag og til efnislegrar umræðu og að þeirri umræðu lokinni fer það mál til hv. heilbr.- og trn.

Ég hef sagt alveg frá upphafi að mér finnst ekki rétt að pressa á þetta mál og ég er ekki að pressa á þetta mál. Þetta mál fær nú hér efnislega umræðu og það er það sem skiptir máli. Síðan fer það til hv. heilbr.- og trn. og hraðinn þar fer eftir því hvort hv. þm. eru jákvæðir fyrir því að klára málið eða ekki. Ef það klárast ekki nú verður þráðurinn að sjálfsögðu tekinn upp aftur í haust og þá verður málinu lokið, í haust, ef það næst ekki nú. Það er augljóst mál. Ég held að málinu sé til framgangs að við hefjum nú efnislega umræðu um það því að það er það sem máli skiptir.

[15:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að undirstrika að stjórnarandstaðan hefur með engu móti lagst gegn þessu máli og ég persónulega frábið mér allar ásakanir um slíkt. Ég hef sjálfur í ræðu og riti innan lands sem erlendis lýst því yfir að þetta mál sé mjög merkilegt og það eigi að fá framgang. Það sem hér er verið að spyrja um er hvort þessi tími sem er til reiðu núna sé nægur.

Þessi umræða snýst raunverulega um það að hæstv. heilbrrh. hefur gefið okkur upplýsingar sem reyndust ekki réttar. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir, ekki einu sinni heldur tvisvar, í fjölmiðlum að þetta mál verði lagt fyrir þingið til einnar umræðu og til kynningar en að hún ætlist ekki til þess að það verði afgreitt í vor og raunverulega gekk hún svo langt að hún sagði að hún mælti ekki með því.

Það skiptir mjög miklu máli, herra forseti, að þingmenn og ekki síst við sem erum í heilbr.- og trn. fáum að vita frá hæstv. ráðherra hvort ætlunin sé að fá þetta mál fram á þessu þingi eða ekki. Þetta er spurning um vinnutilhögun

og verkframkvæmdir. Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri hér og nú hvort hún leggi kapp á að málið verði afgreitt.

[15:56]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti spyr hvort ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu um fundarstjórn forseta, en vill gefa hæstv. heilbrrh. kost á að tala enn á ný þar sem ráðherrann hefur óskað eftir því, ef það mætti skýra málið.

[15:56]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé alveg skýrt og ítreka það sem ég hef áður sagt. Ég pressa ekki á málið. Ég vil að það fái ítarlega og opna umræðu og að hún hefjist sem allra fyrst. Málið er þá komið í hendur þingsins og ef þingið telur þetta afskaplega jákvætt mál og vill hraða því þá ætla ég ekki að bregða fæti fyrir það og það hef ég alltaf sagt í umræðunni.

[15:57]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Spurning mín í upphafi var til þess ætluð að komast að hug ráðherra gagnvart afgreiðslu málsins nú eða hvort það væri lagt fram til kynningar. Svörin voru kannski ekki alveg mjög skýr, alla vega ekki jafnskýr og þau voru í fjölmiðlum. En fram kom hjá hæstv. ráðherra ítrekað að hann óskaði eftir vandaðri meðferð í þinginu, vandaðri umfjöllun og sagði nú síðast að ekki væri pressa á þetta mál og að hin vönduðu vinnubrögð sætu í fyrirrúmi hjá hæstv. ráðherra. Ég get, herra forseti, ekki skilið þetta öðruvísi, með tilliti til þess hve stutt er til þingloka — nefndastörfum á að ljúka 28. apríl — en að málið fái vitaskuld þá vönduðu umræðu sem það á skilið og þarf að eiga sér stað í þingsölum og síðan framhaldsmeðferð í þingnefnd, en ... (**Gripið fram í:** Ertu á móti þessu máli?) Frammíkall hv. þm. um efnisatriði málsins eru algerlega óviðkomandi og hæfa ekki þessari umræðu. Hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta. Hér er verið að reyna að komast að því hvernig menn hyggjast stýra umræðunni og efnisatriði sem komið hafa fram í umræðunni eiga ekki við undir þessum dagskrárlið.

Ég skil það svo, herra forseti, að málið fari í þennan farveg sem ég lýsti, þ.e. að málið komi til 1. umr. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort það væri ekki hefðbundið við þetta tækifæri að óska eftir fundarhléi þannig að forseta gæfist tækifæri að ráðslagast um frekari málsmeðferð við þingflokksformenn. Ég vil þó leyfa mér að inna eftir því hvort ekki gæti orðið samkomulag um að hæstv. ráðherra tali fyrir málinu og innleiði hina vönduðu umræðu sem er nauðsynleg. Síðan yrði málinu frestað þannig að við, stjórnarandstæðingar og aðrir, fengjum tækifæri til að halda umræðunni áfram í afmarkaðan tíma, t.d. í næstu viku og þá höfum við gefið 1. umr. mjög vandaða umgjörð sem þetta mál á skilið. Ég vil vita hvort ég skil ráðherrann rétt, að við gætum reynt að viðhafa svona góð vinnubrögð í þessu máli því það felur í sér mikil nýmæli eins og ég nefndi í upphafi, mikil tækifæri og margar spurningar. Ég vil vanda allt sem er í kringum þetta mál en gæta vitaskuld fullrar sanngirni gagnvart meiri hluta þingsins.

[16:00]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hyggst gera tíu mínútna fundarhlé og óskar eftir fundi með formönnum þingflokka og hæstv. heilbrrh.

[Fundarhlé. — 16:00]

[16:12]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Ríkisstjórnin ákvað á árinu 1995 að leggja aukna áherslu á upplýsingamál og mótun stefnu um upplýsingaþjóðfélagið. Í samræmi við það var á árinu 1996 skipuð nefnd sem fékk það verkefni að marka stefnu í upplýsingamálum á sviði heilbrigðismála. Nefndin skiladi áliti á sl. ári og var álitið, Stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, birt í riti heilbr.- og trmrn., nr. 1 1997. Eins og fram kemur í álitinu er eitt af meginmarkmiðunum að gæði og hagkvæmni heilbrigðisþjónustunnar verði aukin með markvissri uppbyggingu og nýtingu upplýsingatækni. Í ágripi af niðurstöðu nefndarinnar segir m.a.:

„Gert verður átak í uppbyggingu og þróun upplýsingakerfa fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi ...

Stefnt verður að því að koma á fót sérstöku heilbrigðisneti sem tengi saman alla þá aðila sem koma að heilbrigðismálum á Íslandi. ...

Upplýsingar um rekstrarþætti heilbrigðisþjónustunnar verði samræmdar og gerðar aðgengilegar."

Ekki þarf að fjölyrða um hve mikilvægt gott upplýsingakerfi er fyrir heilbrigðiskerfið og meðhöndlun sjúkdóma, fyrir vísindamenn vegna vísindarannsókna og fyrir heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisyfirvöld vegna hagræðingar í rekstri, áætlanagerð og ákvarðanatöku.

Ljóst er að kostnaður við framkvæmd stefnu heilbrigðiskerfisins í upplýsingamálum yrði gífurlegur. Það fé sem til þess færi væri ekki til ráðstöfunar til annarra verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar. Því hefur verið gert ráð fyrir að fyrrgreind upplýsingavæðing taki mjög langan tíma.

Þegar forstjóri fyrirtækisins Íslensk erfðagreining lýsti áhuga á að koma á fót og starfrækja gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um alla Íslendinga eygðum við möguleika á að flýta verulega upplýsingavæðingu heilbrigðiskerfisins án þess að taka fé frá öðrum verkefnum. Fyrirtækið gerði heilbrrn. grein fyrir hugmyndum sínum um gerð gagnagrunnsins og nauðsynlegs lagaramma til að unnt sé að gera slíkan gagnagrunn.

Fyrirtækið gerir ráð fyrir að gerðir yrðu samningar við heilbrigðisstofnanir um vinnslu á upplýsingum úr sjúkraskrám. Sú vinna yrði unnin af starfsmönnum viðkomandi heilbrigðisstofnana en kostuð af Íslenskri erfðagreiningu. Það yrði gert með þeim hætti að til yrði upplýsingakerfi sem uppfyllti þarfir viðkomandi heilbrigðisstofnana vegna þjónustu við sjúklinga og nauðsynlegra rekstrarupplýsinga. Upplýsingarnar yrðu aftengdar persónuupplýsingum fyrir flutning í gagnagrunninn. Jafnframt er gert ráð fyrir óheftum aðgangi heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunninum til skýrslugerðar, áætlana og ákvarðanatöku. Íslensk erfðagreining mundi greiða allan kostnað við fyrrgreinda vinnu.

Ljóst er að kostnaður Íslenskrar erfðagreiningar við gerð slíks gagnagrunns yrði mikill og því veruleg óvissa tengd arðsemi þeirrar fjárfestingar. Fyrirtækið telur því ekki unnt að ráðast í þessi verkefni nema hafa einhverja tryggingu fyrir

því að aðrir aðilar, sem kynnu að vilja koma á fót heildargagnagrunni í samkeppni við fyrirtækið, geti ekki nýtt sér þá vinnslu upplýsinga sem þeir hyggjast kosta vegna gerðar gagnagrunnsins. Með söfnun á upplýsingum frá einstaklingum og aðgangi að áður skráðum upplýsingum gæti starfsleyfishafi sett saman gagnagrunn sem hefði t.d. að geyma allar aðgengilegar upplýsingar síðustu tveggja til þriggja áratuga úr íslensku heilbrigðiskerfi. Upplýsingarnar yrðu á ónafngreindu formi og síðan safnað viðbótarupplýsingum úr heilbrigðiskerfinu um leið og þær verða til.

Starfsleyfishafi myndi væntanlega ekki einvörðungu safna í gagnagrunninn upplýsingum um sjúkdóma og heilsu heldur einnig um árangur af meðferð, aukaverkanir af meðferð og kostnað af meðferð. Slíkur gagnagrunnur yrði íslenskum heilbrigðisyfirvöldum að verulegu gagni við stjórnun og stefnumótun í heilbrigðismálum. Jafnframt gæti hann nýst öðrum heilbrigðiskerfum til líkanasmíðar. Þá standa vonir til að nýta megi þær upplýsingar sem verða til við úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði til að finna ný lyf og til að þróa nýjar og bættar aðferðir við forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma. Erlendir aðilar á sviði heilbrigðisþjónustu, svo sem lyfjafyrirtæki og sjúkrastofnanir, kynnu einnig að leita eftir samningum um vinnslu heilsufarsupplýsinga eða áskrift að upplýsingum um gagnagrunn.

Ljóst er að með lögfestingu frv. verða skapaðir möguleikar til að byggja upp fyrirtæki sem muni skapa fjölda hámenntaðs fólks störf við gerð og starfrækslu slíks gagnagrunns. Með hagsmuni heilbrigðisþjónustunnar og þjóðarinnar allrar í huga var því ákveðið að undirbúa frv. til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði til þess að unnt verði að virkja framtak og fjármagn einkaaðila á þessu sviði. Unnið hefur verið að gerð frv. í ráðuneytinu undanfarna mánuði og í þeirri vinnu hefur verið haft samráð við ýmsa aðila utan ráðuneytisins.

Virðulegi forseti. Helstu efnisatriði frv. eru eftirfarandi:

1. Heilbrigðisráðherra skal beita sér fyrir gerð og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði.

2. Heilbrigðisráðherra getur samið við stofnanir eða einkaaðila um gerð og starfrækslu gagnagrunna og veitt þeim starfsleyfi.

3. Skilyrði fyrir starfsleyfi eru m.a. þau að fyrir liggi tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem að mati tölvunefndar tryggir á fullnægjandi hátt öryggi við söfnun og meðferð upplýsinga og að upplýsingarnar séu aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum fyrir skráningu í gagnagrunn.

Heilbrrh. getur bundið starfsleyfið frekari skilyrðum.

4. Heilbrrh. getur veitt heimild til aðgangs að heilsufarsupplýsingum til færslu í gagnagrunn að fengnu samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni.

5. Heilbrrh. getur ákveðið að tiltekinn starfsleyfishafi hafi einn starfsleyfishafa aðgang að heilsufarsupplýsingum frá tilteknum aðilum til flutnings í gagnagrunn í allt að tólf ár. Það takmarkar þó á engan hátt aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga né aðgang aðila sem starfrækja nú gagnagrunn, eins og Hjartavernd og Krabbameinsfélagið.

6. Heilbrrh. getur bundið slíkan eignarrétt skilyrðum. Verði frv. lögfest hef ég m.a. í hyggju að setja skilyrði um nefnd sem hefði umsjón með aðgangi íslenskra vísindamanna að gagnagrunninum. Hún yrði skipuð fulltrúum Háskóla Íslands, heilbrrn., sérleyfishafa og e.t.v. fleiri aðilum.

7. Kveðið er á um óheftan aðgang heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum vegna heilbrigðisskýrslna, tölfræðilegra úttekta, áætlana eða ákvarðanatöku um heilbrigðismál.

8. Starfsleyfishafi getur heimilað öðrum aðilum að tengjast gagnagrunni á heilbrigðissviði með beinlínutengingu vegna verkefna slíkra aðila. Ráðherra getur sett frekari skilyrði fyrir heimild til beinlínutengingar með reglugerð.

9. Heilbrrh. hefur eftirlit með framkvæmd laganna en getur falið tölvunefnd og vísindasiðanefnd að annast eftirlit með þeim eða einstökum þáttum þeirra. Samkvæmt frv. tekur það ekki til lífssýna en unnið er að því að semja frv. til laga um söfnun, vörslu og meðferð lífssýna úr mönnum. Drög að frv. liggja þegar fyrir og gert er ráð fyrir að það verði lagt fram strax í upphafi næsta þings.

Þar sem um er að ræða afar viðkvæmar persónuupplýsingar hafa vaknað spurningar hvort vernd persónuupplýsinga verði nægilega tryggð. Upplýsingar heilbrigðisstofnana, sem gert er ráð fyrir að starfsleyfishafar samkvæmt lögunum geti fengið aðgang að, eru persónutengdar. Hins vegar er grundvallaratriði samkvæmt frumvarpinu að áður en upplýsingar eru fluttar í gagnagrunn séu þær aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum. Við samtengingu og úrvinnslu í gagnagrunninum á heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar verði þannig ekki unnt að tengja þær ákveðinni persónu. Þegar upplýsingar eru fluttar í gagnagrunn eru þær því ekki lengur persónuupplýsingar. Er kveðið á um að við söfnun og skráningu heilsufarsupplýsinga og við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga sem aðgangur er veittur að verði fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg. Hefur tölvunefnd þegar talsverða reynslu af því að setja reglur um meðferð persónuupplýsinga við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og má ætla að haft verði mið af þeim. Þá bendi ég á að til viðbótar við lögbundna þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna gerir frv. ráð fyrir að starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín.

Ef vel tekst til við gerð og starfsrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði verður slíkur gagnagrunnur mikil lyftistöng fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu og samfélagið í heild.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið nokkuð aðdraganda að framlagningu þessa frv. og nauðsyn þess að skapa lagaramma fyrir gerð og starfrækslu gagnagrunna til hagsbóta fyrir heilbrigðiskerfið og þjóðfélagið allt. Ég mun víkja nánar að nokkrum greinum frv.

Lögin gilda um gagnagrunna á heilbrigðissviði en í 2. gr. frv. eru þeir skilgreindir sem safn sjálfstæðra verka, gagna eða annars efnis sem hefur að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem koma fyrir með skipulega eða kerfisbundið og hægt er að komast í með rafrænum aðferðum eða öðrum hætti. Með öðrum upplýsingum, tengdum heilsufarsupplýsingum, er t.d. átt við ættfræðiupplýsingar. Lögunum er ætlað að skapa lagaramma um nýja starfsemi á sviði upplýsingavinnslu í heilbrigðismálum en þau taka jafnframt til gagnagrunna sem nú starfa. Þau eiga hins vegar ekki að hafa áhrif á hefðbundna gagnavinnslu í heilbrigðiskerfinu, svo sem færslu sjúkraskráa. Þá taka þau ekki til gagnagrunna sem gerðir kunna að verða vegna einstakra vísindarannsókna. Um aðgang að upplýsingum til færslu í slíka gagnagrunna fer samkvæmt lögum um réttindi

sjúklinga og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Skilgreining á hugtakinu persónuupplýsingar er byggð á skilgreiningu laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga en skilgreining jafnframt löguð að skilgreiningu á persónuupplýsingu í samþykkt Evrópuráðsins frá árinu 1997 um verndun heilsufarsupplýsinga en þar segir að einstaklingur skuli ekki teljast persónugreinanlegur ef verja þurfi verulegum tíma og mannafla til að persónugreining hans gæti átt sér stað. Skuli í þeim tilvikum litið svo á að upplýsingar séu ekki persónuupplýsingar. Einnig er lagt til að við skilgreiningu Evrópuráðsins bætist að einstaklingur skuli eigi teljast persónugreinanlegur ef persónugreining getur einungis átt sér stað með notkun greiningarlykils sem sá aðili sem upplýsingar hefur undir höndum hefur ekki aðgang að. Er hér byggt á reglum sem tölvunefnd hefur nýlega mótað á sviði vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Samkvæmt þeim reglum skulu rannsóknargögn kóðuð með dulmálslykli áður en þau eru afhent rannsóknaraðila og varðveita sérstakir tilsjónarmenn tölvunefndar síðan dulmálslykilinn. Skv. 4. og 5. gr. skuluð upplýsingar aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi fyrir flutning í gagnagrunn.

Lagt er til að heilbrrh. annist veitingu starfsleyfis og annarra leyfa samkvæmt lögunum. Þykir eðlilegt að leyfisveiting heyri undir ráðherra en möguleikar starfsleyfishafa til að safna og skrá upplýsingar verða þó eftir sem áður háðar því að hann fylgi þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg.

Ýmis skilyrði eru sett fyrir því að aðilar geti fengið starfsleyfi, svo sem að umsækjandi sé íslenskur lögaðili og að gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi. Í því felst ekki að ekki væri heimilt að veita starfsleyfi íslenskum lögaðila sem hygðist flytja upplýsingar í gagnagrunn sem gerður yrði og starfræktur erlendis. Er þetta skilyrði sett vegna þess hversu viðkvæmar þessar upplýsingar eru auk þess sem ekki væri hægt að koma við fullnægjandi eftirliti.

Liggja þarf fyrir tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem að mati tölvunefndar tryggir vernd persónuupplýsinga á fullnægjandi hátt. Miðar þetta skilyrði annars vegar að því að tryggja öryggi við söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga og annarra upplýsinga áður en þær eru skráðar í gagnagrunn og hins vegar að ekki verði við samtengingu og vinnslu úr heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum, sem hafa verið skráðar í gagnagrunn, unnt að tengja þær persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi. Lagt er til að heimilt verði að tímabinda starfsleyfi og binda það skilyrðum.

Í 4. gr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa um frumsöfnun heilsufarsupplýsinga, þ.e. söfnun upplýsinga frá þeim einstklingum sem upplýsingarnar varða.

Í 5. gr. er kveðið á um það að heimilt sé að veita starfsleyfishafa leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og öðrum áður skráðum heilsufarsupplýsingum í því skyni að skrá þær í gagnagrunn.

Tekið er fram að við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga skv. 4. og 5. gr. skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Þá er það skilyrði sett að þær upplýsingar sem um er að ræða séu aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum fyrir skráningu í gagnagrunn.

Í frv. er gengið út frá sömu meginreglu og byggt er á í lögum um réttindi sjúklinga að því er varðar sjúkraskrár og miðað við að út af fyrir sig eigi enginn heilsufarsupplýsingar. Þar sem heilsufarsupplýsingar verða ekki taldar háðar einkarétti verður að telja eðlilegt að handhafar ríkisvaldsins, sem eru til þess bærir, geti sett reglur um aðgang að þessum upplýsingum og nýtingu þeirra. Lagt er til að leyfisveitingarvaldið verði í höndum heilbrrh. Aðgangur sé þó jafnframt háður samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns sem skráð hefur þær á eigin starfsstofu. Ljóst er að áður en leyfið er veitt verði kannað hvernig starfsleyfishafi hyggst haga verktilhögun. Þá verður að liggja fyrir staðfesting tölvunefndar um að þau skilyrði sem hún metur nauðsynleg séu uppfyllt.

Þótt e.t.v. væri æskilegt að veita þeim sem fengið hafa leyfi til starfrækslu gagnagrunna samkvæmt lögum og þess óska leyfi til aðgangs að upplýsingum sem heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn varðveita er slíkt fyrirkomulag ýmsum annmörkum háð. Fastlega má gera ráð fyrir að sá aðili sem fyrstur fær aðgang að heilsufarsupplýsingum sem skráðar eru hjá tilteknum aðila búi upplýsingarnar á ýmsan hátt í form sem betur hentar til flutnings í gagnagrunn. Annar aðili, sem fengi í kjölfarið leyfi til aðgangs að sömu heilsufarsupplýsingum, gæti þá að öllum líkindum hagnýtt sér vinnu hins fyrra og unnið verkið á mun skemmri tíma og með minni tilkostnaði en hann. Það mundi því verða til þess að ekki fengist fjármagn til að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu. Af þeim sökum er lagt til í 3. mgr. 5. gr. að heilbrrh. geti ákveðið að einn starfsleyfishafi hafi í allt að 12 ár leyfi til aðgangs að heilsufarsupplýsingum frá nánar tilgreindum aðilum til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Rétt er þó að taka fram að þrátt fyrir veitingu sérleyfis verður áfram unnt að veita aðilum sem nú starfrækja gagnagrunna vegna tiltekinna sjúkdóma aðgang að upplýsingum. Þar er m.a. hafður í huga gagnagrunnur Hjartaverndar og gagnagrunnur Krabbameinsfélagsins. Þetta er gert til að tryggja að slíkt sérleyfi hindri ekki þá mikilvægu starfsemi sem fram fer á vegum Hjartaverndar og Krabbameinsfélagsins.

Lagt er til að heilbrrh. geti ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfis skv. 5. gr. til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis. Styðst þetta ákvæði við sömu sjónarmið og áður er lýst varðandi heimild til gjaldtöku vegna undirbúnings og útgáfu starfsleyfis.

Í 8. gr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til að leyfa öðrum aðilum að tengjast gagnagrunni á heilbrigðissviði með beinlínutengingu. Líklegt er að ef á annað borð tekst að markaðssetja íslenskan gagnagrunn á heilbrigðissviði muni slíkt einkum verða á því formi að erlendir aðilar á sviði heilbrigðisþjónustu, svo sem lyfjafyrirtæki og sjúkrastofnanir, fái aðgang að gagnagrunninum eða hluta hans og geti nýtt þær upplýsingar sem hann hefur að geyma til skilningsauka á því hvernig gæði og kostnaður verður til í heilbrigðiskerfinu og til að búa til líkön til að vinna með í eigin heilbrigðiskerfi.

Þá er í 8. gr. kveðið á um heimild ráðherra til að setja í reglugerð frekari skilyrði fyrir heimild beinlínutengingar. Hér er haft í huga að unnt sé að setja í reglugerð skilyrði til að tryggja að ekki sé unnt að flytja starfsemi að verulegu leyti úr landi með því að veita víðtækari heimild til beinlínutengingar.

Í 9. gr. kemur fram að gagnagrunn á heilbrigðissviði megi ekki láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Í því sambandi er rétt að árétta að lögin taka ekki til gagnagrunna sem gerðir eru vegna einstakra vísindarannsókna og þetta

ákvæði á því ekki að takmarka alþjóðlega samvinnu um vísindarannsóknir.

Loks er 15. gr. ákvæði um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Virðulegi forseti. Rétt er að fram komi að ráðuneytið telur að höfðu samráði við sérfróða aðila að frv. samrýmist ríkjandi viðhorfum í samkeppnisrétti og alþjóðaskuldbindingum sem Íslendingar eru aðilar að. Ég hef óskað eftir formlegu áliti Samkeppnisstofnunar og utanrrn. um þessi efni og þegar álitin berast ráðuneytinu munu þau að sjálfsögðu þegar verða send Alþingi til umfjöllunar í þingnefnd.

Virðulegi forseti. Ég tel að í þeirri hugmynd sem liggur að baki frv. þessu felist tækifæri sem íslenskri heilbrigðisþjónustu og þjóðinni allri beri að nýta. Tækifæri til framþróunar í læknisfræði, bættrar meðferðar sjúkdóma, til hagsbóta fyrir sjúklinga, til nýrra sóknarfæra í alþjóðlegu vísindasamfélagi, til uppbyggingar atvinnutækifæra fyrir okkar hæfa heilbrigðisstarfsfólk og skjóta þannig nýjum og styrkum stoðum undir atvinnulíf á Íslandi. Sókn á sviði hagnýtingar séríslenskra aðstæðna og þeirra miklu upplýsinga sem safnað hefur verið á undanförnum áratugum.

Ég hef frá því ég kynnti mál þetta fyrst lýst því yfir að ég teldi mjög mikilvægt að þetta stóra og mikilvæga mál fengi vandaða meðferð og ítarlega umræðu. Nú þegar hefur spunnist mikil umræða í þjóðfélaginu um frv. og einstök efnisatriði þess, sérstaklega meðal fagfólks og vísindamanna. Það liggur ljóst fyrir að mikil vinna er fram undan í þinginu að fara vandlega yfir frv., þá möguleika sem samþykkt þess gefur íslenskri heilbrigðisþjónustu og íslenskri þjóð og jafnframt að greina að fullu þau áhrif sem það kann að hafa. Hvort unnt verður að ljúka þeirri vinnu nú á vorþingi kemur fljótt í ljós í meðförum þingsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[16:38]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur gert ágæta grein fyrir frv., um gagnagrunna á heilbrigðissviði, sem hér er til umfjöllunar og áreiðanlega fer ekki fram hjá neinum að nokkuð flókið og viðamikið mál er hér á ferðinni. Þetta er mál sem er hægt að líta á frá mörgum hliðum og vissulega vakna ýmsar spurningar við að skoða þetta mál og hlýða á ræðu hæstv. ráðherra. Ég tek fram í upphafi að ég kem að málinu með mjög opnum huga og er sannfærð um að hér er mjög merkilegt mál á ferðinni og hér er verk sem þarf að vinna og ég er sannfærð um að við eigum að vinna. Skoðanir eru mjög skiptar það og vissulega hafa okkur borist fjöldi athugasemda og jafnvel áður en frv. var lagt fram í þinginu voru komnar athugasemdir til okkar þingmanna en þó líklega einkum til þeirra sem eru í heilbr.- og trn. þannig að mjög margir láta sig þetta mál varða.

Í upphafi umræðunnar vakna ýmsar spurningar sem ég vildi gjarnan varpa fram til hæstv. ráðherra og vonast til að fá svör við áður en málið kemur til heilbr.- og trn. til umfjöllunar því að ég get ekki séð annað en þetta mál sé ekki minna en það sem við vorum með til umfjöllunar í tvo vetur samfleytt sem var lög um réttindi sjúklinga.

Ákveðnar efasemdir hafa vaknað vegna þess að þessi löggjöf er sniðin að þörfum eins fyrirtækis og ég velti því fyrir mér og spyr: Er þetta fyrirtæki eini aðilinn sem getur unnið þetta verk? Ég mundi gjarnan vilja fá svör við því. Gæti t.d. ríkið eða hið opinbera eða einhverjar stofnanir á vegum ríkisins unnið það verk sem er til umfjöllunar? Því hefur verið haldið fram við mig. Ég er ekki dómbær á hvort svo sé og vil gjarnan fá svör við þeirri spurningu hvort það sé aðeins þetta fyrirtæki sem geti unnið verkið eða hvort aðrir gætu unnið það.

Í umfjöllun í Morgunblaðinu fyrir páska um þetta mál kom fram að Norðmenn hafa útbúið skýrslu um vinnu sem þessa og þeir komast að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að hið opinbera vinni svona verk og því finnst mér full ástæða til að svör komi fram við því hjá hæstv. ráðherra hvort svo sé eða hvort hún sé sammála skýrslunni eða hvort aðrir geti unnið þetta verk en þetta fyrirtæki án þess ég sé í nokkru að efast um getu fyrirtækisins því að ég ber mikið traust og mikla virðingu fyrir því fyrirtæki sem er til umfjöllunar.

Ég er á því að við Íslendingar eigum að leggja okkar af mörkum til vísindastarfsemi sem þessarar. Við höfum notið góðs af vinnu í öðrum löndum og við eigum núna að leggja okkar af mörkum. Það er jákvætt við málið að allmargir munu fá störf vegna þeirrar vinnu sem farið verður í við að vinna þennan gagnagrunn. Þá má nefna sérstaklega menntafólk sem fengi e.t.v. ekki vinnu í fagi sínu hér á landi nema þetta verk yrði unnið.

Ákveðnar áhyggjur og efasemdir hafa komið upp um 12 ára einkaréttinn sem felst í frv. og ég velti því fyrir mér hvort nauðsynlegt sé að svo langur einkaréttur fylgi því að fara í þessa vinnu. Það er mjög mikilvægt að hagsmunir almennings verði tryggðir og þess vegna veltir maður fyrir sér hvort einkaréttur til eins aðila í 12 ár eigi rétt á sér og ég spyr að því. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að þau gögn, sem til eru, eru sameign þjóðarinnar. Þetta er auðlind sem við eigum öll saman og ég tel mjög mikilvægt að kveðið verði á um það í lögum að þetta sé auðlind sem þjóðin á í sameiningu. Þetta er auðlind sem er fólgin í því að við erum lítið samfélag, lítil þjóð, og við erum einsleit og einnig að við búum yfir miklum ættfræðifróðleik og ættfræðiþekkingu. Miklar upplýsingar eru til um okkur, bæði um ættir og skyldleika og þetta er ákveðinn auður sem er eftirsóttur.

Ég held að eignarréttur þjóðarinnar á þessari auðlind verði að koma fram í löggjöf. Ég leyfi mér að velta því fyrir mér hvort ekki væri rétt að bjóða út réttinn til að nýta þessa auðlind og fá þá gjald fyrir. Ég tel rétt að þjóðin njóti afrakstursins af auðlindinni. Við getum notað þetta til að bæta heilbrigðiskerfið, bæta menntakerfið o.s.frv.

Ekkert hefur komið fram um að til standi að hið opinbera eða ríkið hafi tekjur af þessu og ég spyr: Hvers vegna ekki? Hvers vegna eigum við ekki að hafa tekjur af þessu? Þetta eru mikil verðmæti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér í því að nauðsynlegt sé að kveða á um það hver eigi þessa auðlind og síðan þegar búið verður að vinna gagnagrunn, sem ég efast ekki um að verði gert, hver eigi þann gagnagrunn. Það þarf að koma skýrt fram í lögum hver eigi þann gagnagrunn sem unninn verður og er mikið verðmæti. Það verður að tryggja að við látum þessa auðlind ekki frá okkur án þess að við höldum eignarhaldi yfir henni.

Í ræðu sinni talaði hæstv. ráðherra um reglugerðarheimildir sem finnast í frv. og ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég teldi fulla ástæðu til að fá upplýsingar um hvað menn hyggjast hafa í reglugerðum sem verið er að heimila í þessu frv.

Í frv. sem við ræddum fyrr í dag var til fyrirmyndar að drög að reglugerðum sem vörðuðu það frv., þ.e. læknalögin,

fylgdu með í þskj. Ég tel mjög mikilvægt að við fáum upplýsingar og jafnvel drög að reglugerðum þeim sem verið er að heimila í þessum lögum. Ég er ekki að kalla eftir því að hæstv. ráðherra gefi þær upplýsingar nú þegar en ég tel mikilvægt að heilbr.- og trn. fái slíkar upplýsingar við umfjöllun málsins þannig að ljóst verði þegar við afgreiðum þessi mál hvað verið er að heimila þarna í sambandi við reglugerðir.

Ég hafði ekki undirbúið mig undir það að fara ítarlega í þetta mál í dag þar sem ég taldi það standa sem hæstv. ráðherra hafði sagt í fjölmiðlum, að hér ætti aðeins að kynna málið og ég taldi mig geta komið að því frekar í vinnslunni í heilbr.- og trn. sem ég auðvitað mun gera. En þar sem þetta mál verður áfram til umræðu eftir helgina þá áskil ég mér allan rétt til þess að koma að málinu þá. Við höfum fengið, eins og ég nefndi áðan, allmargar athugasemdir við málið, t.d. frá Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga sem hafa ákveðnar efasemdir og gera athugasemdir við frv. sem full ástæða væri til þess að skoða. Hið sama á við um læknaráð Landspítalans sem hefur sent okkur erindi vegna málsins. Sömuleiðis hefur, eins og réttilega kom fram í máli ráðherrans í dag, allmikil fjölmiðlaumræða verið um frv. þar sem ýmsir hafa látið í ljós efasemdir og ég persónulega tel fulla ástæðu til að svör verði veitt við fjölmörgum spurningum sem hafa vaknað hjá þeim sem koma að málinu.

Ég vildi gjarnan í fyrri ræðu minni við 1. umr. fá svör við því frá hæstv. ráðherra hvort hún telji að þetta fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, sé eina fyrirtækið sem gæti unnið þetta verk. Gætu opinberir aðilar tekið þetta að sér, einhverjir á vegum ríkisins, einhverjar stofnanir ríkisins? Er 12 ára einkaréttur nauðsynlegur? Er það ekki fulllangur tími? Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Hyggst hæstv. ráðherra tryggja eignarhlut eða eignarrétt þjóðarinnar á þessari auðlind sem hér er til umfjöllunar og einnig á þeim gagnagrunni sem unninn verður? Ég efast ekki um að verði farið í þessa vinnu og við eignumst þennan merka gagnagrunn, þá verði hann til hagsbóta fyrir okkur öll. Engu að síður er þarna um auðlind að ræða sem ég tel að eigi að verða tekjustofn fyrir ríkissjóð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það komi ekki til greina og hvers vegna þessi auðlind ætti ekki verða tekjulind fyrir ríkissjóð.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni en mun tala aftur við 1. umr. þessa máls.

[16:51]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka fram eins og aðrir hafa gert, að ég kem að umræðu um þetta merkilega frv. með opnum huga og ákveðinni jákvæðni. Stjórnarandstaðan hefur farið fram á að menn taki þann tíma sem til þarf til þess að fjalla um málið og vaði ekki út í afgreiðslu á lítt ígrunduðu máli því það er það. Það er órætt. Allur sá fjöldi greina sem hefur verið skrifaður á undanförnum vikum í blöðin og umfjöllun sem maður hefur heyrt í fjölmiðlum ber þess merki að þetta frv. er lítt rætt nema þá kannski í heilbrrn. og meðal þeirra örfáu sem virðast hafa fengið að koma að samningu þess.

Ég verð að segja alveg eins og er að það kom mér svolítið á óvart sem þingmanni og fulltrúa í heilbr.- og trn. hvernig kynningu þessa frv. bar að fyrir mig. Það var þannig að einstaklingur úti í bæ, reyndar sá sem rekur það fyrirtæki sem reiknað er með að fái einkaleyfið, óskaði eftir viðtali til að ræða þessi mál og kemur þá með minnisblað þar sem fjallað er um frv. sem ekki var búið að dreifa á Alþingi. Því hafði alls ekki verið dreift hér og ekki nokkur einasti möguleiki, hvorki fyrir mig né aðra þá þingmenn sem fengu þessa snöggsoðnu kynningu þennan dag, að gera sér nokkra grein fyrir því hvað þarna var á ferðinni annað en það sem Kári Stefánsson hafði fram að færa. Það var ekki einu sinni möguleiki á því að lesa frv. og koma með einhverjar vitrænar spurningar um efnið heldur varð maður eingöngu að taka við þeim rökum sem fram voru sett.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst þessi vinnubrögð alveg með ólíkindum, þ.e. að hæstv. ráðherra skuli láta það viðgangast, þó hæstv. ráðherra hafi kosið að semja frv. í samráði við einhvern hóp manna, að þeim aðilum sé fengið það hlutverk að kynna þingmönnum innihald frv. og ég tala nú ekki um fulltrúum heilbr.- og trn. Þvílíkt lítillæti í hæstv. ráðherra sem leggur þó frv. fram í eigin nafni en ekki Íslenskrar erfðagreiningar. Þetta finnast mér vinnubrögð sem eru ekki sæmandi og koma í sjálfu sér því ekkert við hvort ég er jákvæð eða neikvæð gagnvart innihaldi frv. Það er allt annað mál. Vinnubrögðin eru alveg með ólíkindum.

Síðan gerist það að farið er að hafa samband við okkur, hringja inn og biðja okkur um að skoða málið og sagt að þarna sé í 4. gr. þetta og í 5. gr. hitt og þá verður maður að játa það fyrir þessu einstaklingum sem höfðu fengið kynninguna ýmist í fjölmiðlum eða frá Kára Stefánssyni: „Því miður. Ég hef bara ekki séð frv. Ég veit ekki almennilega um hvað þú ert að tala." Það var ekki einu sinni hægt að fara fram á að maður gæti rætt á vitrænan hátt um málið.

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist yfir þessum þætti málsins, þessum vinnubrögðum. Það er auðvitað ekkert að því að leita til Kára Stefánssonar eða annarra þeirra sem þekkja vel til mála og hefur reyndar komið fram að hann eigi hugmyndina að frv. og þessu máli frá upphafi og hafi þess vegna oft „droppað inn" í ráðuneytið til að segja mönnum til. Það er ekkert að því, ekkert að því að hafa samráð. En það eru þó alla vega eðlilegri vinnubrögð að hæstv. ráðherra kynni sjálfur sín frumvörp fyrir þingmönnum og leggi þau fram í þinginu þannig að við séum búin undir þá umræðu sem er að fara af stað í þjóðfélaginu.

Eins og hér hefur komið fram er mjög margt jákvætt við þetta mál þó það veki líka upp spurningar um það hvort réttur sjúklingsins sem hlut á að máli sé tryggður. Vissulega höfum við heyrt þær raddir, m.a. úr læknastéttinni, að ef frv. fari í gegn á vordögum eins og hefur komið fram reyndar að mér skilst frá hæstv. forsrh., þ.e. að æskilegt sé að afgreiða málið nú á vorþingi, þá muni það einfaldlega leiða til þess að sjúklingum verði boðið upp á vernd persónuupplýsinga í því formi að upplýsingar um sjúkdóma verði skráðar á spjald og sjúklingurinn tölti síðan með sitt spjald heim og geymi það í skápum heima því að aðeins þannig megi tryggja að farið sé með þær upplýsingar með fullri leynd, einfaldlega vegna þess að það sé mat mjög margra og þar á meðal sérfræðinga í tölvumálum, að þau ákvæði í frv. sem nú eru, tryggi ekki á öruggan hátt þá leynd sem þarf að vera til staðar.

Þann 4. apríl birtist í Morgunblaðinu grein undir yfirskriftinni: Kapp er best með forsjá. Þar segir frá því að fyrir nokkrum árum sagði forstjóri Ríkisspítalanna — ég býst við að sá forstjóri sem þarna er verið að vitna í sé núverandi ráðuneytisstjóri í heilbrrn. — í viðtali við Morgunblaðið: „að tölvuvæðing sjúkraskrárkerfa í landinu og samtenging gæti vissulega verði gagnleg í læknisfræðilegu skyni en vandasamar spurningar risu um vernd persónupplýsinga."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Nú nokkrum árum síðar má lesa í frumvarpi heilbrigðisráðherra kafla sem gæti alveg eins verið úr vísindaskáldsögu: „Starfsleyfishafi [þetta er bein tilvitnun í þennan kafla] gæti þannig sett saman gagnagrunn, sem t.d. hefði að geyma allar aðgengilegar upplýsingar síðustu tveggja til þriggja áratuga úr íslensku heilbrigðiskerfi í ónafngreindu formi og síðan safnað til viðbótar upplýsingum úr heilbrigðiskerfinu um leið og þær verða til. Starfsleyfishafi mundi væntanlega ekki einvörðungu safna í gagnagrunninn upplýsingum um sjúkdóma og heilsu heldur einnig um árangur af meðferð, aukaverkanir af meðferð og kostnað af meðferð. Enn fremur upplýsingum um ættfræði þjóðarinnar og sameindaerfðafræðilegum upplýsingum um stóran hluta hennar.““

Þessi kafli ásamt vinnubrögðunum er harðlega gagnrýndur í þessari grein sem birtist 4. apríl í Morgunblaðinu. Ég velti fyrir mér eftirfarandi því ég held að það hafi komið fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan að samráð hefði verið haft við ýmsa aðila utan ráðuneytis þegar frv. var samið. Þessir ýmsu aðilar virðst þó vera mjög takmarkaður hópur því það hefur komið fram í ályktunum frá læknum, frá hjúkrunarfræðingum, frá þeim sem starfa við háskólann, frá Landspítalanum sem er háskólasjúkrahúsið okkar að ekkert samráð hafi verið haft og formaður Læknafélagsins segist hafa fengið frv. í faxi og fengið einn dag til þess að gera athugasemdir við það. Maður hlýtur í ljósi þeirra upplýsinga sem við höfum um þessi vinnubrögð og hvernig staðið er að og vilja mjög margra til þess að húrra þessu bara í gegn sisvona á örfáum dögum, því að virðulegur forseti hefur lýst yfir að ætlunin sé að ljúka þingstörfum 8. maí, að velta því fyrir sér hvort hæstv. ráðherra eða starfsmenn í ráðuneytinu hafi gefið sér tíma til að bera þetta saman við þá samninga, alþjóðlegar samþykktir, sem við höfum þegar undirritað.

Til dæmis að hinn 19. nóvember 1996 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins samning um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar og að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði. (Samningur um mannréttindi og líflæknisfræði).

Þennan samning höfum við undirritað. Í þessum samningi segir t.d. um það hvernig staðið skuli að því að undirbúa svona vandasöm mál, svona geysilega vandasöm mál, því að allir eru sammála um að hér er verið að taka á einhverju stærsta pólitíska máli sem hefur verið lagt fram af hálfu heilbrrn. núna um mörg, mörg ár.

Í tíunda kafla þessa samnings, sem heitir Opinber umræða, segir, með leyfi forseta:

„Tuttugasta og áttunda grein (Opinber umræða). Aðilar samningsins skulu sjá til þess, að grunnspurningarnar, sem þróun líffræði og læknisfræði vekja, fái viðeigandi opinbera umræðu, sérstaklega í ljósi tilhlýðilegra læknisfræðilegra, félagsfræðilegra, efnahagslegra, siðfræðilegra og lagalegra vísbendinga og að hugsanleg beiting þeirra fái viðeigandi umfjöllun.“

Þetta er ekkert lítið. Það er held ég ábyrgðarhluti að þessi opinbera umræða fari fram í mjög þröngum hópi innan ráðuneytis og örfáir útvaldir kallaðir til að ræða málefni sem þetta. Það er ábyrgðarhluti að fara þannig með þá samninga sem við erum að skrifa undir og fjalla um mannréttindi og mannlega reisn.

Það er líka fróðlegt að velta því fyrir sér hvort hæstv. ráðherra hefur skoðað sérstaklega þriðja kaflann, vegna þess að það er ekkert í frv. sem tryggir rétt sjúklingsins, eigandann, eiganda upplýsinganna, það er ekkert í frv. sem tryggir þennan rétt. Það hefur komið fram, m.a. hjá framkvæmdastjóra tölvunefndar, sem á að vísu að gegna þarna töluvert mikilvægu hlutverki því leita má til hennar til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga, þó svo að ég efist um að hún hafi miðað við þann fjölda starfsmanna sem hún hefur í dag nokkra einustu möguleika á að fylgjast með að rétt sé staðið að málum. Enda var hún ekki kölluð til til að fara yfir þetta frv. nema að sáralitlu leyti, miðað við það sem framkvæmdastjóri tölvunefndar segir í blaðaviðtali sem birtist líka í Morgunblaðinu því að Morgunblaðið hefur gert þessu máli þó nokkuð góð skil að undanförnu.

Í þriðja kafla þessa samnings, sem við höfum undirritað, og heitir Einkalíf og réttur til að fá upplýsingar, segir, með leyfi forseta:

„Tíunda grein (Einkalíf og réttur til að fá upplýsingar).

1. Allir eiga rétt á að einkalíf þeirra sé virt, að því er varðar upplýsingar um heilbrigði þeirra.

2. Allir eiga rétt á að fá að vita um hverjar þær upplýsingar, sem safnað er um heilbrigði þeirra. Hins vegar skal virða óskir einstaklinga um það, að þeim verði ekki veittar upplýsingar á þennan hátt.“

Telur hæstv. ráðherra að ákvæðum þessarar greinar þessa samnings, sem við höfum undirritað, sé fullnægt í frv.? Hefur ráðherra hæstv. kynnt sér það sérstaklega?

Í viðtali við Morgunblaðið 2. apríl sl. er haft eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra tölvunefndar, að skoða þurfi „hvort það fái samrýmst þjóðréttarlegum skuldbindingum að pólitískt yfirvald hafi með höndum ráðstöfun og ákvörðun um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir“. Og jafnframt segir Sigrún í Morgunblaðinu, með leyfi forseta: „„Í Evrópureglum er lögð mikil áhersla á rétt einstaklingsins til að geta að einhverju marki haft áhrif á hvernig farið sé með upplýsingar um hann,“ segir Sigrún og bendir á að í frumvarpinu sé ekki gert ráð fyrir að sjúklingar geti með einhverjum hætti komið í veg fyrir að slíkar upplýsingar verði notaðar í markaðsstarfsemi.“

Þá skulum við velta fyrir okkur annarri grein þessa samnings sem við undirrituðum. Í sjöunda kafla þessarar samþykktar, sem fjallar um bann við fjárhagslegum ágóða og eyðingu brottnumins líkamshluta, segir, með leyfi forseta: „Tuttugasta og fyrsta grein (Bann við fjárhagslegum ágóða).

Mannslíkaminn og hlutar hans skulu ekki vera uppspretta fjárhagslegs ágóða.“

Og þó að þarna sé kannski fyrst og fremst verið að tala um líkamshluta þá er engu að síður sagt: „Mannslíkaminn og hlutar hans skulu ekki vera uppspretta fjárhagslegs ágóða.“

Nú er alveg ljóst að upplýsingar úr þessum gagnagrunni á að nota í fjárhagslegum tilgangi, það á að gera það, það hefur komið fram, og að þær upplýsingar sem eiga að vera í gagnagrunninum séu mjög verðmætar, jafnvel verðmæt söluvara. Og enn er það sama spurningin til hæstv. ráðherra: Telur ráðherra að frv. og tilgangur þess, eins og það er sett fram núna í upphafi, samrýmist þessum reglum?

Hæstv. ráðherra benti á það, og það kemur reyndar fram í frv., að ætlunin sé — mig minnir að það sé í 11. gr. frv. þar sem fjallað er um eftirlit með lögum þessum — en þar segir: „Heilbrigðisráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisráðherra getur falið tölvunefnd og vísindasiðanefnd að annast eftirlit með framkvæmd laganna eða einstakra þátta þeirra.“

Þegar ég las þessa grein velti ég því fyrir mér hvernig í ósköpunum standi á því að tölvunefnd og vísindasiðanefnd

hafi ekki verið kallaðar til við gerð þessa frv. og hvernig sú framkvæmd á því eftirliti sé hugsuð og hver standi undir kostnaðinum því hann hlýtur að verða mjög mikill. En samkvæmt yfirliti sem er aftast í frv. frá fjmrn., fjárlagaskrifstofunni, er þar ekki um nein fjárútlát að ræða og jafnvel geti orðið um að ræða tekjulind fyrir ríkissjóð en alls ekki nein fjárútlát, aukafjárútlát.

Það hefur komið fram í blaðafréttum eða hjá fjölmiðlum að tölvunefnd átti engan hlut að gerð frv. 2. apríl var gerð samþykkt sem þingmenn fengu senda frá vísindasiðanefnd heilbr.- og trmrn. Vísindasiðanefnd heilbr.- og trmrn. sendir okkur fundarsamþykkt sem gerð er 2. apríl. Í þessari fundarsamþykkt segir, með leyfi forseta:

„Á fundi Vísindasiðanefndar 2. apríl 1998 var fjallað um drög að frumvarpi til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Nefndarmenn höfðu ekki haft tækifæri til þess að kynna sér frumvarpið fyrr en á fundinum. Við umfjöllun á fundinum kom fram að tilgangur frumvarpsins kæmi ekki skýrt fram. Ljóst er að það tengist mikilvægum hagsmunum starfsmanna við heilbrigðis- og erfðarannsóknir, hagsmunum vísindasamfélagsins í heild og ekki síst hagsmunum almennings. Gagnagrunnar af þessu tagi hafa gífurlega þýðingu fyrir vísindarannsóknir á Íslandi, ekki síst að því er lýtur að faraldsfræði og lýðheilsu.

Fram hefur komið að ákvæði frumvarpsins stangast á við nýsett lög um réttindi sjúklinga, nýlega stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, þar sem ekki er gert ráð fyrir miðlægum gagnagrunni og almennt viðtekin gildi um trúnaðarsamband starfsmanna og skjólstæðinga í heilbrigðisþjónustunni.

Ýmis vísindasiðaleg álitamál komu fram á fundinum. Þau varða m.a. sölu á heilsufarsupplýsingum gegnum einkafyrirtæki, einkaleyfi á aðgangi að slíkum upplýsingum, frelsi og jafnræði til vísindarannsókna. Þessi álitamál og mörg önnur tengd frumvarpinu eru svo mikilsverð að frumvarpið þarf að fá mjög vandaða og víðtæka umfjöllun bæði í samfélaginu og á þingi. Nefndin telur því ófært að afgreiða frumvarpið á þessu þingi."

Þessi nefnd, vísindasiðanefnd heilbr.- og trmrn., var ekki kölluð að þegar frv. var samið og þessi vísindasiðanefnd heilbr.- og trmrn. bendir okkur á að það brjóti í bága við lög sem hæstv. heilbrrh. er nýbúin að beita sér fyrir að væru afgreidd á Alþingi. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Þó að niðurstaðan verði sú að hér sé á ferðinni í heildina tekið mjög gott mál, þetta frv., þá eru það alvarlegar athugasemdir komnar fram að það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að taka allan þann tíma sem til þarf til að fjalla um frv.

Og stéttarfélag, fyrrverandi stéttarfélag hæstv. heilbrrh., Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, hefur líka sent inn athugasemdir í sjö liðum, sem ekki vinnst tími til að fara yfir, en við munum auðvitað gera það í umfjöllun í heilbr.- og trn.

[17:11]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég koma því að, að ég ber enga ábyrgð á því þó að einstakir aðilar komi á fund hv. þm. Eins og kom fram í ræðu hennar áðan þótti henni afskaplega einkennilegt að til hennar leitaði Kári Stefánsson og kynnti henni frv., sem þá þegar hafði verið samþykkt í ríkisstjórn og var komið hér inn í þing. Það er atriði sem ég er mjög undrandi á að hv. þm. skuli gera hér að umtalsefni, en það er nú eins og gengur, það er smekksatriði.

Um önnur stærri atriði sem hún ræddi varðandi gerð frv. þá kom það fram í ræðu minni áðan að mjög margir komu að þessu máli. Og þó að opinber yfirlýsing kæmi ekki frá einstökum aðilum, enda báðum við ekki um það, hvorki frá vísindasiðanefnd né tölvunefnd, þá höfðum við að sjálfsögðu samband og samráð við þá.

Varðandi alþjóðlegar samþykktir, sem hv. þm. sagði að þetta frv. bryti í bága við, þá fórum við að sjálfsögðu í gegnum það. Að mati fróðustu manna er ekki talið að það brjóti í bága við alþjóðlegar samþykktir, og við höfum sent þetta til umsagnar og eigum von á því að fá þær innan tíðar.

En ég tel líka að mikill misskilningur hafi komið fram í máli hv. þm. Hún talaði um jafnvel sölu á lífsýnum. Þetta frv. fjallar alls ekki um lífsýni. Hv. þm. sagði að hér væri um stórpólitískt mál að ræða. Ég tel þetta ekki vera pólitískt mál. Þetta er þverpólitískt mál og sýnist eflaust sitt hverjum. En ég tel og veit að ef þetta frv. nær fram að ganga þá værum við að byggja upp mjög mikilvægt kerfi innan heilbrigðisþjónustunnar.

[17:14]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að verið er þá að byggja upp mjög mikilvægt kerfi innan heilbrigðisþjónustunnar. Þess vegna þarf að vanda það sérstaklega vel. Ég sagði að þetta væri stórpólitískt mál. Það er það. Það er líka þverpólitískt vegna þess að um þetta þarf að vera mjög víðtæk samstaða. Og einmitt af því að þetta er þverpólitískt mál, eins og ráðherrann kaus að kalla það frekar en stórpólitískt, mér er svo sem alveg sama hvort er notað, skiptir það máli að um niðurstöðuna verði víðtæk samstaða.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma hér og segja að það hafi verið leitað til vísindasiðanefndar heilbr.- og trmrn., tölvunefndar, Læknafélagsins, Félags hjúkrunarfræðinga eða hvað annað sem ég nefndi, vegna þess að fyrir liggur yfirlýsing frá þeim að það hafi ekki verið gert. Þeir hafi ekki komið að því að semja þetta frv. og það hafi ekki verið leitað til þeirra.

Það sem ég talaði um varðandi þennan samning, hæstv. heilbrrh., er að þarna eru fjármunir. Það á að fénýta þessar upplýsingar og þá veltir maður því fyrir sér hvort þetta séu eðlileg vinnubrögð.

Það sem ég nefndi um vinnubrögð hæstv. ráðherra í tengslum við kynninguna á frv., var að mér finnst eðlilegt, þegar hæstv. ráðherra leggur fram frv., að þá sé það jafnframt kynning á frv.

Frv. hafði ekki verið dreift hér og var ekki dreift fyrr en nokkrum dögum eftir að sá aðili sem komið hafði að því að semja frv. með hæstv. ráðherra, hafði farið yfir það. Ég tel að það hefði verið eðlilegra að hæstv. ráðherra hefði sjálfur lagt fram frv. til kynningar í upphafi. Síðan hefðu þeir aðstoðarmenn hæstv. ráðherra sem sömdu frv. með henni rætt við okkur. Það væru eðlileg vinnubrögð.

[17:16]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má nú lengi ræða um vinnubrögð. Frv. lá fyrir 31. mars og kom þá inn í þingið. Því var ekki dreift, það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Dagana á eftir voru nefndarfundir þannig að frv. var ekki dreift fyrr en nefnd-

arviku lauk. Þarna liðu nokkrir dagar en frv. lá fyrir hér í þinginu. Ég vil að það atriði komi fram.

Mér finnst aðalatriðið varðandi það sem hér um ræðir vera efni frv., efnistökin og til hvers við ætlum að nýta þá löggjöf. Við ætlum að nýta hana í þágu sjúklinga þessa lands. Mér finnst að umfjöllunin eigi að vera um það og eðlilegt að fram komi hver réttur sjúklinga er.

Ég minni á það enn og aftur að þegar upplýsingar um sjúkling fara inn í þennan gagnagrunn þá eru engar persónuupplýsingar í þeim upplýsingum. Það skiptir meginmáli.

[17:17]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó frv. liggi í kössum einhvers staðar í hliðarherbergjum þá er ekki búið að dreifa því fyrir þingið. Það er afar slæmt ef hæstv. ráðherra telur að hún geti sagt að það sé komið í þingið ef það er í lokuðum kössum og þingmenn hafa ekki fengið tækifæri til að kynna sér það. Ég er að tala um að þá fyrst að frv. hefur verið dreift er hægt að tala um að það hafi verið lagt fyrir þingið.

Ég var akkúrat að ræða um rétt sjúklingsins hér áðan. Hjá framkvæmdastjóra tölvunefndar kemur fram að réttur sjúklingsins sé ekki tryggður. Það er alvarlegt. Það hefur margkomið fram, líka frá ýmsum sérfræðingum á sviði tölvumála, að ekki sé hægt að tryggja að persónuupplýsingar fylgi ekki með. Þeir telja að hægt sé að sjá hvaða persóna á í hlut. Þeir telja að þegar öll íslenska þjóðin er mengi í ákveðinni stofnun, þá sé hægt að keyra upplýsingar þannig saman að hægt sé að komast að því hvaða einstaklingur á í hlut. Þetta eru allt þættir sem við þurfum að skoða mjög vel og taka í það þann tíma sem þarf.

Ég tek það enn og aftur fram að sú gagnrýni sem hér er á vinnubrögð ráðherra kemur innihaldi frv. ekkert við. Ég er ekki að segja það að þetta mál sé alvont. Hins vegar eru mjög margir þættir sem við verðum að skoða áður en það er tilbúið til afgreiðslu.

[17:19]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um sáttmálann sem gerður var til að vernda mannréttindi og mannlega reisn með tilliti til líffræði og læknisfræði, þá sé ég mig tilneyddan að benda á að sáttmálinn var ekki unninn í þeim anda að koma í veg fyrir að upplýsingar yrðu veittar til að stuðla að framförum í vísindum. Það var hvorki markmið og né andi þessa sáttmála. Þvert á móti er í sáttmálanum tryggt að jafnvel þótt upplýsingar um einstakling séu meðhöndlaðar þannig að þær veiti ekki lausn á hans persónulegu vandamálum en leggi grundvöll að framförum í vísindum, sem verði til þess að það finnist lausnir á þeim veikindum sem hrjá þennan einstakling og aðra sem þjást af sömu veikindum, þá sé það réttlætanlegt.

Með öðrum orðum. Í þessum sáttmála var reynt að finna samnefnara þar sem mannréttindin væru tryggð en jafnframt væri svigrúm fyrir vísindin til að tryggja mannréttindi komandi kynslóða með framförum í læknisfræðinni. Það er því mjög mikilsvert að hv. þm. taki tillit til þess í hvaða anda þessi sáttmáli, sem oft er í stuttu máli kallaður Convention on Human Rights and Biomedicine, var gerður. Þetta kom fram á öllum sviðum þessa samnings. Það tók reyndar tíu ár að ganga frá honum en á öllum stigum þessa samnings kom fram að hann væri gerður á þessum grundvelli.

Annað er nauðsynlegt að segja við hv. þm. þegar hann talar um það í nokkrum hneykslunartón að til standi að fénýta upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu. (Forseti hringir.) Ég mun koma að því, ef hv. þm. sér ástæðu til þess að svara andsvari mínu, í næsta andsvari.

[17:21]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst og fremst er hér um að ræða samning sem tryggir rétt einstaklingsins. Það kemur mjög skýrt fram. Í 10. gr. segir:

„Allir eiga rétt að einkalíf þeirra sé virt að því er varðar upplýsingar um heilbrigði þeirra." Allir eiga þennan rétt.

Í upphafi samningsins eru taldir upp fjöldamargir aðrir samningar sem hafa ber í huga við undirritun þessa samnings. Einn þeirra samninga er um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, frá 28. jan. 1981.

[17:22]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Andi þessa samnings var ekki einungis að tryggja réttindi einstaklinga heldur einnig að tryggja svigrúm vísindanna. Og það vill svo til að það verða engar framfarir í vísindum eða læknisfræði án upplýsinga. Allar framfarir í læknisfræði og vísindum byggja á aðgangi að upplýsingum. Þrengi menn þennan aðgang um of, þá er verið að koma í veg fyrir það að í framtíðinni njóti menn góðs af framförum í læknavísindum.

Að því er varðar fénýtinguna vil ég aðeins benda á að þróunarstarf í lyfjafræði er að langmestu leyti unnið af einkafyrirtækjum. Þau fjárfesta stórkostlega í þróunarstarfinu áður en þau fá ávinning af því sem fæst út úr lyfjunum. Að sjálfsöðgu er þetta gjörsamlega ómögulegt öðruvísi en að þessi fyrirtæki geti fénýtt sé upplýsingarnar. Það er ekkert í þeim samningi sem var vitnað í, sem hindrar að slíkt þróunarstarf geti átt sér stað. Þvert á móti er reiknað með því sem sjálfsögðum hlut að einkafyrirtæki, sem eru rekin á grundvelli hagnaðar, séu virk í framleiðslu lyfja og virk í tækniframförum á sviði læknisvísindanna.

[17:24]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er þessi samningur m.a. til þess að vísindin hafi ákveðið svigrúm en þó að fengnu samþykki þess einstaklings sem í hlut á þar sem upplýsingarnar eru hans persónuleg eign. Samningurinn er líka gerður, hv. þm., til þess að hindra að einstaklingurinn verði undir í kapphlaupi tækniframfaranna. Hann er m.a. til þess að hindra að einstaklingurinn og hans persónulegu réttindi verði undir í kapphlaupi tækniframfaranna. Við skulum hafa það í huga.

[17:25]

**Útbýting þingskjala:**

Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé, 684. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 1184.

Meðlagsgreiðslur, 683. mál, fsp. LB, þskj. 1183.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 686. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1186.

Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, 687. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 1190.

Tóbaksvarnir, 688. mál, fsp. SAÞ, þskj. 1191.

[17:25]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Strax við upphaf umræðunnar um þetta mikilsverða mál er nokkurn veginn ljóst að þar gætir misskilnings. Þetta heitir frv. til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði áðan að gagnagrunnurinn væri auðlind sem ætti að mynda tekjur fyrir ríkissjóð. Málið snýst einmitt um að þessi grunnur er ekki til. Þessi grunnur er ekki til.

Málið snýst um að búa til aðstæður sem gerðu fyrirtækjum, sem vel eru til þess fallin að stunda þróunarstarf í mjög hörðum samkeppnisheimi, kleift að búa til slíkan grunn. *Upplýsingarnar eru til en grunnurinn ekki.* Það *er því byggt* á misskilningi þegar menn velta því fyrir sér hvernig við getum nýtt okkur einhver verðmæti sem ekki eru til en verða hugsanlega til í starfi einkafyrirtækis. Mikilvægt er að það komi fram að grunnurinn er ekki auðlind ef hann er ekki til. (**Gripið fram í:** Upplýsingarnar eru auðlind.)

Upplýsingarnar eru allt annað mál. Upplýsingarnar eru til. Þær eru nýttar nú og hafa lengi verið nýttar til framfara í læknisvísindum. Það sem þetta mál snýst um er að þarna verða þessar upplýsingar endurnýttar. Þeim verður steypt saman í heildstæðan grunn. Þær verða endurnýttar í nýja möguleika til sóknar á sviði læknavísinda.

Hér er á ferðinni margþætt mál sem er merkilegt að því leyti að það hefur fengið afar mikla umfjöllun löngu áður en mælt var fyrir því á þinginu. Tilgangur frv. er að búa til umhverfi fyrir þróunarvinnu þar sem upplýsingar, sem eru í raun til í heilbrigðiskerfinu og hafa verið notaðar í læknisfræðilegum tilgangi, verði endurnýttar í þágu læknavísindanna. Þar mætti nema ný lönd og auka möguleika á að stórbæta heilbrigðisþjónustuna, ekki aðeins hér á landi heldur líka á alþjóðlegan mælikvarða.

Þetta mál er því mjög stórt í sniðum. Þetta mál varðar framtíðarmöguleika þessa þjóðfélags til að nýta sér til framdráttar þá þekkingu og menntun sem margar kynslóðir Íslendinga hafa byggt upp í marga áratugi og við teljum réttilega að sé ein aðalauðlind þjóðarinnar, þ.e. mannauðurinn.

Jafnframt varðar málið ókomnar kynslóðir Íslendinga. Það er í eðli sínu tvíþætt. Það er bæði aðhlynningar-, heilsufars- og mannréttindamál. Þar á ég við hina stórbættu heilbrigðisþjónustu sem miðað er við að þessi gagnagrunnur geti ýtt undir. Einnig mætti búast við atvinnusköpun á sviði hugbúnaðar og líftækni en á hvoru sviðinu um sig eru nú miklir vaxtarmöguleikar á alþjóðlega vísu.

Hins vegar er rétt að menn hugleiði í hvaða umhverfi þeir eru að vinna á sviði hugbúnaðar og líftækni. Eru það svið þar sem ríkisfyrirtæki hafa möguleika til að ná árangri með þeim vinnubrögðum sem þar tíðkast? Eru menn að starfa á sviði þar sem samkeppnin er afar hörð og viðbrögðin þurfa að vera skjót þegar veður skipast skjótt í lofti? Á þessu sviði er samkeppnin alveg gífurlega hörð. Framfarirnar eru mjög örar. Sviptingar eru miklar á þessu sviði og tíminn því afar mikilvægur þáttur í þessu máli.

Hugvitsiðnaður og líftækniiðnaður eiga það sammerkt að aðstæður breytast þar ótrúlega hratt. Möguleiki í ár er hugsanlega ekki grundvöllur fjárfestingar að ári liðnu. Mikilsvert er að þingmenn hugi að þessum þætti málsins. Hér hafa menn talað eins og ótakmarkaður tími gefist í þessu máli. Svo er ekki. Það þarf að vinna hratt að málinu.

Af umfjöllun í fjölmiðlum er ljóst að ágreiningur stendur m.a. um réttmæti þess að heimila veitingu einkaleyfis, þ.e. tímabundins einkaleyfis, til aðgangs að upplýsingum úr heilbrigðiskerfinu og þá til að flytja slíkar upplýsingar yfir í gagnagrunn.

Það sem markar sérstöðu málsins er ekki aðgangur að þeim upplýsingum sem heilbrigðiskerfið býr yfir. Upplýsingarnar eru nú þegar grundvöllur úrræða í heilbrigðismálum og lækningum. Upplýsingarnar eru nú þegar nýttar og aðgengilegar fyrir stóran hóp starfsmanna heilbrigðiskerfisins. Sá aðgangur sem frv. er ætlað að veita er hugsaður í sama tilgangi og með það markmið í huga að bæta úrræði í heilbrigðisþjónustunni sem er að sjálfsögðu mikið mannréttindamál.

*Það sem kemur nýtt er annars vegar kerfisbundin tenging* þessara upplýsinga í þeim tilgangi að mynda upplýsingagrunn og hugmyndin er sú að á grundvelli þessa grunns megi vinna að því að leita að erfðavísum sem geta valdið sjúkdómum með stökkbreytingum. Eins og ég sagði áðan er grunnurinn sjálfur ekki til þótt upplýsingarnar í hann séu til. Eftir nokkur ár má hins vegar gera ráð fyrir því að þessi grunnur verði til. Spurningin er ekki hvort slíkur grunnur verður til heldur hvenær hann verður til og spurningin er líka um það á vegum hverra grunnurinn verður til. Ef Íslendingar ná að verða í forustusveit á þessu sviði mun það hafa áhrif á efnahag og afkomu, á menntun og vísindi þjóðarinnar á komandi öld, og það mun ráða úrslitum um það hvar hún mun skipa sér í sess meðal þeirra þjóða sem búa við besta afkomu og virkja best mannauð sinn.

Hugvitsiðnaður er sú atvinnugrein sem á einna mest undir einkaleyfum og höfundarrétti. Fyrirtæki á þessu sviði verja miklum tíma og fjármunum í hugsmíði og eiga allt undir því að höfundarréttur á hugsmíðinni njóti tímabundinnar verndar til þess að þessi fyrirtæki en ekki önnur fyrirtæki, sem hafa ekki fjárfest í þróunarvinnunni, njóti arðs af erfiði sínu. Tilvera hugvitsiðnaðarins byggist því að verulegu leyti á því að höfundarréttarumhverfið sé tryggt sem iðnaðinum er búið. Rétt að hafa þetta alveg sérstaklega í huga við skoðun á 5. gr. frv.

Eitt af álitamálum sem koma til skoðunar er hvort þær upplýsingar sem um er rætt verði aðgengilegri til ólögmætra nota en nú er með þessu frv. Þetta atriði krefst rækilegrar skoðunar. Upplýsingar í heilbrigðiskerfinu eru nú aðgengilegar án nafnleyndar fyrir talsverðan fjölda starfsfólks heilbrigðiskerfisins. Eins og ég sagði áður eru þessar upplýsingar að sjálfsögðu sjálfur grundvöllur úrræða í lækningum og heilsugæslu. En þar er ekki skilið á milli upplýsinganna sjálfra og þeirra einstaklinga sem þær varða. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að upplýsingarnar verði aftengdar einstaklingunum sem þær varða og ekki er sjálfgefið, eins og ýjað hefur verið að í blaðagreinum, að meiri hætta skapist á misnotkun upplýsinganna ef heimilað verður að búa til gagnagrunn sem nái yfir allt heilbrigðiskerfið og gera kleift að nýta þennan grunn sérstaklega til framfara í líftækni og erfðafræði, ekki síst þegar tekið er tillit til nafnleyndarinnar sem kveðið er á um í frv. og þess öryggis og eftirlits sem gert er ráð fyrir að tölvunefnd muni annast.

Rétt er að taka fram að upplýsingarnar sem safnast saman á hverju ári í heilbrigðiskerfinu eru sjálfur grundvöllur heilbrigðisþjónustunnar í dag. Áhættan að þessar upplýsingar leki út er því fyrir hendi og hana hafa menn verið tilbúnir til að taka um leið og gripið hefur verið til ráðstafana til að lágmarka slíka áhættu með lagasetningu og reglum um réttindi sjúklinga og um söfnun og meðferð persónuupplýsinga. Það

sem meta þarf er hvort þessi áhætta eykst eða minnkar, og ef hún eykst, hvort ávinningurinn fyrir einstaklingana og fyrir samfélagið í heild er slíkur að það réttlæti aukna áhættu. Ég hef ekki tilfinningu fyrir því að verið sé að auka áhættuna á því að persónuupplýsingar leki úr heilbrigðiskerfinu með því sem verið er að mæla fyrir.

Af því að þessi umræða snertir mjög verulega ákveðið fyrirtæki og ekki hefur farið milli mála að það fyrirtæki þarf sérstakt lagaumhverfi til þess að geta komið hugmyndum sínum í framkvæmd er rétt að benda á hve miklum breytingum tilkoma Íslenskrar erfðagreiningar hefur hrint úr vör hér á Íslandi. Svo það komi fram starfa þar nú um 170 starfsmenn en þeir verða yfir 200 á árinu. Meðalaldur þessara starfsmanna er 32 ár. Starfsmennirnir eru að sjálfsögðu allir hámenntaðir, þetta eru vísindamenn og aldurinn er vísbending um það að vegna þessa fyrirtækis hafa skapast miklir möguleikar fyrir vel menntað ungt fólk með þekkingu á ýmsum sviðum sem hingað til hefur ekki verið boðið upp á mikla möguleika til atvinnu. Ekki hefur farið fram hjá neinum að ungt fólk með mikla menntun að baki hefur viðrað áhyggjur af því að í framtíðinni yrðu atvinnumöguleikar ekki fjölbreytilegir hérlendis vegna einhæfni atvinnulífsins.

Tilkoma Íslenskrar erfðagreiningar og annarra kraftmikilla fyrirtækja sem hafa haslað sér völl, t.d. á sviði hátækni og hugbúnaðargerðar, hefur nú þegar breytt þessari umræðu og opnað sýn til þeirra möguleika sem við getum nýtt okkur á komandi öld. Frv. varðar að þessu leyti í mjög ríkum mæli hlutskipti þess fólks sem stundar nú nám í háskólum landsins og hyggur á langt og sérhæft nám á sviði erfðafræði, líffræði og tölvufræði svo eitthvað sé nefnt. Það er mjög mikilsvert að menntastofnanir þjóðarinnar starfi með hagsmuni þessara hópa í huga og sýni því skilning hvaða lagaramma er nauðsynlegt að skapa fyrir atvinnulífið svo að það geti nýtt þann mannauð sem þjóðin hefur lagt svo mikið í að byggja upp.

Það er ljóst að svigrúm þjóðarinnar til þess að fylgjast með tækniframförum á sviði læknisfræði og heilsugæslu er mjög takmarkað ef árviss aukning kostnaðar við heilbrigðiskerfið verður sótt annars vegar í vasa skattborgara og hins vegar í hagræðingarráðstafanir innan heilbrigðisstofnana eins vinsælar eins og þær eru. Til þess að halda sterkri stöðu okkar á sviði heilbrigðisþjónustu verðum við að treysta grundvöll atvinnulífsins til að taka þátt í að fjárfesta í þróunarstarfi á þessu sviði og skapa þjóðinni tekjur á grundvelli þess heilbrigðiskerfis sem hér er rekið. Við þurfum að fá atvinnulífið til þess að fjárfesta í heilbrigðisþjónustunni. Það er í raun eina leiðin sem okkur stendur opin til þess að standast samanburð við þær þjóðir sem fremst standa og munu verða í broddi fylkingar á komandi öld.

Hver er þá styrkleiki okkar, virðulegi forseti, til þess að ná þessum markmiðum? Hver er styrkleiki okkar til þess að virkja atvinnulífið til að taka þátt í þessu mikilsverða verkefni? Ef við lítum sérstaklega á þann möguleika að leita að erfðavísum sem með stökkbreytingum geta valdið sjúkdómum eru styrkleikar okkar margvíslegir. Styrkleiki okkar kemur til m.a. af því að við erum tiltölulega einsleit þjóð og hugsanlega er það styrkleiki líka að við erum fámenn þjóð þar sem yfirsýn yfir málefni þjóðarinnar getur verið nokkuð góð. Í öðru lagi eigum við mjög miklar upplýsingar í heilbrigðiskerfinu og það hefur eflaust verið það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir átti við þegar hún talaði um gagnagrunninn, það eru þessar upplýsingar sem eru til og eru mjög mikils virði, það er rétt. Þær hafa verið nýttar og eru grundvöllur þeirrar starfsemi sem er nú rekin í heilbrigðisþjónustunni.

Í þriðja lagi býr þjóðin yfir mjög mikilli þekkingu á sviði ættfræði, sem er hugsanlegt að tengja þessu þróunarverkefni. En þetta er þó ekki meginstyrkur okkar á þessu sviði. Meginstyrkur okkar er fólginn í því að við eigum mikið af vel menntuðu fólki, við eigum mikið af vel menntuðu hugmyndaríku og kjarkmiklu fólki. Þetta hefur komið í ljós á síðari árum þegar hefur orðið nánast sprenging á sviði hugbúnaðar þar sem Íslendingar hafa verið afar hugmyndaríkir atvinnurekendur. Eitt af síðustu dæmunum um þetta er einmitt þetta nýja fyrirtæki sem mikið hefur verið rætt um og hefur sett fram þá hugmynd sem framtíðarverkefni sitt að leita að erfðavísum sem valda sjúkdómum með stökkbreytingum og setja sér það markmið að reyna að finna lausn á þeim vanda sem slíkir sjúkdómar skapa.

Ég ætla ekki að nefna þessa sjúkdóma, þeir eru fjölmargir og þeir valda miklum usla og eru mikið heilsufarslegt vandamál, ekki aðeins fyrir okkur heldur líka fyrir þjóðir Evrópu og heimsins alls. Við getum því hugsanlega búið hér til farveg þar sem Íslendingar geta orðið í broddi fylkingar. En það er misskilningur ef menn ímynda sér að við höfum ótakmarkaðan tíma til þessa verkefnis, það er ekki rétt. Þessi heimur gengur hratt fyrir sig og ef við ætlum okkur að taka þátt í verkefninu verður það ekki eins og hér var ýjað að áður að ríkið tæki að sér þessa þróunarvinnu. Því miður verður það ekki þannig gert. Ég verð að hryggja þá sem hafa trú á ríkisforsjá með því.

Ég vil hins vegar taka undir að það er mjög mikilsvert að málið fái gagngera skoðun. En það getur líka farið saman að málið fái gagngera skoðun og einnig hraða skoðun.

[17:41]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla að ég nenni að vera að elta ólar við hálfgerða útúrsnúninga í máli hv. þm. sem talaði síðast en engu að síður ætla ég að gera það. Það sem hv. þm. kallar styrkleika þjóðarinnar kalla ég auðlind. Það er auðlind fólgin í smæð okkar, einsleitni og ættfræðiþekkingu. Það er auðlind sem við eigum að eiga í sameiningu og ég tel mjög mikilvægt að það sé tryggt að þjóðin sé eigandi að þeirri auðlind og það þarf að setja það í lög.

Aftur á móti talaði ég einnig um það að gagnagrunnurinn, sem ég efast ekki um að verði unninn, mun verða mjög verðmætur. Það verður auðlind þegar búið verður að vinna þann gagnagrunn og ástæðulaust að vera að snúa út úr því. En ég tel líka mikilvægt að það verði skýrt hver eigi þann gagnagrunn og það verði þjóðin sem eigi hann og það þarf líka að vera skýrt.

Varðandi það að ríkið ætti að sjá um að vinna gagnagrunninn var það ekki skoðun mín heldur var það spurning sem ég varpaði til hæstv. ráðherra og ráðherra hefur ekki svarað. Ég setti ekki fram neina skoðun um hver ætti að vinna þetta, ég var bara með nokkrar spurningar sem ég vil gjarnan fá svör við vegna þess að ég hef ekki myndað mér skoðun um það nákvæmlega hver eigi að vinna þennan gagnagrunn. Ég ætla ekkert að efast um að fyrirtækið sem hér hefur verið rætt um geti séð um það ágætlega en hefði gjarnan viljað fá upplýsingar eða fá svör við þeim spurningum sem ég varpaði fram.

[17:43]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir hv. síðasta ræðumann að vera með önuglyndi við mig. Ég tók bara orð hennar eins og þau voru sögð. Hv. þm. sagði að grunnurinn væri auðlind sem ætti að mynda tekjur fyrir ríkissjóð. Ég benti réttilega á að sá grunnur er ekki til. Ef menn líta svo á að einkafyrirtæki geti tekið þátt í því að búa til þennan grunn þá verður að tryggja að greiðsla fáist fyrir þá þróunarvinnu sem í það fer.

Í máli hv. þm. kom fram að hún hefði sérstakan áhuga á því að ríkið kæmi nálægt þessu. Ég verð að viðurkenna að ég túlkaði það þannig, hv. þm., hvort sem menn vilja þá kalla það að svo hafi verið komist að orði með beinum hætti eða þá að þetta hafi verið það sem Bretar kalla „Freudian slip".

[17:45]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Rétt er það sem hér hefur komið fram hjá mörgum í þessari umræðu að við erum að fjalla um stórt mál og það er nokkuð öruggt í mínum huga að varðandi þetta mál er ekki allt sem sýnist. Það er ekki nema hluti af heildinni sem fram kemur í þessu frv. sem hér er lagt fram og það kannski aðeins lítill hluti, kannski aðeins brot af ísjaka, en eftir er að skoða einnig það sem er undir yfirborðinu. Það alvarlega við framlagningu þessa frv. af hálfu hæstv. heilbrrh. og þau ummæli sem komið hafa fram frá ráðherrum í ríkisstjórninni um þetta mál er að talað er í véfréttastíl en jafnframt lögð áhersla á að afgreiða þurfi þetta mál hið hraðasta og hið bráðasta.

Í umræðum um störf þingsins áðan kom fram sú skoðun hjá tveimur fulltrúum Sjálfstfl. að umfram allt yrði að afgreiða þetta mál hratt. Og af hálfu talsmanns þingflokksins, hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, var einmitt rík áhersla lögð á að þetta mál þyrfti að fá hraðan framgang í þinginu.

Nú þurfum við að átta okkur á því hvernig unnt sé að fjalla efnislega og vel um þingmál og jafnframt að tryggja að það tefjist ekki óeðlilega í umfjöllun á vegum Alþingis. Það er út af fyrir sig engin ástæða til að dvelja lengur við þetta þingmál en efni standa til. Það tek ég fram. En hluti af skoðun málsins er að bæta úr þeim mikla skorti sem er á upplýsingum sem varða bakgrunn þessa máls, baksvið þessa máls, af hálfu þeirra sem bera það fram.

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að ég hef ekki séð öllu ómerkilegra stjfrv. lagt fram á Alþingi í svo stóru máli sem um er að ræða í 661. mál þingsins, þ.e. frv. sem hæstv. heilbrrh. leggur hér fyrir þingið. Það er aldeilis ótrúlegt að í jafnstóru og vandasömu máli skuli heilbr.- og trm. leggja inn á Alþingi í heildina talið þingmál upp á hálfa fjórtándu blaðsíðu með öllu og ekki er að finna þá virðingu fyrir þingi og þjóð að reyna að setja fram í tengslum við þetta mál þau fjölmörgu atriði sem að sjálfsögðu er skylt, ef þingið væri virkt, að fylgdi máli af þessum toga. Þá er ég m.a. að vísa til þess að hér eru uppi — það er viðurkennt svona í framhjáhlaupi í greinargerð með þessu þingmáli — margar spurningar sem þurfa að fást svör við en ekki er reynt að svara af hálfu hæstv. heilbr.- og trrh., hvorki í þingmálinu *sjálfu né í framsöguræðu með þessu máli.*

Hér er um að ræða mál sem er einstakt fram til þessa að því er varðar frumvarpsgerð á Alþingi, leyfi ég mér að fullyrða, og að því er varðar baksviðið, það einkaleyfi sem þingmálinu er ætlað að tryggja. Í ljósi þess tel ég þau orð sem ég hef mælt um óvandaðan undirbúning síst of stór.

Virðulegur forseti. Það vekur einnig athygli að stjórnarliðar, fyrir utan hæstv. ráðherra en einnig að meðtöldum hæstv. ráðherra, koma hér til umræðunnar og leggja á það mjög ríka áherslu að hér verði hið fyrsta, helst á þessu þingi, alla vega það sem varðar talsmenn Sjálfstfl., afgreiddur lagarammi fyrir fyrirtæki sem á að fá algera einkaeinokun á sínu sviði, algeran einkarétt á því risastóra sviði á íslenskan mælikvarða sem um er að ræða. Og hv. þm. Tómas Ingi Olrich talaði um að nauðsynlegt væri að búa fyrirtæki sem þessu sérstakan lagaramma vegna þess að fyrirtækið þurfi sérstakt umhverfi. Það gæti nú verið að menn ímynduðu sér að sá sem hér talar gæti slegist í hópinn ef það ætti bara að ganga þannig til verka varðandi atvinnustarfsemi í landinu að úthluta með góðvilja af hálfu Alþingis og ráðuneytanna, einkaleyfum til rekstrar í umhverfi þar sem af hálfu talsmanna stjórnarliða er í vaxandi mæli og af sífauknum þunga talað um að allt þurfi að vera opið og frjálst. Ég held að fleiri en ég spyrji sig hvað valdi þessum sinnaskiptum í grundvallarmáli að því er snertir umhverfi atvinnurekstrar af hálfu talsmanna Sjálfstfl. og Framsfl. sem dregur dám sitt æ meir af frjálshyggju í sínum tillögum og vinnu. (**HjálmJ:** *Og er það vel.*) „*Og er það vel*", *segir hv. þm., fyrrverandi* prestur. Hann kemur þessu að og ætlar að blessa það.

Virðulegur forseti. Það er mikil þörf á því að spyrja margra grundvallarspurninga um málin. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá mörgum og undir það tek ég, að málið er viðamikið, það er þýðingarmikið og það er um leið vandasamt. Það sameinar þetta allt saman. Og þess vegna þurfum við að gá að okkur við málsmeðferðina.

Það sem hér er að gerast er að verið er að undirbúa lagaramma fyrir einkafyrirtæki til þess að geta skráð heilbrigðisupplýsingar um núlifandi og liðna og verðandi Íslendinga, a.m.k. eða um allt að tólf ára skeið, hugsanlega með framlengingu. Hver veit? Það er viðfangið. Talað er um auðlind af sumum þingmönnum í þessu sambandi og aðrir neita því að hér sé um auðlind að ræða. Það er eðlilegt að spurt sé: Hver á þessar upplýsingar? Hver á þær upplýsingar sem hér er um að ræða? Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi talað um að sjúkrastofnanir ættu að ráða ferðinni um það og geta hafnað ef þeim býður svo við að horfa. En eru það sjúkrastofnanir sem ráða yfir einkaupplýsingum um sjúklinga í landinu? Hinir dauðu geta nú ekki svarað fyrir sig. Hinir lifandi geta það ef spurðir væru. Ég spyr í þessu sambandi: Kemur til greina að læknar eða heilbrigðisstofnanir veiti inn í einkafyrirtæki upplýsingar um sjúklinga án þess að viðkomandi sjúklingur, sé hann á lífi, hafi goldið við því jáyrði, hafi veitt til þess samþykki sitt? Mér finnst það mikið álitamál og að það verði að svara slíkum spurningum áður en lengra er haldið.

Hafa læknar og heilbrigðisstofnanir heimild til þess að veita upplýsingar einkafyrirtæki sem úthlutað er einkaleyfi til þess að skrá slíkar upplýsingar inn í stóru tölvuna? Og hafa menn leyfi til þess varðandi hina látnu? Kannski væri nú gott að fá prestana hér með í umræðuna, virðulegur forseti, sem hefðu kannski á því skoðun meiri en sumir aðrir. Er það leyfilegt varðandi hina látnu? Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. svari *þeim spurningum, a.m.k. fyrir þingnefnd, hvernig* það er metið.

Sá heimur, sem hér er verið að fjalla um og sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem er nú ekki viðstaddur í þingsal að ég

best fæ séð, vék að í sínu máli, er vissulega harður. Við erum að tala um harðan bisnessheim og við erum að tala um risafyrirtæki. Við erum að tala um risafyrirtæki sem stendur að baki því einkafyrirtæki, Íslenskri erfðagreiningu, sem fyrir fram er ráðið að eigi að fá það starfsleyfi sem hér er verið að skapa lagaramma um. Þessi mál hafa vakið mikla athygli úti í hinum stóra heimi, virðulegur forseti, og það er ekkert að undra því að mikið fé er að sækja í þennan heim og þar er hart barist. Bakfiskurinn í þessu máli, svissneski auðhringurinn Hoffmann-La Roche, á að fá aðgang að þessum stóra banka því að samkvæmt 8. gr. frv. hefur einkaleyfishafinn, Íslensk erfðagreining, valdið til að miðla. Og menn þurfa ekki að spyrja um tenginguna þar enda er skýrt fram tekið í 2. mgr. 7. gr. númer eitt að þróun lyfja sé þar efst á blaði í sambandi við viðfangsefnið.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna í nýlega grein sem birtist í svissnesku blaði nýlega sem heitir CASH. Hún birtist þann 13. mars sl. undir fyrirsögninni „Gen Island ziehts." Það gæti þýtt eitthvað á þá leið að erfðavísa Ísland lokkar. Í lauslegri þýðingu stendur þar m.a., virðulegur forseti:

„Með þátttöku Hoffmann-La Roche í starfi deCODE genetics" — sem er enska heitið á Íslenskri erfðagreiningu — „stendur nú Ísland í sviðsljósi genarannsóknanna. Það sem lokkar menn að íslensku þjóðinni er hin einsleita arfgerð hennar. Einungis fáir nýbúar hafa máð út erfðafræðileg spor forfeðra hennar og -mæðra frá því að eyjan var numin af Norðmönnum í kringum 900 e. Kr. Út frá þessum samleita bakgrunni er núna tiltölulega auðvelt, að því tilskildu að hátækni sé fyrir hendi, að komast að raun um hvaða gen breytast og hver ekki þegar sjúkdóm ber að höndum. Að þessu hefur deCODE unnið frá 1996 og fyrirtækið fullyrðir að það hafi þegar borið full erfðafræðileg kennsl á tvo sjúkdóma fyrir tilstuðlan íslensku arfgerðarinnar.

En Ísland er einnig fyrirtaksstaður fyrir rannsóknir vegna þess að hvergi annars staðar er jafneinfalt að rekja ættartré hinna ólíkustu fjölskyldna. Þetta gefur vísindamönnum ekki aðeins færi á að finna genabreytingar með samanburði meðal núlifandi kynslóða heldur líka að rekja þær aftur í fortíðina. Sömuleiðis gerir það staðinn enn meira lokkandi að Ísland stendur framarlega á tæknisviðinu í læknisfræði.

En deCODE getur því aðeins náð hinum metnaðarfullu markmiðum sínum að þjóðin og ríkisstjórnin styðji starfsemi fyrirtækisins. Því á íslenska þjóðþingið að því er virðist strax í vor að samþykkja lög sem veita deCODE einkarétt á að markaðssetja hin erfðafræðilegu gögn. Einnig á að banna útflutning á íslenskum blóðprufum og erfðaefni. Það er óhjákvæmilegt fyrir Kára Stefánsson, forseta deCODE genetics, að þetta verði tryggt. Þar eð uppbygging gagnabanka gleypir óhemju mikið fé verður hann að ná inn miklum tekjum. En lyfjafyrirtækin greiða því aðeins hátt verð að þau sitji örugglega ein að upplýsingunum." — Sitji örugglega ein að upplýsingunum.

„Sem endurgjald fyrir þennan rétt," segir þarna enn fremur, „sem í raun jafngildir einokun, verður ríkisstjórninni veitt heimild þannig að hún geti einnig nýtt sér öll gögn sem safnað er í þeirri von að með því geti hún lækkað útgjöld ríkisins til heilbrigðismála. Verði til ný lyf í samvinnu við Roche verða þau afhent ókeypis á Íslandi."

Þetta segir í því virðulega blaði CASH frá 13. mars 1998 og margt fleira forvitnilegt sem varðar þetta efni sem ég ekki hef tíma til að vitna til. Einnig er fróðlegt að sjá greinar um þetta efni í Scientific American og fleiri erlendum ritum, þar á meðal í Newsweek ef ég man rétt.

Virðulegur forseti. Einn þáttur málsins fyrir utan hverjir ráða yfir upplýsingunum er spurningin um að þessar upplýsingar séu ekki persónutengdar. Það er mjög sérkennileg formúla sem hæstv. ráðherra fór yfir í máli sínu um það hve lengi um sé að ræða persónuupplýsingar því að það er nefnilega ekki svo að ekki sé undantekning frá því samkvæmt frv. Það segir m.a. í 2. gr. um skilgreiningu á persónuupplýsingum, með leyfi forseta: „Einstaklingur skal eigi teljast persónugreinanlegur ef verja þyrfti verulegum tíma og mannafla til að persónugreining hans gæti átt sér stað." — Ef verja þarf til þess verulegum tíma og mannafla þá er ekki um persónuupplýsingu að ræða. Það er sem sagt undanskot í málinu samkvæmt skilgreiningu sjálfs lagafrv.

Virðulegur forseti. Í þessu sambandi skulum við aðeins veita athygli fyrirsögn á forsíðu Morgunblaðsins 15. apríl sl. Hvað stendur þar, virðulegur forseti? „Dulmálslykill GSM-símanna ráðinn." Með leyfi forseta, örstutt tilvitnun:

„Hópur tölvusérfræðinga við Berkeley-háskólann í Kaliforníu segist hafa rofið dulmálslykilinn sem notaður er til að koma í veg fyrir að hægt sé að stela upplýsingum úr GSM-símakortum sem nota má til að „klóna" kortin og nota á ólöglegan hátt. Lykillinn er notaður í rúmlega 80 milljónum stafræna síma um allan heim og hefur til þessa þótt örugg vörn gegn tilraunum til að „klóna" GSM-símakort."

Síðan er nánari lýsing á þeim tölvubúnaði sem notaður var til þess að afkóða, svo ég fari nú að búa hér til orð í anda frv., persónuleyndina úr upplýsingabanka af þessum toga.

Virðulegur forseti. Menn verða að taka sér tíma á Alþingi og í samfélaginu að átta sig á því hvað felst í því að safna þeim upplýsingum, sem stefnt er að, á einn stað í tölvu. Á hvaða leið erum við? Það er með fádæmum, leyfi ég mér að segja, að mætir alþingismenn skuli úr þessum ræðustól, og hæstv. ráðherra í þeim hópi, bera saman söfnun upplýsinga af þessum toga inn í eina tölvu eins og raunar er gert í texta frv. og upplýsingar sem liggja fyrir dreift í heilbrigðisstofnunum í dag. Þegar menn grípa til slíkra ráða að leiða líkur að því að þetta sé eitthvað sambærilegt eru menn ekki að leiða fram réttar upplýsingar eða bakgrunn málsins.

Hafa menn kynnt sér skrif mætra Íslendinga um þessi mál í blöðum landsins að undanförnu? Ekki þarf að leita lengra en til Morgunblaðsins í dag, 16. apríl, þar sem Oddur Benediktsson prófessor skrifar grein sem ég hvet alla sem þetta mál varðar, og það er þjóðin öll, til þess að kynna sér, þar sem hann fjallar alveg sérstaklega um hætturnar sem tengjast þjófnaði og misnotkun tölvusafns af því tagi sem á að innleiða og afhenda einkaaðila til afnota.

Virðulegur forseti. Það er ekki trúverðugt þegar ráðuneyti heilbrigðismála leitar ekki álits viðurkenndra stofnana, opinberra stofnana, sem er ætlað það verkefni að setja reglur til þess einmitt að vernda persónuupplýsingar. Hæstv. ráðherra getur ekki skýlt sér á bak við það að haft hafi verið haft samband við einstaka menn sem kunna að tengjast tölvunefnd eða vísindasiðanefnd. Það eru nefndirnar sjálfar sem eiga að fá að tala og segja álit sitt. Með mörgu öðru veikir þetta mjög verulega grunninn að því máli sem er á ferðinni, máli sem er stórt í sniðum, getur falið í sér mikla möguleika, ekki endilega í þessu formi heldur margt sem því tengist. Ég er reiðubúinn að skoða þetta mál alveg í hólf og gólf eftir því sem unnt er fyrir okkur á Alþingi Íslendinga áður en ég

tek endanlega afstöðu til málsins. En ég taldi nauðsynlegt að koma þessum sjónarmiðum á framfæri.

[18:06]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu er afskaplega mikilvægt að mínu mati fyrir íslenska þjóð, menntað fólk á Íslandi og fyrir læknavísindi og heilbrigðiskerfið allt. Þetta er mál sem hefur þegar vakið heimsathygli, eins og kom áðan fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og það verkefni sem hér um ræðir getur sem slíkt haft áhrif um víða veröld, þá sem fyrirmynd að söfnun upplýsinga um heilsufar í heiminum, hjá ættbálkum o.s.frv. Eins verður það starf sem felst í öflun þessara upplýsinga væntanlega til þess að auðvelda og flýta fyrirbyggjandi aðferðum til að bæta heilsu fólks og einnig finna leið til þess að lina þjáningar sjúkra. Til að ná slíku fram á ekki að sleppa neinu tækifæri.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa áhyggjur af söfnun heilsufarsupplýsinga allra landsmanna á einn stað, hafa fyrst og fremst áhyggjur af því að þær upplýsingar verði misnotaðar af einstaklingum sem yfir þeim búa og þá öðrum einstaklingum væntanlega til tjóns. Nú ber að líta á það að sá aðili sem safnar þessum heilsufars- og ættfræðiupplýsingum veit ekki samkvæmt þessu frv. hvaða persónur eru þar að baki. Samkvæmt frv. er tryggilega gengið frá því. Það vita aðeins einstakir starfsmenn heilsugæslustöðva og stofnana eins og Krabbameinsfélags og Hjartaverndar ef þeir semja við slík fyrirtæki um að miðla þessum upplýsingum til þeirra frá sér. Það eru þeir sem hafa möguleika á að vita um einstaklinga á bak við þessar upplýsingar en ekki viðkomandi fyrirtæki sem kemur til með að safna þessu saman á einn stað eða í eina tölvu eins og hv. þm. Hjörleifur orðaði það nokkrum sinnum í ræðu sinni.

Spurningin hlýtur því að vera sú, herra forseti, hvernig búið er um hnútana í þessu frv. svo persónuupplýsingar komist ekki inn í gagnagrunninn þannig að þeir aðilar sem safna þessu fyrir í þessa einu tölvu komist í persónurnar sem búa að baki heilsufarsupplýsingunum.

Í 3. gr. frv. er farið yfir það hvernig eigi að tryggja að upplýsingarnar verði ekki til misnotkunar fyrir þá sem komast í þær, þá fyrst og fremst það fyrirtæki sem kemur til með að safna þeim saman á einn stað. Í 3. gr. stendur, með leyfi forseta, að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis er sem hér segir:

„1. Að starfsleyfishafi sé íslenskur lögaðili."

Í því felst að sjálfsögðu mikil skuldbinding og betri leið til þess að líta eftir þeim aðila sem hefur þessar upplýsingar undir höndum.

„2. Að gagnagrunnurinn verði alfarið staðsettur hér á landi."

Ég tel að í því felist einmitt sama mikilvæga spurningin að þetta sé undir handleiðslu íslenskra aðila, þ.e. eins og kemur fram í 3. gr., aðila sem er að mati tölvunefndar tryggur aðili og að fyrir liggi tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem tölvunefnd telur trygga. Þar á meðal er að heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar sem safnað er til skráningar í gagnagrunni á heilbrigðissviði séu við skráningu í gagnagrunnum aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum.

Ef við lítum á þetta sérstaka atriði er einmitt komið að kjarna málsins, að það á að tryggja með eftirliti tölvunefndar að slíkar þðersónulegar upplýsingar um einstaklinga komist alls ekki inn í gagnagrunninn. Ef við efumst um að tölvunefnd geti tryggt þetta eðlilega þá finnst mér mikilvægt að við skoðum störf tölvunefndar fram að þessu. Hafa störf tölvunefndar til þessa verið traustvekjandi? Hafa störf þeirra verið þannig að menn hafi efast um kunnáttu starfsmanna sem þar hafa eftirlit með höndum? Hafa menn ástæðu til að efast um að þeir grípi fljótt inn í ef upp koma vandamál um söfnun upplýsinga sem hafa að sjálfsögðu tíðkast í mörg ár á Íslandi?

Ég held að óhætt sé að svara þessum upplýsingum á einn veg, að tölvunefnd hefur mikið traust í þjóðfélaginu og hefur alls staðar sýnt það þar sem hún hefur komið að samkvæmt lögum um söfnun upplýsinga á tölvur, að þar hefur verið unnið mjög faglega, þar hefur verið gripið mjög fljótt inn í og starfsmenn þar hafa að því er virðist mjög gott vald á því starfi sem þeim hefur verið falið. Ég held að það sé fyllilega ástæða til þess að treysta því að þessir aðilar tryggi það öryggi sem krafist er samkvæmt því frv. sem lagt er fram af hæstv. heilbrrh.

Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega út í það hvað stendur nákvæmlega í frv. að öðru leyti. Ég held að við hljótum að verða að treysta því að þeir sem þekkja hvernig tölvur vinna, hvernig upplýsingar megi geyma, hvernig megi koma í veg fyrir að upplýsingum verði stolið úr svona kerfum, það eru þeir aðilar, það eru þeir sérfræðingar sem eru stöðugt að vinna að þessu sem geta nákvæmlega tryggt hvernig upplýsingunum verði haldið leyndum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Við vitum vel að úti í þjóðfélaginu, úti í heimi, eru margir sem reyna sífellt að brjótast inn í gagnabanka um allan heim og það er stöðug barátta að halda þessum upplýsingum leyndum en það er eitt af því sem upplýsingaþjóðfélagið þarf náttúrlega að berjast við og hefur að sjálfsögðu tækni til þess að geta barist gegn og engin ástæða er til þess að efast um að það verði gert að þessu leyti. Þegar við skoðum t.d. þau áform sem liggja í fjármögnun á þessu fyrirtæki erum við ekki að tala um neinar smáupphæðir sem eru þar á ferðinni. Við erum að tala að slíkt fyrirtæki muni kosta um 12 milljarða í uppsetningu. 12 milljarðar eiga að fara í að safna upplýsingunum saman á sem öruggastan hátt, á þann hátt sem þær geta nýst þessu fyrirtæki, á þann hátt að hægt sé að tryggja persónulegt öryggi þeirra sem á bak við þessar upplýsingar eru.

Herra forseti. Ég held að það sé einsdæmi í íslenskri sögu að lagt hafi verið annað eins fjármagn í að tryggja að öllu sé til skila haldið í einu máli eins og þessu. Í 10. gr. frv. er einnig talað um þagnarheit starfsmanna sem starfa í slíku fyrirtæki og í 12. gr. eru viðurlög þar sem segir, með leyfi forseta:

„Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum."

Í frv. er því mjög margt sem á að geta sannfært okkur þingmenn um að þarna er leitast við að gæta fyllsta öryggis og í mínum huga er það að sjálfsögðu mjög eðlileg og sjálfsögð krafa að þarna sé gætt þess öryggis sem hægt er að hafa í máli sem þessu.

Ef við lítum á þá áhættu sem er tekin þá lít ég svo á að hún sé lítil og verjandi. Vegna þess hversu miklum fjármunum verður varið í þetta tel ég að hægt sé að ná þeim árangri sem hér er talað um.

Að teknu tilliti til þessa, herra forseti, að fyllsta öryggis sé gætt gagnvart persónuupplýsingum þá tel ég lífsspursmál að þetta mál nái fram undir þeim meðbyr sem þetta verkefni hefur hér heima og erlendis um þessar mundir. Það þarf nefnilega mikinn byr, herra forseti, til að afla 12 milljarða á fjármagnsmarkaði eða hjá fjármögnunaraðilum til þess að koma slíku verkefni á fót. Það sjá allir. Og það sjá einnig allir að án slíkra upplýsinga slær byrinn úr seglum þeirrar grósku sem er í vísindastörfum hér á landi í dag, í vísindastörfum hjá Íslenskri erfðagreiningu þar sem vinna á milli 200–230 hámenntaðir íslenskir vísindamenn sem hefðu ella ekki fengið vinnu við sitt hæfi samkvæmt sinni menntun, alla vega ekki hér heima.

Herra forseti. Það hvílir því mikil ábyrgð á hv. alþingismönnum þegar þeir ræða um þetta mál og framtíð þessa máls í þinginu. Menn verða að hafa í huga að þau vísindastörf sem unnin eru í dag af Íslenskri erfðagreiningu og verða unnin af því fyrirtæki sem mun rísa kringum þennan gagnabanka, verða fyrirmynd fyrir allan heiminn. Þetta er svo gríðarlega stórt verkefni að hér er verið að ræða um fyrirmynd fyrir allan heiminn og held ég að við getum sagt að það sé einstætt mál á Íslandi að við getum talað um heimsmælikvarða þegar um vísindastörf er að ræða. Þess vegna segi ég, herra forseti, að hér er um mjög stórt mál að ræða og ábyrgðarhluti að reyna að bregða fyrir það fætinum með einhverjum atriðum sem ekki skipta neinu máli. Þar á ég við það hvort hv. þingmenn hafi gert sér grein fyrir því að málið yrði til umræðu eða ekki. Auðvitað vissu hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni að þetta mál var til umræðu. Hv. þm. vissu líka málið yrði rætt á þessu þingi. Þó að heyrst hafi að hæstv. heilbrrh. hefði ekki endanlega ákveðið hvort málinu skyldi ljúka, þá hafði hæstv. forsrh. lýst því yfir í fjölmiðlum að hann vildi að þessu máli yrði lokið á vorþinginu þannig að þingmenn stjórnarandstöðunnar áttu að geta gert sér grein fyrir því að þetta mál yrði rætt ítarlega á þessu þingi. Spurningin er náttúrlega hver ræður, en það er meiri hluti þessa þings og það er stjórnarmeirihlutinn sem kemur til með að ráða þessu sérstaka máli.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins minnast á þau atriði sem hafa komið fram hjá hv. þingmönnum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist aðeins á fyrirsögn í Morgunblaðinu í dag um að dulmálslykill GSM-símans hefði verið ráðinn. Það var vísbending um að ekki nokkur leið væri að halda upplýsingum leyndum eins og við erum að tala um hér í dag. Eins og ég sagði áðan, er að sjálfsögðu aldrei hægt að tryggja 100% að gagnabankar séu lokaðir að eilífu. Það verður sífellt barátta að reyna að halda þessu lokuðu. Í yfir 90% tilfella er það hægt en ef einhver kemst inn, þá eru sérfræðingar til þess að loka slíkum bönkum aftur, að loka þeim glufum sem hafa fundist. Það verða alltaf til einhverjar glufur einhvers staðar sem menn finna að endingu en að sjálfsögðu verða menn þá að loka þeim.

Það sama gildir um atriði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á áðan, þ.e. að hjá Sjálfstfl. væri sumt frjálst en annað ekki. Hér væri verið að heimila einum aðila aðgang með einkaleyfi í 12 ár að slíkum upplýsingum og það átti að vera í andstöðu við stefnu Sjálfstfl. hvað varðaði frjálsræði. Auðvitað er verið að skapa möguleika sem ekki yrðu til staðar nema með einkaleyfi. Sjálfstfl. hefur alltaf stutt framtak sem getur bætt þjóðarhag. Við þekkjum mörg dæmi um sölusamtök sem hafa starfað hér í áratugi og reynst þjóðinni vel sem hafa að endingu orðið opin félög. Við höfum þar sölusamtök sem hafa sérstaklega staðið að sölu sjávarafurða um allan heim. Það hefur reynst farsælt þannig að við höfum ágætisreynslu af því að byggja upp sterkar einingar undir merkjum frjálsræðisins sem hafa svona ákveðna aðlögun til þess að nýta fjárfestingu sem í þessu tilliti er það gríðarleg að fyllilega er verjandi að slík fyrirtæki fái einokun í ákveðinn tíma.

Það er einnig spurning, eins og kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, hvort einhver annar geti ekki gert þetta. Það er strax komin upp þessi spurning hvort Íslensk erfðagreining undir stjórn Kára Stefánssonar sé eini aðilinn sem geti gert þetta. Ég spyr á móti: Hvaða annar aðili hefur sýnt þessu áhuga? Hefur einhver annar íslenskur aðili eða erlendur komið hingað og stofnað fyrirtæki með milljarðasamninga í höndunum og með hugmyndir um aðra samninga um jafnmarga milljarða til þess að koma af stað verkefni eins og hér um ræðir? Ég segi nei. Enginn hefur sýnt áhuga á því. Enginn hefur getað sýnt það frumkvæði sem hefur komið fram við stofnun Íslenskrar erfðagreiningar og þess starfs sem hefur orðið í framhaldi af því. Ég held að þessu sé því sjálfsvarað og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir veit betur en svo að hún þurfi að slá fram spurningum eins og þessum.

Að sjálfsögðu er þetta auðlind en þetta er auðlind sem við eigum að nýta okkur og ef við nýtum hana ekki með þessu móti, þá verður þetta aldrei nein auðlind, herra forseti.

[18:23]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Mér líður nú svolítið eins og ég sé dottin inn í einhverja vísindaskáldsögu og mér heyrist að sumum líði kannski eitthvað svipað. Svo er spurningin hvað menn eru áfjáðir í að verða persónur í þeirri vísindaskáldsögu og hversu mikið traust þeir bera til vísindanna.

Málið sem hér er til umræðu er svo sannarlega stórt eins og menn hafa sagt hver á fætur öðrum. Þetta er ákaflega mikilvægt mál. Þetta er alveg einstakt mál. Það er mjög spennandi og það varðar miklu að vel takist til. Það er ekki spurning. En þetta er hins vegar ekki einfalt mál. Það felur í sér ákveðnar hættur og það þarf ítarlega skoðun frá öllum hliðum. Það má ekki hrapa að neinu í þessu máli. Þess vegna tek ég heils hugar undir orð hæstv. heilbrrh. sem birst hafa ítrekað í fjölmiðlum um nauðsyn vandaðrar og ítarlegrar umfjöllunar. Mér þykir leitt ef hún hefur eitthvað vikið frá þeim yfirlýsingum sem hún hefur gefið á fyrri stigum, að það sé hennar skoðun að þetta mál megi bíða til haustsins með afgreiðslu.

Eins og ég segi, þá verkar þetta svolítið eins og vísindaskáldsaga. Ég minni á að í blaðafrétt nýlega var sagt frá því að forstjóri Ríkisspítalanna hefði fyrir fáeinum árum lýst því yfir að tölvuvæðing og samtenging sjúkraskrárkerfa gæti verið gagnleg í læknisfræðilegu skyni en vandasamar spurningar hlytu að vakna um vernd persónuupplýsinga og „það er nú verkurinn, eins og afi minn í Brekkukoti sagði. Það er nú verkurinn." Ég ætti kannski strax að lýsa því yfir svo það gleymist ekki að ég er andvíg afgreiðslu þessa frv. nú. Ég segi það bara hreinskilnislega. En um leið er ég auðvitað ekki þar með að lýsa andstöðu við málið sjálft. Ég hef einfaldlega ekki forsendur til þess. Það þarf að skoða það miklu betur. Fjölda spurninga er ósvarað og því miður er málið ekki þannig undirbúið að hægt sé að afgreiða það á fáeinum dögum. Örfáir vinnudagar eru í rauninni eftir af þessu

þingi og ýmislegt þarf að afgreiða sem hefur fyrr komið til umræðu hér. Það er einfaldlega ekki tími til þess að fjalla nógu ítarlega um þetta mál. Það er einfaldlega vegna þess að undirbúningur er ekki nægilega góður, því miður. Það er í rauninni alveg makalaust hvernig undirbúningi hefur verið háttað. Ég fullyrði að hvar sem er í siðuðu þjóðfélagi hefði mál af þessu tagi fengið allt annan og vandaðri undirbúning. Svona mál hefði verið unnið af fagnefnd sérfræðinga, bæði á sviði tölvufræða og erfðafræða. Það gengur auðvitað ekki, eins og er mjög augljóst af greinargerð frv. og af fréttum af því, að það hafi verið unnið í ráðuneytinu án þess að leitað hafi verið til fagaðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta og hafa mikla reynslu og þekkingu og eiga auðvitað að koma að þessu máli.

Ég get ekki stillt mig um að bera þennan undirbúning frv. saman við frv. sem væntanlega verður afgreitt í vor og hefur átt langan aðdraganda. Ég var á heils dags ráðstefnu í gær um reyndar nokkur mál en þó fyrst og fremst um frv. um þjóðlendur sem þjóðin hefur mikinn áhuga á og vill hafa mikið um að segja. Það frv. tók mörg ár að semja og komu þar margir að verki. Það frv. fjallar um það hvernig við viljum stjórna annarri mikilvægri auðlind í landi okkar því að hér erum við að tala um auðlind eins og fram hefur komið. Þau gögn sem hér er verið að ræða um eru auðlind.

Það er ekki gott veganesti fyrir þetta mál í þinginu að sjálfsagðir og mikilvægir málsaðilar skuli ekki hafa komið að undirbúningnum. Frv. virðist hafa verið samið í nokkurri skyndingu og sem dæmi má nefna að formaður Læknafélags Íslands fékk einn dag til að koma með ábendingar eftir því sem fréttir herma og minna má á aðila eins og Læknafélag Íslands sem hafði ekki möguleika til að fjalla ítarlega um það á sínum vettvangi og ýmsir aðilar, tölvunarfræðingar og fleiri, Hjartavernd, Krabbameinsfélagið og fleiri aðilar sem búa yfir mjög mikilvægum gögnum og hafa safnað um áraraðir komu ekki að þessari frumvarpsgerð. Þetta er alls ekki nógu góður og vandaður undirbúningur og ég leyfi mér að fullyrða að svona væri hvergi staðið að málum í siðmenntuðu landi.

Það er ekki tilviljun að ekki hafi verið ráðist í verkefni af þessu tagi erlendis. Ég veit ekki til að það hafi nokkurs staðar verið gert. Ég hef reyndar heyrt að fyrirkomulag eins og hér er verið að vinna að sé hvergi annars staðar. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. ráðherra hvort það sé rétt eða hvort fordæmi séu fyrir því að skipa málum á þennan veg, þ.e. að stofna til heildarupplýsingabanka á heilbrigðissviði, fela hann einkafyrirtæki og veita því einkaleyfi á meðferð upplýsinganna til fjölda ára.

Það er engin spurning að mjög margir í þjóðfélaginu vilja koma að þessu. Á þetta fólk þarf að hlusta og gefa því sinn tíma til að ræða málin, svara spurningum og viðra sínar efasemdir og reyna að eyða þeirri tortryggni sem óneitanlega er fyrir hendi. Þetta snertir svo mikilvæga hagsmuni að hér má ekki hrapa að neinu. Ekki er aðeins um hagsmuni í þágu vísinda eða til eflingar heilbrigðis og góðs heilsufars að ræða. Málið snýst ekki aðeins um forvarnir á algeru frumstigi eða nokkuð slíkt.

Við hljótum að spyrja um einstaklinginn og um rétt hans. Er ekki stóri bróðir orðinn ansi stór ef við samþykkjum orðalaust frv. af þessu tagi? Hvað með rétt einstaklingsins? Ég átta mig alls ekki á því eftir þessu frv. Við hljótum að spyrja okkur: Á ekki hver einstaklingur í þjóðfélaginu í raun upplýsingar um sjálfan sig? Hefur hann ekki eignarrétt á þeim upplýsingum eða er hann búinn að afhenda réttinn um leið og hann dirfist að veikjast og þarf að leita sér lækninga? Hefur hann þá fyrirgert rétti sínum til ráðstöfunar á þeim upplýsingum?

Ég vildi gjarnan fá svar við spurningunni, og þá er ég að vísa til þess sem hér er verið að leggja til í þessu frv.: Hefur einstaklingurinn rétt til þess að láta strika sig út af skrá yfir þá sem heildargagnabankinn nær yfir eða af einhverjum hlutum hans, á sama hátt og menn geta látið strika sig út af skrám sem þjóðskráin eða Hagstofan lætur ákveðnum aðilum í té, fyrirtækjum, félögum o.s.frv? Mér finnst þetta mjög mikilvægt. Hefur sérher maður ekki rétt upplýsingum um sjálfan sig og hvernig þeim er ráðstafað eftir að hann hefur — ég vil nú ekki segja lent í klóm lækna heldur leitað lækningar?

Maður hlýtur að setja spurningarmerki við að hægt sé að fara með upplýsingar um einstaklingana eins og boðað er með þessu frv. Ég tek fram að þó að þessar upplýsingar liggi þegar fyrir hjá einstökum læknum eða stofnunum, þá er allt annað mál að safna þeim öllum saman í heildarpakka. Það breytir dæminu mjög mikið.

Ég vil einnig benda á að við höfum ákveðið tækifæri í höndunum sem mjög mikilvægt er að nýtist í þágu vísinda, í þágu þjóðfélagsins alls án þess að gleyma grunneiningunni sem er maðurinn sjálfur og það sem honum viðkemur. Auðvitað felast mjög miklir kostir í því hversu lítið þetta þjóðfélag er. Það býður upp á gríðarlega mikla möguleika en einnig hættur. Það er þeim mun auðveldara að rekja upplýsingar vegna þess hvað þjóðfélagið er lítið. Hver einasta manneskja vegur í sjálfu sér þyngra hér á landi heldur en í stórum þjóðfélögum. Það er kostur en það getur líka verið galli. Við getum spurt okkur hversu margir Íslendingar gætu samsvarað lýsingunni: 52 ára gamall karlmaður, giftur 51 árs gamalli konu — ég tala nú ekki um ef hann væri giftur 51 árs gömlum karlmanni — og segjum að hann sé að auki faðir tveggja eða þriggja barna á ákveðnum tilgreindum aldri. Auk þessa kæmi fram að maðurinn hefði tvívegis farið í áfengismeðferð og fleiri upplýsingar. Ekki þarf að vera um marga einstaklinga í þjóðfélaginu að ræða þannig að leyndin er ekki svo gríðarlega mikil þegar allt kemur til alls.

Við skulum athuga að það verður mikill fjöldi manns sem kemur að þessu máli. Talað er um hundruð ársverka og menn gleðjast auðvitað yfir því að fjöldi manns eigi að fá vinnu við þetta verkefni. Rætt er um að það séu um 400 manns, ef ég man rétt, og ljóst að meðan verið væri að útbúa þær grunnupplýsingar sem liggja fyrir á ýmsum heilbrigðisstofnunum í hendur þessa heildargagnabanka, þá yrði fjöldi manna á öllum þessum stofnunum að vinna með þessar persónulegu upplýsingar. Þeir verða ekki endilega með aðalatriðin í höndunum varðandi heilsufar einstaklinga, heldur verða alls konar atriði, stór og smá, grafin upp og því þarf að fara að öllu með gát.

Í þessu efni þarf margt að varast og ljóst að mikil andstaða eða tortryggni er meðal ýmissa sem hafa bæði vit á hlutunum, skoðanir og reynslu. Þetta allt þarf að skoða með opnum huga og gefa mönnum tíma til þess að ræða málin í þaula. Það er alveg lífsnauðsynlegt.

Hugmyndir um annað fyrirkomulag hafa komið fram og mér finnst alveg sjálfsagt að athuga þær. Hv. síðasti ræðumaður taldi ekkert annað í spilinu, ekkert annað fyrirtæki en Íslenska erfðagreiningu og að enginn annar hefði sýnt áhuga á þessu máli. Ég held að það sé mjög stór fullyrðing.

Það fyrirtæki hefur sýnt ákveðið frumkvæði. Það er rétt en veitir það sjálfsagðan rétt þó að þetta tiltekna fyrirtæki hafi sýnt áhuga og komið með hugmyndir? Ég sé ekki að það sé alveg sjálfgert að þannig þurfi að standa að málum. Ég bendi á að komið hafa fram hugmyndir um að háskólinn gæti haft varðveislu gagnagrunns af þessu tagi með höndum og til hans væri sótt um leyfi til nýtingar slíkra gagna í rannsóknarskyni. Áreiðanlega eru til ýmsar aðrar hugmyndir sem vert væri að skoða.

Það hlýtur að vera spurning, ef það er svo mikil hagnaðarvon í sambandi við nýtingu þessara upplýsinga, hvort afhenda eigi einu einkafyrirtæki alla umsýslu í jafnmörg ár og hér er lagt til. Ég næ ekki alveg upp í þessar hugmyndir og held að nauðsynlegt sé að ræða þetta mun betur en gert hefur verið.

Fyrst og fremst þurfum við að ganga í þessi mál með opin augun. Það á ekki að slá ryki í augu fólks með yfirlýsingum á borð við að allt sé tryggt í bak og fyrir. Það er ekkert lok, lok og læs og allt í stáli í þessu efni. Þeir sem hafa þekkingu á þessum málum fullyrða að margt sé að varast.

Fyrr í umræðunni var minnst á greinar og álit sem komið hafa fram, t.d. frá Oddi Benediktssyni sem er prófessor við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands. Hann hefur tjáð sig talsvert um þetta mál. Hann hefur kynnt sér það og látið hafa eftir sér að þetta frv. bryti m.a. gegn stjórnarskránni, gegn lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, gegn lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta eru auðvitað mjög stór og þung orð en þetta segir prófessor við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands. Eigum við ekki að taka mark á áliti slíks manns og gefa okkur tíma til að fjalla ítarlega um mál sem hann gagnrýnir svo harkalega? Ættum við ekki að leita svara við þeim spurningum sem vakna og skoða þær fullyrðingar sem settar eru fram?

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins segja að það er málinu ekki til góðs að hrapa að afgreiðslu þess. Það þarf að skýra vafaatriði og svara mjög mikilvægum brennandi spurningum. Það verður að eyða tortryggni og spyrja um áhrif á aðra rannsóknaraðila. Í umræðunni hefur mikil áhersla verið lögð á tækifæri fyrir menntaða einstaklinga. Við þurfum að skoða málið líka frá hinni hliðinni. Er hugsanlega verið að kippa stoðum undan rannsóknarstofnunum og vísindamönnum með því að afhenda einkafyrirtæki einkarétt í svo langan tíma sem ráð er fyrir gert? Þá væri verr af stað farið en heima setið.

[18:44]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil fara yfir nokkur efnisatriði sem komið hafa fram í umræðunni. Ég tel umræðuna hafa verið góða og til gagns en mér finnst vanta að minnst hafi verið á það gagn sem stofnanirnar hafa af þessum gagnagrunni. Hver stofnun fyrir sig sem gerir samning fær þarna nýja möguleika.

Mér finnst það gleymast svolítið í þessari umræðu hve mikilvægt þetta er fyrir heilbrigðisstofnanir í landinu. Við höfum rætt um mikilvægi þessa fyrir sjúklinga í landinu og líka þá áhættu sem þessu getur fylgt. Ég vil að menn muni að þarna er von á verulegu fjármagni inn í heilbrigðisþjónustuna sem koma mun að góðum notum.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði nokkurra spurninga og fyrst og fremst spurði hún hvort ekki gæti eitthvert annað fyrirtæki en Íslensk erfðagreining tekið þetta hlutverk að sér. Hún spurði jafnframt hvort ekki væri rétt að einhver opinber stofnun tæki þetta hlutverk og þá komum við aftur að fjármögnuninni. Það er alveg ljóst að einhver opinber stofnun getur tekið þetta hlutverk en hvað tæki það okkur langan tíma miðað við þann kostnað sem því fylgir? Ef við erum að tala um íslenskan aðila er ekki annar íslenskur aðili fyrir utan opinberar stofnanir sem gæti tekið þetta hlutverk að sér.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um að frv. væri ekki nægilega vel unnið og talaði sérstaklega um hve það væri fáar blaðsíður, það væri innan við 13 blaðsíður og taldi það málinu til lasts. Ég tel að það sé ekki magnið sem skiptir máli heldur gæðin og ég tel að frv. sé vel unnið þó svo að eflaust séu þar ýmis atriði sem má slípa betur. Í heild sinni er þetta vel unnið frv.

Mikið hefur verið um það rætt hverjir eiga sjúkraskrárnar og það er alveg skýrt að sjúkraskrárnar eru varðveittar þar sem uppýsingarnar verða til um sjúklinginn. Þess vegna er mikilvæg varðveisla sjúkraskráa, sem eru þá persónubundnar, og ef um samning verður að ræða við þetta fyrirtæki er alveg ljóst að allar upplýsingar verða dulkóðaðar. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði áðan að auðvelt væri að tengja saman, t.d. ef um væri að ræða 52 ára mann, eins og hún orðaði það, og 51 árs gamlan maka o.s.frv. en það er alveg fastmótað að aldurinn er líka dulkóðaður. Þá kemur aftur að þeirri stóru spurningu: Er það hægt? Það verður auðvitað tölvunefndar að glíma við það. Tölvunefnd hefur haft ýmsa gagnrýni uppi og fyrst og fremst þá að tölvunefnd sé ekki nægilega öflug í þeirri mynd sem hún er rekin í dag og það er alveg ljóst að ef frv. verður að lögum þarf að efla tölvunefnd. Það fjármagn sem það kostar verður auðvitað tekið af því fjármagni sem við fáum inn í gegnum þennan nýja gagnagrunn.

Það kom líka fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni áðan um skilgreiningu persónuupplýsinga og vitnaði hann þá í ræðu mína. Ég var eingöngu að lesa upp úr samþykktum Evrópuráðsins, alveg orðrétt.

Það hefur komið fram hjá öllum sem hér hafa talað að málið þurfi ítarlega og opna umfjöllun og ekki er nema gott um það að segja enda er ítarleg umræða þegar hafin um málið. Ég vík hvergi frá þeirri skoðun minni að það er nauðsynlegt að sú umræða fari fram og taki þann eðlilega tíma sem málið þarf.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kom áðan inn á aðra mikilvæga spurningu um rétt sjúklinga til þess að neita því að heilsufarsupplýsingar færu inn í stóran gagnagrunn. Það er skýlaus réttur sjúklings að neita slíku. En það er mjög fátítt að sjúklingar neiti því að upplýsingar um þá verði nýttar varðandi framþróun í vísindum og meiri hluti sjúklinga hugsar það þannig að geti þessar upplýsingar orðið öðrum sjúklingum að gagni sé það þess virði. En ég hef tækifæri til að svara aftur á þriðjudag þegar þetta mál kemur til umræðu. En hér stöndum við frammi fyrir því hvort það sé meiri ávinningur af þessu máli en áhætta og ég tel það og hef oft ítrekað það að ég tel ávinninginn meiri en áhættuna en geng ekki fram með þetta mál og segi að það sé engin áhætta af því. Að sjálfsögðu er viss áhætta en ávinningurinn er meiri.

[18:51]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara þeirri fyrirspurn minni um það hvort Íslensk erfðagreining

væri eina fyrirtækið sem gæti tekið þetta að sér. Ég get ekki skilið annað á svari ráðherrans en að hið opinbera gæti gert þetta en þar komi fjármagn í veg fyrir að opinberir aðilar taki þetta að sér. Ég spurði að þessu vegna þess að Norðmenn hafa skoðað þetta mál og benda á að þeir teldu eðlilegt að opinberir aðilar gerðu þetta. Það var einungis þess vegna sem ég spurði þessarar spurningar.

Reyndar spurði ég ýmissa fleiri spurninga sem ekki hafa fengist svör við en ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra svari þá þeim spurningum þegar málið kemur aftur til umræðu eftir helgina. Ég spurði t.d. um einkaréttinn til 12 ára, hvort nauðsynlegt væri að einkarétturinn yrði til 12 ára. Það er dálítið langur tími og spurning hvort verið sé að tryggja hagsmuni almennings með svo löngum einkarétti. Ég hefði gjarnan viljað fá álit hæstv. ráðherra á því og svör við fleiri spurningum sem ég veit að e.t.v. er ekki tími til að svara nú en vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum mínum við umræðuna eftir helgi.

[18:52]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi tímalengd einkaleyfisins hefur það verið skoðað sérstaklega því 12 ár er nokkuð langur tími. En bara gerð gagnagrunnsins tekur fjögur til fimm ár, bara það eitt og líólógískar rannsóknir á sviði lyfjafræði taka yfirleitt tíu, ellefu ár. Þarna er umtalsverður kostnaður eins og hefur margsinnis komið fram og töluverð áhætta þannig að ekki er hægt að fá einstakt fyrirtæki til þess að leggja fram jafnmikið áhættufé ef sá sami aðili á síðan von á því að geta ekki nýtt sér það hagræði sem er af gagnagrunninum heldur kæmi þá annar og stæli því.

[18:53]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessar skýringar á þessum 12 ára einkarétti en það væri fróðlegt að fá frekari upplýsingar um það hvort þessi einkaréttur í 12 ár komi alfarið í veg fyrir það að aðrir nýti sér þann gagnagrunn sem búið er þá að vinna á fimm árum eða svo eins og hæstv. ráðherra nefndi. Verður þetta algerlega í höndum þessa fyrirtækis í 12 ár eða geti fleiri aðilar komið og nýtt sér þennan gagnagrunn á þessu tímabili? Er það e.t.v. háð einhverjum leyfum eða eitthvað slíkt? Það væri líka nauðsynlegt að fá það fram í umræðunni úr því að við erum að ræða þennan 12 ára einkarétt.

[18:54]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að nýta þennan gagnagrunn undir einstakar vísindarannsóknir. Eins og kom fram í máli mínu áðan er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd fjalli um það hverjir fái rétt til að fara inn í gagnagrunninn á þessu 12 ára bili þannig að þetta mun nýtast öðrum vísindamönnum. Nauðsynlegt er að það komi fram einu sinni enn að ekki er verið að hefta aðra vísindamenn á Íslandi nema síður væri. Þeir eru að fá meiri möguleika en áður.

[18:55]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hún gaf og ræðu hennar áðan. Í máli hennar kom ýmislegt fram sem sannaði einungis það sem ég hef verið að leggja svo mikla áherslu á að þetta mál þarf miklu ítarlegri og vandaðri meðferð en það hefur fengið. Það eru svo margar spurningar sem þarf að svara.

Hún sagði að ekki hefði verið mikið rætt um það gagn sem hinar ýmsu heilbrigðisstofnanir hafa af samþykkt málsins eða framgangi málsins. Það er einmitt eitt af þessum atriðum. Þær þurfa þá að sannfærast um það gagn sem þær hafa af þessu og það er eitt af því sem þarf að fjalla um á næstu vikum og mánuðum.

Hún orðaði það svo um meðferð upplýsinga að það verði tölvunefndar að glíma við það. Það er eitt af því sem hefur verið gagnrýnt að tölvunefnd fékk frv. fyrst í hendur, eftir því sem upplýst hefur verið í blöðum, 1. apríl sl. Það geta ekki talist mjög góð vísindaleg vinnubrögð að svo mikilvægur aðili í málinu fái það fyrst til meðferðar skömmu áður en ætlast er til að það sé afgreitt.

Hæstv. ráðherra sagði: Þetta mál þarf sinn eðlilega tíma. Hvað telur hæstv. ráðherra vera eðlilegan tíma í þessu efni?

Enn eitt. Hæstv. ráðherra sagði: Það er viss áhætta í sambandi við þetta frv., það er viss áhætta í málinu, og undir það tek ég. Ég lagði einmitt áherslu á það í máli mínu og þess vegna er svo mikilvægt að fara vel yfir það og ætla því góðan tíma. En ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hver er áhættan í málinu?

[18:58]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðasta liðar í spurningu hv. þm. hver er áhættan er það alltaf sú áhætta að hægt sé að brjótast inn í þessi kerfi. En í frv. er líka refsiákvæði. Ef sá sem hefur sérleyfi verður uppvís að því að persónulegar upplýsingar eru nýttar missir hann umsvifalaust leyfið og það er mjög mikilvægt atriði.

Hvað er eðlilegur meðgöngutími þessa máls? spyr hv. þm. Ég get ekki sagt að það séu níu mánuðir eins og venjuleg meðganga. En tækifærið er núna. Við eigum tækifæri núna og við eigum að nýta okkur það en þó ekki að fara fram úr sjálfum okkur. Þess vegna var svo mikilvægt að þingið fengi málið til umfjöllunar að opinber umræða gæti orðið um málið en það væri ekki lokuð umræða í einhverri lítilli nefnd. Þó svo að tölvunefnd sem slík hafi ekki opinberlega haft afskipti af málinu þá höfum við auðvitað á ýmsum stigum málsins kallað til fulltrúa tölvunefndar, að sjálfsögðu. En tölvunefnd sem slík er ekki ábyrg fyrir málinu, það er rétt.

[18:59]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú ætla ég að vera stuttorð. Hæstv. ráðherra gaf mjög skorinort svar og mjög mikilvægt. Við eigum ekki að fara fram úr sjálfum okkur, sagði hún, og það ætla ég rétt að vona að standi og vil bara enn og aftur ítreka hve mikilvægt það er að fullkomin sátt verði um málið milli allra þeirra mörgu sem hafa mikilla hagsmuna að gæta í málinu. Vegna þess að hæstv. heilbrrh. nefndi þá magísku tölu níu mánuði þá hefði ég talið að það væri ágætur tími til þess að fara yfir málið.

[19:00]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við ræðum hér mjög merkilegt mál. Ég vil benda á að sú fjárfesting sem hér um ræðir er ígildi álvers. Það er álver án mengunar og án fjárfestingaráhættu Íslendinga sem, t.d. varðandi álverið á Grundartanga, hafa þurft að fjárfesta tvöfalt meira í virkjunum en sá aðili sem

fjárfesti þar. Þessi fjárfesting rennur öll til launa og er hreinn virðisauki fyrir land og þjóð.

Þetta mál hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að upplýsingar í heilbrigðisgeiranum verði staðlaðar og skilgreindar. Það er heilmikill kostur sem leiðir af sér rökræna greiningu gagna sem er forsenda stöðlunar. Þegar slík gögn hafa verið stöðluð og rökfræðilega greind, þá nýtast þau öðrum vísindamönnum mun betur en hingað til, þar sem þessi gögn eru meira og minna óstöðluð. Þeir vísindamenn sem núna nota slík gögn við rannsóknir verða miklu betur settir eftir að þessi vinna er farin í gang.

Þá er kosturinn einnig sá að forsendur myndast fyrir framförum í læknisfræði, ekki aðeins hér á landi heldur úti um allan heim, bæði vegna hefðbundinna rannsókna eins og ég gat um og vegna notkunar á þeim gagnagrunni sem myndast. Það er mikilsvert framlag Íslands til heilbrigðis í heiminum.

Eins má nefna þann kost að mikið fé streymir frá útlöndum til rannsókna í landinu og það í áður óþekktum mæli. Fjöldi vísindafólks mun fá vinnu hér á landi. Þessi skrá mun verða lyftistöng vísindaiðkunar. Ekki veitir af að örva og virkja hugvit og vísindastarfsemi hér á landi sem hefur verið ákaflega bágborin og nærri eingöngu á vegum opinberra aðila sem ekki hafa úr miklu fé að spila.

Ríkissjóður mun að sjálfsögðu fá góðan hluta þess fjár sem inn streymir með sköttum af tekjum og eyðslu starfsmanna sem þarna fá vinnu. Ríkissjóður mun sennilega fá góðan part af þessum tekjum beint í kassann.

Einn sá kostur sem ekki hefur verið bent á er að vísindafólk hér á landi mun koma auga á að það getur stundað vísindi sín annars staðar en hjá fjársveltum opinberum aðilum. Það gæti jafnvel farið að hugleiða að stofna fyrirtæki um vísindarannsóknir sínar og reyna að koma þeim í verð með hjálp markaðarins eins og hér er komið dæmi um. Það er mjög mikilsvert að fólk öðlist þannig skilning á því hvernig hægt er að reka vísindi.

Mannvit og þekking er auðlind svo merkilega vaxin að hún vex þegar af henni er tekið, andstætt t.d. takmörkuðum auðlindum eins og kolum, olíu og málmum í jörðu sem minnka þegar af þeim er tekið eða varanlegum auðlindum sem haldast í horfinu ef nýttar eru skynsamlega, t.d. vatnsorka og fiskstofnar. Þessi auðlind vex þegar af henni er tekið. Eftir því sem við sækjum meiri þekkingu og rannsóknir, þeim mun meiri verður þekkingin, rannsóknirnar og mannvitið.

Hið merkilega við hugvit er að þar myndast eitthvað úr engu, auðlindin verður til hreinlega úr engu. Gagnagrunnurinn getur orðið mjög verðmætur þegar fram líða stundir, eftir 20–50 ár ef farið verður út í þær aðgerðir sem hér er lagt til. En þetta verður engin auðlind ef ekkert er gert og nýtist þar af leiðandi þjóðinni ekki neitt. Ég mun koma að því á eftir hvernig ég vil sjá þessa auðlind til framtíðar en ekki er gert ráð fyrir því í frv.

Þessi umræða ein sér mun nú þegar bæta umgengni manna og aðgæslu við þau gögn sem þegar liggja víða og breitt um landið. Kannski er ekki alls staðar gætt nákvæmlega þess trúnaðar og þess trausts sem ætlast er til. Fjöldi fólks á Íslandi, sennilega þúsundir manna, hefur aðgang að persónutengdum upplýsingum og það má mikið vera, hafi ekki einhvern tíma lekið úr þeim mikla grunni. Þessi umræða ein sér mun gera menn varkárari í umgengni við þau gögn sem þegar eru til.

Herra forseti. Frv. hefur nokkra galla. Fyrst er að segja að gögnin eru öll geymd á einum stað og einstaklingurinn getur ekki vikið sér undan skráningu eins og nú er. Fólk getur valið sér mismunandi lækna, t.d. í viðkvæmum aðgerðum eins og vegna fóstureyðingar, vegna geðlækninga og ýmissa atriða þar sem menn t.d. vilja ekki að heimilislæknirinn eða heilsugæslan heima í héraði viti. Þá bregða menn sér af bæ og fara til annars læknis. Það geta þeir ekki miðað við þetta frv. vegna þess að upplýsingarnar fara á einn stað.

Það verður alltaf tæknilega mögulegt að brjóta þennan kóða þó menn reyni að vinna gegn því. Alltaf verður mögulegt að finna út upplýsingar akkúrat um ákveðna persónu. Það verður alltaf hægt. En það er hægt að koma fyrir öryggi sem ekki hefur verið nefnt hingað til. Það er loggskrá, skrá sem geymir allan aðgang að skránni sem verður geymd og til skoðunar fyrir t.d. tölvunefnd þar sem hver einasta aðgerð sem framkvæmd er í þessum gagnagrunni er skráð. Skráð verður að hverju hafi verið leitað, hvenær hafi verið leitað og hver hafi leitað. Þetta væri hægt að gera og mundi nánast útiloka að einhver taki þá áhættu að koma með ankannalegar fyrirspurnir sem hann þyrfti svo að svara fyrir. Þetta er aðalhættan og minnir eins og hér hefur margsinnis komið fram óhuggulega mikið á stóra bróður.

Réttur einstaklingsins á upplýsingum um hann sjálfan er mjög mikil spurning. Ef dauðsfall er voveiflegt er lagaskylda að kryfja hinn látna og maður getur ekki varið sig gegn því. Kannski mætti segja að það skipti hann ekki máli þegar hann er dauður. En það getur samt sem áður skipt hann máli, orðstír hans og fleira, t.d. hvernig hann lést. Þarna er maðurinn óvarinn. Ég tel að það sé framlag einstaklingsins til betri heilsu og heilsu annars fólks að gögn um hann séu opin til rannsókna í læknisfræði sem geti þá bætt læknisfræðina. Það væri engin læknisfræði ef fólk neitaði almennt að veita upplýsingar um heilsu sína. Við værum auðvitað ekki með neina læknisfræði af því að hún byggist á því að fá upplýsingar um þá sjúkdóma sem hafa hrjáð fólk hingað til.

Annar ókosturinn er sú mikla stöðlun sem hér er gert ráð fyrir. Hún kann eins og öll stöðlun að hindra frekari þróun í framtíðinni vegna þess að þá munu menn ekki geta dottið niður á óvenjulegar rannsóknir vegna þess að ekki hafði verið gert ráð fyrir þeim í stöðluninni sem framkvæmd var fyrir 20–30 árum. Þetta er ókostur en þetta er ókostur allrar stöðlunar hvar sem er.

Varðandi einkaleyfið sem hér hefur nokkuð verið rætt þá er það að sjálfsögðu nauðsynlegt. Við erum með einkaleyfi mjög víða. Við erum með einkaleyfi á lyfjum t.d., 12 ára einkaleyfi á lyfjum, og ég hef grun um að víða erlendis sé sá einkaleyfistími miklu lengri. Það er nauðsynlegt. Ekki nokkur maður eða fyrirtæki mundi standa í milljóna eða milljarðakostnaði við þróun á lyfi ef einhver sjóræningi gæti gripið það daginn eftir að það kemur út og farið að framleiða það. Það mundi ekki nokkurt fyrirtæki gera, þannig að forsenda þess að menn fari út í rannsóknir á einhverjum vörum er nákvæmlega eins og í hugbúnaði og hvar sem er, er að þeir fái einkaleyfi ákveðinn tíma. Það hefur verið talið eðlilegt hingað til og ég skil ekki annað en að menn telji það eðlilegt í þessu líka. Það fer enginn út í að framleiða gagnagrunn ef samkeppnisaðilar gætu notað hann daginn eftir. Ég tel þessi 12 ár ósköp eðlilegan tíma í sambandi við einkaleyfi. Varðandi tónverk og listaverk ýmiss konar er einkaleyfið miklu lengra. (**Gripið fram í:** 70 ár.) 70 ár já. (**Gripið fram í:** Höfundarrétturinn.) Höfundarrétturinn,

já það er að einhverju leyti sambærilegt.

Herra forseti. Í frv. kemur ekki fram hver eigi þessa miklu auðlind eftir 12 ár. Ég legg áherslu á að hv. heilbr.- og trn. skoði breytingar á frv. sem tryggi að þetta verði sameign þjóðarinnar að 12 árum liðnum þannig að ríkið geti boðið út aðgang að þessari skrá. Það gæti selt hana einum eða fleiri aðilum með einkaleyfi eða ekki einkaleyfi í viðbótarár, eitt eða fleiri ár og þannig myndað úr þessu tekjur til ríkissjóðs. Þær tekjur gætu orðið umtalsverðar. Ef menn eru tilbúnir til að setja þessa milljarða í þróunina vegna hagnaðar, þá verður aðgangurinn miklu, miklu verðmætari eftir 12 ár þegar búið er að byggja skrána upp. Þetta gæti orðið umtalsverð auðlind á næstu 20–30, 50 árum.

Eins og ég gat um áðan er það verkefni hv. heilbr.- og trn. að tryggja að allur aðgangur að gagnagrunninum sé skráður og geymdur, hver spurði, um hvað spurt var, hvenær og í hvaða tilgangi. Það tryggir þetta sem áðan var getið um sem neikvætt atriði.

Í 2. mgr. 5. gr. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Aðgangur skal þó jafnframt háður samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða heilbrigðisstarfsmanns sem þær hefur skráð á eigin starfsstofu."

Í þessu sambandi finnst mér mikið atriði að ljóst sé hver eigi þessar upplýsingar. Mjög nákvæmlega þarf að skoða að ef þetta eru upplýsingar sem læknir hefur aflað án aðstoðar og kostnaðar fyrir ríkið þá getur hann að einhverju leyti neitað þessu. Ef ríkið hefur hins vegar borgað fyrir skráningu gagnanna á einhvern máta, þá finnst mér að ríkið eigi að hafa aðgang að þeim þrátt fyrir mótmæli viðkomandi læknis eða heilbrigðisstofnunar.

Í 8. gr. segir að hægt sé að heimila öðrum aðila að tengjast gagnagrunninum. Ég hef dálitlar efasemdir um þetta ef sá aðili er úti í heimi. Hann gæti hugsanlega tappað af grunninum til útlanda. Það brýtur þá á móti ákvæðinu um að gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi. Það er nefnilega mjög auðvelt núorðið að flytja gögn mjög hratt og sennilega mætti flytja allan gagnagrunninn til útlanda á nokkrum sekúndum eða mínútum. Þá er spurningin: Hvar er lögsaga íslenska ríkisins? Hún væri ekki lengur til staðar. Þetta þarf að vernda og ég mundi vilja leggja til við hv. heilbr.- og trn. að hún skoði hvort þetta ætti aðeins að heimila öðrum aðilum hér á landi.

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti á það að í þessu máli sé tíminn verðmæti. Þeir sem þekkja til samkeppninnar og hraðans í þróun hugbúnaðar og þekkingargrunna gera sér grein fyrir því að tíminn er verðmæti. Verðmæti slíkra hugmynda er eins og snjór í maísól. Hann bráðnar. Hann hverfur, verðmætið hverfur eins og dögg fyrir sólu. Hver mánuður sem líður tefur vinnuna um mánuð og rannsóknir tefjast um mánuð. Niðurstaðan, bætt heilsa fjölda fólks, frestast um mánuð og lok einkaleyfistímans frestast líka um mánuð. Þar með frestast fénýting ríkisins á þessari auðlind. Auk þess bíður samkeppnin ekki. Hún fær mánaðarforskot. Samkeppnin er á fullu um allan heim að byggja upp slíka grunna meðal annarra þjóða eða þjóðflokka. Menn geta ekki beðið neitt voðalega lengi. Þetta er vel þekkt í hugbúnaðargerð nú til dags þar sem samkeppnin er upp á líf og dauða. Það er eins með þetta. Það að geta búið eitthvað til úr engu gildir ekki nema í takmarkaðan tíma. Þá er komin samkeppni og verðmætið minnkar strax.

Þrátt fyrir að tíminn sé svona verðmætur þá skil ég vel þá kröfu að frv. fái góða umfjöllun. Ég fellst á það en ég vil að sú umfjöllun verði góð og hröð með hliðsjón af þessu. Menn geta að sjálfsögðu rætt hlutina ítarlega á stuttum tíma eins og að teygja lopann í langan tíma. Ég held að það sé nokkuð mikilvægt að þetta frv. verði samþykkt núna í vor vegna aðsteðjandi samkeppni. Menn þurfa að skoða mjög vel þær hættur sem ég gat um, hættuna af svo miklum og miðstýrðum gagnagrunni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–15. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 19:17.

## 107. FUNDUR

mánudaginn 20. apríl,
kl. 6 síðdegis.

**Dagskrá:**
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Fjarvistarleyfi:**
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.

### *Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.*

[17:59]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 348. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1205; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1206.

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, 346. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1194; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1195.

Endurgreiðsla þungaskatts, 501. mál, svar fjmrh., þskj. 1199.

Endurskoðun laga um háskóla, 626. mál, svar menntmrh., þskj. 1189.

Flutningur þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks, 385. mál, svar forsrh., þskj. 1179.

Listskreytingar opinberra bygginga, 446. mál, nál. menntmn., þskj. 1200.

Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, 616. mál, nál. utanrmn., þskj. 1203.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, 618. mál, nál. utanrmn., þskj. 1201.

Sendiráð Íslands í Brussel, 611. mál, svar utanrrh., þskj. 1198.

Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, 622. mál, nál. utanrmn., þskj. 1202.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1192; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1193.

Virðisaukaskattur, 689. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1196.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

## 108. FUNDUR

þriðjudaginn 21. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Flutningskostnaður olíuvara, stjfrv., 660. mál, þskj. 1133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr.
4. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879, nál. 1136. — Frh. 2. umr.
5. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100. — 3. umr.
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 1161. — 3. umr.
7. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041 og 1212. — 2. umr.
8. Bæjanöfn, stjfrv., 164. mál, þskj. 164, nál. 1152, brtt. 1153. — 2. umr.
9. Listskreytingar opinberra bygginga, stjfrv., 446. mál, þskj. 773, nál. 1200. — 2. umr.
10. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 941, nál. 1177, brtt. 1178. — 2. umr.
11. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 461, nál. 1205, brtt. 1206. — 2. umr.
12. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789, nál. 1157. — 2. umr.
13. Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, stjtill., 616. mál, þskj. 1047, nál. 1203. — Síðari umr.
14. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, stjtill., 618. mál, þskj. 1049, nál. 1201. — Síðari umr.
15. Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, stjtill., 622. mál, þskj. 1052, nál. 1202. — Síðari umr.
16. Lyfjalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1125. — 1. umr.
17. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, stjfrv., 661. mál, þskj. 1134. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

[13:31]

**Útbýting þingskjals:**
Lögmenn, 57. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1212.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Áskorun til Alþingis varðandi frv. um skipulag miðhálendisins.

[13:32]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli forseta og Alþingis á áskorun sem níutíu einstaklingar beina til Alþingis og ríkisstjórnar í dag. Í áskoruninni segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Á Alþingi liggja nú fyrir lagafrv. sem m.a. munu ákveða um alla framtíð hver fer með stjórnsýslu og skipulagsrétt á miðhálendinu. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa lýst ánægju sinni yfir þjóðlendufrv., sem gerir ráð fyrir að mestur hluti hálendisins verði þjóðareign, enda er það skilningur flestra Íslendinga að svo hafi alltaf verið, samanber forn lög og dóma. Mikill ágreiningur er hins vegar um frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögum sem gerir ráð fyrir að skipta miðhálendi og jöklum milli sveitarfélaga.

Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar, teljum við undirrituð höfuðnauðsyn að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verði háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu, þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með þessi mál verði farið í framtíðinni."

Virðulegi forseti. „Höfuðnauðsyn að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verði háttað þar." Þetta eru nöfn sterkra einstaklinga í ferða-, menningar- og umhverfisumræðu hér á landi. Þetta eru vísindamenn, þetta er fólk úr öllum stjórnmálaflokkum, fólk sem mark er takandi á. Ég legg mikla áherslu á að forseti gefi þessari áskorun gaum og bregðist við. Ég tek undir að það verður ekki aftur snúið ef við skiptum miðhálendinu upp með lögum nú og það er alvarlegt að gera það í ágreiningi við þjóðina.

[13:34]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir það sjónarmið sem kom fram hjá níutíumenningunum í yfirlýsingu þeirra sem birtist í blöðunum í dag. Við erum að tala um þrjú frv. þar sem verið er að ráðstafa m.a. auðlindum í jörðu og á, hvað varðar eignarhald þeirra, stjórnsýslu á þeim og gjaldtöku fyrir þá sem hyggjast nýta þær auðlindir. Sem dæmi um hvaða verðmæti eru á ferðinni er orkuþátturinn sem menn eru að fjalla um ásamt ýmsu öðru álíka að verðmæti, miðað við orkuverð frá stöðvarvegg, eins og talið er að öll íslensku fiskimiðin séu í dag og menn ætla að afgreiða þetta án nokkurrar umræðu með þjóðinni. Ég er sannfærður um ef svo heldur fram sem horfir að þá verður sú umræða, sem fer nú fram áratug eftir að fiskveiðistjórnarkerfið var afgreitt á Alþingi, hjóm eitt hjá þeirri umræðu sem mun fara fram um þessi mál eftir tíu ár ef vilji ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á eignarhaldi og forræði allra auðlinda íslensku þjóðarinnar í jörð og á nær fram að ganga eins og hæstv. ríkisstjórn vill. Ég vara við þessari þróun og tel nauðsynlegt að þjóðin fái að skoða þessi mál betur og segja álit sitt á þeim. Það verður ekki gert með þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstjórn hyggst viðhafa.

[13:36]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ekki hef ég á móti því að þjóðinni verði gefinn tími til að fara yfir mikilsverð mál sem hér voru nefnd. Ég tek undir að þar er um mjög stór mál að ræða, þó misjafnlega rædd, og það sem ég tel að sé það efni sem ástæða sé til að gaumgæfa betur en gert hefur verið og kannski að almenningur eigi meiri hlut í þeirri umræðu er frv. til laga um eignarráð yfir auðlindum í jörðu. Það er sannarlega mjög stórt mál og þess efnis að þar eru álitaefnin mörg og þar skiptir afar miklu hvernig ráðið verður.

Hins vegar varðandi þann þátt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom að um skiptingu landsins milli sveitarfélaga, sem gert er ráð fyrir í frv. félmrh., og því tengd skipulagsmál á hálendi Íslands hef ég lýst því yfir að ég er dálítið undrandi á þeirri uppsetningu mála sem þingflokkur jafnaðarmanna hefur í því efni í ljósi þess að hann var forgönguaðili að því að skipulagsmál miðhálendisins voru tekin þeim tökum sem unnið hefur verið að síðan 1993–1994. Hér var minnt á úrvalslið níutíu mætra manna, sem ritar undir ávarp í Morgunblaðinu og þar er síðastur ef ég man rétt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sami þingmaður og hleypti með pompi og pragt skipulagsvinnunni vegna miðhálendisins úr vör á sínum tíma, þannig að það á engum og síst af öllum þingmönnum Alþfl. að koma á óvart það sem þar hefur verið að gerast undir forsögn þeirra og forustu.

Ég vara við því, virðulegur forseti, að menn séu að setja þar hugsanlega í uppnám þá vinnu sem fram hefur farið varðandi skipulagsmál miðhálendisins og ég bið menn að fara varlega á því að mörgu leyti viðkvæma svæði.

[13:39]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ástæða er til að þakka hv. 5. þm. Reykn. fyrir að taka málið upp. Það er alveg ljóst að áskorun níutíumenninganna er mjög í anda þeirrar stefnumörkunar sem þingmenn jafnaðarmanna hafa haldið uppi og hafa varað mjög við að gengið sé flausturslega um í þessum efnum. Hér er sannarlega um lagasetningu að ræða sem mun væntanlega standa, ekki vil ég segja um aldur og ævi, en um næstu fyrirsjáanlega framtíð og ekki á hendi nýs þings að gera þar grundvallarbreytingar á.

Þetta er að sönnu ekki nema toppurinn á ísjakanum, virðulegi forseti, því að það eru fleiri stórmál af þessari gerð til umfjöllunar í nefndum þingsins á ýmsum stigum. Lagasetning sem er því sama marki brennd mun væntanlega ef að lögum verður standa um ókomna tíð eða a.m.k. næstu ár og áratugi. Þá er ég auðvitað að vísa til umræðnanna um gagnagrunninn sem er ekki einu sinni kominn til nefndar og í þriðja lagi um húsnæðismálin þar sem verið er að rústa því kerfi sem þjóðin hefur búið við um langt árabil og verkalýðshreyfing og félagshyggjuflokkar hafa byggt upp.

Öll þessi stórmál erum við með undir núna þegar u.þ.b. níu starfsdagar eru eftir af þinginu og stjórnarmeirihlutinn ætlar sér augljóslega að keyra þau í gegn með góðu eða illu. Það gerir hann alls ekki með góðu, virðulegi forseti, það verður gert með illu ef af verður. Ég vil treysta því að forseti þingsins gæti að því að menn fái ráðrúm og nægilegan tíma til að ganga frá lagasetningum af þeim toga sem ég nefndi með þeim hætti sem við verður búið. Það er ekki neinn bragur á því fyrir hið háa Alþingi að rusla út grundvallarlagasetningu á borð við þau þrjú málefni sem ég nefndi hér til sögu og stjórnarandstaðan tekur ekki þátt í slíkum hráskinnaleik og slæmum vinnubrögðum.

[13:41]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það er býsna óvanaleg yfirlýsing sem birtist í Morgunblaðinu í morgun. Þetta er áskorun frá níutíu þjóðkunnum einstaklingum úr öllum flokkum, jafnt úr flokkum stjórnarandstæðinga sem stjórnarsinna. Það sem þetta fólk er að biðja um er að ekki verði á þessu þingi bundið óafturkræft hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verði háttað, heldur að gefinn verði tími til opinnar umræðu sem þjóðin fái að taka þátt í. Ekki er verið að biðja um neitt annað en að löggjafinn hrapi ekki að neinu um þetta stóra mál.

Vitaskuld, herra forseti, geta verið skiptar skoðanir um hvernig eigi að haga skipulags- og stjórnsýslumálum á hálendinu. Það er ekkert óeðlilegt við það en við eigum, herra forseti, að taka mark á svona yfirlýsingu. Það hefur nokkrum sinnum komið fyrir í samfélagi okkar að slíkar áskoranir hafa verið birtar. Við þekkjum dæmi þess að þær hafa haft mjög mikil áhrif í umræðum. Ég tel, herra forseti, að þessari áskorun sé nákvæmlega eins háttað og oft hefur viljað til. Hér er velviljað fólk sem óskar eftir að koma að umræðu um

mikilvægan þátt í þjóðlífinu. Við eigum að fara að þessum óskum, herra forseti, og ég bið forseta um að íhuga vandlega yfirlýsinguna, ræða málin við hæstv. félmrh. og hér innan þings, hvort ekki sé skynsamlegt að fresta afgreiðslu á sveitarstjórnarfrv. þannig að ráðrúm gefist til umræðu og ef menn vilja þá svo, lögfesta það í haust eins og eðlilegt má telja þegar meiri hluti hefur gengið gegnum þá umræðu sem verið er að óska eftir.

Við verðum að átta okkur á því, herra forseti, að við störfum í umboði fólksins og þegar fólk óskar af skynsemi eftir að koma nánar að umræðu án þess að hafa nokkra fyrir fram mótaða skoðun á þingmáli sem við höfum hér þá eigum við að taka þá áskorun alvarlega.

[13:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem hvatning mín hefur fengið og árétta að þegar við tölum um auðlindir okkar erum við að tala um mannauðinn, við erum að tala um auðlindir til sjávar og auðlindir til landsins. Við vitum að hörð gagnrýni er uppi meðal þjóðarinnar um hvernig við höfum farið með umráð yfir auðlindum til sjávar. Látum það ekki endurtaka sig um auðlindir landsins. Ég tek undir orð Hjörleifs Guttormssonar að ástæða er til að gaumgæfa betur eignarráð yfir auðlindum og ég minni á þau orð sem féllu hjá Sighvati Björgvinssyni að ónýtt orkan er jafnverðmæt og fiskimiðin.

Virðulegi forseti. Það er samstaða um að afgreiða lög um þjóðlendur. Það er skoðun mín að við eigum að afgreiða þau lög fyrst. Um þau næst samstaða. Við eigum að byggja á þeim með hvernig við förum með hálendið og bíða um sinn með að afgreiða það mál en ekki að ljúka því nú í önnum í lok þessa þings.

[13:45]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur heyrt þessar athugasemdir hv. þingmanna og ítrekar að þetta mál er ekki á dagskrá nú eða önnur sem hér hafa verið nefnd og geta ekki komið á dagskrá fyrr en í næstu viku þar sem dagskrá morgundags hefur þegar verið ákveðin og næsti fundur þar á eftir er ekki fyrr en á þriðjudaginn kemur. Forseti mun ræða dagskrá næstu viku að venju við formenn þingflokka og hæstv. ráðherra sem hlut eiga að máli.

[13:45]

**Útbýting þingskjala:**

Mælingar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu, 691. mál, fsp. RG, þskj. 1207.

Ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000, 692. mál, fsp. RG, þskj. 1208.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 690. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 1204.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, 693. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 1209.

### *Læknalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Flutningskostnaður olíuvara, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 660. mál (flokkun olíu). — Þskj. 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1212. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

### *Flugmálaáætlun 1998–2001, frh. síðari umr.*

Stjtill., 207. mál. — Þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140.

### *og*

### *Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 509. mál (gjald af flugvélabensíni). — Þskj. 879, nál. 1136.

[13:49]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** (frh.):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. forseta. Ég hafði byrjað að mæla fyrir nefndaráliti og breytingartillögum við flugmálaáætlun annars vegar og hins vegar frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, þegar ákveðið var að fresta umræðunni og er hún nú tekin hér upp.

Eins og menn vita komst samkeppnisráð á sínum tíma að þeirri niðurstöðu að það form á innheimtu á eldsneytisgjaldi sem hafði viðgengist árum saman stæðist ekki og varð það niðurstaða ráðsins að líta svo á að sú undanþága frá eldneytisgjaldinu þar sem kveðið var á um að heimilt væri að veita þeim sem flyttu inn eldsneyti til eigin þarfa, stæðist ekki og færi gegn tilgangi og markmiði samkeppnislaga. Í ljósi þessa beindi samkeppnisráð því til hæstv. samgrh. að samkeppnisskilyrði á markaðnum yrðu jöfnuð, annaðhvort með því að fella niður eldsneytisgjaldið eða tryggja að allir flugrekendur sem nýta sér flugmannvirki greiði í raun þetta gjald. Niðurstaðan varð sú að fella niður eldsneytisgjaldið. Það mál var síðan tekið fyrir í samgn. Alþingis, leitað var eftir umsögnum og niðurstaðan var sú að í öllum umsögnum sem bárust um þetta mál voru menn jákvæðir fyrir því að gera þessa breytingu og samgn. leggur þess vegna til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Vík ég nú að flugmálaáætluninni sjálfri. Frá því að till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001 var lögð fram hafa þessir atburðir gerst sem ég var að lýsa sem hafa það í för með sér að tekjuforsendur flugmálaáætlunarinnar sjálfrar breytast nokkuð.

Í frv. sem ég var að mæla fyrir er gert ráð fyrir því eldsneytisgjaldið verði ekki lengur innheimt. Tilgangur breytingarinnar er að jafna samkeppnisskilyrði í flugi. Af þessu leiðir að þær breytingar munu hafa í för með sér að áætlaðar tekjur samkvæmt flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001 lækka um 45 millj. kr. á árinu 1998, 65 millj. kr. á næsta ári, 67 millj. kr. árið 2000 og 69 millj. kr. árið 2001. Þetta mundi þýða samtals um 246 millj. kr. ef engar aðrar ráðstafanir yrðu gerðar. Ekki er gert ráð fyrir því að fjárveitingar til flugvalla lækki um þessa fjárhæð vegna þess að því verður mætt annars vegar með því að framlag til rekstrar flugvalla sem hefur verið tekið af flugmálaáætluninni og fært til þess að reka Flugmálastjórn, lækkar og hins vegar að framlag sem gert var ráð fyrir að rynni til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar mun lækka líka um 28 millj. kr. á þessu ári, 35 millj. kr. síðan árlega á næstu árum þar á eftir á gildistíma þessarar flugmálaáætlunar.

Framlag til framkvæmda á flugvöllum miðað við uppsetningu fyrra frv., frv. um flugmálaáætlun og fjáröflunar til flugmála, hefði því lækkað um 17 millj. kr. á þessu ári, 30 millj. kr. á næsta ári, 32 millj. árið 2000 33 millj. árið 2001. Ástæðan fyrir því að um er að ræða talsvert lægri upphæð á þessu ári en því næsta er að sjálfsögðu sú að frv. fer ekki að hafa áhrif fyrr en á miðju þessu ári vegna þess að gildistakan verður auðvitað aldrei fyrr.

Jafnframt segir í athugasemdum með þessu frv. að samhliða lögfestingu þess verði lendingargjöld í innanlandsflugi hækkuð sem nemur tapi vegna niðurfellingar á eldsneytisgjaldi í innanlandsflugi og að yfirstjórn Keflavíkurflugvallar hafi lýst því yfir að sértekjur flugvallarsins muni hækka um 18 millj. kr. ár hvert til ársins 2001 og komi þannig á móti lækkun á framlagi til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem gert var ráð fyrir að flugmálaáætlunin legði af mörkunum.

Það er alveg ljóst þegar við skoðum þetta að eftir sem áður stendur út af nokkur upphæð sem veldur því að framlög til flugvallarframkvæmda munu almennt lækka ef því verður ekki mætt sérstaklega. Í bréfi hæstv. samgrh. til samgn. Alþingis sem dagsett var 26. mars sl. kemur fram að flugvallargjald verði hækkað um 2,5% frá og með 1. janúar nk. Þá er rétt að geta þess að flugvallargjaldið hefur ekki hækkað árum saman. Það hefur staðið í stað að mig minnir í ein sex ár, ekki bara að raungildi heldur hefur það lækkað að raungildi sem svarar þeirri verðlagshækkun sem hefur orðið á þessum tíma þannig að hér er um að ræða örlitla hækkun í ljósi þeirrar raunlækkunar sem orðið hefur á flugvallargjaldinu allt frá því það var síðast hækkað. Þessi hækkun mun skila um 15 millj. kr. árlega til tekjustofna flugmálaáætlunar. Jafnframt leggur hæstv. ráðherra til að framlag af flugmálaáætlun til rekstrar Flugmálastjórnar Íslands lækki um 13 millj. kr. á yfirstandandi ári, 17 millj. kr. á næsta ári, 19 millj. kr. árið 2000 og 21 millj. kr. árið 2001 en þetta eru þær upphæðir sem vantar að mati Flugmálastjórnar til þess að endar nái saman og ekki þurfi að skerða framkvæmdaliði flugmálaáætlunar á gildistíma hennar umfram það sem gert er ráð fyrir í tillögugreininni sjálfri. Niðurstaðan af þessu öllu er því sú að forsendur framkvæmdaliða þeirrar tillögu að flugmálaáætlun sem við höfum til umræðu standast fyllilega miðað við þær upplýsingar sem við höfum undir höndum.

Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sér stöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„1. Lagðar eru til breytingar á einstökum liðum áætlunarinnar sem eru afleiðing breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Ekki þarf að rekja einstakar breytingar á fjárhæðum heldur vísast til breytingartillagnanna þar um."

Þar er eingöngu um að ræða breytingar sem leiða af þeirri röskun eða þeirri breytingu sem verður á tekjustofnum flugmálaáætlunar og ég hef þegar gert grein fyrir.

„2. Lagt er til að gerð verði sú breyting á flokkun flugvalla að Patreksfjarðarflugvöllur verði settur í flokk 3.2 Áætlunarflugvellir II í stað 3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Þegar tillagan var lögð fram hafði áætlunarflugi til Patreksfjarðar verið hætt en hefur nú hafist að nýju og verður því að telja eðlilegt að þessi breyting verði gerð."

Undir þetta nál. rita Einar K. Guðfinnsson, form. og frsm., Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta R. Jóhannesdóttir rita undir nál. með fyrirvara.

[13:57]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Við venjubundnar aðstæður hef ég ekki óskað eftir því sérstaklega að ráðherrar yrðu viðstaddir 2. umr. mála þegar þingnefndir hafa farið um þær höndum en ég held að óhjákvæmilegt sé að hæstv. ráðherra leggi við hlustir að þessu sinni vegna þess að hann hefur komið beint að þessum málum í meðhöndlun nefndarinnar, en hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, gerði grein fyrir ástæðum þess arna.

Það væri að sönnu líka ástæða til þess, ég geri ekki kröfu um það, að hæstv. utanrrh. legði við hlustir því að nú eins og fyrri daginn er Flugstöð Leifs Eiríkssonar orðin eins konar afstemmningartala í flugmálaáætlun. Ég rifja upp að ekki eru mörg ár síðan Flugstöð Leifs Eiríkssonar fann sér leið inn í þessa áætlun. Ýmsir höfðu efasemdir um það hvort hún ætti þar heima í ljósi þess að þar var um sjálfstæða og sértæka ákvörðun að ræða á sínum tíma þegar í þær framkvæmdir var ráðist og ævinlega við það miðað að það sem þar ætti að verja til þeirra gífurlegu fjárfestinga sem þar liggja fyrir, ætti að fjármagna með sértækum hætti. Það hefur ekki gengið eftir og þess hefur því miður orðið vart í auknum mæli að í hinni hefðbundnu flugmálaáætlun sem lýtur að uppbyggingu flugvalla hringinn í kringum landið hafa verið að renna í stórum stíl fjármunir til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Ég sagði að sú tala væri eins konar afstemningartala og auðvitað er hún það vegna þeirrar breytingar sem hefur orðið að gera á tekjuáætlun flugmálaáætlunar sökum þess að tekjustofnum hefur þurft að breyta í ljósi ábendinga Samkeppnisstofnunar. Er rétt að rifja upp að stundum hlustar hæstv. samgrh. á Samkeppnisstofnun og stundum ekki. Í þessu tilfelli átti hæstv. samgrh. engan annan kost en taka mið af þeim ábendingum sem þar komu fram og því hafa þær tilfærslur orðið sem hv. 1. þm. Vestf. og formaður nefndarinnar gerði ráð fyrir.

Til að endar svo gott sem nái saman hafa menn enn á ný notað Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem stuðpúða til að jafna

sveiflurnar. Framlög til þeirrar stofnunar eru lækkuð og síðan hækkuð aftur að hluta. Því er einfaldlega haldið fram að samkvæmt mati yfirstjórnar Keflavíkurflugvallar megi ætla að sértekjur vallarins muni hækka um 18 millj. ár hvert til ársins 2001. Ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. samgrh., þó að hæstv. utanrrh. ætti auðvitað að svara. Ég hygg að gott samspil sé milli þessara tveggja ráðherra þótt hvor sé í sínum flokki og ekki síst í seinni tíð þegar þeir hafa verið að renna saman í eitt. Viðhlítandi svör hafa ekki fengist í nefndinni og því vildi ég að hann gerði mér grein fyrir því í hverju þessi hækkun sértekna er fólgin. Hvaða nýju peningum er gert ráð fyrir að komi af rekstri vallarins.

Málefni Keflavíkurflugvallar hafa verið rædd frá ýmsum hliðum á umliðnum missirum og árum. Skemmst er að minnast þeirra kerfisbreytinga sem gerðar voru og verið er að gera þar syðra. Þar er einkavæðingarmúsin farin að læðast og menn höfðu stór orð um þær breytingar sem þar voru gerðar. Þær höfðu veruleg áhrif á Íslenskan markað og eiga eftir að hafa frekari áhrif á Fríhöfnina. Breytingarnar áttu að leiða til stóraukinna tekna flugstöðvarinnar þá og jafnframt í framtíð. Þessu hefur verið haldið fram og hnykkt á þessu aftur og aftur þó ég hafi litla tölfræði séð upp á síðkastið sem styður þær staðhæfingar.

Eru það fjármunir sem koma frá nýju starfseminni sem hér er um að ræða og yfirstjórn Keflavíkurflugvallar telur að megi nýta til flugmálaáætlunar? Varla er það nú. Hér hlýtur að vera um aðrar tekjur að ræða sem mér er ókunnugt um. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. hve tryggar þessar nýju tekjur frá Leifsstöð eru og hvort treysta megi því að tekjuliður samgönguáætlunar standist.

Ég vil rifja það upp, virðulegi forseti, í þessu samhengi verður ekki hjá því komist, að það er ákaflega tilviljunarkennt hvernig flugmálaáætlun kemur að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Út af fyrir sig hefur engin pólitísk stefnumörkun verið sett fram af hálfu ríkisstjórnar né þingmeirihlutans um það hvernig búa eigi um hnútana. Nú liggja fyrir áætlanir, áform og ákvarðanir um verulega stækkun þessarar flugstöðvar. Um það er allt gott að segja og ég hygg að almenn sátt sé um að brýn nauðsyn sé á því af ýmsum orsökum. Núverandi flugstöð er að springa vegna aukinnar umferðar og Schengen-samningurinn kallar á nýjar og breyttar áherslur. Ég geri engar athugasemdir við það. Í samgn. hef ég kallað eftir upplýsingum frá utanrmn. um þessi efni og spurt:

Með hvaða hætti á að greiða upp skuldahalann á núverandi flugstöð? Hvaðan eiga þeir fjármunir að koma og hvenær lýkur þeirri uppgreiðslu?

Mér var send tafla sem sýndi fram á að núverandi flugstöð og skuldir hennar vegna ættu að standa á sléttu einhvern tímann á næstu öld, 2015 ef ég man rétt. Í því dæmi eru auðvitað þeir fjármunir sem eru á þessari fjögurra ára áætlun og gert var ráð fyrir samkvæmt upphaflegri áætlun 60 millj. 1998 og 73 millj., 82 millj. og 92 millj. árin þrjú á eftir. Nú hafa þessar tölur breyst, bæði tekna- og gjaldamegin. Því veltir maður því fyrir sér hvaða áhrif þetta hafi á jöfnunarstuðulinn sem ég nefndi áðan og þau áform stjórnvalda að borga flugstöðina upp á næstu 20 árum eða þar um bil.

Ég hef einnig leitað eftir því hvernig menn ætluðu að standa straum af nýjum kostnaði við stækkun og nýbyggingar. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að svörin til mín og annarra þingmanna hafa verið ákaflega óljós svo ekki sé fastar að orðið kveðið. Það er auðvitað mjög mikilvægt, virðulegi forseti, ekki síst í ljósi reynslunnar frá 1987 og árunum þar á undan þegar núverandi flugstöð var byggð, að menn hafi vaðið fyrir neðan sig og viti hvert þeir stefna með fjárfestingu af þessari stærðargráðu. Við höfum vítin til að varast og Leifsstöð er okkur víti til varnaðar. Þar réðust menn fram í þykkum moldarmekki og luku verkinu í einu hendingskasti fyrir vorkosningarnar árið 1987. Ákveðnir þingmenn Sjálfstfl. létu þar mynda sig, glaðhlakkalega fyrir framan þessa myndarlegu byggingu, og ætluðu að vinna kosningar á því. Sumir þeirra þingmanna sitja ekki lengur á þingi en hafa í endurminningum og ýmsum spjallþáttum rifjað upp þennan atburð en komu þar hvergi nærri. Þó var nú öðru að heilsa ef ég man rétt. Margar fallegar litmyndirnar voru teknar af frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykn. fyrir framan þetta glæsimannvirki sem þá var verið að taka í notkun. Þá vissi enginn að ekki væri búið að borga eina einustu krónu í þetta mannvirki og ekki búið að finna út hvernig ætti að gera það. Það er önnur saga og þó ekki.

Hér er að hefjast ný saga á mjög svipuðum nótum um stækkun þessarar flugstöðvar. Eins og ég gat um áðan er það að mörgu leyti sérmál en þó ekki. Í seinni tíð hefur það beinlínis tengst þeirri flugmálaáætlun sem við erum að ræða hér enda er farið að hræra þessum hlutum meira saman en áður var varðandi gjaldahlið áætlunarinnar. Með öðrum orðum er farið að taka af fjármunum flugmálaáætlunar sem áður voru notaðir til að byggja upp innanlandsflugvelli, þar með talinn Reykjavíkurflugvöll en Keflavíkurflugvöllur var skoðaður sérstaklega.

Því árétta ég spurningar mínar til hæstv. samgrh. um þessi efni. Ég geng út frá að hann sé vel með á nótunum á þessum vettvangi þótt þetta sé á umráðasvæði hæstv. utanrrh. Samgrh. veit auðvitað upp á sína tíu fingur hvernig Leifsstöðin nú, fyrr og í framtíð kemur til með að hafa áhrif á áætlunartímabili flugmálaáætlunar. Sér hann, ekki síst til lengri tíma litið, hvort þess sé að vænta að liðurinn „Flugstöð Leifs Eiríkssonar 60–92 millj." verði á þessu róli eða hvort þess megi vænta að upphæðin jafnvel tvöfaldist eða þrefaldist þegar í stækkunina verður ráðist og að sama skapi minnki tekjur og fjárframlög til flugvalla hringinn í kringum landið?

Auðvitað er alveg bráðnauðsynlegt að við áttum okkur á því og glöggvum okkur á því hvernig við sjáum framtíðina í þessum efnum. Því geri ég þetta að umtalsefni og hef nokkur orð um þennan þátt mála að hann segir okkur nokkuð um það hvernig þetta plagg hér sem hefur verið hefðbundið í áranna rás gæti komið til með að breytast með hliðsjón af milljarðaframkvæmdum á Miðnesheiði.

Ég ætla að segja örfá orð um eldsneytisgjaldið. Staðan er þröng og þurfti að grípa til einhverra ráða eftir ábendingu Samkeppnisstofnunar. Ég geri svo sem engar athugasemdir við þá leið sem hér er farin, svo langt sem hún nær, en vil þó nefna og halda því til haga, enda rétt að allir skilji að auðvitað er verið að auka álögur á innanlandsflug, á fólk úti á landsbyggðinni. Álögur eru auknar á það fólk sem ferðast innan lands og að sama skapi lækkar álagning á flugfarþega til útlanda. Hér er auðvitað „landsbyggðarskattur" á ferðinni en hann er að sönnu mjög lágur. Rétt er að benda á að þetta eru örfáar krónur sem leggjast á hvern einasta flugfarseðil. Þetta er þó engu að síður slík tilfærsla sem ég hef haft orð á og rétt að vekja alveg sérstaka athygli á því.

Það er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram því það kemur ekki fram í bréfi hæstv. samgrh. til samgn. þar sem hann lýsir ákvörðunum sínum og viðhorfum til hækkunar flugvallagjaldsins og þeim áhrifum sem það hefur síðan á

tekjuhlið flugmálaáætlunar, hvernig láta eigi enda ná saman. Um það var spurt í nefndinni, fulltrúi ráðuneytisins ítrekað spurður, hvort ekki væri alveg skýrt að þessar milljónir sem vanta mun, þrátt fyrir þessar tilfærslur á ári hverju, kæmu ekki beint af fjárlögum. Hvort þær væru ekki einfaldlega framlag ríkissjóðs til að ekki þyrfti að skerða framkvæmdir og nauðsynlega þjónustu. Fulltrúi ráðuneytisins gat engu um þetta svarað. Hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna fullyrtu að þessir fjármunir kæmu af fjárlögum hvers árs úr ríkissjóði og fyrirheit væru um það frá hæstv. samgrh.

Ég vil hins vegar að það sé algerlega skýrt. Það er ekki vegna þess að ég vantreysti ágætum kollegum mínum í samgn. Ég tel hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. ráðherra segi það berum orðum í þessum ræðustól og bið hann að svara því fyrir fullt og fast, án allra útúrsnúninga, eins berorður og hann getur nú verið, hvort ekki sé alveg ljóst að þeir fjármunir, sem vantar til að flugmálaáætlun gangi eftir, komi úr ríkissjóði. Er víst að ekki verði gerð krafa, til að mynda á haustdögum, um að Flugmálastjórn eða önnur mikilvæg þjónusta hringinn í kringum landið verði skorin niður svo að þær milljónir, sem hér vantar á, skili sér. Ég geri eðlilega kröfu til að ráðherra taki af öll tvímæli í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Það má auðvitað ræða margt um einstök verkefni í þessari áætlun. Ég ætla þó að sleppa því að mestu. Þó mun ég gera svo ef efni og ástæður standa til þess. Ástæða væri til að fara hringinn í kringum landið því víða eru verulegvandamál á ferð í flugvallamálum landsbyggðarinnar. Þó margt hafi verið gert hafa framkvæmdir annars staðar beðið of lengi. Viðhald hefur og verið af skornum skammti og aðstæður víða slíkar að brýn þörf hefði verið á að ráðast í fjárfrekar endurbætur. Þróunin er greinilega sú, út af fyrir sig ekki stór ágreiningur um það, að áætlunarflugvöllum fækkar. Það eru ákveðnar miðstöðvar sem menn vilja byggja upp og hafa gert nokkuð myndarlega.

Smærri flugvellir hafa ekki fengið jafnmikla uppbyggingu og viðhald og þjóna ekki jafnmiklu hlutverki og áður. Ég veit auðvitað að víða um landið er takmörkuð ánægja með þetta allt saman og á smærri stöðum finnst mönnum þeir vera út undan. Á sama tíma hafa menn reynt að byggja upp vegakerfið þó það hafi gengið hægt líka. Ferðir til og frá flugvelli hafa orðið auðveldari en áður hefur verið.

Ég held það sé almennt nokkuð sæmileg sátt um þessa stefnumörkun, hvernig svo sem hæstv. ráðherra hefur náð að vinna úr því. Það er auðvitað önnur saga sem er löng og stundum ekki allt of skemmtileg. Hins vegar er ekki hægt að víkja frá þessari áætlun öðruvísi en að minnast á Reykjavíkurflugvöll sem er svarti bletturinn í þessu öllu saman.

Því er nú verr og miður að þessi áætlun til næstu fjögurra ára gerir því sem næst ekki nokkurn skapan hlut til að takast á við það geigvænlega vandamál og þá — ég verð að segja það, virðulegi forseti, — þá slysagildru sem þessi flugvöllur er senn að verða og er kannski orðinn. Menn hafa verið að vinna undirbúningsvinnu sem er komin vel á veg og út af fyrir sig er ekkert það í þeirri undirbúningsvinnu sem hamlar að í endurbætur verði ráðist með miklum myndarbrag og á kraftmikinn hátt. Auðvitað væri ástæða til að fara í sértæka lántöku af þessum sökum, jafnvel til hliðar við flugmálaáætlun því þar er naumt skammtað. Ég hygg að enginn hér inni vilji vera í raun óbeint ábyrgur fyrir því ef eitthvað kemur upp á á þessum flugvelli okkar í höfuðborginni, sem er jafnmikið notaður og raun ber vitni og Íslendingar fara um í jafnríkum mæli og raun ber vitni.

En þetta er auðvitað mjög stórt verkefni og sér ekki fyrir endann á því með þeim hraða sem þessi flugmálaáætlun gerir ráð fyrir hvað fjárframlög varðar. Mér er skapi næst að halda að menn verði að dunda við þessar mikilvægu endurbætur á flugvellinum eitthvað fram eftir næstu öld ef þetta verður hraðinn á framkvæmdatímanum. Því er það af þessari ástæðu einni sem ég fyrir mína parta get ekki samþykkt þá áætlun eins og hún er lögð upp. Þess vegna hafði ég fyrirvara á undirskrift minni við 2. umr., auk þeirra atriða annarra sem ég nefndi hér til sögunnar fyrr í ræðu minni. En Reykjavíkurflugvöllur er auðvitað skilinn eftir, um það er engum blöðum að fletta og málið er ekkert flóknara en það.

Í þessu samhengi, þó að það sé út af fyrir sig ekki beinlínis varðandi flugmálaáætlunina, þá nefndi ég flugvelli til sögunnar, því að framkvæmdir á flugvöllum eru auðvitað ekki eingöngu bundnar því að gera flugbrautir breiðar og góðar, og annan lendingarbúnað heldur eru þær líka fólgnar í að byggja aðstöðu fyrir farþega flugstöðva hringinn í kringum landið.

Við ræðum á eftir við 3. umr. frv. til laga um loftferðir, feikilega mikilvægt, sem því miður hefur enga athygli fengið í almennri þjóðmálaumræðu, og fjölmiðlamenn, ekki einn einasti þeirra hefur látið svo lítið að taka upp eitt aukatekið atriði hvað það varðar. En það kemur auðvitað beint inn á þennan málaflokk hér því um er að ræða algjörlega grímulausa áætlun og grímulaus áform hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar um að heimilt sé að selja, búa til hlutafélög, eða hafa hvern þann hátt á sem hæstv. samgrh. kýs hverju sinni um rekstur flugvalla hringinn í kringum landið. Með öðrum orðum, hæstv. samgrh. væri það heimilt ef honum dytti það í hug að láta Flugleiðir — eða Sjálfstfl. — hafa flugvöllinn á Neskaupstað, og stofna hlutafélag með Sjálfstfl. eða hverjum sem væri eða einstaklingum þaðan. Það er nú ekki óþekkt svo sem.

Þetta kemur hér óbeint inn á þessa flugmálaáætlun. Ef það frv. verður samþykkt við 3. umr. í dag, þá gætum við fyrst séð verulegar breytingar á þessari flugmálaáætlun því ég vænti þess að í öllum þeim stóru einkaviðingaráformum hljóti líka að fylgja sameiginleg fjáröflun um tiltekin verkefni, sameiginlega ábyrgð margra eða lítilla hlutafélaga, dótturfyrirtækja, hlutdeildarfyrirtækja eða hvaða nafni menn vilja nefna það, sem gerir það auðvitað að verkum að fjármögnun ríkisins í, við skulum segja einkaflugvöllum hlýtur að taka verulegum breytingum. Við erum kannski hér, virðulegi forseti, í síðasta skipti að fjalla um og afgreiða flugmálaætlun með heföbundnum hætti vegna þess að í lögum um loftferðir ætli menn sér að breyta algjörlega um svip, stíl, vinnubrögð og verklag. Það ræðum við nánar á eftir undir þeim lið sem næstur er á dagskrá.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu að svo komnu máli að orðlengja þetta. Það vantar meiri fjármuni í þennan mikilvæga þátt samgangna sem flugmálin eru. Við lifum í strjálbýlu landi og þó að vegakerfið hafi batnað og skánað, þá gegna loftflutningarnir geysilega mikilvægu hlutverki. Það er auðvitað allt breytingum háð, sjóflutningar með fólk tilheyrir liðinni tíð þannig að fólk fer landshorna á milli í lofti eða á föstu landi. Það verður því ekki sagt, virðulegi forseti, að þessi flugmálaáætlun sé uppspennt af metnaði eða stórum áformum og að menn þurfi að setja á langar ræður til að hæla hæstv. samgrh. fyrir metnað, kraft, dug og þor

í þessum málaflokki. Hér er flest allt með svipuðum hætti og verið hefur, þröngt skammtað. Og það sem meira er, það hefur dregið úr frekar en hitt, ekkert gert með langstærsta einstaka verkefnið, sem er Reykjavíkurflugvöllur, tekjuhlið flugmálaáætlunar í hálfgerðu klúðri og menn að redda sér á síðustu stundu á hundasundi, enn þá óljóst hvernig eigi að klára þennan enda málsins þannig að flugmálaáætlun megi klára á núllinu án þess að koma þurfi til feikilegs niðurskurðar á tímabilinu, við skulum ekki segja feikilegs heldur niðurskurðar í rekstri á tímabilinu. Hlutirnir eru ekkert alveg eins og þeir eiga að vera en oft hafa þeir verið verri. Satt að segja á ég eftir að gera það upp við mig hvernig ég kem til með að greiða atkvæði við endanlega afgreiðslu málsins. Það fer dálítið eftir því, virðulegi forseti, hvernig hæstv. ráðherra leggur upp sína sýn í þessum málaflokki því að það er auðvitað feikilega mikilvægt. Þá á ég við hin stóru verkefni, Reykjavíkurflugvöll, og líka hvernig Leifsstöðin, fortíðarvandi og framtíðarvandi væntanlegur, muni spila inn í flugmálaáætlun framtíðarinnar. Þá skiptir einnig máli hvernig einkavæðingarárátta hans í frv. til laga um loftferðir gæti komið til með að hafa áhrif á flugmálaáætlun til lengri eða skemmri tíma. Allt þetta kemur til með að hafa áhrif á afstöðu mína. En ekki er metnaðinum fyrir að fara, það verður ekki sagt.

[14:23]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka nefndinni fyrir hversu vel hún hefur unnið að þessu máli. Eins og fram kemur á þskj. 1139 leggur nefndin til að ályktunin verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Varðandi einstakar fyrirspurnir vil ég svara þessu:

Í fyrsta lagi var eðlilegt að lækka nokkuð framlög til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þar sem eldsneytisgjaldið var lagt niður og er gert ráð fyrir að Keflavíkurflugvöllur taki á sig 18 millj. kr. á ári af þeim sökum sem flugvöllurinn getur síðan bætt sér upp með sértekjum. Í fyrsta skipti liggur fyrir áætlun um hvernig staðið verði að greiðslum á þeim skuldum sem stofnað var til á sínum tíma vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (**GÁS:** Hvaða sértekjur eru það?) og einnig nýbyggingar vegna skuldbindinga Schengen og vegna meiri umferðar um Keflavíkurflugvöllinn en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að nýframkvæmdir kunni að kosta upp undir milljarð. Eins og horfir nú er umferð um flugvöllinn vaxandi og meiri en áður hafði verið gert ráð fyrir. Þá er ég að tala bæði um sértekjur sem verða til vegna flugstöðvarinnar, leigu á henni, og eins vegna flugvallargjalda og annars sem til fellur á flugvellinum sjálfum.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að tilfærslan feli í sér auknar álögur á innanlandsflugið, þvert á móti er gert ráð fyrir að hækka lendingargjöld og aðrar sértekjur á innanlandsflugið sem svarar lækkun á flugvallarskatti.

[14:25]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þess var auðvitað ekki að vænta að hæstv. ráðherra gæti svarað nema örfáum hluta þeirra spurninga sem ég varpaði fram. En ég vænti þess að hann komi inn í umræðuna með viti bornum hætti og haldi hér sæmilega ræðu um málin en sé ekki að stökkva inn með einhvers konar stikkorð sem erfitt er að festa hendur á.

Í fyrsta lagi varðandi þau tvö atriði sem hann reyndi að svara — ég er búinn að heyra þessa ræðu margoft um að það sé komin festa á það hvernig eigi að borga gömlu skuldirnar og líka að uppi séu hugmyndir um hvernig eigi að standa skil á kostnaði vegna stækkunar Leifsstöðvar. En ég benti á það áðan að nú þegar er búið að breyta því uppleggi í flugmálaáætlum, framlaginu hefur verið breytt, þannig að sú jafna sem þar var búin til hefur þegar tekið breytingum.

Í öðru lagi vil ég líka spyrja um hvaða 18 millj. þetta eru sem bara á þessu ári eiga að verða til í flugstöðinni. Það þarf ekkert að svara mér því að þær geti komið úr almennum rekstri eða af lendingargjöldum eða einhverju öðru, ég er bara að spyrja: Hvað er þetta? Það voru mínar spurningar.

Í þriðja lagi vildi ég árétta þær spurningar sem ég — ja, sumar hverjar, þær voru fjölmargar, ég hef ekki tíma til þess að renna yfir þær allar. Ég spurði einfaldlega hvort ekki væri alveg ljóst að til þess að forsendur flugmálaáætlunar gangi upp, þá komi nýir peningar úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs. Og menn sjá alveg hvaða tölur er hér um að ræða. Ef ég man rétt, þá eru það 13 millj. á þessu ári, 18 millj. á næsta, allt stendur þetta nú í greinargerðinni. Ég bara spurði einfaldlega: Er það ekki alveg ljóst að hæstv. ráðherra tryggi það að þeir fjármunir muni koma af fjárlögum?

Ég spurði líka um áform hans, hvort flugmálaáætlun tæki breytingum í ljósi þeirra heimilda sem hann er að skapa sér í frv. til laga um loftferðir. Munum við sjá nýja vídd í þeim efnum í flugmálaáætlun? Er þetta kannski í síðasta skiptið sem við fjöllum um flugmálaáætlun með hefðbundnum hætti? En mikið lifandis skelfing væri nú annars gaman og fróðlegt, virðulegi forseti, svona annað slagið að þessi hæstv. ráðherra og margir aðrir kæmu inn í umræðuna með viti bornum hætti en stykkju ekki upp eins og hérar annað slagið í örstutt andsvör, heldur ræddu málin málefnalega.

[14:28]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. var spurningum hans svarað í nefndinni, meðferð málsins í samgn. Hann kvartar undan því að ég skuli ekki taka mér lengri tíma til að svara þessum spurningum aftur hér í þingsalnum og er sjálfsagt að verða við því.

[14:28]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við ræðum hér saman tvö mál, annars vegar till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árið 1998–2001 og einnig frv. til laga um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Eins og komið hefur fram í umræðunni er frv. komið fram nokkru eftir að þáltill. kom fram í þinginu. Þáltill. er 207. mál en lagafrv. 509. mál.

Lagafrv. hefur, eins og komið hefur fram, áhrif á flugmálaáætlunina því að þar er verið að fjalla um tekjustofna hennar. Í frv. er verið að afnema heimild til að innheimta gjöld af flugvélabensíni og þotueldsneyti og er með því verið að jafna samkeppnisskilyrði í flugi. Sú breyting er gerð vegna athugasemdar frá Samkeppnisstofnun, einnar af mörgum athugasemdum sem sú stofnun hefur gert við málefni sem snúa að hæstv. samgrh. Það er sem sagt verið að afnema heimild til að innheimta gjöld af flugvélabensíni og hefur verið rakið í ræðunum á undan hvaða áhrif það hefur. Þá vantar ákveðið fé inn í flugmálaáætlun og ein af þeim leiðum sem farin er til að mæta því tekjutapi sem skapast við að fella niður eldsneytisgjaldið er að lendingargjöld í innanlandsflugi verða hækkuð og einnig mun flugvallargjald hækka um 2,5% eins

og kemur fram í bréfi frá hæstv. samgrh. frá 26. mars. Við það hækka farseðlar í flugi. Þó þeir hækki ekki mikið, þá hækka þeir. Flugvallagjald t.d. fyrir millilandafarþega hefur verið 1.250 kr. a.m.k. undanfarin sex ár. Það hækkar núna um 30 kr. og um 4–5 kr. í innanlandsflugi. Ég vil vekja athygli á því að þarna er verið að færa kostnað yfir á flugfarþega.

Eins og komið hefur fram skrifa ég undir þetta nál. með fyrirvara og hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gert mjög góða grein fyrir afstöðu okkar jafnaðarmanna til þessara mála, en sérstaklega snýr fyrirvari minn að Reykjavíkurflugvelli. Reykjavíkurflugvöllur er enn eina ferðina við afgreiðslu flugmálaáætlunar látinn sitja á hakanum og það ekkert smávegis. Ætlaðar eru til þessa stærsta flugvallar, aðalinnanlandsflugvallar okkar, 29 millj. á þessu ári til endurgerðar á flugbrautum eða viðhalds. Á næsta ári eru áætlaðar 105 millj. o.s.frv. Aldrei hefur staðið steinn yfir steini hvað varðar áætlanir um Reykjavíkurflugvöll. Hann hefur gjörsamlega verið hornreka hjá þessum ráðherra. Það hefur nánast ekkert tillit verið tekið til allra þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið um hversu brýnt er að taka á málum flugvallarins. Maður hefði talið að það yrði forgangsverkefni hjá hæstv. ráðherra að ráða bót á því afleita ástandi sem þar ríkir. Í athugasemdum með þáltill. um flugmálaáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir að það verði að fara í þetta verkefni sem er mjög brýnt og í umfjöllun um Reykjavíkurflugvöll eru enn eina ferðina birtar athugasemdir úr skýrslu sem Flugmálastjórn lét vinna um ástand flugbrauta, flughlaða á Reykjavíkurflugvelli, skýrslu sem kom út í mars 1995 og hefur verið margoft til umræðu í þinginu og fjallar um hversu afleitt ástand og jafnvel hættuástand skapast við ákveðnar aðstæður á Reykjavíkurflugvelli. Engu að síður er flugvöllurinn algjörlega afskiptur í fjárveitingum.

Í þáltill. er sagt, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur er ástand flugbrautanna“ — á Reykjavíkurflugvelli — „alls óviðunandi þegar það er borið saman við þá staðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur sem skilyrði og/eða mælist til að notaðir sé fyrir flugvelli.“

Ég veit ekki hvað þarf til þess að hæstv. ráðherra taki á sig rögg og geri eitthvað í málefnum Reykjavíkurflugvallar. Það er ekki eins og hann sé að gera Reykvíkingum neinn sérstakan greiða með því að taka á málefnum þessa flugvallar. Þetta er flugvöllur allra landsmanna. Það fer enginn landsbyggðarmaður til höfuðborgarinnar fljúgandi öðruvísi en hann lendi á Reykjavíkurflugvelli. Það er sjaldan að þeir fari til Keflavíkur þannig að hann gæti verið að gera sínu fólki fyrir norðan, sem virðist vera það eina sem kemst að hjá honum, mikinn greiða með því að taka á málefnum Reykjavíkurflugvallar.

Fram hefur komið að full ástæða væri til að fara í sértækar aðgerðir til að taka á málefnum flugvallarins, fara í lántökur og taka þá flugvöllinn jafnvel út fyrir sviga og vinna hann sérstaklega því auðvitað er mikið verkefni og dýrt að endurnýja flugbrautirnar á vellinum. Talið er að það muni kosta á annan milljarð að vinna það verk. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að ég efast um að nokkur vilji taka á sig ábyrgðina ef eitthvað alvarlegt kemur fyrir á vellinum sem rekja mætti til þess hvernig ástandið á flugbrautunum er. Fagaðilar sem hafa gert athugasemdir vegna þessa hafa aftur og aftur bent á hversu brýnt er að flugvöllurinn verði tekinn til gagngerrar endurnýjunnar.

Herra forseti. Ég hef reyndar margoft rætt málefni Reykjavíkurflugvallar svo það væri nánast að bera í bakkafullan lækinn að rekja það allt saman aftur en fyrirvari minn sneri sérstaklega að því að Reykjavíkurflugvöllur er þarna afskiptur og ég vonast til þess og ég treysti því að hæstv. ráðherra taki á því brýna verkefni sem Reykjavíkurflugvöllur er.

[14:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég er sammála þeirri afstöðu sem fulltrúar minni hlutans hafa lýst til þessa máls og í útskýringum á sínum fyrirvörum. Mér finnst ástæða til að nefna lítillega nokkur atriði í tengslum við umfjöllun um þessa breytingu á flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, kannski að sumu leyti meira af sögulegum ástæðum en þeim að það sé endilega úrslitaatriði í sambandi við þessar breytingar sem hér eru. En mér finnst ástæða til þess við þetta tækifæri að rifja aðeins upp hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig frá því að flugmálaáætlunin hin fyrsta og lög um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum voru afgreidd á Alþingi fyrir rétt rúmum áratug síðan. Eins og reyndar hefur stundum verið rifjað upp áður í tengslum við skerðingar á mörkuðum tekjustofnum til framkvæmda í flugmálum var sá síður tekinn upp í tíð núverandi hæstv. samgrh. að skerða í verulegum mæli eða vaxandi mæli ár frá ári þennan markaða tekjustofn til framkvæmda í flugmálum og draga hann inn í rekstur Flugmálastjórnar og nú síðast inn í rekstrarkostnaðinn eða hítina á Keflavíkurflugvelli og því hefur verið full ástæða til að rifja upp hvernig fjáröflunin kom til á sínum tíma.

Þá sættu menn sig við það að lagðar voru viðbótarálögur ofan á alla þá skatta og gjöld sem fyrir voru á flugrekstrinn og flugfarþega í landinu til þess gagngert að standa straum af metnaðarfullri áætlun um uppbyggingu í flugmálum sem var þá áætlunarbundin og tímasett. Það átti að taka um tíu ár að koma ástandinu á flugvöllum og flugsamgöngumannvirkjum í landinu í fullnægjandi horf, m.a. þannig að það uppfyllti alþjóðlega staðla Alþjóðaflugmálastofnunar, ICAO-staðla og annað slíkt. Það verður að segja það eins og er, herra forseti, að fyrir daga þessarar áætlunar og þessa átaks var ástandið í þessum málum í raun og veru alveg skelfilegt. Flugöryggismál voru í hreinum ólestri ef svo má að orði komast ekki vegna þess að menn reyndu ekki af góðum vilja að gera eins og þeir gátu heldur ósköp einfaldlega vegna þess að mannvirkin sem notast var við voru víðs fjarri því að uppfylla þær kröfur sem þurfti að gera. Það var þetta neyðarástand, herra forseti, og það voru þessar alvarlegu aðstæður og fjársvelti til framkvæmda á þessu sviði árin þar á undan sem ollu því að menn sættust á þær miklu viðbótarálögur sem fólust í upptöku hinna mörkuðu tekjustofna flugmálaáætlunarinnar eða framkvæmda í flugmálum á árinu 1987.

Herra forseti. Ég held þegar svo er komið að verulegum hluta þessara tekna er nú ráðstafað til annarra þátta en upphaflega stóð til og að á undanförnum árum hefur verið í gangi samfelld aukning á þeirri skerðingu hinna mörkuðu tekjustofna sem beitt er eða öllu heldur þeim tekjum sem renna þá til annarra þarfa, til rekstrarkostnaðar hjá Flugmálastjórn og núna til Keflavíkurflugvallar, að ástæða sé til að minna á þetta og sérstaklega nú þegar leggja á niður gjaldið af eldsneytinu — fyrir því eru ákveðnar ástæður sem menn þekkja — en hækka í staðinn hvað varðar innanlandsflugið, álögurnar í lendingargjöldunum eða á flugfarþegana sem auðvitað að endingu bera þennan kostnað og engir aðrir geta gert. Ég hefði ekki séð eftir því, herra forseti, þó að þetta

aldsneytisgjald hefði ósköp einfaldlega verið fellt niður í ljósi þessarar stöðu án þess að hækka álögurnar á móti á innanlandsflugið og að munurinn hefði einfaldlega verið brúaður úr ríkissjóði vegna þess að það er í reynd búið að létta þarna stórfelldum útgjöldum af ríkissjóði á undanförnum árum í gegnum þá skerðingu á mörkuðum tekjum sem hafa runnið þangað nú þegar.

Ég vil í öðru lagi minna á það, herra forseti, að það er því miður ekki þannig að rökin fyrir þessari stórfelldu skerðingu á framkvæmdafénu séu þau að öllu sé lokið sem lýtur að uppbyggingu í flugsamgöngumannvirkjum í landinu. Þar er eitt stærsta verkefnið enn þá algerlega eftir og það er að koma Reykavíkurflugvelli í viðunandi horf og byggja flugstöð á eða við Reykjavíkurflugvöll. Það er stórfellt óhagræði að því að hafa þann rekstur í þeim kofum á tvist og bast í kringum flugvöllinn sem hann er í nú, húsnæði sem nánast nálgast það að vera til skammar fyrir land og þjóð, gamlir braggar frá Bretatímanum við flugvöllinn, svo ekki sé minnst á það óhagræði að hafa þetta ekki á einum stað í sæmilega myndarlegu húsnæði þar sem allar samgöngurnar tengdust í einum punkti, leiguflug og áætlunarflug innan lands og tenging við millilandaflugið í Keflavík. Best hefði auðvitað verið ef sérleyfisbílaþjónustan á suðvesturhorninu hefði átt sér samastað í sömu byggingu eða í byggingu á sama svæði.

Auðvitað má segja að öll saga Reykjavíkurflugvallar sé ein stórfelld skipulagsmistök og dreifingin á samgönguhúsakostinum í kringum völlinn endurspeglar það að þessu var hrækt niður á sínum tíma til allt annarra þarfa en þeirra sem það þjónar nú í dag. Auðvitað þýðir ekki að fást um það sem liðið er eða þau mistök sem þegar hafa verið gerð í þessu og verða ekki upp tekin og eru þó kannski þau stærst að leyfa íbúðabyggð á Álftanesi þannig að þar var eyðilagður eini góði kosturinn sem til var til að byggja einn flugvelli í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem hefði getað þjónað bæði áætlunarflugi innan lands og millilandaflugi á fullnægjandi hátt. Ekki þarf að fara neinum orðum um það stórfellda hagræði sem hefði orðið af því fyrir landsmenn að hafa einn flugvöll sem hefði getað leyst bæði hlutverkin af hendi. En það fór sem fór og Reykjavíkurflugvöllur er staðreynd þar sem hann er og ekkert er í sjónmáli annað en að hann verði notaður um langt árabil til að sinna a.m.k. áætlunarfluginu innan lands enda er það hagstætt að ýmsu leyti að hafa hann þar sem hann er í þeim skilningi að hann er inni í borginni og það mun styrkja samkeppnisstöðu áætlunarflugsins í samkeppni við samgöngur á landi í sjálfu sér að hann er þó ekki fjær þeim stöðum sem menn koma til að sækja þegar þeir koma til höfuðborgarinnar en raun ber vitni.

Þá verður að ráðast í það og er vonum seinna að reyna að koma því í gang, að gera þær úrbætur á bæði flugbrautunum og þó ekki síður á þjónustumannvirkjunum í kringum flugvöllinn sem er alveg bráðnauðsynlegt að gera. Það er því ekki svo, herra forseti, því miður að menn séu búnir að ljúka þannig þessari uppbyggingaráætlun í flugsamgöngumálum okkar að það séu sérstök rök fyrir þessari miklu skerðingu.

Reyndar var flugmálaáætlun á sínum tíma þannig uppbyggð að ætlunin var að stórverkefnin væru sérframkvæmdir og fjármögnuð af viðbótartekjum en ekki tekið af hinum mörkuðu tekjustofnum. Það átti við um Egilsstaðaflugvöll, varaflugvöll og flugstöðvarbyggingu í Reykjavík.

Að lokum, herra forseti, af því þetta mál tengist einnig stöðu mála í Keflavík. Þarna verður nokkur breyting á þeim fjárveitingum sem flugmálaáætlunin gerði áður ráð fyrir að rynnu til Keflavíkur en það var tekið upp eins og kunnugt er við gerð síðustu flugmálaáætlunar ef minni mitt svíkur ekki, að nokkrar fjárhæðir skyldu á hverju ári á gildistíma áætlunarinnar renna til Keflavíkur.

Herra forseti. Ég vil af þessu tilefni spyrjast fyrir um það í ljósi þess að svonefnt Schengen-mál sem tengist mjög áformum um uppbyggingu í Keflavík er í upplausn og uppnámi og engin svör fást frá hæstv. ríkisstjórn um það hvað verður gert í því máli, hvort ekki sé tilefni til að endurmeta áform um framkvæmdirnar í Keflavík og þó kannski ekki síður tilhögun þeirra, hvernig staðið verður að uppbyggingu þar í ljósi þess sem liggur nú fyrir í Schengen-málinu eða þegar einhver botn fæst í það. Mér sýnist sjálfum að það gæti verið fullkomin óvissa um að þau áform sem hæstv. utanrrh. hefur barist fyrir með oddi og egg í þessu máli, að troða Íslandi inn í þetta Schengen-samkomulag með góðu eða illu, aðallega með illu því það hefur ekki verið kostur á öðru, gangi yfir höfuð upp, jafnvel þótt Íslendingar sem eru þó ekki eins og kunnugt er aðilar að Evrópusambandinu og ekki er á dagskrá a.m.k. að sögn hæstv. forsrh. að við verðum, vilji endilega halda áfram sem aðilar að þessu samkomulagi sem er nú orðið hluti af stofnsamþykktum Evrópusambandsins, búið er að innlima í Evrópusambandið og réttarregluverk þess, þar á meðal að hluta til í fyrstu stoð, því Evrópusambandið muni ósköp einfaldlega ekki ljá máls á því, eða að það finnist engar lausnir sem bjóði upp á það burt séð frá því hvort menn eru því fylgjandi eða ekki fylgjandi. Það er mál sem hefur heilmikil áhrif á það hver framkvæmdaþörfin verður í Keflavík og þá kannski sérstaklega hvernig á og þarf að standa að hönnun mannvirkja þar og jafnvel að einhverju leyti að framkvæmdahraða. Ég sakna þess að upplýsingar séu veittar um þennan þátt málsins í tengslum við þá umræðu sem hér hefur farið fram m.a. og það sem kemur fram í þessu máli sem tengist fjárhagsstöðu flugstöðvarinnar í Keflavík og rekstrarins þar og framkvæmdanna sem þar eru fram undan og ég vil taka fram fyrir mitt leyti að er að sjálfsögðu að verulegu leyti bráðnauðsynlegt að ráðast í. Ég er ekki að mæla gegn því. Að sjálfsögðu verður flugstöðin í Keflavík og landgangar þar og önnur aðstaða að anna þeirri umferð sem þar fer um á fullnægjandi hátt. Það er engin deila um það en hitt liggur alveg fyrir að hönnunin og þar með talið að einhverju leyti kostnaðurinn og jafnvel framkvæmdahraðinn er verulega háður þeim forsendum sem menn gefa sér um aðild eða ekki aðild Íslands að Schengen. Hvort í Keflavík verða ytri landamæri Evrópusambandsins eða ekki. En um það snýst málið. Verði þar ytri landamæri Evrópusambandsins þarf að koma upp þar allri þeirri aðstöðu og þeim búnaði sem þar þarf að vera til að taka hundruð þúsunda og jafnvel seinna meir milljónir farþega frá öðrum svæðum, aðallega þó frá Norður-Ameríku, inn í Evrópusambandið í gegnum þau hlið sem þá yrðu þar á grundvelli Schengen-samningsins, á Íslandi inn að þeim samningi.

Hefur hæstv. samgrh., sem ég veit ekki hvort er jafnheldheitur áhugamaður um aðild Íslands að Schengen í sjálfu sér og hæstv. utanrrh., einhverjar fréttir af þessu máli og er hann tilbúinn að svara fyrir það? Það hlýtur reyndar að gilda einu eftir að Framsfl. og Sjálfstfl. sameinuðust úr hvorum flokknum ráðherrann kemur sem svarar. Sem kunnugt er er formaður Framsfl. orðinn varaformaður Sjálfstfl. og öfugt. Þeir gegna nú störfum hvor fyrir annan, forsrh. og utanrrh., bara eftir hendinni og tala þar af leiðandi einum rómi. Ég geri ráð fyrir að það gildi einnig um aðra ráðherra í ríkisstjórninni

að hér eftir skipti ekki máli hvort þeir tilheyri „tilfældigvis" Sjálfstfl. eða Framsfl. Mér þætti vænt um, herra forseti, ef hæstv. samgrh. gæti aðeins upplýst okkur um þetta mál.

[14:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja vegna ummæla hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um það fjármagn sem rennur til Keflavíkurflugvallar og Leifsstöðvar að það virðist loða við umræðuna að helst sem minnst fjármagn megi fara af flugmálaáætlun til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eða til reksturs á millilandaflugi landsmanna þrátt fyrir að menn geri sér grein fyrir því að um 80% af öllum tekjum flugmálaáætlunarinnar koma vegna lendingagjalda frá Keflavíkurflugvelli, t.d. fara tekjur af Keflavíkurflugvelli til að byggja upp Reykjavíkurflugvöll.

Samkvæmt hugmyndum sem nú eru í vinnslu hjá Evrópusambandinu verður bannað að flytja tekjur á milli samkeppnisflugvalla þannig að tekjur sem verða til á Keflavíkurflugvelli eiga t.d. ekki að geta orðið til að byggja upp Reykjavíkurflugvöll. Það mundi ekki hafa áhrif á það að gera eitthvað fyrir flugvöllinn á Akureyri hugsanlega eða á Húsavík eða einhvers staðar í kjördæmi hv. þm. þar sem um litla flugvelli er að ræða.

Ég ætla aðeins að minna á að fjárhagsvandi Keflavíkurflugvallar hefur verið gríðarlegur í kringum Leifsstöð og hefur staðið uppbyggingu og starfsemi tengdri vellinum fyrir þrifum í langan tíma og ber að þakka hæstv. ráðherra að hafa þó tekið eitthvað á þessu máli þó að mínu viti sé það ekki nægjanlega mikið.

Að öðru leyti verður að segjast um Schengen, af því hv. þm. kom inn á það, að ef eitthvað styrkir okkur í baráttunni við innflutning á eiturlyfjum og öðrum slíkum skaðlegum efnum, er það aðild okkar að Schengen.

[14:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður heyrt þessa kostulegu kenningu og ekki síst hefur hv. þm. Kristján Pálsson haldið því fram að það að leggja niður allt landamæraeftirlit í Evrópu muni styrkja stöðu manna stórkostlega í baráttunni við eiturlyfin. En það furðulega er að alls staðar annars staðar en á Íslandi og þá kannski helst í Sjálfstfl. eru áhyggjur manna algerlega gagnstæðar. Úti um alla Evrópu hafa menn miklar áhyggjur af því að þá fyrst muni eiturlyfin flæða yfir sem aldrei fyrr og það verði vonlaust að hafa með því eftirlit þegar Evrópa verður landamæralaus að þessu leyti allt frá Miðjarðarhafinu og norður úr. Það hvort þetta breyti meira eða minna fyrir Ísland er kannski dálítið annað mál því við erum eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé ljóst, eyja úti í miðju Atlantshafi. Þar gegnir því svolítið öðru máli. En breytir því ekki að þetta er stórpólitísk ákvörðun og eitt af mjög mörgu sem menn hafa þarna bent á og haft áhyggjur af, er einmitt þetta, að eiturlyfin muni flæða eftirlitslaust fram og til baka um álfuna sem aldrei fyrr.

Um ástand mála í Keflavík er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja að það er ein hrikaleg óráðsíu- og sorgarsaga hvernig með fjármál hefur verið farið þar frá upphafi, allt frá því þetta sukkmonthús var byggt, margfalt dýrara en nokkur glóra var í. Jafnvel bara hlutur Íslands, þrátt fyrir betlipeningana frá Bandaríkjunum, varð miklu dýrari en skynsamleg bygging á hófsamlegum nótum hefði þurft að vera. Fyrir utan það að hún hefði ekki þurft að vera svona illa hönnuð að ekki er nokkur leið að gera eiginlega neitt við hana, byggja við hana eða nokkuð annað. En það voru kosningar og menn þurftu að mynda sig fyrir framan bygginguna eins og kunnugt er. Það er rétt að miklar tekjur verða til í Keflavík og ég hef ekki gagnrýnt það að meira af þeim tekjum hefði mátt ráðstafa til að greiða niður kostnaðinn af byggingunni eða rekstrinum þar.

Ég bendi t.d. á að mikill hagnaður Fríhafnarinnar, svo skiptir hundruðum milljóna, nálgast milljarð króna, hefur runnið í ríkissjóð. Það er ekkert því til fyrirstöðu að menn hefðu miklu fyrr getað tekið á þessum skuldahala þar og hafið að borga af þessum lánum, hefðu menn haft pólitískan vilja til þess á undanförnum árum. En það hefur ekki verið gert þannig að ekki ber að skoða mína gagnrýni sem svo að ég leggist gegn því að fjármálunum sé komið í lag í Keflavík. Að sjálfsögðu þarf að gera það.

[14:55]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann er dálítið merkilegur þessi eilífi pirringur út í Leifsstöð og það að tala um að hönnunin sé svo léleg að varla sé hægt að byggja við hana. Ég held að hægt sé að segja að Leifsstöð hafi tekist mjög vel í uppbyggingu og fyrir Íslendinga og ferðamenn sem koma hingað er það náttúrlega allt annað að koma til landsins en var hér áður fyrr þegar menn þurftu að fara í gegnum skýli hjá varnarliðinu. Það er kannski frekar þannig sem hv. þm. hefði viljað hafa það, að fara í gegnum varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli sem er þá eitthvað á skjön við það sem hann hefur haldið fram hér áður.

Hvað varðar Schengen þá er aðild okkar að því önnur en sú að verða fullgildir aðilar eins og gert er ráð fyrir í löndunum á meginlandinu, heldur er gert ráð fyrir að skoðun í töskur og farangur verði áfram sú sama. Hagnaður okkar af þessu samkomulagi yrði ekki síst sá að tengjast sameiginlega inn á tölvukerfi tolla- og lögregluefirlits sem gæti sagt okkur fyrir ef vafasamir menn ætluðu að fljúga til landsins. Þessi atriði skipta máli varðandi eftirlit með eiturlyfjainnflutningi og aðferðum til að koma í veg fyrir slíkt.

Ég vil að lokum herra forseti segja að allar hugmyndir um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar sem koma fram í þessari áætlun eru að mínu viti ekki í takt við tímann. Ef við horfum á það sem er að gerast í samgöngumálum landsins með Hvalfjarðargöngum og öðru slíku hlýtur það að verða framtíðin að menn sjái fyrir sér einn stóran og vel nýttan völl sem yrði þá væntanlega Keflavíkurflugvöllur.

[14:57]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er furðulegt að maður skuli ekki mega nefna á nafn flugstöðina í Keflavík, Leifsstöð, án þess að það sé kallað andstaða við hana eða pirringur út í hana eða eitthvað því um líkt. Er þetta heilög kýr sem ekki má nefna á nafn í augum hv. þm. sem búa á Suðurnesjum? Ég lít ekki á það sem gælumál Suðurnesjamanna hvernig rekstri er háttað þarna. Þetta er millilandaflugstöð fyrir allt Ísland og varðar okkur auðvitað öll hvernig með er farið. Ég var að vísa þar til hönnunarinnar á byggingunni og hvernig að þeim framkvæmdum öllum var staðið og ég stend við hvert orð í því að hún var út í hött sú hönnun. Þetta var montbygging og hún varð allt of dýr. Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík er nú þegar orðin of lítil og það þarf að byggja við hana fyrir marga milljarða króna, bara t.d. til að anna vaxandi umferð fram til ársins 2010. Á sama tíma og hún var í byggingu höfðu

nýlega verið reistar flugstöðvar, t.d. í Helsinki sem áttu að taka þrefalt meiri umferð og hafa síðan reynst anna þeirri umferð og þær kostuðu minna en íslenski hlutinn í flugstöðinni í Keflavík. Þær eru þannig úr garði gerðar þar fyrir utan að auðvelt er að stækka þær. Það eru álmubyggingar sem auðvelt er að bæta við til beggja enda. En það á ekki við um flugstöðina í Keflavík eins og kunnugt er og það skapar m.a. þau vandamál að núna við stækkunina þarf að byggja nýja byggingu við endann á landganginum af því kassinn sem þarna var byggður með þessum tilþrifum og steypuhlunkum út úr þakinu er þannig úr garði gerður að ekki er nokkur leið að tengja nokkurn skapaðan hlut við hann. Tilraunir til að tengja innanlandsflug við millilandaflugið í Keflavík mistókust einnig m.a. vegna þess að ekki var nokkur leið að koma aðstöðu fyrir innanlandsflug sómasamlega fyrir í þessari stóru byggingu, vegna þess hvernig hún var hönnuð. Getur hv. þm. staðið á því að það sé ekki hönnunargalli að gera ekki ráð fyrir því í þessu mikla húsi að þar geti t.d. verið eitthvert svæði fyrir innanlandsflug? Ég held að hv. þm. sé algerlega berskjaldaður með þann málflutning að þarna hafi ekki ýmislegt farið úr böndunum og við ættum nú að ræða málin á einhverjum öðrum nótum en þeim.

[15:00]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til samgn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég vil fyrst segja í sambandi við þær fyrirspurnir og umræður sem hafa orðið vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að það er öldungis rétt sem hér hefur komið fram að það dróst úr hömlu að koma fjárreiðum þeirrar byggingar í sómasamlegt horf. Það má kannski segja að það sé ekki fyrr en nú sem greiðsluáætlun hefur verið gerð um það á hversu löngum tíma og hvernig staðið skuli að endurgreiðslum á byggingarkostnaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og á þeim byggingarkostnaði sem við bætist vegna stækkunar flugstöðvarinnar, bæði vegna þess að umferð um flugvöllinn hefur vaxið gífurlega og vex raunar ár frá ári, og einnig vegna þess að áform eru uppi um að við Íslendingar verðum aðilar að Schengen-samstarfinu. Eins og hv. þm. er kunnugt eru að hefjast formlegar viðræður milli Evrópusambandsins, Íslands og Noregs um hvernig aðild okkar að Schengen-samstarfinu skuli háttað í kjölfar ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins á síðasta sumri. Ég hygg að á þessari stundu sé við því að búast að samkomulag náist þannig að þær áætlanir sem uppi eru um breytingar á flugstöðinni vegna aðildarinnar gangi fram. En ég vil líka segja að áætlunarflugið hefur eflst svo mjög milli Evrópu og Bandaríkjanna að við því er að búast að til frekari stækkunar á flugstöðinni kunni að koma fyrr en áður hafði verið talið.

Eins og hv. þm. er kunnugt varð samkomulag milli utanrrn., samgrn. og fjmrn. um að 60 millj. kr. á flugmálaáætlun skyldu renna til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að standa undir afborgunum á þeim lánum sem tekin höfðu verið til byggingar flugstöðvarinnar á sínum tíma. Með því að nú er gert ráð fyrir að hið sérstaka eldsneytisgjald verði fellt niður varð síðar að samkomulagi að framlag af flugmálaáætlun til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar skyldi verða 18 millj. kr. lægra en áður hafði verið ætlað á hverju ári en því væri á hinn bóginn mætt með öðrum tekjum á Keflavíkurflugvelli. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Ég hygg að það sé misskilningur hjá hv. þm. þegar þeir segja að í þessum áætlunum sé gert ráð fyrir því að hækka eða leggja nýjar álögur á innanlandsflugið. Það er auðvitað mikill misskilningur. Hér er einungis gert ráð fyrir að samtímis því sem eldsneytisgjaldið er lagt niður þá verði sömu tekna aflað með því að hækka örlítið lendingargjöld og aðrar sértekjur flugvalla. Ég vil minna á að flugvallarskatturinn hefur ekki hækkað í sex ár. Hann hefur ekki hækkað í sex ár. Hér hefur verið talað um það af hv. stjórnarandstæðingum að við því sé að búast að flugvallarskatturinn hækki um 4 krónur um næstu áramót.

Þegar við erum að horfa á tekjur samkvæmt flugmálaáætlun í heild sinni vil ég minna á að heildartekjurnar eru samkvæmt brtt. 562 millj. kr. Hvort þessar tekjur verði 14 millj. kr. hærri eða lægri er erfitt að segja til um á þessari stundu, það er langt innan allra skekkjumarka. Mér sýnast þær spár sem uppi eru um fjölda ferðamanna og hótelpantanir nú og hvernig landið liggur í ferðaþjónustunni vera þannig að við því megi búast að flugmálaáætlun standi fyllilega undir þeim spám um tekjur sem gerðar hafa verið. Ef svo reynist ekki, þá er óhjákvæmilegt að taka það upp við gerð aukafjárlaga á hausti komanda eins og venja hefur verið á hinum síðari árum og sé ég ekki að þýðingu hafi að við séum að þrátta um það nú hvorum megin hryggjar þessar 14 millj. liggja. Það má alveg eins tala um 16 millj. eða 21 ef menn á annað borð vilja velta því nákvæmlega fyrir sér upp á prósentu, hundraðshluta eða brot úr hundraðshluta hversu raunhæf þessi áætlun sé. Við höfum einfaldlega gert ráð fyrir því að ekki þurfi til þess að koma að taka inn sérstakar greiðslur á aukafjárlögum en eins og áætlunin liggur fyrir er ljóst að það verður að gera ef tekjurnar hrökkva ekki fyrir útgjöldum, ég held að það sé alveg ljóst.

Jafnframt er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði, að til lítils háttar hækkunar kunni að koma um áramót, sem ég er heldur ekki viss um að verði, og vil minna á í því sambandi að millilandaflug eða Atlantshafsflugið skulum við segja hefur verið að eflast og aukast og í næsta mánuði t.d. er gert ráð fyrir nýrri flugleið milli Helsingfors og Íslands.

Það er misskilningur þegar því er haldið fram að smáir flugvellir hafi verið vanræktir á undanförnum árum en hefur þó við þau rök að styðjast að samtímis því sem ráðist var í varaflugvöll á Egilsstöðum og ný flugstöðvarbygging eða alþjóðleg flugumferðarstjórnarbygging byggð í Reykjavík var ekki hægt að verja jafnmiklu fé til annarra verkefna. En ég hygg að nú hin síðustu ár hafi verið úr því bætt.

Ég vil vekja athygli á því að 20. apríl barst Flugmálastjórn bréf frá borgarskipulagi Reykjavíkur þar sem frá því er greint að borgarstjóri sé tilbúin að samþykkja auglýsingu á deiliskipulagi, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á teikningu verði brautin [þ.e. austur/vestur-brautin] með sérstökum línum og skýring í þessa átt:

Braut 0725 er til bráðabirgða, eins og brotalínur sýna, en verður fjarlægð eftir sjö ár frá lokum framkvæmda við endurgerð flugbrauta. Tekur þá gildi deiliskipulagið með íbúðabyggð við Skerjafjörð og mögulegum byggingarreitum norðan Loftleiðahótels. Unnið verður sérstakt deiliskipulag af þessum reitum. Þennan tíma skal nota til að leysa þau mál sem breytingin mun hafa í för með sér varðandi öryggismál og þess háttar."

Svo mörg voru þau orð en eins og þetta bréf ber með sér hefur þetta samkomulag nú náðst í skipulagsnefnd Reykjavíkur sem var auðvitað forsendan fyrir því að hægt yrði að undirbúa útboð og framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli. Þegar fundið er að því að þeim framkvæmdum skuli ekki

lokið, þá er það auðvitað mikill misskilningur, hlutirnir verða að ganga í réttri röð.

Það er á hinn bóginn alveg laukrétt hjá ýmsum hv. þm. að ekki er nægilegt fé á þessari flugmálaáætlun til að standa undir endurbótum á Reykjavíkurflugvelli. Þó er gert ráð fyrir því á næstu þremur árum, árunum 1999, 2000 og 2001 samkvæmt flugmálaáætlun, að hálfum milljarði kr. verði varið til Reykjavíkurflugvallar og er óhjákvæmilegt um leið og verkið verður undirbúið að gera sér grein fyrir því hvernig staðið verði undir fjármögnun til framkvæmdarinnar. Það hefur alltaf legið fyrir að ekki hefur verið hægt að afla fjár til hennar jafnóðum eftir flugmálaáætlun og er auðvitað ekkert nýtt í þeim efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð og vil ítreka þakkir mínar til samgn.

[15:10]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hæstv. ráðherra ræddi um að sú vöntun sem væri að finna á áætluninni allri, á yfirstandandi ári 13 millj., á næsta ári 17 millj., á þriðja ári 19 millj. og á fjórða ári 21 millj., væri innan skekkjumarka. Til að gefa hæstv. ráðherra hugmynd um hvaða stærðargráður þetta eru, við skulum segja á fjórða árinu, sem er 21 milljón, þá er það svona svipuð tala og fer til framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli í ár. Það er jafnhá tala og fer til framkvæmda á Húsavíkurflugvelli í ár. Þetta er svona innan skekkjumarka þannig að það má þá vænta þess að menn geti gleymt, ef illa fer, framkvæmdinni á Húsavík kannski.

En auðvitað ljúka menn ekkert við mál á þennan hátt. Og vissulega er það þannig að ef ekki reynist unnt að halda sig innan þessara marka, þá kemur til kasta fjáraukalaga.

En spurning mín var hins vegar sú hvort hæstv. ráðherra gæti ekki svarað fyrir fullt og fast að í forsendum næstu fjárlagagerðar verði ekki gripið til þess ráðs að segja við t.d. Flugmálastjórn og/eða aðra rekstraraðila í fluginu: Nú skuluð þið skera niður um þessar 17 millj. Við skulum ná niður þessum kostnaði og minnka viðhald og minnka endurbætur, eftirlit eða hvað eina. Hvort hæstv. ráðherra geti ekki einfaldlega sagt hér við þingheim, eins og hv. stjórnarþingmenn fullyrtu í samgn., að þessir viðbótarfjármunir, þessar 17 millj., 21. millj. og 23 millj., kæmu á næstu þremur árum á fjárlögum þessara ára úr ríkissjóði. Þetta var ósköp einföld spurning og ég átti satt að segja von á því að ég gæti fengið einfalt svar við henni. Get ég það, virðulegi forseti?

[15:13]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hvers konar bragur er á fundahaldinu hér og málflutningi hæstv. samgrh.? Trúir hæstv. samgrh. því virkilega að hann geti eitthvað stytt umræður með því einu að snúa upp á sig og svara ekki einföldum og kurteislega orðuðum spurningum? Að hann geti lítilsvirt þingmenn með þeim hætti að hrista bara höfuðið og snúa upp á sig ef spurningar eru óþægilegar? Því að spurning mín sem ég kom með í andsvari við hæstv. ráðherra var eins einföld og skýr og frekast mátti vera. Ég var í upphafsræðu minni búinn að spyrja þeirrar spurningar a.m.k. tvisvar ef ekki þrisvar. En hæstv. ráðherra tókst hins vegar í sinni stuttu og innihaldslitlu ræðu að snúa þeim málum endanlega á hvolf og gerði það með útúrsnúningum. Talaði um að þá fjármuni sem upp á vantaði mætti bara stemma af þegar og ef einhverjar tekjur kæmu sem væru óséðar og kannski einhver gjöld og allt væri nú þetta innan skekkjumarka. Er það þannig sem á að fara að gera upp hlutina hér, hafa þá innan skekkjumarka, á einhverju gráu svæði? Til hvers í veröldinni erum við þá að þessari áætlanagerð? Hvaða tilgangi þjónar hún?

Virðulegi forseti. Ég frábið mér þakkir hæstv. samgrh. til samgn. hvað mér viðvíkur ef hann trúir því að málefni í meðhöndlun nefndarinnar þýði að hann sé stikkfrí og þurfi ekki að koma að málum. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég gerði það yfirleitt ekki að venju minni að biðja um viðveru ráðherra við 2. umr. mála vegna þess að fyrst og síðast er um mál þingsins að ræða. En í þessu tilviki er það óhjákvæmilegt því að það var ráðherra sjálfur sem kom inn í þessa málsmeðferð sem hér liggur fyrir með því að setja tekjuhlið áætlunarinnar á hvolf sem gerði það að verkum að menn urðu að breyta gjaldahlið hennar. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra þykir það einhverjir smáaurar, 13 millj., 17 millj., 19 millj. og 21 millj. Þetta eru eru um 60 millj. þegar lagt er saman. Ég er handviss um að margir flugvellir og flugrekstraraðilar og aðrir sem koma að málinu mundu fegnir vilja sjá fá þessa fjármuni. Ég læt ekki bjóða mér það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra ætli að neita að svara eðlilegum spurningum af þessum toga og taka síðan þátt í málefnalegri umræðu. Það skal hann vita að ef hann ætlar að hafa þennan hátt á. Við höfum auðvitað tök á því að ræða málin mjög ítarlega og fara yfir verkefni frá A til Ö við 3. umr. málsins. Þá skulum við bara gera það.

[15:16]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég hef sennilega ekki verið nógu skýrmæltur í fyrri ræðu minni og skal endurtaka það sem ég sagði áðan og kom raunar fram líka í samgn. Við erum að tala um fjárhæð sem er auðvitað innan skekkjumarka. Við erum að tala um 17 millj. kr. á árinu 1998. Ef hv. þm. mundi glöggva sig á brtt. á þskj. 1140, sem hann sjálfur er flutningsmaður að, kemur fram að í áætlun um fjáröflun standa 22 millj. kr. sem er afgangur frá síðasta ári eða nokkru hærri fjárhæð en sú sem ég segi nú að sé innan skekkjumarka. Það er því alveg ljóst að áætlunin á síðasta ári hefur verið varkár og það er alveg ljóst að ef sú áætlun sem hér liggur fyrir stenst eins og áætlunin á síðasta ári er þó um einhvern smávegis greiðsluafgang að ræða þó að þessar 17 millj. kr. séu ekki teknar inn. Ég hygg að það sé því alveg ljóst að við erum að tala um fjárhæðir innan skekkjumarka. Við erum að tala um innan við 3% af heildartekjum Flugmálastjórnar. Ég hygg, herra forseti, að ekki þurfi að hafa um þetta fleiri orð.

[15:17]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka fyrir að hæstv. ráðherra reynir þó að vera þátttakandi í umræðunni. Það breytir því ekki að hæstv. ráðherra er einfaldlega að segja allt aðra hluti en fram komu í samgn. Ég fer þess á leit við hv. 1. þm. Vestf., formann nefndarinnar, að hann lýsi túlkun sinni í þessum efnum því að þráspurt var um það. Það er ósköp einföld spurning þess efnis: Mun það ekki verða tryggt á þeim þremur árum, á árinu 1999, árinu 2000 og árinu 2001, að það komi hækkun á framlagi úr ríkissjóði sem nemur þeim tölum sem hér hafa verið margraktar, 17 millj. 1999, 19 millj. árið 2000 og 21 millj. árið 2001? Mér nægir það ekki, virðulegi forseti, að menn fabúleri um einhver skekkjumörk. Það er allt annar hlutur. Ég tel eðlilegt að menn ljúki þessari áætlun á núlli. Það getur vel verið að einhver afgangur verði

á yfirstandandi ári. Það getur vel verið að menn hrökkvi yfir á yfirstandandi ári. Það er auðvitað einhver óvissa sem menn vita ekkert um. En það er eðli áætlunargerðar að hún gangi upp og ef hún gengur ekki upp þá liggi fyrir alveg klárt og kvitt áform um hvernig eigi að brúa það bil. Í þessu ljósi er fyrirspurn mín. Er ráðherrann ekki tilbúinn til að bakka upp yfirlýsingar stjórnarþingmanna í samgn. um að þessir fjármunir verði brúaðir við fjárlagagerð þeirra ára sem um ræðir? Ef hann er það ekki verður nefndin að taka málið aftur upp og ræða það milli umræðna. Það gefur auga leið. Þá er líka hæstv. ráðherra búinn að gera eigin flokksmenn að ómerkingum og það er enn þá verra.

[15:20]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur satt að segja svolítið á óvart að hv. þm. skuli halda sig svo mjög við þessar lágu fjárhæðir sem hann veit fullvel að eru innan skekkjumarka. Hér er *fyrir öllu vel séð. Það hefur verið þannig, t.d. á síðasta hausti* stóðu sakir þannig að við aukafjárlög þurfti aðeins að hnika til tölum í sambandi við þær áætlanir sem samgrn. hafði lagt fyrir Alþingi en í engu tilviki var það þannig að upp á vantaði fjármuni. Hv. þm. getur því ekki sagt að reynslan sé sú af þeim áætlunum sem ég hafi lagt fram um tekjuöflun að þær hafi ekki staðist. Ég skil þess vegna ekki hvers vegna hv. þm. talar í þessum tón.

Ég vil jafnframt taka það fram eins og ég sagði áður að ég tel að ekki þurfi að koma til þess að flugvallargjald hækki um næstu áramót, ekki einu sinni í samræmi við verðlag. Flugvallargjaldið hefur ekki hækkað í sex ár. Það hefur lækkað að raungildi ár frá ári. Þess vegna er ég að segja að ég á enn erfiðar með að skilja málflutning hv. þm.

Ég vil líka segja að það verða önnur mál og viðameiri í tengslum við flugmál til afgreiðslu og umræðu fyrir næstu fjárlagagerð og er ég þá að sjálfsögðu að hugsa um það hvernig verði staðið að endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar en ég skal ekki fara út í það enda er nú verið að vinna að undirbúningi þess máls sem væri auðvitað lengra kominn ef deiliskipulag hefði legið fyrir og tæknilegir möguleikar hefðu verið á því að ráðast fyrr í flugvallargerðina.

[15:22]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum ekki gera þessi mál neitt flóknari en þau eru. Hér er ekki um það að ræða að flugmálaáætlun sé sett á hvolf fjárhagslega út af því sem út af stendur. Ég hef hins vegar þráfaldlega upplýst að það væri yfirlýst í samgn. mörgum sinnum og hæstv. ráðherra hafður fyrir því og meira að segja um það getið að sú ákvörðun hefði verið tekin við ríkisstjórnarborðið sjálft um að þeir fjármunir sem hér er um að ræða til þess að endar mættu ná saman í þeirri áætlun sem við erum að samþykkja væru tryggðir. Hvort breytingar verða gerðar á þessari áætlun á næsta ári eða þar næsta er allt annað mál. Hér erum við að reyna að ljúka frágangi þessarar áætlunar til næstu fjögurra ára með viti bornum hætti. Ég skil ekki hvað það er djúpt á því eina svari sem eftir er leitað, hinu sama og hv. stjórnarþingmenn gáfu í samgn. mörgum sinnum og báru fyrir sig hæstv. samgrh. Jú, það verður tryggt í fjárlögum hvers árs sem framlög úr ríkissjóði að endar nái saman. Þessar 17 millj., þessar 19 millj., þessi 21 millj. þessar 22 millj. Af hverju í veröldinni er svona þungt að fá þetta fram? Eru menn eitthvað að ganga á bak orða sinna? Maður segir: Þetta eru smáar upphæðir. En ef menn geta ekki einu sinni staðið við þessar smáu upphæðir, hvað þá með hin stærri loforð?

En ég sé enga ástæðu til þess að eiga um þetta orðastað við hæstv. ráðherra miklu lengur. Hann ætlar greinilega ekki að gefa þessi vilyrði, gefa þessi loforð sem samflokksmenn hans hafa haldið á lofti í orði hans. Ég held að rétt sé að bíða eftir því að hv. formaður samgn. geri þetta ljóst.

[15:24]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki enn á því um hvað hv. þm. er að spyrja. Ég held að honum hljóti að vera ljóst að í sambandi við fjárlagagerð hverju sinni er óskað eftir því við samgrn. að það leggi fram nýjar tekjuáætlanir, bæði í vegáætlun og flugmálaáætlun, sem eru nauðsynleg undirgögn við gerð fjárlaga hverju sinni. Þess vegna er augljóst mál að tekjuáætlun flugmálaáætlunar kemur til endurskoðunar á hausti komanda. Það gerist alltaf í sambandi við fjárlög.

*Ég hygg að við getum verið sammála um það*, ég og hv. þm., að eins og þau gögn liggja fyrir sé við því að búast að tekjurnar verði heldur meiri en minni og að Flugmálastjórn sé afturhaldssöm í sambandi við tekjurnar. Ég hygg að við getum verið sammála um það. Þess vegna held ég að ekki komi til þess að nauðsynlegt verði að brúa eitthvert bil frá framkvæmdaáætlun eins og hún er á næsta ári en við þekkjum það báðir að á þessari stundu er ekki hægt að slá neinu föstu um það hvernig tekjuspáin verður fyrir næsta ár þegar við erum farin að tala um 5 eða 10 millj. kr. til eða frá. Það eru engar forsendur til þess á þessari stundu.

[15:26]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson)**:

Virðulegi forseti. Af því að sérstaklega var leitað eftir því að ég greindi frá því hvernig þessi mál horfðu við okkur í samgn. Alþingis er nauðsynlegt að ég reki málið aðeins betur.

Eftir að flugmálaáætlun var lögð fram í haust gerðist það að ákveðið var að leggja fram nýtt frv. sem hafði veruleg áhrif á tekjuþátt flugmálaáætlunar og þar með að sjálfsögðu um leið á útgjaldaþáttinn líka. Niðurstaðan varð sem sagt sú að leggja fram frv. sem fól í sér afnám eldsneytisgjaldsins sem raskaði tekjuforsendum flugmálaáætlunar.

Eins og hér hefur komið fram er í raun og veru enginn pólitískur ágreiningur við neinn aðila um að það sé skynsamlegt og eðlilegt að fella niður eldsneytisgjaldið. Spurningin var þá þessi: Hvernig ætluðu menn að vinna úr þessu? Hvernig ætluðu menn að mæta því að talsvert minni tekjur yrðu til ráðstöfunar á flugmálaáætlun en við höfum gert ráð fyrir þegar við lögðum af stað með þetta mál?

Strax í upphafi var gert ráð fyrir því að þessu yrði mætt með tilteknum ráðstöfunum, m.a. með lækkun á framlögum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og ýmsu öðru móti, en engu að síður lá fyrir alveg frá upphafi og var gerð rækilega grein fyrir því þegar þessi mál voru rædd að það þyrfti að taka á þessu máli enn þá frekar. Þess vegna var það þannig að þegar samgn. fékk málið til umfjöllunar leituðum við að sjálfsögðu eftir öllum tiltækum upplýsingum m.a. frá Flugmálastjórn um það hvað vantaði upp á til þess að hægt væri að ljúka málinu án þess að það þyrfti að koma til að skerða framkvæmdaáform þau sem sett voru fram í till. til þál. um flugmálaáætlun.

Niðurstaðan varð sú sem birtist í bréfi hæstv. samgrh. um að leggja til lítillega hækkun eða um 2,5% á flugvallargjaldi frá og með næstu áramótum. Eins og ég hef þegar rakið

er þetta mjög lítil hækkun. Ég held að það svari til 4 kr. á flugmiða innan lands, mig minnir að það sé 30 kr. eða eitthvað slíkt milli landa og þetta gjald hefur ekki hækkað að mig minnir í sex ár. Með öðrum orðum hefur orðið veruleg raunlækkun á þessu gjaldi. Þetta gjald vegur miklu minna núna en það gerði fyrir sex árum þegar síðasta hækkun átti sér stað. Jafnvel eftir þessa hækkun núna um 2,5% er raungildi þessa gjalds mun lægra en það var þá og vegur þess vegna miklu minna fyrir þá sem eru að nýta sér flugið.

Engu að síður varð ljóst að þessi hækkun dygði ekki að öllu leyti til þess að brúa þetta bil og það var keppikefli nefndarinnar að ganga ekki þannig frá flugmálaáætlun að það leiddi til nokkurrar skerðingar á framkvæmdaliðum. Okkur er það alveg ljóst að mjög mörg brýn verkefni bíða okkar í flugmálum út um allt land og á Reykjavíkurflugvelli eins og við þekkjum og víðar þannig að við urðum að ganga þannig frá málinu að ekki væri um að ræða skerðingu á framkvæmdaliðum áætlunarinnar.

Það kom fram í máli mínu í nefndinni að ætlunin væri að þessu yrði mætt þannig að flugmálaáætlun greiddi minni hluta af rekstri flugmálastjórnar en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi þegar till. til þál. að nýrri flugmálaáætlun var lögð fram. Nákvæmlega eins og alltaf hefur verið gert þegar þessum lið hefur verið breytt í meðförum þingsins er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að það leiði ekki til samsvarandi skerðingar á rekstri Flugmálastjórnar. Það er ekki það sem verið er að tala um. T.d. á miðju ári er ljóst að 13 millj. kr. lækkun á framlögum til rekstrar mundi hafa þannig áhrif að ekki væri hægt að mæta því þannig að auðvitað er gert ráð fyrir því að þessu verði mætt í fyrsta lagi á þessu ári með sérstakri fjárveitingu og síðan að það verði að brúa bilið á fjárlögum ef ekki vill annað til.

Auðvitað getur verið svo, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að tekjuforsendurnar séu varfærnislega settar fram, tekjurnar verði meiri og við getum endurskoðað flugmálaáætlunina á næsta ári í ljósi þess. Guð láti þá bara gott á vita. Það þýðir vaxandi umsvif í þessari atvinnugrein og vaxandi umsvif í landinu. En það er alveg augljóst að forsenda þessarar þáltill., eins og hún er lögð fram af nefndinni, er sú að við ætlum ekki skerða framkvæmdaliðina frá því sem orðið er. Auðvitað er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Flugmálastjórn beri mikla skerðingu á framlögum til rekstrar með hagræðingu eða slíku. Það verður að mæta því sérstaklega og við höfum alltaf gert ráð fyrir því.

Hvað mig áhrærir er málið ljóst. Það var forsendan fyrir því sem við ræddum í nefndinni og það er alveg rétt sem hér hefur komið fram, við höfum alltaf gert ráð fyrir því að Flugmálastjórn yrði bætt tekjutapið með einhverju öðru. Það er vissulega afbrigðilegt út frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi að flugmálaáætlun mundi leggja til rekstrarins. Það er stefnubreyting sem varð fyrir nokkrum árum við misjafnlega mikinn fögnuð en það er niðurstaðan. Það sem við erum einfaldlega að gera hér er að ganga frá því að flugmálaáætlunin taki bara að nokkru leyti þátt í rekstrinum en að öðru leyti verður að borga reksturinn eins og gert hefur verið á undanförnum árum og gert er ráð fyrir hér. Það væri þá með því að ríkið komi að því með þeim hætti sem því ber.

[15:32]

**Guðmundur Árni Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. greinargerð hans og skýringar. Ég vissi auðvitað fyrir að hann er drengur góður og hann segir auðvitað satt og rétt frá því hvernig þessi mál gengu fyrir sig. Hann skýrir auðvitað hvernig nefndin lítur á að nálgast eigi vandann, sem er stór eða lítill eftir því hvernig á það er litið, en er engu að síður upp á 70 millj. kr. á áætlunartímabilinu og það er auðvitað umtalsverð fjárhæð. Hann hefur staðfest það hér og nú að miðað við þær forsendur sem við byggjum nú á verði sá vandi leystur á yfirstandandi ári í fjáraukalögum og á næstu þremur árum í fjárlögum með hækkuðum framlögum. Ég er þá að tala um miðað við þær forsendur sem eru núna. Við getum auðvitað ekki talað út frá neinum öðrum forsendum. Það getur vel verið að tekjurnar reynist meiri, tekjurnar reynist minni og útgjöldin reynist hærri af einhverjum óhjákvæmilegum ástæðum. Það er málefni morgundagsins. Nú erum við að fjalla um það sem liggur á borðinu.

Auðvitað er það fagnaðarefni að hv. form. samgn., samflokksmaður hæstv. samgrh., hefur gert bragarbót, hefur talað í orðastað ráðherrans og gert alveg skýrt hver vilji hans er. Ég vænti þess auðvitað að hann gangi eftir við fjárlagagerð á hausti komanda þó að hæstv. samgrh. hafi verið á flótta og hlaupið undan með útúrsnúningum og kjánagangi. Það er vandamál hans. Málið er skýrt í huga mínum.

[15:34]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist við þessa umræðu því að mér óar við því að það eigi að samþykkja áætlunina eins og hún liggur fyrir. Ég segi það alveg eins og er. Því miður hef ég ekki getað fylgst með störfum hv. samgn. sem áheyrnaraðili eins og ég gerði undanfarin tvö ár. Ég hef því ekki átt þess kost að heyra öll rök í þessu máli. En ég hef auðvitað fylgst með þeirri umræðu sem hefur farið hér fram og það veldur mér mjög miklum vonbrigðum að ekki hafi verið gerð breyting á áætluninni eins og hún var lögð fram.

Þá á ég fyrst og fremst við það fjármagn sem er ætlað til Reykjavíkurflugvallar. Mér finnst ábyrgðarhluti af hv. Alþingi að ætla að samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir með aðeins 29 millj. kr. framlagi til endurbóta á Reykjavíkurflugvelli. Ég legg áherslu á að þetta er ekki dæmigert kjördæmamál heldur er um að ræða hagsmuni landsmanna allra og áhugamál landsmanna allra. Það er kannski ekki síður hagsmunamál landsbyggðarmanna sem nota þessa lífæð mikið.

Menn hafa stundum rætt í fullri alvöru að innanlandsflugið þyrfti að flytjast í burtu frá Reykjavík, völlurinn væri fyrir í skipulaginu og við vitum að skoðanir eru skiptar um það efni. Ég held að það verði ekki gert, a.m.k. ekki í náinni framtíð og ekki með samgöngur eins og þær eru, t.d. við Keflavíkurflugvöll. Þeir sem hafa reynt það, og margir landsmenn hafa reynt það, að bíða eftir flugi út á land og þurft að hafa samband mörgum sinnum á dag til þess að kanna hvort flogið yrði eða ekki, hugsa til þess með hryllingi ef völlurinn væri fluttur.

Ég segi að það sé ábyrgðarhluti að samþykkja fjárhæðina eins og hún er. Ég þarf ekki að leita annarra raka en þeirra sem koma fram í grg. með ályktuninni þar sem fjallað er um ástandið á Reykjavíkurflugvelli. Vitnað er til skýrslu sem gerð var árið 1995 um ástand flugbrauta, akbrauta og flughlaða. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu, sem orðin er þriggja ára gömul, eru að ástand flugbrautanna sé alls óviðunandi.

Hér er talið upp í átta liðum hvað gera þurfi til þess að bæta um þannig að öryggismálum sé sómasamlega fyrir

komið. Það er fjallað um ýmislegt í þessum liðum og helstu einkunnirnar eru „mjög víða ófullnægjandi", og „almennt alls ófullnægjandi", „akbrautir uppfylla nánast engar af þeim rúmfræðilegu kröfum sem til þeirra eru gerðar", „merkingum áfátt", „ljósabúnaður rangt staðsettur", malbikið er í misjöfnu ástandi", „steypan sums staðar heilleg en annars staðar mikið brotin", „burður nokkuð misjafn" og í áttunda lið er t.d. sagt svo: „Hins vegar benda falllóðsmælingar til að burður sé hlutfallslega lakari þar sem steypan er brotin og þar sem hana vantar en þar sem steypan er enn í góðu lagi." Og skyldi nú engan undra að svo sé eins og hér er lýst.

Þessu lýkur með orðunum: „Eins og fram kemur er ástand flugbrautanna alls óviðunandi þegar það er borið saman við þá staðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur sem skilyrði og/eða mælist til að notaðir séu fyrir flugvelli."

Þetta ástand getur auðvitað ekki gengið. Þær umsagnir sem flugmenn hafa gefið um ástand þessa flugvallar sem þeir þurfa að nota eru ófagrar og nánast hrollvekjandi lýsingar. Hægt væri að vitna í margt af því sem þeir hafa sagt en það verður ekki gert hérna. Ég legg áherslu á að þetta er ástand sem við eigum ekki að sætta okkur við og það er ábyrgðarhluti að samþykkja þetta.

Ég hef hlustað á rökin sem hafa komið fram í máli hæstv. samgrh. og talsmanna þessarar áætlunar en ég er ekki sátt við viðhorf þeirra. Vísað er til þess að nýlega sé búið að ná samkomulagi um deiliskipulag og fyrirkomulag þessara mála en enginn þarf að segja mér að eftir að þessar skýrslur hafa verið gerðar og athuganir og niðurstöður fengnar sé ekki búið að gera einhverjar áætlanir um úrbætur. Það ætti ekki að þurfa mikinn undirbúning til þess að vinda sér í þær framkvæmdir sem bráðnauðsynlegar eru. Þetta er öryggismál og brýnt hagsmunamál landsmanna allra. Ég segi enn og aftur að það er ábyrgðarhluti að ætla að samþykkja tillöguna eins og hún er með svona lítið fjármagn til þeirra bráðnauðsynlegu endurbóta sem þurfa að fara fram á Reykjavíkurflugvelli og það þegar í stað.

[15:41]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að það hefði margsinnis komið fram á hinu háa Alþingi að samgrn. og Flugmálastjórn hefðu mikinn áhuga á því að fara í framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll. Eins og staðan er núna liggur fyrir að skipulagsstjóri hefur bréflega skýrt flugmálastjóra frá afstöðu borgarstjóra. Bréfi borgarstjóra hefur flugmálastjóri svarað, þar var lögð til nokkur orðalagsbreyting og er við því að búast að samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Flugmálastjórnar geti hist mjög bráðlega. Ég vonast til þess að þá verði hægt að ganga frá deiliskipulagi flugvallarins.

Það liggur á hinn bóginn alveg ljóst fyrir að ekki er hægt að ganga frá hönnun nýs flugvallar eða endurbóta á flugvellinum, útboðsgögnum og öðru slíku fyrr en deiliskipulagið liggur fyrir og er fullfrágengið. Eins og sakir standa hljótum við að stefna að því hægt verði nú á hausti komanda eða í byrjun næsta árs að bjóða verkið út og ganga frá fjáröflun vegna verksins.

En ég er alveg sammála hv. þm. um að auðvitað hefði verið miklu betra að ljúka við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli miklu fyrr. Við verðum líka að horfast í augu við það að úttekt á verkinu hafði ekki farið fram. Hér er um mjög viðkvæmt svæði að ræða umhverfislega. Þess vegna var nauðsynlegt að ákveðnar rannsóknir færu fram og til þeirra yrði vandað, á náttúrufari og öðru því líku áður en til verksins yrði gengið. Því miður hefur undirbúningurinn ekki gengið hraðar en þetta og þar er ekki hægt að segja að við í samgrn. eigumst einir við þegar að þeim þætti kemur.

[15:44]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra bætti svo sem engu við þá vitneskju sem borin hefur verið á borð fyrr í umræðunni. Það hefur komið fram að beðið hafi verið eftir niðurstöðum og samkomulagi og að það þarf auðvitað að liggja fyrir deiliskipulag og umhverfismat o.s.frv. Það sem ég er að segja er að í þessu máli hefur verið sleifarlag.

Fyrir þremur árum, frekar en tveimur, fullyrtu margir að ástand flugvallarins væri þannig að honum ætti hreinlega að loka. Þó að beðið sé eftir deiliskipulagi og öðrum undirbúningi þá hefur það væntanlega ekki verið til umræðu að gjörbreyta öllu fyrirkomulagi á þessum flugvelli. Það ætti ekki að þurfa að vera svo flókið og mikið mál að undirbúa þessar nauðsynlegu framkvæmdir. Nú er komið svar frá borginni, segir hæstv. ráðherra, og það er vel. Þó svarið hefði ekki verið komið tel ég að með tilliti til ástands flugvallarins hefði átt að gera ráð fyrir miklu meira fjármagni svo hægt væri að komast í þessar bráðnauðsynlegu framkvæmdir um leið og unnt verður.

[15:45]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað vakir fyrir hv. þm. Hann talar um sleifarlag í samgrn. eða hjá Flugmálastjórn eða hjá hverjum? Kannski hjá hv. borgarstjóra sem er fjarverandi umræðurnar. Fyrir liggur að deiliskipulag er ekki frágengið.

Í gær og í dag voru bréfaskipti milli flugmálastjóra og borgarinnar. Eins og fram kemur í þessum bréfum leggjum við áherslu á að samstarfsnefnd Flugmálastjórnar og borgarstjóra geti hist mjög fljótlega og ég vona að þar verði samkomulag um orðalag. Vitanlega er ljóst að ekki er hægt að bjóða út verk fyrr en deiliskipulag liggur fyrir og stöðuleyfi flugvallarins, þar sem hann er núna. Ég skil ekki hvernig hv. þm. dettur í hug að búast við að hægt hefði verið að ljúka framkvæmdum við flugvöllinn eða hefja endurbætur á flugvellinum kannski fyrir þremur árum, löngu áður en borgin hafði farið yfir þau mál hjá sér, gert sér grein fyrir framtíðarstöðu flugvallarins og þar fram eftir götunum.

Auðvitað er stöðuleyfi flugvallarins forsenda þess að hægt sé að ráðast í endurbætur. Við erum að tala, herra forseti, um hálfan annan milljarð króna í endurbætur á flugvellinum. Ef við tölum um flugstöðina til viðbótar þá snýst þetta um tvo milljarða króna. Það er því ekki hægt að hlaupa í slíkt nema fullkomið samkomulag sé milli Flugmálastjórnar og borgaryfirvalda um það hvernig halda skuli á málinu. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. á við með sleifarlagi. Má vera að hv. þm. finnist vera sleifarlag á því hvernig haldið hafi verið á þessum umræðum af hálfu borgarstjóra og samgrh. sameiginlega? Má vera.

[15:47]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástand Reykjavíkurflugvallar sem ég hef gert hér að umræðuefni hefur lengi legið fyrir. Vilji yfirvalda til að taka á málinu kemur fram í fjárveitingum. Ég hef gagnrýnt það. Það hefði verið hægt að leggja meira fé til flugvallarins, þá loksins að ætlunin er að vinda sér í þessa lífsnauðsynlegu framkvæmdir. Hugmyndum um framlög til

flugvallarins var frestað og úr þeim dregið þegar til komu framkvæmdir við álverið á Grundartanga á síðasta ári. Þá þótti brýnna að snúa sér að framkvæmdum á Grundartanga en að lagfæra flugvöllinn í Reykjavík. Ég minni á það, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Loftferðir, 3. umr.*

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100.

[15:49]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Frv. til laga um loftferðir sem hér hefur verið rætt kom til meðferðar hv. samgn. að nýju milli 2. og 3. umr. Nefndin hefur fjallað um málið.

Meiri hlutinn leggur hér fram framhaldsnefndarálit á þskj. 1182, ásamt breytingartillögum, og leggur til að frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr., verði samþykkt með minni háttar breytingum. Lagt er til að orðið varðhald verði fellt brott úr 32. og 141. gr. frumvarpsins og er það í samræmi við frumvarp dómsmálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um afnám varðhaldsrefsingar og stefnt er að afgreiðslu á nú í vor. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með svofelldum breytingum:

1. Við 32. gr. Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. falli brott.
2. Við 141. gr. Orðið „varðhaldi“ falli brott.

Undir þetta framhaldsnefndarálit skrifa auk undirritaðs hv. þm. Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen.

[15:51]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um loftferðir, sem hefur fengið allítarlega umfjöllun hér í þingsal. Ég vil benda á ýmis atriði sem fram komu í málflutningi minni hluta samgn. við það tækifæri. Ég ætla ekki að reifa þau efni sem þar voru tekin upp, heldur ætla ég fyrst og fremst dvelja við þá tillögu að lagabreytingu sem kom frá hæstv. samgrh. milli umræðna og snertir 7. gr. frv.

Ég mun gera hlé á máli mínu, hæstv. forseti, þar til hæstv. samgrh. og form. samgn. eru komnir í salinn. Ég mun ekki halda máli mínu áfram fyrr en báðir þessir aðilar eru komnir í salinn. Hér er á ferðinni alvörumál sem við þurfum að ræða ofan í kjölinn áður en frá því verður gengið.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. samgrh. gangi í salinn — hann hefur nú þegar gert það.)

(**Samgrh.:** Ég heyrði allt hv. þm. sagði. Annars hélt ég að það væri sam ... á milli við Alþb.)

Ég heyrði ekki alveg hvað fólst í þessu geðvonskuframmíkalli hæstv. ráðherra en hann var eitthvað að tala um samkomulag milli flokka hér í þingsalnum. Við erum að fjalla um lagabreytingar sem hæstv. samgrh. þarf að taka alvarlega og vart til of mikils ætlast að hann sýni lágmarkskurteisi gagnvart þeim þingmönnum sem taka þátt í þessari umræðu. Hann hefur ekki sýnt hana við umræðuna í dag, heldur snúið upp á sig og reynt að komast hjá því að taka þátt í málefnalegri umræðu. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, fyrr í umræðunni, að framkoma af þessu tagi er ekki til þess fallin að stytta umræðuna. Menn munu finna sér sitthvað til að fara orðum um hér í ræðustól ef hafa á í frammi framkomu af þessu tagi í þinginu.

Ég ætla fyrst og fremst að dvelja við 7. gr. frv. en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.“

Við fyrri umræðu um frv. þótti sýnt að hér væri verið að opna fyrir einkavæðingu flugvalla og samgrh. gefin heimild til að fara sínu fram í því efni. Í framhaldinu, vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom, lagði hæstv. samgrh. fram svohljóðandi brtt. við þessa grein:

„Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun“.

Hér með var gefið í skyn að tryggt væri að allar breytingar sem gerðar yrðu á rekstrarformi kæmu til rækilegrar umfjöllunar á Alþingi, annaðhvort í tengslum við fjárlög eða flugmálaáætlun. Fjárhagslegar skuldbindingar ættu samkvæmt þessu að fara í gegnum fjárlagaumræðu og annað sem snertir flugmálin þyrfti að taka upp í tengslum við flugmálaáætlun.

Því miður felst engin ótvíræð trygging í þessari lagabreytingu. Í því sambandi vil ég rifja upp hvernig hugmyndir um hugsanlega einkavæðingu Reykjavíkurflugvallar voru kynntar og í hvaða samhengi þær voru kynntar. Þær voru fyrst kynntar á fundi sem hæstv. fjmrh. boðaði til 18. febrúar. Þar kynnti hann almenningi hugmyndir sínar um einkaframkvæmd sem svo er nefnd. Þar er vísað sérstaklega til Breta. Einkaframkvæmd er þýðing á bresku hugtaki, PFI, Private Finance Initiative heitir það á enskri tungu og ég mun skýra nánar hvað í því felst. Í nefndaráliti vinnunefndar hæstv. fjmrh. segir m.a. og hér vísa ég í nefndarálit sem kynnt var á þessum fundi, 18. febrúar sl. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Einkaframkvæmd er bæði tímafrek og dýr í útfærslu. Við val á verkefnum þarf að leggja höfuðáherslu á þau verkefni sem skila mestri arðsemi fyrir þjóðfélagið. Nefndin leggur til að ríkisstjórnin samþykki að leggja áherslu á að færa verkefni ríkisins til einkaaðila með einkaframkvæmd á næstu árum. Nefndin hefur haft til skoðunar eftirfarandi verkefni sem öll eru á framkvæmdaáætlun ráðuneytanna og fyrirsjáanlegt er að „ráðist verði í á næstu árum.“ Hér eru efst á blaði: Reykjavíkurflugvöllur, heilsugæsla á höfuðborgarsvæði, Iðnskólinn í Hafnarfirði, gæsluvarðhaldsfangelsi.

Lagt er til að þessi verkefni verði tekin til nánari skoðunar til að meta hagkvæmni þess að þau verði felld undir einkaframkvæmd.“

Hér vitna ég í skýrslu sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, kynnti á opnum fundi hinn 18. febrúar sl.,

um einkaframkvæmd. Hér er hæstv. fjmrh. ríkisstjórnarinnar að kynna okkur að til standi að kanna möguleikana á því að einkavæða Reykjavíkurflugvöll. Síðan fáum við frv. frá hæstv. samgrh. þar sem opnað er fyrir þessa möguleika.

Í kjölfar gagnrýni sem fram kemur á Alþingi setur hæstv. samgrh. fram þá hugmynd að fjárveitingar í þessa veru þurfi að vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun.

Hvað er einkaframkvæmd? Ég held að það þurfi að fara um það nokkrum orðum til að skilja hvers vegna lítið hald er í þessari lagabreytingu. Einkaframkvæmd opinberra verkefna felur í sér að einkaaðilum, einkafyrirtækjum, er falið að reisa og reka opinbera starfsemi, reisa fyrirtæki sem rúma opinbera starfsemi og reka hana síðan. Dæmi um slíkt sem tilraunir hafa verið gerðar með í Bretlandi eru t.d. fangelsi og nú er undirbúningur að einkaframkvæmd hjá mörgum sjúkrahúsum. Menn hafa gert þetta í vegagerð og ýmsum öðrum opinberum framkvæmdum. Þá er einkaaðilinn fenginn til þess að reisa fangelsið, reisa sjúkrahúsið og síðan reka það.

Einkaaðilinn aflar lánsfjárins. En hverjar eru skuldbindingar opinbera aðilans, því þetta getur átt við ríki og sveitarfélög? Skuldbindingar hans eru að sjá einkaaðilanum fyrir notendum, hvort sem það eru fangar í fangelsin, sjúklingar í sjúkrahúsin eða þess vegna flugvélar á flugvellina o.s.frv. Hvers vegna skyldi þetta höfða til stjórnvalda, ríkisstjórna og bæjarstjórna? Hvers vegna skyldi þetta höfða til þessara aðila? Vegna þess að hægt er að stofna til framkvæmda án þess að leggja út fyrir þeim eina einustu krónu. Hinum fjárhagslegu skuldbindingum er velt yfir á framtíðina. Í stað þess að ríkið eða sveitarfélög taki peninga að láni og sýni í sínum reikningum að hafin sé vinna við nýtt sjúkrahús eða við að reisa nýtt fangelsi eða skóla og þar fram eftir götunum, þá hefur einvörðungu verið gerður þessi rammasamningur við einkafyrirtæki um að takast á hendur þessa starfsemi. Og peningarnir, hinar fjárhagslegu skuldbindingar er ekki að finna í opinberum reikningum. Hjá ríkjum Evrópusambandsins sem eru að bisa við að fá aðild að hinni evrópsku mynt, þurfa menn að sýna fram á að ríkisbúskapurinn eða hinn opinberi búskapur standist vissar kröfur. Ein af þeim kröfum sem gerðar eru á hendur viðkomandi ríkjum er að skuldastaðan sé undir vissu lágmarki.

Nú ætla ég aftur, herra forseti, að gera hlé á mínu máli þar til formaður samgn. sem ber ábyrgð á þessu máli er kominn hingað aftur í salinn og reyndar væri athugandi og umhugsunarefni fyrir hæstv. fjmrh. hvort hann ætlar ekki að vera viðstaddur umræðu þar sem rætt er um grundvallarþætti í fjármálastjórn íslenska ríkisins. Ég er ekki að gera kröfu um þetta. En ég velti því fyrir mér hvort ekki sé ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. að vera viðstaddur umræðu af þessu tagi þar sem fjallað um grundvallaratriði í fjármálastjórn ríkisins. En ég er ekki að gera um þetta kröfu. Á síðari stigum munum við að sjálfsögðu taka upp viðræður við hæstv. fjmrh.

Ég þakka fyrir að formaður samgn. skuli vera kominn í salinn. Reyndar er það umhugsunarefni fyrir Alþingi af hve mikilli léttúð hæstv. ráðherrar og sá sem hér gengur fyrir framan stólinn kannski sérstaklega og ýmsir aðrir stjórnarþingmenn taka umræðu hér. Ég tek eftir því t.d. að ekki er einn einasti framsóknarmaður í salnum. Þeir láta ekki svo lítið að hlusta á rök sem sett eru fram í málinu. Vel kann að vera að þingmenn sitji við sjónvarpsskjáinn á sínum skrifstofum og hlýði á umræður. Þetta er nokkuð sem við ekki vitum. En mér finnst það umhugsunarefni af hve mikilli léttúð og hve mikla vanvirðu menn sýna umræðu um háalvarleg efni eins og þessu. Ríkisstjórnin virðist vera orðin vön því að geta farið með meiri hlutann sem stendur á bak við hana að vild, sett fram fyrirskipanir og síðan hrist hausinn eins og hæstv. samgrh. gerði áðan með vandlætingu þegar menn eru beðnir um að taka þátt í málefnalegri umræðu.

En hér erum við því miður að tala um mikið alvörumál og við erum að tala um grundvallarstefnu í íslenskri efnahagsstjórn sem hefur verið kynnt af ríkisstjórn Íslands þar sem m.a. var um það rætt að til stæði að skoða möguleikana á því að einkavæða Reykjavíkurflugvöll. Við viljum fá um þetta umræðu og við viljum fá tryggingu fyrir því að ekki verði ráðist í slíkar breytingar án þess að Alþingi komi þar að máli. Okkur er sagt að sú tillaga um lagabreytingu sem hæstv. samgrh. hefur sett fram eigi að tryggja þetta og ég er að færa rök fyrir því að svo sé ekki. Hvers vegna ekki? Vegna þess að hægt er að ráðast í þessar breytingar og framkvæmdir án þess að til komi fjárhagslegar skuldbindingar á fjárlögum. Við erum að tala um skuldbindingar sem velt er yfir á framtíðina og það er þetta sem freistar opinberra aðila nú að taka upp svokallaða einkaframkvæmd. Það hefur sýnt sig að það á ekkert síður við um ríkisstjórn Verkamannaflokksins í Bretlandi en Íhaldsflokksins. Verkamannaflokkurinn hefur tekið upp stefnu Johns Majors í þessu efni. Þessari stefnu var hleypt af stokkunum upp úr 1990. Árið 1992 var fyrst ráðist í einkaframkvæmd í Bretlandi og nú hefur komið á daginn að verkamannastjórn Tonys Blairs ætlar að hafa nákvæmlega sama hátt á. Og hvers vegna? Vegna þess að þetta býður upp á bókhaldsbrellur. Þetta býður upp á að menn geti orðið við þeim kröfum t.d. sem gerðar eru vegna hinnar evrópsku sameiginlegu myntar um skuldastöðu ríkisbúskaparins vegna þess að þær skuldbindingar sem menn gera sjást ekki á ríkisreikningum. Á málfundi, á opinberum fundi sem efnt var til fyrir nokkru síðan á vegum BSRB talaði fulltrúi breskra verkalýðssamtaka sem hafa rannsakað þessi efni, Margie Jaffe að nafni. Hún var spurð hvort opinberir aðilar hefðu yfirsýn yfir fjárhagslegar skuldbindingar sem ráðist hefði verið í í tengslum við einkaframkvæmd PFI, Private Finance Initiative í Bretlandi. Hún upplýsti að um þetta væru engar upplýsingar, það lægju engar upplýsingar fyrir vegna þess að hinar fjárhagslegu skuldbindingar er ekki að finna í ríkisreikningum eða reikningum sveitarsjóða. En þetta er jafnframt skýringin á því að þetta er freistandi fyrir stjórnvöld og þess vegna þegar hæstv. samgrh. segir okkur að komin sé trygging fyrir því að mál af þessu tagi fái rækilega umfjöllun á Alþingi vegna þess að þetta verði rætt í tengslum við fjárlög, þá er það nú álitamál. Þá kann það að orka tvímælis og væri fróðlegt að heyra útlistanir hæstv. samgrh. á því efni.

Tvennt hefur valdið því að einkaframkvæmd hefur notið vinsælda í Bretlandi og á eflaust eftir að gera það víðar. Það eru annars vegar pólitískar ástæður, hugmyndafræðilegar pólitískar ástæður. Breska íhaldið tók þetta fyrst upp. Og einnig efnahagslegar og bókhaldslegar ástæður sem skýra það hvers vegna Verkamannaflokkurinn breski hefur einnig tekið þetta upp þó að þar kunni einnig að liggja pólitískar ástæður að baki enda sá flokkur genginn mjög langt til hægri þegar saga hans er skoðuð og farinn að taka upp ýmsa siði sem breska íhaldið hefur innleitt í bresku samfélagi, allt of marga siði.

Í þessu ljósi tel ég að Alþingi verði að skoða þær lagabreytingar sem hæstv. samgrh. hefur lagt fram. Ég óska eftir

nánari skýringum hans á eftir eða að hann geri þinginu grein fyrir því hvernig hann telji að tillaga hans að lagabreytingu tryggi að rekstrarformsbreyting á Reykjavíkurflugvelli t.d. fengi ræki lega umfjöllun á Alþingi.

Áður en ég hverf frá þessu máli langar mig að víkja nokkrum orðum að reynslunni af einkaframkvæmd á Bretlandi vegna þess að hún er því miður ekki mjög beysin. Því miður, segi ég, vegna þess að ég hef trú á því að íslensk stjórnvöld hyggist taka þetta fyrirkomulag upp og það er vægast sagt ógnvekjandi.

Á fundinum 18. febrúar þar sem hæstv. fjmrh. kynnti einkaframkvæmd í opinberum verkefnum vísaði hann í reynslu Breta m.a. á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Þessari aðferð hefur verið beitt með góðum árangri í ýmsum löndum. Af þeim löndum sem næst okkur liggja hafa Bretar náð lengst. Þar hefur einkaframkvæmd verið beitt við rekstur vega, fangelsa, sjúkrahúsa, skóla og upplýsingakerfa. Árangur af einkaframkvæmd birtist m.a. í eftirfarandi tölum: Í verkefnum á sviði vegagerðar hefur kostnaður verið 15% lægri að jafnaði en ef ríkið hefði annast vegarlagninguna og rekstur veganna verið með hefðbundnum hætti. Með útboði á byggingu, fjármögnun og rekstri fangelsa hefur árlegur kostnaður reynst vera 10% lægri en gera mátti ráð fyrir ef ríkið hefði sjálft annast verkefnið. Dæmi eru um að kostnaður við að fela einkaaðilum rekstur umfangsmikilla tölvukerfa hafi verið ríflega helmingi lægri en sambærileg verkefni á vegum ríkisins."

Því miður standast þessar upplýsingar ekki. Þeir aðilar sem hafa kannað þessi mál í Bretlandi, þ.e. ríkisendurskoðunin breska og endurskoðunarnefnd sem starfar á vegum breska þingsins hafa komist að annarri niðurstöðu en hér greinir frá t.d. varðandi vegagerðina. Þessar tölur sem hér eru nefndar eru ekki réttar nema hvað snertir fangelsin. Þar mun í einu tilviki hafa tekist að ná tilkostnaðinum niður um það hlutfall sem hér er nefnt. En það kom líka fram í yfirheyrslu í breska þinginu að allur sparnaðurinn hafði náðst með því að greiða starfsmönnum lægri laun.

Það er að koma á daginn núna að þetta fyrirkomulag þegar upp er staðið er miklu dýrara fyrir hið opinbera en hefðbundinn byggingarmáti og rekstur. Vegna þess að lántakan fyrir það fyrsta er miklu dýrari. Það er dýrara fyrir einkaaðila að taka lán en fyrir opinbera aðila. Hvers vegna? Vegna þess að hjá opinberum aðilum eru taldar vera traustari tryggingar og það er ávísun á lægri vexti og minni tilkostnað af láninu.

Annað er að samningar sem þessu tengjast hafa reynst mjög dýrir, mjög dýrir. Það hafa verið nefndar háar tölur í því sambandi og verktakar hafa kvartað undan þessu. En hinir pólitísku menn trúðu því að einkaframkvæmdin mundi þegar upp væri staðið reynast miklu hagkvæmari og tilkostnaðurinn yrði minni fyrir bragðið. Þetta hefur heldur ekki reynst vera rétt. Tilkostnaðurinn hefur vaxið upp úr öllu valdi.

Til dæmis hefur verið bent á að frá því að upphaflegar áætlanir voru gerðar og þar til niðurstöður lágu fyrir hefur tilkostnaðurinn aukist t.d. í heilbrigðisþjónustunni um 72%. Frá því að upphaflegar áætlanir voru gerðar og þar til málin voru nýlega könnuð hefur kostnaðurinn rokið upp úr öllu valdi.

Ég ætla að nefna nokkur sjúkrahús. Bishop Auckland sjúkrahúsið, upphafleg áætlun 26 millj. punda. Nýjasta áætlun 52 millj. punda. Kostnaðaraukning samkvæmt áætluninni um 100%. Bromley, 80 millj. pund, nýjasta áætlun 120 millj. punda, 50% hækkun. Carlisle, upphafleg áætlun 48 millj. punda, nýjasta áætlun 63 millj. punda. Aukningin um 31%. Dartford, 97 millj. punda, nýjasta áætlun 137 millj. punda, 41% hækkun.

Og svona mætti áfram telja. Samtals nemur þessi kostnaðaraukning samkvæmt áætlunum á einum 14 sjúkrahúsum 72%, frá 766 millj. punda í 1.314 millj. punda. Með öðrum orðum, frá því lagt var af stað og upphaflegar áætlanir voru gerðar og þar til komið er sögu nú hefur kostnaðurinn eða áætlaður kostnaður aukist að meðaltali um 72%.

Á þessu fyrirkomulagi hafa því verið sýndar ýmsar mjög alvarlegar brotalamir enda er það svo að í ræðunni sem hæstv. fyrrv. fjmrh. flutti á fundinum 18. febr. benti hann á að ákveðnar hættur fylgdu þessu fyrirkomulagi. „Þessi aðferð gæti" — og ég vitna, með leyfi forseta, beint í hæstv. fyrrv. fjmrh. — „boðið heim freistingu, ekki síst fyrir stjórnmálamenn því að ábyrgð ríkisins er mikil. Framkvæmdir sem setið hafa á hakanum vegna fjárskorts komast allt í einu á dagskrá þar sem utanbókhaldsaðferð einkaframkvæmdar hefur síður áhrif á reikningsskil ríkisins en venjulegar opinberar framkvæmdir. Slíkt kann að leiða til þeirrar hugsunar sem við þekkjum svo vel: Framkvæmum nú og greiðum síðar."

Þetta er úr ræðu hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, sem þó jafnframt kynnti okkur og kynnti þjóðinni að til stæði að fara út á þessa braut, enda þótt öll rök hnígi síðan í gagnstæða átt. En freistingin er svo mikil og áköf að geta blekkt með bókhaldi að menn telja að þeir geti ekki haldið aftur af sér og setja síðan fram þessa stefnu.

Það er sérstök ástæða til að fylgjast rækilega með gjörðum hæstv. samgrh. Þegar við ræddum um hlutafélagavæðingu Pósts og síma hf., sem nú heitir, sagði hann Alþingi að svo lengi sem hann sæti þá stæði ekki til að selja þessa stofnun. Það eitt stæði fyrir dyrum að gera hana að hlutafélagi. Núna nokkrum mánuðum síðar kemur hann fram fyrir þjóðina og talar um nauðsyn þess að koma símanum í verð og selja hann. Í því tilviki reyndust loforð hans og yfirlýsingar hér í þingsal lítils virði, það var lítið hald í þeim.

Ég sagði í umræðu um Póst og síma á sínum tíma að ég skildi mjög vel þá menn, þó að ég væri ekki sammála þeim, sem vildu gera Póst og síma að hlutafélagi og ætluðu sér síðan að selja það, að virkja markaðslögmálin, ég skil þá hugsun mætavel. Hina sagðist ég ekki skilja, hvers vegna menn á annað borð færu út á þessa braut ef þeir gerðu eins og hæstv. samgrh. Halldór Blöndal gerði þá, lýsti því yfir að það stæði ekki til að selja stofnunina.

(**Forseti** (StB): Forseti óskar eftir að áheyrendur á þingpöllum trufli ekki fundinn.)

Hér er verið að ræða frv. til laga um loftferðir og sérstaklega eina grein frv., 7. gr., og brtt. hæstv. samgrh. um þá lagagrein þar sem verið er að opna á einkavæðingu flugvallanna. Alþingi mun taka þann tíma sem það vill til að ræða það mál. Er þeirri umræðu reyndar hvergi lokið.

Það sem ég var að gera að umtalsefni hér í þingsal voru orð og efndir hæstv. samgrh. sem er ábyrgur fyrir því frv. sem er til umræðu. Hann hefur lagt fram breytingu á frv. til laga um loftferðir sem á að tryggja að Alþingi fái til umfjöllunar hugsanlegar ákvarðanir eða tillögur hans um að einkavæða Reykjavíkurflugvöll. Ég er að færa rök fyrir því að Alþingi hafi ekki fengið slíka tryggingu. Að það, sem hæstv. samgrh. hefur sagt í tengslum við sínar lagabreytingar, standist ekki. Ég var í þessu samhengi að rifja upp ósannindi sem hæstv. ráðherra hafði í frammi í þingsal á sínum tíma þegar

hann fullvissaði Alþingi og þjóðina um að ekki stæði til að selja hlut í Pósti og síma, eftir að fyrirtækið var gert að hlutafélagi, svo lengi sem hann væri í embætti samgrh. Hann sagði okkur það. Núna fáeinum mánuðum síðar hefur hann snúið af þessari braut. En þetta skiptir náttúrlega ekki nokkru einasta máli, að saman fari orð og efndir ráðherra. Menn bara hrista sig og brosa og glotta. Menn þurfa ekkert að leggja til málanna. Það þarf engin rök, bara taka ofan gleraugun og brosa pínulítið og hlæja pínulítið. (**Samgrh.:** Það kemst nú ekki nema einn maður í stólinn í einu.) Nei, og sá maður mun halda sig við stólinn svo lengi sem þurfa þykir og nauðsynlegt er. Það mun ég gera.

Ég hef verið að fara yfir reynslu Breta af þeirri framkvæmd sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hyggst hrinda í framkvæmd, þ.e. einkaframkvæmd á opinberri starfsemi. Ég er að segja að reynsla Breta af þessu fyrirkomulagi hafi verið sú að um sé að ræða kostnaðarsamara fyrirkomulag fyrir almenning, fyrir hið opinbera og óhagkvæmara á alla lund.

Ég hef líka verið að gera að umræðuefni yfirlýsingar hæstv. samgrh. í tengslum við önnur mál, en hann hefur lýst því yfir að hann langi til að koma hér í stólinn og gera okkur grein fyrir hugmyndum sínum og hvað býr að baki þeirri tillögu sem hann hefur sett fram varðandi 7. gr. laga um loftferðir. En ég á þess kost að koma aftur í ræðustól og ræða þetta mál og það mun ég svo sannarlega nýta mér.

Umræðu frestað.

### *Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.*

Stjfrv., 582. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1161.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Loftferðir, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100.

[16:29]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum núna, frv. til laga um loftferðir, hefur fengið sérlega mikla umfjöllun Alþingis. Í 1. umr. var að sjálfsögðu gerð mjög ítarleg grein fyrir frv. Þetta er í annað skipti sem það kemur fyrir þingið. Í samgn. Alþingis var þetta sent út til umsagnar mjög margra aðila, þeirra sem við gátum látið okkur detta í hug að hefðu áhuga á þessu máli eða teldu sig þetta varða. Þær umsagnir komu frá mjög mörgum aðilum, ítarlegar, vandaðar og málefnalegar, og samgn. Alþingis fór ofan í þetta mál á ótal fundum.

Frv. fékk með öðrum orðum mjög vandaða málefnalega umfjöllun í samgn. þar sem allir samgöngunefndarmenn, meirihlutamenn jafnt sem minnihlutamenn, komu að málinu.

Ef við skoðum þær brtt. sem lágu fyrir Alþingi við 2. umr. málsins, sýnist mér að þær væru um 30. Það liggja tvær brtt. fyrir um þetta mál nú við 3. umr. málsins, önnur frá hæstv. samgrh., hin frá meiri hluta samgn. Af þessu sést að þó stundum sé tilefni til þess að tala sem svo að mál fari á færibandi í gegnum Alþingi, fái ekki eðlilega umfjöllun og þingið taki ekki pólitíska sjálfstæða afstöðu til málanna, á það alveg sérlega illa við í umræðunni um þetta mál. Ég vil þess vegna láta það koma mjög skýrt fram að ég tel að það hafi verið fremur ómakleg orð hjá hv. 17. þm. Reykv. að gefa það til kynna að við, sem berum ábyrgð á þessu máli, a.m.k. hér, bæði hæstv. samgrh. og ég, hefðum ekki reynt að taka efnislega fullan þátt í þeirri umræðu sem fram hefur farið um málið. Það gerði ég svo sannarlega við 2. umr. og ég var að sjálfsögðu reiðubúinn til að gera það við 3. umr., þurfti að grípa til þess í tvær mínútur eða eina mínútu að fara fram í símann vegna skuldbindinga sem ég var afboða mig frá og það var skýringin á því að ég stóð handan við þilið til að koma því á framfæri og annað var það ekki.

Ég vil hins vegar segja að ég tel mjög eðlilegt að við ræðum málið ítarlega hér eins og annars staðar vegna þess að hér er um að ræða grundvallarlagasetningu. Þetta er grundvallarlagasetning um loftferðir sem tekur til ákaflega mikilvægrar atvinnugreinar. Atvinnugreinar sem þúsundir manna taka þátt í og eru auðvitað grundvöllurinn að samgöngum okkar við útlönd og grundvöllurinn að ferðaþjónustunni í landinu svo dæmi sé tekið. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða þessi mál vel og ítarlega vegna þess að ég tel að frv. verðskuldi fulla umræðu og verðskuldi mikla athygli og þetta er kannski dæmi um mál sem fer ekki mikið fyrir í opinberri umræðu. Hér er um að ræða mál sem er grundvallarlagasetning, stórt mál en vekur hins vegar kannski ekki mikla opinbera athygli.

Ég vil líka segja, virðulegi forseti, alveg skýrt og greinilega að 7. gr. þessa frv. fékk að sjálfsögðu líka sína athygli. Það var hins vegar um að ræða pólitískan ágreining um málið í nefndinni. Minni hluti samgn. var annarrar skoðunar en meiri hlutinn. Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að halda bæri óbreyttri 7. gr. eins og frv. gerði ráð fyrir. Hæstv. samgrh. hefur hins vegar lagt til að gera nokkra breytingu á sem er eðlilegt að hæstv. samgrh. sjálfur geri grein fyrir.

Þá skulum við velta aðeins fyrir okkur vegna þess að 7. gr. er til umræðu, ekki bara brtt. hæstv. ráðherra því að hún snertir efnisatriði 7. gr., hvers vegna það var sem við komumst að þeirri niðurstöðu í meiri hluta samgn. að skynsamlegt væri að halda þessari grein þarna inni. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á og vísa til umsagnar um 7. gr. sem birtist í frv. sem varpar ljósi á tilgang og þýðingu þess að grein af þessu taginu sé til staðar í frv. og opni þær lagaheimildir sem þarna er verið að opna á. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, í þessu sambandi að lesa upp úr þessari greinargerð:

„Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um rekstur ríkisstofnana, hlutverk þeirra og hvernig hagkvæmni þeirra verði aukin.

Í því sambandi hefur samstarf ríkisstofnana við íslensk og erlend fyrirtæki aukist og frekari aukning í vændum, enda eru tækifærin mörg. Markmið samstarfs af þessu tagi er bæði að efla þekkingu og framfarir hér á landi, auka rannsóknir, bæta áætlunargerð og enn fremur að koma á framfæri á erlendum mörkuðum búnaði og þekkingu sem fyrir hendi er hér á landi og selja þjónustu. Það er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi stofnanir hafi svigrúm til að taka þátt í þessu samstarfi, t.d. með stofnun hlutafélaga eða annarri þátttöku í fyrirtækja-

rekstri í þessu markmiði. Slíkt svigrúm hafa stofnanir ekki í dag að óbreyttum lögum. Með því að heimila þeim þátttöku í fyrirtækjarekstri er stofnuninni gert kleift að nýta tækifæri sem gefast til að auka sjálfstæði þeirra, ná meiri hagkvæmni og bæta afkomu á breyttum tímum.“

Síðan segir enn fremur: „Ákvæði greinar þessarar hafa þríþættan tilgang. Í fyrsta lagi er lagarammi settur um samstarf eins og samstarf Flugmálastjórnar og Kerfisfræðistofu verkfræðideildar Háskóla Íslands sem hefur staðið árum saman og lýtur að þróun hugbúnaðar fyrir flugumferðarþjónustu. Er um þetta fjallað í 1. mgr. en fyrirmynd hennar er sótt í gildandi lög um Háskóla Íslands.

Jafnframt er lagt til að Flugmálastjórn verði heimilað að stofna fyrirtæki til að selja þjónustu stofnunarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. er hins vegar opnuð leið fyrir þann möguleika að færa hluta af starfsemi Flugmálastjórnar í hendur sjálfstæðra aðila sem starfa mundi í nánum tengslum við embættið en erlendis er nokkuð tíðkað að stofna sérstök félög um t.d. flugumferðarþjónustu.“

Ég held, virðulegi forseti, að þetta séu ákaflega mikilvæg rök. Þetta skiptir máli og þetta eru efnisleg rök og við tókum efnislega afstöðu til málsins og við lýstum okkur sammála því sjónarmiði sem þarna er sett fram og kristallast að sjálfsögðu í 7. gr. eins og hún birtist í þessu frv.

Hægt er að tíunda ýmislegt annað í þessu sambandi. Ég vek t.d. athygli á því sem ég tel sjálfur að sé veigamikið innlegg og það er innlegg minni hluta samgrn. sem vekur athygli á því í minnihlutaáliti sínu við 2. umr. málsins að að sumu leyti væru ákveðnir agnúar á skipulagi Flugmálastjórnar. Annars vegar væri um að ræða framkvæmdaaðila sem sér um framkvæmd og það að starfrækja flugvallarnetið í landinu og síðan erum við með eftirlitsaðila sem líka yrði Flugmálastjórn og hefur eftirlit að nokkru leyti með sjálfri sér. Ég er að vísu ekki sammála þeirri niðurstöðu sem minni hlutinn kemst að en ég held hins vegar að þetta sé athyglisverð ábending sem okkur beri að líta á. Ég segi, virðulegi forseti, hér er verið að opna þann möguleika að auka skilin á milli annars vegar framkvæmdaþáttarins er verkast vill og hins vegar eftirlitsþáttarins. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að þessi grein sé liður í því að koma til móts við það sjónarmið að það sé eðlilegra að við höfum annars vegar framkvæmdaþáttinn og hins vegar eftirlitsþáttinn. Ef við skoðum þróunina í lagasetningu einmitt á þessu sviði hefur hún verið í þessum anda.

Fyrir örfáum árum voru afgreidd lög á Alþingi um rannsókn flugslysa. Niðurstaðan þar var sú að taka þann þátt út úr Flugmálastjórn og gera hann sjálfstæðan einmitt vegna þeirrar röksemdafærslu sem birtist í áliti minni hluta samgn. að auka beri sjálfstæði og slíta þarna á milli.

Hv. 17. þm. Reykv. fór mikinn varðandi einkafjármagnið. Þetta eru hins vegar líka pólitískt deilumál. Ég lít ekki þannig á að það sé verkefni okkar að útkljá þá deilu. Ef beitt yrði einkafjármögnun varðandi Reykjavíkurflugvöll eða einhver önnur verkefni á vegum ríkisins er það auðvitað sjálfstæð ákvörðun. Hér er annars vegar um það að ræða að við erum að fjalla um 7. gr. sem opnar tilteknar heimildir og hins vegar er hér um að ræða þá skoðun hv. þm. að einkafjármögnum sé ekki heppileg leið til þess að annast framkvæmdir á vegum hins opinbera. Það eigi að fara aðrar leiðir. Það er hins vegar sjónarmið hans sem ég virði fullkomlega þó að ég sé ekki endilega sammála því.

Virðulegi forseti. Meðal annars vegna þeirra orða hv. þm. sem hann lét falla í þessari umræðu um ósjálfstæði þingsins og menn tækju ekki eðlilegan þátt í þinglegri umræðu fannst mér nauðsynlegt að ég gerði aðeins grein fyrir þeim þankagangi sem bjó að baki umfjölluninni í hv. samgn. varðandi þetta mjög mikilvæga mál sem frv. til laga um loftferðir er. Ég ítreka að ég tel að þetta sé eitt af stóru málunum sem Alþingi er núna að fást við, þ.e. að setja þessa heildarlagasetningu og ég held þess vegna að það sé mjög mikilvægt að okkur takist vel til og ég trúi því að það verði niðurstaða Alþingis á þessum vordögum.

[16:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni samgn. fyrir innlegg hans í umræðuna og sérstaklega þar sem hann vék að 7. gr. frv. Það skýrir fyrir okkur hvers vegna tillögur eru gerðar um lagabreytingar, hvaða efnisleg rök liggja þar að baki. Ég minni hv. þm. á að það er þetta sem ég er að reyna að fá fram í dagsljósið, hvað það er sem vakir fyrir löggjafanum með þeim lagabreytingum sem hann er að leggja til og ætlar að festa í lög. Þinginu á að vera fullljóst hvað það er sem hér hangir á spýtunni.

Hv. þm. segir að það sé svo önnur spurning hvað menn geri varðandi einkaframkvæmdina en ég vek athygli á því að fulltrúi sömu ríkisstjórnar, hæstv. fjmrh., nú hæstv. fyrrv. fjmrh., tilkynnti þjóðinni að til stæði að skoða einkaframkvæmd á Reykjavíkurflugvelli sérstaklega. Þegar hv. samgn. kemur síðan fram með tillögu um lagabreytingu af þessu tagi er ekki óeðlilegt að menn taki slíkt til umfjöllunar og inni menn eftir því sem eru ábyrgir fyrir þessum tillögum hvað það er sem fyrir þeim vakir.

[16:41]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara svo það liggi alveg fyrir að ég taldi ekkert óeðlilegt við það að hv. þm. spyrði mig eftir því hvað fyrir samgn. vekti í þessu máli.

Eins og ég sagði áðan er um að ræða mjög stórt og þýðingarmikið mál sem við erum vonandi að leiða til lykta. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þessi mál þurfa að vera mjög ljós og þess vegna var ágætis tilefni til að fara efnislega yfir þennan þátt málsins. Ég ræddi um ýmislegt annað við 2. umr. jafnframt eins og hv. þm. er kunnugt. Ég man að hv. þm. sat yfir þeirri umræðu allri og fyrir það ber að þakka en að öðru leyti vil ég bara segja að ég tel að það hafi verið ágætt að við höfum tækifæri til þess að fjalla um þessi mál efnislega því að hér er um að ræða mjög stórt og viðamikið mál.

[16:42]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að Alþingi og alþm. geri sér grein fyrir því hvað þær lagabreytingar sem þingið er að samþykkja fela í sér og á hvað þær eru að opna. Ég veit ekki hvort hæstv. samgrh. ætlar að blanda sér í umræðuna og skýra okkur frá því hvað það er sem fyrir honum vakir. Reyndar veit ég ekki hvað væri hægt að treysta slíku. Það hefur sýnt sig áður í öðru máli og ég gerði það að umtalsefni í ræðu minni áðan að þær yfirlýsingar sem ráðherrann gaf á sínum tíma um Póst og síma, einkavæðingu og sölu hugsanlega á Pósti og síma, reyndust ekki réttar, en fróðlegt væri að vita hvort hann ætli að láta svo lítið að skýra Alþingi frá því hvað fyrir honum vakir. Svo er það

náttúrlega þingmanna og þjóðarinnar að gera upp við sig hvað menn leggja upp úr slíkum yfirlýsingum frá slíkum hæstv. ráðherra.

[16:43]

**Útbýting þingskjals:**

Íþróttalög, 447. mál, nál. menntmn., þskj. 1213.

[16:44]

**Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Virðulegi forseti. Það er að sönnu hárrétt sem hefur komið fram við 3. umr. málsins að hér er svo sannarlega um að ræða grundvallarlagasetningu. Það var að sönnu áréttað við 2. umr. málsins að verið er að færa til nútímahorfs lög sem hafa verið lengi í gildi í þessum málaflokki, í málaflokki sem hefur tekið sannarlega örum tæknilegum breytingum á síðustu árum og áratugum þannig að ekki er seinna vænta að Alþingi grípi í taumana og reyni að færa ýmsa tæknilega þætti til nútímahorfs og huga að öðrum mikilvægum og pólitískum rekstrarlegum þáttum sem drepið er á.

Ég ætla að reyna að endurtaka ekki það sem kom fram við 2. umr. málsins. Hún var um margt ágæt þó að segja megi að margar þær ábendingar og athugasemdir sem komu frá hv. 17. þm. Reykv. hafi legið að mörgu leyti óbættar hjá garði, þ.e. að lítil svör hafi fengist hjá hæstv. samgrh., lítil viðbrögð við því meginstefi, þ.e. hvaða framtíðarsýn hann hefur á grundvelli þeirrar nýju lagasetningar sem verður væntanlega að veruleika innan skamms.

Ég fór mjög ítarlega yfir það við þá umræðu og leitaði eftir því, einmitt í ljósi reynslunnar eins og 17. þm. Reykv. nefndi áðan hvernig hann sæi fyrir sér að framtíð þessara mála yrði, ekki síst í ljósi þeirra mjög svo víðfeðmu og víðtæku heimilda sem honum eru skammtaðar í 7. gr. frv.

En áður en ég vík að því er rétt að nefna annað lykilatriði sem ég saknaði líka dálítið við 2. umr. málsins. Það lýtur að mikilvægi þess að skilið sé mjög glögglega á milli framkvæmdarvalds annars vegar og eftirlitsvalds hins vegar. Það var tekið mjög myndarlega á því, skulum við segja, að mörgu leyti, við þær ákvarðanir sem teknar voru um hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Þegar Pósti og síma var hent út á markað voru menn allténd sammála um að það eftirlits- og framkvæmdarvald í skjóli opinberra aðila sem Póstur og síma hafði með höndum gæti ekki gengið lengur að óbreyttu þegar félagið væri komið út á markað í formi hlutafélags. Þess vegna var gripið til þess ráð að setja á stofn viðamikla og valdamikla stofnun sem heitir Fjarskiptastofnun. Margt í þeirri löggjöf var svo sem umdeilanlegt en ég ætla ekki að rekja það hér. En allt að einu reyndu menn að nálgast það viðfangsefni skýrt og afmarkað að það færi einfaldlega ekki saman að sama stofnun hefði stjórnsýsluvald á hendi og eftirlitsvald með sjálfri sér og öðrum hugsanlegum samkeppnisaðilum.

Það hefur hins vegar ekki verið gert í þessu frv. Ég nefndi það við 2. umr. málsins, og ekki er verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli í því sambandi, að ýmsir sérfræðingar sem til okkar komu í samgn., þar á meðal sérfræðingur ráðuneytisins sjálfs, nefndu að þess væri væntanlega ekki langt að bíða að við yrðum knúnir til þess að skilja þarna á milli. Að alþjóðlegir samningar sem við höfum undirgengist, m.a. í tengslum við Evrópu, gerðu það að verkum að við gætum ekki gengið fram með óbreyttum hætti. Það væri enginn bragur á því að Flugmálastjórn væri framkvæmdaaðili, hugsanlega núna eftir samþykkt þess frv. framkvæmdaaðili með öðrum hagsmunaaðilum, fyrirtækjaeignandi með Flugleiðum eða Íslandsflugi, fyrirtækjaeigandi með einhverjum öðrum rekstraraðilum eða eignaraðilum flugvalla eða flugstöðva vítt og breitt um landið einn daginn. Síðan kemur flugmálastjóri í vinnuna næsta dag og ætlaði sér að úrskurða um ágreiningsefni eða kæruefni sem upp kæmu gagnvart þessum sömu aðilum.

Ég vek líka athygli á því að Flugmálastjórn hefur veitingarvald, veitir flugrekstrarleyfi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hvaða stöðu hefur Flugmálastjórn, flugmálastjóri og starfsfólk hans, í því að vera annan daginn í samstarfi og samvinnu við uppbyggingu á völlunum — hugsanlega í sama fyrirtæki, dótturfyrirtæki, sbr. 7. gr. — og svo næsta dag ætla þeir að úrskurða í kæruefnum og þrætuefnum og vera dómari í því hvaða aðilar það eru sem uppfylla skilyrði um flugrekstrarleyfi? Það er engin mynd á þessu og þess vegna hefði ég talið eðlilegast og áréttaði það margoft í nefndinni og það kemur fram í nál. minni hlutans að við höfum tekið þetta skref núna til fulls og skilið þarna á milli, fyrst á annað borð var lögð í það vinna að fara í þá grundvallarlagasetningu, sem hér er sannarlega á ferðinni. Þó að við getum verið pólitískt ósammála um ýmsa þætti hennar þá er hér grundvallarlagasetning á ferðinni sem er ávísun á framtíðina. Þá eiga menn ekki að geyma svona þætti.

Ég spáði því og spái því enn að það verði á næsta hausti, ekki seinna en um næstu áramót, sem við stöndum frammi fyrir því að ræða frv. til laga til breytinga á lögum um loftferðir og sem vísar einmitt til þess að það þurfi að skilja á milli framkvæmdasviðsins annars vegar og eftirlitssviðsins hins vegar. Þess vegna árétta ég það og kalla eftir því og spyr hæstv. ráðherra hvort það hafi verið af hálfu hans einhver hugsun hvers vegna ekki var að finna þessi ákvæði í frv. sjálfu og hvort hann hafi þrýst á um það við meiri hluta samgn. að lagfæra ekki frv. í þessa veruna. Sérfræðingur hans í ráðuneytinu hafði skilning á því en hafði auðvitað ekkert vald til þess að koma með neinar tillögur um það enda ekki um það spurt en ég spyr hæstv. ráðherra: Sér hann ekki ljósið í þessu sambandi? Áttar hann sig ekki á því hvað hér er á ferð? Ég spyr líka, ef hann gerir það ekki: Hvaða eðlismunur er á skilum framkvæmdarvalds annars vegar og eftirlitsvalds hins vegar hér og aftur á fjarskiptasviðinu? Af hverju var gripið til þess ráðs að setja á svið Fjarskiptastofnun Íslands sem sjálfstæða og óháða eftirlitsstofnun með því að samkeppnin gæti gengið það vel fyrir sig að þeir sem væru á fjarskiptasviðinu uppfylltu þær reglur sem kveðið væri á um og leyfisveitingar o.s.frv. Af hverju fer betur á því að það virki þar en þegar kemur að loftferðasviðinu þá eigi þetta bara að vera í gamla farinu?

Ég segi það, virðulegi forseti, að við höfum auðvitað búið við þetta svona. Menn hafa vanist þessu en nú eru bara að verða gerbreytingar á og þær breytingar er að finna í 7. gr. frv. sem lýtur að heimildum ráðherrans til þess að setja ákveðna þætti, fáa eða marga, allt eftir efnum og ástæðum, allt eftir vilja hans og löngunum hverju sinni á einkamarkað. Ef þetta verður að lögum hefur hann með öðrum orðum heimild án þess að spyrja kóng eða prest til þess að stofna til hlutdeildarfélaga með hugsanlega flugrekstraraðilum sem eru sérfræðingar á þeim vettvangi, eru auðvitað þeir aðilar sem þekkja sannanlega best til. Hann hefur heimild til þess að stofna ný félög eða láta Flugmálastjórn gera það um hin ýmsu mál og út af fyrir sig gæti hann samkvæmt orðanna hljóðan

einkavætt Flugmálastjórn nánast alla. Hann gæti þess vegna skilið flugmálastjóra einan eftir og stofnað nýtt hlutafélag um allt annað samkvæmt þeirri heimild sem hér. Vissulega má segja, þá komum við að þeirri spurningu: Er það eitthvað óskynsamlegt? (Gripið fram í.) Það er sérkapítuli sem ég kem að hér á eftir, ekki virðulegur þm. Árni Johnsen sérstaklega, en það er sú meðferð sem blessað flugráðið fær í meðförum ráðherrans og nefndarinnar. En ég sagði: Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort það sé skynsamlegt eða óskynsamlegt að ráðast í umfangsmikla einkavæðingu á þessu sviði og ég hlýddi með mikilli athygli á sjónarmið hv. 17. þm. Reykv. í því sambandi. Bíðum aðeins með þá umræðu.

Hitt er ekki síður alvarlegt að Alþingi Íslendinga ætlar sér ekki að hafa neinar skoðanir á því, ætlar sér einfaldlega að skilja við málið með þeim hætti að hæstv. ráðherra og framkvæmdarvaldið geti bara haft það eins og það vill frá einum tíma til annars. Þetta er að verða lenska í stjórn þessarar ríkisstjórnar og ég er satt að segja að verða æ meira undrandi eftir því sem á kjörtímabilið líður hvað hv. stjórnarþingmenn láta hafa sig í að þeir skuli trekk í trekk í hverju málinu á fætur öðru hafa sig í það að knýja á og keyra í gegn lagafrumvörp sem eru klæðskerasaumuð fyrir framkvæmdarvaldið þar sem sagt er einfaldlega: framkvæmdarvaldinu er heimilt að hafa þetta eins og það vill. 7. gr. frv. um loftferðir er nákvæmlega dæmi af þeim toga. Hæstv. samgrh. má hafa það eins og hann vill. Þannig ætti 7. gr. frv. að hljóma og þannig ættum við auðvitað að hafa það, þannig ættum við að ganga frá lagatextum að þeir segi það sem þeim er ætlað að meina.

Ég er þessu algerlega ósammála og hef ekkert undirgengist þá framsalskvöð sem mér virðist að stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi hafi gert. Það sé eitthvað sjálfgefið að þótt menn sitji í þessum enda salarins fái þeir allar heimildir á silfurfati og geti nánast ráðskast með hlutina eins og þeir vilja. Ég veit t.d. að hv. þm. sem gengur nú í salinn, hv. þm. Egill Jónsson, er ekkert hrifinn af svona ráðslagi innst inni. Hann vill ekkert hafa það að einhverjir ráðherrar geti farið sínu fram án þess að spyrja kóng eða prest. Hann vill auðvitað að Alþingi hafi um það eitthvað að segja og ráði því frá einum tíma til annars. Vissulega má segja með sanni að einhver örlítill áfangasigur hafi náðst í þessum efnum og Alþingi eilítið reist við virðingu sína, þ.e. stjórnarmeirihlutinn. Við skulum hafa það eins og það er því að eftir 2. umr. eða við lok hennar öllu heldur kom hæstv. samgrh. fram og lagði eitthvað til málanna í þessum ræðustól þar sem hann gerði að tillögu sinni að fjárveitingar skv. 7. gr. skyldu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun, eins og það hljómar. Sú brtt. er síðan til umræðu og afgreiðslu og þess er að vænta að allnokkur sátt verði um að það horfi þó til bóta. Á hinn bóginn er engan veginn gengið nógu langt, þ.e. þessi brtt. er þannig úr garði gerð að maður veltir því dálítið fyrir sér hver virkni hennar verður þegar til kastanna kemur því að auðvitað gefur auga leið að við fjárlagagerð á komandi hausti er samgrh. það einfaldlega í lófa lagið að setja það inn undir einn lið. Nú vil ég, virðulegi forseti, biðja um áheyrn hæstv. samgrh. því að það er tillaga hans sem við erum að ræða og mig langar að biðja um álit á því ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti biður um að menn fækki fundum í salnum og hlýði á ræðumann.)

(**Gripið fram í:** Hvað mega þeir vera margir?) (**Gripið fram í:** Hvað telst vera fundur að mati forseta?)

(**Forseti** (GÁ)**:** Það telst vera fundur þegar þrír hafa sest saman og tala hver við annan. — En nú hefur ræðumaður hljóð að nýju og getur haldið áfram ræðu sinni.)

Ég þakka fyrir það, virðulegi forseti. Ég var að ræða á þessum fundi um brtt. hæstv. samgrh. sem kveður á um að skv. 7. gr., einkavæðingargreininni, þurfi Alþingi að samþykkja heimildir í fjárlögum og flugmálaáætlun. Ég sé alveg fyrir mér og það er ósköp einfalt að afgreiða það við fjárlagagerð á komandi hausti, að einn liður verði undir rekstri Flugmálastjórnar, einhverjar X kr. til þess að kaupa ný fyrirtæki og hlutdeild í öðrum, ellegar menn fari hina gömlu leið sem mér finnst öllu líklegra að það verði bara einföld 6. gr. heimild þar sem hæstv. ráðherra verði heimilt að kaupa og selja að vild. Það hafa menn séð mjög oft þannig að auðvitað er ekkert hald í brtt., ekki nokkur skapaður hlutur. Það er ekkert hald í því að Alþingi fái tækifæri til að koma aftur að pólitískri ákvörðun um það þegar, og ég segi þegar en ekki ef, því að ég veit að stefnt er að þessu leynt og ljóst, að tilteknir þættir í rekstri flugvalla, flugstöðva eða öðrum þeim vettvangi sem þetta frv. heyrir til verða einkavæddir, verða seldir eða sameinaðir við einkaaðila og það er þetta sem ég gagnrýni mjög harðlega.

Það er rétt að rifja það upp enn og aftur hvernig umræðan gekk til með Póst og síma forðum daga og það er ekki langt síðan, það er hálft annað ár, þegar hæstv. ráðherra sem sat þá hérna megin í þessum sal og í þessum ræðustól áréttaði það að engar þær ákvarðanir yrðu teknar um skiptingu fyrirtækisins, um sölu fyrirtækisins öðruvísi en haft yrði samband við hið háa Alþingi og því yrði leyft að fylgjast með málinu.

Hvað hefur gerst? Nákvæmlega hið gagnstæða. Við þingmenn, hvort sem við sitjum í samgn. þingsins eða ekki, höfum mátt fylgjast með því hvernig hæstv. samgrh. dettur í hug í viðtölum við sjónvarp eða útvarpið eða í einhverjum spjallþáttum í fjölmiðlum, hvernig hann ætlar að selja og skipta þessu upp og hafa þetta bara eins og hann vill. Það er komið á daginn að enginn þarf að spyrja Alþingi um neitt. Hann hefur þetta hlutafélag núna, Landssímann hf. og Íslandspóst hf. alveg eins og hann vill. Hann þarf ekki að spyrja nokkurn mann að því hér inni hvernig hann fer með þann eignarhlut, þrátt fyrir fyrirheit og loforð um hið gagnstæða.

Ég segi bara eins og það er, virðulegi forseti, með fullri virðingu fyrir framkvæmdarvaldinu og mörgum ágætum hæstv. ráðherrum, að ég treysti þeim ekki fyrir þessu valdi. Fyrir hálfu öðru ári síðan eða þar um bil, þegar við afgreiddum hlutafélagavæðingu Pósts og síma, varaði ég sérstaklega við þessu. Stjórnarþingmenn hins vegar börðu í borðið þráfaldlega og sögðu: „Það er tryggt að Alþingi verður haft með í ráðum. Mjög náið samband verður haft við Alþingi ef gerðar verða þessar breytingar“ sem eru nú þegar orðnar og í aðsigi hvað varðar Póst og síma hf., Landssímann hf. og Íslandspóst hf. Þetta eru efndirnar í þeim efnum. Og er einhver ástæða til að ætla annað, virðulegi forseti, en að eitthvað annað verði upp á teningnum hvað varðar 7. gr. þessa frv., um flugbransann? Að einhver ástæða sé til að ætla að hæstv. samgrh., þessi eða einhver annar, leggi sig í líma við að koma til Alþingis og lýsa viðhorfum sínum og eiga í orðastað við þingmenn um það hvernig þeir og hann sjái framtíð mála þróast í þessum efnum? Það er ekki nokkur ástæða til þess heldur þvert á móti. Það er nokkurn veginn hægt að gefa sér að hann geri það ekki. Það er nokkurn veginn hægt að gefa sér það og fullyrða það hér og nú að það gerir hann ekki.

Aðkoma Alþingis að því hvernig skipan mála verður hjá Flugmálastjórn ríkisins er í síðasta skipti hér við 3. umr. þessa máls. Menn munu vafalaust halda einhverjar ræður um það en ekki þannig að neinn þurfi á þær að hlusta, ekki þannig að lög standi til þess að Alþingi eigi eða hafi rétt til þess í raun og sanni að hafa á því skoðanir. Það er þessi eymd og það er þetta undanhald Alþingis sem ég gagnrýni harðlega og mér finnst veruleg öfugþróun í störfum þingsins.

Ég vil taka það fram að vafalaust er hæstv. samgrh. hvorki betri né verri en aðrir ráðherrar hvað það varðar að vera handhafi þess valds sem Alþingi veitir honum og öðrum ráðherrum. Ég bara segi: Ætlar þetta engan enda að taka, virðulegi forseti, þetta framsal Alþingis til framkvæmdarvaldsins? Eru stjórnarþingmenn orðnir hreint og klárt handbendi og þykir það kannski best og þægilegast að ráðherrarnir sjái bara um þetta þannig að hið háa Alþingi þurfi ekkert að koma að því að taka neinar pólitískar ákvarðanir, sé bara tæknileg útfærslustofnun eftir því sem vindar blása á Lækjartorginu? Þetta er þróun sem er slæm og mér er full alvara með það, virðulegi forseti, og ég trúi því að fleiri séu mér sammála, ekki eingöngu stjórnarandstæðingar heldur líka stjórnarsinnar.

Virðulegi forseti. Ég tala ekki svona eingöngu vegna þess að nú bregður svo við að ég er í stjórnarandstöðu. Ég þekki það að sitja hinum megin við borðið og veit mætavel að sumpart er það þægilegt fyrir ráðherra að hafa þægan og góðan meiri hluta sem klárar mál hratt og vel og veitir öll þau umboð sem beðið er um svo að hæstv. ráðherrar þurfi ekkert að vera að ómaka sig á því að snúast niðri á Alþingi, geti bara setið við sín skrifborð uppi í ráðuneytunum og klárað sín mál þaðan. Það er vissulega mjög þægilegt. En ég hygg að steininn hafi algerlega tekið úr hvað þessa þróun varðar á yfirstandandi kjörtímabili.

Mér er minnisstætt að framsóknarmenn sem eru auðvitað ekki við þessa umræðu frekar en fyrri daginn ... (**Gripið fram í:** Þeir áttu einu sinni sjálfstætt líf.) Þeir áttu einu sinni sjálfstætt líf, já. En mér er minnisstætt einmitt í þá árdaga þegar þeir áttu það og voru í stjórnarandstöðu að þeir héldu ófáar ræðurnar einmitt um þetta. Ég segi bara eins og er að í síðustu ríkisstjórn, þar sem ég sat hinum megin við borðið, datt mönnum aldrei nokkurn tíma í hug að biðja um heimildir eins og hér er verið að veita á silfurfati. Aldrei.

Virðulegi forseti. Bara fyrir forvitnissakir. Eru einhverjir flokksbræður hæstv. forseta í húsinu? (**ÁRJ:** Þeir hafa nú ekki sést hér lengi. Varla við umræður.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að einhverjir eru hér í húsi og hlýða á umræðu.)

(**Gripið fram í:** Er ekki rétta að kalla þá til?) Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hv. varaformaður samgn. eða hv. þm. Stefán Guðmundsson sem situr í samgn. — þeir eiga að vera og eru sérfræðingar Framsfl. í þessum efnum — komi til þessarar umræðu því að ég á dálítið vantalað við þá í ljósi þess sem ég var að tala um áðan.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að hv. þm. Stefán Guðmundsson er ekki í húsi en hér má sjá að hæstv. ráðherrar Ingibjörg Pálmadóttir og Finnur Ingólfsson eru í húsinu.)

Mér er ekkert gagn í þeim.

(**Forseti** (GÁ)**:** Þetta eru ekki viðurkvæmileg orð.)

Virðulegi forseti. Ég sagði að mér væri ekkert gagn í þeim í þessu samhengi. Það var það sem ég átti við því að ég er að ræða um virðingu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. (**Gripið fram í:** Þá er ekkert gagn að þeim.) Ég þekki þeirra skoðanir og viðhorf en mér þykir (**Gripið fram í:** Þau tengjast ekkert virðingu fundarins.) afspyrnuslæmt að sérfræðingar Framsfl. í þessum efnum skuli ekki vera hér nærri.

Af því að ég nefndi til sögunnar Stefán Guðmundsson, þá hef ég sagt það stundum áður og raunar vil ég ekki undanskilja hæstv. forseta, hv. þm. Guðna Ágústsson í þeim efnum, að þar hafa farið merkisberar félagshyggjunnar í hinum gamla Framsfl. Það fer nú að verða dálítið trénað að nefna þetta af því að það er svo langt síðan hann var og hét og gat staðið undir því heiti að vera félagshyggjuflokkur. En mikil lifandis skelfing átti ég von á því að þessir unnendur félagshyggju í árdaga legðu eitthvað til mála þegar mál af þeim toga er hér til umræðu eins og 7. gr. kveður á um, þ.e. myljandi einkavæðing. Og það er eins og það rifjist upp fyrir mér í þessu samhengi þegar ég horfi til hæstv. forseta að einhvern tíma á síðasta kjörtímabili hafi hann haldið nokkrar ræðurnar um karlana með svörtu hattana sem væru hér allt að gleypa og eignast, um kolkrabbann og „háeff"-væðinguna. Og hér eru heldur betur slík tíðindi á ferð og ekki einn einasti þingmaður Framsfl., nema hæstv. forseti sem á auðvitað óhægt um vik með að koma til þessarar umræðu fyrr en kannski á eftir, vill leggja nokkuð til málanna. Þetta eru veruleg tíðindi, virðulegi forseti. Menn hafa verið að gera gaman að því og leggja út af því pólitískt þegar hæstv. forsrh. kom í ræðustól um daginn og leysti varaformannsvandamál Sjálfstfl. með því að innlima Framsfl. En það er að gerast á fleiri sviðum en með þessum einu táknrænu dæmum um sameiningu flokkanna tveggja, helmingaskiptaflokkanna, utanrrh. og forsrh. Þetta er líka að gerast á málefnasviðinu því ekki er að finna nokkurn áherslumun milli þessara tveggja flokka þegar kemur að grundvallarsjónarmiðum í pólitík. Það er ekki flóknara en það. Þar rennur þetta saman alveg í súrrandi sæld, gleði og ánægju. (**Gripið fram í:** Hvort er það á miðjunni eða til hægri?) Fyrst hv. þm. hefur ekki lagt við eyrun þá er þetta myljandi hægri stefna. Það er alveg eins skýrt og það getur verið.

Ég var áðan að ræða um virðingu þingsins í þessu samhengi en nú vík ég að pólitíkinni í þessu sem er auðvitað þannig, af því að hv. þm. spurði um það, að hér er um að ræða grímulausa einkavæðingu og því held ég að nauðsynlegt sé að menn fari aðeins yfir það. Er svo óskynsamlegt á þessum vettvangi að fara í afmarkaða einkavæðingu, mikla eða litla? Ég skal ekki útiloka það ef ég heyri rök í þá veruna. Ég er alveg opinn fyrir því að ræða það. Vissulega er það svo úti í hinum stóra heimi að alls kyns rekstrarform eru á stórum flugvöllum í okkar nágrannalöndum. Bæði er það ríkisrekstur og það er sameignarrekstur ríkis og einkaaðila. Það er allra handa. Sums staðar gengur það betur en annars staðar og það er allur gangur á því. En ég kalla eftir rökum. Ég vil heyra hvaða pólitískar og praktískar hugmyndir hæstv. ráðherra hefur í huga þegar hann setur niður á blað beiðni frá hinu háa Alþingi um heimild til þess að einkavæða. Hvað þýðir það í raun og sanni? Hvað ætlar ráðherrann sér með þessar heimildir?

Ég rakti nokkur dæmi og vakti athygli á nokkrum möguleikum í þessum efnum og ætla út af fyrir sig ekki að endurtaka það allt. Ég vil hins vegar heyra frá hæstv. ráðherra sjálfum: Hvað sér hann sem fyrsta skref hvað varðar sameiningu Flugmálastjórnar og einkaaðila? Hvaða rekstrarþættir eru það fyrst og síðast sem hann ætlar að fara í? Hann nefndi hér ákveðið þróunarstarf sem er auðvitað þekkt.

Það má til sanns vegar færa að skynsamlegt sé að háskólinn komi að þessu verkefni. Ætlar hann sér að ná samstarfi við einkaaðila um aðra þætti í rekstri Flugmálastjórnar, annaðhvort með því að kaupa þjónustu þeirra eða að sameina hluta Flugmálastjórnar þessum hagsmunaaðilum? Eru það einhver tiltekin atriði? Það er ekki orð um það, ekki eitt aukatekið orð. Það er bara beðið um þessa heimild. Svo ætlar ráðherrann að hafa það eins og hann vill.

Virðulegi forseti. Þannig getum við ekki skilið við þetta mál því að þetta er rammpólitískt mál. Hér erum við að setja pólitíska stefnumörkum til næstu og lengri framtíðar — Virðulegi forseti. Nú er fundahöldum farið að fjölga hér í húsi.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður enn og aftur að biðja hv. þm. um að spara hér fundi meðan ræðumenn tala.)

Virðulegi forseti. Ég var að segja að hér er um lagasetningu að ræða sem menn munu væntanlega búa við um langa framtíð því að ég þekki það og skynja að hæstv. ráðherra ætlar ekki að hafa þessa heimild án þess að nota hana. Hann ætlar sér að ganga vasklega til verks í þeim efnum og menn fara ekki í strúktúrbreytingar, í kerfisbreytingar, í grundvallarbreytingar á flugrekstri og eignarhaldi á flugvöllum og bakka síðan út úr því eftir eitt eða tvö ár. Það er verið að byggja til framtíðar og þess vegna verða menn að vanda sig í þessu sambandi. Það er ekki hægt að kasta til þess höndum. Fagna ég því nú alveg sérstaklega, virðulegi forseti, að hér skuli ganga í salinn hv. formaður þingflokks Framsfl., (**Gripið fram í:** Og Sjálfstfl.) hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. (**LB:** Varaformaður þingflokks Sjálfstfl.) Ég fagna því líka og vil nota tækifærið og óska til hamingju nýkjörnum formanni þingflokks Sjálfstfl. Þeir hafa verið hér nokkrir sjálfstæðismenn en einkum og sér í lagi var gaman að sjá hér Framsfl., þ.e. ... (Gripið fram í.) Hann er hér því að hv. þm. er sá eini sem hefur verið representeraður við þessa umræðu og hafi hv. þm. fylgst eitthvað með henni þá voru menn að ræða það hér hvort nokkur munur væri í raun og sanni á því og mér þætti vænt um að fá svör við því hvort Framsfl. væri algerlega sammála þeirri stefnumörkun sem hér er að finna, bæði hvað varðar þessar víðfeðmu heimildir til hæstv. samgrh., þetta framsal valds, og einnig pólitíkina, innihaldið í málinu, þessa lítt duldu einkavæðingu sem er að finna í 7. gr. Hæstv. samgrh. svarar því auðvitað engu hvernig hann ætlar að fara með hana. Ég árétta þá spurningu enn og aftur: Hvernig ætlar hann að nota hana? Ætlar hann að skipta Flugmálastjórn upp í marga búta? Ætlar hann að láta Flugleiðir koma inn í málið, Íslandsflug, Flugfélag Íslands eða hvaða aðila? Ætlar hann að selja Akureyrarflugvöll? Ætlar hann að byrja þar, efri hæðina eða neðri hæðina? (**Gripið fram í:** Erlenda aðila?) Hvað ætlar hann að gera við þetta? Hvaða erlendir aðilar koma að þessu? Hvaða sýn hefur ráðherrann á framtíð þessara mála? Verður Hornafjarðarflugvöllur kannski fyrstur? Er samkomulag um það við hv. þm. Egil Jónsson að samgrh. byrji á því að selja Hornafjarðarflugvöll til Íslandsflugs til að mynda eða Flugleiða? (**Gripið fram í:** Eða Færeyinga?) Það eru allir möguleikar opnir í þessu, virðulegi forseti. Ég spyr enn og aftur: Er það vilji þingsins að við skiljum við málið svona og réttum það bara veskú í hendurnar á hæstv. ráðherra og segjum: „Hafðu þetta bara eins og þú vilt, væni."

Virðulegi forseti. (**KÁ:** Hvað kostar Hornafjarðarflugvöllur?) Ég hef ekki grænan grun um það. En, virðulegi forseti, mér er full alvara í þessu máli, hér eru engir útúrsnúningar á ferð. Ég er e.t.v. að nefna hér dæmi til sögunnar sem virka kannski kjánaleg og virka alveg út úr kú. (**Samgrh.:** Hvaða vitleysa.) En þau eru raunveruleg. Hvaða vitleysa, segir hæstv. ráðherra, en þessi dæmi eru raunveruleg. (**KPál:** Hvað er að því að ...?) Hvað er því? Það er kannski ekkert að því. En við skulum fara aðeins yfir það. Það er ekkert að því, segir hv. þm. Kristján Pálsson sem er raunar fulltrúi í samgn. Er eitthvað að því að selja Akureyrarflugvöll til Flugfélags Íslands? Skoðum það mál aðeins. Nei, kannski er ekkert að því. Það getur vel verið að Íslandsflug, sem er samkeppnisaðili Flugfélags Íslands, teldi eitthvað smávegis að því, því að þá þyrftu þeir að sækja um aðstoð og þjónustu, fá leyfi til þess að lenda, hjá samkeppnisaðilunum. Það gæti eitthvað verið snúið í framkvæmdinni, en góðvinir hæstv. ráðherra hjá Samkeppnisstofnun mundu sennilega úrskurða um það og hann tæki auðvitað fljótt og hratt mark á því eins og fyrri daginn. Jú, það gætu orðið einhverjir smáárekstrar, virðulegi forseti, á þeim vettvangi. Það er hugsanlegt.

Þetta er einmitt af þeim toga sem ég vildi gjarnan að menn skoðuðu því að Flugmálastjórn ein og sér úrskurðar hér eftir ekki um eitt eða neitt því að hún er hluti af öllu dæminu. Úrskurðarvaldið er hluti af framkvæmdarvaldinu. Úrskurðarvaldið er hluti af þessu fyrirtækjaneti sem á að fara að búa hér til skv. 7. gr. Flugmálastjórn verður því alveg í einum grænum hvelli vanhæf þegar kemur að því, og við skulum halda áfram með þetta dæmi um Akureyrarflugvöll. Þegar kæmi að því að Íslandsflug kærði Flugfélag Íslands fyrir einhverja hugsanlega misbeitingu — nú er ég auðvitað að tala í viðtengingarhætti — sem eigandi eða rekstraraðili Akureyrarflugvallar, þá kemur til kasta dómstóla eða Samkeppnisstofnunar. Flugmálastjórn verður fljótlega vanhæf vegna þess að menn hafa kastað til þess höndum að skilja á milli eftirlitsþáttarins, stjórnsýsluþáttarins og framkvæmdarþáttarins í I. og II. kafla þessa frv., það atriði sem ég nefndi áðan. Allt rekur þetta sig í einn stóran og mikinn rembihnút. Það er vandi þessa máls.

Hér er því ekki eingöngu um pólitík að ræða, ekki eingöngu um pólitískar spurningar að ræða sem engin svör fást við, ekki eingöngu um það að ræða að menn verði æ frekar varir við það að Framsfl. og Sjálfstfl. séu eitt, og Framsfl. hafi engar sjálfstæðar skoðanir á grundvallarpólitískum viðhorfum, pólitískum spurningum á borð við einkavæðingu og láti mata sig á hverju sem er, hverju sem íhaldinu dettur í hug, heldur er það líka tæknin, hin tæknilega útfærsla málsins sem lendir fljótlega í strandi af því að menn ætla að skilja við þessa grundvallarlöggjöf vanbúna.

Þetta er það stórmál, virðulegi forseti, að það er fullkomið alvöruleysi að ljúka 3. umr. málsins eins og hér er gert ráð fyrir. Málið kom að sönnu aftur til umræðu í samgn. og menn ræddu þar ýmsar hliðar þess. Fyrst og síðast kom nú málið aftur vegna þess að hæstv. samgrh. kom með brtt. á síðustu stigum málsins. Hann mælti ekkert fyrir henni og skýrði það ekki á nokkurn hátt hvað hún ætti að standa fyrir. Ég nefndi það áðan að hún er auðvitað lítið meira en orð á blaði þegar að framkvæmdinni kemur og lítið hald í henni í raun og sanni fyrir hið háa Alþingi. Hann hefur öll tök á því máli, getur náð sér í eina 6. gr. heimild og gert hvað sem honum dettur í hug eftir sem áður, þannig að málið, virðulegi forseti, er vanbúið, það er kjarni þessa máls. Það er fullkomlega vanbúið.

Ég er ekkert undrandi á því, virðulegi forseti, að hæstv.

samgrh. sýni því engan áhuga hér að ræða málið málefnalega og pólitískt, fara í pólitíska umræðu um t.d. einkavæðingu á þessum vettvangi. Ég er heldur ekkert undrandi á því að virðulegir þingmenn sem eru þekktir að góðu einu, þingmenn á borð við Egil Jónsson, komi hér og vilji ekki tala um þetta mál, vilji ekki nefna það til sögunnar því þeir hafa auðvitað af þessu áhyggjur og það fór ekkert hjá því að maður yrði var við það í góðu starfi samgn. Og það er ekkert skrýtið í þessu samhengi að ágætir félagshyggjumenn á borð við Stefán Guðmundsson flýi þingsalinn þegar þessi óskapnaður er keyrður hér í gegn.

Ég hef skilning á því út frá mannlegu sjónarmiði en þeir verða engu að síður að bera sína ábyrgð, þeir eru hluti af þessum flokki, sem svo hét, og heitir raunar enn en er ekki lengur, Framsfl., eftir sameininguna við íhaldið. Þeir eru hluti af þeim flokki enn þá.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég heyri það og skynja að það er ekki til neins. Það er satt að segja ekki til neins. Doðinn og drunginn í þessu stjórnarliði þegar kemur að því að ræða pólitík, til þess að hafa hér pólitískar skoðanir, til þess að taka hérna pólitíska umræðu um grundvallaratriði í íslensku samfélagi, gerir það að verkum að það er ekki hægt. Það er gjörsamlega ekki hægt lengur. Þingmeirihlutinn hér inni er að lufsast þetta — og fyrirgefðu orðbragðið, virðulegi forseti, eins og ráðherranum þóknast hverju sinni.

Ég átti satt að segja von á því, þekkjandi hér marga ágæta *stjórnarþingmenn að góðu einu, að þeir létu* ekki tosa sér svona fram og til baka blindgötuna án þess að spyrna við fótum. Kæmu hér a.m.k. upp í umræðu um grundvallarpólitík eins og hér um ræðir og lýstu viðhorfum sínum. Hv. þm. á borð við Kristján Pálsson sem yfirleitt er nú ekki hræddur við þennan ræðustól og sagði áðan: Er eitthvað að því að einkavæða Akureyrarflugvöll? Nei, kannski er ekkert að því en það væri þá fróðlegt að heyra frá hv. þm. hvaða sýn hann hefur í þeim efnum og hvernig hann ætlar að leysa úr ákveðnum jafnklárlega tæknilegum vandamálum sem upp koma þegar einn samkeppnisaðilinn á flugvöllinn og annar samkeppnisaðili vill fljúga þangað. Bara svo að menn taki tæknilegt úrlausnarefni á þessum litla markaði okkar, sem er alveg fyrirsjáanlegt. Það væri fróðlegt að heyra það, því að ljóst er að ekki ætlar hæstv. samgrh. að leyfa okkur að njóta viðhorfa hans í þessum efnum. Nei, hann ætlar að koma í útvarpið eða sjónvarpið eftir helgina og segja þjóðinni og okkur hvernig hann ætlar að hafa þetta, þegar við erum búin að afgreiða frv., gott fólk, virðulegir hv. þm. Þegar við erum búin að afgreiða þetta hér þá kemur hann í sjónvarp um helgina og segir okkur nákvæmlega hvernig hann ætlar að hafa þetta. En að honum detti í hug að eiga hér orðastað um þetta við hv. alþingismenn og ræða pólitík, skiptast á skoðunum, nei, það er algjörlega af og frá. Þetta er auðvitað ekki nein mynd og enginn bragur á þessu, virðulegi forseti, og alveg óþolandi að búa við þetta.

Hv. þm. Árna Johnsen bar hér á góma og það ekki að ósekju því að hann er auðvitað snar þáttur í þessum málum, mikilvægur hlekkur þegar kemur að 8. gr. frv. sem varðar flugráð, því að hv. þm. hefur setið í þessu ráði og er sérfræðingur í þessum málaflokki. Saknar maður vinar í stað að hann skuli ekki vera við þessa umræðu til að upplýsa og koma með almennar upplýsingar um gang mála því að hann er auðvitað hafsjór fróðleiks þegar að þessum málaflokki kemur. (**Gripið fram í:** Það er búið að senda hann til Síberíu) Er hv. þm. Árni Johnsen í Síberíu? (**Gripið fram í:** Já.) Þar fór í verra. En flugráðið og þær brtt. sem samþykktar voru við 2. umr. sýndu okkur það í raun og sanni að menn áttu í standandi vandræðum með að klára þetta frv. í sæmilegri sátt hvað varðar stjórnkerfisþáttinn. Í frv. sjálfu var flugráð einfaldlega tekið af lífi. Í frv. frá hæstv. ráðherra og frá ráðuneytinu var flugráð einfaldlega tekið af lífi. Það var þarna en það er skipað að einu og öllu leyti af hæstv. samgrh.

Eftir mikið japl, jaml og fuður, þar sem þingmenn vildu eitthvað að málinu koma, þá varð það úr að hæstv. ráðherra skipar formann og varaformann en hið háa Alþingi skipar hin þrjá ráðsmennina. Ég kallaði eftir því en fékk engin svör við því frekar en mörgu öðru hvort einhver fordæmi væru fyrir því í stjórnkerfinu hjá okkur að hæstv. ráðherra skipaði formann og varaformann, tvo af fimm. En ég fékk engin svör við því og held að þau séu ekki til.

En eftir sem áður er flugráðið algjörlega og fullkomlega handalaust og fótalaust, hefur ekkert um málin að segja þegar til kastanna kemur því að flugmálastjóri og Flugmálastjórn heyrir beint undir ráðherrann. Flugráð er eins konar tota út úr þessu systemi öllu, má út af fyrir sig fjalla um hvað sem því dettur í hug, má út af fyrir sig ræða allt það sem því dettur í hug, en það er algjörlega undir hælinn lagt, og raunar ekkert ráð fyrir því gert að á viðhorf þess sé neitt hlustað. Það eru bara bein samskipti milli flugmálastjóra og ráðherra sem eru ráðandi í þessu sambandi. Og raunar er það þannig að *flugmálastjóri hefur eiginlega í hendi sér hvort hann hafi* nennu og vilja til að sitja fundi flugráðsins. Enda hver væri svo sem tilgangurinn með því þegar það sem það segir eða ályktar um hefur ekkert gildi í þessu sambandi? Hérna er því, virðulegi forseti, enn einn þátturinn í þessu frv. þar sem menn hafa kastað til höndum. Kannski er einhver undiralda í þessu sambandi sem ég kann ekki á og fylgist ekki með, einhverjir einstaklingar sem hafa ekki verið sammála um það hvernig frá átti að ganga. Það er eins og mig reki minni til þess að einstakir flugráðsmenn hafi verið ósammála til að mynda hæstv. samgrh. um einstök mál. Í því sambandi nefni ég til sögunnar fulltrúa Framsfl. gamla, sem hafði einhver önnur viðhorf til tiltekinna mála, sem er raunar starfsmaður þingflokks Framsfl., Gunnar Hilmarsson. Kannski það hafi átt þátt í því að hið háa ráðuneyti ákvað að taka flugráð úr sambandi, gera það þannig úr garði að það hefði ekkert um málin að segja hér eftir, mætti vera en mætti ekkert segja. Ég veit það ekki, en það væri eins og amen eftir efninu að taka Framsókn úr sambandi ef þeir láta illa, það er hugsanleg skýring. En það breytir því ekki að ef menn ætla ekkert að gera með þetta flugráð og hlusta ekkert á það, þá er fíflska og ekki vönduð vinnubrögð að halda því til haga eftir sem áður.

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að stytta mál mitt. Ég vil bara að lyktum segja þetta: Það er margt úr stíl í þessu frv., annað í stíl ríkisstjórnarinnar. Eitt það atriði sem ég hef látið ógetið og er algjörlega úr stíl við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar hvað varðar skipulag ríkisfyrirtækja er að finna í 2. mgr. 6. gr. frv. þar sem ráð er fyrir því gert að ráðherra ráði framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar.

Þetta er algjörlega úr stíl. Ég man ekki betur í umræðum þar sem fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, fór mikinn, að meginkjarninn og meginlínan í þessu öllu saman væru æðstu stjórnendur viðkomandi stofnunar sem ættu að hafa um það að segja hverjir væru ráðnir og reknir, bæru ábyrgð

og ættu því að njóta valdsins. Hér hins vegar hefur ráðherra búið þannig um hnúta og séð svo um að hann ætlar sjálfur að handvelja deildarstjóra og framkvæmdastjóra einstakra sviða. Þetta er líka algjörlega úr stíl. Og það eru einhver undirmál þarna sem ég kann ekkert á eða einhverjar skýringar sem ég hef ekki fengið. Kannski ráðherrann vilji greiða úr þeirri flækju, ég hef þó enga trú á því. Þarna er kannski eitthvað persónulegt sem ég kann ekki skil á. En þetta er engu að síður algjörlega úr stíl hvað pólitíkina varðar.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að stytta mál mitt eins og frekast hefur verið kostur en það er auðvitað erfitt í jafnstóru og viðamiklu máli, í jafnpólitískt viðkvæmu máli og hér um ræðir. Ég mun auðvitað fylgjast með því hvort einhverjar skýringar er að fá við ýmsum þeim tæknilegum spurningum sem ég hef kastað hér fram. Ég hef enga trú á því og vænti þess ekki að ég fái nein svör eða nein skoðanaskipti um hin pólitísku álitaefni. Menn eru búnir að sauma fyrir munninn á sér hvað þau varðar, láta bara ráðherrana um það og eru búnir að framselja vald sitt þannig að ég á ekkert von á því að hósti né stuna heyrist frá nokkrum þingmanni stjórnarliða þó að þeir hafi nokkrir setið við þessa umræðu.

Umræðu frestað.

## *Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 661. mál. — Þskj. 1134.

[17:33]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Við erum að ræða afar stórt mál sem fengið hefur talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Margt er mjög jákvætt varðandi þetta mál. Í því felast mörg tækifæri á sviði heilbrigðisþjónustu, bæði til þróunar í læknisfræði og þróunar á lyfjamarkaði. Í þessu frv. felast mörg störf bæði í líftækniiðnaði og öðrum hátækniiðnaði.

En það er ekki aðeins að margt sé jákvætt í þessu frv. heldur er ýmislegt sem hafa þarf áhyggjur af, sérstaklega hvað persónuverndina varðar en hana þarf að tryggja. Fyrst ætla ég þó að víkja að ástæðum þess að Ísland er kjörið land til að gera erfðarannsóknir í. Það eru aðallega þrjú atriði sem því valda.

Í fyrsta lagi er hér mikil einsleitni. Segja má að við séum með 1.000 ára einsleitt genamengi og hvergi er jafneinfalt að rekja ættartré fjölskyldna eins og hér. Þar með skapast tækifæri til þess að finna genabreytingar en með samanburði á núlifandi kynslóðum og hinum fyrri má rekja breytingar aftur í fortíðina. Út frá hinum samleita bakgrunni er með hátækni tiltölulega auðvelt að komast að því hvaða gen breytast og hver ekki þegar sjúdóma ber að höndum. Nú þegar hefur íslenskt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, borið full erfðafræðileg kennsl á tvo sjúkdóma fyrir tilstuðlan íslensku arfgerðarinnar.

Í öðru lagi eru hér á Íslandi til nákvæmar skrár um sjúkdómsferil landsmanna. Síðan 1915 höfum við haldið nákvæmar skýrslur innan heilbrigðiskerfisins þannig að þær ná 83 ár aftur í tímann. Hér er mjög gott heilbrigðiskerfi þannig að gögnin eru mjög áreiðanleg.

Í þriðja lagi er ættfræðiáhugi mjög mikill á Íslandi. Það er að sjálfsögðu forsenda þess að geta rakið ættir og tengt þær við erfðabreytingar. Nú þegar fer fram skráning allra Íslendinga í samstarfi Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar. Mér skilst að þegar hafi 520 þúsund einstaklingar verið skráðir en að endingu verði rúmlega 600 þúsund Íslendingar skráðir, þ.e. allir Íslendingar frá upphafi. Að þessu verkefni vinna sex starfsmenn og meiningin er að nýta það, ekki einungis til erfðarannsókna, heldur á líka að gefa safnið út á geisladiski þannig að almenningur geti keypt sér það og skoðað ættir sínar. Í dag má rekja einhverjar ættir flestra núlifandi Íslendinga en markmiðið er að geta rakið þær allar.

Hverjir eru helstu kostirnir við þetta frv.? Ég ætla fyrst að fara yfir þá og síðan yfir gallana.

Kostirnir eru að með þessu frv. gætum við verið að stuðla að byltingu í læknisfræði. Um er að ræða aðferð til að þróa ný lyf og nú þegar hefur, eins og fyrr sagði, fundist gen sem býr á bak við fjölskyldunæman skjálfta en 5–7% af eldri kynslóðinni eru haldnir slíkum fjölskyldulægum skjálfta.

Einnig mætti nýta þessi gögn í íslenska heilbrigðiskerfinu til að lækka útgjöld ríkisins til heilbrigðismála og auka þekkingu og þróun í heilbrigðiskerfinu. Mörg störf mundu skapast með samþykkt þessa frv. Nú í dag starfa 70–90 manns hjá Íslenskri erfðagreiningu og talið er að nokkur hundruð manns muni starfa þar þegar starfsemin verður sem mest. Þetta eru störf sem menn hafa ekki haft aðgang að hingað til í líftækniiðnaði. Á þessum markaði er í dag mjög mikil þróun. Það eru t.d. 716 líftæknifyrirtæki í Evrópu en vel á annað þúsund slíkra fyrirtækja eru til í Bandaríkjunum. Það er því mjög mikil þróun í þessum iðnaði og það er að sjálfsögðu mjög jákvætt ef við Íslendingar getum skapað fleiri störf, þ.e. á fleiri sviðum en við höfum í dag. Við höfum lagt mjög mikið upp úr sjávarútvegi en nú eru að koma breyttir tímar. Það eru fleiri störf í ferðaiðnaði, almennum iðnaði og líftækniiðnaði. Við erum ekki að setja öll eggin í eina körfu og þetta er afar jákvætt.

Það má líka sjá fyrir sér að þegar þetta fólk, Íslendingar sem verið hafa erlendis og hafa ekki getað komið heim í störf sem hæfa þeim, kemur aftur heim, að hér geti eitt leitt af öðru og upp sprottið lítið vísindasamfélag.

Mesta áhyggjuefnið varðandi frv. er persónuleyndin. Það þarf að tryggja persónuverndina og tölvunefnd þarf að koma ákveðið að málunum. Að mínu mati þarf tölvunefnd að setja skilyrði sem fyrirtækið sem fær einkaleyfið þarf að uppfylla. Ég ætla að víkja nánar að hlut tölvunefndar síðar.

Önnur atriði valda einnig áhyggjum varðandi þetta frv. Er t.d. ástæða til að óttast að trúnaðarsamband á milli sjúklings og læknis geti hugsanlega minnkað? Vonandi minnkar það ekki en það er hugsanlegt að fólki finnist óþægilegt að vita af upplýsingum um sig í svona miðlægum gagnagrunni. Maður setur líka spurningarmerki við það hvort hið pólitíska vald eigi að koma eins mikið að málum og gert er ráð fyrir í frv., þ.e. að gefa út starfsleyfið.

Mig langar að bera upp nokkrar spurningar til hæstv. heilbrrh. Í fyrsta lagi: Hvað á að vera í þessum gagnagrunni? Mér skilst samkvæmt frv. að það verði heilsufarsupplýsingar, þetta kemur fram í 2. gr., og aðrar upplýsingar þeim tengdar. Maður veltir því fyrir sér hve nákvæmar þær upplýsingar verði. Er þar um að ræða kyn, aldur, menntun, starfsheiti, upplýsingar um maka, störf hans, fjölda barna og annað slíkt? Hvað á þetta að vera nákvæmur gagnagrunnur?

Maður veltir líka fyrir sér spurningunni: Hvað með aðra vísindamenn? Geta þeir fengið aðgang að gögnum í sama mæli og í dag? Verða þeir heftir að því leyti?

Lesi maður 5. gr. frv. vekur það athygli að heilbrrh. á að veita leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrá. Maður veltir því fyrir sér hvort eðlilegt sé að hið pólitíska yfirvald veiti aðgang að svo viðkvæmum upplýsingum. Er það ekki hlutverk einhvers annars sem er „óháður" eða fullkomlega óháður, eins og tölvunefndar? Er þetta eðlilegt? Stangast þetta á við væntanlega tilskipun Evrópusambandsins? Sumir hafa haldið því fram. Það væri athyglisvert að heyra hæstv. ráðherra svara því.

Í 11. gr. frv. kemur orðrétt fram að heilbrrh. eigi að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga. Þetta þykir mér nokkuð ankannalegt, að heilbrrh. eigi að hafa þetta eftirlit. Það stangast í mínum huga að einhverju leyti á við 4. gr. þar sem sagt er að tölvunefnd skuli hafa eftirlit með því að ákveðin skilyrði séu uppfyllt.

Í 11. gr. kemur líka fram að heilbrigðisráðherra geti falið tölvunefnd og vísindasiðanefnd að annast eftirlit með framkvæmd laganna eða einstakra þátta þeirra.

Þetta þykir mér vera allt of veikt og ef maður les í greinargerðinni með 11. gr. kemur skýrt fram að lagt sé til að heilbrrh. hafi eftirlit með framkvæmd laganna en sé þó heimilt, að höfðu samráði við dómsmrh., að fela tölvunefnd og vísindanefnd að annast eftirlit með framkvæmd laganna eða einstakra þátta þess. Þetta tel ég óeðlilegt. Það þarf að kveða sterkara að orði. Ég tel að það hljóti að verða þannig að tölvunefnd beri ábyrgð á þessu eftirliti en hér sé ekki um heimildarákvæði heilbrrh. að ræða. Ég hef áhuga á því að heyra hvað hæstv. ráðherra segir um þetta, hvort það sé ekki eðlilegt að tölvunefnd ófrávíkjanlega hafi slíkt eftirlit með höndum.

Ég tel ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra um úrræði tölvunefndar. Tölvunefnd gerir væntanlega skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis. Hvaða úrræði hefur síðan tölvunefnd á að framfylgja því að skilyrði séu haldin? Hefur tölvunefnd t.d. heimild til þess að fara inn í húsnæði fyrirtækisins án dómsúrskurðar eins og þeir hafa í dag?

Ég vil einnig spyrja hæstv. heilbrrh.: Hver borgar aukin umsvif í eftirliti? Ég tel það algera forsendu þess að þetta mál gangi upp, að eftirlitið verði tryggt. Hver borgar aukin umsvif, þ.e. hver á að borga fyrir styrkingu á t.d. tölvunefnd?

Í 3. gr. frv. kemur fram að heilbrigðisráðherra geti ákveðið gjald er greiða skuli fyrir veitingu starfsleyfis til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.

Í greinargerðinni segir að gera megi ráð fyrir talsverðri vinnu hjá heilbrrn. við athuganir á því hvort skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis séu fyrir hendi, og við undirbúning leyfis. Þarna er rætt um að þetta verði talsverð vinna fyrir ráðuneytið og væntanlega á þá að fá tekjur inn á móti. Hér er að mínu mati líka um afar mikla vinnu fyrir tölvunefnd að ræða, þannig að maður spyr: Hver á að borga fyrir vinnu tölvunefndar? Er ekki eðlilegt að eitthvert þjónustugjald renni til hennar?

Mig langar að lokum að gera það að umtalsefni hvernig tölvunefnd hefur starfað. Hún hefur unnið afar þarft og gott verk en hefur því miður mjög lítinn mannafla og litla aðstöðu til að sinna hinu aukna eftirliti sem ég tel forsendu þess að við samþykkjum þetta frv. Tölvunefnd á að veita margs konar leyfi til stofnana og fyrirtækja og einstaklinga í dag.

Árið 1992 voru erindi sem nefndin afgreiddi 157 en á síðasta ári 439. Í dag er tölvunefnd skipuð fimm mönnum. Þeir eru allir í fullu starfi annars staðar en í tölvunefndinni. Hjá þeim er einungis einn starfsmaður í starfi að hluta og síðan eru nokkrir eftirlitsmenn sem sinna eftirliti. Að að mínu mati er þessi nefnd því að drukkna í álagi. Sambærilegar nefndir eða stofnanir erlendis eru miklu sterkari og betur að þeim búið. Þannig er alveg augljóst að þörf er fyrir stóraukið starfslið.

Varðandi framtíð tölvunefndar er ljóst að nefndin mun breytast, m.a. vegna tilskipunar Evrópusambandsins um meðferð persónuupplýsinga sem væntanlega verður felld undir samninga um EES. Hlutverk tölvunefndar mun aukast og afgreiðslum fjölga með þessari tilskipun.

Þegar við förum inn í Schengen-samstarfið, sem ég býst fastlega við að við gerum, þá sjáum við einnig fram á aukið eftirlit varðandi persónuvernd sem lendir á tölvunefnd. Með hliðsjón af umfangsmiklum gagnagrunni með heilsufarsupplýsingum um alla Íslendinga, þá er svo sannarlega þörf á að styrkja þessa nefnd.

Ég hef áhuga á því að heyra hvað hæstv. heilbrrh. segir um þetta. Getur hún staðfest að samhliða samþykkt frv., ef það tekst í vor, verði það sérstaklega skoðað hvernig starfsemi tölvunefndar verði háttað?

Mín niðurstaða af öllu þessu máli er sú að hér sé um afar athyglisvert og jákvætt frv. að ræða sem geti valdið byltingu í læknisfræði og þróun í meðferð sjúkdóma. Hins vegar er bráðnauðsynlegt, eðli málsins samkvæmt, að tryggja eins og kostur er persónuverndina. Það gerist með því að stórefla tölvunefnd og veita henni ákveðið rúm og úrræði til þess að stunda eftirlitið og grípa inn í ef þurfa þykir.

[17:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vekur athygli að hjá sumum hv. þm. kemur fram að það frv. sem hér er rætt sé afskaplega merkilegt, jákvætt o.s.frv. en síðan kemur langur listi athugasemda við frv. Ég fer nú að efast um að dómurinn sem menn fella sé réttur ef sá uggur sem hrærist meðal manna um þetta efni er á rökum reistur.

Ég hef þegar talað í þessari umræðu en ég vil taka undir margt sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, sem lagði sérstaka áherslu á að tryggt verði að persónulegar upplýsingar leki ekki út úr þessum gagnagrunni.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í fjölmiðlum undanfarið hafa verið birtar margar greinar eftir einstaklinga sem ég tel að hafi í öllu falli allt aðrar og betri forsendur til þess að kveða upp úr um þessi efni en sá sem hér talar. Þar vitna ég til greinar Odds Benediktssonar, í Morgunblaðinu 16. apríl, svo dæmi sé tekið, og ég vitna einnig til greinar, þann 17. apríl í DV, eftir Jón Erlendsson, yfirverkfræðing Upplýsingaþjónustu háskólans. Hann segir, með leyfi forseta:

„Síðasta útspilið, það er alþekkt lagafrumvarp um öflugan miðlægan gagnabanka, hefur vakið ugg margra um öryggi upplýsinganna og óvissu um eignarrétt. Hver og einn sem fylgist með veit að sé til staðar vilji, ásetningur, tími og geta til að brjóta dulkóða þá er slíkt fyllilega kleift. Sú hugmynd að opna beinlínutengingu að gögnum bankans er mjög varhugaverð. Slíkt gæti opnað tölvuþrjótum, hugsanlega um allan heim, greiða leið að komast í gögnin og hugsanlega að afrita þau í áföngum og ná þannig hugsanlega til sín nánast öllum gagnabankanum."

Þetta er bara eitt dæmi af mörgum sem ég hef handa á milli, virðulegur forseti.

[17:51]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ítreka það að mér þykir þetta frv. mjög jákvætt og merkilegt í alla staði. En ég viðurkenni að í brjósti mínu er ákveðinn uggur, eins og hjá mörgum öðrum, um persónuverndina. Það er kannski ekki óeðlilegt. Þetta er svo stórt og umfangsmikið. Við erum hér að tala um gífurlega miklar upplýsingar og viðkvæmar í miðlægum gagnagrunni. Við búum í litlu samfélagi þannig að við Íslendingar erum sérstaklega vakandi gagnvart persónuverndinni.

Ég man að aðeins fyrir nokkrum árum þegar ég vann á sjúkrahúsi í Reykjavík, þá héngu aðgerðarlistar á veggjum þannig að menn gátu séð hverjir voru að fara í aðgerðir. Þetta lá því miður nánast á glámbekk en þeim reglum hefur síðan verið breytt.

Um upplýsingar frá Oddi Benediktssyni get ég ekki tjáð mig. Ég þekki því miður ekki hvort hægt sé að brjóta dulkóða. Í dag fara ýmsar rannsóknir fram í gegnum dulkóða. Hið sama á þá væntanlega við um allar vísindarannsóknir. Og maður spyr sig: Ef það er fræðilegur möguleiki, með miklum tilkostnaði, að brjóta upp dulkóða, á þá að aflýsa öllum vísindarannsóknum um aldur og ævi af því að sú hætta er fyrir hendi?

[17:52]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ekki gefa neitt endanlegt svar við síðustu spurningu hv. þm. Ég teldi hins vegar skynsamlegt að menn gerðu ráð fyrir því að í flestum tilvikum, ef ekki öllum, sé hægt að komast inn í slíka banka og óvarlegt sé að gera ráð fyrir öðru. Ég tel, t.d. í þessu tilviki, að menn eigi að ræða þetta mál á grundvelli þess að slík leynd gagnist ekki. Hún dugir ekki í reynd. Menn hljóta að verða að ræða þetta miðað við að þetta geti legið opið fyrir. Það er ekki hægt að fullyrða annað.

Ég held að tengsl þessa máls við þjóðréttarlegar skuldbindingar og reglur, t.d. Evrópuráðsins eins og þær liggja fyrir, séu þess eðlis að menn þurfi sannarlega að gaumgæfa það. Ég tel að enginn hafi leyfi til að hleypa aðilum, hverjir sem þeir eru, í upplýsingar um sjúkling, annar en sjúklingurinn sjálfur. Það getur ekki verið spurningin um að heilbrigðisstofnun hafi það á valdi sínu að opna slíkar upplýsingar. Þetta er mál læknis og sjúklings og að lokum sjúklingsins.

Ég spurði hér í umræðu um daginn: Hvað um hina látnu? Hvað um hina látnu og upplýsingar um þá? Hver hefur rétt til þess að fóðra gagnabanka á upplýsingum um hina látnu? Hinir lifandi geta kannski varið sig.

[17:54]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við hv. síðasti ræðumaður séum nokkuð sammála varðandi persónuverndina, að hún sé mjög brýn. Hins vegar er það ljóst að aðstæður eru afar sérstakar hér á Íslandi, eins og ég rakti hér áðan. Einsleitni þjóðarinnar, hinn mikli ættfræðiáhugi og góðar heilsufarsupplýsingar gera okkar aðstæður mjög freistandi til þess að fara út í þessar rannsóknir. Það má hafa talsverðan ávinning af þessum rannsóknum. Ég nefni ný lyf og annað slíkt sem bætir lífsgæði og það er afar jákvætt.

Ég tel hins vegar að við eigum að treysta tölvunefnd. Hingað til hefur tölvunefnd sýnt að hún vakir mjög vel yfir þessum málum og gætir persónuverndar í hvívetna. Ég met það því svo að við eigum að treysta á tölvunefnd, fara með þetta mál inn í heilbrn., fá umsögn þaðan og vinna málið til enda þar.

Varðandi það að það hljóti að þurfa leyfi sjúklingsins til að fara í hans gögn og stunda vísindarannsóknir, þá er það þannig í dag að tölvunefnd fær umsókn t.d. frá lækni um að viðkomandi læknir vilji stunda rannsókn. Mér skilst að tölvunefnd meti í hvert sinn hvort viðkomandi vísindamaður eða læknir þurfi að spyrja hvern einasta sjúkling hvort notast megi við gögn um hann. Mér skilst að út frá eðli rannsóknarinnar sé metið hvort þess gerist þörf.

[17:56]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að taka undir ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Mér fannst þetta góð ræða og einlæg. Ég tek það sérstaklega fram vegna þess að við eigum því ekki að venjast að stjórnarliðar komi hér upp með gagnrýna umfjöllun, um það sem betur má fara eða þarf að skoða, samhliða því að halda á lofti hinu jákvæða í málinu.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er sú að ég hef sett mig á mælendaskrá en það er afmarkaður tími fyrir þessa umræðu og ólíklegt að ég komist að. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom inn á alla þá þætti sem ég hafði merkt við.

Ég vil þó leyfa mér að nefna, virðulegi forseti, þar sem hún benti á að heilbrrh. ætti að veita leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og af því að sá þingmaður sem á undan mér talaði benti á að það þyrfti samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar, að þar segir jafnframt: „eða heilbrigðisstarfsmanns". Ég vek athygli á því að það er frekar lítil þátttaka að eingöngu heilbrigðisstarfsmaður eigi að samþykkja heimild heilbrrh.

Virðulegi forseti. Ég efast um að nægilegt sé að efla tölvunefndina. Ég tek undir það að ættarsögur okkar í sjúkdómum gera rannsóknarmöguleika á Íslandi mjög mikla og það er ekki hægt að líta fram hjá því. Að því leyti er þetta mál mjög athyglisvert og jákvætt ef við getum lagt okkar af mörkum til að leysa vandamál með erfðarannsóknum.

Virðulegi forseti, það eru þrír nefndadagar eftir. Við erum að mæla fyrir þessu máli við 1. umr. Ég vona að ráðherra endurtaki að hún leggi þetta mál í hendur þingsins og ekki verði ruðst með málið í gegn á skömmum tíma.

[17:59]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti eðlilegt að spyrja hér spurninga í ræðu minni og tel ekki að það hafi verið neitt sérstaklega gagnrýnin umfjöllun. Mér fannst þær spurningar allar mjög eðlilegar og eiga rétt á sér. Það má þó vera að sumir túlki það sem gagnrýni að spyrja spurninga.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi læknar þurfi að gefa leyfi til að hægt sé að fara inn í gögn sem þeir búa yfir, til þess að skrá inn í þennan gagnagrunn, þá langar mig að nota þetta tækifæri hérna í andsvarinu og skjóta að spurningu sem mér láðist að spyrja í yfirferð minni.

Í 6. gr. segir að það eigi að vera hægt að krefjast framlags frá leyfishafa, þ.e. Íslenskri erfðagreiningu, ef það er hún sem fær það leyfi sem allir búast við, annars vegar til þess aðila sem bjó yfir upplýsingunum og hins vegar til heilbrigðisyfirvalda. Þá spyr maður: Er meiningin að það eigi t.d. að greiða sjálfstætt starfandi læknum, t.d. úti á stofu, fyrir að þetta fyrirtæki fái aðgang að upplýsingunum? Eiga

læknarnir að fá greitt fyrir að veita aðgang að upplýsingum um sjúklinga sína?

[18:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma nánar inn á það að ég kom með athugasemd til viðbótar við athugasemdir hv. þm. um leyfi heilbrrh. til að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám og öðrum heilsufarsupplýsingum sem eru ekki í gagnagrunninum en verður eflaust sótt eftir og vakin athygli á að það þarf í sumum tilfellum greinilega ekki nema samþykki heilbrigðisstarfsmanns á meðan ég mundi telja mjög eðlilegt í mörgum tilfellum að það þurfi samþykki viðkomandi einstaklings. Ég hef sjálf spurt að því hver á sýnin úr mér. Er það ég? Er það læknir sem tekur þau eða stofnunin sem ég er stödd á? Við þessu er kannski ekki komið svar enn þá. Það svar verðum við að finna í vinnslu við þetta frv.

Að öðru leyti tek ég sérstaklega fram að á sama tíma og mér finnst þetta mál athyglisvert og tel að við séum skyldug til að skoða hvernig við getum lagt fram framlag til rannsóknarstarfa þá ber okkur að fara afar gætilega með persónuupplýsingar og fyrir mér er það brýnasta málið í frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu til að tefja ekki störf þingsins umfram það sem mér er ætlað í andsvari en ég vona að þingmaðurinn hafi skilið það að ég var að gefa henni talsvert mikið hól fyrir ræðu hennar.

[18:02]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svo sannarlega hólið. Það er ekki oft sem við þingmenn hælum hverjir öðrum og við ættum að gera það sem oftast. En varðandi það hver eigi heilsufarsupplýsingarnar hef ég einmitt velt því fyrir mér eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hver á lífsýnið? Lífsýnið er hluti úr sjúkraskrá. Það er búið að setja það inn í lög þannig. Við gerðum það þegar við fórum yfir réttindi sjúklinga. Hver á sjúkraskrána? Samkvæmt lögum stendur ekkert um það heldur stendur einungis að sjúkraskrá sé varðveitt á heilbrigðisstofnun. Hún er varðveitt. Það stendur ekkert um það hver eigi hana. En það kemur greinilega fram á bls. 10 í frv. í greinargerð um 5. gr. að miðað sé við að enginn eigi þessar heilsufarsupplýsingar enda hafi þær orðið til fyrir tilstuðlan margra, þ.e. fyrir tilstuðlan sjúklingsins sem kemur auðvitað að máli, fyrir tilstuðlan læknisins, stjórnvalda sem hafa greitt fyrir geymslu á þessum upplýsingum o.s.frv., þannig að það á eiginlega enginn upplýsingarnar. Sumir vilja meina að allur almenningur eigi þær í gegnum skattagreiðslur þannig að enginn á þær beint ef maður heldur öllu til haga. Ég vildi koma þessu sérstaklega á framfæri.

Varðandi það hvort hver og einn einstaklingur eigi að samþykkja að leyfa að upplýsingar sínar fari inn í gagnagrunninn, þá hef ég líka velt þeirri spurningu fyrir mér. Segjum að eftir tvö ár eða jafnvel eftir eitt ár vilji einhver alls ekki vera skráður í gagnagrunninn. Getur hann þá náð sjálfum sér út úr honum? Það er spurning sem ég velti fyrir mér. Er hægt að hringja þarna inn og segja: Sjúkraskrá mín á að vera lokuð gagnvart öllum vísindarannsóknum eða t.d. gagnvart þessum gagnagrunni eða eitthvað slíkt. Það er mjög stór spurning.

[18:04]

**Útbýting þingskjala:**

Þjóðfáni Íslendinga, 542. mál, nál. allshn., þskj. 1210; brtt. allshn., þskj. 1211.

Þjóðlendur, 367. mál, nál. allshn., þskj. 1214; brtt. allshn., þskj. 1215.

[18:04]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Hér er til umræðu mjög spennandi mál sem ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að koma með inn í þingið. Ég held að þetta sé kannski stærsta og mest spennandi mál sem við höfum séð í langan tíma þar sem Ísland er orðinn alvöruþátttakandi í vísindastarfi á sviði læknisfræði, í vísindastarfi sem er barátta gegn sjúkdómum og sem er leið til þess að mannkynið geti sigrast á þeim sjúkdómum og plágum sem hafa verið að hrjá það um langan aldur. Ég þakka hæstv. heilbrrh. enn og aftur fyrir það hversu vel frv. virðist allt unnið og hvernig það kemur fram fyrir lok vetrar, það finnst mér þakkarvert.

Mér finnst einnig ánægjulegt hvað landsmenn hafa almennt tekið málinu vel. Það fer ekki fram hjá neinum sem hefur fylgst með umræðu í sjónvarpi og útvarpi að landsmenn eru almennt upp til hópa mjög ánægðir með málið og menn eru sammála því mati sem ég flutti áðan að þetta sé liður í því að efla læknavísindi og berjast gegn sjúkdómum.

Þjóðarsálin er meðmælt þessu. Ég vil leyfa mér að vitna til þess ágæta manns, Össurar Guðbjartssonar á Lága-Núpi sem sagði í Þjóðarsálinni nýverið að hann stæði í það mikilli þakkarskuld við heilbrigðiskerfið að sér væri sönn ánægja að geta á einhvern hátt lagt öðrum lið með því að leggja til persónuupplýsingar sínar inn í slíkan gagnagrunn. Ég held að þannig hugsi fjölmargir sjúklingar, sem hafa átt við veikindi og erfiðleika að stríða, þeir séu þakklátir fyrir að geta með einhverjum hætti komið í veg fyrir að aðrir þurfi að ganga í gegnum það sama og þeir þurftu að gera.

Össur á Lága-Núpi er þjóðarsálin í mörgum skilningi. Ég kýs að gera orð Össurar á Lága-Núpi að mínum þó að ég hafi verið það lánsamur sjálfur að ekki séu miklar upplýsingar um mig í þessum gagnagrunni.

Það merkilega við umræðuna er að hún virðist hafa snúist að mestu um einhvern hræðsluáróður um hugsanlegt innbrot í gagnagrunninn. Það virðist vera orðið aðalatriði málsins, ekki það hvort við séum að hjálpa mannkyninu að sigrast á þeim erfiðleikum sem hafa hrjáð mannkynið um langan tíma. Hræðsluáróður skal það vera, hræðsluáróður um þjófa og innbrotsmenn sem geta hugsanlega brotist inn í gagnagrunna.

Við vitum að það er auðvitað minnst áhætta fólgin í því í lífinu að gera alls ekki neitt, vera alltaf kyrr á sama stað, hreyfa sig ekki neitt, hafa aldrei frumkvæði, taka aldrei ákvörðun. Það er minnst áhætta fólgin í því. En þannig verða einfaldlega ekki framfarir og ég vona og þykist vita að þeir sem talað hafa á undan og haldið uppi þessum hræðsluáróðri séu ekki að segja að það eigi ekkert að gera, það eigi bara að hjakka í sama farinu.

Út af þessum hræðsluáróðri vil ég segja að það vita allir og það er ekkert nýtt að það er hægt að brjótast inn í alla gagnagrunna, það er hægt að brjóta alla leyndarkóða, það er hægt að fara inn í alla gagnabanka. Það eru engin ný sannindi. Við gætum hugsað okkur að það séu gagnagrunnar á hverju einstöku sjúkrahúsi sem á að sameina. Við gætum hugsað okkur að einhver vissi um mann sem hefði brotið á sér handlegginn tiltekinn dag og fótinn einhvern annan dag. Þetta er nú ekki stærra úrtak en það að ef menn vissu nákvæmlega þessar upplýsingar og hefðu aðgang að gagnagrunni slysadeildarinnar og vissu hvenær hann fór þar inn,

þá geta þeir auðvitað ráðið í það út frá því hver eru einkenni þessa einstaklings í þessum gagnagrunni. En ég segi: Hvaða líkur eru á því að þeir sem vita um þetta tiltekna tilvik hafi svo aðgang að því að vera að vinna við þennan gagnagrunn? Ég held að þær séu hverfandi. Menn geta leikið sér endalaust að einhverjum slíkum dæmum en það eru hverfandi líkur á að slíkar aðstæður komi upp að þetta sé hægt. Menn eiga ekki að eyða tímanum í að vera endalaust að tala um hræðslu og áróður fyrir því að einhverjir misindismenn og þjófar misnoti aðstöðu sína.

Við vitum að það eru gagnagrunnar um allan heim. Það eru notaðir gagnagrunnar á skattstofum og mjög víða þar sem upplýsingar eiga að fara leynt og starfsmenn sem vinna við þær ganga einfaldlega í gegnum ákveðna skoðun og skönnun áður en þeir fara að vinna með þessa gagnagrunna þannig að ég sé ekki að það sé hægt að gera þetta með sama hætti hér. Ég vísa því þessum hræðsluáróðri frá sem ég hef heyrt í umræðunni bæði í dag og það sem var þegar umræðan var fyrst tekin fyrir, þó ég segi að það sé ekkert nýtt í því, það er hægt að brjóta alla gagnagrunna. Það er bara ekki aðalatriði málsins. Það er ekki það mikið í húfi þó að einhver þekkti að t.d. maki þess sem er að vinna við þetta hefði einhvern tíma lent inni á slysadeild og þannig væri hægt að rekja hvert væri einkenni viðkomandi, gagnagrunnurinn er ekki stórlega brotinn með því. Við skulum ekkert vera að velta okkur upp úr þessu meira.

Hv. þingmenn hafa líka nefnt einkaleyfið og velt því fyrir sér hvort það sé eðlilegt, hvort ekki sé bara eðlilegra að ríkið greiði kostnað sem þessu er samfara. Ég held að það sé mjög góð nálgun í málinu að leysa þetta með að fela þessum ágæta vísindamanni, Kára Stefánssyni lækni, og því fyrirtæki sem hann hefur hér sett á laggirnar af miklum dugnaði, Íslenskri erfðagreiningu, að koma þessu á. Við skulum vera alveg klár á því að gagnagrunnar á spítölum hafa verið til í áratugi. Læknarnir hafa notað þá og gengið um þá hver á sínum stað en ég veit ekki til að nokkur þeirra hafi haft þann kraft í sér að gera það sem Kári Stefánsson og Íslensk erfðagreining er að gera núna, ekki einn einasti þeirra. En það er yfirleitt þannig þegar einhver skarar fram úr í íslensku þjóðfélagi þá er stutt í hælbítana. Ég fagna því að þetta fyrirtæki skuli hafa sýnt þetta frumkvæði og ef það ætlar að kosta þessa gerð finnst mér ekkert óeðlilegt að því sé veittur ákveðinn tími til þess að ná þeim kostnaði til baka.

Ég vil segja að það virðast vera peningar til staðar núna til þess að gera þetta og ég tel að það eigi að nota þann meðbyr sem málið hefur. Ég gat um það í upphafi máls míns að miðað við hvað maður heyrir þjóðarsálina segja er fólk og sjúklingar meðmæltir því að þetta sé gert þannig að við eigum að drífa í þessu núna. Það er ekki víst að sama aðstaða verði að hausti til þess að fá peninga í þetta mál eins og núna þannig að ég vona að þingmenn sjái sér fært að afgreiða þetta mál í gegnum þingið í vor. Ég vona að hæstv. heilbrrh. hafi tök á því, þó að ég viti að það sé mikið að gera þar, að vinna í málinu þannig að hægt verði að afgreiða það í vor í staðinn fyrir að málið komi aftur inn í haust. Ég sé ekki að málið bæti sig neitt. Það er gott núna, ég sé ekki að það bæti sig neitt á því að það verði látið liggja til hausts.

[18:13]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst athyglisvert að hlýða á mál hv. þm. einkum vegna þess að ég átti kannski von á að það kæmi upp svolítið annar flötur hjá hv. þm. Hér eiga menn að sjálfsögðu fullan rétt á því að hafa hvaða skoðun sem er sem betur fer.

Ég er ekki sammála hv. þm. um að málið sé vel unnið. Mér duttu í hug ummæli Snorra um háðið þegar hv. þm. hafði þau orð uppi hversu vandaður undirbúningurinn væri.

Ég hef líka ákveðnar efasemdir um það að upplýsingar af þeim toga sem hér um ræðir séu gerðar að markaðsvöru og fyrst og fremst litið á þær út frá því sjónarhorni. Ég leyfi mér að vísa til III. kafla í samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins og samninginn um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði.

Í III. kafla, Einkalíf og réttur til að fá upplýsingar, er kveðið á um þessi efni með þeim hætti að ég held að það sé nauðsynlegt að menn skoði þetta mál í tengslum við það. Þar segir í 10. gr. um einkalíf og rétt til að fá upplýsingar:

„1. Allir eiga rétt á að einkalíf þeirra sé virt, að því er varðar upplýsingar um heilbrigði þeirra.

2. Allir eiga rétt á að fá að vita um hverjar þær upplýsingar eru sem safnað er um heilbrigði þeirra. Hins vegar skal virða óskir einstaklinga um það, að þeim verði ekki veittar upplýsingar á þennan hátt.

3. Í þágu sjúklingsins er í undantekningartilvikum í lögum hægt að takmarka beitingu þess réttar, sem felst í annarri málsgrein."

Síðan eru fleiri kaflar eins og IV. kafli og V. kafli í þessari samþykkt. Ég held að það greiði ekkert götu málsins, sem mér finnst mikillar athygli vert sem slíkt, en kallar hins vegar á það að menn vandi sig mjög verulega við athugun málsins vegna þess að það hefur líka fordæmisgildi. Þá finnst mér það ekki ná nokkurri átt að ætla að ganga blindandi í þennan leik eins og hv. þm. er í rauninni að mæla með.

[18:16]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var vissulega ekki háð þegar ég sagði að þetta mál væri vel unnið. Hins vegar er það nú svo að séu menn haldnir fullkomnunaráráttu þá er það oft þannig með slíka menn að þeir koma sjaldnast miklu í verk. Þeir sem alltaf liggja yfir kommusetningunni í staðinn fyrir að horfa á textann í heild koma ekki miklu í verk.

Ég tel að þetta mál sé ekki mjög flókið þannig að menn þurfi ekki langan tíma til að átta sig á því hvort það sé í lagi eða ekki. Mitt mat er að það sé í lagi, þetta sé gott mál sem sé í lagi, þannig að ég er tilbúinn til að greiða atkvæði með þessu máli, styðja það í gegnum þingið strax í vor.

[18:17]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Reglur um kommusetningu hafa nú verið nokkuð á reiki á Íslandi um býsna langt skeið svo ég held að ekki sé nú á miklu að byggja í þeim efnum, þó menn reyndu.

Ég vil andmæla því að hér sé á ferðinni einfalt mál og sjálfsagt, eins og má lesa úr máli hv. þm. Ég er mjög undrandi á þessu viðhorfi sem hér kemur fram um svo gífurlega stórt mál sem hér um ræðir og stóru spurningar sem málinu tengjast. Ég ítreka það sem ég lauk ræðu minni á í umræðunni um daginn að ég hef ekki gert upp hug minn í þessu máli miðað við hugsanlega lokastöðu þess að lokinni vandaðri athugun á vegum þingsins.

En mér óar, virðulegur forseti, að heyra jafnléttúðlega talað um stórt mál og hv. þm. leyfir sér að gera. Ég er honum ósammála um að þannig beri að vinna á Alþingi

Íslendinga í mjög stóru og vandasömu máli. Ég vísa á að í nágrannalöndum okkar, t.d. í Noregi, hefur verið séð til þess að útbúið hefur verið sérstakt yfirlit af hálfu stjórnvalda sem er aðgengilegt „Tilgang til helseregistre", eins og það er kallað á norskunni. Ég tel sjálfsagt að hér að lægi fyrir hlíðstætt mat af hálfu íslenskra stjórnvalda áður en slíkt frv. er lagt fyrir þingið.

[18:18]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þá skoðun mína að ég sé ekki að þetta sé svo flókið að menn geti ekki gert upp hug sinn á þeim tíma sem eftir lifir af þessu þingi. Ég sé ekki að menn þurfi lengi að velkjast með þetta mál því að mér sýnist þetta vera ofur einföld skráning á upplýsingum. Meðferð upplýsinganna er svo aftur annað mál og þar geta menn auðvitað velt sér upp úr því sem ég kallaði áðan hræðsluáróður um það að einhverjir geri það sem þeir eigi ekki að gera, brjótist inn og fari illa með. En það er bara sama vandamál og við stöndum frammi fyrir mjög víða í þjóðfélaginu. Ef það ætti að hræða okkur frá öllu því sem horfir til framfara í okkar þjóðfélagi að einhver kynni að fara illa með það þá verða einfaldlega engar framfarir.

Og ef menn ætla að eyða endalausum tíma og velta sér upp úr því hvort einhver hagnist á einhverju eða hvort einhver fari illa með, þá miðar okkur ekki neitt. Í mínum huga er þetta einföld skráning á upplýsingum sem geta orðið til mikilla nota fyrir læknavísindin, til stórkostlegra nota, sem getur hjálpað komandi kynslóðum, hjálpað hundruðum og þúsundum manna. Við eigum ekki að tefja slíkt mál. Við eigum ekki að setja það í hugsanlegt uppnám með því að draga það að óþörfu. Það er meðbyr núna og við eigum að grípa þann meðbyr. Við eigum að keyra þetta mál áfram og ef það fer ekki í gegn í vor þá vona ég svo sannarlega að hæstv. heilbrrh. komi með það aftur að hausti. En mér finnst þetta vera þannig mál að við skuldum mannkyninu það að við drífum þetta í gegn sem allra fyrst.

[18:20]

**Útbýting þingskjals:**

Málefni Landsbanka Íslands og Lindar hf., 694. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1216.

[18:21]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þann 13. mars 1998 birtist grein í þýska tímaritinu CASH undir fyrirsögninni: Ísland lokkar vísindamenn. Þar kemur fram að Hoffman-La Roche lyfjafyrirtækið leggi fram 300 millj. dollara fyrir einkarétt á að leita sjúkdóma meðal hinna einsleitu íbúa Íslands og að markaðseinokun gagnagrunnsins sé innifalin í verðinu.

Þar er sagt frá því að bylting sé að verða í lyfjaheiminum, að fyrirtæki séu að hætta að notast við lögmálið „að prófa og skjátlast" við lyfjaframleiðslu og þau vilji fara í meiri grunnrannsóknir þar sem leitað er eftir upplýsingum bæði frá erfðum og umhverfi. Þær séu samtengdar og með slíkum rannsóknum komi færri og betri lyf á markaðinn sem henti fólki með mismunandi erfðauppbyggingu sem búi við mismunandi aðstæður. Í þessu skyni hafi Hoffmann-La Roche gert stærsta viðskiptasamning sem gerður hafi verið um erfðarannsóknir við Íslenska erfðagreiningu. Íslensk erfðagreining verði að fá stuðning ríkisstjórnarinnar ef hún eigi að ná þessu markmiði og eigi íslenska þingið jafnvel strax í vor eftir að samþykkja lög sem veiti Íslenskri erfðagreiningu einkarétt til að markaðssetja hin erfðafræðilegu gögn. Einnig eigi að banna útflutning á íslenskum blóðprufum og erfðaefni. Þetta sé allt saman óhjákvæmilegt því að það sé svo dýrt að búa til svona gagnabanka og lyfjafyrirtækin greiði aðeins hátt verð ef þau sitja ein að upplýsingunum. Kári Stefánsson er nefndur á nafn í þessari grein og sagt er frá því að hann muni því ákveða hver fái aðgang, hvenær og hvernig, að einstökum gögnum. Þá segir frá því í þessari grein að vísindamenn gagnrýni þessa markaðseinokun á upplýsingum sem stangist algjörlega á við alla frjálsa iðkun vísindarannsókna og grundvallarlögmál vísindasamfélagsins þar sem áhersla er á að hægt sé að endurtaka og sannreyna rannsóknir annarra.

Þetta var 13. mars, herra forseti, eða mun fyrr en það frv. sem nú er verið að ræða var lagt fram á Alþingi eftir stormasama kynningu úti í þjóðfélaginu, sem er auðvitað mikil lítilsvirðing við þingið eins og áður hefur komið fram í umræðunni.

Þetta frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði er stórmál sem verður að fá víðtæka umfjöllun í samfélaginu því að auk þess að snerta þróun vísinda m.a. og möguleika til að stórefla atvinnumöguleika fólks á Íslandi, þá snertir málið starfsumhverfi fjölmargra vísindamanna og heilbrigðisstarfsfólks. Og síðast en ekki síst varðar þetta viðkvæmar persónulegar upplýsingar um alla notendur heilbrigðiskerfisins, nær alla landsmenn.

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég kom með opnum huga að þessu máli en nú tel ég engum vafa undirorpið að mun fleiri rök mæla með því en móti að málið fari eingöngu til kynningar nú í vor og fái mikla umræðu í sumar og komi aftur í þingið vonandi í breyttu formi í haust. Ég vil sem sagt sjá að mál af þessu tagi fari hér í gegn, en ég tel að það sé mjög margt athugavert við þetta frv. eins og það er nú.

Þá vil ég taka undir fram komna gagnrýni um að forkastanlegt sé hvernig þetta frv. var unnið, þ.e. það virðist hafa verið unnið í ráðuneytinu eftir uppskrift eins helsta hagsmunaaðilans í málinu. Þetta fullyrði ég eftir þeim upplýsingum sem ég hef heyrt og fram hefur komið hjá ráðherra, þ.e. að það hafi verið samið í ráðuneytinu. En ekki kemur fram, eins og oft gerir með stjórnarfrv., hvernig aðdragandi málsins var eða hverjir sömdu það.

Nauðsynlegt hefði verið að mínu mati að fulltrúar frá vísindasiðanefnd, tölvunefnd, læknum og fleiri heilbrigðisstéttum og frá vísindasamfélaginu, t.d. Rannís hefðu komið að samningu frv. af þessu tagi. Á málinu eru mjög margir fletir en þetta hefur verið matreitt þannig í þjóðina, og það kom einnig fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ákveðinn aðili geti búið til gagnagrunn á heilbrigðissviði með dulkóðuðum upplýsingum þannig að engin hætta sé á að persónulegar upplýsingar fari til rangra aðila. Þetta eigi að nýtast vel í heilbrigðiskerfinu, bæði fyrir verðandi þjónustu og rannsóknir, og Íslendingar eigi að fá frí lyf frá þeim lyfjafyrirtækjum sem njóta þessa gagnagrunns í sinni lyfjaþróun. En þar sem stjórnvöld hafi ekki efni á að búa til svona gagnagrunn þá verði að veita einkaleyfi til eins starfsaðila í tólf ár og hann hafi einkaleyfi til aðgangs á tilteknum heilsufarsupplýsingum. Þetta einkaleyfi er talið nauðsynlegt til að hann geti fjármagnað fyrirtækið, þ.e. lyfjafyrirtækin vilja ekki greiða uppsett verð nema þau fái einkaleyfi.

Talað er um að það kosti 12 milljarða að búa til slíkan gagnagrunn og fyrirtækið Hoffmann-La Roche virðist samkvæmt tiltækum upplýsingum vera tilbúið að greiða

uppsett verð. Á meðan eiga heilbrigðisyfirvöld að geta nýtt sér grunninn og vísindamenn eiga að geta nýtt sér hann til vísindarannsókna svo framarlega sem þeir selja ekki upplýsingarnar til fyrirtækja, skilst mér, og hins vegar verða þeir að fá leyfi hjá starfsleyfishafanum, þ.e. þeim sem hefur einkaleyfið.

Herra forseti. Þetta mál er mjög athyglisvert, ekki síst hvernig virðist hafa tekist að sannfæra þjóðina um að hér sé alfarið um gott mál að ræða. Málið er að mörgu leyti gott en það eru einnig lausir endar á því sem verður að laga. Hugmyndin um samræmdan heilbrigðisgagnagrunn er í sjálfu sér ekki mjög frumleg heldur hitt að láta sér detta í hug að heimild fáist til þess að búa hann til og að selja upplýsingarnar til iðnþróunar eða lyfjaþróunar erlendis því að mörgu leyti stangast þetta á við viðteknar venjur í vísindarannsóknum.

Öllum sem hafa kynnt sér málið er ljóst að heildstæður gagnagrunnur um erfðafræðilega einsleita þjóð eins og Íslendinga, sem býr við tiltölulega þróað heilbrigðiskerfi þar sem ættfræðiþekking er góð, hlýtur að vera fjársjóður sem nýta má til vísindarannsókna, vísindum og þekkingu til framdráttar. Um það efast enginn, hvort sem það er á sviði erfðafræði, læknisfræði, lyfjafræði eða á heilbrigðissviði yfirleitt. Um þetta er ekki deilt.

Deiluefnið er hvort þetta sé forsvaranlegt eða óhætt með tilliti til verndar persónuupplýsinga og ekki síður hvort sú leið sem hér er valin, ekki síst veiting einkaleyfisins til starfsleyfishafans, er réttlætanleg eða skynsamleg. Bent hefur verið á að þau verðmæti sem hér eru í húfi séu gífurleg. Hér er lagt til að einn starfsleyfishafi fái rétt til að einoka þessi verðmæti í tólf ár.

Þessu hefur verið líkt við það að einn útgerðarmaður, sannkallaður sægreifi, fengi allan fiskveiðikvótann í tólf ár. Þessi samlíking við fiskinn í sjónum gengur eingöngu upp ef auðlindin er takmörkuð, þ.e. ef einkaleyfi er veitt á notkun í ákveðnum tilgangi. Ef frjáls aðgangur væri í gögnin öllum sem þættu þau eftirsóknarverð, t.d. lyfjafyrirtækjum, þá væru þau minna virði á sama hátt og kvótinn í sjónum væri lítils virði ef auðlindin væru ótakmörkuð og allir gætu veitt að vild, umfram eftirspurn.

Það að upplýsingarnar eru samtengdar og möguleikinn á að veita einkaleyfi á þeim, skapar verðmætin. Um leið skapar einkaleyfið veruleg vandamál fyrir vísindin og brýtur prinsipp vísindarannsókna. Þess vegna m.a. er þetta siðfræðilega mjög erfitt mál. Það er eitt að reyna að græða á þessu og að rannsóknum í heilbrigðisvísindum fleygi fram en annað og verra að brjóta mikilvæg prinsipp vísindarannsókna.

Herra forseti. Mig langar að koma hér nánar að nokkrum atriðum sem ég tel mjög varasöm í sambandi við þetta frv.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill rétt aðeins minna á að samkomulag var um að þessari umræðu lyki um sjöleytið og í hana færi einn og hálfur tími. Nú eru fimm hv. þm. eru á mælendaskrá að lokinni ræðu hv. 19. þm. Reykv. og ég vildi biðja hv. þm. að gefa því gaum í ræðu sinni.)

Ég hafði gert ráð fyrir því, herra forseti, að ég fengi 20 mínútur en ég skal reyna að stytta mál mitt eins og ég mögulega get. Hér hefur verið mikið um andsvör. Ég hef verið á mælendaskrá frá því í síðustu viku og get ekki gert að því þó að tímanum hafi verið eytt öðruvísi. Ég ætla þó að stytta mál mitt.

Það sem ég tel að verulega þurfi að laga varðar í fyrsta lagi persónuupplýsingar. Ég vil vísa í umfjöllun prófessors Odds Benediktssonar, sem m.a. hefur verið birt í Morgunblaðinu, þar sem hann fullyrðir að veruleg hætta sé á að þessi grunnur verði misnotaður og tryggja þurfi alla enda í þeim efnum. Fyrir mér er ljóst að einstaklingar, sem margir hverjir eru mjög tortryggnir, hljóta að hafa rétt á að taka allar upplýsingar um sjálfan sig úr slíkum grunni. Á frv. er þó ekki að skilja að það sé ætlunin. Þar er talað um að væntanlega verði grunnurinn í eigu ríkisins eða þeirra sem hafa búið hann til og upplýsingarnar séu ekki í eigu þeirra einstaklinga sem um ræðir.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á kostnaðinum við grunninn. Í umræðunni hefur því verið haldið fram að um sé að ræða 12 milljarða kostnað. Ég hef heyrt að hægt sé að búa til svona grunn fyrir einn til tvo milljarða og talan 20 milljarðar hefur líka komið upp, m.a. hjá Oddi Benediktssyni, þ.e. að gögnin séu þess virði. Það er því mjög óljóst, ef maður fer að velta því fyrir sér hvers virði grunnurinn er, fyrir hvaða upphæð eigi að veita starfsleyfið. Ég tel að það þurfi að fara mun betur ofan í upplýsingarnar um kostnað við gerð grunns af þessu tagi.

Í þriðja lagi vil ég benda á vandann við beinlínutengingarnar sem fram kemur í 8. gr. og er allt að því í mótsögn við 9. gr. þar sem bannað er að þessi grunnur verði erlendis. Í raun og veru ætti að vera mjög auðvelt að afrita allan grunninn. Þannig virðist vera ákveðin mótsögn á milli 8. og 9. gr.

Ég vil einnig benda á að í 11. gr. finnst mér mjög ótrúverðugt hvernig koma á fyrir eftirliti. Talað er um að heilbrrh. megi heimila tölvunefnd og vísindasiðanefnd að taka að sér eftirlit en það er ekki skylda. Ég get því ekki séð annað en að hugsanlega geti þetta orðið algjörlega eftirlitslaust. Það þarf að skýra mun betur hvaða eftirlit eigi að vera með framkvæmdinni.

Síðast en ekki síst, herra forseti, vil ég segja að það að veita einkaaðila þetta vald til framsals, bæði til að hafa starfsleyfið og framselja upplýsingar, er mjög vafasamt og engin furða að vísindasamfélagið mótmæli. Ein hliðaráhrif þessa eru t.d. þau að lyfjafyrirtæki, sem nú styðja vísindarannsóknir fjölmargra vísindamanna, mundu hætta slíkum stuðningi því að bestu gögnin yrðu einfaldlega í höndum eins aðila, sem gæti síðan eftirlitslaust halað inn tekjur í skjóli einkaleyfis síns.

Ég reyni að stytta mál mitt, herra forseti. Ég sé ekki hvernig heilbrrn. getur hyglað einu fyrirtæki umfram annað eða á hvaða forsendum, þegar kemur að veitingu leyfis skv. 5. gr. Ef fleiri fyrirtæki en Íslensk erfðagreining mundu sækjast eftir leyfi samkvæmt 5. gr., og báðir uppfylla sett skilyrði, hver yrði þá valinn og á hvaða forsendum? Í 6. gr. er rætt um gjald, sem heilbrrh. getur ákveðið fyrir leyfi skv. 5. gr. en ekkert kemur fram um hve hátt það eigi að vera né hvaða viðmið eigi að nota. Mundi t.d. sá sem byði hærra gjald fyrir einkaleyfið fá það ef hann uppfyllti skilyrðin að öðru leyti? Á þetta að vera einhvers konar málamiðlunargjald eða er það hugsað sem tekjustofn fyrir heilbrigðiskerfið og ríkissjóð? Þetta kann að hljóma undarlega, herra forseti, en mér sýnist að þau réttindi sem einkaleyfishafinn fær séu það mikil að ekki sé ólíklegt að margir sæki um.

Ég fer að ljúka máli mínu, herra forseti, en í DV í dag er vitnað í þá afstöðu sjálfstæðismanna að það liggi á að samþykkja þetta frv. vegna þess að milljarðar kr. séu í hættu. Ég vil ítreka, herra forseti, að ekkert af því sem Íslensk erfðagreining eða íslenska þjóðin hefur upp á að bjóða í þessum efnum, hverfur eða missir marks þó að beðið sé til næsta hausts. Þjóðin verður áfram einsleit og upplýsingar

um heilsufar hennar og ættfræði eru jafnverðmætar og áður. Það eru einnig mjög litlar líkur á því að nokkur önnur þjóð skapi grunn af þessu tagi á þeim tíma.

Frestun fram á haust gerði fólki kleift að átta sig betur á því hvort það kostar einn, tvo eða 20 milljarða að búa til öruggan gagnagrunn af þessu tagi. Hægt væri að kanna hvernig best megi tryggja að persónuupplýsingar verði ekki misnotaðar af skúrkum í vondum tilgangi, t.d. af tryggingafyrirtækjum. Eins væri hægt að finna með hvaða hætti gagnagrunnurinn nýtist sem best íslenskum stjórnvöldum, t.d. til að bæta heilbrigðiskerfið, í þágu vísindarannsókna, sem atvinnuvettvangur fyrir háskólamenntað fólk eða sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð en ekki fyrir einn lénsherra eða einkaaðila eins og hér er lagt til.

Umræður undanfarna daga í fjölmiðlum, á ráðstefnum, fundum og í einkasamtölum hafa sannfært mig um að þetta mál verði að fá mun víðtækari umfjöllun í samfélaginu. Um það verður að nást sátt svo allir geti lagt sitt af mörkum til að hámarka gæðin á þeim gagnagrunni sem vonandi verður til hagsbóta fyrir sem allra flesta, sjúklinga jafnt sem heilbrigðiskerfið, vísindamenn og framþróun vísindanna.

Best væri ef fjárhagslegur ávinningur skilaði sér til almennings svo framarlega sem almenningur sættir sig við að svona upplýsingar séu notaðar í gróðaskyni. Ef það verður prinsippið, sem vissulega er umdeilanlegt og krefst siðfræðilegrar umræðu, þá tel ég að gróðinn eigi að fara til sem flestra, til vísindarannsókna, til háskóla eða til heilbrigðiskerfis en ekki til einkaaðila. Hægt væri að (Forseti hringir.) útfæra slíka lausn þannig að margir aðilar mundu bjóða í leyfin og fá einkaleyfi varðandi einstaka sjúkdóma. Þannig gæfi þetta meira af sér og væri mun tryggara.

(**Forseti** (GÁS): Tíminn er búinn.)

Herra forseti, að lokum ein spurning til ráðherra.

(**Forseti** (GÁS): Tíminn er búinn).

[18:41]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti verður, að gefnu tilefni, að árétta að samkomulag var gert um að þessari 1. umr. yrði lokið kl. sjö, á einum og hálfum klukkutíma. Það gefur auðvitað auga leið að ef hv. þm. ætla allir að nýta sér 20 mínútur, sem þeir hafa samkvæmt þingsköpum, þá komast ekki allir þingmenn að. Nú eru fimm hv. þm. á mælendaskrá og 17 mínútur í umsamin tímamörk.

[18:42]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Ég mun ekki ganga á þann skamma ræðutíma sem hér er til umráða. Frv. það sem verið er að ræða, frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, hefur verið skýrt hér rækilega og rætt þannig að óþarft er að fara mörgum orðum um það að mínu mati.

Frumkvæði Íslenskrar erfðagreiningar er vissulega fagnaðarefni og ber að lýsa sérstakri ánægju með að þeir sem þar eru á ferðinni skuli hafa gengið til þessa verks. Eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh. þá var það að frumkvæði forsvarsmanna Íslenskrar erfðagreiningar sem þessu máli var hrundið af stað. Málið er einstakt og er að mínu mati þess virði að við skoðum það mjög vandlega og rækilega.

Í 3. gr. frv. kemur fram að málið snúist um að heilbrrh. skuli beita sér fyrir gerð og starfrækslu samhæfðra gagnagrunna á heilbrigðissviði, síðan er heilbrrh. heimilt að semja um þessa gerð og starfrækslu gagnagrunnanna. Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð.

Það sem ég vildi undirstrika í þessari umræðu, herra forseti, er hversu mikilvægt er að um þetta mál skapist sæmileg samstaða. Þetta mál, frv. sem hér er til umræðu, er þeirrar gerðar að það væri ekki skynsamlegt að ganga fram með það þannig að um það verði logandi ágreiningur. Ýmsar athugasemdir hafa komið fram í þessari umræðu og við þingmenn höfum orðið varir við að margir í þjóðfélaginu hafa sitthvað við frv. að athuga. Þess vegna vil ég leggja á það ríka áherslu að hv. heilbr.- og trn. leiti traustra umsagna um þetta frv. Hér er fjallað um leiðir til þess að vinna með persónulegar upplýsingar. Við höfum sett löggjöf um réttindi sjúklinga og verðum að tryggja að persónuverndin sé í heiðri höfð.

Þess vegna hvet ég eindregið til þess að traustra umsagna verði leitað, hjá vísindamönnum læknisfræðinnar, vísindamanna hjá Háskóla Íslands og öðrum rannsóknar- og vísindastofnunum sem ástæða er að leita til þannig að hv. heilbr.- og trn. geti, eins vel og kostur er, gengið til skoðunar á þessu frv. og lagt til breytingar á því þannig að við getum með góðri samvisku afgreitt málið.

Í grg. með frv. og í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ég hef lesið rækilega, kemur ekkert fram svo ég sjái og það hefur ekkert komið fram fyrir mín augu sem sannfærir mig um það á þessu stigi að afgreiða beri þetta mál með sérstökum hraða. Ef það kemur hins vegar fram í meðferð þingnefndarinnar að það sé nauðsynlegt er ég að sjálfsögðu tilbúinn til þess. Enn sem komið er hefur ekkert komið fram sem réttlætir að mínu mati þá vinnu að afgreiða frv. núna fyrir þinglok. En þessi svipa er yfir okkur að ljúka málinu fyrir þinglok að þessu sinni og ég er reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum að svo megi verða ef ég er sannfærður um að það sé nauðsynlegt. En ég er ekki sannfærður um það á þessari stundu á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Ég ítreka það sem ég sagði hér fyrr að þetta er mjög merkilegt mál og ber að fagna því og leita allra leiða svo þeim markmiðum megi ná sem frv. gerir ráð fyrir.

[18:47]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Nokkuð er tíminn naumur til að ræða þetta mál og enn er fólk á eftir mér á mælendaskrá svo ég ætla þá einungis að segja örfá orð.

Ég tel í fyrsta lagi, herra forseti, að það sé brýnt að setja löggjöf um gagnagrunna á heilbrigðissviði, meðferð þeirra og hagnýtingu. Í umræðunni hafa margoft komið fram málefni sem tengjast Íslenskri erfðagreiningu og finnst mér því rétt að gera það aðeins að umtalsefni.

Ég vil í fyrsta lagi segja að við erum að horfa hér á ný tækifæri sem hafa opnast á þessu sviði í tengslum við lyfjaiðnaðinn. Það er mjög eðlilegt að menn séu hikandi við að fara inn á þessar nýju brautir og þurfi að ræða það vandlega. Það er svo með alla nýja hluti að þeir þurfa vissa gerjun áður en í þá er ráðist.

Ellefu hundruð ára einangrun okkar og ættfræði er sú umgjörð sem mótar möguleika til þeirra rannsókna sem hér er verið að ræða um. Hér er mikil sérstaða sem við eigum vitaskuld að nýta. Hins vegar vakna siðferðileg álitamál, tölvutæknileg álitamál, heilbrigðisleg álitamál og efnahagsleg álitamál. Ég vil, herra forseti, draga það skýrt fram af því að menn tala um siðferðileg álitamál og ýmsir læknar hafa áhyggjur af því sviði, benda á þá einföldu staðreynd að Kári Stefánsson, forsvarsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, er læknir. Hann vinnur eftir sambærilegum siðalögmálum

og reglum og gilda í læknastétt. Hins vegar er allt um þetta mikið álitamál hvernig menn vilja láta hlutina þróast.

Það er sömuleiðis ekkert nýtt að safnað sé saman tölvuupplýsingum og þær nafngreindar. Mjög víða eru til nafnalistar í íslensku heilbrigðiskerfi, skrásettir á nafn og kennitölu. Það hvílir ekkert sérstök leynd yfir þeim nema það sem viðkemur þessari almennu leynd sem er viðhöfð í íslensku heilbrigðiskerfi og ég veit ekki til að hafi verið brotin. Það er ekki sú leynd sem verið er að ræða um á þessum gagnagrunni með dulkóðum þó svo hægt sé að brjóta þá. Það er staðreynd að ef menn vilja fá upplýsingar, t.d. um mig og sjúkrasögu mína, væri einfaldara að fara upp á spítala og læknastofur þar sem ég hef gengið til á lífsskeiði mínu og ná upplýsingunum þaðan en að fara að brjótast inn í þennan gagnagrunn ef hann yrði að veruleika. Það er einfaldara, hafi einhver sérstakan áhuga á mér út af fyrir sig. En málið snýst nú ekki um það heldur um að reyna að ná aðgangi að heildarupplýsingum.

Í 5. gr. frv. er kveðið skýrt á um að önnur félög eins og Krabbameinsfélagið og Hjartavernd geta stundað rannsóknir sínar eftir sem áður. Þó svo að ég bendi hér á nokkra þætti, sem mér finnst ekki hafa komið alveg nógu skýrt fram í umræðunni, um að e.t.v. er málið ekki eins hættulegt og sumir vilja vera láta, þá breytir það því ekki að það er ekki búið að ræða málið í botn. Sú umræða sem þarf að eiga sér stað núna í nefndinni á næstu vikum og í sumar er nauðsynleg. Það er ekki rétt, herra forseti, að mínu mati að knýja á um lögfestingu málsins fyrr en útséð er um að allir hafi fengið að koma að því og segja sína skoðun. Málið er þess eðlis.

Ég minni á það sem við ræddum fyrr í dag, sem var áskorun níutíu þjóðþekktra einstaklinga í samfélaginu sem óskuðu eftir því að tilteknu máli, sem liggur fyrir Alþingi um skipulagsmál á hálendinu, yrði frestað út frá sömu rökum og við ræðum hér, þ.e. að meira tóm gefist til umræðu og útlistana og þess að ná meiri sátt í málinu.

Það hefur sömuleiðis komið fram að einstaklingurinn getur strikað sig út úr þessum gagnagrunni en vitaskuld þarf að ganga frá bæði persónulegum upplýsingum, siðferðilegum álitamálum, þannig að allt þetta sé hafið yfir allan vafa.

Það sem er gagnrýnisvert í málinu er fyrst og fremst að ráðherrann kemur með þetta mál of seint inn í þingið. Þetta hefði litið allt öðruvísi út ef málið hefði komið inn fyrir tveimur mánuðum. Þá hefði umræðan getað verið eðlileg og þá hefði vel getað verið að menn hefðu getað búið til lagaramma um þetta. Ég er ekki að segja að löggjöfin hefði liti út nákvæmlega eins og frv., en það er ámælisvert af hálfu ráðherra hve hann kom seint fram með málið.

Ef ekki næst að lögfesta málið fyrir þinglok, eins og er nú líklegast, er mjög brýnt að mínu mati að málið stöðvist skipulega. Það er að menn séu þá sammála um að nefndin vinni að málinu, t.d. í sumar. Það verði þá haldnar ráðstefnur um efni málsins og að ráðherra lýsi því yfir að frv. verði lagt strax fram í upphafi næsta þings og að stefnt verði að afgreiðslu málsins innan nokkurs tíma á Alþingi, haustþingi, innan nokkurra vikna í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis, hver svo sem sá meiri hluti verður og hvernig sem frv. kemur til með að líta þá út.

Ég lít svo á, herra forseti, að það sé mjög brýnt að menn taki afstöðu í málinu og að það liggi ljóst fyrir hvernig menn vilja haga þessu lagaumhverfi. Það er brýnt gagnvart þeim aðilum sem ætla að fjárfesta og vinna á þessu sviði. Það er sömuleiðis brýnt gagnvart því heilbrigðisumhverfi sem við búum við að umræðan sé kláruð og lögfestir þættir um gagngrunna á heilbrigðissviði, meðferð þeirra og hagnýting. Þó svo við gerum það ekki fyrr en e.t.v. á fyrstu vikum á haustþingi er mjög brýnt að skilið sé við málið núna í vor þannig að sú vinna hefjist þá strax ef málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

[18:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni stórt mál eins og margir hafa komið inn á. Það er fullkomlega eðlilegt að ýmsar áleitnar spurningar vakni þegar það er tekið á dagskrá. Að mínu mati er þetta að nokkru leyti tvíþætt, annars vegar er enginn vafi á því að það er mikil þörf og hefur lengi verið á að setja almennar reglur um meðferð gagna af þessu tagi, ákvæði um heimild til skráningar þeirra, geymslu varðveislu, trúnað í sambandi við það o.s.frv. Því miður er óhjákvæmilegt að viðurkenna að það er langt því frá að umgjörðin um þau mál hafi á undangengnum árum og áratugum verið nægjanlega vönduð, a.m.k. hvað hina lagalegu hlið snertir. Ég er ekki með þessu að saka einn eða neinn um það að hafa misfarið með það sem menn hafa haft í höndunum en frv. í sjálfu sér staðfestir það. Og það skuli fyrst nú flutt frv. að lagasetningu um heildarleikreglur á þessu sviði staðfestir ákveðið tómarúm.

Að hinu leytinu, herra forseti, snýst svo málið um þann möguleika sem er einkum fjallað um í 5. gr. frv., að fela einum aðila möguleika á eða ákveðið ígildi á einkaleyfi til að safna slíkum upplýsingum eða vinna með þær í tiltekinn tíma. Þau álitamál sem vakna í því sambandi eru auðvitað einnig mörg. Þau varða meðferð eða leynd þessara persónulegu, viðkvæmu upplýsinga, þau varða allt sem lýtur að meðferð gagnanna, eignarhaldi á upplýsingunum eða því sem þarna er á ferðinni, hagnýtingu þeirra upplýsinga, og þá í hvaða skyni, og siðferðileg álitamál sem því tengjast.

Síðast en ekki síst eru svo auðvitað ýmsar spurningar sem tengjast ævinlega úthlutun á aðstöðu af þessu tagi, hvort sem það er einkaleyfi af þessu tagi eða réttur til hagnýtingar á einhverjum öðrum gæðum.

Vissulega er ágalli að málið skuli svona seint fram komið og bagalegt ef þarf að takmarka þann tíma sem þingið hefur til að vinna með þessi álitamál og reyna að leysa þau. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að jafneðlilegt og það er að ýmsar spurningar vakni í þessu sambandi sé jafnsjálfsagt að leita svara við þeim spurningum og það sé einmitt skylda okkar á Alþingi að gera. Það er góðra gjalda vert og hin þarfasta iðja að vekja spurningarnar en það er þá líka jafnsjálfsagt að menn fylgi því eftir með því að leita svara við þeim. Til þess erum við hér, að finna svörin og finna lausn á þeim vandamálum sem koma upp í tengslum við lagasetningu af þessu tagi. Það tel ég að við eigum að reyna að gera.

Við hljótum líka að spyrja okkur í leiðinni: Hvernig er farið með upplýsingar af þessu tagi í kerfinu í dag eða hefur verið gert á undanförnum árum? Ekki til að nota það sem rök til eins eða neins heldur til þess að átta okkur á því í leiðinni hvaða þörf er almennt á að grípa til aðgerða. Þessar spurningar eru ekki aðeins áleitnar í núinu, herra forseti, það er einnig alveg ljóst að það er óhjákvæmilegt hvort sem er vegna framtíðarinnar fyrir Alþingi, löggjafann, að móta leikreglur í þessu sambandi. Hvort sem það verður gert nú og tengist málum sem uppi eru, svo sem áformum Íslenskrar erfðagreiningar eða ekki munu þessi mál banka á með vaxandi þunga á komandi árum.

Ég tel ekki neina ástæðu til að ræða þetta undir neinni rós hvað það varðar að einn aðili, fyrirtækið Íslensk erfðagreining, hefur eins og alkunnugt er kynnt áform um að ráðast í það stórvirki að gera slíkan grunn og við hljótum að ræða málið einnig með hliðsjón af því. Í því sambandi er eðlilegt að líta til ákvæða 5. gr. frv. og þeirrar málsgreinar sem fjallar þar aðallega um möguleikann á að einn starfsleyfishafi, eins og það heitir þar, hafi réttinn á hverjum tíma eða í takmarkaðan tíma til að vinna þessar upplýsingar. Ég tel að þá málsgrein megi gera miklu ítarlegri en hún er og kannski sé það einn af veikleikum frv. að það er tiltölulega fátæklega í frv. fjallað um það stóra mál sem er langmest til umræðu, spurninguna um einkaleyfi eins aðila í tiltekinn tíma til að vinna með þessar upplýsingar eða hagnýta þær þrátt fyrir það að aðrir hefðu aðgang að þeim o.s.frv.

Á hinn bóginn er þar ljóst að um mjög stórt mál er að ræða ef þau áform gætu gengið eftir að skapa hundruð starfa og miklar tekjur auk þess sem þar gætu orðið á ferðinni mjög verðmætar upplýsingar fyrir íslenska heilbrigðiskerfið og jafnvel þróun heilbrigðismála í víðara samhengi og þá eru það hlutir sem menn hljóta einnig að skoða. Í mínum huga eru það ekki nein rök frekar en peningar yfirleitt eru til þess að stytta sér ósæmilega leið gagnvart stórmálum og grundvallarmálum af siðferðilegum toga eða öðrum toga en við alþingismenn hljótum að sjálfsögðu að hafa það í huga þegar við fjöllum um þetta að það er til nokkurs að vinna ef farsælar lausnir og fullnægjandi svör finnast í sambandi við þau álitamál og þær spurningar sem hafa verið vaktar upp.

Ég er sem sagt, herra forseti, eins og vonandi má heyra af þessum fáu orðum með mjög opinn huga gagnvart því að reynt verði að leiða málið farsællega til lykta. Ég held að við hljótum að treysta þeirri þingnefnd sem fær það síðan til umfjöllunar til að meta hvernig réttast er að halda á því í framhaldinu, bæði hvað innihald og málsmeðferð varðar.

[19:00]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en vil þó segja örfá orð um þetta merka frumvarp sem kemur auðvitað nokkuð seint fram en mér sýnist að boði samt nýja tíma á mörgum sviðum og snerti heilsufar og atvinnumál í senn. Þess vegna tel ég málið mikilvægt.

Ein dýrasta vísa sem ort hefur verið til atvinnulífsins var vísa Egils Skallagrímssonar:

Þat mælti mín móðir,
at mér skyldi kaupa
fley ok fagrar árar,
fara á brott með víkingum,
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svá til hafnar,
höggva mann ok annan.

Og móðir hans sagði að honum skyldi fá herskip og hann yrði mikill víkingur. Sannleikurinn er nú sá að síðustu 10–15 ár hafa íslenskir stjórnmálamenn horft til nýrra átta og á hinum stóru stundum hafa þeir jafnan minnst á að Íslendingar ættu nýja möguleika í hátækni, að fjárfesta í menntun og ungu fólki o.s.frv. Þannig hafa nú þessar hátíðaræður verið og ég tek undir að það er Íslendingum mjög mikilvægt að horfa á þá miklu möguleika sem blasa við á þessu sviði og auðvitað mjög mikilvægt að við förum að fóta okkur til að ná þar árangri. Ég held að þetta mál skipti framtíð Íslendinga mjög miklu og ekki síður hitt að skapa fjölbreyttara atvinnulíf og ný tækifæri og jafnvel möguleika til að margt hámenntað fólk sem nú leitar brott frá landinu og hefur gert á síðustu árum fái hér störf við sitt hæfi. Enn eigum við fólk sem haldið er athafnaþrá, fer í víking og aflar sér þekkingar og reynslu og vill sækja fram fyrir sig og þjóðina.

Ég hrífst því af þeim möguleikum sem hér hafa verið opnaðir og eru komnir í gang. Þar hefur farið fyrir liði Kári Stefánsson, og ég trúi því að þar eigum við möguleika. Ég auðvitað get tekið undir það að við verðum að fara að með fullri gát.

Það er enginn vafi að við höfum gengið í gegnum sára baráttu á þessum áratug, ekki bara á Íslandi heldur um hinn vestræna heim í því að leita sparnaðar og niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu, færa kostnað af ríki yfir á sjúklinga, auka þátttöku þeirra í lyfjakostnaði, komugjöldum o.s.frv. Þetta er sú barátta sem fer um löndin og hún er ekkert óeðlileg. Þess vegna erum við kannski komnir að þeim punkti sem mikilvægastur er: Hvernig getum við hafið forvarnastarfið? Hvernig getum við náð nýjum árangri í sambandi við sjúkdómana o.s.frv.?

Þá kemur þetta í ljós sem hér hefur verið orðað í dag að íslenska þjóðin er að mörgu leyti sérstök, hún er fámenn, hún hefur haldið vel utan um ákveðna hluti, ættfræði sína og heilsufar um mjög langan tíma. Þess vegna blasa þessir möguleikar nú við okkur. Menn binda vissulega vonir við að í gegnum þetta getum við haft áhrif á heilsufar komandi kynslóða og heilsufar okkar sjálfra um leið og við auðgum atvinnulíf okkar og sköpum ný tækifæri.

Ég er þeirrar skoðunar, eftir að hafa skoðað þetta mál á þessu undirbúningsstigi, að mér sýnist að það sem sett hefur verið fram um að persónuleyndin geti haldið eigi við rök að styðjast. Auðvitað er mjög mikilvægt að gagnabankinn sem fær upplýsingarnar sé ekki á raunverulegar persónur heldur að sterkur veggur sé þar á milli. Ég trúi því að hægt sé að koma því við og tek undir það sem hér hefur komið fram að ég held að það sé afskaplega mikilvægt að persónuleyndin sé trygg. Þó að ég sjái það nú ekki að bragði hvaða upplýsingar það eru sem gætu nýst og verið eftirsóknarverðar fyrir atvinnulífið og það brytist inn í lokað öryggiskerfi þá búum við í svo litlu landi að hér þekkja menn hver annan, þekkja ættir hvers annars og hvar sem maður fer eru upplýsingar nærtækar. Það þarf ekki annað en hringja í mann í næsta húsi til að fá upplýsingar um náungann, ef menn eru hræddir við að atvinnulífið fari í þessar upplýsingar þá er önnur leið auðveldari en þessi. En ég tek undir með hv. þingmönnum að nefndarmenn þurfa að fara mjög vel yfir það að þetta sé tryggt.

En mér sýnist að hér sé tækifæri læknisfræðinnar til að þróast á nýjan hátt og það skipti komandi kynslóðir mjög miklu að vísindin fái það tækifæri sem nú býðst og þá í gegnum okkar þjóðfélag. Ég sit í heilbr.- og trn. og þangað fer málið og þar verður farið vel yfir það á allan hátt og margir munu þar koma fyrir nefndina og segja álit sitt á þessu máli og ætla ég ekki að orðlengja það frekar. En ég vil segja að lokum að ég held að mjög mikilvægt sé að tryggja að málið sé rökrétt hugsað og menn standi vörð um ákveðna hluti. Ef svo verður, þá eiga menn að hraða þessu máli því að hér er ekki bara mikilvægt mál fyrir læknisfræðina heldur mjög mikilvægt mál fyrir íslenskt atvinnulíf og þá drauma að við getum orðið brautryðjendur í hátækni og nýjum vísindum

og skapað hér störf fyrir menntað fólk sem þá fær störf við sitt hæfi og getur verið í því landi sem það langar að lifa og starfa.

Þess vegna lýk ég máli mínu með því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þetta frv. og vænti þess að það megi létta byrðum af komandi kynslóðum og verða mikið tæki til framfara í okkar landi.

[19:08]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þá ágætu umræðu sem þetta mál hefur fengið í þinginu. Þeim spurningum, sem fyrir mig hafa verið lagðar, var nú sumpart svarað í fyrri umræðu en öðrum ekki og ég mun fara yfir þær hér. Eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni vekur þetta frv. að sjálfsögðu margar spurningar, spurningar sem leita ber svara við. En ég ætla að endurtaka þakklæti mitt fyrir almennt mjög svo jákvæða umræðu um málið.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði nokkurra spurninga og spurði þeirrar grundvallarspurningar: Hvaða upplýsingar eru í gagnagrunni? Verða það upplýsingar um kyn, aldur o.s.frv.?

Það verða auðvitað upplýsingar um hvort kynið er að ræða, en um aldurinn er það að segja að dulkóðað verður hvað viðkomandi manneskja er gömul sem upplýsingarnar eru um. Og þá komum við að þeirri spurningu sem hv. þm. lagði einnig fram hvort hægt væri að kippa upplýsingum um einstaklinga til baka eftir að þær væru komnar á einhverju stigi inn í slíkan gagnagrunn. Það er ekki hægt vegna þess að það á ekki að vera hægt að rekja einstaklinginn inn í þennan gagnagrunn. En um leið og sjúkrasaga er tekin af sjúklingi getur sjúklingurinn tilkynnt það bréflega að hann æski þess ekki að upplýsingar um sig séu nýttar í slíkan grunn eða almennt til vísindarannsókna. Og þá fylgja þær upplýsingar sjúkraskránni og eru þar með ekki notaðar.

Önnur spurning sem margir hafa lagt fram er sú hvort þetta sé að hefta vísindarannsóknir annarra vísindamanna. Það gerir það alls ekki vegna þess að vísindamenn hafa sama aðgang á sínum stofnunum og betri, ef þessi gagnagrunnur verður að raunveruleika, því að með samkomulagi við stofnanirnar verður gögnum og upplýsingum safnað saman innan stofnunarinnar sem verða miklu aðgengilegri fyrir vísindamenn þá sem á eftir koma en er í dag.

Eins og kom fram í ræðu minni þegar ég mælti fyrir málinu er einnig gert ráð fyrir því að það sé sérstök nefnd starfandi þar sem fulltrúi frá Háskóla Íslands, fulltrúi frá heilbrrn. og leyfishafi geti gefið leyfi í stóra gagnabankann vegna sérstakra vísindarannsókna.

Hér kom fram að óeðlilegt væri að heilbrrh. gæfi slíkt sérleyfi. Ég tel að mikilvægt sé að pólitíska ábyrgðin hvíli á herðum ráðherrans. En síðan mun ráðherra að sjálfsögðu fela tölvunefnd og vísindasiðanefnd og e.t.v. landlækni að fylgjast með málinu.

Og þá kom sú spurning einnig upp varðandi eftirlitshlutverkið og tölvunefnd, hvort tölvunefnd gæti sinnt þessu eftirlitshlutverki án dómsúrskurðar. Samkvæmt tölvulögum er beinlínis gert ráð fyrir því.

Síðan kom sú spurning hvort tölvunefnd væri nógu sterk í dag til að geta sinnt þessu eftirlitshlut verki. Það er alveg ljóst og kom fram fyrr í umræðunni að styrkja þarf tölvunefnd verulega til að hún hafi þann styrkleika að geta fylgst með svo stóru máli. En burt séð frá því, þá held ég að þingmenn séu sammála því að tölvunefnd ber að styrkja og leggja þarf verulegt fjármagn til þess.

Virðulegi forseti, er ljósið að blikka á mig?

**(Forseti** (GÁS)**:** Já, hæstv. ráðherra á fimm mínútur samkvæmt ...)

Ég er nú ekki hálfnuð að svara spurningunum en ég skal reyna að herða róðurinn.

**(Forseti** (GÁS)**:** Forseti hefur nú verið þungorður í garð hv. þm. um að þeir haldi sér við tímamörk þannig að hann á nú erfitt með að sýna mikla sveigju í þessu.)

Ég skal reyna að hraða mér eins og ég mögulega get en ég fór ekki í andsvör áðan við einstaka hv. þm. til að spara tímann. En ég var komin hér sögu, þegar ljósið fór að blikka á mig, um mikilvægi þess að styrkja tölvunefnd.

Hv. 19. þm. Reykv. Guðný Guðbjörnsdóttir vitnaði til greinar í svissnesku blaði sem heitir CASH, sem kom út 13. mars. En ég tók eftir því í máli hennar að hún gat ekki um heimildarmann greinarinnar, þannig að þessu er náttúrlega ekki hægt að svara því að við vitum að ýmislegt er sagt í blöðum og ekki vitnað í heimildarmenn, sem er nú kannski ekki alveg sannleikanum samkvæmt.

En þar sem ljósið blikkar stanslaust á mig ætla ég bara að ljúka máli mínu og á ekki annarra kosta völ.

En hverjir njóta ágóðans af því fyrirtæki sem hér er vonandi að fari af stað? Það eru fyrst og fremst sjúklingarnir í landinu. Það eru sjúklingarnir sem munu njóta vísindanna og þeirra rannsókna og hafa alla tíð gert. Það er því þeirra hagur fyrst og fremst og heilbrigðisþjónustunnar í landinu. En ég endurtek: Það er mikilvægt að þetta mál fái opna umræðu og hún er þegar hafin í miklu meira mæli en ég bjóst við þegar ég lagði frv. fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Lyfjalög, 1. umr.*

Stjfrv., 652. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 1125.

[19:15]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Frv. þetta hefur verið unnið í heilbrrn. í samstarfi við Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins.

Þær breytingar sem lagðar eru til á lyfjalögum gera m.a. ráð fyrir að starfsemi þeirra stofnana sem séð hafa um skráningu og eftirlit með lyfjum og lyfjamarkaði, þ.e. Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Lyfjamálastofnun Íslands. Er þetta gert til að ná fram meiri samhæfingu við opinbera stjórn og frumkvæði lyfjamála, m.a. til að standa við þær skuldbindingar sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir og í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í aðildarlöndum hins Evrópska efnahagssvæðis.

Með sameiningu má samnýta í einni stofnun þá krafta og sérþekkingu sem þessar tvær stofnanir búa yfir í dag. Lyfjamálastofnun Íslands mun verða undirstofnun heilbr.- og trmrn. Öll verkefni Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins færast til hinnar nýju stofnunar. Auk þess bætast við aukin og breytt verkefni á sviði skráningar og eftirlits með verkunum og aukaverkunum lyfja og lækningatækjum en

þetta eru hvort tveggja málaflokkar sem nú þegar eru farnir að verða fyrirferðarmiklir þar sem sérþekkingar er þörf og okkur ber að sinna í samræmi við EES-samninginn.

Skráning og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja er að verða æ mikilvægari þáttur í samskiptum þeirra stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins sem með þessi mál fara. Með fyrirhugaðri aðild Íslands að Lyfjamálastofnun Evrópu á þessu ári mun hin nýja stofnun, verði frv. þetta að lögum, verða betur í stakk búin að sinna þessu hlutverki. Sameining þessara stofnana er því m.a. einn liður í að einfalda og auðvelda samstarf við erlendar stofnanir á sviði lyfjamála. Þær tilskipanir á sviði lækningatækja sem við höfum skuldbundið okkur til að fara eftir gera m.a. ráð fyrir vottun, eftirliti og að hluta skráningu lækningatækja auk þess sem fylgjast þarf með og tilkynna um aukaverkanir þessara tækja. Gert er ráð fyrir því að fyrst um sinn verði þessum málaflokki sinnt af einum starfsmanni hjá hinni nýju stofnun. Þetta fyrirkomulag er til verulegs hagræðis þar sem sú vinna sem viðkomandi starfsmanni er ætlað að sinna fellur vel að þeirri starfsemi sem sinnt hefur verið hjá lyfjanefnd ríkisins annars vegar og Lyfjaeftirliti ríkisins hins vegar.

Málaflokkurinn er lýtur yfirstjórn ráðuneytisins eins og önnur starfsemi Lyfjamálastofnunar Íslands mun áfram tengjast embætti landlæknis, Geislavörnum ríkisins, staðlaráði, tæknideildum sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnunum og öðrum er að málaflokknum koma.

Í frv. er kveðið á um skipan fastanefnda við Lyfjamálastofnun Íslands, sem vera skulu stofnuninni til ráðgjafar við matsgerðir vegna lyfja, lækningatækja og skyldra vara. Vegna mikillar fjölgunar verkefna auk sífellt meiri sérhæfingar á sviði læknisfræði þykir brýnt að opnað verði fyrir þann möguleika að sérfræðinganefndir geti sinnt sérhæfðari verkefnum stofnunarinnar. Þá hafa verið gerðar auknar kröfur um málshraða við matsgerðir lyfja, lækningatækja og skyldra vara á hinu Evrópska efnahagssvæði, svo sem við útgáfu markaðsleyfa.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. að ný verkefni sem lítið eða ekkert hefur verið sinnt hér á landi hingað til eins og skráning og eftirlit með náttúrulyfjum og hómópatalyfjum, náttúruvörum og fleira mætti telja, verði sinnt af hinni nýju stofnun.

Sameining Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins í eina stofnun er tiltölulega auðveld í framkvæmd enda þessar stofnanir í sama húsnæði í dag. Starfsemi lyfjanefndar ríkisins og Lyfjaeftirlits ríkisins á lögum samkvæmt að standa undir sér með sértekjum. Gert er ráð fyrir að sama muni einnig gilda um Lyfjamálastofnun Íslands.

Frá setningu lyfjalaga, nr. 93/1994, hafa komið fram ábendingar um atriði sem kveða þarf skýrar á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er aðallega um að ræða breytingar á skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja, auk þess sem nánar er kveðið á um klíniskar lyfjatilraunir og brottfellingu heimildar til að skrá lyf tímabundið.

Þá er að finna í frv. heimild til að miðla til sjúklinga með bæklingum almennum upplýsingum um sjúkdóma og notkun lyfja. Loks eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölu.

Eins og ég hef þegar rakið ætti þessi breyting að hafa í för með sér hagræðingu og betri samhæfingu við framkvæmd lyfjamála og gera okkur betur í stakk búin að uppfylla þær skyldur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið leggur okkar á herðar.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja frv. fram og vísa því til heilbr.- og trn. og 2. umr.

[19:22]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um þetta frv. til laga um breytingu á lyfjalögum. Eins og kom fram í framsögu er verið að setja verkefni tveggja stofnana undir eina, þ.e. verið er að sameina Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefndina í einni stofnun og tekur sú stofnun yfir öll verkefni hinna fyrri stofnana auk nokkurra viðbótarverkefna. Þar er skráning og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja og síðan einnig umsjón með skráningu og eftirlit með lækningatækjum.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að sinna þessu eftirliti með lækningatækjum og ég fagna því að það verkefni skuli falla hér undir. En ég velti því fyrir mér hvort ekki þurfi að breyta heiti á lögunum svo menn átti sig á því að eftirlit með lækningatækjum falli undir þessi lög því heitið bendir til að þessi lög fjalli alfarið um lyf — þetta eru lyfjalög — og hvort ekki þurfi að breyta heitinu á lögunum í þá veru að það vísi að einhverju leyti til þess að í lögunum sé einnig fjallað um lækningatæki. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort henni finnist ekki eðlilegt að í nafni laganna komi fram að þarna er komið verkefni sem hefur ekki heyrt undir lögin áður.

Í upptalningu yfir verkefni þau sem þessari nýju stofnun er ætlað að sinna og kemur fram í frv. er fjallað um auglýsingar á lyfjum. Þar segir að í auglýsingu á lyfjum komi aðeins fram nafn lyfs. Ég velti því fyrir mér hvaða breytingu þetta hafi í för með sér frá gildandi reglum um auglýsingar á lyfjum. Má nú ekki segja við hverju lyfið er? Ef verið er að auglýsa verkjalyf, svefnlyf eða hvað það er, má þá ekki geta þess við hvaða kvillum þetta lyf er heldur aðeins nafn lyfsins? Ég hefði gjarnan viljað fá svar við þeirri spurningu.

Í sömu útskýringu er talað um að það megi miðla með bæklingum upplýsingum til sjúklinga um notkun tiltekinna lyfja og það eiginlega gefur líka í skyn að það sé aðeins með bæklingum sem megi miðla þessum upplýsingum en ekki með auglýsingum. Ég hefði gjarnan viljað fá svar við þessari spurningu við 1. umr.

Annars tel ég, herra forseti, að þetta frv. sé allt til bóta svo langt sem ég hef skoðað það en við þetta tvennt geri ég athugasemdir, þ.e. hvort ekki beri að breyta heitinu til að vísa til þessa nýja hlutverks, þ.e. eftirlitsins með lækningatækjunum, og svo hvaða breytingar þetta hefur í för með sér sem snýr að auglýsingunum, hvort verið sé að koma í veg fyrir að það megi nefna við hverju þessi lyf eru.

[19:26]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. um heiti frv., hvort það komi fram í heitinu að hér sé bæði átt við eftirlit með lyfjum og lækningatækjum, þá er þetta rétt ábending hjá hv. þm. Við fórum vel yfir þetta áður en við lögðum frv. fram og fannst ekki ástæða til að nafnið væri annað en þetta. En þetta er tæknilegt atriði sem mér finnst rétt að nefndin fjalli um.

Varðandi það hvort þarna sé verið að þrengja auglýsingar á lyfjamarkaðinum, hvort ekki megi koma fram við hverju lyfið er gefið, þá er það ekki svo að verið sé að þrengja það neitt með þessu heldur þvert á móti að hér kemur einmitt fram að verið er að bæta upplýsingagjöf til sjúklinga.

[19:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að fá aðeins nánari skýringu frá hæstv. ráðherra á því sem snýr að auglýsingunum. Er heimilt núna að láta koma fram í auglýsingu við hverju þessi lyf eru gefin? Má auglýsa t.d. þetta og þetta verkjalyf, svefnlyf eða hvað það er? Má það koma fram? Hér stendur að heimilað sé að í auglýsingu á lyfjum komi aðeins fram nafn lyfs. Þess vegna þyrfti að koma fram kannski aðeins skýrar hvort þetta þýði að ekki megi tilgreina við hvaða kvillum lyfið er.

[19:28]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má í auglýsingu koma fram við hvaða kvilla lyfið er gefið en það er líka hægt að auglýsa lyf aðeins með nafninu án þess að nákvæmlega komi fram við hverju lyfið er gefið og það er það sem stendur í þessum lagatexta þannig að það er opið hversu nákvæmlega er farið út í skilgreiningu í auglýsingu.

[19:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af 1. umr. um þetta frv. Í fyrsta lagi vakna spurningar um það hvort tilefni sé til þess í ljósi þeirra verkefna sem þarna eru á ferðinni að setja á fót heila stofnun eins og frv. felur í sér. Það má kannski segja að Lyfjaeftirlit ríkisins hafi verið það. En alla vega finnst mér vera dálítið meiri stofnanalykt af þessu máli eins og það er upp sett, að þarna verði til samkvæmt orðanna hljóðan Lyfjamálastofnun Íslands sem verði eins konar undirstofnun undir heilbrrn. og þá er spurningin auðvitað hvers eðlis þessi stofnun er. Það starf sem þarna hefur verið unnið er að ég best veit fjármagnað með sértekjum. Er stofnun sem heyrir beint undir ráðuneytið á þennan hátt stjórnsýslustofnun eða hrein og klár eftirlitsstofnun? Kemur þessi stofnun til með að falla undir lög um eftirlitsstarfsemi eða eftirlit með eftirliti hins opinbera sem eru með til umfjöllunar á hinu háa Alþingi ef svo verður eða verður þetta meira fagleg stofnun, eins og stjórnsýsluapparat undir heilbrrn., hliðstætt við Fiskistofu sjútvrn. o.s.frv.?

Staðreyndin er náttúrlega sú að þegar farið er betur í saumana á hlutverki margra stjórnsýslu/eftirlitsaðila af þessu tagi, þá er oft ekki alveg ljóst hvað er hvað, hvað er stjórnsýsla, hvað er eftirlit, hvað er eðlilegt að sé fjármagnað með gjöldum og hvað ætti að greiða með fjárveitingum af hálfu hins opinbera.

Í öðru lagi, fyrir utan þessar spurningar um eðli hinnar nýju stofnunar og stjórnsýslulega stöðu hennar og hlutverk, vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig standi á því að það skuli þurfa að breyta lyfjalögum jafnoft og raun ber vitni. Ég man ekki hve oft er búið að taka á því lotur á Alþingi á undanförnum árum að gera gagngerar breytingar á þessum blessuðu lyfjalögum. Þó að hér hafi sérstaklega verið vitnað í athugasemdir vegna tilskipana á Evrópska efnahagssvæðinu sem okkur ber að uppfylla, og hér er löng og skrautleg númeraruna í fylgiskjölum á bls. 7 með frv., þá kem ég ekki auga á þar að skipulagsbreytingin sem slík sé samkvæmt þeim ábendingum sem þaðan hafa komið þannig að það er væntanlega séríslensk ákvörðun að sameina lyfjanefndina og Lyfjaeftirlit ríkisins eins og frv. gengur út á. Hér virðist sem sagt vera blandað saman tvennu, þ.e. annars vegar þessum athugasemdum frá evrópsku aðilunum vegna tilskipana þar og hins vegar ákvörðunum um breytingar vegna þess sem menn hafa ákveðið að eigin frumkvæði uppi á Íslandi. Reyndar er langur listi á bls. 8 þar sem talið er upp hverju eigi að breyta.

Að lokum vil ég nefna aðeins eitt athyglisvert ákvæði í greinargerð með frv. Það segir neðst á bls. 7 í 3. mgr. athugasemda við lagafrv., með leyfi forseta: „Frumvarpið byggir að hluta til á tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins."

Ég vildi gjarnan fá útskýringar á því hvað liggur á bak við þessi orð „að hluta til" á tillögum þessara aðila. Er það vegna þess að ekki hafi borist þaðan fleiri tillögur eða er það vegna þess að heilbrrn. var ekki sammála þeim hugmyndum sem Lyfjaeftirlitið og lyfjanefnd höfðu um fyrirkomulag þessara mála nema að hluta til? Er þarna hugsanlega verið að vísa í að ágreiningur, falinn á bak við þetta orðalag, hafi verið um það hvort t.d. þessi skipulagsbreyting væri að öllu leyti skynsamleg?

[19:33]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði hvort verið væri að setja stóra stofnun á laggirnar. Svo er ekki. Hér er verið að slá saman tveimur apparötum sem vinna nú þegar vel saman í dag. Þetta er auðvitað stórt og ábúðarmikið nafn, Lyfjamálastofnun Íslands, og gott að ég tel. Hann spurði hvort þetta væri einungis eftirlitsstofnun. Þetta er fyrst og fremst fagleg stofnun eins og lyfjanefnd og Lyfjaeftirlitið hefur unnið en hefur auðvitað líka eftirlitshlutverki að gegna.

Hv. þm. spurði að því hvort lyfjanefnd og Lyfjaeftirlit hafi verið á móti einhverjum atriðum frv. vegna þess að það stendur í greinargerð að tillögurnar komi að hluta til frá þeim. Þá kannast ég ekki við neinn ágreining en eins og fram kom áðan erum við í leiðinni að fela Lyfjamálastofnun Íslands, ef af verður, aukið hlutverk. Það kom fram í framsögu áðan hvaða hlutverki þessi nýja stofnun á að gegna.

[19:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og tek þau sem alveg fullnægjandi á þessu stigi málsins. Hér er 1. umr. að fara fram og það á eftir að fara faglega og vandlega yfir þetta mál í hinni háu nefnd sem fær það til umfjöllunar.

Varðandi fyrirbærið Lyfjamálastofnun Íslands, sem á hér að setja á fót, verð ég að játa að ég er kannski ekki enn þá fullkomlega sannfærður en ég tek rökum og hlusta á rök þegar þau koma fram og eru frambærileg. Mér finnst hins vegar athyglisvert að ýmsu leyti hversu iðin hæstv. ríkisstjórn hefur verið við það á undanförnum mánuðum og missirum að leggja fram frv. um nýjar ríkisstofnanir. Það líður varla svo mánuðurinn að ekki birtist og/eða séu afgreidd frv. um ný ríkisfyrirbæri. T.d. voru rétt fyrir páskana afgreidd lög með miklum hraði sem tengdist málefnum sjávarútvegsins þar sem á einu bretti voru settar á fót frekar tvær en ein ríkisstofnun, þ.e. uppboðsmarkaður sem á sér ýmsa aðdáendur eins og hv. þm. Vilhjálm Egilsson og ekki minna fyrirbæri en Verðlagsstofa skiptaverðs í sjávarútvegsmálum sem hjómar líka mjög fallega. (**VE:** Hver er aðdáandi hennar?) Sem á sér örugglega líka aðdáendur.

Herra forseti. Ég er móttækilegur fyrir því að hlusta á rökin fyrir því að það sé nauðsynlegt að setja á fót þessa nýju ríkisstofnun, Lyfjamálastofnun Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Bæjanöfn, 2. umr.*

Stjfrv., 164. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 164, nál. 1152, brtt. 1153.

[19:37]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. frá menntmn. við frv. til laga um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögunum að örnefnanefnd fari með ákvörðunarvald um nafngiftir á býlum og nýjum þéttbýliskjörnum. Samkvæmt gildandi lögum hefur menntamálaráðherra farið með ákvörðunarvaldið en örnefnanefnd verið ráðgefandi í því efni. Lagt er til í frumvarpinu að úrskurðir nefndarinnar verði endanlegir á stjórnsýslusviði þannig að þeim verði ekki skotið til æðra stjórnvalds, þ.e. ráðuneytis, til endurskoðunar. Nefndin sjálf á hins vegar að heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti sem hefur almennt eftirlit með starfi hennar. Samráð var haft við umhverfisráðuneyti og fulltrúa Landmælinga Íslands varðandi þann þátt frumvarpsins er snýr að úrskurðarvaldi um hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf.

Menntamálanefnd komst að þeirri niðurstöðu eftir ítarlega umfjöllun að gera þurfi ýmsar breytingar bæði á fyrirliggjandi frumvarpi sem og á lögunum sjálfum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við 1. efnismgr. 1. gr. bætist að Íslensk málnefnd skuli hafa áheyrnarfulltrúa í örnefnanefnd með tillögurétti og málfrelsi. Samkvæmt 1. og 2. gr. laga um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, er nefndin málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands. Meginhlutverk nefndarinnar er að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti auk þess að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Samkvæmt lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, er samráð við Íslenska málnefnd tryggt með því að málnefndin tilnefnir fulltrúa í mannanafnanefnd. Nefndin telur eðlilegt að svipuð tengsl séu milli örnefnanefndar og málnefndar og því leggur hún til framangreinda breytingu.

2. Lögð er til mikilvæg orðalagsbreyting á upphafsmálslið 2. efnismgr. 1. gr. sem fjallar um starfssvið örnefnanefndar. Þannig á nefndin ekki að fara með ákvörðunarvald um býlanöfn í landinu heldur ber henni að fjalla um nafngiftir býla eftir nánari ákvæðum laganna og getur, ef ástæða er til, gert athugasemdir við nafn býlis. Er í tengslum við þetta atriði lögð til sú grundvallarbreyting að úrskurðum nefndarinnar verði áfram hægt að skjóta til ráðherra með stjórnsýslukæru samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga í stað þess að nefndin fari með endanlegt úrskurðarvald á þessu sviði. Örnefnanefnd hefur því ekki endanlegt ákvörðunarvald um bæjanöfn.

3. Lögð er til sú breyting á 3. gr. að tilkynna skuli örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa í stað þess að leyfi örnefnanefndar þurfi til að taka upp nafn á nýbýli. Það er mat nefndarinnar að varðveislusjónarmið sem uppi hafa verið, t.d. um breytingar á nafni býlis, eigi ekki við hér. Eðlilegt þykir að hver og einn geti valið nýbýli nafn að vild en að það skuli tilkynnt örnefnanefnd og að hún bregðist aðeins við ef hún telji nafnið ónothæft.

4. Lagt er til að við frumvarpið bætist grein sem umorði 5. gr. laganna í samræmi við breytingu á 4. gr. þeirra.

5. Lögð er til sú breyting á 4. gr. frumvarpsins að úrskurðir skv. 6. gr. laganna verði kæranlegir. Er það í samræmi við þau viðhorf í stjórnsýslurétti að stjórnsýsluúrskurðum eigi almennt að vera unnt að skjóta til æðra stjórnvalds og til samræmis við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. frumvarpsins.

Að síðustu vil ég nefna að lögð er til breyting á 5. gr. frumvarpsins í samræmi við breytingu á 4. og 5. gr. laganna. Menntmn. er einróma í áliti sínu.

Herra forseti. Gildandi lög um bæjanöfn standa á gömlum merg. Þau eru barn síns tíma og mega kallast ströng lagasetning. Á þeim tíma sem lögin voru sett litu menn vísast svo á að ströng löggjöf um þessi efni væri gildur þáttur í verndun íslenskrar tungu. Þær breytingar sem menntmn. leggur til á frv. og lögunum ganga í frjálsræðisátt án þess að í nokkru sé slakað á kröfum um að nafngiftir á býlum séu í fyllsta samræmi við þær venjur sem ráðið hafa hér á landi og lög um bæjanöfn gegna áfram mikilvægu hlutverki í verndun íslenskrar tungu og menningar.

[19:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að í brtt. er áfram sami háttur hafður á og í frv. að það er rætt um að örnefnanefnd komi að býlanöfnum og ákvarði hvaða örnefni verða sett á landabréf sem „gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar," svo ég vitni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta.

Þess vegna langar mig til þess að spyrja hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur og frsm. nál. hvort nefndin hafi ekki kannað hvort mögulegt sé að það séu önnur kort, önnur landabréf sem gefin eru út en einungis á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar. Það skiptir máli fyrir þetta, herra forseti.

[19:44]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefndin kannaði það atriði ekki sérstaklega. Það segir í 1. gr. frv. að örnefnanefnd fari með ákvörðunarvald eins og það er orðað hér sem við erum reyndar að breyta. Við breytum því í brtt. okkar. En hún ákveður jafnframt hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar og sé ágreiningur eða álitamál um það efni þá sker nefndin úr ágreiningi. Síðan er talað um hverjir eigi málsaðild. Það eru Landmælingar, aðrir kortagerðarmenn eins og það er orðað hér o.s.frv. en síðan er gert ráð fyrir reglugerð sem sé sett af ráðherra. Þar á að kveða nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Það er nákvæm útfærsla á því hér. Þar á t.d. að vera ákvæði um undirbúningsferli ákvörðunar nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf og þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að hverjum þeim sem telja sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi koma gefist

færi á að kynna nefndinni álit sitt og einnig má setja þar ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar. Ég held að það sé tryggilega frá þessu gengið í frumvarpinu.

[19:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. þm. um að tryggilega sé frá þessu gengið. Allt hennar mál laut einungis að því starfi og afkomu örnefnanefndar sem varðaði landabréf sem eru gefin út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar. Ég tók ekki eftir því að hv. þm. gæti bent á neitt sem varðaði landabréf sem kynnu að vera gefin út af öðrum stofnunum. Mér þykir þetta vera nokkur galli, kannski ekki mjög mikill en galli eigi að síður á lausn hv. nefndar á þessu máli en ég tek auðvitað eftir því af hverju hann er. Hann er vegna þess að hér hefur ekki verið kvaddur til fulltrúi Landmælinga Íslands nema út af einu tilteknu atriði eins og kom fram í framsögu hv. þm., þ.e. fulltrúi Landmælinga Íslands var kvaddur til til þess að ræða þær breytingar sem gerðar voru, til bóta að mínu viti, á stjórnsýslulegum þáttum sem í frv. eru. Mig undrar auðvitað, herra forseti, að samráðið var haft við umhvrn. og fulltrúa Landmælinga Íslands varðandi einmitt þennan þátt sem varðar úrskurðarvaldið.

Ég velti fyrir mér af hverju ekki var rætt við fulltrúa Landmælinga Íslands um önnur atriði þessa frv. Ég er satt að segja undrandi á því fyrst verið er að hafa fyrir því að kalla fulltrúa Landmælinga til fundar við nefndina að þá skuli hann einungis vera fenginn til þess að ræða þetta tiltekna atriði. Ég held nefnilega, herra forseti, að erfitt sé að afgreiða þetta frv. án þess að fyrir liggi hvort einhver landabréf séu gefin út á vegum annarra en Landmælinga Íslands eða ekki endilega með leyfi Landmælinga. Ég spyr ekki algerlega út í loftið, herra forseti, vegna þess að mér hefur verið bent á þetta atriði af starfsmönnum Landmælinga Íslands.

[19:48]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einhver misskilningur í þessu máli. Það sem ég var að lýsa í framsögu minni var að á vinnslustigi frv. var haft samband við umhvrn. og fulltrúa Landmælinga Íslands um þennan þátt frv. sem snýr að úrskurðarvaldi um hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf. Það var fyrst og fremst það sem ég átti við þegar það var nefnt, (**ÖS:** Það er orðað öðruvísi.) það er því einhver misskilningur að við höfum kallað á okkar fund í menntmn. fulltrúa frá umhvrn. og fulltrúa Landmælinganna sérstaklega út af þessu.

[19:49]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir þá vinnu sem hún hefur sýnilega lagt í frv. því það hefur greinilega og svo sannarlega ekki veitt af. Staðreyndin er sú að niðurstaða menntmn. er staðfesting á því að þetta frv. eins og það kom hingað inn til þingsins var meingallað og ég tel að menntmn. vaxi í áliti við það að hafa haft kjark til að gera á því umtalsverðar breytingar og snúa því að nokkru leyti við í ákveðnum greinum og það sé í öllu falli í mun skárri búningi til afgreiðslu nú en það var þegar það kom inn á þing. Ég átti ekki kost á að taka þátt í 1. umr. um málið en satt best að segja þegar ég renndi yfir þetta frv. skömmu síðar vegna þess að í tilefni af því varð nokkur fjölmiðlaumræða um ákvæði þess, þá varð ég forundrandi þegar ég las sérstaklega 1. gr. frv. og ekki síst það ákvæði sem hv. menntmn. leggur nú til að verði gjörbreytt og þá á ég við 2. efnismgr. 1. gr.

Það er mjög mikilvæg úrbót í þessu máli að úr því endanlega og algera valdi sem örnefnanefnd átti að fela um býlanöfn í landinu sé dregið og satt best að segja var með ólíkindum að mönnum skyldi detta í hug að ætla með einni stuttri setningu í lok þessarar 2. mgr. 1. gr. að kippa úr sambandi öllu sem heitir eðlileg málsmeðferð ágreiningsmála innan stjórnsýslunnar í anda nýlega settra stjórnsýslulaga og í samræmi við hefðir um málskotsrétt manna til æðra stjórnsýslustigs o.s.frv. svo ekki sé talað um að menn geti skotið ágreiningsmálum til dómstóla, en það er eins og höfundar frv. hafi aldrei heyrt af því að þeir væru til í landinu. Það er því stórkostleg framför að nefndin leggur til að úrskurðir örnefnanefndar eða álit verði ekki endanlegir, nefndin fari sem sagt ekki með endanlegt ákvörðunarvald um býlanöfn heldur fjalli hún um nafngiftir býla og geri við þær athugasemdir ef hún sér ástæðu til sem sjálfsagt er og þá ekki síður þessi grundvallarbreyting að úrskurðum nefndarinnar verði hægt að skjóta upp á æðra stig, þ.e. til ráðherra og síðan sú breyting sem er í 4. gr. frv. um að úrskurðir samkvæmt 6. gr. laganna verði kæranlegir.

Herra forseti. Ég tel að málið sé stórum skárra og vænlegra til afgreiðslu með þessum breytingum eftir að dregið hefur verið úr því — ég veit ekki hvort á að kalla það stjórnlyndi, það jaðrar nánast við ofbeldi sem þarna átti að viðhafa — að einn aðili gæti á þennan hátt tekið af mönnum ef honum sýndist svo jafnmikilvægan rétt og ég tel það vera að ráða nafngift t.d. á heimili sínu því að býli manna er ekkert annað og það jaðrar við að vera eins og menn fái ekki lengur að ráða því sjálfir hvað þeir heita.

Auk þess hefur mér alltaf fundist, herra forseti, afar fyndið í sambandi við þetta mál að áhyggjur manna skuli hafa verið svona miklar af því að bændur eða þeir sem á býlum búa gerðust svo fram úr hófi óþjóðlegir að það yrði að fara í alveg sérstaka hörku gagnvart því að þeir nefndu ekki bæi sína einhverjum skrípisnöfnum. Miðað við það sem ég hef séð umhverfis mig í þjóðfélaginu hefði ég haft meiri ástæðu til að hafa efasemdir um hversu þjóðlegir ýmsir aðrir aðilar, aðrir geirar þjóðfélagsins, væru heldur en þeir sem aðallega standa í því að gefa bæjanöfn að svo miklu leyti sem það er gert lengur á Íslandi því að ekki er mikið um nýbýli eða annað því um líkt sem fá sjálfstæð nöfn lengur enda búið að leggja niður nýbýlalögin, landnámið og allt það.

Einu vil ég skjóta inn í, herra forseti, þó að kannski megi segja að það sé á jaðri dagskrármálsins að ræða það hér, og þó, því að Landmælingar koma við sögu og ákvörðunarvald í því hvaða örnefni skuli sett á landabréf. Það vill svo til að ræðumaður hefur haft svolítil kynni af því um dagana og hafði sérstaklega á fyrra æviskeiði sínu vegna fags síns að vinna með landabréf, kort og sérstaklega með kortagrunninn og þurfa að rekja sig áfram eftir þeim og átta sig á örnefnum til að vita hvar hann væri staddur í tilverunni, m.a. við þá iðju að færa skipan jarðlaga inn á kortagrunn. Það þarf ekki löng kynni af slíkum störfum til að átta sig á því hversu hroðalega illa við vorum a.m.k. og erum að mörgu leyti enn á vegi stödd í því að koma þeirri miklu arfleifð sem fólgin er í örnefnunum og upplýsingum þeim tengdum rétt og skilmerkilega inn á kort eða á annað aðgengilegt form. Í raun og veru, herra forseti, er til skammar hversu lengi og mikið við höfum vanrækt það að vinna sjálf upp upplýsingagrunninn að þessu leyti. Kortagrunnur Íslands hefur til

skamms tíma nánast alfarið byggst á vinnu erlendra aðila, fyrst herforingjaráðsins og þess starfs sem unnið var á vegum þess og síðan annarra erlendra aðila sem komu inn í landið. Það var mjög misjafnt og oftast var mikill misbrestur á því að sú vitneskja sem til staðar var hjá heimamönnum kæmist óbrengluð og óbrjáluð inn á þau gögn sem verið var að taka niður og skrá. Örnefni voru og eru röng. Örnefni eru flutt til í stórum stíl. Þau eru afbökuð og ekki skráð neitt nándar nærri því eins og þó væru til upplýsingar í landinu að gera. Ef einhverjir hér inni hafa lent í því t.d. að leggja drög að eða búa út kort fyrir svonefnt fyrirbæri sem stundum er kallað útsýnisskífa og heitir á fínu máli hringsjá, þá er það svo að á slíkum fyrirbærum er kannski reynt að koma fyrir svona frá 70 upp í 150 örnefnum og vísað til þeirra með stefnu. Ég hef lent í því í slíku verki að a.m.k. 20 stórfelld vafamál komu upp af þeim 120–130 atriðum sem til umfjöllunar voru í því tilviki, þ.e. óvissan hvað varðaði örnefnin á því svæði og á þeim kortum sem þar komu við sögu var svona 15–20% hvað varðaði heildarfjölda örnefna. Þarna gætum við svo sannarlega tekið miklu betur á og vel kann að vera að menn ætli sér í framhaldi af þessari lagasetningu að gera þarna einhverja bragarbót á.

Herra forseti. Ég fagna þessum breytingum sem tvímælalaust eru verulega til bóta frá þessu frv., jafnmeingallað og það var þegar það var lagt fyrir þingið af hinu háa ráðuneyti og geri ráð fyrir því að Alþingi sé alveg óhætt að afgreiða málið með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

[19:58]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að allar þær breytingar eða flestar sem gerðar eru að tillögu hv. menntmn. eru til bóta. Ég tel að það sé hið besta mál að íslensk málnefnd skuli nú fá áheyrnarfulltrúa í örnefnanefnd sem getur bæði gert tillögur og rætt þær tillögur sem uppi eru. Langmikilvægasta breytingin á frv. er þó sú að í hinni upphaflegu gerð var gert ráð fyrir því að úrskurðir nefndarinnar væru endanlegir á stjórnsýslusviði og að örnefnanefndin færi alfarið með ákvörðunarvald. Nú er því breytt og samkvæmt tillögu nefndarinnar fjallar örnefnanefnd um nöfn en hægt er að skjóta úrskurðum nefndarinnar til ráðherra. Það er í samræmi við þau stjórnsýslulög sem sett hafa verið og skiptir auðvitað máli að þannig sé hægt að hnekkja úrskurði nefndar á því stjórnsýslustigi.

Ég kom hérna áðan, herra forseti, og ræddi eitt tiltekið mál. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur að það er misskilningur hjá mér að nefndin hafi kvatt sérstaklega til fulltrúa umhvrn. og fulltrúa Landmælinga Íslands varðandi þann þáttinn sem snýr að úrskurðarvaldi örnefnanefndarinnar. Það samráð var haft við gerð frv. En þeim mun heldur stingur það í augu að ekki skuli hafa verið fenginn fulltrúi frá Landmælingum Íslands til þess að reifa málið við nefndina. Þetta er sú stofnun sem er langviðamest í útgáfu landabréfa og líkast til er obbi þeirra landabréfa sem gefinn er út utan stofnunarinnar gefinn út með einhvers konar leyfi af hennar hálfu.

Það er eigi að síður þannig að ég er ekki viss um nema vaxandi fjöldi landabréfa sé gefinn út á vegum einkaaðila og ekki endilega með leyfi Landmælinga Íslands. Ég minnist þess að deilur hafa verið um það í fjölmiðlum að eitt tiltekið fyrirtæki norðan lands gaf út kort og Landmælingum Íslands var meinilla við það, kannski vegna þess að viðkomandi fyrirtæki nýtti grunn Landmælinga án þess að hafa tilskilin leyfi. Mér er það ekki alveg ljóst. Það skiptir heldur ekki meginmáli varðandi það atriði sem ég er hér að vekja máls á.

Hitt veit ég að það er auðvitað fjöldi stofnana sem gefur út kort eins og Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun, Sjómælingar Íslands, Náttúruverndarráð, Námsgagnastofnun, Orkustofnun og vísast miklu fleiri opinberar stofnanir. Það hefur líka gerst að einkaaðilar gefi út einhvers konar kort, aðallega gróf kort, og þá skiptir máli að örnefni séu samræmd. Ég bendi sérstaklega á eitt atriði. Það skiptir t.d. máli þegar upp koma einhvers konar slys og fólk þarf að hringja í Neyðarlínuna. Ef slíkt hendir t.d. fólk sem er statt víðs fjarri mannabyggðum og það hefur engin tiltekin kort við höndina önnur en frekar gróf kort sem gefin eru út af einkaaðilum kynni að koma upp einhvers konar misskilningur sem gæti leitt til afar óheppilegra atvika.

Spurningin er þá hvort einhver möguleiki sé á að slík kort séu gefin út. Þá vísa ég til þess, herra forseti, að í þeim lögum sem við samþykktum á síðasta ári um Landmælingar Íslands er það alveg fortakslaust skýrt samkvæmt III. kafla þeirra laga að Landmælingar Íslands hafa ekki einkarétt á útgáfu landabréfa á Íslandi. Ríkið er að vísu eigandi að öllum þeim réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast í gegnum tíðina og stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfundar- og útgáfuréttar og afnotaréttar á öllu því efni sem stofnunin hefur eignast eða unnið sjálf gegnum tíðina.

Það breytir ekki hinu að til eru giska góð kort, eldri kort, ekki eins nákvæm og hin stafrænu kort stofnunarinnar sem eru framleidd í dag en kort eins og til að mynda þau sem voru gerð af danska herforingjaráðinu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hérna áðan voru furðulega nákvæm og voru til skamms tíma einu kortin sem voru til af tilteknum hlutum landsins.

Rök mín hníga sem sagt að því, herra forseti, að það sé vel mögulegt og kunni vel að eiga sér stað nú þegar að gefin séu út kort sem byggjast á efni sem þarf ekki leyfi Landmælinga til. Þá blasir við að samkvæmt þeim lögum sem yrðu sett að frv. og brtt. óbreyttum mundu þeir aðilar vera utan þess úrskurðarvalds sem örnefnanefnd og þá væntanlega hið opinbera hefur. Ég tel, herra forseti, að sá ljóður sé á þessu máli sem er að öðru leyti ágætlega skoðað. Ég tel að orsök þessa sé sú að ekki var kvaddur til fulltrúi þeirrar stofnunar sem er auðvitað langumfangsmest á sviði kortagerðar á Íslandi. Ég tel að fulltrúi Landmælinga hefði átt að koma fyrir nefndina, þá hefði verið bent á þetta. En það var sem sagt ekki gert. Mér hefur hins vegar verið bent á þennan möguleika af starfsmönnum stofnunarinnar og þess vegna kem ég hér upp. Þetta er ekki bara minn meðfæddi eiginleiki til þess að vera með „kverúlans" heldur hefur mér verið bent á það af mönnum sem hafa vit á og ég spyr hv. formann nefndarinnar: Er það ekki mögulegt að þetta verði a.m.k. skoðað á milli 2. og 3. umr.? Ég tek alveg skýrt fram að ég hef engin sérstök dæmi um einhverja aðila sem eru utan við það eignarréttarsvið sem Landmælingar kalla til sem gefa út svona kort í dag. En ég hygg að í mínu máli hafi ég fært næsta góð rök að því að ekkert kemur í veg fyrir að einhverjir taki sér það hendur og þá ná þessi lög ekki nógu langt. Þá er jafnframt möguleiki, herra forseti, að það kæmi upp í einhverjum örfáum tilvikum misskilningur sem gæti leitt til afar óheppilegra afleiðinga.

[20:05]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ósköp vel þær áhyggjur sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er að viðra hérna en ég tel að menntmn. hafi skoðað málið mjög vandlega og lagt í það töluverða vinnu. Ég verð að viðurkenna að ég býst við því að það verði aldrei hægt að koma í veg fyrir að ef einhverjum dytti í hug að gefa út landakort mundi viðkomandi gera það. Það hefur ekki hingað til verið neitt í lögum sem bannar að það væri gert.

[20:06]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér þykir sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir taki ekki nægilega vel í mál mitt. Ég tel að ég hafi með fullum rökum bent á möguleika sem ég hef að vísu ekki kannað út í æsar. Af hverju hef ég ekki gert það? Vegna þess að það er ekki hlutverk mitt. Það er hlutverk fagnefndarinnar, það er hlutverk hv. menntmn. að gera það. Ég dreg alls ekki í efa að nefndin hafi kannað málið rækilega eins og hv. þm. gat um í andsvari sínu áðan en ég hygg þó að það mundi ekki vera talin nein hártogun þó að því væri haldið fram að sú könnun hefði e.t.v. ekki verið nægilega viðurhlutamikil þegar það er alveg ljóst að fulltrúi frá Landmælingum Íslands var ekki kallaður fyrir nefndina til þess að æskja álits stofnunarinnar á þessu merka máli. Ég held að það liggi berlega í augum uppi, ekki síst með hliðsjón af því að það kemur fram í frv. sjálfu, í greinargerðinni með frv., að fulltrúi stofnunarinnar og ráðuneytisins, sem er yfir henni, var ekki kvaddur á fund frumvarpssmiðanna meðan frv. var í smíðum til að ræða nema tiltekinn hluta frv., þann sem laut að hinu fasta úrskurðarvaldi örnefnanefndar eins og það var lagt til í frv. Að því leyti hygg ég að hægt sé að færa rök að því að það hefði verið nauðsynlegt að fá þennan fulltrúa til nefndarinnar og þess vegna sé málið í rauninni ekki fullkannað.

Ég hef líka fært rök að því að samkvæmt þeim lögum sem gilda um stofnunina hefur hún ekki einkarétt á því að gefa út kort og hv. þm. svarar því eftirfarandi: Það er auðvitað aldrei hægt að fyrirbyggja það að einhverjir aðilar fari að gefa út kort. Gott og vel. Enginn vill fyrirbyggja það. En þessi lög er verið að setja til þess að samræma hluti en við höfum ekki samræmt þá að öllu leyti meðan þessir hlutir eru í ólagi.

Ég get ekki sagt um það hversu mikið er um að slík kort séu gefin út. Það getur vel verið að þau séu engin í dag. Möguleikinn er fyrir hendi en að þessu leyti til er ég og hv. formaður menntmn. á sama báti, hún getur það ekki heldur vegna þess að hún hefur ekki kannað málið fremur en ég. Ég hef hins vegar bent á þann möguleika að við ákveðnar aðstæður gætu komið upp óheppileg atvik. Ég hef ekki hugsað þessa röksemd upp sjálfur eins og ég viðurkenni fúslega, herra forseti. Mér hefur verið bent á þetta af starfsmönnum Landmælinga Íslands sem telja æskilegt að þessi lög og þar með vald örnefnanefndar til þess að fjalla um ágreining sem upp kann að rísa varðandi örnefni nái yfir öll kort sem gefin eru út á Íslandi. Mér finnst það hið besta mál. Ég held að það skerði að engu leyti möguleika einkaaðila til þess að hefja útgáfu landabréfa á Íslandi.

Það eina sem ég gerði var að ég spurði hv. þm. hvort ekki væri mögulegt að þetta yrði skoðað með einhverjum hætti milli 2. og 3. umr. og svarið var nei. Það þótti mér ekki rausnarlega boðið, herra forseti, eftir alla þá kurteislegu málafylgju sem ég hef hér haft uppi. En þá á ég engan kost annan en þann að rannsaka málið sjálfur. Ef í ljós kemur að þær áhyggjur sem ég hef hér viðrað eru á rökum reistar er auðvitað nauðsynlegt að ég reyni að bæta úr þeim ágöllum sem við það koma fram á frv. með því að leggja fram brtt. sjálfur. Það mundi kalla á afar langar og óþarfar, langar og ítarlegar umræður á tíma sem þingið vildi mjög gjarnan verja til þess að skoða öðruvísi gagnagrunna en þann sem Landmælingar Íslands byggja sitt starf á, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Listskreytingar opinberra bygginga, 2. umr.*

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 773, nál. 1200.

[20:10]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins frá menntmn.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja framkvæmd þeirrar meginreglu að listskreyting sé þáttur í hverri byggingu sem reist er á vegum ríkisins með því að lögbinda að 1% af heildarkostnaði við byggingunа skuli varið í þessu skyni og verður það á ábyrgð þeirra sem forræði hafa um hverja byggingarframkvæmd að lagaskyldu í þessu efni sé framfylgt en leita skal faglegrar ráðgjafar um listskreytinguna.

Hlutverk Listskreytingasjóðs ríkisins að því er fjárframlög til listskreytinga varðar verður samkvæmt frumvarpinu bundið við opinberar byggingar sem þegar eru fullbyggðar við lögfestingu þessa frumvarps, umhverfi þeirra og önnur útisvæði sem ríkið hefur forræði á. Þá á stjórn sjóðsins að vera til ráðgjafar um listskreytingu í þeim mannvirkjum sem frumvarpið tekur til.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákveðnir fjármunir renni milliliðalaust til listskreytingar í hverri nýrri byggingu sem ríkið stendur að en jafnframt leitast við að tryggja faglegan grundvöll ákvarðana um það viðfangsefni eins og aðra þætti byggingarframkvæmdanna.

Nefndin taldi rétt að einnig yrði hægt að úthluta fé úr Listskreytingasjóði til bygginga, umhverfis þeirra og útisvæða sem eru á forræði sveitarfélaga en það verði þó háð mótframlagi viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með brtt. við 3. gr. þess sem lýtur að því sem ég nefndi áðan, að hægt verði að úthluta til sveitarfélaga úr Listskreytingasjóði að uppfylltum skilyrðum um mótframlag frá viðkomandi sveitarfélagi. Menntmn. er einróma í áliti sínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Bindandi álit í skattamálum, 2. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 941, nál. 1177, brtt. 1178.

[20:13]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um bindandi álit í skattamálum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín fulltrúa frá fjmrn., sent málið til umsagnar allnokkurra aðila og

upplýsingar um það hverjir sendu nefndinni umsagnir eru í nefndaráliti. Nefndin gerir tillögu til breytinga á frv. sem eru í fimm liðum og mun ég nú gera grein fyrir þeim.

Í 1. lið brtt. er gerð tillaga um að orða eilítið öðruvísi hvernig beiðni skuli fram sett um bindandi álit. Það er ekki mikil efnisbreyting þar á en tekin upp tilvísun í hvaða atvik afmarki beiðnina auk álitaefna.

Enn fremur er gerð sú tillaga til breytinga á 3. gr. að ríkisskattstjóri verði að láta í ljós álit sitt innan ákveðins tímafrests.

Þá er þess að geta að við 5. gr. er styttur þriggja mánaða frestur samkvæmt tillögu nefndarinnar í þrjá mánuði. Þar er átt við kærufrest til dómstóla þegar úrskurður yfirskattanefndar liggur fyrir.

Í 4. lið brtt. er orðalagsbreyting.

Í 5. lið brtt. er endurorðun á ákvæðum um gjaldtöku og sett inn tillaga um nýtt ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 10.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en ríkisskattstjóri lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, en gjaldið má ekki nema hærri fjárhæð en 40.000 kr."

Hæstv. forseti. Efh.- og viðskn. skrifar öll undir þetta álit án nokkurs fyrirvara en Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 2. umr.*

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 461, nál. 1205, brtt. 1206.

[20:16]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Arnljótsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ágúst Þór Sigurðsson, Hildi Sverrisdóttur og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Steinunni Lárusdóttur og Bolla Héðinsson frá tryggingaráði.

Umsagnir bárust nefndinni frá fjölmörgum aðilum sem almennt voru mjög jákvæðar. Frv. felur í sér ef samþykkt verður að sveigjanleiki lögheimilisskilyrðis laga um almannatryggingar verði aukinn þannig að þeir landar vorir sem vinna erlendis eða dvelja þar um skemmri tíma og námsmenn erlendis eigi að fullnægðum tilteknum skilyrðum möguleika á að vera tryggðir hér á landi samkvæmt lögunum. Þá er jafnframt lögð til breyting á ákvæðum laganna um sex mánaða lögheimilisskilyrði og undanþágur þar frá.

Herra forseti. Nefndin vill taka fram varðandi b-lið 3. gr. frumvarpsins að farið verði með þær undanþáguheimildir sem þar eru reifaðar af mikilli varúð og að fyrst og fremst verði veittar undanþágur í alvarlegum bráðatilfellum, þegar um lífshættulega sjúkdóma og slys er að ræða sem geta leitt til dauða eða varanlegs heilsutjóns án meðferðar, eða ef bíða þarf meðferðar í óhæfilegan tíma. Í vissum tilvikum telur nefndin að undanþága gæti einnig tekið til meðferðar alvarlegra langvinnra sjúkdóma eins og alvarlegra smitsjúkdóma, krabbameins og sambærilegra sjúkdóma. Tekið skal sérstaklega fram af okkar hálfu sem um þetta fjölluðum í nefndinni að hér er ekki um tæmandi talningu að ræða heldur viðmið sem horfa skal til við setningu reglugerðar um undanþágur samkvæmt ákvæðinu sem innan skamms er að vænta að verði sett af hæstv. heilbrrh.

Að lokinni umfjöllun um þetta mál í nefndinni varð hún sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með breytingum sem ég ætla að leyfa mér að reifa, herra forseti.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að í b-lið 1. gr., þ.e. 9. gr. b í lögunum, verði felld brott tilvísun til 24. gr. en þar er fjallað um einstaklinga sem starfa á erlendri grundu fyrir fyrirtæki með aðsetur á Íslandi ef greitt er tryggingagjald af launum þeirra hér á landi. Það er mat nefndarinnar og eftir talsverða umræðu komst hún að þeirri niðurstöðu að tryggingavernd þessara einstaklinga sé ekki fullnægjandi nema að slysatryggingarnar séu þar einnig með.

Í öðru lagi er samhliða þessari breytingu lagt til að felldur verði brott síðari málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna vegna þess að það ákvæði er óþarft ef breytingin á b-lið í 1. gr. frv. nær fram að ganga samanber breytingar á 2. gr. frv. Með því eru nefnilega felld brott þau ákvæði sem voru í upphaflegri 2. gr. frv. en ákvæði samhljóða þeim voru lögfest með lögum sem voru samþykkt á haustþinginu 1997 og voru nr. 148/1997.

Í þriðja lagi er lagt til að felld verði út vísan til númers og ártals laga í b-lið 1. gr., þ.e. í 9. gr. b og vísað til heitis viðkomandi laga í staðinn. Það er skoðun nefndarinnar að laganúmer eigi einungis að tilgreina í lagatexta í undantekningartilvikum. Iðulega kemur fyrir að ný lög eru sett um sama efni án þess að tilvísunum til laganna í eldri lögunum sé breytt. Slíkt gæti leitt til réttaróvissu og til að taka af allan vafa er þessi breyting lögð til.

Í fjórða lagi leggjum við til að gildistöku laganna verði frestað til 1. júlí 1999 þannig að aukinn tími gefist til að undirbúa og kynna þær breytingar sem frv. felur í sér. Þetta er gert að ábendingu Tryggingastofnunar ríkisins.

Undir þetta ritar fullskipuð nefndin og enginn með fyrirvara, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 2. umr.*

Stjfrv., 459. mál (endurgreiðsla sérfræðikostnaðar). — Þskj. 789, nál. 1157.

[20:21]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund til reifunar Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Við fengum einnig umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Umsagnir voru mjög jákvæðar í garð frumvarpsins.

Í frv. felst heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins til að endurgreiða þeim sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við stofnunina sl. haust. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Með fullnægjandi reikningi er átt við númeraðan reikning þar sem fram koma upplýsingar um hvaða verk var unnið og hvenær, nafn læknis og sjúklings. Nefndin leggur þó til eina breytingu á frumvarpinu þannig að einnig fái endurgreiðslu sjúklingar sem leitað hafa til sérfræðinga sem hafa hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar og hafa því ekki endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins með svofelldri breytingu, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. efnismálsl. 1. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi sérfræðingur ekki endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu."

Herra forseti. Við leggjum til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, síðari umr.*

Stjtill., 616. mál. — Þskj. 1047, nál. 1203.

[20:24]

**Frsm. utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu samninga um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk m.a. á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra. Að auki komu til skrafs og ráðagerða við hana Helgi Ágústsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins.

Með þessum samningum við grannþjóðir Íslendinga er eytt réttaróvissu um afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands annars vegar og hins vegar á tiltölulega litlu hafsvæði þar sem lögsaga Íslands, Grænlands og Jan Mayen skarast.

Utanríkismálanefnd telur mikilvægt að þessir samningar hafi náðst og leggur til einróma að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta ritar fullskipuð nefnd og allir fyrirvaralaust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, síðari umr.*

Stjtill., 618. mál. — Þskj. 1049, nál. 1201.

[20:26]

**Frsm. utanrmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Utanrmn. hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins, og Þórð Ingva Guðmundsson frá viðskiptaskrifstofu ráðuneytsins.

EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum leitast við að gera samstarfs- og fríverslunarsamninga við þau ríki sem Evrópusambandið hefur gert hliðstæða samninga við, með það að markmiði að fyrirtæki í EFTA-ríkjunum hafi ekki verri aðstöðu til viðskipta í viðkomandi landi en fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins. Með gerð fríverslunarsamninga við ríki við sunnanvert Miðjarðarhaf og í Mið-Austurlöndum vilja EFTA-ríkin taka þátt í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að stuðla að stjórnmálalegum stöðugleika og atvinnuþróun í þessum heimshluta. Er að því stefnt að Evrópa og Suður-Miðjarðarhafslöndin verði eitt fríverslunarsvæði eigi síðar en árið 2010. Samningur EFTA-ríkjanna og Marokkós er fyrsti samningurinn sem lokið er í þessari samningalotu.

Utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta nefndarálit rita allir meðlimir utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, síðari umr.*

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 1052, nál. 1202.

[20:28]

**Frsm. utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um þá fullgildingu stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar sem lögð var fyrir þingið.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins.

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin sem á ensku nefnist Multilateral Investment Guarantee Agency, skammstafað MIGA, er ein af fimm stofnunum Alþjóðabankans og sú eina sem Ísland á ekki aðild að. Með tilliti til þess að aðild að stofnuninni þjónar beint hagsmunum Íslands um aukna þátttöku í þróunaraðstoð og að íslenskir fjárfestar í þróunarlöndunum gætu haft hag af aðildinni leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt og nefndarmenn skrifa allir undir þetta álit fyrirvaralaust.

[20:29]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta fullsnubbótt framsöguræða fyrir jafnmiklu máli og hér er á dagskrá. Ég hafði vænst þess að hv. starfandi formaður utanrmn. gerði betur grein fyrir því og rökstyddi betur þá ákvörðun að leggja til að við fullgiltum þennan samning.

Það vakti athygli mína að hv. þm. tók þannig til orða að hugsast gæti að menn hefðu hag af því að þetta yrði gert og því lagði nefndin til að samþykkja tillöguna.

Auk þess vil ég spyrja hv. þm. hvort algerlega óhjákvæmilegt sé að burðast með ákveðinn greini aftan við þetta langa nafn sem stofnunin ber, þ.e. Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin, hvort ekki mætti sleppa honum og þá væri þetta örlítið þjálla þó ekki munaði miklu.

[20:30]

**Frsm. utanrmn. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, sem er einn af leiðtogum lífs okkar beggja, ritar undir þetta mál fyrirvaralaust og hún sá ekkert athugavert við þennan ákveðna greini sem hv. þm. fettir alla sína tíu fingur út í í þessu ágæta máli.

Það kemur mér talsvert á óvart að hv. þm. talar eins og honum sé ókunnugt um innihald stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingaábyrgðarstofnunarinnar. Ég furða mig satt að segja á því þar sem ég hef orðið þess áskynja í umræðum í þinginu að hv. þm. hefur geysilega yfirgripsmikla þekkingu á flestum þeim alþjóðlegu stofnunum sem Íslendingar koma að. Nú er það svo að þessi stofnun er ein af fimm stofnunum Alþjóðabankans en sú aleina sem Íslendingar eiga ekki aðild að.

Það kom fram við umræður í nefndinni vegna þess að það voru ekki allir nefndarmenn sem skildu gildi þessa en eftir að hafa skoðað málið og rætt það við hæstv. utanrrh., sem lagði talsverða áherslu á þetta mál, og eftir að hafa hlýtt á rökstuðning ýmissa af starfsmönnum hans, töldu menn að rannsókn málsins lokinni að það væri æskilegt að þingið samþykkti þessa þáltill. og fullgilti þar með stofnsamninginn. Ég vænti þess að ef hv. þm. skoðar nú málið betur og mundi gefa sér tóm til þess að lesa stofnsamninginn væri hann mér sammála um það að þetta þjónar beint hagsmunum Íslands og auk þess líka eins og kemur fram í nefndarálitinu að íslenskir fjárfestar í þróunarlöndunum gætu haft hag af aðildinni og við erum allir í þessu þingi og sér í lagi við þingmenn tveir sem erum eftir í salnum þeirrar skoðunar að það eigi endilega að reyna að koma íslenskum kapítalistum út um allar heimsins grundir og þorp.

[20:32]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er satt að segja ekki miklu nær og fannst þetta í rauninni ekki mjög burðugur rökstuðningur. Aftur endurtók hv. þm. þau orð að íslenskir kapítalistar gætu hugsanlega haft hag af þessari aðild okkar. Það er auðvitað gott og blessað og kannski getur það þá orðið. En maður hefði vænst fyllri rökstuðnings.

Ég bið síðan hv. þm. að gera mér ekki upp skoðanir. Þó ég komi upp með tvær sárasaklausar athugasemdir eða spurningar er ekki þar með sagt að það sé ávísun á fulla andstöðu við málið. Ég sagði ekkert um afstöðu mína til málsins. Það vill reyndar svo til, hv. þm., að ég kynnti mér lítillega innihald þessa samnings sem er einn af þeim doðröntum sem koma inn á borð okkar þingmanna og örugglega fáir núlifandi menn hafa lesið og sárafáir á Alþingi enda í sjálfu sér kannski ekki til þess ætlast að menn leggist ofan í einstaka greinar samningsins heldur er það fullgildingarákvörðunin sem menn eru að taka.

Ástæðan er sú að ég vildi skoða hvort þarna væri nokkuð það á ferðinni sem tengdist öðru fyrirbæri sem hefur verið á dagskrá í París og er alþjóðlegi fjárfestingarsamningurinn, MAI, sem hefur verið þar á dagskrá og er ræddur leynilega mjög. Svo er ekki og skoðun mín leiddi til þeirrar niðurstöðu að hér væri um hluta af starfsemi Alþjóðabankans að ræða sem tengdist ekki á neinn hátt því brölti innan OECD sem hefur verið þar á dagskrá.

Ég skil vel áhuga hæstv. utanrrh. Út af fyrir sig er kannski eðlilegt að við gerumst aðilar að þessum hluta starfs Alþjóðabankans eins og öðrum en það kynni einnig að tengjast eitthvað því að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson og fúnkerandi varaformaður Sjálfstfl. eða staðgengill forsrh. mun vera í forustu fyrir Norðurlandaþjóðum á þessum vettvangi um þessars mundir ef ég veit rétt og sjálfsagt er það gott upp á rykti hans að leggja til að Íslendingar gerist nú aðilar að þessu apparati. Ég hef ekkert á móti því í sjálfu sér. Ég geri ekki ráð fyrir að það skipti miklu máli til eða frá og mun ekki setja mig upp á móti því en mér hefði fundist gott að hv. starfandi formaður utanrmn. sem er nýr í því starfi og e.t.v. tímabundinn hefði átt glæsilegri framgöngu og rökstutt mál sitt betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 20:35.

---

## 109. FUNDUR

miðvikudaginn 22. apríl,
kl. 1 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879, nál. 1136. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 582. mál, þskj. 1161. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Bæjanöfn, stjfrv., 164. mál, þskj. 164, nál. 1152, brtt. 1153. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Listskreytingar opinberra bygginga, stjfrv., 446. mál, þskj. 773, nál. 1200. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 941, nál. 1177, brtt. 1178. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 461, nál. 1205, brtt. 1206. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 789, nál. 1157. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, stjtill., 616. mál, þskj. 1047, nál. 1203. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

9. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, stjtill., 618. mál, þskj. 1049, nál. 1201. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, stjtill., 622. mál, þskj. 1052, nál. 1202. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

11. Lyfjalög, stjfrv., 652. mál, þskj. 1125. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

12. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, stjfrv., 661. mál, þskj. 1134. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[13:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um fjárhagsvanda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Forseti minnir á áður en sú umræða hefst að á dagskrá fundarins eru tólf mál, sem eru eingöngu atkvæðagreiðslur, og þær fara fram að lokinni utandagskrárumræðunni.

## *Umræður utan dagskrár.*

Fjárhagsvandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

[13:02]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess vanda sem blasir við stjórnendum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og reyndar stjórnendum fjölmargra annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur óumdeilanlega verulega sérstöðu í hópi sjúkrahúsa utan Reykjavíkur. Það er langstærsta og mikilvægasta stofnun sinnar tegundar á landsbyggðinni. Það þjónar víðáttumiklu landsvæði um norðan- og austanvert landið. Á aðalupptökusvæði þess sem sérgreinasjúkrahúss búa um 40–50 þúsund manns, en reyndar má segja að upptökusvæði FSA hafi á síðustu árum í vaxandi mæli verið allt landið hvað vissa þjónustu snertir.

Stefnumörkun stjórnvalda gengur út frá þríþættu hlutverki Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, þ.e. sem héraðssjúkrahús fyrir um 20 þúsund manna byggð við Eyjafjörð, sérgreinasjúkrahús fyrir Norður- og Austurland og aðalvarasjúkrahús landsins, eina stóra sérgreinasjúkrahúsið á öðru landsvæði eða áhættusvæði en sjúkrahúsin í Reykjavík.

Í samræmi við þetta hefur verið unnið að uppbyggingu og rekstri FSA undanfarin ár. Nýjar sérgreinar hafa bæst við, sjúklingum hefur fjölgað, dýrum aðgerðum og dýrum rannsóknum hefur fjölgað, sjúklingum sem áður þurfti að senda suður er nú hægt að sinna á heimaslóðum.

Fjárveitingar hafa hins vegar ekki fylgt á eftir ákvörðunum um nýjar stöður og aukið umfang í rekstri FSA sem um mörg undangengin ár hefur fengið hrós fyrir ráðdeildarsemi í rekstri og að halda sig innan ramma fjárlaga hefur nú tvö ár í röð verið rekið með halla. Rekstrarhalli síðasta ár var um 56 millj. og uppsafnaður vandi um síðustu áramót 90–100 millj. kr. Fjárvöntun vegna rekstrar á þessu ári, m.a. vegna aukningar í starfsemi, er af stærðargráðunni 60–70 millj. kr.

Eins og menn muna, herra forseti, átti að heita svo að þannig væri tekið á vanda sjúkrahúsanna fyrir síðustu áramót að búnir voru til pottar í fjáraukalögum og fjárlögum. Fyrir sjúkrahúsin á landsbyggðinni voru þetta 200 millj. í fjáraukalögum vegna ársins 1997 og hlutdeild í 300 millj. sameiginlegum potti allra sjúkrahúsa í landinu á fjárlögum þessa árs, ársins 1998. Um þessa potta eiga menn svo að bítast, svo geðslegt sem það er.

Þessi mikli vandi, uppsafnaður, og vegna yfirstandandi árs þýðir að stjórnendur FSA, og auðvitað fjölmargra annarra sambærilega settra sjúkrastofnana, standa frammi fyrir ákvarðanatöku um annað tveggja; áframhaldandi hallarekstur eða stórfelldan og sársaukafullan niðurskurð og skerta þjónustu. Á FSA hefur verið samin áætlun um stórfelldar lokanir, samdrátt í þjónustu, lokanir á endurhæfingadeild, geðdeild og fleiri viðkvæmum þáttum í starfseminni. Auk þess hefur verið gerð sérstök neyðaráætlun, ef ekkert rætist úr um fjárveitingar.

Það tekur svo steininn úr, herra forseti, þegar í ljós kemur að enn er ekki búið að skipta því fé sem nota átti úr pottunum til að lina aðeins þrautirnar. Menn eru því í algerri óvissu enn þá þegar þriðjungur er að verða liðinn af árinu hvað kemur í þeirra hlut úr pottinum vegna vandans á síðasta ári og úr pottinum vegna rekstrar í ár. Þetta eru, herra forseti, óþolandi aðstæður. Það er ekki hægt að bjóða mönnum, stjórnendum og starfsfólki upp á svona vinnuskilyrði.

Ég tek það fram, herra forseti, að að mínu mati er hér ekki aðeins við hæstv. heilbrrh. að sakast. Meiri hluti hv. fjárln. og meiri hluti Alþingis lagði blessun sína yfir þetta fyrirkomulag í desembermánuði sl. og ber einnig á því fulla ábyrgð.

Ég vil því að lokum spyrja hæstv. heilbrrh. af þessu tilefni eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi. Hefur núverandi ríkisstjórn breytt um stefnu hvað varðar hið mikilvæga þríþætta hlutverk FSA og áframhaldandi uppbyggingu þar í samræmi við það?

Í öðru lagi. Hvenær verður lokið við að skipta pottunum samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum, hvað mega stjórnendur FSA búast við að fá í sinn hlut úr þeim og hvaða skýringar gefur hæstv. ráðherra á þeim seinagangi sem þarna er á ferðinni?

Í þriðja lagi. Verður því sem á vantar til þess að hægt sé að halda á a.m.k. óskertri FSA starfsemi eins og hún er nú eftir umfangsaukningu undanfarinna ára, bætt við sem viðbótarfjárveitingu?

[13:07]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir mikla umræðu um niðurskurð er staðreyndin sú að framlög til FSA hafa verið að aukast á undanförnum árum. Í ráðherratíð minni hafa þau hækkað um 99 millj. kr. eða 8,35% umfram hækkun verðlags og

hafa þau aukist meira en til annarra sjúkrahúsa. Með auknum fjárframlögum er viðurkennt að FSA gegnir lykilstöðu í heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi og á síðustu árum hafa sjúklingar á suðvesturhorninu í æ ríkari mæli sótt þjónustu til Akureyrar ásamt því að sjúkrahúsið er meira nýtt af Norðlendingum og Austfirðingum eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Sjúkrahúsið hefur lengi verið til fyrirmyndar í rekstri og haldið honum innan ramma fjárlaga en á síðasta ári varð aukning á rekstrarkostnaði sjúkrahússins þannig að halli á rekstri var 56,7 millj. kr. en til rekstrar á því ári voru áætlaðar um 1.279 millj. kr. þannig að hallinn var um 4,4%. Á fjárlögum eru áætlaðar 426 millj. kr. til rekstrar.

Fagnefnd sem hefur fengið það verkefni að úthluta 500 millj. kr. samkvæmt fjárlögum hefur verið að fara ofan í það í samráði við stjórnendur sjúkrahússins hvað hefur valdið þeim auknu útgjöldum sem fram komu á síðasta ári og eru fyrirsjáanleg á þessu ári.

Stjórnendur FSA hafa rökstutt breytingar á kostnaði með aukinni þjónustu og það sama hefur gerst varðandi margar aðrar stofnanir. Fyrir liggja tillögur þeirra með hvaða hætti unnt sé að halda rekstrinum innan ramma fjárlaga.

Virðulegi forseti. Stjórnendur FSA ræddu stöðu sjúkrahússins við mig og tvo hv. þm. kjördæmisins í mars sl. Á þeim fundi kom ekki annað fram en að verið væri að vinna að lausn þessa máls í samvinnu við fagnefnd þá sem vinnur að því að úthluta viðbótarfjármagni til sjúkrahúsanna. Á þeim fundi vorum við sammála um leiðir til lausnar á þeim vanda sem fyrir lá enda framkvæmdastjóri sjúkrahússins einn af nefndarmönnum.

Svo undarlega brá hins vegar við að viku síðar kynnti stjórnarformaður og aðstoðarframkvæmdastjóri sparnaðaraðgerðir fyrir starfsfólki og héldu blaðamannafund þar sem þeir kynntu sérstaklega neyðaráætlun um lokanir og verulegan niðurskurð á þjónustu. Þessi framsetning olli eðlilega ótta og óöryggi meðal starfsfólks og íbúa svæðisins. Það er að mínu mati ábyrgðarhluti að kynna neyðaráætlun þegar verið er að vinna með ráðuneytinu að lausn málsins. Þetta kom ráðuneytinu verulega á óvart eftir það sem á undan var gengið og ekki síst að stjórnendur skyldu velja þá leið að kynna hugsanlegar ráðstafanir í fjölmiðlum áður en þær voru ræddar í ráðuneyti og við fagnefnd. Aðalatriðið er að fagnefndin er að vinna að skiptingu þess fjármagns í samræmi við hlutverk sem henni hefur verið ákveðið við afgreiðslu fjárlaga.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hafa fjárframlög til FSA aukist meira en til annarra á undanförnum árum. Stjórnendur sjúkrahússins hafa haldið vel utan um reksturinn og eru að vinna að lausn rekstrarvanda sjúkrahússins í góðri samvinnu við ráðuneytið og fagnefndina. Það er engin ástæða til að óttast niðurstöðu þeirrar vinnu. Stjórnendur FSA hafa staðið sig vel á undanförnum árum. Stofnunin hefur notið þess í fjárframlögum að hún hefur veitt góða þjónustu og það verður tryggt hér eftir sem hingað til.

Ég tel mig þá nokkurn veginn vera búna að svara þeim fyrirspurnum sem hv. þm. lagði fyrir mig en hann lagði fyrir mig í fyrsta lagi eftirfarandi spurningu: Hefur núverandi ríkisstjórn breytt um stefnu hvað varðar hið mikilvæga þríþætta hlutverk FSA og áframhaldandi uppbyggingu þar í samræmi við það? Svarið við því er nei, enda sýnum við það með fjárframlögum.

Síðan spyr hv. þm. hvenær lokið verði við að skipta úr pottunum samkvæmt fjárlögum og talar þar um seinagang. Um miðjan næsta mánuð liggja tillögur nefndarinnar fyrir.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Verður því sem á vantar til þess að hægt sé að halda á FSA a.m.k. óskertri starfsemi eins og hún er nú eftir umfangsaukningu undanfarinna ára, bætt við sem viðbótarfjárveitingu? Því er til að svara að ljóst er að það verður um viðbótarfjármagn að ræða hvað varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

[13:12]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir að taka þetta mál upp. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að heilbrigðisstefna núv. ríkisstjórnar er orðin að helstefnu gagnvart sjúkrahúsum landsins. Það er ekki einungis það að sjúkrahúsin séu svelt jafnframt því sem verkefni þeirra eru aukin heldur er ósætti má segja í hverri einustu heilbrigðisstofnun í landinu vegna þess að ráðuneyti heilbrigðismála ræður ekki við verkefnið á þessu sviði. Það er sífellt að koma betur og betur í ljós og sést af þeim svörum sem ráðherra gaf við spurningunum í hvaða óefni er komið. Það er skammast út í forsvarsmenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fyrir að vinna eftir þeim fjárlögum sem voru afgreidd á síðasta ári. Þó að liðinn sé þriðjungur af árinu er ekki búið að skipta þessum potti og það eru engin svör nema sagt er eina ferðina enn: Það er verið að vinna að málunum. Það fer bráðum að verða liðið hálft ár og enn er verið að vinna að málunum. Um leið og forsvarsmenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru að reyna að vera innan þess ramma sem þeim er skammtaður, þá eru þeir skammaðir fyrir það, sagt að það komi á óvart og verið sé að vinna að málunum í ráðuneytinu.

Það sést alltaf betur og betur, herra forseti, varðandi þetta mál að þessi stefna gengur ekki lengur. Verkefni sjúkrahússins á Akureyri hafa verið aukin. Jafnframt því hafa fjárframlög ekki fylgt þeim auknu verkefnum. Er ráðherrann að segja að minnka eigi þjónustuna á Akureyri? Þá er best að ráðherrann segi það skorinort en komi ekki hér og skammi þá aðila sem eru að vinna að hennar eigin stefnumörkun.

Ég held, herra forseti, að þetta mál sýni okkur einn hlut eina ferðina enn, þ.e. að hæstv. heilbrrh. ræður ekki við verkefni ráðuneytisins. Það er sennilega þó ekki nóg að skipta um heilbrrh. í þessari núv. ríkisstjórn. Ég held að það þurfi nýja stefnu og nýja ríkisstjórn.

[13:15]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Í fyrra var ég ásamt öðrum hv. þm., Jóni Kristjánssyni, og starfsmanni ráðuneytisins fenginn til að fara ofan í vandamál og stöðu landsbyggðarsjúkrahúsa. Við gerðum það og lögðum fyrir ráðuneytin ákveðnar tillögur til úrbóta. Hæstv. heilbrrh. hefur tjáð mér að tillögur okkar hafi allar verið teknar til greina. Meginstefið í þeim tillögum var að endurmeta sjúkrahúsin úti á landi árlega, miðað við héraðshlutdeild þeirra, þ.e. hvað þau sinna miklu af sjúklingum og veikindum í sínu héraði. Þannig mætti meta það þjónustustig sem þar ætti að vera.

Þjónustustigið á Akureyri hefur verið hækkað verulega og héraðshlutdeild þess er mjög há. Miðað við fjárlög, eins og gengið var frá þeim, og það sem ég tek sem satt og rétt hjá hæstv. ráðherra, að þessar tillögur okkar hafi allar verið teknar til greina, var þannig búið um hnútana að vandamál sjúkrahússins á Akureyri áttu engin að vera. Hlutirnir áttu

að ganga upp en ef svo er ekki, þá þarf aftur að fara yfir allt reikniverkið.

[13:16]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að taka upp þetta mikilvæga og alvarlega mál. Það er náttúrlega ekki sérstaklega málefnalegt að segja: „Þetta sagði ég", eða „þetta sögðum við". En staðreyndin er sú að þetta sögðum við. Það er staðreynd að margsinnis hefur verið varað við afleiðingum ónógra fjárveitinga til sjúkrahúsanna í landinu. Hér hafa raunar staðið mikil og langvinn átök um fjárveitingar til sjúkrahúsanna og til heilbrigðisþjónustunnar yfirleitt. Ég minni bara á umræður um fjáraukalög síðasta árs og fjárlög þessa árs í því sambandi. Ég ætla ekki að endurtaka þær tölur og staðreyndir sem fram komu í máli hv. málshefjanda, þær voru réttar og tala sínu máli.

Ég hef rætt við starfsfólk FSA. Mér er fullkunnugt um ástandið þar og hvaða afleiðingar þessi sveltistefna hefur. FSA hefur, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, haldið sig innan ramma fjárlaga alveg fram á síðustu ár. Þar er allt gert til að halda kostnaði niðri með miklum og góðum árangri, stöðugt vaxandi afköstum, fleiri innlögnum, fleiri aðgerðum og rannsóknum. FSA hefur tekið við fleiri sjúklingum á þessu svæði eins og hæstv. ráðherra benti á áðan. Þetta veldur auðvitað auknu álagi á starfsfólk sjúkrahússins sem hefur lagt sig alveg sérstaklega fram. Mér er t.d. kunnugt um að margir starfsmenn eiga inni leyfi, bæði sumarleyfi og starfsleyfi skv. samningum, sem þeir eiga erfitt með að taka vegna þess að það er ekki fé fyrir hendi til að leysa þá af.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er að renna út. Ég legg áherslu á að svör hæstv. ráðherra þurfa að vera meira afgerandi en áðan. Fólkið á þessu svæði verðskuldar skýr svör. Hvers er að vænta í málefnum FSA? Hæstv. ráðherra sagði að ekki ætti að breyta um stefnu en miðað við þær afleiðingar sem blasa við, hlýtur eitthvað að þurfa að gera. Svörin þurfa að vera skýrari en í máli hæstv. ráðherra hér áðan.

[13:19]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með málshefjanda að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er mikilvægasta heilbrigðisstofnunin á landsbyggðinni og því þarf að sjá til þess að þar geti farið fram myndarlegur rekstur, hér eftir sem hingað til. Eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh. hefur fjármagn til fjórðungssjúkrahússins verið aukið í hennar tíð. Engu að síður er nokkur halli á rekstrinum eftir síðasta ár og fjárvöntun á þessu ári. Þessu gera embættismenn og hæstv. heilbr.- og trmrh. sér grein fyrir og það er verið að vinna að þessum málum.

Þann 17. mars sl. áttum við, ég og hv. þm. Tómas Ingi Olrich, fund með forsvarsmönnum sjúkrahússins og hæstv. heilbr.- og trmrh. Þar var skipst á skoðunum og ég varð ekki vör við annað en að mikill skilningur væri á þessu máli. Heilbr.- og trmrh. hefur fullan skilning á því að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þarf að fá fjármuni úr þeim potti sem verið er að úthluta úr og samkvæmt hennar orðum verður þeirri vinnu lokið um miðjan næsta mánuð.

Á blaðamannafundi sem haldinn var 30. mars var kynnt neyðaráætlun, m.a. vegna þess að fjármunir á fjárlögum ársins í ár eru ekki nægilegir til að reka sjúkrahúsið. Kannski má deila um hvort skilaboð frá heilbr.- og trmrn. gerðu það að verkum að forsvarsmenn sjúkrahússins töldu sig knúna til að gera þá áætlun í samræmi við fjárlög ársins, án tillits til þess að þeir ættu eftir að fá aukið fjármagn. Þessi neyðaráætlun kom okkur því nokkuð á óvart en í þessu máli finnst mér alvarlegast ef starfsfólk sjúkrahússins er áhyggjufullt. Það er fullur vilji til að leysa málin.

[13:21]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að fara fram á þessa utandagskrárumræðu um fjárhagsvanda FSA. Ég bendi þó á að þótt fjárhagsvandi FSA sé mikill þá er hann aðeins hluti af þeim geigvænlega vanda sem blasir við sjúkrahúsunum í landinu. Ég á sæti í fjárln. og tók þátt í þeirri vinnu sem þar fór fram við að útbúa fjárlög fyrir 1998. Ég lýsi því yfir hér og hef reyndar gert það áður að mig tók það þungt að skilja við þá vinnu eins og raunin var. Þar blasti við að ef ekkert yrði að gert í fjárhagsmálum sjúkrahúsanna yrði uppsafnaður vandi 2,8 milljarðar í lok þessa árs. Þetta er náttúrlega gríðarlegt vandamál. Til að taka á þessu voru búnir til tveir pottar, 200 millj. sem átti að taka á vanda sem safnast hafði upp fyrir síðustu áramót á landsbyggðinni og 300 millj. sem áttu að taka á heildardæminu.

Allir sjá að þetta er eins og dropi í hafið, enda flækist það fyrir hinum rómuðu sérfræðingum sem til eru kallaðir, að skipta pottinum. Þeir hafa nú verið að störfum æði lengi og læðist að manni sá ótti að drjúgur hluti af þessum potti muni jafnvel fara í nefndarlaun til þeirra sérfræðinga sem þar véla um. Nú mun vera von á niðurstöðum einhvern tímann í næsta mánuði eftir því sem hæstv. heilbrrh. segir og vonandi að hún hjálpi einhverjum en það verður afskaplega lítil hjálp. Það blasir við vegna þess að 300 millj. eru smámunir í þessu samhengi.

[13:24]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Ég vil láta tvennt koma fram við þessa umræðu og ég þakka flm. fyrir hans innlegg. Í fyrsta lagi ákvað fjárln. eða meiri hluti hennar að láta starfshóp yfirfara fjárhagsáætlun sjúkrahúsanna og fylgjast með vinnu þess starfshóps. Það hefur nefndin gert og í næstu viku er ætlunin að forsvarsmenn hópsins geri grein fyrir stöðu mála. Að öðru leyti ætla ég ekki að bæta við það sem ráðherra hefur sagt um hvernær niðurstöður liggi fyrir. Varðandi landsbyggðarsjúkrahúsin verður það í næsta mánuði.

Hitt vil ég láta koma skýrt fram varðandi sjúkrahúsið á Akureyri, ég tek undir það sem hefur verið sagt hér um hlutverk þess, að engin ákvörðun hefur verið tekin um það né hefur meiri hluti fjárln. gefið fyrirmæli um að breyta hlutverki sjúkrahússins þótt það væri tekið inn í hóp þeirra sjúkrahúsa sem farið hafa yfir áætlanir. Ljóst er að fjármuni vantar til að halda þeim rekstri óbreyttum sem þar er nú. Ég vona að farsæl niðurstaða fáist um þau mál og það innan tíðar. Ég vildi undirstrika að engin ákvörðun hefur verið tekin um það í fjárln. að breyta hlutverki sjúkrahússins á Akureyri eða draga úr vægi þess.

[13:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér finnst merkilegt að hlusta á þær upplýsingar sem hér hafa komið fram um þá nefnd sem á að véla um pottagaldur hv. fjárln. Við skulum ekki gleyma því að það var ekki hæstv. heilbrrh. heldur fjárln. sem kom fram með hugmyndina um þennan pott sem átti að bjarga m.a. Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Í umræðum um fjárlög kom fram af hálfu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, form. fjárln., að gert væri ráð fyrir að sú nefnd mundi skila af sér, ekki seinna en í mars. Nú er ljóst að ekki verður hægt að búast við skilum frá nefndinni fyrr en í maí. Er það nema von, segi ég, herra forseti, þegar 10 manna nefnd sem þar að auki hefur þrjá menn í fullu starfi við að úthluta þessu fé gengur ekki betur að sinna verki sínu, að sjúkrahúsið eða forráðamenn sjúkrahússins á Akureyri kynni neyðaráætlun. Þeir hljóta eðlilega að grípa til einhverra ráða þegar þeir sjá fram á að ekkert gengur í þeirra málum. Mér finnst það í hæsta máta eðlilegt. Ég get ekki tekið undir orð hæstv. heilbrrh. um að það hafi verið ábyrgðarhluti. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ýjaði að því að það kynni að stafa af því að ekki hafi komið rétt skilaboð frá heilbr.- og trmrn.

Engum þarf að koma á óvart að sjúkrahúsið á Akureyri skorti fjármagn. Við fjárlagaumræðuna var mörgum sinnum farið rækilega yfir það. Þá kom fram að uppsafnaður halli sjúkrahússins væri um 90–100 millj. Þá kom einnig fram að vanta mundi milli 50 og 65 millj. í rekstur inn á þessu ári. Ekkert hefur gerst í málefnum sjúkrahússins. Hins vegar liggur fyrir að það hefur tekið til sín fleiri aðgerðir, héraðshlutdeild þess hefur verið að hækka. Það hefur meira að segja fengið sjúklinga af öðrum landsvæðum, t.d. til bæklunaraðgerða, en fjármagnið hefur ekki fylgt í hlutfalli við þessa auknu starfsemi. Þess vegna er þessi staða er komin upp.

Herra forseti. Ég vil að síðustu ítreka að vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er hinn sami og vandi stóru sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Þau búa líka við fjársvelti og nú nýlega hafa Ríkisspítalarnir orðið að draga saman um 10%, kransæðavíkkanir, opnar hjartaaðgerðir og svo mætti áfram telja. Þetta hefur verið boðað í heilbr.- og trn., herra forseti.

[13:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra og þær upplýsingar, að a.m.k. í orði kveðnu, að ekki standi til að breyta hlutverki og stöðu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Við hljótum þá líka að krefjast þess að það verði einnig á borði. Hæstv. ráðherra taldi að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefði fengið auknar fjárveitingar og það er rétt, svo langt sem það nær. Hitt er ljóst að hér á Alþingi og í ríkisstjórnum á undanförnum árum hefur verið stefnt að því að auka hlutverk sjúkrahússins. Nýjar stöður hafa verið veittar og nýjar sérgreinar teknar upp, án þess að fjármagn hafi fylgt til að mæta viðbótarkostnaði sem af því hlýst. Það liggur algjörlega fyrir.

Mér þótti, herra forseti, mjög miður að hæstv. ráðherra skyldi gagnrýna stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fyrir að þeir hafi kynnt starfsfólki sínu, bæjarstjórn Akureyrar og eftir atvikum fjölmiðlum þá stöðu sem blasir við þeim, og þær ákvarðanir sem þeir standa frammi fyrir að taka í öllu falli, hvort sem lengur eða skemur dregst að þeir fái einhverja úrlausn úr pottunum margfrægu. Menn verða að átta sig á því, herra forseti, að það er erfitt verk að reka lítið, deildaskipt sjúkrahús eða sérgreinasjúkrahús eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er. Þar eru fáskiptar vaktir og það er mikið álag og lítið má út af bera ef á að halda utan um rekstur slíkrar einingar.

Menn ættu líka að hugleiða þær aðstæður sem stjórnendum eru búnar við þessar kringumstæður, þá óvissu sem þeir standa frammi fyrir. Nú er upplýst að fyrst um miðjan maí sé að vænta — ekki ákvörðunar heldur tillagna um hvernig pottunum verði skipt, þegar árið er að verða hálfnað, sem á að nota fé úr þeim sömu pottum til að reka hlutina með. Þetta eru auðvitað óverjandi vinnubrögð.

Ég gagnrýni hæstv. heilbrrh. og heilbrrn. fyrir þessi vinnubrögð en ég gagnrýni líka, herra forseti, meiri hlutann í fjárln. og meiri hlutann á Alþingi sem skrifaði upp á þessi vinnubrögð og lagði blessun sína yfir þau um síðustu áramót. Það er nú að koma á daginn, sem þá var haldið fram, að þetta var ekki aðferð til að leysa málið á farsælan hátt. Þetta, herra forseti, er mjög ámælisvert og verður vonandi til þess að menn vinna öðruvísi og betur að hlutunum í framtíðinni.

[13:31]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég man ekki betur en að við afgreiðslu fjárlaga í vetur hafi formaður fjárln. gefið þá yfirlýsingu að tillögur þær, sem nefnd sú fjallar um sem starfar á vegum heilbrrh. um skiptingu fjárveitinga á milli sjúkrahúsa, yrðu kynntar á Alþingi áður en þinghlé yrði gert þannig að Alþingi hefði tíma til þess að kynna sér málið.

Nú kemur í ljós hjá hæstv. heilbrrh. að rætt er um að nefndin skili tillögum sínum um miðjan maí. Af því má draga þá ályktun að ekki eigi að gera það fyrr en eftir að þingið er farið heim. Ég hef, virðulegi forseti, ekki haft aðstöðu til að kanna orðrétt ummæli formanns fjárln. en ég spurði hann að því í sæti mínu hvort það væri ekki rétt munað hjá mér að hann hafi gefið þessa yfirlýsingu og hann staðfesti það að hann myndi sjálfur ekki betur.

Ég vil, virðulegi forseti, óska eftir því að forsn. Alþingis kanni þetta mál og geri síðan þingmönnum og þingflokkum grein fyrir því ef þær fullyrðingar sem ég hef farið hér með eru ekki réttar. Þetta mál varðar miklu fleiri sjúkrahús en bara sjúkrahúsið á Akureyri. Þetta varðar öll stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi, og Alþingi var heitið því að niðurstöður nefndarinnar um skiptingu yrðu kynntar Alþingi áður en það færi heim í sumarleyfi. Ég krefst þess að við þær yfirlýsingar formanns fjárln. sé staðið og vænti þess að hæstv. heilbrrh. staðfesti í ummælum sínum á eftir að það verði gert.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta er nú kannski tæplega viðfangsefni forsn. en forseti mun athuga þessar athugasemdir hv. þm.)

[13:34]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér síðast um kynninguna á því hvernig fjármagni verður úthlutað þá mun formaður fagnefndarinnar koma til fjárln. í næstu viku og fara yfir málið með fjárlaganefndarmönnum. Ég tel að sú nefnd sem hefur fjallað um þessi mál sjúkrahúsanna sé að vinna mjög gott starf og það á eftir að koma í ljós. Þeir hafa farið mjög vel yfir rekstur sjúkrahúsanna eins og til er ætlast. Það er nokkuð mikil vinna. Um það var talað áðan að þetta gengi hægt en það var fyrst í febrúar sem nefndin hóf störf, hún hefur heimsótt flestar sjúkrastofnanir sem nefndarmenn þurfa að fjalla um og fengið til sín marga aðila. Þetta er vandasamt verk, og eins og fram hefur komið er verið að skipta tiltölulega litlum fjármunum en það er geysileg vöntun á fjármagni til heilbrigðisstofnana.

Ég ætla aðeins að fara yfir það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan. Hann var með mikil gífuryrði og talaði um helstefnu. Ég tel að hann hafi farið nokkuð langt yfir strikið þegar hann sagði að ég stæði hér upp og skammaði stjórnendur sjúkrahúss Akureyrar. Það gerði ég ekki og geri ekki og virði þá mikils. En ég misvirti það við þá að þeir skyldu fyrst fara í fjölmiðla og kynna neyðaráætlun nokkrum dögum eftir að þeir höfðu verið í ráðuneytinu hjá mér og ekki kynnt mér þessar tillögur. Það var það sem ég nefndi áðan og finnst ámælisvert.

Aðalatriðið er að sjúkrahúsið á Akureyri hefur fengið fjármagn umfram verðlagsbreytingar um 9% á sl. þrem árum, sem sýnir að við erum að viðurkenna hið fjölbreytta starf sem þar er. Það er ljóst að því verður bæði veitt fjármagn úr 200 millj. kr. pottinum vegna umframkeyrslu á síðasta ári og það fær nokkurt fjármagn til viðbótar til rekstrar á þessu ári. Þetta er alveg skýrt.

Fjárln. fær, áður en þing fer heim, nánari umræðu um þetta mál og það sem fyrir liggur í þessari fagnefnd.

### *Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 509. mál (gjald af flugvélabensíni). — Þskj. 879, nál. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

### *Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 582. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, ÁÞ, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HBl, IP, ÍGP, JónK, JHall, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
27 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1230).

### *Bæjanöfn, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 164. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 164, nál. 1152, brtt. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Brtt. 1153,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1153,2 (ný 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1153,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1153,4 samþ. með 36 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1153,5 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1153,6 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
6. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Listskreytingar opinberra bygginga, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 773, nál. 1200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1200 (ný 3. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
4.–10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

### *Bindandi álit í skattamálum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 941, nál. 1177, brtt. 1178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1178,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1178,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1178,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1178,4 samþ. með 38 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1178,5 samþ. með 37 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

***Almannatryggingar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 461, nál. 1205, brtt. 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Brtt. 1206,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1206,2 (ný 2. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1206,3 (ný 5. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

***Almannatryggingar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 459. mál (endurgreiðsla sérfræðikostnaðar). — Þskj. 789, nál. 1157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Brtt. í nál. 1157 samþ. með 37 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

***Samningar um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar, frh. síðari umr.***

Stjtill., 616. mál. — Þskj. 1047, nál. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HBl, IP, ÍGP, JónK, JHall, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
27 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SvanJ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1236).

***Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, frh. síðari umr.***

Stjtill., 618. mál. — Þskj. 1049, nál. 1201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HBl, IP, ÍGP, JónK, JHall, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SvanJ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1237).

***Stofnsamningur Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar, frh. síðari umr.***

Stjtill., 622. mál. — Þskj. 1052, nál. 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GMS, HBl, IP, ÍGP, JónK, JHall, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SvanJ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1238).

***Lyfjalög, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 652. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Gagnagrunnar á heilbrigðissviði, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 661. mál. — Þskj. 1134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:02.

# 110. FUNDUR

miðvikudaginn 22. apríl,
að loknum 109. fundi.

**Dagskrá:**

1. Siglingalög, frv., 541. mál, þskj. 926. — 1. umr.
2. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 500. mál, þskj. 855. — Fyrri umr.
3. Samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, þáltill., 427. mál, þskj. 752. — Fyrri umr.
4. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374. — Fyrri umr.
5. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, þáltill., 592. mál, þskj. 1003. — Fyrri umr.
6. Umboðsmaður aldraðra, frv., 475. mál, þskj. 808. — 1. umr.
7. Jarðabréf, þáltill., 506. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
8. Fangelsi og fangavist, frv., 536. mál, þskj. 920. — 1. umr.
9. PCB og önnur þrávirk lífræn efni, þáltill., 535. mál, þskj. 919. — Fyrri umr.
10. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 651. mál, þskj. 1124. — 1. umr.
11. Argos-staðsetningartæki til leitar, þáltill., 550. mál, þskj. 935. — Fyrri umr.
12. Rekstur björgunarsveita í landinu, þáltill., 551. mál, þskj. 936. — Fyrri umr.
13. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill., 646. mál, þskj. 1119. — Fyrri umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 565. mál, þskj. 957. — 1. umr.
15. Barnabætur, frv., 563. mál, þskj. 955. — 1. umr.
16. Húsnæðisbætur, þáltill., 564. mál, þskj. 956. — Fyrri umr.
17. Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 639. mál, þskj. 1095. — 1. umr.
18. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, þáltill., 595. mál, þskj. 1008. — Fyrri umr.
19. Endurvinnsla á pappír, þáltill., 629. mál, þskj. 1085. — Fyrri umr.
20. Ársreikningar, frv., 434. mál, þskj. 760. — 1. umr.
21. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, þáltill., 609. mál, þskj. 1036. — Fyrri umr.
22. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 640. mál, þskj. 1096. — 1. umr.
23. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 438. mál, þskj. 764. — Frh. 1. umr.
24. Hvalveiðar, þáltill., 577. mál, þskj. 982. — Fyrri umr.
25. Stjórn fiskveiða, frv., 591. mál, þskj. 999. — 1. umr.
26. Virðisaukaskattur, frv., 607. mál, þskj. 1029. — 1. umr.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svar við fyrirspurn.

[14:03]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Fyrir fullum fimm mánuðum, þ.e. 17. nóvember, lagði ég, ásamt hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda sjálfstæðra atvinnurekenda. Nú er skammt eftir þings. Mig er tekið að lengja mjög eftir svörum við þeim spurningum sem við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir lögðum fram. Þess vegna langar mig til þess að biðja hæstv. forseta að ganga eftir því fyrir okkar hönd, gagnvart fjmrn., að þessu verði svarað. Ég veit að þar eru komnar ferskar og óþreyttar hendur undir árar þannig að ráðuneytinu verður ekki skotaskuld úr að ljúka þessu litla máli.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti mun kanna þetta mál að beiðni hv. þm.)

[14:04]

**Útbýting þingskjala:**

Friðun Þingvalla og Þingvallavatns, 699. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1229.

Staða eldri borgara hérlendis og erlendis, 255. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1224.

## *Siglingalög, 1. umr.*

Frv. GHall o.fl., 541. mál (sjópróf). — Þskj. 926.

[14:05]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Frv. það sem hér er lagt fram, um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum, er flutt af þingmönnum sem fyrir um það bil ári síðan voru skipaðir af hæstv. samgrh. til að fjalla um öryggismál sjómanna og gera tillögur um úrbætur til að fækka slysum.

Auk þessa frv. verður á eftir fælt fyrir till. til þál. um vinnuumhverfi sjómanna. Hún er einnig flutt af þessari sömu nefnd, skipaðri af hæstv. samgrh. Auk mín eiga sæti í nefndinni hv. þm. Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefán Guðmundsson.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar gengur út á að veita íslenskum aðilum heimild til að óska eftir sjóprófum á skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum, þó að slysin hafi orðið utan íslenskrar lögsögu. Eins og siglingalögin hljóða nú eru skilyrðin þau að eigi erlend skip í hlut þá þurfi slys að gerast í innlendri höfn eða innan íslenskrar lögsögu til þess að sjópróf megi fara fram.

Herra forseti. Í 1. gr. leggjum við til breytingar á 220. gr. laganna. Þær eru m.a., með leyfi forseta:

„a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar eru jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika."

Í 2. gr. segir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í greinargerð segir, virðulegi forseti:

„Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa

um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins. Atvik voru þau að gámagripla slóst í íslenskan sjómann, sem var fulltrúi útgerðarinnar um borð í skipinu, þegar verið var að losa skipið í höfninni í Argentia á Nýfundnalandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut beinbrot á hægri lærlegg og missti þrjá fingur hægri handar, auk annarra meiðsla. Íslenska útgerðin, leigutaki skipsins, óskaði eftir því að sjópróf yrðu haldin vegna þessa slyss en Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því með þeim rökum að útgerðarmanni skips væri ekki heimilt að óska sjóprófs þegar um væri að ræða erlend skip.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum. Er slíkt til að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggð verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í sínum rekstri að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur, þó að því tilskyldu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum.

Tekið skal fram að ákvæði frumvarpsins ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglu þjóðaréttarins við slík sjópróf og við mat á því hvort þau verði haldin.

Útgerðaraðili í frumvarpinu tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa- og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri."

Herra forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vinnuumhverfi sjómanna, fyrri umr.*

Þáltill. GHall o.fl., 500. mál. — Þskj. 855.

[14:11]

**Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):**

Herra forseti. Auk mín eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefán Guðmundsson flm. að þessari till. til þál. Ég gat um það fyrr að við eigum allir sæti í nefnd sem fjallar um öryggismál sjómanna og vorum skipaðir af hæstv. samgrh. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur mikið verið rætt um mengun hafsins og útblástur skipa, en lítið hefur verið fjallað um mengun um borð í skipum. Á Íslandi eru ekki í gildi lög sem taka á mengun í skipum. Eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hefur náð fram á bryggjubrún, en ekki um borð í skipin. Sama má segja um eftirlit af hálfu Vinnueftirlits ríkisins, nema ef slys verða um borð í skipi í höfn.

Nú er þó von á úrbótum því að 21. október sl. lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um hollustuhætti og er það nú til umfjöllunar í þinginu. Í frumvarpinu er mælt fyrir um það merka nýmæli að lög um hollustuhætti taki til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Skýringar með ákvæðinu eru að vísu rýrar, en af því má draga þá ályktun að eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits muni í framtíðinni ná til allra skipa sem sigla undir íslenskum fána. Í kjölfar samþykktar nýrra laga um hollustuhætti verði þannig sama eftirlit með hollustuháttum á vinnustöðum í landi og í skipum. Mikilvægt er að fylgja þessari lagabreytingu eftir og huga sérstaklega að vinnuumhverfi sjómanna."

Virðulegi forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:14]

**Útbýting þingskjala:**

Álagning fjármagnstekjuskatts, 698. mál, fsp. ÁE, þskj. 1228.

Fjárreiður ríkisins, 696. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 1218.

### *Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, fyrri umr.*

Þáltill. SF o.fl., 300. mál. — Þskj. 374.

[14:15]

**Flm. (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um blóðbankaþjónustu við þjóðarvá. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að leggja fram tillögur um hvernig öryggi blóðbankaþjónustu skuli tryggt við stórslys og við þjóðarvá. Nefndin skal skipuð fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Blóðbankans, Almannavarna ríkisins, landlæknisembættisins, hjálparsveita og Rauða krossins."

Í dag eru engar skýrar reglur til um nauðsynlegar forsendur fyrir því að öryggi blóðbankaþjónustu sé tryggt þegar stórfellt átak ber að höndum eins og við þjóðarvá. Brýnt er að settar verði lágmarksreglur þar að lútandi þar sem mikils magns blóðhluta getur orðið þörf á skömmum tíma við þjóðarvá og hópslys, t.d. flugslys.

Í hópslysanefnd Almannavarna ríkisins var fyrir nokkrum árum vakin athygli á því að kanna þyrfti nauðsyn sérstakra ráðstafana í hópslysatilfellum þar sem verulegur hluti

skráðra blóðgjafa kæmi úr röðum þeirra sem yrðu kallaðir út í slíkum tilfellum, svo sem björgunarsveitar-, slökkviliðs- og lögreglumanna. Í framhaldi af því var samin á vegum hópslysanefndar greinargerð um hópslysablóðgjafir sem miðuðust einungis við Reykjavík og nágrenni. Nýleg björgunaræfing, Samvörður 97, sem haldin var hér á síðasta sumri, beindi augum manna að nauðsyn og lykilhlutverki blóðbankaþjónustu við alvarlegar aðstæður.

Blóðgjafir eru nauðsynleg forsenda nútímaheilbrigðisþjónustu. Þess vegna er mjög brýnt að þessi mál séu í lagi, sérstaklega í tilvikum eins og við þjóðarvá.

Í dag er fjöldi virkra blóðgjafa hér á Íslandi í kringum 8–9 þús. Þetta jafngildir því að 5–6% þjóðarinnar, sem eru á blóðgjafaraldri, gefi blóð. Um 3,5% þjóðarinnar eru þá virkir blóðgjafar. Þetta hlutfall er ekki ýkja frábrugðið því sem gerist víða erlendis en það er þó lægra hlutfall en hjá mörgum öðrum þjóðum.

Ef þjóðarvá skapast þarf í fyrsta lagi að tryggja húsakost Blóðbankans eins og kostur er, þ.e. að hann standi af sér slíkar aðstæður. Blóðbankinn hefur í 45 ár verið í sama þrönga húsnæðinu og þyrfti að bæta úr því.

Í öðru lagi þarf að tryggja að rafmagn, vatn, tölvukostur og önnur stoðþjónusta sé til staðar.

Í þriðja lagi þarf skýrar og samræmdar reglur um lágmarksbirgðir hráefna, t.d. vírusskimunar, blóðpoka, næringarlausna og annarra slíkra hráefna. Ef blóðþörf mundi skyndilega aukast þyrfti að vera alveg skýrt hvaða lágmarksbirgðir við þyrftum að hafa. Þetta er sérlega mikilvægt vegna einangrunar landsins.

Í fjórða lagi þarf að styrkja Blóðbankann í því starfi að tryggja nægjanlegan fjölda blóðgjafa sem hægt er að kalla til blóðgjafar. Eins og áður sagði munu þeir stóru hópar sem menn geta leitað til í dag vera upptekni í öðru við þjóðarvá. Björgunarsveitarmenn, lögreglumenn og slökkviliðsmenn verða á vettvangi, þannig að væntanlega þyrfti að leita til annarra aðila, t.d. framhaldsskóla, Stýrimannaskólans, Tækniskólans, íþróttafélaga, kóra, þjónustuklúbba og annarra slíkra hópa.

Í fimmta lagi þarf að tryggja nægilegan fjölda starfsmanna til blóðsöfnunar og stoðþjónustu þegar þörf fyrir blóðsöfnun og blóðhlutavinnslu fjór- til tífaldast á skömmum tíma. Í dag er safnað 40 til rúmlega 100 einingum blóðs, en við þjóðarvá þá þyrfti að safna jafnvel þúsundum skammta á skömmum tíma. Mikinn mannafla þarf til þess að sinna því.

Í sjötta lagi þarf að vera hægt að sinna blóðsöfnun á öruggan hátt utan Blóðbankans við þjóðarvá. Best væri að hér væri bíll sem keyrt væri á milli staða og hjálpað við að safna blóði, þ.e. blóðsöfnunarbíll. Rauði krossinn hefur gefið dágóða upphæð í slíkan bíl. Mér skilst að Rauði krossinn hafi gefið um 13 milljónir en hann kostar upp undir 24–28 milljónir án opinberra gjalda. Slíkur bíll yrði mjög mikilvægur hlekkur í að tryggja blóðsöfnun utan Blóðbankans. Bifreiðin gæti farið á milli landshluta, hún mun búin fimm blóðtökubekkjum, en vinnsla blóðsins þyrfti hins vegar að fara fram í Blóðbankanum. Ég hef heyrt að erlends fari 25–60% söfnunar á blóði fram utan hefðbundins blóðbanka, þ.e. með t.d. bílum.

Í sjöunda lagi þyrfti að gera samninga við nágrannalönd okkar um aðstoð á sviði blóðbankaþjónustu ef þess gerist þörf. Þrátt fyrir að áðurgreindum skilyrðum yrði fullnægt þá þyrftum við hugsanlega erlenda aðstoð tímabundið. Í því samhengi er eðlilegast að líta til Norðurlandanna en þar er blóðbankaþjónusta með svipuðum hætti og við eigum að venjast. Þess má einnig geta að herstyrkur Bandaríkjamanna hér á landi gerir ráð fyrir sendingu blóðs þar sem hernaðarátök eiga sér stað, en jafnframt við þjóðarvá. Að mínu mati væri bæði auðveldara og eðlilegra að hafa samstarf við Norðurlöndin.

Í áttunda lagi þarf að auka fræðslu meðal barna og unglinga um nauðsyn blóðgjafa og á sama tíma reyna að tengja það átak baráttu fyrir heilsusamlegum lífsstíl.

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á að 23. maí eru sveitarstjórnarkosningar hér á Íslandi. Þann dag er einmitt alþjóðlegi blóðgjafardagurinn. Mér skilst að hjá Blóðbankanum sé ætlunin að halda upp á alþjóðlega blóðgjafardaginn. Ef það verður gert þá væri mjög heppilegt, þegar fólk fer á kjörstað, að greiða ekki einungis atkvæði sitt heldur gefa einnig blóð í leiðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, fyrri umr.*

Þáltill. ÁMM o.fl., 427. mál. — Þskj. 752.

[14:22]

**Flm. (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Sturlu Böðvarssyni.

Ályktunin felur í sér annars vegar það að fela menntmrh. að gera átak til að samræma gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum og hins vegar að fela menntmrh. að gera áætlun um samræmda endurnýjun á tölvubúnaði framhaldsskólanna í framtíðinni.

Ástæðan fyrir því að við flytjum þessa tillögu er sú að við höfum orðið varir við það, í leik okkar og starfi í þjóðfélaginu ef svo má segja, að tölvubúnaður framhaldsskólanna er mjög mismunandi. Tölvubúnaðurinn skiptir sífellt meira máli í starfi skólanna og starfi og leik almennt í þjóðfélaginu. Það er því jafnréttismál að nemendur búi við sams konar gæði í tölvubúnaði, sama hvaða skóla þeir sækja, sérstaklega vegna þess að þeir hafa í fæstum tilfellum val um mismunandi skóla.

Við höfum einnig rekið okkur á að endurnýjun á tölvubúnaði er ekki mjög markviss. Hraðinn í þróun tölvubúnaðar er gríðarlega mikill. Ef menn ætluðu jafnóðum að fylgjast með öllu sem fram kemur, þá stæði hver tölva stutt við í tölvuverum skólanna því alltaf kæmi nýtt módel.

Við teljum skynsamlegt að samræma áætlun um það hversu hratt á að endurnýja búnað í skólum. Á að gera það í hvert skipti sem kemur ný tegund af tölvu eða á að gera það á einhverju ákveðnu árabili? Væri hugsanlega hægt að endurnýja búnaðinn þegar önnur eða þriðja ný tegund kemur fram á sjónarsviðið? Alltént teljum við að þetta þurfi að meta skipulega þannig að þetta gerist í öllum skólum og engir verði út undan.

Þetta gengur ekki út á að ekki geti verið um samkeppni á þessu sviði á milli skóla að ræða. Tilgangurinn er að tryggja grundvallargæði í þeim tölvubúnaði sem boðið er upp á í skólunum. Ef skólarnir vilja bæta búnaðinn umfram það sem menntmrn. er tilbúið að leggja til þess, þá verða þeir að

leita annarrar leiða til að fjármagna þau kaup, t.d. frá velvildarsamtökum skólanna eða fyrri nemendum. Eins mætti hugsa sér að ef skólum tekst að spara á einhverju tilteknu rekstrarsviði í skólanum umfram það sem áður hefur tekist, þá gætu þeir fengið að njóta þess með því að fjárfesta í nýjum og auknum tölvubúnaði. Eftir sem áður ætti að vera hvati til að hafa einhverja samkeppni á milli skólanna á þessu sviði og jafnvel til þess að menn reyndu að lækka kostnað á einu sviði til þess að geta fjárfest í tölvubúnaðinum.

Grundvallarhugmyndin í tillögunni er sú að gert verði átak til að samræma gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum og að gerð verði áætlun um samræmda endurnýjun á tölvubúnaði framhaldsskólanna.

Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, fyrri umr.*

Þáltill. SF o.fl., 592. mál. — Þskj. 1003.

[14:26]

**Flm. (Siv Friðleifsdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Undir þáltill. skrifa alþingismenn úr öllum flokkum, bæði konur og karlar. Hún hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum."

Ég vil, virðulegur forseti, vekja athygli á því að hér er um að ræða fimm ár þannig að þessi nefnd ætti að geta starfað við nokkrar komandi kosningar. Ég vek einnig athygli á því að hún á að hafa allt að 5 millj. kr. á þessu ári, ef hún fæst samþykkt, og þá yrði um að ræða fjárframlag í gegnum fjáraukalög. Mér skilst að möguleiki sé að koma málum þannig fyrir.

Að undanförnu hefur umræða aukist um nauðsyn þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Stjórnmálaflokkarnir hafa sýnt aukinn vilja til þess að bæta stöðu kvenna í stjórnmálum og það sést m.a. í þeirra flokkssamþykktum. Ég held að hver einasti stjórnmálaflokkur á Íslandi hafi ályktað um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Því má segja að breið pólitísk samstaða sé um málið, enda hefur hlutur kvenna í stjórnmálum batnað á síðustu áratugum.

Það er hins vegar áhyggjuefni að nokkurrar stöðnunar gæti í þeirri þróun. Sé á tölur sést að konum fjölgaði lítið í sveitarstjórnarkosningunum á milli 1990 og 1994, þær voru 22% 1990 en urðu 25% 1994. Það var aðeins til bóta en ekki stórt stökk. Konur voru 24% alþingismanna árið 1991 en eftir kosningarnar 1995 urðu þær 25%. Fjölgunin varð afar lítil eða um 1%. Maður spyr sig af hverju þetta er svona hér.

Við sjáum að þátttaka kvenna í stjórnmálum á Norðurlöndunum er mun meiri. Þar eru konur 30–40% þeirra sem sitja bæði í sveitarstjórnum og á þjóðþingum. Við erum því talsvert á eftir öðrum Norðurlöndum. Og maður spyr sig: Af hverju er þetta svona hérna? Af hverju eiga konur hér erfiðara með að komast áfram í stjórnmálum? Eru það færri sem vilja og reyna? Ég efast um það. Hætta þær sem byrja? Erum við að missa konur út of fljótt? Það er eitthvað sem ég hef ekki skoðað nákvæmlega. Gefast þær fyrr upp? Manni finnst að það hljómi líklegar. Tölur í Svíþjóð sýna fram á það, að mér skilst, að þar gefast konur upp í stjórnmálum, sérstaklega ungu konurnar sem eru að klára sín fyrstu kjörtímabil. Það er eins og þær gefi síður kost á sér aftur. Þær bara hætta og það er áhyggjuefni á Norðurlöndunum.

Stjórnmálakonur annars staðar á Norðurlöndunum telja að þverpólitískar aðgerðir sem voru skipulagðar þar upp úr 8. áratugnum til þess að benda á mikilvægi þátttöku kvenna í stjórnmálum hafi haft afgerandi áhrif á hve hlutur kvenna í stjórnmálum lagaðist þar á þeim árum. Aðgerðirnar þar nutu stuðnings hins opinbera og þær hafa verið undir stjórn verkefnisstjóra sem hafa verið ráðnir.

Í bókinni Nú er kominn tími til eftir Drude Dahlerup, sem gefin var út af norrænu ráðherranefndinni, má sjá hvernig markmið einnar slíkrar herferðar var. Það var markmið í sex liðum.

Í fyrsta lagi var markmiðið að fá fleiri konur í sveitar- og bæjarstjórnarkosningar inn að sjálfsögðu.

Í öðru lagi að skapa jákvætt viðhorf til kvenna í stjórnmálastörfum.

Í þriðja lagi að virkja kvennasamtök um allt land í umræðunni um hlut kvenna í sveitarstjórnum í byggðarlaginu.

Í fjórða lagi að vekja áhuga landsmálablaða og dagblaða á því að fjalla um konur í stjórnmálum, bæði heima í héraði og á þingi.

Í fimmta lagi að hafa samband við ríkisfjölmiðla og hvetja þá til að axla ábyrgð sína á opinberri umfjöllun um konur og baráttumál þeirra í þeim tilgangi að styrkja stöðu kvenna í stjórnmálum. Hér höfum við haft svipaða umræðu gagnvart ríkisfjölmiðlunum, ekki bara um konur í stjórnmálum heldur líka um konur t.d. í íþróttum. Það hefur sýnt sig að þær fá minni athygli í fjölmiðlum en karlar og nýleg skýrsla um íþróttir kvenna sýnir líka að þróunin hin seinni ár hefur verið sú að meira er fjallað um erlenda íþróttaviðburði innan fjölmiðlanna og þá eykst hlutur karla þar með.

Í sjötta lagi var markmiðið að veita upplýsingar um stefnuskrár stjórnmálaflokkanna í jafnréttismálum.

Í þessari bók koma líka fram ýmis skemmtileg slagorð sem hafa verið notuð í þessum aðgerðum til þess að kynna stöðu kvenna í stjórnmálum. Ég ætla að lesa, virðulegi forseti, nokkur slagorð en þau eru svona:

„Fleiri konur í bæjarstjórnir. Sveitarstjórn, samábyrgð karla og kvenna. Kjósið konur. Hleypið konunum að. Konur á þing. Karlar sem konur, kjósið hana. Kjósið konur. Betur sjá augu en auga. Kjósið jafnréttið. Greiddu frambjóðanda þínum atkvæðið. Aðgerð kvennakjör. Við erum helmingurinn. Greiddu konu atkvæði þitt. Burt með svörtu blettina. Engin sveitarstjórn án kvenna"

Mig langar aðeins að fjalla um svörtu blettina. Svörtu blettirnir eru þau sveitarfélög þar sem engin kona er í sveitarstjórn. Hér á Íslandi eru 32 slíkir svartir blettir, þ.e. 32 sveitarstjórnir hafa enga konu í sínum röðum.

Á síðari árum hafa kosningaaðgerðirnar orðið beinskeyttari og markvissari. Markmiðið er ekki lengur fleiri konur í stjórnmálin heldur jöfn hlutdeild karla og kvenna í öllum opinberlega kjörnum stjórnum, nefndum og ráðum. Þarna er verið að tala um jafna hlutdeild. Á Íslandi hefur verið hrundið af stað undir forustu Jafnréttisráðs verkefninu Sterkari saman, sem hefur það að markmiði að vekja athygli á mikilvægi þess að auka hlut kvenna í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þetta verkefni hefur verið þverpólitískt og gengið ágætlega en umfang þess hefur takmarkast af fjárskorti. Í þessu verkefni var farið um allt land, staða kvenna í stjórnmálum rædd og konur hvattar áfram.

Ég vil líka koma inn á það að jafnaðarmenn eða konur innan jafnaðarmanna hafa farið um landið í herferð sem þær hafa kallað: Konur hlusta. Þetta hefur verið afar jákvætt. Þær hafa hitt konur víða um land og rætt um stjórnmál við þær. Við í Framsfl. höfum líka gert þetta. Við höfum haldið fundi með konum sem eru í pólitík og hafa áhuga á að fara út í pólitík. Í Kópavogi vorum við t.d. með nokkuð sem kallaðist eldlínunámskeið. Við vorum líka með fund í Bolungarvík. Við vorum með fund á Egilsstöðum og á föstudaginn kemur er fundur í Vík í Mýrdal til að hvetja þær konur sem nú þegar hafa gefið kost á sér áfram. En verði sú þáltill. sem ég er að mæla fyrir samþykkt, þá tel ég að ágætur grundvöllur skapist fyrir markvissu upplýsingastarfi um mikilvægi þess að konur starfi í stjórnmálum til jafns við karla. Ég sé fyrir mér auglýsingaherferðir, póstkortaútgáfu og annað slíkt sem menn nota til að auka vitund fólks um ákveðin málefni.

Það þarf að auka vitund fólks, bæði kvenna og karla til að reyna að breyta til og auka hlut kvenna. Það þarf líka að hvetja þær sem fyrir eru í stjórnmálum svo tryggt sé að þær gefist ekki upp af einhverjum óeðlilegum orsökum. Það er vel hugsanlegt að þær geri það og það hefur sýnt sig erlendis að þær fá sjaldnar endurkjör og þær vilja líka frekar hætta. Það er mjög neikvætt.

En það er ekki bara þessi vitundarvakning sem þarf að eiga sér stað heldur þarf líka að skoða hvaða kerfi við búum við. Ég held að allir sem hafa skoðað kosningalöggjöfina hjá okkur á Íslandi viti að hún er ekki kvenvinsamleg ef svo má að orði komast. Ef við værum t.d. með færri kjördæmi eins og jafnvel er stefnt að núna með breytingum á kosningalöggjöfinni, þá tel ég nokkuð víst að hlutur kvenna mundi aukast. Það hefur sýnt sig að þar sem fleiri komast að í einu, eins og í Reykjavík og Reykjanesi, hefur hlutur kvenna frekar aukist. Maður getur skoðað dæmið alveg út í öfgarnar og sagt sem svo að ef landið væri eitt kjördæmi og bara einn listi fyrir hvern stjórnmálaflokk, þá er ég nokkuð viss um að hlutur kvenna mundi aukast. Á hinn bóginn má segja að ef hér væru einmenningskjördæmi, þá væri hlutur kvenna enn rýrari en hann er í dag og er handhægt að líta til Bretlands þar sem einmenningskjördæmi eru. Þar er hlutur kvenna afar rýr.

Mig langar að segja að lokum, virðulegi forseti, að þessi þáltill. er í sama anda og þáltill. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. En þar segir í III. kafla, gr. 3.3., með leyfi virðulegs forseta:

„Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.“

Þessi þáltill. sem við fjöllum um hér er í anda þess sem ríkisstjórnin hefur sett fram. Hún er einungis, má segja, útfærsla á þessu ákvæði. Það er mín von að þessi þáltill. fari núna til umfjöllunar í félmn. Þar erum við með jafnréttisáætlunina til umfjöllunar og það væri afar ánægjulegt ef það tækist nokkurn veginn að skoða þetta mál í tengslum við það. En ég tel að hér sé um afar brýnt mál að ræða, mikilvægt mál og sætir furðu hvað við höfum lítið gert í þessum anda á Íslandi miðað við það sem við sjáum á öðrum Norðurlöndum.

[14:39]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst allsérstakt að taka þannig til orða að það sé svartur blettur á sveitarstjórnum að ekki séu þar konur eða karlar starfandi. Í þessum tilviki var talað um að ef konu vantaði væri það svartur blettur á sveitarstjórnum. Við vitum, ef við snúum þessu við, að til eru sveitarstjórnir þar sem konur eru í meiri hluta og vafalaust líka sveitarstjórnir þar sem eru bara konur. Ég sé það bara sem mjög eðlilegan hlut að í stjórnirnar veljist eftir því sem kjósendur óska og mér finnst mjög sérstakt þegar verið er að draga í dilka eftir kynferði, litarhætti, gáfnafari eða einhverju slíku, afar sérkennilegt. Eða eftir því hvort menn eru feitir, grannir eða hvað þeir eru. Þó að mörg dæmi sýni að konur eru oft miklu betur til stjórnunarstarfa fallnar en karlar, þá finnst mér mjög sérkennilegt samt að setja eitthvert viðmið, hvort fólk gangi í pilsi eða buxum og hvernig sköpulag fólks sé. Þetta kemur bara málinu ekkert við hvort menn veljast til stjórnmálarstarfa, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er hæfnin og andlegt atgervi sem hlýtur að eiga að ráða. (**KH:** Er það þess vegna sem þær eru svona fáar í stjórnmálum?) Nei, það er ekki þess vegna. Það er vafalaust af því að þær eru greindari en karlar og skynja að það er ekkert í þessu. Það er ekkert í þessu í stjórnmálastarfi í dag. Þetta er búið spil. Þetta er búinn leikur. Það er ekkert í þessu lengur.

[14:40]

**Flm. (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst nú hálferfitt að svara þessu en ég skal reyna.

Þetta með svörtu blettina. Ég lít svo á að það sé svartur blettur þar sem engin kona er í sveitarstjórn. Það er jafnsvartur blettur ef enginn karl væri í sveitarstjórn. Mér finnst eðlilegt að sæmilegt hlutfall beggja kynja sé í sveitarstjórnum.

Ég vil líka benda hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni á að Framsfl. hefur samþykkt jafnréttisáætlun. Hún var samþykkt á flokksþingi með öllum greiddum atkvæðum og alger samstaða var um hana. Í þeirri áætlun er sérstaklega tiltekið að Framsfl. stefni að því að hlutfall beggja kynja verði ekki minna en 40% um aldamót í starfi flokksins. Ég bara spyr hv. þm.: Er hann ósammála þeirri stefnu Framsfl.?

Varðandi þau orð sem féllu um hæfni og andlegt atgervi, að það ætti að ráða. Það er svo sannarlega rétt. Auðvitað á hæfni og andlegt atgervi að ráða. En þá spyr ég: Af hverju er hlutfall kvenna á Alþingi einungis 25%? Af hverju er það? Hafa þær svona litla hæfni og lítið andlegt atgervi? Hvernig sér hv. þm. að hægt sé að koma jafnréttinu á hér? Það hlýtur að vera jafnrétti að auka hlut kvenna. Þetta gengur ekkert út á annað.

[14:42]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það hefur ekki skilist áðan, þá er ég á móti því að draga fólk í dilka eftir kynferði. Mér finnst það

alveg jafnvitlaust þó að það hafi verið samþykkt í þingflokki okkar framsóknarmanna að draga fólk í dilka. Ég bara vil ekki draga fólk í dilka eftir kynferði. Það er svo einfalt.

Spurt er: Af hverju eru konur ekki fleiri á þingi? Því geta þær auðvitað best svarað sjálfar. Ég held að það ráðist ekki af því að þær séu, eins og mér fannst hljóma í spurningunni, síður til þess fallnar að vera í stjórnmálastörfum, síður en svo. Það hlýtur bara að vera þannig að áherslur þeirra séu aðrar. Það hlýtur að vera. Á mjög mörgum sviðum og kannski flestum skara þær fram úr körlum. En það hefur hins vegar ekki nokkur karl mér vitanlega reynt að stöðva það að konur tækju þátt í stjórnmálum nema þá þeir sem eru í baráttu um sæti. Eðli málsins samkvæmt þá berst fólk náttúrlega, karlar og konur. En ég kannast ekki við að nokkur starfsemi karla sé í gangi til að hefta það að konur taki þátt í stjórnmálum. Mér finnst bara firnavitlaust að stilla þessu þannig upp. Konur hljóta auðvitað að svara því sjálfar af hverju þær eru ekki fleiri í stjórnmálum. Það getur enginn annar svarað því fyrir þær. En þær eru velkomnar, finnst mér, og ég vil stuðla að því að greint fólk eigi erindi inn í stjórnmál, alveg sama hvort það eru karlar eða konur, hvort þær eru svartar eða hvítar, gular eða rauðar, alveg sama. Ef þetta fólk hefur andlegt atgervi til að sinna þessum störfum, þá á það að gefa sig að því vegna þess að það er þjóðfélaginu til góðs.

[14:44]

**Flm. (Siv Friðleifsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að enginn hafi sagt hér að einhver sérstök starfsemi karla væri í gangi til að stöðva framgang kvenna í stjórnmálum, alls ekki. En þetta eru dæmigerð viðbrögð karlmanna þegar þessi mál eru rædd því þá hitnar þeim oft í hamsi og þykir á sig ráðist og svara fyrir sig með þessu móti. Ég sé ekki endilega að áherslur kvenna séu einhverjar aðrar en karla svona almennt. Fjöldi kvenna hefur áhuga á að starfa í pólitík og þær hafa gefið kost á sér en þær hafa ekki komist að mínu mati nógu hratt til valda, því miður. Tölurnar sýna það. Það er óeðlilegt að hlutfall kvenna í sveitarstjórnum og í þinginu sé einungis 25%. Hins vegar er miklu hærra hlutfall kvenna í svokölluðum skrautsætum, þ.e. í varamannasætunum. Þær hafa þó náð þangað. En við skulum bíða og sjá. Fyrst þingmaðurinn talaði eins og hann gerði áðan þá býst ég við að hann muni svo sannarlega aðstoða allar konur sem það vilja. Ég reyndar þekki það að þingmaðurinn hefur talið mjög æskilegt að fá konur í framboð á Vestfjörðum og ég virði það mjög við hv. þm.

[14:45]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessarar tillögu og vil þakka 1. flm. það frumkvæði sem hún átti að þessu máli. Ef tími væri til væri gaman að fara aftur í aldir og ræða svolítið um söguna og þær hugmyndir sem voru ríkjandi um konur sem m.a. sneru að því hvort konur hefðu sál eins og karlar og hvort þær væru nú yfirleitt menn og þótti ekki við hæfi að veita konum yfir höfuð nokkur réttindi fyrr en á 19. öld að þær voru teknar í tölu manna og kostaði reyndar töluverða baráttu, t.d. að fá kosningarétt. (**GMS:** Það er svartur blettur.) Það er svartur blettur, það er rétt hjá hv. þm., en þarna er vissulega að leita orsakanna fyrir því að hlutur kvenna t.d. í stjórnmálum er enn þá mun lakari en karla. Það er ósköp einfaldlega búið að vera að segja á ýmsan hátt við konur að þetta væri ekki þeirra staður. Það eru skilaboðin sem konur hafa löngum fengið og það tekur langan tíma að breyta slíku hugarfari.

En það er líka annað sem veldur ef við hugsum fyrst og fremst um þá tíma sem við lifum á núna og það er allt stjórnmálaumhverfið sem við lifum í. Það verður að segjast eins og er að stjórnmál og hvernig þau eru skipulögð er óskaplega fjölskyldufjandsamlegt. Þegar það hefur verið kannað t.d. hvers vegna konur endast mun skemur en karlar í sveitarstjórnarmálum hefur einkum tvennt verið nefnt. Annars vegar vinnutíminn, fundartíminn, sem oft er að loknum almennum vinnudegi og síðan nefna konur líka greiðsluna. Þetta eru illa launuð störf miðað við þá miklu vinnu sem fólk leggur af mörkum og konum finnst þetta hreinlega ekki þess virði að fórna svo miklu af tíma sínum og láta hin miklu störf bitna á fjölskyldunni. Þetta er hlutur sem nauðsynlega þarf að athuga og á einnig við hér á Alþingi. Ég get nefnt til fróðleiks að þegar við í félmn. vorum áðan í hádeginu að fara yfir væntanlega fundi hjá okkur kom í ljós að við munum funda hér mestallan laugardaginn og var þá nefnt að þetta væri aldeilis ekki vinsamlegt fjölskyldunni. En svona er þetta og er vissulega eitt af því sem þarf að veita athygli þegar stjórnmál eru skipulögð þannig að þau komi betur heim og saman við fjölskylduhagi fólks.

Vegna þess að það kom fram hjá flm., og ég hef lesið það m.a. frá Noregi, að það eru ekki bara konur sem hætta vegna þess hve erfitt er að samræma fjölskyldulíf og stjórnmál heldur er það líka farið að gilda um karlmennina. Íslenskir þingmenn sem eru í Norðurlandasamstarfi hafa nefnt það í mín eyru að athygli hefur vakið að ýmsir ungir karlkyns stjórnmálamenn á Norðurlöndum hafa ákveðið að hætta vegna þess að þeim finnst ekki fjölskyldulífinu til fórnandi. Þetta er auðvitað mjög sterkur þáttur sem þarf að athuga vel.

En ég er ekki alveg sammála hv. 1. flm. um að hér ríki stöðnun. Þegar sjálfar kosningatölurnar eru skoðaðar hefur að vísu ekki orðið mikil þróun í allra síðustu kosningum en okkar kerfi er þó þannig, og það sýnir kannski stöðuna, að þegar karlar hætta koma konur inn. Á þessu kjörtímabili hér á Alþingi höfum við tvö dæmi um þetta, hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur. Það hefur fjölgað um tvær konur á þessu kjörtímabili. Og ég reikna með að hv. þm. Friðrik Sophusson muni yfirgefa okkur jafnvel í haust eða um næstu áramót, og ef ég veit rétt, þá kemur kona í hans stað. Staðan er þannig núna að konur eru 28,5% þingmanna en fara upp í 30% þegar og ef hv. þm. Friðrik Sophusson hættir. Þá fer nú talan að verða þannig að maður geti litið kinnroðalaust framan í konur t.d. á Norðurlöndum þó að gera þurfi auðvitað miklu betur. Þetta speglar það kerfi sem við búum við.

Það er þrennt sem þarf að gera í þessum málum. Í fyrsta lagi að greina orsakir þeirrar stöðu sem hér ríkir. Í öðru lagi að finna leiðir til úrbóta og í þriðja lagi að grípa til aðgerða í kjölfar slíkra tillagna. Ég tek undir að við höfum tækifæri einmitt núna á næstu dögum til að koma þessari tillögu og styrkja hana inn í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar. Tillagan er í samræmi við þá tillögu og það má styrkja þennan þátt. Af því sem þarf að gera vil ég nefna þetta tvennt sem ég gerði að umtalsefni í upphafi máls míns, þ.e. að reyna að bæta vinnutímann og greiða betur fyrir stjórnmálastörf og þá ekki síst fyrir sveitarstjórnarstörfin. Það þarf að skoða kosningakerfið betur og kanna hvort og hvernig það hamlar og hvernig hægt væri að bæta það þannig að staða kynjanna

yrði jafnari. Það þarf að styrkja sjálfsöryggi kvenna og efla þær til dáða. Eins og ég nefndi áðan fá þær iðulega þau skilaboð að þær eigi ekki erindi í stjórnmálin. Þó að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson telji að þangað sé ekkert að sækja, þá er það nú þannig að í stjórnmálum eru teknar stefnumarkandi ákvarðanir og þar eiga konur auðvitað að vera eins og karlar. Það er ekki annað en rétt og eðlilegt. Það þarf líka að beina sjónum að körlum og hugmyndum karla um konur. Konur verða fyrir ýmsu hér innan dyra sem annars staðar. Síðast en ekki síst þarf að minna okkur öll á að við erum aðilar að alþjóðasáttmálum sem kveða á um jafna stöðu karla og kvenna og kveða á um aðgerðir og er ég m.a að vísa til aðgerðaáætlunar Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var í Bejing 1995. Hér er því sannarlega verk að vinna, hæstv. forseti.

Eins og ég nefndi áðan er nú tækifæri til að koma þessari tillögu a.m.k. áleiðis til framkvæmda inn í tillögu ríkisstjórnarinnar um jafnréttisáætlun sem við munum vonandi afgreiða frá okkur í hv. félmn. á allra næstu dögum.

[14:54]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill, án þess að gera á nokkurn hátt lítið úr þeim ágætu ræðum sem hér hafa verið fluttar, vekja athygli á samkomulagi sem gert mun hafa verið milli þingflokka um að taka á dagskrá 26 mál á þessum fundi og þar af hafa einungis fimm komist til umræðu enn, en það var gert á þeim forsendum og með því samkomulagi að ekki yrði um mjög langar umræður að ræða um hvert mál. Auðvitað verður þingheimur að ráða því endanlega hversu langar umræðurnar verða, en vildi vekja athygli á þessu samkomulagi þannig að hv. þm. gætu þá tillit tekið til þess.

[14:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er góð tillaga. Ég styð hana. Ég er meðflutningsmaður að henni og vona að hún nái fram að ganga á þessu vori og ég tel að möguleiki sé á því þar sem stjórnarliði er 1. flm. en ég er sannfærð um að ef einhver okkar hinna væri forustumaður að þessari tillögu væri enginn möguleiki á að ná henni fram. Ég segi þetta vegna þess að það er bara reynslan þegar peningar eru í spilinu og það þarf að fá fyrir því stuðning hjá stjórnarflokkunum. Við höfum verið að fjalla um mál í félmn. sem samstaða er um og þó að þau hafi verið að fá fyrstu yfirferð í dag er það samt raunveruleikinn að vilji er fyrir því að félmn. afgreiði þau frv. frá sér og ég tel að jafnmikill möguleiki sé á því þar sem þessi tillaga verður komin til nefndar á morgun, að við förum eins með hana og afgreiðum hana náist stuðningur stjórnarflokkanna við markmið hennar.

Framsögumaður tillögunnar nefndi kosningalöggjöfina sem eitt af því sem skipti máli fyrir jafnrétti kynjanna. Ég tek undir það og læt í ljósi þá sannfæringu mína að ef við værum með landið eitt kjördæmi væri það áhrifaríkast fyrir þetta jafnræði, því þá kæmi það í hlut allra flokka að setja upp listann sinn á þann hátt að þar birtist með hvaða hætti samsetning þingflokksins yrði miðað við ákveðna þingmannatölu sem flokkurinn ætti von á að fá. Þá sæist hversu margar konur, hversu margir karlar, hve margir yngri og hve margir eldri, með hvaða reynslu og hvernig skipting dreifbýlis og þéttbýlis er hugsuð hjá viðkomandi flokki. Þar mundi sjást af þeim væntanlegu 25 eða 26 þingsætum, sem Sjálfstfl. ætti von á, hvernig hann hygðist hafa sinn þingflokk samsettan á meðan það er mjög erfitt í þeirri kosningalöggjöf sem við erum með í dag og byggist mjög á því að efstu menn lista ráði samsetningunni nema þar sem það gerist að maður númer tvö í þessum minni kjördæmum kemst inn líka.

Það á heldur ekki að vera þannig, virðulegi forseti, að karlar þurfi að hverfa af þingi á kjörtímabilinu til að kona fari inn, þó að það sé jákvætt út af fyrir sig að þannig fái konur tækifæri til að sanna og festa sig í sessi til að eiga möguleika á því að vera í vænlegu sæti í næstu kosningum og vera kosnar á þing. Ég þekki þetta. Ég kom sjálf inn á miðju kjörtímabili og fékk tækifæri til að reyna að skapa mér þá stöðu að ég ætti möguleika á að vera kjörin hingað inn í næstu kosningum. Auðvitað er þetta gott út af fyrir sig en það á ekki að vera þannig að konur stari á varamannssætin til að möguleiki þeirra sé fyrir hendi.

Ég ætla líka strax í upphafi máls míns að leggja áherslu á að það er líka orðið þannig hérlendis að margir ungir menn eru með þau fjölskylduviðhorf að þeir vilja, hvort heldur það er venjulegt starf úti í þjóðfélaginu eða hin pólitísku störf, að þau séu fjölskylduvæn þannig að ungt fólk geti lifað eðlilegu og heilbrigðu fjölskyldulífi, eignast börn, tekið jafnan þátt í uppeldi barna sinna óháð því hvort þeirra er í áhrifastarfi. Ég er sannfærð um að við munum fá stuðning þessara ungu manna, t.d. hér á Alþingi, til að breyta því sem þarf að breyta til að þær ungu konur sem vonandi koma inn á þing í kjölfar aðgerða, bæði þeirra sem Jafnréttisráð hefur verið með og einnig þeirra aðgerða sem hægt væri að grípa til með slíku þverpólitísku samstarfi sem þessi tillaga gerir ráð fyrir, kæmu inn í umhverfi sem gerði þeim kleift að halda áfram að vera þingmenn og verða góðir þingmenn með reynslu, óháð því að þær væru með börn á skólaaldri eða annað það sem hingað til hefur dregið úr þeim kraftinn við að berjast áfram á þessum vettvangi.

Virðulegi forseti. Þegar við ræddum framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna kom fram að grípa ætti til ýmissa aðgerða og veita einhverja fjármuni til þess að efla jafnrétti kynjanna og að mörg verkefni væru í gangi. Þar voru nefnd tvö verkefni hjá forsrh., níu verkefni hjá dómsmrh. og 20 verkefni á vegum félmrn. Þegar maður les þetta upp þá sér maður fyrir sér víðtækar aðgerðir sem auðvitað hljóti að fylgja einhver kostnaður.

Staðreyndin er hins vegar sú að í umsögn fjmrn. kom fram að kostnaður við framkvæmdaáætlunina væri á milli 7 og 10 millj. kr., fyrst og fremst vegna nefndarstarfa sem setja ætti á laggir undir hinum ýmsu ráðuneytum. Auðvitað ætlumst við til þess að fjármögnun verkefna til að fjölga konum í pólitík verði til þess — ekki til að konur verði fleiri en karlar og ný skekkja verði til — heldur til að skapa þann jöfnuð sem nauðsynlegur er til þess að alls staðar komi fram mismunandi sjónarmið. Það mundi styrkja stöðu okkar til að setja rétt lög sem þjóna fjölskyldunni og báðum kynjum.

Þar sem kostnaður við framkvæmdaáætlunina er ekki nema 7–10 millj. kr., auk þess að ráðherrann lagði áherslu á að kanna ætti hvernig auka mætti virkni kvenna í almennu stjórnmálastarfi og að ýmis námskeið væru hugsuð til þess í ráðuneytinu, þá væri það mjög góður kostur að veita þessari tillögu brautargengi. Þannig mundum við saman reyna að hrinda fram því sem reynst hefur svo erfitt fram að þessu.

Virðulegi forseti. Hér var því einnig velt upp hvort konur væru með það atgervi að þær hefðu sama möguleika á að komast til pólitískra starfa og karlar. Ég er af gamla skólanum og algjörlega sannfærð um að atgervi fólks er misjafnt. Það á við hvort heldur um er að ræða karl eða konu. Sumir hafa

til að bera meiri gáfur en aðrir í hópi kvenna og sömuleiðis meðal karla. Líkamlegt atgervi er mismunandi og vissulega getur líkamsstyrkur, sem oft er meiri hjá körlum en konum, skipt máli í þeim þungu rispum sem teknar eru á Alþingi í pólitísku starfi. Þó held ég að annað skipti máli þegar við ræðum um atgervi.

Virðulegi forseti. Við ræddum alvarlega stöðu kvenna í umræðu um framkvæmdaáætlunina og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég legg áherslu á að með fjölgun kvenna á Alþingi eykst möguleiki á að fjölga konum í ríkisstjórn. Þar hefur verið ein kona eða engin fram að þessu. Eins gefst færi á að fjölga konum í öðrum forustustörfum sem fallin eru til að breyta pólitíska starfsumhverfinu og gera það fjölskylduvænna. Það er vissulega þannig að ungar konur... (Forseti hringir.) Já, virðulegi forseti, ég vissi ekki að ég hefði nauman tíma, hversu margar mínútur voru mér ætlaðar?

(**Forseti** (RA): Hv. þm. hefur fengið þann tíma sem þingsköp mæla fyrir um, átta mínútur.)

Ég átti eftir örfá atriði sem ég vildi drepa á, virðulegi forseti. Ég vil þá meta það hvort ég kem hér stuttlega upp á ný en ég hefði viljað koma inn á örfá atriði til viðbótar þessu og mun því hinkra við.

[15:03]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Ég vil þakka 1. flm. ágæta framsögu. Það var jafnframt athyglisvert að fylgjast með hv. þm. útlista stefnuskrá Framsfl. fyrir hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni.

Hv. 1. flm. kastaði fram tveimur spurningum sem voru: Eru það færri konur sem vilja og reyna að ná frama í stjórnmálum? Og hætta þær sem byrja fyrr en karlarnir?

Ég er nokkuð sannfærður um að það eru ekki færri konur sem vilja. Ég held að það séu færri konur sem reyni. Og ég held líka að það sé mikið til í því að þær hætti fyrr. Þessu ráða auðvitað þær forsendur sem við búum þessari starfsemi. Auðvitað liggur það í okkar þjóðfélagsgerð líka. Ég tel hins vegar að það sé rétt sem fram kom, að enginn hópur karla vinnur gegn konum en hins vegar hafa stofnanir þróast yfir langan tíma í þjóðfélagi sem löngum hefur verið karlaveldi, eins og sagt er. Þjóðfélagið er íhaldssamt og það er sérstaklega íhaldssamt þegar valdastofnanir eiga í hlut. Það getur því verið erfitt að ná þar fram breytingum.

Varðandi starfsumhverfið sem hér var tæpt á. Ég er sannfærður um að það starfsumhverfi sem við sköpum stjórnmálunum, hvort sem það er innan stjórnmálaflokkanna, í sveitarstjórnum eða á Alþingi, er andstætt því að fleiri konur taki þátt í stjórnmálum. Þannig verkar allt umhverfið, skipulagið, fundartímarnir og þær kröfur sem þjóðfélagið og kjósendur gera til stjórnamálamanna. Þetta hefur ekki einungis áhrif á aðstöðu eða fjölda kvenna í stjórnmálum. Áhrifin eru einnig á fjölda ungs fólks í pólitík alveg eins og fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur.

Ég er sannfærður um að samsetning þeirrar samkundu sem ákvarðanir tekur hefur áhrif á niðurstöðuna. Fleira ungt fólk og fleiri konur mundu leiða til að einhverju leyti annars konar niðurstöðu við ákvarðanatöku, ég er sannfærður um það.

Hvað eigum við þá að gera? Ég tel að við þurfum fyrst og fremst að undirbúa þá sem áhuga hafa á að taka þátt í stjórnmálum og hvetja þá til þess að taka þátt. Síðan þurfum við að reyna að skapa þannig starfsumhverfi að þeir sem á annað borð fara út í stjórnmálin geti verið þar einhvern tíma, þann tíma sem máli skiptir til að ná tökum á málaflokknum og ná að hafa áhrif. Ég er ekki endilega að tala um að þeir eigi að vera í stjórnmálunum til eilífðarnóns eða starfsævina út, öllum er vísast hollt að breyta til öðru hverju.

Rætt var um um hæfni og andlegt atgervi. Ég er sammála þeim sem um það fjölluðu hér áðan að hæfni og andlegt atgervi á auðvitað að ráða. Ég held ekki að við þurfum að taka neitt tillit til líkamlegs atgervis í þessu efni. Það hlýtur að hafa heilmikil áhrif á það hvernig til tekst með val fulltrúanna þegar stór hluti, helmingur þjóðarinnar, tekur ekki þátt. Þá höfum við úr minni hóp að velja og fáum við ekki eins gott úrval. Eftir því sem hópurinn til þess að velja úr er stærri, þá verður valið betra og við fáum fleiri hæfa einstaklinga sem eru hæfari til starfsins. Fjöldinn og sú samkeppni sem fjöldinn skapar tryggir það. Ég hvet því eindregið til þess að við samþykkjum þessa tillögu og að nefndin hvetji til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmálum. Þannig fjölgar þeim sem úr verður að velja og fleiri hæfir stjórnmálamenn munu koma fram á sjónarsviðið.

Ég vildi aðeins segja eitt um það sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur rétt í lokin. Hún nefndi sérstaklega Sjálfstfl. og að hann ætti hugsanlega möguleika á 25–26 þingmönnum í næstu kosningum og erfitt væri að sjá samsetningu flokksins fyrir fram. Ég vona náttúrlega að þingmenn okkar verði fleiri. Ég held að þessu sé þveröfugt farið. Hjá flokki sem er stór eins og Sjálfstfl. og hefur haft í gegnum tíðina tiltölulega stöðugt fylgi, ætti að vera miklu auðveldara sjá hver samsetning þingflokksins verður heldur en hjá minni flokkum sem hafa verið með sveiflukenndara fylgi.

Að lokum vil ég þakka 1. flm. aftur fyrir ágæta framsögu og vonast til þess að málið fái góða umfjöllun í nefnd.

[15:09]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég er stoltur yfir því að vera einn af meðflm. þessarar tillögu og vil jafnframt þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir hennar framsögu sem var mjög athyglisverð og góð. Ég er einnig mjög stoltur af jafnréttisáætlun Framsfl. Í rauninni þarf enginn að vera hissa á því að innan okkar flokks, eins og annarra flokka, séu menn ekki alltaf alveg samstiga um allar tillögur.

Hér kom fram athugasemd frá hv. þm. Árna M. Mathiesen þar sem hann undraðist að Gunnlaugur Sigmundsson gengi ekki alveg í takt við okkur að þessu leyti. Það er ekkert óeðlilegt. Við eigum ekki að vera hissa á því að þingmenn og aðrir stjórnmálamenn gangi ekki alltaf í takt. Þeir eiga að hafa heimild til þess og engan á að undra það. Ég er ekkert frá því að slíkt geti komið upp og hafi jafnvel komið upp innan hins stóra og myndarlega flokks, Sjálfstfl.

Við getum líka velt fyrir okkur hvers vegna hlutur kvenna er slakur í t.d. landsmálapólitíkinni. Ég hygg að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafi einmitt hitt naglann á höfuðið. Pólitík er ekki mjög fjölskylduvænt fyrirbæri. Þar eigum við þingmenn okkar þátt einnig. Við höfum talað um fjölskyldustefnu fyrir almenning, talað okkur alveg eldrjóð af mikilli innlifun um fjölskyldustefnu fyrir hinn almenna borgara en hvernig er fjölskyldustefna okkar? Hvað gerum við til þess að bæta fjölskyldustefnu þingmanna?

Auðvitað er dálítið gaman að vera í pólitík, það er spennandi og sprelllifandi starf. Í gærkvöldi var ég t.d. á fundi á Hvolsvelli frá klukkan hálfníu til tólf. Við tókum okkur

varla pásu. Á þessum fundi voru yfir 60 manns og það var mjög skemmtilegt. Að fundinum loknum átti t.d. landbrh., sem var á fundinum, eftir að aka heim til sín. Þá áttu menn eftir að ná sér niður o.s.frv. Við þekkjum að þegar við tölum okkur í móð, þá tekur líka sinn tíma að ná sér niður.

Það vill þannig til að ég bý 100 km frá Reykjavík, sem er í raun og veru of langt til þess að aka heim til mín á hverju einasta kvöldi. Það þýðir hins vegar að ég þarf að leigja mér íbúð hér í Reykjavík og hokra þar einn, segi ég. Ég á góða fjölskyldu austur á Hvolsvelli en hokra einn hér. Ég er ekkert að vorkenna mér það, langt í frá. Ég vel þetta sjálfur og í raun og veru fólkið sem kaus mig. Ég hef, eins og ég segi, mjög gaman af starfi mínu en það er mjög ólíkt því að geta komist heim til sín á hverju einasta kvöldi og geta verið hjá fjölskyldu sinni. Þetta búa mjög margir þingmenn við.

Við erum afar ódugleg við að verja okkur. Við látum ýmsa hluti yfir okkur ganga og erum ódugleg að verja okkur. Það gerist líka hér í þingsölum að þeir sem eru að sinna fjölskyldu sinni, koma með athugasemdir hver til annars. Þetta eru hlutir sem sjálfsagt er að vekja athygli á og sjálfsagt fyrir okkur að hugsa um. Við getum bætt okkur í þessum efnum.

Það er auðvitað mjög afstætt að tala um atgervi fólks andlegt, gáfur og þess háttar. Einn hefur þetta og annar hitt. Guð hefur einmitt skapað okkur þannig að við höfum mismunandi hæfileika eins og gerist og gengur. Ég tel að mjög gott sé að hafa hæfilega blöndu fólks, hvort sem það eru karlar eða konur, með mismunandi áhugamál, mismunandi menntun o.s.frv. Ég tel að á Alþingi Íslendinga eigi að sitja samansafn ólíkra persóna. Svo á einnig að vera innan stjórnmálaflokkanna vegna þess að þá verða stjórnmálaflokkarnir mun frjórri og þar kemur mun meira út úr starfinu.

Ég endurtek að ég er stoltur af því að vera einn af meðflm. þessarar tillögu og ég vona að hún nái fram að ganga.

[15:14]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kýs að koma aftur í ræðustól og ljúka ræðu minni. Við höfum rætt um starfsumhverfið og hvort pólitíska starfið sé fjölskylduvænt. Ég hlýt að koma því á framfæri hér að nokkuð er um það að ungar konur með börn, börn fram undir fermingu, konur með starfsmenntun og starfandi á vinnumarkaði sem farið hafa inn í bæjarstjórn eða í öflug störf á þeim vettvangi, hafa dregið sig í hlé. Þær hafa kannski ekki viljað fórna starfinu sínu en þær hafa sagt: Þetta kostar of mikið. Þetta kostar of mikið og nú ætla ég að láta gott heita. Þær hafa sótt sér reynslu og verið mikilvægar fyrir okkur, pólitísku flokkana, en það er ekki hægt að segja orð við því þegar ung kona sem lagt hefur mikið af mörkum og lítið verið heima hjá sér um árabil stendur fyrir framan mann og segir: Þetta kostar of mikið. Þess hefur líka gætt að ungar konur sem komið hafa inn sem varamenn, segja við okkur hinar gömlu, reyndari: Ég hefði ekki trúað að starfið þitt væri svona og finnst erfitt að eiga ekki kost á að skipuleggja nokkra viku, geta aldrei horft fram á veg og séð að á þessum eða hinum tíma sé ljóst að maður sé laus frá störfum og geti skipulagt annað.

Þess vegna vil ég koma því á framfæri í þessari umræðu að við konurnar á Alþingi eigum að sjálfsögðu að hafa skoðun á því hvernig vinnudagur á Alþingi er. Við eigum að hafa skoðun á því og kannski að hafa okkur meira í frammi um hvernig því þarf að breyta. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum að gera grundvallarbreytingar á þingsköpunum, við ættum að vera með Alþingi að störfum frá því á morgnana og fram yfir hádegi. Það væri líka sterkt af öðrum orsökum svo sem eins og að ná meginfréttatímum dagsins með mikilvæg mál sem hér eru að koma fram, hvort heldur er frá stjórn eða stjórnarandstöðu. Nefndarstörf ættu að vera um miðbik dagsins og eftirmiðdagurinn síðan til annarra þátta, undirbúnings þingstarfa og þeirra samskipta sem eru ríkur þáttur í starfi þingmannsins. Ég er sannfærð um að með nýju skipulagi væri mun auðveldara að skipuleggja þingstarfið fullkomlega en auðvitað hangir það á spýtunni að við höldum þá áfram að þróa samskipti og vinnubrögð í þinginu bæði hvað varðar ræðutíma og annað.

Það hefur verið mikill vilji forseta Alþingis að starfsáætlun sé sett að hausti og við hana sé staðið. Við þekkjum öll hversu erfitt er fyrir forseta að fylgja því eftir. Það er endalaus þrýstingur á hann að gera breytingar, bæði vegna nýrra frv. oft seint fram kominna og þeirra viðfangsefna sem eiga að fá forgang og sem ætlast er til að hann aðlagi þingstörf okkar að. Því held ég að það sé mikilvægt að ræðum það líka til viðbótar því að skoða hvernig á að fjölga konum með aðgerðum í pólitísku starfi, fjölga konum sem þá eru tilbúnar að koma til starfa og leggja á sig aukavinnu varðandi sveitarstjórnarstörfin og fjölga konum á Alþingi með þeim annmörkum og kostum sem hér hefur verið fjallað um, að við reynum að skoða hverju við þurfum að breyta úr gömlu formi sem hér hefur ríkt, formi sem er frá tímum þess karlaveldis sem ég hef oft gaman af að nefna og er sá tími þegar menn áttu konurnar heima sem sáu um allt og gátu gengið á morgnana í fataskápinn sinn og tekið út pressuð föt og hvítar skyrtur. Sá tími er liðinn. En umhverfið sem varð til á þeim tíma blífur. Þessu eigum við að breyta.

Og aðeins í lokin af því hér var talað um prófkjör. Það er þannig, hv. þm., að færri konur taka þátt í prófkjörunum, framgangur þeirra er almennt erfiðari en karla þótt ég kunni ekki skýringarnar. Ég hef stundum sagt að tengslanetið er víðtækara hjá öðrum helmingi þjóðarinnar en hinum. Við getum endalaust rætt um vegna hvers það er en við eigum með opnum huga að horfa á hvað það er sem laðar ungt fólk til þátttöku og þá er ég að tala bæði um karla og konur og hvernig við eigum að skapa það umhverfi sem skapar jafnræði milli þeirra.

[15:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég get nú ekki orða bundist þótt margt ágætt hafi komið fram í þessari umræðu sem styður efni þessarar tillögu sem ég er meðflutningsmaður að eins og flestir sem hafa talað hér. Það kviknar í manni við þessar umræður. Við getum litið aftur um fimmtán ár og skoðað hvernig ástandið var þá. Það hefur auðvitað breyst síðan. En þá var staðan þannig að aldrei höfðu verið meira en 5% þingmanna kvenkyns, aldrei, árið 1983. Og það var ljóst að eitthvað þyrfti að gera og það var þá sem konur blésu til sóknar og ákváðu að gera eitthvað róttækt í málunum og það er væntanlega kominn tími til þess aftur nú vegna þess að það er ákveðin stöðnun. Fjölgun kvenna er svo lítil í hverjum kosningum öðrum núna að greinilegt er að eitthvað þarf að gera og þess vegna er ástæða til að koma fram með svona tillögu og fylgja henni eftir. Ég styð hana að sjálfsögðu heils hugar. Hún er mjög í samræmi við þá umræðu sem ég hlýddi á þegar mér gafst kostur á að sækja aukaþing Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldið var fyrir rúmi ári á Indlandi sem var mjög áhugaverð og skemmtileg ráðstefna. Það var mikil

reynsla að hlusta á þingmenn hvaðanæva að úr heiminum ræða það eitt í heila fjóra daga hvernig ætti að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Þar vafðist ekki fyrir mönnun hvort það ætti að gera, heldur bara hvernig. Þar komu fram margar hugmyndir eins og sú sem hér er raunverulega fram borin um að efnt verði til sérstækra aðgerða og varið fé til þess.

Fyrir fimmtán árum voru áreiðanlega margar konur og e.t.v. karlar líka sem hugsuðu sem svo: „Hvers vegna eru ekki fleiri konur í stjórnmálum?" Og þá var sagt eins og hér var sagt áðan að konur væru velkomnar í stjórnmálin, velkomnar inn í flokkana, en af einhverjum ástæðum voru þær ekki vel virkar þar. Auðvitað spurðu ýmsar konur kannski sjálfar sig: „Hvað er að okkur?" Konur leita alltaf að sökinni hjá sjálfum sér og spyrja: Hvað er að okkur? Eru konur ekki nógu góðar? Eru þær ekki nógu greindar. Eru þær ekki nógu ábyrgðarfullar, hugmyndaríkar og hvað þetta allt er? Vilja þær ekki axla ábyrgð eða eru þær einfaldlega ekki nógu klárar? (**KPál:** Þær hafa bara ekki viljann.) Og þá kallar hv. þm. Kristján Pálsson fram í og segir: Þær hafa bara ekki viljað. Af einhverjum ástæðum var og er fullt af konum sem óska svo sannarlega að leggja sitt af mörkum til stjórnmála sem og annarra þátta í þjóðfélaginu en staðreyndirnar töluðu sínu máli. Það var þá sem konur tóku sig saman og ákváðu að skoða málið frá hinni hliðinni. Kannski er nú bara ekkert að konum. Það gæti nú verið að það væri eitthvað að kerfinu sjálfu, að þeim aðstæðum sem konum eru búnar og að þeim starfsreglum og þeirri pólitík sem rekin er í hefðbundnu stjórnmálaflokkunum. Þess vegna komu konur saman og ákváðu að skapa vettvang sem væri kvenvinsamlegri en hefðbundnu stjórnmálaflokkarnir óneitanlega eru. Það varð grunnurinn að Kvennalistanum og hann hefur svo sannarlega sannað það að ástæða var til að reyna að breyta hlutunum, breyta umræðunni og skapa vettvang þar sem konur fyndu sig heima. En að sjálfsögðu var síðan alltaf meiningin að þegar fram í sækti væri hægt að skapa og mynda leiðir á milli karla og kvenna þar sem þau gætu mæst á jafnréttisgrundvelli með virðingu hvert fyrir annars skoðunum, hugsjónum, hugmyndum og starfsaðferðum og þar fram eftir götum. Ég held að það sé mjög brýnt að taka þessa umræðu aftur núna og reyna að skapa betri aðstæður til að tryggja aukið jafnræði kvenna og karla í stjórnmálum. Það var mjög athyglisvert að hlusta á t.d. hv. þingmenn af karlkyni sem hafa tekið þátt í þessum umræðum. Ég undanskil hv. 2. þm. Vestf. en mér fannst býsna íhaldssöm viðhorf koma fram í máli hans áðan og hefði nú verið gaman að heyra frekar frá honum í heilli ræðu þar sem hann viðraði viðhorf sín og skilning á aðstæðum kvenna til að taka þátt í stjórnmálum.

Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í umræðunni í dag að það skiptir líka mjög miklu máli að bæta starfsumhverfið, skapa betra starfsumhverfi því mér er það mjög í minni þegar ég kom fyrst inn á þing að strax á fyrsta þingvetrinum rann upp fyrir mér hversu fólki er hér boðið fráleitt starfsumhverfi, t.d. í sambandi við fundatíma og annað. Hér var minnt á að fundir yrðu allan næsta laugardag og ég sat sjálf á fundi allan síðasta laugardag. Þetta er auðvitað ekki til að hvetja, sérstaklega ungt fólk með börn, til að taka þátt í þessum störfum og það er miður. Á mínum fyrsta þingvetri leyfði ég mér einhvern tímann í hópi þingflokksformanna að kvarta yfir því að eftir því sem annríki jókst væri farið að setja fundi á alla mögulega og ómögulega tíma. Hver matartíminn af öðrum hvarf í þessa fundahít. Ég gerði athugasemd við þetta og sagðist vilja hádegið hreint svo hægt væri að skjótast heim. Ég var svo vel sett þá, betur sett en margir aðrir að ég þurfti ekki að fara austur á Hellu til að borða hádegismat með börnunum mínum en mér tókst ekki einu sinni að fá tíma til að skjótast á fimm mínútum vestur á Seltjarnarnes til að sjá börnin mín í hádeginu. Síðan voru fundirnir fram í kvöldmatartímann og engin leið var að sinna þeim störfum sem fólk vill sinna sem er með fjölskyldur. Þá leit á mig reyndur þingmaður í formannsstöðu og sagði: „Maður reiknar nú með því að það sé fólk heima sem tekur þessi störf að sér." Ég fékk að heyra það. Ég ætla ekki að segja hver það var en ég vona að sá maður hafi séð að sér og áttað sig á að foreldrarnir eiga að hafa jafnan rétt á að sinna sínum fjölskyldum. Ég vil láta það verða mín lokaorð að við erum ekki aðeins að tala um rétt kvenna til að sinna þessum störfum, heldur rétt þjóðfélagsins til að njóta þeirrar visku og reynslu sem konur búa að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frh. 1. umr.*

Frv. EOK o.fl., 438. mál. — Þskj. 764.

[15:28]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Ég vil segja hér nokkur orð um frv. til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, sem hér er á dagskrá og er út af fyrir sig ágætt að nota dagsbirtuna til að tala um þetta mál sem þó var síðar á dagskrá þessa fundar. Ég hef áður lýst skoðunum mínum til þessa frv. sem fimm ágætir þingmenn flytja og ég hef lýst andstöðu við frv. og mun greiða atkvæði gegn því.

Ástæða þess að ég lýsi andstöðu við frv. er sú að árið 1994 voru samþykkt lög frá Alþingi sem gerðu ráð fyrir að fela sveitarfélögunum á tiltekinn hátt umsjón og umsýslu með þessu félagi á grundvelli laga. Þar er um það að ræða að fulltrúaráð er æðsta vald í félaginu og því eru ætluð tiltekin verkefni, einkum og sér í lagi að efla brunavarnir og leggja á ráðin um lækkun á kostnaði sveitarfélaga og annarra vegna brunatrygginga og þess kostnaðar sem fylgir brunavörnum í hverju samfélagi.

Þetta var niðurstaðan 1994 og ég tel alveg fráleitt að koma nú, fjórum árum síðar, og segja: „Það eru breyttir tímar og við ætlum að taka þetta af sveitarfélögunum og svipta þau því valdi yfir félaginu sem þeim var falið."

Það er alveg ljóst að í kjölfar laganna sem sett voru 1994 stóðu stjórnendur Brunabótafélags Íslands fyrir tilteknum ráðstöfunum til þess að efla félagið og ávaxta höfuðstól þess, sem er allnokkur og hafði í tímans rás vaxið vegna þess að þarna hafði verið bærilega á málum haldið. Settar voru reglur um starfsemi félagsins og þær reglur voru að sjálfsögðu í þágu þeirra viðskiptaaðila sem þar var um að ræða. Síðan var gengið til þess stórvirkis, sem ég vil segja, að selja hlut Brunabótafélags Íslands í VÍS. Það var umdeild ákvörðun á sínum tíma en ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun, það hafi verið skynsamlegt við þær aðstæður að selja hlutinn og leggja á ráðin um ávöxtun þessa höfuðstóls með öðrum hætti þannig að sveitarfélögin gætu af eins miklu öryggi og kostur er staðið að eflingu brunavarna og lækkun kostnaðar

við brunavarnir og brunatryggingar í sveitarfélögunum. Þetta tel ég að hafi verið tilgangurinn með þeirri aðgerð að selja vátryggingafélagið. Það hefur hins vegar verið gagnrýnt eins og ég sagði en eftir sem áður liggur fyrir að þar með er ekki sagt að Brunabótafélagið uppfylli ekki þann tilgang með starfseminni að standa að rekstri tryggingafélags.

Í grg. með frv. sem hér er til umræðu segir, með leyfi forseta:

„Með nýlegri sölu á hlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands hf. til Landsbankans hefur félagið snúið frá þessum lögbundna aðaltilgangi sínum. Því er hér lagt til að félagið verði gert upp og eignum þess, umfram skuldir, skipt á milli eigenda."

Hér tel ég að sé mjög mikið sagt því að þegar þessi orð eru rituð þá hefur Brunabótafélagið ekki hætt þátttöku sinni og eftir því sem ég fæ upplýst þá er ekki meiningin að hætta þátttöku í vátryggingarstarfsemi því að Brunabótafélagið getur sem eignarhaldsfélag átt hlut í vátryggingafélagi þannig að þessar forsendur geta ekki skapað grundvöll fyrir því að leggja félagið niður. Ég tel því að það standist ekki.

Ég má til með að segja að hlutverk Brunabótafélagsins getur verið mjög mikilvægt fyrir sveitarfélögin og ég sé engar ástæður til þess að svipta þau þeim möguleika sem felst í því að ávaxta þessa eign til hagsbóta fyrir samfélagið, hvert sveitarfélag sem er aðili að Brunabótafélaginu. Ég tel að það séu margir möguleikar til þess og að engin ástæða sé til að taka þetta úr höndum sveitarfélaganna.

Ég vil vekja athygli á því að það var ekki bara Brunabótafélag Íslands sem hafði þessa aðstöðu á sínum tíma á grundvelli laga að tryggja íbúðarhúsnæði á grundvelli tiltekinnar einokunar. Húsatryggingar Reykjavíkur gegndu alveg sams konar hlutverki. Á sama ári og lögunum um Brunabótafélagið var breytt þá var breytt lögum um Húsatryggingar Reykjavíkur. Í þeim lögum segir í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi."

Þetta er í rauninni alveg það sama og Brunabótafélagið hefur gert. Húsatryggingar Reykjavíkur hafa hins vegar verið seldar. Og var því silfri dreift til tryggjenda, þ.e. húseigenda í Reykjavík? Nei. Reykjavíkurborg hefur selt þetta félag, að mig minnir Sjóvá-Almennum og ég hef ekki heyrt eða orðið þess var að krafa væri uppi um það á Alþingi að þetta yrði afturkallað eða komið í veg fyrir þá gjörð. Ég tel að í raun hafi alveg sömu lögmál gilt um Húsatryggingar Reykjavíkur og um Brunabótafélag Íslands. Ég vildi vekja athygli hv. flutningsmanna á því.

Fram hefur komið að sveitarfélögin hafa ekki fagnað þessu frv., og það ekki einungis sveitarfélögin sem eru aðilar að fulltrúaráði Brunabótafélagsins. Í ályktun sem hefur borist frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem í eru fulltrúar allra sveitarfélaga í landinu, segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn sambands ísl. sveitarfélaga lýsir yfir furðu sinni á endurflutningi frumvarp á Alþingi frá fimm þingmönnum um að Alþingi samþykki slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands samkvæmt þskj. 764, 438. mál. Í greinargerð með frumvarp er í meginatriðum vísað til eldri laga um Brunabótafélag Íslands en þar var að finna ýmis ákvæði sem ekki eru í gildandi lögum nr. 68/1994. Með flutningi frumvarpsins er vegið að hagsmunum sveitarfélaganna í landinu og möguleikum þeirra til þess að efla forvarnir á sviði bruna- og slysavarna með stuðningi félagsins.

Samkvæmt lögum nr. 68/1994 hefur fulltrúaráð félagsins æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar fyrri mótmæli sín um slit á EBÍ og telur fram komið frumvarp ganga gegn hagsmunum sveitarfélaganna í landinu. Stjórn sambandsins skorar á alþingismenn að fella þetta frumvarp og sýna með því þeim fulltrúum sveitarfélaga og héraðsnefnda sem í fulltrúaráðinu sitja fullt traust til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim hefur verið falið af Alþingi."

Þessi ályktun var gerð í lok febrúar og þingmenn hafa væntanlega kynnt sér hana.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, við þessa umræðu. Ég held að rekstur Brunabótafélagsins og sú tilhögun sem þar hefur viðgengist eftir að gert var ráð fyrir því að eign félagsins í VÍS yrði öll seld, sé og geti verið sveitarfélögunum mjög til hagsbóta og geti orðið mjög mikilvægt afl þeirra til þess að taka á mjög brýnum verkefnum sem lúta að því að auka öryggi í brunavörnum í viðkomandi sveitarfélögum. Þess vegna tel ég að þetta frv. þjóni engum tilgangi til hagsbóta fyrir sveitarfélögin eða þá einstaklinga og félög sem í viðkomandi sveitarfélögum eru og þess vegna beri að fella þetta frv.

[15:39]

**Jónas Hallgrímsson:**

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að taka þátt í umræðum í því máli sem hér liggur fyrir og fjallar um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands og er raunar endurflutt frá síðasta þingi. Rétt er að fram komi strax að ég er algjörlega ósammála annars ágætum fimm hv. flm. frv.

Þegar núverandi lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands voru undirbúin, ef ég man rétt á árinu 1993 að mestu, var til þess máls sérstaklega vandað og sérfróðri nefnd sem skipuð var fulltrúum ýmissa aðila falið það hlutverk. Um ástæður þess að breyta þurfti þáverandi lögum um Brunabótafélag Íslands vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnhagssvæði verður ekki nánar farið út í hér.

Virðulegur forseti. Til að öðlast skilning á því málefni sem hér er til umræðu verður að líta til sögunnar og allt til stofnunar Brunabótafélags Íslands sem varð til með lögum nr. 58/1917. Þar var m.a. kveðið á um að félagið væri gagnkvæmt brunabótafélag og ábyrgðist landssjóður allt að kr. 600 þús. gamlar og lánaði félaginu jafnframt gamlar 20 þús. kr. í starfsfé og skyldi greiða af því 4% árlega. Þetta lán var endurgreitt að fullu til ríkisins með vöxtum á árunum 1927–1928. Ábyrgð ríkissjóðs var svo felld niður að fullu 1942.

Það er staðreynd að ríkið átti hvorki þá né síðar tilkall til eignar í félaginu. Staðfestist þetta í greinargerð þeirra Árna Tómassonar, löggilts endurskoðanda, og Tryggva Gunnarssonar hrl., dagsettri 29. mars 1993, en álitsgerðin var unnin að beiðni framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Í niðurstöðum 4. liðar sömu álitsgerðar segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti, án þess að það fari á bága við ákvæði 66. gr. stjórnarskrárinnar, mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða sem lög um BÍ hafa verið byggð á enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar."

Þessi afdráttarlausa skilgreining tvímenninganna á réttarstöðu félagsins er eitt af grundvallaratriðum þeim sem

vörðuðu leiðina í nýrri lagasetningu um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

En nánar að aðdraganda þeirra breytinga sem orsökuðu tilurð eignarhaldsfélagsins. Á aðalfundi fulltrúaráðs Brunabótafélags Íslands 31. ágúst 1991 samþykkti fundurinn ályktun um að breyta Brunabótafélaginu í eignarhaldsfélag þar sem byggt yrði á sama grunni og þá var varðandi aðild sveitarfélaga og héraðsnefnda að fulltrúaráði og stjórn með það fyrir augum að viðhalda yfirráðum sveitarfélaganna í BÍ.

Þessi ályktun var gerð í framhaldi af ákvörðun fulltrúaráðs, stjórnar og forstjóra Brunabótafélags Íslands í janúar 1989 um að stofna Vátryggingafélag Íslands hf. með Samvinnutryggingum gt.

Fyrir lagabreytinguna 1994 fór fram rækileg úttekt á formi félagsins, réttindum félagsmanna og áhrifum þess ef félaginu yrði slitið. Skoðuð voru mörg álitamál, m.a. eignaraðild ríkisins, spurningin um breytingu í hlutafélag, sala á félaginu svo og slit á félaginu. Eftir nákvæma lagalega skoðun var ljóst að ef breyta ætti formi félagsins í einhverja veru yrði að slíta félaginu og var það að sjálfsögðu á valdi Alþingis sem hefði þá sagt til um slitameðferð að fengnu tilliti hagsmuna kröfuhafa og sameigenda.

Við slit á félaginu hefði þurft að skipta nettóslitaverðmæti, þ.e. því sem eftir var þegar búið var að greiða allt, á milli 104 þúsund tryggingarskírteina eða um 65 þúsund tryggingartaka á þeim tíma. Minna var það nú ekki.

Alþingi bar hins vegar gæfu til þess að samþykkja framlagt lagafrv. um breytingu á BÍ í eignarhaldsfélag og gæta þar með fyllstu réttinda sameigenda svo og sveitarfélaganna, sbr. lög nr. 68/1994.

Virðulegi forseti. Ég vil þá víkja að efni frv. þess sem hér liggur fyrir og ræða það. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Slíta skal Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Um meðferð eigna og skulda fé lagsins við slitin fer samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1994."

En hvað segir svo þessi grein? Upphaf málsgreinarinnar er þannig, með leyfi forseta:

„Ákveði fulltrúaráð að slíta félaginu skal fyrst inna af hendi allar skuldbindingar ..."

Samkvæmt lögum félagsins er gert ráð fyrir því að fulltrúaráðið slíti félaginu og hafi eitt rétt til þess og er það í samræmi við 1. mgr. 9. gr. laganna, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins."

Með lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994, afhenti löggjafinn fulltrúaráðinu og þar með sveitarfélögunum full umráð yfir Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands og slitarétt í félaginu. Mér er spurn: Hvað hefur félagið eða stjórn þess unnið til saka svo að fjórum árum síðar sé talin nauðsyn á að slíta félaginu með lögum? Það væri gott að fá það upplýst.

Í greinargerðinni með frv. er afar villandi samanburður svo sem kom fram áður í umræðunni en þar er vitnað í 3. gr. laga um Eignarhaldsfélagið, nr. 68/1994, og bent á að einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands sé að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum, sem er rétt. Hins vegar er alrangt að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hafi snúið frá lögbundnum aðaltilgangi sínum eins og þar er nefnt í greinargerðinni með því að selja hlutabréf sín í Vátryggingafélagi Íslands til Landsbanka Íslands.

Eignarhald í vátryggingafélögum skv. 3. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er einn þátturinn um megintilgang félagsins, ekki aðaltilgangur eins og haldið er fram í greinargerðinni. Engin yfirlýsing, ég endurtek, engin yfirlýsing liggur fyrir um að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands ætli ekki í framtíðinni að eiga eignarhald í vátryggingafélögum. Félagið er með eignarhald í vátryggingafélögum til 2. júlí 1999 samkvæmt staðfestingu Vátryggingareftirlitsins í bréfi frá 2. apríl 1997, en þar segir, með leyfi forseta:

„Kaupin eru ekki um garð gengin og enn þá á eignarhaldsfélagið virkan eignarhlut í nefndum vátryggingafélögum", þ.e. LÍFÍS og VÍS.

Félagið hefur því nægan tíma til athafna gagnvart því að uppfylla skyldu laganna eða fram til 2. júlí 1999 og liggur fyrir ákveðin stefnumótun félagsins um þennan framkvæmdarþátt starfseminnar.

Í greinargerð með frv. er vísað til álitsgerðar og niðurstöðu þeirra Árna Tómassonar og Tryggva Gunnarssonar frá 1993. Álitsgerðin og umsögn þeirra félaga byggir á tilvísun laga nr. 9/1995, sem eru eldri lög um Brunabótafélag Íslands. Álitsgerðin á niðurstöðum var grundvöllur að lagagerðinni 1994 eins og fyrr er getið í ræðu minni sem Alþingi samþykkti 28. apríl 1994 eða lög nr. 68/1994. Það er því beinlínis villandi að taka þessar niðurstöður álitsgerðarinnar án þess að skýra nánar umfjöllun þeirra Árna og Tryggva í álitsgerðinni sjálfri.

Virðulegur forseti. Umræða sú sem fór fram í hv. Alþingi 12. mars sl. er um margt óvenjuleg, einkum vegna þess að við lestur ræðu 1. flm. frv., hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, virðist svo sem misskilningur sé allvíða á ferðinni sem þarfnast greinilega leiðréttinga við. Þrátt fyrir það að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi leitast við að fá leiðréttingar eða skýringar fannst mér það ganga heldur brösulega við lesturinn. Með leyfi virðulegs forseta langar mig til að grípa niður í ræðu hv. þm., 1. flm., og árétta skoðun mína um að leiðréttinga sé þörf. Ég grip þá fyrst niður í það sem sagt er:

„Þeir lögðu fyrst niður Brunabótafélagið, í fyrstu mynd sinni, og hófu samstarf við annað gagnkvæmt tryggingafélag," — þetta er náttúrlega ekki rétt. Við lögðum ekki niður Brunabótafélagið. Það var ekki lagt niður — „Samvinnutryggingar Íslands. Það samstarf gekk mjög vel.

Á síðasta ári gerðist það síðan, herra forseti, að þeir sem voru handhafar eignarhaldsfélagsins ákváðu að stíga skrefið til fulls, selja hlut sinn í Vátryggingafélagi Íslands, breyta félagi sínu í almennt fjármálafélag og hefja almenna fjármálastarfsemi. Þannig gerðist þetta. Þeir hættu að starfa og eru ekki lengur gagnkvæmt tryggingafélag, heldur eru þeir á markaði með almenna fjármálastarfsemi.

Þetta, herra forseti, höfum við flm. þessa frv. fyrst og fremst litið á. Við teljum að þar sem hið gagnkvæma tryggingafélag hefur hætt starfsemi þá beri að slíta því. Það er megininntak frv."

Þetta er mikil missögn og misskilningur því að þessu gagnkvæma félagi var breytt 1994 úr þessu gagnkvæma félagi í eignarhaldsfélag. Hér er enn einu sinni á ferðinni misskilningur sem reynt hefur verið að leiðrétta.

Enn fremur, með leyfi forseta, langar mig að vitna síðar í ræðu sama hv. þm.:

„Að því er vikið í þessum fréttatilkynningum að eignarhaldsfélagið sé hinn þarfasti þjónn sveitarfélaganna enda hafi það nú ákveðið sér það hlutskipti að lána sveitarfélögunum

til hinna þörfustu hluta. Eins er sagt frá því að nú á útmánuðum hafi þeir tekið þá ákvörðun að greiða sveitarfélögunum, í fyrsta skipti í sögu félagsins, arð eða eignarágóðahlut sem nemur 3% af höfuðstól félagsins eftir síðasta ár, um 110 millj. Við sölu Brunabótafélagsins á hlut sínum í VÍS var hlutur þess metinn á 3,4 milljarða kr. Af því má sjá að hér er um verulega fjármuni að ræða, umtalsverða fjármuni."

Best er að byrja á því að segja að hluturinn var ekki metinn á 3,4 milljarða, hann var seldur. Söluverðið var ákveðið verð. Ágóðahlutur var greiddur um margra ára skeið hjá Brunabótafélagi Íslands. Frá árinu 1934–1941 var t.d. greiddur ágóðahlutur til sveitarfélaga í formi bættra brunavarna og afsláttar 275 þús. kr. sem væri á núvirði um það bil 25 millj. kr. Þannig var byrjunin á ágóðahlutunum svo að menn séu klárir á því.

Enn fremur skal upplýst að á árunum 1955–1985 greiddi félagið út fjárhæð um það bil 700 millj. kr. á núvirði. Það er rangt sem haldið er fram að félagið, fulltrúaráð og stjórn félagsins hafi engan rétt til úthlutunar ágóðahluta og verður að draga í efa að þeir hinir sömu sem halda slíku fram hafi yfirleitt lesið lögin um eignarhaldsfélagið.

Einnig er rangt sem kom fram í ræðu 1. flm., hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að greiddur hafi verið 3% eignarágóðahluti af höfuðstól félagsins eftir síðasta ár, kr. 110 millj. kr. Hið rétta er að úthlutun ágóðahlutar á árinu 1998 verður 110 millj. kr. og ekki af höfuðstól félagsins heldur af ávöxtunarþættinum, þess andvirðis sölu hlutabréfa Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands í VÍS til Landbankans og það er fyrir tímabilið apríl 1997 út desember 1998.

Þá er einnig mikilsvert að menn taki eftir að félagið greiddi aldrei þeim einstaklingum sem tryggðu hjá félaginu út ágóðahluta, þannig að það sé á hreinu, einungis sveitarfélögum. Ágóðahlutar greiddir til sveitarfélaga komu síðan einstaklingum til góða í bættum brunavörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum af ýmsu tagi og það hlýtur að vera óumdeilt, líka á Vestfjörðum.

Undir lok framsögu sinnar segir hv. 1. flm., með leyfi virðulegs forseta:

„Það liggur fyrir að félagið er hætt starfsemi."

Þvílíkur misskilningur, virðulegi forseti. Af hverju leita hv. þingmenn sér ekki upplýsinga áður en farið er með slíkar firrur sem þessa á hinu háa Alþingi? Í reikningum VÍS og LÍFÍS kemur fram að 31. des. sl. var stærsti einstaki eignaraðilinn í VÍS Brunabótafélag Íslands með 38,9% eignaraðild og næststærsti aðilinn í LÍFÍS er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands með 39,1%. Þetta er fyrir aðeins fjórum mánuðum. Með einu símtali hefðu hv. flm. getað fengið staðfestingu á þessu hjá Vátryggingareftirlitinu, stofnun sem þeir annars mega trúa og treysta og ætti að geta metið stöðuna hlutlaust og segja satt. Hvað skyldi Vátryggingareftirlitið segja um það mál? Í bréfi dagsettu 2. apríl segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og fundum sem haldnir hafa verið telur eftirlitið að óbreyttu að eignarhaldsfélagið eigi virkan eignarhlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. þrátt fyrir samkomulag aðila um áfangakaup og kauprétt. Kaupin eru ekki um garð gengin og enn þá á eignarhaldsfélagið virkan eignarhlut í nefndum vátryggingafélögum."

Virðulegur forseti. Svo mörg voru þau orð og ættu að vera skiljanleg hverju mannsbarni. Félagið er sprelllifandi og fjárhagslega betur í stakk búið en nokkru sinni að starfa eftir þeim lögum og samþykktum sem við eiga og mun vonandi eftir 2. júlí 1999 starfa af sama krafti, hlýða kalli tímans og hasla sér völl, hafa frumkvæði um nýjungar og framfarir á tryggingasviði eins og undanfarna áratugi með sveitarfélögum og fyrir sveitarfélög og þar með fyrir fólkið í landinu. Félagið hefur sem fyrr háleit og metnaðarfull áform sem munu ganga eftir fái það til þess starfsfrið.

Að lokum, virðulegur forseti, eins og fram hefur komið óskaði hv. efh.- og viðskn. eftir að hæstv. viðskrh. léti vinna álitsgerð um réttarstöðu Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands. Mér er tjáð að þetta álit liggi nú fyrir án þess að hafa nokkuð annað en sannfæringuna að leiðarljósi. Ég er þess fullviss að þetta nýja álit hljóti að staðfesta álit eða greinargerð þeirra virtu sérfræðinga sem unnu fyrir einkavæðingarnefndina 1993 eða því vil ég a.m.k. trúa þar til annað kemur í ljós.

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur er ekki þingvanur ef svo má að orði komast og hefur því ekki mikla reynslu eða þekkingu á framsetningu þingmála en leyfir sér þó að halda því fram að hér séu einstaklega óvönduð vinnubrögð á ferðinni. Það frv. sem liggur frammi til umfjöllunar tel ég vera hálfgerða tímaskekkju. Það er mistök, ef ekki byggt á misskilningi, þá óskiljanlegum yfirgangi í garð sveitarfélaganna sem farið hafa með forræði í félaginu um langa hríð og ávaxtað pund sitt ákaflega vel svo ekki sé fastara að orði kveðið. Þetta mega ekki vera þakkirnar, virðulegi forseti. Hv. flm. ættu því að draga frv. til baka og yrðu meiri menn að.

[15:57]

**Útbýting þingskjala:**

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 445. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1225; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1226.

[Fundarhlé. — 15:58]

[18:00]

**Útbýting þingskjala:**

Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, 269. mál, nál. sjútvn., þskj. 1219.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, 675. mál, svar forsrh., þskj. 1223.

Póstþjónusta, 510. mál, nál. samgn., þskj. 1239; brtt. samgn., þskj. 1240.

Ríkisstofnanir, 387. mál, svar forsrh., þskj. 1221.

[18:01]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Frá því að við höfum þessa umræðu um miðjan mars hefur þeirri skýrslu sem viðskrh. stóð fyrir að gerð yrði, álitsgerð um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem ekki hafði verið dreift þá, verið dreift. Við sem erum í efh.- og viðskn. höfum þessa skýrslu undir höndum og ég lít þannig á að hún sé ekki neitt launungarmál.

Þegar við höfum umræðuna kom fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að hann efaðist mjög um að það fengi staðist að við gætum breytt þessum lögum. Hann lét í ljós þá skoðun að nauðsynlegt væri að sjá þessa álitsgerð til að sjá hvort það stæðist. Í máli hv. 1. þm. Austurl., Jónasar Hallgrímssonar, kom í ljós að hann hefði ekki séð þessa skýrslu en vænti þess að fá að sjá hana.

Því er nú best, herra forseti, að byrja þetta á því að minnast á skýrsluna. Í henni fara lögmennirnir yfir sögu Brunabótafélagsins og helstu niðurstöður Árna Tómassonar og

Tryggva Gunnarssonar. Þeir fjalla um lögin um Brunabótafélag Íslands og lögin um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, hvaða álitsgerðir þá voru gefnar, hvaða álit voru þá uppi um eignarrétt félagsmanna í Brunabótafélagi Íslands og hvort eignarréttindi eignarréttarhafa í Brunabótafélagi Íslands hafi verið fyrir borð borin með samþykkt laga nr. 68/1994.

Fyrirsögn VII kafla er: Breytir samþykkt frumvarps til laga um slit á Eignarhaldsfélagi BÍ einhverju?

Síðan eru helstu niðurstöður. Niðurstöður þessara virtu lögmanna eru í sem stystu máli þær að þeir telja, eins og Árni Tómasson, að 1994 hefði Alþingi alveg verið stætt á að setja þau lög. Með nákvæmlega sömu rökum telja þeir að Alþingi sé nú stætt á því að breyta þessum lögum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hafi einhverjir hv. þm. ekki fengið þessa skýrslu þá skal ég sjá til þess að koma henni til þeirra.

Ég tel, að þessu sögðu, ljóst að áhyggjur hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar voru ástæðulausar. Álitsgerð þessara virtu lögmanna, Þorgeirs Örlygssonar og Stefáns Más, liggur fyrir þannig að óþarft er að velta vöngum yfir því.

Hér áðan ræddi Sturla Böðvarsson nokkuð um þetta mál og lýsti því yfir að hann teldi aldeilis fráleitt að breyta þessum lögum. Ég held að rétt einu sinni þurfi að benda á að þetta frv. er um slit á eignarhaldsfélaginu. Í því er lagt til að farið verði að vilja trúnaðarráðsins eins og lög gera ráð fyrir.

Ég hef nú haft orð á því áður að í þessu frv. er engin ádeila á félagsmenn í Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands. Hjá okkur flm. hefur aldrei komið fram að á sínum tíma hafi ekki verið rétt hjá þeim að vilja selja hlut sinn í BÍ. Við höfum aldrei efast um það né sagt nokkuð um það. Það kann vel að vera að svo hafi verið.

Brunabótafélag Íslands, samkvæmt öllum þeim álitsgerðum sem liggja fyrir, allri sögu þess og þeirri umfjöllun sem það hefur fengið og það er ekki talið vafamál af neinum, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda. Það er alveg skýrt í íslenskri löggjöf, svo og í allri löggjöf Norður-Evrópu, hvað „gagnkvæm ábyrgð" í tryggingafélagi merkir. Tryggjendurnir taka á sig ábyrgðina. Ef illa fer, ef höfuðstóllinn verður mínus, þá er hann þeirra. Þeir verða að greiða það með iðgjöldum sínum eða greiðslum. Ef hann er plús, þá er höfuðstóllinn þeirra, engra annarra.

Á sínum tíma var farið mjög í gegnum þessi mál vegna þess, og það er ekkert launungarmál, að fjmrn. ásældist þetta félag. Það reyndi að finna sér tylliástæðu til þess að eignast það. Það tókst ekki. Önnur atrennan var þegar sveitarfélögin reyndu að eignast þetta félag. Þau leituðu sér að hvaða tylliástæðu sem var en það tókst ekki. Niðurstaðan varð sú að hvorki ríkið né sveitarfélögin ættu þetta félag. Það var skýlaus niðurstaða að félagið væri eign vátryggjendanna.

Þá var ákveðið að fara þessa leið og hér liggur fyrir álitsgerð. Við flm. þessa frv. höfum aldrei komið með athugasemdir um að ekki hafi verið löglegt að fara þá leið sem farin var árið 1994. Í dag er það jafnskýrt og öllum vel kunnugt að Brunabótafélag Íslands er hætt starfsemi sem tryggingafélag. Það er eignarhaldsfélag sem á sinn hlutabréfa- eða verðbréfastokk eins og önnur eignarhaldsfélög á verðbréfamarkaði. Auðvitað geta þeir átt einhvern hlut í tryggingafélögum. Í stokknum geta verið hlutabréf í vátryggingafélögum. Það segir ekkert um það. Þeir eru engu síður hættir sinni starfsemi og samkvæmt öllum reglum og öllu áliti í Norður-Evrópu ber að skila gagnkvæmum tryggingafélögum til eigenda sinna. Um það eru hvergi deilur.

Það er mjög rangt sem kom hér fram í máli hv. 1. þm. Austurl. um að menn hefðu verið hafðir fyrir rangri sök. Enginn hefur borið sök á hendur þeim. Þeir hafa heldur ekkert til sakar unnið. Það sem hv. þm. las upp úr ræðu minni frá því 14. mars er allt nákvæmlega hárrétt. Samvinnutryggingar og Brunabótafélag Íslands voru gagnkvæm tryggingafélög. Þau mynduðu með sér VÍS. Það er ekkert rangt í þeirri sagnfræði. Þar misferst ekki eitt einasta atriði. Sá upplestur var út af fyrir sig ágætur, vegna þess að það er ekki verra að sjónarmið mín og röksemdir séu oftar flutt og ég þakka hv. þm. fyrir það.

Á tveimur stöðum, eða á þremur stöðum réttara sagt, taldi hv. þm. að ég hefði feilað. Skal nú farið yfir það. Hann taldi rangt hjá mér að Brunabótafélag Íslands væri hætt í tryggingum. Hann sagði það mjög rangt og hér lægi að baki vankunnátta mín. Hann sagði félagið virkt, eins og hann orðaði það, virkt í sinni tryggingastarfsemi, virkur tryggingaraðili. Hann las upp úr skýrslu Tryggingaeftirlitsins því til staðfestingar.

Það er alveg hárrétt. Brunabótafélag Íslands er enn skráð sem eigandi að hlutabréfum í VÍS. Við í efh.- og viðskn. gerðum nákvæmlega grein fyrir því, bæði endurskoðendum Landsbankans svo og bankaeftirlitinu, að það yrði að vera svo vegna þess að það væri eina leiðin fyrir Landsbanka Íslands að kaupa, vegna BIS-reglna. Þannig að það er rangt hjá hv. þm. að hér sé um vankunnáttu mína að ræða. Það varð að skrá þetta svona og okkur var tilkynnt það. Við vissum þetta nákvæmlega.

Hitt liggur einnig fyrir að Landsbanki Íslands fer með öll atkvæði Brunabótafélags Íslands á síðasta aðalfundi. Þau hafa verið staðfest, þannig að virkni félagsins í tryggingamarkaði er nú svona og svona.

Í öðru lagi gerði hv. þm. athugasemd við að ég hefði ranglega sagt að félagið hefði verið virt á 3,4 milljarða. Hann sagði það ekki hafa verið rétt, það hefði verið selt á 3,4 milljarða. Ég verð að biðja, herra forseti, afsökunar á þessu en kaupandinn hlýtur þó að hafa virt það á 3,4 milljarða. Varla hefur hann keypt það óðruvísi. Í minni sveit hefði þessi villa ekki verið talin mjög alvarleg.

Í þriðja lagi gerir hann athugasemdir við að ég sagði að arðgreiðslur til sveitarfélaganna, 110 milljónir, væru 3% af höfuðstól félagsins. Við nánari athugun sé ég að það er ekki rétt hjá mér. Þær eru 3,23% og ég hefði átt að hafa þetta nákvæmara. Það leiðréttist þá hér með.

Öll eldmessan gegn þessu frv. hjá hv. þm. gekk út á að hann var yfir sig hneykslaður og þótti það forundran mikil að menn skyldu leyfa sér að leggja fram frv. sem fæli í sér breytingu á lögum. Ég verð nú að segja það, herra forseti, að það var kannski kominn tími til að slík ræða yrði haldin hér í þingsölum. Allt starf þingsins gengur út á þetta. Daginn út og daginn inn er fjallað um frumvörp sem öll eru um breytingar á lögum. Það er þá aldeilis ástæða til að hneykslast á framferði þingsins. Það er sjaldgæft að fyrir komi mál sem telja mætti nýmæli eða nýjar lagasetningar.

Þetta frv. er til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands. Frumvarpið gengur út á að skila eignum til réttra eigenda. Það er nú ekkert flóknara. Frv. er um prinsippmál. Enginn hefur deilt um það hverjir eigendurnir eru.

Ég get, herra forseti, getið þess hér, af því að það er dálítið gaman að því, að fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands er náttúrlega ekkert ánægt með þennan tillöguflutning. Ég get ósköp vel skilið það í sjálfu sér. Þeir óttast um sinn hag og vegna þess sendu þeir beiðni til mjög virtrar málaflutningsskrifstofu hér í Reykjavík, Málaflutningsskrifstofunnar á Suðurlandsbraut 4, þar sem þeir starfa Pétur Guðmundarson, Hákon Árnason o.fl. Þar var óskað álits á því hvort að með lagasetningu væri strax hægt að yfirfæra allan eignarrétt í Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands til sveitarfélaganna, án bóta til núverandi sameigenda, skv. 1. og 2. tölulið 5. gr. laga nr. 68/1994. Auðvitað þykir þeim óþægilegt að bíða eftir því að eigendurnir deyi. Þess vegna sendu þeir þetta bréf og vildu vita hvort ekki væri hægt bara að eignast þetta með lagasetningu strax.

Þeir fengu svarið frá hinni virtu lögmannsstofu við þeirri spurningu hvort unnt væri með lagasetningu að yfirfæra allan eignarrétt í Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands strax yfir til sveitarfélaganna. Því var hiklaust svarað þannig að það yrði ekki gert öðruvísi en allir þeir sameigendur, sem við það missa eignarhlut sinn í félaginu, fái fullar bætur fyrir.

Þannig hljómaði svarið. Þannig að ekki urðu þessar bréfaskriftir mikill fengur fyrir það ágæta félag sem hv. 1. þm. Austurl. kallaði hér alltaf öðru hvoru: Við ... við. Það hlýtur náttúrlega að segja sína sögu.

Frumvarpið, herra forseti, sem hér er lagt fram er prinsippmál til þess að sýna fram á að þinginu komi það við hvernig er farið með eignarréttinn. Ef menn virða ekki eignarréttinn, virða ekki hið augljósa í því, hvað skyldi þá virt í öðru? Hér er ekki gerð árás á sveitarfélögin eða Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Enginn efast um að auðvitað gætu þeir farið vel með peninga og hafi allir góðar meiningar. Enginn efast um það.

Eins og aðrir ráðsstjórnarsinnar trúa þeir því að þeir séu betur til þess fallnir að fara með fjármuni almennings heldur en almenningi sjálfum. Hverjir eru þessir eigendur, herra forseti? Eigendurnir sem þeir treysta ekki fyrir því að fara með sinn fjárhlut eru íbúar sveitarfélaganna sem þeir eru fulltrúar fyrir. Það er fólkið sem þeir treysta ekki. Þeir telja sig betur til þess fallna að fara með þessa peninga. Það er hættulegt, herra forseti, að hafa 3,5 milljarða sem á reki án þess að þeir séu í eigu einnhverra. Það er hættulegt og hefði slæm áhrif á viðskiptalífið að láta slíkt viðgangast.

[18:15]

**Útbýting þingskjala:**

Dánarvottorð, 464. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1241; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1242.

[18:16]

**Jónas Hallgrímsson:**

Virðulegi forseti. Það kom mér mjög á óvart þegar eftir var leitað að skýrsla sú sem ég gat um í fyrri ræðu minni og ég hef margoft beðið um í viðskrn., að vísu ekki nýlega, yrði ekki afhent fyrr en málið kæmi til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Ég endurtek að það kom mér mjög mikið á óvart að 1. flm. þessa frv. skyldi síðan hafa skýrsluna undir höndum. Ég vildi gjarnan hafa haft þessa sömu skýrslu undir höndum áður en ég fór í ræðustól í dag. En það breytir ekki því að þær grunsemdir eða þá vissu sem ég hafði um málið innst inni hefur hv. 3. þm. Vestf. staðfest, eins og hann sagði bæði já og nei, að þetta stæðist þau lög sem sett voru. Ég dreg það ekki í efa. Ég hef enga ástæðu til að draga það í efa þó að ég hafi ekki lesið skýrsluna. Það kann því vel að vera að hvorir tveggja hafi rétt fyrir sér en ég áskil mér þá rétt til þess að skoða skýrsluna áður en endanlega verður upp úr því kveðið.

Engin ádeila á forráðamenn Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Það kann vel að vera og ef ég man rétt af lestri úr fyrri ræðu 1. flm. þá hældi hann meira að segja forráðamönnum Brunabótafélagsins fyrir að hafa þó farið nokkuð sæmilega með það sem þeim var til trúað. Ég man ekki nákvæmlega orðalagið en það var engin neikvæðni í því, enda hefur hv. þm. misskilið orð mín ef svo er. Það var ekki ádeila á forráðamennina sem ég hafði í minni ræðu heldur gat ég um það að málið væri misskilningur, misskilningur frá upphafi og að tala um það enn þá eftir þær leiðbeiningar sem bæði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og sá sem hér stendur höfum reynt að hafa uppi um að félagið er ekki gagnkvæmt. Því var breytt, og einu sinni enn segi ég það, með lögunum frá því í apríl 1994. Ef þetta verður endalaus misskilningur eða ásteytingarsteinn, þá erum við ekki að tala um sama málið. Þetta mál hefði átt að vera flutt fyrir fjórum árum. Þetta er tímaskekkja eins og ég sagði. Það kann vel að vera að það hefði verið rétt þá. Þetta er ekki dómur um það. Menn gátu vel farið með slíkt frv. sem þetta upp fyrir fjórum árum og þá hefði bara þurft að taka á því. Þá hefði félagið verið leyst upp með allri þeirri vinnu sem því fylgdi og það hefði bara orðið að taka þann slag. Hitt var gert og frammi fyrir því stöndum við. Spurningin er sú: Hvers eiga þeir sem hafa, og ég sagði einu sinni við, því miður — það vill svo til að ég er sveitarstjórnarmaður og ég bíðst ekkert afsökunar á því. Það geri ég hvorki hér né nokkurn tíma síðar, hv. 1. flm. þessa frv., því við sveitarstjórnarmenn erum stoltir af forræði. Við eigum ekki þetta félag en við erum stoltir af því að löggjafinn hefur falið okkur ítrekað forræði þessa félags. Það er eins gott að menn hafi það á hreinu.

Enn einu sinni mátti maður hlusta á það og kannski þýðir ekkert að reyna að leiðrétta það sem ekki kemst til skila, en enn einu sinni mátti sá sem hér stendur hlusta á hv. 1. flm. segja að félagið væri hætt starfsemi sinni, þó svo ekki séu nema 2–3 tímar liðnir síðan ég leiddi að því sönnur að félagið væri í fullum rekstri og aldrei með glæstari framtíð en einmitt núna.

Þegar 1. flm. talar um að Landsbankinn sé því til sönnunar að við — ég segi við, sveitarstjórnarmennirnir, höfum ekki lengur lögsögu yfir þessu félagi, ég tel að það felist í orðunum, að við séum hættir starfsemi og Landsbankinn fari með allan atkvæðisrétt af þeim helmingum sem hann keypti. Það kann vel að vera. Ég efast ekkert um að hv. þm. hafi rétt fyrir sér í því efni. En það breytir ekki því að fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins situr forstjóri félagsins í stjórninni. Hann hefur þá gefið Landsbankanum leyfi til að fara með þennan atkvæðisrétt og hefur fullt leyfi til þess. Hann er ekki á vegum Landsbanka Íslands í stjórninni. Hann er fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem er enn þá í vátryggingarekstri eins og ég sýndi fram á í ræðu minni fyrr í dag þar sem ég las upp eignarhlutann bæði í LÍFÍS og VÍS og ef menn vilja ekki skilja svona einfaldan sannleika og staðreyndir, þá erum við bara að tala um tvo ólíka hluti og þá náum við heldur aldrei saman. Og það að lýsa okkur, nú segi ég okkur, sem erum á móti þessu frv., alfarið þannig að við göngum með grillur eða ráðstjórnarhugmyndir í kollinum. Það vantaði bara að það kæmi forræðishyggja í viðbót og eitthvað það af verra. Þetta er bara rétt einn misskilningurinn. Það er engin ráðstjórnarhyggja að hafa

breytt þessu félagi frá því sem stendur í matsgerðinni frá þeim tveim sómamönnum sem falið var af nefndinni 1993 að kanna grundvöllinn á félaginu og þeir mátu félagið á 500 millj. kr. Ég kalla það ekki ráðstjórnarhyggju að hafa komið verðgildi félagsins upp í það sem við getum kallað 3–3,5 milljarða. Ég held að það hefði aldrei verið hægt að koma verðgildi félagsins með ráðstjórnarhyggju í þvílíkar himinhæðir í fjármunum. En það má svo sem vera og hv. 1. flm. má bara hafa það þannig ef hann vill. Ég þekki það alla vega ekki úr hans flokki að menn hafi þessa skoðun, en það er ekkert nýtt undir sólinni.

Svo kom reyndar skýringin á öllu saman. Það var að það væri hættulegt og eftir þessu beið ég. Það vill nú svo vel til að hv. 1. flm. þessa frv. er heiðarlegur í málflutningi sínum og það vil ég segja honum til hróss. Hann sagði í lokin einmitt það sem menn hafa hugsað en kannski ekki þorað að segja. Hann sagði að það væri hættulegt að vita af þessum 3,5 milljörðum — ég náði ekki restinni — ganga lausa. Var það ekki þannig orðað? En þá fer maður að skilja málið. Það er komið upp afl í þessu þjóðfélagi sem heitir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem ætlar sér að vera í vátryggingum, bak við þessa 3–3,5 milljarða, það er náttúrlega afl. Það eru önnur öfl í þessu þjóðlífi sem ekki sætta sig eflaust við það að fá slíkt á sig. Ég treysti því að hv. þm., 1. flm. þessa frv., gangi ekki erinda þeirra afla frekar en sá sem hér stendur, heldur einhverra annarra.

Við erum ekkert að hætta í tryggingum og það vill svo vel til að tilgangur og starfssvið þessa félags liggur fyrir. Það stendur hér, með leyfi forseta. Það stofnar til eignarhalds í vátryggingafélagi á einangruðu sviði með innlendum eða erlendum aðilum um sérþarfir sveitarfélaga fyrir sveitarstjórnartryggingar og vátryggingarábyrgð þeirra. Þetta stendur allt saman hér ef menn vilja kynna sér málið. En þetta síðasta um þessa 3,5 milljarða, að þeir séu hættulegir, það held ég að svari spurningu dagsins.

[18:26]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög hættulegt, það er mjög óhollt, það er mjög slæmt að í viðskiptalífinu séu menn sem eru að fara með stóra fjármuni sem þeir eiga ekki. Það er mjög slæmt og það að treysta ekki réttum eigendum til þess að vera handhafar sinna peninga og fara farsællega með sitt fé, það er ráðstjórn, það er forræðishyggja.

Það hefur alltaf legið fyrir hverjir eigendurnir eru. Það eru íbúar sveitarfélaganna. Þeim er alveg treystandi til þess að fara með þetta fé, enda á svo að vera í lýðfrjálsu landi. Það liggur alveg fyrir og engin deilumál eru um það að Brunabótafélag Íslands seldi Landsbankanum sinn hlut í VÍS. Vegna BIS-reglna Landsbankans var ekki hægt að ganga frá þessu ööruvísi. Í þinginu var þetta okkur gert ljóst, sérstaklega í efh.- og viðskn. BIS-reglurnar leyfðu ekki Landsbankanum að gera þetta. Þess vegna er ákveðinn hluti enn þá skráður og verður skráður meðan verið er að borga inn á Brunabótafélagið.

Forstjóri Brunabótafélagsins er mjög hæfur til að vera stjórnarformaður í hvaða tryggingafélagi og hvaða félagi sem er og þeim er náttúrlega að sjálfsögðu frjálst að kjósa hann. Brunabótafélag Íslands, eignarhaldsfélagið, er ekki í tryggingum lengur. Það getur hver og einn sem á stokk af hlutabréfum sagt: Við erum í tryggingabransanum, en svo er ekki. Þetta er eignarhaldsfélag á almennum markaði. Það er það sem það er. Það var áður gagnkvæmt tryggingafélag. Þegar því var breytt var því ekki fullnustað að láta hið gagnkvæma tryggingafélag njóta sín, þ.e. eigendurnir fengu það ekki. Það var ekki gert 1994. Þetta frv. er um að gera það sem átti að gera 1994. Því miður var það ekki gert. Við höfum ekki sagt að það hafi verið ólöglegt 1994, en það er þó betra að gera það seint en aldrei.

[18:28]

**Jónas Hallgrímsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé engan mun á því að treysta mönnum eða löglega kjörinni stjórn þessa félags eða einhvers annars fyrir 500 millj. kr. eins og það var metið á sínum tíma eða 3,4 milljörðum eða hvað sem það er í dag. Ég sé engan mismun á því og ég trúi því ekki að það séu upphæðirnar sem ráða því hvort menn eru traustsins verðir eða ekki. Það alla vega má ekki vera ef svo er.

Ég vil að það komi fram að það var ákveðin forræðishyggja í gamla félaginu. Forræðishyggjan fólst í því að forstjóri félagsins var ráðinn eða skipaður af ráðherra. Þessari forræðishyggju var breytt með lögunum frá því í apríl 1994. Það er engin forræðishyggja í þessu félagi í dag. Það er rekið nákvæmlega eins og önnur félög og það má kalla það eins og hv. 1. flm. nefndi það á markaðsgrundvelli. Við erum náttúrlega á markaðsgrundvelli og við verðum á markaðsgrundvelli. Það eru alveg hreinar línur eins og lögin eru að við teljum okkur hafa fullt leyfi til þess og ætlum okkur að gera það.

Ég nefni bara til að þeir fjármunir, þessar 110 millj., sem mönnum hefur orðið tíðrætt um og er ágóðahluti sem greiddur verður út í ár, við ætlum þeim fjármunum að fara til forvarna og í sveitarstjórnarpakkann sem gamla félagið var fyrst til þess að taka upp og hlutu áreiðanlega mikið þakklæti fyrir frá mörgum.

Ég ætla ekki að munnhöggvast meira um þetta mál. Ég hef reynt að útskýra það af hverju við teljum að þetta frv. sé tímaskekkja og ég endurtek að flm. hefðu átt, þeir sem greiddu atkvæði með frv. 1994, að flytja þetta eða eitthvað annað líkt frv. en ekki greiða því atkvæði. Það hefur ekkert breyst annað en upphæðin síðan.

[18:30]

**Flm. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að við flm. höfum aldrei efast um að þingið gat og mátti breyta þessu eins og gert var 1994. Aldrei hefur annað komið fram. Við teljum hins vegar að það hafi verið rangt. Það hefði átt að skipta félaginu upp milli tryggingatakanna sem voru og eru sannarlega eigendurnir. Við erum að fara fram á það með þessu frv. svo að ég fari enn þá einu sinni yfir það að hinum réttu eigendum sé þá úthlutað þessu því að það hefur orðið breyting á. Þó nokkuð margir hafa dáið og fyrirtæki verið afskráð og þetta hefur orðið sameign sveitarfélaganna. Ekkert í frv. er um að breyta því. Það á ekkert að taka neitt af neinum. En eignarrétturinn er varinn í stjórnarskránni og það liggur alveg ljóst fyrir um hvað þetta er. Það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur um það. Það er enginn misskilningur í málinu. Það er alveg skýrt. Við erum að fara fram á að það sem við teljum að hefði átt að gera 1994 sé gert núna. Það er enginn misskilningur á nokkurn hátt og ég veit að allir aðilar sem standa að þessu, hvort sem þeim líkar þessi málflutningur betur eða verr, skilja alveg um hvað þetta er.

Það er enginn misskilningur milli mín og hv. 1. þm. Austurl. Alls enginn. Þetta er um að virða eignarrétt og virða prinsipp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Umboðsmaður aldraðra, 1. umr.*

Frv. ÓÞÞ og GÁ, 475. mál. — Þskj. 808.

[18:32]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um umboðsmann aldraðra. Þetta er frv. sem varamaður minn á þingi, Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Guðni Ágústsson lögðu fram fyrr í vetur. Það er svo merkilegt með þetta þing okkar að þótt mál hafi verið lögð fram fyrir mörgum mánuðum virðist eiga að afgreiða öll mál á einum degi sem koma frá stjórnarþingmönnum. Ég hélt reyndar að úr því sem komið var hefði verið komið samkomulag við menn um að stytta mál sitt og að reyna að koma þeim tugum mála sem eru á dagskrá í dag í umræðu. Svo gerðist það hér í dag, þótt ég ætli ekki almennt að gera fundarsköp að umræðuefni, að 23. mál er tekið fram fyrir þessi mál af því að þeir sem voru með það mál þurftu að verja kvöldinu til annars. Það vill bara svo til að fleiri þingmenn eru með mál á eftir sem eru undir sömu sökina seldir og þurfa að vera á sama fundinum þannig að mér finnst afar sérkennilegt hvernig tímanum hefur verið varið í dag og það virðist ekki vera mikið virt að menn ætli að stytta mál sitt. Það er kannski horfið frá því samkomulagi að menn reyndu að stytta mál sitt þegar þeir tala fyrir frv.

Víkjum aftur að frv. til laga um umboðsmann aldraðra. Það er staðreynd sem blasir við að á næstu áratugum mun öldruðum á Íslandi fjölga mjög sem hlutfalli af fólki á vinnumarkaði. Á undanförnum árum hafa orðið miklar umræður um hag aldraðra og með hvaða hætti unnt sé að tryggja öldruðum viðunandi lífskjör þegar starfsævinni lýkur. Sú umræða hefur að mestu markast af fjárhagslegum þáttum, svo sem bótum almannatrygginga, skattskyldu lífeyrisgreiðslna og framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóða sem allt varðar það hvort fjárhagslegt öryggi aldraðra sé nægilega tryggt. Aldraðir hafa í auknum mæli bundist samtökum til að sinna hugðarefnum sínum og gæta hagsmuna sinna og hafa þau unnið mjög gott starf á ýmsum sviðum. Að eigin frumkvæði og í samvinnu við ýmsa opinbera aðila hafa þau, þ.e. samtök aldraðra, staðið fyrir umræðu um framtíðarhag aldraðra, fyrirkomulag framfærslumála og fleiri mál.

Á undanförnum árum hefur orðið vart misræmis í túlkun ýmissa atriða er varða hagsmuni aldraðra, sérstaklega fjárhagslega hagsmuni, enda eru aldraðir mjög misjafnlega staddir fjárhagslega. Þar vega þyngst lífeyrisréttindi sem aflað hefur verið á starfsævinni, aðrar tekjur lífeyrisþega, svo sem af eignum, og hjúskaparstaða hins aldraða. Gagnrýnt hefur verið að jaðarskattsáhrif séu meiri á fjárhag aldraðra en eðlilegt geti talist, og misjafnt sé hvernig stjórnvaldsaðgerðir komi niður á öldruðum eftir aðstæðum þeirra. Þá liggur fyrir að aldraðir eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að fylgja sjálfir eftir hagsmunum sínum og réttindum. Þess eru mörg dæmi að aðstandendur aldraðra sjái um réttindamál þeirra að mestu leyti en jafnframt er full ástæða til að óttast að í einstaka tilfellum sé misfarið með fjármuni aldraðra og að hagsmuna einhverra þeirra sé að einhverju eða öllu leyti ekki gætt sem skyldi.

Í framhaldi af því sem að ofan er rakið í máli mínu hefur að undanförnu verið talsverð umræða um að aldraða skorti talsmann sem njóti virðingar og gæti hagsmuna þeirra gagnvart stjórnvöldum, tryggi að vilji aldraðra komi fram áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þá, fylgist með því að þjóðréttarsamningar, lög og stjórnsýslureglur séu í heiðri höfð og bregðist við ef talið er að með athöfnum eða athafnaleysi sé brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra.

Til þess að koma til móts við þarfir þær sem að ofan er lýst er lagt til í frumvarpi þessu að komið verði á fót embætti umboðsmanns aldraðra til þess að tryggja og bæta hag aldraðra í samfélaginu og reyna að sjá til þess að stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra sé í samræmi við vilja þeirra. Um fyrirmynd að þessari skipan má líta til embættis umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna. Umboðsmaður Alþingis hefur á þeim áratug sem hann hefur starfað hlotið fastan sess í þjóðfélaginu og umboðsmaður barna hefur á sínum stutta starfstíma sýnt fram á nauðsyn embættisins til að standa vörð um hagsmuni barna. Með svipuðum hætti er ætlunin að embætti umboðsmanns aldraðra standi vörð um hagsmuni aldraðra eins og nánar er lýst í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Nú nýverið var hér dreift á Alþingi skýrslu forsrh. um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis. Þetta er heljarmikið og fróðlegt plagg upp á einar 54 bls. þar sem lýst er stöðu aldraðs fólks hér á landi borið saman við önnur ríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD. Rauði þráðurinn í skýrslunni er hvað þeim sem eru 67 ára og eldri á eftir að fjölga mikið sem hlutfalli af þjóðinni, þ.e. að aldursdreifingin, aldurspíramídinn, á eftir að breytast mjög mikið á komandi árum. Þannig var að árið 1996 voru þeir sem voru 67 ára og eldri 9,8% af Íslendingum og framreikningar til 2030 gefa til kynna að árið 2030, eftir 32 ár, verði aldraðir borgarar orðnir 16,5% mannfjöldans.

Í skýrslunni er einnig að finna fróðlegar upplýsingar um eignir og skuldir aldraðs fólks. Þar kemur glögglega fram að eignir þeirra sem komnir eru á efri ár, komnir á eftirlaunaaldur, 66 ára og eldri, eru býsna miklar. Skuldir eru nokkrar þótt þær fari hríðminnkandi eftir að á þennan aldur er komið. Aldraðir eru oft með misjafnar tekjur og hafa náttúrlega eftir á þennan aldur er komið mjög takmarkaða möguleika til að afla sér tekna en það er ljóst að þetta fólk hefur oft og tíðum litla möguleika til að fylgjast með þeim breytingum sem verða á lögum og reglugerðum sem varða réttarstöðu þeirra, varða eignir þeirra, varða meðferð þeirra fjármuna sem viðkomandi einstaklingar eiga.

Ég held að einmitt þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni á bls. 26 og 27 og sýna að þetta fullorðna fólk er með þetta miklar eignir, sem eru að töluverðu leyti bundnar í fasteignum, sýni nauðsyn þess að þetta fólk geti snúið sér til einhvers aðila eins og hér er rætt um, umboðsmanns aldraðra, sem getur leiðbeint því, getur tekið upp mál sem þetta fólk á hugsanlega í útistöðum við kerfið, geti leiðbeint því í gegnum frumskóg kerfisins og ekki síst verið málsvari þess gagnvart opinberum aðilum þegar nýjar og nýjar álögur eru lagðar á grundvelli eigna sem þetta fólk á án þess að horfa til þess hvort þetta fólk hafi tekjur til að standa undir þeim sköttum sem eru lagðir á eignirnar.

Ég vék áðan í máli mínu að umboðsmanni barna sem hefur starfað í nokkur ár. Þjóðin hefur efni á að starfrækja

umboðsmann barna sem eru þó í þeirri stöðu að hafa yfirleitt forráðamenn til að gæta að hag sínum. Samt sem áður töldu menn rétt að stofna embætti umboðsmanns barna sem kostað er af opinberu fé. Þá hlýtur það ekki síður að vera réttlætanlegt að leggja opinbert fé til þess að stofna embætti sem lætur sig varða hag þeirra sem hafa oft og tíðum ekki aðra til að halda utan um mál sín eins og foreldrar gera þegar börn eiga í hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Jarðabréf, fyrri umr.*

Þáltill. GMS og EgJ, 506. mál. — Þskj. 873.

[18:42]

**Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um jarðabréf sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að auðvelda nýliðun í landbúnaði með því að koma á nýjum lánaflokki, „jarðabréfum", er bjóði upp á svipaðan lánstíma og lánskjör við kaup á bújörðum og húsbréf við kaup á íbúðarhúsnæði. Heimilt verði að lána allt að 65% af kaupverði bújarða, þ.e. til kaupa á landi, fasteignum, vélum og bústofni."

Við vitum það sem til þekkjum í íslenskum landbúnaði að nýliðun í landbúnaði hefur á undanförnum árum verið allt of lítil til að greinin geti þróast eðlilega. Ástæðurnar má einkum rekja til lélegrar afkomu af búrekstri og erfiðleika nýliða við að afla langtímalána til jarðakaupa. Afkoma af búrekstri eins og hún er nú gerir bónda sem er að hefja búskap ekki mögulegt að standa undir greiðslubyrði af fjárfestingarlánum þegar lánstími er einungis til nokkurra ára. Þótt margir eldri bændur vilji hætta búskap í því skyni að hleypa yngri bændum að jörðinni ráða ungir bændur ekki við að kaupa miðað við þá fjármögnun sem er í boði. Afrakstur ævistarfs flestra bænda er bundinn í jörðum þeirra og bústofni og þeir eiga ekki hægt um vik að selja jörð og bústofn nema þeir fái umtalsverðan hlut söluverðsins greiddan á öruggan hátt.

Með því að bjóða upp á húsbréf eykur ríkisvaldið öryggi í viðskiptum með íbúðarhúsnæði jafnframt því sem slík kaup eru aðgengilegri fyrir kaupanda og seljanda. Jarðakaup fela að sjálfsögðu í sér kaup á fleiru en íbúðarhúsnæði þar sem íbúðarhús, land, útihús, vélar og búpeningur eru órjúfanleg heild eigi jörð að haldast í ábúð. Hugmyndin að jarðabréfum gengur út á að stofnaður verði nýr lánaflokkur þar sem lánað verði til allt að 40 ára til kaupa á jörðum ásamt fasteignum, vélum og búpeningi. Ég tel ekki óeðlilegt þegar lán er veitt til jarðakaupa að líta á búrekstur eins og annan rekstur þar sem einn rekstrarþáttur verður ekki skilinn frá öðrum, það sem kallað er á enskri tungu: „going concern", þ.e. að líta á þetta sem eina heild sem sé andlag veðs sem ein heild. Á sama hátt og með húsbréf fær kaupandi jarðar veðleyfi fyrir skuldabréfi með heildarveði í viðkomandi jörð. Kaupandinn skiptir á skuldabréfinu fyrir ríkistryggð jarðabréf sem útgefandi sér um að afhenda seljanda jarðarinnar. Ég tel að ef þetta kemst á þá muni það hjálpa mjög til við kynslóðaskipti á jörðum.

Það má þakka fyrir að eftir að þessi þáltill. var lögð fram — það eru allmargir mánuðir síðan hún var lögð fyrir þingið — þá kom fram frv. til laga frá ríkisstjórninni um að lengja lánstíma í Lánasjóði landbúnaðarins sem áður var Stofnlánadeild landbúnaðarins og þar er verulega komið til móts við þau sjónarmið sem eru í þessari þáltill. minni. Því má spyrja hvort eðlilegt hefði verið að draga þetta mál bara til baka þar sem ríkisstjórnin hafði gert þetta — eins og ég sé málið — eftir að þessi þáltill. hafði verið lögð fram og málið tekið upp. Ég tel þó ekki rétt að draga þáltill. til baka vegna þess að ég tel að það vanti nokkuð á í lagafrv. ríkisstjórnarinnar um lengingu lána til jarðakaupa. Ég tel að það vanti nokkuð á að viðurkennt sé að jörð, bústofn og vélar séu eitt og verði ekki skilin hvert frá öðru þegar kemur að því að veita lán. Menn þurfa á þessu öllu að halda eigi að vera hægt að annast búrekstur.

Það er svo aftur annað mál að þau vinnubrögð sem tíðkast hér á þessum ágæta vinnustað eru mjög sérstök, þ.e. að þau mál sem þingmenn leggja fram og eru komin fram fyrir mörgum mánuðum þurfi að bíða á meðan frv. sem koma frá ríkisstjórninni, jafnvel um sömu mál og þingmenn eru áður búnir að leggja fram, séu tekin fram fyrir eins og ég var að lýsa áður og fá betra rými til að hægt sé að koma þeim að og tala fyrir þeim. Með því er ég alls ekki og síður en svo að tala gegn því að frv. um lengingu lána verði ekki afgreitt. Ég vona svo sannarlega að það verði gert. Mér finnst þessi vinnubrögð, að málin komi ekki til umræðu eftir því hvenær þau eru lögð fram, engu að síður allsérstök.

Ég vona að hv. landbn. taki þau atriði til skoðunar sem eru í þessari þáltill. sem ég gleymdi að geta um áðan að Egill Jónsson flytur með mér. Ég vona að hv. landbn. skoði hvort ekki sé rétt að líta á jarðir sem einn rekstrarþátt, þ.e. ekki bara jörðina sjálfa heldur hús, vélar og búpening, og miða lánveitingar við það að menn þurfa á öllum þessum þáttum að halda eigi að vera hægt að stunda búskap.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Fangelsi og fangavist, 1. umr.*

Frv. GMS, 536. mál. — Þskj. 920.

[18:49]

**Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):**

Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Greinargerð mín fyrir því frv. til laga sem ég flyt hér er sú að með lögum sem við samþykktum á Alþingi 22. desember 1997, um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, voru rýmkaðar verulega heimildir dómþola sem dæmdur hefur verið til refsivistar til að sinna samfélagsþjónustu í stað þess að afplána refsingu í fangelsi. Og þetta var hið besta mál.

Undanfarin ár hefur verið í lögum allþröng heimild fyrir dómþola til að óska eftir samfélagsþjónustu í stað afplánunar refsidóma en víða erlendis hafa slíkar heimildir verið lengi í lögum og gefist mjög vel.

Samfélagsþjónustan byggist eins og við vitum á því að í stað þess fangi taki refsivist út með því að hann sé lokaður inni í fangelsi, þá tekur hann að sér að sinna ákveðinni þjónustu í þágu samfélagsins kauplaust.

Hins vegar er það svo að heimild laganna sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1997 nær ekki til refsivistar þeirra

sem dæmdir hafa verið til greiðslu sekta að viðlagri vararefsingu í formi refsivistar, geti dómþoli ekki innt sektargreiðslu af hendi. Þau tilvik hafa komið upp að dómþoli hafi ekki efni á að greiða sekt, t.d. vegna gjaldþrots eða verulega skerts gjaldþols í framhaldi af þeim atburðum er leiddu til sektardóms. Vandséð er að það hafi verið ætlan Alþingis að veita rýmri heimildir til samfélagsþjónustu í stað refsivistar þegar brot er þess eðlis að dómþoli er dæmdur í óskilorðsbundna refsivist en þegar refsivistin er vararefsing. Fjölmörg tilvik geta orðið þess valdandi að dómþoli geti ekki staðið í skilum með greiðslu sektar og vandséð að slíkt réttlæti að viðkomandi sé skilyrðislaust gert að sitja af sér vararefsingu í fangelsi meðan þeir sem dæmdir hafa verið til refsivistar eiga þess kost að sinna samfélagsþjónustu í stað hennar.

Ef við lítum aðeins nánar á hvað ég á hér við og tökum um það einfalt dæmi, þá er verið að segja að hafi maður ráðist að öðrum manni með ofbeldi og barsmíðum og verið dæmdur fyrir það þá getur hann átt kost á því að sinna samfélagslegri þjónustu í stað þess að fara í fangelsi. Hafi maður hins vegar verið sektaður — við getum t.d. hugsað okkur þá stöðu að viðkomandi hafi ekki getað staðið skil á opinberum gjöldum sem hann átti að halda eftir og hlotið fyrir það sektargreiðslu og geti hann ekki borgað sektina þá fær hann fangelsisdóm til vara — er ekki dæmdur til fangelsisvistar, en í fangelsi til vara, þ.e. hann er skilinn eftir í þeirri stöðu að geti hann ekki borgað sektina þá verður hann að fara í fangelsi. Hann á ekki sama kost og ofbeldismaðurinn, sem barði einhvern, sem á kost á að óska eftir því að fá að taka refsinguna út í formi samfélagsþjónustu. Maðurinn sem er dæmdur til vararefsingar skal í fangelsi. Þetta lagafrv. sem ég flyt hér miðar að því að breyta þessu.

Í íslenskri refsilöggjöf eru höfuðgreinar refsinga aðeins tvær, refsivist og fésektir. Fésektum er ætlað að bitna á fjármunum eða fjárráðum hins brotlega en refsivist á persónufrelsi hans. Einkenni fésekta eru um margt önnur en einkenni refsivistar. Fésekt taka menn út frjálsir ferða sinna og er hún því sjaldnast eins mannorðsskemmandi og refsivist eins og Jónatan Þórmundsson prófessor bendir á í riti sínu, sem heitir Viðurlög við afbrotum. Það er almennt viðurkennt að fésektir séu vægari refsitegund en refsivist og að hæsta sektarrefsing samkvæmt lögum sé vægari refsing en skemmsta refsivist. Á hinn bóginn er oft erfiðleikum bundið að innheimta fésektir og tryggja að þær bitni á sökunautum persónulega eins og tilgangurinn hlýtur að vera. Þess vegna er gert ráð fyrir refsivist sem vararefsingu ef sektargreiðsla bregst.

Það skýtur nokkuð skökku við að hér á landi sé heimilt að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu en ekki fésektir, sérstaklega þegar haft er í huga að fésekt getur orðið jafnþungbær og refsivist ef dómþoli á ekki kost á að inna sektargreiðslu af hendi. Auk þess koma fésektir mjög misjafnlega við dómþola, efnalitlir sökunautar þurfa frekar að afplána vararefsingu en hinir sem betur mega sín. Afpláni dómþoli vararefsingu er hann í sömu stöðu og sá sem dæmdur er til refsivistar. Enginn munur er þar á, vararefsing fésektar er fullnustuð með sama hætti og óskilorðsbundin refsivist. Jónatan Þórmundsson prófessor bendir á það í Viðurlögum við afbrotum að í raun sé óviðunandi að það geti farið eftir efnahag og afkomu hvort dómþoli þarf að taka út vararefsingu fésektar í varðhaldi eða fangelsi ef sektin fæst ekki greidd. Bendir hann á að komið hafi til tals að afnema vararefsingu með öllu en bendir jafnframt á að eitthvað verði að koma í staðinn. Nefnir hann samfélagsþjónustu sem úrræði.

Það sjónarmið hefur komið fram að fésektir hafi þann kost fyrir samfélagið að þær færi því fé í stað þess að baka því kostnað eins og refsivist. Þessi munur hverfur þegar sökunautur hefur ekki efni á að inna sektargreiðslu af hendi og þarf að afplána vararefsingu. Þá er fésektarúrræði jafndýrt fyrir þjóðfélagið og refsivist. Fyrrnefnt sjónarmið, að samfélagsþjónusta spari þjóðfélaginu fjármuni, á orðið jafnt við um refsivist og fésektir í slíku tilviki.

Gera verður ráð fyrir að þeir sem hafa efni á að greiða fésektir sínar muni eftir sem áður gera það því að samfélagsþjónusta er í flestum tilfellum þungbærari en greiðsla sektar fyrir dómþola. Telja verður hverfandi líkur á að ríkið verði af miklum sektargreiðslum við að lögfesta það úrræði sem frumvarpið felur í sér. Refsingar eru ekki hugsaðar sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð þótt réttlætanlegt sé að horfa til þess við setningu laga og reglna sem gilda eiga um refsingar hvaða úrræði hafi í för með sér minnstan kostnað fyrir ríkissjóð. Þá er umhugsunarvert hvort það samrýmist 65. gr. stjórnarskrárinnar að láta efnalausa eða efnalitla sökunauta sæta annarri og þyngri refsingu en þá sem betur mega sín. Skv. 65. gr. skulu allir vera jafnir fyrir lögunum, m.a. óháð efnahag þeirra. Það er í mínum huga grundvallaratriði og réttlætismál að leiðrétta slíkan mismun á milli dómþola.

Því er þetta frv. til laga flutt um að þeir sem dæmdir eru til vararefsingar, ef þeir geta ekki greitt sekt, megi sinna samfélagsþjónustu eins og þeir sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar geta í dag sótt um að sitja hana af sér með því að sinna samfélagsþjónustu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *PCB og önnur þrávirk lífræn efni, fyrri umr.*

Þáltill. KPál o.fl., 535. mál. — Þskj. 919.

[18:58]

**Flm. (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um PCB og önnur þrávirk lífræn efni. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Árni M. Mathiesen.

Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera úttekt á hvar PCB og önnur þrávirk lífræn efni er að finna hér á landi og í hve miklu magni. Jafnframt geri ráðherra tillögu um eyðingu þeirra efna sem geta reynst skaðleg lífríkinu."

Herra forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þessa þáltill. svo kunn eru orðin áhrif þeirra eiturefna sem hún fjallar um. Áhrifin eru mjög alvarleg vegna þess að þau geta valdið krabbameini, heft þroska manna og dýra, valdið ófrjósemi og fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga stórskaðað ímynd landsins. Staðreyndin er nefnilega sú að PCB-efnin finnast helst í lífríkinu við sjóinn en miklu síður í lífríkinu á landi þó álitið sé að þessi efni berist vegna uppgufunar og flytjist þannig milli landa og yfir höfin og safnist fyrir í frostgildrum á norðurslóðum. Þetta sést þegar skoðaðar eru rannsóknir annars vegar á landfuglum eins og rjúpu og hins vegar sjófuglum eins og æðarfugli. Það kemur fram í greinargerðinni að PCB-mælingar á rjúpu sýna minna magn í þeim en í samanburðarhópum í Kanada og á Svalbarða

á meðan dæmið snýst við þegar skoðaðar eru rannsóknir á æðarfugli á Álftanesi sem hefur tífalt meira magn af PCB en æðarfugl í Kanada. Þetta segir okkur að uppsöfnun á þessum efnum er miklu alvarlegri í sjónum en á landi og skaðar meira.

Mælingar á annars konar mengun, þ.e. þungmálmi eins og kvikasilfri sýna okkur einnig að mikið magn af kvikasilfri er í sjófuglum við Íslandsstrendur samanber fjölstofnarannsóknir Hafró 1992–1995 og mælist hæst í fullorðnum sjófuglum við Látrabjarg miðað við sjófugla í Skotlandi, Hjaltlandseyjum og Norður-Noregi. Ég kem aðeins inn á þetta sérstaka atriði vegna þess að mengunin er mun víðar.

Ekki er talið að þetta mikla magn kvikasilfurs í bjargfuglum geri neyslu sjófuglakjöts hættulega. Þess ber þó að geta að styrkur kvikasilfurs í kjöti íslenskra bjargfugla liggur ekki fyrir svo ég viti og verður að telja eðlilegt að slíkt verði rannsakað hið fyrsta og er í raun ámælisvert að slíkar rannsóknir skuli ekki hafnar nú þegar miðað við þessar niðurstöður um mengun.

Sama á að sjálfsögðu við um þrávirk lífræn efni sem eru hættulegri og verður að segjast að hér heima verðum við að mestu að styðjast við erlendar rannsóknir. Tillaga um slíka rannsókn liggur þó fyrir þinginu, þar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er 1. flm., þar sem gert er ráð fyrir því að mæla þrávirk lífræn efni í lífríkinu.

Afleiðingar PCB-mengunar eru kunnar af ýmsum rannsóknum frá ýmsum stöðum í heiminum, samanber rannsóknir á konum sem neyttu PCB-mengaðrar hrísgrjónaolíu í Japan og Tævan og leiddu þær í ljós að börn þeirra þroskuðust seinna bæði andlega og líkamlega miðað við önnur börn mæðra sem ekki voru sýktar. Þessi börn mældust einnig með lægri greindarvísitölu og áttu við óvenjuleg hegðunarvandamál að stríða. Sömu áhrif áttu sér stað vegna PCB-mengunar fisks í Michigan- og Ontaríóvötnum og hafa þungaðar konur verið varaðar við neyslu fisks úr sumum ám og vötnum í Bandaríkjunum.

Miðað við þær rannsóknir sem ég hef vitnað í er fyllilega ástæða til að við gerum þessum málum rækileg skil en á það hefur verulega skort.

Við höfum horft upp á slys af völdum PCB-mengunar eins og kemur fram í grg. með þessari þáltill., slys sem var á Neskaupstað og Fáskrúðsfirði 1988. Þar var ekkert gert til að hefta útbreiðslu mengunarinnar eða kanna sorphauga svæðisins frekar. Það var talið allt of dýrt. Hollustuvernd ríkisins fékk ekki fjárveitingu til að kanna hvar PCB-mengun væri að finna og í hve miklu magni við strendur landsins eins og stofnunin hafði farið fram á.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem komið hafa síðar um skaðsemi þessara efna á lífríkið tel ég að engan tíma megi missa til að gera þá könnun sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Mikið magn PCB í æðarfugli á Álftanesi, í fjörum forsetasetursins, benda til þess að mikið magn þessara efna sé í skeljum og þörungagróðri sem æðarfuglinn étur. Hvaðan þetta PCB-magn kemur í fjörurnar er spurning sem þarf að svara. Svarið gæti legið í því að spennar sem hefur verið fargað í nágrenninu væru farnir að leka. Það gæti vel verið miðað við reynsluna frá Neskaupstað og frá Fáskrúðsfirði. Ég vil leyfa mér að vitna í bréf sem Hollustuvernd ríkisins sendi til heilbrrh. um þá rannsókn. Í því bréfi stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hjálagt sendist yður skýrsla um niðurstöður rannsókna á kræklingi í Norðfirði og Fáskrúðsfirði með tilliti til PCB-mengunar. Um tilefni rannsóknarinnar vísast til bréfa mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins til heilbrrn. dagsettra 18. maí og 31. júlí 1988.

Eins og fram kemur í skýrslunni mældist töluverð mengun í kræklingi nærri þeim stöðum þar sem vitað er að PCB hafi verið fargað. Um er að ræða styrk sem er um það bil 13 sinnum hærri en í viðmiðunarsýnum teknum á svipuðum slóðum en fjarri förgunarstöðum og helmingur þess sem venjulega mælist í kræklingi við strendur Danmerkur. Ekki er um að ræða neina verulega hættu af völdum mengunarinnar enn sem komið er en ljóst er að sigvatn frá sorphaugum hefur mengað lífverur í nálægu umhverfi. Frá sorphaugunum mun að öllum líkindum lengi enn stafa mengun af völdum PCB þótt förgun hafi nú verið hætt og því er sá möguleiki fyrir hendi að mengun lífvera eigi eftir að vaxa."

Herra forseti. Þetta bréf ásamt þeim rannsóknum sem ég hef vitnað í segir okkur að leki sem sá sem ég vitnaði í í skýrslunni hefur haft áhrif hér á landi. Þessu svipar til þeirra mælinga sem hafa verið gerðar á Álftanesi þegar borin er saman mengun þar miðað við mælingar á fuglum á viðmiðunarstöðum á Svalbarða og í Kanada. Á Fáskrúðsfirði mælist 13 sinnum meiri mengun í kræklingi á menguðum stöðum en fyrir utan mengunarstaðina eða á viðmiðunarstöðum. Hvort það er einhver vísindaleg sönnun í því er annað mál en það eru vísbendingar sem ég tel fulla ástæðu til að nýta sér. Það er ljóst, herra forseti, að þær rannsóknir sem til eru gefa til kynna það magn sem er í þeim fugli sem hefur verið mældur við strendur landsins eins og æðarfugli. Magnið er verulega mikið þó að það sé ekki talið skaða enn þá.

Þetta alvarlega ástand gæti verið mun víðtækara en kemur fram í þeim mælingum sem þegar liggja fyrir vegna þess að aðeins mjög fáir staðir og stuttar strandlengjur hafa verið mældar. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að staðsetja, eins og kemur fram í þessari þáltill., hvar þessir spennar eru, þ.e. hvar þeim hefur verið fargað, hvar þeir eru geymdir án þess að hafa verið grafnir og kanna ástand þeirra. Þegar það hefur verið kortlagt þarf að sjálfsögðu að vakta nákvæmlega þá staði þar sem slík förgun hefur átt sér stað.

Fyrir þjóð eins og Íslendinga er bráðnauðsynlegt að hafa vald á máli eins og þessu. Ímynd okkar er að veði, ímynd okkar sem matvælaþjóðar, ímynd okkar sem fiskveiðiþjóðar.

Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að Íslendingar hafa víða haldið því fram að fiskneysla auki greind manna. PCB virkar á fóstur og ungbörn þannig að athyglisgáfa þeirra og greind skerðist verulega þannig að neysla, þó ekki sé nema að litlu magni, á jafnvel svartfuglum eða öðrum fuglum sem við þekkjum að eru mengaðir á Íslandi gæti hugsanlega skaðað ungmenni án þess að það hafi verið rannsakað sérstaklega. Þess vegna vil ég, herra forseti, leggja ríka áherslu á að þetta mál fái hraða afgreiðslu í gegnum þingið og nefnd þingsins þannig að þessi rannsókn verði þegar í stað sett af stað. Kanadamenn sem eru til fyrirmyndar að þessu leyti hafa þegar í sínu stóra landi skráð alla þá staði þar sem PCB-mengun er að finna eða þar sem PCB hefur verið urðað eða geymt og þeir staðir eru allir vaktaðir nákvæmlega þannig að það er vitað hvenær hætta steðjar að og hvenær þarf að grípa inn í. Þar er ekki verið að spara peningana heldur verið að hugsa um orðstír landsins. Orðstír okkar Íslendinga að þessu leyti er svo mikilvægur að þar má ekkert til spara og þess vegna ítreka ég, herra forseti, að það að ljúka þessu máli sem fyrst er þjóðarnauðsyn sem og aðrar

rannsóknir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, er einnig líkt mál sem þarf að fylgjast að.

[19:10]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson á hrós skilið fyrir að vera frumkvöðull að því að flytja þessa tillögu. Ég er að sönnu einn þriggja flutningsmanna með honum en hann á allt frumkvæði að þessu. Tillagan felur í sér að stjórnvöldum verði falið að gera úttekt á því hvar sé að finna einhvers konar uppsprettur PCB hér á landi og jafnframt að gera allt sem hægt er til þess að eyða þeim. Hv. þm. rakti í mjög ítarlegu máli hvers vegna nauðsyn er á þessu og í máli hans sem og grg. sem hann ritaði með þáltill. er að finna mjög fróðlegar upplýsingar um þær mælingar sem hafa farið fram á PCB á ýmsum stöðum á landinu, þar á meðal á ýmsum stöðum eystra. Ég er viss um að þær mælingar hafa fallið í glatkistuna eða menn hafi ekki gert sér grein fyrir þeim, því að ég veit vel að í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í tengslum við PCB hafa menn ekki dregið þetta inn í umræðuna. Þar er um að ræða dæmi um staðbundna mengun PCB. Hv. þm. gat þess að ákveðna hættu gæti leitt af einmitt slíkum lindum, sér í lagi sem óþekktar eru.

Þá komum við að stöðunni á Íslandi og hvernig Ísland er í stakk búið gagnvart öðrum löndum. Hv. þm. drap á Kanada og sagði að Kanadamenn hefðu í fyrsta lagi þegar kortlagt þær stöðvar sem kynnu að menga PCB frá sér og í öðru lagi fylgjast þeir reglulega með mælingum. Ég held að einmitt þetta sé nauðsynlegt á Íslandi. Ég held að nauðsynlegt sé að við tökum upp einhvers konar reglubundnar mælingar í grennd við staði þar sem þess er að vænta að PCB kunni að vera fólgið.

Nú vill svo til, herra forseti, að afskaplega lítið er til af gögnum sem benda til þess hvar PCB sé að finna. PCB sérstaklega er einkum að finna í olíu í þéttum sem notaðir voru í talsvert miklum mæli hér áður fyrr í tengslum við ýmiss konar spennistöðvar og raforkumannvirki og það gefur auga leið að talsverðu magni af þessum tækjum hefur verið fleygt í áranna rás. Það var gert jafnan áður fyrr án þess að olían væri tekin af þeim. Hvað varð um þessi tæki? Það vita fáir í dag. Við vitum þó að þeim hefur verið fargað oft og tíðum á öskuhaugum og sorphaugum víðs vegar um landið.

Veltum til að mynda fyrir okkur gömlu sorphaugunum í Gufunesi sem eru svo að segja að færast inn í stærstu borg landsins. Stöðugt eru gömlu haugarnir í Gufunesi að færast nær borgarmiðjunni vegna þess að mörk borgarinnar eru alltaf að teygja sig lengra og lengra vestur og norður með. Vitum við eitthvað um hvað er að finna í þessum öskuhaugum? Því miður vitum við það ekki. Við vitum hins vegar að á síðustu áratugum var nokkuð um það að menn einfaldlega fluttu spenna þangað og grófu þá á þessum öskuhaugum. Menn vita ekki hversu marga né hvar í þeim víðfeðmu haugum þá er að finna.

Nú hafa menn hætt að nota þessa hauga og nánast ekki neitt fylgst með þeim. Enn í dag eru engin merki um að spennarnir, þéttarnir, sem voru grafnir þarna, séu farnir að leka en það er alveg öruggt að það kemur að því.

Mér er kunnugt um það, herra forseti, að í þeim geirum þar sem menn eru að mæla PCB og önnur lífræn þrávirk efni, þá hafa menn miklar áhyggjur af þessu. Þar hafa menn m.a. rætt þann möguleika að það hljóti að koma að því í framtíðinni, jafnvel ekki ýkja fjarlægri, að spennarnir og þéttarnir sem er að finna með PCB í kæliolíum sínum á öskuhaugunum í Gufunesi kunni að bresta. Hvað verður þá um olíuna? Hún mun þá leka út í umhverfið og smám saman mun þetta síga fram og út í hafið. Þá er líklegt að af því kunni að hljótast talsvert mikil mengun af völdum PCB. Það mun leiða til þess að ýmiss konar lífverur í grennd við höfuðborgina muni auðvitað mengast, fiskur kannski úti á sundunum og örugglega skeldýr og kannski staðbundnir fuglar.

Hv. þm. Kristján Pálsson reifaði einmitt þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á æðarfugli úti á Álftanesi sem eru reyndar nýjar af nálinni. Hlutirnir gerast kannski ekki svo hratt í vísindunum en þær eru það nýjar af nálinni að ekki er enn búið að birta þær í fræðiritum. Þetta telur hv. þm. með réttu að kunni að vera afleiðing af vonandi staðbundinni PCB-mengun. Ég segi vonandi vegna þess að ég tel það vera miklu æskilegri skýringu á þessu mikla magni af PCB sem finnst í þessum fuglum heldur en þá að allt lífríkið við strendurnar sé virkilega orðið svo mengað að þar sé að finna sjófugla sem eru með meira af þessum efnum í sér heldur en á ýmsum öðrum stöðum. Ég óska þess að þetta sé raunin en þá getum við velt því fyrir okkur, herra forseti, að ef til að mynda þessir þéttar, sem er að finna í öskuhaugunum á Gufunesi, mundu bresta eins og þeir munu örugglega gera í tímans rás muni það leiða til jafnmikillar mengunar eins og mælst hefur í æðarfuglum á Álftanesi. Það er rétt að taka fram, herra forseti, að sú mengun er það mikil að á tilteknum tímum ársins, þ.e. þegar fuglinn er að ganga á fituforða sinn til þess að mynda egg og líka þegar hann er að ganga á hann til að fá orku til að sinna ungum sínum, þá brotnar fitan niður. Þessi efni sitja í fitunni og þau fara út í blóðið og þá er magn þeirra í blóði svo mikið að sérfræðingar hafa sagt, og ég leyfi mér að vitna orðrétt til þeirra, herra forseti: „Af þessum sökum kann þetta að valda bráðum eiturhrifum." Þetta er reyndar það sem menn telja að sé orsök fjöldadauða meðal fugla á sumum stöðum Svalbarðaeyjaklasans þar sem menn hafa fundið gríðarlegt magn af mávum sem þeir gátu ekki í fyrstu rakið til neinnar sérstakrar orsakar en fundu síðar að í þessum fuglum var að finna talsvert mikið magn af PCB hvernig sem það komst í þá og út af fyrir sig væri hægt að skýra það.

Þetta sýnir, herra forseti, að í næsta nágrenni við höfuðborgina er nú þegar að finna mikla mengun sem við skulum vona að sé staðbundin, en hún gæti flust víðar og það er nauðsynlegt fyrir okkur að geta kortlagt þessa staði sem hafa einhvers konar gamalt dót og tæki sem geyma í sér PCB til þess að geta m.a. fylgst með þróun mála með mælingum. Það væri mikil óhæfa ef staðreyndin væri sú að mjög víða í strandbyggðum landsins, sem eru ekki mjög fáar, væri að finna einhvers konar tæki af þessum toga og í framtíðinni væri þess að vænta að þegar tímans tönn hefur unnið á þeim væri hægt að finna staðbundna mengun alls staðar við strendur landsins. Ég held að það gæti haft mjög slæm áhrif ekki síst á hreinleikaímynd landsins. Við skulum ekki gleyma því að eins og nafnið gefur til kynna eru þessi efni þrávirk, þau brotna ekki niður, þau geta verkað aftur og aftur mörgum sinnum, kannski um hundruð ára.

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, herra forseti. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé, eins og hv. þm. sagði, að vinda bug að því að kortleggja þau svæði þar sem hægt er að gera ráð fyrir að svona tæki sé að finna, reyna jafnframt að grafast fyrir um þær upplýsingar sem enn kunna að lifa einhvers staðar í gömlum skjölum eða jafnvel í minni lifandi manna til að fá fram frekari vitneskju um staðsetningu þess-

ara slæmu efna og jafnframt að stjórnvöld geri það sem þau geta til að farga þeim í tæka tíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Argos-staðsetningartæki til leitar, fyrri umr.*

Þáltill. ÓÖH, 550. mál. — Þskj. 935.

[19:18]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Í fjarveru hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar mæli ég fyrir till. til ál. um Argos-staðsetningartæki til leitar og björgunar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að finna leiðir til þess að auka og auðvelda notkun Argos-staðsetningartækja meðal þeirra sem ferðast um hálendi Íslands og auðvelda þannig leit og aðstoð við þá sem týnast eða þurfa á hjálp að halda.“

Ferðalög um hálendi Íslands að vetri og sumri við erfiðar aðstæður færast mjög í vöxt, bæði meðal Íslendinga og einnig meðal útlendinga. Veður á Íslandi eru oft válynd og oft skellur á óveður nær fyrirvaralaust.

Á Íslandi er ekkert til sparað til þess að bjarga mannslífum og er það vel. Argos-staðsetningartækið hefur valdið byltingu. Það hefur aukið öryggi ferðalanga og er í raun mjög ódýr leið til þess að leita að týndu fólki. Argos-staðsetningartækið sendir stöðugt merki í gegnum gervihnött til móttökustöðvar í gegnum Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík. Merkin eru alls um 16 mismunandi og gefa til kynna skilaboð, t.d. skilaboð um háska, minni háttar aðstoð eða aðstoðar er ekki þörf og þar fram eftir götunum, Augljós kostur þessa tækis er m.a. sá að ekki þarf að biðja um leit ef ferðamanni seinkar einhverra hluta vegna.

Kerfi þetta hefur verið notað á Íslandi um fjögurra ára skeið og reyndar þegar bjargað nokkrum mannslífum. Einnig hefur þetta kerfi komið í veg fyrir kostnaðarsamar leitir. Kostnaður við uppsetningu kerfisins nam um 6 millj. kr. en allnokkur rekstrarkostnaður er af tækjum þessum svo sem afnotagjöld, gervihnattarsamband og einnig er tekið sérstakt gjald af ferðamönnum, sem þó er mjög lágt, sem fá slíkt tæki á leigu. Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík hefur borið nær allan þennan kostnað.

Það er alveg nauðsynlegt að hvetja til almennrar notkunar á þessu tæki. Það leiðir til fækkunar útkalla og fækkunar á leitum og gæti t.d. fækkað útköllum á þyrlu Landhelgisgæslunnar. Það lætur nærri að kostnaður af einu útkalli þegar stóra þyrla Landhelgisgæslunnar er kölluð til nemi rekstrarkostnaði þessa Argos-kerfis á ársgrundvelli. Ótalinn er þá beinn og óbeinn kostnaður björgunarsveitanna og einstaklinga. Það er alveg nauðsynlegt að ríkisvaldið leggi sitt af mörkum til þess að auka notkun á Argos-tækjunum. Það eykur öryggi, sparar fé og fyrirhöfn og minnkar áhyggjur aðstandenda ferðalanga á hverjum tíma og því er hvatt til ríkisstjórnin finni leiðir til þess að auka og auðvelda notkun á Argos-staðsetningarmerkjatækinu.

[19:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi leggur til fyrir hönd Ólafs Arnar Haraldssonar sem er einnig hv. þm. Framsfl. að ríkisstjórnin finni leiðir til þess að auka og auðvelda notkun Argos-staðsetningartækja. Nú má í fljótu bragði velta því upp hvort það er rétt að ríkisstjórnin standi fyrir slíku? Er það rétt, hv. þm.? Má færa rök að því? Ég held reyndar að það megi færa rök að því. Þau eru einföld, þau eru eftirfarandi:

Það er yfirleitt skattborgarinn og fulltrúi hans, þ.e. ríkisvaldið, sem lendir í því að þurfa að fara upp um hálendi landsins til þess að bjarga fólki í nauð sem einhverra hluta vegna hefur ekki fundið fótum sínum forráð, hefur týnst eða lent í einhvers konar óhöppum. Þar af leiðandi er það skattborgarinn og ríkisstjórnin sem ber kostnaðinn af því. Ríkisstjórninni ber þess vegna í þessu máli eins og öðrum að leita leiða til þess að draga úr þeim kostnaði sem af þessu hlýst. Hv. þm. færir m.a. fram þá staðreynd í máli sínu að kostnaðurinn af rekstri þessa kerfis nemi sem svarar einu útkalli hjá stóru þyrlu Landhelgisgæslunnar. Það finnast mér í sjálfu sér vera nægileg rök.

Önnur rök höfum við einnig séð á þessum vetri í fregnum fjölmiðla, sér í lagi af mjög glannalegu flani fjölmargra útlendinga sem hafa í miðju vetrarríki Íslands lagt í glæfraferðir yfir hálendi Íslands. Hver og ein einasta á þessum vetri hefur endað í ófærum. Ég held að enginn af þeim fjórum leiðöngrum, sem ég man eftir sem lagt hafa af stað yfir hálendið, allt saman verið útlendingar frá einum og upp í sex, hafi komist til byggða af eigin ramleik. Það hefur þurft að sækja hvern og einn einasta. Sumir hafa meira að segja lent í pusi og verið kalnir og beygðir á hjarta þegar þeir loksins hafa komist til byggða fyrir tilstilli vaskra Íslendinga. Öllum þessum mönnum hefði e.t.v. verið hægt að bjarga með minni tilkostnaði, verið hægt að gera það án þess að kalla út fjölmargar sveitir eins og í sumum tilvikum var gert. Þess vegna held ég, herra forseti, að ein þeirra leiða sem hægt væri að fara til þess að auka notkun þessara ódýru staðsetningartækja og spara þannig fé fyrir skattborgarann væri einfaldlega að skylda með lögum alla útlendinga til þess að hafa þetta tæki með sér sem fara í svona glæfraferðir, a.m.k. á tilteknum tíma ársins. Ég spyr hv. þm.: Hvað finnst honum um þessa ágætu tillögu Alþfl. í málinu?

[19:25]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka jafn vel í þetta mál og raun ber vitni. Það er gjarnan kvartað undan því að þingmenn stjórnarinnar eða stjórnarsinnar séu ekki í þingsölum þegar málefni stjórnarandstöðuþingmanna eru í umræðunni og satt að segja hefur ekki mikið borið á þingmönnum stjórnarandstöðunnar í dag. Þess vegna gleður það mig sérstaklega að hinn störfum hlaðni en mikilvirki þingmaður skuli vera í þingsölum með okkur í kvöld til að ræða þessi mál sem eru alvarleg og brýn og sýnir það að hann er mjög glöggur og getur á stundum verið afar réttsýnn sérstaklega þegar hann vill það við hafa.

[19:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. hlý orð í minn garð og minna. Þetta er náttúrlega ekki í fyrsta skipti sem þingmenn Alþfl. reyna með einhverjum hætti að leggja ríkisstjórninni lið og af því að hv. þm. gat þess að fáir stjórnarandstæðingar hefðu verið í salnum í dag sýnist mér að af þeim almennu þingmönnum sem eru í salnum þegar ég lít nú yfir þennan fjölskipaða sal og tel, þá sýnist mér að hér séu þó a.m.k. helmingur allra sem viðstaddir eru stjórnarandstæðingar. (**ÍGP:** Hv. þm. getur samt ekki talið í fleirtölu þó hann ...) Ég

sé til að mynda að í þessum sal er bæði starfandi formaður utanrmn. og formaður heilbr.- og trn. svo ég nefni tvo en ég minni hv. þm. líka á að í gær var það þessi þingmaður sem hjálpaði stjórninni að aka ýmsum málum til laga með því að mæla fyrir ýmsum málum sem stjórnin átti að gera en ég tek það fram, herra forseti, að ég tel að þetta mál sé hið þarfasta og ég held að það sé ágætismál. Ég held að það geti í fyrsta lagi bjargað mannslífum. Í öðru lagi er ég alveg sannfærður um að það muni í mörgum tilvikum bjarga mönnum frá einhvers konar skaða. Í þriðja lagi muni það bjarga fé skattborgaranna og það skiptir líka miklu máli. Ég held að málið sé ágætt.

Ég vona bara að þeir sem sitja í umhvn. þangað sem þetta mál fer sennilega skutli þessu litla máli með hraði í gegn vegna þess að ég held að mál af þessu tagi skipti líka nokkru. Við erum alltaf að þrasa um einhver lög sem eru flókin og illskiljanleg og stundum jafnvel illskiljanlegt af hverju er verið að setja þau. Þetta mál er í eðli sínu afskaplega einfalt og það er alveg ljóst að það hefur tilgang. Þetta er jákvætt mál.

Það er jafnan svo, herra forseti, að jafnvel stjórnarsinnar detta stundum niður á ágætustu mál og þá stendur ekki á okkur stjórnarandstæðingum að koma og mæra þá í hástemmdu lofi, ég tala nú ekki um ef það eru þingmenn Framsfl. sem okkur er frá fornu fari nokkuð hlýtt til af sögulegum ástæðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rekstur björgunarsveita í landinu, fyrri umr.*

Þáltill. ÓÖH, 551. mál. — Þskj. 936.

[19:28]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um rekstur björgunarsveita í landinu. Flutningsmaður þessa máls er Ólafur Örn Haraldsson. Í fjarveru hans flyt ég þetta mál. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja á fót nefnd með það að markmiði að létta rekstur björgunarsveita í landinu og bæta starfsaðstöðu þeirra. Nefndin skoði tekjumöguleika sveitanna og rekstrarkostnað þeirra og þá sérstaklega gjöld og álögur sem þær greiða til opinberra aðila. Enn fremur leggi nefndin fram tillögur um hvernig tryggja megi framtíðarstöðu björgunarsveitanna."

Í stuttu máli fjallar þáltill. hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar um framtíðarstöðu björgunarsveitanna í landinu, rekstur þeirra og tekjumöguleika.

Starf björgunarsveitanna er eins og þingheimi er kunnugt ómetanlegt og björgunarsveitirnir leggja oft og tíðum allt að veði og það er í raun og veru einstök hefð fyrir starfi björgunarsveita á Íslandi. Víðast erlendis bera opinberir aðilar kostnað af starfi björgunarsveita og þá hafa björgunarsveitir gjarnan á að skipa atvinnumönnum og gjarnan eru það einnig herlið þar sem herir eru sem vinna svipuð verk og björgunarsveitirnar gera hér á landi.

Störf björgunarsveitanna birtast okkur í mörgum mismunandi myndum. Þær koma til hjálpar í smæstu og stærstu málum. Það má vart hvessa hressilega á Íslandi þegar björgunarsveitirnar eru kallaðar til, óveður, snjókoma og þess háttar. Ef menn týnast þá köllum við til björgunarsveitir og öllum er í fersku minni starf björgunarsveitanna þegar snjóflóðin dundu yfir á Vestfjörðum um miðbik þessa áratugar.

Gríðarlegt sjálfboðaliðastarf á sér stað í björgunarsveitunum og starf þeirra er mjög metnaðarfullt og unnið af áhugamennsku. Björgunarsveitirnar leggja fram liðsinni sitt af fúsum og frjálsum vilja og án þess að ætlast til endurgreiðslu en það er í raun samfélagsleg skylda okkar að skapa björgunarsveitunum í landinu rekstrar- og starfsumhverfi þannig að fólk fáist áfram til þess að starfa í björgunarsveitunum. Ungmennastarf björgunarsveitanna er í raun mjög merkilegt þar sem verið er að þjálfa ungt fólk í þessum efnum og okkur ber skylda til þess að skapa efnahagslegar forsendur fyrir starfi björgunarsveitanna í landinu. Því er brýnt að mál þetta fái skjóta framgöngu.

[19:31]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem ég held að sé mikilvægt að fái framgang í Alþingi. Eins og kom fram í máli hv. frsm. eru björgunarsveitir mjög mikilvægar í okkar þjóðfélagi — við þekkjum fjölmörg dæmi þess — og einnig hitt að björgunarsveitirnir út um landið búa við mjög erfið rekstrarskilyrði þar sem tekjumöguleikar þeirra eru takmarkaðir o.s.frv. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að fram fari markvisst starf á vegum stjórnvalda til þess að leita leiða til að bæta stöðu björgunarsveita í landinu og tryggja rekstrargrundvöll þeirra betur en nú er.

Eins og kom fram og við þekkjum eru björgunarsveitirnir skipaðar sjálfboðaliðum sem eru oftar en ekki kallaðir til aðstoðar lögreglu og fleiri opinberrum aðilum þegar þannig ber til og björgunarsveitir krefjast yfirleitt ekki greiðslu fyrir vikið.

Einnig vil ég nefna að björgunarsveitirnar út um landið eru mikilvægir hlekkir í almannavarnakerfi landsins og það eru kannski enn frekari rök fyrir mikilvægi þess að tryggja stöðu þeirra í samfélaginu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál. Ég vildi einungis koma upp og lýsa stuðningi mínum við þetta mál og lýsa því hversu mikilvægt starf björgunarsveitanna er í okkar samfélagi. Ég vil nota tækifærið og hvetja til þess að það starf sem hér er gert ráð fyrir að ákveðin nefnd vinni fari fram og niðurstaða fáist úr því því að ég þekki dæmi þess að björgunarsveitir víða út um landsbyggðina eiga við mjög erfiðan kost að búa varðandi rekstrarstöðu. Hér er því mikið mál á ferðinni sem ég vona að nái framgangi.

[19:33]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það vekur athygli mína að þau mál sem hv. þm. Framsfl. flytja í kvöld varða einkum þá sem villst hafa af leið eða eiga í einhvers konar erfiðleikum með að staðsetja sig. Ég veit ekki hvort hin pólitíska undirmeðvitund þingmanna flokksins hefur vegna einhvers konar tímabundinnar áttavillu tekið af þeim völdin og knúið þá til þess að flytja þessi mál. Þó verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst þetta mál góðra gjalda vert.

Ég sem bý í hinum hvassvindasama vesturbæ Reykjavíkur vil þó gera athugasemd við að það liggi við að í hvert skipti sem hvessir þá séu björgunarsveitir kallaðar út. Svo kann að vísu vera á hinu slétta Suðurlandi þar sem hv. málshefjandi, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, býr en svo er nú ekki í Vesturbænum.

Ég tel hins vegar að það sé góðra gjalda vert að reyna einhvern veginn að finna leiðir til að aðstoða björgunarsveitir landsins við að halda úti sínum kostnaðarsama rekstri og sínu mikla úthaldi sem oft og tíðum hefur skipt miklu máli.

Herra forseti. Ég varð líka að koma hér til þess að lýsa aðdáun minni á því hversu ötull hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er við að uppfylla kosningaloforð sín. Svo vill til nefnilega, herra forseti, að áður en hv. þm. var kjörinn á þing var ég á fundi ásamt honum hjá Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur þar sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lofaði einmitt að hann mundi flytja mál af þessu tagi sem miðaði að því að aflétta gjöldum af björgunarsveitum landsins. Ég held að nauðsynlegt sé að skoða hvort það þarf á einhvern hátt að koma nánar að rekstri þessara sveita. Ég segi það ekki til þess að draga úr þörfinni á því en hingað til hefur þeim verið afskaplega vel tekið af landsmönnum þegar þær hafa gengið fyrir dyr almennings og óskað eftir einhvers konar fjárframlögum. Allir skilja gildi þessara sveita. En ef raunin er sú að það þurfi að styðja þær einhvern veginn frekar þá tel ég sjálfsagt að gera það.

Auðvitað má deila um hvort það eigi að gera það eins sem kemur fram í greinargerð með tillögunni. Þar er lagt til að sérstaklega verði skoðað hvort fella eigi gjöld af rekstri sveitanna. Þegar ég hlýddi á sínum tíma á mál hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar sem er frumflytjandi tillögunnar þá ræddi hann sterklega þann möguleika m.a. að aflétta virðisaukaskatti af vörum og aðföngum til deildanna. Ég veit ekki hvort það er heppileg leið. Það getur vel verið að svo sé.

Ég vek hins vegar máls á því, herra forseti, fyrst tilefni gefst að það eru auðvitað til annars konar líknarfélög — ég nefnilega lít öðrum þræði á björgunarsveitirnar sem líknarfélög — sem þurfa að greiða háar upphæðir til hins opinbera og mér hefur sjálfum þótt það ósanngjarnt. Hæstv. fjmrh. hefur verið mér ósammála um það en ég held að ekki væri úr vegi að líta á þessi mál í heild.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka upp hanskann fyrir ríkisstjórnina. Henni er ekki alls varnað þrátt fyrir allt. Hún hefur líka lítillega lagt lóð á vogarskálar þessara sveita sem hv. þm. gat um í sinni ræðu. Hann drap nefnilega sérstaklega á afrek þeirra fyrr á áratugnum þegar björgunarsveitir aðstoðuðu fjölda manna til lífs sem lentu í hrakningum vestra þegar snjóflóð dundu yfir. Þá kom berlega í ljós að það allra mikilvægasta sem sveitirnar réðu yfir voru þjálfaðir hundar. Þeir hafa verið allt of fáir og þeir hafa t.d. ekki verið til á Vestfjörðum en ríkisstjórnin hefur eigi að síður hlutast til um það að veitt hefur verið sérstakt fjárframlag til að efla þjálfun og uppeldi leitarhunda og það skiptir auðvitað ekki minnstu máli.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en mér finnst þetta vera hið ágætasta mál og sjálfsagt að skoða þetta. Ef það er þannig að björgunarsveitirnar þurfa á fjárhagslegri aðstoð að halda umfram þess sem þær njóta nú í gegnum almenning í landinu þá tel ég sjálfsagt að skoða það. Ég er ekki alveg viss um endilega að þær aðferðir sem hér eru reifaðar í greinargerð með tillögunni séu hinar réttu. En ef svo er ekki þá kann vel að vera að hægt sé að finna aðrar sem eru hentugri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, fyrri umr.*

Þáltill. ÓÖH, 646. mál. — Þskj. 1119.

[19:38]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég flyt þáltill. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Flm. þessarar tillögu er Ólafur Örn Haraldsson og í fjarveru Ólafs flyt ég þessa tillögu. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að bæta réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð þannig að uppfylli það ákveðin skilyrði njóti það sömu réttarstöðu og hjón. Nefndin hafi það jafnframt að leiðarljósi að styrkja hina hefðbundnu kjarnafjölskyldu félagslega, efnahagslega og réttarfarslega."

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt er samfélag okkar síbreytilegt. Hlutverk laga endurspeglar samfélagsskipan okkar og í gegnum lögin mörkum við í raun eðlilegar og sanngjarnar leikreglur. Hjónabandið er það samfélagsform sem hefur verið viðurkennt í aldanna rás (**ÖS:** Er helgast.) og er helgast eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir réttilega á.

En samfélagsformið að skrá sig í sambúð verður æ algengara og leiðir ekki alltaf til giftingar. (**ÖS:** Því miður, því miður.) Réttarstaða einstaklinga í skráðri sambúð hefur breyst og hefur í raun fest í sessi.

Dæmi um viðurkenningu á þessu sambúðarformi má finna í almannatryggingakerfinu sem skilgreinir þetta sambúðarform þannig að ef fólk býr saman í eitt ár þá nýtur það svipaðra eða sömu réttinda og gift fólk. (**ÖS:** Því miður.) Skattyfirvöld viðurkenna þetta sambúðarform á þann hátt að ef viðkomandi aðilar hafa búið saman í eitt ár eða ef viðkomandi aðilar eiga barn saman þá getur fólk talið fram saman og notið þeirra skattahlunninda sem hjónabandið hefur.

Alvarlegasti munurinn á milli fólks í skráðri sambúð og giftra birtist í erfðalögum, þ.e. um gagnkvæman erfðarétt. Fólk í skráðri sambúð á ekki rétt til arfs ef annað þeirra fellur frá. Það er í raun nauðsynlegt að endurskoða tryggingarskilmála sem geta mismunað fólki eftir sambúðarformi. Dæmi um slíkt kom fram í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu þegar ungur maður lést á einu af varðskipum okkar við björgunarstörf en sambýliskona hans stóð eftir með tvö börn og með takmarkaðan rétt gagnvart tryggingum þessa sjómanns. Þess vegna er brýnt að ná samstöðu um að þetta form njóti sömu réttinda að þessu leytinu til og hjónabandið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.***

Frv. PHB og VE, 565. mál (skatthlutfall, frádráttarliðir o.fl.). — Þskj. 957.

***og***

***Barnabætur, 1. umr.***

Frv. PHB og VE, 563. mál. — Þskj. 955.

***og***

***Húsnæðisbætur, fyrri umr.***

Þáltill. PHB og VE, 564. mál. — Þskj. 956.

[19:43]

**Flm. (Pétur H. Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum til laga og einni till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum sem birtist á þskj. 957.

Þá mæli ég fyrir frv. til laga um barnabætur sem er á þskj. 955.

Loks mæli ég fyrir till. til þál. um húsnæðisbætur sem er að finna á þskj. 956.

Öll eru þessi mál tengd því að gera skattkerfið einfaldara og taka út alla þætti úr skattalögum sem eru félagslegs eðlis og eiga betur heima í sérstökum lögum. Lög um skatta og tekjur fólks og fyrirtækja verði eingöngu notuð sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð og þar með velferðarkerfið.

Herra forseti. Efni frumvarpsins er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er hlutfall tekjuskatts lækkað úr 26,41% í 8,38% á tekjuárunum 2000–2006 þannig að staðgreiðsla verður í lok tímans um 19,99% af launum í stað 38,02%. Hlutfall útsvars verður áfram breytilegt en það er núna 11,61% í staðgreiðslu. Hins vegar eru flutt úr skattalögum öll félagsleg atriði, sem verða óþörf eða eiga betur heima í öðrum lögum. Nær allir afsláttar- og frádráttarliðir eru felldir niður. Skattkerfið verður mikið einfaldara.

Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um barnabætur sem tryggir óbreyttar barnabætur frá því sem nú er og tillaga til þingsályktunar um húsnæðisbætur í stað húsaleigubóta, félagslega húsnæðiskerfins og vaxtabóta, sem verja munu hag tekjulágs fólks. Frumvarpið lýtur eingöngu að breytingum á tekjuskatti einstaklinga en snertir ekki skattlagningu lögaðila.

Herra forseti. Meginmarkmið frumvarpsins er að einfalda tekjuskattskerfið stórlega með því flytja úr skattalögum alla þætti sem varða félagslega eða tryggingalega hjálp. Þetta á við um persónuafslátt, barnabætur, sjómannaafslátt, vaxtabætur og skattfrelsi dagpeninga og bifreiðastyrkja. Þessir þættir eru fluttir í sérstök lög eða felldir niður þar sem þörfin verður ekki fyrir hendi ef þetta frumvarp verður samþykkt. Þannig verður skattkerfið einfalt, altækt og án undantekninga.

Markmið frumvarpsins er að auka meðvitund borgarans um og ábyrgð hans á velferðarkerfinu með því að láta alla sem hafa tekjur taka þátt í að greiða það. Núna greiðir aðeins helmingur framteljenda tekjuskatt og einungis þriðjungur framteljenda greiðir meira til ríkisins en hann fær í bætur. Sá hluti heldur í reynd uppi velferðarkerfi ríkisins.

Þá er það markmið frumvarpsins að atorka og frumkvæði einstaklinga stækki þjóðarkökuna þannig að meira verði til skiptanna fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Flatur tekjuskattur mun hvetja fólk til menntunar, athafna og dugnaðar. Frumvarpið miðar að því að auka heildarhag landsmanna með því að auka ráðstöfunartekjur allra frekar en að jafna tekjur þeirra sem hefur tekist misjafnlega.

Eðlilegt þykir að fólk taki þátt í kostnaði við velferðakerfið í samræmi við getu, þ.e. tekjur og eignir. Hins vegar má spyrja hvort ekki sé nóg að sá sem hafi tvöfaldar tekjur greiði tvöfalt til velferðarkerfisins sem allir njóta þó að jöfnu í stórum dráttum. Frumvarpið tekur mið af þessu.

Einfaldara skattkerfi mun auðvelda almenningi vinnu við framtal, allt eftirlit verður einfaldara. Hvati til skattsvika minnkar vegna lægri skattbyrði og barátta gegn þeim verður léttari.

Á þeim sjö árum sem breytingin á að taka verður raunhæft að reikna með að forsendur séu fyrir því að hækka lægstu laun umtalsvert vegna þess að hagur fólks með hærri tekjur batnar töluvert og vegna skattalækkunarinnar, sem verður tæp 3% á ári, þarf það ekki launahækkun.

Þannig eykst möguleiki fyrirtækja til þess að taka raunverulega á því sem menn hafa lengi glímt við, að hækka lægstu laun. Það hefur ekki tekist hingað til vegna þess hve háu launin eru mikið sköttuð.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um barnabætur sem tryggir óbreyttar barnabætur en þær kosta um 1,46% hærri tekjuskatt. Þá er flutt tillaga til þingsályktunar um húsnæðisbætur sem komi í stað óskaplega flókins og óréttláts kerfis húsaleigubóta, félagslegra íbúða og vaxtabóta. Markmið bótanna er að styrkja einungis þá sem eru hjálpar þurfi og að sá sem greiðir styrkinn sé aldrei verr settur fjárhagslega en sá sem styrktur er. Það má svo huga að því í framhaldinu hvort barnabætur og húsnæðisbætur eigi ekki að vera verkefni sveitarfélaga og þar með mætti huga að því að fella tekjuskatt alveg niður, þ.e. tekjuskatt til ríkisins.

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur tillaga frá ríkisstjórninni um miklar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. Þær hugmyndir sem hér eru reifaðar bæta það kerfi stórlega. Í hugmyndum ríkisstjórnarinnar er horfið frá því að nota vaxtaniðurgreiðslu til að laga stöðu þeirra sem minnst mega sín. Í stað þess fái fólk bætur í formi vaxtabóta og húsaleigubóta. Hvort kerfið um sig, bæði vaxtabótakerfið og húsaleigubótakerfið, er mjög gallað og allt að því andfélagslegt, sérstaklega gagnvart lágtekjufólki með mörg börn.

Herra forseti. Á töflu á síðu 8 í grg. með frv. um skattalagabreytinguna er því lýst hvernig breytingin á sér stað, hvernig skattprósentan lækkar, hvernig staðgreiðslan lækkar, hvernig sérstakur tekjuskattur, hátekjuskatturinn svonefndi, lækkar, og hvernig persónuafsláttur lækkar á hverju ári, sömuleiðis hvernig frítekjumark lækkar, sem er afleiðing af hinum þáttunum. Eins er gert ráð fyrir því að sjómannaafsláttur falli niður á þremur árum og að vaxtabæturnar verði látnar falla niður á þessum sjö árum, um 1/7 á hverju ári.

Ég ætla, herra forseti, að fjalla um núverandi löggjöf og áhrif breytingarinnar. Útsvar í dag er aðeins eitt skattþrep. Það eru að meðaltali 11,61% á allar tekjur framteljenda. Þeir

sem eru undir frítekjumarki borga ekki útsvarið sjálfir heldur greiðir ríkissjóður útsvarið fyrir þá. Þannig má segja að í reynd sé mínus 11,61% tekjuskattur upp að frítekjumarkinu a.m.k. Auk þessa greiðir ríkissjóður eignarskatta og sitthvað fleira fyrir skattgreiðendur sem eru undir frítekjumarkinu.

Ef maður tekur það inn í dæmið að lífeyrissjóðsiðgjöld eru skattfrjáls, sem þau munu verða áfram, þá mun skattprósentan, þ.e. staðgreiðslan, í reynd verða 19,20% af launatekjum þegar þessar breytingar eru allar komnar í gegn.

Meginmarkmið núverandi skattkerfis er tekjujöfnun en ekki tekjuöflun til ríkissjóðs og þar með til velferðarkerfisins. Meginorka skattkerfisins virðist fara í að jafna tekjur en ekki í að afla tekna til velferðarkerfisins. Þetta er í andstöðu við almenn markmið skatta sem er tekjuöflun. Slík tekjujöfnun er ákaflega dýr og hefur óæskilegar afleiðingar. Því er gert ráð fyrir því að þegar horfið verður frá þessu tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins og eingöngu horft á tekjuöflunina muni veltan í þjóðfélaginu, skattstofninn, þ.e. tekjur fólks, stóraukast. Fólk verður viljugra til að vinna og ríkissjóður mundi fá meiri tekjur. Þeir sem lægstar tekjurnar hafa munu jafnvel koma betur út úr því en í dag vegna þess að það kostar svo mikið að jafna tekjurnar niður að allir verða í raun jafnfátækir.

Einn stærsti þátturinn í núverandi skattkerfi er persónuafsláttur inn. Hann er styrkur til þeirra sem hafa lágar tekjur og er notaður til að leysa þá undan því að greiða til velferðarkerfisins. Þeir borga ekki neitt. Hann er jafnframt notaður til að greiða fjármagnstekjuskatt, eignarskatt og útsvar fyrir þá sem eru undir þeim mörkum. Ef persónuafsláttur inn verður felldur niður, eins og hér er gert ráð fyrir, þá mun það verða hvað þungbærast fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Þeir sem eru á mörkunum, frítekjumörkunum, sem eru með u.þ.b. 62 þúsund kr. á mánuði núna, munu þurfa að borga 20% af þeim tekjum í skatt. Þar sem þetta er gert á sex árum, þá þarf ekki að hækka tekjur þeirra umfram aðra nema um 2–3% á ári til þess að ná hinni auknu skattgreiðslu.

Barnabætur eru ætlaðar til að jafna kjör þess fólks sem elur upp börn gagnvart því fólki sem ekki elur upp börn. Það hefur ekki tekist eftir að barnabæturnar voru tekjutengdar því að fólk með háar tekjur fær ekki barnabætur. Munurinn á milli þeirra og hinna sem hafa jafnháar tekjur en eru ekki með börn er ekki jafnaður. Í reynd eru núverandi barnabætur ómegðarbætur en ekki barnabætur.

Í frv. er gert ráð fyrir því að sjómannaafslátturinn falli niður enda munu sjómenn njóta lækkandi skattprósentu þannig að velflestir sjómenn munu koma betur út úr nýju kerfi en með því að njóta sjómannaafsláttar. Sjómannaafslátturinn er ákveðin niðurlæging fyrir sjómenn, líkt og sagt sé við þá að þeir eigi ekki að taka þátt í velferðarkerfinu eins og aðrir með svipaðar tekjur. Og ég geri ráð fyrir því að sjómenn muni fagna þeirri breytingu að greiða skatta eins og annað fólk.

Herra forseti. Þá kem ég að vaxtabótunum og þeim bótum í núverandi skattkerfi sem snúa að húsnæðismálum. Það er svo merkilegt að í tekjuskattslögum er heilmikið um húsnæðismál, nákvæmlega eins og hjálp til barnmargs fólks.

Vaxtabæturnar eru hugsaðar sem styrkur til þeirra sem eru að koma yfir sig þaki. En það er þó varla hægt að telja þær félagslegar því að hátekjufólk getur fengið og fær vaxtabætur. Það er t.d. ekki ómögulegt að hjón með 600 þús. kr. mánaðartekjur geti fengið tæpar 20 þúsund í vaxtabætur á mánuði. Ég reikna ekki með því að nokkur maður telji félagslegt að fólk með svo háar tekjur fái bætur úr ríkissjóði.

Þeir sem aftur á móti eru með lágar tekjur hafa ekki efni á því að kaupa sér íbúð og geta þar af leiðandi ekki notið þessara bóta. Ég fullyrði því, herra forseti, að þessar bætur eru andfélagslegar. Þær eru ekki félagslegar þannig að þeim veikasta sé hjálpað. Nú er meginhluta þjóðarinnar hjálpað til að koma sér upp húsnæði enda njóta um 50 þúsund framteljendur vaxtabóta. Drjúgur hluti þjóðarinnar fær bætur úr ríkissjóði. Ég tel að þetta sé hreinlega of dýrt. Það er of dýrt að taka peningana úr öðrum vasanum og setja í hinn.

Til þess að mæta því að vaxtabætur eru felldar niður hef ég lagt fram till. til þál. um húsnæðisbætur sem eiga að koma í stað vaxtabóta og húsaleigubóta. Hún er eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að útfæra nýja hugmynd um húsnæðisbætur sem komi í stað núverandi húsaleigu- og vaxtabóta. Félagsmálaráðherra skipi, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nefnd sem kanni málið og leggi fram mótaðar tillögur að nýju húsnæðisbótakerfi í formi lagafrumvarps.

Nefndin leggi störfum sínum til grundvallar eftirfarandi meginmarkmið:

a. Hver fjölskylda eða einstaklingar sem búa í sömu íbúð fái húsnæðisbætur sem eru háðar fjölda þeirra sem búa í íbúðinni.

b. Húsnæðisbæturnar skerðist í hlutfalli við samanlagðar tekjur og eignir allra þeirra sem í íbúðinni búa.

c. Húsnæðisbæturnar séu skilyrtar því að þær renni til greiðslu leigu, fasteignagjalda eða afborgana af lánum af íbúðinni.

d. Að húsnæðisbæturnar verði tekjuskattsfrjálsar.“ Einn aðalljóðurinn á núverandi húsaleigubótum er að þær eru skattskyldar.

„Nefndin ljúki störfum fyrir 1. nóvember 1998 og félagsmálaráðherra leggi fram frumvarp til laga um húsnæðisbætur á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar eigi síðar en 1. desember 1998.“

Með tillögunni um húsnæðisbætur er gert ráð fyrir að búið verði til húsnæðisbótakerfi sem er einfalt, almennt, réttlátt og bæti stöðu stórra fjölskyldna frá því sem nú er. Það tryggi einungis þá sem eru aðstoðar þurfi og það styður auk þess séreignarstefnuna. Það styrkir fólk til þess að eignast sína eigin íbúð.

Núverandi kerfi gengur út frá ákaflega gamaldags hugmyndum um fjölskyldu en í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir því að hvers konar fjölskyldur geti notið húsnæðisbóta. Það væri ekki aðeins hin hefðbundna fjölskylda sem er hjón og börn, einstætt foreldri með börn eða barn, heldur einnig hjón sem búa ein með einstæðum foreldrum sínum, systkini sem halda saman heimili og foreldrar sem búa hjá uppkomnum börnum sínum. Alls konar fjölskyldur koma inn í málið og geta notið húsnæðisbóta.

Herra forseti. Núverandi kerfi er ákaflega flókið og margbrotið. Það er byggt á fjórum þáttum. Í fyrsta lagi húsbréfakerfinu, þá koma vaxtabæturnar, svo eru það húsaleigubæturnar og félagslega húsnæðiskerfið, sem reyndar er gert ráð fyrir að verði nokkuð almennt með því frv. ríkisstjórnarinnar sem ég gat um áðan.

Af þessum þáttum eru vaxtabæturnar sennilega þær sem eru félagslega ranglátastar, eins og ég gat um áðan, og þær hvetja til skuldasöfnunar. Það er nánast sama fyrir einstakling

sem er með ákveðnar tekjur hvort hann skuldi milljóninni meira eða minna, hann borgar jafnmikið. Ríkið borgar mismuninn með vaxtabótunum. Þetta hvetur til skuldasöfnunar og menn ættu ekki að vera hissa á því þótt skuldir heimilanna hafi stóraukist á undangengnum árum eftir að þessar bætur voru teknar upp.

Húsaleigubæturnar sem Alþingi er nýverið búið að samþykkja eru líka félagslega mjög óréttlátar. Bæturnar byrja að skerðast við 125 þús. kr. tekjur á mánuði burt séð frá því hvort einn einstaklingur eða sex manna fjölskylda þurfi að lifa af þessum 125 þús. kr. og skerðingin er nákvæmlega sú sama, sem sagt 24% af tekjum. Þetta er með mestu skerðingu sem til er og þetta er ákaflega óréttlátt kerfi vegna þess að húsnæðisbætur sex manna fjölskyldu byrja að skerðast þegar hún er komin með tekjur yfir 125 þús. kr. sem er náttúrlega allt of lítið til að hún geti lifað. Hins vegar skerðast húsnæðisbætur einstaklings líka við 125 þús. kr. sem að mínu mati er mjög ríflegt fyrir einstakling til að lifa af og alls ekki þörf á að styrkja einstakling sem þarf að lifa af 125 þús. kr. á mánuði.

Félagslega húsnæðiskerfið er óskaplega flókið og þar eru alls konar kvaðir á eignarhaldi eins og margoft hefur verið nefnt og nú er meiningin að einfalda það töluvert mikið með frv. ríkisstjórnarinnar en þá á að hverfa yfir til vaxtabótakerfisins og húsaleigubótakerfisins sem, eins og ég gat um áðan, eru ákaflega óréttlát. Nýja kerfið yrði þannig og það eru lagðar fram hugmyndir um það að t.d. fjögurra manna fjölskylda fengi 21 þús. kr. og þær skerðast um 10% af öllum tekjum sem fjölskyldan hefur byrjað frá núlli þannig að þegar þessi fjögurra manna fjölskylda er komin með 210 þús. kr. á mánuði falla bæturnar niður.

Hins vegar fengi sjö manna fjölskylda 30 þús. kr. á mánuði og þær bætur féllu niður þegar fjölskyldan er komin með 300 þús. kr. á mánuði. Þetta er hugmynd að því hvernig mætti hanna kerfi sem að mati flm. er miklu réttlátara en sá óskapnaður sem er í gangi í dag sem vaxtabætur og húsaleigubætur.

Herra forseti. Þá er gert ráð fyrir því í frv. um breytingu á tekjuskattslögunum að dagpeningar og bifreiðastyrkir verði skattlagðir eins og annar kostnaður hjá fyrirtækjum og hætt sé að hafa þetta sem einhvers konar skattfrjálsa sporslu sem hefur verið misnotað nokkuð því það er óskaplega mikil aukning í skattfrjálsum dagpeningum undanfarin ár sem í reynd eru að einhverju leyti ígildi tekna.

Með þessu frv. er lagt til að jaðarskattar verði minnkaðir verulega og komið er í veg fyrir fátæktargildrur sem eru þess eðlis að fólk sem er með lágar tekjur getur ekki bætt stöðu sína. Það hreinlega getur það ekki. Þótt það vilji t.d. endurmenntast, vilji sækja um betri stöðu og vilji t.d. vinna meira eða afla sér meiri reynslu eða einhvers slíks, þá dugar það ekki til. Það kemst ekki upp úr þessari fátæktargildru vegna þess að jaðarskattarnir, þ.e. í fyrsta lagi skattarnir og svo allar bæturnar sem það missir vegna aukinna tekna, eru svo háir að það fær ekkert af þeim ávinningi sem auknar tekjur gefa því. Við erum raunverulega að tala um fátæktargildrur sem eru í núverandi kerfi.

Herra forseti. Gallar núverandi kerfis eru þeir að það er flókið kerfi og flókið kerfi verður alltaf óréttlátt. Ef skattkerfið er haft mjög réttlátt og látið taka tillit til margra ólíkra aðstæðna verður það mjög flókið og flókið skattkerfi krefst aftur sérþekkingar sem kostar sitt, endurskoðenda og því um líkt og það er ekki á færi þeirra sem minnst mega sín. Þannig verður kerfið óréttlátt. Sérhver tilraun til að gera skattkerfi óskaplega réttlátt og takandi tillit til allra þátta er því um leið óréttlát leið.

Flókið skattkerfi kallar á mikið skatteftirlit og erfitt framtal og það gefur svigrúm til alls konar mismunandi túlkana sem leiða til ágreinings og svo leiðir flókið skattkerfi til undanskota og lakara siðferðis því í skjóli flókins skattkerfis er auðveldara að svíkja undan skatti en ef skattkerfið er mjög einfalt. Þetta geta skattrannsóknarstjórar staðfest.

Þegar skattar eru eins háir og í dag gengur það jafnvel svo langt í siðferði að fólk fer að tala um það sín á milli að skattsvik séu ekki eiginleg lögbrot, t.d. virðisaukaskattsvik, og þau séu jafnvel stunduð í sjálfsvörn þar sem skattgreiðandinn er að verja sig fyrir ríkisvaldinu. Svona hugsun má ekki koma upp. Hún grefur undan siðferðisvitund þjóðarinnar og eykur þar með líkurnar á því að fólk fari einnig að brjóta önnur lög. Þess vegna er mjög brýnt að berjast af alefli gegn skattsvikum en einmitt til að koma í veg fyrir skattsvik þarf kerfið að vera mjög einfalt og skattprósentan má ekki vera of há þannig að fólk geti greitt skattana.

Í núverandi kerfi er það þannig að dugnaður, framtak og menntun er skattlagt alveg sérstaklega. Það fólk sem eykur tekjur sínar með dugnaði, framtaki og menntun borgar tekjuskatt og missir bætur í slíkum mæli að þetta hreinlega borgar sig ekki og það getur margur menntamaðurinn staðfest.

Þessi áhrif skattkerfisins er ógnvænleg því þjóðfélagið þarf svo mjög á duglegu og framtakssömu fólki að halda. Það er skaði ef þjóðfélagið verðlaunar leti og leggst í doða vegna rangrar stefnu í skattamálum. Hver stendur þá undir velferðarkerfinu? Velferðarkerfið á að gefa öllum þegnum þjóðfélagsins öryggistilfinningu þannig að þeir þurfi ekki að óttast persónuleg áföll en það á ekki að styrkja fólk sem getur staðið á eigin fótum.

Herra forseti. Eins og ég hef getið um er bótakerfið mjög gallað í dag. Menn hanna oft bætur horfandi aðeins á einn þátt bótanna. Sem dæmi má nefna að LÍN, Lánasjóður íslenskra námsmanna, lánar einstæðu foreldri 25 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn. Svo greiðir skattkerfið barnabætur sem eru um 14 til 17 þús. kr. á mánuði. Þá koma húsaleigubætur sem eru 4 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn. Mæðralaun eru 0 til 4 þús. kr. á mánuði og meðlag er um 12 þús. kr. á mánuði. Samtals eru þetta 55 til 61 þús. kr. á mánuði sem hið opinbera er að veita þessum námsmanni til ráðstöfunar vegna eins barns og auk þess fær námsmaðurinn ódýrara barnaheimilispláss. Það sér hver heilvita maður að þarna er um greinilega oftryggingu að ræða. Hins vegar erum við svo með vantryggingu þar sem einstaklingar með stopular tekjur sem búa í leiguherbergjum fá ekki húsaleigubætur eða félagslega þjónustu. Við erum því bæði með oftryggingu og vantryggingu. Hér er gert ráð fyrir að þetta verði samræmt og heilsteyptara bótakerfi tekið upp.

Herra forseti. Meginmarkmiðið á bak við launajöfnunarstefnu núverandi skattkerfis er að reyna að koma launamun niður. En nú er það svo að launamunur á sér oftast náttúrlegar skýringar, t.d. það þarf að greiða sérstaklega fyrir menntun. Þeir sem hafa langskólanám vilja fá greitt fyrir þá fjárfestingu sem þeir hafa farið í. Það þarf að borga fyrir ábyrgð annars mundi enginn standa í að taka á sig ábyrgð og ég á þá við raunverulega ábyrgð. Það þarf að borga fyrir dugnað og snilld og reynslu og fjarvistir og það þarf að borga fyrir mikla vinnu. Maður sem vinnur á næturnar og við erfiðar aðstæður þarf að fá borgað sérstaklega fyrir það

annars fengist enginn til þess. Það er því í gangi ákveðin náttúrlegur launamunur og þegar menn reyna að skatta þann launamun burt með skattkerfinu eins og reynt hefur verið hingað til vex launamunurinn enn meira. Ef ætlast er til að einhver fari að vinna uppi á hálendinu í myrkri og kulda og við erfiðar aðstæður, fjarri heimili sínu þá verður að borga honum fyrir það. Sá maður er ekkert að horfa á það sem fer til ríkisins í formi skatta. Hann lítur eingöngu á það sem er í buddunni eftir að búið er að taka skattinn frá honum og ef reynt er að skatta það burt sem er í buddunni fer maðurinn ekkert upp á hálendið nema hann fái fyrir það enn þá meira í laun. Það má því rökstyðja að alls ekki sé hægt að skatta burt allan launamun og það sé í rauninni mjög veikt tæki að reyna að gera tilraun til að skatta burt launamuninn þótt það takist vissulega stundum.

En það að jafna launin kostar aftur á móti óhemju mikið. Það kostar mikla vinnu og háa skatta og kemur niður á framleiðni þjóðfélagsins. Það er því spurning hvort sá kostnaður sem felst í því að jafna launin væri ekki betur notaður til að hækka öll laun, líka þau lægstu, þannig að þeir sem hafa lægstu launin njóti stærri þjóðarköku þegar hætt er að gera tilraunir til að jafna launin.

Það trú þeirra sem flytja þessi frv. að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins geti á þeim sjö árum sem gert er ráð fyrir að breytingin taki yfir náð því fram sem alltaf hefur verið reynt, að hækka lægstu launin vegna þess að það þarf ekki hækka hæstu launin eins mikið. Ráðstöfunartekjur þeirra sem hafa hæstu launin hækka af sjálfu sér vegna lægri skatta og það svigrúm geta fyrirtæki notað til að bæta þeim upp sem eru með lægri laun auk þess sem fólk mun grípa tækifærið þegar það loksins getur farið að vinna og sjá einhvern afrakstur. Það mun leggja harðar að sér, bæði við menntun og eins við að afla sér betri reynslu og þekkingar og allt þjóðfélagið græðir á þessu.

Herra forseti. Þessi breyting hefur óneitanlega mikil áhrif á ýmsa hópa og þar er aðallega um að ræða fólk sem er rétt við skattleysismörkin eins og ég gat um áðan. Það fólk þarf allt í einu að borga skatta. Það hefur enga skatta greitt hingað til. Þá getur einhver sagt: „Flutningsmenn eru vondir við fólkið með lágu tekjurnar.“ En því svara ég til að lágar tekjur eru ekki persónueinkenni eins og dökkt hár eða blá augu. Það er nefnilega hægt að breyta tekjunum og það á að vera markmið fólksins sjálfs, verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins að breyta tekjunum. Það eru skammarlega lág laun í gangi í dag í landinu en kannski er það vegna þess að skattkerfið hyglar svo mikið lágum launum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að öllum þessum málum verði vísað til hv. efh.- og viðskn. Ég tel þó eðlilegt að sú nefnd leiti álits hv. félmn. á þeim málum sem varða barnabætur og húsnæðisbætur.

[20:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Til umræðu eru tvö frv. og ein þingsályktunartillaga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal flytur ásamt Vilhjálmi Egilssyni. Í þessum tillögum þeirra tvímenninga er ýmislegt að finna sem er mjög athyglisvert og umræðunnar virði. Vil ég þar nefna hugmyndir þeirra um húsnæðisbætur og sitthvað annað sem fram kemur í þeirra röksemdafærslu. Þetta þarf svo sem ekki að koma á óvart því hér eru á ferðinni einhverjir vinnusömustu alþingismennirnir. Menn sem styðja sitt mál vel ígrunduðum rökum. Ekki er þar með sagt að ég sé sammála þeim rökum og svo er ekki í þessu tilviki. Ég er t.d. ekki sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að skattkerfið eigi fyrst og fremst að þjóna því hlutverki að vera tekjuöflunarkerfi, tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð. Ég tel að skattkerfið eigi að þjóna tvíþættu hlutverki. Vissulega að afla tekna fyrir sameiginlegan sjóð landsmanna en einnig að vera til tekjujöfnunar.

Ég vil fyrst og fremst í máli mínu víkja að hugmyndum þeirra tvímenninga um tekjuskattslækkun en þeir leggja til að tekjuskattur verði færður niður í áföngum frá því sem hann er nú í tæpum 40% niður í tæp 20% árið 2006. Þessi breyting hefði í för með sér aukna skattbyrði á tekjulægsta hluta samfélagsins. Fólk sem er undir tekjuskattsmörkum, sem eru núna um 60 þúsund kr. og er þar af leiðandi skattlaust, færi að greiða skatta. Einstaklingur sem hefði 60 þús. kr. á mánuði mundi að öllu óbreyttu greiða tæpar 12 þúsund kr. á mánuði hverjum í skatta samkvæmt þessum tillögum. Einstaklingur með 10 þús. kr. á mánuði greiddi tæplega 2 þúsund kr., 1.999 kr.

Allir einstaklingar sem eru með tekjur undir 120 þús. kr. á mánuði yrðu fyrir skattahækkunum. Til hvers yrðu þessar skattahækkanir notaðar? Skattahækkanir yrðu notaðar til að niðurgreiða skattalækkanir hjá hæstlaunaða fólki samfélagsins. Þannig fengi milljón króna maðurinn, svo dæmi sé tekið, skattalækkun sem næmi tæpum 167 þús. kr. á mánuði samkvæmt tillögum hv. þm. Sjálfstfl., Péturs Blöndals og Vilhjálms Egilssonar. Hér er verið að gera tillögur um það að hátekjufólk á Íslandi fái skattalækkun upp á tæpar 170 þús. kr. á mánuði. Milljón króna maðurinn á að fá skattalækkun sem þessu nemur en láglaunaþjóðin, fólkið sem er undir 120 þús. á mánuði, á að fjármagna þetta með auknum skattbyrðum.

En hvað á að koma á móti? Það sem á að koma á móti er það að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur, því að vísað er í aðila vinnumarkaðar, eiga að tryggja launafólki almennt, og sérstaklega láglaunafólki, launahækkun til að vega upp á móti þessu. Hér tala Pétur Blöndal og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands og segja að leiðin til þess að niðurgreiða skattalækkun til milljón króna mannsins, skattalækkun sem nemur tæpum 170 þús. kr. á mánuði, sé að hækka launin hjá þessu fólki. Þetta er tillaga frá Verslunarráði Íslands. Þetta er tillaga frá mönnum sem tala í nafni Verslunarráðs Íslands en Vilhjálmur Egilsson sem er 2. flm. að tillögunni er framkvæmdastjóri Verslunarráðsins.

Við sem höfum starfað í verkalýðshreyfingu og komið að kjarasamningum höfum ekki beint fundið fyrir stuðningi frá þessum aðilum í kjarasamningum liðinna ára þegar menn hafa verið að setja fram tillögur og kröfur um launahækkanir til láglaunafólks á Íslandi.

Ég kem fyrst og fremst upp til þess að vekja athygli á þeim staðreyndum að verið er að setja fram tillögur, þingmenn Sjálfstfl. eru að setja fram tillögur á Alþingi um að lækka skatta á hátekjuþjóðinni, á hátekjufólki á Íslandi, og gera kröfu um að láglaunafólk, allir þeir sem eru undir 120 þús. kr. á mánuði, axli auknar skattbyrðar til að standa undir niðurgreiðslum til hálaunaþjóðarinnar.

[20:20]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get vel skilið að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé á annarri skoðun en ég í þessu máli. Það helgast af mismunandi lífsviðhorfum okkar og ég get ekki sagt að hann hafi rangt fyrir sér né að ég hafi rétt fyrir mér eða öfugt. Þetta eru bara mismunandi lífsviðhorf.

Hins vegar finnst mér dálítið dapurlegt fyrir forustumann í verkalýðshreyfingu að reikna með því að fólk sem er með lágar tekjur skuli hafa það áfram um aldur og ævi. Mér finnst það hálfdapurlegt. Ég hefði reiknað með því að hann segði fullur af eldmóði: Við bætum kjör fólks okkar sem hefur lægst laun. Og vegna þess að milljón króna maðurinn, sem er reyndar ekki mikið um, fær 160–170 þús. kr. í lækkuðum sköttum þá þarf hann ekki að fá neina launahækkun næstu sjö árin. Sá ágæti maður getur bara haft sínar milljón krónur allan tímann í staðinn fyrir að hækka eins og hann hefur gert undanfarin ár því að hæstu launin hafa hækkað meira en lægstu launin. Það er þekkt.

Ég reikna með því að hægt sé að breyta tekjum fólks og þegar slíkur hvati kemur til eins og hér er um að ræða munu lægstu launin hækka. Við munum ekki hafa lengur eins skammarlega lág laun og við erum að frétta af í dag.

Það að þessi tillaga sé frá Verslunarráði Íslands er alrangt. Hún er unnin af mér, reyndar með öðru ágætu fólki sem er tilgreint í grg., en hún kemur fram vegna mjög sterks þrýstings frá því fólki sem kaus mig í Reykjavík, og fólki úti um allt land, fólki sem er orðið mjög þreytt á þeirri gífurlegu skattlagningu og alveg sérstaklega að það getur ekki bætt kjör sín. Konurnar í frystihúsunum geta ekki bætt kjör sín án þess að missa bætur út og suður og ekkert stendur eftir í buddunni. Það er þessi hópur fólks sem hefur hvatt mig til þess að leggja fram þetta frv.

[20:22]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kom upp til að mótmæla tillögum þess efnis að skattar yrðu lækkaðir á hátekjufólki á Íslandi á kostnað láglaunafólks. Hv. þm. Pétur Blöndal segir að sér finnist dapurlegt að ég skuli hafa uppi málflutning af þessu tagi. Hann hefði vænst þess að ég kæmi fullur eldmóðs og vildi hækka lægstu laun. Það vil ég gera og það hef ég viljað gera um árabil gegn andstöðu Vinnuveitendasambandsins, gegn andstöðu Verslunarráðsins, gegn andstöðu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og gegn andstöðu Sjálfstfl. Þetta er það sem við höfum átt við að stríða, andstöðu þessara afla.

Mér finnst það vanhugsað, jafnvel pínulítið barnalegt, að segja að ef við samþykkjum nú lög þess efnis að skattar verði lagðir á fólk sem hefur tekjur undir 60 þús. kr. á mánuði og skattar verði hækkaðir á alla þá sem hafa undir 120 þús. kr. á mánuði þá verði það til þess að hækka þessi laun.

Síðan finnst mér það umhugsunarvert sem hv. þm. Pétur H. Blöndal segir, að kjósendur sínir í Reykjavík hafi þrýst á sig að koma fram með þessar tillögur. Mig undrar það ekki. Mig undrar ekki að forstjóri Eimskips og stórfyrirtækjanna hér, að milljón krónu mennirnir skuli þrýsta á þá hv. þm. Vilhjálm Egilsson og Pétur H. Blöndal að koma fram með tillögur um að lækka á þá skatta. Enda yrði árangurinn verulegur ef þetta yrði samþykkt, skattalækkun upp á 167 þúsund á milljón krónu mennina. En mig undrar málflutningurinn sem þingmaðurinn viðhafði hérna að öðru leyti.

[20:25]

**Flm. (Pétur H. Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi því vel að hv. þm. Ögmundur Jónasson vilji hækka lægstu laun. Ég trúi því vel að hann hafi mætt mótstöðu hingað og þangað. En af hverju mætir hann mótstöðu hingað og þangað? Það er vegna þess að hæstu launin eru sköttuð svo óskaplega að til þess að ná þeim náttúrlega launamun sem ég gat um áðan, fyrir menntun, erfiði og því um líkt, að ekki tekst að hækka lægstu launin. Hann er ekki bara í andstöðu við Vinnuveitendasambandið, Verslunarráðið og ríkisstjórnina eins og hann gat um heldur er hann líka í andstöðu við markaðinn, markaðinn sem segir að það eigi að vera ákveðinn launamunur. Það verður að borga fólki ákveðið meira fyrir að fara inn á hálendið og vinna þar í myrkri og kulda við erfið skilyrði og fjarri heimilum sínum. Það er þessi markaður sem hv. þm. rekst á og vegna þess að þessar svokölluðu háu tekjur þarna á hálendinu eru skattlagðar svona mikið rekst hann á vandamál við að hækka lægstu launin.

En þegar hætt verður að skatta háu launin svona óskaplega eins og gert er í dag þannig að þeir sem hafa tvöfaldar tekjur borgi tvöfaldan skatt en ekkert umfram það verður ekki andstaða við að hækka lægstu launin, þá vinnur vinnumarkaðurinn með hv. þm.

Forstjóri Eimskips hefur aldrei haft samband við mig. Það var ekki það fólk sem hafði samband við mig. Fólkið sem hafði samband við mig var fólk með 200–300 þús. kr. á mánuði og slatta af börnum heima. Vegna þess að það átti svo mikið af börnum þurfti konan að vera heima yfir börnunum því það borgaði sig ekki fyrir hana að vinna úti og þessir menn, karlmenn yfirleitt, þurftu að vinna undir drep. Þeir höfðu ekki efni á því að fara í bíó sagði einn þeirra við mig. Hann var samt allt að því hátekjumaður.

[20:27]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru ágætar upplýsingar að það eru fyrst og fremst einstaklingarnir á bilinu 200–300 þús. kr. á mánuði sem hafa haft samband við hv. þm. Greinilegt er að enginn á bilinu 10–120 þús. kr. hefur haft samband við hv. þm. Pétur H. Blöndal og ekki að undra vegna þess að það er það fólk, láglaunafólkið á Íslandi, sem hann er að leggja til að verði skattlagt, að skattar verði hækkaðir hjá til að geta niðurgreitt skatta hjá þeim sem hafa hærri tekjur. Út á það gengur þetta.

Síðan finnst mér hálfnöturlegt þegar menn eru að tala um að markaðurinn eigi að stjórna öllu til þess að tryggja réttlæti, að þeir sem vinni á næturnar o.s.frv. eigi að fá hærra kaup. Erum við að tala um fólkið á spítölunum, Sóknarfólkið? Erum við að tala um það? Nei.

Markaðurinn hefur ekki skammtað þessu fólki réttlátar tekjur, það hefur hann ekki gert. Hann hefur skammtað þeim sem hafa haft aðstöðu til að skammta sér sjálfir því að út á það gengur markaðurinn. Þessar tillögur þjóna fyrst og fremst því fólki sem hefur haft aðstöðu til að taka meira til sín en aðrir. Það er það fólk sem fær samkvæmt þessum tillögum mestan skattafslátt. Sá einstaklingur sem hefur hæstu tekjurnar í þjóðfélaginu fær samkvæmt tillögum hv. þingmanna Péturs Blöndals og Vilhjálms Egilssonar mestan skattafslátt. Milljón króna maðurinn fær skattafslátt upp á 167 þús. kr. og fólkið sem er undir 120 þús., láglaunaþjóðin á Íslandi, á að blæða fyrir. Út á það ganga þessar tillögur. Enda kemur fram í máli hv. þm. að enginn úr láglaunaþjóðinni hefur haft samband við hv. þm. vegna þess að slíkt fólk talar við fulltrúa annarra flokka en Sjálfstfl.

[20:29]

**Útbýting þingskjala:**

Langtímaáætlun í vegagerð, 379. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1245; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1246.

[20:29]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Þau þingmál sem við ræðum nú þrjú saman, flutt af þeim hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Vilhjálmi Egilssyni bera með sér að við gerð þeirra hefur verið lögð mikil vinna og ekki síst vinna í að athuga og fjalla efnislega um grundvallaratriði sem varða lífskjör fólks því að skattlagning á tekjur snertir beinlínis lífskjör þess, þau varða efnahagsleg áhrif launa, skatta og fjárhagslegra jöfnunaraðgerða. Ég vek á því athygli að ég nota ekki orðin „félagslegar jöfnunaraðgerðir" því að mér er stórlega til efs að þær jöfnunaraðgerðir sem við höfum séu allar félagslegar og ég mun víkja að því síðar. Þessi atriði varða skattlagningu tekna, þ.e. heildartekna og að lokum beinlínis jöfnunaraðgerðirnar sjálfar.

Umfjöllun þeirra, og það hefur réttilega komið fram, er einkum undirbúin af hv. þm. Pétri H. Blöndal í samstarfi við ýmsa einstaklinga. Umfjöllun þeirra beinir athygli okkar að grundvallarspurningum um tengsl skattkerfis og fjárhagslegra jöfnunaraðgerða og ekki síst að því hvort rétt sé eða skynsamlegt að skattkerfið nái einnig til slíkra aðgerða og ekki síst svo stórtækra sem við viðhöfum.

Þar með erum við komin að þeirri niðurstöðu sem uppi er í skattkerfinu í dag, að það leggur háan skatt á þær tekjur sem eru skattskyldar, það dreifir út miklum fjármunum í jöfnunaraðgerðum, og þá birtist strax það sem við getum með réttu kallað galla þessa kerfis, sem er í fyrsta lagi að það er mjög flókið. Hver venjulegur einstaklingur hefur ekki burði eða aðstöðu til að sjá sjálfur um sín skattamál — fyrir utan það að það er enn þá flóknara í framkvæmd og eftirliti. En þó eru öllu neikvæðust, herra forseti, þau áhrif sem það hefur greinilega á skattborgarana.

Af þeim áhrifum er í fyrsta lagi nauðsynlegt að benda aftur á jöfnunaraðgerðirnar miklu sem eru fjárhagslegar og ná til fjölda fólks og fjölskyldna sem við mundum ella frá mörgum sjónarmiðum telja að væru fjárhagslega sjálfbjarga, í fullkominni alvöru. Slík niðurstaða hvað þetta varðar dregur úr vilja þessara fjölskyldna og þeirra sem afla teknanna til að auka tekjuöflunina. Ekki síst dregur skattkerfið með hárri skattprósentu úr vilja hinna, sem eru komnir yfir þessi mörk, til að bæta við sig vinnuframlagi og auka þannig tekjur sínar. Vegna þess einfaldlega að þegar við lítum á heildina þá greiða þeir sívaxandi hluta í þá félagslegu þjónustu og jöfnunaraðgerðir sem ganga til annarra, langt umfram það sem þeir og þeirra fjölskyldur njóta úr félagslega kerfinu sem hér er við lýði.

Þessi sömu áhrif valda því að ríkur vilji er þekktur um allt land til undandráttar frá skatti og sífelldar ályktanir sem eiga sér góðar röksemdir um verulega umfangsmikla svarta starfsemi, sem einkum á sér stað á milli einstaklinga, herra forseti. Hægt er að rekja það að sú starfsemi fer ekki mikið á milli fyrirtækja sem búa við í raun annað skattkerfi þar sem félagslegar og fjárhagslegar jöfnunaraðgerðir eru ekki uppi. Svarta starfsemin á sér stað á milli einstaklinga og fjölskyldna sem búa við einmitt þetta skattkerfi sem hér er til umræðu.

Ekki síst er niðurstaðan af þessum áhrifum sú með hárri skattprósentu og háum jöfnunaraðgerðum, að það fyrirbrigði sem við köllum jaðaráhrif eða jaðarskatta er mun víðtækara en við höfum viljað fallast á, og sífellt er að því unnið á vegum ríkisstjórna, fjármálaráðherra og annarra að reyna að koma á leiðum til að draga úr þeim áhrifum, sem eru mjög neikvæð.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég tek fyllilega undir þau sjónarmið sem koma fram í máli hv. 1. flm. að þessum þingmálum þremur, að það væri mikill ávinningur, efnahagslegur og félagslegur ávinningur, að ná að draga úr þessum áhrifum skattkerfisins.

Ég verð hins vegar einnig að viðurkenna að mér er það mikið umhugsunarefni hvernig við slíkar hugmyndir og framkvæmd þeirra ætti að viðhafa skattlagningu á lægstu tekjurnar. Ég er nefnilega alls ekki viss um að þessar breytingar, án þess að á sama tíma færu fram frjálsar viðræður um kaup og kjör, leiði einar og sér til verulegra breytinga á launasamningum, einkanlega vegna þess að þeim samningum verður ekki breytt nema í frjálsum viðræðum. Skattkerfinu verður hins vegar ekki breytt nema með löggjöf frá Alþingi. En auðvitað gæti aðili eins og hæstv. ríkisstjórn komið að þeim þætti þeirra mála sem hér eru rakin.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að við veitum þessum málum athygli og leggjum okkur fram um að ræða þau efnislega og að veita því virðingu hvað þau taka á miklum grundvallaratriðum sem snerta allt þjóðfélagið, allar fjölskyldur sama hvar í landinu þær búa, sama við hvaða kjör þær starfa.

En hitt liggur enn þá eftir og það er niðurstaða mín af því sem ég hef sagt um áhrifin af skattkerfinu eins og það er í dag, og sem ég tel líklegt að hugmyndir af þessu tagi mundu breyta, að heildartekjur einstaklinga og fjölskyldna verða einungis auknar með því að þeir sjálfir eða fjölskyldurnar sjálfar hafi vilja til að auka tekjur sínar með því að auka vinnuframlag og auka störf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.*

Frv. StB o.fl., 651. mál (veiðitími á Breiðafirði). — Þskj. 1124.

[20:36]

**Flm. (Sturla Böðvarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Flm. eru auk mín hv. þm. Magnús Stefánsson, Guðjón Guðmundsson og Gísli S. Einarsson.

Frv. er einungis tvær greinar. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „Tímabilið 1. september – 31. desember" í upphafi 4. tölul. F-liðar 8. mgr. 5. gr. laganna kemur: Tímabilið 1. júní – 31. desember."

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Sjávarútvegsnefnd breytti frumvarpi sjávarútvegsráðherra nokkuð og var meðal annars bætt við nýju veiðihólfi í Breiðafirði fyrir báta í 3. flokki, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna, en að meginstefnu til falla í þann flokk fiskiskip sem eru styttri en 29 metrar og með lægri aflvísa en 1.600. Var það mjög mikilvæg breyting á frumvarpinu. Hins vegar var veiðitímabilið takmarkað við tímabilið 1. september – 31. desember ár hvert. Þannig er öll sumarveiði útilokuð á svæðinu, en eins og gefur að skilja er mjög mikilvægt að geta nýtt þann árstíma til veiða. Ekki er skýrt í nefndaráliti sjávarútvegsnefndar á þskj. 1169 hvers vegna þessi tímamörk eru valin en vera kann að hér

sé um misskilning að ræða sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þess vegna er frumvarpið flutt. Þess má geta að bæði Útvegsmannafélag Snæfellsness og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa ályktað um að nauðsyn beri til að veiðitímabilið í hólfi F.4 á Breiðafirði hefjist 1. júní ár hvert í stað 1. september eins og lögin kveða á um núna. Til leiðréttingar er í frumvarpinu gerð tillaga um að það verði frá 1. júní – 31. desember ár hvert fyrir skip í 3. flokki þannig að útgerðir minni fiskiskipa geti nýtt sér sumarið til veiða.

Á undanförnum árum hefur sumarveiði á þessu veiðisvæði verið mjög mikilvæg og hefur hún skapað atvinnu við Breiðafjörð.

Herra forseti. Ekki er ástæða til að orðlengja um þetta mál en að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[20:40]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Hér er flutt frv. til breytinga á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelginni og hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur gert grein fyrir því. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hans að hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu. Það virðast hafa orðið ákveðin mistök við lagasetningu á síðasta ári sem koma fram í því að umrætt veiðihólf samkvæmt lögunum verði opið frá 1. september til 31. desember en hingað til hefur þetta hólf verið opið frá 1. júní til 31. desember. Hér er því um leiðréttingu að ræða sem nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd.

Það veiðisvæði sem hér um ræðir er mjög mikilvægt fyrir minni fiskiskip og fjölmörg fiskiskip við Breiðafjörð hafa stundað veiðar á þessu svæði en einnig fiskiskip frá öðrum svæðum. Því er um mjög mikilvægt mál að ræða að ná fram þeirri breytingu fyrir þinglok í vor, þ.e. að þetta veiðisvæði verði opið frá 1. júní.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. heldur leggja áherslu á og hvetja til þess að hæstv. sjútvn. taki málið til umfjöllunar hið allra fyrsta svo að þessu máli verði lokið fyrir þinglok. Ég vil einnig vísa í álit útvegsmanna og Landssambands ísl. útvegsmanna, sem kemur fram í grg. með frv., um þetta mál.

Herra forseti. Ég vil enda mál mitt á því að hvetja hæstv. nefnd til að taka málið til umfjöllunar og hraða afgreiðslu þess fyrir þinglok.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Ársreikningar, 1. umr.*

Frv. GÁ, 434. mál (laun og starfskjör stjórnarmanna). — Þskj. 760.

[20:42]

**Flm. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994. Það hljóðar svo:

2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, önnur starfskjör og ágóðahluta til stjórnarmanna félags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda fyrir störf í þágu þess. Sundurliða skal heildarlaun og önnur starfskjör þessara aðila. Þá skal veita upplýsingar um meðallaun starfsmanna eftir starfshópum, karla annars vegar og kvenna hins vegar.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í greinargerðinni segir:

Markmið laga um ársreikninga er að gefin sé sönn og skýr mynd með jöfnu millibili af eignum og skuldum hlutafélags, fjárhagsstöðu þess og afkomu. Rekstrarreikningur verður að sama skapi að sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðuð að reikningurinn gefi greinargóða mynd af rekstrarafkomu hvers reikningsárs miðað við góða reikningsskilavenju. Í 43. gr. IV. félagaréttartilskipunar EB, sem gildi hefur hér á landi, kemur fram að í skýringum með ársreikningi skuli m.a. geta um þá fjárhæð sem veitt er á reikningsárinu í þóknun til stjórnarmanna hlutafélags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda fyrir störf þeirra. Eðlilegt er og sjálfsagt að skýrt komi fram í ársreikningi fyrirtækja hvaða laun eru greidd æðstu stjórnendum og stjórnarmönnum, sem og allar aðrar þóknanir. Þess vegna þarf að skýra nánar ákvæði 48. gr. laganna, en fram til þessa hefur nákvæm sundurliðun þessara þóknana verið talin óþörf. Að sama skapi og með hliðsjón af stöðu mála í jafnréttisumræðu er nauðsynlegt að hlutafélög upplýsi um raunveruleg laun og önnur starfskjör beggja kynja eftir starfshópum svo að auðveldara verði að ráða bót á misrétti á því sviði.

Hér er verið að mæla með því að jafnrétti verði á milli fyritækja burt séð frá eignarformi, að laun þeirra sem fyrir fyrirtækjunum fara og þeim ráða og önnur starfskjör verði upplýst og aðgengileg öllum almenningi. Slíkt mundi veita mikið aðhald í okkar þjóðfélagi. Þetta er gert í hinum stærri ríkjum. Hví ekki hér?

Hinn liðurinn snýr að jafnrétti kynjanna. Það er ljóst að laun kvenna á Íslandi eru mun lægri en karla svo nemur kannski 30–40% að meðaltali. Ég er sannfærður um að þegar horft verður til baka einhvern tíma á næstu öld til þessarar sem nú senn er að líða, þá verður það skoðun þeirra sem þá verða uppi að það sé eitthvert mesta misrétti og óskiljanlegt framferði þeirra sem nú eru uppi og stjórna fyrirtækjum og ráða þjóðfélaginu að konur skuli búa við svo slök kjör. Komið hefur í ljós í launaskriði síðustu mánaða að það eru laun karlanna sem skríða upp á við. Það hefur komið í ljós líka í fyrirtækjunum að þar sem karlmaður er ráðinn þá er hann á sérkjörum o.s.frv.

Ég hef lengi talið að konur væru síst verri starfskraftar en karlmenn og að þær séu verðar launa sinna og þess vegna sé mikilvægt að mæla fyrirtækin hvað þetta varðar til að veita þeim aðhald og ná þessum árangri á sem skemmstum tíma.

Læt ég þá ræðu minni lokið, hæstv. forseti. Ég hef ekki gert mér grein fyrir til hvaða nefndar málinu skal vísað en legg það í dóm hæstv. forseta og treysti honum fullkomlega til að gera rétt.

(**Forseti** (ÓE): Það var vel mælt hjá hv. þm.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.*

Frv. ÁRÁ, 639. mál (krókaveiðar). — Þskj. 1095.

[20:47]

**Flm. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og

lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, bæði með síðari breytingum. Frv. liggur frammi á þskj. 1095. Með því eru lagðar fram tillögur um að breyta þessum lögum hvað varðar krókabáta eða báta sem stunda veiðar á línu og handfærum.

Breytingarnar sem koma fram í tveimur fyrri greinum frv. sem snúa að lögunum um stjórn fiskveiða eru annars vegar þess efnis að samkvæmt 1. gr. frv. verði óheimilt að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Eru ástæður þeirrar breytingar vel skýrðar í grg. svo að ég mun ekki taka þær sérstaklega fram í minni framsögu.

Í 2. gr. frv. er lögð til sambærileg breyting við 6. gr. laganna ásamt því að lagt er til að í stað orðsins „Veiðiferð" á einum stað komið orðið: Sóknardegi, þar sem með því yrði framvegis notað sama orð um það hugtak alls staðar í þessari grein laganna þar sem fjallað er um veiðar þessara báta í sóknardagakerfi. En það fyrirkomulag, ef svo má segja, eða orðalagið „Veiðiferð" hefur vakið ágreining sem yrði úr leyst með þessari breytingu.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þar sem segir að frestur þessara báta til 1. apríl sl. til að leggja fram umsóknir um úreldingarstyrk, verði framvegis til 1. október 1998.

Þó að frv. hafi þegar það var í smíðum verið kynnt í hv. sjútvn. legg ég til að því verði vísað þangað og til 2. umr. en vænti þess að það fái þar hraða afgreiðslu því að fram kemur í grg. að stjórn Landssamband smábátaeigenda svo og sjútvrn. sem fer með framkvæmd laganna séu sammála um að mikilvægt sé að koma þessum lagfæringum að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, fyrri umr.*

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 595. mál. — Þskj. 1008.

[20:50]

**Flm. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna. Flutningsmenn auk mín eru einir tíu hv. þingmenn sem starfa í ýmsum þingflokkum. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og laga um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna, einkum ákvæða varðandi takmörkun eða stig réttinda, kröfur um nám og námstíma, aðgengi að námi og þörf atvinnulífs fyrir menntun yfirmanna."

Í grg. með till. kemur fram, herra forseti, að þessi lög eru nokkuð gömul, eða meira en áratugsgömul og þó að þeim hafi verið breytt nokkuð í tímans rás þá er greinilegt af gögnum sem fram koma, m.a. fylgiskjölum sem grg. fylgja, að ástæða er til að endurskoða þau. Eitt sjónarhorn sem þarf að taka tillit til er samanburður við önnur lönd en með þjóðfélagsbreytingum síðari ára koma allir þættir í starfsumhverfi atvinnuvega og starfsgreina til skoðunar með samanburði og samjöfnuði við kjör keppinauta og starfsfélaga í grannlöndum okkar.

Bættar samgöngur og aukin fjarskipti hafa stórum aukið samkeppni við erlend fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hefur opnað okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og meðal grunnþátta hans er frjáls för launafólks og staðfesturéttur þess. Á grundvelli hans getur erlent fólk nú boðið sig fram til starfa hérlendis í krafti þeirra atvinnuréttinda sem það nýtur í sínu heimalandi.

Eins og fram kemur í grg. með tillögunni og í fylgiskjölum með grg. er ljóst að nokkur munur er á því hvernig Íslendingar og erlendir menn sem hafa nú rétt til að leita hér þessara starfa, fá réttindi til þeirra. Þar kemur greinilega fram að íslenskir vélstjórnarmenn t.d. þurfa að leggja á sig meiri menntun, þ.e. kosta meiru til réttinda sem eru sambærileg við það sem erlendir menn hafa með minni tilkostnaði og skemmra námi.

Herra forseti. Það kemur einnig fram að eins og náminu er hagað í dag er mönnum sem hafa eldri réttindi alls ekki auðvelt að fá aðgang að námi til að bæta við réttindi sín. Svo og er ljóst að kröfur og þarfir atvinnulífs eru síbreytilegar og m.a. kemur fram í grg. að nú stefnir í það, herra forseti, að menntaða vélstjórnarmenn, jafnvel skipstjórnarmenn, skortir fyrir fiskiskipaflotann sem eins og allir þekkja er öflugasti og best starfrækti atvinnuvegur landsmanna og sá sem skapar hvað mest verðmæti í okkar efnahagslífi.

Ég hyggst ekki gera frekar grein fyrir því sem fram kemur í grg. með tillögunni en legg til að henni verði vísað til síðari umr. og til athugunar í hv. samgn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Endurvinnsla á pappír, fyrri umr.*

Þáltill. ÁRÁ og ÍGP, 629. mál. — Þskj. 1085.

[20:54]

**Flm. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um átak til endurvinnslu og endurnýtingar á pappír. Ásamt mér er flm. hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir átaksverkefni um endurvinnslu og endurnýtingu pappírs sem fellur til hér á landi."

Í grg. kemur fram að undanförnu hefur farið fram mikil almenn umræða um umhverfismál og stöðu þeirra hér á landi. Einkum hefur athyglinni verið beint að útstreymi gróðurhúsalofttegunda enda skammt liðið frá lokum loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kyoto. Flutningsmönnum sýnist hins vegar full ástæða til að athyglinni verði einnig beint að öðrum þáttum þessa víðfeðma málaflokks.

Helstu hráefni til pappírsgerðar eru úr jurtum eða trjám sem hafa fram að þessu verið álitin mikilvirk í að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda með því að nýta sér sjálf þær lofttegundir. Í opinberum gögnum hefur komið fram að hérlendis falli árlega til pappír sem nemi um 30 þús. tonnum. Af upplýsingum OECD um pappírsnotkun okkar Íslendinga og nokkurra grannþjóða okkar á síðustu árum má draga þá ályktun að hún kunni að fara vaxandi hér á landi. Sérstaka athygli vekur að litlum hluta notaðs pappírs er safnað til endurnýtingar hérlendis eða einungis um 30% eða innan

við 1/3 af því sem til fellur. Hlutfallið er talsvert hærra hjá flestum grannþjóðum okkar og er t.d. yfir 40% í Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Eina leiðin til að pappír verði safnað og verð fáist fyrir hann sem hráefni til endurvinnslu, þ.e. sem stendur, er og hefur verið að senda hann til útlanda. Verðið sem þannig fæst er nú of lágt til að söfnun og flutningur borgi sig. Þá er einnig umhugsunarvert að sá litli hluti pappírs sem safnað er hér á landi fer alls ekki allur til endurvinnslu eða endurnýtingar heldur er hann ýmist urðaður eða brenndur án þess að orkan sé nýtt.

Að þessu athuguðu draga flutningsmenn þá ályktun að auka megi söfnun pappírs sem til fellur og þá einkum að tryggja megi að stærri hluti hans verði endurunninn og nýttur að nýju. Því telja þeir ástæðu til að athugað verði hvort endurvinnsla pappírs hér á landi geti orðið arðbær og leggja til að greitt verði fyrir athugunum á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum söfnunarkerfis og endurvinnslu. Hvatt verði til söfnunar og skila og t.d. opinberar stofnanir hafi forgöngu um að flokka og safna pappír til endurvinnslu. Þessu mætti koma á með fyrirmælum stjórnvalda og leggja flutningsmenn til að athugað verði hvort til þess þurfi lagaboð eða hvort einfaldari fyrirmæli dugi til. Sem dæmi má nefna að slík fyrirmæli hafa verið í gildi í Danmörku um nokkurt árabil.

Þá verði einnig athugað hvort rétt væri að banna urðun og brennslu endurvinnanlegs pappírs eða endurnýtanlegra efna almennt.

Herra forseti. Erlend stjórnvöld hafa lagt sig fram um að hvetja til endurnýtingar með tímabundnum og jafnvel varanlegum aðgerðum bæði í löggjöf og öðrum fyrirmælum frá stjórnvöldum. Við teljum ástæðu til að íslensk stjórnvöld athugi hið sama og íhugi kosti þess og galla.

Að svo mæltu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og til athugunar í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, fyrri umr.*

Þáltill. StG og EOK, 609. mál. — Þskj. 1036.

[20:58]

**Flm. (Stefán Guðmundsson):**

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir þáltill. á þskj. 1036 um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis. Flm. með mér á þessari tillögu er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við Bændasamtök Íslands, Landssamtök sláturleyfishafa, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda um gerð þriggja ára markaðs- og söluátaks á íslensku dilkakjöti erlendis."

Í greinargerðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar eigum því láni að fagna að samtök okkar í sjávarútvegi hafa komið sér upp sölufyrirtækjum sem hafa náð miklum og góðum árangri á erlendum vettvangi. Þar hefur á undanförnum áratugum safnast saman mikil þekking sem hiklaust á að nýta í öðrum útflutningsviðskiptum, sérstaklega á sviði matvælaiðnaðar. Flutningsmenn tillögunnar telja einsýnt að besta leiðin til að markaðssetja íslenskt dilkakjöt fyrir kröfuharða erlenda neytendur sé að nota þau kerfi í sölu- og markaðsmálum sem útflutningsfyrirtækin í sjávarútvegi hafa byggt upp.

Sú sölustarfsemi sem unnið hefur verið að erlendis fram til þessa sýnir að gæði íslenska kjötsins eru fyllilega sambærileg við þær afurðir sem á þessum mörkuðum bjóðast. Jafnframt því að ná ásættanlegu skilaverði til framleiðenda þarf að koma til skila á markaðnum mikilvægum upplýsingum um ferskleika kjötsins og heilbrigðisvottun, sem og að skurður og önnur meðferð kjötsins standist kröfur neytenda. Náist þetta fram er miklum áfanga náð til öflugrar markaðssóknar.

Til að atvinnugrein geti orðið grundvöllur farsællrar búsetu þarf hún að búa þeim sem við hana starfa viðunandi lífsviðurværi. Framtíð þeirra sem að landbúnaði starfa byggist öðru fremur á því starfsumhverfi sem greininni er gert að búa við. Sauðfjárbúin hér á landi eru flest svo lítil og markaður smár að þau skapa þeim sem við þau starfa hvorki ásættanlegar tekjur né atvinnu.

Á árunum 1986–1996 fækkaði lögbýlum með sauðfé um 1.530 og þar af var á 930 lögbýlum eingöngu búið með sauðfé. Á síðastliðnum 20 árum hefur sauðfjárframleiðslan dregist saman um 45%, úr 850 þús. fjár í um 470 þús. Á árunum 1983–1996 töpuðust í innanlandssölu um 307 tonn að meðaltali á hverju ári, og á síðustu sjö árum hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn. Á árunum 1991–96 hækkuðu ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu um 5,5% en á sama tímabili lækkuðu launagreiðslur sauðfjárbúa um hvorki meira né minna en 35%.

Ef svo heldur fram sem horfir er veruleg vá fyrir dyrum þar sem markaðshlutdeild dilkakjöts innan lands gagnvart öðrum kjöttegundum minnkar stöðugt, m.a. vegna breyttra neysluhátta. Því er ljóst að sóknarfærin í þessari grein byggjast á því að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Á síðustu árum hafa nokkur fyrirtæki reynt fyrir sér í sölumálum erlendis fyrir unnar kjötvörur. Þannig voru á árunum 1991–1996 flutt út um 200–400 tonn á ári. Nokkur þekking hefur því fengist á ákveðnum þáttum útflutnings þótt útflutt magn sé vissulega mjög lítið.

Þegar markaðsstaðan erlendis er metin er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir verðmyndunarþættinum, að hann sé öllum augljós og skýr. Forsenda þess sem hér er stefnt að er að skilaverð til framleiðanda verði þannig að afkoma bænda og umhverfi verði ásættanlegt. Sú skoðun flutningsmanna skal því ítrekuð að við núverandi aðstæður er öflugt sölu- og markaðsstarf erlendis, sem skilar framleiðendum ásættanlegu skilaverði, forsenda aukinnar framleiðslu sauðfjárafurða."

Sú staðreynd er vissulega umhugsunarefni fyrir okkur, ágætir þingmenn, að sá sem fremst hefur farið í sölu- og markaðsmálum á íslensku lambakjöti í Danmörku er yfirmaður bæði kjöt- og fiskviðskipta FBB, en samanlagt ræður þessi verslunarkeðja yfir um það bil 38% af danska matvörumarkaðnum. Það sama má segja hér heima ef við lítum til þess sem Kaupfélag Austur-Skaftfellinga á Höfn í Hornafirði hefur verið að gera en það hefur náð góðum árangri í markaðssetningu framleiðslu sinnar með aðstoð Íslenskra sjávarafurða. Þetta tvennt og mörg fleiri dæmi sem ég gæti nefnt, m.a. það að þegar nýr forstjóri var ráðinn að Sölusamtökum íslenskra sjávarafurða vestur í Bandaríkjunum, þá kom sá aðili ekki úr fiskgeiranum ef svo mætti kalla heldur

kom hann ef ég veit rétt þvert á móti úr kjötgeiranum og hann hefur unnið þar hið besta starf. Þetta sýnir okkur það og sannar að við hefðum fyrr átt að bregðast við og átta okkur á þeirri yfirgripsmiklu þekkingu sem fyrirtæki okkar í sjávarútvegi hafa aflað sér á erlendri grund og átt að gera tilraun eins og hér er lagt til að markaðssetja þessa ágætu afurð okkar á erlendum markaði.

Virðulegi forseti. Ég vil að þessari umræðu lokinni leggja til að þessu máli verði vísað til hv. landbn.

[21:06]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir efni þessarar tillögu því mér finnst hún skynsamleg. Ég held að ef við ætlum að ná árangri í útflutningi á dilkakjöti sé þetta vænlegasta leiðin, þ.e. að semja við þau öflugu sölufyrirtæki sem talin voru upp, Íslenskar sjávarafurðir, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Þessi fyrirtæki hafa komið sér upp mikilli þekkingu á mörkuðunum og náð frábærum árangri og ég er sannfærður um að þetta er vænlegasta leiðin til að ná árangri í útflutningi á dilkakjöti.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, þá hefur orðið mjög mikill samdráttur hjá sauðfjárbændum á undanförnum árum. Eins og hann nefndi hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn á síðustu sjö árum og á árunum 1991–1996 lækkuðu launagreiðslur sauðfjárbúa um hvorki meira né minna en 35% þegar ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu voru að hækka um 5,5%. Þetta er sú stétt sem á hvað erfiðast í landinu í dag. Það hefur orðið þessi gríðarlegi samdráttur og menn hafa horft til útflutningsins til lausnar á þessu vandamáli. Það hefur ekki náðst árangur í útflutningi. Við vitum öll að þarna er um úrvalsvöru að ræða. Við höfum hins vegar ekki náð árangri vegna þess að gríðarlegt fjármagn þarf í auglýsingar og markaðsstarfsemi og við höfum ekki yfir því fjármagni að ráða sem til þess þarf. Þess vegna held ég að það sé mjög skynsamleg leið sem þarna er lögð til.

Ég kom í Kaupfélagið á Hornafirði fyrir líklega um tveimur árum þar sem fjöldi manns var að pakka dilkakjöti til neyslu á Belgíumarkað og kaupfélagsstjórinn sagði okkur frá því að sú sala hefði orðið þannig til að sölustjóri hjá Íslenskum sjávarafurðum í Belgíu var að selja fyrir þá fisk og það barst eitthvað í tal að það þyrfti að koma kjötinu á markað líka og það var hann sem tók að sér að markaðssetja það með þeim árangri að um verulegan útflutning hefur verið að ræða á ágætu verði. Þess vegna ítreka ég það að mér finnst þetta góð tillaga og ég styð hana.

[21:08]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir og fagna þessari tillögu sem hér er fram komin. Ég held að árangur í útflutningi á dilkakjöti sé ein helsta von sauðfjárræktarinnar. Ég held að ekki sé mjög raunhæft að ætla að innanlandsneyslan aukist frá því sem verið hefur og að mínu viti er helsta vonin sú að líta til útflutnings.

Það hefur komið fram í umræðunni hjá hv. þingmönnum að útflutningur dilkakjöts hefur átt sér stað í nokkrum mæli í samstarfi við sölufyrirtæki í sjávarútvegi og hefur verið vitnað til útflutnings Hornfirðinga til Belgíu. Ég átti þess kost að heimsækja fyrirtækið sem hefur keypt dilkakjötið til Belgíu fyrr í vetur og kom fram í máli þeirra aðila sem þar stunda þá sölu að gæði íslenska kjötsins eru ótvíræð og eru mun betri en á lambakjöti frá öðrum þjóðum. Það er auðvitað staðreynd sem við höfum vitað. Hins vegar er vandinn sá að fá fyrir þær afurðir það verð sem dugar til og það er kannski helsti vandinn í því efni.

Sú tillaga sem hér er komin fram og fjallar um að efla samstarf við sölufyrirtæki í sjávarútvegi til útflutnings á dilkakjöti er auðvitað mál sem er mjög mikilvægt. Við þekkjum það frá sögunni og reynslunni að þessi fyrirtæki hafa byggt sig mjög öflugt upp á erlendum mörkuðum og hafa stundað markaðsstarfsemi fyrir sjávarafurðir af miklum krafti og með mjög góðum árangri í gegnum tíðina. Það eru ekki lítil verðmæti fólgin í því fyrir okkur Íslendinga í þeim fyrirtækjum sem hafa byggt upp mikla reynslu, þekkingu og ekki síður sambönd út um allan heim. Ég tel að það sé einmitt það sem gæti vel nýst sauðfjárræktinni og við útflutning á dilkakjöti og að því eigum við auðvitað að vinna.

Ég hygg að fullur vilji sé fyrir því hjá þessum sölufyrirtækjum sjávarútvegsins að koma að þessu máli en að sjálfsögðu þarf að vinna að því á markvissan hátt.

Þessi tillaga er sem sagt fram komin og ég fagna henni. Ég hvet til þess að hún verði afgreidd og unnið eftir henni. Hins vegar er það svo með sauðfjárræktina að það er ekki nóg að flytja út og ná þokkalegu og góðu verði. Það er auðvitað mjög mikilvægt að ná fram aukinni hagræðingu og lækkun kostnaðar innan lands þannig að framleiðendurnir sjálfir, bændurnir, fái sem mest út úr því verði sem fyrir afurðirnar fæst.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar heldur ítreka það að ég fagna þessari tillögu og vonast til þess að hún nái fram að ganga og árangur verði af því sem hún fjallar um.

[21:12]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil segja um þessa þáltill. að hún er hin merkasta í mínum huga. Ef hægt yrði að ná því fram að Bændasamtökin, Landssamband sláturleyfishafa, Íslenskar sjávarafurðir, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda gerðu með sér slíkan samning sem hér er orðaður og lagt er til, þá mundi það áreiðanlega vera vænlegasta leiðin til að ná skjótri sókn í markaðsmálum og söluátaki á lambakjöti.

Ég hef lengi sagt að bændur verða ekki frjálsir á ný fyrr en þeir hafa náð erlendum mörkuðum. Erlendir markaðir á landbúnaðarafurðum hafa skipt bændur mestu máli á þessari öld. Það var sauðasalan í lok síðustu aldar sem gaf íslenskum landbúnaði nýjan byr. Ég er því þeirrar skoðunar að það muni skipta sköpum. Það skiptir ekki bara bændur miklu máli. Það mun líka ráða örlögum heilla byggða hvort slíkt tekst eða ekki. Þess vegna er mjög mikilvægt að leggja þessu máli lið.

Það er auðvitað ljóst í mínum huga að afurðastöðvar hafa verið að gera heldur góða hluti og eru að gera það með öðrum hætti en áður var. Það er lagt upp úr gæðum vörunnar og reynt að selja hana dýrt sem hreina úrvalsafurð. Ég nefni Sláturfélag Suðurlands sem hefur verið að selja Dönum lambakjöt á svipuðu verði og Íslendingar kaupa það, og það gengur út. Menn eru að feta sig á þennan markað en tíminn líður hratt. Þess vegna er það mikilvægt að menn nái skjótum árangri. Svo þurfa bændur og þeirra samtök auðvitað að hugsa mjög vel um innanlandsmarkaðinn og halda þar sem best sinni hlutdeild.

Ég lýsi því yfir að mér finnst þessi þáltill. hið merkasta mál og vera í samræmi við aðra þáltill. sem þeir fluttu í

vetur, hv. þm. Stefán Guðmundson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og er nú til umfjöllunar í landbn., um að styrkja sauðfjárrækt á jaðarbyggðum. Ég held að mikilvægt væri ef þetta mál gæti með skjótum hætti náð áfram og þá helst á þessu þingi.

[21:15]

**Flm. (Stefán Guðmundsson):**

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að þakka hv. þm. fyrir prýðilega góðar viðtökur við þessa tillögu. Ég og get tekið undir flestallt sem þeir sögðu. Ég trúi því sjálfur að hér sé reynt að leita farsælla leiða til að styrkja þessa atvinnugrein sem á vissulega í erfiðleikum í dag. Ég vil því nota þetta tækifæri, vegna þess að hér eru og hafa látið í sér heyra þrír ágætir þingmenn sem allir eiga sæti í landbn. Alþingis, til að benda á að mörgum væri mikill greiði gerður með því að hraða afgreiðslu málsins þannig að því lyki á þingi. Þá ynni þingnefndin gott starf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Húsnæðissparnaðarreikningar, 1. umr.*

Frv. TIO og JónK, 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1096.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stjórn fiskveiða, 1. umr.*

Frv. ÁJ, 591. mál. — Þskj. 999.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Virðisaukaskattur, 1. umr.*

Frv. ÁJ o.fl., 607. mál. — Þskj. 1029.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hvalveiðar, fyrri umr.*

Þáltill. GuðjG o.fl., 577. mál. — Þskj. 982.

[21:18]

**Flm. (Guðjón Guðmundsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um hvalveiðar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen. Tillagan sem er á þskj. 982 er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1998 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga."

Nú eru liðin rúmlega 15 ár síðan Alþingi ályktaði síðast um hvalveiðar, en það var 2. febrúar 1983 sem samþykkt var svohljóðandi tillaga, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. september 1982 verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

29 þingmenn greiddu atkvæði með þessari tillögu en 28 á móti svo að tæpara gat það ekki stað.

Þegar þessi tillaga var samþykkt var það almennt álit þingmanna að banni Alþjóðahvalveiðiráðsins yrði aflétt fyrr en síðar og því væri eingöngu um tímabundna ákvörðun að ræða sem aðeins mundi standa í nokkur ár, enda ákvað hvalveiðiráðið að endurmeta þessa ákvörðun eigi síðar en árið 1990 í ljósi nýrra upplýsinga um ástand hvalastofna sem byggðar væru á vísindalegri ráðgjöf.

Öllum er kunnugt um framhaldið. Umfjöllun Alþjóða hvalveiðiráðsins hefur ekkert mið tekið af þeim vísindalegu forsendum að hefja megi veiðar að nýju og meiri hluti aðildarþjóðanna hefur blásið á þær forsendur. Það má minna á að á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem haldinn var í Reykjavík, vorið 1991 kom fram tillaga um nýtt stjórnunarkerfi sem vísindaráð ráðsins hafði samþykkt nær samhljóða. Þessi tillaga fékk engan framgang þrátt fyrir að í sáttmála ráðsins segi svo í viðauka, með leyfi forseta:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Í hinu virta bandaríska fjármálatímariti Forbes var í nóvember 1991 fullyrt að leiða mætti líkur að því að hvalfriðunarsamtök hefðu fjármagnað þátttöku einstakra ríkja í því skyni að hafa bein áhrif á ákvarðanir ráðsins. Dæmi eru um að ríki í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi lýst skilyrðislausri andstöðu við hvalveiðar þótt það sé ótvírætt brot á sáttmála ráðsins sem ég gat um hér áðan. Þannig hefur þetta gengið allar götur síðan og allar tilraunir til þess að fjalla um málið á vísindalegum grunni á vettvangi hvalveiðiráðsins hafa reynst árangurslausar. Stefna og starfshættir ráðsins hafa verið með þeim hætti að segja má að ráðið hafi orðið að eins konar hvalfriðunarstofnun.

Það er staðreynd að innan Alþjóðahvalveiðiráðsins tóku menn alls ekki rökum, hvorki vísindalegum, lögfræðilegum né neinum öðrum. Aftur og aftur var á grundvelli vísindalegra rannsókna sýnt fram á að hægt væri að hefja veiðar á tilteknum hvalategundum. Vísindanefndin hafði mælt með þessu en meiri hluti meðlima ráðsins treysti sér ekki til þess að taka undir þessi vísindalegu sjónarmið og hafnaði þar með ákvörðun um það að hefja hvalveiðar og gerði það á grundvelli tilfinninga sem ekkert áttu skylt við vísindaleg vinnubrögð. Af þessum ástæðum sögðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Undanfarið hafa verið gerðar tilraunir til að sætta ólík öfl innan ráðsins og eitt af því sem við þurfum að huga að er hvort það mundi styrkja stöðu okkar að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið og þá með fyrirvara.

Ég tel að það hafi verið mikil mistök að mótmæla ekki hvalveiðibanninu. Það gerðu aðrar hvalveiðiþjóðir, Norðmenn, Japanar og Sovétmenn og voru þar með óbundnir af

banninu og reyndar hófu Norðmenn aftur hvalveiðar fyrir fimm árum.

Ein helsta röksemd þeirra sem tala gegn hvalveiðum er að ef við hefjum veiðar á ný muni það bitna á útflutningi okkar og ferðaþjónustu. Þessu var Norðmönnum hótað þegar þeir hófu sínar veiðar á ný og því spáð að þetta mundi bitna mjög á þeim. Andstæðingar hvalveiða hófu mikla áróðursherferð gegn Norðmönnum og skoruðu á almenning víða um heim að kaupa ekki norskar vörur. Því var fróðlegt að fá þær upplýsingar sem fram komu hjá fulltrúa norska útflutningsráðsins sem hér var á ferð í fyrra. Hjá honum kom fram að síðan þeir hófu veiðarnar hafi útflutningur aukist, ferðaþjónustan eflst og aðsókn í hvalaskoðunarferðir vaxið. Þetta kom reyndar fram strax á fyrsta ári hvalveiða Norðmanna en í blaðinu Evrópufréttir sem út kom árið 1994 var forsíðufrétt undir fyrirsögninni: Aðgerðir gegn norskum hvalveiðum árangurslausar. Þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Norskir útflytjendur telja sig í engu hafa skaðast vegna áróðurs og aðgerða til að koma í veg fyrir að fólk kaupi norskar vörur, m.a. í Bandaríkjunum, innan Evrópusambandsins og í Ástralíu. Aðgerðirnar sem einkum voru á vegum samtaka grænfriðunga beindust annars vegar að norskum útflutningi og hins vegar að ferðalögum til Noregs. Að sögn norskra embættismanna var árið 1993 besta ár norsks útflutnings til þessa og 8% aukning verður á ferðamannastraumum til Noregs frá árinu á undan."

Mér finnst ástæða til að leggja áherslu á þessa reynslu Norðmanna vegna þess að við munum trúlega standa frammi fyrir sömu hótunum og Norðmenn þegar við hefjum hvalveiðar að nýju.

Hvalaskoðun hefur notið vaxandi vinsælda á undanförnum árum og aðsókn í skipulagðar hvalaskoðunarferðir hefur aukist verulega, bæði hérlendis og erlendis. Einstöku forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja hér á landi hafa talað gegn því að við hefjum hvalveiðar að nýju vegna þess að það mundi bitna á aðsókninni í hvalaskoðunarferðir. Þetta er alls ekki reynsla Norðmanna.

Aðsókn í hvalaskoðun hefur stóraukist allt frá því að Norðmenn hófu hvalveiðar að nýju fyrir fimm árum. Gott dæmi um það eru tölur sem ég sá nýlega frá stærsta hvalaskoðunarfyrirtækinu í Noregi sem eru í Andenes. Þar jókst aðsókn í þessar ferðir úr 4.563 farþegum árið 1991 í 11.140 farþega árið 1997. Auðvitað fara hvalveiðar og hvalaskoðun ágætlega saman eða því í ósköpunum skyldu menn ekki fara í hvalaskoðunarferðir á Skjálfandaflóa og víðar þó hvalir væru veiddir við vesturströndina?

Við eigum að nýta þessa auðlind, hvalina í hafinu, á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með því að veiða hval og vinna afurðirnar. Í öðru lagi með hvalaskoðunarferðum og í þriðja lagi með því að sýna ferðamönnum hvalvinnslu.

Meðan hvalstöðin í Hvalfirði var starfrækt þá komu þangað þúsundir og aftur þúsundir ferðamanna á hverju sumri, bæði til þess að sjá þessar risaskepnur dregnar á land og til að fylgjast með hvalskurðinum. Skoðunarferðir í hvalstöðina voru einhverjar vinsælustu ferðir sem hótel og ferðaskrifstofur í Reykjavík buðu upp á og þá var gjarnan farið um sveitir Borgarfjarðar í leiðinni og komið við í Reykholti, Borgarnesi, Akranesi og víðar.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir að leyfðar verði veiðar á þeim hvalategundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Ég tel afar mikilvægt að þannig verði staðið að veiðunum. Meðan Íslendingar stunduðu hvalveiðar var þess vandlega gætt að standa þannig að málum. Farið var eftir ströngustu reglum, t.d. um lágmarksstærð veiddra dýra og friðun mjólkandi hvalkúa.

Síðasta áratuginn sem veiðarnar voru stundaðar í atvinnuskyni var fulltrúi Alþjóðahvalveiðiráðsins til eftirlits meðan á veiðunum stóð, til að tryggja að farið væri að settum reglum. Því eftirliti var komið á með samkomulagi við norsk, kanadísk og spænsk stjórnvöld. Þá hefur Hafrannsóknastofnun um langt árabil stundað umfangsmiklar hvalarannsóknir sem beindust einkum að því, meðan hvalveiðar voru stundaðar, að auka þekkingu á ástandi og veiðiþoli þeirra hvalastofna sem nýttir voru hér við land og áhrifa veiðanna á þá. Þessar rannsóknir voru m.a. gerðar í samstarfi við erlenda rannsóknaraðila. Ítarlegar líffræðilegar athuganir voru gerðar á öllum lönduðum stórhvölum. Gerðar voru nákvæmar úttektir á sambandi afla og sóknar í hvalveiðunum og framkvæmdar umfangsmiklar hvalamerkingar og talningar. Ég held að þetta atriði, hversu mikil áhersla var lögð á ráðgjöf og eftirlit færustu vísindamanna varðandi veiðar okkar og vinnslu, styrki stöðu okkar mjög. Einhvern tímann kemur auðvitað að því að afstaða til hvalveiða færist af tilfinninganótum og farið verður að taka tillit til raka og vísindalegra sjónarmiða. Þá mun engin þjóð standa betur að vígi en við Íslendingar.

Sjómönnum ber saman um að mikil hvalamergð sé í hafinu við Ísland. Ár frá ári gerist hvalurinn ágengari og truflar mjög veiðar nótaskipa sem oft hafa orðið fyrir miklu tjóni vegna þess. Sjálfsagt er erfitt að meta fjölda einstakra hvalategunda en fyrir áratug var gerð nokkuð ítarleg talning sem stóð í þrjú sumur árin 1986, 1987 og 1989. Þar var samstarf við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf í tveimur stórum leiðöngrum sem tóku til hafsvæðisins frá Vestur-Grænlandi að ströndum Noregs, og frá Svalbarða að ströndum Spánar þar sem mest voru 15 skip og tvær flugvélar samtímis í talningu. Af Íslands hálfu tóku þátt í þessu verkefni þrjú skip og ein flugvél sumarið 1987 og fjögur skip sumarið 1989. Við þessa talningu fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknarsvæðinu, ekki síst hvað viðkemur hvalastofnum sem nýttir hafa verið hér við land á undanförnum áratugum. Þessar rannsóknir leiddu m.a. í ljós eftirfarandi niðurstöður:

Um 28.000 hrefnur voru á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu. 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænaland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands norðan 50°N. 10.800 sandreyðar voru á leitarsvæði íslensku skipanna. Tæplega 2.000 hnúfubakar voru á íslenska strandsvæðinu. Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra en eftir talningar 1987 og 1989 töldu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar vafalítið að búrhvalir skiptu nokkrum þúsundum á íslenska talningasvæðinu.

Þessi upptalning sýnir að það er mikil hvalamergð í hafinu við Ísland og ætla má að þær tölur um fjölda einstakra tegunda sem ég nefndi hér hafi allt að því tvöfaldast síðan talningin fór fram. Talið er að hvalurinn fjölgi sér um 5–10% á ári, misjafnt eftir tegundum. Að mínu áliti er deginum ljósara að Íslendingum er ekki bara óhætt heldur nauðsynlegt að hefja hvalveiðar að nýju til að raska ekki frekar en orðið er lífkerfi hafsins. Takmarkalaus fjölgun hvala hlýtur að bitna á fiskstofnunum og valda samdrætti í fiskveiðum en talið er að árleg neysla þeirra nemi mun meira í tonnum talið en heildarársafli Íslendinga.

Ástæða er til að minna á samþykktir ýmissa alþjóðastofnana um hvalveiðar. Ég gat áðan um viðauka við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og minni jafnframt á hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, samþykkt Ríó-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun og samþykkt 44. þings Evrópuráðsins. Það verður að gera þá kröfu að þær þjóðir sem standa að þessum alþjóðastofnunum standi við samþykktir þeirra en vinni ekki gegn þeim eins og reyndin hefur því miður orðið hjá nokkrum þeirra. Þar má nefna t.d. Bandaríkin, Bretland og Þýskaland en stjórnvöld í þessum ríkjum hafa lagst mjög gegn hvalveiðum. Bandaríkjamenn hafa þar gengið hvað lengst með ýmsum aðgerðum, svo sem viðskiptahótunum. Dæmi um afskiptasemi þeirra kom fram í viðtali við Jón Júlíusson kaupmann í Nóatúni í vetur en þessi ágæti kaupmaður hugsðist flytja inn hvalrengi frá Noregi til neyslu á þorrablótum. Af því tilefni fékk hann upphringingu frá bandarískra sendiráðinu þar sem hann var spurður spjörunum úr um fyrirætlanir sínar. Þetta er auðvitað óþolandi afskiptasemi erlends ríkis sem ástæða er til að mótmæla.

Sama má auðvitað segja um Breta og Þjóðverja. Það má minna á það sem hæstv. sjútvrh. sagði við umræðu um hvalveiðar á Alþingi fyrir nokkrum árum, að við háðum langa baráttu til að koma fiskiskipum þessara þjóða út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögumörkin. Nú verja þessar sömu þjóðir hvalina og hindra okkur í að nýta hvalina þannig að eðlilegt jafnvægi ríki í lífríki hafsins umhverfis landið. Þannig halda þær enn fram stefnu sem skaðar hagsmuni okkar líkt og áður.

Herra forseti. Þjóðin vill að hvalveiðar verði hafnar að nýju. Um það vitna ítrekaðar skoðanakannanir ár eftir ár. Þær hafa sýnt 80–90% fylgi við veiðarnar. Meira að segja voru 80% þeirra sem afstöðu tóku þeirrar skoðunar í könnun Stöðvar 2 nýlega þrátt fyrir alla umræðuna um Keiko og hvalaskoðun.

Þá minni ég á ítrekaðar áskoranir fjölda félaga og hagsmunasamtaka um allt land þar sem hvatt er til hvalveiða. Með þessari tillögu er fylgiskjal, auglýsing sem birst hefur í Morgunblaðinu, þar sem skorað er á Alþingi að sjá til þess að hvalveiðar við Ísland verði heimilaðar strax. Þeir sem standa að þessari áskorun eru öll 11 útvegsmannafélög landsins, Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasambandið, Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Dagsbrún og fjöldi annarra verkalýðs- og sjómannafélaga, Bændasamtök Íslands, Iðnnemasamtök Íslands og mörg sveitarfélög. Svipaðar samþykktir hafa verið gerðar hjá Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og fleiri samtökum.

Ég tel að Alþingi geti ekki látið eins og því komi þetta ekkert við, ár eftir ár. Alþingi verður að taka afstöðu til þessa máls. Fyrsta skrefið til þess að við hefjum hvalveiðar að nýju er að Alþingi samþykki að leyfa veiðarnar. Þess vegna er þessi tillaga lögð fram.

Ég legg til að tillögunni verði að lokinni fyrri umræðu vísað til hv. sjútvn.

[21:33]

**Útbýting þingskjals:**

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 695. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1217.

[21:33]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir þrautseigju við að halda þessu máli á lofti í hv. Alþingi ár eftir ár. Ég hygg að fyrir baráttu hans og fleiri aðila í þjóðfélaginu sé hugsanlega að nást árangur í þeirri viðleitni að hefja hvalveiðar í beinu framhaldi af vísindalegum rannsóknum sem hafa sýnt fram á að slíkt sé mögulegt þess vegna.

Mér finnst ómaklegar dylgjur sem hafa komið fram frá stjórnarandstöðunni um að þessi tillaga sé lögð fram rétt fyrir þinglok einungis til þess að geta sagt að hún hafi verið lögð fram en ekki til að fá hana samþykkta en ég hef heyrt þá skoðun frá ýmsum aðilum á þinginu og finnst mér miður að menn skuli nota slíkan málflutning.

Herra forseti. Hvalveiðar voru bannaðar á sínum tíma vegna mikils þrýstings af alþjóðavettvangi vegna óánægju með veiðar almennt. Hvalveiðum var einnig hætt vegna hræðslu útflytjenda á íslenskum sjávarafurðum vegna markaðsstöðu landsins vegna veiðanna. Það var að sjálfsögðu vegna þess að flestallar aðrar þjóðir í heiminum voru hættar og Íslendingar að verða þeir einu sem veiddu hvali og þá í vísindaskyni síðustu árin. Að mínu viti er kannski hægt að segja að þetta hafi verið skiljanleg afstaða á þeim tíma. Þar var einnig inni í myndinni ótti við ofveiði. Það var einnig skiljanlegt með tilliti til þess að umræðan í kringum þetta mál var mjög erfið og kannski var taktískt að reyna að draga úr slagkrafti þessara samtaka sem höfðu náð upp ótrúlegri andstöðu um allan heim gegn þessum veiðum og sannanlega sýnt fram á að þau náðu árangri í að hefta sölu afurða frá þjóðlöndum sem höfðu stundað hvalveiðar. Auðvitað var þetta ekki mælt á þeim tíma en þetta setti ugg að mönnum, útflytjendum og söluaðilum okkar erlendis þegar hvalfriðunarsinnar settust fyrir utan verslanir og í raun komu í veg fyrir að fólk verslaði á þeim stöðum.

Segja má, herra forseti, að þessi rök hafi gilt þá. En spurningin er sú hvort slík rök gildi enn í dag. Ef við lítum á það að hvalastofnar eru á hraðri uppleið eins og kom fram í máli hv. frummælanda eru vísindaleg rök á bak við það að hefja hvalveiðar strax.

Önnur rök eins og þau að reyna að ná af sér erfiðri umræðu og gera það í trausti þess að umræðan héldi ekki áfram, að hvalfriðunarsamtök eða öfgasamtök sem hefðu staðið að því að berja á Íslendingum mundu hætta slíkri iðju ef hvalveiðum yrði hætt á Íslandi virðast heldur ekki hafa gilt því að við erum farnir að sjá fjöldann allan af dæmum þar sem umhverfissamtök af ýmsum toga halda áfram baráttunni og teygja sig sífellt lengra í að stöðva verslun með sjávarafurðir eða stöðva veiðar með veiðarfærum sem hafa verið notaðar áratugum saman. Ég minni þar á að World Wildlife Fund neyddi Unilever til þess að hætta kaupum á mjöli og lýsi úr uppsjávarstofnum sem ekki voru undir veiðistjórn. Unilever notar ekki lýsi eða mjöl í dag frá öðrum en þeim sem framleiða slíkar vörur úr sojabaunum.

Það hefur heyrst að háttsettir þingmenn í utanríkismálanefnd Bandaríkjaþings séu að undirbúa tillögu þess eðlis að banna frystitogara. Þegar slík umræða er komin af stað á vegum Bandaríkjaþings eða háttsettra manna innan Bandaríkjaþings að banna einstakar veiðar fiskiskipa eða einstakar tegundir fiskiskipa er málið farið að verða grafalvarlegt. Það hefur meira að segja heyrst frá Bandaríkjaþingi að banna eigi línuveiðar. Hvers vegna á að banna línuveiðar? Það er vegna þess að sumir telja að línan sé stöðugt að veiða meðan hún liggur í sjónum og hún geti veitt smáhveli. Hjá þessum öfgafyllstu popúlarlistum sem virðast hafa það sem tæki til þess að komast í fjölmiðla eða til þess að afla sér vinsælda, þá virðist vera ein leiðin að finna aðferð til þess að stoppa

veiðar í hafinu með einhverjum gylliboðum eða einhverjum aðferðum sem hafa reynst mönnum góð leið til vinsælda. Því spyr ég, herra forseti, hvort það sé ekki kominn tími fyrir okkur Íslendinga að snúa vörn í sókn.

Herra forseti. Á öldum áður var talin besta leiðin til að ná fram að sækja og það sannaðist í Njálssögu. Í Njálssögu kemur fram að Gunnar Hámundarson var ekki drepinn á Hlíðarenda nema vegna þess að hann var í vörn. Njálsfjölskyldan var brennd inni á Bergþórshvoli eins og melrakkar í greni vegna þess að þau ákváðu að fara í vörn. Þau ákváðu að flýja inn í húsið í stað þess að verjast eða sækja á móti andstæðingum sínum. Þar sannaðist hið fornkveðna að sókn er besta vörnin. Að draga sig inn í grenið hefur ekki borið í sér neitt nema uppgjöf og það er eitthvað sem er ekki í takt við hug Íslendinga.

Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að þjóðin hefur sagt að við eigum ekki að hika í þessu máli. Það hefur einnig sýnt sig að við erum tilbúnir til þess að hefja slíkar veiðar. Ágætt fyrirtæki, Hvalur hf. í Hafnarfirði, hefur haldið skipum sínum við allan þennan tíma í von um það að þessar veiðar geti hafist að nýju. Ég vona svo sannarlega, herra forseti, að af þessu geti orðið þó svo ég hafi talað um umhverfissamtök á neikvæðum nótum er ekki svo að skilja að ég telji að umhverfissamtök hafi að öllu leyti staðið fyrir þrifum eðlilegri umgengni um hafið. Umhverfissamtök hafa að mörgu leyti unnið þarft verk í að berjast gegn ýmsum slæmum málum eins og losun á eiturefnum í hafið og ýmsum geislavirkum eiturefnum sem hafa verið losaðar á Dounreay og Sellafield í Englandi.

[21:42]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Við ræðum tillögu um að hvalveiðar skuli hafnar á ný við Íslandsstrendur og ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir gagnmerka framsögu þar sem mjög margt athyglisvert kom fram.

Þetta mál hefur verið rætt bæði í þingsal og víðar í þjóðfélaginu í nokkuð mörg ár eins og reyndar hefur verið rakið hér og á tíðum finnst manni umræðan og innlegg sumra vera nokkuð vandræðalegt. Menn vita ekki alveg í hvorn fótinn þeir eiga að stíga í málinu. Þá má kannski segja að það sé táknrænt fyrir það að þessi umræða skuli þurfa að fara fram síðla kvölds og síðasta vetrardag fyrir hálftómum þingsal.

Auðvitað er óviðunandi staða, herra forseti, að við Íslendingar skulum ekki geta stundað hvalveiðar. Í rauninni eru engin rök sem mæla gegn því. Að vísu hafa verið færð þau rök að það sé viðskiptalega hæpið fyrir okkur að stunda þær. Vísindaleg rök eru engin gegn þessu. Þvert á móti mæla þau með því að við stundum hvalveiðar með þeim hætti sem við höfum alla tíð talað um. Því má segja að íslenska þjóðin hafi verið kúguð á alþjóðavettvangi og þar hefur náttúrlega fremst í flokki gengið Alþjóðahvalveiðiráðið með stuðningi þeirra þjóða sem þar eru og þar á meðal eru vestrænar svokallaðar vinaþjóðir okkar sem eru þar að vísu en þær hafa gengið kannski harðast fram í þessu að Íslendingar hafa ekki stundað hvalveiðar.

Það er líka athyglisvert að skoða málstað þessara þjóða. Hér hefur verið talað um Bandaríkjamenn og hvernig þeir hafa haft afskipti af einstökum aðilum hér á landi. Það er svo að þeir eru ekki alsaklausir sjálfir því að það er alkunna að þeir stunda að einhverju leyti hvalveiðar og stórir hópar Bandaríkjamanna hafa barist fyrir því að hvalveiðar verði leyfðar þar við Kyrrahafsströndina þannig að það er allur gangur á þessu hjá þeim þjóðum sem þarna um ræðir.

Frændur okkar Norðmenn og Færeyingar hafa stundað hvalveiðar og ekki hafa þeir lent í miklum áföllum þess vegna. Að vísu hefur það verið harðsótt á köflum en ég tel að þeir hafi ekki borið mikinn skaða af því þannig að hræðsla manna að því leyti á ekki öll við rök að styðjast.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hefja hvalveiðar sem allra fyrst, til að byrja með kannski fyrst og fremst til þess að stunda nauðsynlegar rannsóknir því að ég held að það liggi ekki alveg fyrir t.d. hver fæðusókn hvala er. Fram hafa komið ýmsar kenningar um það. En ég fékk þær upplýsingar fyrir stuttu að menn telja jafnvel að hrefnustofninn einn og sér éti um milljón tonn af fiski á ári og hugsanlega er um 10% af því þorskur. Þar er því mikil samkeppni milli hrefnustofnsins og okkar sem erum að nýta þorskstofninn við landið vísindalega þannig að við stjórnum fiskveiðum með veiðitakmörkunum sem er út af fyrir sig á vissan hátt hlálegt í þessum samanburði öllum.

Í þessari umræðu hefði þurft að fá svar hér í kvöld, ef hæstv. sjútvrh. hefði verið viðstaddur, við því hvað stjórnvöld hafa virkilega gert til þess að undirbúa það að við hæfum hvalveiðar á ný. Þessi umræða hefur verið í gangi. Fyrir liggur hver vilji meiri hluta þjóðarinnar er og mér hefði fundist mjög nauðsynlegt að fá það fram í þessari umræðu hvað stjórnvöld og hæstv. sjútvrh., ríkisstjórnin, hefur gert til þess að undirbúa það að þessar veiðar hæfust á nýjan leik. Ég tel t.d. að það sé spurning sem við hefðum þurft að velta fyrir okkur og ræða hvort Íslendingar ættu að ganga á ný í Alþjóðahvalveiðiráðið. Það er mjög áleitin spurning og ég sakna þess á vissan hátt að hér skuli ekki fara fram umræða um það að viðstöddum fulltrúum hæstv. ríkisstjórnar þannig að hér væri hægt að ræða þetta mál á þeim grunni.

Það liggja auðvitað fyrir ýmsar upplýsingar um stofnstærðir hvala og reyndar rakti hv. þm. Guðjón Guðmundsson það í sinni framsögu og þær upplýsingar sýna að hvalastofnarnir sem um ræðir eru langt frá því að vera í einhverri hættu þannig að full ástæða er til þess að nýta þá sjálfbært.

Hvað varðar umhverfisverndarsamtökin þá er það auðvitað komið fram að ég tel að full ástæða sé fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með aðgerðum þeirra. Það er áleitin spurning hverju þeir munu beita sér fyrir næst. Við lifum á fiskveiðum og það yrði alvarlegt mál fyrir íslensku þjóðina ef umhverfisverndarsamtök færu að beita sér af meiri krafti en verið hefur gegn nýtingu fiskstofna. En ég tel ekkert útilokað að að því geti komið. Sagan af þessu hvalamáli kennir okkur ákveðna lexíu í þeim efnum.

Herra forseti. Það er alveg óþolandi fyrir þessa þjóð að vera bundin í báða skó að þessu leyti. Það er kominn tími til að við slítum af okkur böndin og gerum það sem við eigum fullan rétt á, þ.e. að nýta auðlindir hafsins eins og við höfum tekið ákvörðun um að gera og höfum framfylgt og auðvitað falla hvalastofnarnir undir það. Því lengri tími sem líður því erfiðara tel ég að verði að hefja hvalveiðar á ný þannig að *tíminn er dýrmætur í þessum efnum líka. Ég held að* það sé vilji margra, eflaust meiri hluta þingmanna þó ég hafi ekki nákvæmar tölur um það, að ríkisstjórn og stjórnvöld hristi af sér slyðruorðið og gangi í það verk að við hefjum hvalveiðar á ný og nýtum þar með þessa auðlind sem er í hafinu við stendur landsins. Einnig vil ég vitna til þess sem ég hef áður sagt að við erum í mikilli samkeppni við þessa stofna um nýtingu annarra fisktegunda.

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu og hvet til þess að hún verði tekin til áframhaldandi markvissrar umræðu og umfjöllunar í þingnefnd og síðar í þingsal.

[21:49]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég náði ekki alveg að ljúka máli mínu áðan einfaldlega vegna þess að ég taldi að ég hefði lengri tíma en það var misskilningur. Ég vildi aðeins segja það vegna þess að ég náði ekki að ljúka því sem ég ætlaði að segja um umhverfissamtök sérstaklega, að þau hafa mjög víða unnið þarft verk.

Ég vil bara ítreka það sem ég reyndi að koma orðum að áðan að barátta umhverfissamtaka gegn losun geislavirkra efna í hafið frá Dounreay og Sellafield á Bretlandi og losun á eituefnum í hafið víða frá, er mjög virðingarverð. Það afsakar samt ekki það að berjast gegn eðlilegri nýtingu auðlinda sem þjóðir byggja afkomu sína á og hafa gert árum saman og alla tíð í ljósi popúlarisma og tilrauna til þess að ná inn pengingum til að halda starfsemi sinni gangandi að öðru leyti. Því miður hefur komið fram að sú er eina ástæðan fyrir því að barist er gegn hvalveiðum. Alla vega getum við sagt að það sé staðreyndin hvað varðar hvalveiðar sem stundaðar eru frá Íslandi. Auðvitað geta einstakar þjóðir gengið svo langt að þeirra veiðar séu ekki afsakanlegar en hvað varðar okkur Íslendinga hefur svo ekki verið. Því er hatrömm barátta grænfriðunga og annarra samtaka gegn hvalveiðum okkar og eðlilegri nýtingu fiskstofna hreint skemmdarverk gagnvart okkur og á það ber að leggja mikla áherslu og það er mjög mikilvægt atriði í okkar huga fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Þetta er spurning um sjálfsvörn, nauðvörn, að hefja hvalveiðar og sýna þessum samtökum að við þolum ekki lengur að sífellt sé verið að skipta sér af veiðum þessara þjóðar sem hefur sýnt það á alþjóðavettvangi að hún getur stjórnað veiðum sínum, hún getur stjórnað flota sínum þannig að allur viðgangur stofnsins sé fullnægjandi. Það er aðalatriðið.

Ég vil líka, herra forseti, segja að ég skil að sumu leyti áhyggjur þeirra sem hafa atvinnu af því að sigla með fólk út á haf og sýna því hvali, þ.e. svokallaðar hvalaskoðunarferðir. Þetta hefur orðið mjög ábatasamur atvinnuvegur á nokkrum stöðum á landinu og þá sérstaklega norður í landi og á Suðurnesjum og er vaxandi víða annars staðar um landið. Það verður samt að rifja það upp og telja kjark í þetta fólk með reynslu Norðmanna en hvalveiðar þeirra hafa aukist eftir að þeir hófu hrefnuveiðar sjálfir en ekki minnkað eins og haldið var að gerðist. Þess vegna er ég nokkurn veginn viss um að eðlilegar hvalveiðar undir vísindalegu eftirliti eiga ekki að skaða ímynd landsins. Þær eiga ekki að skaða hvalaskoðunarferðir og ekki að draga úr möguleikum þessara aðila sem hafa svo sannarlega lagt mikið undir og sýnt mikið frumkvæði í að ná hingað erlendum ferðamönnum og innlendum til þess að skoða hvali í kringum landið.

Ég mun beita mér fyrir því og ég efast ekki um að slík starfsemi nái að blómstra þó svo hvalveiðar hefjist og að mínu áliti eiga þær að hefjast strax. Við eigum ekki að veiða einungis hrefnu heldur eigum við að veiða hvali eins og vísindamenn hafa lagt til að hægt væri að veiða þannig að eðlileg nýting stofnsins sé ávallt í fyrirrúmi.

[21:54]

**Flm. (Guðjón Guðmundsson):**

Herra forseti. Það er liðið verulega á kvöld síðasta vetrardags og örfáir þingmenn í húsi og umræður um þetta mál því trúlega minni en ella hefði orðið. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni og Magnúsi Stefánssyni fyrir ágætar ræður og góðar undirtektir.

Það er rétt sem hv. þm. Kristján Pálsson nefndi að þingmenn hafa eitthvað verið að gantast með það að þetta mál væri svo seint fram komið að það væri engin meining með því. Vegna þeirra athugasemda er rétt að láta það koma fram að þetta mál var lagt inn í þingið um miðjan mars og þá voru um átta vikur til þingloka og auðvitað nógur tími til að málið fengi eðlilega afgreiðslu. Það hefur hins vegar ekki komist á dagskrá þingsins fyrr en núna. Það stóð til að það yrði á dagskrá um síðustu mánaðamót en þá fór allt á hvolf út af sjómannadeilunni eins og mönnum er í fersku minni og þess vegna dróst þetta svona.

Aðeins út af þessari gagnrýni var ég að kíkja á það í yfirliti um stöðu þingmála að 42 þingmál hafa komið fram á eftir þessu máli, 12 stjórnarfrv., sjö þingmannafrv., átta stjórnartillögur og 15 þingmannatillögur frá þingmönnum úr öllum flokkum þannig að fleiri koma seint fram með mál en flutningsmenn þessa máls.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Magnús Stefánsson sagði um tvískinnung Bandaríkjamanna sem stunda sjálfir hinar ýmsu veiðar. Ég verð að segja að ég undrast afstöðu Bandaríkjastjórnar því að ekki eru nema örfáar vikur síðan daglegar fréttir voru af því að Clinton og co. stæðu gráir fyrir járnum og tilbúnir að gera loftárásir á Írak trúlega með tilheyrandi mannfalli en svo umhverfast þessir menn ef þeir heyra að það eigi að fella einn eða tvo hvali einhvers staðar norður í höfum. Þetta er náttúrlega yfirgengilegur tvískinnungur sem dæmir sig sjálfur.

Ég hef sagt það áður og segi það enn að ég tel að þetta mál, hvalveiðarnar, sé nokkur prófsteinn á sjálfstæði okkar Íslendinga og hvort við ætlum eða ætlum ekki að láta undan hótunum háværra öfgahópa og lýðskrumara. Við skulum átta okkur á því að sum svokallaðra umhverfisverndarsamtaka hafa hafið baráttu gegn fiskveiðum eins og hv. þm. Kristján Pálsson kom hér inn á, m.a. vegna þess að þeir telja að ekki megi taka fæðuna frá hvölum og öðrum sjávarspendýrum. Ef við látum endalaust undan áróðri þessara aðila varðandi hvalveiðarnar þá tel ég að við getum næst búist við því að ráðist verði gegn fiskveiðum okkar og hvað ætlum við þá að gera?

Annars er málflutningur þessara svokölluðu umhverfisverndarsamtaka oft mjög undarlegur og það hlýtur að teljast undarleg umhverfisvernd að hamast gegn því að hvalastofnar séu nýttir á grundvelli rannsókna á veiðiþoli en láta á sama tíma óátalin gamnidráp á dýrum, að maður tali nú ekki um pyndingar á borð við nautaat sem ég hef ekki orðið var við að þessi samtök mótmæltu.

Ekki er um það deilt hér á landi að líffræðilegar forsendur eru til þess að hefja hvalveiðar hér við land að nýju og Íslendingar hafa verið talsmenn sjálfbærrar nýtingar á auðlindum. Það er augljóst að sú hugmyndafræði er fullkomlega í samræmi við þá fyrirætlan að veiða hvali eins og aðrar nytjategundir í hafinu umhverfis landið. Íslendingar vilja umgangast auðlindir sínar af varúð og ábyrgð og skila þeim í hendur komandi kynslóða a.m.k. í eins góðu ástandi og þegar nýting þeirra hófst. Ég tel að það sé réttur og skylda fullvalda þjóðar að nýta auðlindirnar á ábyrgan hátt og í anda þeirrar stefnu um sjálfbæra nýtingu sem Íslendingar hafa gerst talsmenn fyrir.

Hafrannsóknastofnun hefur árum saman fjallað um stofnstærð nokkurra hvalategunda og veiðiþol og í ritinu Nytjastofnar sjávar 1996/97 fjallar stofnunin um hrefnu-, langreyðar- og sandreyðarstofninn. Þar kemur fram að veiði á 200 hrefnum árlega teljist mjög varlega áætlað aflamark. Um langreyðina segir Hafrannsóknastofnunin, með leyfi forseta:

„Þar sem engin fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári."

Talið er að um 8.800 sandreyðar séu á íslenska talningarsvæðinu en vegna þess að veiðiþol stofnsins hefur ekki verið metið né aflareglur þróaðar leggur stofnunin ekki til ákveðið aflamark.

Í allri umræðunni um hvalveiðarnar hefur oftast verið vikið að því að þær gætu haft fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir okkar efnahagslíf og þá er sérstaklega bent á útflutningsgreinarnar einkum sjávarútveg og ferðaþjónustu. Þessi mál voru skoðuð mjög ítarlega þegar úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var undirbúin. Í skýrslu nefndar sem gerði tillögu um úrsögnina var vitnað á eftirfarandi hátt í fulltrúa Ferðamálaráðs sem kom fyrir nefndina, með leyfi forseta:

„Fulltrúi Ferðamálaráðs taldi að umtal í kjölfar úrsagnar Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu gæti jafnvel eflt ferðaþjónustu hérlendis. Fjölgun ferðamanna hingað til lands á undanförnum árum benti til þess að umræða fyrri ára um hvalveiðimál hefði síst skaðað Ísland sem ferðamannaland. Vísbendingar væru jafnvel til um hið gagnstæða."

Það má segja að þessi orð komi mjög heim og saman við reynslu Norðmanna sem ég gat um í fyrri ræðu minni.

Ég held að það verði aðeins að rifja það upp líka við þessa umræðu að hvalveiðar voru á sínum tíma mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Af þessum veiðum urðu miklar útflutningstekjur sem ætla má að gætu orðið enn meiri nú vegna verðþróunar á mörkuðum fyrir hvalaafurðir. Þessi atvinnugrein var mjög þýðingarmikil fyrir einstök sveitarfélög og héruð. Í því sambandi má nefna starfsemi Hvals hf. í Hvalfirði og Hafnarfirði og Flóka hf. á Brjánslæk.

Áður en hvalveiðibannið tók gildi 1986 höfðu um 250 manns starf að hvalveiðum og vinnslu á hvalvertíðinni frá júní til september á hverju ári. Þetta voru áhafnir hvalveiðibátanna, starfsfólk í hvalstöðinni Hvalfirði og frystihúsinu í Hafnarfirði. Einnig stunduðu níu bátar hrefnuveiði á þessum árum frá nokkrum stöðum við landið sem skapaði vinnu bæði fyrir sjómenn og fólk við verkun. Af þessu má sjá að hvalveiðarnar höfðu mikla efnahagslega þýðingu fyrir þjóðina alla og fyrir einstök byggðarlög, fyrirtæki og einstaklinga og ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hætta hvalveiðum olli fjárhagslegum skaða og eyðilagði blómlega atvinnugrein sem lagði marga milljarða í íslenska þjóðarbúið en sóttist aldrei eftir opinberum styrkjum eða annarri fyrirgreiðslu.

Þegar þessi mál eru öll skoðuð í samhengi blasir auðvitað við að öll rök hníga að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Það er að sjálfsögðu á valdi ríkisstjórnarinnar að heimila þessar veiðar. Alþingi ákvað á sínum tíma illu heilli að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins en með þessari þáltill. er verið að gefa Alþingi kost á að taka nýja ákvörðun í ljósi yfirgnæfandi raka með því að hefja hvalveiðar strax á þessu ári.

Íslendingar hættu hvalveiðum í atvinnuskyni árið 1985 en stunduðu síðan veiðar í vísindaskyni á árunum 1986–1989 og síðan hafa engar hvalveiðar verið stundaðar hér við land eða í tæp níu ár. Ég tel löngu tímabært að hefja þessar veiðar að nýju og vonandi verður það strax í sumar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sumarkveðjur.*

[22:03]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Þar sem þetta er síðasti fundur á þessum vetri vill forseti þakka hv. þingmönnum og starfsfólki Alþingis gott samstarf. Sumardagurinn fyrsti fer nú í hönd. Forseti á þá von heitasta að í hönd fari gott sumar með sólskini og hlýjum vindum og fuglasöng.

Lýk ég máli mínu með hinni gömlu góðu kveðju að óska landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

Fundi slitið kl. 22:05.

---

## 111. FUNDUR

mánudaginn 27. apríl,
kl. 6 síðdegis.

**Dagskrá:**

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

### *Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.*

[17:59]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 348. mál, þskj. 1234.

Almannatryggingar, 459. mál, þskj. 1235.

Almenn hegningarlög, 522. mál, nál. allshn., þskj. 1254; brtt. allshn., þskj. 1255.

Bindandi álit í skattamálum, 552. mál, þskj. 1233.

Búfjárhald, 543. mál, nál. landbn., þskj. 1258.

Bæjanöfn, 164. mál, þskj. 1231.

Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, 16. mál, nál. allshn., þskj. 1252.

Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1265; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1266.

Gjaldtaka af nemendum í skólum, 627. mál, svar menntmrh., þskj. 1197.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 311. mál, nál. allshn., þskj. 1270; brtt. allshn., þskj. 1271.

Listskreytingar opinberra bygginga, 446. mál, þskj. 1232.

Lögmenn, 57. mál, brtt. SP, þskj. 1253.

Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, 465. mál, nál. umhvn., þskj. 1269.

Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, 568. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1268.

Útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 697. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1227.

Vegáætlun 1998–2002, 378. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1243; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1244.

Vörugjald, 347. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1259.

Fundi slitið kl. 18:03.

---

## 112. FUNDUR

þriðjudaginn 28. apríl,
kl. 2.15 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Ársreikningar, frv., 434. mál, þskj. 760. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 438. mál, þskj. 764. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Umboðsmaður aldraða, frv., 475. mál, þskj. 808. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Fangelsi og fangavist, frv., 536. mál, þskj. 920. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Siglingalög, frv., 541. mál, þskj. 926. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Barnabætur, frv., 563. mál, þskj. 955. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Húsnæðisbætur, þáltill., 564. mál, þskj. 956. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 565. mál, þskj. 957. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Stjórn fiskveiða, frv., 591. mál, þskj. 999. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Virðisaukaskattur, frv., 607. mál, þskj. 1029. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 639. mál, þskj. 1095. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

12. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 640. mál, þskj. 1096. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

13. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 651. mál, þskj. 1124. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

14. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

15. Samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, þáltill., 427. mál, þskj. 752. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

16. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 500. mál, þskj. 855. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

17. Jarðabréf, þáltill., 506. mál, þskj. 873. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

18. PCB og önnur þrávirk lífræn efni, þáltill., 535. mál, þskj. 919. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

19. Argos-staðsetningartæki til leitar, þáltill., 550. mál, þskj. 935. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

20. Rekstur björgunarsveita í landinu, þáltill., 551. mál, þskj. 936. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

21. Hvalveiðar, þáltill., 577. mál, þskj. 982. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

22. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, þáltill., 592. mál, þskj. 1003. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

23. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, þáltill., 595. mál, þskj. 1008. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

24. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, þáltill., 609. mál, þskj. 1036. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

25. Endurvinnsla á pappír, þáltill., 629. mál, þskj. 1085. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

26. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill., 646. mál, þskj. 1119. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

27. Bæjanöfn, stjfrv., 164. mál, þskj. 1231. — 3. umr.

28. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 1234, brtt. 1261. — 3. umr.

29. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 1235. — 3. umr.

30. Listskreytingar opinberra bygginga, stjfrv., 446. mál, þskj. 1232. — 3. umr.

31. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 1233. — 3. umr.

32. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — 3. umr.

33. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá læknadeild Háskóla Íslands.
Erindi frá Landvernd.

[14:18]

**Útbýting þingskjala:**

Aðlögun að lífrænum landbúnaði, 195. mál, nál. landbn., þskj. 1257.

Almannatryggingar, 348. mál, brtt. ÖS, þskj. 1261.

Áfengis- og vímuvarnaráð, 479. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1260.

Íþróttalög, 447. mál, brtt. GGuðbj o.fl., þskj. 1264.

Lánasjóður landbúnaðarins, 625. mál, nál. landbn., þskj. 1256.

Sjálfbær orkustefna, 701. mál, þáltill. HG, þskj. 1267.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Afgreiðsla meiri hluta félagsmálanefndar á frumvarpi um húsnæðismál.

[14:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli á því að í morgun reif meiri hluti félmn. frv. til nýrra húsnæðislaga út úr nefndinni gegn eindregnum mótmælum fulltrúa stjórnarandstöðunnar og gegn vilja og óskum allra samtaka launafólks í landinu. Þetta var gert gegn

vilja nánast allra þeirra félagasamtaka sem hafa með félagslegt húsnæði að gera; þau vildu leggjast yfir málið, koma með tillögur til úrbóta og forða því slysi sem fyrirsjáanlegt er.

Hæstv. forseti. Ég spyr: Er það tilviljun að þetta skuli gert núna nokkrum dögum fyrir 1. maí, baráttudag verkalýðsins? Var það tilviljun að á sama tíma í fyrra skyldu lögð fram skerðingarfrumvörp frá ríkisstjórninni? Var það tilviljun að í hittiðfyrra komu skerðingarfrumvörpin þar sem fjmrh. og félmrh. lögðust á eitt í aðför gegn launafólki í landinu og hugðust takmarka réttindabaráttu launafólks með hinu alræmda frv. fjmrh. um húsbændur og hjú?

Með þessum vinnubrögðum er húsnæðismálum láglaunafólks stefnt í tvísýnu. Það er verið að rífa niður félagslega húsnæðiskerfið. Verkalýðshreyfingin og félagsleg samtök, Öryrkjabandalagið, Búseti, Sjálfsbjörg, námsmannahreyfingarnar, allar þessar hreyfingar mótmæla slíkum vinnubrögðum. Allir þessir aðilar krefjast þess að fá tækifæri til að setjast yfir málin. Við viljum tryggja vönduð vinnubrögð og vandaða útkomu í þessu máli.

[14:20]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Það hefur verið mjög vel að þessu máli staðið í félmn. Fyrir stuttu lét ég taka saman fyrir mig hvernig hefur verið unnið að málinu. Við höfum fengið um það bil 30 gesti til okkar. Við höfum fengið tæplega 100 umsagnaraðila. Við höfum haldið um það bil 10 fundi um þetta mál. Nefndin hefur varið um það bil 30 klukkustundum í málið, þannig að það er búið að fara vel og ítarlega yfir málið. Upp á það er ekkert að klaga.

Hins vegar er pólitískur ágreiningur um málið, það er alveg ljóst. Við ætlum einmitt að takast á um þann ágreining síðar á þinginu, á fimmtudaginn. Samt sem áður er eðlilega staðið að málum.

[14:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í hv. félmn. og að þetta mál skuli tekið til 2. umr. Ég tel að þetta mál, eins og ég hef fylgst með því í félmn., sé alls ekki útrætt. Þær umsagnir sem fram hafa komið og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um, mótmæli fjölmennra félagasamtaka eins og fatlaðra, námsmanna, verkalýðshreyfingarinnar, húsnæðisnefnda, námsmanna og Búseta, skipta tugum blaðsíðna.

Ljóst er, herra forseti, að við erum að fjalla um stærsta málið á þinginu. Það snýr að heimilum landsmanna. Með þessu frv. á að breyta húsnæðislöggjöfinni og af hálfu meiri hlutans eru litlar breytingar gerðar sem nokkru máli skipta. Félagsleg aðstoð í húsnæðismálum verður slegin af.

Herra forseti. Við eigum átta daga eftir af starfstíma þessa þings samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Ég spái því að mesti tíminn muni fara í að ræða vinnubrögð félmn. og þá húsnæðislöggjöf sem keyra á í gegn í andstöðu við fjöldahreyfingar. Þessar aðgerðir eru í andstöðu við verkalýðshreyfinguna þannig að við munum þurfa að taka töluvert marga daga af þeim starfstíma sem eftir er á þessu þingi til að ræða þau vinnubrögð sem hér á að viðhafa, að keyra málið í gegn.

Ég minni á það, herra forseti, að þetta frv. á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Eðlilegt hefði verið, líkt og með önnur stórmál sem þurfa skoðunar við, að verkalýðshreyfingin, félagasamtök og stjórnmálaflokkarnir hefðu haft tíma til að skoða þessi mál í sumar.

Ég mótmæli þessu harðlega, herra forseti, og spái löngum og ítarlegum umræðum um þetta mál það sem eftir lifir af þessu þingi.

[14:23]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Húsnæðisfrv. hefur fengið ákaflega eðlilega meðferð í félmn. Alþingis. Áður en frv. var lagt fram hafði það verið ítarlega undirbúið. Þegar það kom fyrir nefndina var farið mjög nákvæmlega yfir efnisatriði frv. og kallað eftir skýringum á hverri einustu grein sem á annað borð vakti spurningar.

Þetta mál var einnig sent út til fjöldamargra aðila. Margar athugasemdir bárust. Félmn. fór yfir þessar athugasemdir lið fyrir lið. Tugir brtt. frá meiri hluta nefndarinnar voru kynntar. Þær hafa efnislega þýðingu fyrir frv. sjálft þannig að málið fékk góða og mikla efnislega meðferð. Þegar þeirri efnislegu meðferð var lokið og við búin að kynna okkur málið, gera okkur það ljóst og taka afstöðu til brtt., þá var umræðunni að sjálfsögðu lokið. Málið var því tekið út úr nefndinni í morgun, enda eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð.

Við höfum að sjálfsögðu orðið við hverri þeirri beiðni sem kom frá minni hlutanum, um að kalla til fólk til þess að eiga viðræður við okkur um þetta mál. Það er því rangt, sem hér hefur verið haldið fram, að slæm vinnubrögð hefðu verið í þessari nefnd. Nefndin vann, þvert á móti, mjög vel, efnislega og ítarlega að þessu máli undir góðri forustu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Þess vegna mótmæli ég því harðlega, sem hér hefur m.a. komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að í þessu máli hefðu óeðlileg vinnubrögð verið viðhöfð í nefndinni. Svo var alls ekki. Vinnubrögðin voru eðlileg, við unnum að þessu máli af samviskusemi og ég fullyrði að þær brtt. sem kynntar verða við 2. umr. málsins eru efnislegar brtt. sem koma til móts við mörg þau sjónarmið sem sett voru fram af þeim sem gerðu athugasemdir við frv. á fyrri stigum.

[14:25]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Að mínum dómi hafa vinnubrögðin í hv. félmn. ekki verið vond. Hins vegar ákvað meiri hlutinn að ljúka málinu og taka það út úr nefnd. Að mínum dómi er vinnunni alls ekki lokið. Margt er óljóst varðandi áhrif frv. um húsnæðismál á íbúðamarkaðinn, á verðbréfamarkaðinn og á stöðu leigjenda í landinu, enda mun stórum hópi fólks vísað út á leigumarkaðinn með frv. Eins ber að nefna að tvö frv. um húsnæðismál voru lögð fram og hv. félmn. hefur alls ekki gefist tími til þess að fjalla um hitt frv. sem er um húsnæðissamvinnufélög. Þessi tvö mál eru þannig skilin í sundur og eðlilega eru þeir, sem síðarnefnda frv. nær til, afar óánægðir með afgreiðslu málsins.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að gríðarleg gagnrýni kom á þetta frv. Við þeirri gagnrýni hefur verið brugðist að sumu leyti en eftir standa miklar breytingar á húsnæðiskerfinu sem grundvallarágreiningur er um. Við munum takast á um það í umræðunni komandi daga og ég ítreka að að mínum dómi hefði verið rétt að láta þetta mál bíða og ná um það víðtækri samstöðu í þjóðfélaginu. Þetta er mál af því tagi sem samstaða þarf að ríkja um í samfélaginu. Ég harma

að meiri hlutinn skyldi ekki verða við þeirri margítrekuðu ósk fjölmargra, að vinna málin betur.

[14:27]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Auðvitað átti málið að bíða. Rætt er um að eðlilega hafi verið staðið að málum. Auðvitað var frv. lesið, orð fyrir orð. Auðvitað voru allar umsagnir og brtt. lesnar og þeim fylgt úr hlaði. Þetta mál er umfangsmikið og þrátt fyrir svo og svo marga klukkutíma, þá er það ekki nægur tími eins og komið hefur fram hjá formanni félmn. Þá hefur húsnæðissamvinnufélagsfrv. sem varðar Búseta og fleiri orðið viðskila við þetta húsnæðisfrv. Af hverju er það? Það er af því að ekki gafst tími til að fara yfir það. Það er til skammar.

Þetta hefur tekið allan tíma nefndarinnar og við höfum setið daga og kvöld og varla komist í önnur mikilvæg mál eins og t.d. framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Eðlileg vinnubrögð hefðu verið að leggja þetta frv. fyrr fyrir þingið eða, eins og formaður félmn. hefur réttilega sagt, láta það liggja í sumar og reyna að ná sátt við þá þýðingarmiklu aðila sem lagst hafa heiftarlega gegn málinu.

Virðulegi forseti. Það er ekkert félagslegt við þetta frv. og þessi lög lengur. Málshefjandi nefndi 1. maí og spurði hvort það væri tilviljun að málið yrði rætt þann 30. apríl eins og önnur mál sem komið hafa frá félmrn. og varðað landsmenn. Ég ætla að svara fyrir mig: Það er ekki tilviljun vegna þess að þarna er verið að sýna hið mikla vald meiri hlutans stóra og hvernig maður gerir það sem maður vill, sama hvað pöpullinn segir.

[14:29]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Framsfl., Siv Friðleifsdóttir, hefur greinilega talið fundina sem haldnir hafa verið. Hún hefur talið álitsgerðirnar sem borist hafa til félmn. og talið blaðsíðurnar. En væri ekki nær að skoða hvað stendur í þessum álitsgerðum og á þessum blaðsíðum? Alls staðar er að finna mótmæli og varnaðarorð: frá ASÍ, frá BSRB, frá BHM, frá Öryrkjabandalaginu, frá Sjálfsbjörg, frá námsmannahreyfingunum og þannig gæti ég áfram talið. Síðan leyfir fulltrúi Sjálfstfl. sér að koma hér upp og segja að þetta séu eðlileg vinnubrögð. Voru það kannski líka eðlileg vinnubrögð að þröngva vinnulöggjöfinni í gegn á móti vilja verkalýðshreyfingarinnar og þröngva í gegn löggjöf um húsbændur og hjú sem ríkisstjórnin stóð einnig fyrir? Þetta eru óeðlileg vinnubrögð og við mótmælum þeim.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Þingsályktunartillaga um setningu reglna um hvalaskoðun.

[14:31]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól kann að virðast eitthvað léttvægara en það mál sem hér var til umræðu en það varðar engu að síður störf þingsins og vinnubrögð.

Fyrir rúmum tveimur mánuðum, þ.e. 13. febr. sl., mælti ég fyrir till. til þál., sem er 264. mál þessa þings, um setningu reglna um hvalaskoðun hér við land. Till. var vísað til hv. samgn. þremur dögum síðar, eða 16. febr., og má geta þess að ég kom að máli við hv. formann samgn. til að ýta á eftir því að málið færi til umsagnar þeirra aðila sem ég taldi málið sérstaklega varða.

Í gær gerðist það svo að ég ætlaði að kynna mér þær umsagnir sem ég væntí að lægju fyrir í nefndinni og kanna möguleika þess að till. yrði afgreidd á þinginu. Ég komst þá að raun um að það hafði ekki einu sinni verið á dagskrá nefndarinnar, það hafði ekki verið sent til umsagnar og þar af leiðandi lágu engar umsagnir fyrir. Ég hlýt að gera mjög alvarlega athugasemd við þessi vinnubrögð sem gera auðvitað að engu von mína um að till. hljóti afgreiðslu á þinginu. Ég þekki satt að segja ekki dæmi um vinnubrögð af þessu tagi í þinginu. Ég bið hæstv. forseta að upplýsa þingheim um það hvort slík meðferð þingmála samrýmist góðum og eðlilegum vinnubrögðum.

[14:32]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að þessi mistök hafa átt sér stað varðandi þessa þáltill. Það var alls ekki ætlunin að koma í veg fyrir að kallað yrði eftir umsögnum um hana. Hins vegar hafði ég gengið út frá því að hv. 1. flm. mundi koma með tillögur um þetta og ég verð bara að játa að það var yfirsjón af minni hálfu að ganga ekki eftir því frekar og ekkert annað bjó á bak við þetta.

Hitt er það að hluti af þeim tillögum eða ábendingum sem koma fram í þáltill. hv. þm. er reyndar inni í máli sem við erum að afgreiða með allt öðrum hætti sem gerir kröfu um aðbúnað á bátum sem eru af þessari gerð en það er önnur saga. Ég tel að hér sé eingöngu um að ræða yfirsjón, mistök af hálfu nefndarinnar sem ég hlýt að taka á mig sem formaður hennar.

[14:33]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni samgn. fyrir orð hans og tek að sjálfsögðu afsökunarbeiðni hans til greina. Ég upplýsi það að ég hef þegar þegið boð hv. samgn. um tilnefningu umsagnaraðila og get ekki gert annað en að kyngja vonbrigðum mínum með það að þetta skyldi fara svona og vinna sjálf að endurflutningi á næsta þingi með hliðsjón af þeim umsögnum sem ég væntí þá að muni berast. En ég hlýt að ítreka athugasemd mína við þessi vinnubrögð sem ég tel óeðlileg og ég vil segja lítilsvirðandi við störf þingmanna.

[14:34]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Sannleikurinn er sá að ég hef dregið það von úr viti að vekja athygli á því að snemma hausts lagði ég ásamt átta öðrum þingmönnum fram beiðni um skýrslu um launaþróun hjá ríkinu. Beiðnin byggðist á fullyrðingu sem kom fram í fjárlögunum og verður að skrifast á reikning fyrrv. fjmrh. sem situr nú í þingsal. En þar hélt hann því fram að staða kvenna hjá ríkinu hefði batnað allverulega.

Nú er það ekki aðalmálið hvort sú fullyrðing er rétt heldur hitt að margir mánuðir hafa liðið frá því að skýrslubeiðnin kom fram og enn bólar ekkert á svörum. Þetta er algjörlega óviðunandi og ég beini því til hæstv. forseta að þetta mál verði kannað og fjmrn. fái tiltal. Það er algjörlega ótækt að ráðuneytin skuli ekki skila skýrslum jafnvel þó að það kunni að vera um flókin mál að ræða. Hér er liðinn margfaldur tími

miðað við það sem ætlast er til og ég ítreka að forseti kanni hvað veldur og hvort ekki sé von á svari áður en þingi verður slitið.

[14:36]

**Friðrik Sophusson:**

Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi fjmrh. vil ég láta það koma fram þar sem ég kannast aðeins við þetta mál að það hefur verið rætt við starfsmenn fjmrn., ég kannast við það, um að flýta svarinu eins og hægt er því að hv. þm. hefur áður gert athugasemdir sem ég kannast við um það að skýrslan er ekki komin fram. Ég tók að mér á sínum tíma sem fjmrh. að beita mér fyrir því að svarinu yrði flýtt. En ég skal með ánægju koma þeim skilaboðum til þeirra sem hafa með málið að gera og ég vænti þess fastlega að hægt verði að koma fram með þá skýrslu áður en þingi lýkur. En ég er alls ekki með þessum orðum að meina hæstv. forseta að gera slíkt hið sama því að það er rétt sem hv. þm. hefur sagt að það hefur liðið nokkuð drjúgur tími frá því að skýrslubeiðnin kom fram.

(**Forseti** (ÓE): Forseti mun fylgjast með þessu máli.)

[14:37]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Í því samhengi sem menn hafa verið að ræða störf þingsins vil ég einnig láta koma fram í þessum ræðustóli varðandi fyrirspurn sem undirritaður hefur flutt og óskað skriflegra svara við og beint þeim til hæstv. dómsmrh. um ráðningar hans í embættistíð hans á umliðnum sjö árum. Ég hef fengið þau svör frá hæstv. ráðherranum að það taki lengri tíma en svo að hann geti staðið við tilskilinn frest þar um.

Ég hef alvarlegar athugasemdir við það því að spurning mín var eingöngu þess eðlis að hann upplýsti um þær ráðningar sem hann hafi komið að og þær upplýsingar þarf hann ekkert að sækja til embætta vítt og breitt um landið eins og gefið er til kynna í því bréfi sem ég hef fengið í hendur heldur eru þau gögn öll eðli máls samkvæmt í ráðuneytinu sjálfu. Ég læt þess getið að þetta afsökunarbréf beindist einnig að samsvarandi fyrirspurn sem hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir flutti um svipað mál. Ég beini því til hæstv. forseta að hann kanni þetta mál nánar því að ég legg mikið upp úr því að svör við fyrirspurninni, sem eru ákaflega skýr og einföld, fáist áður en þing er úti. Öll efni standa til þess að það verði unnt að gera og ég treysti á atbeina forseta í þeim efnum.

[14:39]

**Útbýting þingskjala:**

Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi, 700. mál, fsp. HG, þskj. 1262.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 544. mál, nál. sjútvn., þskj. 1278; brtt. sjútvn., þskj. 1279.

Ríkisstofnanir, 386. mál, svar forsrh., þskj. 1220.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 558. mál, nál. sjútvn., þskj. 1277.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 1276.

Tilraunaveiðar á ref og mink, 95. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1272.

***Ársreikningar, frh. 1. umr.***

Frv. GÁ, 434. mál (laun og starfskjör stjórnarmanna). — Þskj. 760.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frh. 1. umr.***

Frv. EOK o.fl., 438. mál. — Þskj. 764.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

2 þm. (SighB, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, GHH, GE, GMS, HjÁ, IP, ÍGP, LB, RG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Umboðsmaður aldraða, frh. 1. umr.***

Frv. ÓÞÞ og GÁ, 475. mál. — Þskj. 808.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.***

Frv. GMS, 536. mál. — Þskj. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

***Siglingalög, frh. 1. umr.***

Frv. GHall o.fl., 541. mál (sjópróf). — Þskj. 926.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

***Barnabætur, frh. 1. umr.***

Frv. PHB og VE, 563. mál. — Þskj. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Húsnæðisbætur, frh. fyrri umr.***

Þáltill. PHB og VE, 564. mál. — Þskj. 956.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.***

Frv. PHB og VE, 565. mál (skatthlutfall, frádráttarliðir o.fl.). — Þskj. 957.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.***

Frv. ÁJ, 591. mál. — Þskj. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.***

Frv. ÁJ o.fl., 607. mál. — Þskj. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.***

Frv. ÁRÁ, 639. mál (krókaveiðar). — Þskj. 1095.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Húsnæðissparnaðarreikningar, frh. 1. umr.***

Frv. TIO og JónK, 640. mál (heildarlög). — Þskj. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

***Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.***

Frv. StB o.fl., 651. mál (veiðitími á Breiðafirði). — Þskj. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SF o.fl., 300. mál. — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

***Samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁMM o.fl., 427. mál. — Þskj. 752.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

***Vinnuumhverfi sjómanna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GHall o.fl., 500. mál. — Þskj. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Jarðabréf, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GMS og EgJ, 506. mál. — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***PCB og önnur þrávirk lífræn efni, frh. fyrri umr.***

Þáltill. KPál o.fl., 535. mál. — Þskj. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Argos-staðsetningartæki til leitar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÓÖH, 550. mál. — Þskj. 935.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Rekstur björgunarsveita í landinu, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÓÖH, 551. mál. — Þskj. 936.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Hvalveiðar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. GuðjG o.fl., 577. mál. — Þskj. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

***Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SF o.fl., 592. mál. — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 595. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

***Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, frh. fyrri umr.***

Þáltill. StG og EOK, 609. mál. — Þskj. 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

***Endurvinnsla á pappír, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÁRÁ og ÍGP, 629. mál. — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

***Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, frh. fyrri umr.***

Þáltill. ÓÖH, 646. mál. — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

***Bæjanöfn, 3. umr.***

Stjfrv., 164. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 1231.

[14:54]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er rétt að mínu viti að fara nokkrum orðum um þetta frv. sem nú er komið til lokameðferðar þingsins um breytingu á lögum um bæjanöfn. Mér þykir efni frv. vera með slíkum ólíkindum að ég get ekki ímyndað mér að nokkurs staðar í veröldinni hefði mönnum dottið í hug að semja svona frv. nema e.t.v. í Ráðstjórnarríkjunum sálugu, og er þá huggun harmi gegn hjá einhverjum að til skuli vera stjórnmálaöfl sem eru svo hugsunarsöm við þegna sína og

þjóð að þau telji þörf á að semja reglur og setja lög af því tagi sem hér er lagt til.

Ég vek athygli á því að kveðið er á um það í frv. að þeir sem búa í dreifðum byggðum landsins, bændabýlum, megi ekki breyta nöfnum býla sinna nema fá samþykki úrvalssveitar sem mun heita örnefnanefnd og er ekki sjálfgefið að sérhvert bæjarnafn sé örnefni en það er önnur saga.

Ég velti því fyrir mér að úr því að menn telja að 1100 ára þróun á þessu sviði án sérstakrar löggjafar að leiðbeina mönnum í þessum efnum hefur verið svo góð að ekki megi breyta neinu frá því sem nú hefur orðið í þróuninni nema með sérstöku samþykki úrvarlsspekinga þjóðarinnar, hvort rökin fyrir því að setja yfir höfuð þessar reglur í lög falli ekki þar með. Fyrst reynslan af frjálsri nafngiftagerð hér á landi er svo góð að menn telji þörf á að setja sérstök lög til að vernda hana eins og hún hefur þróast, eru þá yfir höfuð nokkrar líkur á því að áframhaldandi þróun verði eitthvað verri en hún var á síðustu 11 öldum?

Mér finnst í raun og veru miklu líklegra að þróunin taki nú beygju í nafngiftum og á hefð í breytingum á þeim til verri vegar þegar menn ætla sér að stýra þróuninni í gegnum nálarauga örnefnanefndar, úrvalssveitar hæstv. menntmrh. á hverjum tíma.

Herra forseti. Mér finnst þetta frv. algerlega ótækt og óbrúklegt og ekki Alþingi samboðið að lögfesta það, hvað þá að bera það fram. Ég mun greiða atkvæði gegn því, herra forseti, og treysti bændum landsins til að gefa býlum sínum sómasamleg nöfn hér eftir svo sem þeim hefur verið treyst til síðustu 1100 ár.

[14:57]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að verið er að gera breytingu á lögum frá 1953, lögum um bæjanöfn o.fl., sem eru í gildi. Það er misskilningur hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að verið sé að setja nýja löggjöf. Menntmn. hefur gert ýmsar breytingar á þessu frv. sem ég tel að séu mjög til bóta og við höfum náð um það fullri samstöðu í nefndinni. Þær breytingar sem við höfum gert snúa allar í frjálsræðisátt. Ég bendi alveg sérstaklega á að það er engin nýlunda að örnefnanefnd hafi hlutverk hvað snertir bæjanöfn á Íslandi.

[14:58]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. ræðumaður sagði að allar breytingar sem nefndin legði til væru í frjálsræðisátt. Í 2. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, ... má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar."

Þetta er breyting í frjálsræðisátt, er upplýst hér af frsm. málsins.

Þá stendur í 6. gr. frv., með leyfi forseta:

„Telji hún nafnið ónothæft skal hún tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býli. Hafi málsaðili ekki innan sex mánaða valið nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá."

Þetta er líka upplýst að sé breyting í frjálsræðisátt, herra forseti.

[14:59]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni á að hyggilegt er að lesa brtt. hv. menntmn. og lögin eins og þau gilda í dag og síðan frv. til þess að fá einhverja niðurstöðu í það sem menntmn. var að gera. Ég stend við það sem ég sagði áðan að þær breytingar sem við höfum verið að gera eru í frjálsræðisátt. Menntmn. var einróma í nál. sínu og brtt. og ég tel að hún hafi farið mjög nákvæmlega ofan í málið og allar þessar breytingar fullyrði ég að eru mjög til bóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]

Frv. samþ. með 39:2 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HG, JónK, JHall, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ.

**nei:** BH, KHG.

4 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, HjálmJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GÁ, GMS, IP, ÍGP, JóhS, RA, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1287).

## *Listskreytingar opinberra bygginga, 3. umr.*

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 1232.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GÁ, GMS, IP, ÍGP, JóhS, RA, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1288).

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1276. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 28.–29. og 31.–33. mál.

Fundi slitið kl. 15:03.

# 113. FUNDUR

þriðjudaginn 28. apríl,
að loknum 112. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215. — 2. umr.

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276. — 2. umr.

3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ráðstefna á vegum fjögurra ráðuneyta.

[15:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í garð er genginn hinn árvissi tími þegar annríki er nokkuð á þinginu. Mál hrúgast nú inn til þingsins á nýjan leik úr þingnefndum og af einhverjum ástæðum virðist meiri hlutinn yfirleitt hafa valið sér það verklag að afgreiða allt í ágreiningi og með illu ef hann á þess nokkurn kost en forðast samkomulag um hlutina eins og nokkur kostur er.

Einnig er ljóst, herra forseti, að síðbúin framkoma margra stjfrv. hefur skapað mikla upphleðslu í þinginu. Svo virðist sem hæstv. ráðherrar hafi lagt metnað sinn í að drífa út af skrifborðum sínum frv. í tugatali misvel undirbúin og sulla þeim inn í þingið á allra síðustu dögum fyrir tilskilinn frest, ef ekki jafnvel eftir hann. Maður skyldi því ætla, herra forseti, að í þessum hinum sömu ráðuneytum væri nokkur skilningur á því að á síðustu dögum þinghaldsins hljóti að verða talsvert annríki og því sé ekki við því að búast að þar séu þingmenn auðveldlega á lausu til þess að sinna öðrum skyldum eða atburðum úti í bæ.

En ekki verður nú séð, herra forseti, af fundarboði sem ég fékk í pósthólf mitt í dag eða í gær að fjögur ráðuneyti, þ.e. félmrn., heilbr.- og trmrn., menntmrn. og utanrrn., hafi mikinn skilning á þessum aðstæðum í þinginu því þessi fjögur ráðuneyti bjóða til ráðstefnu á fimmtudaginn kemur frá og með kl. 13.00 og nokkurn veginn út daginn um mikilvægt málefni sem eðlilegt er að þingmenn hefðu áhuga á að sækja. Þetta er ráðstefna haldin á vegum þessara fjögurra ráðuneyta um frjálsa för fólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þarna verður margt stórmenna og í lokin á að vera pallborð og ekki kæmi mér á óvart þó kippa af hæstv. ráðherrum hefði hugsað sér að taka þátt í pallborðinu.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort þetta sé það samband við hin háu ráðuneyti sem megum búast við að verði almennt um vinnuskipulag og tilhögun hér á síðustu dögum þinghaldsins. Ég mótmæli þessu og fer fram á að ráðuneytin geri annað tveggja, að fella niður þessa ráðstefnu eða semji við hæstv. forseta um að hlé verði gert á fundum Alþingis nefndan fimmtudag þannig að þingmenn eigi kost á að sækja ráðstefnuna.

[15:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill af þessu tilefni taka fram að ekkert samband hefur verið haft við hann um þessa ráðstefnu. Forseti vill nefna það sem öllum þingmönnum er kunnugt að þeim ber að gegna skyldu sinni hér á þingfundum.

[15:07]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. um þessa ráðstefnu. Hún fjallar m.a. um almannatryggingar og hún fjallar um vinnumarkaðsmál og það eru mál sem heyra undir hv. félmn. Þetta er mjög áhugaverð ráðstefna og ekki veitir af að við þingmenn reynum að fylgjast með því sem er að gerast á hinu Evrópska efnahagssvæði og hvernig ákvarðanir þar og þróun mála snertir okkur. Ég lýsi því furðu minni á að þessi ráðstefna skuli haldin á þessum tíma og harma það mjög ef þingmenn geta ekki sótt hana og vil fara þess á leit að hreinlega verði samið um hlé á þingstörfum á fimmtudaginn þannig að okkur gefist kostur á að fylgjast í það minnsta að hluta til með þessari mjög svo áhugaverðu ráðstefnu.

[15:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég mundi vilja spyrja hæstv. forseta um hvað hann ráðleggi þingmönnum að gera í þessu máli, hvort hann leggi til að þingmenn sæki þessa ráðstefnu eða sinni þingskyldum sínum. Ég held að það verði að vera á hreinu að eitt gangi yfir alla í máli af þessu tagi því að hér er eins og fram hefur komið, mikilvægu máli hreyft og væri full ástæða til að gera hlé á störfum þingsins til að menn gætu farið á þessa ráðstefnu ef á annað borð er ætlast til þess að þingmenn sæki hana.

Í öðru lagi vil ég benda á að þennan sama dag er haldinn aðalfundur Landsvirkjunar. Hæstv. núv. iðnrh. hefur gert allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að þingmenn komi nálægt Landsvirkjun. Þó vill nú þannig til að gert er ráð fyrir því að þingflokkarnir geti tilnefnt mann á aðalfundi Landsvirkjunar en hann er nákvæmlega þennan sama dag. Ég vil því mælast til þess við forseta að hann úrskurði: Eiga menn að vera hér eða á öðrum hvorum þessara funda? Nema þinghald verði fellt niður þennan dag sem ég teldi langeðlilegast. Og ég skora á forseta að víkjast ekki undan því að svara þessari afdráttarlausu spurningu minni.

[15:09]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það er auðvelt að svara henni. Forseti ráðleggur auðvitað þingmönnum að sækja þingfundi. Það er bein lagaskylda. Forseti getur því ekkert ráðlagt þingmönnum annað en að sækja þingfundi.

Hins vegar er það útlátalaust af hálfu forseta að ræða málið við viðkomandi ráðherra og hvað þeir vilja gera í sambandi við þessa ráðstefnu. Forseti skilur að það er áhugamál ýmissa þingmanna að sækja slíka ráðstefnu en getur ekki ráðlagt þingmönnum annað en að sækja þingfundi.

[15:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég er forseta að sönnu þakklátur fyrir ábendinguna um þingskylduna. Ég vona, hæstv. forseti, að þeirri ábendingu hafi ekki verið beint til mín sem málshefjanda sérstaklega,

(**Forseti** (ÓE): Nei, nei.)

að minna mig á að rækja þingskyldu mína.

Spurningin er hins vegar sú, hæstv. forseti, hvort hæstv. forseti þarf ekki að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um þeirra þingskyldur. Skyldi það kannski vera að það væri

að gleymast hér, að hæstv. ráðherrar bera jafnframt þingskyldu? En það ber hins vegar ekki vitni um djúpstæðan skilning þeirra á þessu fyrirbæri að þeir skuli standa fyrir ráðstefnuhaldi af þessu tagi trekk í trekk á þingfundatíma. Mér finnst, herra forseti, taka steininn úr að ekki færri en fjögur ráðuneyti, fjórir hæstv. ráðherrar sem bera ábyrgð á stjórnarathöfnum í sínum ráðuneytum, hvað sem hæstv. forsrh. heldur, skuli sýna slíka fyrirlitningu á þeim störfum sem hér fara fram undir lokin á þingtímanum, að boða sameiginlega til ráðstefnu og bjóða hv. þingmönnum á þá ráðstefnu sem hefst kl. 13.00 á fimmtudaginn kemur.

Þetta er fyrir neðan allar hellur, hæstv. forseti, og ég vona að hæstv. forseti taki á sig rögg og tali við hæstv. ráðherra með tveimur hrútshornum ef til þarf þannig að þeir skilji hvað hér er á ferðinni.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það þarf ekki að brýna forseta í þessum efnum.)

[15:11]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það þarf nú engin hrútshorn á mig. Hér hafa greinilega orðið nokkur mistök. Hér virðist mér að verið sé að setja saman ráðstefnu utan um það að útlendur gestur, fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, eigi leið hér um. Ég sé ekki á þessari dagskrá að neinn alþingismaður sé þar bundinn sem frummælandi eða þátttakandi.

Ég get sagt það hér og nú að ég geri mér alveg fyllilega ljósar þingskyldur mínar. Ég vænti þess að aðrir ráðherrar geri það líka. Þó að starfsmenn ráðuneytanna eigi fund þá sé ég ekki að það eigi að þurfa að trufla störf Alþingis. Reglulegur fundur Alþingis er að sjálfsögðu miklu mikilvægari en einhver ráðstefna sem kann að verða sett upp úti í bæ. (**SJS:** Til hvers er verið að senda fundarboð til þingmanna?) Nú skal ég ekki svara því. Best er að spyrja skipuleggjanda ráðstefnunnar sem mér sýnist á þessu blaði að sé Sigríður Snævarr sendiherra í utanrrh. Annað hef ég ekki um þetta að segja. Ég ætla ekki á þessa ráðstefnu. Ég ætla að vera á þingfundi.

[15:12]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti metur það svo eftir þessi orð hæstv. ráðherra að þetta fái allt saman farsæla lausn og við getum haldið áfram eðlilegum þingstörfum.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afgreiðsla frumvarps um gagnagrunna.

[15:13]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Að undanförnu hefur verið mikil umræða í þjóðfélaginu um svokallað gagnagrunnsmál. Það er að mörgu leyti spennandi viðfangsefni sem margir hafa haft skoðun á og óskað eftir því að fá lengri tíma til að fjalla um og er að mörgu leyti skynsamlegt að mínu mati að hafa tekið þá ákvörðun.

Hitt vil ég láta koma fram að enginn aðili, hvorki innan þings né utan, getur tekið ákvörðun um að eitthvert eitt frv. verði að lögum fyrir tiltekna dagsetningu í haust. Það er útilokað að binda þingið í þeim efnum. Þingið hlýtur að taka þann tíma sem það þarf. Hvort það er 20. október, 20. nóvember eða 20. desember, það er mál Alþingis sjálfs. Það getur enginn bundið þingið í þeim efnum. Þetta vildi ég láta koma fram vegna ummæla sem ég hef heyrt að hafi fallið í fjölmiðlum í þessum efnum.

[15:14]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu, þ.e. að tiltekið frv. verði ekki á dagskrá þessa þings, er vissulega ánægjuefni og að sú niðurstaða hafi fengist eftir störf hv. heilbrn.

Ég tek undir það sem hér kom fram hjá formanni þingflokks okkar alþýðubandalagsmanna og óháðra, að það fer ekki vel á því að gefa til kynna að þetta frv. eigi aðeins að fá nokkurra daga meðferð á næsta þingi. Ég held að það þurfi að vera ljóst að þingmenn eru ekki af neinu bundnir í þeim efnum og þingið ekki heldur. Ekkert slíkt hefur komið fram. Mér er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið neinar samþykktir um afstöðu til þessa máls, í þingflokkum eða almennt, þannig að menn hafa vafalaust skiptar skoðanir á því. Það er sama um hvaða mál væri að ræða. Það er ekki skynsamlegt að boða það eins og gert hefur verið í þessu tilviki, hvað þá þegar um slíkt stórmál er að ræða. Ég hafði nokkuð ákveðin orð um málið við 1. umr. Ég taldi það vera óvenjuilla undirbúið og hæstv. heilbrrh. skuldaði þinginu afsökunarbeiðni fyrir að leggja slíkt mál fyrir þingið eins og það birtist okkur.

Ég vek athygli á að í greinargerð með sama frv. er boðað að í byrjun haustþings verði skylt mál lagt fram, frv. til laga um lífsýni, og unnið sé að samþykkt þess. Ég tel að þessi mál þurfi að skoða í samhengi. Þingið mætti heita fullsæmt af að ljúka afgreiðslu þessara mála á haustþingi og verði þó ærið að gera fyrir þá sem um það fjalla.

[15:17]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa talað. Auðvitað er alveg ljóst að ekkert hefur fyrir fram verið samið um þessi mál, hvenær þau skuli tekin til umræðu og hvenær þeim skuli ljúka. Það hefur ekki verið gert og síst af öllu fram í tímann, fram í október. Ég ætla líka að staðfesta að ekki hefur verið samið um það, hvorki við formenn þingflokka né þingflokka að máli skuli ljúka á einhverjum tilteknum tíma.

Hitt er svo annað mál, sem ég vil koma inn á hér og tel ástæðu til að nefna núna þegar við erum á leið inn í þessar annir. Ég fagna því mjög að meðan ráðherrar eru jafnákveðnir í að fá mál, sem eru mjög nýlega komin inn í þingið, afgreidd héðan sem lög, þá skuli heilbrrh. hafa tekið þá ákvörðun að láta málið liggja í sumar, væntanlega til að vinna það með öllum þeim aðilum sem sett hafa fram harða gagnrýni á frv. Ég treysti því að þegar málið kemur fyrir þingið í haust, þá verði um það meiri sátt en nú er.

Ég segi það hér, virðulegi forseti, að fleiri ráðherrar mættu fylgja þessu fordæmi. Fyrir okkur liggur að ræða erfið mál sem gífurlegur ágreiningur er um og best væri að lægju í sumar.

[15:19]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegi forseti. Varðandi gagnagrunnsmálið er það rétt að við reyndum að fara mjög ítarlega yfir það á mjög skömmum tíma. Okkur varð hins vegar ljóst að við mundum ekki ná að ljúka því í gær og í dag. Því var tekin ákvörðun um að fresta málinu. Sú ákvörðun var tekin þannig að hæstv. heilbrrh. hafði m.a. samband við aðila í ríkisstjórn og heilbrn.,

þar á meðal formann heilbrn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Mér skilst að þeir sem við var talað hafi treyst sér til að taka á þessu máli í byrjun þings, þannig að því mætti ljúka í kringum 20. október. Einnig virtist formaður heilbrn. hafa treyst sér til að standa þannig að málum.

Mér heyrist hins vegar að einhver misskilningur hafi orðið, a.m.k. hjá fulltrúa Alþb. í heilbrn. Stefnan er sett á að taka málið út í kringum 20. október og að sjálfsögðu verður málið að koma til umræðu á fyrstu dögum þingsins. Ljóst er að talsvert þarf að vinna í málinu í sumar til að ná sátt um það. Að sjálfsögðu er ekki til þess ætlast að menn bindi sig fyrir fram hér í þinginu, því hvort það styðji mál eða ekki. Heilbr.- og trn. ætlar a.m.k. að stefna að því að vinna það kröftuglega í upphafi næsta þings að við náum að ljúka málinu kringum 20. október.

[15:20]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að málinu hefur verið frestað. Vegna meints samkomulags tek ég fram, þar sem ég sat á þessum tíma sem varamaður í hv. heilbr.- og trn., að hæstv. heilbrrh. spurði hvort ég styddi að málinu yrði frestað fram á haustið og tekið fyrir í þinginu strax á fyrstu dögum þingsins. Það má vel vera að ég hafi misskilið ráðherrann. Ég vil frekar segja að hæstv. ráðherrann hafi misskilið mig. Það samkomulag náði ekki lengra.

Mér finnst með ólíkindum að mönnum skuli detta í hug að þingið, einstakir þingmenn eða þingið í heild, geti bundið sig því að afgreiða tiltekið mál fyrir tiltekinn tíma. Mér finnst það bara gjörsamlega út í hött. Ég ítreka að þetta mál, sem rætt var í hv. heilbr.- og trn., var lagt fyrir þingið, langt frá því að vera klárað eða úthugsað. Það var illa unnið, það verður að segjast eins og er.

Tilgangurinn með frestuninni er að mínu mati sá að senda málið aftur heim til föðurhúsanna og klára það, svo menn viti hvað þeir ætla að leggja fyrir þingið og í hvaða formi. Áður en sú umræða sem þarf að eiga sér stað úti í samfélaginu hefur farið fram og áður en þingið hefur fengið sinn tíma til að fjalla um það, get ég hvorki bundið sjálfa mig né aðra því að afgreiða málið á tiltekinn hátt fyrir tiltekinn tíma. Ég styð hins vegar að málið verði tekið fyrir strax á haustdögum ef ráðuneytið getur skilað því af sér tilbúnu til meðferðar í þinginu.

[15:22]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem hér hefur komið fram. Hér er ekki um neinn misskilning að ræða af okkar hálfu. Það var talað um að fresta frv. og þurfti í sjálfu sér ekki að leita eftir einhverju sérstöku samkomulagi. Það er hreint og klárt góðverk að fresta þessu frv., eins vitlaust og það er, fram á haustdaga.

Hins vegar er það einkennilegt ef nokkur getur farið fram á það við stjórnmálaflokk að afgreiða fyrir ákveðinn tíma frv. sem hugsanlega á eftir að taka miklum breytingum. Tilgangurinn með frestuninni hlýtur að vera, eftir því sem okkur hefur verið sagt og við lesum um í fjölmiðlum og heyrum, að breyta frv. og reyna að ná víðtækri sátt um efni þess. Þar með er verið að tala um að leggja fram nýtt frv. og hingað til hefur hæstv. ríkisstjórn ekki þurft neitt sérstakt samkomulag við stjórnarandstöðuna til að leggja fram mál. En að ætlast til að fyrir liggi einhvers konar samkomulag um að ljúka máli sem við vitum ekki hvernig verður, fyrir 20. október, það er fráleitt.

[15:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Vegna þessarar umræðu um gagnagrunn á heilbrigðissviði vil ég eins og aðrir taka fram að það samkomulag sem gert hefur verið — ef samkomulag skyldi kalla — við hæstv. heilbrrh., er fyrst og fremst um að fresta málinu og taka það fyrir að nýju næsta haust.

Ég sat fundi hv. heilbrn. sem áheyrnaraðili og í framhaldi af því hafði hæstv. heilbrrh. samband við mig um helgina. Hún sagði að til stæði að fresta þessu máli og ég tók innilega undir það, enda ljóst að frv. er engan veginn fullunnið og þarf að breytast í veigamiklum atriðum til að um það geti náðst sátt í þjóðfélaginu. Ég sagði hæstv. ráðherra að ég fagnaði frestuninni en lét í ljós efasemdir um að tiltekin dagsetning dygði. Til samanburðar nefndi ég frv. um háskólastigið sem var mjög umdeilt á síðasta þingi. Það kom aftur inn að hausti, en þá höfðu allar aðstæður breyst í grunninum og verið því meiri sátt um málið.

Ég ítreka að ég fagna frestun þessa frv. og vona að það verði verulega breytt þegar það kemur fyrir þingið í haust. Að sjálfsögðu mun þingið taka sér þann tíma sem nauðsynlegur er til að afgreiða málið.

[15:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér hafa verið látin falla mjög umhugsunarverð ummæli fyrir Alþingi Íslendinga og fyrir þingræðið í landinu. Okkur tókst ekki, sagði hv. þm. úr stjórnarliðinu, að ljúka þessu máli í gær og í dag þannig að hægt væri að afgreiða málið frá þinginu. Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um frv. til laga, sem nýlega er komið fram, um að veita fyrirtæki einkarétt á öllum heilbrigðisupplýsingum Íslendinga til rúms áratugar. Það tókst ekki að afgreiða málið í gær og í dag.

Málið hefur valdið slíkum mótmælum og slíkri umræðu að heita má að þjóðfélagið leiki allt á reiðiskjálfi. Þá er ég aðeins að tala um frv. og læt liggja á milli hluta að forsrh. þjóðarinnar hæstv. skuli leyfa sér að vera einhvers konar pantur við undirskrift samnings milli erlends lyfjafyrirtækis og íslenskra aðila um ráðstöfun á gagnagrunni í heilbrigðisþjónustunni. Ég læt það liggja milli hluta. Ég er aðeins að tala um afgreiðslu Alþingis. Hér var sagt að ekki væri ætlast til að menn skuldbyndu sig fyrir fram. Menn ætlast til hins gagnstæða, að menn skuldibindi sig ekki fyrir fram eða hlýði ekki fyrirskipunum frá ríkisstjórninni í þessu efni. Það er ástæða til að óttast slíkt. Í mörgum öðrum frv. sem þröngvað hefur verið í gegnum þingið hefur það sýnt sig að meiri hluti Alþingis, þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl., láta hrekjast undan svipuhöggum úr ráðuneytunum.

[15:27]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill aðeins segja í lokin að auðvitað reynir á það á næsta þingi hvenær meðferð tiltekins frv. sem þá verður lagt fram lýkur.

[15:27]

**Útbýting þingskjala:**

Lax- og silungsveiði, 578. mál, nál. landbn., þskj. 1281.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1275.

Verðbréfaviðskipti, 702. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1282.

## *Sveitarstjórnarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276.

[15:29]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til sveitarstjórnarlaga frá meiri hluta félmn. Á fundi nefndarinnar komu fjölmargir aðilar og nefndinni bárust fjölmargar umsagnir og athugasemdir frá ýmsum aðilum. Þeir eru það margir að ég held ég láti vera að telja þá upp. Það kemur allt fram í nál.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum. Mikil reynsla hefur fengist af framkvæmd sveitarstjórnarlaga og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem hefur vantað. Athugasemdir vegna þessa hafa fyrst og fremst komið frá sveitarfélögum og félagsmálaráðuneytinu. Miðað við núgildandi sveitarstjórnarlög er breytt nokkuð skipulagi og uppröðun einstakra ákvæða en einnig er um efnislegar breytingar að ræða.

Fyrst má nefna að lagt er til að landið allt skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðin og afréttir. Þá er felldur brott III. kafli laganna um kosningu til sveitarstjórna, en Alþingi samþykkti nýverið samnefnd lög um það efni. Í kaflanum um fjármál sveitarfélaga eru gerðar breytingar á skyldum sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál sín og félagsmálaráðuneytinu gert auðveldara um vik að bregðast við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags. Þannig er gert ráð fyrir þriggja manna eftirlitsnefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Að lokum má jafnframt nefna að rýmkuð eru ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga og felldur brott allur greinarmunur á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa.

Nefndin leggur til breytingu á ákvæði til bráðabirgða til samræmis við stjórnarfrumvarp til laga um þjóðlendur sem nú liggur fyrir þinginu. Í ákvæðinu er að finna leiðbeiningar um hvernig skipa skuli þeim hlutum landsins innan staðarmarka sveitarfélaga sem ekki hefur nú þegar verið skipað þar, þar með talið jöklum. Lagt er til að svokölluð óbyggðanefnd, sbr. frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, leysi úr ágreiningi um stjórnsýslumörk og önnur mörk á miðhálendinu. Þá er lagt til að á meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga geti félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélögin hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Miklar umræður urðu í nefndinni um 1. gr. frumvarpsins auk fyrrgreinds ákvæðis til bráðabirgða. Meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að heildstætt skipulag væri eðlilegt á miðhálendinu og mikilvægt að afréttir og þjóðlendur á því svæði verði svæðisskipulögð sem ein heild. Meiri hlutinn vekur í þessu sambandi athygli á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, en þar kemur fram í 1. mgr. að svæðisskipulag skuli gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili. Í athugasemdum við 12. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram að stefna sveitarstjórna skuli samræmd. Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hafi skapast þörf fyrir gerð svæðisskipulags sem nær yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Þá kemur fram að ákvæði um samfellt skipulag nærliggjandi sveitarfélaga hafi verið í 3. og 12. gr. eldri skipulagslaga og hafi í auknum mæli verið unnið eftir þeim ákvæðum á undanförnum árum. Í 6. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur jafnframt fram að á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga. Að mati meiri hlutans getur ráðherra þannig ákveðið að fulltrúar t.d. allra landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar með talið höfuðborgarsvæðisins, geti átt aðild að þeirri nefnd og þar með að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Samkvæmt eldri skipulags- og byggingalögum er nú starfandi samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins sem hefur lagt fram tillögur að svæðisskipulagi þess og er nú að vinna úr athugasemdum og umsögnum sem bárust. Nefndin var skipuð fulltrúum þeirra 13 héraðsnefnda sem hlut eiga að máli og umhverfisráðherra skipaði formann.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 1193. Þar er í fyrsta lagi um að ræða breytingu á 4. gr. frv. um heiti sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði nöfn sveitarfélaga, félmrh. staðfesti ákvörðun um nöfn sveitarfélaga og að hún skuli birt í Stjórnartíðindum.

Meiri hluti félmn. leggur til breytingu á 4. gr. þannig að sveitarstjórn geti ekki ákveðið nafn sveitarfélags nema að fenginni umsögn örnefnanefndar, sbr. lög um bæjanöfn, nr. 35/1953. Það ber að taka fram að fyrr í dag var samþykkt breyting á þessum lögum og í þeirri breytingu kemur fram að örnefnanefnd skuli fjalla um nafngiftir tiltekinna býla, jafnframt skuli hún úrskurða um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands og að lokum skeri hún úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Nefndinni er heimilt leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Með tilliti til þessa hlutverks örnefnanefndar þykir meiri hluta nefndarinnar eðlilegt að örnefnanefnd verði höfð með í ráðum hvað varðar framangreint.

Í 5. gr. frv. um byggðarmerki er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnum verði heimilt að ákveða byggðarmerki og að slíkt skuli tilkynnt til byggðarmerkjanefndar. Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofu samkvæmt nánari reglum sem iðnrh. setur. Lögð er til breyting á þessari grein þannig að skráning byggðarmerkja fari fram hjá Einkaleyfastofunni og að slík skráning sé forsenda fyrir því að sveitarfélag hafi einkarétt á notkun byggðarmerkis. Hér er stuðst við danskar reglur um skráningu byggðarmerkja sem þykja hafa gefist vel. Eðlilegt þykir að fela Einkaleyfastofunni þetta hlutverk því þar er fyrir hendi þekking á skráningu vörumerkja. Við könnun á skráningarhæfi byggðarmerkja þarf að ganga úr skugga um að hinir myndrænu þættir byggðarmerkja brjóti ekki á rétti annarra, hvort heldur um ræðir auðkenni sem njóta verndar samkvæmt vörumerkjalögum eða höfundalögum, svo dæmi sé tekið. Enn fremur þurfa byggðarmerki að uppfylla kröfur skjaldarmerkjafræðinnar en í þeim efnum má taka mið af gildandi reglum annars staðar á Norðurlöndum. Lagt er til að iðnrh. setji reglur um fyrrgreind skilyrði ásamt öðrum skilyrðum er varða umsóknir og skráningu byggðar-

merkja þar sem Einkaleyfastofan heyrir undir það ráðuneyti. Samkvæmt þessari brtt. meiri hluta nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir að byggðarmerkjanefnd hafi lögbundið hlutverk hvað varðar byggðarmerki sveitarfélaga.

Þriðja brtt. varðar 7. gr. frv. um almennar skyldur sveitarfélaga. Þar er lögð til sú breyting að við greinina bætist ný málsgrein sem kveði á um að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Fjölmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Þessi háttur hefur t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs Reykjavíkur í a.m.k. 60 ár og hafa gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hefur hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Í framhaldi af þessu mun þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð.

Fjórða brtt. varðar 13. gr. frv. um fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar. Þar er í fyrsta lagi lagt til að tekið verði skýrt fram hvenær nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum, sbr. sambærilegt ákvæði í lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, þ.e. að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum 15 dögum eftir kjördag. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv. að aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar skuli kveðja hana til fyrsta fundar og stýra honum þar til oddviti hefur verið kjörinn. Í brtt. meiri hlutans er tekið á því að sú staða getur komið upp að aldursforseti eigi stuttan feril sem fulltrúi í sveitarstjórn eða jafnvel að hann sé að sitja sinn fyrsta fund. Eðlilegra þykir því að sá sem lengsta reynslu hefur sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn stjórni upphafi fyrsta fundar á nýju kjörtímabili þar til oddviti hefur verið kjörinn. Þetta er m.a. í samræmi við þingsköp Alþingis þar sem þingmaður með lengsta þingsetu stjórnar fyrsta fundi Alþingis þar til forseti hefur verið kjörinn.

Fimmta brtt. varðar 19. gr. frv. um hæfi sveitarstjórnarmanna. Í 3. mgr. 19. gr. frv. kveðið á um að sveitarstjórnarmenn, sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélags og hafi sem slíkir átt þátt í að undirbúa mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn, séu alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Fram kemur að þetta eigi ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Lögð er til sú breyting á málsgreininni að þar verði kveðið á um að um sé að ræða tiltekið mál sem lagt sé fyrir sveitarstjórnir. Þannig er tekið skýrt fram að ákvæðið eigi einungis við um það tiltekna mál sem sé til umræðu hverju sinni.

Sjötta brtt. varðar 42. gr. frv. um kjörgengi starfsmanna sveitarfélaga. Frv. gerir ráð fyrir því að starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags séu ekki kjörgengir í stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Lögð er til sú breyting, til samræmingar við önnur ákvæði frv., að starfsmennirnir séu ekki heldur kjörgengir í nefndir og ráð er fjalla um viðkomandi málaflokka.

Sjöunda brtt. varðar 61. gr. frv. um fjárhagsáætlun. Í frv. er gert ráð fyrir að sveitarstjórn skuli fyrir lok desembermánaðar gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir næstkomandi ár. Í núgildandi lögum er kveðið á um að gerð fjárhagsáætlunar skuli lokið fyrir lok janúarmánaðar yfirstandandi árs. Lögð er til sú breyting á frv. að ákvæði gildandi laga um þetta atriði haldi sér og að gerð fjárhagsáætlunar skuli lokið fyrir lok janúarmánaðar yfirstandandi árs.

Áttunda brtt. varðar 65. gr. frv. um fjárfrekar framkvæmdir. Í frv. gert ráð fyrir að ef sveitarstjórn hyggst ráðast í eða taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en helmingi skatttekna yfirstandandi reikningsárs sé skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina og væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs sé um hann að ræða. Jafnframt skuli gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Lagðar eru til þær breytingar að í fyrsta lagi verði skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í fjárfestingunni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs. Rétt er að vitna í athugasemdir við þessa grein frv. en þar kemur m.a. fram að með sérfróðum aðila sé t.d. átt við viðskiptaeða tæknimenntað fólk og að það geti verið starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að fyrirsögn þessar greinar verði Miklar fjárfestingar í stað Fjárfrekar framkvæmdir.

Níunda brtt. varðar 74. gr. frv. um eftirlitsnefnd. Greinin kveður m.a. á um að ráðherra skuli skipa þriggja manna eftirlitsnefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Lögð er til sú breyting á greininni að kveðið verði skýrar á um valdsvið eftirlitsnefndar og eftir hverju hún skuli vinna.

Þá er lögð til sú breyting að ákvarðanir eftirlitsnefndar verði ekki endanlegar á stjórnsýslusviðinu eins og frv. gerir ráð fyrir heldur verði hægt að kæra þær ákvarðanir til ráðherra.

Tíunda brtt. varðar 87. gr. frv. um Samband ísl. sveitarfélaga. Lagt er til að kveðið sé skýrt á um það í sveitarstjórnarlögum að Samband ísl. sveitarfélaga sé sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu.

Ellefta brtt. varðar 94. gr. frv. um sameiningu sveitarfélaga yfir kjördæmamörk. Í frv. er gert ráð fyrir því að sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verði ekki ákveðin nema með lögum. Lögð er til sú breyting að heimilt verði að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en að slík sameining hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Meiri hluti félmn. lítur svo á að hér sé átt við sameiningu nærliggjandi og nálægra sveitarfélaga.

Tólfta og síðasta brtt. varðar ákvæði til bráðabirgða en eins og áður hefur komið fram leggur meiri hluti nefndarinnar til að ákvæði til bráðabirgða verði breytt á þann hátt sem fram kemur á þskj. 1193 í 12. tölulið enda verði sú breyting til samræmis við frv. um þjóðlendur sem er einnig til meðferðar hjá Alþingi.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. og brtt. sem meiri hluti félmn. leggur til að verði samþykktar. Eftirtaldir hv. þm. standa að áliti meiri hluta nefndarinnar: Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson og Einar K. Guðfinsson, án fyrirvara. Kristín Ástgeirsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal og Ögmundur Jónasson standa að nál. með fyrirvara og er gerð sérstök grein fyrir þeim í nál.

Félmn. óskaði eftir umsögn allshn. um tillögu til breytinga á bráðabirgðaákvæði þessa frv. vegna tengsla þess við

frv. til laga um þjóðlendur sem allshn. hafði til umfjöllunar. Umsögn allshn. hafði ekki borist þegar félmn. lauk umfjöllun um málið en félmn. ákvað að koma saman á milli 2. og 3. umr. til að fara yfir umsagnir allshn. sem nú hafa borist en á þeim verður þó ekki séð að það muni hafa áhrif á afstöðu meiri hluta til frv.

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um grundvallarlöggjöf fyrir sveitarstjórnarstigið. Í frv. eru ýmis grundvallarákvæði er varða þetta annað af tveimur stjórnsýslustigum sem við búum við. Þar má nefna ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum og almenna skyldu sveitarfélaga þar sem m.a. er vísað í að þeim séu falin ákveðin verkefni í sérlögum um viðkomandi málefni. Frv. fjallar einnig um sveitarstjórnir, framkvæmd sveitarstjórnafunda og störf sveitarstjórna. Þá er fjallað um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, um nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélaga, um framkvæmdastjóra og starfslið og síðan er ítarlegur kafli um ýmis atriði sem tengjast fjármálum sveitarfélaga. Loks er ákvæði um samvinnu sveitarfélaga, stækkun þeirra og um samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Eins og fyrr segir er um grundvallarlöggjöf sveitarstjórnarstigsins að ræða. Í almennri umræðu í þjóðfélaginu og á Alþingi hefur umræðan hins vegar mikið til snúist um skipulagsmál og stjórnsýslu sveitarfélaga á tilteknu svæði landsins, nefnilega miðhálendinu. Þetta hefur gengið svo langt að þetta frv. til sveitarstjórnarlaga er að mörgu leyti skilgreint sem hálendismál sem er alger rangtúlkun á því máli eins og ég hef vikið að.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir nefndaráliti og brtt. félmn. eins og ég hef áður komið að. Félmn. lagði mikla vinnu í umfjöllun um þetta frv. og var unnið málefnalega að því verki. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndinni og nefndarritara fyrir gott samstarf í þeirri vinnu.

[15:46]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom er aðeins einn þingmaður í minni hluta, þ.e. sú sem hér stendur og mun ég nú fjalla um afstöðu þingflokks jafnaðarmanna.

Virðulegi forseti. Verði skipting miðhálendisins upp í ræmur sem tilheyri aðliggjandi sveitarfélögum lögfest á þessu þingi tel ég það mestu atlögu að almannarétti frá landnámsöld. Jafnaðarmenn geta ekki fallist á að deila miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna. Ekkert getur réttlætt að lögbinda svo afdrifaríkt ákvæði í ágreiningi. Víðerni Íslands eru dýrmæt auðlind sem er sameign allrar þjóðarinnar og Alþingi ber, virðulegi forseti, að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Þegar opin umræða í þjóðfélaginu fer fram um þá þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðernum hálendisins, söndum, jöklum, hraunum og gróðurvinjum, kemur skýrt í ljós að fólkið í landinu vill að hagsmuna allra sé gætt við ákvarðanir sem varða framtíð svæðisins. Tillaga jafnaðarmanna er að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýslueining er lúti einni stjórn með aðkomu fulltrúa allra landsmanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að vísa í orð Steinunnar Sigurðardóttur í erindi hennar Um daginn og veginn í gærkvöld þar sem hún segir:

„Hálendið er stolt okkar Íslendinga. Þar eru öflug hitasvæði. Þar er þriðja stærsta jökulhvel veraldar og á miðhálendinu eru stórbrotnustu gljúfur í Evrópu, stærsta heiðargæsavarp í heimi."

Virðulegi forseti. Þegar ég hugsa um það mál sem hér á að knýja í gegn í ágreiningi við þjóðina og þegar ég hugsa um öll þau stóru mál sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hyggst þvinga í gegn á þessu vori í skjóli þingstyrks þá kemur eitt orð upp í huga mér: Valdníðsla.

Virðulegi forseti. Í frv. eru sveitarstjórnarlög tekin til heildarendurskoðunar og gerðar á þeim úrbætur í ljósi reynslunnar. Satt best að segja eru þessi heildarlög afskaplega lík því sem við höfum búið við en á þessu þingi hefur Alþingi sett sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna sem áður voru hluti sveitarstjórnarlaga og þess vegna er kafli um kosningar felldur út úr sveitarstjórnarlögunum. Sem nýmæli má nefna að gerðar verða auknar kröfur til sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál þeirra og rýmkuð er heimild sveitarfélaga til nafngiftar þeirra og öll sveitarfélög fá nú sömu stjórnsýslulegu stöðu.

Meiri hluti félmn. flytur nokkrar brtt. við þetta frv. sem jafnaðarmenn munu taka afstöðu til við afgreiðslu málsins og ég mun víkja að þeim síðar. En það sem er mest um vert er það stóra álitamál sem tekist er á um og felst í 1. gr. frv. ásamt ákvæði til bráðabirgða þar sem nærliggjandi sveitarfélögum eru veitt öll völd á öræfum landsins og ég tel að sé atlaga að almannarétti.

Frsm. félmn. nefndi að umsögn allshn. um 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæði hefði verið ókomið þegar félmn. afgreiddi þetta mál. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að gagnrýna harðlega hvernig málið var tekið út úr félmn. Það var tekið út fyrir páska á fyrsta degi þriggja nefndardaga. Óskað var mjög eftir því að dokað yrði við þar til umsögn allshn. lægi fyrir. Óskað var eftir því að það yrði ekki tekið út þar sem aðalmaður í nefndinni var forfallaður. Engu var eirt í þessum efnum og málið rifið út eins og það ætti að taka það til afgreiðslu strax næstu daga. Hér stöndum við um þremur vikum seinna og þá er vísað til þess að umsögn allshn. hafi verið ókomin og nú liggi hún fyrir og breyti litlu um niðurstöðu meiri hlutans.

Virðulegi forseti. Um leið og ég fylgi nefndaráliti minni hluta úr hlaði ætla ég að kynna brtt. minni hlutans sem er tillaga jafnaðarmanna að því hvernig skuli fara með miðhálendið. Tillaga jafnaðarmanna, eins og ég hef áður sagt, er að landið skiptist ekki allt upp í sveitarfélög heldur orðist 1. gr. svo, með leyfi forseta:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð utan miðhálendis Íslands sem verður sjálfstæð stjórnsýslueining sem lýtur sérstakri stjórn. Forsætisráðherra skipar níu manna stjórn miðhálendis til fjögurra ára að fengnum tilnefningum. Umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félagsmálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa. Forsætisráðherra skipar einn fulltrúa og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili."

Í öðru lagi að ákvæði til bráðabirgða orðist svo, með leyfi forseta:

„Miðhálendið markast af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, línu sem miðað var við í tillögum svæðisnefndar að skipulagi hálendisins frá 1997."

Virðulegi forseti. Eins og málum er nú háttað ná sveitarfélögin aðeins yfir hluta óbyggðanna en samkvæmt lögum skal telja afréttir til þess sveitarfélags sem þar á upprekstrarrétt.

Ef frumvarpið nær fram að ganga fá þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu framkvæmdarvald á nær helmingi Íslands. Með þessu er tryggt að um 70% þjóðarinnar hefur ekkert með skipulagningu þessa sameiginlega landsvæðis að gera í framtíðinni. Það verður því aðeins lítill hluti þjóðarinnar sem tekur örlagaríkar ákvarðanir um framtíð svæðis sem er sameign allra landsmanna.

Stefnumótun í landnýtingu miðhálendisins, byggð á nýtingu orkulindanna, ferðaþjónustu, verndun og friðlýsingu er hápólitísk ákvörðun sem fleiri en einn hagsmunaaðili á að koma að. Fólkinu í landinu þykir vænt um öræfi landsins og nýtir þau í æ ríkari mæli til gönguferða, útreiða, sleða- og skíðaferða svo eitthvað sé nefnt. Menn sjá í öræfum landsins aukna möguleika til lífsfyllingar. Auðvitað er eðlilegt að fleiri en íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu standi að mótun, skipulagningu og ákvörðunum varðandi þetta svæði. Krafan er að meiri hluti landsmanna komi að ákvarðanatökunni um nýtingu svæðisins og beri jafnframt ábyrgð á því. Allir landsmenn verða að geta treyst því að almannaréttur ráði ferðinni, t.d. réttur almennings til umferðar um landið en ekki hagsmunir einstakra sveitarfélaga. Árekstrar milli sveitarfélaga annars vegar og einstaklinga og félagasamtaka hins vegar eru ekki óþekktir þegar kemur að umferðarrétti þeirra síðarnefndu um landsvæðið utan byggða. Ferðamenn telja að slíkum ágreiningsmálum hafi fjölgað hin síðari ár með aukinni útivist landsmanna. Tillaga um skiptingu miðhálendis milli fárra sveitarfélaga er því atlaga að almannarétti hér á landi. Í þeirri skoðun felst ekkert vantraust á sveitarfélög varðandi umsýslu hefðbundinna verkefna, enda hafa jafnaðarmenn verið frumkvöðlar í að efla sveitarfélög og flytja til þeirra verkefni frá ríkinu.

Ég ætla líka að vekja athygli á stjórnvaldsákvörðun um að þjóðargersemi okkar, Þingvellir, skuli vera eitt skipulags- og stjórnsýslusvæði sem lýtur sérstakri stjórn sem fer með öll málefni svæðisins. Fyrir þinginu liggur frv. til laga um Þingvelli og Þingvallavatn og þar kemur vel í ljós að umsýsla stjórnar Þingvallafólkvangsins á að ná yfir talsvert meira svið en eingöngu að lúta að því sem snýr að innri málum Þingvalla. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að vísa í setningu í 5. gr. þessa frv. þar sem stendur:

„Friðun á landi utan hins friðhelga lands skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema Þingvallanefnd telji að sú notkun leiði til þess að spjöll verði á náttúrufari og gróðri á svæðinu. Getur nefndin þá ákveðið takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan þjóðgarðsins."

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, hvernig við höfum verið að skoða sumar gersemar okkar og talið eðlilegt að þær lúti sértakri stjórn.

En þetta frv. felur ekki í sér vott af skilningi á þeim sjálfstæða rétti meiri hluta þjóðarinnar sem býr í þéttbýli suðvesturhornsins að hún fái að taka þátt í að stýra annarri gersemi þjóðarinnar sem er miðhálendið. Það á að sjálfsögðu að tryggja þessum stóra hluta þjóðarinnar bæði áhrif og sjálfsagðan aðgang. Enginn getur séð fyrir nú hvaða afleiðingar það muni hafa að skipta landinu upp í allt að 40 stjórnsýslulegar ræmur eða hvort þröngir hagsmunir hinna smærri sveitarfélaga muni rekast á við hagsmuni almennings. Ég spyr: Er útilokað að stjórnmálamenn læri af reynslunni?

Alþingi hefur sett lög sem fært hafa á fárra hendur sameiginlega auðlind okkar í hafinu. Þar er ráðstöfunarrétturinn í höndum fárra manna sem leigja og selja aðgang að auðlindinni að eigin vild. Hér er hætta á að önnur auðlind, miðhálendið, með víðernum sínum fari sömu leið.

Á dögunum barst okkur áhrifarík áskorun sem 90 einstaklingar sendu Alþingi og ríkisstjórn. Þetta var ekki einsleitur hópur. Þarna er á ferð þekkt fólk. Þarna eru prófessorar og fræðimenn, rithöfundar, aðrir listamenn, umhverfisverndarfólk og ferðafrömuðir, fólk úr öllum geirum athafnalífsins, litróf menningargeira okkar og síðast en ekki síst eru þetta hópar úr öllum stjórnmálarflokkum.

Það má nefna líka að í þessum hópi er að finna tvo fyrrverandi umhverfisráðherra, tvo fyrrverandi rektora og, eins og ég áður hef sagt, marga prófessora. Hvers vegna nefni ég þetta? Vegna þess að þetta er fólk sem hefur skoðað þessi mál árum saman, hefur skoðun á þeim og veit hvað felst í þeim og veit líka hvað felst í því að ætla að láta sér nægja að svæðisskipulag verði mótandi fyrir aðalskipulag þegar búið er að færa sveitarfélögum valdið.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að skoða hvað þessi hópur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera. Með leyfi forseta hljóðar áskorunin svo:

„Á Alþingi liggja nú fyrir lagafrumvörp sem meðal annars munu ákveða um alla framtíð, hver fer með stjórnsýslu og skipulagsrétt á miðhálendinu. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa lýst ánægju sinni yfir þjóðlendufrumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að mestur hluti hálendisins verði þjóðareign, enda er það skilningur flestra Íslendinga að svo hafi alltaf verið, samanber forn lög og dóma. Mikill ágreiningur er hins vegar um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum sem gerir ráð fyrir að skipta miðhálendi og jöklum milli sveitarfélaga.

Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar, teljum við undirrituð höfuðnauðsyn, að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu, þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með mál þessi verður farið í framtíðinni."

Þetta fólk er að vekja athygli á samstöðu um þjóðlendufrv. og gildi þess að þar er kveðið á um að mestur hluti miðhálendisins verði þjóðareign. Þau biðja um að Alþingi hinkri með að binda með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu og skipulagsmálum verður háttað á miðhálendinu. Af hverju á ekki að verða við þessari skynsamlegu áskorun? Vegna þess að hæstv. félmrh. segir: Af því bara. Hann vill fá frv. sitt fram eins og forsrh. Frv. um þjóðlendur kemur til móts við þjóðina en frv. sem félmrh. flytur gengur gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Eina von landsmanna er að forsrh., fyrrv. borgarstjóri Reykvíkinga, taki af skarið og segi: Við skoðum málið betur, hlustum á raddir þessa fólks og gerum breytingar á málinu í sumar. Eina vonin er sú að forsrh. sjálfur taki í taumana.

Almenn áskorun til þjóðþings og ríkisstjórnar er í raun ákall til forsrh. Hann einn getur nú afstýrt því sem við blasir.

Virðulegi forseti. Á sameiginlegum fundi nefnda þingsins í Borgartúni 6 kom skýrt fram að hægt er að lögfesta þjóðlendufrv. eitt og sér þó sveitarfélagafrv. yrði ekki afgreitt. Ég bendi þingmönnum á greinargerðina og umsögn um 3. gr. frv. um þjóðlendur á bls. 33 þar sem segir að sé landið ekki skipað innan staðarmarka sveitarfélags fer forsrh. einn með þau landeigendaráð sem felast í heimildum þessara laga.

Virðulegi forseti. Við eigum stærsta víðerni í Evrópu. Það er mikil auðlind. Mat landsmanna á auðlindum Íslands

er annað í dag en fyrir nokkrum árum, hvað þá heldur áratugum. Verðmæti auðlinda hafsins er í dag skýrara í hugum almennings af því að þeim er úthlutað til fárra sem selja og leigja í eigin þágu og verðmæti þessa er borið á borð fyrir þjóðina.

Mat á auðlindum hálendis er líka annað í dag þó ekki sé verðmiði á þeirri auðlind. Áður voru verðmæti einkum metin í orku og efnum en í dag er sívaxandi umræða um að ósnortin náttúra sé mesta auðlindin og það skipti alla máli hvernig með hana verður farið. Við eigum eftir að svara spurningum um hvaða svæði hálendisins eigi að friða. Ég minni þingmenn á að eftir hápólitísk átök í Noregi vegna áforma um virkjunarframkvæmdir varð ofan á að friða Hardangervidda. Það svæði er sennilega stærsta samfellda hálendissvæði Noregs, mesta og dýrmætasta hálendiseign þeirra. Þeir báru gæfu til þess að fjalla um málið þó að þeir væru komnir að virkjanaákvörðun en við eigum þessa umræðu eftir. Þó liggja fyrir þinginu tillögur um þjóðgarða á miðhálendinu. Það er þáltill. frá Hjörleifi Guttormssyni þar sem hann leggur til að Alþingi álykti að fela umhvrh. að láta undirbúa í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan marka sinna helstu jökla og aðliggjandi landsvæði og svo er lagt til að ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþinginu 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000. Berum við gæfu til þess að fjalla um málið þegar við ætlum að fara að brytja miðhálendið niður á milli sveitarfélaga, vitandi það að allar ákvarðanir um mörk sem koma einhvers staðar við sveitarfélögin eftir að þau hafa fengið umráðarétt verða viðkvæm? Berum við gæfu til þess að ræða þetta í umhvn. og ákveða hvort við viljum hafa þjóðgarða á hálendinu, ætlum við að ákveða hvar þeir eru áður en við tökum ákvörðun um það hvernig skuli breyta hálendinu í þessar stjórnsýsluræmur? Nei, við berum ekki gæfu til þess. Slík þingmannamál afgreiðum við til nefndar og væntanlega eru þau tekin fyrir á allra síðasta degi þingsins eða kannski eitthvað örlítið fyrr og síðan er sagt: Um þetta er ágreiningur, þetta mál á að liggja. Svona mál tökum við þingmenn ekki upp. Svona vinnum við Íslendingar alls ekki. Við sem erum alltaf að vísa til þess hvernig hlutirnir eru annars staðar lærum ekki vinnubrögð. Við eigum eftir að fjalla um málið. Við eigum líka eftir að svara spurningum um hvernig má nýta jarðvarma og vatnsorku án þess að ganga of mikið á þá auðlind sem ósnortin náttúra er. Erum við ekki enn einu sinni að taka hlutina fyrir í öfugri röð? Ætlar okkur seint að lærast að erfiðara er að breyta hlutunum eftir á? Á ekki fyrst að móta með þjóðinni stefnu í umhverfismálum, því næst að móta stefnu stjórnvalda og síðast að taka ákvörðun um hvar skuli virkja?

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að vekja athygli á orðum umhverfisstjóra Landsvirkjunar sem haft var viðtal við í Degi á dögunum. Umhverfisstjórinn er ung kona, Ragnheiður Ólafsdóttir. Hún lauk sérfræðinámi í Svíþjóð og starfaði þar aðallega í málum sem snertu grunnvatn, verndunarsvæði vatnsbóla og umhverfismat. Hún vekur einmitt athygli á undarlegri atburðarás okkar í umgengni við landið í viðtalinu og hún saknar stefnu stjórnvalda. Hún segir að í Svíþjóð sé umhverfismatið hluti af allri skipulagsstarfsemi og almenningur sé hafður með í ráðum. Hérna sé fyrst tekin ákvörðun um staðsetningu og síðan sé farið í umhverfismat. Hér er fyrst ákveðið hvort á að virkja eða leggja veg og þegar menn hafa tekið þá ákvörðun senda þeir málið í umhverfismat, hversu viðkvæmt sem það er. Að ég rifji það ekki upp að jafnvel eiga menn það til að hrifsa það út úr atburðarásinni sem lög hafa gert ráð fyrir. Það þekkjum við líka og höfum rætt hér.

Þessi unga kona segir að í Svíþjóð sé umhverfismatið tekið fyrir fyrst, rætt sé um að leggja veg og síðan ráðist það af umhverfismatinu hvort vegurinn er lagður hér eða þar eða alls ekki. Hún segir um umræðuna um svæðið norðan Vatnajökuls að fyrirliggjandi rannsóknarskýrsla komi eingöngu inn á ferðamál og virkjanir á meðan rannsóknir þurfa á fleiri sviðum, svo sem vatnafari og náttúrufari, að ekki sé ljóst hvort það sé Landsvirkjunar að skoða þetta. Í Svíþjóð, af því að við erum að vísa til þess, mundu stjórnvöld sjá um þennan þátt, skoða heildarmyndina og marka stefnu. Spurningin snýst um hvort við viljum varðveita svæðið fyrir norðan Vatnajökul fyrir framtíðina eða hvort við viljum eitthvað annað, t.d. leggja vegi. Henni finnst þetta ekki vera spurning sem Landsvirkjun á að svara heldur þurfi stefnumörkun frá ríkisstjórninni og þjóðin verði að segja hvað henni finnst.

Í lok þessa ágæta viðtals, sem ég las af áfergju, segir hún svo:

„Ef þetta væri í Svíþjóð þá mundu stjórnvöld gera það sjálf," hún er að tala um svæðin norðan Vatnajökuls, „skoða heildarmyndina og marka stefnu. Þetta er spurning um hvort við viljum varðveita svæðið fyrir norðan Vatnajökul fyrir framtíðina eða viljum við leggja vegi og veita fleira fólki aðgengi að svæðinu. Gætum við hugsað okkur að taka hluta af vatni t.d. frá Jökulsá á Fjöllum? Mér finnst þetta ekki vera spurningar sem Landsvirkjun eigi að svara heldur þurfi stefnumörkun frá ríkisstjórninni, segi ég, sem er nýkomin frá Svíþjóð. Mér finnst að þjóðin verði að segja hvað henni finnst," segir Ragnheiður Ólafsdóttir.

Ég vel að vísa í þessi orð vegna þess að þessi unga kona starfar einmitt á einum á þeim þýðingarmikla vettvangi sem tengist nýtingu auðlinda okkar á hálendinu og hún saknar stefnu og ég sakna stefnu og við vitum ekki hvert á að halda því hér gengur allt í kross og í öfugri röð.

Auðlindir til lands og sjávar eru verðmæti sem okkur er falið að varðveita fyrir næstu kynslóðir. Þess vegna verðum við að skoða hvernig og í hversu ríkum mæli við nýtum þessar auðlindir. Okkur ber að kanna hvernig stefnan í orkumálum og uppbyggingu stóriðju fellur að ferðaþjónustu, hvernig hún fellur að náttúru- og umhverfisvernd. Við höfum skyldum að gegna við komandi kynslóðir með allt sem hefur áhrif á aðdráttarafl Íslands.

Virðulegi forseti. Ég hef þegar nefnt þingmannatillögu um undirbúning að stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands sem við höfum ekki látið okkur varða að skoða. Í landi okkar eru samtök sem við höfum lagt mikla áherslu á að komi að stefnumörkun hjá okkur og sem hafa í gegnum árin haft mikið að segja um þróun mála og kallað eftir samskiptum við stjórnvöld um. Ég ætla að nefna Náttúruverndarsamtök Íslands. Þau héldu fund fyrir í desember í kringum kynningu á svæðisskipulagi miðhálendisins og þá sendu þau frá sér ályktun sem orðast svo og ég ætla að fá að lesa hana, með leyfi forseta:

„Fundurinn telur farsælast að stofnaður verði þjóðgarður sem nær yfir allt miðhálendið og væri sameign þjóðarinnar allrar. Fagnað er ýmsum ágætum atriðum í svæðisskipulagstillögunni, t.d. er varðar uppbyggingu ferðamiðstöðva í jaðri hálendisins. Fundurinn sættir sig hins vegar ekki við

þær umfangsmiklu virkjanaframkvæmdir sem að er stefnt og framfylgt er enn ákafar í stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Fundurinn varar einnig við fyrirhuguðum vegaframkvæmdum með uppbyggingu vega og brúargerð sem ætlað er venjulegum fólksbílum. Dæmi um gagnrýnisverð atriði í tillögu samvinnunefndarinnar er hve hugtakanotkun er óskýr að algerlega óviðunandi er hversu mikið vatn er ætlað undir orkumannvirki, að ekki ætti að hleypa fólksbílum á miðhálendið fyrr en á sumrin, að huga þarf betur að beitarstjórnun en ráð er fyrir gert.

Fundur Náttúruverndarsamtakanna krefst þess að umhvrh. stækki samvinnunefndina og fulltrúum náttúruverndarsamtaka og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu verði gert mögulegt að koma að þeirri vinnu sem fer í hönd við að fara yfir athugasemdir og tillögur samvinnunefndarinnar."

Virðulegi forseti. Stjórnsýsla utan byggða í dag er óljós og framkvæmd skipulags- og byggingarmála hefur verið tilviljunarkennd. Lög gera ráð fyrir að staðbundin stjórnvöld fari með ákveðið vald innan umdæmis síns en þessi lög gera hvorki þeim né stjórnvöldum á landsvísu bært að fjalla um slík mál utan sveitarfélaganna. Dæmi um þetta er útgáfa byggingarleyfis, úttekt á byggingum, eftirlit byggingarfulltrúa og reglur um heilbrigðiseftirlit. Ekkert stjórvald er bært til að veita slík leyfi utan marka sveitarfélaga né hafa eftirlit eða taka aðrar ákvarðanir. Þá fer enginn með mikilvæga þætti opinbers valds, svo sem lögreglustjórn og almannavarnir utan sveitarfélaga og lögsagnarumdæmi héraðsdómstólanna átta í landinu ráðast af sýslumörkum og mörkum kaupstaða. Því er nauðsynlegt að setja skýr lagaákvæði um stjórnsýslu á öllu miðhálendinu, þar með talið á jöklum og ákveða hver fer með stjórnsýslu á þessu svæði. Það er afdráttarlaus skoðun jafnaðarmanna að líta beri á miðhálendið sem eina stjórnsýslu- og skipulagslega heild en það er ekki hægt að gera ef svæðinu verður skipt í sneiðar milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Með því verður hvert einstakt sveitarfélag alls ráðandi, hvert á sínum hluta miðhálendisins.

Virðulegi forseti. Skipulagning miðhálendisins verður að byggja á heildarsýn svo gætt verði samræmis á öllu svæðinu. Ólík sveitarfélög eiga erfitt með að tryggja þennan mikilvæga þátt. Samkvæmt lögum ber sveitarstjórn að ganga frá aðalskipulagi í sveitarfélagi sínu og gerð deiliskipulags á minni svæðum. Þá fer hún með framkvæmd og eftirlit laganna. Það er gjarnan í skipulaginu sem hin pólitísku áhersluatriði og framtíðarsýn stjórnvalda birtist hvað skýrast. Sameiginleg skipulagstillaga svæðanefndar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu breytir engu þar um. Svæðisskipulag byggir á heimild í lögum en ekki skyldu eins og aðalskipulagið. Stjórnskipuleg staða svæðisskipulags er miklu veikari en aðalskipulags. Svæðisskipulagi er ætlað að vera leiðbeinandi við gerð aðalskipulags hvers sveitarfélags. Þegar sveitarfélögin hafa tekið tillit til þess við aðalskipulag sitt fellur svæðisskipulag niður. Hlutverki þess er með öðrum orðum lokið.

Aðalskipulag sem er í andstöðu við svæðisskipulag leiðir ekki til breytinga á svæðisskipulaginu. Aðalskipulag þarfnast hins vegar staðfestingar skipulagsyfirvalda. Þegar þess er gætt að skipulag verður að vera í sífelldri endurskoðun vegna breyttra aðstæðna, hugmynda, upplýsinga o.s.frv. er ljóst að svæðisskipulag er engin trygging fyrir því að samræmis verði gætt við skipulag miðhálendis. Það eru því ólík sjónarmið og mismunandi hagsmunir einstakra sveitarfélaga sem munu ráða ferðinni á miðhálendinu í framtíðinni. Hætta er á hagsmunaárekstrum þegar t.d. tíu sveitarstjórnir þurfa að fjalla um málefni á svæði sem er óneitanlega ein skipulagsleg heild. Hagnýtt dæmi gæti komið upp við virkjunarframkvæmd sem tilheyrði mörgum sveitarfélögum með þeim hætti að stíflugerð og lón væru í einu sveitarfélagi, línur í öðru og stöðvarhúsið í því þriðja. Komi til ágreinings vegna slíkra mála eða einfaldlega t.d. vegna vegar- eða línulagningar innan staðarmarka sveitarfélaga fer um málsmeðferð samkvæmt reglum sem gilda í sveitarfélaginu.

Mikill hluti auðlinda þjóðarinnar liggur á hálendi Íslands. Eins og ég hef sagt hefur stefna ekki verið mótuð um nýtingu þessara auðlinda. Stefnumörkun í orkumálum, svo sem ákvörðun um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku, sem og stefna í ferðamálum á miðhálendinu og eins og ég hef áður nefnt ákvörðun um staðsetningu þjóðgarða, hefur ekki verið mótuð af stjórnvöldum. Það er alveg ljóst að þessi verkefni sem eiga í eðli sínu heima hjá landskjörnum stjórnvöldum færðust yfir til sveitarfélaganna við skipulagningu hálendisins. Nýting vatnsorku sem margir telja að nemi um 30 teravattstundum að teknu tilliti til hagkvæmni og umhverfis, ónýttur jarðhiti og atvinnusköpun við ferðamennsku á öræfum landsins er fjársjóður framtíðarinnar.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á það í umræðu á Alþingi á dögunum að verðmæti sem um væri að ræða miðað orkuverð frá stöðvarvegg séu eins og öll íslensku fiskimiðin í dag. Vegarlagning, mannvirkjagerð, afmörkun virkjunarsvæða, verndunarsvæði og ákvörðun þjóðgarða eru þættir sem ákvarðaðir verða í aðalskipulagi sveitarfélaga sem og uppgræðsla landsvæða, beitarafnot, umferð yfir viðkvæm svæði o.s.frv. Þetta eru verkefni sem snúa að landinu öllu og engin rök liggja til þess að nokkur sveitarfélög fari með ákvörðunarvald á þessum sviðum.

Nái frv. fram að ganga kemur sérhver ákvörðun um framangreinda þætti til með að heyra undir fjölmörg sveitarfélög. Sveitarfélögin sem eru oft á tíðum fámenn hafa af auðskiljanlegum ástæðum ekki bolmagn til þess að takast á við skipulagsverkefni sem verða sífellt að vera í endurskoðun miðað við breyttar forsendur, aukna tækni og vísindaþekkingu. Ráðstöfun ríkisins á þjóðlendum sínum mun vissulega takmarkast við skipulag miðhálendisins.

Við skulum velta því aðeins fyrir okkur hver er réttlætingin fyrir því að sveitarfélög ættu að fara með valdið og ábyrgðina. Stundum hefur nálægð sveitarfélags við öræfi landsins, sérstök þekking heimamanna eða langvarandi nýting þeirra á svæðinu verið notað sem rök fyrir því að staðbundin stjórnvöld væru betur fær til þess en aðrir að fara með stjórn þessara svæða. Þetta er ekki rétt því stór hluti þeirra svæða sem frv. gerir ráð fyrir að skipt verði upp á milli sveitarfélaganna er í órafjarlægð frá viðkomandi sveitarfélögum. Um er að ræða víðfeðm svæði sem lítil eða engin umferð hefur verið um frá upphafi byggðar. Má nefna í því sambandi allt Ódáðahraunið, svæðið norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðið fyrir norðan Tungnaárjökul svo og alla jökla landsins, þar með talið sjálfan Vatnajökul. Þessir hlutar landsins opnuðust mönnum ekki fyrr en um miðbik þessarar aldar og þá fyrir tilstilli áhugamanna um útivist enda eru örnefni á þessum stöðum sjaldan eldri en hálfrar aldar gömul. Bændur nýttu þessi svæði ekki og lítil sem engin umferð var um þessi víðfeðmu svæði enda engar þekktar þjóðleiðir. Það er því hvorki þekking sveitarfélaganna á þessum svæðum, nálægð

við þau né langvarandi nýting umfram aðra sem rökstutt gæti kröfu þeirra um alger umráð óbyggðanna. Þvert á móti hefur áhugafólk um útivist úr þéttbýlinu verið hvað ötulast að nýta þessar víðáttur.

Langvarandi heimild til búfjárbeitar á afréttum skapar heldur engan eðlilegan grundvöll fyrir því að stjórnsýsluyfirráð í nútímaskilningi flytjist enda er það óeðlilegt að afréttarréttthafinn sjálfur fari með þann þátt skipulagsmála sem ákvarðar t.d. gróðurvernd sem felst í beitarfriðun.

Þetta frv. var sent 190 umsagnaraðilum. Þar af voru 14 félagasamtök en aðeins fá skiluðu umsögnum. Sveitarfélögin, sem sendu inn umsagnir og svöruðu, lýstu sig flest samþykk frv. með smávægilegum athugasemdum utan þess fjölmennasta sem kemur ekki að skipulagsmálum á miðhálendinu samkvæmt frv. Í bókun Reykjavíkurborgar var gerð alvarleg athugasemd við frv. en þar segir orðrétt:

„Mikilvægt er að miðhálendið sé ein skipulagsleg heild þótt stjórnsýsluleg ábyrgð skiptist á milli sveitarfélaganna."

Í umsögn Félags leiðsögumanna kemur fram að um nýtingu óbyggða Íslands verði að ríkja einhugur meðal þjóðarinnar. Þar segir einnig:

„Landsmenn allir verða að ráða hvar byggingar og aðrar verklegar framkvæmdir verða og einnig hvaða svæði eru friðuð eða umferð takmörkuð. Félagið telur að slíkum einhug verði stefnt í hættu ef einungis þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendi Íslands hafi þar lögsögu. Það er afar vont að ekki skuli liggja fyrir formleg umsögn frá Ferðafélagi Íslands, Útivist, Ferðamálaráði, Félagi ísl. landslagsarkitekta, Félagi ísl. náttúrufræðinga, Félagi skipulagsfræðinga, Arkitektafélagi Íslands, Orkustofnun og Skotveiðifélaginu. Margir fulltrúar félaga og félagasamtaka komu þó fyrir nefndina og komu þar fram sterkar efasemdir um skiptingu hálendisins upp milli sveitarfélaganna."

Virðulegi forseti. Ég lýsti í upphafi máls míns tillögu jafnaðarmanna eða minni hlutans um miðhálendið sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu. Þar er lagt til að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild sem lúti einni stjórn með aðkomu fulltrúa allra landsmanna. Að öðru leyti skiptist landið í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði frv. verði fellt niður en inn komi nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt verði frekar um mörk og fyrirkomulag hins sérstaka stjórnsýsluumdæmis miðhálendisins Íslands. Nákvæm mörk miðhálendisins skipta ekki höfuðmáli þar sem eingöngu er verið að ákvarða lögsögu stjórnsýslunnar en ekki verði hróflað við eignar- eða afnotarétti á miðhálendinu. Veigamesti þáttur stjórnsýslunnar eru skipulagsmálin sem leggja grunn að framtíðarmótun hagnýtingar hins viðkvæma svæðis, friðun, stýringu ferðamanna inn á svæðið, beitarafnotum, landgræðslu og umferð manna og búfénaðar.

Það er mikilvægt að nú þegar verði ráðist til atlögu við helstu vandamál miðhálendisins og þau sem ekki mega bíða því mörg viðkvæm svæði liggja undir skemmdum vegna aukins ágangs manna og dýra vegna skipulagsskorts. Þá liggur beinast við að setja í gang nauðsynlega forvinnu, svo sem víðtækar rannsóknir á þessu svæði sem síðan verði grundvöllur að stefnu um landnýtingu, landnotkun, friðun, friðlýsingu og ferðamál á þessu svæði. Þegar þetta liggur fyrir er hægt að ráðast í gerð landsskipulags sem nær til landsins alls þar sem mörkuð verði stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Þá er hægt að fara að skipuleggja svæðið.

Tryggja verður að fulltrúar fagráðuneytanna komi að stjórn þeirri er fer með stjórnsýsluna á miðhálendi Íslands svo og fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Verði tillaga minni hlutans samþykkt er nauðsynlegt að breyta skipulags- og byggingarlögum með tilliti til sérstöðu miðhálendisins þar sem önnur ákvæði laganna geta eðli máls samkvæmt ekki átt við. Stjórn þessa sameiginlega svæðis gæti síðan framselt ákveðna þætti stjórnsýslunnar til sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Enn einu sinni verður íslenska þjóðin vitni að því hvernig Framsfl. og Sjálfstfl. skipta á milli sín verðmætunum í þjóðfélaginu. Sjálfstfl. hefur gulltryggt hagsmuni manna sinna með yfirráðum yfir auðlindum þjóðarinnar í hafi, öllum fiskimiðunum og keppist við, eins og þjóðin veit, að verja það kerfi sem tryggir hinum fáu útvöldu ókeypis aðgang að þeirri auðlind.

Nú hafa ríkisstjórnarflokkarnir samið um ítök Framsfl. á auðlindum þjóðarinnar til landsins. Með frv. þessu er verið að tryggja fáum sveitarfélögum yfirráðarétt yfir verðmætum auðlindum okkar sem er ekki minna virði en allur fiskurinn sem við erum að veiða í dag. Hér er komið gamla helmingaskiptakerfið milli þessara flokka sem þeir hafa teiknað í sögu þjóðarinnar og afleiðingarnar sjást alls staðar sem fjármuni er að finna.

Eftir stendur fólkið í landinu allslaust. Búið er að svipta það auðlind sinni í hafi og nú á að svipta það sameign sinni á miðhálendinu. Það stendur meira að segja til að svipta það rétti sínum til friðhelgis með frv. sem frestað hefur verið í nokkrar vikur. Ég sagði fyrr í ræðu minni að orðið „valdníðsla" komi upp í hugann. Hroki, virðingarleysi, yfirgangssemi og fyrirlitning. Hvaða mynd hefur þessi ríkisstjórn af fólkinu í landinu?

Virðulegi forseti. Ég hef lagt á það mikla áherslu hvað verið er að taka afdrifaríka og óafturkræfa ákvörðun til framtíðar með þessu frv. Ef landinu er öllu skipt upp í sveitarfélög þá er það skref sem verður ekki aftur tekið. Þetta er því ein mikilvægasta ákvörðun sem komið hefur til kasta löggjafans hin síðari ár. Verði þessi breyting á skipan landsins alls þvinguð í gegnum þingið á grundvelli þingstyrks stjórnarflokkanna er hætt við að þar verði um hæpinn minnisvarða stjórnarflokkanna að ræða þegar frá líður. Meiri hluti landsmanna mun aldrei sætta sig við þetta til frambúðar. Það er ljóst að skipting hálendisins milli sveitarfélaganna byggir á gömlum og íhaldssömum hugsunarhætti þar sem einstökum hreppum og sveitarfélögum eru falin aukin völd í málefnum sem varða þjóðina alla. Þetta hefur ekkert að gera með hugmyndina um aukið sjálfstæði og völd sveitarfélaganna í eigin málefnum. Sú þróun mun halda áfram ef rétt er á málum haldið.

Þá er og rétt að undirstrika þá veigamiklu staðreynd að tillaga minni hlutans byggir ekki á því að taka vald af sveitarfélögunum. Hún gerir ráð fyrir að sveitarfélögin fari áfram með valdið en hún gerir ráð fyrir því að fleiri komi að þessu valdi.

Virðulegi forseti. Ég ætla í lok máls míns að minna á ný á áskorun þeirra fjölmörgu sem skoruðu á Alþingi og ríkisstjórn og hvetja til þess að staldrað sé við og orðum þeirra gefinn gaumur. Til þess að freista þess að samstaða náist um að þetta mál í sumar, að því verði unnið og fleiri aðilum hleypt að því, munum við jafnaðarmenn flytja tillögu

um að málinu verði vísað til ríkisstjórnar í trausti þess að þar verði unnið að málinu og það komi með farsælli blæ til baka.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en mun í síðari ræðu minni í dag koma nánar inn á þá þætti sem tilheyra sveitarstjórnarfrv., brtt. sem ég tel minni háttar, ef þurfa þykir.

[16:35]

**Útbýting þingskjala:**

Beingreiðslur, 665. mál, svar landbrh., þskj. 1273.

Gjald af áfengi, 480. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1283.

Yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir, 397. mál, svar forsrh., þskj. 1249.

[16:36]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fram kom í máli síðasta ræðumanns að nú þekja sveitarfélögin hluta Íslands og með samþykkt þessa frv. væri verið að færa framkvæmdarvaldið á helmingi Íslands, sumir segja 40%, til sveitarfélaganna. Þetta er ekki rétt. Þetta taldi ég sjálf um tíma en þetta er ekki rétt. Afréttir falla undir sveitarfélög í dag þannig að við erum einungis að tala um jökla og smáræmu efst á miðhálendinu, sem eru ekki undir afréttum, sem bætast núna við.

Ég get hins vegar verið sammála síðasta ræðumanni um að eitt stjórnsýslusvæði gæti verið góð leið til þess að ná utan um skipulagsþáttinn því þannig væri svæðið ein skipulagsleg heild og hugsanlega kæmu fleiri að skipulagsmálum en einungis hrepparnir sem eru aðliggjandi. Einmitt þess vegna hef ég sett fyrirvara á þetta mál ásamt hv. þm. Pétri Blöndal.

Það á að taka á þessu máli í samkomulagi sem á að dreifa í dag og hæstv. umhvrh. gerir grein fyrir hér á eftir að í því samkomulagi, stjfrv., er gert ráð fyrir því að miðhálendið verði heildstætt skipulagssvæði og það verði aðkoma fulltrúa af öllu landinu, þ.e. Reykjavík, Reykjanesi og Vestfjörðum og ríkisvaldinu, sem koma að þeirri vinnu. Þannig verður náð eiginleikum eins stjórnsýslusvæðis, nánast öllum eiginleikum slíks svæðis. Að vísu er þar ekki inni heilbrigðiseftirlit og önnur verkefni sveitarfélaga eins og öldrunarþjónusta, skólamál og annað, sem skiptir hvort eð er engu máli af því að það eru engir íbúar uppi á miðhálendinu.

Ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður taldi að jafnaðarmenn vildu hafa eina stjórnsýslu og skipulagslega heild á miðhálendinu. Það er verið að koma til móts við þessi sjónarmið, þetta verður ein skipulagsleg heild. Önnur verkefni sveitarfélaga eru út undan en þau skipta ekki máli uppi á miðhálendinu.

[16:38]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vekja athygli viðstaddra á því hver vinnubrögðin eru við þetta stóra mál þegar það er kynnt hér, að nú eigi að dreifa samkomulagsáliti á þessum degi eftir að umræðan hefur staðið í eina og hálfa klst. sem komi að einhverju leyti til móts við þau sjónarmið sem ég hef kynnt.

Í fyrsta lagi er þetta eingöngu lítið skref, kannski hálft skref í átt til þess sem ég hef verið að færa rök fyrir. Í öðru lagi er alveg fráleitt að í svo stóru máli skuli menn hafa rifið frv. út fyrir páska — átti eftir að afgreiða þátt sem þennan — áður en kannað var hver staðan væri í nefndinni. Þessi tillaga er ekki nægileg fyrir mig til að standa að henni. Þessi tillaga er bara hálft skref.

Hins vegar er tillagan það sem menn hafa reynt að koma sér saman um út af hörðum ágreiningi nokkurra þingmanna Framsfl. hér á svæðinu, m.a. Sivjar Friðleifsdóttur, og ég get hrósað henni fyrir baráttu hennar í þessum málum.

[16:39]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er ekki um lítið skref að ræða. Þetta er aðalmálið. Skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu eru aðalmálið. Þar felst valdið á miðhálendinu.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ræddi áðan um valdníðslu og hroka. Ég minni Alþfl. á að undir stjórn þeirra var málum komið í þennan farveg. Það eina skipulag sem er núna búið að vinna á miðhálendinu er undir nefnd sem einungis aðiliggjandi hreppar eiga fulltrúa í. Þar er enginn frá þéttbýlissvæðunum. Núna á að taka á því, það á að bæta við fólki af þéttbýlissvæðunum í þessa vinnu og svo er verið að tala um valdníðslu og hroka. Ég vísa því bara til föðurhúsanna.

[16:40]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vekja athygli á því að það var árið 1971 sem þingmaður flutti þingmannatillögu um að skynsamlegt væri að vera með upprekstrarsvæðin innan marka sveitarfélaga þannig að einhver liti til þeirra. Ég hef lesið umræðurnar um þessa tillögu. Núna í dag er litið á það að sú ákvörðun sem var tekin 1972 sé eitthvað algjörlega óafturkræft. Ég bendi á hversu óafturkræft það verður með því að deila landinu á sveitarfélögin.

Virðulegi forseti. Aðalskipulag er hjá sveitarfélögunum, deiliskipulag og útfærsla er hjá sveitarfélögunum, gjaldtaka er hjá sveitarfélögunum o.s.frv.

[16:41]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að koma upp og leiðrétta grundvallarmisskilning í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í anda þess að hafa skal það sem sannara reynist. Hún segir að það eigi að veita fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni öll völd á öræfum landsins. Það er einfaldlega ekki rétt. Í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga stendur:

„Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga."

Með þessari heimild er umhvrh. veitt vald til þess að grípa í taumana hvað þetta varðar á þessum svæðum og þessu valdi fylgir ábyrgð. Auk þess ber hæstv. umhvrh. að staðfesta svæðisskipulag. Hann hefur því öll tök á því að heimila eða veita öðrum aðkomu að málinu og bera þannig ábyrgð á svæðisskipulagi hálendisins gagnvart allri þjóðinni.

[16:42]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orðið „grundvallarmisskilningur" er mjög notað um þessar mundir af stjórnarliðunum. Þetta sagði líka formaður þingflokks Framsfl. þegar undir hann

var borin áskorun 90 manns, prófessora og sérfræðinga, sem gagnrýndu frv., „grundvallarmisskilningur".

Virðulegi forseti. Heimild til þess að láta vinna svæðisskipulag er til staðar í skipulagslögunum. Svæðisskipulag samkvæmt skipulagslögunum, eins og þau eru núna, er eingöngu leiðbeinandi gagnvart aðalskipulagi sveitarfélaga auk þess sem sveitarfélögin eru ávallt með deiliskipulagið.

[16:43]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að segja varðar ekki auglýsingu níutíumenninganna. Ég mun ræða það seinna í umræðunni. Það sem ég var að segja varðar grundvallarmisskilning hv. þm. á skipulags- og byggingarlögunum. Það kom enn fremur berlega fram hjá hv. þm. í síðasta svari að hann gerir sér ekki grein fyrir stöðu svæðisskipulags. Það skal vera innbyrðis samræmi á milli allra skipulagsstiganna þannig að ef búið er að gera svæðisskipulag fyrir miðhálendið, sem umhvrh. hefur staðfest, ber að taka tillit til þess í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem umhvrh. þarf líka að staðfesta. Hv. þm. á ekki að láta sig vera beran að kunnáttuleysi í skipulags- og byggingarlögum þegar er verið að ræða eins mikilvægt mál og þetta.

[16:44]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn getur byrst sig og reynt að gera mig fákunnandi í skipulags- og byggingarlögum en það er líka alveg ljóst að á ákveðnum tíma fellur svæðisskipulag niður. Þegar búið er að vera með svæðisskipulag og búið að vinna aðalskipulag samkvæmt því er hlutverki svæðisskipulags lokið. Svo einfalt er það.

Virðulegi forseti. Það er frekar hvimleitt að stjórnarliðar skuli koma upp í andsvari og ýmist að halda því til streitu að sveitarfélögin nái alveg upp til jökla, það sé bara smá jökulrönd sem eigi eftir að skipa á sveitarfélögin, eða þá að skammast út í vankunnáttu mína út af ákvæðum um heimild til þess að skipuleggja svæði utan sveitarfélaga.

[16:45]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er búið að segja mikið núna í þessum stuttu andsvörum um þann misskilning sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir virðist hafa varðandi skipulag á miðhálendinu.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir tilkynnti um samkomulag sem hefði verið gert um að leggja fram til kynningar ákveðna breytingu á skipulagslögunum, og það er alveg rétt, en það var alger óþarfi í rauninni að leggja fram einhverja breytingu á skipulagslögum því að 12. gr. heimilar að gera svæðisskipulag og 12. gr. hefur þar að auki verið nýtt til þess að setja upp svæðisskipulag sem er þegar í vinnslu og 14 manns hafa starfað í nefnd til að koma upp því skipulagi.

Ég vil aðeins minna hv. þm. á það að þegar ríkið verður orðinn eigandi að öllu landi utan eignarlanda, þá er það eigandi landsins sem kemur til með að stjórna nýtingu þess en ekki einhverjir aðrir aðilar og það verður að sjálfsögðu gert í samræmi við skipulag sem eigandi kemur að sem umsagnaraðili og aðrir aðilar sem að skipulagi koma yfir höfuð. Það er því alger reginmisskilningur að þarna sé um að ræða fámenna hópa bænda eða sveitarstjórnarmanna í litlum sveitarfélögum sem koma til með að ráða yfir hálendinu. Þetta er svo ótrúlegur misskilningur sem búinn er að ganga í þjóðfélaginu að maður vart trúir því að fara eigi að endurtaka þessa umræðu á næstu klukkutímum á sömu nótum.

[16:47]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil mætavel að stjórnarliðum sé heitt í hamsi og komi hér hver af öðrum með veikar yfirlýsingar um misskilning af minni hálfu. Ég hef vísað í orð vísra manna, sérfræðinga og annarra sem þekkja til. Það er allt í lagi að reyna að segja: Rannveig veit þetta ekki. Af hverju? Kannski af því að hún var ekki í umhvn. Það skyldi þó aldrei vera að maður gæti verið lesinn þrátt fyrir það, þekkja til vinnunnar sem fellur af höndum manns.

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að benda á það sem hefur verið að gerast í Svínavatnshreppi. Ég ætla að benda á þau átök sem hafa verið um Hveravelli. Ég ætla að benda á það að heimamenn töldu sig hafa fulla heimild til að ganga frá skipulagi og því hvernig skyldi byggja upp á Hveravöllum. Ég ætla að minna menn á það hvernig aðilar hafa komið þar að, gagnrýnt og kvartað. Ég ætla líka að upplýsa það að oddviti Svínavatnshrepps kom á fund félmn. og færð vel rök fyrir máli sínu en það kom skýrt fram að nú ætla þeir að fara að vinna svæðisskipulag. Komi svo menn hér og tali um að ég viti ekki hvað hafi mátt gera í þessum málum á liðnum árum.

[16:48]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þegar Alþfl. fór með umhverfismálin og skipulagsmálin gátu sveitahrepparnir leyft sér að skipuleggja á hálendinu í leyfisleysi ýmsar byggingar án þess í sjálfu sér að spyrja kóng eða prest. Með þeim lögum sem verið er samþykkja nú og samþykkt voru í fyrra og er verið að breyta núna reyndar, ekki til að víkka það ákvæði heldur að þrengja það, þá er komið í veg fyrir slíkt skipulagsleysi sem ríkti meðan Alþfl. réð yfir skipulagsmálum á hálendinu. Það er nefnilega staðreynd málsins, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, að með þessum breytingum sem núverandi meiri hluti hefur gert á skipulagslögunum er verið að reyna að ná tökum á því stjórnleysi sem ríkti þarna og var farið að valda verulegum erfiðleikum á hálendinu, sérstaklega á viðkvæmum ferðamannastöðum. Ég held að hv. þm. ætti aðeins að fletta upp í þeim gögnum sem eru til frá því kjörtímabili sem hún réð og þá áttar hún sig kannski á misskilningnum sem er uppi í málflutningi hennar.

[16:50]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heldur þykir mér þetta vesæll málflutningur. Ég er alltaf tilbúin að svara fyrir Alþfl., og Alþfl. hefur átt tvo umhvrh. Sá fyrri þeirra bar hér fram tillögu og þingmaðurinn ætti bara að lesa sér til um hvernig dreifbýlisfólk flykktist til höfuðborgarinnar til að mótmæla.

Alþfl. hefur haft stefnu í þessum málum og reynt að koma til leiðar því sem ég er að tala um. En að láta sér detta það í hug þegar við erum að tala um það sem hefur gerst á hálendinu, stjórnsýslulausu hálendinu í áratugi, að ætla að skrifa það á Alþfl. þó að hann hafi verið í ríkisstjórn á árunum 1987–1995 og verið með umhvrn. í örfá ár. Að ætla sér að skrifa það á Alþfl. sem hefur verið að gerast á

hálendinu á undangengnum áratugum er svo vesælt að það er ekki einu sinni hægt að svara þessu.

[16:51]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur við að talsmaður Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna sé að setja þingmet í lýðskrumi. Ég hef vakið athygli á því oftar en einu sinni þegar þessi mál hefur borið á góma hvernig á þessum málum hefur verið tekið undanfarin átta ár. Alþfl. ber meiri ábyrgð en nokkur annar flokkur í þinginu á þessum tíma á þeim farvegi sem þessi mál fóru í. Ég bið menn, þar á meðal fjölmiðla- og þingmenn, að lesa 455. mál frá 116. löggjafarþingi, frv. til laga um breytingu á skipulagslögum. Þar er verið að afla heimilda fyrir þær héraðsnefndir sem hafa unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins og sem hæstv. fyrrv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, setti af stað. Í greinargerðinni stendur skýrt að það komi fleira til. (**ÖS:** Samkvæmt lögum.) Samkvæmt lögum? Við skulum rétt fara betur yfir það í umræðum á eftir og það stendur fleira í greinargerð sem ég mun rifja upp síðar í þessari umræðu.

[16:52]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki mun ég fella tár þó að Hjörleifur Guttormsson komi hér enn einu sinni upp og lýsi ábyrgð á hendur Alþfl. og ekki heldur þó hann ásaki mig um lýðskrum. Ég hef fylgt minni sannfæringu í málflutningi eins og ég hef alltaf gert og hann veit, en í hvert skipti sem umhverfismál hefur borið á góma og málefni hálendisins hefur hann komið og ráðist á Alþfl. Hins vegar sagði hann sjálfur skilmerkilega í umræðu fyrr í vetur að umhvrh. Alþfl. hefði borið inn tillögu um eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði á hálendinu en þingið hefði hafnað því.

Ég hins vegar hef hugsað um Alþingi þannig að jafnvel þó þingmaður hafi fengið samþykkta tillögu 1971 um að upprekstrarsvæði skuli tilheyra sveitarfélögum og jafnvel þó Alþingi Íslendinga hafi hafnað tillögu frá Eiði Guðnasyni og sent til baka hugmynd um samvinnunefnd sem ekki gaf neina forskrift að því að deila landinu upp í sveitarfélög, þá sé óviðfelldið að sífellt skuli vera komið hér með þeim hætti sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerir.

[16:54]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég virði það við hvern og einn að hann breyti um skoðun og komi með ný sjónarmið. Það væri ekkert á móti því að Alþfl. lýsti því yfir að hann hefði breytt um skoðun frá því að hann fór með þessi mál. Þannig er málið ekki rekið hér. Í greinargerð með þessu frv. stendur, og það var ekki rekið til baka af þinginu með formlegum hætti í tíð hæstv. ráðherra, Eiðs Guðnasonar, en í greinargerð stendur, með leyfi forseta:

„Enn fremur kæmi vel til greina að nefndin [þ.e. þessi samvinnunefnd til að skipuleggja miðhálendið] gerði tillögur um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu í þeim tilvikum þar sem mörk eru á einhvern hátt óljós. Þannig yrði lagður frekari grunnur að framkvæmd og eftirliti sveitarstjórna með skipulags- og byggingarmálum á miðhálendi Íslands."

Síðan er vikið að því að gerð hafi verið tillaga um mörk sveitarfélaga á vegum Landmælinga Íslands og embætti skipulagsstjóra 1990 og í greinargerð stjfrv. Eiðs Guðnasonar segir, með leyfi forseta:

„Verkefni samvinnunefndarinnar verður m.a. að yfirfara þessi drög með tilliti til miðhálendisins með það að markmiði að niðurstaða fáist sem hægt verði að staðfesta á tilskilinn hátt að fenginni umsögn þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli."

Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir í stjfrv. bornu fram af ráðherra Alþfl. 1992. (**Gripið fram í:** Samþykkt af Hjörleifi Guttormssyni.)

[16:55]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta alveg ótrúlegur málflutningur. Ég hef verið að vona að sú stund rynni upp að Hjörleifur Guttormsson tæki frekar í útrétta hönd í umræðu í umhverfismálum en falla ávallt í þá sömu gryfju að berja á Alþfl. Við höfum alltaf haft sama málflutning uppi og við erum búin að fara áður í gegnum hann, alltaf með nákvæmlega sömu viðbrögðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það er ekkert í því sem hann hefur lesið sem segir að samvinnunefndin hafi átt að skipta hálendinu upp í sveitarfélög. Hér höfum við sett fram skoðun sem ég hélt að Hjörleifur Guttormsson mundi frekar styðja en berja sífellt á í gamalli andúð á Alþfl. sem hann kemst ekki út úr.

[16:56]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að trufla þessar deilur stjórnarandstæðinga og spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem fjallaði eingöngu um stjórnskipun hálendisins í framsöguræðu sinni. Ég var reyndar líka með fyrirvara um það atriði ásamt hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég tel, eins og frsm. minni hluta, að fulltrúar landlausra íbúa bæja og borgar eigi að koma að skipulagningu þess svæðis og það er reyndar leyst með því frv. sem hæstv. umhvrh. hefur dreift á borð þingmanna.

Hins vegar ræddi hv. þm. ekkert um frv. sjálft eins mikilvægt og það nú er. Því vil ég spyrja hv. þm.: Hver er skoðun hennar á hinni almáttugu eftirlitsnefnd sem nánast tekur fjárráðin af sveitarfélögum? Tekur hún undir 9. brtt. meiri hlutans sem tekur burt eftirfarandi ákvæði: „Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru endanlegar og verða eigi kærðar til ráðherra"?

[16:58]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því yfir að ég mundi ekki fjalla um meginefni frv. til sveitarstjórnarlaga sem er mjög í takt við þau lög sem gilda í dag og sem hafa ekki fengið mjög miklar athugasemdir sveitarfélagnana og brtt. meiri hlutans eru ekki stórvægilegar. Ég tjáði Alþingi að ég mundi fjalla um það nánar í síðari ræðu minni í kvöld og jafnaðarmenn mundu taka afstöðu til tillagna eftir því sem þurfa þykir.

Þetta frv. var rifið með offorsi úr félmn. þrátt fyrir miklar almennar óskir um að það yrði ekki gert a.m.k. fyrr en næsta dag í fjarveru undirritaðrar sem sótti það fast að geta verið viðstödd er málið væri tekið út. Því var ekki ansað. Málið var tekið út á fyrsta degi þriggja samfelldra daga til nefndastarfs og því má vera að jafnaðarmenn velji það að leyfa meiri hlutanum að eiga þetta mál sitt og brtt. Um það höfum við ekki tekið ákvörðun.

[16:59]

**Útbýting þingskjala:**

Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, 266. mál, nál. landbn., þskj. 1286.

Skipulags- og byggingarlög, 703. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1289.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 27. mál, nál. sjútvn., þskj. 1285.

[17:00]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í máli þeirra hv. þm. sem mælt hafa fyrir meirihluta- og minnihlutaáliti félmn. varðandi frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér er til umræðu, þá eru skiptar skoðanir um hvernig fara skuli með stjórnsýslu á miðhálendinu. Ég segi stjórnsýslu, auðvitað heyrir fjölmargt annað en byggingar- og skipulagsmál undir stjórnsýslu sveitarfélaga þó mest hafi farið fyrir þeim í umræðunni.

Hv. frsm. meiri hluta félmn. gerði grein fyrir hinum skiptu skoðunum í máli sínu auk þess sem það kemur fram í nál. meiri hlutans. Hv. frsm. minni hluta félmn. eyddi sínum ræðutíma að mestu í umfjöllun um þessa hlið málsins.

Í nál. meiri hluta félmn. segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að heildstætt skipulag væri eðlilegt á miðhálendinu og mikilvægt að afréttir og þjóðlendur á því svæði verði svæðisskipulögð sem ein heild. Meiri hlutinn vekur í þessu sambandi athygli á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, ...“

Nú veit hv. þingheimur vel að unnið hefur verið að svæðisskipulagi á miðhálendinu. Að því hefur sérstök nefnd unnið samkvæmt lögum sem sett voru hér á Alþingi, reyndar í tíð fyrri ríkisstjórnar og því ekki að frumkvæði þess umhvrh. sem nú fer með byggingar- og skipulagsmálin. En það má einu gilda, löggjafinn ákvað hvernig ætti að meðhöndla málið og samkvæmt því hefur verið unnið.

Nú liggur fyrir tillaga samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins. Við hana hafa komið fjölmargar athugasemdir og þess vegna hefur starfstími þeirrar nefndar verið framlengdur. Henni hefur verið gert að skila tillögum sínum að svæðisskipulagi fyrir miðhálendið fyrir 1. des. nk. þannig að nánast allt þetta ár mun fara í þá vinnu. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun fari með málið og leggi það síðan fyrir umhvrn. og umhvrh. Í 12. gr. skipulags- og byggingarlaganna, sem vitnað er til í fyrrnefndu nál., er fjallað um það hvernig hægt sé að standa að framkvæmd svæðisskipulags og nokkuð ítarleg grein er gerð fyrir því í nál. sjálfu.

Ljóst er að skiptar skoðanir hafa verið, ekki aðeins milli meiri og minni hluta heldur að einhverju leyti innan meiri hluta nefndarinnar. Fjórir þeirra hv. þm. sem skrifa undir álit meiri hlutans, skrifa undir það með fyrirvara. Þeir gera stutta grein fyrir afstöðu sinni í nál. sjálfu en munu væntanlega skýra hana nánar í umræðunum. Í nál. segir m.a., með leyfi forseta:

„Réttara væri að miðhálendið, svæði innan línu dreginnar milli heimalanda og afrétta, væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í ákvörðun um það skipulag.“

Annar fyrirvari lýtur að því, með leyfi forseta: „... að gera þurfi breytingu á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frumvarps eigi skipulag hálendis Íslands að vera með ásættanlegum hætti.“

Hér eru settar fram hugmyndir eða tillögur þeirra sem hafa fyrirvara við þetta nál. Í framhaldi af því hafa nokkrir þingmenn, ásamt hæstv. félmrh. og þeim sem hér stendur, farið yfir málið. Niðurstaða okkar var sú að ekki væri óeðlilegt að í skipulags- og byggingarlögum væri skýrt kveðið á um að slík samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins skyldi starfa og fjalla um þessi mál þó vissulega sé í 12. gr. heimildarákvæði fyrir umhvrh. til þess að taka á málum, komi upp ágreiningur eins og rakið hefur verið í umræðunni.

Ríkisstjórnin hefur fallist á að leggja fram frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með þegar áorðnum breytingum, nr. 135/1997. Þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafa fallist á að það frv. verði lagt fram. Því miður dróst nokkuð fram eftir degi að hægt væri að ganga endanlega frá formsatriðum sem málinu tengjast þannig að það eru aðeins örfáar mínútur síðan því var dreift á borð hv. þm. Ég ætla þess vegna að leyfa mér að lesa þær tvær efnisgreinar frv. sem máli skipta í þessu efni þannig að ljóst sé hvað hér er um að ræða. Frv. er í raun þrjár greinar með gildistökuákvæði. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Á eftir 12. gr. [þeirrar sem hér hefur áður verið nefnd og fjallar um svæðisskipulag] laganna kemur ný grein, 12. gr. a, sem orðast svo:

Svæðisskipulag miðhálendisins.

Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík. Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt.

Kostnaður við störf samvinnunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur samvinnunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.“

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a, á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.“

Svo ég nefni örfá orð um skipan nefndarinnar. Hér er gert ráð fyrir því að hún verði skipuð fulltrúum þeirra sem í dag

eiga fulltrúa í svæðisnefndinni en auk þess komi fulltrúar suðvesturhornsins, þéttbýlisins í Reykjavík og á Reykjanesi, að málinu og fulltrúar frá Vestfjörðum sem ekki eiga beinlínis land að miðhálendinu, eins og það hefur verið skilgreint í vinnuskipulagi samvinnunefndarinnar um skipulag miðhálendisins. Síðan eigi félmrh. aðild að nefndinni auk þess sem umhvrh. tilnefnir formanninn.

Einnig er gert ráð fyrir því að þessi nýja nefnd, — ef frv. verður að lögum — sem ætti að taka til starfa 1. jan. 1999, komi að gerð eða endanlegri gerð þess skipulags sem nú er unnið að á miðhálendinu. Þegar sú nefnd hefur lokið störfum, fyrir 1. des. á þessu ári eins og ég nefndi áður, þá skal Skipulagsstofnun leita álits hinnar nýju nefndar á málinu. Þannig er tryggt að hún komi einnig að því svæðisskipulagi sem nú er unnið að, áður en sú tillaga sem Skipulagsstofnun gerir síðan til ráðherra um lokaafgreiðslu skipulagsins verður endanlega frágegnin.

Ég tel að hér sé tekið á málum með þeim hætti að um frv. til sveitarstjórnarlaga geti skapast breið samstaða og að þetta frv. liðki fyrir afgreiðslu þess frv. Ég tel að málið sé tekið þeim tökum að það ætti að vera ásættanlegt gagnvart þeim sjónarmiðum sem uppi hafa verið, bæði í þjóðfélaginu og ekki síst í þessari umræðu þó vafalaust eigi eftir að ræða um þau frekar.

Hæstv. forseti. Ég ætla, á þessu stigi, ekki að fara frekar í efnisumræður um frv. að öðru leyti. Ég ítreka að ég vænti þess að frv. það sem hér er lagt fram megi verða til þess að auðvelda afgreiðslu sveitarstjórnarfrv.

[17:10]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Víða í þjóðfélaginu er mikil andstaða gegn því að sveitarfélögin nái inn til miðju hálendisins. Að undanförnu hefur verið unnið að sátt um þetta efni, innan Alþingis og utan, þannig að fallast mætti á að sveitarfélögin næðu inn til miðju hálendisins. Þetta hefur átt að gera með breytingu á skipulags- og byggingarlögum.

Fram var komin tillaga sem ég tel að hafi notið mikils stuðnings, bæði utan þings og innan. Nú hefur þeirri tillögu verið breytt. Hún gengur mun skemmra en ég hefði viljað. Ég tel ekki að hún tryggi nægilega þá hagsmuni sem ég tel að stærstur hluti landsmanna þurfi að hafa til þess að koma að hálendismálinu.

Að óbreyttu mun ég því ekki styðja að mörk aðliggjandi sveitarfélaga verði framlengd inn að hálendi Íslands og því skipt þannig upp á milli þeirra, ef ekki verða aðrar breytingar á skipulags- og byggingarlögunum en hér hafa verið kynntar. Þessi afstaða mín kemur félögum mínum í Framsfl. ekki á óvart. Í gær þegar þetta mál var afgreitt í þingflokki okkar lá þessi afstaða mín skýr fyrir.

[17:11]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki mikið um það að segja að hv. þm. lýsi skoðun sinni á því frv. sem hér er lagt fram. Ég vil hins vegar ítreka að ég tel að hér hafi að miklu verið mætt þeim sjónarmiðum sem skapað hafa ágreining um skipan mála, fyrst og fremst byggingar- og skipulagsmálanna, á miðhálendinu.

Í mínum huga er algjörlega ótvírætt að eðlilegt sé að skipta landinu milli sveitarfélaganna og sveitarfélögin fari þarna með allt stjórnsýsluvald, hvort sem það eru byggingar- og skipulagsmál eða aðrir þættir þeirrar stjórnsýslu sem sveitarfélögunum ber að fara með. Með vinnu samvinnunefndar, bæði þeirrar sem hingað til hefur starfað og þeirrar sem hér er gert ráð fyrir að taki við og fjalli m.a. um aðalskipulag sveitarfélaganna — aðalskipulag er ótvírætt verkefni sveitarfélaganna en ekki ríkisvaldsins eða slíkrar samvinnunefndar — þá tel ég að málum ætti að vera vel borgið.

Auðvitað getur menn greint á um hve langt skuli ganga, hvernig standa skuli að samráði og hvernig taka eigi afstöðu til ágreinings, ef upp kemur. Í skipulags- og byggingarlögum er kveðið á um hvernig farið skuli með þau mál. Mér þykir leitt að heyra þessa yfirlýsingu hv. þm. en ég tel, og vænti þess að mikill meiri hluti þingsins sé sammála um það, að hér sé vel komið til móts við þau sjónarmið sem mest hafa verið uppi í umræðunni.

[17:14]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það athyglisvert að heyra hér yfirlýsingar, m.a. frá aðilum sem áttu að veita svona forustu varðandi þau skipulags- og byggingarlög sem Alþingi samþykkti fyrir tæpu ári síðan. Ég mun koma að því síðar í umræðunni.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það frv., sem hér hefur verið lagt fram og hæstv. ráðherra mælti hér með óbeint fyrir, sé stjfrv. Eins og það liggur hér fyrir þinginu hefur það þann búning. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta frv. stjfrv.? Stendur ríkisstjórnin að baki málinu? Hvað ætlast hæstv. ráðherra fyrir varðandi afgreiðslu þessa frv.? Er gert ráð fyrir að leita afbrigða til að fá það tekið til umræðu og afgreiðslu á þessu þingi?

Jafnframt vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig gert sé ráð fyrir að ljúka og staðfesta það svæðisskipulag sem er nú til athugunar að fengnum athugasemdum á vegum sérstakrar samvinnunefndar um skipulag miðhálendisins, hvort það verði ekki örugglega staðfest. Hefur 703. mál, eða breytingar á skipulagslögum sem hæstv. ráðherra gat um, verið kynnt þeim sem vinna að svæðisskipulagi miðhálendisins og má treysta að það setji það mál á engan hátt í tvísýnu?

[17:16]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nokkrum spurningum var beint til mín. Ég vona að ég hafi náð þeim. Út af fyrir sig var þetta ekki framsaga með frv. enda sagði hv. þm. „mælt fyrir með óbeinum hætti". Það er fyrst og fremst dregið inn í umræðuna til þess að hv. þm., sem hafa ritað undir meirihlutaálit félmn., sé ljós vilji umhvrh. og ríkisstjórnarinnar til að gera breytingar á skipulags- og byggingarlögum og þá lít ég á það sem svar mitt við næstu spurningu hvort frv. sé stjfrv. Það er það, það er samþykkt af ríkisstjórninni og framlagning þess af stjórnarflokkunum hefur verið samþykkt. Þess vegna er það komið hér. Það er nokkru síðar en hefði kannski verið æskilegt. Það hefði kannski mátt vera einhverjum klukkustundum fyrr á borðum hv. þm. Ekki er gert ráð fyrir því að frv. verði afgreitt á þessu vori. Það er seint fram komið og það hefur ekki fengið víðtæka kynningu en þó verið sýnt forsvarsmönnum hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga þannig að þeir vita af tilurð frv. og efni þess.

Áðan gerði ég aðeins grein fyrir því svæðisskipulagi sem er nú í vinnslu en ég get ítrekað að núverandi svæðisskipulagsnefnd hefur fengið frest til vinnu sinnar til 1. des. Ég álít að það sé nokkuð ljóst að það muni ekki klárast

fyrir áramót að vinna þannig úr þeim athugasemdum sem þar liggja fyrir og svæðisskipulagsnefndin er þegar með til úrvinnslu. Skipulagsstofnun, sem skal leggja tillögur fyrir ráðherra, mun varla klára það fyrir áramót þannig að hin nýja nefnd sem til verður ef þetta frv. verður samþykkt þó það verði ekki fyrr en á haustþingi. Þegar hún kemur til starfa um áramót mun hún geta komið að málinu eins og 2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir. Ég vonast til þess að það takist að staðfesta svæðisskipulag miðhálendisins. Ég tel að það sé afar mikilvægt. Það er eindregin skoðun mín. Frv. hefur verið kynnt núverandi nefnd, að vísu ekki fullskipaðri, en ég hef átt fund með meiri hluta svæðisskipulagsnefndarinnar og þeim hefur verið sagt efnislega frá frv. þessu og hvað er á ferðinni.

[17:19]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að mínu mati er mikilvægt að fá þau svör sem hafa komið fram hjá hæstv. ráðherra um stöðu málsins, hér er stjfrv. á ferðinni og það er ætlun ríkisstjórnarinnar að fá mál þetta afgreitt á haustþingi. Jafnframt stefni hæstv. ráðherra ákveðið að því að staðfesta eða afgreiða svæðisskipulag um miðhálendið, þá væntanlega fyrir lok kjörtímabilsins því að það ætti að vera tryggara fyrir hæstv. núv. ráðherra að standa þannig að máli.

Varðandi málsmeðferðina tel ég að með frv. sé stigið verulegt skref til sátta við þau sjónarmið sem hafa komið fram, reist á því og ekki komist að þessu máli formlega þéttbýlissvæði í landinu og fleiri svæði sem hafa verið utan þeirrar samvinnunefndar sem hefur mótað skipulagið. Ég tel að þeir sem hafa lagt áherslu á það, og ég er í þeim hópi og hef reyndar gert það ítrekað formlega í þingnefnd þegar skipulagslög voru til umfjöllunar á síðasta þingi og aftur á sl. hausti, fá styrkingu einmitt á 12. gr. þeirra laga sem samþykkt voru samhljóða sl. vor um svæðisskipulagsgerð að því er miðhálendið varðar. Ég hlýt að lýsa ánægju með þetta frv. sem er kynnt með óbeinum hætti. Ég legg á það ríka áherslu að það þarf að ljúka því svæðisskipulagi sem er nú í lokavinnslu á vegum samvinnunefndar þó svo að nýir aðilar komi að máli og að þetta mál má að mínu mati ekki verða til þess á neinn hátt að tefla því máli í tvísýnu eða setja það í uppnám og ég treysti því að hæstv. umhvrh. haldi þannig á máli að svo fari ekki.

[17:21]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt. Aðeins til að ítreka það álit mitt og skoðun að það beri að reyna að ná því fram að svæðisskipulag á hálendinu verði staðfest þó að ég sjái engar líkur á að það verði fyrir áramót. Ég held að það verði ekki fyrr en vonandi fljótlega upp úr næstu áramótum sem allri þessari miklu vinnu verður lokið og verði sú nýja nefnd til, sem hefur komið inn í umræðuna, þá vil ég aðeins ítreka það sem segir í 2. gr. frv. sem er þó reyndar ekki til formlegrar umræðu. Það segir, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a., á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess."

Hér er ekki gert ráð fyrir að hin nýja nefnd fari að vinna skipulagsvinnu á ný eða vinna þetta verkefni allt saman upp og ég þykist þess fullviss að til þess komi ekki en að sú vinna sem er nú þegar í gangi og sú niðurstaða sem verður vonandi fengin um áramótin verði sýnd hinni nýju nefnd og álits leitað. Það er þá á valdi Skipulagsstofnunar hvort hún vill taka tillit til hugsanlegra athugasemda hinnar nýju nefndar við endanlega tillögugerð til ráðherra.

[17:23]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Það vandamál sem brennur mest á ræðumönnum í umræðunni snertir raunverulega tvö fyrirliggjandi frumvörp og ein þegar samþykkt lög og reyndar nýframlagt frv. til breytinga á þeim lögum. Þetta eru frv. um þjóðlendur, sveitarstjórnarfrv. og skipulags- og byggingarlög.

Frv. um þjóðlendurnar er miklu minna umdeilt en sveitarstjórnarfrv. og skipulags- og byggingarlögin og breytingarnar við það lúta að því að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa upp vegna þess skipulags sem fram kemur í sveitarstjórnarlögunum, þ.e. að öllu landinu skuli skipt í sveitarfélög.

Það sem gerir þetta erfitt fyrir marga er hin víðtækari skírskotun sem hálendið hefur til þjóðarinnar, sérstaklega um landnotkun á hálendinu en um landnotkun er fjallað í skipulagi, sérstaklega svæðisskipulagi sem síðan er útfært í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Um það fjalla auðvitað skipulags- og byggingarlög.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný skipulags- og byggingarlög. Þá átti ég þátt í því að gera þær breytingar sem voru hugsaðar til að leysa það vandamál sem hér er verið að deila um, hvernig aðrir aðilar en heimamenn ættu að hafa áhrif á skipulag sérstaklega með tilliti til landnotkunar. Þá varð niðurstaðan sú, sem fram kemur í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, að veita ráðherra heimild til þess að skipa sérstaka svæðisskipulagsnefnd á svæðum þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis. Ég taldi þá að þetta væri efnisleg lausn á vandanum og reyndar lausn sem ætti að geta verið ásættanleg fyrir alla.

Ég tel enn þá að þetta sé efnisleg lausn á vandanum og að sú heimild sem ráðherrann fær með þessari grein veiti honum það mikið vald að hann sé í raun ábyrgur fyrir svæðisskipulagi miðhálendisins og annarra svipaðra svæða. Hins vegar hefur komið upp mikil tortryggni, segja má gagnvart umhvrh., og hefur manni stundum fundist hún koma úr hörðustu átt. Ég held að við verðum að taka tillit til þeirrar gagnrýni og þessarar tortryggni og reyna að leita sátta og finna leið sem allir geta sætt sig við sem leiðir til þess að tryggt sé að allir þeir aðilar sem hafa hagsmuni af landnotkun á þessum svæðum geti komið að stefnumörkuninni.

Lausnin sem við lögðum upp með þegar skipulags- og byggingarlögin voru samþykkt var almennt ákvæði sem var hægt að beita á miðhálendinu og annars staðar þar sem ráðherra teldi vera þörf fyrir. Það var með ráðum gert að hafa þetta almennt ákvæði til þess að það væri ekki túlkað þannig að um einhvers konar vantraust væri að ræða á sveitarstjórnarfulltrúum í dreifbýlinu. En því miður hefur þessi tortryggni komið upp og ef vel á að takast til í þessu efni verður að eyða henni.

Ný tillaga eða nýtt frv. til breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem dreift hefur verið og hæstv. umhvrh. gerði stuttlega grein fyrir lýsir vilja ríkisstjórnarinnar til þess að takast á við þetta vandamál. Ég er hins vegar ekki sáttur við þessa tillögu. Ég tel hana ekki nægilega vel ígrundaða og

að samkvæmt henni sé ekki hægt að taka nægjanlega mikið tillit til hinna ýmsu aðila sem hafa hagsmuna að gæta við stefnumörkun á landnotkun á hálendinu. Ég geri mér reyndar grein fyrir því að mjög erfitt er að búa til formúlu fyrir skipun samvinnunefndar um svæðisskipulag þar sem tekið er tillit til allra sjónarmiða og einn aðili á að vera fulltrúi fyrir hvert sjónarmið. Ég tel því að farsælasta leiðin til þess að ná sátt í þessu máli sé að styrkja það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í núgildandi 12. gr. og þá á þann hátt að 12. gr. standi eins og hún er og það kæmi ný grein í skipulags- og byggingarlögin sem fjallar um svæðisskipulag á miðhálendinu þar sem umhvrh. væri gert skylt að skipa sérstaka samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins. Í þeirri grein gæti komið fram leiðbeining um hvernig ráðlegast sé að skipa nefndina, að það skuli gert á þann hátt að tekið sé tillit til sem flestra þeirra sjónarmiða sem koma upp hjá þeim sem hagsmuna hafa þarna að gæta, bæði faglegra sjónarmiða og eins hagsmuna þeirra sem byggja atvinnustarfsemi sína á hálendinu og eins sjónarmiða heimamanna og þeirra íbúa landsins sem búa ekki í sveitarfélögum sem liggja að hálendinu. Á þessu mætti herða með því að tilnefningar kæmu í nefndina. Þær gætu hugsanlega komið frá sveitarstjórnum á tilteknum svæðum landsins. Þær gætu hugsanlega komið frá fagaðilum og hugsanlega komið frá hagsmunasamtökum og jafnvel frá ráðuneytum sem fara með tiltekna málaflokka.

Ég held hins vegar að sú leið gæti verið þung í vöfum og erfitt fyrir ráðherrann að skipa nefnd samkvæmt slíkri formúlu, eins og ég nefndi áðan, en það gæti verið mögulegt fyrir ráðherrann, sem hefði heimild til að skipa hana með fáum tilnefningum eða engum tilnefningum, að skipa aðila í nefndina sem hefðu það mikla yfirsýn yfir hlutina að þeir gætu talist gæta hagsmuna fleiri en eins sjónarmiðs, verið faglega þenkjandi og kunnandi, og þekkt vel til hagsmuna einstakra hópa og gætu jafnvel gætt hagsmuna einhverra byggðarlaga. Á þann hátt væri umhvrh. pólitískt ábyrgur fyrir svæðisskipulagi miðhálendisins og hann yrði að standa reikningsskil á því skipulagi fyrir allri þjóðinni, ekki eingöngu fyrir þeim sem búa í dreifbýlinu og ekki eingöngu fyrir þeim sem búa í þéttbýlinu og ekki eingöngu fyrir þeim sem eiga hagsmuna að gæta heldur gagnvart heildinni. Ég á ekki von á því að hver sá sem væri hæstv. umhvrh. á hverjum tíma mundi hlaupa frá slíkri ábyrgð.

Það mætti síðan styrkja stöðu þessa svæðisskipulags enn betur ef menn vilja með því að láta svæðisskipulagið lúta þeirri meðferð sem sérstakt svæðisskipulag fær. Þá kæmi Skipulagsstofnun meira inn í málið en sveitarstjórnirnar og þá færi um þetta skv. 15. gr. skipulags- og byggingarlaganna og hv. þm. geta lesið sér nánar til um það þar. Ég er ekki að segja að þess mundi gerast þörf að styrkja þetta á þennan hátt en sá möguleiki er fyrir hendi ef menn vilja. Ég held að sú leið sem ég hef verið að lýsa sé farsælli en sú tillaga sem hæstv. umhvrh. kynnti lítillega áðan. Hún gefur meiri möguleika til að taka tillit til víðtækra sjónarmiða og hagsmuna allrar þjóðarinnar.

Ég vonast til að í þeirri vinnu sem þarf að fara fram á næstu mánuðum til að vinna tillögu sem lögð yrði fram á Alþingi næsta haust til breytinga á skipulags- og byggingarlögum fái þau sjónarmið sem ég hef kynnt hljómgrunn og það verði tekið tillit til þeirra í þeirri vinnu.

Ef hins vegar næst ekki sátt um breytingu á skipulags- og byggingarlögunum, þá verði ekki hjá því komist að hæstv. umhvrh. axli ábyrgðina sem núverandi lög setja honum á herðar, hann axli hina pólitísku ábyrgð og skipi sérstaka svæðisskipulagsnefnd fyrir miðhálendið eins og hann hefur heimild til skv. 12. gr. núgildandi laga.

Það eru tvö atriði sem ég vil nefna til viðbótar, herra forseti, varða ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem hélt langa tölu um þetta efni. Þar kom fram að mínu mati grundvallarmisskilningur á því hvað felst í skipulagslögunum. Þar nefndi hv. þm. að svæðisskipulag falli niður þegar búið er að færa það inn í aðalskipulagið. Ég kannast ekki við þetta. Svæðisskipulagið heldur gildi sínu og skv. 12. gr. ber sveitarstjórnum að afloknum hverjum kosningum að taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulagið og fer þá um þá vinnu eins og um nýtt svæðisskipulag væri að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir því í 14. gr. að telji sveitarfélög nauðsynlegt að breyta svæðisskipulagi, þá skuli þau gera það samkvæmt því sem um getur í 12. gr. eins og um nýtt svæðisskipulag væri að ræða. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum að svæðisskipulag sem hefur verið sett lifi, það sé endurskoðað reglulega og gert er ráð fyrir því hvernig á að standa að endurskoðuninni ef nauðsynlegt er talið af hálfu sveitarfélaganna eða þá þeirra sem fara með þá svæðisskipulagsvinnu.

Að síðustu vegna þess sem nefnt var um hlut hæstv. ráðherra Alþfl. í umhvrn., þá stóðu þeir fyrir því að skipuð var sérstök svæðisskipulagsnefnd um miðhálendið á síðasta kjörtímabili. Ég held að mjög nauðsynlegt hafi verið að gera það. Samkomulag náðist þá um tiltekna skipan mála og þáv. hæstv. umhvrh. skipaði þá nefnd. Sú nefnd hefur unnið mjög merkilegt starf sem var til umræðu fyrr á fundinum í dag. Þessi nefnd var þannig samansett að í henni sátu 12 fulltrúar héraðsnefnda sveitarfélaganna sem land eiga að hálendinu og einn fulltrúi ráðherrans sem var formaður. Þar var enginn fulltrúi hagsmunaaðila. Þar var enginn fulltrúi íbúa annarra landsvæða en þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulags- og byggingarlögunum síðan á þessu kjörtímabili hafa opnað möguleika á því að það gæti verið gert og beinlínis sett þá ábyrgð á herðar hæstv. umhvrh. Umræða stjórnarliða um þetta mál, vinna og tillaga ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið lögð fram miðar að því að aðrir aðilar hafi aðkomu að þessu máli en þeir aðilar sem skipa héraðsnefndir sveitarfélaganna sem land eiga að hálendinu og hæstv. ráðherra Alþfl. skipaði til starfans.

[17:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. Árni Mathiesen tók svo til orða að umhvrh. Alþfl. hefðu beitt sér fyrir skipan þeirrar svæðisnefndar sem hér hefur lítillega komið til umræðu þá er vert að geta eftirfarandi:

Árið 1993 samþykkti þingið með öllum greiddum atkvæðum þá breytingu á skipulagslögum að skipuð skyldi slík nefnd. Það var í tíð páv. umhvrh. Eiðs Guðnasonar. Þegar ég var orðinn umhvrh. kom það í minn hlut að skipa þessa nefnd. Hv. þm. var að vísu ekki að fetta fingur út í það heldur fagnaði þeirri skipun. En ég vil einungis árétta að þegar ég gerði það, þá var ég að fylgja lögum sem hið háa Alþingi hafði sett. Ég átti auðvitað engan annan kost en gera það.

Ég vildi þó koma aðallega upp til að spyrja hv. þm. um eftirfarandi: Telur hann að það sé til bóta að með þeim breytingum sem hæstv. umhvrh. kynnti áðan er búið að tryggja aðkomu fulltrúa hinna stærri sveitarfélaga eins og Reykjavíkur og líka þeirra sem búa í Reykjanesi en liggja

ekki beint að miðhálendinu? Það er til bóta, ég tek undir það með hv. þm. Það er skref fram á við og sannarlega til bóta. En ef við horfum til þess, herra forseti, að á þessu svæði búa 67% allrar þjóðarinnar, þ.e. í Reykjanesi og Reykjavík samanlagt. Þessi stóri hópur fær einungis þrjá fulltrúa til þess að véla um miðhálendið sem sannarlega er nýtt til útivistar fyrst og fremst af þessu fólki, þá spyr ég hv. þm.: Telur hann virkilega að þetta sé nóg? Telur hann að þetta sé sanngjarn hlutur sem þessi stóru byggðarlög fá samkvæmt þessum breytingum sem hér eru lagðar fram og eru óhjákvæmilega undir í umræðunni?

[17:40]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski ekki talað nægilega skýrt. Sú tillaga sem hæstv. umhvrh. kynnti áðan er ekki sú tillaga eða sú breyting sem ég vil gera á lögunum. Ég tel þá skipan mála sem þar kemur fram ekki nægilega góða og ekki fullnægjandi. Ég tel að hún taki ekki nægjanlega mikið tillit til hinna ýmsu hagsmuna sem um er að tefla í þessu máli. Ef við hugsum okkur þetta út frá hlutföllum íbúa, þá teldi ég það alls ekki vera fullnægjandi. En ég er að hugsa um þetta í víðara samhengi en bara út frá íbúahlutfalli. Ég er að hugsa um atvinnugreinarnar sem byggja afkomu sína á hálendinu, að þær eigi aðkomu þarna líka. Ég er að hugsa um hin faglegu sjónarmið náttúruverndarsamtakanna og útivistarsamtökin líka. Þess vegna nefni ég það að ef umhvrh. hefði frítt spil til að skipa í slíka nefnd, þá getur hann valið einstaklinga sem uppfylla fleiri en eitt skilyrði. Eins og staðan er í dag hefur hann þetta fría spil og hann getur beitt 12. gr. Hann er hins vegar ekki skyldugur til þess og eins og ég skil þá tortryggni sem er í þjóðfélaginu, þá beinist hún að því að hræðsla er um það að hann muni ekki nota sér þennan möguleika, hann muni ekki beita þessu valdi sínu og þess vegna vilji menn að skylt sé að nefndin verði skipuð. Ég tel að ef ráðherranum er skylt að skipa nefndina og fylgi leiðbeiningum um hvernig hún eigi að vera samsett, þá eigum við að ná því að skipuð verði svæðisskipulagsnefnd þar sem öll sjónarmið geti komið fram og hægt sé að taka tillit til allra þessara þátta, íbúanna, fagsjónarmiðanna og atvinnugreinanna sem um er að tefla.

[17:42]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni það fúslega að ég er fákunnandi um þetta frv. sem hér hefur verið dreift, ég er fyrst að sjá það núna. Auðvitað hefði það átt að koma fram fyrr til þess að menn hefðu getað kynnt sér það betur.

Ég hef reyndar skilið það svo að það frv. útiloki þá aðferð sem hv. þm. er að ræða um. Að öðru leyti er ég alveg sammála þeim viðhorfum sem hv. þm. leggur fram. Hann segir að nauðsynlegt sé að til að mynda fulltrúar þeirra atvinnugreina sem byggja á hálendinu og jafnframt sjónarmið útivistarfólks fái að njóta sín í þessari nefnd. Það er ekki tryggt með frv. hæstv. umhvrh. Það sem mér finnst afskaplega mikilvægt er að þetta er annar stjórnarliðinn sem kemur hér með mjög alvarlega gagnrýni. Það er ekki hægt að skilja mál hv. þm. öðruvísi en svo en hann telji að sú breyting sem gerð er með frv. hæstv. umhvrh., sem er vissulega til bóta, gangi hvergi nærri nógu langt til að fullnægja þeim skoðunum og þeim þörfum sem hv. þm. segir að séu fyrir hendi.

Með öðrum orðum, hér hefur hv. þm. Árni M. Mathiesen, þingmaður fyrir Reykn., og einnig hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lýst mjög alvarlegum meinbugum á þeirri framvindu sem stjórnarliðið ætlar sér að hafa á þessu máli. Það tel ég vera mikilvægt vegna þess að kjarninn sem stendur upp úr máli hv. þm. Árna M. Mathiesen er þessi: Hann telur ekki að hagsmunir þess fólks sem hann er kjörinn til þess að þjóna séu tryggðir með frv. Ég er honum sammála.

[17:43]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hagsmuni þess fólks sem ég er kjörinn á Alþingi fyrir sé hægt að tryggja með núgildandi 12. gr. Ég geri mér hins vegar ljóst að það er tortryggni gagnvart þeirri skipan mála og því tel ég að ganga þurfi til móts við þá tortryggni, eyða henni með því að styrkja það fyrirkomulag sem 12. gr. gerir ráð fyrir. Ég tel að það frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram í dag geri það ekki nægjanlega vel. Ég met hins vegar þann vilja sem kemur fram í að leggja það fram núna á þessu stigi málsins og við höfum möguleika til þess að vinna í málinu í sumar og klára málið á haustþinginu þannig að það sé klárt fyrir næstu áramót þegar hálendisskipulagstillagan á að vera tilbúin eða reyndar í desember í lok ársins. Þannig tel ég að við eigum að geta staðið að málinu og þá þurfi ekki að vera nein vandkvæði.

Hins vegar ef ekki næst samkomulag eru lagaheimildirnar í dag þess eðlis að hæstv. umhvrh. getur gert nákvæmlega þá hluti sem ég vil að gerist. Hann hefur heimildir til þess og þá vil ég að hann axli hina pólitísku ábyrgð á því að allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta á miðhálendinu fái að koma að þeirri vinnu sem felst í því að gera svæðisskipulag á miðhálendinu.

[17:45]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu stór og mikill lagabálkur, öllu heldur frv. til sveitarstjórnarlaga. Í þessu frv. eru sveitarstjórnarlögin tekin til heildstæðrar skoðunar enda hefur þetta kallað á mikla vinnu, umsagnir fjölmargra aðila og fyrri tillögur og frumvörp sem hafa komið til kasta þingsins hafa einnig verið skoðuð í því samhengi. Það má t.d. geta þess að frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur flutt á Alþingi í tvígang þar sem er að finna tillögur um sitthvað sem lýtur að skilgreiningum og stjórnsýslu sveitarfélaganna, er fellt inn í þetta frv. sem ríkisstjórnin lagði fram. Í þessari endurskoðun er kafli um kosningar felldur út úr sveitarstjórnarlögunum enda hefur verið tekið á þeim málum í öðru frv. sem hefur fengið samþykki á Alþingi og er orðið að lögum.

Ég ætla að gera að umtalsefni ýmsar greinar frv. en víkja fyrst að þeim hluta frv. sem hefur kallað á mestar umræður hér og snýst um skipulagsmál. Það er 1. gr. frv. þar sem segir að landinu skuli skipt í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Ég er í hópi þeirra alþingismanna sem telja að óheppilegt og óeðlilegt sé að skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins sé skipt milli fjölmargra sveitarfélaga sem eiga sér enga samsvörun í lögun og landslagi. Ég hef skipað mér í hóp þeirra sem vilja tryggja það meginmarkmið að miðhálendið sé skipulagt sem ein heild og að í skipulagi miðhálendisins sé tekið rækilega tillit til umhverfisþátta, umhverfissjónarmiða.

Hér höfum við átt samleið, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, form. félmn., sem hefur leitt starf þingnefndarinnar mjög vel og við skrifum undir álitsgerð um frv. með fyrirvara sem lýtur m.a. að þessum þætti. Okkar fyrirvari er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara sem m.a. lýtur að því að gera þurfi breytingu á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frumvarps eigi skipulag hálendis Íslands að vera með ásættanlegum hætti. Þær breytingar verði að fela í sér á afdráttarlausan hátt að miðhálendið verði skipulagt sem heild og að fleiri komi að þeirri vinnu og ákvarðanatöku en aðliggjandi sveitarfélög. Er þar átt við fulltrúa tilnefnda af ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þjóðarinnar allrar."

Hvers vegna höfum við lagt áherslu á þessa þætti? Ég held að rökin séu þríþætt. Það eru lýðræðisleg rök. Það eru rök sem flokka má sem umhverfisrök eða sem lúta að umhverfismálum og það eru hagkvæmnisjónarmið.

Ef ég vík fyrst að hinum lýðræðislega þætti þá er óeðlilegt að einvörðungu þau sveitarfélög sem eru aðliggjandi hálendinu komi að þessum málum eða fulltrúar íbúa þeirra sveitarfélaga. Við teljum það óeðlilegt. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að ég gef mjög lítið fyrir allan prósentureikning í þessum efnum. Því er haldið fram að komi einvörðungu íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu að skipulagi hálendisins þá séu þar aðeins á ferðinni fulltrúar 30% þjóðarinnar eða það an af minna og 70% þjóðarinnar hér á þéttbýlissvæðinu komi þar hvergi nærri málum. Ég gef mjög lítið fyrir röksemdir af þessu tagi. Ég minni á að Íslendingar hafa nú ekki látið það trufla sig á vettvangi Sameinuðu þjóðanna svo dæmi sé tekið þótt við höfum sama atkvæðisvægi og t.d. Indverjar, þjóð sem er mörg hundruð milljónir manna. Og við höfum ekki látið það trufla okkur mjög mikið á vettvangi Norðurlandasamstarfs þótt ekki sé í einu og öllu og öllum ákvörðunum taldir hausarnir sem búa að baki hverjum fulltrúa um sig þannig að ég gef mjög lítið fyrir þennan prósentureikning sem menn eru bæði að setja á blað og halda fram í ræðustól.

Engu að síður finnst mér eðlilegt að fulltrúar sveitarfélaga á öllu landinu komi að allri ákvarðanatöku. Vissulega getur fámennið haft varasamar afleiðingar þegar kemur að skipulagi óbyggðanna eða skipulagi yfirleitt. Til dæmis er ástæða til að ætla að mjög fámenn fjárhagslega vanmegna sveitarfélög ráði tæpast við þessi mál eins og þörf er á. Mér finnst ástæða til að nefna að fjárhagurinn eða fjárþörfin má ekki skipta menn of miklu máli þegar verið er að ráðstafa þessari sameiginlegu eign þjóðarinnar sem við ætlum að vernda til ókomins tíma fyrir ókomnar kynslóðir. Við þurfum að fara mjög gætilega í allt skipulag á hálendinu og það er óeðlilegt og getur verið varasamt að fjárvana aðilar komi þar að málum um of. Það þarf að tryggja jafnvægi í allri ákvarðanatöku. Þetta var um hinn lýðræðislega þátt.

Umhverfisrökin vega mjög þungt. Ekki er nóg með að óeðlilegt sé að skipulagt sé þvert á landslagsheildir svo sem jökla, hraunbreiður, sanda og gróðurbletti svo vitnað sé í þann fyrirvara sem hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir og Pétur H. Blöndal settu í álitsgerð sinni um frv. heldur er ljóst að taka þarf rækilega mið af umhverfisþáttum. Það var athyglisvert í umfjöllun um frv. hvernig þeir sem lögðu áherslu á heildstætt skipulag nálguðust viðfangsefnið úr tveimur ólíkum áttum. Annars vegar voru það eindregnir umhverfissinnar sem vildu að þeir sem skipulegðu þetta svæði ættu ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta sérstaklega þegar um er að ræða fjárvana aðila eins og fámenn, fjárvana sveitarfélög og hins vegar var það orkugeirinn sem varaði við þeim erfiðleikum sem það gæti haft í för með sér að margir aðilar kæmu að málum, t.d. þegar verið væri að skipuleggja virkjunarframkvæmdir. Það var athyglisvert að menn nálguðust þetta úr tveimur mjög ólíkum áttum. (**ÖS:** Hver er niðurstaða þingmannsins af því?) Niðurstaða þingmannsins af því er sú að að sjálfsögðu á að skoða hagkvæmnissjónarmið. Það á að vera auðvelt að skipuleggja miðhálendið. Ég legg höfuðáherslu á umhverfisþáttinn. Ég legg mjög mikla áherslu á umhverfisþáttinn og þess vegna hef ég lagt áherslu á að svæðið sé skipulagt heildstætt og að umhverfissjónarmið vegi mjög þungt.

Hér hefur verið lögð fram tillaga af hálfu ríkisstjórnarinnar um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Ég get lýst því yfir að ástæðan fyrir því að ég var reiðubúinn að skrifa undir þetta frv., með fyrirvara þó, var sú að mér var kunnugt um að vilji væri til að ná fram málamiðlun af því tagi sem hér hefur verið kynnt. Það er ástæðan fyrir því að ég sá mér fært að styðja þetta frv. þrátt fyrir þær ólíku áherslur sem ég hef og hér hafa farið saman sjónarmið okkar hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar, því frv. sem hæstv. umhvrh. kynnti hér áðan, segir að umhvrh. skuli skipa:

„... samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður."

Ég ætla ekki að vitna meira í þessa lagagrein en hér er verið að skipa nefnd sem svarar þessum lýðræðislega þætti að tryggja að fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem ekki liggja að hálendinu fái aðkomu að málinu með tveimur fulltrúum úr Reykjavík, með fulltrúa af Reykjanesi og með fulltrúa af Vestfjörðum. Það sem mér finnst skipta miklu máli líka er að fulltrúar ríkisvaldsins hér eru auk félmrh. umhvrh. og þetta voru þau meginmarkmið sem við lögðum áherslu á. Og þetta eru þau meginmarkmið sem Alþb. og þingfl. Alþb. og óháðra hefur lagt áherslu á, þ.e. að tryggja heildstætt skipulag þar sem umhverfissjónarmið vegi þyngst. Þetta voru þau meginmarkmið sem við lögðum áherslu á. En ég legg áherslu á eitt. Það er að þessar lagabreytingar sem hér eru lagðar til, breytingar á skipulags- og byggingarlögum nái fram að ganga í vor. Við munum ekki fallast á að þetta frv. verði látið bíða til haustsins heldur er það afdráttarlaus krafa af okkar hálfu að þær tillögur sem hér eru lagðar fram nái fram að ganga sem lög frá Alþingi í vor samhliða hinu frv. Þetta er lykilatriði sem við leggjum mikla og ríka áherslu á.

Ég gat um það í upphafi máls míns að ég ætlaði að víkja að öðrum greinum frv. einnig, ekki aðeins 1. gr. og öllu sem henni fylgir, heldur öðrum lagagreinum líka. Ég vil þá fyrst víkja að 7. gr. frv. sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast."

Hér hefði ég viljað setja punktinn í lokamálsgreininni heldur fyrr en gert er. Ég ætla að endurtaka lokamálsgreinina, hún er svohljóðandi: „Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana ...“ Punktur. Hér hefði ég viljað ljúka þessari setningu, því að framhaldið er þetta: „... til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.“

Hér er kominn mjög takmarkandi þáttur á möguleikum sveitarfélagsins til að ráðstafa því gjaldi sem fæst fyrir selda þjónustu. Hér er takmarkandi þáttur á ferðinni, og mér finnst vera gegnumgangandi í allri lagasetningu í dag að reyna með öllum ráðum að takmarka vald lýðræðislega kjörinna stjórna, hvort sem það eru stjórnir ríkisstjórna eða sveitarstjórna. (Gripið fram í.) Varðandi rétt ríkisstjórna til að fara sínu fram, þá eru það EES-skuldbindingar og reglugerðir margvíslegar sem setja stjórnvöldum skorður, og hér er verið með lagasetningu að takmarka vald sveitarstjórna.

Hér er bent á það úr sal að það sé ekki í samræmi við stjórnarskrá landsins að sveitarstjórn stofni til skattheimtu af þessu tagi. Við höfum náttúrlega oft deilt um það í þingsal og í þjóðfélaginu almennt hvernig eigi að skilgreina skatta. Eru komugjöld á heilsugæslustöðvar, margvísleg gjaldtaka í heilbrigðiskerfi og annars staðar skattar eða gjöld? Þetta er að ýmsu leyti grátt svæði sem við erum komin inn á hvernig skilgreina eigi þessa hluti nákvæmlega.

Þegar óeðlilega mikill arður var tekinn af t.d. hitaveitunni og þegar stjórnvöld í Reykjavík ákváðu að nota þann arð til að búa til eitt stykki veitingahús, Perlu — sem mér finnst nú reyndar ágætlega falleg — án þess að það hafi verið borið undir kjósendur eða um það hafi farið fram eðlileg umræða, þá sé eðlilegt að gera það sem kjósendur í Reykjavík gerðu. Þeir gáfu þeim sem þar stýrði ferðinni og lét stjórnast af því einu að rétta puttann upp í loftið við alla áætlanagerð, þeir gáfu þeim aðila reisupassann. Þetta er það aðhald sem ég tel að við eigum að búa við, aðhald frá kjósendum, frá fólkinu, en ekki aðhald frá reglugerðum og lögum umfram það sem nauðsynlegt er. Ég tel að með þessari þrengingu hér séum við þrengja um of að lýðræðislega kjörnum stjórnum.

En nú var ljóst að yrði þetta samþykkt þá yrði þetta mjög þrengjandi fyrir hlutafélög í eign sveitarstjórna. Við vitum að það er mjög vinsælt nú um stundir, það er tískan í dag að stofna hlutafélög um alla starfsemi, það er hluti af markaðsvæðingu samfélagsins sem er haldið á lofti og fylgt eftir af stjórnmálafylkingum sem standa til hægri og einnig þeim sem kenna sig við félagshyggju en fara fram undir fánum markaðshyggjunnar, reyndar ekki undir fánum markaðshyggjunnar en í reynd fylgja þeir þeirri stefnu. Þá hafa menn óttast að með þessari lagagrein sé verið að þrengja möguleika sveitarstjórna, sem skipuleggi hluta síns rekstrar, til þess að taka arð umfram það sem á að nota til beinna þarfa hér og nú. Vegna þess að niðurlagið á lagagreininni er þetta:

„Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.“

Menn hafa því óttast að þetta kynni að setja sveitarstjórnum, sem eru með fyrirtæki eða reka einhver fyrirtæki hvort sem það eru orkufyrirtæki eða önnur fyrirtæki, of þröngar skorður. Þess vegna er komin fram tillaga um breytingu sem ég ætla að hafi komið fyrir ábendingar frá sveitarfélögunum, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.“

Hér telja menn sem sagt nauðsynlegt að skapa sveitarfélögum, sem eru með einhvern atvinnurekstur á sinni könnu, möguleika til að afla arðs. Það er það sem þessi lagabreyting gengur út á. Reyndar var það nú svo að fyrst í umfjöllun þótti þetta orka nokkuð tvímælis og ég hélt því fram að menn væru að gera þá kröfu til allra stofnana á vegum sveitarfélaga að þær yrðu reknar samkvæmt arðsemissjónarmiðum, — skólar, sjúkrahús, barnaheimili og leikskólar og þar fram eftir götunum. Á því var ráðin bót í umsögn og allri umfjöllun um frv. þannig að það orkaði ekki tvímælis. Hins vegar þyrfti það ekki að koma neinum á óvart að hugsanir af þessu tagi skytu upp kollinum vegna þess að allt þjóðfélagið er farið að ganga meira og minna út á slíka hugsun, því miður. Ég vona að sá tími renni bráðum upp að þeir sem vilja halda merki félagshyggjunnar á lofti nái að snúa þessari þróun við því ekki veitir af.

Þetta var um 7. gr. frv. og ætla ég að víkja lítillega að 42. gr. frv., sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.“

Það hefur reyndar komið fram brtt. við þessa grein sem bætir „nefndum og ráðum“ inn í þessa skilgreiningu. En í athugasemdum um þessa grein lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Greinin samsvarar 59. gr. gildandi laga, en lagt er til að reglan verði þrengd nokkuð. Hún verði þannig látin ná til allra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja eða stofnana en ekki eingöngu til forstöðumanna og annarra stjórnenda. Er það gert til að koma í veg fyrir þá aðstöðu að forstöðumaður stofnunar teljist vanhæfur til setu í stjórn þeirrar stofnunar en undirmaður hans geti hins vegar setið í stjórninni. Slík aðstaða þykir óeðlileg í ljósi almennra reglna um hæfi í stjórnsýslunni. Greinin á einungis við um þá sem sveitarstjórnir kjósa beint í nefndir, ráð eða stjórnir, en ekki fulltrúa sem aðrir aðilar tilnefna samkvæmt lögum eða sérstökum samþykktum, t.d. starfsmenn viðkomandi stofnunar.“

Þetta var úr greinargerð með þessari lagagrein.

Ég er í sjálfu sér ekki mjög ósammála þeirri hugsun sem þarna kemur fram. Ég er ekkert viss um að heppilegt sé að pólitískir aðilar skipi starfsmenn þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá í stjórn stofnunarinnar. Ég er ekkert viss um að það sé heppilegt. Ég vek athygli á því að samkvæmt þessari grein þá er ekki tekið fyrir það eða útilokað að starfsmenn eigi sæti í stjórn stofnana, alls ekki, ef þeir eiga lögbundinn rétt til þess eða rétt samkvæmt öðrum samþykktum. En það sem verið er að útiloka er að stjórnmálaflokkar tilnefni starfsmenn viðkomandi stofnana í stjórn þeirra.

En eitt atriði langar mig engu að síður til að benda á í þessu sambandi. Í sambandi við Reykjavíkurborg þá erum við að segja með samþykkt þessarar lagagreinar að allir þeir sem starfa t.d. hjá skólum séu óhæfir í skólaráð og fræðsluráð. Starfi viðkomandi einstaklingur við skóla Reykjavíkur, sé hann starfsmaður þeirra, þá er bannað með lögum að stjórnmálaflokkar, sem fara með stjórn borgarinnar eða eru í stjórnarandstöðu ef því er að skipta, skipi viðkomandi t.d. í fræðsluráð. Mér finnst þetta vafasamt þó ég geti alveg

tekið undir hitt að þegar við erum komin inn í stofnun að þá sé óeðlilegt að stjórnmálaflokkur skipi starfsmann þeirrar stofnunar í stjórn hennar. Hins vegar sé eðlilegt, og ég er fylgjandi því — enda atvinnulýðræði — að fulltrúar starfsmanna eigi setu í stjórn stofnana og hafi áhrif á gang mála þar. En það er allt annar handleggur.

Þetta er atriði sem ég vildi vekja athygli á við umræðuna. Ég ætla þá að víkja lítillega að 50. gr. frv. Hér segir með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur er hún setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 35. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags."

Þetta var atriði sem við ræddum mikið í nefndinni. Á að skylda sveitarstjórnina eða stjórnvaldið til að greiða fyrir einhver tiltekin störf eða á það að vera lýðræðislegur réttur og ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar hvernig hún hagar sér í þessum málum sem öðrum?

Af hverju er löggjafinn að setja lýðræðislega kjörnum aðilum einhverjar skorður í þessu efni? Ég var á því máli að það ætti ekki að gera þetta, þetta ætti hins vegar að vera heimildarákvæði. Nefndin ræddi þetta mjög rækilega og var um tíma komin á þá skoðun að þetta ætti að vera heimildarákvæði en síðan varð niðurstaðan að þetta skyldi vera skylda og ég er feginn því.

Ástæðan fyrir því að ég tek málið upp hér og vek máls á því er ekki einvörðungu sú að þetta fékk mikla umfjöllun í nefndarstarfinu heldur hitt að tilteknir ráðherrar í ríkisstjórninni, og er ég þar t.d. að vísa til hæstv. menntmrh., eru farnir að taka það upp í lagafrumvörpum sem þeir flytja hér og hafa fengið samþykkt að ekki sé greitt fyrir nefndarstörf. Þetta getur verið bagalegt fyrir fólk sem verður fyrir tekjutapi vegna þess að það er frá vinnu og getur hugsanlega ekki tekið þátt í nefndarsetu eða sinnt lýðræðislegum störfum af fjárhagslegum sökum. Það er svo allt annar handleggur hvernig á að haga greiðslum fyrir nefndastörf, t.d. hjá þeim sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og eru stundum í vinnutímanum í nefndastörfum. Það finnst mér allt annar handleggur og ég er andvígur slíku.

Fyrir þá sem koma annars staðar að er óeðlilegt annað en greitt sé fyrir nefndastörf. Ég minni á að á síðustu öld þegar verkalýðshreyfingin var að berjast fyrir lýðræðislegum umbótum, t.d. í Bretlandi. Um miðja síðustu öld var það ein höfuðkrafa kröfuskrárhreyfingarinnar í Bretlandi að þingmenn fengju greitt fyrir störf sín og þetta er af sama toga. Við erum að tryggja að fólk geti sinnt lýðræðislegu starfi. Ég nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að ráðherrar í ríkisstjórninni, og ég vísa sérstaklega til nefndarstarfs sem er unnið á vegum menntmrn. þar sem hefur verið tekin upp sú nýbreytni samkvæmt lögum samþykktum á Alþingi að ekki skuli greitt fyrir nefndarstörf. Ég held að lýðræðinu sé hættulegt að fara út á þessa braut vegna þess að þetta þýðir það og getur haft þær afleiðingar í för með sér að þeir sem hafa litlar tekjur sjái sér ekki fært að sinna starfi af þessu tagi.

Það eru fleiri greinar þessa frv. sem ég vildi ræða og ætla ég að víkja að 74. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig sveitarstjórnin hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Þóknun til eftirlitsnefndarmanna skal ákveðin af ráðherra. Þóknunin og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar og viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Fjárhagsviðmiðanir skulu taka til þeirra atriða sem meginmáli skipta við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga."

Síðan stóð fram að breytingartillögum:

„Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru endanlegar og verða eigi kærðar til ráðherra."

Síðasta setningin var felld niður samkvæmt breytingartillögum sem fram komu og það finnst mér hið besta mál vegna þess að í þessu var enn og aftur verið að takmarka valdsvið sveitarfélaganna. Verið er að búa til þarna sjálfstætt apparat sem var í rauninni ekki lýðræðislegt og sú tenging hefur verið tekin aftur upp með þeirri brtt. sem kom þarna fram og mér finnst vera mjög góð.

Hins vegar er eitt svolítið sláandi þegar farið var að skoða verksvið þessarar nefndar að þar er vísað í þessa grein þar sem skilgreint er hvað hún á að gera og það er einnig vísað í 61. gr., í setningu sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Í annarri brtt. var búið að taka þennan málslið og setja hann sem sjálfstæða málsgrein. Þegar hlutverk eftirlitsaðilans er skilgreint er vísað m.a. í þennan þátt og aftur er verið að takmarka valdsvið sveitarstjórnarmanna. Ég furða mig svolítið á því hve sáttir fulltrúar sveitarfélaganna voru við þessar breytingar. Þetta er alls ekki gert í andstöðu við þá. Ég er að vekja athygli á þessu hér en þetta er ekki í andstöðu við tillögur sem komu frá sveitarstjórnarmönnum en mér finnst, og það er rauði þráðurinn í því sem ég er að vekja máls á hér, að ekki eigi að takmarka um of valdsvið lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Takmarkanir gagnvart valdinu eiga að liggja í lýðræðinu, í hinu opna samfélagi og lýðræðislegu eftirliti, umræðu en ekki í lögum og reglugerðum af þessu tagi. Ég vek athygli á því aftur að hér er verið að vísa sérstaklega í lagagrein þar sem segir að sveitarfélögin skulu ekki fara fram úr heildartekjum í útgjöldum. Auðvitað vill maður að jafnvægi sé jafnan á milli tekna og útgjalda, fyrr mætti nú vera. Auðvitað á það að vera keppikefli að ná niður skuldum og reka hallalausan búskap. En það geta komið upp aðstæður að það er hreinlega skynsamlegt að ráðast í skuldir til framkvæmda og það á ekkert síður við um sveitarfélög en hjá ríkisvaldinu. Þess vegna þótti mér a.m.k. mjög varasamt að setja eftirlitsnefnd sem hefði endanlegt úrskurðarvald, ætti

að starfa samkvæmt skilgreiningum af þessu tagi, að sveitarfélagið mætti ekki ráðast í skuldasöfnun umfram tekjur, hefði endanlegt neitunarvald gagnvart slíkum ráðstöfunum. Þar með væri valdsviði lýðræðislega kjörinna fulltrúa settar of miklar skorður að mínum dómi þannig að ég tel að það hafi alla vega verið til mikilla bóta að fá tenginguna inn í lýðræðið aftur en ég vek athygli á þeim takmörkunum sem mér finnst þessi lagabálkur vera að setja lýðræðislega kjörnum stjórnum.

Eins og ég gat um áðan er um að ræða heildarendurskoðun á stórum lagabálki. Það er ekki um neinar stórvægilegar og miklar breytingar að ræða. Ég vek athygli á því og ítreka að margt af því sem menn hafa vakið máls á í þinginu er að finna í þessu frv. eins og þær tillögur til lagabreytinga sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði til og hefur gert á tveimur þingum, 120. og 121. löggjafarþingi, um ýmislegt sem lýtur að stjórnsýslunni og skilgreiningum. Þetta er að finna í þessu frv. og það er mjög vel að svo sé.

Ég ítreka að lokum að við lögðum upp með það af hálfu þingflokks Alþb. og óháðra að tryggja að miðhálendið yrði skipulagsleg eining þar sem fulltrúar allra landshorna kæmu að máli og þar sem umhverfissjónarmið væru virt. Við teljum að með þeirri tillögu sem liggur fyrir um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem hæstv. umhvrh. skýrði áðan frá sé komið til móts við þau sjónarmið sem við höfum verið að beita okkur fyrir og teljum að með málflutningi okkar og með þrýstingi sem við höfum haft uppi höfum við náð niðurstöðu sem er ásættanleg að því leyti að fulltrúar allra landshorna koma að þessu máli og umhverfisþátturinn er styrktur verulega frá því sem áður var. En ég legg áherslu á að sú tillaga að lagabreytingu, það frv., verður að samþykkja í vor og við verðum að fá bindandi skuldbindingar frá ríkisstjórninni um að svo verði vegna þess að fyrirvari okkar er algerlega undir því kominn að þessar lagabreytingar nái einnig fram að ganga.

[18:28]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var málefnaleg og yfirgripsmikil ræða hjá hv. þm. Ég ætla einungis að drepa við þann hluta ræðunnar sem lýtur einmitt að þeim átökum sem standa um frv. í tengslum við yfirráð og ráðstöfunarrétt á miðhálendinu.

Hv. þm. var tíðrætt um lýðræði í ræðu sinni og við þekkjum það auðvitað að hv. þm. er annt um að lýðræðishugsjónarinnar sé gætt. Hann sagði að hann fyrir sitt leyti og Alþb. og óháðir gætu fallist á þá tillögu sem liggur núna fyrir af hálfu hæstv. umhvrh. vegna þess að tekið sé tillit til sjónarmiða Alþb. og óháðra, sem er rétt. Jafnframt sagði hann að lýðræðisins væri gætt vegna þess, og hann sagði þetta svona, vegna þess að í nefndinni sem frv. gerir ráð fyrir sitja tveir fulltrúar Reykjavíkur, einn úr Reykjanesi og auk þess einn úr Vestfjörðum. Ég spyr hv. þm.: Er þetta hugmynd hans um lýðræði? Getur hann fallist á að það sitja þarna 12 aðrir fulltrúar en það kjördæmi sem hann er fulltrúi fyrir og er langmannflesta kjördæmi landsins hafi einungis tvo? Er það í anda hans lýðræðishugsjóna að einungis þrír fulltrúar komi úr hópi 67% þjóðarinnar? Hins vegar liggi það fyrir að 40 sveitarfélög sem hafa innan vébanda sinna 4% þjóðarinnar hafi 12 fulltrúa?

Herra forseti. Ég spyr hv. þm.: Er þetta lýðræðið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur ár og síð barist fyrir oft og tíðum með aðdáunarlegum árangri? Ég leyfi mér að efast um það.

[18:29]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skilgreini ekki lýðræði samkvæmt strangri hausatölutalningu. Það hefur hingað til ekki truflað mig eins og ég gat um í ræðu minni þótt Íslendingar hafi atkvæðismagn hjá Sameinuðu þjóðunum á borð við Indverja, mörg hundruð milljón manna þjóð og það hefur ekki truflað Íslendinga hingað til að við njótum jafnræðis með Norðurlandaþjóðum á vettvangi í Norðurlandasamstarfi.

Það sem mér finnst skipta máli er að með þeirri breytingartillögu sem hér kemur fram er tryggt að fulltrúar allra kjördæma, allra landshorna, allra landshluta, komi að málinu. Ég tel að það hafi náðst vegna þess að við höfum beitt okkur fyrir því. Við beittum okkur fyrir því með málafylgju hér í þingsal og við gerðum það í nefndinni. Þar er ekki um þröngar flokkslínur að ræða. Þetta eru sjónarmið sem komið hafa úr ýmsum flokkum en ég tel okkur hafa náð ásættanlegri lausn, að tryggja fulltrúum allra landshluta aðkomu að þessu máli.

Hitt finnst mér ekki síður skipta miklu máli, að fulltrúar ríkisvaldsins komi ekki aðeins úr félmrn. heldur einnig úr umhvrn. Það er hitt meginmarkmiðið, sem við í þingflokki Alþb. og óháðra settum okkur, að tryggja skipulagslega einingu og að umhverfisþátturinn væri virtur að verðleikum.

[18:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er lofsvert að hv. þm. skuli ekki gera sér rellu út af því að Indverjar og Íslendingar hafi svipað atkvæðavægi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hins vegar vill svo til að þetta frv. er ekki að færa Indverjum ráðstöfunarrétt yfir miðhálendinu.

Hv. þm. vék hið minnsta þrisvar að lýðræðinu í ræðu sinni hér áðan. Ég spyr hv. þm.: Hvernig samrýmist það lýðræðishugsjón hans að tveir fulltrúar komi úr þéttbýlasta kjördæmi landsins, þrír fulltrúar samtals frá þeim landshlutum sem 67% þjóðarinnar byggja?

Ég get fallist á að það er falleg og göfug hugsjón hjá hv. þm. að dreifbýlið eigi að koma ríkulega að stjórn miðhálendisins. Ég veit þó, herra forseti, að á bestu bæjum, jafnvel hjá Alþb., greinir menn á. Hvernig reyna menn að gera út um deilur? Þeir reyna að ná málamiðlunum. Gangi það ekki, fara menn hina lýðræðislegu leið sem byggist á atkvæðagreiðslu. Það er alveg ljóst, herra forseti, að ef deilur koma upp innan þeirrar stjórnar sem hér er verið að leggja til, þá mun það snúast um hagsmuni, annars vegar dreifbýlisins og hins vegar þéttbýlisins. Þessir hagsmunir rekast á og valda vandræðum en þá er niðurstaðan gefin samkvæmt því lýðræði sem birtist í þessu frv. Lýðræðið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson blessaði í ræðu sinni en er allt öðruvísi en það lýðræði sem hv. þm. hefur um mörg ár innrætt mönnum eins og mér. Ég virði auðvitað hv. þm. og þakka honum að öðru leyti fyrir ræðu hans en ég varð fyrir vonbrigðum með þennan part hennar.

[18:33]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held það séu ekki þessir hagsmunir sem rekast á. Ég held það séu ekki hagsmunir eða ólíkar hugmyndir fólks sem býr á Reykjanesi, Reykjavík eða annars staðar á landinu. Ég held ekki. Ég held hins vegar að hagsmunir, annars vegar iðnaðar og orkugeirans og hins vegar umhverfissjónarmiðanna kunni að verða ólíkir.

Það vekur athygli mína að í tillögum Alþfl. eru fulltrúar ríkisvaldsins, sem koma eiga að þessum málum, úr iðnaðargeiranum og samgöngugeiranum. Við höfum lagt áherslu á að umhverfisþátturinn vegi þar þungt, enda eru það fulltrúar félmrn. og umhvrn. sem koma að þessari nefnd. Við skulum ekki gleyma, þegar við tölum um lýðræði, að fulltrúar ríkisvaldsins, þjóðarinnar allrar, koma að þessum málum.

Við lögðum upp með það meginmarkmið að tryggja grundvallaratriðin, drukkna ekki í reglugerðarskipulaginu en tryggja að meginmarkmiðin næðu fram að ganga. Við lögðum áherslu á að um væri að ræða skipulagslega heild þar sem umhverfisþátturinn mundi vega þungt. Ég vek athygli á því að í þeim tillögum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur talað fyrir vega þau atriði ekki eins þungt og hjá okkur. Þar fá iðnaðar- og virkjanasjónarmiðin meira vægi.

[18:35]

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, 346. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1247.

Ríkisstofnanir, 388. mál, svar forsrh., þskj. 1222.

[18:35]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta er að hér hefur nokkuð gerst sem við þingmenn þurfum að fá frekari skýringar á. Lagt hefur verið fram frv. frá hæstv. umhvrh. um breytingu á lögum um skipulags- og byggingarmál. Sá maður sem öðrum fremur á að fjalla um það mál í þinginu, formaður umhvn., hefur lýst sig andvígan málinu. Sama máli gegnir um oddvita Sjálfstfl. í umræðu um umhverfismál og umhverfisráðherraefni flokksins, Árna Mathiesen. Þannig hafa oddvitar stjórnarflokkanna í umhvn., sem fjalla á um málið, báðir lýst andstöðu sinni við frv. Til viðbótar hefur talsmaður Alþb., hv. þm. Ögmundur Jónasson sem talaði hér áðan, lýst því yfir að af hálfu Alþb. sé það skilyrði fyrir stuðningi við frv. um sveitarstjórnarmál sem hér er til umræðu að frv. um breytingar á lögum um skipulags- og byggingarmál verði afgreitt á þessu vorþingi.

Ég held það sé alveg nauðsynlegt, áður en mikið lengra er haldið, herra forseti, að fá að vita frá forsetum og ráðherra hver hugmyndin er um framgang málsins. Mun hæstv. umhvrh. halda fast við þetta frv. sitt þótt oddvitar stjórnarflokkanna í umhvn. hafi lýst andstöðu við það? Mun hann leggja til eða knýja á um að málið verði afgreitt á þessu þingi til að koma til móts við skilyrði Alþb. um stuðning við frv. um sveitarstjórnarmál? Það er nauðsynlegt að fá að vita þetta, virðulegi forseti, áður en áfram verður haldið.

Það þarf að liggja ljóst fyrir hvort hæstv. umhvrh. heldur fast við frv. þrátt fyrir andstöðu oddvita stjórnarflokkanna við frv. Eins þarf að vera ljóst hvort hann ætlar að verða við skilmálum Alþb. um að tryggja afgreiðslu málsins á þessu vorþingi, eða hvort alþýðubandalagsmenn eigi e.t.v. að ganga til atkvæða um sveitarstjórnarfrv. í trausti þess að frv. umhvrh. verði samþykkt. Eiga þeir kannski að komast að raun um það, eftir að atkvæðagreiðslu er lokið, að það hafi aldrei verið ætlunin?

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að fá þetta upplýst. Ég geri það að tillögu minni, ef ég má, að hæstv. forseti ræði þessa stöðu við formenn þingflokkanna í kvöldmatarhléinu og gefi okkur alþingismönnum síðan vitneskju um þær hugmyndir sem eru um framgang málsins.

[18:38]

**Kristján Pálsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi þá spurningu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar upp um breytingar á skipulagslögum og þátt oddvita stjórnarflokkanna í því máli vil ég upplýsa að í Sjálfstfl. var samþykkt að leggja fram þessa breytingu við skipulags- og byggingarlög til kynningar, enda er sá frestur liðinn, samkvæmt ákvörðun þingsins, að hægt sé að leggja fram ný mál.

Í mínum huga hefur þetta frv. verið lagt fram í nafni Sjálfstfl. hvað sem líður hugmyndum formanns umhvn. í málinu. Ég held mér sé óhætt að segja, herra forseti, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi misskilið orð Árna Mathiesens hrapallega ef hann heldur að hann sé á móti málinu. Aftur á móti hefur það verið skilningur hans og minn einnig, að óþarft sé að gera breytinguna vegna þess að heimildir ráðherrans til að koma á svæðaskipulagi séu til staðar í skipulags- og byggingarlögum. En þar sem við heyrum að menn treysta því ekki að umhvrh. skipi slíka nefnd, þótt hann hafi gert það að vissu leyti, getum við auðvitað fallist á að hafa það í lögum að skipa eigi sérstaka svæðisskipulagsnefnd sem sérstaklega muni taka á svæðisskipulagsmálum miðhálendisins. Í Sjálfstfl. var það einróma samþykkt og því fullyrði ég, herra forseti, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur misskilið hv. þm. Árna Mathiesen hvað þetta varðar.

[18:40]

**Jón Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir líklegt að hv. 4. þm. Vestf. hafi ekki verið viðstaddur alla þessa umræðu. Áðan komu mjög skýr svör frá hæstv. umhvrh. um það hvað hann ætlaðist fyrir með þessu frv. Það var lagt fyrir þingflokka stjórnarflokkanna, er stjórnarfrv. og samþykkt með þeim undantekningum sem fram hafa komið, og hv. 11. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir. Hæstv. umhvrh. lýsti því yfir fyrir skömmu að frv. væri lagt fram til kynningar, ætlunin væri að afgreiða það á haustþingi og ljúka afgreiðslu þess á þessu ári. Þetta kom fram í ræðu hans en hann er nú mættur í salinn. Ég þarf því ekki að tala frekar í hans orðastað.

[18:42]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að spurningar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hafi átt fullan rétt á sér, ekki síst eftir ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Lítum yfir umræðuna eins og hún hefur verið hingað til. Á hverju hefur hún byggst? Hún hefur byggst á frv. sem hæstv. umhvrh. dreifði hér í dag. Hér hafa menn til að mynda lýst skoðunum sinna flokka og sagt að þær byggist á því að sjónarmið þeirra hafi náð fram að ganga, ákveðin sátt hafi náðst, m.a. vegna þrýstings þeirra. Ég vísa í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Með öðrum orðum ganga menn út frá því að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Svo kemur hv. þm. Kristján Pálsson og segir: Það er lagt fram til kynningar.

Ég spyr: Er verið að draga þingmenn á asnaeyrunum? Er verið að kynna frv. sem ætlunin er að breyta síðan? Ég spyr líka í tilefni af ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens fyrr í dag. Hann lýsti andstöðu við frv. og sagði: Því verður breytt. Hann sagði: Vonandi gefst færi til að nota sumarið til að breyta frv. Með öðrum orðum grundvallast þessi umræða á sáttatillögu sem komið fram hjá hæstv. ráðherra. Hins vegar liggur fyrir að engin sátt er um hana, ekki einu sinni í stjórnarliðinu. Umhverfisráðherraefni Sjálfstfl. hefur

lýst vantrú á meginþætti í henni og oddviti stjórnarliðsins í umhvn., hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, hefur lýst beinni andstöðu við það. Er nema von að við spyrjum, sér í lagi eftir ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar: Er verið að draga þingið á asnaeyrunum með því að leggja hér fram frv. sem á síðan e.t.v. að gjörbreyta?

[18:43]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Auðvitað er alveg ljóst, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að við í þingflokki alþýðubandalagsmanna munum beita okkur fyrir því að þetta stjórnarfrv. verði samþykkt. Okkur er að vísu ljóst, eftir þau ummæli sem hér hafa fallið, að það er tregða í stjórnarliðinu. Við munum beita því afli sem við höfum til að knýja á um að stjórnarliðið standi á bak við sín eigin frv. Út af fyrir sig höfum við ekki mikið vald hér en þó nokkurn hluta af þinginu. Við munum reyna að beita því valdi til að tryggja að málið verði að lögum. Við hljótum að hafa allan rétt til þess og hljótum að láta á það reyna hvort stjórnarþingmenn standa með sinni stjórn eða ekki.

Ef allir ætla að hlaupa frá sinni ríkisstjórn er það náttúrlega hennar vandi. Ég tel það hafa verið mikilsvert sem fram kom hjá talsmanni Sjálfstfl., hv. þm. Kristjáni Pálssyni í þessu máli. Það breytir því ekki að við hljótum, eftir sem áður, að áskilja okkur rétt til að knýja á um að málið verði að lögum á þessu vori. Það er mikilvægt að okkar mati.

Auðvitað getum við ekki sett neinum skilyrði, hvorki einum eða neinum í þessu þingi, þar sem við erum í minni hluta. Við getum hins vegar beitt okkur fyrir málinu og munum gera það. Ég minni á að þótt stjórnarandstaðan ráði yfirleitt ekki miklu þá ræður hún þó einhverju þegar kemur að því að ljúka þingstörfum á vorin.

[18:45]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er háttur þingflokks Sjálfstfl. að afgreiða mál frá sér með heimild til þess að leggja mál fram sem stjfrv. án þess að þeirri afgreiðslu fylgi hvaða efnislega afstöðu þingmenn Sjálfstfl. ætla síðan að taka til málsins öfugt við afgreiðslu allra annarra þingflokka þar sem efnisleg afstaða er tekin til máls sem fram er lagt þannig að ráðherrar vita í stjórnarsamstarfi hvort stuðningur er og hversu mikill hann er þá við málið. Þingmenn Sjálfstfl. afgreiða mál ekki svona.

Nú hefur komið í ljós að það er ekki bara Árni Mathiesen sem lýsti andstöðu við frv. — það gerði hann hér áðan og vildi fá að breyta því — heldur einnig flokksbróðir hans Kristján Pálsson sem hefur lýst þeirri skoðun sinni að ástæðulaust sé að samþykkja þetta frv. Það er því full ástæða til þess að spyrjast fyrir um fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar með málin þegar svo stendur á.

Það liggur líka fyrir og hefur verið staðfest að afstaða Alþb. er sú að Alþb. er reiðubúið að greiða atkvæði með frv. um sveitarstjórnarmál sem hér er til umræðu að því tilskildu að frv. þetta um breytingu á skipulags- og byggingarlögum verði samþykkt sem lög frá Alþingi. En nú hefur verið upplýst að það er ekki ætlun hæstv. umhvrh. að biðja um slíka afgreiðslu og fer þá staðan að verða nokkuð erfið í málinu þegar fyrir liggur að hæstv. umhvrh. ætlar að setja fótinn fyrir sitt eigið frv. svo vitnað sé nú í fræg ummæli sem féllu ekki alls fyrir löngu í þinginu um annað frv. sem annar ráðherra flutti. Hæstv. umhvrh. ætlar sem sé að setja fótinn fyrir sitt frv. Það er ekki stuðningur við frv. hjá þeim ræðumönnum sem talað hafa úr liði Sjálfstfl. og Framsfl. en Alþb. knýr mjög fast á um það að frv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi í vor til þess að geta greitt atkvæði með sveitarstjórnarfrv.

Málið er orðið svo flókið, virðulegi forseti, að ég ítreka einfaldlega tilmæli mín um að menn ræði saman í kvöldverðarhléinu, þingflokksformenn, hæstv. ráðherra og forseti, og komist að einhverri niðurstöðu um það hvernig með þetta mál eigi að fara svo að það liggi fyrir áður en lengra er haldið.

[18:48]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég heyrði reyndar ekki þegar þessi umræða um fundarstjórn forseta hófst þannig að ég veit ekki nákvæmlega hvernig fyrirspurn hljóðaði um afgreiðslu máls. En ég þykist heyra það á umræðunum eins og þær eru í gangi nú hvað hafi verið til umfjöllunar, þ.e. spurning um hvort afgreiða eigi frv. sem mest hefur nú verið rætt hér en er alls ekki á dagskrá. Í fyrsta lagi er það frv. sem hér hefur aðallega verið til umræðu ekki á dagskrá.

En ég get endurtekið það sem ég sagði áðan í fyrri ræðu minni um það mál sem hér er á dagskrá að ég lagði fram fyrir þingið annað frv., frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, sem ég vonaðist til að gæti liðkað fyrir afgreiðslu sveitarstjórnarfrv. á þessu þingi, en það væri ekki gert ráð fyrir því að það frv. yrði lögfest í vor. Það kom fram í ræðu minni áðan. Það yrði lagt fram fyrst og fremst sem fylgifrv. með hinu frv. til þess að það mætti auðvelda afgreiðslu þess.

Hins vegar er alveg ljóst að frv. þetta er stjfrv. Það kom líka fram þá. Það er ljóst að frv. þetta er samþykkt af báðum þingflokkunum, stjórnarflokkunum. Ég veit að vísu ekki nákvæmlega hvernig aðrir flokkar afgreiða sín mál eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson upplýsti áðan og virtist mjög kunnugur því hvernig þingflokkur sjálfstæðismanna ynni sína vinnu. Ég get ekki gefið neinar skýringar á því eða lýsingar. Ég þekki það ekki. En frv. hefur verið afgreitt þar sem stjfrv. einnig og er lagt fram sem slíkt.

Ég geri því ráð fyrir að frv. verði samþykkt efnislega á haustþingi eins og það hefur nú verið lagt hér fram. Við vitum líka að það á ekki bara við um þetta frv. heldur virðist mér það nú vera með æði mörg frumvörp og ekki óeðlilegt, að löggjafarasamkoman hafi eitthvað um það að segja hvernig hún vill endanlega ganga frá frumvörpum áður en þau eru lögfest og það hlýtur að geta átt við um þetta frv. líka. En efnislega liggur það fyrir og ég geri ráð fyrir því að þannig verði það lagt fram aftur af umhvrh. á haustþingi.

[18:51]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er búinn að sitja hérna í þessari stofnun í nokkur missiri eins og menn þekkja. Ég hef eiginlega aldrei lent í öðru eins. Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur tekið vel í ákveðið stjfrv. Þingflokkurinn hefur ekki gert samþykkt frv. að skilyrði fyrir einu eða neinu. Við verslum ekki með okkar afstöðu í málum. En við hefðum talið betra að málið yrði afgreitt. Það er alveg ljóst. Og við knýjum á um að málið verði afgreitt og óskum eftir því að málið verði tekið hér á dagskrá, fari til nefndar og komi svo aftur til atkvæða.

Og hvað gerist þá? Þá lýsir hæstv. umhvrh., aðalflutningsmaður málsins, því yfir að hann muni bregða fæti fyrir málið í þinginu. Ég verð að segja alveg eins og er, herra

forseti, eins og maðurinn sem við þekkjum öll segir stundum: „Þetta finnst mér skrýtið.“ Þetta er skrýtið og mikil nýlunda og það liggur við að þetta frv. sé þá héðan í frá ekki venjulegt stjfrv. heldur stjfrv. Alþb. og óháðra. Það má segja að það sé kominn tími til að þessir aðilar, Alþb. og óháðir, eignist eitt stjfrv. þó fyrr hefði verið. Ég segi það því alveg eins og er að manni kann að vera nokkur vandi á höndum í málinu. En ég verð þá bara endurtaka það sem ég sagði áðan að ég mun beita mér fyrir því að þetta mál komist á dagskrá og til umræðu. Við þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna höfum líka aðeins pínulítið um það að segja hvaða mál eru tekin á dagskrá og til umræðu og við munum knýja á um að þetta mál komi til umræðu og komist til nefndar. Þingið á auðvitað að taka afstöðu til svona máls.

Af hverju ekki núna? Hæstv. ráðherra sagði áðan að málið yrði flutt óbreytt í haust. Af hverju má þá ekki fjalla um það núna? Þingheimur nauðaþekkir þetta mál vegna þess að málið er hluti af umfjölluninni um sveitarstjórnarmálin þannig að ekki þarf að draga þetta stundinni lengur.

Vandinn er væntanlega sá að það eru einhverjar innantökur í einum og einum þingmanni hjá íhaldinu í þessu máli og kannski einum eða tveimur framsóknarmönnum, örugglega ekki mjög mörgum. En af hverju ekki að prófa þá að nudda málinu áfram? Hver veit nema t.d. þingflokkur Kvennalistans gæti stutt málið eða þingflokkur jafnaðarmanna? Ég veit ekki um það. Ef svo væri þá þokast þetta náttúrlega í áttina. Því þá ekki að leyfa meiri hluta þingsins að ráða um þetta einingarmál sem Alþb. og óháðir flytja hér og hafa breytt í raun í sitt eigið stjfrv.? Og við munum halda því til streitu þó að ráðherrann sem á það sé á móti því. Við munum halda því til streitu.

[18:53]

**Kristján Pálsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi þetta mál og að þingmenn Sjálfstfl. komi ekki múlbundnir út af þingflokksfundum og tali einum rómi þá kemur mér mjög á óvart að slík yfirlýsing skuli koma úr munni hv. formanni Alþfl. því ég veit ekki til þess að þeir hafi hingað til talað öðruvísi en hver með sinni tungu og helst aldrei verið sammála, alla vega ekki þegar þeir voru í stjórn, ef ég man rétt. Það kemur mér því mjög á óvart að heyra hann koma með yfirlýsingar sem þessa.

Það er ekkert óvenjulegt við að frumvörp sem koma í þingið séu send til nefndar og svo til umsagnar úti í þjóðfélaginu. Það hefur alla tíð tíðkast að frumvörp eins og þetta fái einhverja umsögn í þjóðfélaginu, hjá sveitarstjórnum, hjá hagsmunaaðilum og öðrum slíkum sem um þessi mál fjalla að ósk þingsins. Ég tel að þetta sé það stórt mál að það eigi heima í umræðu úti í þjóðfélaginu nákvæmlega eins og sveitarstjórnarlögin hafa haft góðan tíma úti í þjóðfélaginu til umræðu. Það er því ekkert tortryggilegt við það að þetta mál verði tekið aftur upp næsta haust. Ég held að enginn sé að draga neinn á asnaeyrunum með þeim vinnubrögðum. Það er fyrst og fremst verið að styrkja niðurstöðuna og efla trú á því að menn ætli sér að gera það sem í þessu frv. felst í meginatriðum. En að sjálfsögðu er ekkert endilega víst að það verði orði til orðs nákvæmlega eins. Það sem menn eru fyrst og fremst að tryggja er að miðhálendið sem slíkt verði með svæðisskipulagi og það verði ekki ákvörðun eða geðþóttaákvörðun ráðherra að þarna verði svæðisskipulag heldur verði það lögfest. Það er aðalatriðið.

Síðan er það spurningin hverjir verði í slíkri nefnd. Og þeir gætu orðið fleiri en fulltrúar frá sveitarfélögunum.

[18:56]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson)**:

Forseti vill geta þess eftir þessa fróðlegu umræðu um fundarstjórn forseta að þetta tiltekna frv. er ekki á dagskrá yfirstandandi fundar né heldur hefur borist beiðni frá hæstv. ráðherra um að það komi á dagskrá þessa þings, kunni það að skýra málið að einhverju leyti.

Vegna fyrirspurnar um framhaldandi þinghald er ráð fyrir því gert að matarhlé verði að aflokinni ræðu hv. 14. þm. Reykv. Standi hún fram yfir hálfátta verður gert hlé á ræðu hennar.

[18:57]

**Kristín Ástgeirsdóttir**:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og það verður bara að koma í ljós hvað ég verð mælsk í þessari umræðu.

Við erum að ræða mikinn lagabálk. Hér er um að ræða hvorki meira né minna en frv. til sveitarstjórnarlaga sem fjallar um flest þau ákvæði sem lúta að skipan sveitarstjórna og þeirra verkefnum og hvernig þær skuli starfa. En það liggur við að ég segi að ég harmi hvað umræðan hefur snúist að miklu leyti um 1. gr. þessa frv. og ákvæði til bráðabirgða. Það er reyndar ekki að ástæðulausu en það er vissulega þörf á því að vekja athygli á öðrum greinum frv. og því hvað hér er í raun og veru um stórt mál að ræða. Hér er verið að gera ýmsar breytingar á sveitarstjórnarlögunum og hér er um lagabálk að ræða sem þarf að fá góða umræðu og góða umfjöllun.

Ég vil í upphafi gera það að umtalsefni að mér er umhugsunarefni varðandi starfshætti okkar á hinu háa Alþingi sú góða regla og lýðræðislega að senda mál til umsagnar sem hér er í heiðri höfð. En ég verð að segja, bæði varðandi þetta mál og þau mál sem hv. félmn. hefur verið að fjalla um húsnæðismál, að í vinnu við þau hefur það valdið mér miklum vonbrigðum hve fáir senda inn umsagnir í jafnviðamiklum og umdeildum málum. Við sendum t.d. þetta frv. til sveitarstjórnarlaga til umsagnar flestra náttúruverndarsamtaka og annarra þeirra sem koma að málefnum hálendisins. En skemmst er frá að segja að það voru nánast engin svör frá þessum aðilum. Eins er það mjög áberandi að við sendum þetta frv. til umsagnar til hvers einasta sveitarfélags á landinu og það er mjög með höppum og glöppum hverjir senda inn umsagnir. Það vekur auðvitað spurningar bæði um þann umsagnarfrest sem veittur er og eins það að hve miklu leyti samtök og jafnvel sveitarfélög hafa aðstöðu og hreinlega mannafla til þess að svara jafnviðamiklum en mikilvægum erindum. Mér finnst þetta vera umhugsunarvert.

En varðandi það sem kom fram fyrr í dag um vinnslu málsins í nefnd tel ég að hv. félmn. hafi gefið þessu máli mjög mikinn tíma. Það var fjallað mjög ítarlega um þetta mál, hverja einustu grein frv., og þá ekki síst 1. gr. og ákvæði til brb. Ég mótmæli því einfaldlega að staðið hafi verið eitthvað óeðlilega að því að taka málið út úr nefnd. Málið var algjörlega fullunnið í nefndinni, það var afgreitt að hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fjarverandi en fulltrúi þingflokks jafnaðarmanna var á fundinum og málið var tekið út úr nefnd með þeim fororðum að hv. þm., sem hafði unnið að málinu allan tímann, hefði rétt til þess að skila nál. þó hún væri ekki vistödd afgreiðslu málsins. Jafnframt var samþykkt að þar sem nokkur bið hafi verið eftir umsögn allshn. að taka

málið aftur inn milli 2. og 3. umr. ef umsagnir allshn. hefðu þá borist. Nú hafa okkur borist tvær umsagnir frá meiri hluta allshn. og frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur en ég veit ekkert hvað líður umsögn annarra þingmanna í minni hluta hv. allshn.

Hæstv. forseti. Við 1. umr. málsins tók ég mjög undir þau sjónarmið sem þingmenn þingflokks jafnaðarmanna hafa fært fram í umræðunni. Ég hafði miklar efasemdir um að það væri rétt að skipta miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna í landinu. En eftir þá ítarlegu umfjöllun og vinnu sem við höfum farið í gegnum komst ég að þeirri niðurstöðu að sú hugmynd eða sú tillaga að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði væri óframkvæmanleg. Hún mundi bæði kalla á þvílík átök og hugsanlega málaferli að við það yrði ekki unað. Ég tel leika mikinn vafa á því hvort það að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði stæðist stjórnarskrána, bæði hvað varðar ákvæði hennar um eignarrétt og atvinnuréttindi þannig að ég held að slík breyting hefði kostað mikil átök.

Því var það að vinna nefndarinnar, og þar áttu í hlut bæði minni og meiri hluti — og ekki síst meiri hlutinn sem lagði á sig mikla vinnu og miklar viðræður utan funda, m.a. við hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. — snerist um að reyna að finna leið sem gæti leitt til nokkuð víðtækrar sáttar um málefni miðhálendisins. Ég held að við séum öll sammála um að það sem skiptir þar langsamlega mestu máli er skipulagsrétturinn, að miðhálendið sé skipulagt sem heild og að fulltrúar allra landsmanna komi þar að verki. Það er það sem skiptir meginmáli, fulltrúar allra landsmanna komi þar að verki.

Ég tel að sú tillaga sem hefur verið kynnt í dag af hæstv. umhvrh. sé mjög í áttina. Við getum deilt um það hvernig beri að setja svona nefnd saman og hverjir eigi að koma þar að verki, en ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér hugnast mun betur tillaga hæstv. umhvrh. en tillaga þingflokks jafnaðarmanna, þar sem ráðuneytin eru í meiri hluta fulltrúa og síðan kemur Samband ísl. sveitarfélaga einnig að í þeirri tillögu.

Ég verð hins vegar að viðurkenna það, eftir að hafa hlustað á umræðuna hér í dag, að ég hef mikla samúð með því sjónarmiði sem kom m.a. fram hjá hv. þm. Árna Mathiesen, að þeir sem eiga hagsmuna að gæta, þeir sem nýta hálendið og þeir sem kannski bera verndun þess mest fyrir brjósti, fái að koma hér að verki. Ég væri svo sannarlega tilbúin að skoða það, skoða þann þátt. Hins vegar finnst mér afar mikilvægt og vil leggja það eindregið til að leitað verði allra leiða til þess að samþykkja þessa tillögu samhliða sveitarstjórnarfrv. ef þess er nokkur kostur. Að sjálfsögðu virði ég rétt viðkomandi til þess að fá að kynna sér málið rækilega en það er þá afar brýnt að gengið verði þannig frá málum að það sé alveg ljóst að sú tillaga sem hér liggur fyrir, þ.e. megininntak hennar, nái fram að ganga. En ég mundi ekki setja mig á móti því þó að menn skoðuðu aðeins samsetningu nefndarinnar upp á nýtt ef um það næðist samkomulag og með það þá sérstaklega að markmiði að aðilar sem nýta hálendið komi hér að málum ef þeir gætu komið sér saman um slíkt. Þá er ég ekki síst að hugsa um fulltrúa ferðaþjónustunnar, náttúruverndarsamtök og aðra slíka. (Gripið fram í.) Ég er að segja, hv. þm., ef samkomulag næðist um það að skoða skipan þessarar nefndar enn betur t.d. með tilliti til að þessir aðilar kæmu hér að verki þá mundi ég ekkert setja mig á móti því. Ég hef mikla samúð með því sjónarmiði að þeir komi hér að verki.

Ég held að við verðum að gera allt sem við getum til að tryggja framgang þessara breytinga á skipulags- og byggingarlögunum og ég held að eins og tillagan er hér nái hún þeim markmiðum sem ég tíundaði áðan, annars vegar að tryggja að miðhálendið sé skipulagt sem heild og að fleiri aðilar en sveitarfélögin, sem eiga þarna land að, komi að því verki sem þarna þarf að vinna í framtíðinni og einnig það að nefndin mun hafa umsagnarrétt um aðalskipulag og jafnframt verður deiliskipulag að vera í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið. Ég vil því leggja mitt af mörkum til þess að þetta nái fram að ganga og það sem allra fyrst.

Um þetta mál hafa verið gríðarlegar umræður úti í samfélaginu og það er því miður oft svo að aðilar eru lengi að taka við sér og lengi að átta sig, samanber það sem ég nefndi um umsagnir, að nefndinni bárust einfaldlega ekki umsagnir frá þessum aðilum þó að við kölluðum allmarga þeirra á fund okkar. Það verður að segjast eins og er að sú tillaga sem hér hefur verið lögð fram þarf að fá kynningu. Hún þarf að fá kynningu og helst að þeir aðilar sem hafa verið einna gagnrýnastir hafi tíma til þess að kynna sér hana og láta í ljós skoðanir sínar á henni. En við skulum sjá hverju fram vindur næstu daga.

Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum frv., og ég ítreka að mér finnst vera um mikilvægan lagabálk að ræða. Fyrirvari minn við nál. lýtur fyrst og fremst að 1. gr. og því hvernig skipulagi hálendisins reiðir af. En ég hef ekki fyrirvara við aðrar greinar frv., eins og hv. þm. Ögmundur Jónassona sem flutti ágæta ræðu og kom hér inn á ýmislegt sem er auðvitað mjög mikilvægt. Ég vil þó gera að umtalsefni nokkrar greinar frv.

Þá vil ég fyrst vekja athygli á þeirri breytingu sem gerð er á 5. gr. þessa frv. sem fjallar um byggðarmerki. Býsna athyglisverð umræða átti sér stað um það mál og lýtur að því að Einkaleyfastofan vakti athygli á ákveðinni skörun sem ætti sér stað milli verkefna hennar og þess sem byggðarmerkjanefnd er falið að gera og sú umræða leiddi til brtt. sem fela það í sér að byggðanefnd er lögð af, Einkaleyfastofunni eru falin þessi verkefni. Ef sveitarfélögin vilja fá einhverjar faglegar leiðbeiningar, eins og voru nú meginrökin fyrir þessari byggðarmerkjanefnd, verða þau einfaldlega að koma sér saman um það sjálf og vinna málin á eigin vegum. Ég lít þannig á að þarna séum við að færa vald til sveitarfélaganna og að draga úr býsna sérkennilegum afskiptum ráðuneytisins af þeirra málum sem mun eiga sér ákveðnar skýringar og ákveðna sögu.

Nefndin ákvað að gera ekki breytingu á lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga en það komu margar athugasemdir og í raun verð ég að segja það sem skoðun mína að mér finnst ekki stætt á því miklu lengur að hafa þessa tölu inni í lögum. En ég virði það sjónarmið að það er mikil hreyfing á sameiningu sveitarfélaganna og ef menn óttast að breyting á þessu lágmarki kunni að hleypa illu blóði í sameiningu sveitarfélaga er kannski ástæðulaust að vera að breyta því en talan sem slík er ekki í nokkru samræmi við þann raunveruleika sem við lifum við. Fimmtíu manna eða rúmlega fimmtíu manna sveitarfélag getur alls ekki sinnt þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað enda ríkir mikil samvinna og þau nýta sér þjónustu nágrannasveitarfélaga. En við höfum svo sem orðið vitni að sérkennilegum atburðum í tengslum við tillögur um sameiningu sveitarfélaga og vísa ég þar m.a. til þess sem gerðist í Skorradalshreppi þar sem urðu miklar

deilur um það hvort kjörskrá stæðist. Ég verð eiginlega að nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að segja frá því að ágæt kunningjakona mín, sem býr í Skorradalshreppi, hafði samband við mig í morgun til þess að leita ráða. Og það sneri að því að þeim í Skorradalshreppi hefur borist íbúaskrá og kjörskrá sem er sú nákvæmlega sama og verið var að kvarta yfir fyrir kosningarnar um sameiningu hreppanna þarna. Það virðist sem Hagstofan sjái sér ekki fært að gera breytingar á kjörskránni. Það kemur mér afar undarlega fyrir sjónir ef ekki er hægt að leiðrétta kjörskrár. Þessi ágæta kona sagði mér að fulltrúar íbúa hefðu leitað til Hagstofunnar og að því er ég held líka til félmrn. En ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er það virkilega svo að ekki sé hægt fá kjörskrár og íbúaskrár leiðréttar með góðum fyrirvara? Og sérstaklega þar sem miklar umræður og í raun og veru kærur, ég held ég fari rétt með að þessi skrá hafi verið kærð. Ég verð að vísu að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég er aðeins að fara út fyrir efnið og nota tækifærið til að koma þessu að því að mér fannst þetta afar sérkennilegt. Það er mjög alvarlegt ef það er svo að kjörskrár séu beinlínis rangar eða þær séu ekki leiðréttar með góðum fyrirvara fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Ég ætla að leita nánari skýringa á þessu en vil vekja athygli hæstv. félmrh. á þessu þar sem við höfum nú samþykkt ný lög um kosningar til sveitarstjórna.

Varðandi 7. gr. þá er ég fylgjandi því að settar séu skýrar reglur um heimild til gjaldtöku og þess hversu mikinn arð sveitarstjórnir mega hafa af fyrirtækjum sínum og stofnunum. Ég lít þannig á að með slíkum reglum sé fyrst og fremst verið að verja hagsmuni borgaranna fyrir ótæpilegri gjaldtöku. Eins og ég gat um í framsíkalli við ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, byggist þetta á þeirri reglu stjórnarskrárinnar að það er Alþingi sem fer með skattlagningarvaldið og má ekki framselja það vald.

Einnig hefur umboðsmaður Alþingis hvað eftir annað vakið athygli á því að gjöld eiga fyrst og fremst að duga til að greiða þá þjónustu sem verið er að taka gjöld fyrir auk eðlilegs kostnaðar sem fylgir. Mér þykir þetta vera mikilvæg regla og verð að taka undir það dæmi að m.a. í Reykjavík hafa menn beint gróðanum af fyrirtækjum borgarinnar í býsna sérkennilegar áttir á undanförnum árum, og vísa ég þar ekki síst til Perlunnar, þó að hún hafi reyndar tekist vel.

Þá vil ég vekja athygli á því að í þessu frv. og brtt. er verið að gera breytingar á ýmsum mikilvægum atriðum eins og um hæfi sveitarstjórnarmanna til þess að taka kjöri. Ég vil nefna sérstaklega að mér finnst það eðlileg regla að þeir sem vinna hjá viðkomandi stofnunum séu ekki í stjórnum sömu stofnana. Menn eiga ekki að sitja beggja vegna borðsins. Ég held ég hafi sannfærst um það æ meira eftir því sem árin líða að það er mjög gott að utanaðkomandi fulltrúar komi að stjórnum stofnana, fulltrúar neytenda eins og í tilviki skólanna, fulltrúar foreldra barna, en starfsmenn eiga að sjálfsögðu að eiga aðgang sem fulltrúar starfsmanna. Við eigum að reyna eins og við getum að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra en það er auðvitað ekki alltaf auðvelt.

Varðandi önnur atriði sem athugasemdir voru gerðar við vil ég nefna atriðið um þóknun. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að tryggja það að greitt sé fyrir störf í sveitarstjórnum og vil reyndar nefna að bent hefur verið á það að mikil hreyfing á sveitarstjórnarmönnum, þ.e. hvað þeir endast skammt, og ekki síst sú hreyfing sem er á konum, stafi m.a. af því, og þetta er samkvæmt könnun sem gerð hefur verið, að þau laun sem greidd eru fyrir sveitarstjórnarstörf eru mjög lág miðað við þá miklu vinnu sem fólk leggur þar af mörkum. Það er verulegt umhugsunarefni hvernig hægt er að styrkja stöðu sveitarstjórnarstigsins og greiða betur fyrir þau störf sem þar eru unnin.

Ég vil líka nefna það að hv. félmn. komst að þeirri niðurstöðu að gera ekki breytingu á þeirri reglu sem gilt hefur um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Frv. gerði upphaflega ráð fyrir því að slíkar fjárhagsáætlanir yrðu samþykktar í desember. En að vel skoðuðu máli og því að okkur var bent á að afar erfitt væri að gera áætlanir meðan menn vissu t.d. ekkert um niðurstöðu fjárlaga á Alþingi, menn vissu ekki um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga o.s.frv., þá væri mjög erfitt að ganga frá fjárhagsáætlunum. Á þau rök féllumst við.

Ég vil líka nefna að töluverð umræða varð um skoðunarmenn sveitarfélaga, þ.e. lýðræðislega kjörna endurskoðendur og hvernig þeirra hlutverk skaraðist við endurskoðendur almennt. Við kölluðum á ríkisendurskoðanda okkur til halds og trausts, en komumst að þeirri niðurstöðu að allt væri með eðlilegum hætti hvað þetta atriði varðar.

Um eftirlitsnefndina voru gerðar töluverðar athugasemdir af einstaka sveitarfélögum og manni fannst eins og sum sveitarfélög skynjuðu eins konar yfirvald eða einhverja ógnun í þessu. En ég er alveg sannfærð um að brýnt er að veita sveitarfélögunum aðhald og að hægt sé að fylgjast með þeim, en tel þá tillögu sem hér er að finna um að hægt sé að kæra niðurstöðu eftirlitsnefndarinnar mjög til bóta.

Þá vil ég einnig nefna það atriði að nú þarf ekki lengur að leggja fram sérstakt frv. ef sveitarfélög sameinast og í brtt. er reynt að taka á því atriði ef sveitarfélög sameinast þvert á kjördæmi, en við erum einmitt nýbúin að ganga í gegnum slíkt. Í brtt. við 94. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma, en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.“

Í nál. meiri hlutans er vikið að því að menn telja eðlilegt að við slíka sameiningu sé um að ræða nærliggjandi sveitarfélög og það geti ekki talist æskilegt, þó að það sé ekki beinlínis ólöglegt, að sameina sveitarfélög sem mjög langt er í milli og erfitt er að sjá að eigi í rauninni samleið.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef nefnt var lögð mikil vinna í þetta mál og eins og eðlilegt var snerist umræðan að mestu og miklu leyti um 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða, hvernig ætti að koma þessum málum fyrir og tengslin við þjóðlendufrv. Í þeim umsögnum sem borist hafa frá allshn. er tekið undir það hjá meiri hluta nefndarinnar að það sé fullt samræmi milli sveitarstjórnarfrv. og frv. um þjóðlendur hvað varðar skipan mála, og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir tekur í rauninni undir þá bókun sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og sú sem hér stendur settu í nál. og okkar fyrirvara um mikilvægi þess að skipuleggja miðhálendið í heild og það yrði gert með þeim hætti að að því kæmu fulltrúar allra landsmanna. En eins og ég nefndi áðan veit ég ekki hverjar skoðanir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur eru hvað þetta mál varðar. Umsögn þeirra hefur ekki borist en ég vona að hún berist, og kannski skýrist það í umræðunni hvað þeim finnst um þetta mál.

En enn og aftur, hæstv. forseti, það er afar brýnt ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biðst afsökunar, forseta heyrist kaflaskipti vera í ræðu hv. þm. ...)

Þingmaðurinn er alveg að ljúka máli sínu.

(**Forseti** (GÁS): Nú, þá heldur hann áfram.)

Já. Ég er búin að vera á fundi, hæstv. forseti, frá því árla morguns og er nú mjög af mér dregið, þarf að fara að fá einhverja hressingu, en það er ekki þar með sagt að ég flytji ekki aðra ræðu um þetta mál. En ég tel mig vera búna að nefna flest það sem skiptir hér máli og ætla að gera það að mínum lokaorðum að mér finnst afar brýnt að um þetta mál náist eins breið samstaða og hægt er. Það er ljóst að þingflokkur jafnaðarmanna hefur mjög sterkar skoðanir á þessu máli og er í grundvallaratriðum andvígur því að skipta miðhálendinu niður á milli sveitarfélaganna, jafnvel þó að tekið verði á skipulagsmálunum með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Ég harma það að ekki skuli nást breið samstaða um þetta mál en ítreka enn og aftur að ég vona að sú tillaga sem hér hefur verið kynnt nái fram að ganga á þessu vori. Ef útlit er fyrir að svo verði ekki, þá verðum við að fá mjög skýrar tryggingar fyrir því að við þessi áform verði staðið, það er algjörlega ljóst í mínum huga.

[19:25]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lauk máli sínu á sama atriði og hún hóf ræðu sína, þ.e. því er lýtur að stjórn miðhálendisins. Hv. þm. sagði að hún legði áherslu á að það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur kynnt verði samþykkt á þessu þingi, ef ekki þá verði hún að fá skýrar tryggingar fyrir því að við það verði staðið.

Ég spyr, herra forseti: Hverjar eru hinar skýru tryggingar sem hv. þm. sættir sig við? Það liggur nefnilega alveg ljóst fyrir að það frv. sem lagt er fram af hæstv. umhvrh. er grundvöllur þess að hún styður þetta mál með semingi.

Það olli mér hins vegar vonbrigðum að hv. þm. sagði að hún mundi ekki leggjast gegn því að fulltrúar náttúruverndarsamtaka og ferðaþjónustu kæmu að stjórn miðhálendisins. Nú liggur það einfaldlega fyrir að samkvæmt því frv. sem hv. þm. hefur lýst yfir miklum vilja að verði samþykkt á þessu þingi er ekki gert ráð fyrir því að fulltrúar náttúruverndarsamtaka og ferðaþjónustu komi að þessu. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því að þar verði tólf fulltrúar sveitarfélaga, einungis tveir úr því kjördæmi sem hv. þm. er fulltrúi fyrir.

Hv. þm. var til skamms tíma hluti af stjórnmálahreyfingu sem barðist fyrir því að auka völd fólksins, barðist fyrir að efla náttúruvernd og m.a. hefur margoft í ræðum sínum talað um nauðsyn þess að varðveita miðhálendið fyrir útivistarfólk. Ég spyr þess vegna, herra forseti: Hvernig getur hv. þm. varið það fyrir sjálfri sér að styðja frv. sem hún sjálf lýsir yfir að hún telji að gangi alls ekki nógu langt gagnvart aðilum sem ekki fá samkvæmt því að koma að stjórn miðhálendisins? Ég sé ekki annað í þessu en mjög alvarlega þverstæðu og bið hv. þm. að skýra hana fyrir mér.

[19:27]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði í máli mínu að ég hefði mikla samúð með því sjónarmiði, (Gripið fram í.) ég mundi jafnvel vilja beita mér fyrir því, vegna þess að það er auðvitað Alþingi sem fer með löggjafarvaldið. Ég lít ekki svo á og mér fannst það koma fram í máli hæstv. umhvrh. að sú skipan sem lögð er til í þessari tillögu sé ekki alheilög. Það er ekkert fráleitt að við gætum komið okkur hér saman um hugsanlega aðra skipan, einhverja tilfærslu á fulltrúum. Ég teldi það mjög æskilegt að fulltrúar náttúruverndarsamtaka og ferðaþjónustunnar kæmu að þessu máli, þ.e. þeir aðilar sem nýta hálendið fyrst og fremst.

Ég tel að með þeirri tillögu sem lögð hefur verið fram séu menn að tryggja það, sem ég gerði að meginskilyrðum. Annars vegar það að miðhálendið sé skipulagt sem heild, hins vegar að að því komi fulltrúar allra landsmanna. Við getum deilt um hlutföllin þarna á milli. Við Reykvíkingar erum rúmlega 100 þúsund talsins og erum stór hluti þjóðarinnar og eigum mikilla hagsmuna að gæta. En það eiga þeir líka sem eiga land að miðhálendinu og hafa nýtt það og við megum auðvitað ekki troða á þeirra rétti. En málið gengur út á það að reyna að ná samkomulagi um einhverja þá leið sem geti leitt til sátta. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst sú leið sem þingflokkur jafnaðarmanna leggur til hreint ekki ásættanleg.

Hvað varðar skýrar tryggingar, þá verður það að koma í ljós hér á næstu dögum hvað vinnst í þinginu, hvað við komumst langt. Slíkar skýrar tryggingar eru auðvitað hreinar og klárar yfirlýsingar ráðherra um það að þeir muni leggja frv. fram í síðasta lagi næsta haust. En ég legg áherslu á að ég vil helst ná því fram hér í vor.

[19:29]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau sjónarmið sem munu takast á varðandi skipulag miðhálendis og stjórn á því eru annars vegar sjónarmið útivistarfólks, sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ber fyrir brjósti, og hins vegar eru það sjónarmið sem gæta allt annarra hagsmuna. Þess vegna spyr ég, af því að hv. þm. hefur lýst því yfir að hún hafi mikla samúð með sjónarmiðum náttúruverndar og útivistar: Hvernig stendur þá á því að hún getur fallist á að styðja þetta frv. þegar það er alveg ljóst, kristaltært, að samkvæmt því fá þessir aðilar ekki neina aðkomu að málinu? Mér finnst það sem hv. þm. segir vera fullt af þverstæðum og ég get ekki sjálfur skilið hvernig stendur á því að hún, sem fulltrúi fyrir þetta mannflesta kjördæmi, Reykjavík, fellst á að Reykvíkingar fái aðeins tvo fulltrúa meðan sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu fá tólf fulltrúa, kannski fjórtán, ef þessir hæstv. ráðherrar skipa menn úr sínum kjördæmum eins og er nú plagsiður þeirra. Það skiptir þó ekki máli.

En það er alveg ljóst að ef til átaka kemur í þessari stjórn — svo verður líklega — þá bendir allt til þess að það muni vera átök milli einmitt fulltrúa þéttbýlisins, sem hv. þm. er fulltrúi fyrir, og hins vegar dreifbýlisins. Og hún er að lýsa yfir stuðningi við frv. sem gerir það alveg klárt að ef til slíkra átaka og ágreinings kemur, ef það kemur til atkvæðagreiðslu, þá er hún að leggja því lið að sjónarmið hennar kjördæmis verði fyrir fram undir. Það er felst í þessu frv.

Ég get ekki sem Reykvíkingur stutt þetta. Ég get ekki sem fulltrúi þéttbýlisins stutt þetta. Mér finnst að það hefði verið lágmark að þeir væru a.m.k. hálfdrættingar. Þá hefði ég skilið að hv. þm. hefði fylgt frv. Sjálfum finnst mér auðvitað að það hefði átt að gera þetta öðruvísi. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þennan málflutning hjá hv. þm.

[19:31]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. gleyma einu grundvallaratriði í sínum málflutningi sem er það að verið er að reyna að sætta ólík sjónarmið. Ég er að reyna að teygja mig til móts við sjónarmið sem auðvitað eru mjög sterk, þ.e. sjónarmið sveitarfélaganna í landinu. Og ég minni á að sveitarfélögin

gerðu ekki og gera ekki athugasemd við það að skipta landinu upp á milli sveitarfélaganna. (**ÖS:** Nákvæmlega.) Þau gera það ekki. Það sem verið er að reyna að tryggja með þessari lagabreytingu er samkomulag um að aðrir aðilar komi að málinu og það er er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að aðrir aðilar komi að málinu.

Telur hv. þm. að sú leið sem þingflokkur jafnaðarmanna er að leggja hér til, með nefnd sem er skipuð fulltrúum ráðuneytanna, iðnrn. m.a. og umhvrn. og annarra ráðuneyta sem þar eru tilgreind, að sú nefnd sé eitthvað líklegri til þess að gæta hagsmuna útivistarfólks og náttúruunnenda? Ég get nú ekki séð það.

Aðalmálið er auðvitað þetta og það sem ég var að reyna að segja er að ef það er vilji til þess og samstaða næst um það að breyta þessari nefndarskipan og tryggja aðgang náttúruunnenda, náttúruverndarsamtaka og annarra þá vil ég leggja m.a. hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni lið í þeirri baráttu. Við skulum bara kanna það. Er enn þá vilji til þess? Það lifir enn nokkuð þings og hver veit nema við getum náð einhverri samstöðu. Mér finnst samt að þessi tillaga sé það mikið skref í áttina að ég treysti mér til þess að styðja hana.

Og ég vil bara minna hv. þm. Össur Skarphéðinsson á að við erum að ræða hér gríðarlegan lagabálk og minn fyrirvari lýtur fyrst og fremst að einni grein, einni grein þessa frv.

[Fundarhlé. — 19:34]

[20:30]

**Útbýting þingskjala:**

Læknalög, 598. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1290.

Þjóðlendur, 367. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1291; brtt. RG o.fl., þskj. 1292.

[20:30]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um eitt stærsta og umdeildasta mál þessa þings, mál sem skipta mun þjóðina miklu um ókomna framtíð. Talsmaður minni hluta félmn., Rannveig Guðmundsdóttir, hefur gert sjónarmiðum okkar jafnaðarmanna ítarleg skil í þessari urmæðu og skilað mjög ítarlegu nál. þar sem hún tekur fyrir meginefni frv. og þetta stóra álitamál sem við fjöllum um. Ég tel að ekkert sé ofsagt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur þegar hún segir að tillaga um skiptingu miðhálendis milli fárra sveitarfélaga sé atlaga að almannarétti hér á landi.

Það kemur fram í nál. Rannveigar Guðmundsdóttur að ýmislegt á erindi í þessa umræðu og heldur alveg gildi sínu að mínu mati þrátt fyrir þá tillögu eða frumvarp sem hæstv. umhvrh. kynnti hér í dag. Það er afdráttarlaus skoðun jafnaðarmanna að líta beri á miðhálendið sem eina stjórnsýslu- og skipulagslega heild en það er ekki hægt að gera ef svæðinu er skipt í sneiðar milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Með því verður hvert einstakt sveitarfélag allsráðandi hvert á sínum hluta miðhálendisins.

Í áliti minni hlutans kemur fram að veigamesta breytingin sem lögð er til á sveitarstjórnarlögunum í þessu frumvarpi og jafnframt sú afdrifaríkasta er að landið allt skuli skiptast í sveitarfélög en ekki einungis byggðin og afréttirnir. Einnig kemur fram í álitinu að með þeirri breytingu sé verið að stíga skref í átt til skipulags sem ekki mun verða einhugur um meðal íslensku þjóðarinnar um ókomna framtíð. Síðan er lagt til í áliti minni hlutans að í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar þá telja jafnaðarmenn höfuðnauðsyn að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar og meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með þessi mál verður farið í framtíðinni.

Það er ekki ofsögum sagt, herra forseti, að um þetta mál hafi verið mjög skiptar skoðanir bæði innan þings og utan. M.a. hefur komið fram áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar um að fresta þessu ákvæði í 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Áskorunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á Alþingi liggja nú fyrir lagafrumvörp sem m.a. munu ákveða um alla framtíð, hver fer með stjórnsýslu og skipulagsrétt á miðhálendinu. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa lýst ánægju sinni yfir þjóðlendufrumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að mestur hluti hálendisins verði þjóðareign, enda er það skilningur flestra Íslendinga að svo hafi alltaf verið, sbr. forn lög og dóma. Mikill ágreiningur er hins vegar um frumvarp til breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem gerir ráð fyrir að skipta miðhálendi og jöklum milli sveitarfélaga.

Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar, teljum við undirrituð höfuðnauðsyn, að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu, þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með mál þessi verður farið í framtíðinni."

Herra forseti. Ég tek eindregið undir það sem þarna kemur fram og tel að með engu móti sé komið til móts við sjónarmið níutíumenninganna sem skrifa undir þessa áskorun með því frv. sem hæstv. umhvrh. hefur kynnt hér í dag.

Ég vil spyrja, herra forseti, hvort hæstv. umhvrh. er í húsinu.

(**Forseti** (StB)**:** Hæstv. umhvrh. er í salnum.)

Herra forseti. Ég sagði að ég teldi að þetta frv. mundi á engan hátt koma til móts við sjónarmið þessara níutíumenninga og ég furða mig nokkuð á því að það frv. sem hér hefur verið kynnt skuli koma til móts við sjónarmið þeirra þingmanna sem deildu hart á þetta frv. við 1. umr. málsins. Einnig vil ég mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð að frv. er tekið út úr nefndinni án þess að frv. umhvrh., sem á að sætta sjónarmið einhverra í þinginu, sé formlega kynnt í nefndinni og farið yfir greinargerð frumvarpsins og tillögugreinina sjálfa, en þinginu boðið upp á það að þegar umræðan er hafin, raunar liðinn einn og hálfur tími af umræðunni og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem er helsti gagnrýnandi á þetta frv. sem hér er til umræðu er í ræðustól, sé því frv. loksins dreift. Ég velti því fyrir mér hvort þeir þingmenn sem telja að þetta frv. sætti sjónarmið og það sé nægjanlegt til þess að þeir fylgi frv. hæstv. félmrh., hafi yfirleitt gert sér grein fyrir því innihaldi sem er í frv. umhvrh. og greinargerðinni sem með því fylgir vegna þess að þar kemur mjög athyglisvert fram sem ég tel ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um, herra forseti. Þó að það frv. sé ekki beinlínis hér á dagskrá þá tengist það mjög frv. til sveitarstjórnarlaga sem við erum að ræða og er liður í einhverju sáttasamkomulagi sem einhverjir þingmenn hafa fallist á að sé nægjanlegt til að þeir styðji ákvæði til bráðabirgða og 1. gr. í frv. félmrh. Ég vil því gera tilraun til að greina hvað er í frv. hæstv. umhvrh. ef það yrði til þess að einhverjir þingmenn sem hafa fallist á að styðja þetta frv.

mundu athuga sinn gang heldur betur en mér virðist þeir hafa gert.

Ég verð að segja að ég fagna afstöðu hv. 11. þm. Reykv. í þessu máli. Hann hefur skoðað það greinilega mjög ítarlega, gert upp hug sinn vandlega og ætlar ekki að láta beygja sig fyrir því sem fram kemur í frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem hann telur engan veginn nægja til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem hann hefur sett fram í þessu máli og skil ég það mætavel þegar ég hef lesið þetta frv. Aftur á móti skil ég ekki afstöðu hv. 4. þm. Reykn. sem mjög hefur haft sig frammi í þessu máli. Ég efa ekki að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur ekkert dregið af sér til að reyna að ná ásættanlegri lendingu í þessu máli en ég undrast að þetta sé ásættanleg lending fyrir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. En ég tel hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv., mann að meiri að lýsa yfir andstöðu eða a.m.k. hlutleysi þá með því að sitja hjá við frv. félmrh. af því að það er auðvitað ljóst miðað við hvað hann hefur sagt í þessu máli, t.d. á stórum fundi á Hótel Borg, að þetta getur engan veginn komið til móts við þau sjónarmið sem hann kynnti Reykvíkingum að hann mundi berjast fyrir. Að vísu er frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum spor í áttina. En mig furðar á því að það nægi þeim sem deildu hart á þetta mál við 1. umr.

Hvað felur frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum í sér? Það felur í sér að það á að koma ný grein í skipulags- og byggingarlög undir heitinu Svæðisskipulag miðhálendisins. Umhvrh. á að skipa samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa. Tólf fulltrúa af átján eiga sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu að skipa. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík — það var nú allt og sumt. Tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík — einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Ég held að við þurfum að líta á þetta nokkuð nánar, herra forseti, vegna þess að við stöndum frammi fyrir því með þessari tillögu að við á suðvesturhorninu, þar sem búa 67% þjóðarinnar, eigum að hafa þrjá fulltrúa í þessari mikilvægu nefnd sem á að skipuleggja miðhálendið. Það er nú allt og sumt. Og ætli það séu ekki kannski 5% þjóðarinnar sem búa í sveitarfélögum sem liggja að hálendinu eftir sameininguna? Þau eiga að hafa tólf fulltrúa. 5% þjóðarinnar eiga að hafa tólf fulltrúa, þ.e. íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu eiga að hafa tólf fulltrúa. En Reykjavík á að hafa tvo fulltrúa og Reykjanes einn fulltrúa. Það eru raunverulega 94–95% þjóðarinnar sem eiga að hafa hér samtals sex fulltrúa meðan 4% hafa tólf fulltrúa. Þetta er allt lýðræðið, herra forseti, í þessu. Þetta er nú allt lýðræðið.

Og hvernig skyldi nú gangurinn vera í þessari 18 manna mikilvægu nefnd sem á að skipuleggja miðhálendið þegar 12 fulltrúanna eru fulltrúar sveitarfélaga sem liggja að hálendinu? Hvernig fer í þessari nefnd ef ágreiningur verður og atkvæðagreiðslur? Er ekki hætta á því, herra forseti, — ég sé að hæstv. umhvrh. er flúinn úr salnum — að þessir 12 fulltrúar beri fulltrúana t.d. á höfuðborgarsvæðinu, sem vilja fara aðrar leiðir í skipulagningu á hálendinu, ofurliði í atkvæðagreiðslum um þessi mál?

Hlutföllin í þessu eru alveg með ólíkindum. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. ef hann heyrir mál mitt sem ég veit reyndar ekki, herra forseti, af því ég kem ekki auga á hann í salnum — mér finnst nú hann eigi að sýna okkur þá virðingu að vera við þessa umræðu — ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Hvað ræður vali í nefndina, þessu hlutfalli milli fulltrúa höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa sveitarfélaga sem liggja að hálendinu? 4–5% þjóðarinnar hafa 12 fulltrúa af 18. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes þrjá fulltrúa og í heildina eru þessir 12 fulltrúar fulltrúar 4% þjóðarinnar, 4% íbúanna búa í þessum sveitarfélögum. Þessi samsetning kemur mér því mjög á óvart, ef hæstv. ráðherra hefur talið sig vera að koma til móts við þann ágreining sem hefur verið um þetta frv.

Síðan komu við að efni frv., með leyfi forseta:

„Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim.“

Það er sem sagt svæðisskipulagið sem þessi samvinnunefnd á að fjalla um, en hún á einungis að gefa Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim.

Hvað þýðir þessi umsögn? Við þekkjum það vel að iðulega er ekki farið eftir umsögnum sem gefnar hafa verið um ákveðin mál. Ég nefni t.d. hina stóru tillögu, miðhálendistillögu, þar sem fjöldi umsagna kom frá ýmsum aðilum, ekki síst þeim sem koma að umhverfismálum, aðilum í atvinnuvegi o.s.frv. Þetta voru grafalvarlegar athugasemdir. Þeir hafa enga tryggingu fyrir því að eftir þeirra umsögn sé farið. Hvaða tryggingu hefur samvinnunefndin fyrir því að farið verði eftir umsögn sem hún gefur að því er varðar tillögu um aðalskipulag?

Ef við lítum á svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag, hvað felur það í sér? Svæðisskipulagið er vitanlega mjög mikilvægt. Þar eru lagðar línurnar að því er varðar skipulagsmálin. Aðalskipulagið, sem sveitarfélögin annast, útfærir nánar svæðisskipulagið og getur breytt því innan ákveðinna marka. Í deiliskipulaginu er skipulagningin ákveðin í smærri atriðum. Þetta virðist því allt skipast upp í búta og ræmur, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði í ræðu sinni hér áðan.

Herra forseti. Ég staldra náttúrlega við greinargerðina. Fróðlegt væri að vita hvort hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur lesið þessa greinargerð og séð út á hvað hún gengur. Hún sýnir auðvitað hvernig umhvrh. sjálfur, yfirmaður skipulags- og byggingarmála, hugsar sér framkvæmdina og útfærsluna á þessu. Ég ætla að fara aðeins nánar ofan í þau atriði. Í athugasemdum við frv. segir, með leyfi forseta:

„Miklar umræður hafa orðið um skipulag miðhálendisins að undanförnu en sérstök nefnd, samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993, um breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964, er að fara yfir athugasemdir sem bárust við tillögur nefndarinnar og á að skila tillögum til Skipulagsstofnunar fyrir 1. desember nk.“

Hún á sem sagt að skila tillögunum fyrir 1. des. nk. og síðan segir:

„Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins, ...“

Þegar nefndin hefur skilað af sér 1. des. gerir Skipulagsstofnun tillögu til umhvrh. og hann getur samkvæmt þessu staðfest tillögur núverandi miðhálendisnefndar, áður en þessi nýja samvinnunefnd hefur verið skipuð. Hér kemur fram að

hin nýja samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins á að taka til starfa 1. jan. 1999.

Hvernig getum við nú tryggt þau litlu áhrif sem Reykvíkingar og fólk á suðvesturhorninu á að hafa gegnum þessa samvinnunefnd ef gamla miðhálendisnefndin hefur skilað tillögum sínum til Skipulagsstofnunar, Skipulagsstofnun til ráðherra og ráðherra staðfest þær fyrir áramótin? Hvernig getum við tryggt það áður en þessi samvinnunefnd, þessi dúsa sem duga á fyrir marga þingmenn, tekur til starfa? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, herra forseti, að umhvrh. staðfesti ekki þessar tillögur, áður en þessi nýja samvinnunefnd sem öllu á að breyta varðandi miðhálendið, tekur til starfa? Þó hér komi fram að endurskoða eigi svæðisskipulagið á fjögurra ára fresti þá er erfitt að breyta því þegar það hefur verið staðfest.

Þar fyrir utan, herra forseti, má gera ráð fyrir því að þeir tólf einstaklingar sem nú sitja í gömlu miðhálendisnefndinni verði áfram í nýju samvinnunefndinni. Ég spyr, herra forseti, hvort það sé líklegt, þegar minni hlutinn er kominn þarna inn, tveir fulltrúar frá Reykjavík og einn frá Reykjanesi, að þeir ráði eitthvað við þá tólf sem þegar hafa gengið frá skipulaginu. (**Umhvrh.:** Einn frá Vestfjörðum, það má ekki gleyma neinum.) Einn frá Vestfjörðum, já. Ég hugsa að þeir dugi ekki gegn þeim tólf sem örugglega munu vinna sterkt saman sem fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu.

Getur hæstv. umhvrh. gefið okkur tryggingu fyrir því hér og nú að skipulag á miðhálendinu hafi ekki þegar verið staðfest þá samvinnunefndin tekur til starfa, 1. jan. 1999? (**Gripið fram í:** Hvar eru Vestmanneyingar í því sambandi? Skyldu þeir eiga fulltrúa? Ég spyr.) Já, skyldu þeir eiga fulltrúa þarna? Það má auðvitað spyrja hver eigi miðhálendið. Hver á miðhálendið? Er það ekki þjóðin öll? Líka Vestmannaeyingar. (**Gripið fram í:** Ég hefði haldið það.) (**Umhvrh.:** Gera það upp með þjóðlendufrv.) Og Akureyringar, eiga þeir fulltrúa þarna? Eiga þeir fulltrúa? (**Gripið fram í:** Og hvað með Grímseyinga?)

Síðan spyr ég, herra forseti, af því að í frv. 1993 var talað um að fulltrúar héraðsnefnda ættu sæti í miðhálendisnefnd. Í frv. sjálfu er sagt: „sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu tilnefna samtals tólf fulltrúa". Eru það héraðsnefndirnar? Eða hverjir eru það? Hv. þm. Jón Kristjánsson brosir hér breitt. Hann hlýtur að vita það. (**JónK:** Það eru héraðsnefndirnar.)

Á Akureyri fulltrúa í þessari nefnd? Akureyringum kemur kannski miðhálendi ekkert við. Mér finnst þetta frv. litlu breyta. Og ég er alveg sannfærð um að þetta mun ekki duga til þess að fullnægja sjónarmiðum niutíumenninganna sem skrifuðu áskorun sína.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að eftir að þetta ákv. til brb. og 1. gr. frv. hafa verið samþykkt, þá verði ekki aftur snúið. Í 1. gr. er kveðið á um að „landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð". Síðan kemur ákv. til brb. eins og við þekkjum. Með þessu fær hæstv. umhvrh. þá lagastoð sem hann þarf til þess að geta staðfest þær tillögur miðhálendisnefndarinnar sem nú liggja fyrir og mikil gagnrýni hefur beinst að. Fyrir liggur heill bunki af umsögnum, þar sem gagnrýnt er hvernig staðið hefur verið að málum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann ekki sammála mér í því að um leið og búið er að staðfesta þessa tillögu þá fái hann þá lagastoð sem hann þarf til þess að geta staðfest þetta skipulag?

Að svo komnu máli vil ég fá að lesa umsögn um þessa 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga og ákv. til brb. sem ég og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, sem sæti eigum í allshn., sendum til hv. félmn. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minni hluti allshn. leggst gegn ákvæði 1. gr. og ákv. til brb. og leggur til að ákv. til brb. verði fellt brott og 1. gr. verði breytt.

Minni hlutinn telur það óeðlilegt og varasamt að nokkrar sveitarstjórnir fái stjórnsýsluvald og þar með vald til ákvarðana um landnýtingu og skipulagsvald á hálendinu, sem er um 40% af öllu Íslandi.

Skýrt þarf að kveða á um að hálendið og allt landsvæði utan eignarlanda sé sameign íslensku þjóðarinnar og að hálendið verði ein skipulags- og stjórnsýsluheild, en ofangreind ákvæði í frv. til sveitarstjórnarlaga ganga þvert á þau markmið. Þannig er stjórnsýslunni skipt á milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu. Hætta er á því að hagsmunir einstakra sveitarfélaga ráði of mikið ferðinni í stjórnsýslunni á hálendinu fremur en þjóðarheildarinnar.

Grundvallaratriði er að hálendið verði með lögum lýst sem sameign þjóðarinnar. Með sama hætti er einnig eðlilegt að stjórnsýslan á hálendinu verði í höndum ríkisvaldsins en ekki örfárra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu, því að skipulag hálendisins skiptir alla íbúa landsins máli, en ekki bara þá sem búa í nálægð við það.

Ljóst er einnig að verði þessi ákvæði í frv. félmrh. að lögum, þá getur umhvrh. staðfest þær tillögur að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggja fyrir. Þær tillögur hafa verið harðlega gagnrýndar af fjölda aðila og mjög alvarlegar athugasemdir við þær gerðar. Í samantekt sem allshn. hefur fengið úr formlegum athugasemdum sem gerðar hafa verið við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins kemur m.a. fram að ekki sé nægjanlegt tillit tekið til stefnumörkunar stjórnvalda í orkumálum, ferða- eða umhverfismálum. Iðnrn. vekur m.a. athygli á að ekkert samráð hefur verið haft við það eða landb.- og samgrn. varðandi vinnu skipulagsnefndar. Í stórum málaflokkum eins og orkumálum, umhverfis- og ferðamálum er því beinlínis haldið fram að samvinnunefndin um svæðisskipulag miðhálendisins hafi búið til sínar eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða."

Þetta er ekkert smáræði, herra forseti. Umsagnaraðilar halda því beinlínis fram að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hafi búið til sínar eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða, sem „sumar ganga þvert á lög og stefnu stjórnvalda, eins og í orkumálum".

Ég spyr hvort hæstv. umhvrh. sé sammála því sem fram kemur í þessum umsögnum um tillögur miðhálendisnefndarinnar. Þar kemur fram að iðnrn. veki athygli á að ekkert samráð hafi verið haft við það eða landb.- og samgrn. Ekkert samráð haft við landbrn. varðandi vinnu skipulagsnefndar. (**Umhvrh.:** Það var nú verra.) Já, það var nú verra.

Það er mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra tjái sig um það að í stórum málaflokkum eins og orku-, umhverfis- og ferðamálum er því beinlínis haldið fram að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hafi búið til sínar eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða, sem sumar gangi þvert á lög og stefnu stjórnvalda, t.d. í orkumálum. Auðvitað er það mjög alvarlegt ef þetta er rétt.

Í álitinu segir síðan:

„Ljóst er einnig að í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga eru teknar ákvarðanir um mikilvæga þætti sem snúa að þjóðarheildinni eins og varðandi mannvirkjagerð, verndarsvæði, uppgræðslu, landsvæði, og beitarafnot.

Verði þessar tillögur staðfestar með lagastoð í 1. gr. frv. og ákv. til brb. í frv. félmrh. væri í reynd tekin úr höndum þingsins stefnumótun í stórum málaflokkum sem ákvarðanir um landnýtingu á miðhálendinu ættu að byggja á. Minni hlutinn varar því alvarlega við samþykkt ofangreindra ákvæða og telur það vera stórslys verði þau samþykkt."

Máli mínu til stuðnings vil ég vísa í minnisblað sem ég óskaði eftir frá Tryggva Gunnarssyni hrl. um frv. Nefndin fékk minnisblað hans um það hvernig háttað væri staðfestingu á svæðisskipulagi miðhálendisins fyrir og eftir að frv. félmrh. yrði að lögum. Ég tel fulla ástæðu til að lesa það, herra forseti, en þar kemur fram:

„Á fundi nefndarinnar 17. apríl svaraði ég munnlega fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hún beindi til mín um hvort umhvrh. hefði heimild til að staðfesta tillögur samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, ef fyrirliggjandi tillaga um staðarmörk sveitarfélaga skv. frv. til sveitarstjórnarlaga næði ekki fram að ganga.

Nú hefur verið óskað eftir að ég láti nefndinni í té skriflegt álit á tengslum staðfestingar á skipulagi miðhálendis við bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög. Ég lít svo á að verið sé að leita eftir skriflegu svari við áðurnefndri spurningu, sem ég svaraði á fundinum. Ég tek það fram að ég hef aðeins haft takmarkaðan tíma til að setja neðangreint svar á blað, en eins og ég nefndi á fundi nefndarinnar þarf í þessu efni að huga að ýmsum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Til starfs samvinnunefndar um skipulag miðhálendis og tillögur nefndarinnar var stofnað með lögum, nr. 73/1993, um ákv. til brb. við skipulagslög, nr. 19/1964. Í lok þessa ákvæðis sagði: „Um málsmeðferð tillögu að skipulagi miðhálendisins fer skv. 16. gr. skipulaga, nr. 19/1964. Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi.""

16. gr. laga nr. 19/1964 fjallar um samvinnunefndir vegna svæðisskipulags. Í 26. gr. frv. til skipulags- og byggingarlaga var sérstakt ákvæði um svæðisskipulag miðhálendisins, það var fellt niður að tillögu umhvn. Alþingis og því voru engin sérstök ákvæði um svæðisskipulag miðhálendis tekin inn í nýju lögin. Í lögunum voru hins vegar sérstök ákvæði um svæðisskipulag á svæðum þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis.

Með lögum nr. 135/1997, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, var m.a. bætt við 12. gr. laganna nýju ákvæði um heimild ráðherra til að fresta staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir ákveðið landsvæði ef nauðsyn þykir til að samræma skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti. Þá var aukið við ákvæði til brb. svohljóðandi grein:

„Samvinnunefndir um svæðisskipulag sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu starfa áfram en um málsmeðferð fer samkvæmt þessum lögum."

Í samræmi við framangreint fer um afgreiðslu og staðfestingu ráðherra á fyrirliggjandi tillögu að skipulagi miðhálendisins eftir reglum skipulags- og byggingarlaga um svæðisskipulag. Svæðisskipulag er samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. laganna skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Lagaákvæði um svæðisskipulag byggja á aðkomu sveitarstjórna að samþykkt þess áður en kemur að staðfestingu ráðherra. Telja verður því að ráðherra geti ekki á grundvelli gildandi laga staðfest svæðisskipulag að því marki sem það tekur til lands utan sveitarfélaga, þó með fyrirvara um svæðisskipulag sem unnið er á grundvelli reglna 15. gr. um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Ljóst er að eins og lögum er nú háttað liggja einhver svæði utan staðarmarka sveitarfélaga, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar um Þórsmörk, en á miðhálendinu er þar um að ræða svæði sem liggja ofan afrétta, einkum jökla. Í samræmi við þá viðbót sem samþykkt var við 12. gr. skipulags- og byggingarlaga með lögum nr. 135/1997, um heimild fyrir ráðherra til að fresta staðfestingu á svæðisskipulagi, tel ég að umhvrh. geti á grundvelli núgildandi laga, þar með talið sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, staðfest tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins að því marki sem það tekur til lands innan staðarmarka sveitarfélaga en frestað staðfestingu á tillögunni vegna lands utan staðarmarka sveitarfélaga. Þau svæði sem frestunin tekur til skal auðkenna á uppdrætti. Áður en kemur að staðfestingu ráðherra þarf að leggja tillöguna fyrir sveitarstjórnir á því landsvæði sem skipulagstillagan tekur til og hún þarf að hljóta samþykki þeirra.

Síðan kemur í lokin, herra forseti:

„Verði ákvæði til brb. við sveitarstjórnarlög samþykkt samkvæmt fyrirliggjandi brtt. félmrh. og eftir að búið er að skipta öllu landinu innan staðarmarka sveitarfélaga samkvæmt því verður hægt á grundvelli gildandi skipulags- og byggingarlaga að staðfesta svæðisskipulag sem tekur til þess lands sem nú er utan staðarmarka sveitarfélaga, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem lög setja um samþykkt svæðisskipulags."

Hér með lýkur þessari tilvitnun, sem er alveg ljós um það að umhvrh. getur, eftir að þetta ákvæði hefur verið staðfest í frv. félmrh., staðfest tillögur að skipulagi á miðhálendinu. Þá þarf ekki þessar breytingar við frv. til laga sem hæstv. ráðherra var að kynna í dag þannig að það er alveg ljóst að með þessu fær ráðherra þá lagastoð sem hann þarf til þess að staðfesta það.

Það kom okkur nokkuð á óvart í allshn. um þá brtt. sem félmrh. lagði fram eftir að hann hafði lagt fram frv. að fulltrúar Sambands sveitarfélaga sem komu á fund allshn. og fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum höfðu ekki séð þá brtt. sem hæstv. ráðherra hafði lagt fram. Það fannst mér afar sérstætt þar sem verið var að fjalla um svo mikilvægt mál að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga hefðu ekki séð brtt. sem hæstv. ráðherra hafði gert.

Mér finnst ástæða til þess að benda á það, úr því að þessi lending er fengin og þetta frv. fram komið, af því að þetta hlýtur að hafa verið rætt í ríkisstjórninni hvort ekki hafi aðrar leiðir komið til greina til að ná sátt um þetta mál en hér hefur verið kynnt af hæstv. umhvrh. Ég nefni í því sambandi það fyrirkomulag sem gildir t.d. um varnarsvæðið á Miðnesheiði. Þar eru skipulagsmálin alfarið í höndum skipulagsnefndar varnarsvæða undir forræði utanrrh. Ég man ekki betur en að hæstv. forsrh. hafi hreyft því við 1. umr. um þjóðlendur þegar nokkuð var farið inn á þetta mál hvort þetta gæti verið leið sem hægt væri að skoða. Ég spyr um það: Var sú leið einhvern tíma skoðuð í ríkisstjórninni? Ég ætla að lesa það sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sagði við 1. umr. um þjóðlendur þegar hann var spurður um þetta mál en þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Þetta er eins og félmrh. hefur skýrt það og hans skilningur á því er réttur. Ég ætla ekki að fara að skera úr um einstök

önnur atriði en ég bendi á að þeir þættir sem þurfa að vera til staðar með sveitarstjórnarlegu valdi eftir að lögin liggja fyrir, verða þá til staðar. Ég ítreka á nýjan leik að það er áfram hægt, þrátt fyrir þjóðlendufrv., að skipa sveitarstjórnarlegu þáttunum hvernig sem menn vilja. Menn gætu til að mynda, þjóðlendufrv. breytir því ekkert, tekið allan skipulagsþáttinn undan. Það höfum við gert áður. Það höfum við gert t.d. varðandi varnarsvæðið í Keflavík. Þar eru svæði tekin undan, óháð því hvernig því er almennt skipað í landinu."

Mér finnst að sú leið, sem forsrh. greinilega sá ástæðu til þess að nefna við 1. umr. um þjóðlendufrv., miklu nær því að koma til móts við þau sjónarmið almennt sem eru uppi í þessu máli og þá gagnrýni sem hefur verið á þetta frv. Ég spyr hæstv. umhvrh. um það hvort sú leið hafi ekki komið til greina. Við höfum þar líka ákveðið fordæmi þó það sé kannski ekki af nákvæmlega sama toga sem varðar t.d. lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þrátt fyrir sveitarstjórnarvaldið er það sérstök nefnd, skipuð af Alþingi, sem fer með skipulags- og byggingarmálin og er með þau mál á sinni hendi. Þarna er um að ræða Þingvelli, eina af náttúruperlum landsins sem hefur verið skipað með þessum hætti að því er varðar skipulags- og byggingarmálin. Maður veltir fyrir sér hvort ekki verður horft til þessara tveggja dæma sem ég nefni um þjóðgarðinn og síðan annað svæði, sem er náttúrlega ekki af sama toga, sem er varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Varnarsvæðið á Miðnesheiðinni er alfarið í höndum sérstakrar skipulagsnefndar. Ef við tölum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, veit ég ekki til þess að skipulagsnefnd, varðandi skipulags- og byggingarmálin, lúti valdi t.d. Þingvallahrepps eða Grafningshrepps. Ég spyr hvort þetta hafi ekki verið skoðað, herra forseti. Mér finnst ef menn hafa verið að leita sátta í þessu máli, sem greinilega hefur ekki tekist, herra forseti, að þá hefði verið nær að líta til þeirra tilvika sem ég nefndi.

Það er alveg ljóst að t.d. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv., passar vel upp á að sjónarmið umbjóðenda sinna í Reykjavík komist til skila í umræðunni, talar máli þeirra. Hann er bara maður að meiri að gera það og láta ekki stinga upp í sig svona dúsu eins og hér er komið fram. Ég átti ekki von á því að hann ætti einhverja sérstaka samleið með okkur jafnaðarmönnum en hann virðist eiga það og ég fagna því. (Gripið fram í.) Ekki í þessu máli, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, ég hélt það ekki. En hann stendur fast á sínu. (Gripið fram í.) Nei, greinilega ekki. Ég vona að hann fylgi málinu til enda og mér finnst bara sómi að því hvernig hann stendur að þessu máli. Það er náttúrlega ljóst að ekki standa allir stjórnarliðar að þessu frv. félmrh.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, finnst það stefni raunverulega í það að meira og minna verði tillögur miðhálendisnefndarinnar ofan á í því hvernig á að skipa þessum málum í frv. um breytingu á skipulagslögum og með ákvæði til brb. í frv. félmrh. Í 1. gr. frv. finnst mér allt benda til þess að tillögur miðhálendisnefndar, sem hafa verið mikið gagnrýndar, að það sé a.m.k. hætta á því að ekki verði miklar breytingar þar á. Það er auðvitað alvarlegt, herra forseti, og ég vara enn og aftur við því ef það er rétt sem haldið er fram að í stórum málaflokkum, það er verið að tala um umhverfis- og ferðamál, hafi þessi nefnd haldið þannig á málum að hún hafi búið til eigin forsendur um mikilvæga og stóra málaflokka. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að fara nokkuð yfir a.m.k. örfáar glefsur úr þeim umsögnum sem liggja fyrir um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins til þess að við sjáum hvað við erum að fá yfir okkur ef þetta frv. verður samþykkt.

Þetta eru bæði aðilar í umhverfismálum, ferðamálum, þetta eru mikið aðilar úr orkugeiranum, sem tefla því mjög fram að ekki hafi verið gætt jafnvægis í verndar- og nýtingarsjónarmiðum að því er varðar þessar tillögur. Hér segir t.d. Ferðamálaráð Íslands, og herra forseti, ég skal alveg hlífa þingheimi við því að fara alveg yfir þennan stóra bunka af þeim umsögnum sem liggja hér fyrir og fara aðeins yfir glefsur sem mér fannst áhugaverðar í þessu, samantekt sem hefur verið tekin saman frá einstaka aðilum, en þar segir:

„Ferðamálaráð telur að tillaga að skipulagi miðhálendis Íslands, sem kynnt hefur verið í greinargerð Miðhálendi Íslands, svæðisskipulag 2015, taki ekki tillit til stefnumótunar í ferðamálum sem unnið hefur verið að."

Taki ekki tillit til stefnumótunar í ferðamálum. Hvar er nú hæstv. samgrh.? Hæstv. samgrh. á enga aðild að fá að þessari nýju samvinnunefnd sem á að koma á laggirnar í haust, það er bara félmrh. og umhvrh. sem hafa fulltrúa sína þar inni. En samgrh., sem fer með samgöngu- og ferðamál, fær enga fulltrúa í þessa nefnd og því er þó haldið fram af Ferðamálaráði Íslands að ekki sé tekið tillit til stefnumótunar í ferðamálum sem unnið hefur verið að. Mér finnst full ástæða til, herra forseti, áður en við ljúkum umræðunni, það væri a.m.k. æskilegt að hæstv. ferða- og samgöngumálaráðherra væri viðstaddur umræðuna og tæki þátt í henni og skýrði okkur frá því hvort virkilega væri verið að ganga gegn stefnumótun í ferðamálum sem unnið hefur verið að með þessum skipulagstillögum miðhálendisnefndar. Það er mjög alvarlegt ef svo er.

Það virðist ekki bara vera í ferðamálum, herra forseti, vegna þess að ef við tökum til við álit Landsvirkjunar þá segir, með leyfi forseta:

„Slíkt skipulag á þvert á móti og eðli málsins samkvæmt að endurspegla stefnumið stjórnvalda á viðkomandi sviðum. Samvinnunefndin hefur hins vegar búið til sínar eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða, sem sumar ganga þvert á lög og stefnu stjórnvalda í orkumálum."

Hvað segir formaður iðnn. við því að miðhálendisnefnd er að ganga þvert á stefnu stjórnvalda í orkumálum? Þessu er haldið fram af því merka fyrirtæki Landsvirkjun. Hvar er hæstv. iðnrh. þegar þessi umræða fer fram og við erum að samþykkja frv. sem felur í sér að miðhálendisnefnd geti samþykkt tillögu sem gengur þvert á lög og stefnu stjórnvalda í orkumálum og samvinnunefndin hafi búið til eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða?

Ekki nóg með það vegna þess að Landsvirkjun segir einnig:

„Hefur Landsvirkjun þegar bent á í bréfi sínu frá 25. júlí sl. að ekki sé farið að samþykktum Alþingis um mótun forsendna skipulagsins. Nægjanlegt tillit er ekki tekið til stefnumörkunar stjórnvalda í orkumálum, þar á meðal Landsvirkjunar, en fyrirtækinu er að lögum fengið skýrt hlutverk í þessu efni. Að óbreyttum lögum er það ekki í verkahring samvinnunefndarinnar að samræma mismunandi stefnu og sjónarmið ólíkra hagsmunahópa."

Það er líka alveg rétt. Það er það sem við höfum haldið, að ekki sé rétt farið í þessi mál, herra forseti.

Áður en farið er út í svæðisskipulag á miðhálendinu þarf stefna í orkumálum, stefna í ferðamálum, stefna í samgöngumálum og stefna í umhverfismálum að liggja fyrir. Síðan á að byggja skipulagið á þeirri stefnumörkun, en ekki að

miðhálendisnefndin, sem er skipuð fulltrúum sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu, þar sem íbúar sveitarfélaganna teljast 4% þjóðarinnar, búi sér til sínar eigin forsendur um skipulag á miðhálendinu.

Þetta er ekki það sem ég er að segja, herra forseti, heldur er ég bara að lesa upp úr því sem Landsvirkjun og Ferðamálaráð heldur fram og þingmenn hér inni hafa nú tekið mark á þeim aðilum sem ég nefni.

Og síðan er kemur að Landgræðslu ríkisins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Álítur Landgræðslan að við skipulag miðhálendis skuli ganga út frá þeirri grundvallarforsendu að stefna skuli að endurheimt vistkerfa og bæta ástand eyddra og vangróinna landa hvarvetna á skipulagssvæðinu. Þetta álit byggir Landgræðslan ekki einungis á lögum heldur má í þessu efni einnig vísa til ýmissa alþjóðasáttmála um umhverfisvernd og stefnumið ríkisstjórnar Íslands."

Og þá komum við að Orkustofnun, og ber vel í veiði að hv. formaður iðnn. er hér inni, því að við erum að lesa upp úr áliti aðila eins og Landsvirkjunar og Orkustofnunar, og við í iðnn. fjöllum nú iðulega um þá þætti sem snúa einmitt að Orkustofnun og Landsvirkjun. En Orkustofnun segir um þessa miðhálendistillögu:

„Það sem þarf að taka tillit til er samþykkt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, en þar segir m.a.: Iðnrh. í samráði við umhvrh. láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árslok 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum auk ferðaþjónustu. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnssvæða og niðurstöður felldar að skipulagi."

Og síðan kemur iðnrn. Þar finnst mér að hv. formaður iðnn., fyrst hæstv. iðnrh. heiðrar okkur ekki með nærveru sinni, þurfi nú að hlusta. Og ekki veit ég hvort hv. formaður iðnn., fulltrúi ráðherra, geti svarað því sem hér kemur fram og hver skoðun hans raunverulega er. Hér stendur frá iðnrn. um þessar miðhálendistillögur:

„Ráðuneytið telur að stefna ríkisstjórnarinnar og raunar flestra ríkisstjórna undanfarna áratugi varðandi nýtingu orkulindanna, sem er að finna á miðhálendinu, endurspeglist ekki í tillögunni."

Það er nú hvorki meira né minna. Það er ekki bara stefna þessarar ríkisstjórnar heldur fyrri ríkisstjórna, sem endurspeglast ekki í þessum tillögum sem liggja fyrir, heldur er miðhálendisnefndin, skipuð 12 fulltrúum sveitarfélaga sem liggja að svæðinu, að búa sér til sínar eigin forsendur. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt. Þetta er alveg grafalvarlegt ef þetta er rétt. Og það á bara að gefa þessari miðhálendisnefnd umboð áfram. Þeir eiga að fá umboð áfram, það á að festa þessa nefnd í sessi hér með lögum. Hún á bara að fá umboð áfram til þess að móta tillögur um skipulag á miðhálendinu. Með tveimur fulltrúum frá Reykjavík og einum frá Reykjanesi og einum frá Vestfjörðum. Tólf á móti fjórum. Auðvitað ræður hún ferðinni þarna ef það kemur að atkvæðagreiðslu í nefndinni.

Þarf hún eitthvað að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem liggja fyrir um stefnumótun í orku- og ferðamálum? Það virðist ekki vera, alla vega hefur hún ekki gert það samkvæmt því sem hér liggur fyrir.

Náttúruvernd ríkisins segir:

„Nauðsynlegt er hins vegar að nú þegar hefjist endurskoðun á skipulaginu með söfnun upplýsinga og athugasemda um forsendur þess og að þeirri endurskoðun verði lokið eigi síðar en árið 2000. Lögð er áhersla á að náttúruverndaryfirvöld komi að því verki."

Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs segir:

„Fyrirliggjandi tillaga felur í sér stefnumörkun fyrir ferðaþjónustuna án þess að nokkur fulltrúi greinarinnar hafi komið þar nærri" — þetta er bara stefnumörkun, hvorki meira né minna, herra forseti, — „né heldur nokkur fulltrúi þeirra stjórnvalda sem hafa með málefni ferðaþjónustunnar að gera, og vinnur nú að stefnumótun fyrir greinina."

Hér er athugasemd frá Jakobi Björnssyni sem virkilega á erindi inn í þessa umræðu, en hann segir:

„Almenn markmiðssetning í kafla 1.5.1 á blaðsíðu 15 er óskýr og ruglingsleg. Það er ekki markmið heldur leið að markmiði að samþætta landnotkun og landnýtingu. Kaflinn Skipulagshugmyndir á þessari blaðsíðu er svo grautarlegur að hann er ónothæfur í núverandi formi sem grundvöllur skipulagshugmynda. Sérstaklega er aðfinnsluvert að orðið „verndarheildir" er gersamlega óskilgreint enda þótt hugtakið sé notað sem einn aðalgrundvöllur skipulagsvinnunnar."

Og hér kemur inngangur að undirskriftalista 137 manna sem hafa tekið sig saman og skrifað undir þá setningu sem allir hljóta að geta tekið undir, þó að þeir hagi sér öðruvísi með gjörðum sínum hér á Alþingi t.d. með því að fela skipulagið á miðhálendinu með þeim hætti sem gera á. En þessi 137 manna hópur segir:

„Við teljum að miðhálendi Íslands sé sameign allra Íslendinga og eigi að skipuleggjast í samvinnu allra landsmanna."

Ég tel það ekki vera að skipuleggja miðhálendið í samvinnu allra landsmanna með þeirri leið sem hér er farin. Auðvitað er mjög skiljanlegt að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson vilji ekki leggja nafn sitt við þessa leið.

Fram kemur hjá Landsvirkjun í seinni athugasemd, eins og það er kallað hér:

„Á ráðstefnu um svæðisskipulag miðhálendisins, sem haldin var 20. sept. sl." — þar er vitnað í Stefán Thors skipulagsstjóra um þetta efni og það er einmitt mjög athyglisvert, herra forseti, að Stefán Thors skipulagsstjóri segir: „Auðvitað má segja svo að áður en ráðist var í gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið hefði átt að gera fimm ára áætlun um víðtækar rannsóknir á svæðinu. Að þeim loknum hefði ríkisstjórn átt að marka stefnu í landnotkun og landnýtingu hinna ýmsu málaflokka. Þegar sú stefna hefði legið fyrir hefði þurft að gera landskipulag sem næði til landsins alls þar sem mörkuð hefði verið stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Að því loknu hefði þurft að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega skiptingu alls landsins og í kjölfar þess að setja lög um eignarhald á afréttum og almenningum. Að þessu loknu hefði ríkisstjórnin getað skipað nefnd að fengnum tilnefningum frá forsrn., iðnrn., samgrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að gera tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins."

Þetta, herra forseti, sem ég er að lesa eftir skipulagsstjóra Stefáni Thors er eins og talað út úr mínu hjarta. Það eru nákvæmlega svona vinnubrögð sem átti að viðhafa varðandi þetta mál í heild sinni. Og það er skipulagsstjóri sjálfur, undirmaður hæstv. umhvrh., sem heldur þessu fram. Þetta eru vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar.

En hér er gengið þveröfugt í hlutina, byrjað á öfugum enda á öllu saman. Stefnumótunin kemur eftir á þegar hún

dugar ekki lengur af því að einhver samvinnunefnd, skipuð nokkrum fulltrúum sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendinu, hefur búið sér til sínar eigin forsendur um hvernig eigi að haga svæðisskipulaginu.

Ég ætla að spyrja hæstv. umhvrh. um þessa leið sem skipulagsstjóri nefnir vegna þess að hún er auðvitað mjög skynsamleg. Og ég held það sé ekkert of seint, það er alls ekkert of seint að fara þá leið sem skipulagsstjóri leggur til, ef menn vilja. Vegna þess að það er auðvitað erfitt að breyta þeim ákvörðunum sem nú á að fara að taka á Alþingi og í framhaldi af því í framkvæmdinni, þó að menn vildu, eftir tuttugu, þrjátíu, fjörutíu ár, þegar menn fara að sjá eftir því hvernig haldið hefur verið á þessum málum.

En skipulagsstjóri segir: „Áður en ráðist er í gerð skipulags fyrir miðhálendið þá á að gera fimm ára áætlun" — það er skynsamlegt — „um víðtækar rannsóknir á svæðinu. Að þeim loknum hefði ríkisstjórnin átt að marka stefnu í landnotkun og landnýtingu hinna ýmsu málaflokka."

Hvað segir hæstv. umhvrh. um það? Liggur fyrir stefna í landnotkun og landnýtingu hinna ýmsu málaflokka á miðhálendinu? Ég spyr um það, herra forseti, og ég mun ítreka þá fyrirspurn þannig að ég vona að hæstv. ráðherra taki það nú til skoðunar þegar hann kemur í ræðustól væntanlega á eftir.

Þegar þessi stefna hefur verið mörkuð um landnotkun og landnýtingu þá hefði þurft að gera landskipulag sem næði til landsins alls þar sem mörkuð hefði verið stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Að því loknu hefði þurft að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega skiptingu alls landsins. En það á greinilega að byrja á því. Það á greinilega að byrja á því sem skipulagsstjóri leggur til að verði gert síðast, og í kjölfar þess að setja lög um eignarhald á afréttum og almenningum. Og að þessu loknu hefði ríkisstjórnin getað skipað nefnd, að fengnum tilnefningum frá forsrn., iðnrn., samgrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að gera tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Það er slík tillaga sem við hefðum átt að vera að ræða hér, nákvæmlega svona tillaga um málsmeðferð og vinnubrögð, málsmeðferð og vinnubrögð, en ekki þetta klúður sem ríkisstjórnin ætlar þinginu að standa að.

Enn og aftur vekur iðnrn. athygli á því að ekkert samráð hefur verið haft við það varðandi vinnu skipulagsnefndarinnar, og það vekur raunar athygli ráðuneytisins að ekki hefur heldur verið haft samband við landb.- og samgrn.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sem menn taka nú yfirleitt mark á, segir: „Það er veikur þáttur í greinargerðinni að samhengið milli gagna og niðurstöðunnar, sem er sjálf skipulagstillagan, vantar að mestu."

Sveinn Helgi Sverrisson segir, með leyfi forseta: „Það er náttúrlega vont að vinna skipulagstillögu út frá ákveðnum forsendum eignarréttar, vitandi það að á sama tíma er nefnd á vegum Alþingis og forsrh. að skoða leiðir til að breyta þeim forsendum."

Náttúruverndarsamtök Íslands segja: „Samtökin telja að það brjóti í bága við tilmæli skipulagsreglugerðar að gera ekki grein fyrir og sýna ekki á skipulagsuppdrætti allar fyrirliggjandi frumforsendur um landnotkun, þar með talið virkjunarhugmyndir. Annars fæst röng mynd af landnotkuninni og forsendur fyrir skipulaginu verða þar með rangar."

Náttúrufræðistofnun Íslands segir: „Óskiljanlegt er hvernig hægt er að leggja til skipulag á hálendinu án þess að jarðfræðilegar minjar hafi verið skilgreindar og tilraun verið gerð til að flokka þær. Náttúrufræðistofnun telur skýlaust að meta eigi umhverfisáhrif uppgræðsluáforma sem fyrir eru á svæðinu."

Samorka segir, með leyfi forseta: „Því er mótmælt að svæði, sem ekki er áætlað að verði tekin til nýtingar á skipulagstímanum, eru ekki auðkennd og aðskilin frá verndarsvæðum. Þar á meðal eru öll helstu háhitasvæðin á hálendinu svo dæmi sé tekið."

Hér kemur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hefur gert sínar athugasemdir og segir: „Svo virðist sem ráðgjafar samvinnunefndarinnar hafi verið misjafnlega í stakk búnir og út á aðferðafræði sumra þeirra má ýmislegt setja. Þetta á m.a. við um opinberar stofnanir eins og Orkustofnun og Landsvirkjun og Landgræðslu ríkisins. Í greinargerð og fylgiritum er ekki að finna skýra frásögn af hugmyndalegum forsendum nefndarinnar fyrir skipulagsvinnunni."

Landvarðafélag Ísland segir, með leyfi forseta: „Hugtakið náttúruverndarsvæði, eins og tillöguhöfundar skilgreina það, virðist ekki byggja á sömu skilgreiningu og hugtakið gerir í náttúruverndarlögum. Þá er skilgreiningin svo víð að alveg er óljóst hvort um er að ræða þjóðgarða, fólkvanga eða annað." Hvorki meira né minna, herra forseti. „Hvað varðar hugtakið „verndarsvæði" verður ekki séð að það eigi sér nokkra stoð í lögum."

Herra forseti. Ég held að engum eigi að koma á óvart þessi gagnrýni sem hefur verið hér innan og utan þings. Það eru margir utan þings, eins og fram hefur komið, sem hafa virkilegar áhyggjur af þeirri þróun og þeim vinnubrögðum sem á að viðhafa að því er varðar miðhálendið.

Síðan finnst mér mjög athyglisverð sú athugasemd sem fram kemur hjá Ingva Þorsteinssyni:

„Við skipulagsgerð eins og hér er um að ræða hlýtur að vera grundvallaratriði að leitað sé allra gagna sem máli skipta um náttúrufar landsins og að trúverðugleiki þeirra gagna og þar með notagildi sé síðan metið. Hafi þetta verið gert hvað varðar gróðurfar hálendisins er niðurstaðan vægast sagt furðuleg. Þær tillögur sem gerðar eru um beitarnýtingu hálendisins taka ekki tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um ástand gróðurs og jarðvegs á hálendinu."

Það er mjög alvarleg athugasemd sem hér kemur fram, að þær tillögur sem gerðar eru um beitarnýtingu hálendisins taki ekki tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um ástand gróðurs og jarðvegs á hálendinu. Þeirrar þekkingar var m.a. aflað með gróðurkortum RALA og með rofkortum RALA og Landgræðslu ríkisins.

Herra forseti. Ég er að verða búin að fara yfir þessa tillögu þó að ég hafi aðeins stiklað á stærstu atriðunum en framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs segir:

„Ekki er annað að skilja en það vaki fyrir skýrsluhöfundum að benda á það sem staðreyndir að hinir ævintýragjörnu ferðamenn skapi mestar tekjur og þeir komi aðeins þar sem aðstæður á hálendinu verði sem frumstæðastar sem aftur kallar á spurninguna: Hvernig fer það saman að hafa mestar tekjur af frumstæðri aðstöðu? Þetta virðist vera meginröksemd skýrsluhöfunda fyrir því að öll uppbygging á hálendinu skuli vera í lágmarki. Ekki er að sjá að þessi skoðun sé studd með niðurstöðum neinna kannana eða rannsókna."

Náttúruverndarsamtök Íslands segja:

„Víða skortir grundvallarupplýsingar og rannsóknir sem eru forsenda svæðisskipulagsáætlana. Gögn og tilmæli er varða gróður- og jarðvegseyðingu, beitarstjórn og stefnu opinberra yfirvalda í náttúruverndarmálum eru lítt eða ekkert reifuð í skipulagstillögunni."

Síðan kemur: „Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í heild vanti skilgreiningar og viðmiðanir um hvað sé merkilegt og hvað þurfi að vernda. Enn fremur er ljóst að mikið skortir á skipulegar skráningar á hinum ýmsu náttúrufarsþáttum."

Síðan er það Landvarðafélagið:

„Ekki eru birtar á grunnkortum allar frumstaðreyndir, t.d. um legu núverandi vega og slóða."

Trausti Valsson og Birgir Jónsson segja:

„Rétt er að benda á orð skipulagsstjóra á ráðstefnu um svæðisskipulag 20. september að e.t.v. var rétt að svæðisskipulagsnefnd miðhálendisins væri skipuð fulltrúum frá þremur ráðuneytum, forsrn., iðnrn. og landbrn. auk fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Rétt væri að sérstök nefnd á vegum forsrn., landsnefnd, gengi frá grunnlínum skipulags á vegum stjórnvalda á landsvísu áður en að frekari vinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins kemur."

Iðnrn. lætur aftur í sér heyra, herra forseti, og segir að það fagni því að vinna við skipulag miðhálendisins sé hafin en margt í tillögum skipulagsnefndar sé gott en því miður séu að mati ráðuneytisins svo stórir annmarkar á tillögunni að gera þurfi verulegar breytingar á henni áður en tímabært sé að afgreiða hana og staðfesta.

Ferðafélag Íslands leggur til við Skipulag ríkisins og umhvrh. að svæðisskipulagi miðhálendisins verði frestað uns eignarréttarmál verða komin á hreint og þá verði skipulag tekið til gagngerrar endurskoðunar í ljósi nýrra viðhorfa og þá komi fulltrúar allra landsmanna að þeirri vinnu. Í þeirri vinnu verði miðað við að hálendið verði ein skipulagsleg heild til framtíðar.

Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs bendir á að ekki sé lokið við gerð þeirrar stefnumótunar í ferðaþjónustu sem hófst 1995 og séu hópar hagsmunaaðila enn þar að störfum. Rannsóknum á ferðavenjum og ferðaþjónustu á miðhálendinu sé ábótavant og því bendir framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs Íslands á að eðlilegast væri að fresta afgreiðslu málsins í tvö til þrjú ár og kalla fulltrúa allra atvinnuráðuneytanna að framhaldsvinnunni.

Greinilega er verið að benda á það aftur og aftur að í tillögunum sé ekki nægilega gætt jafnvægis milli verndar- og nýtingarsjónarmiða. Síðan í lokin, herra forseti, segir framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs:

„Þá er rétt að minna aftur á frv. um þjóðlendur þar sem gert er ráð fyrir nokkurs konar þjóðareign á hluta landsins. Þrátt fyrir það yrði ekki um breytingu að ræða á rétti til skipulags. Skipulag þjóðlendna yrði í höndum viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs vill enn benda á þá skoðun að tillaga umhvrn. um miðhálendið sem sérstakt stjórnsýsluumdæmi verði tekin upp að nýju og skipuð um það sérstök stjórn og sú stjórn látin gera tillögu að skipulagi þess stjórnsýsluumdæmis miðhálendisins."

Rarik segir:

„Nú er svo komið að sú lagaheimild sem samvinnunefndin byggði störf sín á er fallin niður við það að búið er að samþykkja ný skipulags- og byggingarlög. Í nýjum lögum er ekkert fjallað um störf þessarar nefndar eða skipulag miðhálendisins. Í upphaflegu frv. var ákvæði um það en það var fellt út í meðförum þingsins. Því verður ekki betur séð en störf nefndarinnar nú eigi enga stoð í lögum."

Auðvitað er verið að setja lagastoð undir þessa nefnd og festa hana í sessi til frambúðar í því frv. sem hér liggur fyrir frá umhvrh. í þessu máli.

Herra forseti. Mér fannst nauðsynlegt að benda á hversu alvarlegar þessar athugasemdir eru um miðhálendið og hve gagnrýnd eru vinnubrögðin, hvernig gengið er til verka í þessu máli, hvernig byrjað er á öfugum enda, hvernig ekki er tekið tillit til stefnu stjórnvalda í stórum málaflokkum o.s.frv.

Mér fannst ýmislegt mjög athyglisvert koma fram á ráðstefnu sem var haldin um framtíðarskipulag miðhálendisins á Íslandi fyrir þó nokkru en þar var verið að fjalla um þessi mál. Þar kom m.a. fram það sem mér finnst líka eiga erindi inn í umræðuna, herra forseti, og skal ég ekki þreyta þingheim með því að lesa þetta nákvæmlega yfir þó að það væri e.t.v. ástæða til en hér kemur Magnús Jóhannesson inn á ákveðin atriði og segir:

„Það sætir vissulega nokkurri undrun að hve miklu leyti umræðan um auðlindir okkar hefur á síðustu árum snúist um þá auðlegð sem fólgin er í miðhálendi Íslands ef frá er talin sú umræða sem orðið hefur um virkjun fallvatna og nýtingu jarðhita. Lítil áhersla hefur verið lögð á lífríki hálendisins og náttúrufar fyrr en á allra síðustu árum. Æ fleiri landsmenn gera sér grein fyrir nauðsyn þess að umgangast miðhálendið og lítt snortna náttúru þess með varúð vegna þess hversu svæðið er vistfræðilega viðkvæmt. Allar breytingar, svo sem um aukna umferð og ný mannvirki ber að ígrunda og reyna að meta áhrif þeirra til framtíðar áður en teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir á þessu svæði."

Þetta er auðvitað hárrétt. Síðan segir: „Í raun er þessi nálgun í fullu samræmi við meginsjónarmið nýrrar stefnu í umhverfismálum sem við köllum sjálfbæra þróun og byggist á því að áður en ákvörðun um framkvæmd eða nýtingu náttúruauðlinda er tekin skal leitast við að meta áhrif hennar á samfélagið, þ.e. vistkerfið, svo og langtíma efnahagsleg, félagsleg menningarleg áhrif."

Auðvitað hefur ekkert af þessu verið gert, herra forseti, eða hvað? Síðar segir Magnús Jóhannesson:

„Miðhálendi landsins hefur einnig mikið verndargildi fyrir þá sök að þar er að finna flestar uppsprettur grunnvatns sem myndar verðmætasta ferskvatnsforða landsmanna. Að margra mati munu ferskvatnslindir landsins verða með verðmætari auðlindum þjóðarinnar í framtíðinni og því ber við nýtingu miðhálendisins að taka fullt tillit til nauðsynlegrar vatnsverndar á svæðinu. Þá eru einnig ónefndir miklir möguleikar á nýtingu jarðhita víða á miðhálendinu."

Ég ætla ekki að lesa fleira upp úr þessu þó að full ástæða væri til, herra forseti. En ég tel mig hafa í máli mínu farið ítarlega yfir það hvað við erum að fjalla um grafalvarlegt mál sem mun hafa áhrif um ókomna framtíð og þess vegna eigum við auðvitað að vanda til verka og ekki vera að hlaupa til þess að ákvarða stjórnsýsluna á hálendinu með þeim hætti sem hér á að gera. Ég tel að það sé frumhlaup að gera þetta svona og við séum að fara leið, móta framtíð fyrir miðhálendið, fyrir framtíð komandi kynslóða án þess að menn hafi raunverulega áttað sig á hvert á að stefna í þessu máli, t.d. varðandi stefnumörkun í ýmsum stórum málaflokkum eins og ég hef nefnt hér.

Ég segi það enn og aftur, herra forseti, að það er ekki of seint að fara þá skynsamlegu leið sem Stefán Thors skipulagsstjóri bendir á. Það er ekki of seint að fara hana.

Ég tel ástæðu til þess síðar í umræðunni að fara frekar yfir þær tillögur sem hafa komið fram og ýmislegt athyglisvert sem kom fram í framtíðarskipulagi miðhálendisins á þeirri ráðstefnu sem ég nefndi. Ég vil segja það, herra forseti, að

ég teldi skynsamlegast að standa þannig að málum núna að samþykkja frv. forsrh. um þjóðlendur. Að vísu eru ákveðnar breytingar sem þarf að gera á því en grundvallarhugsunin og hugmyndin á bak við það er að miðhálendið sé sameign þjóðarinnar. Það er stórmál sem ég hygg að allur þingheimur styðji og ætti að lögfesta. En ég harma að farið sé í skipulagsþáttinn og stjórnsýsluna á miðhálendinu eins og hér er gert ráð fyrir, eins og hér á að lögfesta á þeim dögum sem eftir lifa af þinginu, herra forseti, og tel að komandi kynslóðir muni ekki þakka okkur sérstaklega fyrir hvernig við stöndum að málinu ef það fer á þann veg sem mér sýnist að stefni í.

Ég vil að síðustu, herra forseti, ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. umhvrh. sem getur haft mjög mikið um það að segja að skynsamlega sé staðið að þessum málum. Ég þykist vita að hæstv. umhvrh. hafi verið að reyna að leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið. En ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst alls ekki að vel hafi tekist til. Mér finnst mikið klúður sett þarna fram að því er varðar svæðisskipulag miðhálendisins, þá breytingu sem boðuð er á skipulags- og byggingarlögum. Mér finnst vinnubrögðin fyrir neðan allar hellur hvað þinginu er boðið upp á. Í miðri 2. umr. um þetta mál er dreift á borð þingmanna hvernig eigi að standa að þeim skipulags- og byggingarþætti sem hefði þurft að vera til umræðu í félmn. um leið og fjallað var um frv. ráðherra. Ég spyr hv. formann umhvn. hvort hann telji ekki ástæðu til þess að hafa frumkvæði að því að boða umhvn. til fundar til að ræða þetta mál. Þó að frv. hafi ekki verið vísað til umhvn., lít ég á þetta sem mikilvægt fskj. við þetta frv. um framkvæmdina á þessu máli og ég spyr formann umhvn. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að umhvn. verði kölluð saman þannig að hún geti á þeim dögum sem við höfum til stefnu lagt mat sitt á þá þætti sem eru boðaðir í þessu frv. Mér fyndist mjög mikilvægt innlegg við 3. umr. þessa frv. til sveitarstjórnarlaga, ef málið fer svo langt, að umhvn. og jafnvel félmn. sem hefur fjallað hvað mest um málið taki það frv. sem hér er lagt fram til kynningar inn í nefndina og fjalli um það efnislega vegna þess að ég er alveg sannfærð um að það mun hafa mikil áhrif á þá atkvæðagreiðslu sem fer væntanlega fram um þetta frv. hvernig menn meta og túlka það sem lagt er fram í þessu frv. og hvernig eigi að standa að svæðisskipulaginu. Eru menn sáttir við þá breytingu sem lögð er til, að festa í sessi þessa miðhálendisnefnd ásamt því að setja þrjá fulltrúa af suðvesturhorninu í nefndina ásamt einum af Vestfjörðum? Eru menn sáttir við það að miðhálendisnefndin sem nú situr, 12 fulltrúar frá héraðsnefndum aðliggjandi sveitarfélaga, geti staðfest þær tillögur sem liggja fyrir áður en þessi samvinnunefnd tekur til starfa sem er ekki fyrr en 1. janúar 1999?

Ég legg alla áherslu á það, herra forseti, að alla vega umhvn. og helst félmn. líka verði gefið svigrúm til að fara yfir þessa þætti í frv. þannig að við getum fengið glögga mynd af málinu, gleggri en okkur er færð nú við 2. umr. málsins þegar við tökum það aftur til 3. umr. Það er ekki boðlegt af framkvæmdarvaldinu að bjóða þinginu upp á það að þegar umræðan er hafin í þessu máli, einum og hálfum klukkutíma síðar, þá sé dreift mikilvægu gagni í þessu máli, mikilvægu frv. sem hefur úrslitaáhrif á afstöðu margra þingmanna. Það kom bersýnilega í ljós að hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Örn Haraldsson, hafði átt von á allt öðru en því sem hæstv. ráðherra kynnti úr ræðustól. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. sjálfstæðismanna, 2. þm. Reykn., gerði sínar athugasemdir við það. Ég gat ekki beint heyrt að hann væri stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Þetta voru menn sem heyrðu það hér úr ræðustól hvað umhvrh. var að boða. Hvað þá með aðra sem ekki höfðu tækifæri til að vera hér og hlýða á þennan boðskap? Mér finnst að það þurfi virkilega að leggja mat á þetta af hálfu þeirrar nefndar sem um þetta á að véla.

Ég spyr formann félmn. sem kominn er í salinn hvort hún telji ekki ástæðu ...

(**Forseti** (StB): Forseti vill minna hv. þm. á að hér eru ekki einstakir þingmenn spurðir.)

Ég vil þá spyrja herra forseta að því hvort ekki væri ástæða til þess að formaður félmn. beiti sér fyrir því að hv. félmn. fjalli sérstaklega um þetta frv. á milli 2. og 3. umr., um þetta frv. sem hefur verið dreift til kynningar um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og gegnir mikilvægu hlutverki í þeirri umræðu sem hér fer fram og sem ræður afstöðu margra þingmanna til þessa máls sem hér er til umræðu og sem a.m.k. tveir þingmenn og sérstaklega hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur gagnrýnt í þessari umræðu og sagt að hann geti ekki fylgt frv. við þessa breytingu. Auðvitað hefðu vinnubrögðin átt að vera þau að félmn. hefði fengið þetta frv. til umfjöllunar og ég er ekki viss um að allir þingmenn hefðu þá stutt málið á þann hátt sem virðist vera vegna þess að mjög margt er við þetta frv. að athuga og ekki síst bið ég hv. þingmenn að lesa þessa greinargerð.

Ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég vara mjög alvarlega við því frv. sem hér á að fara að lögfesta, þá þætti þess sem snúa að miðhálendinu. Við erum auðvitað að fjalla um helstu náttúruperlur landsins og auðlindir þjóðarinnar og hér verður að vanda vel til verka. Og, herra forseti, það skulu verða mín lokaorð, það hefur ekki verið gert að mínu mati. Ég tel mig hafa fært fyrir því ítarleg rök og mun væntanlega fylgja þeim eftir nánar síðar við þessa umræðu eins og tilefni gefst til. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. umhvrh., formanns félmn. og formanns umhvn.

[21:50]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf kannski ekki nema eina mínútu. Ég vil fyrst segja að það vekur undrun mína í hvað hv. þm. hefur eytt ræðutíma sínum, einum og hálfum klukkutíma tæplega og talað um flest annað en það frv. sem hér er á dagskrá, að vísu tengd mál, ég geri ekki lítið úr því og að hluta til beint því til mín. Ég veit ekki hvað ég á að taka mikinn tíma frá hv. þingi til þess að svara spurningu sem ekki varðar það frv. sem er á dagskránni.

Fyrst spurði hv. þm. um það hvernig frv. sem umhvrh. hefur lagt fram í dag komi til með að mæta sjónarmiðum hv. þingmanna. Ég verð að ætla að það geri það vegna þess að átta af níu hv. þingmönnum í félmn. hafa lýst yfir stuðningi við frv., þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga, að vísu með fyrirvara, miðað við það að það sem hér er lagt fram í frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum geti talist ásættanlegt af þeirra hálfu og það er aðeins einn hv. þm. sem ekki treystir sér til þess að fylgja málinu. Að sjálfsögðu veit ég ekki hver afstaða níutíumenningana er.

Hv. þm. spurði hvað ráði vali í nefndina. Það er líklega nokkuð ljóst að annars vegar er verið að tala um samfellu í vinnunni um skipulag miðhálendisins með því að þeir sem hafa verið tilnefndir í sitjandi nefnd sitji þar áfram og þeir sem mest hafa haft uppi gagnrýni um að fá ekki að koma

að málinu fá aðild að svæðisskipulagsnefndinni til þess að fjalla um mál áfram.

Hv. þm. spurði hvort aðrar leiðir en hér eru boðaðar í frv. umhvrh. hefðu verið skoðaðar. Vafalaust hafa menn velt fyrir sér fleiri hugmyndum en af minni hálfu er alveg skýrt að ég tel að stjórnsýsla á miðhálendinu eigi að heyra undir sveitarfélögin þannig að mín afstaða til þessa máls og þess frv. sem hér liggur fyrir mótast auðvitað af því.

Þá velti hv. þm. fyrir sér skoðunum skipulagsstjóra, Stefáns Thors til vinnubragðanna og að skipulagsstjóri hefði sett fram hugmyndir um að það ætti að standa öðruvísi að þessu en miðhálendisnefndin svokallaða hefur gert. Ég minni á að vinna miðhálendisnefndarinnar er að fyrirmælum löggjafans. Hv. Alþingi samþykkti lög um það hvernig standa ætti að þeirri vinnu og ég held að hv. þm. sem hér talaði áðan hafi átt aðild að ríkisstjórn, sennilega setið í henni, þegar það mál var til umræðu á hv. þingi og samþykkt.

[21:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans. Mig undrar að hann skuli halda því fram að ég hafi í mínu máli fjallað um flest annað en það sem er til umræðu. Við erum ekki bara, herra forseti, að fjalla um hvernig við ákvörðum stjórnsýsluna á hálendinu heldur hvaða afleiðingar það hefur og maður þarf auðvitað að leggja mat á hvaða afleiðingar það hefur sem maður er að samþykkja. Það hefur hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gert en mér heyrist nú að margir hér inni hafi kannski ekki áttað sig á því.

Ég spyr ráðherrann af því að hann svaraði ýmsum spurningum sem fram hafa komið. Það er auðvitað hægt að breyta því sem var ákveðið á árinu 1993 og það hefði auðvitað verið skynsamlegra að fara þá leið sem var mörkuð í frv. Eiðs Guðnasonar frá 1991–1992 sem var ekki fylgi fyrir á þinginu og þess vegna var farin þessi leið. Ég spyr hann: Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir, er að vísu ekki til umræðu en hefur mikilvæga þýðingu fyrir umræðuna, getur þá sú nefnd sem nú er að störfum samþykkt þær tillögur sem fyrir liggja eða breyttar þannig að þessi samvinnunefnd sem á að hafa þetta verkefni með höndum komi að orðnum hlut um næstu áramót? Það er mikilvægt að ráðherrann svari þessu og líka því hvers vegna hlutur suðvesturhornsins er svo rýr í skipulagningu og mótun á miðhálendinu.

[21:54]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að endurtaka það sem ég sagði áður um stöðu málanna hvað varðar miðhálendisskipulagið. Það er nú til umfjöllunar í nefndinni sem starfar samkvæmt hinum eldri skipulagslögum og það hafa, eins og hv. þm. vitnaði reyndar til, komið fjölmargar athugasemdir frá hinum ýmsu aðilum. Ég veit ekki hvað það er þykkt skjal en ég veit að þær eru margar og þær eru nú þar til umfjöllunar. Ég hef framlengt starfstíma nefndarinnar þannig að hún geti starfað allt til 1. desember til þess að vinna úr þessum tillögum. Ég er alveg sannfærður um að Skipulagsstofnun muni ekki klára sína vinnu á þeim mánuði sem þar líður á milli, frá 1. desember til áramóta, til þess að skila umhvrh. sínum tillögum um málið. Ég er líka sannfærður um að málið verður ekki frágengið áður en ný nefnd tekur til starfa samkvæmt þessu frv., verði það samþykkt, þannig að mín afstaða í því efni liggi alveg klár fyrir. Ég er sannfærður um að sú nefnd mun hafa alla aðstöðu til að koma að málinu verði hún til, samþykki löggjafinn það að gera þetta frv. sem nú hefur verið lagt fram að lögum.

Ég geri mér vonir um að svo verði. Ég þykist fullviss um að það verði lögfest á haustþingi. Það kom fram líka í umræðum fyrr í dag að ekki væri gert ráð fyrir því að það yrði lögfest á þingi nú fyrir þinglokin.

Auðvitað er hægt að breyta lögum. Það er hægt að breyta afstöðu þings. Það er hægt að breyta meira að segja, þó síðar verði, ef löggjafinn kemst að því að það skipulag sem hér er verið að leggja til ætti að vera einhvern veginn öðruvísi, þá breytir löggjafinn væntanlega þeim lögum.

Það þýðir hins vegar lítið að tala um að það hefði verið betra að samþykkja frv. þáv. hv. umhvrh. Eiðs Guðnasonar þegar það var lagt fram. Það var ekki vilji til þess í þinginu. Mér sýnist hins vegar vera fullur vilji til þess í þinginu nú að samþykkja það frv. sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram og er hér til umræðu, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga. Við sjáum það á nefndarálitunum sem hér hafa komið fram að mikill meirihlutavilji er fyrir því í þinginu.

[21:56]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisvert andsvar vegna þess að hæstv. umhvrh. hefur raunverulega staðfest það hér að hann getur staðfest tillögur núverandi miðhálendisnefndar og verið búinn að því áður en samvinnunefndin kemur að því um næstu áramót. Hann neitaði því ekki.

Síðan er náttúrlega athyglisvert í athugasemdum við frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum að þar segir ráðherrann í greinargerðinni sisvona, herra forseti:

„Nefndinni [þ.e. nýju samvinnunefndinni] er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana.“

Fulltrúar suðvesturhornsins sem koma að þessari vinnu mega sem sagt bara gefa umsögn um þá vinnu eða þær tillögur sem þegar liggja fyrir en engin áhrif hafa á það að öðru leyti, bara gefa umsögn um þær og er nema von að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hafi stoppað við þessa tillögu sem hérna er lögð fram vegna þess að nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana. Og ég spyr hvað það þýðir varðandi fulltrúa suðvesturhornsins og þá Vestfjarða sem koma að þessu: Hafa þessir fulltrúar ekkert ákvörðunarvald í þessari nefnd og um þessar tillögur? Eiga þeir virkilega bara að hafa þann rétt að gefa umsögn um þær sem þeir standa svo kannski frammi fyrir að ekkert mark verði tekið á?

Þetta sýnir enn og aftur ruglið í þessu ferli öllu saman og slæleg vinnubrögð og ég vara við þessu, herra forseti. Ég tel að það sé stórslys ef það á að gera þetta að lögum á þessu þingi.

[21:58]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að ræða aðeins um hvernig þetta frv. var unnið í félmn. Það var mjög ítarlega fjallað um þetta mál þar. Við notuðum mikinn tíma í það og ég vil taka undir orð formanns félmn., hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, fyrr í umræðunni, að það var mjög vel staðið að vinnslu þessa máls og ekkert óeðlilega staðið að málum. Málið var fullunnið í nefndinni og það var tekið út eftir að við vorum búin að fara yfir það mjög vandvirknislega.

Í þessari umræðu hefur mikið verið rætt um að það bæri að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði. Ég get tekið

undir það að vissu leyti. Ég hafði svipuð sjónarmið á fyrri stigum málsins. Ég vildi þá að það yrði skoðað að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði. Það eru ýmsir kostir við það, reyndar ýmsir gallar líka. En ég fann fljótt að enginn vilji var til þess að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði þannig að ég ákvað að leggja alla mína krafta í það ásamt fleiri stjórnarliðum að ná fram nánast því sama, þ.e. að skoða sérstaklega skipulagsþáttinn sem er aðalatriði þessa máls og ég ætla að fjalla um síðar.

Á þessu frv. gerir félmn. nokkrar breytingar og ég ætla aðeins að tipla á þeim hér. Við gerum breytingar á 4. gr. þannig að sveitarstjórn geti ekki ákveðið nafn sveitarfélags nema að fenginni umsögn örnefnanefndar. Það er betra ferli en að var stefnt, að fara ætti með nafngiftir sveitarfélaga eins og um nafngiftir tiltekinna býla.

Við höfum líka lagt til breytingu á 5. gr. varðandi byggðarmerki. Þar kom sterk ábending frá Einkaleyfastofunni um að sá farvegur sem þau mál áttu að fara í samkvæmt frv. væri ekki nógu skýr og það mundi skarast á milli ráðuneyta þannig að ákveðið var að fella niður svokallaða byggðarmerkjanefnd sem frv. gerði ráð fyrir og fela Einkaleyfastofunni hlutverk hennar. Reyndar er það svo að byggðarmerki þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur, þ.e. kröfur skjaldarmerkjafræðinnar. Það eru afar fáir sem hafa þekkingu í skjaldarmerkjafræðum á Íslandi og við leggjum til í okkar áliti að iðnrh. setji reglur um skilyrði sem byggðarmerki þurfa að lúta, þar á meðal að þau falli að skjaldarmerkjafræðum.

Við 7. gr. lögðum við til breytingu sem varðar almennar skyldur sveitarfélaga en fjölmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa þessi fyrirtæki greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Hér er aðallega um hitaveitur að ræða. Fjölmörg sveitarfélög hafa getað tekið inn talsverðar tekjur af hitaveitum og segja má að alveg sé réttlætanlegt að þau sveitarfélög sem búa það vel að eiga slíkar auðlindir ættu að geta notið þeirra eins og ýmis sveitarfélög njóta annarra auðlinda sem þau hafa. Hér er skotið stoðum undir slíka heimild til þess að þessi fyrirtæki greiði sínum sveitarfélögum arð. Það kemur fram í okkar áliti að í framhaldi af þessu muni þurfa að gera breytingar á orkulögum og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. En mér skilst að þau muni koma fyrir þingið næsta haust. Væntanlega verður þar kveðið eitthvað á um hvað sveitarfélög geta tekið t.d. mörg prósent í arð af sínum orkuveitum.

Við leggjum líka til breytingu á 3. mgr. 19. gr. sem fjallar um hæfi sveitarstjórnarmanna. Þar skilgreinum við nánar hvað átt er við og bætum við að þar sé um að ræða tiltekin mál sem lögð eru fyrir sveitarstjórn. Við getum tekið sem dæmi að í framboð fari manneskja sem starfi á skrifstofu hjá sveitahreppi og það gætu komið upp áhöld um hvenær slík manneskja er hæf eða vanhæf til þess að fjalla um mál í sveitarstjórn ef hún næði kjöri. En hér er verið að þrengja skilgreininguna þannig að það væru einungis tiltekin mál sem slíkur aðili eða slíkur starfskraftur hefði komið að sem hann ætti ekki að fylgja alla leið í gegnum sveitarstjórnina.

61. gr. frv. fjallar um fjárhagsáætlanir og í brtt. leggjum við til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum þannig að við fellum út það sem er í frv. um að sveitarfélög eigi að gera og skila fjárhagsáætlunum fyrir áramót en það hefur komið í ljós að t.d. framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru ekki komin á hreint fyrr en eftir áramót og þykir þá ekki óeðlilegt að leyfa sveitarfélögunum að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum eins og þau gera nú, þ.e. eftir áramót.

Við breytum einnig 65. gr. sem fjallar um miklar fjárfestingar. Þar er lagt til að skylt verði að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila ef kostnaðaráætlun fer fram úr ákveðinni upphæð að því verki sem á að fjárfesta í. Hér er rétt að taka fram varðandi það hver þessi sérfróði aðili er, að t.d. getur verið um að ræða viðskiptafræðimenntaðan eða tæknimenntaðan aðila sem vinnur á bæjarskrifstofunum.

Varðandi eftirlitsnefndina sem er kveðið á um í 74. gr. frv., þá gerum við breytingu sem minnkar, má segja, vald hennar, þ.e. að ákvarðanir þessarar eftirlitsnefndar eigi ekki að vera endanlegar á stjórnsýslusviðinu heldur verði hægt að kæra þær til ráðherra. Það er því verið að minnka vald eftirlitsnefndarinnar. Hún er ekki endanlegt stjórnvald.

Að lokum er lögð til breyting á 94. gr. frv. Hún gengur út á að hægt verði að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en slík sameining á ekki að hafa áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Tekið er fram í áliti meiri hluta nefndarinnar að hér sé átt við sameiningu nærliggjandi og nálægra sveitarfélaga, þ.e. að það ætti væntanlega ekki að vera hægt að sameina sveitarfélag á Vestfjörðum og Reykjavík svo dæmi sé tekið. Þessi breyting þýðir að ef sveitarfélög óska þess að sameinast þvert á kjördæmamörk í framtíðinni þá þarf ekki að fara með lítil fylgifrumvörp í gegnum þingið eins og við höfum t.d. gert á yfirstandandi þingi þar sem var samþykkt að sameina Kjalarneshrepp og Reykjavík.

Þetta voru helstu brtt. sem við í félmn. lögðum til við þetta frv.

Varðandi skipulagsþáttinn sem hér hefur kannski verið langmest rætt um og er kannski ekkert skrýtið — það er bærileg sátt um allt annað — þá er ljóst að bæði ég og hv. þm. Pétur Blöndal gerðum fyrirvara um stuðning okkar við þetta frv. Í þeim fyrirvara kemur fram að við teljum eðlilegt að skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins verði skipað þannig að um eina skipulagslega heild verði að ræða. Við tökum einnig fram í okkar fyrirvara að fulltrúar allra landsmanna eigi að koma að ákvörðun um þetta skipulag. Í dag er ekki skylt að skipuleggja miðhálendið sem eina heild heldur er um það heimildarákvæði og það er of veikt að okkar mati. Tveir aðrir hv. þm., Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson, gera svipaðan fyrirvara og við hv. þm. Pétur Blöndal gerum við þetta frv.

Fram kom í umræðunni fyrr í dag að nú þeki sveitarfélög hluta Íslands og að með samþykkt þessa frv. hérna værum við að færa framkvæmdarvaldið á um það bil helmingi Íslands eða 40% til sveitarfélaga. Þetta er ekki rétt. Þetta er alls ekki rétt. Þetta taldi ég sjálf reyndar um tíma og ég finn að margir telja að þetta sé svona. En þetta vald er hjá sveitarfélögunum í dag hvort sem okkur líkar betur eða verr. Miðhálendið skiptist upp í fjölmarga afrétti og í 3. mgr. 3. gr. núverandi sveitarstjórnarlaga stendur að afréttir falli undir sveitarfélög þannig að í dag er það svo að nánast allt miðhálendið fellur undir sveitarfélög, utan jökla og lítillar ræmu efst á miðhálendinu utan afrétta, það er einungis það svæði sem nú er fjallað um að eigi að falla undir sveitarfélögin og það eru alls ekki 40% landsins. Það er mun minna. Þetta vita hv. þm., að það er rangt að við séum að færa 40% Íslands í dag undir sveitarfélögin. Núverandi lög segja að afréttir falla undir sveitarfélög þannig að þessi tala stenst engan veginn.

Ef miðhálendið yrði hins vegar gert að einu stjórnsýslusvæði þá er það alveg rétt að það væri góð leið að því leyti að þá væri hægt að ná utan um skipulagsþáttinn. En búið er að dreifa á borð þingmanna tillögu að breytingu á skipulags- og

byggingarlögum þar er tekið á því þannig að með samþykkt slíkrar tillögu á þetta svæði að verða ein skipulagsleg heild. Skylt yrði að gera heildstætt svæðisskipulag og ákveðið ferli gagnvart aðalskipulaginu þannig að við sæjum ekki 42 kökusneiðar eins og sumir hafa kallað það svo í umræðunni, að þær yrðu skipulagðar þannig að ekkert samræmi væri þar á milli. Það er ekki hugsanlegt eftir samþykkt frv. sem hér hefur verið lagt á borð hjá okkur í dag, frv. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum.

Í því frv. er einnig komið til móts við þau sjónarmið sem bæði ég og fleiri þingmenn höfum haft uppi um að fleiri sjónarmið ættu að koma þar að en hafa komið að hingað til, þ.e. í vinnu núverandi samvinnunefndar, en þar eiga sæti fulltrúar frá héraðsnefndum sveitarfélaga aðliggjandi miðhálendinu.

Í þessu nýja frv. sem við höfum séð í dag um breytingu á skipulags- og byggingarlögum er bætt við í þá nefnd eða við þann fjölda fulltrúa sem nú eru þar, íbúum frá þéttbýlinu, þ.e. tveir eiga að koma frá Reykjavík, einn frá Reykjanesi, einn frá Vestfjörðum og síðan eiga að koma (**Gripið fram í:** Vestmannaeyingur?) fulltrúar frá ríkisvaldinu, þ.e. frá umhvrn. og félmrn. sem ég tel vera afar mikilvægt að fá þarna inn í nefndina. Ég skal ekki segja hvort þeir koma frá Reykjavík, Reykjanesi eða einhverjum öðrum kjördæmum, en þeir eru fulltrúar ríkisvaldsins, þ.e. landsins alls. Hér er því tekið á þessum helstu atriðum sem ég hafði sett fyrir mig, þ.e. að tryggt er að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild. Í þessari nefnd koma fram sjónarmið frá íbúum alls landsins.

Við getum auðvitað deilt lengi um það í hvaða hlutföllum þessir aðilar eiga að vera þarna inni. (**ÖS:** Hvað koma margir úr Reykn.?) Ég er hins vegar mjög sátt við þessa lendingu. Þarna koma þessi sjónarmið að og það er mjög ánægjulegt að okkur tókst að lenda því þannig. (**Gripið fram í:** $^{1}/_{15}$ úr Reykjanesi.) Við erum því búin að ná þeim eiginleikum sem eitt stjórnsýslusvæði ber í sér.

Þá það sem stendur út af. Hver er munurinn á þessari leið og að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði? Það sem stendur út af eru önnur verkefni sveitarfélaga en skipulags- og byggingarmál. Það er t.d. heilbrigðiseftirlitið sem ég tel ekki mjög brýnt að sé tekið af þessum sveitarfélögum og það eru önnur hefðbundin verkefni sveitarfélaga eins og öldrunarþjónusta, skólaþjónusta, félagsþjónusta og ýmislegt annað sem snýr að þjónustu við fólk. En þetta hefur lítið gildi á miðhálendinu þar sem engir íbúar eru, a.m.k. ekki nú.

Ég vek hins vegar athygli á því að fyrr í umræðunni hafa jafnaðarmenn talað mjög fjálglega um að þeir vilji gera þetta að einu stjórnsýslusvæði og hafa sagt að okkar málflutningur og tillögugerð beri vott um valdníðslu og hroka. Ég get alls ekki tekið undir það og minni á að Alþfl. kom sterklega að málum fyrr á Alþingi þegar málum var stýrt í þann farveg sem þau eru í núna. Þá var skipuð miðhálendisnefnd sem í eru þeir fulltrúar sem þar hafa starfað síðan og þar er enginn frá þéttbýlinu, hvorki frá Reykjavík né Reykjanesi og enginn frá Vestfjörðum. Og mér hefur borist til eyrna að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt sérstakan blaðamannafund til þess að kynna þessa nefnd þannig að varla var það valdníðsla og hroki.

Í umræðunni hefur líka verið komið inn á að þetta frv. sem fjallar um skipulags- og byggingarlög sé óþarfafrv. Það er alls ekki þannig. Í núgildandi skipulags- og byggingarlögum er einungis um heimildarákvæði að ræða. Það er að mínu mati ekki nóg þannig að frv. um skipulags- og byggingarlög felur alveg skýrt í sér að skipuleggja eigi miðhálendið sem eina heild og það tryggir líka aðkomu þeirra landshluta sem ég taldi upp áðan.

Ég hefði viljað skjóta því einnig inn að í núverandi samvinnunefnd eru 12 eða 13 karlmenn að mig minnir og ég teldi mjög æskilegt og vona svo sannarlega að núna þegar nefndin stækkar verulega, verður 18 manns, að þar verði einnig konur og sjónarmið þeirra komi líka fram.

Hér hafa komið fram þau sjónarmið að brýnt væri að ná málinu fram á þessu vori. Það hafa fulltrúar Alþb. komið með og það má svo sem segja að fræðilega væri það hugsanlega hægt en ég bendi þá á að þingflokksformenn verða að taka slíkt upp. Væntanlega mundi það lengja þinghaldið og ég býst varla við því að þingmenn vilji lengja þinghaldið fram yfir 8. maí en ef þingflokksformenn ná samstöðu um að lengja þinghald væri ég tilbúin til þess að sitja yfir þeirri vinnu.

Ég vil líka minnast á tillögu minni hluta félmn. sem er með sérstaka útfærslu á þessu eina stjórnsýslusvæði sem yrði stýrt af að mig minnir níu aðilum og þar kæmu fimm frá ráðuneytum en fjórir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þ.e. frá sveitarfélögunum. Það vekur athygli mína að þau ráðuneyti sem þar eru talin upp eru forsrn., félmrn. og umhvrn. Gott og vel, en þarna kemur líka samgrn. og iðnrn. að. Ég vek athygli á því að þau ráðuneyti eru ekki inni í stjfrv. þannig að ég býst við að það yrðu harðari átök í þessari nefnd sem fulltrúar Alþfl. hafa stungið upp á að stýri þessu eina stjórnsýslusvæði en sú miðhálendisnefnd sem stjórnarflokkarnir hafa stungið upp á að færi með skipulagsmál á miðhálendinu.

Virðulegi forseti. Þar sem langt er liðið á kvöldið ætla ég ljúka máli mínu með þeim orðum að ég fell frá þeim fyrirvara sem ég hef gert við stuðning minn við sveitarfélagafrv. Það er alveg ljóst að það er góð samstaða um þessa lendingu í félmn. sem hefur legið lengi yfir málinu. Þar sýnist mér að átta af níu styðji í stórum dráttum þá leið sem hér er farin og ég er mjög sátt við að það hafi náðst nokkuð góð pólitísk breidd um að afgreiða málið þannig.

[22:19]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var aldeilis furðuleg ræða hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég átti von á því að hún mundi ekki ljúka ræðunni á því að falla frá fyrirvaranum heldur tvöfalda þann fyrirvara sem hún hafði við málið.

Það kemur í ljós þegar lesið er þetta sáttafrv., sem hún greindi frá, að m.a. er fólgið í því að skipa 18 manna nefnd. Það kemur einn fulltrúi af Reykjanesi þar sem búsett eru 73 þúsund manns. Það koma tveir fulltrúar frá Reykjavík þar sem búsettir eru yfir 110 þúsund manns. Þar sem $^{2}/_{3}$ hlutar þjóðarinnar búa koma $^{1}/_{6}$ af fulltrúum í nefndinni. Þar að auki á nefndin ekkert að hafa að segja vegna þess að gamla nefndin getur klárað skipulagið og ráðherra getur staðfest það eins og segir í þessu frv. Þetta er markleysa ein og það væri nær af hv. þm. að koma hér upp eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hafði þó manndóm í sér til að gera fyrr í kvöld og lýsa andstöðu við það upplegg sem hér er á ferðinni.

[22:20]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Valdahlutföllin í nefndinni skipta mig ekki höfuðmáli og ég sagði við fyrri umræðu um málið að þó að hver einasti íbúi landsins byggi í hálendissveitarfélögum sem liggja að hálendinu eða 100% væri ég mótfallin því að þetta væri ekki eitt skipulagssvæði þannig að í huga mínum

er aðalmálið að við erum að samþykkja að miðhálendið verði eitt skipulagssvæði.

Hins vegar er ég mjög ánægð með að sjónarmið þéttbýlisbúa koma inn í nefndina. Það koma sjónarmið frá Reykjavík, það koma sjónarmið frá Reykjanesi og frá Vestfjörðum, ekki gleyma því. Það má líka benda á að það verður fulltrúi frá félmrn. og umhvrn. sem eru fulltrúar ríkisvaldsins og þessara ráðuneyta sem ættu að gæta faglegra hagsmuna og hagsmuna landsins alls.

[22:21]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að þingmaðurinn leggur ekkert upp úr því að fulltrúar fólksins komi að þessari ákvörðun. Hún er kosin á þing af fólkinu, af nokkrum þúsundum manna í Reykjaneskjördæmi þar sem búa yfir 70 þús. manns. Umræðan hefur meira og minna snúist um að íbúar á þéttbýlissvæðinu fengju eðlilega aðild að skipulagsmálum á miðhálendinu. Málið hefur ekki snúist um neitt annað. Svo kemur í ljós að í frv. er ekki gert neitt með aðild fulltrúa á þéttbýlissvæðinu, það er beinlínis lýst yfir fyrirlitningu á þeim sjónarmiðum að fólkið fái að koma að þessum málum og sett upp, ekki bara sú móðgun að ætla þeim ekki hlut í sýndarnefndinni, heldur er einnig beinlínis gert ráð fyrir að nefndin hafi í reynd engin áhrif. Bæði er hægt að vera búinn með skipulagið og í öðru lagi getur aðalskipulagið tekið af þetta svæðisskipulag. Upplegg hv. þm. er móðgun við íbúa í Reykjanes- og Reykjavíkurkjördæmi.

[22:23]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr hv. þm. Ágúst Einarsson: Hvar eru fulltrúar Reykjavíkur og Reykjaness í tillögunni sem Alþfl. leggur fram? Það er ekkert fast í hendi með það. Þar eiga að vera fjórir fulltrúar frá sveitarfélögunum, ekkert sagt hvaðan þeir eiga að koma og það eiga að vera fimm fulltrúar frá ráðuneytum og þar af á að vera einn frá iðnrn. og einn frá samgrn. Ég spyr: Hvaða sjónarmið heldur hv. þm. að komi fram með þeim fulltrúum?

Það að þessi nefnd eigi ekki að hafa neitt vald yfir núverandi vinnu sem búið er að vinna í samvinnunefndinni er ekki alveg rétt. Þessi nefnd á einmitt að gefa umsögn um þá tillögu áður en hún fer til ráðherra og síðan á nefndin eftir hverjar einustu sveitarstjórnarkosningar að meta hvort endurskipuleggja eigi og taka upp þetta svæðisskipulag og endurskoða það.

[22:24]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var dapurlegt að hlýða á ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og skynja það mikla niðurlag sem fólst í ræðunni. Hv. þm. sker sig frá öðrum þingmönnum í þessum sal að því leyti til að hún sló sig til riddara í fjölmiðlum vegna þess að hún sagði að hún væri á móti því fyrirkomulagi sem var lagt fram. Nú hefur hún haldið heila ræðu og gumar af því að það sé henni að þakka að það frv., sem hefur orðið að aðalumræðuefni í kvöld, er lagt fram.

Hver er hinn mikli sigur hins glæsilega riddara sem kom á hinum hvíta hesti Reyknesinga og ætlaði að bjarga rétti þeirra? Einn fulltrúi af 18 kemur úr Reykjanesi en 13–15 fulltrúar koma frá þessum 4% sem búa í 40 sveitarfélögum eða eitthvað örlítið meira.

Herra forseti. Það er mjög langt síðan ég hef séð einn glæstan riddara falla jafnherfilega af baki eins og hv. þm. gerði í ræðu sinni. Það var satt að segja ömurlegt á að horfa og hlýða.

[22:25]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi hlut Reyknesinga svaraði ég því í fyrra andsvari mínu og ætla ekki að endurtaka það hér. Ég hef ekki tíma til þess. Ég vil bæta því við að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ég hefði verið á móti því sem kom fram í frv. á fyrri stigum og það er rétt. Hins vegar er núna búið að tryggja það sem ég vildi, þ.e. að miðhálendið verður ein skipulagsleg heild. Það var ekki tryggt á fyrri stigum málsins. Nú er það tryggt með framkomu samkomulags um skipulags- og byggingarmál. Þar er tekið fast á því að það á að skipuleggja miðhálendið sem eina heild. Það er ekkert heimildarákvæði. Það á að gera það og ég er mjög sátt við að það náðist fram.

[22:26]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði líka þannig á fyrri stigum umræðunnar að hún vildi að íbúar þéttbýlisins hefðu sinn rétt til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ber að skilja orð hv. þm. með þeim hætti að sá réttur sé tryggður með því að einn fulltrúi úr Reykjanesi komi að málinu? Má ég minna hv. þm. á að framsóknarmenn í Reykjaneskjördæmi gerðu sérstaka samþykkt til þess að brýna hv. þm. og hv. þm. Hjálmar Árnason til þess að gefa hvergi undan.

Við sjáum hverjar lyktir þessa máls eru. Af því að hv. þm. segir að það sé búið að ráða til lykta skipulags- og byggingarmálum á þessum svæðum langar mig til að spyrja hv. þm.: Hver á að gefa út byggingarleyfi á miðhálendinu?

[22:27]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi aðkomu íbúa þéttbýlisins skal ég endurtaka það ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson endilega vill. Það er rétt að einn á að koma frá Reykjanesi. Tveir eiga að koma frá Reykjavík, (**Gripið fram í:** Svaraðu þessu með byggingarleyfið.) einn á að koma frá Vestfjörðum, einn á að koma frá félmrn. og einn frá umhvrn. þannig að þarna koma að miklu breiðari sjónarmið en var í fyrri hugmyndum um aðkomu íbúa að skipulagsmálunum. Núna eru það bara íbúarnir sem búa í sveitarfélögunum sem liggja að miðhálendinu. Hér er verið að breikka þennan hóp allverulega. (**Gripið fram í:** Hvað með byggingarleyfið?)

[22:28]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt satt að segja að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir væri talsmaður jöfnunar á kosningarrétti. Nú ætlar hv. þm. að sætta sig við í þessu stóra máli sem skiptir svo miklu fyrir framtíð þjóðarinnar að 4–5% þjóðarinnar hafi 12 fulltrúa í að skipuleggja miðhálendið en 95% þjóðarinnar fjóra fulltrúa. Ekki nóg með það heldur hafa þessir fjórir fulltrúar ekki einu sinni ákvörðunarrétt, þeir hafa eingöngu samráðsrétt vegna þess að núverandi miðhálendisnefnd gæti verið búin að ganga frá tillögunum, ráðherra að staðfesta þær og þá þarf einungis að leita álits þessara fjóra fulltrúar sem koma af þessum svæðum.

Ég vil líka spyrja hv. þm. að því með tilliti til þess frv. sem hér liggur fyrir og við erum fyrst að fá á borðin í dag, hvort hún muni sem varaformaður félmn. beita sér fyrir því að þetta mál fari milli 2. og 3. umr. til umfjöllunar í félmn. þannig að nefndin geti metið hvað er á ferðinni því ég held

að hér sé á ferðinni allt annað en margir þingmenn áttu von á samanber afstöðu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar.

[22:29]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi samanburð á þessu máli og jöfnun kosningarréttar er það alveg rétt að ég hef verið talsmaður þess að landið væri eitt kjördæmi þannig að einn maður fengi eitt atkvæði en það er ekki einungis á þeim forsendum heldur tel ég óeðlilegt að hafa landið í kjördæmum og sé að það eru ýmsir hagsmunir sem stangast þar á.

En þó að ég hafi þær skoðanir mun ég trúlega samþykkja tillögur um breytingar á kosningalöggjöfinni þó að hugmynd mín nái ekki fram að ganga. Ég mun samþykkja það sem gengur verulega til móts við þær hugmyndir sem ég hef eins og ég er að gera í þessu máli. Þetta gengur verulega til móts við þær hugmyndir sem ég hef varðandi skipulagsmál á miðhálendinu að þarna komi að fleiri sjónarmið en áður og þetta verði ein skipulagsleg heild.

Varðandi núverandi tillögu að svæðisskipulagi á miðhálendinu væri athyglisvert að heyra hvort hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er á móti þeirri tillögu sem hefur verið auglýst. Er hv. þm. á móti henni?

[22:30]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist vera talsmaður þess að einn maður hefði eitt atkvæði. Nú ætlar hv. þm. að styðja það að 95% þjóðarinnar hafi fjögur atkvæði en 5% hafi tólf. Þetta fer auðvitað ekki saman.

Mér finnst nokkuð athyglisvert að hv. þm. svarar því ekki, sem er mjög mikilvægt fyrir ýmsa þingmenn sem ég held að séu nú óráðnir í afstöðu sinni, eftir að þetta frv. hefur verið lagt fram, hvort hún sem varaformaður félmn. muni beita sér fyrir því að frv. verði skoðað milli 1. og 3. umr. Þetta frv. hefur auðvitað mikilvæg áhrif á það hvernig skipulaginu á miðhálendinu verður háttað, miðað við hvernig nefndin á að vera samansett, miðað við aðkomu hennar að svæðisskipulaginu og nánast enga aðkomu að aðalskipulaginu. Mun hún beita sér fyrir því að þetta mál verði skoðað milli 2. og 3. umr. í félmn.?

[22:31]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var rétt að ég náði ekki að svara þessu í fyrra svari mínu vegna tímaleysis. Ég skal gera það núna. Ég gerði það reyndar í ræðu minni hér áðan. Ég sagði að ef menn vildu lengja þingið, þá væri ég tilbúin til þess að sitja yfir þessu máli til að ná því í gegn á yfirstandandi þingi. Það er mál sem þingforsetar með formönnum þingflokka verða að taka upp. Ég er reiðubúin til þess að sitja lengur en til 8. maí til að koma þessu máli í gegn. Það er alveg ljóst.

[22:32]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur áður komið fram að ég tel að frv. til laga sem hér er lagt fram, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, gangi ekki nógu langt til móts við þau sjónarmið sem ég hef haldið á lofti.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um eitt atriði. Hér segir: „Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, ...“ Hér er ekkert minnst á héraðsnefndirnar eins og verið hefur varðandi yfirstandandi svæðisskipulagsnefnd. Hvernig skilur þingmaðurinn þetta? Styður hann þessa útfærslu? Hvernig eiga þessi 42 sveitarfélög að koma sér saman um tólf fulltrúa? Hvað um sveitarfélög sem eiga ekki aðild að miðhálendinu, eins og Villingaholtshreppur og hreppur þess sem nú situr í forsetastóli? Hans sveitarfélag á ekki lengur aðild að skipulagi hálendisins en á þar þó afréttarréttindi.

[22:33]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Varðandi þetta atriði, virðulegur forseti, þá býst ég við að þessi tólf manna tala sé sett niður vegna þess að núverandi samvinnunefnd eru tólf manns frá aðliggjandi sveitarfélögum. (Gripið fram í.) Forseti, ég vil biðja um hljóð hérna.

(**Forseti** (GÁ): Hljóð í þingsal.)

Hins vegar býst ég við að eins og þessi texti er hér á blaðinu, þá gætu þessi sveitarfélög tilnefnt fulltrúa, aðra en úr sínum eigin sveitarfélögum ef svo ber undir. Hvort þau yrðu nú hér á höfuðborgarsvæðinu skal ég ekkert segja en mér finnst það frekar ólíklegt. En ef hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sér mikla annmarka á þessu og telur æskilegra að hafa héraðsnefndirnar inni í, þá væru hæg heimatökin að skoða það sérstaklega í umhvn. hjá hv. þm. Þetta væri í betri farvegi en hann telur í dag í dag. (**JóhS:** Kalla saman umhvn.)

[22:35]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá miklu umræðu sem þetta stjfrv. Alþb. og óháðra fær hér í kvöld þó það sé ekki komið á dagskrá í raun. Við erum eini flokkurinn hér í þinginu sem viljað hefur kannast við þetta mál. Ráðherrann hefur hótað að bregða fæti fyrir málið og stöðva það en við munum freista þess eins og kostur er, þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður, að ná því fram hér í þinginu.

Út af orðum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur vil ég segja að ég mun beita mér fyrir því að málið komist á dagskrá og komist síðan til nefndar. Ég heiti á hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson að tryggja að málið fái afgreiðslu í umhvn. Það þarf ekkert að sitja fleiri, fleiri daga yfir máli af þessu tagi. Málið er bersýnilega þannig að fólk hefur setið lengi yfir því og náð um það pólitísku samkomulagi og þá á að vera hægt að leysa málið á þeim grunni.

Og hv. 13. þm. Reykv. sagði reyndar fyrr í kvöld að málið væri skref í rétta átt þó það væri stutt skref. Ég er því nokkuð sannfærður um að hægt verði að leysa málið ef okkur tekst að brjóta á bak aftur andstöðu ráðherranna sem flytja það.

[22:36]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að hugsanlega væri að ná þessu í gegn á yfirstandandi þingi, en ég met það þannig að þá mundum við nú sitja eitthvað lengur en til 8. maí. Hér eru stór mál sem eiga eftir að fá afgreiðslu.

Við sátum hér fyrir stuttu síðan yfir gagnagrunnsmálinu. Þar var málið ekki sent út til umsagnar. Þar voru menn fengnir beint til nefndarinnar til að koma með athugasemdir. Hið sama mætti gera í þessu máli. En það er nokkuð sem þingforsetar verða að taka upp.

[22:37]

**Útbýting þingskjala:**

Álagning opinberra gjalda, 612. mál, svar fjmrh., þskj. 1274.

Gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera, 517. mál, svar fjmrh., þskj. 1248.

Happdrætti Háskóla Íslands, 174. mál, nál. allshn., þskj. 1293.

Söfnunarkassar, 156. mál, nál. allshn., þskj. 1293.

[22:37]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Hér hefur margt verið sagt sem mér finnst orka mjög tvímælis og ekki síst það sem hraut út úr síðasta ræðumanni hér í andsvari, að hún væri alveg sérstakur stuðningsmaður þess að hver maður fengi eitt atkvæði. Mér fannst það mjög athyglisverð yfirlýsing og vildi gjarnan fá það upplýst hvort þingmaðurinn viti dæmi þess að einhver kjósandi hafi fengið minna en eitt atkvæði þegar hann fór inn í kjörklefann. Því ef svo væri þá teldi ég það mjög alvarlegt mál sem fyllsta ástæða væri til að hæstv. félmrh. léti sig varða fyrr en seinna.

Herra forseti. Nú hefur mest verið rætt um skipulagsmál á hálendinu, sem er reyndar algert aukaatriði í þessu frv. til sveitarstjórnarlaga. Sem dæmi um hversu mjög umfjöllunin um málið hefur afvegaleiðst, vegna þess að hlaupið hefur nokkur hiti í þetta atriði sem að mínu viti er víkjandi í málinu öllu, horfði ég á það í sjónvarpsfréttum kl. 8 í kvöld er ágætur fréttamaður stöðvarinnar flutti frétt um þetta mál og tók viðtöl við eina fjóra þingmenn um það. Honum tókst að komast hjá því að láta það koma fram í fréttinni að frv. til umræðu væri frv. til sveitarstjórnarlaga. Í allri fréttinni kom aldrei fram hvaða mál væri til umræðu. Þeir sem hlýddu á fréttina hafa væntanlega haldið að hér væri um að ræða eitthvað sérstakt frumvarp um skipulagsmál á hálendinu, sem við höfum verið að ræða hér í allan dag. (**Gripið fram í:** Kynnt sem hálendismál.) Kynnt sem hálendismál, já.

Þó ég vilji ekki gera lítið úr því að menn hafi haft skoðanir á málinu og hiti hlaupið í einstaka menn út af því, þá verð ég að ítreka það sjónarmið mitt að ég tel að þetta sé algert aukaatriði í þeim viðamikla bálki sem heitir frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Ég held að það sé rétt að ég afgreiði strax í upphafi máls míns skoðun mína á þessu atriði. Ég er þeirrar skoðunar að skipulags- og byggingarmál séu verkefni sveitarfélaga. Það hefur verið ákveðið með lögum og ég hygg að það hafi verið gert ágreiningslaust hér í þinginu, þegar skipulags- og byggingarlög voru afgreidd á síðasta ári. Þingheimur var þá sammála um að það væri verkefni sveitarfélaga að annast skipulags- og byggingarmál.

Ég er svo sem ekki sannfærður um það að það sé rétt. Við erum með mörg sveitarfélög, ég man nú ekki í svipinn hversu mörg en líklega um 140 eða svo. (**Gripið fram í:** 130.) Um 130. Augljóst er að a.m.k. vissir þættir skipulagsmála samrýmast ekki vel milli sveitarfélaga þegar þeim er deilt niður á svona margar einingar. Ég er alveg tilbúinn til að ræða það sjónarmið að rétt sé að hluti af skipulagsmálum, a.m.k. sá hluti sem þarf að skipuleggja heil svæði, sé ekki verkefni sveitarfélags eða félaga heldur verkefni einhvers annars. Þar stendur hins vegar hnífurinn í kúnni því við eigum ekki stjórnsýslustig til að taka við því verki.

Ég er alveg ákveðið á þeirri skoðun að til þurfi svæðisstjórnsýslustig. Ég tel að það dugi okkur einfaldlega ekki að hafa þá tvískiptingu framkvæmdarvaldsins sem við búum við, annars vegar í ríki og hins vegar í sveitarfélög, og þörf sé á svæðisstjórnsýslustigi. Og það stig, ef til væri, væri að mörgu leyti vel til þess fallið að fara með þau skipulagsmál sem skynsamlegt væri að heyrði undir það.

En nú er þetta stjórnsýslustig ekki til og ekki mikill stuðningur við það, a.m.k. ekki eins og sakir standa, þannig að menn hafa ákveðið að hafa þetta hjá sveitarfélögunum. Þar með er ég ekki tilbúinn til að taka frá sveitarfélögunum einhvern einn þátt skipulagsmálanna á ákveðnu svæði landsins. Ég tel ekki samræmi í slíkri breytingu.

Ef menn telja að sveitarfélögunum sé ofviða að annast skipulagsmál á svæði þar sem enginn maður býr, þá spyr ég: Hvernig geta þeir hinir sömu talið að sambærileg sveitarfélög séu þess umkomin að annast skipulagsmál þar sem fólkið býr? Það sér hver maður að það gengur ekki upp.

Ef menn telja að sveitarstjórn Skútustaðahrepps, sem hefur að geyma stærstu jörð á Íslandi, sé fær um að fara með skipulagsmál á svona miklu landflæmi þar sem svo fáir búa þá spyr ég: Af hverju telja hinir sömu að sama hreppsnefnd geti ekki bætt við sig urð og grjóti fyrir ofan 400 metra hæð yfir sjávarmáli? Hvað gerist þá, þegar við erum komin svona hátt upp fyrir gróðurlínu, að við teljum að hreppsnefndarmennirnir valdi ekki þessu verkefni?

Það er nákvæmlega þetta sem menn eru að segja. Ég ítreka sjónarmið mitt í því að ég er alveg tilbúinn að ræða það að menn eigi að hafa ákveðinn þátt skipulagsmála á svæðisgrundvelli. En við eigum ekki þann grundvöll til. Við verðum að styðjast við sveitarstjórnir og þess vegna verðum við að ræða málið út frá þeirri stöðu. Það er ekki samræmi í því að segja að svæðisbundið skipulag þurfi að vera yfir miðhálendinu til þess að tryggja samræmi í skipulaginu en það þurfi ekki slíkt skipulag á höfuðborgarsvæðinu þar sem búa 160 þúsund manns og reynslan sýnir okkur að það hefur ekki gengið vel hjá sveitarfélögunum þar að koma sér saman um veglínu þannig að þjóðvegir liggi saman. Það væri þá alveg jafnrík ástæða til að segja að skipulagsmál þar sem fólkið býr verði að vera a.m.k. að verulegu leyti svæðisbundin, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Ég get líka litið á málið út frá öðru sjónarmiði og spyr: Hvaða vandkvæði hafa verið á því að Snæfellsbær fer með skipulagsmál innan sinna bæjarmarka? Hvaða vandkvæði hafa verið á því að Ísafjarðarbær og Árneshreppur á Ströndum fara saman með skipulagsmál á Hornströndum og bæta núna við sig Drangajökli? Eru einhver vandamál uppi í málinu? Það hef ég ekki orðið var við. Allt það fólk sem vill ferðast um þessi svæði hefur að mínu viti eftir því sem ég best veit komist sinna ferða vandræðalaust þannig að mér finnst mjög skorta á að einhver rök hafi verið sett fram um að núverandi fyrirkomulag væri ófullnægjandi bara á þessum stað. Ef það er ófullnægjandi vegna skorts á samræmingu þá er það ófullnægjandi víðar. Sérstaklega hlýtur að reyna á það þar sem fólk er, þarf að reisa mannvirki, götur og annað sem lýtur að þeirra starfsemi og athöfnum. Ég bið því menn um að íhuga þessi mál út frá þessum forsendum en ræða ekki skipulagsmál miðhálendisins með því að gefa í skyn að einhverjir menn sem búa í fámennum sveitarfélögum ætli sér að vera vondir við fólkið sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Það er málflutningur sem ég bið hv. þm. að vera ekki að hafa hér uppi af því að hann er ekki maklegur og styðst ekki við nein rök.

Það má alveg eins snúa þessum hlutum við og segja: 60% þjóðarinnar eru algerlega áhrifalaust um skipulagsmál í Reykjavík. Er það sanngjarnt? Í Reykjavík er þó mikið af starfsemi ríkisins og eignum sem eiga að heita í þjóðareign

og menn geta reist rök fyrir því að menn ættu rétt til afskipta af skipulagsmálum í Reykjavík. En það er ekki þannig. Það hefur enginn gert ágreining um það af þeim sem búa úti á landi og ég treysti fólki hér fyllilega til að annast þennan málaflokk í þessu sveitarfélagi og ég fer fram á að menn vantreysti ekki fólki utan Reykjavíkur til þess að fara með skipulagsmál.

Ekki meira um þetta mál enda er þetta að mínu viti algert aukaatriði, ekki hvað síst í ljósi þess að í öðru frv. sem er á dagskrá í dag er lagt til að allt þetta land sem menn eru að deila um yfirráð yfir eigi að vera eign ríkisins en ekki sveitarfélaganna þannig að þar er öll sú trygging sem menn þurfa til þess að almannavilji geti farið með þessi mál. (**Gripið fram í:** Eignarrétt?) Já.

Ég vil víkja að öðrum atriðum í þessu máli sem mér finnst rétt að fara um nokkrum orðum. Fyrst vil ég víkja að brtt. við 7. gr. frv. Þar er fjallað um almennar skyldur sveitarfélaga og síðan í brtt. frá meiri hluta félmn. lagt til að heimila sveitarfélögum að taka arð af starfsemi einstakra þátta sveitarfélagsins. Þarna held ég að sé rétt að staldra aðeins við málin áður en lengra er haldið.

Við skulum aðeins átta okkur á því að sveitarfélög eru opinber umsýsluaðili sem hefur heimild til að afla skatta til að standa undir þeim skyldum sem þeim eru lagðar á herðar. Þetta er ekki atvinnustarfsemi. Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að vera í almennri atvinnustarfsemi í ágóðaskyni. En með þessari brtt. er hins vegar verið að breyta í grundvallaratriðum hlutverki sveitarfélaga. Það er verið að gera tillögu um að þau geti í einstökum þáttum sinnar starfsemi rekið þá þætti á arðsemissjónarmiðum og litið á þessa þætti starfseminnar sem atvinnurekstur en ekki þjónustu. Þetta er nokkuð mikil breyting og mér er til efs að svona ákvæði sjái menn í löggjöf nágrannaþjóða okkar sem veitir þeim heimild til að taka arð af starfsemi sinni.

Við skulum nefna ákveðin dæmi í þessu skyni til að útskýra hvað þetta þýðir. Lítum á rekstur vatnsveitna. Það er eitt af verkefnum sveitarfélaga að reka vatnsveitur og sjá íbúnum fyrir vatni. Hvers vegna skyldi það vera skylduverkefni sveitarfélaga? Það er vegna þess að aðrir hafa ekki tekið það verkefni að sér. Ef aðrir hefðu gert það og fullnægt þessari þörf þá væri engin þörf fyrir sveitarfélagið að taka þetta verkefni að sér.

Nú er verið að setja í sveitarstjórnarlögin breytingu sem á að gera löglegt það sem menn hafa verið að iðka á undanförnum fáum árum, þ.e. að taka arð inn í sveitarsjóði af rekstri þessarar starfsemi. Skyldi það vera eðlilegt að sveitarfélag geti krafist arðs af þessari starfsemi og arðs af hverju? Ef lítum á brtt. þá er sveitarfélagi einfaldlega í sjálfsvald sett hvaða skilgreiningar það setur í þessum efnum og hvaða arð það tekur hverju sinni. Ekki eru nein takmörk sett um hámarkið af þessum arði hvort sem það er reiknað sem hlutfall af tekjum eða hlutfall af fjárfestingum. Í hvaða stöðu setja menn íbúa sveitarfélagsins? Menn setja þá í þá stöðu að þeir verða að borga það sem upp er sett til þess að sveitarfélag geti náð inn þessum arði því ekki er annarra kosta völ. Það eru ekki aðrir sem reka vatnsveitur. Þetta er ekki samkeppnisstarfsemi.

Ég segi það, herra forseti, að þetta er að mínu viti afar varhugavert og ég set spurningarmerki við að þetta ákvæði samrýmist ákvæði stjórnarskrárinnar um skattlagningarvald sveitarfélaga af því að hérna er verið í raun að heimila sveitarfélögum að taka inn sem almennan skatt tekjur undir nafninu gjald sem er allt annar hlutur. (Gripið fram í.) Hvað segir þingmaðurinn? (**Gripið fram í:** Þá er þetta orðinn skattur ...) En það er ekki skattur samkvæmt lögunum. Það er tekið undir formerkjunum vatnsgjald samkvæmt lögum, skilgreint sem gjald ... (Gripið fram í.) Já. Það er gjald en það verður í eðli sínu skattur án þess að lögin heimili að þetta sé skattur. Þess vegna hef ég spurningarmerki við að þetta samrýmist ákvæði stjórnarskrárinnar sem kveður á um að skatta á að setja á með lögum. Þarna er verið að opna heimild til að ná í tekjur undir nafninu gjald.

Ég spyr hæstv. félmrh. sem lagði þessa brtt. inn til nefndarinnar þó að hún flytji hana: Hvernig ber að skilja þessa tillögu? Er það eins og ég gat um áðan að það sé algerlega á valdi sveitarfélaga að ákveða hvaða arðgjöf og arðgreiðslumarkmið þau setja sér, hvaða viðmiðanir þau setja sér, og hversu hátt hlutfall þau ætla sér inn í sveitarsjóðina?

Við getum tekið annað dæmi sem er rekstur hitaveitu sem er líka eitt af verkefnum sveitarfélaga. Ef þetta er eins og hjá Hitaveitu Reykjavíkur þá er henni gert að greiða 900 millj. kr. á ári í borgarsjóð þannig að þar hafa menn starfsemi sem hefur ákveðinn tilgang og menn leggja á gjald til að standa undir kostnaði þess vegna en menn hafa gjaldið verulega hærra og hafa miklar tekjur umfram það sem þeir þurfa. Reykjavíkurborg er með 900 millj. kr. sem hún ákveður sér sem hagnað af rekstri þessarar veitu sinnar eða um 27% af tekjum. Það þykir góður arður í fyrirtæki að geta borgað 27% arð. Samrýmist það tillögu félmrh. að almennt geti sveitarfélög ákvarðað sér 27% arð af rekstri stofnana sinna hvort sem það er vatnsveita, hvort sem það er hitaveita eða rafmagnsveita eða rekstur á höfn, rekstur á leikskóla o.s.frv.? Það eru engin takmörk samkvæmt tillögu félmrh. á fjárhæðum, viðmiðunum og verkefnum. Ef það er svo að hægt sé að reka svona starfsemi með miklum hagnaði, er þá ekki rétt samkvæmt því sem menn leggja til grundvallar í efnahagsmálum, a.m.k. þessi ríkisstjórn, að koma á samkeppni í þessari starfsemi? En það er lykilatriði þessarar ríkisstjórnar í þeim málum að koma á samkeppni til þess að þeir sem þurfa á vörunni eða þjónustunni að halda geti fengi hana við sem vægustu verði.

Sú aðferð sem þarna er lögð til er algerlega á hinn veginn. Þarna er um að ræða starfsemi sem er meira og minna einokunarstarfsemi, einokunarrétturinn er stundum jafnvel bundinn lögum, og í skjóli þess eru lagðar til heimildir sem opna fyrir viðbótarskattheimtu bakdyramegin. Þetta er fullkomlega óeðlileg tillaga. Ég get a.m.k. ekki stutt hana, hvorki eins og hún lítur þarna út né eins og hún hefur verið framkvæmd án lagaheimildar á undanförnum árum. Það er kannski rétt að hafa ekki fleiri orð um þetta að sinni og bíða eftir að heyra svör hæstv. félmrh. um útskýringar á þessari tillögu. Getur verið að 27% arðgreiðsla á ári sé talin hæfileg?

Annað sem mig langar að víkja að er í 12. gr. frv. um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Þar vil ég segja að sú tillaga sem er í frv. og er í meginatriðum svipuð og er í gildandi lögum hefur ákveðna annmarka. Hún hefur þá annmarka að þegar fulltrúarnir í sveitarstjórn eru fáir er mögulegt, og það kemur fyrir, að framboðslisti fær meiri hluta í sveitarstjórninni út á minni hluta atkvæða. Við síðustu bæjarstjórnarkosningar eða sveitarstjórnarkosningar kom einmitt svona dæmi fyrir í sjö manna sveitarstjórn þar sem listi með 45% atkvæða fékk fjóra menn af sjö eða hreinan meiri hluta, en þrír aðrir listar fengu samtals um 55% atkvæða eða um 10% meira en aðeins þrjá sveitarstjórnarmenn af sjö. Þessi hætta verður

virk þegar svona fáir eru í sveitarstjórninni en það má segja að strax og menn miða við níu sveitarstjórnarmenn eða fleiri verði líkurnar heldur litlar.

Danir hafa greinilega velt þessu atriði fyrir í sinni sveitarstjórnarlöggjöf og þeir hafa aðrar reglur við að reikna út hverjir hafa náð kjöri í sveitarstjórn en við höfum í okkar löggjöf. Sú regla sem þeir styðjast við hefur það í för með sér að útilokað er að minni hluti atkvæða leiði til meiri hluta í sveitarstjórn. Aðferð Dananna er mjög svipuð og við notum en frábrugðin að einu leyti, þ.e. því að atkvæðafjöldi fyrsta manns hvers lista er ekki fundinn með því að deila með 1 heldur 1,4. Síðan er atkvæðafjöldi annars manns fundinn með því að deila með 2, þriðja manns með því að deila með 3 o.s.frv., eins og við þekkjum hjá okkur. Bara með þessari einu breytingu að styðjast við fyrstu deilitölu sem 1,4 í staðinn fyrir 1 þá setja menn fyrir þennan leka.

Annað hvort verður því að gera að mínu viti ef það er vilji til þess að lögin séu þannig úr garði gerð að líkurnar á því að meiri hluti í sveitarstjórn sé skipaður framboðslista með minni hluta atkvæða á bak við sig, að hafa fleiri sveitarstjórnarmenn eða beita þessari deilitölu eins og Danir hafa gert.

Ég bendi á að eins og 12. gr. er úr garði gerð er þessi hætta sú sama og verið hefur í gildandi lögum og væri að mínu viti ástæða til að betrumbæta hana í ljósi reynslunnar því að fleiri dæmi eru um þetta sem ég hef svo sem. En það væri ástæða til að betrumbæta hana með því annaðhvort að fjölga, hækka lágmarkstölu aðalmanna í sveitarstjórn, eða beita þessari reikniaðferð. Þriðja aðferðin væri einfaldlega sú að beita þeim báðum. Það væri sennilega skynsamlegasta leiðin.

Almennt er ég á þeirri skoðun, af því að sveitarstjórnir eiga að vera lýðræðislega kjörnar og fulltrúar almennings eða kjósenda, að það sé betra að í þeim sitji fleiri en færri og er að því leytinu til ósammála mörgum sem hafa þá skoðun að sem fæstir eigi að vera í sveitarstjórnum. Ég tel að það eigi að vera fremur fleiri en færri og að engin vandamál séu því samfara að almenningur kjósi heldur fleiri fulltrúa en færri. Vandræðin byrja hins vegar að skapast fyrir alvöru þegar fáir eru.

Í 19. gr. er fjallað um hæfi sveitarstjórnarmanna og er að miklu leyti stuðst við gildandi lög en þó brugðið frá í ákveðnum atriðum. Ég vil fyrst segja að mér finnst orka mjög tvímælis sú regla sem hefur verið í lögum og er lagt til að verði áfram í þessu frv. að sá sem talinn er vanhæfur geti greitt atkvæði um eigið vanhæfi og úrskurðað sig hæfan. Það hefur því miður komið upp. Dæmi um það er sérstaklega þar sem meiri hluti er knappur og einn meirihlutamanna er talinn vanhæfur í einhverju máli, að þá úrskurðar meiri hlutinn einfaldlega viðkomandi mann hæfan og heldur meiri hlutanum. Og þá þarf að grípa til þess að skjóta málinu til ráðuneytis sem tekur nú sinn tíma og þegar niðurstaða liggur þar fyrir er málið auðvitað um garð gengið og atburðum trauðla breytt. Ég teldi eðlilegt að skoða þetta í því ljósi að draga úr líkum á því að sá sem talinn er vanhæfur geti ráðið úrslitum um að telja sig hæfan. Það er ekki góð latína að hafa þetta eins og nú er því auðvitað á meginreglan að vera sú að hver maður á að leggja sig fram um það að forðast þá stöðu að einhver vafi sé á hæfi og láta vafann ráða gjörðum sínum og úrskurða sig vanhæfan ef einhverjar líkur standa til þess.

Það sem mér þykir einkennilegt að sjá í þessari grein er að hér er lagt til að sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa komið að undirbúningi máls áður en það fer fyrir sveitarstjórnina eru taldir vanhæfir. En svo kemur undanþágan: „nema sveitarstjórinn eða framkvæmdastjóri sveitarfélagsins". Hann er alltaf talinn hæfur. Þetta finnst mér mjög einkennilegt. Sama reglan hlýtur að þurfa að gilda gagnvart öllum starfsmönnum sveitarfélagsins. Það er ekki hægt að taka einn starfsmann sveitarfélagsins og það þann starfsmann sem kemur nálægt öllum málum, má heita, sem inn á borð sveitarstjórnar koma og telja hann alltaf hæfan. En ef einhverjir aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sem jafnframt sitji í sveitarstjórn hafa komið að einu máli eða lítils háttar máli á undirbúningsstigi, þá eru þeir taldir vanhæfir. Þetta er að mínu viti algjörlega órökstudd tillaga sem hér er í frv. Ég tel a.m.k. að það eigi að fella út undanþáguákvæðið um framkvæmdastjóra ef vilji stendur til þess að þeir skuli taldir vanhæfir sem komið hafa að undirbúningi máls. En ég held reyndar að það ætti að fella alla þessa málsgrein úr frv. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig menn ætla að beita þessari aðferð eða þessari málsgrein t.d. gagnvart skólastjórum sem veljast til setu í sveitarstjórn. Það verður mjög erfitt fyrir þann sveitarstjórnarmann að taka virkan þátt í störfum sveitarstjórnarinnar þar sem útgjöld til skólamála eru helmingur eða meira af útgjöldum sveitarfélagsins og lúta að ákvörðunum sem þar eru teknar að sama skapi.

Ég sé heldur ekki með hvaða rökum menn eru taldir vanhæfir til ákvörðunartöku í máli hafi þeir komið að því á einhverju undirbúningsstigi þess. Ég sé t.d. að ráðherrar eru ekki taldir vanhæfir til að greiða atkvæði um frumvörp sem þeir flytja. Það gæti nú kannski verið dálítið gaman að leggja það til að þetta ákvæði frv. gilti líka á Alþingi. En þá kæmi upp sú einkennilega staða að þingmaður sem flytti frv. væri vanhæfur til að greiða atkvæði um það. Og menn sjá nú í hvílíkar ógöngur stefnir með þetta ákvæði þegar við förum að yfirfæra það á okkar verksvið að ég held að ekki þurfi að rekja það frekar að kannski væri farsælast að fella þetta á brott.

Síðan er eitt atriði sem mig langar að nefna en er ekki í þessu frv. því að búið er að taka það mál út úr og setja það í annað frv. sem er um kosningarrétt og kjörgengi. En þar hefði ég talið að Alþingi ætti að athuga mjög alvarlega hvernig menn meðhöndla rétt útlendinga sem starfa hér á landi. Mörg hundruð útlendingar starfa hér á landi um lengri eða skemmri tíma og mjög margir um lengri tíma. Við höfum það ákvæði í löggjöf að ef um er að ræða norræna ríkisborgara þá eigi þeir rétt til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum hafi þeir verið hér á landi í þrjú ár, ef ég man rétt.

Nú eru margir aðrir hér en Norðurlandabúar. Margir Pólverjar, margir Júgóslavar o.s.frv. vinna hér störf í fiskvinnslu og önnur nauðsynleg störf sem Íslendingar fást ekki til að sinna. Þeir eru hér a.m.k. eitt ár svona að jafnaði og oft lengur. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé rétt að menn íhugi það að veita þessum starfsmönnum rétt til kosninga og jafnvel til kjörgengis í þeim sveitarfélögum sem þeir starfa. Mér finnst það að mörgu leyti vera mannréttindamál að íhuga hvort þessir starfsmenn ættu ekki að eiga réttindi hér á landi að einhverju leyti til jafns við okkur. Þarna er um að ræða fólk sem er að vinna þörf störf og greiðir sín gjöld til sveitarfélaga, útsvör alveg til jafns á við Íslendinga. Þar hallar ekkert á. Þeir eru jafnvel betri skattgreiðendur en margur Íslendingurinn því að mjög lítil útgjöld fylgja þeim. Þetta eru því mjög góðir skattgreiðendur fyrir sveitarfélög. Getum við ekki leyft okkur að líta á útlendingana eins og

hvert annað gott fólk, boðið það velkomið til okkar lands og til starfa í okkar þjóðfélagi og sagt: Þið sem viljið vera hér hjá okkur getið fengið þessi réttindi?

Mér finnst að menn mættu gefa þessu gaum. Þjóðfélögin eru að verða æ alþjóðlegri, bæði okkar og annarra erlendis. Fólk starfar um árabil erlendis og flyst síðan heim aftur eða í önnur lönd. Við þurfum að búa okkur undir að veruleikinn er að breytast hvað þetta varðar. Auðvitað á að líta á réttindi fólks sem er ekki ríkisborgarar í því landi sem það starfar eins og annarra. Mér finnst æ minni ástæða til að aðgreina þá frá okkur sjálfum út frá þessu ríkisborgarahugtaki, a.m.k. hvað varðar sveitarstjórnarstigið, og ég held að tilvalið væri að hefja umræðu um þetta varðandi réttindi á þeim vettvangi.

Ég vil svo koma inn á ákvæðin um sameiningu sveitarfélaga. Þar er um stórt mál að ræða sem eðlilegt er að marka stefnu í frv. til sveitarstjórnarlaga. Þá þarf að koma skýrt fram hvað menn ætla sveitarstjórnarstiginu, hvaða hlutverk það á að hafa og hverju menn búast við, hvaða árangri menn ætla að reyna að ná.

Ákvæði um þetta efni eru á nokkrum stöðum í frv. en ég vil fyrst víkja að ákvæðum í 90. og 91. gr. um svokallaða frjálsa sameiningu sveitarfélaga og skilyrði fyrir henni. Ég vil fyrst vekja athygli á því að hvergi er ákvæði um það í 90. gr. að sveitarfélög sem sameinast séu samliggjandi. Í raun og veru eru engin ákvæði um það efni þannig að frv. gerir ráð fyrir því að það sé hægt að sameina hvaða tvö sveitarfélög sem er. (**Gripið fram í:** Það gæti komið sér vel.) Já. Það getur verið út af fyrir sig ákveðin stefna. Ég er hins vegar ekki viss um að það sé skynsamleg stefna. Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt út frá stjórnsýslustiginu sem slíku að byggja það upp af því að einingin er landfræðileg. Menn verða að gæta að því að einingin sveitarfélag er landfræðileg eining. Ég tel ekki skynsamlegt að löggjöfin geri ráð fyrir því að ein og sama einingin geti verið sundurslitin og það ekki bara í tvo parta heldur fleiri. Þannig heimilar þetta frv. að við getum verið með eitt sveitarfélag sem er í átta hlutum, einum hluta í hverju kjördæmi. Það getur verið eitt sveitarfélag.

Hins vegar þegar rætt er um þvingaða sameiningu, hvort heldur það er vegna fámennis eða fjárhagsástæðna, gerir frv. ráð fyrir að það sé skilyrt að um sé að ræða nágrannasveitarfélög. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna er það skilyrði þar en ekki annars staðar, þegar er um að ræða svokallaða frjálsa sameiningu? Hvað þýðir „nágrannasveitarfélög"? Þýðir það sveitarfélög sem eru samliggjandi landfræðilega eða eru næst þar á eftir? Það geta verið nágrannar þó að eitt sveitarfélag sé á milli. Ég tel að frv. verði að vera skýrt að þessu leytinu til, að það verði að vera skýr stefna í þessu hvort menn vilja byggja upp landfræðilega samanhangandi einingar eða vilja hafa það opið að þær séu sundurslitnar og þá þarf að koma fram með hvaða rökum talið er nauðsynlegt að hafa það opið að sveitarfélög hvort á sínum landsfjórðungnum geti orðið eitt, af hverju það er talið æskilegt, eða við hvaða aðstæður það er talið æskilegt.

Ég er alveg tilbúinn að taka þátt í umræðu um þetta atriði án þess að gefa mér fyrir fram að niðurstaðan eigi að vera önnur frekar en hin. En skoðun mín er sú að því marki sem ég hef getað brotið heilann um að það sé óskynsamlegt að heimila sameiningu sveitarfélaga sem liggja ekki saman. En það þarf ekki að verða niðurstaðan eftir að menn hafa skipst á skoðunum um það atriði og bent á það sem menn koma auga á í þeirri umræðu.

En það sem stingur í augu er: Ef um er að ræða skyldubundna sameiningu telur hæstv. ráðherra að það þurfi að vera nágrannasveitarfélög? Mig langar að fá skýringar á því af hverju þá er talið nauðsynlegt að setja þrengri skilyrði, sem ég reyndar tel, eins og ég hef sagt, eðlilegt að hafa, en það ætti að vera almennt skilyrði varðandi sameiningu sveitarfélaga.

Í 91. gr. er bætt inn nýju ákvæði sem ég tel ekki heppilegt og ekki til bóta sem er ákvæði um að unnt sé að sameina sveitarfélög án þess að fyrir liggi samþykki íbúanna fyrir þeirri sameiningu sem af verður. En ákvæðið er á þá lund að hafi farið fram atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga, þriggja eða fleiri, og eitthvert þeirra fellt sameininguna og verður þar af leiðandi ekki með, þá sé samt hægt að líta á samþykki í öðrum sveitarfélögum fyrir heildarsameiningunni sem samþykki fyrir öðru. Ég segi að það sé óeðlilegt vegna þess að íbúarnir voru ekki að svara þeirri spurningu. Spurningin sem er á kjörseðlinum við þessar aðstæður er um það hvort menn séu sammála að þessi sveitarfélög sameinist og þau eru öll talin upp. Kjósandinn svarar já eða nei eftir atvikum. Hann er ekki að svara almennri spurningu um hvort hann sé yfir höfuð fylgjandi sameiningu sveitarfélaga, óháð því hvaða sveitarfélög eigi í hlut. Hann er spurður að ákveðinni spurningu. Hann svarar henni og ég tel að það eigi að virða svarið. Það á ekki að túlka svarið sem svar við annarri spurningu.

Þess vegna er það viðhorf mitt að í þessum tilvikum, þegar eitthvert sveitarfélaganna heltist úr lestinni eigi að kjósa á nýjan leik. Það hefur verið gert til þessa og ekki með slæmum árangri því að ég held að ég megi fullyrða að í öllum tilvikum hafi kjósendur samþykkt síðari spurninguna. Það gefur ekki tilefni til þess að það þurfi að setja túlkunarákvæði inn í lögin til að komast hjá kosningum. Þvert á móti gefur það tilefni til að ætla að kjósendur kunni vel að meta þetta fyrirkomulag. Við sáum það í kosningunum í Borgarfirði fyrr í vetur, þar sem íbúar í einu sveitarfélagi skiptu mjög um skoðun á milli kosninga þó að það dygði ekki til að breyta afstöðunni í heild. En áttu menn að neita fólkinu um að sýna þessi breyttu viðhorf sín? Mér fyndist það ekki rétt.

Ég óttast að þetta ákvæði leiði frekar til þess að fólk muni segja nei en já, ef einhver vafi er á í málinu. Af því að það óttast að jáið verði notað til annarra hluta en það er að svara. Ég teldi því skynsamlegt í þessu að fella 2. mgr. 91. gr. niður. Ég tel ekki framför að henni.

Síðan er spurningin: Til hvers er verið að sameina sveitarfélög? Hvað ætla menn með því? Ég held að það þurfi kannski aðeins að ræða það mál. (Gripið fram í.) Það var alveg sérstakt mál með Sléttuhrepp og Ísafjörð. Það er að mörgu leyti skemmtilegt mál. En menn hljóta að hafa einhvern tilgang með því að vilja ákveðna þróun í málinu. Það kemur greinilega fram í frv. að viljinn er að fækka sveitarfélögunum. (Gripið fram í.) Á að efla þau? Gott og vel. En þá er spurningin: Hver er reynslan? Við skulum aðeins skoða það. Hver hefur reynslan orðið og hafa menn náð þeim markmiðum sem þeir settu sér? Ef menn hafa náð þeim er málið nokkuð einfalt. En ef menn hafa ekki náð markmiðunum hvað ætla menn að gera þá? Hvað á þá að gera?

Ég bar fram þá fyrirspurn til hæstv. félmrh. fyrir skömmu varðandi þau sveitarfélög sem urðu til á árinu 1994 með sameiningu sveitarfélaga, hver markmiðin hafi verið með því að sameina þau og hver þróunin hafi orðið, áður en þau sameinuðust og eftir, í ýmsum atriðum sem varpa ljósi á það hvernig til hefur tekist. Þar var spurt um þróun íbúa-

fjölda, fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, stjórnunarkostnað, atvinnustig og þjónustustig. Síðan spurði ég hæstv. ráðherra að því hvernig hann mæti framtíðina næstu fimm ár. Af því að ég lít svo á að þegar menn eru að gera breytingu af þessu tagi og segjast ætla að efla sveitarfélögin hljóti það að þýða að framtíðin verði eitthvað betri fyrir íbúana en áður var og menn hljóti þá að geta séð það að einhverju leyti.

Svar félmrh. hefur nú borist og er að finna á þskj. 1102. Ef við skoðum þróunina í öllum þeim sameiningum sem urðu á árinu 1994 kemur margt athyglisvert í ljós. Það kemur fram með Reykjanesbæ, þar sem sameinuðust Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður og Hafnahreppur, að íbúaþróun hefur staðið í stað eftir sameininguna. (**Gripið fram í:** Aðeins fjölgað.) Aðeins fjölgað. Þeim hefur fjölgað um 48 manns eða um 0,4% frá því að sameiningin átti sér stað. En hafði fjölgað um nærri 200 manns þrjú árin áður en sameiningin varð eða um 2%. Þannig að íbúafjölgunin þrjú árin fyrir sameiningu var um 2% en um 0,4% eftir sameinguna.

Kostnaður við yfirstjórn hefur lækkað um 10%. Það getum við sagt að sé ávinningur. En fjárhagsstaðan, peningaleg staða sveitarfélaganna, var við sameiningu 968 milljónir í mínus og hafði þá versnað um 600 milljónir á þremur árum. En hún hélt áfram að versna á næstu þremur árum eftir sameiningu og versnaði um 200 millj. eða nærri 20%. Það tókst því ekki að breyta íbúaþróun og ekki tókst að bæta fjárhagsstöðuna með þessari sameiningu.

Næsta dæmi er Borgarbyggð þar sem fjögur sveitarfélög sameinuðust. Þar hafði íbúum fækkað lítillega eða um 3% síðustu þrjú ár fyrir sameiningu en þeim hefur líka haldið áfram að fækka á næstu þremur árum þar á eftir eða um nærri 2,5%. Kostnaður við yfirstjórn sveitarfélagsins hefur hækkað ef tekið er meðaltal síðustu þriggja ára eftir sameiningu og borið saman við síðustu þrjú ár fyrir sameiningu. Það hefur ekki hækkað mikið en það hefur hækkað.

Peningaleg staða var um 22 millj. kr. í mínus við síðustu áramótin fyrir sameiningu en er núna í árslok 1996 um 93 millj. eða hefur versnað um 70 milljónir. Í Borgarbyggð hefur fólkinu haldið áfram að fækka, kostnaður við yfirstjórn hefur heldur vaxið og fjárhagsstaðan hefur versnað og versnað mjög mikið.

Í Snæfellsbæ, þar sem sameinuðust líka fjögur sveitarfélög, Ólafsvíkurkaupstaður, Staðasveit, Neshreppur og Breiðuvíkurhreppur, hafði íbúum fækkað árin þrjú fyrir sameiningu um tæplega 70 manns. En eftir sameiningu hefur íbúum haldið áfram að fækka og af meiri hraða eða um 150 manns. Yfirstjórnarkostnaður er eilítið lægri en peningaleg staða hefur heldur versnað, ekki mikið, en heldur versnað.

Í Dalabyggð, þar sem sameinuðust sex hreppar, hafði íbúum heldur fjölgað síðustu þrjú árin fyrir sameiningu en hefur fækkað nokkuð mikið næstu þrjú árin þar á eftir eða um 6–7%. Kostnaður við yfirstjórn hefur staðið í stað, peningaleg staða hefur versnað úr 23 millj. í mínus í 34 millj. í mínus, eða um liðlega 50%.

Í Vesturbyggð hafði íbúum farið fækkandi fyrir sameininguna og hafði fækkað um 50 manns en hefur fækkað síðan um rúmlega 200 manns. Kostnaður við yfirstjórn sveitarfélagsins hefur vaxið um 10–15% og fjárhagsstaðan hefur versnað úr 161 millj. í mínus upp í 269 millj. í mínus eða um liðlega 100 millj. kr. sem er um 60–70%. Þrátt fyrir að inn sé reiknað í tekjur sveitarfélagsins og annarra sem ég hef verið að tala um framlög vegna sameiningar, sérstök fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna sameiningarinnar.

Svona get ég haldið áfram að telja og ég sé satt að segja ekki nema tvö dæmi þar sem eitthvað hefur breyst til betri vegar með fjárhagsstöðu en ekkert þar sem breyst hefur til betri vegar í íbúaþróun. Þau tvö sveitarfélög þar sem breyst hefur til betri vegar í fjárhagsstöðu eru sveitarfélög sem hafa verið að leysa til sín eignir út úr sjávarútveginum, þ.e. Neskaupstaður og Þórshafnarhreppur. Ég vil leyfa mér að segja að þessi batnandi fjárhagsstaða þar eigi rætur sínar að rekja til þess en ekki til sameiningarinnar.

Síðan var spurt um atvinnustig og þjónustustig. Til að gera langa sögu stutta virðist sameining sveitarfélaganna ekki hafa haft nein áhrif til hins betra á atvinnustig. En hvað varðar þjónustustig er ekki hægt að svara því þar sem menn hafa ekki rætt hvernig eigi að mæla það, sem er auðvitað skaði, sérstaklega þar sem félmrn. hefur haft það sem stefnu sína að stuðla að sameiningu sveitarfélaga og trúir því að það sé aðgerð til góðs, sérstaklega fyrir dreifbýlið, að ráðuneytið skuli ekki hafa komið sér upp mælitæki til að geta lagt mat á árangurinn.

Ráðherrann svarar engu spurningunni um hverja hann telji vera þróunina næstu fimm árum, einfaldlega vegna þess að hann hefur ekkert í höndunum til að leggja mat á það. Trúlega vegna þess að hann getur ekki eða hefur ekki skoðun á því hvort þessi sameining sveitarfélaga muni leiða til tiltekinnar þróunar.

Þegar við skoðum þetta mál að liðnum þremur árum — það má kannski segja að það sé í það knappasta að leggja mat á árangurinn eftir þrjú ár. En þó, það er samt nokkuð drjúgur tími. Við skoðum árangurinn og hann er ekki betri en raun ber vitni, sérstaklega hvað varðar landsbyggðina. Nú eru það ályktanir mínar sem ég segi, það hefur ekki tekist að snúa við íbúaþróuninni. Hún er áframhaldandi niður á við á landsbyggðinni. Ekki hefur tekist að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Hún er í flestum tilvikum áframhaldandi niður á við. Ekki hefur tekist að draga úr stjórnunarkostnaði, svona í meginatriðum. Þá spyr ég: Er þetta það sem menn ætluðust til eða er ekki ástæða til að staldra við og spyrja: Eigum við þá að breyta þessu markmiði, eða hvað þarf að gera til þess að við náum þeim markmiðum sem sett voru? Mér finnst að frv. til sveitarstjórnarlaga þurfi að svara því. Ríkisstjórn á hverjum tíma verður að hafa stefnu í þessum efnum. Ég spyr: Hvaða stefnu hefur ríkisstjórnin, sem leggur þetta frv. fram, sem hún telur að muni snúa við þessari öfugþróun á landsbyggðinni? Það er það sem við viljum fá svar við sem búum úti á landsbyggðinni. Hvað er það sem ríkisstjórnin telur að þurfi að gera til þess að snúa þróuninni við? Það er augljóst að sameining sveitarfélaganna dugir ekki, a.m.k. ekki sú sameining sveitarfélaga sem fram hefur farið.

Þurfa þá að verða stærri sameiningar? Eða eru það önnur atriði sem þarf að gera? Þurfa sveitarfélög að sjá um önnur verkefni en þau gera í dag? Eiga þau að sjá um stærri hluta af opinbera geiranum en þau gera í dag? Ég nefni þetta sem dæmi af því að sveitarfélögin hafa um 20–25% af umsvifum hins opinbera. Ríkið fer með hitt, 75–80%. Getur verið að eitt af því sem þarf að gera, til að búa til stöðu sem breytir þróuninni, sé að sveitarfélögin eða eitthvert stjórnsýslustig á svæðisvísu fari með miklu stærri hluta opinbera geirans, eins og dæmi eru um á Norðurlöndum þar sem ríkið er í minni hluta í opinberum umsvifum?

Ég nefni sem dæmi um áherslur í þessu að í þeirri byggðaáætlun sem er nýlega búið að dreifa í þingsölum og unnin var að öllu leyti á vegum stjórnar Byggðastofnunar og ríkisstjórnin lagði fram að mestu leyti óbreytta, þó ekki að öllu leyti, er það markmið sett fram að hlutur sveitarfélaga verði a.m.k. 50% af umsvifum hins opinbera. Hvers vegna skyldi þetta atriði hafa þýðingu, herra forseti? Það er vegna þess að stærsti atvinnuvegurinn, þar sem eru flest störfin, er hjá hinu opinbera. Þar er einmitt að finna þau störf sem talið er að vanti hvað tilfinnanlegast í sveitarfélögunum úti á landi þar sem fólksfækkunin er. Með því að ætla sveitarfélögunum miklu stærri hluta af umsvifum hins opinbera, fara með fleiri verkefni, þá fái menn viðspyrnu til að snúa þróuninni við. En mér finnst a.m.k. að það eigi að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að þær hugmyndir komi fram í þessu frv. sem menn telja að þurfi að setja fram til að breyta þessu.

Ég dreg þá ályktun af reynslunni að sú áhersla sem menn hafa lagt á undanförnum árum á sameiningu sveitarfélaga í ákveðnum tilgangi hafi mistekist. Ég hlýt að kalla á viðbrögð hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar við þeim staðreyndum sem liggja á borðinu hvað þetta varðar og koma með svör við því hvað eigi að gera úr því að þetta hefur ekki gengið eftir. Ef engin svör eru eins og í frv., þar sem engin svör eru, það er bara sagt það sama um sameiningu sveitarfélaga og hefur verið í lögunum og ekkert nýtt, þá er bara verið að segja að menn ætla ekki að gera neitt frekar. Menn ætla að láta þróunina halda áfram sem verið hefur. Það eru óásættanleg svör. Um þau eru og verður pólitískur ágreiningur. Þetta held ég að sé eitt af stóru málunum í frv., hlutverk sveitarfélaganna, það sem við ætlum þeim að gera bæði til að þjónusta íbúana og til þess að tryggja tiltekna þróun mála á landsvísu.

Ég hef hug á því, herra forseti, að ræða þessi mál frekar. Ég vil ræða sérstaklega fjármálakafla frv. og hlutverk skoðunarmanna, endurskoðenda. Í þriðja lagi vil ég ræða um hlutverk ráðuneytisins í sveitarstjórnarmálum, hvort það eigi að beinast að eftirlitsþætti með starfsemi sveitarfélaganna eða hvort það eigi líka að vera eitthvað inn á framkvæmdasviðinu. Mér finnst reynslan á undanförnum árum af þeim lögum sem hafa verið í gildi síðan 1986 vera mjög tvíbent hvað þetta varðar með stöðu ráðuneytisins og ástæða til að endurskoða gildandi lög. Ég sé að breytingarnar í frv. eru mjög lítilvægar frá gildandi lögum og ástæða til að fara yfir það atriði nokkuð nákvæmlega.

Herra forseti. Ég vil geyma mér þessa þætti málsins til síðari ræðu minnar í þessari umræðu því þeir eru hver um sig nokkuð viðamiklir og ég vil gera þeim nokkuð góð skil af því að mér er mikið alvörumál hvernig sveitarstjórnarlög eru úr garði gerð og ég tel að það skipti miklu máli að þinginu lánist þessi lagasetning vel. Ég held hún skipti miklu máli fyrir fólkið og kannski ekki hvað síst fyrir það fólk sem ég hugsa mest um, sem er á landsbyggðinni, fólk sem hefur á undanförnum mörgum árum búið við undanhald í íbúaþróun og að mörgu öðru leyti. Það ríður mikið á að Alþingi og stjórnvöld sýni vilja til þess að snúa þessu við. Ég hef fulla trú á því að það sé hægt og að með einbeittum pólitískum vilja og skynsamlegum aðgerðum megi ná verulegum árangri á þessu sviði og vil, herra forseti, fjalla um það atriði síðar í umræðunni.

[23:46]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir þessa prýðilegu ræðu sem mér þótti fróðleg að mörgu leyti. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir hvernig hann tók á málefnum útlendinga. Ég skildi mál hans þannig að hann teldi að það ætti m.a. að veita þeim, hvaðan sem þeir kæmu, kjörgengi til sveitarstjórna. Mér þótti það nýstárleg hugmynd en ég er afar hrifinn af henni og þakka hv. þm. fyrir það.

En það sem ég kom aðallega upp til þess að ræða var þó atriði sem var að finna í upphafi ræðu hv. þm. þegar hann var að ræða einmitt um miðhálendið og eignarrétt og ráðstöfunarrétt á miðhálendinu. Hv. þm. sagði að það þyrfti í rauninni ekki að deila um það hver réði fyrir miðhálendinu vegna þess að fyrir þinginu lægi frv. sem mundi skera úr um eignarréttinn. Og eignarrétturinn samkvæmt ræðu hans mun væntanlega, taldi hann, vera í höndum þjóðarinnar eftir að þjóðlendufrv. hefur verið samþykkt.

Herra forseti. Ég get ekki fallist á þessa skilgreiningu hv. þm. Ég held að hægt sé að halda því fram með fullum rétti að þó maður hafi eignarrétt yfir tilteknum hlut þá þýði það ekki endilega að maður hafi ráðstöfunarrétt yfir honum eða maður stjórni honum.

Og ég bendi, herra forseti, hv. þm. á það fordæmi sem við höfum einmitt af auðlindinni í hafinu. Lögin segja það algjörlega fortakslaust að auðlindin í hafinu, fiskurinn í sjónum, sé sameign þjóðarinnar. Um þetta höfum við margoft rætt á þinginu og enginn gengur gruflandi að þessu.

Hins vegar veit hv. þm. jafn vel og ég að þjóðin hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir þessu. Þarna er alveg ljóst að eignarréttinum fylgir ekki ráðstöfunarréttur. Og ég óttast það, herra forseti, að það sama muni gilda um miðhálendið að þó að eign þjóðarinnar verði slegið á miðhálendið þá dugi það alls ekki til þess að tryggja ráðstöfunarrétt þjóðarinnar yfir miðhálendinu. Það er þess vegna sem ég er alveg á móti þessum frv. sem hér hafa komið fram og varða einmitt miðhálendið. Ég spyr hv. þm. þegar hann heyrir þessi rök mín: Getur hann ekki verið mér sammála um að fordæmið úr hafinu og sameignarákvæðið skapi nokkurn ótta í hugum manna?

[23:48]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála um það, eins og löggjöfin um stjórn fiskveiða hefur þróast á síðustu árum að veruleg ástæða er til að gera greinarmun á þeim sem fara með réttindin og þeim sem eiga þau. Ég geri ekki ágreining við hv. þm. um það að eignarréttur er ekki sama og yfirráðréttur að öllu leyti. Skipulagsmál eru í höndum sveitarfélaga. Sveitarfélög eru partur af ríkinu, partur af hinu opinbera og menn hafa ákveðið að sveitarfélög skuli fara með þessi skipulagsmál yfir löndum sínum, líka löndum sem sveitarfélögin eiga ekki sjálf heldur einstaklingar eða ríkið.

Ég gat um það að ég teldi vel koma til greina að ákveðinn hluti skipulagsmála væri svæðisbundinn en ég gæti ekki séð rökin fyrir því að á ákveðnum stað á landinu væri ómögulegt að hafa þau sveitarfélagabundin, en á öðrum stöðum á landinu væri það í lagi. Þar finnst mér bresta röksemdafærslan í málinu.

Ég er hins vegar enginn sérstakur áhugamaður um það að sveitarfélög fari með skipulagsmál út í ystu æsar. Ég segi það alveg eins og er. Ég er miklu frekar á þeirri skoðun að þetta eigi að vera svæðisbundið verkefni. Ég tel reyndar að miklu fleiri verkefni sem í dag eru í höndum ríkisins eigi að vera svæðisbundin. Sum af verkefnum sveitarfélaga tel ég að eigi að vera svæðisbundin eins og t.d. rekstur grunnskóla sem ég hef aldrei getað samþykkt eða fellt mig við að væri

verkefni sveitarfélaga. Ég tel að það eigi að vera fyrst og fremst í höndum ríkisins og ef menn geta ekki fallist á það eigi það að vera svæðisbundið.

[23:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér nokkurt vægi fólgið í þeim rökum að fyrst sveitarfélögum er falinn sá trúnaður að ráða fyrir tilteknum svæðum landsins, hvers vegna má þá ekki láta þau líka ráða fyrir til að mynda miðhálendinu. Miðhálendið er hins vegar sérstakt að því leyti til að þar býr enginn maður. Þar hefur engin byggð verið frá örófi alda og miðhálendið hefur meira að segja verið svo til ókannað þangað til á síðustu öld. Þess vegna hefur þjóðin alist upp við að líta svo á að þetta sé eign hennar allrar sameiginlega. Vaxandi útivist Íslendinga, þegar þeir hafa leitað inn á miðhálendið, hefur frekar styrkt þá í þessari trú.

Ég tel, herra forseti, líka vegna þess að það liggur fyrir, eins og hv. þm. benti á, að sennilega munu lyktir þjóðlendufrv. verða þær að eign þjóðarinnar verði slegið á þetta, að því eigi á einhvern hátt að fylgja ráðstöfunarréttur líka. Sá háttur sem er hafður á í þeim frv. sem hafa verið nokkuð til umræðu, þ.e. að það verði gert í gegnum sveitarfélögin, er mér ekki geðþekkur. Ég tel að að sá stóri hluti þjóðarinnar sem býr fjarri miðhálendinu og kemur einungis á mjög veigalítinn hátt að stjórnun á nýtingu þess að meðferð þess samkvæmt þeim frv. sem liggja fyrir, sé allsendis ófullnægjandi. Það brýtur í bága við skilning minn á hinu lýðræðislega hugtaki. Ég tel að það eigi að tryggja fjölmennum byggðarlögum á annan hátt miklu ríkari rétt að þessu.

[23:52]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg skilið þau rök að fulltrúar fjölmennra sveitarfélaga telji sig þurfa að hafa íhlutunarrétt um lyktir mála. En ég er ekki endilega sammála þeim. Ef menn telja það fyrirkomulag að skipulagsmál séu almennt verkefni á sveitarstjórnarstigi og telji ekki rétt að breyta því þá á ég bágt með að fallast á að á þessu svæði einu eigi að gilda önnur útfærsla en annars staðar. Ég tel t.d. miklu meira áríðandi að svæðisbundið skipulag sé á höfuðborgarsvæðinu en á miðhálendinu því að þar er miklu meira í húfi. Þar eru miklu fleiri úrlausnarefni sem þurfa að ganga upp en á miðhálendinu. Ég sé ekki að þar sé margt sem þurfi að glíma við umfram það að skipuleggja umferð manna og hesta um það, kannski bíla, ég skal ekki segja um það. Ég get því ekki tekið undir þær áherslur að fulltrúar hinna fjölmennu sveitarfélaga þurfi endilega að eiga þar hlutdeild að ákvörðunum. Mér finnst svo sem engin sérstök ástæða fyrir Vestfirðinga til þess að skipta sér þar af málum. Og jafnvel þó að þar yrði einhver Vestfirðingur þá veit ég að hann verður ekkert kosinn af fólkinu. Hann verður tilnefndur af einhverri fámennri klíku og hann gæti þess vegna líklegast verið einhver embættismaður þannig að ég á helst von á því að þeir sem munu vera valdir í þetta sem fulltrúar fólksins verði einhverjir kontóristar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 3. mál.

Fundi slitið kl. 23:55.

---

# 114. FUNDUR

miðvikudaginn 29. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276. — Frh. 2. umr.

2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Húseigendafélaginu.
Erindi frá Neytendasamtökunum.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Svör við fyrirspurn um kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará.

[10:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og hæstv. forseti veit tók það hæstv. viðskrh. þrjá mánuði fyrr á þessu þingi að svara fyrirspurn minni um laxveiðikostnað í ríkisbönkunum og Seðlabanka þó að hann hefði aðeins til þess tíu virka daga.

Nú stefnir í það sama varðandi aðra fyrirspurn sem ég hef lagt fram um kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará en hæstv. ráðherra hefur haft einn og hálfan mánuð til að svara þeirri fyrirspurn þó að hann hafi einungis til þess tíu virka daga. Í gær barst mér bréf frá viðskrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að höfðu samráði við yður og fyrirspyrjanda óskaði ráðuneytið eftir því við Ríkisendurskoðun að hún ynni greinargerð um málið á grundvelli þeirra spurninga sem fram komu í fyrirspurninni. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun er greinargerð þessi í undirbúningi en sökum anna liggur ekki fyrir hvenær hún verður tilbúin.“

Það verður ekki annað séð, herra forseti, af þessu bréfi ráðherra en að viðskrh. muni ekki svara þessari fyrirspurn áður en þingi lýkur. Mér finnst það engin rök í málinu að bera fyrir sig önnum hjá Ríkisendurskoðun vegna þess að það hefur legið fyrir allan tímann að Ríkisendurskoðun var upptekin og er upptekin og hefur mikið að gera og ráðherra bar þá að gera aðrar ráðstafanir til þess að Alþingi fengi svar við þessari fyrirspurn.

Herra forseti. Reyndar er einnig ósvarað beiðni minni til forsætisnefndar um að Ríkisendurskoðun fari ofan í risnu, ferðakostnað og laxveiðar Búnaðarbanka og Seðlabanka og staðreyni þau svör sem ég hef fengið frá ráðherra um þessi efni vegna þess að það er ástæða til þess að fara ofan í

risnu, ferðakostnað og laxveiðileyfi hjá Búnaðarbanka og Seðlabanka í ljósi þess að Alþingi fékk villandi upplýsingar um þessa þætti frá Landsbanka.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Má vænta þess að svör berist áður en þingi lýkur? Í upphafi þegar þessi fyrirspurn var lögð fram nefndi ég það við ráðherra að, ef það mætti vera til að greiða fyrir málinu, að ég væri tilbúin til þess að fækka þeim árum sem um er spurt varðandi Hrútafjarðará en þau voru 15. Það hefur greinilega ekki dugað. Ég óska eftir atbeina forseta þingsins til þess að hæstv. viðskrh. svari þessari fyrirspurn og einnig þeirri sem lýtur að Seðlabanka og Búnaðarbanka, áður en þingið lýkur störfum.

[10:33]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það tók óvenjulangan tíma að fá svar við þeirri fyrirspurn sem sneri að Landsbankanum. Ég held að það sé rétt að það hafi tekið um það bil þrjá mánuði. Til þess að ráðuneytið geti svarað fyrirspurn eins og hér er um að ræða þurfa upplýsingar að liggja fyrir frá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem um er að ræða. Ítrekað var gengið eftir því við Landsbankann á sínum tíma, og það þekkir hv. þm., að þau svör bærust. Þegar svör bárust fyrst voru þau ekki nógu fullkomin og ég vildi fá fullkomin svör til þess að leggja fyrir þingið. Því miður tók það svona langan tíma.

Varðandi þá fyrirspurn frá hv. fyrirspyrjanda sem snýr enn að Landsbankanum og þá sérstaklega það sem snýr að Hrútafjarðará, þá sendi ég bréf 12. mars sl. til forseta Alþingis og Ríkisendurskoðunar í samráði við hv. fyrirspyrjanda um að Ríkisendurskoðun svaraði þeim fyrirspurnum sem þar var um að ræða eða gæfi ráðuneytinu upplýsingar um þær fyrirspurnir sem þar var um að ræða. Það var gert í ljósi þess sem þá hafði gerst, þ.e. að upplýsingar sem mér höfðu áður borist frá Landsbankanum voru ekki réttar. Þess vegna vildi ég í samráði við fyrirspyrjanda og forseta Alþingis að málið yrði unnið þannig að upplýsingarnar kæmu beint frá Ríkisendurskoðun. Þetta var gert í fullri sátt við hv. fyrirspyrjanda og hæstv. forseta Alþingis.

Nú hafa þessar upplýsingar enn ekki borist. Síðast í morgun átti ég viðræður við ríkisendurskoðanda um málið. Hann treysti sér ekki til að svara þessu vegna anna áður en þingi lýkur.

Nú er það hins vegar svo og hefur áður komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda að hún er tilbúin til að stytta þann tíma sem um er spurt og ég fagna því. Þar af leiðandi hef ég nú þegar sett það í gang að aflað verði upplýsinga frá Landsbankanum, en ekki Ríkisendurskoðun, um þau efni sem um getur í fyrirspurninni og ég á von á því að í næstu viku geti ég lagt fyrir þingið svör við þeim spurningum sem þar um ræðir.

[10:36]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp vegna þess að það vekur athygli á því að málið þarf að ræða áður en þinginu lýkur. Það er alveg óhjákvæmilegt að þegar þessi svör berast, ef þau koma nú í næstu viku eins og hæstv. ráðherra er að lofa ef ég skildi hann rétt, þá verða þau auðvitað að koma til umræðu í þinginu þannig að hægt verði að fjalla um þau í samhengi við aðra hluti sem er óhjákvæmilegt að ræða hér.

Ég vil bæta því við, herra forseti, að þingflokkur Alþb. og óháðra óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á Búnaðarbankanum og Seðlabankanum, hliðstæða úttekt og fram fór á Landsbankanum og kynnt var fyrir nokkru og þjóðfræg varð á sínum tíma. Ég vil bæta því við, herra forseti, að ég tel mjög æskilegt, að ekki sé meira sagt, að Ríkisendurskoðun flýti svo þeirri úttekt að hún geti einnig komið til umræðu áður en þinginu lýkur því að þessi mál eru þess eðlis að Alþingi verður að fá að ræða þau í heild. Þess vegna leyfi ég mér að nota tækifærið til að fara fram á það við hæstv. forseta að hann kanni hvort ekki verði tryggt að Ríkisendurskoðun geti skilað þessum skýrslum um Búnaðarbankann og Seðlabankann upp úr næstu helgi þannig að þessi mál geti komið hér til umræðu í næstu viku áður en þinginu lýkur.

[10:37]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fyrirspurnir þingmanna, bæði munnlegar og skriflegar, og skýrslubeiðnir eru mjög mikilvæg tæki í þingstörfunum. Þar fáum við upplýsingar um málefni sem við viljum að varpað sé skýru ljósi á og þau svör sem við fáum gefa þingmönnum oft tilefni til að hreyfa málum áfram eða vinna þingmál eða skila vinnu inn í þá stefnumörkun sem flokkar eru að vinna.

Þessi tæki, sem fyrirspurnir, skýrslur og annað eru, eru að verða ónýt fyrir þingmenn. Það ber meira og meira á því þegar svör við skriflegum fyrirspurnum berast ekki eða úr hófi dregst að skýrslum sé skilað, að þá sé borið við önnum í þeim stofnunum sem eiga að vinna verkið og staðreyndin er sú að ef undirstofnun segir: „Ég hef ekki tíma.“ Eða ef undirstofnun sem á að afla upplýsinga er ergileg yfir því að verið sé að kássast upp á hennar hluti og svarar ekki þannig að ráðherra þarf að ganga eftir svörunum, þá ræður slík stofnun því hvort þingmenn fá svör við sínum fyrirspurnum eftir tíu daga, eftir einn og hálfan mánuð eða eftir þrjá mánuði. Þetta er mikið umhugsunarefni. Þessa dagana fæ ég sem þingflokksformaður margar spurningar frá þingmönnum um það hvort þeirra fyrirspurnum verði svarað eða hvort skýrslur og svör við fyrirspurnum brenni inni í þinglok á sama tíma, virðulegi forseti, og hingað hefur verið mokað inn stjórnarmálum sem ráðherrarnir setja vissulega í forgang fram yfir það að eiga við að svara spurningum sem þingmenn leggja fyrir þá.

[10:39]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að bera þetta mál upp. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að fyrirspurnir sem eru lagðar fyrir ráðherra eru lagðar fyrir ráðherra sem framkvæmdarvald. En það virtist koma fram í svari hæstv. ráðherra að hann hefði ekki treyst Landsbankanum til að svara þessari fyrirspurn — ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo — og því hefði hann sent fyrirspurnina til Ríkisendurskoðunar sem er undirstofnun Alþingis. Síðan er því borið fyrir sig hér að vegna anna undirstofnunar Alþingis geti hæstv. ráðherra ekki svarað þeirri fyrirspurn sem til hans er beint samkvæmt þingsköpum.

Virðulegi forseti. Ég held að æskilegt sé að það komi svar jafnvel af forsetastóli hvort eðlilegt sé að fyrirspurnir sem beint er til ráðherra séu framsendar til undirstofnana Alþingis. Ég held að það sé vel þess virði að bara þessi hugmyndafræði sé skoðuð. Enn frekar held ég að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri það hér hvort það sé réttur skilningur að þessi fyrirspurn hafi verið framsend sökum þess að hann treysti því ekki að Landsbankinn skili

réttum upplýsingum. Ég held að nauðsynlegt sé að skýra frekar orð hæstv. viðskrh., virðulegi forseti.

[10:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. viðskrh. að ég gerði ekki athugasemd við það að þessari fyrirspurn yrði beint til Ríkisendurskoðunar í ljósi þeirra staðreynda sem við höfðum fyrir framan okkur, þ.e. að Landsbankinn hafði gefið Alþingi rangar upplýsingar. En auðvitað er það umhugsunarvert sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir.

Ég fagna því að ráðherra ætlar að beita sér fyrir því sem hann á auðvitað að gera, að þingið fái þessi svör en segi enn og aftur að vitað var að Ríkisendurskoðun var upptekin. Hæstv. ráðherra átti að bregðast fyrr við því og leita þá annað til að fá svar við þessari fyrirspurn sem hann nú gerir í ljósi þess að þessar umræður fara hér fram. Þess vegna verð ég að treysta því, herra forseti, að hæstv. ráðherra standi við það sem hann hefur sagt, að við fáum svar við þessari fyrirspurn. Hún er nokkuð ítarleg en ráðherrann hefur líka haft einn og hálfan mánuð til að svara henni.

Ég beini því líka til hæstv. forseta hvort við megum vænta þess að fá svör við þeirri beiðni minni um að Ríkisendurskoðun fari ofan í risnu- og ferðakostnað Búnaðarbankans og Seðlabankans, sem þingflokkur Alþb. og óháðra hefur reyndar einnig beðið um, og að við fáum þau í tíma þannig að við getum rætt þessi mál áður en þing fer heim.

Reyndar er umhugsunarvert hvernig þingsköpunum er háttað. Alþingi starfar allt árið og þingmenn eiga að geta, einnig yfir sumartímann, beint fyrirspurnum um brýn málefni til ráðherranna þó að þingið sé ekki beint starfandi og teldi ég að hæstv. forsn. ætti að taka það mál til sérstakrar skoðunar. Og einnig að þó að þingið sé farið heim að hægt sé að svara fyrirspurnum sem hefur verið beint t.d. skriflega til ráðherranna en ekki hefur gefist tími til að svara. Þannig ættu þingsköpin að vera, herra forseti.

[10:43]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að fyrirspurnir og skýrslur eru mjög mikilvæg tæki fyrir hv. alþingismenn til að geta fylgst með athöfnum og gerðum framkvæmdarvaldsins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta séu virk tæki í því að hafa slíkt eftirlit. En um leið segi ég að það er þá mikilvægt fyrir ráðuneytin að hafa þann möguleika að geta aflað sem bestra og gleggstra upplýsinga um hvaðeina sem spurst er fyrir um. Því miður hefur það verið svo í nokkrum tilfellum sem snýr að viðskrn. að viðskrn. hefur gengið erfiðlega að fá upplýsingar frá sínum undirstofnunum um það sem spurt hefur verið um og ætla ég ekki að rekja það nánar.

Ég vonast til að á þessu verði nú breyting og þeim fyrirspurnum verði hægt að svara sem hafa verið lagðar fyrir mig. Ég á ósvarað þremur skriflegum fyrirspurnum sem ég mun leggja fram svör við í næstu viku í síðasta lagi.

Þá um fyrirspurn hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem sneri að Ríkisendurskoðun og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur að einhverju leyti svarað. Svo var á þeim tíma þegar fyrirspurnin kom fram að þær upplýsingar sem Landsbankinn hafði sent viðskrn. og ég hafði síðan sent Alþingi reyndust ekki réttar. Því var það samkomulag milli mín, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og forseta Alþingis að eðlilegt væri að Ríkisendurskoðun svaraði þessum spurningum eða gæfi viðskrn. upplýsingar um þessar spurningar, ekki bara vegna þess að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi heldur vegna þess að Ríkisendurskoðun er líka endurskoðandi Landsbankans. Það var af þeirri ástæðu sem okkur fannst rétt að senda fyrirspurnina og fá upplýsingarnar frá Ríkisendurskoðun, þ.e. af því að hún er endurskoðandi Landsbankans líka.

Það er ekki við Ríkisendurskoðun að sakast í þessum efnum vegna þess að síðan hefur það gerst að fleiri og fleiri spurningar og upplýsingar hafa verið lagðar fyrir Ríkisendurskoðun, sem óskað hefur verið eftir að hún svari og snúa að Búnaðarbanka og Seðlabanka og þær upplýsingar allar er verið að vinna núna. Skýrslur um þau mál er verið að vinna. Þessir hlutir taka tíma og við verðum við þessar aðstæður að sætta okkur við að þetta taki tíma, því miður, vegna þess að ástandið í þessum efnum er frekar óvanalegt um þessar mundir.

[10:46]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Um leið og þessari umræðu um störf þingsins lýkur vill forseti taka fram að hann mun ræða nánar við hæstv. ráðherra og ríkisendurskoðanda um hvenær megi vænta svara við umbeðnum fyrirspurnum. Forseta er að sjálfsögðu kunnugt að Ríkisendurskoðun vinnur að þessum málum öllum en mun ræða þetta frekar við viðkomandi aðila.

Forseti mun síðan í samráði við þingflokksformenn ætla tíma fyrir umræður um svörin, berist þau áður en þingi verður frestað í vor.

## *Um fundarstjórn.*

Frumvarp um breytingu á skipulags- og byggingarlögum.

[10:47]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir okkur liggur dagskrá 114. fundar Alþingis, miðvikudaginn 29. apríl 1998 kl. 10:30 árdegis. Á dagskránni eru þrjú mál: sveitarstjórnarlög, stjfrv., þjóðlendur, stjfrv., og eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv.

Það sem vekur athygli mína, herra forseti, er að á dagskránni er ekki frv. til laga um breytingu á lögum um skipulags- og byggingarmál sem hæstv. umhvrh. kynnti í öðrum umræðum.

Nú er mér ljóst, herra forseti, að um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir. Mér er líka ljóst að hæstv. ráðherra umhverfismála hefur ekki lagt þetta frv. fram í neinni alvöru þó að það heiti stjfrv. Hann hefur sjálfur sagt að í raun og veru ætlist hann ekki til þess að málið fái hér neina meðferð. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að Alþingi eigi ekki að láta bjóða sér svona leikaraskap. Þess vegna ætti að taka málið á dagskrá og láta reyna á það hvort afbrigði verði veitt fyrir því að málið geti komið til umræðu.

Þess vegna spyr ég hæstv. forseta: Hverju sætir það að þetta frv. er ekki á dagskrá með ósk um afbrigði? Er það vegna þess að ráðherrann hafi beðið um að málið yrði ekki sett á dagskrá? Ef það er þannig hlýtur það náttúrlega, ásamt öðru, að hafa áhrif á umræðuna hér um 1. dagskrármálið, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga sem væntanlega kemur til meðferðar á eftir.

En spurning mín til forseta er þessi: Hverju sætir það að málið er ekki á dagskrá þessa fundar?

[10:48]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur skilið það svo að þetta mál hafi eingöngu verið lagt fram til kynningar. Það er of seint fram komið samkvæmt þingsköpum og ekki hefur verið óskað eftir því að það verði tekið á dagskrá með afbrigðum. Þetta er það sem forseta er kunnugt.

[10:48]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Upp hefur komið undarleg staða í umræðunni um sveitarstjórnarlög. Fyrir páska var frv. tekið út úr félmn. þó um það væri ágreiningur og þá, að mati meiri hlutans, fullunnið í nefnd. Ljóst var að ágreiningur væri um veigamikið atriði í þessu frv., svokallað hálendismál, um stjórnsýslu á hálendinu.

Eftir að þetta frv. var tekið út hefur okkur borist til eyrna að stjórnarliðarnir hafi náð samkomulagi um hvernig skuli fara með skipulags- og stjórnsýslufyrirkomulag á hálendinu. Í skjóli þessa skrifuðu sumir nefndarmanna undir nefndarálit með fyrirvara til að standa að slíkri lausn. Ég árétta að slík lausn fullnægir ekki þeim viðhorfum sem jafnaðarmenn hafa um stjórnsýslu á hálendinu.

Nokkru eftir að umræða hefst um þetta stóra mál í gær, t.d. var undirrituð byrjuð með ræðu sína, er frv. dreift á borð þingmanna, sérstöku frv. um skipulags- og byggingarlög, með þeirri sáttargerð sem um hafði verið rætt. Þá kemur í ljós, í umræðum stjórnarliðanna, að það er aldeilis ekki sátt um málið. Hins vegar er frv. sem slíkt alls ekki á dagskrá. Við erum að ræða byggingar- og stjórnsýslumál á hálendinu í frv. um sveitarstjórnarmál. Ég hlýt að taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð. Fyrir mig skiptir það engu máli hvort frv. fer á dagskrá. Það skiptir mig máli hvort það verður afgreitt af því að ég vona enn að við getum haft áhrif á stjórnarliðana þannig að þeir fallist á tillögu jafnaðarmanna. Ég tek hins vegar undir það að að sjálfsögðu á hafa slíkt mál á dagskrá, sé það svo þýðingarmikið í afgreiðslu þingmáls og hér um ræðir.

[10:51]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Eins og ég veit að forseta er kunnugt er nú orðið samkomulag um alla hluti milli A-flokkanna þessa dagana. Það sem ég vildi segja, herra forseti, er að auðvitað er staðan fullkomlega óeðlileg. Umræðan um sveitarstjórnarlög snýst að verulegu leyti í kringum málamiðlun sem lögð er fyrir þingið, til kynningar í formi frv. um breytingar á skipulagslögum. Ljóst er að það var forsenda málamiðlunar sem náðist hjá stórum hluta félmn.

Nú hefur það hins vegar komið í ljós að af þeim þremur stjórnarþingmönnum sem hafa tjáð sig um málið er einn algerlega á móti því. Einn hefur lýst því yfir að það gangi ekki nógu langt til þess að fullnægja hans sjónarmiðum. Jafnframt kom í ljós að þriðji þingmaðurinn, sem reyndar gumaði af því í umræðum í gær að eiga höfundarrétt að frv., hún skildi það ekki. Málin eru í mjög undarlegri stöðu hérna og það er nauðsynlegt að ríkisstjórnin skýri hvað er í rauninni á seyði. Frv. er lagt fram til kynningar en hér hafa a.m.k. tveir stjórnarþingmenn lýst því yfir að þeir muni beita sér fyrir verulegri breytingu á því.

Hér er um að ræða lykilatriði, herra forseti, og nauðsynlegt að *málið verði skýrt á einhvern hátt.* Í mjög stuttri ræðu í gær má eiginlega segja að hæstv. umhvrh. hafi mælt fyrir þessu máli og þar með leitt það inn í umræðuna. Mér finnst, frá þeim sjónarhóli sem Alþb. og óháðir hafa talað í dag, fullkomlega eðlileg krafa af þeirra hálfu að málið komi til afgreiðslu. Ég tel málið stórkostlega gallað. Það veldur mér auðvitað ákveðnu angri að þegar hæstv. umhvrh. mælti fyrir frv., þá var ræða hans og sú túlkun sem kom fram í ræðunni öll önnur en venjulegir skynibornir menn geta lesið úr greinargerðinni. Ég tel því að málið sé í algeru uppnámi og ekki hjálpar það okkur til að komast að einhvers konar niðurstöðu.

[10:53]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í þingsköpum er ekki til neitt sem heitir að frv. sé lagt fram til kynningar. Annaðhvort eru frumvörp flutt eða ekki. Þó að við orðum það þannig, þingmenn, í okkar tali að frumvörp séu lögð fram til kynningar, þá er það í raun og veru ekki þannig. Hin formlega staða málsins er sú að frv. er ekki frv. fyrr en samþykkt hefur verið að taka það til meðferðar. Þess vegna standa málin þannig að við hljótum að óska eftir því að frv. verði tekið til umræðu. Þó virðist sá sem ber það hér inn, umhvrh., ekki vilja kannast við það, þannig að frv. er munaðarlaust.

*Spurningin er þá hvort hugsanlegt sé að óska engu að síður* eftir því að málið verði tekið á dagskrá með afbrigðum þó að umhvrh. vilji ekki kannast við það. Svarið við því er já. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. þingskapa getur þingfundur ákveðið dagskrá næsta fundar. Því væri unnt fyrir okkur hér að flytja tillögu um það hvernig dagskrá næsta fundar verður, til að láta á það reyna hvort meiri hlutinn eða aðrir í þinginu vilja að málið komi til umræðu eða ekki.

Ég bendi forseta á þennan möguleika sem við höfum, að flytja slíka tillögu. Ég er ekki að boða það að svona tillaga verði flutt núna. Ég held að mun skynsamlegra væri að forseti Alþingis og formenn þingflokkanna kæmust að samkomulagi um að breyta þeirri dagskrá sem nú liggur fyrir, taka þetta mál fyrir og láta á það reyna hvort unnt er að ná málinu á dagskrá með afbrigðum.

Afstaða til efnisatriða málsins er svo allt annað mál sem t.d. þingmenn jafnaðarmanna hafa sagt að þeir séu óánægðir með en styðji engu að síður að málið komi til umræðu. Segja má að Alþb. og óháðir hafi miskunnað sig yfir þennan munaðarleysingja og ákveðið að taka hann í fóstur. Fyrir okkar leyti erum við tilbúnir til að gera þá tillögu, ef forseti vill, að málið verði tekið fyrir nú eða strax á næsta fundi. Blekkingarleikur af þessu tagi gengur auðvitað ekki, að ráðherrar komi inn með mál sem á að heita sáttaviðleitni stjórnarflokkana við Alþb., í þessu tilviki, en þegar málið er lagt fyrir segi menn: Það er ekkert að marka þetta.

Veruleikinn getur ekki gengið svona fyrir sig. Þetta er dónaskapur við þingið að mínu mati. Auk þess er kostulegt að fylgjast með því hvernig stjórnarflokkaþingmennirnir tala um þetta mál. Þingmenn Framsfl., úr Reykn. og Reykv., urðu auðvitað að athlægi í gær vegna þess hvernig þeir fóru með þetta mál. Vitanlega er greinilegt að á bak við málið er blekkingavefur sem Framsfl. hefur reynt að spinna til þess að koma þessu umdeilda máli í gegn. Það gengur ekki fyrir forseta Alþingis sem á að gæta þingskapanna að líða svona blekkingavinnubrögð.

[10:56]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti telur sig vera að gæta þingskapa með því að taka þetta mál ekki á dagskrá. Það er of seint fram komið samkvæmt þingsköpum og dagskrá þessa fundar er þegar ákveðin. Forseti þekkir að sjálfsögðu 63. gr. þingskapanna. Eins og hv. þm. benti á má ákveða dagskrá næsta fundar með ályktun þingsins.

Forseti verður að viðurkenna að hann er ekki sérstakur talsmaður þess að fjölga málum á dagskrá þar sem svo stutt lifir þings en skilur þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. Hann er tilbúinn að ræða þær við ráðherrann sem lagði frv. fram. Frv. er auðvitað frv. nú þegar, því hefur verið útbýtt í þinginu, en það verður ekki tekið á dagskrá nema með afbrigðum. Til þess kann vel að koma, það ætlar forseti ekki að útiloka það.

[10:57]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Sú staða var komin upp í umræðum í gær að tveir af forustumönnum stjórnarflokkanna í umhvn., annars vegar formaður nefndarinnar og hins vegar oddviti sjálfstæðismanna innan þings í umhverfismálum og væntanlegur umhvrh., höfðu báðir lýst andstöðu sinni við þá niðurstöðu sem hæstv. ráðherra hafði kynnt sem sáttaniðurstöðu, ekki bara innan sinna flokka við þá þingmenn sem verið höfðu á móti málinu, heldur einnig við einn stjórnarandstöðuflokkanna. Ég óskaði þá eftir því við hæstv. forseta að hann efndi til fundar með formönnum þingflokka til að skýra stöðu þessara mála og m.a. athuga hvort fylgi væri við það hjá formönnum þingflokka, að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum. Ég átti satt að segja von á því, miðað við undirtektir forseta, að við fengjum að vita það nú hver hefði verið niðurstaðan af slíkum fundi. Nú kemur í ljós að sá fundur hefur aldrei verið haldinn.

Við skulum átta okkur á því að hér hafa fjórir þingmenn stjórnarflokkanna, ekki bara þrír heldur fjórir, talað um svokallaða sáttalausn. Þrír hafa verið meira eða minna á móti henni og í ljós hefur komið að sá eini sem sagt hefur sig fylgjandi henni, getur ekki skýrt hana. Því er enn frekari ástæða nú en í gær til þess að málið verði lagt fyrir. Ég vil benda hæstv. forseta á það að formaður þingflokks Alþb. hefur bókstaflega lýst því yfir að Alþb. og þingmenn þess séu reiðubúnir að greiða atkvæði með afbrigðum. Það ætti því ekki að vera vandasamt fyrir stjórnarflokkana að fá samþykkt afbrigði við þetta mál.

Ég hef aldrei upplifað það í minni þingmennskutíð að stjórnarandstaða hafi við þessar aðstæður hvatt til þess að atkvæði yrðu greidd um afbrigði á máli sem ríkisstjórn flytur og er of seint fram komið, eða að ríkisstjórn sem fær slíkt tilboð frá stjórnarandstöðunni skuli nánast hafna því. Hvers konar málatilbúnaður er þetta, virðulegi forseti, þegar ríkisstjórnin hafnar tilboði stjórnarandstöðunnar um að taka á dagskrá mál sem ríkisstjórnin flytur en er of seint fram komið?

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það er enginn vandi að ná samkomulagi um að hafa lok þessa fundar einhvern tíma síðar í dag og setja nýjan fund þar sem þetta mál yrði tekið á dagskrá. Ég vísa enn til þess sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um 2. málsl. 1. mgr. 63. gr., að ef fram kæmi tillaga um að taka málið á dagskrá, þá yrði hún að ganga til atkvæða. Auðvitað er það tillaga um afbrigði. Ætla stjórnarflokkarnir þá að fella tillögu um afbrigði við sitt eigið mál?

[11:01]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill taka fram að hann er ekki hér sérstaklega að svara fyrir ríkisstjórnina og veit ekki hvort hún mun hafna slíku tilboði, það veit forseti ekki. Forseti mun ræða málið við þann ráðherra sem hefur forræði málsins en ítrekar að dagskrá þessa fundar er þegar ákveðin.

[11:01]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur eigum ekki aðild að hv. félmn. og erum enn þá ekki komnar á dagskrá í þessu umdeilda máli sem um er rætt, þ.e. sveitarstjórnarlögunum. En áður en lendingin varð í sambandi við álit bæði félmn. og allshn. í sambandi við þjóðlendufrv., þá höfðum við spurnir af þessari lausn sem var í smíðum í sambandi við breytingar á skipulagslögum. Ég verð að segja það fyrir mig að ég vildi fá að vita hvernig sú lausn yrði áður en ég ákvæði hvort ég mundi leggjast gegn þessum ákvæðum sveitarstjórnarlaganna og koma með brtt. við þjóðlendufrv. í samræmi við það. Mér heyrðist að lausnin yrði ekki fullnægjandi. Við kvennalistakonur styðjum þá afstöðu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og þingflokkur jafnaðarmanna hefur tekið í þessu máli og ég vil að það komi fram vegna fréttaflutnings þar sem við erum ekki enn þá komnar á mælendaskrá.

Mér sýnist á þessu frv. sem var dreift hér í gær að það sé allsendis óviðunandi til að tryggt verði að hálendið verði skipulagsleg heild í stað „tertusneiða". Ég er ekkert hissa á afstöðu formanns umhvn. og þeirra stjórnarliða sem telja það ófullnægjandi. Mér sýnist því þetta mál núna vera allt hið undarlegasta. Mér er engan veginn ljóst t.d. hvort Alþb. styður málið núna eða ekki þar sem málamiðlunarlausnin virðist vera mjög veik og sama er að segja um stjórnarflokkana, þ.e. þá liða sem upphaflega bundu vonir við þessa lausn.

Ég styð það að þetta frv. hæstv. umhvrh. komist hér á dagskrá því að málið er allt hið undarlegasta eins og það stendur núna.

[11:03]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Þegar ráðherra hefur lagt fram frv. á Alþingi, þá er málið komið úr hans höndum og í hendur þingsins. Ég óskaði ekki eftir því við hæstv. forseta að hann ræddi stöðu málsins við ráðherra. Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta í gær að hann ræddi stöðu málsins við formenn þingflokkanna til þess að fá niðurstöður um það hvort hér í þinginu væru menn reiðubúnir til að greiða atkvæði með afbrigðum um að málið mætti koma á dagskrá. Þetta er alfarið mál þingsins en ekki mál ráðherrans þannig að hann hefur ekki lengur, herra forseti, neitt forræði á málinu. Það eina sem ráðherrann gæti gert ef hann vildi ekki að málið yrði tekið til afgreiðslu á þinginu væri að draga frv. til baka. Það er eina forræðið sem ráðherrann hefur á málinu úr því sem nú er komið, þ.e að skrifa Alþingi bréf og draga frv. til baka vilji hann ekki að þingið fjalli um það.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég er að tala við forseta Alþingis sem oddvita þingsins, fulltrúa þessarar stofnunar sem tekur ákvörðun um hvernig með málið skuli fara. Það er ekki ákvörðunaratriði ráðherra. Ég ítreka þá ósk mína sem ég setti fram í gær og átti satt að segja von á miðað við undirtektir forseta þá að mundi verða fallist á, enda mjög eðlileg og sjálfsögð ósk, að forseti eigi fund núna sem allra fyrst með formönnum þingflokka um þetta mál þannig að fyrir liggi hvort stuðningur sé þá við það í þinginu að málið verði tekið

til umræðu með afbrigðum. Það ræðst auðvitað af afstöðu þingflokksformanna og þingmanna stjórnarflokkanna því að stjórnarandstaðan hefur boðist til að greiða atkvæði með afbrigðum um mál ráðherra sem of seint er fram komið. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég minnist einskis fordæmis fyrir því að stjórnarandstaðan hafi boðist til að greiða fyrir því að mál væri tekið á dagskrá sem ráðherra flytur og flutningsmaður sjálfur skuli hafna því tilboði og bregða þannig fæti fyrir sitt eigið mál.

Nú er það ekki lengur á hans valdi, virðulegi forseti. Það er á valdi þingsins og það er þess vegna sem ég sný máli mínu til hæstv. forseta að óska eftir því að hann kanni það, ekki við ráðherrann heldur við þingflokksformennina, hvort vilji sé til þess að taka því tilboði stjórnarandstöðunnar að málið komist á dagskrá.

[11:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti verður nú að viðurkenna að hann þekkir ekki þessa beiðni sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er að greina frá að hann hafi borið fram við sitjandi forseta í gær.

Forseti vill aðeins ítreka þá skoðun sína að þegar mál kemur of seint fram samkvæmt þingsköpum, þ.e. eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að þing er sett, þá getur það ekki verið að forseti eigi að hafa frumkvæði að því að leita afbrigðanna. Það hlýtur að vera sá sem flytur málið, hvort sem það er ráðherra eða þingmaður. Slík beiðni hefur ekki komið til forseta. En forseti hefur heyrt ræðu hv. 4. þm. Vestf. um að hann hafi leitað eftir því að forseti hefði samráð við formenn þingflokka um hvort þetta mál kæmi á dagskrá. Það getum við athugað síðar í dag en dagskrá þessa fundar er ákveðin og forseti leitar nú samstarfs um það að við getum tekið til við dagskrármálin og rætt þau efnislega.

[11:08]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að það sé alveg hárrétt að búið sé að ákveða dagskrá þessa fundar, þá lít ég ekki svo á og skil ekki orð hæstv. forseta svo að ef samkomulag næst við formenn þingflokka um stuðning við afbrigði við frv. hæstv. umhvrh. þá sé loku fyrir það skotið að það geti komist á dagskrá í dag með þeim hætti að forseti slíti fundi og veki nýjan fund þegar að þeim fundi loknum til að geta tekið það mál á dagskrá. Ég lít ekki svo á að forseti hafi með orðum sínum áðan verið að útiloka þá lausn og spyr hvort sá skilningur minn sé ekki réttur að verði um þetta samkomulag, þá sé ekki útilokað að málið geti komist á dagskrá í dag vegna þess að því fyrr sem það kemst á dagskrá því meiri líkur eru til þess að hægt sé að ljúka málinu.

[11:09]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Sá skilningur er réttur að það er alltaf hægt að setja nýjan fund og þetta munum við ræða síðar í dag.

Forseta varð á í messunni áðan. Hann leyfði hv. 4. þm. Vestf. að tala í þriðja sinn og getur væntanlega ekki annað en leyft hv. 8. þm. Reykv., sem var málshefjandi, að tala í hið þriðja sinn. En það eru undantekningar frá reglunni.

[11:09]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir og þann stuðning sem fram hefur komið við sjónarmið mín í þessu máli, m.a. frá hv. 4. þm. Vestf. um að eðlilegt sé að taka málið á dagskrá, hvaða afstöðu sem menn hafa til þess og ég þakka einnig þann stuðning sem fram kom við þau sjónarmið hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Ég tel að þar með sé komið fram að það sé bersýnilegt að talsmenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna séu tilbúnir að greiða fyrir því að málið komist á dagskrá og komist til umræðu. Enginn þeirra hefur út af fyrir sig endanlega skorið upp úr með það hvaða afstöðu menn kunna að hafa til málsins en menn munu styðja að það komi til umræðu og það er mikilvægt. Ég vil sérstaklega þakka fyrir það.

Jafnframt vil ég fara fram á það, herra forseti, að það verði ekki látið bíða þar til síðar í dag heldur verði haldinn fundur t.d. í hádegishléinu með formönnum þingflokkanna þar sem ákvörðun um þetta mál verði tekin og hún verði kynnt fljótlega vegna þess að staðreyndin er sú að þetta frv. er hluti sveitarstjórnarlagafrv. að mati okkar alþýðubandalagsmanna þannig að það er óhjákvæmilegt að þetta mál komist á dagskrá.

(**Forseti** (ÓE): Forseti mun boða þingflokksformenn til fundar í hádeginu í dag, væntanlega kl. hálfeitt en tilkynnir það síðar.)

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276.

[11:11]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hv. Alþingi um sveitarstjórnarmál er heilmikill lagabálkur sem hefur verið til meðferðar í hv. félmn. í nokkra mánuði. Ég tel að meðferð þess máls og málatilbúnaður allur af hálfu nefndarinnar og ráðuneytisins sé til fyrirmyndar og leitað hafi verið álits um allt land þar sem hægt er að fá álit á slíku máli til að hægt sé að betrumbæta það sem hægt er að laga. Hygg ég að það hafi tekist að ná fram frv. sem ætti að geta lifað nokkuð lengi og þjóðin og sveitarstjórnarmenn að geta sætt sig við til nokkuð langs tíma.

Þetta frv. nær yfir alla þætti sveitarstjórnarmála sem koma að sjálfsögðu í dag að öllum hugsanlegum þáttum mannlífsins og er því af mörgu að taka ef á að ræða slíkt mál til hlítar. Ég mun að sjálfsögðu ekki gera það, enda margir sem ræða þetta og þeir sem mikinn áhuga hafa lesa að sjálfsögðu slík lög sem þessi, greinargerðir og málflutning sem því fylgir.

Ég vildi aðeins tæpa á fáeinum atriðum og vil byrja á því að minnast á fjármál sveitarfélaganna en fjármál sveitarfélaga hafa verið mesta áhyggjuefni ríkisstjórna og sveitarstjórna almennt, þ.e. að fjármálin fari fram með eðlilegum hætti og ekki sé hægt að gagnrýna meðferð fjármuna og arðgreiðslna til að mynda innan sveitarstjórna sem tíðkast hafa í langan tíma.

Í 7. gr. frv. er sérstaklega tekið á arðgreiðslum fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Við þetta frv. kom ákveðin brtt. frá hæstv. félmrh. til nefndarinnar sem var á þá leið að sveitarfélög eigi að setja sér stefnu um arðgjöf og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Þessi viðbót kemur inn í 7. gr. eins og hún er í frv. þar sem sagt er að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til

þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanir annast.

Þetta er að sjálfsögðu mikið og stórt mál. Hér er verið að tala um arðgreiðslu fyrirtækja eins og Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og annarra stórra fyrirtækja sem fyrst og fremst eru á höfuðborgarsvæðinu en eru þó víða um land. Samkvæmt ársreikningum Reykjavíkurborgar fara milljarðar úr þessum fyrirtækjum í borgarsjóð til þess að standa undir verkefnum á vegum Reykjavíkurborgar. Þetta getum við sagt að sé eðlilegt ef um væri að ræða fyrirtæki sem einungis væru að selja þjónustu til Reykjavíkur og þeirra sem njóta þá arðsins en svo er nú ekki heldur er verið að taka þessar arðgreiðslur af sölu af heitu vatni og hugsanlega annarri þjónustu, rafmagnsveitu og vatnsveitu sem er seld til sveitarfélaga í kringum höfuðborgina, sem sagt flestallra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Mörgum hefur þótt dálítið súrt að greiða miklu hærra orkuverð en er í raun nauðsynlegt til að standa undir eðlilegum rekstri Hitaveitu Reykjavíkur og hafa sveitarfélög í kring gagnrýnt að slík gjaldtaka skuli vera í svo miklum mæli sem raun ber vitni. Ég vildi vekja sérstaka athygli á þessu hér, samkvæmt þeim yfirlýsingum sem við höfum fengið í hv. félmn. og er ástæðan fyrir að ég geri ekki sérstaka athugasemd við þetta er að borgaryfirvöld hafa á prjónunum að gera sérstakan samning við þau sveitarfélög sem njóta þjónustu frá Hitaveitu Reykjavíkur og annarrar þjónustu frá veitustofnunum Reykjavíkurborgar og semja um hlutdeild þessara aðila í arðgreiðslum. Mér fyndist mjög eðlilegt að það yrði gert og af þessu verði sem er þá eina ásættanlega lausnin svo hægt sé að réttlæta slíka arðtöku sem er í eins stórum mæli og raun ber vitni.

Mér er kunnugt um að ekki hefur farið fram nein sérstök umræða um þetta enn þá en ég vænti þess að svo verði. Ef ekki, má búast við verulegum mótmælum af hálfu sveitarfélaga í kringum höfuðborgina gagnvart þessu gjaldi og spurning um hvort löggjafinn þurfi með einhverju móti að koma að slíku ef ekki rætist úr í samningum milli sveitarfélaga. Þetta vildi ég sagt hafa í þessari umræðu, herra forseti, þannig að það komi fram að við höfum rætt um arðgreiðslurnar í hv. félmn. og teljum að þar verði að bæta úr í frjálsum samningum sem er eðlilegast en ef það tekst ekki verði að grípa til annarra ráða.

Í þessu frv., herra forseti, eru mörg önnur mál sem teljast kannski ekki til stórtíðinda en ég vil vekja athygli á einu litlu, varðandi t.d. fyrsta fund sveitarstjórnar. Hingað til hefur verið tíðkað að til fyrsta fundar sveitarstjórnar kallar aldursforseti sveitarstjórnar saman og stýrir honum og kjöri á embættismönnum sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Nú er verið að breyta þessu ákvæði skv. 13. gr. þannig að nú er það sá sem hefur lengsta setu í sveitarstjórn sem kallar til fyrsta fundar og stýrir honum þar til þeir embættismenn eru kosnir sem samkomulag er um af hálfu sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Þarna er því verið að fara inn á sömu braut og hefur tíðkast í þinginu þar sem fer saman aldur og starfsaldur þingmanna sem leiðir til þess að hann stjórni fyrsta fundi þings eftir kosningar, (**Gripið fram í:** Reynsla.) sem er reynsla.

Önnur atriði sem koma inn í þetta eru t.d. hæfi sveitarstjórnarmanna til að taka þátt í stjórnum fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins og stofnana í umsjá sveitarfélagsins. Nokkuð er tekið á því að sveitarstjórnarmenn geti ekki verið beggja megin við borðið ef hægt er að orða það þannig. Það hefur tíðkast nokkuð lengi að menn hafa getað starfað hjá sveitarfélagi og setið í sveitarstjórn um leið en það er litið á það nokkru hornauga og við gerum ráð fyrir að eðli máls samkvæmt gæti sveitarstjórnarmenn sín.

Annað mál sem er kannski ekki stórmál er í 50. gr. og er um þóknun fyrir nefndarstörf. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að þóknun fyrir nefndarstörf yrði skylda en ekki var fallist á það í félmn. Ég hefði talið í lagi út af fyrir sig að hafa það sem skyldu að sveitarstjórnir og nefndir á vegum sveitarstjórna fengju einhver laun. Í mínum huga eru allar nefndir jafnmikilvægar og ef hægt er að borga einni nefnd á að vera hægt að borga öllum nefndum. Spurningin er einvörðungu sú hvernig á að skipta þeirri köku sem snýr að fjármálum og launum nefndarmanna, ekki það hvort sumar nefndir eigi að fá greitt frekar en aðrar. Í mínum huga er eðlilegt að sveitarstjórnir geti ekki raðað þannig upp mikilvægi nefnda að sumar fái ekki neitt en aðrar verulegt, að það væri skylda að greiða nefndum og fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaga hæfilega þóknun og vildi ég að það kæmi fram að slíkt finnst mér eðlilegt og óeðlilegt að mismuna þeim.

Ef við komum að fjárfrekum fjárfestingum skv. 65. gr., þ.e. fjármálum sveitarfélaga, er hægt að segja um fjármál sveitarfélaganna að þar hefur gætt vaxandi ábyrgðar af hálfu sveitarstjórnarmanna og almennt er farið að líta það mun alvarlegri augum en áður var þegar ráðist er í fjárfrekar framkvæmdir eða þegar verið er að setja meiri byrðar á sveitarsjóð en menn sjá fyrir að hann geti risið undir nema á mjög löngum tíma. Vil ég benda þar á ýmislegt sem sveitarstjórnir hafa gert til að sjá betur yfir rekstur sinn en það er með útgáfu árbókar sveitarfélaganna sem hefur verið með mikinn samanburð á ýmsum rekstrarþáttum sveitarfélaganna sem er mjög mikilvægur fyrir sveitarstjórnarmenn til að geta borið saman. Einnig hefur verið af hálfu Sambands íslenskra sveitafélaga gefinn út samræmdur ársreikningur sveitarfélaga eða bókhaldslykill þannig að sveitarfélög færi upp bókhald sitt samanburðarhæft. Hefur þetta allt orðið til þess að menn eiga auðveldara með að sjá hvort eitthvað hefur farið úrskeiðis og hvort ástæða sé til að skoða það frekar.

Í kaflanum um fjármál sveitarfélaga er margt nýtt sem er sett í lög og m.a. um fjárfrekar fjárfestingar, sbr. 65. gr. Þar er gert ráð fyrir því ef fjárfestingar fari yfir ákveðið hlutfall af skatttekjum sé það skylda að fá umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun og væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhugðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð sé um hann að ræða. Samt er náttúrlega ljóst að í sumum tilvikum getur verið erfitt fyrir lítil sveitarfélög að uppfylla þetta en það getur líka verið að menn sjái þá þó frekar hvernig ætti að snúa sér í fjárfestingum en þeir hafa gert. Við þekkjum að lítil sveitarfélög, 500–1.000 manna sveitarfélög, hafa stundum verið að reisa sér hurðarás um öxl með byggingu stórra mannvirkja eins og íþróttamannvirkja af ýmsum toga. Þetta hefur tekið svo í sum sveitarfélög að það hefur tekið árafjölda að ná niður þessari fjárfestingu og annað setið á hakanum þannig að það hefur heft getu sveitarfélagsins til að sinna öðrum verkefnum. Ég er ekki að segja að þessi verkefni hafi ekki verið nauðsynleg eins og íþróttamannvirki heldur er það oft spurning við nánari athugun á fjármálum og fjárfestingum til framtíðar hvort menn hefðu farið hægar. Ég ætla ekki að segja neitt sérstakt um það annað en að það getur verið erfitt í mörgum tilvikum fyrir þessi litlu sveitarfélög að uppfylla þetta en gæti orðið þeim til góðs.

Við þekkjum fjárfestingar sem hafa verið gerðar þannig að það kemur ekki fram í ársreikningum nema við hvert ár að um fjárfestingu sé yfirleitt að ræða. Þá er ég að meina að sum sveitarfélög hafa gert fjárfestingarsamninga áratugi fram í tímann, t.d. í landakaupum hafa menn einungis gefið út afsal fyrir hluta af kaupunum þannig að kaupin teljast ekki skuld í þess orðs merkingu á efnahagsreikningi heldur er það fjárfesting á hverju ári sem stendur yfir í áratugi. Ef slík fjárfesting yrði tekin í einu lagi, þar sem um skuldbindingar er að ræða, mundi hún geta fallið undir ákvæði 65. gr. Ég velti því fyrir mér hvernig menn komist fram hjá slíkum ákvæðum en þetta er eitt af því sem verður að hafa í huga að er tíðkað og í sjálfu sér kannski ekki ástæða til að agnúast neitt út í.

Eitt atriði sem er mjög merkilegt í þessari frumvarpssmíð og lagasmíð er eftirlitsnefnd skv. 74. gr. 74. gr. gefur ákveðinni þriggja manna eftirlitsnefnd það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaganna. Það kemur í raun í stað ráðuneytisins sem hefur hingað til haft þá skyldu. Nefndin á að geta farið ofan í fjármálin og gert athugasemdir og ráðstafanir skv. 75. gr. ef um fjárþröng er að ræða og gripið inn í til aðgerða hafi sveitarstjórn ekki sinnt ákvörðun nefndar eða ef nefndin telur viðbrögð sveitarstjórnar í framhaldi af viðvörun nefndarinnar ófullnægjandi. Í 2. mgr. 75. gr. segir, með leyfi forseta:

„Eftirlitsnefnd skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests."

Nefndin getur fyrir það fyrsta sett ofan í við sveitarstjórnina. Hún getur farið yfir öll skjöl og málsskjöl sem eru í sveitarstjórninni til að grafast fyrir um ástæður og framvindu og síðan eru ýmis ákvæði um það sem nefndin getur gert til að koma málum sínum á framfæri sem varða jöfnunarsjóð og önnur mál. Nefnd eins og þessi á sér engin fordæmi svo vitað sé annars staðar í heiminum. Ekki er ég að segja að það sé ekki gott heldur er þetta mjög sérstakt. Einu áhyggjurnar sem ég hef af þessu eru þær að menn geti skýlt sér á bak við slíka nefnd, sveitarstjórnarmenn geti sagt að það hafi ekki komið viðvaranir ef í óefni er komið og þar með sagt sem svo: Ja, eftirlitsnefndin hafði ekki samband og við héldum að við værum í góðum málum og mættum halda áfram fjárfestingum okkar. En þar sem eftirlitsnefndin mundi ekki gera þær ráðstafanir sem lögin kveða á um þá sé enginn ábyrgur. Ég held samt að maður eigi ekki að þurfa að taka þann pólinn í hæðina og það verði alltaf bara einn skipstjóri á skútunni, í þessu tilfelli sveitarstjórnin og bæjarstjóri eða sveitarstjóri eftir atvikum. Við verðum að líta jákvætt á þetta sem ábyrgðar- og metnaðarfulla aðferð sveitarstjórnarmanna því þetta er tillaga frá þeim til að ná enn betur utan um fjármál sveitarfélaganna. Að þessu leyti vona ég því að þetta verði til að styrkja fjármál sveitarfélaganna en ekki að draga úr ábyrgðarhlutverki sveitarstjórnarmannanna.

Eitt atriði enn varðandi fjármálin er 73. gr., um ábyrgðir sveitarfélaga. Það er þekkt úr fjármálasögu og atvinnusögu sveitarfélaga á síðustu áratugum að sveitarstjórnir hafa gengið í ábyrgðir fyrir fyrirtæki úti í bæ til að halda atvinnulífinu gangandi í sveitarfélaginu, til að bjarga atvinnulífinu frá hruni að mati sveitarstjórna og/eða að koma af stað nýjum atvinnurekstri í stað þess sem hefur orðið að víkja eða flust úr bænum. Þetta var gert mjög ótæpilega á sínum tíma þegar leyfilegt var að taka sjálfskuldarábyrgðir í nafni sveitarfélagsins og einfaldar ábyrgðir jafnframt. Sjálfskuldarábyrgðir voru mjög algengar og fóru mjög illa með fjárhag margra sveitarfélaga og ætla ég ekki að telja upp nein dæmi þess, menn þekkja það úr fréttum. Eftir að sjálfskuldarábyrgð var bönnuð var samt heimilt að taka einfaldar ábyrgðir, sem þýðir að ekki er hægt að krefja sveitarfélagið um greiðslu ábyrgðarskuldbindingar sinnar fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefur verið lýst gjaldþrota og gert upp, þá er hægt að ganga að sveitarfélaginu. Þetta var gert mjög mikið og ég þekki dæmi þess þar sem sveitarfélag var að tapa allt upp í 25% af tekjum sínum á einu ári í greiðslur á slíkum ábyrgðum og dæmi um miklu alvarlegri mál. Oft var þetta gert í því augnamiði eins og fyrr að bjarga fyrirtækjum sem voru komin í þrot. Því miður er það staðreynd bæði hjá sveitarfélögum og bönkum að slíkar björgunaraðgerðir eru venjulega of seint á ferðinni og eru einungis lenging í hengingaról sem færist þá frá banka eða einhverjum sjóðum, eða jafnvel einstaklingum yfir á sveitarsjóð og hann þarf að blæða.

Með þessari grein er tekin út sú heimild sveitarfélaga að veita einfalda ábyrgð. Nú mega sveitarfélög ekki binda sveitarsjóð í ábyrgðum vegna skuldbindinga annarra aðila, mega ekki binda nema stofnanir sveitarfélagsins. Í þessu felst verulega mikil breyting sem ég hygg að eigi eftir að létta áhyggjum af mörgum sveitarstjórnarmanninum því þetta hefur oft verið mjög erfið ákvörðun fyrir sveitarstjórnarmenn að taka. Í litlum sveitarfélögum er þetta mjög nærri sveitarstjórnarmönnum og þeir oft í erfiðleikum með að hafna ósk vina og kunningja og kannski atvinnufyrirtækja sem staðið hafa í eldlínunni áratugum saman og eiga í erfiðleikum um aðstoð eftir langan og farsælan feril, en samkvæmt þessu verður það ekki hægt.

94. gr. er lítil grein um sameiningu sveitarfélaga og sameiningu yfir kjördæmamörk. Stækkun sveitarfélaga er heiti kaflans, VIII. kaflans, og er að sjálfsögðu mikill og góður bálkur. Ekki er breytt þeim ákvæðum sem hafa verið inni að sveitarfélög sem eru með 50 íbúa og fleiri geti haldið áfram að vera sjálfstæð sveitarfélög. Það er einungis þegar þau eru með færri íbúa en 50 að það má með stjórnvaldsákvörðun sameina það næsta sveitarfélagi. Nú má sameina sveitarfélög yfir kjördæmamörk, sem var ekki hægt áður nema með sérstakri lagabreytingu og er þetta ákvæði þó ekki hugsað þannig að hvaða sveitarfélag sem er geti sameinast öðru, t.d. að Raufarhöfn geti sameinast Reykjavík af því að sveitarstjórnarmönnum líkaði það betur eða að Garður mundi sameinast Garðabæ af því það passaði vel upp á nafnið, sem er nú reyndar í sama kjördæmi. Margt gæti komið upp í hugann til gamans en þetta er hugsað til að sveitarfélög geti sameinast samliggjandi sveitarfélagi sem er í öðru kjördæmi og fyrst og fremst hugsað til að koma til móts við praktísk sjónarmið og er það mjög eðlilegt að slíkt sé leyfilegt. Spurningin er náttúrlega alltaf sú hvort hækka eigi mörkin þar sem sveitarfélög geti verið sjálfstæð, hækka þau sem sé upp fyrir 50 íbúa markið og hefur það svo sem verið til umræðu í mjög langan tíma hjá sveitarfélögum en aldrei náðst samkomulag um það. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá hæstv. félmrh. að best og eðlilegast sé að þetta frumkvæði komi frá sveitarstjórnunum sjálfum, frá íbúunum sjálfum í stað þess að setja það í lög og skikka sveitarfélög til sameiningar. En það hefur oft heyrst hjá sveitarstjórnarmönnum, og ég hef heyrt það sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður, að markið upp í 300 íbúa væri eðlilegra og mundi flýta mjög fyrir sameiningum.

Ekki er hróflað við þessu enda kannski ekki ástæða til þar sem enn er mikil sameiningarbylgja í landinu og ljóst að sveitarstjórnir með vaxandi verkefnum og aukinni ábyrgð sjá sér ekki annað fært en reyna að sameinast og ná betri og traustari rekstri undir sín fjölbreyttu verkefni.

Herra forseti. Ég hef tæpt hér á nokkrum atriðum. Síðasta atriðið sem ég ætla að minnast á er ákvæði til bráðabirgða um að staðarmörk sveitarfélaga skuli liggja upp til miðju landsins en skv. 1. gr. skal allt landið vera skipulagt eða eins og segir:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð."

Samkvæmt skipulagslögum er landið síðan allt skipulagt en í bráðabirgðaákvæði segir:

„Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna."

Þetta bráðabirgðaákvæði er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum en kannski fyrst og fremst til að hægt sé að skipuleggja hálendið skv. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, þ.e. svæðisskipuleggja það en samkvæmt áliti Tryggva Gunnarssonar, lögmanns og fulltrúa í óbyggðanefnd, er nauðsynlegt til að öll ákvæði skipulagslaganna nái gildi sínu að taka fram með þessu bráðabirgðaákvæði að allt landið sé skipulagt því samkvæmt skipulagslögunum má ekki svæðisskipuleggja nema yfir umdæmamörk sveitarfélaga og ef umdæmamörkin eru engin, ef land er utan umdæma sveitarfélaga, er engin heimild í lögum til að skipuleggja það yfirleitt. Þess vegna þarf að samþykkja skipulags- og byggingarlögin svo 12. gr. og aðrar greinar virki að þessu leyti. Það er ein ástæðan fyrir því að bráðabirgðaákvæðið er mjög nauðsynlegt þannig að við náum yfir skipulagsþáttinn sem mér heyrast allir vera sammála um að sé eitt af því sem allir vilji á einn eða annan hátt, þ.e. að ná yfir skipulagsþátt hálendisins. Sumir vilja að þetta verði eitt sjálfstætt sveitarfélag eða eitthvert einskismannsland sem verði með sérstakri stjórn sem skipuleggi það en samkvæmt því frv. sem meiri hluti Alþingis er að leggja fram er gert ráð fyrir að landið allt verði skipulagt og sveitarfélögin nái yfir allt landið þannig að þau verði skipulögð með þeim hætti og stjórnsýsla sveitarfélaganna nái yfir allt landið.

Það þarf ekki rekja það lengi og þekkist úr fréttum að vegna skipulagsleysis hefur verið mjög erfitt að halda utan um t.d. ferðamannastraum á ákveðnum stöðum landsins þannig að hann verði skipulagður með það í huga að landið þoli hann. Einnig hefur verið komið upp ýmsum kofum og skálum víða um land í leyfisleysi, sem hefur verið gert stundum í samkomulagi við sveitarstjórnir sem hafa ekki haft neitt umboð til að leyfa byggingu neinna skála uppi á hálendinu, vegna þess að þau höfðu ekki lögsögu samkvæmt lögum yfir því landi. Það hefur því ríkt algjört stjórnleysi á ákveðnum stöðum landsins sem hefur þar að auki leitt til þess að nýting á landinu getur verið erfiðari vegna óvissu um eignarhald. Óvissu um eignarhald verður eytt með öðrum lögum sem verða til umræðu hér síðar, þ.e. þjóðlendumálið, en allt saman tvinnast þetta þó í eina heild, þjóðlendumálið og sveitarstjórnarmálin þannig að það er ekki hægt að tala um annað án þess að minnast á hitt í leiðinni.

Því hefur verið haldið fram að með því að heimila sveitarstjórnunum einum að skipuleggja landið sé verið að taka rétt af þéttbýlisbúum og jafnvel að það verði til þess að girðingar verði settar eða vegir lokaðir til að innheimta fjármuni af höfuðborgarbúum sem hafi hugsað sér að fara í gönguferð eða bíltúr uppi á hálendinu. Að sjálfsögðu er það nú svo að flestir bændur og sveitarstjórnarmenn fagni því að höfuðborgarbúar og þéttbýlisfólk hafi áhuga á landinu og því er náttúrlega tortryggni af þessu tagi óþörf. Þar að auki hygg ég að allir þeir sem unna landinu vilji helst af öllu að sem flestir geti komist þangað, þannig að ég held að slíkar vangaveltur sem komið hafa fram frá ýmsum séu mjög langt sóttar. Ég held líka að óhætt sé að segja, herra forseti, að þegar við lítum á skipulag hálendisins sem slíkt þá er, eins og ég sagði áðan, ekki heldur verið að tala um að 40 sveitarfélög sem telji einungis 4% íbúa landsins eigi að ráða yfir 40% eða 50% landi þjóðarinnar heldur er verið að tala um samspil margra aðila. Verið er að tala um samspil með svæðisskipulaginu sem er hægt að gera vegna ákvæðis til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögunum. Það er sem sagt hægt að gera svæðisskipulag af jöklunum og af öllu hálendinu með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Svæðisskipulagið getur náð til svo margra þátta sem ráðherra ákveður, m.a. landnýtingar, vegagerðar, skipulags í ferðamálum, skipulags í virkjunarmálum og í raun nánast hvers sem ráðherra kýs. Ráðherra getur svo samkvæmt 12. gr. ákveðið hverjir verða í þessari nefnd. Nefndin leggur línurnar fyrir aðalskipulag sem sveitarfélögin setja sjálf en geta ekki sett nema í samræmi við svæðisskipulagið og deiliskipulagið kemur svo að sjálfsögðu í framhaldi af aðalskipulagi og verður að vera í einni samfellu við upphafið.

Til þess að koma til móts við ýmsar tortryggnisraddir sem hafa efast um að hæstv. umhvrh. mundi skipa svæðisskipulagsnefnd um miðhálendið hafa stjórnarflokkarnir fallist á að leggja fram breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem hæstv. umhvrh. hefur þegar lagt fram en meginatriði þeirrar tillögu lýtur að því að ekki séu lengur heimildarákvæði að setja svæðisskipulagsnefnd fyrir miðhálendið heldur sé það skylda og það er meginmunurinn á þessu frv. til laga og svo lögunum eins og þau eru í dag. Þar er ráðherra heimilt að gera þetta en samkvæmt þessari breytingu, ef fram gengur, þá verður það skylda. Ég hef fyrir mitt leyti fallist á að það verði sett í lög að þetta verði skylda.

Aftur á móti hef ég sagt að mér finnist að það sé útfærsluatriði hverjir komi að slíkri svæðisskipulagsgerð. Þess vegna finnst mér ekki endilega hægt að segja að einvörðungu sveitarstjórnarmenn eigi að sitja í slíkri svæðisskipulagsnefnd. Ég sé fyrir mér ýmsa hópa sem gætu haft einhvern aðgang að slíkri nefnd, við skulum segja ferðamannaiðnaðinn. Við getum talað um útivistarhópa eins og skotveiðimenn og við getum ímyndað okkur ferðafélög og ýmsa aðra aðila sem hafa sýnt mikinn áhuga á hálendinu og nýtingu landsins til þeirra fjölþættu nota sem við þekkjum. En hvað sem hv. þingmenn eru að segja um ágreining um frv., þá ætla ég ekki að leggja neitt út frá þeim ágreiningi sem virðist vera frá hv. formanni umhvn. sem ég átta mig ekki alveg á hvers vegna er á móti þessu sérstaka skjali vegna þess að ég veit ekki annað en þetta skjal sé mjög svipað því sem hafði verið rætt áður um að leggja fram en svona breytast vindarnir. Ekki er alltaf hægt að átta sig á því hvað menn vilja endilega þegar upp er staðið eða hvort þeir hafa viljað nokkuð. En í þessu tilfelli hefur verið gengið til móts við þá hópa sem hafa haft áhyggjur af því að umhvrh. mundi ekki skipa svæðisskipulagsnefnd. Það kemur reyndar dálítið á óvart að þar skuli

ganga fremstur í flokki formaður umhvn. sem er jafnframt samflokksmaður umhvrh. Mér finnst þetta heilmikið vantraust á umhvrh., sem ég treysti til allra góðra verka og hefði talið þetta óþarfa, en mér heyrist að hv. þm. ætli að halda áfram þessu sjónarspili sem ég get ekki kallað neitt annað en sjónarspil því það er alveg ljóst og hefur komið ítrekað fram að þessi mál verða leyst í fullri sátt við þá hópa sem hingað til hafa látið í sér heyra og þetta verður einnig leyst í fullri sátt við sveitarfélögin og mér finnst hálfsorglegt að hafa orðið vitni að því hvernig reynt hefur verið að mála þetta einhverjum litum sem eiga ekki við því að allir sem ég þekki og koma að þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar vilja ekkert annað en að hér skapist tækifæri til að ná tökum á vandamáli og kannski á framtíðinni á þessu viðkvæma og þessu fallegasta landi í heiminum. Á okkur hvílir sú ábyrgð og undan henni munum við ekki víkjast.

Ég minni á það að lokum varðandi þessa svæðisskipulagshugmynd að hæstv. umhvrh. hefur sýnt þá ábyrgð að skipa slíka nefnd. Hann er búinn að því, gerði það fyrir nokkrum árum. Sú nefnd er að störfum og hefur lagt fram hugmyndir um skipulag að miðhálendinu. Sú nefnd er undir forustu Snæbjarnar Jónassonar, fyrrverandi vegamálastjóra. Að henni sitja svo héraðsnefndir sem hafa átt legu að hálendinu. Ég held að það sé grunnur að frekari vinnu að svæðisskipulagi hálendisins.

Heyrst hefur frá ýmsum hópum, herra forseti, að ýmsum, við skulum segja skotveiðimönnum og veiðimönnum, yrði bannað að fara um þjóðlendurnar og hálendið í veiðitúrum eins og þeir hafa gert fram að þessu ef þetta frv. nær fram að ganga. Þetta er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Áhyggjur þeirra hafa reyndar komið til umræðu áður í þinginu, og ég gerði persónulega sérstaka fyrirspurn til hæstv. forsrh. í umræðum um þjóðlendufrv. hvernig hann liti á þetta sérstaka mál sem varðaði skotveiði í þjóðlendum. Ég spurði um hvort einhverjar breytingar væru í frv. um þjóðlendur sem bönnuðu veiðar á villtum dýrum og fuglum innan þjóðlendna, sbr. lög nr. 64/1994. Í svari hæstv. forsrh. kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Engin ástæða er til þess að ætla að með frv. sé verið að skerða þær ákvarðanir Alþingis sem liðnar eru hvað þetta varðar eða framtíðarmöguleika Alþingis hvað þetta varðar eftir að lögin hafa verið sett. Þetta þýðir með öðrum orðum að þeim reglum sem nú gilda, þar með lög nr. 64/1994 og ákvæðum sem þar standa er í engu haggað þrátt fyrir þau lög sem við erum að undirbúa samþykkt á um þjóðlendur. Ég tek því undir með hv. þm. að það er misskilningur aðila sem hafa óttast að með lagasetningunni væri verið að gera breytingar hvað það varðar. Sá réttur er áfram fyrir hendi."

Þetta voru orð forsrh. í umræðunni um þjóðlendur sem í mínum huga taka af allan vafa og eiga að eyða öllum ótta um að einhverjar hömlur verði settar á veiðar eins og þær hafa tíðkast á hálendinu á undanförnum árum og áratugum. Í mínum huga á ekki að skipta neinu máli hvort um er að ræða veiðar á fuglum og villtum spendýrum eða hvort um er að ræða veiðar í ám og vötnum á þessum sömu svæðum.

Herra forseti. Ég hef tæpt aðeins á fáum atriðum í þessu mikla frv. sem að mínu viti tekur á afskaplega merkilegum málum sem hefði löngu þurft að vera búið að breyta en þetta tekur allt sinn tíma. Ég vil fyrir mitt leyti fagna því hversu vel hefur til tekist og hversu margir hafa fengið að koma að þessu. Nefndin hefur unnið vel og ég vona að þetta mál nái fram að ganga með þeim breytingum sem hv. félmn. hefur lagt fram.

[11:54]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Skjótt skipast veður í lofti. Sá hv. þm. Kristján Pálsson sem talaði í gær hafði allt annan róm en sá hv. þm. sem talaði í dag. Maður gærdagsins varði með oddi og sleggju þá málamiðlun sem hæstv. umhvrh. lagði fyrir þingið í formi frv. til breytinga á skipulagslögum í gær. Maður dagsins í dag er hins vegar orðinn blandinn nokkrum efa.

Hv. þm. segir núna að það sé einungis útfærsluatriði hvernig samvinnunefndin um miðhálendið verði skipuð. Það liggur fyrir í frv. hæstv. umhvrh. að það eigi fyrst og fremst að vera sveitarstjórnarmenn auk tveggja fulltrúa frá tveimur ráðherrum. Nú segir hv. þm. og tekur undir gagnrýni hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og hv. þm. Árna M. Mathiesens að það væri æskilegt að í þessari stjórn væru fulltrúar, t.d. aðila á borð við ferðamenn, útivistarhópa, skotveiðimenn, ferðafélög og annað útivistarfólk. Herra forseti, hv. þm. Kristján Pálsson tekur undir þá gagnrýni sem hefur komið fram m.a. frá jafnaðarmönnum á einmitt það atriði. Þetta er meginás deilunnar sem hefur skotið upp kolli í umræðunum og það gengur ekki að hv. þm. komi og segi að þetta sé útfærsluatriði. Hann verður að hafa skýra skoðun á því. Ef hann segir að það sé rétt að til að mynda fulltrúar útivistarhópa og ferðamanna eigi að hafa aðild að þessari nefnd, þá verður hann að segja það. Ef hann segir það, þá verður hann að gera sér grein fyrir því að hann er um leið að lýsa andstöðu við frv. sem og hæstv. ráðherra lagði fram í gær og sem hv. þm. lýsti yfir stuðningi við í gær. Hvað hefur gerst á þessari einu nóttu, herra forseti? Það sem hefur gerst er það að frækorn efans skutu rótum í gær og þau eru orðin að kímblöðum í dag. Hv. þm. er í raun að lýsa efasemdum um burðarásinn í því frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram og hann væri maður að meiri ef hann lýsti því yfir eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson að hann teldi að það ætti að breyta þessu systemi.

[11:57]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer mikinn eins og við má búast og talar um að ég hafi sofið svo illa í nótt að það hafi skotið einhverjum rótum efans — (**ÖS:** Sofið svo vel.) nú, sofið svo vel, jæja. En ég vil bara segja það, herra forseti, að ég styð það frv. sem er lagt fram af hæstv. umhvrh. Aftur á móti er þetta eins og öll önnur frv. sem eru lögð fram í þinginu að þau þurfa að fara til nefndar og ég sagði það í gær. Slík frv. þurfa að fara til nefndar og þurfa að fara í umsögn út í þjóðfélagið. Eins og hv. þm. þekkir, hafa frv. tekið miklum breytingum í slíkri meðferð sem hefur verið í mikilli sátt inni í þinginu, í nefndinni og úti í þjóðfélaginu. Þess vegna get ég ekki sagt að það sé í sjálfu sér nein breyting á afstöðu minni. Ég sagði þetta einnig í gær og þess vegna finnst mér að við eigum fyrst og fremst að ná þeirri sátt að svæðisskipulag verði skylda á miðhálendinu en ekki aðeins heimildarákvæði í 12. gr. skipulagslaga heldur sé það skylduákvæði að hálendið verði svæðisskipulagt. Það sagði ég í gær og stend við það.

Ég er ekki að segja að það geti ekki orðið að endingu niðurstaðan eftir að við höfum rætt þetta í umhvn. að það verði einungis sveitarfélögin sem standi að þessu skipulagi.

En mér finnst engin ástæða til að útiloka það að fleiri komi að málinu, mér finnst alveg ástæðulaust að útiloka það.

Þess vegna get ég, herra forseti, bara endurtekið það sem ég sagði í gær að ég styð þetta frv. eins og það kemur fyrir okkur með fyrirvara um að það geta að sjálfsögðu orðið einhverjar breytingar á því í meðförum nefndar en meginstoð frv. er skýr og ég mun ekki hvika frá henni.

[11:59]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og hv. þm. hugsi með tveimur heilum í einu. Annar heilinn lýsir yfir fullum stuðningi við frv. hæstv. umhvrh. en hinn heilinn lýsir því hins vegar yfir að það væri æskilegt að aðrir aðilar sem núna eru útilokaðir frá stjórn um skipan miðhálendisins fái að koma að því.

Herra forseti. Ég sé ekki annað en þetta sé alvarleg þverstæða. Hún er þeim mun alvarlegri sem um er að ræða helsta bitbeinið í þessari deilu. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hönd hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar en hv. þm. Kristján Pálsson sagði áðan að hann skildi ekki hvernig stæði á andstöðu hv. þm. en síðan taldi hann upp nákvæmlega þau atriði sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lýsti í ræðu sinni í gær og segir að það væri æskilegt að breyta frv. einmitt með þeim hætti.

Ég verð að segja, herra forseti, að niðurstaða mín er sú að ég skil að sjálfsögðu málflutning hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. En mér er gersamlega fyrirmunað að skilja hvernig rökhringekjan gengur í höfði hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Ég segi það satt, herra forseti. Ég spyr hins vegar hv. þm.: Ætlar hann að beita sér fyrir því að aðilar þessara samtaka sem hann nefndi sjálfur fái aðild að þessari stjórn? Í annan stað: Hvernig getur hv. þm. varið það að fara til sinna kjósenda sem hafa áhuga á því að koma að stjórn miðhálendisins og segja: Þið fáið einn af 15 fulltrúum eða einn af 18 fulltrúum? Hvernig í ósköpunum getur hann varið það fyrir kjósendum sínum að íbúar þéttbýlisins eru meira og minna útilokaðir frá sanngjörnum áhrifum á 43% af flæmi landsins? Það er það fullkomlega út í hött að ætla að það sé eitthvert lýðræði sem felst í þessari tillögu. Hv. þm. hefur sýnt áður að hann er sanngjarn maður og hann er sannur lýðræðissinni. Hvernig í ósköpunum getur hann þá komið hingað og varið þetta?

[12:01]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst það að ég mun beita mér fyrir því að að þessu skipulagi komi, með einum eða öðrum hætti, forustumenn félaga sem stunda útivist. Ég mun beita mér fyrir því. Ég er þó ekki að segja að þeir komi endilega til með að verða með fulltrúa. Ég mundi samt telja það æskilegra en ekki. Það er engin þverstæða eða hringekja fólgin í þessari umræðu.

Við stjórnarþingmenn vitum, og ég reikna með að hv. þm. Össur Skarphéðinsson muni það mætavel frá því hann var í meiri hluta, að þingmenn stjórnarflokka samþykkja framlagningu frv. sem oft á tíðum taka svo miklum breytingum í meðförum nefnda að stundum stendur lítið eftir annað en fyrirsögnin og við höfum ekki talið það vera þversögn eða hringekju, heldur eðlilegan framgang lýðræðisins, þ.e. að virkja alla þá sem þekkja til og ég vísa í það fornkveðna, að betur sjá augu en auga. Það hélt ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vissi einnig.

Hann hlýtur að viðurkenna, þegar hann skoðar málið betur, að í málflutningi hans felst ákveðin þversögn þegar hann segir að ekki megi ræða þetta mál við þessa aðila heldur þurfi strax að njörva það niður við texta. Það er dálítil þversögn í að vilja njörva það niður og þar með að segja að engin ástæða sé til að tala við fólkið í þjóðfélaginu. Það er málflutningur hv. þm. og ég mótmæli honum.

Ég tel fyrst og fremst nauðsynlegt að ná fram sátt um það að svæðið verði svæðisskipulagt, það verði skylda og síðan verði heildarsátt náð um það síðar hverjir sitji í slíkri nefnd. Það er lýðræði, hv. þm.

[12:03]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að setja heildarlöggjöf um sveitarfélögin í landinu. Af umræðunni í dag og í gær mætti hins vegar ætla að málið snerist um skipulags- og byggingarlög. Það vill svo til að ég ber mikla virðingu fyrir því stjórnskipulagi sem við höfum hér á Íslandi og sveitarstjórnarstigið er annað þeirra tveggja stjórnsýslustiga sem við búum við. Ég furða mig því á þeim skamma tíma hv. þm. hafa varið til að fjalla um einstaka þætti frv. um sveitarstjórnarlögin. Umræðan hefur nú staðið lengi og ég mun því reyna að stytta umfjöllun mína um þetta efni. Ég vil þó nefna nokkur atriði.

Mikilvægur þáttur málsins er vissulega í 1. gr. frv. þar sem ákveðið er að landið allt skuli skiptast í sveitarfélög. Rétt er að taka það fram að það er að meðtöldum jöklum. Nauðsynlegt er að ljóst sé hver stjórnsýslumörk hvers sveitarfélags séu. Verkefni sveitarfélaga er m.a. að sinna ýmsum umhverfismálum, heilbrigðiseftirliti, hreinlætismálum, fjallskilamálum og almannavörnum, að ógleymdum skipulags- og byggingarmálum, þar með töldu byggingareftirliti sem virðist hafa skort á víða. Menn gleyma í þessari umræðu að kofum og alls kyns húsnæði hefur verið hrúgað niður á hálendinu og mönnum hefur þótt skorta á eftirlit með því.

Í umræðunni um þetta mál hafa verið notuð stór orð og m.a. að þetta sé atlaga að almannarétti, valdníðsla og fleira í þeim dúr. Hvaða valdníðsla felst í að sett séu lög um annað af þeim tveimur stjórnsýslustigum sem við höfum búið við um langan aldur?

Skyldur sveitarfélaga eru mjög miklar við íbúa sína og sveitarstjórnir hafa líka skyldur varðandi umhverfismál og hvers konar umgengni við landið og því verður það að vera ljóst hver staðarmörk þeirra eru eins og getið er um í 3. gr. frv.

Það eru nokkur önnur atriði sem ég vildi nefna, svo sem að meiri hluti félmn. gerði brtt. við 4. gr., varðandi nafngiftir á sveitarfélögum. Í umfjöllun menntmn. um bæjanöfn kom fram að e.t.v. væri ástæða til að örnefnanefnd fjallaði um að einhverju leyti nafngiftir sveitarfélaga og þeirri ábendingu var komið til félmn. Félmn. þótti rétt að taka upp þá ábendingu og fá umsögn örnefnanefndar um þær tillögur sem kæmu fram að nöfnum sveitarfélaga innan ákveðins tímafrests. Það ætti auðvitað að teljast mjög til bóta að fá sérfræðialit örnefnanefndar. Þar er fyrir mikil þekking á þessari fræðigrein og auðvitað er skilyrt að nafn sveitarfélags skuli samræmast íslenskri málfræði og málvenjum.

Í brtt. meiri hluta félmn. er einnig brtt. við 7. gr. Þar var bætt við ákvæði um að fyrirtæki sveitarfélaga skuli setja sér arðgreiðslumarkmið. Til þessa hefur skort ótvíræðar heimildir fyrir sveitarfélög að krefjast arðs af fyrirtækjum sínum. Hér er sett inn svo ótvírætt sé að þetta er heimilt. Hér er aðallega verið að fjalla um rafveitur, hitaveitur og vatnsveitur en auðvitað geta önnur fyrirtæki komið til álita.

Í frv. eru vönduð ákvæði um framkvæmd stjórnsýsluathafna og skipulag sveitarstjórna. Ég tel að þurft hefði rýmri mörk hvað varðar fjölda sveitarstjórnarmanna í sveitarstjórnum. Eðlilegt hefði verið að sveitarstjórnir og íbúar sveitarstjórnanna hefðu sjálfdæmi um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Alla vega ætti ekki að þurfa að fækka í sveitarstjórn þótt fækki í sveitarfélaginu, a.m.k. ekki þar sem hefð er fyrir ákveðnum fjölda sveitarstjórnarmanna. Starf að sveitarstjórnarmálum er uppeldisgrunnur fyrir starf í lýðræðislegu þjóðfélagi en minnkandi áhugi á sveitarstjórnarmálum er áhyggjuefni. Auðvitað er nauðsynlegt að fleiri, frekar en færri, komi að starfi í sveitarstjórnum. Í hverju sveitarfélagi þarf að halda uppi ákveðnu nefndarstarfi. Ég tel betra að fulltrúar úr sem flestum nefndum sveitarfélagsins geti átt sæti í sveitarstjórninni sjálfri. Það myndar ákveðin tengsl á milli nefnda og sveitarstjórnar og þeirra sem þar starfa. Ég tel heppilegra að lögin þrengi ekki um of að því hversu marga fulltrúa menn ákveða að hafa í sveitarstjórn þó þetta hafi verið niðurstaðan.

Í frv. er ekki farið þá leið að telja upp þau verkefni sem sveitarstjórnum og sveitarfélögum eru falin með einstökum lögum, heldur er þess getið að sveitarfélög skuli rækja þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessu frv. og öðrum lögum, auk reglugerða og samþykkta sveitarfélagsins. Ég tel þetta vera rétta aðferð, því eins og við vitum er stefna núverandi stjórnarflokka að fela sem flest verkefni sveitarstjórnum. Fyrir dyrum stendur að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna og fleiri verkefni gætu fylgt á eftir. Því er óheppilegt að hafa upptalningu á verkefnum í lögunum sjálfum.

Í þessu frv. eru einnig ákvæði um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, um samvinnu sveitarfélaga, m.a. byggðasamlög, með hvaða hætti þau skulu vera. Í frv. er getið um landshlutasamtök sveitarfélaga sem mitt gamla formannshjarta, í einum slíkum samtökum, fagnar. Þar er einnig ótvírætt ákvæði um að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Einnig er fjallað um stækkun sveitarfélaga og samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Kaflinn um fjármál sveitarfélaga er mjög til að styrkja alla fjármálastjórn þeirra. Breytingar eru á skyldu sveitarfélaga um upplýsingagjöf og upplýsingaskyldu og úrræði til að bregðast við alvarlegum fjárhagsvanda. Frá núgildandi lögum er sú mikilvæga breyting gerð að út skuli fellt ákvæði um heimild sveitarfélaga til að veita einfalda ábyrgð til þriðja aðila. Almennt er það mat sveitarstjórnarmanna að þetta ákvæði hafi verið erfitt í framkvæmd og oft notað, t.d. af bankastofnunum, til að fría sig eðlilegri ábyrgð á lánveitingum sínum en sveitarstjórnum hafi þar á móti verið stillt upp við vegg, oft á tíðum vegna bráðavanda í atvinnulífinu. Um þetta eru auðvitað þekkt dæmi.

Meiri hluti félmn. lagði einnig til þá breytingu að fjárhagsáætlun þyrfti ekki að vera lokið fyrr en fyrir lok janúarmánaðar. Um þetta kom ábending frá nokkrum sveitarfélögum. Bent var á að á þeim tímamörkum lægju fyrir nákvæmari upplýsingar um rekstur fyrra árs og fjárhagsáætlunargerð gæti því orðið vandaðri.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um að óbyggðanefnd, sem gert er ráð fyrir í þjóðlendufrv., skuli fjalla um staðarmörk sveitarfélaga þar sem þau hafa ekki verið ákveðin. Hún á einnig að skera úr ágreiningi sem upp kann að rísa um þau staðarmörk. Meðan óbyggðanefnd hefur ekki lokið störfum getur félmrh. staðfest samkomulag aðliggjandi sveitarfélaga um staðarmörk sín.

Hæstv. forseti. Mest hefur verið rætt um það sem frv. fjallar ekki um. Það eru skipulagsmál hálendisins og þá eingöngu miðhálendisins. Mér virðist margt benda til þess að ýmsir hafi sagt of mikið án þess að kanna raunverulegar heimildir í lögum til að skipa málum. Ég held þó að umræðan hafi skýrst mjög mikið. Á umfjöllunartíma í félmn. kom t.d. í ljós að sá litli ágreiningur, sem um málið er, fjallaði um skipulagsmál en ekki hina almennu stjórnsýslu sveitarfélaganna. Það er því tvímælalaust til bóta að menn geri sér þetta ljóst.

Það er aftur á móti verra að fréttamenn skuli ekki átta sig á því um hvað málið fjallar og kalla það frv. sem hér er til umfjöllunar, hálendisfrv. eins og gert var í gærkvöldi í ríkissjónvarpinu.

Umhvrh. hefur því lagt fram frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum ef það mætti verða til þess að skýra málið aðeins betur fyrir þeim sem telja að verið sé að leiða hörmungar yfir þjóðina með þessum nýju sveitarstjórnarlögum.

Ég get í sjálfu sér fallist á niðurstöðu hæstv. umhvrh. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Ég get fallist á þessa tilögu vegna þess að ég held að hún horfi til sátta í þessari umræðu sem ég tel þó alla meira og minna vera byggða á misskilningi. En ef þetta má verða til sátta er miklum áfanga náð.

Það hefur verið nefnt í umræðunni að hagsmunaaðilar eigi hugsanlega að eiga aðild að nefnd um skipulag hálendisins og það hefur jafnvel verið orðað svo að þeir sem nýta hálendið skuli eiga aðild að skipulagsmálum svæðisins. Orðalagið er svo aftur á móti skýrt með þeim hætti að hér sé átt við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og náttúruverndarsamtök. Auðvitað eru það fleiri sem nýta hálendið með einhverjum hætti og væntanlega vilja þeir þá eiga aðild að slíku. Ég get ekki látið hjá líða að segja að mér finnst þetta afskaplega undarleg rök.

Um hverja er verið að tala hér? Oft og tíðum hefur verið nefnt í umræðunni að taka þurfi sérstakt tillit til skotveiðimanna og ýmissa ferðahópa. Jeppafólkið vill þá væntanlega eiga einhverja aðild að málum, virkjunarmenn og fleiri. Ég held að endalaust sé hægt að tína til þessa hagsmunaðila.

Það er einu sinni svo að við búum við þá stjórnsýslu að það eru sveitarfélög og sveitarstjórnarfólk sem á að skipa skipulagsmálum með fulltingi Skipulagsstofnunar. Það er eðlileg stjórnsýsla. Aftur á móti koma hagsmunaaðilar sjónarmiðum sínum á framfæri með umsagnarrétti og mótmælarétti og kærurétti. Það er sú aðferð sem við notum í þjóðfélagi okkar til þess að sem flestir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þessi umræða hefur því öll meira og minna verið út úr kú að mínu mati.

Það er augljóst að þau samtök sem menn reiknuðu með að mundu vilja hafa einhverja skoðun á skipun sveitarstjórnarmála og stjórnsýslumörkunum höfðu ekki þann áhuga sem reiknað var með og sendu því ekki inn umsagnir til félmn. um þetta mál þó að eftir þeim væri leitað. En margt af þessu fólki var þó kallað inn í nefndina þar sem það skýrði sjónarmið sín. Þar voru m.a kallaðir inn prófessorar frá Háskóla Íslands sem töluðu þó ekki einum rómi og höfðu t.d. mjög skiptar skoðanir á þáttum eins og landnýtingu. Ef við ættum að líta t.d. á þetta háskólasamfélag sem hagsmunaaðila þá gæti orðið býsna erfitt að velja úr þeim hópi fólks til þess að fara í slíka nefnd sem menn hafa rætt um að rétt væri að

kalla inn hagsmunaaðila. En það er greinilegt að menn hafa skoðanir á málinu en það er erfitt að flokka t.d. þann hóp, háskólasamfélagið, sem einn, og því væri úr vöndu að ráða ef það ætti að kalla til aðila frá æðstu mennta- og vísindastofnun landsins í nefnd sem fjalla ætti um skipulagsmál.

En mér þótti hins vegar vænt um að við fengum til viðtals við okkur oddvita Svínavatnshrepps, Jóhann Guðmundsson, sem skýrði afar vel um hvað deilan um skipulagsmál á miðhálendinu fjallar. Fyrir allnokkrum árum tók Svínavatnshreppur sér það fyrir hendur að sinna skipulagsmálum í sveitarfélaginu eins og er lögbundið verkefni þeirra. Í því fólst að skipuleggja Hveravallasvæðið sem er innan sveitarfélagamarka Svínavatnshrepps. Ástæða þess var að Hveravallasvæðið var að traðkast niður en þar er talið að a.m.k. 20 þúsund manns komi árlega þannig að það segir sig sjálft að þar er mikil áníðsla á landi.

Svínavatnshreppur tók því forustu í því að skipuleggja þetta svæði á hálendinu og á heiður skilið fyrir það. En það var fyrir tíma núverandi samvinnunefndar um skipulag miðhálendisins en hreppurinn sýndi að lítið sveitarfélag getur tekið af ábyrgð á þeim verkefnum sem því er falið. Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins lagði svo fram skipulagstillögu í maí 1997 sem er til umfjöllunar og verið að fjalla um umsagnir sem komu um þá skipulagstillögu.

Hæstv. forseti. Umræðan hefur því miður ekki fjallað um það hvað er eðlileg og ábyrg stjórnsýsla. Hún byggist einkum á því að íslensku þjóðinni sé skipt upp í þjóðflokka sem takist á um völd, land og eignir, og þjóðflokkarnir hafi síðan helgað sér land og stríðið standi um helgun á landi. Væntanlega ætli menn þá að víggirða sitt land og hleypa öðrum útlendingum ekki þar að nema þeir sem eiga heima innan þeirrar víggirðingar. Umræðan hefur verið með þessum hætti meira og minna. Jafnvel hefur verið nefnt í umræðunni hvort þeir sex sem koma inn í nefnd um svæðisskipulagið, sem kemur fram í tillögu hæstv. umhvrh., muni ráða við hina tólf sem koma frá sveitarfélögunum sem eru aðliggjandi hálendinu. Maður veltir því þá fyrir sér hvort þarna sé verið að tala um hina sex góðu á móti hinum tólf vondu sem komi náttúrlega ekki til með að ráða við hina tólf vondu. Eða hvort þarna er verið að tala um hina sex vitru á móti hinum tólf heimsku.

Hvað er átt við með umræðu eins og hér hefur farið fram? Mér er spurn, mér finnst þetta afskaplega einkennilegt. Það er satt að segja með ólíkindum hvernig menn hafa leyft sér að tala niður til þess fólks sem byggir þetta strjálbýla land. Það hefur valdið mér verulegum vonbrigðum hvernig sumir hv. þm. hafa talað með hroka og lítilsvirðingu um það fólk sem byggir þetta land utan höfuðborgarsvæðisins. Ég held að það sé mikið umhugsunarefni.

Staðreyndin er sú að það eru heimildir fyrir umhvrh. í núverandi skipulags- og byggingarlögum til þess að skipa málum þannig að sem flest sjónarmið geti komist að. En sú tillaga sem liggur fyrir og hefur verið dreift á þinginu er greinilega til sátta og því mun ég styðja hana. En ég tel að sjálfsögðu að hún þurfi mjög vandaða umfjöllun eins og er nauðsynlegt um svo mikilvæga löggjöf sem skipulags- og byggingarlög eru.

Kannski er rétt að nefna eitt atriði sem kemur einmitt fram í þeirri tillögu og sem auðvitað er léttir fyrir sveitarfélögin að þar er gert ráð fyrir að kostnaður við störf samvinnunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um fleiri atriði í löggjöfinni en það er von mín að sú löggjöf sem við erum að setja um sveitarstjórnarstigið megi reynast sveitarstjórnarfólki vel í störfum þess.

[12:26]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Mig langar til þess fyrst að bregðast aðeins við orðum hv. síðasta ræðumanns vegna þess að mér finnst dálítið mikil áhersla lögð á þau viðhorf af ýmsum að fleiri þurfi að koma að þessari skipulagsvinnu og það sé ekki rétt að málum staðið og verið sé að tala niður til fólks. Þá sé verið að lítilsvirða landsbyggðarfólk o.s.frv. Með sömu rökum væri sjálfsagt hægt að halda því fram að konur væru að tala lítilsvirðandi og tala niður til karla vegna þess að þær halda því fram að það sé til bóta fyrir umræðuna að konur komi með sértæk sjónarmið sín, t.d. inn í stjórnmálin. Því er alls ekki svo farið, a.m.k. með þá sem hér stendur. Ég tel aðeins að umræða þurfi að vera breið og litrík og það eigi að tryggja aðgang sjónarmiða og tryggja það að viðhorf sem flestra hópa fái að njóta sín og að það komist þar með betra jafnvægi á umræðuna.

Ég hef sagt það, og sagði það strax við 1. umr., að enda þótt ég lýsti þeirri skoðun minni að hér væri rangt að málum staðið, þá væri ég ekki þar með að segja að það væri eitthvað verra fólk innan þessara hópa eða innan þessara sveitarfélaga sem liggja að hálendinu, fjarri öllu lagi. Ég hef aldrei sagt það og ég hef þvert á móti sagt hitt að ég get alveg ímyndað mér að hægt sé að finna jafngóða einstaklinga til að standa að þessari skipulagsvinnu og stjórnun á miðhálendinu og innan ýmissa hópa sem standa utan þessa svæðis sem þarna á hlut að máli.

En það sem ræður afstöðu minni er einfaldlega það að ég tel að þetta svæði eigi að vera ein heild. Mjög miklu máli skiptir að ná sáttum um þetta mikilvæga málefni og það er augljóst að ekki hefur náðst sátt um það og þess vegna væri best að fresta afgreiðslu málsins til haustsins eins og stundum er gert með mál sem mikill ágreiningur er um.

Ég ræddi þetta mál við 1. umr. eða þann hluta þess sem mér finnst varða mestu og það hefur komið á daginn hvaða hluti frv. yfirskyggir allt annað í frv. Ég get tekið undir með þeim sem hafa látið í ljósi áhyggjur yfir því að kannski hafi ýmis önnur atriði þess beinlínis fallið í skuggann og ekki fengið verðuga umfjöllun og það er heldur miður. Ástæðan er auðvitað sú hvílíkt stórmál er á ferðinni sem fólk vill tjá sig um og sem hefur vakið mesta athygli.

Að vísu hafa nokkrir í umræðunni fjallað um önnur atriði þessa frv. en sú umfjöllun nær ekki vel eyrum manna vegna þess eina sem skiptir mestu máli í þeirra hugum og það er auðvitað ástæðan fyrir því að fréttaflutningur hefur verið eins og hann er. Hv. síðasti ræðumaður nefndi það að umfjöllun fjölmiðla, t.d. í gærkvöldi, hefði verið á þá leið að þeir hefðu talað um hálendisfrv. og það hefði sýnt að þeir beinlínis misskildu hvað hér væri á ferðinni. Ég held að það sé ekki rétt túlkun á því heldur sýnir þetta einfaldlega hug manna til þess sem hér er að gerast. Þetta er ekki misskilningur heldur annar skilningur á því hvað hér er á ferðinni. Sá skilningur er ekkert verri en þingmanna í þessu efni. Það er nefnilega ýmislegt sem væri þörf á að fjalla um og hefur raunar verið gert.

Ég vil aðeins minnast á eina grein þessa frv. sem ég sé því miður að hv. félmn. hefur ekki fundist nauðsynlegt að hrófla við. Það er 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um lágmarksíbúatölu sveitarfélags. Það vill svo til að ein ágæt hreppsnefndarkona í fámennum hreppi hér á landi kom þeirri skoðun á framfæri

við mig að hún teldi nauðsynlegt að breyta þeirri viðmiðun sem þar er lögð til grundvallar, þ.e. að lágmarksíbúatalan sé 50 íbúar og ráðuneytinu beri að hafa hönd í bagga með breytingu á sveitarfélagi ef íbúatalan hefur verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt. Þessi ágæta kona taldi nauðsynlegt að breyta þeirri viðmiðun. Það var hennar skoðun að færa ætti þessa tölu úr 50 í a.m.k. 100. Rök hennar voru þau að öll umfjöllun og átök um þessi mál væru þeim mun erfiðari sem færri ættu í hlut og þessi ágæta kona hefur reynsluna. Ég gerði það sem ég gat til að koma skilaboðum um þetta til nefndarinnar en ég sé að það hefur ekki þótt ástæða til breytinga og fyrir því má auðvitað færa gild rök. Ég hef hins vegar ekki heyrt neitt minnst á þetta atriði í þessari umræðu en það má vel vera að ég hafi misst af því og ég þekki auðvitað ekki til umræðunnar í hv. félmn. af þeirri augljósu ástæðu að kvennalistakonur eiga þar hvorki beina né óbeina aðild.

Að þessu sögðu hlýt ég að segja það, hæstv. forseti, að ég hef hlustað grannt á mikinn hluta þessarar umræðu og allir sem ég hef hlýtt á hafa fyrst og fremst og reyndar sumir eingöngu fjallað um þann hluta þessa frv. sem varðar skiptingu landsins í sveitarfélög með öllum þeim skyldum og réttindum sem því fylgir og það er auðvitað stórmál og eitt stærsta mál þessa þings. Það er ekkert að undra finnst mér þó að áherslan liggi á þessu atriði. Verið er að breyta 1. gr. þannig að ekki verði lengur orðað svo að byggðin skiptist í staðbundin sveitarfélög heldur er verið að skipta öllu landinu á þann veg og samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða að skipta öllu miðhálendinu eftir ákveðnum brautum. Það er eiginlega með ólíkindum hvað meiri hluti þingsins og framkvæmdarvaldið hefur verið meðvitundarlaust hvað þetta varðar og maður spyr sig eiginlega hvort þetta fólk sé í raun og veru í jarðsambandi eða nógu góðum tengslum við fólk utan þessa litla hluta þjóðarinnar sem hér lifir og hrærist í svona þrengsta hring stjórnmálavafsturs.

Reyndar verð ég líka að segja að mér hefur fundist almenningur mjög seinn að taka við sér og umræðan hefur lengi og alveg fram á síðustu vikur verið nokkuð lokuð inni í tiltölulega litlum hópi. Skipulag, stjórnun og eftirlit á miðhálendi Íslands hefur auðvitað verið í algerum ólestri og afar brýnt að ráða bót á því ástandi. Það hefur ríkt þar stjórnleysi og alger óvissa um eignarrétt og umráðarétt og afleiðingin er auðvitað glundroði og óreiða sem m.a. lýsir sér í óteljandi vegaslóðum og gífurlegum fjölda óleyfilegra bygginga. Skálar af ýmsu tagi eru nánast eins og hráviði um þetta svæði. Þeir eru ef ég man rétt um eða yfir 400 talsins og um helmingur þeirra mun vera í einkaeign og reyndar aðeins brot af öllum þessum fjölda sem er reistur samkvæmt byggingarleyfi. Ég þykist muna að það sé um þriðjungur af öllum skálunum sem er reistur samkvæmt byggingarleyfi og þá án þeirra reglna og skilyrða sem slíku leyfi tengjast. Mjög mörgu er því ábótavant í frágangi, í útliti og öðrum frágangi, svo sem hreinlætisaðstöðu og fráveitu. Og svo þarf varla að minna á hvernig orkugeirinn hefur leikið þetta svæði þar sem orkuver, stöðvarhús, uppistöðulón og raflínur með tilheyrandi risamöstrum hafa breytt ásýnd stórra svæða og það mun auðvitað halda áfram ef orkunýtingarhugmyndirnar fá að hafa sinn gang. Þess vegna er svo sannarlega og löngu tímabært að reyna að koma böndum á þetta stjórnleysi og þessa skipulagslausu þróun með samræmdum hætti en það má ekki flana svo að því að djúpstæð ósátt verði um þá skipan. Það er einmitt verkurinn hvernig til hefur tekist. Menn muna hvernig ferillinn hefur verið og þær atrennur sem gerðar voru að því að ná utan um þetta mál þannig að viðunandi væri með tilliti til allra sjónarmiða. Það voru mikil vonbrigði að Alþingi skyldi ekki ná saman um það í upphafi skipulagsvinnunnar að stefna þráðbeint að heildstæðri stjórnskipan eins og margir vildu þá sjá og eins og vaxandi stuðningur er við eftir því sem málið skýrist fyrir æ fleirum. Það er ákaflega slæmt að sú umræða fái ekki að þróast og eflast um allt hið íslenska samfélag áður en neglt er niður hvernig stjórnskipulagi þessa svæðis verður fyrir komið vegna þess að það verður ekki aftur snúið þegar búið er að ganga frá þessum málum.

Það eru vissulega mjög margir sem eiga hagsmuna að gæta á þessu dýrmæta svæði. Ég þekki t.d. vel umræðuna um þetta mál síðan ég var formaður Ferðamálaráðs á árunum 1989–1993. Þetta var ítrekað til umræðu á vettvangi ráðsins á þeim árum og raunar einnig að sjálfsögðu bæði fyrir og eftir þann tíma. Að sjálfsögðu var og er þetta enn þá mikið til umræðu vegna þess að ferðaþjónustan á þarna mikilla hagsmuna að gæta og ég minni á að Ferðamálaráð hefur ítrekað ályktað að miðhálendið skuli vera sameign íslensku þjóðarinnar og ein heild. Það hefur samþykkt og beint þeim áskorunum til stjórnvalda að miðhálendið yrði gert að þjóðgarði undir einni stjórn. Þessa skoðun þekkja menn væntanlega sem hér eru inni núna a.m.k.

Hins vegar get ég alveg sagt það að mér hefur oft og í mörg ár fundist talað fyrir daufum eyrum í þessu efni, fólk hafi verið ansi seint að átta sig á þeirri auðlind sem þetta svæði er og ekki sýnt því tilhlýðilega ræktarsemi. Það er ekki ýkja langt síðan menn fóru í einhverjum mæli að átta sig á þeim verðmætum sem felast í náttúru landsins og ekki síst í ósnortnum víðernum hálendisins. Nú er mörgum orðið þetta ljóst og æ fleirum að skiljast hversu mikilvægt og verðmætt svæði þarna er, hvort sem er til ferðalaga, þ.e. til þess að njóta náttúrunnar og þeirrar víðernistilfinningar sem óvíða er lengur að finna t.d. í nágrannalöndum okkar og það verður æ ljósara hversu verðmætt þetta svæði er til rannsókna. Við megum ekki gleyma því. Þetta er mjög mikilvægt og verðmætt svæði til rannsókna og er raunar gullnáma fyrir rannsóknir í jarðvísindum og ýmiss konar náttúruvísindum. Þetta er atriði sem menn ættu að huga miklu betur að og leitast eindregið við að tryggja að slíkar rannsóknir geti farið fram, aðstæðum verði ekki spillt í því efni. Þarna er svo sannarlega hagsmuna að gæta sem gætu einnig nýst okkur mjög vel. Það skortir mjög á að nægar rannsóknir séu fyrir hendi. Það er brýnt að efla þær og styrkja.

Því miður hafa fyrst og fremst aðrir hagsmunir ráðið ferðinni og þar kemur mammon vissulega við sögu við nýtingu miðhálendis Íslands, þ.e. hagsmunir þeirra sem nýta vilja þetta landsvæði til beitar, svo og hagsmunir orkugeirans. Enda þótt skilningur á hagsmunum ferðaþjónustunnar hafi farið vaxandi þá óttast ég að með þeirri stefnu sem tekin hefur verið sé einmitt verið að sniðganga þá hagsmuni eða setja þá í hættu. Það voru mikil mistök, ég endurtek það, að Alþingi skyldi ekki bera gæfu til að beina þessu máli inn á þá braut að stefnt væri að einni stjórn, einni heild á þessu svæði. Það voru mistök að setja skipulagsvinnuna í þann farveg sem gert var en auðvitað veit ég hvers vegna það var og þekki þá sögu og veit að þetta er allt gert samkvæmt lagaákvæði.

Ég vil ítreka það enn og aftur að þetta hefur ekkert að gera með þá einstaklinga sem þarna hafa komið að máli heldur hlaut þetta fyrirkomulag að kalla á tortryggni, gagnrýni og

andstöðu eins og nú er komið á daginn. Sú andstaða hefur reyndar orðið til þess að menn eru að reyna að ná saman um einhverja málamiðlunarlausn sem augljóslega dugir þó engan veginn. Það er komið á daginn að hún dugir bara sumum. Nokkrir stjórnarþingmenn hafa þegar tjáð óánægju sína með þessa svokölluðu lausn sem að sjálfsögðu setur málið í enn frekara uppnám þannig að mér finnst alveg augljóst að taka þurfi þetta til nánari umfjöllunar.

Hv. 2. þm. Reykn. hefur lýst því yfir að hann vilji leita annarrar lausnar og hv. 11. þm. Reykv. styður ekki þessa lausn. Þetta eru þungavigtarmenn á þessu sviði þannig að við hljótum að taka mark á og mið af viðhorfum þeirra. Það er því engin trygging fyrir því að þessi svokallaða lausn nái fram að ganga þannig að það er auðvitað spurning hvort hér er um einhverja lausn að ræða eða hvort þetta er hallærislausn sem bætir ekki málið að neinu leyti. Það er því ljóst að það var hið mesta óráð að ganga út frá þeirri skiptingu miðhálendisins sem útfærð er í þessu frv. sem hér er til umræðu og yfirskyggir allt annað í frv., þ.e. skipting þess á milli aðliggjandi sveitarfélaga eða skipting þess í hrepparenninga eins og það var orðað á ráðstefnu eða fundi nýlega.

Þetta er aðalmálið, herra forseti, sem æ fleiri landsmenn hafa áhuga á og áhyggjur af. Þess vegna er það svona fyrirferðamikið hér. Við hljótum að hlusta á fólkið í landinu. Þess vegna fjalla flestir ræðumenn í þessari umræðu um þetta atriði og naumast nokkuð annað. Ég hef öðru hverju heyrt einstaka þingmenn dæsa undir þessari umræðu og lýsa því í ræðum sínum að hún væri á villigötum, komin út í gönur og jafnvel að þetta væru óeðlilegar áherslur en svo er ekki. Það er á þessu atriði sem eldurinn brennur.

Ég lýsti því yfir við 1. umr. um þetta mál að hér væri um slíkt mál að ræða að það hefði átt að skilja það frá þessu frv. og ræða það sérstaklega. Raunar hefði verið réttast að bera það undir atkvæði allrar þjóðarinnar. Í því sambandi vil ég segja að það er miður að Alþingi skuli ekki enn hafa eflt lýðræðið í landinu með setningu laga og reglna um þjóðaratkvæði þannig að stórmálum á borð við það sem hér um ræðir verði skotið til þjóðarinnar til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Að mínum dómi ætti þjóðin einmitt að fá að greiða atkvæði um þetta mál á beinan hátt. Ég hefði talið farsælast að þjóðin greiddi atkvæði um það hvernig stjórnarfyrirkomulagi á hálendinu væri háttað. Margir eru tilbúnir til þess nú þegar, auk þess sem slíkt fyrirkomulag hefði tryggt miklu víðtækari umræðu og eflt þekkingu á viðkomandi málum. Mér finnst mjög miður að við skulum ekki hafa haft þroska til þess hér á landi að efla lýðræðið með þessu móti.

Vegna spurningar sem borin var upp í umræðunni er ég auðvitað að segja hvað mér hefði þótt æskilegast en við höfum ekki þessar reglur. Við höfum ekki lög og reglur um þjóðaratkvæði sem hægt er að nýta í þessu skyni. Ég var aðeins að lýsa því að þetta hefði mér fundist vera mál sem æskilegt hefði verið að bera undir þjóðaratkvæði. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það væri lýðræðinu til framdráttar að setja lög og reglur um slíka leið.

Hæstv. umhvrh. og fleiri hafa minnt á að meiri hluti Alþingis ræður í þessu máli eins og öðrum málum. Hann taldi að fyrir þessari niðurstöðu væri meiri hluti hér á Alþingi og ég efast auðvitað ekkert um það. Ég er hins vegar nokkurn veginn viss um að ef þjóðin fengi tækifæri til að segja sinn hug í beinni atkvæðagreiðslu, þá gæti hæstv. umhvrh. og fleiri ekki verið svo vissir um niðurstöðuna.

Ég skal ekkert draga dul á það að ég hefði viljað sjá öflugri baráttu úti í þjóðfélaginu, fyrr en raunin varð á. Umræðan er í rauninni ekki nógu langt komin. Ég hefði viljað heyra miklu kröftugri umræðu um það og baráttu fyrir því að miðhálendið yrði gert að stjórnsýslulegri og skipulagslegri heild, eins og atrenna var gerð að fyrir nokkrum árum hér á Alþingi. Sú leið fékk ekki stuðning á Alþingi og litla umræðu í þjóðfélaginu.

Ég hef lengi haft miklar áhyggjur af þessu máli og reynt að leggja mitt lóð á vogarskálarnar í greinaskrifum, með þátttöku í fundum, rætt við fólk o.s.frv. Niðurstaða mín er alltaf hin sama: Hér er um svo sérstakt svæði að ræða að um það gilda sérstök lögmál.

Hv. 5. þm. Vestf. benti á ákvæði skipulagslaga um hlutverk og verkefni sveitarfélaga. Ég þekki það auðvitað og hér eru margir þeirrar skoðunar að með þeim breytingum sem nýlega hafa orðið á þeim lögum hafi þessum málum verið skipað þannig að eftir þeim beri að fara í einu og öllu. Hann benti einnig á að í raun vantaði millistig í stjórnsýslu milli ríkis og sveitarfélaga, sem oft er nefnt 3. stjórnsýslustigið. Það er rétt en við erum ekki svo þrælbundin af þessu fyrirkomulagi. Við getum að mínu mati sett sérlög um ákveðin landsvæði eins og við höfum gert og munum gera. Ég minni á nýframkomið frv. um friðun Þingvalla og Þingvallavatns. Auðvitað getum við sett sérlög um stjórnun miðhálendisins og hvernig skipulagi þess sé háttað. Það getum við gert.

Mér finnst augljóst að allt öðru máli gegni um þetta landsvæði en öll önnur. Það tekur yfir um einn þriðja af öllu flatarmáli landsins og þar eru að mestu leyti hin óbyggðu víðerni lands okkar. Þarna er sú auðlind sem margar aðrar þjóðir sáröfunda okkur af vegna þess að þær hafa bylt, breytt og gjörnýtt svo öll sín landsvæði til hinna ýmsu þarfa mannvistar að þær eiga ekki auðlind af þessu tagi. Þar fyrirfinnst naumast lófastór blettur sem ekki hefur verið nýttur á einhvern máta, lagður undir mannvirki, ræktun eða annað slíkt. Raunar vitum við ekki nákvæmlega hversu stór sú auðlind er sem við getum kallað ósnortin víðerni. Það er hins vegar eitt af því sem gera þarf, að kortleggja í smáatriðum þau svæði sem talist geta ósnortin.

Síðar í dag munum við hæstv. umhvrh. kynna niðurstöður nefndar sem fékk það hlutverk að skilgreina orðasambandið „ósnortin víðerni". Það væri grundvöllur þess að móta stefnu um það sem við viljum gera á þessum svæðum. Ég get sagt það hér, þar sem ég tók þátt í þeirri vinnu, að það var mjög skemmtileg og frjó umræða sem þar fór fram og vitaskuld komumst við að þeirri niðurstöðu að það er í raun ógerlegt að nota orðið „ósnortið" bókstaflega. Sá blettur fyrirfinnst varla hér á landi að hann geti í bókstaflegri merkingu talist ósnortinn.

Ísland hefur verið byggt í rúm 1100 ár og beinna og óbeinna áhrifa byggðar gætir auðvitað um allt land. Landsmenn hafa eytt skógum, beitt á landið, ræktað tún, ræst fram mýrlendi, borið á áburð og finna má ummerki eftir skógrækt og vegagerð. Rennsli straumvatna hefur verið breytt, uppistöðulón gerð og allt hefur þetta gerst á mjög löngum tíma. Vissulega eru til svæði hér á landi sem eru minna mörkuð af mannvist en önnur. Slík svæði skipta okkur mjög miklu fyrir rannsóknir, útivist og fleira.

Það verður mjög gaman að sjá hvort þessi vinna verður til þess að leggja grundvöll að mótun stefnu gagnvart þeim landsvæðum sem við getum kallað ósnortin víðerni, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem við komum okkur saman um í þessari nefnd. Þar var niðurstaðan sú að ósnortin víðerni væru

landsvæði þar sem beinna ummerkja mannsins gætir ekki og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa. Undir þetta flokkast landsvæði í a.m.k. 5 kílómetra fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum og landsvæði sem er a.m.k. 25 ferkílómetrar að stærð þannig að þar sé hægt að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu. Meginmarkmiðið með skilgreiningu og afmörkun ósnortinna víðerna er að varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur eingöngu sem gestur.

Markmiðið með varðveislu ósnortinna víðerna er að taka frá samfelld ósnortin svæði fyrir komandi kynslóðir, tryggja óhefta þróun náttúru samkvæmt eigin lögmálum um ókomin ár, viðhalda samfelldum og ósnortnum svæðum til útivistar, rannsókna og fræðslu og tryggja og treysta ímynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru, með þeim fyrirvörum sem við verðum auðvitað að hafa um þessa orðanotkun. Leiðirnar geta verið þær að afmarka landsvæði sem einkennandi eru fyrir íslenskt landslag og náttúrufar og eru enn lítt snortin eða óröskuð. Setja þyrfti reglur um verndun þeirra sem miða að stýringu í átt að settum markmiðum. Kannski er ekki minnst um vert að afla mætti upplýsinga um svæðin, jarðfræði, lífríki og núverandi nýtingu. Þær upplýsingar yrðu nýttar til að stýra rannsóknum og fræðslu.

Það er vaxandi skilningur á nauðsyn þess að við verndum þessi svæði og ég bind miklar vonir við að þessi umræða muni ýta við því máli. Við tölum um miðhálendi Íslands sem þriðjung af öllu flatarmáli landsins en auðvitað er mála sannast að svæðið er ekki allt jafndýrmætt í okkar huga. Þess vegna er svo mikilvægt að efla rannsóknir og gera sér grein fyrir mikilvægi þess.

Vegna þess að ég horfi nú á hv. 4. þm. Austurl. sem er nú hvað kunnugastur okkar allra varðandi þetta get ég ímyndað mér að kortlagning svæða eftir skilgreiningunni sem ég lýsti áðan mundi falla mjög vel að hugmyndum sem hann hefur sett fram í mjög góðri þáltill. um skipan þjóðgarða á miðhálendinu.

Sums staðar á þessu mikla og stóra svæði á miðhálendi Íslands hefur eyðilegging átt sér stað. Hún verður ekki aftur tekin og hefur það í för með sér að sneitt hefur verið af þeirri auðlind sem við köllum ósnortin víðerni.

Herra forseti. Ég sem sagt hefði óskað þess að það stórmál sem hér er til umræðu hefði þróast á annan veg en gerst hefur. Ég hef lengi talað og skrifað um þá skoðun mína að miðhálendi Íslands ætti að gera að friðlandi sem lúti sérstakri stjórn og sérstakri löggjöf, svo sem fordæmi eru fyrir. Þetta er alveg sérstakt svæði sem ekki verður jafnað við neitt annað og á að vera sameign íslensku þjóðarinnar.

Ég þakka þeim sem hafa fjallað um þetta mál í hv. félmn. og víðar. Mér finnst vinna þeirra hafa leitt til aukins skilnings á málinu og sú andstaða sem þar kom fram við þá skipan sem hér er lögð til grundvallar hefur leitt til þess að umræðan hefur aukist og eflst og menn eru að reyna að taka tillit til fleiri sjónarmiða. Þess vegna finnst mér ástæða til að þakka þeim fyrir vinnu þeirra. Ég get lýst því hér að það hefur orðið niðurstaða okkar kvennalistakvenna að styðja þær hugmyndir sem eru settar fram í tillögu minni hluta félmn., þær fara mjög saman við þær skoðanir sem við höfum haft í þessu efni og þess vegna höfum við ákveðið að styðja þær.

Sú skipan sem er þar lögð til mundi ekki breyta því að mínu mati að sveitarfélögin gætu áfram haft nytjarétt á hálendinu eins og heiðir og venjur segja til um. Mér finnst það ekki breyta því en að sjálfsögðu í fullri sátt við náttúruna og með strangari aðgæslu en hingað til. Þess vegna, eins og ég hef áður lýst, tel ég rétt að markalínan sé dregin milli heimalanda og afrétta og stofnað ... (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti, aðeins augnablik.

(**Forseti** (RA)**:** Ágætt. Því að nú þarf að ... )

Á ég ekki að reyna að ljúka ræðunni?

(**Forseti** (RA)**:** Jú, ef stutt er eftir.)

Það eru bara ein eða tvær mínútur. Ég ítreka að þetta er sú skoðun sem ég hef talað fyrir í mörg ár, að það sé rétt að stofna til friðlands á hálendinu og fella það undir sérlög og eina skipulagsstjórn í staðinn fyrir að skipta því niður eins og kökusneiðum á milli sveitarfélaganna í landinu.

Ég tel að við stöndum frammi fyrir ákveðnum áfangaskilum í þessu efni. Tillaga að svæðisskipulagi er komin fram sem er til umfjöllunar og mikilvægt er að hún fái góðan tíma og ýmis rök eru fyrir því að það þurfi að flýta sér hægt. Við höfum í höndunum tillögur um megindrætti en landnýtingaráform eru að mestu óráðin. Margir eru að vakna til vitundar um eðli og þýðingu þessa máls. Ég tel því réttast að gefa þessu máli lengra líf.

[13:03]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Margt athyglisvert kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Mér þótti út af fyrir sig heldur leitt að heyra ályktunarorð hennar undir lokin og ég ætla að skýra það.

En tilefni þess að ég bað um andsvar var hugmynd hv. þm. um þjóðaratkvæðagreiðslu að því er mál af þessum toga varðar eða þetta mál sérstaklega. Ég er mikill stuðningsmaður þess að sett verði lög um þjóðaratkvæði og menn reyni að nota það í meira mæli en gert hefur verið. Satt að segja liggur það ákvæði stjórnarskrárinnar í rauninni dautt og ómerkt þar sem það hefur aldrei verið notað.

Hins vegar kemur í hug minn að málið geti verið nokkuð vandasamt í þjóðaratkvæðagreiðslu og þess vegna spurði ég hv. þm. úr sæti mínu: Um hvað verður spurt? Ég vek athygli á því að ekki er víst að svar leiði til lausnar þó að vafalaust komi svar við spurningunni. Það lægi einhver vilji fyrir, en ekki er víst að það leiddi til lausnar og við gætum þá verið í verulegum vanda að því leyti. Ég mun skýra það í ræðu minni síðar í umræðunni við hvað er að fást í þessu sambandi.

Ég er nokkuð undrandi á þeirri niðurstöðu þingflokks Kvennalistans eða Samtaka um kvennalista að ætla að halla sér að niðurstöðu minni hluta félmn. í þessu efni. Í því sambandi vil ég einfaldlega minna á að Kvennalistinn hefur á undanförnum árum átt beinan þátt að því að taka þátt í þróun þessara mála, ákvörðun þessara mála, og þá síðast hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem stóð að tillögu umhvn. um afgreiðslu skipulagslaga á síðasta þingi og þar sem niðurstaðan var að fella niður sérstök ákvæði um svæðisskipulag en þetta félli undir eftirlit sveitarfélaganna í raun.

[13:06]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér finnst að hv. síðasti ræðumaður þurfi ekki að undrast niðurstöðu sem ég lýsti áðan í máli mínu. Sú skoðun hefur komið fram í greinum sem ég hef skrifað um þetta mál, á fundum sem ég hef tekið þátt í og í samræðum við fólk, satt að segja í mörg ár. Ég hélt að skoðun mín væri

fyllilega kunn hv. þm. sem ég hef átt ágætt samstarf við í hv. umhvn. og reyndar almennt í umhverfismálum.

Ég veit að það er skoðun hv. þm. að við höfum gengið frá málum við afgreiðslu skipulags- og byggingarlaga á síðasta þingi. Ég þarf kannski ekki að rifja upp fyrir honum hvernig sú vinna gekk til þar sem við fengum frv. í hendurnar í hv. umhvn. sem þurfti að vinna svo gjörsamlega upp á nýtt að tveir hv. þm. tóku að sér að vinna þá vinnu í samstarfi við ráðuneytismenn. Ég get alveg viðurkennt það að þegar hv. umhvn. fór síðan yfir málið eins og það kom frá þeim gerði ég mér ekki grein fyrir því að með því að standa að afgreiðslu málsins jákvætt eins og ég gerði teldu menn að ég væri að segja að ég væri sátt við það í hvaða hendur skipulagi miðhálendisins færi. Ég man að ég spurði eftir í nefndinni hvers vegna ákveðin grein væri felld út eða breytt sem varðaði svæðisskipulag á miðhálendinu og ég fékk það stuttaralega svar, sem var gefið í mikilli tímaþröng, að þessu máli væri fyrir komið eins og ætti að vera og ég kannaði það ekki nánar. Ég stend því hér og játa það að ég hafi ekki gert mér grein fyrir því að menn teldu að við værum endanlega búin að girða fyrir það að hægt væri að gera miðhálendi Íslands að skipulagslegri heild. Ég taldi svo ekki vera.

Það breytir ekki því að ef svo er að breyta þurfi skipulags- og byggingarlögum í sambandi við sérlög um miðhálendi Íslands mundi ég ekki telja eftir mér að taka þátt í þeirri vinnu.

[13:08]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega eru athyglisverð viðbrögð hv. þm. og upplýsingar um það hvað hrærðist með hv. þm. við afgreiðslu skipulags- og byggingarlaga. Ég ætla ekkert að draga það í efa en það eru ýmsir fleiri í þinginu sem virðast ekki hafa haldið þræði í málinu. Ég bæti því við að þegar sett var ákv. til brb. um skipulags- og byggingarlög um vorið 1993 í fullri sátt að ég best veit í þinginu, eða sem sagt menn stóðu að því, þá lá það fyrir að markaður var farvegur fyrir þessa vinnu og síðan var því hrundið af stað. Kvennalistinn átti fulltrúa í umhvn. þegar þessi mál voru til umfjöllunar og stóð að því með sama hætti og sá sem hér talar að farið yrði út í þennan farveg.

Ég vek einnig athygli á því að borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem um er að ræða meiri hluta R-listans undir forustu fyrrv. þingmanns Kvennalistans, nú borgarstjóra, ályktaði um þetta efni 1. apríl sl. (Gripið fram í.) Já, borgarráð Reykjavíkur fyrir hönd þeirra, þar sem segir m.a.: „Mikilvægt er að miðhálendið sé ein skipulagsleg heild þótt stjórnsýsluleg ábyrgð skiptist milli sveitarfélaga.“ Þótt stjórnsýsluleg ábyrgð skiptist milli sveitarfélaga. Harðari er ekki tónninn hjá fulltrúum R-listans í borgarráði Reykjavíkur í þessu máli en þetta. Mér finnst að menn þurfi að taka eftir þessu.

Ég legg á það ríka áherslu að það er tvennt ólíkt skipulagsleg heild, að gæta heildarsjónarmiða við skipulag, og hins vegar stjórnsýsla. Ég tel að sem betur fer stefni í það að menn nái þokkalega saman um hið fyrra, að fara með miðhálendið sem skipulagslega heild.

[13:11]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. sé ekki að halda því fram að mér beri að taka tillit til annars en eigin samvisku þegar ég móta afstöðu mína í ákveðnum málum. Það vill svo lánlega til að við sem skipum þingflokk Kvennalistans núna erum innilega sammála um þetta mál. Ég hef því engar áhyggjur af því þó að hann sé að minna á afstöðu annaðhvort í fortíð eða nútíð þar sem aðrar kvennalistakonur koma við sögu. Við förum einfaldlega eftir þeirri skoðun sem við höfum mótað í þingflokki okkar og erum sammála um það.

Hv. þm. vísar til formlegra hluta, eins og hvað hafi verið ákveðið áður í skipulags- og byggingarlögum o.s.frv., en það sem ég var að vísa hérna til var sú skoðun sem ég hef haldið á lofti í mörg ár og lýst bæði við 1. umr. málsins og við önnur tækifæri, þ.e. að ég teldi að það svæði sem við erum að fjalla um og lagt er til að ganga svo frá að það skiptist á milli aðliggjandi sveitarfélaga, finnst mér það vera svo sérstakt að um það beri að setja sérlög og gera það að friðlandi. Ég minni á að svo hefur verið gert um önnur svæði á landinu og þarf ekki annað en að minna á það frv. sem er nýkomið fram og er 699. mál þessa þings, frv. til laga um friðun Þingvalla og Þingvallavatns. Sérlög gilda um það svæði og mér finnst eðlilegt að sérlög giltu um fleiri svæði sem við viljum að sé skipað með ákveðnum hætti vegna sérstöðu þeirra.

[13:13]

**Útbýting þingskjals:**

Sýslur, 668. mál, svar dómsmrh., þskj. 1251.

[Fundarhlé. — 13:14]

[13:46]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það stóra mál sem hér er til umræðu, frv. til sveitarstjórnarlaga, kallar eðlilega á mikla umræðu í þinginu þegar málið kemur frá hv. félmn. til 2. umr. með tillögum um breytingar á frv. þó ekki veigamiklar á heildina litið og tvískipt álit úr félmn. þar sem fulltrúar þingflokks jafnaðarmanna hafa skilað minnihlutaáliti en aðrir mynda meiri hluta þó með fyrirvörum sé.

Þetta mál á sér langan aðdraganda sem kunnugt er og það mál sem tengist því mjög í umræðunni, skipulagslögin, áttu sér einnig afar langan aðdraganda hvað undirbúning snerti og sennilega lengri en það frv. sem hér er meginmál til umræðu. Ég ætla eins og fleiri að fjalla um skipulagsþáttinn sem snýr að þessu máli og stjórnsýslu sveitarfélaga á landinu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Áður en ég kem að þeim þætti vil ég fara fáeinum orðum um frv. og aðkomu mína að því máli sem þar er á ferðinni. Ég vil þó leyfa mér, virðulegur forseti, að nefna það, og ég hef reyndar nefnt það við hæstv. forseta áður, að ég vildi gjarnan að nokkrir þingmenn vissu af því að ég er að ræða málið og vil víkja að því sem fram hefur komið í umræðu af þeirra hálfu. Ég vildi ítreka þetta, og fyrir utan hæstv. umhvrh., sem ég geri ráð fyrir að hér sé nálægur og hæstv. félmrh., vil ég nefna til formann umhvn., hv. 11. þm. Reykv., Ólaf Örn Haraldsson, og talsmann þingflokks jafnaðarmanna í umræðunni, hv. 5. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, og einnig mun ég víkja nokkuð að máli hv. 13. þm. Reykv. fyrr í umræðunni, Jóhönnu Sigurðardóttur þannig að ég óska eftir því að þessir hv. þingmenn verði látnir vita af því þar sem ég kann því ekki vel að ræða um málflutning manna án þess að þeir hafi tök á að bregðast við eða fylgjast með því sem fram kemur.

Virðulegur forseti. Ég leyfði mér á 120. löggjafarþingi að flytja frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Það hefur verið flutt tvívegis síðan og hefur legið fyrir hv. félmn. á þessu þingi eins og á fyrri þingum. Þetta frv. laut kannski ekki að efnislega veigamiklum málum í löggjöfinni,

en þó málum sem þurftu lagfæringar við að mínu mati og sem verið er að taka á með vissum hætti í þessu frv. Ég vil aðeins nefna það í upphafi að ég tel það góðra gjalda vert að frv. sem við ræðum til sveitarstjórnarlaga tekur á vissum þáttum sem ég hafði gert tillögu um áður en frv. var mótað og hefur verið tekið tillit til þess í nokkrum greinum.

Breytingartillögur mínar hafa lotið að því að sveitarfélög fái sjálf að ráða nafngiftum sínum, ráða hvað þau heita, og við þeirri brtt. er í raun orðið þó óbeint sé í þessu frv. Ég held að það sé ráð sem betur hefði fyrr verið brugðið á, en betra er seint en aldrei í þessu máli því að mikið gengur á í sveitarstjórnarstiginu varðandi nýmótun þess á marga lund þannig að á þetta mun reyna.

Það mætti margt um gildandi lög um þetta efni segja sem leitt hefur til hremminga af ýmsum toga varðandi nafngiftir sveitarfélaga. Vonandi geta menn innan rýmri marka valið góð nöfn á ný sveitarfélög, endurmynduð sveitarfélög og nýtt þar með aukið svigrúm sem hér er stefnt að að veita. Það kemur af sjálfu sér með þessari tillögu að kaupstaðir sem voru nefndir í eldri lögum falla fyrir borð sem slíkir, skilgreining á sveitarstjórnarstigi, og það er tekið undir þá tillögu mína að framkvæmdastjóri nefnist sveitarstjóri og að talsmaður sveitarstjórnar nefnist oddviti. Þetta er allt til bóta, til einföldunar og til að gera sveitarstjórnarstigið gagnsærra en áður var til auðveldunar fyrir allan almenning í landinu að átta sig á þessu meginstjórnsýslustigi fyrir utan sjálft ríkið. En gildandi löggjöf til þessa hefur valdið því að það hefur verið mikill tröppugangur á og eins konar virðingarröð ef svo má segja samanber keppni sveitarfélaga hér um skeið að fá kaupstaðarréttindi sem er vel þekkt og tengdist áfengislöggjöfinni um tíma ef ég man rétt. En þetta verður sem betur fer brátt úr sögunni. Þá eru felld út úr frv. orðin „borgarstjóri/bæjarstjóri", ef ég hef lesið rétt í málið, þannig að það sé ekki verið að lögbjóða slíka titla, og einnig er tekið undir þá tillögu sem ég flutti um byggðarráð sem meginnefnd innan sveitarstjórnar. Ég þakka hv. félmn. og þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. að hafa tekið undir þau sjónarmið. Mér er kunnugt um að þetta mál lá þar fyrir til skoðunar á mótunarstigi.

En það er einn skafanki, það er einn hortittur eftir sem ég hefði viljað að hyrfi úr löggjöfinni og það er í 11. gr. sem stendur eftir og ég sé ekki að þar sé lögð til nein breyting á frv. eins og það kom fyrir, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Byggðarráð skv. 38. gr. nefnast byggðarráð, bæjarráð eða hreppsráð" — ég vona að ég sé að vitna í þskj. frá réttu þingi því þetta eru orðnar margar útgáfur. Jú, mér sýnist þetta standa — „og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist bæjarstjóri eða sveitarstjóri.

Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins."

Á þessari 11. gr. eru engar brtt. fyrirliggjandi og mér finnst þetta ekki góð afgreiðsla þegar verið er að reyna að sníða af þessar silkihúfur sem voru yfir flokkun á einstökum sveitarfélögum þar sem var verið að skipa þeim í virðingarröð.

Ég tók það fram í tillögum mínum um að afnema titlatog af þessu tagi að auðvitað væri það sveitarstjórn í sjálfsvald sett að velja viðeigandi heiti að hennar mati á sína embættismenn sem aðra og er það sjálfsagður hlutur. En að lögbjóða það, hvers vegna í ósköpunum, hv. félagsmálanefndarmenn í meiri hluta, hæstv. félmrh., virðulegur forseti, sem á að taka við þessu máli frá þinginu, á að búa svona um hnútana eins og hér er, að vera að flokka sveitarstjórnir varðandi lögboðið heiti í bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn? Er ekki, virðulegur forseti, sveitarstjórn hið almenna heiti? Er hreppsnefnd ekki sveitarstjórn? Er bæjarstjórn ekki sveitarstjórn? Ég vil beina því til formanns og varaformanns félmn., virðulegur forseti, að 11. gr. verði tekin til sérstakrar athugunar milli umræðna fyrst brtt. koma ekki fram við greinina þannig að þessir hortittir sem er að finna í frv. að þessu leyti verði hreinsaðir frá. Við erum að móta heildarlöggjöf.

Reykjavík er að sjálfsögðu sveitarfélag sem hvert annað sveitarfélag í landinu, má kalla sig borg og hefur full efni á því, en það á ekki að lögbjóða það. Þetta er sveitarfélag í Reykjavík. Þar er oddviti. Hann má heita borgarstjóri samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins. En á að lögbjóða það? En verst af öllu er að deila sveitarstjórnunum upp í þessa þrískiptingu, bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn þegar hið almenna heiti er að sjálfsögðu og á að vera sveitarstjórn sem almennt heiti og ekki vera að búa til neina undirflokka þar að lútandi.

Ég óska því eindregið eftir því, virðulegi forseti, að á þessa grein verði litið. Mér er nær að halda að hér sé um vangá að ræða af hálfu hv. þingnefndar að gera tillögu um þetta með þessum hætti við 2. umr. og bið um að ekki verði litið á þetta sem einhverja harða gagnrýni af minni hálfu. Mér finnst þetta hins vegar vera nauðsynlegt og væri í samræmi við aðra hreinsun í þessum efnum sem væri að finna í frv. og sem nefndin tekur undir og við eigum ekki að lögbjóða þetta efni með þessu móti við afgreiðslu málsins.

Í þessu máli, virðulegi forseti, er að finna ýmis efni önnur en ég hef hér vikið að sem er skynsamlega ráðið að gerðum brtt. af hálfu félmn. Það er auðvitað fengur að því fyrir sveitarstjórnarstigið að fá endurunna löggjöf þó að breytingarnar séu kannski ekki stórkostlega róttækar, enda ekki út af fyrir sig kannski þörf á því að taka þar stærra á en þarna er verið að gera. Ég rifja það upp af þessu tilefni að þegar síðasta heildarendurskoðun var gerð á sveitarstjórnarlögum, ef ég man rétt 1986, þá flutti ég allvíðtæka brtt. við málið þess efnis að settur yrði inn nýr kafli um þriðja stjórnsýslustig, héraðsnefndir eða héruð eins og það var kallað í þeirri tillögu. Það er eina atrennan hér á Alþingi að mér er kunnugt um að festa í löggjöf og útfæra hugmyndina um þriðja stjórnsýslustig sem lýðræðislega kjörið stjórnsýslustig í landinu. Þetta margoft rædda mál hlaut ekki undirtektir. Meðal annars núna í tengslum við umræðuna um skipulagsþátt þessa máls þá hefur þetta borið á góma, spurningin um þriðja stjórnsýslustigið. Þó að þetta varði ekki sveitarstjórnir að sjálfsögðu vegna þess að þarna er hugmynd um annað alveg sjálfstætt stjórnsýslustig á ferðinni þá er ég enn þeirrar skoðunar að það væri til velfarnaðar fyrir landið allt að sett verði upp þriðja stjórnsýslustigið. Það eru miklir annmarkar sem standa í vegi fyrir byggðaþróun í landinu og að sporna við þeirri hrörnun landsbyggðarinnar sem við horfum framan í víða, því miður, og mörg atriði sem fengju betri stöðu ef menn tækju til þess ráðs að setja hér upp þriðja stjórnsýslustigið. Ef menn ætluðu sér í raun að færa verkefni ríkisins nær fólkinu vítt um landið þá verður það ekki gert svo vel sé nema hafa stjórnsýslustig til að taka við því nægilega stórar einingar til að hafa burði til þess. Og í stað þess að vera að bítast um flutning á

einstökum stofnunum, með miklum fyrirgangi og leiðindum oft og tíðum, að rífa þær upp úr höfuðstaðnum, sumt af því getur átt fullan rétt á sér en það er ekkert sem munar um, þá á að færa samræmt þjónustu ríkisins, byggja hana niður í miðstjórninni, halda hér kjarna sem tilheyrir höfuðstað bæði í meginstjórnsýslu og stofnunum en færa þau verkefni þar sem um einhver veruleg verkefni er að ræða á vegum ríkisins og þau störf sem fylgja samræmt út í héruð í landinu sem myndi þriðja stjórnsýslustigið. Ef við hefðum ratað þessa leið á 8. áratugnum þegar sókn var í byggðamálum í landinu þá er ég alveg sannfærður um að staðan væri mun betri í landinu í heild heldur en reyndin hefur orðið.

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að víkja að þeim þætti í umræðunni sem tengst hefur ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. um sveitarstjórnir í landinu og taka þar á allmörgum þáttum sem hafa komið til umræðu og liggja í málinu. Ég tek fram að ég tel afar eðlilegt að fram fari mikil umræða um þetta mál, einnig í tengslum við frv., en ég hef margt við málflutning sem fram hefur komið að athuga og ég óttast að þar gæti menn ekki að sér eins og þyrfti að vera. Við erum sannarlega á ferð um dálítið hólótt land, svo ég segi ekki jarðsprengjusvæði því ég vil ekki að það verði sett neitt tundur í málið. Þetta er hólótt landslag sem við erum að ganga í og er gott að hér séu bændur í bland sem eru vanir þúfum til þess að horfa til með mönnum í því. Við þurfum að gæta okkar í hverju skrefi sem hér er stigið en við þurfum líka að gæta þess sem við höfum verið að gera á liðinni tíð.

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera svolitla atrennu að því ef það gæti orðið til að skýra málið jafnt í mínum huga sem hugsanlegra áheyrenda, hv. þm., að fara yfir stöðuna eins og hún kemur mér fyrir sjónir að frágengnu því ef málið yrði til lykta leitt í meginatriðum eins og það er lagt hér fyrir og þá einnig að teknu tilliti til þess stjfrv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem lagt var fyrir í gær.

Upphafsþátturinn er kannski sá að við erum með tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög, í landinu. Við erum ekki að breyta því með þessu frv. Við höfum hins vegar búið við mikla óvissu um eignarráð í landinu, eignarréttindi á óbyggðasvæðum á Íslandi. Þingið er að fást við að marka því máli braut til lausnar eða til úrskurðar með frv. til laga um þjóðlendur þar sem mörkuð er sú stefna samkvæmt frv. að um tvenns konar eignarrétt verði að ræða á yfirborði lands, annars vegar eignarlönd, hins vegar þjóðlendur sem eins konar almenninga svo að maður noti gamalt og gróið hugtak í umræðunni þó að þarna hafi verið brugðið á það ráð að kalla þetta öðru nafni.

Út úr þessu kemur niðurstaða en samkvæmt frv. á þessu að vera lokið árið 2007. E.t.v. kann að rísa ágreiningur sem fer þá dómstólaleið eða er úrskurðaður, óbyggðanefnd og réttarkerfið í landinu sker úr. En niðurstaða mun væntanlega fást á einum áratug eða svo í meginatriðum og þá liggur fyrir hvað er þjóðlenda og hvað er eignarland. Ég held að þarna sé í meginatriðum gott mál á ferðinni og þarft og hefði í raun fyrir löngu þurft að taka á þessum málum. Dómar hafa fallið þannig að þingið hefur þurft að taka á þessum málum og ég vænti þess og þykist sjá að verulegur hluti af því sem við tengjum við óbyggðir og miðhálendi muni teljast þjóðlenda að þessu búnu, eign ríkisins, eign almennings þar með, eign ríkisins fyrir hönd þjóðarinnar.

Þá er viðfangsefnið tvenns konar, þ.e. að skipuleggja landnotin bæði gagnvart eignarlöndum og þjóðlendum en ekki síst þjóðlendunum. Það er viðfangsefni skipulagslöggjafar sem grunnlöggjafar um það efni. Og hins vegar hvernig á að koma stjórnsýslunni fyrir. Eftir farveginum sem hér er markaður liggur málið þannig, og þá tek ég tillit til þess frv. og geri ráð fyrir að lögfest verði það frv. sem hér var lagt fram af hæstv. umhvrh. í gær, að á skipulagi þess sem við köllum miðhálendi í umræðunni og kallað hefur verið það í skipulagsvinnu undanfarinna ára verði tekið heildstætt hvað grundvöllinn varðar og það verði markað svæðisskipulag á þessum stóra hluta landsins þar sem gætt verði heildstæðra vinnubragða að boði laga, aðalskipulag þurfi að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þar eru sett í svæðisskipulagi og deiliskipulag sem verði aðgengilegt til skoðunar síðan útfært á þessum grunni. Þetta er að mínu mati skynsamleg niðurstaða, góð niðurstaða, miðað við það sem ella gæti orðið samkvæmt öðrum hugmyndum sem fram hafa komið og hafa viljað kannski einhverja aðra skipan mála. Ég tel að þessi niðurstaða sé í raun í býsna góðu samræmi við þá braut sem hefur verið mörkuð og hefur verið unnið að útfærslu á og er komið að á enda í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands til ársins 2015. Þessu ættu allir að fagna sem hafa ýtt á og gert kröfu til þess að þarna yrði tekið heildstætt á málum að því er varðar skipulag.

Síðan kemur hinn þátturinn sem snýr að stjórnsýslunni og þá er stefnumörkunin sú að landinu öllu verði skipt upp á milli sveitarfélaga. Tillögur hafa verið markaðar þar að lútandi af tilkvaddri nefnd í því efni og það er sá þáttur sem að stjórnsýslunni lýtur.

Virðulegur forseti. Er þetta svo afleit niðurstaða í raun sem hér er að mótast? Ég hef oft tekið það fram í þessari umræðu að ég hefði sannarlega getað hugsað mér önnur málstök. En ég hef frá byrjun, af því að ég kom að þessu máli árið 1990 á vegum tilkvaddrar nefndar á vegum fyrsta umhvrh. okkar á þeim tíma, lagt megináherslu á skipulagsþáttinn, heildstætt skipulag á svæðinu.

Virðulegur forseti. Hvaða hagsmunir verða settir í hættu með þessari niðurstöðu? Hvaða stóra áhætta er tekin með þessari niðurstöðu? Auðvitað búum við alltaf við þá áhættu að skipulag sé ekki að okkar skapi, skipulag sé ekki vel lukkað, taki ekki tillit til þeirra sjónarmiða sem hver og einn ber með sér. Það eru mismunandi hagsmunir í landinu. Við losnum ekki undan þeirri hættu þó að þetta svonefnda miðhálendi væri sjálfstæð stjórnsýsleining. Það losar okkur ekki undan þeirri áhættu sem fylgir skipulagsgerð sem kallar ætíð á niðurstöðu, einnig við endurskoðun. Sú áhætta er uppi þó að þetta miðhálendi væri undir stjórnsýslu ríkisins. Við erum hins vegar að marka hér þá stefnu að sveitarfélögin sem liggja að þessu svæði fari með stjórnsýsluna og þó að ég hefði talið að hitt ætti að vera til álita, að þetta yrði sérstök stjórnsýsleining, þá hef ég alltaf gert mér það ljóst að engin töfralausn væri í því fólgin að setja svæðið undir forsjá ríkisins, það væri engin töfralausn og þar væri alls ekki á vísan að róa að þau sjónarmið sem ég ber fyrir brjósti sérstaklega að því er varðar þetta svæði næðu í höfn frekar undir stjórnsýslu ríkisins heldur en sveitarfélaganna að teknu tilliti til heildstæðs skipulags þó.

Ég skal aðeins útfæra þetta nánar og líta til skipulagsþáttarins. Þá kem ég m.a., virðulegur forseti, að þeirri hörðu gagnrýni sem hér var fram borin af talsmönnum þingflokks jafnaðarmanna í gær, þar á meðal af hv. 13. þm. Reykv. í umræðunni, þeirri hörðu en samt þokukenndu gagnrýni sem borin var fram fram gagnvart þeirri tillögu sem liggur fyrir um skipulag miðhálendis Íslands.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að draga fram einn þann aðila, hagsmunaaðila má kannski kalla það eða atvinnugrein, sem hefur hvað mestar áhyggjur vegna þessa skipulags. Hvaða atvinnugrein skyldi það vera? Við höfum heyrt nefnda ferðaþjónustu. Ég tel að sú gagnrýni sem frá ferðaþjónustu eða Ferðamálaráði hefur komið vera mjög óljósa og hún var endurtekin af fyrrverandi formanni Ferðamálaráðs í umræðu áðan. Ég er ekki viss um að hún sé að öllu leyti á rökum reist þó að hagsmunir ferðaþjónustu fari saman við margt af því sem ég ber fyrir brjósti í þessum málum og þetta svæði þurfi að skipuleggja með tilliti til þeirrar vaxandi atvinnugreinar og vaxtarmöguleika hennar. En megingagnrýnin, þunga gagnrýnin, hefur komið frá þeim sem horfa til nýtingar orkulindanna. Það kemur þunginn í gagnrýninni. Þar eru svonefndir undirliggjandi hagsmunir hjá aðilum í þjóðfélaginu þungir. Þar er mikið fjármagn á ferðinni, mjög miklir draumar um stórframkvæmdir, draumar sem ég vona að margir hverjir eigi ekki eftir að rætast og tel að séu skýjaborgir. En það er aðilinn sem öðrum fremur talar inn í þetta landslag og sem hefur róið undir mjög fast, studdur m.a. af hugmyndum skipuleggjenda sem vilja sjá hálendinu skipt upp með uppbyggðum þeysivegum til þungaflutninga sem hafa kynt undir alla gagnrýni sem sett hefur verið fram eða verið efnt til í sambandi við þetta svæðisskipulag og dregið ýmsa, því miður, virðulegur forseti, að ég tel, á asnaeyrunum í því efni, sent fram ágætar liðssveitir sem eðlilega hafa áhyggjur af sínum hagsmunum, útivist.

Í þeirri vinnu sem fram hefur farið tel ég m.a. verðmætt, virðulegur forseti, að í fyrsta sinn er skipulega fitjað upp á öðrum umtalsverðum hagsmunum heldur en hagsmunum orkuiðnaðarins. Þeir hafa verið teknir með í spurningunni um það hvernig við ætlum að nýta það svæði sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir talaði áðan um að hefði að geyma verðmæt ósnortin víðerni. Þökk sé henni fyrir hennar hlut í að lyfta þeirri hugmynd. Ég tel mig hafa fært þetta mál fyrst inn í umræðu um umhverfismál, víðernin, hin ósnortnu víðerni eins og við köllum þau. Það orðalag sótti ég á sínum tíma í Stein Steinarr sem í kvæði sínu um Ísland talar um þessa „vængjuðu auðn með sín víðernin blá, hún vakir og sefur þó enn". Í þessu máli eru hagsmunir en þeir eru ekki sömu og hinna sem fastast róa í gagnrýninni á þetta skipulag.

Ég er hér með Morgunblaðið, virðulegi forseti, frá 21. sept. 1997. Þar stendur á útsíðu: „Deilt á tillögu um svæðisskipulag miðhálendisins." Ég leyfi mér að vitna í það. Þetta er bara sýnishorn. Hið sama má finna í hinum formlegu athugasemdum:

„Fulltrúar orkumála eru mjög gagnrýnir á tillögu, sem nú liggur fyrir um svæðisskipulag miðhálendisins.

Á ráðstefnu, sem haldin var í gær á vegum Félags skipulagsfræðinga og Verkfræðistofnunar HÍ kom fram að í skipulagstillögunni, sem nær til ársins 2015, er gert ráð fyrir að alls geti komið til framkvæmda orkuvinnsla sem nemur um 10.000 gwst. á ári af raforku á skipulagstímanum, en talið er að hér á landi sé hægt að vinna um 30 þúsund gwst. af raforku með hagkvæmum hætti þegar tillit er tekið til umhverfisáhrifa. Núverandi orkuvinnsla nemur um 5.000 gwst. á ári.

Þorkell Helgason orkumálastjóri sagði á ráðstefnunni að ef öll tækifæri, sem hugsanlega byðust á skipulagstímanum, yrðu nýtt gæti orkuþörfin orðið 28.000 gwst. á ári. Samkvæmt lauslegu mati gæti útflutningsverðmæti þeirrar stóriðju, sem myndi eða gæti bæst við frá og með þessu ári, numið 133 milljörðum króna."

Ég læt þetta nægja, virðulegur forseti, til að undirstrika það sem ég hef sagt. Þeir sem mestar áhyggjur hafa af fyrirliggjandi svæðisskipulagi eru þeir sem dreymir stóra drauma um stórframkvæmdir í sambandi við stóriðju í landinu.

Í þinginu kom í gær fram tillaga, virðulegur forseti, um sjálfbæra orkustefnu. Ég geri ekki ráð fyrir að margir hafi veitt því athygli í pappírsbunkunum og dreifinni sem kemur inn á síðustu dögum þingsins. Í því þingmáli er hins vegar reynt að bregða upp annarri mynd af stöðunni sem gengur mjög í aðra átt en það sem ég var að vitna til.

Ég er þeirrar skoðunar að auðlindin sem menn tala um sé mun takmarkaðri en látið er í veðri vaka. Ég tel að hún sé ekki stærri en svo að þjóðin þarf á henni að halda. Það skynsamlegt að teknu tilliti til náttúruverndar að gera ráð fyrir að þjóðin þurfi á henni að halda í tíð allra næstu kynslóða á fyrri hluta komandi aldar til þess að geta haft svigrúm til þess að lifa sjálfbært í landinu varðandi orkumálin. Þetta er stutt útreikningi á þeirri orku sem flutt er til landsins í formi olíuafurða sem, ef við færum að framleiða vetni í landinu og nota á vélar líkt og verið hefur, kallar á 19 þúsund gígavattstundir eða 19 teravattstundir á ári í framleiðslu. Það væri að vísu minna ef breytt væri um tækni og um væri að ræða efnarafala. Ég bið menn að hafa í huga að þetta er hluti af því sem skapar minn hugarheim sé litið til þessara mála.

Ég held, virðulegur forseti, að ferðamálafrömuðir í landinu og þeir sem eiga að líta til með þeirri atvinnugrein ættu að íhuga hvort þeir séu í gagnrýni sinni á fyrirliggjandi skipulagstillögu að taka í réttan spotta. Ég held að þeir sem horfa til útivistarhagsmuna í landinu ættu að skoða sinn hug, hvort sem það eru talsmenn ferðafélaga eða annarra ágætra áhugasamtaka sem hafa að mörgu leyti rutt leiðina fyrir nýja nýtingu og nýja sýn til hálendissvæða Íslands. Hið sama gildir um þá sem ala með sér drauma um það og telja að við séum þarna með slík svæði að það beri að taka frá, jafnvel í heild sinni eins og nefnt er hér í minni tillögu, að verulegum hluta með stofnun þjóðgarða á þessu svæði, til þess að vernda það um alla framtíð, landsmönnum og þeim sem okkur sækja heim til afnota og yndisauka.

Auðvitað hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við þessa tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Vafalaust eru margar þeirra efnislega vel rökstuddar út frá mismunandi sjónarmiðum. Þær fá sína afgreiðslu og það er verið að vinna úr því máli. En ég segi: Allir þeir sem vilja hugsa til þessa svæðis fyrst og fremst út frá verndarsjónarmiði og átta sig á gildi þess og hagsmunum, áður en lengra er haldið með framkvæmdir, ættu að horfa á þetta vinnuferli með velvilja og styðja við að það verði leitt til lykta og sú vinna sem hefur verið unnin í skjóli ákvarðana Alþingis á undanförnum fimm árum komist í höfn. Hún er ekki endanleg. Skipulagsvinna er aldrei endanleg í þeim skilningi. Allt skipulag kallar á endurskoðun í tímans rás, þetta sem annað. En þetta er grunnur og við skulum leggja hann.

Ég harma það, virðulegur forseti, að hér skuli án mikils rökstuðnings reynt að setja það í hættu að þessum málum verði komið í sæmilegan farveg af hálfu Alþingis. Þar á meðal er fólk sem vill sjá verndina í fyrirrúmi, náttúruvernd á miðhálendi Íslands, og þá er ég kannski að vísa til þingflokks Kvennalistans, að þeir hinir sömu skuli vilja ýta þessu í óvissa framtíð þar sem við sitjum áfram uppi með það ástand sem fram undir þetta hefur ríkt, að menn nái ekki

tökum á þróun framkvæmda og umgengni við óbyggðir í landinu.

Ég gæti sagt, virðulegur forseti, býsna margt um þær útleggingar sem fram komu, t.d. í máli hv. 13. þm. Reykv., í gær. Ég ætla ekki að taka langan tíma til þess. Þar var, virðulegur forseti, m.a. vitnað til skipulagsstjóra ríkisins. Skipulagsstjóri ríkisins var leiddur fram sem eitthvert mikið gagnrýnisvitni varðandi svæðisskipulag miðhálendisins. Það var satt að segja ómerkilegt, virðulegur forseti, hvernig þar var haldið á máli og upplestrinum hætt í miðjum klíðum úr umsögn skipulagsstjóra ríkisins. Ég bæti ekki mikið úr því hér nema ég taki einhvern tíma fyrir þingið. Ég vek hins vegar athygli á því að það er ekki smekklegt að flytja hér mál skipulagsstjóra ríkisins, eða skipulagsstjóra eins og það heitir líklega lögum samkvæmt, þar sem hann rekur hugmyndir sínar um það hvernig æskilegt hefði verið að menn hefðu staðið að málinu. Hann lítur til fortíðar og það er sett fram sem rökstuðningur fyrir sjónarmiðum þingflokks jafnaðarmanna, sem stefnir greinilega að því að setja þetta mál í uppnám, inn í óvissa framtíð þar sem spurningin er hvernig menn nái landi. Því svara þeir þingmenn ekki sem hér halda uppi gagnrýninni. Svo ég vitni til skipulagsstjóra þar sem hv. 13. þm. Reykv. endaði í sinni ræðu í gær, með leyfi forseta:

„Svona hefði e.t.v. átt að gera þetta en svona var þetta ekki gert vegna þess að svona gerast hlutirnir ekki. Ég er ekki þar með að segja að þetta þurfi ekki að gera. Það sem ég er að segja er að ef bíða á með gerð tillögu að skipulagi miðhálendisins þar til öllu hefur verið komið á hreint er hætt við að erfiðara hefði verið að vinda ofan af því sem búið væri að gera í mannvirkjagerð. Því var ráðist í gerð svæðisskipulagsins. Samvinnunefndin bauð ráðgjafarvinnuna út með aðstoð Ríkiskaupa og var í kjölfar þess samið við Landmótun ehf., Gísla Gíslason, Yngva Þór Loftsson og Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekta. Eftirfarandi meginmarkmið voru m.a. höfð að leiðarljósi:

Heildarstefna verði mörkuð í leyfisveitingum fyrir mannvirkjagerð á hálendinu og áhrif hennar á umhverfið jafnan metin.

Landslag og ásýnd svæðisins verði varðveitt sem best, þar með talið gróður og lífríki, náttúru- og menningarminjar.

Vegakerfið verði skilgreint og lagfært og reynt að koma í veg fyrir akstur utan vega.

Sýnd verði virkjunarsvæði og land ætlað fyrir uppistöðulón og línulagnir framtíðarinnar.

Ferðamál á hálendinu verði skilgreind, hálendismiðstöðvum og þyrpingum fjallaskála valin svæði og aðstaða ferðamanna bætt.

Skipulagi verði komið á sorp- og frárennslismál, náttúruverndarsvæði verði skilgreind og landgræðslusvæði sýnd."

Og síðan, virðulegur forseti, er því lýst hvernig svæðisskipulagsvinnan hefur farið fram. Ég tel að það sé ekki sanngjarnt að leiða skipulagsstjóra fram sem einhvern stóran gagnrýnanda á þá vinnu sem unnin hefur verið. Ég hef hlýtt á mál hans þar sem hann hefur mátt sitja undir útúrsnúningum af því tagi sem voru framreiddir í þinginu í gær, vissulega með réttri tilvitnun í orð hans. En ég hef hlýtt á hann ráðstefnu eftir ráðstefnu þar sem hann hefur verið að botna málið og færa fram sín sjónarmið í sambandi við þessi efni.

Virðulegur forseti. Ég tel að ef hér verður hægt að ganga frá lögfestingu á frv. sem dreift var í þinginu í gær um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þá væru menn búnir að treysta málið frá því sem það hefur legið fyrir að óbreyttum skipulagslögum. Ég ætla að vona að menn taki það til athugunar að ganga frá þessari löggjöf núna fyrir þinglokin því að ég held að það væri enginn greiði fyrir stjórnarflokkana að búa við óvissu að því leyti, með þá reimleika sem þegar hefur gætt þar innan veggja hjá ríkisstjórnarflokkunum. (**ÖS:** Hverjir eru draugarnir?) Ég efast um það, virðulegur forseti, að það sé ávinningur fyrir nokkurn að búa við þá óvissu. Og um leið og ég tek undir meginefni þessa frv. sem hæstv. umhvrh. lagði hér fyrir í þinginu og heiti því stuðningi þá hvet ég mjög til þess að menn gangi frá þessu máli núna áður en sól fer í sólstöðustað á þessu vori.

Ég tala um reimleika, virðulegur forseti. Ég hef sagt nokkur miður hlý orð til hv. þm. jafnaðarmanna. Ég hef gert það vegna þess að ég vil ekki liggja á því sem er mín hugsun og mitt mat á þeirra framgöngu hér. Mér finnst framganga þeirra ekki boðleg. Þingmenn jafnaðarmanna, margir hinir sömu og voru meginábyrgðarmenn í sambandi við undirstöður þeirrar skipulagsvinnu sem nú liggur fyrir í tillöguformi, geta ekki að mínu mati talað í þessu máli eins og þeir gera. Til þess hafa þeir lélegan bakgrunn, lélega undirstöðu.

Ráðherra Alþfl., umhvrh., flutti sem stjfrv. inn í þingið það mál sem lagði grunninn að skipulagsvinnunni og ég vitnaði til í gær í þinginu. Hann lagði grunninn að því. Og ekki aðeins svæðisskipulagsvinnu heldur vísaði hann málinu í þann farveg, virðulegur forseti, með sínum orðum í skriflegri greinargerð og í þingræðu þegar hann mælti fyrir málinu. Þá ræðu hef ég hér og gæti vitnað til hennar. (**ÖS:** Vitnaðu til ræðunnar.) Ég gæti vitnað til hennar þar sem ráðherrann lætur að því liggja að vel komi til greina að færa mörk sveitarfélaga inn til landsins og loka þar með uppskiptingu landsins milli sveitarfélaga.

Virðulegur forseti. Það er hvatnig um það að vitna til ræðunnar. Ég skal fúslega við því verða að til ræðunnar sé vitnað í von um að ég finni hana hér í mínum gögnum. Frv. talar auðvitað sínu máli. Ég vitnaði til þess í gær og ætla ekki að endurtaka það. Það er allt skýrt og því var fylgt eftir þegar Eiður Guðnason umhverfisráðherra mælti síðan fyrir málinu — þetta mun hafa verið 5. apríl ef ég les rétt í tölurnar — með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Til þess að gera þessa leið mögulega [þ.e. svæðisskipulagið] þarf að breyta 3. gr. núgildandi skipulagslaga þannig að heimilt sé að í samvinnunefnd um svæðisskipulag sitji fulltrúar héraðsnefnda í stað sveitarstjórna og er það lagt til í frumvarpi þessu.

Verði þetta frv. að lögum mun það verða eitt af fyrstu verkum samvinnunefndar að skilgreina mörk miðhálendisins á þeim forsendum að þau miðist í aðalatriðum við línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Þá þarf nefndin einnig að skýra að hvaða leyti svæðisskipulag miðhálendisins sé frábrugðið hefðbundnu svæðisskipulagi sem nær til alls lands þeirra sveitarfélaga sem að því standa. Svæðisskipulag miðhálendisins mundi aðeins ná til þess svæðis sem er ofar byggð, þ.e. ofan heimalanda. Enn fremur kæmi vel til greina að nefndin gerði tillögur um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu í þeim tilvikum þar sem mörk eru á einhvern hátt óljós."

Og síðar í framsöguræðu ráðherra Alþfl. segir einnig varðandi bygginarmálefni, með leyfi forseta:

„Í þessu frv. er einungis fengist við skipulagsþátt vandans en eftir er að leita leiða til að styrkja byggingareftirlit á hálendinu. Í gildandi byggingarlögum er heimildarákvæði

um svæðisbyggingarnefndir sem einungis er nýtt mjög afmarkað.

Þá kemur auðvitað til greina til að styrkja þetta eftirlit að sveitarfélög myndi svæðisbyggingarnefndir á þessu landsvæði. En fyrsta skrefið til að koma þessum málum í gott horf er að hefja vinnu að skipulagsgerðinni og til þess er þetta frv. flutt.“

Virðulegur forseti. Ég mælti gagnrýnisorð í þinginu við þáv. umhvrh. vegna þeirrar kúvendingar sem hann stóð fyrir í þessu máli frá því frv. sem hann hafði sýnt þá skömmu áður og sem rétt er að vitna hér til, a.m.k. þannig að menn hafi þingskjalið sem er 449. mál á 115. löggjafarþingi 1991–92, þskj. 707. Það var mál sem var upphaflega lagt fram af ráðherranum. Það fjallaði hins vegar ekki um það að skera úr um stjórnsýslumörk. Það var frv. um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands. Ráðherrann fékk þetta mál ekki afgreitt í þeirri ríkisstjórn sem hann sat ásamt hv. núv. 13. þm. Reykv., þá félmrh., og boðaði til ráðstefnu sveitarstjórnarmanna, mig minnir 19. nóv. 1992, til að ræða málið. Að því búnu bar hann fram það frv. sem ég var að vitna til, sem er 455. mál á 116. löggjafarþingi, þar sem málið var sett í þann farveg sem það var í þangað til það var fellt inn í ný skipulags- og byggingarlög sem samþykkt voru samhljóða hér í þessu húsi, í þessu herbergi, á liðnu vori.

Menn geta auðvitað sagt eins og hv. 12. þm. Reykn. sagði áðan: „Ég bara gerði mér ekki ljóst þegar ég flutti þetta mál inn í þingsali, sem hluti af umhvn. þingsins, að þetta væri innifalið.“

Í mínum huga var aldrei neinn vafi á samhengi málsins. Ég hafði undirgengist hér það undanfarin á að leita færri leiða í sambandi við það að koma einhverri reiðu á óbyggðamálin, styðja að þeirri skipulagsvinnu sem unnin hefur verið, og tek ekki þátt í því, virðulegur forseti, að skjóta mér undan þeirri ábyrgð að hafa verið þátttakandi í því þó að þar hafi ekki verið fylgt hugmyndum mínum í vissum greinum og að ýmsu leyti. En ég hef metið efni málsins það mikilvægt að það yrði að leita leiða til þess að koma þarna á reiðu og opna leiðir sem geta leitt til sæmilegrar niðurstöðu. Og af því hef ég ekki slæma samvisku.

Ég er heldur ekki að mæla hér í ljósi þessarar fortíðar sem ég er að vitna til. Sem ég stend hér þá hef ég ekki slæma samvisku af því að ganga frá málinu í þeim farvegi sem hér er verið að marka, að teknu tilliti til þess frv. sem hæstv. umhvrh. lagði inn í þingið í gær.

Mér er fyllilega ljóst og ég er sannfærður um að það skipulag sem vonandi verður staðreynd fyrir lok þessa kjörtímabils, innan árs, og ég vona sannarlega að hæstv. umhvrh. beri gæfu til að ganga frá þó að ég sé auðvitað í óvissu sem aðrir um einstaka þætti sem eftir er að vinna úr vegna fram kominna athugasemda, leiðir til annarrar og betri niðurstöðu en verið hefur, heldur en það ástand sem hefur ríkt, og setur málin hvað framtíðina varðar og möguleika til úrvinnslu mála miðað við sjónarmið framtíðar í farveg þar sem hægt verður að taka skipulega á málum á ákveðnum lagagrunni, með ákveðinn lagagrunn sem bakhjarl.

Mér er alveg ljóst eins og ég hef þegar rakið, virðulegur forseti, að ýmsir verða óánægðir, þeir geta orðið margir. En liður í skipulagi og eðli skipulags er að ekki verða allar óskir uppfylltar. Þess vegna erum við að gera skipulag. Vegna þess að landið okkar og umhverfi okkar þolir ekki óreiðu, þolir ekki að hlutirnir þróist tilviljanakennt og að allir telji sig hafa réttinn. Síst af öllu þjónar það verndarhagsmunum og hugmyndum þeirra sem vilja fara varlega í umgengni við landið og ekki vinna þar óbætanlegt tjón á náttúru Íslands.

Ég er ansi hræddur um að ef þetta mál fer á þann veg sem hætta er á ef við ekki getum gengið tryggilega frá því hér og nú, þá geti eftirleikurinn reynst erfiður og útkoman þar geti orðið allt önnur en þeir vafalaust ætla sem — þar á meðal hv. þingmenn jafnaðarmanna — eru að mæla hér fyrir, af því ég ætla þeim ekki heldur neitt illt í sambandi við sínar hugmyndir eða málafylgju. Ég ætla þeim ekkert illt með því. Ég tel að þeir lesi rangt í málið og setji það í mikla óvissu með sínum hugmyndum hér í umræðunni og þeim tillögum sem fyrir liggja.

Virðulegur forseti. Hvað á fólkið úti í samfélaginu að halda um stöðu þessara mála á Alþingi Íslendinga? Hvað á fólkið að halda þegar hingað koma fulltrúar úr ríkisstjórnarliðinu og vega að þessu máli eins og verið er að gera? Hvernig má það vera að ábyrgðaraðilar í stjórnarliðinu og í þingliði hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. skuli koma að þessu máli eins og fyrir liggur? Ég að vísu virði það ætíð að menn fylgi sannfæringu sinni en mér er bara ekki ljóst hver er raunveruleg sannfæring hv. 11. þm. Reykv. í þessu máli. Ég hef ekki fundið þar neina festu fyrir. Ég átta mig ekki á á hvaða forsendum þar er talað. Ef ég reyni að átta mig á málafylgjunni hjá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni umhvn., sé ég ekki annað en að sá farvegur sem hér er verið að leggja til og marka uppfylli meginatriði þeirra óska sem þingmaðurinn hefur verið að mæla fyrir í blöðum og fjölmiðlum á undanförnum vikum og hef ég þar útskriftir af hans eigin orðum sem hægt væri að vitna til, virðulegur forseti.

En svo kemur hv. þm. inn í umræðuna í gær og vill endurreisa eða setja á loft kröfuna um að miðhálendið falli ekki undir stjórnsýslu sveitarfélaga sem ég hef ekki heyrt þingmanninn bera brigður á sem formann nefndar sem leiddi til lykta frv. um skipulagslöggjöf fyrir tæpu ári síðan.

Mér finnst þetta því óábyrgt, ætti þó kannski síst af öllu að harma að það sé einhver darraðardans á ríkisstjórnarheimilinu. Mér finnst málið hins vegar miklu stærra en svo að hægt sé að skoða það út frá stjórn og stjórnarandstöðu. Það er það sem ræður mínum orðum í sambandi við þetta mál og minni afstöðu.

Ég bið þá fjölmörgu Íslendinga sem bera málefni miðhálendisins fyrir brjósti út frá sjónarmiði náttúruverndar og möguleika til útivistar að láta ekki óskylda hagsmuni eða óskýra málafylgju rugla sig í ríminu. Það gæti orðið til þess að mönnum væri beitt fyrir þann vagn sem síst skyldi, sem er að hella eldsneyti á vélina eftir föngum.

Virðulegur forseti. Ég lýsi ánægju minni með að þetta mál er á leið til afgreiðslu. Ég hvet til þess að gengið verði frá málinu til fullnustu með því að lögfesta hér breytingu á skipulags- og byggingarlögum eins og tillaga ríkisstjórnarinnar liggur fyrir um á þessu þingi. Ég held að það verði engum til þægðar en setji málið í nokkra tvísýnu, svo ekki sé fastar að orði kveðið, ef við ætlum að fresta þeirri lagabreytingu til næsta þings. Og ég er reiðubúinn til þess að sitja eitthvað lengur á þinginu ef þess gerist þörf til þess að leiða það mál til lykta. Hér er eitt af okkar stóru málum á ferðinni. Við þurfum að vanda frágang þess. Við höfum þegar unnið mikið í málinu. Fyrir liggja tillögur að svæðisskipulagi miðhálendisins í fyrsta sinn. Við getum gengið frá traustum grunni hvernig eigi að standa að framhaldsvinnu við það skipulag eftir að það hefur verið staðfest, bæði í tengslum

við staðfestingu þess og eftir að það hefur verið staðfest, því auðvitað kemur til endurskoðunar innan einhvers tíma á því verki. Við eigum að sameinast um að taka efnislega á þessu máli og reyna að stilla til sem bests friðar í landinu í kringum þetta, með fullri virðingu fyrir þeim mörgu sjónarmiðum sem eðlilega tala inn í málið og sem málið varðar. Þetta er mál allra Íslendinga. Þetta varðar marga hagsmuni og stóra hagsmuni. En aðalatriðið er að beita sjónarmiðum og nota sjónarmið verndar við mat á málinu, ganga hægt fram í sambandi við allt sem lýtur að mannvirkjagerð á þessu svæði, taka sem stærstan hluta þess til varanlegrar verndar og nota fyrir Íslendinga sem og aðra sem dvelja í okkar landi.

[14:51]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var sammála mörgum en þó ekki öllum grundvallarstefum í málflutningi hv. þm. Hann hefur hins vegar oft drepið hæversklega á þá skoðun sína að í rauninni hafi Alþfl. átt upptökin að því að menn eru núna að framlengja staðarmörk sveitarfélaga inn á miðhálendið. Því til staðfestu hefur hann vísað í greinargerð með frv. sem Eiður Guðnason umhvrh. flutti á sínum tíma þar sem stóð að til greina kæmi að nefndin gerði tillögur um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu. Ef hann les greinargerðina vel þá kemur það fram í sömu setningu að þar er átt við þau mörk þar sem þau eru á einhvern hátt óljós.

En jafnvel þó að skilningur hv. þm. væri réttur þá er eigi að síður ljóst að Alþingi hafnaði þeim skilningi sameiginlega. Það kemur fram í umsögn umhvn. um frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum."

Skýrar getur það ekki verið.

Í ræðu sem hv. þm. flutti síðan um þetta nál. og ég hef líka undir höndum, þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„En einnig tek ég mjög eindregið undir það að spurningin um eignar- og umráðarétt á hálendinu er málefni sem tengist þessu. Það varð skýrt af málsmeðferð í nefndinni og viðræðum við þá lögfræðinga sem rætt var við að æskilegt, mjög æskilegt er, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að tillaga þar að lútandi komi fram og verði afgreidd á Alþingi hið allra fyrsta."

Af þessu dreg ég þrjár ályktanir. Í fyrsta lagi að hann gerir skýran greinarmun á eignar- og umráðarétti. Í öðru lagi að hann telur að það vanti stefnu um umráðaréttinn, þ.e. það efni sem er bitbeinið í þessari umræðu, ella hefði hann ekki kallað eftir þessari stefnu. Og í þriðja lagi: Fyrst að hv. þm. taldi að engin stefna fælist í því frv. sem samþykkt var um umráðarétt og þar með stjórnsýslu yfir miðhálendinu, þá er fráleitt af honum að halda því fram í dag að vegna aðildar Alþfl. og þar með þingsins alls að því frv. sem var samþykkt, sé með einhverju móti hægt að halda því fram að við berum einhverja ábyrgð á því að þetta frv. frá ríkisstjórninni kemur fram. Það er einfaldlega fráleitt og sá skilningur hv. þm. stangast einfaldlega á við þann skilning sem kom fram í ræðu hjá hv. þm. þann 7. maí 1993 kl. 11.03 samkvæmt skráningu þingsins.

[14:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði ekkert nýtt í þessu máli. Fyrir liggur að umhvrh. Alþfl. sá ástæðu til þess, bæði í grg. með frv. og í þingræðu um það mál sem síðan var leitt til lykta af umhvn. þingsins, að láta það koma fram að vel komi til greina að nefndin sem hefur unnið að skipulagi miðhálendisins dragi mörkin, skæri úr um mörk þar, sem þau væru óljós, skipti landinu öllu upp í sveitarfélög. Um það er ekki nokkur minnsti vafi. Það hefur legið fyrir að mörkin hafa verið óljós í hugum fólks í viðkomandi sveitarfélögum og settur var sérstakur hópur að ósk svæðisskipulagsnefndarinnar, mig minnir á vegum forsrn. — á vegum umhvrn., les ég af svipbrigðum hæstv. ráðherra hér — til þess að gera tillögu til að skera úr um vafa.

Allt ber þetta að sama brunni. Forustumenn Alþfl. í ríkisstjórn á þeim tíma gengu að því opnum huga að marka þá braut sem hér er verið að leiða til lykta með ákvörðun um stjórnsýslu sveitarfélaga á miðhálendi Íslands.

[14:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Göngum út frá því umræðunnar vegna að síðasta staðhæfing hv. þm. sé rétt. Það breytir ekki hinu að þingið grundvallaði ákvörðun sína að lokum á nál., sem var áréttað í ræðu af hv. þm., þar sem það kom skýrt fram að í þessu fælist ekkert um umráðarétt yfir miðhálendinu. Hv. þm. ítrekaði í ræðu sinni tvisvar sinnum nauðsyn þess að fram kæmi stefna þar að lútandi. Með öðrum orðum, herra forseti, var hann að segja í þessari ræðu að í frv. sem þingið samþykkti á grundvelli nál. frá umhvn., sem hann var aðili að, fælist engin stefnumörkun varðandi meðferð stjórnsýslu á miðhálendinu. Þetta fannst honum þá. Og því getur hann ekki komið núna og haldið því fram að í þessu frv. hafi slík stefna falist. Í því er einfaldlega þverstæða sem er ekki hægt að leysa.

[14:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög ánægjulegt að sá ráðherra sem tók við af Eiði Guðnasyni, páv. umhvrh., skuli beita sér fast í að lesa í söguna, sá hinn sami og setti svæðisskipulagsnefndina til starfa á grundvelli laga, þ.e. ákvæðis til bráðabirgða sem var ekki nákvæmlega tillaga Eiðs Guðnasonar. Efnislega skapaði hún sama lagagrunn fyrir vinnunni en hún markaði henni á vissan hátt annan farveg en lagt var til í frv. ráðherrans.

Orð mín á þessum tíma voru mælt bara til að undirstrika þá stöðu að með þessu ákvæði til bráðabirgða og þeim lagagrunni sem þar var reistur fyrir vinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins, var ekki verið að skera úr um eignarhald eða umráðarétt á viðkomandi svæði. Eru það einhver ný sannindi? Ég nefndi ekki orðið: Stjórnsýsla. (**ÖS:** Umráðaréttur.) Umráðaréttur. Það er eignar- og umráðaréttur sem er fyrst og fremst viðfangsefni þjóðlendufrv. sem nú er fram komið. En einnig tekur það auðvitað til stjórnsýsluþáttarins að því leyti að ákvæðið til bráðabirgða var ekki að skera úr um eitt eða neitt að því er varðaði stjórnsýslu.

[14:57]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get líka tekið undir margt af því sem sneri að hinum faglega þætti í ræðu hv. þm. Hjörleifs

Guttormssonar og ég ætla að taka undir það að við losnum ekkert undan því sem hann kallaði áhættu skipulagsgerðar þó skipulag fari til ríkisins. Það er mikil vinna í öllu ferli skipulagsmála, frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi, deiliskipulagi og til framkvæmda.

Ég ætla bara að nefna það, vegna þess að þingmaðurinn gefur það nokkuð til kynna að þeir sem ekki hafi unnið að þessum málum á vegum þingsins eða setið í umhvn. hljóti að vera fákunnandi og varla treystandi til umræðu á þessum vettvangi, að t.d. í þingflokki jafnaðarmanna eru mjög margir sem setið hafa jafnvel í áratugi í sveitarstjórn, unnið að aðalskipulagi og deiliskipulagi, þekkja alla veikleika þeirrar vinnu og styrk hennar.

Það sem mér finnst erfitt að skilja í ræðu þingmannsins er að í henni endurspeglast eftirfarandi: „Mín skoðun er rétt. Mín þekking er góð." Lesist: „Mest." „Mín samviska er líka góð." — „En það er kannski ekki samviska annarra", má líka lesa úr ræðuni. Hann hefur túlkað orð og texta jafnaðarmanna eins og honum er lagið. Ég ætla ekki að fjalla um það. Því hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson svarað.

Hins vegar hefur þingmaðurinn leyft sér að afgreiða Kristínu Halldórsdóttur, þennan öfluga baráttumann umhverfismála á vettvangi þingsins, á þá lund að hún sem setið hefur öll þessi ár í umhvn., þessi kona, þessi þingmaður „sem hefur lyft", eins og hann segir sjálfur, „orðunum um víðerni landsins til umræðu", hafi ekki vitað hvað hún var að gera við afgreiðslu skipulagsmála varðandi miðhálendið.

Ég þekki alveg viðhorf þingmannsins til okkar jafnaðarmanna. En það hvernig hann bregst við þessum þingmanni finnst mér afhjúpa veikleika í orðum hans og átökum um þetta mál.

[15:00]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrist hv. 5. þm. Reykn. ganga bæði í sálgreiningar- og sálgæsluhlutverk með andsvari sínu. Ég tek það allt saman vel og líka mati hennar á málflutningi mínum. Vel má vera að það birtist mönnum með þeim hætti sem hún túlkaði. Ég vil ekki vera að lesa neitt frekar í það.

Ég hef reynt eftir bestu getu það sem ég kalla að halda þræði í sambandi við þessi mál og afskipti mín af þeim á liðnum árum og meta stöðu þeirra út frá sjónarhóli mínum. Mér finnst að þingflokkur jafnaðarmanna ætti miklu fremur, svo að ég leggi ráðin í það góða hús, að halda til haga þætti sínum að því að koma af stað og leggja grunn að þeirri skipulagsvinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem ráðherrar flokksins og þingmenn studdu þá og ruddu brautina fyrir frekar en að setja málið inn í allt annað samhengi og draga upp allt aðra mynd af ferli málsins en það hefur raunverulega verið.

Ekki var meining mín á neinn hátt að tala niðrandi til hv. 12. þm. Reykn. og ég taldi mig ekki vera að því. Ég túlkaði aðeins það sem ég las út úr svari þingmannsins og voru í rauninni endurtekin orð í aðalatriðum sem fram komu í andsvari, viðbrögðum í andsvari við umræðunni fyrir tveimur tímum eða svo. Ég tel mig ekki hafa verið að búa þar til neina túlkun.

[15:02]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég mun ekki grípa til þess að reyna að sálgreina nokkurn þingmann. Til þess er ég ekki hér. Ég er að bregðast við ræðu og geri það fremur mjúklega miðað við andsvar þingmannsins við ræðu minni í gær sem var sett fram að mínu mati af fagmennsku og ég færði rök fyrir þeim sjónarmiðum sem jafnaðarmenn hafa sett fram alla tíð og við ræddum í fyrra þegar við vorum að ræða tillögurnar um landið, þjóðareign.

Ég hef fært rök fyrir því að það sé mjög mikilvægt að fara í hlutina í rétti röð, m.a. eins og þingmaðurinn hefur sett fram tillögur um, skoða hvar við viljum koma upp þjóðgörðum, ákveða svæði sem má vernda og verja fyrir umferð. Hvaða svæði þola að lenda í orkumálunum?

Þá ætla ég líka að rifja það upp að Alþfl. áréttaði á flokksþingi sínu fyrir tveimur árum að hann mundi endurskoða stefnu sína með tilliti til breyttra þátta og aðildar okkar að nýjum alþjóðasamningum sem voru þá á döfinni.

[15:04]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gleðst yfir öllu sem horfir til góðrar áttar hjá hv. þm. Alþfl. sem og Alþfl. og ég hef leyft mér þann munað að fylgjast með málum Alþfl. í umhverfismálum um mjög langa hríð. Hv. þm. vildi ætla mér eitthvað verri tilfinningar til Alþfl. en ýmissa annarra í ræðu sinni í gær. Það er mikill misskilningur. Ég met Alþfl. Ég reyni að gera það að verðleikum en auðvitað út frá viðhorfum mínum og ég hef alltaf litið á hann sem flokk sem stæði í fæturna.

Mér líst hins vegar ekkert á það ef Alþfl. ætlar að fara út á einhverjar slóðir þar sem enginn getur lesið í hvert verið er að fara. Það er leiðsögn sem ég treysti mér ekki til að hlíta.

[15:05]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti um margt mjög góða ræðu og lyfti kannski á köflum umræðunni ögn þó að ég sé kannski ekki í öllum atriðum sammála henni.

Það er eiginlega þrennt sem ég vildi gera að umræðu í þessu stutta andsvari. Í fyrsta lagi að hv. þm. var tíðrætt um heildstætt svæðisskipulag og þar kannski greinir okkur á. Við erum ósammála um það hvort þetta heildstæða svæðisskipulag náist með þeim tillögum sem eru komnar fram.

Hv. þm. fjallaði heldur ekkert í ræðu sinni um tillögu til svæðisskipulags að hún verður vitaskuld ekki samþykkt nema öll sveitarfélögin samþykki hana. Annars er ekki möguleiki að staðfesta tillöguna þannig að öll sveitarfélögin eiga neitunarvald um að samþykkja það svæðisskipulag sem verið er að vinna að.

Þetta er kannski ekki aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari. Aðalatriðið er að hv. þm. talaði um að það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur borið inn í þingið væri til þess að styrkja þetta svæðisskipulag. Ég hef verið að lesa í tillöguna og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það eitt að til sé nefnd með ákveðnum fjölda manna sem hafi umsagnarrétt getur á engan hátt fengið mig til þess að átta mig á því hvers vegna frv. af þessum toga sé til þess fallið að styrkja þetta svæðisskipulag. Ég kalla eftir því hvers vegna hv. þm. telur að það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur borið inn í þingið sé til þess fallið að styrkja þetta svæðisskipulag. Það er mér alveg fyrirmunað að skilja sökum þess að mér virðist því einungis ætlað það hlutverk að veita umsögn og vera

til. Kannski er það að hætti framsóknarmanna að lausnin á tilverunni sé að setja hana í nefnd.

[15:07]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að það þarf góðan vilja og góðan hug hjá þeim mörgu sveitarstjórnum sem hafa lagt til fulltrúa í vinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins til þess að skila því verki í höfn. Ég á ekki von á öðru en það leiði til jákvæðrar niðurstöðu.

Ég hef reynt að fylgjast með hvernig nefndin hefur unnið. Ég hef sótt kynningarfundi á vegum hennar á fleiri en einum stað á landinu og ég hef lýst því í umræðu að vinnubrögð þessarar nefndar hafa komið mér að sumu leyti á óvart að því leyti að mér finnst menn hafa tekið á þessu verkefni ábyrgar en ég hafði óttast að yrði. Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af því.

En það eru til heimildir um að setja svona vinnu í sérstaka svæðisskipulagsmeðferð eins og kunnugt er og menn hafa sem sagt lagagrunn og lagastoð til þess út af fyrir sig. Ég held að það skipti mjög miklu máli að sveitarfélögin sem þarna eiga hlut að máli í útfærslu skipulagsvinnunnar standi ábyrg að málinu þegar því er lokað með undirritun ráðherrans, standi að því og það sé sem sagt sú trygging sem ekki fengist með sjálfstæðu stjórnsýslusvæði að sæmilegur friður ríkti við grannana í byggðum svo ég bendi á þann flöt á málinu.

Hvað varðar hinn þáttinn sem hv. þm. vék að um frv. ráðherrans, þá sýnist mér að það geti ekki verið til hins verra að fá fulltrúa til viðbótar til að leggja inn orð og þetta eru kjörnir fulltrúar eða tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga sem er má segja fulltrúavald sem þar er og af ráðherra.

[15:10]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir að það er kannski ekki til hins verra það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur borið inn í þingið og kynnt og virðist kannski vera hálfumkomulaust ef marka má umræður í þinginu. En það sem ég fæ ekki skilið er einfaldlega hvaða innlegg þetta er í málið. Það er það sem ég fæ ekki skilið því að nefndinni er í sjálfu sér ekki ætlað annað hlutverk en það að veita umsögn og það er kannski eitthvað sem við eigum eftir að ræða síðar í dag hvernig andófsöflin í Framsfl. voru beygð með þessari undarlegu tillögu. Það er eitthvað sem við eigum eftir að ræða síðar.

En ég vildi fá það fram af því að hv. þm. er vel að sér í þessum málum og kannski hefur mér yfirsést eitthvað í þessu að hann upplýsti mig og þá kannski þingheim um það líka hvar þetta frv. styrkir svæðisskipulagið. Hvar kemur það inn? Jú, það hefur umsagnarrétt og kannski koma fleiri að málinu en að öðru leyti finnst mér þetta vera mjög undarleg lending á einhverju meintu deilumáli í Framsfl. Kannski um margt merkilegt að það þurfi ekki annað en skipa nefnd í málið til að leysa úr ágreiningi.

En ég treysti hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni ágætlega til þess að skýra það út fyrir mér og þingheimi hvar það er sem mér yfirsést í þessu máli og hvar það er sem þetta frv. styrkir svæðisskipulagið eins og um er talað.

[15:11]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er með tvennum eða þrennum hætti sem þetta frv. tengist málinu efnislega á býsna skýrum forsendum að mér sýnist. Það er alveg ljóst að það er komið fram sem tilraun til sátta. Ég held að engum blandist hugur um það. Það er sett fram til að tryggja að inn komi fulltrúar sem séu eitthvað nær þéttbýlinu, höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Reykjanesi en þeir fulltrúar sem eru tilnefndir af sveitarfélögum. Ég hef sjálfur mælt með því að þetta yrði gert í þessa veru.

Að því er varðar núverandi skipulagstillögu er alveg ljóst samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í 2. gr. þessa frv. að þar er það eingöngu umsagnarréttur um tillöguna sem felst í því. En að loknum sveitarstjórnarkosningum ber að skipa svæðisskipulagsnefnd að nýju og þá verða þessir hinir sömu, sex til viðbótar við tólf, orðnir fullveðja þátttakendur í nefndinni sem ber ábyrgð á skoðun málsins síðar þegar það kæmi til endurskoðunar eða til að fjalla um málið þannig að það er náttúrlega skýr breyting. (**LB:** Sem umsagnaraðili?) Nei, ekki sem umsagnaraðilar. Umhvrh. skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum les ég í tillögunni. (**LB:** ... farðu yfir verkefnið.) Verkefnið er að sjálfsögðu að fjalla um þau mál sem kynnu að koma upp til svæðisskipulagsmeðferðar í framtíðinni þannig að þetta er finnst mér efnislega skýrt og alveg nauðsynlegt að það sé sem flestum ljóst.

[15:14]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Sú umræða sem fór áðan fram var um margt merkileg og ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á því að Alþfl. hefur verið sporgöngumaður í flestum velferðarmálum og flestum af þeim bestu málum sem við búum við sem lúta að almannaheill og ég fagna því að fá tækifæri til þess að þakka fyrir það. Þetta eru þau velferðarmál sem við búum almennt við í íslensku þjóðfélagi og lýtur að almannaheill. Ég samþykki með gleði að Alþfl. ruddi brautina í þessu máli, var sporgöngumaður í þessu máli eins og svo mörgum öðrum sem lýtur að skipulagsmálum á landinu, en því miður er það að gerast að farin er allt önnur leið en Alþfl. lagði til og það kom skýrt fram í máli manna á undan mér.

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að ræða um frv. til sveitarstjórnarlaga sem nánast ekki hefur verið rætt nema að mjög litlu leyti. Hv. síðasti ræðumaður Hjörleifur Guttormsson fór yfir nokkrar greinar. Að öðru leyti hefur umræðan að mestu leyti snúist um 1. gr. Ég hef hugsað mér, herra forseti, að flytja óstytt erindi úr þættinum Um daginn og veginn, sem var á Rás 1 sl. mánudag, eftir Steinunni Sigurðardóttur rithöfund, með leyfi forseta. Það er ástæða til að koma þeim merkilegu hugsunum á þingskjöl og ég leyfi mér að gera það þegar þar að kemur. Síðan, herra forseti, hef ég hugsað mér að ræða málin almennt um skipulagsmálin og um þau atriði sem mér finnst að hafi ekki verið hugsað nægilega vel um. Það eru einmitt atriði eins og hverjar eru auðlindir Íslands, hverjir mega nýta þær og hverjir ráða yfir þeim. Mig langar líka að ræða — það er örugglega mikill munur á því hvernig menn meta auðlindir í dag eða fyrir 100 árum. Ég hygg að það verði þannig að eftir tíu ár héðan í frá líti menn allt öðrum augum á auðlindir Íslands en þeir gera í dag.

Það er gaman að nefna það að í dag metur Alþjóðabankinn auðlindir út frá þremur þáttum. Út frá hvaða þáttum? Það er út frá mannauði, náttúruauðlindum og fjármagni. Hvernig meta menn svo þessa hluti?

Í mörgum löndum er mannauðurinn metinn mestur. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn sem hér eru staddir hafi átt-

að sig á því að á Íslandi er mannauðurinn metinn 29% en náttúruauðlindir 59%. Það er gaman að velta því fyrir sér hvernig þetta verður eftir tíu ár.

Ég velti því fyrir mér hversu langt sé þangað til menn fara að meta ýmislegt í kringum okkur á allt annan máta. Það sem ég á við er umhverfið, loftið, það eru vötnin, árnar, hrein matvæli, sjávarafurðir, landbúnaðarvörur, og ég segi að matið hjá okkur Íslendingum og öðrum þjóðum heimsins á eftir að breytast verulega á komandi árum.

Það er rétt, herra forseti, að upplýsa að eitt af þeim málum sem mun verða deilumál á alþjóðavettvangi er vatnið. Ég er nýkominn af þingi þar sem ítarefni til umræðu var vatn, að tillögu Kúveita. Menn vilja ræða um vatnið og þeir lögðu fram rök fyrir því að vatn yrði sennilega helsta deilumál þjóða á komandi árum. Þetta eru mjög alvarlegir hlutir og við Íslendingar gerum okkur ekki grein fyrir því vegna þess að vatnið er svo sjálfsagður hlutur. Það er alls staðar í kringum okkur ómengað. Við getum lagst niður hvar sem er og drukkið það.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því að í Afríku búa landsmenn við síminnkandi vatnsforða. Hann hefur minnkað um 30% á síðustu 20–25 árum. Hvað þýðir það? Þetta eru alvarlegir hlutir. Þess vegna skulum við hafa vel í huga hvað við erum að gera þegar við veltum fyrir okkur yfirráðarétti og jafnvel eign á því sem telst miðhálendi Íslands.

Herra forseti. 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga sem við erum að ræða er sú grein sem tekist er á um. Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. En í þessari grein felst misskipting. Það eru aðeins sum sveitarfélög sem ráða, önnur ekki. Það frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram í gær breytir engu um að þar koma ekki allir jafnt að.

„Sveitarfélög eru lögaðilar" segir í 1. gr. Þar segir enn fremur: „Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili." Mér dettur nú í hug, herra forseti, nýlegt deilumál sem átti sér stað í Skorradal og ég velti því fyrir mér hvort hver maður sem þar er skráður til heimilis sé íbúi í því sveitarfélagi. Ég hygg að einhverjar deilur séu um það.

Í 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar."

Ég held, herra forseti, að þarna sé víða pottur brotinn. Ég er ekki alveg viss um að í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir séu menn sáttir við þá íhlutun sem beitt hefur verið og ég vil þá nefna sérstaklega til sögunnar Skógarstrandarhrepp. Ég efa að þar sé sátt um þá íhlutun sem beitt hefur verið varðandi sameiningu sveitarfélaga eða þær hugmyndir sem verið er að ræða um og er ástæða til að fjalla um það mál sérstaklega.

Varla er hægt að fara fram hjá þessu frv. sem telur 105 greinar, margar merkilegar greinar, margar með góðum úrbótum frá því sem var. Þess vegna sagði ég í upphafsorðum mínum, herra forseti, að mjög merkilegt væri að í öllum þeim fjölmörgu ræðum sem hér er búið að halda og sem hafa auðvitað verið mismunandi langar, hefur nánast aðallega verið fjallað um 1. gr. frv. því þar er auðvitað deilumálið.

Ég vil gjarnan fá að nefna að ég hefði viljað sjá 6. gr. allt öðruvísi en hún er hér, en á einhvern hátt hefur orðið sátt um það í félmn. að hreyfa ekki við henni vegna þess að núna er þróunin sú að menn eru að ræða um sameiningu og menn eru að viðurkenna 50 manna sveitarfélag. 50 manna sveitarfélag er engan veginn í stakk búið til að sinna þeim skyldum sem því ber. En samt sem áður stendur hér að lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar. Ég held að hver maður sjái það sem vill að 50 manna sveitarfélag er ekki á neinn hátt fært um að sinna þeim málum eða sinna þeim skyldum sem því ber. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá í stað 50 500 manna sveitarfélag. Það hefði verið eðlilegt, 400 kannski sem einhver millileið eða eitthvað því um líkt.

Í 7. gr. er fjallað um almennar skyldur sveitarfélaga. Það er ljóst samkvæmt þeirri grein að 6. gr. stenst ekki vegna þess að sveitarfélag sem telur aðeins 50 íbúa getur engan veginn sinnt þeim skyldum sem því eru lagðar á herðar með ákvæðum 7. gr.

Ég vil nefna, herra forseti, 19. gr. þar sem rætt er um hæfi sveitarstjórnarmanna. Um þetta hefur ekkert verið rætt í þessari umræðu, nánast ekki neitt. Það er kannski vegna þess að sátt ríkir um málið. En ég velti því fyrir mér hvernig þetta kemur upp í fámennum sveitarfélögum. Hvernig er ástandið í fámennum sveitarfélögum? Ætli árekstrar gætu ekki komið upp? Ætli það gæti ekki orðið þannig að menn komist hreinlega ekki fram úr þessu máli þar sem í fámenninu hvílir margt á mjög fáum einstaklingum og spurning hver eigi að koma inn og hver eigi að víkja þegar um ákveðin málefni er að ræða. Ég held að við ættum líka að tala um þetta.

Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, hvað það er sem vantar í greinarnar. Ef ég nefni 22. gr., þá segir þar, með leyfi forseta: oddviti stjórni umræðum. Ég hefði viljað segja oddviti, forseti bæjarstjórnar eða formaður bæjarráðs því að það eru þeir aðilar sem almennt í sveitarstjórnum stjórna fundum. Þetta eru aðeins örfá atriði.

Ég nefni 24. gr. þar sem komið er inn á hlutverk varamanna og hvernig á að kalla þá til. Tíðkast hefur að varamaður næstur við aðalmann hefur ekki endilega verið kvaddur til heldur hefur aðalmaður í sveitarstjórn, sem af einhverjum ástæðum þarf að víkja sæti, tilnefnt þann aðila sem honum hefur sýnst til að koma í sinn stað og ég tel að þarna hafi farið vel á að kalla á til næsta varamann því að þannig eru listar skipaðir að eðlilega á næsti varamaður að koma inn. Ég tel því að þarna séu mjög góðar breytingar.

Það er ástæða til að ræða nánast hverja einustu grein bæði með gagnrýni í huga og til að láta vita af því að vel hafi verið gert. Ég nefni aðeins 35. gr. þar sem fjallað er um þóknun og ferðakostnað. Það er ástæða til að ræða þetta mál vegna þess að sveitarstjórnarmenn telja sig margir bera skarðan hlut frá borði vegna starfa sinna fyrir sveitarfélög. Þarna er rætt um hvernig á að nálgast þau mál. Ég hygg að taka þurfi og kveða fastar á í lögum hvernig á að greiða fyrir þau störf sem sveitarstjórnarmenn inna af hendi í almannaþágu. Ég hygg að þessi umræða muni verða enn háværari en hún er í dag. Það er nánast sagt hjá ýmsum einkafyrirtækjum að óhæfa sé eða ekki hægt að vera með sveitarstjórnarmenn í vinnu vegna þess að þeir þurfi svo mikinn tíma til að sinna málefnum sveitarfélaganna. Það eru þessi atriði sem ég hefði gjarnan viljað heyra rædd hér á hinu háa Alþingi en hafa ekkert verið rædd. Það hefur aðeins verið rætt um það málefni sem auðvitað stendur upp úr og ég mun koma að síðar.

Ég vil meina að í 36. gr. séu mál sem eru verulega til bóta þar sem verið er að koma til móts við eðlilegar þarfir sveitarstjórnarmanna, þ.e. að þeir eigi rétt á orlofi eins og aðrir sem starfa. Þetta er það sem ég vildi m.a. nefna.

*Ég vil einnig, herra forseti, nefna atriði sem við þekkjum* báðir sem fyrrv. sveitarstjórnarmenn, og er ég þá að tala um fundargerðir sveitarstjórna, 48. gr. sem er í þessu sveitarstjórnarfrv. Ég hygg að víða sé pottur brotinn í þeim efnum hvernig farið er með fundargerðir. Ég hefði viljað sjá í þessari grein að allir fundir sveitarstjórnar skuli vera hljóðritaðir, teknir upp á segulband. Þetta hefði ég talið að væri nauðsynlegt að koma inn miðað við tækni dagsins í dag og miðað við það sem oft er sagt á slíkum fundum og miðað við hvernig skráningin er, þá er fyllsta ástæða til að hljóðrita hvert einasta atriði sem fram fer á sveitarstjórnarfundum. Þetta hefði átt að vera hér inni. Það er mikið einfaldara að vera með tiltölulega einföld fundarboð og skrá síðan fundargerðir miðað við það og vera síðan með allt efni sem fram fer á fundum sveitarstjórnar hljóðritað. Þá færi ekkert á milli mála hvað væri sagt, hver hefði sagt hvað og hvað væri verið að bóka. *Þetta er það sem ég tel að hefði átt að vera inni í* 48. gr. og sakna þess að hv. félmn. skuli ekki hafa farið ofan í þá grein og tekið inn svona atriði. Ég reyndar spyr hvers vegna ekki var rætt um slík atriði sem eru mjög mikilsverð og vitna ég til þess sem ég nefndi í upphafi um 2. gr., þá nefndi ég ákveðinn hrepp á Vesturlandi þar sem sannarlega er óánægja og misklíð milli manna. Ef sá fundur sem þar réð úrslitum hefði verið skráður á segulbönd, þá hygg ég að niðurstaðan væri önnur heldur en sú sem félmrn. komst að í því máli.

Herra forseti. Þetta er aðeins til þess að nefna önnur atriði en ágreiningsmálið sem við erum að ræða um. Ágreiningsmálið liggur allt í 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.“ Málið er bara það að það koma ekki öll sveitarfélög á Íslandi að þessu máli.

Nú vil ég, með leyfi forseta, fara með erindið Um daginn og veginn frá Steinunni Sigurðardóttur og ég tel fyllilega ástæðu til að koma þessu erindi á skjöl þingsins. Þetta erindi var flutt á Rás 1 mánudaginn 27. apríl og er mjög athyglivert. Hef ég þá lesturinn:

„Það mun vera leitun á þjóð sem er jafnstolt af landi sínu og náttúru þess eins og við Íslendingar erum. Þegar gestir koma að utan getum við ekki leynt því hvað við erum montin og jafnframt á nálum yfir því hvort gesturinn sé nú örugglega ekki nógu hrifinn. Ef við ætlum að fræða hann fyrir fram mundum við segja eitthvað á þessa leið, m.a., með ekki litlu stolti:

Landslagið á þessari stóru eyju er hrikalegt og einstakt og einn tíundi hluti hennar er þakinn jöklum. Þetta er virk eldfjallaeyja, enn í mótun, og þar er að finna mjög fjölbreytt jarðfræðileg fyrirbrigði og eldfjallamyndanir. Landið er aðeins byggt meðfram ströndum, hálendið, næstum helmingur landsins er óbyggður. Þar eru öflug hitasvæði, þar er þriðja stærsta jökulhvel veraldar. Á miðhálendinu eru stórbrotnustu gljúfur í Evrópu, stærsta heiðagæsavarp í heimi.

Sá utanaðkomandi, hann yrði vafalaust dolfallinn yfir þessari dýrð. Ef hann spyrði: Og hvað gerið þið svo við allt þetta hálendi, gætum við sagt. Það er einmitt nýbúið að koma á það skipulagi. Ef þetta væri nú svo áhugasamur gestur að hann vildi fræðast um vinnubrögð og aðferðir við það mál, gætum við upplýst að samkvæmt fyrirmælum Alþingis hefðu verið í skipulagsnefndinni fulltrúar byggða sem eiga land að hálendinu. Útkoman hefði orðið sú að allt hálendi Íslands var skipulagt af svo sem eins og tíu bændum, einu tónskáldi, einum ráðunaut, og formaður nefndarinnar var vegamálastjóri sem hafði látið af störfum í því embætti fyrir aldurs sakir. Sá utanaðkomandi segði: Já, en þetta er á vorum tímum en ekki fyrir hundrað árum eða þúsund: Það hlýtur að hafa verið jarðfræðingur í nefndinni, skipulagsfræðingur, náttúrufræðingur, vatnafræðingur, verkfræðingur. Nei, ekkert svoleiðis pjatt, yrðum við að segja, en það voru þrír landslagsarkitektar sem útfærðu tillöguna.

Hér mundi sá utanaðkomandi segja ef hann kæmi upp orði: Bíddu nú við, landslagsarkitektar, starfa þeir ekki við að skipuleggja blómabeð og garða, ég hélt við værum að tala um hálendið?

Ef þetta samtal héldi áfram kæmi í ljós að skipulagsnefndin gerði lítið annað til að opna málið en að fjalla um einstök atriði heima í héraði. Almenningur í landinu hafði ekki pata af þessu skipulagi meðan það var í mótun, engin nefnd Alþingis hefur fjallað um skipulag hálfs Íslands og mun ekki gera, Náttúruverndarráð er ekki umsagnaraðili. Sá *sem vildi svo skoða skipulagstillöguna þegar hún var tilbúin* þurfti að kaupa bókina 6.000 krónur. Einhverjir hafa lagt í þann kostnað því að 600 athugasemdir voru gerðar við þetta skipulag, margar mjög alvarlegar frá ríkisstofnunum, þar á meðal frá Landgræðslu og Orkustofnun. Og rúsínan í pylsuendanum, ef rúsínu skyldi kalla, að það hefur alls ekki verið aflað nógra upplýsinga á breiðum grundvelli til þess að hægt sé að byrja að skipuleggja hálendið, hvað þá að ljúka við það. Allir sem að þessu máli koma viðurkenna að það vantar stórlega á gagnagrunn. Þar að auki hefur engin stefna verið mótuð um það hvers konar not við ætlum að hafa af hálendinu, hvers konar ferðamennsku við viljum hafa þar, hvar þjóðgarðar eiga að vera, hvort það eigi að halda áfram að virkja. Hvers konar auðlind er hálendið okkar? Í því máli ríkir stefnuleysi og út frá því stefnuleysi og út frá öllum upplýsingaskortinum er búið að skipuleggja það óviðjafnanlega svæði sem er næstum helmingur Íslands.“

Við erum að taka frv. til lokaumfjöllunar og í þessu erindi segir: „Á morgun verður tekið til lokaumfjöllunar á Alþingi stjórnarfrumvarp félmrh. um skiptingu hálendis milli sveitarfélaga, tertusneiðafrumvarpið“ — það er kannski eðlilegt að kalla það tertusneiðafrumvarpið því að landinu er skipt upp í tertusneiðar á milli aðliggjandi sveitarfélaga á miðhálendinu — „sem kveður á um að næstum helmingi landsins skuli skipt í allt að fjörutíu sneiðar milli jafnmargra sveitarfélaga. Eftir að það gerist mun umhverfisráðherra, sem jafnframt er landbúnaðarráðherra, setja stimpil sinn á bakkabræðraskipulag hálendisins, og athugasemdirnar 600 geta þess vegna siglt sinn sjó því að nefndarmenn væru á annarri skoðun. Svo einfalt er það.

Og í beinu framhaldi munu sveitarfélögin fjörutíu, þar sem 4% þjóðarinnar búa, taka til við að ráðskast með sína tertusneið, *án mikils tillits til þess hvað á að gera við þá* næstu. Dæmin í Hveravallastíl verða mýmörg, logandi illdeilur, ósamræmi milli deiliskipulaga, ósamræmi um markmið. Það er boðið upp á slæma meðferð á landinu, því skipuleggjendur munu fyrst og síðast hugsa um sína þröngu hagsmuni, einkum fjárhagslega, ekki hagsmuni landsins eða almennings. Ráðslagið er ótrúlegt — á að ákveða hvar þjóðgarðarnir eiga að vera, eftir að búið er að búta landið í sundur milli sveitarfélaga, og skipta Hofsjökli í sex stykki svo lítið dæmi sé tekið? Nei, kannski þetta með þjóðgarðana verði ekki vandamál í landinu þar sem landamerkjadeilur eru þjóðaríþrótt.

Skipulagning og skipting 40% prósentna Íslands sem má kalla nýtt landnám hlýtur að vera eitt af þýðingarmestu og af-

drifaríkustu málum í sögu okkar. Í staðinn fyrir að taka á því með ábyrgum hætti þá útbýtir Alþingi valdi til að skipuleggja hálendið áður en ákveðið er hver á að stjórna þar. Ofan á þetta bætist svo hin sérstæða samsetning skipulagsnefndarinnar. Meðferð þessa máls frá hendi Alþingis er svo frumstæð og gerræðisleg og andstæð almennri skynsemi að stofnunin bíður varanlegan álitshnekki af, og steininn mun taka úr ef svo fer sem horfir að stjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra verður samþykkt á morgun, þar sem 40 sveitarfélögum, sumum mjög fámennum, er falin stjórn hálendisins. Það er svo í stíl við allt ráðslagið að það er illsamrýmanlegt þjóðlendufrumvarpi forsætisráðherra sem kveður á um að stór hluti hálendisins skuli vera þjóðareign. Þetta er eins og að segja: Þú mátt eiga þetta hús, en ég ætla að ráða yfir því um alla framtíð.

Ég held að ef þessi saga yrði öll rakin fyrir utanaðkomandi viðmælanda frá svokölluðu siðmenntuðu landi, þá mundi hann á einhverju stigi málsins hætta að trúa og halda að hann væri að tala við stórlygara.

Ég byrjaði á því að segja að leitun væri á þjóð sem væri jafnstolt af landi sínu og Íslendingar eru. Mjög margir einstaklingar hafa sýnt hug sinn til landsins í verki, við sjáum þennan hug til dæmis í trjálundum, stórum og litlum, úti á víðavangi, í kringum bæi og sumarbústaði, og mörg eru dæmi um einstaklinga sem hafa varið öllum tómstundum og tekjuafgangi til þess að rækta það sem við köllum skóg, við fjandsamleg skilyrði.

Þegar á heildarútkomuna er litið verður þó að segjast eins og er að við höfum ekki borið gæfu til að umgangast landið okkar með virðingu. Við höfum, með aðstoð náttúruaflanna, gert úr því stærstu eyðimörk í Evrópu. Ætlum við líka að standa fyrir stærsta skipulagsslysi í Evrópu og þótt víðar væri leitað? Það sem við höfum núna í höndunum er stærsta óspillta landsvæði í Vestur-Evrópu enn sem komið er. Ef við berum gæfu til að fara rétt með það mun það verða lyftistöng fyrir afkomu allrar þjóðarinnar og búsetu í landinu svo lengi sem hér verður búið.

Því eigum við heimtingu á að þingmenn taki á sig rögg og viðurkenni mistök, að þeir bretti upp ermar, og segi: Hér er verk að vinna. Nú tökum við okkur góðan tíma í að endurskoða allt sem hálendið varðar, með þátttöku kjósenda okkar, hvaðan sem þeir koma, og færustu manna. Tertusneiðafrumvarpið hefur mætt andstöðu almennings, fjölmennra félagasamtaka, ríkisstofnana, og þess fagfólks sem gleggsta yfirsýn hefur um hvað er raunverulega á ferðinni, og hverjar afleiðingar geta orðið. Andstaðan er of mikil og víðtæk til þess að Alþingi geti hunsað hana. Það allra minnsta sem við getum farið fram á er tími til að afla grunnupplýsinga, tími til stefnumótunar, tími til nútímalegrar skipulagsvinnu, með öðrum orðum tími til að taka góðar og ábyrgar ákvarðanir í þessu stórmáli fyrir framtíð landsins okkar. Ýmsir hagsmunaaðilar, þar á meðal Orkustofnun, Landsvirkjun, ferðaþjónusta, hafa lýst vilja til að frysta ákvarðanir, í nokkur ár þess vegna, þar til vel unnar tillögur um framtíðarskipan hálendismála, liggi fyrir. Þá er spurningin: Hverjum liggur svona á og hvers vegna?"

Herra forseti. Ég lauk við að fara með hugleiðingar eða erindi Um daginn og veginn frá Steinunni Sigurðardóttur, sem flutt var í Víðsjá á Rás 1 sl. mánudag.

Herra forseti. Það er ekki af engu sem ég tek þetta erindi og endurflyt það hér. Ég tel að þetta erindi eigi svo mikla samleið með svo stórum fjölda af þeim sem hafa velt málunum fyrir sér, þess vegna flyt ég þetta erindi hér. Ég held nefnilega að málið sem við erum með, sem varðar hluta af 1. gr., sé ekki nægjanlega þroskað til að fara til endanlegrar afgreiðslu, ég held það sé ekki nægjanlega þroskað til þess. Bara vegna þess að stór hluti þjóðarinnar veit ekki hvað er verið að fjalla um.

Ég hygg að flestir þingmenn séu búnir að gera sér grein fyrir því að hér er um mjög mikilsverð mál að ræða enda er að koma í ljós að þó nokkur hluti stjórnarliða, jafnvel stærri hluti en hefur tjáð sig í ræðustól, er mjög hikandi og mjög efins um að þetta mál sé tilbúið til afgreiðslu. Það ræð ég af þeim greinum og af þeim ummælum sem hv. fylgismenn, þingmenn ríkisstjórnarinnar, hafa látið falla úr þessum ræðustól.

Varðandi frv. hæstv. umhvrh. lít ég svo á að það sé jákvætt innlegg inn í þá umræðu sem er í gangi en bara þetta frv., herra forseti, hefði átt að vera komið í hendur félmn. fyrir löngu til þess að það gæti fengið þá umfjöllun sem nauðsyn ber til. Það má vel vera að náðst hefði sátt á einhverjum þeim grundvelli sem hér er ef þetta mál hefði komið inn á réttum tíma. Þess vegna tek ég undir þau orð sem hér hafa verið sögð og þá beiðni sem hefur verið lögð fram af hálfu stjórnarandstöðunnar um að þetta mál, þetta frv. til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, verði tekið til umræðu samhliða afgreiðslu þessa frv. Þá gæti verið, ef hv. félmn. fengi málið til umfjöllunar, að það liti örlítið öðruvísi út en það gerir í dag. Það sem er verið að slást við er 1. gr. þessa frv. sem við erum að fjalla um og flestir hv. þm. hafa gert að umræðuefni en ekki hinar 104 greinarnar sem felast í þessu frv. sem er um margt ágætt.

Málið sem við ræðum hér í 2. umr. er eitt af þeim lykilmálunum sem skera munu úr um hverjir eiga Ísland. Hverjir ráða yfir Íslandi, hverjir mega nýta landið og hverjir eiga að því frjálsan aðgang. Minnast menn þess er fyrrv. formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, fór um landið og hélt tugi eða hundrað fundi um hverjir ættu Ísland? Muna menn að það var varla farið að velta þessum málum fyrir sér í þjóðfélaginu á þessum árum?

Við skulum staldra við og velta þessum málum fyrir okkur. Var hann ekki að vara við því sem er að gerast á þessari stundu á hinu hv. Alþingi? Var hann ekki að vara við því verið væri að færa umráð og aðgang að landinu í fárra manna hendur?

Ég hygg að margir þeir sem sóttu umræddu fundi, sjái og muni að þetta er sama stórmál og þá var rætt. Þetta snýst ekki aðeins um þessi réttindi sveitarfélaga sem hæstv. félmrh. er að veita þeim.

Hvaða réttindi er um að ræða? Hvaða réttindi er verið að veita sveitarfélögunum? Hver er sá réttur sem færist til sveitarfélaganna? Hann er til nýtingar vatns og jarðhita. Um námur og um jarðefni og önnur afnot af landi. Hann snýst um nýtingu sem heimiluð er til lengri tíma. Svona skil ég þetta mál, herra forseti. Það er þess vegna sem ég spyrni við fótum og segi: Við eigum að taka þetta mál og gefa því enn lengri tíma. Við búum ekki við það slæmt ástand að við þolum ekki að fjalla betur um málið en hér hefur verið gert. Við þolum það og fyrir desember á þessu ári þá væri ég tilbúinn, ef málið fengi virkilega umfjöllun og meiri en orðið hefur í þjóðfélaginu, að láta það yfir mig ganga að afgreiða þetta mál.

Ég velti því fyrir mér hvort meining hæstv. félmrh. sé að hann sé að færa sveitarfélögunum veruleg stjórnsýsluvöld

yfir hálendinu. Heldur hann því fram að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að breyta þurfi því ástandi sem nú ríkir? Er slíkt ófremdarástand á hálendi Íslands að það verði að grípa til aðgerða nú þegar?

Ef hæstv. félmrh. stendur í þeirri trú að sveitarfélögin fái með þessu frv. allar valdaheimildir venjulegra sveitarfélaga, samkvæmt skipulagslögum, sveitarstjórnarlögum og öllum öðrum lögum, þau muni ráða skipulagi, eigi að geta ráðið því hvaða vegir eru lagðir þar, hvaða mannvirki eru reist o.s.frv., þá er vissulega verið að efna til óvissu. Það er kjarni *málsins. Óvissan verður meiri en verið hefur.* Þess vegna heiti ég á hv. stjórnarþingmenn að skoða hug sinn og knýja á um að þessu máli verði frestað til haustsins, það fái betri umfjöllun, nákvæmari meðhöndlun og betur verði gætt að hag almennings, almannaheill, í þessu landi.

Nýting auðlindanna er eitt af stærstu málum þingsins. Þetta málefni kemur upp í umfjöllun okkar um eignarhald og auðlindir, hverjir ráði yfir þeim, hverjir megi nýta þær og hverjir eigi þær. Þetta mál varðar ekkert síður þjóðina alla. Þetta mál nær út yfir öll sveitamörk. Hugsum okkur t.d. að hæstv. iðnrh. ætli að beita sér fyrir framkvæmdum sem varða mundu nýtingu vatns-, jarðhita-, eða námaréttinda á hálendinu, og væru svo stórar í sniðunum að þær kölluðu á byggingu á uppistöðulóns, eins og við höfum dæmin um. Þetta mundi jafnframt kalla á línulagnir, vegalagnir eða aðra mannvirkjagerð og næði yfir svæði þar sem samkvæmt frv. félmrh. hefur fært sveitarfélagamörkin þannig að jafnvel tólf eða fimmtán sveitarfélög mundu koma að málinu. Hvernig stöndum við þá? Ég er að reyna að koma þessu að: Hvernig stöndum við þá?

Er líklegt að upp komi ágreiningur milli sveitarfélaga? Er líklegt að upp komi andstæð sjónarmið í sveitarfélögum? Er það ekki líklegt? Er ekki líklegt að upp komi deilur um nýtingu á réttindum og kröfur um verndun á náttúruperlum, svo eitthvað sé nefnt? Þetta þekkjum við úr umræðunni. Ef sveitarstjórnarmenn trúa því að sanngjarnt sé að færa þeim þessi völd, þá er það misskilningur. Það er ekki sanngjarnt að færa þetta vald í tiltölulega fámenn sveitarfélög.

Ég óttast að þessi gjörningur, að samþykkja þetta frv., efni beinlínis til langdreginna landamæradeilna og þrætna sem verði úrskurðarefni dómstóla og komi í veg fyrir skynsamlega heildarnýtingu út frá sjónarmiðum beggja, þ.e. náttúruunnenda og þeirra sem þurfa á landinu að halda. Mér virðist verið að skapa óvissu og út frá því sjónarmiði gæti hér verið um alvarlegt slys að ræða. Í veg fyrir það slys getur nú enginn komið nema hv. Alþingi og hv. alþingismenn. Við verðum að koma í veg fyrir mögulegt slys.

Herra forseti. Sumir stjórnarliðir hv. hafa reynt að verja þetta mál og fyrst og fremst með því að tala í einum kór um að sveitarstjórnum landsins sé sýnd óvirðing með því að vekja upp spurninguna um það hvort þau ráði við stórmál eins og skipulagningu á meiri háttar mannvirkjum eða stjórnsýslu í tengslum við meiri háttar nýtingu á hálendinu. Herra forseti, ég er ekki að vekja neitt slíkt upp. Ég er ekki að *lýsa vantrausti á fámenn sveitarfélög. Málið snýst ekki* um það. Menn mega hafa hvaða skoðun á því sem þeir vilja. Sveitarfélögin eru mismunandi stór og misjafnlega undir það búin að sinna þessum verkefnum, en málið snýst í mínum huga um það hvort verið sé að efna til meiri háttar deilna milli sveitarfélaga um það hvernig nýta eigi auðlindir hálendisins, eða hvort friða eigi þær út frá sjónarmiðum heildarinnar.

Það kemur mér undarlega fyrir sjónir, herra forseti, í tengslum við þetta mál, hversu lítill áhugi virðist hjá sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu um þetta mál. Það kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir. Ég er kannski einn um það, herra forseti, að hafa ekki heyrt þá tjá sig um þessi mál í fjölmiðlum. Ég er kannski bara einn um það. Ég hef ekki orðið var við það og því segi ég að það er með ólíkindum hve lítill áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum málum virðist vera. Það er eins og þeim komi það ekki við.

Frv. sem ég hef rætt um hér og hæstv. umhvrh. gerði grein fyrir í umræðum í gær, hefur einnig verið mér umhugsunar*efni. Ég var víst búinn að segja það áður að ég tel að ef* þetta frv. hefði komið fram fyrr, þá hefði hugsanlega náðst meiri sátt en nú ríkir um þetta mál. Ég tel nefnilega að þetta frv. sé í áttina. Það er hins vegar aðeins lagt fram til kynningar og ekki ætlast til þess að rætt sé um það. Ég tek því enn undir þá kröfu stjórnarandstöðunnar, og geri hana að minni um leið, að þetta frv. verði tekið samhliða til umræðu.

Ég held að með meiri umfjöllun og betri vinnu þá geti náðst bærileg sátt, ef vilji er til þess af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Það kallar auðvitað á frestun málsins núna og að það verði tekið aftur til afgreiðslu samhliða því frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram í gær. Það þýðir, að mínu viti, að við gætum afgreitt þetta mál á þessu ári, fyrir 1. des. með bærilegri sátt. Ég ítreka þetta.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til þess að fjalla lengur um þetta mál að sinni. Ég vona að með þjóðlendufrv., sem hér á eftir að koma til umræðu, þá muni línur skýrast betur í þessu efni. Innleiða á nýtt hugtak sem er þjóðlendu*hugtakið.* Það tekur til þeirra svæða sem við erum að ræða um, sem ekki lúta að *fullkomnum eignarrétti.* Þar er mælt fyrir um að ríkið fari með eignarráð þessara svæða. Ég hef þá tilfinningu að þessi tvö frv., sem lúta að eignarrétti, stangist á þar sem verið er að færa aðliggjandi sveitarfélögum að miðhálendinu yfirráðarétt, nánast eignarrétt, á umræddu landi.

Í þjóðlendufrv. er mælt fyrir um að ríkið fari með eignarráð þessara svæða, eins og ég sagði áður, og þeir sem hafi nýtt landið innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not, svo sem afréttareign, skuli halda þeim þó að ríkið fari með grunneignarréttinn. Þarna hef ég, herra forseti, efasemdir. Þær efasemdir minnka síst þegar ég vitna til Afmælisrits Gauks Jörundssonar, sem er gefið út 1994, 24. september á afmælisdegi hans. Hann fjallar þar um hagnýtingu náttúruauðlinda á afréttum og hagnýtingu náttúruauðlinda á almenningum. Ég læt nægja, herra forseti, að vitna til þessara greina á þennan hátt. Það væri ástæða til að fara með þessa kafla tvo frá orði til orðs. Þar eru þau atriði sem ég hef hér fengist við fullkomlega skýrð.

[16:00]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 521. mál, nál. allshn., þskj. 1295.

Bætt siðferði í opinberum rekstri, 11. mál, nál. allshn., þskj. 1306.

*Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, nál.* minni hluta iðnn., þskj. 1284.

Framlag til þróunarsamvinnu, 7. mál, nál. utanrmn., þskj. 1302.

Framleiðsla og sala á búvörum, 559. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1297; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1298.

Íslenskt sendiráð í Japan, 94. mál, nál. utanrmn., þskj. 1311.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 483. mál, nál. allshn., þskj. 1294.

Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, 453. mál, nál. allshn., þskj. 1305.

Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, 617. mál, nál. utanrmn., þskj. 1303.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, 614. mál, nál. utanrmn., þskj. 1304.

Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, 621. mál, nál. utanrmn., þskj. 1301.

Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, 206. mál, nál. allshn., þskj. 1296.

Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 639. mál, nál. sjútvn., þskj. 1280.

[16:02]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem fékk mig til að óska eftir að veita hér andsvar var menningarpólitískt mál varðandi orðnotkun. Ég ætla þó að nota tækifærið og nefna fleira.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að segja að Alþfl. hefði verið spurgöngumaður í sambandi við það mál sem hér er mest rætt, þ.e. skipulagsmálin. Útleggginguna skildi ég síðan þannig að ræðumaður legði þá merkingu í orðið „spurgöngumaður" að það væri brautryðjandi. Nú vil ég alls ekki vefengja að þessi málnotkun kunni að vera til en hún stangast á við mína málkennd og hún stangast á, að því er ég best fæ séð, við það sem segir í Orðabók Menningarsjóðs, þar sem segir að „spurgöngumaður" sé eftirmaður, sá sem gengur í spor einhvers, og í öðru lagi eftirmaður, sá sem fetar í slóð fyrirrennarans. Og reyndar er hann þarna einnig nefndur málsvari og fylgismaður. Hér er því að mínu mati um að ræða stórt menningarpólitískt atriði varðandi málnotkun og er væntanlega um vestlensku að ræða. Ég lít hér til annarra þingmanna Vesturl. til að fá staðfestingu á þeirri tilgátu minni.

En síðan var annað atriði sem varðaði tilvitnun í fyrrv. formann Alþfl., sem einstaka sinnum kemur fyrir. Mér finnst þingmenn jafnaðarmanna vitna of sjaldan til fyrrv. formanns, nú sendiherra í Washington, sem spurði: hver á Ísland? og gerði víðreist um landið. Ég kem kannski aðeins að því á eftir.

[16:04]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu var stórfróðlegt að fá menningarvita til að fjalla um menningarpólitískt atriði sem oft hefur verið rætt um. Oft hefur verið talað um spurgöngumann sem þann sem gengur á undan. Það má vel vera að samkvæmt orðskýringum sé það rangt.

Ég fagna því hins vegar að hv. 4. þm. skildi það sem undirritaður átti við. Og það er mest um vert, þar var átt við brautryðjanda eða frumherja. Ég þakkaði einmitt hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á því að í velflestum velferðarmálum sem almenningur býr við á Íslandi hefur Alþfl. verið frumherji, brautryðjandi.

Ég nefndi að hann væri spurgöngumaður af því að í mínum skilningi, þó að hann sé kannski rangur, er spurgöngumaður sá sem fer á undan. Það getur vel verið að það sé rangt og það hefur þá brenglast. Ég man ekki eftir að hafa flett upp á þessari skýringu í orðabók en hygg að ég hafi einhvern tíma ráðið krossgátu þar sem þetta var ráðið akkúrat á þennan veg. Sá sem er spurgöngumaður var þar brautryðjandi. Ég held að það sé rétt hjá mér. Við getum því deilt um þetta.

En ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja svo rækilega athygli á því að Alþfl. er brautryðjandi í velflestum velferðarmálum sem almenningur á Íslandi býr við.

[16:06]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er að sjálfsögðu verkefni fyrir Orðabók Háskólans að fara ofan í og rekja sporin. En varðandi textaskýringuna á brautryðjandanum, já spurgöngumanninum í málskilningi hv. þm., þá kemur mér helst í hug, í sambandi við svör hins umtalaða spurgöngumanns varðandi málið og spurninguna „hver á Ísland?", sú niðurstaða sem þingmaðurinn og fyrrverandi ráðherra ruddi brautina fyrir, sem aðaldráttarklár í að koma Íslandi inn í hið Evrópóska efnahagssvæði. Þar var niðurstaðan sú að gera rétt útlendinga, úr allri Vestur-Evrópu að heita má, að frádregnu Sviss, hinn sama og Íslendinga, varðandi möguleika til að eignast hér land til einkaeignar og nytja landsins gæði.

[16:07]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. 4. þm. Austurl. skuli sakna Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það er hárrétt að þar er skarð fyrir skildi þó að það hafi verið fyllt með mjög góðum eftirmanni.

En ég vil gera að mínum, orð hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar í Morgunblaðinu 22. apríl: „Við Íslendingar eigum miðhálendið allir saman og eigum þar jafnan rétt. Raunar er miðhálendið einskismannsland og segja má að landnámi Íslands ljúki með því að ríkið kastar eign sinni á svokallaðar þjóðlendur."

Hérna er verið að taka upp meginmál. Ég mun nota tækifærið síðar til þess að vitna í grein hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem er að mínu viti ein hin merkilegasta sem rituð hefur verið um þessi mál og birtist í Morgunblaðinu í dag.

[16:08]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnar hér í greinar vítt og breitt og gerði í ræðu sinni sérstaklega að umtalsefni grein Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar, sem er hinn besti rithöfundur. (**GE:** Erindi.) Í erindi sínu, eins og hann segir, gerir rithöfundurinn lítið úr því að tónlistarmaður skuli hafa átt sæti í svæðisskipulagi um miðhálendið, þar hefði frekar átt að vera sérfræðingur í skipulagsmálum. Samt notar hv. þm. þessa grein sem helstu röksemd sína, en greinin er nú skrifuð í ungmennafélagsstíl. Hann notar þessa grein sem helstu röksemd sína gegn skipulagsákvæðum frv. um sveitarstjórnarmál og telur þessu flest til foráttu með röksemdum greinarinnar.

Ég spyr hv. þm. hvort hann hafi ekki rætt við þá sérfræðinga sem best eiga að þekkja, hjá Skipulagsstofnun ríkisins eða skipulagsstjóra ríkisins. Hefur hv. þm. ekki leitað ráða hjá þeim aðilum sem hafa helstu sérfræðinga landsins innan sinna vébanda og ættu að geta frætt viðkomandi um það sem best færi í skipulagsmálum landsins yfirleitt. Ég hef rætt þetta við skipulagsstjóra ríkisins og að hans mati er þetta mikið framfaramál að koma á þeim sveitarstjórnarlögum, þjóðlendum og breytingum á stjórnsýslu á hálendinu sem um hefur verið rætt. Sú breyting mun í sjálfu sér koma allri

stjórnsýslu á þessu svæði á allt annað stig enda hefur hún ekki verið nein fram að þessu.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lýst skoðun sinni hér í þinginu á þessu sérstaka máli. Hann hefur verið talinn einn fróðasti maður um skipulag hálendisins fram að þessu. Hann hefur flutt margar merkar tillögur og ræður um þetta mál og í sjálfu sér bera allir virðingu fyrir hans þekkingu að þessu leyti. Er það ekki sérfræðingur sem hv. þm. gæti tekið mark á?

[16:11]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek mikið mark á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og virði þekkingu hans á umhverfismálum. Ég virði þekkingu hans á hálendinu, ég virði þekkingu hans á íslensku máli og umfjöllun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á þingi, almennt hvað sem hann fjallar um. En því miður hefur hv. þm. Kristján Pálsson misskilið það hvers vegna ég las upp úr erindi, Um daginn og veginn, til að koma því á þingskjöl. Það er úr Víðsjá, Rás 1, mánudaginn 27. apríl og var flutt af Steinunni Sigurðardóttur rithöfundi.

Ég flyt þetta mál til að sýna viðhorf aðila úti í þjóðfélaginu sem er endurómur þeirra 90 sem skora á Alþingi Íslendinga að fresta afgreiðslu þessa máls eftir því sem ég best veit. Þess vegna flutti ég þetta mál hér, til þess að sýna fram á hvernig hugsunin væri hjá þeim sem farnir eru að velta þessum málum fyrir sér. Ég er ekki að segja að þetta séu mín rök.

Ég kaflaskipti ræðu minni þannig að ég fjallaði fyrst um frv. til sveitarstjórnarlaga, sem er í 105 greinum, hér er aðeins verið að ræða hluta einnar greinar.

Síðan gerði ég grein fyrir því að ég mundi fjalla um þetta mál, síðan mín viðhorf almennt. Það gerði ég og í viðhorfum mínum kom ég með þau rök sem ég tel haldbær fyrir því að fresta eigi málinu.

[16:13]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur ekki rætt við neina sérfræðinga um þetta mál og hans röksemdafærsla er því engin. Það er kannski í takt við það sem verið hefur ríkjandi í þeirri stjórn á skipulagsmálum hálendisins undir Alþfl. á síðasta kjörtímabili. Ef við lítum á þá staðreynd að undir því stjórnleysi sem ríkti á hálendinu á þeim tíma fengu svokallaðir landeigendur, sem voru það svo ekki, hundruð milljóna af almannafé. (**Gripið fram í:** Er búið að breyta því?) Það er búið að breyta því já. Því hefur verið breytt og það er ein ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að halda þessu máli ... (**Gripið fram í:** Hvenær var það gert?) Herra forseti. Ég vonast til þess að ég fái lengri tíma til þess að ræða við hv. þm. um þetta atriði, en því hefur verið breytt og var gert með skipulagslögunum í fyrra.

[16:14]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur leitað til mjög hæfra sérfræðinga í þessum málum til að fá leiðbeiningu, upplýsingar og komast eins nálægt þessu málefni og unnt er. Það er ósanngjarnt að bera, hvort sem það er mér eða öðrum þingmönnum jafnaðarmanna, það á brýn að við höfum ekki kynnt okkur málið og ekki rætt við sérfræðinga.

Ég vil gera lokorð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur grein í Morgunblaðinu í dag að mínum:

„Við jafnaðarmenn höfum lagt til á Alþingi að miðhálendið verði sérstök stjórnsýslueining sem lýtur einni stjórn með aðkomu fulltrúa allra landsmanna. Í tillögunni er miðað við að mörk þess verði dregin milli heimalanda og afrétta en um þau mörk hefur náðst samstaða hjá sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu."

Þetta er meginatriðið í því sem við höfum beitt í okkar málflutningi og það er rangt að bera okkur þeim sökum að við höfum ekki kynnt okkur málið en séum að segja eitthvað út í loftið.

[16:15]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson vék að nokkrum greinum þess frv. sem er til umræðu, nefnilega sveitarstjórnarlagafrv. og fjallaði um hugleiðingar sínar um nokkrar greinar þess sem ég ætla í sjálfu sér ekki að fjalla um og sé kannski ekki beint ástæðu til. En það var ein spurning sem hv. þm. bar upp sem ég ætla að svara.

Það varðar fundargerðir sveitarstjórna og nefnda og ráða og hann velti því upp hvort nefndin hafi fjallað um það að þarna ætti að kveða á um hljóðritanir ef ég hef tekið rétt eftir máli hv. þm. Þá er því til að svara að félmn. fjallaði að sjálfsögðu um allar greinar þessa frv. og fékk fjölmargar athugasemdir og umsagnir. En þetta sérstaka atriði var ekki tillaga um að setja inn í frumvarpstexta með brtt. þannig að þess vegna er frv. óbreytt.

Svo ég lýsi persónulegri skoðun minni tel ég að þetta ætti ekki að vera lögbundið heldur að sjálfsögðu hafi hver sveitarstjórn vald til þess að ákveða að hljóðrita fundi. En félmn. fjallaði um þetta að sjálfsögðu eins og annað en gerir ekki tillögu um að lögbinda hljóðritanir funda.

[16:17]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir greinargóð svör um þetta málefni. Ég geri mér grein fyrir því og veit að hv. félmn. hefur farið yfir þetta frv., hverja grein þess fyrir sig. En ég er búinn að segja að ég sakna þess í þeirri umræðu sem við höfum átt og hefur farið fram að nánast ekkert hefur verið rætt um hinar greinarnar, það hefur verið nánast aðeins rætt um hálfa 1. gr. frv., búið. Það er það sem mér finnst vera að og auðvitað strandar allt á því.

Fjölmörg atriði eru til bóta í frv. og ég var að nefna þau hér. Mér finnst sanngjarnt að nefna það sem hv. félmn. hefur gert, það er margt til góðra bóta frá því sem áður var. Raunverulega þyrfti kannski fleira. Ég nefndi auðvitað 6. gr. Mér finnst vitlaust að það skuli ekki vera tekið á því að 50 manna sveitarfélag getur engan veginn ráðið við að sinna þeim verkefnum sem ætlast er til. Ég held að það sé bara vesaldómur af þinginu að klára það mál ekki og setja hreinlega inn að sveitarfélög skuli vera hæf til að sinna þeim verkefnum sem þeim ber og það miðist við ákveðinn fjölda íbúa. Það hlýtur að vera eitthvert lágmark í því, fjögur, fimm, sex hundruð manns.

Ég þakka fyrir svörin en ég vona að flestar sveitarstjórnir láti það verða sitt verk að hljóðrita fundi því að mikill ágreiningur hefur oft skapast um það að menn segja að einhver hafi sagt eitthvað um eitthvert málefni, m.a. nefndi ég málefni Skógarstrandarhrepps, þar sem er ágreiningur um sameininguna. Ég veit að ef það hefði verið hægt að skera úr með hljóðritun væri sá ágreiningur ekki á borðinu.

[16:19]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Að sjálfsögðu er ég sammála honum í því að hér hefur ekki farið fram málefnaleg og efnisleg umfjöllun um frv. sem slíkt. Ég tek alveg undir það með honum og sakna þess að sjálfsögðu að ekki skuli meiri tími í þessari umræðu fara í það.

En aðeins varðandi lágmarksíbúafjöldann hafa komið fram fjölmörg sjónarmið um að það ætti að hafa þá íbúatölu hærri. En ég hygg að þau sjónarmið hafi ráðið ferð að það stendur yfir töluvert mikið af sameiningum sveitarfélaga um þessar mundir, eins og við vitum, og ekki hefur verið talin ástæða til að hreyfa við þessu ákvæði, kannski fyrst og fremst vegna þess að sameining sveitarfélaga á sér stað nú mjög víða. Hins vegar er það rétt, eins og hv. þm. bendir sjálfur á og kom fram í umsögnum hjá félmn., að fjölmargir telja að þessi tala ætti að vera hærri en þetta er niðurstaðan úr þeirri umfjöllun sem átti sér stað í nefndinni.

[16:20]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eins og við var að búast af hálfu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar að það var málefnalegt svar og málefnalega með farið það sem var verið að ræða.

En mig langar til þess, herra forseti, að ljúka máli mínu hér með því að segja að það er afdráttarlaus skoðun jafnaðarmanna að það beri að líta á miðhálendið sem eina stjórnsýslu- og skipulagslega heild undir einni landskjörinni stjórn með aðkomu sveitarfélaganna. Þetta er í grunninn skoðun okkar og ef einhverjum dettur í hug að þetta sé til þess að setja málið, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormasson sagði, setja málið í uppnám, þá hafa nú mörg mál verið sett í uppnám af minna tilefni en nú gefst.

[16:21]

**Útbýting þingskjals:**

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 547. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1310.

[16:22]

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Í ljósi þess að gert hefur verið samkomulag um að þingflokkar hefji störf um hálffimmleytið telur forseti ekki rétt að fleiri ræður verði fluttar fyrir það hlé og verður því fundinum nú frestað til klukkan hálfníu í kvöld.

[Fundarhlé. — 16:23]

[20:30]

**Útbýting þingskjala:**

Tekjuskattur og eignarskattur, 553. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1308; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1309.

[20:31]

**Ólafur Örn Haraldsson:**

Virðulegi forseti. Hér eru stór mál leidd til lykta með því frv. sem lagt er hér fram af ríkisstjórninni til sveitarstjórnarlaga. Frv. snertir mjög margþætt efni sveitarstjórna og má segja að örugg lagasetning á þessu sviði sé hornsteinn í okkar samfélagi og tryggi lýðræðisleg vinnubrögð og festu sem nauðsynleg er á sveitarstjórnarstiginu sem verður nú æ valdameira og áhrifameira, eins og við flest, sem höfum unnið að málum að undanförnu, viljum hafa. Ég vil óska félmn. og sérstaklega hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, forustumanni meiri hlutans, til hamingju með frv. sem hér er lagt fram. Það hefur verið mikil vinna lögð í frv. og þar náð fram mörgum lagabótum sem við munum búa að.

Jafnframt þessu hafa verið rædd önnur þau mál sem leiða af sveitarstjórnarmálunum, þ.e. þau mál sem sveitarstjórnir fá í sinn hlut með því að þau ná inn til miðju hálendisins ef svo fer sem horfir að þetta frv. verði samþykkt. Þar eru skipulags- og byggingarmálin að sjálfsögðu veigamest og veit ég að nefndin eyddi töluverðum tíma í að ná þar ákveðnum sáttum sem að hluta til hafa verið ræddar í þinginu.

Ég vil sérstaklega í upphafi víkja að nokkrum atriðum frv. og þá fyrst að heiti sveitarfélaga. Ég tel að það sé mikil framför sem þar kemur fram að sveitarstjórnir ákveði nafn sveitarfélaganna og skal nafnið samræmast íslenskri málfræði og málvenju. Þar hefur verið gerð sú brtt. að það eigi ekki aðeins að fá staðfestingu ráðuneytisins heldur eigi einnig að leita til örnefnanefndar. Þetta allt saman tel ég vera til mikilla bóta og þar með er tekin úr lögum sú fjarstæða sem áður var í lögum okkar, þ.e. að nafn sveitarfélags skyldu enda á borg, bær eða byggð. Og fyrir bragðið urðu til slík skrípi, vil ég kalla það, orðskrípi, sem við sjáum í heiti ýmissa sveitarfélaga. Mér blöskra t.d. nöfn á borð við Reykjanesbær þar sem mörg þéttbýli ganga undir einu nafni, bær. Ég hef sérstaklega látið fletta upp orðinu bær og í mínum huga, fyrir utan merkinguna, sveitabær, þá merkir, bær þyrpingu, eina þyrpingu en ekki mörg þéttbýlissvæði. Það var því úr öllu samhengi við skynsemi og venjulega íslenska málkennd að kalla eitt sveitarfélag bæ.

Fleiri dæmi höfum við um þetta, Snæfellsbær t.d. þar sem dreifbýli og nokkur þéttbýli ganga undir sama nafni. Allra verst finnst mér þó þegar ég horfi til heimahéraðs míns í Árnessýslu þar sem mönnum kom til hugar það stórsnjalla orð, eða hitt þó heldur, Árborg. Borg er að sjálfsögðu stórt þéttbýli. Það er náttúrlega ekki til nema ein borg, þ.e. Reykjavíkurborg, fyrir utan þá að sjálfsögðu náttúruleg fyrirbrigði eins og klettaborgir og fjárborgir ef þær eru hlaðnar, og þar fram eftir götunum. Árborg er því ónefni sem er þvingað fram vegna fyrri laga.

Þó ég sé ekki að mæla með því að öll sveitarfélög gangi undir því nafni þá vil ég halda á lofti hinu forna orði, hreppur. Það þýðir samkvæmt íslenskri orðabók einmitt sveitarfélag. Þetta er ævafornt orð og var einmitt það nafn sem var notað hér við landnám. Fyrstu hrepparnir urðu einmitt til á því svæði sem menn kalla núna Árborg, en þar urðu til fyrstu fjórir hrepparnir, þ.e. Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, — og þeir heita enn þessum nöfnum — Kallnesingahreppur, þ.e. þar sem nú er Sandvíkurhreppur í Flóa og loks Hraungerðingahreppur, sem nú er Hraungerðishreppur, og mun sá hreppur koma nokkuð við sögu í ræðu minni síðar vegna annarra mála. Ég vek athygli á því að þessir hreppar eru kenndir við íbúana, og sömuleiðis að þó að menn séu ekki sammála um hver sé uppruni orðsins hreppur, þá hafa margir bent á að hreppur sé skylt orðinu, að hreppa, og tengist þeirri félagsmálalöggjöf sem Íslendingar voru í raun og veru fyrstir manna til að taka í sína þjóðfélagsuppbyggingu og voru þar langt á undan öllum öðrum. Mér finnst að það eigi ekki að vera neinn tepruskapur við að nota slíkt heiti og fagna þess vegna því sem hér kemur fram um frelsi sveitarfélaganna til nafnbreytinga og nafngifta.

Þá þykir mér einnig fleira vænlegt sem talað er hér um. Þarna koma fram ýmis atriði, t.d. um byggðarmerki fyrir sveitarfélög og sömuleiðis tek ég undir það sem lagt er til í frv., að lágmarkstala sveitarfélaga verði 50 íbúar. Þar með

er virtur sá réttur hinna smáu til þess að vera smáir og sjálfstæðir ef þeir ráða við verkefni sín. En ég segi líka: Ef þeir ráða við verkefni sín.

Þá koma í frv. sömuleiðis viðamiklar og góðar greinar um verklagsreglur sveitarstjórna, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og fjármál sveitarfélaga og samskipti þeirra bæði innbyrðis og við ríkið. Öll þurfa þessi atriði að vera í þeim föstu skorðum sem hér er mælt með og þau njóta þess stuðnings sem ég má veita þessu frv.

Enda þótt frv. um sveitarstjórnarlög fjalli ekki um hálendi Íslands þá leiðir af sjálfu sér að sveitarfélögin fá skipulagsréttinn á hálendinu ef svo fer að þau nái inn til miðju hálendisins. Og það er einmitt þetta vald og þessi réttindi og þessi ábyrgð sem veldur okkur mörgum áhyggjum. Í umræðunni, ekki endilega á Alþingi heldur úti í þjóðfélaginu, hefur margur ruglað saman þeim þáttum sem hér koma við sögu, en þeir eru eignarréttur sem fjallað er um í þjóðlendufrv., stjórnsýsla og skipulag sem fjallað er um í skipulags- og byggingarlögum og síðan almannaréttur inn, en margir telja að verið sé að þrengja að almannaréttinum með því frv. sem hér er lagt fram. Að vissu leyti er það gert en það eru e.t.v. fyrst og fremst náttúruverndarlögin og með náttúruverndarlögunum sem við eigum að tryggja sem víðtækastan aðgang almennings að hálendi landsins.

Með því að sveitarfélögin nái inn til miðju hálendisins og fái þar með skipulagsvaldið þá fá þau ein, miðað við óbreytt fyrirkomulag sem er hér í frumvörpum, að ráðskast með málefni sem tengjast hagsmunum margra annarra en þeirra sem í þessum sveitarfélögum búa, þ.e. málefni annarra sveitarfélaga, málefni náttúruverndar, ferðaþjónustu, orkuvinnslu og útivist. Sömuleiðis koma þar við sögu beit og veiðar, beit búfjár sem kemur úr allt öðrum hreppum en eru á því skipulagssvæði sem sveitarfélagið er að véla um. Ábyrgð og vald sveitarfélagsins sem fer með skipulagsmálin er því gríðarlega mikið og gagnrýnin og tortryggnin hefur einmitt snúið að því að sú vinnuhefð komi ekki örugglega til skila að orðið verði við öllum þeim sjónarmiðum sem ekki standa sveitarfélaginu næst.

Þá hafa menn sömuleiðis bent á að til stórfelldra deilna geti komið á milli sveitarfélaganna sem þurfa að skipta með sér arði af auðlindinni, arðtöku vil ég kalla það, vegna aðstöðu fyrirtækja og þjónustu á hálendinu, hvort heldur það er í orkumálum, ferðaþjónustu eða öðru.

Ég vil þá einmitt víkja nánar að skipulagsmálunum og umræðum sem hafa orðið um þau í dag og í gær. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að miðhálendi Íslands eigi að vera eitt skipulagssvæði, eitt skipulagssvæði þar sem svæðisskipulag er gert af nefnd sem gæti ekki aðeins hagsmuna aðliggjandi sveitarfélaga heldur allra annarra sveitarfélaga og sömuleiðis hagsmunahópa og sérfræðiaðila sem eru utan sveitarfélaga sem eiga land að miðhálendinu.

Ég vil aðeins víkja að skipulagssvæðinu og miðhálendinu. Mér finnst leiða af sjálfu sér að miðhálendið eigi að vera það svæði sem unnið hefur verið með í svæðisskipulagstillögunni sem nú er að renna sitt skeið, 1. desember ef að líkum lætur. Ég vil einnig benda á þann möguleika að stækka þetta svæði og sú svæðisskipulagsnefnd, sem fjallar um miðhálendið, fái önnur og stærri svæði til umfjöllunar. Þar er ég fyrst og fremst að hugsa um gosbeltið og orkuvinnslusvæðið, en einmitt þessi svæði eru líka útivistar- og ferðaþjónustusvæði. Það er einmitt á þessum svæðum sem gæta þarf mismunandi hagsmuna allra þessara aðila og leiða til farsælla lykta öll þau ólíku og að mörgu leyti andstæðu sjónarmið sem þar takast á. Þar nægir að nefna náttúruvernd og orkuvinnslu.

Hvaða svæði er ég að tala um? Það eru svæði sem eru utan svæðisskipulagsins á hálendinu. Þetta eru svæðin á Norðausturlandi, þar með talinn hluti Ódáðahrauns, Kröflu og Gjástykki, sömuleiðis svæðið fyrir ofan byggð í Skaftárhreppi en núverandi svæðisskipulag nær allt til jökla. Með sama hætti tel ég eðlilegt að svæðisskipulagið og svæðisskipulagsnefndin, sem ég vona að verði góð og starfhæf eins og ég kem að á eftir, muni fjalla um Hengilssvæðið, Þingvallasvæðið, Bláfjöll og allt út á Reykjanes eftir því sem henta þykir og þjóðlendur segja til um.

Ég vil einnig benda á að mörg háfjallasvæði á landinu henta til sameiginlegrar skipulagningar og gætu fallið undir svæðisskipulag miðhálendisins. Þar vil ég m.a. nefna hálendissvæðið sem teygir sig að nokkru í átt til Snæfellsnessins, þ.e. á Holtavörðuheiði og þar vestur úr, og sömuleiðis allnokkur svæði á Vestfjarðakjálka og jafnvel önnur svæði á landinu þó ég telji að fara verði með gætni svo ekki verði gengið á skipulagsrétt þeirra sveitarfélaga sem þar eru í nágrenninu og ráða fyllilega við sín verkefni.

En það er einmitt þetta, að ráða við sín verkefni, sem valdið hefur nokkrum misskilningi. Ég er ekki einn þeirra sem fer í þá talnafræði að segja að 4% þjóðarinnar stýri 45% landsins. Ég held að við endum hvergi ef við ætlum að notast við þau rök. Ég segi heldur ekki, og hef reyndar ekki heyrt nokkurn hér í þinginu tala þannig, að hér sé um vantraust að ræða. Ég er ekki einn þeirra sem vilja ýta undir úlfúð milli þéttbýlis og dreifbýlis. Öll verðum við að virða þessi sjónarmið. Við verðum að virða hina fornu búskaparhætti, hin fornu réttindi til beitar og nytja, en við segjum engu síður að við verðum að treysta þeim sem fara með skipulagsvaldið, hvort sem það er inni á miðhálendinu eða annars staðar. Við verðum að koma því kerfi á að því verði að treysta að ekki sé gengið á rétt þeirra sem hagsmuna eiga að gæta og tekið verið tillit til allra nauðsynlegra sjónarmiða.

Þetta traust er einmitt það sem að nokkru leyti hefur bilað. Það hefur bilað vegna þeirrar tilfinningar, þeirra sem utan standa, að þeirra hagsmuna hafi ekki verið gætt. Að sjálfsögðu getum við nefnt hin verstu dæmi og mestu óhöpp og slys sem hafa orðið í þessu. Þau er óþarft að nefna í þingsalnum. Þau hafa verið þannig að fólk getur engan veginn skilið hversu langt sveitarfélög hafa gengið, með skipulagslögum eða öðrum réttindum sem þau hafa eða þá með lögleysu þar sem landeigendur hafa hrakið fólk í burtu sem síðar hefur þurft að sanna rétt sinn fyrir dómi.

Ef ég dreg þetta saman þá tel ég að hálendið eigi að vera eitt skipulagssvæði með svæðisskipulagi og svæðisskipulagsnefnd. Svæðisskipulagið á að vera sem allra nákvæmast þannig að sá rammi, sem sveitarfélögin hafa með aðalskipulagi sínu, um landnotkun og sömuleiðis fyrirkomulag bygginga og framkvæmda á svæðinu, sé fyllilega ljós.

Ég vil þá koma að nefndarskipaninni. Nefndarskipanin þarf að vera þannig að allir þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta hafi þar aðgang, umfram það að allir landsmenn að sjálfsögðu þurfa að hafa umsagnarrétt og kærurétt eins og þegar er mælt fyrir í skipulags- og byggingarlögum. Meðal þeirra tillagna sem nú hafa verið lagðar fram frá umhvrh. er að setja upp nefnd sem ganga eigi til þessarar áttar. Eins og fram hefur komið hér í þinginu tel ég þá nefnd fjarri því að gæta þeirra hagsmuna eða ná þeim markmiðum sem ég tel

eðlilegast. Ég tel að héraðsnefndirnar séu veikar og ekki rétti aðilinn til að taka þetta verkefni að sér.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég tel að sú nefnd sem undanfarið hefur unnið að svæðisskipulaginu hafi unnið mjög gott starf. Ég hef fylgst með störfum nefndarinnar og þeim sem hafa unnið fyrir hana og ber fullt traust og virðingu fyrir því sem þar hefur verið gert. Ég tel að þeir aðilar, enda þótt fulltrúar Reykjavíkur, Reykjaness eða Vestfjarða, hafi ekki verið þar, hafi náð að sinna þar ágætlega náttúruverndarsjónarmiðum þó að ég telji að margt megi bæta.

Virðulegi forseti. Ég vil þá koma nokkuð að frv. því sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en ekki er gert ráð fyrir að verði afgreitt á þessu þingi. Ég tel að þetta frv. sé fjarri því að ganga eins langt og þyrfti. Ég vil gera nokkra grein fyrir því.

Ég kem þá fyrst að nefndarskipuninni. Þar segir:

„Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, ...“ Lítum aðeins nánar á þetta.

Hér er talað um að sveitarfélögin sem eiga land að hálendinu eigi eingöngu að vera þar í skipulagi. Þetta eru 42 sveitarfélög. Hvernig eiga þessi 42 sveitarfélög að koma sér saman um 12 fulltrúa? Það er ekki síður verra við þessa tillögu en það fyrirkomulag sem var um núverandi svæðisskipulagstillögu, að hún ýtir ekki aðeins okkur Reykvíkingum og Reyknesingum út úr skipulagsstarfinu, heldur rekur hún einnig dreifbýlissveitarfélög sem ekki liggja að hálendinu úr skipulagsstarfinu.

Þar vil ég sérstaklega skjóta skildi fyrir Hraungerðishrepp sem ég sagði áðan að væri einn elstur hreppa. Í þeim hreppi er ættaróðalið Brúnastaðir og er þar óðalsbóndi Guðni Ágústsson. Ég tel að Guðni, hans fólk og Hraungerðishreppur hafi ekkert til sakar unnið og það sé illa gert að útiloka þá frá svæðisskipulagi hálendisins, jafnvel þó að við höfum mátt þola þetta Reykvíkingar enda ýmsu vanir í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ég vil þess vegna skora á hv. þm. Guðna Ágústsson að ganga til liðs við mig og aðra um gjörbreytingu á þessu frv. og tryggja að hlutur fornra staða eins og Hraungerðishrepps, elsta hrepps á Íslandi, og Reykjavíkur, elsta höfuðbóls á landinu, verði ekki fyrir borð borinn.

Einhverjir hafa sagt að hér muni ritvilla eða misskilningur hafa orðið. Hérna hafi átt að standa héraðsnefndirnar eins og í núverandi svæðisskipulagi. Héraðsnefndirnar hafa ekki burði til þess að ráða við þetta. Það er að molna undan héraðsnefndunum, mörgum hverjum, og þær ráða ekki við þetta verkefni. Þær byggja á hinum gömlu sýslunefndum og hafa ekki þá faglegu getu sem nauðsynleg er til þess að standa í skipulagsmálum. Við höfum hins vegar landshlutasamtökin sem eru stöðugt að eflast og eru átta á landinu. Ég þarf ekki að telja þau upp. Þau eru mun vænlegri til að ráða við þetta verkefni. Þar eru skrifstofur, starfsmenn og hefð fyrir skipulegum vinnubrögðum.

Ég tel að með því sé hæfileg fjarlægð frá þrengri hagsmunum einstakra sveitarfélaga og vil þess vegna að við gaumgæfum mjög að fá samtök sveitarfélaganna til þessa starfs.

Ég kem þá að fulltrúum Reykjavíkur, Reykjaness og Vestfjarða. Þá er fyrst til þess að líta að við Reykvíkingar megum sætta okkur við það að vera með tvo fulltrúa af 18 í nefndinni. Þessir tveir fulltrúar eiga að gæta þeirra sjónarmiða fólks í Reykjavík, stórs hluta landsmanna sem hefur mjög margvíslega og mikla hagsmuni. Hverjir eru þessir hagsmunir? Það eru hagsmunir ferðaþjónustu sem fjárfest hefur í hundruðum milljóna á hálendinu, ekki aðeins í aðstöðu með skálum og byggingum heldur einnig með ferðum og fjárfestingum í jákvæðri ímynd sem þau hafa komið á framfæri hjá erlendum viðskiptavinum sínum. Þessara hagsmuna þarf að gæta. Þessa hagsmuni má ekki bera fyrir borð vegna hagsmuna einhverra sveitarfélaga sem kjósa að fara öðruvísi að. Þessir tveir fulltrúar eiga að gæta þessara hagsmuna.

Hér er í Reykjavík, svo að ég tali frá mínu kjördæmi, og Reykjanes get ég talið líka, eru sömuleiðis fjölmargir hópar útivistarfélaga sem þessir tveir fulltrúar þurfa að gæta hagsmuna fyrir. Hverjir eru þessir útivistaraðilar sem við nefnum alltaf í einu orði? Ég skal nefna þá suma. Þar er fólk sem fer á sleðum. Þar er göngufólk, skíðafólk, ferðafélög, hjólreiðamenn, skotveiðimenn, stangveiðimenn fuglaskoðendur, jeppamenn, rallyakstursmenn, fjallaklifrarar, hestamenn og fleiri mætti telja. (**Gripið fram í:** Og pólfarar.) Já, og allir þeir sem yfirleitt geta lagt land undir fót.

Það hefur verið reynt að spilla fyrir því að þessir aðilar kæmust að skipulagsstarfinu með því að segja: Já, en góðir menn, hvernig eigum við að koma öllum þessum aðilum að. Við getum ekki endalaust haldið áfram að telja. Það er enginn að tala um að þessir aðilar eigi einn og allir að komast að. Þessir aðilar eru nú að skipa sér í samtök útivistarmanna sem við eigum með einum eða öðrum hætti að gefa tækifæri til þess að hafa áhrif á skipulagið.

Þessir tveir aðilar þurfa þannig ekki aðeins að gæta að hagsmunum ferðaþjónustu og útivistar, heldur líka að ýmsum öðrum hagsmunum sem tengjast orkuvinnslu, iðnaði og nýtingu og efnistöku á hálendinu. Enginn má misskilja mig þannig að ég sé að mæla með efnistöku, en það er þó sú efnistaka á hálendinu, svo sem vikurtaka, sem flestir eru sammála um að hafa megi í ákveðnu magni.

Hvernig eru þessir tveir fulltrúar valdir? Njóta þeir þess og eru undir það settir að vera kosnir af fólkinu? Eru þeir lýðræðislega kosnir? Nei, þeir eru það ekki. Þeir eru tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ef við kjósendur þeirra erum óánægðir með störf þeirra höfum við enga möguleika að taka á málum með þeim aðferðum sem lýðræðið hefur að bjóða. Þeir eru sem sagt ekki lýðræðislega kjörnir og ég tel það alrangt, fyrir utan það að þeir eru allt of fáir í nefndinni. Hið sama má segja um fulltrúa Reyknesinga og Vestfirðinga. Ég tel því að nefndin hafi ekki jafnvægi, hún hefur ekki jafnræði. Fulltrúar hennar eru valdir of nærri sveitarfélögunum og þeir sem koma frá höfuðborgarsvæðinu eru sömuleiðis ólýðræðislega kjörnir. Fleira gæti ég sagt um þessa nefnd en ég kýs að láta staðar numið.

Þá kem ég að umboði nefndarinnar. Umboð nefndarinnar í frv. til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum er allt of veikt. Það er rétt rúmlega umsagnarréttur, það er allt of veikt. Ef nefndin er rétt skipuð vil ég að hún hafi víðtækt umboð til þess að hafa þau áhrif sem nauðsynleg eru til þess að tryggja þá hagsmuni sem ég hef talað um, þ.e. náttúruvernd, vernd hagsmunaaðila bæði til atvinnureksturs og útivistar og ég vil líka, svo að það fari ekki fram hjá nokkrum manni, að nefndin gæti að fornum réttindum bænda og landeigenda til beitar og veiða á miðhálendinu þannig að allt sé til talið. Textinn sem hér liggur fyrir nær þessu engan veginn.

Ég vil þá víkja að enn einu atriði sem virðist ekki vera stórt í augum margra og enginn hefur minnst á hér en það er þriðja síðasta mgr. 1. gr. frv. umhvrh. þar sem segir:

„Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.“ Síðan segir: „Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík.“ Síðan segir það sem ég vil gera athugasemdir við: „Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt.“

Þetta sætti ég mig alls ekki við. Hvað hefur þetta í för með sér? Það hefur í för með sér að deiliskipulag viðkvæmra svæða inni á miðhálendinu eru ekki auglýst í öllum kjördæmum heldur aðeins í því sveitarfélagi þar sem deiliskipulagið er gert. Þetta þýðir að þeir sem vilja gera athugasemdir, hvort sem þeir koma frá Höfn í Hornafirði og þurfa að sækja að skoða slíkt norður í Skagafjörð eða menn koma frá Reykjavík, þurfa að gera sér ferð á þessar skrifstofur sem eru e.t.v. ekki opnar nema örfáa klukkutíma í viku.

Þessu á að sjálfsögðu að breyta og á fundi sem ég stóð fyrir á Hótel Borg er þessi spurning lögð fyrir umhvrh. Hann sagði að að sjálfsögðu væri ekkert að því að breyta þessu. Samt er þetta lagt svona fram.

Hvers vegna er það ekki gert að ganga til móts við fólkið sem þarf á því að halda að sjá þetta og vill gera athugasemdirnar? Mér finnst þetta vera dæmigert fyrir það að þetta frv. er ekki sniðið til þess að gæta þeirra hagsmuna sem almenningur í landinu er að kalla á. (**Gripið fram í:** Hafa menn eitthvað að fela?)

Þá vil ég víkja að 2. gr. frv. sem lýtur að því að nýja nefndin sem á að koma til starfa eigi að hafa umsagnarrétt um skipulagið sem lagt er fram. Þá vil ég ítreka það til þess að það verði enginn misskilningur að núverandi svæðisskipulagsnefnd hefur unnið gott starf. Hún á að fá að klára starf sitt í friði en hin nýja svæðisskipulagsnefnd á að fá miklu víðtækara umboð til þess að hafa áhrif á það skipulag sem verður lagt fram áður en það fær endanlega staðfestingu. Um texta til slíks ætla ég ekki að fjalla hér en ég er tilbúinn til að leggja hann fram ef þess þykir þurfa.

Þetta eru nokkur af þeim atriðum sem ég tel að sýni að það frv. sem lagt er fram um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og á að verða til þess að draga úr því ofurvaldi sem sveitarfélögunum er fært á miðhálendinu nær ekki þeim árangri sem ég er að leita að.

Umfram það sem mögulegt er í slíku frv. hef ég síðan óskað eftir því og hef rætt það við umhvrh. en hef ekki heyrt hann mæla það fram, að fá yfirlýsingu frá umhvrh. um frumkvöðulsrétt manna á hálendinu. Hvað á ég við með því? Það sem ég á við með því er það að á hálendinu, í því skipulagsleysi sem þar hefur ríkt, hafa menn komið upp aðstöðu og farið í framkvæmdir af ýmsu tagi. Ég er síst að mæla skipulagsleysi bót og ég er síst að mæla öllu bót sem þar er upp sett. En það fólk sem hefur reist þar skála eða komið sér einhvern veginn fyrir hefur gert það af áhuga og einlægni og yfirleitt er þar á ferðinni fólk sem vill fara vel með umhverfið og ann landinu.

Ef þessi frumvörp verða að lögum vil ég ekki skilja þessa aðila eftir gersamlega óvarða fyrir ofurvaldi sveitarfélaganna. Ef sveitarfélögin ætla að ganga um hálendið og spyrja: Hver hefur hér leyfi? þá býst ég við að þeir fari margir skálarnir. Það eru ekki aðeins skálarnir sem við gætum nefnt inn við Slunka og Tjaldafell, skálar sleðamanna og jeppamanna. Það eru alls ekki endilega þeir sem ég er að tala um. Ég er líka að tala um gangnamannakofa. Margir hverjir eru reistir af þeim efnum og ástæðum sem menn höfðu miðað við þær aðstæður og þann smekk sem menn höfðu. Auðvitað vantar verulega upp á að þessir gangnamannakofar uppfylli skilyrði. Þeir hafa ekki leyfi. Þar skortir verulega á hreinlætisaðstöðu. Á að skilja þessa aðila eftir varnarlausa gagnvart sveitarfélögunum og sveitarfélögin geti eftir hentisemi, eins og við höfum séð þau gera, beitt skipulagsvaldi sínu til hins ýtrasta og rutt mönnum í burtu? Hverjum má ryðja í burtu? Mér eða Jóni eða Páli eða Pétri? Hver ætlar að standa vörð um þetta?

Í lögum er til regla um svokallað ítak, þ.e. þegar einhver hefur haft starfsemi í 40 ár hefur hann öðlast ákveðinn rétt. Fæst af þessum byggingum eða aðstöðu nær 40 árum. Ég vil þess vegna heyra af munni umhvrh. að hann mælist til þess að sveitarfélögin virði þennan frumkvöðulsrétt þegar farið verður að meta hvaða skálar og hvaða aðstaða eigi að standa. Ég er ekki að segja að þetta sé allt saman gott, fjarri því. En það er svo auðvelt fyrir þessi sveitarfélög að ganga að þessu fólki og ryðja því í burtu.

Ég ætla þá að koma nokkuð að þeim sveitarfélögum sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Ég var og e.t.v. er einn talsmanna þeirra sem vildu að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu færu með umboð, a.m.k. fyrir okkur Reykvíkinga. Ég gerði það í þeirri undirbúningsvinnu og þeirri sáttavinnu sem hefur verið að undanförnu í þinginu vegna þess að ég taldi að þessir aðilar væru þeir sem mundu vilja gæta hagsmuna okkar vegna þess að þeir væru lýðræðislega kjörnir og hefðu hlustað á kjósendur. Það urðu mér því gríðarlega mikil vonbrigði þegar ég fékk staðfest það sem maður hefur haft á tilfinningunni, að enginn áhugi er hjá sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu að hafa áhrif á skipulag hálendisins. Ég vil vitna til samþykktar sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerðu. Hún er ekki dagsett en fylgir bréfi sem kom til alþingismanna dagsett 24. apríl og hlusti nú þeir sem áhuga hafa á þessum málum. Hér segir:

„Í stað þess að færa eignarrétt þjóðlendna“ — við erum ekki að tala um skipulagsmálin, við erum að tala um þjóðlendur og eignina á landinu. „Í stað þess að færa eignarrétt þjóðlendna til ríkisins eins og ráð er fyrir gert í 2. gr. frv. er rétt að mati stjórnar SSH að færa þjóðlendur undir sveitarfélög sem eiga land á hálendinu.“ Svo segir síðar: „Með þessum hætti væri að mati stjórnar SSH verið að skjóta frekari stoðum undir sveitarstjórnarstigið og byggð sem víðast á landinu.“

Hvað er verið að segja? Þessir menn hafa ekki áhuga á því að landið verði eitt skipulagssvæði, þ.e. hálendi Íslands, þeir hafa ekki áhuga á því og þeir eru ekki tilbúnir til að taka sæti í slíkri nefnd. Þeir ætla að láta eignarhaldið frá sér, láta miðhálendið í eigu sveitarfélaganna sem liggja að hálendinu.

Ég las þetta bréf seint að kvöldi þegar ég var í vinnu í þinginu og ég skal segja hreinan sannleika að ég varð að láta það frá mér, fara heim til mín, þvo mér vel í framan og koma aftur niður eftir til þess að reyna að átta mig á hvort ég læsi hér rétt. (Gripið fram í.) Sá þvottur bætti ekki þá niðurstöðu sem ég fékk. Sveitarfélögin á Reykjavíkursvæðinu hafa engan áhuga á því að styðja okkur sem erum að berjast fyrir réttindum okkar í hálendismálinu. Þetta er með ólíkindum og maður spyr: Hvers vegna gera sveitarfélögin þetta? Jú, ég ætla að segja ykkur hver ég held að ástæðan sé.

Ástæðan er sú að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vita það að með þjóðlendufrv. verður Bláfjallasvæðið hugsanlega, og e.t.v. eitthvað af Esjunni, sett undir þjóðlendur og þar með, og ef ég réði, væri það líka fellt undir það svæðisskipulag sem allir landsmenn ættu að koma að. Sveitarfélögin eru þannig að fara í nokkurs konar makaskipti innbyrðis. Við fáum Bláfjallasvæðið og Esjuna af því að það er nálægt okkur og þið skuluð þá fá miðhálendið. Ég segi það, ágætu hv. þingmenn, að sveitarfélög sem hugsa þannig eru í engum tengslum við kjósendur sína. Þetta er lokaður valdaklúbbur sem hefur ekki fylgst með því sem er að gerast í þjóðfélaginu þar sem almenningur er að krefjast þess að fá að koma að þessum málum og taka þátt í þessu.

Þegar ég náði áttum eftir augnþvott og mikla kaffidrykkju settist ég við tölvuna mína og skrifaði þessum sveitarfélögum bréf þar sem ég óskaði eftir því að stjórn SSH, þ.e. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti það sem framkvæmdarstjóri þeirra sagði, staðfesti það hvort þau vilji að miðhálendið verði eitt svæðisskipulag. Framkvæmdarstjórinn kvað svo ekki vera, þau væru ekki fylgjandi þeirri stefnu. Ég vil fá það skriflegt. Því hefur ekki verið svarað. Ég legg líka þá spurningu fyrir þá í skriflegri ósk minni að ef slík nefnd væri stofnuð, hvort sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu væru tilbúin til að tilnefna menn í þá nefnd. Framkvæmdarstjórinn sagði mér að þeir hefðu engan áhuga á því. Ég vil fá skriflegt svar við þessu. Það svar hefur ekki borist.

Undrast nokkur það þó að ég hafi hin síðustu dægur sett fram þá hugmynd að við ættum að taka aðra eða einhverja nýja aðila inn í þetta en sveitarfélögin? Það er aumt að þurfa að berjast fyrir þeim réttindum sem við kjósendur í Reykjavík höfum gagnvart borgarfulltrúum þegar undirtektir þeirra og áhugi er ekki meiri en þessi.

Ef þetta frv. kemur til kasta umhvn. og ef ég fæ að ráða mun ég gera á því verulegar breytingar, breytingar sem snúa að því að við getum treyst því að þeir sem eru fyrir okkar hönd í þessari nefnd sinni þeim hagsmunum sem við höfum.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. félmrh. er ekki í salnum. Ég hefði viljað leggja fyrir hann nokkrar spurningar sem hann fær væntanlega tækifæri til þess að svara síðar. (Gripið fram í.) Ég hefði viljað heyra svör ráðherrans um það hvort hann treysti — og sú spurning lýtur að sérþekkingu á fjármagni — ef sveitarfélögin ná inn til miðju hálendisins, hvort hann treysti fjárvana sveitarfélögum sem eru 50–150 manns til þess að ráða við flókin heilbrigðis-, umhverfis- og skipulagsmál langt inn á hálendi þar sem þarf að takast á við mjög flókin vandamál, þarf að gera rannsóknir og kannanir af ýmsu tagi til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir. Treystir félmrh. öllum þessum sveitarfélögum til slíks?

Ég hefði líka viljað spyrja félmrh. að því hvort hann óttist ekki að í litlu sveitarfélagi ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að ráðstafanir eru uppi um að fá hæstv. félmrh. til fundarins og hans er von.)

Virðulegi forseti. Ég endurtek þá þær spurningar sem ég vil beina til hæstv. félmrh.

Með því að sveitarfélögin nái inn til miðju hálendisins þá gerir það miklar kröfur til sveitarfélaganna að þau ráði við mjög flókin og fjárfrek verkefni. Meðal þeirra verkefna eru kannanir og rannsóknir til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir í skipulagsmálum. Gildir einu hvort sveitarfélag er stórt eða lítið að slíkur getur reksturinn verið og hagsmunirnir og umhverfissjónarmiðin að þetta muni kosta mikla vinnu og mikið fjármagn. Treystir hæstv. félmrh. þessum litlu og vanmáttugu sveitarfélögum til þess að ráða við slík verkefni þegar þau eru jafnvel 50–150 manna sveitarfélög?

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh. hvort hann óttist ekki að í fámennum sveitarfélögum verði erfitt fyrir sveitarstjórnir að standast öfluga heimaaðila sem njóta vinsælda og valda í sveitarfélagi sínu þegar þeir sækjast eftir ýmsum gæðum og gögnum inni á miðhálendinu sem eru a.m.k. í andstöðu við þau umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið sem ég kýs að hafa. (Gripið fram í.) Vegna þess að ég hef gert hv. þm. Guðna Ágústsson að umræðuefni, eða getið hans og viljað bera hagsmuni hans fyrir brjósti og ættaróðal hans og sveitarfélag, þá verð ég að hryggja hann með því að ég styð hann ekki í því að það verði lagður vegur upp á Heklu. Þegar jafnmikill valdamaður í héraði og hv. þm. Guðni Ágústsson er annars vegar ásamt öflugum mönnum í héraði sínu eru menn ekki smeykir við að slíkir aðilar muni hafa þau áhrif í sveitarstjórnum að sveitarstjórnir eigi mjög erfitt með að standa gegn slíku?

Ég spyr hæstv. félmrh. um viðhorf hans til eins máls, til eins dæmis og ég gæti tekið þau fleiri. Ég vil spyrja hann hvernig hann líti á og hvort hann óttist ekki að við munum fá fleiri slík dæmi. Mönnum er kunnugt málið um Geitlandið þar sem skotveiðimenn voru hraktir í burtu. Eftir málaferli tókst þeim að sýna fram á að Geitlandið væri opið og þeim heimilar skotveiðar vegna þess að eignarréttur þar var ekki sannanlegur. Þá var gripið til þess ráðs, ekki eingöngu af sveitarfélaginu heldur einnig af náttúruverndarsamtökum, að gera landið að friðlandi. Þannig er um friðlönd að menn hafa þar eina reglu, að þar má ekki stunda veiðar og ekki rjúpnaveiðar. En á sama tíma hefur viðkomandi sveitarstjórn í Borgarfirði látið átölulaust, ég segi ekki að hún hafi tekið þátt í því en látið átölulaust, að vegur var lagður frá Geitá og inn undir Geitlandsjökul. Sveitarfélag sem líður slíkar þversagnir að hrekja menn í burtu sem hafa þó rétt til þess að stunda veiðar sínar en leggur síðan veg í friðlandi eða lætur það líðast, er slíkum mönnum treystandi til þess að fara með vald á miðhálendinu? Ég gæti nefnt fleiri dæmi þar sem sveitarfélög hafa fullnýtt skipulagsrétt sinn til þess að stugga við frumkvöðlum.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. félmrh. hvort hann styðji þá stefnu sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa sett fram um að miðhálendið verði í eign sveitarfélaganna. Allra síðast vildi ég spyrja hæstv. félmrh.: Treystir hann þeim tveimur fulltrúum, sem eru ekki lýðræðislega kjörnir fyrir hönd okkar Reykvíkinga, til þess að gæta allra þeirra sjónarmiða sem ég gat áðan um og þarf að hafa í heiðri í skipulagsvinnunni?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég hef áður sagt. Það frv. sem liggur frammi um skipulags- og byggingarlög er frv. sem ég styð ekki. Á því þarf að gera verulegar breytingar til þess að ég geti stutt það. Vegna þess hve það gengur skammt treysti ég mér ekki til þess að styðja frv. um að sveitarfélögin nái inn til miðju hálendisins.

[21:20]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur haldið mikla ræðu. Margt gott er um mál hans að segja en undir ýmislegt annað get ég ekki tekið og mér finnst hann drótta mjög að okkur landsbyggðarmönnum, að við höfum illa farið að ráði okkar um miðhálendið og ég er ekki sáttur

við þau ummæli. Ég hygg að landsbyggðarmenn hafi elskað miðhálendið, þar hefur hugur þeirra verið og þar hafa þeir gert marga mjög góða hluti bæði í lagningu vegslóða, byggingu gangnamannakofa og fleira og leyft þéttbýlisbúum að eiga þar aðgang að, friðland og skýli. Þeir hafa komið upp þjónustu á miðhálendinu o.s.frv. Sveitarfélögin hafa gengið þar í broddi fylkingar og engum treysti ég betur en því stjórnstigi til þess að vaka yfir miðhálendinu.

Ég tel hins vegar, hæstv. forseti, mikilvægt að ná sátt um þetta mál og mér finnst margar þær ræður sem hér hafa verið haldnar vera fremur til þess að róta upp pólitísku moldviðri en að menn séu þar að tala einhvern sannleika.

Hv. þm. fór með rangt mál þegar hann minntist á mig sem óðalsbónda á Brúnastöðum. Sá misskilningur hefur stundum verið uppi að ég eigi 100 kýr og 500 ær. Svo er ekki. Ég fékk ekki að búa, hefur líklega ekki verið treyst til þess af föður mínum og konan stóð svo gegn því einnig þannig að ég á heima á Selfossi. En ég tek undir það með hv. þm. að í því frv. sem nú hefur verið sýnt og lagt fram er slys ef það á að útiloka að hrepparnir sem eiga aðild að afréttum í dag fái að koma þar nálægt. En því hafa þeir heitið, hæstv. umhvrh. og félmrh., að þessu verði breytt og þar koma héraðsnefndir eða sveitarstjórnir þannig að ég er tiltölulega sáttur við þá breytingu.

Ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að lokum að þingið þarf að ná sátt um þetta mál.

[21:23]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi tekið fast til orða vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan. Þetta snýst ekki um átök milli þéttbýlis og dreifbýlis. Eins og ég sagði áðan virði ég öll þau réttindi sem menn hafa og ég virði líka það fólk sem þar býr og vil með engum hætti halla á það. En það er einfalt mál að við verðum að taka tillit hver til annars, þéttbýlisbúar til dreifbýlismanna og öfugt. Til þess að tryggja að svo verði gert þurfa allir aðilar, hvort sem þeir búa í dreifbýli eða þéttbýli, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar, að eiga aðild að þegar vélað er um öll hin stærri og veigameiri mál.

[21:24]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil enn fremur segja að sem betur fer á stór hluti höfuðborgarbúa griðland í kjördæmi mínu. Þeir koma þar vetur og sumar, þeir dveljast þar og þeir una þar glaðir við sitt og þeir eru sáttir við heimamenn þannig að þar er einn hugur á milli þessara tveggja hópa. Ég trúi því að þeir treysti vel landsbyggðarmönnum til þess að sveitarfélögin fari með þennan rétt.

Hér var minnst á Bláfjöllin. Ég kem í Bláfjöllin og mitt fólk til að njóta þar þjónustu alveg eins og höfuðborgarbúinn kemur á Flóamannaafrétt til að njóta þar þjónustu. Við höfum engar áhyggjur af því. Það er vakað yfir okkur. Það er til Skipulag ríkisins o.s.frv. þannig að ekki á að vera ástæða til þess að það verði mörg mistök.

Ég vil síðan segja að ég styð náttúruverndarmenn og marga áhugamenn um útivist til að njóta þess og þeir hafa til þess fullan frið.

Hér var minnst á veginn á Heklu. Hugsið ykkur þá dýrð á glæsilegum degi ef það væri komin slóð upp á Heklu, sem ég trúi að verði í framtíðinni, því þangað munu bæði þeir sem geta gengið og hinir vilja sækja. Mörg þjóðlönd hafa nýtt slíkar auðlindir til þess að þar verði vegslóði. Þar væri hægt að setja upp pósthús. Þetta yrði athyglisverðasta fjall og er athyglisverðasta fjall heimsins þannig að þetta er framtíðarsýn og þetta er draumur margra þeirra manna sem hv. þm. berst fyrir. Ég er ekki að biðja um að ríkið leggi í það peninga. Það er ástæðulaust. Vegslóðinn getur í eldgosi horfið á einni nóttu en fjallið yrði aðgengilegra á eftir og yrði frægara í sögu heimsins og það mundi komast inn í ferðamennsku Íslendinga í dag. Ég vil halda því fram að þetta sé hugsjón okkar útivistarmanna sem erum jafnaðarmenn í raun þótt hv. þm. hafi skipað sér í þá fylkingu sem ég hélt síst að hann mundi gera.

[21:26]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í svari félaga míns, hv. þm. Guðna Ágústssonar, koma einmitt fram þau ríku áhersluatriði sem kalla á að fleiri en hann, hv. þm. og aðrir slíkir, komi að skipulagsmálum. Ég veit ekki hvort ég er að segja hv. þm. einhver tíðindi en fjallamennska hefur ákveðinn svip, ákveðinn blæ og ákveðnar hugsjónir. Má ég segja ykkur að gönguleiðin á Hvannadalshnjúk er lengsta gönguleið á háan tind í Evrópu án þess að þar sé skáli. Það er lengsta gönguleið án skála í Evrópu á háan tind. Þetta finnst fjallamönnum vera einstakt.

Hvernig á að bregðast við því þegar dugnaðarmenn á borð við Guðna Ágústsson mundu vilja reisa skála hálfa leiðina þar upp af því að það er svo gaman að keyra þangað og það er svo gaman að hafa pósthús þar og eyðileggja þetta aðdráttarafl? Ég get ekki stutt slíka skálabyggingu. Hins vegar er hætta á því að sveitarfélög geri það vegna tekna og vegna dugnaðarmanna eins og Guðna Ágústssonar. Vegur upp á Heklu sýnir hversu himinn og haf aðgreinir okkur Guðna Ágústsson og hversu gerólík sjónarmið við höfum til landsins til þeirra gæða að ganga á einstaka staði eins og sagt er um Heklu. En ég vil gera það án þess að hafa þá slóð varðaða stikum.

Þetta segir meira en öll orð um það hversu brýnt það er að þeir aðrir, ég er ekki að krefjast þess að hv. þm. Guðni Ágústsson skilji nokkuð í fjallgöngum, það mun ég aldrei gera, en ég krefst þess að hann og stuðningsmenn hans leyfi okkur hinum sem hugsum öðruvísi og höfum aðra hagsmuni að koma að þessum málum.

[21:28]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þingmenn notum orðið að elska ekki mjög mikið í ræðum okkar. Það var gert nú og að gefnu tilefni ætla ég að leyfa mér að halda því fram að landsmenn allir elski landið sitt. Mér finnst ástæða til að nefna það út af þessu andsvari.

Það var margt athyglisvert, virðulegi forseti, í ræðu hv. þm. sem var að ljúka ræðu sinni. Eitt af því sem hann nefndi var hver vildi vekja úlfúð milli dreifbýlis og þéttbýlis. Það vill enginn og við ættum að hafa það að leiðarljósi að þó að við höfum ólíkar skoðanir á stjórnsýslunni og skipulagi á miðhálendinu og ólíka skoðun á því hvaða verkefni skuli vera hjá sveitarfélögunum erum við ekki að vekja úlfúð á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Þingmaðurinn nefndi deiliskipulagsréttinn og ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að hann hefði talið að það hefði verið um það rætt að deiliskipulagið færi frá sveitarfélögunum í kringum miðhálendið. Ef ég hef skilið hann rétt hlýt ég að árétta að aðalskipulagið er hjá sveitarfélögunum. Deiliskipulagið er hjá sveitarfélögunum og byggingarréttur

og byggingarleyfi eru hjá sveitarfélögunum og meira að segja eftir að sú tillaga nær fram að ganga, ef það verður sem flutt er í sérstöku frv., verða þessir þættir áfram hjá sveitarfélögunum. Þess vegna skil ég ekki hvernig á að vera unnt að flytja deiliskipulagið frá þeim.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, kom sú athugasemd frá Reykjavíkurborg til félmn. að mjög mikilvægt væri að miðhálendið væri ein skipulagsleg heild þó stjórnsýsluleg ábyrgð skiptist á milli sveitarfélaganna. Skoðun mín er sú að engin djúpsálarfræði sé í því af hverju öll sveitarfélögin styðja sveitarfélög kringum miðhálendið varðandi skipulag og stjórnsýslu. Ég held að það sé einfaldlega þannig að öll sveitarfélögin vilji að þau fái stuðning til verkefnisins.

Virðulegi forseti. Þessi orðaskipti um pósthús á Heklu tek ég bara eins og gríni.

[21:31]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur misskilið orð mín. Ég hef aldrei talað fyrir því að deiliskipulag yrði tekið af sveitarfélögunum, hvorki í byggð né á miðhálendinu. Ég var að ræða um það að deiliskipulagið skyldi auglýst, ekki aðeins í sveitarfélaginu. Ef deiliskipulagið er inni á miðhálendinu þá skuli það auglýst sem víðast og líka hjá skipulagsstjóra. Ég tel að svæðisskipulagsnefndin og svæðisskipulagið eigi að vera sem allra nákvæmast og móta þennan ramma um aðalskipulagið og deiliskipulagið. Aðalskipulagið eigi hins vegar að vera hjá sveitarfélögunum og sömuleiðis deiliskipulagið, til þess að taka af allan vafa.

Varðandi framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi vona ég að mig bresti ekki minni eða þekkingu þegar ég segi að landeigandi þarf að koma að byggingarleyfinu. Landeigandi eða umráðamaður lands verður sá sem ræður þjóðlendunum, þ.e. forsrh.

Varðandi veginn á Heklu þá skil ég vel að menn vilji taka því sem gríni. En, hv. þm., þetta er ekki grín hjá flokksbróður mínum, Guðna Ágústssyni. Hann hefur flutt um þetta tillögu af mikilli alvöru og fleiri slíkar hugmyndir hafa komið fram sem brjóta algjörlega í bága við hugmyndir mínar um hvernig við eigum að ráðstafa landinu.

[21:33]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hefur staðfest að hugmyndir hans um miðhálendið eru afskaplega álíkar því sem jafnaðarmenn tala fyrir. Hann hefur líka sett fram þau sjónarmið í blaðaviðtölum að sjónarmið ferðaþjónustu, útivistar og náttúruverndar eigi engan tryggan aðgang að skipulagi hálendisins og hann geti ekki sætt sig við það. Mér finnst gott að hann skuli vera með þessa baráttu uppi.

Við heyrum að það eru afskaplega skiptar skoðanir í Framsfl. En af því að ég lít svo á að formaður umhvn. í nafni Framsfl. hljóti að hafa afskaplega mikil áhrif inni í þingflokki sínum get ég ekki stillt mig um að spyrja hvort þingmaðurinn hafi ekki átt þess kost að reyna að hafa áhrif á það að Framsfl. bæri ekki fram það frv. sem svo miklar deilur eru um og hvort ekki hefði mátt reyna að komast að einhverju samkomulagi inni í flokknum í stað þess sem hér birtist þótt ég fagni afstöðu þingmannsins út af fyrir sig.

[21:34]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég upplýsti strax í kjölfar frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram og þeirra orða sem því fylgdu að ég hefði sett fram andstæðar skoðanir, skoðanir gegn frv. Ég upplýsti þá að sjónarmið mín hefðu orðið undir og ég hefði þá lýst því yfir að ég mundi ekki styðja þetta frv. né heldur að sveitarfélögin næðu inn til miðju hálendisins.

Ég hygg að allir þingmenn þekki hvernig það gerist, menn setja fram sjónarmið sín, og að sjálfsögðu hef ég komið sjónarmiðum mínum á framfæri og á þau hefur verið hlustað. Ég virði félaga mína í þingflokknum fyrir afstöðu þeirra en ég er hins vegar ákveðinn í því að halda skoðunum mínum fram hér í þingsalnum.

Sagt hefur verið að einhvern tíma hafi maður verið látinn ganga fyrir valdamikinn aðila, fyrir konung, og látinn krjúpa. Þá áttu menn að krjúpa á bæði hné til þess að sýna virðingu sína við valdhafann en hann kraup aðeins á annað hnéð. Konungur spurði hann: Hví gerir þú það? Hann sagði: Ég krýp á annað hné fyrir valdi yðar en ég stend með hinum fætinum á rétti mínum.

[21:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa þingheims á hendur forsetadæminu að það tryggi að þingmenn njóti jafnræðis í umræðunni. Það hefur komið í ljós í þeim andsvörum sem voru háð áðan að svo er ekki. Hér liggur fyrir frv. til laga um sveitarstjórnarmál. En jafnframt hefur hæstv. umhvrh. fleygt inn í umræðuna frv. sem fæst ekki rætt. Þetta frv. er grundvöllur sáttargerðar, sem a.m.k. hluti stjórnarandstöðunnar á aðild að einmitt vegna þessa frv.

Nú kemur hins vegar fram í umræðunni hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að hann hefur upplýsingar um að hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. hyggist breyta þessum frv. í atriði sem skiptir verulega miklu fyrir umræðuna. Það kemur fram að í stað þess að sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu eigi að skipa tólf fulltrúa þá eigi að breyta því yfir í héraðsnefndir.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé grundvallarbreyting á frv. Ég spyr: Er það virkilega svo að í skúmaskotum Framsfl. sé verið að gera einhverja samninga, einhver hrossakaup um þessi mál, til þess að bæla niður þá ólgu sem brýst fram hvað eftir annað í þingsölum? Er verið að gera einhvers konar baktjaldakaup sem við aðrir þingmenn fáum ekki að vita um?

Herra forseti. Það er algjörlega og með öllu óþolandi að hæstv. félmrh. reyni að skjóta sér á bak við einhverja svona samninga til þess að reyna að lægja þær öldur sem þetta fáránlega frv. hæstv. umhvrh. hefur vakið í stjórnarliðinu. Ég krefst þess, herra forseti, að skorið verði úr því fyrr en síðar hvort þetta frv. komi á dagskrá eða ekki. Ef svarið er nei þá er lágmark að hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. greini öllum þingmönnum frá þeim breytingum sem þeir hafa verið að semja um á bak við tjöldin við menn sína til þess að fá frið í eigin flokkum.

[21:38]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hlýt að fara fram á að þessum fundi verði frestað. Það gengur ekki að halda áfram með þeim hætti sem menn gera hér, að aftur og aftur eru að koma fram alveg nýjar upplýsingar um stöðu mála eins og kom fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það sýnir ótrúlega lítilsvirðingu

stjórnarliðsins gagnvart þinghaldinu og stjórnarandstöðunni að menn skuli haga málum eins og hér er gert.

Ég hlýt þess vegna að ítreka óskir mínar frá því í dag og frá því í gær um það að téð frv. verði tekið á dagskrá og tekið til umræðu og menn skammist til þess að koma fram með málið eins og það liggur fyrir. Á sama tíma og menn neita að taka það á dagskrá upplýsir hv. þm. Guðni Ágústsson, sem er einn af forsetum þingsins, að verið sé að versla með breytingar á málinu inni í skúmaskotum Framsfl. Það er óhjákvæmilegt að það verði upplýst tafarlaust: Er ætlunin að taka frv. á dagskrá eða ekki?

Ég fer fram á það við hæstv. forseta að núna verði gert hlé á fundinum til þess að fá um það upplýsingar hvenær eða hvort menn hugsa sér að ræða það mál að þetta mál verði tekið sérstaklega á dagskrá. Það gengur ekki, herra forseti, að hafa í frammi þennan blekkingaleik gagnvart þinginu, sem auk þess einstakir talsmenn Framsfl. hafa í flimtingum í ræðustól aftur og aftur eins og hv. 2. þm. Suðurl. hér áðan.

[21:39]

**Guðni Ágústsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það ber nú á töluverðri þreytu hér hjá hv. þm. og þeir mega ekki heyra skoðanir annarra eins og oft hefur nú borið við, sérstaklega þegar hv. 8. þm. Reykv. á í hlut.

En ég hafði ekki neitt í flimtingum. Ég sagði einungis líkt og allir réttlátir menn með jafnaðarmannahjarta, eins og ég hélt kannski að báðir þessir hv. þm. hefðu, að engum dettur í hug að það sé vilji þingsins og vilji hæstvirtra ráðherra að um leið og þeir vilja hleypa fleiri aðilum eins og höfuðborgarbúum, Reyknesingum og Vestfirðingum að frv. þá verði okkur á nýjan leik hent frá því, öllum Flóamönnum. — Eiga Flóamenn ekki að koma nálægt því? Er það réttlæti hv. þingmanns Svarars Getssonar? Ég spyr.

Ég sagði einungis að ég hefði rætt þetta mál og ég fyndi að menn teldu þetta ekki réttlætanlegt (**SvG:** Af hverju mátti ekki taka það á dagskrá? Er það forseti?) og á þessu ætti að gera breytingar. (**SvG:** Af hverju má ekki taka málið á dagskrá?) Ég tel hiklaust að það eigi að taka þetta mál á dagskrá. (**SvG:** Þá beitir forseti sér fyrir því.) Ég skal gera það. (**SvG:** Takk.)

En ég tek undir það, og það hljóta allir menn að sjá, að um leið og þeir hleypa fleirum að þá þýðir ekkert að útiloka aðra landsbyggðarmenn. Á Selfossi býr á fimmta þúsund manns. Á Eyrarbakka búa fimm hundruð manns. Hvers eiga þeir að gjalda? Og víðar og víðar. Þetta fólk á í dag afrétti sem það má nota, eins og við Selfyssingar og Eyrbekkingar höfum. Við eigum að koma að þessu máli ekki síður en höfuðborgarbúar og aðrir slíkir.

Ég sagði því að ég fagnaði þeim fyrirheitum að þessir tveir hæstv. ráðherrar hefðu sagt að þeir teldu rétt að skoða hvort ekki ætti að vera orðalagsbreyting þarna sem sneri að héraðsnefndum eða sveitarstjórnum en ekki bara að þeim sveitarfélögum sem liggja upp að miðhálendinu. (**Gripið fram í:** Hvar hefur þetta komið fram hjá ráðherrunum?)

(**Forseti** (GÁS): Það er hv. 2. þm. Suðurl. sem hefur orðið og ég bið hv. þm. að hafa sig hæga.)

Hæstv. forseti. Við skulum ekki ókyrrast þótt þeir kalli. Þeir hafa réttinn til þess. En ég vænti þess að hv. þm. séu mér sammála í því að yfir þetta frv. verður að fara. Það gengur ekki upp að gera þetta með þessum hætti.

Ég get tekið undir það að þetta frv. á að taka á dagskrá og koma því til umsagnar í þjóðfélaginu og ná um það samstöðu í sumar.

[21:42]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess vegna umræðu um fundarstjórn forseta að það mál sem er hér mest um rætt undir þeim lið er ekki á dagskrá þessa fundar. Né heldur hefur komið fram tillaga um það af hálfu hæstv. umhvrh. sem flutti þetta mál inn í þingið. Þannig er staða málsins í agunablikinu.

[21:43]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er engin þreyta yfir þingmönnum í sambandi við þetta mál. Þetta snýst um grundvallaratriði. Þetta snýst um virðingu Alþingis. Við erum að ræða frv. til sveitarstjórnarlaga og það hefur komið fram að stuðningsmenn þess máls binda stuðning sinn við frv. sem er ekki á dagskrá og ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur neitað að setja á dagskrá og ræða. Síðan er upplýst í umræðunni að því frv. verði breytt efnislega einhvern tíma síðar.

Herra forseti. Þetta er ekki sæmandi virðingu Alþingis. Ég tek undir þau ummæli frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Svavari Gestssyni að það á að fresta umræðunni og menn eiga að setjast yfir málið. Því að þetta snýst ekki um efnisatriðin í frv. sem er ekki til umræðu, heldur að þetta frv. komi á dagskrá og þessi mál verði rædd þá í samhengi. Ef til vill vilja menn fresta öllum málunum og taka þau aftur upp í haust, eins og menn gerðu með gagnagrunnsmálið. Það verður að fara skipulega yfir það. En það er ekki sæmandi virðingu Alþingis að ræða málið út frá þessum forsendum, að ræða sveitarstjórnarmálið og skilyrða það stuðningi við frv. sem er ekki einu sinni á dagskrá. Þá verður það mál að koma á dagskrá, málin að ræðast saman, við skiptast á skoðunum um þau, vísa því máli til nefndar, sem á eftir að fara til nefndar, og ræða þetta í samhengi. Skiptast á skoðunum og fara með málið í ágreining og atkvæðagreiðslu. Það eru starfshættir Alþingis. En mér sem þingmanni er misboðið við þessa umræðu.

[21:45]

**Árni M. Mathiesen** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni að hv. þm. eru vel sprækir og ekkert að vanbúnaði að halda umræðunni áfram.

Hins vegar hefur margsinnis komið fram í umræðunni að það stendur ekki til að frv. umhvrh. komi á dagskrá. Það er of seint fram komið og þar af leiðandi ekki samkvæmt þingsköpum að taka það á dagskrá. Ekki hefur komið fram nein beiðni um það af hálfu þess ráðherra sem flytur málið að það verði gert og sú beiðni mun ekki koma. Það stendur ekki til að taka málið á dagskrá og óþarfi að karpa meira um það.

[21:45]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að taka frv. á dagskrá, einfaldlega vegna þess að ef málið er lesið og ef það er tekið bókstaflega er það svo að hér stendur að sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu eigi að tilnefna samtals tólf fulltrúa.

Sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu eru 42, hvorki fleiri né færri. Hvað með öll hin sveitarfélögin? Telja menn svo að réttlætinu sé fullnægt ef Reykjavík fær tvo fulltrúa,

Reykjanes einn og Vestfirðir einn? Hvað með Akureyri? Hvað með önnur sveitarfélög sem liggja þar fyrir utan? Eiga þau enga fulltrúa að hafa?

Menn hafa spurt hér: Hvernig eiga þessi 42 sveitarfélög að skipa þessa tólf? Þá hafa menn sagt hér, bæði hv. þm. Jón Kristjánsson og sömuleiðis hæstv. ráðherra, að það eigi héraðsnefndir að gera. En hvaða stöðu hafa héraðsnefndir í því frv. til sveitarstjórnarlaga sem liggur fyrir? Hún er mjög veik. Hún er nánast engin. Nafnið kemur fyrir einu sinni í upptalningu. Er þetta sú stjórnsýsla sem menn vilja hafa hér?

Það er óhjákvæmilegt að þetta mál komi á dagskrá til þess að hægt verði að ræða það hvernig eða í hvaða búningi það mun a.m.k. koma þá til þingsins í haust. Best væri, herra forseti, að bæði málin væru rædd saman og þau væru síðan tekin og skoðuð betur í sumar og það væri samræmt hvernig menn vildu sjá þessa hluti vegna þess að eins og þetta er núna gengur það frv. sem umhvrh. leggur fram til breytinga á skipulags- og byggingarlögum ekki upp, það er a.m.k. óskiljanlegt miðað við það hvernig menn tala hér. Ef menn ætla að nýta héraðsnefndirnar til þess arna gengur það ekki upp gagnvart því frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur fyrir.

Það er því óhjákvæmilegt, herra forseti, að þetta mál, frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum, verði tekið á dagskrá, það verði skýrt nákvæmlega fyrir þingheimi hvað menn voru að hugsa þegar þeir sömdu þetta frv. og hvort það er rétt sem hér er hjalað að það eigi eftir að gera einhverjar breytingar á þessu frv., að það eigi alls ekki að líta út eins og það lítur út núna þegar það kemur inn í þingið í haust. Þetta gengur ekki upp, herra forseti, ekki eins og þetta liggur nú fyrir.

[21:48]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill taka fram að hann tekur enga efnislega afstöðu til þess hvort margrætt og margnefnt frv. eigi erindi inn í þingið fyrr eða síðar. Hann vill þó geta þess að samkvæmt þingsköpum er forseta að ákveða dagskrá hvers fundar. Það er einnig venja í þinginu að leggi hæstv. ráðherra eða einstakir þingmenn fram frumvarp sem þeir óska ekki sérstaklega eftir að verði tekin á dagskrá heldur eingöngu verði dreift til kynningar er yfirleitt orðið við því.

Forseti vill hins vegar árétta að í sömu tilnefndu grein, 63. gr. þingskapa, má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins. Það segir með öðrum orðum að hverjum einum hv. þm. er frjálst að bera upp tillögu um dagskrárefni næsta fundar. Forseti vill vekja athygli hv. þm. á þessu atriði.

[21:49]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að Sjálfstfl. hefur gaman af því að tæta fjaðrirnar af Framsfl. En mætti ég minna hv. þm. Árna M. Mathiesen á að hann er ekki orðinn umhvrh. enn þá. Er það ekki fullmikil óskhyggja hjá þessum unga þingmanni að koma hingað og tala eins og hann sé orðinn umhvrh. og segja að hæstv. umhvrh. hyggist ekki leggja þetta fyrir. Ég minni hv. þm. á að hann er hvorki í Framsfl. né í stóli umhvrh. Hann á að láta sér nægja að tala fyrir flokk sinn en ekki aðra.

Herra forseti. Það sem hefur komið fram í umræðunni er eftirfarandi: Hér liggur fyrir frv. frá hæstv. umhvrh. sem er orðið að gundvelli þessarar umræðu. Af hverju? Vegna þess að í því frv. felst málamiðlun sem hluti stjórnarandstöðunnar á þátt í. Það er grundvöllur málamiðlunarinnar. Það er frumvarpið sem menn hafa verið að ræða og ekki síður þingmenn stjórnarinnar en stjórnarandstöðunnar.

Síðan gerist það að hv. þm. Guðni Ágústsson kemur upp og ljóstrar því upp að hann hafi átt viðræður við hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. og hann segir það í ræðustól að þeir hafi lofað honum tilteknum breytingum. Nú er ekki hægt held ég, herra forseti, að halda umræðunni áfram án þess að við vitum hvað er í frv. sem felur í sér málamiðlun. Hæstv. félmrh. verður að koma hingað og staðfesta að hann hafi annaðhvort lofað þessu eða ekki. Auðvitað vildi ég gjarnan að hæstv. ráðherra gerði það ekki.

En hæstv. félmrh. þarf að gera fleira. Hann þarf að greina þingheimi frá því hvort hann hafi gert einhverja fleiri leynilega baksamninga við þingmenn Framsfl. til þess að reyna að lægja þær öldur sem hafa skapast þar og stýfa vængi þeirra sem vilja fljúga frá honum.

Herra forseti. Það er einfaldlega ekki sanngjarnt að við aðrir þingmenn, sem vitum ekki hvað fer fram í skúmaskotum stjórnarliðsins og Framsfl., fáum ekki að vita hvað felst í þessu samkomulagi vegna þess að það virðist breytast frá einni klukkustund til annarrar. Það er ekki hægt að bjóða þingheimi upp á þetta.

Þess vegna held ég, herra forseti, að það sé algerlega nauðsynlegt að fá úr því skorið með einhverjum hætti frá hæstv. umhvrh., annaðhvort á fundi hans, forseta, og formanna þingflokka eða þá úr ræðustól, hvort hann hyggist skirrast við að leggja fram sitt eigið frv., sem hann hefur þó sjálfur lýst að sé grundvöllur þeirrar sáttargjörðar sem hann var sjálfur að lýsa í gær. Annað er ekki hægt að þola. Öðruvísi er ekki hægt fyrir okkur þingmenn að taka afstöðu til þessara mála sem við erum hér að ræða sem eru, eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði, á meðal helgustu mála þessarar þjóðar. Hér er verið að ræða grundvallarmál og það er ekki hægt að bjóða þingheimi upp á vinnubrögð baktjaldamakksins og skúmaskotanna sem Framsfl. er að bjóða okkur upp á núna.

[21:52]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að gert verði hlé á fundinum. Það verður að fara aðeins yfir málið og ræða það. Ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir yfirlýsingu hans um að hann telji að margumrætt frv. um skipulags- og byggingarmál eigi að koma á dagskrá. (**GÁ:** Ég sagði að ég ...) Þingmaðurinn sagðist styðja það og sagðist vilja það og hann er hluti af forsetadæminu og ég óska eftir því að hann verði, eins og aðrir forsetar sem eru hér í kvöld, kallaður til til að fjalla um málið.

Hæstv. starfandi forseti, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, benti á 1. mgr. 63. gr. þingskapa þar sem segir að fundur í þinginu geti ákveðið dagskrá næsta fundar. Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta og ég benti á þennan möguleika í gær. Þetta er hins vegar fordæmalaust. Ég hef farið yfir það með starfsmönnum þingsins hvernig þetta á helst að gera. Ég gæti út af fyrir sig flutt tillögu sem væri einhvern veginn á þessa leið: Legg til að umrætt frv. komi á dagskrá næsta fundar. Og látið þá tillögu koma til afgreiðslu og síðan réðu menn því hvaða afstöðu þeir hefðu í þeim efnum.

Ég ræddi þetta mál við hæstv. forseta Alþingis í dag. Hann fór beinlínis fram á að ekki yrði látið reyna á þingviljann í þessu máli í kvöld. Ég féllst á það. Hins vegar tel ég að í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í kvöld að óhjákvæmilegt sé að ræða það nú við hæstv. forseta hvenær megi láta reyna á þingviljann í þessu efni. Af þeim ástæðum, herra forseti, fer ég fram á að gert verði hlé á fundinum í kortér, tuttugu mínútur til að unnt sé að ræða um málið, hvenær verður látið reyna á þingviljann í þeim efnum til að kanna hvort málið kemst á dagskrá eða ekki.

Ég endurtek það sem við alþýðubandalagsmenn höfum sagt áður: Við leggjum mjög mikla áherslu á að málið komist á dagskrá, mjög mikla. Við teljum mjög mikilvægt að menn geti rætt þetta mál. Það sé mikilvægt að umhvn. fái að fjalla um málið. Við teljum að þetta mál sé hluti af málinu í heild eins og áður hefur komið fram. Það er ósanngjarnt gagnvart okkur að halda umræðunni áfram án þess að ganga úr skugga um það hver verða afdrif þessa umræddа frv.

Þess vegna endurtek ég, herra forseti, í ljósi jákvæðra ummæla hv. þm. Guðna Ágústssonar að ég óska eftir því að fundinum verði frestað og málið rætt hið fyrsta.

[21:55]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er rétt að það komi fram að gefnu tilefni að ég hef enga samninga verið að gera. Enga samninga verið að gera við þingmenn Framsfl. eða ráðherra Framsfl. um frv. til skipulags- og byggingarlaga eða breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Ég er heldur ekki umráðamaður skipulags- og byggingarlaga, það er hæstv. umhvrh.

En ég hef látið í ljósi þá skoðun mína að betur færi á að umorða upptalningu tilnefningaraðilanna vegna þess að mér finnst hún ekki vera nógu nákvæm. Ég tek mark á þeirri gagnrýni sem hefur komið fram í ræðustól í umræðunni, að eins og þetta er orðað í frv. má skilja það svo að verið sé að útiloka Flóamenn, Akureyringa og aðra fleiri. Ég tel að hugsunin í þessu frv. sé sú að hleypa landsmönnum eða fulltrúum landsmanna allra að málinu þannig að sem flest sjónarmið komi fram. Þannig að sú tortryggni sem komið hefur fram á að aðalskipulagstillögur hinna einstöku sveitarfélaga skarist — það sé verið að setja undir þann leka.

Nú stendur að vísu ekki til að afgreiða málið, þ.e. breytinguna á skipulags- og byggingarlögum, á þessu þingi. Stuðningur minn við málið byggist á því að virtur sé réttur til umsagna bæði sveitarfélaga og annarra þeirra aðila sem þurfa að koma að málinu og vilja koma. Það er orðið það áliðið þings að það vinnst ekki tími til að gera það fyrir þinglok nema þá við ætlum að vera hér alveg í sumar.

Að endingu þá finnst mér menn tala nokkuð gróflega. Stundum tala þeir um virðingu þingsins og fjölyrða mikið um það. En stundum vilja þeir reka mál í gegnum þingið án þess að þingið fái tækifæri til að líta á þau. Það er mjög fátítt að mál komi á dagskrá sem taka ekki einhverjum breytingum í þinginu og einmitt þess vegna höfum við löggjafarþing að menn geti skoðað málin og breytt þeim. Ég held a.m.k. að allflest þeirra frv. sem ég hef borið fram í þessu þingi, og ég er búinn að vera hér í nokkuð mörg ár, hafi tekið einhverjum breytingum í meðförum þingsins.

Þar að auki vil ég minna á að það er annað mál, það eru sveitarstjórnarlög á dagskrá, herra forseti.

[21:58]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson)**:

Forseti hefur tekið þá ákvörðun að verða við þeirri ósk um að fundi verði frestað í tíu mínútur svo formenn þingflokka geti fundað með forseta.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 21:59]

## *Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.*

[22:26]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti hefur átt fund með formönnum þingflokka og varaforsetum og rætt um framhald fundarins. Forseti vill upplýsa að samkomulag er um að láta reyna á þingviljann á fundi í fyrramálið, um það hvort tekið verði á dagskrá næsta þingfundar þar á eftir frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum. Að öðru leyti verði haldið áfram umræðu um sveitarstjórnarlagafrv.

[22:26]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir þessa yfirlýsingu. Aðalatriðið í mínum huga er að það reyni á þingviljann í málinu og kannað hvort taka megi fyrir frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum. Ég tel að heppilegra sé að úrslitin í þeim efnum ráðist samkvæmt þingsköpum fremur en að makkað verði um málið í skúmaskotum eins og lýst hefur verið hér ítrekað af ræðumönnum Framsfl. í kvöld.

Ég tel að vísu að frammistaða stjórnarflokkanna í þessu máli sé hrakleg, til skammar og að komið sé aftan að fólki með þeim vinnubrögðum en ég ætla ekki að ræða það frekar hér. Ég uni því að menn muni leita þessara afbrigða í fyrramálið en það þýðir ekki að stjórnarandstæðingum verði bannað að ræða um efni þessa frv. í kvöld og í nótt ef þörf krefur.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276.

[22:27]

**Pétur H. Blöndal**:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hluta hv. félmn., ásamt hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, með fyrirvara. Fyrirvarinn var sá að við teljum rangt að skipta skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins upp á milli 42 sveitarfélaga sem í mörgum tilvikum ganga þvert á landslagsheildir, svo sem jökla, hraunbreiður, sanda og gróðurbelti. Að okkar mati væri réttara að miðhálendið, svæði innan línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna tækju þátt í ákvörðun um það skipulag.

Herra forseti. Ég og fjöldi annarra borgara í bæjum og sveitum, fólk sem ekki á land, hef haft áhyggjur af því sem gæti gerst á hálendinu hjá einstökum fámennum sveitarfélögum þegar þau fara að skipuleggja, m.a. aðgang að þessum svæðum, sem mörg hver eru geysistór. Auk þess er niðurstaðan af bráðabirgðákvæðinu sem hér er til umræðu sú að

skipulagið yrði ákaflega sundurlaust þegar svo margir koma að því. Hver á að ráða sínu. Það má ekki skilja það þannig að ég vantreysti sveitarstjórnum almennt en hjá einstökum, fámennum sveitahreppum, geta komið upp sjónarmið, þvert á sjónarmið stórs hluta landsmanna. Einhverjir gætu t.d. verið þeirrar skoðunar að blessaðar kindurnar eigi að fá að bíta í friði fyrir ferðamönnum og þar með eigi að banna aðgang að stórum svæðum í því skyni.

Í þessu felst ekki almennt vantraust á sveitarstjórnir í landinu, langt því frá. Þetta er yfirleitt besta fólk og gætir örugglega hagsmuna allra þeirra sem vilja komast inn á það svæði sem þær eiga að skipuleggja en það sem ég óttast er að í einstöku hreppum kunni að koma upp sjónarmið sem eru andstæð.

Á það hefur verið bent að þessir aðilar og landsbyggðin öll hafi t.d. ekki áhrif á skipulag Reykjavíkur, hvernig aðkoman að borginni er o.s.frv. og þeir una því að sjálfsögðu. Þetta vandamál og áhyggjur sem ég er að lýsa verð ég mjög mikið var við hjá kjósendum mínum ef þetta bráðabirgðaákvæði yrði að mestu óbreytt. Nú hefur komið fram frv. frá hæstv. umhvrh. sem breytir skoðun minni. Þar segir að skipuleggja eigi miðhálendið sem eina heild og þar með er búið að ryðja úr vegi því fyrsta áhyggjuefni sem ég hafði um sundurlaust skipulag. Síðan segir að það eigi að skipa samvinnunefnd sem í eru tilnefndir 12 fulltrúar frá sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu og síðan tilnefni Samband íslenskra sveitarfélaga fjóra fulltrúa og skuli tveir þeirra að eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum. Þar með er tryggt að sá fjöldi fólks sem býr á Reykjavíkursvæðinu hafi fulltrúa í þessari nefnd sem geta bent á veikleika sem hugsanlega felast í því skipulagi sem menn ætla að samþykkja. Þetta er töluvert stórt atriði.

Þessi samvinnunefnd á að fjalla um svæðisskipulag miðhálendis og hún á að gefa Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga. En það stendur meira. Þar stendur:

„Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins [sem þessi nefnd fjallar um], færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga ...“ Ef aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga er ekki í samræmi við svæðisskipulagið sem þessi nefnd hefur komist að niðurstöðu um þá getur hún mótmælt því og vísað í þessi lög, þ.e. ef þetta frv. verður að lögum. Að mínu mati er því hér með búið að ryðja úr vegi þeim áhyggjum sem ég og fjöldi annarra hafa haft um það að hálendið yrði skipulagt sem sundurlaust skipulag 40 sveitarfélaga og að fulltrúar stóru landlausu sveitarfélaganna, Reykjavíkur og Reykjaness, kæmu ekki að því skipulagi. Nú er tryggt að þeir komi að því. Hér með fell ég því frá þessum fyrirvara mínum.

En vandamál hálendisins er miklu meira en þetta og ég ætla að biðja þingmenn að hugsa 35 ár aftur í tímann. Þá kom kannski ein rúta á dag til Mývatns á sumrin. Núna eru þær 10 á dag og ef við hugsum 35 ár fram í tímann þá munu þær vera 100. Ég hef heyrt að nú komi 130 þús. ferðamenn til Mývatns á ári. Ef sá fjöldi er tífaldaður eftir 35 ár eru það 1,3 millj. ferðamanna sem koma til Mývatns. Þeir sem hafa verið í Þórsmörk um helgar upplifa að þar er hávaðamengun, sjónmengun og hreinlega mengun af útblæstri bíla þvílík um helgar að það er eins og maður sé staddur í miðborg Reykjavíkur. Hvernig verður þetta eftir 35 ár? Ég hef ekki heyrt neinn benda á lausn á því hvernig við ætlum að ráða við þann stóraukna ferðamannastraum sem kemur að okkur og er að koma að okkur og hvernig þetta lítur út eftir 35, 40 eða 50 ár. Þá segir mér svo hugur að það þurfi að takmarka aðgang að hálendinu allverulega, að það verði nauðsyn til þess og jafnvel að dregið verði um það hverjir megi fara um hálendið ef menn ætla ekki að láta borga fyrir það þannig að bara þeir ríku geti farið inn á hálendið. Þetta er vandamál því að hálendið ber ekki nema mjög takmarkaðan fjölda fólks.

Herra forseti. Frv. sem við ræðum, og lítið hefur verið rætt um sjálft, er mjög veigamikið frv. að öðru leyti. Það fjallar um ýmis smærri mál að mínu mati, frjálslegri nafnagift, byggðarmerki og ekki er lengur litið á sveitarfélög eftir mismunandi stærð. En, herra forseti, megininntak frv. er mjög aukinn agi á fjármálum sveitarfélaga og ég fagna því. Mjög mikill agi er settur á fjármál sveitarfélaga.

Undanfarin ár hefur verið mikil skuldaaukning hjá sveitarfélögunum sem hefur reyndar hægt á síðustu árin og þarna er verið að skuldsetja börnin okkar, nákvæmlega eins og ríkissjóður hefur gert líka, sem er líka farið að hægja á. Núna er gert ráð fyrir að gerðar verði miklu meiri kröfur um að sveitarfélögin stofni ekki til skulda og að heildarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum. Það má m.a.s. lesa út úr frv. að bannað sé að auka skuldir sveitarfélaganna. Í því skyni er sett á laggirnar eftirlitsnefnd sem hefur að mínu mati allt að því of sterk völd. Hún á að láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélaga ef henni sýnist staða þeirra vera slæm og henni er heimilt að grípa til aðgerða ef sveitarfélögin sinna ekki viðvörun hennar. Hún á að starfa samkvæmt reglum sem ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem mun hugsanlega borga brúsann ef sveitarfélögunum gengur illa því að hér stendur að Lánasjóður íslenskra sveitarfélaga eigi að veita styrki eða lán til sveitarfélaga til að rétta þau af þannig að Samtök sveitarfélaga munu að sjálfsögðu hafa mjög strangar reglur um það hvernig sveitarfélögin skuli rekin og fylgist með því að þessar reglur séu haldnar. Þetta er mjög til bóta að mínu mati en það kann að vera að valdsvið eftirlitsnefndarinnar sé of sterkt og hún taki í raun fjárráðin af sveitarfélögunum.

Það sem mér finnst standa upp úr, herra forseti, í þessu frv. er mjög mikill aukinn agi á fjármálum sveitarfélaga og að mínu mati er það eitt megininntak þessa frv. og ég er mjög ánægður með þá niðurstöðu.

[22:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má sjá það á þessum hv. þm. þegar hann talar af sannfæringu og hvenær hann gerir það ekki. Ég verð að segja það, herra forseti, að þegar hann ræddi um hvers vegna hann félli frá fyrirvara sínum við frv. þá geislaði það af hv. þm. að það var eitthvert aumasta yfirklór sem nokkru sinni hefur heyrst í þessari umræðu. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Hv. þm. talaði um að nauðsynlegt væri að Reykvíkingar, kjósendur hans, gætu haft áhrif á miðhálendið og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Hann talaði fjálglega um að margir kjósendur hans hefðu viðrað þessar áhyggjur sínar við hann. Hver er niðurstaðan sem veldur því að hv. þm. telur sig þess umkominn að bregðast trausti þessara kjósenda með því að falla frá þeim skoðunum sem hann hafði þegar hann setti fyrirvarann við það? Jú, af 16 fulltrúum fá Reykvíkingar tvo. (**Gripið fram í:** Af 18.) Af 18 fulltrúum fá íbúar í Reykjanesi og Reykjavík þrjá.

Herra forseti. Hvernig mundi þessum sjálfskipaða gæslumanni fjárhags skattborgaranna líða ef þeir sem færu með 67% af eignarhaldi á Íslandsbanka til að mynda færu einungis

með $^{3}/_{18}$ eða $^{1}/_{6}$ af atkvæðavægi á aðalfundi bankans? Hann myndi auðvitað verða viti sínu fjær og ég held að kjósendur þessa hv. þm. hafi fullan rétt á að verða viti sínu fjær á því hvernig hann svíkur það sem hann sjálfur hefur sagt að hafi verið þau viðhorf sem lágu til grundvallar fyrirvara hans. Ég get út af fyrir sig ekki haft nein áhrif á skoðun þessa hv. þm. En drottinn minn dýri, þau rök sem hann sjálfur færði fyrir fyrirvara sínum við málið. Að halda því fram að þau falli við það eitt að þéttbýlið fái þrjá fulltrúa af 18, það er ótrúlegt að heyra þennan málflutning, herra forseti. Margt fleira í röksemdafærslu hv. þm. má fetta verulega fingur út í en ég ætla að leyfa mér að bíða með, annaðhvort til ræðu minnar síðar í nótt eða til seinna andsvars míns.

[22:40]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ágætt að hv. þm. geti séð hvenær ég tala af sannfæringu og hvenær ekki, geti lesið hug minn að því leyti. En í þessu máli hef ég fulla sannfæringu fyrir því sem ég sagði. Það er nefnilega munur á eignarhaldi og því að mega skipuleggja hlutina. Eftir því sem ég best veit liggur fyrir Alþingi frv. um þjóðlendur þar sem eignarhaldið er sett yfir á ríkið. Ég er reyndar ekkert voðalega hrifinn af því en ég sé bara ekki aðra lausn. En ég vil benda á að af þeim 18 mönnum sem skipa nefndina kemur einn frá félmrh., einn frá umhvrh. og svo koma 12 frá þeim hreppum eða sveitarfélögum sem eiga aðgang að miðhálendinu. Ég treysti því fólki sem heild, það er ekki spurning, til þess að skipuleggja svæði sitt nákvæmlega eins og það treystir Reykjavík til að skipuleggja svæði sem fellur innan Reykjavíkur. Ég ber ekki það vantraust til þessara sveitarstjórna almennt að þær muni ganga yfir hagsmuni þéttbýlisins. Það sem ég óttaðist var að einstaka sveitarfélag með jafnvel mjög fáum íbúum hefðu einhver önnur sjónarmið en ég treysti því að þegar svona margir aðilar koma að málinu muni þeir hafa þau sjónarmið að allir landsmenn muni fá aðgang að hálendinu, nákvæmlega eins og allir landsmenn hafa aðgang að bæjarsvæði Reykjavíkur.

[22:42]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni fyrr í kvöld að með því að Reykvíkingar hefðu fulltrúa í samvinnunefndinni væri tryggt að viðhorf þeirra kæmu að vinnunni. Það er einfaldlega ekki fullnægjandi fyrir mig og það er ekki heldur fullnægjandi fyrir kjósendur þessa hv. þm. Það er ekki nóg að viðhorf okkar komist inn á einhvern fund í nefndinni. Það kemur að því að ólíkir hagsmunir takast á og það þarf að skera með einhverjum hætti úr þeirri deilu. Hvernig er það gert? Það er gert lýðræðislega, með atkvæðagreiðslu, og þá sættir þessi hv. þm. sig við það að kjósendur hans hafa tvo af 18. Það er einfaldlega ekki fullnægjandi.

Hv. þm. opinberaði skilningsleysi sitt á eðli málsins sem við erum að ræða með því að nota það sem einhver rök að landsbyggðin hafi ekki möguleika til að hafa áhrif á skipulag Reykjavíkurborgar. Ja, heyr á endemi! Þar er um gjörsamlega ósambærilegt mál um að ræða, herra forseti. Við erum að tala um náttúruperlur, dýrustu gersemar íslensku náttúrunnar sem er að finna á miðhálendinu. Það er bara eitthvað allt annað en malbikið á Miklubrautinni. Ef hv. þm. skilur það ekki, þá finnst mér að hann ætti ekki að tala mikið í þessari umræðu. Ég verð að segja það, herra forseti. Síðan opinberar hv. þm. skilningsleysi sitt á eðli málsins með því að horfa fram í tímann og segja: Fyrir 35 árum var nánast einn rútubíll á einhverjum tilteknum tíma sem kom þarna inn eftir. Nú er þarna veruleg umferð og hann spyr eðlilega: Hvað eftir önnur 35 ár? Þá spyr ég: Hver á t.d. að annast stjórnsýsluverkefni eins og löggæslu? Eru það þessir litlu hreppar sem hv. þm. ber svo mikið traust til? Ég ber traust til þeirra líka. Þau eru bara ekki fær um að valda því verkefni og við verðum að horfa fram í tímann. Það þarf á þessum tíma, að þessum tíma liðnum sem hv. þm. nefndi, að takast á við allt önnur og flóknari verkefni vegna miklu meiri ferðamennsku og straums manna, innlendra og útlendra, inn á miðhálendið. Hvernig ætlar hv. þm. þá að láta þessi litlu sveitarfélög takast á við verkefni eins og löggæsluna? Það er ekki hægt, herra forseti, og það er ekki síst þess vegna sem við erum að tala um að það þurfi að hafa miðhálendið undir einni stjórnsýslu.

[22:44]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gleymir því að eigandi landsins, eigandi þjóðlendnanna er ríkið og það eru aldeilis áhrif sem eigandinn hefur á hvernig svæði hans er skipulagt og hvernig það er nýtt. Svo vil ég auk þess benda á að innan Reykjavíkur eru náttúruperlur. Ég ætla að vona að þingmaðurinn hafi komið upp í Elliðaárdal, ég ætla að vona að hann hafi komið upp í Heiðmörk og ég ætla að vona að hann hafi komið upp í Öskjuhlíð. Ég bara mótmæli því að það séu engar náttúruperlur innan Reykjavíkur. (**ÖS:** Ég sagði það aldrei.) (**Gripið fram í:** Hvaða rugl er þetta?)

[22:44]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal skrifaði undir álit meiri hlutans með þeim fyrirvara að hann teldi rangt að skipta skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins upp á milli 42 sveitarfélaga. Réttara væri að miðhálendið væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í ákvörðunum um það skipulag. Þetta er í meginatriðum fyrirvari hv. þm.

Hann féll áðan frá fyrirvaranum. Hefur það breyst sem hann gerði fyrirvara um? Nei, það hefur ekki breyst. Lagt hefur verið fram frv. sem kveður á um það að sett verði á laggirnar samvinnunefnd sem sé umsagnaraðili um tillögur fyrri nefndar. Það er beinlínis kveðið á um að fyrri nefnd eigi að skila áliti og að staðfesta eigi það skipulag að fenginni umsögn þessarar nefndar. Aðalskipulag og deiliskipulag er áfram í höndum hinna 42 sveitarfélaga. Ekki er verið að tala um að allt miðhálendið verði ein skipulagsleg heild eins og þingmaðurinn ræddi um. Það að Reykvíkingar, 110 þúsund, fái einn fulltrúa í 18 manna nefnd segir sig alveg sjálft að hann er ekki að gæta hagsmuna kjósenda sinna.

Herra forseti. Vitaskuld má hv. þingmaðurinn falla frá fyrirvara sínum en þá á hann að segja að hann hafi breytt um skoðun. Frv. umhvrh. svarar ekki til þeirra krafna sem hann gerði fyrirvara um. Málið er ekki flóknara en það. Ef svo hefði verið þá væri þetta allt saman eðlilegt. En það er ekki eðlilegur málflutningur að koma hér og skrifa undir meirihlutaálitið með mjög ströngum skilyrðum, nákvæmlega eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði — og reyndar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, og síðan kemur fram frv. sem uppfyllir ekki kröfur þeirra um fyrirvara. Það er augljóst eins og það frv. er sett upp að það mætir ekki fyrirvaranum. Þá eiga menn að hafa manndóm í sér til þess að viðurkenna að þeir hafi skipt um skoðun.

[22:47]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með í höndunum brtt. á þskj. 1276 frá minni hluta félmn., Rannveigu Guðmundsdóttur, og hún talar yfirleitt um sig sem fulltrúa jafnaðarmanna. Þar er gert ráð fyrir skipun nefndar en ekki er gert ráð fyrir því að Reykvíkingar eigi neinn fulltrúa í þeirri nefnd, ekki einn einasta. Það er ekkert tryggt. Ég tel því að það sé miklu betra sem hér er lagt til.

Auk þess stendur í grg. með frv. frá hæstv. umhvrh. sem hér hefur margoft verið rætt:

„Lagt er til að hin nýja samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins taki til starfa 1. janúar 1999 en þá hefur sú nefnd sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993 lokið störfum."

Hún lýkur störfum.

Síðan segir í því lagafrv. sem við erum að ræða um:

„Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið."

Þannig metur svæðisnefndin að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskipuleggja allt svæðisskipulag miðhálendisins.

Ég tel því að það sé fullkomlega tryggt með þessu að þeirra sjónarmiða sem ég kom fram með í fyrirvara. sé miklu betur gætt en í þeirri brtt. sem jafnaðarmenn hafa flutt.

[22:48]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. misskilur nokkuð málið. Tillaga okkar jafnaðarmanna er mjög einföld. Hún fjallar um að sett sé á laggirnar nefnd sem fari með stjórnsýsluna á miðhálendinu. Sú nefnd fer með öll skipulagsmál á miðhálendinu, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Í frv. hæstv. umhvrh. er gert ráð fyrir samvinnunefnd sem fjallar um afmarkaðan þátt skipulagsins, þ.e. svæðisskipulagsins. Aðalskipulag og deiliskipulag verður áfram í höndum sveitarfélaganna.

Síðan er gert ráð fyrir, og hv. þm. verður að lesa frv. aðeins betur, að gamla nefndin ljúki störfum og nýja nefndin sem á hugsanlega að kjósa sé umsagnaraðili um þetta frv. Ráðherrann getur staðfest fyrri hugmyndir sem hafa verið á lofti án þess að hlusta nokkuð á þennan eina fulltrúa Reykvíkinga sem er í þessari nefnd. Því að málið snýst náttúrlega líka um það að 40% landsmanna eru með innan við 10% þátttöku í nefndinni.

Það er allt annað upplegg í tillögu okkar jafnaðarmanna og í tillögu ríkisstjórnarinnar. En í fyrirvara hv. þm. segir að hann telji að allt miðhálendið eigi ávallt að vera skipulagt sem ein heild. Það er gert í tillögu okkar með því að stjórnsýslan er tekin undan sveitarfélögunum og falin sameiginlegri nefnd sem er skipuð tilteknum ráðuneytum og fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta er mismunurinn á upplegginu.

Menn verða að vera alveg klárir á muninum á svæðisskipulagi, deiliskipulagi og aðalskipulagi. Um þetta snýst málið, að í reynd þýðir þetta að allt skipulagsvald sé áfram að langmestu leyti í höndunum á litlu sveitarfélögunum og það erum við að gagnrýna. Það er ekki sanngjarnt að það sé með þeim hætti og ekki víst að þau geti uppfyllt þær kröfur sem verður að gera til slíkrar skipulagsvinnu.

[22:51]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ávallt leiðinlegt þegar menn tala niður til mín og segja mér að ég hafi ekki lesið frumvörp. Ég er búinn að lesa þetta frv. og ég tel mig meira að segja hafa skilið það. Þegar ég segi að þetta fullnægi þeim kröfum sem ég geri til lausnar málsins þá er það þannig að í frv. stendur að allt miðhálendið skuli svæðisskipulagt sem ein heild. Fyrsta krafan uppfyllt. Þetta verður ekki sundurlaust skipulag.

Í öðru lagi segir: „Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga ..." Þar með er málið leyst. Ég tel mig nefnilega hafa lesið þetta alveg fullkomlega, herra forseti.

Fyrirvarinn sem ég var með var sá að þess skyldi gætt að miðhálendið væri ávallt skipulagt sem ein heild, og það er gert hér með, bæði svæðisskipulag og að þær hugmyndir í svæðisskipulaginu skuli færðar inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga. Og hvað það varðar að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í þeirri ákvörðun er líka tryggt í þeim hugmyndum sem liggja hér til grundvallar.

Ég stend því við það að þetta fullnægi þeim kröfum sem ég gerði í fyrirvara mínum og þar með féll ég frá honum.

[22:52]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Ég tek það fram í byrjun máls míns að ég styð það frv. sem við ræðum, frv. til laga um sveitarstjórnarmál, í öllum aðalatriðum en við frv. sem slíkt og brtt. meiri hluta hv. félmn. geri ég athugasemdir í tveimur atriðum sem ég vil láta fram koma.

Það er í fyrsta lagi við brtt. meiri hluta félmn. við 7. gr. frv. þar sem segir: „Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna" o.s.frv. Um þetta verð ég að geta þess að í nokkrum tilvikum hér á landi, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem byggðin er þéttust, eru starfrækt fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag en eru rekin af einu sveitarfélagi. Þau fyrirtæki, þar sem um það er að ræða, eru hvergi í samkeppni við önnur þannig að aðhald eða val þeirra sem kaupa þjónustu eða vöru er ekki til og þeir hafa ekki um annað að velja. Í grg. fyrir tillögunni segir að líta þurfi sérstaklega til gjaldskrár í þessum tilvikum til að skapa vernd og tekjur af sölu þjónustu og vöru til þess að það dugi fyrir þeirri arðkröfu sem sveitarfélag setur sér að stefnu.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér sýnist að um þetta atriði geti átt við þær athugasemdir sem fram hafa komið í dómsmáli þar sem einn íbúi á þessu svæði bar upp þá skoðun sína að hann mundi ekki vera skyldugur til að greiða slíkt gjald sem væri í raun dulin skattlagning þess sveitarfélags sem rekur fyrirtækið sem veitir þjónustu í öðru sveitarfélagi og þessi maður býr í og hefur ekkert val um að kaupa þá þjónustu eða vöru af öðru fyrirtæki sem kynni hugsanlega að bjóða betri kjör, betra verð eða meiri gæði.

Á annan hátt verð ég nú líka að viðurkenna um þetta, herra forseti, að fyrir hefur komið að arðgjafarkröfur sveitarstjórna í slíkum fyrirtækjum hafa verið hærri en tekjur umfram gjöld. Það eru að vísu mjög tímabundin tilvik.

Annað atriði sem ég geri athugasemd við, og verð að viðurkenna að ég get ekki tekið þátt í að afgreiða með þeim

hætti, er í 68. gr. frv. þar sem fjallað er um endurskoðun ársreikninga sveitarfélags. 2. mgr. þessarar greinar er með þeim hætti að sveitarfélagi eða sveitarstjórn sé þar með gert heimilt að fela endurskoðun starfsmönnum sínum. Sveitarfélag má sem sé samkvæmt þessu reka endurskoðunarstofnun á eigin vegum og fela þeirri stofnun að endurskoða alla reikninga sveitarfélagsins. Þetta tel ég að hljóti að vera algjört brot á þeim venjum og kröfum sem við gerum í dag um endurskoðun óháðra endurskoðenda sem eru ekki settir undir ákvarðanir og vald þeirra sem verða að taka við ábendingum þeirra um þessi fjárhagsmál.

Að öðru leyti, herra forseti, *viðurkenni ég fúslega* og tek undir að með þessu frv. koma fram betri og fyllri ákvæði en áður hafa verið í lögum um sveitarstjórnarmál sem varða fjárhagsmál þeirra og að því er veruleg framför.

Í annan stað tekur þetta frv. af óvissu sem hefur ríkt lengi og við höfum oft rætt í þingsölum, óvissu um rétt og skyldu til stjórnsýslu á landsvæðum utan byggða og utan eignarlanda og hér hefur ítrekað verið rætt um miðhálendi landsins vegna þessa. Þess ber að geta, herra forseti, að einmitt í þessari umræðu hefur verið vísað til þess að í fyrri umfjöllun þingsins um þessi mál hefur komið fram sú skoðun þingmanna úr fleiri en einum þingflokki að mikil þörf sé á því að ráða til lykta þeirri óvissu sem hefur ríkt um eignaryfirráð og lögsögu á þessum landsvæðum. Ég tel mikla framför að því að með þessu frv. og öðrum sem því fylgja um þjóðlendur og um eignarhald og nýtingarrétt á auðlindum í jörðu sé þetta mál leitt til lykta með þeim hætti að við höfum ekki lengur óljós ákvæði né óvissu um stjórnsýslu, um rétt og skyldur til ákvarðana. En með þeim er skyldan og rétturinn settur á herðar sveitarstjórna og ég hlýt að segja það eftir ummæli margra starfsfélaga minna í hv. Alþingi að ég er ósammála þeim mörgum um að treysta ekki né trúa kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnum víðs vegar um landið til þess að fara vel með hagsmuni og réttindi íbúa, hvort sem þeir eru búsettir innan marka þeirra sveitarfélaga eða ekki, rétt til aðgangs að hálendissvæðum eða rétt til annarra nytja af *þeim landgæðum sem þar er að finna*.

Ég tel, herra forseti, að við höfum engar ástæður til að ætla að þessir sveitarstjórnarmenn eða sveitarfélög muni fara miður með þá hagsmuni og ekki gæta réttmætra sjónarmiða um landvernd, um verndun óspilltrar náttúru utan byggðar og eignarlanda sem við erum öll sammála um að er takmörkuð og viðkvæm auðlind sem við viljum gæta sem best. Við hljótum að vekja á því athygli hvert við annað að eins og ástandið hefur verið fram að þessu, og ef við ekki ráðum þessum málum til lykta á þessu þingi, þá hlýtur það að varða eðlilega og nauðsynlega verndun þessarar takmörkuðu og viðkvæmu auðlindar ef enginn hefur rétt né skyldu til að fara með stjórnsýslu á þessum svæðum, enginn fer með þau atriði sem varða eignarumráð og við deilum enn, við hv. þingmenn og aðrir landsmenn, fyrir dómstólum eða á öðrum vettvangi um rétt og skyldu í þessu efni. Auðvitað getum við ekki með löggjöf komið í veg fyrir deilur eða ólík sjónarmið. En löggjöf skapar betri vettvang en áður, ef hún er vel samin, til þess að leysa úr slíkum ágreiningi.

Mér finnst skipta máli, herra forseti, að við veitum því athygli þó að samkvæmt ákvæðum gildandi laga um skipulags- og *byggingarmál hafi verið hafist handa* við að skipuleggja miðhálendið, í samvinnunefnd, að þar hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við þær hugmyndir um skipulag og þær fá allar meðferð, þó svo að þær komi frá einstaklingum, samtökum og fyrirtækjum sem hafa hvorki búsetu né aðsetur innan þeirra sveitarfélaga sem eiga nú land eða lögsögu að miðhálendinu. Þeim er ekki hrundið frá á þeim forsendum að sá sem gerir athugasemdina hafi ekki búsetu og þess vegna ekki rétt til að gera athugasemd eða láta í ljós sjónarmið sín. Það segir mér, herra forseti, að núgildandi ákvæði laga um skipulags- og byggingarmál *eru fullfær um að tryggja rétt* þessara einstaklinga, samtaka og fyrirtækja og að sjónarmið þeirra verði heyrð. Þau verða tekin til grundvallar á málefnalegum forsendum en ekki hrundið á einhverjum forsendum um búsetu eða fjarlægð. Ég tel einfaldlega, herra forseti, að við munum ekki bæta það ástand með þeim hugmyndum sem hér hafa verið kynntar um nýjar samvinnunefndir eða samstarfsnefndir.

[23:01]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hv. þm. þannig að hann styddi það frv. sem hér liggur fyrir. Hann gerði nokkur önnur atriði að umtalsefni en hér hefur aðallega verið deilt um. Ég skildi hann svo, hann leiðréttir mig þá, að hann styðji jafnframt það frv. sem ekki er til umræðu, þ.e hugmyndir sem koma fram í frv. umhvrh. um samvinnunefnd. Ég spyr hv. þm. að því, þingmann Reyknesinga, hvort honum finnist vera sanngjarnt að 73 þús. íbúar í Reykjanesskjördæmi fái einn fulltrúa. Sem sé u.þ.b. 30% þjóðarinnar fær um 5% af fulltrúum í samvinnunefnd sem hefur einungis umsagnarrétt gagnvart fyrri tillögum því í þessu frv. segir að nefndinni, þeirri sem á að skipa með þessum eina fulltrúa Reyknesinga, sé „ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana".

Herra forseti. Þetta er orðrétt upp úr frv. umhvrh. og segir alla söguna. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji að sjónarmiðum Reyknesinga og *þéttbýlisbúa varðandi skipulag* miðhálendisins sé fullnægt, þ.e. svæðisskipulag þess og þá framhaldsvinnu sem er ekki neitt á verksviði þeirra sem varðar aðalskipulag eða deiliskipulag. Telur hann að komið sé nægjanlega til móts við það með þessu uppleggi eins og gengið er frá því hér í þeim tveimur frv. sem rætt hefur verið um?

[23:03]

**Árni R. Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur skilið afstöðu mína rétt gagnvart frv. til sveitarstjórnarlaga sem er til umræðu. Hins vegar varðandi það frv. sem hæstv. umhvrh. kynnti og sagði að yrði ekki lagt fram á þessu þingi nema til kynningar lýsti ég því yfir að ég telji að þær hugmyndir muni í engu bæta það ástand sem fyrir er um þau mál. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og ég hygg að það hafi komið fram í máli mínu, að sú umfjöllun sem við höfum orðið vitni að hjá þeim sveitarfélögum sem eiga nú að fjalla um skipulagsmál á miðhálendinu hafi ekki verið þannig að sjónarmið annarra, þeirra sem búa annars staðar eða hafa aðsetur annars staðar, hafi verið fyrir borð borin af þeim sökum. Þeim sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri og þau fá greinilega umfjöllun eins og hver önnur. Hins vegar segi ég um þetta frv., herra forseti, þó að það sé ekki komið til umræðu hér, að ég tel að þær hugmyndir sem þar koma fram standist ekki þá kröfu sem við hljótum að gera til almennrar löggjafar, að réttindi *séu almenn en ekki sértæk*. Ef réttindi af þessu tagi ættu að vera almenn tel ég að fleiri en Vestfirðingar ættu að hafa rétt til að hafa eitthvað um þetta að segja, fleiri en íbúar á suðvesturhorninu, og ég tel að íbúar annars staðar en á

suðvesturhorninu ættu að fá rétt til þess að hafa umsögn um skipulag okkar sem hér búum á fólkvanginum í Bláfjöllum. Hann er utan eignarlanda, hann er utan byggðar. Hann er líkt og miðhálendið, hálendi eða svæði sem er ekki í byggð en er nýtt af ýmsum, ekki endilega þeim sem næstir búa. Ég tel það skipta miklu máli, herra forseti, þegar við fjöllum um slíkar hugmyndir að ákvæði um réttindi séu almenn og með þeim sé skapað jafnræði en ekki misvægi á milli manna.

[23:05]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta afskaplega athyglisvert sjónarmið hjá þingmanni Reyknesinga. Hann segir: Þetta er allt í lagi eins og það er núna, þ.e. gamla samvinnunefndin sem er skipuð fulltrúum sveitarfélaganna sem liggja að þessu, 12 manna nefndin. Hann biðst eiginlega undan því að fulltrúar Reyknesinga eða Reykvíkinga fái aðild að skipulagsmálum eins og reyndar er gert með mjög veikum hætti í frv. umhvrh. Hann segist treysta nefndinni að taka tillit til afstöðu eða sjónarmiða sem koma fram hjá þéttbýlisbúum. Ég er algjörlega ósammála mati hv. þm. Ég tel grundvallaratriði að fulltrúar þéttbýlisins komi að þessu máli, ekki vegna þess að ég vantreysti litlu sveitarfélögunum að gera þetta heldur er það eðlilegt. Það er eðlilegur ferill að miðhálendið, þessar sameignir þjóðarinnar, séu skipulagðar í sameiningu. Besta leiðin er að gera það eins og við leggjum til að allt þetta svæði og þess vegna ef á suðvesturhorninu væri um sambærileg svæði að ræða, að þau lúti einni stjórnsýslulegri stjórn. Þetta yrði sérstakt stjórnsýsluumdæmi með öllu sem því fylgir. Það væri langhreinlegast vegna þess að þá kæmu landsmenn allir að skipulagningu þessara mála. En ég furða mig á afstöðu þingmannsins að leggja ekki meira upp úr því að kjósendur hans fái eðlilegan samráðsgrundvöll og eðlilega umræðuaðkomu varðandi skipulagsmál á miðhálendinu. Mér finnst þetta vera fráleit yfirlýsing og ekki í þágu þess fólks sem hann situr á þingi fyrir að mínu mati.

[23:07]

**Árni R. Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að nýju vegna þess að það kemur fram í máli hv. viðmælanda míns að hann hefur fulla vantrú á þeim aðilum sem eru kosnir í öðrum sveitarfélögum en kjördæmi hans til að fjalla um skipulagsmál á þeim svæðum sem hér um ræðir. Ég hef trú á þeim. Þeim ber að starfa eftir sömu ákvæðum laga og reglna og þeim sveitarstjórnarmönnum sem starfa í Reykjaneskjördæmi og í Reykjavík. Ég tel að þeir verði að fullnægja nákvæmlega sömu ákvæðum og mælikvörðum gagnvart réttindum fólks og fyrirtækja eða annarra samtaka fólks til að hafa aðgang að opnum svæðum. Ég tek fram, herra forseti, að það fyrirbæri þekkist til að mynda í Reykjaneskjördæmi, kannski vissi hv. þm. það ekki, að sveitarfélög hafa með sér langtímasamvinnu um fleira en svæðisskipulag, sem sé um aðalskipulag. Það samstarf hefur gengið mjög vel og hefur verið við lýði um áratugi. Þar þekkist líka að menn hafa samstarf um svæðisskipulag og það hefur verið haft um áratuga skeið og ekki lagt niður á einhverjum tilteknum tíma eins og gert er ráð fyrir í sumum tillögum. Ég tel raunar að þau ákvæði sem eru í núgildandi lögum um skipulags- og byggingarmál gefi umhvrh. á hverjum tíma heimild til að setja á samvinnunefnd um skipulagsmál, svæðisskipulag eða annað til lengri tíma en menn hér hafa rætt um. Ég tel raunar að þegar um svæði af þessu tagi er að ræða þar sem þarf að huga að hagsmunum fólks sem býr annars staðar en í þeim sveitarfélögum sem eru næst þeim sé eðlilegra að tilgreina hagsmunina og þá sem standa fyrir þá en sveitarstjórnir annars staðar á landinu.

[23:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er orðið nokkuð áliðið kvölds og senn verður nóttin brostin á. Það kom fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar fyrr í kvöld að menn væru farnir að gerast nokkuð þreyttir og það kann að gilda um nokkra þingmenn. (**EKG:** Komið kvöld.) Ég held því, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson varpar inn í umræðuna að það sé orðið kvöldsett, að það sé kominn tími til að þingmenn fái einhverja yfirsýn yfir það hversu lengi hæstv. forseti hyggst halda umræðunni áfram. Það blasir við að fjöldi manna er á mælendaskrá og enn fleiri eiga eftir að koma á mælendaskrána og talsvert margir af þeim, er mér kunnugt um, sem hafa þegar talað munu telja knýjandi þörf eins og mál hafa skipast í kvöld og í dag á að ræða málið frekar því að það mál sem er undir er svo mikilvægt að það er brýnt að öll sjónarmið komi fram og málið sé brotið til mergjar og rætt út í hörgul. (**EKG:** Það hefur ekki verið gert enn þá.) Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson bendir á að að hans mati og þá væntanlega flokks hans hafi það ekki verið gert enn þá. Ég get svo sem tekið undir það en hvað sem því líður, herra forseti, finnst mér nauðsynlegt að menn velti því a.m.k. fyrir sér hvenær við eigum að láta nótt sem nemur. Enn hefur ekkert gengið af forsetastóli sem gefur neitt til kynna um það að hæstv. forseti telji að kominn sé tími til að láta þingheim vita hvað hann hyggst fyrir um framvindu þingsins. Hér hafa í kvöld komið fram mál sem hafa sett málið í enn frekara uppnám en áður. Það er ljóst að hingað hafa borist upplýsingar úr þingflokki Framsfl. sem benda til þess að verið sé að semja um mál á bak við tjöldin. Það frv. sem er grundvöllur sáttargjörðar milli a.m.k. hluta stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórnarinnar, og jafnvel talsvert stórs hluta stjórnarliðsins, hefur tekið breytingum, stakkaskiptum, það er erfitt að meta hvort það er til hins betra eða verra en það er ljóst að það hefur breyst mjög verulega.

Þingheimur hefur því ekki lengur fast land undir fótum í umræðunni. Hann veit ekki nákvæmlega um hvað þessi sátt á að vera sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að bjóða í ræðum sínum. Menn eru af vilja gerðir til að ná einhverju landi en menn verða að vita um hvað umræðan snýst. Því hefur verið haldið fram, herra forseti, aftur og aftur að það efni sem hefur verið aðalbitbein og undir í umræðunni sé ekki það efni sem verið er að ræða. Vel er hægt að færa rök að því en það er einfaldlega vegna þess að stjórnarliðið tók upp hjá sjálfu sér að kasta inn í umræðuna einhvers konar vísi að frv., þ.e. frv. hæstv. umhvrh. um breytingu á skipulagslögum, og það hefur sett málið í algjört uppnám og það veldur því, herra forseti, að ég sé ekki að nokkur von sé til að einhver endir á umræðunni sé í nánd og því tel ég að það sé nauðsynlegt og æskilegast væri að forseti og þingflokksformenn ræddu saman um hvernig væri hægt að semja um lok umræðunnar.

Ég vildi því inna hæstv. forseta eftir því hvort þess sé að vænta að eitthvað slíkt verði gert eða hvernig hann hyggist halda málinu áfram í kvöld.

[23:12]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti hyggst halda áfram umræðum um dagskrármálið og hefur þegar tilkynnt að á fundi í fyrramálið muni

þingfundur taka afstöðu til þess hvort frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögunum verður tekið á dagskrá. En forseta hefur heyrst að menn hafi alveg getað rætt það þótt það sé ekki komið formlega á dagskrá. En umræðunni um dagskrármálið, um sveitarstjórnarlög, verður haldið áfram.

[23:13]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þegar þessi mál voru rædd fyrr í kvöld kynnti hæstv. forseti þá fyrirætlun sína að reyna á þingmeirihluta eða reyna á í atkvæðagreiðslu hvort frv. umhvrh. kæmi á dagskrá í fyrramálið. Ég tel þessa ákvörðun hafa verið skynsamlega hjá hæstv. forseta og eins og allar ákvarðanir af forsetastóli virðum við þær. Ég tek hins vegar undir sjónarmið hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hvort í ljósi þess að hér fer fram atkvæðagreiðsla um mál sem er það nátengt þessu máli hvort ekki væri skynsamlegt að fara að huga að lokum umræðunnar. Menn geta þá greitt atkvæði í fyrramálið og hugsanlega eftir fundahöld og ákvörðun forseta ákveðið hvort menn ræði þá málin saman eða hvernig menn haldi áfram. Umræðan er orðin dálítið ruglingsleg vegna þess að menn ræða það mikið um mál sem er ekki komið á dagskrá.

Herra forseti. Það er augljóst að þessi mál þurfa að skýrast. Hæstv. forseti hefur sagt að hann ætli að halda umræðunni áfram og vitaskuld verður orðið við því og umræðan heldur áfram. Ég vil hins vegar beina því til hæstv. forseta þó svo umræðan haldi eitthvað áfram að hann íhugi orð okkar um málsmeðferð þannig að þótt umræðan haldi eitthvað áfram hugi menn samt sem áður að því hvort ekki væri skynsamlegt að bíða með frekari umræðu þar til málin hafa skýrst varðandi seinna málið. Eins og alltaf er það vitaskuld ákvörðun forseta sem við hlýðum en nauðsynlegt er þó að hafa samráð um það við formenn þingflokka eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að.

(**Forseti** (ÓE): Forseti metur stöðuna eftir því sem umræðunni vindur fram.)

[23:15]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég efast um að ég þurfi að minna forseta á að við hófum þingfund kl. 10.30 í morgun og höfum síðan verið að ræða þetta mál og vorum einnig að því í gær. En nú hefur komið fram í umræðunni í kvöld að hæstv. félmrh. hafi verið með ákveðna skoðun á breytingu á frv. hæstv. umhvrh. Hann hefur látið í ljós ákveðna skoðun í því máli, að það beri að breyta því. Hann hefur ekki upplýst hvar hann lét þá skoðun í ljós né við hverja og skoðun hans hefur auðvitað áhrif á alla umræðuna um þetta mál.

Ég tek undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni að ég teldi eðlilegt að áframhaldandi umræða um sveitarstjórnarmálið færi fram á morgun eftir að reynt hafi á það hvort frv. umhvrh. komi til umfjöllunar og þá verði þessi tvö mál rædd saman.

Ýmsar spurningar vakna um frv. umhvrh. sem við þurfum að fá svar við. Við getum ekki haldið áfram að ræða fram undir morgun eða langt fram á nótt þetta frv. um sveitarstjórnarmálin meðan ýmsum spurningum, sem snúa að svo tengdu máli, eins og frv. umhvrh., er ekki svarað. Við þurfum að fá svör við þeim, bæði hjá hæstv. umhvrh. og einnig hjá hæstv. félmrh., sem hefur verið með aðdróttanir í þá veru að það eigi að breyta þessu frv. sem hefur verið lagt fram til kynningar og er grundvöllur fyrir skoðun þó nokkurra þingmanna í því máli sem við erum að ræða núna.

Ég tel því að það væru skynsamleg vinnubrögð, herra forseti, að láta umræðunni lokið í kvöld og taka síðan til við umræðuna í fyrramálið þegar komið hefur í ljós hvort frumvarp umhvrh. verður tekið á dagskrá og þá gætum við rætt þetta saman. Annars þurfum við jafnvel að endurtaka mál okkar á morgun því að það mörgum spurningum er ósvarað í þessu efni.

Ég hvet því hæstv. forseta til að beita þeim skynsamlegu vinnubrögðum, því að ég veit að hæstv. forseti er mjög skynsamur maður, að hann taki þessum ábendingum og hefji umræðuna í fyrramálið um bæði málin.

[23:18]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti þakkar háa einkunnargjöf en hyggst halda umræðunni áfram.

[23:18]

**Lúðvík Bergvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki setið lengi á þingi, hef ekki langa þingreynslu og þekki kannski ekki mikið til erlendra þjóðþinga og hvernig málum er fyrir komið þar. En mig langar að beina því til hæstv. forseta, sem er mjög þingreyndur maður sem hefur ferðast víða og kynnt sér hvernig málum er háttað í erlendum þjóðþingum, hvort algengt sé að mál séu þar rædd eftir miðnætti. Ég held að það væri mjög æskilegt að fá það fram, virðulegi forseti, hvort vinnutími þingmanna hér á landi sé miklum mun lengri en annars staðar. Ég held það væri mjög æskilegt að hæstv. forseti upplýsi um það og hvort það sé algengt að menn ræði jafnmikilvæg mál og hálendismálin eftir miðnætti og hvort fordæmi séu um það í erlendum þjóðþingum. Ég held að það væri mjög mikilvægt að það kæmi fram í umræðunni því að eins og fram hefur komið er orðið mjög kvöldsett og kannski orðið það framorðið að sumir hverjir eigi e.t.v. erfitt með að einbeita sér að því máli sem er til umræðu.

Því tel ég að það væri mjög æskilegt, virðulegi forseti, að það fari að koma skýrt fram af forsetastóli hversu lengi áfram við ætlum að ræða þetta mál í kvöld.

[23:19]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti verður að viðurkenna að hann þekkir ekki umræður um hálendismál í öðrum þjóðþingum (**EKG:** Helst í Danmörku.) en þykist hins vegar þekkja að í mörgum hverjum erlendum þjóðþingum hafa menn þrek til þess að vaka nokkuð fram eftir nóttu.

[23:20]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að ég bregðist ekki því óbilandi trausti sem hæstv. forseti hefur á þreki þingmanna og ef það er ósk hans að við verðum hér til að ræða eitthvað eilítið áfram þá get ég ekki skorast undan því enda hef ég sannkallaðan beyg af ægivaldi forseta þó milt sé jafnan.

Eigi að síður, herra forseti, er það sennilega vegna þess að ég er nokkuð tekinn að hníga að aldri, hef blóðsykurinn tiltölulega í lágri stöðu enda tekið að kvelda eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Ég náði því vafalaust ekki inntakinu í hinni fyrstu ræðu hæstv. forseta. Ég hafði spurt hann um það hvort eða hvernig hann hygðist láta þinghaldinu vinda fram. Ég hjó eftir því að hann sagði að hann ætlaði að halda áfram umræðum um það dagskrármál sem liggur nú undir og ekki skal ég gera neinar athugasemdir við það að sinni. En með tilliti til þess hvernig menn skipuleggja tíma sinn vegna þess að það er ljóst að fram undan

er a.m.k. 25 klukkustunda umræða áður en þessu lýkur og miðað við það að þingflokkur Sjálfstfl. hefur ákveðið að kalla saman til þingflokksfundar kl. korter yfir tíu er þess þá að vænta að umræðu verði haldið áfram linnulaust þangað til?

[23:21]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti getur ekki svarað því með neinni vissu en fundurinn er klukkan tíu en ekki korter yfir tíu.

Ef hv. þm. hefur ekki þrek til þess að bíða þar til að honum kemur þá er spurning hvort forseti mætti fara þess á leit við þá sem eru á undan honum á mælendaskránni að þeir hleyptu honum fram fyrir. Forseti er tilbúinn að beita sér fyrir því. Er farið fram á það? (**EKG:** Með tilliti til aldurs þingmannsins?) Já, með tilliti til aldurs. (**Gripið fram í:** DV verður að koma út á morgun.)

[23:22]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Athugasemd mín verður frekar stutt. Ég er nefnilega heldur velviljaður þessu máli og bíð eftir því eingöngu að komast á mælendaskrá. En þannig háttar til að ég mun vera níundi maður á mælendaskrá héðan í frá og þar á meðal á eftir hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Þannig að þó að ég hefði viljað greiða götu hans með tilliti til blóðsykruástands og fleiri hluta og hleypa honum fram fyrir mig þá er það ekki hægt því hann er þar nú þegar.

Það sem ég ætlaði eingöngu að spyrja hæstv. forseta um er hvers megi vænta í mínu tilviki sem níunda manns á mælendaskrá, hvenær ég fái orðið. Mér þætti t.d. vænt um ef þau mál gætu skýrst eitthvað undir eða um lágnættið. Ég er ekkert að biðjast undan því að tala þó eitthvað sé komið fram á kvöld og jafnvel fram yfir lágnættið. Það er nú einu sinni einn merkilegasti tími sólarhringsins, lágnættið, og verða þá margar spaklegar hugsanir og ýmsilegt fleira gott til (**EKG:** Sérstaklega á vorin.) og sérstaklega á vorin.

Herra forseti. Það er réttmæt krafa held ég af hálfu okkar sem erum einna aftastir á skránni að áður en líður langt inn í nóttina verði einhverjar upplýsingar gefnar um hvers við eigum að vænta, hvort menn eiga að bíða langt fram eftir nóttu eða fram undir morgun eða hvort búast megi við því að gert verði hlé einhvern tíma þegar líður svona á.

[23:23]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti skilur vel þessar athugasemdir og hefur samúð með þeim sem aftastir eru á mælendaskránni. Við gætum e.t.v. metið stöðuna svona upp úr miðnættinu og séð hvað þeir sem næstir tala geta verið stuttorðir og gagnorðir. Forseta sýnist að nöfn þeirra bendi til þess að svo geti orðið.

[23:24]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég mun reyna samkvæmt beiðni og vilja hæstv. forseta að vera bæði stuttorð og gagnorð þó að það sé að sönnu erfitt þegar um er að ræða mál af því tagi sem hér er til umfjöllunar. En hér ræðum við fyrst og fremst frv. til sveitarstjórnarlaga, hið svokallaða tertusneiðafrumvarp, sem hefur að sönnu valdið mikilli ólgu í þjóðfélaginu vegna þess að fólk er víða uggandi um, miðað við það upplegg sem hér er, einkum og sér í lagi 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæði, að almannaréttur verði ekki virtur.

Herra forseti. Það gerðist síðan að þetta mál fékk, ef svo mætti segja, nýja vídd þegar umhvrh. kynnti nýtt frv. til skipulags- og byggingarlaga, sem satt best að segja ruglaði ýmsa í ríminu þannig að þeir sem héldu að þeir hefðu náð utan um málið misstu á því öll tök og hafa þess vegna þurft að tala öllu lengur en ella hefði verið. Ég vil því að það komi fram enn og aftur að ég styð að það frv. verði tekið formlega á dagskrá þingsins til að hæstv. umhvrh. fái að útskýra fyrir hv. þingheimi hvað felst í raun og veru í frv. hans.

Eins og ég gat um, herra forseti, er fyrst og fremst um að ræða frv. til sveitarstjórnarlaga. Þetta er frv. sem telur á annað hundrað greinar en það verður að segjast eins og er að einkum hefur verið rædd 1. gr. frv. og síðan bráðabirgðaákvæði þess. Einstaka fulltrúar úr hv. félmn. hafa reynt að koma að umfjöllun um það sem má teljast gott í fleiri greinum frv. en hefur ekki orðið mikið ágengt við að koma þeim á framfæri.

Það er að sönnu dálítið merkilegt að hér skuli fyrst vera rætt um þessar tvær greinar. Vissulega eru þær mikilvægar og þar er verið að fjalla um einhver stærstu mál nútímans. Hins vegar eru líka í þessu frv. ákvæði sem ættu að vekja athygli eins og að árið 1998, þegar sveitarfélögin eru komin með þau viðamiklu verkefni sem þau þegar hafa og þegar fyrir liggur að þau muni fá enn fleiri viðamikil og mikilvæg verkefni, þyki eðlilegt að miða við það að sveitarfélag þurfi einungis að telja 50 manns. Mér þykir eiginlega furðulegt, herra forseti, að þetta ákvæði skuli ekki hafa vakið meiri athygli vegna þess að með þessu er að mínu mati verið að halda landsbyggðinni í ákveðnum kyrkingi. Hingað til hafa svokölluð byggðamál vakið meiri athygli á Alþingi en mér hefur fundist að þetta ákvæði a.m.k. fengi í dag og í gær. En það kann að breytast þegar menn skilja betur það sem liggur í sáttargjörð hæstv. umhvrh. og geta þá snúið sér að því af kappi að ræða frumvarpið til sveitarstjórnarlaga af nýjum og skarpari skilningi.

Nokkuð hefur verið rætt um hversu miklar áhyggjur fólkið í landinu hefur af þessu frv. og af því hvort almannaréttur yrði virtur. Ég vil gjarnan, herra forseti, í upphafi máls míns vitna í það erindi sem fleiri hafa vitnað í, erindi Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar sem hún flutti í Víðsjá á Rás 1 á mánudaginn var. Ég held að það sem þar kemur fram sé að mörgu leyti dæmigert fyrir þau viðhorf sem eru gagnvart málinu úti í þjóðfélaginu og mættu vera okkur sem hér erum fulltrúar almennings nokkur lærdómur. Rithöfundurinn lýsir landslaginu á eftirfarandi hátt, og nú vitna ég beint, með leyfi forseta:

„Landslagið á þessari stóru eyju er hrikalegt og einstakt og $^{1}/_{10}$ hluti hennar er þakinn jöklum. Þetta er virk eldfjallaeyja, enn í mótun, og þar er að finna mjög fjölbreytt jarðfræðileg fyrirbrigði og eldfjallamyndanir. Landið er aðeins byggt meðfram ströndum, hálendið, næstum helmingur landsins, er óbyggður. Þar eru öflug hitasvæði. Þar er þriðja stærsta jökulhvel veraldar. Á miðhálendinu eru stórbrotnustu gljúfur í Evrópu, stærsta heiðagæsavarp í heimi."

Þessu, herra forseti, stendur til að skipta með frv. til sveitarstjórnarlaga á milli 42 sveitarfélaga. Ég vitna áfram í rithöfundinn, með leyfi forseta, en hún segir í erindi sínu:

„Því eigum við heimtingu á að þingmenn taki á sig rögg og viðurkenni mistök, að þeir bretti upp ermar og segi: Hér er verk að vinna, nú tökum við okkur góðan tíma í að endurskoða allt sem hálendi varðar með þátttöku kjósenda okkar, hvaðan sem þeir koma, og færustu manna. Tertusneiðafrv. hefur mætt andstöðu almennings, fjölmennra félagasamtaka, ríkisstofnana og þess fagfólks sem gleggsta yfirsýn hefur um

hvað er raunverulega á ferðinni og hverjar afleiðingar geta orðið. Andstaðan er of mikil og víðtæk til þess að Alþingi geti hunsað hana."

Herra forseti. Þetta var sagt áður en umhvrh. kynnti frv. sitt og þá líka þær hugsanlegu breytingar sem menn hafa verið að ræða um í kvöld að væru komnar á kreik gagnvart því frv. Læt ég svo lokið lestri úr því ágæta erindi sem hér hefur borið nokkuð á góma, erindi Steinunnar Sigurðardóttur.

Eins og ég gat um áðan skiptist frv. í yfir 100 greinar. Í 1. gr. er tónninn sleginn varðandi hálendið því að þar segir að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög en ákvæði það sem er í gildandi sveitarstjórnarlögum eru þannig að byggðin skiptist í sveitarfélög. Þar er gengið út frá því að sveitarfélög séu samfélag fólks en snúist ekki fyrst og fremst um lönd. En ákvæði um að einungis byggðin í landinu og afréttir skiptist á sveitarfélög komu í rauninni fyrst fram beint fram í þeim lögum sem eru nú í gildi og ákvæðin voru áður á annan veg og í athugasemdum við einstakar greinar frv. er einmitt gerð grein fyrir þessu. Þar er fjallað nokkuð um hvernig þróun sveitarstjórnarlaga á Íslandi hefur verið en þar segir, með leyfi forseta:

„Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi var sett 4. maí 1872 og átti hún sér u.þ.b. 20 ára aðdraganda." — Menn voru ekki að flýta sér svo í þá daga eins og nú er heldur tóku menn 20 ár í þetta verk. — „Í 1. gr. tilskipunarinnar var svohljóðandi ákvæði: „Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amtsráði í hverju amti.""

Sveitarstjórnarlög voru sett 33 árum síðar og í 1. gr. þeirra laga sagði: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk." — Það var ekki verið að sveifla hlutunum til í þá daga. Og samhljóða ákvæði er í lögunum sem voru sett 1927.

En árið 1962 tóku gildi sveitarstjórnarlög og þar verður ákveðin breyting því í 1. gr. þeirra segir: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða." Engar sérstakar skýringar voru gefnar í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga á þessum orðalagsbreytingum, af hverju menn kjósa að orða þetta þannig að ríkið skiptist í sveitarfélög.

Núgildandi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, tóku að mestu gildi 1. jan. 1987. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna hljóðar svo: „Byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð." Í athugasemdum við 1. gr. sagði um upphafsorð ákvæðisins: „Af rökfræðilegum ástæðum telur nefndin rétt að sneiða hjá því orðalagi, að ríkið skiptist í sveitarfélög." Aðrar skýringar er ekki að finna í lögskýringargögnum varðandi framangreinda orðalagsbreytingu. Hins vegar er það svo að við þessi sveitarstjórnarlög var gefin út bók með lögunum ásamt skýringum og athugasemdum. Þar segir um 1. gr., með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. er lögð áhersla á að byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög. Í fyrri sveitarstjórnarlögum sagði að ríkið skiptist í sveitarfélög. Rökréttara þykir að orða ákvæðið eins og nú er gert og er með því jafnframt lögð áhersla á muninn á ríki annars vegar og sveitarfélög hins vegar. Hér er um hliðstæð stjórnvöld að ræða sem fara með mismunandi verkefni. Sveitarfélögin eru staðbundin, sveitarstjórnir fara með framkvæmd tiltekinna verkefna í afmörkuðum hluta byggðarinnar en ríkið fer með framkvæmd annarra verkefna og ná yfirráð þess og starfssvæði til byggðarinnar í heild til landsins alls, lofthelgi þess og landhelgi." Svo mörg voru þau orð um 1. gr. sveitarstjórnarlaga sem við búum við nú.

Ég átta mig ekki alveg á því og á því hafa hreint og klárlega ekki komið fram nægilegar skýringar hvaða nauðir rekur til þess að sveitarfélögin skuli nú þurfa að ná allt inn að miðju landsins, af hverju ekki nægir lengur að það sé einungis byggðin sem skiptist í sveitarfélög. Af hverju þarf að skipta öllu landinu í sveitarfélög miðað við það mynstur sem lagt er upp með þar? Það kemur reyndar fram einhvers staðar í þeim textum sem fyrir liggja að áður en samstarfsnefndin, sem hefur verið að skipuleggja hálendið, skili af sér þurfi að vera búið að ganga frá stjórnskipulagi hálendisins en það er hægt að gera með ýmsum öðrum hætti, herra forseti, en þeim að búa til þessar tertusneiðar úr landinu án þess að skipta Hofsjökli í sex ræmur svo dæmi sé tekið.

Fulltrúi jafnaðarmanna í félmn., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, hefur enda lagt fram brtt. við þetta ákvæði sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð utan miðhálendis Íslands sem verður sjálfstæð stjórnsýslueining sem lýtur sérstakri stjórn." — Hér kveður við annan tón en þó er sá tónn öllu líkari þeim lögum sem í gildi eru í dag, þ.e. gert er ráð fyrir að miðhálendið verði sjálfstæð stjórnsýslueining en sveitarfélögin verði staðbundin utan miðhálendis Íslands.

Síðan er að því vikið hvernig línur skuli dregnar, að miðhálendið markist af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, línu sem miðað var við í tillögum svæðisnefndar að skipulagi hálendisins frá 1997. En um þessa brtt. segir í nál. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn leggur til að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild sem lúti einni stjórn með þátttöku fulltrúa allra landsmanna. Að öðru leyti skiptist landið í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins verði fellt niður, en sett verði nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt verði frekar um mörk og fyrirkomulag hins sérstaka stjórnsýsluumdæmis, miðhálendis Íslands.

Í tillögu minni hlutans er lagt til að mörk miðhálendisins verði miðuð við línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Þetta eru mörkin sem náðist sátt um í umfjöllun nærliggjandi sveitarfélaga um tillögu að svæðisskipulagi ... Veigamesti þáttur stjórnsýslunnar eru skipulagsmálin sem kveða á um framtíðarmótun og hagnýtingu hins viðkvæma svæðis, friðun, stýringu ferðamanna, beitarafnot, landgræðslu og umferð manns og búfénaðar.

Mikilvægt er að gerð verði nú þegar atlaga að helstu vandamálum miðhálendisins því að mörg viðkvæm svæði liggja undir skemmdum vegna aukins ágangs manna og dýra. Beinast liggur við að hefja nauðsynlega forvinnu, svo sem víðtækar rannsóknir á miðhálendinu, sem síðan verður grundvöllur stefnu um landnýtingu, landnotkun, friðun og friðlýsingu og ferðamál. Að því loknu er hægt að ráðast í gerð landsskipulags sem nær til landsins alls þar sem mörkuð verður stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Þá fyrst er hægt að fara að skipuleggja einstök svæði."

Svo mörg voru þau orð í nál. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur vegna þeirra brtt. sem hún hefur kynnt og ég hef lesið ögn úr.

Ég mun ekki, herra forseti, ræða frekar um 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæðið að sinni. Ég mun koma að þeim síðar en vil ræða frv. að öðru leyti. Það má næstum segja að þetta frv. skiptist í þessa tvo hluta, annars vegar það sem lýtur að hálendinu og hins vegar það sem lýtur að þeim sveitarfélögum sem byggðin skiptist í í dag.

Þegar ég las þetta frv. fyrst yfir þá verð ég að segja eins og er að ég varð heldur vonsvikin. Einhverra hluta vegna hafði ég vænst þess að þegar sveitarstjórnarlög yrðu endurskoðuð tækju þau meira mið af þeim breytingum sem hafa orðið og eru að verða á samfélagi okkar. Ég hafði vonast eftir framsæknara frv. en þetta frv. staðfestir fyrst og fremst þann veruleika sem við búum við og er í sjálfu sér afskaplega lítil forsögn um það hvernig menn vilja sjá hlutina þróast til framtíðar. Í grg. frv. segir enda að mikil reynsla hafi fengist af framkvæmd sveitarstjórnarlaga og „þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur. Sú reynsla er fyrst og fremst fengin frá sveitarfélögunum og félagsmálaráðuneytinu." Það er sem sagt verið að sníða af annmarka og staðfesta ríkjandi ástand. Það þykir ekki sérstaklega metnaðarfull löggjöf en um það snýst þetta frv. einmitt, að sníða af annmarka og staðfesta ríkjandi ástand.

En eins og ég sagði hafði ég vænst þess að hér yrði kannski tekið frekara tillit til þess sem hefur verið að gerast í málefnum sveitarfélaganna á undanförnum árum, í rauninni á þeim árum sem lögin frá 1986 hafa gilt.

Við höfum horft á það, herra forseti, að verulegar breytingar hafa orðið á þeim verkefnum sem sveitarfélögin hafa haft með höndum á þessum tíma. Allnokkur breyting varð á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga árið 1989 og aftur varð mikil breyting þegar grunnskólinn fluttist yfir til sveitarfélaganna og sumir segja að það sé stærsta breyting sem orðið hefur á verkefnum sveitarfélaganna, jafnvel frá upphafi, enda er það svo að grunnskólinn er langstærsta verkefni flestra sveitarfélaga. Auk þessa hefur verið þróað ákveðið tilraunakerfi. Hér eru til fjölmörg reynslusveitarfélög sem eru að reyna ýmsa þætti stjórnsýslu. Við erum með reynslusveitarfélög sem eru að spreyta sig á því að reka heilsugæslustöðvar, sem eru að spreyta sig á málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra, skipulags- og byggingarmálum, menningarmálum og ýmsu fleiru. Ég held það sé rétt að líta svo á, herra forseti, að þau málefni sem komin eru út til reynslusveitarfélaganna muni færast yfir til sveitarfélaganna. Það verði ekki aftur horfið. Það muni verða litið svo á að þessi verkefni fari til allra sveitarfélaga með tíð og tíma. Með tilliti til þess hefði mér fundist að þetta frv. ætti að undirbúa þennan flutning, undirbúa þessar áframhaldandi breytingar með öðrum hætti en hér er gert. Í þessu frv. er nefnilega áfram gert ráð fyrir því að stærðarmörk sveitarfélaga geti verið 50 íbúar.

Ég held að okkur öllum sé ljóst að sveitarfélögin hafa ekkert bolmagn til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin með lögum, hvað þá að taka við þeim verkefnum sem við vitum að eru á döfinni á meðan stærðarmörkin eru 50 íbúar. Ég get ekki séð að nokkrum manni geti dottið í hug að 50 íbúa sveitarfélag geti sinnt öllum þeim verkefnum sem þau hafa nú eða eiga að takast á hendur. Ég hafði því vænst þess að með frv. yrði skapaður eðlilegri rammi um þessi verkefni og ef menn treysta sér ekki með sveitarfélagamörkin upp fyrir 50 íbúa þá reyndu menn a.m.k. að skapa eðlilegan ramma um samstarf sveitarfélaganna. En það er ekki gert heldur.

Í gildandi lögum eru sveitarfélögin skyldug til ákveðins samstarfs. Þegar lögin voru sett 1986 var héraðsnefndum ætlað að taka við verkefnum sýslunefnda, sem voru þar með úr sögunni, og sveitarfélögunum var skipað með lögum að taka þátt í því samstarfi, enda hafa héraðsnefndirnar orðið farvegur og vettvangur fyrir ýmiss konar samstarf, m.a. eru það fulltrúar þeirra sem hafa unnið að því skipulagi miðhálendisins sem hefur nú verið til umsagnar.

En með því frv. sem liggur fyrir er öll skylda til samstarfs tekin af sveitarfélögunum, það ákvæði er ekki að finna í þessu frv., auk þess sem héraðsnefndir hafa nú enga stöðu lengur. Þeirra er einungis getið einu sinni og það í upptalningu. En ég mun víkja frekar að stöðu héraðsnefndanna síðar í ræðu minni, herra forseti.

Það er merkileg stefna að setja stærðarmörkin við 50 íbúa, að koma sér hjá því að skapa eðlilegan ramma um samstarf sveitarfélaganna, en ætla samt að halda áfram að færa verkefni yfir til þessa stjórnsýslustigs. Öllum má vera ljóst að hvorki eru sveitarfélögin nógu öflug til að taka við verkefnunum, mörg hver, né heldur er með því frv. sem hér liggur fyrir skapaður eðlilegur rammi um samstarf þeirra. Þetta er stefna sem ég hef, herra forseti, kallað sveltistefnu, þ.e. sveitarfélögin eru neydd til að sameinast með því að færa þeim verkefni en stjórnvöld þora ekki að móta stefnu. Stjórnvöld hliðra sér við að móta stefnu í málefnum sveitarfélaganna en láta það ráðast. En það er þá líka látið ráðast hvort sveitarfélögin yfir höfuð vilja sameinast til að geta tekið við verkefnunum, og þá getur niðurstaðan einungis orðið ein: Íbúar hinna fámennu sveitarfélaga fá einfaldlega ekki þá þjónustu sem þeir eiga heimtingu og rétt á samkvæmt lögum og afleiðing þess er öllum kunn: Mikill flótti úr dreifbýli og yfir í þéttbýli og úr minna þéttbýli í stærra.

Þetta er stefna sem ég tel ekki ásættanlega og hélt satt að segja að fleiri væru mér sammála um að er óásættanleg. Ég verð hins vegar að álykta sem svo miðað við texta frv. að mönnum þyki þetta í góðu lagi.

En rétt til þess að menn átti sig á því hvernig þessum málum er háttað þá held ég, herra forseti, að gagnlegt væri að fara yfir það hvaða verkefni það eru sem sveitarfélögum eru falin með lögum í dag. Sveitarfélögum sem einungis þurfa að hafa 50 íbúa eru falin félagsmál, þar á meðal framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvistar fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar og varnir gegn slysum. Menn sjá strax þegar þeir heyra þessa upptalningu að sveitarfélag sem telur 50 íbúa ræður ekki við neitt af þessum verkefnum.

En þetta er ekki það eina. Sveitarfélögum eru samkvæmt gildandi lögum falin atvinnumál, þar á meðal atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun. Þessu er reyndar búið að breyta með lögum. En þeim eru falin menntamál, þar á meðal bygging og rekstur skóla, fullorðinsfræðsla og tónlistarfræðsla. Þeim eru falin húsnæðismál, þar á meðal bygging verkamannabústaða. En það mun líka vera að breytast og nú verður þeim fyrst og fremst falið að byggja leiguíbúðir og að gefa grænt ljós á að einhverjir íbúar geti fengið viðbótarlán og borgað síðan í sameiginlegan sjóð sem á að standa undir tapi, ef eitthvert verður, af öllu heila galleríinu.

En þessi sveitarfélög eiga líka að sjá um skipulags- og byggingarmál, þar á meðal gerð aðal- og svæðisskipulags, gerð deiliskipulags, framkvæmd byggingarlaga og bygging-

areftirlit. Við sjáum í hendi okkar hvernig það gengur fyrir sveitarfélag sem telur 50 íbúa. Þetta sveitarfélag á líka að sjá um almannavarnir og öryggismál, þar á meðal eldvarnir og eldvarnaeftirlit, staðbundnar almannavarnir. Það á að sjá um hreinlætismál, þar á meðal sorphreinsun og sorpeyðingu, holræsalagnir og skolpeyðingu, heilbrigðiseftirlit og meindýraeyðingu. Það á að sjá um heilsugæslu að einhverjum hluta. Það á að sjá um menningarmál, m.a. rekstur bókasafna, rekstur annarra safna, rekstur félagsheimila og stuðning við áhugamannafélög um listir og listsköpun. En eins og menn rekur minni til, og ég veit að hæstv. forseta rekur einnig minni til, kom það í ljós í könnun sem Félagsvísindastofnun lét gera að íbúar hinna dreifðu byggða horfa ekki hvað síst til þess hvernig menningarmálum og fjölbreytni í afþreyingu er háttað þegar þeir velta fyrir sér áframhaldandi búsetu þannig að hér er um mikilvægan málaflokk að ræða.

Það er ekki nóg með það heldur eru íþróttir og útivera einnig stór hluti af afþreyingu og það er einmitt verkefni sveitarfélaga að sinna byggingu og rekstri íþróttavalla, byggingu og rekstri íþróttahúsa, gerð aðstöðu fyrir vetraríþróttir og ýmsar aðrar greinar íþrótta, að reka fólkvanga og önnur útivistarsvæði.

Svo eru sveitarfélögunum falin landbúnaðarmál, þar á meðal umsjón með forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og fjallskilamál, bygging og viðhald mannvirkja, þar á meðal gatna, vega, torga, veitukerfa, hafna o.s.frv. Og að lokum, miðað við þann texta sem er í gildandi lögum, er þeim falið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

Það er einmitt þetta ákvæði, herra forseti, sem hefur verið notað til að réttlæta þátttöku sveitarfélaga á Íslandi í atvinnurekstri. En hún hefur verið mjög mikil víða á landinu þó að hún fari þverrandi. Það var svo til skamms tíma að víða um land voru sveitarfélögin aðilar að stærstu atvinnufyrirtækjum staðanna.

Það hafði líka í för með sér að sveitarfélögin tóku oft á sig miklar fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessara fyrirtækja. Það hefur svo sem líka komið fyrir, herra forseti, að sveitarfélögin hafi tekið á sig skuldbindingar vegna annarra fyrirtækja en þeirra sem eru í eigu sveitarfélagsins, að þau hafi veitt svokallaða einfalda ábyrgð vegna þeirra fyrirtækja og hefur þá e.t.v. verið vísað til greinarinnar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort. En svo hefur það líka gerst, því miður, að lánastofnanir, sem hafa ekki treyst sér til þess að vera ábyrgar í útlánastefnu sinni, hafa varpað ábyrgð yfir á þriðja aðila, þ.e. sveitarfélögin, og sett mönnum stólinn fyrir dyrnar, að þeir fengju ekki lán til þess að endurskipuleggja atvinnurekstur sinn eða fjárfesta nema sveitarfélagið ábyrgðist og það án tillits til þess hvort sveitarfélagið hafi verið eignaraðili eða ekki að viðkomandi atvinnufyrirtæki.

En þetta er sem betur fer eitt af því sem frv. gerir ráð fyrir að breytist og er að mínu mati löngu tímabært. Það er aldeilis fráleitt að lánastofnanir skuli geta þannig í raun nánast skyldað sveitarfélögin til þess að veðsetja framtíðarskatttekjur sínar sem þeim er ekki heimilt. En mönnum hefur verið stillt upp við vegg vegna þess að það hefur verið hlutverk sveitarfélaganna samkvæmt lögum að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort, eins og þar stendur.

Ég vildi láta þessa getið, herra forseti, þ.e. hversu víðfeðm verkefni sveitarfélaganna eru einmitt í samhengi við það að einungis skuli vera gerð krafa um að eitt sveitarfélag samanstandi af 50 manns. Þetta hefur orðið landslýð nokkuð ljóst að undanförnu vegna þess að við höfum fylgst með ákveðnum átökum í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur þar sem menn hafa verið að reyna að koma í veg fyrir það að sveitarfélög væru sameinuð með ýmsum kúnstum, að því er virðist, til þess að viðhalda íbúatölunni yfir 50. En ég held að öllum sé ljóst sem vilja horfa raunsætt á þessi mál að ef sveitarfélag á að vera burðugt og á að geta tekið við þeim verkefnum sem verið er að flytja yfir til þeirra — og bara að valda þeim verkefnum sem þau hafa þegar í dag — þá þyrfti umhverfið að vera gjörólíkt, bæði þyrftu sveitarfélögin að vera fjölmennari og það þyrfti að vera annars konar samstarfsvettvangur fyrir þau en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Menn geta auðvitað bent á að í frv. er ekki bara talið upp að þau geti falið héraðsnefndum tiltekin verkefni og síðan er ekkert frekar fjallað um héraðsnefndir. Það er líka sagt að sveitarfélögin geti myndað byggðasamlög, og um það eru fjórar greinar í frv., og það er líka fjallað um landshlutasamtök. En það er nú svo, herra forseti, að öll þessi samvinnuform eru ólýðræðisleg að því leytinu til að ekki er kosið til þeirra beint og í mörgum minni sveitarfélögunum vill það þróast þannig að sá sem sinnir þessum utanríkismálum sveitarfélaganna, sá sem situr í héraðsnefndinni eða sækir fundi landshlutasamtakanna eða situr í stjórn byggðasamlagsins, er gjarnan ráðinn sveitarstjóri — hann er ekki kjörinn fulltrúi — vegna þess að þeir eru alla jafna í hinum minni sveitarfélögum einungis í þessu sem algjörum hjáverkum. Eini aðilinn sem er í sveitarstjórnarmálunum af einhverjum þrótti er ráðinn embættismaður sem áður en varir er farinn að véla um ýmis mál sveitarfélagsins, jafnvel að binda fjárhag þess nokkur ár fram í tímann og stóran hluta fjárhagsáætlana á hverjum tíma, án þess að nokkur hafi í sjálfu sér kosið hann, en sveitarstjórnin hefur framselt valdið til hans.

Þannig býður það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, upp á ólýðræðislega stjórnarhætti. Menn geta svo sem sagt: Þeir eru jafnólýðræðislegir núna. Það er rétt. En við hefðum vænst þess að reynt yrði að þoka málum í þá átt að um lýðræðislegri ákvarðanir yrði að ræða, að sveitarfélögin þyrftu ekki að framselja jafnmikið af valdi og þau gera í dag með þeim samvinnumöguleikum sem eru í gildandi lögum og að þau yrðu burðugri til að taka sjálf á verkefnum sínum.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, voru það héraðsnefndirnar sem tóku við verkefnum gömlu sýslunefndanna. Þær skipuðu fulltrúana í samvinnunefndina um svæðisskipulag. Það hefur nokkuð verið rætt hér um frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og í ljósi þess er athyglisvert að það er ekki mikið gert úr héraðsnefndunum í frv. Mér sýnist þær einungis nefndar þar einu sinni af tillitssemi við þær héraðsnefndir sem þegar eru starfandi en þær eru sumar mjög öflugar og mikilvægur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna.

Það er athyglisvert að þegar spurt hefur verið út í frv. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, um þá sem sjá ættu um að tilnefna þessa tólf fulltrúa, af því menn hafa ekki alveg getað kyngt því að það væru einungis sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu, þá hefur verið sagt að það ættu að vera héraðsnefndir. Ef það hefur staðið til af hverju stendur þá í textanum: Sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu tilnefna samtals 12 fulltrúa? Af hverju stendur þá í greinargerðinni: Áfram starfi sérstök samvinnunefnd um

svæðisskipulag miðhálendisins og að í henni verði fulltrúar tilnefndir af sveitarfélögunum sem liggja að miðhálendinu? Bæði í texta frv. og í grg. er sérstaklega tekið fram að þetta skuli vera fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu. Hins vegar hefur, eins og ég gat um, skýringin verið sú að hér væri átt við héraðsnefndir. Þá hlýt ég að hafa a.m.k. tvær spurningar. Í fyrsta lagi: Af hverju stendur það ekki í frv. vegna þess að það gjörbreytir þessu máli? Og í öðru lagi: Af hverju er þá verið að minnka vægi héraðsnefndanna í frv. til sveitarstjórnarlaga? Af hverju halda þær ekki vægi sínu í frv. til sveitarstjórnarlaganna? Jafnvel ætti að auka vægi þeirra og gera þær lýðræðislegri.

Hér er eitthvað sem ekki rímar, herra forseti, og þyrfti svo sannarlega að fara yfir. Best þætti mér ef menn tækju sér góðan tíma, tækju sumarið í að sortera þetta þannig að engin hætta verði á því að við gerum mistök. En það er alveg ljóst að hér þurfa menn að skoða bæði málin. Það dugar ekki, eins og við heyrum Framsfl. tala um í kvöld, að skoða einungis frv. sem hér hefur verið lagt fram en ekki enn verið mælt fyrir, um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Menn verða líka að horfa til frv. til sveitarstjórnarlaganna svo að þetta rími. Það hefur lítið að segja að ætla héraðsnefndunum verkefni í byggingar- og skipulagslögum ef þær eru ekki lengur til í sveitarstjórnarlögum. Ég held því, herra forseti, nauðsynlegt sé að skoða þetta í samhengi.

Hins vegar er textinn á frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þannig að ég get ekki séð að hann sé sáttatillaga. Ef maður les hann samkvæmt orðanna hljóðan breytir hann ákaflega miklu. Megingagnrýnisefnið hefur verið að þessi 42 sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu muni fá sína sneiðina hvert inn að miðju landsins og síðan muni hagsmunir sveitarfélaganna ráðast nokkuð af áhugamálum þeirra sem þar fara með stjórn hverju sinni. Þessi 42 sveitarfélög eru mikill minni hluti sveitarfélaganna í landinu. Það er ekki aðeins þannig að í þeim búi minni hluti íbúanna heldur er þetta líka minni hluti sveitarfélaganna.

Ég hef það ekki alveg á takteinum hversu mörg sveitarfélögin eru í dag, og við komandi sveitarstjórnarkosningar mun þeim fækka enn, en a.m.k. fá þarna 42 sveitarfélög umtalsvert vald, miklu meira vald en menn virðast hafa áhuga á að veita þeim. Þótt hér sé gert ráð fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni til viðbótar fjóra fulltrúa og að tveir þeirra skuli eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, þá vil ég vekja athygli á því að stór landsvæði og fjölmenn liggja enn óbætt hjá garði ef þetta verður svona. Ef við tökum Eyjafjörð sem dæmi, eitt af þéttbýlustu svæðum landsins, mundi þetta leiða til þess að einungis Eyjafjarðarsveit, sem liggur að miðhálendinu, hefði eitthvað um það að segja en önnur sveitarfélög í Eyjafirði ekki neitt. Þar búa u.þ.b. 20 þús. manns sem hefðu þá engin áhrif á þetta svæði.

Að mínu mati er slíkt engan veginn fullnægjandi og því, herra forseti, er mikilvægt að þetta mál komist á dagskrá svo ráðherra geti sagt okkur hvað hann er að hugsa, ekki aðeins í frammíkalli eins og hann gerði í gær, heldur geti hann útskýrt fyrir okkur hvernig „sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu“ geti staðið fyrir „héraðsnefndir“. Hvernig ætlar hann að finna héraðsnefndunum stað í þeim lögum um sveitarstjórnir sem hér stendur til að setja? Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að tala um þetta frv., þó að það sé ekki á dagskrá, vegna þess að það skiptir miklu um framgang frv. til sveitarstjórnarlaga. Það virðist einfaldlega ráða afstöðu ýmissa hér til þess frv. og hvort það geti orðið að lögum.

Herra forseti. Ég hef verið sveitarstjórnarmaður, svona af og til, og finnst sveitarstjórnarstigið merkilegt stjórnsýslustig, sem það er, vegna þess að þar er fjallað um flest þau nærmálefni fólksins sem skipta það máli í daglegu lífi. Ég hef þess vegna viljað lyfta sveitarstjórnarstiginu og viljað að sveitarstjórnir hefðu sem flest verkefni. Mér finnst samt stundum að andinn, þegar verið er að fjalla um málefni sveitarstjórnanna, sé sá að menn beri meiri virðingu fyrir forminu en fólkinu. Hér er ég aftur að víkja að hámarksíbúafjöldanum og möguleikum ýmissa smærri sveitarfélaga til að mæta rétti þeirra íbúa sem þau byggja. Ég held við verðum að muna að þetta snýst um fólk. Ég geri mér reyndar ljóst að fyrir einhverjum hér snúast sveitarfélög um lönd. Ég vil meina að sveitarfélög snúist um fólk og þjónustu við það. Við eigum fyrst og fremst að leitast við að inna þessa þjónustu sæmilega af hendi áður en við gerum formið svo heilagt að við því megi ekki hrófla. Ég held að sú sveltistefna sem ég hef rætt um í kvöld, þ.e. að svæla sveitarfélögin saman eða íbúana í burtu, sé ekki farsæl. Hún hefur ekki verið það og mun ekki verða það á næstu árum meðan til stendur að færa sveitarfélögunum enn fleiri verkefni.

Ég vil, herra forseti, nefna nokkur atriði sem eru nýmæli og eru til bóta. Mér finnst það vera til bóta að ekki sé lengur skylda að nafn sveitarfélags endi á -bæ eða -byggð. Út úr því höfum við fengið afskaplega sérkennileg sveitarfélagaheiti sem menn hefðu víða gjarnan viljað vera án. Ég held að þær breytingar sem hv. félmn. leggur til á 4. gr. séu mjög til bóta. Sömuleiðis finnst mér sú breyting sem lögð er til á 7. gr. athyglisverð, þ.e. brtt. um arðgreiðslurnar. Ég átta mig ekki alveg á því hvort hún verður til bóta. Ég sé þetta þó ekki alveg fyrir mér og vildi gjarnan að hæstv. ráðherra kæmi hér á eftir og útskýrði fyrir okkur hver hugsunin er. Mér skilst að þessi brtt. sé ættuð úr félmrn. og komin inn í nefndina að hans vilja. Hvernig reiknar hann með því að þetta verði útfært, þ.e. að sveitarfélögin geti rekið þjónustustofnanir sínar, ekki aðeins þannig að gjaldskrá þeirra sé til þess að mæta kostnaði heldur að þau geti gert til þeirra arðsemiskröfur og fengið arðgreiðslur út úr þeim?

Það er rétt sem nefnt var hér fyrr í kvöld, ég held það hafi verið hv. þm. Árni Ragnar Árnason sem sagði að í mörgum tilfellum væri hér um að ræða einokunarfyrirtæki, þ.e. fólk á þess ekki kost á að versla við annan ef því ofbýður það verð sem upp er sett. Fróðlegt væri að heyra hvað ráðherra gerir ráð fyrir að sveitarfélögin geti gengið langt í þessum efnum. Ljóst er að þau eru mjög misjafnlega sett hvað þetta varðar. Sum eru í ágætri aðstöðu, eru með ódýrar og löngu afskrifaðar hitaveitur eða vatnsveitur, og geta því gert þó nokkra arðsemiskröfu án þess að verðið hækki upp fyrir það sem gengur og gerist á öðrum svæðum landsins. Einnig væri fróðlegt að heyra hvort ráðherra metur það þá svo að hér verði um skattlagningu að ræða. Sú skilgreining sem við höfum byggt á varðandi skattlagningu er að það sé skattlagning þegar gjaldið sem greitt er er ekki aðeins fyrir þjónustu heldur eitthvað umfram hana.

Vegna þess að stjórnarskráin kveður á um að ekki megi taka skatt eða leggja á skatt nema með lögum þá hlýtur að þurfa að reifa þessa brtt. sem hér er lögð til betur en gert hefur verið. Það hefur verið brýnt nokkuð fyrir sveitarfélögunum á undanförnum árum að þeim væri ekki heimilt að nota gjaldskrár sínar til þess að ná í tekjur. Gjaldskrár

þjónustufyrirtækjanna hafa einungis átt að vera, eins og segir í frv. sjálfu, til að mæta kostnaði.

Það er því nauðsynlegt að hæstv. félmrh. fari yfir þetta mál og segi okkur hver hugsunin er og hvernig hann sér framkvæmdina á þessari brtt. fyrir sér, verði hún samþykkt og verði frv. síðan að lögum. Ég vil spyrja forseta: Er hæstv. félmrh. í húsinu?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. félmrh. er í húsinu.)

Hann er hér í húsinu. Ég er með fleiri spurningar sem ég ætla að leggja fyrir hæstv. ráðherra á eftir. Það ætti því e.t.v að gera honum viðvart um það. Ég veit að hann hlýðir kannski á mál mitt þar sem hann er staddur en ég mun að sjálfsögðu ætlast til að hann svari einnig. Það væri því kannski að mörgu leyti þægilegra fyrir hæstv. félmrh. að vera í salnum.

Ég endurtek þessa spurningu ásamt öðrum síðar og held því ræðu minni áfram, herra forseti, þó hæstv. félmrh. sé ekki kominn. Hann kemur á eftir og þá getum við farið yfir þær spurningar sem ég hyggst leggja fyrir hann.

Eins og ég hef getið um hefur mest verið talað um 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæðin. Segja má að það hafi vakið furðu mína og kannski fleiri að það virtist ekki sæta tíðindum að árið 1998 skuli lágmarksíbúatalan vera 50 og að hvergi í frv. skuli gert ráð fyrir lýðræðislegum samvinnuvettvangi til að hin fámennu sveitarfélög geti sinnt skyldum sínum við íbúana.

Ég óttast, herra forseti, að sú löggjöf sem drögin eru lögð að, ekki 1. gr. og bráðabirgðaákvæðin heldur aðrar greinar frv. sem snúa að daglegum rekstri sveitarfélaganna, muni í sjálfu sér ekki bæta nokkurn skapaðan hlut nema e.t.v. fjármálastjórn sveitarfélaganna. Sá rammi sem hér er settur um málefni dreifbýlisins er ekki fullnægjandi.

Ég þakka fyrir að hæstv. félmrh. er kominn í salinn. Eins og ég gat um áðan hyggst ég leggja fyrir hann nokkrar spurningar í lok ræðu minnar og nú líður að þeim lokum. Fyrst vil ég aðeins, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, víkja frekar að 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu. Ég þykist nú hafa farið nokkuð yfir anda frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Ég mun fara yfir það aftur með hæstv. ráðherranum hér á eftir en ætla ég að víkja aðeins að 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu, öllu heldur efni þeirra, og hvernig það birtist, bæði okkur og þeim sem hafa lesið sér til um þessi mál úti í samfélaginu eða hafa reynt að fylgjast með.

Eins og margoft hefur komið fram er í frv. gert ráð fyrir því að miðhálendinu verði skipt upp á milli örfárra sveitarfélaga, 42. Það hefur líka komið fram að við jafnaðarmenn getum ekki fallist á þessa niðurstöðu og mat okkar er það að þó að það frv. til skipulags- og byggingarlaga sem hér liggur fyrir yrði að lögum þá væri það ekki fullnægjandi, og allra síst á meðan þar er endurtekið að einungis þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu fái að hafa áhrif á skipulagsmál þess ásamt og með þessum fjórum handvöldu fulltrúum sem Samband ísl. sveitarfélaga á að finna á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum.

Við teljum að ekkert geti réttlætt að svo afdrifaríkt ákvæði verði lögbundið. Þó að ríkisstjórnin virðist ætla að gera það þá er það í bullandi ágreiningi við þjóðina. Ég held að það hafi komið fram, bæði í undirskriftalistum og í þeim áhyggjum sem menn hafa lýst og þeir eru margir hv. þingmennirnir sem hafa komið í þennan ræðustól við þessa umræðu, ekki síst þeir þingmenn sem eru kosnir af því fólki sem býr á suðvesturhorninu, og hafa sagt okkur frá áhyggjum þeirra sem við þá hafa talað. Við sem komum annars staðar að ættum að sönnu að hafa sömu áhyggjur ef frv. fer fram óbreytt vegna þess að eins og ég sagði áðan, mun einungis lítið brot af sveitarfélögunum hafa hér áhrif ef ekki verða gerðar á breytingar.

Við erum á þeirri skoðun, herra forseti, að þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðernum hálendisins, söndum þess og jöklum, hraunum og gróðri eigi að vera sameign allrar þjóðarinnar og Alþingi verði að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Alþingi beri einnig að tryggja að meiri hluti þjóðarinnar, bæði þeir sem búa hér og annars staðar um landið, komi að stjórn og skipulagi þessa sameiginlega svæðis.

Ég held að það sé rétt að taka fram, vegna þess að hér hafa menn annað veifið borið okkur sem höfum áhyggjur af þessu það á brýn að við vantreystum sveitarfélögunum, að það er í sjálfu sér ekki verið að taka neitt frá þessum sveitarfélögum þó að farið yrði að tillögu okkar jafnaðarmanna og þannig ekkert verið að vantreysta þeim í sjálfu sér til þess að sinna þeim verkefnum sem þau sinna núna, þó e.t.v. væri full ástæða til þess að vantreysta einhverjum þeirra, þeim allra fámennsutu, vegna þess að það má vera ljóst af yfirferð minni áðan yfir þau verkefni sem sveitarfélög eiga að sinna að mörg þessara sveitarfélaga sinna þeim ekki, einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki tök á því. Fram hjá því hefur verið litið og það er eitt af því sem ég vildi ræða við hæstv. ráðherrann á eftir.

En það er ljóst að stjórnsýslan utan byggða hefur verið óljós og framkvæmd skipulags- og byggingarmála hefur verið tilviljanakennd. Það þekkjum við af því sem þegar hefur gerst og menn hafa tekist á um varðandi byggingar uppi á hálendinu. Nú virðist ekkert stjórnvald bært til þess að ákveða um skipulagsmálin, gefa heimild til bygginga og hafa eftirlit með þeim. Enginn virðist fara með mikilvæga þætti opinbers valds, svo sem lögreglustjórn og almannavarnir utan sveitarfélaga og lögsagnarumdæmi héraðsdómstólanna átta ráðast af sýslumörkum og staðarmörkum kaupstaða. Þess vegna er nauðsynlegt að setja skýr lagaákvæði um stjórnsýslu á öllu miðhálendinu, þar með talið jöklum og ákveða þarf hver fer með stjórnsýslu á þessu svæði.

Við erum nefnilega ekki á móti því að það sé ákveðið enda er það grundvöllur ákveðinnar framvindu, bæði varðandi skipulag hálendisins og aðra þróun. En það er afdráttarlaus skoðun okkar að líta beri á miðhálendið sem eina stjórnsýslulega og skipulagslega heild undir einni stjórn. Og þar vil ég enn vísa til þeirrar brtt. sem hér liggur fyrir.

Það er nefnilega svo að fólkið í landinu nýtir öræfin í æ ríkara mæli til gönguferða, til útivistar alls konar og ef marka má þær áhyggjur sem fram hafa verið settar óttast menn að ef þetta frv. sem hér liggur fyrir verður að lögum þá verði almannaréttur ekki virtur. Ég held þess vegna að skýr skilaboð verði að koma héðan frá Alþingi, frá ráðherrum með lagasetningu, um að ekki standi til að gæta hér einungis sérhagsmuna heldur verði almannaréttur virtur og að menn taki þann tíma sem þarf til að sannfæra þjóðina um að svo verði.

Það er auðvitað eðlilegt að fleiri en íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu standi að mótun og skipulagningu svæðisins. Er ég þá ekki að gera lítið úr þessum fjórum sem, miðað við frv. sem ekki er á dagskrá, eiga að fá að taka þátt í þessu. Landsmenn verða að geta treyst

því að almannaréttur ráði ferðinni, t.d. að réttur almennings til umferðar um landið sé skýr en ekki hagsmunir einstakra sveitarfélaga umfram þann rétt. Það er ljóst að árekstrar á milli staðbundinna sveitarstjórna annars vegar og einstaklinga og félagasamtaka hins vegar eru ekki óþekktir nú þegar, þegar kemur að umferðarrétti þeirra síðarnefndu um landsvæði utan byggða, og ferðamenn telja að slíkum ágreiningsmálum hafi fjölgað hin síðari ár. Auðvitað fjölgar þeim með sífellt aukinni útivist landsmanna. Það er þess vegna sem litið er á þessa tillögu um skiptingu miðhálendisins á milli 42 sveitarfélaga sem atlögu að almannarétti.

Herra forseti. Jafnframt er nauðsynlegt að skipulagning miðhálendisins byggi á heildarsýn svo gætt verði samræmis á öllu svæðinu en hætt er við að einstök sveitarfélög geti ekki tryggt þá heildarsýn jafnvel þó svæðisskipulag verði gert.

Í skipulagslögum segir að við gerð aðalskipulags skuli stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, að stefnt skuli að því. Þetta er ekki nógu sterkt orðalag. Við hljótum í þessu tilfelli að gera kröfu til þess að um samræmi verði að ræða, það verði um algjört samræmi að ræða á milli svæðisskipulags og þess aðalskipulags eða þeirra aðalskipulaga og deiliskipulaga sem gerð verða inni á hálendinu. Það má ekki gerast að framkvæmdin verði sú að einstök sveitarfélög geti gengið á svig við svæðisskipulag á einhvern hátt og að aðrir hagsmunir en hagsmunir heildarinnar fái að ráða.

Ég gat um það í upphafi ræðu minnar, þar sem ég vitnaði í Steinunni Sigurðardóttur rithöfund sem lýsti landinu okkar í ágætu erindi, að mikill hluti auðlinda þjóðarinnar liggur á hálendi Íslands. Menn hafa talað um það í þessari umræðu og víðar að lítil stefna hafi verið mótuð um nýtingu þessara auðlinda. Menn velta fyrir sér sterfnumörkun í orkumálum, svo sem ákvörðun um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku, stefnu í ferðamálum á miðhálendinu og ákvörðun um staðsetningu þjóðgarða. Hér hafa verið að koma fram tillögur um þjóðgarða en engin stefnumótun hefur farið fram, ekki af hálfu yfirvalda. Þetta eru allt verkefni sem í raun væri verið að færa yfir til sveitarfélaganna við skipulagningu hálendisins og auk þess vegagerð, mannvirkjagerð, afmörkun virkjanasvæða, verndarsvæða og ákvörðun um þjóðgarða. Þetta eru allt þættir sem mundu ákvarðast í aðalskipulagi sveitarfélaganna og einnig uppgræðsla landsvæða og beitarafnot.

Ég vil nefna það hér, herra forseti, að nefnt hefur verið í mín eyru að mönnum hafi láðst að taka tillit til beitarþols í þeim drögum að svæðisskipulagi fyrir hálendið sem nú liggja fyrir og líklega um 600 athugasemdir hafa borist við. Að það sé atriði sem lítt sé tekið tillit til. Ég vil leyfa mér að vitna í formlegar athugasemdir við þessa tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins og vitna í Yngva Þorsteinsson, sem segir með, leyfi forseta:

„Við skipulagsgerð eins og hér er um að ræða hlýtur að vera grundvallaratriði að leitað sé allra gagna sem máli skipta um náttúrufar landsins og að trúverðugleiki þeirra gagna og þar með notagildi sé síðan metið. Hafi þetta verið gert hvað varðar gróðurfar hálendisins er niðurstaðan vægast sagt furðuleg. Þær „tillögur" sem gerðar eru um beitarnýtingu hálendisins taka ekki tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um ástand gróðurs og jarðvegs á hálendinu. Þeirrar þekkingar var m.a. aflað með gróðurkortum RALA og með rofkortum RALA og Landgræðslu ríkisins."

Herra forseti. Landgræðsla ríkisins segir síðan í formlegri athugasemd við tillöguna að svæðisskipulagi miðhálendisins „að skilgreina verði nánar hugtakið „ástand lands" svo og þau helstu hugtök önnur sem notuð eru í umræðunni um verndun lands. Enn fremur verði aflað frekari upplýsinga er varða undirstöður tillagna um landgræðslumál. Má þar nefna upplýsingar um raunveruleg gróðurskilyrði, æskilega útbreiðslu og samsetningu gróðurs, jarðvegsrof og marghátt-uð landkostasjónarmið."

Ég get þessa hér vegna þess að miðað við þau frumvörp sem fyrir liggja og að einungis 42 sveitarfélög eigi að fara með það mikla vald sem hér er verið að leggja til að þau fari með, þá óttast menn að hagsmunum þeirra sem byggja þessi sveitarfélög verði sinnt í ríkara mæli en áhugamálum og hagsmunum annarra landsmanna. Menn óttast e.t.v. þá niðurstöðu sem varð við þessa tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins þar sem nákvæmlega þess hafi ekki verið gætt nægjanlega, sem velfelstir landsmenn telja mesta umhverfisvandamál Íslands, að hugað yrði að beitarþoli og gróðurfari.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að geta þessara hluta í umræðunni vegna þess að ýmsir hér velta því fyrir sér hverju þeir íbúar sem ekki koma til með að eiga fulltrúa í skipulagningu miðhálendisins hafa áhyggjur af. Þetta er eitt af því.

Það er réttlætt í grg. við frv. til sveitarstjórnarlaga, gott ef það er ekki í bráðabirgðaákvæðinu sjálfu, að staðbundin stjórnvöld fari með ákvörðunarvald á þessum svæðum, á þessum tertusneiðum sem ætlað er að búa til. En það er ástæða til að geta þess, herra forseti, að stór hluti þeirra svæða sem frv. gerir ráð fyrir að skipt verði upp á milli sveitarfélaganna er í órafjarlægð frá því sem í dag er sveitarfélagið. Um er að ræða býsna víðfeðm svæði sem lítil umferð hefur verið um frá upphafi byggðar. Í því sambandi er vert að nefna Ódáðahraun, svæði norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðin fyrir norðan Tungnaárjökul, svo auðvitað alla jökla, þar á meðal Vatnajökul. Þessir hlutar landsins opnuðust mönnum ekki með þeim hætti sem við horfum til þeirra nú fyrr en um miðbik þessarar aldar fyrir tilstilli áhugamanna um útivist. Örnefnin á þessum stöðum sýna það því að þau eru mörg hver ekki nema nokkurra áratuga gömul. Bændur hafa ekki nýtt þessi svæði eða lítið, og lítil sem engin umferð hefur verið um þau.

Þess vegna er því hvorki hægt að réttlæta þá framkvæmd sem hér er verið að fara í með staðbundinni þekkingu eða þekkingu þessara sveitarfélaga né með langvarandi nýtingu. En við þekkjum það að annars staðar þar sem verið er að úthluta verðmætum hafa menn nú gjarnan viljað horfa til reynslu, samanber lögin um stjórn fiskveiða þar sem meginreglan er sú að horft er til reynslu af veiðum þegar veiðirétti er úthlutað.

Nei, herra forseti, það liggur fyrir að áhugafólk um útivist úr þéttbýlinu hefur verið hvað ötulast við að nýta þessar víðáttur og kynna þær fyrir landsmönnum öðrum. Langvarandi heimild til búfjárbeitar á afréttum skapar heldur engan eðlilegan grundvöll að stjórnsýsluyfirráðum í nútímaskilningi. Það má kannski velta því fyrir sér hversu eðlilegt það er að þeir sem nýta afréttinn fari sjálfir með þann þátt skipulagsmála sem ákvarðar t.d. gróðurvernd, sem felst m.a. í beitarfriðun.

Herra forseti. Ég sagði að ég væri með spurningar sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðherra og ætla nú að vinda

mér í þær. Í fyrsta lagi langar mig til að inna hæstv. félmrh. eftir ákvæði sem við ræddum snemma í vetur en það er um lögheimilismál. Í 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga er sagt að hver maður teljist þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili. Lögheimilislögin kveða síðan nánar á um hvernig þessu skuli háttað. Í haust spurði ég hæstv. félmrh. hvort hann væri tilbúinn til að beita sér fyrir því að hjón gætu átt lögheimili hvort í sínu sveitarfélagi. Ærin ástæða var fyrir þeirri fyrirspurn. Ástæðan var sú að það kemur upp reglulega að sjómenn munstra sig á skip sem gert er út frá einum stað en eru búsettir á öðrum. Síðan kemur upp krafa frá þeim stað sem skipið er frá, að viðkomandi sjómaður skipti um lögheimili ella kunni hann að missa skipsrúmið. Þetta hefur skapað ýmis vandamál og þar af leiðandi koma upp þessar vangaveltur hvort ekki væri einhvern veginn hægt að koma því fyrir innan lögheimilislaganna að hjón þyrftu ekki að vera með sameiginlegt heimilisfang heldur gætu með einhverju móti verið hvort með sitt heimilisfangið, að til væru einhver ákvæði sem heimiluðu slíkt og að menn fyndu einhverjar aðferðir til að fara með útsvarsgreiðslur í samræmi við það.

Hæstv. ráðherra tók þessu vel og ég vil spyrja hann hvort eitthvað hafi verið aðhafst í þessum efnum. Ég held að það væri mjög farsælt ef hægt væri að koma málum þannig fyrir að þeirri togstreitu sem vill verða á milli sveitarfélaga vegna þessara einstaklinga sem munstrast á skipin væri eytt.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðherra út í 7. gr. frv. Það eru eiginlega tvö atriði í 7. gr. sem mér fyndist gott að fá frekari skýringar á. Það er í fyrsta lagi í 2. mgr. þar sem segir að sveitarfélög skuli vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Og ég velti því fyrir mér, herra forseti, af hverju punkturinn var ekki settur fyrir aftan „velferðarmálum íbúanna". Af hverju er það ekki bara afdráttarlaust að sveitarfélögin skuli vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna, punktur? Af hverju er þessi varnagli sleginn, „eftir því sem fært þykir á hverjum tíma"? Er það e.t.v. vegna hinna fámennu sveitarfélaga sem engan veginn geta staðið undir þessum skyldum eða hver er hugsunin þarna?

Í öðru lagi vildi ég gjarnan fá frekari skýringar á þeirri brtt. sem meiri hluti félmn. leggur til varðandi 4. mgr. 7. gr., þ.e. að gjaldskrá fyrirtækja og stofnana sveitarfélaganna skuli ekki einungis vera til að mæta kostnaði heldur megi sveitarfélögin setja fram kröfur um tiltekinn arð eða arðgreiðslur. Þetta stangast nokkuð á við þá þróun sem verið hefur þar sem það hefur verið vefengt að sveitarfélögin gætu tekið greiðslur af sínum stofnunum og fyrirtækjum umfram það sem kostnaðurinn er, vegna þess að ef þau gerðu það þá væru þau farin að skattleggja og slíkt væri ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá. Mig minnir að komið hafi upp mál sem sneri að heilbrigðiseftirlitinu þar sem sveitarfélögin innheimta heilbrigðisgjald af fyrirtækjum. Síðan er engan veginn víst að eftirlitsmaður komi og líti á aðstöðu fyrirtækjanna og þar með væri hægt að líta á heilbrigðisgjaldið sem skatt. En hér kveður við nýjan tón og ég vildi gjarnan að ráðherrann segði okkur hvernig hann sér þetta fyrir sér, hvernig hann sér þetta ákvæði þróast.

Sveitarfélögin eru ákaflega missett hvað varðar möguleika til þess að taka arð af sínum fyrirtækjum. Ég veit ekki hvort ráðherrann heyrði það hér áðan þegar ég var að fjalla um þetta ákvæði en ég gat þess þá m.a. að við vitum að í sumum sveitarfélögum eru gamlar og löngu afskrifaðar veitur sem sveitarfélögin geta haft ágætan arð af án þess að gjöldum sé stillt það hátt að íbúarnir kveini undan. Það er spurning hvernig menn sjá þetta fyrir sér og hvort ráðherrann telur að þetta ákvæði kunni e.t.v. að auka á mismunun þegna landsins eða hvort hann telur að á einhvern hátt geti þarna verið um réttlætismál að ræða og þá af hverju. Og hvort hann telur að hér verði um að ræða þjónustugjald eða skatt. Við höfum byggt á OECD-skilgreiningu um hvað er skattur. Miðað við þá skilgreiningu sýnist mér að hér sé verið að ræða um skatt. En ég vildi gjarnan heyra útskýringu hæstv. ráðherra á þessari brtt. sem mér skilst að sé ættuð úr félmrn. og hlýtur þá að vera sett inn með blessun ráðherrans.

Mér fannst líka áhugavert ákvæðið í síðustu málsgrein 24. gr., að þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir megi ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Er hér átt við þegar menn fara í tímabundið nám eða hvað? Það gefur alla vega mikinn sveigjanleika að menn skuli geta látið kjósa sig í sveitarstjórn og síðan flutt burt en haldið sínu sæti að því leytinu til að þegar þeim hentar að koma til baka að þá geti þeir tekið sætið aftur.

Ég vil vísa í 34. gr., vegna þess að þar stendur, með leyfi forseta:

„Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi" — sem hann gerir auðvitað ef hann er með lögheimili í öðru sveitarfélagi, þá er hann ekki kjörgengur lengur — „skal hann víkja úr sveitarstjórninni," — en hér stendur „sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr." sem ég var að lesa hér áðan um það að hann geti haldið sætinu.

Ég held að það væri ágætt að fá útskýringar á því hvernig menn reikna með að þetta ákvæði verði notað. Það liður sjálfsagt hratt að því að félmrn. þurfi að úrskurða í málum sem þessu tengjast því mér sýnist ljóst að upp muni koma ágreiningur einhvers staðar um hvað átt sé við.

Sömuleiðis vildi ég gjarnan að ráðherrann segði okkur sína túlkun eða túlkun félmrn. á því hverjir eru kjörgengir í nefndir. Í 33. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins."

Þetta finnst okkur flestum eðlilegt. En það er hins vegar svo að menntmrn. hefur tekið að sér túlka sveitarstjórnarlögin og menntmrn. hefur túlkað lögin þannig að fulltrúum í sveitarstjórn væri ekki heimilt að sitja í skólanefnd. Ég hef verið á þeirri skoðun, og það eru fleiri, að þarna sé um *ákveðinn misskilning að ræða af hálfu menntmrn.*, að þeir átti sig ekki á því að skólnefnd er starfsnefnd sveitarstjórnar og þess vegna ekkert óeðlilegt við það og kannski miklu frekar í hæsta máta eðlilegt, að fulltrúar í sveitarstjórn sitji í skólanefnd. (**Félmrh.:** Hvar hefur þessi túlkun komið fram?) Þú finnur hana á netinu í túlkunum ráðuneytisins á einstökum deilumálum sem vísað hefur verið til ráðuneytisins. Ég held hún sé frá 1996 eða 1997. Hún hefur legið fyrir. Þetta hefur svolítið verið rætt meðal sveitarstjórnarmanna og skólafólks, kannski áhugafólks um hvort tveggja, vegna þess að þetta þykir sérkennilegt, ekki síst vegna þess að samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórnum beinlínis heimilt að taka skólamálin til sín ef um fámenni er að ræða. Því skýtur það skökku við ef sveitarstjórnin getur tekið skólamálin til sín að fulltrúar í sveitarstjórnum skuli ekki mega sitja í skólanefndum. (**Gripið fram í:** Já.) Ég held að þetta sé misskilningur af hálfu menntmrn. og ég held að það væri mjög gott ef hæstv. félmrh. ræddi þetta við kollega sinn í ríkisstjórninni þannig

að þetta yrði endurskoðað og það yrði þá gert áður en skipað verður í nefndir að afloknum næstu kosningum.

Áfram með spurningarnar. Í 3. mgr. 44. gr. segir, með leyfi forseta:

„Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er sveitarstjórn heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins."

Ég held að það væri ágætt að frekari skýringar kæmu fram en þær sem eru í skýringum með frv. Mér finnst að hér sé kannski ákvæði sem vísar svolítið inn í tilraunaverkefnin, þ.e. tilraunverkefni þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið að sér ákveðin atriði sem varða skipulags- og byggingarlög þar sem um það er að ræða að byggingarfulltrúar hafa fengið ákveðið ákvörðunarvald innan tiltekins ramma. Gott væri að fá það staðfest ef það er hugsunin. Ég held að þetta geti víða verið til bóta en þarf að vera skýrt að mínu mati. Ég er nokkuð viss um það sem reynd sveitarstjórnarmanneskja að ákvæði sem þetta getur nákvæmlega valdið ágreiningi.

Síðan er það 54. gr. þar sem fjallað er um ráðningu framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Þar er talað um að uppsagnarfrestur skuli vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót. Og það er ef framkvæmdastjóri sveitarfélags er ráðinn til óákveðins tíma.

Nú hefur stundum verið litið svo á að biðlaun væru eins konar uppsagnarfrestur, að réttlæting biðlaunanna fælist í því að eðlilegt væri að þeir sem missa vinnuna sviplega, eins og gerist stundum við kosningar er nýr meiri hluti myndast, ættu rétt til síns uppsagnarfrests og þess vegna væru þeim greidd biðlaun. Hér er uppsagnarfresturinn afmarkaður þrír mánuðir og því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort með þessu sé þá verið að gefa einhverja forskrift um lengd biðlaunatíma framkvæmdastjóra sveitarfélaga. En eins og kunnugt er hafa sumir framkvæmdastjórar sveitarfélaga — ætli þeir séu ekki einhverjir hæst launuðu embættismenn í landinu — náð að semja um sex mánaða biðlaunatíma.

Síðasta spurningin, svo ég fari nú að hætta þessu, snýr að stækkun sveitarfélaga. 88. gr. í kaflanum um stækkun sveitarfélaga hefst svo: „Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga" og síðan er tekið fram „með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga."

Ég vildi samt fá skýringar umfram það sem er í greininni sjálfri: Hvaða hugmyndir er ráðuneytið með varðandi stækkun sveitarfélaga, fyrst þetta er sett fram sem markmið hér í frv.? Ég hef gert það að nokkru umtalsefni í ræðu minni að það er erfitt og jafnvel ógerlegt fyrir minnstu sveitarfélögin að takast á við þau verkefni sem sveitarfélögin hafa samkvæmt lögum þegar í dag, hvað þá þau verkefni sem fyrirséð eru að þau muni þurfa að takast á hendur. Ég er sammála þeirri stefnu að ráðuneytið eigi að vinna að stækkun sveitarfélaga og hefði viljað sjá því fastar fylgt eftir í frv. því sem við erum að fjalla um. Ráðuneytið og hæstv. ráðherra hefur aðrar skoðanir um málið en setur samt fram ákveðna stefnumótun sem ég vildi þá gjarnan að hann gerði okkur betri grein fyrir.

Herra forseti. Ég held að ég sé búin að fara yfir þau atriði sem mér fannst ástæða til að benda á í þessari umræðu. Ég hef fjallað nokkuð um þau ákvæði sem valdið hafa mestum ágreiningi, þ.e. 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið. Ég hef orðið að víkja að frv. sem ekki er hér á dagskrá en það reyndist nauðsynlegt samhengisins vegna. Ég hef varið mestu af tíma mínum aðrar greinar frv., þ.e. þær greinar sem lúta að daglegum rekstri sveitarfélaganna og störfum sveitarstjórna.

Sveitarstjórnarstigið er mjög mikilvægt. Þar fer fram það sem skiptir flesta mestu máli, þ.e. sú þjónusta við hverja fjölskyldu dags daglega. Því er mjög mikilvægt hvernig til tekst með setningu laga um þá starfsemi, hvernig sveitarstjórnarlögin líta út og þetta frv. er þess vegna að mínu mati með þeim mikilvægari sem hér er um fjallað. Það væri álíka mikilvægt, herra forseti, þó að 1. gr. væri óbreytt frá gildandi lögum og ekkert bráðabirgðaákvæði væri.

[00:48]

**Útbýting þingskjala:**

Bætt siðferði í opinberum rekstri, 11. mál, brtt. allshn., þskj. 1307.

Eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1313; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1314.

Seðlabanki Íslands, 581. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1317; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1318.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1312.

Tekjuskattur og eignarskattur, 524. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1319.

[00:49]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrr í kvöld var spurt um það hve lengi við mundum halda áfram og þá tjáði forseti að yfirlýsing um það kæmi af forsetastóli um miðnættið. Klukkan er nú að verða eitt. Við höfum verið að síðan hálfellefu í morgun. Ég vil inna forseta eftir því hve lengi hann hyggist hafa fundinn í kvöld.

Í gær var ákveðið að það yrðu kvöldfundir tvö kvöld í röð, ekki næturfundur. Eftir að við fórum að hafa nefndardaga, sem gera það að verkum að við byrjum klukkan hálfellefu á morgnana, þá er þetta sambærilegt við að við hefðum byrjað hálftvö í dag og verið til fjögur um nóttina. Þess vegna spyr ég: Hvað hyggst forseti fyrir?

[00:50]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill geta þess að meiningin er að reyna að ná lengra inn í þá mælendaskrá sem fyrir liggur. Forseti vill því gefa fleiri hv. þm. tækifæri til þess að tala enda virðist vera mikil nauðsyn til að nýta tímann vel. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að halda áfram enn um hríð.

[00:51]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. forseti vilji reyna að stytta mælendaskrána eins og kostur er, miðað við allar aðstæður. Nú er klukkan að verða eitt og ég held að það væri skynsamlegt að við reyndum að átta okkur á því hvenær þessum fundi gæti lokið. Auðvitað er bersýnilegt að mælendaskráin tæmist ekki í nótt. Það er bara spurning um það hversu margir verða eftir í fyrramálið. Ég held því að það væri skynsamlegra, með hliðsjón af öllum aðstæðum, að sjá fram úr því núna. Auk þessa er atkvæðagreiðsla boðuð, skilst mér, kl. hálfellefu í fyrramálið. Ég mundi vilja mælast til þess við forseta að hann beitti sér fyrir því að haldinn yrði fundur hið fyrsta til að fastsetja nokkurn veginn lokatímann á þessari nóttu.

(**Forseti** (StB): Forseti vill benda á að það er að sjálfsögðu mjög undir hv. þm. komið hversu auðvelt er að tímasetja fundarlok. Það er að sjálfsögðu háð lengd á ræðum og m.a. þeirrar sem næst verður flutt.)

[00:52]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Fyrr í kvöld var að vísu annar hæstv. forseti í forsetastól, aðalforseti þingsins, og kvaðst munu segja dálítið skýrar um umræðuna um miðnættið. Það var ekki hvað síst vegna ábendinga frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem var níundi maður á mælendaskrá, og óskaði eðlilega eftir því að fá að vita hvenær líklegt yrði að röðin kæmi að honum. Hæstv. forseti, þá á forsetastól, sagðist geta skýrt það eitthvað nánar um tólfleytið.

Nú hefur forseti sagt að umræðan eigi að halda um sinn áfram. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kannski ekki lengur níundi, hann er kannski áttundi, ég er held ég sjöundi, þannig að við erum svona í sama báti með að átta okkur ekki á því hvenær röðin kemur að okkur.

Ég vil benda hæstv. forseta á að, af því hann talaði um að það væri háð þingmönnum hvað umræðan stæði lengi, það er vitaskuld háð þingmönnum en hér er mikilvægt mál á ferðinni. Það er vandmeðfarið og umræðan hefur verið ítarleg hjá einstökum þingmönnum. Ég á ekki von á öðru en að hún haldi áfram. Málið og efnið er þess eðlis.

En ég vil benda hæstv. forseta á efnislegar ábendingar varðandi framhald umræðunnar sem lúta að því að forseti hafi boðað atkvæðagreiðslu kl. hálfellefu í fyrramálið um mál sem er nátengt þessari umræðu, þ.e. frv. umhvrh. Hér hafa komið fram skoðanir og rök fyrir því að það væri í sjálfu sér óeðlilegt að halda umræðunni áfram fyrr en menn sæju fram á þá atkvæðagreiðslu og hvernig menn hygðust þá skipuleggja þinghaldið í framhaldi af þessum tveimur frv. Það er eðlileg ósk og forseti, formenn þingflokka og ráðherrar verða vitaskuld að leggjast aðeins yfir það. Mér skilst að það sé einnig þingflokksfundur hjá stærsta stjórnarflokknum í fyrramálið.

Ég vildi því enn og aftur ítreka þær óskir sem hafa komið um að forseti gæfi aðeins skýrari svör um hvenær búast mætti við því að umræðu yrði frestað. Það er alveg augljóst að henni lýkur ekki. Er ekki hægt að gera það í meira samkomulagi en að við þurfum að inna forseta eftir svörum að lokinni hverri einustu ræðu?

[00:55]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð félaga minna. Það eru nú liðnir 14–15 tímar frá því við hófum þennan fund. Þetta er afar stórt mál og mönnum liggur mikið á hjarta. Þá ber nýrra við ef við förum að vega ræður manna. Margir eru á mælendaskrá og við verðum að vera mjög vel upplögð í vinnuna fram undan í þinginu. Það má ekki gleyma því að fyrir liggur að við munum, þá daga sem eftir lifir þings, byrja hér alltaf á morgnana kl. a.m.k. hálfellefu ef ekki fyrr. Það er auðvitað allt önnur staða gagnvart því að vera fram á nætur en áður fyrr þegar ekki var byrjað fyrr en hálftvö á daginn.

Það er afar mikilvægt að við förum að setja endapunktinn á þennan fund. Við verðum nú líka að horfa á að við höfum reynt að bæta vinnuna í þinginu. Við verðum að huga að vinnutíma þingmanna eins og annarra. Ekki má gleyma því að þetta er frv. frá vinnumálaráðherra og ég þykist viss um að hann mun ekki sækja það mjög fast að við verðum hér á fundi, mikið yfir fimmtán tíma. Klukkan er að verða eitt. Ef við höldum hérna áfram og bætum við eins og einum ræðumanni í viðbót þá held ég að það væri mjög gott. Ég tel að það sé mjög líklegt að fáum fullan stuðning vinnumálaráðherrans við þá ósk.

[00:56]

**Forseti (Sturla Böðvarsson)**:

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og telur ekki óeðlilegt að þessi umræða fari fram. Hann mun taka þær óskir sem fram hafa komið til skoðunar meðan næsta ræða verður flutt.

[00:57]

**Ásta R. Jóhannesdóttir**:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir ákaflega fróðlega, málefnalega og yfirgripsmikla umfjöllun um þetta frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér hefur gengið undir nafninu „tertusneiðafrumvarpið" hjá ýmsum þeim sem hafa um það fjallað.

Eins og komið hefur fram í ræðum manna, þá tvo sólarhringa sem þetta mál hefur verið til umræðu og nú er komið á þriðja sólarhring frá því að við hófum umræðuna, þá er þetta ákaflega viðamikið mál. Ég mun ekki gera að umræðuefni aðrar greinar en 1. gr. frv. Aðrir eru mér kunnugri um þær fjölmörgu greinar frv., á annað hundrað, sem eru hér til umfjöllunar. Það er sem sagt 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem ég mun gera að umræðuefni.

Breytingin á 1. gr. hefur valdið hvað mestri umræðu í samfélaginu þegar þetta mál hefur verið til umfjöllunar. Breytingin er sú að í stað þess að áður var kveðið á um það í 1. mgr. þessara laga, að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög, kemur nú ákvæði um það að allt landið skiptist í staðbundin sveitarfélög.

Þetta virkar ósköp sakleysislegt en hefur allafdrifaríkar afleiðingar eins og komið hefur fram. Þetta hefur það í för með sér að staðarmörk sveitarfélagasveitarfélaga, sem liggja að miðhálendinu, verða framlengd inn til landsins. „Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum", eins og segir hér í ákvæði til bráðabirgða. „Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna."

Ég velti því fyrir mér hvað kalli svo mjög á þessa breytingu. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði einnig þessarar spurningar: „Hvað er svona áríðandi?" Hún benti á að vel mætti una við ástandið eins og það er í dag.

Eins og fram hefur komið í umræðunni erum við jafnaðarmenn mjög ósáttir við þá leið sem farin er í þessu frv. og teljum að veigamesta breytingin í frv. sé sú afdrifaríkasta en það er að landið eigi að skiptast í sveitarfélög en ekki byggðin og afréttirnar eins og var í lögunum áður. Við teljum að þarna sé verið að stíga skref í átt til skipulags sem ekki mun vera einhugur um meðal þjóðarinnar í framtíðinni. Það hefur komið fram mjög ákveðið í umfjöllun og á einn og annan hátt og vil ég benda í því sambandi á auglýsingu frá því á þriðjudaginn var, þeim degi sem við hófum umræðu og umfjöllun um þetta mál. Þar kemur fram áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar frá fjölmörgum einstaklingum, fólki úr ýmsum geirum samfélagsins. Fulltrúar ferðaþjónustu, náttúruverndar, sveitarstjórna, ýmsir fræðimenn, jarðfræðingar og m.a. tveir fyrrverandi umhverfisráðherrar skrifa undir þessa áskorun.

En í þessari áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Á Alþingi liggja nú fyrir lagafrv. sem m.a. munu ákveða um alla framtíð, hver fer með stjórnsýslu- og skipulagsrétt á miðhálendinu. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa lýst ánægju sinni yfir þjóðlendufrv., sem gerir ráð fyrir að mesti hluti hálendisins verði þjóðareign, enda er það skilningur flestra Íslendinga að svo hafi alltaf verið, sbr. forn lög og dóma. Mikill ágreiningur er hins vegar um frv. til breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem gerir ráð fyrir að skipta miðhálendi og jöklum milli sveitarfélaga.

Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar, teljum við undirrituð höfuðnauðsyn, að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu, þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með mál þessi verður farið í framtíðinni."

Ég get ekki annað en tekið undir með þeim fjölmenna hópi sem ritar undir þessa áskorun því að vissulega vantar opinbera umræðu. Hún er hafin en hún þarf að vera meiri. Þetta er mjög stórt mál sem er hér á ferðinni og þegar það verður afgreitt þá verður að ríkja um það þjóðarsátt. Það verður að vera sátt um þetta mál á meðal þjóðarinnar, en svo er alls ekki.

Ég gerði athugasemd við það fyrr á fundinum þegar fundarstjórn forseta og störf þingsins voru rædd að hér væri haldið áfram umfjöllun um þetta frv. meðan mörg atriði sem varða frv. umhvrh. sem birt var hér til kynningar eru óútskýrð. Fram hefur komið í umræðunni að menn eru að velta fyrir sér ýmsum breytingum á frv. umhvrh. Ýmsir þingmenn hafa lagt inn í umræðuna hugmyndir sínar um það hvernig þeir vilji og hyggist breyta þessu frv. sem reyndar er ekki til umræðu enn þá og verður fjallað um á morgun og greidd atkvæði um hvort komi hér til umræðu. Ég hefði talið að það þyrfti að vera til umræðu samhliða því frv. sem við erum nú að ræða. Það eru sem sagt áform uppi um að breytingar verði gerðar á frv. umhvrh. fyrir haustið. Það hefur komið fram hjá þingmönnum, þingmönnum í stjórnarliðinu, frá formanni umhvn., fleirum í umhvn. og einnig hefur hæstv. félmrh. lýst yfir þeirri skoðun sinni að það þurfi að breyta frv. Þess vegna er náttúrlega nánast lítilsvirðing við okkur sem erum á mælendaskrá núna að áfram skuli haldið umræðu um þetta mál án þess að svör hafi fengist við því hvernig menn ætla að breyta þessu frv. eða hvenær þeir ætla að afgreiða það eða hvort það fái umfjöllun í þinginu. Það er nánast ósvífni, herra forseti, að bjóða okkur upp á þetta þegar klukkan er að ganga tvö að nóttu, eftir að hafa verið að störfum frá því snemma í morgun og ætlast síðan til þess að við höldum áfram umfjöllun um þetta afdrifaríka og viðamikla mál án þess að svör fáist við stórum spurningum sem varða málið og koma auðvitað við allri umfjöllun sem er um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Það hefur verið gagnrýnt mjög harðlega, og ég tek undir þá gagnrýni, hvernig hæstv. umhvrh. hyggst haga þeirri nefnd sem á að fjalla um þessi skipulags- og byggingarmál. Þar vantar algjörlega fulltrúa stórs hluta þjóðarinnar og aðrir eru alls ekki í hlutfalli við þann fjölda sem stendur á bak við þá. Bent hefur verið á að bæði Reykjavík og Reykjanes eru þarna aðeins með þrjá fulltrúa. Ef Vestfirðir eru teknir með þá eru fjórir fulltrúar fyrir mjög stóran hluta landsmanna sem þá koma mjög veikir að þessari umfjöllun. Það hefur líka verið bent á að Akureyringar eigi þarna ekki fulltrúa. Mikið mál var gert úr því að lítill hreppur á Suðurlandi, heimahreppur hv. þm. Guðna Ágústssonar, kæmi ekki að málinu. Það var stórmál fyrr í umfjölluninni. En ýmsir þingmenn sem eru nú fulltrúar fyrir mun stærri svæði, mun fjölmennari svæði, virtust sáttir við þetta meðan mikið var fjasað yfir því að hreppur hv. þm. Guðna Ágústssonar fengi ekki að koma að málinu.

Reyndar kom það fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar að dreifbýlismenn leyfðu fólki af höfuðborgarsvæðinu að njóta hálendisins, koma austur og eiga þarna góðar stundir á þeirra svæði, hálendinu, svæði þeirra sveitamannanna. Ég verð að segja að þetta mál allt eins og það er upp sett er nánast þannig að það stillir upp þéttbýli andspænis dreifbýli sem má alls ekki eiga sér stað og hefur verið gagnrýnt harðlega. Hvað á það að þýða að stilla málum upp eins og gert er hér? Það er engin furða þó að menn rísi upp. Ég efast ekki um að bæði Reykvíkingar og Reyknesingar eigi eftir að láta meira í sér heyra þegar menn gera sér grein fyrir því um hvað málið snýst. En þetta mál hefur, eins og komið hefur fram í áskorun frá fjölda málsmetandi manna úr samfélaginu og birtist í Morgunblaðinu, ekki fengið nægja opinbera umræðu.

Mig langar sambandi við umfjöllun á þessu máli til að vitna aðeins í grein sem prófessor Gunnar G. Schram ritaði í Morgunblaðið í haust þar sem hann fjallar einmitt um miðhálendið sem sameign þjóðarinnar og um þetta frv. sem við erum með til umfjöllunar. Hann segir í greininni, með leyfi forseta:

„Í greinargerð samvinnunefndarinnar [þ.e. samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins] er gert ráð fyrir því að stjórnsýslan á svæðinu eigi að vera í höndum sveitarfélaganna sem að því liggja. Sama stefna kemur fram í frumvarpi til laga sem félagsmálaráðherra lagði fram í vor um breytingu á sveitarstjórnarlögunum en hefur ekki enn hlotið afgreiðslu á þingi. Þar segir að gengið skuli „út frá því að staðarmörk sveitarfélaga sem liggja að miðhálendi Íslands verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum.""

Prófessor Gunnar G. Schram telur þetta vera vafasama stefnu og segir áfram í þessari grein, með leyfi forseta:

„Kjarni þessara ráðagerða er sá að allt miðhálendið, sem nú er að mestu almenningur og einskis manns land, skuli hvað alla stjórnsýslu snertir falla undir nokkur af sveitarfélögum landsins. Hér er þeirri spurningu varpað fram hvort þetta sé skynsamleg stefna.

Miðhálendið er geysilega víðfeðmt, nær yfir rúmlega 40% af flatarmáli landsins eins og það er venjulega skilgreint. Þær náttúrugersemar og einstöku óbyggðir sem þar er að finna eru ein af mestu auðlindum landsins, þær eigindir sem gera Ísland svo einstakt í augum hins erlenda ferðamanns jafnt sem okkar Íslendinga. Mikill hluti miðhálendisins er hvorki í eigu ríkisins, sveitarfélaga né einstakra bænda, svo sem allmargir hæstaréttardómar hafa staðfest á undanförnum árum. Hér væri hin rétta stefna sú að lýsa því yfir í löggjöf að miðhálendið væri sameign þjóðarinnar allrar og þar með þær dýrmætu náttúruperlur sem þar er að finna. Samhliða ætti að gera meiri hluta þess að þjóðgarði sem tryggði að þar sæti í framtíðinni í öndvegi sjónarmið náttúruverndar og almannaréttar."

Ég get svo sannarlega tekið undir þessi orð prófessors Gunnars G. Schrams. Hér vantar nefnilega alla mótun í ferðamennsku. Hvernig staðið hefur verið að þeim málum er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Þau mál heyra núna undir samgrh. og hann hefur verið að koma með einhverja

málamyndastefnumótun í ferðaþjónustu en það hefur nánast verið kattarþvottur. Og nú með þessum breytingum á sveitarstjórnarlögunum á í raun að setja mótun í ferðamennsku, í ferðaþjónustu, yfir til sveitarfélaganna því að skipulagið mun móta framtíðarstefnu í ferðamálum. Framtíðarstefnu sem hæstv. samgrh. á auðvitað að móta. Sömuleiðis vantar alla stefnumótun í því hvar við viljum hafa okkar þjóðgarða. Það mun einnig lenda á sveitarfélögunum þegar þetta frv. verður orðið að lögum. Og auðvitað er það ekki boðlegt.

Í grein sinni segir Gunnar G. Schram einnig í framhaldi af því sem ég vitnaði til áðan, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni Vanbúin stjórnvöld:

„Af þessum ástæðum felst mikið óréttlæti í þeirri fyrirætlan að útiloka mikinn meiri hluta þjóðarinnar frá öllum ákvörðunum um landnýtingu og stjórnsýslu á miðhálendinu. Það er gert með núverandi tillögum því þar munu engan hlut eiga að máli allir þeir sem búa á suðvesturhorni landsins, auk Vestfirðinga. Auk þess má mjög draga í efa að þau 40 sveitarfélög sem ætlað eru öll völd á miðhálendinu séu í stakk búin til þess að fara með þá stjórnsýslu. Þar er ekki síst um að ræða ákvarðanir um skipulagsmál, byggingarmál og heilbrigðismál. Mörg þessara sveitarfélaga eru fámenn og hafa, þrátt fyrir góðan vilja, ekki yfir þeirri sérþekkingu á þessum sviðum að ráða sem nauðsynleg er og hér getur skipt sköpum. Auk þess býður þessi skipting 40% landsins greinilega upp á ágreining og deilur milli sveitarfélaganna innbyrðis um staðar- og valdmörk á miðhálendinu sem líklegar eru til að æra óstöðugan og standa allri starfsemi þar fyrir þrifum svo dæmin hafa raunar þegar sannað. Hér yrði með öðrum orðum ein helsta íþrótt Íslendinga, landamerkjadeilurnar, hafin í æðra veldi. Hætt er við að skynsamleg landnýtingarsjónarmið og náttúruvernd lyti þar í lægra haldi."

Hér kemur dr. Gunnar G. Schram inn á eitt af þeim málum sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson varpaði spurningu fram um til hæstv. félmrh. og hann lét ekki svo lítið að svara þó svo hann kæmi upp og hygðist svara en svaraði ekki.

Hv. þm. spurði hæstv. ráðherra að því hvort hann teldi að fámenn sveitarfélög — Er hæstv. ráðherra í húsinu, herra forseti?

(**Forseti** (StB): Já, hæstv. ráðherra er í húsinu.)

Ég hefði gjarnan viljað fá svör við þeim spurningum sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson varpaði fram. Þetta eru mjög mikilsverðar spurningar sem auðvitað þarf að fá svör við í þessari umræðu því að prófessor í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands hefur varpað fram spurningum í sömu veru og hv. þm. og ég tel fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu hvort fámenn sveitarfélög geti tekist á við flókin og fjárfrek verkefni sem þeim er ætlað í frv., svo sem kannanir og rannsóknir.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma í salinn og mun endurtaka þessa spurningu sem ég var hér að ... (**Félmrh.:** Ég heyrði hana.) Hæstv. ráðherra heyrði spurninguna og ég vil gjarnan fá svör við henni. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti einnig á að fámennum sveitarfélögum er ætlað að rækja ýmis önnur erfið verkefni samkvæmt frv. Ég mun ekki gera þau að umtalsefni en spyr að því hvort hæstv. félmrh. hafi ekki áhyggjur af því að þessi fámennu sveitarfélög geti ekki sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt 1. gr. frv. Það eru sem sagt verkefni eins og kannanir og rannsóknir. Þau geta verið ansi kostnaðarsöm eins og að láta fara fram umhverfismat þar þörf er á því. Það þyrfti auðvitað að fá svör við þessu.

Ég spyr líka eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem bar hér fram mjög réttmætar spurningar fyrr í kvöld um þetta mál. Hann hafði t.d. áhyggjur af því hvort þessi fámennu sveitarfélög mundu standast valdamikla einstaklinga innan sveitarfélaganna sem væru að sækjast eftir gögnum og gæðum á hálendinu, hvort fámenn sveitarfélög mundu ekki gefa þar eftir vegna þrýstings frá valdamiklum einstaklingum í sveitarfélaginu. Það er auðvitað full ástæða til þess að velta því fyrir sér þegar málum er háttað eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Fyrst hæstv. ráðherra er nú kominn í salinn verð ég að láta hann vita af, hæstv. forseti, þeim áhyggjum sem ég hef af því hvernig verið er að etja saman þéttbýli og dreifbýli með þessu frv. Það er vissulega áhyggjuefni og hefur komið fram í umræðunni aftur og aftur í umfjöllun um þetta mál. Það á alls ekki að eiga sér stað að menn séu að etja þjóðinni saman, eins og gert er þegar íbúum í þéttbýli er att gegn dreifbýlisbúum og öfugt. Það er eitt af því sem ég hef verulegar áhyggjur af í þessu frv., þ.e. að þarna sé verið að efna til ófriðar milli þessara hópa.

Ég tel nauðsynlegt að þetta mál fái verulega umfjöllun í samfélaginu. Auðvitað ætti þetta mál að fara í þjóðaratkvæði. Þetta er alveg dæmigert mál sem þyrfti þjóðaratkvæðagreiðslu um. Þetta er það stórt mál, mikið grundvallarmál, sem er til umræðu. Ef mál sem þetta yrði lagt undir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu þá þyrfti það að fá verulega umfjöllun og kynningu. Það er einmitt það sem þetta mál þarf að fá. Það hefur alls ekki fengið næga kynningu og er allt mjög óljóst eins og sýnir sig í umfjölluninni hér, eins og sýnir sig í því hvernig málin hafa verið hér í öllum málatilbúnaði, hvernig mál umhvrh. hefur t.d. komið inn til kynningar svo óljóst að ekki nokkur maður skilur í rauninni hvað þar er verið að fara.

Menn túlka þetta á alla vegu. Stjórnarþingmenn sem hafa látið af fyrirvörum sínum vegna frv. umhvrh. hafa alls ekki skilið þetta frv. á sama hátt og reyndar hefur komið fram í umræðunni að þeir hafa alls ekki skilið málið. Ég efast því um að þetta mál sé tilbúið til að fara í gegnum þingið nú á vordögum.

Það er annað sem mér finnst mjög sérkennilegt í öllu þessu máli og það er að hæstv. umhvrh. hefur verið með nefndavinnu í gangi um ósnortin víðerni í kjölfar þess að þáltill. var samþykkt fyrir ári. En um leið og hæstv. ráðherra stendur fyrir umfjöllun um að vernda skuli víðernin á hálendinu er komið til umfjöllunar og á að samþykkja hér í miklum látum þingmál, frumvarp, þar sem nánast er verið að kippa grundvellinum undan því að hægt sé að varðveita þær náttúruauðlindir sem við eigum á hálendinu, þ.e. víðernin. Þau eru það sem ferðamenn munu sækjast eftir, sem munu verða aðdráttarafl erlendra ferðamanna hingað til lands. Fáar þjóðir eiga annan eins auð og við eigum á hálendinu. Við erum öfunduð af þessu um allan heim. Og nú ætlum við með nokkrum pennastrikum að slá striki yfir þetta allt saman.

Margoft hefur hér verið vitnað í erindi Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar, skólasystur minnar, bekkjarsystur úr menntaskóla. Þær athugasemdir sem koma fram í því erindi eru vissulega réttmætar. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það erindi hér þó full ástæða væri til þess, því að það sem hún segir í því erindi sínu eru orð sem eru vissulega tímabær og hún talar þarna fyrir munn margra Íslendinga. Hún Stein-

unn veit hvað hún syngur og lýsir þeirri auðlind sem við eigum á hálendinu er hún segir m.a. að þar er þriðja stærsta jökulhvel veraldar og stórbrotnustu gljúfur í Evrópu, mesta heiðagæsavarp í heimi o.s.frv. Fram hjá þessu öllu saman á að líta með þessu frv.

Mig langar til að vitna í mál Steinunnar, reyndar ekki þetta erindi heldur grein sem birtist eftir hana í DV á þriðjudaginn, daginn sem við hófum umræðu um þetta mál. Það sem Steinunn hefur þar að segja á fullt erindi í þingsölum. Hún segir, með leyfi forseta, í grein sem ber yfirskriftina Þjóðhættulegt stjórnarfrumvarp:

„Ef illa tekst til gæti farið svo að dagsins 28. apríl yrði minnst sem einhvers mesta óheilladags í íslenskri sögu. Þá stendur fyrir dyrum á Alþingi lokaafgreiðsla á stjórnarfrumvarpi um skiptingu 40 prósenta Íslands, hálendisins, milli 40 sveitarfélaga í 40 tertusneiðar sem geta mæst á ólíklegustu stöðum.

Afleiðingar af þessari skipan mála hafa alls ekki verið útskýrðar nægilega fyrir fólkinu í landinu, og það er hörmulegt. Skipting hálendisins mun vara um alla framtíð og hafa þýðingu fyrir hvert einasta íslenskt mannsbarn.

Sumir líta á það sem ranglæti að 4% þjóðarinnar eigi að ráða yfir næstum helmingi þess eina lands sem við byggjum. Aðrir sjá fyrir sér landamerkjadeilur í æðra veldi og stanslausan ófrið. Þetta er hvort tveggja rétt, en þetta er ekki það sem ég hef mestar áhyggjur af. Ég hef áhyggjur af landinu sjálfu, sem við höfum kallað landið okkar, og ég vil verja það. Ég vil verja það fyrir ofbeit, gegndarlausu landslagsraski vegna virkjana og efnistöku. Ég vil verja það fyrir eilífri stóriðju, fyrir skipulagsslysum, fyrir sundurleitu kofa- og sjoppufargani.

Sú skipan mála sem væntanlega verður afgreidd frá Alþingi býður öllum þessum hættum heim. Því vil ég nefna þetta stjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra þjóðhættulegt.

Páll Sigurðsson lagaprófessor er einn af mörgum hæfum mönnum sem um frumvarpið hafa fallað og telja það ótækt. Hann segir í grein í Morgunblaðinu 3. apríl: „Stjórnsýsla yfir hálendinu ... verður að sjálfsögðu að byggjast á mikilli yfirsýn og víðtækri gæslu almannahagsmuna sem sveitarfélögunum, mörgum fámennum og lítils megandi, yrði ofraun að rísa undir. Fámennið leiðir meðal annars til hættu á hagsmunaárekstrum og vanhæfi. ... Sérstaklega á þetta við um skipulags- og byggingamál hálendisins, þar sem skipuleggjendurnir verða að vera hátt hafnir yfir hrepparíg ...“

Það þarf reyndar ekki lögspeking til að sjá þennan einfalda sannleika. En þingmenn virðast ekki skilja hann. Ef þeir skilja, hvers vegna þegja þeir þá í stórum stíl? Stjórnarþingmenn hafa þagað, utan þrír, Alþýðubandalagið hefur verið máttlaust í andstöðu sinni. Einungis alþýðuflokksþingmenn hafa mótmælt kröftuglega.

Enn einu sinni vaknar spurningin: Hvaða fólk er þetta á Alþingi? Hvað er það að hugsa? Er það svo rígbundið á flokksklafann að það þegir út yfir alla skynsemi og samvisku? Eru það dreifbýlisatkvæðin dýrmætu sem sitja föst í kokinu og varna máls? Það minnsta sem við kjósendur getum nú farið fram á er tími, tími til að ræða og taka þátt í að ákveða hvað verður um landið okkar, í bókstaflegri merkingu.

Ef frv. um tertusneiðarnar 40 verður samþykkt frá Alþingi mun vansi þeirra sem að því stóðu, þeirra sem samþykktu, þeirra sem stóðu aðgerðalausir hjá, verða ævarandi. Kjósendur um allt land eru nú óðum að vakna til vitundar um þetta óheillafrumvarp og þeir munu beita refsivendinum harkalega þegar þeir fá tækifæri til. — En landinu mun blæða — það verður ekki aftur tekið.“

Þetta segir okkar virti rithöfundur Steinunn Sigurðardóttir í Dagblaðinu á þriðjudaginn var. Það er vissulega ástæða til þess að huga að ýmsum þeim atriðum sem hún nefnir í þessari grein sinni. Hún veltir því einnig fyrir sér hvort minni sveitarfélögin geti tekist á við það verkefni sem þeim er falið hér. Og kannski ekki að ástæðulausu.

Ég tek undir með Steinunni. Auðvitað á að gefa fólki tækifæri til að ræða þetta mál úti í samfélaginu. Það er sanngjörn krafa almennings að fram fari umræða um þetta mál og það bíði þá a.m.k. til haustsins. Úr því að menn ætla að bíða með frv. umhvrh. til haustsins og huga þar að ýmsum breytingum sem hafa alls ekki komið fram hér, þá á þetta mál að bíða einnig. Og þau eiga að afgreiðast saman. Það er ekkert minna mál að afgreiða þetta frv. en gagnagrunnsmálið sem var sem betur fer ákveðið að bíða með til haustsins. Þetta mál þarf ekkert síður að fá mikla umfjöllun í samfélaginu. Ég tel að hv. stjórnarþingmenn og hæstv. ráðherrar væru menn að meiri ef þeir létu þetta mál liggja til haustsins því það er alls ekki sátt um það í samfélaginu og við megum ekki efna til ófriðar meðal landsmanna vegna þessa frv.

Ég hlýddi snemma í kvöld á ræðu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns umhvn. og þingmanns Framsfl., og ég verð að segja að ég get ekki annað en hrósað hv. þm. fyrir málflutning hans. Ég furða mig á því, eins og hann var nú skeleggur og rökfastur í sínu máli, að hann skyldi ekki hafa getað sannfært samflokksmenn sína betur í þessum málatilbúnaði öllum. Það er ótrúlegt að í lok þessarar aldar skuli koma fram mál eins og þetta. Og ætla að bjóða mönnum upp á lausn eins og þá sem kemur fram í frv. umhvrh., að ætla meiri hluta þjóðarinnar, öllu þéttbýlinu á suðvesturhorninu, aðeins þrjá fulltrúa af átján í þeirri nefnd sem þar er lögð til, er alveg með ólíkindum. Það er með ólíkindum að bjóða upp á slíkt. Og að þingmenn sem kjörnir eru af íbúum þessa landsvæðis skuli leyfa sér að taka undir þetta misrétti. Það er ótrúlegt að horfa upp á þetta, gjörsamlega ótrúlegt.

Hv. formaður umhvn. gerði einnig að umtalsefni auglýsingar á deiliskipulagi og ég get tekið undir það sem hann sagði þó ég hafi ekki vitað sérstaklega hvernig þessum málum væri háttað áður, en hann upplýsti það í umræðunni að breytingar á deiliskipulagi ætti aðeins að auglýsa í því sveitarfélagi þar sem breytingin væri gerð. Það finnst mér alveg með ólíkindum. Mun það þá verða þannig að þegar þessi sveitarfélög verða komin með yfirráðin yfir þessum tertusneiðum að nægilegt sé að auglýsa breytingar á deiliskipulagi bara í sjoppunni á svæðinu? Ég var algjörlega gáttuð að heyra það, ef þetta er rétt hjá hv. þm., að það þyrfti ekki að auglýsa þetta nema bara í sveitarfélaginu þar sem breytingarnar eru gerðar. Þetta er náttúrlega hlutur sem á alls ekki að eiga sér stað. Það á auðvitað að auglýsa víðar en bara einhvers staðar á einhverju litlu svæði. Þessi mál varða okkur öll. Það á að taka það fram í lögum að miðhálendið sé sameign þjóðarinnar eins og við jafnaðarmenn höfum farið fram á. Og að bjóða manni upp á það að ef það eigi að breyta þessum tertusneiðum þá megi auglýsa það bara á einhverjum smástöðum. Þetta er alls ekki boðlegt.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhvn., hafði líka áhyggjur af framtíð gangnamannakofa. Ég er nú hissa á því að framsóknarmenn skuli ekki hafa haft áhyggjur af því með honum, framtíð gangnamannakofa á hálendinu. Það er

ótrúlegt að menn skuli ekki hafa uggað að sér í Framsfl. með þá kofa. Hann taldi að framtíð þeirra væri öll í uppnámi og hættu með þessu frv. Ég held að sveitamennirnir í Framsfl. ættu nú að athuga það mál, hvort ekki sé þarna verið að stugga við einhverjum kjósendum þeirra.

Manni virðist að frv. sé nánast atlaga dreifbýlisins, atlaga bændaveldisins að þéttbýlinu, að með þessu frv. sé verið að etja hópum saman.

Ég mundi gjarnan vilja fá fram í umræðunni: Hvað eru menn að hugsa varðandi breytingar á frv. hæstv. umhvrh. fyrir haustið? Hér hafa komið yfirlýsingar frá hv. þm. Árna M. Mathiesen sem menn hafa talað um að sé umhverfisráðherraefni Sjálfstfl. Hann telur að það þurfi að gera miklar breytingar á þessu frv. Sama er að segja um formann umhvn. sem mun náttúrlega hafa forræði á málinu þegar það kemur þangað í haust. Auðvitað þarf að koma fram hvaða breytingar menn ætla sér á þessu frv. Hvað eru menn að hugsa um í þessum efnum? Hversu miklar eiga breytingar að vera og hverjar eru þær?

Auðvitað þarf að fá svar við þessu. Ég geri ráð fyrir því, hæstv. forseti, að því verði svarað í fyrramálið. Ég trúi ekki öðru en að menn muni samþykkja að þetta frv. verði tekið á dagskrá og fái hér umræðu. Það að það skuli ekki verða afgreitt og fá umfjöllun í þinginu kemur auðvitað þessu máli sem hér er til umræðu nú í algjört uppnám eins og sýnir sig. Það er í algjöru uppnámi vegna þess að það er allt óljóst í því hvernig menn ætla að halda á málunum. Allt er í uppnámi.

Það hefur líka verið spurt um það hvernig þau 42 sveitarfélög sem eiga að koma sér saman um 12 fulltrúa í nefnd þá sem umhvrh. leggur til, eiga að velja þá fulltrúa. Hvernig eiga þessi 42 sveitarfélög að velja þessa 12 fulltrúa? Það hafa ekki komið nokkur svör við þeirri spurningu. Ég efast um að menn viti nokkuð hvernig þeir ætla að leysa þetta.

Veit hv. þm. Magnús Stefánsson hvernig menn ætla að leysa þetta með 42 sveitarfélög og 12 fulltrúa? Veit hann það, herra forseti? Ég hef ekki heyrt heldur frá hæstv. félmrh. að hann hafi einhverjar tillögur um það hvernig eigi að velja þessa 12 fulltrúa fyrir þessi 42 sveitarfélög.

Síðan kom upp úr dúrnum í andsvari hv. þm. Guðna Ágústssonar fyrir einum sex eða sjö klukkutímum að tryggja eigi þarna rétt hans hrepp sem ekki á land að hálendinu. Og ég spyr bara hvernig á að tryggja þeirra rétt. Það er greinilega margt óljóst enn í umræðunni um þetta mál allt saman. Það í rauninni allt með ólíkindum, allt þetta mál.

Ég veit ekki hvort ég eigi að gera hér að frekara umræðuefni þá óljósu lausn sem felst í frv. umhvrh. Formaður umhvn. sagði um að umboð þeirrar nefndar væri allt of veikt þar sem hún væri bara umsagnaraðili. Ég tek alveg fyllilega undir það. Það er allt of veikt. Þarna er verið að setja út undan hópa sem láta sig hálendið vissulega varða. Þar hefur verið nefnt til sögunnar útivistarfólk, ferðaþjónustan, fuglaskoðunaráhugamenn, skíðamenn, sleðafólk o.s.frv. Þessir hópar eiga enga aðkomu að þessari nefnd hæstv. ráðherra.

Ég nefni bara eitt sem ég hef verulegar áhyggjur af og snýr að ferðamálunum. Við höfum eytt miklum fjármunum í að byggja upp jákvæða ímynd landsins, sérstaklega í því sem snýr að erlendum ferðamönnum. Miklir fjármunir hafa verið settir í að byggja upp jákvæða ímynd landsins erlendis. Hvað verður um þessa jákvæðu ímynd þegar búið verður að sneiða allt hálendið, auðlind okkar, náttúruperlur okkar á hálendinu, niður í 40 tertusneiðar og menn í mörgum sveitarfélögum verða farnir að vasast í málefnum hálendisins? Ég er ansi hrædd um að sú ímynd muni hrynja þegar það allt saman verður að veruleika.

Þá er auðvitað búið að kasta öllum þessum peningum út í buskann. Öll sú landkynning og öll sú ímyndarsköpun sem hefur farið fram fyrir ærinn tilkostnað skattgreiðenda hefur þá ekki verið til neins. Það er nánast allt fyrir bí.

Ég gæti vissulega haldið lengi áfram að fjalla um þetta mál sem er nánast allt hið ömurlegasta. Lái mér hver sem vill að maður sé orðinn hálfhvekktur yfir þessu öllu saman, öllum þessum málatilbúnaði og þeim vinnubrögðum í þinginu að fjalla um þetta stórmál nánast sólarhringum saman án þess að menn fái almennilega hvíld til þess að mæta til vinnu hressir og kátir að morgni. Já, þeir geta hlegið framsóknarmennirnir sem kalla þetta yfir þjóðina. Ég held að það væri nær að þeir tækju til höndunum og reyndu að afstýra því slysi sem þetta mál er, nema það fái mun meiri umfjöllun.

Ég tek undir með rithöfundi okkar, Steinunni Sigurðardóttur, að landinu mun blæða og það verður ekki aftur tekið ef menn taka sig ekki á og leiðrétta þessa vitleysu sem er að fara hér í gegn. Þetta mál hefur alls ekki fengið nægа kynningu og það er veruleg ósátt um það í samfélaginu. Það hefur ekki farið fram hjá okkur þingmönnum, a.m.k. ekki okkur sem erum fulltrúar fyrir meiri hluta þjóðarinnar á suðvesturhorninu. Menn eru mjög ósáttir við að þeim er ekki ætlað að koma að þessu máli nema að mjög litlu leyti. Menn munu ekki sætta sig við þetta. Ég held að framsóknarmenn sem hafa átt erfitt uppdráttar hér í þéttbýlinu ættu huga að huga aðeins að því máli, a.m.k. að fulltrúar þeirra taki upp hagsmuni umbjóðenda sinna.

Herra forseti. Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni þá erum við jafnaðarmenn með sérstaka tillögu í sérálíti, í nál. frá minni hluta félmn., sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir mælti fyrir við upphaf umræðu um þetta frv. til sveitarstjórnarlaga. Tillaga okkar er sú að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild og lúti einni stjórn með þátttöku fulltrúa allra landsmanna. Frv., eins og það er nú, felur í sér, eins og segir í minnihlutaálitinu „mestu atlögu að almannarétti allt frá landnámsöld". Það er vissulega áhyggjuefni að menn ætli að keyra þetta mál í gegn án þess að vera með allt undir, og þar á ég við frv. umhvrh.

Það hefur líka verið bent á það í umsögnum með frv., sem voru til umfjöllunar í félmn., að það verði að ríkja einhugur meðal þjóðarinnar um nýtingu óbyggða Íslands. Það kemur m.a. fram í umsögn frá Félagi leiðsögumanna. Þeir segja einnig að landsmenn allir verði að ráða hvar byggingar og aðrar verklegar framkvæmdir verða og einnig hvaða svæði eru friðuð eða hvar umferð verði takmörkuð. Félag leiðsögumanna telur að slíkum einhug verði stefnt í hættu ef aðeins þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendi Íslands hafa þar lögsögu.

Vissulega væri full ástæða til að taka margt fleira til umfjöllunar hér en það er löngu kominn háttatími hjá þingmönnum að mínu áliti. Ég held, herra forseti, að ég fari að láta þessu lokið og komi frekar að málinu aftur á skikkanlegum vinnutíma því það er ekki boðlegt að láta menn standa hér og ræða þetta mál á þessum tíma þegar þjóðin er löngu sofnuð nema hún sé í skjáleik á þeirri stöð þar sem ella ætti að sjónvarpa umræðu úr þinginu. Stjórn þingsins, herra forseti, finnst þessi umræða ekki merkilegri en svo að ekki er ástæða til að sjónvarpa henni eins og annarri umræðu frá þingfundum. Það er hægt að bjóða manni upp á að tala um miðjar nætur á meðan skjáleikur er í gangi á sjónvarpsstöðv-

unum. Það er allt eins hjá meiri hlutanum. (**Gripið fram í:** Allt er það eins, liðið hans Sveins.)

Herra forseti. Ég áskil mér rétt til að ræða þetta mál frekar á skikkanlegum vinnutíma. Ég er búin að tala í um það bil klukkustund um málið og hef ekki komið nema að mjög litlu leyti að því sem hefði þurft frekari umfjöllun. Ég mun fara aftur á mælendaskrá síðar þegar skikkanlegri tími er til að fjalla um þetta mál.

[01:52]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Fyrir klukkutíma eða svo óskaði ég eftir upplýsingum um það frá forseta Alþingis hvað væri ætlunin að halda lengi hér áfram og þá var því lofað að rætt yrði við okkur fljótlega. Nú hefur það ekki verið gert. Satt að segja kann ég ekki að meta það og spurningin er auðvitað sú hvort staðan er þannig að hér séu komnir nýir siðir. Er núna kannski búið að taka upp siðina sem hæstv. forsrh. beitti í Ráðhúsinu forðum meðan hann var og hét og búinn að stinga Framsfl. í vasann í þeim verkum? Á ekki að gera tilraun til þess að hlusta á stjórnarandstöðuna og ræða það hvenær á að ljúka umræðum?

Það er alveg greinilegt, herra forseti, að þessari umræðu lýkur ekki í nótt. Það er alveg augljóst mál. Þess vegna er í raun ekkert annað eftir fyrir okkur en að semja um það hvenær henni lýkur. Ég teldi eðlilegast að ljúka henni núna, nákvæmlega núna, og alveg út í hött að halda henni áfram.

Þess vegna fer ég fram á það við hæstv. forseta, einkum og sér í lagi þann sem nú situr, sem er þekktur að því að bregðast vel við og var einu sinni kallaður forsetinn með gullhjartað — var það ekki þessi? (**Gripið fram í:** Það var þessi.) — að hann lúti nú svo lágt, stígi niður af tróni sínum og tali við okkur hina óbreyttu þingmenn stjórnarandstöðunnar stundarkorn. (**Gripið fram í:** Hvar eru þingmenn Sjálfstfl.?)

Það er auðvitað spurning hvort þingmenn og ráðherrar Sjálfstfl. séu í húsinu og hvort kannski mætti kalla þá til fundarins. Er eitthvað af ráðherrum Sjálfstfl. í húsinu, herra forseti?

(**Forseti** (GÁ): Já.)

(**Gripið fram í:** Hver?) Það er auðvitað spurning hvort það mætti hugsa sér að kalla í ráðherra Sjálfstfl. til umræðunnar? Ef hún á að halda áfram er alveg lágmark að þeir sem eru í húsinu taki þátt í umræðunni og séu hérna því við höfum margs að spyrja þessa ráðherra Sjálfstfl. ef þeir nenna að láta sjá sig.

Þeir hafa ekki þurft að vera hérna mikið vegna þess að Framsókn sér um þessi verk eins og venjulega þegar verið er að moka flórinn, þá er það Framsókn sem er í þeim verkum af því hún kann reyndar oftar betur á flórrekurnar en íhaldið.

Ég fer eindregið fram á það við hæstv. forseta að núna verði gert hlé, núna, á þessum fundi til að ræða um þinghaldið vegna þess að engin rök eru fyrir því að halda þessum umræðum áfram stundinni lengur.

[00:56]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og telur ekki óeðlilegt að þessi umræða fari fram. Hann mun taka þær óskir sem fram hafa komið til skoðunar meðan næsta ræða verður flutt.

[01:56]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við stjórnarandstæðingar sem höfum talað höfum hagað málum okkar af stillingu í kvöld og nótt. Um klukkan ellefu sagði hæstv. forseti Ólafur G. Einarsson að hann mundi tilkynna um tólfleytið hvernig hagað yrði fundi. Við þingmenn sögðum: „Gott og vel. Það er réttur forseta að haga málum þannig."

Um klukkan rúmlega tólf voru okkur borin þau skilaboð að halda skyldi áfram. Um klukkan eitt yrði hins vegar tilkynnt um framhald fundarins. Enn sögðum við: „Gott og vel. Við hlýðum fyrirmælum forseta." En um klukkan eitt var sagt: „Um tvöleytið verður tilkynnt um framhald fundarins."

Nú er klukkan orðin tvö og í þriðja skipti, með þriðja hæstv. forseta, því hann er sá þriðji sem við höfum haft á þessum tveimur tímum, fáum við engin svör.

Herra forseti. Þessi vinnubrögð ganga ekki lengur. Ef menn vilja fara í þennan slag þá erum við alveg tilbúnir í hann. Þá skulum við ræða þessi mál á breiðum grundvelli, ræða þessi mál í tengslum við þjóðlendufrv., fá til viðræðu hæstv. forsrh., flm. þjóðlendufrv. Ég tel þá líka rétt að ræða sveitarstjórnarmálið í víðara samhengi út frá fjármálum ríkisins, og þá væri rétt, herra forseti, að fá hæstv. fjmrh. til svara og taka þátt í þessari ítarlegu umræðu sem menn vilja láta hér fara fram því við erum ekki að skorast undan umræðunni. Við erum að biðja um nákvæmari skýringar á því hvernig forseti ætlar að haga hér vinnubrögðum — það er alveg ljóst að umræðunni lýkur ekki í nótt en mun halda áfram á morgun — og hvernig menn vilja láta þingstörf halda áfram.

Herra forseti. Ég tek undir þá ósk sem hv. þm. Svavar Gestsson kom fram með, að nú þegar verði gert fundarhlé og þessi mál rædd í tíu mínútur eða svo í fullri vinsemd forseta ásamt formönnum þingflokka svo hægt verði að komast að einhverju samkomulagi um hvernig við ætlum að haga vinnubrögðum.

Það er ekki hægt, herra forseti, í þriðja eða fjórða skiptið núna að segja: „Það koma fréttir eftir klukkutíma." Það gengur ekki, herra forseti. Við höfum hagað okkur af stillingu og málefnalega í þessari umræðu og munum gera það áfram. En við eigum líka rétt á sanngirni af hálfu stjórnarliða. Ég veit að hæstv. forseti er maður til þess að reyna að stuðla hér að betri vinnubrögðum.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur tekið undir það að hann vill sanngirni og ná saman um málið. Hann lítur á sig sem forseta þingsins og vill vinna með þeim hætti.)

[01:59]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni og þeirri kröfu sem sett hefur verið fram af hálfu formanns þingflokks Alþb. og óháðra, að þegar í stað verði gert hlé á þessum þingfundi til að ræða um vinnubrögð. Ég verð að segja að mér finnst Alþingi Íslendinga ekki bjóðandi upp á þetta, og kemur þar margt til.

Fyrr í kvöld var því lýst yfir að frv., sem gerir ráð fyrir breytingu á skipulagslögum og tengist því máli sem hér er til umræðu, yrði ekki tekið til umræðu á þinginu og afgreiðslu. Ég lít svo á að það frv. sé óaðskiljanlegur hluti þessarar umræðu. Þetta er nokkuð sem við þurfum að fá botn í, að öðrum kosti er umræða um þetta efni algerlega marklaus.

En ég spyr: Hvað vakir fyrir hæstv. forseta með þessum vinnubrögðum? Er ætlunin að stýra eðlilegri þingumræðu

eða er hreinlega verið að reyna að þreyta hv. þm.? Ég hef margoft upplifað það áður eins og mörg okkar sem nú erum stödd í þingsal. Ég minnist þess á sínum tíma þegar frv. um Rafmagnseftirlit ríkisins, þegar ríkisstjórnin var að einkavæða rafmagnseftirlitið, var tekið til umræðu. Hvenær skyldi það hafa verið gert? Það var gert klukkan fjögur eða fimm að morgni, þegar ríkisstjórnin vissi að þjóðin var sofandi, til að reyna að komast hjá því að menn gerðu sér grein fyrir því sem væri að gerast.

Hér er á ferðinni frv. sem menn hafa miklar skoðanir á og menn eru ekki að leika sér heldur vilja þeir rökræða þessi efni og gera kröfu til þess að það sé gert. Menn vilja rökræða frv. við þá sem eru á öndverðum meiði. En hvar skyldu þeir vera? Hvar skyldu þeir vera, að undanskildum hæstv. félmrh. sem hefur verið viðstaddur þessa umræðu? Þeir eru allir fjarstaddir.

Hvar eru fulltrúar Sjálfstfl.? Hér í þinginu er ekki einn einasti fulltrúi Sjálfstfl. Flestir fulltrúar Framsfl., að undanskildum hæstv. félmrh. og einstaka þingmanni Framsfl. eru farnir. Ég vil því mjög eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta að hann verði við þeirri kröfu sem formaður þingflokks Alþb. og óháðra setti hér fram, að þegar í stað verði gert hlé á þingstörfum til að ræða um stjórn þessarar umræðu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill upplýsa að í húsinu eru nokkrir af þingmönnum Sjálfstfl. þannig að þeir eru hér til staðar.)

[02:03]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ofmælt að í þessu máli eru nokkuð sérstakar aðstæður og það hefur endurspeglast mjög í þeirri miklu umræðu sem hér hefur farið fram. Um þetta mál eru skiptar skoðanir og mörg sjónarmið uppi. Þau eru ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er ekki síður að umræðan hafi verið borin uppi af ólíkum áherslum innan og milli stjórnaflokkanna. Einstakir þingmenn stjórnarflokkanna hafa jafnvel átt í hörðum orðasennum. Það á t.d. við um hæstv. sitjandi forseta og einn hv. þm., flokksbróður hans.

Stjórnarandstaðan hefur að nokkru leyti ólíkar áherslur í þessu máli. Þetta er geysilega stórt og afdrifaríkt mál. Það kemur heldur seint fyrir þingið og er að mörgu leyti vanbúið til afgreiðslu vegna þess samhengis sem það er í við önnur mál. Ekki þarf að orðlengja um það, samanber frv. það sem hæstv. umhvrh. hefur kynnt. Þetta, herra forseti, gerir það að verkum að það er fullkomlega eðlilegt og ekki við öðru að búast en að um þetta mál verði miklar og langar umræður. Það liggur í hlutarins eðli.

Um ellefuleytið í kvöld, í gær á víst að segja, herra forseti, var ég þá níundi maður á mælendaskrá. Ég kom í ræðustól undir þessum sama dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, og fór ákaflega hógværlega fram á að svo fljótt sem við yrði komið mundi forseti veita okkur þingmönnum, sem aftastir værum á mælendaskránni, einhverjar upplýsingar um hvers yrði að vænta með þinghaldið. Ég óskaði eftir að fá að vita hvort við yrðum látnir bíða eftir því, jafnvel fram undir morgun, að komast að, eða hvort við mættum frekar vænta þess að fá að tala í málinu á morgun.

Forseti tók þessu vel sem vonlegt var, enda um hógværa og sjálfsagða ósk að ræða og upplýsingum lofað var innan hálfrar stundar eða klukkutíma. Síðan hefur, í tvígang ef ekki í þrígang, verið frestað að veita nokkrar upplýsingar um framhaldið, mönnum sem eru kannski í áttunda eða níunda sæti á mælendaskránni. Mælendaskráin hefur reyndar lítið styst því jafnharðan og einhverjir hafa lokið máli sínu hafa aðrir bæst við.

Nú, herra forseti, fer ég fram á, reyndar með nokkuð meiri þunga en fyrr, að þessu linni og forseti geri hlé á fundinum eins og hér hefur verið óskað eftir. Síðan yrði að veita einhverjar upplýsingar, sem mark væri á takandi, um það hvort fundinum verði yfir höfuð fram haldið, sem ég tel reyndar mesta óráð að gera, og þá hvernig þessu starfi verði háttað að öðru leyti, t.d. hvenær málið verði tekið fyrir á morgun. Ég held að það þjóni afar litlum tilgangi að halda þessu miklu lengur áfram í ósætti í nótt og hygginn maður eins og forseti ætti að verða við þessum sjálfsögðu óskum, gera hlé á fundinum og bjóða til ráðslags um málið.

[02:06]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Allt sem hér hefur verið sagt er rétt. Það er frekar óvanalegt að finna að viðbrögð stjórnenda þingsins séu eins og viðbrögð ólundarlegra krakka. Hér hefur þess verið farið á leit, virðulegi forseti, að þeir sem aftarlega eru á mælendaskránni fái upplýsingar um áform með fundinn. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að vilji forseta Alþingis, sem sat sjálfur á forsetastóli fyrir miðnætti, hafi verið að gefa þessar upplýsingar. Síðan hann fór af forsetastóli hafa tveir forsetar tekið þar sæti. Ég skil vel að þeir skipti ört, þeir verða þreyttir að sitja hér fram eftir kvöldi.

Ákveðið var að hafa langa fundi og kvöldfundi tvö kvöld í röð. Það er hefð fyrir því í vinnu okkar þingflokksformanna að hafa tvo kvöldfundi í viku þegar mikið er að gera, þó sjaldnast sé það tvö kvöld í röð. Við féllumst á það að hafa þessa fundi tvö kvöld í röð. Því var lýst yfir alveg afdráttarlaust að það yrðu ekki næturfundir heldur kvöldfundir.

Virðulegi forseti. Við höfum verið hér síðan hálfellefu í morgun á góðum og öflugum fundi þar sem við höfum fært vel rök fyrir ýmsu sem þarf að skoða í þessu stóra og mikla máli. Ég hlýt að kalla eftir því, úr því að forseti sem við höfum yfirleitt getað treyst lýsti því yfir fyrir miðnætti að greint yrði frá framhaldi fundarins, að fá þær upplýsingar nú að tveimur tímum liðnum. Það er ekki viðunandi að einungis skuli sagt að halda eigi áfram. Því var lýst yfir að sagt yrði frá framgangi fundarins og þeir sem ekki munu ræða þetta mál hér í nótt það eiga heimtingu á að komast heim þó aðrir haldi hér ræður og staldri ögn við.

Það er slæmt að vinnumálaráðherra láti þetta viðgangast, sé viðstaddur án þess að blanda sér í málið og gera kröfu um að fundi verði slitið.

[02:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er ekki að ófyrsynju að ég kveð mér hljóðs um þetta atriði. Fyrr í kvöld þegar ég innti hæstv. forseta eftir framvindu þessa máls var ekki hægt að skilja mál hæstv. forseta öðruvísi en svo að þegar næsti ræðumaður hefði lokið sínu máli, þá mundi forseti gefa yfirlýsingu um það hvenær við mundum láta nótt nema og hætta þessu. Það liggur alveg fyrir, herra forseti, að fjölmargir eiga eftir að tala mikið um þetta mál og það er alveg ljóst að mælendaskrá

mun ekki tæmast í kvöld. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, herra forseti, sem ætlum að taka þátt í umræðunni og höfum búið okkur undir að flytja hér langt og ítarlegt mál, að við vitum hvort við fáum færi á því í nótt eða ekki.

Ég tel sjálfur, herra forseti, að það skipti sóma þingsins nokkru að við högum vinnubrögðum okkar eins og siðuðu fólki sæmir. Ég tel það ekki svo þegar við högum okkar svona. Við höfum verið hér á sextánda eða sautjánda tíma og hæstv. forseti hann treystir sér ekki til þess að segja, líkt og á öllum öðrum venjulegum vinnustöðum, hvenær hann hyggist láta þessu verki lokið.

Ég spyr, herra forseti: Er ekki mögulegt, til þess að halda áfram þeirri góðu sátt sem hefur nú verið á millum forseta þingsins og þingflokka stjórnarandstöðunnar, að formenn þingflokka og forseti hittist til þess að ræða þetta? Ég tel þetta úr takti við þau vinnubrögð sem tekist hefur að koma á undir forsæti hæstv. forseta Ólafs G. Einarssonar með góðri aðstoð varaforseta, þar sem ríkt hefur sæmileg sátt um vinnutilhögun í þessu þingi. Mér sýnist ekki, herra forseti, að rétt sé fram sáttahönd, nú þegar við, á síðustu dögum þingsins, reynum að ráða til lykta hér fjölmörg veigamikil mál.

Er ekki vilji til þess af hálfu hæstv. forseta að reyna að ná bærilegum samvinnuanda milli stjórnar og stjórnarandstöðu? Ég spyr, herra forseti, vegna þess að hér hefur verið kallaður til sögunnar sá forseti sem stundum hefur verið nefndur „maðurinn með gullhjartað". Er ekki rétt að forseti geri nú örstutt hlé og reyni að leysa úr málum í bærilegum friði með samtölum við stjórnarandstöðuna?

[02:11]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

*Forseti vill nú ná sáttargjörð um flest mál og vill beita sér fyrir því.* Hér hafa hv. þm. lýst skoðunum sínum og vissulega eru margir hv. þm. á mælendaskrá. Hér hafa verið fluttar margar málefnalegar ræður í kvöld þannig að þingið hefur ekki verið brugðist í þeim efnum.

Forseti er nýkominn hér í þennan stól og hefur nú heyrt þessa umræðu. Hann vill taka hana til íhugunar stutta stund, kannski á meðan einn hv. þm. flytur málefnalega ræðu, og sjá hvort samstaða næst um málið.

[02:12]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við höfum hlustað á slíkar yfirlýsingar í nokkur skipti í kvöld. Ég geri kröfu um að gert verði hlé á þessum fundi og rætt við þingflokksformenn.

[02:13]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta trikk sem forseti reyndi núna áðan, að ræða við stjórnarandstöðuna meðan næsti ræðumaður talar, hefur verið notað þrisvar í nótt. Það verður ekki keypt einu sinni enn. Ég óska eftir því að fundinum verði þegar í stað frestað og rætt við forustumenn þingflokkanna um hvenær fundinum lýkur. Þetta er engin framkoma, herra forseti. Og ég fer fram á það í fullri vinsemd að forsetinn stígi niður af tróni sínum og tali við það fólk sem er í salnum smástund.

[02:13]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti biður hv. þm. að gefa forseta smá ráðrúm til þess að skoða það mál sem hér hefur komið svo skýrt fram hjá hv. þingmönnum. Forseti tekur undir margt í þeirra málflutningi en vill þó að næsta ræða hefjist. Hann mun skoða málið meðan á henni stendur. Geta hv. þm. ekki fallist á það?

[02:14]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa tveir þingflokksformenn talað fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna og fyrir hönd Alþb. og óháðra. Þeir hafa óskað eftir fundarhléi og fært fyrir því rök. Eðlilegast væri að verða við því. Forseti hefur hlýtt á þessi rök og enn og aftur lagt til að næsti ræðumaður taki til máls svo honum gefist tækifæri á að íhuga þetta mál.

Hæstv. forseti hefur sér eitt til málsbóta í þessu efni. Hann er nýkominn í forsetastól. Mér fyndist rétt að forseti íhugaði málið í þriðja sinn og gæfi þetta fundarhlé. Hann hefur hins vegar ítrekað farið fram á að næsti ræðumaður fái að hefja mál sitt þannig að honum gefist tækifæri til að ráða ráðum sínum við aðra.

Ég fyrir mitt leyti, nú tala ég ekki fyrir þingflokka, þingflokksformenn verða að gera það, tel að ef forseti nær þeirri niðurstöðu mjög fljótlega að þessu máli verði frestað þá væri kannski ekkert óeðlilegt að verða við því. Við vitum að þeim forseta sem nú er í stólnum er annt um það að hafa gott samkomulag hér á milli.

Ég legg þetta enn og aftur í hendur forseta en ítreka að hér hefur af hálfu þingflokksformanna formlega verið farið fram á að gefið yrði stutt hlé og það væri eðlilegast að gera það. Ég bið forseta um að íhuga hvort það geti ekki orðið eða þá hvort hann treysti sér þá til að taka sér mjög stuttan tíma til ráðfæringa um þetta mál þannig að við fáum þá niðurstöðu þess innan fárra mínútna.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun standa við það sem hann hefur sagt og skoða það sem komið hefur fram í þessari umræðu.)

[02:16]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég tók þann kostinn að blanda mér ekki í þær umræður sem hér áttu sér stað um stjórn fundarins. Hins vegar er óhjákvæmilegt annað en vekja á því sérstaka athygli að við umræður um þetta mikilvæga mál, lög um sveitarstjórnir á Íslandi, eru 17 þingmenn í húsinu. Það sem sérstaklega er athyglisvert í því sambandi er að af þeim níu sem færa málið inn í þingsal, þ.e. fulltrúum úr félmn., eru þrír við þessa umræðu. Þar af tveir stjórnarandstæðingar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson, og talsmaður meiri hluta nefndarinnar, hv. þm. Magnús Stefánsson.

Hér er með öðrum orðum ekki einn einasti fulltrúi Sjálfstfl. í félmn. að svara fyrir þessi mál. Ég segi það gjarnan við 2. umr., þegar frv. koma úr nefndum þingsins, að ég eigi yfirleitt ekkert vantalað við hæstvirta ráðherra um þau efni og ég stend við það. Ég á hins vegar margt vantalað við sérfræðinga stjórnmálaflokkanna, þá hv. þm. sem farið hafa höndum um viðkomandi frumvörp, lagt á þau sitt mat og skoðað þau í krók og kima. Það á auðvitað ekki síst við í því stórmáli sem hér um ræðir. Virðulegi forseti,

þetta eitt gerir það að umræðan hér verður býsna marklítil og nánast marklaus, hvað sem líður klukkunni. Það eitt að ég eigi ekki þess kost að spyrja fulltrúa Sjálfstfl. í félmn., stærsta þingflokksins sem flutt hefur þetta mál í þingið eftir ítarlega umræðu í félmn., gerir það að verkum að hér verður ekki haldið áfram svo vitiborið sé.

Auðvitað er reynt að halda því til haga að í húsinu eru fjórir þingmenn Sjálfstfl. og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, nýkjörin formaður þingflokks Sjálfstfl. stendur hér vaktina af mikilli plikt. Mér er það ekki nægilegt. Það eru einmitt þessir sérfræðingar stjórnarflokkanna sem ég vil að leggi við hlustir. Því spyr ég virðulegan forseta hvort að þess sé að vænta að þeir hv. þm., sem ég mun nú ekki nafngreina sérstaklega af tillitssemi við þá, við vitum hér um hverja er að ræða, muni sjást við þessa umræðu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur lýst því yfir að hann gerir sér ekki grein fyrir því en þeim ber auðvitað að vera við þessa umræðu.)

Virðulegur forseti Hér er auðvitað um grafalvarlegan hlut að ræða. Ég er ekki að þæfa málið eða flækja að ósekju. Hvernig í veröldinni get ég hins vegar farið yfir þennan mikilvæga lagabálk með einhverjum vitrænum hætti ef loku fyrir það skotið, bara út frá náttúrufræðilegum forsendum, að þeir sem eiga að hlýða á mál mitt séu á staðnum? Hefur virðulegur forseti nokkur tök á að kanna það hvort þess sé að vænta að fulltrúar stjórnarflokkanna í félmn. Alþingis, sem fluttu þetta mál hér inn á þingið, muni koma til fundarins? Því mér finnst eiginlega nauðsynlegt að ég viti það. Ef svo reynist ekki vera finnst mér við blasa að umræðunni hljóti að ljúka eða að henni verði frestað í kvöld. Ef þeirra er að vænta þá get ég reynt að haga málflutningi mínum þannig að ég bíði með þær spurningar sem ég hafði hugsað mér að beina sérstaklega til þeirra.

(**Forseti** (GÁ): Forseti bað um örstuttan tíma undir umræðum um fundarstjórn forseta og ... )

Virðulegi forseti. Til að enginn misskilningur sé hér á ferðinni, þá er ég ekki að gera sérstakar athugasemdir um fundarstjórn forseta, það er ekki þannig.

(**Forseti** (GÁ): Forseti er að upplýsa að hann hefur ekki niðurstöðu í því máli sem hann var beðinn um að hugleiða. Hann bað um frest og biður nú hv. þm. um að hefja ræðu sína.)

Hér er einhver misskilningur á ferðinni, virðulegur forseti. Ég er ekki að gera athugasemdir um fundarstjórn forseta hér. Ég er eingöngu að leita upplýsinga um það hvort þess sé að vænta að fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir sem flytja þetta mál inn á þing úr félmn., verði viðstaddir umræðuna. Það er spurning mín og ég bið forseta um svar við því.

(**Forseti** (GÁ): Forseti skal leita upplýsinga um það atriði.)

Vill forseti að ég fresti ræðu minni á meðan?

(**Forseti** (GÁ): Það verður að vera í valdi hv. þm.)

Ég óska eindregið eftir því að þar til að svör fást við því að þá fái ég til þess heimild að fresta ræðu minni.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hv. 1. þm. Reykn. og aðalforseti eru hér á fundi að skoða þau atriði sem komið hafa fram í umræðunni. Forseti biður um smátíma til þess að fá upplýsingar af því.)

Ég hef fullan skilning á aðstæðum hér í þinginu og öllum þeim mikilvægu fundahöldum sem eiga sér stað. Til að taka fyrir allan misskilning þá hef ég ekki óskað eftir því sérstaklega að þessir þingmenn, sem ég hef ekki nefnt hér á nafn, verði ræstir út. Það er ekki mín beiðni. Ég hef ekki beðið um að þessir þingmenn verði vaktir um miðja nótt til þess að koma til umræðunnar. Spurning mín var eingöngu um það hvort forsetadæmið hefði vitneskju um hvort þeirra væri að vænta, hvort þeir hefðu skroppið úr húsi af einhverjum orsökum. Eru þeir á leið hingað til fundarins eins og eðlilegt mætti teljast?

Ég sé og heyri að virðulegur forseti er upptekinn í öðru en vildi árétta það sem ég sagði. Það má ekki fara á milli mála að ég var ekki að biðja forseta um að vekja þessa hv. þm. (Gripið fram í.) Ég var ekki að biðja um það. Spurning mín var eingöngu hvort það kynni að vera þannig, sem auðvitað er sennilegasta skýringin, að þeir hafi skroppið úr húsi og séu í næstu húsum eða á leið til þessarar umræðu. Þess vegna bað ég um skjót svör við því. Ég tel eðlilegt að þeir séu á skrifstofum sínum, fylgist þar með umræðunni og séu rétt ókomnir. Af þeim sökum bauðst ég til að bíða með að hefja ræðu mína þannig að ég gæti beðið eina eða tvær mínútur uns þeir kæmu hingað til fundarins. Það var undir þeim formerkjum sem ég var með þessi tilmæli.

Er þetta misskilningur af minni hálfu?

(**Forseti** (GÁ): Forseta leiðist þetta þóf. Hér komu upp sex eða sjö þingmenn og ræddu um fundarstjórn forseta og hann bað um smáhlé. Síðan lauk þeirri umræðu og hv. þm. tók því að koma í ræðustól og hefja ræðu sína. Forseti biður hv. þm. að hefja ræðuna.)

Virðulegi forseti. Ég hélt ég þyrfti ekki að endurtaka mig. Ég er hér ekki að ræða um fundarstjórn forseta. Hann tók auðvitað gjörla eftir að ég var ekki þátttakandi í þeirri umræðu. Hér er ég að vekja máls á allt öðrum hlutum. Þeir lúta að viðveru hv. þingmanna, sérfræðinga stjórnarflokkanna í því máli sem hér er til umræðu. Mín spurning var eingöngu þessi: Hefur forseti upplýsingar um það hvort þess sé að vænta að umræddir hv. þm. séu á leið til fundar? Það hefur ekkert með fundarstjórn forseta að gera. Ég hef rætt það hér áður.

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur það ekki hér í höndunum hverjir eru í þessari nefnd og hefur ekki hugmynd um hvort ... )

Þá verð ég, fyrst að forseti hefur ekki þær upplýsingar, að lesa þau nöfn sem hér um ræðir. Í félmn. eru, samkvæmt þeim plöggum sem ég hef fengið á skrifstofu þingsins, eftirtaldir þingmenn: Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstfl., Rannveig Guðmundsdóttir, Alþfl., sem er hér á fundinum, Siv Friðleifsdóttir, Framsfl., sem ekki er á fundinum, Kristján Pálsson, Sjálfstfl., sem ekki er á fundinum, Ögmundur Jónasson, Alþb., sem er á fundinum, Pétur H. Blöndal, Sjálfstfl., sem var á fundinum en er ekki lengur, Magnús Stefánsson, Framsfl., sem er á fundinum, Kristín Ástgeirsdóttir, óháð, sem ekki er á fundinum og Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstfl., sem ekki er á fundinum.

Þá ætti það að liggja ljóst fyrir hvaða fólk hér um ræðir þó ég hafi af fremsta megni reynt að forðast að opinbera það sérstaklega eins ég hef nú gert. Það er alveg nauðsynlegt, án þess að ég ætli að fara í frekari stæla um þetta mál, að athugasemdir mínar eru engan veginn tengdar þeim umræðum sem hér áttu sér stað um stjórn fundarins áðan. Ég er eingöngu að velta því fyrir mér, sem er auðvitað stórpólitískt mál, ekki aðeins formlegt, þingtæknilegt og um stöðu þinghaldsins, heldur einnig um það hvort ég eigi tök á að eiga pólitískan orðastað við fulltrúa Sjálfstfl. í félagsmálunum, sérfræðinga stærsta þingflokksins í félmn. Það er spurning mín.

Ef svarið er nei, þá veit ég það. Ég hef ekki fengið svar við því. Og ég gaf mér það, og trúi því þar til ég fæ sönnur á annað, að þessir hv. þm. væru á næstu grösum. Ef þeir eru það ekki og eru sofandi heima, þá læt ég við svo búið standa. Ég hef auðvitað skilning á því að hv. þm. þurfi að hvíla sig þó að aðrir standi hér vaktina. Þá er það bara þannig.

En ég vildi gjarnan fá svör við því, það er mín einfalda spurning, hvort þess sé að vænta, án þess að ég óski þess að þeir verði ræstir, að þeir komi hingað til fundarins. Eru þeir á leið til fundarins?

Ég skal hins vegar gefa forseta einhverjar mínútur til að komast að því. Ég mun því hefja þessa almennu umræðu í trausti þess. Nú veit hæstv. forseti hverjir þetta eru og það auðveldar honum væntanlega að hafa upp á þeim.

Virðulegi forseti. Þetta mál er auðvitað stórpólitískt mál. Hér er ekki tæknileg útfærslu á því hvernig sveitarstjórnir í landinu eigi að starfa til næstu framtíðar. Hér er um pólitískt mál að ræða. Hér hafa menn, í þessum ræðustól og hringinn í kringum landið fyrr og síðar, rætt um hlutverk sveitarstjórna og samspil þeirra við ríkisvaldið. Menn hafa haft miklar hugmyndir um það hvernig þetta samspil gæti gengið fyrir sig. Sumir stjórnmálaflokkar hafa gengið svo langt að vilja brjóta upp það fyrirkomulag sem við búum við í dag og höfum að mestu leyti búið við um langt árabil. Ég á þá sérstaklega við stefnumörkun Framsfl. um þriðja stjórnsýslustigið. Framsfl. hefur að vísu ekki verið einróma í því máli en átt sér skoðanasystkini í öðrum flokkum.

Einstaka þingmenn Alþb. hafa léð máls á því að skynsamlegt væri að stefna að hinu þriðja stjórnsýslustigi, sem væri eins konar millistig milli sveitarstjórna og ríkisvalds. Þetta gengur hins vegar ekki eftir í frv. því sem við höfum fyrir framan okkur. Ég hef reynt að leggja við hlustir og fylgjast grannt með umræðunni um frv. en ég hef satt að segja ekki heyrt marga ræðumenn, ef nokkurn, ræða þennan stórpólitíska þátt málsins. Ég spyr ég hvort það sé algerlega liðin tíð til að Framsfl. hafi í frammi þetta sjónarmið. Það er eins og mig minni að Steingrímur Hermannsson, fyrrum forustumaður og foringi Framsfl., hafi stundum nefnt þetta til sögunnar. Það var ekki fyrir svo mörgum árum að það var talið munu gerbreyta stöðu og styrk dreifðari byggða í landinu að setja á þetta þriðja stjórnsýslustig. Þannig var talið að tryggja mætti stöðu hinna dreifðu byggða gagnvart ríkisvaldinu. Um þetta heyrist hvorki hósti né stuna lengur.

Í þessu samhengi, því að það er auðvitað nátengt því frv. sem við ræðum hér, velti ég því upp hvort þetta stefnumið Framsfl. hafi verið sett ofan í skúffu og tilheyri fortíðinni. Hafa hinir nýju foringjar Framsfl. gefist upp á þessu máli? Það væri kannski fróðlegt að hv. talsmaður félmn., hv. þm. Magnús Stefánsson, færi um það orðum, kannski í andsvari á eftir eða síðar meir í þessari umræðu sem á talsvert í land með að ljúka.

Af því að ég er að gera að umtalsefni hv. þingmenn og sérfræðinga hér í málefnum sveitarfélaga, ég nefndi þá sérstaklega til sögunnar fulltrúa í félmn., þá er ekki einhlítt að í þeirri nefnd séu aðeins sérfræðingar sem vita eitthvað um málefni sveitarfélaga. Mér telst til að það séu eigi færri en tuttugu og tveir eða þrír þingmenn hv. sem hafa setið í sveitarstjórnum um lengri eða skemmri tíma. Sumir þeirra sitja raunar enn í sveitastjórn, a.m.k. tveir sem ég man eftir, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Kannski eru þeir fleiri. Þess vegna sakna ég þess dálítið í umræðunni að menn leggi sitt pólitíska lóð á þessar vogaskálar og ræði það frv. sem hér um ræðir undir pólitískum formerkjum og spyrji sig: Hvað þýðir það í raun og sann þegar menn stíga á stokk og ræða um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga? Hvað þýðir það þegar ríkisstjórnir, sem koma og fara, lýsa því yfir að færa beri verkefni frá miðstýrðu ríkisvaldi yfir til sveitarstjórna á landinu? Fylgir þar hugur máli eða er þetta almennt snakk og hjal á hátíðarstundum? Enginn sem ég man eftir reynt að festa hendur á þessari pólitísku spurningu.

En ef maður skyldi reyna að leita svara í því frv. sem hér er á boð borið, þá er svarið ákaflega skýrt og augljóst. Það er enginn metnaður til þess að styrkja sjálfstæði sveitarfélaga. Þvert á móti er sú þróun, þrátt fyrir tal og aðgerðir í þá veru að flytja vald og verkefni frá ríki til sveitarfélaga, stöðvuð í frv. eða með öðrum orðum, henni er snúið við. Þetta frv. er auðvitað því marki brennt að sveitarstjórnarmenn og sveitarfélög í landinu mega tæplega skipta um skoðun eða yfirleitt hafa skoðun án þess að leita til æðsta valdsins, félmrn. eða úrskurðarnefndir, til þessa eða hins um leyfi fyrir hitt og þetta.

Þetta finnst mér vond þróun. Þessi þróun gengur þvert á það sem langflestir hv. þm. og allir stjórnmálaflokkar hafa hamrað á hér árum og áratugum saman, því að flytja vald og verkefni frá miðstýrðu ríkisvaldi til sveitarfélaga.

Aðgerðir og tal í þá veru eru hins vegar tóm sýndarmennska þegar hið háa Alþingi og framkvæmdarvaldið, ríkisstjórn, ætla á sama tíma að þrengja svigrúm sveitarfélaganna til að ráða málum sínum sjálf. Það er innihald og kjarni þessa máls sem við erum að ræða hér. Það er innihald þessa frv. til sveitarstjórnarlaga. Því er nú verr og miður. Hafi stjórnarþingmenn ekki áttað sig á því, þá er nú kominn tími til að þeir geri það. Eða eru þeir einfaldlega sammála því og hafa þeir þá skipt um skoðun?

Það er kannski ekkert vit í því, að mati Sjálfstfl. og Framsfl., að færa vald frá miðstýrðu ríkisvaldi út í hérað. Það á ekki að gera það, aðeins að tala um það. Þegar verkefnin eru flutt frá miðstýrðu ríkisvaldi út í hérað þá ætlar ríkissjóður, framkvæmdarvaldið, ráðuneytin og stofnanir ríkisins, hver af annarri, að ráðskast með og ráða hvernig þeirra þjónustu verður háttað.

Af því ég er hér í tölfræði um þingmenn þá held ég að þeir séu um 12 talsins, þingmenn stjórnaflokkanna sem hafa setið í sveitarstjórnum. Ég er undrandi á því hve fáir þeirra hafa vikið einu aukateknu orði að þessum málum. Hafa þeir engan áhuga á því hvað þetta frv. er að segja okkur og hvað skilaboð þetta frv. flytur byggðum landsins, ekki bara til sveitarstjórnanna, ekki bara til kjörinna bæjarfulltrúa hringinn í kringum landið heldur til fólksins, kjósendanna í þessum byggðum? Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, og mikilvægt í mínum augum að menn átti sig á því og glöggvi sig kirfilega á því hvert við stefnum í þessum málaflokki.

Hér er ekki eingöngu um að ræða tæknilega útfærslu á því hvernig fundahaldi eigi að haga í sveitarstjórnum, hvenær og hvernig eigi að kjósa oddvita og ráða framkvæmdastjóra. Það er að sönnu ákaflega mikilvægt í þessu viðamikla frv. Það má segja að séu svona tæknilegar útfærslur sem menn geta rætt og reifað og komist að niðurstöðu um í nefndum þingsins og hugsanlega í góðum anda í almennum umræðum í þinginu en það hefur ekkert með pólitík að gera. Ég sakna þess enn þá, virðulegi forseti.

Það var kannski af þeim sökum, en ekki af neinum stráksskap, sem ég nefndi það sérstaklega að ég saknaði

sérfræðinga stjórnarflokkanna í þessum málefnum. Það er að segja: Hver er stefnan í raun og sanni? Hvað vill Sjálfstfl. sem hefur a.m.k. fram undir það síðasta talað mjög í þá veru að dreifa eigi valdi. Það hefur Sjálfstfl. m.a. sýnt með því að selja öll þau ríkisfyrirtæki sem skila peningum. Þeir breyta þeim fyrst í hlutafélög og selja þau síðan til einkaaðila. Það hefur Sjálfstfl. stundum í góðu samstarfi, m.a. í síðustu ríkisstjórn við Alþfl., gert með því að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga. Þá er þess skemmst að minnast er grunnskólarnir voru fluttir yfir til sveitarfélaganna. Það var auðvitað stórt skref í þessa átt og ég var mikill fylgismaður þess. Ég trúi því og veit raunar að það mun leiða til betri skóla og betri þjónustu við nemendur, kennara og annað starfsfólk skólanna.

Þessi atriði eru ekki nefnd. Hæstv. félmrh. ræddi þetta lítið sem ekkert í framsöguræðu sinni hér við 1. umr. málsins. Hann fór hins vegar inn á hinar tæknilegu forsendur þessa frv. Því að þetta frv. hefði yfirleitt einhver pólitísk skilaboð eða væri í þá veruna var ekki að heilsa þá. Hæstv. félmrh., sem flytur þetta mál inn í þingið, hafði engin slík skilaboð. Þaðan af síður hef ég heyrt þau frá talsmönnum stjórnarflokkanna, séfræðingum þeirra í félmn., því að þeir hafa ekki allir lagt orð í belg. Þó að um það bil 15 hafi þegar talað við þessa umræðu þá eru þeir teljandi á fingrum annarrar handar, sem rætt hafa um þessi mál af hálfu stjórnarflokkanna. Þetta er auðvitað verulegt áhyggjuefni. Auðvitað er ekki nýtt í þinginu, og sérstaklega í tíð þessarar ríkisstjórnar, að menn forðist það eins og heitan eldinn að ræða hér pólitík og telji hið háa Alþingi meira og minna einhvers konar tæknilega útfærslustofnun á þeim pappírum sem frá ráðuneytunum koma og þingnefndirnar séu fyrst og síðast að lagfæra vitleysur sem gerðar eru í ráðuneytunum með hjálp frá ýmsum góðum umsagnaraðilum. Þetta er mikill misskilningur. Þetta er ekkert nema hluti af því starfi sem hér þarf að fara fram. Hér þarf auðvitað hina pólitísku umræðu um mál.

Það er orðið býsna sláandi, í hverju stórmálinu á fætur öðru, hvernig stjórnarþingmenn þegja þunnu hljóði. Ég var til að mynda að ræða hér stórmál um daginn. Það laut að loftferðum. Í fljótu bragði finnst kannski engum það neitt sérlega spennandi mál. Það gengur út á lagasmíð, að mörgu leyti dálítið tæknilega, um það hvernig eftirlitsþáttum skuli háttað með loftförum hér á Íslandi, flugvallagerð og skipan flugráðs og fleiru. Í því máli var til að mynda stórpólitísk grein sem laut að framsali valds til samgrh. Samkvæmt henni mátti hann selja allt laust og fast eftir því sem hann vildi eða hvað sem seljanlegt væri í flugrekstri hérlendis undir stjórn ríkis og Flugmálastjórn. Í stjórnarliðinu var enginn sem reyndi að ræða þau mál út frá pólitískum forsendum. Samgrh. reyndi það auðvitað ekki neitt. Það að særa stjórnarþingmann upp um þetta stórpólitíska mál var árangurslaust. Sérstaklega kallaði ég þá eftir viðhorfum Framsfl. til þessara mála því að Sjálfstfl. er þó að þessu leyti stefnu sinni trúr að hann vilja einkavæða blint, það er bara trúaratriði hjá honum. Framsfl. hefur a.m.k. fram undir það síðasta reynt að stemma þar við stigu og haft ýmsar efasemdir um ágæti þess og a.m.k. viljað, eins og við alþýðuflokksmenn, meta í hvert skipti hvort skynsamlegt væri.

Í þessum efnum var það algjörlega vonlaust mál. Sem betur fer er þeirri umræðu ekki lokið, 3. umr. um loftferðir, þannig að enn þá er von til þess að Framsfl. lýsi sjónarmiðum til þeirrar einkavæðingar. Ég ætla út af fyrir sig ekki að staldra við það mál. Nóg er efnið í því frv. sem hér um ræðir.

Ég sagðist hafa af því áhyggjur að það vantaði metnaðinn í þetta frv. og að menn hefðu ekki sett fram neina pólitíska framtíðarsýn þegar það var samið. Ég vil minna á, virðulegi forseti, í þessu samhengi að 1994 var breytt ákvæðum stjórnskipunarlaga, stjórnarskrárinnar. Nú hljóðar 78. gr. stjórnarskrárinnar þannig, sú grein lýtur að hlutverki sveitarfélaga, þannig, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða."

Í eldri stjórnskipunarlögum fyrir 1994, í 76. gr., sem þá hét, hljóðaði þessi texti svona:

„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálft málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."

Ég sat í nefndinni sem vann að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég man það sérstaklega að þegar að þessu ákvæði kom, þá lagði ég talsvert til málanna. Ég skal fúslega upplýsa, virðulegi forseti, að það var engin tilviljun að þetta lykilorð, sem var í gömlu stjórnarskránni, að sveitarfélögin skuli ráða sjálf málefnum sínum með „umsjón" stjórnarinnar er ekki lengur í þeirri stjórnarskrá sem við búum við í dag. Með öðrum orðum er hvergi í þessu ákvæði stjórnarskrárinnar að finna það sem var í hinu gamla ákvæði, að framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin, hefði stjórnarskrárskipaðan rétt til þess að hafa umsjón með sveitarfélögum. Í stjórnarskránni er eingöngu kveðið á að málefnum sveitarfélaganna skuli skipað með lögum. Að öðru leyti skulu þau ráða sínum málum sjálf.

Þetta er algjört grundvallaratriði, virðulegi forseti, og nauðsynlegt að halda til haga í ljósi þess sem ég sagði áðan. Þetta frv. til sveitarstjórnarlaga, sem við erum að ræða við 2. umr., gengur í þveröfuga átt. Tilhneigingin er í þá átt að stjórnin, ríkisstjórnin, og ráðuneytin hafi, nánast daglega, umsýslu og umsjón með málefnum sveitarfélaga. Það er ekki í anda stjórnarskrárinnar og þeirrar stjórnarskrárbreytingar sem gerð var 1994. Þetta er algjört lykilatriði og ég mótmæli því harðlega að ráðuneytið, höfundar þessa frv., hafi ekki strax í upphafi þeirrar vinnu glöggvað sig á þeirri breytingu sem þarna átti sér stað. Þarna er mikill misskilningur á ferðinni.

Ég vil undirstrika þetta grundvallaratriði málsins mjög ákveðið og nefna það að hér eru ákveðin atriði sem ganga beinlínis í þá átt að auka vald og afskipti ráðuneyta af málefnum sveitarfélaga, jafnvel í daglegum málefnum sveitarfélaga, fremur en að þróunin gangi í hina áttina. Ég hafði trúað að flestir stefndu að því, m.a. með hliðsjón af þessum stjórnarskrárbreytingum og einnig af margítrekuðum og endurteknum yfirlýsingum núv. ríkisstjórnar, síðustu ríkisstjórnar og gott ef ekki var ríkisstjórnarinnar 1988–1991. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál.

Virðulegi forseti. Þau lög sem hér er verið að breyta eru frá 1986. Margir gætu haldið að það nýleg lög, tólf ára gömul, hefðu staðist býsna vel tímans tönn og af þeim ástæðum væri varla tilefni til þess að gera stórpólitískar breytingar á þeirri lagaumgjörð sem sveitarfélögin hafa búið við, þetta tólf ára skeið. Í umsögn Reykjavíkurborgar, sem skilar langítarlegustu umsögn allra sveitarfélaga um þetta frv., er einkunnin sú að þær breytingar sem gerðar séu á núgildandi lögum séu svo lítilvægar að það taki því ekki að telja þær upp. Þarna er borgarlögmaður að gefa skýrslu til borgarráðs. Það segir auðvitað meira en mörg orð um hve innihaldslítið þetta frv. í raun og veru er.

Virðulegi forseti. Nú mér finnst ég tala dálítið út í vindinn vegna fámennis á þessum fundi. Ég á þess sem betur fer kost

að ræða málið betur í seinni ræðu minni og bind vonir við að einhverjir stjórnarliðar muni þá leggja við hlustir. Hér er vissulega mjög mikilvægt mál á ferðinni. Í von um að ég hitti síðar á hlustandi eyru í hópi stjórnarliða ætla ég að ljúka þessari ræðu minni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 02:51.

---

## 115. FUNDUR

fimmtudaginn 30. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276. — Frh. 2. umr.
2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.
3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.

***Tillaga um dagskrá næsta fundar.***

Stjórnarfrumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

[10:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta hefur borist svohljóðandi skrifleg dagskrártillaga:

„Við undirritaðir alþingismenn leggjum til, með skírskotun til síðari málsl. 1. mgr. 63. gr. þingskapa, að á dagskrá næsta fundar verði tekið til 1. umr. 703. mál, stjfrv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, á þskj. 1289.

Svavar Gestsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson."

1. mgr. 63. gr. þingskapa hljóðar svo:

„Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins."

Í samræmi við þessi ákvæði þingskapa ber forseti nú dagskrártillöguna undir atkvæði án umræðna. Óskað hefur verið eftir nafnakalli og fer það nú fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Dagskrártillaga felld með 34:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH.

**nei:** DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, JHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÓE.

7 þm. (GÁ, ÍGP, SF, VE, ÞorstP, ÁÞ, BBj) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:36]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er lagt til að tekið sé á dagskrá var afgreitt þannig í ríkisstjórn að það yrði lagt fram til kynningar í þinginu eins og oft er með frumvörp á seinustu dögum þings. Það yrði ekki tekið til umræðu eða til afgreiðslu. Það var samþykkt þannig í báðum stjórnarflokkunum. Það eru fjölmörg þýðingarmikil mál á dagskrá þessa þings sem þarf taka til umræðu og afgreiða á seinustu dögunum og þess vegna er ástæðulaust að breyta þessari ákvörðun sem ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafa tekið. Ég segi því nei.

[10:37]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í nál. meiri hluta félmn. kemur fram að ég hef sterkan fyrirvara við sveitarstjórnarfrv. sem lýtur fyrst og fremst að 1. gr. þess. Í nál. segir að sá fyrirvari lúti að því að gera þurfi breytingar á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frumvarps eigi skipulag hálendis Íslands að vera ásættanlegt.

Nú virðist stefna í það, hæstv. forseti, að það frv. sem lagt hefur verið fram, um breytingu á skipulagslögum, fái ekki að koma hér á dagskrá og það setur auðvitað málið og minn stuðning við sveitarstjórnarfrv. í mikið uppnám. En við sjáum hvað setur. Ég segi já.

[10:40]

**Ragnar Arnalds:**

Virðulegi forseti. Ég tel að efni þessa frv. sé afgerandi þáttur í þeirri málamiðlun sem reynt var að skapa í nefnd um afgreiðslu sveitarstjórnarlaga. Ég tel að það lofi sannarlega ekki góðu að ekki skuli fallist á að taka þetta mál til umræðu og vísa því síðan í nefnd þannig að hægt sé að leita umsagnar um það og undrast ég mjög þessi vinnubrögð, enda hef ég aldrei orðið vitni að því áður að flutningsmenn frv. í þinginu neiti að taka málið á dagskrá og felli það í formlegri afgreiðslu. Ég er alveg viss um að það er algert einsdæmi í þingsögunni að menn neiti að taka til umræðu mál sem þeir sjálfir flytja. En eitthvað býr þar á bak við og hugsanlega miður skemmtilegt og það harma ég. En sjálfur segi ég að sjálfsögðu já.

[10:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn styðjum að þetta mál komi á dagskrá vegna afstöðu Alþb. og Kristínar Ástgeirsdóttur utan flokka sem hafa lýst yfir stuðningi við þetta mál á grundvelli samkomulags sem enginn veit núna hvernig verður. Ég lýsi furðu minni á þeim vinnubrögðum sem hér fara fram af hálfu stjórnarliðsins. Ég segi já.

[10:42]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. sagði áðan að samþykkt hefði verið í ríkisstjórninni að taka þetta mál hvorki til umræðu né afgreiðslu á Alþingi. Þá samþykkt hefur hann sjálfur

brotið því hann tók málið til umræðu og kynnti það undir öðrum dagskrárlið en ætlar síðan núna með atkvæði sínu að koma í veg fyrir að aðrir alþingismenn geti fylgt þeirri umræðu eftir undir dagskrárlið þar sem rætt er um málið sjálft.

Hæstv. ráðherra var fyrstur manna til að taka málið til umræðu á Alþingi en er nú í hópi þeirra sem ætla að neita hv. alþm. um sama rétt. Þetta er furðuleg framkoma, virðulegi forseti, og í fyrsta sinn sem ráðherra bregður fæti fyrir framgang máls sem hann flytur sjálfur. Ég segi að sjálfsögðu já.

[10:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér virðast vera í þann veginn að gerast alveg fáheyrð tíðindi. Rétt er að vekja athygli á því að um er að ræða stjfrv. og hluta af samkomulagi sem gert var í þingnefndum um afgreiðslu á mikilvægu máli. Fróðir menn telja að það hafi gerst síðast og kannski í eina skiptið áður árið 1959 að gripið hafi verið til þess ráðs að bera upp tillögu um breytingu á dagskrá með þessum hætti.

Enginn veit þess nokkur fordæmi að stjfrv. og flm. stjfrv. eins og hæstv. umhvrh. greiði atkvæði gegn því að mál sem hann leggur fyrir Alþingi fái að hefja vegferð sína í þinginu, enda er það svo órökrétt og óeðlislegt sem nokkuð getur verið. Hér hljóta að vera einhver þvílík undirmál á ferðinni að fáu er til að jafna.

Auk þess, herra forseti, er auðvitað verið að rjúfa samkomulag og það er mjög alvarlegt ef þingmenn geta ekki treyst því að hlutir sem gengið er frá í þingnefndum og settir eru í nefndarálit haldi og þeir séu sviknir með þessum hætti sem hér á að fara að gera.

Það er líka mjög alvarlegt, herra forseti, í ljósi mikilvægis þessa máls og þeirra mála sem hér eru á ferðinni að málið skuli ekki fá að koma fyrir þingið, fara út til umsagnar þó ekki væri meira þannig að það fái umfjöllun í sumar o.s.frv.

Að síðustu, hæstv. forseti, sem ég veit að hæstv. forseta sem reyndum manni er fullljóst, mun þessi atburður ef svo heldur sem horfir verða til að stórspilla enn því andrúmslofti sem er í þinghaldinu á þessum dögum og var þó ekki á bætandi. Ég segi já.

[10:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er oft spurning á augnablikum eins og þessum hvernig á að finna samjöfnuð. Það reynist vera erfitt í þessu máli, held ég. Mér dettur þó það í hug að aldrei hafi niðurlæging þingræðisins orðið eins mikil og í dag þegar flm. máls neitaði að samþykkja að það kæmi til umræðu, þegar stjórnarliðið allt neitar að samþykkja að mál fari í nefnd, þegar stjórnarliðið allt neitar að samþykkja að mál fari til umsagnar. Þó liggur það fyrir og hefur vakað í þessu máli allan tímann að ef þetta frv. fengi þinglega meðferð mundi það auðvelda meðferð annarra mála. Menn hljóta því að velta því fyrir sér hvort orðin svik og brigð eiga við á þessari alvarlegu stundu.

Ósvífni stjórnarliðsins er svo mikil að ekki heyrist einu sinni hringla í hlekkjunum eins og stundum er þegar verið er að binda þá í atkvæðagreiðslum. Þeir virðast una glaðir við sitt að neita þinginu um að taka mál af þessu tagi fyrir. Í sporum forseta mundi ég á þessari stundu blygðast mín fyrir meiri hluta Alþingis. Ég segi já við tillögunni um það að þingræðið fái að hafa sinn gang.

[10:47]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Orðið svik á ekki við í þessari atkvæðagreiðslu vegna þess að fyrir lá þegar þetta mál var lagt fram að það væri eingöngu lagt fram til kynningar og það var alltaf talað um það á þann hátt í stjórnarflokkunum og í þeim viðræðum sem fóru fram á milli hv. þingmanna sem sitja í félmn.

Ég vil vekja athygli á því að þetta frv. á samkvæmt 3. gr. ekki að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1999 þannig að nægur tími gefst á haustþingi til að gera það að lögum. Við höfum fjölda mála til að vinna að í þinginu þessa fáu daga sem við eigum eftir að vera hér að störfum. Það eru miklar annir og það var aldrei ætlan hæstv. umhvrh. að mæla fyrir málinu núna en talið var rétt að leggja það fram til kynningar.

Þetta er aðalatriði þessa máls og ég vildi að það kæmi fram. Ég segi að sjálfsögðu nei við því, hæstv. forseti, að málið komi á dagskrá.

[10:50]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið skýrt fram í umræðu um sveitarstjórnarfrv. hefur stuðningur minn við frv. verið bundinn mjög ákveðnum skilyrðum. Til að ég geti samþykkt að landinu yrði öllu skipt á milli sveitarfélaga í stjórnsýslueiningar sem er málamiðlun af minni hálfu — og á það legg ég áherslu að er málamiðlun af minni hálfu — þá var það og er algert grundvallaratriði að rækilega yrði tryggt að miðhálendið yrði eitt skipulagssvæði með höfuðáherslu á umhverfisvernd. Þetta yrði gert með breytingu á skipulagslögum og upp á þetta var boðið og því var heitið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Nú er að koma í ljós í þessari atkvæðagreiðslu að það á að svíkja þetta samkomulag og þar með er grundvöllur undir stuðningi mínum við sveitarstjórnarfrv. brostinn. Ég segi já.

[10:51]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. kastaði þessu frv. eins og sprengju inn í umræðuna í gær og setti hana í uppnám. Það kemur í ljós þegar frv. er lesið að það var til að mynda öðruvísi en tveir hv. þingmenn stjórnarliðsins ætluðu vegna þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerðu fyrirvara sem þau féllu frá vegna þessa frv. Fyrirvarinn er skýrður í nál. meiri hluta félmn. Þegar hann er lesinn saman við þetta frv. kemur í ljós að það fullnægir ekki þeim skilyrðum sem þau settu til þess að falla frá fyrirvörunum. Þarna er verið að draga tvo hv. þingmenn stjórnarliðsins á tálar.

Það hefur líka komið í ljós að sjö stjórnarliðar hafa tekið til máls um þetta mál og hafa allir með einum eða öðrum hætti óskað eftir breytingum á því. Hæstv. félmrh. kom í pontu í gær og sagði að það þyrfti að breyta því a.m.k. með tvennum hætti. Með öðrum orðum, herra forseti, það frv. sem hér er grundvöllur sáttargerðar milli stjórnarliðsins og tiltekins hluta stjórnarandstöðunnar er í uppnámi. Það hefur líka komið í ljós að hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa verið að reyna að lægja öldur innan Framsfl. með því að standa í einhvers konar baktjaldamakki og hrossakaupum í skúmaskotum. Frv. sem hér var dreift er því ekki lengur til. Það er búið að breyta því bak við tjöldin og ekki er hægt að bjóða þingheimi upp á að ræða þetta mál öðruvísi en hann viti nákvæmlega hvernig frv. lítur út og þess vegna er

nauðsynlegt að það komi á dagskrá, herra forseti. Ég segi já.

[10:52]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þó svo að frv. hæstv. umhvrh. hafi verið lagt fram til kynningar þá hefur það komið fram í umræðunni um frv. til sveitarstjórnarlaga að ekki verður við það unað að það verði hér aðeins til kynningar. Það er mjög margt óskýrt í þessu máli og ég get ekki séð að unnt verði að ljúka umræðu um sveitarstjórnarmálið nema ljóst verði hvernig frv. hæstv. umhvrh. muni líta út. Hér hafa verið boðaðar ýmsar breytingar við það frv. áður en það kemur fram aftur í haust og það hefur ekkert verið skýrt nánar hvernig það muni líta út.

Ég get ekki séð, herra forseti, að hægt verði að ljúka umræðunni um sveitarstjórnarmálið nema þetta frv. hæstv. umhvrh. komi til umræðu. Ég segi já.

[10:53]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég er ein þeirra sem hef talið það nauðsynlegt ef vel ætti að vera staðið að skipulagsmálum hálendisins að hálendið væri ein stjórnsýsluheild. Ég hef hins vegar stutt þá málamiðlun sem fulltrúi Alþb. og óháðra stóð að í félmn. Alþingis enda verði samhliða afgreiddar nauðsynlegar breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Verði ekki fallist á það er stuðningur minn við sveitarstjórnarfrv. brostinn og ég tel að stjórnarflokkarnir séu greinilega með þessari framkomu sinni að brjóta það samkomulag sem lá til grundvallar þeirri málamiðlun.

Ég segi því já, herra forseti, og legg til að málið verði tekið hér á dagskrá.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Rökstudd dagskrá við frv. til sveitarstjórnarlaga.

[10:55]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á þeim tíðindum sem hér hafa orðið. Meiri hluti Alþingis hefur í nafnakalli ákveðið að neita að taka fyrir sitt eigið þingmál. Flutningsmenn málsins, hæstv. umhvrh., hafa neitað að taka málið fyrir þannig að greinilegt er að ekki er lýðræðislegur vilji til þess að málið verði rætt.

Af hverju er málið svona viðkvæmt, hæstv. forseti og hæstv. félmrh.? Hvað hafa þeir að skammast sín fyrir? Hvað er að? Hvernig stendur á þessu? Eru nokkur dæmi þess að menn hafi hagað sér svona? Hvaða járnkló er að læsa sig hér í þingræðið? Hver er það sem ber ábyrgð á því í raun og veru að koma í veg fyrir að þingræðisleg umræða eigi sér stað?

Í tilefni af þessum einstöku vinnubrögðum meiri hlutans munum við þingmenn Alþb. og óháðra leggja fram í sveitarstjórnarlagafrv. eftirfarandi tillögu um rökstudda dagskrá:

„Þingflokkur Alþb. og óháðra harmar þá niðurstöðu meiri hluta Alþingis að neita að taka til umræðu frv. frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þar sem reynt er að leita sátta í viðkvæmu deilumáli. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin vill ekki ná neinni almennri sátt um skipulagsmál hálendisins. Jafnframt er ljóst að litlu breytir hvort frv. til sveitarstjórnarlaga nær fram að ganga á þessu vori eða bíður næsta vetrar. Með hliðsjón af þessu leggur þingflokkur Alþb. og óháðra til að Alþingi samþykki að frv. ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá."

Samkvæmt þingsköpum, sem eru ólík venjulegum fundarsköpum, er það þannig að tillaga af þessu tagi kemur ekki til atkvæða fyrr en við lok umræðunnar. Mér segir svo hugur, herra forseti, án þess að ég segi neitt fleira á þessu stigi málsins, að umræðunni um sveitarstjórnarlögin sé ekki lokið.

[10:58]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hér hafa gerst mikil tíðindi eða kannski öllu heldur ótíðindi sem augljóslega munu draga dilk á eftir sér og lyktar nú þessi afstaða hv. stjórnarliða af einhverju sem mætti kalla hefndarþorsta. Hv. stjórnarliðar hafa hafnað því að ræða formlega þingmál sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram, þingmál sem er ætlað að laða nokkra hv. þm. til fylgis við annað þingmál og greiða fyrir afgreiðslu þess. Maður hlýtur að spyrja sig um ástæður fyrir þessari höfnun. Ég get svarað fyrir mitt leyti að ástæðan er auðvitað sú að það er ekki samstaða um þetta þingmál. Það er fullkomin blekking af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis að ætla að nota það þannig að draga úr andstöðu nokkurra hv. þingmanna við aðalatriði frv. um sveitarstjórnarlög sem lýtur að stjórnun og skipulagi miðhálendis Íslands.

Það er fullkomin blekking og í ljósi þessa, herra forseti, er eina rökrétta niðurstaðan að fresta umfjöllun og afgreiðslu beggja þessara mála til næsta þings. Fólkið í landinu sem hefur miklar og heitar skoðanir á þessu máli á ekki skilið umfjöllun og afgreiðslu af því tagi sem hér er stefnt að.

[11:00]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu sem fór fram hér áðan þurfa ekki að koma neinum á óvart. Þingmálið er allt of seint fram komið og það var eingöngu lagt fram til kynningar. Það stóð aldrei til af hálfu stjórnarflokkanna að taka málið á dagskrá og ég verð að viðurkenna að það er nokkur nýlunda á síðustu dögum þings að vori að stjórnarandstaðan vilji fjölga stjfrv. á dagskrá með þessum hætti.

[11:02]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér hafa átt sér stað mikil tíðindi. Heill þingflokkur hefur nú flutt rökstudda tillögu um að taka mál út af dagskrá og það er mál sem sami þingflokkur ætlaði sér að styðja stjórnarflokkana í vegna sáttatillögu sem rædd var á milli manna áður en þetta mál kom á dagskrá og er ég þá að vísa til sveitarstjórnarfrv.

Virðulegi forseti. Ég hafði uppi stór orð í ræðu minni um þetta frv. fyrr í umræðunni og nefndi valdníðslu ríkisstjórnarflokkanna. Þjóð og þingi er nú ljóst að þar var ekkert ofsagt. Nú hefur hver sem á hefur hlustað fengið að heyra að hér er farið fram með fullkominni valdníðslu.

Virðulegi forseti. Þingflokksformaður Framsfl. hefur ítrekað komið í ræðustól Alþingis til að vísa til þess að gert hafi verið um það samkomulag í félmn. að tillaga yrði flutt, kynnt á þingi en ekki afgreidd og í annað skipti ætla ég að upplýsa þingmenn um það að engin slík tillaga var rædd í félmn. Það sem var rætt á milli þeirra sem ætluðu að styðja sveitarstjórnarfrv. og tillögu um hálendið hefur átt sér stað á milli manna en ekki á formlegum fundi í félmn. Þetta er ég

búin að segja áður. Þetta hefur verið stutt af stjórnarliðum sem sæti eiga í félmn.

Það er nauðsynlegt eins og mál hafa þróast að það sé a.m.k. farið rétt með hér í sölum Alþingis. Nóg er nú samt.

[11:03]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta var furðuleg yfirlýsing hjá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, nýkjörnum þingflokksformanni Sjálfstfl., að koma hér upp þegar nýbúið er að fella tillögu sem við lögðum fram um að tiltekið mál kæmi á dagskrá og ráðast á stjórnarandstöðuna og brigsla henni um að það væri venja hjá henni að hún vildi ekki taka mál til umræðu hér undir þinglok og fara með fleipur sem hæfir ekki alvöru þessa máls.

Við getum verið með misjafnar skoðanir um þetta tiltekna mál. En þetta er alvörumál sem hér er verið að ræða.

Það liggur ljóst fyrir að í hugum okkar stjórnarandstæðinga og velflestra stjórnarliða er umræðan um sveitarstjórnarmálin nátengd frv. umhvrh. Það liggur alveg ljóst fyrir. Stjórnarliðar hafa hafnað því í atkvæðagreiðslu að taka mál umhvrh. á dagskrá, fordæmalaust. Við teljum að hér sé verið að brjóta þingvenju. Við ásökum hæstv. forseta um að gæta ekki að virðingu þingsins við þessa málsmeðferð og þessu máli er vitaskuld ekki lokið. En þegar hv. þm., nýkjörinn formaður þingflokks Sjálfstfl., kemur hér upp með stráksskap þá er augljóst með hvaða hætti stjórnarliðar vilja að þetta þing haldi áfram og þá jafnvel eitthvað fram yfir það sem menn hafa ætlað sér áður. Það er ekki sómi að þessari afgreiðslu meiri hlutans en meiri hlutinn hefur, eins og hæstv. félmrh. hefur sagt, rétt til þess að hafa rangt fyrir sér. Ég ætla ekki að skorast undan málefnalegri umræðu og deilum um efnið en ég frábið mér svona stráksskap og kjánalæti af hv. formanni þingflokks Sjálfstfl.

[11:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að endurtaka það að hér hafa gerst fáheyrð tíðindi og í raun og veru ótrúlegir hlutir. Þegar leitað er einhverra skýringa á því hvað ráðið geti þessari afstöðu meiri hlutans, þá er það auðvitað þannig, og ég er sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um það, að þar getur ekkert annað komið til en óhreinindi, undirmál og blekkingaleikur. Það er augljóst mál að framlagning þessa frv. af hálfu hæstv. umhvrh. var sýndarmennskan helber og ein.

Það verður leiðinlegt að þurfa að spyrja þann mæta dreng, hæstv. umhvrh., hér eftir í hvert einasta sinn sem hæstv. ráðherra leggur fram frv., hversu oft sem það á eftir að gerast, hvort hæstv. ráðherra vilji að málið komi á dagskrá, hvort hæstv. ráðherra sé jafnvel á móti því að frv. verði rætt o.s.frv.

Þá tek ég undir það, herra forseti, að nýkjörinn formaður þingflokks Sjálfstfl. byrjaði störf sín ekki gæfulega með slettugangi af þessu tagi í garð stjórnarandstöðunnar. Með því að gera það var verið að afvegaleiða málið og draga athyglina frá kjarna málsins, sem er sá, að hér er á ferðinni stjfrv. og meira en það. Þetta frv. eða þessi nálgun efnislega er hluti af samkomulagi sem gert var í þingnefnd og tengist afgreiðslu mála í þinginu.

Herra forseti. Mér sýnist það alveg augljóst mál að allur þessi málapakki hæstv. ríkisstjórnar er nú í uppnámi og það bíður ekkert annað þessara frumvarpa en að fresta þeim til haustsins. Ég tel að hæstv. forseti gerði rétt í því að fresta frekari umfjöllun um þau og setjast niður með formönnum þingflokka til að endurskipuleggja þinghaldið á síðustu dögunum miðað við það að þessi frumvörp verði lögð til hliðar. Það er tilgangslaust, að mínu mati, að halda því áfram í ljósi stöðunnar sem upp er komin að þrælast á þessu máli.

[11:05]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það hefur komið hér upp nýtt hugtak varðandi þingsköp sem er ekki til í þingsköpunum en virðist vera til í þingsköpum stjórnarflokkanna og það væri fróðlegt að vita hvort þingflokksformennirnir mundu vera svo vinsamlegir að dreifa þessum sérstöku þingsköpum sem þeir eru með. Í þeim þingsköpum stendur að stjórnarfrumvörp séu flutt til kynningar. Það stendur hvergi í þeim þingsköpum sem við hin hér kunnum.

Auðvitað er ekkert til sem heitir að stjórnarfrumvörp séu flutt til kynningar. (**Samgrh.:** Það er altítt og hefur gerst á hverju einasta þingi.) Það veit hæstv. samgrh. ekkert um og getur komið í ræðustólinn á eftir ef hann þorir að koma í ræðustólinn. (Gripið fram í.) Hann veit ekkert um það. Hvar stendur það í þingsköpunum, hæstv. samgrh.? (**Samgrh.:** Það er nú sumt leyft sem ekki er bannað.) Í hvaða grein? „Það er nú sumt leyft sem ekki er bannað", sagði hæstv. samgrh. Við þekkjum hans embættisfærslu.

Veruleikinn er sem sagt þessi að verið er að reyna að telja fólki trú um að þingsköpin séu allt öðruvísi en þau eru. En það er ekki þannig. Það er ekki til neitt sem heitir — til kynningar.

Í öðru lagi er greinilegt að það frv. sem hefur verið neitað að taka á dagskrá vakti í málinu sem samkomulagsmöguleiki en forusta stjórnarþingflokkanna hefur brugðist þeim skyldum sínum að stuðla að góðri samstöðu með stjórnarandstöðunni í málum af þessu tagi. Og ég harma það um leið og ég óska hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur til hamingju með að vera formaður þingflokks Sjálfstfl. að hennar fyrsta ganga skuli hafa verið svo ill að snúa út úr athugasemdum okkar í þessu máli með því að segja að það sé skrýtið að stjórnarandstaðan skuli vilja koma stjfrv. hér inn og reynir að breyta þessu máli í fliss, máli sem er alvara. Veruleikinn er sá að þetta mál var hluti af sveitarstjórnarlögunum og veruleikinn er þá líka sá, herra forseti, að úr því að þetta hefur verið fellt, þá munum við tryggja það með öðrum hætti að málið verði rætt annars staðar. Við kunnum margar leiðir í þeim efnum, herra forseti, og höfum verulega þjálfun þannig að ég tel að það sé nauðsynlegt að það komi fram að við munum ræða þessi mál.

Við alþýðubandalagsmenn og óháðir höfum flutt tillögu um rökstudda dagskrá. Verði henni hafnað munum við meta afstöðu okkar til einstakra greina og málsins í heild eftir því sem aðstæður leyfa á þeim tíma.

[11:06]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég á sæti í félmn. fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra. Ég skrifaði undir sveitarstjórnarfrv. með fyrirvara ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Sá fyrirvari gekk út á það að samhliða samþykkt þessara laga yrði gerð breyting á skipulagslögunum. Við féllumst á þetta eftir að okkur höfðu verið sýnd drög að stjfrv.

Nú er því lýst yfir í þingsal af hálfu formanns þingflokks Sjálfstfl., sem hefur ekki haft fyrir því að spyrja okkur hvernig málin hafi gengið fyrir sig, að engin fyrirheit hafi verið gefin um að málið yrði tekið fyrir á Alþingi. En ég spyr hv.

þm. Hvaða skilning leggur þingmaðurinn í málsmeðferð af þessu tagi þegar vitað er að við skrifum undir frumvarpsdrögin með þeim fyrirvara að samhliða verði gerð breyting á skipulagslögum? Ég get ekki fengið nema eina niðurstöðu út úr þessu dæmi, að það hafi verið reynt að blekkja okkur með þessari málsmeðferð og það ber vissulega að harma.

[11:08]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns þykir mér það mjög leitt ef einhverjir hv. þm. upplifa þetta þannig að þeir hafi verið blekktir því það var svo sannarlega ekki meiningin að blekkja nokkurn mann með því að leggja þetta frv. fram. (**SvG:** Það hefur greinilega verið gert.) Ég tala bara frá mínu hjarta, hv. þm., ef ég fæ að halda orðinu. Meiningin með framlagningu frv. var að ná sáttum um málið, eins víðtækum sáttum og mögulegt væri. Það lá nokkurn veginn fyrir allan tímann að hv. þm. jafnaðarmanna ætluðu ekki að standa að málinu en frv. er lagt fram til þess að reyna að ná fram frekari sátt um málið. Þess vegna er náttúrlega mjög dapurlegt að á þessari stundu skuli þetta litla frv. vera orðið aðalhitamálið. (**ÖS:** Á þá ekki taka það á dagskrá?) Það er mjög dapurlegt að það skuli vera orðið aðalhitamálið í þessum umræðum öllum saman vegna þess að það er lagt fram með góðum vilja og það er lagt fram sem hugmynd að sáttatillögu.

Það er eflaust rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson segir að ekki sé til neitt í þingskapalögum sem heiti að leggja mál fram til kynningar. Ég efast ekki um að þar fari hann með rétt mál. En það er svo margt sem er ekki í lögum, en það hafa skapast venjur á hv. Alþingi og ein af þessum venjum er sú að stundum eru mál lögð fram af ríkisstjórn til kynningar og þannig var með þetta mál. Eflaust má deila um hvað það þýðir þegar talað er um að eitthvað skuli afgreitt samhliða eins og kemur fram í nál. Ég þekki ekki þessa umræðu svo til hlítar að ég viti hvaða orð voru notuð innan félmn., en það var alla vega skilningur minn allan tímann að þetta mál væri lagt fram til kynningar og til þess að sýna vilja stjórnarflokkanna til að ná frekari sátt um málið.

[11:11]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og hef ekki neinu við það að bæta að málið var lagt fram af hálfu stjórnarflokkanna til kynningar.

Í tilefni ýmissa orða sem hafa fallið í minn garð tel ég ástæðu til að leggja áherslu á að það er málfrelsi og skoðanafrelsi í þinginu og ég verð að segja að ég læt mér í léttu rúmi liggja ósmekkleg orð hv. þm. Ágústs Einarssonar í minn garð og ég tel þau lýsa honum fremur en mér.

[11:15]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hefur komið fram að mikið var gert til þess að reyna að ná sáttum um þetta mál. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég skrifaði í þeirri trú undir nefndarálit meiri hlutans með þeirri bókun sem var að finna í meirihlutaálitinu. Ekki hvarflaði annað að mér en frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum væri lagt fram til þess að afgreiða það. Það kom a.m.k. aldrei neitt annað fram gagnvart þeirri sem hér stendur. Það eru mér því gjörsamlega ný tíðindi þegar stjórnarþingmenn koma í pontu og lýsa því yfir — ég held að ég hafi skrifað það rétt eftir að það var sagt áðan — „það stóð aldrei til að afgreiða málið". Ég er mjög döpur yfir þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð hér og ég beini því til hæstv. forseta að mér finnst í raun eina leiðin út úr þessum vanda vera sú að fresta þessum málum til haustsins. Ekkert knýr á um að sveitarstjórnarlögin séu afgreidd núna þó að segja megi að formlega séð líti lagabálkurinn ekki vel út þegar búið er að taka út úr honum kosningaþáttinn en það breytir í sjálfu sér engu gagnvart sveitarfélögunum. Það væri því langsamlega best að fresta nú þessum málum og að við gæfum okkur tíma til þess í haust að afgreiða þessi mál samhliða. Þá yrði vonandi komin meiri og breiðari sátt um afgreiðslu málsins en er að finna í þingsölum.

[11:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni var það svo að bæði sá sem hér stendur og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir héldu því sjónarmiði mjög eindregið fram í umræðu innan félmn. að miðhálendið yrði ein stjórnsýslueining. Það gengur hins vegar þvert á 1. gr. frv. sem gerir ráð fyrir að öllu landinu verði skipt í stjórnsýslueiningar á milli sveitarfélaga.

Við vorum reiðubúin að gera þá málamiðlun á þeirri forsendu að sú breyting yrði gerð á skipulagslögum að trygging fengist fyrir því að miðhálendið yrði ein skipulagseining.

Nú kemur fram í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að þetta sé smámál. Forsendu þeirrar málamiðlunar sem við gerðum og þeim fyrirheitum sem við töldum að lægju í því að kynna okkur stjfrv. þannig að við sáum okkur fært að skrifa undir frv. með þeim fyrirvara að samhliða yrðu gerðar, er lýst sem smámáli. (**VS:** Nei. Það er ekki rétt hjá þér.)

Ég ítreka, hæstv. forseti, að hér hafa sprottið upp umræður sem er engan veginn lokið því að ljóst er að fyrir þinginu liggur ekki aðeins umræða um sveitarstjórnarmál heldur líka um siðferði.

***Um fundarstjórn.***

Ósk um viðveru ráðherra.

[11:19]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka skýrt fram að forseti hefur ekkert brotið af sér í fundarstjórn en ég ætla að beina til hans ákveðnum tilmælum. Ástæðan er sú að hæstv. umhvrh. tók í umræðu um það dagskrármál, sem á að fara að ræða um núna á eftir, að sér að mæla fyrir öðru máli sem fæst ekki rætt hér. Það er því ekki um annað að ræða en fylgja fordæmi hæstv. ráðherra sem hóf umræðu um málið undir þeim dagskrárlið sem á að hefjast núna, fylgja því fordæmi þannig að ræða það mál þá jafnframt breytingunni á sveitarstjórnarlögum.

Tilmæli mín til hæstv. forseta eru þau að hann sjái svo til að í framhaldi umræðunnar sem mun hefjast á eftir verði því hæstv. umhvrh. viðstaddur eins og hæstv. félmrh. og mér finnst eðlilegt eins og málin eru í pottinn búin að hæstv. forsrh. gegni líka þingskyldum sínum og sé viðstaddur umræðuna.

Tilmæli mín til virðulegs forseta vegna umræðu sem ég vakti um stjórn þingsins eru þau að hann beiti sér fyrir því að þessir þrír ráðherrar a.m.k. séu viðstaddir umræðuna sem á eftir að fara fram um sveitarstjórnarlögin.

[11:20]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti mun kynna tilmælin hæstv. ráðherrum sem kunna að hafa ekki heyrt þau en telur sig vita að hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. hafa verið viðstaddir umræðuna til þessa og verða vonandi áfram. Það skiptir máli.

[11:21]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hreyfði þeirri hugmynd áðan og í ljósi þeirrar niðurstöðu sem hér varð og þess að fullkominn ófriður er um störf þingsins, meiri hlutinn hefur sagt í sundur friðinn í þessari stofnun, í ljósi þess teldi ég skynsamlegt eins og hv. þm. benti á að efnt yrði til fundar strax til að endurskipuleggja þingstörfin vegna þess að það er meiningarlaust að halda áfram umræðunni með þeim hætti sem ella á sér stað.

Ég hvet forseta til þess í allri vinsemd að efna til slíks fundar þannig að önnur mál verði tekin á dagskrá til meðferðar en þau hörðu átakamál sem eru bersýnilega uppi ella. Hafni forseti þeirri ósk minni þá verður það auðvitað að hafa sinn gang og þá munu menn ræða sveitarstjórnarlög fram eftir degi. Fari svo þá tek ég undir þá ósk hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að auk hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. verði hæstv. forsrh. kvaddur til vegna þess að hann er mjög mikilvægur aðili málsins af því að þau undur hafa gerst að fjöldi þingmanna taldi að verið væri að gera pólitískt samkomulag, fjöldi þingmanna taldi að málið lægi þannig að því væri hægt að treysta og ég segi: Á þingferli mínum hefur það aldrei gerst að jafnstór hópur þingmanna hafi staðið upp og sagt: „Samkomulag sem gert var við okkur hefur verið svikið." Ég skora á forseta sem gæslumann þingsins alls, líka hagsmuna og viðhorfa stjórnarandstöðunnar, að fresta fundinum tafarlaust og endurskipuleggja þinghaldið því að það er rugl að reyna að halda málunum áfram með þeim hætti sem ríkisstjórnin mundi ella reyna að gera í hroka sínum.

[11:23]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég ætla að endurtaka það sem hefur komið skýrt fram hjá okkur jafnaðarmönnum að sú skipulagstillaga sem liggur á borðum okkar í frumvarpsformi og fæst ekki tekin á dagskrá skiptir engu um afstöðu jafnaðarmanna til þeirra hugmynda sem fyrir liggja í sveitarstjórnarfrv. um fyrirkomulag á hálendinu. Eins og áður hefur komið fram er það varðandi þingræði og vinnubrögð og ekki síst vegna þess heiðursmannasamkomulags sem okkur hefur verið kynnt að hafi verið gert við hluta stjórnarandstöðunnar að við höfum sótt það fast að þetta mál kæmi á dagskrá þingsins.

Það er skelfileg staða sem er uppi á Alþingi Íslendinga í dag og, virðulegi forseti, ég tek undir þær óskir sem hafa komið fram um að tafarlaust verði gert hlé á fundinum og forseti eigi fund með þingflokksformönnum um framvindu í dag.

[11:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er hreinlega skelfilegt að upplifa þetta þinghald. Ég tek undir hvert orð sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan. Efnislega snýr málið að þingflokki Kvennalistans nákvæmlega eins og að þingflokki jafnaðarmanna. Þessar breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem eru til umræðu skipta okkur ekki meginmáli vegna þess að þær eru ekki fullnægjandi að okkar mati og það kom seinast í ljós þegar frv. sjálft kom inn í þingið. Við höfðum haft veður af þeirri umræðu sem átti sér stað innan félmn. en því miður eigum við ekki fulltrúa þar en það kom á daginn að frv. er engan veginn fullnægjandi fyrir okkur. En það uppnám sem þinghaldið er komið í er með þeim ólíkindum að ég styð það heils hugar að nú verði gert hlé á þinghaldinu og það endurskipulagt með tilliti til þess sem hér hefur gerst.

[11:26]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti óskar samstarfs við hv. þingmenn um að haldið verði áfram umræðum um fyrsta mál á dagskrá — átta hv. þm. eru á mælendaskrá — en óskar eftir fundi með formönnum þingflokka strax og umræða hefst. Forseti óskar samstarfs um þessa tilhögun.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276.

[11:27]

**Sturla Böðvarsson:**

Herra forseti. Ekki fer á milli mála að frv. til sveitarstjórnarlaga er til 2. umr. Þetta frv. sem verður vonandi að lögum innan tíðar er afar mikilvægt. Ég hlýt að segja það í upphafi ræðu minnar að auðvitað skiptir mjög miklu máli að þetta frv. verði afgreitt og sett ný sveitarstjórnarlöggjöf þannig að þeir sveitarstjórnarmenn sem verða kjörnir í sveitarstjórnarkosningunum á þessu vori vinni frá fyrsta degi á grundvelli þeirrar löggjafar sem verið er að fjalla um.

Veigamestu efnisbreytingarnar á frv. sem lagt var fram eru þríþættar. Eins og hefur rækilega komið fram er það í fyrsta lagi að öllu landinu verði skipt í sveitarfélög en ekki einungis byggðum og afréttum. Í öðru lagi, sem er til mikilla bóta, eru felld brott öll ákvæði laga um kosningu til sveitarstjórna og sett sérstök löggjöf þar um og í þriðja lagi eru gerðar breytingar á skyldum sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál sín og úrræði félmrn. til þess að bregðast við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags. Þau ákvæði eru styrkt.

Í umræðum hér sem hafa orðið allnokkrar, herra forseti, hefur ekki komið fram veigamikil efnisleg gagnrýni á aðalatriði frv. Fyrst og fremst hefur ágreiningur komið fram um skipulagsmál en veigamikil efnisleg gagnrýni hefur ekki verið sett fram. Ég vil, herra forseti, nefna nokkur atriði, ekki sem sérstaka gagnrýni á frv. síður en svo. Ég tel að það sé vandað að allri gerð og skipti miklu máli. En ég vil nefna nokkur atriði.

Í brtt. meiri hluta hv. félmn. kemur fram í 3. lið brtt. við 7. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra."

Þetta er nauðsynlegt ákvæði og mikilvægt gagnvart sveitarfélögunum. Með því er skýrt í löggjöf hvernig sveitarfélögin geti sett fyrirtækjum sínum arðgreiðslu- og arðgjafarmarkmið. Hins vegar hefði ég talið, og vil að það komi hér fram, að þurft hefði að setja skýrari ákvæði um þetta, reglur

um hvernig staðið verði að þessu af hálfu sveitarfélaganna. Ég vænti þess að í framhaldi af þessari lagasetningu verði sett reglugerð sem taki á þessu atriði þannig að viðunandi sé. Það er óeðlilegt að sveitarfélögin hafi algerlega frjálsar hendur til gjaldtöku, eða skattlagningar þeirra sem njóta þjónustu.

Í annan stað vil ég nefna ákvæði sem er undir 11. lið brtt. Þar er gerð breyting á 94. gr. frv. þannig að heimilt verði að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma. Ég vil draga þetta fram sérstaklega vegna þess að ég tel að þetta sé veigamikið atriði sem stuðla muni að, einfalda og auðvelda sameiningu sveitarfélaganna. Það gæti ef til vill verið huggun harmi gegn, þeim sem haft hafa miklar áhyggjur af smæð og aflleysi sveitarfélaganna. Ég tel að þetta ákvæði muni auðvelda og hvetja til þess að sveitarfélög sameinist, jafnvel á milli kjördæma.

Í 10. lið í brtt. er fjallað um 87. gr. frv. Þar er undirstrikað að Samband ísl. sveitarfélaga sé sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu. Ég tel þetta nauðsynlega viðbót við frumvarpsgreinina eins og hún er orðuð.

Í VII. kafla frv. er sérstaklega fjallað um samvinnu sveitarfélaga og í 81. gr. er tíundaður sá vettvangur sem samvinna sveitarfélaga getur farið fram á. Þetta vil ég nefna ekki síst vegna frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem mjög hefur verið til umræðu. Í því frv. er gert ráð fyrir samstarfi um skipulagsmál á hálendinu, milli þeirra sveitarfélaga sem þar koma að en einnig aðila eins og Samband ísl. sveitarfélaga og sett tiltekin ákvæði um það hvar þeir sem yrðu tilnefndir skulu búa, sem ég tel út af fyrir sig ekki skynsamlegt. En hvað um það. Ég tel að með því að undirstrika svo rækilega hlutverk Sambands ísl. sveitarfélaga í 87. gr. sveitarstjórnarlaga, þá auðveldi það eðlilegan framgang og aðkomu Sambands ísl. sveitarfélaga að þessum breytingum varðandi skipulags- og byggingarlögin og ætti að stuðla að því að vel verði staðið að skipulagi hálendisins.

Umræðan hér hefur borið vott um að menn hafi vantreyst sveitarfélögunum til þess að fara með skipulagsmál á hálendi. Ég tel að það sé flest ef ekki allt ofmælt sem þar er sagt af hv. þm. Ég tel að sveitarfélögin hafi góða burði til að sinna þessari skyldu sinni, að sjá um skipulagsmál á hálendi ekki síður en annars staðar. Hins vegar eru í núgildandi skipulags- og byggingarlögum fullgild ákvæði að mínu mati til að hægt sé að standa þannig að málum að viðunandi sé. (**ÖS:** Að skipulagi miðhálendisins?) Að skipulagi miðhálendisins.

Gagnrýnin sem komið hefur fram hjá hv. þm., á að ekki sé hægt að treysta sveitarfélögunum til þess að sinna þessu, byggist á því að þau hafi ekki afl til þess eða getu. Lögum samkvæmt gegnir skipulagsstjóri ríkisins mjög mikilvægu hlutverki í skipulagsmálum. Hann er ráðgjafi, hann fjallar um skipulagsmálin og kemur að svæðisskipulagi og síðast en ekki síst staðfestir umhvrh. það skipulag sem gert er að undangenginni umfjöllun í sveitarstjórnum og, eftir atvikum, svæðisskipulagsstjórnum.

Ég sé því ekkert sem skapar hættu gagnvart skipulagi hálendisins í því frv. sem hér er verið að fjalla um vegna þess að í gegnum svæðisskipulagsvinnuna geta fulltrúar sveitarfélaga, síðan skipulagsstjóri og síðast umhvrh. farið höndum um skipulagið og haft áhrif á gerð skipulags. Ég tel að óþarflega mikil svartsýni sé hjá hv. þm. sem hafa gagnrýnt þetta og tel að þarna eigi að vera hægt að standa vel að málum. Ég tel hins vegar að til þess að tryggja þetta sem best sé til vinnandi að ná samkomulagi um breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem tryggja þetta enn betur og styrki þau ákvæði sem varða svæðisskipulagsvinnuna og komu samstarfsnefndar að þeirri vinnu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. Varðandi breytingar á lögum um skipulags- og byggingarmál vil ég segja að ég tel ekki skynsamlegt af hv. þm. að ætlast til þess að breytingar á þeirri löggjöf verði keyrðar í gegnum þingið á síðustu dögum þingsins um leið og verið er að afgreiða sveitarstjórnarlög sem hafa fengið mjög ítarlega og góða umfjöllun. Ég held að það sé óskynsamlegt að keyra breytingar á skipulags- og byggingarlögum í gegnum þingið án þess að hægt verði að leita umsagna sveitarfélaganna í landinu. Það er ljóst að ef gera á breytingar á þeirri löggjöf, þá verður að leita umsagna og kalla til aðila. Þar eru auðvitað fyrst og fremst sveitarfélögin. Það væri því ekki góður kostur að gera það núna á síðustu dögum þingsins. Ég minni á þá gagnrýni sem komið hefur fram gagnvart öðrum veigamiklum málum sem menn hafa talið að ekki væri tími til þess að reka í gegnum þingið á stuttum tíma í þinglok.

[11:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. taldi sérstaklega athyglisvert að ekki hefði komið fram veigamikil efnisgagnrýni á frv. sem hér um ræðir, fyrir utan þessi ákvæði sem tengjast hálendinu. Skyldi nú ekki ástæðan, herra forseti, vera sú að frv. er í raun og veru ákaflega efnisrýrt. Það er merkilega innihaldslítið í ljósi þess að eiga að heita heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum og fyrir minn smekk verð ég, herra forseti, að segja þetta afar metnaðarlítið heildarfrv. frá hæstv. félmrh. Það er leitun að nýmælum eða einhverju sem tíðindum sætir í því. Þá er auðvitað komið að lykilspurningu málsins. Er þá ekki hv. þm. Sturla Böðvarsson, þrautreyndur sveitarstjórnarmaður, sammála því að það skipti engu máli hvort þessi snepill fer í gegn í vor eða ekki. Það eru enn frekari rök fyrir því að fresta málinu að í sveitarstjórnarfrv. er ekki neitt sem skiptir sköpum fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu. Þess vegna er algerlega skaðlaust að það bíði til haustsins.

[11:40]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að ekki hafi komið fram gagnrýni á frv. þarf ekki að þýða að það sé efnisrýrt. Ég tel að það sé fjarri því. Með frv. eru gerðar veigamiklar breytingar, bæði það að fella burt ákvæðin um kosningar til sveitarstjórna og sömuleiðis ákvæði sem hér hefur mjög mjög verið rætt, að sveitarfélögin nái til landsins alls. Það er ekki svo lítið og það er umdeilt en menn hafa nálgast þetta. Ég leit svo á að þingflokkur Alþb. og óháðra hefði stutt þá útfærslu sem hér er lögð til.

Síðan vil ég nefna að þátturinn um fjármál sveitarfélaga er mjög mikilvægur. Þar er á ferðinni, svo að ég noti orð þingmannsins, mjög metnaðarfullur hluti af sveitarstjórnarlöggjöfinni. Ég tel að rík ástæða sé til þess að afgreiða þetta mikilvæga frv.

[11:41]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst svolítið holur tónn í þessu hjá hv. þm. og ekki mjög sannfærandi þegar hv. þm. var að reyna að færa rök fyrir því að þetta þyrfti að afgreiðast af því að í því væri eitthvað sem máli skipti. Staðreyndin er sú að fyrir utan þetta, sem vissulega er stórmál og varðar skipulagslögsögu sveitarfélaganna, ákvæði 1. gr. og síðan ákvæði

til bráðabirgða sem er ágreiningshluti málsins, þá er ósköp lítið í þessu frv. sem tíðindum sætir. Mér er kunnugt um það, var upplýstur um það af velviljuðum mönnum, að í umsögn borgarlögmanns til borgarráðs hafi ósköp einfaldlega staðið að þarna væri harla fátt sem tíðindum sætti og þyrfti ekki að fara um það mörgum orðum, punktur. Borgarlögmaður taldi ekki ástæðu til að fara í málalengingar um þetta innihaldsrýra mál. Við mörgu því sem umdeilt hefur verið í sveitarstjórnarlöggjöfinni eða umrætt, t.d. lágmarksíbúatala sveitarfélaga, er ekki hróflað. Þetta frv. sætir engum tíðindum í neinu slíku tilliti þó þar séu einhver lagfæringarákvæði t.d. hvað varðar fjármál sveitarfélaga og kann að vera allt gott um það að segja. Ég bið því hv. þm. um betri rök en þessi fyrir því að ekki megi fresta málinu til haustsins.

[11:43]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sætir út af fyrir sig engum tíðindum þó að borgarlögmaður telji að ekki sé um mikilvæg ákvæði að ræða. Engu að síður hefur það komið fram að að undirlagi fulltrúa Reykjavíkurborgar koma hér inn mikilvæg atriði varðandi þá grein sem fjallar um heimild til þess að greiða út arð og um að sveitarfélögin setji sér arðgreiðslumarkmið í rekstri eigin fyrirtækja. Ég held að það fari ekki á milli mála að fulltrúar Reykjavíkurborgar vilja afgreiða þetta frv. til þess m.a. að ekki verði farnar vafasamar leiðir til þess að taka út arð úr fyrirtækjum borgarinnar. Slík atriði skipta auðvitað miklu máli.

Ég vil bara endurtaka að þetta frv. þarf að ganga fram þannig að nýkjörnar sveitarstjórnir sem taka við á þessu vori hafi klárar línur.

[11:44]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er að koma í ljós að umrætt frv. virðist snúast um arðgreiðslufyrirkomulag sveitarfélaga. Þá er vonandi hægt að óska eftir skýringum frá hv. þm. Hann ræddi um að menn yrðu að koma í veg fyrir að greiddur yrði arður út úr borgarfyrirtækjum með vafasömum hætti, ef ég hef skilið hann rétt, og þessi löggjöf væri öll til bóta hvað það varðar. Ég held að nauðsynlegt sé að hv. þm. upplýsi þann þátt.

Ég vildi spyrja hv. þm. um skipulagsþáttinn. Hvernig telur hann að þéttbýlisbúar eigi að koma að skipulagningu miðhálendisins? Er skoðun hans virkilega sú að eðlilegt sé að þar sem $^2/_3$ hlutar þjóðarinnar búa hafi menn enga aðild að núverandi samvinnunefnd og mjög litla og óljósa að hinni nýju í frv. sem má ekki ræða? Finnst honum þetta í reynd og sannleika vera sanngjörn málamiðlun gagnvart sveitarfélögum í dreifbýli og sveitarfélögum í þéttbýli?

Ég vildi einnig spyrja hv. þm. hvort hann gæti þá ekki hugsað sér að kippa út úr þessu ágæta frv. veigameiri þáttum og geyma þá fram á haustið.

[11:46]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr um hvernig þéttbýlisbúar geti komið að skipulagi hálendisins. Ég tel að þéttbýlisbúar eigi ekki á nokkurn hátt meiri kröfur til þess að koma að því verki en aðrir íbúar þessa lands. Það eru ekki öll sveitarfélög sem eiga land að hálendi. Hvernig ætlar hv. þm. t.d. að koma Snæfellingum að þessu verki? Eiga þeir minni kröfu til þess að hafa áhrif á skipulag hálendisins en íbúar á Seltjarnarnesi þó báðir sjái jökulinn? Það er holur hljómur fyrst og fremst í þessari gagnrýni hjá þeim þingmönnum sem eru að reyna að reka fleyg milli landsbyggðarfólksins og höfuðborgarbúa. Þessi málflutningur hefur snúist allt of mikið um það. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilega að skipulagsmálum staðið eins og frv. gerir ráð fyrir og eins og þær hugmyndir sem hafa komið fram um breytingar á skipulags- og byggingarlögum.

[11:47]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar við erum að tala um miðhálendið þá erum við að tala um sameign landsmanna. Það á að vera markmið okkar og metnaður að sem flestir komi að þessum málum og um þetta verði sátt og samlyndi. Það hefur ekki verið. Skipulagstillögur í frv. eru þannig að stór hluti landsmanna kemur ekki að þessu. Vitaskuld eiga þéttbýlisbúar ekkert meiri kröfu en aðrir en þeir eiga jafnmikla kröfu og aðrir að koma að málunum með sanngjörnum hætti. Málið snýst ekki um að reka neinn fleyg þar á milli. Málið snýst um að reyna að búa til skynsamlegt skipulag á þessum málum.

Við höfum lagt til að þetta svæði verði sérstakt stjórnsýslusvæði og aðkoma kjörinna fulltrúa verði tryggð þannig að allir komi að þessu á sanngjarnan hátt, en það er augsýnilegt að hv. þm. vill hafa þessa þröngu hagsmunagæslu og sem mun þegar fram líða stundir líklega stuðla að ófriði einmitt milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er einmitt það sem við, sem leggjum til aðrar leiðir, viljum forðast.

[11:48]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég benti á það fyrr í þessari umræðu að ýmsir koma að því að gera svæðisskipulag. Það er gert ráð fyrir því að sérstök samráðsnefnd fjalli þar um eins og hugmyndir manna eru uppi um núna. Auk þess kemur Skipulagsstofnun ríkisins mjög að þessu máli, þ.e. að gerð svæðisskipulags en svæðisskipulagsáætlun fjallar um það hvernig eigi að nýta landið, m.a. með mannvirkjagerð.

Ég tel að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi e.t.v. þegar til kastanna kemur meiri áhrif á framvindu þess sem gerist í skipulagi miðhálendisins en menn vilja vera láta í dag í gegnum Skipulagsstofnun ríkisins, sem er auðvitað leiðandi aðili hvað þetta varðar, ekki síst vegna laga um umhverfismat, Skipulagsstofnun ríkisins fer með þann þátt skipulagsmálanna þ.e. umhverfismatið og það vald er mikið.

[11:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson telur frv. til laga um sveitarstjórnarmál helst til gildis að þar sé fjármálaþátturinn efldur sem varðar sveitarfélög. Við heyrðum hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsa því í gær að í raun væri verið að svipta sveitarfélögin fjárforræði. Er það það sem hv. þm. telur að sé svona æskilegt í þessu góða frv.?

Að öðru leyti, herra forseti, hegg ég eftir því að þingmenn Sjálfstfl. tala aftur og aftur um að það hefði í sjálfu sér alveg verið nóg að byggja einungis á þeim hluta skipulagslaganna sem lýtur að svæðisskipulagi. Maður svona les út úr því, eins og máli hv. þm. Árna M. Mathiesens, sem mér fannst hv. þm. Sturla Böðvarsson vera að taka undir, að þetta frv. hæstv. umhvrh. væri þar af leiðandi óþarft. Væntanlega er hv. þm. að ræða um 12. gr. skipulags- og byggingarlaga. Mig langar þess vegna aðeins að fá álit hans á eftirfarandi. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Síðan segir í 6. mgr. 12. gr., með leyfi forseta:

„Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga."

En við erum að tala um miðhálendið sem er utan þeirra.

[11:51]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað varðar fjármálaþátt frv. þá hef ég ekki heyrt það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði. Ég þekki það ekki þannig að ég get ekki svarað því. En ég tel að fjármálaþáttur frv. sé mjög mikilvægur vegna þess að hann undirstrikar skyldur sveitarfélaganna til þess að vinna vel að áætlanagerð og eftirliti fjármála sveitarfélaganna.

Hvað varðar það sem hv. þm. nefndi um skipulag alls landsins þá tel ég, eins og ég hef margítrekað, að svæðisskipulagsvinnan kemur auðvitað að öllu landi og þar af leiðandi einnig öllu hálendi. Samstarfsnefndinni er væntanlega ætlað að vinna að þessu þannig að sæmilegt samstarf náist á milli sveitarfélaga innan svæðisskipulagsvinnunnar og ég tel að skipulags- og byggingarlögin eins og þau eru núna, með þeim breytingum sem hafa verið ræddar, muni tryggja eðlilega framvindu málsins.

[11:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einhver misskilningur uppi hjá hv. þm. Sjálfstfl. um hvað það er sem 12. gr. skipulagslaganna heimilar. Það er ekki verið að tala þar, að mínu viti, um skipulagningu lands utan marka sveitarfélaga. Ég tek eftir því að hv. þm. Kristján Pálsson var mér sammála og þar með ósammála hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og raunar líka hv. þm. Árna M. Mathiesen. (**Gripið fram í:** Það getur ekki verið.) Ég tel þess vegna, herra forseti, að þingmenn Sjálfstfl. ættu að lesa þetta svolítið betur. Að vísu hafa allir þrír sem ég nefndi talað um að styrkja þyrfti 12. gr. en þeir hafa hins vegar ekki sagt hvernig ætti að gera það. (**ÁMM:** Jú, jú.) Hæstv. umhvrh. er annarrar skoðunar því að hann hefur lagt fram sitt frv. Hv. þm. Árni Mathiesen segir: „Jú, jú." Ég las ræðu hans, hef hana hér í útskrift og ég átti erfitt með að átta mig á hvernig hann vildi styrkja 12. gr. Ég er viss um að í umræðum síðar í dag eða nótt eða á morgun muni hann útskýra það miklu betur.

[11:54]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt 12. gr. skipulagslaganna kemur það alveg skýrt fram að svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar. Þar er auðvitað verið að fjalla um að vinna að skipulagi alls landsins (**ÖS:** Ekki utan marka sveitarfélaga samanber 2. mgr.) (**ÁMM:** Landinu á að skipta í sveitarfélög.) Það er grundvallaratriði og kemur fram í 1. gr. frv. að skipta á landinu öllu upp á milli sveitarfélaganna. Síðan kemur svæðisskipulagsvinnan þar sem fleiri fulltrúar koma að þannig að frumkvæðið getur líka verið Skipulagsstofnun ríkisins og það tel ég vera mikilvægt innlegg í þessa umræðu að það eru ekki bara sveitarstjórnirnar sem geta komið af stað svæðisskipulagi heldur einnig Skipulagsstofnun ríkisins. Með því tel ég að mjög vel sé fyrir öllum endum þessa máls séð.

[11:55]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af ræðu hv. þm. mátti ætla að hann teldi að einu athugasemdirnar sem hefðu komið fram í sambandi við aðild sveitarfélaganna að málunum sé hæfi þeirra eða vanhæfi til að sinna skipulagsmálunum en það er ekki eina atriðið. Menn hafa bent á að þessum sveitarfélögum, sem mörg hver eru mjög fámenn og hafa sum ekki mikið fleiri en 100 íbúa, sé m.a. ætlað að annast almannavarnir á svæðinu, mengunar- og heilbrigðiseftirlit, byggingareftirlit, löggæslu að nokkru marki, gróðurvernd, beitarstjórnun og fleira. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hann telji að þessi fámennu sveitarfélög, sem ráða yfir mjög takmörkuðu fjármagni og eru með kannski 100 íbúa eða lítið fleiri, ráði við þessi veigamiklu verkefni sem hér er verið að ræða um.

[11:56]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þau hafi ráð til þess að ráða við þau veigamiklu verkefni. Það er mín skoðun. Ég vísa til þess sem segir í 81. gr. frv. þar sem fjallað er um samstarf sveitarfélaganna, að gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti átt samstarf í byggðasamlögum, í héraðsnefndum, innan landshlutasamtaka eða á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga.

Niðurstaða margra lítilla sveitarfélaga sem hafa ekki mikla möguleika hefur verið sú að sinna lögbundnum skyldum sínum í gegnum samstarf í byggðasamlagi þannig að ég tel að frv. leysi úr þessu og sveitarfélögin eigi að geta sinnt þessum lögboðnu verkefnum.

Hins vegar get ég alveg tekið undir það sem mér fannst koma fram hjá hv. þm. að sveitarfélögin mörg hver eru allt of lítil. En þróunin hefur verið sú að þau hafa með sameiningu verið að stækka og ég trúi því að alveg á næstu árum muni sveitarfélög stækka og verða öflugri.

[11:58]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. kom fram að hann er ekki trúaður á að þessi litlu sveitarfélög geti leyst þessi mál af eigin rammleik nema þá í samstarfi við aðra og það er auðvitað mergurinn málsins. Slíkt samstarf getur að sjálfsögðu verið mjög erfitt á t.d. stöðum þar sem svo háttar til að mannvirki rís á landi margra sveitarfélaga en það er aðeins eitt sveitarfélagið sem hefur allar tekjurnar. Þá gæti verið erfitt fyrir hin sveitarfélögin að semja um sameiginleg verkefni við það sveitarfélag sem eitt hefur tekjurnar.

Mig langar í lokin til að spyrja hv. þm. hvort hann sé sammála því viðhorfi hv. þm. Árna Mathiesens, umhverfisráðherraefni Sjálfstfl., að þarflaust sé að afgreiða það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram til kynningar á Alþingi en neitað að mæla fyrir.

[11:59]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta síðasta sem hv. þm. sagði þá vil ég segja að ég tel að núgildandi lög um skipulags- og byggingarmál dugi og hægt verði að leysa öll þau vandamál sem kunna að koma upp varðandi svæðisskipulagsvinnu og það að halda skikk á hálendinu á grundvelli þeirra laga.

Hins vegar höfum við sjálfstæðismenn sagt að það kunni að vera skynsamlegt til þess að ná víðtæku samstarfi um málið að gera breytingar og við höfum ýmsir lagt það til og

þar á meðal hv. þm. Árni M. Mathiesen þannig að ég tel að það sé ekki svo mikill ágreiningur um þetta mál í raun og veru.

Hvað varðar getu litlu sveitarfélaganna þá tel ég að í gegnum samstarf geti þau sinnt sínum lögboðnu verkefnum. En það er ekkert launungarmál að ég hef talið að þróunin í sameiningu sveitarfélaga sé æskileg eins og hún hefur verið og að með stærri sveitarfélögum skapist meiri möguleiki á góðri þjónustu.

[12:00]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson flutti stutta og kannski ekki yfirgripsmikla ræðu um það málefni sem við höfum verið að ræða undanfarna tvo daga. En honum var mjög tíðrætt um að gagnrýni stjórnarandstöðunnar eða þeirra sem gagnrýnt hafa frv. snerist um að sveitarstjórnarmönnunum væri vantreyst.

Gagnrýni þessa máls snýst fyrst og fremst um það hvernig ná má heildstæðu svæðisskipulagi. Gagnrýnin byggir á því að með því að skipta hálendinu upp í ræmur sé hættan sú að þetta heildstæða svæðisskipulag náist ekki. Í sinni stuttu ræðu opnaði hv. þm. á að hugsanlega mætti reyna að ná samkomulagi einhvers staðar þarna á milli þessara sjónarmiða. Ég kem því upp fyrst og fremst til að spyrja hv. þm. hvernig hann sjái þetta samkomulag sem þarf vissulega að ná til þess að möguleiki væri að ná sáttum á milli mismunandi sjónarmiða.

[12:01]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að fleiri mættu taka sér það til fyrirmyndar að tala stutt í þinginu. Árangur yrði vafalaust ekkert minni af slíkum málflutningi.

En hvernig á að ná sátt? Það liggur fyrir. Hér er til umræðu frv. og brtt. frá hv. félmn. auk þess sem verið er að ræða ítrekað um hugsanlegar breytingar á skipulags- og byggingarlögum og þannig tel ég að við ættum að geta náð ásættanlegri niðurstöðu í málinu.

*En ég ítreka það sem ég sagði fyrr að ég tel ekki skynsamlegt* að þvinga í gegnum þingið á næstu dögum breytingum á skipulags- og byggingarlögum. Þetta er það mikilvægur lagabálkur að gefa verður fulltrúum sveitarfélaga færi á að veita umsagnir og koma til nefndar til þess að fjalla um málið þannig að enginn tími er til þess að gera þær breytingar.

[12:03]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að hlutirnir gerast *enn undarlegri en áður. Hér var óskað eftir því að* hv. þm. skýrði hvað hann ætti við þegar hann taldi að nauðsynlegt væri að reyna að ná samkomulagi og vitnar þá til frv. sem hann sjálfur er nýbúinn að fella að komi á dagskrá, að það geti verið grundvöllur undir samkomulagi.

Ég sjálfur er reyndar þeirrar skoðunar að þetta frv. sé hvorki fugl né fiskur og geti ekki verið grundvöllur að neinu samkomulagi. En ég held að ástæðulaust sé að ræða þetta mál eitthvað frekar við hv. þm. sem lítur svo á að ekki sé ástæða til að ræða það mál í þinginu sem gæti hugsanlega verið *grundvöllur undir samkomulag*.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda umræðunni miklu lengur áfram.

[12:03]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög merkilegt. En það virðist vera sem hv. þm. hafi ekki hlustað á formann þingflokks jafnaðarmanna sem talaði í dag og sagði að frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum skipti akkúrat engu máli. Það þýðir því ekki að ræða um neinar leiðir til sátta við jafnaðarmenn vegna þess að þeir eru ekki einu sinni tilbúnir til þess að gera breytingar á skipulags- og byggingarlögum á grundvelli þess sem hefur verið rætt og tel ég að það sé á engan hátt innlegg til sátta í málinu. Það er vandamál hv. þingmanna þingflokks jafnaðarmanna en ekki okkar sjálfstæðismanna.

[12:04]

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlit með skipum, 593. mál, nál. samgn., þskj. 1323.

Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 561. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1315; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1316.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, rökst. dagskrá SvG ofl., þskj. 1326;

[12:05]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þessi umræða sem hefur staðið í meira en tvö dægur er auðvitað afskaplega sérkennileg. Hún er sérkennileg vegna þess að í umræðunni hafa gerst hlutir sem eru ekki nokkur fordæmi fyrir sem ég hef hvorki orðið var við áður þegar ég hef verið að þingstörfum síðustu sjö árin *og mér er tjáð af þeim sem mér eru miklu reyndari að hafi aldrei gerst áður*.

Undir miðri umræðunni eða eftir að hún hófst hefur verið lagt fram frv. af hæstv. umhvrh. sem hefur verið kynnt sem einhvers konar sáttargjörð af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart hluta stjórnarandstöðunnar. Þessi hluti stjórnarandstöðunnar, eins og birtist í félmn., eru Alþb. og a.m.k. formaður félmn. sem er utan flokka.

Það gerist síðan í umræðunni, herra forseti, að aftur og aftur er upplýst að verið er að gera einhvers konar hrossakaup *innan Framsfl. til þess að kaupa til fylgis við frv. þá sem hafa* staðið uppi í hárinu á hæstv. ráðherrum. Það hefur komið fram að næstum því allir sem hafa talað af hálfu Framsfl. hafa með einum eða öðrum hætti lýst einhvers konar vilja til þess að breyta frv. Meira að segja Brúnastaðabóndinn sjálfur, hv. þm. Guðni Ágústsson, upplýsti í ræðu í gær að að sjálfsögðu væri nauðsynlegt að véla um þetta frv. betur og breyta því í einhverjum greinum. Þetta er auðvitað með öllu ólíðandi, herra forseti.

Það mál sem verið er að ræða, sveitarstjórnarmál, er í sjálfu sér *mikilvægt en þær greinar* sem hafa verið hvað mest áberandi í umræðunni er bráðabirgðaákvæðið og það er að sjálfsögðu 1. gr. Þetta eru þær greinar sem gera ráð fyrir því að staðarmörk sveitarfélaga verði framlengd inn á miðhálendið. Þetta er orsök þeirra miklu deilna sem hafa staðið síðustu daga. Aðdragandi þeirra var talsverður og innan félmn. höfðu menn skipst á skoðunum um þetta og í þeim tilgangi að reyna að sætta sjónarmið er kynnt frv. sem á að leggja fram. Það er þetta frv. hæstv. umhvrh.

Tveir hv. þm. stjórnarliðsins, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Pétur H. Blöndal, gera ákveðna fyrirvara við frv. til sveitarstjórnarlaga. Í áliti meiri hluta nefndarinnar sem þau standa að illu heilli er gerð grein fyrir þessum fyrirvörum og þar segir, herra forseti, að þau geti ekki staðið að frv. nema með fyrirvara vegna þess að þau telji að fulltrúar

landsins alls eigi að koma að skipulagi á miðhálendinu. Þegar sáttargerðinni sjálfri, frv. hæstv. umhvrh., er síðan dreift kemur í ljós að þessir tveir hv. þm. hafa verið sviknir. Það kemur einfaldlega í ljós að það er með engu móti hægt að halda því fram, eins og frv. lítur út núna, herra forseti, að fulltrúar alls landsins komi að skipulagi miðhálendisins.

Ég vek athygli á því að í frumvarpsgerðinni, sem hér hefur verið dreift og ég vænti þess að sé e.t.v. hin sama og kann enn að vera í umferð, er talað um að fulltrúar þeirra sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendinu, eigi að skipa 12 fulltrúa í stjórnarnefndina og síðan eru taldir upp aðrir sex fulltrúar sem eiga líka að koma úr öðrum stöðum. En það er alveg ljóst að fjölmörg sveitarfélög falla óbætt hjá garði. Ég bendi á stór sveitarfélög eins og Akureyri. Það hefur enga möguleika á því að koma áhrifum sínum til framkvæmda. Ég bendi á smá sveitarfélög eins og Villingaholtshrepp. Ég bendi á Hraungerðishrepp sem sem vor ástkæri forseti, hv. þm. Guðni Ágústsson, er borinn og barnfæddur og ber enn sterkar taugar til. Af hverju á að gera þetta fólk að landleysingjum þegar kemur að miðhálendinu? Ég spyr, herra forseti: Getur það verið að hv. þm. Pétur H. Blöndal sem er yfirleitt manna vandaðastur í vinnubrögðum og ítarlegastur í framsetningu hafi látið teyma sig á asnaeyrunum? Getur það verið að hann hafi fallið frá fyrirvara sínum, eins og hann gerði í merkri ræðu sinni í gær, á röngum forsendum? Ég held því fram, herra forseti, að svo sé. Ég held því fram að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki bara dregið þessa tvo hv. þingmenn stjórnarliðsins á asnaeyrunum. Ég held því fram að hún hafi líka beitt blekkingum gagnvart ábyrgðarfullum stjórnmálamönnum úr Alþb. sem töldu sig hafa náð samkomulagi.

Síðan kemur í ljós í umræðum hér, herra forseti, að aftur og aftur er verið að gera einhvers konar baktjaldasamninga innan Framsfl. Hvernig stendur á því, herra forseti, að alls er freistað til þess að reyna að stýfa vængi þeirra sem eru að fljúga sig lausa frá þeim fráleitu frv. sem hafa komið fram í þessum málum? Það er vegna þess að innan Framsfl. ríkja miklar deilur um þetta mál.

Innan Sjálfstfl. eru líka deilur en þær eru öðruvísi. Það er Sjálfstfl. sem hefur staðið í ístaðið og ekki viljað að frv. hæstv. umhvrh. verði lagt fram. Og hvers vegna? Vegna þess að nánast allir sjálfstæðismenn sem hafa talað í þessari umræðu telja það óþarft.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen gekk einna lengst vegna þess að í röksemdafærslu sinni klykkti hann út með því að segja að frv. væri ófullnægjandi í alvarlegum atriðum. Hv. þm. Pétur Blöndal tók undir að því mætti breyta, Kristján Pálsson líka og svo mætti lengi telja.

Innan Framsfl. var staðan þannig, herra forseti, að fjórir þingmenn höfðu gert fyrirvara við málið þegar það kom fram fyrst. Það var hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson, þingmaður Vestf. Það var hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og stallbróðir hennar af Suðurnesjum, hv. þm. Hjálmar Árnason. Og það var hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem ekki aðeins er formaður umhvn. heldur er hann varaformaður þingflokks Framsfl.

Hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson gerði fyrirvara sinn vegna þess að hann taldi að fulltrúar Vestfirðinga hefðu enga aðild að málinu. Sjálfur er ég sprottinn úr vestfirskri moldu og síst vil ég lasta það að Vestfirðingar komi að málinu. En ég bendi á að í mínu eigin kjördæmi sem er tugfalt stærra að mannfjölda en Vestfirðir, koma aðeins tveir fulltrúar. En auðvitað nægði þetta, herra forseti, til þess að hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson féll frá fyrirvara sínum.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom og hélt ræðu í gær eða fyrradag þar sem hún bókstaflega gumaði af því að það væri hún sem hefði náð fram þeirri sáttargjörð sem birtist í því frv. hæstv. umhvrh. sem hann þorir ekki að láta ræða í þinginu. Hún taldi sér það sérlega til tekna að það væru hugmyndir hennar sem í því kæmu fram. Það var hins vegar dapurlegt á að hlusta þegar ræðu hv. þm. vatt fram vegna þess að þá kom í ljós að hún skildi til að mynda ekki hvert verksvið svæðisskipulagsnefndarinnar er né yfir höfuð hvert verksvið slíkra nefnda, samvinnunefnda eða einstakra svæðisskipulagsnefnda felur í sér. Hún taldi til að mynda að byggingarmálin væru öll komin undir þessa nefnd. Það kom glöggt fram í hennar máli. Ég innti hana nokkuð eftir því, herra forseti, hver skilningur hennar á þessu væri og það kom í ljós að hv. þm. var fullkomlega blönk að þessu leyti. Með öðrum orðum, sá ágæti þingmaður sem kom hingað og barði sér á brjóst eftir að hafa slegið sig til riddara í ásýnd fjölmiðlanna og þjóðarinnar, kom hingað og sagði: „Sjáið hverju ég hef náð fram með mínum einarða vilja." Og í ljós kom að hún hafði ekki einu sinni skilið hvað það var sem hún hafði náð fram. Þetta, herra forseti, var giska dapurlegt.

Enn dapurlegra var það síðan að í ljós kom að hún gerði sér ekki grein fyrir því að frv. fullnægði ekki þeim skilyrðum sem hv. þm. hafði sett upp til þess að falla frá fyrirvara sínum.

Ég rifja hins vegar upp, herra forseti, að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og stallbróðir hennar, Hjálmar Árnason, riðu ekki einsömul í þessu máli. Á bak við þau stóð ályktun Framsfl. á Suðurnesjum. Málið var auðvitað rætt þar í þaula. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er mál sem skiptir alla þéttbýlisbúa miklu máli. Á Suðurnesjum komu framsóknarmenn saman og ræddu þetta mál og niðurstaða þeirra varð sú að ekki væri hægt að sætta sig við það frv. sem var upphaflega fram sett. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem illu heilli er ekki stödd í þingsal og getur því ekki hlýtt á mál mitt kom ekki bara fram á ráðstefnu til þess að mótmæla hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni sem henni fannst þá ekki ganga nógu langt, heldur skrifaði hún greinar og kom fram í fjölmiðlum þar sem hún ítrekaði að hún mundi ekki standa að frv. óbreyttu. Niðurstaðan er hins vegar sú að hv. þm. hefur náð því fram að fólk hennar, kjósendur hennar í Reykjanesi, ná þeim glæsilega ávinningi að hafa $^{1}/_{18}$ af samvinnustjórninni. Hv. þm. kemur síðan hingað, ber sér á brjóst og segir: „Ég náði þeim áfanga að næstfjölmennasta kjördæmi landsins fær allra náðarsamlegast þann mola af borðum hæstv. ríkisstjórnar að hafa einn fulltrúa af 18 til þess að véla um skipulag miðhálendisins." Það er langt síðan, herra forseti, að ég hef orðið vitni að jafndapurlegum ósigri og þessum. Mér þykir líka að verið sé að bíta höfuðið af skömminni að hrósa sér síðan af því.

Af þessum þingmönnum Framsfl. stendur einn upp úr. Það er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem viðraði sína fyrirvara í upphafi máls síns þegar frv. var lagt fram með þeim hætti að hann var miklu hófsamari í málflutningi sínum en t.d. þeir þingmenn aðrir sem ég hef hér nefnt úr Framsfl. En hann hertist þegar á leið og þó fyrst fannst manni sem harkan brynni sem logandi eldur úr augum hans þegar þessu hræðilega hraklega frv. hæstv. umhvrh. var dreift í sölum í gær. Ég held að enginn af þeim fjölmörgu sem hér hafa talað, með fullri virðingu fyrir mörgum ágætum talsmönnum bæði

stjórnar og stjórnarandstöðu, hafi gert sér jafnskýra grein fyrir því og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hversu gallað það frv. var.

Hann benti t.d. hv. þingkonu Siv Friðleifsdóttur á að fjölmargir smáhreppar, sem hvorki tilheyra Reykjaneskjördæmi og að sjálfsögðu ekki Reykjavík né eru aðlægir miðhálendinu, eru sviptir öllum möguleikum á því að koma að skipulagi þeirrar perlu sem miðhálendið er. Ég spyr þess vegna herra forseta: Er það forsvaranlegt að íbúar þessara hreppa skuli teknir sérstaklega út fyrir sviga, gerðir að einhvers konar annars flokks borgurum og sagt við þá: „Þið megið ekki koma að skipulagi þessa mikilvæga svæðis." Ef hv. þm. Guðni Ágústsson, óðalsbóndasonur frá Brúnastöðum, heyrði mál mitt, þá mundi ég að sjálfsögðu spyrja: Sættir hann sig við þessa meðferð á sínu ágæta fólki? Að sjálfsögðu gerir hann það ekki.

Herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson kom upp í ræðustól í gær og benti á það í umræðum um fundarstjórn forseta að á þessu frv. væri einmitt þessi meinbugur sem ég var að reifa. Hann sagði að það væri ekki ásættanlegt að t.d. íbúarnir í fæðingarhreppi hans og í mörgum smærri hreppum í kjördæmi hans væru sviptir möguleikanum til þess að fara eins og aðrir Íslendingar með einhvers konar áhrif á skipulag miðhálendisins.

Hv. þm. upplýsti það jafnframt að hann hefði rætt við hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. og ekki bara annar þeirra heldur báðir hefðu fullvissað hann um að þeir mundu beita sér fyrir því að frv. hæstv. umhvrh. sem hér var dreift til kynningar í gær yrði breytt þannig að í stað þess að sveitarfélög aðlæg miðhálendi ættu að skipa 12 fulltrúa þá kæmu héraðsnefndir. Þarna var verið að reyna að draga úr þessum alvarlega galla sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson benti á og sem hv. þm. Guðni Ágústsson hafði ekki skilið áður en sá á svipstundu og lagðist gegn.

Herra forseti. Ég er að reyna að útskýra að frá því að frv. var fyrir tveimur dögum varpað hér eins og handsprengju inn í umræðurnar, þá hafa menn í óða önn innan Framsfl. verið í því sem heitir á erlendri tungu „Damage Control" eða slysavörn, að reyna að sefa öldur reiðinnar sem þar rísa. Það er gert þannig að menn eru teknir á eintal í skúmaskotum, inn í myndaherbergi, inn í ýmsa afkima þingsins og þar er verið að véla um hvernig frv. á að líta út. Þar er verið að gera samninga. Þar er verið að ráða til lykta þeim málum sem eru undirstaða þess ágreinings sem hér hefur komið fram.

Herra forseti. Ég veit að forsetadæmið er mér sammála um að þetta eru auðvitað vinnubrögð sem eru algerlega ólíðandi. Svona er ekki hægt að þola. Þingheimur hlýtur að krefjast þess af hæstv. forseta að menn njóti jafnræðis. Stjórnarandstöðuþingmenn, eins og t.d. hv. þingmenn Alþb. sem voru aðilar að þeirri sáttargjörð sem nú hefur verið rofin, eiga auðvitað heimtingu á að fá að fylgjast með því til jafns við stjórnarliðana hvaða breytingum frv. tekur. Það er sannarlega krafa og annað eru vinnubrögð sem er ekki hægt að réttlæta. En því miður var það svo að hæstv. umhvrh. treysti sér ekki til þess að greiða atkvæði með því að hans eigið frv. kæmi á dagskrá. Þetta mál sem er raunar stærsta málið að því er ég hygg og að því er stjórnarandstaðan hyggur í þeirri umræðu sem hér liggur undir þó að sjálft frv. hæstv. ráðherra hafi ekki fengist á dagskrá. Það er hins vegar ekki þungvægara en svo í augum tiltekinna þingmanna stjórnarliðsins, eins og hv. þm. og nýkjörins formanns þingflokks sjálfstæðismanna, að hún taldi þetta lítið mál. Þarna birtist auðvitað gap ginnunga í þeim skilningi sem stjórnarandstaðan og stjórnarliðið hefur á þessu máli. Þetta er lykilatriði. Ég fullyrði það, herra forseti, að með þessu er verið að blekkja stjórnarandstöðuna. Sér í lagi er verið að blekkja þá stjórnarandstæðinga sem létu teygjast til fylgis við það frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur fyrir á grundvelli þess að tekist hefði sátt um það hvernig ætti að koma að stjórn skipulagsvinnunnar á miðhálendinu. Enginn hefur lýst þessu betur en hv. þm. Ögmundur Jónasson. Enginn hefur lýst betur þeirri upplifun svika sem Alþb. taldi sig verða fyrir með framvindu málsins en hv. þm. Ögmundur Jónasson og enginn hefur stigið skrefið jafnrækilega til fulls til að slíta sig frá þessu svikasamkomulagi eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem lýsti því einfaldlega yfir, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir líka, að með þessu væri auðvitað grundvöllur samkomulagsins og þar með fylgis Alþb. við frv. brostinn.

Þessi óhreinu vinnubrögð sem eru nýlunda hér valda því auðvitað, herra forseti, að þeir þingmenn sem hafa tekið mark á því að í frv. fælist einhvers konar málamiðlun treysta ekki stjórnarliðunum. Það er nýlunda í þessum sölum að menn noti orð eins og hér voru notuð fyrr í morgun af ýmsum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Þau orð eru hins vegar spegill þeirra vonbrigða sem menn upplifa vegna þessara vinnubragða.

Ég spyr líka, herra forseti: Er einhvers staðar kunnugt, einhvers staðar á byggðu bóli, í einhverju þjóðþingi á allri kringlunni, að það gerist að einn hæstv. ráðherra leggi fram frv. til kynningar en hafni því síðan sjálfur að málið komi á dagskrá, hafni því í atkvæðagreiðslu, fái alla stjórnarliðana til þess að styðja sig í því? Getur verið að það sé vegna þess að innan stjórnarinnar er rammur ágreiningur? Hv. þm. Árni M. Mathiesen tók sér talsvert vald hér í gær þegar hann kom upp og mælti kategóríska fyrir munn hæstv. umhvrh. að þetta mál yrði ekki á dagskrá. Það hefði verið lagt fram til kynningar og hæstv. umhvrh. mundi ekki æskja þess að það færi á dagskrá.

Það kom í ljós að hryggsúlan í hv. þm. Árna M. Mathiesen er giska sterk eins og ég auðvitað þekki og hann hafði hæstv. umhvrh. undir. Það er athyglisvert að það er hv. þm. Árni M. Mathiesen sem hefur haft forgöngu fyrir þingmönnum Sjálfstfl. varðandi afstöðu til þessa frv. Það er hann sem fyrstur kom upp af hálfu Sjálfstfl. og lýsti því að það gengi ekki nógu langt í ákveðnum atriðum og lýsti því jafnframt að hann teldi að frv. væri óþarft, hægt væri að ná markmiðum þess, eins og hann sagði og ég mun koma að síðar í dag í ræðu minni, með því að beita 12. gr. núgildandi skipulagslaga að breyttum sveitarstjórnarlögum og e.t.v. með því að styrkja greinina. Hann taldi að þar væri kominn fullur flötur á því að ná fram þeim markmiðum um aðkomu fleiri aðila sem hæstv. umhvrh. gerði að talsverðu máli og reifaði sem helsta tilgang síns frv. í ræðunni sem hann flutti er hann fleygði því hérna inn. Það sem meira var að hv. þm. Árni Mathiesen taldi reyndar að það væri hægt með gagngerðri breytingu á nákvæmlega því fyrirkomulagi sem hæstv. umhvrh. lagði til að tryggja einmitt lýðræðislegri afkomu og ég er reyndar hv. þm. sammála um það eins og ég mun e.t.v. reifa hérna síðar.

Staðan er sem sagt þannig, herra forseti, að þegar við erum að ræða þetta mál þá blasir það eiginlega við að nánast allir þingmenn stjórnarliðanna sem hafa komið að efnislegri umræðu hafa lýst yfir vilja sínum til þess að breyta frv. Stöku stjórnarliði sem hefur einnig tekið þátt í umræðum um stjórn forseta hefur viðrað svipuð viðhorf.

Ég sagði áðan að af hálfu Sjálfstfl. væri það hv. þm. Árni Mathiesen sem reifaði ákveðin viðhorf en ég vek athygli á því og rifja það upp, herra forseti, að ekki hafði hæstv. umhvrh. nema rétt lokið máli sínu þegar hann kynnti frv. til breytinga á skipulagslögum en hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson spratt upp eins og fjöður og lýsti strax alvarlegum athugasemdum sínum við þetta frv. Hv. formaður umhvn. lýsti því í mjög mergjuðu máli, vel rökstuddu og útfærðu, að honum væri ómögulegt að styðja málið af mörgum ástæðum.

Það eru ekki bara þessir tveir sem hafa lýst fyrirvörum við málið. Fyrir utan hv. þm. Árna M. Mathiesen og Ólaf Örn Haraldsson kom hv. þm. Kristján Pálsson einnig upp í gær. Hann mærði að vísu frv. í fyrstu en þegar því var lokið þá tók hv. þm. að lýsa því yfir að hann hefði gjarnan viljað sjá fulltrúa ferðaþjónustu, hann hefði viljað sjá fulltrúa útivistarmanna, ferðafélaga og náttúruverndarsamtaka koma að stjórn skipulagsvinnunnar á miðhálendinu. Ég spurði hv. þm. í andsvari hvort hann væri þá reiðubúinn til þess að beita sér fyrir breytingum á frv. sem mundu leiða til þess að þeir aðilar ættu færi á því. Hv. þm. kvað já við. Þar með voru þeir orðnir þrír sem ekki felldu sig við frv. hæstv. umhvrh. í óbreyttum farvegi.

Hv. þm. Guðni Ágústsson tók til máls í gær og setti þinghald í uppnám þegar hann upplýsti að hann hefði heldur ekki getað fellt sig við tiltekna kafla í frv. hæstv. ráðherra og hefði, eins og ég hef þegar reifað, rætt breytingar við tvo ráðherra og fengið vilyrði frá þeim um að þeim yrði fylgt. Þar með eru hinir óbreyttu þingmenn stjórnarliðsins orðnir fjórir sem hafa reifað einhvers konar vilja til að breyta frv. og þar með óánægju sína með það að einhverju leyti.

Ég tel þó að mestu tíðindin í þessu hafi orðið, herra forseti, þegar hæstv. félmrh. Páll Pétursson kvaddi sér hljóðs í þeirri sömu umræðu og hv. þm. Guðni Ágústsson vakti með upplýsingum sínum í umræðunni í gær og lýsti því yfir sjálfur að það væri forsendan fyrir ákveðnum hlutum í frv. til sveitarstjórnarlaga að breytingar yrðu gerðar á frv. hæstv. umhvrh. Hann tiltók tvö atriði sem hann taldi algerlega nauðsynlegt að breyta. Annað er einmitt sú breyting að skipta út fulltrúum sveitarfélaga og gera í staðinn að fulltrúum héraðsnefnda. Þarna erum við komnnir með fimm hv. þm. stjórnarliðsins sem hafa lýst yfir að frv. hæstv. umhvrh. sé ófullnægjandi. Einn af þeim er ráðherra. Sá sjötti bættist svo í hópinn rétt áðan, herra forseti, þegar hv. þm. Sturla Böðvarsson fetaði í fótspor hv. þm. Árna M. Mathiesens og lýsti því yfir að líkast til væri hægt að ná svipuðum markmiðum og frv. hæstv. umhvrh. miðar að með núgildandi lögum um skipulagsmál að breyttum sveitarstjórnarlögum samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Með öðrum orðum, hann var að segja eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði nokkrum sinnum í gær, að í rauninni væri frv. óþarft. Þetta, herra forseti, speglar auðvitað ákveðinn lykilágreining milli stjórnarflokkanna. Þingmenn Sjálfstfl. hafa a.m.k. þrír lýst því yfir í umræðunni að hægt væri að ná markmiðum frv. með því að beita styrktri löggjöf eða styrktri 12. gr. núgildandi laga um skipulagsmál og þar með eru þeir að segja að hæstv. umhvrh. hafi í rauninni verið að leggja fram frv. sem þeir fella sig ekki við og telja óþarft. Þar með eru þeir auðvitað líka að segja, með þessu, að sterklega komi til greina að frv. verði breytt. Sá þingmaður sem einn situr í salnum núna, herra forseti, lýsti því beinlínis yfir að hann mundi beita sér fyrir því að frv. yrði breytt í sumar og tók það fram aftur og aftur að málið væri hér einungis til kynningar og að sjálfsögðu yrði því breytt. Það eru náttúrlega engin gleðitíðindi að heyra slíkt fyrir fulltrúa þeirrar aumu stjórnarandstöðu sem taldi að hún hefði gert einhvers konar samning. Hv. þm. Árni M. Mathiesen brosir yfir því en það nú eigi að síður nokkurt alvörumál að hafa það yfir höfði sér, hafandi gert samkomulag, að Sjálfstfl. ætli enn einu sinni að valta yfir Framsfl. Auðvitað vofir yfir þessu sú hótun að frv. eigi að breyta eða jafnvel að það eigi að draga til baka vegna þess eins og talsmaður Sjálfstfl. í umhvn. sem hér situr í salnum lýsti yfir, að það er í rauninni óþarft.

Herra forseti. Ég hef rætt nokkuð aðganginn að þessu máli sem auðvitað hefði verið með öllu tilefnislaust ef ekki hefði komið til þessara hraklegu vinnubragða af hálfu stjórnarliðsins. Það hefur verið kvartað nokkuð undan því í umræðunni, herra forseti, að það frv. sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga, hafi ekki hlotið nægan sess í umræðunni. Hv. stjórnarliðar hafa jafnvel farið í fjölmiðla og kvartað undan því á öldum ljósvakans að stjórnarandstæðingar séu að gera sér leik að því að ræða ekki það mál sem er á dagskrá heldur ræði þeir frv. sem ekki er komið á dagskrá. Þó er það ljóst að hver einasti stjórnarliði sem hér hefur tekið til máls hefur rætt þetta frv. Um stjórnarliðana gildir það núna, herra forseti, eins og gildir um kýrnar á nýársnótt, að þeir hafa skyndilega fengið málið vegna þess að þeir ræða hér hver um annan þveran frv. sem liggur fyrir. Yfirleitt er það svo að þeir eru málstola eða heftir, múlbundnir af forustumönnum sínum þegar kemur að þessum tíma þinghaldsins. En þeir hafa eigi að síður hver um annan þveran tekið til máls og allir, hver og einn einasti, hefur rætt þær breytingar á skipulagslögum sem voru kynntar í frv. hæstv. umhvrh. Það situr því síst á þeim að hlaupa með það undir nafnleynd í Ríkisútvarpið og kvarta undan því að þingmenn stjórnarandstöðunnar séu með einhvers konar leiðindi hér eða einhvers konar tafir. Menn hafa einfaldlega verið að ræða það mál sem er hið raunverulega ágreiningsefni sem stjórnarliðið sjálft hefur tengt frv. til sveitarstjórnarlaga með ákveðinni sátt við hluta af stjórnarandstöðunni, en hefur nú rofið.

Um það frv. sem hér liggur hins vegar fyrir, herra forseti, frv. til sveitarstjórnarlaga, er það að segja að mér þykja breytingarnar á því vera afskaplega lítilvægar. Það er auðvitað sláandi þegar maður horfir til þess að þetta eru lög sem hafa verið í gildi síðan 1986. Á þeim 12 árum sem síðan eru liðin hafa orðið verulegar sviptingar á vettvangi sveitarstjórnarmála. Þar hafa orðið gjörbreytingar sem stappa kannski nærri að vera stökkbreytingar, a.m.k. fyrir sum sveitarfélög sem ekki eru lengur til vegna þess að þau hafa runnið saman við önnur. Á þessum tíma er það alveg ljóst að af hálfu stjórnvalda hefur verið mikill þrýstingur á að sveitarfélög sameinuðust, m.a. og kannski ekki síst til þess að hægt sé að flytja til þeirra í ríkari mæli aukin verkefni. Þetta er partur af lýðræðislegri valddreifingu sem segja má að um ríki orðið eins konar sátt til að mynda á Alþingi Íslendinga. Þess vegna hefði maður talið að þegar menn loksins taka sig til og breyta þessum lögum eftir 12 ár þá mundu menn gera verulega bragarbót á, menn mundu taka á málum sem lytu að einhverjum grundvallaratriðum. Ég tel sjálfur að ekki sé breytingar nema á einum grundvallarþætti að finna í þessu frv. og það eru þrjú, jafnvel fjögur atriði sem varða fjármál sveitarfélaga. En annað, herra forseti, er varla hægt að kalla verulegar breytingar. Það er merkilegt þegar farið er yfir umsagnir í þessu máli, sem ég ætla ekki að gera hér og ætla

ekki að þreyta þingmenn á, að þá kemur fram að í gögnum frá stærsta sveitarfélaginu, Reykjavíkurborg, að það er skoðun ágæts borgarlögmanns að breytingarnar skipti varla nokkru máli. Hann segir eftirfarandi í umsögn sinni til borgarráðs frá 17. mars á þessum vetri, með leyfi forseta:

„Breytingarnar eru ekki stórvægilegar en fyrst og fremst er verið að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur." Síðan segir hann þessi gullvægu orð: „Ekki þykir ástæða til þess að telja breytingarnar upp."

Herra forseti. Hér hefur hver stjórnarliðinn á fætur öðrum komið, ekki síst hæstv. félmrh., og barið sér á brjóst yfir því hvað þetta sé merkilegt frv. og þetta séu mikil kaflaskipti í sögu sveitarstjórnarmála á Íslandi og það kemur í ljós að borgarlögmaður, sem ekki er beinlínis hallur undir stjórnarandstöðuna, gefur því þann dóm að hann nennir ekki einu sinni að reifa þessar breytingar í umsögn sinni til borgarráðs. Hann telur þær með öðrum orðum ekki skipta nokkru einasta máli. Það var athyglisvert í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar áðan að þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti honum á að breytingarnar væru ekki sérstaklega mikilvægar, þá greip hann til varna og til sérstaks ákvæðis sem er að finna í breytingartillögum meiri hlutans þar sem kveðið er á um arðgreiðslur fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. En það vill svo til að sú breyting var hvorki upprunnin meðal meiri hluta félmn. né heldur í félmrn. Nei, þá breytingu orðrétta er einmitt að finna í þessu ágæta bréfi hins hógværa borgarlögmanns til borgarráðs. Með öðrum orðum, einu veigamiklu breytingarnar sem sveitarstjórnargúrúinn í þessum sölum, hv. þm. Sturla Böðvarsson, telur að skipti verulegu máli, eru breytingar sem komu utan frá og ekki voru lagðar til af hálfu hæstv. félmrh.

Kvartað hefur verið undan því, herra forseti, og kannski af einhverju tilefni, að þeir sem hafa rætt þetta frv. hér hafi ekki farið efnislega í það. Þess vegna ætla ég að leyfa mér, herra forseti, nú í fyrri hluta ræðu minnar, að fara svolitlum efnislegum orðum um það sem mér þykir horfa til bóta og líka það sem mér þykir vanta. Í þessu frv. er það auðvitað höfuðgallinn að mínu viti, sem kemur strax fram í 1. gr., að þar er lagt til að landið skiptist allt í sveitarfélög en ekki aðeins byggðin og afréttir. Á þessu er síðan hert í bráðabirgðaákvæðinu. Hérna er um grundvallaratriði að ræða sem ég á svo eftir að ræða síðar. En fyrst ég er kominn í efnislega umræðu um frv. sjálft er ljóst að hér er verið að stíga mikið óheillaskref. Mér hefur láðst, herra forseti, að taka með mér skýrslu sem skrifuð var að tilhlutan fyrsta umhverfisráðherrans sem Íslendingar áttu, Júlíusar Sólnes. Það var skýrsla sem skilað var til þingsins að mig minnir árið 1990 og þar var einmitt tekið á þessu. Þar var nefnd vísra manna. Þar voru fulltrúar allra ráðuneytanna og fulltrúar allra stjórnmálaflokka og þar var nákvæmlega tekið á þessu. Þar var ræddur sá möguleiki að draga staðarmörk sveitarfélaga inn á miðhálendið. Niðurstaða þessa fólks sem vélaði um þetta í eitt eða tvö ár var að það væri varla gerlegt, herra forseti. Niðurstaðan var einmitt sú að það væri varla gerlegt. Þarna átti líka sæti einn fulltrúi félmrn. Þess vegna tel ég, herra forseti, án þess að ég ætli að rekja efni þeirrar skýrslu, að full rök séu fyrir því sem búið er að færa að þessi tilhögun er ekki af hinu góða. Hún er einfaldlega slæm.

Í þeirri skýrslu var einmitt að finna ágæta skilgreiningu hafða eftir fyrrum forseta Alþingis og forsetaframbjóðanda, Gísla Sveinssyni, á orðinu afréttir. Ég vildi ræða það talsvert vegna þess að hér kemur fram sú skoðun hæstv. félmrh. að hann túlkar lögin þannig að landið allt skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðin og afréttir. Við hæstv. félmrh. ræddum þetta nefnilega einhvern tíma fyrr á þessu þingi og þá kom fram ákveðin skoðun á því hvað fólst í orðinu afréttir. Ég hefði gjarnan viljað, hefði ég haft þessa skýrslu hér við höndina, lesa upp úr máli Gísla Sveinssonar. En það eru ekki tök á því, herra forseti.

Í þeim breytingum sem hérna eru lagðar til er það virðingarvert og ber að fagna því að loksins er lögð af sú skylda sem sveitarfélögum er lögð á herðar með gildandi lögum varðandi nafngiftir. Það þarf ekki lengur að kalla sveitarfélög byggð eða bæ. Þessi ákvæði gildandi laga hafa illu heilli orðið uppspretta hræðilegra orðskrípa þegar glæsileg nöfn eru skeytt saman við byggð eða borg og þegar viðskeytið er komið verða þessi fallegu nöfn að hálfgerðum nafnleysum og ris þeirra og flug sem menn hafa upplifað týnist. Þetta skiptir auðvitað allverulegu máli, t.d. fyrir sjálfsmynd þeirra sem þarna búa og þess vegna fagna ég því að þetta er svona.

Hérna er líka lögð til af hálfu meiri hluta félmn. ákveðin breyting á ákvæðinu til bráðabirgða sem ég hef rætt í nokkru máli. Þar er lagt til að óbyggðanefndinni, sem er að finna í frv. um þjóðlendur og hér verður rætt einhvern tíma í næstu viku, verði falið nýtt hlutverk og hún eigi nú ekki aðeins að véla um eignarhald og kalla eftir kröfum um eignarhald á miðhálendinu til þess að gera okkur að lokum kleift það sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson orðaði svo glæsilega í blaðagrein í Morgunblaðinu, að ljúka landámi Íslendinga með því að slá eign okkar á miðhálendið. Lagt er til að óbyggðanefndin eigi að fara í það núna að skera úr um ágreining um stjórnsýslumörk og önnur mörk á miðhálendinu. Þetta er út af fyrir sig ekki heimskuleg hugmynd og raunar ágæt á grundvelli þess bráðabirgðaákvæðis sem er að finna í frv. sem ég er hins vegar á móti. En ég velti því hins vegar fyrir mér í þessari umræðu, herra forseti, vegna þess að við jafnaðarmenn erum með hugmyndir um að miðhálendið verði ein stjórnsýslueining, að kannski hefði verið flótur á því að nota einmitt óbyggðanefndina í þeim tilgangi. Það hefði verið hægt að styrkja hana eins og hún kemur fyrir í þjóðlendufrv. og færa henni það hlutverk að verða eins konar stjórnsýslunefnd, eins konar hreppsnefnd fyrir miðhálendið. Ég hefði talið það afskaplega jákvætt.

Herra forseti. Lögð er til breyting á 94. gr. sveitarstjórnarlaganna þannig að nú er hægt að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma án þess að það hafi áhrif á skipan kjördæmanna þegar kemur að alþingiskosningum. Þetta er mjög mikilvægt atriði vegna þess að þó að dæmin séu fá þá eru þau nokkur og eitt nýlegt um þörfina á því að gera svona og um vilja íbúanna til þess að takast á herðar slíkar breytingar. Ég tel að þessi breyting á 94. gr. sé í rauninni alveg prýðileg.

Að því er varðar sveitarstjórnarlagafrv. sem hérna er til umræðu vildi ég ræða þær breytingar sem gerðar eru varðandi fjármál sveitarfélaga. Ég held nefnilega að það sem skiptir jafnvel mestu máli í þessu frv. sé hvernig sveitarfélögin eru öguð í fjármálum. Við þekkjum auðvitað öll að þau hafa í sumum tilvikum safnað óhóflegum skuldum og þurft hefur að grípa til neyðarráðstafana þeim til bjargar. Ég vek sérstaka athygli á því, herra forseti, að í frv. sem liggur fyrir, 61. gr., segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Ég skil þetta raunar svo, góðu heilli, að þarna sé í rauninni verið að banna sveitarfélögum að safna skuldum. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi. Þegar málinu vindur fram mun þetta auðvitað leiða til þess að heildarútgjöld sveitarfélaga fari ekki fram úr heildartekjum þess, með öðrum orðum, að skuldasöfnun linni. Þetta er afar jákvætt mál.

Ég hegg líka eftir því að í brtt. meiri hluta félmn. við 61. gr., þ.e. í b-lið 7. brtt., er þetta undirstrikað með því að 3. málsl. 2. mgr. er gerður að sérstakri nýrri 3. mgr. Ég veit að hæstv. forseti sem hefur nokkra reynslu af sveitarstjórnarmálum, fyrir utan yfirgripsmikla þekkingu á því eins og flestu öðru, er mér sammála um að þetta hlýtur að vera afskaplega gott fyrir sveitarfélögin þegar fram í sækir. Ég held að þetta hljóti að teljast mjög jákvætt.

Þegar við lesum 75. gr. og 76. gr. kemur fram að eftirlit með fjárreiðum sveitarfélaga er styrkt verulega. Í 75. gr. er rætt um eftirlitsnefnd eins og reyndar í 74. gr. en þar segir um hlutverk hennar að þegar sveitarstjórn er komin í fjárþröng þannig að hún geti ekki staðið í skilum, þá beri henni að tilkynna það til eftirlitsnefndarinnar. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Eftirlitsnefnd skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests."

Síðan segir í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Komi í ljós við rannsókn að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að tillögu eftirlitsnefndar að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur."

Þetta er mikilvægt. Þetta er grundvöllur þess að samtök sveitarfélaga muni, eins og kemur fram í þessum málsskjölum sem hérna liggja fyrir, gera sérstakar reglur um það hvernig sveitarfélögin eigi að haga sér undir slíkum kringumstæðum. Vegna þess að það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna sem samkvæmt þessum lögum á að hlaupa undir bagga með sveitarfélögum sem lenda í nauð, þá þýðir það, herra forseti, að þessar reglur hljóta að verða mjög stríðar. Þegar við lesum 75. gr. og berum hana saman við 76. gr. og þá breytingu sem gerð er í tillögu meiri hlutans í brtt. 7.b, þá sjáum við auðvitað að sá fjárhagsfótur sem sveitarfélögin standa á er styrktur allverulega.

Í 76. gr. er talað um að ráðherra geti að tillögu þessarar eftirlitsnefndar svipt sveitarfélagið sjálfsforræði. Það er hastarlegt inngrip en sýnir hins vegar að verulega fast er tekið á getu sveitarfélaganna til þess að reisa sér hurðarása um öxl.

Ég tel, herra forseti, eins og ég sagði áður en hv. frsm. kom í salinn, að þessar breytingar séu veigamestu breytingarnar á frv. til sveitarstjórnarlaga. Ég tel að þær séu mjög til bóta. Það eina sem gengur ekki alveg upp í mínum huga varðandi þetta ferli sem hér er sett af stað, þar sem mér þykir sem ég sjái þrjá nýja þröskulda fyrir óhóflegri eyðslu og skuldasöfnun sveitarfélaganna, er hvernig þetta verði framkvæmt. Til þess að þetta geti gengið eftir þarf eftirlitsnefndin auðvitað að komast á snoðir um að viðkomandi sveitarfélag sé í einhvers konar fjárþröng. Hvernig á eftirlitsnefndin að komast á snoðir um það? Það segir í 1. mgr. 75. gr.:

„Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar skv. 74. gr. Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn."

Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé nógu sterkt. Ég ímynda mér að það versta sem komið geti fyrir sveitarstjórn sé að hún sé nánast greiðsluþrota og auglýst sé fyrir allri landsbyggðinni að málum hennar sé svo háttað að hún þurfi að leggjast á gjörgæslu hjá eftirlitsnefnd félmrn. Ég er sammála ferlinu en það er einfaldlega mannlegt að reyna að skjóta sér hjá slíku. Ég ímynda mér að áður en menn grípa til svo hastarlegra viðbragða að láta eftirlitsnefndina vita, þá gerist það sama og gerist innan margra fyrirtækja sem lenda í fjárþröng. Menn ætla að taka sér tak. Menn ætla að verða að betri mönnum. Menn ætla að verða sér úti um auknar tekjur með auknum álögum eða með því að draga saman í rekstri svo ekki þurfi að koma til þeirrar niðurlægingar að tilkynna sig til eftirlitsnefndarinnar.

Það má auðvitað vera að ég hafi ekki skilið hlutverk eftirlitsnefndarinnar eins og það er skýrt í 74. gr. en ég velti ég því fyrir mér hvernig nefndin á að komast að raun um þetta. Er nóg að hún athugi árlega reikningsskil sveitarfélaganna og beri við þann kvarða sem kemur þarna fram einhvers staðar? Ég er ekki viss um það en spyr hv. þm. Magnús Stefánsson hvort hann telji að ferlið sé tryggt að því leyti að eftirlitsnefndin komist á snoðir um þá vankanta sem upp kunna að koma í fjárhagsmálum.

Ég gat um það áðan, herra forseti, að mér hefði, fyrir utan þetta, þótt lítil nýmæli í þessu frv. til sveitarstjórnarlaga og þau lytu öll með einhverjum hætti að fjármálum. Hv. þm. Sturla Böðvarsson minntist sérstaklega á eitt sem varðar arðgreiðslu af fyrirtækjum sveitarfélaga til sveitarfélaganna. Hann taldi það mikið nýmæli og það er alveg hárrétt. Það er mikið nýmæli. Það er hins vegar nýmæli sem ekki kom frá hæstv. félmrh. Uppruna þess er að leita í umsögn Reykjavíkurborgar og þaðan er það komið. Nú er verið að gera breytingu á 7. gr. sveitarstjórnarlaganna þar sem fjallað er um almennar skyldur sveitarfélaga. Þar er á það bent að fjölmörg sveitarfélög hafi rekið á sína ábyrgð margvísleg þjónustufyrirtæki og fyrirtækin hafa náttúrlega á köflum greitt sveitarsjóðnum arð ef þurfa þykir. Hins vegar hefur aldrei verið nein lagastoð undir þessu og það er að tilmælum Reykjavíkurborgar sem þetta er sett fram.

Ég er alveg sannfærður um að það er þörf á lagastoð undir reglum af þessu tagi. En er það endilega æskilegt fyrir borgarana að gefa sveitarstjórnum með þessum hætti lögbundið leyfi til þess að hækka gjöld sín? Ég tel að í þessu felist ekkert annað. Ef sveitarstjórnirnar mega haga gjaldskrá sinni, sem til þessa hefur verið staðfest í félmrn., þannig að tekjurnar sem stofnanirnar hafa standa ekki einungis undir rekstri þjónustunnar heldur skili þær líka arði í sveitarsjóðinn, þá er verið að gefa lögbundna heimild til þess að hækka þessa gjaldtöku.

Ég spyr: Hvenær hættir gjald að vera gjald og breytir yfir í skatt? Er ekki sveitarfélögunum með þessu gefin lögbundin heimild til þess að fara að borgurunum með dulda skattheimtu?

Í framhjáhlaupi, af því að ég horfi framan í andlit hv. þm. Árna M. Mathiesens sem er annar af þingmönnum Hafnfirðinga. (Gripið fram í.) Ég hef ekki haldið því fram í þessari ræðu þó ég telji að hans bíði glæst framtíð á mörgum sviðum. Það er þó ljóst að sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur

kaupa margvíslega þjónustu af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur sökum aldurs síns, stærðar og ágætrar stjórnunar í gegnum tíðina byggt upp mjög góð fyrirtæki sem þjóna borgarbúunum. Reykjavíkurborg hefur byggt upp veitufyrirtæki og hin aðlægu sveitarfélög kaupa þessa þjónustu af henni. Nú er ég ekki að leggjast gegn því að Reykjavíkurborg fái ærnar tekjur. En ég velti því fyrir mér hvort þessi lagastoð sem þarna á að skjóta inn í 7. gr. sveitarstjórnarlaganna geri ekki Reykjavíkurborg kleift að leggja skatt, ekki bara á sína eigin íbúa heldur líka íbúa nágrannasveitarfélaganna.

Ef til að mynda Kópavogur kaupir vatn af Reykjavík og gjaldskrá Reykjavíkurborgar er svo hagað að það megi bæði standa undir þjónustu fyrirtækisins og eigi líka að vera einhvers konar arðsfótur, þýðir það ekki að Reykjavíkurborg sé farin að skattleggja Kópavog? Ég les þetta út úr þessu. Þó að ég sé ekki að mæla gegn því að einhvers konar praxís sem árum saman hefur verið við lýði skuli nú verndaður með lagastoð, þá veit ég ekki hvort við séum að stíga heillaspor. Ég spyr hv. þm. Magnús Stefánsson, frsm. nál. meiri hlutans, hvort hann telji að þetta sé framfaraspor. Ég er ekki alveg sannfærður um það.

Það hefur verið þannig að sveitarsjóður hefur getað gengið í ábyrgðir. Samkvæmt 89. gr. gildandi laga getur sveitarsjóður gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir sín eigin fyrirtæki en sveitarstjórnin getur hins vegar veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar. Ég vek athygli á því, af því að ég hef sagt það hér að það séu fjögur atriði fjármálalegs eðlis sem eru til bóta í þessu frv. og ég hef þegar reifað þrjú, að þetta varðar hið fjórða. Samkvæmt 73. gr. frv., og við því var ekkert hróflað í meðförum nefndarinnar, má ekki lengur binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindingar annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Þetta tel ég vera til stórra bóta. Við sáum, þegar þjóðin gekk í gegnum erfiða efnahagskreppu fyrir nokkrum árum, að máttvana sveitarfélög glímdu við atvinnuleysi, mannflótta, nánast mannfækkun af hallærum, og urðu nauðug viljug að grípa til allra mögulegra bragða til þess að halda atvinnunni í plássinu. Ég er ekki að mæla gegn því, herra forseti, en þegar menn eru að verja hólmann sinn þá seilast þeir stundum of langt.

Auðvitað gerist það þegar menn leggja kapp á að efla byggðina sína, reyna að afla nýrra starfa eða bara halda störfum, koma í veg fyrir að störfin seytli út úr samfélaginu, að farið er út í björgunaraðgerðir sem felast í því að veita fyrirtækjum ábyrgðir, þ.e. öðrum en stofnunum sveitarfélaganna. Við sáum það aftur og aftur, víðs vegar um landið, að menn freistuðu þess að hjálpa fyrirtækjum til þess að halda kvóta í byggðarlaginu vegna þess að öflugri og stærri fyrirtæki komu eins og gammar með klærnar á undan niður í viðkomandi byggðarlög. Þau ætluðu að seilast í feitasta bitann sem auðvitað var kvótinn og taka hann burt úr byggðarlaginu.

Sums staðar leiddi þetta til gríðarlegs ófarnaðar. Sums staðar voru menn heppnir, eins og á Vopnafirði, þar sem sveitarsjóðurinn lagði fé í fyrirtæki sem efldist síðan og margfaldaðist að gildi og og þær upphæðir sem þar voru lagðar í fyrirtækið fyrir hönd sveitarbúa margfölduðust. En eins og ég veit að hv. þm. mundu taka undir með mér: Það er ekki hlutverk sveitarstjórna að vera að spekúlera. Það eru menn eins og þeir sem fara með undirtökin í fjármálalífinu og kunna á vélar þess sem eiga auðvitað að gera það, herra forseti.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um það sem mér þykir til bóta í þessu frv. um sveitarstjórnarmálin en ég hef líka mælt ákveðin varnaðarorð gagnvart tilteknum atriðum. En ég get ekki annað en tekið undir með borgarlögmanninum í Reykjavík sem segir að í þessu frv. sé fátt nýmæla. Þegar sá ágæti borgarlögmaður ritar borgarráði bréf um það þá segir hann einfaldlega að það sé ekki þess virði að rifja það upp vegna þess að þau séu svo lítil. Sú breyting sem er gerð og skiptir máli kemur síðan frá borgarráði og borgarlögmanninum sjálfum inn í þingið.

Ég velti því fyrir mér hvernig stendur á því í þessum heimi sem við lifum núna, þar sem hlutverk sveitarfélaganna er stöðugt að breytast, þar sem verksvið þeirra er að færast út, þar sem þau eru takast í fang aukin verkefni: Af hverju er því ekki svarað með einhverjum hætti í frv.? Frv. hefur verið við lýði frá 1986, það er kominn tólf ára reynslutími á það og á þeim tíma hefur allt umhverfi sveitarfélaganna gjörbreyst.

Ég minni á að það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem beitti sér fyrir því í stóli félmrh. að hrinda af stað þeirri miklu sameiningarumræðu sem leiddi til mikillar sameiningar sveitarfélaga. Það hefur leitt til þess að þeim hefur stórfækkað en það var erfitt í byrjun. Eins og menn muna eftir fór skriðan ekki af stað fyrr en bara núna fyrir um tveimur árum og er góðu heilli ekki lokið enn þá. En þá gekk svo illa að koma þessum samruna sveitarfélaga af stað að menn ræddu það þá í fullri alvöru hvort það ætti að beita einhvers konar lögþvingunum. Menn ræddu það einum tveimur eða þremur sinnum í tengslum við ýmiss konar frumvörp. Menn féllu nú frá því.

Eigi að síður er það þannig að við erum öðrum þræði að þvinga sveitarfélög til þess að sameinast. Hvernig erum við að því? Við erum stöðugt að láta þau fá aukin verkefni. Við erum að færa til þeirra menntamál, við ætlum að færa til þeirra málefni fatlaðra, aldraða, og þetta er viljinn í þjóðfélaginu. Þetta er partur af þeirri lýðræðislegu valddreifingu sem hefur myndast um sátt millum flestra stjórnmálaflokka og er ekki lengur spurning um stjórnmálaviðhorf heldur um kynslóðir. Þær kynslóðir sem núna eru að renna sitt skeið inn í valdapíramída samfélagsins eru þeirrar skoðunar að það eigi að færa völdin með þessum hætti út til sveitarfélaganna. Á hverju byggja menn það? Á hugsuninni um grenndarlýðræði, leyfa mönnum að hafa sem mest ítök í næsta nágrenni sínu. Þannig held ég líka að heill manna og hamingju sé best borgið. Menn eiga að fá að ráða sem mestu sem næst sér eins og kostur er. Um það er ekki deilt. Þess vegna erum við að færa þessi verkefni út til sveitarfélaganna, leyfum þeim að haga þeim eins og þeir geta.

En sum þessara sveitarfélaga eru örfámenn. Hvernig stendur þá á því að í þessu frv. nota menn ekki tækifærið og stíga það skref að hafa ekki lengur 50 íbúa sem lágmarkseiningu sveitarfélags? Við höfum séð í næsta nágrenni höfuðborgarinnar deilur sem hafa tætt sundur sveitarfélög þegar komið hefur að sameiningarkosningum, þar sem menn hafa verið að flytja inn fólk utan að, skrásetja það jafnvel á eyðibýlum þar sem er neglt fyrir gluggana. Til hvers? Til þess að ná upp fjöldanum og til þess að ná upp atkvæðum þegar menn eru að ræða um sameiningu.

Hvers vegna ekki að stækka þetta dálítið hressilega, herra forseti? Ég tek eftir því að hv. þm. Árni M. Mathiesen er farinn að líta á klukkuna og ég get fullvissað hann um að senn líður að lokum ræðu minnar. Hv. þm. má ekki fara því

að ég á eftir að ávarpa hann sérstaklega um skipulagsmálin. Hann má hins vegar bregða sér frá til annarra þarfa ef hann kemur aftur.

En ég vek athygli á því að í dag heimilum við líka að breyttum þessum lögum, eins og breytingar liggja fyrir, sveitarfélögum að vera áfram 50 manns. Hvaða verk eru á sviði 50 manna sveitarfélaga? Það eru öldrunarmál. Það er partur af heilsugæslu, það eru menntamál, það er dagvist, það eru holræsi, það er menningarstarf eins og rekstur bókasafna, rekstur annarra safna og svo mætti lengi telja. Það er ljóst að hin smærri sveitarfélög anna þessu ekki. Það er ekki hagkvæmt fyrir íbúana að málið sé með þessum hætti.

Því segi ég það, herra forseti: Ég er þeirrar skoðunar, þó ég sé mikill valddreifingarmaður og sé illu heilli laus við allar miðstýringaráráttur fortíðar minnar þá tel ég að það hefði átt að nota tækifærið og stækka eininguna sem er fóturinn undir lágmarkssveitarfélögunum. Það má kalla það þvingun, það má færa rök að því að það sé eins konar lögþvingun en ég hef fært hér rök að því, tel ég, að þau eru hvort eð er beitt annars konar þvingunum með stöðugum flutningi verkefna yfir til þeirra.

Herra forseti. Við erum öðrum þræði að ræða hérna hálendismálin, og ekkert öðrum þræði, það er auðvitað það sem hér liggur undir í umræðunni. Hér hefur komið afspyrnuvont frv. frá hæstv. félmrh. sem á að vera eins konar málamiðlun. Auðvitað kom í ljós, eins og ég hef rakið, a.m.k. einu sinni ef ekki tvisvar í ræðu minni, a.m.k. þeir hlutar stjórnarandstöðunnar sem voru vélaðir til fylgis við þá málamiðlun voru einfaldlega blekktir. Það hefur einfaldlega komið fram að það er ekkert víst að frv. verði lagt fram aftur vegna þess að Sjálfstfl. styður það bersýnilega ekki. Það er ekkert víst að það verði lagt fram í núverandi mynd og það hefur leitt til þess að það er alveg ljóst að þeir úr stjórnarandstöðunni sem hafa lýst fylgi við það í upphafi máls gera það ekki lengur. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti því yfir að það væri með öllu óvíst hvort stuðningur hennar við málið fylgdi. Auðvitað kom fram í máli hennar, eins og ég á e.t.v. eftir að rekja síðar í ræðu minni, að hún lýsti í ræðu sinni í gær skoðunum sem ganga á skjön við þetta frv.

En sáttargerðin fólst í því, herra forseti, að það á að taka skipulagsmál miðhálendisins út fyrir sviga og það á að láta sérstaka samvinnunefnd fara höndum um skipulagsmálin. Þessi tillaga er algjörlega gölluð eins og kemur fram í greinargerðinni. Samvinnunefndin hefur ekki nema umsagnarrétt og hún fullnægir alls ekki þeim lýðræðisskilyrðum sem a.m.k. jafnaðarmenn setja. En það hefur komið fram aftur og aftur í máli hv. þm. Sjálfstfl. að þeir telja að þetta sé óþarft. Hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur gengið lengst í því og hann sagði í fyrsta lagi að frv. hæstv. umhvrh. væri ófullnægjandi, það fullnægði ekki óskum hans um aðkomu annarra aðila en þar eru nefndir að málinu.

Ég tek undir það með honum. Hv. þm. Árni Mathiesen taldi líka að það væri óþarft að leggja frv. fram og hann taldi að það væri hægt að beita 12. gr. skipulagslaganna, að vísu orðaði hann það svo „með því að styrkja hana til þess að ná þessu fram." Ég viðurkenni það, herra forseti, að ég misskildi hv. þm. Árna M. Mathiesen vegna þess að sú stærð sem ég gleymdi að taka inn í jöfnuna var það að hv. þm. talaði væntanlega miðað við að sveitarstjórnarfrv. væri samþykkt. (Gripið fram í.) Hann gerði það ekki? Ja, þá hef ég ekki misskilið hann, en ég taldi það.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen er a.m.k. þeirrar skoðunar að það eigi fleiri að koma að þessu. Það kann vel að vera að hann telji að hans kjördæmi sé ekki nógu vel representerað. Ég a.m.k. er þeirrar skoðunar að hann gerði kjósendum sínum skömm til ef hann féllist á að það hefði næga fulltrúa, einn af átján.

En hann ræddi að það væri nauðsynlegt að koma öðrum viðhorfum að. Hann nefndi sérstaklega ferðafélög minnir mig og náttúruverndarsjónarmið og þær atvinnugreinar sem tengjast miðhálendinu. Ég virði það alveg. Hv. þm. sagði þess vegna tvennt sem skiptir máli í umræðunni og sem við a.m.k. stjórnarandstæðingar, sem búum við þá óvissu sem ríkir í þessu máli af hálfu stjórnarinnar, verðum að hafa í huga vegna þess að hv. þm. er áhrifamaður í þessum efnum.

Hann sagði að miklu betra væri að ná fram sjónarmiðum þeirra sem vilja fá fjölbreyttari aðkomu að málinu, fá önnur viðhorf, með því að fella niður tilnefningarnar. Hann sagði að í staðinn ætti umhvrh. að bera pólitíska ábyrgð á skipulagi og stjórnun miðhálendisins eftir atvikum miðað við þær tillögur sem hann reifaði og að í stað þess að fulltrúar væru tilnefndir þá væru þeir skipaðir.

Ég held að þetta sé rétt hjá hv. þm. Ég tel náttúrlega að þetta gangi ekki nándar nærri nógu langt en ég tel að hugmynd hv. þm. sé snöggt um skárri en það sem kemur fram í frv. hæstv. umhvrh. Vegna þess að ef umhvrh. hefur einfaldlega skipunarrétt án þess að þurfa að taka við tilnefningum getur hann gætt þessara sjónarmiða. Auðvitað er það miklu betra. Þá er hægt að láta fulltrúa útivistarsamtaka, ferðafélaga og náttúruverndarsamtaka koma að. Í dag er það bókstaflega útilokað, miðað við þá hugmynd sem hæstv. umhvrh. hefur illu heilli lagt hér fram.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvernig hv. þm. hugsaði sér að þetta yrði framkvæmt. En hann gerði það hins vegar klárlega á grundvelli 12. gr. Ég tók eftir því að þegar hv. þm. Kristján Pálsson talaði hafði hann annan skilning á 12. gr. en hv. þm. Árni M. Mathiesen en þann sama og ég. Sem er reyndar skilningur sem má líka — með góðum vilja að vísu — lesa út úr ákveðnu meirihlutaáliti hérna.

En það segir, herra forseti, í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga sem við samþykktum fyrir sléttu ári:

„Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili."

Síðan segir:

„Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli."

Til „alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli."

Þess vegna held ég því fram, herra forseti, að að óbreyttum sveitarstjórnarlögum, að ósamþykktri 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga sem liggur núna fyrir, gangi hugmynd hv. þm. Árna M. Mathiesens ekki upp því að þarna er klárlega talað um að það eigi að taka til alls „lands" þeirra sveitarfélaga sem eiga hlut að máli. Ekki landa sem liggja handan við mörk sveitarfélaga — ég tel það alls ekki.

Og síðar segir í 6. mgr. þessara laga:

„Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga."

Ég held því fram, herra forseti, að sú tillaga sem hv. þm. Árni M. Mathiesen reifaði í máli sínu standist ekki miðað við síðasta málslið 2. mgr. 12. gr. sem fjallar um svæðisskipulag vegna þess að þar er það bara fortakslaust sagt að svæðisskipulagið skuli einungis ná til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Ég held að þegar hv. þm. Árni M. Mathiesen var að reifa það að 12. gr. dygði væri hann í rauninni að eiga við það sem segir í 6. mgr. að þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða stefnumörkun og varðar verulega hagsmuni þeirra sem „búa utan viðkomandi svæðis" þá getur umhvrh. búið til svæðisskipulagsnefnd. Þar með held ég að hann hafi í virðingarverðri viðleitni sinni til þess að auka lýðræðið í þessu máli verið að hugsa sem svo að þarna væri kominn rökstuðningurinn í lögunum fyrir því að kalla til fulltrúa sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að miðhálendinu, sem búa sem sagt utan og fjarri. Það er nefnilega þannig eins og hv. þm. gefur til kynna með fagurri höfuðhneigingu.

Ég held því fram að ekki sé hægt að gera þetta á grundvelli þessarar lagagreinar og hv. þm. Kristján Pálsson talaði þannig í gær að mér sýndist sem hann væri mér glögglega sammála í þessum efnum.

Þessi atriði vildi ég reifa í ræðu minni gagnvart hv. þm. Árna Mathiesen. Hann talaði málefnalega um þetta og mér fannst hann vel eiga það skilið að í máli mínu kæmi fram, þar sem ég hef verið harður andstæðingur þessa máls, að ég tel þrátt fyrir allt að af þessu tvennu gangi hugmynd Árna M. Mathiesens miklu lengra í lýðræðisátt. Ég tel að hún sé að tvennu leyti æskilegri, þ.e. í fyrsta lagi að með því að umhvrh. skipi ekki eftir tilnefningum heldur skipi bara sjálfur gefst möguleiki á því að leyfa þeim að koma að sem eru utan þessa hóps. Jafnframt held ég að lýðræðishugsjónarinnar yrði miklu betur gætt.

Ég tel að ef svo hrapallega tekst til að stjórnarliðið ætlar ekki að hlusta á þau rök sem færð hafa verið fyrir því að miðhálendið verði að einni stjórnsýslueiningu og ætlar að fara þá leið sem hér hefur verið reifuð í máli hv. þm. og jafnframt í frv. umhvrh., þá sé hugmynd hv. þm. Árna M. Mathiesens illskárri og rökrænt gengur hún betur upp.

Af því að ég skildi ekki þann hluta ræðu hv. þm. í gær, varðandi það að styrkja þyrfti 12. gr. þá hélt ég að hann ætti við þá grein sem ég las upp hérna áðan, í 2. mgr. 12. gr. Ég fékk útskrift af ræðu hv. þm. og las hana út í gegn. Ég sá ekki alveg hvernig hann ætlaði sér að styrkja 12. gr. Ég held hins vegar, herra forseti, að auðvitað ætti hv. þm. að gleyma þessu og taka bara þátt í því að gera þetta almennilega. Hann ætti að leyfa sér að leika eftir þeim lýðræðishugsjónum sem ég veit að hann fylgir í svona málum, þó að í ýmsum öðrum pólitískum efnum deili ég ekki skoðunum hans.

Herra forseti. Nú hef ég rætt hér frv. til sveitarstjórnarlaga og geri ekki sérstaka kröfu til þess að frsm. meiri hlutans hlýði á það sem núna kemur á eftir en hann ræður því alveg sjálfur. Ég ætla þá aðeins að leyfa mér þann munað að ræða hér það frv. sem hæstv. umhvrh. lagði hér fram, kastaði fram af skyndingu, þorði ekki að standa við og lét Sjálfstfl. kúga sig til þess að koma í veg fyrir að það yrði lagt fram til umræðu.

Ég vona, herra forseti, að hæstv. forseti misvirði það ekki við mig þó að ég taki svolítinn tíma til þess að ræða þetta. Hér talar auðvitað fyrrv. umhvrh. sem með ýmsum hætti kom að þessu máli. Ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvenær hann hyggist gera hlé.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill nú spyrja á móti, það eru u.þ.b. 15 mínútur síðan forseta virtist hv. þm. vera að komast í lokakaflann en hefur væntanlega misskilið hann. Forseti spyr því hversu langt hann telji sig eiga eftir af ræðunni. Ætlunin var að gera hálftíma matarhlé.)

Ég á svona 20–30 mínútur eftir af ræðunni.

(**Forseti** (ÓE): Þá spyr forseti hvort hv. þm. vilji ekki gera hlé á ræðu sinni í trausti þess að hann tapi ekki niður þræðinum þegar hann byrjar aftur.)

Jú, ég get fallist á það fyrst hæstv. forseti óskar eftir því.

(**Forseti** (ÓE): Þá verður gert hlé þangað til klukkuna vantar tíu mínútur í tvö.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:19]

## *Tilkynning um afsögn formanns utanríkismálanefndar.*

[13:50]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta hefur borist meðfylgjandi bréf frá hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde. Bréfið hljóðar svo:

„Með bréfi þessu, herra forseti, afsala ég mér sæti mínu í utanríkismálanefnd Alþingis og þar með jafnframt formennsku í nefndinni.

Geir H. Haarde."

Í framhaldi af þessu bréfi mun forseti ræða við varaformann utanrmn. um kosningu nýs formanns.

[13:50]

**Útbýting þingskjala:**

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 620. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1330.

Skipulag ferðamála, 546. mál, nál. samgn., þskj. 1321; brtt. samgn., þskj. 1322.

Vegtenging milli lands og Eyja, 448. mál, nál. samgn., þskj. 1320.

Yfirskattanefnd, 641. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1329.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276.

[13:51]

**Össur Skarphéðinsson** (frh.):

Herra forseti. Ég held þá áfram ræðu minni þar sem frá var horfið. Ég hafði farið í ítarlegu máli yfir það frv. til sveitarstjórnarlaga sem liggur fyrir og einkum og sér í lagi gert að umræðuefni þau ákvæði frv. sem lúta að fjármálum sveitarfélaganna sem ég tel að séu í mun betra horfi að því frv. samþykktu.

Það fer hins vegar ekki hjá því, herra forseti, að það sem hefur legið undir þessari umræðu er sá draugur sem vakinn var upp af hæstv. umhvrh. með því frv. sem hann dreifði í skyndingu í fyrradag og var eins og kastað væri sprengju

inn í þingsal. Ég ætla hvorki að reifa frekar þann málabúnað og þann langa slóða sem það mál hefur dregið á eftir sér né þann skugga sem það hefur kastað yfir þessa umræðu.

Hins vegar er óhjákvæmilegt í framhaldi af því að allir stjórnarliðar sem tekið hafa til máls í umræðunni hafa gert það að umræðuefni að nefna að nánast allir hafa þeir lýst því að nauðsynlegt sé að breyta því á einhvern hátt. Það hefur hins vegar orðið til þess, ásamt yfirlýsingum einstakra þingmanna og hæstv. félmrh., að ógleymdri yfirlýsingu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns þingflokks sjálfstæðismanna, að sá hluti stjórnarandstöðunnar sem taldi sig hafa gert einhvers konar samkomulag við stjórnarliða um málið hefur lýst því yfir að sá grundvöllur sem undir því var sé brostinn. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að reifa lítillega þetta frv. sem hér hefur verið dreift jafnvel þó svo undarlega horfi við að hæstv. umhvrh. skirrist við að ræða frv. hér á þingi. Hann að vísu skaut sér inn í umræðu með lítinn ræðustúf þar sem hann reifaði helsta efni frv. En frv. var að öðru leyti engin skil gerð. Hv. þingmenn hafa tæpast haft tóm til þess að kynna sér það. Þess vegna held ég, sökum þess mikilvægis í umræðunni sem fylgir því frv., að nauðsynlegt sé að reifa það lítillega.

Þetta frv. er í beinu framhaldi af 1. gr. þess frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur fyrir og bráðabirgðaákvæði sem fylgir sama frv. Það gerir sem sagt ráð fyrir því að miðhálendinu verði skipt upp í hrepparenninga, upp í tertusneiðar eins og sumir hafa kallað það, þar sem sveitarfélögunum verður falin stjórnsýsla yfir miðhálendinu. Það þýðir, herra forseti, að hægt er að benda á hluta á miðhálendinu sem munu að öllum líkindum falla undir umsjón 14 sveitarfélaga. Einn lítill blettur í Kverkfjöllum er líklegur til þess að falla undir stjórnsýslu 14 sveitarfélaga. Þetta er auðvitað úr öllu lagi, herra forseti.

Megingagnrýnin sem að þessu hefur beinst er auðvitað sú að miðhálendið er eign allra. Svo er. Miðhálendið hefur til skamms tíma sögulega séð ekki verið nýtt af neinum. Það hefur ekki vettvangur neinnar umferðar. Þegar Guðbrandur Þorlákssson til að mynda teiknaði sitt fyrsta Íslandskort, þá var ekki eitt einasta örnefni og enga þjóðleið yfir miðhálendið að finna á því korti. Þegar langafabarn hans, Þórður Þorlákssson biskup sem lést 1696 eftir að hafa unnið gríðarlegt þrekvirki á sviði landakortagerðar, gerði sín þrjú landabréf sem hann að lokum gaf sínum arfakóngi Kristjáni V., þá er einungis eitt örnefni sem tengist miðhálendinu þar að finna og það var Sprengisandur. Hvers vegna? Vegna þess að hindurvitni og hjátrú gerðu það að verkum að jafnvel þeir ferðamenn sem fóru þingleiðir og þjóðleiðir milli landshluta þorðu ekki af ótta við tröll og útilegumenn að hvarfla frá þessum þjóðleiðum. Miðhálendið var því órannsakað.

Bændur nýttu það auðvitað að hluta til til afréttar og beitar. Fyrir liggja margir dómar sem sýna að sá afmarkaði nytjaréttur sem í því felst felur engan eignarrétt í sér, engan. Miðhálendið var því lokað svæði fram á þessa öld. Þeir sem opnuðu það voru ferðamenn af þéttbýlissvæðunum. Það voru þeir sem gerðu það. Það voru þeir sem leiddu fram þessar ósnortnu náttúruperlur sem þá voru þar og eru góðu heilli margar enn. Það voru erlendir menn sem höfðu að vísu bólfestu á Íslandi eins og Daniel Bruun liðsforingi sem fyrstir fóru þarna um og tóku myndir og komu þessari fegurð á framfæri við þjóðina.

Þjóðin hefur í vaxandi mæli sótt þangað til útivistar. Hún hefur í vaxandi mæli upplifað þessa mannlausu auðn sem sína eign. Vitaskuld er þetta eign þjóðarinnar. Það er alveg ljóst að á næstu árum mun umferð ferðamanna, innlendra sem erlendra, stóraukast inn á þetta svæði. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að koma höndum yfir skipulagsþáttinn. Um það eru allir sammála. Enginn mælir á móti því.

Ef menn horfa svolítið lengra fram í tímann þá er líka nauðsynlegt að ná höndum yfir löggæsluna. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gat þess í löngu máli í gær að fyrir 35 árum hefði varla nokkur einasti maður farið inn á miðhálendið, stöku rúta sést þar á fallegum sumardögum. Nú er þetta orðið umferðarsvæði. Jafnvel núna þegar vetri er að halla gerist það að hundruð stórra jeppa fara inn á miðhálendið á sunnudögum. Það er ekki langt síðan að við hv. þm. Guðni Ágústsson og hæstv. menntmrh. vorum saman á fundi Þingvallanefndar á Þingvöllum og okkur var tjáð að þá hefðu um það bil 150 stórir fjórhjólajeppar farið inn á miðhálendið.

Ég kannast líka við það, herra forseti, frá því að ég var umhvrh. að til mín bárust kvartanir sökum þess að ekkert skipulag var á löggæslu og umferð á miðhálendinu og á þeim svæðum sem hæstv. félmrh. hefur haldið fram að séu eini partur landsins sem ekki fellur í dag að gildandi lögum undir sveitarfélögin, þ.e. jöklunum. Þess vegna er nauðsynlegt ekki bara að koma höndum yfir skipulagsþáttinn heldur líka yfir löggæsluna. Hins vegar er ekki tekið á því í þessu frv. Þar er einungis skipulagsþátturinn tekinn. Það er þess vegna sem við jafnaðarmenn leggjum til að sérstök nefnd fari með stjórnsýsluna alla á miðhálendinu.

Látum það vera, herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til kynningar frá hæstv. umhvrh. sem hefur verið dreift og hefur verið uppspretta allra þeirra deilna sem hér hafa staðið yfir á þriðja dægur. Þar kemur fram að umhvrh. ætlar að skipa samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Þessi samvinnunefnd á að fjalla um svæðisskipulag miðhálendisins.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir barði sér á brjóst í ræðum fyrir tveimur dögum og sagði: „Þetta er sigur fyrir mig. Ég náði þessu fram.“ Fram kom í umræðum af hennar hálfu að hún skildi ekki þetta frv. Hún hélt til að mynda að byggingarþátturinn væri líka tekinn undir samvinnunefndina með þessum hætti. Því fer auðvitað víðs fjarri, herra forseti.

Það sem stingur í augu er að þessi samvinnunefnd stendur frammi fyrir gerðum hlut. Hvaða vald hefur hún, herra forseti? Vald hennar er það eitt, eins og segir í 2. gr., að Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndarinnar á þeirri tillögu sem liggur fyrir í dag frá hinni gömlu nefnd. Hún á að leita álits. Hvaða vald hefur þessi samvinnunefnd? Hún hefur ekkert vald. Hún hefur það vald eitt að koma með viðhorf sín. Það er ekkert sem segir að umhvrh. þurfi að taka tillit til þess. Hvergi kemur fram í greinargerðinni að hann muni gera það og það sem verst er er að í máli hans kom ekki heldur fram að hann mundi gera það.

Hér liggur beinlínis fyrir enn frekar í gadda slegið að sáttargjörðin sem fólst í frv. virðist m.a. hafa verið gerð til þess að blekkja hluta stjórnarandstöðunnar, eins og þingmenn Alþb., með því að telja þeim trú um að þarna væri komin upp sérstök samvinnunefnd sem ætti að fara með þetta skipulag. Svo er einfaldlega ekki. Hún hefur umsagnarrétt. Það er allt og sumt.

Fyrir að utan að vera alfarið á móti þessari tilhögun geri ég auðvitað mjög stríðar athugasemdir við það verksvið sem þessi samvinnunefnd fær. Hér virðist einvörðungu um

það að ræða að þetta er ákveðin útfærsla á 12. gr. gildandi skipulags- og byggingarlaga, sem við samþykktum 28. maí í fyrra, og einungis er verið að taka á svæðisskipulagi. Ég tel nauðsynlegt að svona nefnd, ef hún á að verða barn í brók, fái að koma mjög alvarlega inn í aðalskipulagið líka, aðalskipulagið sem verður áfram á höndum sveitarfélaga. Annað er óhjákvæmilegt þrátt fyrir það sem segir hér í 2. málsl. 4. mgr., að stefnan sem kemur fram í svæðisskipulagi miðhálendisins skuli færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélags og staðfest sem slík.

Það má auðvitað segja sem svo, herra forseti, að umhvrh. hefði að þessu samþykktu ákveðið vald til þess að hafna staðfestingu á aðalskipulagi sem honum þætti ekki gera það. Ég tel hins vegar að það sé allsendis ófullnægjandi að ekki sé kveðið skýrar á um það mál. Ég bendi á að hæstv. umhvrh. lyppaðist niður eins og — ja, við skulum ekki hafa nein orð um það — en hann lyppaðist niður og staðfesti einmitt nýlegt aðalskipulag þar sem sveitarfélag tók sér eiginlega traustataki part af miðhálendinu án þess að hafa nokkra lagastoð til þess, í bullandi andstöðu við allt og alla.

Herra forseti. Ég held þess vegna að þetta sé meingallað og það er stórkostlegur galli á þessu að samvinnunefnd um svæðisskipulagið, skuli ekki hafa tök á því að koma miklu sterkar inn í aðalskipulag. Jafnframt, herra forseti, verð ég að vekja eftirtekt á því að skipulögum má deila í þrennt, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag og síðan er að vísu landsskipulag þar fyrir ofan samkvæmt hinum nýsamþykktu lögum. En af þessu skiptir deiliskipulag ekki sístu máli sem hefur alltaf verið á færi sveitarfélaga. Ég tel að færa megi full rök að því að inni á þessari sameign þjóðarinnar sem við munum, að samþykktu þjóðlendufrv. loksins slá eign okkar á sem þjóð, að hægt sé að færa full rök að því að ef menn á annað borð ætla að fulltrúar þjóðarinnar komi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að skipulagsmálum miðhálendisins, sé fullkomlega rökrétt að þeir geti líka hlutast til um deiliskipulag. Ég segi það ekki síst með tilliti til þess að þarna er um að ræða ofurviðkvæm svæði, svæði þar sem skipti frosts og sumars gera það að verkum, gróðurþekja og dýralíf er skammvinnt og gríðarlega viðkvæmt, að það er *mjög auðvelt að laska náttúrufar þarna með tiltölulega litlu átaki.* Það er mikil hætta sem einstakar litlar náttúruperlur — ég nefni Herðubreiðarlindir, ég gæti auðvitað nefnt margar fleiri — eru í vegna ágangs ferðamanna. Því tel ég að það skipti miklu máli hvernig deiliskipulagi er hagað á svona svæðum og ég tel sem sagt að almannavaldið hafi fullan rétt til þess að koma að því. Ég áskil mér sem íbúi í Reykjavík og sem borgari á Íslandi, sem eigandi að miðhálendinu, fullan rétt til þess að hafa skoðun á því hvernig á að haga t.d. deiliskipulagi á þessum örsmáu, viðkvæmu svæðum innst í kjarna miðhálendisins.

Það er hins vegar alveg ljóst að hæstv. félagsmála- og umhverfisráðherrar ætla sér að draga sem mest úr áhrifum borgaranna t.d. á deiliskipulag. Þetta sjáum við, herra forseti, í síðasta málslið 4. mgr., þar sem segir: „Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi stað.“ Herra forseti, á hvaða áberandi stað og hvar? Innan sveitarfélaganna?

Í grg. kemur hvergi fram að við sem búum annars staðar á landinu eigum einhvern kost á því að segja álit okkar á deiliskipulagi sem gert á landsvæði sem við eigum þó og sem verður í gadda slegið með þjóðlendufrv. (Gripið fram í.) Nei, það er einfaldlega ekki svoleiðis, herra forseti, og ég veit að hæstv. félmrh. bíður eftir því að komast að á eftir mér og það er alveg sjálfsagt að ég veiti honum ... (**Félmrh.:** Hvernig er deiliskipulag auglýst í Reykjavík?) Herra forseti. Hér kemur hæstv. félmrh. með nákvæmlega sömu röksemd og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann fellur í þá ferlegu gryfju að telja að skipulag í Reykjavík og skipulag á miðhálendinu séu eitthvað sambærileg. Um það er ekki hægt að hafa önnur orð en þau að þau birta sárgrætilegan misskilning á eðli málsins. Í framhaldi af þessu mætti ætla að hæstv. félmrh. mundi fyrir hönd landsbyggðarinnar segja, eins og hv. þm. Pétur Blöndal gerði í gær: Hvers vegna má landsbyggðin ekki hafa áhrif á skipulag í Reykjavík?

Ég segi fyrir mig að mér er alveg sama um það en málið er bara ekki sambærilegt. Við erum að tala um mjög viðkvæm svæði og þó að innan Reykjavíkur sé að finna náttúruperlur eins og Elliðaárdalinn, strandlengjuna og Heiðmörkina eru þær ekki viðkvæmar í þeim skilningi sem til að mynda Herðubreiðarlindir eru, alls ekki, sem sæta nú þegar ágangi sem skilur eftir ummerki sín á landinu. Þess vegna segi ég það, herra forseti, að frammíkall hæstv. félmrh. staðfestir þann skilning minn að honum finnst það ekkert sjálfgefið að íbúar þéttbýlisins eða fulltrúar þeirra hafi einhver áhrif eða umsagnarrétt að deiliskipulagi á miðhálendinu. Ég held því fram að það sé sjálfsagður réttur okkar vegna þess að þar er verið að tefla um mjög dýrmæta og viðkvæma staði, herra forseti.

Ég held því sem sagt fram að starfssvið þessarar samvinnunefndar sé allsendis ófullnægjandi. Ég held því fram að möguleikar okkar til þess að hafa áhrif til að mynda á deiliskipulag og aðalskipulag, og þegar ég segi „okkar“ er ég að tala um fulltrúa þéttbýlisins, séu allsendis ófullnægjandi. Ég held því fram að hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. vilji *ekki leyfa íbúum þéttbýlisins að koma sjónarmiðum sínum* að hinum smæstu skipulagseiningum á miðhálendinu. En ég tel að við eigum siðferðilegan rétt á því vegna þess að þetta er okkar land. Það er ekki fyrr en núna, það er fyrst núna, sem er verið að slá í rauninni eign sveitarfélaganna á það vegna þess að ég get ekki kallað það annað. Ég vek athygli á því að með dómi Hæstaréttar í máli varðandi Landmannaafrétt 1981, þar segir þó, herra forseti, að löggjafarvaldið geti komið að slíkum svæðum með reglum og lögum en þegar búið er að samþykkja þetta þá erum við meira að segja svipt því. Þarna er í rauninni verið að taka þann vísi sem þéttbýlið hefur að því að hafa áhrif á miðhálendið í burtu, og það verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir.

Þá kem ég, herra forseti, að skipan þessarar samvinnunefndar. Við höfum heyrt hérna að hver og einn einasti þingmaður stjórnarliðsins fyrir utan einn, sem tekið hefur til máls, hefur lagst með einhverjum hætti gegn þeirri framkvæmd sem gert er ráð fyrir í þessari grein, 1. gr. þess frv. Það hefur hver einasti — fyrir utan hæstv. félmrh. og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur — þingmaður stjórnarliðsins og líka þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem upphaflega fylgdu þessu máli, talað þannig að nauðsynlegt væri að breyta þessu ákvæði þannig að önnur viðhorf kæmu að. Það gerðu hv. þm. Árni M. Mathiesen, Pétur H. Blöndal, að sjálfsögðu Ólafur Örn Haraldsson, Kristín Ástgeirsdóttir sem fylgdi frv., allir þingmenn Alþb. sem talað hafa, jafnvel Guðni Ágústsson ræddi það.

Herra forseti. Þetta sýnir að fullur er vilji fyrir því í þinginu að koma þeim sjónarmiðum, sem við jafnaðarmenn höfum haldið fram og raunar aðrir líka, að nauðsynlegt sé að

auka með einhverjum hætti lýðræðið í þeirri gerð sem hér liggur fyrir okkur. Það er ekki hægt að sætta sig við það að í því formi, sem þessi nefnd sem bara á að sjá um skipulagið, skuli enginn fulltrúi náttúruverndarsamtaka, enginn fulltrúi útivistarmanna, enginn fulltrúi ferðafélaga, enginn fulltrúi ferðaþjónustunnar hafa nokkurn möguleika á því að koma viðhorfum sínum þarna í gegn. Vegna þess að af reynslunni ætla ég að hvorki hæstv. félmrh. né hæstv. umhvrh. muni skipa slíka menn sem sína tvo fulltrúa í þessa nefnd.

Þarna er því lögð fyrir skipan sem allir stjórnarliðar, sem hafa rætt málið, hafa með einum eða öðrum hætti, mælt í gegn. Hafa tekið undir með þeim viðhorfum okkar að það skortir aðkomu fólksins að þessum málum. Sömuleiðis, herra forseti, hafa menn hver um annan þveran í aðdraganda þessa máls — einkum framsóknarmenn — gengið fram á völlinn, barið sér á brjóst og slegið sig til riddara og sagt: Við munum aldrei styðja þetta mál. Vegna hvers? Vegna þess að fulltrúar 67% þjóðarinnar, þ.e. íbúar Reykjaness og Reykjavíkur, fá ekki að koma að málinu.

Hvað gerist svo? Svo liggur þetta hrak að frumvarpi fyrir þar sem Reyknesingum er boðið upp á það að hafa einn fulltrúa af átján. Það er lýðræðið sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem lætur ekki einu sinni svo lítið að koma hér í dag, telur að hún geti farið með til kjósenda sinna og sagt: Sjáið þið hverju ég hef náð fram? Ég hef náð fram að við fáum einn fulltrúa af átján. Reykvíkingar fá tvo fulltrúa af átján. Er þetta lýðræði, herra forseti?

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hélt merka ræðu í gær þar sem hann lýsti því að hann gæti fallist á þetta. Hann lýsti því hversu fjölmargir kjósendur hefðu aftur og aftur komið að máli við hann og sagt honum að það væri ótækt með öllu að Reykvíkingar gætu ekki komið sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi skipulag miðhálendisins. Og svo sagði hv. þm.: Nú geta þeir það hins vegar því þeir fá tvo fulltrúa af átján.

Herra forseti. Hvernig ætli menn útkljái þessi mál á þeim vettvangi þar sem hann þekkir hvað best, t.d. í Íslandsbanka hf.? Ég mundi spyrja hv. þm. að því ef hann væri nærstaddur og hlýddi á orð mín. Hvernig mundi hv. þm. ætla að menn afgreiddu deilumál á aðalfundi í Íslandsbanka? Hvernig afgreiddu þeir t.d. deiluna um það þegar hv. þm. vildi verða bankaráðsmaður og aðrir sóttu gegn honum? Það var að sjálfsögðu afgreitt með atkvæðagreiðslu. Þá skiptir auðvitað vægið máli. Þá skiptir það máli hversu margir fulltrúarnir eru.

Í þessu dæmi er það þannig, herra forseti, að Reykjavík og Reykjanes, sem samtals hafa innan sinna vébanda 67% þjóðarinnar fara með þrjá fulltrúa af átján, sjöttung atkvæða. Það þýðir það að allt bendir til þess að ef til deilna dregi í samvinnunefndinni og það kæmi til atkvæðagreiðslu mundi sá ágreiningur væntanlega verða sá hinn sami og hér hefur komið aftur og aftur fram í umræðum um þessi mál, þ.e. það verða átök milli hagsmuna dreifbýlis og þéttbýlis. Þá hefur þéttbýlið þrjá fulltrúa af átján. Það er alveg ljóst hvernig slík atkvæðagreiðsla færi. Hún mundi að sjálfsögðu tapast. Niðurstaða mín er þessi: Hagsmunir þéttbýlisins eru gróflega fyrir borð bornir með þessu frv.

Í annan stað, herra forseti, vek ég athygli á því, eins og ég hef gert fyrr í ræðu minni, að þetta frv. er algjörlega gallað að því leyti til að það meinar ákveðnum íbúum þjóðarinnar alfarið að koma að stjórn skipulags miðhálendisins með einhverjum hætti. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess, herra forseti, að það segir að af þessum átján fulltrúum eiga þau sveitarfélög, sem eru 40–50 talsins og liggja að miðhálendinu, að tilnefna tólf fulltrúa. Síðan er það Reykjavík og Reykjanes og Vestfirðir. En það eru auðvitað fjölmörg, ég veit ekki hversu mörg, en það eru mörg sveitarfélög sem detta þarna niður milli skips og bryggju. Það eru sveitarfélög eins og smáhreppar á Suðurlandi. Það er fæðingarhreppur hv. þm. Guðna Ágústssonar, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur. Fjarlægari landshluta nefni ég, stórbæ á íslenskan mælikvarða eins og Akureyri.

Af hverju, herra forseti, er verið að gera íbúa þessara staða landlausa á miðhálendinu? Af hverju mega sjónarmið þeirra ekki koma að þessu? Ég spyr. Engin svör hafa fengist við því en ég vek eftirtekt á því að það var skilyrði hv. þm. Péturs H. Blöndals og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur fyrir því að falla frá fyrirvara sínum við stuðninginn við frv. til sveitarstjórnarlaga að allir íbúar landsins hefðu möguleika á að koma að stjórninni. Það gerist einfaldlega ekki. Þess vegna tel ég, fyrst hv. þm. Pétur H. Blöndal er kominn hingað aftur (**Gripið fram í:** Aftur á staðinn.) Mættur á staðinn galvaskur, eigi hann auðvitað að skýra fyrir þjóðinni hvernig í ósköpunum stendur á því að hann fellur frá fyrirvara án þess að skilyrði hans séu uppfyllt. Hvernig ætlar hann að verja það fyrir þeim kjósendum, sem hann sagði sjálfur hér í gær að hefðu komið og reifað óánægju sína með málið, þá staðreynd að hann hefur samþykkt gerning sem gerir það að verkum að Reykvíkingar og Reyknesingar, samtals 67% þjóðarinnar, fá þrjá fulltrúa af átján. Hvers konar lýðræði er það og hvað hefði hv. þm. sagt um lýðræði af þeim toga þegar hann var einn þeirra manna sem réð fyrir Íslandsbankanum hf.? (Gripið fram í.) Þú ert ekkert búinn að gera það.

Herra forseti. Ég segi þess vegna að þetta er allsendis ófullnægjandi frá sjónarhóli lýðræðisins. Ég spyr líka hv. þm. Magnús Stefánsson, vaskan pilt af Vesturlandinu: Hvers konar ball verður það nú þegar 40–50 sveitarfélög ætla að fara að velja 12 fulltrúa? (Gripið fram í.) Ég veit ekki um það, herra forseti, en ég velti því hins vegar fyrir mér af því að hv. þm. er frsm. meiri hlutans hvernig hann ætli sveitarfélögunum að fara þessa leið. Enginn hefur reifað það í þessum umræðum. Enginn hefur bent á það. En ég ímynda mér að allir þeir dansleikir sem hin ágæta hljómsveit Kátir piltar sem þingmaðurinn var einu sinni meðlimur í ... (**Gripið fram í:** Upplyfting.) Ég man ekki hvað hún heitir því að ég er lítt kunnugur á þessu svæði. En ég þori að veðja að enginn dansleikur sem hann hefur verið á á Vesturlandi mun fara jafnmikið úr böndum og það ball sem verður boðið upp á þegar 40–50 sveitarfélög eiga að velja úr sínum hópi 12 fulltrúa. Hvers vegna? Vegna eftirfarandi: Það er um gríðarlega fjárhagslega hagsmuni að tefla. Þegar menn fara í að byggja orkuver, lón, miðlanir, línur og vegi þá skiptir miklu máli fyrir örfámenn sveitarfélög hvaða tekjur þær fá af þessum byggingum. Og tekjurnar helgast af staðsetningu mannvirkjanna. Það er því alveg ljóst að um þetta verður auðvitað tekist af miklu afli.

Ég held líka, herra forseti, að við höfum fengið forsmekkinn af því hvað gerist þegar sveitarfélögin fá þetta vald. Ég veit að mig greinir á við marga þá sem hafa lagst með svipuðum rökum og ég gegn þessu frv. um aðkomu smárra sveitarfélaga. Ég hef ekkert á móti þeim og tel í sjálfu sér að þau gætu farið með ýmis af þeim hlutverkum sem þeim er ætlað. En ég held hins vegar, herra forseti, að forsmekkinn af því sem gæti gerst, ef þetta yrði samþykkt, höfum við séð

í Svínavatnshreppi þar sem einu merkilegasta og elsta félagi Íslendinga, Ferðafélagi Íslands, var beinlínis úthýst með ofbeldi með húsnæði sitt, þar sem ferðamenn hvaðanæva af Íslandi höfðu áratugum saman gist á ferðalögum sínum um miðhálendið. Þeim var bókstaflega fleygt í burtu með valdi af hreppsnefndinni sem tók sér það vald að skipuleggja sig inn á miðhálendið án nokkurra gildra raka, en fékk eigi að síður staðfestingu umhvrh. fyrir því. Ég held að þetta sé *einungis forsmekkurinn*.

Munu menn þá ekki allt eins fara í það að ryðja burt öðrum skálum sem víðs vegar er að finna, eignir ferðafélaga og annarra félagasamtaka? Menn skulu ekki halda að hér sé um að ræða örfáar byggingar. Á miðhálendinu eru nú u.þ.b. 700–800 byggingar, hvorki meira né minna. Ég held þess vegna að við höfum séð hvað þarna er að gerast, herra forseti.

Ég tel því að það væri ógæfuspor ef þetta frv. yrði samþykkt. Og ég gleðst yfir því kjarkleysi sem hæstv. umhvrh. hefur sýnt í málinu, a.m.k. leyfi ég mér að túlka það sem vott af iðrun, vott af samviskubiti yfir vondu verki.

Ég held því fram, herra forseti, að ef þetta verður gert að veruleika, ef Alþingi samþykkir þetta frv., sé verið að svipta 67% þjóðarinnar sjálfsögðum og siðferðilegum rétti sínum til ítaka á miðhálendi Íslands sem þekur 43% af flæmi landsins. Og hverjir fá þetta vald? Að mestu leyti þau 4% íbúanna sem búa í örfámennum 40–50 sveitarfélögum. Ég mótmæli þessu, herra forseti, í nafni alls þess réttlætis sem menn hafa reifað í þessum sölum í gegnum tímann.

Andstaða manna og stuðningur við þetta frv. er á mismunandi rökum reistur. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem ekki er staddur hér í dag, hefur lýst fylgi við þetta frv. vegna skipulagsvinnunnar. Það er nauðsynlegt að það komi fram að hann hefur flutt hérna rök sem eru að mörgu leyti gild og það er auðvelt að skilja þau. Hann talar um að ásókn annarra geira, eins og t.d. orkugeirans, inn á miðhálendið sé orðin svo stríð að nauðsynlegt sé að spyrna þegar við fótum. Hann telur að sú viðstaða sem menn hafi sé sá vísir að svæðisskipulagi sem nú þegar liggur fyrir frá hendi þeirrar nefndar sem var skipuð 1993 og hann óttast að ef menn fara þá leið sem til að mynda jafnaðarmenn hafa lagt til muni sú vinna falla niður og sóknarfæri fyrir orkugeirann muni skapast inn á þessi svæði. Hann sagði, herra forseti, að sú áhætta sem fælist í því að til yrði skipulag undir áhrifum sveitarstjórna sem er ekki nógu gott, væri betri en sú áhætta sem við tækjum ef við mundum breyta þessu eins sem t.d. jafnaðarmenn hafa verið að ræða.

Ég er honum ekki sammála, herra forseti. Ég held að vísu að alltaf yrði ákveðin áhætta fyrir hendi sama hvaða háttur væri hafður á skipulagi miðhálendisins. Það mundi líka gilda ef sá háttur væri hafður á sem jafnaðarmenn vilja, þ.e. að ein stjórn færi með alla stjórnsýsluna. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, herra forseti, að áhættan væri minni þá. Ég rökstyð það svona: Ef þarna væri um að ræða átta eða níu fulltrúa, eins og við höfum lagt til, sem skipaðir yrðu af almannavaldinu með einhverjum hætti, þá mundi það væntanlega útrýma þeim hreppasjónarmiðum sem má búast við að skytu upp kolli meðal þeirra 40–50 sveitarfélaga sem skipa þá 12 fulltrúa sem verða langvaldamestir í þessari samvinnunefnd. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að röksemd hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hafi ekki sama vægi og þær röksemdir sem við höfum flutt gegn máli hans. Ég skil hins vegar hugsun hans. Hann telur að hann sé í nauðvörn fyrir miðhálendið. Hann telur að hann sé að verjast á þennan hátt ásælni sterkra og valdamikilla fyrirtækja innan orkugeirans. Ég skil það, herra forseti, en ég held einfaldlega að veruleikinn sé breyttur. Ég held að jafnvel þó orkugeirinn færi á fullt skrið þá séu viðhorfin í þjóðfélaginu svo breytt, m.a. vegna umræðna á Alþingi um þetta mál og um Kyotosamninginn, að viðnámið er miklu meira en áður. Þess vegna tel ég að ekki sé hægt að taka að öllu leyti gild rök hv. þm.

Þó hann sé hér fjarri er nauðsynlegt, herra forseti, að ég *rifji það eigi að síður upp vegna þess að hann hefur farið* giska mikinn í umræðum varðandi Alþfl. og talið að við höfum á einhvern hátt verið upphafsmenn að því að draga sveitarmörkin þarna inn á miðhálendið. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það komi fram að árið 1990, þegar Alþfl. var vissulega í stjórn en Alþb. líka, var lagður fyrsti vísirinn að því að draga mörk sveitarfélaga með þessum hætti inn á miðhálendið. Það var gert m.a. á vegum Landmælinga Íslands og það var líka gert af einhverjum öðrum aðilum sem ég man ekki alveg hverjir voru, herra forseti. En mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram. Þannig að ef menn ætla að deila um það sem skiptir ekki máli í dag, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur gert, og halda því fram að það hafi verið í tíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. sem þessi draugur sá fyrst dagsins ljós, þá er það rangt. Það var í tíð ríkisstjórnar sem Alþfl. átti aðild að en að sömu ríkisstjórn átti einmitt Alþb. aðild líka.

Þessi hugmynd sem Alþb. hefur fylgt fram að þeim atburðum sem gerðust hér í morgun, hefur áður verið rædd. *Þessi hugmynd sem var málamiðlun, svo ég noti orð hv.* þm. Ögmundar Jónassonar, og fól í sér að skipulagsþátturinn var tekinn út úr og mörk sveitarfélaganna framlengd inn á miðhálendið, er hugmynd sem Alþb. er ekki ókunn.

Á 113. löggjafarþingi 1990–91 var lögð fyrir Alþingi skýrsla um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands og þar er þessi möguleiki reifaður. Þar er frá því greint að til að bæta úr því ófremdarástandi sem skýrsluhöfundum þótti vera í skipulags- og byggingarmálum þá hafi komið fram sú hugmynd, með leyfi forseta: „... að framlengja mörk allra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu þannig að landinu öllu yrði þar með skipt í sveitarfélög."

Síðan segir, með leyfi forseta, í þessari skýrslu: „Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf."

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi um hana í máli sínu í gær eins og hún væri bara einn af þeim valkostum sem fyrir hendi væru. Þessi nefnd segir hins vegar: „Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf."

Herra forseti. Hverjir sátu í þessari nefnd? Þar sátu fulltrúar ýmissa stofnana, ýmissa ráðuneyta og ýmissa stjórnmálaflokka. Einn stjórnmálaflokkur, einn stjórnmálaflokkur aðeins, hafði tvo fulltrúa í þessari nefnd. Það var Alþb. Það voru þingmennirnir Geir Gunnarsson og hinn þingmaðurinn sem skrifar undir það að þessi hugmynd hafi tæplegast verið raunhæf var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Hugmyndinni sem hann telur núna ásættanlega málamiðlun var slátrað af hans hendi árið 1990. (**Gripið fram í:** Þetta eru stórtíðindi.) Þetta eru stórtíðindi.

*Þetta skiptir máli, herra forseti, vegna þeirrar umræðu* sem hér varð um söguna í gær og vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur ítrekað, aftur og aftur, komið því að í umræðum að fyrsta hugmyndin að þessu hafi orðið til í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar raunin er sú að hugmyndin varð fyrst til í tíð ríkisstjórnar sem Alþb. átti aðild að. En þá

var henni líka slátrað kirfilega með glæsilegum röksemdum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skrifaði undir.

Mér finnst líka nauðsynlegt, herra forseti, að reifa aðeins tildrög þeirrar vinnu sem hefur farið fram á miðhálendinu. Á grundvelli þeirrar skýrslu sem ég vitnaði til áðan og unnin var af nefnd sem Júlíus Sólnes kom á laggir, lagði fyrrv. umhvrh. Eiður Guðnason fram frv. sem gerði ráð fyrir því að miðhálendið yrði ein stjórnsýslueining. Sú hugmynd lenti í miklum ógöngum í þinginu. Illu heilli risu upp menn í stjórnarliðinu, í Sjálfstfl., tóku höndum saman við framsóknarmenn og hugmyndin var — svo maður noti orðalag götunnar — kýld köld.

Í framhaldi af því var haldinn fundur með ýmsum aðilum, m.a. sveitarstjórnarmönnum og út úr því kom ákveðin málamiðlun sem var lögð inn í þingið. Sú málamiðlun fól í sér að lagt var til að samþykkt yrði bráðabirgðaákvæði við gildandi skipulagslög sem fól í sér möguleikann til að setja upp samvinnunefnd sem ætti að vinna að skipulagi miðihálendisins. Sú tillaga fór til umhvn. Alþingis. Hún var samþykkt þar samhljóða. En þegar hún kom fram í þinginu aftur fylgdi henni auðvitað nefndarálit, herra forseti, þar sem tekið var skýrt fram að samþykkt frv. um þá nefnd hefði engin áhrif á lögsögu á miðhálendinu. Ég ætla þessa vegna, herra forseti, að lesa hér það sem kemur fram í umsögn umhvn. með því frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum."

Það var alveg klárt að þingið tók af allan vafa um það hvaða grunnur var undir samþykkt þessarar tillögu. Það var ekki verið að gera neina tillögu að einu eða neinu sem varðaði einmitt lögsögu og þar með stjórnsýslu yfir miðhálendinu. Mér finnst að þetta geti ekki verið skýrara.

Í ræðu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti þá sagði hann orðrétt líka, með leyfi forseta:

„En einnig tek ég mjög eindregið undir það að spurningin um eignar- og umráðarétt á hálendinu er málefni sem tengist þessu. Það varð skýrt af málsmeðferð í nefndinni og viðræðum við þá lögfræðinga sem rætt var við að æskilegt, mjög æskilegt er, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að tillaga þar að lútandi komi fram og verði afgreidd á Alþingi hið allra fyrsta."

Herra forseti. Hér vitna ég í orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og af þeim dreg ég þær ályktanir að í fyrsta lagi geri hv. þm. skýran greinarmun á eignarrétti og umráðarétti. Í öðru lagi segir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að stefnu um umráðaréttinn vanti. Með öðrum orðum, það vantar stefnu um stjórnsýsluna. Það umræðuefni er helsta bitbeinið hér í umræðunum. Ef hv. þm. kallar eftir stefnu varðandi stjórnsýsluna, getur það einungis stafað af því, ef maður reynir að hugsa þetta rökrétt, að hann telji að í tillögunni, eins og hún kemur hérna fyrir þingið á sínum tíma, felist engin stefna um stjórnsýsluna. Ella væri hann ekki að kalla eftir henni.

Þess vegna held ég, herra forseti, að fyrst hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að engin stefna fælist í frv. sem varðaði umráðarétt og stjórnsýslu og Alþfl. bar hér inn í þingið fyrir hönd þeirrar ríkisstjórnar sem þá var, þá sé algjörlega fráleitt af honum að halda því fram, eins og hann gerði í umræðu sinni hér í fyrradag, að við berum ábyrgðina á því að staðarmörkin séu framlengd inn á miðhálendið með þessum hætti. Sá skilningur hans stangast einfaldlega á við þann skilning sem kom fram í ræðu sem hann flutti af því tilefni. Mér finnst mikilvægt að koma þessu að í umræðuna, herra forseti.

Ég hef, herra forseti, í alllöngu máli, sem ég hefði gjarnan viljað hafa svolítið styttra og gagnorðara en mér er einfaldlega ekki betur gefið af náttúrunnar hendi að tjá mig knappyrtar en þetta, enda málið yfirgripsmikið.

Það sem ég hef farið yfir, herra forseti, er í fyrsta lagi aðdragandi þess að hæstv. umhvrh. sprengdi í loft upp þá umræðu sem hér var hafin með því að kasta hérna inn hraki af frv. um breytingu á skipulagslögum. Það rauf þá sáttargerð sem hluti af stjórnarandstöðunni hafði gert. Ég hef í öðru lagi farið ítarlega yfir það frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér hefur verið til umræðu. Ég hef í þriðja lagi fagnað ýmsu sem þar hefur komið fram. Þar hef ég sér í lagi tekið undir með mínum ágæta vini, hv. þm. Pétri H. Blöndal, um að þau fjögur atriði sem sérlega varða fjármál sveitarfélaganna eru til stórra bóta. Andstætt honum hef ég hins vegar lýst ákveðnum fyrirvara um ákvæði um arðgreiðslur sem þar er vegna þess að ég tel að það skjóti lögum undir það að sveitarfélög fari að okkur með dulinni skattheimtu.

Í fjórða lagi, herra forseti, hef ég neyðst til þess að fara yfir frv. um breytingar á skipulagslögum sem hæstv. umhvrh. kom með inn í þingið. Ég tel a.m.k. að ég hafi skýrt afstöðu jafnaðarmanna til þess. Við erum á móti þeirri ólýðræðislegu framkvæmd sem þar kemur fram í samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins. Við erum á móti því ólýðræði sem felst í að íbúar þéttbýlisins fái einungis þrjá af átján fulltrúum nefndarinnar. Ég tel að starfssvið samvinnunefndarinnar sé allsendis ófullnægjandi. Ég tel að við, íbúar þéttbýlisins, þurfum einnig að koma að öllum stigum skipulagsins og geta haft einhvern rétt til aðfinnslna um deiliskipulagið. Mér finnst við ekki hafa þarna þann rétt, herra forseti.

Ég hef bent á að hv. þm. Pétur Blöndal og Siv Friðleifsdóttir féllu frá fyrirvara sínum án þess að þeim skilyrðum sem þau settu í upphafi hefði verið fullnægt.

Ég hef síðan farið nokkrum lofsamlegum orðum um fyrri hluta ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar en jafnframt rakið nokkur söguleg atriði sem ég taldi nauðsynlegt að koma á framfæri. Þar ber hæst, herra forseti, að tilurð hugmyndarinnar um að draga staðarmörk sveitarfélaganna inn á miðhálendið varð ekki til í tíð síðustu ríkisstjórnar. Sú hugmynd varð til í tíð ríkisstjórnarinnar þar á undan. Hún var reifuð í nefnd þar sem Alþb. átti flesta fulltrúa, eða tvo og aðrir stjórnmálaflokkar einn, en var slegin af í þeirri nefnd.

Þetta, herra forseti, tel ég að sé nægileg yfirferð af minni hálfu. Mér þykir miður að hafa ekki getað gert það á skemmri tíma. Málið er yfirgripsmikið, ég hef fortíð í málinu sem ég þurfti nauðsynlega að skýra. Jafnframt, herra forseti, vil ég lýsa því yfir, þó að það komi þessu máli ekki beinlínis við, að ég tel eins og þessu hefur undið fram, algjörlega nauðsynlegt að þetta mál, frv. til sveitarstjórnarlaga, fylgi málinu sem hæstv. umhvrh. kom með í þingið. Ég tel því að nauðsynlegt sé að samþykkja þá tillögu til rökstuddrar dagskrár sem Alþb. hefur lagt hér fram, um að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá. Það þýðir, herra forseti, að báðum málunum er frestað til hausts og það tel ég mjög mikilvægt.

[14:35]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur haldið því fram nokkrum sinnum í ræðu sinni að ég hafi sagt að frv.

hæstv. umhvrh. væri óþarft. Það hef ég ekki gert. Ég hef hins vegar sagt að það væri til efnisleg lausn á því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir. Sú lausn að veita þéttbýlisbúum og öðrum þeim er hafa hagsmuni af landnotkun á hálendinu aðkomu að svæðisskipulagsgerðinni þrátt fyrir það að þeir búi ekki í þeim sveitarfélögum sem með málin fara.

Ég hef ekkert talað um það hvernig 12. gr. virkar ef frv. það sem við erum að tala um núna mundi ekki verða samþykkt. Ég er að tala um vandamál sem komi upp þegar formlega hefur verið gengið frá því að skipta öllu landinu í sveitarfélög.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að skv. 2. mgr. 12. gr. þyrfti að svæðisskipuleggja allt land sveitarfélags. Samkvæmt 7. mgr., þar sem talað er um þann möguleika sem oft hefur verið vitnað til, að veita íbúum sem búa utan viðkomandi svæðis þátttöku í svæðisskipulaginu, er talað um að slíkt svæðisskipulag geti náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélags. Þess vegna er hægt að taka þann hluta lands sveitarfélags sem er á miðhálendinu út úr og fella inn í sérstakt svæðisskipulag.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ég hefði ekki gert grein fyrir því hvernig ætti að styrkja 12. gr. Ég gerði það í fjórum atriðum í ræðu minni í gær. Í fyrsta lagi með því að gera skylt að skipa nefndina. Í öðru lagi með fyrirmælum um það hvernig nefndin ætti að vera skipuð, þ.e. með lýðræðislegri aðkomu hagsmunaaðila. Í þriðja lagi með tilnefningum og í fjórða lagi með því að láta gilda um það sérstakt svæðisskipulag samkvæmt 15. gr.

[14:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast þau fjögur atriði sem hv. þm. nefndi ekki nægilega góð útskýring á því hvernig hann vill styrkja 12. gr. með *tilliti til samvinnunefndarinnar*. Ég tek það líka fram, herra forseti, að ég nefndi þó tvö þessara atriða í minni ræðu.

Ég bendi hins vegar á að 2. mgr. 12. gr. skipulagslaganna virðist skjóta loku fyrir að þessi skilningur hv. þm. á 6. mgr. nái fram að ganga. Sá partur miðhálendisins sem hann er að tala um að þörf sé á að skipuleggja með öðrum sveitarfélögum er að mínu viti utan sveitarfélaganna, nema að þessu frv. til sveitarstjórnarlaga samþykktu.

[14:38]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandamálið sem við erum reyna að leysa kemur ekki upp nema frv. verði samþykkt. Þá gildir bara áfram sú ágæta svæðisskipulagsnefnd sem hann sjálfur skipaði á sínum tíma.

En ég fagna því hins vegar að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er sammála mér um að veita þurfi betri aðkomu að svæðisskipulagsnefndinni, það sem hann kallaði „lýðræðislegri aðkomu". Ég get ekki hins vegar fundið því stað í tillögu jafnaðarmanna, í tillögu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Þar er gert ráð fyrir átta tilnefningum, þar af fjórum úr ráðuneytunum og fjórum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þar kemur því ekkert fram um hagsmunasamtökin sem ég hef rætt um hér og m.a. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur líka rætt um. Ef við hugsum til þess og þeirrar nefndar sem hv. þm. skipaði þegar hann var ráðherra, þá er engin lýðræðisleg aðkoma þar. Þar eru tólf fulltrúar héraðsnefndanna og einn fulltrúi ráðuneytisins.

Ég hins vegar fagna því að hann skuli hafa tekið trú í þessu máli og farið mikinn, enda er það í anda þeirra sem taka seint trú að ganga hart fram og besta dæmið um það er auðvitað Páll postuli.

[14:40]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú trú sem ég kann að hafa tekið hefur þá komið yfir mig hægt og bítandi, ég varð ekki lostinn eldingu eins og Sál var á leiðinni til Damskus.

En, herra forseti, ég vil fyrst segja að varðandi þá nefnd sem hv. þm. Árni M. Mathiesen segir að ég hafi skipað afar ólýðræðislega, þá er náttúrlega óhjákvæmilegt annað en að segja að þarna er um eins konar tátólógíu að ræða hjá hv. þm. Ég var reyrður í viðjar laga sem hv. þm. hafði fyrst samþykkt í umhvn. og síðan hér í Alþingi. Ég hafði enga aðkomu, ég gat sjálfur skipað einn. Þessi eini sem skipaði, kom úr Reykjavík. Allir hinir voru samkvæmt lögunum tilnefndir af héraðsnefndum samkvæmt lögum sem hv. þm. samþykkti. (**ÁMM:** Þú samþykktir þau líka.) Já ég gerði það líka, það er alveg hárrétt, herra forseti. Enda taldi ég að þar væri alveg skýrt, samanber nefndarálit sem hv. þm. átti aðild að, að með engu móti væri stjórnsýslunni á svæðinu breytt.

Ég hef líka fært rök að því, herra forseti, að af tvennu illu sé tillagan sem hv. þm. hefur reifað hér, illskárri en tillaga hæstv. umhvrh. í þessu máli. Munurinn á tillögu jafnaðarmanna og tillögum þeirra, tillögu þeirri sem hv. þm. kom með hér í ræðu og hugmyndum í frv. hæstv. umhvrh., er auðvitað sá að við erum ekki aðeins að tala um skipulagið heldur erum við að tala um stjórnsýsluna alla, þar með talið löggæsluna. Þarna er um átta fulltrúa að ræða.

Það má deila um það, eins og hv. þm. sagði og sjálfsagt að hann hafi þá skoðun, hvort þar sé tryggð nægileg aðkoma t.d. úr náttúruverndargeiranum. Þó bendi ég á hvaða ráðuneyti hafa þar aðild að. Við mundum náttúrlega vænta þess að eitt þeirra ætti sérstaklega að gæta þeirra viðhorfa. Annað ætti sérstaklega að gæta viðhorfa ferðaþjónustu. Sveitarfélögin — ég gæti sætt mig við að landsbyggðin hefði tvo af þessum fjórum.

Við erum hins vegar að ræða algjörlega óskylda hluti vegna þess að þetta er öll stjórnsýslan. Ég held að menn megi ekki gleyma því að það þarf að horfa til framtíðar, ekki síst varðandi löggæsluna.

[14:42]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru nokkurn veginn tveir tímar og fjörutíu mínútur síðan hv. þm. hóf sína merku ræðu. Þó að hálftíma hlé hafi verið tekið svo að hann mætti safna kröftum þá fór ekki hjá því að athygli mín dofnaði öðru hverju í þessu langa máli sem einnig var fullt af þekkingu og speki.

Hv. þm. tók undir það sem ég hafði sagt áður um fjárhagslega ögun sveitarfélaga í þessu frv. og taldi það til bóta. Það voru rök sem ég hafði nú reyndar rætt í ræðu minni í gær.

Hann beindi til mín spurningu varðandi Íslandsbanka og líkti því saman við aðild að skipulagi. Þarna er reginmunur á, herra forseti. Eignarhald er allt annað heldur en skipulagsvald. Varðandi eignarhald að Íslandsbanka er talið eðlilegt að menn hafi áhrif í hlutfalli við eign sína en þegar kemur að skipulagi gegnir allt öðru máli.

Við munum, þegar þessari umræðu er lokið, væntanlega fljótlega, ræða þjóðlendur. Þar er verið að tala um eignarhaldið. Og þar á forsrh. sem einhvers konar fulltrúi þjóðarinnar, sem ég reyndar hef ekki trú á, að koma fram sem eigandi landsins. Varðandi skipulagið þá var það ein meginforsenda

fyrirvara míns og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að miðhálendið yrði skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna kæmu að þeirri ákvörðun. Það er tryggt með því frv. sem mikið hefur verið rætt en ekki er til umræðu.

Ég tel mig því alveg fullbúinn til að mæta mínum kjósendum eftir að hafa fallið frá fyrirvara mínum. Ég tel að fulltrúar þeirra eigi hlutdeild í þeirri ákvörðun sem á sér stað um skipulag miðhálendisins.

[14:44]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar af miklum kjarki. Hann er þess fullbúinn að mæta örlögum sínum. Ég er líka viss um það að kjósendur hans eru tilbúnir að mæta honum á velli kosninganna að einu og hálfu áru liðnu.

Herra forseti. Hv. þm. gerir grein fyrir því, bæði í ræðum og í áliti meiri hluta félmn., að hann hafi tvenns konar fyrirvara við frv. Annars vegar þarf að tryggja að skipulagsþátturinn sé tekinn út úr og settur í hendur sérstakrar samvinnunefndar og það er gert samkvæmt frv. hæstv. umhvrh.

Hinn fyrirvarinn er sá að tryggja þurfi aðgengi allra landsmanna að ákvarðanatöku. Það var ekki gert. Því ákvæði verður ekki fullnægt fyrr en frv. hæstv. umhvrh. verður breytt, orðið sveitarfélög, í þeirri grein sem þetta varðar, tekið út og orðið héraðsnefndir sett í staðinn. Hv. þm. hefur e.t.v. ekki gert sér grein fyrir þessu en fyrirvari hans er fallinn, sagði hann sjálfur, án þess að skilyrðum hans fyrir fallinu sé fullnægt.

[14:45]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þá nefnd sem á að fjalla um svæðisskipulag miðhálendisins, sem verður aftur fært inn í aðalskipulagið samkvæmt því frv. sem liggur fyrir Alþingi en ekki hefur verið rætt, tilnefnir Samband ísl. sveitarfélaga fjóra fulltrúa en síðan tilnefnir félmrh. einn og umhvrh. skipar einn án tilnefningar. Það eru fulltrúar sem ég tel að muni gæta hagsmuna allra landsmanna nákvæmlega eins og í brtt. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, sem talar oft um sig sem „við jafnaðarmenn" og er þar af leiðandi væntanlega að tala fyrir hönd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þar er gert ráð fyrir því að eingöngu fulltrúar úr ráðuneytum komi að skipulaginu. Þar með sé tryggt að allir landsmenn komi að því.

Ég reikna með því að fulltrúi umhvrh. og fulltrúi félmrh. mundu gæta hagsmuna þeirra landsmanna sem koma ekki beint að nefndinni.

[14:47]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Þau mál sem eru á dagskrá þessa fundar eru eitt og sama málið þó að þau séu lögð fyrir Alþingi í þremur frumvörpum. M.a. þess vegna er mjög eðlilegt að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á þessum málaflokkum séu viðstaddir umræðuna svo að hægt sé að beina spurningum til þeirra ef ástæða þykir til. Ég þakka sérstaklega tveimur ráðherrum sem hafa verið mjög þaulsætnir undir umræðunni, þ.e. hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh., og vil láta umhvrh. vita af því með fyrirvara að þegar líður á ræðu mína mun ég beina til hans ákveðnum spurningum.

En í morgun, þegar þingstörfin í dag voru til umræðu, bað ég forseta að beita sér fyrir því að þriðji ráðherrann, forsrh., sem virðist hafa mest áhrif ráðherra á afgreiðslu mála hér í þinginu, sýndi þinginu líka þann sóma að vera viðstaddur umræðuna því að hann ber ábyrgð á einu af þeim þremur málum sem eru til umræðu og hann ber öðrum ráðherrum meiri ábyrgð á þeim starfsháttum sem hæstv. ríkisstjórn vill viðhafa á Alþingi. Jafnaugljóst og áberandi og hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. gera sér far um að vera viðstaddir umræðuna, þó að þeim þyki hún stundum nokkuð þreytandi, þá er það áberandi að hæstv. forsrh. kýs að vera fjarverandi. Ég fer þess eindregið á leit og ítreka ósk mína við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að allir þeir ráðherrar sem eiga hlut að máli í þessum þremur samtvinnuðu málum séu viðstaddir frá upphafi til enda þeirra þingfunda sem fjalla um þau. Ég ítreka enn og aftur að ég gagnrýni síður en svo þá tvo ráðherra sem hér eru því að þeir hafa sinnt þingskyldum sínum en ég tel að hæstv. forsrh. hafi ekki gert það að sama skapi en honum ber skylda til þess að vera við og fylgjast með umræðum og vera reiðubúinn að svara spurningum sem beint er til hans.

Það er ekkert undarlegt þó svo að umræðan sem fer nú fram um eitt af þessum þremur samtvinnuðu málum, sé mikil. Þessi umræða hefur staðið með litlum hléum á Alþingi alla þessa öld. Hún hófst árið 1905 eða 1906, ég man ekki hvort árið það var, þegar námulögin voru til umræðu á Alþingi. Hún hélt síðan áfram í snörpum umræðum sem urðu um eignarhald á fossum og virkjanarétti og hefur staðið alla þessa öld með litlum hléum. Fjölmargir þingmenn hafa komið að umræðunni, hafa flutt tillögur varðandi þau mál, hafa látið í ljós skoðun sína í umræðum á þinginu, bæði þingmenn sem eru löngu horfnir úr þessum sal og líka þingmenn sem eiga enn sæti hér. Því er ekki óeðlilegt að miklar umræður séu um málið þegar hillir undir það að Alþingi ætli loksins að drífa sig í að taka þær ákvarðanir sem það hefur hliðrað sér hjá að taka í heila öld.

Það væri vissulega, herra forseti, ástæða til þess að rekja þessa sögu því að hún er um margt merkileg. Hún er merkileg fyrir þá sök hve illa hefur gengið að ná fram í gegnum Alþingi Íslendinga sjálfsögðum réttindum þorra þjóðarinnar til síns eigin lands. Sjónarmið tiltölulega fárra landeigenda hafa alltaf orðið ofan á á Alþingi í gegnum alla umræðuna og allar þær afgreiðslur sem hafa farið fram. Þó svo oft hafi það gerst að ríkisstjórnir og stjórnskipaðar nefndir hafi útbúið frv. sem lögð hafa verið fyrir Alþingi þar sem tilgangurinn hefur verið sá að tryggja almenningi rétt til eigin lands hefur meiri hluti Alþingis ávallt snúið þeim tillögum á haus, breytt niðurstöðunum og afgreitt málin hinum fáu í vil, afgreitt málin í þágu sérhagsmuna á kostnað almannahagsmuna. Vissulega væri full ástæða til þess að rekja þá sögu til þess að setja þessi mál í samhengi. Ég mun hins vegar ekki gera það nú en sjálfsagt mun gefast tilefni til þess einhvern tíma síðar og þá sögu þarf nauðsynlega að rekja.

Það er líka ýmislegt umhugsunarvert sem hefur komið fram á þessari löngu vegferð, t.d. hve dómstólar á Íslandi hafa tekið gjörólíkt á þessum málum ef borið er saman við niðurstöður, a.m.k. í vestanverðri Evrópu. Sú regla hefur t.d. verið í gildi, allt frá öðrum áratug 16. aldar, í flestum ríkjum í Evrópu, að það land og þau landgæði sem enginn einstaklingur gæti sannað eignarrétt sinn á skyldi tilheyra ríkinu. Þessi regla var fyrst leidd í lög í norska ríkinu árið 1512 eða þar um bil og var sótt til sambærilegra laga sem voru þá í gildi í Þýskalandi og hefur síðan verið réttarvenja í flestum ríkjum Vestur-Evrópu. Þessi lög voru í gildi á Íslandi á meðan við vorum í ríkjasambandi við Noreg. Þessi lög voru í gildi á Íslandi á meðan við vorum í danska ríkjasambandinu.

Það er mjög eftirtektarvert að í öllum þeim umræðum sem áttu sér stað á hinu háa Alþingi um land og landsréttindi allt fram undir miðja þessa öld gengu þingmenn á Alþingi Íslendinga út frá því sem gefnu að þessi réttarvenja væri líka í gildi hér, þ.e. það land og þau landgæði sem enginn ætti væru sjálfkrafa eign ríkisins, eign almennings.

Hins vegar var ekki fyrr en með frægum hæstaréttardómi á níunda áratugnum sem Hæstiréttur Íslands, að vísu með þremur atkvæðum gegn tveimur, komst að þeirri niðurstöðu að Ísland skæri sig úr hvað þetta varðaði. Þ.e. að hér á Íslandi, öfugt við það sem gilt hafði sem réttarvenja hér áður en Íslendingar öðluðust sjálfstæði og öfugt við þá réttarvenju sem gildir í nálægum ríkjum, þá væri land sem enginn einstaklingur gæti sannað eignarhald sitt á, ekki í eigu þjóðarinnar, ekki í eigu ríkisins, heldur einhvers konar ónumið land, land sem enginn gæti gert eignarréttarlegt tilkall til.

Meðal annars vegna þessarar niðurstöðu Hæstaréttar komust stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að setja þyrfti sérstök lög um þetta, að það land og þau landgæði sem enginn á, skuli teljast sameign þjóðarinnar eða skuli öllu heldur teljast eign íslenska ríkisins. Það tók hvorki meira né minna en fjórtán ár að fá formælendur sérhagsmunaveldisins í Sjálfstfl. og Framsfl. til þess að fallast á að slík lög yrðu sett. Þau lög er verið að setja í þjóðlendufrv. sem er líka á dagskrá þessa þingfundar.

Það frv. sem er til meðferðar nú fjallar því ekki um eignarhaldið, þ.e. um hvernig skuli skorið úr um hvar skilin séu á milli almenningseignar og einkaeignar á landi og landgæðum. Það fjallar hins vegar að verulegu leyti um hvernig nýta skuli þessi gæði, þ.e. hver það er sem hefur með höndum stjórnsýsluna á miðhálendi Íslands. Sá sem hefur með höndum stjórnsýsluna á miðhálendinu hefur í höndum sínum mikil völd um það hvernig nýta skuli auðlindir miðhálendisins, m.a. í gegnum aðkomu sína að skipulagsmálum. Það frv. sem við ræðum hér, sveitarstjórnarlögin, fjallar því um mjög stóran þátt í auðlindapólitíkinni, þ.e. hver það er sem stjórnar og hver það er sem getur tekið veigamiklar ákvarðanir um nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar á hálendi Íslands í gegnum aðkomu sína að því máli í gegnum skipulagsvinnu.

Vissulega væri full ástæða til þess, þó erfitt sé, að reyna að draga upp einhverja mynd af þeim verðmætum sem hér eru í húfi. Þegar talað er um að afhenda einhverjum tilteknum aðila stjórnsýslu á nýtingu verðmæta er auðvitað mjög ákjósanlegt að menn reyni að átta sig á því hvers virði þau verðmæti eru sem verið er að fjalla um. Hvaða peningalega mat er hægt að leggja á hálendið og þau verðmæti sem kunna að vera þar til ráðstöfunar? Það er mjög erfitt að gera það því umhverfi, fegurð og náttúra verða ekki metin til verðs. En sumar af þeim auðlindum sem þarna er verið að fjalla um verða þó metnar til verðs. Og það eru engin smávegis verðmæti, herra forseti, sem menn eru hér að ræða um hver á að fara með stjórnsýslu á og hver á að fara að verulegu leyti með ráðstöfunarréttinn yfir.

Ef við lítum fyrst á það verðmæti á miðhálendi Íslands sem auðveldast er að hengja verðmerkingarmiða á er það að sjálfsögðu orkan. Orka fallvatna og jarðhita. Nú nýtum við mestallan lághita í nágrenni við byggð á Íslandi. Sú tegund orku er fyrst og fremst til þess fallin að nýtast til atriða eins og húshitunar, ylræktar, við sundlaugar, til snjóbræðslu o.s.frv. Sú orka lághita sem við nýtum er ekki nema að mjög litlu leyti, ef nokkru leyti, á því svæði sem heyrir til miðhálendis Íslands. Þar er ekki um að ræða nema sjálfrennandi vatn sem notað er í sundlaugar og hugsanlega til þess að hita skála ferðafélaga og annarra aðila. En sá lághiti sem við nýtum í dag, miðað við óbreytta nýtingu hans, mun duga Íslendingum í 80 þúsund ár, þ.e. sá lághiti sem er nú notaður til þess að hita íbúðarhús, sundlaugar, snjóbræðslukerfi o.s.frv. og er aðallega sóttur í lághitasvæði í byggð mun duga þessari þjóð í 80 þúsund ár. Það eru engin smáverðmæti þar.

Miklu verðmætari en lághitinn er hins vegar háhitinn sem nýtist fyrst og fremst til raforkuframleiðslu en ekki til þeirra þarfa sem ég lýsti áðan. Orka þekktra háhitasvæða á Íslandi er gríðarlega mikil, ótrúlega mikil. Þessi háhitasvæði eru öll á miðhálendi landsins eða meginþorri þeirra, þó að finna megi á einstaka stað á heimalöndum eða í einkaeignarlandi einhvern möguleika til borunar eftir háhita.

Einhvern tíma hef ég sagt að ef litið væri á orkuvinnslugetu allra þekktra háhitasvæða á Íslandi, sem tæknilega væri unnt að nýta, þá væri orka þessara háhitasvæða álíka mikil eins og finnanleg er í $^2/_3$ hlutum af þekktum olíulindum í heiminum sem hagkvæmt er að nýta.

Jarðhita og olíu má bera saman vegna þess að hvorugt er endurnýjanleg orkulind. Olíulindir þorna og djúphiti þornar líka með sama hætti, þ.e. eyðist það sem af er tekið, og háhitasvæði eiga sér ekki nema takmarkaða nýtingarmöguleika. Þannig að menn geta borið saman þessar tvær ólíku tegundir orku.

Í þeirri grein sem ég las — sem mig minnir að sé eftir fyrrv. orkumálastjóra — var skýrt frá því að tæknilega virkjanlegur háhiti á Íslandi samsvaraði um $^2/_3$ hlutum af því sem þá var vitað um að væri til í olíulindum heims sem hagkvæmt væri að nýta. En mjög stór hluti af þessum háhita á Íslandi er hins vegar á svæðum sem af ýmsum ástæðum eru þannig að þar verður háhiti ekki virkjaður vegna umhverfisaðstæðna eða vegna þess hve dýr virkjunarkostur það yrði. Þá er ég t.d. að tala um háhita undir jöklum og á öðrum svæðum þar sem óhóflegur kostnaður við virkjunina, þó hún sé tæknilega framkvæmanleg, gerir það að verkum að í hana verður ekki ráðist, og enn fremur þar sem háhiti er á svæðum þar sem ekki er talin ástæða til eða möguleiki á vegna umhverfisaðstæðna að virkja slíkan háhita. Hagkvæmur virkjunarkostur háhita á Íslandi, að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða, er því miklu minni en sá tæknilegi virkjunarkostur sem fyrir er.

Talið er að unnt sé með þessum hætti að virkja háhita á Íslandi sem hefði orkuvinnslugetu á ári upp á um 30–35 teravattstundir. Nú þegar er búið að nýta innan við eina teravattstund af þessari orkulind. Mestöll orka háhitasvæðanna á Íslandi er því enn þá ónýtt, og mestöll þessi orka, ónýtta orka, er á miðhálendi Íslands.

Ef við lítum á möguleika til virkjunar vatnsfalla er sá möguleiki einnig að mestu leyti á miðhálendi Íslands. Þar er áætlað að eftir sé að virkja af hagkvæmum virkjunarkostum svona álíka mikið og óvirkjað er af djúphita í jörðu og ég nefndi áðan. Þannig að líklegt er að á hálendi Íslands séu ónýttir virkjunarmöguleikar fyrir um 60–65 teravattstunda framleiðslu á ári.

Ef reynt er að hengja verðmiða á þessa auðlind á miðhálendinu, og miðað við t.d. það orkuverð frá stöðvarvegg sem nú er selt til stóriðju — aðra viðmiðun höfum við ekki — þá er verðmæti þessara orkulinda álíka mikið og talið er, miðað við núverandi verð á kvóta, að sé verðmæti allra fiskimiða við Ísland að teknu tilliti til þess að væri allur sá kvóti seldur á frjálsum markaði mundi verðið að öllum líkindum lækka verulega.

Auðvitað eru ýmsir vankantar á því að hengja verðmiða á þennan hátt á auðlind sem ekki hefur verið nýtt, vegna þess að verðmætið myndast ekki fyrr en einhver er reiðubúinn til að kaupa og sá kaupandi liggur að sjálfsögðu ekki á lausu í dag, þannig að segja má að þessar orkulindir séu einskis virði þangað til einhver kaupandi finnst. En þetta er þó það mat sem menn hafa reynt að leggja á ónýtta orku á miðhálendi Íslands, miðað við það verð sem kaupendur hafa verið reiðubúnir að kaupa þessa orku á fram að þessu. Og auðvitað munu þau verðmæti myndast en á löngum tíma.

En það sem ég er að segja er að aðeins þessi eina auðlind, sem öll eða því næst öll er á miðhálendi Íslands, er líklega jafnverðmæt og öll fiskimið Íslands. Skiptir þá ekki máli fyrir þjóðarheildina, spyr ég, hver það er sem fer með nýtingarstjórnina á þessari sameiginlegu auðlind okkar allra? Skiptir okkur ekki máli hvort það eru fulltrúar þjóðarheildarinnar sem koma að þeim málum eða fulltrúar aðeins lítils hluta þjóðarinnar, jafnvel aðeins 4% landsmanna?

Með sama hætti er út af fyrir sig hægt að hengja verðmiða á ýmsar aðrar auðlindir náttúrunnar á hálendi Íslands. Það væri hægt, miðað við upplýsingar um tekjur Íslendinga af ferðamönnum í dag, að gera einhverja útreikninga á því hve miðhálendið sem paradís ferðamanna er mikils virði í augum þeirra sem ferðast um það í dag og borga fjármuni fyrir. Ef menn líta t.d. á líklegt verðmæti af gróðri og beitarréttindum, sem er að fá uppi á miðhálendi Íslands, þá kæmi mér ekki á óvart, miðað við verðmæti t.d. þess búsmala sem gengur á þessu landi og er slátrað á hverju hausti, að verðmæti beitarréttindanna væri í kringum 15–20 milljarðar ef reynt væri að setja verðmiða þar á. Og svona gætu menn auðvitað haldið áfram að reyna að meta og setja verðmiða á þessa þætti ef menn endilega vilja.

En sá þáttur sem sennilega er öllum Íslendingum kærastur, sem er náttúrufegurðin og náttúran, verður auðvitað aldrei metinn til fjár. En engu að síður er það alveg ljóst að á miðhálendi Íslands eru feikilega verðmætar auðlindir, sem a.m.k. í huga þjóðarinnar eru sameiginleg eign hennar, sem allir Íslendingar vilja að hægt sé að nota til sameiginlegra þarfa fyrir landsmenn og uppbyggingar í atvinnulífi þeirra allra. Auðvitað gefur það auga leið að miklu máli skiptir hver á heldur, hvaða aðili það er sem fer með stjórnina á því landi þar sem þessar verðmætu auðlindir eru fyrir.

Þarna erum við ekki bara að taka ákvörðun um hvaða sveitarstjórnir eigi að koma að umferð á hálendissvæðinu. Við erum að taka ákvörðun um hvaða fulltrúar eiga að koma að því að móta nýtingarstefnu á verðmætustu auðlindum sem Ísland á í landi og á, verðmætum sem eru miklu meira virði í beinhörðum peningum en þau verðmæti sem finnanleg eru undan ströndum landsins.

Við höfum séð afleiðingarnar af því að láta fáum einstaklingum eftir ráðstöfunar- og nýtingarrétt á auðlindum fiskimiðanna. Þær afleiðingar eru flestum ef ekki öllum kunnar. Varla hittast svo menn á Íslandi að ekki sé talað um hvaða afleiðingar hafi orðið fyrir einstaklinga, til aukins misréttis fyrir byggðirnar í landinu af þeirri ráðstöfun sem gerð var á Alþingi fyrir tíu árum eða svo og fór þá í gegnum þingið án þess að almenningur, hinn almenni kjósandi, gerði sér nokkra grein fyrir hvað þar væri verið að gera en er nú að vakna við vondan draum tíu árum síðar. Ég leyfi mér að fullyrða það, virðulegi forseti, að almenningur á Íslandi sem horfir nú blinda auganu á þá afgreiðslu sem á að eiga sér stað á Alþingi nú á vordögum á þeim auðlindum sem eftir eru í eigu þjóðarinnar, auðlindum í jörðinni og auðlindum á jörðu mun hafa um ýmislegt annað að tala eftir tíu ár héðan í frá en misréttið sem felst í kvótakerfinu og ráðstöfun auðlinda sjávarins því það misrétti sem verið er að undirbyggja með afgreiðslunni sem hér á að fara fram verður miklu meira, stærra og alvarlegra en það misrétti sem afgreitt var með kvótalögunum á sínum tíma.

Auðvitað er það samt miklu meira sem er athugavert við þessa afgreiðslu en eingöngu þá að afhenda litlum sveitarfélögum, 40 litlum sveitarfélögum, stjórnsýsluna á miðhálendinu hvað varðar skipulagsmál, vegna þess að þeirra hlutskipti á að vera, verði þetta samþykkt, miklu meira en bara aðkoman að skipulagsmálum einum. Hlutverk þessara litlu sveitarfélaga, sem sum hver hafa ekki nema um 100 og jafnvel færri íbúa, á m.a. að vera heilbrigðis- og mengunareftirlit á öllu miðhálendi landsins upp á miðja jökla, almannavarnir á öllu þessu svæði, byggingareftirlit á öllu þessu svæði, löggæslumál að verulegu leyti á öllu þessu svæði og stjórn beitar- og gróðurverndar á öllu þessu svæði.

Ég spyr: Hefur okkur Íslendingum tekist svo vel með mengunareftirlit og heilbrigðiseftirlit á hálendinu, svo ekki sé talað um gróðurvernd og beitarstjórnun í óbreyttu skipulagi, að ástæða sé til þess að fela því óbreytta skipulagi forræði þessara mála áfram og bæta þar verulega við? Er það t.d. tilviljun að í svæðisskipulagi hálendisins, sem hæstv. umhvrh. hugðist staðfesta, að þeim lögum settum sem eru til umræðu, skuli ekki vikið aukateknu orði að stærsta vandamáli Íslands sem er gróðureyðingin á hálendi landsins? Þetta land er að fjúka burt. Hér á sér stað stærsta eyðimerkurmyndun í heiminum vegna umgengninnar um gróðurlendið á hálendinu. Þegar fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem við hér ræðum um koma að gerð svæðisskipulagstillögu fyrir þetta sama hálendi er þetta sá eini þáttur sem er ekki svo mikið sem drepið á í skipulagstillögunum. Stærsta vandamál hálendisins, gróðureyðing, mengun, jarðvegseyðing er ekki einu sinni tekið til umræðu, það er ekki minnst á það í svæðisskipulaginu. Finnst mönnum virkilega að þá sé ástæða til að færa fulltrúum þeirra sem hafa unnið að þessu svæðisskipulagi enn meiri völd, enn meiri völd á þessu svæði en þeir hafa haft, til þess að gera betur í þessum málum en tillögur þeirra um svæðisskipulag sýna að þeir séu reiðubúnir til?

Virðulegi forseti. Mér finnst full ástæða til þess við þessar aðstæður að benda á að meðal þeirra raka sem eru færð fyrir því að rétt sé að þessi litlu, aðliggjandi sveitarfélög öðlist meiri rétt til stjórnar miðhálendisins en önnur, eru m.a. í þá veru að íbúar þeirra þekki þessi hálendissvæði miklu betur en flestir ef ekki allir aðrir. En eins og hv. alþingismaður Össur Skarphéðinsson sagði áðan: Hver var það sem uppgötvaði miðhálendi Íslands og kynnti það fyrir íslensku þjóðinni? (**Gripið fram í:** Fjalla-Eyvindur.) Fjalla-Eyvindur uppgötvaði að hluta til hálendi Íslands, það er rétt, en hann passaði sig á því að kynna það ekki fyrir íslensku þjóðinni vegna þess að hann vissi að ef hann kynnti það fyrir íbúum aðliggjandi sveitarfélaga mundi hann þar hvergi eiga griðland. Svo þó að Fjalla-Eyvindur þekkti talsvert vel til miðhálendisins, eða a.m.k. ákveðna hluta þess sjálfur, var hann ekki í því hlutverki að kynna það fyrir öðrum Íslendingum. Þeir sem voru í því hlutverki voru fyrst erlendir fræðimenn, síðan íslenskir vísindamenn, sem m.a. bjuggu í Kaupmannahöfn og dvöldust þar lungann úr sinni ævi. Í þriðja lagi ferðaforustumenn, eins og Guðmundur Jónasson og fleiri góðir menn, sem bjuggu í henni Reykjavík. Þannig að þeir sem

eiga heiðurinn og þakkirnar af því að kynna hálendið fyrir íslenskum almenningi eru fyrst og fremst þessir aðilar. Skyldi ekki maður eins og t.d. Ómar Ragnarsson fréttamaður þekkja miðhálendi Íslands betur en þorrinn af þeim sem býr í aðliggjandi sveitarfélögum?

Þannig er það nú einu sinni að ferðamenn, umhverfisverndarmenn, alþingismenn eins og sá ágæti maður Hjörleifur Guttormsson eða Ólafur Örn Haraldsson, sem hér sitja, þekkja miðhálendi Íslands betur en flestir aðrir. Ef menn ætla að segja að í krafti þekkingar eigi menn að hafa áhrif eru það fyrst og fremst þessir aðilar sem samkvæmt þeim rökum ættu að hafa áhrif á ráðstöfun þeirra auðlinda sem hægt er að meta til verðs eða ekki hægt að meta til verðs, sem hægt er að finna á miðhálendi Íslands.

Það að menn séu eitthvað nær þessu miðhálendi en aðrir eru heldur ekki rök vegna þess að stór hluti þeirra svæða sem frv. gerir ráð fyrir að verði skipt upp á milli aðliggjandi sveitarfélaga er í slíkri órafjarlægð frá þeim, að það skiptir miklu minna máli hver fjarlægðin er t.d. frá efsta bæ í viðkomandi hreppi til næsta þéttbýlisstaðar en frá efsta bæ í viðkomandi hreppi til endimarka þess lands sem vald sveitarfélagsins á að ná til. Í því sambandi má nefna allt Ódáðahraun, svæði norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðið fyrir norðan Tungnaárjökul og alla jökla landsins að Vatnajökli meðtöldum. Að halda því t.d. fram að íbúi í aðliggjandi sveitarfélagi þekki Vatnajökul betur en nokkur Íslendingur með lögheimili í Reykjavík er fjarri lagi. Mjög margir með lögheimili í Reykjavík þekkja Vatnajökul miklu betur en nokkur aðili gerir með lögheimili utan Reykjavíkur. Þumalfingursregla um að menn eigi að njóta áhrifa til stjórnunar á þessu svæði í samræmi við þekkingu sína á því er ekki til þess fallin að styðja þá tillögu sem gerð er í frv. til sveitarstjórnarlaga sem hæstv. félmrh. flytur.

Herra forseti. Þá vildi ég snúa mér að því frv. sem er ekki á dagskrá, en hæstv. umhvrh. tók á dagskrá, að vísu undir öðrum dagskrárlið hér í gær og lagði fram til kynningar, en svo að vitnað sé til keimlíks máls og umfjöllun fjölmiðla um niðurstöður þess á Alþingi þá vann hæstv. umhvrh. þann stórpólitíska sigur í dag að honum tókst að koma í veg fyrir að frv. hans hlyti afgreiðslu. Fyrir örfáum dögum var annar ráðherra Framsfl. sem lagði fram frv. um gagnagrunn. Þegar sá ráðherra Framsfl. lagði fram það frv. tók sá ráðherra það sérstaklega fram í framsöguræðu sinni að hann ætlaði sér ekki að bregða fæti fyrir frv. sem hann flytti. Engu að síður varð niðurstaðan sú að afgreiðslu frv. var frestað. Að sjálfsögðu mætti ráðherrann í viðtal við fjölmiðla og fjölmiðlungur spurði hann fyrir agndofa hlustendum: Var þetta ekki stórkostlegur pólitískur sigur fyrir þig, að frv. sem þú fluttir hlaut ekki afgreiðslu? Ráðherra brá að sjálfsögðu við að heyra þessa furðulegu spurningu en svaraði síðan játandi.

Nú hefur slíkt gerst aftur á Alþingi hjá ráðherra sama flokks. Hann vann þann stórkostlega pólitíska sigur í dag að frv. sem hann flutti fékkst ekki tekið til umræðu. Munurinn á þessum hæstv. ráðherra og hinum ráðherranum úr Framsfl. var sá að hæstv. umhvrh. bað sjálfur um þessa afgreiðslu, þ.e. hinn pólitíski sigur hans í dag varð fyrst og fremst fyrir frumkvæði hans sjálfs. Hann vann þennan pólitíska sigur afdráttarlaust með fylgismönnum sínum og ég óska honum til hamingju með það.

Vegna þess að hann vann þennan pólitíska sigur í dag er útilokað fyrir mig og aðra þingmenn að taka frv., sem hann kynnti, til umræðu með öðrum hætti en hann gerði sjálfur, þ.e. með þeim hætti að ræða það undir þessum dagskrárlið og óska eftir skýringum hæstv. ráðherra á ýmsum þáttum í því frv. því að fram hefur komið að það frv. hans, frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, sé grundvöllur að einhverri sáttargerð milli þingmanna stjórnarflokkanna, þó svo að ekki nema einn af þeim þingmönnum, sem tekið hefur til máls í umræðu um þetta mál, hafi lýst sig fylgjandi þeirri sáttargerð. Engu að síður virðist svo vera að þetta frv. sé grundvöllur að sáttargerð og því er nauðsynlegt að spyrja hæstv. ráðherra um nokkur efnisatriði í frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu skuli tilnefna samtals tólf fulltrúa. Nú eru þessi sveitarfélög 42 talsins þannig að 30 þeirra fá engan fulltrúa í þessa samstarfsnefnd. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig gerir hann ráð fyrir því að sveitarfélögin 42, hreppar nir 42, sem liggja að miðhálendinu, komi sér saman um tilnefningu tólf fulltrúa? Á hvaða vettvangi á það að gerast? Eiga það t.d. að vera hreppar nir sem hafa flesta íbúana sem tilnefna? Á þetta að vera eftir einhverri landshornaskiptingu þannig að álíka margir fulltrúar komi úr hverju kjördæmi sem á hreppa sem eru aðliggjandi að miðhálendinu o.s.frv.? Það er nauðsynlegt að fá skýringu frá hæstv. ráðherra um það hvernig hann hugsar þessa framkvæmd.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að að loknum sveitarstjórnarkosningum meti samvinnunefndin hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Gott og vel. Hvert á viðkomandi samvinnunefnd að senda þá niðurstöðu sína? Við skulum segja sem svo að samvinnunefndin komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé að endurskoða svæðisskipulagið en skipulagsyfirvöld nú eða þær sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli séu bara einfaldlega ekki á sama máli og segi nei. Hvað gerist þá? Hvert er þá valdsvið samvinnunefndarinnar, hvað getur hún gert í málinu?

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að þessi samvinnunefnd sé tillöguaðili, umsagnaraðili. Hvaða vigt hefur umsögn hennar? Er gert t.d. ráð fyrir því að setja reglugerð um að ekki sé hægt að samþykkja skipulag sem gangi gegn tillögu samvinnunefndarinnar? Eða er þetta bara svipað og fjöldamargir umsagnaraðilar utan úr bæ geta komið að og sent umsögn sína um slíka skipulagstillögu og að staða samvinnunefndarinnar sé ekki á neinn hátt öflugri eða sterkari hvað aðkomuna varðar en annarra umsagnaraðila? Það er ekki að sjá af frv. að samvinnunefndin hafi neinn meiri rétt til að tekið sé tillit til umsagnar hennar en aðrir umsagnaraðilar sem kunna að koma að málinu. Hvernig hugsar hæstv. ráðherra sér þessa framkvæmd?

Í fjórða lagi er sagt í 2. gr. að Skipulagsstofnunin skuli leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sbr. 12. gr. a á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins, sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu.

Nú hafði áður komið fram hjá ráðherranum í 1. umr. um þetta frv., að hæstv. ráðherra taldi að yrði tillaga hæstv. félmrh., sem liggur nú til umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórnarlögum, samþykkt væri honum ekkert að vanbúnaði að staðfesta svæðisskipulagstillöguna sem fyrir honum liggur núna og taka þá tillit til þeirra fjölmörgu athugasemda sem borist höfðu. Hann upplýsti það í umræðum að hann gerði ráð fyrir því að hann mundi þá samþykkja eða staðfesta slíka tillögu að breyttu breytanda á hausti komanda.

Nú er eðlilegt að spurt sé: Í frv. er gert ráð fyrir því að tillagan sé ekki staðfest, tillagan kom raunverulega ekki fram frá Skipulagsstofnun til ráðherra fyrr en samvinnunefndin sé búin að gefa umsögn sína. Auðvitað er ljóst að það er ekkert smáverkefni að yfirfara ekki bara allar athugasemdir sem komið hafa fram á svæðisskipulaginu heldur að gera sjálfstæða athugun eins og nefndin á að gera á málinu frá byrjun því að ekki er ætlast til að samvinnunefndin taki bara til umfjöllunar svæðisskipulagstillöguna eins og hún liggur fyrir og athugasemdir við hana heldur verður ekki skilið af 2. gr. annað en að ætlast sé til að samvinnunefndin hafi sjálfstæða aðkomu að málinu og fari ofan í alla sauma málsins, þ.e. að ætlast sé til að nefndin vinni verkið aftur að verulegu leyti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða frest hann ætli að gefa samvinnunefndinni. Gerir hann enn ráð fyrir að hann muni staðfesta svæðisskipulagið verði frv. þetta samþykkt á komandi hausti? Eða hvaða tíma ætlar hann að gefa nefndinni til að ljúka störfum sínum?

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fjalla hér nokkuð um þátt einstakra hv. þm. í þessu máli. Sérstaklega gleður það mig að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skuli vera mætt hér. Hún virtist ætla að hafa þann hátt á þessu máli að gefa yfirlýsingu um að allt væri klappað og klárt héðan úr ræðustóli og hlaupa síðan á brott. Það hefur hún hins vegar ekki gert. Hún situr hér, reiðubúin að standa fyrir máli sínu. Það er mjög ánægjulegt.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gekk þingmanna lengst í að gagnrýna þetta mál þegar það kom til 1. umr. Hún reið á vaðið, fyrst og ein stjórnarþingmanna við 1. umr. að því er ég man, að minnsta kosti fyrsti og eini þingmaður Framsfl. sem tók til máls við 1. umr. og gagnrýndi það. Hún kvaðst ekki geta samþykkt þetta mál þar sem svo freklega væri gengið á hagsmuni íbúa þéttbýlisins. Mér er minnisstætt hvernig hún orðaði þá afstöðu. Hún sagði að á bak við sig hefði hún stuðning og ályktun kjördæmissamtaka framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi, en kjördæmisráðið væri fulltrúi hvorki meira né minna en fjórðungsins af kjósendum Framsfl. Hún kom í ræðustól og sagðist vera andvíg tillögu hæstv. félmrh. um takmörkun á réttindum íbúa þéttbýlisins og kvaðst tala sem fulltrúi fjórðungs kjósenda Framsfl.

Nú spyr ég hv. þm.: Hefur hún nú eins og þá á bak við sig samþykkt kjördæmisráðs framsóknarmanna úr Reykjaneskjördæmi um að þessi niðurstaða sé fullnægjandi? Telur kjördæmisráðið fullnægjandi að kjósendur í Reykjaneskjördæmi fái einn sjötugasta af atkvæðis- og áhrifarétti annarra sem fjalla eiga um skipulag og stjórn miðhálendisins? Er það fullnægjandi?

Í annan stað, af því að hv. þm. var nú aðili að þessari málamiðlun, vil ég gjarnan heyra svör hennar. Hún hlýtur að hafa svör við því, herra forseti, sem ég spurði um áðan. Ég ætla að biðja hv. þm. að leggja við hlustirnar. Hvernig mundi hún leggja til að hinir 12 fulltrúar sveitarfélaganna 42, sem eiga aðild að miðhálendinu, verði valdir? Hvernig sér hún valdsvið þeirrar samvinnunefndar sem mynda á? Að hve miklu leyti er vald þeirra meira en réttindi annarra umsagnaraðila? Hvar er að sjá stað slíkum réttindum í 1. gr. frv.? Hvaða áhrif hefur samvinnunefndin umfram aðra umsagnaraðila og hvernig er það tryggt í frv. að tillit verði tekið til athugasemda hennar?

Í þriðja lagi vil ég spyrja: Komist samvinnunefndin að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulag en skipulagsyfirvöld og þau sveitarfélög sem um er að ræða segja nei, hvernig á þá með málið að fara? Hver yrði þá réttur samvinnunefndarinnar?

Í fjórða lagi þætti mér fróðlegt að vita hvenær samvinnunefndin eigi að ljúka störfum áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins, sem liggur fyrir Skipulagsstofnun og ráðherra nú á þessari stundu? Hvað samdi þingmaðurinn um að samvinnunefndin hefði langan tíma til að gera athugasemdir og gefa umsagnir sínar áður en umhvrh. staðfestir tillögur svæðisskipulagsins? Umhvrh. hefur áður lýst yfir á Alþingi að hann ætlaði sér að gera það í haust. Hvað samdi hv. þm. um langan frest í þessu efni?

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fara yfir mun fleiri mál. Ég er hér með margar umsagnir sem full ástæða væri til að fara vandlega í, en ætla aðeins, með leyfi forseta, að nefna örfá atriði úr þeim. Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur flutti erindið Um daginn og veginn í Víðsjá á Rás 1 mánudaginn 27. apríl. Þar sagði hún m.a., með leyfi forseta:

„Skipulagning og skipting 40% prósenta Íslands sem má kalla nýtt landnám hlýtur að vera eitt af þýðingarmestu og afdrifaríkustu málum í sögu okkar. Í staðinn fyrir að taka á því með ábyrgum hætti þá útbýtir Alþingi valdi til aðskipuleggja hálendið áður en ákveðið er hver á að stjórna þar. Ofan á þetta bætist svo hin sérstæða samsetning skipulagsnefndarinnar. Meðferð þessa máls frá hendi Alþingis er svo frumstæð og gerræðisleg og andstæð almennri skynsemi að stofnunin bíður varanlegan álitshnekki af, og steininn mun taka úr ef svo fer sem horfir að stjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra verður samþykkt á morgun, þar sem 40 sveitarfélögum, sumum mjög fámennum, er falin stjórn hálendisins."

Rithöfundurinn segir síðan í lok máls síns, með leyfi forseta:

„Því eigum við heimtingu á að þingmenn taki á sig rögg og viðurkenni mistök, að þeir bretti upp ermar, og segi: Hér er verk að vinna. Nú tökum við okkur góðan tíma í að endurskoða allt sem hálendið varðar, með þátttöku kjósenda okkar, hvaðan sem þeir koma, og færustu manna. Tertusneiðafrumvarpið hefur mætt andstöðu almennings, fjölmennra félagasamtaka, ríkisstofnana, og þess fagfólks sem gleggsta yfirsýn hefur um hvað er raunverulega á ferðinni, og hverjar afleiðingar geta orðið. Andstaðan er of mikil og víðtæk til þess að Alþingi geti hunsað hana. Það allra minnsta sem við getum farið fram á er tími til að afla grunnupplýsinga, tími til stefnumótunar, tími til nútímalegrar skipulagsvinnu, með öðrum orðum tími til að taka góðar og ábyrgar ákvarðanir í þessu stórmáli fyrir framtíð landsins okkar."

Þetta sagði rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir mánudaginn 27. apríl sl. í Víðsjá á Rás 1. Virðulegi forseti. Hún talar fyrir hönd, að ég held, allra þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta og veitt hafa umsögn um þetta mál. Hún talar fyrir hönd ferðafélaga, náttúrulífssamtaka, náttúruverndarsamtaka og áhugaaðila um réttindi á hálendi Íslands. Hið sama kemur fram í viðtali við framkvæmdarstjóra Ferðafélags Íslands í Morgunblaðinu í morgun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdarstjóri Ferðafélags Íslands telur frumvarp umhverfisráðherra um breytingu á skipulags- og byggingarlögum ekki ganga nógu langt og því muni sveitarfélögin sem land eiga að hálendinu enn ráða því. „Ítök þeirra eru mun meiri en ítök þéttbýlisbúa geta nokkurn tímann orðið," sagði Kristján M. Baldursson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins.

„Þessi sveitarfélög eru í miklum meiri hluta þó að þéttbýlisbúar fái tvo fulltrúa af 18," sagði Kristján enn fremur og telur hann að ekki hafi með því tekist að draga úr áhrifum sveitarfélaganna og því sé málið í slæmri stöðu enn þá. „Hálendið ætti að vera eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði, það er álit okkar og annarra útivistarsamtaka sem hafa lýst áliti sínu. Það verður að tryggja bæði rétt þeirra sem hafa aðstöðu og atvinnustarfsemi á hálendinu og útivistarfólks.''

Þetta sagði framkvæmdarstjóri Ferðafélags Íslands og tekur með þessum orðum, þar sem hann segist ekki aðeins tala fyrir sín samtök heldur annarra útvistarsamtaka, í einu og öllu undir þá tillögu sem jafnaðarmenn hafa flutt hér á Alþingi og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði rækilega grein fyrir fyrr í umræðunni. Síðan segir framkvæmdarstjóri Ferðafélagsins í sama viðtali við Morgunblaðið, með leyfi forseta: „Kristján sagði skynsamlegast í stöðunni að fresta afgreiðslu frumvarps til sveitarstjórnarlaga og geyma þá umræðu til hausts ásamt frumvarpi umhverfisráðherra. Hann kvað líklegt að Ferðafélagið og önnur svipuð samtök mundu gefa sameiginlegt álit á stöðu málanna.''

Virðulegi forseti. Þetta er afstaða þeirra sem mæla fyrir munn almannahagsmunasjónarmiða í málinu en ekki sérhagsmunasjónarmiða. Vissulega er ástæða fyrir hv. Alþingi að taka afstöðu til þessara tillagna og til þessara umsagna. Ég vil í lokin koma að einu máli sem vissulega er skylt þeirri niðurstöðu sem ég lýsti áðan.

Ég hef í dag óskað eftir því að fá upplýst frá skrifstofu Alþingis hvaða mál bíði 2. umr. Okkur alþingismönnum hefur verið frá því skýrt að stefnt sé að því að þinglausnir verði föstudaginn 8. næsta mánaðar. Eldhúsdagsumræða á að vera nk. miðvikudag. Miðað við þessi markmið hafa, m.a. í samráði við stjórnarandstöðuna, verið haldnir kvöldfundir í þessari viku. Um það hefur verið samkomulag og við höfum miðað við að þinglausnir verði á föstudaginn eftir viku og eldhúsdagsumræður verði á miðvikudagskvöld. Um annað höfum við ekki verið látin vita. Þannig hefur samkomulagið verið. Nú stendur það þannig að ég hef í höndum lista frá skrifstofu Alþingis, sem útbúinn var í dag, um þau stjórnarmál sem óafgreidd eru á þessari stundu.

Herra forseti. Úr nefndum eru komin 43 frv. sem bíða 2. umr. við þessar aðstæður. Mörg þessara 43 frv. eru mál sem krefjast munu mikillar umræðu hér á Alþingi. Ég skal nefna nokkur þeirra frv. sem munu án efa kosta mikla umræðu. Það eru náttúrlega sveitarstjórnarlögin sem hér liggja fyrir. Það er eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem mikill ágreiningur er um í efh.- og viðskn. Það er eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu. Þingsins bíða þjóðlendufrv., frv. um gjald af áfengi, frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er varðar vaxtabætur, frv. um tekjuskatt og eignarskatt er varðar lækkun á skatthlutfalli fyrirtækja niður í það lægsta sem þekkist í Evrópu. Eftir á að ræða um framleiðslu og sölu á búvörum, um eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum mun sjálfsagt þurfa nokkra umræðu að ógleymdum húsnæðismálunum.

Þessi mál eru í hópi 43 frumvarpa sem óafgreidd eru nú og bíða 2. umr. Við stjórnarandstæðingar vitum ekki betur en að eldhúsdagsumræða eigi að vera næstkomandi miðvikudag og þinglausnir á föstudag. Í því trausti höfum við fallist á langa næturfundi í þessari viku. Þetta voru bara stjórnarfrv. sem óafgreidd eru, virðulegi forseti. Þá er eftir að telja stjórnartillögur sem óafgreiddar eru, sem eru einar sjö eða níu, þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni og síðan allnokkur mál frá einstökum þingmönnum sem samkomulag hefur náðst um í þingnefndum að afgreiða, bæði stjórnarþingmönnum og stjórnarandstöðuþingmönnum. Því vil ég spyrja virðulegan forseta — það er nú kannski ekki aðalforseti sem í stólnum situr og hefði verið fyllri ástæða að spyrja hann — en ég get ekki annan spurt en þann forseta sem í fyrirsvari er: Hvernig má þetta vera? Ef við förum heim rétt undir klukkan sjö í kvöld ef að líkum lætur, umræða stendur enn og er mikið eftir af henni um sveitarstjórnarlög — með hvaða veganesti förum við? Eigum við að nýta helgina, herra forseti, til að undirbúa okkur undir eldhúsdagsumræðurnar á miðvikudagskvöldið? Líklega verður ekki mikill tími til þess þegar mánudagurinn rennur upp að taka slíkar ræður saman því miklar annir verða á Alþingi Íslendinga þegar farið er að ræða þessi 42 mál sem eftir eru af stjórnarfrv. loks þegar að þeim kemur. Mér finnst, herra forseti, að við getum ekki farið núna af þingi í dag klukkan sjö án þess að fá einhver skilaboð frá forseta. Er þessi ákvörðun enn óbreytt, sem við höfum unnið eftir, eða hefur einhver ný ákvörðun verið tekin eða rædd við þingflokksformenn, og hver er hún þá? Hver eru skilaboð forseta þingsins til þingmanna við þessar aðstæður? Séu þau ekki ljós núna, sem kannski má vera að ekki sé, mun þá ekki forseti sjá til þess að áður en þingmenn fara til að halda hátíðlegan 1. maí, alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins, að þeim verði tjáð hvernig baráttunni í þinginu verði hagað á fyrstu dögunum þar á eftir.

[15:48]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. beindi til mín þremur eða fjórum spurningum. Ég þakka honum fyrst fyrir þann heiður og þær hamingju- og heillaóskir sem hann beindi til mín í tilefni af pólitískum sigrum. Ég er auðvitað alltaf að vinna pólitíska sigra en það er gott að fá það staðfest af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Hv. þm. spurði m.a. hvernig ætti að skipa þá 12 fulltrúa sem kveðið er á um að sveitarfélögin, sem liggja að miðhálendinu, eigi að tilnefna í nefnd um svæðisskipulag miðhálendisins ef frv. það sem hér hefur verið lagt fram og er nú reyndar ekki hér á dagskrá með formlegum hætti verður að lögum á haustþingi. Ég hef í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að það verði neitt vandamál að þau sveitarfélög sem þarna eiga aðild að máli komi sér saman um þessa 12 fulltrúa. Í fyrsta lagi er farvegur fyrir það í dag, þannig að það er hefð fyrir því þar sem héraðsnefndir sem land eiga að miðhálendinu hafa þegar skipað fulltrúa í svæðisnefnd sem þar vinnur og er að störfum í dag eins og hv. þm. þekkja. Í öðru lagi eru ávallt fjölmörg verkefni sem sveitarfélög þurfa að koma sér saman um að tilnefna fulltrúa í og ég veit að það verða engin vandamál í því efni.

Hv. þm. spurði um hversu mikil réttindi þessi nefnd hefði í raun til að vera aðeins umsagnaraðili að aðalskipulagi og hvernig ráðherra hugsaði það. Hún er það fyrst og fremst, hún skal fyrst og fremst vera umsagnaraðili og hún sendir síðan umsagnir sínar eða álit til Skipulagsstofnunar sem tekur þær til skoðunar og metur hvernig hún leggur málið fyrir ráðherra og það kemur síðan til hans að gera það upp hvernig það verður endanlega samræmt. Ef ágreiningur er uppi hlýtur það að koma inn til ráðherra.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hvernig og hvenær mætti vænta þess að málið yrði staðfest og sagði að ég hefði lýst því yfir fyrr í umræðum á þessum vetri að svæðisskipulag

mætti staðfesta að hausti. Ég lýsti því yfir þá að það yrði ekki gert fyrr en svæðisskipulagsnefndin, sem ég hef veitt frest fram undir áramót, til 1. desember, hefur lokið sínum störfum, og verði þetta nýja frv. að lögum á haustþingi, sem hefur verið nokkuð til umræðu, þá er alveg ljóst að það yrði ekki gert fyrr en á hinu árinu, vonandi fljótlega á hinu árinu en hin nýja nefnd verður auðvitað að fá sinn tíma (Forseti hringir.) til að fara yfir málið, ekki til að taka það allt upp eða endurvinna það, heldur til að gera athugasemdir við það sem skipulagsstjórn tekur síðan til athugunar og sendir ráðherra. — Ég bið forseta afsökunar á að hafa farið langt fram yfir tímann.

[15:51]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef héraðsnefndirnar eiga að tilnefna þessa 12 fulltrúa, af hverju er það þá ekki sagt? Það að segja það ekki, heldur tala um sveitarfélögin þýðir m.a. það að í kjördæmi hæstv. ráðherra verða bæði Akureyringar og Húsvíkingar utan garðs. Finnst hæstv. ráðherra ástæða til að halda þeim utan garðs? Er það þess vegna sem hæstv. ráðherra meðvitað tekur þá ákvörðun að segja ekki að héraðsnefndirnar skuli tilnefna þessa 12 aðila heldur sveitarfélögin sem liggja að viðkomandi svæði? Er það til þess að halda fulltrúum fjölmennustu byggðarlaganna í hans eigin kjördæmi utan áhrifa?

Það er vissulega ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra ætlar að gefa samvinnunefndinni einhvern tíma, en hann segir hér tvennt. Hann segir: Þessi samvinnunefnd hefur ekki sterkari stöðu en hvaða umsagnaraðili sem er, þ.e. sé hún ekki sammála því erindi sem liggur fyrir Skipulagsstofnun mun ráðherra að sjálfsögðu taka við umsögn hennar eins og annarra og fella síðan úrskurð um það. Þannig er samræmingarnefndin bara einn af mörgum umsagnaraðilum án þess að hafa nokkra sérstaka stöðu í stjórnkerfinu og síðan segir hann: Ég mun að vísu gefa henni einhvern tíma til að fjalla um málið áður en ég staðfesti tillögu um svæðisskipulag en það verður ekki tími til að taka málið til sjálfstæðrar athugunar, heldur bara til að fjalla um þá tillögu sem fram er komin og þær athugasemdir sem við hana hafa verið gerðar. Og þetta, virðulegi forseti, er sáttmáli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Hann er svona. Ég held að hv. þm. ætti sem snarast að víkja sér úr sal og ekki taka mikinn þátt í þessari umræðu meir.

[15:53]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli mínu, frekar í fyrradag en í gær, þegar mál þetta var til umræðu að það er alveg skýrt að þessi samvinnunefnd fjallar áfram um svæðisskipulagið. Það er hún sem hefur með svæðisskipulagið að gera. Það gerir engin önnur nefnd. Það er engin önnur nefnd til að samræma svæðisskipulagið á miðhálendinu þannig að hún hefur þar alveg fullkomið hlutverk. Hins vegar kom líka fram í máli mínu að aldrei hefur staðið til að þessi svæðisskipulagsnefnd taki yfir verkefni sveitarfélaganna sem eiga að sjá um aðalskipulag. Það hef ég ekki samþykkt. Það hef ég sagt áður og það er ekkert nýtt í því. Hin nýja nefnd á að fjalla um svæðisskipulagið og auðvitað vinna það, það gerir ekki önnur nefnd því það er ekki önnur nefnd sem hefur það verkefni, og veita umsögn um tillögurnar að aðalskipulaginu til að tryggja að samræmi sé milli svæðisskipulagsins og aðalskipulags sveitarfélaganna. Sú umsögn fer að sjálfsögðu til Skipulagsstofnunar og það er Skipulagsstofnun sem gerir síðan sína tillögu til ráðherra. Þetta er gangur málsins og það er ákaflega einfalt og skýrt og þarf því ekki að velta mikið vöngum yfir því.

Ég held að hv. þm. hafi líka spurt áðan í fyrri ræðu sinni um nánari reglur um starf nefndarinnar og það segir reyndar hér í frv.: „Ráðherra setur samvinnunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.“ Við höfum hugsað það svo að nefndin hafi nokkuð með það sjálf að gera hvernig starfsreglur hennar verða mótaðar í samráði við ráðuneytið að sjálfsögðu. Og enn ítreka ég það að þegar það svæðisskipulag sem nú er í vinnslu, og sú samvinnunefnd sem er að störfum og hefur frest til 1. desember, þegar hún skilar niðurstöðum sínum eftir að hafa farið í gegnum allar þær athugasemdir sem þar liggja núna fyrir fer það til Skipulagsstofnunar. Hin nýja nefnd kemur síðan að málinu þegar hún verður til, verði þetta samþykkt sem ég vona að verði, þá hefur hún tíma til þess eftir áramótin að fara yfir málið og ég ítreka það. Það sagði ég reyndar hér fyrr í umræðunni. Það er ekki ætlast til að hún fari að vinna alla vinnuna upp aftur, búa til nýtt skipulag, taka málið til heildarendurskoðunar heldur að fara yfir það, gera við það athugasemdir, umsagnir, sem fara síðan til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun sendir þær síðan til ráðherra þegar því starfi er lokið. Það eru engin tímamörk á því.

[15:56]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tók vandlega eftir því að hann forðaðist að svara spurningu minni um hvaða ástæður lægju því til grundvallar að hann orði frumvarpstexta sinn þannig að stærstu þéttbýlissveitarfélögin í hans eigin kjördæmi, Akureyri og Húsavík, séu algerlega útilokuð frá því að geta átt nokkra aðild að þessari samvinnunefnd. Þau hefðu ekki verið útilokuð frá því ef hæstv. ráðherra hefði orðað frumvarpstextann eins og hann sagði að ætti að skilja hann, þ.e. að hann gerði ráð fyrir að héraðsnefndirnar kæmu sér saman um tilnefningu þessara fulltrúa, en hann orðar það þveröfugt. Hann orðar það svo að það skuli aðeins vera þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendi Íslands sem hafi þennan rétt. Hvers vegna? Hvaða ástæðu sér hann fyrir því að útiloka Akureyri og sína kæru Húsavík, sjálfan fæðingarstaðinn, Betlehem? Hvernig stendur á því að hann sér ástæðu til að útiloka þessa tvo staði sérstaklega frá áhrifum? Hvað segir hann hérna? Hann segir nánast bara þetta eitt: Ég ætla að framlengja, verði þetta samþykkt, umsagnarfrestinn sem verið hefur vegna þessa svæðisskipulags um einhverjar vikur eða mánuði og síðan ætla ég að gefa samvinnunefndinni rétt á að tjá sig. En þessi eini fulltrúi í samvinnunefndinni sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er að færa Reyknesingum öðlast ekkert meiri rétt en hann hefur nú þegar, því hann hefur nú þegar rétt til þess eins og hver annar Íslendingur að gera athugasemdir við tillögu um svæðisskipulag og hann öðlast ekkert meiri rétt með aðild sinni að samvinnunefndinni sem hv. þm. samdi um. Ég segi nú, virðulegi forseti, er það nú samningur, er það nú samningamaður.

[15:59]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér fór hv. þm. Sighvatur Björgvinsson með ýmsar tölur í upphafi máls síns um að fulltrúinn frá Reykjanesi hefði $^{1}/_{70}$ hluta áhrif. Ég áttaði mig ekki alveg á þeim reikningi en ég fæ kannski betri upplýsingar um það á

eftir. En það er alveg ljóst að þessi leið sem við erum að velja núna, er trygging fyrir því að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðkomu, tveir frá Reykjavík, einn frá Reykjanesi og einn frá Vestfjörðum og það er meira en hægt er að segja um þá leið sem Alþfl. vill fara. Þar eiga að koma að nokkrir fulltrúar, m.a. fjórir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og engin trygging að þeir verði af þessu svæði, þótt maður telji að það verði líklegt, en það er engin trygging. Hér er þó trygging.

Varðandi það hvort þessi nefnd hafi einhver áhrif, er ég mjög sannfærð um að hún mun hafa áhrif. Við erum að horfa til framtíðar. Hér erum við að sjá samvinnunefnd sem á að vinna til framtíðar. Eftir hverjar einustu sveitarstjórnarkosningar á hún að ákveða hvort hún tekur þetta mál upp, skipulagið, og endurskoðar það, bætir það.

Ég var spurð hvort samið væri um einhvern ákveðinn tíma sem þessi nýja nefnd ætti að fá til að skoða núverandi tillögu og vísa í því sambandi í svar sem fram kom áðan hjá hæstv. umhvrh. Ég horfi til framtíðar. Ég horfi ekki endilega á þessa tillögu sem núna er til auglýsingar og ég býst ekki við að gerðar verði miklar breytingar á henni, einhverjar væntanlega en ekki miklar þannig að ekki er verið að tala um að henda þeirri vinnu.

En ég verð að lýsa furðu minni á því hvernig er níðst á manni hér. Hv. þm. fagnaði því að ég kom í salinn en svo er manni ráðlagt að réttast væri að víkja úr salnum aftur. Ég furða mig á þessum málflutningi. Ég er mjög stolt af þessu samkomulagi, lagði mig mikið fram við það og með þrautseigju náðist það fram þannig að ég átta mig alls ekki á því hvernig hægt er að níðast á manni fyrir það.

[16:01]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður tekur íbúa þeirra 42 sveitafélaga sem rætt er um að séu aðliggjandi miðhálendinu, 12 fulltrúa þaðan og tekur síðan íbúafjölda Reykjaness og Reykjavíkur og einn fulltrúa frá hvorum aðila. Þá eru áhrif hvers hinna tólfmenninganna í samvinnunefndinni sjötugfalt meiri en áhrif hvors fulltrúa Reykjavíkur eða Reykjaness. Misvægið í áhrifum og atkvæðavægi er stjarnfræðilega miklu meira en það er við kosningar til Alþingis í dag. En samt sem áður lítur hv. þm. svo á að með þessari samvinnunefnd sé hún búin að ná marki sínu sem hún á sameiginlegt með okkur alþýðuflokksmönnum því þessi samvinnunefnd hafi gert landið að einu kjördæmi þar sem allir hafi jöfn áhrif. Og í þessari samvinnunefnd hv. þm., þar sem landið er eitt kjördæmi, er atkvæðamisvægið sjötugfalt. Og það segir hv. þm. að sé árangur sem hún sé stolt af. Ég spyr hv. þm.: Hefur hv. þm. samþykkt fulltrúa fjórðungs kjósenda Framsfl. sem bakstuðning við þessa lendingu eins og hv. þm. sagðist hafa þegar hún mótmælti óréttlætinu í fyrri tillögu síns eigin ráðherra?

[16:03]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Á þessum stutta tíma síðan samkomulagið kom fram hefur ekki tekist að ná þeim hópi saman. Þessi útreikningur sem hér var borinn á borð fyrir okkur er gjörsamlega fáránlegur. Við erum að tala um 18 manna nefnd og þar er tryggt að einn kemur frá Reykjanesi og hann er fullgildur meðlimur í þessari nefnd, þ.e. einn af 18, það eru áhrifin sem hann hefur þarna inni. Ég vil líka spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson: Hver stóð fyrir þeirri nefnd sem nú er að vinna skipulagið á miðhálendinu? Þar eru 12 menn. Hvernig er hún skipuð? Enginn frá Reykjavík og Reykjanesi og Alþfl. átti frumkvæði að því að skipa þá nefnd. Hvar eru fulltrúar höfuðborgarsvæðisins þar?

[16:04]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og þeir muna sem hlut áttu að því máli var sú nefnd skipuð á grundvelli skýrra lagafyrirmæla sem komu frá Alþingi. Flm. þeirra lagafyrirmæla, eins og þau voru samþykkt á Alþingi, var félmn. Alþingis undir forustu Kristínar Einarsdóttur og með aðild hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Þeir sem mæltu með samþykkt þeirrar niðurstöðu voru sérstaklega þessir þingmenn tveir, bæði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Kristín Einarsdóttir og á grundvelli þessara skýru lagafyrirmæla skipaði ráðherra nefndina eins og Alþingi fól honum að gera. Þannig er nú staða málsins. Kjördæmisráð Framsfl. á Reykjanesi kom því ekkert nálægt þeirri afgreiðslu. En ég vænti þess að það verði nú kallað saman í þinghléinu yfir helgina, kannski strax á morgun á baráttudegi verkalýðsins, til að lýsa blessun sinni yfir hið mikla afrek hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að tryggja það að Reyknesingar fái jafnmikinn rétt til umsagnar á tillögum um skipulag hálendisins og þeir hafa í dag.

[16:05]

**Útbýting þingskjala:**

Lögreglulög, 520. mál, nál. allshn., þskj. 1331.

Tekjuskattur og eignarskattur, 553. mál, brtt. PHB og EOK, þskj. 1332.

[16:06]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta hefur nú verið um margt býsna merkileg umræða. Það verður ekki af henni skafið. Hún er m.a. merkileg vegna þess að meginefni þess frv. sem á dagskrá er hefur verið tiltölulega lítið rætt og ein grein frv. og síðan ákvæði til bráðabirgða og þó ekkert síður önnur frv. sem ekki eru á dagskrá hafa verið aðalumræðuefnið. (Gripið fram í.) Já, og aðrir ráðherrar en hér flytja mál hafa ekki síður verið tilefni umræðna.

Ég ætla að fara hratt yfir sögu og áskil mér rétt til að taka kannski aftur til máls síðar í umræðunni af vissum ástæðum þar sem nokkuð skerðist nú um þann tíma sem við höfum til ráðstöfunar á þessum degi og það er eðlilegt að hleypa fleirum að.

Um efni frv. vil ég fyrst og fremst segja að í því eru nokkur ákvæði sem út af fyrir sig er ástæða til að staldra við og má þess vegna fagna, a.m.k. sumum hverjum. Ég nefni svo dæmi sé tekið ákvæði um að rýmka heimildir sveitarfélaga hvað nafngiftir snertir. Það var í gangi hálfgerður fasismi hvað varðaði nafngiftir á sveitarfélögum, einhver stöðlunarárátta sem var fyrir neðan allar hellur. Þetta var á góðri leið með að útrýma mörgum skemmtilegum nöfnum, m.a. í gegnum sameiningu sveitarfélaga og þær leiðu klisjur að allt skyldi heita byggð eða bær eða eitthvað í þeim dúr var að tröllríða landinu. Það hefði því orðið þvílík flatneskja í nafngiftum á sveitarfélögum innan skamms ef svo hefði haldið sem horfði að ástæða er til að fagna þessu.

Ég held að kaflinn um fjármál sveitarfélaga og ákveðið aðhald í þeim efnum sé af hinu góða og fleira mætti nefna. En í heildina tekið, herra forseti, er það mála sannast að þetta frv. boðar engin stórtíðindi, þ.e. hin almennu ákvæði þess. Staðreyndin er sú, og ég endurtek það sem ég sagði fyrr í dag, að það er heldur metnaðarlítið hjá einum hæstv. félmrh.

þegar í hlut á heildarendurskoðun á jafnmikilvægri löggjöf og lögum um sveitarstjórnir að þar skuli þó ekki koma fram fleira nýtt. Það verður seint sagt að hæstv. félmrh. komist sérstaklega á spjöld sögunnar fyrir þá hugkvæmni sem hann hafi sýnt í embætti og að hann sé sérstaklega frjór og skapandi í sínum stjórnarathöfnum.

Ég eins og aðrir, herra forseti, hlýt að staldra aðeins við það mál sem hér hefur mest orðið til umræðu, bæði vegna þess að það er stórt í sjálfu sér, en líka vegna þess að umræðan hefur öll snúist um það og það er ýmislegt í þeirri umræðu sem ég sé ástæðu til að tjá mig um.

Ég ætla að byrja á að segja, herra forseti, að ég fagnaði því þegar í sjónmáli virtist málamiðlun í viðkvæmu og erfiðu deilumáli sem ég taldi tiltölulega farsæla og skynsamlega, einfaldlega vegna þess að það er mikilvægt úrlausnarefni að ganga brúklega frá stjórnsýslumörkum hvað varðar t.d. skipulagsmál á miðhálendinu eða á hálendi landsins yfirleitt, hvar sem það liggur, og reyna að ná um það skynsamlegri sátt milli helstu sjónarmiða, milli íbúa þéttbýlis og dreifbýlis, milli umhverfisverndarsjónarmiða og nýtingarsjónarmiða o.s.frv. Ég var og er þeirrar skoðunar að með þeirri lendingu sem ég taldi að verið væri að laða fram væri miklu fram náð, þ.e. að ganga frá því þannig að í grundvallaratriðum haldist það skipulag íslenskrar stjórnsýslu að sveitarstjórnir fari með skipulagsmál en samræming á skipulagi miðhálendisins væri tryggð með breytingu á skipulagslögum og aðild allra landsmanna og aðild umhverfisverndaraðila væri jafnframt rækilega tryggð. Og því endurtek ég það að þetta fannst mér og finnst geta verið ágætlega ásættanleg niðurstaða og í sjálfu sér ekki óskynsamlegur frágangur á málinu vegna þess að það er auðvitað eðli málsins samkvæmt kostur ef hægt er að hafa verkaskiptinguna sæmilega skýra í þessum efnum. Þó svo að ég sé í hópi þeirra manna sem hafa á undanförnum árum hugsað mikið um þann möguleika að gera t.d. afmarkað svæði á miðhálendinu að sérstöku verndarsvæði, jafnvel sérstökum þjóðgarði og þar með í reynd að sérstakri stjórnsýslueiningu, þá er mér líka ljóst að sú leið er heldur ekki gallalaus. Sú leið þýðir að einhvers staðar yrðu dregin mörk á milli stjórnsýslulögsögu sveitarfélaga annars vegar og verndarsvæðis þjóðgarðs eða einhverrar nefndar sem fer með málefni miðhálendisins hins vegar. Og það er ekki einfalt mál að draga þau mörk. Það liggur í hlutarins eðli þó notuð sé sú viðmiðun sem nú hefur verið unnið eftir um skeið og á sér ákveðinn sögulegan aðdraganda og í reynd er sú sama og kemur fram í frv. sem dreift hefur verið og er orðið eitthvert frægasta frv. sem ekki hefur enn komist á dagskrá þingsins í allri sögunni, frv. sem ekki má ræða, frv. ráðherrans sem hann sjálfur felldi að yrði rætt. Þar er þetta orðað þannig að miðhálendið sem hugtak — það er auðvitað ákaflega afstætt, ákaflega relatíft. Hvað er miðhálendið? — skuli afmarkast af línu sem er dregin milli heimalanda og afrétta. Svo vill til að ræðumaður hefur grúskað dálítið í þeim málum sem varða mörk af þessu tagi og glímt við það að gera landakort og jarðfræðikort og lesa örnefnaskrár og ræða við gamla bændur og ferðamenn um það hvar svona hlutir liggi. Ég fullyrði það við ykkur hv. þm.: Það er ekki einfalt mál, jafnvel þótt menn setji svona lagað niður á pappír, að draga það inn á kortið hvar nákvæmlega mörkin liggi hringinn í kringum landið milli heimalanda og afrétta. Það er ekki þannig. Ég óttast að þær línur lægju víða býsna sérkennilega miðað við tilfinningu manna og vitund um það hvað þessi hugtök þýða. Í raun og veru eru þau miklu fleiri. T.d. er hugtakið afrétt alls ekkert notað alls staðar eins samkvæmt málvenju. Á sumum svæðum landsins er hugtakið afrétt nánast ekki notað. Þar tala menn um heiðar. Það eru heimalönd og heiðar og öræfi. Þannig er okkur tamt að ræða málið t.d. um norðaustanvert landið og notum mjög lítið þetta hugtak, afrétt. Það eru því kannski þrjú, fjögur hugtök sem þarf þá að reyna að lesa inn í þetta samhengi. Enda hefur það komið á daginn, samanber hið fræga kort sem til varð að mig minnir í ráðherratíð hæstv. þáv. umhvrh. Júlíusar Sólness. Kannski var það aðeins seinna. Kannski að einhver annar ónefndur maður hafi verið orðinn umhvrh. Þá var svona lína dregin á kort og allt varð vitlaust. Menn urðu syngjandi vitlausir þegar þeir sáu að þetta var dregið þvert yfir skýr eignarlönd jarða, yfir miðjar afréttir, þvert í gegnum veiðivötn og guð má vita hvað. Ég segi ekki að þetta hafi lent nokkurs staðar í gegnum mitt hjónarúm eins og heimskautsbaugurinn lá forðum í Grímsey, en við lá að svoleiðis hlutir kæmu út úr þessu. Þetta er því miður, herra forseti, ekki þannig að það sé einfalt mál að draga svona línur á kort. Það jaðrar við að manni detti í hug að það gæti orðið svipað og í Afríku forðum, þegar Evrópumenn bjuggu til landakortið fyrir Afríku og bjuggu til ríki með þeim miklu endemum sem allir þekkja og sú heimsálfa sýpur því miður seyðið af enn þá.

Nei, herra forseti. Mér finnst þessi mál flóknari en hefur verið látið í veðri vaka í umræðunni. Ég endurtek, herra forseti, það er mikilvægt málefni. Það er mikilvægt viðfangsefni og verkefni sem mér finnst að hv. alþm. eigi að taka alvarlega að reyna að lenda þessu máli. Það liggur í hlutarins eðli og ég held að ekki sé deila um þótt umræðan hafi að stórum hluta verið sett þannig upp að auðvitað þurfa allir landsmenn að eiga eðlilega aðild að mikilsverðum ákvörðunum, t.d. hvað varðar skipulag á hálendi landsins, hvað varðar meðferð dýrmætra náttúruperlna og „annarra" meiri og minni sameigna þjóðarinnar. Enda er það þannig.

Hins vegar líkar mér ekki í umræðunni þegar t.d. ákveðnir sjálfskipaðir talsmenn þess sem menn kalla þéttbýlið, og er þá oftast átt við Reykjavík og Reykjanes, leggja hlutina þannig upp að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að sveitarfélögunum og fólkinu á landsbyggðinni sé ekki treystandi fyrir málinu. Það er óþarfi að leggja hlutina þannig upp. Það er engin andstaða við það að eðlilegt samráð sé haft um þessa hluti en ég bið um að það mál sé rökstutt þannig að það sé undir jákvæðum formerkjum en ekki neikvæðum gagnvart hluta landsmanna. Mér hefur sárnað, herra forseti, á köflum hvernig umræðan hefur verið hér gagnvart því að einhverjir vondir menn í sveitarstjórnum hringinn í kringum landið eða sem búi í fjarlægum landshlutum sem liggi inn að miðhálendinu sem bíði eftir því að fá að útiloka Reykvíkinga eða Reyknesinga frá því að njóta hálendisins. Það stendur ekki til að ræna miðhálendinu af Reykvíkingum eða Reyknesingum. Ég veit ekki til að neinn sé með tillögur um það eða að banna þeim umferð eða banna þeim að hafa sjónarmið sín í þessum efnum og koma þeim á framfæri. Ég kannast ekki við þau viðhorf.

Þá finnst mér, herra forseti, að í raun og veru hafi komið fram nokkuð merkilegir og nýir tónar hvað varðar viðhorf til sveitarfélaganna sem stjórnsýslustigs í landinu. Ég segi bara, herra forseti, öðruvísi mér áður brá. Þegar það stjórnsýslustig var mært og það var lausnarorð á öllum vanda að færa til þess verkefni. Var það ekki? Verkefnaflutningur frá ríkinu, frá hinni miklu miðstýringu. Valddreifingin, dreifræðið, lýðræðið sem var falið í því að færa verkefnin til sveitarfé-

laganna og hin skynsamlega forvöltun vegna nálægðarinnar við viðfangsefnin sem fælist t.d. í því að færa grunnskólann til sveitarfélaganna. Hvar eru þessi rök nú? Þegar verkefni eins og skipulagsmál á landi þeirra sömu sveitarfélaga eru til umfjöllunar er þá allt í einu ekki hægt að treysta sveitarfélögunum og því fólki sem í þeim býr eða fyrir þeim ræður en mér hefur heyrst í umræðunni á undanförnum missirum að það væri hægt að treysta þeim fyrir börnunum okkar og láta þau sjá um grunnskólann. Ég undrast þetta nokkuð og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst með öllu ástæðulaust að reka þetta mál á þessum forsendum.

Ég minni líka á það, herra forseti, að þótt gengið sé frá lögsögumörkum hvað varðar skipulagsmál og búinn til samstarfsfarvegur milli sveitarfélaganna um allt land hvað varðar t.d. skipulag hálendissvæða breytir það engu um þá stöðu sem er áfram að Alþingi setur lög, gengur frá hlutum eins og því að tryggja fornan rétt manna til umferðar um landið. Auðvitað. Alþingi mun á komandi árum geta ákveðið að stofna þjóðgarða, þess vegna að gera allt miðhálendið meira og minna að þjóðgörðum þótt lögsögumörk skipulagsmála séu svona. Ekkert er því til fyrirstöðu. Það er því ekki verið að gera einhverjar breytingar í þeim efnum sem hindra að ganga megi frá hlutunum. Ég minni t.d. á tillögu til þingsályktunar, hið merkasta mál sem liggur fyrir þinginu, um að stofna þjóðgarða á miðhálendinu, flutt af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hvað fæli það í sér ef þetta gerðist á næstu árum sem ekki er ólíklegt að mínu mati því áður hefur sá hv. þm. gerst brautryðjandi í umhverfisvernd á Íslandi, og svo um munar og reynst þar framsýnni mörgum öðrum mönnum. Það skyldi ekki vera að í farvatninu væri þróun mála sem þyddi að innan fárra ára væru þrír meginjöklarnir á miðhálendinu og jaðrar þeirra, axlir þeirra og aðliggjandi svæði, orðin að þjóðgörðum. Minnkar þá ekki tilefni þessarar þrætu hér? En eitt af því sem margir hafa tekið til marks um fáránleikann er það að skipulagsmörk sveitarfélaga liggi inn á jökla. Ég segi nú bara, ætli veiti af eins og traffíkin er orðin þar.

Ég bendi á þetta, herra forseti, að þingið getur algerlega óháð þessu á komandi árum tekið ákvarðanir um að gera t.d. jöklana að þjóðgörðum eða gera miðhálendið meira og minna að sérstöku verndarsvæði eins og ég hef t.d. oft hugsað um og var á vissri hreyfingu í tíð minni í ráðuneyti fyrir ekki mörgum árum.

Að lokum, herra forseti, þarf ég að koma að því sem mér finnst hafa einnig verið dálítið miður í umræðunni, að það er eiginlega andinn sem hefur á köflum komið út úr þessari umræðu til þeirra sem búa á landinu og nýta það. Ég verð að segja, herra forseti, alveg eins og er að þegar ég fer yfir þetta í huga mínum tel ég að að breyttu breytanda séu yfirleitt ekki aðrir vörslumenn betri á náttúruauðlindum eða landi en þeir sem búa á því, þekkja það, hafa tilfinningar til þess og nýta það. Það er niðurstaða mín af því að reyna að draga dóma af reynslunni. Ég held að við Íslendingar ættum aðeins að staldra við ef við ætlum innan landamæra okkar að fara að stilla hlutum þannig upp að því fólki sem býr á landinu og nýtir það eða sækir sjóinn og lifir af að nýta þær auðlindir, sé ekki treystandi fyrir þeim. Það þurfi einhverjir aðrir úr fjarlægð að koma og hafa vit fyrir þeim því hvar endar þessi röksemdafærsla? Bíðum við, er þetta ekki akkúrat röksemdafærsla Greenpeace þegar þeir vilja banna okkur að nýta hvali? Þegar fólk í fjarlægum heimsálfum ætlar að blanda sér í það hvernig Íslendingar stunda fiskveiðar sínar?

Ég hef í huganum, herra forseti, verið að velta því fyrir mér hver séu merkustu atburðir í umhverfisvernd og átökum um landnýtingu og þar með í raun hluti sem eru nátengdir skipulagsmálunum, segjum í sögu þessarar aldar eða þar um bil. Hverjir voru það sem stóðu upp til varnar landinu þegar í harðbakkann sló? Hver var það sem stóð til varnar Gullfossi? Var það ekki Sigríður í Brattholti? Voru það ekki ríkir athafnamenn í London, Edinborg og Reykjavík sem ætluðu að virkja fossinn? En það var fólkið við hann sem hafði þær tilfinningar til hans að það stóð upp til varnar honum. Hverjir háðu Laxárdeiluna? Voru það náttúruverndarmenn utan úr heimi? Nei, það voru bændur í Þingeyjarsýslu sem háðu Laxárdeiluna. Þeir menn sem þekktu svæðið, elskuðu það, báru virðingu fyrir því og höfðu taugar til náttúrunnar eins og hún var og vildu ekki fórna henni á altari nýtingar.

Hverjir hafa verið að safna liði á undanförnum árum gegn því sem gæti verið í uppsiglingu sem eitt stórfelldasta umhverfisslys síðari tíma á Íslandi? Áform Landsvirkjunar og fleiri stórgróðamanna um að virkja öll stóru fallvötnin á norðausturhluta landsins, safna þeim saman og sulla þeim öllum saman í einum farvegi niður Fljótsdal. Hverjir hafa staðið upp gegn þeim áformum aðrir en fólkið sem býr á landinu á því svæði?

Auðvitað er það svo að það finnast líka skammsýn sjónarmið og það finnast líka gróðasjónarmið meðal þeirra sem búa á landinu en ég hvet menn til að fara yfir söguna og leyfa a.m.k. því fólki sem á í hlut að njóta sannmælis og ætli það komi ekki á daginn að það reynist líka góðir vörslumenn landsins í hópi þeirra sem búa á því.

Mér hefur á köflum fundist umræðan fara í þann farveg að íbúum þeirra svæða sem liggja að miðhálendinu, forsvarsmönnum þeirra sveitarfélaga, væri alls ekki treystandi fyrir að gegna því hlutverki sem hér er verið að ræða um. Ég heyrði hv. þm. og sérstakan riddara í allri þessari umræðu, Ólaf Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv., taka þannig til orða fyrr í umræðunni að hvort menn ætluðu virkilega að ofurselja þessa aðila valdi sveitarfélaganna og var þá að tala um ýmsa menn sem hefðu gaman af að skreppa á fjöll eða ættu kofa inni á hálendinu. Mér finnst þetta ekki lýsa hugarfari sem ég get skrifað upp á. Mér finnst þetta endurspegla, ég segi ekki fordóma, en a.m.k. vantraust í garð þeirra aðila sem eiga í hlut, kjörinna trúnaðarmanna íbúa sveitarfélaga á viðkomandi svæðum. En ég endurtek það, herra forseti, að það er engin deila um það, a.m.k. ekki af minni hálfu, að þessir aðilar eiga að eiga samstarf við alla landsmenn um þessa hluti. Þetta er akkúrat dæmigert mál þar sem mjög mikilvægt er að tryggja að aðild allra eins og reyndar öll nútímahugsun í skipulagsmálum gerir, samanber andmælarétt íbúa í landinu við skipulagstillögur hvar sem er, og þannig á það auðvitað að vera. Ég hef litið svo á að sú málamiðlun sem hér væri verið að reyna að ná fram, og hún er sjálfsagt ekki gallalaus og hana má örugglega bæta, til að mynda frv. hæstv. umhvrh. sem hefur verið dreift hér. Mér er alveg ljóst að það þarf að laga það frv. till en það er ekkert stórmál og það er hægt að gera. Það er hægt að endurskoða mönnunina í þeirri nefnd, það er hægt að styrkja stöðu hennar og það er örugglega hægt að ná samkomulagi um þá hluti ef vilji er fyrir hendi. Það er það sem málið snýst um að vilji sé til að reyna að lenda þessu stóra og mikilvæga máli á einhverjum farsælum nótum en standa ekki í endalausum málæfingum og reyna ekki endalaust að slá sig til riddara með því sem ég verð að kalla, herra forseti, næstum að segja popúlístísk

sjónarmið, hálfgert lýðskrum, eins og þessar æfingar um það að það sé hneyksli að 70.000 Reykvíkingar eigi ekki hlutfallslega miðað við íbúatölu jafnmarga menn í einhverri nefnd og aðrir. Snýst þetta um jöfnun atkvæða? Er þetta svoleiðis mál? Ég hélt ekki. Mér finnst þetta vera af allt öðrum toga en þeim, herra forseti, sem slík sjónarmið hafa gefið tilefni til að ræða það út frá.

Herra forseti. Að lokum verð ég að segja alveg eins og er að mér urðu úrslit mála í morgun í atkvæðagreiðslu um það að frv. hæstv. umhvrh. yrði tekið fyrir mikil vonbrigði. Ég tel að þar hafi verið stórspillt möguleikanum á að halda áfram að reyna að laða fram einhverja skynsamlega niðurstöðu og sætta menn. Mér er eiginlega alveg óskiljanleg, í fyrsta lagi sú afstaða meiri hlutans en líka sú pólitíska heimska að leyfa ekki því frv. að koma á dagskrá og semja kannski um að það væri rætt í hóflegan tíma og síðan vísað til nefndar og fengi þá að lágmarki að fara til umsagnar í sumar. Hefði það ekki verið lýðræðislegt og í þágu þess að sætta sjónarmið í málinu að allir aðilar hefðu getað skoðað það í sumar og unnið umsögn um málið? Það er alveg ljóst að fjölmargir aðilar eru með eðlilegar og heilbrigðar og heitar tilfinningar í þessu máli. Þeir sem unna landinu, hafa gaman af útivist og ferðalögum og aðilar eins og Ferðafélag Íslands, og að sjálfsögðu íbúarnir á þessu þéttbýlissvæði sem sem betur fer leita í vaxandi mæli á náðir þeirrar lífsfyllingar sem það er að ferðast um landið og njóta þess. Ræðumaður vill meina að hann sé einn í þeim hópi. Ég skrepp á fjöll af og til og hef gaman af, og ég hef nýtt mér fornan rétt minn til frjálsrar ferðar um landið um langt árabil og hef að vísu þá venju að tilkynna landeigendum um ferðir mínar en spyr þá ekki um leyfi, því ég hef það samkvæmt fornum lögum þessa lands. Ég má meira að segja veiða mér til matar ef ég er svangur og skiptir þá engu máli hvort einhver bankinn leigir laxveiðiána eða ekki því ef ég er sannanlega svangur má ég samkvæmt ákvæðum Grágásar draga mér í soðið hvar sem ég er staddur. Slíkur er forn réttur okkar landsmanna til ferða um landið og til að bjarga okkur um matbjargir ef á þarf að halda o.s.frv. Þessi réttur er til staðar og hann er forn og hann er sterkur og það er ekki verið að taka hann af neinum. Það er ekki verið að taka neitt af neinum. Það er hvorki verið að ræna miðhálendinu né nokkrum öðrum hlut af nokkrum manni. Við eigum þetta áfram öll saman og við eigum að vera menn til þess, þingmenn, að koma okkur saman um skynsamlega meðferð þessara mála. Það er mergurinn málsins.

[16:30]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu en ég stenst ekki hér að koma upp og þakka hv. þm. fyrir ræðu hans. Ég var sammála honum algerlega frá upphafi til enda. Það er mjög dapurlegt ef við getum ekki átt samleið við afgreiðslu þessa máls því málefnalegum ágreiningi við hv. þm. er ekki til að dreifa. Ef það er svo að málsmeðferðin hefur orðið til þess að leiðir skilja þá held ég að það mál þurfi að ræða og koma því í þann farveg að við náum þeirri niðurstöðu sem okkur öllum sé fyrir bestu. Ég vil endurtaka að þetta var góð ræða.

[16:31]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að þakka þessi hlýlegu orð og góðar kveðjur, þótt stundum sé sagt að það sé takmarkaður greiði við okkur stjórnarandstæðinga þegar stjórnarsinnar hæla okkur og hrósa fyrir að vera sammála þeim eða öfugt. Ég tek hins vegar undir það með hv. ræðumanni og það er hárrétt að það er dapurlegt ef okkur tekst ekki að verða sammála um þetta mikilsverða mál og leiða það skynsamlega til lykta.

Ég get ekki sannara orð sagt en að ég tel að við í okkar þingflokki, þingflokki Alþb. og óháðra, höfum lagt talsvert á okkur í þessu efni. Við ákváðum að taka þátt í málamiðlun sem var langt frá því einfalt mál fyrir okkur, eða a.m.k. suma í okkar röðum. Ég vil benda á að fulltrúi Alþb. og óháðra í félmn. er Ögmundur Jónasson, þingmaður í Reykjavík. Ég tel að hann hafi risið verulega með því að standa að þeirri málamiðlun þrátt fyrir það að við vitum að það eru mjög blendin sjónarmið og heita tilfinningar um þetta mál í hans kjördæmi og víðar. Þeim mun dapurlegra er að ekki skuli hægt að láta þá hluti halda sem menn töldu sig hafa samið um. Ég skora á stjórnarflokkana að fara aftur yfir það hvort ekki er hægt að snúa af þeirri ógæfubraut sem menn lentu á, sérstaklega í morgun.

[16:33]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni í gær lagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ríka áherslu á að við ættum ekki að skapa úlfúð milli dreifbýlis og þéttbýlis. Mér finnst það rangur málflutningur að ágreiningur um skipulagsrétt og stjórnsýslu sé vantraust á því að sveitarfélög ráði málum sínum í byggð og taki að sér verkefni. Ef þessi athugasemd þingmannsins hefur átt við okkur sem viljum hafa miðhálendið sem sérstakt skipulags- og stjórnsýslusvæði, þá verð ég að bregðast við því.

Mig langar að nefna það að ef tillaga kæmi fram um að Reykjavík ætti að fara með skipulag og stjórnsýslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum, þá mundi ég leggjast heiftarlega gegn því. Í því fælist ekki vantraust á því að Reykjavík geti séð um málefni sín eða þau verkefni sem henni hafa verið falin og mörg önnur verkefni sem ég teldi eðlilegt að væru á vettvangi sveitarstjórnar. Mörg okkar hafa lagt áherslu á að taka eigi afstöðu til þjóðgarða, umferðar um landið, vegamála ýmiss konar, orkumála og annars sem eðlilegt er að stjórnvöld móti stefnu um. Eðlilegt er að móta stefnu um hvernig þessi mál eigi að falla skipulagi sem er verið að skoða. Þetta þarf að gera áður en við stúkum landið upp í stjórnsýslueiningar.

Að öðru leyti get ég tekið undir að margt var gott í ræðu þingmannsins. Staðreyndin er nú sú að öllum er okkur landið afskaplega kært. Málið snýst ekki um það heldur fyrst og fremst hvernig með skuli fara.

[16:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú alveg örugglega rétt að við eigum það öll sameiginlegt að þykja vænt um landið okkar. Þó við getum rifist um margt, þingmenn, er örugglega vonlaust fyrir okkur að ætla að deila um það. Ég vil svara spurningu hv. þm. um það til hvers ég hafi verið að vísa þegar ég taldi að í málflutningi, eins og hann var fram borinn, hafi falist vísun til þess að menn vantreystu sveitarfélögunum og íbúum þeirra svæða sem lægju að hálendissvæðunum til að sjá um stjórnsýslu í þessum efnum. Já, ég var þar að hluta að vísa almennt til málflutnings jafnaðarmanna, það er rétt.

Ég nefndi reyndar aðeins einn hv. þm. á nafn, og það var hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Ég tel að hann hafi gengið

lengst í þessum málflutningi og í raun og veru langlengst. Mér hefur á köflum algerlega blöskrað hvernig sá hv. þm. hefur stillt þessum hlutum upp. Ég tel að sumir talsmenn hv. þm. jafnaðarmanna hafi einnig fallið í þessa gryfju að nokkru leyti. Ég tek skýrt fram að ég er þar ekki að vísa til þess að menn hafi sagt slíka hluti. Mér hefur hins vegar fundist óþarfi, eins og ég reyndi að útskýra, að rökstyðja þá sjálfsögðu og eðlilegu kröfu að Reykvíkingar og Reyknesingar eigi þarna aðild að og þeirra sjónarmið og íbúar þéttbýlissveitarfélaga þannig að það komi út eins og vantraust á aðra íbúa í landinu og aðra landshluta. Það er algjör óþarfi vegna þess að ég held að um þetta þurfi ekki að vera slík deila.

Á köflum hefur þessi umræða því miður verið svo að ómögulegt er annað en fá það á tilfinninguna að þar liggi að baki ákveðið vantraust, ótti við að skammtímanýtingarsjónarmið og græðgi, eða hvað það nú væri, mundi bera ofurliði þá sem eru of nærri þeim hagsmunum. Ég minni t.d. á orðaskipti hv. þm. í gærkvöldi, Ólafs Arnar Haraldssonar og Guðna Ágústssonar.

[16:37]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því algerlega á bug að í málflutningi jafnaðarmanna hafi falist nokkur gagnrýni á dreifbýlið, eða að þar væri á einhvern hátt gert lítið úr því fólki sem þar býr. Ég vil að menn muni að hver einasta fjölskylda í landinu er samsett af hópi fólks sem býr ýmist á þéttbýlissvæði eða í dreifbýli. Það að hafa mismunandi skoðanir á stjórnsýslu eða öðru hefur ekkert með það að gera.

Annað vildi ég líka nefna, virðulegi forseti, sem kom fram í máli þingmannsins þegar hann var að velta fyrir sér hvaða línu ætti að draga milli heimalanda og afrétta. Samvinnunefnd um svæðisskipulag er búin að draga slíka línu og hafi aðliggjandi sveitarfélög eða fulltrúar þeirra fallist á hana, þá hafa þau þegar fallist á þá línu sem gildir milli heimalanda og afrétta. Hins vegar vil ég árétta að engin leið var að fá kort með uppdrætti af þeirri línu í félmn. þótt eftir því væri leitað.

[16:41]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að taka undir það að ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var mjög góð og málefnaleg þannig að allir hér inni hefðu viljað geta flutt hana. Í þessu sambandi vil ég þó segja eitt og það er varðandi þá fullyrðingu að náðst hafi eitthvert samkomulag í félmn. um að breytingar á skipulagslögum yrðu afgreiddar á þessu þingi eða teknar hér til umræðu. Ekkert samkomulag hefur verið gert um það í félmn. og var ekkert samkomulag um að leggja slíka brtt. fram á þessu þingi.

Það hefur svifið yfir vötnunum að eitthvert samkomulag hafi verið í gildi. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvort einstakir nefndarmenn í félmn. hafi rætt þetta við ríkisstjórnina eða aðra, en inni í nefndinni var ekki um þetta rætt og þar af leiðandi engu samkomulagi náð.

Mér heyrðist hv. þm. fjalla um þessi mál nákvæmlega eins og við í meiri hlutanum höfum gert, þ.e. áhrif þessara frv., ef að lögum verða, á skipulag landsins og nýtingu áhugaaðila sem annarra. Ég heyrði að hann var mjög sammála okkar túlkun.

Ég held að það sé misskilningur, a.m.k. hvað varðar félmn., að þar hafi verið eitthvert samkomulag í gangi. Ég velti því fyrir mér hvort í raun sé einhver grundvöllur fyrir því að hv. þm. sé á móti þeim málflutningi sem meiri hlutinn hefur haft uppi í þessu máli. Það er í rauninni ekkert sem skilur okkur að í málinu. Ekki nokkur skapaður hlutur.

[16:41]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það hefur mikið upp á sig að halda áfram umræðum um þetta atriði. Mér sýnist ljóst að niðurstaðan sé sú að ekki hafi verið nægjanlega skýrt milli manna hvernig þessir hlutir voru innsiglaðir í félmn., því miður. Ég vísa auðvitað til þess sem fulltrúar minni hlutans sem að þessu samkomulagi ætluðu að standa hafa sagt, hv. þm. Ögmunds Jónassonar, hvernig hann kynnti mál í okkar þingflokki og hvað hann sagði úr ræðustóli fyrr í dag. Ég vísa til þess sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur sagt og þess sem hún las upp úr nefndaráliti þar sem rætt er um samhliða breytingar, annars vegar á sveitarstjórnarlögunum og hins vegar á skipulags- og byggingarlögunum. Í okkar huga er ljóst að þetta hefur þetta legið þannig. Það kann að hafa verið eitthvað óskýrt að þessir hlutir ættu að verða samferða hér í gegn.

Ég held að hv. þm. skilji að það er erfitt fyrir okkur að standa að hlutunum ef afgreiða á annan hlutann en skilja hinn eftir í fullkominni óvissu. Það er ekki gott að efna hlutina þannig. Ef málum er miðlað þá þarf helst öll málamiðlunin að ganga fram samsíða. Það er löngu þekkt t.d. að í hnífakaupum eða öðru slíku þurfa menn helst að skiptast á hnífum í sömu andrá. Er það ekki?

Ég veit að hv. þm. skilur að því miður er það svo að í kjölfar atburðanna í morgun er grundvöllurinn brostinn fyrir því að standa að þessari málamiðlun og þessari niðurstöðu í því samhengi sem við töldum að hún ætti að vera.

[16:42]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna á að í nál. meiri hlutans kemur fram að meiri hlutinn telur eðlilegt að hálendið verði skipulagt af einni svæðisskipulagsnefnd. Sá meiri hluti sem skrifaði undir án fyrirvara hafði þetta ákvæði með í áliti sínu. Aðrir aðilar úr meiri hlutanum, sem skrifuðu undir álitið með fyrirvara, féllu frá fyrirvaranum þegar þeir sáu brtt. við 12. gr. skipulagslaga. Þá féllu þeir frá fyrirvara sínum. Ég vil bara ítreka að í félmn. var aldrei rætt um neitt slíkt samkomulag. Það kom aldrei til umræðu þar og var því ekki hluti af nál. eða niðurstöðu nefndarinnar á afgreiðslu sveitarstjórnarlaganna. Mér finnst mjög mikilvægt að það líti ekki þannig út að meiri hluti félmn. hafi verið að ganga á bak einhverju samkomulagi sem átti að hafa verið gert. Það var ekkert samkomulag.

[16:44]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er auðvitað erfitt fyrir mig að ræða þetta við hv. þm. þar sem ég á ekki sæti í félmn. Ég held hann verði að taka upp þessi orðaskipti við fulltrúa minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar í félmn. Það verður að komast á hreint milli manna þar, um hvað var samið og um hvað var ekki samið. Ég minni t.d. á að hér kom fram, í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að þeim voru sýnd drög að frv. um þetta efni meðan á vinnu málsins stóð. Hvernig sem á þessu stendur nú öllu saman er auðvitað alveg ljóst að þarna hafa menn skilið hlutina hvor á sinn hátt. Ég var ekki að bera nein svik á fulltrúa meiri hlutans í félmn. eða brigður af einu eða

neinu tagi. Ég tel að þeir atburðir sem urðu í morgun hafi hins vegar klippt á þann þráð sem þarna átti að vera milli manna, um að þessi mál gengju fram samsíða.

[16:45]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið dálítill ljóður á þessari umræðu sem fram hefur farið hér í dag (Gripið fram í.) að hv. þingmenn — já, og undanfarna daga. Það er rétt að halda því til haga — að hv. þingmenn hafa verið að gera því skóna að þau viðhorf sem jafnaðarmenn og aðrir sem fylgja þeim að málum hafa haft frammi byggist á því að við vantreystum sveitarstjórnarmönnum. Þetta er algjör grundvallarmisskilningur og alveg augljóst að menn hafa ekki kynnt sér mikið það mál eða hlýtt mikið á þær umræður sem hér hafa farið fram og dálítið sorglegt, virðulegi forseti, þegar menn eru að reyna að eyðileggja umræðuna með svona innleggjum.

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur tekið á sig svo sérstaka mynd að það þekkist víst ekki í þingsögunni og kannski óþarfi að rekja það sérstaklega. En grundvallaratriðið í málinu hefur verið, og það sem menn hafa náttúrlega einbeitt sér að og rætt sérstaklega, að það er verið að færa lögsögumörk sveitarfélaga inn á mitt hálendi. Og með því er náttúrlega verið að færa sveitarfélögum ákveðnar valdheimildir inn á hálendið.

Það sem deilt hefur verið um í þessu máli og er kjarni þessa er spurningin um það hvernig við fáum best þjónað heildarhagsmunum og komið á heildstæðu svæðisskipulagi fyrir hálendið. Þar takast á tvenn viðhorf, annars vegar viðhorf ríkisstjórnarinnar þess efnis að rétt sé að skipta hálendinu upp í ræmur og að hvert sveitarfélag sem land á að hálendinu fari þar með sinn hluta og hins vegar þeirra sem vilja skipuleggja þetta svæði sem eina heild. Það er nákvæmlega kjarni málsins í þessari umræðu og hefur alla tíð verið. Það að einhver hópur hv. þingmanna hafi þá skoðun að það eigi að skipuleggja þetta sem eina heild felur ekkert sjálfkrafa í sér vantraust á sveitarstjórnarmönnum. Þessi viðhorf eru til háborinnar skammar þeim þingmönnum sem hafa sett þau hér fram, og dæma þá sjálfa meira en málflutningur nokkurra þeirra jafnaðarmanna sem hér hafa flutt mál sitt eða annarra sem eru á svipaðri skoðun.

Ég hlýt í upphafi ræðu minnar, virðulegi forseti, að nefna það aðeins að þetta mál verður ekki rætt nema í samhengi við frv. hæstv. umhvrh. Það er einfaldlega svo að það frv. er einhvers konar samkomulag í þessu sveitarstjórnarmáli og það er gersamlega vonlaust að ræða frv. um sveitarstjórnarmál nema í samhengi við það og þau viðhorf sem þar koma fram þannig að ég mun líkt og fleiri hér halda mig dálítið á þeim nótum. En enn fremur þá held ég, samhengisins vegna, að mjög æskilegt sé að fara vel yfir sögu skipulags- og byggingarmála hér á landi og hvernig sú saga hefur þróast. Það held ég að sé nauðsynlegt til að skýra þá stöðu sem nú er komin upp í þessum málum og við ræðum í dag. Það er nú einu sinni svo að sagan endurtekur sig æ ofan í æ og hún gerir það hér og nú eins og svo oft áður.

Áður en ég kem að því að fara yfir söguna vil ég þó nefna það sérstaklega að vörn hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta þingmanna á Alþingi fyrir því að þeirra eigið mál sé ekki tekið á dagskrá hefur verið sú að málið hafi aðeins verið sett hér fram til kynningar. Þegar hæstv. umhvrh. kvaddi sér hljóðs í umræðunni um sveitarstjórnarlög kom hvergi fram í hans máli að þetta mál væri sett fram til kynningar. Ef ég leyfi mér að vitna í þessa ræðu á stangli þá segir hæstv. umhvrh. aðeins, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að heildstætt skipulag væri eðlilegt á miðhálendinu og mikilvægt að afréttir og þjóðlendur á því svæði verði svæðisskipulögð sem ein heild. Meiri hlutinn vekur í þessu sambandi athygli á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, ...“

Og til þess að koma til móts við þessi sjónarmið þá segir hæstv. umhvrh., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur fallist á að leggja fram frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með þegar áorðnum breytingum, ... Þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafa fallist á að það frv. verði lagt fram.“

Það er því alveg ljóst að frv. hæstv. umhvrh. er fyrst og fremst innlegg í þessa umræðu og samkomulag til þess að reyna að greiða götu sveitarstjórnarfrv. Það verður því ekki rætt nema í samhengi við það, enda er það einu sinni svo að með því að færa lögsögumörk sveitarfélaga upp undir mitt hálendið er þeim fært vald á mjög mörgum málaflokkum á svæðum þar sem þeir höfðu ekki valdið áður. Og það er stóra álitamálið í þessu. Það er verið að færa þeim ákveðnar valdheimildir á svæðum sem þeir höfðu ekki vald áður. Um það snýst þessi umræða fyrst og fremst, þ.e. hvort rétt sé að gera þetta svona eða hvort rétt sé að koma á einni nefnd eða einu stjórnvaldi sem fari með skipulagsmál á þessu svæði.

En eins og ég sagði, virðulegi forseti, í upphafi þá held ég að nauðsynlegt sé samhengisins vegna að rekja sögu skipulags- og byggingarmála hér á landi til að menn átti sig á henni. Sagan endurtekur sig og svo virðist vera í þessu máli sem og mörgum öðrum. Fyrstu lög sem samþykkt voru á Alþingi um byggingarmál voru samþykkt árið 1905. Þá var samþykkt frv. til laga um byggingarsamþykktir. Þessi gömlu frv. eiga það sameiginlegt að þau voru yfirleitt ágætlega unnin og á nokkuð góðu máli og skiljanlegu og það er annað en við hv. þingmenn eigum að venjast í dag þegar við reynum að stauta okkur í gegnum þau frv. sem úr ráðuneytunum koma. Þau eru á einhverju máli sem þrautin er þyngri að skilja.

Í athugasemdum við fyrsta lagafrv. sem samþykkt var um byggingarmál, segir svo, virðulegi forseti, og hefst þá tilvitnun:

„Það er kunnugt, að nú sem stendur, byggir hver í kauptúnunum eins og hann vill, og á hvern þann hátt, er hann vill, ef hann að eins hefur fengið byggingarleyfi eiganda eða umráðamanns jarðarinnar; húsunum er því komið fyrir, eins og hverjum þykir sjer bezt henta, án þess nokkuð sje hirt um götur eða torg, eða að nokkurt samræmi sje milli húsanna, ekkert skeytt um brunahættu eða þesshættar. Það verður því að teljast mjög nauðsynlegt að koma skipulagi á þetta, og það eigi einungis í hinum stærri heldur í öllum kauptúnum landsins, og þegar ný kauptún eru löggilt, ætti það að vera hið fyrsta verk að afmarka bæjarstæðið, gjöra uppdrátt af því og miða niður götur og torg. Stjórnin ætlast til, að gott skipulag komist á í kauptúnunum, ef byggingarnefndir eru settar í þeim, og ef þær hafa fastar reglur til að fara eptir, og hefur því samið frumvarp þetta ...“

Það var nú þannig árið 1905 að þá sáu menn fyrst hversu nauðsynlegt var að hér væri gott skipulag á málunum og að byggðir gætu varla þróast af nokkru viti nema byggðin væri skipulögð eins og best mætti. Það má kannski jafna lýsingunni á því sem þarna kemur fram við það sem er að gerast núna á hálendinu. Nú eru landsmenn farnir að nýta

hálendið í miklum mun meira mæli en áður hefur verið gert og kannski uppgötva miklu meira en áður hversu mikil auðlind felst í hálendinu. Eins og kemur fram í því sem ég las upp áðan, virðulegi forseti, þá töldu menn á þessum tíma nauðsynlegt að skipuleggja byggðir landsins svo að byggðin fengi að þróast eins og best yrði á kosið.

Við stöndum nákvæmlega frammi fyrir þessu á hálendinu núna. Nú er nýting á hálendinu orðin það mikil að til þess að við getum haft þar hönd í bagga með því hvernig þessi þróun verður þá þurfum við að koma skipulagi og böndum á það hvernig við nýtum hálendið. Nú hefur þessi þörf í raun færst frá byggðinni og upp á hálendið þannig að þessu má um margt saman jafna.

En það sem er sérstaklega merkilegt í þessum lögum frá árinu 1905 er að á þeim tíma var sveitarfélögunum falið það hlutverk að gera skipulagsuppdrætti og byggingarsamþykktir þannig að sú skipan sem komst á þessi mál í fyrra, fyrir ári þegar við færðum að fullu skipulags- og byggingarmál til sveitarfélaganna, á sér fordæmi í því hvernig málum var fyrir komið árið 1905. Með því var í raun og veru verið að hverfa aftur til fortíðar. Og þetta er dálítið merkilegt þegar menn skoða þá þróun sem átt hefur sér stað hér landi hvað varðar skipulags- og byggingarmál.

Virðulegi forseti. Mannanna verk eru ekki óskeikul og allt þarfnast endurskoðunar og eins var með skipulags- og byggingarmál hér á landi. Þó að menn vildu vel í upphafi, árið 1905, þá tókst sú skipan sem þar var komið á ekki nægjanlega vel. Á því herrans ári 1920 var því enn lagt fram á Alþingi frv. til laga sem hét frv. til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Því frv. var ætlað að fella úr gildi þau lög sem giltu um byggingarsamþykktir því að á þeim tíma höfðu menn komist að þeirri niðurstöðu að það að sveitarstjórnir skyldu fara með skipulags- og byggingarmál hefði ekki reynst vel. Því þótti ljóst og nauðsynlegt á þessum tíma að breyta því fyrirkomulagi. Það var gert með lögum sem samþykkt voru árið 1920, þ.e. lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Í greinargerð með því frv. er að finna þá röksemdafærslu sem býr að baki því að færa byggingar- og skipulagsmál, sem ekki voru nefnd þeim nöfnum á þessum tíma, frá sveitarfélögunum til ríkisins aftur. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr þingskjali röksemdafærslu þess hvers vegna menn töldu nauðsynlegt á þeim tíma að færa byggingar- og skipulagsmál frá sveitarfélögunum aftur til ríkisins. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þótt lög þessi sjeu betri en ekki neitt," — og er þá verið að vitna til laga frá 20. október 1905 — „sjerstaklega hafi komið því til leiðar, að nokkrir bæir hafi gert byggingarsamþykktir, þá eru þau að miklu leyti bygð á röngum grundvelli. Þau leggja bæjarstjórnum starf á herðar, sem þær eru alls ekki vaxnar, því að það mun sanni næst, að fæstir bæjarstjórnarmenn vita öllu meira um skipulag bæja en t.d. úrsmíði og læknisfræði." — Þetta sögðu menn árið 1920. — „Hefir þetta leitt til þess, að þær hafa algjörlega leitt það hjá sjer að láta gera skipulagsuppdrætti af bæjunum, þótt örfáar undantekningar sjeu," — og er þar vitnað til Akureyrar og Ísafjarðar — „og lögin hafa að þessu leyti eigi náð tilgangi sínum. Lakast er þó, að engin minnsta von var um það, að skipulag bæjanna kæmist í viðunandi horf, þótt lögunum hefði verið stranglega framfylgt, því að það er áreiðanlega ofvaxið hverjum manni, sem ekki hefir staðgóða sjerþekkingu á málinu, að ráða stórlýtalítið fram úr skipulagi bæjar. Reynslan í Reykjavík er órækur vottur þess, og er þar þó um fleiri menn að velja en víðast annars staðar. Þrátt fyrir lög þessi er skipulag bæjanna enn á ringulreið. Byggingarnefndir bæta götum við og marka húsastæði, eftir því sem augnabliksþörf kallar að, án þess að í fullu, rækilegu hugsuðu sambandi sje við heildina. Verður þá oft erfitt að komast hjá því í smábæjum, að hending ein, eða hagur einstakra manna, ráði miklu um skipulagið."

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti, þegar menn rökstuddu það á þeim tíma að færa byggingar- og skipulagsvald frá sveitarstjórnunum aftur til ríkisins. Nú er dálítill endurómur þeirra orða sem sögð voru í þessari gömlu greinargerð: „Þrátt fyrir lög þessi er skipulag bæjanna enn á ringulreið. Byggingarnefndir bæta götum við og marka húsastæði eftir því sem augnabliksþörf kallar að, án þess að í fullu, rækilega hugsuðu sambandi sé við heildina."

Þetta er kannski, virðulegi forseti, röksemdafærslan fyrir því grundvallarviðhorfi sem jafnaðarmenn hafa borið fram á þinginu. Til þess að ná heildstæðu svæðisskipulagi á hálendinu verður að skipuleggja það sem eina heild. Það er ekki skynsamlegt að skipta hálendinu upp í margar ræmur. Þá er hættan sú að hver skipuleggi fyrir sig án tillits til heildarinnar. Í því samhengi þýðir ekkert að vísa til þessa svæðisskipulags sem nú er unnið að, enda hefur hvert sveitarfélag neitunarvald um það. Því er ekki ljóst hvort það komist nokkru sinni á leiðarenda eða verði samþykkt. Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um það, þrátt fyrir að svæðanefndin hafi sem slík unnið ágætt starf og markvisst og ekkert yfir því að klaga.

Ég ætla, virðulegi forseti, að halda áfram með sögu skipulags- og byggingarmála. Þetta frv. sem ég vitnaði til áðan og dugði vel var samþykkt árið 1920 og stóð nánast óbreytt, þó með örlitlum breytingum, til ársins 1964. Þá voru í fyrsta skipti samþykkt sérstök skipulagslög sem fengu það nafn. Það var fyrsta skiptið árið 1964. Í því frv. kemur fram í fyrsta skiptið hugtakið samvinnunefnd. Í athugasemdum við lagafrv. það segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir heimild til þess að skipta landinu í skipulagsumdæmi eftir kjördæmum með sjö manna skipulagsnefnd í hverju umdæmi, sbr. 2.–4. gr. í frv. nefndarinnar. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir, er horfið frá þessari hugmynd. Hins vegar er gert ráð fyrir skipun samvinnunefndar, sbr. 3. gr. frv., þar sem svo hagar til að skipulag eins sveitarfélags verður ekki farsællega ákveðið án þess að tillit sé tekið til skipulagsins í nærliggjandi sveitarfélagi eða fleirum nærliggjandi sveitarfélögum."

Síðar segir, með leyfi virðulegs forseta: „Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir samvinnunefndar séu lokaákvarðanir um skipulagsmál, heldur verði skipulagsstjóri og hlutaðeigandi sveitarstjórn, hvor fyrir sig, að fjalla um málið áður en skipulagsuppdrættir samvinnunefndar geta hlotið staðfestingu ráðherra. Nefndin er því í eðli sínu ráðgefandi nefnd, en þó er ætlast til að hún eigi frumkvæði að gerð uppdrátta, sem vegna staðhátta eru ákvarðandi að einhverju leyti fyrir skipulag í fleirum en einu sveitarfélagi."

Hér er augljóslega á ferðinni, og kemur kannski fyrst fram í þessari sögu, hugsunin á bak við frv. það sem hæstv. ráðherra lagði fram á Alþingi í fyrradag, þ.e. að samvinnunefndin sé fyrst og fremst ráðgefandi en ekki ætlað að hafa frumkvæði. Þá hugsun, sem hv. þm. fengu á sitt borð í formi frv. og hefur fengið nokkuð þokkalega umræðu hér á þinginu, má rekja allt til ársins 1964. Frumlegra en svo er það nú ekki. Þegar tvö ár eru í aldamótin er lausnin á innbyrðis

vandamálum í ríkisstjórninni sótt til þankagangs sem ruddi sér nú til rúms í skipulagsmálum árið 1964 hér á landi. Þó verður að taka fram að skipulagsmál hafa tekið miklum framförum frá þeim tíma þó að ríkisstjórninni hafi kannski ekki hugkvæmst að leita eftir nýjum hugmyndum til þess að leysa úr þeim vandamálum sem hún stendur frammi fyrir. Enda fór það svo, virðulegi forseti, að þau lög sem samþykkt voru 1964 dugðu í 33 ár, þar til ný lög um skipulags- og byggingarmál voru samþykkt í fyrra.

Til þess að skilja samhengið í öllu þessu og þá hugsun sem felst í nýframlögðu frv. hæstv. umhvrh. er nauðsynlegt að skoða örlítið markmiðssetninguna í frv. því sem samþykkt var í fyrra. Þar segir, virðulegi forseti, í athugasemdum að markmið frv. séu, með leyfi forseta:

„1. Einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og aukið frumkvæði sveitarfélaga.

2. Skilgreind eru mismunandi stig skipulagsáætlana: deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Þessi stigsmunur er ekki í gildandi lögum en hefur verið útfærður í reglugerð, að landsskipulagi undanteknu."

Þriðja markmiðið er kannski kjarni málsins: „Frumkvæði skipulagsgerðar (aðalskipulags og deiliskipulags) og ábyrgð er flutt til sveitarfélaga sem er samkvæmt gildandi lögum hjá skipulagsstjórn ríkisins. Því þyrfti ekki að leita heimildar ríkisvaldsins til að auglýsa skipulagstillögu eins og nú háttar til."

Í þessu, virðulegi forseti, kemur fram sú hugsun sem birtist síðan í 3. gr. núverandi skipulags- og byggingarlaga, að frumkvæði til þess að gera svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag er fyrst og fremst hjá sveitarfélögunum. Aðrir hafa ekki frumkvæði. Sú nefnd sem nú á að setja á laggirnar hefur því í raun ekkert hlutverk. Henni er ekki ætlað að hafa neitt hlutverk, annað en það að veita umsagnir um aðalskipulag. Önnur verkefni eru henni ekki ætluð.

Það kemur skýrt fram í lögunum að frumkvæðið í breytingum á svæðisskipulagi er hjá sveitarstjórnum og þeirri nefnd sem koma á á fót og átti að vera hin stóra sátt milli andófsaflanna innan ríkisstjórnarflokkanna og umhvrh. Í henni er ekki að finna neitt bitastætt, því miður.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið þessa sögu til þess að menn átti sig á ástæðum þess að skipulags- og byggingarmál eru komin í núverandi horf og hvernig það samræmist þeirri sáttargjörð sem hæstv. umhvrh. bar inn í þingið í fyrradag. Ég held að það sé nauðsynlegt, til þess að átta sig á þessari sáttargjörð, að menn geti séð málið frá upphafi, hvernig það hefur þróast í gegnum tíðina og hvaða viðhorf hafa verið uppi hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt, virðulegi forseti, ætla ég að fara næst í margumrætt frv. hæstv. umhvrh. og reyna að rökstyðja, betur en ég hef gert hingað til, hvernig sú sáttargjörð sem þar er lögð fram sé á engan hátt viðunandi fyrir okkur jafnaðarmenn og aðra þá sem eru þeirrar skoðunar að ekki muni nást þjóðarsátt um skipulag á hálendinu nema þar fari nefnd eða ráð sem hafi veruleg áhrif á nýtingu hálendisins. Öðruvísi verður ekki þjóðarsátt. Það þýðir ekkert að koma með heimatilbúna nefndarskipan úr Framsfl. og bera hana fram sem einhverja sáttargerð. Það er engin sátt og getur aldrei falist í slíku.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að reyna að fara betur yfir þetta frv. og reyna að rökstyðja betur þær fullyrðingar sem settar hafa verið fram um það að þetta frv. sé á engan hátt til þess fallið að skapa þjóðarsátt um stjórnun, skipulagningu og nýtingu hálendisins. Ef við næðum sátt um það með einhverjum hætti væri kannski hægt að ná hér sögulegum sáttum milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það væri nú ekki lítið ef hæstv. umhvrh. legði sín lóð á þær vogarskálar að ná þar sögulegum sáttum. Það væri bautasteinn sem hæstv. umhvrh. gæti verið stoltur af.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara aðeins yfir þetta frv. til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem, eins og ég sagði í upphafi máls míns, er óhjákvæmilegt að komi til umræðu í tengslum við sveitarstjórnarfrv. sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi segir þar, virðulegi forseti, í 1. mgr. 1. gr.:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild."

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór ágætlega yfir það hér áðan, þegar hann sagði að þessi lína yrði ekki dregin þannig að um hana verði alger sátt. Það er alveg ljóst. Miklar deilur eru og hafa verið um hvar beri að draga þessi mörk. Enn fremur er hugtakið „afrétt" ekki notað alls staðar á landinu. Þannig að strax í 1. mgr. þessa frv. er ljóst að það verður mjög erfitt í framkvæmd og nánast ómögulegt.

Því verður jafnframt að halda til haga, virðulegi forseti, að samkvæmt gildandi lögum, og það er engin ætlun að breyta því með þessu frv., verður ekkert svæðisskipulag samþykkt nema hvert einasta sveitarfélag, sem land á að hálendinu, samþykki svæðisskipulagið. Með öðrum orðum hefur hvert einasta sveitarfélag, rúmlega 40 sveitarfélög, sem aðild eða land á að hálendi Íslands, neitunarvald um það hvort samþykkt verði svæðisskipulag af hálendinu eða ekki. Það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá.

Þess vegna er alveg ljóst, virðulegi forseti, að allt tal um svæðisskipulag er marklaust þar til fyrir liggur að öll 42 sveitarfélögin sem land eiga að hálendinu samþykki það.

Núna er sú svæðissamvinnunefnd, sem skipuð var 1993, að fara yfir þær umsagnir sem henni bárust. Eftir því sem ég kemst næst er henni ætlað að ljúka störfum 1. des., hæstv. umhvrh., og þá mun hún skila tillögum til skipulagsstjóra. Þar til fyrir liggur hvort hvert einasta sveitarfélag samþykki þetta svæðisskipulag þá er í raun og veru tómt mál að tala um að hér verði eitthvert svæðisskipulag. Það er kjarni málsins hvað varðar 1. mgr.

Í 2. mgr. þessa frv., sem kynnt var í fyrradag segir svo, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum."

Síðan heldur áfram þar sem fram kemur hvernig manna eigi nefndina og það hefur komið fram í umræðunum og kannski ástæðulaust að rekja það frekar. En það staðfestir a.m.k. að til skuli vera nefnd sem eigi að hafa þetta nafn. Það að nefndin sé til fyllir þingmenn stjórnarliðsins sjálfstrausti um að eitthvað gott muni hún sennilega láta af sér leiða því að henni eru ekki falin nein verkefni. Ofurtrú á nefndaskipan í öllum málum er í raun og veru að verða verulegt lýti á samfélaginu. Nú þegar hefur komið fram að hæstv. umhvrh., sem einnig gegnir starfi hæstv. landbrh., hefur skipað frá því að hann kom í landbrn. — og liggja nú ekki fyrir upplýsingar um umhvrn. — tæplega sjötíu nefndir á tæplega tveimur og hálfu ári, því að fyrirspurnin varðaði aðeins, að mig minnir, 1. júlí 1997. Á rúmlega tveimur árum hefur hann skipað tæplega 70 nefndir og hér skal bæta einni við.

En í 3. mgr. frv., virðulegi forseti, er komið að því að fela nefndinni verkefni og það er ekki lítið sem hún á að gera. Ég held að nauðsynlegt sé að lesa það:

„Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim."

Það er ekkert annað, virðulegi forseti. Sáttargjörðin er þá slík að búið er að skipa nefnd sem á að gefa umsögn um aðalskipulagið. Andófsöflin fallin frá fyrirvörum, allt fallið í ljúfa löð því að það er komin nefnd. (**Gripið fram í:** Er það ekki vel að verki staðið?) Virðulegi forseti. Ég kem kannski nánar að því síðar en vissulega felst í þessu ákveðin snilld, að snúa andófsöflunum af villu síns vegar með því að láta þá hafa nefnd, og það ekki litla nefnd, 18 manna nefnd. Það er aldeilis hægt að arranséra því að koma vinum og kunningjum í nefnd, átján stykki, vesgú. Það er ekki lítið.

En verkefni fær hún engin. Það er því aðalatriðið að þarna sé góður félagsskapur 18 manna en önnur verkefni fær hún ekki en að veita þessa umsögn ef sveitarfélögin hafa haft frumkvæði að tillögu að aðalskipulagi.

Síðan kemur í 4. mgr. 1. gr. þessa frv., virðulegi forseti, eitthvað sem er mjög erfitt að skýra, og reyndar menn hafa reynt að skýra og beina fyrirspurnum til hæstv. umhvrh. Ég ætla að halda áfram og beina þeirri fyrirspurn til umhvrh. Ég beindi þeirri spurningu m.a. til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem ég held að sé oft á tíðum best lesinn og manna fróðastur um þessi mál. Hann treysti sér ekki til þess að svara því hvað hæstv. umhvrh. hafi dottið í hug að láta þessa nefnd gera. Hann gat ekki séð það.

Ég ætla að lesa 4. mgr. í þessari grein sem er um margt mjög merkileg:

„Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið."

Virðulegi forseti. Það kom fram greinargerð sem ég las og fylgdi núgildandi lögum að „allt frumkvæði að breytingum á svæðaskipulagi, deiliskipulagi og aðalskipulagi er hjá sveitarfélögunum." Það er alveg klárt. Það er sérstök markmiðslýsing í því frv. sem samþykkt var í fyrra, þar kemur fram að þetta frumkvæði er hjá sveitarfélögunum og í 3. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram að þetta frumkvæði er þar. Frumkvæði að breytingu á þessum skipulagslögum er hjá sveitarfélögunum og engum öðrum. Það er kjarni málsins.

Í því ljósi verðum við að skoða þá stórkostlegu setningu sem hér stendur:

„Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið."

Er verið að breyta gildandi lögum? Er verið að færa frumkvæðið að því frá sveitarfélögunum til þessarar nefndar, eða hvað þýðir þessi setning? Er þetta snilldin sem sneri andófsöflunum frá villu síns vegar? Birtist hún þarna, virðulegi forseti? Birtist hún í því að fela einhverri nefnd að endurskoða eitthvað sem hún hefur ekki heimild til þess að endurskoða vegna þess að frumkvæðið er hjá allt öðrum aðilum?

Þegar ákvæðin eru skýrð saman kemur á daginn að þetta er algjörlega marklaust. En á þetta hoppuðu a.m.k. tveir þingmenn með fyrirvara, sem verða nú væntanlega varla kallaðir annað hér eftir en þingmennirnir með fyrirvarann, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Ég kem reyndar nánar að því á eftir, virðulegi forseti.

Ég hef kannski gert fulllítið úr þessari nefnd vegna þess að henni er þó falið eitt hlutverk til viðbótar við það sem ég hef hér farið orðum um og það hlutverk er að finna í 2. gr. þessa frv. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a, á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess."

Það merkir að um það svæðisskipulag sem nú er unnið að og verið er að skoða umsagnir um og nefndin á að klára fyrir 1. des. fær 18 manna nefndin umsagnarrétt og má gefa álit. En það er tímabundið. Það er bara varðandi þetta eina svæðisskipulag. Hún hefur því a.m.k. tímabundið verkefni, að gefa álit um þetta.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, og er mér ekki hlátur í hug, að ég verð að taka ofan fyrir hæstv. umhvrh., eða hverjum þeim sem tókst að selja andófsöflunum þessar hugmyndir og telja þeim trú um það að með því móti yrði komið til móts við þá fyrirvara sem þeir hafa gert og fram koma í meirihlutaáliti félmn. sem ég er með hér hjá mér og ég held að það sé nú alveg nauðsynlegt á þessum tímapunkti ræðunnar að fara aðeins yfir. Því hver sem seldi þeim þessa hugmynd á mikið hrós skilið. Hann á mikið hrós skilið og kæmi mér í sjálfu sér ekkert á óvart þó lyfjafyrirtækin mundu kannski reyna að fá gen úr þeim manni og selja þau á ófriðarsvæði heimsins. Því að maður sem nær samkomulagi með ekki meira í höndunum en þetta (Gripið fram í.) hefur mikið til brunns að bera, virðulegi forseti.

Hæstv. umhvrh. hvarf nú úr sal en ég vænti þess að hann komi fljótlega og get svo sem haldið áfram ræðu minni en mun væntanlega kalla eftir honum.

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar ræðu minni að fara yfir þann fyrirvara sem hv. þm. Pétur H. Blöndal og Siv Friðleifsdóttir höfðu á áliti meiri hluta félmn. Ég held að það sé nauðsynlegt í ljósi þess sem við höfum farið yfir að lesa þennan fyrirvara. En þar segir, með leyfi forseta:

„Pétur H. Blöndal og Siv Friðleifsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og vilja að fram komi að þau telja rangt að skipta skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins upp milli 42 sveitarfélaga sem í mörgum tilvikum ganga þvert á landslagsheildir, svo sem jökla, hraunbreiður, sanda og gróðurbelti. Réttara væri að miðhálendið, svæði innan línu dreginnar milli heimalanda og afrétta, væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í ákvörðun um það skipulag."

Þetta eru nokkuð skýr fyrirvari, virðulegi forseti, og hefur augljóslega það sama markmið og þingmenn jafnaðarmanna hafa talað fyrir í umræðunni, að nauðsynlegt sé að samræma og ná heildstæðu svæðaskipulagi á miðhálendinu. Það er nákvæmlega sama markmið og þingmenn jafnaðarmanna hafa sett fram. En það hefur komið fram í umræðunni, virðulegi forseti, að þau eru fallin frá þessum fyrirvörum. Þau eru fallin frá þeim. Á hvaða forsendum? Jú, það er komin nefnd. Það er komin nefnd í málið. Átján manna nefnd. Að vísu verkefnalaus en það er komin nefnd. Hv. þm. með fyrirvarann um heildstætt svæðaskipulag falla frá því af því að það var komin nefnd sem hefur fengið heitið Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins. En þetta er nú það sem þau hoppuðu loksins á þegar þau áttuðu sig á því.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það að menn gangi frá jafnskýrum fyrirvörum og þarna kemur fram, tveir hv. þm. falla frá fyrirvörum eins og þarna kemur fram, á grundvelli þessa hér, segir okkur ekki nema eitt. Segir okkur það eitt — og gengur nú í salinn hv. þm. með fyrirvarann, (**PHB:** Var með fyrirvarann.) sem var með fyrirvarann og hoppaði á þessa snilldarhugmynd hæstv. umhvrh. gefur okkur aðeins þá tvo möguleika, að annaðhvort hafi þau ekki skilið um hvað málið snýst, ellegar þá að þeir tveir hv. þm. hafi tekið þá ákvörðun að hoppa á það sem þau hafa talið vera pólitískt skynsamlegt, hafi velvilja landsmanna, þ.e. meiri hluti landsmanna fylgi þeim viðhorfum, og þau hafi viljað vera þar. Einhverja bakþanka hafa þau fengið því að um leið og fyrsta bjarghring var ýtt á flot hoppuðu þau á hann þó að það hefði ekkert með þann fyrirvara að gera sem þau settu fram í félmn. Menn hafa í þessari umræðu leyft sér að setja það fram að viðhorf, sem jafnaðarmenn hafa m.a. haft uppi, séu lýðskrum, en ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég held að ekkert í þessari umræðu komist nær því að vera lýðskrum en þegar þessir tveir hv. þm. falla frá skýrum fyrirvara á grundvelli þess sem ekkert er. Það er alveg augljóst að þeim hefur liðið illa úti í horni og þau hefur vantað bjarghring til að komast til byggða.

Ef það eitt að skipa 18 manna verkefnalausa nefnd dugir þeim til þess að falla frá þessum fyrirvara, virðulegi forseti, þá hefur ekki verið djúpt á sannfæringunni í málinu.

Það er í raun og veru, virðulegi forseti, dálítið sorglegt, bara sorglegt þegar menn berrassa sig svona gersamlega eins og þessir tveir hv. þm. hafa gert í þessu máli. Satt best að segja hef ég engan sérstakan áhuga á að halda áfram umræðu um þetta, um nákvæmlega þennan fyrirvara og hvernig menn hafa fallið frá honum vegna þess að þetta er bara sorglegt og þinginu til vansa. Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti.

Ég sagði í upphafi máls míns að ágreiningurinn í þessu máli er fyrst og fremst sá hvort skipta eigi þeirri auðlind sem miðhálendið er upp í ræmur og fela einstökum sveitarfélögum að skipuleggja það eða hvort skipuleggja eigi þetta sem eina heild. Um það snýst ágreiningurinn. Hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara þá leið sem birtist í sveitarstjórnarlögum þar sem lögsagan er færð inn á miðhálendið og með því móti eru þeim færð þau réttindi sem sveitarfélög hafa og þær valdheimildir sem þau hafa í ákveðnum málaflokkum, þar á meðal í skipulags- og byggingarmálum. Þegar við ræðum þetta verðum við að ræða þetta út frá þeim forsendum að sveitarfélögin hafa algert frumkvæði og ráða öllu skipulagi, hvort sem er svæðaskipulag, deiliskipulag, eða aðalskipulag. Á þeim forsendum geta þau skipulagt þessi svæði, hvert eftir sínu höfði. Það er einfaldlega þannig. Allt tal um annað er ekki í samræmi við raunveruleikann, því miður, virðulegi forseti. Og nákvæmlega á þeim stað er ágreiningurinn milli þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið færð fram. En ég frábið mér, eins og fram hefur komið í ræðum margra hv. þm. sem hér hafa talað, að þau sjónarmið sem við höfum sett fram og byggja á því að nauðsynlegt sé að hálendið sé skipulagt sem ein heild byggi á einhvers konar vantrausti á sveitarstjórnarmönnum í landinu. Það er alveg fráleitt og til þess eins fallið að reyna að drepa vitræna umræðu um málið.

Virðulegi forseti. Ég hef farið hér yfir sögu skipulags- og byggingarmála í nánast heila öld og ekki notað til þess nema u.þ.b. 50 mínútur og ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég held að menn gerist ekki miklu gagnorðari, að fara yfir næstum heillar aldar sögu á tæplega 50 mínútum. Ég held að sú yfirferð sem ég hef farið í sé til þess fallin að skýra þetta mál enn betur þannig að menn átti sig á því að um þá leið sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara getur ekki orðið nein sátt eins og hún er lögð upp og áframhaldandi deilur munu vera með þjóðinni um skipulag hálendisins.

[17:34]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hér hlýtt á mjög gagnmerka og frekar stutta ræðu hv. þm. miðað við það sem gengur og gerist á þessum drottins degi. Hún var ekki nema 50 mínútur og ég þakka fyrir það hvað hv. þm. var gagnorður. Enn og aftur spyr hann um fyrirvara minn og enn og aftur verð ég að svara nákvæmlega því sama og vona ég að í þetta skipti fari þetta nú að síast inn.

Fyrirvarinn gekk út á það númer eitt að hálendið yrði skipulagt sem ein heild, og númer tvö að fulltrúar allra landsmanna tækju þátt í ákvörðun um það skipulag. Fyrst var rætt um að hæstv. ráðherra kæmi með yfirlýsingu en svo kom upp enn betri lausn sem fólst í því að hann lagði fram frv. til að sýna þinginu vilja sinn í þessu máli og það er algerlega fullnægjandi að mínu mati, því þar er gert ráð fyrir að samvinnunefnd verði skipuð sem í eigi sæti fulltrúar meira að segja búsettir í Reykjavík og á Suðurnesjum sem fjalli um svæðisskipulag miðhálendisins. Hún er ekkert verkefnalaus, ekki aldeilis. Hún fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins. Þetta er ekki verkefnalaus nefnd og það er meira að segja gert ráð fyrir að kostnaður við hana sé greiddur úr ríkissjóði, þannig að hún á að kosta eitthvað. (**Gripið fram í:** Ég veit það nú ekki.) Og að loknum sveitarstjórnarkosningum á þessi nefnd að endurskoða svæðisskipulagið og auk þess á svæðisskipulagið að færast inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga, svo verkefnið er nú aldeilis og það er aldeilis búið að tryggja að íbúar landsins, fulltrúar allra íbúa landsins komi að þessari nefnd og þessu skipulagi, miklu betur en í tillögum jafnaðarmanna sem hv. þm. er jú hluti af og talar alltaf um sem „við", þar sem gert er ráð fyrir að eingöngu ríkisstarfsmenn komi að nefndinni.

[17:36]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hlý orð hv. þm. í minn garð þess efnis að ræðan hafi verið gagnmerk sem ég og tel, en ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan. Fyrirvarinn sem hv. þm. höfðu í áliti meiri hluta félmn. var skýr, skynsamlegur og mjög skýr. Sú nefnd sem á að setja á laggirnar hefur ekkert hlutverk, virðulegi forseti, ekki af því það kemur ekki fram í því frv. sem þarna liggur frammi heldur verður að lesa skipulags- og byggingarlögin í heild til að átta sig á því að hún er verkefnalaus. Ég ætla að lesa upp fyrir hv. þm. 2. mgr. 3. gr. skipulags- og byggingarlaga:

„Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana."

Þær geta fjallað um alla skapaða hluti, fundað hvenær sem er. Það kemur skýrt fram í þessum gildandi skipulags- og byggingarlögum að frumkvæðisrétturinn og það að gera svæðis-, aðal-, og deiliskipulagsáætlanir er í höndum sveitarstjórna. Eins og ég segi, ég vil bara enn og aftur ítreka aðdáun mína á hæstv. umhvrh. að geta selt þessum hv. þm. þá hugmynd því það er alveg ljóst að þessi nefnd hefur ekki og hefur aldrei verið ætlað neitt hlutverk í að gera deili-, svæðis- eða aðalskipulagsáætlanir.

[17:38]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Með því að fjalla um svæðisskipulag verður nefndin virk. Henni er ætlað að fjalla um það og það sem meira er, að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefndin hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Það er nú ekkert annað. Þannig að hún er ekkert óvirk. Þetta er ekki nein óvirk nefnd. Hún á að vera virk. Að loknum sveitarstjórnarkosningum á hún að setjast niður og endurskoða svæðisskipulagið, hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið þannig að hún er virkilega virk og hefur frumkvæði. Hún er auk þess skipuð fulltrúum frá þéttbýlinu sem ég tel alveg vera fullnægjandi. Að mínu mati er þetta miklu betri lausn en sú lausn sem jafnaðarmenn lögðu til þar sem umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félmrh. tilnefna fulltrúa ásamt forsrh. í nefnd til að fjalla um skipulagið og það er á engan hátt tryggt með því að fulltrúar þéttbýlisins, fulltrúar hinna landlausu komi að því máli.

[17:39]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan að í dag gætu þeir aðilar sem hugsanlega fá sæti í þessari skemmtilegu nefnd sent inn sínar umsagnir ef ætti að breyta svæðisskipulagi þannig að það að setja á fót nefnd til að gefa álit er algerlega ástæðulaust. Ég get tekið undir með hv. þm. Árna Mathiesen sem sagði að það væri kannski skömminni skárra að hæstv. ráðherra bæri þá sjálfur ábyrgð á skipun slíkrar nefndar heldur en að fá það tilnefnt sérstaklega í lögum. Ég vil líka ítreka það, virðulegi forseti, að í gildandi lögum er kveðið skýrt á um að það var markmið þeirra laga að frumkvæði að aðal-, svæðis- og deiliskipulagi væri hjá sveitarstjórnum. Það er markmið þeirra laga. Það kemur skýrt fram í þeim lögum þannig að þessi nefnd má fjalla um alla skapaða hluti en hefur ekki möguleika á að hafa frumkvæði að einu eða neinu. Ég vil enn fremur ítreka að ekkert svæðisskipulag verður samþykkt og engu svæðisskipulagi verður breytt nema sveitarfélögin sem eiga aðild að hálendinu samþykki það hvert um sig. Það er bara einfaldlega þannig, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Það á að skipuleggja allt sem eina heild.) Það getur vel verið að menn ætli að skipuleggja allt sem eina heild, það verður bara ekkert svæðisskipulag fyrr en öll sveitarfélögin hafa samþykkt þetta. Þetta er einfaldlega ákvæði í skipulags- og byggingarlögum. Þetta er bara þannig og það að selja þessum andófsmönnum þessa hugmynd er snilld. Rakin snilld.

[17:40]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka ágætum þingmanni sem lauk ræðu sinni áðan fyrir gott yfirlit um sögu skipulagsmála á þessari öld. Spurning hvort tímasetningin að taka eina kennslustund í það núna, nokkurn veginn u.þ.b. kennslustund, 45–50 mín., hafi verið rétt tímasetning. Það hefði kannski verið hægt að gera það síðar þegar þingið er ekki í svo miklum önnum eins og nú er. Annað vakti athygli mína í ræðu hv. þm., hversu honum virðast hafa verið hugleikin þau ummæli einstakra þingmanna að viðhorf alþýðuflokksþingmannanna í þessari umræðu lýsi vantrausti á sveitarstjórnarfólkið. Það er eins og það hafi eitthvað komið við kaunin á einhverjum. Ég hygg að ýmsir séu nú samt sem áður þeirrar skoðunar að varla sé hægt að hlýða á þessa umræðu öðruvísi en velta slíkum hlutum fyrir sér.

En það sem mig langaði sérstaklega að benda hv. þm. á er að hann fjallaði um að það yrði erfitt að koma sér saman um þessa línu sem markaði svokallað hálendi þar sem segir í frv. sem hér hefur verið lagt fram, með leyfi forseta:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild."

Í þeim lögum sem núv. svæðisskipulagsnefnd miðhálendisins vinnur samkvæmt segir að svæðið markist í aðalatriðum af línu sem dregin sé milli heimalanda og afrétta.

Sú stefna var mótuð í lögunum frá 1993 sem lögð voru fram af hæstv. þáv. umhvrh., þingmanni Alþfl. og unnið hefur verið samkvæmt því við gerð svæðisskipulagsins, þannig að það liggur fyrir og það sem hér er lagt til er nákvæmlega það sama og þá var samþykkt og löggjafinn hefur nú þegar samþykkt.

Mig langar aðeins líka að benda hv. þm. á af því hann veltir því mjög fyrir sér hvort hin nýja svæðisskipulagsnefnd hafi yfir höfuð eitthvert umboð miðað við það sem segir í 3. gr. núv. skipulags- og byggingarlaga um að sveitarstjórnir annist gerð svæðis- og aðalskipulags. (Forseti hringir.) Ég sé, hæstv. forseti að tíma mínum er lokið. Ég kem kannski að þessu í seinni tíma mínum til andsvars.

[17:43]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki þátt í að setja þá löggjöf þar sem samþykkt var að þessi lína skyldi dregin. Hitt sem ég átti við þegar ég sagði að það yrði mjög erfitt að ná samkomulagi um þessa línu er, til ítrekunar því sem ég sagði áðan, að svæðisskipulagið verður ekki samþykkt nema öll sveitarfélögin samþykki það. Hafi náðst um það sátt hvar þessi lína skuli dregin er það í raun og veru mjög merkilegt því sennilega hafa nú fáar íþróttir verið stundaðar hér meir á árum áður en landamerkjadeilur og hver á hvað og hvað sé hvurs. Hafi menn náð um það samkomulagi við öll þau sveitarfélög sem eiga land að hálendinu er það mjög merkilegt og því ber að fagna.

Hins vegar, virðulegi forseti, datt hæstv. umhvrh. í þá gryfju sem margir aðrir hafa dottið í í þessari umræðu að halda því fram að þótt hv. þm. jafnaðarmanna hafi lagt á það áherslu að skipuleggja þurfi þetta svæði sem eina heild og til að geta nýtt þetta svæði sem best og skipuleggja það sem best sé nauðsynlegt að skipuleggja það sem eina heild. Það felur ekkert í sér vantraust á sveitarstjórnarmenn og ég bara bið menn að hætta þessari „þvælu", virðulegi forseti, að vera að setja svona viðhorf fram í þessari umræðu.

[17:45]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Landamerkjadeilum er nú sennilega ekki lokið með íslenskri þjóð. Það þættu a.m.k. söguleg tíðindi ef það hefði gerst. Hitt er annað mál og ég ítreka það að svæðið sem þessi svokallaða svæðisskipulagsnefnd miðhálendisins er nú að skipuleggja er afmarkað og um það hefur náðst samkomulag. Og hafi það farið fram hjá hv. þm. þá er líka í öllum tilvikum samkomulag um stjórnskipuleg svæðismörk milli sveitarfélaga að einu svæði undanskildu, þ.e. Þórsmörk. Um allt annað er samkomulag, ef hv. þm. veit það ekki.

Ég ætla aðeins að ræða við hann um hlutverk svæðisnefndarinnar samkvæmt hinu nýja frv. Í 3. gr. skipulags-

og byggingarlaganna segir eins og hann hefur margbent á: „Sveitarstjórnir annast gerð svæðisskipulags."

Í 6. gr. segir einnig, með leyfi forseta: „Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna." Og enn síðar í þeirri grein: „Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda ..." o.s.frv. Þannig að hér er gert ráð fyrir að skipulagsnefndirnar geti verið sameiginlegar fyrir fleiri sveitarfélög.

Í 12. gr. segir, með leyfi forseta: „Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili." Síðar í þeirri grein segir: „Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skulu viðkomandi sveitarstjórnir meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulagið. Verði tekin ákvörðun um endurskoðun fer um málsmeðferð eins og um nýtt svæðisskipulag sé að ræða."

Sjálfsagt er ekki rétt af manni sem hefur ekki mikið lögfræðilegt vit og er ekki löglærður að hreykja sér hátt og deila við lögfræðinginn sjálfan um það að þegar sett er ákveðin grein inn í þessi lög um svæðisskipulag og sérstaka nefnd til að fjalla um svæðisskipulag á miðhálendinu sem fær ákveðið verkefni, er auðvitað ljóst að hún hefur til þess fullt umboð samkvæmt heimild löggjafans. Það getur verið að það megi segja að það vanti í fyrri greinar þar sem fjallað er um að sveitarfélög geti haft samvinnu o.s.frv., samanber þó nánar ákvæði í hinni nýju væntanlegu grein. Ég kann það ekki. Það getur lögfræðingurinn sjálfsagt skýrt betur fyrir okkur. En það er alveg ljóst að þá fær hin nýja nefnd lögskipað hlutverk og vinnur það eins og henni ber að gera, tekur málið til endurskoðunar eftir hverjar kosningar og vinnur auðvitað í umboði þeirra sveitarfélaga sem að nefndinni standa.

[17:48]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hæstv. umhvrh. þurfi ekki að vera með þá uppgerðarhógværð að hann þekki ekki til þessara mála. Kjarni málsins er einfaldlega þessi: Þessari nefnd hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að hafa nokkur áhrif á skipulagsmál, hvorki svæðisskipulag né annað. Henni er ætlað að vera umsagnaraðili og henni hefur aldrei verið ætlað að taka nokkurt vald frá sveitafélögum í skipulagsmálum. Við eigum að tala um hlutina eins og þeir eru, virðulegi forseti, en ekki eins og æskilegt sé að þeir væru og jafnvel hugsanlegt að hafa þá ef einhverjum eða öllum öðrum greinum í lögunum yrði líka breytt. Af hverju kemur það þá ekki fram í frv. að hugsanlega hefði mátt breyta bróðurpartinum af öðrum greinum í lögunum? Þetta er náttúrlega málflutningur sem dæmir sig sjálfur.

Ég held það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, svona í lokin á þessari umræðu við hæstv. umhvrh. að vitna til 13. gr. skipulags- og byggingarlaga og bið ég hann að hlýða á mál mitt:

„Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það."

Hver einasta sveitarstjórn sem land á að hálendinu hefur því neitunarvald um það hvort svæðisskipulag verður samþykkt og menn eiga ekki að setja það fram hér sem röksemdafærslu að það að skipa einhverja verkefnalausa nefnd hafi eitthvað með það að gera hvernig svæðisskipulag á hálendinu verður.

[17:49]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir það sögulega yfirlit sem hann flutti. Ég tel það alltaf til bóta að sögunni sé haldið til haga. En það breytir ekki því að hv. þm. sagði í ræðu sinni að það væri ekki og yrði ekki sátt um þá leið sem tillagan um breytingu á skipulags- og byggingarlögum gengur út frá. Ég spyr hann á móti: Heldur hann að það verði einhver sátt um tillögu þingflokks jafnaðarmanna um þá skipan sem þar er á ferð? Ég held nefnilega hreint ekki. Eins og ég rakti í minni ræðu við upphaf þessarar umræðu var ég á þeirri skoðun og er og hefði talið æskilegast að einhvern veginn hefði verið hægt að setja sérstaka stjórn yfir eitthvað sem við mundum koma okkur saman um að skilgreina sem miðhálendið. En ég komst að þeirri niðurstöðu eftir ítarlega skoðun að það væri ekki framkvæmanlegt. Ég held að það mundi kosta mjög mikil átök við sveitarfélögin sem eiga land að miðhálendinu og hafa haft þar nýtingarrétt um aldir. Ég held að slíkt mundi kosta mikil átök og jafnvel langvarandi málaferli. Ég sló því fram, þótt ég sé ekki viss um að sú spurning standist, hvort slík stjórnsýslueining stæðist hreinlega stjórnarskránna. Ég held að þetta sé afar flókið mál og vil því ítreka að sú leið sem við reyndum, en því miður hefur tekist jafnklaufalega og raun ber vitni, var tilraun til að ná sáttum og ég vona svo sannarlega að menn muni áfram reyna að vinna eftir þeim brautum.

[17:51]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kjarninn í deilum manna í þessu máli snýst um hvort komið verði á heildstæðu svæðisskipulagi á grundvelli þeirra tillagna sem hæstv. ríkisstjórn hefur borið fram eða hvort nauðsynlegt sé að gera það á einhvern annan hátt. Sú sáttaleið sem reynd var og hæstv. umhvrh. bar inn á þingið í fyrradag, því þetta er nú þriðji dagurinn sem við ræðum þetta mál, er engin sátt. Það er ekkert efni í því frv. Þeirri nefnd, þar sem fleirum er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að með setu í þeirri nefnd, er ekki fengið neitt hlutverk. Henni eru ekki fengin nein verkefni. Verið er að setja á fót einhvers konar málamiðlunarnefnd sem, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, tókst að selja einhverjum andófsöflum í stjórnarflokkunum á ótrúlegan hátt. Ég tel mjög mikilvægt að það komi í ljós hverjum tókst að selja þessa hugmynd því þetta er eitthvert mesta afrek sem hér hefur verið unnið. En það er alveg ljóst að engin sátt verður með því að skipa nefnd sem hefur engin verkefni því tekist er á um það hvort það takist að ná heildstæðu svæðisskipulagi með því að skipta landinu upp í ræmur eða hvort það eigi að gera þetta öðruvísi. Það verður engin sátt um að skipa nefnd sem er verkefnalaus.

[17:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum auðvitað eytt tíma í að teygja og toga þann texta sem var lagður fram. Ég held að í rauninni séu allir sammála um að hann sé gallaður. Það er alveg ljóst að það þarf að vinna hann betur og það þarf að ná sátt um það. Ég er hins vegar ósammála því að hér sé um að ræða einhverja nefnd sem verði verkefnalaus. Það stendur skýrt og greinilega í því frv. sem ekki fæst rætt, með leyfi forseta:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild."

Það skal gert. Og hver á að gera það? Hver á að annast það verk? Það er auðvitað þessi nefnd. Þessi nefnd á að vinna verkið þótt það hafi síðan þá leið sem gerð er ráð fyrir í lögunum. Þingmaðurinn ætti að kynna sér þá vinnu sem hefur verið unnin á undanförnum árum af nefndinni sem í rauninni er að vinna drög að þessu verki og er búin að gera drög að skipulagi sem reyndar er ekki heldur sátt um. Það komu býsna miklar athugasemdir t.d. á fundum félmn. frá aðilum sem ekki eru alveg sáttir við það sem þar er verið að gera. (**Gripið fram í:** Í lögskipuðum farvegi.) Já, í lögskipuðum farvegi. Hér er því í raun kveðið fastar að og ein meginbreytingin sem felst í þessari tillögu er sú að það skal gera svæðisskipulag. Í núgildandi lögum er aðeins heimild til þess. Hér er því verið að kveða fastar að og mér þykir þingmaðurinn gera heldur og allt of lítið úr þessari tillögu. En ég ítreka enn og aftur að ég er svo sannarlega reiðubúin til að vinna þetta verk betur ef það má verða til þess að a.m.k. fleiri verði sáttir. Ég átta mig vel á því að hér er um grundvallarafstöðu að ræða í þessu máli og ég virði það. Hins vegar er þetta mál af því tagi að afar brýnt er að reyna að ná sátt sem að sem flestir geta sætt sig við.

[17:55]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að mjög nauðsynlegt er að um þetta náist sátt. Það er nákvæmlega það sem þarf að gerast þannig að friður skapist um þessi mál. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Kannski er það svo að þetta útspil hæstv. umhvrh. hafi bara verið fyrsta skrefið í því að reyna að ná sáttum í þessu máli og kannski má breyta þessu þannig að nefndin fái raunveruleg verkefni og sé raunverulegt mótvægi við sveitarfélögin sem hafa samkvæmt lögum frumkvæði að því að gera deiliskipulag, aðalskipulag og svæðisskipulag. Það er alveg klárt. Það kemur fram í lögunum. Þau þurfa að samþykkja hvert fyrir sig svæðisskipulagið þannig að við skulum ekkert ganga að því gruflandi að eins og þetta lítur út í dag er nefndin algerlega áhrifalaus og verkefnalaus. En kannski var þetta fyrsta innlegg hæstv. umhvrh. til að reyna að ná sáttum í þessu máli og ef svo er þá segi ég bara: Það er vel.

[17:56]

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 478. mál, nál. allshn., þskj. 1327; brtt. allshn., þskj. 1328.

Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, 300. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1341.

Búnaðarlög, 368. mál, nál. landbn., þskj. 1324; brtt. landbn., þskj. 1325.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 436. mál, nál. landbn., þskj. 1299; brtt. landbn., þskj. 1300.

Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, 403. mál, nál. allshn., þskj. 1333.

Hámarkstími til að svara erindum, 405. mál, nál. allshn., þskj. 1334.

Meginreglur umhverfisréttar, 704. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1339.

Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, 38. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1340.

[17:58]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það mál sem við erum að ræða, frv. til sveitarstjórnarlaga, er heildarlöggjöf um sveitarstjórnir og leysir af hólmi þann lagabálk sem í gildi hefur verið. Þetta frv. var unnið af nefnd á vegum félmrh. og segja má að þrjú meginatriði í frv. séu breytingar frá núgildandi löggjöf. Í fyrsta lagi er það sem hefur verið hvað umdeildast, að skipta landinu í sveitarfélög, framlengja sveitarmörk inn á miðhálendið, þ.e. ákvæði í 1. gr. frv. og í tengslum við það ákvæði til bráðabirgða. Það er fyrsta atriðið í þessu frv. sem felur í sér breytingu frá núgildandi lögum. Í öðru lagi eru kosningalög sveitarstjórna felld úr lagabálkinum en um þau mál hafa verið sett sérlög. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á skyldum sveitarfélaga um upplýsingar um fjármál og kveðið skýrar á um hvernig félmrn. geti komið að málum ef sveitarfélög eiga við alvarlegan fjárhagsvanda að etja.

Það vekur athygli þegar frv. er skoðað, og það hefur ekki breyst mikið í meðförum þingnefndarinnar, að það felur ekki í sér kerfisbreytingar. Eiginlega eru skipulagsmálin eina atriðið í þessu frv. sem hefur reyndar verið deilt mjög mikið um og þá sérstaklega skipulagsmálin á miðhálendinu. Það ágreiningsefni hefur mest verið rætt um og er vitaskuld breyting frá því fyrirkomulagi sem við höfum núna en að öðru leyti er löggjöfin mjög í anda fyrri löggjafar um sveitarstjórnir. Ekki er farið inn á neina nýja þætti í sambandi við sveitarstjórnir, stjórnsýslu þeirra, verkefni, stærðir, fundafyrirkomulag, lýðræðislegri stjórnarhætti og ýmislegt fleira sem er m.a. hægt er að telja til í umræðu um sveitarstjórnir í nágrannalöndunum og hefur að hluta til fundið farveg í löggjöf þeirra landa. Oft og tíðum byggir það á því að auka lýðræðislegan þátt í störfum sveitarfélaga, gefa íbúum betra tækifæri til að koma að málefnum sveitarfélags síns.

Ég tel, herra forseti, að það sé miður, að úr því að löggjöf um sveitarstjórnarmál var endurskoðuð, og nefndarstarfið búið að taka á annað ár, auk þess sem hugmyndir hafa verið á kreiki fyrr um þetta mál, að menn skyldu ekki leggja til stærri breytingar en raun ber vitni, bæði í frv. og einnig þegar skoðaðar eru breytingartillögur meiri hluta félmn. Nokkrar aðrar breytingar eru í frv. sem ég vil geta um. Þær eru ekki mjög stórar. Þó vil ég gera nokkrar þeirra að umtalsefni. Ég kýs í upphafi máls míns að fjalla nokkuð um þætti sem hafa lent aðeins til hliðar í umræðunni.

Eitt jákvætt er í þessu frv. miðað við fyrri löggjöf, þ.e. að sveitarfélög hafa sömu stöðu, sama hve margir búa í þeim. Ég tel skynsamlegt að sveitarstjórnarstiginu sé ekki misskipt eftir því hve margir íbúar eru í einstökum sveitarfélögum. Breytingar um nafngiftir sveitarfélaga, sem hafa verið gerðar nokkuð að umtalsefni, læt ég liggja milli hluta. Vitaskuld er þetta allt álitamál en eins og þingheimur veit voru afgreidd lög um þann málaflokk sem tengist þessu að hluta til. Það er ætíð viðkvæmt hvað menn kalla sveitarfélög sín og við höfum einmitt séð marvísleg vandamál varðandi þann þátt þegar sveitarfélög hafa verið sameinuð á undanförnum missirum. Satt best að segja, herra forseti, hafa sést nafngiftir á sveitarfélögum sem hefðu mátt missa sín. En það er eins og fleira, nöfn venjast, og vafalítið munum við verða sátt við allar þær nýju nafngiftir sem hafa komið í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna þegar fram líða stundir.

Atriði í frv. víkja að starfi sveitarstjórna, um hæfi sveitarstjórnarmanna, kjörgengi starfsmanna, útfærslu á fyrsta fundi sveitarstjórnar. Þetta eru allt saman minni háttar ákvarðanir, eru til skýringar og skerpingar á reynslu og til bóta að endurbæta lagabálkinn með þeim atriðum en er ekki þess eðlis að um það ættu að vera mjög skiptar skoðanir.

Hins vegar eru einna mikilvægast í frv. fyrir utan skipulagsmálin á miðhálendinu ákvæði sem lúta að fjármálum og fjárhagslegri stjórnun í sveitarfélögum og ég mun víkja að þeim aðeins betur síðar.

Kæruleiðir eru samræmdar stjórnsýslulögunum en ein af ástæðunum fyrir því að hafist var handa við að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina voru einmitt ný stjórnsýslulög. Það hefur orðið að fara yfir marga lagabálka í lagasafni okkar, einmitt út frá þeirri löggjöf og er það vel. Í frv. er kveðið á um með hvaða hætti menn geta kært ákvarðanir til ráðherra.

Það hefði mátt fara í endurskoðunina á sveitarstjórnarlöggjöfinni með aðeins djarfari framsetningu en nefndin gerði. Hún var undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar og við þekkjum að hv. þm. er ekki mikið fyrir skarpar beygjur í því sem horfir til framfara. Það kemur því e.t.v. ekki á óvart að endurskoðun og starf í nefndinni hefur mótast af mjög varkárum sjónarmiðum, e.t.v. sjónarmiðum sem eru einum um of íhaldssöm, einfaldlega vegna þess að það er fjölmargt í stjórnun hin síðari missiri, bæði á hinum fræðilega vettvangi og einnig í reynd sem hefur víða um heim fengið samsvörun í löggjöf og reglum í sambandi við stjórnarfar almannavaldsins með einum eða öðrum hætti.

Þannig hefði t.d. mátt fara í IV. kafla frv., sem fjallar um nefndir, ráð og stjórnir, og stytta þar verulega ákvæði þar sem gert er ráð fyrir byggðaráðum og hlutverki þeirra. Ekki svo að skilja að það sé ekki gott og blessað að hafa ákvæði um slíka þætti, heldur hefði lagaramminn getað verið miklum mun einfaldari en hér er lagt til og ekki gerðar breytingar í nefndinni og hefði það verið til skýrleika við lagasetninguna. Það er ekki gert og það er eitt dæmi um að stytta mátti löggjöfina verulega án þess að draga úr vægi hennar í nokkrum atriðum eða gildi hennar sem lagaramma fyrir sveitarfélögin.

Vert er að vekja sérstaka athygli á nokkrum ákvæðum. Það er t.d. í 73. gr. frv. Ég ætla ekki, herra forseti, að fara yfir allar greinar frv. Þær eru rúmlega 100 svo það hlýtur að vera til bóta að ég byrjaði á 39. gr. og hljóp svo yfir á 73. en 73. gr. frv. er mikilvæg vegna þess að hún fjallar um ábyrgðir sveitarfélaga. Því miður hefur þetta kannski ekki fengið þann hljómgrunn í umræðunni sem vert væri. Þó minnist ég þess að einstaka þingmenn hafa gert þetta að umtalsefni en við þekkjum það að einmitt ábyrgðir og fyrirkomulag ábyrgða í sveitarfélögum hefur margoft kallað á veruleg vandræði þeirra og að hluta til hafa rúmar lagaheimildir leitt til þess að sveitarfélög hafa lent í fjárhagslegum örðugleikum.

Í 73. gr. sem er reyndar að mestu leyti samhljóða núgildandi lögum er þó fellt niður það ákvæði að sveitarstjórn geti veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingu sem hún metur gilda. Við þekkjum það, herra forseti, í umsýslu fjölmargra sveitarfélaga að þau hafa oft og tíðum leiðst til þess að gefa einfaldar ábyrgðir. Oft hefur þetta verið til að bjarga atvinnuástandi eða atvinnufyrirtæki sem hefur verið þungamiðja á hverjum stað. Oft hefur þetta gengið upp og hin fjárhagslega endurreisn hefur tekist en síðan þekkjast einnig dæmi um að þetta hefur lagst með miklum þunga á viðkomandi sveitarfélög og við þekkjum dæmi um slík vandamál sem eru óleyst í dag.

Rökin fyrir þessu eru reyndar sett fram til að vernda sveitarfélögin fyrir sjálfum sér, ef svo má að orði komast, og setja þrengri ramma. Rökin eru m.a. þau að slíkar ábyrgðir geti raskað samkeppnisstöðu og að því leytinu getur slík ábyrgðaveiting af hálfu sveitarfélaga brotið í bága við EES-samninginn. Þetta er eitt af þeim dæmum sem við þekkjum úr þjóðlífi okkar þar sem við höfum ekki veitt því nógu mikla athygli að aðgerðir sem leiða til samkeppnisröskunar eru ekki heimilaðar og eiga ekki að vera heimilaðar. En það er svo merkilegt með okkur að fjölmargt af því sem horfir til bóta í fjármálaheiminum höfum við ekki fundið upp hjá okkur sjálf heldur urðum við að taka það með EES-samningnum, hugmyndir sem alls staðar er litið á sem sjálfsagðar. Að því leytinu er þetta ákvæði þó til bóta, hvort sem þakka má það EES-samningnum eða því að menn hafi frekar slæma reynslu af þessu ákvæði, þá er a.m.k. sá kaleikur tekinn frá sveitarfélögunum að veita slíkar ábyrgðir.

Einnig er nýmæli í frv. að eftirlitsnefnd er skipuð til að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Hér lítur þetta nokkuð vel út en auðvitað vaknar sú spurning, sem er ekki dregin fram í frv., hvort fjármálaleg afskipti af sveitarfélögum ættu ekki að vera á forræði fjmrn. en ekki félmrn. Nú er fjmrn. innheimtuaðili fyrir mestan hluta tekna sveitarfélaganna. Tekjuskattur einstaklinga rennur til að mynda að meiri hluta til sveitarfélaganna þótt fæstir geri sér grein fyrir því en nettóáhrif tekjuskatts einstaklinga, útsvarshlutinn sem rennur til sveitarfélaganna, er stærri upphæð en sem endar í ríkissjóði. Vitaskuld hefði því mátt varðandi þessa fjárhagslegu tengingu ríkis og sveitarfélaga draga fjmrn. meira inn í umræðuna en gert er í þessum lögum. Vitaskuld eru alltaf vandkvæði í slíku með verkaskiptingu ráðuneyta en ýmislegt í þessu frv. og þessari löggjöf ber þess merki að hugmyndafræði fjmrn. og ríkisfjármála, sem er vitaskuld þróaðasta hugmyndafræði í fjármálum almannavaldsins hér á landi, hefur ekki fengið að leika um þessa löggjöf eins og vera skyldi.

Nefna má að ákvæði í frv. um endurskoðun, bókhald og annað slíkt eru í sjálfu sér í lagi. Hins vegar hefði átt að vísa almennt til laga sem gilda um þessa þætti og eru til góðar löggjafir um, um ársreikninga fyrirtækja, um endurskoðun og margt, margt fleira þar sem eru ákveðnar skyldur og enginn vandi að fella sveitarstjórnir að þessari almennu umgjörð í stað þess að hafa í þessum lögum nokkuð stóran kafla sem fjallar um sömu atriði.

Herra forseti. Við eigum vitaskuld að reyna að hafa sem almennasta löggjöf á þeim sviðum þar sem því verður við komið. Vitaskuld eru atriði eins og bókhald og reikningsskil sveitarfélaga í engu frábrugðin almennu bókhaldi og reikningsskilum, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða ríkisstofnanir.

Þess má geta að nú nýlega hefur verið afgreidd ein merkasta löggjöf síðari ára á hinu háa Alþingi. Það var gert í fyrra með löggjöf um fjárreiður ríkisins. Þar er kveðið á um mjög svo skipulögð vinnubrögð á sviði ríkisfjármála.

Ég sakna þess nokkuð að sú hugmyndafræði komi ekki með skýrar fram í þessari löggjöf. Að baki eftirlitsnefndarinnar sem hér er sett á laggirnar til að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga, sem nokkurs konar yfirfrakki, býr góð hugsun. Vitaskuld eiga sveitarfélögin að gæta sjálf að sínum fjármálum. Þau gera það vissulega en við höfum allt of mörg dæmi um að fjármál ýmissa, sérstaklega smærri sveitarfélaga, hafa farið úr böndunum og því er þessi eftirlitsnefnd sett upp. Ég hefði hins vegar, eins og ég nefndi, kosið að menn veltu fyrir sér hvort slíkt eftirlit gæti ekki verið af hálfu fjmrn., jafnvel samvinnuverkefni fjmrn., félmrn. og t.d. ríkisendurskoðunar sem heyrir jú undir Alþingi. Þetta er atriði sem vert hefði verið að hugsa um í nefndarstarfinu við undirbúning frv. og

e.t.v. hafa þessir þættir verið ræddir ítarlega í hv. félmn. Það má vel vera þó mér sé ekki kunnugt um að nákvæmlega hafi verið farið ofan í þessi atriði.

Í 81. gr. frv. er kveðið á um samvinnu sveitarfélaga. Þar eru ákvæði rýmkuð nokkuð þannig að þetta er með almennara orðalagi. Ég tel þetta til bóta eins og annað, m.a. í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Brtt. meiri hlutans gera ekki neinar sérstakar kerfisbreytingar á þessu frv. nema sem viðvíkur aðaldeiluefninu. Reyndar ekki tekið á því, þ.e. skipulagi á miðhálendinu, sérstaklega í þessu frv. Með ákvæði til bráðabirgða er það þó lagað að frv. um þjóðlendur sem bíður afgreiðslu. Það er fyrst og fremst með ákvæði um að byggðanefnd skeri úr um ágreining á miðhálendinu. Aðrar brtt. meiri hluta nefndarinnar eru nú ekki veigamiklar.

Rætt er um að byggðarmerki, skjaldarmerki sveitarfélaga, skuli skráð hjá Einkaleyfisstofu. Um það er ekkert að segja. Ég held að það sé skynsamlegt að festa í lög að menn njóti verndar með sín skjaldarmerki. Skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga eru fjölskrúðug flóra og menn hafa gaman af sínu merki. Merkjahefð á sér djúpar rætur þótt hér á landi sé ekki hefð fyrir slíku. Hér er um að ræða útlent fyrirbæri sem í meginatriðum var tekið upp á seinni tímum. Látum vera þótt mönnum þyki vænt um sitt merki og þá er ekki verra að hafa það skráð þannig að aðrir geti ekki nýtt það.

Við 7. gr. frv. er brtt. Ég er, herra forseti, aðeins að velta vöngum yfir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., meiri hluta félmn. — Mér er eitthvað tamara að ræða um efh.- og viðskn. en hv. félmn. Ég vona að þeir ágætu þingmenn sem þar eiga sæti misvirði ekki slíkt mismæli.

Breytingar eru gerðar varðandi arðgreiðslu fyrirtækja í sveitarstjórnum. Það er mikilvægt að fjalla um því að mörg af fyrirtækjum sveitarfélaga, þá sérstaklega á orkusviði, hafa verið mikilvægur þáttur í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. Við þekkjum fjölmörg dæmi um sterk fyrirtæki sem hafa getað stutt vel við sín sveitarfélög. Reykjavíkurborg er ekki hvað síst kunnug á þessu sviði þó fjölmörg önnur sveitarfélög hafi búið að sterkum fyrirtækjum. Með brtt. nefndarinnar er kveðið skýrar á um þessa þætti, þ.e. að fyrirtækin geti greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur gefið tilefni til þess. Hér eru tekin af öll tvímæli um útfærslu þessa.

Lagt er til að þegar um miklar fjárfestingar er að ræða, það er nýmæli, að verði skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna á reikningsárinu. Hér er gert ráð fyrir að þá verði lögð fram sérstök umsögn um fjárfestingaáætlunina. Þetta er vitaskuld til bóta, herra forseti, en þetta ákvæði hefði þurft að orða miklu skarpar og skýrar.

Hér hefði hugmyndafræðin um fjárreiður ríkisins t.d. getað komið að gagni og reyndar bara almenn löggjöf sem gildir um lagafrv. á Íslandi sem á rætur að rekja til laga nr. 13/1979, þ.e. Ólafslaga. Þar var kveðið á um að hverju stjórnarfrv. verði að fylgja kostnaðaráætlun þegar frv. er lagt fram. Þetta þekkjum við þingmenn, að í hverju frv. og þar á meðal þessu frv. er umsögn fjmrn. um útgjaldaþætti frv. Það er lagaskylda að hverju lagafrv. þurfi að fylgja kostnaðaráætlun, þ.e. áhrif þess á kostnað ríkissjóðs. Það er galli að ekki skuli einnig vera lagaskylda til að láta tekjuáætlun fylgja frv. Það eru hins vegar góð vinnubrögð að láta kostnaðaráætlunina fylgja og þau eru, ef ég man rétt, skv. 20 ára gömlum lögum. Vitaskuld hefði mátt útfæra þessa hugsun, þ.e. faglegri vinnubrögð við fjárfestingar sveitarfélaga, skýrar en meiri hluti nefndarinnar gerir. Þó skyldi ekki vanmeta það að sú breyting sem þeir leggja til er í rétta átt. Þetta, herra forseti, er samt sem áður dæmi um það að hin þrauthugsaða hugmyndafræði ríkisfjármála hefur ekki enn náð nægjanlega mikilli fótfestu í sveitarstjórnarumhverfinu.

Enginn má skilja orð mín þannig að hægt sé að yfirfæra allt sem viðkemur ríkisfjármálum eða fjármálum fyrirtækja yfir á fjárhagslegan rekstur sveitarfélaga. Það væri allt of mikil einföldun. Hins vegar er hægt að læra ýmislegt af því umhverfi og hefði mátt gera vinnu nefndarinnar sem undirbjó frv. nokkuð nútímalegri en raunin virðist hafa orðið. Það er miður, herra forseti, að þingnefndin skuli ekki hafa gert veigamiklar breytingar á frv. eins og það liggur fyrir.

Eitt atriði er fellt niður, sögulegt ákvæði. Það er 100. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga um fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð. Sveitarfélagsfyrirtæki með takmarkaða ábyrgð var barn síns tíma þegar sveitarfélög ráku fyrirtæki sem ekki voru hefðbundin bæjarfyrirtæki heldur sett upp með takmarkaðri ábyrgð. Þau voru ekki hlutafélög heldur voru þau bastarðar í íslensku fyrirtækjaumhverfi. Ég man t.d. eftir því að þegar Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var og hét, þá var hluti af þeim rekstri, togarinn Júní, núna Venus, rekinn í sérstöku félagi með slíkri takmarkaðri ábyrgð. Ég held að svona félög séu ekki rekin lengur. Nú nokkuð mörgum árum eftir að þau hafa gegnt hlutverki sínu er þessi nauðsynlega lagahreinsun gerð. Þó er vert að hugsa til baka og rifja upp sögulegar ástæður þess að þetta ákvæði var áður í lögum. Það var á þeim tíma að bæjarfélög og sveitarfélög tóku miklu virkari þátt í atvinnulífinu en þau gera núna, þ.e. með hreinni eignarþátttöku.

Ég hef nú, herra forseti, farið yfir nokkur þeirra atriða sem e.t.v. hafa ekki fengið nægjanlega mikla umfjöllun í umræðu um þetta frv. Aðaldeilumálið hefur snúist um aðra þætti, þ.e. skipulagsmálin í tengslum við miðhálendið. Að aflokinni þessari umfjöllun um meginatriði frv. og brtt. meiri hlutans, auk þess sem ég hef varpað fram ábendingum sem menn gætu haft í huga ef til frekari endurskoðunar þessara laga kæmi, finnst mér tímabært að snúa sér að því efni sem verið hefur hvað umdeildast í þingsölum.

Hér er átt við það sem kemur fram í 1. gr. frv. um að landið skiptist í sveitarfélög. Mörk þeirra eru framlengd til jökla og sveitarfélögin eiga að fara með stjórnsýsluna á þessu svæði. Þó eru ákveðin tengsl við þjóðlendufrv. sem hér á eftir að ræða. Hins vegar ekki hægt að ræða þetta mál án þess að hafa í huga hið þekkta frv. umhvrh. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Það er óaðskiljanlegur hluti þessarar umræðu eins og þingmenn vita. Það er afskaplega óþægilegt, herra forseti, að ræða þessar greinar frv. án þess að víkja að efni frv. sem ekki er tekið til formlegrar afgreiðslu hér. Það skiptir svo miklu máli í nefndarstarfinu. Ég vil af vanþekkingu minni spyrja hæstv. forseta hvort það sé ekki þinglegt, þrátt fyrir að málið sé ekki formlega í umræðu, að gera að umræðuefni, í tengslum við þetta frv., atriði úr hinu frv. Er nokkuð athugavert við slíkan málflutning?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti gerir engar athugasemdir við það.)

Ég þakka forseta fyrir að gera ekki athugasemdir við að ég tengi í mál mitt nokkuð efnisatriðum frv. sem því miður fær ekki nauðsynlega þinglega meðferð. Um það hafa menn tekist á hér fyrr í dag.

Meginatriði sveitarstjórnarfrv. er vitaskuld að sveitarfélögin fara með stjórnsýslulegt vald á sínu svæði, þar á meðal skipulagsvald. Nú eru skipulagsmálin einungis hluti af stjórnsýslunni. Þau eru hins vegar mjög mikilvægur hluti af stjórnsýslunni á miðhálendinu, einfaldlega vegna þess að vegna fámennis, fárra bygginga og vegna lítillar umferðar reynir ekki eins mikið á aðra stjórnsýsluþætti þótt slíkt verði vitaskuld svo í framtíðinni. Má þar nefna hluti eins og lögreglumál, umferðarmál og margt fleira en skipulagsmálin eru samt almennt talin vera eitt aðalatriðið í stjórnsýslu sveitarfélaga og á það bæði við sveitarfélög í þéttbýli og í dreifbýli og ég tala ekki um mikilvægi skipulagssviðsins þegar kemur að miðhálendinu.

Í útfærslu félmn. í tengslum við þetta frv., og margsinnis hefur verið vikið að því í áliti meiri hlutans og í þeim fyrirvörum sem stuðningsmenn gerðu gagnvart þessu frv., er vikið að nauðsynlegum breytingum á lögum um skipulags- og byggingarmál. Sú nefnd sem er þar sett á laggirnar til að fjalla um svæðisskipulagið hlýtur að koma sterkt inn í.

Fyrst er til að nefna sérkennilega samsetningu nefndarinnar. Hún er skipuð 18 fulltrúum eins og mönnum er kunnugt, 12 fulltrúar frá aðliggjandi sveitarfélögum gætu þess vegna verið hin eldri samvinnunefnd. Ekki hefur komið fram í umræðunni hvort það sé hugsað á þann hátt. Síðan er einn fulltrúi frá félmrh. og annar frá umvhrh. Þá koma fjórir eyrnamerktir fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Reykjanesi, tveir frá Reykjavík og einn frá Vestfjörðum. Vitaskuld vekur nokkra athygli að þeir landshlutar sem liggja fjærst miðhálendinu, Vestfirðir annars vegar og Reykjanes hins vegar skuli vera með jafnmarga fulltrúa í samvinnunefndinni. Nú vitum við að Vestfirðingar, fyrir utan að vera gott fólk, eru yfirleitt það góðum gáfum búnir að þeir geta lagt vel til mála og gera vafalítið í þessari nefnd en nokkuð finnst manni vel í lagt að tæplega 10 þús. manns á Vestfjörðum, skuli skipa einn fulltrúa í nefndina en hinir 73 þús. sem búa í Reykjanesskjördæmi skuli skipa einn líka. Hér er ójafnvægi á ferðinni án þess að ég ætli að gera hvorki væntanlegum fulltrúa Vestfirðinga né væntanlegum fulltrúa Reyknesinga upp neinar þær hvatir að vinna ekki af heilindum fyrir landið allt í starfi nefndarinnar. Ég er einfaldlega, herra forseti, að benda á að hér er ekki um að ræða eðlilegar leikreglur. Það eru ekki eðlilegar leikreglur ef menn eru að tala um samráð og samstarf að láta sveitarfélög þar sem tveir þriðju hlutar landsmanna búa, það eru 107 þús. manns sem búa í Reykjavík, 73 þús. á Reykjanesi, fá þrjá fulltrúa í samstarfsnefndinni. Það eru 180 þús. manns af þeim 272 þús. sem byggja landið. Alveg burt séð frá því að við getum treyst allri nefndinni og fulltrúum aðliggjandi sveitarfélaga til að gera skipulagið þannig úr garði að hagsmunir landsmanna allra séu vel tryggðir er einfaldlega ekki um réttar leikreglur að ræða. Ef menn vilja samráð og samstarf eiga menn að setja það þannig upp að nokkuð tillit sé tekið til stærðar viðkomandi sveitarfélaga. Ég er ekki þar með að segja, herra forseti, að aðkoma að svæðisskipulaginu eigi að ráðast alfarið af stærð sveitarfélaga, síður en svo, en hér er einfaldlega ekki um að ræða skynsamlega uppsetningu og síst af öllu er hún til þess fallin að ná sáttum.

Verksvið nefndarinnar á að vera að fjalla um svæðisskipulag en þegar frv. er skoðað nokkuð betur kemur í ljós að nefndarskipanin hefur reyndar sáralítinn tilgang því að beinlínis er kveðið á um í frv. að sú samvinnunefnd sem nú starfar og var skipuð 1993, ef ég man rétt, skuli ljúka störfum og skila áliti sínu til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun eigi að senda það til ráðherra til staðfestingar eftir að þessi nýja nefnd með Vestfirðingnum og Reyknesingnum hefur fengið málið til umsagnar. Í frv. er sérstaklega kveðið á um að nýja nefndin, sem á að vera samráðsnefndin, fái ekki og eigi ekki að leggja upp með nýjar hugmyndir um svæðisskipulag á miðhálendinu. Þannig, herra forseti, er um að ræða einbera sýndarmennsku sem virðist vera sett upp til að friða stjórnarliða enda kom í ljós þegar reyndi hér á hvort menn ætluðu ekki að knýja þetta inn sem löggjöf að ekkert var að marka þetta þannig að það var ekki einu sinni svo að menn ætluðu að standa við þá sýndarlausn. Er nú skiljanleg afstaða manna sem trúðu á að verið væri að leggja upp með sáttafyrirkomulag að þeir hafi brugðist ókvæða við eins og við höfum séð í dag, að það átti að möndla þetta eina ferðina enn í samtölum milli ráðherra og þingmanna án þess að Alþingi Íslendinga fengi nokkru um það ráðið.

Þau vinnubrögð, herra forseti, sem við höfum gert að umtalsefni í dag, eru fyrir neðan allar hellur og má vafalítið fara nokkuð mörg ár aftur í tímann til að finna sambærilega aðferðafræði og hér er lagt upp með, þ.e. að ríkisstjórnarmeirihluti knýr á um lögfestingu á mjög mikilvægum þætti þar sem útfærsla málsins er í öðrum lögum og það skilið algerlega eftir. Við þekkjum vel að slík staða getur komið upp og menn hafa lagt fram bandorma eða tekið saman fleiri lög í umræðu og reynt að setja heilsteypta löggjöf um þá þætti. Það hefur verið venjan og almenna reglan varðandi lagasetningu hér en það er svo langt í frá að þau vinnubrögð hafi verið viðhöfð hér.

Það þarf líka að hafa vel í huga að þessar nefndir, því þær eru tvær, gamla samvinnunefndin, sem hefur raunverulega allt vald, og síðan nýja samvinnunefndin, sem hefur einungis umsagnarrétt um þær tillögur sem þegar er búið að vinna að langmestu leyti, fjalla einungis um svæðisskipulagið sem er rammi skipulagsmála. Aðalskipulag á að vera í samræmi við svæðisskipulag, og ég tala ekki um deiliskipulag sem er nákvæmari útfærsla á aðalskipulagi, þótt svo meginreglan sé sú að allt skipulag eigi innbyrðis að vera í samræmi. Hér er alveg augljóst að svæðisskipulagið, sem er einungis hluti af skipulagsvinnunni, er tekið út fyrir sviga og falið að hluta til nefndinni sem er reyndar ekki gert vegna þess að hún er einungis umsagnaraðili. Það þarf að hafa skýrt í huga, herra forseti, að samkvæmt núgildandi skipulags- og byggingarlögum, í 12. gr. þeirra laga, er heimilt að skipa slíka samvinnunefnd og það hefur verið gert. Það er sú nefnd sem hefur unnið þessar tillögur og hefur gengið undir nafninu gamla skipulagsnefndin en 18 manna nefndin er kölluð hin nýja.

Það er ekki von að fólk almennt átti sig á þessari aðferðafræði og tækni sem er að baki því að það hefur líka þvælst nokkuð fyrir þingmönnum að ná áttum í umræðunni að gera sér vel grein fyrir verksviði gömlu skipulagsnefndarinnar og nýju skipulagsnefndarinnar og hinu raunverulega valdsviði hennar og ekki hvað síst þegar kemur síðan að útfærslu í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Öll þessi mál enda hins vegar hjá ráðherra vegna þess að ráðherra þarf að staðfesta svæðisskipulag og aðalskipulag. Meginmálið er samt, herra forseti, að við erum að fjalla um sameignir þjóðarinnar. Við erum að tala um auðlindir sem við komum til með að nýta mun meira á næstu áratugum en við höfum gert síðustu áratugi. Það verða fjölmörg skipulagsvandamál og önnur stjórnsýsluvandamál sem koma upp varðandi þetta svæði

vegna þess að við erum að tala um svæði sem nemur u.þ.b. 40% af flatarmáli Íslands. Þetta svæði er stærra en mörg af þjóðríkjum í Evrópu. Það er því ekki skrýtið þótt lögð sé á það þung áhersla að menn vandi sig við löggjöf á þessu sviði. Við jafnaðarmenn höfum lagt til mjög einfalda, tæra og skýra lausn á þessum vanda. Við segjum einfaldlega: Miðhálendið sem er sameign þjóðarinnar, sem er þjóðararfur okkar og við eigum öll að nýta sameiginlega, verður allt saman eitt sérstakt stjórnsýslusvæði og falið sérstakri stjórn. Þar með erum við raunverulega búin að leysa öll þau vandamál sem upp á koma vegna þess að þessi stjórn sér þá ekki einungis um skipulagsmálin heldur einnig aðra þætti stjórnsýslunnar.

Þetta er ekki gert í frv. ríkisstjórnarinnar. Meginafstaða hennar er sú að það séu sveitarfélögin sem eigi að fara með stjórnina á miðhálendinu með þeirri einu veigalitlu undantekningu að sett er upp samvinnunefnd sem hefur umsagnarhlutverk gagnvart þeirri tillögu sem eldri samvinnunefnd mun útbúa eða klára á þessu ári. Þetta er grundvallarágreiningurinn, herra forseti. Viljum við að miðhálendið sé sérstakt stjórnsýslusvæði? Ef menn vilja það geta þeir svo rætt um undir hvaða stjórn, hverjir koma að þeirri stjórn. Við höfum lagt til í tillögu okkar, af því við kusum að hugsa þetta alveg til enda, að stjórnin verði skipuð níu manns, við tökum miðhálendið undir forsrh. Við segjum að forsrh. skipi formann þessarar nefndar, en umhvrh., samgrh. og félmrh. skipi síðan einn mann hver, það eru fjórir, og síðan komi fjórir nefndarmenn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vitaskuld er álitaefni hvernig við skipum þessa stjórn. Á hún að vera níu manna, á hún að vera stærri, eiga fleiri ráðuneyti að koma inn í, á það að vera Samband íslenskra sveitarfélaga sem skipar eða eiga einhverjir aðrir að skipa, t.d. Útivist eða Ferðafélag Íslands eða eitthvað þess háttar? Við erum ekki að leggja til heilaga tölu eða heilagar tilnefningar í nefndina sem fer með stjórn miðhálendisins. Við getum mjög vel séð fyrir okkur að fleiri aðilar, sérstaklega fagaðilar úr ferðaþjónustu, landbúnaði, af því ég sé að hæstv. landbrh. er í salnum, vitaskuld er hægt að hugsa sér það. Meginatriðið er hins vegar þetta: Fallast menn á að það sé skynsamlegt að miðhálendið sé vegna sérstöðu sinnar sérstakt stjórnsýsluumdæmi? Það er hinn pólitíski ágreiningur. Við jafnaðarmenn höfum lagt fram mjög skýra stefnu hvað þennan þátt varðar. Við viljum að það sé sérstakt stjórnsýsluumdæmi. Þingflokkur Kvennalistans hefur tekið undir þetta sjónarmið.

Ýmsir félagar okkar í Alþb. hugsa á svipuðum nótum þótt svo þeir gætu vel séð fyrir sér aðra útfærslu sem þeir héldu að þeir hefðu gert sátt um við ríkisstjórn en kom svo í ljós að brigsl voru í gangi hvað þann þátt varðaði, en vitaskuld skýra þeir þau mál sjálfir. Þeir sem voru með fyrirvara um málið hafa reyndar gert grein fyrir því. Ég ætla ekki að tjá mig beinlínis mikið um þann þátt.

En aðalatriðið er þetta: Er skynsamlegt að þetta sé sérstakt stjórnsýsluumdæmi? Okkar skoðun er að svo sé og færa megi fyrir því margvísleg rök. Við búum við, herra forseti, líkingu við aðra þætti í okkar þjóðlífi. Miðhálendið er ekki einasta þjóðareign okkar, við Íslendingar eigum aðrar þjóðareignir. Handritin t.d. eru sameiginlegur arfur okkar og teljast þau vera þjóðareign. Við eigum öll í handritunum. Við eigum sameiginlegan menningararf og við teljum okkur öll eiga margt í sögu okkar og í einstaklingum öll saman. Fiskurinn í sjónum er dæmi um aðra þjóðareign sem einnig hefur verið tekist á um á undanförnum missirum. Þar er sérkennið að fámennum hópi hefur, af almannavaldinu, verið afhentur ókeypis afnotaréttur á þeirri þjóðareign. Hér eru vitaskuld miklir fjármunir í húfi og þetta er alveg sambærilegt og er að gerast núna á miðhálendinu, þ.e. samkvæmt stefnu núv. ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnarflokka, stóra sjálfstæða Framsfl., eins og ég vil nú kalla hann eftir að þeir eru meira og minna gengnir í hjónaband, a.m.k. farnir að hefja sitt tilhugalíf, Sjálfstfl. og Framsfl. Stefna þessara tveggja flokka er að sameiginlegar auðlindir landsins skulu vera nýttar og stjórnað af fámennum hópi. Við höfum séð þetta hvað varðar fiskimiðin og við erum að sjá sömu hugmyndafræðina varðandi miðhálendið. Það er þessi þjóðarauðlind sem er í víðáttu hálendisins, við erum að tala um jökla, hraun, sanda, gróðurvinjar og allt sem hefur veitt fjölmörgum Íslendingum ánægju á síðustu árum og mun verða uppspretta lífsánægju næstu áratugi meira en flest annað. Við viljum að hagsmuna allra sé gætt við ákvarðanir sem varða framtíð þessa svæðis. Það er sanngjörn krafa, herra forseti, að fólkið í landinu komi að skipulagi á sinni eign. Það er ósanngjarnt að taka eign landsmanna í reynd eignarnámi og fela nýtingu hennar og skipulag fámennum hópi eins og gert er með fiskimiðin og gera á á miðhálendinu. Það er þessi stefna jafnaðarmanna sem við viljum draga sérstaklega skýrt fram í þessari umræðu.

Við höfum sagt að frv. feli í sér mestu atlögu að almannarétti allt frá landnámsöld, eins og lýst var ágætlega í framsögu fyrir minnihlutaáliti félmn. sem þingflokksformaður okkar jafnaðarmanna, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, gerði grein fyrir.

Herra forseti. Í þessu máli er ekki verið að takast á um tækni. Það er verið að takast á um hugmyndafræði, það er verið að takast á um hugsjónir. Við getum ekki séð það fyrir okkur að sífellt færri fái yfirráð yfir sífellt fleiri auðlindum landsins. Það er komið nóg af því að halda fólkinu frá eign sinni. Það er þess vegna, herra forseti, sem við leggjum til að miðhálendið verði gert að sérstöku stjórnsýslusvæði til þess einfaldlega að fólkið fái að koma að þessari eign sinni en hún verði ekki sett í vörslu hinna fáu.

Möguleikar til lífsánægju á miðhálendinu eru miklir og vitaskuld eiga þau sveitarfélög sem eiga land að miðhálendinu að njóta sérstöðu gagnvart þessum þáttum í skipulagningu og við mótun. Það er enginn að tala um að íbúar Reykjavíkur og Reykjaness eigi að skipuleggja allt miðhálendið. Það er fráleitt. Það væri ekki skynsamlegt þótt svo meiri hluti þjóðarinnar búi á þessu landsvæði. Hér er einfaldlega verið að tala um að samráð og samstarf felur í sér jafnrétti. Það felur ekki í sér forréttindi og þetta frv., herra forseti, felur í sér forréttindi. Það veitir íbúum landsins ekki jafnan rétt til aðkomu að eign sinni. Það verður einnig að hafa vel í huga muninn varðandi þessar skipulagstillögur sem eru uppi um þennan þátt, þ.e. svæðisskipulag sem markar hina stærri umgjörð, aðalskipulag sem sveitarfélögin samkvæmt frv. munu útfæra, og svo deiliskipulag sem er hin nánari útfærsla.

Sömuleiðis verður að hafa vel í huga að sveitarfélögin eru mjög misjafnlega í stakk búin til að vinna eftir þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Sumum af þessum sveitarfélögum er alls ekki greiði gerður með því að fela þeim þetta mikla vald, þ.e. stjórnsýslulegt vald á miklum víðáttum. Þau eru sum veikburða og hafa ekki möguleika til að inna þetta starf þannig af hendi að vel fari. Það er þess vegna m.a. sem það er einfaldast og sanngjarnast og leiðir til farsælastrar niðurstöðu að hafa þetta eitt stjórnsýslusvæði og tryggja rétt þeirra sveitarfélaga

sem liggja þar að, því hér, herra forseti, er enginn að tala um það að ganga á rétt hinna smærri sveitarfélaga sem eiga land að miðhálendinu. Það er alls ekki hugsun neins okkar jafnaðarmanna sem höfum talað í þessari umræðu.

Það er einnig, herra forseti, fullkomlega ótímabært að afgreiða svona stórt mál, þ.e. skipulag og stjórnsýslu á 40% landsins, eftir nokkurra daga umræðu á hinu háa Alþingi. Við höfum ekki stefnuna. Við höfum ekki hugsað í gegn hvað við viljum með miðhálendið. Viljum við að miðhálendið verði fyrst og fremst mótað skipulagslega út frá sjónarmiðum ferðamennsku? Viljum við að það verði mótað út frá sjónarmiðum útivistar, þá Íslendinga sjálfra? Viljum við að það verði mótað sérstaklega út frá því að tryggja betri samgöngur milli einstakra landshluta? Viljum við að miðhálendið verði mótað út frá nýtingu orkulinda og þá byggt upp með þeim hætti? Skipuleg umræða um það hefur ekki enn þá átt sér stað hér á landi og það er ekki hægt, herra forseti, að ganga frá stjórnsýslulegum þáttum þessa stóra svæðis fyrr en við erum búin að eiga þá umræðu, ekki einungis hér í þingsölum, um hvernig við viljum sjá nýtingu á þessum stærsta hluta landsins. Það er ekki fyrr en sú umræða hefur farið fram utan þings sem innan, ekki hvað síst utan þings, að við verðum fær um að takast á um hugmyndir um skipulag og útfærslu á svæðinu sjálfu. Það er svo margt sem þarna kemur inn í. Vegarlagning, afmörkuð virkjunarsvæði, verndunarsvæði, þjóðgarðar. Þetta eru allt saman þættir sem eru ákvarðaðir í aðalskipulagi sveitarfélaga og þetta frv. gerir ráð fyrir að aðalskipulag miðhálendisins verði í höndum sveitarfélaganna. Og hér er engin stefnumörkun, sem fylgir af hálfu Alþingis, hverju á að stefna að varðandi þetta aðalskipulag. Það eina sem búið er að segja er: Svæðisskipulagið á að vinna í gömlu nefndinni og það er búið að vinna það að hluta til. Fjölmargar veigamiklar athugasemdir hafa komið fram við þá tillögu og síðan mun ráðherra væntanlega staðfesta þessar hugmyndir gömlu, þröngu nefndarinnar þótt svo hin nýja nefnd fái einhvern umsagnarrétt. Og víst mun rödd Vestfirðingsins eina og Reyknesingsins eina í 18 manna hópnum vega létt þegar að því kemur að kalla eftir vandaðri og betri útfærslu á þessum málum.

Þessi svæði hafa ekki öll verið verðmæti í hugum okkar Íslendinga. Þau hafa verið talin ein mesta ógæfa Íslendinga, miðhálendið, auðnirnar sem hafa skapað erfiðleika í sögunni að komast á milli landshluta þegar menn ferðuðust fótgangandi og margir hafa borið beinin á söndum miðhálendisins. Það er ekki fyrr en hin síðari ár og á síðustu áratugum sem menn fóru yfirleitt að fara upp á miðhálendið, stundum til að stytta sér leið en ekki hvað síst til að njóta hinnar stórkostlegu náttúru sem þar er. Síðar kom smátt og smátt nýting á vatnsföllum, allt til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Það er því ekki rétt, herra forseti, þegar því er haldið fram að sveitarfélögin sem eiga land að miðhálendinu eigi sögulegan rétt á nýtingu þessa landsvæðis. Það er ekki svo. Það hefur enginn sögulegan rétt á nýtingu þessa landsvæðis. Þetta landsvæði var ekki talið nýtanlegt og var beinlínis talið til óþurftar í okkar landi um aldir. Þetta er hlutur sem menn þurfa líka að hafa í huga og ekki má gleyma því að þótt farið yrði að tillögu okkar jafnaðarmanna mundi beitarréttur og afréttarréttur ekki breytast neitt sem menn hafa líka skapað sér hefð á. Það er enginn að fara í stríð við aðra landsmenn, síst af öllu í dreifbýlinu með tillögum okkar jafnaðarmanna. Þvert á móti er verið að rétta út sáttarhönd og vita hvort menn geta ekki nýtt þessa nýju þjóðareign sameiginlega og náð þar betri lendingu en menn náðu um þjóðareignina sem eru fiskimiðin. Þetta þarf að hafa vel í huga, herra forseti, vegna þess að öll þessi umræða snýst raunverulega um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum. Rauði þráðurinn í málflutningi okkar er almannahagur, almannahagsmunir. Og hverjir standa andspænis þessum almannahagsmunum? Jú, það eru sérhagsmunirnir. Það eru hagsmunir hinna fáu. Við höfum séð þetta gerast í sambandi við fiskveiðistjórnarmálið, útfærslu gjafakvótakerfisins. Við erum að sjá það gerast í miðhálendisumræðunni, við höfum séð það í skattastefnu stóra sjálfstæða Framsfl. hvernig alltaf er hlaðið undir fákeppnisaðilana, alltaf hlaðið undir sérhagsmunina. Það er þetta, herra forseti, sem er hin pólitíska lína í þessari umræðu, þ.e. almannahagsmunir gegn sérhagsmunum. Að því leytinu fagna ég því hvernig þessi umræða hefur þróast. Hún hefur leitt til þess að við stjórnarandstæðingar stöndum saman í okkar málflutningi gegn þeirri málsmeðferð sem ríkisstjórnin hefur lagt upp með. Vitaskuld erum við ekki öll sammála um einstök útfærsluatriði en við erum sammála um að stefna ríkisstjórnarinnar er ekki það sem við viljum.

Herra forseti. Mér skildist að talað hefði verið um að fresta umræðu klukkan sjö og ég vil halda mig við allt sem um hefur verið talað.

**(Forseti** (StB)**:** Forseti getur upplýst að gert var ráð fyrir að hætta um sjöleytið, þannig að ef hv. þm. á mikið eftir af ræðu sinni þá gerir forseti ráð fyrir að fresta. Forseti vill því vita hve mikið hv. ræðumaður á eftir af ræðu sinni og mundi þá gefa honum tækifæri til að ljúka því ef það gerðist á næstu mínútum.)

Og byrja þá aftur þegar ...

**(Forseti** (StB)**:** Já, forseti getur upplýst að fundinum og þessum dagskrárlið yrði þá frestað og þingmaðurinn mundi þá halda áfram ræðu sinni þegar framhald yrði á umræðunni.)

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir. Ég vil halda mig við það samkomulag sem hér er. Ég á reyndar ansi mikið eftir af minni ræðu, en vil reyna samt að ljúka henni og koma þá frekar síðar og fjalla um þá þætti sem ég átti eftir að fara yfir. Ég var í miðju kafi í þessu skipulagsmáli. En ég veit að ég hef tækifæri til að koma upp aftur og draga skýrar fram ýmislegt af því sem ósagt er.

Herra forseti. Ég vil einungis að lokum segja að ég tel vera mjög mikilvægt að við finnum þessu máli farsælan farveg. Það er ekki sama hvernig þessu máli er lent. Þótt það sé hér í ágreiningi núna fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstjórnar tel ég skynsamlegast, í þessu máli þar sem við tökumst á um skipulag á miðhálendinu og í tengslum við það frv. sem gert hefur verið að umtalsefni og verður ekki rætt. Í ljósi þess að hér er um að ræða mjög viðamikið mál og afdrifaríkt og er það mín skoðun og okkar fleiri, að ítarleg umræða þurfi að fara fram um þetta í þjóðfélaginu, m.a. vegna þess að málið er mikilvægt og einnig vegna þess að ágreiningur er um það.

Ég vil að lokum minna á yfirlýsingu 90 þjóðkunnra Íslendinga sem lýstu ekki afstöðu heldur óskuðu einfaldlega eftir að málið yrði ekki afgreitt nú í vor heldur að tækifæri gæfist til að ræða það betur í sumar. Ég teldi mjög til bóta, herra forseti, að menn færu þá leið og vil minna á, og það eru mín síðustu orð, að það er að mínu mati eðlileg afgreiðsla með tilliti til þeirrar sáttar og niðurstöðu sem náðist um frestun á afgreiðslu á öðru umfangsmiklu þingmáli sem er frv. um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Ég tel að þar hafi náðst farsæl lending og ég óska þess, herra forseti, að við gætum fundið þessu máli svipaðan farveg.

[19:03]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 521. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1346.

Húsnæðismál, 507. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1349; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1350.

Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, 465. mál, nál. 1. minni hluta umhvn., þskj. 1343.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1335; brtt. SJS o.fl., þskj. 1336; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1345.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 19:05.

# 116. FUNDUR

mánudaginn 4. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

*Til forsætisráðherra:*

1. Aldamótavandamálið í tölvukerfum, fsp. HG, 583. mál, þskj. 990.
2. Norræna vegabréfasambandið, fsp. HG, 601. mál, þskj. 1014.
3. Aðgerðir vegna starfsþjálfunar, fsp. HjÁ, 669. mál, þskj. 1154.

*Til dómsmálaráðherra:*

4. Starfssvið tölvunefndar, fsp. ÁÞ, 456. mál, þskj. 786.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

5. Vinnuregla Þróunarsjóðs sjávarútvegsins við úreldingu fiskvinnsluhúsa, fsp. SvanJ, 671. mál, þskj. 1156.

*Til menntamálaráðherra:*

6. Kennsla í grunnskólum, fsp. BirnS, 512. mál, þskj. 883.

*Til heilbrigðisráðherra:*

7. Geðheilbrigðismál barna og unglinga, fsp. ÁÞ, 525. mál, þskj. 901.
8. Innheimta komugjalda heilsugæslustöðva, fsp. ÖJ, 662. mál, þskj. 1135.
9. Tannlæknaþjónusta, fsp. SJóh, 681. mál, þskj. 1174.
10. Tóbaksvarnir, fsp. SAÞ, 688. mál, þskj. 1191.

*Til samgönguráðherra:*

11. Köfun niður að Æsu ÍS 87, fsp. KHG, 586. mál, þskj. 993.
12. Rannsóknarnefnd sjóslysa, fsp. KHG, 587. mál, þskj. 994.
13. Menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu, fsp. ÓÖH, 589. mál, þskj. 997.
14. Stöðugleiki og öryggisbúnaður skipa, fsp. KPál, 590. mál, þskj. 998.

*Til iðnaðarráðherra:*

15. Iðnaðaruppbygging á Vestfjörðum, fsp. KHG, 666. mál, þskj. 1144.

*Til fjármálaráðherra:*

16. Virðisaukaskattur af handverksmunum úr íslenskum náttúruefnum, fsp. RG, 677. mál, þskj. 1168.
17. Álagning fjármagnstekjuskatts, fsp. ÁE, 698. mál, þskj. 1228.

*Til landbúnaðarráðherra:*

18. Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé, fsp. HjálmJ, 684. mál, þskj. 1184.

## *Aldamótavandamálið í tölvukerfum.*

Fsp. HG, 583. mál. — Þskj. 990.

[10:31]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Á þskj. 990 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um aldamótavandamálið í tölvukerfum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er í tölvukerfum, tæknibúnaði og tölvutengdum viðskiptum og varðar ártalið 2000?
2. Hverjir eru fjárhagslega ábyrgir fyrir truflunum og kostnaði sem hlýst af þessum aldamótavanda, bæði að því er varðar kostnað við endurbætur á búnaði svo og rekstrartruflanir og annað tjón?
3. Hvenær er þess að vænta að fyrir liggi úttekt á rekstraröryggi opinberra kerfa og þáttum sem snúa að almenningi vegna þessa vandamáls?

Hér er spurt um mál sem verið hefur til umræðu um nokkurt skeið. Þó vakti það athygli, eða vekur nú a.m.k., að þegar hæstv. *ríkisstjórn gaf út yfirlit um framtíðarsýn sína* um upplýsingasamfélagið í október 1996, þá kom ekkert fram varðandi úrlausn þeirra vandamála sem tengjast árinu 2000. Ríkisendurskoðun gaf hins vegar út yfirlit um þetta mál, Ártalið 2000 — Endurskoðun upplýsingakerfa, í júlí 1997. Í þeim bæklingi er ljósi varpað á ýmis af þeim vandamálum sem þessu tengjast.

Á liðnum vetri var haldin ráðstefna um þessi mál, sérstaklega með forstöðumönnum ríkisstofnana að skilningur á þessu máli væri mjög takmarkaður hjá, a.m.k. hjá hluta þessara stofnana. Skýrr held ég að hafi snemma farið af stað að skoða þessi mál, það er auðvitað mikilvægt, en hjá mörgum yfirmönnum stofnana var takmörkuð þekking og lítið farið að taka á þeim vanda sem hér blasir við.

Nú vil ég ekki vera að mála skrattann á vegginn eða halda því fram að ekki sé hægt að leysa þau vandamál sem hér koma upp, þó er ljóst að það þarf að einbeita sér að þessum málum. Það hefur komið fram að í nágrannalöndum okkar á að verja á stórum upphæðum til þess að glíma við þetta vandamál, m.a. að forgöngu bresku ríkisstjórnarinnar. Ég tel mjög þýðingarmikið að ríkisstjórn Íslands beiti sér fast og ákveðið í þessu máli til að reyna að koma í veg fyrir tjón, bæði í opinberum kerfum og einnig hvað almenning í landinu varðar.

[10:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram fyrirspurn og gert grein fyrir henni.

Á undangengnum missirum hafa ýmsir opinberir aðilar brugðist við þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er í tölvukerfum og ýmsum tæknibúnaði vegna ártalsins 2000. Hér verða nokkur dæmi nefnd um það sem þegar hefur verið rætt og reyndar gat hv. þm. um sum þessara dæma.

Í júlí 1997 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna Ártalið 2000 — Endurskoðun upplýsingakerfa, þar sem vandamálinu er lýst, fjallað um ástand mála hjá ríkisaðilum og bent á leiðir til úrlausnar. Skýrslan er aðgengileg, bæði á pappír og veraldarvef.

Í október 1997 dreifði ráðgjafarnefnd um upplýsingar og tölvumál, RUT-nefnd svokölluð, sérstöku fréttabréfi til ríkisstofnana og ráðuneyta sem eingöngu fjallaði um vanda vegna ártalsins 2000. Í desember 1997 undirritaði fjmrn. fyrir hönd ríkisins samning við Skýrr hf. um að gera nauðsynlegar breytingar á öllum kerfum ríkisins sem þar eru vistuð og verður breytingum og prófunum lokið fyrir aldamót.

17. mars sl. hélt verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið, RUT-nefndin og Ríkiskaup ásamt fleirum, fjölsótta ráðstefnu um vandamál tengd ártalinu 2000. Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á vandanum, benda á leiðir til lausnar og hvetja fyrirtæki og stofnanir til að bregðast við í tíma. Áður höfðu verið haldin fjölmörg erindi um þennan vanda á fundum og ráðstefnum sem opinberir aðilar og einkaaðilar stóðu fyrir. Ríkiskaup, RUT-nefnd og verkefnastjórn um

upplýsingasamfélagið hafa unnið saman að ýmsum verkefnum sem komið geta ríkisfyrirtækjum, einkafyrirtækjum og sveitarfélögum að gagni við lausn þessa vanda. Meðal annars hafa verið haldnir fundir með kaupendum og seljendum búnaðar, staða þessara mála hjá ríkisfyrirtækjum könnuð, óskað eftir upplýsingum hjá seljendum véla og hugbúnaður um það hvort búnaður þeirra ráði við ártalið 2000 og settur upp gagnagrunnur sem verið er að safna í upplýsingum um hvort vélar og hugbúnaður á íslenskum markaði ráði við ártalið 2000.

Þrátt fyrir að ýmsir opinberir aðilar hafi unnið ötullega að því að kynna vandamálið og benda á lausnir er nú talið nauðsynlegt að fela einum aðila yfirumsjón með þeim málum. Því hefur nú verið ákveðin, að frumkvæði verkefnastjórnar um upplýsingasamfélagið, skipun nefndar um vandamál sem tengjast ártalinu 2000. Nefndin mun gegna því hlutverki að vera til ráðuneytis við að upplýsa, benda á og vara menn við hættunni sem fyrir hendi er. Henni er einnig ætlað að upplýsa þá um hvernig standa beri að lausn þeirra mála sem tengjast ártalinu 2000 í upplýsingakerfum og tækjabúnaði. Hún mun beina athygli sinni jafnt að einkafyrirtækjum sem ríkisfyrirtækjum. Óskað hefur verið eftir tilnefningum í nefndina frá Ríkiskaupum, RUT-nefnd, Seðlabanka Íslands, verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið og Vinnuveitendasambandi Íslands og liggja þær tilnefningar nú fyrir. Því mun fljótlega skipað í nefndina.

Eigandi kerfis eða búnaðar, hvort sem hann er einkafyrirtæki eða opinber stofnun, mun bera kostnað af lagfæringum, forritun og öðrum nauðsynlegum breytingum vegna ártalsins 2000. Hið sama á við um hugsanlegar rekstrartruflanir í eigin rekstri vegna vanrækslu eða mistaka við breytingar. Hvort rekendur kerfa geti verið ábyrgir gagnvart þriðja aðila er erfitt að segja til um en e.t.v. verða dómstólar að lokum að skera úr um það atriði.

Eins og áður hefur komið hefur fram hefur verið samið við Skýrr hf. og er með þeim samningi tryggt að öll kerfi í eigu ríkisins sem þar eru vistuð virki rétt um aldamótin. Ýmis nýleg kerfi svo sem gjaldkerakerfi og kerfi á vegum dóms- og kirkjumrn. voru frá upphafi gerð til þess að fara rétt með öll ártöl og þarf því ekki að breyta þeim. Hins vegar eru breytingar á kerfum, sem einstaka ríkisstofnanir eða ráðuneyti hafa keypt, á ábyrgð viðkomandi aðila en vænta má þess að hin nýja nefnd stuðli að því að það verði gert tímanlega.

Ég vil taka undir þau orð hv. fyrirspyrjanda að hér eru meiri vandamál en menn höfðu gert gert sér grein fyrir og á eftir að kosta mikið að koma í kring þeim lausnum sem hér eru nefndar þannig að menn verði ekki í vandræðum þegar þetta ártal skellur á, á fyrir fram gefnum tíma náttúrlega.

[10:38]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Eins og fram kemur er verið að glíma við þetta mál, þ.e. hvernig við skuli bregðast. Ég verð að lýsa nokkurri undrun yfir því að fyrst nú, á vordögum 1998, sé verið að setja á fót sérstaka nefnd til að hafa frumkvæði um aðgerðir. Ekki skal lasta það sem gert hefur verið á vegum opinberra aðila hingað til en mér sýnist þó að menn hafi verið harla andvaralausir í sambandi við þetta viðfangsefni og skort hafi á forustu um að taka á vandanum. Fyrst nú er þess að vænta að skipuð verði nefnd á vegum stjórnvalda, verkefnisstjórnar um upplýsingamálefni, til þess að taka á málinu.

Þetta vandamál hefur auðvitað blasað við lengi. Það var til umræðu árið 1980, vegna þess áratugar en hefur auðvitað orðið margfalt stærra vegna hinnar mjög svo almennu notkunar tölvukerfa og tölvustýringar. Þetta grípur afar víða inn og gæti orðið hrun í kerfum með verulegu tjóni. Það er ekki hægt að útiloka það ef ekki verður brugðist við þessu.

Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. er hin fjárhagslega ábyrgð fyrir truflunum og kostnaði óljós í mörgum tilvikum. Hæstv. ráðherra nefndi að komið gæti til úrskurðar dómstóla í þeim efnum. Það er því afar mikið í húfi. Því er mikilvægt að hér verði tekið fast á máli og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að beita sér ákveðið í þessu.

Vandamálið getur komið upp þegar um næstu áramót í ýmsum kerfum. Síðan bætist það við, sem gerir málið í vissum tilvikum flóknara, að árið 2000 er auk þess hlaupár, virðulegur forseti.

## *Norræna vegabréfasambandið.*

Fsp. HG, 601. mál. — Þskj. 1014.

[10:41]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Á þskj. 1014 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fyrirspurn til hæstv. forsrh. um norræna vegabréfasambandið. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Er enn í gildi yfirlýsing sem forsætisráðherrar Norðurlanda gáfu á fundi sínum 27. febrúar 1995 þess efnis að ríkisstjórnir Norðurlanda líti á það sem sameiginlega ábyrgð sína („fælles ansvar") að finna lausn milli Schengensáttmálans og norræna vegabréfa- og eftirlitssamstarfsins þannig að grundvallaratriði í norræna vegabréfasambandinu um frjálsa för norrænna ríkisborgara án vegabréfa geti haldist í löndunum öllum innan víðtækari ramma í evrópsku samhengi?

2. Er þess að vænta að ekkert Norðurlandanna gerist aðili að Schengen takist ekki að finna viðunandi lausn á málefnum Noregs og/eða Íslands í samningum við Evrópusambandið þannig að norræna vegabréfasambandið fái staðist til frambúðar?

3. Hver yrði staða norrænna og/eða íslenskra ríkisborgara stæðu löndin utan Schengen í samanburði við Breta sem hafa ákveðið að halda uppi eigin vegabréfaeftirliti?

Þetta er fyrirspurnin, virðulegi forseti. Ég hef lagt fyrir hæstv. utanrrh. ítarlega fyrirspurn um norræna vegabréfasambandið og fengið skrifleg svör sem hins vegar lúta ekki beint að því sem hér er spurt um. Þau skýra þó viss atriði og það er alveg ljóst, virðulegur forseti, að þessi mál eru í hörðum hnút og á því eru mjög ákveðnar skýringar.

Schengen-samningurinn sem íslensk stjórnvöld undirrituðu og var sýndur opinberlega í fyrsta skipti nýlega með framlagningu á Alþingi, samningurinn frá 19. desember 1996, gildir ekki lengur. Þ.e. hann er ekki til samþykktar vegna breytinga á grundvelli Evrópusambandsins sem veldur því að allt málið er flóknara en ella hefði verið. Það er ljóst að innan Evrópusambandsins er hörð andstaða við að hleypa Íslendingum jafnlangt að borði og kröfur hafa verið um. Bæði er það hjá einstökum aðildarríkjum og eins milli ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

Í fréttum nú áðan kom fram að samkvæmt skoðanakönnunum í Danmörku eru tveir þriðju hlutar Dana andvígir Schengen-samkomulaginu um landamæraeftirlit. Ég hef

haldið uppi mikilli gagnrýni á marga þætti þessa máls og varað við því sem er að gerast. Hér er ekki ráðrúm til þess að rekja þau atriði en ég tel mikilvægt að hæstv. forsrh. tjái sig um þetta.

[10:44]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er þessi: „Er enn í gildi yfirlýsing sem forsætisráðherrar Norðurlanda gáfu á fundi sínum 27. febrúar 1995 þess efnis að ríkisstjórnir Norðurlanda líti á það sem sameiginlega ábyrgð sína („fælles ansvar") að finna lausn milli Schengen-sáttmálans og norræna vegabréfa- og eftirlitssamstarfsins þannig að grundvallaratriði í norræna vegabréfasambandinu um frjálsa för norrænna ríkisborgara án vegabréfa geti haldist í löndunum öllum innan víðtækari ramma í evrópsku samhengi?"

Svarið er þetta: Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda er í gildi og unnið er að málinu samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð var í yfirlýsingunni. Ísland og Noregur gerðu samstarfssamning við Schengen-ríkin sem undirritaður var 19. desember 1996, samhliða samningi Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Schengen-sáttmálanum.

Í fyrra var ákveðið, á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins sem lauk með svonefndum Amsterdam-samningi, að fella Schengen-samstarfið undir sambandið. Jafnframt er í Amsterdam-samningnum ákvæði um að þátttaka Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu skuli byggjast á samstarfssamningnum frá 1996. Það þýðir m.a. að Evrópusambandið tryggir Íslandi og Noregi þátttöku í umræðum og ákvörðunum um þróun Schengen-samstarfsins og að dómar Evrópudómstólsins varðandi Schengen verða ekki bindandi fyrir ríkisborgara landanna tveggja. Gera þarf samkomulag um hvernig þessi atriði verði tryggð eftir að Schengen-samstarfið hefur verið fellt undir Evrópusambandið. Unnið er að undirbúningi málsins af hálfu Íslands og Noregs og annarra Norðurlanda í samræmi við yfirlýsingu forsrh. frá 1995 sem og í vinnuhópi embættismanna á vettvangi ráðherraráðs Evrópusambandsins. Ekki er unnt að kveða úr um það nú hver niðurstaðan verður, enda hafa formlegar samningaviðræður ekki hafist.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Er þess að vænta að ekkert Norðurlandanna gerist aðili að Schengen takist ekki að finna viðunandi lausn á málefnum Noregs og/eða Íslands í samningum við Evrópusambandið þannig að norræna vegabréfasambandið fái staðist til frambúðar?"

Segja má að fyrirspurn þessi sé tæpast tímabær þar sem unnið er að því að finna viðunandi lausn á þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Þá geta íslensk stjórnvöld ekki svarað því fyrir hönd annarra ríkja hver stefna þeirra verði í tilteknu máli við hugsanlega breyttar forsendur. Þó liggur fyrir að Danir hafa þegar fullgilt aðildarsamninginn að Schengen, sænska þingið hefur nýlega samþykkt aðildarsamning Svía og Finnar stefna að því að ljúka þingmeðferð málsins snemma í sumar.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver yrði staða norrænna og/eða íslenskra ríkisborgara stæðu löndin utan Schengen í samanburði við Breta sem hafa ákveðið að halda uppi eigin vegabréfaeftirliti?"

Svarið er að staðan yrði hin sama og hjá breskum ríkisborgurum, þ.e. að ferðir til Schengen-ríkja yrðu háðar vegabréfaskyldu. Samanburður við Breta er þó ekki aðalatriði þessa máls, heldur hitt, að það var, eins og legið hefur ljóst fyrir, fyrst og fremst af einni pólitískri ástæðu að Ísland ákvað að taka þátt í Schengen-samstarfinu. Hún var að viðhalda norræna vegabréfasambandinu sem í 40 ár hefur gert Íslendingum kleift að ferðast um Norðurlönd án vegabréfaskyldu.

Það er hárrétt hjá hv. þm. þegar hann fylgdi fyrirspurn sinni úr hlaði og sagði að staðið hefði á, að því er virðist einkum og sér í lagi franska ríkinu, að lausn yrði fundin í samræmi við samninginn sem gerður var á sínum tíma, samninginn sem við Íslendingar höldum fram gagnvart Evrópusambandinu og það á að okkar mati að standa við.

Þó að það sé ekki staðfest er það einnig haft á orði að vera kunni að fleiri lönd en Frakkland eitt sé með efasemdir, enda er það þekkt í Evrópusambandinu að stundum er aðeins eitt land sem heldur uppi tileknu merki og hin halda sig til hlés á meðan. Það kann að vera andstaða hjá fleiri ríkjum en Frakklandi einu í þessu tilviki.

Ég vona, herra forseti, að þessi svör dugi við þeim fyrirspurnum sem hv. þm. hefur borið fram. Vandamálið er þó aðallega varðandi lið tvö. Það er erfitt fyrir okkur að segja til um hvað önnur Norðurlönd kunna að gera en eins og upplagið var af okkar hálfu árið 1995 var að því stefnt að menn stæðu saman, hvort sem allir yrðu með eða að einhverjir gætu ekki verið með og þá væru allir utan við. Ég þori þó ekki að fullyrða, fyrir hönd þessara þjóða, að það mundi halda.

[10:49]

**Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Um fyrsta liðinn er ekki margt að segja. Staðan er nokkuð ljós varðandi annan lið fyrirspurnar minnar, um það hvort Norðurlöndin ætli að hlaupast undan því merki sem í rauninni var sameiginlegt álit í ársbyrjun 1995. Ég skil að hæstv. forsrh. sé varkár í orðum sínum um stefnu þessara ríkja, hinna Norðurlandanna, í málinu. En mér sýnist alveg augljóst að þau eru að hlaupa frá því — ef þau er ekki þegar búin að taka ákvörðun um það — að uppfylla skilyrði Amsterdam-sáttmálans varðandi Schengen og staðfesta Schengen. Það er búið að ganga frá þessum málum í Danmörku og í Svíþjóð en kannski ekki í Finnlandi en ljóst er hvert stefnir þannig að þau eru í rauninni þegar hlaupin frá.

Ég held að íslensk stjórnvöld ættu að íhuga það mjög vel hvort enn séu efni til þess og ástæður að keppa eftir aðild að Schengen. Það mál sem hæstv. forsrh. nefndi um norræna vegabréfasambandið er í raun að falla fyrir borð og hindrunin sem við mætum er að fara í gegnum eina vegabréfaskoðun inn á þetta Schengen-svæði, einu sinni. Ef menn eru komnir þar einu sinni inn, þá þarf ekki meira því að þá er frjáls för innan svæðisins. Þetta gerist á einhverjum flugvelli eins og Kastrup eða annars staðar. Ég held að ávinningurinn sé miklu minni en fórnarkostnaðurinn því að á móti kemur að Ísland þarf að leggja í mikinn kostnað, m.a. í Flugstöðinni í Keflavík, við landamæraeftirlit fyrir hönd Evrópusambandsins því að okkur er samkvæmt Schengen-upplegginu ætlað gæta ytri landamæra Evrópusambandsins og ferðir til og frá t.d. Norður-Ameríku yrðu miklu erfiðari, þ.e. samskiptin þar á landamærum.

## *Aðgerðir vegna starfsþjálfunar.*

Fsp. HjÁ, 669. mál. — Þskj. 1154.

[10:52]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég hygg að flestir séu sammála um gildi starfsmenntunar fyrir atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar og þá ekki síst nemendur í framhaldsskólum okkar. Því miður endurspeglast sá áhugi sem fram hefur komið í orðum ekki í skólakerfinu má segja eins og margsinnis hefur verið rætt, m.a. á hv. Alþingi, með afskaplega döprum afleiðingum, bæði fyrir atvinnulíf og ekki síður fyrir nemendur í skólum landsins en brottfall nemenda í framhaldsskólum er óeðlilega hátt hér, m.a. af þessum sökum.

Til allrar hamingju er margt jákvætt að gerast á þessu sviði. Ég nefni m.a. útfærslu starfsmenntabrautar við Menntaskólann í Kópavogi á hótel- og veitingasviði, ferðamálasviði og þannig má áfram telja, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Borgarholtsskóla. Og um helgina mátti lesa í fjölmiðlum um þróun starfsmenntabrauta varðandi stóriðju.

Þó margt jákvætt sé að gerast er vandinn hins vegar sá að nemendum hefur gengið afskaplega illa að fá þjálfun, starfsmenntapláss, í fyrirtækjum í atvinnulífi okkar, ekki síst í iðnaði en einnig í þessum nýju starfsmenntagreinum sem verið er að byggja upp. Það hefur líklega verið á þeim forsendum sem samþykkt var á 120. löggjafarþingi þjóðarinnar þingsályktun þar sem því var beint til hæstv. ríkisstjórnar að hún mótaði stefnu um þetta mál, þ.e. mótaði stefnu um starfsþjálfun sem hvetur fyrirtæki til að taka nemendur í starfsþjálfun. Ég hef verið að kanna það í einstökum ráðuneytum hvað hefur verið gert síðan og eftir þá óformlegu könnun læðist að mér sá grunur að í rauninni hafi afskaplega lítið verið gert þrátt fyrir samþykkt hv. Alþingis.

Ekki hvarflar að mér að það sé vegna þess að ekki sé vilji fyrir því hjá hæstv. ríkisstjórn enda, ef ég man rétt, þá studdu allir hæstv. ráðherrar þáltill. með atkvæði sínu. En ég hygg að vandinn sé sá að þáltill. snertir mjög mörg ráðuneyti. Hún snertir m.a. fjmrn., menntmrn. og nokkur önnur ráðuneyti sem hafa með starfsþjálfun að gera. Ég hygg að þetta kunni að vera eitt dæmið um það hvernig mál sem snertir mörg ráðuneyti lendir milli stafs og hurðar. Þess vegna beini ég til hæstv. forsrh. þeirri fyrirspurn hvað gert hafi verið af hálfu ríkisstjórnarinnar til að fylgja umræddri þingsályktun eftir.

[10:55]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það er misskilningur sem kemur fram í fyrirspurninni að um þingsályktun hafi verið að ræða sem samþykkt hafi verið vegna þess að menntmn., sem fékk málið til umfjöllunar, lagði til að því tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og var sú afgreiðsla samþykkt. Að öðru leyti er svarið þetta.

Á vegum iðn.- og viðskrn. sem er annað af tveimur ráðuneytum sem fékk málið síðan til meðferðar hefur eftirfarandi m.a. gerst:

Í reglugerð nr. 367/1997 er kveðið á um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki sem sett er á grundvelli 2. gr. iðnaðarlaganna. Iðn.- og viðskrn. greindi hagsmunaaðilum frá nýju reglugerðinni. Iðn.- og viðskrn. hefur stuðlað að aukinni þátttöku námsmanna í atvinnulífinu og veitti ráðuneytið fjárveitingu að upphæð 1,5 millj. kr. í gegnum átak til atvinnusköpunar til stuðnings við eftirfarandi verkefni hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna:

1. Söguleg sérstaða Austur-Húnavatnssýslu með tilliti til ferðaþjónustu.
2. Félagsleg og efnahagsleg áhrif samgöngubóta: Óseyrarbrú og byggð í nágrenni hennar.
3. Skriðufallavá með tilliti til skipulags byggðar og verklegra framkvæmda: Rannsóknir á skriðuföllum í Vatnsdalsfjalli og Reynisfjalli.
4. Tengsl Háskólans á Akureyri og Akureyrarbæjar við nýsköpun í atvinnulífinu.
5. Samtenging bókasafna á Austurlandi.
6. Ástands- og þarfagreining bruna- og umhverfismála íslenskrar fiskvinnslu.
7. Þróun fræðsluafþreyingar í Mývatnssveit.
8. Rannsókn á lægri mörkum súrefnisstyrks í vatni fyrir bleikjueldi.
9. Arfgreining á sauðfé.
10. Samanburðarrannsókn á grunnaðstæðum hjá villtum þorski og eldisþorski.

Þá er iðn.- og viðskrn. sjálft að jafnaði með einn til tvo laganema í starfsþjálfun. Ýmsar undirstofnanir ráðuneytisins hafa einnig sinnt starfsþjálfun nemenda.

Sumarið 1995 hóf Landsvirkjun rekstur starfsmenntaskóla sem ætlaður er unglingum í sumarvinnu og er þar áhersla lögð á fræðslu um vinnuvernd og verklag, orkumál, umhverfismál, jarðfræði og náttúrufræði. Þá hafa Iðntæknistofnun, Orkustofnun, Rarik og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins leitast við að ráða námsmenn sem eru í námi tengdu starfsemi stofnananna.

Á vettvangi menntmrn. má geta eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Frv. til laga um framhaldsskóla var til meðhöndlunar á Alþingi þegar þáltill. kom fram varð að lögum í júní 1996.

Í öðru lagi. Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi samkvæmt lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, tók til starfa í byrjun árs 1997. Nefndin er ráðgefandi um mótun almennrar stefnu í málefnum starfsmenntunar, þar með talið starfsþjálfun í atvinnulífinu.

Í þriðja lagi hefur verið sett ný reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun, nr. 280 frá 17. apríl 1997. Á grundvelli þeirrar reglugerðar hefur menntmrn. samið við fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um að hafa umsjón með gerð námssamninga og framkvæmd sveinsprófa. Með því að færa slík verkefni út úr ráðuneytinu og til aðila vinnumarkaðarins er m.a. verið að auka ábyrgð atvinnulífsins á starfsþjálfun iðnnema og námslokum þeirra.

Í fjórða lagi. Á þessu ári hafa verið skipuð starfsgreinaráð samkvæmt lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, á eftirtöldum 14 starfsgreinasviðum: Bygginga- og mannvirkjagreinum, farartækja- og flutningsgreinum, heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, hönnun, listum og handverki, matvæla- og veitingagreinum, málm-, véltækni- og framleiðslugreinum, náttúrunýtingu, persónulegri þjónustu, rafiðngreinum, sjávarútvegsgreinum, uppeldis- og tómstundagreinum, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, verslunar- og skrifstofustörfum, öryggisvörslu, björgun og löggæslu. Verkefni starfsgreinaráða er að skilgreina þarfir atvinnulífsins fyrir menntun og hæfni í viðkomandi starfsgreinum, setja fram markmið fagnáms og móta námskrá bæði fyrir nám í skóla og starfsþjálfun í fyrirtækjum svo og að setja reglur um framkvæmd starfsþjálfunar.

Í fimmta lagi. Á undanförnum tveimur árum hefur menntmrn. gengist fyrir stóraukinni þátttöku Íslands í erlendu samstarfi á sviði starfsmenntunar, þar með talið starfsþjálfunar í fyrirtækjum með aðild að Leonardo da Vinci-áætlun Evrópusambandsins og Cedefop, þróunarmiðstöð Evrópusambandsins í málefnum starfsmenntunar.

Á þeim grunni sem hér hefur verið lýst verður áfram byggt og ekki er ráðgert að hið opinbera sinni starfsþjálfun í fyrirtækjum með takmarkaðri hætti.

[10:59]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þar kemur fram að margt mjög jákvætt hefur verið gert í hinum ýmsu ráðuneytum og má segja að hinn ytri rammi hvað snertir lög og ýmsar reglugerðir sé til staðar. En ég tel að enn hafi þó ekki verið tekið á því sem er meginvandinn varðandi starfsþjálfunarplássin, þ.e. að flöskuhálsinn er sá að nemendum hefur gengið mjög illa að fá inni í fyrirtækjum *úti í atvinnulífinu og þá legg ég áherslu á að við erum að* tala um atvinnulífið í þess orðs víðustu merkingu en ekki eingöngu ríkisstofnanir.

Í þeirri þáltill. sem afgreidd var í menntmn. og vísað til hæstv. ríkisstjórnar komu m.a. fram ábendingar um það hvernig mætti finna heildarlausn á þessu og var tekið mið af því sem tíðkast m.a. í nágrannalöndum okkar. Þar er m.a. bent á þá leið sem farin hefur verið í Skandinavíu að þar er settur sérstakur skattur á fyrirtæki sem er lagður í slíkan starfsmenntasjóð en fyrirtæki sem taka nemendur til starfsþjálfunar fá endurgreitt úr slíkum sjóði.

Þá hefur annars staðar verið farin sú leið að veita fyrirtækjum sem taka nemendur í starfsþjálfun sérstakan skattafslátt vegna þessa. Ég ítreka mikilvægi þess að finna heildstæða lausn á þessu þannig að nemendur eigi auðveldar með en nú að fá starfsþjálfun í fyrirtækjum. Að öðrum kosti óttast ég að það göfuga markmið sem sett hefur verið fram og unnið ötullega að á þessu kjörtímabili, að sinna starfsmenntun, náist ekki.

## *Starfssvið tölvunefndar.*

Fsp. ÁÞ, 456. mál. — Þskj. 786.

[11:01]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Til þess að hafa eftirlit með lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga skipar dómsmrh. tölvunefnd. Samkvæmt 31. gr. laganna er verksvið tölvunefndar skýrt á eftirfarandi hátt:

„Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma."

Með leyfi forseta vil ég nefna dæmi um þá veiku stöðu sem einstaklingar og hópar hafa gagnvart úrskurði tölvunefndar.

Árið 1995 fór félmrn. þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún sæi um endurskoðun á sambýlum og vernduðum vinnustöðum fatlaðra. Verkefni Ríkisendurskoðunar lauk með útgáfu skýrslu sem innihélt ítarlegar upplýsingar um öll sambýli og verndaðar íbúðir fatlaðra á landinu. Persónuleg fjárhagsstaða hvers einasta íbúa var nákvæmlega tíunduð, nákvæmt heimilisfang, íbúafjöldi á hverju einasta sambýli var nákvæmlega tíundaður og að lokum var þess vandlega getið hvaða fötlun eða sjúkdóm hver og einn þessara íbúa var haldinn. Með skýrsluna og innihald hennar var ekki farið með sem trúnaðarmál heldur var hún öllum sem þess óskuðu aðgengileg.

Landssamtökin Þroskahjálp sendu tölvunefnd erindi þar sem farið var fram á að umræddum gögnum yrði eytt. Erindinu var synjað og taldi tölvunefnd ekki ástæðu til sérstakra athugasemda við vinnubrögð Ríkisendurskoðunar. Með vísan til þessa máls er því athyglisvert að skoða svar tölvunefndar til Ríkisendurskoðunar 1994 þar sem nefndin tjáir Ríkisendurskoðun að það sé mat nefndarinnar að lög um Ríkisendurskoðun geymi sérstaka lagaheimild fyrir stofnunina *til aðgangs að upplýsingum er varða einkamálefni manna* og sé henni því ekki þörf á heimild nefndarinnar fyrir aðgangi að þeim skrám sem henni eru nauðsynlegar í störfum sínum. Ekkert er getið um heimild Ríkisendurskoðunar til að birta svo nákvæmar persónuupplýsingar sem hér er fjallað um í opinberri skýrslu.

Þessi túlkun tölvunefndar, herra forseti, á heimildum Ríkisendurskoðunar til aðgangs að einkamálefnum manna gerir nefndina augljóslega vanhæfa til að fjalla um áfrýjun landssamtakanna Þroskahjálpar um þetta mál á því stigi sem það var borið fram. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og er ekki hægt að áfrýja honum annað. Því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.:

1. Telur ráðherra eðlilegt með hliðsjón af þrígreiningu ríkisvaldsins að tölvunefnd fari með eftirfarandi hlutverk:

a. að hafa frumkvæði að rannsókn einstakra mála,

b. að rannsaka þau og

c. að kveða upp endanlegan úrskurð í þeim?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rannsóknar- og úrskurðarvald nefndarinnar verði aðgreint?

[11:05]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga hefur tölvunefnd það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd laganna, standa vörð um friðhelgi einkalífs að því er varðar meðferð skráðra persónuupplýsinga og aðstoða menn við að ná fram rétti sínum ef svo ber undir. Þá veitir nefndin ýmis leyfi og úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um framkvæmd laganna.

Lögum samkvæmt er tölvunefnd sjálfstæð stjórnsýslunefnd í þeim skilningi að henni er skipað til hliðar við almennt stjórnkerfi ráðuneytisins og ákvörðunum hennar verður ekki skotið til ráðherra. Sem dæmi um nefndir sem eru sambærilegar að þessu leyti má nefna mannanafnanefnd, *gjafsóknarnefnd, kærunefnd jafnréttismála og nefnd um bætur* vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Ekki verður talið að starfssvið tölvunefndar eins og það er samkvæmt gildandi lögum fari í bága við þrígreininginu ríkisvaldsins sem tryggð er í 60 gr. stjórnarskrárinnar, enda verða ákvarðanir hennar bornar undir dómstóla með sama hætti og ákvarðanir annarra slíkra stjórnsýslustofnana. Þetta er vitaskuld lykilatriði að því er varðar þá spurningu hvort þessi nefnd starfi í samræmi við meginreglur um þrígrein-

ingu ríkisvaldsins. Ákvarðanir hennar verða bornar undir dómstóla eins og allar ákvarðanir stjórnsýsluaðila.

Þá er þess að geta að í nýrri tilskipun Evrópusambandsins um meðferð persónuupplýsinga sem væntanlega verður felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er áskilið að stofnanir sambærilegar við tölvunefnd skuli vera sjálfstæðar í störfum sínum. Í þeim aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem annar háttur hefur verið hafður á er nú unnið að lagabreytingum með það fyrir augum að tryggja sjálfstæði viðkomandi stofnana. Hér á landi er nú unnið að samningu frv. til nýrra laga um meðferð persónuupplýsinga, bæði til að undirbúa framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi og til að aðlaga lögin nýrri tækni og breyttu upplýsingasamfélagi. Verður það frv. væntanlega tilbúið á þessu ári. Við samningu þess mun m.a. verða kannað hvort efni eru til að breyta því hlutverki sem tölvunefnd hefur gætt sl. 16 ár og eftir atvikum að koma á fót sérstakri kærunefnd, allt með hliðsjón af þeim reglum sem umrædd tilskipun Evrópusambandsins setur, m.a. að því er varðar sjálfstæði og verkefni slíkrar stofnunar.

Að því er varðar það sérstaka mál sem hv. þm. nefndi í inngangi að fyrirspurn sinni, þá er það að segja að ég hef ekki upplýsingar um það en sé svo eins og fram kom í máli hv. þm. að önnur lög kveði á um hvaða upplýsingar megi birta, þá geta þau gilt og þá kemur ekki til að tölvunefnd hafi heimildir til þess að stöðva birtingu slíkra upplýsinga og þá verða menn að beina athygli sinni að viðkomandi löggjöf ef menn telja að hún gangi of langt í því að heimila að tilteknar upplýsingar verði birtar.

[11:08]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er nokkuð oft sem þingmenn í þessum sal nefna friðhelgi einkalífsins og við leggjum áherslu á að það sé virt. Sú umræða kemur oft upp í tengslum við það að upplýsingar séu gefnar almennt um tekjur fólks og skatta. Sú umræða kom mjög skýrt í ljós þegar rætt var um frv. heilbrrh. um gagnagrunna og hér hefur hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir bent á mikla veikleika í störfum tölvunefndar sem hefur bæði með upplýsingagjöf og úrskurði að gera. Þar sem á að skoða starfsemi tölvunefndar eftir 16 ára starf og ráðherrann hefur nefnt að þá verði skoðað hvort sérstakri kærunefnd verði komið á, finnst mér mjög mikilvægt að ráðherrann svari síðari spurningu þingmannsins um það hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að rannsóknar- og úrskurðarvald nefndarinnar verði aðgreint.

[11:09]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Þau hafa verið um margt upplýsandi, t.d. hvað það varðar að ný tilskipun ESB muni leiða til þess að hér þurfi að endurskoða lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og er það vel því að ég held að ekki sé nokkur vafi á því að verulega ágalla er að finna á þeirri löggjöf í dag, sérstaklega í ljósi þess hversu mikil aðsókn er orðin í upplýsingar og hversu mikið er gert af því að sækja til tölvunefndar, það sýna erindi tölvunefndar.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist aðeins á umræðuna um gagnagrunna sem fór fram í þinginu í síðustu viku. Allt þetta hnígur í sömu átt að auðvitað þarf að fara vel yfir þau lög sem varða persónuupplýsingar og verndun þeirra.

Ég heyri ekki betur en að jafnvel séu hugmyndir manna uppi um að í nýju frv. um lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga væri hugsanlegt að koma á sérstakri kærunefnd og vil ég endilega hvetja til þess að menn skoði það af mikilli kostgæfni hvort ekki væri rétt að fara þá leið og nálgast þá gagnrýni sem hefur komið fram á störf tölvunefndar með því móti.

Hæstv. dómsmrh. talaði um sjálfstæði tölvunefndar og vissulega væri það mikilvægt. En ég ítreka að ég held að mjög mikilvægt sé að skorið verði á þetta vald tölvunefndar til að rannsaka, veita leyfi og síðan að úrskurða í málum sem að sumu leyti verði að teljast hennar eigin.

[11:12]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram er rétt að minna enn einu sinni á að niðurstaða, ákvarðanir og úrskurðir tölvunefndar verða í öllum tilvikum bornir undir dómstóla, allur ágreiningur verður borinn undir dómstóla. Þess vegna er það ekki svo að þær niðurstöður séu endanlegar.

Við höfum rætt af eftirlits- og úrskurðarnefndum í þjóðfélaginu. Við höfum Samkeppnisstofnun, heilbrigðiseftirlit, fiskveiðieftirlit og langur listi af eftirlitsstofnunum í þjóðfélaginu sem vinna að athugunum og rannsóknum mála og úrskurða með svipuðum hætti ef ágreiningur kemur upp. Ég sé ekki að í þessu tilviki sé með neinum hætti verið að víkja frá þeirri meginreglu og væri það að minni hyggju ekki skynsamleg ráðstöfun.

Ég sé ekki í fljótu bragði að það mundi samræmast þeim nýju reglum sem verið er að vinna að á vettvangi Evrópusambandsins að greina þetta hlutverk í sundur. Þar liggur til að mynda alveg ljóst fyrir að það mundi ekki samrýmast þeim reglum að heimila stjórnsýslukæru til ráðherra. Þess vegna hefur að mínu frumkvæði verið ákveðið að skoða sérstaklega varðandi undirbúning laganna hér að þessum nýju evrópsku reglum hvort ekki verði unnt að koma upp sérstakri úrskurðarnefnd þannig að skjóta megi stjórnvaldsákvörðun tölvunefndar til úrskurðarnefndar. Ég geri mér vonir um að slíkt fyrirkomulag geti samrýmst þeim reglum sem verið er að setja upp innan Evrópusambandsins og um leið tryggt aukið réttaröryggi í þessu efni þannig að menn geti fengið stjórnvaldsúrskurði á áfrýjunarstigi áður en farið er með mál fyrir dómstóla.

## *Vinnuregla Þróunarsjóðs sjávarútvegsins við úreldingu fiskvinnsluhúsa.*

Fsp. SvanJ, 671. mál. — Þskj. 1156.

[11:15]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Haustið 1996 var einu sinni sem til oftar til umfjöllunar á hinu háa Alþingi frv. til laga um breytingu á lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Í umfjöllun um það frv. kom fram að einungis sjö fiskvinnsluhús höfðu verið úrelt og varð sú staðreynd með öðru til þess að ákveðið var að taka ekki frekara þróunarsjóðsgjald af fiskvinnslunni enda hafði hún þá þegar greitt til sjóðsins fé langt umfram það sem nýtt hafði verið til úreldingar í fiskvinnslunni.

Við umfjöllunina upplýstist jafnframt vinnuregla sjóðsins að fiskvinnsluhús væru ekki keypt af sjóðnum til úreldingar nema eigandinn sjálfur væri áður búinn að útvega kaupanda.

Þetta var harðlega gagnrýnt í umræðum um frv. og m.a. bent á að það hafi ekki verið gefið í skyn í lagatextanum að svo skyldi farið með. Bent var á að þessi vinnuregla mundi vera meginástæða þess að nánast ekkert hafði orðið úr úreldingum fiskvinnslustöðva. Hins vegar mætti einmitt ætla að þeir eigendur fiskvinnslustöðva sem gætu ekki fundið kaupanda að eignunum þyrftu frekar á atbeina Þróunarsjóðsins að halda. Jafnframt var bent á að ýmsum sem var kunnugt um þessa reglu hafi ekki þótt ómaksins vert að sækja um úreldingu við þessar aðstæður þar sem þeir töldu sig ekki geta fundið kaupanda að húsum sínum. Kom mönnum í opna skjöldu að svona skyldi hafa verið staðið að málum og ekki í anda laganna eða þess vilja sem hafi legið að baki.

Í nefndaráliti minni hlutans við afgreiðslu þess frv. sem lá fyrir haustið 1996 kemur fram að minni hlutinn telur gagnrýnivert hvernig ákvæði um úreldingu fiskvinnsluhúsa hafi verið túlkuð. Í umræðunni kom fram hjá formanni sjútvn. að hann hafði enga trú á því að takmörkun stjórnarinnar fengi staðist og var því jafnframt spáð ef aðilar sem sótt höfðu um úreldingu en ekki fengið vegna þessarar vinnureglu leituðu með mál sitt til dómstóla, þá ynnu þeir slíkt mál.

Nú hefur það orðið, herra forseti, þar sem Þróunarsjóður hefur verið dæmdur til að afgreiða umsókn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum en það var einmitt eitt þeirra fyrirtækja sem átti inni umsókn þegar fjallað var um málið á hinu háa Alþingi haustið 1996. Ég hef þess vegna beint eftirfarandi spurningum til hæstv. sjútvrh.:

1. Hve mörg fiskvinnsluhús hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins keypt til úreldingar á því tímabili sem honum hefur verið heimilt að kaupa slík hús?

2. Hve mörgum umsóknum hefur verið vísað frá á þeirri forsendu að umsækjendur gátu ekki teflt fram nýjum kaupanda að eignunum, en það var sú vinnuregla sjóðsins sem nú hefur verið dæmd ólögmæt?

3. Hvaða áhrif telur ráðherra að nýfallinn dómur í máli Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hafi gagnvart þeim aðilum sem var hafnað á forsendum þeirrar vinnureglu sem nú hefur verið dæmd ólögmæt?

4. Hver er réttarstaða þeirra fyrirtækja sem aldrei sóttu um úreldingu þar sem þau töldu sig ekki geta uppfyllt þá vinnureglu sjóðsins sem hefur nú verið dæmd ólögmæt?

[11:18]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil fyrst rifja það upp að í lögunum um Þróunarsjóð var ekki gert ráð fyrir því að það væri skylda að úrelda fiskvinnsluhús. Á hinn bóginn var skylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka skip til úreldingar en sá þáttur sem laut að fiskvinnsluhúsum var á grundvelli laganna byggður algerlega á frjálsu mati sjóðsins og sjóðstjórnin taldi í samræmi við það að hún gæti sett skilyrði sem þetta varðandi ákvarðanir um úreldingu fiskvinnsluhúsa.

Ef ég vík svo að spurningunum sjálfum sem hv. þm. hefur lagt fram er þess að geta varðandi fyrstu spurninguna að sjóðurinn mun alls hafa keypt 20 hús.

Varðandi aðra spurninguna er það að segja að sjóðnum bárust allt 36 umsóknir þar sem umsækjandi gat ekki teflt fram kaupanda og fullnægt þannig skilyrðunum.

Varðandi þriðju spurninguna er það að segja að stjórn Þróunarsjóðs hefur ekki komið saman til fundar eftir að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur var kveðinn upp í mars sl. og því hefur stjórnin ekki fjallað um niðurstöðu dómsins né tekið ákvörðun um hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Verði málinu skotið til Hæstaréttar þarf að bíða niðurstöðu hans til þess að hægt verði að taka ákvörðun um mál Vinnslustöðvarinnar og annarra þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir. Þó að stjórn Þróunarsjóðsins hafi ekki enn fjallað um málið og tekið ákvarðanir þykir mér mjög líklegt að niðurstaðan á þeim vettvangi verði sú að málinu verði áfrýjað.

Varðandi fjórðu spurninguna er það að segja að ekki verður séð að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur hafi nein áhrif á réttarstöðu þeirra fyrirtækja sem sóttu ekki um úreldingu fiskvinnsluhúsa. Það yrði ekki með góðu móti hægt að beita hlutbundnum aðferðum til þess að komast að því hvers vegna fyrirtækin sóttu ekki um úreldingu fiskvinnslustöðva.

[11:20]

**Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hann gaf við fyrirspurnum mínum. Eðli máls samkvæmt hlutu þau að verða takmörkuð þar sem eins og fram kom í máli hans stjórnin hefur ekki komið saman eftir að dómurinn féll til þess að fjalla um þessa niðurstöðu.

Hins vegar er athyglisvert að það kemur fram í svari hans að 36 umsóknum virðist hafa verið vísað frá á þeirri forsendu sem stjórn sjóðsins gaf sér um meðferð mála.

Þegar lögin voru sett á sínum tíma um Þróunarsjóð og um það að hægt væri að úrelda fiskvinnsluhús engu síður en fiskiskip lá alveg ljóst fyrir að menn voru á þeirri skoðun að grípa þyrfti til tiltekinna ráðstafana til þess að auka hagræðingu í sjávarútvegi. Það má þess vegna furðulegt heita að stjórn Þróunarsjóðsins skyldi í raun komast upp með að setja þau skilyrði sem hún setti sem gerðu það að verkum að einungis 20 hús hafa fengið eðlilega meðferð miðað við það sem má ætla að andi laganna hafi sagt fyrir um, 36 umsóknum hefur verið vísað frá og í rauninni eru ótaldar þær umsóknir sem hefðu komið til sjóðsins ef menn hefðu ekki gefið sér það fyrir fram að þeir ættu engan rétt eða möguleika vegna þess að auðvitað var það svo að fjöldi aðila sem sat uppi með ónýttar eða vannýttar fasteignir treysti sér aldrei til þess að sækja um vegna þeirrar reglu að menn yrðu sjálfir að vera búnir að útvega kaupanda áður en þeir sendu umsókn til sjóðsins. Það er kannski það fráleita í þessu öllu, herra forseti, að nákvæmlega þeir sem þurftu helst á atbeina sjóðsins að halda voru útilokaðir. Hinir sem gátu sjálfir fundið kaupanda að sínum eignum gátu fengið eins konar milligöngu hjá Þróunarsjóðnum um mál sín.

Ég tel, herra forseti, að það væri sæmst að stjórn sjóðsins kæmi saman og ynni einfaldlega eftir þeim lögum sem fyrir liggja.

[11:23]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég minni enn og aftur á að eins og lögin voru samþykkt á Alþingi fólu þau aðeins í sér heimild til þess að veita úreldingarstyrki vegna fiskvinnsluhúsa. Þar var ekki kveðið á um skyldu eins og gilti um fiskveiðiskipin. Þess vegna verður þetta ekki borið saman. Stjórn sjóðsins hefði á grundvelli laganna getað hafnað öllum umsóknum um úreldingu á fiskvinnsluhúsum. Það var tekið skýrt fram í umræðum um þetta mál að það yrði algerlega að mati stjórnar sjóðsins hvort þessari heimild yrði beitt og þá að hve miklu leyti. Þess vegna taldi ég ekkert óeðlilegt að stjórnin

setti skilyrði sem þetta þegar hún taldi eðlilegt að setja því ákveðin takmörk hvað gert yrði í þessum efnum. Ég ítreka að lögin fólu aðeins í sér heimild en enga skyldu og stjórn sjóðsins hefði getað hafnað öllum umsóknum um úreldingu fiskvinnsluhúsa.

## *Kennsla í grunnskólum.*

Fsp. BirnS, 512. mál. — Þskj. 883.

[11:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þessi fyrirspurn var fram borin af varaþingkonu Kvennalistans, hv. þm. Birnu Sigurjónsdóttur. Þar sem hún er ekki lengur á þingi hef ég samþykkt að fylgja fyrirspurninni úr hlaði.

Samkvæmt nýlegri skýrslu undanþágunefndar fyrir grunnskóla hefur nú verið samþykkt 601 umsókn um undanþágu fyrir leiðbeinendur í grunnskólum fyrir skólaárið 1997–1998 og er það fjölgun um 50 frá árinu áður. Undanþágur hafa ekki verið fleiri síðan á árinu 1991–1992. Þessi aukning hlýtur að vera hæstv. menntmrh. áhyggjuefni sem og öllum þeim sem vilja enn betri grunnskóla. 377 umsóknir voru samþykktar af undanþágunefnd sem í eiga sæti fulltrúar kennarasamtaka, Kennaraháskólans og menntmrn. Um 224 umsóknir varð ágreiningur í nefndinni og þær því samþykktar af menntmrh. einum. 21 umsókn var hafnað og tveimur vísað frá.

Gera má ráð fyrir að þessir 600 leiðbeinendur hafi umsjón með kennslu um 10 þúsund grunnskólanemenda og ef þessir leiðbeinendur fylla 300 stöðugildi en margir þeirra eru í skertum stöðum, þá kenna þeir 10 þús. nemendum í um 8 þús. kennslustundir í viku hverri.

Í umræðum er oft látið að því liggja að leiðbeinendur séu flestir hámenntaðir en skorti aðeins próf í uppeldis- og kennslufræðum. Staðreyndin er sú að nærri 30% leiðbeinenda hafi aðeins stúdentspróf eða skemmri framhaldsskólamenntun. Stærsti hópurinn hefur að baki listnám, starfsmenntun eða aðra sérmenntun. Um fjórðungur hópsins hefur menntun á háskólastigi.

Sérkennsla fyrir seinfæra nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika gerir hvað mestar kröfur til sérþekkingar kennara. Í lögverndunarlögunum frá 1986 er kveðið á um að kennarar við sérkennslu skuli hafa 30–60 eininga framhaldsnám í sérkennslufræðum. Það stingur því í augu að sjá að í skýrslu undanþágunefndar eru við sérkennslu 57 leiðbeinendur. Stærsti hópurinn er reyndar með leikskólakennara-, þroskaþjálfa- eða aðra menntun sem nýtist á þessu sviði en níu þeirra hafa aðeins stúdentspróf og þetta er sérstaklega athyglisvert vegna þess að í því frv. sem liggur nú fyrir þinginu um lögverundun á starfsréttindum kennara er ekki getið neitt um menntun sérkennara þannig að ætla má að þarna eigi að fara að slaka á kröfum. Ég legg áherslu á það að með þessari fyrirspurn er ekki verið að veitast að leiðbeinendum, því fólki sem sinnir þessum störfum, heldur þeim sem bera ábyrgð á þeim.

Kennaraskortur er fyrst og fremst afleiðing margra ára láglaunastefnu gagnvart kennurum.

En spurningar Birnu Sigurjónsdóttur af þessu tilefni til hæstv. menntmrh. eru eftirfarandi:

1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að tryggja nemendum í grunnskólum kennslu menntaðra kennara?

2. Telur ráðherra réttlætanlegt að sérkennsla í grunnskóla sé í höndum einstaklinga sem hvorki hafa menntun í sérkennslufræðum né almenna kennaramenntun?

[11:28]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka þessar fyrirspurnir. Um þær mætti hafa mjög langt mál til þess að fjalla um einstök atriði sem hv. þm. drap á í máli sínu. Það er alveg rétt að við þurfum að gera allt sem í valdi okkar stendur til að tryggja nemendum í grunnskólum kennslu menntaðra kennara eins og spurningin hljóðar um en við skulum átta okkur á því að það sem hefur verið að gerast m.a. og veldur því að menn standa í sérstökum sporum að þessu leyti núna er það að vegna aukningar á umfangi starfsins í grunnskólanum hefur verið fjölgað þar um það sem menn telja allt að 250 stöðugildum á tiltölulega skömmum tíma. Það er sá vandi sem við stöndum m.a. frammi fyrir að við þurfum að auka umfangið í grunnskólanum og fjölga þar stöðugildum og það hefur skapað sérstakar aðstæður þegar menn fjalla um réttindalausa kennara eða leiðbeinendur núna og hugtakið menntaðir kennarar sem kemur fyrir í þessari fyrirspurn er ekki hugtak sem er skilgreint neins staðar sérstaklega og það má að sjálfsögðu um það deila hvaða kennarar eru menntaðir og ekki menntaðir. Ég tel að allir þeir sem sinni kennslu í skólum séu menntaðir en þeir hafa ekki allir fullnægt þeim skilyrðum sem eru sett í lögverndunarlögum. Þar verða menn að gera mun á og eins og fram kom í máli hv. ræðumanns, sem talaði fyrir hönd fyrirspyrjanda, er staðan nú þannig að 82,8% af öllum kennurum, samkvæmt yfirliti frá Hagstofu Íslands um fjölda réttindakennara og leiðbeineinda, þá á ég við réttindakennara samkvæmt lögverndunarlögunum. Í grunnskólum skólaárið 1997–1998 eru kennarar með réttindi alls 3.116 eða 82,8% á landinu öllu en leiðbeinendur eru 646 eða 17,2%. Þetta er það hlutfall sem nú er og það er þetta bil sem við þurfum að brúa og setja okkur það mark að ná því að allir sem kenna í skólum hafi full réttindi samkvæmt lögverndunarlögunum.

Við gerum það með ýmsum hætti. Við gerum það m.a. með því að efla kennaramenntun stofnunarinnar og að því hefur verið unnið. Það hefur verið stofnuð kennaramenntunardeild við Háskólann á Akureyri og eins og þingmenn vita þá tók til starfa, frá 1. janúar sl., Kennaraháskóli Íslands undir nýjum formerkjum þar sem þrír framhaldsskólar voru felldir að gamla Kennaraháskólanum. Það er ætlunin að efla þá stofnun. Raunin er sú hér að fleiri vilja innritast í skólann en komast þar að og vonandi verður það með því að skólinn verður öflugri að unnt verður að taka á móti fleiri nemendum þar.

Varðandi það sem aðallega er á valdi menntmrh. í þessu efni, það er efling kennaramenntunar, og á það hef ég hef lagt áherslu, er símenntun og endurmenntun og að mikið átak verði gert í því í kjölfar þess að nýjar námskrár koma til sögunnar. Þannig verði einnig séð til þess að kennarar sem starfa í skólunum séu alltaf sem best til þess færir að sinna kennslunni í samræmi við kröfur á hverjum tíma. Og raunar er það athyglisvert í úttekt á kennaramenntun, sem nýlega var birt, að þar leggja menn áherslu á að grunnmenntunina þurfi í sjálfu sér ekki að lengja heldur beri að leggja höfuðáherslu á símenntun og endurmenntun þannig að kennararnir séu alltaf til þess búnir að sinna störfum sínum í samræmi

við kröfur á hverjum tíma. Þetta er mjög mikilvægt mál og fyrir þessu ætla ég að beita mér.

Um ráðningu starfsmanna í grunnskóla er það eins og menn vita í höndum sveitarfélaganna. Það er málefni sveitarfélaganna, sveitarstjórna og skólastjóra að laða til sín menntað fólk og kennara og kennara með réttindi til kennslustarfa í grunnskólum.

Spurt var hvort ráðherra teldi réttlætanlegt að sérkennsla í grunnskólum væri í höndum einstaklinga sem hvorki hefðu menntun í sérkennslufræðum né almenna kennaramenntun. Í sjálfu sér er það réttlætanlegt að svo sé, miðað við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir. Við þurfum að veita þessa þjónustu og það skortir enn, því miður, nægilegan fjölda menntaðra manna til þess að gera það og þá er það gert á grundvelli laganna og með þeim heimildum sem við höfum samkvæmt lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og stafsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, að tekið er á þeim málum í samræmi við það og þau hljóta þá lögmæltu meðferð sem þar er getið um. Ég vil taka undir það með hv. ræðumanni að ég tel að það fólk sem hefur ráðist til starfa sem leiðbeinendur og líka jafnt í almennri kennslu og til sérkennslu sé oft mjög vel hæft til sinna starfa þó það uppfylli ekki þær kröfur sem réttindalögin gera til starfsmanna í skólum til þess að öðlast þau réttindi sem þar er mælt fyrir um.

[11:33]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég tek eftir því að hv. fyrirspyrjandi lætur þess getið að af þeim leiðbeinendum sem eru við sérkennslu sé stærsti hópurinn ýmist leikskólakennarar eða þroskaþjálfar. Hæstv. menntmrh. taldi að það væri kannski ekki á sínu valdi að hafa mikil áhrif þar á en ég vil samt spyrja hæstv. ráðherra hvort honum þætti sem það gæti verið á hans valdi eða a.m.k. hann hefði til þess nokkrar skyldur að skoða málefni þess hóps, sem er að störfum innan grunnskólans og grunnskólinn þarf í raun og veru á að halda vegna blöndunar, en hefur ekki formleg kennararéttindi en aðra menntun sem kemur að gagni, skoða málefni þessa hóps með það fyrir augum að þessir sérfræðingar verði viðurkenndir sem nauðsynlegir aðilar að þroska og kennslu þeirra nemenda sem þar eru þó að þeir séu ekki kennarar. Í dag eru þessir sérfræðingar allir ráðnir sem leiðbeinendur sem þýðir að bæði er faglega lítið gert úr þeim og staða þeirra er alltaf óviss.

Spurningin er því þessi: Telur menntmrh. að hann gæti með einhverjum hætti komið að því að breyta stöðu þessa fólks þannig að sérfræðiþekking þess nýttist sem skyldi?

[11:35]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég verð þó að segja að það veldur mér vonbrigðum að hann telji sig ekki geta beitt sér meira til að tryggja að nemendur í grunnskólum njóti í reynd jafnréttis til náms. Það er alveg ljóst að endurmenntun kemur ekki til góða þeim kennurum sem ekki hafa grunnmenntun og þessi mikla fjölgun sem er fyrirhuguð og er nú þegar orðin á störfum kennara verður ekki leyst með því að slaka á kröfum til kennara eins og nú er verið að gera í frv. um lögverndun á starfsheiti kennara sem á að fara að afgreiða.

Hæstv. menntmrh. fer með yfirstjórn málefna grunnskólans og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum. Ábyrgðin er því hans og þeirra sem fara með yfirstjórn menntamála á því að nemendur í grunnskóla skuli ekki allir sitja við sama borð í grunnskólanum og njóti kennslu menntaðra kennara. Jafnrétti til náms er því ekki tryggt meðan þessu fer fram.

Það er því afar brýnt að leitað verði allra leiða til að laða að og halda í hæfa og vel menntaða kennara við alla grunnskóla, ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu. Kennaraskortur er mestur og viðvarandi á landsbyggðinni. Sveitarstjórnir bera þarna vissulega ábyrgð en það gerir einnig hæstv. menntmrh. sem samkvæmt lögum fer með yfirstjórn málefna grunnskólans. Þessi vandi er ekki nýr, hann var fyrir hendi áður en grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna. Lág laun kennara er uppsafnað vandamál til margra ára og þeir fjármunir sem fluttir voru með grunnskólanum til sveitarfélaganna hvergi nægir til að leysa þetta mál.

En eins og ég sagði áðan þá er sérstaklega athyglisvert að í lögverndarlögunum er ekkert getið um menntun sérkennara og hér kemur fram að þeir eru svo til ómenntaðir, hafa ekki kennararéttindi í miklum mæli og það virðist ekkert eiga að leysa þau mál öðruvísi en að slaka á kröfunum. Þannig að mér virðist sem það sé leið hæstv. menntmrh. til að koma til móts við þessa fjölgun kennara að slaka á kröfum. Það er mjög miður en þetta er í samræmi við áðurnefnt frv. sem liggur fyrir þinginu en það er þvert á vilja kennaramenntunarstofnana að slaka á menntunarkröfum til kennara.

[11:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það er alrangt að verið sé að slaka á kröfum. Og það er alrangt að menntmrh. vilji ekki axla þá ábyrgð sem hann ber í þessu efni. Við höfum verið að bæta kennaramenntunina, efla Kennaraháskóla Íslands. Við erum að færa þroskaþjálfanámið og leikskólakennaranámið upp á háskólastig og gera þá betur hæfa líka til að sinna þeim verkefnum sem um er að ræða í sérkennslunni. Það er verið að gera stórátak í að efla kennaramenntunina í landinu og ná því markmiði sem menn settu sér með lögverndunarlögunum. En mönnum var líka ljóst þegar þau lög voru sett, að það yrði að hafa þá leið sem mælt er fyrir um í lögunum til þess að fylla kennarastöður þótt ekki sé um réttindakennara að ræða. Það er alveg lögum samkvæmt. Það eru engin önnur úrræði sem menntmrh. hefur en þau sem Alþingi veitir honum með þeim lögum. Þeim ákvæðum hefur verið beitt í samræmi við reglur sem settar hafa verið þannig að það er alveg ljóst að menntmrh. sinnir þessu í samræmi við fyrirmæli frá Alþingi. Bæði hefur hann skyldur sínar samkvæmt grunnskólalögunum og einnig hefur verið komið á laggirnar því kerfi sem gerir kleift að ráða leiðbeinendur til starfa í grunnskólum, hvort heldur til almennrar kennslu eða til sérkennslu. Lögin gera ráð fyrir þessu, það eru þau fyrirmæli sem Alþingi hefur gefið menntmrh. og það umboð sem Alþingi hefur veitt ráðherranum. Samkvæmt því hefur verið starfað og ég ítreka að 82,8% af starfsmönnunum eru réttindakennarar og það er hátt hlutfall, en auðvitað eigum við að stefna að því að það verði 100%. Við eigum einnig að stefna að því að þeir sem sinna sérkennslu hafi sem besta menntun. Þetta er sameiginlegt markmið okkar og að því er unnið. Ég tel að stigin hafi verið markverð skref í þá átt á þessum vetri með því að stofna Kennaraháskóla Íslands og færa nám þroskaþjálfa og leikskólakennara upp á háskólastig. Þannig að það er unnið að þessu og markmiðið er skýrt, að allir nemendur

njóti leiðsagnar frá kennurum með full réttindi, hvort sem um sérkennslu eða almenna kennslu er að ræða.

## *Geðheilbrigðismál barna og unglinga.*

Fsp. ÁÞ, 525. mál. — Þskj. 901.

[11:40]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. heilbrrh. um hvort unnið sé að heildstæðri stefnumótun fyrir landið allt í geðheilbrigðismálum barna og unglinga. Og ef svo er, hvernig miðar þeirri vinnu og hvenær má vænta niðurstöðu í málinu?

Þeir sem láta sig geðheilbrigðismál barna og unglinga varða, svo sem samtökin Umhyggja, barnageðlæknar, umboðsmaður barna og fleiri, hafa ítrekað látið í ljós nauðsyn þess að slík heildstæð stefna yrði mótuð. Mikil óvissa hefur ríkt í þessum málum. Á síðasta ári var t.d. mikill óróa í kringum rekstur barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, fjárskortur og annar óróleiki sem leiddi til þess að yfirlæknir deildarinnar sagði upp störfum. Þó svo að málefni barna- og unglingageðdeildar virðist nú vera í ró eru önnur og brýn málefni sem standa óleyst, enda ekki nein stefna til um það með hvaða hætti eigi að leysa þau mál.

Samanborið við önnur Norðurlönd erum við miklir eftirbátar í að veita börnum með geðræn vandamál viðunandi geðlæknismeðferð. Hér á landi eru það aðeins um 0,4% í hverjum árgangi barna sem fá þjónustu barnageðlæknis ef þau eiga við geðræn vandamál að stríða. Á hinum Norðurlöndunum eru rúmlega 2% barna í hverjum árgangi sem leita eftir þjónustu barnageðlækna og fá hana. Því miður er þessi mismunur ekki vegna þess að færri íslensk börn eigi við geðræn vandamál að stríða, aðgengi þeirra að þjónustu geðlækna er því miður mun lakara en á öðrum Norðurlöndum.

Í svari við fyrirspurn minni fyrr í vetur um fjölda barna og ungmenna sem kæmu til meðferðar á Vog vegna fíkniefnanotkunar kom í ljós að sú tala fer hækkandi ár frá ári og núna eru um 264 börn og ungmenni sem leita eftir þjónustu á Vogi. Heilbrrh. lét þess getið í svari sínu að á Vogi starfaði einn geðlæknir. Hið rétta er að síðan í ársbyrjun hefur enginn geðlæknir starfað á Vogi þrátt fyrir það að í könnun, sem Helga Hannesdóttir barnageðlæknir gerði á geðheilbrigðisástandi barna og ungmenna sem lögðust inn á Vog til meðferðar, kæmi fram að á bilinu 15–36% þeirra ættu við ýmis alvarleg geðræn vandamál að stríða sem mætti skýra fíkniefnavanda þeirra. 36% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni áttu við alvarleg hegðunarvandamál að stríða, 22% þeirra þjáðust af þunglyndi. Þessi ungmenni fara frá Vogi án þess að tekið sé á geðheilbrigðisvanda þeirra. Á bráðadeildir sjúkrahúsanna koma um 500–600 ungmenni á ári hverju eftir sjálfsvígstilraunir.

Mjög margir aðilar virðast vera að fást við að leysa vanda barna og ungmenna sem eiga við geðræn vandamál að stríða en það virðist lítið um samhæfingu eða samstarf þessara aðila að ræða. Telur hæstv. heilbrrh. að samhæfa þurfi störf þessara þjónustuaðila og vill hún beita sér fyrir því? Hvernig er ástand þessara mál á landsbyggðinni og (Forseti hringir.) er vel séð fyrir þeim málum utan höfuðborgarsvæðisins?

Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. Að lokum ein spurning til hæstv. heilbrrh.: Nær allir meðferðaraðilar sem fást við geðheilbrigðismál barna og ungmenna eru sammála um að hér þurfi að rísa lokuð meðferðarstofnun eða bráðastofnun í Reykjavík. Deilir hæstv. heilbrrh. þeirri skoðun?

[11:44]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Á alþjóðaheilbrigðisdaginn 10. okt. 1996 tilkynnti ég að ég mundi koma á fót starfshópi til að undirbúa stefnumótun í málefnum geðsjúkra. Hópnum er ætlað að leggja fram tillögur um áherslur í geðheilbrigðisþjónustunni á komandi árum. Starfshópurinn, sem er undir forustu Tómasar Zoëga yfirlæknis, hefur unnið mikið starf, m.a. með viðamikilli gagnasöfnun og athugun á innlendum og erlendum fræðigreinum.

Verkið hefur reynst viðamikið. Hópurinn hefur skipt með sér verkum og komið á fót undirhópum og fjallar einn þeirra sérstaklega um málefni barna og unglinga. Sá hópur skilaði áfangaskýrslu 10. okt. sl. Áfangaskýrslan fjallar almennt um mikilvægi geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga. Farið er yfir helstu vandamál sem upp geta komið og dregið er upp skipurit þeirra meðferðaraðila sem koma að geðheilbrigðismálum barna og unglinga í þjóðfélaginu og reifaðar eru bráðabirgðaniðurstöður.

Í áfangaskýrslunni kemur fram að geðheilbrigðisvandamál séu hlutfallslega algeng hjá börnum þótt alvarlegir geðsjúkdómar séu sjaldgæfir og mjög óalgengir á fyrstu unglingsárum. Helstu einkenni eru talin upp í ellefu liðum. Vakin er athygli á því að allir sem koma nálægt uppeldi barnsins hafi hlutverki að gegna í að efla, viðhalda og bæta geðheilbrigði þess. Þetta á einnig við um þá aðila er fást við aðra þætti í uppeldi barnsins, svo sem leikskólakennara, kennara og starfsfólk heilbrigðis- og félagsmálastofnana.

Í bráðabirgðaskýrslunni dregur starfshópurinn upp mynd af geðheilbrigðisþjónustu sem skiptist í fjögur stig en þau eru: Almenn þjónusta, svo sem heilsugæsla. Þjónusta fagfólks, t.d. sérfræðiaðstoð vegna alvarlegra, flókinna og langvarandi vandamála. Meðferðarúrræði, svo sem dagdeildir göngudeildir og legudeildir fyrir alvarlega veik börn.

Fram kemur að hér á landi er þjónustan tiltæk á öllum þessum meðferðarstigum. Þó er talið nauðsynlegt að samræma og samhæfa þjónustuna betur í baráttunni fyrir betri geðheilsu ungmenna. Sérstaklega er bent á nauðsyn samhæfingar og aukningu samstarfs félagsmála og heilbrigðisþjónustu og að komið verði upp sameiginlegri greiningarstöð. Í því sambandi er vert að benda á að nú á annað ár hefur samstarfsnefnd heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyta starfað að málinu og tekist að leysa úr ýmsum vandamálum sem óvissa hefur ríkt um hver ætti að takast á við.

Virðulegi forseti. Ég á von á að vinnuhópurinn ljúki störfum alveg á næstunni. Þá munu liggja fyrir tillögur um framtíðarskipan og áherslur í geðheilbrigðismálum á Íslandi, ekki einvörðungu barna og unglinga heldur heildartillögur fyrir alla landsmenn.

Ekki ber að skilja mál mitt svo að ekkert sé aðhafst á meðan beðið er eftir tillögum. Eins og kunnugt er hefur verið lögð verulega aukin áhersla á forvarnastarf gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna. Fyrir Alþingi liggja tillögur um skipulagsbreytingar á stjórnun þess málaflokks sem ég vænti að verði lögfestar á næstu dögum. Í samstarfi við Fangelsismálastofnun og Heilbrigðismálastofnun Suðurlands vinnur ráðuneytið að eflingu geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni. Nú þegar hafa sérhæfðir hjúkrunarfræðingar, sem starfa á

réttargeðdeildinni á Sogni, hafið störf við fangelsið auk þess sem bætt verður úr langvarandi skorti á geðlæknisþjónustu.

Héraðslæknar um allt land hafa staðið fyrir fræðslu um geðheilbrigðismál fyrir starfsfólk heilsugæslunnar með það að markmiði að auka hæfni starfsfólks til greiningar og aðstoðar þegar skjólstæðingar þeirra eiga við geðræn vandamál að stríða. Göngudeildarþjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans hefur verið efld og barna- og unglingageðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur styrkst verulega.

Virðulegur forseti. Hv. þm. bætti nokkrum spurningum við þær sem lágu fyrir skriflegar. Hv. þm. spyr sérstaklega að því hvort ekki sé rétt að koma á lokuðu meðferðarúrræði fyrir börn og þá á hún sérstaklega við áfengis- og vímuefnaneytendur, ef ég skildi hana rétt. Félmrn. og heilbrrn. eru að vinna að því að fjölga úrræðum fyrir áfengis- og vímuefnasjúk börn.

[11:49]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú brá svo við að hæstv. heilbrrh. upplýsti að ríkisstjórnin væri með áform um að fjölga meðferðarúrræðum fyrir börn sem eiga í vímuefnavanda. Þá ber nýrra við. Fyrr í vetur, þegar hún svaraði fyrirspurn. frá mér, taldi hún ekki þörf á fleiri slíkum úrræðum.

Fyrir liggur að yfir 260 börn, ég vil kalla það börn sem eru undir 18 ára aldri, leituðu eftir aðstoð á Vogi í fyrra. Hæstv. heilbrrh. sagði í svari við þessari fyrirspurn að þar starfaði barnageðlæknir.

Nú er ljóst að ekki hafi verið svo frá áramótum. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að málin sem hann fái til meðferðar séu illvígari en nokkru sinni fyrr. Ég verð að segja að þetta er mér mikið áhyggjuefni. Ég tel að meðan ríkisstjórnin ígrundar hvernig hún getur bætt við meðferðarúrræðum fyrir vímuefnasjúk börn, þá ætti að gera gangskör að því að ráða barnasálfræðing og geðlækni að Vogi.

[11:51]

**Fyrirspyrjandi (Ásta B. Þorsteinsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hennar. Þar upplýsti hún að nefnd sem starfar að mótun heildstæðrar stefnu í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna fari senn að ljúka störfum. Við fáum þá innan skamms að sjá niðurstöður af þeirri vinnu.

Heilbrrh. hæstv. sagði einnig að hugmyndir væru um að koma á sameiginlegri greiningarstöð fyrir börn með geðræn vandamál. Þá langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort þetta eigi að vera ein greiningarstöð á landsvísu eða hvort að hugsunin sé kannski sú að þjónusta við landsbyggðina verði efld í þessum efnum sem og annarri heilbrigðisþjónustu. Hvert sækja börn frá landsbyggðinni eftir geðlæknisþjónustu? Til Akureyrar, nefndi hæstv. ráðherra, en að öðru leyti sér maður ekki að önnur úrræði séu í boði en hér í höfuðborginni þurfi börnin á því að halda.

Ég vil aðeins ítreka spurningu mína frá því áðan varðandi það að fagfólk hefur ítrekað bent á þörfina fyrir bráðastofnun eða lokaða meðferðarstofnun fyrir börn og ungmenn svo hægt sé að taka á bráðum vanda. Ég spurði hæstv. heilbrrh. hvort hún deildi þessari skoðun fagmannanna og hvort hún teldi að þörf væri á að koma slíkri stofnun á laggirnar. Ef svo er, hyggst hún beita sér fyrir því að svo verði?

Í svari við fyrirspurn minni fyrr í vetur, þar sem ég beindi þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort hún teldi að það væri heppileg lausn að veita börnum og ungmennum meðferð vegna vímuefnanotkunar á stofnunum sem eru sniðnar að þörfum fullorðinna, sagði hæstv. heilbrrh. að hún teldi það ekki vera góða lausn. Því spyr ég aftur: Telur hæstv. heilbrrh. það koma til greina að fjölga sérstaklega meðferðarúrræðum fyrir börn hér í höfuðborginni þar sem er hægt væri að veita þeim viðunandi meðferð vegna vímuefnavanda og geðræns vanda, sem miðuð væri við aldur þeirra?

[11:54]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fyrra svari minu, þá erum við að tala um heildstæða stefnu fyrir landið allt. Þegar við tölum um greiningarstöð þá er það fyrir landið allt að sjálfsögðu.

Mig langar að koma inn á það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði hér áðan. Hún talaði um að barnageðlækni vantaði á Vog, eða stofnanir SÁÁ, þó öðru hefði verið haldið fram. Þar var barnageðlæknir en við eigum allt of fáa barnageðlækna á Íslandi. Það er okkar vandamál, bæði á þessum meðferðarstofnunum og barna- og unglingageðdeildinni.

Mig langar að geta þess að Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur hjá SÁÁ, hefur margsinnis sagt á opinberum vettvangi að aðgengi fyrir unga vímuefnaneytendur á Íslandi að meðferð sé betri á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar. Þar með er ekki sagt að ekki megi bæta úr. Þegar við ræðum um lokuð meðferðarúrræði, þá verðum við að nýta þau úrræði sem við eigum í dag, með þeim breytingum sem við sjáum að þurfa að vera á þeim miðað reynslu okkar. Það er mjög mikilvægt, eins og fram kom í svari mínu hér áðan, að félmrn. og heilbrrn. vinni að þessu saman. Við erum hér að tala um börn undir lögaldri.

## *Innheimta komugjalda heilsugæslustöðva.*

Fsp. ÖJ, 662. mál. — Þskj. 1135.

[11:56]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Á Alþingi hef ég, ásamt þingmönnum Alþb. og óháðra, flutt frumvörp þess efnis að komugjöld á heilsugæslustöðvar verði afnumin. Fyrir þessu höfum við fært margvísleg rök. Í umræðu um þetta efni hef ég vísað til þess að athuganir hafi sýnt að lág komugjöld svari ekki kostnaði. Fyrirferðin við skrifræðið er slík og tilkostnaðurinn sem þessu tengist. Séu gjöld og skattar á sjúklinga hins vegar hærri, þá fælir það fólk frá þessari þjónustu og grefur undan jafnrétti í landinu þar sem tekjulágt fólk mundi fyrst og fremst fælast frá því að nýta sér heilbrigðisþjónustuna.

Staðreyndin er sú að tilraunir til að gera samband sjúklings við heilsugæsluna að viðskiptasambandi eru mjög varhugaverðar og slæmar hvernig sem á málin er litið. Um þverbak keyrir þegar farið er að innheimta gjöld í heilsugæslunni með aðstoð innheimtulögfræðinga eins og dæmi eru um. Ég hef undir höndum innheimtubréf frá lögfræðingum þar sem verið er að innheimta komugjöld á heilsugæslustöð frá árinu 1994. Höfuðstóllinn var 600 kr. en þegar þetta er búið að fara í gegnum vinnslu hjá innheimtulögfræðingum þá hljóðar reikningurinn nú upp á 7.646 kr.

Spurning mín til hæstv. heilbrrh. er þessi: Er fyrir því heimild, af hálfu ráðherra, að setja vangreidd komugjöld

heilsugæslustöðva í innheimtu hjá lögfræðingum?

[11:58]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Það er grundvallaratriði í heilbrigðisþjónustu hér á landi að allir fái heilbrigðisþjónustu sem á þurfa að halda, óháð efnahag. Ráðherra eða ráðuneyti hafa ekki gefið heilsugæslustöðvum eða öðrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra nein fyrirmæli um hvernig haga skuli innheimtu sértekna. Um innheimtu sértekna gilda almennar reglur en vegna þess að hér er um mjög sérstaka þjónustu að ræða er það háð mati stjórnenda stofnunar hversu langt skuli gengið í innheimtuaðgerðum hverju sinni.

Ekki þarf sérstaka heimild frá ráðherra eða ráðuneyti fyrir því að setja komugjöld eða önnur gjöld í innheimtu. Stjórnendum stofnana er treyst fyrir því að ákveða hvort og hvenær eðlilegt og skynsamlegt sé að grípa til innheimtuaðgerða. Við slíkt mat hljóta þeir að horfa á hvert einstakt tilvik, aðstæður einstaklingsins og einnig það að vafasamt er að eyða miklum tíma eða leggja í mikinn kostnað við innheimtu lágra fjárhæða. Ég tel að dæmið sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom með áðan sé nánast einsdæmi.

[12:00]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er að vonum að hæstv. ráðherra skammist sín fyrir löggjöfina sem málið lýtur að en ég hélt að hæstv. ráðherra lyti ekki svo lágt að beina ábyrgðinni að stjórnendum stofnananna sem ber að framfylgja lögum sem Framsfl. stendur að um að fátækt fólk eigi að borga komugjöld til að fá að hitta lækni. Þess í stað segir ráðherrann að það eigi að vera mat stjórnenda stofnunarinnar hversu langt eigi að ganga í að innheimta komugjöldin. Ég spyr hæstv. ráðherra: Þýðir þessi yfirlýsing að stjórnendur heilsugæslustöðva geti ákveðið að innheimta ekki komugjöld og mun ráðherra styðja við bakið á þeim ef þeir taka þá ákvörðun?

[12:01]

**Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Ég tek undir málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Auðvitað er mergurinn málsins þau lög sem þessar innheimtuaðgerðir hvíla á. Svo er að skilja á hæstv. ráðherra að það beri ekki að líta á þetta sem hverja aðra viðskiptasamninga þótt hér séu dæmi um að svo sé gert í reynd en ég hjó eftir öðru í svari hæstv. ráðherra sem var á þá leið að það svaraði ekki tilkostnaði að innheimta lága reikninga og þess vegna er spurning mín þessi: Hvað með hina háu reikninga? Hvað með þá reikninga sem fólk greiðir ekki vegna þess að þeir eru svo háir og kostnaðurinn svo mikill að fólk rís ekki undir þeim? Er eðlilegt að mati hæstv. ráðherra að vísa innheimtu slíkra reikninga til innheimtulögfræðinga? Ég vil að lokum leggja áherslu á að hvernig sem á þessi mál er litið getur niðurstaðan að mínum dómi aðeins orðið ein. Þau lög sem þessar siðlausu innheimtuaðgerðir hvíla á ber að afnema þegar í stað.

[12:02]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Þau lög gilda í landinu að þeir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda eiga að fá hana. Þjónustugjöld hafa ekki verið hækkuð síðan um áramótin árið 1996 og við höfum haldið þjónustugjöldum niðri.

Ég sagði áðan að ég teldi það dæmi sem nefnt var vera einsdæmi og ég tel almennt að sú heilbrigða skynsemi sem ræður hjá stjórnendum sjúkrastofnana hafi ráðið og ráði. Mér finnst með þeim stóryrtu lýsingum sem hafa verið færðar vera skotið töluvert yfir markið og almennt vita menn að innan heilsugæslunnar þekkja menn það vel til þeirra einstaklinga sem þangað koma að ekki er gengið hart eftir þjónustugjöldum og þau eru ekki há í heilsugæslunni, sem betur fer, og þar eru þök sem hv. þm. þekkja. Þegar einstaklingar eru komnir upp í visst þak er ekki greiddur nema þriðjungur eftir það en almennt held ég að sú skynsemi sem hefur ráðið varðandi innheimtuaðgerðir sé sú leið sem menn hafa farið og munu fara.

***Um fundarstjórn.***

Svör ráðherra við fyrirspurn.

[12:05]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Það er ekki hægt að láta hjá líða að bregðast við málflutningi hæstv. ráðherra áðan í svari við fyrirspurn. Ráðherra hefur lýst úr ræðustóli Alþingis, löggjafarstofnunar Íslendinga, að stjórnendur heilsugæslustöðva eigi ekki að fara að lögum. Það eru skýr ákvæði í lögum þess efnis að þeim beri að innheimta komugjöld og 2.000 manns hefur verið sendur innheimtureikningur frá lögfræðingi til að rukka þessi gjöld. Hæstv. ráðherra kemur og segir að stjórnendur stofnananna eigi að meta hversu langt þeir gangi í að innheimta þessi gjöld og þeir eigi að líta á aðstæður þeirra sem eiga að borga. Ég veit ekki til þess, hæstv. forseti, að þetta samræmist lagatextanum og ég hlýt að vekja athygli á því, herra forseti, sem er nú í málsvari fyrir hæstv. Alþingi, löggjafarþingið, að ekki er hægt að láta óátalið þegar ráðherra í ríkisstjórn Íslands hvetur menn til lögbrota. Ef ráðherra hefur ekki pólitískt þrek til að framfylgja ólögum sínum og Sjálfstfl. á ráðherra að leggja til að lögin verði afnumin.

[12:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti verður að geta þess að umræðunni um fyrirspurnina var lokið og forseti sér ekki hvað þetta kemur fundarstjórn forseta við þótt menn séu óánægðir með svör hæstv. ráðherrans. Umræðunni var lokið um fyrirspurnina og málið tekið út af dagskrá. (**Heilbrrh.:** Er ekki hægt að svara?) Umræðunni var lokið. Ef það er eitthvað í fundarstjórn forseta sem hæstv. ráðherra þarf að gera athugasemdir við fær ráðherrann orðið.

[12:06]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að ítreka það sem forseti sagði áðan. Fyrirspurninni var svarað og það er óeðlilegt að það sé hægt að koma upp aftur og halda umræðunni áfram vegna þess að það kom skýrt fram í svari mínu að þau grundvallaratriði sem unnið hefur verið eftir í áratugi í heilbrigðisþjónustunni eru um það að allir fái þjónustu, óháð efnahag. (**KHG:** Það er ekki rétt.) Það er þannig í lögum (Gripið fram í.) um heilbrigðisþjónustu og ég ætla að endurtaka það. Hér hefur verið skotið hátt yfir markið og það sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan er skotið tvisvar yfir markstöng.

## *Tannlæknaþjónusta.*

Fsp. SJóh, 681. mál. — Þskj. 1174.

[12:07]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stjórnvöld hér á landi hafa sýnt málefnum neytenda lítinn áhuga ef við miðum við það sem tíðkast t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Íslensk stjórnvöld hafa t.d. ein stjórnvalda á Norðurlöndum ekki haft frumkvæði að því að auðvelda neytendum að fá skorið úr ágreiningsmálum þegar þeir telja á sér brotið. Til að koma til móts við neytendur hafa Neytendasamtökin gripið til þess ráðs að starfrækja sérstakar kvörtunar- og úrskurðarnefndir sem úrskurða í ágreiningsmálum neytenda og seljenda þjónustu og hefur þetta reynst mjög hagkvæmur kostur en nokkuð þungt í vöfum í mörgum tilfellum að koma þessu á því að áhugi seljenda þjónustu hefur ekki alltaf reynst nægilega mikill.

Nú eru starfandi sex slíkar úrskurðarnefndir og eru tvær þeirra stofnaðar með tilstyrk stjórnvalda, þ.e. nefnd um ágreiningsmál milli neytenda og vátryggingafélaga og nefnd um viðskipti neytenda við fjármálafyrirtæki. Reynslan af slíkum nefndum er ákaflega góð og er brýnt að takist að stofna slíkar nefndir á sem flestum sviðum viðskipta og þjónustu. Það er mikilvægt að þessar nefndir séu hlutlausar, gæðastýringarnefndar innan ákveðinna starfsgreina geta aldrei komið í staðinn fyrir hlutlausa úrskurðarnefnd.

Á síðasta ári skrifuðu Neytendasamtökin bréf til Tannlæknafélags Íslands þar sem óskað var eftir viðræðum um úrskurðarnefnd vegna tannlækninga. Tannlæknafélagið svaraði með því að innan vébanda félagsins starfaði kvörtunarnefnd sem starfað hefði farsællega og af fagmennsku. Því væri ekki áhugi á að stofna til nefndar í samvinnu við Neytendasamtökin.

Þetta svar lýsti miklu skilningsleysi á eðli málsins og var fullkomlega óásættanlegt fyrir þá sem telja sig standa höllum fæti eftir viðskipti við tannlæknastéttina, að starfsbræður þeirra fjölluðu um málið í lokuðum hópi. Neytendasamtökin skrifuðu því heilbrrh. bréf og óskuðu eftir liðsinni hans í málinu og hvöttu hann til að beita sér fyrir að stofnuð yrði hlutlaus úrskurðarnefnd í tannlækningum en það vekur undrun að ekkert svar hefur enn borist frá hæstv. ráðherranum þótt nú sé nokkuð liðið um frá því bréfið var sent. Því spyr ég hæstv. ráðherrann: Hyggst hún beita sér fyrir því að sett verði upp hlutlaus úrskurðarnefnd í tannlækningum?

[12:10]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Samkvæmt 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu ber landlækni að sinna kvörtunum og kærum sem varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar og gildir það einnig um tannlæknaþjónustu. Ef ágreiningur verður má auk þess vísa honum til sérstakrar hlutlausar nefndar sem er nú undir forsæti sýslumannsins í Reykjavík.

Ég hef þegar beitt mér fyrir því að starf nefndarinnar verði eflt þannig að hún geti ráðið sérstakan starfsmann til að flýta umfjöllun. Þá er í 28. gr. laga um réttindi sjúklinga ákvæði um rétt þeirra til að beina kvörtunum til landlæknis eða kvörtunarnefndar. Þessu til viðbótar vil ég benda á frv. sem ég hef lagt fram á Alþingi til breytingar á læknalögum sem gilda einnig um tannlækna. Í frv. eru ítarlegar reglur um hvernig bregðast skuli við ef upp koma óvænt atvik við meðhöndlun sjúklinga. Markmiðið með frv. er að koma á fót sérstöku viðbragðskerfi ef óvæntan skaða ber að höndum, bæði til að tryggja að mál fái þegar nauðsynlega rannsókn en einnig til að heilbrigðisyfirvöld fái strax upplýsingar og geti eftir atvikum brugðist við. Með auknu eftirliti og skráningu er þannig unnt að efla gæði heilbrigðisþjónustunnar og auka réttindi sjúklinga.

Þá vil ég einnig geta þess að drög að frv. til laga um sjúklingatryggingar liggja nú fyrir í ráðuneytinu. Það frv. verður sent til umsagnar nú í sumar og vænti ég þess að það verði lagt fyrir Alþingi þegar í byrjun haustþings. Frv. gerir ráð fyrir mun víðtækari rétti sjúklingatrygginga en núgildandi ákvæði almannatryggingalaga.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þær leiðir sem hér hefur verið lýst hafa Neytendasamtökin nú beint erindi til ráðuneytisins þess efnis að hlutlausri úrskurðarnefnd um tannlæknaþjónustu verði komið á laggirnar. Eins og ég hef rakið tel ég ekki lagarök standa til þess að slík úrskurðarnefnd geti fjallað um meint mistök í faglegri þjónustu og ég sé ekki hvernig ráðuneytið geti átt aðild að slíkri nefnd.

Sé litið til fjárhagslegra þátta hefur úrskurðarnefnd um samkeppnismál úrskurðað að heilbrigðisþjónusta eigi undir gildissvið samkeppnislaga og sama álit hefur komið frá hv. efh.- og viðskn. Alþingis sem fjallaði um frv. til samkeppnislaga á Alþingi. Með vísan til þess er vandséð hvernig ráðuneytið getur komið að þáttum sem varða verðlagningu þjónustunnar að öðru leyti en nú er gert samkvæmt lögum um almannatryggingar og tekur einungis til þess kostnaðar sem almannatryggingar taka þátt í að bera í meðferð barna, öryrkja og aldraða. Þess eru hins vegar mörg dæmi að Neytendasamtökin og ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafi náð samningum um að koma á fót sameiginlegri úrskurðarnefnd á afmörkuðum sviðum. Slíkar nefndir hafa einungis vald samkvæmt samningi aðila og að viðkomandi seljandi þjónustu eða vöru hafi ákveðið að lúta valdi nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Ég tel að ráðuneytið geti ekki haft neins konar forgöngu í að koma upp úrskurðarnefnd varðandi tannlæknaþjónustu sérstaklega. Í löggjöf okkar er ákveðið ferli fyrir rannsókn og úrskurð um tilvik sem varða meint mistök í þjónustu og með fyrirliggjandi frv. til breytingar á læknalögum er stefnt að því að auka enn öryggi sjúklinga í þeim tilvikum sem óvænt atvik koma upp við meðhöndlun sjúklinga. Þá er á lokastigi frv. til laga sem eykur mjög möguleika sjúklinga til bóta þegar óvænt atvik verða við meðhöndlun sjúklinga án þess að unnt sé að sanna að um bein mistök hafi verið að ræða. Með þessu hætti tel ég að réttaröryggi borgaranna að því er varðar tannlæknaþjónustu sem og aðra heilbrigðisþjónustu sé eins tryggð og hægt er.

[12:15]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):**

Hæstv. forseti. Það upplýsist hér eins og stundum áður að hæstv. heilbrrh. er afskaplega sátt við ríkjandi ástand og það sem í gildi er í dag. Hún minnti á að sérstök nefnd væri starfandi á vegum ráðuneytisins sem ætti að fjalla um kærur. En eitthvað gaf hún nú í skyn að lítið líf væri með þeirri nefnd en hún hyggst endurlífga hana, hæstv. ráðherrann.

Það er hægt, segir hæstv. ráðherra, að kæra til landlæknis ef fólk telur sig misrétti beitt í tannlækningum sem og öðrum lækningum. Það hefur nú ekki alltaf gengið vel að fá leiðréttingu sinna mála þegar fólk hefur staðið frammi

fyrir því að vera búið að borga tugi þúsunda króna í aðgerðir sem tannlæknirinn hefði átt að sjá fyrir fram að voru gagnslausar, árangurslausar björgunaraðgerðir. Ég veit um mörg dæmi þess, þó að ég vilji líka taka fram að sú tannlæknaþjónusta sem við getum fengið á Íslandi er yfirleitt ákaflega góð þó að hún sé auðvitað dýr, að fólk hefur þurft að greiða mikla peninga fyrir það sem hefur verið lítils virði. Og hefur ekki haft neinn ákveðinn aðila sem það getur farið með sín vandræði til, nema þá kannski lokaða nefnd á vegum Tannlæknafélagsins, sem er auðvitað ekki fullnægjandi úrræði.

Mér finnst þessi uppástunga Neytendasamtakanna um hlutlausa úrskurðarnefnd allrar athygli verð og í það minnsta þess verð að hæstv. heilbrrh. svari fyrirspurnum samtakanna þar að lútandi.

[12:17]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki hlustað á ræðu mína áðan svo ég verð að endurtaka hluta af henni. Hv. þm. sagði að ráðherra væri ánægður með ríkjandi ástand. Ég nefndi hér frv. til laga sem liggur fyrir þinginu um breytingar á læknalögum, sem einmitt kemur til móts við þá einstaklinga sem hér hefur verið rætt um. Þetta hefur farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég nefndi einnig í máli mínu frv. um sjúklingatryggingu sem er nú tilbúið í ráðuneytinu og fer til umsagna í sumar þannig að ég taldi því ýmislegt upp til úrbóta.

Varðandi sérstaka úrskurðarnefnd sem sýslumaðurinn í Reykjavík veitir forustu, þá sagði ég líka í máli mínu að við hefðum leyft sérstakan starfsmann til viðbótar við þá sem fyrir voru einmitt til að sinna slíkum kvörtunum sem fram koma. Það var því í hæsta máta ósanngjarnt af hv. þm. að telja að ekkert væri að gert.

Varðandi það sem Neytendasamtökin hafa verið að ræða um, þ.e. nýja úrskurðarnefnd, þá sagði ég áðan og endurtek það að ráðuneytið getur ekki haft forgöngu um það atriði.

## *Tóbaksvarnir.*

Fsp. SAÞ, 688. mál. — Þskj. 1191.

[12:19]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Mikill árangur náðist í baráttunni gegn reykingum hjá ungu fólki alveg fram yfir 1990. Nú hefur slegið í bakseglin og á allra síðustu árum hafa reykingar vaxið hjá unglingum. Þetta er mikið áhyggjuefni, einkum þegar litið er til þess að sterkt samband er milli reykinga og neyslu annarra vímuefna.

Þegar ný lög um tóbaksvarnir voru samþykkt á Alþingi árið 1996 var ákveðið að stórhækka fjárframlög til tóbaksvarna. Nú eru tvö ár liðin og komin nokkur reynsla á nýju lögin og því spyr ég heilbrrh.:

1. Hver er reynslan af þeirri hækkun sem varð á framlagi til tóbaksvarna á árinu 1996 þegar lögfest var að 0,7% af brúttósölu tóbaks í stað 0,2% áður skyldi varið til tóbaksvarna?

2. Hvernig hefur þessum fjármunum verið varið?

3. Hvernig hyggst tóbaksvarnanefnd bregðast við endurteknum niðurstöðum kannana sem sýna að reykingar hafa aukist hjá ungu fólki?

Herra forseti. Nú í vor kom út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála bókin Vímuefnaneysla ungs fólks. Höfundar eru fólk sem hefur mikla þekkingu á þessum málum og hefur unnið lengi að rannsóknum á þeim. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt megininntak í forvarnastarfi á Íslandi hefur verið fræðsla um skaðsemi tóbaks og vímuefna. Slíkt starf er nauðsynleg forsenda til að ná árangri í baráttu við vímuefni og verður alltaf að vera í gangi. Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir að takamarkaður árangur næst í þessari baráttu með slíkri fræðslu einni saman. ... Niðurstöður okkar benda til þess að huga þurfi betur að óformlegu taumhaldi í samfélaginu, sérstaklega því taumhaldi sem verður til í persónulegum samskiptum.

Öflugt forvarnastarf þarf að beinast að því að bæta félagslegt umhverfi ungmenna. Niðurstöður okkar sýna að unglingar sem verja litlum tíma með foreldrum sínum og fjölskyldu og unglingar sem fá lítið aðhald og eftirlit heima fyrir eru mun líklegri til þess að reykja og neyta vímuefna en þeir unglingar sem verja meiri tíma með fjölskyldunni og eiga foreldra sem veita þeim aðhald. Þetta styður okkur í þeirri skoðun að virkja þurfi foreldra og beina athygli þeirra að þeim þáttum í samskiptum fjölskyldunnar sem draga úr óæskilegum áhrifum jafningjahópsins."

Undir þetta vil ég taka sérstaklega og einnig aðrar niðurstöður og ábendingar til úrbóta sem fram koma í bókinni.

[12:22]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrir þá fyrirspurn um tóbaksvarnir sem hún hefur beint til mín. Ég fagna því tækifæri sem gefst að gera Alþingi grein fyrir þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum eftir að fjármagn til tóbaksvarna var nær fjórfaldað árið 1996.

Hv. þm. spyr í fyrsta lagi um reynsluna af auknu framlagi til tóbaksvarna. Reynslan er sú að hægt hefur verið að vinna á mun markvissari hátt en áður var að forvarnastarfi og ráðast í viðameiri verkefni en áður var hægt. Jafnframt hefur tóbaksvarnanefnd getað unnið að mjög víðtækum tóbaksvörnum á fleiri sviðum en áður með samstarfi við fleiri aðila og með beinum hætti svo sem birtingu auglýsinga og með því að koma af stað öflugri umræðu um tóbaksvarnir.

Tóbaksvarnanefnd setti sér skýr markmið í upphafi árs 1997 sem unnið hefur verið markvisst að. Samkvæmt skoðanakönnun Hagvangs fyrir árið 1997 dró í fyrsta skipti í fimm ár úr reykingum Íslendinga 18 til 69 ára og mældist það 29% í stað 30% árið 1996, þannig að árangur hefur náðst. Allt bendir til þess að reykingar muni mælast enn minni í ofangreindum aldurshópi í lok þessa árs ef marka má skoðanakönnun Hagvangs í janúar 1998. Þá mældust reykingar kvenna 25,3% miðað við 27,8% í janúar 1997 og reykingar karla í janúar 1998 mældust 23,3% en 27,8% ári áður. Hér er um marktæka breytingu að ræða sem ég tel ótvírætt að öflugt starf tóbaksvarnanefndar eigi stóran þátt í.

Hv. þm. spyr í öðru lagi hvernig fjármagni til tóbaksvarna hafi verið varið. Því er til að svara að í samræmi við tilgang tóbaksvarnanefndar hefur fjármunum að stærstum hluta verið beint í forvarna-, fræðslu- og upplýsingastarf. Ekkert er mikilvægara í tóbaksvörnum en að reyna að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja því að það er staðreynd að yfir

90% fullorðinna sem reykja tóku upp þá iðju sem börn eða unglingar.

Árið 1997 ákvað tóbaksvarnanefnd í samráði við Krabbameinsfélagið að breyta áherslum í tóbaksvörnum í grunnskólum undir kjörorðinu „Sköpum reyklausa kynslóð". Námsefnið spannar 5–7 kennslustundir í 6.–10. bekk grunnskóla. Um 140 kennarar, skólahjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar í grunnskólum landsins hafa sótt námskeið í tóbaksvörnum í vetur. Kostnaður við námsefnið og fræðslu fyrir kennara er um 12 millj. kr. á ári.

Annað námsefni sem vert er að minnast á er „Skerpingur", handbók um tóbaksvarnir fyrir félagsmiðstöðvar sem kom út í ársbyrjun 1998. Handbókin „Dreptu í" kemur út innan tíðar og er ætluð leiðbeinendum á námskeiðum fyrir unglinga sem vilja hætta að reykja. Auk þess stóð tóbaksvarnanefnd straum af kostnaði vegna leikritsins „Á kafi" sem sýnt var í langflestum grunnskólum landsins síðasta vetur og tók á reykingum ungmenna með nýstárlegum hætti.

Tóbaksvarnanefnd hefur fengið þekkt tónlistarfólk og íþróttafólk til liðs við sig til að freista þess að hafa áhrif á ungt fólk um mikilvægi heilbrigðs lífs og þess að sýna sjálfstæði með því að láta tóbak lönd og leið. Tóbaksvarnanefnd tekur þátt í átakinu „Reyklaus knattspyrna til sigurs", en um er að ræða tveggja ára grasrótarvinnu meðal knattspyrnuþjálfara sem annast þjálfun barna og unglinga.

Af ofangreindu má sjá að tóbaksvarnanefnd hefur stutt fjölda félagasamtaka, hópa og jafnvel bæjarfélög sem hafa viljað taka sér tak í tóbaksvörnum og hefur árangurinn verið eftirtektarverður.

Varðandi þriðju spurningu hv. þm. hefur tóbaksvarnanefnd brugðist við endurteknum niðurstöðum kannana sem sýna auknar reykingar hjá ungu fólki með því að leggja aðaláherslu á að stokka upp tóbaksvarnir í grunnskólum. Það liggur í hlutarins eðli að tæplega verður hægt að mæla árangur af skólafræðslunni fyrr en eftir 3–4 ár því hún var fyrst tekin upp á yfirstandandi skólaári.

[12:28]

**Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ljóst að mjög markvisst er unnið að forvarnastarfinu. Mér finnst ánægjulegt að heyra um þessar nýjungar sem tóbaksvarnanefnd er með á sínum vegum og vænti þess að þær eigi eftir að skila miklum árangri.

En vegna þess að auðvitað er margbúið að sýna fram á hversu sterkt samband er milli reykinga og neyslu annarra vímuefna þá vil ég sérstaklega geta þess að það er von mín að áætlun ríkisstjórnarinnar „Ísland án eiturlyfja 2002" skili árangri. Það má í raun og veru segja að styrkur þeirrar áætlunar er að hún beinist að því að virkja samtök foreldra, frjáls félagasamtök, íþrótta- og tómstundafélög og skóla, og alla þá sem starfa að þessum málum, til að sameina krafta sína gegn vímuefnaneyslu ungmenna og þar með reykingum.

[12:30]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Hv. þm. kom inn á það áðan að mikilvægt væri að samhæfa störf allra sem að vímuefnavörnum starfa. Það er að mínu mati grundvallaratriði ef ná á árangri og ríkisstjórnin hefur lagt aðaláherslu á það. Það sem við höfum verið að vinna að, ekki bara á Reykjavíkursvæðinu heldur úti um allt land, bæði með sérstakri nefnd sem ríkisstjórnin setti á fót og einnig með SÁÁ, beinist einmitt að því að að þessu máli komi foreldrar, íþróttahreyfingin, skólarnir, löggæslan, kirkjan og allir þeir sem koma að uppeldi barna.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að tóbak er fyrsta fíkniefnið sem menn neyta almennt og því er mikilvægt að ná árangri þar. Þessar tölur sem ég las upp áðan sýna að við erum að ná árangri í fyrsta skipti í fimm ár. Þær sýna að það fjármagn sem við höfum látið til málaflokksins, umfram það sem við gerðum þar á undan, er að skila okkur árangri.

## *Köfun niður að Æsu ÍS 87.*

Fsp. KHG, 586. mál. — Þskj. 993.

[12:31]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Æsa ÍS 87 fórst sem kunnugt er í Arnarfirðinum í júlímánuði 1996 og viðbrögð stjórnvalda í kjölfar slyssins mörkuðust mjög af vantrú á að unnt væri að kafa niður að skipinu og jafnvel ná því upp af hafsbotni, sem nauðsynlegt var að gera í því skyni að afla óyggjandi upplýsinga um orsakir slyssins. Þannig kom fram í utandagskrárumræðu um málið, sjö mánuðum eftir að slysið varð, hjá hæstv. samgrh. að hann teldi ekki víst að unnt væri að kafa niður að skipinu, en það liggur á 76 metra dýpi. Enn fremur kom í sömu umræðu fram hjá hæstv. utanrrh. að svonefnd köfunarsveit setuliðsins á Keflavíkurflugvelli treysti sér ekki til að kafa niður að skipinu og hvatti til þess að málið yrði skoðað í því ljósi.

Engu að síður komu fram upplýsingar frá öðrum, þar með töldum fagmönnum, um að þetta væri gerlegt og jafnvel hægur vandi. Vitna má til ummæla ýmissa kafara í dagblöðum því til stuðnings. Svo fór að í maímánuði á síðasta ári voru fengnir breskir kafarar til að annast köfun niður að skipinu. Í framhaldi af því vil ég leyfa mér að bera fram eftirfarandi þrjár fyrirspurnir, sem er að finna á þskj. 993, um köfunina niður að Æsu ÍS 87:

1. Hver varð heildarkostnaður við köfun niður að Æsu ÍS 87 á síðasta ári, þar með talinn kostnaður vegna varðskips með áhöfn, lögregluyfirvalda, Siglingastofnunar og ID-nefndar?

2. Hvaða íslenskir aðilar buðust til þess að taka verkið að sér, hvert var tilboð þeirra, hvenær var tilboði þeirra svarað og hvers vegna var því hafnað?

3. Hvers vegna var verkið ekki boðið út?

[12:34]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt hver hafi verið heildarkostnaður við köfun niður að Æsu ÍS 87 á síðasta ári, þar með talinn kostnaður vegna varðskips með áhöfn, lögregluyfirvalda, Siglingastofnunar og ID-nefndar. Um þetta segir Siglingastofnun:

Samgrn. fól Siglingastofnun með bréfi dagsettu 17. apríl 1997 að ganga til samninga við breska köfunarfyrirtækið Seawork Marine Services Ltd. um köfun að flaki Æsu í samræmi við tilboð fyrirtækisins frá 11. apríl 1997 og skyldi haft samráð við rannsóknarnefnd sjóslysa við gerð verklýsingar. Jafnframt var Siglingastofnun falið að óska eftir þátttöku Landhelgisgæslu í aðgerðinni og annast stjórn verksins í heild. Kostnaður Siglingastofnunar vegna verksins nam samtals um 13,7 millj. kr. Þar af eru 12,4 millj. kr.

beinn útlagður kostnaður en fjárveiting fékkst á fjáraukalögum 1997 til að standa straum af honum. Óbeinn kostnaður stofnunarinnar nam um 1,3 millj. kr. m.a. vegna launa þeirra starfsmanna sem að verkinu unnu. Þennan kostnað bar stofnunin. Útlagður kostnaður er með virðisaukaskatti.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi ljósriti af bréfi stofnunarinnar til samgrn., dagsettu 27. júlí 1997, þar sem kostnaður vegna köfunarinnar er tíundaður, er ekki meðtalinn kostnaður vegna varðskips með áhöfn, lögregluyfirvalda eða ID-nefndar að undanskildu því að lagður var til bátur sem flutti lögreglumenn daglega milli lands og varðskips, aðstoð við sýslumann.

Herra forseti. Ég tel rétt, ef þetta svar telst ófullnægjandi, að leitað verði eftir því við hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi þær tölur á reiðum höndum sem hér um ræðir, en lögreglumál og landhelgisgæsla fellur ekki undir samgrn.

Í öðru lagi er spurt: Hvaða íslenskir aðilar buðust til þess að taka verkið að sér, hvert var tilboð þeirra, hvenær var tilboði þeirra svarað og hvers vegna var því hafnað?

Um þetta segir Siglingamálastofnun, með leyfi forseta:

„Siglingastofnun bárust ekki tilboð frá íslenskum aðilum í að kafa niður að Æsunni. Þar sem flakið liggur á um 75 metra dýpi krefst verkefnið sérútbúnaðar og a.m.k. fimm þrautþjálfaðra kafara sem vanir eru að vinna saman og okkur er ekki kunnugt um að slíkir menn finnist hér á landi."

Við þetta vil ég bæta að hinn 26. febrúar 1997 barst samgrn. bréf frá Djúpmynd. Þar er talað um að líta beri á það bréf sem trúnaðarmál, það er sérstaklega tekið fram, málefnið er svo skýrt:

„Umsókn um styrk til að ná Mb. Æsu ÍS 87 upp af hafsbotni í mynni Arnarfjarðar og koma henni til slipps á Ísafirði til nánari rannsóknar. Umsókn þessa ber að líta á sem trúnaðarmál." Þarna er því ekki um tilboð að ræða. Ég vil að það komi fram og verði leiðrétt.

Á hinn bóginn tókust samningar við Djúpmynd um köfun. Rannsóknarnefnd sjóslysa taldi æskilegt að reynt yrði að ná flakinu af hafsbotni eða ná myndum af flakinu. Þegar það lá ljóst fyrir barst umsókn frá Djúpmynd og náðist samkomulag við þá í nóvember 1996 um að greiða félaginu 2 millj. kr. fyrir að mynda flak Æsu. Lítið kom út úr þeirri myndatöku og lauk greinargerð Djúpmyndar vegna neðansjávarmyndatökunnar svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ekki tókst að staðfesta hvort mennirnir séu enn um borð en töluverðar líkur eru á því að annar mannanna sé í káetu sinni. Ekki þótti ráðlegt að eyða meiri tíma að svo komnu máli við verkefnið og teljum við að búið sé að gera það sem hægt er meðan flakið liggur á svo miklu dýpi."

Þetta er um það mál að segja.

Í þriðja lagi er spurt hvers vegna verkið hafi ekki verið boðið út en ástæðan er sú að það var talið mjög brýnt að kafa niður að flakinu svo fljótt sem auðið væri. Breska köfunarfyrirtækið gat hafið köfun innan viku. Þeir voru lausir með búnað og menn en besti tíminn til að vinna þetta verk er í maí eða júní meðan birta er næg og þörungagróður ekki farinn að byrgja sýn. Af þeim sökum þóttumst við heppnir að hið breska fyrirtæki skyldi vera til reiðu og gengið var til samninga við það á þessum grundvelli, einfaldlega vegna þess að okkur var ekki kunnugt um annað fyrirtæki sem brugðist gæti svo skjótt við.

[12:40]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Málefni Æsu hafa lengi verið til umræðu hjá þjóðinni og margir furðað sig á að ekki skuli hafa verið gengið strax í að ná þessu skipi upp svo hægt væri að rannsaka orsakir þess að skipið fórst og ná upp þeim sem með skipinu fórust, ef þeir skyldu enn vera um borð. Hjá öðrum þjóðum eins og t.d. Norðmönnum, er skylda að ná upp skipum sem sökkva svo fremi að einhver kostur er á því. Í þessu tilfelli tel ég fyllilega eðlilegt og tiltölulega auðvelt að ná skipinu upp þó auðvitað kosti það peninga.

Í mínum huga væri eðlilegt að hæstv. samgrh. beitti sér fyrir breytingum á siglingalögum um tryggingar skipa þannig að í tryggingarskírteinum þeirra væri kafli sem gerði ráð fyrir að ná skipum af hafsbotni undir vissum kringumstæðum.

[12:41]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Ég vil láta það koma fram strax að þau eru ófullnægjandi að því leyti að ekki var svarað til um heildarkostnað eins og spurt var um. Mér þykir nokkuð slælega að verki staðið þegar hæstv. samgrh. getur ekki á þeim vikum sem hann hefur haft til að afla gagna við svari fengið svör frá dómsmrn. um þann kostnað er laut að því ráðuneyti.

Ég vil þó segja að málið eins og það lítur út núna hefur afsannað algerlega þann málflutning stjórnvalda, þar á ég við samgrh. og Siglingastofnun, um að ekki væri hægt að kafa niður að skipinu. Það hefur einnig verið afsannað að kostnaðurinn væri svo mikill að óviðráðanlegt væri. Ég minni á að samgrh. lýsti því yfir í utandagskrárumræðu, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, að kostnaðurinn væri yfir 30 millj. kr. Ég átel stjórnvöld fyrir sleifarlag í þessum efnum og fyrir að hafa ekki haft sómasamlega vitneskju um möguleikana til þess að kafa niður að flökum og ná þeim upp af hafsbotni.

Ég bendi á, vegna þess sem fram kom hjá hæstv. samgrh. varðandi tilboð Djúpmyndar, að það var lagt inn í febrúarmánuði, nærri tveimur mánuðum áður en þeim berst tilboð frá bresku köfurunum. Þann 14. maí svarar samgrn. bréfi Djúpmyndar með þeim orðum að það hafi haft bréf þess til athugunar, þakkar fyrir áhuga á málefninu, en að lokinni yfirvegun var ákveðið að ganga til samninga við annað fyrirtæki um rannsókn á flaki Æsu ÍS. Ráðuneytið sjálft leit því svo á að um væri að ræða tilboð til verksins, eins og vissulega var.

[12:44]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég bið afsökunar á að hafa gleymt að svara þessum þætti, hvenær ráðuneytið svaraði Djúpmynd. Það er hins vegar ekki rétt hjá hv. þm. að því bréfi komi fram að um tilboð sé að ræða. Til að það sé alveg ljóst ætla ég að lesa bréfið upp með leyfi hæstv. forseta, frá orði til orðs:

„Reykjavík, 14. maí 1997.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar bréf yðar, dagsett 26. febrúar 1997, og þakkar yður áhugann á téðu málefni, en að lokinni yfirvegun var ákveðið að ganga til samninga við annað fyrirtæki um rannsókn á flaki Æsu ÍS 87.

Fyrir hönd ráðuneytisins, Jósep H. Þorgeirsson."

Það er því alveg ljóst að í bréfi ráðuneytisins felst ekki viðurkenning á því að um tilboð sé að ræða.

Í öðru lagi vil ég segja út af þeim ummælum sem hv. þm. Kristján Pálsson viðhafði að mér er ekki kunnugt um

að í Noregi gildi þær reglur og skylda á útgerðarmönnum að ná upp skipum sem hafa sokkið og ef svo er eru það ný tíðindi fyrir mér og ég mun að sjálfsögðu láta athuga það. Ég man ekki betur en ég hafi látið athuga það á sl. vetri og niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi verið að sú skylda hvíli ekki á norskum útgerðarmönnum að ná upp skipum sem sökkva við Noregsstrendur.

Ég vil í þriðja lagi segja að ég get ekki á það fallist að sleifarlag hafi ríkt í sambandi við aðkomu samgrn. að málefnum Æsu. Ég hef fundið að það vaknar áhugi á þessu máli á Alþingi og hefur gert af og til en á hinn bóginn hefur ekki verið um frumkvæði að ræða frá einstökum þingmönnum í þessu máli í sölum Alþingis, hvorki við afgreiðslu aukafjárlaga né síðustu fjárlaga. Jafnframt dreg í efa að ég hafi sagt áður í umræðum á Alþingi að ekki fyndust í veröldinni tæki til þess að kafa niður á 75 metra dýpi. Má vera að ég hafi sagt það en hafi ég sagt það þá er þar greinilega um mismæli að ræða.

### *Rannsóknarnefnd sjóslysa.*

Fsp. KHG, 587. mál. — Þskj. 994.

[12:46]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Senn eru liðnir 22 mánuðir síðan skipið fórst og málið er enn í rannsókn. Fyrir réttu ári voru fengnir breskir kafarar til þess að kafa niður að flakinu, m.a. í því skyni að leita eftir því hvort skýringar fyndust á orsökum slyssins. Var m.a. lögð áhersla á að ná upp plógi skipsins og tókst það þann 16. maí þegar skelplógurinn náðist upp. Fram kom að þar væri um að ræða mikilvægan hlekk í rannókninni á ástæðum sjóslyssins frá fulltrúa Siglingastofnunar.

Þrátt fyrir að markmið köfunarinnar hafi því náðst að þessu leytinu til sem lýtur að rannsókn slyssins er nú liðið eitt ár síðan og enn ekki komin niðurstaða í rannsóknina.

Ég leyfi mér því að bera fram tvær svohljóðandi fyrirspurnir til samgrh. á þskj. 994:

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa um orsakir þess að Æsa ÍS 87 fórst?

2. Hvers vegna hefur í tvígang verið skipt um formann nefndarinnar í þeirri rannsókn? — En það gefur auga leið að mannaskipti í nefndinni á rannsóknarstigi eru ekki til þess að greiða fyrir störfum hennar.

[12:48]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Varðandi fyrri lið fyrirspurnarinnar: „Hvenær er að vænta niðurstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa um orsakir þess að Æsa ÍS 87 fórst?"

Ég geri mér vonir um að svar geti legið fyrir fyrir miðjan júní eða um miðjan júní.

Í öðru lagi er spurt: „Hvers vegna hefur í tvígang verið skipt um formann nefndarinnar í þeirri rannsókn?"

Ástæðan er sú í fyrsta lagi að með nýjum stjórnsýslulögum og nýjum vinnubrögðum var talið rétt að skrifstofustjóri í samgrn., Ragnhildur Hjaltadóttir, segði lausu starfi formanns rannsóknarnefndar sjóslysa vegna þess að hún hafði verið skipuð formaður siglingaráðs. Var hún sjálf á þeirri skoðun og taldi tvímælalasut rétt að gera það. Síðan hefur komið í ljós að ýmislegt í máli Æsu, rannsókn þess og áhrærandi það mál sem veldur því að ég sem samgrh. hef komið beint að málinu, m.a. fyrst í sambandi við myndatöku af flakinu og síðan í sambandi við samningsgerð um köfun niður að flakinu og í sambandi við tillögugerð um það hvernig að rannsókn málsins skuli staðið í ríkisstjórn.

Af þeim sökum og vegna þess að það hefur líka komið fram að hugsanlegt er að til málarekstrar kunni að koma vegna þessa máls taldi ég rétt að formaður sjóslysanefndar, rannsóknarnefndar sjóslysa, viki sæti í málinu vegna skyldleika við mig en í þess stað yrði annar skipaður, Jónatan Sveinsson hrl., sem ég tel mjög hæfan til þessara verka vegna reynslu sinnar og menntunar, en ef ég man rétt þá er hann með stýrimannspróf og er reyndur sjómaður. Ég tel því að þarna sé vel að verki staðið.

Það kom fram hjá hv. þm. að hann telur að formannaskiptin hafi tafið fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Ég hygg að það sé ekki rétt. Það er reynt að fylgja því eftir að ná öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru talin til þess að hægt sé að skila niðurstöðu um orsakir slyssins.

Ég geri mér vonir um að síðustu upplýsingar geti borist sjóslysanefnd á næstu dögum eða allra næstu vikum. Ef það tekst ekki hlýtur nefndin að taka afstöðu til þess. Eins og ég sagði hef ég lagt áherslu á það, og formaður sjóslysanefndar er því sammála, að nauðsynlegt sé að nefndin reyni að skila áliti eigi síðar en um miðjan næsta mánuð. Auðvitað er mikilvægt að álitið geti komið eins fljótt og kostur er en ég veit að hv. þm. er sammála mér líka um að nauðsynlegt sé að eins vel sé til niðurstöðunnar vandað og nokkur kostur er. Oft er það í máli eins og þessu að svar við einni spurningu vekur aðrar tvær.

[12:52]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Varðandi formannaskiptin í rannsóknarnefndinni virðist nokkuð augljóst í ljósi svara ráðherrans að síðari formannsskiptin hafi orðið vegna þess að fram kom að einn aðstandandi málsins hygðist grípa til málaferla. Ég vil segja um það að auðvitað á ekki að skipa mann formann í nefndinni sem kann að vera vanhæfur að einhverju leyti. Það er ekki góð stjórnsýsla að skipa mann sem formann nefndarinnar sem er augljóslega vanhæfur en ætla að láta það gott heita ef enginn hreyfir andmælum við því. Ég ætla ekki í sjálfu sér að fella dóma um hæfi þess sem vék í málinu að öðru leyti en því sem hæstv. samgrh. hefur sjálfur komist að niðurstöðu um að hann er vanhæfur í málinu. Því átti auðvitað aldrei að skipa hann til starfa í upphafi.

Ég vil svo segja að öðru leyti um þann lærdóm sem við getum dregið af þessu máli en eins og fram kom fyrr í umræðunni eru liðnir tæpir 22 mánuðir síðan atvikið átti sér stað. Það er augljóst að skýringar fást ekki með góðu móti og hugsanlega fáum við ekki skýringar á orsökum slyssins miðað við fyrirliggjandi gögn, það kemur í ljós síðar, en það er augljóst að skýringar hefðu a.m.k. fengist miklu fyrr ef brugðið hefði verið á það ráð sem ég gerði kröfu um í febrúar á síðasta ári að skipinu yrði lyft upp og rannsakað þannig. Það er vel hægt, það er fjárhagslega mögulegt og stjórnvöld eiga að sjálfsögðu að gera það.

[12:55]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég átta mig satt að segja ekki á því og það kom ekki fram í máli hv. þm. hvers vegna hann telur að það mál sem hér um ræðir og það hörmulega slys sem þar varð marki þá sérstöðu að ekki þurfi jafnframt að standa jafn vel

að rannsókn á öðrum slysum og þessu. Auðvitað hlýtur það svo að vera. Það er rétt hjá hv. þm. að í febrúar á sl. ári vakti hann máls á þessum atriðum en á hinn bóginn lá ekki fyrir og kom ekki fram tillaga um það við fjárlagagerðina fyrir árið 1997 að samgrn. fengi sérstaka fjárveitingu til þess að ná flakinu upp. Það er því greinilegt að hv. þm. hefur á þeim tíma ekki verið farinn að velta málinu fyrir sér.

Ég vil jafnframt segja að það er sérstakt um þetta mál og hefði verið svo hver sem var formaður sjóslysanefndar á sl. vetri að vegna þeirra efasemda sem upp komu var óhjákvæmilegt að skipaður yrði sérstakur formaður nefndarinnar vegna þess að formaður nefndarinnar hafði verið til ráðuneytis um það hvernig staðið yrði að rannsókn málsins með samgrh. og með Siglingastofnun. Kannski má velta fyrir sér hvort rétt sé að standa þannig að málum í framtíðinni og velta líka fyrir sér tengslum nefndarinnar við ráðuneytið.

Eins og stjórnsýslulög eru núna tel ég t.d. að ekki væri rétt að skipa á ný starfsmann samgrn. formann sjóslysanefndar þó svo að yfir málið hafi verið farið á sínum tíma og það hafi verið talið að það bryti ekki í bága við stjórnsýslulög. Þá tel ég eftir sem áður að til þess að niðurstaðan sé hafin yfir vafa og ekki komi upp óþarfatortryggni um tengsl rannsóknarnefndar sjóslysa við viðkomandi ráðherra tel ég að það sé ekki réttur mælikvarði.

Ég vil svo að síðustu segja, herra forseti, að ég met þann áhuga sem hv. þm. hafa á málinu en ég vil líka segja að ég tel að það sé ekki að því leyti einstakt að okkur beri ævinlega að reyna að kanna orsakir sjóslysa eins vel og kostur er ef það gæti orðið okkur til lærdóms og til þess að koma í veg fyrir slys síðar.

[12:57]

**Útbýting þingskjala:**

Framtíðarskipan raforkumála, 227. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1347; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1348.

Rekstrarkostnaður Landsvirkjunar, 680. mál, svar iðnrh., þskj. 1344.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, 615. mál, nál. utanrmn., þskj. 1351.

## *Menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu.*

Fsp. ÓÖH, 589. mál. — Þskj. 997.

[12:58]

**Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):**

Hæstv. forseti. Ég legg þá fyrirspurn fram til hæstv. samgrh. hvort ráðherra hafi þegar hafið undirbúning að sérstökum námskeiðum fyrir leigubifreiðastjóra þar sem þeir eru þjálfaðir í að veita erlendum ferðamönnum þjónustu eða eru uppi áform um að koma slíkum námskeiðum á? Hvert er hlutverk leiguaksturs í uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis? Svo hljóðar þessi fyrirspurn en að baki henni liggja hagsmunir ferðaþjónustunnar en mikilvægi ferðaþjónustu er óþarfi að tíunda hér.

Ferðaþjónustan byggir á því að allir sem þar koma að máli bæti gæði þjónustunnar og að allt það hráefni sem ferðamenn fá sé þannig að ferðamenn fái fyllilega það sem þeir eru að leita eftir og að Ísland verði áfram eftirsóknarvert í augum þeirra.

Að þessu koma að sjálfsögðu margir aðilar. Einn af þessum aðilum er leigubílstjórinn sem flytur ferðamanninn. Sumir ferðamenn eru á slíkri ferð að þeir hitta jafnvel enga Íslendinga aðra en leigubílstjórana. Dæmigerðir slíkir eru þeir sem koma hingað á ráðstefnu en fara ekki út um land heldur hafa aðeins skamma viðdvöl. Það er því mjög áríðandi að leigubílstjórar veiti sem allra besta þjónustu. Ég veit af viðtölum mínum við leigubílstjóra að þeir sækjast mjög eftir því að geta staðið undir þessum kröfum og hagsmunum ferðaþjónustunnar. Þeir hafa sýnt það í verki með því að koma á margvíslegum námskeiðum og hyggja á enn frekari aðgerðir hvað það varðar. Samgrn. hefur svo sannarlega tekið þátt í þessu með mikilvægum stuðningi og með því að gefa út námskrá. En það er einmitt sú námskrá sem ég er að spyrja um. Er ráðherrann ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að námskeið í umgengni við ferðamenn verði tekið inn í námskrá leigubílstjóranna?

Ég tek skýrt fram að ríkið mun ekki bera neinn kostnað af þessu. Leigubílstjórarnir gera það sjálfir. Á þessu námskeiði þyrfti að vera tungumálakennsla, umgengni og þjónusta og framkoma við ferðamenn. Þeir þurfa að hafa þekkingu á staðháttum landsins og á högum lands og þjóðar. Ég tek fram að slíkt námskeið eða slík þekking leigubílstjóra mundi ekki með neinum hætti skyggja á aðra heldur veit ég að því mundi verða fagnað af öðrum sem vilja bæta íslenska ferðaþjónustu.

[13:01]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Spurt er: Hefur ráðherra þegar hafið undirbúning að sérstökum námskeiðum fyrir leigubifreiðastjóra þar sem þeir eru þjálfaðir í að veita erlendum ferðamönnum þjónustu eða eru uppi áform um að koma slíkum námskeiðum á? Svarið við þessu er að ráðherra hefur slíkt námskeið ekki í undirbúningi enda ekki á vettvangi hans. Ég vil í þessu sambandi rifja upp að á árinu 1997 beitti ég mér fyrir breytingu á lögum um leigubifreiðar. Þá kom inn sérstök heimild til þess að samgrh. væri heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til rekstrar á leigubifreið til bifreiðastjóra sem væri jafnframt fullgildur leiðsögumaður þannig að það er svo nú að fullgildir leiðsögumenn hafa heimild til þess að reka leigubifreiðar til viðbótar þeirri hámarkstölu sem er um fjölda leigubifreiða á þeim svæðum þar sem um slík ákvæði er að tefla eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil á hinn bóginn rifja það upp að Ferðamálaráð er sú stofnun sem kemur að fræðslu- og upplýsingamálum greinarinnar. Starfandi eru ferðamálafulltrúar um allt land en hlutverk þeirra er m.a. að efla þjónustu. Í sveitarfélögum utan Reykjavíkursvæðisins er nú um tugur starfandi leigubifreiðastjóra.

Út af fyrir sig er ég sammála hv. þm. um að mjög gott væri að efna til kynningarnámskeiðs fyrir leigubifreiðastjóra, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar. Ég vil í því sambandi rifja upp að í stefnumörkun ferðaþjónustunnar sem unnið hefur verið að og unnið er að er sérstaklega tekið fram að nauðsynlegt sé að skipulögð verði styttri námskeið og endurmenntun í ferðamálagreinum og að slíkt nám verði boðið fram í fjarnámi og í endurmenntunarstofnunum. Þá er hugmyndin sú að Ferðamálaráð hafi yfirumsjón með faglegu hliðinni í samvinnu við menntastofnanir og hagsmunaaðila en menntmrn. hefur tekið yfir þann þátt að sjá um menntun leiðsögumanna og annarra slíkra sem var áður á starfssviði samgrn. Ég er þess vegna sammála hv. þm. um að nauðsyn-

legt sé að reyna með þessum hætti með öðrum ráðstöfunum að gefa sem flestum kost á námskeiðum og endurmenntun í ferðamálagreinum þeim sem á annað borð koma að ferðaþjónustunni eða móttöku erlendra ferðamanna.

Spurt er: Hvert er hlutverk leiguaksturs í uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis? Ferðaþjónustan er náttúrlega sett saman úr mörgum þáttum. Eins og ég sagði áðan hefur vantað upp á að leigubifreiðastjórar almennt hafi þá tungumálaþekkingu sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti tekið að sér leiðsögumannshlutverkið um leið og þeir aka ferðamönnum um landið. Eins og ég sagði áðan bar ég þá tillögu fram á Alþingi og hún var samþykkt að heimilt væri að leyfa fullgildum leiðsögumönnum að reka leigubifreiðar og þjóna þannig ferðamönnum.

Nú hefur það verið þannig um áratuga skeið að einstakir leigubílstjórar hafa lagt sig fram um að þjóna sérstaklega ferðamönnum. Þegar ég var í Hvalstöðinni man ég sérstaklega eftir einum leigubílstjóra sem þar var tíður gestur og svo hefur það raunar verið um ýmsa aðra. Þeir hafa náð sambandi og samningum við erlenda menn og þjónustað þá jafnvel árum saman svo að nokkuð er um þetta. En öll menntun er auðvitað góð, öll fræðsla er góð og nauðsynlegt að vera vakandi fyrir því að leigubifreiðastöðvarnar hafi innan stöðva sinna menn sem hæfir eru til þess að rækja leiðsögumannshlutverkið um leið og þeir aka bílum sínum.

[13:07]

**Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og fyrir að taka undir þau meginsjónarmið að allir sem koma að ferðaþjónustu og þá um leið leigubílstjórar þurfa að veita gæðaþjónustu.

Við erum að tala um tiltölulega einfalt mál. Leigubílstjórarnir vilja sjálfir koma þessum námskeiðum á. Ekki er verið að biðja ráðuneytið um að standa fyrir þessum námskeiðum. Aðeins er verið að biðja um að þetta verði tekið inn í námskrá svo að þeir geti bætt þessu við þau námskeið sem þeir eru með. Þeir eru þegar með námskeið um rekstur, þjónustu, bókhald, þjónustu við fatlaða, þjónustu við börn og aldraða. Þetta eru mennirnir allt saman að gera til þess að vanda þjónustu sína. Ég veit að margir óska eftir því að fá tækifæri til þess að endurmennta sig og auka menntun sína og þjónustu í ferðaþjónustunni. Það finnst mér að ráðuneytið eigi að styðja eins og ég heyrði á ráðherranum að vilja styðja það almenna sjónarmið en það er best gert með því að heimila þeim að standa fyrir þessum námskeiðum og ég endurtek að þeir greiða þetta sjálfir.

Ég tek skýrt fram að hér er alls ekki að mínu viti verið að tala um að leigubílstjórarnir eigi að taka vinnu frá leiðsögumönnunum eða gerast leiðsögumenn. Til þess þarf miklu meiri sérmenntun og aðrir sinna því. Því tel ég að hér sé um einfalt framfaramál að ræða og ég veit að áhugi ráðherrans stendur til að hjálpa til á þessu sviði og ég vona að hann taki þar hraustlega á með mönnum sem vilja bæta þjónustu sína og um leið að auka möguleika í atvinnugrein sinni.

[13:09]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég hygg að leigubílstjórum gefist eins og öðrum kostur á að sækja námskeið eða nám fyrir leiðsögumenn eins og öðrum en ég tek undir það að ef vilji er til þess hjá leigubílstjórum að sækja námskeið í ferðaþjónustu, þá stendur ekki á mér að fara þess á leit við Ferðamálaráð að það skipuleggi námskeið í samvinnu við leigubílstjóra.

## *Stöðugleiki og öryggisbúnaður skipa.*

Fsp. KPál, 590. mál. — Þskj. 998.

[13:10]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Á síðasta þingi varð mikil umræða um öryggismál og stöðugleika fiskiskipa í kjölfar umræðu utan dagskrár, sem ég efndi til, og eins vegna skýrslu Siglingastofnunar Íslands frá því í febrúar 1997 sem stofnunin birti í kjölfarið á þeirri umræðu. Í þeirri skýrslu kom fram að þau skip sem ekki stóðust stöðugleikakröfur voru á annað hundrað og önnur öryggismál fjölda skipa í algerum ólestri. Af hálfu ráðuneytisins var í kjölfar umræðunnar gefin út yfirlýsing sem var birt í fjölmiðlum. Ekki er hægt að segja að mikið hafi sést af þeim aðgerðum sem þar voru boðaðar af hálfu ráðuneytisins og Siglingastofnunar.

Listi sem ég bað um, t.d. um þau skip sem stóðust ekki stöðugleika, hefur ekki enn verið birtur og verður ekki birtur að því er hæstv. ráðherra hefur sagt mér í dag. Ég hef þó þær fréttir frá Siglingastofnun að veruleg vinna hafi verið sett í gang til að leysa öryggismálin og gera gögn svo mæla megi stöðugleika skipa. Það er vel, herra forseti, ef svo hefur farið að áminning frá Alþingi hefur haft áhrif enda málið grafalvarlegt. Ég hef þó þær fréttir, herra forseti, að björgunarbátar slysavarnadeilda víðs vegar um landið séu meira og minna ólöglegir og fullnægi ekki kröfum til þess að fá haffæriskírteini. Það er mjög alvarlegt að björgunarbátar sem eru hugsaðir til þess að athafna sig í í verstu veðrum séu ekki með fullnægjandi búnað. Mér er sagt að af 20 björgunarbátum sem slysavarnadeildir reka víðs vegar um landið séu aðeins þrír sem uppfylli kröfur Siglingastofnunar um öryggisbúnað eða haffæriskírteini.

Herra forseti. Ég er ekki að ásaka samgrh. fyrir þetta heldur að brýna hann og stofnunina til frekari dáða því að þrátt fyrir mikla bragarbót virðist enn vera pottur brotinn allt of víða í öryggismálum sjómanna. Þess vegna ber ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh.:

1. Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en uppfylla ekki kröfur um stöðugleika samkvæmt skýrslu Siglingastofnunar Íslands frá síðasta ári og hvaða skip eru það?

2. Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en hafa fengið athugasemdir við öryggisbúnað?

3. Hve mörg skip eru með athugasemdir í haffærisskírteini á fresti?

[13:12]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hv. þm. hafi sagt að af 20 bátum slysavarnafélaganna hringinn í kringum landið stæðust aðeins þrír bátar skoðun. Var það rétt tekið eftir? (**KPál:** Já, það er rétt.) Já, og þær upplýsingar hafi fengist hjá Siglingastofnun. Mér finnst sjálfsagt að ræða það við slysavarnafélögin að svo skuli vera og hygg ég að forustumönnum slysavarnadeilda á einstökum stöðum þyki þetta forvitnilegar upplýsingar.

Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en uppfylla ekki kröfur um stöðugleika

samkvæmt skýrslu Siglingastofnunar Íslands frá síðasta ári og hvaða skip eru það?

Nú vil ég fyrst segja það, herra forseti, að spurningin er undarlega orðuð en ég hef kosið að skilja hana svo að hv. þm. sé að spyrja um hvernig ástandið sé nú og er þá þetta að segja:

Á sl. vori var sett af stað átaksverkefni um stöðugleika íslenskra fiskiskipa. Markmið verkefnisins verður að fara yfir reglur um stöðugleika skipa og framkvæmd þeirra, gera stöðugleika allra skipa með haffæri þekktan og auka þekkingu skipstjórnarmanna á stöðugleikamálum. Átaksverkefnið er komið vel á veg. Nú þegar hefur verið kannaður stöðugleiki stórs hluta þeirra skipa sem ekki höfðu stöðugleikagögn og tvær nýjar reglugerðir um kröfur til stöðugleika fiskiskipa hafa verið gefnar út. Samkvæmt þessum reglugerðum verður haffærisskírteini ekki gefið út til skipa sem uppfylla ekki tilgreindar lágmarkskröfur um stöðugleika.

Siglingastofnun Íslands hefur kannað fjölda þeirra fiskiskipa sem höfðu haffæri 20. mars sl. en uppfylltu samkvæmt fyrirliggjandi stöðugleikagögnum þá ekki þessar sérstöku lágmarkskröfur. Af samtals 592 skipum uppfylltu þrjú skip ekki kröfurnar.

Ástæða þess að þessi þrjú skip hafa enn haffæri er sú að haffærisskírteini var gefin út fyrir gildistöku reglugerðanna og var gildistími haffærisskírteinanna ekki út runnin þegar könnunin var gerð. Nú vil ég taka fram að samkvæmt reglum voru ekki skilgreindar sérstakar stöðguleikakröfur vegna þessara skipa vegna aldurs þeirra. Eitt þessara skipa mun fara í skoðun í þessum mánuði, eitt í júní og hið síðasta í ágústmánuði þannig að þess er að vænta að á haustdögum hafi verið bætt úr ágöllum þessara skipa.

Í öðru lagi er spurt: Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en hafa fengið athugasemdir við öryggisbúnað?

Um þessa spurningu er þetta að segja: Eftirlit Siglingastofnunar Íslands með skipum er til fjölda atriða sem einkum tengjast smíði og búnaði skipa. Skoðanirnar eru þrenns konar: Aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun. Þegar skip eru skoðuð útfylla skoðunarmenn skoðunarskýrslur þar sem skráðar eru athugasemdir um þau atriði sem skoðuð eru, bæði atriði sem eru í lagi og þau sem ekki eru í lagi. Þannig er það oftar en ekki en einhverjar athugasemdir eru gerðar við skoðun skipa en þær athugasemdir eru hins vegar misalvarlegar. Í kjölfar skoðunar er tekin ákvörðun um það hvort gefa eigi út haffærisskírteini og byggist sú ákvörðun á mati sérfróðra manna. Ef gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir við skoðun er ekki gefið út haffærisskírteini fyrr en bætt hefur verið úr ágöllum. Ef gerðar eru athugasemdir sem ekki teljast alvarlegar er veittur frestur til úrbóta þannig að gefið er út haffærisskírteini til skamms tíma. Ef athugasemdir eru minni háttar er gefið út haffærisskírteini til heils árs gegn loforði eiganda um úrbætur innan skamms.

Hjá Siglingastofnun Íslands er nú stefnt að því að taka upp kerfisbundna skráningu á athugasemdum í skoðunarskýrslum svo hægt sé að taka saman tölulegar upplýsingar um efni og umfang þeirra.

Í þriðja lagi er spurt: Hve mörg skip eru með athugasemdir í haffærisskírteini á fresti?

Í 15. gr. laga um eftirlit með skipum er Siglingastofnun Íslands veitt heimild til að veita hæfilegan frest til úrbóta ef skoðun skips leiðir í ljós minni háttar ágalla sem er ekki hægt að bæta úr þegar í stað. Athugasemdir þar að lútandi eru færðar í skoðunarskýrslu og haffæriskírteini gefið út til skamms tíma. Athugasemdirnar eru hins vegar ekki skráðar á haffærisskírteinið.

Eins og fram kemur í þessum svörum, herra forseti, er verið að vinna að tölvuvæðingu á þeim upplýsingum sem spurt er um og koma upp samræmdri skráningu þannig að tölulegar upplýsingar geti legið fyrir en eins og nú standa sakir er mjög mikið verk að fletta öllum gögnum en þetta eru þær upplýsingar sem hægt er að veita á þessari stundu.

[13:18]

**Guðjón Guðmundsson:**

Herra forseti. Öryggismál sjómanna hafa verið mikið til umræðu á undanförnum mánuðum og árum og ekki að ástæðulausu. Slys á sjómönnum hafa verið allt of tíð, 500–600 á ári samkvæmt skýrslum sjóslysanefndar en hefur sem betur fer farið heldur fækkandi að undanförnu og má sjálfsagt fyrst og fremst þakka það árangursríku starfi Slysavarnaskóla sjómanna.

Fyrir hálfum mánuði var undirritað merkilegt samkomulag milli Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sjómannasambandsins, Vélstjórafélagsins, LÍÚ og Slysavarnafélags Íslands sem vilja skipuleggja samræmt öryggiskerfi fyrir alla sjómenn og skip og báta skráð á Íslandi með það að meginmarkmiði að gera sjómennsku öruggari, koma í veg fyrir slys á mönnum og koma í veg fyrir tjón á verðmætum. Þetta samkomulag er í 12 liðum sem ekki er tími til að rekja hér en samtökin lýsa sig reiðubúin til að aðstoða við uppbyggingu þessa öryggiskerfis, eiga samstarf við opinber stjórnvöld og aðra aðila sem áhuga hafa á verkefninu.

Mér finnst þetta samkomulag merkilegt og mikilvægt innlegg í umræðuna um öryggismál sjómanna og taldi því rétt að greina frá því hér en þarna taka höndum saman helstu samtök sjómanna, útvegsmanna og slysavarnafólks.

[13:19]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem mér finnst út af fyrir sig ekki vera mjög tæmandi. Þau náðu einungis yfir svarið við fyrstu spurningunni sem er um það hversu mörg skip eru ekki með haffærisskírteini, og kemur fram í svari hæstv. ráðherra að þau séu þrjú.

Ástæðan fyrir því að svör geti ekki verið nákvæmari en efni standa til segir hæstv. ráðherra að sé vegna þess að mikið verk sé að ná fram svörum við þeim spurningum.

Herra forseti. Ég hef aðeins skoðað þetta mál og eins og ég sagði áðan við hæstv. forsrh. þá eru af 20 björgunarbátum sem eru hér við landið víðs vegar aðeins þrír, herra ráðherra, ef hann vildi gjöra svo vel og hlusta, sem hafa haffærisskírteini. Ég er með plögg sem sýna að þessir bátar eru 17 en samkvæmt svari hæstv. ráðherra eru aðeins þrjú skip í öllum flotanum sem ekki standast kröfur eða hafa ekki haffærisskírteini. Ég er með upplýsingar um 17.

Ég geri athugasemdir við þetta, herra forseti, (**Gripið fram í:** Eru það björgunarbátar?) Það eru björgunarbátar sem falla undir reglur um haffæri skipa á nákvæmlega sama hátt og önnur skip að sjálfsögðu, enda eru þau hugsuð til þess að bjarga sjómönnum við öll hugsanleg veðurskilyrði og eiga því að vera með þann búnað sem bestur er og öruggastur og skoðuð náttúrlega árlega svo hægt sé að treysta því að þarna sé á ferðinni það besta sem hægt er að fá fyrir okkar sjómenn til að bjarga þeim úr vá.

Ég ítreka því spurningar mínar, herra forseti, til hæstv. ráðherra og álít að svörin séu ekki fullnægjandi og það hljóti að koma viðbótarsvör við þeim þó síðar verði.

[13:21]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það kom skýrt fram í svari mínu áðan að ég var að tala um fiskiskip, enda var það átaksverkefni sem ég vísaði til um fiskiskip. Í því svari sem ég hef hér frá Siglingastofnun er það svo.

Ég hygg að sú skýrsla Siglingastofnunar sem vísað er til hafi verið um fiskiskip og hér er sérstaklega vísað til þeirra í 1. lið fyrirspurnarinnar.

Önnur spurningin orðast svo: „Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en hafa fengið athugasemdir við öryggisbúnað?" Ég hygg að flest skip í flotanum hafi einhvern tíma fengið athugasemdir vegna öryggisbúnaðar. Ég hygg að það sé mjög mikið verk að fletta öllum gögnum Siglingastofnunar aftur í tímann til að ná því fram hvaða skip hafi fengið athugasemdir vegna öryggisbúnaðar. Ég hygg að það séu flest skip.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve mörg skip eru með athugasemdir í haffærisskírteini á fresti?" Um það sagði ég áðan og vil endurtaka að verið er að vinna að því að samræma upplýsingar innan Siglingastofnunar. Það er mjög mikið verk að fara yfir slíkt áður en það hefur verið tölvuvætt en ég fullvissa hv. þm. um það að unnið er að því skipulega og eins hratt og kostur er að ná utan um þessi mál með þeim hætti að hægt sé að leita eftir upplýsingum eins og þessum jafnharðan. En innan þess frests sem er til þess að svara fyrirspurnum er ógjörningur að veita upplýsingar af þessu tagi áður en gögnin hafa verið tölvuvædd. Það er um þetta að segja.

## *Iðnaðaruppbygging á Vestfjörðum.*

Fsp. KHG, 666. mál. — Þskj. 1144.

[13:24]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Eitt af því sem skiptir miklu máli við jafnvægi í byggð landsins er að atvinnuskipan sé sem jöfnust um landið allt og í boði séu atvinnutækifæri á sem flestum sviðum atvinnulífs. Því er ekki að neita og er öllum kunnugt að á þessu er verulegur misbrestur, t.d. hvað varðar iðnaðaruppbyggingu þar sem störfum í þeirri atvinnugrein er mjög misdreift um landið. Víða á landsbyggðinni er lítið sem ekkert um að vera á þessu sviði.

Stjórnvöld hafa á undanförnum árum beitt sér nokkuð í þessu undir forustu iðnrh. og þó einkum á sviði stóriðju og iðnaði þeirri iðju tengdri. Hefur þar verið nokkuð um athuganir á Austurlandi og nú nýverið á Norðurlandi. Ég vil af þessu tilefni beina athygli hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnarinnar að Vestfjörðum og minna á að þar þarf auðvitað að líta á þessi mál sem annars staðar og spyr því um eftirfarandi í fyrirspurn sem hér er til umræðu.

Hvaða athuganir hafa farið fram á vegum ráðuneytisins á möguleikum til iðnaðaruppbyggingar á Vestfjörðum? Hver var niðurstaða þeirra og hvaða upplýsingar liggja fyrir um möguleika á orkufrekum iðnaði eða annarri stóriðju í fjórðungnum?

[13:26]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á þskj. 1144 spyr hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson: Hvaða athuganir hafa farið fram á vegum iðnrn. á möguleikum til iðnaðaruppbyggingar á Vestfjörðum? Hver var niðurstaða þeirra og hvaða upplýsingar liggja fyrir um möguleika á orkufrekum iðnaði eða annarri stóriðju í fjórðungnum?

*Meginþunginn í starfsemi iðnrn. á þessu kjörtímabili* hefur verið að efla atvinnu og nýsköpun. Þess sjást einkum merki í átaki til atvinnusköpunar, sjóðum til eflingar atvinnulífs á þeim svæðum sem ekki njóta stóriðjuuppbyggingar og efldu markaðsstarfi Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Hlutverk ráðuneytisins er að hvetja til aukinnar nýsköpunar og þar með að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu. Þetta er bæði gert með því að treysta undirstöðu hagkerfisins þannig að umhverfi til nýsköpunar sé sem hagstæðast og með því að veita frumkvöðlum styrk til nýsköpunar. Stuðningsaðgerðir til nýsköpunar eru ekki landshlutaskiptar heldur er hvert verkefni metið fyrir sig.

Í vissum tilvikum hefur ráðuneytið þó veitt styrki til greiningar á styrkleikum ákveðinna landshluta. Á síðasta ári veitti ráðuneytið t.d. Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða styrk í *gegnum Átak til atvinnusköpunar til greiningar á styrkleikum* og veikleikum Vestfjarða með tilliti til víðtækrar atvinnuuppbyggingar. Á slíkri styrkleikagreiningu taldi iðnrn. brýna þörf ekki síst vegna þess að hlutur iðnaðar, að fiskiðnaði undanskildum, er hvergi lægri en á Vestfjörðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun voru laun í iðnaði 5,4% af heildarlaunagreiðslum á Vestfjörðum á árinu 1995 en laun í iðnaði á landinu öllu voru 11,5% af heildarlaunagreiðslum á sama ári og ég vona að þessi úttekt liggi fyrir innan tíðar.

Til viðbótar styrk til Atvinnuþróunarfélagsins voru á síðasta ári veittir nokkrir styrkir til einstakra fyrirtækja og einstaklinga á Vestfjörðum frá Átaki til atvinnusköpunar og má þar nefna styrk til Vestfirsks skelfisks sem þróunarverkefnis um bætta nýtingu kúfiskvinnslu og styrk til uppbyggingar byggðasafns að Hnjóti.

Ég vil nú víkja að orkufrekum iðnaði sérstaklega en eitt fyrirtæki í orkufrekum iðnaði er á Vestfjörðum, Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Erlendur aðili, Kelco, keypti meiri hluta í verksmiðjunni árið 1996 og hefur verið unnið að endurbótum á verksmiðjunni síðan. Nú um nokkurt skeið hefur Kelco skoðað möguleika á stækkun verksmiðjunnar og hefur iðnrn. reynt að stuðla að því eftir því sem hægt hefur verið í gegnum Fjárfestingarskrifstofu Íslands sem fékk á sínum tíma eða í fyrra styrk til að koma á samstarfi við heimamenn og eigendur Þörungaverksmiðjunnar um frekari fjárfestingu. Að þessu hefur verið unnið en enn er þó ekki hægt að segja til um það hvort af þessari stækkun verður eða ekki.

Staðsetning Þörungaverksmiðjunnar byggist á nálægð við hráefni en almennt verður að telja að möguleikar Vestfjarða til að laða að orkufrekan iðnað séu litlir. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er vatnsafl og jarðhiti af skornum skammti í samanburði við önnur svæði. Í öðru lagi er landrými til orkufreks iðnaðar takmarkað. Í þriðja lagi er svæðið strjálbýlt og fámennt og samgöngur milli byggðakjarna oft og tíðum erfiðar. Í fjórða lagi má nefna að samgöngur milli annarra landshluta og annarra landa eru erfiðar frá Vestfjörðum. Það

er því ljóst að staða Vestfjarða er veik á sviði orku- og mannaflafreks iðnaðar. Þessa skoðun mína byggi ég á skýrslu staðarvalsnefndar fyrir orkufrekan iðnað frá árinu 1983 þar sem gerð er grein fyrir staðarkostum á landinu öllu.

Á Vestfjörðum eru fáir meiri háttar virkjunarmöguleikar, þ.e. virkjunarmöguleikar á samkeppnisfæru verði. Þó er Ófeigsstaðavirkjun, 800 gígavattavirkjun, sem gæti framleitt orku á samkeppnishæfu verði. Iðnrn. hefur ekki verið með sérstaka könnun á staðháttum á Vestfjörðum með tilliti til orkufreks iðnaðar. Ráðuneytið hefur hins vegar styrkt fjölmarga einstaklinga og fyrirtæki til nýsköpunar og ýmiss konar sóknarfæra fyrir frumkvöðlastarfsemi á Vestfjörðum. Ég vil í því sambandi sérstaklega minna á fyrirtæki sem ég minntist á áðan auk fleiri aðila sem hafa birst í skýrslu sem ég hef lagt fyrir þingið.

Síðan vil ég minnast á framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs þar sem gert er ráð fyrir að ráðstafa 1 milljarði til hlutafjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga og hátækni og sóknarfærin eru fyrir hendi og það er undir íbúunum reyndar og fyrirtækjunum á hverju landsvæði komið hvernig það tekst til að nýta þau tækifæri sem eru til atvinnusköpunar og ekki síst á Vestfjörðum.

[13:31]

**Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Hann kom nokkuð víða við í þeim. Ég vil vekja athygli á því sem fram kom að þær upplýsingar sem lúta að orkufrekum iðnaði á þessu svæði eru frá árinu 1983. Það hefur vissulega margt breyst frá þeim tíma. Það hafa verið miklar framfarir í samgöngumálum, m.a. með gerð jarðganga sem hafa búið til atvinnusvæði upp á 6–7 þúsund manns. Einnig hafa orðið verulegar framfarir í samgöngum frá norðanverðum Vestfjörðum við aðra hluta landsins með því að opna heilsársveg yfir Steingrímsfjarðarheiði fyrir 11 árum eða eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir.

Ég athugaði það lítils háttar í umræðunni um olíuhreinsunarstöð í Skagafirði hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til að landsvæði gæti talist líklegt til að geta tekið við slíkri starfsemi. Í ljós kom að það þurfti vinnusvæði upp á 4–6 þúsund manns og það er til staðar á Vestfjörðum. Það þurfti góða höfn og hún er til staðar á Vestfjörðum. Það þurfti aðgengi að orku, ekki í miklum mæli, og hún er líka til staðar á Vestfjörðum þannig að öll helstu skilyrði voru uppfyllt hvað það varðar. Þó er mér ekki kunnugt um að vakin hafi verið athygli á því svæði í þessu tilviki.

Ég held að menn þurfi að opna augun fyrir því, bæði opinberir aðilar og fleiri, að Vestfjarðafjórðungur býður upp á miklu fleiri möguleika en menn ætla að óreyndu. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði er jafnstór og virkjun Blöndu. Það er vel hægt að koma á fót iðnaðaruppbyggingu í tengslum við slíka virkjun þar eins og annars staðar á landinu.

Ég vildi því, herra forseti, með þessari fyrirspurn vekja athygli á því að á Vestfjörðum eru ýmsir möguleikar fyrir hendi sem mönnum hefur að mínu viti yfirsést hingað til.

[13:34]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þær upplýsingar sem ég var hérna með um staðhætti eru byggðar á skýrslu frá 1983 frá svokallaðri staðarvalsnefnd. Það er jafnframt rétt að miklar breytingar hafa orðið síðan þá og allt of hægt gengið að fara ofan í þær breytingar á því landsvæði sérstaklega.

Því er hins vegar ekki að neita að ef við horfum til orkufreks iðnaðar, auðvitað gæti iðnaður verið byggður upp á annan hátt en bara sem orkufrekur iðnaður, en ef við horfum bara á orkufreka iðnaðinn þá eru þessum svæðum ákveðnir annmarkar eða takmörk sett í þeim efnum vegna þess að það er raunar að mati þeirra sem gerst til þekkja bara ein virkjun, Ófeigsstaðavirkjun, sem er — og það er reyndar rétt hjá hv. þm. — af svipaðri stærð og Blönduvirkjun, 800 gígavattstunda orkugeta, en fleiri orkukostir eins og staðan er núna eru ekki á samkeppnisfæru verði. Því var það að við ákváðum að styrkja Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða á síðasta ári til þess að fara út í styrkleika- og veikleikagreiningu á svæðinu.

Ég hef rætt það við Vestfirðinga að við þurfum kannski að fara út í enn frekari greiningu á styrkleikum og veikleikum einstakra svæða innan Vestfjarða vegna þess að ekki er hægt að horfa á Vestfirðina í heild sinni sem eitt atvinnusvæði, en hins vegar eru að verða til ákveðin atvinnusvæði vegna betri samgangna. Við þurfum að fara að horfa á það hvort þar sé ekki hægt að líta til iðnaðaruppbyggingar. Ég býst við því og það verður á þessu ári einhverjum fjármunum ráðstafað í gegnum Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar einmitt til slíkrar styrkleika- og veikleikagreiningar eins og menn hafa gert og hv. þm. tók sem dæmi Austfirði og Skagafjörð. Ég held að mjög mikilvægt sé í ljósi þess sem hér hefur verið sagt og reyndar vitað var áður, að Vestfirðirnir verði eitt af þeim atvinnusvæðum sem sérstaklega verða metnir í því sambandi.

## *Virðisaukaskattur af handverksmunum úr íslenskum náttúruefnum.*

Fsp. RG, 677. mál. — Þskj. 1168.

[13:37]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Á liðnum árum hefur færst í vöxt að fólk, einkum á landsbyggðinni, framleiði handverksmuni úr efni úr íslenskri náttúru. Má sjá fallega muni úr ull, tré, horni, beini, leðri og roði. Þarna er um listsköpun og handverk að ræða en líka úrræði í atvinnuleysi víða til sveita. Þarna er virkjun hugvits sem auk atvinnusköpunar höfðar til ferðamanna og skapar gjaldeyristekjur. Hráefni sem áður var ekki nýtt verður efniviður í skapandi framleiðslu.

Virðulegi forseti. Leyfilegt er að selja vöru eða þjónustu fyrir 200.600 kr. án þess að greiða af slíku virðisaukaskatt. Sú undanþága kemur þeim helst til góða sem vinna að handverki sér til afþreyingar. Konur eru meiri hluti þeirra sem eru að þróa handverk og jafnvel smáiðnað. Listhandverk og handverk sem grundvallast á okkar menningu, munir sem ekki er hægt að fjöldaframleiða, er oft aukabúgrein í sveitum landsins. Þar er verið að nýta hráefni sem áður var fleygt. En sveitafólki nýtist undanþáguákvæðið upp á 200.600 kr. alls ekki. Hjónin teljast nefnilega bæði ábúendur, líka þar sem búið skilar takmörkuðum tekjum. Framleiðslan er virðisaukaskattskyld og þar með líka framleiðsla handverksmuna sem unnin er til sveita. Undanþágan upp á 200.600 kr. kemur því t.d. sveitakonum ekki til góða. Þetta er mjög íþyngjandi því þessa fallegu muni er ekki hægt að verðleggja sem skyldi

og öllum ljóst sem skoða að tímakaupið verður afar rýrt auk þess sem mikið þróunarstarf liggur oft að baki hverjum framleiddum hlut.

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri spurningu til fjmrh. hvort það sé rétt að höggmyndir og myndverk séu undanþegin virðisaukaskatti. Mér er sagt að í Noregi sé allt sem hægt er að hengja upp á vegg túlkað sem list og þar með undanþegið virðisaukaskatti. Ég bendi á í sambandi við þessa fyrirspurn að í fyrra var í lögunum um atvinnuleysistryggingar opnað fyrir atvinnuleysisbætur til sveitafólks í þeim tilvikum að búið ber tekjulega aðeins einn og það kom mjög vel í ljós við umfjöllun þess frv. að lagaákvæðið væri ansi gagnslaust fyrir marga vegna fjarlægðar frá byggð. Hér er ég að beina sjónum að úrræði í atvinnuleysi, úrræði sem er gjaldeyrissköpun, landkynning og umhverfisþáttur.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. fjmrh. sem hér kemur í ræðustól í fyrsta sinn í sínu nýja embætti, er hvort ríkisstjórnin hyggist fella niður virðisaukaskatt af þessum munum eða hvort ríkisstjórnin áformi sérstakan annan stuðning við handverksfólk.

[13:41]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Því miður verð ég að svara hv. fyrirspyrjanda neitandi. Ríkisstjórnin hyggst ekki fella niður virðisaukaskatt af handverksmunum þeim sem fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni.

Við upptöku virðisaukaskattsins árið 1990 og við undirbúning laga nr. 80/1988 um þann skatt var það eitt meginmarkmiðið að hafa skattskylduna sem almennasta og undanþágur í lágmarki. Þær undanþágur sem ákveðnar voru í upphafi vörðuðu fyrst og fremst tiltekna þjónustu sem ekki þótti fært að skattleggja og hafði verið undanþegin í eldra söluskattskerfi og er reyndar undanþegin í flestum nágrannaríkjum. Má þar t.d. nefna heilbrigðisþjónustuna, félagslega þjónustu ýmiss konar og menntastarfsemi.

Sala hins vegar á vörum innan lands í atvinnuskyni var og er almennt skattskyld og það er lykilatriði. Það er talinn styrkur virðisaukaskattkerfisins að skattskyldan sé almenn og skattstofninn breiður. Allar undanþágur þurfa þess vegna að vera mjög vel rökstuddar og skýrt afmarkaðar og það þarf að vera auðvelt að skilgreina undanþegna aðila og aðgreina undanþeginn skattstofn og síðan má undanþágan ekki raska samkeppnisstöðu á viðkomandi markaði. Undanþágur í því skyni að styrkja tiltekna aðila eða tiltekna vörusölu eru til þess fallnar að veikja skattkerfið og þess vegna ekki síst er það ekki á dagskrá að fella niður umræddan virðisaukaskatt.

Síðari spurning fyrirspyrjanda lýtur að því hvort ríkisstjórnin áformi sérstakan stuðning við handverksfólk í dreifbýli. Því get ég eiginlega ekki svarað. Fjmrh. er kannski ekki til frásagnar um það en mér er ekki kunnugt um slík áform og get því ekki frekar tjáð mig um þau á þessum fundi.

[13:43]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil gjarnan vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að handverksfólki finnst því vera mismunað gagnvart t.d. þeim sem búa til höggmyndir eða önnur myndverk sem undanþegin eru virðisaukaskatti og jafnframt bendir handverksfólk á að ákveðin mismunun sé í gangi innan hópsins. Þannig þurfi þeir sem eru launamenn eða hafa ekki atvinnutekjur ekki að greiða virðisaukaskatt af þeim fyrstu ríflega 200 þús. kr. sem þeir fá fyrir sitt handverk á meðan t.d. bændur þurfa að greiða virðisaukaskatt af allri sinni framleiðslu. Þar er ákveðin mismunun í gangi.

Ég skora því á hæstv. fjmrh. að skoða þessi atriði ögn betur með það að leiðarljósi að lögunum verði breytt svo að þessari mismunun gagnvart handverksfólkinu verði eytt.

[13:44]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég var að vona að það hefði verið tekið upp í ríkisstjórn hvað væri hægt að gera til að styðja við bakið á fólki, ekki síst til sveita, sem er að fást við slíka framleiðslu eða er í raun og veru að nýta sitt hugvit á þennan hátt. En ég geri mér líka grein fyrir því að hæstv. fjmrh. hefur auðvitað ekki tök á að vita um þá umræðu sem hefur átt sér stað áður en hann kom til starfa. Þess vegna spyr ég ráðherrann hvort honum sé kunnugt um hvaða listmunir eru undanþegnir virðisaukaskatti því að auðvitað þekki ég til þeirra áforma sem voru með lögin um virðisaukaskatt í upphafi. En það ákveðnir listmunir og ákveðin listmunagerð eru undanþegin.

Mig langar líka að vekja athygli á ágætu erindi sem haldið var í Norræna húsinu fyrir tveimur árum um þessi mál þar sem athygli var vakin á þessari listgrein sem ég kýs að kalla svo. Þar sagði Elín Antonsdóttir, sem þar var með erindi, að fólk sem stundar handverk sem afþreyingu í frístundum sínum þurfi yfirleitt ekki að hafa af því hagnað. Það er í flestum tilvikum í annarri vinnu eða komið á eftirlaun. Mörgu þessu fólki er oft ekki nægilegt að vinna fallega hluti til að gefa eða eiga sjálft heldur vill það selja vöruna og í þeim tilvikum er ekki lagður á virðisaukaskattur né önnur gjöld. Því fer svo að atvinnufólkið verður ekki samkeppnisfært hvað varðar verð sem oftar en hitt er viðmiðunarstuðull fólks þegar það kaupir handunna gjafa- eða nytjavöru.

Þetta er mjög stórt mál og margir hafa fjallað um það og ég vek athygli á því að um liðna helgi var sýning í Reykjavík á slíkum munum sem framleiddir eru kannski að stærstum hluta í dreifbýlinu. Ég beini því þeirri spurningu til ráðherra hvort hann vilji kanna, ef honum er ekki kunnugt um það, hvaða hlutir eru undanþegnir og hvort hann vilji taka það upp í ríkisstjórn hvernig megi styðja þetta fólk.

[13:46]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Ég get tekið undir það að sú starfsemi sem hér hefur verið gerð að umtalsefni er víða vaxtarbroddur og það er ánægjulegt. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að besta leiðin til að koma til móts við það fólk sem þessa atvinnu stundar og hefur lagt fyrir sig handverk af þessu tagi sé að veita undanþágu frá virðisaukaskatti. Í því sambandi kunna að vera aðrar leiðir og aðrir möguleikar.

Ég hygg að meginreglan, að því er varðar virðisaukaskattinn, sé sú að listmunir eru undanþegnir en 200 þús. kr. undanþágan sem hér hefur líka verið nefnd er fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem standa fyrir smávægilegri vörusölu, hvort sem það eru bílskúrssölur, hlutaveltur eða þess háttar, mjög sjaldan og ekki í atvinnuskyni. Það er því í raun og veru annað mál en það sem hér er um að ræða. Ég hef svarað á þeim grundvelli að hér sé um að ræða vörusölu í atvinnuskyni.

Þær hugmyndir sem að öðru leyti hafa komið fram eru allra góðra gjalda verðar þegar menn skoða málið heildstætt, þann vaxtarbrodd og þá þróun sem hefur orðið á þessu sviði. Ég tel að það sem fyrirspyrjendur hafa nefnt sé um margt

athyglisvert en ég get ekki gengið lengra í svari mínu en hér er komið fram. Ég endurtek að það eru engin áform uppi um að fella niður skattinn á þessum vörum. Reyndar er það svo, í sambandi við útflutning, að þar geta kaupendur þessara vara fengið endurgreiðslur samkvæmt hinum almennu reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Í því tilfelli er skatturinn ekki til trafala fyrir framleiðendur vörunnar.

## *Álagning fjármagnstekjuskatts.*

Fsp. ÁE, 698. mál. — Þskj. 1228.

[13:49]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Á þskj. 1228 ber ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh.:

1. Hver er skoðun ráðherra á því að bankar og fyrirtæki innheimta af einstaklingum fjármagnstekjuskatt hvenær sem er á árinu, t.d. við greiðslu vaxta eða arðs, og liggja með það fé jafnvel mánuðum saman áður en því er skilað í ríkissjóð þar sem gjalddagi fjármagnstekjuskatts er aðeins einu sinni á ári, þ.e. 15. janúar?

2. Hverjar eru áætlaðar tekjur banka og fyrirtækja (og samsvarandi tekjutap ríkissjóðs) af ávöxtun þeirrar staðgreiðslu fjármagnstekna sem þau hafa þannig innheimt?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingu þess efnis að bönkum og fyrirtækjum beri að skila strax í ríkissjóð innheimtum fjármagnstekjuskatti eins og gildir um önnur opinber gjöld?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er sú staðreynd að innheimta fjármagnstekjuskatts er mjög sérstök. Fjármagnstekjuskattur er innheimtur í staðgreiðslu. Samkvæmt lögum er skylt að draga staðgreiðslu frá t.d. vaxtatekjum og skila í ríkissjóð. Fjármagnstekjuskatturinn sjálfur er 10% og þegar vextir eru færðir við upplausn bankareiknings eða arður greiddur, er 10% fjármagnstekjuskattur dreginn frá áður en greitt er til eigenda reikningsins eða móttakanda arðsins.

Hér er um að ræða hefðbundið vörslufé, þ.e. bankar og fyrirtæki innheimta af einstaklingum og öðrum, sambærilegt við t.d. staðgreiðslu af launum og virðisaukaskatt. Þessu vörslufé ber aðilum að skila samstundis, þ.e. innan eins mánaðar í megintilvikum eða á tveggja mánaða fresti til innheimtumanna ríkissjóðs.

Með fjármagnstekjuskattinn gegnir öðru máli. Honum ber ekki að skila fyrr en 15. janúar árið eftir. Það er einungis einn gjalddagi á ári. Þetta hefur þau áhrif, herra forseti, að fyrirtæki eru með vörslufé til ávöxtunar um margra mánaða skeið í mörgum tilvikum. Þótt vextir séu almennt færðir um áramót, og þá sé eðlilegt að standa skil á staðgreiðslunni 15. janúar, þá eru fjölmargar aðrar tekjur sem falla undir fjármagnstekjuskatt og eru greiddar fyrr, t.d. í bankakerfinu sem og arður. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki á Verðbréfaþingi greiða arðinn yfirleitt fyrir mitt ár og draga 10% frá í fjármagnstekjuskatt. Þau skila skattinum ekki í ríkissjóð fyrr en hálfu ári seinna. Þannig liggja þau með fé sem þau eiga ekkert í og ávaxta það í marga mánuði. Þetta eru umtalsverðar fjárhæðir og mjög óeðlilegt þar sem þung áhersla er lögð á, og það með réttu, að sköttum sé skilað fljótt, vel og örugglega í ríkissjóð enda um vörslufé að ræða.

Ég minni á það, herra forseti, að í fyrstu hugmyndum um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts var ætlunin að hafa 12 gjalddaga á ári. Frá því var fallið. Ég spyr hæstv. ráðherra: Um hvaða tekjutap er að ræða fyrir ríkissjóð við núverandi fyrirkomulag?

[13:52]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Sú aðferð sem viðhöfð er í þessu efni og fyrirspyrjandi ræddi um er ákveðin í lögum sem um þetta gilda og sett voru á árinu 1996. Í skýrslu nefndarinnar sem undirbjó það frv. og lagði grunn að þeim lögum segir um þetta tiltekna atriði, þ.e. gjalddagann:

„Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir einum gjalddaga á ári. Þar sem uppgjör á stærstum hluta fjármagnstekna fer fram um áramót telur nefndin eðlilegt og hagkvæmt að miða við þann tímapunkt. Nefndin telur ákveðið hagræði felast í því jafnt fyrir greiðendur sem fjármálastofnanir að hafa ekki fleiri gjalddaga. Kostnaður og umstang við framkvæmd og eftirlit verður minna og einfaldara í sniðum."

Síðar segir í þessu sama áliti að fjölgun gjalddaga skipti ekki sköpum fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs en geti sem sagt einfaldað og létt alla framkvæmd. Þannig er skýringin á því að þessi leið var farin, að hafa einungis einn gjalddaga, 15. janúar.

Í fyrirspurn hv. þm. er spurt hver sé skoðun ráðherra á þessu. Hún er ekki önnur en sú að hér er verið að framkvæma þau lög sem gilda. Ég mun svara því síðar hvort ég telji eðlilegt að beita mér fyrir breytingum á því.

Það hefur komið fram áður á hinu háa Alþingi að staðgreiðsluskil vegna fjármagnstekjuskattsins í fyrra voru rúmlega 2 milljarðar. Þar af greiddu fjármálastofnanir, þ.e. bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir um 1,1 milljarð kr. Skil fjármálastofnana eru fyrst og fremst skattur á vöxtum. Þar er um að ræða annars vegar vexti til einstaklinga og hins vegar vexti til rekstraraðila, en skattur af þeim er ekki eiginlegur fjármagnstekjuskattur þar sem hann gengur upp í álagðan tekjuskatt eða endurgreiðist þeim.

Eins og fram kemur í fyrirspurninni er gjalddaginn 15. janúar fyrir undangengið ár. Enn sem komið er liggur ekki ljóst fyrir hve lengi afdreginn skattur kann að hafa verið í höndum fjármálastofnunar áður en honum er skilað til ríkissjóðs. Reikna má með að verulegur hluti af fjárhæðinni sem skilað er komi af vöxtum sem reiknaðir eru einu sinni á ári, í lok árs, og hafi því ekki verið lengi í höndum viðkomandi fjármálastofnana. Síðastliðið ár er sem sé fyrsta árið sem fjármagnstekjuskatturinn er reiknaður og enn hefur ekki farið fram nein greining eða athugun á skilum á fjármagnstekjuskattinum. Eðlilegt er að slík athugun fari fram áður en tekin verður afstaða til þess hvort rétt sé að breyta þessu fyrirkomulagi sem Alþingi ákvað með lögum árið 1996. Málið verður sem sagt athugað þegar betri upplýsingar liggja fyrir.

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er spurt hverjar áætlaðar tekjur banka og fyrirtækja séu af ávöxtun þeirrar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem þau hafa innheimt. Eins og ég hef sagt liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig afdráttur þessara stofnana skiptist innan ársins. Eins og að framan greinir er heildarfjárhæð staðgreiðsluskila fjármálastofnana rúmur milljarður, 1,1 milljarður. Sé reiknað með jafnri dreifingu þessa afdráttar yfir árið á 5% vöxtum, þá yrðu tekjurnar 25 millj. kr. Hins vegar, eins og ég hef þegar sagt, er mjög líklegt að verulegur hluti fjárhæðarinnar falli til síðast á árinu þannig að þessir reiknuðu vextir yrðu þá verulega lægri en

þessi tala sem er ágiskun og byggist á því að dreifa þessum upphæðum jafnt yfir árið á grundvelli 5% vaxta.

Að lokum er spurt í fyrirspurninni hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir lagabreytingum þess efnis að bönkum og fyrirtækjum beri að skila strax í ríkissjóð innheimtum fjármagnstekjuskatti eins og gildir um önnur opinber gjöld. Endanleg athugun á skilum og afdrætti fjármagnstekjuskattsins á þessu fyrsta ári hans hefur ekki farið fram og meðan frekari upplýsingar liggja ekki fyrir er hvorki tilefni né forsenda til þess að taka ákvörðun um að beita sér fyrir lagabreytingum í þessu efni. Að sjálfsögðu er ekkert útilokað í því og sjálfsagt að taka þetta með reikninginn í þeirri úttekt og athugun sem að sjálfsögðu fer fram þegar hægt verður að gera upp fyrsta árið í fjármagnstekjuskattinum. Málið er að það var ákveðið að hafa þetta svona af þeim ástæðum sem ég nefndi í upphafi. Það byggðist á skoðun nefndar Ásmundar Stefánssonar sem undirbjó þetta mál og þetta var talið hagkvæmt og skynsamlegt. Ef það hins vegar kemur í ljós að það sé hægt að gera þetta ódýrara og hagkvæmara, þá er sjálfsagt að skoða það.

[13:57]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er afar athyglisverð fyrirspurn sem hv. þm. Ágúst Einarsson setur hér fram. Ég verð að segja að á sínum tíma þegar Alþingi fjallaði um lögin um fjármagnstekjuskatt sem mörg okkar vorum reyndar afskaplega vonsvikin með, þá býst ég við að flestir hafi séð fyrir sér að vextir yrðu reiknaðir af innstæðum, af því sem fólk mundi greiða af, í árslok og þar með væri rökrétt að vera með einn gjalddaga, 15. janúar.

Nú upplýsir Ágúst Einarsson að þessu sé öðruvísi farið. Hann segir skattheimtuna hins vegar eiga sér á ýmsum tímum eða tekna af þeim sem eiga innstæður, fá vexti eða arð, á ýmsum tímum. Það er fráleitt að peningastofnun geti legið með þær fjárhæðir, hverjar svo sem þær eru, og mér finnst mikilvægt að fram fari athugun á því hvenær þessi skattur er heimtur og í hvaða mæli það gerist að peningastofnanir liggi með vextina eins og hér er bent á.

[13:59]

**Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svarið. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef átt þess kost að skiptast við hann á orðum, þ.e. sem fjmrh., og vonandi getur orðið framhald á því. Ég vænti þess þó að í framtíðinni verði svörin aðeins ítarlegri og betri en þau sem ég fékk við þessari fyrirspurn. Hæstv. ráðherra vísaði til þess að verið væri að vinna eftir lögum. Það er mér ljóst. Mér er líka ljóst að það er ódýrara að vera með einn gjalddaga en fleiri.

Meginatriðið í mínum málflutningi er hvort ráðherra finnist það vera eðlilegt að vörslufé sé ávaxtað eins og ég lýsti, að menn geti legið með vörslufé ríkissjóðs í marga marga mánuði. Hæstv. fjmrh. er vinur ríkissjóðs eins og við fleiri og það er fyrst og fremst þetta sem mér finnst óeðlilegt. Upphæðirnir eru ekki mjög miklar í þessu sambandi, einfaldlega vegna þess að fjármagnstekjuskatturinn skilar ekki nema um það bil milljarði á þessu ári. Það er þó ekki vitað enn þá. Við í stjórnarandstöðunni vorum mjög á móti þessari útfærslu en látum það nú vera. Mér finnst meginatriðið að það er óeðlilegt að bankar og fyrirtæki liggi með vörslufé ríkissjóðs til ávöxtunar. Það skiptir engu máli þó um lágar upphæðir sé að ræða. Það væri strax til bóta ef settir væru inn t.d. tveir gjalddagar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann mundi beita sér fyrir því, þegar þeirri greiningu er lokið og ef hún gæfi tilefni til þess, að hafa t.d. tvo gjalddaga t.d. 15. janúar og 15. júní. Það væri ekkert óeðlilegt við að gera slíkt og ég fagna því að ráðherra hyggist ætla að sundurgreina nokkuð þennan tekjupóst.

Meginatriðið sem ég vil knýja á um gagnvart ráðherra er hvort hann er reiðubúinn til að stuðla að tveimur gjalddögum á fjármagnstekjuskatti og hvort honum finnist þetta eðlileg málsmeðferð, að menn geti legið með fé sem þeir eru búnir að innheimta fyrir ríkissjóð upp undir og jafnvel meira en hálft ár. Það er ekki hægt að gera með neitt annað innheimtufé á vegum ríkisins. Þvert á móti er lögð á það mikil áhersla, með réttu eins og ég nefndi, að menn skili þessum fjármunum fljótt, vel og örugglega, innan eins eða tveggja mánaða. Af hverju á ekki að gilda það sama um fjármagnstekjuskattinn?

[14:01]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Í raun og veru er ekki miklu við þetta að bæta. Síðasta ár var eins konar reynsluár að því er varðar þessa nýju skattlagningu og það litla sem enn er komið í ljós að því er hana varðar er nokkuð jákvætt. Greiddir hafa verið 2 milljarðar. Heildarinnborganir vegna þessa skatts eru 2 milljarðar en eins og áður hefur komið fram er stór hluti af því væntanlega bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld. Ýmsir, mörg hundruð aðilar reyndar, hafa þegar skilað þessum skatti, gerðu það á síðasta ári sem eins konar fyrirframgreiðslu upp í endanlegan útreikning.

En ég endurtek það sem ég sagði áðan að við þurfum að afla okkur og meta þá reynslu sem af þessu er fengin áður en við förum út í einhverjar breytingar. Ég geri ráð fyrir að eitt og annað í sambandi við þennan nýja skatt þarfnist lagfæringar og það má vel vera að þetta sé eitt af því. Ef það kemur á daginn að þarna sé um að ræða óeðlilega langan gjaldfrest á þessum skatti, kannski sérstaklega gagnvart hinum stærri aðilum, bönkum og fjármálastofnunum, þá kemur til greina að breyta því. Ég vil ekki útiloka það. En ég vil heldur ekki fullyrða að svo verði gert á þessu stigi málsins.

## *Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.*

Fsp. HjálmJ, 684. mál. — Þskj. 1184.

[14:03]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Stór þáttur í starfi löggjafarvaldsins er að tryggja jafnræði landsmanna og setja leikreglur sem eru glöggar, skýrar og gagnsæjar þannig að hver maður geti séð að allir séu jafnir fyrir lögum og lögin eigi við alla jafnt, það sé með öðrum orðum ekki vitlaust gefið. Oft hefur lagasetning í landbúnaði verið talin flókin. Á undanförnum árum hefur hún þó vissulega verið að skýrast mjög og færast frá því að vera mjög sértæk í það að vera almenn löggjöf þótt vissulega sé ýmislegt óunnið í lagarammanum varðandi landbúnað á Íslandi.

Sú fyrirspurn sem ég ber hér fram fjallar um meinta mismunun vegna flutningskostnaðar bænda á sláturfé. Ég

vil taka dæmi til að skýra málið, raunverulegt dæmi. Bóndi á Vestfjörðum slátraði fé sínu hjá sláturhúsi kaupfélagsins á Hvammstanga og fékk 400 kr. flutningsstyrk fyrir hvert lamb. Annar bóndi á 0,7-reglunni fór með sitt sláturfé til sláturhúss Ferskra afurða, einnig á Hvammstanga. Hann fékk 7 kr. og 90 aura á lambið. Þarna eru tveir aðilar sem fara jafnlanga leið. Annar fær í flutningsstyrk tæpar 8 kr. fyrir lambið en hinn 400 kr. Þetta getur náttúrlega ekki gengið og hygg ég að allir hljóti að sjá það.

Bóndinn sem fær 400 kr. á lambið fær flutningsstyrkinn til þess að flytja útflutningskjötið í sláturhús sem hefur svonefnt ESB-leyfi. En styrkurinn nær hins vegar yfir allan flutninginn, líka það sem fer á innanlandsmarkaðinn og er miklu stærri hluti af magninu. Árið 1996 voru það 19% en 1997 13%. Þetta hefur vissulega skekkt samkeppnisstöðu sláturleyfishafa á innanlandsmarkaðnum. ESB-húsin hafa haft yfirburðastöðu.

Sláturleyfishafar hafa ályktað gegn þessari mismunun og í frv. til breytinga á búvörulögum sem væntanlega verður að lögum nú í vor, á næstu dögum jafnvel, er kveðið á um að við kaup á kindakjöti frá framleiðendum skuli tilgreina hvort kjötið fer á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Því spyr ég: Verður breytt reglum á grundvelli nýrra laga þannig að sláturleyfishöfum sé ekki mismunað eins og gert hefur verið undanfarin ár?

[14:06]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir fyrirspurn sinni. Það má kannski segja réttilega, eins og fram kom í máli hans, að ýmsar reglur sem varða landbúnaðinn okkar, atvinnugreinina, og stuðning við hann hafa verið flóknar og ekki öllum auðskiljanlegar. Á þessu hefur verið reynt að ráða bót á undanförnum missirum að einhverju leyti þó sjálfsagt megi enn ýmislegt betur fara og sumt þarf að skoða nokkuð gaumgæfilega til að átta sig á forsendum eða hvað á bakvið kann að vera.

Þegar þessi fyrirspurn, sem lögð hefur verið fram um jöfnun á flutningskostnaði á sláturfé, er skoðuð kemur í ljós að um það fjalla tvær reglugerðir sem landbrh. hefur gefið út, önnur frá 26. ágúst 1996 og er nr. 469, um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti, og hin frá 24. júlí 1996, nr. 422, um útflutning á kindakjöti. Heimildir til útgáfu beggja þessara reglugerða eru í búvörulögunum svokölluðu, eða lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Í báðum þessum reglugerðum er ákvæði um flutningsjöfnun á sláturfé. Um ráðstöfun verðmiðlunargjalds til flutningsjöfnunar segir í reglugerðinni sem ég fyrr nefndi, nr. 469/1996, með leyfi forseta:

„Flutningsjöfnun samkvæmt þessari grein nær aðeins til svæða þar sem meðalflutningskostnaður hefur hækkað vegna fækkunar afurðarstöðva frá árinu 1987. Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá framleiðendum til afurðarstöðva á eftirfarandi hátt:

1. Allir framleiðendur skulu sjálfir bera kostnað sem nemur kr. 6,50 pr. kg kjöts.

2. Greiða skal að hámarki 80% af þeim kostnaði sem er umfram kostnað samkvæmt 1. tl. Aldrei skal greiða hærri flutningsjöfnun en nemur 50% af flutningskostnaði.

3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu samkvæmt 2. gr. skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

Aldrei skal jafna kostnað vegna flutninga sláturfjár lengri leið en að næstu afurðarstöð. Þó er heimilt vegna förgunar haustið 1995 að jafna flutning að afurðarstöðvum með ESB-leyfi."

Ég vek athygli á að hér var sérákvæði um flutningsjöfnun til húsa með ESB-leyfi og aðeins fyrir eitt ár, þ.e. haustið 1995.

Um ráðstöfun sérstaks 30 kr. útflutningsgjalds til flutningsjöfnunar segir í d-lið 6. gr. reglugerðar nr. 422/1996, með leyfi forseta:

„Í stað jöfnunar milli sláturhúsa eftir markaðsmöguleikum við útflutning, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að greiða framlag til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár, sem nemur allt að kr. 0,80 á kind á km sem flutt er umfram 100 km vegalengd, sé flutt í næsta sláturhús með ESB eða USA leyfi." Það er leyfi til Bandaríkjanna.

Eins og fram kom í máli frsm. er hér að nokkru leyti að finna rót þess meinta mismunar sem hann gerði grein fyrir í sinni ræðu. Ekki er í gangi nein vinna til að endurskoða reglugerð nr. 469, fyrri reglugerðina sem vitnað er til um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti með tilliti til þess sem fyrirspyrjandi spyr, enda má um hana segja að hún tryggi ákveðinn jöfnuð milli framleiðenda og þar sitji allir við sama borð. Flutningsjöfnun, eða niðurgreiðslur á flutningskostnaði, hefur verið notuð til að greiða niður þann aukna kostnað sem framleiðendur verða fyrir við fækkun sláturhúsanna. Með jöfnun er ekki verið að hækka skilaverð til framleiðandans heldur er verið að greiða hluta þess nýja kostnaðar sem varð til við lokun sláturhúss næst honum. Enn fremur er jöfnun aldrei greidd fyrir lengri vegalengd en að næsta sláturhúsi. Þetta hefur verið samstaða um enda talið að það gæti flýtt þeirri margumtöluðu hagræðingu sem þarf að verða í slátrun sauðfjár.

Tímabundið ákvæði var í þessari reglugerð, sem ég reyndar gat um áðan, en heimilt var samkvæmt henni vegna förgunar haustið 1995 að jafna kostnað við flutning á afurðarstöðvar með ESB-leyfi. Jöfnun hliðstæð þessari var síðan haldið áfram með ákvæðum í reglugerð nr. 422/1996, um útflutning á kindakjöti.

Ég sé nú, hæstv. forseti, að tíminn er að hlaupa frá mér. Ég á dálítið eftir enn. Hvað varðar reglugerð nr. 422 og samræmi milli hennar og hinnar fyrri reglugerðar, þá tel ég að framleiðendur sitji í raun einnig við sama borð séu þeir að flytja til sláturhúss með útflutningsleyfi, svo fremi sem þeim sé sama við hvaða sláturhús þeir eiga viðskipti. En færa má fyrir því rök að sláturhúsin sitji ekki við sama borð því ekki fæst flutningsstyrkur nema til sláturhúss sem hefur ESB- eða USA-leyfi.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, af því að sérstök fyrirspurn frá flm. kom í lok málsins, að gera aðeins betur grein fyrir þessu aftur. Eftir stendur sá möguleiki að taka aftur upp sams konar ákvæði og var tímabundið í reglugerð nr. 469 og heimilaði flutningsjöfnun til afurðarstöðva með ESB-leyfi. Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun og ekki er vinna við það í gangi. En ég vil ekki útiloka það hér og nú enda segir í lögunum um ráðstöfun þess fjár, með leyfi forseta:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir."

Hvort framhald verður á þessu fyrirkomulagi fer því að mestu eftir vilja bænda sjálfra.

[14:12]

**Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og árétta að vissulega er þessi frumskógur aðeins að breytast í það að vera greiðfærari en var, þ.e. að hægt sé að skilja lagarammann og umhverfi landbúnaðarins eins og hann er settur af löggjafarvaldi og útfærður af framkvæmdarvaldi. Svörin þakka ég og líka það að hæstv. ráðherra segir að ástæða sé til að skoða þessi mál frekar og útilokar ekki að endurskoðun eigi sér stað á þessum meinta mismun.

Það er mikilvægt að fá svör við þessu því það varðar framtíðarskipan landbúnaðarmálanna. Er t.d. ástæða til að öll sláturhús leggi í kostnað til að uppfylla skilyrði Evrópusambandsins? Full ástæða er til að spyrja að því vegna þess að ESB-húsin njóta sérstakrar náðar á við hin. Ég hygg að mikilvægt sé að markaðsaðstæður ráði en þær séu ekki skertar með sértækum lögum og reglum. Slíkar aðgerðir í landbúnaði orsökuðu kjötfjöll og smjörfjöll fyrr á tíð og þá voru það löggjafarvald og framkvæmdarvald, bæði stjórnvöld og samtök bænda, sem bjuggu til þetta vandamál. Við þurfum að hverfa frá slíkum ráðum og úrræðum í hvaða mynd sem slíkt birtist. Eðlilegast er að lofa greininni að spjara sig sjálfri án afskipta nema með almennum og rúmum reglum og það er að gerast, t.d. í því að heildsöluverðlagning á kindakjöti fellur niður í haust og þar með skráð verð til bænda. Gefinn verður út viðmiðunargrundvöllur, en hann verður ekki bindandi verðlagning, hvorki fyrir bændur né sláturleyfishafa. Ég þakka fyrir svörin.

[14:14]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Varðandi þennan mismun sem ég komst kannski illa yfir að gera grein fyrir í fyrra svari mínu og hv. þm. gerði að umtalsefni í síðari ræðu sinni, þá hafði ég gert grein fyrir því að mismunur er á milli reglugerðanna eftir því hvort sláturfé er flutt til húss sem hefur ESB- eða USA-leyfi. Sá mismunur felst þá fyrst og fremst í því að útflutningshúsin fá meira magn til slátrunar og geta stækkað sinn markað. Í raun er ekki um það að ræða að þau njóti sjálf flutningsstyrksins að neinu öðru leyti.

Hvort þessi mismunur milli sláturhúsa er réttlætanlegur má deila um en ég vil benda á að meðan meira er framleitt en innanlandsmarkaðurinn tekur við þá verðum við að flytja umframframleiðsluna út og finna leiðir til þess. Svo fá megi sem mest fyrir útflutninginn er best að selja hann annaðhvort á markaði Evrópusambandsins eða Bandaríkjanna. Það hefur kostað viðkomandi sláturhús mikla fjármuni í stofnkostnaði og breytingu á framleiðsluháttum. Því má á vissan hátt segja að útflutningshúsin séu að leggja á sig markaðsstarf sem ætti að nýtast öllum.

Svo ég fjalli aðeins um það hvort breytinga gæti orðið að vænta varðandi reglugerð nr. 422/1996, um jöfnun vegna útflutnings, þá svara ég því játandi. Eins og hv. þm. kom inn á í framsöguræðu sinni þá hefur verið lögð til breyting með frv. til breytinga á búvörulögunum, mál nr. 559. Þar er í 7. gr. frv. lagt til að felld verði niður innheimta gjaldsins sem staðið hefur undir flutningsstyrkjum samkvæmt þessari reglugerð. Verðjöfnun samkvæmt þessu ákvæði, í reglugerð nr. 422/1996, á flutningskostnaði sláturfjár vegna útflutnings mun því falla niður verði það frv. að lögum. Því er sjálfgefið að ætli menn að halda einhverjum slíkum flutningsjöfnuði við vegna útflutningshúsanna, þá þarf að taka málin til nýrrar endurskoðunar.

Fundi slitið kl. 14:19.

---

# 117. FUNDUR

mánudaginn 4. maí,
að loknum 116. fundi.

**Dagskrá:**

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326. — Frh. 2. umr.

2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Framhald þingstarfa og þingfrestun.

[16:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að samkvæmt áætlun þeirri sem starfað hefur verið eftir um nokkurt skeið var gert ráð fyrir að fresta þinginu 8. maí, 1998 tek ég fram, en okkur formönnum þingflokkanna var tilkynnt núna á fundi með forseta að af því yrði ekki. Það yrði ekki frestun 8. maí og ég tel alveg lágmark að það komi fram af þessum stóli með einhverjum hætti og hefði auðvitað átt að byrja fundinn á að láta þetta koma fram af forsetastóli.

Í öðru lagi liggur fyrir að ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvenær forseti Alþingis hyggst hugleiða að ljúka þinginu. Um það þarf alveg sérstaka ákvörðun eins og kunnugt er. Stjórnarandstaðan hefur a.m.k. ekki verið látin vita hvenær forusta þingsins hyggst hugleiða að ljúka yfirstandandi þingi þannig að ég geri ráð fyrir að við verðum þá látin vita um það væntanlega fljótlega hvenær hugleiðingartími þingforustunnar hefst þannig að menn átti sig á að það er kominn sá tími sem venja er að fresta þingfundum.

Í þriðja lagi var okkur tilkynnt um að eldhúsdagur sem hefur átt að vera mjög lengi í þessari viku verði ekki í þessari viku heldur í einhverri annarri. Við vitum ekki enn þá hvenær sá eldhúsdagur verður, hvort hann verður síðar í þessum mánuði eða þeim næsta. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það.

Í fjórða lagi var okkur tilkynnt um að það yrði unnið sem mest, eins og fyrrverandi bankastjóri Landsbankans orðar það gjarnan, í þessari viku, helst bæði kvöld og nætur og það yrðu haldnir margir kvöldfundir í þessari viku og ekkert samkomulag er um að halda þá fundi. Það verður að vera alveg skýrt að það eru engir samningar við stjórnarandstöðuna heldur hvernig (Forseti hringir.) að þeim hlutum verður staðið.

Loks er gert ráð fyrir að allmargar utandagskrárumræður fari fram um fjöldamörg brýn mál á næstunni. (Forseti hringir.) Sömuleiðis verði ræddur fjöldi mála eins og tillaga til þingsályktunar um byggðastefnu.

Í stuttu máli, herra forseti, vildi ég láta það koma fram af þessum stóli að samkvæmt þeim upplýsingum sem forusta þingsins hefur náðarsamlegast veitt okkur er það þannig að það er allt í vitleysu í þessari stofnun.

[16:04]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna orða hv. þm. og þeirra spurninga sem hann hefur varpað fram til forseta vill forseti segja það um fyrstu spurninguna að sú áætlun var í gangi að ljúka þingi 8. maí. Á forsætisnefndarfundi í morgun var það blásið af. Það er ljóst að þótt nefndir hafi lokið störfum og málin séu komin inn til þingsins til afgreiðslu eru margir á mælendaskrá í málaflokkum og því sá forsn. að ekki yrði um þinglok að ræða þennan dag og raðaði málum niður á daga og ákvað að vegna þess að menn þurfa margt að taka fyrir og margt er ógert að þá yrði að halda nokkra kvöldfundi í þessari viku.

Á þessu stigi er hægt að hugleiða hvenær beri að ljúka þingi og auðvitað hljóta menn að hugleiða það og stefna að því sem fyrst en það er ljóst að það verður ekki í þessari viku.

Hvað eldhúsdaginn varðar er reglan sú að hann er yfirleitt ekki fyrr en kemur að því að menn sjá fyrir þinglokin. Það gera menn ekki í dag og því er þeim umræðum frestað. Þetta vildi forseti láta koma fram undir þessum lið og við þessar athugasemdir hv. þm. að næg verkefni eru fyrir þinginu og ósýnt hvenær þinglok verða.

[16:06]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er afar skiljanlegt að hv. þm. Svavar Gestsson skuli vekja umræðu um störf þingsins vegna þessa. Staðan er sú nú á Alþingi að það er eins og við þingmenn stjórnarandstöðu séum bara þingmenn. Við vitum ekkert og eigum ekkert að vita. Okkur kemur ekki við hvað meiri hlutinn ætlar að afgreiða. Hann ætlar bara að afgreiða allt sem hann getur af öllum þeim fjölmörgu stóru málum, mörgum ágreiningsmálum, sem eru undir í þinginu og við eigum bara að halda okkur við efnið og helst að hætta að tala.

Nú er það svo að búið er að setja þingfrestun í óvissu. Hún er einhvers staðar inni í framtíðinni. Búið er að fresta eldhúsdagsumræðunni. Hún verður einhvern tímann, kannski í næstu viku, skilst mér, miðað við svör forseta. Einu sinni var það svo að við sem höfum unnið og staðið að starfsáætlun Alþingis höfum talað um að hafa metnað fyrir starfsáætluninni og mér er mjög minnisstætt að það þurfti að flytja utanríkismálaumræðu og mönnum var meinilla við það. Ekki af því að allir væru ekki sammála um að það væri mjög mikilvægt í stöðunni að flytja utanríkisumræðuna um dag. Alls ekki þess vegna heldur vegna þess að með því vorum við að rífa upp starfsáætlun Alþingis sem hafði verið fest á blað, prentuð og gefin út og við hana ætluðum við að standa. Þessi metnaður er fyrir bí. Nú er það svo að hér á að halda áfram eins lengi og einhverjum þóknast. Ég legg áherslu á „einhverjum“, vegna þess að ég er sannfærð um að þetta er ekki það sem forseti Alþingis vill, sem hefur unnið með okkur að bættum vinnubrögðum, öðruvísi ásýnd Alþingis.

[16:08]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna þessarar ræðu vill forseti segja að auðvitað liggur fyrir, og er kannski það eina sem liggur fyrir, að nefndir hafa lokið störfum og fjölmörg mál eru að koma frá nefndunum og bíða umræðu. Það er samdóma álit forsn. að mikil umræða sé fram undan, svo að það raski þeirri áætlun um þinglok sem gerð var enda er ekki langt liðið á vorið og nægur tími fyrir þingið að vinna örlítið lengur.

[16:09]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel að hæstv. forseti hafi gert grein fyrir skoðunum forsn. hvað þetta mál varðar, að það eigi að fresta þingi án þess að nokkuð sé ljóst hvenær því lýkur. Ég bendi á tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi eru óafgreidd yfir 40 stjórnarþingmál. Í öðru lagi var fyrst talað um að þingi lyki 22. apríl, svo 8. maí. Nú er búið að fresta því. Þessi ákvörðun var m.a. tekin út af sveitarstjórnarkosningum. Fjölmargir þingmenn hafa vitaskuld bundið sig í tengslum við þessar sveitarstjórnarkosningar og ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að óska upplýsinga um það frá þingflokksformönnum stjórnarflokkanna sem eru báðir í salnum hvernig þeir hugsa sér framhaldið á umræðunni. Það er vitaskuld málefni þingflokksformanna ekki síður en forseta hvernig störfum verður hagað á næstunni. Hvaða mál verður lögð höfuðáhersla á? Við vitum að við erum í erfiðri og ítarlegri umræðu og margt er ósagt, bæði í henni og í öðrum málum og menn virðast ekki hafa fundið sér tækifæri til að setjast niður yfir þessi mál. Ég vildi af þessu gefna tilefni óska eftir að þingflokksformenn Framsfl. og Sjálfstfl. segðu okkur óbreyttum þingmönnum eitthvað meira um hvernig þeir ætla sér að afgreiða málin í vor. Ekki hvað síst af hálfu þingflokks Framsfl. því að flest deilumálin sem hafa verið og verða væntanlega til umræðu eru tengd ráðuneytum þess flokks. Ég tel það vera ósköp eðlilega ósk að upplýst sé betur um þetta en að hv. þm. Svavar Gestsson þurfi að upplýsa ákvarðanir forsn. á þingi. Það eru mikil tíðindi að þingfundum skuli vera frestað frá 8. maí og þess vegna fram yfir sveitarstjórnarkosningar eða hvað? Það er því eðlileg krafa að í umræðunni verði betur upplýst um fyrirætlanir ríkisstjórnarflokkanna.

[16:11]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill segja á þessu stigi að það er ástæðulaust að tefja tímann í umræðunni. Hann hefur gefið yfirlýsingar um þau atriði sem komu fram í forsn. í morgun og liggja fyrir um þinghaldið. Forseti hefur fullan hug á því fljótlega að komast að dagskrármálum enda bíða margir umræðunnar.

[16:12]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umræðunni en annað er óhjákvæmilegt þar sem fund forsn. í morgun bar á góma. Það er að sönnu rétt hjá sitjandi forseta að forsn. gat ekkert annað í ljósi þess verkefnalista og þess vilja sem stjórnarmeirihlutinn á þinginu hefur sett fram með ótvíræðum hætti annað en skapa þeim málefnum sem eru á málaskrá ríkisstjórnar og málaskránni almennt það rými sem nauðsynlegt er. Hitt er auðvitað deginum ljósara og er löng hefð fyrir því að stjórnarmeirihluti hverju sinni og ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar reyni að haga verkum sínum þannig að þingið geti komið að verki með viðunandi hætti og hætt á skaplegum tíma í ljósi samþykktrar starfsáætlunar þingsins

þannig að ábyrgðin liggur fyrst og síðast hjá stjórnarmeirihlutanum hér í þinginu. Eins og fram hefur komið eru 40 stór mál á dagskrá ríkisstjórnarinnar og hún ætlar augljóslega að þjösnast áfram með þau mál hvað sem tautar eða raular. Ég vek á því athygli hafi menn ekki gaumgæft það að í síðustu viku fór öll sú vika í umræðu um eitt og sama málið, þ.e. 2. umr. um sveitarstjórnarlög. Sú umræða er rétt um það bil hálfnuð þannig að með sama áframhaldi má ætla að mestur hluti þessarar viku fari síðan í að ljúka 2. umr. um málið. Það gefur auga leið að vindi þessu fram á þann veg sem gert hefur fram að þessu verðum við langt fram á sumar. Ég segi fyrir mína parta og tala vafalaust fyrir hönd margra stjórnarandstæðinga annarra að mér er ekkert að vanbúnaði að vinna fram eftir öllu sumri. Á hinn bóginn voru menn sammála um að sveitarstjórnarkosningar fengju það eðlilega andrými sem þeim ber. Þá er auðvitað spurningin þessi, ef ríkisstjórnin vill brjóta odd af oflæti sínu, að fresta einfaldlega þingi nú þegar og við hittumst aftur í júní. Ég hugsa að allir væru tilbúnir til þess en meginatriðið er auðvitað að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér inni lýsi því yfir hvernig hann ætlar að forgangsraða málum, hverju hann vill ljúka og hverju ekki.

[16:14]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna ummæla hv. þm. vill forseti segja að auðvitað er ábyrgðin okkar allra og forseti bindur vonir við að innan mjög skamms tíma hafi menn í þinginu, stjórn og stjórnarandstaða, náð góðu samkomulagi um framhald þingstarfanna.

[16:14]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Að sjálfsögðu er nokkuð erfitt að ræða þetta mál með helsta leikarann í aðalhlutverkinu fjarstaddan, þ.e. hæstv. forsrh., því að það er ekki alfarið við forseta Alþingis að ræða í þessu efni heldur ekki síst oddvita stjórnarflokkanna sem lýsti því yfir fyrr á þessu þingi að það væri mjög nauðsynlegt að ljúka þinginu sem allra fyrst til að gefa frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga rúman tíma til að ná vopnum sínum og heyja kosningabaráttu.

Nú virðist það ekki lengur nauðsynlegt. Það er mjög skiljanlegt þegar skoðuð er staða frambjóðenda og framboða í Reykjavíkurborg, miðað við skoðanakannanir, að hæstv. forsrh. telji ekki bráðnauðsynlegt að gefa þeim tíma til að heyja sína kosningabaráttu þar sem hún sé hvort eð er fyrir fram töpuð. Því er ekkert óeðlilegt eða óæskilegt við að þingið sitji hér fram á vor þar sem Sjálfstfl. gæti hvort eð er ekki notað tímann sér til nokkurs gagns með öðrum hætti.

Ég vildi benda á það, virðulegi forseti, að út af fyrir sig er það ekkert áhorfsmál að efna til samfelldra kvöldfunda eða jafnvel næturfunda, þegar samkomulag er um hvenær ganga eigi til þinglausna og menn freista þess að afgreiða mál miðað við ákveðinn verklokadag. Það er hins vegar alveg fráleitt af forseta að gera ráð fyrir samfelldum kvöld- og næturfundum þegar enginn hefur hugmynd um hvort stefnt sé að þinglausnum í næstu eða þarnæstu viku. Ég veit að hæstv. forseti skilur það mætavel að við þingmenn munum ekki sætta okkur við að þess sé krafist að við sitjum hér á samfelldum nætur- og kvöldfundum þegar það er svona meira og minna út í bláinn og ekki í tengslum við neitt lokasamkomulag um þinglausnadag.

[16:16]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Vegna ummæla hv. þm. vill forseti vekja athygli á því að ekki er hratt farið af stað í þessari viku. Það er ekki kvöldfundur í kvöld og ekki heldur kvöldfundur á miðvikudagskvöld.

[16:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þau svör sem hann hefur veitt. Ég vek athygli á því að til stóð að ljúka þinginu 22. apríl. Það var að frumkvæði hæstv. forsrh. sem sú umræða hófst. En hann beitti sér líka fyrir því að stytta þingið sérstaklega með því að seinka samkomudegi þingsins eftir áramót. Hann hafði um það forustu að seinka honum um eina viku. Auðvitað er það augljóst að það er hann sem hefur haft alla forustu í þessu efni. Það er jafnframt alveg rétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að það er fráleitt að ræða hér þessi mál um störf þingsins að honum fjarstöddum þegar hann ræður. Það er bersýnilegt að það er hann sem ræður. Hann hefur tekið um það ákvörðun að þingið skuli vera áfram.

Ég tek það auðvitað ekki gilt hjá hæstv. forseta að forsn. hljóti að taka við hvaða lista sem er frá ríkisstjórninni. Það gengur ekki. Svoleiðis starfar ekki sjálfstæð þingforusta. Ef það er þannig að forseti Alþingis hafi ákveðið að taka í raun og veru við því sem ríkisstjórninni þóknast að rétta að þingforustunni, þá eigum við auðvitað að ræða þessi mál við hæstv. forsrh.

Þá erum við aftur komin í sömu spor og við stóðum í á síðasta kjörtímabili, þar sem hlutskipti stjórnarandstöðunnar var að snúa sér að forsrh. en ekki að forseta þingsins. Ég harma það að sitjandi forseti þingsins skuli vísa þessu vandamáli frá sér og yfir á ríkisstjórnina.

40 stjfrv. þarf að afgreiða, sagði hér einhver áðan. Ja, það eru meiri ósköpin. Hver segir að það þurfi að afgreiða þessi frv.? Stjórnarflokkarnir? Eigum við að taka mark á því? Auðvitað þurfum við ekki að taka mark á því. Auðvitað eigum við ekki að vera *flæðilína fyrir ríkisstjórnina*.

Ég mótmæli því sérstaklega þeirri stöðu sem nú er að koma upp og ég hélt að væri liðin tíð, væri fornöld í þessari stofnun, að þingið sé að verða eins og dráttarklár fyrir ríkisstjórnina og ekkert annað. Ekkert annað, forseti.

[16:19]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti mótmælir þessum ómaklegu ummælum því að forsn. hefur á þessu kjörtímabili átt mjög gott samstarf við þingið allt ... (**SvG:** Og vill það ekki lengur.) og vill það áfram. Það hafa engin skilaboð komið inn á fund forsn. frá ríkisstjórninni. Það var bara blákalt mat forsn. í morgun að öll sú áætlun, sem fyrir lá stæðist ekki lengur vegna þeirra fjölmörgu mála sem liggja fyrir, hvort sem þau fara öll í gegnum þingið eða ekki. Það er allt annað mál.

[16:20]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Nú eru að hefjast hinar árlegu skylmingar milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvernig ljúka eigi þinghaldi. Fyrir nýliða er mjög athyglisvert að fylgjast með því hvernig þetta gerist á hverju einasta vori. Mér finnst þetta ekki síst athyglisvert núna eftir að við höfum nýlega farið í gegnum umræðu um bankana. Þar höfum við hvatt til bættra vinnubragða og betri stjórnsýslu. Um leið sitjum við í

því farinu hér á Alþingi að það er aldrei hægt að skipuleggja það hvenær þinghaldinu lýkur eins og mér skilst að gerist í flestum þingum hér í kringum okkur. Ég held að það sé tími til kominn að þingið reyni að koma sér niður á bætt vinnubrögð. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram hjá þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar, að á þingið er kominn sá blær að framkvæmdarvaldið stýri því hvenær þinghaldinu lýkur.

Auðvitað er í þessu samspil við þingsköpin og það vald sem stjórnarandstaðan óhjákvæmilega hefur með því að tefja mál, sem er hennar eina tæki. Ég tel að það sé virkilega orðið tímabært að bæta hér vinnubrögðin og að þessar árlegu skylmingar verði ekki alltaf með sama hætti. Það er ekki gott yfirbragð á þessu og mál til komið að þessu linni.

[16:22]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil ekki að Alþingi verði flæðilína, eins og hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það svo ágætlega. Ég vil að Alþingi starfi með virðingu og sé sýnd virðing. Ég hef hins vegar oft velt því fyrir mér, eins og mál hafa þróast, hvort Alþingi þurfi yfirleitt að starfa miðað við þau viðhorf sem endurspeglast hjá alþingismönnum oft á tíðum. Það virðist oft svo þegar nefndarstörf hafa verið að stjórnarandstöðunni hafi verið sýnt að það þurfi eiginlega ekki að hafa þessa yfirferð í nefndum nema fyrir stjórnarandstöðuna.

Oft á tíðum hefur það einnig verið þannig hér í þingsal að stjórnarandstaðan hefur rætt hin stóru mál meðan stjórnarliðarnir hafa ekkert komið þar nærri. Sem betur fer hef ég upp á síðkastið komist að þeirri niðurstöðu að Alþingi þurfi að starfa. Það má ekki verða þannig að eftir kosningar sé myndaður meiri hluti og síðan megi bara minni hlutinn fara á skrifstofurnar sínar og halda þar til.

Nei. Ég er bjartsýnni vegna þess að upp á síðkastið hefur það gerst að stjórnarliðarnir tala mikið í stórum málum og það er gott. Hér hefur verið sagt að stjórnarliðar séu að hugleiða hvenær þinginu ljúki, hugleiða hvenær eldhúsdagurinn verði og vegna þess hefur verið spurt hver ráði.

Nú hefur hæstv. forsrh. heiðrað okkur með nærveru sinni. Þá beini ég, virðulegi forseti, þeirri spurningu til forsrh. hvort hann hafi hugleitt hvenær þinginu muni hugsanlega ljúka og hvort hann hafi hugleitt hvenær eldhúsdagsumræðan verði.

[16:24]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti beindi því til þingmanna, og þá ekki síður úr stjórnarandstöðu- en stjórnarliði, að þeir öxluðu ábyrgð varðandi þinghaldið og lyktir þess. Þau sjónarmið sem við höfum hér látið í ljós ganga einmitt í þessa átt. Á svörum og viðbrögðum hæstv. forseta fannst mér hins vegar að hann liti svo á að hér væri á ferðinni enn ein uppákoma sem bíða þyrfti af sér.

Við höfum bent á að það eru 40 stjfrv. sem liggja fyrir þinginu. Sum þessara frv. eru mjög umdeild. Ég nefni sveitarstjórnarfrv. Ég nefni húsnæðisfrv. sem er búið að dreifa hér ásamt nýjum brtt. frá stjórnarmeirihlutanum, brtt. sem nema tugum, um 40 brtt. liggja þar fyrir.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., ekki einvörðungu þeirri spurningu hvort hann hafi hugleitt hvenær þinghaldinu ljúki, heldur: Hversu fast ætlar ríkisstjórnin að standa á því að knýja í gegnum þingið frv. sem eru mjög umdeild og mundu að mati mjög margra, bæði hér í þinginu og utan þings, hafa gott af því að liggja í sumar þannig að menn gætu lagst yfir málin? Lyktir þinghaldsins munu ráðast af þessari afstöðu ríkisstjórnarinnar og ráðherra í ríkisstjórn, og þá ekki síst hæstv. forsrh., sem er verkstjóri á ríkisstjórnarheimilinu að þessu leyti. (Forseti hringir.) Þinghaldið og lyktir þess munu ráðast af afstöðu forsrh. og ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Það mun ekki standa á okkur að taka þessi umdeildu mál til rækilegrar umfjöllunar í þinginu.

## *Um fundarstjórn.*

Framhald þingstarfa og þingfrestun.

[16:28]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það er mjög eðlileg ósk alþingismanna að fá að vita, undir þessum dagskrárlið ef ekki er hægt að fá að vita það undir þeim sem var til umræðu áðan, hvernig forsetar ætla sér að haga störfum þingsins á næstu dögum. Ég fékk yfirlit yfir þau mál sem bíða úrlausna hér á Alþingi. 43 stjfrv. eru komin úr nefnd og bíða afgreiðslu á Alþingi, þar á meðal 10–11 sem munu kalla á miklar umræður. Eitt af þeim hefur verið til umræðu í þrjá daga og er þó aðeins í 2. umr. Þá eru 9–10 slík mál eftir.

Þrjú þingmannafrv. sem meiri hluti þingnefnda hefur samþykkt að mæla með bíða afgreiðslu. Sjö stjórnartillögur og átta þingmannatillögur bíða afgreiðslu og 23 skýrslur eru óræddar. Það er því alveg ljóst að þinghald mun standa langt fram á sumar ef ætlunin er að ljúka þessu.

Það hlýtur að vera komið að því, herra forseti, að hæstv. forsrh. sé spurður hver hugmynd hans um verklok sé. Hver er tillaga hans í málinu? Mun hann gera stjórnarandstöðunni grein fyrir því, hver þessara mála hæstv. ríkisstjórn óskar sérstaklega eftir að afgreiða? Er hann reiðubúinn að hafa um það frumkvæði, fyrst stjórn þingsins gerir það ekki, að sest verði niður og reynt að semja um það milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar að hafa skynsamlegri vinnubrögð í þessum málum en efni standa til miðað við stöðu mála?

Gerir hæstv. forsrh. sér það ekki ljóst, eins og allir aðrir þingmenn, að öll þessi mál, sem eru á sjöunda tuginn, verða ekki afgreidd á Alþingi á þessu vori? Hæstv. forsrh. hlýtur að gera sér það fyllilega ljóst eins og aðrir þingmenn. Fyrst forsetadæmið ætlar ekki að hafa um það frumkvæði að reyna að ná samkomulagi hér í þinginu um skynsamleg þingstörf, hvernig væri þá að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort að hann hafi nokkuð hugleitt það mál?

[16:30]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það er réttur, lýðræðislegur og þingræðislegur, þingmeirihlutans að leiða mál til lykta í þinginu eins og það er réttur þingminnihlutans á hverjum tíma að áskilja sér rétt til mikillar og góðrar umræðu um viðkomandi mál. Við stöndum frammi fyrir þessum tveimur þáttum og menn eru að reyna að uppfylla þarfir hvors tveggja, þingmeirihlutans og þingminnihlutans. Þingmeirihlutans um að koma málum fram og þingminnihlutans um að fá um þau mál sæmilegar umræður. Það gera menn þá með því að lengja þann tíma sem til ráðstöfunar er, bæði að fjölga dögum og lengja umræðutímann og vonast og vænta þess að það megi duga til þess að umdeild mál nái fram að ganga. Það er enginn munur á umdeildum málum og óumdeildum, að þingmeirihlutinn á

hverjum tíma hefur sama rétt til þess að láta á þingviljann reyna. Það er ekki eðlilegt til lengdar að koma í veg fyrir að á þingmeirihlutann sé látið reyna.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði áðan að stjórnarandstaðan hefði vald til að tefja mál, eins og hún orðaði það. Ég er ekki alveg sammála því að stjórnarandstaðan hafi í raun vald til að tefja það, a.m.k. úr hömlu, að það reyni á þingvilja. Hingað erum við kosin, auðvitað til umræðna, en að lokum til þess að viljinn sem þjóðin skilaði inn á þing fái að njóta sín og það er verið að brjóta gegn þessari þingræðis- og lýðræðisreglu ef menn ætla að koma í veg fyrir það. (**ÖJ:** Stendur sá vilji nú í ræðustól?) Það er vilji þingsins. Ég þarf ekki að stafa það ofan í þingmenn. Það er vilji hvers og eins þingmanna. En þingmeirihlutinn hlýtur að fá að láta á þann vilja reyna í atkvæðagreiðslu, tapa þeirri atkvæðagreiðslu eða vinna hana. Það er nú ekki flóknara en það.

Á sama hátt hefur stjórnarandstaðan auðvitað leyfi til þess og rétt og skyldur að láta reyna á sína stjórnarandstöðu, koma sínum sjónarmiðum ítarlega fram og að því er ekki fundið. Að því hefur ekki verið fundið af hálfu stjórnarsinna.

Menn þekkja þau umdeildu frv. sem hér hafa verið rædd. Það er vilji stjórnarinnar og þingmeirihlutans að þau mál verði afgreidd og þau verða afgreidd. Þannig er það og síðan þurfa menn að átta sig á því hvað það tekur langan tíma.

[16:33]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ef miðað er við vilja þingmeirihlutans til að afgreiða mál eins og hæstv. forsrh. ræddi um, þá liggur það fyrir nú, örfáum dögum áður en þing átti að hefja sumarleyfi að tillögu hæstv. forsrh. sjálfs, að þingmeirihlutinn vill afgreiða yfir sjö tugi mála. Þegar spurst er fyrir um hvort hægt sé að ná einhverju samkomulagi um hvernig standa eigi að þingstörfum frammi fyrir þessari staðreynd, þá fást engin svör önnur en þau að þingmeirihlutinn ætlar að ná fram vilja sínum og vilji þessa þingmeirihluta er að afgreiða yfir sjötíu mál á þeim tíma sem eftir er. Hæstv. forsrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því eins og allir aðrir þingmenn að jafnvel þótt ekkert stórágreiningsefni væri í þessum hópi mála, þótt ekkert alvarlegt ágreiningsefni væri í hópi þessara 70 þingmála, þá mundi engu að síður ekki vinnast tími til þess að afgreiða þau öll fyrir sumarhlé. En af þessum 70 þingmálum sem þingmeirihlutinn vill láta afgreiða eru a.m.k. tíu, jafnvel 11, sem eru mjög stór ágreiningsmál í þinginu.

Það var lengst af venjan á Alþingi þegar fór að halla vetri, að þá lagði ríkisstjórn fram lista yfir þau mál sem hún óskaði sérstaklega eftir að yrðu afgreidd og síðan var sest yfir það í þinginu og reynt að ná samkomulagi um að vinna þingsins gæti farið eðlilega fram og þau mál næðu afgreiðslu sem samkomulag gæti orðið um og var þá fullt tillit tekið til vilja þingmeirihlutans. Það var ekkert verið að níðast á þingmeirihlutanum í þeim efnum. En ekkert slíkt liggur fyrir nú. Það eina sem liggur fyrir er yfirlýsing hæstv. forsrh.: Þessi 70 mál viljum við afgreiða. Punktur.

Ég fullyrði, virðulegi forseti, að slík framkoma verður ekki til að greiða fyrir störfum á Alþingi Íslendinga og það er miklu nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að reyna að ganga til samkomulags um afgreiðslu mála við þingmenn og auðvitað verður fullt tillit tekið til vilja, bæði meiri hluta og minni hluta í þeim efnum og menn lenda málunum í samkomulagi eins og vant er. En því lengur sem þær viðræður dragast, (Forseti hringir.) þeim mun erfiðara verður að ná samkomulagi og þeim mun minna virðulegt yfirbragð verður yfir umræðum í þessari stofnun. Nema hæstv. forsrh. sé alveg fallinn frá því sem var tilgangur hans (Forseti hringir.) með að hraða störfum þingsins, að frambjóðendur og aðilar næðu vopnum sínum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

[16:36]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það var gott frammíkallið hjá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, áðan þegar hann spurði undir ræðu hæstv. forsrh. hvort þingviljinn stæði í ræðustólnum. Því hæstv. forsrh. talaði eins og hann einn væri þingviljinn. Við erum auðvitað orðin vön því að hann beiti valdi sínu þannig, aðallega var það reyndar á síðasta kjörtímabili, en það glittir af og til í það hér núna. Og það er í raun eðlilegt að hæstv. forsrh. skuli sjálfur líta þannig á vegna þess að þingmenn stjórnarflokkanna, ekki aðeins í Sjálfstfl. heldur einnig í Framsfl., una ágætlega sínum hlut við þessar aðstæður sem komu ekki síst vel í ljós þegar ákveðið var að formaður Framsfl. gegndi varaformannsstarfi Sjálfstfl.

Yfirlýsing hæstv. forsrh. áðan var hins vegar ákaflega dýrmæt vegna þess að hann sagði: „Þessi mál verða afgreidd.“ Þá vitum við það. Þá hefur talað sá sem valdið hefur, ekki aðeins fyrir hönd stjórnarflokkanna, heldur væntanlega einnig fyrir hönd forseta Alþingis. Það er fróðlegt og umhugsunarvert og það er fróðlegt og umhugsunarvert og auðvitað áhyggjuefni vegna þess að við höfum á undanförnum árum verið að reyna að þróa önnur vinnubrögð, annað vinnulag í þessari stofnun, en var. Það er bersýnilegt að okkur hefur mistekist í þeim efnum. Það kom í ljós áðan þegar þingviljinn stóð í þessum stól.

[16:38]

**Útbýting þingskjala:**

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 392. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1356.

Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, 251. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1357.

Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, 465. mál, nál. 2. minni hluta umhvn., þskj. 1352.

Tollalög, 619. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1353; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1354.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

[16:40]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Þegar ég flutti fyrri ræðu mína og helgaði hana að mestu leyti umræðu um 1. gr. þessa frv. sem og bráðabirgðaákvæði þess, þá kynnti ég það að í síðari ræðu minni mundi ég fara yfir hinar ýmsu greinar frv., það efnislega sem lýtur að sveitarstjórnarlögunum í heild sinni og sem við hefðum rætt mjög ítarlega ef ekki hefði komið til að svo rammpólitískt ákvæði sem 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið er hefði verið í þessu frv.

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hugsa um það núna í miðri umræðunni að þegar þetta mál var afgreitt úr nefnd, þrátt fyrir að það væri afgreitt úr nefnd í ágreiningi

og ósætti við einn nefndarmanninn sem óskaði eftir fresti til næsta dags, var það þó þannig að mikill meiri hluti var fyrir bæði afgreiðslu frv. og meirihlutastuðningur var við frv. í heild sinni og breytingartillögurnar. Sú staða var því uppi að af hálfu nefndarmanna í félmn. var eingöngu sú er hér stendur í ágreiningi við nefndina og skilaði sérstöku nefndaráliti. Athyglisvert er að hugsa til þess nú þegar staðan er jafnbreytt og raun ber vitni og það er athyglisvert að það er stjórnarmeirihlutinn sem hefur sett málið í uppnám fyrir sjálfum sér með alveg fádæmaklaufalegum vinnubrögðum að mati undirritaðrar. Nú er staðan því orðin sú að gjörvöll stjórnarandstaðan hefur lýst því yfir að hún telji að þessu máli eigi að vísa frá og að vinna eigi það nánar í sumar og koma með það sem lýtur að miðhálendinu og stjórnun þess í öðrum og nýjum búningi að hausti.

Mér finnst full ástæða til þess, virðulegi forseti, að reifa þetta nú í upphafi máls míns vegna þess að vissulega var það nokkuð sterk staða fyrir stjórnarmeirihlutann að njóta þessa stuðnings. Auðvitað voru ýmsar efasemdir hjá stjórnarandstöðunni allri um það hvernig skyldi fara með miðhálendið en mjög margir voru tilbúnir að teygja hönd sína til samkomulags og sátta og reyna að gera það skásta úr stöðu sem aðrir voru búnir að setja upp. En eins og fyrr hefur verið sagt er sú staða breytt og stjórnarmeirihlutinn stendur nú einn að því að vilja knýja þetta mál í gegn í valdi meiri hluta á Alþingi og í krafti stöðu sinnar.

Ég mun koma nánar síðar í þessari ræðu að því er lýtur að miðhálendinu og afstöðu okkar í því máli, en leggja höfuðáherslu á það í upphafi ræðu minnar að fara yfir þau atriði í frv. og breytingartillögum sem mér finnst mikilvægt að fjallað sé um og reyna að varpa ljósi á stöðuna í hinum ýmsu greinum og breytingum.

1. gr. er sú sem mestu fjaðrafoki hefur valdið og ræður því hversu mikill ágreiningur er um afgreiðslu þessa máls. 1. mgr. 1. gr. hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð."

Virðulegi forseti. Strax í upphafi máls míns ætla ég að minna á þá brtt. sem liggur fyrir frá okkur jafnaðarmönnum og var flutt með minnihlutaáliti félmn. en sú brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. 1. gr. orðist svo:

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð utan miðhálendis Íslands sem verður sjálfstæð stjórnsýsluening sem lýtur sérstakri stjórn. Forsætisráðherra skipar níu manna stjórn miðhálendis til fjögurra ára að fengnum tilnefningum. Umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félagsmálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa. Forsætisráðherra skipar einn fulltrúa og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Miðhálendið markast af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, línu sem miðað var við í tillögum svæðisnefndar að skipulagi hálendisins frá 1997."

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að ég ætli að geyma umfjöllun um miðhálendismálin þar til síðar í máli mínu ætla ég að leyfa mér að koma örlítið inn á grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær og heitir „Miðhálendið. Ákall". En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í gildandi sveitarstjórnarlögum segir í 1. grein að byggðin skiptist í sveitarfélög. Í nýja frumvarpinu er búið að bæta um betur því þar er þetta nú orðað þannig að landið skiptist í sveitarfélög. Þetta virðist sakleysislegt en felur í sér, ef samþykkt verður, að öllu miðhálendinu, þar með talið jöklum, verði skipt upp milli aðliggjandi sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra bendir gjarnan á 3. mgr. 3. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga þar sem segir að afréttir tilheyri sveitarfélögum. Augljóst er vegna þess að afréttir tilheyra oft mörgum sveitarfélögum að þetta ákvæði er viðbragð við þeirri þörf að nauðsynlegu eftirliti sé komið á á þessum afréttarsvæðum en þýðir ekki að afréttarlandið ætti að bætast við eitt af þeim sveitarfélögum sem eiga hlut í viðkomandi afrétti. Fyrsta greinin í núgildandi lögum sýnir meginskilning laganna að það er aðeins byggðin sem skiptist í sveitarfélög."

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem þarna kemur fram. Í þessari grein er kveðið á um að það er byggðin sem skiptist í sveitarfélög og það hefur oft komið fram í umræðunni að afréttirnar sem eru nýttar af hinum ólíku sveitarfélögum liggja margar þannig að þær ná inn í önnur sveitarfélög eða yfir fleiri sveitarfélög enda kveður bráðabirgðaákvæði frv., sem við erum að fjalla um, einmitt á um það hvernig skuli fara með slík svæði sem liggja víðar en í einu sveitarfélagi. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að það hefur gerst í umræðunni að menn hafa leyft sér að koma og segja að búið sé að skipta öllu landinu upp í sveitarfélög, það séu aðeins örlitlar ræmur í kringum jökla sem hefur ekki verið skipt.

En ég mun koma síðar að því hvernig lagasetningin um að afréttum skuli skipað innan sveitarfélaga kom til árið 1971 vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir alþingismenn að gera sér grein fyrir því.

Virðulegi forseti. Áður en ég vík frá þessari grein sem ég var að vitna í, „Miðhálendið. Ákall" ætla ég að nefna tvö önnur atriði sem komu einnig fram í þessari grein. Þar segir nefnilega:

„Nú liggur einnig fyrir þinginu frumvarp um þjóðlendur sem segir að land, þar sem ekki verði sannaður einkaeignarréttur á, verði sameign þjóðarinnar sem þýðir að nær allt miðhálendið verður þjóðareign."

Höfundur greinarinnar nefnir hversu það komi spánskt fyrir sjónir að miðað við hve gífurlegan stuðning þetta frv. eigi, að það skuli þá eiga að skipta þjóðareigninni upp á milli hreppa sem liggja að miðhálendinu. Og höfundur segir:

„Spyrja má hvort hér sé ekki komin hliðstæða við eign þjóðarinnar á sjávarauðlindinni en í lögum segir að hún sé sameign þjóðarinnar en síðan ákveði löggjafinn að aðeins lítill hluti þjóðarinnar fái hana til yfirráða sem nánast jafngildir eignarhaldi."

Höfundur að þessari grein er skipulagsfræðingur.

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er fremur dapurt að loksins eftir áratugaumfjöllun var náð niðurstöðu um hvernig skyldi fara með ágreining um eignarhald á hálendi Íslands. Forsrh. bar gæfu til að halda þannig á málum að hingað inn í þingið kom frv. sem nær allir þingmenn tjáðu sig um að þeir mundu geta stutt þrátt fyrir einhverjar minni háttar breytingar sem einhverjir höfðu skoðun á.

Bara þetta, að ná því á stjórnarferli sínum að ná sátt um svo stórt mál, hefði átt að vera svo mikilvægt fyrir sitjandi forsrh. að ekki mundi hvarfla að honum að setja slíkt mál

í uppnám með því að samhliða bæri ríkisstjórn hans inn í þingið frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem tekið er á málum með þeim hætti sem við höfum verið að ræða.

Ég lýsi því yfir, virðulegi forseti, hve ánægjulegt hefði verið að enda þennan vetur á Alþingi Íslendinga með því í bróðerni að ræða frv. forsrh. og hvaða framtíðarsýn við sæjum með lögfestingu þess en í þess stað skulum við dögum saman ræða þetta hörmulega sveitarstjórnarfrv. þar sem kippt er allri gleði út úr annars góðu máli.

Virðulegi forseti. Á það hefur verið bent og það reyndar gagnrýnt réttilega að frv. sem við erum að ræða sem slíkt væri mjög mikilvægt. Það eru sveitarstjórnarlögin sem hitt stjórnsýslustigið hefur til að vinna eftir. Ákvæði þess er það sem sveitarstjórnarmenn um allt land hafa sér til halds og trausts og það ætti að vera stórmál á Alþingi hvernig þessum málum er skipað og hvort breytingar sem felast í frv. eru til góðs og hvort brtt. félmn. eru betri eða verri.

En þannig erum við ekki að ræða málið. Við erum svo upptekin af miðhálendinu og því sem felst í 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu að frv. allt víkur til hliðar. Fæstir sem heyra fréttir frá Alþingi um umræðuna sem á sér stað hér og hefur átt sér stað frá því að nál. félmn. voru tekin á dagskrá, hafa nokkra hugmynd um að í þessu frv. sé að finna þau lagaákvæði sem þeir er sinna nánasta fjölskylduumhverfinu eiga að vinna eftir. Flestir telja að við séum að ræða sérstakt sveitarstjórnarfrv. sem fjalli eingöngu um að skipta miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga.

Það er mjög mikilvægt að ná eyrum landsmanna eins og við höfum gert, að fólk skuli gera sér grein fyrir að stórmál sem varðar hvern einasta Íslending skuli vera til umræðu hér, að tekist skuli vera á um svo stórt mál eins og það sem hér er. En það er líka frekar dapurt að fæstir skuli gera sér grein fyrir því að þetta stóra ágreiningsmál er tvær litlar greinar inni í stórum lagabálki sem getur skipt hverja einustu fjölskyldu í landinu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætla einmitt að fara um það nokkrum orðum áður en ég vík mér að lagagreinunum og brtt. hversu mikilvægt stjórnsýslustig sveitarstjórnarstigið er. Það hefur borið við í umræðunni að þingmenn hafa haldið því fram að þeir sem vilja ekki skipta miðhálendinu upp, alveg upp á jökla, milli sveitarfélaga séu óvinir sveitarfélaga í dreifbýli. Þeir séu óvinir sveitarfélaga, þeir vantreysti sveitarfélögum, að þar sé eitthvað lakara fólk að pólitískum störfum en á Alþingi sjálfu.

Þetta er vond umfjöllun. Þetta er líka alröng umfjöllun vegna þess að flestir þeirra úr þingflokki mínum sem hafa talað í þessu máli er fólk sem ber sveitarstjórnarstigið alveg sérstaklega mikið fyrir brjósti. Fjölmargir eru fyrrverandi sveitarstjórnarmenn, fjölmargir hafa setið um árabil í meiri hluta, vita hversu mikilvægt það er að vel sé haldið á málum á sveitarstjórnarstiginu og vita að sveitarstjórnarpólitíkin mun fyrst og fremst móta umhverfi fjölskyldunnar á Íslandi á nýrri öld. Það er þingflokkur jafnaðarmanna, jafnaðarmenn í ríkisstjórn og jafnaðarmenn á Alþingi sem hafa barist fyrir því að verkefni sem móta umhverfi fjölskyldunnar séu flutt til sveitarfélaganna, hafa barist fyrir því að sveitarfélög sem eru of fámenn til að ráða við bæði fjárhagslega og jafnframt á annan hátt þar sem kallar eftir uppbyggingu, ráða illa við þau verkefni sem verið er að boða, að þar sé stuðlað jákvætt að sameiningu smærri sveitarfélaga á viðkomandi svæði þannig að þau verði í stakk búin til að taka við verkefnum, til þess að sinna þeim verkefnum sem svo mikilvægt er að séu sterk í heimahéraði.

Þetta hefur verið meginstefna jafnaðarmanna, þetta er stefna þeirra í sveitarstjórn og þetta er stefna þeirra á Alþingi Íslendinga og þetta er stefna sem þeir hafa ekki bara talað um. Nei, þeir hafa færst í fang, þeir hafa komið þessum málum í verk í ríkisstjórn og vegna verka þeirra er búið að skapa grundvöll fyrir fjölmörg verkefni sem hafa þegar farið til sveitarfélaganna og það er búið að skapa grundvöll fyrir því að hægt sé að flytja önnur mjög mikilvæg verkefni til sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að leggja áherslu á þetta í upphafi máls míns vegna þess að í hita umræðunnar hafa þessir ómaklegu palladómar fallið um jafnaðarmenn sem hafa beitt sér mjög í umræðunni um miðhálendið og að það skuli lúta einni skipulags- og stjórnsýsluheild.

Ég ætla þá að víkja að þeim frumvarpsgreinum sjálfum sem mér finnst ástæða til að staldra við í framhaldi af þessari stóru 1. gr. sem ég hef þegar reifað örlítið og mun aftur gera að meginmáli mínu síðar í ræðunni.

Fyrsta brtt. sem er flutt af meiri hluta félmn. lýtur að 4. gr. og hún er um nafn eða heiti sveitarfélaga. Nú skyldi maður ætla að það að setja í lög hvernig heiti sveitarfélags skuli ákveðið væri ekki stórt mál en það er svo vegna þess að ákvæði hafa verið um nöfn sveitarfélaga sem hefur verið nokkurt ósætti um. Þegar sveitarfélög hafa sameinast og nafni sveitarfélags hefur verið breytt hefur mönnum ekki líkað að vera bundnir af sumum ákvæðum núgildandi sveitarstjórnarlaga. Nú hefur það gerst að 4. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags og skal nafnið samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins. Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags í Stjórnartíðindum.“

Þarna er í raun verið að gefa sveitarstjórn talsvert frelsi í nafngift. En í brtt. félmn. segir svo:

„Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til breytingar á nafni þess, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem kjósa skal um. Nefndin skal skila áliti sínu innan þriggja vikna. Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju.“

Ég held að við séum öll sammála um að nafn sveitarfélags skuli samrýmast íslenskri málfræði og málvenju, en spurning er hvort örnefnanefnd hafi eitthvað annað að fara eftir en eingöngu að nafnið skuli samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Af því að ég kom ekki að tilurð brtt., virðulegi forseti, hef ég áhuga á því að oddviti stjórnarmeirihlutans svari því í ræðu sinni hér síðar hvað það sé sem örnefnanefndin eigi að hafa að leiðarljósi í umsögn sinni. Er hugsanlegt að örnefnanefnd mundi synja um nafn þrátt fyrir að nafnið samrýmdist íslenskri málfræði og málvenju? Og í öðru lagi, ef umsögn er neikvæð þýðir það að sveitarfélagið hefur ekki leyfi til að nota það nafn eða láta kjósa um það nafn? Tvær spurningar varðandi þessa brtt.

Í 5. gr. er fjallað um byggðarmerki. Þar er sveitarstjórn heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag og á að tilkynna um þá ákvörðun til byggðarmerkjanefndar. Í frv. var ákvæði í greininni um að ráðherra mundi skipa þriggja manna nefnd til að fjalla um útlit byggðarmerkja og önnur

tengd atriði en ráðuneytið mundi setja almennar reglur um byggðarmerki og hlutverk byggðarmerkjanefndar. Síðan átti iðnrn. að setja nánari reglur um skráningu byggðarmerkjanna og þau yrðu skráð hjá Einkaleyfastofunni.

Um þetta ákvæði varð talsvert mikil umræða. Það sem virtist svo sakleysislegt í upphafi var alls ekki eitthvað sem menn komu sér saman um. Ég var t.d. fylgjandi því að við mundum halda áfram að kjósa þessa byggðanefnd. En menn töldu að hún væri óþarfi og það væri nær að eingöngu Einkaleyfastofan mundi skrá byggðarmerkin, veita umsögnum viðtöku og kanna skráningarhæfi merkjanna. Þegar við tölum um skráningarhæfi merkjanna erum við m.a. að tala um það sem þótti mjög mikilvægt í félmn. að skjaldarmerkjareglur giltu um byggðarmerki. En þegar ég les brtt. við 5. gr. virðist sem fallið hafi verið frá því að byggðarmerki skyldu lúta skjaldarmerkjaákvæðum því að brtt. orðast svo:

„Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá."

Ein helsta röksemdin fyrir því að vera með sérstaka byggðarmerkjanefnd var að hún var með sérfræðing innan vébanda sinna í lögum, það eru reyndar ekki lög heldur í skjaldarmerkjareglunum, og það væri mjög mikilvægt að litið væri til þess. Ég hlýt því að líta svo á að iðnrn. verði falið að setja það í reglur sínar. Miðað við hversu umræðan var sterk um þennan þátt í nefndinni hljóti það að vera þannig að þó að það sé ekki sett í lögin þá verði iðnrh. falið að gera kröfu um að byggðarmerki falli að reglum um skjaldarmerki.

Í þessari breytingu gerist það að farið er að tillögum varðandi byggðarmerkin og vísað til þess hvernig þessum málum er háttað m.a. í Danmörku og fyrirmyndin er í raun og veru tekin þaðan og niðurstaðan að það skuli ekki vera sérstök byggðarmerkjanefnd á vegum félmrn. Þetta er mjög athyglisvert vegna þeirrar umræðu sem þar fór fram.

Ég ætla að staldra við 6. gr. og ég vek athygli á því að ekki er nein brtt. við hana. Þessi 6. gr. er um lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi. Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar og segir í greininni:

„Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags."

Mikill vilji hefur verið til að stækka sveitarfélögin en með sameiningu án lagatilskipunar og það er oft búið að ræða það hvort að það eigi að koma með lagatilskipun um að sveitarfélög skuli vera stærri en þetta. Niðurstaðan hefur alltaf verið sú að það væri slæmt að fara með valdi gegn sveitarfélögunum. Niðurstaða allra sem um hafa fjallað hefur verið að láta þetta gerast jákvætt, láta sveitarfélögin finna það sjálf að þau séu betur komin ef þau sameini krafta sína, að stærri sveitarélög eru öflugri en smærri, að þau ráða betur við verkefni sín ef þau sameinast öðrum og eru þá aðeins við því búin að taka við stórum verkefnum frá ríkinu að þau séu stærri en 50 íbúar.

Það er athyglisvert að nokkrar athugasemdir komu þessa 6. gr. Þær voru frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Borgarbyggð, Akureyrarbæ, bæjarstjóranum á Akranesi og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandi vestra. Þar kom þetta fram, hvort ekki væri full ástæða til að breyta lágmarkstölu íbúa til hækkunar. Að það væri vafasamt að telja að sveitarfélög sem fari niður undir þennan íbúafjölda valdi þeim verkefnum sem lög bjóða og enn síður að takast á við fleiri verkefni. Í umsögn Samtaka sveitarfélaga í Norðurlandi vestra segir:

„Frá því að lágmarksíbúatalan 50 var sett inn í sveitarstjórnarlögin 1986 hefur orðið nokkur breyting á sveitarfélögum til stækkunar. Þó eru á milli 120–130 sveitarfélög enn með íbúatölu undir 1.000. Samkvæmt nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun um byggðaþróun kýs meiri hluti íbúa í sveitarfélögum með íbúatölu að 1.000 íbúum að búa í stærri samfélögum."

Þeir telja því að skýrslan endurspegli vilja fólks til breytinga á þessu ákvæði. Það er athyglisvert að þarna er búið að gera könnun, oft skortir okkur nefnilega að gerðar séu úttektir um mikilvæg mál. Við erum að deila um hvað fólkið vilji og hvað sé æskilegt en þarna er búið að gera könnun og niðurstaðan er sú að meiri hluti íbúa í sveitarfélögum með íbúatölu undir 1.000 íbúum kjósa að búa í stærri samfélögum. Ég nefni þetta, virðulegi forseti, vegna þess að ég held að þó að við séum öll enn þá þeirrar skoðunar að vilja ekki fara með valdi á sveitarfélögin verðum við að finna einhverja leið til þess að það verði hvati hjá þeim sveitarfélögum sem eru enn þá svo smá að þau sameinist öðrum, að þau verði að þeirri stærð að þau ráði við lagaskyldur og séu tilbúin að taka við nýjum verkefnum. Ég held að við alþingismenn eigum að reyna að skoða það saman með opnum huga hvað við getum gert til að hvetja til þess að innan skamms tíma verði engin sveitarfélög með minna en 1.000 íbúa úr því að við treystum okkur ekki til að fara fram gegn slíku með lagavaldi. Það held ég að gildi um alla flokkana á Alþingi.

Virðulegi forseti. Í 7. gr. er svolítið sérstakt ákvæði og um 7. gr. varð jafnframt talsverð umræða. 7. gr. er um almennar skyldur sveitarfélaga og í 4. mgr. greinarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast."

Þetta var svolítið sérstakt orðalag og sérstaklega í ljósi þess að í mörgum sveitarfélögum, sem kaupa þjónustu af öðrum sveitarfélögum, hefur verið urgur um gjaldskrá. Þá var mjög mikilvægt að ræða þetta mál og hvað í því fælist. Ég get nefnt Kópavog af því að ég þekki umræðuna þar.

Kópavogur og reyndar fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu njóta þjónustu Reykjavíkurborgar, t.d. hvað varðar heitt vatn og hafa gert samning við Hitaveitu Reykjavíkur um að Hitaveitan selji íbúum í Kópavogi heitt vatn. Þess hefur gætt mjög að menn hafa verið ósáttir við það að Reykjavíkurborg, alveg óháð því hver hefur stjórnað þar, sem hefur haft miklar tekjur af þessari stofnun inn í borgarsjóð og inn í borgarsjóð hafa verið miklar arðgreiðslur frá Hitaveitunni. En Hitaveitan hefur líka oft farið sjálf í miklar

framkvæmdir, stundum hafa það verið framkvæmdir sem hafa miðað að því að auka þjónustu eða gera hana betri eða til að geta örugglega viðhaldið þjónustunni til þeirra íbúa í öðrum sveitarfélögum sem kaupa hana. En í öðrum tilvikum hafa þetta verið allt annars konar verkefni. Það má t.d. nefna það glæsilega mannvirki sem Perlan er.

Ég held að allir taki undir það að þetta er glæsilegt mannvirki. Nú þegar það er komið held ég að allflestir bendi á það með stolti, sem dæmi um hugvit og hæfileika Íslendinga og fólk fer þangað með gesti sína, ekki síst erlenda, til að láta þá njóta. Í þetta verkefni runnu hins vegar miklir peningar frá Hitaveitunni í Reykjavík af þeim þjónustugjöldum sem fólk innti af hendi, jafnvel fólk í öðrum byggðarlögum. Ég ætla að staldra við þetta.

Ágreiningurinn um það hvort eðlilegt sé að eitt sveitarfélag taki það hátt gjald fyrir þjónustu sína, líka til annars sveitarfélags, að það beri umtalsverðan arð og geti eytt ávöxtuninni að eigin vild hefur m.a. gert það að verkum að hingað inn á Alþingi kom eitt sinn frv. um að nágrannasveitarfélög ættu að fá hlutdeild í þeim arði, sem næmi notendafjöldanum hjá sér. Annað var talið óeðlilegt vegna stöðu sveitarfélaganna í innbyrðis. Það náði nú aldrei lengra en á borð þingmanna.

Ég tók eftir því að þeir sem gáfu kost á sér til setu á listum til sveitarstjórnar, bæði fyrir Sjálfstfl. og Framsfl., skrifuðu greinar í blöðin þar sem þessi skoðun birtist aftur. Þar mátti sjá að ef viðkomandi yrði falið sæti ofarlega á lista og þeir fengju sæti í sveitarstjórn þá mundu þeir beita sér fyrir því að þetta notendagjald yrði ekki hærra en sem næmi kostnaðinum við að framleiðsluna.

Þess vegna, virðulegi forseti, komst ég strax á þá skoðun, þegar þessi grein var sett inn, að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og forræði yfir gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast. Ég gat ekki skilið þetta á annan veg en að slíkt þjónustufyrirtæki mætti hafa gjaldskrá sem væri nægilega há til þess að mæta kostnaði við framkvæmd verkefnanna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast. Í félmn. spurði ég hvort þarna væri verið að setja hömlur á það að sveitarfélög gætu selt þjónustu sína eins og ég hef þegar lýst. Svörin við því voru ekki mjög skýr. Svarið var að þessi málsgrein útilokaði ekki að t.d. Hitaveita Reykjavíkur gæti áfram tekið sér þær arðgreiðslur sem hún kysi í sveitarsjóð.

Þegar við fórum að fá umsagnir um sveitarstjórnarfrv. þá kom t.d. ábending um að rétt væri að taka inn í lögin ákvæði varðandi tekjustofnana og þetta. Annars vegar var talið rétt að taka inn í lögin ákvæði um að óheimilt væri að fela sveitarstjórn ný verkefni, t.d. með lagasetningu, án þess að áður lægi fyrir áætlun um kostnað og að tekjustofnar væru tryggðir. Þetta var t.d. mikið hjartans mál hjá Akureyrarbæ og bent var á að slíkt ákvæði væri í dönskum lögum.

Við ættum líka að staldra aðeins við. Það er ekki undarlegt að sveitarfélögin séu dálítið hrædd við að hér á Alþingi séum við að setja lög eftir lög þar sem verkefni flytjast til sveitarfélaganna, án þess að ljóst sé hvort sveitarstjórnirnar fá nægar tekjur til að sjá um verkefnið. Þetta snýst ekki einungis um að reka starfsemina, heldur einnig um að þróa verkefnið í framtíðinni, sem oft er á þróunarbraut þegar það fer til sveitarfélaganna og nægir að nefna málaflokk fatlaðra.

Jafnframt þessu var bent á annað í tengslum við 7. gr. Varðandi svokallaða þjónustusamninga eða samninga um einstök rekstrarverkefni benti Ríkisendurskoðun á að setja þyrfti grundvallarreglur um heimildir sveitarfélaga til þess annars vegar að taka að sér slíka samninga og hins vegar gera samningana. Bent var á 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins til hliðsjónar. Ríkisendurskoðun taldi að mjög nauðsynlegt væri að samsvarandi reglur lægju fyrir um heimildir sveitarfélaga til slíkrar samningsgerðar. Einnig var bent á hvaða réttarreglur gildi á Norðurlöndunum um þetta efni og að þær væru í grundvallaratriðum þrengri en reglur hér á landi. Það er dálítið athyglisvert að við höfum mikið rætt um þetta frv. sem með reglum sínum og lagaákvæðum þrengir að sjálfræði sveitarfélaganna og hinu pólitíska sjálfstæði sem mörgum sveitarstjórnarmönnum finnst grundvöllur þess að þeir geti starfað óháðir og byggt upp í sveitarfélagi sínu. Ég á eftir að koma að öðru slíku síðar.

Það er hins vegar umhugsunarefni að við höfum talið eðlilegt að setja reglur um þjónustusamninga ríkisins. Við settum t.d. lagaákvæði um slíka þjónustusamninga inn í lögin um málefni fatlaðra fyrir einum sex árum. Þá höfðum við það einnig í huga að ríkið gæti samið við sveitarfélögin um að taka að sér ákveðin verkefni. Það er ábyggilega full ástæða til að skoða hvað það þýðir að hafa ekki nein ákvæði varðandi þjónustusamninga. Hvað er það hjá okkur sem veldur því að við hliðrum okkur fremur hjá því en hitt að setja fastar reglur um starfsemi sveitarfélaganna?

Í þessu frv. er á sumum sviðum jafnvel tekið fram fyrir hendurnar á sveitarfélögum, eins og með eftirlitsnefndinni sem ég kem að síðan. Hins vegar skirrast menn við að setja reglur sem fyrst og fremst væru leiðbeinandi varðandi aðra þætti eins og það sem Ríkisendurskoðun bendir á.

Það komu ekki miklar athugasemdir varðandi málsgreinina, virðulegi forseti, sem ég var að lýsa, um heimildir sveitarstjórna til að taka arð af söluþjónustu stofnana sinna. Samt sem áður var ákveðið að við 7. gr. skyldi bætast ný málsgrein. Auðvitað er sveitarfélögum þar ótvírætt heimilað að setja sér arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja og ákveða sér afrakstur af fjármagni sem bundið er í fyrirtækjum. En brtt. meiri hluta félmn. hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra."

Og þarna er ákvæðið sem tryggir að sveitarfélög sem selja öðrum sveitarfélögum þjónustu hafi leyfi til þess að ákveða sjálf þann arð sem þau telja sig eiga að hafa af þessu fyrirtæki sínu og geti miðað þjónustugjöld sín við það.

Ég vil taka það sérstaklega fram að einmitt í sambandi við þetta sveitarstjórnarfrv. var rætt um það hvenær þjónustugjald hætti að vera þjónustugjald og yrði skattur. Þetta hefur nokkuð verið rætt í umræðu þingmanna um þetta frv., þ.e. þeirra sem tök hafa haft á því að fara inn í hinar ýmsu greinar þess. Ég vek athygli á því að margir þingmanna t.d. í þingflokki jafnaðarmanna hafa, þrátt fyrir ákveðnar skoðanir á því sem lýtur að miðhálendinu, farið sérstaklega ofan í þessar greinar frv. Þar get ég vísað til allra þeirra þingmanna sem verið hafa í sveitarstjórnum. Þeir hafa farið yfir þessar greinar og ýmis álitamál og eins aðrir sem þekkja vel til sveitarstjórnarstigsins. Við eigum auðvitað að fara yfir þessar greinar samhliða því að ræða hið stóra pólitíska álitamál.

Virðulegi forseti. Ég hef miklar efasemdir um þessa brtt. við 7. gr. Ég hef reyndar lýst því yfir að þingflokkur jafnaðarmanna mun fara yfir það áður en þessari umræðu lýkur, hvaða afstöðu hann tekur til hinna ýmsu greina frv. og brtt. Ég mun ræða þá skoðun sem menn láta í ljós eftir umræðuna en hún verður væntanlega mjög upplýsandi fyrir þá sem taka þurfa afstöðu.

Lögð er fram brtt. við 13. gr. Þar segir afdráttarlaust:

„Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein."

Þarna er verið að gera tvennt. Þetta lagaákvæði er samræmt lagaákvæði í nýsettum kosningalögum en eins og þingmenn vita þá voru kosningalögin klofin út úr sveitarstjórnarlögunum fyrr á þessu þingi. Þau mál fengu sérstaka umfjöllun í félmn. og sett voru sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Þess vegna er lög um kosningar til sveitarstjórna ekki lengur að finna í sveitarstjórnarlögunum sem slíkum. Þar var tekin ákvörðun um að sveitarstjórn taki við störfum 15 dögum eftir kjördag og þess vegna er ákvæðið alveg eins.

Ég vek athygli á því að ekki eru allir á einu máli um þetta. Ýmsir telja að sveitarstjórn eigi að taka við strax eins og þegar kosið er til Alþingis. Umboð alþingismanns fellur niður á þeim degi sem nýkjörnir alþingismenn hafa meðtekið umboð sitt. Að vísu situr ríkisstjórn nokkuð umboðslítil, meira eins og framkvæmdahópur til þess að sinna brýnustu málum. Þegar maður lítur á sveitarstjórnarastigið og nálægðina milli kjörinna fulltrúa og framkvæmdarvaldsins þá má réttilega benda á að einfaldast væri að nýkjörin sveitarstjórn tæki strax við. Þetta var hins vegar niðurstaðan í kosningalögunum, og þar sem ákveðið var að hafa þetta þannig þar þá er mjög eðlilegt að hið sama gildi í lögum til sveitarstjórnar.

Seinna ákvæðið sem ég nefndi er hins vegar mjög athyglisvert vegna þess að þar er það fest í lög að aldursforseti sé sá sem lengsta setu á að baki í sveitarstjórninni. Á sínum tíma tókum við upp úr dönskum lögum ákvæði um hvernig fara skyldi með þegar ekki væri búið að kjósa forseta, m.a. í sveitarstjórn. Sumir halda því fram að það hafi beinlínis verið slök þýðing á dönskum lögum sem gerði það að verkum að í okkar lögum stendur að aldursforseti skuli stjórna fyrsta fundi og halda um málin þar til búið væri að kjósa forseta eða oddvita.

Þegar maður hugsar um það þá er það auðvitað skrýtið. Það getur vel gerst að einhver fullorðinn einstaklingur bjóði sig fram til sveitarstjórnar og elsti maðurinn í hópnum sé þar með jafnframt sá yngsti. Auðvitað hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að sá sem mesta reynslu hefur eigi að sinna verkefnum þar til búið er að kjósa til starfans og þannig er það á Alþingi að sá sem hefur lengstan starfsaldur sinnir starfi forseta þar til við höfum kosið slíkan. Þetta er því rökrétt en meira hægt að hafa gaman af því að við skulum hafa búið við hitt ákvæðið öll þessi ár að sá sem var elstur að árum hefði þetta verkefni eða þau verkefni að stýra eða halda utan um þar til búið væri að kjósa og geri ég þá ekkert lítið úr því að með aldrinum kemur bæði reynsla og viska yfir þann sem hefur lifað löngu lífi. Við mættum svo sem oft og tíðum sýna almennt meiri virðingu þeim sem eldri eru rétt eins og sums staðar í Austurlöndum þar sem menn njóta mikillar virðingar fyrir aldur sinn. Það er önnur saga og verður ekki farið djúpt í hana, það er nefnilega góð regla þó að ég ætli ekki að fara djúpt í hana í umræðunni um frv. til sveitarstjórnarlaga uppi á Íslandi.

Virðulegi forseti. Eitt sem ég vildi gjarnan nefna líka og kom reyndar til áður en ég kom að þessari grein, það á við 12. gr., það er að það kom upp spurning hvort það ætti að vera rýmri mörk um fjölda sveitarstjórnarmanna. Ég held að það geti vel gerst innan tíðar að menn hafi þá skoðun að það eigi að vera rýmri heimildir til þess hver fjöldi sveitarstjórnarmanna skuli vera í hinum ýmsu sveitarstjórnum sem eru af ólíkri stærð eins og ég hef þegar farið yfir. Ekkert var hróflað við þessu ákvæði hjá okkur í félmn. en þetta er líka eitt af því sem er vissulega ástæða til að minna á í umræðunni og að fólk haldi til haga að ekki er endilega sjálfgefið hvernig mörkin eru um fjölda sveitarstjórnarmanna. Bara til að menn átti sig á því hvernig þau eru þá er það þannig að þar sem íbúar eru innan við 200 eiga að vera þrír til fimm aðalmenn, þar sem íbúar eru frá 200 upp í 999 eru fimm til sjö aðalmenn, þar sem íbúar eru frá 1.000 upp í 9.999 eru sjö til ellefu aðalmenn, þar sem íbúar eru 10.000 til 49.999 eru 11 til 15 aðalmenn og þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri eru 15 til 27 aðalmenn. Þetta var til þess að a.m.k. þeir sem hlýða á geri sér grein fyrir hvað verið er að tala um þegar minnt er á umræðu um það að spurt sé um hvort það eigi að vera rýmri mörk um fjölda sveitarstjórnarmanna.

Virðulegi forseti. Eitt ákvæði í þessu frv. sem er nýtt er að það er fjallað um hæfi sveitarstjórnarmanna. Ekki komu miklar umsagnir um þessa grein, en þó hafði Akureyrarbær skoðun á þessu og Tálknafjarðarhreppur. Það segir í 3. mgr. 19. gr. frv.:

„Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags."

Þarna er verið að koma inn með lagaákvæði til að bæta siðferði, til að tryggja að menn sitji ekki á einhvern hátt beggja vegna borðs, að einhver byrji ekki með að vinna að einhverju máli eins og hann vill hafa það einhvers staðar á grunnstigi og fylgi því upp í ákvarðanatöku. Auðvitað er það nokkuð sem við eigum að passa upp á. Hins vegar urðu talsverðar umræður um það að algengt sé að leikskólastjórar, leikskólakennarar, kennarar, skólastjórar, fólk sem hefur starfað í sveitarfélögum, jafnvel gjaldkerar, aðalbókarar, fólk á félagsvæng sveitarfélaganna fari í sveitarstjórn. Það gæti alveg komið upp þegar ætti að túlka þetta ákvæði að þeir sem væru strangir mundu e.t.v. alltaf útiloka þetta fólk ef það hefði komið að umfjöllun einhvers staðar. Ef leikskólakennari hefur kannski staðið að hörðum tilmælum til sveitarstjórnar eða bæjarráðs með undirskriftum er hann þá undirbúningsaðili máls svo maður nefni eitthvað?

Talsverðar umræður urðu um þetta í félmn. og líka ef pólitískur oddviti er bæjarstjóri eða borgarstjóri — við fjölluðum nú fyrst og fremst um bæjarstjóra — og er þar með framkvæmdastjóri sveitarfélags þá var bent á það að slíkur aðili hefði kannski í ríkasta mæli komið að öllum undirbúningi mála. Þar með verður maður líka að líta á að pólitískur framkvæmdastjóri, pólitískur oddviti viðkomandi meiri hluta,

hefur leitt málið inn á þing og inn í sveitarstjórn, ber höfuðábyrgð á því, og kannski ekki eðlilegt að hefta á nokkurn hátt þann möguleika. Auðvitað svarar það að nokkru til þess að forsrh. í ríkisstjórn er sá sem ber höfuðábyrgð á málum ríkisstjórnar sem sett eru fram og að því er okkur virðist ræður nokkuð miklu um það þessa dagana hvort Alþingi hættir á settum tíma eða ekki eða hvort eldhúsdagur verður á réttum tíma eða ekki.

Eftir umfjöllun okkar um 19. gr. og þann góða vilja um að bæta siðferði þeirra sem starfa í pólitík var ákveðið að setja þarna inn í 3. mgr. orðið „tiltekið" og það breytir henni talsvert og skýrir hana því að þá segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál ..."

Það er þá alveg ljóst að þeir hafa verið settir sérstaklega í að undirbúa málið, kannski verið í sérstökum starfshópi eða verið að vinna það á starfsvettvangi sínum og eiga þá ekki að vera þeir sem afgreiða þetta tiltekna mál á pólitískum forsendum þegar það kemur til kasta sveitarstjórnar. Þetta er hreint ekki auðvelt þegar sveitarstjórnirnar eru annars vegar og í raun og veru líka umhugsunarefni fyrir okkur á Alþingi hve lítið er spurt um tengsl manna út í atvinnulífið og hefur oft verið bent á það. Ég man hvað mér fannst það sjálfri forundarlegt þegar ég kom inn á þing hve margir alþingismenn voru tengdir fiskeldi, áttu persónulegra hagsmuna að gæta, sátu í stjórnum fyrirtækja, voru eigendur fyrirtækja. Það hafði hallað undan fæti í greininni, og hér ræddu alþingismenn um einhverjar tilteknar ráðstafanir eða hvaða ráðstafanir ætti að gera eða kölluðu eftir ráðstöfunum af hálfu ríkisins. Ég man hvað mér fannst það óeðlilegt að þeir sem áttu hlut að máli skyldu taka svo mikinn þátt í að kalla eftir aðgerðum ríkisvaldsins og hafa hönd í bagga með hvernig Alþingi afgreiddi málin sem snertu þessa tilteknu atvinnugrein.

Ég nefni þetta af því að mér er það minnisstætt og af því að það kom mér svo á óvart sem nýjum alþingismanni. Auðvitað hef ég séð síðan að mjög mikið er um það að menn hafi hagsmuna að gæta á Alþingi og það er ekkert spurt um það og engar reglur hjá okkur sem er þó að finna í sumum nágrannaþjóðþingum. Stundum hefur verið bent á að menn ættu að gefa upp ýmislegt sem sneri að einkahögum, svo sem eignir í verðbréfum og ýmislegt annað sem hefur verið nefnt sem ég kann ekkert að tína upp.

En þarna er sem sagt búið að tryggja að ekki verði vanhæfi hjá sveitarstjórnarmönnunum okkar, að það sé örugglega hið besta siðferði sem gildir við ákvarðanir hjá þeim.

Þetta var 19. gr., virðulegi forseti, og næsta grein sem ég kýs að koma inn á er 24. gr. og hún fjallar um varamenn í sveitarstjórn. Þar segir:

„Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn."

Þetta er svolítið skrýtið, virðulegi forseti. Ég kýs að segja þetta aftur: „... falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn."

Ég held hreinlega að við hefðum átt að lagfæra þessa setningu, virðulegi forseti. Síðan segir:

„Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar."

Svo segir:

„Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna."

Þetta er svolítið merkilegt atriði. Vegna hvers? Jú, vegna þess að það var þannig að fyrsti varamaður á lista var fyrsti varamaður inn í sveitarstjórn. Til áréttingar því hafa margir þeir sem hafa boðið fram saman áréttað að fyrsti varamaðurinn í hópnum væri varamaður allra þó svo að það væri t.d. Alþfl., Alþb. og Framsfl. eða Alþfl. og Kvennalisti og Alþb., að fyrsti einstaklingurinn er varamaður allra. Í mörgum tilfellum, af því nú er verið að bjóða fram sameiginlega lista út um allt land, þykist ég nokkuð viss um að menn hafi litið svo á víða þegar menn hafa verið að raða og skipta með sér sætum, að fyrsti varamaðurinn er varamaður allra. Þetta hef ég heyrt m.a. þar sem ég hef mætt á fundi í kjördæmi mínu og á einhverjum stöðum tekist að benda á að verið sé að samþykkja sveitarstjórnarlög þar sem er gengið út frá öðru.

Þá komum við að því hvað það getur verið skrýtið fyrir okkur þegar við erum að vinna að lagasetningu Alþingis og viljum vinna vel að við sendum svona frv. til umsagnar til sveitarstjórna og síðan eru kannski að koma fram listar sem skipaðir eru fólki sem ekki er í sveitarstjórn núna. Það hefur ekki hugmynd um að við erum að breyta þessu.

Ég vil bara halda því til haga að það hafi verið bent á þetta á Alþingi vegna þess að vel má vera að þetta eigi eftir að hafa áhrif inn í einhverja lista á einhverjum tíma af því að yfirleitt er gengið út frá því á sameiginlegu listunum að fyrsti varamaður sé varamaður allra. En þarna er sagt ótvírætt að ef ekki er samkomulag um það þá skuli varamenn listans sem eru úr sama stjórnmálaflokki koma inn í sveitarstjórn. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur af því að margir þeir sem hér eru hafa verið að taka þátt í því að styðja við sameiningu flokka á listum og það er mjög mikilvægt að benda mönnum á það að þeir skuli bara ganga frá þessum málum til að ekki verði leiðindi af hálfu einhverra einstaklinga sem svo kynnu að kjósa, einhvern tíma síðar.

35. gr. er um þóknun og ferðakostnað. Þar er ákveðið að sveitarstjórn skuli vera skylt að ákveða þóknun til sveitarstjórnarmanna. Ég ætla aðeins að staldra við þetta. Í 35. gr. segir, með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra."

Það er auðvitað afar merkilegt að setja í sveitarstjórnarlögin að sveitarstjórn sé þetta skylt, bæði varðandi þóknun til sveitarstjórnarmanna og síðan í 50. gr. sem ég ætla einnig að vitna í, þar sem líka er verið að skylda sveitarstjórn til að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum hæfilega þóknun fyrir störf.

Um þetta urðu talsverðar umræður í sveitarstjórn. Átti það að vera þannig að það væri skylda að ákveða öllum fulltrúum í nefndum og ráðum hæfilega þóknun? Það gæti vel verið þannig að í litlum sveitarfélögum kysu menn að starfa að þessum þáttum án þess að taka þóknun fyrir. Hins vegar var líka bent á að ef það hefur verið hefð að sveitarstjórnarvinna

í smærri sveitarfélögum væri þegnskylda þá gæti verið mjög erfitt fyrir viðkomandi að upplýsa að þeim fyndist í raun eðlilegt að einhver þóknun væri fyrir vinnuna. Ég held að allir sem hafa tekið einhvern þátt í sveitarstjórnum viti að því fylgir mikil vinna, hvort heldur það er í nefndum, ráðum eða í sveitarstjórninni sjálfri.

Þetta með þóknunina var nokkuð mikið rætt og jafnvel voru hugmyndir um að vera ekki með skyldu í 50. gr. 35. gr. er óbreytt. Það hefur verið skylda að vera með þóknun til sveitarstjórnarmanna. En niðurstaðan varð sú að breyta þessu ekki.

Virðulegi forseti. Það er ekkert sérstakt sem ég ætla að ræða í frv. á milli 35. og 50. gr. sem ég vísaði til. Þarna er kafli um nefndir, ráð og stjórnir og þarna er brtt. við 42. gr. Það er um kjörgengi starfsmanna og þar er aðeins vísað í að það komi líka nefndir og ráð.

Síðan er brtt. við 61. gr. Í frv. var ákveðið að sveitarstjórn ætti að ljúka fjárhagsáætlun fyrir lok desembermánaðar fyrir næsta ár. Því er reyndar breytt aftur í brtt. þannig að það sé fyrir lok janúarmánaðar sem sveitarstjórn skuli gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélags.

Það hefur nú verið þannig hjá þessum stærri sveitarfélögum að þau hafa reynt að bæta sín vinnubrögð og mörg hver verið búin að afgreiða fjárhagsáætlanir fyrir lok desember. Ég hef mikinn skilning á því að félmrh. skyldi telja að sveitarfélög ættu almennt að geta uppfyllt þetta skilyrði. En eftir umfjöllun þá varð það samt niðurstaða að gera þá breytingu að þetta væri janúar en ekki desember.

Önnur grein sem ég ætla að ræða, virðulegi forseti, er 65. gr. Hún er um viðmiðun, þ.e. þegar sveitarfélag hyggst ráðast í mikið verkefni. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að leita skuli álits ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélags í framkvæmd nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs. Þannig er það í lögunum í dag.

Það er verið að breyta því yfir í að ef að „hlutur sveitarfélagsins ... nemur hærri fjárhæð en helmingi skatttekna ...“ Þannig er það í frv. En í brtt. meiri hlutans er þetta komið niður í fjórðung:

„Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingu og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða.“

Þarna er búið að þrengja greinina nokkuð þannig að ef verkefnið er það stórt að það nemur hærri upphæð en fjórðungi skatttekna þá skuli slík áætlun gerð og úttekt á áhrifum. Þetta held ég að sé mjög gott ákvæði. Ég held að þarna sé leiðbeinandi ákvæði um hvernig sveitarstjórn skuli vinna til þess að geta tekið sína pólitísku ákvörðun. Síðan tekur sveitarstjórnin ákvörðun út frá því og er til þess bær. Ég er því þeirrar skoðunar að þetta sé ágætis ákvæði.

Varðandi endurskoðun ársreiknings þá finnst mér það athyglisvert að við, eða félmn. er ekki með — ég ætla nú ekki að segja við, því ekki stend ég að þessum brtt. þó ég skoði þær af mikilli vandvirkni og meti hverjar ég styðji, en meiri hluti félmn. er með þessar brtt. sem ég er m.a. að fjalla um — neinar breytingar á 68. gr. sem er um endurskoðun ársreiknings. Það kom hérna endurskoðun frá Súðavíkurhreppi um skoðunarmenn samkvæmt 69. gr. en ekkert varðandi ársreikninginn.

En svo hefur það gerst núna að félmn. Alþingis hefur fengið mjög mikla umsögn um 68. gr. frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Það er auðvitað afskaplega slæmt að svona umsögn skuli ekki koma á réttum tíma, að þetta skuli ekki gerast fyrr en frv. er komið til umræðu hingað inn í þingið og ekki unnt fyrr en milli umræðna að leggja til breytingar í samræmi við þessar ábendingar. Virðulegi forseti. Ég er að hugsa um að lesa þessa umsögn vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt vegna meðferðar málsins að menn viti á Alþingi hvernig umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um endurskoðun ársreikninga sveitarfélaga er. Þetta er um 68. gr. frv. eins og ég hef þegar bent á. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er kveðið á um það að sveitarstjórn ráði löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarélaginu. Með þessu ákvæði er verið að afnema þann greinarmun sem áður var gerður á sveitarfélögum í þessu tilliti eftir stærð þeirra og telur stjórn FLE að það sé til bóta.

Í annarri málsgrein 68. gr. er hins vegar að finna ákvæði sem stjórn FLE telur að sé andstætt þeim meginforsendum sem gilda um störf löggiltra endurskoðenda. Í þessari málsgrein er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn geti ákveðið að fela endurskoðunina sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Gert er að skilyrði að slík stofnun sé undir stjórn löggilts endurskoðanda og segir síðan: „Stofnunin skal heyra beint undir sveitarstjórn og vera og óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.“

Í athugasemdum við frumvarpið er ýjað að því að staða endurskoðunarstofnunar af þessu tagi verði hliðstæð stöðu Ríkisendurskoðunar hjá ríkisvaldinu. Þetta teljum við vera alrangt þar sem staða sveitarstjórna er að okkar mati allt önnur en ríkisvaldsins að þessu leyti. Með eðlilegri þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald er eðlilegt að endurskoðun á störfum framkvæmdarvaldsins fari fram undir verndarvæng löggjafarvaldsins. Við teljum hins vegar að slík skipting sé alls ekki til staðar í starfsemi sveitarfélaga þar sem sveitarstjórnir eru beinir aðilar að „framkvæmdarvaldi“ sveitarfélaganna og hliðstæð þrískipting valdsins er vart til staðar.“

Ég vek athygli hv. alþingismanna á þessu. Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Í lögum nr. 18/1997, um löggilta endurskoðendur, segir svo í 9. gr. sem fjallar um vanhæfisástæður:

„Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,

2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,“

Ég vek athygli á því að ákvæðið sem ég las áðan um hæfi oddvita nær ekki til framkvæmdastjóra sem eru pólitískir oddvitar.

„3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,

4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,

5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,

6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu."

Í lokamálsgrein sömu greinar segir: „Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir. Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu.""

Þetta er tilvitnun stjórnar félagsins. Og síðan segir stjórnin, með leyfi forseta:

„Við teljum með hliðsjón af ofangreindum tilvísunum að 68. gr. frumvarpsins eins og hún liggur nú fyrir brjóti algerlega í bága við lög um löggilta endurskoðendur bæði hvað varðar vanhæfisástæður og einnig 6. gr. laganna sem fjallar um stofnun endurskoðunarfyrirtækja." — Það er bara ekkert annað — brýtur algjörlega í bága við lög um löggilta endurskoðendur bæði hvað varðar vanhæfisástæður og einnig 6. gr. laganna sem fjallar um stofnun endurskoðunarfyrirtækja. Ég hlýt, virðulegi forseti, að skjóta því inn hér að það hefði kannski verið betra að afgreiða þetta mál ekki svona hratt úr félmn. sem raun ber vitni, en það var gert fyrir páska. Við hefðum kannski skoðað þetta. (**Gripið fram í:** Þetta var rætt þar.) Við hefðum kannski skoðað þetta betur.

„Löggiltir endurskoðendur geta að okkar mati sinnt innra eftirliti hjá sveitarfélögum en samkvæmt lögunum um löggilta endurskoðendur eru þeir vanhæfir til að koma fram sem óháðir endurskoðendur sveitarfélaga. Má þar m.a. vísa til 11. gr. laga um löggilta endurskoðendur sem segir að ráðherra geti fellt niður löggildingu þeirra endurskoðenda sem ekki uppfylla skilyrði laganna. Sá aðili, sem tæki að sér forstöðu „endurskoðunarstofnunar" af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir, getur að okkar mati aldrei talist óháður og væri þar af leiðandi vanhæfur til að árita ársreikninga sveitarfélags sem slíkur.

Við teljum að það sé andstætt þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu að gera einstakar stofnanir þess undanþegnar ytra eftirliti sem fæst með starfi óháðra löggiltra endurskoðenda. Spyrja má, hvaða aðstæður sveitarfélaganna geri þeirra stöðu öðruvísi en t.d. banka, tryggingafélaga eða annarra þeirra fyrirtækja og stofnana sem skyldaðar eru til að hafa óháða löggilta endurskoðendur. Það er ótvírætt að löggiltur endurskoðandi sem veitir endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélags forstöðu, er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Jafnframt er ljóst að slík stofnun mundi undantekningarlaust sækja meira en 20% hlut af veltu sinni til eins viðskiptavinar, þar sem væru viðkomandi sveitarsjóður og stofnanir hans.

Til viðbótar ofangreindum sjónarmiðum má benda á að það kann að vera andstætt sjónarmiðum samkeppnislaga að stofnun á vegum hins opinbera, sem ekki býr við hliðstæða aðstöðu og einkaaðilar, keppi við þá aðila sem atvinnurekstur stunda á viðkomandi sviði. Í þessu sambandi verður að skoða hluti eins og húsnæðismál, tæknimál og endurmenntunarmál sem er sífellt vaxandi þáttur í rekstri endurskoðunarstofa.

Þegar litið er til allra þeirra atriða sem greind eru hér að framan teljum við að fari þessi ákvæði frumvarpsins óbreytt í gegn verði stigið stórt skref aftur á bak varðandi stöðu endurskoðenda og trúverðugleika þeirra upplýsinga sem gefnar eru um rekstur og stöðu sveitarfélaga.

Okkar tillaga er sú að 2. mgr. 68. gr. frumvarpsins verði felld niður og þar með verði sveitarstjórnum gert skylt að ráða löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinni endurskoðun hjá sveitarfélögunum. Endurskoðunarstofnanir sem sveitarfélög starfrækja eða kynnu að setja á stofn sinni þar með eingöngu innri endurskoðun á vegum sveitarfélagsins."

Virðulegi forseti. Þar sem bent var á að þetta hefði verið rætt þá hlýt ég að kanna það hvort einhver brtt. sé við þessa grein. Nei, svo er ekki. Í ljósi þess hvaða umræða hefur farið fram í þjóðfélaginu eftir páska og hefur varðað upplýsingagjöf, innri endurskoðun og ytri endurskoðun hjá ónefndu fyrirtæki sem ég ætla ekki að taka mér í munn í þessari umræðu, held ég að það hljóti að vera að eftir þessar ábendingar frá stjórn Félags löggiltra endurskoðenda þá hljóti félmn. að taka þetta frv. til nánari skoðunar á milli 2. og 3. umr. til að skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar hér á. Á því tel ég ekki nokkurn einasta vafa.

Virðulegi forseti. Það var mjög mikilvægt að greina frá þessum nýju athugasemdum og jafnframt að harma það að þær skuli svo seint fram komnar sem raun ber vitni.

Ég ætla ekki að staldra við skoðunarmennina neitt frekar þótt við þá hafi komið einhverjar athugasemdir en ég ætla að staldra næst við 73. gr. og þá umfjöllun og spurningu sem er um það hvort setja eigi stífari reglur um skuldsetningu sveitarfélaga. Auðvitað var þetta líka rætt mjög mikið í félmn., þetta er auðvitað mjög stór hlutur. Það hafa ófáar sveitarstjórnir á liðnum árum verið felldar úr sessi eftir hatramma gagnrýni á skuldir viðkomandi sveitarfélags. Þegar maður er í góða skapinu getur maður hlegið dátt að því hvernig þeir sem felldu út á slíkar yfirlýsingar um tiltölulega litlar skuldir hafa svo í kjölfarið margfaldað skuldir síns sveitarfélags. Það eina sem maður lærir af því er að ekki er hægt að skora sama markið tvisvar, þannig að það er nærri því ófært við slíkar aðstæður að koma því með nokkrum skynsamlegum rökum til skila til sveitarfélaga að það sem áður var úlfur, úlfur er núna réttmæt gagnrýni. Full ástæða er til að nefna þetta í þessari umræðu.

En síðasta málsgrein 73. gr. hljóðar svo:

„Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókúruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess."

En það er fyrst og fremst staldrað við 74. gr. sem ábyggilega mjög skiptar skoðanir eru um, líka á Alþingi, hvernig skuli afgreiða.

Það voru nokkrar athugasemdir við 73. gr. um tryggingar og ábyrgðir. Sumir gagnrýndu að ástæðulaust væri að setja það í lög að óheimilt væri að veita einfalda ábyrgð, sem er nýmæli í þessum sveitarstjórnarlögum. Og sumir töldu, t.d. Akranesbær, að rétt væri að varpa fram þeirri spurningu hvort samræmi væri á milli ákvæða frv. sem banna gjaldþrotaskipti á sveitarfélögum og annarra ákvæða sem heimila sveitarfélögum að fá greiðslustöðvun og gera nauðasamninga við lánardrottna í 76. gr. En þetta varð nú ekki tilefni brtt. ef ég man rétt, virðulegi forseti, en ég ætla samt aðeins að líta á það af því að ég var að fara hérna á milli blaðsíðna.

Mér er mjög umhugað um að fara skilmerkilega yfir þessi lög og fara jafnframt rétt með.

Nei, það er ekki fyrr en í 74. gr. sem brtt. er. 74. gr. er um eftirlitsnefnd og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. ...

Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr."...

Og þarna kemur einmitt brtt.: „Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 3. mgr. 61. gr." — Ég ætla aðeins að staldra við hver hún er. 3. mgr. 61. gr. frv. að teknu tilliti til brtt. 7.6 á þskj. 1193 hljóðar svo: „Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Síðan segir áfram í 74. gr.: „Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig sveitar stjórnin hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Þóknun til eftirlitsnefndarmanna skal ákveðin af ráðherra." — Takið eftir þessu. — „Þóknunin og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar og viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Fjárhagsviðmiðanir skulu taka til þeirra atriða sem meginmáli skipta við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga.

Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru endanlegar og verða eigi kærðar til ráðherra."

Ég hélt reyndar, virðulegi forseti — já, það er búið að fella þessa síðustu málsgrein út — ég ætlaði að fara að segja að ég hefði haldið að það ætti að fella þessa grein út og ég sé að það er gert í brtt. meiri hlutans á þskj. 1193.

Þessi eftirlitsnefnd er umdeild. Nú er ég t.d. í hópi þeirra sem vil að ekkert sé látið reka á reiðanum, að það sé ákveðið eftirlit með því að allt gangi fyrir sig eins og það á að gerast hjá sveitarfélögum, að félmrn. sem sveitarstjórnarráðuneyti standi ekki uppi vitandi ekkert ef það gerist að eitthvert sveitarfélag hefur stefnt öllum málefnum sínum í óefni. En á hinn bóginn vil ég taka undir það að sveitarstjórnarstigið á að vera mjög sjálfstætt og sveitarstjórnarmenn standa mjög nærri umbjóðendum sínum. Ef hægt er að koma málum þannig fyrir að umbjóðendurnir, þ.e. fólkið í bænum, viti ævinlega hver staðan er og hvernig menn hafa farið með hlutina og geti þá skipt stjórnendum út ef þeir hafa ekki staðið sig, þá er það æskilegast að hver og einn standi og falli með verkum sínum.

Vandinn er sá að það er vita vonlaust fyrir fólkið í bæjunum að vita hvort eitthvað rétt sé í því eða hvort það er pólitískur áróður þegar hörð gagnrýni er uppi um fjármál sveitarfélaga. Það er svo flókin framsetning þegar sveitarstjórnarmenn eru að reyna að koma þessu til skila að það er alveg undir hælinn lagt hvort möguleiki er á því að fólk skynji að þetta er ekki pólitískur áróður heldur staðreyndir um fjárhagsstöðu.

Þannig var það að í því ágæta sveitarfélagi sem ég bý í, Kópavogi, fyrir allmörgum árum, einum átta árum, var mikil gagnrýni uppi. Það var hræðileg skuldastaða, miklar skuldir, illa haldið á fjármálum, enda félagslegur meiri hluti sem hlaut að fara með óráðsíu um alla hluti. Þetta var áróður sem gekk.

Við tók nýr meiri hluti, sjálfstæðismenn plús einn sem fékk að vera bæjarstjóri. Síðan er búið að taka slíkt af lánum hjá þessum ágæta heimabæ mínum að allar lýsingar á fjárhagsstöðu þess ágæta bæjar í tíð vinstri meiri hlutans eru bara grín í dag. Á sama hátt verð ég að viðurkenna að það er hreint ekki hlaupið að því að koma þessu skilmerkilega til skila til bæjarbúa í dag, alls ekki. Það er eðlilegt og sjálfsagt að bent sé á þetta en fjarri því að nokkur skyldi láta sér detta í hug að hafa af því pólitískan ávinning að gera það að aðalatriði pólitískra átaka hver fjárhagsstaðan sé.

Að þessu sögðu er ljóst að það er nokkuð mikið mál að agi sé í hernum, að sveitarstjórnin viti að fylgst sé með hvernig haldið er á málum og þess vegna ekki óeðlilegt að staldra við það hvort það sé ekki bara gott mál að vera með eftirlitsnefnd. Þegar við skoðum það mál nánar er búið að setja á laggirnar litla stofnun sem fær gífurlegt vald gagnvart sveitarstjórnunum í umboði ráðherra.

Þarna er búið að setja á stofnun eftirlitsnefndarmanna, sem ráðherra hefur skipað, og þeir eiga sjálfir að skoða hlutina. Ef þeir vita að eitthvert sveitarfélag er að fara í fjárþröng eða ef sveitarfélag lendir í einhverri fjárþröng skal strax tilkynna það til eftirlitsnefndar og eftirlitsnefndin skal tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum. Þarna er milliliðalaust búið að framselja af hálfu sveitarstjórnarráðherrans það vald til eftirlitsnefndarinnar að sveitarstjórnin skuli strax tilkynna það þessari þriggja manna nefnd sem ráðherrann hefur skipað. Þá vaknar spurning um hvort þarna sé ekki um óeðlilegt framsal valds að ræða.

Eftirlitsnefndin skal tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests. Það er ekki félmrh. sem er með einhverja tilskipun til sveitarstjórnar um að eftir einhverja skoðun, sem hafi farið fram á vegum ráðherrans og samkvæmt upplýsingum sem slík eftirlitsnefnd hafi veitt ráðherranum, biðji hann þá um að sveitarstjórn bæti sig, heldur er það svo að eftirlitsnefndin skal tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags og eftirlitsnefndin skal leggja fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

Takið eftir því að eftirlitsnefndinni er heimilt að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. hafi sveitarstjórn ekki sinnt viðvörun nefndarinnar eða ef nefndin telur viðbrögð sveitarstjórnar í framhaldi af viðvörun nefndarinnar ófullnægjandi. Ekki ráðherra, heldur eftirlitsnefndin.

Þegar við förum yfir í 76. gr., sem ég ætla að leyfa mér að víkja yfir í af því það er í fullkomnu samhengi við 74. og 75. gr., þá segir:

„Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðherra að tillögu eftirlitsnefndar þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn ..."

Eftirlitsnefndin er með eftirlitshlutverk. Eftirlitsnefndin fær stöðu lítillar eftirlitsstofnunar. Eftirlitsnefndin hefur leyfi til að skoða allar fjárreiður og rekstur sveitarfélags. Eftirlitsnefndin má leggja það fyrir sveitarstjórn að hún bæti,

vesgú, það sem áfátt kann að reynast að mati eftirlitsnefndarinnar. Eftirlitsnefndinni er heimilt að grípa til aðgerða. Þegar svo er komið getur ráðherra að tillögu eftirlitsnefndar svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn.

Það hefur oft verið gagnrýnt að sveitarstjórnarráðuneyti skuli ekki vera með frumkvæðiseftirlit á ýmsum þáttum. Ég minnist þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur oft talað um það hér t.d. um gjaldtöku, varðandi að sveitarfélög fara út fyrir heimildarramma að því er virðist, að þá hefur það verið gagnrýnt að þegar fyrispurn kemur frá Alþingi er svarið einatt þetta: Sveitarstjórnarráðuneytið hefur ekki frumkvæðiseftirlit, *það hefur engin ábending komið, það hefur ekki* verið klagað. Sveitarstjórnarráðuneytið hefur ekki ástæðu til að ætla að eitthvað misfarist í þessum efnum í sveitarfélagi.

Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að vera ákveðið eftirlitshlutverk og sveitarstjórnarráðuneytið á að hafa ákveðið frumkvæðishlutverk. En þarna er búið að stofna litla eftirlitsstofnun sem fær gífurlegt vald gagnvart sveitarfélögunum. Þegar ég fór að skoða þetta nánar og fara yfir brtt. og allar athugasemdirnar mínar við hinar ýmsu greinar frv. og staldraði við í rólegheitum spurði ég sjálfa mig: Hvers lags þrjá einstaklinga kýs sveitarstjórnarráðherrann í þessa eftirlitsnefnd? Hvílíkt óhemjulegt framsal á valdi er þetta eins og ég hef hér rakið? (**Gripið fram í:** Það er búið að því, að rekja það.)

Það er alveg hárrétt að hv. þm. Pétur Blöndal — hefur mjög mikla þekkingu á fjárreiðum fyrirtækja, vill að vísu flestar stofnanir sem sjálfstæðastar, að einkaframtak blómstri og ef ég mundi lesa hann rétt þá mundi ég telja að hann mundi vilja að sveitarfélög væru sem allra sjálfstæðust, bæru ábyrgð á öllum málum sínum og væru sótt til ábyrgðar, eins og ég var að reyna að lýsa áðan, og það væri þá auðveldara en það er í dag — hann hefur einmitt rætt það að þetta geti ekki gengið upp. En munurinn á okkur, hv. þm. Pétri Blöndal og mér, er sá að ég vil hafa ákveðið eftirlitshlutverk ef það er sveitarstjórnarráðuneyti á annað borð. En það er spurning hvort hér hafi almennt verið gengið of langt í að gefa sveitarstjórnunum forskrift, að búið sé að segja þeim *í lögum bókstaflega fyrir verkum á öllum sviðum og síðan* eigi að koma með einhverja nefnd sem fær gífurlegt vald.

Ég velti því fyrir mér hvernig svona nefnd verður launuð. Á þetta að vera fólk í fullu starfi og tekur að sér nefndarstörf eins og gerist hefðbundið þegar verið er að velja fólk til starfa í stjórnum og ráðum á vegum hins opinbera? Þarna held ég að við verðum að staldra við og kanna hvernig við höfum búið í pottinn. Ég held að þarna sé of langt gengið hjá félmrh. og að þrátt fyrir að meiri hluti félmn. hafi dregið örlítið úr þessu gífurlega valdi með því að fella út lokamálsgrein 74. gr. sé samt allt of mikið vald eftir. Ég bendi á að sú málsgrein sem brtt. er um að felld sé út er um að ákvarðanir eftirlitsnefndar séu endanlegar og verði eigi kærðar til ráðherra.

Í frv. var búið að gefa þessari litlu stofnun, eftirlitsnefndinni sem á bara að vera skipuð nefnd af ráðherra, kannski skipuð nefnd manna, sem eru í fullri vinnu annars staðar, óhemjulegt vald, framselja vald sveitarstjórnarráðherrans og meira að segja kveða á um að ákvarðanir nefndarinnar væru endanlegar og yrðu ekki kærðar til ráðherra. Eins og ég segi er a.m.k. sú brtt. komin inn og það er mjög gott en þetta held ég sannarlega að við þurfum að skoða betur á milli umræðna.

Reyndar komu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með ábendingu. Þau leggja til að inn komi ákvæði í 76. gr., sem ég var lesa úr, um sviptingu fjárforráða, að það komi ákvæði þess efnis að sveitarstjórn höfði mál fyrir dómi til ógildingar ákvörðun ráðherra um sviptingu fjárforræðis, þá frestist fjárforræðissviptingin þar til dómur er genginn. Það er tillaga Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er kannski ekkert undarlegt vegna þess mikla valds sem kemur fram í 74., 75. og 76. gr.

Sömuleiðis leggja Samtök sveitarfélaga á Norðurl. v. til að bætist við 76. gr.: „og frestast þá fjárforræðissviptingin þar til dómur er genginn".

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta mál, eftirlitsnefndin, og ákvæðin um hana sé kannski það sem eigi seinna eftir að verða mest tekist á um og það kemur mér satt best að segja á óvart hve litlar athugasemdir komu frá sveitarfélögunum við þessar greinar. Satt best að segja finnst mér, miðað við að sveitarstjórnirnar allar fengu þetta frv. til umsagnar og skiluðu í raun og veru fáum athugasemdum, að teknu tilliti til þess hvað þetta eru umfangsmikil lög og hversu mikilvægt það er að við fáum sjónarmið sveitarfélaganna þegar við erum að fjalla um þessi mál. Miðað við það að athugasemdir eru frá fáum við 73., 74. og 75. gr. þá hefði ég átt von á því að sveitarfélögin létu í sér heyra. Annaðhvort að þeim fyndist að mjög mikilvægt að fá þetta ákvæði eða þá að gagnrýna það harkalega.

Virðulegi forseti. Ég var áðan að nefna frumkvæðiseftirlitið. Í 102. gr. er ákvæði um eftirlitshlutverk ráðuneytisins:

„Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns."

Ég velti því fyrir mér hvort þarna séu komin nægileg ákvæði til þess að sinna því frumkvæðiseftirliti sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur svo oft kallað eftir. Ef sveitarfélag mundi t.d. innheimta allt of hátt vatnsgjald, mundi ráðuneytið gera eitthvað ef það fengi vísbendingar um það þó það hafi ekki verið kært? Ég spyr forsvarsmann meiri hlutans hvernig hann túlki það mál.

Í þessu frv. hefur ýmislegt verið ákveðið, virðulegi forseti. Í 94. gr. segir t.d. að sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verði ekki ákveðin nema með lögum. Hér brtt. um að heimilt verði að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en slík sameining hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Að þessari brtt. samþykktri geta menn aldeilis farið að sameina þvers og kruss yfir mörk kjördæma þó menn kjósi áfram í sínu gamla kjördæmi eftir sem áður, hvar svo sem þeir eru staðsettir í sveitarfélögum.

Ég nefndi eftirlitshlutverkið áðan. Um það komu nokkrar athugasemdir. Það hefur verið vísað m.a. í dönsku sveitarstjórnarlögin og Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á að svona eftirlit geti verið grundvöllur virks eftirlits, e.t.v. á sama hátt og ég var að vísa í áðan. Það væri eins konar frumkvæðiseftirlit. Það hefur skort mjög mikið á að ákvæði um eftirlit væri fullnægjandi enda ekki verið neitt sem segir

til hvaða þátta það skuli taka, eftir hvaða farvegi eftirlitsmál skuli fara, til hversu takmarkaðra úrræða ráðuneytið getur tekið o.s.frv. Ríkisendurskoðun vísar einmitt í dönsku sveitarstjórnarlögin og bendir á að ákvæði þessara laga séu samin á grundvelli sambærilegra viðhorfa og gilda í íslensku stjórnarskránni um sjálfstjórn, eftirlit og réttaröryggi. Við erum sem sagt á reiki þegar kemur að eftirlitshlutverkinu. Annað hvort viljum við hafa gífurlega mikið eftirlit og setja upp þriggja manna stofnun sem ráðherrann má skipa eða það verði óljóst hvernig eftirlitshlutverkið er, til hvers það tekur og eftir hvaða farvegi þau mál fari. Enn aðrir vilja að beitt verði dagsektarákvæðum og öðru slíku.

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að ákvæði til bráðabirgða sem ætlunin er að breyta með brtt. meiri hlutans, þá ætla ég að leyfa mér að nefna það sem fellur úr sveitarstjórnarlögunum með þessu frv. en það er eftirfarandi:

Allur greinarmunur sem er gerður er á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa er felldur brott þannig að öll sveitarfélög hafa sömu stjórnsýslulegu stöðu án tillits til íbúafjölda. Þetta hefur vakið athygli hjá mörgum.

Lagt til að landið skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðir og afréttir, samanber 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Það kemur kemur engum á óvart, enda verið rætt hér.

Ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga eru rýmkuð og í tengslum við það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði heiti sveitarstjórna, byggðaráða og framkvæmdastjóra í samþykktum sínum um stjórn og fundarsköp.

Brott er felldur III. kafli laganna um kosningu sveitarstjórna og samið nýtt frv. til laga um kosningar til sveitarstjórna. Þetta hefur komið fram, m.a. í máli mínu.

Leitast við að gera ákvæði varðandi sveitarstjórnarfundi skýrari. Þessi atriði snerta auglýsingu fundanna, hæfi sveitarstjórnarmanna, tölvuskráningu fundarmanna og varamenn í sveitarstjórnum. Ég hef vakið athygli á því að menn eigi að benda félögum sínum á þetta með varamenn í sveitarstjórnum.

Kaflanum um fjármál sveitarfélaga er breytt nokkuð í því skyni að samræma betur fjárhagslegt uppgjör sveitarfélaga og skýra nánar hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna. Það er eitt af því sem við verðum að skoða milli funda, eftir ítarlega athugasemd stjórnar Félags endurskoðenda, og finna úrræði svo að unnt sé að bregðast fyrr við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélaga ef sveitarstjórn hefur ekki um það frumkvæði samanber 74.–80. gr. Brott er felld heimild fyrir sveitarstjórnir til að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar, samanber 73. gr.

Ég minnist þess reyndar, þegar ég get þessa, að á aðalfundi Sambands ísl. sveitarfélaga benti hæstv. félmrh. sérstaklega á þessa grein og hvatti til þess að athugað yrði hvort halda ætti inni heimildum fyrir sveitarstjórnir til að veita einfalda ábyrgð. Þrátt fyrir þá hvatningu hefur niðurstaða félmn. verið að gera ekki breytingar á þessari grein. Ég held að það sé rétt að gera það ekki.

99. gr. gildandi laga um að sveitarfélögum geti í einhverjum tilvikum verið skylt að hafa með sér samvinnu er felld brott og jafnframt 100. gr. gildandi laga, um stofnun og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

117. gr. gildandi laga féll brott þar sem ákvæði hennar eru talin úrelt í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. breytinga varðandi aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Að öðru leyti er vísað í einstakar greinar.

Ég vek athygli á því að skyldan um að stofna byggðasamlög ef verkefni eru sveitarfélögum um megn er felld út. Ég vek athygli á þessu.

Þá er það ákvæði til bráðabirgða samkvæmt nýrri brtt. frá meiri hluta félmn. þar sem m.a. segir:

„Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.“

Þá erum við komin að þessu stóra ágreiningsmáli í frv. til sveitarstjórnarlaga sem ég á eftir að úttala mig um. Sérstaklega er athyglisvert að staldra við afréttirnar. Hvað ætli ég hafi oft hlustað á að í raun og veru sé löngu búið að skipa afréttunum innan sveitarfélaganna og einungis sé örlítil ræma við jöklana sem ekki er skipuð? Ég ætla að koma rækilega, virðulegi forseti, að því á eftir vegna þess að ég hef skoðað tilurð þessa.

Ég benti á það í upphafi máls míns og vitnaði í grein í Morgunblaðinu í gær, hvernig umræðan hér hefði stangast á við ákvæði núgildandi sveitarstjórnarlaga þar sem segir að byggðin skiptist í sveitarfélög.

Ég mun koma að því á eftir, hvernig þetta gerðist með afréttirnar og hvernig það er algerlega óljóst til hvaða sveitarfélags afrétt ætti í raun að teljast. Áður en ég kem að því, af því að ég er búin að fara yfir frv., þá ætla ég aðeins að fjalla um stöðu þessa máls nú í upphafi ræðu minnar um þetta þýðingarmikla mál. Ég hlýt að gera það nokkuð ítarlega þar sem skipulagsfrv. með sáttargerðinni við fulltrúa í félmn., aðra en þá sem hér stendur, var ekki komið á borð þingmanna þegar ég hóf ræðu mína í fyrra sinnið.

Í fyrri ræðu minni átti ég ekki kost á að fjalla um það hvernig mér litist á þá tillögu, hvort hugsanlegt væri að

stjórnarmeirihlutinn og þeir sem ætluðu að leysa málin með honum, hefðu kannski dottið niður á hina einu sönnu lausn sem hugsanlegt væri að aðrir fengjust til að skoða en reyndist auðvitað ekki vera.

Það er undarleg staða, að tillaga sem átti að reyna að ná samkomulagi um virðist hafa verið sýnd sumum í félmn. en ekki öllum. Sífellt var vísað til texta sem sýndur hefði verið í félmn. Vísað var til samráðs um texta sem átti að vera til en var ekki til. Það samráð átti að vera lausn á skipulagsmálum hálendisins sem mundi tryggja aðkomu þéttbýlisins að því og draga úr því sem við höfðum kallað, að færa stjórnsýsluna til færri sveitarfélaga. Þegar ég hóf fyrri ræðu mína í upphafi þessarar umræðu, virtist mér sú staða vera uppi að sátt væri milli allra. Jafnaðarmenn einir væru á annarri skoðun. Þegar ég segi að sátt hafi verið um málið þá er ég að sjálfsögðu að vísa til þess að menn hafi verið tilbúnir að skoða sáttatillögu þar sem tekið yrði tillit til sjónarmiða þeirra sem áhyggjufullir voru varðandi hálendismálin.

Það sem gerðist var alveg ótrúlegt með tilliti til þess hvernig umfjöllunin hafði verið og hve margir virtust vilja skoða sameiginlega lausn mála á miðhálendinu. Mér birtist þetta sem ótrúlegur hroki gagnvart þeim sem höfðu skrifað undir nefndarálit með fyrirvara. Á borð þingmanna kemur frumvarp með texta sem greinilega hefur ekki verið borinn undir nægjanlega marga. Ráðherra mælir fyrir málinu *í umræðu um sveitarstjórnarlög*. Ósk kemur fram um að sérstaklega verði mælt fyrir þessu frumvarpi þannig að það komi efnislega til umræðu og hægt verði að fjalla um það sem gera þurfi til þess að fólk telji sig öruggt um afgreiðslu sveitarstjórnarfrv.

Þá gerist það að stjórnarmeirihlutinn, sem á þess kost vinna að málefnum miðhálendisins í sátt við stóran hluta þingsins, fellir afbrigði um að taka þessi mál á dagskrá. Ég held að í umræðu í dag, annaðhvort um störf þingsins eða fundarstjórn forseta, hafi eitthvað verið vikið að því að menn þyrftu ekki að vera hissa á því að afbrigði um að taka mál á dagskrá yrðu felld, þetta hefði stjórnarandstaðan sjálf gert. Ég get ekki annað en sagt að það er ekki hægt að bera þetta tvennt saman.

Annars vegar er um að ræða frv. sem ríkisstjórnin leggur fram og kemur til umræðu að loknum tveimur sólarhringum, hvað sem stjórnarandstaðan segir. Stjórnarandstaðan er beðin um að greiða atkvæði nú, á þeim tiltekna degi, til að umræðan geti hafist þá þegar að kvöldi þess dags til þess að setja lög á sjómenn strax. Þar var áherslan lögð á að fara hratt í gegnum þingið, þannig að búið yrði að afgreiða viðkomandi mál innan þeirra tveggja sólarhringa sem þingsköp kveða á um.

Í þessu tilviki var verið að biðja um að taka stjórnarmál á dagskrá sem annars kemur ekki á dagskrá þó við verðum hér út maí af því að tíminn fyrir slík mál er liðinn. Það er verið að biðja um að taka stjórnarmál á dagskrá til þess að fjalla um leið sem á að fara í sameiginlegri lausn. Þetta er það sem gerðist. Þess vegna hefur það gerst að þingflokkur Alþb. *hefur flutt tillögu um rökstudda dagskrá á frv. sem hér* hefur verið lagt á borð en er í raun og veru aldrei til umræðu. Þar harmar þingflokkurinn þá niðurstöðu sem meiri hluti Alþingis hefur komist að með því að neita að taka frv. frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingar á skipulags- og byggingarlögum á dagskrá þar sem verið er að reyna að leita sátta í viðkvæmu deilumáli. Þingflokkur Alþb. segir þar með að ljóst sé að ríkisstjórnin vilji enga almennilega sátt um skipulagsmál hálendisins og ég tek undir það. Það er líka mat mitt.

Stjórnarliðar sem bera sig að á þennan hátt vilja enga samvinnu. Þeir sýna bara hroka, og ef þið gerið ekki eins og við viljum, eruð þið ekki með. Þess vegna er alveg ljóst að þingflokkur jafnaðarmanna tekur heils hugar undir tillögu Alþb. um rökstudda dagskrá um að frv. verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Ég hreyfði því í fyrri ræðu minni að við mundum skoða það að flytja tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Hins vegar kemur öllum sem á hlýða á óvart þegar þeir heyra að heill þingflokkur hefur flutt tillögu um rökstudda dagskrá, þá skilur ekki nokkur maður af hverju í ósköpunum var ekki gengið strax til atkvæða á þessari tillögu. Það er það sem ég hef verið spurð um aftur og aftur að undanförnu: Af hverju var tillagan ekki borin upp? Það finnst öllum mjög undarlegt að á Alþingi Íslendinga séu þingsköp þess eðlis að tillaga um rökstudda dagskrá sé ekki borin upp fyrr en að umræðu lokinni.

Virðulegi forseti. Þegar þetta frv. var afgreitt út úr félmn., og ég minni enn á að sú sem hér stendur var ekki viðstödd og er ekkert um það að segja, þá skrifuðu hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir undir álitið með fyrirvara. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa hann. Þau vilja að fram komi að þau telja rangt að skipta skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins upp milli 42 sveitarfélaga *sem í mörgum tilvikum ganga þvert á landslagsheildir, svo* sem jökla, hraunbreiður, sanda og gróðurbelti. Réttara væri að miðhálendið, svæði innan línu dreginnar milli heimalanda og afrétta væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í ákvörðun um það skipulag.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að þetta er sama línan og þingflokkur jafnaðarmanna vísar til þegar hann talar *um svæði innan línu sem þannig skuli dregin* og um það svæði skuli gilda sjálfstæð sérstök stjórn. Þetta er mjög sterkur fyrirvari. Þess vegna er frekar undarlegt að þau tvö skuli hafa treyst sér til að halda því til streitu að frv. sem er á borðum okkar en er ekki á dagskrá, og er í raun og veru ekki til umræðu, sé nægilegt. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík. Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt.

Kostnaður við störf samvinnunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur samvinnunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar."

Og í 2. gr. segir:

„Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a, á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess."

Það er auðvitað sérstakt umhugsunarefni og það kemur fram í 2. gr., að samvinnunefndin sem nú er að störfum verður búin að skila svæðistillögunni til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun á að óska eftir umsögn nýju samvinnunefndarinnar. Það er allt skipulagið.

Það var líka athyglisvert hvernig umhvrh. ... (**Gripið fram í:** Þú verður að lesa áfram.) Ég er búin að lesa alla tillöguna, alla greinina. „Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a, á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess."

Ég var að segja að það er núverandi samvinnunefnd sem verður búin að skila tillögu sinni til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun á að gera tillögu til ráðherra en áður biður hún nýju samvinnunefndina um umsögn.

Í andsvari við Lúðvík Bergvinsson, þingmann jafnaðarmanna, svaraði umhvrh. þingmanninum þegar hann var að spyrja hvort það þyrfti ekki að breyta fleiru í skipulagslögunum. Hann kaus að svara því svo:

„Sjálfsagt er ekki rétt af manni sem hefur ekki mikið lögfræðilegt vit og er ekki löglærður að hreykja sér hátt og deila við lögfræðinginn sjálfan um það að þegar sett er ákveðin grein inn í þessi lög um svæðisskipulag og sérstaka nefnd til að fjalla um svæðisskipulag á miðhálendinu sem fær ákveðið verkefni, er auðvitað ljóst að hún hefur til þess fullt umboð samkvæmt heimild löggjafans. Það getur verið að það megi segja að það vanti í fyrri greinar þar sem fjallað er um að sveitarfélög geti haft samvinnu o.s.frv., samanber þó nánar ákvæði í hinni nýju væntanlegu grein. Ég kann það ekki." Svo segir umhvrh.

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er verið að gefa falskar vonir. Ég er búin að fara yfir það hvernig verður skipað í nefndina og margsinnis er búið að fara yfir það hvernig jafnvægið verður á milli fulltrúa sveitarfélaganna og annarra og þar sem gagnrýni hefur verið uppi um hinn svokallaða landsbyggðarvinkil er honum ekki breytt. Ég ætla ekki að fara út í hvort það verður einn frá Reykjanesi, einn frá Reykjavík eða hvaðan en samsetning nefndarinnar viðheldur því sama og gagnrýnt hefur verið.

Tillagan gengur líka of skammt því að hún gerir í raun ráð fyrir því að sveitarfélögin fari áfram með aðalskipulags- og deiliskipulagsþáttinn, enda eru þau kjörin til þess. Þau munu skipuleggja sinn hluta í umboði kjósenda sinna. Svæðisskipulag hefur gjörólíka stöðu. Það hefur hingað til byggt á heimild í lögum nema því verði breytt núna í skyldu en verður áfram svæðisskipulag. Það víkur alltaf fyrir aðalskipulaginu. Mér finnst stjórnarliðar komnir í alger vandræði vegna þess að það er orðinn augljós ágreiningur hjá þeim. Eina raunhæfa tillagan ef menn meina það að þeir vilji taka skipulags- og byggingarmál út fyrir væri að færa samvinnunefndinni sem þeir ætla að skipa allan aðal- og skipulagsþáttinn. Þá væri hægt að tala um sérstætt og samræmt skipulagssvæði. Menn mundu aldrei gera það. Menn mundu aldrei framlengja sveitarfélögin alveg upp til hálendisins og segja svo: Í þessu og þessu sveitarfélagi gildir ekki aðalskipulagsrétturinn. Þess vegna er þetta klúður.

Ef við byggjum upp þrjú stjórnsýslustig, eitt færi með stjórnsýslu t.d. á miðhálendinu þá gæti svæðisskipulagið verið raunhæfur kostur en svo er ekki. Við búum við tvö stig og neðra stigið, sveitarstjórnarstigið, fer með aðalskipulagið.

Ég hef farið yfir það áður að svæðisnefndin hefur ekki þessar heimildir sem verið er að tala um. Svæðisskipulagið er leiðbeinandi og ef búið er að svæðisskipuleggja af þeirri samvinnunefnd sem nú starfar og ef það gerist að öll sveitarfélögin eru tilbúin að taka það skipulag inn í aðalskipulag sitt af því að þau hafa komið að því, þá mundi það gerast að ef eitthvert eitt sveitarfélag vildi breyta hjá sér og vera sjálfstætt í aðalskipulagi sínu yrði nýja svæðissamvinnunefndin að fara að endurskoða allt svæðisskipulagið sem hún væri með. Ef hún mundi ætla að taka tillit til þessa sveitarfélags og þess sem það vildi gera yrðu öll hin sveitarfélögin að samþykkja. Þetta er óframkvæmanlegt ákvæði til frambúðar og þess vegna er það svo að sú svæðisskipulagsnefnd, sem sett er á laggirnar með því frv. sem liggur á borðum okkar er eingöngu umsagnaraðili og mun bara verða umsagnaraðili. Þetta er viðvarandi líf samvinnunefndar um svæðisskipulag sem mun verða umsagnaraðili.

Afar fróðlegar umræður hafa verið um þennan þátt og hv. þm. jafnaðarmanna, Össur Skarphéðinsson, og þingmaður sjálfstæðismanna, Árni Mathiesen, ræddu mjög skipulagsmálin og hlutverk svæðisskipulags. Þar kom einmitt fram að svæðisskipulag getur borið að með tvennum hætti samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Annars vegar á grundvelli 1. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga en þar er heimild fyrir sveitarfélögin að gera svæðisskipulag í því skyni að samræma stefnu margra sveitarstjórna. Hlutverk svæðisskipulagsins er eins og fram kemur í ákvæðinu sjálfu, að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili. Hins vegar getur umhvrh. á grundvelli 6. mgr. 12. gr. ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Þetta má gera ef ágreiningur er milli sveitarfélaga eða ef landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis. Það er talsverður munur á þessu tvennu.

Í fyrra tilvikinu kemur frumkvæðið frá sveitarstjórnunum sjálfum og þær beita svæðisskipulagsheimildinni til að samræma mismunandi aðalskipulag í hinum mismunandi sveitarfélögum. Ég ætla aðeins að skjóta því að að oddviti Svínavatnshrepps kom á fund félmn. og lýsti því hvernig Svínavatnshreppur hefur gert sitt aðalskipulag, sem nær inn á Hveravelli, og kynnt það. Hann sagði að þeir hefðu kynnt þessar hugmyndir öðrum sveitarfélögum. Síðan bætti hann því við að nú væru nokkur sveitarfélög saman að undirbúa svæðisskipulag. Ég er að vísa til þessa. Frumkvæðið kemur frá sveitarstjórnum. Þær ákveða að beita svæðisskipulagsheimildinni til að samræma mismunandi aðalskipulag í mismunandi sveitarfélögum.

Í síðara tilvikinu kemur frumkvæðið að utan, þ.e. frá umhvrh. Hann skipar samvinnunefnd, hugsanlega með aðild

annarra en sveitarstjórnanna, til að gera tillögu að svæðisskipulagi.

Ég minnist þess þegar við hófum þessa umræðu hvernig hv. þm. Árni Mathiesen — ég sakna þess að hann skuli ekki vera við þessa umræðu í dag — fór mikinn í andsvörum og vændi þá sem hér stendur um vankunnáttu í skipulagsmálum. Ég hlustaði á svör hans við spurningum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um það hvernig hann hygðist styrkja svæðisskipulagið. Ég varð aldeilis fyrir vonbrigðum. Hann sagði, ef ég hef tekið rétt eftir, að í fyrsta lagi ætti að gera það skylt að skipa samvinnunefndina. Í öðru lagi vildi hann að samsetning nefndarinnar yrði lýðræðislegri, þ.e. með aðkomu breiðari hóps. Í þriðja lagi átti að styrkja svæðisskipulagið með tilnefningum í nefndina og í fjórða lagi að nýta heimildina í 15. gr. um sérstakt svæðisskipulag.

Fyrstu þrjú atriðin snúa að eðli nefndarinnar sjálfrar. Ég get auðvitað tekið undir það að lágmarkskrafan á að vera aðgangur allrar þjóðarinnar en ekki eingöngu nærliggjandi sveitarfélaga, en þetta er bara ekki nóg. Mér þykir miður, af því að þetta er síðari ræða mín og ég mun ekki eiga þess kost að flytja nýja ræðu fyrr en í 3. umr., að þetta er nefnilega alls ekki nóg.

Ef svæðisskipulag verður gert á grundvelli 6. mgr. 12. gr., þ.e. að umhvrh. skipi nefnd með aðkomu fleiri en aðliggjandi sveitarfélaga til að gera tillögu að skipulagi, t.d. fulltrúum allra þéttbýlisstaða landsins og hagsmunasamtaka eins og Ferðafélagsins, Náttúruverndarráðs o.s.frv., þá horfi ég á stjórnsýslulega stöðu þessa skipulags. Hver er staða svæðisskipulags eða styrkur ef það er gert í andstöðu við sveitarfélögin, eitt eða fleiri? Við þetta hefur ekki verið staldrað.

Í upphafi umræðunnar um frv. sem liggur á borðunum og er ekki til umræðu kom fram að líta mætti á skipulag sem sáttmála milli stjórnvalda og íbúa hvers sveitarfélags. Við erum hins vegar að ræða um miðhálendið, landsvæði þar sem enginn býr en kemur til með að verða hluti af mörgum sveitarfélögum, ef frv. nær fram að ganga, með þeim afleiðingum að skylda sveitarstjórnir til aðal- og deiliskipulags framlengist inn til landsins. Ég hef margoft komið að því í þessari umræðu að svæðisskipulag í andstöðu við aðalskipulag sveitarfélaganna hefur það veika stöðu að það má sín einskis.

Við skulum ekki gleyma því að það er ekki lengra síðan en í fyrra að við samþykktum skipulagslögin hér á þinginu en rauði þráðurinn í þeim lögum er einmitt aukin völd sveitarfélaganna til skipulagsmála. Með lögunum er skipulagsrétturinn alfarið færður yfir til sveitarfélaganna. Sveitarfélögunum er gert skylt að taka að sér meiri ábyrgð og þau öðlast frumkvæðisrétt á sviðum sem þau höfðu ekki áður. Halda menn að þessi réttur verði skertur með svæðisskipulagi? Nei, og það skiptir höfuðmáli í þessari umræðu. Það er ekki nóg að samvinnunefnd verði lýðræðislega skipuð ef ekki er hægt að beita skipulaginu á markvissan hátt, jafnvel þó það skipulag byggi á vilja meiri hluta þjóðarinnar. Þetta er mjög mikilvægt og hefur ekki verið athugað nógu vel. Menn hafa bara hrópað hver á annan, hvaða vægi svæðisskipulagið hafi, hvernig eigi að kjósa í nefndina o.s.frv.

Staðreyndin er sú að svæðisskipulag tekur ekki skipulagsvaldið af sveitarfélögunum né takmarkar það. Ef sveitarfélögin samþykkja ekki tillögu samvinnunefndar, geta nefndarmenn einfaldlega pakkað saman. Þetta er svo einfalt. Allt þetta tal um að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild og það verði lausn til að koma í veg fyrir ósamræmi í skipulaginu er byggt á misskilningi að mínu mati. Það kemur heldur ekki í veg fyrir forræði sveitarfélaganna í sínum tertusneiðarsvæðum. Það má sín einskis ef ágreiningur kemur upp á milli sveitarfélaganna. Þau verða nefnilega öll að samþykkja svæðisskipulagið.

Fjórða leiðin sem hv. þm. Árni Mathiesen nefndi í umræðunni um að beita 15. gr. til að styrkja svæðisskipulagið breytir heldur engu. Í 15. gr. er mælt fyrir um heimild til að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna fyrirhugaðra mannvirkja, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja, fjarskiptalína eða áætlana um slíka mannvirkjagerð. Í ákvæðinu er fjallað um ákvörðun um legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Það breytir engu um veika stöðu svæðisskipulags ef ágreiningur kemur upp. Heimildin í 15. gr. má sín lítils gegn mótmælum sveitarfélagsins. Fyrir utan mun sterkari stöðu aðal- og deiliskipulags og ótvíræðan rétt sveitarstjórnar til að beita því í sínu sveitarfélagi, þá má ekki gleyma því að ekkert verður byggt, grafið eða gert í sveitarfélagi án samþykkis sveitarstjórnar.

Útgáfa byggingarleyfis liggur hjá sveitarstjórninni og í 44. gr. skipulagslaga er mælt fyrir um hver veiti byggingarleyfi. Þar segir að gefa megi út byggingarleyfi þegar sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti. Ég er því ekki eins sannfærð og hv. þm. um að heimildinni í 15. gr. verði beitt gegn neitun viðkomandi sveitarfélags.

Tillaga umhvrh. eins og hann kynnti hana bætir engu við þetta. Það eina sem hún gerir er að veita heimild til skipunar nýrrar nefndar sem hefur aðeins eitt hlutverk, að vera umsagnaraðili. Ég vek athygli á því að hún á ekki einu sinni að koma með skipulagstillögur. Hún á að taka við skipulagstillögu sem núverandi svæðisnefnd hefur unnið, og mun þá komin til Skipulagsstofnunar, og veita um hana umsögn. Í framtíðinni kemur hún til með að geta gert svæðisskipulag en ég hef rakið hér veikleikana í því. Henni mun ekki verða það fært nema til komi annaðhvort samþykki allra sveitarstjórnanna til að vinna það á forsendum þeirra eða þá hún komi svæðisskipulagstillögu í gegnum öll sveitarfélögin á annarri forsendu.

Virðulegi forseti. Mér liggur mikið á hjarta í þessari umræðu. Eitt af því sem ég skoðaði mjög gaumgæfilega þegar við byrjuðum að ræða þetta mál og hefur æ ofan í æ komið í huga mér síðan, er hvernig skipulagi afréttanna var fyrir komið. Í umræðunni um þau mál mætti halda að einhvern tímann hefði ríkisvaldið skoðað hvað ætti að falla undir sveitarfélögin og hvernig fara skyldi með afréttirnar. Það er ekki þannig. Virðulegi forseti. Það er ekki þannig.

Á Alþingi árið 1971 var flutt þingmannatillaga. Hún var rædd í efri deild. Einn þingmaður flutti hana og einn þingmaður fjallaði um hana. Hún fór til neðri deildar, þar var hún afgreidd órædd. Ég er sannfærð um að ef þeir herramenn sem sátu á þingi í annarri hvorri deildinni, sérstaklega þá í efri deild árið 1971, væru spurðir núna hvort þeir teldu að þeir hefðu breytt mörkum sveitarfélaga þarna, þegar ákvæði sveitarstjórnarlaga um hvernig landinu skyldi skipt eftir sveitarfélögum var ekki einu sinni breytt, þá mundu þeir segja: Nei við vorum ekki að fjalla um það.

Virðulegi forseti. Nú ætla ég að upplýsa þingmenn um tilurð þessa. Flutningsmaður var Björn Fr. Björnsson og ég vísa til hans, með leyfi forseta, en hann segir:

„Frumvarp það sem ég leyfi mér að flytja hér er um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 1961. Ég vil leyfa mér að lesa upp efnisgreinina, 1. gr., með leyfi forseta. Hún er á þessa leið:

„Afréttarsvæði sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skal teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli tilheyra sker sýslunefnd úr. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til félmrn. sem fellir fullnaðarúrskurð.““

Síðan segir þingmaðurinn, með leyfi forseta: „Ég hef fyrr á þessu þingi borið fram frv. um efni sem er þessu frv. nokkuð skylt.“ — Takið nú eftir, virðulegu þingmenn. — „Það var á þá lund að sveitarfélög sem eiga aðild að afrétti, annaðhvort afnotarétt eða eignarrétt, hefðu rétt til þess að leggja útsvör og aðstöðugjald á fyrirtæki og þá einstaklinga sem hefðu að staðaldri atvinnu á afréttarsvæðum og ættu þar sínar bækistöðvar. Það kom í ljós þegar frv. til laga kom fram hér á þingi um tekjustofna sveitarfélaga að það reyndist ekki nein leið til þess að koma ákvæði af því tagi sem í efni þessa frv. míns er inn í ramma frv. og af þeirri sök einni hef ég leyft mér að bera fram frv. það sem hér liggur fyrir til umræðu.“

Virðulegi forseti. Þetta er ekki mjög löng framsaga hjá þingmanninum og svo enginn fari að væna mig um að hafa lesið valda kafla út úr framsögu þingmannsins, með frv. sem átti eftir að hafa svo mikil áhrif að við tölum í dag eins og það megi engu breyta um lögsögumörk afréttanna, þá ætla ég að lesa framsöguna eins og hún kemur fyrir:

„Eins og kunnugt er eru ekki bein ákvæði í íslenskum lögum um staðarmörk sveitarfélaganna þegar til afrétta kemur og dregur að hálendinu. Í stjórnarskránni er gert ráð fyrir rétti sveitarfélaga til þess að fara með sín mál undir umsjón ríkisstjórnar og þessum réttarefnum sveitarfélaganna skuli skipað með lögum. Til samræmis við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar hefur svo verið samþykkt löggjöf um að sveitarfélög skuli hafa rétt í ýmsar áttir og að ríkið skiptist í sveitarfélög. Með hliðsjón af þessum lagagreinum er ljóst að fá eða jafnvel engin svæði landsins væru slík að eigi féllu þau undir stjórn einhvers sveitarfélags.

Nú mun svo vera ástatt um sum afréttarlönd að þau eru í raun og veru ekki talin heyra undir sveitarstjórnarvald. Um önnur er annars að segja að þau heyra beinlínis til sveitarfélagi en það sýnist liggja í augum uppi að þess konar landsvæði sem þannig hefur ekki verið ráðstafað undir sveitarstjórnarvald, þau landsvæði þurfi og eigi að heyra til einhverju sveitarfélagi.

Eins og kunnugt er eru afréttir okkar Íslendinga bæði margir og stórir, stór hluti lands. Og þeir hafa flestir ef ekki allir að meira eða minna leyti verið nýttir og svo hefur verið um aldir. Á því er ekki minnsti vafi að nýting afréttarlanda víðs vegar um landið mun verða mun stórkostlegri heldur en nokkru sinni fyrr á næstu árum og áratugum.“ — Takið eftir þessu, virðulegu þingmenn.

„Og það er ekki aðeins að landið verði grætt upp. Þar sem ógróið er mun hefjast mikil ræktun og hún verður að sjálfsögðu á vegum sveitarfélaga og íbúa sveitarfélaga og þá yfirleitt bænda.

Þá má líka geta þess að stórfelldar framkvæmdir eiga sér stað og hafa átt sér stað um skeið á afréttarlöndum uppi. Þar á ég við stórvirkjanir og undirbúning að stórvirkjunum. Þar hafa verktakar og fyrirtæki þeirra haft bækistöðvar um langa hríð og þar hefur starfað fjöldi manna langtímum saman á hverju ári þó óvíða sé komið til þess að slíkir starfsmenn hafi þar bækistöð og heimilisfestu árið yfir. En það er enginn vafi á því að bækistöðvar af ýmsu tagi og starfsmenn einnig munu koma til með að eiga þarna athvarf og eiga þarna heimilisfestu, einstaklingarnir og fyrirtækin líka, og munu ekki langir tímar líða þar til að því kemur. Því er það eðlilegt að slík svæði og það fólk og fyrirtæki sem sest að á þeim hlíti valdi einhvers sveitarfélags og hafi þar samsvarandi að vísu bæði skyldur og réttindi. En svo er ástatt nokkuð víða um þessi afréttarsvæði að ekkert sveitarfélag hefur þar sveitarstjórnarvald og einstaklingar og fyrirtæki sem síðar kunna að búa á þessum svæðum þurfa ekki að leita til sveitarfélags, sem er nærri afrétti eða á eða hefur afnotarétt af afréttarsvæðinu. Og það segir sig sjálft að slíkt getur vart átt sér stað að þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um og fyrirtæki geti átt heimilisfestu hvar sem er á landinu.“ — Takið eftir þessu.

„Því tel ég að sú skipan afréttarlands í þessu efni að því er varðar sveitarstjórn sé nærtækust og eðlilegust að það svæði heyri til því sveitarfélagi sem þar hefur haft um langan tíma og jafnvel aldir afnotarétt eða jafnvel eignarrétt og enn fremur hefur því sveitarfélagi sem þannig er ástatt um verið skylt að rækja ýmiss konar störf og athafnir á þessu sama svæði.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að íbúar sveitarfélags sem hefur haft afrétt, íbúar slíks sveitarfélags líta á þetta landsvæði sem heimaland og jafnvel svo að þeir telja margir hverjir að það land sé innan túngarðs hjá þeim. Og dæmi eru þess fyrr og síðar að afréttarsvæði hafi jafnvel verið talin tilheyra jörðunum innan sveitarfélagsins. Mér er ekki kunnugt um það að slík afréttarsvæði hafi verið bundin í fasteignamati við ákveðnar jarðir. Þó má það vel vera ef það mál væri frekar athugað. Og þau bönd sem binda íbúa sveitarfélagsins við afréttinn eru æðisterk og jafnvel þó að ekki sé um íbúa sveitarfélagsins að ræða heldur þá landsmenn, sem upp á afrétt fara, þeir verða óðar en líður mjög tengdir þessu svæði og jafnvel tengdari því heldur en sínum heimahögum.

Ég hef ekki talið ástæðu að leggja út í það að ræða sérstaklega um sjálft eignarhaldið á þessum afréttarlöndum. Ég tel að það sé mál alveg sérstaks efnis sem væntanlega verður útkljáð fyrir dómstólum. Ekki heldur vil ég ræða frekar um það að ríkisvaldið sjálft fari með sveitarstjórn á þessum svæðum en mér sýnist það vera nærtækast að ætla að svo sé um sum afréttarlöndin eins og háttar nú.

Ég tel það vel viðeigandi“ og, virðulegur forseti, ég er enn að vísa til framsögu Björns Fr. Björnssonar frá 1971. „Ég tel það vel viðeigandi á 100 ára afmæli sveitarstjórnarlöggjafar á landi okkar sem er nú um þessar mundir og verður haldið hátíðlegt með einum og öðrum hætti að þess væri minnst m.a. með því að koma eðlilegu sveitarstjórnarskipulagi á þessi landsvæði sem ég hef hér fjallað um og í frv. getur — þessi landsvæði sem bæði nú og sjálfsagt enn frekar þó í framtíðinni eru sá hluti íslenskrar landhelgi upp til landsins sem síst má vanrækja og fer þá saman hvort tveggja að hér er um höfuðauðlindir okkar að ræða: Það er landhelgin okkar upp til hálendisins og landhelgin okkar út til hafsins.“ — Innskot núverandi framsögumanns: Ekki hefði hann órað fyrir því sem búið er að gerast í landhelginni okkar út til hafsins. En áfram með framsöguræðu Björns Fr. Björnssonar.

„Og þessar auðlindir okkar verða að sjálfsögðu því verðmætari sem stundir líða fram. Á þeim mun byggjast að verulegu leyti framtíðarvelferð þjóðarinnar og til þeirra mun hún sækja það afl fyrst og fremst sem knýja má okkur fram til hvers kyns framfara og þeirra lífsháttа sem við best teljum okkur geta náð. Um bæði þessi mikilvægustu nytjasvæði okkar gildir það sama, það verður að vinna að hagkvæmu skipulagi, nauðsynlegri vernd og hyggilegri rækt.

Ég vildi með þessum orðum benda á það að þessi svæði sem hér ræðir um að koma sveitarstjórnarskipulagi á eru æðimikilsverð og mega engan veginn vera út undan í því efni sem hér ræðir. Það er þannig að mínu áliti og enda margra annarra fyllilega tímabært að þegar sé þessu sérstaka landsvæði skipaður sess að sveitarstjórnarlögum. Hér hefur orðið nokkur misbrestur á þegar sveitarstjórnarlög voru síðast samþykkt eða frá þeim gengið að ekki skyldi verða tekinn fyrir þessi þáttur þeirra. En hér er sem sagt gerð tilraun til þess að koma hæfilegu og eðlilegu lagi á.

Eins og getur um í 1. gr. frv. eða fyrri grein þá er gert ráð fyrir því að fleiri en eitt sveitarfélag hafi haft afnot eða eignarrétt á afréttarlandi. Það má gera ráð fyrir því að samkomulag geti náðst um hverju sveitarfélaginu afrétturinn skuli að þessu leyti tilheyra og ég vil ætla að það gæti orðið höfuðreglan og best fyrir alla aðila. Og ég vil geta þess í því sambandi að þetta mætti kannski leiða til þess að sá ágreiningur sem yrði um ákvörðun í þessu efni, hverju sveitarfélagi afrétturinn ætti að tilheyra, sá ágreiningur gæti leitt til þess að sveitarfélög sameinuðust enn frekar en ella. Það þætti mér ekki ótrúlegt. En hvað sem því líður þá hefur verið reynt að setja varnagla í þessu efni og hann er sá að ágreiningsmáli af þessu tagi verði vísað til viðkomandi sýslunefndar sem fellir að sjálfsögðu úrskurð um. Það gæti oft orðið erfiður úrskurður en ég sé ekki annað ráð betra eða hef ekki séð og síðan megi skjóta þeim úrskurði sýslunefndar ef verkast vill til félmrn. sem mundi þá fella fullnaðarúrskurð um málið.

Ég hef þá leyft mér að rekja í örstuttu máli þau rök sem ég tel vera til þess að þetta frv. er hér lagt fram og ég vil vænta þess að því verði vel tekið og ég hef haft nokkuð samráð við stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga og lagt þetta undir þeirra dóm og þeir sem ég hef við talað hafa fallist á að þetta væri nokkuð heppileg leið til að ráða fram úr þessu vandamáli, að bæta þann brest sem hér er orðinn á sveitarstjórnarlögunum.

Nú má vel vera að ýmislegt komi inn í þetta mál sem er ófyrirséð. Ég segi fyrir mig, ég er ekki svo kunnugur um land að ég viti hvernig háttar til þar um afréttarlönd, legu þeirra og alla aðstöðu og notkun en þar sem ég til þekki hygg ég að slík löggjöf sem þessi, ef til hennar kæmi, mundi vel henta.

Ég held að ég ljúki máli mínu en óska eftir því að þessu máli mætti verða svo hraðað ef lítill ágreiningur eða enginn verður um það, að það geti fengið lagastaðfestingu á þessu þingi. Það væri að ýmsu leyti mjög ákjósanlegt en að sjálfsögðu fer það eftir atvikum.

Þá vil ég, herra forseti, leyfa mér að leggja til að eftir þessa 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn."

Þannig vildi það til að inn í sveitarstjórnarlögin kom að þar sem menn ættu upprekstrarrétt skyldi skipað innan marka sveitarfélaga. Þarna er athyglisvert að sjá að þar sem blasir við er kannski verður meira um virkjanir og annað það sem einstaklingar og fyrirtæki hafa umleikis, þá verður að tryggja að sveitarfélögin fái þar afrakstur og jafnvel skattlagningu.

Virðulegi forseti. Það sem er merkilegast þegar maður skoðar þetta mál í ljósi þróunar fram til þessa er hversu litla umfjöllun það fékk. Það var einn hv. þm. sem ræddi við flutningsmann. Það var hv. þm. Jón Ármann Héðinsson sem færði fyrir því rök að ekki ætti að skipta því svæði sem teldist til þjóðareignar upp á milli sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Þar sem ég er nú komin að því að flytja þingheimi svör þess þingmanns og fjalla nánar um skipulagsþáttinn sé ég að mér vinnst ekki tími til að ljúka máli mínu fyrir umsamin fundarslit í dag, en upplýst var á fundi forseta í dag að fundi skuli ljúka kl. hálfátta, þá spyr ég forseta hvort hann kjósi ekki að ég geri hér hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (RA)**:** Forseta heyrist að það sé vel við hæfi að hv. þm. geri nú hlé á ræðu sinni því að fundinum verður frestað innan fárra mínútna.)

Virðulegi forseti. Ég tel það mjög mikilvægt að þar sem ég hef upplýst um framsöguna fyrir þessu máli, sem var þingmannafrumvarp en ekki ráðstöfun ríkisvaldsins til þess að fara með og breyta mörkum á svæðinu og ekki síst í ljósi þess að það hefur reyndar engin leið verið fyrir fulltrúa í félmn. að fá neitt sem heitir uppdráttur í sínar hendur um það hvar þessi hugsanlegu afréttarmörk liggi til að sannreyna sannleiksgildi þess að það sé bara mjó ræma í kringum hvern jökul sem ekki sé þegar skipað innan marka sveitarfélaga, þá tel ég það mjög mikilvægt að ég upplýsi hvernig þessum ágæta þingmanni var svarað árið 1971 auk þess sem ég á örlítið meira eftir ósagt í þessu máli. Ég hef orðið þess áskynja að einhverjir hafa beðið um að fá tækifæri til að veita ræðumanni andsvar og því tel ég mjög æskilegt að gera hlé á ræðu minni hér og gera það kleift að eiga viðræður við hv. þingmenn þegar við hefjum aftur framhald á þessari umræðu. Leyfist mér að gera hlé á ræðu minni, virðulegi forseti?

(**Forseti** (RA)**:** Já, eins og ég hef þegar sagt.)

[19:27]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, 109. mál, nál. menntmn., þskj. 1361.

Fóstureyðingar, 460. mál, svar heilbrrh., þskj. 1360.

Fyrirkomulag áfengisverslunar, 394. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1355.

Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, 705. mál, beiðni KH o.fl. um skýrslu, þskj. 1362.

Meðlagsgreiðslur, 683. mál, svar félmrh., þskj. 1358.

Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, 707. mál, þáltill. umhvn., þskj. 1364.

Ný skólastefna, 706. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1363.

Sjóður í vörslu sjávarútvegsráðuneytis, 633. mál, svar sjútvrh., þskj. 1263.

Tekjuskattur og eignarskattur, 553. mál, brtt. SJS o.fl., þskj. 1342.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 19:29.

# 118. FUNDUR

þriðjudaginn 5. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 705. mál, þskj. 1362. *Hvort leyfð skuli.*

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326. — Frh. 2. umr.

3. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

4. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

[10:31]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var í miðri ræðu minni í gær þegar við lukum fundi og verður henni nú fram haldið. Ég hlýt í upphafi að vekja athygli á því hversu stórt og þýðingarmikið það mál er sem við erum að ræða í dag og ekki bara í dag, því þessi morgunn er upphaf fimmta dags sem þetta frv. er á dagskrá hv. Alþingis og er rætt eitt á fundi þingsins. Það sýnir vægi og alvöru þessa stóra máls.

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu í gær hafði ég farið yfir frumvarpsflutning Björns Fr. Björnssonar árið 1971 um sveitarstjórnarmál og afrétti og ég átti eftir að fara yfir hvaða viðbrögð hann fékk við þeirri tillögu sem hefur haft þau áhrif að menn hafa hiklaust haldið því fram í dag að fyrir löngu sé búið að ákveða og það hafi verið hugsun löggjafans að stækka sveitarstjórnarmörk á þeim tíma. En áður en ég vík að þeim þætti ræðu minnar þar sem ég var stödd er ég tók hlé á ræðu minni í gær, hlýt ég að vekja athygli á ályktun sem barst okkur þingmönnum í hólf í gær og fundi þeirra hinna sömu aðila sem hafa sent frá sér þessa ályktun.

Virðulegi forseti. Sá félagsskapur er félagsskapur þúsunda manna um allt land og ég ætla að leyfa mér, áður en ég flyt Alþingi þessa áskorun og ályktun, að geta þess hvaða hópur þetta er. Þetta er Hið íslenska náttúrufræðifélag, Ferðafélag Íslands, Íslenski alpaklúbburinn, Útivist, Jöklarannsóknafélag Íslands, Skotveiðifélag Íslands, Landssamband ísl. vélsleðamanna, Ferðaklúbburinn 4x4 og stangaveiðifélagið Ármenn. Það sem þeir sendu okkur alþingismönnum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Herra forsætisráðherra, Davíð Oddsson.

Við forsvarsmenn neðangreindra samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga förum þess á leit við þig, herra forsætisráðherra, og ríkisstjórn þína að frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi um sveitarstjórnarmál verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Við teljum höfuðnauðsyn að ekki verði nú bundið með illafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verði háttað á miðhálendi Íslands.

Meiri tíma þarf til opinnar umræðu um þessi mál þannig að þjóðin öll, eigandi hálendisins, fái að láta í ljós skoðun sína. Verði ofangreint frv. samþykkt næstu daga mun það kalla á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar. Jafnframt væri þá búið að útiloka meiri hluta hennar frá því að hafa nokkur áhrif á nýtingu hálendisins og hætt er við að almannaréttur verði fyrir borð borinn.

Sem forsvarsmenn helstu útivistar- og náttúrufræðifélaga landsins og fulltrúar þúsunda Íslendinga teljum við skilning meiri hluta þjóðarinnar vera þann að miðhálendið sé ein heild sem ekki beri að rjúfa, hvorki skipulags- né stjórnsýslulega.

Þögn þjóðarinnar um þessi mál allt þar til á síðustu vikum má ekki skilja á þann hátt að meiri hluti hennar sé fylgjandi þeirri skipan sem nú er gert ráð fyrir. Augljóst er á umræðum undanfarið að hvorki ráðamenn þjóðarinnar né almenningur hafa fyllilega gert sér grein fyrir þýðingu málsins.

Mikilvægt er að hlýtt verði á raddir hagsmunaaðila og helstu sérfræðinga sem virðast vera á einu máli um hvernig fara eigi með eina verðmætustu auðlind þessarar þjóðar.

Undirritaðir eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að vinna að farsælli lausn málsins."

Undir þetta plagg rita formenn og forsetar þeirra félaga sem ég hef lesið upp.

Þessir fulltrúar félaga þeirra þúsunda sem aðild eiga að þeim félögum sem ég hef hér lesið upp hafa gert sér grein fyrir því að ákalli verður að beina til forsrh., að eina vonin til að hlustað verði á raddir þéttbýlisins og að því frv. sem hér liggur fyrir eða þeim ákvæðum sem máli skipta, sem er 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið, verði frestað. Eina vonin til þess er að hægt verði að vekja skilning þess manns sem svo lengi hlaut þann heiður að skipa sæti borgarstjórans í Reykjavík. Þetta hef ég áður sagt, virðulegi forseti, og ég vek athygli á þessu aftur í dag.

Þessi hópur, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Ferðafélag Íslands, Íslenski alpaklúbburinn, Útivist, Jöklarannsóknafélag Íslands, Skotveiðifélag Íslands, Landssamband ísl. vélsleðamanna, Ferðaklúbburinn 4x4 og stangaveiðifélagið Ármenn hélt fund á Hótel Borg í gær. Húsfyllir var á þeim fundi og færri komust að en vildu, þrátt fyrir að sá fundur var ákveðinn seint kvöldinu áður og lítið tóm gafst til að ná til félaga í þessum hópum öðruvísi en með beinni auglýsingu að vekja athygli á fundinum. Þrátt fyrir þennan skamma tíma og þrátt fyrir að ekki vannst tími til að senda bréf til félaganna um að þarna væri mikilvægur fundur á ferð var húsfyllir á Hótel Borg. Líka þar var ákall til okkar allra, ekki bara forsrh. heldur þingmanna allra sem hér eru að störfum. Sérstakri áskorun var beint til þeirra fulltrúa stjórnarflokkanna sem sátu fundinn en þar voru þrír fulltrúar stjórnarliðanna, einn frá Framsfl. og tveir frá Sjálfstfl., að staldra nú við og hlusta á raddir þeirra sem biðja um lengri frest. Ég vek athygli á því að það sem menn eru að biðja um er meiri skoðun, lengri frestur vegna þess að menn vilja fá að taka þátt í umfjöllun og umræðu um hvað þarna er að gerast.

Margt athyglisvert kom fram á þessum fundi. Ég ætla ekki að freista þess að gera honum mikil skil, virðulegi forseti. En þarna voru haldin erindi fjögurra virtra einstaklinga sem getið hafa sér orðstír á mörgum sviðum, ekki síst fyrir það hvernig þeir vilja vinna að málefnum hálendisins. Þeir voru Steinunn Jóhannesdóttir, Trausti Valsson, Guðmundur Sigvaldason og Haukur Jóhannesson. Þetta fólk flutti skeleggar ræður og færði góð rök fyrir máli sínum og þeim

málflutningi að staldra við og að stjórnvöld virtu þann vilja sem kæmi fram í svo stórum hópum að leiða þetta stóra mál ekki til lykta nú í vor í ágreiningi.

Ef ég reyni örlítið að staldra við þau skilaboð sem komu án þess að reyna að gera þessum fundi ítarleg skil, þá voru skilaboðin þau að fólk vill meiri tíma. Það vill ekki hroðvirknislega flýtimeðferð á svo stóru og þýðingarmiklu máli. Það leggur áherslu á — og kom það fram í máli annarra sem tóku til máls, það voru nefnilega mjög margir sem tóku til máls á þessum fundi og settu sjónarmið fram sem ég er að geta hér í stuttri yfirferð — vandaða meðferð, að flestir afréttir séu einskis manns land og að þjóðlendufrv. forsrh. er ásættanlegt þótt það sé ekki algott. En það er mjög slæmt að mati þessara aðila að sveitarstjórnarfrv. með uppskiptingu miðhálendisins í sveitarfélög upp til jökla og frv. iðnrh. um auðlindir í jörðu skuli spyrt við þjóðlendufrv., sem svo ágæt sátt er um, þannig að ekki er nokkru hreyft öðruvísi en með þessari illu leið.

Það kom fram á þessum fundi að Laugavegurinn frægi, þessi vinsæla gönguleið yfir miðhálendi Íslands, væri e.t.v. ekki til ef búið hefði verið að skipta landinu upp í sveitarfélagaræmur áður en hún kom til og varð þessi þjóðbraut hálendisins. Það var líka bent á að bitist er um fasteignagjöld á hálendinu af sveitarfélögum og þarna var nefnt sem dæmi skáli Ferðafélags Íslands í Hrafntinnuskeri.

Menn biðja um að málinu verði frestað, það rætt og opin umræða verði meðal almennings og e.t.v. skoðanakönnun.

Það sem kom fram á þessum fundi, virðulegi forseti, var athyglisvert. Ég hafði reyndar heyrt í útvarpinu áður að Valdimar nokkur, sem ég hygg að sé formaður Framsóknarfélagsins í Reykjavík, las ályktun fulltrúaráðs eða stjórnar framsóknarfélaganna í Reykjavík þar sem lýst var fullum stuðningi við afstöðu Ólafs Arnar Haraldssonar á Alþingi og afstöðu hans í þessu máli en eins og þeim sem fylgjast með er kunnugt, þá hefur hann lagst harkalega gegn þeirri leið sem sveitarstjórnarráðherrann, flokksbróðir hans, vill fara. Ég hlýt að spyrja hvort það geti verið að þessi ályktun stjórnar fulltrúaráðsfélaganna í Reykjavík hafi e.t.v. ekki borist félmrh., sveitarstjórnarráðherranum sem hér ber fram þetta mál í fullkominni óbilgirni skyldi maður ætla miðað við að stærstu félögin hér á þéttbýlissvæðinu í hans eigin flokki hafna þeirri leið sem hann kýs að fara.

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. félmrh. er hvort honum hafi borist þessi ályktun og hvort hún skipti hann engu máli. Þar með er ég ekki á nokkurn hátt að skipta mér af innanflokksmálum í Framsfl., hvorki í Reykjavík né nokkurs staðar annars staðar á landinu en vek athygli á því hversu athyglisvert þetta er.

Virðulegi forseti. Í lok þessa fundar í gær var borin upp þessi sama áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis, sú hin sama og þessi félög höfðu ritað til forsrh. Davíðs Oddssonar. Áskorunin var samþykkt og það voru eiginlega allir alþingismenn að sjálfsögðu sem þarna voru sem ekki tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þar sem þetta var ályktun til Alþingis þar sem þeir starfa en mér virtist sem allir aðrir greiddu þessari tillögu atkvæði sitt og hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Ég læt öðrum um að upplýsa hver þessi eini var.

Sú áskorun, sem þar var samþykkt samhljóða af minnst 200 manna fundi þessara níu samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga, hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Forsvarsmenn níu samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga hafa í dag sent herra Davíð Oddssyni forsrh. bréf þar sem farið er þess á leit við hann og ríkisstjórn hans að frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi um sveitarstjórnarmál verði ekki afgreidd sem lög frá þessu þingi. Er þar sérstaklega átt við þá grein er framlengir stjórnsýslu- og skipulagsvald sveitarfélaganna inn til hálendisins. Forsvarsmenn félaganna níu telja að meiri tíma þurfi til opinnar umræðu um þessi mál þannig að þjóðin öll, eigandi hálendisins, fái að láta í ljós skoðun sína. Verði ofangreint frv. samþykkt næstu daga mun það kalla á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar. Samrit bréfsins hefur verið sent öllum alþingismönnum."

Virðulegi forseti. Þetta var fundurinn í gær, þetta voru samtök níu útivistar- og náttúrufræðifélaga og fleiri eru það sem hafa samband við okkur þessa dagana til að brýna Alþingi að afgreiða ekki svona mál í ágreiningi.

Virðulegi forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni í gær þar sem ég hafði frætt alþingismenn um það með hvernig afréttirnar voru færðar undir sveitarfélögin árið 1971. Það var aldeilis ekki gert með einhverri skoðaðri, hugsaðri aðgerð stjórnvalda né með greinargerð stjórnvalda þar að lútandi heldur var þetta þingmannafrv. sem Björn Fr. Björnsson flutti. Ég ætla að vekja athygli þingmanna vegna þess að hér er verið að ræða þetta mál á fimmta degi hinn 5. maí á þessu vori að frv. Björns Fr. Björnssonar, sem hefur haft svo miklar afleiðingar inn í umræðu dagsins í dag, var tekið til umræðu 3. maí 1971 og það var afgeitt í efri deild og það var afgreitt frá efri deild 13. maí, tíu dögum síðar og það var tekið fyrir í neðri deild 15. maí og ekki rætt og gengið til afgreiðslu.

Þannig var farið með þetta mál 1971 og einhver mundi segja að ekki væru þetta góð eða fagleg vinnubrögðu, varla hefur verið unnt að senda slíkt mál víðtækt til umsagnar á þeim tíu dögum sem liðu frá því að frv. var tekið til umræðu í efri deild og þar til það var afgreitt þaðan. Ekki mundum við telja það fagleg vinnubrögð. En ég spyr: Ætli þau séu nokkuð faglegri hjá okkur í dag miðað við það sem hér er að gerast?

Virðulegi forseti. Í gær las ég framsöguræðu Björns Fr. Björnssonar — hún var ekki mjög löng — af því ég vildi ekki að það yrði sagt að ég hefði valið úr henni kafla sem hentaði að halda á lofti. En nú áður en ég ætla að greina frá viðbrögðum sem þetta mál fékk ætla ég að leyfa mér að taka út tvo kafla til að menn fái samhengi í málflutning minn.

Sá fyrri er þessi, og vitna ég nú til orða Björns Fr. Björnssonar:

„Ég hef fyrr á þessu þingi borið fram frv. um efni sem er þessu frv. nokkuð skylt. Það var á þá lund að sveitarfélög, sem eiga aðild að afrétti, annaðhvort afnotarétt eða eignarrétt, hefðu rétt til þess að leggja útsvör og aðstöðugjald á fyrirtæki og þá einstaklinga sem hefðu að staðaldri atvinnu á afréttarsvæðum og ættu þar sínar bækistöðvar. Það kom í ljós þegar frv. til laga kom fram hér á þingi um tekjustofna sveitarfélaga að það reyndist ekki nein leið til þess að koma ákvæði af því tagi sem í efni þessa frv. míns er inn í ramma frv., og af þeirri sök og þeirri sök einni hef ég leyft mér að bera fram frv. það sem liggur hér fyrir til umræðu."

Ég vek aftur athygli alþingismanna á því hver orsök frumvarpsflutningsins var, nefnilega vilji þingmannsins til þess að sveitarfélög gætu lagt útsvör og aðstöðugjald á fyrirtæki og einstaklinga sem hefðu atvinnu á afréttarsvæðum. Þetta er, eins og síðar kemur í ljós, vegna þess að þarna eru stórfelldar virkjunarframkvæmdir í aðsigi.

Full ástæða er til að vekja athygli á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að menn hafa viljað blása því til hliðar þegar sumir þingmenn hafa haldið því til haga að það geti valdið deilum m.a. um gjaldtöku þegar búið verður að skipta hálendinu upp í öll þessi sveitarfélög og sveitarfélagaræmur, eins og þær verða eðlilega þegar búið er að framlengja sveitarfélögin upp á jökla.

En, virðulegi forseti, ég ætla að leyfa mér að vísa aftur í ræðuna:

„Þá má líka geta þess að stórfelldar framkvæmdir eiga sér stað og hafa átt sér stað um skeið á afréttarlöndum uppi. Þar á ég við stórvirkjanir og undirbúning að stórvirkjunum. Þar hafa verktakar og fyrirtæki þeirra haft bækistöðvar um langa hríð og þar hefur starfað fjöldi manna langtímum saman á hverju ári ...“

Það blandast engum hugur um það sem skoðar umræðuna frá 1971 þegar tekin var ákvörðun um það að, eins og segir í efnisgreininni sem Björn Fr. Björnsson flutti, afréttarsvæði sem hefur ekki þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skuli teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- eða afnotarétt, að orsökin fyrir því var viljinn til að sveitarfélög gætu innheimt skatta og gjöld af þeim framkvæmdum sem voru á döfinni á hálendinu. Ég vek athygli á því að þessi frumvarpsgrein var ekki um það að mörkum sveitarfélaga skuli breyta og verða svo sem hér segir eins og þá hefði verið skilgreint. Enda vek ég athygli á því að allar götur síðan hefur í lögum um sveitarstjórnarmál verið grein sem segir:

„Byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög ...“ Og það er, eins og ég segi stundum, punctum saliens, byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög en afréttunum var þarna skipað til sveitarfélaga með þessari hugsun.

Virðulegi forseti. Ég get ekki farið yfir þessa umræðu frá 1971 ööruvísi en að greina frá hver viðbrögð urðu við henni. Eins og ég sagði í gær þá var það einn hv. alþingismaður sem brást við þessu frv. og það var hv. þm. Jón Ármann Héðinsson. Ég ætla að leyfa mér að vísa í svarræðu hans. Hann segir:

„Þótt hér sé ekki langt frv., þá er sannarlega hreyft hér mikilsverðu máli, því að hér er við mikið vandamál að etja, eins og frummælandi benti á. Ég verð nú að segja það að þar sem málið er eins viðkvæmt og flestir vita, þá finnst mér það nokkuð seint fram komið,“ — þarna er vísað til þess að umræðan er 3. maí. Frv. var afgreitt tíu dögum síðar — „því að jafnvel þótt sumir í samtökum sveitarstjórnarmanna séu þessu sammála, þá er lausnin ekki auðveld. Við í Alþfl. lögðum fram þáltill. á þessu þingi og höfum gert það áður, og reyndar var það einn maður að því er mig minnir frá Sjálfstfl., Ásberg Sigurðsson, sem lagði á síðasta þingi líka fram þáltill. um að skora á ríkisstjórn að hefjast handa og fá hæfa menn til að semja löggjöf um afréttir og óbyggðir og eignar- og afnotarétt viðkomandi sveitarfélaga og ríkisins sjálfs. Þetta er mikið mál og ég held að þetta sé það mikið mál að eitt svona frv., þó að því fylgi góður hugur, bæði frummælenda og okkar hinna hér í deildinni geti varla leyst það svona skyndilega.

Það kemur fram í 1. gr. frv. að ef eigi eru aðilar sammála, þá skuli sýslunefnd skera úr. Frummælandi tók fram að hann sæi ekki aðra lausn betri. Ég er ekki löglærður maður en mér dettur í hug að ekki væri úr vegi að Hæstiréttur mundi þá skipa sérstakan mann því að vissulega gæti í sýslunefndum verið deilt innbyrðis af fulltrúum hreppanna. Slíks eru dæmi áður fyrr hér á Íslandi þannig að það eitt gæti valdið mikilli togstreitu innan sýslunnar. Undir þau orð flm. vil ég taka að tímabært er að skipa þessu svæði sess í sveitarstjórnarlögum og í stjórnarskránni, og einmitt vegna þess að í dag eru tímamót í sögu sveitarstjórnarmála, það eru 100 ára tímamót, þá er verðugt að taka þessi mál, sem eru erfið og viðkvæm, til meðferðar. En nú vill svo til að flm. þessa frv. er frsm. allshn. í sameinuðu þingi, er hefur sent frá sér meirihlutanál. um þáltill. okkar alþýðuflokksmanna, og sjá þeir ekki ástæðu til að vísa henni einu sinni til ríkisstjórnar heldur vísa henni frá, og þykir mér það lélegt þar sem málið er stórmál og þarf að taka föstum tökum. Það er óhjákvæmilegt og það verður ekki undan því ekist. Jafnvel þó að sérstakt mál sé fyrir dómstólunum um eignarréttaraðild ríkisins að vissu landsvæði, sem á að nota til virkjunar núna, þá er ekki hægt annað en skoða þessi mál öll sem eina heild.“

Virðulegi forseti. Ég tek vissulega eftir því að sveitarstjórnarráðherrann hefur ekki mikinn áhuga á að hlýða á hvernig þau mál urðu til sem hann hefur beitt fyrir sig í málflutningi með því frv. sem hann hefur verið að mæla fyrir og vill keyra í gegn. (**Gripið fram í:** ... tíma til að kalla á ráðherrann.) Ég ætla að vekja athygli þingheims á því að ráðherrann hefur ekki áhuga á að fylgjast með hvernig þessi mál skipuðust á sínum tíma sem hann hefur gefið til kynna að hafi verið algjör útvíkkun sveitarfélaganna nærri því upp til jökla. Og það er hans og virðing hans, ég ætla ekki að kalla hann til.

Virðulegi forseti. Ég held áfram með tilvitnun í svarræðuna, þessa einu svarræðu sem flutt var á Alþingi Íslendinga.

Hann vísar til þess að: „... flm. þessa frv. er frsm. allshn. í sameinuðu þingi, er hefur sent frá sér meirihlutanál. um þáltill. okkar alþýðflokksmanna og sjá þeir ekki ástæðu til að vísa henni einu sinni til ríkisstjórnar, heldur vísa henni frá, og þykir mér það lélegt, þar sem málið er stórmál og þarf að taka föstum tökum. Það er óhjákvæmilegt, og það verður ekki undan því ekist. Jafnvel þó að sérstakt mál sé fyrir dómstólunum um eignarréttaraðild ríkisins að vissu landsvæði, sem á að nota til virkjunar núna, þá er ekki hægt annað en skoða þessi mál öll sem eina heild. Það verður margra ára barátta ef á að dómtaka hvert mál og bíða eftir niðurstöðu þar sem ágreiningur er um afréttarsvæði og nytjar þeirra.“

Og innskot frá þeirri er hér stendur, ég vek athygli á að þetta er 1971, fyrir 27 árum, og ég vek athygli á því hver þróunin hefur verið síðan og hversu veik við höfum verið í öllum málefnum miðhálendisins þar sem fyrst nú er tekið á eignarréttinum í frv. forsrh. og við erum í þessari vandasömu stöðu í dag.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vísa áfram til ræðunnar:

„Við í Alþfl. ætlumst alls ekki til þess að nytjar bænda séu dregnar frá þeim og þeirra réttur sé rýrður, alls ekki, en við viljum hafa það á hreinu hvernig um slíkan rétt er, hver á landið og hverjum ber þá skylda til að varðveita það og fara um það höndum á réttan og viðeigandi hátt, svo að það eyðist ekki. Menn líta á þessi landsvæði eins og frummælandi sagði, sumir jafnvel sem sína eign í gegnum afnotarétt, og það út af fyrir sig er eðlilegt. En fyrir alla framtíð er það best fyrir viðkomandi notendur að hafa sinn rétt tryggðan og skjalfestan og eins fyrir ríkið, sem þarf á þessu landi að halda í sambandi við stórvirkjanir. Fyrir allan landslýð er líka nauðsynlegt að hafa allt á hreinu, hvað þarf að borga fyrir réttinn og með hvaða hætti er hægt að tryggja hann til almannaþarfa í landinu, þá vonandi einnig fyrir þá

sem hafa haft nytjar af þessu svæði áður. Sum þessara svæða eru óbyggðir sem hafa gildi núna vegna stórframkvæmda og breytinga á vatnsföllum og hugsanlega meira að segja vegna gróðurmyndunar í kjölfar gróðursetningar sem kostuð er af ríkinu. Hér er því stórmál á ferðinni sem er varla hægt að vísa frá. Þó að menn séu ekki sammála um vissa upptalningu sem á að athuga, þá er málið það viðamikið að ekki er annað hægt en Alþingi taki afstöðu til þess svo að þetta verði leyst og setji hæfa menn í það að finna þessu rétta og sanngjarna löggjöf.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég tel hæpið að við getum afgreitt þetta frv. héðan af, af því að það kemur svo seint fram, en vissulega hefði verið æskilegt að deildin hefði fengið þessi mál fyrr til athugunar og getað leitað umsagnar víða og reynt að kanna hversu mjög hugur manna stefnir í þá átt að fá þetta á hreint með umsögn víða að af landinu því að ekki getum við reiknað með að þetta sé aðeins á tilteknu svæði hér sunnan lands. Það hafa fallið dómar um mál norðan heiða og e.t.v. eru víða átök þó að þau séu ekki komin fyrir dómstólana.

Herra forseti. Ég tók aðeins til máls vegna þess að hér er í sjálfu sér hreyft mikilvægu máli þó frv. sé ekki stórt í sniðum, en ég vona að flm. skilji það að ég vil að málið fái víðtæka athugun því að það er í eðli sínu stórmál."

Virðulegi forseti. Þarna rataðist þingmanninum satt orð á munn vegna þess að þetta litla frv. átti eftir að hafa víðtækar afleiðingar þó ekki fengi það þá umfjöllun á Alþingi sem alþingismaðurinn kallaði eftir.

Viðbrögð flutningsmanns frv. voru þessi, virðulegi forseti:

„Það er alveg hárrétt hjá síðasta ræðumanni að fyrir sameinuðu þingi liggur till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign ásamt margs konar réttindum öðrum. En eins og ég sagði í framsöguræðu minni tel ég alls ekki rétt í sambandi við þetta mál að vera að ræða um eignarrétt á afréttarsvæðum. ... En það mál sem hér er til umræðu fjallar aðeins um það hver aðili eigi að hafa sveitarstjórn á hendi á þessum svæðum. ... Ríkið getur átt eignir í hvaða sveitarfélagi sem er og einstaklingar líka, ... En ég gerðist svo djarfur að álíta að þetta mál væri þess eðlis að það væri fljótlegt að fá umsögn aðila sem gerst til þekkja svona mála þannig að hægt væri að samþykkja það og koma því frá á þessu þingi."

Og það gerðist, virðulegi forseti, á tíu dögum. Ég geri mér alveg grein fyrir því miðað við umræðuna hér, þó að þarna væri einn maður sem flytti málið og einn maður sem gripi til andsvara og vekti athygli á því að fyrir sameinuðu Alþingi lægi þáltill. um að skipa miðhálendið þjóðareign og að það skyldi hafa eina og sérstaka stjórn, að því var vísað frá eins og ekkert væri og eitt lítið frv. af þessum toga var samþykkt á þinginu eftir enga umræðu og væntanlega mjög takmarkaða umfjöllun í nefnd.

Þetta litla frv. hefur haft þær afleiðingar sem ég þarf ekki að lýsa fyrir þingmönnum. Þeir þekkja það eftir fjögurra daga umræðu á Alþingi. En það er alveg ljóst í hugum manna nú að það eina sem fékk flutningsmanninn til að flytja þetta frv. var að áður var búið að hafna frv. frá honum um að sveitarfélögin fengju að leggja útsvör og fasteignagjöld á þau fyrirtæki og einstaklinga sem voru að vinna á hálendinu og eftir því sem helst verður skilið, við virkjanir. Þess vegna og aðeins þess vegna flytur hann þetta frv., til að reyna að tryggja yfirráð á afréttunum til að freista þess að þessi gjaldtaka leyfðist sveitarfélögunum.

Virðulegi forseti. Það er ótrúlegt að hugsa um það hvað gerðist í kjölfarið þessarar tillögu, að á sama tíma og menn, strax þarna, töluðu um nauðsyn þess að skipa eignarmálum á hálendinu, skipa nefnd og láta það vera stóra málið á því þingi sem ég hef þarna lýst, nefnd fagmanna til að skoða og byrja að skoða eignarmálin til þess að hægt væri að leiða þau til lykta samhliða því að skoða hvernig öðruvísi skyldi með önnur mál farið, þ.e. að við skulum fyrst vera að þessu nú 27 árum síðar. Ég minni enn á að nokkuð víðtæk sátt er um frv. forsrh. um þjóðlendur og það hversu góð vinnubrögð það væru hjá Alþingi Íslendinga að ganga frá því frv. og taka dýpri umræðu og reyna að leiða til lykta hvernig best skuli farið stjórnsýslulega með miðhálendið þannig að allir landsmenn uni við, virðulegi forseti, ekki bara dreifbýlið, ekki bara aðliggjandi sveitarfélög, ekki bara þéttbýlið heldur allir landsmenn sem eiga þessa auðlind saman.

Það er mjög slæmt að tilraun hefur verið gerð til þess að ota ólíkum sjónarmiðum í þessum sal saman undir þeim formerkjum að gagnrýni á þá tillögu sem hér er uppi sé gagnrýni og vantraust á sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Ég ætla að endurtaka það sem ég hef áður sagt: Það er rangt. Þetta er spurning um skoðun á því hvernig skuli fara með sameiginlegt svæði sem á eftir að nýta margvíslega og sem þarf að tryggja að verði sem best sátt um og allar ákvarðanir verði teknar þannig að ekki sé ágreiningur um þær.

Virðulegi forseti. Nú hefði ég kosið að hæstv. félmrh. gengi í salinn vegna þess að frá þeim tíma sem þetta litla frv., sem ég var að byrja að gera að umtalsefni þegar ég lauk máli mínu í gær og hef haldið áfram umfjöllun um í morgun, skipaði afréttum til sveitarfélaga hafa miklar deilur verið um allt landið og alls ekki verið sátt um það, bæði hver hafi heimild til að veita leyfi, við skulum segja útivistarhópum eða öðrum hópum sem hafa freistað þess að byggja skála. Ég tek það sérstaklega fram að ekkert okkar sem vill að miðhálendið sé eitt stjórnsýslusvæði er á nokkurn hátt að verja það að í áratugi skuli hálendið hafa verið fremur stjórnlaust og að þar hafi í tímans rás risið margar byggingar sem e.t.v. hefðu ekki átt að rísa þar eða kannski með takmörkuðum leyfum. En ég ætla að benda á að hin síðari ár hefur verið reynt að gera þetta eins og hjá síðuðum þjóðum, leita eftir því hverjir hafi hugsanlega umráðarétt og hverjir geti hugsanlega veitt byggingarrétt. Um slík mál hafa orðið miklar deilur.

Ég minnist þess í fljótu bragði að Útivist byggði skála á Fimmvörðuhálsi eða a.m.k. á þeirri leið þar sem farið er yfir Fimmvörðuháls og miklar deilur urðu um það hvor hreppanna hefði átt að heimila bygginguna og hvort sá sem heimilaði hana hefði haft til þess rétt eða hvort annar hreppur sem lá að hefði átt einmitt þetta svæði og deilurnar voru væntanlega m.a. um gjaldtöku fyrir skálann.

Ég hlýt líka að minna á, þegar ég rifja upp deilur um skipulagningu og byggingarmál á hálendinu og árekstra sem hafa verið og munu væntanlega verða ef þetta frv. sveitarstjórnarráðherrans verður að lögum, vegna árekstra milli áforma sveitarstjórnanna sjálfra og hefða sem t.d. félagasamtök telja sig hafa, að við höfum þegar dæmi um slíka árekstra í kjördæmi sveitarstjórnarráðherrans. Ég þekki ekki nægilega vel til að vita hvort Svínavatnshreppur sem slíkur er hreppur ráðherrans líka enda læt ég það liggja á milli hluta. Þar hafa verið miklar deilur, fyrst um það hvort Svínavatnshreppur hefði heimild til að skipuleggja á Hveravöllum

og ákveða hvernig byggt verði upp þar og síðar um það hvort Ferðafélag Íslands sem þar hefur verið með skála ætti einhvern rétt á svæðinu í skjóli hefðar eða liðinnar reynslu.

Að ég tali nú ekki um þær deilur sem hafa komið upp í sveitarfélögum vegna virkjana. Þær hafa kannski ekki aðallega verið vegna þess sem frv. litla, sem ég var kynna þingheimi, boðaði, þ.e. að heimild fengist til að leggja útsvör og skatta á einstaklinga og fyrirtæki sem mundu starfa á hálendinu, heldur miklu fremur vegna þess sem snúið hefur að eignarréttarmálum og því hvaða bætur skuli koma fyrir land sem fer undir vatn. Ekki síst hafa slíkar deilur orðið í kjördæmi ráðherrans þannig að ég þarf auðvitað ekki að draga það fram hér. Það þekkja allir. En þær hafa orðið víðar. Og það sem við, sem erum andstæðingar þess að sveitarfélögin verði framlengd upp á jökla, höfum m.a. bent á, er að líka þegar kemur að þeim framkvæmdum sem ríkisvaldið mun hafa á sinni könnu, þá er miklu farsælla að það sé á svæði sem ríkisvaldið sjálft hefur stjórnsýslu á.

Þegar kemur að því að ákveða hvar þjóðgarðar skuli vera þá er miklu farsælla að það mál sé leitt til lykta á svæði sem ríkisvaldið sjálft hefur stjórnsýslu á. Þetta eigum við eftir í ríkum mæli þó að samvinnunefnd um svæðisskipulag sé búin að vinna ákveðið svæðisskipulag. Komandi ríkisstjórnir eiga eftir að taka miklar ákvarðanir og mikil hætta er á því að miklir árekstrar eigi eftir að verða vegna þessarar uppskiptu stjórnsýslu.

Virðulegi forseti. Hv. fyrrv. þm. Jón Ármann Héðinsson vísaði til þess að Alþfl. hefði verið með tillögu fyrir sameinuðu Alþingi sem var vísað frá á sama tíma og þetta litla frv. um afréttirnar rann í gegnum þingið á tíu dögum. Og vegna umræðu sem hefur aftur og aftur komið upp ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að fjalla í örfáum orðum um þær tillögur sem Alþfl. flutti um hálendið, máli okkar jafnaðarmanna til stuðnings, enda hefur það verið grundvallaratriði í stefnuskrá okkar í áratugi að landið skuli vera þjóðareign og að lagasetning skuli byggð á því.

Árið 1970 lagði Bragi Sigurjónsson fram till. til þál. um að Alþingi leggi fyrir ríkisstjórnina að láta sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu. Við samningu frv. skuli verða athugað, og því er lýst í mörgum liðum, hvernig þar skuli lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, hvernig skuli fara með not afrétta, hvernig skuli fara með veiði- og fiskiræktarrétt, hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkisins og réttinda annarra, hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita, hver verðmæti í jörðu á landi eða landgrunni er finnist fyrir atbeina ríkisins skuli teljast ríkiseign og hver takmörk náttúruvernd skuli sett.

Þetta var árið 1970, virðulegi forseti, og það er núna 1998, 28 árum síðar, sem loksins er verið að leiða þessi mál farsællega til lykta með þjóðlendufrv. en í þessum mikla ágreiningi í frv. sveitarstjórnarráðherrans.

Strax árið 1971 fluttu þingmenn Alþfl. saman sömu till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign. Tillögugreinin er hin sama og áfram eru greinar tillögunnar um sömu efni og ég hef greint frá.

Á þinginu 1972–1973 settu þingmenn Alþfl. fram tillögu af sama toga en mun beittari. Það er till. til þál. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum, og að hún láti sérfróða menn semja frv. o.s.frv. Og þá eru komin tvö ný atriði inn í upptalningu á því sem verði að skoða. Annað er að allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til þess að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign. Hitt ákvæðið er að kveðið skuli á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum. Það var mikil framsýni í þessum tillögum jafnaðarmanna. Þessi tillaga var 1972–1973.

Virðulegi forseti. Það er sama tillaga sem enn er lögð fyrir þingið þingveturinn 1973–1974. Ekkert gengur með að vekja alþingismenn til umhugsunar á þessum árum um hversu mikilvægt er að ganga frá þessum málum og aldrei komast þessi mál á þann rekspöl að þau leiði af sér ákvörðun, hvað þá heldur nefndarskipan.

Á árinu 1974–1975 er flutt ný tillaga af þingmönnum Alþfl. Hún er öðruvísi en hinar og hún er aðeins flutt í eitt ár. Nú hefur átt að reyna að freista þess að ná frekari samstöðu. Sú ályktun hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að allt land verði alþjóðareign, eign ríkis eða sveitarfélaga en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi. Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á um hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir."

Þessi tillaga var aðeins flutt einu sinni, virðulegi forseti, og á þinginu 1975–1976 er aftur flutt tillaga um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Tillögugreinin er hin sama og nú eru undirliðirnir fjórir. Ég ætla að vekja athygli á 2. lið en hann orðast svo:

„Sú grundvallarregla verði mörkuð að landið allt eins og miðin umhverfis það sé sameign þjóðarinnar allrar."

Ég ætla líka að vekja athygli þingmanna á því að þetta var áður en menn létu sér detta það í hug að miðin öll gætu hætt að vera sameign þjóðarinnar allrar. Sömu ákvæði eru í hinum þremur undirgreinum tillögunnar og í þeim fyrri sem ég hef hér rakið.

Enn er flutt mál á þinginu 1976–1977. Nú bregða menn á nýtt ráð. Það er alveg greinilegt að tilraunin með till. til þál. til að reyna að fá þingið allt til að standa saman að því að ákvarða hvað af landinu skuli vera þjóðareign og hvað ekki gekk ekki upp. Engin leið er á þessum árum frá árinu 1970–1976 að vekja þingmenn með þeim hætti að slík þáltill. sé samþykkt og hefðum við þá fyrr staðið í þeim sporum að ganga frá þessum málum sem hér eru enn ófrágengin í dag. En árið 1976 freista Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson, hv. þm. Alþfl., þess að flytja frv. til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Virðulegi forseti. Ég ætla að lesa 1. gr. þess, hún hljóðar svo:

„Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum."

Enn á ný freista þeir þess að fara í frumvarpsformi inn á það hvernig skuli fara með umráðarétt eigna, hvernig skuli fara með heimildir bænda varðandi bújarðir sínar, skyldur ríkisins við að kaupa bújarðir af bændum, að ár og vötn eru sameign þjóðarinnar svo sem önnur gögn og gæði landsins,

þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. En það er líka rætt um rétt jarðeiganda til að virkja til eigin nota eins og þar segir.

Virðulegi forseti. Þó fróðlegt væri, þá ætla ég ekki að þreyta þingmenn með því að lesa greinar frv. en ég ætla að benda á tvennt. Ég ætla að benda á að í greinargerð vísa þessir alþingismenn til þess að haldin hafi verið fjölmenn ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um búsetu mannsins á jörðinni er nefnist Habitat og hafi verið haldin í Vancouver í Kanada og vísa til þess sem þar er fjallað um, þ.e. um landið, og segja að athyglisvert sé fyrir íslenska þjóð að kynnast efni þess sáttmála og segja að ráðstefnan hafi verið einróma sammála um stefnu varðandi landið sem er mjög í sama anda og tillögur Alþfl. um eignarrétt á landi, gögnum þess og gæðum. Þeir benda á inngangsorð ráðstefnunnar, félagslegt réttlæti, endurnýjun byggða og framþróun sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins náist því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar.

Þeir benda á samþykktir þessarar Habitat-ráðstefnu sem við erum að vísa til enn þann dag í dag. Við erum að senda þingmenn til þátttöku á Habitat-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og við erum að taka þessi ákvæði inn í okkar lög að því marki sem við getum. Ég ætla að benda á tvö atriði af þeim fimm sem þeir taka til í ákvæðum Habitat-ráðstefnunnar.

Sú fyrri er að landið er takmörkuð auðlind og meðferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar. Hin síðari er að eignarréttarformi liðins tíma ber að breyta til samræmis við síbreytilegar þarfir þjóðfélagsins svo það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni.

Virðulegi forseti. Þetta var tilvísun á þinginu 1975–1976 í Habitat-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem við alþingismenn virðum svo mjög, sendum þingmenn þangað til þátttöku og teljum að hún sé brautryðjandi í að hvetja þjóðir heims til að fara vel með auðlindir sínar.

Virðulegi forseti. Á þinginu 1977–1978 flytja þingmenn sömu tillöguna og eftir það freista þeir þess að flytja aðskilin frv. á Alþingi. Nú er áratug lokið þar sem búið er að flytja á hverju einasta þingi þáltill. eða frv. um hvernig skuli skipa málum á miðhálendinu og að landið sé þjóðareign og hvernig skuli leitast við að skipa málum farsællega til framtíðar.

Nú kom kafli tímabils þar sem freistað var að flytja aðskildar tillögur, sérstök frv. um auðlindir í jörðu, sérstök frv. *um ákveðin svæði o.s.frv.* Þá sögðu menn: Við verðum að reyna að ná því fram að landið er þjóðareign með því að flytja fjölda frv. og tillagna sem í raun og veru með samþykkt sinni mundu skapa það sama.

Það er síðan umhvrh. Eiður Guðnason sem flytur frv. til skipulags- og byggingarmála á Alþingi Íslendinga 1991–1992. Þar segir í 1. gr.:

„Miðhálendi Íslands er sérstakt umdæmi að því er tekur til skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarmála samkvæmt byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, en með þeim frávikum sem greinir í þessum lögum."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara nánar inn á það frv. en get 1. gr. þess þar sem það sem skiptir máli í umræðu okkar hér kemur fram.

Virðulegi forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að ég vel að vísa í þetta frv. sem umhvrh. Eiður Guðnason flutti. Því hefur verið haldið fram í umræðunni, t.d. hér og nokkrum sinnum áður, að umræðan hafi verið eins og það sé Alþfl. sem eigi upphaf að því að hálendinu sé skipt á milli sveitarfélaganna — sem er rangt. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók þetta mál fyrir í afar ítarlegri og góðri ræðu sinni á Alþingi. Þar var hann m.a. að svara Hjörleifi Guttormssyni, og ætla ég ekki að leggja mat á orðaskipti þeirra að öðru leyti en því að hann vísar eins og segir, með leyfi forseta, í umsögn umhvn. á frv. *sem þeir höfðu tekist á um:* „Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum." Hann segir enn fremur þegar hann er að vísa til þingmannsins þegar hann ræðir um viðkomandi nál. að þingmaðurinn hafi, með leyfi forseta, sagt eftirfarandi:

„Einnig tek ég mjög eindregið undir það að spurningin um eignar- og umráðarétt á hálendinu er málefni sem tengist þessu. Það var skýrt af málsmeðferð í nefndinni og viðræðum við þá lögfræðinga sem rætt var við að mjög æskilegt er, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að tillaga þar að lútandi komi fram og verði afgreidd á Alþingi hið fyrsta."

Af þessu dró fyrrv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson þrjár ályktanir, að gerður væri skýr greinarmunur á eignar- og umráðarétti, að þingmaðurinn sem vísað var til teldi að það vantaði stefnu um umráðaréttinn sem væri helsta bitbeinið í umræðunni og kallað væri eftir slíkri stefnu og í þriðja lagi að engin stefna fælist í frv. um umráðarétt og stjórnsýslu á miðhálendinu og fráleitt að halda því fram í dag að vegna aðildar Alþfl. að frv. sé hægt að halda því fram að við berum ábyrgð á því að staðarmörk sveitarfélaga verði framlengd inn á miðhálendið núna.

Ég ætla að taka undir þessi orð, virðulegi forseti, og vekja á þeim athygli. Hins vegar er það mín skoðun alveg óháð því hvort sem það hefði verið Alþfl. eða einhver annar og það væri hægt að færa fyrir því rök að þarna hefði verið opnað á eitthvað það sem síðar gerðist sem ég er ósammála. Ég er algerlega ósammála því að samvinnunefnd um svæðisskipulag hafi fengið einhverja þá forskrift að hún hafi talið eða getað talið að það væri vilji Alþingis að framlengja sveitarfélög upp til jökla. En jafnvel þó það hefði verið, þá hefði það verið í hæsta máta eðlilegt að Alþingi Íslendinga nú hefði á því skoðun að skipa máli með þeim hætti sem réttast er gagnvart öllum þegnunum í þéttbýli og dreifbýli.

Ég harma það, virðulegi forseti, að í þessari umræðu hefur verið gerð ítrekuð tilraun til þess að láta líta svo út að þeir sem vilja að miðhálendið sé ein skipulags- og stjórnsýsluleg heild séu óvinir byggðarlaganna í kringum miðhálendi Íslands. Þetta er rangt. Þau skilaboð, hafi þau borist því fólki sem þar býr, eru röng.

Virðulegi forseti. Ég er komin að lokum ræðu minnar. Og þó mér liggi margt enn þá á hjarta varðandi þetta mál þá mun ég koma að því við 3. umr. Það sem hér er að gerast, verði þetta frv. gert að lögum, þrátt fyrir þau hörðu viðbrögð sem það hefur mætt, er eitthvað sem verður erfitt að taka til baka. Það er hægt að afstýra því núna að landinu verði skipt upp á milli sveitarfélaga en það er mitt mat að það verði illmögulegt eða óframkvæmanlegt að gera breytingar á slíkri löggjöf þegar hún er orðin. Með þessu er verið að búa til ramma utan um tillögurnar um skipulag á hálendinu, sem samvinnunefndin hefur lagt fram. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því að ríkisvaldið byggir auðvitað ekkert uppi á hálendi án samþykkis sveitarfélaganna. Það verður ekkert skert á miðhálendinu án samþykkis sveitarfélaganna. Og það er hætta á hagsmunaárekstrum. Það er

hætta á hagsmunaárekstrum þegar fara á í framkvæmdir sem taka yfir fleiri sveitarfélög. Það er raunveruleiki sem er fyrir hendi sem ég þegar vísað á og get enn nefnt dæmi eins og vegarlagningu í Reykholtshreppi.

Stjórnarliðar hafa með málflutningi sínum sýnt að aðalatriðið, stóra málið er skipulagsmálin og það er ágreiningur um þann þátt. Lykilspurningin er hver fer með skipulags- og byggingarvaldið. Sú staðreynd hvernig ætti að skipa þeim málum lá ekki á borðinu þegar félmn. afgreiddi málið. Hún hefur komið fram síðar. Það er hins vegar alveg ljóst af orðum umhvrh. að það á eftir að breyta skipulagsfrv. sem er grundvöllur fyrir samkomulagi við þá stjórnarliða sem eru óánægðir, það á eftir að breyta því. Enginn veit í raun hvernig þessu máli verður skipað þegar það kemur hingað inn til þingsins í haust því að umræðan um frv., þó að það sé ekki á dagskrá, hefur sýnt að miklir veikleikar eru í skipulagsfrv.

Vegna þess hvaða viðbrögð hafa komið við því að miðhálendið verði sérstakt stjórnsýslu- og skipulagssvæði þá ætla ég að nefna önnur dæmi, þegar ég er komin að lokum máls míns: Þingvellir, Skaftafell, Jökulsárgljúfur með verndarsvæði. Þessi svæði lúta sérstakri stjórn þó meðferð þeirra sé hver með sínum hætti. Þingvellir eru undir þjóðgarðsstjórn, og við erum með frv. uppi á borðum okkar núna um hvernig þar skuli fara með. Skaftafell og Jökulsárgljúfur eru beint undir náttúruverndarlögum, bæði byggingar- og skipulagsmálin, og Hornstrandir eru friðland og fólkvangarnir eru teknir undan sveitarfélögum og settir undir samvinnunefndir.

Virðulegi forseti. Það er skoðun okkar jafnaðarmanna að réttlætisins sé best gætt ef stjórnsýsla miðhálendisins verður sett í hendur sérstakra landsnefndar. Þá geta allir, fulltrúar þéttbýlis sem dreifbýlis, komið að stjórn þess. Það er hin sanngjarna niðurstaða. Hún felur í sér að engum er úthýst, hún gerir öll sjónarmið jafngild.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum minna á tillögu okkar jafnaðarmanna sem liggur fyrir þinginu og legg til við lok máls míns að tillaga okkar um að landið verði ein skipulags- og stjórnsýsluheild verði samþykkt á hv. Alþingi.

[11:37]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við síðustu alþingiskosningar ákváðu kjósendur þá flokkaskipan sem við búum við hér á Alþingi. Síðan mynduðu 40 þingmenn ríkisstjórn en 23 þingmenn skipuðu sér í raðir stjórnarandstæðinga.

Nú gerist það í þessu máli að þessir 23 þingmenn ætla sér að drepa mál fyrir 40 þingmönnum með málþófi. Umræðan hefur staðið í 22 1/2 tíma (**GE:** Hver er með málþóf?) og þar af hafa þessir 23 þingmenn talað í 19 klst. Afleiðingin er að hér eru kvöld- og næturfundir að óþörfu sem bitnar á fjölskyldum þingmanna og skyldi hv. þm. hjala meira um fjölskyldustefnu. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.)

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur slegið það vafasama met að hafa talað í 3 klukkutíma og þrjú korter og pínu betur. Hún hefur meira að segja lesið upp heila áratuga gamla framsöguræðu. Ég hef aldrei kynnst slíkum vinnubrögðum í fyrri störfum mínum og get ekki ímyndað mér að nokkur hafi skilning á þeim.

Ég minni á að við höfum afgreitt á hv. Alþingi lagabálka sem eru ekki síður afdrifaríkir, t.d. lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en þá þurfti stjórnarandstaðan lítið að tala af einhverjum ástæðum.

Herra forseti. Þetta háttalag stjórnarandstöðunnar tefur störf hv. Alþingis og er lítilsvirðing við kjósendur okkar og þingræðið.

[11:38]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. alþingismanni, þjóðin hefur kosið þingmenn á Alþingi. Og hópur þeirra hefur ákveðið að mynda ríkisstjórn og það gerist hverju sinni. Að þessu sinni var hópurinn nokkuð stór, meirihlutavaldið sterkt. Það er alveg ljóst og blandast engum hugur um það að í fyllingu tímans mun sá meiri hluti með atkvæðagreiðslu sinni ráða þessu máli eins og öðrum til lykta.

Það er hins vegar þannig að sum mál eru svo stór í eðli sínu og mönnum liggur svo mikið á hjarta í umræðunni um þau að það er eðlilegast hlutur í heimi að um þau fari fram ítarlega umræða. Ég er þeirrar skoðunar að 20–30 tímar í umræðu um svo stórt mál, sem fyrst nú er verulega að ná eyrum þjóðarinnar þannig að hún átti sig á hvað er að fara fram hér á Alþingi, sé sannarlega ekki langur tími. Mér finnst ekkert ótrúlegt að 20 tíma umræða eigi eftir að fara fram við 3. umr. Það fer bara eftir því hvað alþingismönnum liggur á hjarta. Þannig er það.

En það er hinn mikli meiri hluti sem ræður með sinni atkvæðagreiðslu í fyllingu tímans og það gera sér allir grein fyrir því að ekki þýðir að deila við valdið.

[11:40]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill munur á ítarlegri, gagnmerkri og málefnalegri umræðu, þar sem menn koma með ný rök og ný sjónarmið inn í dæmið. Hér hef ég hlustað á ræður aftur og aftur og það eru sömu rökin og sömu málin sem menn eru að tyggja upp aftur og aftur. Þetta er umræða sem skilar ekki neinu. Hún breytir engu um framgang þessa máls og gefur ekkert inn í umræðuna. Ég vil líka benda á það að þegar menn tala í þrjá klukkutíma og þrjú korter þá hefur enginn maður athygli til að fylgjast með slíku, ég vil segja kjaftæði.

[11:41]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú fremur undrandi á þessu orðbragði og ég hefði talið að ástæða væri fyrir hæstv. forseta að slá létt í bjöllu sína við þessi síðustu orð hv. alþingismanns. En að öðru leyti blanda ég mér ekki í fundarstjórn forseta.

Ég ætla ekkert að gera með það þó að þingmenn séu með palladóma um ræður hvers annars. Það skiptir mig afar litlu hvort hv. þm. Pétri H. Blöndal finnst ég flytja góða eða vonda ræðu. Ég vek athygli þingmanna á því að ég hef ekki verið að endurtaka nokkurn skapaðan hlut í minni löngu ræðu. Það sem ég hef verið að gera er að færa rök fyrir skoðun okkar jafnaðarmanna. Ég hef farið í gegnum forsendur, eins og ég sé þær, fyrir tillögu- og málflutningi stjórnarliða. Ég hef verið að leiðrétta það sem mér hefur fundist að væru rangar hugmyndir um stöðu afréttanna og sveitarfélagamarka. Og til þess að skýra það mál hef ég að sjálfsögðu vísað til ræðu þess þingmanns sem flutti það litla frumvarp.

Ég dáist að því og ég þakka þingmanninum fyrir það hvað hann er vandvirkur sem fulltrúi í félmn. að sitja hér í þessari löngu umræðu og hvet hann til þess að sitja yfir umræðunni til enda. Þessi umræða á eftir að verða mjög löng. Ég er alveg sannfærð um að sá fróðleikur sem mun berast honum, m.a. í

gegnum málflutning jafnaðarmanna, á eftir að verða honum mjög til góðs og þurftar í störfum hans á Alþingi Íslendinga. (**Gripið fram í:** ... gæti farið í háskólapróf.)

[11:43]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja það að hluti jafnaðarmanna, því miður, ástundar blekkingar í þessu máli, þyrlar upp pólitísku moldviðri, svo sem ritstjórinn góði sem lýsti því yfir að miðhálendinu hefði verið stolið. Þvílíkar rangfærslur. Þvílíkar árásir sem hér hafa verið fluttar á landsbyggðarmenn og eiga ekki við rök að styðjast en hvergi er komið að kjarna málsins.

Það liggur fyrir á þessari stundu að árið 1972, í fullri samstöðu bæði í efri og neðri deild, þar sem málið fór meira að segja umræðulaust í gegnum neðri deild, var — eins og segir, með leyfi forseta, í lögunum:

„Afréttarsvæði sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skal teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- og afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélaga eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli tilheyra sker félmrn. úr."

Þetta var gert 1972. Nú er verið að ljúga því að þjóðinni að það sé verið að skipta landinu upp í tertusneiðar. Þetta eru slíkar rangfærslur að vart er hægt að hlusta á það. Það sem liggur núna fyrir er að Alþingi Íslendinga er að segja að íslenska þjóðin, að allir Íslendingar eigi miðhálendið saman. Og það ætlar að halda sér við þá stefnu sem mörkuð var 1972 að afréttirnir og miðhálendið heyri undir sveitarfélög, en til viðbótar er hér verið að hleypa öllum kjördæmunum með fulltrúa sína að sem yfirnefnd að skipulagi. Fyrir utan hitt að við búum við Skipulagsstofnun, við búum við kærurétt.

Ég harma þann áróður sem Alþfl. hefur ástundað hér í garð landsbyggðarmanna. Ég er sár fyrir þeirra hönd því að þeim þykir vænt um höfuðborgarbúa og höfuðborgarbúar vita þeir hafa ekki verið hraktir af afréttum eða miðhálendi. Þeir eru velkomnir gestir á landsbyggðina og vinir hennar. (**GÁS:** Þingmaðurinn hefur farið á Hótel Borg í gærkvöldi.)

[11:45]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að þegar alþingismenn færu í andsvar þá væru þeir í andsvari við þann þingmann sem var að ljúka máli sínu en færu ekki að agnúast út í greinaskrif. Mér finnst líka frekar óviðfelldið þegar við tökumst á um sjónarmið og sá sem verður sár leyfir sér að nota orðið lygar.

Við höfum fjallað um það hvernig afréttir voru taldar til sveitarfélaga. Ég er búin að fara yfir það. Einnig hefur verið farið yfir, af fróðari mönnum en mér, það sem felst í því að í sveitarstjórnarlögunum í dag skuli standa að byggðin skiptist í sveitarfélög.

Enn á ný leyfa þingmenn sér, í rökþrota umræðu, að ráðast að ræðumanni, eins og þeirri er hér stendur, og tala um illan hug í garð landsbyggðar. Þetta er rangt. Hafi einhver flokkur lagt áherslu á að efla sveitarfélög, gera þau til þess bær að taka við verkefnum frá ríkinu, verða sjálfstæð og sett lög þessu til stuðnings, þá eru það jafnaðarmenn. Skoðun jafnaðarmanna er hins vegar að farsælla sé fyrir alla að miðhálendið lúti, skipulagslega og stjórnsýslulega, sérstakri stjórn sem taki tillit til allra, dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti.

[11:47]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er nú enginn venjulegur þingmaður. Hún stýrir þingflokki jafnaðarmanna og er þar formaður. Ég leyfi mér því að tala við hv. þm. sem foringja í þeirri hersveit sem hér hefur haft ýmis orð um sveitastjórnir á landsbyggðinni. Ég get farið í þær ræður sem fluttar hafa verið og rifjað upp þau ummæli sem höfð hafa verið um sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni. Þau eru því miður ekki fögur.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni að hún vildi beita sér fyrir því að afstýra að landinu verði skipt á milli sveitarfélaga. Þetta er nú sveitarstjórnarhugsjón hv. þm.

Ég var að vekja athygli á því að þetta hefði átt sér stað árið 1972 með samstöðu við Alþfl. hvað þá aðra. Ég vil einnig vekja athygli á nokkru sem hér hefur komið fram í þessum umræðum varðandi virkjanir. Menn fara ekki í virkjanir á miðhálendinu nema með sérstökum lögum í gegnum Alþingi. Þó að eitthvert sveitarfélag vilji þar fara í rask og rót þá hefur það ekki frelsi til þess.

Ég vil leggja áherslu á að menn reyni að komast út úr þessu moldroki og ræði hér kjarna málsins. Ég treysti hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, sem ég veit að er ágætur fyrrv. sveitarstjórnarmaður og hlynnt sveitarstjórnum, að reyna ekki að gera þetta mál að pólitísku róti í þjóðfélaginu með því að egna saman landsbyggð og höfuðborgarbúum. Við eigum þetta land saman.

Ég vil spyrja hv. þm.: Hverjir eiga að koma að því að stjórna og skipuleggja Reykjanessfólksvang? Hverjir eiga að koma að því að skipuleggja Bláfjöllin? Ekki erum við að gera kröfu um það landsbyggðarmenn. Ekki gerum við kröfu um að koma hér að Reykjavík, þar sem mörg sameiginleg verkefni eru.

Ég vek athygli á því að sáttin er slík í þessu máli að um leið og við segjum: Þjóðin á miðhálendið saman og sveitarfélögin fara með málefnin, þá getum við náð sátt í málinu og einstaklingar úr öllum kjördæmum þessa lands gætu komið að því máli. Það er vilji þingsins en ekki það moldrok sem hér hefur verið.

[11:49]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem formaður þingflokks jafnaðarmanna fullyrði ég hér að það er rangmæli að segja að ummæli félaga minna séu ófögur. Þeir hafa verið rökfastir í málflutningi fyrir sjónarmiðum sem við höfum borið fram.

Þingmaðurinn sagði að hér hefði verið afgreitt mál 1976 eða 1977 í samkomulagi. Ég vek athygli á því að ég var að enda við að fjalla um þær tillögur sem bornar voru fram alveg til 1978 af Alþfl., tillögur og frumvörp. Það er dálítið undarlegt ef þeir þingmenn sem sátu hér voru svo andvaralausir að þeir vissu ekki að þeir hefðu verið að skipa málum líkt og þingmaðurinn segir á sama tíma og þeir fluttu tillögur um land í þjóðareign og miðhálendið.

Virðulegi forseti. Ég vísa því til föðurhúsanna að við séum að skapa úlfúð á milli landsbyggðar og þéttbýlis. Við erum ekki að átelja landsbyggðina, síður en svo. Við erum að ræða það hvernig við viljum hafa stjórnsýsluna.

Og, virðulegi forseti, af því að ég þekki nokkuð vel til í huggulegum fólkvangi, sem auðvitað hefur allt aðra stöðu og er líkara því sem ég var að rekja hér áðan, þá hefur fyrir löngu verið horfið frá því að t.d. Kópavogur sé með einhverja

aðstöðu á sérstöku svæði í Drottningargili eða einhver annar í einhverju öðru gili. Þeir hafa afgreitt það frá sér, stjórnina á þessu svæði. Á þeim árum sem ég var í bæjarstjórn Kópavogs komst sérstök stjórn yfir þetta svæði. Hún ræður algjörlega allri staðsetningu, hvað þar er gert, og hefur unnið að því sem einni heild, öfugt við það sem áður var. Og það er í fullkomnu samræmi við þá skoðun sem ég er að setja fram hér.

[11:52]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nú hlýtt á ræðu hv. 5. þm. Reykn. að talsverðu leyti og m.a. niðurlag ræðu hennar. Ég geri síst athugasemdir við að þingmaðurinn flytji mál sitt og túlki skoðanir sínar þó að það taki tíma. Mér finnst það ofur eðlilegt að þeir sem hafi sérálit, nál., geri grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Það breytir ekki því að ég hef athugasemdir við ákveðna þætti í málflutningnum og tek eftir því að hv. þm. leggur mikið á sig til að reyna að sannfæra sjálfa sig og þingheim um að Alþfl. hafi ekki stefnt að þeirri skipan mála sem nú liggur fyrir sem grunnur í þessari umræðu. En útskýringar hv. þm. þar að lútandi breyta ekki neinu um þetta efni. Þetta efni liggur skjalfest fyrir, hvernig á þessum málum var haldið af ráðherrum Alþfl. og síðan hvernig gengið var frá í framhaldi af bráðabirgðaákvæði í skipulagslöggjöf sem var grunnurinn fyrir vinnu að skipulagi miðhálendisins en því var lokið vorið 1997. Í framhaldi af því skyldi sú vinna ganga inn í nýja skipulagslöggjöf sem var samþykkt samhljóða á Alþingi í fyrravor, án fyrirvara af hálfu Alþfl. Háttvirtur nefndarmaður þáv. situr einmitt undir þessari umræðu og getur vafalaust staðfest að enginn fyrirvari var við afgreiðslu skipulagslaganna sem skiptir hálendi Íslands á milli sveitarfélaga hvað varðar skipulags- og byggingarmál og skilur þar ekkert út undan.

Fólkvangar og friðlýst svæði eru hins vegar annað mál sem ég kem kannski að ef færi gefst til.

[11:54]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir því að það er alveg sama hvað ég eða aðrir segjum í þessu máli. Hv. þm. hefur bitið það í sig að reyna að halda því sleitulaust fram að Alþfl. hafi farið villur vegar á einhverju tímabili. Þó svo hafi verið þá fyndist mér að það ætti ekki að skipta neinu máli ef við erum sannfærð um það hvernig fara eigi með mál í dag.

En það er ekki svo. Ég hef svarað þingmanninum mörgum sinnum. Fleiri hafa gert hið sama. Ég hef hlustað á orðaskipti hans við aðra í þessum þingsal um það hvað hefði gerst með breytingu á skipulagslögunum eins og hann hefur vísað til. Það eru fleiri en við jafnaðarmenn sem eru sömu skoðunar um hvernig skuli fara með skipulag og stjórnsýslu miðhálendis Íslands, sem hafa m.a. komið að afreiðslu þess frv. Það er fólk sem ég ber virðingu fyrir.

Ég ber líka virðingu fyrir þingmanninum. Mér finnst það þó fremur þreytandi að hann skuli vera búinn að bíta það í sig að það markmið í sjálfu sér að berja því inn í þingheim að Alþfl. beri ábyrgð á að miðhálendinu sé skipt upp í sveitarfélög, sem er reyndar ákvörðun sem taka á núna. Ég hafna þessum málflutningi en því miður get ég ekkert gert til að breyta hugarfari þingmannsins.

[11:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðurlegur forseti. Ef málið snerist nú um að breyta hugarfari þess sem hér talar, þá væri það ósköp einfalt og vandalaust hvað mig áhrærir. Hitt er alveg ljóst að hv. þm. hefur enga vörn í þessu máli. Þetta liggur fyrir í lögum sem samþykkt voru hér á Alþingi sl. vor og ekki einu sinni fyrirvari af hálfu fulltrúa Alþfl. í umhvn. Ég og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir höfðum fyrirvara við málið og ég lýsti í hverju minn fyrirvari var fólginn, að því er varðaði skipulag miðhálendisins. Undir það var ekki tekið af talsmönnum Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna á þeim tíma, ekki nokkurn hlut. Allur aðdragandi þessa máls og þessarar skipulagslöggjafar er á grunni sem alþýðuflokksráðherrarnir lögðu þá stjórnartíð er hv. þm. studdi hér ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hina fyrri.

Það sem snýr að friðlýstum svæðum og það að blanda Þingvallaþjóðgarði hér inn í sem einhverju dæmi er fráleitt. Einhver tók hér varnarsvæðið — ég man ekki hvort það voru talsmenn þingflokks jafnaðarmanna — til þess að sýna fram á eitthvert módel til samlíkingar við þá hugmynd að búa til sérstakt stjórnsýslusvæði á hálendi Íslands. Ég hef aldrei útilokað að skynsamlegt væri að stefna að því. Ég tók undir það og átti beinan hlut að þeim tillögum 1991. En að ætla að fara að líkja þessu máli við þjóðgarða sem eru settir með reglugerð og auglýsingu á grundvelli náttúruverndarlöggjafar, ber vott um slíka fávisku, virðulegur forseti, að ég undrast að hv. þm. grípi til þess. Ég tel að talsmenn þingflokks jafnaðarmanna skuldi þinginu, af því að þeir tala hér ítarlega í málinu, skuldi þinginu að sýna mönnum fram á það hvernig þeir ætla að ganga frá málum. Hvernig ætla þeir að leysa málin úr þeirri stöðu sem þau eru í í dag og koma á þessu stjórnsýslusvæði á miðhálendi Íslands? Komi þeir með það, komi þau með mörkin og lausnina og ég vil skoða hana.

[11:58]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi froseti. Mér finnst það nú fremur dapurt þegar við erum í alvarlegri umræðu um svona mál að þingmenn þurfi að bregða fyrir sig orðum eins og „lygar“ og „fáviska“, þó þeir séu ósammála þeim málflutningi annarra. Mér finnst það dapurt.

Af því að þingmaðurinn nefndi mörk, þá höfum við talað skýrt um að við göngum út frá sömu mörkum og samvinnunefnd um svæðisskipulag hefur dregið. Hitt er svo annað mál, af því að í þessari umræðu er svo oft talað um að það eigi eiginlega bara eftir að skipta jöklunum, mörkin séu komin upp undir jökla, þá leitaði ég ítrekað eftir því í félmn. að fá uppdrátt sem mundi sýna hvernig mörkin væru ef sveitarfélagamörkin væru dregin út og upp fyrir afréttirnar. Væri hægt að sjá hvernig það væri í dag? Það var engin leið að fá slíkan uppdrátt.

Þingmaðurinn gagnrýndi að talað væri um Þingvallafólkvanginn. Af því að ég drap á aðra þætti í lok máls míns þá hvarflar ekki að mér að halda því fram að það sé sambærilegt með Þingvallafólkvanginn og miðhálendi Íslands. Það sem ég sagði fyrr í ræðu minni, þegar ég talaði um Þingvallafólksvanginn, var að hugsunin um að ákveðið svæði væri þeirrar gerðar og svo dýrmætt í hugum fólks að ástæða væri til að taka það út fyrir mörk sveitarfélaganna og að sérstök

stjórn réði öllu þar, meira að segja beitarþoli og öðru. (**HG:** Það er hluti sveitarfélaganna.)

Virðulegi forseti. Ég hef orðið hér. Það eru aðrir, það eru stjórnarliðar sem komið hafa og dregið stjórn á Bláfjallafólkvangi og Reykjanesfólkvangi inn í samanburði við hugmyndir okkar um miðhálendið. (**HG:** Í hvaða hreppi eru Þingvellir?) Það eru stjórnarliðar sem hafa dregið þessa þætti inn og viðbrögð við því.

Virðulegi forseti. Náist það sem óskað er eftir að þetta mál verði geymt í sumar, þá mun ekki standa á okkur jafnaðarmönnum með útfærslu á öllum þeim þáttum sem kallað er eftir.

[12:01]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér kom áðan í ræðustól hv. þm. Pétur H. Blöndal og óskapaðist yfir því að menn gerðust langorðir í ræðustól og sagði að þetta væri ekki Alþingi samboðið og málsmeðferð hér á þessum vettvangi.

Ég vil rifja það upp að í gær gaf hæstv. forsrh. Davíð Oddsson út yfirlýsingu sem var eins konar dagskipun. Menn voru þá að ræða á þinginu hvaða frumvörp ríkisstjórnin hygðist leggja áherslu á að fá samþykkt fyrir sumarið. Athygli hafði verið vakin á því að ein 40 stjfrv. liggja nú fyrir Alþingi. Mörg þessara stjfrv. eru mjög umdeild og menn vildu fá viðræðu um það við ríkisstjórnina hvað það væri sem hún legði mesta áherslu á þannig að þau mál sem ágreiningur er um og vitað er að kalla á mikla umræðu í alþingissal yrðu látin víkja svo við gætum einbeitt okkur að þeim málum sem ljóst er að verða að lögum í vor.

Dagskipun hæstv. forsrh. var mjög einföld. Það á að samþykkja allt. Það á að knýja öll þessi frumvörp í gegnum þingið. Þetta var dagskipunin. Nú hafa liðsmenn ríkisstjórnarinnar í þingsal sem eru nú ekki ýkjamargir, þeir vinnusömustu eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem rækir sín þingstörf mjög vel, um það get ég borið vitni, hafa tekið upp merkið og vilja fylgja eftir þessari dagskipun hæstv. forsrh. og byrja að óskapast í mönnum sem vilja ræða mál sitt ítarlega. Ég vil láta hv. þm. Pétur H. Blöndal og aðra sem kunna að vera á þessari skoðun vita að við sem höfum sitthvað við þessi frv. og vinnubrögð að athuga munum taka okkar tíma. Við munum gera það og það ætla ég að gera núna. Ég ætla að taka þann tíma sem þarf til að ræða þetta mál og ætla að skipta mínum málflutningi niður í fjóra málaflokka.

Í fyrsta lagi ætla ég að tala um vinnubrögð í þessu máli. Í öðru lagi ætla ég að ræða sérstaklega þann hluta laganna sem er umdeildastur. Það er sá hluti sem lýtur að hálendinu, lýtur að skiptingu landsins á milli sveitarfélaga og atriði sem því tengjast. Í þriðja lagi ætla ég að fara nokkrum orðum um þær breytingar sem verið er að gera í stjórnsýslunni almennt og tengja það þessum lagabreytingum, því frv. sem hér er til umræðu. Í fjórða lagi ætla ég að fjalla um einstakar greinar þessa frv. og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst um þær sem eru hvað umdeildastar og eru að mínum dómi umdeilanlegar. Þetta var um málsmeðferð mína.

Ég ætla þá að víkja að fyrsta málaflokkinum. Hann lýtur að vinnubrögðum. Ég er í stuttu máli þeirrar skoðunar að þetta mál kalli á miklu meiri umræðu í þjóðfélaginu og hér inni á Alþingi en ætla má að frv. fái á þeim fáu dögum sem eftir lifa þings og geri það að tillögu minni sem reyndar hefur komið fram hjá mörgum alþingismönnum og þingflokkum að málinu verði frestað og það fái rækilega umfjöllun í sumar og menn taki síðan til hendinni aftur í þingsal eftir vinnu í nefnd og nefndum í sumar. Ég byggi þetta á mörgum ástæðum og ég ætla að tilgreina þrjár.

Í fyrsta lagi er þetta lýðræðisleg krafa. Það rignir yfir alþingismenn ályktunum frá samtökum og einstaklingum um þetta frv. og rauður þráður í þessum ályktunum er óskin um að málinu verði frestað, að málið fái betri og meiri umræðu áður en það er knúið í gegnum Alþingi og það verði eftir því sem kostur er leitað eftir víðtækari sátt í þessum málum. Það er rauður þráður í þessum ályktunum.

Ekki eru þær þó allar á þennan veg. T.d. hefur Alþingi borist ályktun frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Sú ályktun er undirrituð 30. apríl, núna um mánaðamótin og send félmn. Alþingis, reyndar eftir að málið er tekið út úr nefndinni. Þar er áhersla lögð á að tryggja framgang frv. fyrir þinglok. En eftir sem áður segir í þessari ályktun frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi: „Framkvæmdaráðið gerir þá kröfu til hins háa Alþingis að það fjalli málefnalega um sveitarstjórnarlöggjöfina í heild.“ Síðan er það áréttað að tryggður verði framgangur frv. fyrir þinglok. En þetta er líka jafnframt áhersla á að Alþingi fjalli málefnalega um málið og gefi sér þá væntanlega tíma til þess. En þessi ályktun Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaráð Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi mótmælir harðlega málsmeðferð þeirri sem viðhöfð hefur verið á Alþingi að undanförnu við umfjöllun um frv. til sveitarstjórnarlaga. Í umræðunni hefur horfið í skuggann að hér er um mikið framfaraspor að ræða. Þess í stað hefur brýnu hagsmunamáli verið drepið á dreif með deilum um skipulagsmál og umráðarétt á hálendi Íslands og fullyrðingu nokkurra þingmanna að óhæfa sé að fela sveitarstjórnum víðtækt vald í þeim efnum og skipa eigi þess í stað sérstaka nefnd til að fara með þau mál. Undir slíkum áviðingum geta sveitarstjórnarmenn ekki setið.“

Síðar í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaráðið bendir á að með eflingu sveitarstjórnarstigsins eru sveitarstjórnir sífellt að verða betur í stakk búnar að fara með víðtækt vald á sem flestum sviðum eins og Alþingi hefur í raun viðurkennt upp á síðkastið með því að lögfesta ný verkefni þeim til handa. Nálægð sveitarstjórnarmanna við vettvang mun tryggja þá yfirsýn sem nauðsynleg er til að undir eðlilegum íhlutunarrétti umhvrn. og Skipulags ríkisins verði fjallað um skipulagsmálin af skilningi á þörfum landsins og virðingu fyrir náttúru þess.“

Þetta held ég að sé sameiginlegt markmið allra sem koma að þessari umræðu. Þetta er áhersluatriði hjá mjög mörgum. Hins vegar er umdeilt hvernig eigi að tryggja þetta. Hér eru viðruð þau sjónarmið að sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn, þeir sem eru nærri vettvangi, liggja að hálendinu þá væntanlega, komi að þessum skipulagsmálum. Þetta er mjög umdeilt. Hér er ályktun sem var send til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hinn 4. maí og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við forsvarsmenn neðangreindra samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga förum þess á leit við þig, herra forsætisráðherra og ríkisstjórn þína, að frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi um sveitarstjórnarmál verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Við teljum höfuðnauðsyn að ekki verði nú bundið með illafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað á miðhálendi Íslands.

Meiri tíma þarf til opinnar umræðu um þessi mál þannig að þjóðin öll, eigandi hálendisins, fái að láta í ljós skoðun sína. Verði ofangreint frv. samþykkt næstu daga mun það kalla á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar. Jafnframt væri þá búið að útiloka meiri hluta hennar frá því að hafa nokkur áhrif á nýtingu hálendisins og hætt er við að almannaréttur verði fyrir borð borinn.

Sem forsvarsmenn helstu útivistar- og náttúrufræðifélaga landsins og fulltrúar þúsunda Íslendinga teljum við skilning meiri hluta þjóðarinnar vera þann að miðhálendið sé ein heild sem ekki beri að rjúfa, hvorki skipulags- né stjórnsýslulega.

Þögn þjóðarinnar um þessi mál allt þar til á síðustu vikum má ekki skilja á þann hátt að meiri hluti hennar sé fylgjandi þeirri skipan sem nú er gert ráð fyrir. Augljóst er á umræðum undanfarið að hvorki ráðamenn þjóðarinnar né almenningur hafa fyllilega gert sér grein fyrir þýðingu málsins.

Mikilvægt er að hlýtt verði á raddir hagsmunaaðila og helstu sérfræðinga sem virðast vera á einu máli um hvernig fara eigi með eina verðmætustu auðlind þessarar þjóðar.

Undirritaðir eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að vinna að farsælli lausn málsins."

Undir þessa áskorun til hæstv. forsrh. skrifa eftirtaldir aðilar: Formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, forseti Ferðafélags Íslands, formaður Íslenska alpaklúbbsins, formaður Útivistar, formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, formaður Skotveiðifélags Íslands, skrifað er undir fyrir hönd Landssambands ísl. vélsleðamanna, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 og formaður stangaveiðifélagsins Ármanna.

Hér er enn ein yfirlýsing sem Alþingi hefur borist. Hún er frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi. Það er reyndar safn ályktana frá Náttúrufræðifélaginu sem er um aðskiljanleg efni. Þar á meðal er ályktun um hálendi Íslands þar sem talað er um friðland þjóðarinnar og vitnað er í aðalfund félagsins sem haldinn var 28. febrúar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags haldinn 28. febrúar 1998 í Reykjavík ítrekar ályktun aðalfundar HÍN frá 1. mars 1997 og skorar á Alþingi að stofna til friðlands á hálendi Íslands með því að setja sérstök lög þar að lútandi með vernd náttúru í fyrirrúmi."

Með afstöðu Hins íslenska náttúrufræðifélags fylgir mjög ítarleg greinargerð. Ég ætla að stikla á ýmsum atriðum í henni. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, en þetta er greinargerð með ályktun aðalfundar HÍN 1998, sem ég vitnaði til áðan, um hálendi Íslands, stjórnsýslu á hálendinu sem er meginkjarni þeirrar deilu sem risin er vegna sveitarstjórnarfrv.:

„Framkvæmd stjórnsýslu á miðhálendinu getur haft verulega mikil áhrif á umgengni við náttúruna þar, vernd hennar og nýtingu. Brýn nauðsyn er á að koma stjórnsýslu á hálendið svo að ganga megi skipulega að þessum málum þar. Aðstæður á óbyggðu hálendinu eru með nokkuð öðru móti en í byggðum landsins þar sem núverandi stjórnsýsla hefur mótast um langan tíma. Búseta er engin að staðaldri á miðhálendinu að undanskilinni einni veðurstöð og ekki fyrirsjáanlegt að stórfelldar breytingar verði á því á næstunni. Íbúar aðliggjandi sveitarfélaga hafa að því leyti meiri hagsmuni á hálendinu en aðrir landsmenn að þeir eða sveitarfélög þeirra eiga þar ýmiss konar hefðbundinn nýtingarrétt, svo sem upprekstur, veiði, grasatekju og fleira. Auk þess eiga þeir vegna nálægðar við hálendið hægara um vik að taka þátt í ýmiss konar þjónustu og framkvæmdum ofan byggðar. Hins vegar eru beinir hagsmunir þeirra til muna minni en í byggð þar sem þeir hafa fasta búsetu og atvinnustarfsemi. Við fyrirkomulag stjórnsýslu á miðhálendinu þarf að líta á viðeigandi hátt til þessarar sérstöðu aðliggjandi byggða.

Á hinn bóginn eru almannahagsmunir og hagsmunir almennings í landinu að öðru jöfnu hlutfallslega mun meiri á óbyggðu miðhálendinu gagnvart íbúum aðliggjandi byggða heldur en í byggðunum sjálfum. Gildir það um rétt stjórnvalda ríkisins, bæði hvað varðar auðlindir og eignarhald á landi, einkum ef fram ná að ganga frv. til laga um þau efni sem nú liggja fyrir Alþingi. Einnig gildir það um umferð, útivist, ferðaþjónustu og önnur lögleyfð afnot af hálfu alls almennings á landinu án tillits til búsetu en ríkið og ríkisstjórn landsins er hinn sameiginlegi fulltrúi þeirra. Af þessu virðist sýnt að bæði ríkisstjórn landsins, fyrir hönd almennings alls, og aðliggjandi sveitarfélög, fyrir hönd sinna sjálfra og íbúa sinna, komi að stjórnsýslu miðhálendisins. Það verða þessir aðilar að gera sameiginlega og í eðlilegu jafnvægi.

Sá hængur er nú á slíkri ráðstöfun til frambúðar að nú um mundir eru í gangi einhverjar mestu breytingar á sveitarfélögum landsins frá upphafi skipulags byggðar á landinu. Sveitarfélög eru nú víða sameinuð í stærri sveitarfélög og er hvergi nærri séð fyrir endann á þeirri þróun að sinni. Breytingar hafa einnig orðið á skiptingu opinberra verkefna milli sveitarfélaga annars vegar og ríkisstjórnar hins vegar. Er ekki heldur séð fyrir endann á þeirri þróun en fyrrnefnd sameining sveitarfélaga getur breytt forsendum að þessari skiptingu. Þessi breyting á stærð og viðfangsefnum sveitarfélaga er líkleg til að kalla á breytingar á millistigum stjórnsýslunnar. Sumar sýslur hafa nú sameinast í eitt sveitarfélag eða að því marki að einungis eitt eða tvö fámenn sveitarfélög eru eftir utan þeirra. Því blasir við að hlutverk sýslufélaganna hlýtur að breytast. Í umræðu er einnig að breyta kjördæmum á landinu, sem hafa verið næsta opinber, landfræðileg eining ofan við sýslurnar, en samtök sveitarfélaga hafa náð til og takmarkast við umdæmi kjördæmanna. Breytingar á millistigum stjórnsýslunnar (t.d. endurvakning amta eða landsfjórðunga) gæti breytt forsendum að hentugasta fyrirkomulagi stjórnsýslu á miðhálendinu.

Búast má við í ljósi núverandi stöðu og þróunar að endurskipulagningu sveitarfélaga og millistiga stjórnsýslunnar gæti lokið að mestu á næstu árum. Þá hefðu skapast nýjar forsendur að skipulagi stjórnsýslu á miðhálendinu til lengri tíma. Þangað til þarf þó að koma starfhæfu formi á stjórnsýslu þar svo að stjórnsýslulegri óvissu megi létta af svæðinu. HÍN telur þar færa og æskilega leið að ríkisstjórn og aðliggjandi sveitarfélög fari um tiltekinn tíma sameiginlega með stjórnsýslu á miðhálendinu, einkum hvað varðar skipulag, leyfisveitingar til framkvæmda eða starfsemi, friðunar- og verndaraðgerðir og yfirgripsmeiri löggæslu (eins konar „vegalögreglu", einkum um hánnatímann að sumri til) en stöðug umsjón og eftirlit með framkvæmd stjórnsýslunnar verði eftir föngum falin aðliggjandi sveitar- og sýslufélögum. Miða má við fjögur ár sem er lengd eins kjörtímabils Alþingis og sveitarstjórna."

Hæstv. forseti. Ég sagðist ætla að stikla á nokkrum atriðum í þessari greinargerð sem kemur frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi en ég endaði með því að lesa alla greinargerðina. Hvers vegna gerði ég það? Vegna þess að mér finnst þau sjónarmið sem hér eru sett fram vera mjög athyglisverð. Ég er búinn að vitna í þrjár ályktanir. Í fyrsta lagi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þar sem Alþingi er hvatt

til að samþykkja þessi lög núna í vor. Það er jafnframt hvatt til þess að tryggt sé að fram fari málefnaleg umræða um þetta mál. Og við erum að segja það hér sem höfum efasemdir um framgang málsins að ekki verði hægt að tryggja málefnalega umræðu á mjög skömmum tíma. Þetta er sjónarmið frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Síðan vitnaði ég í ályktun frá ýmsum útivistarsamtökum sem er mjög í anda þeirrar yfirlýsingar sem kom frá fjölmennum borgarafundi í Reykjavík í gær á Hótel Borg þar sem hvatt er til að málinu verði frestað. Hér er talað um að hætta sé á því að almannaréttur verði fyrir borð borinn.

Hins vegar kemur svo í þriðja lagi greinargerð frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi með kannski svolítið annan skilning á almannarétti en er að finna í yfirlýsingu útivistarmannanna vegna þess að hér finnst mér vera mjög mikil viðleitni til að sætta ólík sjónarmið og reyna að skilja sjónarmið allra þeirra sem koma að þessum málum með sínar bullandi tilfinningar. Það er talað um náttúruna og nauðsyn þess að vernda hana. Það er talað um nauðsyn þess að þeir sem búa í sveitum sem liggja að hálendinu komi að málum og þeirra réttur og sjónarmið séu tryggð og í þriðja lagi að fulltrúar þjóðarinnar allrar geri það líka. Hér er lögð fram tillaga um eins konar málamiðlun í þessu viðkvæma og erfiða og umdeilda máli, að reynt verði tímabundið að ná sátt um skipulag og stjórnsýslu vegna þess að bent er á að ekki megi ríkja óvissa í þessum málum. Það er nokkuð sem allir eru sammála um sem vilja verja landið og vernda að það hefur verið og er algert ófremdarástand sem við búum við núna. Alls kyns mannvirki spretta upp víðs vegar um landið eins og gorkúlur og hafa sprottið upp, nánast skipulagslaust. Hér er bent á það í greinargerð frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi að þessari óvissu þurfi að eyða. (**PHB:** Að fresta málinu?) Ég mun koma að því síðar hverju þarf að fresta og hverju ekki, hverjar hættur eru fólgnar í því og hverjar hættur eru ekki fólgnar í því og hvaða hættur eru fólgnar í því að knýja þetta í gegn sem ég tel vera umtalsverðar. En þá hættu sem einhver kann að sjá á því að fresta málinu núna tel ég vera mjög léttvæga og ég mun gera grein fyrir því á eftir.

Í greinargerðinni frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi — og ég skal upplýsa hv. þm. Pétur H. Blöndal sem kallaði hér fram í — er bent á að það séu að eiga sér stað miklar hræringar í stjórnsýslunni hjá sveitarfélögum, hugsanlega endurskoðun á kjördæmamálum, sameining sveitarfélaga og *þar fram eftir götunum og ráðlegt sé fyrir löggjafann að hann* skoði skipulagsmálin líka með tilliti til þessara hræringa. Lagt er til að sett verði nefnd sem komi að þessum málum, bæði með aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga og ríkisins en hún starfi tímabundið, þetta verði tímabundið ástand. Þetta er í þeim anda sem þau okkar sem vildu leita eftir málamiðlun í þessu máli voru að hugsa og hafa verið að hugsa nema ég held að þetta sé enn þá hyggilegra en það sem við vorum með á prjónum okkar vegna þess að hér er gert ráð fyrir tímabundinni lausn í málinu, að menn festi sig ekki um of niður. Þetta er dæmi um það þegar ég segi að hér sé komin að mínum dómi enn þá betri lausn en sú sem mörg okkar vorum að íhuga, þetta er dæmi um hvað gerist ef menn gefa sér tíma til að skoða alla þætti máls, allar hliðar máls og ef þeir sem áhuga hafa á málum og þekkja vel til mála fá möguleika á að koma sínum skoðunum fram og breyta þá sjónarmiðum okkar eða færa þau til betri vegar ef þau hafa eitthvað gengið úr skorðum eða mundu lagast ef tóm gefst til að íhuga aðrar hliðar á málinu. Mér finnst þetta vera mjög góð greinargerð og hér eru viðraðar mjög góðar hugmyndir að mínum dómi.

Ég er að ræða um vinnubrögðin í þessu máli og ég sagðist ætla að nefna þrjár ástæður fyrir því að rétt væri að fresta málinu. Fyrsta ástæðan sem ég nefndi er þessi lýðræðislega krafa og ég er að tala um hana. Ég er að tala um hina lýðræðislegu kröfu. Við fáum yfirlýsingar frá aðilum víðs vegar um samfélagið, einstaklingum og samtökum og ég hef verið að lesa úr aðeins þremur þessara ályktana og greinargerðum sem okkur hafa borist bara á allra síðustu dögum. Þau okkar sem hafa komið að málinu í félmn. hafa að sjálfsögðu fengið stóran og vænan bunka af ályktunum frá aðilum sem hafa verið beðnir um umsagnir um frv. en að auki eru núna að vakna til vitundar hópar og einstaklingar sem vilja koma að þessu máli og er mikið niðri fyrir. Ég tel að Alþingi væri til sóma og málinu til framdráttar eða því til framdráttar að fá góða lausn í málið, að málinu yrði frestað. Fyrsta atriðið sem ég er að leggja áherslu á er hin lýðræðislega krafa.

Í öðru lagi tel ég vera gilda ástæðu fyrir því að fresta málinu að það er um margt óljóst. Hverjum manni verður ljóst þegar hann fer að skoða þessi mál að í reynd snýst umræðan ekki einvörðungu um þennan lagabálk einan heldur mörg önnur lög líka. Manni verður ljóst þegar maður fer að skoða þessi mál að það verða ýmsar mótsagnir og ýmsar spurningar sem vakna sem erfitt er að fá svör við. Þá er ég að tala um skipulagsrétt og stjórnsýsluna, hvar mörkin liggja nákvæmlega í því efni. Þetta eru ekki glöggar línur. Í umræðunni hefur verið vakin athygli á ýmsum þáttum sem eru óljósir. Umræðan mundi vera til góðs að mínum dómi til að skýra ýmislegt sem er óljóst. Þá er ég fyrst og fremst að tala um skipulagsþáttinn. Ég er ekki að tala um ýmsa aðra þætti sem mætti kannski skoða á fljótvirkari hátt, athugasemdir sem hafa komið t.d. frá Félagi löggiltra endurskoðenda um ákvæði frv. sem snúa að þeim atriðum sveitarstjórnarfrv. En ég er fyrst og fremst að tala um þetta. Þetta er önnur ástæða þess að ég teldi hyggilegt að gefa málinu betri tíma í þjóðfélaginu og á Alþingi.

Í þriðja lagi er ég sannfærður um að betri umræða um þetta mál mundi tryggja vandaðri niðurstöðu og að um þá niðurstöðu yrði víðtækari sátt í þjóðfélaginu. Við skulum ekki gleyma því að við höfum reynslu. Við getum talað af reynslu. Á Alþingi hafa komið til umfjöllunar frumvörp sem hafa verið mjög umdeild í þjóðfélaginu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal *vék* t.d. að frv. *um lífeyrisréttindi*. Það hefur verið mikið talað um það frv. Miklar deilur voru um það í þjóðfélaginu. Ég er að tala um það frv. sem fjallar um grunnréttindi lífeyrismála, almennt skipulag lífeyrismála. Reyndar var annað frv., um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, líka umdeilt og það á við um bæði þessi frumvörp að þeim var gefinn tími. Þau fóru í umræðu hjá þeim aðilum sem helst eiga hlut að máli og að umræðunni komu mjög margir aðilar. Að frv. um grundvallarréttindi í lífeyrismálum komu aðilar úr fjármálaheimi, frá atvinnurekendum, verkalýðshreyfingu og ríkisvaldi. Allir þessir aðilar settust yfir málið sumarlangt. Hvað gerðist? Það náðist niðurstaða sem menn urðu sæmilega sáttir um. Það er það sem gerðist.

Ég veit að til voru undantekningar eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal getur sjálfur borið vitni um og er kannski sjálfur einn vitnisburður um. En þegar á heildina er litið náðist samkomulag. Það náðist málamiðlun og víðtækt samkomulag í málinu. Þarna gerðist tvennt í senn. Með vandaðri vinnubrögðum varð niðurstaðan betri og um hana ríkti meiri

sátt. Við höfum allt of ríka hefð fyrir því og reynslu að umdeildum málum og málum sem taka til grunddvallarþátta þjóðfélagsins sé breytt í einu vetfangi, í heljarstökki. Við höfum reynslu af þessu t.d. í húsnæðismálum. Grundvallarbreyting var gerð í þeim málaflokki 1986, aftur 1990 og svo tilheyrandi aðlögun og smávægilegar breytingar á hverju einasta ári eftir það vegna þess að menn voru að ráðast í breytingar án þess að hugsa málin til enda. Nú ætla menn að gera það eina ferðina enn með nýju húsnæðisfrv. Eina ferðina enn með nýju húsnæðisfrv. á að rífa húsnæðiskerfið upp með rótum og gera á því grundvallarbreytingar. Það sem menn eru að óska eftir er að málið verði tekið til skoðunar, þau atriði sem snerta staðreyndir máls, að ágreiningur um niðurstöður úr slíkri umfjöllun liggi á borðinu og síðan standi menn frammi fyrir pólitískum ágreiningi í haust ef hann verður enn til staðar. Þá takast menn einfaldlega á um það í þinginu hverjar verða lyktir máls.

En menn eru að deila um ýmsar staðreyndir málsins líka. Það eru þeir hlutir sem ég tel að þurfi betri umræðu og nauðsynlegt að fái umræðu þannig að slíkt sé ekki að vefjast fyrir mönnum. Ég vil ekki gera lítið úr því, meira að segja vil ég gera mjög mikið úr því, að þetta sé tryggt. En ég vil kannski setja efst á blað hina lýðræðislegu kröfu. Auðvitað snertir það okkur sem alþingismenn og Alþingi að tryggja vandaða löggjöf og við eigum að sjálfsögðu að tryggja það með vinnubrögðum okkar. En við eigum náttúrlega líka að standa vörð um lýðræðið í landinu. Við eigum að gera það. Ég segi það fyrir sjálfan mig að mér mun líða seint úr minni þegar Alþingi Íslendinga neitaði því að leyfa þjóðinni að koma að ákvörðunartöku um EES, hið Evrópska efnahagssvæði. Í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri kom í ljós að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, 70–80%, var því fylgjandi að fá þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Fylgjandi því. Nei. Svarið úr þessum sal, úr Stjórnarráðinu var: Nei. Mér finnst þetta vera gersamlega ólíðandi.

Nú er það að koma á daginn sem hefði komið á daginn í umræðu um málið. Nú er það að koma á daginn að ýmislegt kemur t.d. inn á borð Alþingis og inn á borð ráðuneytanna, sveitarfélaganna og í öllu skipulagi samfélagsins. Það máttu menn vita um á þessum tíma en það fékkst ekki rætt til enda. Það fékkst ekki rætt ofan í kjölinn. Mér finnst þetta hafa verið einn svartasti blettur á Alþingi og sögu þess síðustu ára að meina þjóðinni að koma að ákvarðanatöku í málinu.

Hvað erum við nú að tala um í þessu máli? Er ég að bera þetta saman? Að sjálfsögðu er varasamt að bera saman ólík mál. En það er sambærilegt að því leyti, og er ég ekki að leggja þetta að jöfnu, að það er vitað að mjög ríkur er vilji í þjóðfélaginu að fá tækifæri til þess að skoða málið betur, að fá svigrúm til þess. Ef menn trúa því að svo sé finnst mér að eigi að virða þann vilja. Ég held að enginn geti mótmælt því eða efast um að það er staðreyndin að mjög ríkur vilji er fyrir því að málið verði látið bíða.

Þá vaknar spurningin: Hvaða hættur felast í því að láta málið bíða? Felast einhverjar hættur í því að láta lagafrv. bíða til haustsins, að gefa okkur ráðrúm til að skoða það í sumar og bíða til haustsins? Nei. Engar hættur felast í því. Er þá hætt við að skipulagsvinna sem allir vilja að verði tryggð á miðhálendinu eigi sér ekki stað? Nei. Vegna þess að það er verið að skipuleggja miðhálendið. Nefnd er að störfum og á að ljúka sinni vinnu fyrir 1. desember sem er að skipuleggja miðhálendið. Hún er að gera það. Hún starfar á grundvelli skipulagslaga og er að störfum. Hér segir í nefndaráliti með breytingu á skipulagslögum sem gerð var árið 1993:

„Lagabreyting sú, sem frumvarpið felur í sér, gerir mögulegt að hefja skipulagsgerð á miðhálendinu. Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum. Eðlilegt þykir að ákvæði þetta verði sett til bráðabirgða og er því ætlaður gildistími þar til ný skipulags- og byggingarlög verða samþykkt."

Þetta er enn í bráðabirgðaákvæði með skipulagslögum sem var einnig breytt í fyrra og þessi nefnd er að störfum. Það er verið að skipuleggja miðhálendið. Ekkert truflar framgang málsins.

Er það eitthvað annað þá í þjóðfélaginu sem kallar nú á þessar lagabreytingar? Það væri helst sá hluti sveitarstjórnarlaganna sem lýtur að nafngiftum í stjórnsýslunni. Þetta er ekki stórvægilegt mál en að sjálfsögðu mikilvægt að löggjafinn lagi sig að nýjum tímum í þessu efni. Það væri hægur vandinn að taka þennan þátt út úr lögunum og ráða bót á honum sérstaklega. Ég mun koma að því nánar þegar ég ræði einstakar greinar frv. hvað ég er að fara í þessu efni.

Sem sagt, ekkert kallar á að þessi lög verði að samþykkja núna í snarhasti í vor og hægur vandinn að láta frv. bíða til hautsins.

Hæstv. forseti. Ég hef nú fjallað um fyrsta efnisþáttinn sem ég ætlaði að víkja að í máli mínu. Ég sagðist ætla að ræða fjóra efnisþætti. Ég ætlaði að ræða fyrst um vinnubrögð. Svo ætlaði ég að víkja að skipulagsmálunum almennt. Síðan ætlaði ég að fjalla um grundvallarbreytingar í stjórnsýslunni og að lokum í fjórða lagi ræða einstakar greinar frv.

Nú ætla ég að ræða almennt um skipulagsmálin því að þau eru sá hluti þessara laga sem hefur valdið mestum deilum. Einstök lagaákvæði eru vissulega umdeild og sumir telja vafasöm en þegar á heildina er litið er það fyrst og fremst 1. gr. frv. sem hefur valdið deilum. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili."

Þetta er 1. gr. frv., það atriði sem hvað umdeildast er, að landinu öllu eigi að skipta á milli sveitarfélaga. Margir hafa verið á því máli að þess í stað eigi að búa til eina einingu, eina stjórnsýslueiningu sem sé sjálfstæð og heyri undir ríkið. Þetta deila menn um.

Grundvallarskoðun mín og okkar í þingflokki Alþb. og óháðra er mjög skýr í þessu máli. Hún byggist á tvennu. Við viljum heildstætt skipulag og við viljum að umhverfissjónarmiðum verði gert hátt undir höfði, að umhverfisþátturinn verði tryggður. Þetta er hið almenna viðhorf í þingflokki okkar og þetta er eindregin skoðun mín.

Þegar spurt er t.d. hvaða ráðuneyti eigi helst að koma að þessum málum, iðnrn. eða umhvrn., þá velkist sú spurning ekki fyrir mér. Umhvrn. á fyrst og fremst að koma þar að, enda þarf að leggja höfuðáherslu á þann þátt. Að sjálfsögðu þarf iðnrn. að hlutast til um viss mál ef ákvörðun hefur verið tekin t.d. um virkjanir. Höfuðáherslan á engu að síður að vera á umhverfisþáttinn. Þetta eru grundvallaratriðin: Við viljum heildstætt skipulag á miðhálendinu og við viljum tryggja umhverfisþáttinn.

Sjálfur er ég á því máli að heppilegasta leiðin til að skipuleggja miðhálendið sé að gera það að sjálfstæðri stjórnsýslueiningu. Ég er mjög eindregið á þeirri skoðun að heppilegasta leiðin til að skipuleggja hálendið sé að skipuleggja miðhálendið sem eina stjórnsýslueiningu. Það er þó meira en að segja það. Það er ekki hlaupið að því að búa til slíka einingu og það held ég að allir hljóti að viðurkenna. Þannig er t.d. reynt að draga línu á milli heimalanda og afréttarlanda og það er nauðsynlegt þegar kemur að skipulagi miðhálendisins. Þeir sem sinna skipulagsvinnu þurfa fyrst að gera sér grein fyrir því hvar þessi lína liggur. Þá er eðlilegt að spyrja í framhaldinu: Ef hægt er að draga þá línu, er þá ekki jafnframt hægt að draga jafnvel sömu línu um hina nýju stjórnsýslueiningu? Hvers vegna ekki að gera það? Ef okkur tekst að gera þetta, sem okkur verður að takast vegna skipulags miðhálendisins, hvers vegna ekki að fara alla leið og draga línuna um hina nýju stjórnsýslueiningu? Þetta finnst mér ástæða til að skoða og þá hugsanlega í þeim anda sem Hið íslenska náttúrufræðifélag teflir fram í þeirri hugmynd í einhvers konar bráðabirgðalausn. Mér finnst að þetta mætti skoða en vek þó jafnframt athygli á vandkvæðum sem kunna að vera í þessu fólgin. Ég held að þegar málið er skoðað raunsætt, þá yrði erfiðara að draga línuna milli heimalanda og afréttarlanda ef sveitarfélögin og allir sem hlut ættu að máli gerðu sér grein fyrir því að verið væri um leið að draga landamerki sveitarfélagsins. Ég held að auðveldara væri að ná samkomulagi um línuna á milli heimalanda og afrétta ef það væri fyrst og fremst tengt skipulagi. Ef það væri hins vegar jafnframt sú lína sem menn draga um stjórnsýslueininguna, þá held ég að það mundi kalla á meiri deilur og málið væri erfiðara viðfangs en ef þetta lyti fyrst og fremst að skipulaginu. Þetta er mín skoðun þó að ég viti að margir hafi meiri þekkingu á þessum málum og kunni að geta bent á aðrar hliðar á þessu máli. Þetta held ég þó að sé nokkuð raunsætt sjónarmið sem þurfi a.m.k. að skoða.

Sú afstaða sem ég lagði upp með og hef enn er þessi tvíþætta afstaða, að tryggja heildstætt skipulag og leggja áherslu á umhverfisvernd og umhverfisþáttinn. Við höfum haft ágætt samstarf í félmn. og við úr stjórnarandstöðunni í þessum málum tókum þann kost, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og sá sem hér stendur, að skrifa undir álitsgerð um frv. með fyrirvara. Sá fyrirvari snertir einmitt þetta. Við sögðum að ef stjórnarmeirihlutinn væri staðráðinn í því að skipta landinu á milli sveitarfélaga, þá væri það algert skilyrði af okkar hálfu að breytingar verði gerðar á skipulagslögum til þess að treysta þann þátt. Við lágum ekkert á okkar sjónarmiði í þessu efni og gengum eftir því að fá upplýsingar um hvað til stæði í stjórnarherbúðunum hvað þetta varðar. Okkur voru sýnd frumvarpsdrög sem ríkisstjórnin var að undirbúa og hefur síðan verið dreift á Alþingi en ekki fengist rætt. Í því stjfrv. segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild." — Þetta er mjög afdráttarlaust. — „skal svæðisskipulagt sem ein heild." Síðar segir:

„Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík."

Hér á sem sagt að binda það í lagatexta að miðhálendið skuli svæðisskipulagt og það svæðisskipulag skuli, samkvæmt þessari tillögu um lagabreytingu, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slíkt.

Þetta finnst mér mikilvægt framlag í þessa umræðu til að tryggja það meginsjónarmið að miðhálendið verði skipulagt heildstætt. Það er hins vegar önnur saga að við viljum að umhverfisaðilar komi að þessu, enda er gert ráð fyrir því í þessu frv. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að það sé félmrh. og umhvrh. sem skipi í nefndina.

Mundi þetta binda alla enda? Mundi þetta leysa málin þannig að vel mætti við una? Ég er ekki sannfærður um það. Ég tel þetta mjög mikilvægt en ég er ekki sannfærður um að þetta mundi leysa þessi mál þannig að ég teldi tryggt að þau meginsjónarmið sem ég tala fyrir, heildstætt skipulag og umhverfisþátturinn, vegi þyngst.

Hvers vegna er ég ekki sannfærður? Vegna þess að mér finnst ýmsar mótsagnir og ýmsum spurningum ósvarað þegar svæðisskipulag skarast við aðalskipulag sveitarfélaganna og réttur sveitarfélagsins til þess að andæfa og mótmæla og jafnvel framfylgja ekki lagaákvæðum um svæðisskipulag. Mér finnst margt vera óljóst í þessum efnum.

Mér finnst ég ekki fá nægilega afdráttarlaus svör þegar eftir því er leitað þó að ég veki athygli á þessu afdráttarlausa orðalagi. En ég held að það sé mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þessi mál stjórnast af samspili margra lagabálka. Við höfum smám saman fetað okkur í þá átt að koma skikk á þessi mál. Ég vek t.d. athygli á því að í umræðunni í fyrra þegar skipulags- og byggingarlög voru til umræðu, þá segir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, með leyfi forseta:

„Ein af þeim róttæku breytingum sem umhvn. leggur til á frv. varðar uppsetningu á væntanlegum lögum, sem ég tel vera verulega til bóta og gerði að umtalsefni við 1. umr. máls, þ.e. að setja skipulagsþrepin upp í rökrænna form en gert var í upphaflegu frv. Þetta hefur gengið eftir. Það er byrjað á landsskipulagi eða skipulagsáætlun sem varðar landið allt og síðan fjallað um svæðisskipulag og þar á eftir um aðalskipulag og deiliskipulag. Ég tel að þetta hafi gildi upp á bæði nálgun máls og skilning fyrir almenning á uppbyggingu skipulags og hafi því meiri þýðingu en virðast kann í fljótu bragði og ég vona að það verði til þess að styrkja meðferð þessara mála almennt séð. Ég hefði kosið að svæðisskipulag yrði lögfest, að það yrði lögbundið að gera skyldi svæðisskipulag. Það fékkst ekki stuðningur við það sjónarmið að þessu sinni. Heimildir eru til eða gert er ráð fyrir frumkvæði sveitarfélaga um gerð svæðisskipulags og að Skipulagsstofnun geti einnig haft frumkvæði um það."

Hér er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að kalla eftir því að svæðisskipulag verði lögfest, að það verði lögbundin skylda að gera svæðisskipulag. Eins og ég vék að hér áðan þá er svæðisskipulag á miðhálendinu samkvæmt bráðabirgðaákvæði í skipulagslögum. Við erum ekki að tefla neinu í tvísýnu með því að fresta þessum lögum vegna þess að nefndin sem þar kemur að á samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði að starfa í sumar og á reyndar að skila af sér í desember.

Síðar í sínu máli fjallar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson í ýmislegt sem hafi áunnist í þessum lagabreytingum og ...

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vekur athygli á því að nú er ætlunin að gera matarhlé í hálftíma og spurning hvort hv. ræðumaður gæti gert hlé á ræðu sinni fljótlega.)

Það er sjálfsagt. Ég skal gera það þegar í stað.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnuleysistryggingar, 654. mál, nál. félmn., þskj. 1366.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 655. mál, nál. félmn., þskj. 1365.

[13:31]

**Ögmundur Jónasson** (frh.):

Hæstv. forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi skipta ræðu minni niður í fjóra flokka, mundi byrja á að ræða um vinnubrögð, síðan mundi ég ræða um þann þátt frv. sem er til umræðu sem helst hefur verið umdeildur og lýtur að skipulagsmálum. Í þriðja lagi mundi ég ræða um grundvallarbreytingar sem verið var að gera í stjórnsýslunni og hvernig þær tengjast þessu frv. og þeim umræðum sem hafa verið í þingsal um þetta frv. og í fjórða lagi mundi ég víkja að einstökum greinum frv. Ég taldi upp þrjár ástæður fyrir því að hyggilegt væri fyrir Alþingi að fresta afgreiðslu málsins, láta það liggja í sumar, gefa þeim aðilum sem óskað hafa eftir að koma ábendingum til þingsins til félmn. og Alþingis og gefa þjóðfélaginu öllu svigrúm til að ræða málið ofan í kjölinn eins og er rauður þráður í þeim ályktunum sem borist hafa til Alþingis á undanförnum dögum. Ég rifjaði upp að haldinn var fjölmennur borgarafundur í gær á Hótel Borg í gær sem beindi þeirri eindregnu áskorun til Alþingis að fresta málinu og í upphafi máls míns vitnaði ég í þrjár álitsgerðir um þetta frv. þar sem fram kæmu ólík sjónarmið, frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi en sambandið er reyndar á því máli að hraða beri afgreiðslu málsins en jafnframt hvatt til málefnalegrar umræðu og ég hef nefnt að það gefist ekki tóm til slíkrar umræðu á þeim tíma sem eftir lifir þings ef áætlanir ganga eftir.

Í öðru lagi vitnaði ég í ályktanir sem komu frá aðskiljanlegum hópum útivistarmanna þar sem óskað er eftir að málinu verði frestað. Í þriðja lagi vitnaði ég í álit Hins íslenska náttúrufræðifélags og las upp úr greinargerð sem fylgir því með mjög athyglisverðum, bæði hugrenningum og tillögum um afgreiðslu málsins. Einnig þar er lagt til að málinu verði gefinn tími og reyndar síðan fundin bráðabirgðalausn til fjögurra ára meðan ýmsir þættir sem tengjast skipulagsmálum í landinu skýrist betur en nú er. Þetta eru mjög athyglisverðar hugmyndir sem koma frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi en þetta var fyrsta ástæðan fyrir því að ég taldi eðlilegt að fresta málinu, það eru áskoranir sem Alþingi hafa borist.

Í öðru lagi nefndi ég að í þessu frv. væri margt sem orkaði tvímælis, sem væri óljóst, sem væri mótsagnakennt. Atriði sem er að finna í þessum lögum væru í hugsanlegri mótsögn við sitthvað sem fram kæmi í öðrum lögum. Þetta er ekkert ljóst, við erum inni á gráu svæði en þetta gráa svæði þarf að lýsa upp þannig að línur séu alveg kýrskýrar. Einnig það kallar á að Alþingi gefi sér betra tóm til umfjöllunar um málið.

Í þriðja lagi nefndi ég að frekari umræða um málið og frekari frestur á afgreiðslu þess mundi gera tvennt í senn: Tryggja vandaðri vinnubrögð og víðtækari sátt um endanlega niðurstöðu málsins og vitnaði í því sambandi í afgreiðslu umdeilds frv. um lífeyrisréttindi. Lífeyrislöggjöfin olli miklum deilum í þjóðfélaginu þegar frv. þar að lútandi kom fyrst fram fyrir réttu ári og kom til umræðu í Alþingi en það varð að ráði að frv. var tekið út af þingi. Hagsmunaaðilar og allir þeir sem tengdust málinu fengu ráðrúm til að setjast yfir frv. yfir sumarið bæði úr svokölluðum fjármálaheimi, frá atvinnurekendum og verkalýðshreyfingu og lífeyrissjóðunum, auk ríkisvaldsins og niðurstaðan varð allsættanleg lausn. Ekki eru allir sáttir við niðurstöðuna en víðtæk sátt í þjóðfélaginu engu að síður. Nú geri ég mér grein fyrir að um ýmsa hluti og ýmis mál næst aldrei pólitísk sátt, það er útilokað. Menn eru að takast á um pólitísk ágreiningsefni og ekki er hægt að ætlast til að þeir nái sátt um alla þætti. En það sem orkar tvímælis, það sem er óljóst er hægt að skýra, þannig að menn hafi traustari grunn til að mynda skoðun sína á og það er fyrsta krafa sem maður hlýtur að gera áður en löggjöf er sett að allar staðreyndir máls séu ljósar og svo er hitt að tími sem þjóðfélaginu væri gefinn til að skoða málið gerir það að verkum að ýmsir fletir sem mönnum voru ókunnir koma fram. Í því sambandi vitna ég sérstaklega til greinargerðar sem kemur frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi sem mér finnst a.m.k. umtalsverð. Þar er gerð tillaga um ákveðna málamiðlun sem mér finnst að mörgu leyti betur hugsuð en sú málamiðlunartillaga sem var til umræðu á sínum tíma og hefur verið. Öll rök mæla með því að málinu verði skotið á frest. Ég hef síðan spurt hvort eitthvað sé í frv. sem valdi því að slíkt geti verið til ills, að eitthvað kalli á að við samþykkjum þessi lög nú í snarhasti og svo er ekki. Hugsanlega eru ýmsir þættir sem lúta að nafngiftum í sveitarfélögum en það er hægur vandinn að taka slíkt út úr ef það er eitthvert vandamál, þetta þarf bara að skoða en það væri þá fyrst og fremst þetta. Þetta réttlætti ekki að mínum dómi að farið yrði að keyra í gegnum Alþingi lagabálk sem er eins umdeildur og þessi og þjóðfélagið allt kallar á að fái betri umræðu en möguleikar munu vera á ef þingi lýkur á allra næstu dögum en eftir því sem ég best veit er stefnt að því að flýta þinglokum eins og unnt er.

Þetta var um vinnubrögðin en síðan vék ég að þeim hluta frv. sem er hvað umdeildastur og lýtur að skipulagsmálunum og þá sérstaklega 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem segir að landinu öllu skuli skipt upp í sveitarfélög. Hér stendur hnífurinn í kúnni, menn deila um þetta atriði. Ég lagði áherslu á að það sjónarmið hefur verið ríkjandi í þingflokki mínum að það eigi eftir því sem kostur er að tryggja að landið, miðhálendið, sé ein skipulagsheild og að umhverfissjónarmið vegi jafnan þungt. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni og þar er ég að lýsa persónulegu skoðun minni að það væri heppilegast að miðhálendið væri ein stjórnsýslueining og allt fráhvarf frá þeirri afstöðu ber að líta á sem málamiðlun af hálfu minni. Ég vék að því áðan líka í ræðu minni að menn hlytu að velta því fyrir sér ef unnt væri að draga línu milli afréttarlanda og heimalanda vegna skipulags miðhálendisins hvers vegna ekki að draga þessa línu þá líka milli stjórnsýslueininga. Niðurstaða mín var og er sú að þetta gæti reynst erfitt, ekki þannig að erfið verkefni kalla einfaldlega á lausn ef hún er betri en annað á náttúrlega að reyna að ná henni, en samt er rétt að vera raunsær á vandamálið. Ég held að miklu erfiðara væri að draga þessa línu milli heimalanda og afréttarlanda ef menn væru að gera hitt um leið, að búa til stjórnsýslueiningar. Ég held að deilurnar yrðu miklu harðari fyrir vikið en ef menn væru fyrst og fremst að draga línu sem markaði skipulaginu farveg. Það er skoðun mín.

Síðan er það í ljósi þessarar afstöðu sem til verður bókun með áliti okkar hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þar sem segir að fyrirvari okkar á samþykkt laganna sé mjög eindregið sá að samhliða verði gerðar breytingar á skipulagslögum. Við vildum láta styrkja skipulagslög og það er forsenda þess að

við séum reiðubúin að íhuga einhverjar nýjar lausnir, aðrar en þær að landið verði ein stjórnsýslueining. Bókun okkar var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara sem m.a. lýtur að því að gera þurfi breytingu á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frv. eigi skipulag hálendis Íslands að vera með ásættanlegum hætti. Þær breytingar verða að fela í sér á afdráttarlausan hátt að miðhálendið verði skipulagt sem heild og að fleiri komi að þeirri vinnu og ákvarðanatöku en aðliggjandi sveitarfélög. Er þar átt við fulltrúa tilnefnda af samtökum sveitarfélaga í öllum landshlutum og fulltrúa ríkisins fyrir hönd þjóðarinnar allrar."

Þetta var sá texti sem við settum í álitsgerð með frv. Við bárum okkur eftir því að heyra hvað ríkisstjórnin væri að gera til að reyna að koma til móts við þá sem gagnrýndu frv. hvað harðast. Okkur voru sýnd drög að frv. sem síðan var dreift í þingsalnum á borð þingmanna en hefur ekki fengist rætt í þinginu og hefur mörgum fundist það æði undarlegt í ljósi þess að það er ríkisstjórnin sjálf sem stendur að þessu.

En og ég spyr: Hvernig stendur á því að málið fæst ekki rætt? „Jú", segja menn. „Það þarf að senda þetta til umsagnar úti í þjóðfélaginu." Það er viðhorf sem ég ber virðingu fyrir. Að sjálfsögðu á að senda málin til umsagnar og ég tala nú ekki um svona mál sem eru umdeild. En annað eins hefur nú verið gert og er gert á þessum síðustu dögum að umdeild *mál eru send til umsagnar með miklum hraði. En það voru* menn ekki reiðubúnir að gera í þessu máli. Og hvers vegna? Ég spyr: Hvers vegna?

Vegna þess að ýmsir úr stjórnarliðinu hafa miklar athugasemdir við þetta. Það er staðreynd. Ég spyr hvort að það sé ekki líka ágreiningur um þetta utan þings, ágreiningur um að við séum að styrkja skipulagslögin eins og hér er lagt til.

Ég spyr t.d.: Hvaða sjónarmið hafa komið frá orkugeiranum? Við vitum að orkugeirinn — og ég mun koma að því síðar — orkugeirinn hefur harðlega gagnrýnt þann hátt sem hafður er á í skipulagi miðhálendisins, orkugeirinn hefur harðlega gagnrýnt það. Og mér segir svo hugur, og ég vildi fá það rætt í þinginu og heyra það frá hæstv. ráðherra og ráðherrum sem hlut eiga að mála hvort til standi að orkugeirinn og iðnrn. komi að skipulagi miðhálendisins í ríkari mæli eða fái betri aðgang en hér er gert ráð fyrir — ég mun koma að því á eftir að ræða þann þátt málsins — vegna þess að það er sjónarmið sem er mjög umdeilt líka, að umhverfisþættinum sé gert hátt undir höfði.

Þetta stjfrv. fékkst ekki rætt og þess vegna gerist það að þingflokkur Alþb. og óháðra, Svavar Gestsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, flytur tillögu til rökstuddrar dagskrár. Sú tillaga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra harmar þá niðurstöðu meiri hluta Alþingis að neita að taka til umræðu frumvarp frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þar sem reynt er að leita sátta í viðkvæmu deilumáli. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin vill ekki ná neinni almennri sátt um skipulagsmál hálendisins. Jafnframt er ljóst að litlu breytir hvort frumvarp til sveitarstjórnarlaga nær fram að ganga á þessu vori eða bíður næsta vetrar. Með hliðsjón af þessu leggur þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra til að Alþingi samþykki að frumvarpi ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er borið upp undir þingið og hverjar verða lyktir þess máls? Málið er fellt. Ríkisstjórnin og hennar stuðningsmenn í þinginu fella þessa tillögu, fellir það að hér verði tekið til umræðu frv. sem frá ríkisstjórninni sjálfri er komið.

Við svo búið, þegar þetta hefur átt sér stað, gerum við grein fyrir því, fulltrúar Alþb. og óháðra og Kristín Ástgeirsdóttir, óháður þingmaður sem sæti á í félmn., að grundvöllur fyrir stuðningi okkar við frv. sé brostinn. Og ég verð að segja að í ljósi þeirra mótmæla sem fram koma í þjóðfélaginu núna og eins og ég hef rakið þá finnst mér enn ríkari ástæða komin fyrir því að þessu máli verði öllu saman frestað og fólki gefinn möguleiki á því að ræða hlutina.

Hér finnst mér skylda hvíla á Alþingi nákvæmlega eins og þegar — ég rifjaði það upp hér áðan — yfirgnæfandi hluti þjóðarinnar samkvæmt öllum skoðanakönnunum, 80%, óskaði eftir því mjög eindregið að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um hið Evrópska efnahagssvæði þá var því neitað. Það er lífsreynsla sem ég mun ekki gleyma. Ég mun ekki gleyma þeim hroka sem Alþingi og ríkisstjórn sýndu þjóðinni á þeim tíma. Og núna þegar þessar óskir koma fram frá almannasamtökum víðs vegar að af landinu, ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu heldur víðs vegar að af landinu, þá finnst mér það vera skylda Alþingis að verða við þessum óskum og gefa þeim sem áhuga hafa möguleika á að fara *nánar ofan í þessi mál.*

Ég kom að því í mínu máli áðan að margt óljóst sé í þessum málum öllum. Það sem gerir umfjöllun um þetta erfiða er að við erum að fást við marga lagabálka. Til þess að tryggja að þau markmið sem við í þingflokki Alþb. og óháðra leggjum ríkasta áherslu á, að landið sé skipulagt sem ein heildstæð eining og að umhverfisþátturinn vegi þyngst, til að þessi áhersluatriði okkar nái fram að ganga og verði tryggð þá þýðir ekki að einskorða umfjöllun við þetta frv. eitt. Það þarf að horfa til margra annarra lagabálka einnig. Það þarf að horfa til náttúruverndarlaga. Það þarf að horfa til byggingar- og skipulagslaga. Það þarf að horfa til fjölmargra annarra þátta.

Ég rakti hér áðan og á eftir að gera í ítarlegra máli, umræður sem fram hafa farið um þessi efni hér fyrr. Ég rakti og vísaði í ræðu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti í fyrra þar sem hann rekur hvernig smám saman er verið að koma betra skipulagi á þessi mál. Hann hefði viljað ganga miklu lengra, t.d. í skipulagsmálum. Hann sagði í sinni ræðu og ég vitna í hv. þm. Hjörleif Guttormsson frá í fyrra, með leyfi forseta:

„Ég hefði kosið að svæðisskipulag yrði lögfest, að það yrði lögbundið að gera skyldi svæðisskipulag. Það fékkst ekki stuðningur við það sjónarmið að þessu sinni."

Síðan vitnar þingmaðurinn í þann ávinning sem varð með skipulagslögunum í fyrra og vísar þar t.d. í 12. gr. þeirra laga þar sem er svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli."

Hér er vitnað í eina grein þessara laga. Reyndar vitnar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson í aðrar greinar skipulagslaganna þar sem verið er að stíga skref fram á við sem þingmaðurinn hefði viljað að væru reyndar stærri, en eru þó í áttina. Ég vek athygli á þessu vegna þess að þegar við tölum um þá

þætti sem brenna á þjóðinni núna, skipulagið og umhverfisverndina, þá verðum við að líta á marga lagabálka og þróun í öllu þessu ferli heildstætt. Í þessum skipulagslögum sem voru samþykkt í fyrra segir enn fremur, t.d. í 27.gr., með leyfi forseta:

„Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við."

Ég held nefnilega að þegar við lesum t.d. leiðara DV í gær, eða við fáum upphrópanir um það að verið sé að taka landið og stela því og þar fram eftir götunum, þá verðum við að gæta að því, að mínum dómi, að skoða þessi mál yfirvegað og skoða þessi mál með tilliti til annarra lagabálka. Og horfa líka á það sem jákvætt hefur áunnist í þessum efnum. Ég nefni og vísa til breytinga t.d. á skipulagslögunum. Við gætum líka horft til náttúruverndarlaga. Ég held nefnilega að þegar þessi mál eru skoðuð og rædd séu menn að tala um mjög marga hluti í senn.

Menn eru að tala um aðgang að landinu. Menn eru að tala um eignarhald á landinu og menn eru í þriðja lagi að tala um stjórnsýslu. Varðandi síðasta þáttinn, stjórnsýsluna, þá finnst mér ýmsum spurningum ósvarað, t.d. um skörun á svæðisskipulagi og aðalskipulagi og hverjir möguleikar sveitarfélaga eru til að streitast gegn svæðisskipulagi. Mér finnst þetta ekki liggja alveg ljóst fyrir. Mér finnst ekki liggja alveg ljóst fyrir hvernig þetta er.

Varðandi aðgang hins vegar að landinu þá er það ekki svo að með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til sé neitt verið að hrófla við þeim þætti. Kveðið er á um aðgang að landinu t.d. í 14. gr. náttúruverndarlaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi."

Það er sem sagt ekki verið að takmarka aðgang að landinu. Hvað þá með eignarhaldið? Er verið að sýsla hér með eignarhaldið? Nei. Eignarhaldið er skilgreint í allt öðrum lögum, í allt öðrum lagabálkum. Menn eru að sýsla með eignarhaldið í þjóðlendufrumvarpinu.

Ég vil vekja athygli manna á því að fyrir þinginu liggur frv. frá ríkisstjórninni sem er miklu alvarlegra, sem er miklu alvarlegra mál en sveitarstjórnarlögin eru nokkurn tíma, (**Gripið fram í:** Eignarhald ...) miklu alvarlegra mál. Það er frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta er hið alvarlega sem er að gerast hér ef það á að knýja það í gegn. Þetta er miklu alvarlegra mál en hitt, að skipta landinu öllu í stjórnsýslueiningar á milli sveitarfélaganna vegna þess að í því frv. er gert ráð fyrir að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeigu séu eign landeigenda. Þar er verið að staðfesta í lögum að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeign séu eign landeigenda.

Þetta er hin raunverulega eignaupptaka. Ef þetta verður samþykkt þá skulum við fara að tala um að verið sé að stela landinu. Þá skulum við gera það því þá er það orðið að veruleika. Ég fullyrði að hér sé á ferðinni frv. sem ekki aðeins kalli á mikla og ítarlega umræðu hér og í þjóðfélaginu reyndar öllu, ég fullyrði að samþykkt þess muni hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér og það væri stigið mjög stórt óheillaspor ef það frv. yrði samþykkt.

Það sem ég er að gera er að vekja athygli á því hve margslungið þetta mál er og hve mörgu ægir saman í umræðunni um sveitarstjórnarlögin. Menn halda að við séum þar að tala um aðgang að landinu. Nei, aðgangur að landi í almannaeign er tryggður með öðrum lögum, náttúruverndarlögunum, 14. gr. náttúruverndarlaga. Menn halda að við séum að tala um eignarhald á landi. Nei, það er fjallað um þau efni í þjóðlendufrv. og í frv. sem ríkisstjórnin hefur sett upp og er eins konar þjóðnýting með öfugum formerkjum. Það er verið að færa eignir þjóðarinnar í hendur þeirra sem hafa eignarhald á landi og það er mjög alvarlegur hlutur.

Til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur og það sem stjórnar öllum okkar gerðum í þessu máli, og þá er ég að tala um þingflokk Alþb. og óháðra, er að styrkja skipulagsþáttinn og styrkja umhverfisverndina. Þetta er það sem við höfum að leiðarljósi og við erum þá ekkert að horfa á þennan lagabálk einan. Við erum að horfa á allar færar leiðir til að ná fram þessu markmiði. Ég vil í því sambandi t.d. vekja athygli á því að fulltrúar okkar hafa verið að reyna að styrkja skipulagslög og náttúruverndarlög og komið fram með raunhæfar tillögur til úrbóta. Ég vitna hér t.d. í till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000."

Sannast sagna finnst mér þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með þessari þáltill. eiga erindi inn í þessa umræðu núna vegna þess að það sem er mál málanna og brennur á þjóðinni er að finna leiðir, og það held ég sé ríkjandi meirihlutaviðhorf í þjóðfélaginu, til að verja okkar land, verja náttúruna, standa vörð um umhverfið. Hér segir, með leyfi forseta m.a.:

„Miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka. Þar er Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, og þrír aðrir stórir hveljöklar auk nokkurra minni."

Síðan er lýsing á landinu og eldvirkni o.s.frv.: „Þessa gersemi ber Íslendingum að varðveita og vernda sjálfra sín vegna og í alþjóðaþágu. Það verður best gert með hyggilegu verndarskipulagi. Nú er í fyrsta sinn unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins og því kjörið tækifæri að móta slíka verndarstefnu. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga tekur í meginatriðum mið af þeim áherslum er fram komu í maí 1997 í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands til ársins 2015. Til viðbótar þeirri stefnu sem þar er mörkuð er með þingsályktunartillögu þessari bent á æskilegar leiðir til að tryggja verndun stórs hluta miðhálendisins um langa framtíð með því að stofna þar til þjóðgarða og tengja við þá önnur náttúruverndarsvæði."

Ég er að vitna í greinargerð sem fylgir tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þjóðgarða á miðhálendinu og snertir kjarnann í þeirri umræðu sem hér fer fram, um leiðir sem hægt er að fara til að standa vörð um miðhálendið, standa vörð um náttúru Íslands. Þetta er kjarninn í þeirri stefnu sem Alþb. hefur fylgt og sem þingflokkur Alþb. og óháðra hefur haft að leiðarljósi í öllu þessu máli og öllum málum sem snerta umhverfismál og skipulagsmál, þ.e. að tryggja heildstætt skipulag. Við höfum viljað lögfesta það, gera það að skyldu og við höfum viljað finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og gera umhverfisþættinum hærra

undir höfði en verið hefur. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaðir verði fjórir stórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi landsvæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft að njóta náttúru þeirra „að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir" svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna."

Síðan er þetta rætt allt ítarlega í greinargerðinni og enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Mörg og sterk rök má færa fyrir því að setja beri jökla landsins undir verndarskipulag. Jöklarnir eru í hugum margra tákn hins ósnortna og yfir þeim hvílir dulúð og upphafning. Þeir eru snar þáttur í náttúrufari landsins og bakhjarlinn í vatnakerfum þess, bæði jökulfljóta, lindáa og grunnvatns á stórum svæðum. Vatnsvernd og verndun á hreinleika jöklanna eru því samofnar og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi.

Jöklar draga að sér ferðamenn í síauknum mæli og eru að verða mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi. Jafnhliða því sem nýta ber þá fjölmörgu kosti sem tengjast ferðum á jöklum og í grennd þeirra er brýnt að setja um þær reglur sem tryggja náttúruvernd og varðveislu á hreinleika og eftirsóttum eigindum ferða um jökla og nálæg víðerni. Jafnframt þarf að skýra réttarstöðu þeirra sem standa fyrir ferðum á jöklum og stuðla að öryggi ferðamanna. Allt þetta og fleira ótalið kallar á náttúruvernd og skipulag umferðar á jöklum miðhálendisins. Með því að gera þá að kjarna í þjóðgörðum er lögð áhersla á þýðingu þeirra og nærliggjandi svæða í náttúruvernd og ferðaþjónustu og leitast við að tryggja að Íslendingar og aðrir fái notið þeirra óspilltra til yndisauka um langa framtíð."

Í niðurlagsorðum greinargerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Með tilkomu þeirra þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um kæmust Íslendingar í fremstu röð þjóða að því er varðar náttúruvernd. Sú verndarstefna sem margir hafa lýst eftir varðandi miðhálendið fengi á sig skýra og fastmótaða mynd. Jöklum miðhálendisins væri lyft á þann stall sem þeir verðskulda og aðdráttarafl og gildi óbyggðanna yrði meira en áður í hugum manna. Fyrir þjóð sem ætlar sér stóran hlut í ferðaþjónustu er mikið í húfi að vernda náttúru landsins, ekki síst jarðsögulegar minjar og víðerni og jökla hálendisins."

Ég dreg þetta fram, hæstv. forseti, til að sýna fram á að hægt er að fara ýmsar leiðir til að ná þessu markmiði sem mér finnst vera mikilvægast. Okkur í þingflokki Alþb. og óháðra finnst vera meginmálið og skipta höfuðmáli að tryggja skynsamlegt skipulag, heildstætt skipulag, möguleikann á skipulagningu. Við viljum lögfesta það og við viljum finna leiðir, ekki bara einskorða okkur við eitt frv. í því efni heldur finna leiðir og þess vegna nýjar leiðir, til að vernda náttúru landsins. En eru allir á einu máli um það? Nei, það eru ekki allir á einu máli um það. Auðvitað eru ólík sjónarmið þar þótt ég haldi að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé á þeirri skoðun að verja beri náttúru landsins og vernda. Ég verð að segja það líka að þeir aðilar sem hafa komið nálægt virkjunum, orkugeirinn á Íslandi, hefur einstaklinga í starfi sem hafa næmt auga fyrir náttúrunni og vilja standa vörð um hana og frágangur er til fyrirmyndar í kringum mörg orkuverin hér á landi. En engu að síður er það sjónarmið áberandi sem kemur frá orkugeiranum að vægi umhverfisþáttarins sé of mikið. Annað er ekki að skilja á þeim álitsgerðum sem frá þeim koma. Hingað barst t.d. yfirlýsing frá Orkustofnun um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þessa álitsgerð frá 9. desember 1997. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Orkustofnun fagnar því að málefni miðhálendis Íslands er tekið til ítarlegrar umfjöllunar með þeim tillögum að svæðisskipulagi sem nú liggja fyrir, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu hinn 6. júní sl.

Í greinargerð og fylgiritum samvinnunefndarinnar um svæðisskipulagstillöguna er margan fróðleik að finna og þar hefur verið unnið brautryðjendastarf sem hægt er að byggja á. Á hinn bóginn telur Orkustofnun að of mikið sé farst í fang með skipulagstillögunum þar sem í raun er þegar tekin afstaða til frambúðarnýtingar alls miðhálendisins. Í þessu felst afdrifarík ákvörðun sem byggir ekki nema að takmörkuðu leyti á stefnumótun æðstu stjórnvalda þar sem teknar væru pólitískar ákvarðanir varðandi miðhálendið um auðlindanýtingu, atvinnusköpun og umhverfismál svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur umræða öll verið of takmörkuð til að nú sé tímabært að staðfesta svo umfangsmiklar tillögur.

Það er því megintillaga Orkustofnunar að fyrirliggjandi tillögur verði endurskoðaðar með það að markmiði að því verði frestað að taka afstöðu til annarra svæða en þar sem nú þegar liggi fyrir samþykkt not eða samþykkt verndarsvæði. Jafnframt ætti með kortagerð af einhverju tagi að benda á þau landnot sem þar til bærir aðilar telja æskileg. Þannig ætti í samvinnu við Orkustofnun að vinna allítarlegt kort sem sýni landnot þeirra virkjunarkosta sem hagkvæmir geta talist. Þemakort eins og kort 23 í greinargerð samvinnunefndarinnar er of gróft í þessu skyni og gerir því of mikið úr áhrifum orkuvinnslunnar. Með slíkum hliðarkortum væri ekki verið að taka afstöðu heldur draga fram þær þarfir vegna einstakra landnota sem ábyrgir aðilar á hverju sviði benda á.

Samtímis mætti taka af skarið um það að engin landnýting verði nema að samþykktu skipulagi fyrir viðkomandi svæði. Jafnframt verði það tryggt að tímanlega verði tekið á skipulagsvinnunni og þá sameiginlega af öllum þeim sem málið varðar.

Kjarninn í umsögn Orkustofnunar er því sá að heildartillaga um skipulag miðhálendisins sé ótímabær þar sem enn skorti verulega forvinnu áður en unnt er að ganga jafnlangt í skipulagningu miðhálendisins og nefndin leggur nú til. Það skortir stefnu æðstu stjórnvalda landsins um uppbyggingu atvinnulífs sem hlýtur m.a. að kalla á nýtingu auðlinda hálendisins. Í orkumálum þarf t.d. að ljúka þeirri rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að láta gera í stefnumörkun sinni um sjálfbæra þróun. Ýmislegt í vinnubrögðum að þessu skipulagi gerir það enn fremur óhjákvæmilegt að leggja núverandi tillögur til hliðar."

Hér er sett fram mjög hörð gagnrýni á það skipulag sem menn hafa verið að vinna að á miðhálendinu. Það er greinilegt að orkugeiranum finnst að gengið sé á sinn hlut. Ég er að vekja máls á þessu til að sýna fram á að sjónarmið eru gagnstæð. Annars vegar þau sjónarmið sem við höfum haldið mjög hátt á loft, Alþb. og þingflokkur Alþb. og óháðra, að verja beri umhverfið og við höfum gert tillögur um nýjar

leiðir í þeim efnum, sett t.d. fram hugmyndir um þjóðgarða þar sem náttúran yrði varin á enn tryggari hátt en gert hefur verið til þessa.

En í niðurlagi þessarar greinargerðar Orkustofnunar segir, með leyfi forseta:

„Enda þótt það sé ekki efni sem beina beri til samvinnunefndarinnar verður að nota þetta tækifæri til að lýsa efasemdum um framhald skipulagsmála miðhálendisins. Ef svo fer sem horfir að stjórnsýsla og þar með talið skipulagsmál verður í umsjá þeirra 50 hreppa sem eru taldir liggja að miðhálendinu, enda þótt þeim kunni eitthvað að fækka vegna sameiningar sveitarfélaga, þá er viðbúið að sama virkjanamannvirkið tilheyri mismunandi hreppum; stöðvarhús í einum hrepp, stíflur og lón í öðrum og línulagnir og aðkomuvegir í enn öðrum hreppum. Hagsmunir þessara sveitarfélaga munu rekast á, m.a. þar sem opinber gjöld, einkum fasteignaskattar, miðast við hrepp þann þar sem stöðvarhúsið liggur. Það býður því þeirri hættu heim að virkjunaraðili hljóti mjög misjafnar undirtektir í viðkomandi hreppum með tilheyrandi deilum og tilkostnaði við sættir eins og dæmin reyndar sanna."

Reyndar er það iðulega svo að orkuver og mannvirki eru í ólíkum sveitarfélögum þannig að þetta er ekkert nýtt vandamál sem bent er á hér. En ég vek athygli á þessu til að sýna að menn hafa efasemdir um áherslur annars vegar í skipulagsmálum og hins vegar varðandi aðkomu að skipulagsvinnunni á mjög ólíkum forsendum.

Hverjar eru þær forsendur? Annars vegar eru það umhverfisverndaraðilar, það er umhverfisverndarhópurinn sem hefur sagt: Það er misráðið að láta peningalega hagsmuni, atvinnusjónarmið, stýra um of ferðinni. Það sé vanhugsað að láta atvinnusjónarmið stýra ferðinni þegar náttúra landsins er annars vegar. Við gætum tekið ákvarðanir sem leiða til landspjalla ef peningasjónarmið ráða ferðinni, sérstaklega ef um er að ræða vanmáttugar einingar, fjárvana einingar. Þetta er sjónarmið sem er alveg gilt og hefur alls ekkert að gera með andúð á landsbyggðinni. Það er staðreynd að þegar peningalegir hagsmunir koma við sögu þá kunna að skapast hagsmunaárekstrar og þá viljum við stilla okkur upp náttúrunnar megin og bæta úr fjárhagsþrengingum með einhverjum öðrum hætti. Þetta er sjónarmið sem hefur verið haldið á loft af ýmsum sem leggja áherslu á umhverfisþáttinn.

Síðan er það hitt sjónarmiðið og það er virkjunargeirinn, það er orkugeirinn. Hann segir: Ef sveitarfélögin koma öll að þessu verður svo erfitt að virkja. Þess vegna er Orkustofnun og orkugeirinn að vara við því að smíðaðir séu þröskuldar sem þeir þurfi að komast yfir til að geta virkjað á miðhálendinu. Gagnrýnin á aðkomu sveitarfélaganna kemur því úr tveimur ólíkum áttum, tveimur gagnstæðum áttum. Þetta atriði er vert að hafa í huga og það er vert að hafa í huga að menn eru að ræða þessa hluti alla á mjög ólíkum forsendum. Það eru ýmis ólík sjónarmið, ólíkar forsendur sem koma þarna til sögunnar.

En eitt er sameiginlegt með öllum þeim sem hvetja okkur til þess að fara varlega í sakirnar og það á við um orkugeirann en sérstaklega við náttúruverndaraðila. Þeir segja: Gefið okkur tóm til að skoða málið betur. Það var í þessum anda og vegna þrjósku ríkisstjórnarinnar og ótrúlegrar málsmeðferðar hennar á eigin frv., að neita að taka það til umfjöllunar, að þingflokkur okkar, Alþb. og óháðir, sameinaðist um tillögu þess efnis og tölum fyrir henni hér, að málinu verði vísað frá og það verði tekið til endurskoðunar í sumar og þingið taki aftur til hendinni og ræði málið að nýju og þá hugsanlega á einhverjum nýjum forsendum í haust. Þetta er mjög eindregið sjónarmið okkar.

Áður en ég lýk máli mínu um þennan þátt málsins ítreka ég það sem ég hef áður sagt að þetta mál er smámál miðað við annað frv. sem liggur fyrir þinginu og lýtur að eignarhaldi og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem gert er ráð fyrir eins konar þjóðnýtingu með öfugum formerkjum. Verið er að færa auðlindir þjóðarinnar í hendur þeirra sem eiga landareignir. Það er hlutur sem á að sjálfsögðu eftir að ræða mjög ítarlega í þinginu og að sjálfsögðu í þjóðfélaginu öllu.

Þetta var um skipulagsmálin og þann þátt frv. sem hefur valdið mestri úlfúð í þjóðfélaginu og er skýringin á bak við þær óskir sem koma núna hvaðanæva að þess efnis að við frestum málinu.

Þá ætla ég að víkja að frv. að öðru leyti og tala þá um þær grundvallarbreytingar sem eru að verða hér í stjórnsýslunni almennt. Það eru nefnilega að verða mjög miklar og afgerandi breytingar hér í stjórnsýslunni. Ef við hverfum aftur í tímann fáein ár, ef við förum nokkra áratugi aftur í tímann, þá var það svo að við litum þannig á að hver einstaklingur byggi við ákveðin réttindi, ákveðin grundvallarréttindi. Hann byggi við þann rétt að njóta skólagöngu, því var ekki alls staðar framfylgt en einstaklingurinn átti engu að síður rétt á því að fá skólagöngu. Hann átti rétt á því að njóta heilbrigðisþjónustu. Það var stundum hneykslast á því að afskekktir bæir gerðu kröfu til þess að byggð yrði brú á ána og vegagerð yrði ákjósanleg og þegar sjónvarp kom til sögunnar sögðu menn: Það á að reisa endurvarpsstöðvar og sjónvarpsskildi til að tryggja öllum aðgang að sjónvarpi. Lagðar voru raflínur til afskekktra bæja.

Þetta var stundum umdeilt en við Íslendingar litum almennt á þetta sem grundvallarréttindi, að einstaklingurinn gæti ákvarðað það sjálfur hvar hann byggi og mannréttindi hans voru fólgin í því að njóta þeirrar þjónustu sem þjóðfélagið almennt byði upp á, hina almennu grunnþjónustu sem þjóðfélagið almennt byði upp á. Við erum að tala þar um heilsugæsluna, við erum að tala um skóla, við erum að tala um sjónvarp, útvarp, þegar það kom til sögunnar og þar fram eftir götunum.

Ekki var þar með sagt að menn nytu alltaf þessarar þjónustu. En þá var það vegna þess að þjóðfélagið stóð sig ekki. En grunnhugsunin var sú að einstaklingurinn ætti rétt á þessari þjónustu. Hann ætti rétt á vegasamgöngum, hann ætti rétt á heilbrigðisþjónustu og menntun. Ef því var ekki fullnægt þá var það vegna þess að þjóðfélagið stóð sig ekki.

Síðan gerist þjóðfélagið margslungnara og margbrotnara. Sú þjónusta sem einstaklingum er boðið upp á er margslungnari og jafnframt gerist hún iðulega dýrari. Þá förum við að hverfa frá þeirri grunnhugsun að einstaklingurinn eigi rétt á allri þjónustu hvar sem hann býr, það er farið að hverfa frá þessu prinsippi. Við förum að hugsa á nýjum forsendum og það er farið að hugleiða það hvernig hægt sé að styrkja sveitarfélögin til að veita þjónustu, þjónustu sem einstaklingunum er boðið upp á en þjóðfélagið er smám saman að færa sig frá þeirri grunnhugsun að einstaklingurinn geti valið sér búsetu og eigi rétt á allri þjónustu hvar sem hann býr. Þarna verður viðhorfsbreyting.

Þetta gerist samfara annarri þróun sem er líka að eiga sér stað í Evrópu. Hún er sú að stykja sveitarstjórnarstigið. Ég held að þetta sé nokkuð sem Evrópusambandið ýtir undir og stuðlar að. Í Bretlandi eru t.d. yfir 500 sýslur.

Af þessum 500 sýslum í Bretlandi eru núna 350 sem hafa sérstaka fulltrúa sem sinna Evrópusambandinu einvörðungu. Og sveitarfélögin eru að koma sér upp Brusselkontórum.

Hvað gerist þá hér á landi? Hvað skyldi þá gerast hér á landi? Það sem gerist hér á landi er að Evrópusinnar, sem fletta upp í eigin samvisku og skoðunum um hvað þeim eigi að finnast, fletta því upp í staðlaskrám Evrópu; þeir eru búnir að finna það út að í Evrópu framtíðarinnar eigi sveitarstjórnirnar að vera grunneiningar og þangað og á ábyrgð þeirra eigi að færa öll verkefni.

Það er bara einn hlutur sem gleymist í þessu öllu saman. Hann er sá að sveitarfélög hér á landi eru ekki sambærileg við sveitarfélög í Evrópu hvað varðar stærð og styrkleika. Sveitarfélag á Íslandi telur iðulega nokkur hundruð manns. Sveitarfélag í Svíþjóð telur hundruð þúsunda, jafnvel milljónir. En þetta vill gleymast þegar verið er að taka ákvarðanir t.d. um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaganna. Þá eru menn komnir inn í þessa múgsefjun, að þetta sé nokkuð sem Evrópumennirnir geri, þess vegna hljótum við að gera þetta líka. Þess vegna er ráðist í að færa verkefni sem sveitarfélögin ráða engan veginn við, t.d. málefni fatlaðra. Það á að taka þau málefni og setja þau yfir til sveitarfélaga. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er dagskipun frá Evrópu.

Hér hafa menn staðið í ræðustól og rætt þessi sveitarstjórnarmál og þetta sveitarstjórnarfrv., að þetta sé einn liður í því að færa valdið nær fólkinu. Þetta sé sú braut sem okkur beri að feta.

Ég hef verið stuðningsmaður þess að styrkja sveitarfélög. Ég er líka stuðningsmaður þess að sveitarfélögin sameinist og styrkist ef það er á annað borð vilji íbúanna sem er náttúrlega grundvallarmál. En ekkert lýðræði er í því fólgið og það er ekki verið að koma til móts við fólk með því að henda í það verkefnum sem það ræður ekki við. Það dregur úr lýðræðinu, það dregur úr réttindum einstaklinganna sem hlut eiga að máli. Við hljótum að spyrja: Hver er hin endanlega útkoma úr málinu? Við getum ekki hengt okkur þannig í formið eitt.

Þetta vildi ég segja almennt um þá stefnubreytingu sem er að verða. Ég óttast hana svolítið. Ég held að í Evrópu séu menn að smíða almenn lágmarksréttindi, lágmarks borgaraleg réttindi, en henda síðan verkefnunum í sveitarstjórnirnar og þær geti sjálfar ákveðið hvort þær fari einvörðungu eftir þessum lágmarksstöðlum eða tryggi íbúum sínum betri kjör. Og hvað stjórnar þar ferðinni? Hvað kemur til með að stjórna þar ferðinni? Fjárhagurinn. Það er fjárhagur þeirra. Þess vegna mun þessi valddreifing, þessi flutningur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, auka á mismun þegnanna.

Svo ég dragi þetta saman þá erum við komin frá hinni gömlu, íslensku hugsun að segja: Hver einstaklingur ákveður hvar hann býr og býr við þau grunnmannréttindi sem okkar þjóðfélag hefur upp á að bjóða. Þannig hugsuðum við fyrir nokkrum áratugum. Smám saman höfum við horfið frá þessari hugsun. Við munum henda öllum verkefnum í sveitarstjórnirnar. Þær munu haga sér samkvæmt lágmarksstöðlum frá Evrópu. Síðan mun aukið við réttindin eftir efnahag sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem standa lakast að vígi, hafa lakasta fjárhagslega stöðu, munu verða eftir og bjóða sínum íbúum upp á lakari þjónustu. Það liggur í hlutarins eðli. Þetta er sú þróun sem er að eiga sér stað. Þess vegna dugir mér ekki að segja, eins og menn hafa gert í þessari umræðu, að þetta sé þáttur í að færa valdið nær fólkinu. Það er of mikil einföldun og vald án fjárhagslegs bolmagns til að leysa þau verkefni sem eru sett á sveitarfélögin er til þess eins fallið að draga úr réttindum fólks.

Þetta var um það sem almennt er að gerast núna. Það kemur nokkuð fram í þessu lagafrumvarpi en ég ætla nú að víkja að einstökum greinum frv. Ég hef fjallað nokkuð um 1. gr. sem er um skiptingu landsins í sveitarfélög en kem núna að þeirri grein sem talsvert hefur verið rædd hér og lýtur að fjárhag sveitarfélaganna. Það er 7. gr. Eins og þingmenn þekkja hafa komið athugasemdir um 7. gr., t.d. frá Garðabæ og fleiri aðilum síðustu daga. 7. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast."

Síðan er komin breytingartillaga frá félmn. sem er svohljóðandi:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra".

Mér finnst margt ágætt í þessari grein. Sérstaklega fagna ég því að menn skuli ekki hafa farið að ráði þeirra sem vilja setja sveitarstjórnum þröngar skorður. Hér segir t.d.: Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Þetta finnst mér gott. Þetta er rúmur lagatexti sem setur sveitarstjórnum ekki þröngar skorður eins og margir hafa viljað gera.

Hins vegar hefði ég viljað orða síðari hluta lagagreinarinnar öðruvísi. Ég hefði viljað hafa síðustu setninguna stutta og laggóða: Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana. Punktur. Hér hefði ég viljað setja punkt, en meiri hlutinn vill bæta við: ... til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Ég hefði viljað hafa þetta opnara fyrir sveitarfélögin, að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði í gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana. Það hefur verið bent á það við umræðuna hér að þetta væri í ekki í samræmi við stjórnarskrá landsins, vegna þess að samkvæmt henni hafi sveitarfélagið ekki leyfi til skattheimtu nema samkvæmt lögum. Þannig hefur verið talið að við værum að fara inn á vafasamar brautir en ég hef bent á að hér séum við á mjög gráu svæði. Línan á milli gjaldtöku margvíslegrar og skattheimtu er mjög óljós eins og oft hefur verið rætt um þegar talað hefur verið t.d. um gjaldheimtu í heilbrigðiskerfinu. Það er ekkert einhlítt í því efni.

Það sem skýrir breytingartillöguna sem ég einnig las upp og er svohljóðandi:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra." Skýringin á þessu er sú að lagatextinn eins og hann var í upphaflega frv. hefði heimilað

sveitarfélagi sem rekur hlutafélög að taka arð, einvörðungu til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast. Þar með hefði verið þrengt mjög að hlutafélögum í eigu sveitarfélaga.

Þótt ég sé nú ekki mestur aðdáandi hlutafélagavæðingar hjá sveitarfélögum og reyndar mjög andvígur því, sérstaklega þegar um er að ræða félagslega þjónustu, vil ég engu að síður að sveitarfélögum sé heimilt að reka hlutafélög ef því er að skipta, og önnur fyrirtæki ef slíkt er uppi á teningnum. Mér finnst eðlilegt að slíkt hlutafélag geti aflað arðs eins og önnur hlutafélög. Þess vegna hef ég stutt þá breytingartillögu sem hér kemur til sögunnar.

Á hverju byggir þá sú gagnrýni sem t.d. kemur frá Garðabæ? Jú, hún byggir á því að t.d. Reykjavíkurborg rekur hlutafélög um starfsemi sem önnur sveitarfélög nýta sér og þar sé um einokun að ræða. Þar er talið að um einokun sé að ræða og ef Reykjavíkurborg fær heimild til að taka arð umfram það sem notað er til þeirrar þjónustu sem verið er að veita, þá sé komin heimild til einhliða skattlagningar. Þar sé einokunarfyrirtæki komið með möguleika til að skattleggja viðskiptavini sem í þessu tilviki eru nærliggjandi sveitarfélög. Þetta er að sjálfsögðu sjónarmið út af fyrir sig sem ber að skoða. Ég tel þó að það eigi að leysa í samningum milli þessara sveitarfélaga. Það ætti að vera hægur vandinn að gera slíkt og ég tel að fremur ætti að leita eftir samningum við sveitarfélögin.

Eitt af því sem okkur hefur verið bent á í umfjöllun um þetta frv. er að á margan hátt séu lög bundin við margvísleg smáatriði sem löggjafinn hefði getað látið liggja á milli hluta. Í 11. gr. segir t.d.:

„Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Byggðarráð skv. 38. gr. nefnast byggðarráð, bæjarráð eða hreppsráð og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist bæjarstjóri eða sveitarstjóri.

Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins."

Auðvitað orkar það mjög tvímælis að binda það í landslög að borgarstjóri skuli heita borgarstjóri. Auðvitað á sveitarfélaginu að vera í sjálfsvald sett hvaða heiti eða embættistitill framkvæmdastjóra sveitarfélagsins er gefinn. Þetta finnst mér íhugunarvert sjónarmið en við ræddum það ekki í nefndinni, einfaldlega vegna þess að við höfðum ekki hugmyndaflug til að skoða það. Við munum væntanlega gera það ef málinu fæst frestað og það verður tekið fyrir að nýju í haust. Atriði eins og þessi eru þess virði að skoða nánar.

Eins og ég gat um áðan þegar ég var að tala um tæknilega erfiðleika við að fresta þessu frv. þá tel ég þá ekki vera neitt sérlega mikla, sérstaklega í ljósi þess að nefnd er að fjalla um svæðisskipulagið, óháð þessari lagabreytingu, og verður að störfum til 1. desember. Við erum ekki að trufla það starf en hins vegar er annað sem við þyrftum að skoða, ef við tökum ákvörðun um að fresta þessu. Það er ýmislegt sem lýtur að nafngiftum í frv. og mætti hæglega taka þann þátt úr og samþykkja hann.

Í sveitarstjórnarlögunum sem nú eru við lýði er ýmislegt sem tengist stjórnsýslunni og heitum sem er úrelt. Þegar þessi mál voru rædd við 1. umr. gat ég um það að inn í frv. hefðum við tekið ýmsar tillögur um lagabreytingar sem komu frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hann lagði fram frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, bæði á þessu þingi og síðasta, þar sem hann gerir, í greinargerð með því frv., grein fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er að gera breytingar á þessum þætti laganna. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Með gildistöku sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, varð réttarstaða allra sveitarfélaga á Íslandi hin sama. Sýslufélög voru þá lögð niður og þar með urðu hreppar og kaupstaðir samkvæmt eldri lögum jafnréttháir. Eftirlit sýslunefnda með hreppum heyrði sögunni til og kaupstaðarréttindi sköpuðu viðkomandi sveitarfélögum ekki lengur neina sérstöðu. Sveitarstjórnarstigið var þar með skýrar afmarkað en fyrr þótt eftir sem áður væri gífurlegur munur á íbúafjölda milli sveitarfélaga. Eftir þessar breytingar átti m.a. að vera kleift að gera þetta stjórnsýslustig skiljanlegra og gegnsærra fyrir alla, jafnt uppbyggingu þess sem verkefni. Vissir annmarkar á löggjöfinni drógu hins vegar úr eða komu í veg fyrir að öllum almenningi yrði ljós sú grundvallarbreyting sem orðin var þar sem viðhaldið var lagaboði um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda og ýmissa stofnana og stöðuheita á þeirra vegum. Vafalítið hefur fastheldni og metnaður hinna stærri sveitarfélaga ráðið hér miklu og Alþingi hróflaði ekki að þessu leyti við þeim tillögum sem félagsmálaráðherra lagði þá fyrir þingið og undirbúnar höfðu verið af stjórnskipuðum nefndum.

Við framkvæmd sveitarstjórnarlaganna hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á ákvæðum laganna að því er varðar þau atriði sem tekið er á með frumvarpi þessu. Á það ekki síst við um ákvæðin um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar að því er varðar heiti sveitarfélaga og kveðið skýrt á um heiti formanns og framkvæmdastjóra sveitarstjórnar, sem og heiti framkvæmdanefndar sveitarfélagsins. Allar lúta þessar breytingar að því að afnema lögbindingu á nafngiftum eftir íbúafjölda en festa í sessi tiltekin samheiti fyrir öll sveitarfélög, svo sem sveitarstjórn, oddviti, sveitarstjóri og byggðarráð. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að sveitarstjórn sé í sjálfsvald sett að nota jafnframt aðrar nafngiftir á stöðuheitum og binda í samþykktir sínar, ef þær svo kjósa."

Síðan er gerð ítarlegri grein fyrir þessu nema hvað að í því frv. sem hér liggur fyrir voru þær tillögur sem fram komu í umræddu frv. til laga sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fram teknar inn. Þær breytingar sem hér eru nauðsynlegar og horfa til bóta voru teknar inn, en þetta er eina atriðið sem ég sé að við þyrftum að íhuga ef tekin væri ákvörðun um að fresta málinu eða láta það bíða til næsta þings, hvort við þyrftum að skoða þennan flöt eitthvað nánar.

Af öðrum breytingum sem lagðar eru til og ég hef gert athugasemdir við, þá vil ég víkja að 42. gr. þar sem segir að starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá og ef ég man rétt var einnig gerð brtt. við þessa grein. Jú, þar er bætt við: „Á eftir orðunum „kjörgengir í" komi: nefndir, ráð og" — stjórnir á það að vera.

Ég hef vakið athygli á því og gerði það í nefndarstarfinu að með þessu er t.d. verið að útiloka að starfsmenn skóla í Reykjavík sætu í fræðsluráði skipaðir af stjórnmálaflokkunum. Það væri bannað lögum samkvæmt að starfsmenn sætu í fræðsluráði. Það er reyndar gert ráð fyrir að einstaklingar eða starfsmenn stofnana geti setið í stjórn fyrirtækja ef það er samkvæmt öðrum samþykktum eða öðrum lögum en sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna væri þetta ekki

hægt. Almennt finnst mér ekki óeðlilegt að hafa ákvæði af þessu tagi, að starfsmenn sitji ekki í stjórn þeirra stofnana sem þeir vinna hjá, sem fulltrúar stjórnmálaflokka. Mér finnst eðlilegt að þeir komi þangað inn og sitji sem fulltrúar starfsmannafélags eða starfsmannanna, en ekki sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna. Hins vegar þegar við erum að tala um víðtækan málaflokk eða stofnun sem byggir á mörgum stofnunum í reynd, eins og skólarnir í Reykjavík, þá finnst mér gegna öðru máli og spurning hvort við erum ekki að þrengja lagatextann um of. Við erum í rauninni að segja að einhver sem starfar sem ritari í Álftamýrarskóla geti ekki setið í fræðsluráði fyrir einhvern stjórnmálaflokkanna. Þetta finnst mér vera heldur mikil þrenging, er of mikil þrenging að mínum dómi.

Annað mál sem var rætt talsvert var 50. gr. þar sem segir:

„Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur er hún setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 35. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags."

Einnig er reyndar vikið að þessu í 53. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar."

Þetta var rætt talsvert, hvort ætti að setja það í lagatexta að skylt væri að greiða fólki þóknun sem starfaði í nefndum á vegum sveitarfélags. Ég var einn þeirra sem höfðu miklar efasemdir um þetta, taldi að þarna væri ekki rétt að hafa lagaskyldu en eftir því sem ég hef hugsað málið betur er ég kominn á þá skoðun að rétt sé að gera þetta. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður við umræðuna, að mér finnst farið að bera nokkuð á því að stjórnvöld ákveði samkvæmt lögum að setja á fót nefndir sem eiga að starfa á vegum opinberra aðila en setja það jafnframt inn í lagatextann eða ákveða upp á sitt eindæmi að þeir sem skipaðir eru í nefndirnar fái ekkert greitt fyrir. Þetta finnst mér vera mjög vafasamt. Mér finnst mjög óeðlilegt að þeir sem eru hjá hinu opinbera og eru að sinna verkefninu sem hluta af sínu starfi fái greitt fyrir nefndarstörf. Mér finnst það mjög óeðlilegur hlutur og nokkuð sem ber að endurskoða en á hitt er að líta að iðulega er fólk að koma úr öðrum störfum og verður fyrir vinnutapi og tekjutapi af þeim sökum. Þá er eðlilegt við slíkar aðstæður að greitt sé fyrir nefndarstörf. Ég minni á að þegar verkalýðshreyfingin var að hefja sig til flugs í Evrópu í réttindabaráttu sinni lagði hún einmitt áherslu á þetta, kröfuskrárhreyfingin breska um miðja síðustu öld þegar hún var að berjast fyrir lýðréttindum og aðgangi verkalýðsins að þinginu, þá lagði hún höfuðáherslu á að greitt yrði fyrir þingstörfin til að fólki yrði ekki mismunað með þeim hætti og tekjulágt fólk lokað úti.

Ég hef vakið athygli á því að hæstv. menntmrh. t.d. gekkst fyrir því að samþykkt voru á þingi lög um starfsgreinaráð sem eru skipuð fólki, fulltrúum úr aðskiljanlegum starfsgreinum en það er sérstaklega tekið fram í þeim lögum þar sem kveðið er á um þessi starfsgreinaráð að ekkert skuli greitt fyrir þessi störf. Og þarna kemur fólk, verður fyrir vinnutapi og tekjutapi en mætir síðan þessu viðhorfi. Mér finnst þetta því allt vera í þá átt að rétt sé að hafa þetta sem skyldu, þótt ég hafi verið upplýstur um það síðar að það hafi verið annað sem í reynd vakti fyrir frumvarpssmiðunum þegar þeir settu þetta ákvæði inn og það var reyndar til að koma í veg fyrir að fulltrúarnir eða þeir sem færu með valdið skömmtuðu sér sjálfir. Þess vegna væri sett inn ákvæði þess efnis að sveitarstjórn væri skylt að taka ákvörðun um þetta efni til að koma í veg fyrir að sveitarstjórinn eða aðrir embættismenn eða þeir sem hlut ættu að máli skömmtuðu sér tekjurnar sjálfir. Það mun vera skýringin á bak við þetta þótt ég hafi nálgast þetta út frá öðru sjónarmiði.

Síðan gerist það að okkur hefur borist í hendur greinargerð, síðbúin greinargerð frá endurskoðendum. Félag löggiltra endurskoðenda hefur sent Alþingi greinargerð um þetta frv. þar sem fjallað er sérstaklega um 68. gr. frv. Í greinargerðinni eru settar fram mjög alvarlegar athugasemdir en bent á í niðurlagi hennar að félagið hafi ekki fengið frv. til umsagnar og þar sé komin skýringin á því að greinargerðin komi svo seint. Ég held að hér hljóti að vera um slys að ræða en ekki ásetning af hálfu okkar sem störfum í félmn. og höfum kappkostað að senda frv. til umsagnar sem víðast til að fá sjónarmiðin sem víðast að. Sú gagnrýni sem fram kemur í þessari greinargerð er á þá lund að 68. gr. frv. sé í mótsögn og andstöðu við önnur lög og þar er vitnað í lög nr. 18/1997, um löggilta endurskoðendur, þar sem segir í 9. gr. sem fjallar um vanhæfisástæður:

„Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,

2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,

3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,

4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,

5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,

6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu."

Í lokamálsgrein sömu greinar segir:

„Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir. Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu."

Hér er Félag löggiltra endurskoðenda að vitna í löggjöf um löggilta endurskoðendur frá árinu 1997 þar sem tilgreindar eru þær ástæður sem geri löggilda endurskoðendur vanhæfa. Þeir segja að það gangi ekki upp að sveitarstjórn endurskoði sjálfa sig, það er meginhugsunin í þessu. Í 68. gr. segir:

„Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða að endurskoðun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins verði falin sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Skal slík endurskoðunarstofnun vera undir stjórn forstöðumanns sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi.

Stofnunin skal heyra beint undir sveitarstjórn og vera og óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðandi sveitarfélags skal haga endurskoðun í samræmi við lög og reglur og góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru á hverjum tíma hjá opinberum aðilum. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi sveitarfélags skal kynna skoðunarmönnum skv. 69. gr. athugun sína og endurskoðun tímanlega fyrir áritun ársreiknings."

Í álitsgerð Félags löggiltra endurskoðenda segir í ljósi þess sem greinir í 68. gr. og með hliðsjón af því sem segir í lögum um löggilta endurskoðendur og ég vék að áðan, þá segir:

„Við teljum með hliðsjón af ofangreindum tilvísunum að 68. gr. frumvarpsins eins og hún liggur nú fyrir brjóti algerlega í bága við lög um löggilta endurskoðendur, bæði hvað varðar vanhæfisástæður og einnig 6. gr. laganna sem fjallar um stofnun endurskoðunarfyrirtækja. Löggiltir endurskoðendur geta að okkar mati sinnt innra eftirliti hjá sveitarfélögum en samkvæmt lögunum um löggilta endurskoðendur eru þeir vanhæfir til að koma fram sem óháðir endurskoðendur sveitarfélaga. Má þar m.a. vísa til 11. greinar laga um löggilta endurskoðendur sem segir að ráðherra geti fellt niður löggildingu þeirra endurskoðenda sem ekki uppfylla skilyrði laganna. Sá aðili sem tæki að sér forstöðu „endurskoðunarstofnunar" af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir, getur að okkar mati aldrei talist óháður og væri þar af leiðandi vanhæfur til að árita ársreikninga sveitarfélags sem slíkur.

Við teljum að það sé andstætt þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu að gera einstakar stofnanir þess undanþegnar ytra eftirliti sem fæst með starfi óháðra löggiltra endurskoðenda. Spyrja má, hvaða aðstæður sveitarfélaganna geri þeirra stöðu öðruvísi en t.d. banka, tryggingarfélaga eða annarra þeirra fyrirtækja og stofnana sem skyldaðar eru til að hafa óháða löggilta endurskoðendur. Það er ótvírætt að löggiltur endurskoðandi sem veitir endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélags forstöðu, er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á sbr. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Jafnramt er ljóst að slík stofnun mundi undantekningalaust sækja meira en 20% hlut af veltu sinni til eins viðskiptavinar, þar sem væru viðkomandi sveitarsjóður og stofnanir hans.

Til viðbótar ofangreindum sjónarmiðum má benda á að það kann að vera andstætt sjónarmiðum samkeppnislaga að stofnun á vegum hins opinbera, sem ekki býr við hliðstæða aðstöðu og einkaaðilar, keppi við þá aðila sem atvinnurekstur stunda á viðkomandi sviði. Í þessu sambandi verður að skoða hluti eins og húsnæðismál, tæknimál og endurmenntunarmál sem er sífellt vaxandi þáttur í rekstri enduskoðunarstofa.

Þegar litið er til allra þeirra atriða sem greind eru hér að framan, teljum við að fari þessi ákvæði frumvarpsins óbreytt í gegn verði stigið stórt skref aftur á bak varðandi stöðu endurskoðenda og trúverðugleika þeirra upplýsinga sem gefnar eru um rekstur og stöðu sveitarfélaga.

Okkar tillaga er sú að 2. mgr. 68. gr. frumvarpsins verði felld niður og þar með verði sveitarstjórnum gert skylt að ráða löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinni endurskoðun hjá sveitarfélögunum. Endurskoðunarstofnanir sem sveitarfélög starfrækja eða kynnu að setja á stofn sinni þar með eingöngu innri endurskoðun á vegum sveitarfélagsins."

Þetta segir m.a. í þessari greinargerð frá Félagi löggiltra endurskoðenda.

Er ég sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram? Ég hef miklar efasemdir um það. Ég hef trú á því að hægt sé að búa þannig um hnútana stjórnskipulega að sveitarfélögin komi á fót eftirliti og innra skipulagi sem standist þær kröfur sem við gerum til slíkrar starfsemi. Ég hef þá trú. Þetta eru hins vegar mál sem þarf að skoða. Ég held að allir hljóti að gera sér grein fyrir hve mikilvægt er að hafa endurskoðun á reikningum og allri fjármálaumsýslu sem traustasta og í ljósi þess séu þetta þættir sem okkur beri að gefa gaum. En eins og ég segi þá er ég ekki að lýsa samþykki við þeim sjónarmiðum sem hér koma fram og bendi t.d. á að endurskoðandi sem rekur sjálfstæða starfsemi, þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins, er eftir sem áður háður þessu sveitarfélagi um þær greiðslur og þá peninga sem hann fær í sinn hlut. Það eru því ekki eins skýrar línur í þessu og mér finnst koma fram í sjónarmiði Félagi löggilta endurskoðenda. En ég vil að sjálfsögðu að við förum rækilega ofan í saumana á þessu og reynum að ná því fram sem við hljótum öll að eiga sameiginlegt með boðskap þeirra, að þarna sé um sjálfstæða starfsemi að ræða og að tryggilega sé búið um alla hnúta. Undir það held ég að við hljótum öll að taka.

Sú lagagrein sem kannski kallaði á mesta umræðu í nefndinni og olli deilum á fyrri stigum — viðunandi niðurstaða fékkst þó — var 74. gr. og lýtur að eftirliti með fjárhag sveitarfélaganna. Þar og reyndar í öðrum greinum einnig, er verið að setja sveitarfélögunum allþröngar skorður, skipa eftirlitsnefnd með fjárhag sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir því í þessari lagagrein að ráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar skipaðir af ráðherra og skal annar þeirra einmitt vera löggiltur endurskoðandi. Þessi nefnd á árlega að athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar lagagreinar:

„Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig sveitarstjórnin hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Þóknun til eftirlitsnefndarmanna skal ákveðin af ráðherra. Þóknunin og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar og viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Fjárhagsviðmiðanir skulu taka til þeirra atriða sem meginmáli skipta við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga."

Og svo kom hin umdeilda setning:

„Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru endanlegar og verða eigi kærðar til ráðherra."

Þannig hljómaði texti frv. upphaflega en síðan urðu menn ásáttir um það í félmn. að þessi síðasta málsgrein yrði felld niður. „5. mgr. falli brott.", segir í brtt. Enda hefði það verið sannkallað kyrkingartak á sveitarfélögunum ef skipuð hefði

verið nefnd sem ætti að fara yfir alla þeirra reikninga, hún hefði ákvörðunarvald og úrskurður hennar væri endanlegur. En svo verður ekki. Hér stóð að það væri endanlegur úrskurður og eigi kærður til ráðherra. Þetta er fellt brott þannig að það horfir til bóta.

Hins vegar var annað gert samhliða þessari lagabreytingu. Ekki er nóg með það að nefndin eigi að skoða fjárhag sveitarfélaganna heldur er núna samkvæmt brtt. vísað í aðra grein sem nefndin á einnig að hafa til hliðsjónar í starfi sínu. Þar er vísað til 3. málsl. 2. mgr. 61. gr. sem samkvæmt annarri brtt. er búið að setja í sjálfstæða málsgrein. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Þessi nefnd á sem sagt að fara yfir fjárhag sveitarfélaganna og hún á að hringja aðvörunarbjöllum ef sýnt er að sveitarfélagið fer í útgjöldum sínum fram yfir það sem skatttekjur leyfa. Það er góðra gjalda vert og eftirsóknarvert að fjáhagurinn sé þannig rekinn að menn eyði ekki umfram efni að sjálfsögðu. En þegar búið er að skipa nefnd sem í rauninni er sett yfir sveitarstjórnina og getur tekið fram fyrir hendurnar á henni — að vísu er hægt að kæra úrskurð hennar núna — á þeirri forsendu að hún hafi eytt umfram það sem skatttekjur heimila, þá finnst mér vera farið að sauma svolítið að lýðræðinu vegna þess að þær aðstæður geta komið upp, ekki bara hjá ríkisvaldinu, ríkinu, heldur í sveitarfélögum einnig, að þörf sé á því og réttlætanlegt sé að ráðast í lántökur, að taka lán til að ráða bót á erfiðu atvinnuástandi t.d., að sjálfsögðu með það fyrir augum og í þeirri von að slíkt sé tímabundið. Auðvitað getur þetta verið réttlætanlegt og það er rangt að mínum dómi að setja sveitarfélaginu of strangar og þröngar skorður hvað þetta snertir.

Margar aðrar lagagreinar í þessu frv. mætti taka til umfjöllunar en ég ætla ekki að gera það heldur fara fljótlega að ljúka máli mínu vegna þess að ég er búinn að fara yfir þá efnisþætti sem ég sagði í upphafi að ég ætlaði að fara yfir. Í fyrsta lagi ætlaði ég að ræða vinnubrögð, síðan um skipulagsþátt laganna, þá um grundvallarbreytingar í stjórnsýslunni og hvernig þær snerta þá umræðu sem fram hefur farið um þetta frv. Og í fjórða lagi hef ég nefnt og rætt álitamál sem tengjast einstökum lagagreinum í frv.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég að nýju leggja áherslu á það sjónarmið sem ég hélt á lofti í upphafi umræðunnar, þ.e. að allt mælir með því, öll rök mæla með því að þetta frv. verði látið bíða, að það fái góða umræðu í sumar, að við verðum við þeirri lýðræðislegu kröfu sem við heyrum víðs vegar og hvaðanæva að í þjóðfélaginu og berst til Alþingis, að þessi mál fái betri umræðu. Jafnvel aðilar sem eru samþykkir þessu frv. eru margir á því máli einnig. Ég held því að það væri málinu mjög ákveðið til framdráttar að fresta því. Það væri skynseminni til framdráttar og það væri lýðræðinu til framdráttar og það mundi tryggja og treysta sóma Alþingis líka. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!)

[15:14]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir yfirgripsmikla ræðu og góða hjá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni. Þingmaðurinn fór yfir nokkrar greinar frv. Það þykir mér mjög fróðlegt. Það er virkilega ástæða til þess að fara yfir fleiri greinar frv. en þá fyrstu því að menn hafa raunverulega, herra forseti, aðeins verið hér að fjalla um hálfa fyrstu greinina í sínu máli margir hverjir. Það er einmitt ástæða til að fara yfir greinar frv.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort hann sé sáttur við 25. gr. frv. þar sem hver og ein sveitarstjórn á að setja sér fundarsköp og það skal síðan staðfest af félmrn. Ég hefði talið að það þyrfti að setja ramma sem segði nákvæmlega til um hvernig sveitarstjórnarfundir skuli fara fram. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt vegna þess að það er mismunandi milli sveitarfélaga hvernig þetta fer fram og mjög örðugt að bera saman fundargerðir sveitarstjórna þar sem fundarsköp eru mismunandi. Þessu hefði ég viljað spyrja eftir.

Eins spyr ég hvort þingmaðurinn er sáttur við að allur greinarmunur sem gerður var á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa hefur verið felldur brott. Sveitarfélög hafa þannig sömu stjórnsýslulegu stöðu án tillits til íbúafjölda. Þetta þýðir að sveitarfélagið Skorradalshreppur, 35 eða 50 íbúa, eftir því hvernig á það er litið, hefur sömu skyldur gagnvart íbúunum og Reykjavíkurborg. Þetta vildi ég gjarnan heyra aðeins um frá hv. þm.

[15:16]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mitt grundvallarsjónarmið er að setja eigi sveitarstjórnum eins litlar lagalegar skorður og kostur er. Ég er almennt sammála því viðhorfi sem mér fannst einnig koma fram hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni.

Um lagagreinina sem hann vitnar í á það við, bæði um 25. gr. og einnig þau ákvæði frv. þar sem skilgreind eru stærðarmörk og annað sem þeim tengist, að maður horfir til þess sem kemur frá sveitarfélögunum sjálfum og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Varðandi þessi efni var ekki höfð uppi gagnrýni af hálfu sveitarfélaganna að því er ég best veit. Maður horfir mjög til þess sem frá sveitarfélögunum kemur og þeirra samtökum. Það á við um þessar greinar. Um sumt hef ég ekki verið sammála sveitarfélögunum. Ég hef talið að lögin settu sveitarfélögunum of miklar skorður og þar var ég ósammála Sambandi ísl. sveitarfélaga. En varðandi þessi atriði hef ég horft til þess sem frá Sambandi ísl. sveitarfélag kemur en lýsi því almennt yfir að mér finnst að lagasetning eigi ekki að vera úr hófi fram íþyngjandi eða þrengjandi fyrir sveitarfélögin.

[15:18]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur greinir ekki mikið á um þessi mál að öðru leyti en því að ég tel vanta skýrar reglur um fundarsköp. Erfitt er að bera saman ýmislegt í fundargerðum sveitarfélaga af því að þær eru framkvæmdar á mjög mismunandi máta. Þess vegna hafði ég nokkur orð um að sennilega væri eðlilegt að fundargerðir eða fundir væru hljóðritaðir. Ég kem þessari hugmynd hér með á framfæri.

Ég hefði viljað heyra meira hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni varðandi kaflann um fjármál sveitarfélaga. Þar tel ég að sé of mikið rými fyrir sveitarfélög að geta gert ársreikninga sína upp á mismunandi vegu. Sveitarfélögin hafa heimildir til þess að færa hluta úr sveitarsjóðsskilunum yfir mismunandi fyrirtæki sem þau geta stofnað innan sveitarfélaganna, svo sem hitaveitur eða orkustofnanir. Þarna eru atriði sem varða mjög óljós skil á milli sveitarfélaganna ætli maður að skoða þetta í heild sinni og bera saman stöðu sveitarfélaganna á landinu. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hver umfjöllunin var í nefndinni. Ég hefði gjarnan viljað

heyra örlítið um viðhorf þingmannsins varðandi þetta.

[15:20]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Almennt er ég á því máli að til bóta sé að reikningar sveitarfélaga séu sambærilegir og í rauninni ætti það að vera á hendi Sambands ísl. sveitarfélaga að sjá um að svo sé.

Hins vegar ítreka ég það sjónarmið sem ég gerði grein fyrir í mjög ítarlegu máli áðan, um möguleika sveitarfélagsins til sjálfstæðra ákvarðana um sín fjárhagslegu efni. Ég vil að það aðhald sem sveitarfélaginu og þeim sem þar eru í forsvari sé veitt, komi ekki frá lagatextanum heldur frá almenningi. Og þess vegna vil ég að menn hafi þann hátt á í sveitarstjórnum almennt, sem Reykvíkingar höfðu hér áður gagnvart þeim aðila sem stýrði borginni á sínum tíma og byggði ágætlega fallegt veitingahús uppi á hitaveitutönkunum hérna í Öskjuhlíðinni með þeirri aðferð við fjárhagsáætlun að setja puttann upp í loftið, að geta gefið borgar- eða sveitarstjóranum reisupassann. Það má gera með lýðræðislegum kosningum.

Aðhaldið, fjárhagslegt og lýðræðislegt aðhald, sem sveitarstjórnunum er veitt á að koma í kosningum. Það á koma í opnu samfélagi þar sem allt er opið og þar með reikningar, en í eins litlum mæli og hægt er í lagatexta sem setur lýðræðislegum stjórnum skorður.

[15:21]

**Útbýting þingskjals:**

Hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga, 315. mál, svar heilbrrh., þskj. 1338.

[15:22]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Málið sem við höfum rætt nú í dag og undanfarna daga er djúpstætt ágreiningsmál á milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Ég hefði talið að virkileg ástæða væri til að skoða það hvort flötur fyndist á því að setja þessar deilur til hliðar og fresta afgreiðslu þessa máls til haustsins, t.d. fram til 1. des. Ég tek undir þau sjónarmið tveggja síðustu ræðumanna að enginn skaði sé skeður þó að þessi frestun verði.

Ég hygg að ef sátt næðist um að taka fyrir frv. sem hæstv. umhvrh. lagði hér fram, um breytingu á skipulagslögum, þá næðist jafnframt meiri sátt en náðst hefur meðan málið hefur ekki verið rætt hér. Ef það næðist þá færi þetta mál nú með bærilegri sátt í gegn. Ég tala nú ekki um ef þjóðlendufrv., eins og það lítur út, verður afgreitt, sem ég geri ráð fyrir að þokkaleg sátt sé um, þá breytir það verulega stöðu málsins.

Ég vil inna forseta eftir því hvort í farvatninu sé að leita eftir því við formenn þingflokka að ná einhverri lendingu í þessu máli. Ég geri það hér með og spyr hvort einhver leið sé að leita eftir sátt eða hugsa menn sér að þetta mál verði rætt þangað til þeir hafa talað sig dauða, eins og sumir kalla?

Þó nokkuð er í land með að málið sé fullrætt í 2. umferð. Eftir því sem ég best veit eru tíu hv. alþingismenn á mælendaskrá. Miðað við síðustu tvær ræður sem tóku fimm og hálfa klst. er hægt að reikna það nokkurn veginn út hve langan tíma þetta gæti tekið. Ég legg þetta fram og mælist til við hæstv. forseta að hann hugleiði þetta mál.

Meðan þetta mál hefur verið í umfjöllun hef ég verið hér almennt frá kl. níu á morgnana til kl. hálf átta á kvöldin til að fylgjast með umræðunum. Hér hafa komið fram mörg sjónarmið þvert ofan í það sem hér hefur verið sagt, að allir stögluðust á því sama. Það er beinlínis rangt að menn fari hér hver á fætur öðrum í ræðustól og tyggi hver eftir öðrum.

Mér þykir merkilegt, herra forseti, að ég er hér með afmælisrit frá 17. janúar 1998 þar sem 70 aðilar rita greinar um sín hugðarefni. Það er merkilegt að í þessu afmælisriti, sem er tileinkað Davíð Oddssyni fimmtugum, er ekki ein einasta grein sem fjallar um hið merkilega og mikilsverða mál sem við erum að ræða um, þ.e. um miðhálendið eða almenninga á Íslandi. Í þessu riti eru greinar sem fjalla um umhverfi, eignarrétt, eignarhald og nýtingarrétt. Ég tel ástæðu til þess að vitna í þær greinar að einhverju leyti, m.a. um lög nr. 38 frá 1990, sem eru í grunninn ekki ólík því sem við ræðum hér. Afleiðingarnar af þeirri lagasetningu voru, eins og menn vita, bullandi ósátt í þjóðfélaginu. Mér segir svo hugur að verði þetta frv. knúið fram í krafti fjöldans, þá muni verða bullandi ósátt um málið og þegar menn sjá lengra fram í tímann, þegar verðmætamat manna hefur breyst, eins og gerst hefur á undanförnum árum, þá er ekki víst að menn verði sáttir við þá gjörð sem hér stendur til að framkvæma.

Ég vil, herra forseti, vitna í athugasemdir um þjóðlendufrv. Það á svo sannarlega við þegar við veltum því fyrir okkur hvernig þessu máli, sem við deilum hér um, er komið. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar."

Það er einmitt verið að deila um afrétti, almenninga og nýtingu á þekktum og óþekktum auðlindum á almenningum, sem ég tel að ríkið eigi. Deiluefni sem þessi hafa gengið milli manna úti í þjóðfélaginu, á Alþingi og í einstökum dómsmálum sem rekin hafa verið vegna ágreinings um ákveðin landsvæði. Umræðan hefur snúist um það hvort þessi landsvæði teldust að fullu eign aðliggjandi sveitarfélaga þar sem íbúar þeirra hefðu nýtt svæðin, einkum til upprekstrar fyrir búfénað, eða hvort ríkið teldist eigandi landsvæðanna eins og ríkið hélt fram í nokkrum dómsmálum.

Þetta eru lykilatriði sem ég er að fara með og þau snúa beint að því frv. sem við erum að ræða, sveitarstjórnarfrv., þ.e. hálfri fyrstu greininni. Aðeins í þeirri grein þarf að gera örlitlar breytingar til þess að frv. geti hlotið afgreiðslu á þingi og mér sýnist enginn vilji fyrir því að menn breyti að svo komnu máli.

Ég vitna í það, með leyfi forseta, að í dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 25. febr. 1955, var fjallað um kröfur aðliggjandi hreppsfélaga að Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu um viðurkenningu á beinum eignarrétti yfir landsvæðinu í tilefni af deilu um veiðiréttindi í vötnum á svæðinu. Í niðurstöðum Hæstaréttar segir m.a.:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttunum, hvorki fyrir náð, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafa tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og e.t.v. annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitastjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað hafa hreppsfélögin annað eða bæði ekki unnið eignarhefð á því."

Í samræmi við þetta var því hafnað að hreppsfélögin hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landmannaafrétti. Hvað er

undirritaður að fara með þessum hugleiðingum? Jú, það er einmitt verið að fara inn á það sem er mismunurinn á því sem var getið um í nefndaráliti umhvn. um skipulags- og byggingarlög, sem gengu í gildi 1. jan. 1998, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að vitna til að sá sem hér stendur hefði ekki gert neinn fyrirvara á varðandi afgreiðslu. Það var vegna þess að þar var gert ráð fyrir sérstakri skipulagsnefnd sem fjallaði um skipulag miðhálendisins. Þess vegna gerði ég ekki neinn fyrirvara. Þar var þetta allt með hreinum hætti. Nú koma ný lög sem heita sveitarstjórnarlög þar sem farið er þvert á það sem um er rætt. Ég viðurkenni að með þeim lögum var verið að færa aukið vald til sveitarfélaga. Ég er fylgjandi því að aukið vald sé fært til sveitarfélaganna. En ég er, herra forseti, alls ekki fylgjandi því að sveitarfélögum sem hafa ekki getu vegna fjárskorts eða mannfæðar sé lagt á herðar að annast skipulag og eftirlit á þessum svæðum. Það gengur ekki. Þetta hlýtur að verða sameiginlegt afl allra landsmanna. Það verður að vera á höndum ríkisins að fara með yfirráð, skipulag og nýtingarrétt á þeim auðlindum sem þarna eru fyrst og fremst. En ég er ekki að segja að það eigi ekki að gera í góðri sátt við sveitarfélögin. Það þarf.

Ég er alveg viss um að ekki er langt í að krafa kemur, herra forseti, um að lagður verði vegur þvert yfir miðhálendið og ég verð að segja að ég tel að það sé eðlileg krafa. Það er mjög eðlilegt að lagður verði vegur yfir miðhálendið. Hvað á þá að gera? Þarf þá að leita til allra þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að þessu svæði til þess að fá leyfi þeirra til að fara með veg sem er í almannaþágu um þetta land? Ég get ekki fallist á að það eigi að vera með þeim hætti. Ég tel að ríkið eigi að hafa alla yfirumsjón með miðhálendinu.

Gaman er að velta því fyrir sér hverjar eru helstu málvenjur varðandi hugtakið afréttur. Með leyfi forseta vitna ég enn í athugasemdir um frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem ég tel, herra forseti, að hefði átt að vera fyrsta frv. sem við tækjum til afgreiðslu og umfjöllunar. Um það hefði ríkt góð sátt en það fer því miður í bága við það frv. sem er verið að ræða og er verið að reyna að koma í gegn, frv. til sveitarstjórnarlaga, sem er mál nr. 288 á þskj. 359.

„Erfitt er að fullyrða hvort hugtakið afréttur hafi almennt séð ákveðna og afmarkaða merkingu í málvitund almennings. Þá er lögfræðileg merking hugtaksins á reiki og fræðimenn nota það með mismunandi hætti í skrifum sínum." — Það er einmitt á þessu reiki sem málin eru í hugum þingmanna almennt. Það er á reiki hvað er verið að afhenda, hvað við erum að gera og það er á reiki meðal þjóðarinnar sem kemur best fram í því að ýmis áhugamannafélög eru núna að senda frá sér ályktanir og þessi áhugamannafélög eru full efa um að það sé rétt gjörð að þvinga þetta mál fram nú á vordögum. Ég tek undir með þeim og finnst eðlilegt að efasemdir séu uppi og mér finnst eðlilegt að þetta mál fái meiri umfjöllun meðal þjóðarinnar og meiri umfjöllun hjá þingmönnum. Þá gefst hv. stjórnarliðum kannski möguleiki á því að kynna sér málið þannig að þeir þurfi ekki að spyrja: Um hvað eruð þið eiginlega að ræða dag eftir dag? Þeir aðilar sem sjást kannski lítið í þingsölum og maður hittir þá á förnum vegi og þeir spyrja: Um hvað eruð þið eiginlega að ræða dag eftir dag?

Í orðabók Menningarsjóðs kemur orðið fyrir í þremur kynjum, þ.e. afréttur (kk), afrétt (kvk) og afrétti (hvk). Merking þess er síðan sögð vera: heiðaland, sumarhagar sauðfjár. Þar er merking orðsins skýrð með tilvísun til staðsetningar, landfræðilegra staðhátta og nánar tiltekinnar notkunar lands. Ekki verður skorið úr því hér hversu almenn hin tilvitnaða merking orðsins afréttur er. Án þess að færð verði fyrir því nein sérstök rök virðist sem hugtakið sé notað á ýmsa vegu í daglegu máli. Alveg sama held ég að gildi um það sem við köllum miðhálendi í daglegu máli. Ég efast um að landsmenn allir, ekki einu sinni þingmenn, geri sér fulla grein fyrir því um hvað er verið er að ræða. Um hvað er verið að ræða þegar við deilum um hvort afhenda eigi fáum sveitarfélögum yfirráðin og umráðaréttinn yfir miðhálendinu, nýtingarrétt með meiru.

Ef vikið er að eignarréttarlegri merkingu hugtaksins afréttur í lagamáli má sjá að það hefur verið skýrt með tvennum hætti. Annars vegar hefur þeirri skoðun verið haldið fram að afréttur sé tiltekið, afmarkað landsvæði og sá sem eigi afrétt eigi tiltekin eignarréttindi að því landsvæði, bein eða óbein eftir atvikum. Hins vegar hefur verið byggt á því að í afrétti felist ekki annað en beitarréttur tiltekinna aðila, óbein eignarréttindi að landi sem sé ekki að öðru leyti undirorpið eignarrétti viðkomandi rétthafa.

Þetta er kannski flókin skýring en tiltölulega einföld þó. Það þýðir að þeir sem hafa nýtt þetta land eiga ekki eignarrétt á því. En það sem verið er að gera með því frv. sem við stöndum á móti, stjórnarandstaðan í heild sinni vegna þess hvernig málið er búið, er að afhenda yfirráð með 1. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð." Allt landið skiptist og því erum við að mótmæla og því mótmæli ég, herra forseti.

Rétt er að velta fyrir sér hugtakinu almenningar. Með leyfi forseta er í þeim sömu skýringum og ég hef verið að vitna í, skýringar með frv. til laga um þjóðlendur og ákveðinna marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sagt:

„Hugtakið almenningar. Löggjöf okkar hefur allt frá tíma Grágásar haft að geyma ákvæði um almenninga. Almenningar geta verið þrenns konar lögum samkvæmt, þ.e. landalmenningar, hafalmenningar og almenningar í stöðuvötnum. Í þessari umfjöllun skipta landalmenningar fyrst og fremst máli." Í nákvæmlega sömu umfjöllun og við erum að fara yfir í sveitarstjórnarlögunum skipta landalmenningar mestu máli fyrst og fremst.

„Í Grágás sagði m.a. um almenninga: Þat er mælt at almenningar ero a landi her. Þat er almenning er fiorðungs menn eiga allir saman." — Hverjir voru fjórðungsmenn, herra forseti? Ætli það þyrfti ekki svona 20 fjórðungsmenn í hverju sveitarfélagi til þess að þau væru fullfær til þess að annast lögboðin verkefni? Ætli það þurfi ekki svona 400–500 manns? Ætli það séu ekki eitthvað um það bil 20 fjórðungsmenn, herra forseti, sem þarf til þess að standa fyrir því?

„Við lögtöku Jónsbókar varð ekki breyting á meginreglunni um almenninga, sbr. þessi orð í Landsleigubálki, 52. kapítula: „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra."

„Á það hefur verið bent að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga hafi í upphafi verið sniðin að norskum landsháttum og sé því spurning hversu vel þau hafa átt við hér á landi. Hvað sem því líður munu flest ákvæði Jónsbókar um almenninga orðin úrelt. Þó er rétt að geta þess, að framangreint ákvæði úr Landsleigubálki, 52. kap., var tekið með í síðustu útgáfu lagasafns dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 1995. Í yngri löggjöf er gert ráð fyrir því að almenningar séu til og má í því sambandi vísa til 2. gr. tilskipunar um veiði

á Íslandi frá 20. júní 1849, 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og 4. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl."

Eitthvað hljóma þau kunnuglega þessi lög sem verið er að vitna til hér. Eitthvað hljómar það kunnuglega að það hafi verið deilur um villidýrafrv. svokallaða, veiðar á viltum fuglum og villtum spendýrum.

„Menn hefur greint á um það hvar almenningar væru, svo og hvernig eignarrétti að þeim væri háttað. Gaukur Jörundsson hefur hliðsjón af gildandi lögum þegar hann segir: „Í löggjöf á síðari tímum hafa landsvæði, sem enginn aðili getur talið til einstaklingseignarréttinda yfir, oft verið nefnd almenningar, ...""

Hvað er verið að gera? Er verið að færa þessi lönd undir einstaklinga beint? Nei, það er ekki verið að gera það. Það er verið að færa þessi lönd undir yfirráð innan við 10% af þessari þjóð, sennilega innan við 6% af þessari þjóð. Það er það sem verið er að gera. Það er það sem verið er að deila um. Það er þess vegna sem menn standa hér og ræða málið frá ýmsum hliðum og fæstir hafa verið að tyggja upp hver eftir öðrum. Menn eru að ræða þetta mál til þess að reyna að varpa á það ljósi að hér er á ferðinni mjög alvarlegur hlutur, að ætla sér að keyra í gegn gegn vilja allrar stjórnarandstöðunnar og sennilega gegn meirihlutavilja þjóðarinnar ef málið væri grannt skoðað. En þetta er í krafti þess að ríkisstjórnin hefur ríkjandi meiri hluta á Alþingi.

Ég held að það sé rétt að velta fyrir sér hugtakinu: almennt um eignarrétt að fasteignum, með leyfi forseta, úr sama frv.:

„Hugtakið fasteign kemur víða fyrir í lögum þótt þar sé ekki að finna neina almenna skilgreiningu á hugtakinu. Ýmsir fræðimenn hafa á hinn bóginn skilgreint hugtakið og þá yfirleitt á svipaðan hátt, sbr. skilgreiningu Gauks Jörundssonar, „að hún sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt". Séu framangreindar skilgreiningar á afrétti og almenningi lagðar til grundvallar virðist óhætt að fullyrða að einstakir afréttir og almenningar séu fasteign í framangreindum skilningi enda sé þá uppfyllt það skilyrði að um sé að ræða afmarkað landsvæði."

Það er sem sagt verið er að afhenda yfirráðin yfir fasteignum. Það er akkúrat það sem ég held að menn þurfi að segja. Það er verið að afhenda fasteignir sem eru í eigu þjóðarinnar til yfirráða örfárra. Það er ekki að það ríki vantraust á þessum örfáu, síður en svo. Ég tel að þeir hafi ekki afl til þess að annast þetta mikla svæði.

Herra forseti. Fleiri frv. en þjóðlendufrv. lúta að þessum málum sem eru hér svo mjög til umræðu. Það er einnig frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það frv. til laga er jafnalvarlegs eðlis og er í rauninni hluti af öllum þessum pakka sem þarf að ræða samtímis. Ég held að við höfum ekki fjallað nægjanlega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda. Það held ég að við höfum ekki gert og þess vegna segi ég, herra forseti: Það vantar svo margt í frv. um sveitarstjórnarlögin, þ.e. skilgreiningar á ýmsum atriðum svo sem eignarhaldi, eignarrétti og því hvað sé fasteign o.s.frv. Ég tel að í frv. vanti það að ekkert er kveðið á um eignarrétt ríkisins á jarðefnum. Ekki er kveðið neitt á um jarðefni sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi og þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni. Ég held að nú með þessu frv. til sveitarstjórnarlaga sé verið að afhenda a.m.k. nýtingarrétt. Það sem á að gera síðan með frv. um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu er að það á að afhenda örfáum aðilum til eignar einmitt þessi auðæfi sem eru sameign íslensku þjóðarinnar. Ég kem kannski, herra forseti, að þessu atriði nokkru seinna.

Hv. 17. þm. Reykv. gerði mjög vel grein fyrir bréfi til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar frá áhugahópum um útivist, áhugahópum um náttúrufræði, jöklarannsóknir, skotveiði og vélsleða, frá Ferðaklúbbnum 4x4 og frá stangaveiðifélaginu Ármenn. Ég þarf ekki að fara yfir það mál en ég minni á að árangurinn af þessari umræðu stjórnarandstöðunnar er m.a. sá að þessir aðilar hafa látið frá sér fara þá ályktun sem hér var lesin a.m.k. einu sinni.

Það sem ég tel veigumestu breytinguna sem er lögð til í þessum sveitarstjórnarlögum og þá afdrifaríkustu er sú sem ég hef verið að ræða, þ.e. að landið skuli skiptast í sveitarfélög en ekki einungis byggðin og afréttirnar eins og ég hefði svo gjarnan viljað sjá. Enda kemur það fram í áliti minni hluta félmrn. að hún telur að með þeirri breytingu sé verið að stíga skref í átt til skipulags sem er algjört ósætti um á meðal íslensku þjóðarinnar og vaxandi ósætti vegna þess að fólk er að átta á því að hér er verið að gera eitthvað sem menn hafa talið sig komast upp með án þess að gerð hafi verið athugasemd við það. Það sem er verið að gera er að nánast er verið að stíga sömu skrefin og þegar lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, voru samþykkt og afleiðingarnar, herra forseti, af því er að auðlindin í hafinu er að færast á örfárra manna hendur. Það veit ég að virðulegur forseti er sammála ræðumanni um að í því máli sé illa komið, illa komið og ósanngjarnt. Ég veit að hæstv. forseti er sammála mér um ákveðin grundvallaratriði þó svo að hann hafi ekki tjáð sig um það í þessum ræðustól. En þetta er af sama toga. Þetta mál er af nákvæmlega sama toga. Þetta stóra álitamál sem ég fjalla hér um felst í 1. gr. frv. og því ákvæði sem er til bráðabirgða þar sem nærliggjandi sveitarfélögum eru veitt öll völd á öræfum landsins. Við jafnaðarmenn getum engan veginn fallist á að það beri að deila hálendinu upp á milli þessara sveitarfélaga. Ég tel ekki að neitt geti réttlætt það að lögbinda svo afdrifarík ákvæði í ágreiningi.

Víðerni Íslands eru mjög dýrmæt auðlind og mat okkar jafnaðarmanna og fjölmargra annarra, allrar stjórnarandstöðunnar, er að víðerni Íslands séu dýrmæt auðlind sem sé sameign allrar þjóðarinnar. Það sem okkur ber að gera á virðulegu Alþingi er að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Þetta er meginatriðið, herra forseti, sem ég er að fjalla um og hér hefur verið fjallað um á undanförnum dögum.

Ég segi að þegar opin umræða í þjóðfélaginu fer fram um þá þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðernum hálendis, þ.e. söndum, jöklum, hraunum og gróðurvinjum þá kemur í ljós að fólkið í landinu er að átta sig á því að það vill að hagsmuna allra sé gætt varðandi ákvarðanir sem varða framtíð svæðisins.

Ég ítreka að það er tillaga okkar jafnaðarmanna að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild sem lýtur einni stjórn með aðkomu fulltrúa allra landsmanna. Það er það sem við sækjumst eftir, herra forseti, og þess vegna erum við að koma því til skila til þjóðarinnar hvað um er að ræða í þessu frv.

Ég tel að það sé þannig að stjórnsýslan utan byggða sé óljós og framkvæmd skipulags- og byggingarmála hafi verið tilviljunarkennd. Auðvitað er það svo að stjórnarliðar eru að reyna að koma skikki á málin. En það sem gerist jafnframt er að það mun verða enn meira ósætti meðal þjóðarinnar en

verið hefur. Það er nauðsynlegt að taka á því og það er tekið á því í skipulags- og byggingarlögum hvernig eigi að fara með skipulag og það var nægjanlegt. Það þurfti ekki að fara þá leið sem farin er í frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem 1. gr. gjörbreytir stöðunni frá því sem áður var.

Ég tel að það sem verið er að gera með þessu frv. sé atlaga að almannarétti. Sveitarfélögin þekja aðeins hluta af óbyggðunum en samkvæmt lögum á að telja afrétt til þess sveitarfélags sem á þar upprekstrarrétt. Ég segi bara að ef frv. þetta nær fram að ganga þá fá sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu framkvæmdarvald á nær helmingi Íslands og með því er verið er að tryggja að 70% þjóðarinnar hafa ekkert með skipulagningu þessarar sameignar að gera. Það er aðeins örlítill hluti þjóðarinnar sem tekur örlagaríkar ákvarðanir í framtíðinni um svæðið sem er í orði kveðnu sameign allra landsmanna. Getur verið að svipaður hljómur sé í þessum orðum og varðandi sameignina í hafinu? Á ekki auðlindin í hafinu að vera sameign allra landsmanna? Svo er í orði kveðnu. Svo á að vera samkvæmt lögum. En ég mun skoða það síðar hvað virtur lögmaður segir um þennan eignarrétt, hvernig hann er framkvæmdur og hvernig á það mál skuli litið.

Ég held að nauðsynlegt sé að skipuleggja miðhálendið og ég tek undir þá hugsun sem sett er fram um að byggja verði á heildarsýn til þess að gæta samræmis á öllu svæðinu. Mjög ólíklegt er að sveitarfélög með mismunandi hagsmuni geti tryggt þennan mikilvæga þátt. Ég held að sameiginleg skipulagstillaga svæðanefndar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu breyti engu um það. Þess vegna tel ég að frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fram á miðvikudaginn í síðustu viku hefði verið skref í áttina ef það hefði verið tekið til umræðu. Ef það hefði farið til nefndar og fjallað hefði verið um það á eðlilegan máta, þá tel ég að náðst hefði a.m.k. einhver sátt, a.m.k. meiri sátt en nú ríkir. Ég er ekki að lofa mínum stuðningi við frv. eins og það er. En ef það kæmi fram og það næðust á því nægjanlegar breytingar, þá getur vel verið að ég gæti lagt þessu frv. lið eins og það er, þótt ég sé ósáttur við ýmsar aðrar greinar frv. en bara 1. gr.

Hvað er það sem þetta frv. ætlar sveitarfélögunum? Mikill hluti auðlinda þjóðarinnar liggur á hálendi Íslands. Ekki hefur verið mótuð nein stefna um nýtingu auðlindanna. Stefnumörkun í orkumálum, ákvörðun um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku sem og stefna í ferðamálum á miðhálendinu og ákvörðun um staðsetningu þjóðgarða hefur engan veginn verið mótuð af yfirvöldum. Það er ljóst að þessi verkefni sem í eðli sínu eiga heima hjá landskjörnum stjórnvöldum færðust yfir til sveitarfélaganna við skipulagningu hálendisins. Nýting vatnsorku sem margir telja að nemi um 30 teravattstundum að teknu tilliti til hagkvæmni og umhverfis, ónýttur jarðhiti og atvinnusköpun við ferðamennsku á öræfum landsins, er fjársjóður framtíðarinnar. Um þetta erum við einmitt að ræða, þ.e. fjársjóð framtíðarinnar. Við erum að ræða um það sem við vitum ekki í dag hvað er. Það er eðlilegt að við gerum okkur ekki grein fyrir því í dag hvert mat okkar verður eftir 20 ár, hvert mat okkar verður eftir 25 ár.

Ég hef sagt frá því áður, herra forseti, að ég var á alþjóðlegum fundi ekki alls fyrir löngu. Hvað sögðu menn þar? Þar sögðu menn: „Vatnið", herra forseti, sem okkur Íslendingum finnst svo sjálfsagt, vatnið sem við getum drukkið nánast úr hverri sprænu án þess að velta því fyrir okkur hvaðan það er upprunnið, „mun verða helsta deilumál þjóða og mun leiða til stríðs milli þjóða á komandi árum." Ég er ekki að boða þetta sjálfur. Ég er að rekja það sem þeir sögðu þarna sem voru flutningsmenn þess gera vatnið að helsta umræðuefni á alþjóðaþingi þingmanna í Moskvu núna í haust. Ég er aðeins að gera grein fyrir því hve þetta mál lítur öðruvísi út fyrir ýmsum öðrum þjóðum en okkur. Það getur verið að við eigum eftir að meta auðlindirnar í kringum okkur á allt annan máta og ég er þess reyndar fullviss að við munum meta loftið, við munum meta vatnið, við munum meta ýmis auðæfi sem við ekki þekkjum á hálendi Íslands á allt annan máta en við gerum nú. Það er þess vegna sem þessi umræða stendur yfir um þetta frv. til sveitarstjórnarlaga.

Það hefur stundum verið þannig að nálægð sveitarfélaga við öræfi landsins og sérstök þekking heimamanna eða langvarandi nýting þeirra svæða hafa verið notuð sem rök fyrir því að staðbundin stjórnvöld væru betur en aðrir fallin til að fara með stjórn þessara umræddu svæða. Ég er ekki viss um að það sé rétt því að stór hluti þessara svæða sem frv. gerir ráð fyrir að verði skipt upp á milli þeirra er í órafjarlægð frá viðkomandi sveitarfélögum og raunverulega er það þannig að þó að þetta séu aðliggjandi sveitarfélög þekkja heimamenn ekki sporð eða haus á því landi sem verið er að fjalla um.

Það má ræða um víðfeðm svæði þar sem lítil eða engin umferð hefur verið um frá upphafi byggðar og má í því sambandi nefna t.d. Ódáðahraun, allt svæðið norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðið fyrir norðan Tungnaárjökul og alla jökla landsins, þar með talinn sjálfan Vatnajökul. Þetta eru atriði sem ég held að menn ættu að skoða. Bændur nýttu þessi svæði ekki og lítil sem engin umferð var um þessi víðfeðmu svæði, enda voru þarna engar þekktar þjóðleiðir. En við vitum ekki í dag hvaða auðæfi felast þar. Við getum ekki gert okkur grein fyrir því. Við getum kannski ætlað að á einhverjum tíma þegar fram líða stundir finni menn þar auðæfi sem þeir geta ekki gert sér grein fyrir í dag.

Ég held, herra forseti, að ástæða sé til, eins og ég boðaði í upphafi máls míns, að vitna í afmælisrit tileinkað hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni þegar hann varð fimmtugur 17. janúar 1998. Ég vitna þar í niðurlag greinar eftir Glúm Jón Björnsson sem ber yfirskriftina: Markaðsöflin eða stjórnmálamennirnir? (**SighB:** Er ekki rétt að forsrh. sé viðstaddur þegar vitnað er í afmælisritið?)

Herra forseti. Ég vil vitna í þessa grein. Vegna hvers? Vegna þess að þar er verið að fjalla um umhverfisgæði. Þetta er örstutt tilvitnun, með leyfi forseta:

„Umhverfisgæði eru ekki ólík öðrum gæðum. En fólk setur þau sjaldan í fyrsta sæti. Hefðbundnar lífsnauðsynjar, fæði, klæði og húsnæði eru efst á blaði hjá flestum. Almenn velmegun á Vesturlöndum hefur aukið eftirspurnina eftir umhverfisgæðum. Það er ekki nóg að hafa vilja til að bæta umhverfið. Getan þarf einnig að vera tiltæk. Það liggur í augum uppi að eftir því sem fólk hefur hærri tekjur er meira afgangs til kaupa á umhverfisgæðum. Efnahagslegar framfarir eru því forsenda þess að hugað sé að umhverfismálum. Vesturlandabúar hafa náð þeim árangri í efnahagsmálum að þeir geta leyft sér að gera kröfur um hreint loft, fjölbreytt lífríki og óspillt landsvæði. Valið stendur nú á milli þess hvort við látum markaðsöflin eða stjórnmálamennina um að anna þessari auknu eftirspurn."

Herra forseti. Ég vona að forsetinn geri sér það ómak að

líta í þessa grein eftir að til hennar hefur verið vitnað eins og hér er gert. Svo segir áfram:

„Ef það er eitthvað sem miðstýrðum samfélögum hefur mistekist hrapallega þá er það að vernda umhverfið. Ástandið í umhverfismálum í Austur-Evrópu þegar Járntjaldið féll var til vitnis um það. Sagan er til að læra af henni."

Hvað er sá sem hér stendur að fara með því að vitna í niðurlag greinar Glúms Jóns Björnssonar um að umhverfið þarfnist frjáls markaðar? Það er einmitt verið að vitna til þess að við getum ekki sleppt valdi á því landi, sem talað er um sem miðhálendi, sem er sameign almennings á Íslandi eða lýtur að almannahagsmunum. Við getum ekki látið það í hendur örfárra.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í niðurlag annarrar greinar eftir Hörð Sigurgestsson, en hann er einn af þeim 70 sem rita greinar í afmælisrit Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., sem varð fimmtugur 17. janúar 1998. Það er að nákvæmlega sé verið að fjalla um miðhálendi Íslands eða sveitarstjórnarlögin. Nei, það er vegna þess að hægt er að taka hér samlíkingu og það er gott þegar aðilar, eins og þeir sem rita þessar greinar, gera sér kannski ekki grein fyrir því að það er einmitt þessi hugsun sem ég er að reyna að koma á framfæri sem felst í þeirra greinum. Niðurlag greinar Harðar Sigurgestssonar heitir Horft fram á veginn, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vegferð íslensks samfélags á síðustu áratugum aldarinnar hefur verið farsæl og afdrifarík. Hún hefur skapað okkur, sem einstaklingum og heild, nýja fótfestu og sterkan grundvöll til að horfa fram á nýja öld. Það hefur verið sérlega áhugavert að vera þátttakandi í þessu ferðalagi.

Í upphafi nýrrar aldar mun það enn skipta sköpum að tryggja áfram jákvæða þróun. Við verðum að keppa til jafns við samfélögin í nágrenni okkar. Á hvað ætlum við að leggja mesta áherslu? Grundvallaratriði verður að leggja áfram áherslu á frelsið og tryggja að opið sé til allra átta. Aukin festa gefur okkur tækifæri til að sjá lengra fram í tímann og móta okkur skarpari framtíðarsýn. Í atvinnulífinu bíða okkar mörg áhugaverð verkefni. Þau lúta bæði að því að treysta það sem er, en einnig að byggja upp nýtt. Sjávarútvegur og fiskiðnaður verður lengi áfram grundvallaratvinnugrein. Á þeim vettvangi hljóta að verða áfram örar og miklar breytingar. Jafnframt er eðlilegt að leggja áherslu á fjölhæfingu atvinnulífsins. Það þarf með markvissum hætti að skjóta fleiri stoðum undir atvinnustarfsemina. Almennt þarf að virkja betur þekkingu og reynslu, skapa meiri verðmæti. Í viðskiptum eigum við að leggja meiri áherslu á landvinninga erlendis til þess að auka umsvifin. Við þurfum almennt að sækja út í heim og forðast að einangra okkur. Það gildir bæði á vettvangi stjórnmála og viðskipta. Sérstaklega hljótum við að leggja áherslu á náið samstarf og tengsl við samtök Evrópuþjóðanna. Við þurfum að gera auðlindir okkar arðsamari." — Herra forseti. Hvaða hugsun felst í þessari setningu? — „Við þurfum að gera auðlindir okkar arðsamari. Ljóst er, að öll umhverfismál, hér á landi og erlendis, munu skipta okkur vaxandi máli."

Það er þess vegna, herra forseti, sem við erum að ræða þessi mál. Það er þess vegna sem ég er að vitna í þessar greinar. Í þeim kemur fram sú hugsun að umhverfið skiptir okkur máli, nýting auðlindanna, sem við ekki þekkjum, skiptir okkur máli og við þurfum að gera auðlindir okkar arðsamari. Ætli nokkur maður eða það voru alla vega ekki margir sem sáu fyrir sér fyrir 20 árum að ferðaþjónusta yrði slík auðlind sem hún er í dag.

„Við þurfum að gera það upp við okkur hvernig við ætlum að byggja landið." Hér er ein setning enn sem ég tel að sé umhugsunarverð. „Við þurfum" segir Hörður Sigurgestsson „að gera það upp við okkur hvernig við ætlun að byggja landið. Sú þróun, sem stefnir til einnar byggðar á Suðvesturlandi, er hröð."

Ein setning enn sem ég veit að vekur hugsun hjá hæstv. forseta rétt eins og þeim sem hér stendur.

„Erum við sátt við þá þróun, eða eigum við annarra kosta völ? Í innra skipulagi hljóta að brenna á okkur atriði eins og jafn atkvæðaréttur án tillits til búsetu, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og fleira."

Það eru einmitt þessi atriði sem greinarhöfundur nefnir sem gerðu það að verkum að ég ákvað að vitna í orð hans.

„Mannauðurinn hefur vaxandi þýðingu." Veit hæstv. forseti hvað mannauðurinn er mikils metinn á Íslandi? Mannauðurinn er metinn upp á 29% á Íslandi. Í velflestum þróuðum löndum eins og t.d. Japan er mannauðurinn metinn upp á 60%. Í Danmörku er sífhækkandi mat á mannauðnum. Hvað verður hér? (**KHG:** Eru það prósentur af þjóðarauð?) Prósentur af þjóðarauð.

Hér er sagt: „Mannauðurinn hefur vaxandi þýðingu." Ég er því sammála. „Í menntamálum eru það afgerandi verkefni að breyta áherslum, skipuleggja að nýju og efla menntun og rannsóknir."

Þetta er hluti af því sem við þurfum að gera varðandi miðhálendið. Við þurfum að efla rannsóknir. Við þurfum að rannsaka betur hvað við getum gert til að gera þessa auðlind enn þá verðmætari en hún er í dag.

Ég les áfram, með leyfi forseta: „Aukin þekking og reynsla munu á nýrri öld gera það auðveldara fyrir hagsmunaaðila í atvinnulífi og á öðrum vettvangi þjóðlífsins að gera út um hin stóru álita- og hagsmunamál."

Það eru einmitt svona ábendingar sem við eigum að taka mark á eins og hér hefur margsinnis verið sagt. Við eigum að fresta afgreiðslu þessa frv., við eigum að gefa því meiri tíma. Við eigum að fresta afgreiðslu frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu. Þau eru ekki þroskuð til afgreiðslu, einnig frv. um sveitarstjórnarlögin, sérstaklega 1. gr., ég gæti sætt mig við að fella helming af henni niður og láta hitt svo róa því að við eigum möguleika á breytingum þar á en varla á því sem felst í 1. gr. í heild sinni.

Markmiðið er auðvitað eins og stendur í grein Harðar Sigurgestssonar, með leyfi forseta:

„Markmiðið er að tryggja búsetu okkar allra, betri samkeppnisstöðu, bætt lífskjör og blómlegra menningarlíf.

Enn og aftur mun það skipta sköpum, hvernig verður um vélað. Og, — það er alveg sama hvernig á þetta ferðalag verður litið — það verður spennandi og afdrifaríkt."

Þessu er ég sammála. Það er alveg sama á hvern hátt um þetta verður vélað og þessi frv. sem við erum með. Þetta verður allt spennandi, þetta verður allt afdrifaríkt. En ef við getum komið í veg fyrir mistök sem ég held að verið sé að framkvæma með því að þvinga þetta frv. svona í gegn eins og það liggur fyrir, þá eigum við að taka þeirri tilsögn og við eigum að gefa okkur tíma. Ég árétta það við virðulegan forseta að ástæða er til að leita eftir því við hv. formenn þingflokka sem eiga sæti á Alþingi hvort ekki náist sátt um að fresta afgreiðslu á þessu máli fram til 1. desember t.d.

Herra forseti. Að síðustu varðandi afmælisrit hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, sem var fimmtugur 17. janúar 1998, þá vil ég gjarnan vitna í grein Sigurðar Líndals um ákvæði laga nr. 38/1990, um sameign þjóðarinnar.

„Í 1. gr. frumvarps til laganna sagði svo:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Virðulegur forseti. Ég les þessa grein og mér verður hugsað til þess hvort það hafi gengið eftir sem hér stendur, að markmið laganna hafi verið, og það hafi náðst fram, að stuðlað hafi verið að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og verið sé að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Niðurstaðan er sú að sífellt fleiri flytja af landsbyggðinni á suðvesturhornið. Sannað er að karfastofninn er mjög illa kominn. Sannað er að grálúðustofninn er mjög illa kominn. Sannað er að blálangan er uppveidd. Sannað er að það hefur verið gengið mjög nærri kolastofninum. Sannað er að ýsustofninn er í lægð. Þetta, herra forseti, segir mér að það markmið sem sett var með lögum nr. 38/1990 hefur ekki náðst. Það er þetta sem ég óttast, herra forseti, að gerist ef við samþykkjum þetta frv. til sveitarstjórnarlaga, að það verði upphafið að því að sú auðlind sem við eigum á miðhálendinu verði ekki söm í fyllingu tímans, eftir 10–15 ár.

Herra forseti. Ég er þess fullviss að nýting auðlindanna á hálendinu er stærsta mál þingsins og það varðar alla þjóðina og það nær út fyrir öll sveitarfélagamörk. Svo ég taki dæmi, herra forseti, ef upp kemur stórt mál þar sem hæstv. iðn.- og viðskrh. er að beita sér fyrir einhverju stóru sem varðar nýtingu vatns- eða jarðhitaréttinda eða námaréttinda á hálendinu sem er svo stórt í sniðum að það kallar á t.d. byggingu á uppistöðulónum, línulagnir, vegalagnir og aðra mannvirkjagerð og það nær yfir svæði þar sem samkvæmt frv. hæstv. félmrh. er búið að færa sveitarfélagamörkin þannig að það eru kannski 12 eða 15 sveitarfélög sem koma að málinu, hvernig stöndum við þá að stjórnsýslunni? Er ekki líklegt að upp kunni að koma mikill ágreiningur innbyrðis á milli þessara 12 eða 15 sveitarfélaga? Er ekki líklegt að andstæð sjónarmið í sveitarfélögum um það hvað má og hvað ekki má komi upp, t.d. varðandi nýtingu á réttindum eða þá krafa um réttindi á einhverjum náttúruperlum svo dæmi séu nefnd. Ætli það sé ekki líklegt að það verði deilur? Íslendingar eru frægir fyrir landamerkjadeilur. Ætli það sé ekki líklegt að einhverjar deilur komi upp um slík atriði sem ég nefndi?

Ég veit að fjölmargir sveitarstjórnarmenn trúa því að það sé sanngjarnt að færa þeim þessi völd. En ég óttast að þar sé misskilningur á ferðinni vegna þess að sveitarstjórnirnar verða að hafa bæði fjármagn og getu til þess varðandi mannafla að sinna því verkefni sem er verið að fá þeim í hendur.

Ég hef verið að fara yfir ákvæði í þjóðlendufrv. og um samræmda stjórnsýslu forsrn. í þessum málum. Ég velti því fyrir mér hvort ástæða sé til að efna til langvinnra landamæradeilna og þrætna sem verði eilíft úrskurðarefni dómstóla og komi raunverulega í veg fyrir skynsamlega niðurstöðu á heildarnýtingu út frá sjónarmiðum nýtingar og náttúruverndar. Ég tel að með þessu frv. sé verið að skapa óvissu og út frá því sjónarmiði sé um að ræða óhapp eða slys. Það er hlutverk Alþingis að forða þessu slysi. Ég hef áður sagt það og legg það eindregið til, virðulegi forseti, að við geymum afgreiðslu þessa máls til haustsins eða komandi vetrar. Ég beini því enn, virðulegur forseti, til embættisins að leitað verði eftir því við formenn þingflokka sem sæti eiga á Alþingi að reynt verði að ná sáttum í þessu máli.

Margir stjórnarliðar hafa verið að verja þetta mál og hafa gert það með því að tala í einum kór um að verið sé að sýna sveitarstjórnum landsins óvirðingu með því að vekja upp spurninguna um hvort þeir ráði við stórmál eins og skipulagningu meiri háttar mannvirkja eða stjórnsýslu tengda við meiri háttar mannvirkjagerð eða nýtingu á hálendinu. Þetta er ekkert svoleiðis. Ég er ekki að fjalla um það. Málið snýst ekki um það. Menn mega hafa á því hvaða skoðun sem þeir vilja en sveitarfélögin eru misjafnlega stór og þau eru misjafnlega undir það búin að valda slíkum verkefnum. Málið snýst um það hvort verið er að efna til meiri háttar deilna milli sveitarfélaga um það sem máli skiptir, hvort við ætlum að nýta auðlindir hálendisins eða friða þær út frá heildarsjónarmiðum.

Ég legg enn til, og það skulu vera lokaorð mín þó svo ég hafi efni til langrar ræðu, sérstaklega út frá áliti umhvn. varðandi skipulags- og byggingarlög. Ástæða væri til þess að fara rækilega í gegnum þann kafla vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði margsinnis og benti á að undirritaður mundi engan fyrirvara hafa varðandi samþykkt þeirra laga. Um þetta mál er það að segja og ég ítreka að þá var gert ráð fyrir sérstakri skipulagsnefnd um miðhálendið eða það svæði sem við erum að deila um og þess vegna setti ég engan fyrirvara. Fyrirvari manna laut að því að gerðar voru 64 breytingar á því frv. Það var þess vegna sem menn höfðu fyrirvara en ekki um skipulag hálendisins. Um þetta snerist málið.

Ég legg til, virðulegi forseti, að umræðan verði stöðvuð, málið tekið af dagskrá og samið verði um að því ljúki fyrir 1. des. og þá næst kannski meiri sátt um málið ef frv. hæstv. umhvrh. verður tekið fyrir til umræðu í nefnd og fær þá breytingu sem menn geta sætt sig við.

Ég læt umfjöllun minni lokið, herra forseti, og geymi mér það efni sem ég hef ekki farið yfir til 3. umr. og ugglaust verður þá af meiru að taka en ég hef getað búið mig undir á þessum stutta tíma síðan ég lauk fyrri ræðu minni um þetta mál.

[16:23]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er í hópi 23 þingmanna sem mynda stjórnarandstöðu á Alþingi. Hann er sem sagt í hópi minni hluta þingmanna. Hv. þm. segir að það eigi að reyna að ná sáttum í málinu, þ.e. sáttum við 40 þingmenn sem vilja fá málið afgreitt. Hvernig ætlar hann að ná fram þessum sáttum? Með því að teygja lopann endalaust. Hann býðst til þess að semja um að málinu verði lokið fyrir 1. des. Við hvern er hv. þm. að semja, herra forseti? Hann er að semja við kjósendur landsins. Hann er að semja við vilja meiri hluta kjósenda sem kusu 40 hv. þingmenn til að fara með mál sín, til að styðja núverandi ríkisstjórn.

Herra forseti. Það er verið að sýna Alþingi, löggjafarsamkundunni, lítilsvirðingu með svona tilboði og ég harma það að hv. þm. skuli leyfa sér að koma með svona tilboð.

[16:25]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla hvorki að hafa stóryrði né fúkyrði um þessi mál. Ég tel að sáttaleið felist í því að forsetaembættið ræði við hv. formenn þingflokka sem aðild eiga að Alþingi

um stöðu málsins og ég sé að það mundi falla fleirum en mér vel í geð. Ég fullyrði að það eru ekki 40 þingmenn samstæðir í þessu máli. Ég fullyrði það og ég hygg að það séu þá 40 mínus eins og það séu 23 plús sem eru gegn frv.

Það sem við erum að ræða um, hv. þm. Pétur Blöndal, eru auðlindir Íslands. Við erum að velta því fyrir okkur hvort við sjáum nægjanlega fram í tímann hvert mat manna verður. Það er þess vegna sem ég tel að það eigi að gefa sér betri tíma. Það er engin óhæfa og það er ekkert sem gerist við að fresta afgreiðslu málsins, nákvæmlega ekki neitt. Þess vegna bið ég um að það sé gert og tekið til við ýmis önnur mál sem er ríkjandi sátt um, setja til hliðar þau mál sem er ósátt um eða reyna að ná um það samningum hvernig við klárum þau og tekið sé til við að klára það sem sátt er um.

Ég hef bent á það í ræðum mínum að mat manna á því hver séu auðæfi Íslands er stöðugt að breytast. Það er stöðugt að breytast og ég veit að á næstu fimm árum verður gjörbreytt viðhorf Íslendinga til þess hver eru verðmætin í miðhálendi Íslands sem eru og eiga að vera sameign allrar þjóðarinnar. Það er þess vegna sem ég, herra forseti, er að biðja um skoðun og frestun á málinu.

[16:27]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að þingmenn sætti sig við þá stöðu sem þeir eru í. Ef það er vilji meiri hluta Alþingis að afgreiða þetta mál eiga hv. þm. í minni hlutanum að sætta sig við þann vilja en ekki að halda áfram og bjóða fram einhverjar sættir, ljúka málinu með einhverjum sáttum. Það er ekki vilji Alþingis að ljúka málinu með sáttum. Það er vilji meiri hluta Alþingis að klára málið. Þetta mál, sem og að sjálfsögðu önnur mál, t.d. húsnæðismálið, sem ég held að sé bakgrunnurinn fyrir þessu málþófi, það mál verður líka afgreitt. Allt það málþóf sem menn stunda hérna gerir bara það að almenningur lítur ekki eins hátt upp til Alþingis og annars skyldi vera. Menn eiga að sætta sig við það sem er staðreynd. Menn eiga að sætta sig við að vera í minni hluta og vinna sem slíkir og koma með málefnalega umræðu en ekki svona langlokur eins og við höfum þurft að hlusta á undanfarna fimm daga.

[16:28]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði hv. þm. Pétur Blöndal, sem hefur ekki sætt sig við það að fylgja meiri hluta innan þingflokks síns, sá maður sem oftast hefur risið upp gegn eigin þingflokki. Hann segir: Þið eigið að sætta ykkur við meiri hlutann. Hv. þm. Pétur Blöndal, sem hefur oftast risið upp gegn frv. eigin flokks og þeirri skoðun sem þar er ríkjandi, segir við stjórnarandstöðuna: Þið eigið að sætta ykkur við meiri hlutann.

Það er gott ef skoðun hans er á þennan veg og hann fer þá kannski eftir því í þeim málum sem meiri hlutinn í flokki hans vill að verði farið eftir.

Ég er búinn að vera að ræða um, herra forseti, hvað það er sem er að breytast. Ég fullyrði að skoðun meiri hluta þjóðarinnar er að breytast, það er meiri hluti þjóðarinnar núna sem vill að málinu verði frestað og þó að hann hafi á einhverjum tíma valið þann meiri hluta sem er núna ríkjandi á þingi er alveg öruggt mál að sá meiri hluti, sem er núna í þjóðfélaginu og vill að málinu sé frestað, er ríkjandi. Ef gerð væri skoðanakönnun um þetta mál eða færu fram kosningar um þetta mál núna þá fullyrði ég að a.m.k. 70–75% þjóðarinnar vildu að þessu máli væri frestað til haustsins.

[16:30]

**Útbýting þingskjals:**

Menntun í landbúnaði, 708. mál, skýrsla landbrh., þskj. 1367.

[16:30]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Nú erum við á fimmta degi að ræða þetta mál við 2. umr. í hv. Alþingi. Ég hygg að þetta mál hafi nú verið rætt í samtals 40 klukkustundir við 2. umr. eða nálægt því og a.m.k. 30 þingmenn hafa tekið til máls. Það sýnir auðvitað að þetta mál liggur þungt á þingmönnum og þeir telja sig hafa mikið um þetta mál að segja. Það er ekki bara innan þings, herra forseti, heldur utan þess einnig.

Fyrir nokkrum dögum vorum við vitni að því að 90 manns skrifuðu undir áskorun til Alþingis um að fresta þessu máli. Allt það fólk þekkir mjög vel til þessa máls og við vorum vitni að því í gærkvöldi að haldinn var fjölmennur fundur margra útivistarsamtaka sem í eru tugir þúsunda félaga. Þar var því harðlega mótmælt að þetta mál næði fram að ganga. Ég er sannfærð um að það sé rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að ef þetta mál yrði borið undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá mundi minni hluti þjóðarinnar styðja meiri hluta þingsins í því að knýja þetta mál í gegn eins og ætlunin er nú.

Meiri hlutinn höfðar alltaf til þess að hann hafi meiri hluta á þingi og ýjar jafnvel að því að við höfum ekki leyfi til að ræða málið þetta ítarlega, samanber orð hv. 16. þm. Reykv. Péturs H. Blöndals. Málið á að ganga í gegn með góðu eða illu hversu lengi sem við tölum. (**PHB:** Það er vilji meiri hlutans.) Vilji meiri hlutans, segir hv. þm. En þá ætla ég að spyrja hv. þm. að því, herra forseti: Var það boðað hjá fhaldinu og Framsfl. fyrir kosningar að afhenda ætti örfáum sveitarfélögum miðhálendið til ráðstöfunar og þau fengju vald til að nýta það? Nei, þeir boðuðu þjóðinni það ekki fyrir kosningar. Þess vegna tel ég að þeir hafi ekki vald, gegn svo miklum andmælum, ekki bara innan þings heldur utan þings, að knýja þetta mál í gegn með þvílíku offorsi sem þeir ætla að gera.

Ég teldi það lýðræðislegt, í þeirri stöðu sem málið er nú í, að þessum umdeildu ákvæðum í 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða yrði frestað. Þá yrði skipuð milliþinganefnd sem starfaði fram á næsta þing. Hún færi yfir þessi ágreiningsatriði, kallaði til sín alla þá aðila sem þekkja gjörla til þessa máls og reynt yrði að ná bærilegri sátt um þetta mál. Við erum ekki að fjalla um neitt smámál, herra forseti. Ég viss um að minni hlutinn yrði til samkomulags um að afgreiða aðrar greinar þessa frv., sem eru töluvert margar, um 105 greinar, að undanskildum þessum tveimur greinum. Um það væri örugglega hægt að ná sátt við minni hlutann. Við gætum stytt þessa umræðu verulega.

Herra forseti. Ég fer fram á það við forsn. að hún íhugi hvort þetta geti ekki verið góð tillaga í málinu, að skipa milliþinganefnd til þess að fjalla um þetta stóra ágreiningsmál. Ég velti fyrir mér: Af hverju liggur svona á að afgreiða þetta mál? Hvað gerist ef þetta mál bíður fram til hausts? Ef svo færi þá mundum við hugsanlega ná sátt um þetta mál.

Ég hef mikið velt því fyrir mér, herra forseti, síðan ég var síðast í ræðustól fyrir nokkrum dögum hvers vegna meiri hlutanum liggur svo mikið á að knýja þetta í gegn. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að miðhálendisnefnd sú sem starfað hefur um alllangan tíma og sett fram tillögur sem

mjög hafa verið gagnrýndar, vilji ljúka sínu verkefni til fulls, afgreiða málið til Skipulags ríkisins og síðan til umhvrh. og að tillögurnar verði síðan staðfestar áður en svokölluð samvinnunefnd tekur til starfa um næstkomandi áramót. Það er raunverulega eina ástæðan sem ég sé fyrir því að meiri hlutinn vilji knýja þetta í gegn. Látum vera að það sé í andstöðu við minni hlutann, en ég fullyrði líka, herra forseti, að það er í andstöðu við mikinn meiri hluta þjóðarinnar.

Það, herra forseti, að þessar löngu ræður séu fluttar, eins og hv. þm. Pétur Blöndal segir, til þess að stöðva húsnæðisfrv. er rangt. Þetta hefur ekkert með húsnæðisfrv. að gera. Málið mun skipta komandi kynslóðir það miklu og er það stórt að við horfum ekki til þess hvort húsnæðisfrv. nái fram að ganga eða ekki. Hitt er annað mál, varðandi húsnæðisfrv., að það er líka stórt og mikið mál sem þarf marga klukkutíma til þess að afgreiða. Það væri kannski ástæða til að fara yfir það hér í byrjun af hverju það tæki marga klukkutíma að afgreiða það. Ég fullvissa hins vegar hv. þm. um að þetta hefur ekkert með húsnæðisfrv. að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég velti líka fyrir mér, herra forseti, hvort það sé tilviljun, þegar við erum að afgreiða svo stórt mál, að þessir sömu stjórnarflokkar, þessi helmingaskiptastjórn íhalds og Framsfl., var líka við völd 1984 þegar komið var á kvótakerfi sem leitt hefur til mestu eignatilfærslu sögunnar, frá þjóðinni *til örfárra kvótakónga sem hagnast hafa um hundruð millj.* kr. með því að selja aflaheimildir sem þjóðin hefur veitt þeim ókeypis. Þessi sameign þjóðarinnar er nú orðin erfðagóss og bitbein í fjölskyldudeilum hjá kvótakóngum sem fengið hafa hundruð millj. gefins frá þjóðinni. Er það tilviljun að nú þegar þessi helmingaskiptastjórn situr er stefnt að því leynt og ljóst að fela hagnýtingu og stjórnsýslu á miðhálendi og jöklunum, sem telst vera 40% af öllu landinu, þar sem helstu náttúruperlur landsins og auðlindir þjóðarinnar fyrirfinnast, nokkrum sveitarfélögum þar sem 4% þjóðarinnar búa?

Ég spyr einnig hvort það sé tilviljun að meðan þessi helmingaskiptastjórn situr að völdum sé hér á dagskrá annað frv. sem felur í sér mikla eignatilfærslu. Það er frv. um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu. Með því frv., sem væntanlega á að knýja í gegn með góðu eða illu á þessu þingi, geta landeigendur rakað til sín stórkostlegum fjármunum ef þjóðin þarf að nýta auðlindir sem finnast í jarðeign þeirra. Það er ekkert smáræði sem við erum að afgreiða, herra forseti, á þessu þingi. Miðhálendið á að fara til örfárra sveitarfélaga og það á að ganga þannig frá málum að ef auðlindir finnast sem þjóðin þarf að nýta þá geti landeigendur rakað til sín stórkostlegu fé frá skattborgurum. (**PHB:** Ríkið á þjóðlendurnar.) Ríkið á þjóðlendurnar, segir hv. þm. Margt gáfulegt sem frá honum kemur. En auðvitað veltir maður því fyrir sér hvort hér fari ekki á sömu leið varðandi þjóðlendurnar og þjóðlendufrv., ef að lögum verður sem er gott mál, og 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þar sem segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Hverra eign er það orðið núna? Við höfum þar fyrir okkur mestu eignatilfærslu sem við höfum upplifað í Íslandssögunni. (**Gripið fram í:** Af hverju er þá ...?) Það er sameignin. Síðan erum við að tala um þjóðlendurnar. Þar segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.“

Síðan kemur annað frv. um hverjir eigi að taka ákvarðanir um nýtingu á náttúruperlum þjóðarinnar allrar eru nýttar. Við gætum því lent í því nákvæmlega og varðandi auðlindirnar í hafinu, að auðlindunum á miðhálendinu verði ráðstafað með sama hætti.

Herra forseti. Það þarf því engan að undra þó við höfum talað í nokkra daga og þó nokkuð marga klukkutíma um þetta stóra mál. Það er erfitt að snúa aftur þegar búið er að samþykkja þessi ákvæði frv. Hæstv. félmrh. sem virðist mikið niðri fyrir að ná þessu máli í gegn lætur ekki svo mikið að vera í salnum. Ég sakna hans þó ekki neitt sérstaklega vegna þess að ég held að það breyti litlu hvort hann er hér eða ekki. Hann lokar eyrunum fyrir öllum skynsamlegum tillögum sem fram koma, hvort sem það er innan þings eða utan, eins og frá fundinum í gær. Voru það ekki níu útivistarsamtök, herra forseti, sem beindu eindregnum tilmælum til þingsins að fresta þessu máli? Ég man ekki hvaða orð hæstv. ráðherra notaði um það en miðað við þau virðist lítil von til þess að hæstv. ráðherra muni taka tillit þeirra sjónarmiða.

Þegar maður hefur afskrifað það að hæstv. félmrh. geri nokkuð í málinu spyr maður sig hvort hæstv. forsrh. sé ekki reiðubúinn til að hlusta á raddirnar í þjóðfélaginu. Þær kalla mjög ákaft, herra forseti, til þingsins um að fresta þessu máli. Það væri algerlega útgjaldalaust af hálfu meiri hlutans en skiptir miklu fyrir þá sem setja fram þessa sanngjörnu og eðlilegu ósk og skiptir miklu fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar.

*Herra forseti. Gerir meiri hlutinn sér ekki grein fyrir því* hvað felst í þessu? Ég hlýt að fara ítarlega yfir það í máli mínu hér á eftir.

Þetta mál hefur tekið töluverðum breytingum, herra forseti, eftir að það kom til 2. umr. Þar vísa ég í ýmislegt sem komið hefur upp á þeim dögum sem við höfum rætt þessi mál. Þar er fyrst að nefna frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem hér var kynnt og ég ætla að fara ítarlega yfir aftur í von um að ná eyrum einhverra stjórnarsinna og sýna þeim fram á það hversu gagnslaus þessi dúsa er. Ég ætla að freista þess að fá til liðs við þetta mál þá í hópi stjórnarliða sem voru því andsnúnir við 1. umr. Ég veit, herra forseti, að það er veik von að ég nái eyrum stjórnarliða. Ég tel þó að það væri tilraunarinnar virði. Það verður auðvitað tekið eftir því, af komandi kynslóðum, hverjir í þessum þingsal greiða því atkvæði að afhenda náttúruperlur þjóðarinnar allrar, miðhálendið, í hendur örfárra sveitarfélaga til ráðstöfunar.

Það sem breyst hefur, frá því að ég kom síðast í ræðustól, er hin sérkennilega afstaða stjórnarmeirihlutans. Þá er ég ekki síst að tala um umhvrh. sem leggur fram frv. í þinginu sem á að fela í sér málamiðlun milli stjórnarliða og hluta stjórnarandstöðunnar. Þegar það er hins vegar borið undir atkvæði hvort leyfa skuli umræðu þess, þá snýst görvallt stjórnarliðið, með umhvrh. í broddi fylkingar, á móti því að frv. verði tekið til umræðu. Það skyldi þó ekki vera, herra forseti, vegna þess að ráðherrarnir, umhvrh. sem væntanlega veit hvað felst í þessu máli og hugsanlega félmrh., vilji ekki láta þingið kryfja þetta mál til mergjar og fara ofan í það í *nefnd, af ótta við að menn sjái hversu lítið er í* þessu frv. og að það er einskis virði. Þeir hafa kannski óttast að þá mundi ekki verða meiri hluti fyrir framgangi frv. Ég óttast, herra forseti, að þannig liggi í þessu öllu saman.

Fyrst vilja þeir ná frv. í gegn, knýja fjölda stjórnarliða til fylgis við sig á fölskum forsendum. Þegar það er komið í gegn, þá ætla þeir síðar meir á hausti komanda að taka á frv. um skipulagsmál. Mér finnast slík vinnubrögð ekki til

sæmdar fyrir þessa virðulegu samkomu, að ætlast til að þetta frv. verði samþykkt án þess að ljóst sé hvort og hvernig aðrir íbúar þessa lands, fulltrúar þeirra eða útivistarsamtök ýmis, geti haft áhrif á skipulagningu hálendisins.

Í þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum beindi ég því til formanns umhvn., hv. 11. þm. Reykv. Ólafs Arnar Haraldssonar, að hann kallaði saman umhvn. til þess að menn þar áttuðu sig, a.m.k. í stórum dráttum, á innihaldi þessa frv. Ég hélt satt að það væri það minnsta sem hægt væri að bjóða þinginu að þó að frv. yrði ekki formlega tekið á dagskrá, þá mundi a.m.k. nást samkomulag um að umhvn. fjallaði eins ítarlega eins og hægt er um það sem þetta frv. felur í sér. Þeir þora því greinilega ekki heldur, herra forseti. Ég er alveg viss um að hæstv. forseti, sem nú er í forsetastól, væri einn þeirra sem skipta mundu um skoðun ef farið væri ofan í þetta skipulagsfrv. en því miður virðist ekki eiga að gera það, herra forseti.

Ég er svolítið hissa á hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Erni Haraldssyni, sem svo ötullega hefur barist fyrir þessu máli og ekki látið plata sig til liðs við þetta mál á fölskum forsendum, að hann skuli ekki hafa haft frumkvæði að því að kalla saman umhvn. og fara yfir málið. Þar var ýmislegt óljóst og við umræðuna hefur komið fram að menn leggja misjafnan skilning í ýmis mikilvæg ákvæði þessa frv. (**KPál:** Ég mæli með því.) Ég heyri að hv. 10. þm. Reykn., Kristján Pálsson, sem situr í salnum og grípur fram í, mælir með því. Þá skora ég á hv. þm., herra forseti, hann er einn stjórnarliða í þessum sal fyrir utan forseta sem treystir sér til þess að sitja undir þessari umræðu, að beita sér fyrir því að umhvn. verði kölluð saman.

Síðan er það kafli út af fyrir sig, þau sinnaskipti sem orðið hafa á baráttuglöðum þingmönnum stjórnarliðanna, hvernig sumir þeirra hafa snúist frá því þeir stóðu við 1. umr. gegn þessum ákvæðum. Þar er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ekki í flokki sem betur fer en ég nefni t.d. hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég ætla að vitna í það sem hv. þm. sagði 11. desember 1997 í Morgunblaðinu. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki um sveitarfélagafrumvarpið. Samþykkir ekki hugmyndafræðina. „Ég samþykki ekki hugmyndafræðina sem felst í sveitarfélagafrumvarpinu þar sem segir að framlengja eigi mörk sveitarfélaga inn til innsta punkts miðhálendisins.““

Hvað hefur breyst í því, herra forseti? Stöndum við ekki enn þá uppi með frv. sem án nokkurra breytinga framlengir mörk sveitarfélaga inn til innsta punkts miðhálendisins? Það hefur ekkert breyst í því. Samt er hv. þm. orðinn liðsmaður þessara ákvæða sem hún fyrir nokkrum mánuðum var algerlega andsnúin. Mér fannst hún standa sig vel. Mér fannst hún hafa rétt fyrir sér. Hún hafði rétt á því, þó hún væri í stjórnarliðinu, að berjast fyrir sannfæringu sinni í þessu máli. Í sömu grein segir jafnframt:

„Siv segist telja rangt og óskynsamlegt að skipta miðhálendinu upp í 40 einingar á milli sveitarfélaganna.“

Í því hefur ekkert breyst, herra forseti. Það á áfram að skipta miðhálendinu upp í 40 einingar milli sveitarfélaga. Hvað hefur valdið þessum sinnaskiptum hjá hv. þm.?

Þetta viðtal við hana hefur verið nokkuð langt og í Morgunblaðinu kemur fram:

„Aðspurð hvort hún hygðist greiða atkvæði gegn frumvarpinu svaraði Siv að frumvarpið ætti eftir að fara í gegnum nákvæma umfjöllun og skoðun í þingnefnd og fá þyrfti umsagnir ýmissa aðila um málið.“

Síðan er orðrétt haft eftir hv. þm.:

„Ég vil horfa til framtíðar og þá finnst mér eðlilegt að miðhálendið sé eitt heilt og samfellt skipulags- og byggingarsvæði. Það hafa komið fram mörg sjónarmið í þessu máli en það er alrangt, sem sumir hafa viljað núa okkur um nasir, sem viljum ekki skipta þessu upp á milli sveitarfélaga, að við séum að vantreysta sveitarfélögunum. Svo er ekki, enda hef ég verið sveitarstjórnarmaður sjálf í sjö ár.“

Við tökum undir þetta með hv. þm. Þeir sem vilja ekki fara þá leið sem hér á að fara, vantreysta ekki sveitarfélögum þó þeir vilji hafa lýðræðislega skipan á þessu máli, þannig að fulltrúar, eigum við að segja úr öllum kjördæmum og öllum stærstu sveitarfélögunum hafi aðkomu að þessu máli.

Hv. þm. heldur áfram og segir:

„Þó um væri að ræða mun færri sveitarfélög, til dæmis þrjú eða fimm, sem skiptu miðhálendinu á milli sín, þá fyndist mér jafnrangt að skipta því upp. Þarna er um að ræða eitt samfellt landslagssvæði, segir hún.“

Að því loknu segir:

„Siv segir suma hafa gagnrýnt að í umræddum 40 sveitarfélögum byggju einungis 4% þjóðarinnar. Hún segir að auðvitað væri æskilegast að allur almenningur hefði svipað vægi varðandi skipulag miðhálendisins ...“

Þarna kemur það sem við berjumst fyrir eins og þingmaðurinn orðaði það í desember „að allur almenningur hefði svipað vægi varðandi skipulag miðhálendisins ...“

Svo ég vitni frekar í þetta viðtal þá segir hv. þm., með leyfi forseta:

„ ... en það væri ekki aðalatriðið um hversu stóran hlut þjóðarinnar væri að ræða heldur skipti meginmáli að rangt væri að skipta hálendinu upp með þessum hætti. Siv kveðst telja eðlilegt að skipulags- og byggingarmál hálendisins heyri undir einn aðila, t.d. umhverfismálaráðuneytið.“

Það hafa greinilega verið höfð mörg viðtöl við hv. þm. Það hefur þótt merkilegt að einhverjir þingmenn stjórnarliðanna sæju að það væru röng vinnubrögð sem meiri hlutinn ætlaði að viðhafa í þessu máli.

Hér ítarleg úttekt á þessu máli, í Morgunblaðinu laugardaginn 6. desember, þar sem vitnað er í hv. þm. Jón Kristjánsson og sagt:

„Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokks, sagði m.a. að umdeild ákvæði sveitarstjórnarfrumvarpsins fælu ekki í sér eins miklar breytingar og látið hefði verið í veðri vaka. „Með þeim er verið að eyða óvissu um mörk sveitarfélaga að jöklum, þar sem mannaferðir og mannvirkjagerð fara vaxandi.“ Sagði hann að sveitarfélögum væri að fullu treystandi fyrir stjórn hálendisins og varaði við þeirri ofurtrú sem menn hefðu á miðstýringu í þessum málum.

Siv Friðleifsdóttir þingmaður Framsfl. sagði það rétt hjá Jóni að það væri verið að eyða vafaatriðum í þessu máli en ekki á þann hátt sem æskilegt væri. Hún sagði það óeðlilegt að skipta miðhálendinu á milli 40 sveitarfélaga. Nær væri að fella skipulags- og byggingarmál á miðhálendinu undir eitt vald, því miðhálendið væri ein heild. „Varðandi þetta frv. í heild líst mér ágætlega á það en ég get ekki stutt hugmyndafræðina sem felst í 1. gr., þ.e. að það eigi að skipta öllu landinu alveg inn í innsta punkt á milli sveitarfélaga.““

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hún sagðist vera sammála þeirri lausn sem sett var fram í frumvarpi sem Eiður Guðnason, fyrrverandi umhverfisráðherra, flutti á sínum tíma.“

Þá höfum við það. Stór hluti þingsins lagðist gegn því frv. og þess vegna höfum við kannski lent á þessari braut. Það var hin besta leið og mun ég koma að því síðar.

Ég furða mig mjög á þessu öllu. Ég hef alltaf litið á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem mjög staðfastan þingmann sem stæði fast á sinni skoðun og hv. þm. mundi ekki láta blekkjast af því sem ekkert er í frv. umhvrh. og hún sæi gegnum það sem þar er boðað. *Enn hefur hv. þm. tök og tækifæri til að breyta afstöðu sinni og mundu margir verða henni þakklátir ef hún gerði það.* Frv. er enn til 2. umr. og örugglega langt í að það fari til 3. umr. þannig að hv. þm. hefur enn einhverja daga eða vikur til að breyta um skoðun.

Síðan er það yfirlýsing hæstv. forsrh. sem mig minnir að hafi verið í gefin í gær, herra forseti, sem ég varð forviða yfir. Hæstv. forsrh. gaf ekki mikla von um að fram næðist breyting á þessu frv. eða frestun. Þó er það mjög sanngjörn krafa. Ef ekki næst samkomulag um þetta mál í haust, t.d. í milliþinganefnd sem allir geta sætt sig við þannig að það *sé bærileg sátt um þetta mál, þá hefur þingmeirihlutinn enn* möguleika á að flytja málið inn í þingið í þeim búningi sem þeir ætla núna að láta afgreiða það. Hæstv. ráðherra sagði að öll mál yrðu afgreidd. Þar talaði maðurinn með valdið. Minni hlutinn átti ekkert að hafa um það að segja, hvað þá meiri hluti þjóðarinnar sem ég er sannfærð um að leggjast mundi gegn þessu máli í atkvæðagreiðslu. Það á ekki að hlusta á þjóðina þannig að innlegg hæstv. forsrh. í þessa umræðu í gær var ekki beint uppörvandi.

Síðan er það afstaða Alþb. sem hefur nokkuð breyst frá því að þetta mál var til 1. umr. og frá því kannski á fyrstu klukkutímunum. *Þegar við ræddum það við 2. umr., ætlaði* Alþb. að styðja málið ef samhliða fengist afgreitt frv. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem það sætti sig við. Ég hef farið í gegnum það að það frv. fæst ekki einu sinni rætt og mér heyrist líka á hv. þm., a.m.k. sumum hjá Alþb. að þeir séu ekki heldur sáttir við innihaldið á því, þannig að frávísunartillaga er komin fram frá Alþb. sem hljóðar svo, herra forseti:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra harmar þá niðurstöðu meiri hluta Alþingis að neita að taka til umræðu frumvarp frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingu á skipulags- og byggingarlögum *þar sem reynt er að leita sátta í viðkvæmu* deilumáli. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin vill ekki ná neinni almennri sátt um skipulagsmál hálendisins. Jafnframt er ljóst að litlu breytir hvort frumvarp til sveitarstjórnarlaga nær fram að ganga á þessu vori eða bíður næsta vetrar. Með hliðsjón af þessu leggur þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra til að Alþingi samþykki að frumvarpi ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Stuðningurinn við frv. hefur því heldur betur minnkað frá því að þetta mál var tekið út úr nefndinni með offorsi, vil *ég segja, herra forseti, í andstöðu við a.m.k. einn þingmann* í félmn. Það hefur heldur betur breyst. Ég er alveg sannfærð um ef hv. þm. Alþb. hefðu séð fram á hvað meiri hlutinn ætlaði sér í málinu áður en málið var afgreitt út, væri málið væntanlega enn inni í hv. félmn. En það er greinilega öllu tjaldað af ríkisstjórnarflokkunum og ráðherrunum til að ná málinu út jafnvel þó með blekkingum sé, herra forseti, eins og frv. hæstv. umhvrh. sem ég hlýt nú að fara að snúa mér að vegna þess, herra forseti, þótt það mál sé með réttu ekki á dagskrá þá er það svo nátengt því frv. sem við ræðum hér að það hlýtur að verða rætt úr þessum ræðustól.

Hæstv. ráðherra Páll Pétursson leyfði sér að segja að sá stóri hópur útivistar- og náttúrufræðifélaga sem hélt fund í gærkvöldi þar sem eru sérfræðingar á því sviði sem fjalla um miðhálendið með ýmsum hætti væri að gera úlfalda úr mýflugu. Hverjir voru það? Við skulum fara yfir það hverjir skrifa undir þessa áskorun. Það voru formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, forseti Ferðafélags Íslands, formaður Íslenska alpaklúbbsins, formaður Útivistar, formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, formaður Skotveiðifélags Íslands, Landssamband ísl. vélsleðamanna, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 og formaður stangaveiðifélagsins Ármenn. Það er sagt að þessi stóri hópur, forustumenn þeirra sem komu með ályktun til Alþingis, séu að gera úlfalda úr mýflugu. Það er varla boðlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherra láti svona frá sér fara.

Auðvitað hefði hæstv. ráðherra þegar hann fær svona ályktun að undangengnum mörgum öðrum átt að stoppa aðeins við og hugsa sitt mál áður en hann talar um að verið *væri að gera úlfalda úr mýflugu. En þessi áskorun er dags.* 4. maí til forsrh. Davíðs Oddssonar:

„Við forsvarsmenn neðangreindra samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga förum þess á leit við þig, herra forsætisráðherra og ríkisstjórn þína, að frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi um sveitarstjórnarmál verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Við teljum höfuðnauðsyn að ekki verði nú bundið með illafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað á miðhálendi Íslands.

Meiri tíma þarf til opinnar umræðu um þessi mál þannig að *þjóðin öll, eigandi hálendisins, fái að láta í ljós skoðun* sína. Verði ofangreint frumvarp samþykkt næstu daga mun það kalla á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar.“ Ég ætla aðeins að stoppa við þetta, herra forseti. Þetta held ég að sé bara kjarnapunkturinn í því sem við erum að ræða að ákvæði í þessu frv. mun kalla á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar. Síðan heldur áfram: „Jafnframt væri þá búið að útiloka meiri hluta hennar frá því að hafa nokkur áhrif á nýtingu hálendisins og hætt er við að almannaréttur verði fyrir borð borinn.

Sem forsvarsmenn helstu útivistar- og náttúrufræðifélaga *landsins og fulltrúar þúsunda Íslendinga teljum við skilning* meiri hluta þjóðarinnar vera þann að miðhálendið sé ein heild, sem ekki beri að rjúfa, hvorki skipulags- né stjórnsýslulega.

Þögn þjóðarinnar um þessi mál allt þar til á síðustu vikum má ekki skilja á þann hátt að meiri hluti hennar sé fylgjandi þeirri skipan sem nú er gert ráð fyrir. Augljóst er á umræðum undanfarið að hvorki ráðamenn þjóðarinnar né almenningur hafa fyllilega gert sér grein fyrir þýðingu málsins.

Mikilvægt er að hlýtt verði á raddir hagsmunaaðila og helstu sérfræðinga sem virðast vera á einu máli um hvernig fara *eigi með eina verðmætustu auðlind þessarar þjóðar.*

Undirritaðir eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að vinna að farsælli lausn málsins.“

Svona lýkur ályktuninni sem skrifað er undir af níu formönnum útivistar- og náttúrufræðifélaga. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þetta hófleg og skynsamleg ályktun sem er ekki hægt að afgreiða þannig eins og hæstv. félmrh. gerir að verið sé að gera úlfalda úr mýflugu enda

beina þeir ekki orðum sínum til hæstv. félmrh. eða þessu bréfi, heldur er það stílað til hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og ég hef ekki enn heyrt viðbrögð hans við þessari áskorun samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga. Ég bíð eftir því, herra forseti, að heyra hvort áskorunin hafi einhver áhrif á hæstv. forsrh. sem vissulega er sá maður í þjóðfélaginu sem getur haft þau áhrif sem þarf til þess að sanngjörn ósk nái fram að ganga um að fresta málinu til haustsins þannig að betri tími gefist til þess að vinna í málinu og ná um það breiðari sátt.

Af því að við erum að fjalla um samtök útivistar- og náttúrufræðifélaga vil ég líka vitna til þess sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson segir í DV þar sem hann er að lýsa því, herra forseti, að málamiðlunartillagan, þ.e. frv. sem var kynnt hér af hæstv. umhvrh., sé ekki nægjanleg. Í DV segir, með leyfi forseta:

„Ólafur Örn Haraldsson, þingmaður Framsfl. í Reykjavík, segir málamiðlunartillögu sem lögð var fram á Alþingi í gær og ætlað er að draga úr því ofurvaldi sem 42 aðliggjandi hreppum á hálendi Íslands verður fengið um skipulag og nýtingu hálendisins í sveitarstjórnarfrv. Páls Pétursonar alls ekki fullnægjandi. Umræðum um hálendismálin var frestað í nótt en ætlunin er sú að afgreiða frv. fyrir þinglok en taka málamiðlunartillöguna upp í haust. Ólafur segir málamiðlunartillöguna alls ekki ásættanlega. Hún tryggir alls ekki þá hagsmuni sem ég tel að verði að taka tillit til þegar fjallað er um miðhálendið, þ.e. hagsmuni sveitarfélaga sem hvergi fá nærri skipulagi hálendisins að koma af því þau eiga ekki land að því.“ — Og þá kemur það sem ég hefði viljað spyrja hv. þm. út í og ég spyr: Er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson í þinghúsinu?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti getur upplýst að hv. þm. er í húsinu og hlýðir væntanlega á hv. þm. en forseti mun gera ráðstafanir til þess að kanna það.)

Ekki geri ég mér ljóst hvernig hæstv. forseti sér það úr sæti sínu að hv. þm. sé að hlýða á ræðu mína, en gott og vel. Ég verð að taka það trúanlegt. Ég ætla ekki að ónáða hv. þm. lengi og síst skyldi ég ónáða þann hv. þm. sem hefur skynsamlegustu skoðunina af stjórnarliðunum í þessu máli. Það væri nær að kalla til ýmsa aðra þingmenn sem hafa afar einkennilegar skoðanir í málinu og virða ekki viðlits skynsamlegar tillögur og ábendingar sem koma fram í málinu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill óska eftir því að fá að vita hvort hv. þm. biður um að þingmaðurinn verði sóttur.)

Ef hv. þm. er í húsinu.

(**Forseti** (StB)**:** Hv. þm. er í húsinu, það er staðfest og forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hann gangi í salinn.)

Ég mun halda áfram ræðu minni og af því að ég er svona rétt að byrja ræðu mína þannig að ég mun þá bara tala við hann síðar undir mínu máli vegna þess að hann lætur væntanlega sjá sig fyrir kvöldið.

Þá ætla ég, herra forseti, að fara yfir það frv. sem menn hafa rætt nokkuð úr þessum ræðustól og fjallar um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég á mjög bágt með að trúa því ef einhver meining og vilji er á bak við það að fulltrúar annarra sveitarfélaga en sem liggja að miðhálendinu eigi að hafa þar áhrif. Ég á satt að segja mjög bágt með að skilja hvað stjórnarliðar sjá í þessu frv. sem geri það að verkum að þeir treysti sér til fylgis við það, þ.e. þeir stjórnarliðar sem leggja áherslu á það lýðræðislega fyrirkomulag að fleiri komi að skipulagningu á hálendinu en þau 40 sveitarfélög sem liggja að hálendinu vegna þess að greinargerðin talar sínu máli, herra forseti. Af því að hún er ekki mjög löng og mér finnst hún það merkileg ætla ég aðeins að fá að fara í gegnum hana og stoppa þá við þau atriði, herra forseti, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á. Hef ég þá lesturinn, herra forseti:

„Miklar umræður hafa orðið um skipulag miðhálendisins að undanförnu en sérstök nefnd, samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993, um breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964, er að fara yfir athugasemdir sem bárust við tillögur nefndarinnar og á að skila tillögum til Skipulagsstofnunar fyrir 1. des. nk.“

Þetta er nokkurt kjarnaatriði. Hún á að skila tillögum til Skipulagsstofnunar fyrir 1. des. nk. Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til umhvrh. um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins. Síðan er ljóst, herra forseti, að samvinnunefndin, sem margir leggja traust sitt á sem ætla að styðja þetta frv., á ekki að taka til starfa fyrr en um næstu áramót eða 1. jan. 1999. Ég hefði gjarnan viljað spyrja ýmsa stjórnarliða, sem styðja frv. á þeirri forsendu að þetta frv. verði að lögum um skipulagsmálin, hvort þeir óttist ekki neitt að samvinnunefndin um svæðisskipulag miðhálendisins, sem nú er að störfum, verði hreinlega búin að fá þetta skipulag staðfest áður en samvinnunefndin, sem allir leggja traust sitt á sem ætla á annað borð að styðja þetta, áður en hún tekur til starfa eða 1. jan. 1999.

Ég held að ég sé akkúrat, herra forseti, komin að punktinum: Af hverju ríkisstjórnin vill ekki fresta þessu frv.? Vegna þess að ríkisstjórnin vill að svigrúm verði til þess, ef hún svo kýs, ef umhvrh. svo kýs, að sú nefnd sem núna er að störfum, verði hreinlega búin að ganga frá skipulaginu og umhvrh. að staðfesta það fyrir næstu áramót þegar þessi samvinnunefnd á að taka til starfa. Ég held að málið sé ekkert flóknara en svo að þetta sé kjarni málsins. Enda hefur mér ekki fundist hæstv. umhvrh. neita því við þessa umræðu. — Ég spyr, herra forseti: Er hæstv. umhvrh. í húsinu? Og bara mér til fróðleiks þá spyr ég líka um félmrh., hvort þessir ráðherrar sem bera ábyrgð á báðum þessum málum sitji ekki hér einu sinni við umræðuna.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. félmrh. er í húsinu en hæstv. umhvrh. er fjarstaddur.)

Herra forseti. Er það tilhlýðilegt þegar við erum að afgreiða svona stórt mál þó að sveitarstjórnarlögin falli ekki undir umhvrh. eða ráðuneyti hans þá beinist stór partur af þessu máli og þeirri umræðu sem hér fer fram raunverulega að umhvrh.? Mér finnst það vanvirða við þingið að umhvrh. sé ekki viðstaddur þessa umræðu. — Og gengur nú í salinn hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Það er nú dálítið sérkennilegt (**ÓÖH:** Var ekki kallað eftir mér?) að ráðherrarnir sjái enga ástæðu til að vera við umræðuna en hér er mættur Ólafur Örn Haraldsson, að vísu eftir mínu kalli. En, herra forseti, ég lét þess getið um leið og ég kallaði á hv. þm. að síst ætti náttúrlega að vera að ónáða þann sem væri einn helsti stuðningsmaður þessa máls. Það ætti nú fremur að reyna að kalla til hina, ef vera mætti að hægt væri að leiða þeim fyrir sjónir hvaða villur vegar þeir fara. (Gripið fram í.)

Við erum að tala um frv. til sveitarstjórnarlaga sem var lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998, 288. mál, þskj. 359. Það eru ákvæði til bráðabirgða aðallega og 1. gr. frv., ásamt frv. sem lagt hefur verið fram til kynningar um breytingu á skipulags- og byggingarlögum.

En þá ætla ég að snúa mér að hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni af því að ég var að lesa hér upp það sem hann var að skýra í DV, af hverju hann gæti ekki sætt sig við þessa málamiðlunartillögu. Þar segir hv. þm. í lok viðtalsins:

„Þá eiga t.d. sjónarmið ferðaþjónustu, útivistar og náttúruverndar engan tryggan aðgang að skipulagi hálendisins skv. frv., sem alls ekki er ásættanlegt, sagði Ólafur Örn Haraldsson í morgun."

Ég vil spyrja hv. þm. af því að hann gerði sér nú lengi vonir um að þessi málamiðlunartillaga yrði þannig úr garði gerð að hann gæti sætt sig við hana og stutt stjórnarflokkana í þessu máli, að hv. þm. hefur lagt mikla áherslu á sjónarmið ferðaþjónustu, útivistar og náttúruverndar og þekkir vissulega þann fund og þá ályktun sem var samþykkt í gær: Kom á einhverju stigi málsins til tals og gerði hv. þm. kröfu til þess að í samvinnunefndinni ættu fulltrúar einhverra þessara samtaka aðkomu að málinu með einhverjum hætti, helst beinum eða þá óbeinum? Ég spyr af því að hv. þm., herra forseti, hefur lagt svo mikla áherslu á þennan þátt. Þess vegna spyr ég hvort á einhverjum stigum málsins hafi það komið til greina eða a.m.k. hvort ekki hafi verið lögð áhersla á það af hans hálfu.

Fleira ætla ég ekki að spyrja hv. þm. um og þakka honum fyrir að mæta í þingsalinn til að hlusta á það sem ég hef fram að færa.

Hæstv. forseti. Af því að hæstv. umhvrh., sem ég hefði gjarnan viljað tala við, er ekki hér í húsinu verð ég eiginlega að láta mér nægja hæstv. félmrh. og spyr því hvort hann mundi ekki vilja ganga hér í þingsal til að hlýða örstutt á mál mitt. Ég skal ekki tefja hann lengi ef hann er bundinn öðrum störfum þó ég hefði nú haldið að hans fyrsta og aðalverkefni ætti að vera að sitja undir þessari umræðu.

(**Forseti** (GÁ): *Forseti hefur gert hæstv. félmrh. viðvart og hann mun koma innan stundar.*)

Ég spyr hæstv. forseta: Get ég þá gert hlé á máli mínu og staðið hér í ræðustól þangað til hann kemur eða hvernig er það?

(**Forseti** (GÁ): Forseti ætlar að hv. þm. hafi nóg efni, hún verður þó að ráða því sjálf hvort hún bíður átekta.)

Já, það er vissulega rétt hjá hæstv. forseta að ég er með nægjanlegt efni til að ræða og get svo sem haldið áfram þó að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur vegna þess að það breytir kannski ekki miklu. En maður reynir þó að gera tilraunir til að fá fram einhverja skynsemi í þetta mál sem hér er verið að ræða og þess vegna kallaði ég í hæstv. ráðherra. (**Félmrh.**: Hann fylgist mjög vel með.)

Ég sé að hæstv. ráðherra er genginn í salinn og upplýsir meira að segja að hann hafi fylgst vel með þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og er það gott og blessað. (Gripið fram í.) Ég ætla þá vinda mér í það sem ég vildi ræða við hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra gerði ekki mikið úr ályktun — sem hann hefur væntanlega fengið — samtaka útivistar- og náttúrfræðifélaga sem héldu fund í gær. Mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi þessum útivistar- og náttúruverndarsamtökum, níu talsins, sem héldu þennan fund og settu fram mjög hógværa og skynsamlega tillögu um frestun á þessu máli, skýringu. Skuldi þeim skýringu á því að gera svo lítið úr málflutningi þeirra og ályktun, að tala bara um að þeir séu að gera úlfalda úr mýflugu. Þetta eru allt sérfræðingar, hver á sínu sviði að því er varðar miðhálendið, og hæstv. ráðherra, herra forseti, getur einfaldlega ekki, finnst mér, boðið þessum fjölmennu samtökum upp á það án þess að skýra nánar hvað hæstv. ráðherra á við (**Gripið fram í:** Hvar er umhvrh.?) þegar ráðherrann segir að þeir séu bara að gera úlfalda úr mýflugu.

Það er spurt úr sal, herra forseti, hvar hæstv. umhvrh. sé, *og ég vil þá láta þessa þingmenn sem spurðu, og voru* ekki viðstaddir þegar ég var að spyrja hæstv. forseta um það, vita að ég tel alls óviðunandi að hæstv. umhvrh. sé ekki við þessa umræðu. Það er varla boðlegt þinginu, þannig að sú ósk hefur vissulega komið fram.

Ég vil þá, herra forseti, í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann gefi þessum fjölmennu samtökum ekki skýringu á því hvað hann meini með því að þau séu að gera úlfalda úr mýflugu. Þessi samtök meina það sem þau eru að segja. Þetta er fólk sem hefur það að atvinnu að starfa mjög mikið að málum sem lúta að náttúru og náttúruvernd. Þetta er því fólki hjartans mál. Það skynjar að við erum að tala um mál sem skiptir komandi kynslóðir máli hvernig á er haldið. Þetta er fólk sem er að reyna að koma í veg fyrir að flausturslega verði haldið á þessu máli. Þetta er fólk sem er að reyna að hafa þau áhrif að fleiri fái að koma að þessu máli en örfá sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Og það er bara ekki hægt að afgreiða þessi samtök á þann veg að þau séu að gera úlfalda úr mýflugu, eins og hæstv. félmrh. segir. Ég óska því eftir því að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. ráðherra er búinn að skýra hvað hann meinar með þessu.

Vegna þess að ég get ekki beint orðum mínum til hæstv. umhvrh., hann kemur kannski síðar til þessarar umræðu, vil ég spyrja hæstv. félmrh. um skilning hans á því sem fram kemur í frv. um skipulagsmálin sem hæstv. ráðherra hefur væntanlega kynnt sér. Það kemur fram í greinargerð að nefndin, samvinnunefndin um svæðisskipulag miðhálendisins, sem er nú að störfum, á að ljúka störfum 1. des. nk. Hún á að skila tillögum sínum til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til umhvrh. um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins. Samvinnunefndin, sem svo er kölluð, sem skipa á samkvæmt þessu frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og verður væntanlega ekki skipuð fyrr en undir næstu áramót — spurningin sem ég beini til hæstv. ráðherra snýst um það — *og við biðjum um skýr svör hér:*

Er hætta á því að nefndin sem nú er að störfum, Skipulagsstofnun og umhvrh. verði búin að afgreiða málið, tillöguna, svæðisskipulagstillöguna og staðfesta hana áður en samvinnunefndin tekur til starfa um áramótin? Þetta finnst mér mjög mikilvægt að fá fram í þessari umræðu.

Síðan spyr ég um skilning ráðherrans á því sem fram kemur í 1. gr. frv., og það er eðlilegt að beina því til hans vegna þess að það hlýtur að hafa verið haft samráð við hann um þetta frv. Í 1. gr. frv. segir:

„Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, ..." o.s.frv.

Hvað þýða þessi orð „sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu"? Þau eru nú fleiri en tólf. Eru þau ekki yfir 40? Er átt við héraðsnefndir eða hverjir eiga að skipa þessa tólf fulltrúa, hvaða sveitarfélög, hvernig á að skipa þá? Hefur það komið fram í umræðunni, herra forseti? Það hefur þá farið fram hjá mér ef það er. En sveitarstjórnarráðherrann hæstv. hlýtur að hafa eitthvað um þetta að segja, þannig að ég spyr hann um það. (**Félmrh.**: Búinn að tjá sig um málið.) Já, þá er ágætt að fá það fram sem ráðherrann getur svarað,

jafnvel úr sæti sínu: Er verið að tala um sömu aðila og nú eiga sæti í þessari miðhálendisnefnd?

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra ekkert of góður til að skýra það aftur ef það hefur farið fram hjá þeirri sem hér stendur. Það er a.m.k. mín skoðun þegar við erum að tala um svona stórt mál eins og hér um ræðir.

Ég var í miðju kafi að lesa greinargerðina með frv. og það er mín skoðun að það sé þess vegna sem liggi svo á að afgreiða þetta frv., að meiningin sé að staðfesta þessar tillögur áður en samvinnunefndin komi að þessu verki um næstu áramót.

Síðan kemur:

„Samvinnunefndin er samkvæmt lögum nr. 73/1993 skipuð fulltrúum hlutaðeigandi héraðsnefnda, þ.e. þeirra sem eiga land að miðhálendinu, auk fulltrúa umhverfisráðherra. Önnur sveitarfélög, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vestfjörðum, hafa því ekki komið að málinu með sama hætti og hefur það verið gagnrýnt þar sem um er að ræða svæði sem að stórum hluta er ekki í einstaklingseign og hljóti að skipta alla landsmenn máli. Því sé ekki sjálfgefið að þótt hlutaðeigandi sveitarfélög fari með stjórnsýslu sveitarfélaga inn til landsins eigi þau ein að ráða skipulagi."

Það er alveg hárrétt sem hér stendur. En hvernig er nú farið í þetta mál? Það er farið í þetta með þeim hætti að tólf fulltrúar, þ.e. fulltrúar sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu, tólf af átján, eigi að koma frá sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu þar sem 4–6% þjóðarinnar býr. En 95% þjóðarinnar eiga að hafa fjóra fulltrúa. Þetta er nú allt lýðræðið. Og tveir fulltrúar, þar af tveir fulltrúar úr Reykjavík, sem Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir, og einn af Reykjanesi og einn af Vestfjörðum.

Það er furðulegt að meiri hluti þingsins ætli að sætta sig við þá lendingu sem hér er boðin í þessu máli.

Það hefur þá kannski farið fram hjá mér, herra forseti, en mér fannst nú einhvern tíma í þessum umræðum að hæstv. ráðherra teldi að gera þyrfti breytingar á skipulags- og byggingarlögum og ég spyr: Hefur því verið lýst hér úr ræðustól hvernig þær breytingar eiga að vera? (**Félmrh.:** Já.) Því hefur verið lýst úr ræðustól. Ekki hefur það breytt afstöðu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar til þessa máls að því er ég best veit. Ég á þannig frekar von á því, herra forseti, að þær breytingar sem hæstv. ráðherra hefur boðað í þessu máli hafi verið fremur lítilvægar.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum segir, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta framangreindum viðhorfum hefur verið ákveðið að áfram starfi sérstök samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins og að í henni verði fulltrúar tilnefndir af sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu, fjórir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar af tveir með búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, auk fulltrúa félagsmálaráðherra og eins sem umhverfisráðherra skipar án tilnefningar og skal vera formaður. Er þessi leið valin þar sem skipulagsmál eru lögum samkvæmt verkefni sveitarfélaganna.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skal miðhálendið svæðisskipulagt sem ein heild. Samvinnunefndin skal fjalla um þetta svæðisskipulag og gefa Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim."

Neðar í greinargerðinni segir:

„Nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana."

Hér er því, herra forseti, alveg ljóst hvað er á ferðinni. Þessir fjórir fulltrúar af átján, sem eiga að vera í þessari samvinnunefnd, eiga ekki að hafa ákvörðunarrétt í málinu. Þeir hafa óljósan samráðsrétt, herra forseti, og jafnvel eftir að búið er að ganga frá svæðisskipulagstillögunum. Upp á það er 95% þjóðarinnar boðið, að hafa óljósan samráðsrétt eftir að búið er að ganga frá svæðisskipulaginu. Einhverja umsögn, og hvað þýðir umsögn? (**KPál:** Því gæti ég trúað.) Einhverja umsögn. Hvað þýðir umsögn? (**KPál:** Þetta er alvarlegt.) Hvað þýðir umsögn? Þarf nokkuð að taka tillit til þeirra? Umsagnir eru oft þannig að ekki er hlustað á þær.

Náttúrlega má búast við, jafnvel þótt þessir fjórir aðilar hefðu ákvörðunarrétt, að í nefndinni sem nú á að festa í sessi muni sitja þeir tólf aðilar sem setið hafa í gömlu miðhálendisnefndinni. Hvernig fer svo ef það á að greiða atkvæði um það? (**KPál:** Ég segi það nú. Þetta getur verið afleitt.) Stendur hv. þm. Reykn. yfirleitt nákvæmlega á sama? Reyknesingar eiga að fá einn fulltrúa. Hvað er þetta fjölmennt kjördæmi? Einn fulltrúa er þeim boðið upp á, ekki til ákvörðunar, heldur til óljóss samráðs eða umsagnar í þessu máli.

Mér heyrist það af frammíköllum hv. þm. að hann hafi engar áhyggjur af því þó að hér sé einungis um einhvern óljósan samráðsrétt að ræða. Ef kemur til atkvæðagreiðslu í þessari átján manna nefnd, þá hafa þessir tólf fulltrúar sveitarfélaganna sem liggja að miðhálendinu allt ákvörðunarvald og geta borið aðra ofurliði í atkvæðagreiðslum. (**Gripið fram í:** Já já.) Ég hygg að það komi ekki einu sinni til atkvæðagreiðslu vegna þess að það á bara að leita samráðs við þá. (**Gripið fram í:** Þetta yrði vönduð umsögn.) Já, þeir geta sent inn umsögn. (**Gripið fram í:** Þetta getur verið vönduð umsögn.)

Maður er alveg hvumsa yfir því að maður skuli búa hér í lýðræðisþjóðfélagi og þegar fjallað er um stórt mál eins og miðhálendið, hvernig það verði skipulagt til framtíðar og komandi kynslóðir eigi að taka við þessu máli, þá eigi 95% þjóðarinnar ekki að hafa neitt um það að segja. (**Gripið fram í:** 95%? 96.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti biður þingmenn að vera hljóða í sal og hlýða á ræðumann.)

Ég heyri það, herra forseti, að einn af þingmönnum Reykn. tekur með mikilli léttúð á þessu máli. Ég tel að hér sé grafalvarlegt mál á ferðinni, og hv. þm. Kristján Pálsson hafi bara ekki leyfi til þess að tala eins og hann gerir. (**Gripið fram í:** Hún er á móti Reyknesingum, það er greinilegt.) (Forseti hringir.)

Ég hefði haldið að hv. þm. ætti nú a.m.k. að hluta til að vera hér til að gæta þess að hlutur Reyknesinga verði ekki fyrir borð borinn við skipulagningu miðhálendisins. En hann gantast bara með þetta, herra forseti. Málið er ekki stærra en svo í hans augum þó að þjóðin öll sé að vakna upp við það hve stórt mál þetta er. Það á að keyra málið í gegn með offorsi þó fyrir liggi hógværar beiðnir frá minni hlutanum, frá útivistarsamtökum og ferðafélögum, um að málinu verði frestað. Það er ekki farið fram á að fresta því fram yfir aldamót heldur um örfáa mánuði. Hvað gerist á þessum mánuðum? Ég fæ engan botn í það, herra forseti.

Ég held að ég víki næst að ýmsum þeim sem lagt hafa skynsamlega til þessara mála. Enn eru að berast athugasemdir og munu halda áfram allt til þess að þetta mál verður til

lykta leitt, hvort sem það verður einhvern tíma í sumar eða í haust.

Mér þykir tilhlýðilegt, herra forseti, og mér er nákvæmlega sama þó hér í ræðustólnum hafi áður verið lesin grein sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 24. janúar 1998 eftir Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing og formann samtakanna Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, og Ólaf Arnalds sem er náttúrufræðingur og vinnur að rannsóknum á jarðvegsrofi og ástandi lands. Mér þykir þetta það mikilvæg grein og það stórt innlegg í þetta mál, sem hér á að fara að keyra í gegnum þingið, að ég vil fá að lesa hana, herra forseti.

Þegar komandi kynslóðir og fræðimenn fara að skoða hvernig þessi ósköp gátu gerst og kynna sér þetta mál, þá er rétt að halda öllu hér til haga í þessu máli, m.a mikilvægu innleggi Ingva Þorsteinssonar náttúrfræðings og Ólafs Arnalds *náttúrufræðings varðandi beitarfriðun miðhálendis* Íslands til 2015, sem ekkert hefur verið hlustað á. Þetta er stórmál. (**Gripið fram í:** Það er bara ekki hlustað á neinn.) Nei, það er ekki hlustað á neinn. Þeir segja að Ísland sé í dag stærsta eyðimerkursvæði Evrópu. Ég vil fá að lesa þessa grein, herra forseti.

„Því er beint til samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands að hún stuðli að algerri beitarfriðun hálendisins til loka skipulagstímans og jafnframt er skorað á bændur að gefa miðhálendinu frið fyrir beit í hálfan annan áratug eftir 1.100 ára óslitna beitarnotkun. Tímabær ákvörðun.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands. Það er full ástæða til að fagna þeirri ákvörðun að skipuleggja landnotkun á miðhálendinu sem spannar yfir nær helming af flatarmáli landsins alls. Hálendið er viðkvæmasti hluti Íslands, og þess vegna hefur aldalöng notkun skilað því í verra ástandi gróðurfarslega en öðrum svæðum landsins, þar sem á annað borð eru skilyrði fyrir gróður.

Náttúrufari miðhálendisins hefur verið raskað á ýmsan hátt, auk beitaráhrifa, og margháttaðar landnotkunarhugmyndir, t.d. um virkjanir og aukna ferðamennsku, munu enn auka álagið á viðkvæma náttúru þess. Vaxandi vitund um gildi náttúru hálendisins hefur aftur á móti leitt til þess að íbúar landsins krefjast þess að ekki sé rasað um ráð fram. Nú skal hagur þjóðarinnar, þegar til lengri tíma er litið, hafður að leiðarljósi við hvers konar nýtingu landsins, í stað skammtímasjónarmiða. Við skipulag landnýtingar verði litið til verndargildis frá mörgum hliðum, svo sem ósnortins víðernis o.s.frv.

Þessi viðhorf er ekki unnt að samræma nema með því að skipuleggja landnotkun. Ákvörðunin um skipulagningu miðhálendisins var því ekki eingöngu metnaðarfull, heldur einnig löngu orðin tímabær.

Skipulagstillögurnar og viðbrögð við þeim.

Tillögur um svæðisskipulag miðhálendis Íslands voru birtar í maí 1997, og leikur ekki vafi á því að þær eiga eftir að skila árangri því að þar eru margar góðar hugmyndir. Skipulagstillögurnar eru grundvöllur umræðu, gagnrýni og frekari hugmynda um nýtingu hálendisins, eins og glögglega hefur komið í ljós nú þegar.

Umræða um tillögurnar manna á milli og í fjölmiðlum hefur verið mikil og fjörug -- og oft óvægin. Fjöldi skriflegra athugasemda mun hafa borist um þær til samvinnunefndarinnar um skipulag miðhálendisins.

Umræða í fjölmiðlum hefur snúist um flesta þætti tillagnanna og fræðilegan grundvöll þeirra, en það er umhugsunarvert að nánast enginn hefur minnst á þann þátt skipulagsvinnunnar sem fjallar um gróðurvernd og beit búfjár á miðhálendinu. Beitin er þó landnotkun sem hefur haft gífurleg áhrif á gróðurfar miðhálendisins og landsins alls í aldanna rás. Gróður- og jarðvegseyðing er skilgreind sem „stærsta umhverfisvandamál þjóðarinnar", enda hefur hún valdið meiri röskun á náttúrufari landsins, bæði á hálendi og láglendi, en nokkuð annað.

Gróðurkortagerð og aðrar rannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem unnið var að á miðhálendinu á árunum 1960--1985, veittu ítarlega vitneskju um gróðurfar þess, vistfræðileg skilyrði, framleiðslugetu og ástand gróðurs. Niðurstöður af rannsóknum á jarðvegsrofi, sem unnar voru á vegum sömu stofnunar og af Landgræðslu ríkisins voru birtar snemma árs 1997. Þær staðfestu svo að ekki var um villst, hve slæmt ástand jarðvegs á miðhálendinu er og hve gífurleg gróður- og jarðvegseyðing þar hefur átt sér stað.

Í stuttu máli hafa þessar rannsóknir leitt í ljós að stærsti hluti miðhálendisins, sem áður var að miklu leyti gróinn, er gróðurlausar eða gróðurlitlar auðnir. Mikill hluti þess lands sem nú er gróið einkennist af rýrum og viðkvæmum mosagróðri. Á svæðum, þar sem enn er þykkur jarðvegur, er mjög víða mikil og hröð gróður- og jarðvegseyðing.

Á hluta miðhálendisins, fyrst og fremst þar sem er mikið votlendi, svo sem á Arnarvatnsheiði, Tvídægru, afréttum Vestur-Húnavatnssýslu, í Þjórsárverum og á Fljótsdalsheiði, er gróður í sæmilegu ástandi, og þar er ekki mikil jarðvegseyðing. *Þessi svæði eru hins vegar tiltölulega lítill hluti* alls miðhálendisins, og gróðurfar þeirra, nema blautustu flóa, ber einnig merki aldalangrar beitar.

Það eru fyrst og fremst auðnir miðhálendisins sem valda því að í dag er Íslandi lýst sem stærsta eyðimerkursvæði Evrópu."

Hvorki meira né minna, herra forseti.

Hvað hefur nú verið hugað að þessum beitarmálun og friðun, beitarfriðun miðhálendisins í þessum tillögum? Náttúrufræðingarnir tveir halda áfram og segja:

„Samkvæmt framangreindum niðurstöðum kortlagningar á rofi telst langstærsti hluti miðhálendisins ekki hæfur til beitar. Á grundvelli rofkortanna unnu Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslan yfirlitskort með ráðleggingum um nauðsynlegar takmarkanir á beit á miðhálendinu byggðar á ástandi jarðvegsins. Á þessu korti, sem birt er í greinargerð að skipulagstillögunum, kemur fram að nauðsynlegar séu „miklar takmarkanir" á beit vegna auðna og/eða mikils rofs á stærstum hluta miðhálendisins.

Skilaboð þessa korts og annarra gagna eru ótvíræð, en í tillögunum um svæðisskipulag miðhálendisins er nánast ekkert tillit tekið til þeirra. Þar er aðeins gert ráð fyrir beitarfriðun þriggja svæða: Þórsmerkur og Emstra, sem þegar eru friðuð fyrir beit (Almenningum er sleppt), og auðnanna norðan Vatnajökuls, allt norður undir byggð í Skútustaðahreppi, en nú þegar liggur fyrir samkomulag um friðun þess svæðis.

Í skipulagstillögunum eru beitarmál á miðhálendinu fram til ársins 2015 að öðru leyti afgreidd með þeim hætti sem eftirfarandi tilvitnanir úr greinargerðinni bera vott um: „Á viðkvæmum svæðum miðhálendisins er stefnt að því að taka upp beitarstjórn og/eða friðun í samræmi við landgæði" „umræða meðal bænda víða í landinu bendir til þess að á næstu

árum verði frekari breytingar varðandi beitarnot á afréttum", og „beitarfriðun víðáttumikilla svæða er í undirbúningi á nokkrum afmörkuðum svæðum á miðhálendinu"."

Það er nú allt og sumt, herra forseti. Og síðan segir, herra forseti:

„Þetta er vægast sagt veik afstaða til svo mikilvægs máls. Reynslan af beitarmálum hér á landi hefur ævinlega verið sú að hafi þau verið „afgreidd" með þessum hætti hefur ekkert gerst.

Það er algerlega óviðunandi að skilja við beitarmál miðhálendisins til ársins 2015 með þessum hætti."

Í lokin segja þeir:

„Á undanförnum tveimur áratugum eða svo hefur sauðfé í landinu fækkað um helming og beitarálag minnkað að sama skapi. Þar sem fækkunin hefur verið mest gætir þegar ótrúlega mikilla framfara í gróðurfari og ástandi landsins, einkum á láglendi þar sem ástandið var ekki orðið of slæmt. Við hin erfiðu gróðurskilyrði á miðhálendinu, þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er jafnslæmt og hér hefur verið lýst, dugar hins vegar ekkert annað en alger friðun fyrir beit til þess að stöðva eyðinguna og auka gróður að nýju."

Því er hér lýst, herra forseti, að það dugi ekkert annað en algjör friðun fyrir beit til þess að stöðva eyðingu og auka gróður að nýju. Maður sér varla, af því sem fyrir liggur í þessi efni, að fara eigi að þessum tillögum. Maður sér ekki, herra forseti, að það eigi að fara að þessum tillögum. Eins er vert að íhuga það sem fram kemur í Morgunblaðinu sunnudaginn 25. jan. og haft er eftir Trausta Valssyni skipulagsfræðingi, en þar segir um beitarmál, og ég vitna orðrétt til þess:

„Hann segir að verndunarleiðin, en þó ekki hvað varðar beit, hafi orðið ofan á, enda hafi nefndin aðallega verið skipuð einum hagsmunaaðila, þ.e. bændum. „Eins og alltaf notar sá sem ræður skipulaginu það til að styrkja eigin hagsmuni. Bændur vilja ekki heldur að ferðaþjónustan þróist á vegum ferðaskrifstofa uppi á hálendinu heldur að menn þurfi að sækja nauðþurftir til byggða.""

Maður veltir fyrir sér skýringunni sem Trausti Valsson setur fram varðandi beitarmál. Þessu hafa mjög margir áhyggjur af og kom fram á þessum fundi í gær, að menn hafa áhyggjur af því hvernig farið verður að beitarfriðun miðhálendisins. Þessir sérfræðingar — og ég hygg að þetta séu þeir sérfræðingar sem kannski gerst þekkja til — segja að það dugi ekkert annað en algjör friðun fyrir beit til þess að stöðva eyðinguna og auka gróður að nýju. Við hljótum að meta miðhálendið og landið okkar það mikils að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir, eins og hér er lagt til, varðandi beitarfriðun á hálendinu þannig að einhvern tíma komumst við af kortinu sem stærsta eyðimerkursvæði Evrópu.

Í grein þeirra Ingva Þorsteinssonar og Ólafs Arnalds segir síðan:

„Víðast á láglendi er nægur beitargróður fyrir það sauðfé sem nú er í landinu, og nú er því lag til að hlífa miðhálendinu fyrir beit. Þeir tímar munu eflaust koma að fé fjölgi á ný og að þörf verði fyrir beitargróður hálendisins. Þá er nauðsynlegt að ástand þess verði komið í margfalt betra horf en nú er."

Þetta er auðvitað mjög skynsamlegt, herra forseti, að standa að málum eins og þessir náttúrufræðingar leggja til.

„Við beinum því þeirri tillögu til samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands að hún stuðli að algerri beitarfriðun hálendisins til loka skipulagstímans, eða til ársins 2015. Jafnframt skorum við á þá bændur og þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli að sýna þann stórhug að styðja þá tillögu að gefa miðhálendinu hvíld fyrir beit í hálfan annan áratug, eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun." — Hér er beðið um örfá ár, eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun, herra forseti. Og áfram er haldið: „Þá fær gróðurinn langþráðan frið til að breiðast út að nýju, og tóm gefst til nauðsynlegra landgræðsluaðgerða. Að þessum tíma loknum yrði ástand landsins endurmetið og nýjar ákvarðanir teknar í samræmi við niðurstöðurnar.

Með samstöðu, og að frumkvæði þeirra sem sjávarútveg stunda, tókst að stöðva hrun fiskstofnanna við landið með hóflegri nýtingarstefnu, sem jafnvel felur í sér tímabundna lokun fiskimiða." — Þeir líkja þessu saman, þegar Íslendingar brugðust við stöðvun á hruni fiskstofnanna, herra forseti, og segja, með leyfi forseta: „Með sama hætti ættu bændur og allir aðrir sem hlut eiga að máli að taka höndum saman um hliðstæða stefnu í nýtingu gróðurs á miðhálendinu. Það yrði eitt stærsta skref sem tekið hefur verið til stöðvunar jarðvegseyðingar, og til endurheimtar gróðurs og landgæða á Íslandi. Það framtak yrði lengi í minnum haft."

Þannig lýkur þessari merku grein, herra forseti, sem ég taldi mjög brýnt að ræða hér og vekja athygli á. Ég vona að margir hafi lesið þessa grein í Morgunblaðinu laugardaginn 24. jan þó að viðbrögðin hafi kannski ekki komið fram. Hér eru orð í tíma töluð varðandi beitarfriðun á miðhálendinu.

Við höfum aðeins verið að skoða þetta sérstaka mál, sem ég hef hér nefnt, þegar við vorum í allshn. að ræða frv. um þjóðlendurnar og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Við erum með eina tillögu sem lýtur að beitarmálum en þar leggjum við til breytingu á þjóðlendufrv. sem orðast svo:

„Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. Áður en leyfið er útgefið skal fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar."

Herra forseti. Sú grein sem ég var að vitna í um eyðimörkina og miðhálendið var tekin upp í Reykjavíkurbréfi þar sem tekið var undir það að bregðast þyrfti við þessu vegna þess að hér væri verið að tala um „umhverfisslys, ekki vegna stóriðju eða kjarnorkuvers, heldur ágangs". Í Reykjavíkurbréfinu segja þeir: „Í kringum rússnesku nikkelverksmiðjurnar á Kólaskaga er umhverfið orðið svo eitrað að ekki sést stingandi strá. Hér á landi eru ástæðurnar ekki eitur, en útkoman hefur verið sú sama. Það er hins vegar reginmunur á að því leyti að auðveldara er að græða upp land, sem er örfoka eftir ágang, en líflaust eftir mengun sem hverfur jafnvel ekki fyrr en eftir áratugi."

Og síðan segja þeir:

„Það er ef til vill til marks um það hvað gróður er viðkvæmur hér á landi að í frostleysinu, sem verið hefur í vetur, er verið að vara við því að láta hross ganga of nærri landinu. Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, sagði í samtali við Morgunblaðið 31. janúar að allt of mörg hross væru í landinu: „Þau fóru í fyrsta skipti í sögunni yfir 80 þúsund og það hefur komið fram í könnunum Landgræðslu ríkisins að það er of mikill ágangur." Hérna er ekki verið að tala um beit á viðkvæmu hálendi, heldur undirlendinu."

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í máli mínu og annarra hér í dag og undanfarna daga er að mörgu að huga þegar við ákvörðum stjórnsýsluna á hálendinu og hvernig fara skuli með landnýtingu. Margir hafa orðið til þess að gera

býsna margar og alvarlegar athugasemdir við þær tillögur sem fyrir liggja.

Ég sé líka ástæðu til þess að vitna til prófessors í umhverfisrétti við Háskóla Íslands, Gunnars G. Schrams, sem hefur haft mikið að segja um málið sem við fjöllum um hér í dag, og er ástæða til að gefa orðum hans gaum, herra forseti. Lagaprófessorinn Gunnar G. Schram segir, með leyfi forseta:

„Gunnar G. Schram lagaprófessor sagði í gær að sú yfirlýsing Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á Alþingi þá um daginn að frumvarp um þjóðlendur, sem lagt var fram á síðasta þingi, yrði lagt fram óbreytt á þessu þingi væri mikilvæg vegna þess að það leiddi til þess að strika yrði út bráðabirgðaákvæði frumvarps til sveitarstjórnarlaga þess efnis að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands verði framlengd inn til landsins og sama eigi við um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum."

Herra forseti. Það er ljóst að lagaprófessornum hefur ekki orðið að ósk sinni vegna þess að við vitum að bráðabirgðaákvæðið hefur ekki verið strikað út heldur lítillega verið breytt, sem litlu máli skiptir. Gunnar G. Schram lagaprófessor heldur áfram og ræðir einnig um þetta mál 28. jan. 1998. Hann segir:

„Hálendið á að vera sameign þjóðarinnar. Þar sem réttarstaða hálendisins er nú orðin að deilumáli með þjóðinni telur Gunnar G. Scram æskilegt að setja skýrari ákvæði í þjóðlendufrumvarpið. Innan fárra vikna mun Alþingi setja lög um það hver verður framtíðarskipan stjórnsýslu á miðhálendi Íslands. Hér er um miklu stærra mál að ræða en margir hafa í fljótu bragði gert sér ljóst. Miðhálendið tekur yfir 40% landsins. Þar er að finna jökla, fjöll og firnindi sem geyma margar mestu náttúruperlur landsins — svæði sem gera Ísland einstakt land í veröldinni bæði í okkar augum og þeirra sem landið sækja heim.

Í dag er málum svo háttað að mikill hluti miðhálendisins er einskis manns land, ef svo má að orði kveða. Hvorki ríkið, sveitarfélög né einstaklingar fara þar með eignarrétt eða stjórnsýsluvald. Það hefur verið staðfest í fleiri en einum hæstaréttardómi þar sem deilt hefur verið um þessi víðlendu landsvæði.

Það er því deginum ljósara að tímabært er að löggjafinn ákvarði hver skuli fara með eignarréttinn á miðhálendinu ..."

Og síðan er haldið áfram í þessari grein:

„Nú hefur brugðið svo við að í frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga, lagt fram af félagsmálaráðherra, hefur allt í einu verið bætt við ákvæði til bráðabirgða sem færa á 4–5% þjóðarinnar fullt óskorað stjórnsýsluvald yfir hálendissvæðunum — 40% alls Íslands! Slík fyrirætlan er með öllu óásættanleg. Í henni felst að um 95% landsmanna eru útilokuð frá því að hafa nokkur áhrif á það hvernig háttað verður nýtingu og verndun hálendissvæðanna, en í þeim hópi eru einmitt íbúar þéttbýlissvæðanna sem mest nota þetta land í dag til útivistar og náttúruskoðunar.

Í bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlagafrumvarpsins segir svo um þetta atriði:

„Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum."

Í grein hér í blaðinu fyrir skömmu hélt einn formælandi þess ákvæðis því fram að sveitarfélögin færu í dag með stjórnsýslu á afréttum samkvæmt gildandi lögum og því væri með frumvarpinu aðeins verið að leggja um 10% hálendisins undir þau en ekki 40%. Þetta er rangt. Í réttinum til að nýta afréttir felst enginn stjórnsýsluréttur, heldur er hann eingöngu takmarkaður við upprekstrar- og beitarrétt. Bændur mundu auðvitað halda þeim rétti. Fráleitt er hins vegar það, sem er kjarni tilvitnaðra ummæla, að afhenda um 40 hreppum, þar sem um 16.000 manns búa, óskoruð og full yfirráð yfir hálendinu sem þeir fara ekki með í dag. Það er óréttlæti sem aðrir íbúar landsins munu ekki sætta sig við og raunar furða að gerð sé tilraun til slíkra landvinninga í þágu svo fámenns hóps.

Þá er það líka út í hött sem segir í sömu grein að 12. grein skipulags- og byggingarlaga tryggi hagsmuni þeirra sem á þéttbýlissvæðum, m.a. sunnan og vestan lands, búa." — Herra forseti. Þetta er nokkuð athyglisvert vegna þess að ýmsir hafa haldið því fram hér í umræðunni að 12. gr. skipulaganna mundi duga, en hér segir lagaprófessorinn í umhverfisrétti við Háskóla Íslands að þessi grein dugi hvergi. Hann heldur áfram og segir:

„Þar segir einungis að umhverfisráðherra geti ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis. Augljóst er að slík nefndarskipan tryggir á engan hátt jafnan rétt allra landsmanna til miðhálendisins, en um það snýst málið."

Hann leggur hér fram tillögu um að stjórnsýsluforræðið fari til forsrn. Því hefur nú kannski ekki verið ýkja mikið hreyft en ég hygg að sú tillaga sé allrar athygli verð. Hann færir eftirfarandi rök fyrir henni, með leyfi forseta:

„Þar sem réttarstaða hálendisins er nú orðin að deilumáli með þjóðinni væri æskilegt að setja skýrari ákvæði í þjóðlendufrumvarpið í samræmi við ummælin í greinargerð þess að hálendissvæðin séu sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Þar þyrfti að bæta við ákvæði um að öll þau hálendissvæði sem í dag liggja utan staðarmarka sveitarfélaga, eða um 40% landsins, skuli falla undir stjórnsýsluforræði forsætisráðuneytisins. Er það rökrétt og eðlileg tilhögun þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að allt þetta svæði verði eign hins íslenska ríkis frá og með lögfestingu þess.

Slíkt ákvæði mundi tryggja sameiginlegt forræði þjóðarinnar allrar á hálendissvæðunum og útiloka að fáeinir hreppar færu þar með allt skipulagsvald, byggingarmál og umhverfisvernd sem ella yrði niðurstaðan."

Þarna er hreyft ákveðinni hugmynd sem ekki hefur verið rædd mikið. Ég hygg, herra forseti, miðað við það hve lítið er hlustað á minni hlutann innan þings og þann breiða hóp úti í þjóðfélaginu sem vill frestun á þessu máli, að það þýði e.t.v. ekki mikið að reyna að hreyfa slíkum tillögum þó að þær séu athyglisverðar.

Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni fyrr í dag þá hafa ýmis náttúruverndarsamtök og útivistarsamtök mótmælt og beðið um frestun á þessu máli. Meðal annars hefur aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands ályktað um þetta mál. Sá fundur var haldinn 29. apríl og hann varar eindregið við skammsýni og flaustursleg meðferð Alþingis á málefnum miðhálendisins. Þetta er gegnumgangandi í öllum þeim ályktunum og mótmælum sem koma gegn þessu. Fólk skilur ekki af hverju ekki er hægt að fresta svona stórmáli um örfáa mánuði. Það er nú ekki verið að biðja um meira. Mér finnst þeir sem mótmæla þessu nota réttu orðin þegar talað er um flaustursleg meðferð Alþingis á málefnum miðhálendisins.

Svona mál eiga auðvitað að vera til umræðu í þinginu, ekki bara á einu þingi heldur fleiri þingum. (Gripið fram

í.) Já, allt kjörtímabilið. Stjórnarskrármál eins og þjóðaratkvæðagreiðsla og fleiri mál sem við höfum reynt að mæla fyrir eru látin liggja þing eftir þing af því að það eru stór mál. Málið sem við ræðum hér er auðvitað ekkert minna. Það er hárrétt þegar talað er um flaustursleg vinnubrögð og óskiljanleg, herra forseti, af því að hér er aðeins beðið um frest í nokkra mánuði til að reyna að ná sátt í málinu.

Þegar stór mál eru rædd í þinginu hafa menn alltaf talað fyrir því að afar mikilvægt væri að reyna að ná sátt um svona mál, sátt meðal þingmanna og þjóðarinnar um stærri mál á þinginu sem þó hafa oft verið smærri en þetta, þ.e. hvernig við ætlum að skipuleggja og hagnýta miðhálendið eða eins og sagt er hér, dýrmætustu náttúrugersemi þjóðarinnar.

Frumvörpin þrjú, sveitarstjórnarfrumvarpið, þjóðlendufrumvarpið og frumvarp um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu munu hafa víðtækari áhrif á aðgengi og afnot almennings að miðhálendinu en áður hefur þekkst. Við eigum eftir að ræða hér tvö frumvörp, ekki síst frv. um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu. Þar erum við að ræða um enn eina eignatilfærsluna undir stjórn þessara helmingaskiptaflokka, Framsfl. og Sjálfstfl. Það er alltaf verið að færa meiri og meiri fjármuni frá fjöldanum til fárra, alltaf verið að verja sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna. Það eru ær og kýr þessara ríkisstjórnarflokka. Við höfum nefnt mörg dæmi um það. Það er líka það sem er að gerast í þessu miðhálendismáli.

Í ályktun Náttúruverndarsamtaka Íslands segir:

„Náttúruverndarsamtök Íslands skora á Alþingi að fresta afgreiðslu þessara frumvarpa og gefa þjóðinni tóm til að kynna sér þau betur."

Mér finnst þetta hógvært, herra forseti, af því að engin rök hafa verið færð fyrir því að svona mikið liggi á.

„Náttúruverndarsamtök Íslands árétta þá stefnu samtakanna að gera miðhálendi Íslands allt að einum þjóðgarði og að það verði ein skipulagsheild sem lúti einni stjórn, kjörinni af Alþingi, sveitarfélögunum og hagsmunasamtökum almennings."

Þarna erum við að tala um samtök sem aðallega vinna að verndun náttúrunnar og búa yfir geysilegri þekkingu sem við eigum auðvitað að nýta okkur. Við eigum að hlusta á þær hugmyndir og vinnubrögð sem slík samtök leggja til í þessu máli.

Meðan ég var að hlaupa í ræðustólinn fékk ég í tölvu minni ákall — ég held að það sé hægt að orða það svo — frá öðrum sem hugsa um íslenska náttúru. Hérna er ákall, eins og ég vil kalla það, frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetri. Þetta var ég nú að fá í hendurnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég vil vara við skammsýni og flaustursleg meðferð Alþingis á málefnum miðhálendisins. Fyrir mér er þetta ein dýrmætasta náttúrugersemi þjóðarinnar. Þessi þrjú frumvörp sem liggja fyrir til afgreiðslu nú í vor, sveitarstjórnarfrumvarpið, þjóðlendufrumvarpið og frumvarp um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu munu að mínu mati hafa víðtækari áhrif á aðgengi og afnot almennings af miðhálendinu en áður hefur þekkst. Því skora ég á þig, ágæti þingmaður, að stuðla að því að fresta afgreiðslu þessara frumvarpa og að gefa þjóðinni tóm til að kynna sér þau betur. Kynning hefur verið af skornum skammti á þessum mikilvægu málefnum og ekki er stætt á því að þið þingmenn afgreiðið það í einum grænum.

Jafnframt vil ég leggja það til að gera miðhálendi Íslands allt að einum þjóðgarði og að það verði ein skipulagsheild sem lúti einni stjórn, kjörinni af Alþingi, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum almennings."

Ég vona að sú sem undir þetta ritar, Hulda Steingrímsdóttir líffræðingur, hafi sent þetta til stjórnarliðanna líka, t.d. hv. þm. Kristjáns Pálssonar sem ég virði fyrir það að sitja undir þessari umræðu einn af fáum. Það gæfi honum eitthvað til umhugsunar í þessu máli. Hvað sem hv. þm., herra forseti, Kristjáni Pálssyni finnst, þá finnst mér að þessar ályktanir sem streyma til okkar þessa daga séu þess virði að þeim sé gefinn meiri gaumur en stjórnarliðar greinilega ætla þeim ef marka má viðbrögð þeirra.

Einn er sá maður sem þekkir mjög til þeirra mála sem við fjöllum hér um. Það er Páll Sigurðsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur ritað nokkuð um eignar- og umráðarétt yfir hálendinu. Hann hefur ritað um það sem snýr að þjóðlendufrv. sem hann er mjög jákvæður gagnvart. Ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með að fara að lesa þá grein yfir. (**Gripið fram í:** Veitir nokkuð af því?) Eftir að Páll Sigurðsson er búinn að segja sitt álit á þjóðlendufrv. sem hann er almennt ánægður með þá fer hann auðvitað yfir það sem hann hefur áhyggjur af, eins og stór hluti þjóðarinnar. Mér finnst þetta eiga erindi í umræðuna, enda ekki ýkja langt, herra forseti. Ég ætla því fá að lesa þetta. Hann segir, með leyfi forseta:

„Tvö atriði í þjóðlendufrumvarpinu eru einkum umdeilanleg: Annars vegar það ákvæði, sem veitir heimild til gjaldtöku vegna afnota af landi, og hins vegar fyrirhuguð hlutdeild sveitarfélaga í stjórnsýslu óbyggðanna. Að margra mati er engan veginn heppilegt að almannaeign, þ.e. viðurkenndar þjóðlendur — sameign allra Íslendinga — verði að hluta til ... undir forræði sveitarfélaga, sem geti jafnvel krafist gjalds fyrir nýtingu þeirra í almannaþágu."

Þetta er það, herra forseti, sem margir hafa áhyggjur af, þ.e. að það séu aðallega þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu sem skipuleggja það hvernig öll þjóðin eigi að hagnýta sér miðhálendið og krefjist síðan gjalds fyrir nýtingu þess í almannaþágu.

„Er æskilegt að þessum atriðum" — segir Páll Sigurðsson — „verði breytt í heppilegra horf við meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Nú liggur jafnframt fyrir þinginu frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga, sem hefur m.a. að geyma mjög umdeilt ákvæði, þar sem kveðið er á um að þeim hlutum landsins, þar með töldum jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, skuli nú skipað innan hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir nánar tilteknum reglum og viðmiðunum. Með öðrum orðum: Hálendi Íslands, með jöklum, söndum og hraunum, skal nú öllu skipt kirfilega í eins konar „tertusneiðar"," — Herra forseti. Mörgum verður tíðrætt um tertusneiðar og ræmur, líka prófessorum við háskólann — „fjölmargar og sumar æði þunnar (oft þannig að þær dragast saman eftir því sem innar dregur og enda í einum punkti)." — Það er nú gæfulegt, herra forseti, hvernig skipuleggja á hálendið. — „Munu þær gjarna teygjast inn að miðju landsins og mætast þar á ólíklegustu stöðum, t.d. uppi á hájöklum eða á sandauðnum, allt eftir hugdettum þeirra kerfismanna, sem ákvarða skulu landamerkin." — Þetta erum við að bjóða þjóðinni upp á, herra forseti, að skipuleggja hálendið með þessum hætti og að stjórnsýslan á því verði sú sem hér er lýst. — „Nái þessi tillaga fram að ganga er líklegra en ekki að hún muni leiða til ófriðar og ófarnaðar."

Herra forseti. Það er athyglisvert hvað margir sem þekkja vel til grípa til þessara orða, að skipulagið sem fyrirhugað er og hagnýtingin, muni leiða til mikils ófriðar. Margir nota þetta orð, herra forseti. Það muni sem sagt enginn friður verða um skipulagningu hálendisins. Við erum að biðja um nokkra mánuði til þess að hægt sé að ná sátt um þessa hluti þannig að við þurfum ekki að búa við það hér á komandi árum og áratugum að eilífur ófriður verði um miðhálendið.

Og síðan segir Páll, með leyfi forseta:

„Mun heppilegra er, að þjóðlendurnar — sameign allra landsmanna — sem munu væntanlega ná yfir meginhluta hálendisins, verði til frambúðar undir samræmdri stjórn og í umsjá ríkisstjórnvalda. Má þá engu að síður búa svo um hnúta, að fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga eigi, ásamt öðrum, sæti í ráðgefandi stjórnarnefnd, er fjalli um hálendismálin, þannig að tryggt sé að hagsmunir sveitarfélaga verði ekki fyrir borð bornir.

Kröfur sveitarfélaga þeirra, sem liggja að hálendinu, til almennra stjórnsýsluforráða yfir óbyggðunum, þ.e. yfir þeim ræmum og skikum, sem einstökum sveitarfélögum yrði úthlutað samkvæmt fyrrnefndu „tertusneiðafrumvarpi", eru byggðar á misskilningi forráðamanna þeirra. Að því marki sem kröfur þessar kynnu að verða réttlættar á annað borð hlytu þær að grundvallast á eftirfarandi atriðum:

1. Eignarrétti yfir hálendissvæðunum,
2. nálægð óbyggðasvæðanna við hlutaðeigandi mannabyggðir og
3. langvarandi nýtingu umræddra landsvæða.

Oftast yrði örðugt að sýna fram á að þessar röksemdir geti átt við um þessar óbyggðalendur. Eignarrétti þessara sveitarfélaga eða einstaklinga, sem þar eru búsettir, er vafalaust sjaldnast fyrir að fara, svo sem sýnt var fram á í fyrri grein minni. Mörg svæðin liggja bersýnilega afar langt frá allri byggð og vandfundin eru skynsamleg rök fyrir því að einhæf notkun óbyggðarlands til sauðfjárbeitar (þótt lengi hafi staðið) geti með nokkru móti réttlætt kröfu um stjórnsýsluyfirráð í þeim skilningi, sem hér um ræðir, auk þess sem fjölmörg óbyggðasvæðin, svo sem sanda, hraun og jökla, hafa sveitarfélög vitaskuld aldrei nýtt til eins né neins. Stjórnsýsla yfir hálendinu, sem fullnægja skal nútímalegum kröfum, verður að sjálfsögðu að byggjast á mikilli yfirsýn og víðtækri gæslu almannahagsmuna, sem sveitarfélögunum, mörgum fámennum og lítils megandi, yrði ofraun að rísa undir."

Þetta er mjög athyglisvert sem prófessorinn segir vegna þess að hæstv. ráðherra hefur iðulega haldið því fram að stjórnsýsluréttur sveitarfélaga næði til landsins nema jöklanna. En prófessorinn segir hér:

„Mörg svæðin liggja bersýnilega afar langt frá allri byggð og vandfundin eru skynsamleg rök fyrir því að einhæf notkun óbyggðarlands til sauðfjárbeitar (þótt lengi hafi staðið) geti með nokkru móti réttlætt kröfu um stjórnsýsluyfirráð í þeim skilningi, sem hér um ræðir, auk þess" — og það er einmitt athyglisvert — „sem fjölmörg óbyggðasvæðin, svo sem sanda, hraun og jökla, hafa sveitarfélög vitaskuld aldrei nýtt til eins né neins."

Það er auðvitað staðreynd málsins. (**Gripið fram í:** Nú vill svo vel til að hæstv. umhvrh. er kominn í hús.) Já, ég þakka ábendinguna frá hv. þm., herra forseti. Það er mjög lofsvert af hæstv. ráðherra umhverfismála að hann ætlar að heiðra okkur með nærveru sinni. En vitaskuld, herra forseti, er ekki við mig að sakast þó það geti komið niður á lengd ræðu minnar vegna þess að ég þarf auðvitað að fara yfir nokkra þætti sem ég var búin að fara hér yfir áður sem snúa beinlínis að umhvrh. og þykir mér það miður að þurfa að endurtaka part af ræðu minni en kemst þó ekki hjá því með tilliti til þess að hæstv. umhvrh. er nú fyrst að mæta í þinghúsið.

Engu að síður ætla ég að ljúka þessari ágætu yfirferð hjá prófessornum í lögfræði við Háskóla Íslands en hann segir síðan, herra forseti:

„Fámennið leiðir m.a. til hættu á hagsmunaárekstrum og vanhæfi, sem torveldar alla raunhæfa stjórnun. Sérstaklega á þetta við um skipulags- og byggingamál hálendisins, þar sem skipuleggjendurnir verða að vera hátt hafnir yfir hrepparíg og úrelt og gamaldags viðhorf til stjórnsýslumarka.

Aukin friðun hálendisins er mjög aðkallandi og verður að ætla að mikill meiri hluti þjóðarinnar hljóti nú að gera þær kröfur til ráðamanna, að þeir móti og beri fram skýrari stefnumið um verndunaraðgerðir en verið hefur og að þeim verði síðan fylgt fram af festu."

Herra forseti. Hér er kallað eftir verndunaraðgerðum og minni ég þá á þá ágætu grein sem ég vitnaði til fyrr í máli mínu eftir Ingva Þorsteinsson um það sem hann kallar Beitarfriðun á hálendinu fram til ársins 2015. Hér er raunverulega verið að kalla eftir því að mótuð verði og borin fram skýrari stefnumið um verndunaraðgerðir en verið hefur og að þeim verði fylgt fram af festu. Fyrir því höfum við enga tryggingu, herra forseti, ef það á að halda á málum með þeim hætti sem stjórnarliðar ætla að gera og keyra í gegn með góðu eða illu í gegnum þingið, m.a. með stuðningi hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar sem nú gengur í salinn.

Prófessorinn heldur áfram og segir:

„Hugmyndir um einn þjóðgarð með ríkri friðun, sem nái yfir allt hálendið eða mestan hluta þess, eru því miður vart raunhæfar m.a. sökum þess að vissum hlutum hálendisins hefur nú þegar verið spillt í þeim mæli að svo víðáttumikill þjóðgarður gæti ekki náð alþjóðlegri viðurkenningu. Á alþjóðavettvangi eru gerðar mjög strangar kröfur til „hreinleika" þess lands — ósnortinna víðerna — sem staðið geti undir þjóðgarðsnafni. Heppilegra er því að miða við afmarkaðri og minni svæði undir þá þjóðgarða, sem að sjálfsögðu verður að stofna á hálendinu innan tíðar, og jafnframt að ákvarða annars konar friðlönd á afmörkuðum svæðum utan þjóðgarðanna, þar sem ríki mismunandi stig friðunar. Er almannaforsjá yfir hálendinu — þessari ríkulegu auðlind — tvímælalaust nauðsynleg forsenda samræmdra verndunaraðgerða, er að gagni koma, sem og nýtingar, sem miðist við þjóðarheill."

Eins og heyra má, herra forseti, af lestri mínum upp úr ágætri grein Páls Sigurðssonar átti hún virkilega erindi inn í þessa umræðu. Ég vænti þess að þetta hafi náð eyrum a.m.k. einhverra hv. þm.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. umhvrh. gengur í salinn og hefði ég gjarnan viljað að hann hefði komið fyrr undir máli mínu, eins og ég sagði áðan, af því ég vil síður vera að tefja tíma þingsins, þá hefði ég viljað að hann hefði komið hér fyrr þannig að ég þyrfti ekki að endurtaka mál mitt sem ég verð þó að gera að nokkru leyti. Ég vænti þess að ég þurfi ekki þó, herra forseti, að lesa upp þær ályktanir sem ég hef farið í gegnum frá ýmsum náttúruverndarsamtökum, ég er ekki að tala um frá fundinum í gær heldur frá náttúruverndarsamtökum og ferðasamtökum sem hafa komið áður og verð þá að treysta á það og vona að hæstv. umhvrh. hafi kynnt sér þær.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort að hann hafi sömu skoðun á þeirri ályktun sem fram kom frá forsvarsmönnum samtaka útivistar- og náttúrufræðifélaga sem héldu mjög fjölmennan fund á Hótel Sögu í gær og félagar í þessum útivistar- og náttúrufræðifélögum skipta þúsundum. Hér er um að ræða níu útivistar- og náttúrufræðifélög sem láta sig málefni miðhálendisins miklu skipta. Þarna er um að ræða fólk sem þekkir gjörla til og ég tel að okkur beri skylda til þess að hlýða á það sem þessir aðilar hafa þarna fram að færa.

Ég hef ekki heyrt viðbrögð hæstv. umhvrh. við ályktun þessara samtaka en ekki stóð á viðbrögðum hæstv. félmrh. Hann var fljótur að afgreiða þessi níu samtök og gerði það bara létt. Hann þurfti lítið að liggja yfir því hvort ætti að hlusta á þennan að fjölmenna hóp sem lætur sig þessi mál mikið varða. Hæstv. félmrh. sagði að þessi samtök væru að gera úlfalda úr mýflugu.

Nú vil ég spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort að hann ætli að skauta eins létt yfir álit þessara útivistar- og ferðasamtaka og taka undir með hæstv. félmrh. Páli Péturssyni um það hvort að þessi samtök séu að gera úlfalda úr mýflugu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hann lýst því úr ræðustól, þannig að fullnægjandi sé, hvernig þessi samtök, fleiri samtök — ég er nú kannski að spyrja um þessi — geti haft eðlileg áhrif á það hvernig við nýtum hálendið? Mér sýnist að frv. sem hæstv. ráðherra neitar að mæla fyrir, sem hann flytur hér inn í þingið sjálfur, þó að stjórnarandstaðan hafi lagt honum lið í því að fá það hér á dagskrá, tryggi engan veginn að þeir sem að þessu máli eigi að koma geri það eðlilega. (Gripið fram í.) Nei, herra forseti, við umhvrh. erum ekki sammála um þessa hluti og hæstv. ráðherra er kannski að fara að ýja að því sem hæstv. forsrh. sagði að það eigi að keyra málið í gegn með góðu eða illu. Stjórnarflokkarnir hafi meiri hlutann og geti þess vegna keyrt málið í gegn með góðu eða illu.

Ég spyr hæstv. umhvrh. að því hvort Framsfl. hafi boðað það fyrir síðustu kosningar að hann ætlaði að færa miðhálendið eða gera þannig úr garði hagnýtingu og notkun á miðhálendinu að það væru fyrst og fremst og aðallega þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu sem mundu ráða skipulagningu hálendisins. Þetta er auðvitað stórmál sem skiptir stóru máli í framtíðinni fyrir komandi kynslóðir.

Ég man ekki eftir að Framsfl. hafi boðað að það ætti að færa miðhálendið til ráðstöfunar og ákvörðunar hvernig skipulagt sé til örfárra sveitarfélaga sem liggja að því. Við höfum farið yfir það í dag, þegar hæstv. ráðherra var ekki við þessa umræðu að við mörg hver viljum fá meiri hlutann til þess að fallast á það ákall sem er úti í þjóðfélaginu að fresta þessu máli um nokkra mánuði. Við erum sannfærð um að ef þetta mál færi nú í þjóðaratkvæðagreiðslu mundi því verða hafnað. Mikill meiri hluti þjóðarinnar mundi hafna því fyrirkomulagi sem stjórnarliðar ætla að hafa að því er varðar skipulagningu á miðhálendinu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að einu í viðbót, herra forseti: Hverju breytir það fyrir framgang málsins að ákvæði til bráðabirgða og 1. gr. frv. yrði frestað fram á haust en að sátt næðist að öðru leyti milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að afgreiða önnur ákvæði í frv. félmrh.? Getur hæstv. umhvrh. upplýst mig um það? Ég spyr um það, herra forseti, og vænti þess að fá svar hjá hæstv. umhvrh. Hverju breytir það? Er ekki meira virði að fresta málinu til haustsins og nýta sumarið til þess að ná breiðari sátt um málið?

Getur hæstv. ráðherra fært fram einhver skynsamleg rök fyrir því af hverju liggi svona á að ná fram þessum tveimur ákvæðum, jafnvel þó ég sé ekki sátt við þau? Ef hann getur fært fram einhver rök fyrir því að það sé brýnt að samþykkja þessi tvö ákvæði og þau geti ekki beðið fram á haust þá bið ég hæstv. umhvrh., herra forseti, að færa þau fram hér í þessum ræðustól. Það er mjög brýnt, ekki bara fyrir okkur í minni hlutanum, hæstv. umhvrh. er örugglega alveg sama um það heldur að þau fjölmennu samtök úti í þjóðfélaginu fái a.m.k. einhver rök fyrir því af hverju ekki má fresta þessum ákvæðum til haustsins.

Ég minni hæstv. ráðherra á að samvinnunefndin, sem á að friða einhverja stjórnarliða, á ekki að taka til starfa fyrr en um áramótin, 1. jan. 1999. Af hverju liggur þá svona ósköp mikið á?

Ég spyr ráðherrann hvort hann geti fallist á það sem ég taldi fyrr í dag vera hugsanlega skýringu á því að svo mikið lægi á, þ.e. svo að miðhálendisnefndin gæti lokið sínum störfum og hefði svigrúm fram undir næstu áramót til að ljúka verki sínu. Það yrði afgreitt til skipulagsins og síðan til umhvrh. sem mundi ganga frá svæðisskipulagi miðhálendisins áður en samvinnunefndin kæmi að verkinu 1. jan. 1998.

Ég held, herra forseti, ef ráðherrann hefur hlustað á mál mitt, að það mundi róa marga ef ráðherrann lýsti því yfir að skýringin væri ekki sú og hann mundi aldrei undirrita svæðisskipulag á miðhálendinu fyrr en samvinnunefndin, sem taka á til starfa um næstu áramót nái frv. fram að ganga, hefði haft eðlilega aðkomu að málinu. (**Gripið fram í:** Það róar engan. Ég er búinn að segja það tvisvar sinnum í ræðustól.)

Herra forseti. Út af fyrir sig er gott ef það liggur alveg skýrt og klárt fyrir að hæstv. umhvrh. ætli ekki að undirrita svæðisskipulag á miðhálendinu á þessu ári. Hann mun gefa samvinnunefndinni sem tekur til starfa, ef frv. ráðherrans nær fram að ganga, tækifæri til að koma að málinu. En þá spyr ég ráðherrann að því vegna þess að það er mikilvægt að fá það fram: Er aðkoma samvinnunefndarinnar raunverulega — er það fastsett og óumbreytanlegt af hálfu ráðherrans — sú að hún sé aðeins umsagnaraðili? Einhver samráðsaðili? Er það ákveðið og ekki hægt að breyta því sem þar stendur? Í frv. stendur:

„Nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana."

Segjum svo að þeir fjórir nýju aðilar sem koma að þessu máli frá Reykjavík, Reykjanesi og Vestfjörðum, séu óánægðir með þær tillögur sem fyrir liggja og gefi umsögn um að þessu þurfi að breyta verulega og endurskoða skipulagið í veigamiklum dráttum. Hvað þýðir þetta þá? Hafa þeir aðeins umsagnar- eða samráðsrétt? Þýðir það að málið verði þá tekið upp? Er það raunverulega til nokkurs þegar vægi samvinnunefndarinnar eða fulltrúa samvinnunefndarinnar er hugsanlega slíkt að tólf fulltrúar sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu af átján eru í nefndinni, jafnvel sömu fulltrúar og hafa afgreitt tillögur á þessu ári? Er þá nokkur von til þess að þessir tveir frá Reykjavík, einn frá Reykjanesi og sá einn frá Vestfjörðum geti haft nokkuð um það að segja hvernig skipulaginu verði háttað? Er bara ekki hægt að hunsa afstöðu þeirra í málinu? Mér finnst frv. benda til þess.

Nú liggur þetta klárt og kvitt fyrir, að svæðisskipulagið verður ekki staðfest en þá bið ég hæstv. ráðherra að gera okkur betri grein fyrir því hvernig aðkoma þessara fjögurra fulltrúa verði að þessu máli. Er það aðeins samráðsréttur,

enginn ákvörðunarréttur? Og jafnvel þó það væri ákvörðunarréttur, herra forseti, er þá ekki mjög líklegt að þessir tólf fulltrúar gætu borið þessa fjóra ofurliði? Kemur ekki til greina af hálfu umhvrh. að breyta samsetningu nefndarinnar þannig að hún endurspegli frekar hlut þeirra 95% þjóðarinnar sem litla eða enga aðkomu hafa að málinu?

Þetta vildi ég nú sagt hafa, herra forseti, við hæstv. umhvrh., þó að ég geri mér ekki miklar vonir um að það hafi mikið að segja, nema eitthvað nýtt komi frá hæstv. ráðherra í þessu máli.

Í fyrri ræðu minni í síðustu viku fór ég einmitt mjög ítarlega yfir — og skal ekki gera aftur, herra forseti, — þær fjölmörgu athugasemdir sem finna má á um 600 blaðsíðum, athugasemdir við tillögur miðhálendisnefndarinnar. Þar var ekki af smáu að taka, herra forseti. Athugasemdirnar voru bæði út frá sjónarmiðum þeirra sem huga að hagnýtingu á miðhálendinu og þeirra sem er annt um verndarþáttinn. Þar kom bersýnilega fram að menn telja að það skorti á það jafnvægi sem þarf milli verndar og hagnýtingar á miðhálendinu.

Ég held að við munum á næstu dögum heyra miklu meira frá umhverfis- og ferðasamtökum en við höfum kannski gert, a.m.k. meðan mál þetta var til 1. umr. Það er greinilega að breytast núna. Eftir að brtt. kom fram, kom fram hjá framkvæmdastjóra Ferðafélagsins í Morgunblaðinu 30. apríl, að hann væri ósáttur við frv., með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands telur frumvarp umhverfisráðherra um breytingu á skipulags- og byggingarlögum ekki ganga nógu langt og því muni sveitarfélögin sem land eiga að hálendinu enn ráða því. „Ítök þeirra eru mun meiri en ítök þéttbýlisbúa geta nokkurn tímann orðið," sagði Kristján M. Baldursson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins.

„Þessi sveitarfélög eru í miklum meiri hluta þó að þéttbýlisbúar fái tvo fulltrúa af 18," sagði Kristján enn fremur og telur hann að ekki hafi með því tekist að draga úr áhrifum sveitarfélaganna og því sé málið í slæmri stöðu enn þá. „Hálendið ætti að vera eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði, það er álit okkar og annarra útivistarsamtaka sem hafa lýst áliti sínu. Það verður að tryggja bæði rétt þeirra sem hafa aðstöðu og atvinnustarfsemi á hálendinu og útivistarfólks."

Kristján sagði skynsamlegast í stöðunni að fresta afgreiðslu frumvarps til sveitarstjórnarlaga og geyma þá umræðu til hausts ásamt frumvarpi umhverfisráðherra. Hann kvað líklegt að Ferðafélagið og önnur svipuð samtök mundu gefa sameiginlegt álit á stöðu málanna."

Í þessari sömu frétt í Morgunblaðinu er enn vitnað í hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, þingmann Framsfl., sem fylgt hefur sannfæringu sinni frá upphafi og væntanlega til loka þessa máls. Hann segir og þá er hann að tala um málamiðlunartillögu hæstv. umhvrh.:

„Í fyrsta lagi er ekki gætt jafnvægis eða jafnræðis milli fulltrúa í samvinnunefndinni um skipulag hálendisins. Gert er ráð fyrir 12 fulltrúum sveitarfélaga með land að hálendinu en mun færri frá öðrum," sagði Ólafur Örn Haraldsson, þingmaður Framsóknarflokksins, aðspurður hvað hann sæi helst að frumvarpi umhverfisráðherra um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem hann kynnti þingmönnum á þriðjudag.

„Í öðru lagi eru þessir 12 fulltrúar aðeins frá sveitarfélögum sem hafa land að hálendinu en ekki héraðsnefndum eins og áður var. Þetta þýðir að sveitarfélög sem eiga afrétti á hálendinu eiga ekki lengur aðild að skipulagi miðhálendisins eins og verið hefur þegar allir í viðkomandi héruðum eiga aðild. Með frumvarpinu er þetta aðeins bundið sveitarfélögunum sem lönd eiga að hálendinu.""

Auðvitað er það svo, herra forseti, að þunginn og mótmælin gegn þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla að viðhafa í þessu máli vex. Auðvitað er það eðlilegt þegar litið er til þess hvernig stjórnarflokkarnir ætla að keyra þetta mál í gegnum þingið.

Mér hefur orðið tíðrætt um náttúruverndarsamtök og ferðasamtök sem hafa látið hátt í sér heyra síðustu dagana en það eru fleiri sem láta til sín heyra og kveða upp úr um að mikil vinna sé óunnin og þetta mál sé þannig vaxið að það sé ekki tilbúið til afgreiðslu Alþingis. Því til stuðnings vitna ég í orkumálastjóra, Þorkel Helgason, en hann segir nú nýverið í DV, miðvikudaginn 22. apríl, þar sem hann talar um skipulagsmál á hálendinu:

„Mikil rannsóknarvinna er eftir á hálendinu og undarlegir hagsmunaárekstrar geta orðið verði 40 litlum sveitarhreppum falin stjórn skipulagsmála á hálendinu," segir Þorkell Helgason orkumálastjóri.

Hann er þó ekki meðal þeirra 90 þekktu Íslendinga sem skrifa undir áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar um að frumvörp um skipulagsmál og stjórnsýslu á hálendinu verði ekki afgreidd á þessu þingi svo að meiri tími gefist til þess að ræða þau. Í þeim hópi eru meðal annars tveir umhverfisráðherrar og margir ferðamálafrömuðir.

„Við hjá Orkustofnun höfum látið þá skoðun í ljós að hæpið væri að skipta stjórnsýslu hálendisins upp á þá vegu sem nú er gert ráð fyrir. Við leyfum okkur að benda á vandamálin sem slíkri skipan kynnu að fylgja. Þar má nefna að það er erfitt að taka heildstætt á skipulagsmálum og það kynnu að koma upp undarlegir hagsmunaárekstrar, til dæmis hvað varðar byggingu virkjana. Með þessari skipan mála er sérstaða hálendisins í skipulagsmálum úr sögunni, það hverfur til einstakra sveitarfélaga".

Þorkell tekur dæmi af því að virkjanir gætu lent innan fleiri en eins sveitarfélags. Í slíkum tilvikum mundu sveitarfélög ýmist fá til sín stöðvarbyggingar sem væru greiddur væri fasteignaskattur af, eða fá til sín stíflur og háspennulínur með tilheyrandi umhverfisröskun og kostnaði. Af slíkum mannvirkjum fá sveitarfélögin engar tekjur og það má ímynda sér að þarna verði hagsmunaárekstrar."

Herra forseti. Aftur og aftur eru gægjast í gegnum þessar umsagnir spár manna, friðsemdarmanna eins og t.d. orkumálastjóra, um að eintómur ófriður verði í kringum þessar tillögur og þá leið sem ríkisstjórnin vill fara. Ég hygg að það sé rétt að hér sé verið að hasla völl fyrir mikinn ófrið í kringum þetta mál.

Í sömu frétt segir síðan:

„Þorkell segir þekkingu skorta til að unnt sé nú að fullskipuleggja hálendið.

„Ríkisstjórnin hefur markað stefnu um að yfirfara skuli alla virkjunarkosti með umhverfissjónarmið í huga. Þessi vinna er ekki farin af stað en hún er ein af forsendum þess að unnt sé að taka ákvarðanir um framtíðarnot og þá um leið framtíðarskipulag miðhálendisins. Erfitt er nú að segja hvað þetta er mikil vinna, en t.d. Norðmenn hafa eytt hundruðum ársverka í slíkan undirbúning. Við höfum lagt til að staðfestingu á skipulagi miðhálendisins verði frestað meðan þessi vinna fer fram. M.a. er ekki tímabært að afhenda stjórnsýslu og skipulagsmál fámennum hreppum landsins."

Hér vildi ég að einnig kæmu inn sjónarmið þeirra sem hugsa um nýtingu og atvinnuuppbyggingu þannig að við

séum ekki bara að tala um þá sem fylla hóp útivistarmanna eða ferðafólks.

Sá maður sem mjög hefur látið til sín taka í þessu máli og skrifað mjög margar greinar og komið á fundi bæði allshn. og félmn., bæði varðandi þjóðlendufrv. og sveitarstjórnarfrv., er Trausti Valsson skipulagsfræðingur. Hann skrifar grein í sunnudagsblað Morgunblaðsins fyrir tveimur dögum sem hann kallar „Ákall". Ég held að þessi grein sýni að margir ætla sér að reyna allt til síðustu stundar að hafa áhrif á það að ríkisstjórnin komi til móts við þessi réttmætu sjónarmið sem hafa verið borin þarna fram af fjölda manns innan þings og utan. Skipulagsfræðingurinn Trausti Valsson segir svo, með leyfi forseta:

„Miðhálendið. Ákall. Síðastliðinn þriðjudag kom frumvarp ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga til annarrar umræðu á Alþingi."

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að þeir sem fylgjast mjög grannt með því sem er að gerast í þessu máli innan þings sem eru menn sem hafa mikla þekkingu á þessu máli, hafa látið til sín taka og heyra, bæði þegar frv. var lagt fram til 1. umr. eins og það var í þeim búningi, og eins með þeim brtt. sem orðið hafa og með því frv. sem hefur verið lagt fram til kynningar af hæstv. umhvrh. Það er alveg ljóst að þær brtt., boðað frv. umhvrh. í haust, virðast litlu breyta um afstöðu manna til þeirra leiða sem ríkisstjórnin ætlar að knýja í gegn. En Trausti Valsson segir svo, með leyfi forseta:

„Í umræðunni í þinginu hafa gerst stórtíðindi. Alþýðuflokkurinn snerist skörulega til varnar fyrir því sjónarmiði að allir landsmenn ættu að hafa álíka rétt til ákvarðanatöku um framtíð miðhálendisins. Nokkru eftir að umræðan var hafin lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til breytinga á skipulagslögum þar sem lagt er til að miðhálendið verði eitt skipulagssvæði en þó aðeins á svæðisskipulagsstigi. Frumvarp ráðherrans gengur út frá því líkt og frumvarp félagsmálaráðherra að miðhálendinu sé skipt upp á milli hinna 42 sveitarfélaga sem liggja að hálendinu og þar sem búa um 5% þjóðarinnar. Þessi sveitarfélög skuli hafa 12 fulltrúa í skipulagsnefnd svæðisins en afgangur landsmanna, um 95% þjóðarinnar, 4 fulltrúa. Þetta hleypti illu blóði í marga þingmenn og hófust nú umræður þar sem berlega kom í ljós að margir höfðu ekki áttað sig á hversu mikið stórmál tillaga félagsmálaráðherra um uppskiptingu á miðhálendinu milli aðliggjandi sveitahreppa er. Í gildandi sveitarstjórnarlögum segir í 1. gr. að byggðin skiptist í sveitarfélög. Í nýja frumvarpinu er búið að bæta um betur því þar er þetta nú orðað þannig að landið skiptist í sveitarfélög. Þetta virðist sakleysislegt, en felur í sér ef samþykkt verður að öllu miðhálendinu, þar með talið jöklum, verði skipt upp milli aðliggjandi sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra bendir gjarnan á 3. mgr. 3. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, þar sem segir að afréttir tilheyri sveitarfélögum. Augljóst er, vegna þess að afréttir tilheyra oft mörgum sveitarfélögum að þetta ákvæði er viðbragð við þeirri þörf að nauðsynlegu eftirliti sé komið á á þessum afréttarsvæðum, en þýðir ekki að afréttarlandið ætti að bætast við eitt af þeim sveitarfélögum sem eiga hlut í viðkomandi afrétti. Fyrsta greinin í núgildandi lögum sýnir meginskilning laganna að það er aðeins byggðin sem skiptist í sveitarfélög.

Nú liggur einnig fyrir þinginu frumvarp um þjóðlendur sem segir að land, þar sem ekki verði sannaður einkaeignarréttur á, verði sameign þjóðarinnar sem þýðir að nær allt miðhálendið verður þjóðareign. Í ljósi þess að allir þingflokkarnir hafa lýst stuðningi við það frumvarp kemur það mjög spánskt fyrir sjónir að þessari þjóðareign eigi stjórnsýslulega að skipta upp á milli hreppa sem liggja að miðhálendinu, með öllum þeim réttindum til skipulags (annars en í svæðisskipulagi) sem er t.d. byggingarréttur, reglugerðarvald, lögregluvald og allar tekjur af t.d. orkumannvirkjum á miðhálendinu. Spyrja má hvort hér sé ekki komin hliðstæða við eign þjóðarinnar á sjávarauðlindinni en í lögum segir að hún sé sameign þjóðarinnar en síðan ákveði löggjafinn að aðeins lítill hluti þjóðarinnar fái hana til yfirráða sem nánast jafngildir eignarhaldi. Það sama er nú að gerast á Alþingi er varðar þjóðareignina miðhálendið, kannski strax með samþykkt sveitarstjórnarlaganna eftir helgina."

Herra forseti. Þetta er ekki fyrsti málsmetandi maðurinn sem tjáir sig um miðhálendið og hvernig á að fara með það og sem líkir því við sameign þjóðarinnar að því er varðar auðlindir í hafinu. Þessu er oft og iðulega líkt saman, hvernig farið hefur verið með sameign þjóðarinnar, auðlindina í hafinu og hvaða eignatilfærsla hefur orðið til fárra enda þótt það standi í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnanar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Trausti Valsson skipulagsfræðingur spyr líka um það: Getur verið að það hafi þá enga raunverulega merkingu sem stendur í þjóðlendufrv. forsrh. í 2. gr.:

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti."

Jafnvel þó að þetta sé kirfilega neglt niður í lögum, annars vegar um þjóðlendur og hins vegar um stjórn fiskveiða, að auðlindir í hafinu og á miðhálendinu sé eign þjóðarinnar, fer þá í ókominni framtíð eins um miðhálendið í svipuðum skilningi og gerst hefur varðandi auðlindina í hafinu? Verða þessi náttúruauðæfi, þessi náttúruperla, raunverulega eign örfárra aðila sem sjá um skipulagningu á þessu, hvernig þessu verður háttað og selji öðrum aðgang inn á þetta svæði?

Fjölmargar greinar hafa verið skrifaðar um þetta mál og ég er aðeins búin að fara yfir brot af þeim þar sem þessu er líkt saman. Ég hef spurt mig, herra forseti, hvort að það sé tilviljun þegar þetta á sér stað, annars vegar varðandi auðlindina 1984, og hins vegar núna varðandi miðhálendið, að þessir helmingaskiptaflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl. séu þá í stjórn. Er það tilviljun, herra forseti? Maður veltir því a.m.k. fyrir sér hvort að svo sé. Þarna er þetta greinilega borið saman af skipulagsfræðingnum Trausta Valssyni sem segir í lok greinarinnar:

„Það sama er nú að gerast á Alþingi er varðar þjóðareignina miðhálendið, kannski strax með samþykkt sveitarstjórnarlaganna eftir helgina. Hér er um eitt af stóru málunum í íslenskri sögu að ræða, í raun Landnámabók, seinna bindi. Í ljósi þeirrar hörðu umræðu sem komin er upp í þjóðfélaginu verður því ekki trúað, að þetta frumvarp verði þvingað fram strax eftir helgina. Hér er augljóslega um það stórt mál að ræða að þjóðin á kröfu til þess að umræða um það verði opnuð meðal þjóðarinnar allrar og staðfestingu sveitarstjórnarfrumvarpsins þar með frestað til haustsins."

Hógværari getur nú krafan ekki verið, herra forseti, sem er hér á ferðinni frá Trausta Valssyni og kemur fyrir aftur og aftur og er gegnumgangandi í þessum umsögnum. Beðið er um aðeins nokkurra mánaða frestun á því að gengið verði frá þessum málum. Það hefur verið kallað eftir því við hæstv. umhrh., ég hef gert það, að hann færi rök fyrir því hvers vegna ekki er hægt að fresta þessu máli til haustsins.

Ég hef farið yfir ýmis álit, umsagnir og greinar ýmissa þeirra sem vel þekkja til í þessum málum sem hér er um vélað og fjallað. Reyndar er það svo að það eru örfáar greinar eftir sem ég hefði gjarnan viljað, herra forseti, fá að grípa til. Nefni ég þar t.d. grein eftir fulltrúa í Ferðamálaráði Íslands, Þórhall Jósepsson, sem ég las með nokkurri athygli hvernig tæki á þessu máli. Mér sýnist að hann taki svipað á málum og þeir aðilar sem fjalla um ferðaþjónustuna og útivistina. Þar kemur fram:

„Ferðamálaráð telur að tillaga að skipulagi miðhálendis Íslands sem kynnt hefur verið í greinargerðinni „Miðhálendi -- Ísland. Svæðisskipulag 2015" taki ekki tillit til stefnumótunar í ferðamálum" — þetta kemur iðulega fram, herra forseti — „sem unnið hefur verið að og ólokið er. Því leggur ráðið þunga áherslu á að afgreiðslu tillögunnar verði frestað uns hægt er að taka á málinu með tilliti til hagsmuna ferðaþjónustunnar."

Það er mjög mikilvægt að horft sé til ferðaþjónustunnar í þessu sambandi. Ég hygg að ef verið er að tala um einhvern heiðarrétt að þá séu ekki síst ferðamannasamtökin og ferðaþjónustan sem hafa nýtt sé miðhálendið til útivistar og þekki það vel og sé sanngjarnt og eðlilegt að það sé skoðað að taka tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar, eins og Þórhallur Jósepsson, fulltrúi í Ferðamálaráði Íslands, fer fram á.

Út af fyrir sig hefði verið fróðlegt, herra forseti, þar sem þetta kemur aftur og aftur fram varðandi Ferðamálaráð og ferðamálahópa að hæstv. samgrh. hefði eitthvað tjáð sig í þessari umræðu. Ég veit ekki til þess að hann hafi gert það. En það kemur fram aftur og aftur að ekkert tillit hafi verið tekið til ferðamálayfirvalda og ferðamálaráða. Hæstv. samgrh. ber ábyrgð á þeim málaflokki og spurning er hvort hann láti sér það á sama standa að ekki sé tekið tillit til sjónarmiða þeirra sem skipuleggja ferðamálin hér á landi í skipulagningu á hálendinu.

Þetta sem ég var að lesa, herra forseti, er fyrri hluti ályktunar sem samþykkt var samhljóða á fundi í Ferðamálaráði 15. sept. sl.:

„Fréttir herma að nú hafi frestur til að koma athugasemdum á framfæri verið lengdur um tvo mánuði." — Þetta var í októbermánuði.

Ég sé ekki, herra forseti, að þó að frv. hafi tekið þessum breytingum að það hafi nokkuð komið frá Ferðamálaráði sem breyti fyrri afstöðu þeirra til þessa máls.

Síðan gera þeir athugasemdir og benda á skipan nefndar og segja:

„Athyglisverðast við þá nefnd er samsetning hennar en samkvæmt henni er ætlunin að þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu skipti því á milli sín með framlengingu stjórnsýslumarka sinna inn að miðju. Þessi mörk eru ekki til í dag og þarf því að ákveða þau með lögum ef tillagan á að verða framkvæmd. Þá verður miðhálendinu skipt í 40–50 skipulagssvæði." — Sumir kalla þetta tertusneiðar, herra forseti.

„Enginn fulltrúi er í nefndinni frá öðrum byggðum, þar á meðal höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum. 96% þjóðarinnar eiga ekki, samkvæmt nefndarskipaninni og samkvæmt tillögum nefndarinnar, annan rétt en þann að koma á framfæri athugasemdum við auglýstar tillögur og eiga ekki að koma að ákvörðunum um nýtingu miðhálendisins í framtíðinni."

Herra forseti. Mér sýnist að þrátt fyrir þá samvinnunefnd sem boðuð er á hausti komanda fái fulltrúar á suðvesturhorninu litla aðra aðkomu að því sem hér er verið að lýsa, þ.e. að koma á framfæri athugasemdum við tillögur sem liggja fyrir eins og þeir geta raunverulega í dag varðandi svæðisskipulagstillöguna sem hefur legið frammi.

Síðan segir:

„Heita má, að algjörlega skorti á, að leitað hafi verið til ferðaþjónustunnar við gerð skipulagstillögunnar og verulega er ábótavant vinnubrögðum við það litla sem var, t.d. notaðar gamlar upplýsingar þegar nýjar voru fyrirliggjandi. Ekki hafa komið fram upplýsingar um nafngreinda aðila innan ferðaþjónustu, sem leitað hafi verið til um samráð eða samvinnu af einhverju tagi á meðan tillagan var í mótun.

Við blasir, að mikil óánægja verður innan ferðaþjónustunnar með skipulag miðhálendisins fái tillagan gildi og augljóst að miklir hagsmunaárekstrar og átök í framhaldi af þeim verða. Skýrt dæmi um þetta hefur þegar komið fram þar sem eru áform um uppbyggingu á Hveravöllum. Það er aðeins forsmekkur þess sem koma skal."

Herra forseti. Aftur förum við inn í það sem mér verður tíðrætt um, þ.e. ófriðinn sem menn sjá fyrir sér að muni skapast hér í framtíðinni ef við förum þá leið sem ríkisstjórnin vill. Ég vek athygli á því að aftur og aftur skýtur þetta upp kollinum þannig að því sé greinilega haldið til haga í þessari umræðu að ekki hafi skort á að stjórnarflokkarnir hafi verið aðvaraðir, að þeir hafi ekki verið aðvaraðir um það í hvað stefndi ef tillögur þeirra næðu fram að ganga. Ég held að það verði að liggja skýrt fyrir þannig að það komi engum á óvart þegar ófriðurinn mikli skellur á sem boðaður er hér í hverri umsögninni á fætur annarri, í hverri greininni á fætur annarri, í hverri ályktuninni á fætur annarri. En allt láta stjórnarliðar þetta sem vind um eyru þjóta. Þeir eru eins og Palli litli í bókinni Palli var einn í heiminum. Hét hún það ekki? Þeir þurfa ekki að hugsa um neinn sem í kringum þá er, engar ályktanir og ekki neitt. Ekki er litið til neinna sjónarmiða eða skynsamlegra ábendinga sem fram hafa komið í hverri ályktuninni á fætur annarri og hverri greininni á fætur annarri.

Herra forseti. Mér fannst leiðari DV, 30. apríl, mjög athyglisverður. Hann var skrifaður af Jónasi Kristjánssyni sem kallar hann: „Hrepparenningar". Það er nú bara alveg ágætisnafn á þetta. Sumir kalla þetta kökusneiðar. Hrepparenningar eru nafn sem mér finnst mjög gott og gilt að því er varðar þá leið sem hér á að fara. Þar er umhvrh. aðeins sendur tónninn og alveg með réttu vegna þess að þetta frv. hans er kallað „skyndifrumvarp". (**Umhvrh.:** Ég er nú ekki óvanur því að fá sendingar úr þeirri átt.) Ekki óvanur því að fá sendingar úr þeirri átt. Ef það væri nú bara úr þessari átt, frá ritstjóra DV, Jónasi Kristjánssyni, þá væri þetta nú kannski í lagi. (**Umhvrh.:** Ég sagði bara að ég hefði reynsluna af því.) En þegar hæstv. umhvrh. fær alvarlegar athugasemdir frá ýmsum stofnunum sem m.a. heyra undir hann sjálfan og hann ætlar ekki að hlusta á þær, lætur þær sem vind um eyru þjóta, það finnst mér öllu alvarlegra. En hitt er annað mál að ég fer ekkert ofan af því að þessi leiðari Jónasar Kristjánssonar um hrepparenningana finnst mér mjög athyglisverður.

Hann segir að umhvrh. hafi fengið snert af góðvild og lagt fram skyndifrv. um að þéttbýlið og Vestfirðir fái einn sjötugasta hluta af áhrifarétti dreifbýlisins á skipulag hálendisins. Er þetta ekki sannleikurinn, herra forseti? Er þetta nú ekki bara sannleikurinn?

„Áður hafði verið gert ráð fyrir að dreifbýlið eitt réði öllu um þetta skipulag. Samkvæmt áður fram komnu frumvarpi félmrh. til sveitarstjórnarlaga á öll stjórnsýsla og skipulag

hálendisins að vera í höndum 40 aðliggjandi sveitarfélaga sem hvert um sig á að stjórna einum hrepparenningi án tillits til landfræðilegra aðstæðna."

Ég sé að hæstv. umhvrh. kannast við þennan leiðara. (**Umhvrh.:** Nei, ég var nú ekki búinn að lesa hann. En það er ágætt að heyra þetta.) Já. Ef hæstv. ráðherra hefur ekki haft tíma til þess að þá held ég að það sé mikið gagn í því, herra forseti, að hæstv. umhvrh. hlustaði á þennan leiðara. Þar segir enn fremur:

„Samkvæmt nýju viðbótarfrv. umhvrh. má fjalla um skipulag hálendisins í nefnd þar sem sveitarfélögin 40 með 4% landsmanna hafa 12 fulltrúa, en hin sveitarfélögin með samtals 96% landsmanna hafa fjóra fulltrúa. Misvægi réttindanna er sjötugfalt.

Þessar ruður á borði umhvrh. duga ekki til að bæta fyrir skelfilegt frumvarp félmrh. sem því miður verður samþykkt á Alþingi innan skamms." — Ekki veit ég hvaðan ritstjórinn hefur það vegna þess að ég tel að það sé svolítið í það að við samþykkjum þetta frv. og er enn að vona að ríkisstjórnin verði við ósk fjölmargra utan þings um að fresta þessu máli til haustsins. — „Málið er í heild sinni enn sem fyrr ein mesta atlagan að almannarétti frá upphafi Íslandsbyggðar." — Þar höfum við það, herra forseti. Ein mesta atlaga að almannarétti frá upphafi Íslandsbyggðar. Og þetta á bara að keyra í gegnum þingið, herra forseti, þó að heitar óskir séu úti í þjóðfélaginu um að því verði frestað. Síðan er haldið áfram:

„Ekki er hægt að sætta sig við að fulltrúar 96% landsmanna hafi aðeins einn sjötugasta af umsagnaráhrifum á skipulag hálendisins og engan aðgang að stjórnsýslu þess. Skipulag og stjórnsýsla hálendisins á skilyrðislaust að vera í höndum fulltrúa landsmanna allra. Svo virðist þó sem þingmenn þéttbýlisins og Vestfjarða ætli flestir að sætta sig við að sparkað sé í mikinn meiri hluta þjóðarinnar á þennan hátt enda er raunar löng reynsla fyrir því að þingmenn þéttbýlisins eru ófærir um að gæta hagsmuna þess þegar á reynir.

Engin frambærileg rök hafa komið fram gegn kröfunni um að landsmenn standi allir jafnt að skipulagi og stjórnsýslu hálendisins. Engin frambærileg rök eru fyrir því að hálendinu sé skipt niður í 40 hrepparenninga þar sem sérhagsmunir ráða á hverjum stað. Þar að auki stingur frumvarpið í stúf við þjóðlendufrv. forsrh. sem gerir ráð fyrir að ríkið kasti eign sinni á allt það hálendi sem aðrir geta ekki sannað að þeir eigi. Með því frv. verður ríkið landeigandi að mestum hluta hálendisins.

Þjóðin öll hefur hagsmuna að gæta á hálendinu. Þar eru flestir virkjanakostir sem mestu máli skipta, bæði vatnsafl og jarðhiti. Orkuverin munu hvert fyrir sig þurfa að sæta fjárkúgun nokkurra hreppa svo sem við þekkjum frá Blönduvirkjun í nágrenni Höllustaða. Þjóðin hefur öll beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af ferðamennsku á hálendinu og marvíslegra óbeinna hagsmuna af lífsgæðum sem tengjast hálendinu þótt þau verði ekki metin til fjár. Þess vegna á öll þjóðin að hafa sama áhrifarétt á hálendinu."

Það er auðvitað kjarni málsins, miðpunktur þess sem við höfum verið að ræða, að þjóðin öll á að hafa sama áhrifarétt á hálendinu.

„Þjóðlendufrv. tekur skynsamlega á skipan margvíslegra hagsmuna á hálendinu, annars vegar ýmissa mannvirkja á borð við orkuver og vegi og hins vegar hagsmuna náttúruverndar og umhverfismála. Það byggist á rannsóknum og sátt milli sjónarmiða."

Sátt milli sjónarmiða. Um það erum við einmitt að reyna að fá menn til þess að hugsa, þ.e. hvort ekki sé nú skynsamlegt að hafa sátt milli sjónarmiða í þessu máli. Síðan segir:

„Félmrh. kastaði hins vegar sínu frv. eins og olíu á eld umræðunnar um réttarstöðu fólks eftir búsetu og á eld umræðunnar um mannvirki og umhverfi á hálendinu. Um það er enginn friður úti í þjóðfélaginu þótt þingmenn flestir lúti flokksaga."

Það er svolítill kjarnapunktur í því að enginn friður sé úti í þjóðfélaginu um þau mál sem við hér ræðum þó að þingmenn stjórnarliðsins lúti flokksaga. Þannig er málið vaxið. Það er mjög erfitt fyrir löggjafarsamkunduna að afgreiða svona stórt mál undir þeim kringumstæðum að ófriður sé um málið úti í þjóðfélaginu en þingmenn stjórnarliðsins lúti flokksaga. En þannig virðist þetta mál vera vaxið.

Síðan lýkur hann leiðaranum með því að segja: „Þótt Alþingi vilji hrepparenninga hafa í umræðu fólks úti í þjóðfélaginu orðið ofan á þau sjónarmið að ekki skuli búa til slíka renninga á hálendinu."

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, að ef á þetta yrði látið reyna í þjóðaratkvæðagreiðslu þá yrðu þau sjónarmið sem við í minni hlutanum tölum fyrir alveg örugglega ofan á en ekki þau sjónarmið sem hinn svokallaði meiri hluti fylgir innan þings.

Ég minni enn og aftur á að hv. þm. Pétur Blöndal, sem hlýðir enn á þessa umræðu, sagði — og ég skal viðurkenna að nokkuð er til í því — að meiri hlutinn nær sínu fram áður en yfir lýkur. En ég vil biðja hv. þm. að íhuga það hvort hann hafi boðað kjósendum, þegar hann gekk fram í síðustu kosningum og boðaði fagnaðarerindi sjálfstæðismanna, þessi ósköp sem hér eru að dynja yfir varðandi miðhálendið. (**PHB:** Þetta eru engin ósköp.) Herra forseti. Ég ætla nú ekki að spjalla við hv. þm. hér, ég úr ræðustól og hann úr sínu sæti. En ég vil segja, herra forseti, að ef hv. þm. Pétur Blöndal telur að við séum að fjalla um eitthvert smámál þá veit ég ekki hvar þingmaðurinn hefur verið. A.m.k. vil ég þá fullyrða að hann hafi ekki kynnt sér málið ítarlega eða gögn þau og ýmsar umsagnir sem liggja fyrir um það eða sjónarmið aðila sem ég hef verið að rifja upp sem mikla þekkingu hafa á þessu máli. Vil ég síst vera að væna þennan hv. þm. um að lesa ekki þau mál sem hann fjallar um af því að yfirleitt tel ég að þessi þingmaður sé allsæmilega lesinn í þeim málum sem um er fjallað. En a.m.k. horfir hann á þetta mál út frá allt öðrum sjónarhóli en sú sem hér stendur, út frá allt öðrum sjónarhóli en stór hluti umhverfissamtaka, útivistar- og ferðasamtaka, út frá allt öðrum sjónarhóli, svo ég nefni það nú, en ýmsir þeir sem bera hag atvinnuveganna fyrir brjósti og telja að í tillögum nefndarinnar sé allt of lítils jafnvægis gætt milli nýtingar- og verndarsjónarmiða. Hv. þm. horfir á þetta út frá allt öðrum sjónarhóli en þessir aðilar. Ég er ekkert að biðja, herra forseti, hv. þm. Pétur Blöndal að horfa á þetta frá sama sjónarhóli og ég. Vel getur verið að hann sjái þetta með öðrum gleraugum og telji að þetta sé jákvætt. En ég er bara ekki ein um þessa skoðun. Ég held að hv. þm. Pétur Blöndal sé í minni hluta, kannski ekki innan þingsins, en ef hann stillir sér út fyrir veggi þessa virðulega húss þá held ég að hann sé þar í miklum minni hluta. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal lítur á málið og út frá þeim sjónarhóli sem hann sér það, er hann í minni hluta.

Mér finnst að hv. þm. Pétur Blöndal þurfi að spyrja sig þeirrar samviskuspurningar hvort hann telji að hann hafi umboð frá sínum kjósendum til að fara þá ógæfusömu leið, held ég, fyrir íslensku þjóðina sem hér er verið að fara. Hann á auðvitað að fara eftir sinni samvisku. Ég þekki alveg það ákvæði í stjórnarskránni. En ég efa að hann hafi umboð frá sínum kjósendum. Ef hann hefði spurt um það fyrir kosningar hvað fólki fyndist í þessu máli þá efast ég um að hann hafi það, herra forseti, og tel að það eigi eftir að koma í ljós fyrr eða síðar.

Einn finnst mér tala af mikilli skynsemi í þessu máli hér innan þings, það gera nú ýmsir og ætla ég ekkert að fara að nafngreina þá alla, en tek þó einn sérstaklega út úr vegna þess að hann tilheyrir hópi stjórnarliðanna. Mér finnst hann vera einn af þeim fáu sem tala af skynsemi um þetta mál og vilji hlusta með opnum huga á þá sem eru að biðja meiri hlutann um frestun á þessu máli. Þetta er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem ég hlustaði mjög grannt á í ræðustól. Ég held að það hafi verið fyrir helgi eftir að frv. umhvrh. lá hér frammi til kynningar. (Gripið fram í.) Hann hefur haft margt mjög skynsamlegt til málanna að leggja og er það miður að hv. þingmenn Sjálfstfl. hafi ekki hlustað á hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson. En það er út af fyrir sig ekkert skrýtið, herra forseti, vegna þess að það er svo í þessu stjórnarsamstarfi að Framsfl. er yfirleitt beygður undir stefnu íhaldsins í mörgum stórum málaflokkum. Út af fyrir sig þarf því ekki að koma á óvart þó að hv. þingmenn Sjálfstfl. telji sig ekki þurfa að hlusta á skynsemisrödd hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar úr þessum ræðustóli. (**Gripið fram í:** En röddin sem nú hljómar?) Hún talar líka af mikilli skynsemi. Ég held að ég hafi í stórum hluta minnar ræðu endurómað ýmislegt sem aðrir hafa líka að segja um þetta mál, ekki bara sjónarmið *mitt sem hér stend, heldur sjónarmið stórra samtaka sem ég* hef margsinnis farið yfir aftur og aftur. Ég er því líka að lýsa sjónarmiðum þeirra enda tel að þau eigi heima í þessari umræðu.

Herra forseti. Mér er tíðrætt um Ólaf Örn Haraldsson og þó ég hafi ekki oft verið sömu skoðunar og hann á þessu kjörtímabili, þá er ég það í þessu tilviki og finnst að hann tali út frá sjónarhóli þess sem hefur þekkingu á náttúru landsins og miðhálendinu. Hann skrifar grein 22. apríl, sem mér finnst mjög athyglisverð, herra forseti, og varpar að ýmsu leyti nýju ljósi á þessi mál. Ég vil fá að vitna í hana, með leyfi forseta. Þar segir hv. þm., með leyfi forseta:

„Augljóst er að sum svæði hálendisins þarf að skipuleggja mun nákvæmar en önnur, segir Ólafur Örn Haraldsson, vegna náttúrufars og nýtingar.

Miðhálendi Íslands og jafnvel fleiri óbyggðasvæði eiga að vera ein skipulagsheild og lúta stjórn sem fulltrúar allra landsmanna geta haft áhrif á. Með þessu er reynt að skapa sátt og samræmi á miðhálendi Íslands en þar hafa þegar orðið og eiga eftir að verða enn meiri breytingar vegna gjörbreyttra búskaparhátta, nýtingar auðlinda, aukinnar útivistar, ferðamennsku og ferðaþjónustu. Afar mikilvægt er að slík sátt takist en þá verður að virða bæði hagsmuni og sjónarmið þeirra sem nýtt hafa miðhálendið og eiga land að því og jafnframt rétt og hagsmuni annarra, þar á meðal nýrra og fjölmennra hópa þéttbýlisfólks sem nú sækir stöðugt meira inn á hálendið.

Með öðrum orðum þarf að ná sátt milli þeirra sjónarmiða sem uppi eru í þessu máli."

Síðan segir:

„Við Íslendingar eigum miðhálendið allir saman og eigum þar jafnan rétt. Raunar er miðhálendið einskis manns land og segja má að landnámi Íslands ljúki með því að ríkið kastar eign sinni á svokallaðar þjóðlendur. Því miður er það ekki vandræðalaust að láta forræði landsins í hendur ríkisins en það er vandfundinn annar aðili betri og forræðislaust getur landið ekki verið lengur.

Margir ávinningar eru í því að halda miðhálendinu sem sérstöku stjórnsýslusvæði og sveitarfélögin nái ekki þar inn. Þá er margvísleg samræming auðveldari og síður hætta á að sveitarfélög beiti valdi sínu gegn einstökum aðilum eða hópum sem eiga ekki síður en aðrir rétt á aðstöðu og aðgangi að hálendinu. Slík tilvik hafa spillt miklu. Landeigendur og sveitarfélög hafa í einstaka tilvikum þrengt að ferðaþjónustu og útivistarfólki, stundum með því að gjörnýta lagarétt sitt og stundum með hreinni lögleysu sem síðan hefur verið hnekkt í Hæstarétti. Þessi bitra reynsla hefur skapað mikla tortryggni. En yfirleitt hafa þessi samskipti gengið vel og farsællega og við slíkar aðstæður eru heimamenn bestu gæsluaðilar landsins. Þeir þurfa að taka þátt í því að almannaréttur og aðgangur allra landsmanna að hálendinu sé sem allra víðtækastur meðan náttúru er ekki spillt.

Á það þarf að líta að mörg erfið framkvæmdaatriði koma til sögunnar ef miðhálendið ætti að vera sérstakt svæði utan sveitarfélaga. Þá væri með vissum hætti raskað því grundvallarkerfi sem við búum við, þ.e. því að stjórnsýslustigin eru tvö, í fyrsta lagi ríkisvald og hins vegar sveitarstjórnarvald. Einnig má benda á þann vanda sem illleysanlegur er þ.e. hvar draga eigi mörkin milli núverandi sveitarfélaga og hins nýja sveitarfélags. Hætt er við að þar yrðu langvarandi deilur og vandræði sem tefðu fyrir framgangi góðra mála á miðhálendinu." — Fleiri vandkvæði mætti nefna.

Enn og aftur, svo því sé haldið til haga, er talað um ófrið og langvarandi deilur. Þannig er þetta aftur og aftur, herra forseti. Við eigum að taka mark á þessu. Við eigum að taka mark á þessu, gera þessa tilraun, sem margir kalla eftir, að setjast niður og reyna að ná sátt um málið í sumar.

Síðan segir:

„Með því að sveitarfélögin nái inn til miðju landsins fá þau ekki eignarrétt en þau fá réttinn til að skipuleggja landið. Skipulagsrétturinn er hins vegar mjög sterkur og getur sá sem hann hefur í raun stýrt allri landnotkun og skipulagt starfsemi og mannvirki út af svæðinu eins og dæmin sanna."

Er þetta ekki allnokkuð? „Sérhagsmunir á kostnað almannahagsmuna." Ég sé, herra forseti, að hv. þm. Pétur Blöndal nikkar hér. Það er einmitt það sem hann stendur fyrir. Sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna. Hann er auðvitað alsæll með þetta. Ég get ekkert sagt við því, herra forseti, þó að þessi hv. ágæti þm. hafi sín sjónarmið, enda er hann í allt öðrum flokki en ég.

Og áfram held ég í sömu grein:

„Skipulagsrétturinn er hins vegar mjög sterkur og getur sá sem hann hefur í raun stýrt allri landnotkun og skipulagt starfsemi og mannvirki út af svæðinu eins og dæmin sanna. Draga þarf úr þessu valdi og gefa fulltrúum allra landsmanna aðild að skipulagi miðhálendisins en ekki eingöngu þeim sem land eiga að miðhálendinu.

Sú leið sem er vænlegust til að sætta þessi sjónarmið er að sveitarfélögin nái inn til miðju landsins en umdeildasta svið stjórnsýslunnar þ.e. skipulagsmálin séu tekin til sameiginlegrar meðferðar, sérstakrar nefndar og að henni eigi aðild fulltrúar allra landsmanna. Slík nefnd þarf að tryggja

öruggan aðgang allra landsmanna, eðlilegan nýtingarrétt, náttúruvernd, virða beitar- og nýtingarrétt fornan, stýra framsækinni en um leið hófsamri stefnu í nýtingu fallvatnanna og háhitasvæðanna."

Um skipulagsnefnd miðhálendisins segir:

„Nauðsynlegt er að fulltrúar af öllu landinu vinni að skipulagi hálendisins. Einfaldast er að gera það með því að landshlutasamtökin átta eigi fulltrúa í skipulagsnefndinni. Í nefndina þurfa einnig að koma fulltrúi skipaður af félagsmálaráðuneyti og fulltrúi skipaður af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Að sjálfsögðu væri mjög æskilegt að ýmsir hópar s.s. bændur, útivistarhópar, ferðaþjónusta og fleiri ættu fulltrúa í nefndinni. Alla vega þarf að tryggja þeim öruggan umsagnar- og áhrifarétt á skipulagið. Með því að landshlutasamtökin átta koma til leiks er tryggt að Reykjavík, Reykjanes, Vestfirðir, Snæfellsnes og fleiri séu þátttakendur í skipulagsvinnunni en ekki látnir sitja utan garðs eins og var í nefndinni, svokallaðri hálendisnefnd, þótt hún hafi unnið mjög gott starf."

Þetta er það sem hv. þm. Reykv. kallar eftir.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar. Hann ráðgerir að gera matarhlé klukkan hálfátta og vill því spyrja hv. þm. hvort stefni í ræðulok eða hvort hv. þm. geri þá ráð fyrir að gera hlé á ræðu sinni.)

Það stefnir alls ekki í ræðulok vegna þess að ég á eftir að fara sérstaklega yfir tvær til þrjár greinar frv. Ég hef heldur ekki lokið máli mínu að því er varðar þennan þátt málsins þannig að ég á eftir góðan tíma, ég þori ekki að segja hvort það er einn tími eða tveir.

(**Forseti** (GÁS): Hv. þm. hefði þá í huga að gera hlé á ræðu sinni þegar hentaði vel, kaflaskipta vegna.)

Ja, ég get gert það núna ef hæstv. forseti vill.

(**Forseti** (GÁS): Það hentar ágætlega.)

[19:24]

**Útbýting þingskjala:**

Eignir og skuldir heimila, 602. mál, svar viðskrh., þskj. 1337.

Innflutningur kjöts og dýra, 667. mál, svar landbrh., þskj. 1359.

[Fundarhlé. — 19:24]

[20:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** (frh.):

Herra forseti. Mér kom það mjög á óvart þegar hlustaði á fréttatímann í sjónvarpinu í kvöld að einn hv. þm. stjórnarliðsins, hv. 16. þm. Reykv., Pétur Blöndal, skyldi afgreiða þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram af hálfu minni hlutans sem kjaftæði. Ég mótmæli þessu, herra forseti, vegna þess að þá daga sem þessar umræður hafa staðið yfir hafa mjög málefnalegar umræður farið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar. Að vísu ítarlegar, herra forseti, en málið er þannig vaxið að það krefst ítarlegrar umræðu.

Ég veit ekki hvort hv. þm. gerir sér grein fyrir því að þó að hann afgreiði málflutning okkar stjórnarandstöðuþingmanna sem kjaftæði þá er hann um leið, herra forseti, að dæma þann málflutning og þær fjölmörgu áskoranir sem verið hafa vítt og breitt í þjóðfélaginu um þetta mál sem kjaftæði og það gerir maður ekki, herra forseti, (Gripið fram í.) vegna þess að allar þær fjölmörgu áskoranir sem fram hafa komið frá alls konar samtökum, umhverfissamtökum, útivistarsamtökum, ferðamálasamtökum og frá ýmsum sem ekki þykja sjónarmið þeirra góð sem vilja meiri nýtingu á hálendinu en fram kemur í tillögu miðhálendisnefndar, afgreiðir hann sem kjaftæði. Mikið af okkar málflutningi hefur einmitt farið í það koma til skila inni í þingsölum, herra forseti, sjónarmiðum og málflutningi þeirra sem hafa farið fram á þá höflegu ósk að þessu máli verði frestað í örfáa mánuði.

Við erum ekki að tala um neitt smámál, herra forseti. Við erum að tala um hvernig stjórnsýslunni á miðhálendinu verði háttað til frambúðar, hverjir eigi að hafa stjórnsýsluna með höndum og taka ákvarðanir um nýtingu á miðhálendinu. Og mér finnst það afar billegt, herra forseti, að þingaður Reykv., þingmaður þess kjördæmis sem lítið eða ekkert á að hafa að segja um skipulagninguna á miðhálendinu, skuli afgreiða málflutning okkar á þennan hátt. En það verður að vera hans mál. Þó er sjálfsagt, eðlilegt og rétt að vekja athygli á því úr þessum ræðustól hvernig þessi hv. þm. afgreiðir á sama tíma réttmætan málflutning þeirra sem gerst þekkja til á hálendinu.

Þegar ég lauk ræðu minni fyrir kvöldmatarhlé hafði ég tekið á nokkrum stórum þáttum í þessu máli, herra forseti, m.a. gert grein fyrir því hvaða breytingar hafa átt sér stað frá því að málið var tekið út úr félmn., tekið á því hvernig eigi að mæta sjónarmiðum stjórnarsinna sem voru á móti frv. við 1. umr. og hvað það sætir furðu margra innan og utan þings að þessir þingmenn sem voru á móti málinu við 1. umr. skuli hafa skipt um skoðun vegna þess frv. sem umhvrh. kynnti og felur raunar lítið í sér, litla viðbót við það sem við stóðum frammi fyrir þegar þetta frv. var lagt fram í þinginu.

Ég hef gert grein fyrir því sögulega sem gerðist í þingsölunum þegar stjórnarliðar undir forustu umhvrh. neituðu að taka á dagskrá stjórnarfrv. sem umhvrh. flutti og ég færði rök fyrir því að það væri vegna þess að ráðherrarnir og ekki síst umhvrh. treysta sér ekki þess til að það frv. fái ítarlega skoðun í nefnd og þar með verði varpað ljósi á það hve lítið þetta frv. felur í sér, hve litlu það breytir fyrir þau 95% þjóðarinnar sem eiga að standa utan við það hvernig miðhálendið verður skipulagt, hve litlu það breytir fyrir þennan hóp þjóðfélagsins sem er þó 95% þjóðarinnar.

Ég hef einnig gert grein fyrir því breytta viðhorfi sem eðlilega hefur komið fram hjá fulltrúum Alþb. sem töldu sig, miðað við það sem rætt var í félmn., geta með sæmilegri samvisku að einhverju leyti stutt þetta stjfrv. ef samhliða yrði afgreitt frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem tryggði réttmæta og eðlilega hlutdeild allrar þjóðarinnar í ákvörðun um það hvernig við nýtum miðhálendið og hvernig fulltrúar Alþb. voru raunverulega blekktir og hvernig það hefur komið í ljós í þessari umræðu, enda hafa þeir flutt tillögu um að þessu máli verði vísað frá. Það eru eðlileg og sjálfsögð viðbrögð af þeirra hálfu.

Herra forseti. Forsrh. stóð hér í ræðustól í gær og talaði um öll þau stóru mál sem skipta munu þjóðina miklu í framtíðinni, mál sem munu fela í sér mikla eignatilfærslu til fárra í þjóðfélaginu á kostnað heildarinnar þar sem sérhagsmunir eru hafðir í hávegum á kostnað almennra hagsmuna. Þessi oddviti ríkisstjórnarinnar talaði eins og sá sem valdið hefur yfir löggjafarsamkundu þjóðarinnar og sagði: „Öll þessi mál verða afgreidd." Það er þó einu sinni þingið en ekki hæstv. forsrh. sem tekur ákvörðun um það.

Ég hef lýst þeim fjölmenna fundi samtaka útivistarfólks í gær sem samþykkti áskorun um að þessu máli yrði frestað.

Það sem gerðist líka markvert í dag og ég nefndi ekki í inngangi ræðu minnar var að oddviti stærsta sveitarfélagsins í landinu, borgarstjórinn í Reykjavík, hefur látið þá skoðun sína í ljós, gerði það í hádegisútvarpi í dag, að það sé ósk borgarstjórans að þessu máli yrði frestað.

Þannig að fyrir því hafa verið færð full rök á þessum dögum sem við höfum rætt þetta frv., herra forseti, að fresta þessu máli. Ég fór fram á það í ræðu minni fyrr í dag af mestu hógværð að hæstv. umhvrh. flytti okkur við þessa umræðu rök um það hvað mælti á móti því að fresta málinu til haustsins, hvað í ferli þessa máls og framkvæmd hindraði það að hægt væri að fresta málinu. Ég hef ekki heyrt þau rök, herra forseti. Ég hélt satt að segja fyrst að það væri vegna þess að hæstv. umhvrh. ætlaði sér að staðfesta þær tillögur sem nú eru í vinnslu hjá miðhálendisnefndinni fyrir áramótin áður en skipulagsfrv. yrði samþykkt á þingi og áður en samvinnunefndin sem á að skipa samkvæmt frv., ef að lögum verður, ætti að hefja störf sem er um áramót.

Hæstv. umhvrh. hefur nú lýst því yfir að það verði ekki gert, að tillögur miðhálendisnefndarinnar verði ekki staðfestar fyrr en að samvinnunefndin hefur komið að málinu þannig að ekki eru það rök í málinu. En hver eru þá rökin fyrir því að ekki megi fresta málinu til haustsins til þess að ná víðtækri sátt um þessi mál? Við því vantar öll svör í þessum sal, herra forseti, og eftir þeim svörum er nú beðið.

Af því að hv. þm. Pétur Blöndal hefur afgreitt ræður okkar stjórnarandstöðuþingmanna sem kjaftæði þá er rétt að halda því til haga og láta það enn og aftur koma fram, að það er ekki bara sú sem hér stendur heldur margir aðrir, eins og fram kom í þeim umsögnum og ályktunum sem ég las í dag, sem líkja þessu máli, þeim leiðum sem á að fara varðandi stjórnsýsluna og hagnýtingarréttinn á miðhálendinu, við það hvernig fór með nytjastofnana á Íslandsmiðum sem eru sameign íslensku þjóðarinnar. En svo er nú þó komið að þar hefur orðið veruleg og mikil eignatilfærsla svo hundruðum milljarða skiptir til fárra í sjávarútvegi. Engu að síður stendur í lögum um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í frv. um þjóðlendur, sem væntanlega verður að lögum, stendur líka að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Herra forseti. Margir bera kvíða í brjósti fyrir því að eins geti farið um þessa auðlind og um auðlindina í hafinu og að verið sé að færa hana til ráðstöfunar, ekki eignar heldur til ráðstöfunar á fárra hendur, þ.e. ákvörðun um hvernig nýtingu hennar skuli háttað.

Af þeim greinum sem ég vitnaði til í dag finnst mér ein sú athyglisverðasta vera greinin sem skrifuð var af Ingva Þorsteinssyni náttúrufræðingi og Ólafi Arnalds náttúrufræðingi um beitarfriðun á miðhálendi Íslands. Þar segir orðrétt:

„Það eru fyrst og fremst auðnir miðhálendisins sem valda því að í dag er Íslandi lýst sem stærsta eyðimerkursvæði Evrópu."

Það er ekkert að sjá í þeim tillögum sem fyrir liggja af skipulagi miðhálendisins að með eðlilegum hætti eigi að taka tillit til sjónarmiða þeirra talsmanna sem tala fyrir því að beitarfriðun miðhálendisins verði fram til ársins 2015. Eða eins og Ingvi Þorsteinsson og Ólafur Arnalds segja:

„Við beinum því þeirri tillögu til samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands að hún stuðli að algerri beitarfriðun hálendisins til loka skipulagstímans, eða til ársins 2015.

Jafnframt skorum við á þá bændur og þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli að sýna þann stórhug að styðja þá tillögu að gefa miðhálendinu hvíld fyrir beit í hálfan annan áratug, eftir nær 1.100 ára óslitna beitarnotkun."

Þessu vildi ég halda vel til haga, herra forseti, án þess að vitna að öðru leyti til þeirrar ítarlegu greinar sem þar er skrifuð sem á virkilega erindi inn í þessa umræðu. Ég segi það hér og nú að ég deili áhyggjum mínum með þessum náttúrufræðingum sem hafa áhyggjur af beitarmálunum á miðhálendinu.

Þegar ég frestaði ræðu minni fyrir kvöldmat var ég í miðjum klíðum að fara yfir mjög athyglisverða grein frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni sem hann skrifaði 22. apríl, en hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur, eins og hér hefur komið fram, fylgt samvisku sinni og sannfæringu allt til þessa dags og vonandi til enda þessa máls. Sem oddviti í hópi stjórnarliða berst hann fyrir því að það verði eðlilegur aðgangur allrar þjóðarinnar að skipulagi hálendisins. Mér finnst sömuleiðis að grein sem oddviti okkar jafnaðarmanna í þessari umræðu skrifaði einnig í Morgunblaðið eiga erindi í þessa umræðu.

En ef ég held áfram með grein hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, sem ég var nú rétt að ljúka fyrir kvöldmatarhlé, þá heldur hann svo áfram, herra forseti:

„Skipulagssvæði það sem heppilegast er að skipulagsnefndin ætti að fást við er miðhálendi Íslands, sem markast af línu sem dregin er á milli heimalanda og afrétta. Þetta er í raun það svæði sem nú hefur verið unnið svæðisskipulag að og kynnt með rækilegum hætti. En í raun má vel hugsa sér að svæðið verði stærra. Að mörgu leyti væri rökrétt að svæðið næði yfir sem stærstan hluta af mögulegum orkuvinnslusvæðum landsins í vatnsafli og háhita. Þá erum við í raun ekki aðeins að tala um miðhálendið heldur einnig gosbeltin, en það eru einmitt gosbelti landsins sem hafa mest aðdráttarafl og útivistargildi. Ef mörk svæðisins yrðu endurskoðuð hvað þetta varðar þá yrðu fyrirsjáanlegar breytingar þær að við bættist í fyrsta lagi jaðarsvæði í Vestur-Skaftafellssýslu og í Skagafirði en á þessum svæðum eru allnokkur virkjanaáform. Í öðru lagi bættist við framhald gosbeltisins á Norðausturlandi, Gjástykki, Kröflusvæði, og á Suðvesturlandi, Þingvellir, Hengill, Bláfjöll og Reykjanesskagi að hluta. Vel mætti velta fyrir sér að ganga lengra og skoða hvort svæðisskipulag ætti að ná til víðfeðmra hálendissvæða á landinu utan miðhálendisins, þ.e. þau sem uppfylla ákveðna lágmarksstærð samanber skilgreiningu á ósnortnum víðernum sem nú er í smíði á vegum umhverfisráðuneytisins. Þá mundu bætast við svæði á borð við nokkurn hluta Snæfellsness, sérstaklega sá sem tengist miðhálendinu á Holtavörðuheiði, og í raun má skilgreina Snæfellsnes með nokkrum rökum sem hluta gosbeltanna. Þá má einnig nefna hálendi Vestfjarða, m.a. Glámuhálendið þar sem eru virkjanahugmyndir. Fleiri svæði koma til álita.

Skipulagsnefnd sú sem hér er rædd ætti að vinna svæðisskipulagið en aðalskipulagið og deiliskipulag verði áfram hjá sveitarfélögunum. Hins vegar verði valdsvið nefndarinnar víðtækt þannig að hún geri sem allra nákvæmasta skilgreiningu í landnotkun, skilgreiningu vega, húsa og annarra mannvirkja, skilgreiningu á friðun og sem víðtækustum rétti almennings til nota af landinu jafnframt að gæta jafnvægis milli náttúruverndarsjónarmiða og nýtingu auðlindanna. Augljóst er að sum svæði hálendisins þarf að skipuleggja

mun nákvæmar en önnur vegna náttúrufars og nýtingar. Slíkt skipulag þyrfti að vera í höndum skipulagsnefndarinnar.

Aðalskipulag sveitarfélaga innan marka hálendisins þarf að vera í samræmi við svæðisskipulagið sem skipulagsnefndin leggur fyrir og þarf það að vera í hennar verkahring að hafa eftirlit með samræmingu. Núverandi hálendisnefnd á að fá að ljúka sínu góða starfi en síðan taki nýja nefndin við og fái tækifæri til að fjalla um svæðisskipulagið áður en það er endanlega samþykkt. Á fjögurra ára fresti þarf síðan að meta hvort endurskoða eigi svæðisskipulag miðhálendisins."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Ég vitnaði áðan einnig til skeleggs málflutnings okkar oddvita jafnaðarmanna, Rannveigar Guðmundsdóttur. En málflutningur hennar í dag sem var mjög ítarlegur, mjög skynsamlegur, mjög málefnalegur. (**Gripið fram í:** En í gær?) Líka í gær, hv. þm. Hún fór líka í gær, og í dag, yfir einstakar greinar þessa frv. sem er mjög nauðsynlegt. Ég tel alveg nauðsynlegt, herra forseti, að vanda vel til verka í starfi okkar og ég tel að málflutningur hennar í þessu máli sé okkur jafnaðarmönnum til mikils sóma.

Hv. þm. verður að una því að ég ætla með mikilli ánægju að vitna í ágæta grein sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skrifar 29. apríl 1998, sem hún kallar „Atlaga að almannarétti." Og þetta er vissulega atlaga að almannarétti.

Ég ætla að grípa niður í örfáar setningar í hennar annars ágætu grein. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekkert getur réttlætt að lögbinda svo afdrifaríkt ákvæði. Það virðist ríkisstjórnin samt ætla að gera í bullandi ágreiningi við þjóðina. Þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðlendum hálendisins -- söndum, jöklum, hraunum og gróðurvinjum, á að vera sameign allrar þjóðarinnar og Alþingi ber að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins."

Herra forseti. Þetta finnst mér vera kjarnaatriði, að það er Alþingis, það er raunverulega skylda Alþingis í svona stóru máli að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Hver annar en Alþingi getur raunverulega gert það? Og áfram heldur þingmaðurinn:

„Alþingi ber einnig að tryggja að meiri hluti þjóðarinnar, eða þau 70% íbúa landsins sem búa á suðvesturhluta landsins, komi að stjórn og skipulagi þessa sameiginlega svæðis.

Fólkinu í landinu þykir vænt um öræfi landsins og nýtir þau í æ ríkari mæli til gönguferða, útreiða, sleða- og skíðaferða. Menn sjá í öræfum landsins aukna möguleika til lífsfyllingar. Auðvitað er eðlilegra að fleiri en íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu standi að mótun og skipulagningu þessa svæðis. Allir landsmenn verða að geta treyst því að almannaréttur ráði ferðinni, t.d. réttur almennings til umferðar um landið, en ekki hagsmunir einstakra sveitarfélaga. Landeigendur og sveitarfélög hafa í mörgum tilvikum beitt útivistarfólk valdi og þrengt að ferðaþjónustunni."

Þarna höfum við reynsluna. Og hv. þm. kemur einmitt inn á það að landeigendur og sveitarfélög hafi í mörgum tilvikum beitt útivistarfólkið valdi og þrengt að ferðaþjónustunni:

„Að mati margra hafa árekstrar af þessu tagi aukist hin síðari ár með meiri umferð utan byggða. Tillaga um skiptingu miðhálendis milli fárra sveitarfélaga er gróf atlaga að almannarétti í þessu landi. Í þessu felst ekkert vantraust á sveitarfélögin enda hafa jafnaðarmenn verið frumkvöðlar í að efla sveitarfélögin með flutningi valds frá ríki til sveitarfélaga varðandi málefni sem snúa að sveitarfélögunum sjálfum.

Nauðsynlegt er að skipulagning miðhálendisins byggist á heildarsýn svo gætt verði samræmis á öllu svæðinu en þann þátt geta einstök sveitarfélög ekki tryggt. Þær hugmyndir hafa heyrst að í farvatninu séu tillögur til að sætta ólík sjónarmið innan ríkisstjórnarflokkanna. Hugmynd um að skipa nefnd með fulltrúum landshlutasamtaka sem fjalla á um svæðisskipulag á miðhálendinu en ganga að öðru leyti þá leið sem frumvarpið leggur til, þ.e. að miðhálendið skiptist milli nærliggjandi sveitarfélaga sem fara með aðal- og deiliskipulagsrétt, er ekki nægjanleg aðgerð til að tryggja samræmt skipulag á miðhálendinu. Stjórnskipuleg staða svæðisskipulags er miklu veikari en aðalskipulag sem er eitt helsta stjórntæki sveitarstjórna til að koma sínum pólitísku áhersluatriðum í framkvæmd enda speglar aðalskipulag gjarnan framtíðarsýn stjórnvalda. Svæðisskipulag byggist á heimild en ekki skyldu og því er ætlað að verða leiðbeinandi við aðalskipulag hvers sveitarfélags. Svæðisskipulag kemur aldrei til með að takmarka heimild sveitarstjórna til aðalskipulags og því síður deiliskipulags. Það eru því ólík sjónarmið og mismunandi hagsmunir einstakra sveitarfélaga sem munu ráða ferðinni á miðhálendinu í framtíðinni."

Það er einmitt það sem menn óttast, það eru þessir mismunandi hagsmunir einstakra sveitarfélaga, að þeir muni of mikið ráða ferðinni. Árekstrarnir verði margir og það kemur aftur og aftur fram í umsögn eftir umsögn um þetta mál.

„Mikill hluti auðlinda þjóðarinnar liggur á hálendi Íslands og engin stefna hefur verið mótuð um nýtingu þessara auðlinda. Stefnumörkun í orkumálum, svo sem ákvörðun um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku, sem og stefna í ferðamálum á miðhálendinu og ákvörðun um staðsetningu þjóðgarða, hefur ekki verið mótuð af yfirvöldum. Sem dæmi um hvaða verðmæti eru á ferðinni er orkuþátturinn sem menn eru að fjalla um álíka að verðmæti og öll íslensku fiskimiðin eru í dag. Þetta eru allt verkefni sem færðust yfir til sveitarfélaganna við skipulagningu hálendisins. Vegalagning, mannvirkjagerð, afmörkun virkjunarsvæða, verndunarsvæða og ákvörðun um þjóðgarða eru þættir sem ákvarðaðir verða í aðalskipulagi sveitarfélaganna svo og uppgræðsla landsvæða, beitarafnot, umferð yfir viðkvæm svæði og svo framvegis. Þetta eru verkefni sem snúa að landinu öllu og engin rök til þess að fámenn sveitarfélög fari með ákvörðunarvald á þessu sviði.

Stundum hefur nálægð sveitarfélags við öræfi landsins, sérstök þekking heimamanna eða langvarandi nýting þeirra á svæðinu verið notuð sem rök fyrir því að staðbundin stjórnvöld væru betur en aðrir til þess fallin að fara með stjórn þessara svæða. Þetta er ekki rétt því stór hluti þeirra svæða sem frumvarpið gerir ráð fyrir að skipt verði upp milli þeirra er oft í órafjarlægð frá viðkomandi sveitarfélögum. Um er að ræða víðfeðm svæði sem lítil sem engin umferð hefur verið um frá upphafi byggðar og er vert að nefna í því sambandi allt Ódáðahraunið, svæðið norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðin fyrir norðan Tungnaárjökul svo og alla jökla landsins, þar með talin sjálfan Vatnajökul."

Það er einmitt sérstakt að hæstv. félmrh. hefur iðulega haldið því fram að stjórnsýsla sveitarfélaga næði til alls landsins nema til jöklanna. Það er auðvitað ekki rétt, samanber það sem ég var að vitna í hér hjá hv. þm.

„Þessir hlutar landsins opnuðust mönnum ekki fyrr en

um miðbik þessarar aldar og þá fyrir tilstilli áhugamanna um útivist enda eru örnefni á þessum stöðum sjaldan eldri en hálfrar aldar gömul. Bændur nýttu þessi svæði ekki og lítil sem engin umferð var um þessi víðfeðmu svæði, enda engar þekktar þjóðleiðir. Það er því hvorki þekking sveitarfélaganna á þessum svæðum, nálægð við þau né langvarandi nýting umfram aðra sem rökstutt getur kröfu þeirra um algjör umráð óbyggðanna. Þvert á móti hefur áhugafólk um útivist úr þéttbýlinu verið hvað ötulast við að nýta þessar víðáttur. Langvarandi heimild til búfjárbeitar á afréttum skapar heldur engan eðlilegan grundvöll að stjórnsýsluyfirráðum í nútímaskilningi enda er það óeðlilegt að afréttarrétthafinn sjálfur fari með þann þátt skipulagsmála sem ákvarðar t.d. gróðurvernd sem felst í beitarfriðun.

Við jafnaðarmenn höfum lagt til á Alþingi að miðhálendið verði sérstök stjórnsýslueining sem lýtur einni stjórn með aðkomu fulltrúa allra landsmanna. Í tillögunni er miðað við að mörk þess verði dregin milli heimalanda og afrétta en um þau mörk hefur náðst samstaða hjá sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu.

Það er afdráttarlaus skoðun jafnaðarmanna að líta beri á miðhálendið sem eina stjórnsýslu- og skipulagslega heild undir einni landskjörinni stjórn með aðkomu sveitarfélaganna."

Herra forseti. Ég tel að í þessari grein sem ég var að vitna í frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur hafi skýrt verið dregin saman helstu sjónarmið sem teflt hefur verið fram og rökum hjá þeim sem tala fyrir því að fresta nú þeirri afdrifaríku ákvörðun sem stjórnarliðar ætla að knýja gegnum þingið.

Ég verð að segja það, herra forseti, að maður opnar vart tölvupóst sinn að ekki hafi borist áskorun frá fólki og náttúruverndarsamtökum sem núna eru raunverulega að sjá alvöru þessa máls, þar sem eindregnum tilmælum er beint til okkar þingmanna að fresta þessari ákvörðun. Í þessu stutta matarhléi bárust ein örstutt skilaboð í tölvu mína, en þau segja mikið. Þau eru frá einum borgara sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sem náttúruunnanda og Reykjavíkurbúa hryllir mér við lagafrumvörpum um ráðstöfun þess sem fyrir þingi liggja. Miðhálendi Íslands er óskorinn demantur og samkvæmt frumvörpum stjórnarliða skal hann sorfin í smátt. Brot er einskis virði samanborið við ósnortna heild."

Ég tel, herra forseti, að þessi fáu orð segi nokkuð mikið.

Ég fer hvað úr hverju, herra forseti, að ljúka tilvitnunum í athyglisverðar greinar og ályktanir sem fram hafa komið um þetta mál. Þó á ég eftir örfáar. Þá mun ég taka til við að fara yfir örfáar greinar frv., alls ekki allar vegna þess að þeim hafa verið gerð mjög ítarleg skil bæði af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Ögmundi Jónassyni. En í leiðara í DV, í gær held ég, er því einmitt lýst hvaða vandamál geti skapast í þeirri leið sem stjórnarliðar ætla að keyra í gegn nú og vil ég vitna til þess, með leyfi forseta:

„Íbúar Reykjavíkur og Reykjaness eiga á hættu að verða útilokaðir frá áhrifum á stjórn miðhálendisins. Í því felst ranglæti sem enginn getur varið með rökum. Tillaga um þetta liggur þó fyrir Alþingi í umdeildu frumvarpi félmrh.

Frumvarpið felur ekki í sér vott af skilningi á hinum sjálfsagða rétti meiri hluta þjóðarinnar sem býr í þéttbýli suðvesturhornsins til að taka þátt í að stýra helstu gersemi þjóðarinnar. Þeir eru fullkomlega sviptir öllum möguleikum til þess.

Í staðinn er lagt til að mörk sveitarfélaganna verði framlengd inn á miðhálendið. Sveitarfélög sem að því liggja eru um 40 talsins. Miðhálendinu verður því skipt í 40 litlar ræmur. Sérhvert sveitarfélaganna 40 fer með stjórnsýsluna á sinni ræmu. Í framkvæmd mun þetta fáránlega kerfi reynast illa.

Ranglætið gagnvart íbúum þéttbýlisins verður enn nöturlegra þegar íbúafjöldi sveitarfélaganna 40 er skoðaður. Í þeim búa samtals aðeins um 4% þjóðarinnar. Þeim á eigi að síður að færa ráðstöfunarrétt á óbyggðu landflæmi sem nær yfir liðlega 40% af Íslandi.

Þröngir hagsmunir hinna smáu sveitarfélaga rekast í mörgum tilvikum á hagsmuni almennings. Það er því veruleg hætta á að hagsmunir útivistarfólks af þéttbýlissvæðunum verði bornir fyrir borð. Við höfum þegar fengið forsmekkinn af því. Svínavatnshreppur bókstaflega rak Ferðafélag Íslands burt með ferðamannaskála sem félagið hafði haft um áratugi."

Herra forseti. Þetta er einmitt eitt af áhyggjuefnum fólks. Það er yfirgangur þeirra sveitarfélaga sem þarna hafa átt hlut að máli og þarna er Svínavatnshreppur nefndur sem dæmi. Menn eru hræddir um að fólk fái ekki eðlilegan aðgang að þessum svæðum og það fái ekki að taka þátt í ráðstöfun og skipulagningu þeirra. Áfram segir hér:

„Í veruleikanum mun þetta fyrirkomulag einnig skapa fjölmörg vandamál sem verður erfitt að leysa. Verði t.d. ráðist í virkjun á hálendinu getur það snert 10–12 sveitarfélög. Framkvæmdum af þeim toga fylgja gríðarlegir hagsmunir fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Staðsetning mannvirkja, lagning lína og vega, að ógleymdum miðlunarlónum, getur haft mikil fjárhagsleg áhrif fyrir örsmá sveitarfélög. Deilurnar sem ólíkir hagsmunir kunna að skapa eru því líklegar til að seinka eða tálma framkvæmdum. Hver á að setja þær niður?

Íbúar Reykjavíkur og Reykjaness nota miðhálendið í vaxandi mæli til útvistar, jafnt vetur sem sumar. Það er að stærstum hluta einskis manns eign. Hvernig er þá hægt að réttlæta að þessi mikli meiri hluti þjóðarinnar fái ekki að koma að ráðstöfun hálendisins?

Smyrslið sem á að bera á sárin felst í þjóðlendufrumvarpi forsætisráðherra. Samkvæmt því á að slá eign þjóðarinnar á þá hluta miðhálendisins sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á. Hvað gagnar það þjóðinni að eiga miðhálendið í orði kveðnu ef hún fær ekki að ráða yfir því?

Sporin hræða. Þetta fyrirkomulag er sláandi líkt yfirráðum yfir fiskinum í sjónum. Hann er að sönnu „eign" þjóðarinnar lögum samkvæmt. En ráðstöfunarrétturinn er í höndum örfárra manna sem fara með auðlindina eins og þeir eigi hana. Nú er lagt til að hálendið fari sömu leið.

Réttlætisins er best gætt ef stjórnsýsla miðhálendisins verður sett í hendur sérstakrar landsnefndar. Þá gætu allir fulltrúar þéttbýlis sem dreifbýlis komið að stjórn þess. Það er hin sanngjarna niðurstaða. Hún felur í sér að engum er úthýst. Hún gerir öll sjónarmið jafngild.

Það er einfaldlega óverjandi að svipta íbúa sveitarfélaga sem liggja ekki að miðhálendinu rétti til að hafa áhrif á stjórn þess. Hálendið er gersemi sem við eigum öll saman og eigum að fá að stjórna saman."

Ég vil ekki láta hjá líða, áður en ég lýk þessum lestri, að vitna í hluta af ágætri grein sem Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, skrifar. Einn kafli þeirrar

greinar er undir yfirskriftinni „Þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness, takið eftir!“

„Fyrir nokkrum mánuðum skilaði samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins áliti sínu. Flestir nefndarmenn voru fulltrúar sýslna sem land eiga að miðhálendinu. Reykvíkingar, Reyknesingar og Vestfirðingar áttu ekki þar fulltrúa. Í greinargerð nefndarinnar er gert ráð fyrir því að stjórnsýslan á svæðinu eigi að vera í höndum sveitarfélaganna sem að hálendinu liggja.

Sami andi er í frumvarpi til laga sem félagsmálaráðherra lagði fram um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Þetta frumvarp hefur enn ekki hlotið afgreiðslu í þingi. Í frumvarpinu segir m.a.:

„...staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendinu, verði framlengd inn til hálendisins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum.“ Í stuttu máli; miðhálendið, sem nú er að mestu almenningur, skuli hvað stjórnsýslu varðar falla undir nokkur sveitarfélög landsins þar sem innan við 30% þjóðarinnar býr. Þá á að útiloka mikinn meiri hluta þjóðarinnar frá öllum ákvörðunum um landnýtingar og stjórnsýslu á miðhálendinu. Íslenskir veiðimenn hafa slæma reynslu af afskiptum sveitarstjórnarmanna að málum er snerta landsréttarmál og nýtingar náttúrunnar.

Sveitarfélög á Austurlandi útvega veiðiheimildir til veiða á hreindýrum. Samkvæmt 8. gr. reglna um stjórn hreindýraveiða getur sveitarfélag valið eftirfarandi leiðir við ráðstöfun veiðiheimilda sinna:

a. Ráðið skyttu til veiða upp í heimildir.

b. Skipt veiðiheimildum milli íbúa sveitarfélags með hliðsjón af ágangi hreindýra.

c. Þriðja lagi afhent hreindýraráði veiðiheimildir sínar til sölu á almennum markaði.

Dæmi eru um að hreppsnefndir hafi úthlutað einum ákveðnum manni meiri hluta þeirra dýra sem komið hafa í hlut hreppsins, þ.e. atvinnuveiðimanni, sem verður að teljast afar vafasamt frá siðrænu sjónarmiði.

Þá hefur verið óánægja með það þegar arði af hreindýraveiðum hefur verið skipt á milli íbúa sveitarfélagsins með hliðsjón af ágangi hreindýra. Hreindýrin eru eign íslensku þjóðarinnar. Vitaskuld á að fela hreindýraráði að selja allar veiðiheimildir til veiða á hreindýrum á almennum markaði — annað er hið megnasta óréttlæti.

Varðandi miðhálendið er ekki annað viðunandi fyrir íbúa Reykjavíkur, Reykjaness og Vestfjarða en Alþingi lýsi því yfir með löggjöf að miðhálendið sé sameign allrar þjóðarinnar og þar með allar auðlindir og náttúruperlur sem þar eru. Þingmenn Reykjavíkur, Reykjaness og Vestfjarða geta því með engu móti stutt frumvarp félagsmálaráðherra til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, þ.e. að fela 40 sveitarfélögum stjórnsýslu hálendisins. Annað eru hrein svik við kjósendur.“

Þetta voru orð Sigmars B. Haukssonar.

Ég hef, herra forseti, vitnað nokkuð til ýmislegs sem fram hefur komið frá náttúruverndarsamtökum í máli mínu. Náttúruverndarráð hefur látið ýmislegt athyglisvert frá sér fara í þessu máli og hefur gert mjög margar athugasemdir við það sem fram hefur komið en þeir segja hér í grein í Morgunblaðinu:

„Fyrr á þessu ári voru kynntar tillögur um svæðisskipulag á miðhálendi Íslands sem íslensk stjórnvöld hafa látið vinna. Þar birtast áætlanir um framtíðarnýtingu þessa stórbrotna landsvæðis til ársins 2015. Miðhálendi Íslands hefur að geyma ýmsar merkustu náttúruperlur landsins og þar eru því miklir hagsmunir allra landsmanna í húfi. Samvinnunefnd um svæðisskipulag hálendisins og skipulagsstjóri ríkisins hafa auglýst tillögurnar og boðið þjóðinni að tjá sig um þær og skila athugasemdum við þær nú í haust.

Á sama tíma vinna íslensk stjórnvöld að því að bjóða fjölmörgum erlendum stóriðjuhöldum íslensk fallvötn, orkulindir og land undir virkjanir og orkufrekan iðnað. Meðal þeirra eru fallvötn sem alls ekki er gert ráð fyrir að virkja í tillögum að svæðisskipulagi. Enda mundu sumar þeirra virkjana stórspilla eða eyðileggja um alla framtíð einstæðar náttúruperlur, sem aldrei verður sátt um að fórna fyrir skammtímahagsmuni.

Þrátt fyrir gjörbreytt viðhorf til umhverfismála og alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga virðist skýrsla iðnaðarráðuneytisins: „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku“ frá árinu 1994 enn í fullu gildi, en þar er gerð grein fyrir „öllum helstu möguleikum sem fyrir hendi eru til að nýta vatnsaflið og háhitasvæði landsins til raforkuvinnslu“. Þótt þar sé viðurkennt að ekki hafi verið tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða er gefið í skyn að jafnvel innan þjóðgarða og friðlýstra svæða megi virkja.“

Ég ætla ekki að vitna meira í þessa grein þótt þar sé af ýmsu að taka en það er ljóst að að ýmislegu þarf að gæta í þessu sem ekki hefur verið gert varðandi þær svæðisskipulagstillögur sem liggja fyrir.

Svipuð sjónarmið koma fram frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Þau telja augljóst að hinar alvarlegu aðfinnslur Trausta Valssonar og Birgis Jónssonar séu reistar á rökum en tillagan um svæðisskipulag miðhálendisins nær ónýtur pappír sem gagnist engum hver sem afstaða viðkomandi kunni að vera til tillögunnar. Trausti og Birgir segja jafnframt að á fundum hafi höfundar skipulagsins ítrekað haldið því fram að lítið mál sé að breyta verndunarsvæðum í virkjunarsvæði síðar ef menn vilji það.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja einsýnt að Alþingi þurfi að kanna þetta mál strax og fá botn í hvort tillagan um svæðisskipulag miðhálendisins sé eitthvað sem þjóðin geti reitt sig á varðandi framtíðarumgengni við þessa miklu náttúrugersemi þjóðarinnar. Þetta er þeim mun brýnna í ljósi þess óréttar sem að er stefnt með frumvarpi félagsmálaráðherra til sveitarstjórnarlaga þar sem gert er ráð fyrir að lögsaga og skipulagsréttur yfir miðhálendinu færist í hendur liðlega 40 sveitarfélaga sem land eiga að miðhálendinu. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt munu pólitískir fulltrúar tæplega 4% landsmanna fara með lögsögu og skipulagsyfirráð um 40% af flatarmáli Íslands. Hér er um svo hróplegt óréttlæti að ræða að Alþingi hlýtur að hafna frumvarpinu óbreyttu.

Herra forseti. Ég hef lokið yfirferð minni um greinar og ályktanir sem fram hafa komið um þetta mál og tek nú til við að fara yfir athyglisverða skýrslu umhvrh. um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands, að því er tekur til skipulags- og byggingarmála. Þessi skýrsla var lögð fyrir 113. löggjafarþing 1990–1991. Í inngangi þessarar skýrslu segir:

„Í samráði við ríkisstjórnina ákvað umhvrh. í októbermánuði sl. að skipa sérstaka nefnd fulltrúa samkvæmt tilnefningu þingflokka, tiltekinna ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga til að undirbúa frumvarp til laga um tilhögun stjórnsýslu á hálendi Íslands og verndun þess.

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í nefndarstarfinu: Ágúst Guðmundsson, Landmælingum Íslands, Birgir Þorkelsson sam-

grn., Bryndís Brandsdóttir Kvennalista, Geir Gunnarsson Alþb., Gunnar Eydal, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Héðinn Sverrisson, Samtökum um jafnrétti og félagshyggju, Hjalti Zophóníasson, dóms- og kirkjumrn., Hjörleifur Guttormsson menntmrn., Hulda Jónsdóttir Borgaraflokki, Jóhannes Geir Sigurgeirsson Framsfl., Jón Höskuldsson landbrn., Páll Líndal umhvrn., formaður, Sigfús Jónsson Alþfl. og Stefán Thors, Skipulagi ríkisins."

Þarna er m.a. fulltrúi Framsfl. og í þessari skýrslu má lesa eftirfarandi:

„Til þess að bæta úr því ástandi sem nú er í skipulags- og byggingarmálum, kom fram sú hugmynd að framlengja mörk sveitarfélaga sem að hálendinu liggja þannig að landinu öllu yrði skipt í sveitarfélög. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf. Mjög erfitt yrði að ákveða út frá hvaða sjónarmiðum ætti að framlengja, enda mörkin milli sveitarfélaga víða óljós og umdeild. Ekki tæki betra við þegar kæmi að því að ákveða efri mörk á öræfa- og jöklasvæðum."

Það eru ekki mörg ár, herra forseti, síðan þessi skýrsla var lögð fyrir þingið m.a. með aðild Framsfl. sem kom að þessu máli. Þar er greinilega varað við því, herra forseti, að fara þá leið sem stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl. stefna nú að. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf, segir í skýrslunni.

Ég hygg, herra forseti, að það sé ansi mikið til í því sem þarna kemur fram. Menn ættu kannski að dusta rykið af þessari skýrslu, lesa hana yfir og athuga hvort ekki fyndist ýmislegt nytsamlegt í henni. Hún gæti jafnvel haft áhrif til þess að breyta sjónarmiðum ýmissa fulltrúa stjórnarliðanna sem virðast vera með tappa í eyrunum þegar reynt er að tala skynsamlega í þessu máli. Þeir hlusta ekki á nein rök. Látum nú vera þó þeir hlusti ekki á okkur stjórnarandstæðinga en öll þessi fjölmennu útivistar-, umhverfis- og ferðasamtök, það er alveg sama hvað þau segja. Það er alltaf tappi í eyrunum á þessum stjórnarliðum. Þeir virðast heillum horfnir og ætla sér með góðu eða illu að keyra þetta mál í gegn þó þeir viti innst inni að stór hluti þjóðarinnar fylgir þeim ekki í þessu máli. Ég held bara að það sé nú á síðustu dögum og vikum að þjóðin er að vakna upp við það sem er að gerast í þinginu.

Engan þarf að undra, herra forseti, að menn horfi til þess hvernig farið hefur verið með auðlindina í hafinu og horfi til þess með ugg í brjósti að svipað geti gerst með miðhálendið. Við biðjum aðeins um að reynt verði að ná sátt í málinu og til þess verði gefnir örfáir mánuðir. Það er mun betra fyrir stjórnarliðana, stjórnarandstæðinga og þjóðina í heild að þannig sé haldið á málum.

Af því að ég var að vitna í þessa skýrslu frá frá 113. þingi um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands þar sem varað er við þeirri leið sem hér á að fara, þá er ágætt að halda líka til haga frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands sem flutt var af Eiði Guðnasyni. 1. gr. þess hljóðar svo:

„Miðhálendi Íslands er sérstakt umdæmi að því er tekur til skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarmála samkvæmt byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, en með þeim frávikum sem greinir í þessum lögum.

Ég vitnaði til þess fyrr í dag, herra forseti, að einn stjórnarliða sem við 1. umr. þessa máls var á allt annarri skoðun heldur en nú hefur komið á daginn vitnaði, í rökum sínum í Morgunblaðinu, til þessa frv. frá 1991–1992, um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands, og sagði orðrétt. Þá kvaðst hún vera sammála þeirri lausn sem sett var fram í frv. sem Eiður Guðnason fyrrv. umhvrh. flutti á sínum tíma.

Nú hefur þessi hv. þm. breytt um skoðun og út af hverju? Út af frv. sem umhvrh. hefur kynnt í þinginu og felur í sér að af 18 fulltrúum eiga sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu að hafa 12, 95% þjóðarinnar fjóra fulltrúa. Það er allt réttlætið. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir var á annarri skoðun fyrir nokkrum vikum og taldi þá leið sem Eiður Guðnason talaði fyrir á árinu 1991–1992 mjög skynsamlega.

Það sem einnig hefur vakið furðu mína í umsögnum um þetta mál er umsögn stjórnar SSH, að vísu ekki um þetta mál, heldur um þjóðlendur. Í þeirri umsögn kemur fram að sveitarfélögum nægir greinilega ekki að stjórnsýslan skiptist alveg á milli sveitanna og jöklarnir og allt það sem við höfum farið í gegnum, heldur segja þeir um frv. til laga um þjóðlendur, með leyfi forseta, nokkuð athyglisvert:

„Í þessu frv. er um mestu eignaupptöku Íslandssögunnar að ræða ef frá er talin upptaka konungsvaldsins á kirkjujörðum eftir siðaskipti."

Þarna er verið að fjalla um frv. um þjóðlendur. Síðan segja þeir:

„Samkvæmt frv. verður skipuð sérstök nefnd, óbyggðanefnd, á vegum forsrn. til að kanna eignarhald og úrskurði í kjölfarið um eignarrétt einstaklinga, félaga eða annarra á hálendinu."

Hvað leggja þeir til í staðinn? Hvað á að koma í staðinn fyrir þessa mestu eignaupptöku Íslandssögunnar, ef frá er talin upptaka konungsvaldsins á kirkjujörðum eftir siðaskiptin, þ.e. eins og er í þjóðlendufrv. sem lýsir því yfir að miðhálendið sé sameign þjóðarinnar? Þeir tala um að þau ákvæði þjóðlendufrv. sem kveða á um ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í einkaeignarrétti muni leiða til mestu eignaupptöku Íslandssögunnar.

Þess í stað segja þeir að til greina kæmi að færa þessar þjóðlendur undir sveitarfélög sem land eiga að hálendinu og skjóta þar með enn frekari stoðum undir byggð sem víðast á landinu. Mér finnst þetta alveg furðuleg tillaga og með ólíkindum að þetta komi fram. Í þessu máli hefur margt sérkennilegt komið fram og þetta er eitt af því.

Ég vil, herra forseti, áður en ég fer í örfáar greinar, aðrar en þær sem helst hafa verið í umræðunni um frv. félmrh., víkja að þeim tillögum sem minni hluti félmn., sem Rannveig Guðmundsdóttir skipar hefur flutt, í staðinn fyrir þá leið sem stjórnarflokkarnir vilja fara. Þar eru fluttar brtt. við 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Tillaga minni hlutans er svohljóðandi:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð utan miðhálendis Íslands sem verður sjálfstæð stjórnsýslueining sem lýtur sérstakri stjórn. Forsætisráðherra skipar níu manna stjórn miðhálendis til fjögurra ára að fengnum tilnefningum. Umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félagsmálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa. Forsætisráðherra skipar einn fulltrúa og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Miðhálendið markast af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, línu sem miðað var við í tillögum svæðisnefndar að skipulagi hálendisins frá 1997.“

Ég tel að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir færi í nefndaráliti minni hluta félmn. mjög sterk rök fyrir þeim brtt. sem hún flytur. Hún segir m.a. í sínu áliti eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það álitamál sem tekist er á um er í 1. gr. frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða þar sem nærliggjandi sveitarfélögum eru veitt öll völd á öræfum landsins. Jafnaðarmenn geta ekki fallist á að deila miðhálendinu þannig á milli sveitarfélaganna.

Víðerni Íslands eru dýrmæt auðlind sem er sameign allrar þjóðarinnar og Alþingi ber að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Þegar umræða í þjóðfélaginu fer fram um þá þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðernum hálendisins — söndum, jöklum, hraunum og gróðurvinjum — kemur skýrt í ljós að fólkið í landinu vill að hagsmuna allra sé gætt við ákvarðanir sem varða framtíð svæðisins.“

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur farið ítarlega yfir nefndarálitið og sé ég ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir því en hún gerir ályktun 90 virtra einstaklinga að lokaorðum sínum, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar teljum við undirrituð höfuðnauðsyn að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með mál þessi verður farið í framtíðinni.“

Herra forseti. Ég vil þá ljúka þessum kafla ræðu minnar og snúa mér í síðari hluta hennar að tveimur ákvæðum í þessu frv. Ég nefndi áður að þó ég vildi fara inn á ýmislegt í þessum 100 greinum sem hér eru til umræðu, þá hafa hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem sæti eiga í félmn., gert þeim það góð skil að ég skal ekki tefja tíma þingsins að þessu sinni til að fara yfir einstakar greinar þó að ... (Gripið fram í.) Ef hv. þm. kýs að ég fari yfir allar greinar þá er það auðvitað guðvelkomið. Ég er með skýringar á þessum greinum og umsögnum. Ef þingmaðurinn hefur ekki farið yfir þær, þá væri kannski rétt að fara yfir hverja og eina þessara greina. Það eru út af fyrir sig engin stórtíðindi í þessum greinum sem snúa að stjórnsýslu sveitarfélaganna.

Ég ætlaði aðeins að fara í tvær þeirra sem mér finnst skipta mestu máli. Herra forseti. Ég kemst kannski síðar að til að fara yfir einstakar greinar af því að ég hef heyrt að þess er óskað ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill leyfa sér að trufla hv. ræðumann með því að upplýsa að hér hefur verið farið yfir einstakar greinar frv. nokkuð oft í þessari umræðu, bæði við 1. umr. og síðar þannig að hv. þm. verður að meta það hvort hún vill bæta þar úr.)

Ég hef farið ítarlega yfir þær sjálf en mér fannst hv. stjórnarþm. Pétur Blöndal kalla eftir því. Við skulum vona að hv. þm. hafi þá hlýtt á mál hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

Herra forseti. Ég vil byrja á því að vitna til þess að fyrr á þessu þingi flutti ég ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur frv. sem er breyting á 109. gr. sveitarstjórnarlaganna og orðaðist svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðru sveitarfélagi nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir. Ef hins vegar um er að ræða þrjú eða fleiri sveitarfélög og tillaga samstarfsnefndar hlýtur meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. $^2/_3$ þeirra er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameiningu.“

Herra forseti. Eftir að þingmannafrv., sem ég vitnaði í, var lagt fram kom þetta frv. til sveitarstjórnarlaga fram og í 91. gr. þess var að finna nokkurn veginn sambærilegt ákvæði sem ég hafði flutt ásamt tveimur öðrum þingmönnum. Ég fagna auðvitað sérstaklega því ákvæði í þessu frv. en það er að finna í 91. gr. og þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 90. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. $^2/_3$ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. $^2/_3$ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.“

Ef þetta ákvæði verður samþykkt, sem ég var að vitna til í þessu stjfrv., þá tel ég að komið sé að verulegu leyti til móts við þau sjónarmið sem við flutningsmenn settum fram í frv. okkar á þskj. 84. Í því frv. var ítarleg greinargerð þar sem m.a. var farið inn á hve nauðsynlegt væri að stækka sveitarfélögin og færð fyrir því ýmiss konar rök en það kemur nokkuð á óvart í þessu frv., sem er heildarlöggjöf um sveitarfélögin, að lágmarksíbúatalan stendur óbreytt. Henni er ekkert breytt hér. Þar stendur: „Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.“ Þetta hefur staðið nokkuð lengi í þessari löggjöf. Það er einmitt vitnað til þess í umsögnum um greinina að þetta ákvæði sé tímaskekkja. Ég held að full ástæða sé til þess að taka undir það að ákvæðið sé í raun og sanni tímaskekkja. Hér er umsögn frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Áfram stendur ákvæðið um 40 íbúa lágmarkstölu. Vafasamt verður að telja að sveitarfélög sem fara undir þann íbúafjölda valdi þeim verkefnum sem lög bjóða og enn síður að takast á við fleiri verkefni sem fyrirhugað er að færa frá ríki til sveitarfélaga. Lágmarksíbúatalan verður því að vera hærri þó ekki sé nefnd ákveðin tala.“

Borgarbyggð segir um þessa grein að greininni verði breytt á þann veg að lágmarksíbúatala sveitarfélaga verði 400 í það minnsta. Akureyrarbær segir um þessa grein:

„Er ekki full ástæða til þess að breyta lágmarksíbúatölunni til hækkunar?“ Síðan er það Akranes sem segir: „Í VIII. kafla fyrirliggjandi frumvarps er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðuneytið skuli vinna að stækkun sveitarfélaga og í sama kafla er einnig fjallað um hvernig standa skuli að sameiningu sveitarfélaga. Ákvæði þessi eru nauðsynleg og mjög til bóta miðað við gildandi lög. Með vísan til þessara ákvæða verður að setja alvarlegan fyrirvara við 6. gr. frv. þar sem áfram er gert ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags verði 50 manns. Ákvæði þetta gengur þvert gegn tilgangi 88. gr. frv. og væri eðlilegt að miða stærð sveitarfélags við hærri íbúatölu. Slíkt er nauðsynlegt með tilliti til þeirrar þjónustu og starfsemi sem sveitarfélögum er falin með lögum.“

Í umsögn frá Djúpavogshreppi segir: „Miðað við verkefni og skyldur sem lagðar eru á sveitarfélög tel ég 50 manna

lágmarksíbúatölu ekki viðeigandi. Ég tel að mjög fámenn sveitarfélög sem sinna eiga þessum verkefnum sem þeim eru nú þegar falin samkvæmt lögum geti ekki rækt skyldur sínar. Meðal margra stjórnmálamanna hefur sú skoðun verið ríkjandi að með því að færa verkefni í ríkara mæli frá ríki til sveitarfélaga styrki það sveitarfélögin og efli dreifbýlið. Frá því að lágmarksíbúatalan 50 var sett inn í sveitarstjórnarlögin 1986 hefur orðið nokkur breyting á sveitarfélögum til stækkunar. Þó eru á milli 120 og 130 sveitarfélög enn með íbúatölu undir 1.000. Samkvæmt nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun um byggðaþróun kýs meiri hluti íbúa í sveitarfélögum með íbúatölu að 1.000 íbúum að búa í stærri samfélögum. Ég tel því að skýrslan endurspegli vilja fólksins til breytinga á þessu ákvæði. Því legg ég til að ákvæðinu um lágmarksíbúatölu verði breytt í 1.000."

Samband sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Ákvæði 6. gr. um að lágmarksíbúatala sveitarfélags sé 50 íbúar er tímaskekkja. Sveitarfélög sem nálgast þennan íbúafjölda eru ekki fær um að sinna lögboðnum verkefnum sveitarfélaga né heldur að taka við auknum verkefnum frá ríki. Nærri lægi væri að lágmarksíbúafjöldi væri ákveðinn 1.000 íbúar með hæfilegum aðlögunarfresti." Mörg sveitarfélög, sem hér er vitnað til og samtök þeirra, telja þetta ákvæði tímaskekkju og að eðlilegt hefði verið að huga að breytingum.

Að vísu er svo að verulegur árangur hefur náðst í sameiningu sveitarfélaga án þess að færa upp þessa íbúatölu. Það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá. Árið 1986 voru sveitarfélögin 223 en ég býst við að þau séu kannski um 125–130 í dag en þar af eru 35 sveitarfélög með íbúatölu undir 400. Ég minnist þess fyrir þó nokkuð mörgum árum að Samband sveitarfélaga ályktaði um að það skyldi færa upp íbúatöluna. Út af fyrir sig hef ekki gert neina tillögu um að gera það og gerði það ekki í tíð minni sem félmrh. Þá var ég að undirbúa átak í sameiningu sveitarfélaga sem skilaði ekki miklu þá þegar kosning fór fram en ljóst að sá undirbúningur og sú kosning sem þar fór fram hefur skilað sér þó síðar yrði og hugmynd mín var sú að sjá hverju fram yndi í þessu efni og hverju þetta mundi skila.

Það kemur fram í greinargerð með því frv. sem ég vitnaði til um breytingu á sveitarstjórnarlögum en ákvæði þess var tekið inn í þetta stjfrv. að það sé skoðun flutningsmanna að lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi eigi ekki að vera undir 1.000 til að skapa nauðsynleg skilyrði að flytja til þeirra fleiri verkefni og tekjustofna. Hvernig sem farið er yfir rök í því og raunverulega óþarfi að gera það, þá held ég að allir séu sammála um að mjög brýnt sé að stækka sveitarfélögin verulega og ekki síst núna þegar sveitarfélögin hafa fengið til sín grunnskólana sé þetta orðið mjög knýjandi verkefni.

Það er einu sinni svo að hlutfall sveitarfélaganna í samneyslunni, ef við berum okkur saman við Norðurlöndin, er langminnst hér á landi en aftur á móti er hlutur ríkisvaldsins stærstur hér á landi. Ef við tökum Ísland er ríkið með 14,35 sem hlutfall í samneyslunni en sveitarfélög 4,29. Annars staðar á Norðurlöndunum er þessu öfugt farið.

Út af fyrir sig er ekki ágreiningur um það, hvorki milli stjórnarflokkanna né stjórnarandstöðunnar, að stefna eigi að því að efla og stækka sveitarfélögin. Það er einmitt vitnað til þess í þessari greinargerð, þá erum við að tala um fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem menn hafa gegnum árin haft verulegar áhyggjur af, að á síðasta áratug fjölgaði Íslendingum um tæplega 28.000 manns en vegna mikilla fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins fjölgaði íbúum þar engu að síður um ríflega 28.000 en á landsbyggðinni einungis um 1.800 sem eru aðeins liðlega 6% af heildarfjölguninni. Það er öllum ljóst að framþróun atvinnulífs og aukin verðmætasköpun og til að standa undir velferðarþjónustu og tryggja fólkinu örugga atvinnu kallar á umbætur í sveitarstjórnarmálum, ekki síður en hjá ríkisvaldi, og stækkun og efling sveitarfélaganna stuðlar vissulega að því að treysta byggð í landinu og brjóta niður þær hindranir sem eru í atvinnuuppbyggingu og til að ná fram betra og hagkvæmara skipulagi sem og að skapa skilyrði fyrir meiri, betri og jafnari þjónustu við íbúana.

Engu að síður er ljóst að annars staðar á Norðurlöndunum þekkjum við þá sögu að ekki tókst að stækka og efla verulega sveitarfélögin nema með lögboði og ekki er ég að boða það hér. Vel má vera að okkur lánist það og skriðurinn sem hefur verið á sameiningunni gefur kannski vonir til þess að sveitarfélögin stækki og eflist án þess að til þurfi að koma einhver íhlutun frá þinginu um að lögbinda hærri lágmarksíbúatölu. Engu að síður er á margan hátt hægt að taka undir það að miðað við þróunina sem verið hefur stingur sú lágmarksíbúatala sem hér er nefnd, um 50 íbúar, mjög í augu. En ég geri ráð fyrir að menn láti hér kyrrt liggja engu að síður og sjái til hvort sá skriður sem er á sameiningarmálunum og hefur verið á undanförnum 10–15 árum haldi áfram. Auðvitað hefur verulegt átak verið gert þar þegar við erum að horfa upp á það að sveitarfélögunum hefur frá 1986, á 12–13 ára tímabili, fækkað um nærri 100. Það er náttúrlega ávinningur sem er ekki hægt að vanmeta og hefur alveg örugglega stórkostlega þýðingu fyrir landsbyggðina til lengri tíma litið þó að það sjáist kannski ekki strax. En þessir búferlaflutningar eru kannski eitt af því sem menn hafa verulegar áhyggjur af og um það hafa verið ritaðar ýmsar bækur og lagðar fram ýmsar tillögur hvernig styrkja megi stöðu landsbyggðarinnar, m.a. nýleg bók um búsetu á Íslandi, rannsókn á orsökum búferlaflutninga sem Stefán Ólafsson ritaði og ég held að Byggðastofnun hafi staðið fyrir. Markmið þeirra rannsókna var að leita skýringa á búferlaflutningum milli landshluta á Íslandi á síðustu árum og áratugum. Slíkar skýringar, eins og á er bent, geta verið gagnlegar vísbendingar um það hvaða aðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á framtíðarþróun búferlaflutninga í landinu. Ég ætla aðeins að vitna til örfárra atriða í samandregnum niðurstöðum í þessari bók en þar segir, með leyfi forseta:

„Við hönnun rannsóknarinnar var höfð hliðsjón af helstu kenningum sem fram hafa verið settar um viðfangsefnið erlendis og fyrri rannsóknum á þessu sviði hér á landi. Fyrirliggjandi gögn um fólksfjöldaþróun, búsetu, búferlaflutninga, atvinnuþróun og skyld atriði voru könnuð og að hluta borin saman við upplýsingar frá nágrannalöndunum. Þá voru framkvæmdar tvær sérkannanir vorið 1997 til þess að afla nýrra gagna til að varpa ljósi á tengsl búsetuþróunar og mats almennings í einstökum landshlutum á búsetuskilyrðum í eigin byggðarlagi. Sá þáttur rannsóknarinnar sem lýtur að athugun á tengslum búsetumats og búsetuþróunar felur í sér nýja aðkomu að viðfangsefninu, sem virðist veita afar öfluga skýringu á ólíkum mynstrum búferlaflutninga frá einum landshluta til annars.

Forsenda slíkra skýringa er sú, að hvað sem líður einstökum þáttum ytri skilyrða þá eru búferlaflutningar endanlega afleiðing ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna, sem byggist á mati og samanburði viðkomandi aðila á kostum og

göllum aðstæðna í upprunabyggð og hugsanlegum áfangastað. Heildarútkoma slíks mats á aðstæðum og kostum ræður niðurstöðunni um val á búsetustað. Einnig er hugsanlegt að um þvingaða búferlaflutninga geti verið að ræða, til dæmis vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna í heimabyggð. Líklegast er þó að búferlaflutningar sem eru afleiðing tiltölulega frjáls vals einstaklinga hafi verið ríkjandi á Íslandi um árabil. Það kemur meðal annars fram í því, að fólk hefur flutt í miklum mæli frá landsvæðum þar sem atvinnuástand hefur verið gott og meðaltekjur yfir landsmeðaltali. Val á framhaldsmenntun felur oft í sér meðvitað val á starfsferli sem stýrir þar með búsetu að nokkru leyti. Í slíkum tilvikum er frekar um frjálst val að ræða en þvingaðan flutning.

Í nágrannalöndunum hafa búferlaflutningar breyst á undanförnum áratugum. Fram til um 1970 var víða aukning á streymi fólks frá jaðarsvæðum til þéttbýlli staða og stórborga. Eftir það hægði sums staðar á búseturöskuninni, til dæmis í Skandinavíu, Finnlandi og Bretlandi, og fólk tók að flytja í vaxandi mæli frá stórborgunum til smærri þéttbýlisstaða og dreifbýlis, oft í nánd við stórborgirnar."

Síðan er spurt og sagt, herra forseti:

„Það er því athyglisverð spurning hvort vænta megi aukinna búferlaflutninga frá höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, til dæmis til smærra þéttbýlis eða dreifbýlis sem er innan seilingar við höfuðborgarsvæðið."

Fram kemur einnig að íbúar smæstu staðanna á landsbyggðinni eru almennt óánægðastir með búsetuskilyrði sín og margir þeirra segjast helst vilja búa í fjölmennara byggðarlagi. Þessa samantekt, sem ég hef ekki tíma til þess að lesa ítarlega, tel ég um margt mjög athyglisverða til þess að meta þróun búsetu á Íslandi. Hér stendur líka, herra forseti:

„Þrátt fyrir fámennið í landinu býr minni hluti Íslendinga í dreifbýli en er annars staðar á Norðurlöndum, um 9% hér á móti 15–26% í hinum löndunum. Það er þrátt fyrir það að stærri hluti vinnandi manna starfar hér við landbúnað en er í hinum löndunum.

Vægi höfuðborgarsvæðisins er mikið hér á landi, en þar býr um 58% af þjóðinni, en á hinum Norðurlöndunum er vægi þéttbýlis með 50.000 eða fleiri íbúa aðeins frá 31–39%. Höfuðborgirnar á Norðurlöndum hýsa frá 17% til 26% íbúanna í viðkomandi löndum. Íslendingar búa því í meiri mæli í þéttbýli en nokkur hinna frændþjóðanna á Norðurlöndum.

Frá 1990 hefur tap landsbyggðarinnar á Íslandi aukist umtalsvert, þannig að í sundur hefur dregið með Íslandi og frændþjóðunum í þessum efnum á síðustu árum. Sérstaða búferlaflutninganna frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis hér á landi er því mikil."

Það er einnig athyglisvert sem hér stendur, af því að við þurfum kannski einhvern tíma síðar í þessum mánuði að ræða húsnæðismálin, og það skulu vera mín lokaorð úr þessari gagnmerku bók, með leyfi forseta:

„Umtalsverður hluti Vestfirðinga telur stöðu húsnæðismála í byggðarlagi sínu hafa versnað." Það er nokkuð athyglisvert þar sem Vestfirðingar hafa fengið drjúgan hluta af félagslegum íbúðum til sín og þar hefur ekkert verið byggt nema félagslegar íbúðir. Síðan segir: „Á höfuðborgarsvæði og Suðurnesjum skynja menn frekar framfarir á þessu sviði á tímabilinu."

Þó það sé freistandi, herra forseti, að fara nánar út í þróun búsetu á Íslandi en ég hef hér gert með tilliti til þessarar 50 íbúa tölu í frv. og hvernig við getum styrkt sveitarfélögin á landsbyggðinni, þá ætla ég ekki að gera það. Hæstv. félmrh. hefur ekki sést í þingsalnum, alla vega síðan um kvöldmat. Nú veit ég ekki hvort hann er í húsinu. Ég hefði viljað fara nokkrum orðum um framkvæmd verkefna sem hefur kannski farið heldur hljótt um og tengjast sveitarfélögunum mjög mikið, þ.e. hvernig reynslan er af framkvæmd verkefna um reynslusveitarfélög.

Þau lög voru samþykkt 1994 og í þeim sagði að félmrh. skyldi hlutast til um að árlega væru lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan skyldi lögð fram vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að á því þingi sem kannski lýkur á næstu vikum hafi enn komið fram þessi árlega skýrsla sem hæstv. félmrh. á að leggja fram um reynslusveitarfélög, en þau eru einmitt tilkomin til þess að unnt sé að leggja mat á flutning ýmissa verkefna, stærri og smærri verkefna, til sveitarfélaganna eins og í húsnæðismálum, öldrunarmálum, heilbrigðismálum, skólamálum og málefnum fatlaðra. Ég sé mér til nokkurra vonbrigða að á síðustu skýrslu sem hæstv. ráðherra lagði fram um reynslusveitarfélög er út af fyrir sig mjög lítið að græða. Ef menn hafa farið yfir verkefnasvið og sjálfsstjórn sveitarfélaga þar sem reynt er að efla sjálfsstjórn sveitarfélaganna og taka verkefni frá ríkinu þannig að stjórnsýslulega séu sveitarfélögin ekki eins háð ríkinu og þau hafa verið í ýmsum málaflokkum, þá ætti að vera komin einhver reynsla á það þannig að ráðherrann hefði getað gert okkur grein fyrir því í skýrslunni sem hann flutti í fyrra hvernig reynslan er af flutningnum til þessara sveitarfélaga. Það er mjög áhugavert að vita hvernig þetta hefur reynst í ýmsum málaflokkum, t.d. á Akureyri, hvað varðar málefni fatlaðra og í Vestmanneyjum sem menn samþykktu að taka að sér það verkefni. Minnist ég þess þá, herra forseti, að flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga úr málaflokknum fatlaðir átti að verða núna um næstu áramót. Ég veit ekki hvort af því verður en samkvæmt lögum á það að vera um næstu áramót. Það hefði verið mjög gagnlegt að fá einhverja vitneskju um hvort það frestast.

Í síðustu skýrslu sem ráðherrann lagði fram eru aðeins listuð upp þau sveitarfélög sem hafa tekið að sér reynsluverkefni og eru flokkuð sem reynslusveitarfélög með ákveðin ný viðfangsefni á sinni könnu. En þar er einungis getið um samþykkt verkefni sem hefur tekist þá samkomulag um og hins vegar verkefni sem hefur verið fallið frá og ekki náðst samstaða um. Síðan er lítið getið um það hvernig reynslan af þessu er.

Ég held að margir hafi kannski ekki gert athugasemdir við það í fyrra — ég gerði það a.m.k. ekki, herra forseti, en var þó að vonast til þess — að í þeirri skýrslu sem ég hélt að ráðherra mundi leggja fram á þessu þingi yrði nánar farið yfir það fyrir þingið og þingmenn hver reynslan af þessu er. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra um það. Þó skal ekki gera kröfu um að hann verði hér í salnum. Hann svarar því þá við 3. umr., ef ég fer aftur inn á það, hvort vænta megi þessarar skýrslu.

Skýrslan var mun ítarlegri þegar hún var flutt hér 1995, væntanlega þá af páv. félmrh. Rannveigu Guðmundsdóttur en í henni var farið nokkrum orðum um undirbúning þessara tilrauna og næstu skref í málinu.

Ég taldi rétt, herra forseti, að tengja þetta við þessa umræðu sem ég vildi aðeins fara inn á vegna þess, eins og ég sagði, að það stingur nokkuð í stúf að hafa þessa tölu

hér. Ég er alls ekki að gera tillögu um breytingar en vildi þó að menn hefðu betur hugað að þessu. Það væri fróðlegt að vita hvort þetta hefði eitthvað verið rætt í hv. félmn. Ég segi enn og aftur að á þessum málum er verulegur skriður og því má vera að menn telji þess vegna ekki ástæðu til að gera neinar breytingar á og vilji hinkra enn um sinn og sjá hverju fram vindur. En auðséð er og ætti náttúrlega að vera öllum ljóst að viðfangsefni eins og grunnskóli, nema það sé þá samvinnuverkefni, eru litlum sveitarfélögum auðvitað ofvaxin.

Herra forseti. Ég hef talið ástæðu til að fara nokkuð ítarlega yfir það frv. sem hér er til umræðu, ekki síst þau umdeildu atriði, þau umdeildu stóru mál sem hér hafa verið rædd á síðustu dögum og verða væntanlega áfram. Ég get út af fyrir sig, herra forseti, ekki séð nein merki þess, hvað sem síðar verður á þessu kvöldi eða næstu daga þegar við ræðum þessi mál, að stjórnarliðar ætli nokkuð að hreyfa sig í þessu máli eða koma til móts við sjónarmið okkar stjórnarandstæðinga og ekki þó aðeins sjónarmið okkar heldur alls þess fjölda sem fyrir utan þinghúsið er og horfir stíft hingað til þingsins í von um að stjórnarliðar verði við þeirri sanngjörnu ósk og bón sem komið hefur um frestun þessa máls á hv. Alþingi.

Það skulu verða mín lokaorð eins og upphafsorð mín voru eftir hlé, að ég tel það ekki boðlegt einstökum stjórnarliðum að afgreiða þá ítarlegu og málefnalegu umræðu sem hér fer fram með þeim orðum að hér sé um eitthvert kjaftæði að ræða og bið ég þá sem því halda fram að athuga það að með því eru þeir að afgreiða bón þeirra sem fyrir utan þetta þinghús eru, þeirra stóru hópa í umhverfismálum, útivistarmálum og ferðamálum sem færa fyrir sínum sjónarmiðum mikil og sterk rök sem við höfum flutt í þingsali, þá eru þessir sömu þingmenn um leið að afgreiða þessi samtök sem best þekkja til þessara mála að þeir fari bara með kjaftæði og það er ekki boðlegt þessu þingi, herra forseti, þegar við fjöllum um svo stórt mál og öllu máli skiptir hvernig við höldum á því fyrir framtíðina og komandi kynslóðir.

Ég vona að við berum gæfu til þess að ná saman um það áður en þessu þingi lýkur að fresta þessu mikilvæga máli og reyna, eins og stjórnarliðar og stjórnarandstaða ættu að gera í svona stóru máli, að ná góðri sátt um það sem tryggir frið úti í þjóðfélaginu en leiðir ekki til ófriðar og árekstra eins og margir umsagnaraðilar boða að geti gerst ef hv. stjórnarliðar ætla að halda fram sem horfir og keyra þetta mál í gegnum þingið í bullandi andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar. Það fullyrði ég, herra forseti.

[22:00]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur nú talað í 4 tíma og 25 mínútur og ég verð að viðurkenna því miður, vegna veikleika minnar persónu, að mér dapraðist athygli undir hinni stórmerku ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og missti þráðinn eiginlega frá kl. fimm til hálfsjö og svo var ekki laust við að frá kl. níu til hálftíu hafi ég misst þráðinn aftur.

Mín spurning er sú hvort hv. þm. gæti dregið saman mál sitt í meginatriðum mér til uppbyggingar.

[22:00]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir það að hv. þm. hafi sýnt þeirri sem hér stendur þá virðingu að hlusta á málflutning minn, mér skildist að það væri svona einn til tveir tímar af fjögurra og hálfs tíma ræðu, ég þakka fyrir það. Það er meira en aðrir hafa gert og ég þakka þingmanninum kærlega fyrir það. En að ætlast til þess, herra forseti, að ég á einni mínútu dragi saman einhvern kjarna í þessu stóra máli ...

(**Forseti** (ÓE): Tvær mínútur.)

Mér er alveg sama þó að forseti gæfi mér fimm mínútur til þess, þá er bara útilokað að gera það. En auðvitað veit hv. þm. kjarnann í þessu máli þó að hann vilji ekki viðurkenna það. Hann hefur margoft komið fram.

Hvað erum við að gera? Við erum að færa stjórnsýsluna, hagnýtinguna á miðhálendinu í hendur örfárra sveitarfélaga, 5–6% íbúa þjóðarinnar þar sem 95% þjóðarinnar eiga ekkert að hafa með ákvörðunar- eða skipulagsréttinn að gera. Það er boðið upp á eitthvert samráð og óljósan umsagnarrétt og 95% þjóðarinnar láta ekki bjóða sér það. Við erum að tala um stórmál inn í framtíðina um hvernig við viljum skipuleggja okkar náttúruperlu sem er miðhálendið sem skiptir alla þjóðina máli hvernig frá er gengið. Hv. þm. þarf ekki að undrast það þó við þurfum að ræða það í mjög ítarlegu máli, alla þætti þess og áhrif þess, herra forseti. Mikið af málflutningnum hefur einmitt farið í að ræða áhrif þess ef farin verður sú leið að þröngva í gegnum þing og þjóð þessu frv. eins og hv. meiri hluti vill gera.

Ég held að það væri stórslys, herra forseti, ef við gerðum það og því stórslysi erum við að reyna að forða.

[22:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa samantekt úr ræðu sinni. Hún var alveg fullnægjandi. Hann hefði getað flutt alla ræðuna á tveim mínútum vegna þess að allt sem hann hefur sagt, eins og hv. þm. sagði sjálfur, hefur komið fram áður. Ég veit sem sagt kjarnann. Ég er búinn að heyra þetta allt saman áður þannig að hv. þm. hefði getað flutt tveggja mínútna ræðu og þá hefði athyglin hjá mér verið alveg logandi allan tímann.

[22:03]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Pétur Blöndal sé mikilvægur þingmaður á þingi, þá erum við í stjórnarandstöðunni ekki bara að tala í hans eyru hér. Það eru fleiri sem þurfa að hlusta. Það eru fleiri sem þurfa að fá þau skilaboð héðan frá þingi að það er stór hluti þingmanna í þessum sal sem stendur með þeim stóru hópum úti í þjóðfélaginu sem berjast gegn því frv. sem hér á að fara að þröngva í gegnum þingið. Það eru fleiri en hv. þm. sem þurfa að vita það að þessi níu útivistarsamtök sem héldu stóran fund í gær eiga sér stuðningsmenn og málsvara á þinginu. Það er mikilvægt að meiri hluti þjóðarinnar, sem vill ekki færa þessa eign þjóðarinnar í hendur örfárra sveitarfélaga, viti það að hann á sér stuðningsmenn hér á þingi, ekki bara í stjórnarandstöðunni heldur er einn stjórnarþingmaður sem hefur stillt sér við hlið okkar til að sýna þjóðinni fram á að það er þó einn þingmaður í þessum meiri hluta sem hefur skilning á því að við erum að fjalla um þjóðareign sem á að vera í höndum þjóðarinnar en ekki 4% þjóðarinnar. Við viljum ekki að 95% þjóðarinnar séu afskipt í þessu máli og hafi ekkert um það að segja hvernig við skipuleggjum þessa náttúruperlu sem miðhálendið er. Þannig að þingmaðurinn má ekki ofmetnast og halda það að við séum í fimm daga búin að tala í eyrun

á honum þannig að hann skilji málið. Okkur er nákvæmlega sama um það hvort hann skilur eða skilur ekki vegna þess að ég er sannfærð um að ekki er hægt að breyta skoðun hans.

[22:05]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað nú í andsvörum vil ég spyrja hæstv. forseta hvaða reglur gildi um ræðutíma við 2. umr. máls.

Ég vil sömuleiðis spyrja hæstv. forsrh. hvort hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir eða aðrir þingmenn sem hér hafa talað hafi ekki að fullu og öllu haldið sig innan þingskapa Alþingis.

[22:06]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Það er alveg ljóst að ræðutími er ekki takmarkaður við 2. umr. máls. Vonandi er öllum þingmönnum það ljóst.

[22:06]

**Guðmundur Árni Stefánsson**:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um þær kringumstæður og þá umgjörð sem þessari umræðu er sköpuð. Einkum og sér í lagi vil ég staldra við þau ummæli sem féllu fyrr í dag og voru endurtekin í fréttum Stöðvar 2 og réttilega voru höfð eftir hv. þm. Pétri H. Blöndal, ummæli sem voru fyllilega vítaverð — fyllilega vítaverð þar sem hv. þm. gaf þá einkunn að almenn pólitísk umræða, málefnaleg umræða um mikilvægt lagafrumvarp væri kjaftæði. Slík einkunnagjöf lýsir hv. þm. auðvitað betur en þeim sem hann vildi beina þessum orðum að.

Ég vildi líka vekja á því athygli, virðulegi forseti, að þessi hv. þm. er búinn að halda hér tvöfalt fleiri ræður en nokkur annar þingmaður við þessa umræðu. Hann er búinn að halda 20 ræður um þetta mál, er búinn að koma upp í ræðustólinn 20 sinnum. (**PHB:** Passar ekki!) 20 sinnum hefur hann séð ástæðu til þess að berja í borðið og ræða það mál sem hér um ræðir.

Af þessum sökum, virðulegi forseti, geri ég mjög ákveðna kröfu til þessa hv. þm. sem hefur orðið uppvís, í a.m.k. 18 eða 19 sinnum af þessum 20 skiptum, að mikilli fávísi hvað varðar það mál sem hér um ræðir, raunar ekki í fyrsta skipti því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á því kjörtímabili sem nú fer senn að ljúka, sem betur fer, orðið uppvís að slíkri andúð á sveitarfélögum, á sveitarstjórnarmönnum að fátt er til jafnaðar. Hann hefur gjarnan talað um sveitarstjórnirnar í landinu í sömu andrá og þrýstihópa af ýmsum tegundum og gerðum og talar gjarnan þannig að sveitarstjórnirnar í landinu réðu miklu meiru en ástæða væri til. Það er eitt af þessu.

Í þessum fjölmörgu ræðum hans, allt of mörgu sem ég ætla mér ekki að gefa neina eina einkunn á borð við þá sem hann gerði fyrr í dag — ég ætla ekki að taka mér í munn orðið kjaftæði þó ég gæti það vafalaust. Mér dettur það ekki í hug hins vegar. Ég vil ræða málið málefnalega við hann og aðra þingmenn hér. En mikið lifandis skelfing gæti mér hins vegar komið það orð til hugar en ég ætla ekki að láta það eftir mér, alls ekki. Það verða aðrir hv. þingmenn, virðulegi forseti, að gefa 20 ræðum hv. þm. Péturs H. Blöndals í þessari umræðu þær einkunnir sem þar verða.

Þekkingarleysi hv. þm. og raunar fleiri í þessari umræðu á mikilvægi sveitarstjórna og þess frv. sem við ræðum hér er takmarkalítið satt að segja. Hér hefur umræðan mestan part, a.m.k. út í frá, í fjölmiðlum og í almennri umræðu í samfélaginu, lotið að 1. gr. og bráðabirgðaákvæði frv. sem eins og kunnugt er snýr að forræði yfir hálendi Íslands. En auðvitað er það þannig að þetta frv. er svo langtum viðameira en eingöngu þeir þættir málsins. Þess vegna er það meira en skiljanlegt, það er raunar alveg nauðsynlegt að þingmenn fari mjög ítarlega yfir þetta viðamikla frv. sem er auðvitað ekkert mjög smátt í sniðum. Það telur meira en 100 greinar og raunar lagaumgjörð um það viðamikla og mikilvæga starf sem sveitarfélögin, önnur helsta stjórnsýslueining hér á landi hefur með höndum. Ég ætla að láta mér það eftir seinna í ræðu minni að fara í gegnum smákennslustund fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal og aðra þá sem augljóslega þurfa á því að halda þegar kemur að hinu mikilvæga verkefni sem sveitarfélögin hafa með höndum í samfélagi okkar, því mikilvæga verkefni sem sveitarfélögin hafa með höndum gagnvart íbúum þessa lands. Ég hef stundum sagt það og segi það enn og aftur að hlutverk þeirra er um margt veigameira gagnvart þjónustu við fólkið í landinu en annars þau mikilvægu verkefni sem við höfum hér með höndum. Það helgast auðvitað fyrst og síðast af því að nálægðin er meiri, möguleikar sveitarstjórnarmanna til að bregðast skjótt og vel við þeim þörfum og oft og tíðum eðlilegu óskum sem fram koma hjá íbúunum eru þannig að áhrif þeirra á líf fólks í landinu frá degi til dags, frá viku til viku, frá mánuði til mánaðar er sennilega miklum mun meiri en öll lög sem við setjum á hverjum vetri og er þá ekki endilega samræmi milli fjölda lagasetningar og áhrifa þeirra á þjóðfélagsgerðina eða líf fólksins í þessu landi.

Ég árétta það, virðulegi forseti, að í mínum huga er ekki nokkur spurning um það að störf og stefna í sveitarstjórnum í landinu er miklu áhrifaríkari og snarari þáttur við mótun lífs og leikja íslensku þjóðarinnar en sú mikilvæga lagasetning og lagasmíð sem hér er unnin í þessu húsi.

Það er síðan annar þáttur þess máls sem ég mun vafalaust drepa á hér á eftir, hvernig háttað er og háttað á að vera samspili þessara tveggja stjórnsýslueininga, þ.e. framkvæmdarvaldsins í umboði Alþingis og undir eftirliti Alþingis og síðan sveitarstjórnarstigsins. Þar hefur mér löngum þótt ástæða til að gera breytingar á og einmitt í því ljósi hef ég fylgst mjög grannt með og beið spenntur eftir því frv. sem hér var lagt fram fyrr á þessu þingi og las það spjaldanna á milli. Ég hef síðan eins og aðrir þingmenn væntanlega og fjölmargir sveitarstjórnarmenn og fjölmargir íbúar í þessu landi fylgst mjög gaumgæfilega með þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað, þeim breytingum sem félmn. hefur gert á frv. Og ég eins og margir aðrir spyr að leikslokum í því efni og vil í upphafi máls míns aðeins fara um það orðum hvort þetta frv. almennt sé til þess fallið að auka mér og vafalaust mörgum öðrum bjartsýni um að lögin styrki sveitarstjórnarstigið í landinu, styrki sjálfsforræði sveitarfélaga, styrki vald heimamanna í héraði, svo ég noti nokkrar þær kennisetningar sem algengar eru þegar stjórnmálamenn eru annars vegar og vilja tala við sveitarstjórnarmenn eða heimafólk á hverjum stað, þegar ráðherrar ríða um héruð og ræða við heimamenn og mikilvægi þess að færa valdið heim í hérað. Er þetta frv. með öðrum orðum þannig úr garði gert að við getum með góðri samvisku sagt að hér séu menn að ganga götuna fram um veg í þá veruna að tryggja enn frekar en orðið er vald og vægi á sveitarstjórnarstiginu? Að hér sé verið að stíga

markvisst og metnaðarfullt skref í þá áttina að færa vald frá tiltölulega miðstýrðu ríkisvaldi yfir til fjölþætts stjórnvalds sem sveitarfélögin eru?

Ég held að það sé alveg sama hvernig ég velti þessum spurningum upp og hvaða orð ég nota við að spyrja þeirra. Svarið er því miður nei. Þá geta sumir spurt sem svo: Já, en gengur þetta ekki á svig við það sem flokksbræður mínir og flokkssystur mínar hafa sagt við 1. gr. þessa frv. þar sem við höfum sannarlega og með réttu gagnrýnt það að menn taki það skref sem hér hefur hvað mest verið deilt um að skipta landinu öllu upp í sveitarfélög?

Ég er sveitarstjórnarmaður í eðli mínu, ekki bara upp á punt, ekki bara í plati og þegar ég samþykki það og vil stuðla að því að færð séu verkefni á sveitarstjórnarstigið, að völd og áhrif þess séu færð út, þá vil ég ekki eingöngu að það sé gert í orði. Þá vil ég að það sé gert á borði, að hugur fylgi þar máli. Það er verr af stað farið en heima setið þegar menn eru með sýndarmennsku í þá veru. Það er verra fyrir fólkið í byggðunum, það er verra fyrir sveitarstjórnarmennina, það er verra fyrir stjórnsýsluna í landinu vegna þess að það mun eingöngu leiða til ófarnaðar eins og ég ætla að rekja hér á eftir. Með öðrum orðum, mér hugnast það ekki burt séð frá öllum öðrum röksemdum þessa máls að menn ætli að færa hálendi Íslands undir sveitarstjórnarstigið, en að sumu leyti og raunar mörgu leyti færa valdið jafnharðan úr þeirra höndum. Þá er ég ekkert að ræða um það sem menn hafa fjallað eðlilega mikið um hvort það sé rétt eða rangt að svo og svo stór hluti sveitarfélaga á landinu eigi lögsögu á hálendinu *öllu eftir þeirri skiptingu sem hér er um rætt. Ég er bara* að tala um grundvallarprinsippið í málinu. Ég er raunar að nálgast það hvort einhver skynsemi sé í því og hvort einhver heilleg stefna sé í því að færa slík verkefni til þessara tiltölulega smáu sveitarfélaga en jafnharðan á flóttanum taka þau til baka og færa þau inn í annars flókinn og illskýranlegan og óútskýrðan farveg sem einhvers konar sameiningarnefndir eru og mjög flókið stjórnkerfi á Reykjavíkursvæðinu. Ég vil nálgast þetta mál með þessum hætti og ætla að geyma mér eilítið að ræða hinn þátt málsins sem flestir hafa staldrað við.

Þetta er feikilega mikilvægt í mínum huga því að við eigum ekki að ræða sveitarstjórnarmál eingöngu út frá einhverjum tæknilegum forsendum. Ekki eingöngu út frá því að lagfæra þurfi lagasetningu sem samþykkt var og frágengin 1986 og færa hana og lagfæra með hliðsjón af kæruefnum, með hliðsjón af ábendingum heldur þurfum við að ræða það frá víðu sjónarhorni og út frá grundvallarhugsunum okkar um það hvaða hlutverki við viljum yfirleitt að sveitarfélögin í landinu gegni. Ég drap eilítið á það í fyrri ræðu minni sem ég held að sé nauðsynlegt að halda til haga líka, og ég sakna þess satt að segja að Framsfl. sem fer með forræði þessara mála í núv. ríkisstjórn, félmrn., hafði mjög hátt um það, fyrir ekkert allt of mörgum árum og þá undir forsæti Steingríms Hermannssonar, að það væri skynsamlegast og best að menn tækju upp þriðja stjórnsýslustigið svokallað, fjórðungsstjórnir. Ég man ekki nákvæmlega hvaða kostningar það voru sem þau mál voru kannski hvað mest rædd og reifuð en það er ekki mjög langt síðan. En það eru satt að setja einhver ár síðan ég hef heyrt á þetta minnst.

Spurning mín er sú og ég varpa henni *til sérfræðings* Framsfl. í sveitarstjórnarmálum og í stjórnsýslumálum yfirleitt, hæstv. félmrh., hvort Framsfl. sé algerlega fallinn frá þessari stefnumörkun, hvort hún hafi á einhverjum tíma, á *einhverju stigi og einhverri stund sem fram hjá mér hefur* þá sennilega farið verið slegin af og Framsfl. undirgengist það sem við jafnaðarmenn og við alþýðuflokksmenn höfum ævinlega verið ákaflega skýrir á, að í okkar litla landi væri verið að flækja stjórnsýsluna óþarflega með því að bæta við þriðja stjórnsýslustiginu. Það gæti vel verið að þetta ætti við í stærri þjóðum eins og Þýskalandi með sín lönd, en á Íslandi höfum við ekkert við þetta að gera.

Ég sé, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. Páll Pétursson nikkar og svarar þar með spurningu minni um það hvort framsóknarmenn hafi fallið frá þeirri stefnu sinni. Ég met það svo að Framsfl. hafi þar með skipt um skoðun. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti en í þessu tilfelli er það auðvitað alveg sérstakt fagnaðarefni. Út af fyrir sig er gleðilegt að maður hefur yfir einhverju að fagna á þessu síðkvöldi.

Það hefur að vísu margt annað breyst hjá þessum sama Framsfl. af því að ég nefni hann til sögunnar og breytingar verið á ásýnd hans og stefnumiðum. Þó að ég gleðjist alveg sérstaklega yfir því að þessi stefna fráfarandi formanns flokksins, Steingríms Hermannssonar, hafi orðið undan að láta eru það óneitanlega önnur stefnumál sem sá ágæti maður hafði í heiðri og hélt hátt á lofti sem formaður Framsfl. sem ég sakna einkum og sér í lagi núna þegar Framsfl. er orðinn lítið meira en skugginn af sjálfum sér og orðinn nánast eins og deild í Sjálfstfl. eins og hvert málið á fætur öðru sem kemur í þetta hús ber með sér. (Gripið fram í.) Svo ég nefni það ekki þegar Framsfl. hefur tekið það hlutverk að sér eða formaður hans að gegna de facto, í raun, varaformennsku í Sjálfstfl., þá er þetta fullkomnað eins og ónefndur maður *sagði á krossinum fyrir tæpum 2000 árum.*

Ég var hins vegar að ræða eðli sveitarstjórnanna. Ég sagði áðan að mér líkaði það ekki og ég hefði eindregið lagst gegn því þegar menn væru í orði kveðnu að tala hlýlega til sveitarfélaga og mikilvægis þeirra í íslenskri stjórnsýslu en svo væri þetta ekkert annað en blaður og bull, væri þetta bara tal út í vindinn. Þannig hef ég ekki viljað standa að verki. Ég þekki það býsna vel sitt hvorum megin við borðið, bæði sem sveitarstjórnarmaður til tólf ára og síðan sem ráðherra og þingmaður, að það er algert grundvallaratriði í þessum efnum að þarna séu skýr skil, skýrar verklagsreglur og skýr hlutverkaskipti. Öllum sé það ljóst hver fari með hvaða verkefni í þessu sambandi og samkvæmt hvaða leikreglum. Það er alger óþarfi að rifja það upp fyrir þeim hv. þingmönnum sem eitthvað þekkja til og þeir eru sem betur fer allnokkrir í þessum sal þó að fáa sjái ég framan í á þessu augnabliki, þá er það þannig og ég held ég fari nærri með það að þeir eru yfir 20 hv. þingmenn sem sitja á yfirstandandi þingi sem hafa reynslu í íslenskum sveitarstjórnum frá fyrri tíð, um lengri eða skemmri tíma og raunar held ég að það séu einir tveir eða þrír sem enn þá sitja í sveitarstjórnum, a.m.k. út þennan mánuð þar til kosningar fara fram. Við búum sem betur fer við það að stór hluti hv. þingmanna þekkir vel af eigin skinni og eigin raun hvað verið er að fjalla um, hvað hér er í veði sem þetta frv. inniheldur. Þess vegna einkum og sér í lagi læt ég það fara í taugarnar á mér, sem ég ætti auðvitað ekki að gera, þegar aðrir hv. þingmenn sem ég hirði ekki um að nafngreina aftur eru að koma upp 10, 15 eða 20 sinnum og opinbera þekkingarleysi sitt á þeim málum sem hér eru til *umfjöllunar og leyfa sér síðan að gefa innihaldsríkum* og viðamiklum ræðum einkunnir, leyfa sér að gefa — hvernig ber að orða það, ræðu sem innihélt fróðleik mikinn, enda þekkingin þar til staðar af hálfu formanns þingflokks jafnaðarmanna, Rannveigar Guðmundsdóttur, sem hefur að baki

áralanga reynslu í sveitarstjórn í næststærsta sveitarfélagi landsins, einkunnir. Og að menn skuli koma hér blautir á bak við bæði eyrun í þessum málaflokki og leyfa sér að fara hér með háreysti eins og krakkar í leikskóla og gefa einkunnir á báða bóga. Ég gef ekkert fyrir það, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Kannski er alveg ástæðulaust að ég láti þetta fara eitthvað í skapið á mér og ég ætla að reyna að láta það ekki gera það. Auðvitað svarar svona skætingur sér sjálfur í tíma og lengd.

Ég þekki það nokkuð vel eins og ég sagði áðan hvernig þessi samskipti gjarnan hafa verið á milli ríkis og sveitarfélaga. Það hefur gengið á ýmsu í þeim efnum og kannski ekki við annan frekar en hinn ætíð að sakast þó að yfirleitt hafi það verið á þann veginn að ríkisstjórn hvers tíma, og þá gjarnan við fjárlagagerð, hafi tekið einhverjar þær ákvarðanir sem hafa haft mikil eða lítil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og áætlanagerð þeirra til lengri eða skemmri tíma. Oft hafa komið upp á haustin háhitamál af þeim sökum sem menn hafa reynt og orðið að leysa með viðræðum millum aðila og oftar en ekki sem betur fer náð landi en þessar uppákomur hafa sannarlega orðið til þess að stundum hefur orðið vík á milli vina og trúnaðarbrestir um lengri eða skemmri tíma.

Ég er ekki að kenna einni ríkisstjórn fremur en annarri um þetta. Ég hygg að það megi fara langt aftur og engin ríkisstjórn sé út af fyrir sig saklaus af því að hafa verið að krukka með þessum hætti í sveitarstjórnarstigið eða þær leikreglur sem sveitarfélögunum hafa verið settar lögum samkvæmt og gjarnan nýtt þá lagið sem mögulegt gerist við fjárlagagerð á hverju hausti og um hver áramót. En þetta er auðvitað ekki til fyrirmyndar. Ég held að allir muni það til að mynda þegar þannig var búið um hnúta að ríki og sveitarfélög höfðu um það ákveðið samspil og samkrull að reisa barnaskóla eða grunnskóla vítt og breitt um landið. Ég held að allir sveitarstjórnarmenn eða þeir sem fylgdust með þeim málum muni hvernig þeir hlutir gengu fram, muni það þegar hið háa Alþingi var við fjárlagagerð að veita 5 þús. kr. til tiltekinna verkefna, til tiltekinna skólabygginga ár eftir ár eftir ár eftir ár, aðrar 5 þús. kr. til sundlaugabygginga ár eftir ár eftir ár eftir ár. 5–6 ár voru ekki óalgeng. Sveitarfélögin voru auðvitað búin þá fyrir margt löngu að ráðast í viðkomandi byggingarframkvæmdir og ljúka þeim og þurftu síðan árum saman að sækja þessi framlög sem voru ekki alltaf viðurkennd hjá viðkomandi ráðuneyti. Ég held t.d. að virðulegur forseti muni það, þáv. menntmrh., þegar ég á bæjarstjórastóli mínum í Hafnarfirði þurfti að sækja til hans um uppgjör á framkvæmdum sem áttu sér stað þá mörgum árum áður en hann settist í stól menntmrh. og sumar hverjar mörgum árum áður en ég settist í stól bæjarstjóra þannig að í þetta fór mikill tími, útreikningar voru flóknir og stundum þurfti að sækja svo langt aftur í tímann að elstu menn mundu ekki lengur hvernig þessi kaup höfðu gerst og hverju var lofað og um hvað var talað.

Gjarnan var gripið til þess nauðþurftarráðs að nota pennastriksaðferðina til að ljúka þessum málum á einhvern hátt. En ég held samt sem áður að allir hafi í raun tapað á þessu samskiptamunstri, á þessu seinvirka kerfi, í þessum borðtennis þar sem boltinn gekk fram og til baka árum saman, bréfin skiptu tugum og hundruðum og hvorki gekk né rak.

Ég er þess fullviss og veit raunar að okkur hefur miðað í rétta átt í þessu, þetta er orðið skárra hvað samspil ríkisvaldsins og sveitarfélaganna varðar. Það er einfaldlega orðið skárra vegna þess að að sumu leyti hefur þeim sameiginlegu verkefnum sem skipta mestu máli í sveitarfélögum farið fækkandi. Þar er langveigaþyngst sú ákvörðun sem tekin var um að skólabyggingar, grunnskólar eru algerlega og ákveðið á forræði sveitarfélaganna. Þó er það ekki alfarið svo því að í því átaki sem þingið hefur samþykkt og sveitarfélögin vinna eftir varðandi einsetningu skólanna er ákveðinn hundraðshluti sem ríkisvaldið hefur lýst yfir að það ætli að standa skil á þar til einsetningarátakinu er lokið. Ég vil hins vegar ekki trúa því og neita að trúa því að þar sé ekki allt eins og það á að vera og þeir fjármunir verði til staðar þegar sveitarfélög sækja eftir þeim í samræmi við það verklag sem lagt hefur verið upp með.

Því miður er þessu ekki alveg lokið enn þá og við í þinginu höfum til að mynda átt í erfiðleikum með það, og ég nefni sérstaklega til sögunnar samgn. í því sambandi, hvernig hátta eigi samskiptum um hafnargerð. Út af fyrir sig löng saga á bak við það að ríkisvaldið er þátttakandi í hafnargerð eftir tiltölulega flóknum og síbreytilegum reglum sem sumpart Alþingi setur, sumpart samgrn. um kostnaðarhlutdeild ríkisvaldsins í tiltekinni hafnargerð. Þau mál hafa kostað mikinn tíma og mikið erfiði og í raun veit enginn sem að þeim málum kemur hvaða reglum ber að hlíta.

Hv. samgn. hefur á yfirstandandi kjörtímabili fengið athugasemdir um það og ábendingar og leiðsögn frá Ríkisendurskoðun. Við höfum í þeirri nefnd átt viðræður við fjmrn. Við höfum einatt hlustað á viðhorf sveitarstjórnarmannanna sjálfra, þ.e. hafnarstjórnanna í umboði sveitarstjórna, en enn þá er það þannig að enginn getur til að mynda svarað þeirri grundvallarspurningu, eins hlægilegt og það í raun er, hvort því sveitarfélagi, sem telur nauðsynlegt að ráðast í mikilvægar hafnarframkvæmdir og hefur ekki fengið eyrnamerkta neina fjárveitingu á gildandi hafnaáætlun, sé heimilt að hefjast handa á eigin ábyrgð, hvort það þýði, ef sveitarfélagið fer af stað enda þótt Siglingamálastofnun hafi þegar samþykkt teikningar og að Siglingamálastofnun felli sig við fyrirkomulag hafnarmannvirkjanna þá geti viðkomandi hafnarstjórn ekki verið viss um það að henni verði hegnt fyrir þetta „bráðræði“ eða fyrir þetta „frumkvæði“ að ráðast í framkvæmdir.

Sumir hafa haldið því fram að fari sveitarfélag af stað án þess að grænt ljós liggi fyrir um einhverja fjárveitingu á hafnaáætlun þýði það að viðkomandi sveitarfélag, viðkomandi höfn, sé búin að útiloka sig frá því um aldur og ævi um alla framtíð að fá hlutdeild samkvæmt hafnalögum í viðkomandi hafnarmannvirkjum. Þetta er náttúrlega algerlega óþolandi aðstaða fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Það er óþolandi fyrir okkur sem erum á hinu háa Alþingi og þá einkum og sér í lagi þá sem sitja í samgn. og verða að teljast sérfræðingar í þessum efnum að þurfa að svara gestum og gangandi frá hinum ýmsu höfnum á landinu sem leita eðlilegra svara við svona einföldum spurningum. Þetta er óþolandi fyrir samgrh. og starfsfólk hans. Við þetta er ekki búandi fyrir Siglingamálastofnun. Hafnaráð hangir í lausu lofti og síðast en ekki síst er ekki ljóst hvaða leikreglur gilda um hafnirnar hringinn í kringum landið.

Virðulegi forseti. Ég tek þetta sem eitt dæmi um í hvaða öngstræti samkrull ríkis og sveitarfélaga getur stundum lent. Það hefur oft flögrað að mér hvort menn þurfi ekki að stokka upp til að mynda spilin varðandi hafnargerð um landið allt og hvort ekki þurfi að semja þar algerlega upp á nýtt, hvort ríkissjóður þurfi ekki með einhverjum hætti að semja sig út úr þeirri hlutdeild og að bygging og uppbygging hafna hringinn

í kringum landið verði algerlega á forræði sveitarstjórnanna sjálfra.

Ég veit að aðstaða hafnanna er mjög mismunandi og sumar búa vel, aðrar miður eins og gengur, en út af fyrir sig mætti reyna að leysa þann vanda með jöfnunarsjóðsleiðum eins og menn hafa gert á öðrum vettvangi í þessum efnum en ég held að margir séu mér sammála um að þetta óljósa samspil fjárveitingavaldsins á Alþingi við fjárlagagerð og við samþykkt hafnaáætlunar til fjögurra ára í senn og ríkisstjórnarinnar við hafnir hringinn í kringum landið hafi m.a. leitt til þess að menn hafi stundum farið í óarðbærar fjárfestingar, farið í fjárfestingar sem viðkomandi sveitarfélag hefði aldrei látið sér koma til hugar að fara í hefði þurft að taka þá peninga sem þar um ræddi af eigin sjálfsaflafé hugsanlega og þurft að fresta öðrum framkvæmdum fyrir þá hafnargerð sem í var ráðist.

Ég held að algerlega ástæðulaust sé fyrir mig að rekja dæmi um þetta. Hv. þm. þekkja þau auðvitað frá árum áður og viðkomandi heimamenn viðurkenna í raun og sanni að svona var þetta. Til að mynda sé ég þarna fyrir mér verkefni sem er mikilvægt að menn staldri við og velti fyrir sér hvort ekki eigi að semja upp á nýtt, ekki eigi að gefa upp á nýtt og skoða algerlega nýjar leikreglur í þessum efnum.

Vegamálin eru náskyld þessu og að sumu leyti eru um margt óljósar reglur hvað þeim viðvíkur. Við þurfum ekkert annað en rifja upp orðræður sem áttu sér stað fyrr á þessu ári í samskiptum hæstv. samgrh. og borgarstjórans í Reykjavík vegna Gullinbrúar, einmitt um þetta atriði sem ég nefndi áðan um, þ.e. hver gefur í raun framkvæmdaleyfið. Má borgin reiða af hendi fé og kosta flýtiframkvæmdir upp á von og óvon um endurgreiðslu ríkisins síðar meir eða er það óheimilt og ber að refsa fyrir slíkan röskleika? Menn hafa ekkert klárt og kvitt svar við þessu.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen lagði fram frv. til að reyna að svara þessum spurningum og sá sem hér stendur var meðflutningsmaður hans að því frv. þar sem reynt var að nálgast þetta viðfangsefni með einhverjum hætti því að ástæðan er auðvitað sú fyrir því að ríkisvaldið og við skulum bara hafa hlutina eins og þeir eru, hæstv. fjmrh. er stundum mjög ófús að gjalda jáyrði við því að af stað sé farið með tilteknar stórframkvæmdir í hafnar- eða vegagerð jafnvel þótt aðrir ætli að borga brúsann eitthvað fram í tímann því að allt færist þetta á ríkisreikninginn, allt færist þetta sem skuldbinding á ríkisreikning, skuldbinding ríkissjóðs, og því hefur hann, hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson, af því að ég er að ræða um dæmi sem eru nýleg í sögunni, verið mjög andvígur því að ljá máls á svona verklagi vegna þess að ríkisreikningur skekkist að áliti hans.

Í þessu frv. hv. þm. Árna M. Mathiesens og fleiri var einfaldlega við það miðað að skuldbindingar af þessum sökum sem ríkissjóður hefði undirgengist yrðu færðar jafnharðan og þær eru greiddar. Það þýðir með öðrum orðum að ríkisreikningur skekkist ekki á þann hátt sem ég lýsti áðan heldur færast þessar skuldbindingar samkvæmt orðanna hljóðan eingöngu um það leyti sem fé er innt af hendi til viðkomandi hafna eða viðkomandi vegagerðar.

Skemmst er frá því að segja að viðbrögð við þessari tillögu hafa verið ákaflega neikvæð frá umsagnaraðilum og fjmrn. hefur lagst gegn þessu fyrirkomulagi og raunar Ríkisendurskoðun líka sem segir þetta ganga á svig við þá meginhugsun sem er að finna í fjárreiðufrv. sem samþykkt var fyrir ekki margt löngu og það kann vel að vera. Kannski er þetta ekki lausnin, kannski nálgumst við ekki þetta viðfangsefni á þennan hátt. Kannski nálgumst við það eingöngu með því að gera það í gegnum sveitarstjórnarstigið með því að ræða það pólitískt, einmitt á kvöldi eins og þessu, við frumvarpasmíð eins og þessa, hvort þessum verkefnum megi koma fyrir með einhverjum öðrum hætti, hvort verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi, hvort megi breyta tekjuskiptingu á þann veg að línur séu skýrari og klárari. Ég held að ég megi vel gera það. Auðvitað vitum við það, hv. þm. og virðulegi forseti, að skilgreining til að mynda á því hvenær Vegagerðin og þar með Vegasjóður er orðinn veghaldari, hvenær með öðrum orðum vegir á Íslandi eru þjóðvegir og þar með á forræði ríkisvaldsins. Það er mjög tilviljanakennt.

Út af fyrir sig erfitt að setja einhverjar almennar reglur í því sambandi. Vissulega hafa menn gjarnan sagt sem svo að meginstofnæðar, svo sem á höfuðborgarsvæðinu, séu almennt á forræði ríkisins, þ.e. að koma bílum og fólki milli hverfa, milli sveitarfélaga, séu hin eðlilegu verkefni ríkisins og Vegagerðarinnar og Vegasjóðs en vegir innan hverfa séu á forræði viðkomandi sveitarfélags. En á þessu eru undantekningar og oft og tíðum rísa mikil álitamál um hvenær vegir eru á forræði sveitarfélaga og hvenær vegir eru á forræði ríkisins. Þess eru til að mynda dæmi í smærri byggðarlögum þar sem vegir þvert í gegnum þorp eru á forræði ríkisins en ættu sumpart að vera sem innanbæjarvegur. Þetta er oft á gráu svæði og er enn eitt dæmið um að okkur er mjög mikilvægt að fara mjög gaumgæfilega yfir það hvernig við ætlum að haga þessum samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga.

Því segi ég enn og aftur sem mitt viðlag í þessari umræðu, virðulegi forseti, að því miður tekur þetta frv. til sveitarstjórnarlaga ekkert á þessum málum. Nú geta menn svo sem sagt: Enda er ekki ætlast til þess því að í 7. gr. frv. eru í raun þau atriði sem ég er að vekja máls á afgreidd í einni setningu, þeirri sem stendur í 1. mgr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum."

Vissulega má það rétt vera að menn hafi til þess tóm og tækifæri síðar meir að lagfæra einstök lög, um vegi á Íslandi, um hafnargerð og því þurfi ekki að verja löngum tíma í þetta ákvæði frv. En þessu er ég algerlega ósammála, virðulegi forseti, því að sú lagasetning sem við erum að vinna hér er grundvöllur allra þessara sérlaga sem Alþingi er að setja um tiltekin verkefni sem sveitarfélögum allt í kringum landið eru falin. Og ef þessi grundvöllur er ekki í lagi, þá byggja hin lögin auðvitað á algjörum sandi. Hér er í raun Biblían og sérlögin eru þá Rómverjabréfin. Við verðum að hafa þennan grundvöll alveg skýran og þess vegna árétta ég það að ég sakna þess að menn horfi ekki á þetta frv. með dálítið meiri víðsýni en gert hefur verið, noti það tækifæri og tóm sem nú á að gefast til að ræða sveitarstjórnarmálin í víðasta skilningi þess orðs. Ég ætla að gera það. Og ég vona svo sannarlega og trúi því að einhverjir mínir þankar um þau mál nái að vekja hv. stjórnarliða til vitundar um það að hér erum við að ræða mjög mikilvæg mál þar sem má ekki kasta til höndum.

Ég nefndi bara sem dæmi þessa tvo málaflokka sem eru að stórum hluta á hendi ríkisins en að verulegum hluta líka á hendi sveitarfélaga, þ.e. vegamál og hafnamál þar sem um feikilegar upphæðir er að ræða. Það er ekkert vit í því að þeir sem þar þurfa um að véla og semja geti ekki reitt sig á skýrar og klárar leikreglur í þeim efnum.

Síðan eru það fleiri mál. Af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan um þann grundvöll sem frv. er fyrir annarri mikilvægri starfsemi í sveitarfélögum og einnig vegna þess að ég tel fulla ástæðu vegna þeirra orða sem hafa fallið hér í dag sem hafa lýst alveg ótrúlegri fáfræði á því mikilvæga verkefni sem við erum að fjalla um, þá tel ég brýnt að fara yfir nokkur verkefni sem sveitarfélög hafa með höndum til þess að undirstrika og árétta að það er bara ekki tal út í loftið eða innihaldslausar hátíðaræður þegar sagt er að sveitarfélögin gegni mjög veigamiklu hlutverki um mótun lífs fólksins í landinu og hafi í raun áhrif á allan gang mála íslensku þjóðarinnar.

Menn hafa í þessum sal nú upp á síðkastið til að mynda rætt um það og verið um það sammála að málefni fatlaðra ætti að flytja til sveitarfélaga. Ég hef ekki heyrt margar raddir sem hafa andmælt því. Ýmsir hafa hins vegar haft uppi viðvaranir um að einstök sveitarfélög hefðu kannski lítið ráðrúm til þess og litla getu til þess sökum smæðar að ráða við það stóra verkefni en allt að einu er það samþykkt og þegar hefur verið gengið frá lögum þar að lútandi. Ég er þess fullviss að þegar tímar líða munu sveitarfélögin ráða mjög vel við það verkefni og hafa alla burði til þess, einkum og sér í lagi þegar þeim fækkar og þau stækka þar sem þróunin er öll í þá veru sem betur fer.

En það er nauðsynlegt í þessu sambandi að menn fylgi eftir ákveðinni og skýrri stefnu varðandi verkefnatilflutning af þessum toga og ekkert hálfkák, ekkert bakk og engar sveigjur og beygjur séu á slíkri stefnumörkun. Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að það olli mér vonbrigðum þegar því var fleygt og það heyrðist úr hornum að félmrh. hefði upp á eigin spýtur tekið um það ákvörðun að fresta yfirfærslu verkefna á sviði fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Samkvæmt gildandi lögum skal sú yfirfærsla að eiga sér stað um næstu áramót og það hefur þá algerlega farið fram hjá mér a.m.k. hafi verið gerðar breytingar á þeim lögum. Ég held ég geti nokkurn veginn fullyrt að svo hefur ekki verið gert. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Ef hins vegar á að fresta þessari yfirfærslu málefna fatlaðra sem á að taka gildi um næstu áramót, þá ber auðvitað að gera það núna. Það er enginn bragur á því að hæstv. félmrh. komi hingað einhvern tíma á haustdögum, í október eða nóvember, mánuði eða tveimur áður en þetta á allt að gerast og segi að þessu verði að breyta. Hann hefur lýst því yfir í þinginu að hann hafi það í hyggju. Svona ráðslag er ekki til eftirbreytni og fyrirmyndar og er vont í samskiptum þeirra stjórnsýslustofnana sem ríki og sveitarfélögin eru.

En af því að ég staldra við þetta mál þá er enn eitt mál af þeim toga að ekki er allt með felldu í þessum samskiptum. Ég vil rifja það upp að þann 11. mars 1998, þ.e. fyrir tæpum tveimur mánuðum, átti ég orðaskipti við hæstv. félmrh. um þessa frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og spurði hann þá í munnlegri fyrirspurn hvort það væri í raun satt og rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum að hann hefði upp á eigin spýtur tekið ákvörðun um að ekkert yrði af þessum tilflutningi. Hann staðfesti það og bar því þá við að þetta væri ákaflega óheppilegt vegna þess að það væru að koma sveitarstjórnarkosningar. Í þeirri umræðu varð ég hálfagndofa satt að segja og sá ekkert samhengi milli þess að sveitarstjórnarkosningar færu fram 23. maí á árinu 1998 og 1. janúar 1999 ætti þessi tilfærsla að eiga sér stað. Einnig benti ég á það raunar að þegar lögin voru samþykkt hér — ég held að það sé eitt og hálft ár síðan — þá vissu menn líka að sveitarstjórnarkosningar yrðu í landinu í maí 1998 þannig að það átti ekki að koma nokkrum manni á óvart. En auðvitað var þetta ekki málið. Þetta var ekki hin raunverulega ástæða fyrir því að félmrh. var búinn að sjá sitt óvænna og taldi ekkert annað gerlegt í stöðunni en að fresta þessari yfirfærslu. Ástæðan var einfaldlega sú að nauðsynleg heimavinna af hálfu ráðuneytisins hafði ekki verið unnin. Hann hafði látið tímann líða án þess að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu í samráði við sveitarfélögin og félög fatlaðra. Það var hinn kaldi veruleiki málsins sem hvorki var hægt að hylja sjónum hv. þingmanna né þjóðarinnar þó hann reyndi að klóra í bakkann þann 11. mars 1998 þegar hann var spurður um þessi mál.

Þá kom það auðvitað fram að fyrir nokkrum vikum síðan, þ.e. skömmu fyrir 11. mars á þessu ári, hafði hæstv. ráðherra áttað sig á því að ekki var allt með felldu varðandi möguleika tveggja umdæma, Reykjavíkurumdæmis og Reykjanesumdæmis, að taka við þessu verkefni vegna þess að ríkið hafði ekki gert þær nauðsynlegu lagfæringar á ýmsum þáttum málsins sem voru óhjákvæmilegar áður en þessi tilfærsla ætti sér stað. Og það var þá, á þessu ári, átta mánuðum áður en tilfærslan átti að taka gildi, sem hann skipaði nefnd sem hafði það verkefni að fjalla um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og gera framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um uppbyggingu þjónustu í þágu fatlaðra. Í þessa nefnd voru settir tveir hv. alþm., tveir háttsettir stjórnarþingmenn. Það er nú orðin regla frekar en undantekning að ráðherrarnir setja slatta af stjórnarþingmönnum í nefndir framkvæmdarvaldsins. Það er út af fyrir sig önnur Ella, virðulegi forseti. En ég vil nefna það í örstuttu framhjáhlaupi að það er orðin spurning hversu eðlilegt það er fyrir hv. þingmenn að vera jafnmiklir þátttakendur í undirbúningsstarfi á vegum framkvæmdarvaldsins og raun ber vitni.

Það er ekki sérstaklega góður bragur á því, ekki síst þegar það er orðið jafnalgengt og nú er hjá núverandi stjórnarflokkum, að stjórnarþingmenn séu hver um annan þveran, sumir hverjir í einni eða tveimur, jafnvel þremur nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins og komi síðan hér til þings eftir að hafa unnið að slíkri lagasmíð eftir forskrift framkvæmdarvaldsins og taki upp sitt fyrra hlutverk sem þingmenn. Það er kannski ekkert sem bannar þetta og ég er út af fyrir sig ekki að leggja það til. Það getur vel verið að ýmislegt mæli með þessu í hófi. En mér finnst hins vegar sem við séum búin að missa algerlega tökin á þessu, þ.e. núverandi stjórnarflokkar. Manni virðist sumpart að þetta séu einhvers konar gulrætur fyrir suma hv. þm. sem fengu ekki ráðherrastóla sumir hverjir eða þau formannssæti í nefndum sem þeir áttu von á og gerðu kröfu um í upphafi þings. Það er svona verið að rétta við þann hliðarhalla með því að leyfa þeim að taka þátt í einhverjum nefndum um smíði tiltekinna frumvarpa og leyfa þeim að skoða þetta og skoða hitt. En þetta var útúrdúr.

Þessi nefnd er samt til og í henni sitja tveir þingmenn. Nú eru átta mánuðir þar til tilflutningur á að eiga sér stað lögum samkvæmt því að lögin standa og þau eru ákaflega skýr í þessu sambandi. 1. janúar á næsta ári eiga málefni fatlaðra að flytjast til sveitarfélaganna og fyrr en þessum lögum verður breytt stendur það hvað sem líður áhrifum og yfirlýsingum hæstv. félmrh. En þetta var ekki alveg það versta í þessu sambandi. Þessi nefnd, virðulegi forseti, í þessu mikilvæga samstarfsverkefni sveitarfélaganna og ríkisins ætlar að hafa lokið störfum fyrir 1. ágúst nk. Fjórum mánuðum áður en

yfirfærslan á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga á að ganga í garð ætlar nefnd sem félmrh. hefur skipað að hafa lokið störfum og hafa þar með fjallað um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og leggja fram tillögu að framkvæmdaáætlun fyrir nokkur ár um uppbyggingu þjónustu í þágu fatlaðra. Þá á að leggja fram þessa áætlun þegar í raun og sanni átti að vera búið að ljúka að stórum hluta við þá uppbyggingu sem nú á að setja nefnd í að gera áætlun um.

*En ég sagði að þetta væri ekki það versta því að í þessari* umræðu upplýsti hæstv. ráðherra að það væri nauðsynlegur fylgifiskur sem að sönnu er rétt með þessari yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga að gera breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í svari sínu bar hann því við að sér hefði ekki gefist nægilega langur tími til þess að undirbúa þá lagasmíð. Hann lét þess líka getið, virðulegi forseti, að frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga yrði tilbúið í vor. Orðrétt sagði hæstv. ráðherra í þessari umræðu fyrir tæpum tveimur mánuðum, þann 11. mars 1998, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að lagafrv. verður tilbúið í vor. Þegar lagaramminn er klár, þá getur kostnaðarnefndin gengið frá sínum þætti". Ég lýk lestrinum. Þegar hann ræðir um kostnaðarnefndina þá er það enn ein nefndin sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaga og ríkisins um það hvernig beri að skipta kostnaði. Menn eru með öðrum orðum ekki komnir neitt á veg í því sambandi og eru rúmir sex mánuðir þar til yfirfærslan á að eiga sér stað. Þá getum við lesið áfram: „... þá getur kostnaðarnefndin gengið frá sínum þætti og þegar kemur fram á árið eða undir haust sjáum við hve langan tíma þarf til verkefnisins."

Frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er ekki komið fram. Það kemur væntanlega ekki fram á yfirstandandi þingi. Maður skyldi þó aldrei segja aldrei þegar hæstv. ríkisstjórn er annars vegar því að enn þá er hún hér á þeim degi eða kringum þá daga sem samkvæmt áætlun þingsins var ráðgert að fresta þingi, en ég hef ekki heyrt neinn tala um það eða ræða um það að þetta frv. sé væntanlegt. Það væri auðvitað ógerlegt að afgreiða það á yfirstandandi þingi því að samkvæmt reglum sem við höfum sett okkur og erum sammála um hafa nefndir þingsins lokið störfum. En það er alveg ljóst að fyrirheit ráðherrans og yfirlýsingar ráðherrans frá 11. mars um að þessar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga munu ekki koma fram á þessu þingi. Þessi tímafrestur sem var ansi knappur fyrir mun ýtast fram á haustið. Því er það alveg ljóst að menn munu í einhverju hendingskasti grípa til þess ráðs sem verður óhjákvæmilegt, að fresta tilflutningi á *málefnum fatlaðra um eitt eða jafnvel tvö ár og verður að* horfast í augu við það. En það er auðvitað mjög gagnrýnivert, ekki það endilega að menn hafi ákveðið að gefa sér meira svigrúm, en ég veit til þess af því að ég þekki til þess og fólk hefur haft samband við mig víðs vegar um landið að til að mynda notendur þessarar þjónustu höfðu ekki hugmynd um fyrirætlanir ráðherrans um að fresta þessari tilfærslu. Það er verið að sækja á viðkomandi sveitarstjórnarmenn um það hvernig þessu verði háttað í hinu og þessu sveitarfélaginu og hvað eigi nú að gera og hvar stjórnsýslan eigi að vera, hvert þjónustuna eigi að sækja o.s.frv., hvaða breytingar verði í raun og sanni þegar þessi tilfærsla á sér stað. Sveitarstjórnarmenn vita það ekki einu sinni því að ráðherrann hefur ekki haft fyrir því að tilkynna þetta formlega neins staðar, enda getur hann ekki tilkynnt það formlega neins staðar því að þingið hefur ekki tekið ákvörðun um það. Hér velkjast mál áfram með einhverjum þeim hætti sem að því er virðist enginn tekur ákvörðun um og enginn ræður við.

Þetta er enn eitt dæmið um það, virðulegi forseti, hversu mikilvægt er í þessu sambandi að samspil þessara stjórnsýslueininga sé með viti bornum hætti, sé skýrt og afdráttarlaust.

Annar málaflokkur hefur feikimikið að segja fyrir sívaxandi hóp þjóðfélagsþegna, sem eru aldraðir sem í næstu og lengri framtíð verða langtum stærri hópur þjóðfélagsþegna en við höfum átt að venjast. Þjóðin eldist ef svo mætti segja. Sá málaflokkur fellur líka að sumu leyti undir þetta samspil ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin ala önn fyrir almennri þjónustu við heilbrigða aldraða, aðstoða við og veita fjárstyrk til tómstundastarfsemi aldraðra, kosta heimilishjálp fyrir aldraða og ýmsa félagsþjónustu aðra og er unnin feiknagóð vinna í mörgum sveitarfélögum og til mikillar eftirbreytni. Síðan kemur að hlutverki ríkisvaldsins í þessu sambandi sem einkum og sér í lagi lýtur að heilbrigðisþjónustu við aldraða, þá er ég að tala um langlegudeildir. Ríkisvaldið kemur líka að heimahjúkrun við aldraða og kostar hana. Heimilishjálp og heimahjúkrun eru greinar af sama meiði. Það eru auðvitað fjöldamörg dæmi um það að þarna hafa þessi tvö stjórnsýslustig verið nánast að kasta boltanum sín á milli, kasta ábyrgðinni af þeim kostnaði sem til fellur við félagslega aðstoð og heilbrigðisaðstoð við þann sem þjónustunnar nýtur. Ríkið reynir eins og það frekast getur að treina það að veita heimahjúkrun og hvetur til þess að sveitarfélagið setji aukinn kraft í heimilishjálpina til að hægt verði að fresta því að veita heimahjúkrun. Sveitarfélögin hins vegar gera kröfu um það að heimahjúkrun komi að einhverju leyti í staðinn fyrir heimilishjálpina. Þannig er þessum bolta dálítið kastað á milli. Síðan er ákveðin togstreita fólgin í því, þó ég hyggi að flestir séu nú orðið sammála um það að flestu leyti, að samfélagið eigi að reyna eftir fremsta megni að gera hinum öldruðu kleift að vera heima hjá sér eins lengi og þeir vilja og geta með þeim félagslegu og heilbrigðisfélagslegu úrræðum og úrræðum á heilbrigðissviðinu sem tiltæk eru. Með öðrum orðum að víkja frá þessari stofnanapólitík sem hér hefur riðið húsum, þessari stofnanapólitík sem hefur birst m.a. í því að langtum stærra hlutfall aldraðra er á langlegudeildum fyrir þá en gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Það er auðvitað engum blöðum um það að fletta og tölur sýna það óyggjandi að það fyrirkomulag er langtum kostnaðarsamara en að aðstoða aldraða við það að búa heima hjá sér.

En það er vissulega ákveðinn hvati hjá sveitarfélögunum að knýja á um að ríkisvaldið sjálft eða ýmiss konar líknarsamtök með þá fjárstyrk ríkisins ráðist í byggingu *langlegudeilda fyrir aldraða, langlegudeilda sem síðan eru* kostaðar af fjárlögum 100%, byggingarnar sjálfar kostaðar að 85% og sveitarfélögin borga þar 15%. Það er auðvitað ákveðinn hvati hjá sveitarfélögunum, kannski innibyggður, að þrýsta á um að þessi úrræði séu til staðar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ef framboð er mikið af langlegurýmum fyrir aldraða og eftirspurn er kannski minni eins og þekkist víða um land, þar eru þessi rúm ekki fullnýtt, þá gæti maður ímyndað sér að býsna þægilegt væri fyrir viðkomandi sveitarstjórn að knýja beint eða óbeint á um það að aldraðir einstaklingar sem sveitarfélagið hefur einkum kostnað af í heimilishjálpinni selji hús sitt og flytji á langlegudeildina fyrir aldraða þar sem ríkið borgar brúsann. Þannig gerast þessi kaup á eyrinni hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ég vil hins vegar árétta það og undirstrika að ég hef ekki heyrt

neinn þann sveitarstjórnarmann eða neinn forsvarsmann í sveitarfélögum né heldur á heilbrigðissviðinu sem með opin augu leggur mál raunverulega upp með þeim hætti sem ég er hér að gera. Ég er einfaldlega að benda á veruleika málanna og þær hættur sem eru innibyggðar í þetta samspil ríkis og sveitarfélaga og hafa sannarlega, óneitanlega leitt til þeirrar þróunar að miklu eða litlu leyti sem ég rakti áðan.

Þess vegna hef ég líka verið áhugamaður um það að ríki og sveitarfélög og síðan með hlutdeild Alþingis kæmu að þessum málaflokki alveg sérstaklega og það hefur verið reynt að gera sumpart á vettvangi reynslusveitarfélaga.

Þessu skylt en þó óskylt eru málefni atvinnulausra sem hafa mjög verið til skoðunar og miklum breytingum háð nú upp á síðkastið fyrir atbeina núverandi ríkisstjórnar og hæstv. félmrh. þar sem menn fóru í raun í allt aðra átt en þróunin hefur verið fram undir þetta og menn hafa haldið að flestir væru sammála um að fara því að í stað þess að auka ábyrgð og nálægð félagslegra úrræða og í vinnumiðlun, við útvegun atvinnu, við greiðslu atvinnuleysisbóta með því að færa þau verkefni í enn frekara mæli út í sveitarfélögin, þá sneri hæstv. ráðherra algerlega við blaði og bjó til eitt stykki ríkisstofnun, Vinnumálastofnun. Ég hafði uppi ákveðin viðvörunarorð um þau efni og ég vil endurtaka þau. Ég held hins vegar að úr því sem komið er sé nauðsynlegt að láta á það reyna hvort fyrirkomulagið um þessa nýju ríkisstofnun, sem sérstaklega er ástæða til að óska núverandi ríkisstjórn til hamingju með því að hún hefur talað í aðra veru en þá að stofna nýjar ríkisstofnanir þó hún hafi raunar gert það og ekki eingöngu í þessu tilfelli heldur líka með stofnun nýs ríkisbanka. En allt kom þetta dálítið á óvart og það var svo sem engin sérstök sátt eða hamingja hjá verkalýðshreyfingunni með þessa gjörð hæstv. félmrh. né ríkisstjórnarinnar í heild frekar en með annað það sem hann hefur fram að færa í sínu ráðuneyti í seinni tíð.

Það á eftir að koma á daginn, virðulegi forseti, hvort þetta fyrirkomulag geti gengið. Þarna er við það miðað að einhvers konar svæðisskrifstofur verði sem angar og útibú frá þessari ríkisstofnun sem Vinnumálastofnun heitir og vel má vera að þær nái vopnum sínum og geti virkað vel og ég vona svo sannarlega að þannig geti það orðið.

Á hinn bóginn hræða fyrstu skrefin í þessa veru því að það kemur auðvitað í ljós — og í minni heimabyggð til að mynda hjá öflugu og stóru verkalýðsfélagi sem Hlíf heitir og öðru sem Framtíðin heitir hafa vaknað eðlilegar, háværar gagnrýnisraddir vegna þeirrar ráðstöfunar sem þetta nýja fyrirkomulag hefur leitt af sér, að umsýsla með atvinnuleysisbótunum skuli öll færð hingað til Reykjavíkur á einn stað og það sé einn staður á höfuðborgarsvæðinu sem afgreiði atvinnuleysisbætur til þess fólks sem lendir í þeim hryllingi að vera án atvinnu. Ég hélt satt að segja að þetta væri liðin tíð, að við ætluðum með öðrum orðum að draga úr þjónustu í þessum vettvangi heldur væri frekar vilji til þess, jafnvel hjá þessari hægri stjórn sem við búum við í dag, að auka félagslega þjónustu og færa hana nær fólkinu. En það er með þetta eins og annað að skylt er skeggið hökunni og út af fyrir sig er það fyrir löngu hætt að koma mér á óvart hversu óskammfeilin ríkisstjórnin er þegar kemur að þessum málum og öðrum.

Ég drap eilítið á það í stuttri dæmisögu um samskipti mín og hv. þm. Ólafs G. Einarssonar hvernig skólabyggingamálum hafi verið háttað hér á árum áður og ætla ekki að endurtaka það. En hinu er ekki að leyna að ekki er langt síðan grunnskólinn í heild sinni kom á borð sveitarfélaga og ég hef alla tíð verið mikill áhugamaður um að það gengi fram. Ég er alveg handviss um að fæðingarhríðunum er ekki lokið í þeim efnum, og eins og harðvítugar launadeilur á síðasta ári báru með sér, þá eru sennilega einhver ár í að þar skapist það nauðsynlega umhverfi sem grunnskólum okkar er mikilvægt. Kannski gerist það ekki fyrr en hinni svokölluðu einsetningu er lokið sem á að ljúka ef ég man rétt árið 2002 eða 2003, framlengt held ég til ársins 2003.

Það er hins vegar eitt af þeim málum sem ég hef stundum verið að velta fyrir mér og eru af þeirri gerð að einhvers konar andi fer að svífa yfir vötnunum og einhvers konar bylgja gengur yfir land, bylgja sem gengur þvert í gegnum allar sveitarstjórnir, nær hingað inn í þingsali og úr verður einhver sú niðurstaða sem bylgjan leiðir af sér. Stundum eru slíkar bylgjur nauðsynlegar og góðar en stundum hefði verið ástæða til þess að staldra eilítið við og huga nánar að málum. Þá er ég auðvitað að ræða um það sem nefnt hefur verið einsetning skólanna. Það var rauður þráður í sveitarstjórnarkosningum fyrir fjórum árum að öll mál skólanna mætti leysa með því að einsetja þá, auka við byggingar og stækka það rými sem hefur verið til skólahalds. Þessu lofuðu sveitarstjórnarmenn hver í kapp við annan í síðustu sveitarstjórnarkosningum og úr varð að hið háa Alþingi smitaðist af öllum þessum áhuga og í nýjum grunnskólalögum var þetta hinn rauði þráður. Skólahald skyldi leysa með einsetningu. Nú eru sveitarfélögin hvert í kapp við annað að reisa skólabyggingar hringinn í kringum landið, eyða milljörðum á milljarða ofan í steinsteypu — og vafalaust mun það allt skila sér, eða vonandi, skulum við segja. En ég hef stundum haft efasemdir í hjarta mér hvort forgangsröðin hafi verið alveg rétt í þessum efnum, hvort menn hefðu ekki getað og hvort ekki hefði verið skynsamlegra að taka kannski eilítið smærri skref varðandi steinsteypuna og huga þá frekar að innri málum skólanna. Ég nefni kjör kennara. Ég nefni ýmsa þætti í skólastarfi sem hafa liðið fyrir fjárskort og gera enn og munu gera hvað sem líður stórauknu húsrými í skólunum, þ.e. hinni svokölluðu einsetningu. Einsetningin ein og sér býr ekki til betri skóla. Við skulum átta okkur á því. Þetta er kannski skólabókardæmi um það sem við þurfum að taka mið af í þinginu að fyrirsagnir leysa ekkert endilega mál.

Ég tek skýrt fram, virðulegi forseti, að ég er svo sem enginn andstæðingur þess og skil það ósköp vel að margir horfi til nágrannalanda okkar, þar sem rými er meira og barnafjöldi er hlutfallslega einfaldlega minni en er hér á landi, og vilji bjóða okkar börnum upp á jafnmikið og gott skólarými og þar er að finna. En ég hygg samt að í sívaxandi mæli séu margir foreldrar að velta því fyrir sér þegar þeir sjá sína kjörnu fulltrúa taka ákvarðanir um milljarðafjárfestingar í steinsteypu hringinn í kringum landið, hvort eitthvað mætti hægja á ferðinni í þeim efnum og verja þeim fjármunum kannskri til innra starfs til þess að gera börnin okkar að betri samfélagsþegnum, gera þau hamingjusamari og glaðari í skólunum, gera kennarana og annað starfsfólk glaðara og ánægðara með kaup sín og kjör. Ég held að þarna hefði kannski átt að fara bil beggja og fara hægara í sakirnar en var gert. Út af fyrir sig er engum einum um að kenna. Öll berum við þarna ábyrgð og ég vona svo sannarlega að þótt þessi ákvörðun hafi verið tekin fái íslenski grunnskólinn að vaxa og dafna undir stjórn sveitarfélaga. En hitt er annað mál að menn hafa svo sem talað um það sem einhvers konar stórkostleg tíðindi þegar það gerðist að grunnskólarnir fóru

til sveitarfélaganna. Þeir voru kostaðir af sveitarfélögunum að verulegu leyti. Það voru fyrst og síðast laun kennara sem voru færð yfir, og það er út af fyrir sig ekki lítið mál, en sveitarfélögin hafa með öðrum orðum að flestu leyti verið ábyrg um þá starfsemi sem skólarnir hafa haft með höndum en hafa ekki haft húsbóndavald, ekki haft samningsstöðu gagnvart kennurum og það samspil eitt og sér gerði það að verkum að það ekki var ljóst hver réði, hver átti að marka stefnu, hvernig átti að ganga um dyr og ganga. Þess vegna fagna ég því enn og aftur að menn skyldu taka þetta mikilvæga skref að fella þetta verkefni í einu og öllu undir þann hatt sem sveitarfélögin hafa.

Þessu náskylt er sú mikilvæga starfsemi sem fer fram í leikskólum — og nú fer ég satt að segja að sakna vinar í stað, virðulegi forseti, sem er hv. þm. Pétur H. Blöndal því að þetta er einkum og sér í lagi gert handa honum og hans líkum því hann hefur orðið uppvís að því hér enn og aftur, virðulegi forseti, að vita lítið sem ekkert um það verkefni sem sveitarfélög hafa með höndum. Ég held að það væri nauðsynlegt að kanna það. Ég mundi strax róast a.m.k. ef ég vissi af því að hann væri hér í húsi. Er það svo, virðulegi forseti?

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég býst við að hv. þm. sé farinn heim að sofa. Hann er ekki í húsi.)

Ég veit ekki hvort ég á að gleðjast eða hryggjast yfir þessum tíðindum, það varðar kannski engu. Maður getur að sumu leyti glaðst yfir því að hann heldur þá ekki fleiri ræður í kvöld. Hann er búinn að halda eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar 20 ræður í kringum þetta mál, segi og skrifa 20 ræður.

Ég nefndi leikskólann. Við höfum verið með löggjöf í þá veru. Ég hef gjarnan séð það og vildi í tengslum við sveitarstjórnarumræðuna um þennan grunn sem við erum að leggja að sveitarstjórnarstiginu og þeirri þjónustu sem þar á að eiga sér stað fá umræðu til að mynda um stóraukið samspil leikskóla og grunnskóla. Nú hefur skólaskyldualdur verið að lækka í tímans rás, hann var á öndverðri öldinni 10–11 ára. Ég held að það hafi verið minn heimabær sem undir forustu Alþfl. í þá daga nýtti sér heimildir Alþingis til þess að snarlækka skólaskyldualdur, ef ég mann rétt úr 10 ára í 7 og var langfyrst sveitarfélaga til þess enda stjórnað á félagslegum grunni og að því leytinu til sýnir það að auðvitað hefur það mjög mikið vægi hvernig pólitískar áherslur eru í sveitarfélögum. En ég segi það af fullri alvöru, virðulegi forseti, og maður heyrir af því og veit af því víða í nágrannalöndum okkar, að minna er lagt á ungviði okkar í leikskólum landsins en í mörgum öðrum löndum. Þegar ég segi „lagt á“, þá á ég við að skipulegri kennsla, jafnvel í erlendum tungumálum, hefst við fimm ára aldur. Ég veit að fóstrur sem hétu þá og heita nú leikskólakennarar eru mjög áhugasamar um það að ganga frekar í þessa áttina.

Ég sé til að mynda fyrir mér að sveitarfélög þar sem félagslegar áherslur eru hátt á lofti eins og í Hafnarfirði gengju á undan með góðu fordæmi enn og aftur og horfðu til þess til að mynda að um aldamótin, við skulum segja hálfur dagur elsta árgangs leikskólanna, yrði gefinn kostur á endurgjaldslausri vist, „skólavist“ í leikskólum bæjarins. Það kæmi mér ekkert á óvart ef niðurstaða sveitarstjórnarkosninga yrðu hagkvæmar 23. maí nk. að menn sæju slíkar breytingar, slíkt frumkvæði eiga sér stað í bænum góða sunnan við Reykjavík. Að vísu eru ekki allar fréttir jafngóðar þaðan því að menn hafa sagt mér af úrslitum leikja í knattspyrnu í kvöld sem er auðvitað annað mál. Það vekur mig til umhugsunar um íþróttamál í sveitarfélögum sem er ekki til að brosa að þó að það séu gleðilegir hlutir sem þar eru að gerast því að sveitarfélögin bera líka ábyrgðina á því forvarnastarfi sem fylgir íþróttunum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að menn hafi ævinlega vanmetið þátt íþrótta í uppeldi og heilsu þjóðar okkar. Ég hef gjarnan orðað það sem svo að íþróttaiðkun væri eins og besti skóli. Ekki eingöngu kenndi það æsku landsins að una við tilteknar leikreglur heldur leysti það líka úr læðingi ákveðið einkaframtak sem öllum er nauðsynlegt á leikvelli og þá er ég fyrst og síðast að vísa til þeirra íþróttaleikja þar sem margir eru saman komnir og spila í liðum. Þetta er hin hliðin á peningnum sem er kannski minna umrædd en ekki síður mikilvæg en það að líkami og sál hressist.

Hvað varðar íþróttamál er það á hendi hvers sveitarfélags að verulegu leyti hversu mikið lið opinberir aðilar leggja slíkri starfsemi. Sum sveitarfélög gera það mjög myndarlega en önnur ekki. Það er athyglivert í þessu sambandi að einmitt á þessum vettvangi, virðulegi forseti, hefur Alþingi ekki sérstaklega þurft að hafa sig í frammi um það að setja sveitarfélögunum niðurnjörvaðar fyrirskipanir um það hvernig þeim beri að styðja og styrkja við íþróttafélög og íþróttastarf í viðkomandi bæjarfélögum. Þetta finnst mér til marks um að kannski sé ekki alltaf þörf á því að við í þessum sal séum að segja sveitarfélögum fyrir verkum upp á punkt og prik. Það er engin brýn þörf á því í einu og öllu. Ég ber fullt traust til sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna, að þau sinni þessum skyldum samkvæmt almennum en þó skýrum reglum og við þurfum ekkert að stafa það ofan í sveitarstjórnarmenn, kjörna fulltrúa hringinn í kringum landið hvernig þeir eigi að sinna verkum sínum. En inn á það kem ég á eftir, virðulegi forseti, að þetta frv. til sveitarstjórnarlaga tekur einmitt mið af slíku stafrófi þar sem svo virðist sem ríkisvaldið telji nauðsynlegt að tala við sveitarstjórnarmenn nánast eins og óvita og segja þeim nákvæmlega upp á punkt og prik hvernig þeir eigi að haga stjórnsýslu sinni. Það er engin þörf á því að mínu mati og ég ætla að nálgast það betur á eftir.

Ég drap eilítið á íþróttir og heilbrigðisþáttinn. Auðvitað er það þannig að þótt ríkisvaldið verji fyrir atbeina Alþingis upp undir helmingi af fjárlögum hvers árs til heilbrigðismála beint eða óbeint þá eru sveitarfélögin líka snar þáttur í forvarnastarfinu sem ég gat um áðan og hafa löngum borið ábyrgð á þessum forvarnaþætti þó að í seinni tíð hafi heilbrigðisyfirvöld, heilbrrn. og undirstofnanir þess, komið í auknum mæli að þeim málaflokki. Það er auðvitað ágætt en breytir því ekki að þessi forvarnaþáttur er og verður fyrst og síðast hjá sveitarfélögum þó ekki væri nema vegna þess að þar er stjórnsýslan í beinu daglegu sambandi við það fólk sem þarf að ræða við frá einum tíma til annars. Það gerir ekki heilbrrn., það gerir ekki hið háa Alþingi. Það nær ekki slíku beinu sambandi við einstakling eins og nauðsynlegt er á mörgum sviðum eins og í forvarnastarfi hvað heilbrigðismálin varðar, tóbaksvarnir og annað þess háttar.

Á sama hátt, auðvitað sökum þessarar nálægðar, er deginum ljósara að engin önnur stjórnsýsla en sveitarfélögin og stofnanir þeirra hafa lykilhlutverki að gegna hvað varðar heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir á hverjum stað. Það er auðvitað alveg sama hvað við ræðum lengi og hátt og snjallt um þau mál, ef framkvæmdin, áróðurinn og fræðslustarfsemin heima í héraði er ekki eins og nauðsynlegt væri þá ganga hlutirnir ekki fram eins og við setjum hér á blað. Þarna er því enn einn málaflokkurinn sem segir okkur að sveitarfélögin

gegna þarna lykilhlutverki og það segir okkur enn og aftur að frv. til sveitarstjórnarlaga er ekki málaflokkur og ekki frumvarpspakki sem menn taka með vinstri hendi, taka með einhverjum útúrsnúningum og afgreiða.

Við höfum líka í þessum sal í vetur og gjarnan oft áður rætt um það mikilvæga verkefni sem gróðurvernd og skógrækt er. Ég er ekkert viss um að allir átti sig á því hvernig sveitarfélögin hafa komið að þeim málum. Þau bera að sönnu lögum samkvæmt ákveðna ábyrgð í þeim efnum. En þau gera auðvitað langtum mun meira en lagaleg skylda segir fyrir um og þá með stuðningi við skógræktarfélög og gróðurverndarfólk af ýmsum toga. Það undirstrikar enn og aftur sem ég sagði áðan, að ekki er endilega nauðsynlegt að stafa þessa verkefnalýsingu ofan í sveitarstjórnarmenn. Þeir finna á eigin beinum hvar eldurinn brennur og hverjar kröfur og óskir fólksins í viðkomandi bæjarfélögum, fólksins í landinu, eru frá einum tíma til annars.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að staldra lengi við annan málaflokk sem þó væri full ástæða til að gera. Við eigum þess kost síðar í þessum mánuði við umræður um húsnæðismál almennt og tillögu hæstv. félmrh. og þessarar hægri ríkisstjórnar sem miðar að því að rústa hinu félagslega íbúðakerfi. Sveitarfélögin fara þar enn og aftur með það lykilhlutverk að skapa fólki aðstöðu til þess að hafa þak yfir höfuðið. Þá er ég fyrst og síðast að vísa til hins félagslega íbúðarhúsnæðis og leiguhúsnæðis en það er á enn fleiri sviðum, því að sveitarfélagið þarf að standa klárt á vegagerð, gatnagerð og framboði lóða þegar byggja skal. Þar er mikilvægur þáttur sem við munum ræða vítt og breitt sem betur fer síðar í þessum mánuði og til þess gefst þá tækifæri að fara nánar í þau mál.

Þegar við ræðum hinar stóru stærðir í orkumálum þá eru þau á nákvæmlega á sama hátt beintengd hverju heimili úti um byggðir landsins. Rafveiturnar skammta rafmagn, vatnsveiturnar vatnið. Hitinn úr jörðunni víða um landið er á hendi vatnsveitna eða annarra aðila. Verði misbrestur á að skaffa þessi grundvallarelement hvers heimilis er fyrst talað við sveitarstjórnarmennina, þá sem þjónustuna veita. Hvort heldur að sá almenni aðili sem ber ábyrgð á þeim málaflokki er heima í héraði eða hvort það er Rafmagnsveita ríkisins eða stærri og miðstýrðari stofnanir þá er það engu að síður sveitarfélagið, sveitarstjórnarmaðurinn og starfsfólk sveitarfélaganna þúsundum saman sem ber á þessu ábyrgð og þarf að svara til saka fari eitthvað úrskeiðis.

Í þessu sambandi eru landakaup líka snar þáttur í útgjöldum sveitarfélaga og það er auðvitað náskylt þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um hálendið. Það er þáttur þess máls sem alveg er eftir og framtíðin ein á eftir að leiða í ljós hvernig honum vindur fram, þ.e. hvernig okkur mun ganga að leiða til lykta deilumál um það hver á Ísland, hver á hálendið og þá algjörlega burt séð frá því hvar forsjáin liggur, hvort hún verði að nafninu til hjá sveitarfélögum eins og hér í frumvarpinu er lagt til eða hjá öðrum, eingöngu eignarréttarspursmálið.

Ég lagði við hlustir og það var út af fyrir sig dálítið fróðlegt af því að þar átti í hlut hreinn meiri hluti Sjálfstfl. hér í nágrannabyggðarlagi, nánar til tekið hreinn meiri hluti í bæjarstjórn Garðabæjar sem lenti undir þungum hrammi réttlætisins, fékk yfir sig dóm Hæstaréttar vegna landakaupamála í Arnarnesi. Það var dálítið merkilegt að fylgjast með því öllu saman og ég ætla svo sem ekki að deila við dómarann. En ég get ekki sagt annað en að það kom mér á óvart að Hæstiréttur skyldi hafa komist að þeirri niðurstöðu að bæjaryfirvöld í Garðabæ hafi ekki lagt sig nægilega í framkróka og ekki gefið sér nægilega langan tíma til viðræðna við landeigendur þar um nauðsynleg landakaup vegna þróunar byggðar, þegar fyrir lá að hugmyndir um verð voru annars vegar af hálfu bæjarfélagsins vegna almannahagsmuna u.þ.b. 500 kr. á fermetra, ef ég man rétt, en hugmyndir eigenda landsins, þess sem selja skyldi, voru 2.800 kr. Talað var um parketverð. Það ku samsvara verði á fermetra parkets. Það sér hver maður og það höfum við alþýðuflokksmenn sagt áratugum saman, að auðvitað er ekkert réttlæti í því og hvergi hægt að koma auga á það réttlæti, að eigandi lands geti hirt af því verulegar fjárhæðir sem stórhækka af ástæðum sem hann hefur út af fyrir sig ekkert um að segja og hvergi komið nærri, heldur vegna þess hver þróun byggðar hefur orðið. Ég skal vera fyrstur manna til að viðurkenna það að verðmæti jarða hækki ef viðkomandi landeigandi hefur í sveita síns andlits lagt þar gjörva hönd á plóg og gert þar betrumbætur, farið í vegalagningu, farið í ræktunarstarf eða hvað eina. Þá er eðlilegt að almenningur, að bæjarfélögin, bæti viðkomandi einstaklingi það. En auðvitað er ekkert vit að hér sé bara nánast um einhvers konar olíufund að ræða eða gullgröft. Auðvitað er engin glóra í því að ef að þróun byggðar verður í þessa veruna en ekki aðra, þá þýði það að einstaklingar í þessu landi sem fengu gefins landsvæði fyrir áratugum síðan taki upp og tíni til sín tugmilljónir og jafnvel hundruð milljóna kr.

Þetta finna sveitarstjórnarmenn á sjálfum sér og ég er þess handviss að sjálfstæðismenn í Garðabæ hafa sumir vafalaust skipt um skoðun eða ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir sjái ekki mikla glóru í því að þeir verði hugsanlega knúnir til þess að kaupa land í Arnarnesi vegna þess að byggðin kallar á það, fyrir 2.800 kr. fermetrann. Það þýðir með öðrum orðum, ég þori varla að reikna það en það sér hver heilvita maður, að meðalstór lóð eða tiltölulega lítil lóð upp á 300–400 fermetra, 500 hundruð fermetra, er komin í hæstu hæðir. Það liggur í augum uppi að kostnað vegna uppkaupa lands í þéttbýli greiðir enginn annar en fólkið í viðkomandi bæjarfélagi og að langmestu leyti verða greiðendur þeir sem reisa þau hús sem munu rísa á viðkomandi landsvæði sem kaupa þarf.

Þetta er náskylt því máli sem við ræðum hér og rætt hefur verið hvað mest. En þessu vildi ég koma að í almennum umræðum um sveitarstjórnarmál því að þarna er um verulega útgjöld að tefla hjá mörgum sveitarfélögum. Stundum lenda sveitarfélög í því að ef landsvæði eru til sölu, tiltölulega langt frá byggð, þá verður það stundum orðið þannig að menn hugsa með sjálfum sér hvort ekki sé réttara að leysa þetta til sín núna og kaupa þetta núna í frjálsri sölu þó að menn hirði engan arð af viðkomandi landi næstu ár eða áratugi, frekar en að bíða þess að byggðin þróist í áttina að viðkomandi landbleðli og verða þá dæmdir til þess, úrskurðaðir til þess, annaðhvort af dómstólum eða úrskurðarnefndum, að leysa viðkomandi land til sín á uppsprengdu verði.

Þannig er lagaramminn um þetta í þéttbýlinu. Ég hef oft lýst yfir undrun minni með það að sveitarstjórnarmenn í öllum stjórnmálaflokkum skuli ekki hafa gagnrýnt þetta mun harðar og ákveðnar en raun ber vitni. Og að almenningur líka, kjósendurnir í þessum sveitarfélögum, skuli ekki hafa rekið upp ramakvein þegar þeir þurfa að borga skatt, vil ég segja. Þeir eru að borga auðlindaskatt, ekki til eigenda auðlindarinnar í raun og sanni, fólksins í landinu, því þarna er

verið að borga til einstaklinga sem einhvern tíma á árum áður hafa sölsað undir sig þetta land oft með góðu og stundum með illu.

Ég þekki líka annað dæmi af þessum toga sem auðvitað er full ástæða til að rekja. Ég stóð frammi fyrir því sjálfur þá sem trúnaðarmaður Hafnfirðinga. Þar var um að ræða svokallað Thorsplan í Hafnarfirði. Það hét Thorsplan vegna þess að Kveldúlfur hafði áform um að fara í bryggjugerð í Hafnarfirði einhvern tíma á öndverðri þessari öld og fékk úthlutað landi í miðbæ Hafnarfjarðar á fyrstu áratugum aldarinnar. Af ýmsum orsökum kom aldrei til þess að í þessa framkvæmd væri ráðist og ekkert gerðist.

Við gjaldþrot þess fyrirtækis leysti síðan einn aðalkröfuhafinn, Landsbanki Íslands, þetta landsvæði til sín og tók það upp í skuld og átti þetta land, þetta landsvæði, þetta tún í hjarta bæjarins um áratuga skeið. Það kom að því að Hafnarfjarðarbær þurfti á þessu að halda og vildi lagfæra miðbæinn. Það var auðvitað ekki um annað að ræða en að kaupa þetta land. Ég held að ég muni það alveg rétt að kaupverðið hafi verið í kringum 100 millj. kr. Lái mér einhver ef ég á þeim tíma sem sveitarstjórnarmaður hafi litið á þetta sem ákveðna blóðpeninga, að þurfa að reiða af hendi 100 milljónir af skattfé almennings vegna þess að fyrir 40 árum var einhverju fyrirtæki úthlutað lóð endurgjaldslaust til að ráðast í einhvers konar drift sem því miður fór á annan veg. Og 70–80 árum síðar var bæjarfélaginu gert að greiða fyrir þessa lóðarúthlutun 100 millj. kr. Er nokkur glóra í þessu? Er þetta nokkurt réttlæti? Ekki segi ég það.

Það getur vel verið að mörgum finnist að þessi dæmi sem ég hef hér gert að umtalsefni eigi ekkert skylt við þá almennu umræðu sem á sér stað um hálendið en vissulega eru þetta skyld málefni og þá einkum og sér í lagi þegar kemur að þjóðlendufrv. forsrh. Þetta tengist því einnig þegar komið er að þeim þætti málsins að loks sjá menn það þó fyrir sér í þjóðlendufrv. forsrh. að leggja brautir í þá átt að gera það a.m.k. hreint hvað þjóðin á og hvað er í einkaeign, að þá skuli menn í miðju því ferli raunar taka um það ákvörðun, eins og hér er lagt til í 1. gr. þessa frv., að búta hálendið niður í frumeindir og skenkja það einstökum sveitarfélögum að nafninu til. Auðvitað er engin glóra í þessu. Það er ekkert samhengi í þessu að mínu áliti og þetta rekur sig hvað á annars horn.

Í þessu samhengi hafa menn rætt skipulagsmálin vítt og breitt. Ég ætla ekki að kasta mér til sunds í þá flóknu umræðu sem átt hefur sér stað um það hvernig hlutirnir munu ganga fyrir sig á hálendinu, um samstarfsnefndir, svæðisskipulagið, þátt skipulagsstjóra og síðan ráðherra. Það hafa menn gert mjög samviskusamlega. Ég held að kannski sé ekki mjög miklu við að bæta í þeim efnum, enda hefur algjörlega komið í ljós að keisarinn var klæðalaus. Þau sem höfðu fyrirvara um þetta, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og áðurnefndur hv. þm. Pétur H. Blöndal, eru auðvitað algjörlega klæðalaus, þau keyptu köttinn í sekknum. Þau höfðu hátt um fyrirvara og gáfu til kynna að stórt samkomulag væri á ferðinni og mundi breyta eðli málsins. En það auðvitað hefur komið í ljós að það var fjas eitt og innihaldslítið eða innihaldslaust.

En skipulagsmál eru auðvitað mjög snar þáttur í þróun byggðar í þéttbýli og dreifbýli. Kannski er það svo að sveitarstjórnarmenn og við alþingismenn höfum ekki gefið því nægilega góðan gaum. Kannski hefur kappið stundum verið meira en forsjáin. Út af fyrir sig er það ekki skrýtið, í okkar litla landi sem risið hefur úr öskustónni á síðustu 50 árum eða svo, að menn hafi gengið hratt til verka og flýtt sér úr torfkofunum inn í nútímann.

Auðvitað er samt ástæða til að gaumgæfa, staldra við og skoða. Ég er vafalaust jafnsekur og aðrir um að hafa ekki gefið skipulagsmálum nægilega gaum. Ég minnist þess frá sveitarstjórnartíð minni að mér fannst allar þessar síur, og hinn langi frestur sem gjarnan ber samkvæmt lögum að hafa til þess að kalla eftir athugasemdum og ábendingum, tefja fyrir brýnum framfaramálum. Þó var farið eftir þeim og ég sé ekki eftir því, því að oft kemur þetta fyrirkomulag í veg fyrir slys eða að góðar ábendingar gera útfærslu mála í skipulagi betri en færustu sérfræðingar hafa séð fyrir. Þær ábendingar koma einfaldlega frá almenningi. Í því ljósi virðist mér að eftir eigi að leysa feikilega stórt skipulagsverkefni á miðhálendinu. Í mínum huga er það verkefni sem menn leysa ekkert í einu vetfangi. Þó að það sé auðvitað þannig, og því má ekki gleyma, að skipulagsskyldan, upphaf málsins, er hjá sveitarfélögum.

Þeir sem nærri hafa komið þekkja að þegar einu sinni er búið að festa hlutina á blað og teikna ramma fyrir tiltekið skipulag, og þó að menn setji þetta í gegnum eina síuna og tvær síurnar og þrjár síurnar og fjórar síurnar, allt taki einhverjum breytingum og lagist og batni, þá er hin grófa mynd mjög svipuð því sem lagt var af stað með.

Nákvæmlega þetta mun gerast í skipulagi miðhálendisins. Það gefur auga leið og við hljótum að gera ráð fyrir að þau sveitarfélög sem nú eiga að fá tiltekið forræði að í þessu máli, hafi ákveðinn metnað til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri á fyrstu stigum málsins. Það væri undarlegt ef svo væri ekki. Ef svo er ekki þá hafa þau hvorki vægi né getu til þess að standa í þessu. Ég held að hver einasti maður ætti að sjá að þetta á allt eftir að loga, hið sameiginlega fley á eftir að loga stafnanna á milli, það gefur auga leið. Í þessari svæðisskipulagsnefnd og samráðshópi eða samstarfshóp mega vera miklir snillingar ef þeir ætla sér að bera klæði á þau vopn og ljúka málum þannig að sveitarfélögin samþykki þetta öll, enda þarf sannarlega þeirra samþykki.

Að vísu hafa verið áhöld um það hvort ráðherrann geti á síðustu stigum málsins rekið þetta öfugt niður í einstök sveitarfélög sem hafi þar með ekki neitunarvald. Samkvæmt laganna hljóðan held ég að það sé alveg ljóst að auðvitað muni þau hafa það vald.

Ég held að hver maður sjái að þetta verður mjög erfitt verkefni, feikilega erfitt verkefni, nánast ógjörningur að samræma hin ólíku viðhorf sem auðvitað munu koma þarna upp. Viðhorf sveitarfélaganna til þessara mála hljóta að vera mjög mismunandi. Það hlýtur að vera keppikefli sumra sveitarfélaga, og kannski flestra þeirra, að þau hafi einhverjar tekjur af umferð túrista um hálendið. Auðvitað vilja þau gjarnan að tekjurnar falli í viðkomandi sveitarfélög en ekki nærliggjandi. Þá byrjar sá slagur. Ég hygg að sveitarstjórnarmenn viti hvernig kaupin gerast stundum á þessari eyri og hvernig samstarfinu er háttað milli bestu vina, milli nágrannasveitarfélaga um einstök atriði. Þeir þekkja að stundum reynast mál, sem virtust einföld við fyrstu sýn, flókin og erfið úrlausnar þegar á er tekið. Þau litlu mál milli kannski tveggja nærliggjandi sveitarfélaga, jafnvel þriggja nærliggjandi sveitarfélaga, verða auðvitað hátíð miðað við þau vandamál sem ávísað er á hér varðandi hálendið og aðkomu þessara fjölmörgu sveitarfélaga að því máli. Ég held að það þurfi engan snilling til að átta sig á þeirri þróun sem fram undan er.

Skipulagsmálin eru auðvitað stórmál og þáttur í þessari vakningu sem við öll verðum fyrir beint og óbeint, sem lýtur að umhverfisvernd og umhverfismálum almennt. Yngri kynslóðin hefur markað þessa leið og sumpart vakið athygli okkar sem eldri erum á því að okkur beri auðvitað að ganga af virðingu um það land sem okkur var falið í hendur.

Í sveitarfélögum er virðingin fyrir fortíðinni náskyld skipulagsmálunum. Virðingin fyrir því sem gamalt er og virðingin fyrir því sem segir sögu. Um þau mál hefur orðið vakning í sveitarfélögum og það er fagnaðarefni, í húsafriðun og sumpart í friðun lands. Það er ekki sama hvernig þessir hlutir eru gerðir en ég held að í seinni tíð séu menn farnir að átta sig á því hvað er þess virði að friða og hvað ekki. Við höfum gengið í gegnum misgóð skeið í arkitektúr og skipulagi hér á Íslandi. Sumt er að mínu áliti þess eðlis að ástæðulaust sé að varðveita og geyma til komandi kynslóða, en annað er svo sannarlega þess virði.

Þetta nefni ég í framhjáhlaupi, virðulegi forseti, sem enn eitt verkefnið sem í vaxandi mæli er á forræði sveitarfélaganna og háð mati sveitarfélaganna þó hér séu til nefndir á vegum ríkisins sem koma að þessum málum, svo sem húsafriðunarnefnd. Ég held að menningarverðmæti, menningarmál og þáttur sveitarfélaga í þeim efnum sé vanmetinn — alveg feikilega mikið vanmetinn.

Ég held og hef á tilfinningunni stundum að fjölmiðlar trúi því að menning á Íslandi verði til uppi í menntmrn. og vestur í Háskólabíói. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Menningin um allt land og það lifandi tónlistar- og myndlistarstarf í smærri og stærri byggðarlögum hringinn í kringum landið er hin raunverulega þjóðmenning og hið raunverulega menningarstarf sem hér er innt af hendi.

Og ég er líka alveg handviss um að ef menn legðu nú saman, og það eru svo sem hæg heimatökin í þeim efnum, þá fjármuni sem sveitarfélögin leggja beint til ýmiss konar menningarstarfs þá sjái menn, og fjölmiðlar einkum og sér í lagi, að það eru sveitarfélögin sem eru hrygglengjan í því að tryggja og treysta menningu og listir í landinu. Við eigum að sýna sveitarfélögum þakklæti fyrir það og þeirra þáttur í því verður seint ofmetinn.

Enn og aftur drep ég á það, virðulegi forseti, af því að enn og aftur verður það á vegi mínum, að í þessu tilfelli er engin sérstök þörf á því að Alþingi stafi ofan í sveitarstjórnarmenn frá A til Ö, með ítarlegum lagabálkum, hvernig sveitarfélögin eigi að styrkja og styðja menningarlíf, tónlistarlíf, kórastarf, leiklistarstarfsemi, myndlist, uppbyggingu listamiðstöðva og starfsmiðstöðva fyrir listamenn. Sveitarstjórnarmenn finna þessa þörf, finna það að íbúarnir vilja gjarnan sjá þetta, þetta gefur lífinu gildi í viðkomandi byggðarlagi og því verður þetta til. Það er ekki þörf á hundrað greina lagabálkum til þess að sveitarfélögin sinni þessu verkefni. Þau hafa í gegnum tíðina haft frumkvæði að því sjálf og ganga miklu hraðar fram, og með meiri myndarskap að mörgu leyti, en ríkisvaldið í þeim efnum.

Það er út af fyrir sig algjörlega til skammar hvernig hið háa menntmrn. hefur stutt við menningu og listir í sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Ég held ég geti nánast fullyrt að þar sem um eitthvað munar, þá er það á einum stað. Það er hér í Reykjavík. Þegar fjármunir eru veittir í gegnum fjárlög og í gegnum menntmrn. fara fjármunir til listahátíðar í Reykjavík. Menn reyndu fyrir sér með svokallaðar M-hátíðir með einhverjum smáaurum. Mér er í fersku minni þegar þráðbeint nei barst héðan frá ríkisvaldinu þegar listahátíð stórglæsileg, jafnoki þeirrar í Reykjavík, fór fram í Hafnarfirði í tvígang. Það var nú allur áhuginn hjá ríkisvaldinu til að styrkja og styðja menningarstarfsemi í kringum landið.

Þar þarf ríkisvaldið að taka sig verulega á. Í þessu dugir ekki nein hálfvelgja, hátíðarræður og borðaklippingar. Menn verða auðvitað að láta verkin sýna merkin.

Þessu náskylt er sú stórkostlega vakning sem átt hefur sér stað varðandi uppbyggingu tónlistarskóla sem ég sé fyrir mér að gegni stóru hlutverki þegar einsetningin verður að veruleika. Þá sé ég það fyrir mér að tónlistarnám taki æ stærri hluta af grunnmenntun barna á aldrinum 6–15 ára.

Ég er hræddur um að mörgum brygði í brún, af því ég er hér í þessari kennslustund fyrir hv. þm. sem hafa engan skilning á sveitarstjórnarmálum. — Nú á ég ekki við þá hv. þm. sem hér sitja og hlýða á mál mitt með miklum áhuga, hv. þm. Magnús Stefánsson, hv. þm. Lúðvík Bergsveinsson og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Ég er sennilega að tala við hina sem sitja við sjónvarp sitt á skrifstofum sínum eða heima við og hafa í 15 eða 20 ræðum opinberað fávisku sína og þekkingarleysi á þessum málum. Af þeim sökum sá ég sérstaka ástæðu til þess að fara yfir það í örstuttu máli hvaða mikilvæga hlutverki sveitarstjórnarstigið gegnir í þessu máli og hvað það þýðir fyrir okkur að afgreiða þetta frv. til sveitarstjórnarlaga.

Ég var að nefna það, svo ég hoppi nú úr einu í annað og algjörlega tengslalaust, að ég er hræddur um að mörgum brygði í brún ef sá grunnþjónustuþáttur í hverju sveitarfélagi sem lýtur að sjúkraflutningum og brunavörnum væri ekki annars vegar. Þar eru sveitarfélögin enn og aftur í lykilhlutverki.

Ég er hræddur um að það yrði líka lítið um innihaldið og grunninn í hátíðaræðum hæstv. ferðamálaráðherrans ef sveitarfélögin sinntu ekki ferðaþjónustu hringinn í kringum landið. Það yrði lítið gagn í öllum þeim ræðum ef sveitarfélögin sinntu ekki þeim skyldum að gera ferðaþjónustunni hátt undir höfði. Þar liggur það enn og aftur í augum uppi að ef sveitarfélögin hefðu ekki metnað til þess, hefðu ekki frumkvæði og kraft til þess að sinna þessari ferðaþjónustu væri hæstv. ferðamálaráðherra bara einn í símanum, talaði bara út í tómið. (**Gripið fram í:** Við Sigurjónu.) Talaði bara til Georgíu eða við Sigurjónu. En það gefur auðvitað auga leið að það verður að vera endapunktur, það verður einhver að svara í símann. Í þessu tilfelli svara sveitarfélögin svo sannarlega kalli hæstv. ferðamálaráðherra og sinna þessari þjónustu og koma í símann í hvelli.

Auðvitað er ferðaþjónustan nátengd allri almennri afþreyingu í landinu í dreifðari og þéttari byggðum. Það er á hendi skipulagsyfirvalda, sveitarfélagsins, sveitarstjórnarinnar á hverjum stað að reyna að leysa úr læðingi áhuga á ýmiss konar afþreyingu, leysa úr læðingi áhuga þjónustuaðila til þess að bjóða upp á afþreyingu. Það gerist ekki af sjálfu sér alls staðar, það þekkjum við sérstaklega í dreifðari byggðum, að menn keppist beinlínis um að opna verslanir. Þar kemur sveitarstjórnarmaðurinn inn líka. Menn bíða ekki í röðum eftir því að kaupa verslunarhúsnæði í 300 manna eða 400 manna þorpum. Þar þurfa sveitarstjórnarmenn að koma beint eða óbeint að verki til þess að halda byggðinni einfaldlega gangandi.

Það er meira að segja þannig, þó að margir í þéttbýlinu geri sér ekki mikla grein fyrir því eða leggi mikið upp úr því, þá gegna sveitarstjórnarmenn miklu hlutverki í landbúnaðarpólitík okkar með forðagæslunni og fjallskilum. Raunar

snýst það mestan part við í þéttari byggðum og sveitarstjórnarmenn hafa auðvitað barist dálítið við sauðkindina og lausagöngu búfjár í landnámi Ingólfs. Sumum sveitarfélögum hefur tekist býsna vel upp í því að koma böndum á þetta fé þéttbýlisbúanna, öðrum ekki, og það hefur leitt til ýmiss konar vandamála sem við erum enn þá að takast á við. En lögum samkvæmt gilda sömu lögmál um sveitarstjórnir í þéttbýli og dreifbýli, að þeim ber að gæta að forðagæslunni og fjallskilum enda þótt ekki reyni mikið á það beint.

Ég nefndi verslun áðan. Ég tala líka um atvinnurekstur. Við höfum auðvitað fylgst með því hringinn í kringum landið, sérstaklega og einkum á erfiðleikatímum hversu miklu hlutverki sveitarstjórnarmenn verða, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að gegna í því að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, og það kann að vera vegna þess að við erum við hér í sæmilegu góðæri, að mér finnst það dálítið hraustlegt hjá stjórnarþingmönnum mörgum hverjum, úr hinum dreifðari byggðum landsins, að loka algjörlega fyrir um það að sveitarfélög geti komið að því að styðja og styrkja atvinnurekstur heima í héraði. Auðvitað veit ég vel að þetta hefur verið mikið vandamál og það er pólitískt erfitt að meta það frá einu tilviki til annars hvenær og hvernig og hvort eigi að styðja og styrkja með ábyrgðarveitingu eða beinum fjárframlögum. Mér finnst hins vegar sumpart dálítil uppgjöf vera fólgin í þessu, því get ég ekki neitað. Hvort stjórnarþingmenn úr dreifðari byggðum séu einfaldlega búnir að sætta sig við orðinn hlut, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir með upplestri úr nýlega útgefinni skýrslu um búsetu á Íslandi, að fólk flykkist einfaldlega hingað á suðvesturhornið og hér setjist fólk í stórum stíl að, þá er það viðhorf en þá eiga menn auðvitað að segja það. Það hefur enginn sagt enn þá. Annað atriði í sambandi við ábyrgðarveitinguna ætla ég að gera að umtalsefni á eftir þegar ég vík nokkrum orðum að þessu frv. En þetta er sá þáttur sem ég vildi nefna í þessu samhengi.

Að lyktum vildi ég nefna í þessari örstuttu upptalningu af því mikilvæga hlutverki sem sveitarfélögin hafa með höndum og það er auðvitað atvinnurekendasjónarmiðið. Það er einfaldlega þannig að sveitarfélögin eru sennilega með stærri atvinnurekendum í landinu, semja um kaup og kjör við starfsmenn sína, þurfa auðvitað að halda úti starfsmannavænni atvinnustefnu og starfsmannastefnu og bera af þeim orsökum einum feikilega mikla ábyrgð. Þar hefur gengið á ýmsu og ég veit vel að hv. þm. Ögmundur Jónasson kann margar sögur af því. Þar eru ýmis vandamál sem við í Alþingi þurfum að koma nærri og sveitarfélögin hafa ekki náð að leysa enda kannski ekki á þeirra borði.

Þá er að víkja að þessu svokallaða samningsfrelsi sem stundum er svo nefnt. Það eru náttúrlega dæmi þess í sveitarfélögum að fólk vinnur sambærileg störf hlið við hlið, annar er í starfsmannafélagi viðkomandi sveitarfélags, hinn er í verkalýðsfélagi viðkomandi sveitarfélags og fá laun samkvæmt tveimur algjörlega óskyldum töxtum. Stundum er þar mismunur á og hallar á annan. Þetta er vandamál sem menn hafa út af fyrir sig átt mjög erfitt með að leysa. Ég minnist þess, af því ég er nú með upprifjanir í þá veru af reynslu minni í þessu sambandi, að ég hef ævinlega talið það vera hlutverk stéttarfélaganna sjálfra að finna á því viðunandi lausn, að það sé auðvitað enginn bragur á því að atvinnurekandinn taki um það einhliða ákvörðun hvorum megin hryggjar fólk eigi að liggja í stéttarfélögum, hvort það er starfsmannafélagsmegin eða í hinum almennu verkalýðsfélögum. Það verður að vera samkomulagsatriði milli stéttarfélaganna sjálfra og þeirra einstklinga sem hlut eiga að máli. Þannig hlýtur það auðvitað að verða.

Virðulegi forseti. Þetta var sá þáttur sem laut að því að reyna að glöggva tiltekna þingmenn á því mikilvæga hlutverki sem sveitarstjórn hefur með höndum og til þess að undirstrika að menn fara ekkert á harðahlaupum og handahlaupum yfir það frv. sem er til umræðu. Það er allt of mikið í húfi og þá ekki eingöngu það sem mest hefur verið rætt um og menn hafa helst haft á orði og lýtur að hálendismálum heldur er hér líka um grundvallarlagasetningu að ræða, eins og ég gat um, um sveitarstjórnirnar í landinu og hina lagalegu umgjörð sem þær eiga að starfa eftir.

Ég nefndi það rétt sem snöggvast, og rétt að árétta það, að þótt ekki séu nema tíu ár síðan núgildandi lög um sveitarstjórnir voru samþykkt þá hefur að mörgu leyti orðið bylting á öllu umhverfi á þessum árum. Bylting sem ég hafði talið og trúað að leiddi til þess að höfundar þessa frv., þeir sem fóstruðu þetta frv. og fóru um það höndum og gerðu það úr garði, hefðu eilítið meiri metnað og eilítið meira hugmyndaflug í þá átt að láta þetta nálgast þennan nýja veruleika. Þá er ég að tala um byltingu í upplýsingatækni og það hafa menn auðvitað talað hér um, ekki eingöngu það sem hefur verið nefnt í þessum ræðustól, að fundargerðir eða fundir öllu heldur yrðu ekki skrifaðir í fundargerðarbók heldur teknir upp á band, ég er auðvitað að tala um nettengingu. Ég er að tala um það að þessi lög, ef menn vilja vera í forsjárhyggju eins og þetta frv. segir til um, sem ég hef þó efasemdir um, að þá væri bent á að sveitarfélögin hefðu allar fundargerðir á netinu einum eða tveimur dögum eftir að þær hefðu verið frágengnar þannig að almenningur eigi aðgang að þeim þar. Við opnum því almenningi aðgang að þeim upplýsingaheimi og að sveitarfélögin verði þátttur í því. Öll sveitarfélög eru meira og minna nettengd og hafa öll tæki og tól til þess arna. Af hverju ræðum við þetta ekki í stað þess að vera hér með einhver hundgömul og ónýt ákvæði um það í hvers konar bækur eigi að skrifa fundargerðir? Af hverju opnum við ekki á þennan þátt?

Ég hefði líka trúað því af því að allir eru sammála um það og hafa barist fyrir því, sumir mikið og aðrir minna, að fækka og stækka sveitarfélögin og þar með efla þau, að það þýddi að þessi forsjárhyggja ætti að minnka, þ.e. að þetta stafróf, það að stafa ofan í sveitarfélögin nákvæmlega hvernig þau eiga að haga fundum, nákvæmlega hvernig þau eigi að standa að þessu og hinu, að eitthvað ætti að draga úr þessu öllu saman og að við sæjum fyrir okkur færri og stærri sveitarfélög innan ekki allt of margra ára, sem leiddi það af sér að þau væru sjálfum sér nóg, þyrftu ekkert á svona forskriftum að halda. Þar væru öflugri fjárhagslegri heildir sem gerði það að verkum að það þyrfti ekki eftirlitsmenn í svörtum frökkum í félmrn. til að mæta í heimsóknir reglulega til að athuga hvort ekki væri allt í lagi með fjármálin og það er út af fyrir sig sérkapítuli sem ég ætla að drepa á hér á eftir.

Ég hafði kannski séð það fyrir mér, þó ekki væri nema í greinargerð með þessu frv. að menn lyftu lokinu af einhverri framtíðarsýn varðandi önnur ný verkefni sem ættu að fara til sveitarfélaganna í ljósi þeirrar þróunar að gera þau færri, stærri og öflugri. Að menn opnuðu á það í athugasemdum með frv. að kannski væri heilsugæslan ekkert langt undan, að menn ætluðu kannski að skoða langlegudeildir fyrir aldraða, væru jafnvel með einhverjar tímasetningar í því, a.m.k. væri á það drepið að þetta frv. skapaði góðan grundvöll til þess

innan ekki allt of margra ára að menn gætu farið að huga að raunverulegum frekari verkefnatilflutningi. Nei, nei, ekki aukatekið orð, ekki andað að þessu. Ekkert aukatekið orð um þetta.

Ég hafði líka trúað því og látið mér til hugar koma, af því að við höfum á hinu háa Alþingi verið að fara í dálítið gagnmerka vinnu og gagnlega sem lýtur að fjárreiðum ríkisins, til að mynda hlutverki Ríkisendurskoðunar og hvernig endurskoðun er háttað. Það vakti því sérstaka athygli mína að hér ganga aftur, og er auðvitað enn hnykkt á, hlutverk svokallaðra skoðunarmanna, kjörinna skoðunarmanna. Ég held mig misminni ekkert um það að við á hinu háa Alþingi höfum tekið það fyrirkomulag af, að ekki hafi verið talin þörf á því að kjörnir væru sérstakir yfirskoðunarmenn ríkisreiknings. Ég sé auðvitað hérna fyrir framan mig sérlegan sérfræðing í þeim efnum, hv. þm. Svavar Gestsson, sem gegndi því hlutverki um árabil ef ég man rétt og þekkir því þá sögu en ég held ég muni það rétt, og hann leiðréttir mig þá ef það er ekki, að menn hafi verið sammála um að með þessari nýskipan mála þjónaði það ekki tilgangi. Menn eru enn þá með þessa skoðunarmenn og það þekkja allir sem vilja vita, og sérstaklega í smærri sveitarfélögum, að þeir eru kjörnir af stærstu flokkunum til þess að gæta að sumu leyti þeirra hagsmuna en vonandi bæjarbúa allra í mörgum tilfellum. Oft hefur þetta skapað feikilega mikla erfiðleika, pólitíska tortryggni, undirmál, erfitt að halda trúnaði í smærri sveitarfélögum þar sem fáir búa og nálægð er mikil. Satt að segja sé ég ekki nokkurn tilgang í því að menn séu að halda í slíkt fyrirkomulag og ætla að ræða það eilítið betur á eftir. Því ég er hér á yfirferð yfir það sem ég hélt að yrði í þessu frv. en er ekki og sem mér finnst bera vott um það að þeir sem þetta sömdu hafi sumpart misskilið hlutverk sitt. Nema það hafi verið þannig að þeir hafi fengið þessa forskrift frá hæstv. félmrh. strax í upphafi, í þessari endurskoðunarvinnu, að það ætti einfaldlega að lesa próförk og eitthvert púss. Lesa próförk og eitthvað aðeins meir. Það er raunverulega það sem verið er að gera.

Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, eftir þessa upptalningu að þetta veldur feikilegum vonbrigðum. Því það er ekki verið að auka völd sveitarfélaga í landinu heldur þvert á móti að draga úr þeim. Það er kjarni þessa máls. Mér er meinilla við það, en verð samt að gera það, að vitna til hv. þm. Péturs H. Blöndals, því það kom að því að hann hefði rétt fyrir sér í einhverju. Og hann hafði rétt fyrir sér í því, það er sárt að þurfa að viðurkenna það, þegar hann fullyrti að að sumu leyti væri verið að svipta hér sveitarstjórnir fjárforræði. Það eru feikilega stór orð. En að sumu leyti er hægt að taka undir þau.

Ég neita að trúa því af gömlum samskiptum við sveitarstjórnarmenn að þeir ætli orðalaust að láta þetta yfir sig ganga. Ég neita bara að trúa því og ég ætla að rökstyðja þessa staðhæfingu mína á eftir þegar ég fer yfir kaflann um fjármál sveitarfélaga alveg sérstaklega.

En ekki síst er þetta alvarlegt vegna þess að árið 1994 samþykktum við á hinu háa Alþingi nýja stjórnarskrá, hvorki meira né minna. Þar var farið yfir sveitarstjórnarmálin eins og önnur mikilvæg mál og gerð var breyting á þeirri grein stjórnarskrárinnar sem þá var í gildi og laut að sveitarfélögum. Í eldra ákvæði var greinin nr. 76 í stjórnarskránni og hljóðaði þannig með leyfi forseta:

„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."

Árið 1994 var samsvarandi ákvæði í 78. gr. núgildandi stjórnarskrár og hljómar þannig, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða."

Hver er nú munurinn á þessu tvennu? Hann er ákaflega skýr. Hann er sá að út eru farin orðin „með umsjón stjórnarinnar". Og tilgangur nefndarinnar sem vann þetta mál, og væntanlega hins háa Alþingis, með því að taka þessi orð út var að auka sjálfstæði sveitarfélaga. Með öðrum orðum: Málefnum þeirra yrði skipað með lögum en stjórnin hefði ekki stjórnarskrárvarinn rétt til að hlutast til um þeirra málefni eða hafa umsjón með þeim. Sá þáttur málsins var tekinn út.

Þess vegna eru það eins og hver önnur öfugmæli að í þessu frv. er gengið í allt aðra átt. Það eru stóraukin afskipti stjórnarinnar, framkvæmdarvaldsins í eftirliti og beinum afskiptum af sveitarstjórnarstiginu. Og það gagnrýni ég harðlega og tel fjarri öllu lagi. Það hefur stundum verið tíðkað að hafa uppi stór orð og vitna til stjórnarskrárinnar í því sambandi. Ég ætla svo sem ekkert að hafa neinn umbúnað utan um það, ég bara segi það eitt: Það stóð í stjórnarskránni 1994 að stjórnin ætti að hafa umsjón með sveitarfélögum. Af ástæðum sem ég hef þegar rakið stendur það ekki lengur þannig að stjórnin hefur engan stjórnarskrárvarinn rétt lengur til þess að hafa umsjón með sveitarfélögunum. Alþingi hefur stjórnarskrárvarinn rétt til og raunar skyldu að skipa málum þeirra með lögum. En framkvæmdarvaldið, ráðuneytin hafa ekki lengur neinn stjórnarskrárvarinn rétt til þess. Þess vegna er það fullkomlega úr takti, virðulegi forseti, að frv. af þessum toga, þar sem menn ganga í þveröfuga átt, komi hér fram.

Ég ætla að drepa á örfá atriði sem lúta að óþarfa afskiptum ráðuneytisins um tiltekin smámál með sveitarfélögum. Það er nú ekki eins og við séum að tala um sveitarstjórnarstigið eins og óþekktan frænda úti í sveit því að þetta er þannig að til sveitarstjórnarstigsins er kosið á fjögurra ára fresti, og raunar nú á næstu vikum, og það lýtur sömu lýðræðislegu lögmálum og við gerum hér á hinu háa Alþingi. Hugmyndafræðin er því einfaldlega sú í okkar lýðræðisríki að fari sveitarstjórnarmenn villir vegar þá er þarna fólk sem við höfum samkvæmt okkar stjórnskipan treyst til þess að ráða ráðum sínum, þá er það með völd til þess að skipta þessum mönnum út sem standa sig ekki í stykkinu. Flóknara er nú ekki það fyrirkomulag sem við höfum búið hér um okkur og enginn hefur lagt til og enginn held ég að hafi í hyggju að leggja til að breytt verði. Þannig er það nú bara.

Ég geri svo sem engan greinarmun, virðulegi forseti, á því hvernig þetta frv. var og hvernig lagt er til að því verði breytt, þ.e. hvernig núgildandi lög eru og hvernig frv. er, því almennt er þetta í þá veruna að afskiptin eru aukin, eins og ég sagði áðan, heldur lýsi ég bara almennum viðhorfum mínum til ýmissa þátta sem að þessu lúta sem ég nefndi áðan um þau afskipti, þessa afskiptasemi vil ég segja, ríkisins af sveitarfélögum.

Það segir til að mynda í 4. gr. um heiti sveitarfélaga, að segja þurfi sveitarstjórn það að leita umsagna hjá örnefnanefnd. Það þarf ekkert að segja sveitarfélögum svona hluti. Ef sveitarstjórnir eru eitthvað óvissar um sinn hlut og sinn hag varðandi nafngift sveitarfélaga þá leita þau auðvitað ráða hjá bestu mönnum. En við þurfum ekki hér á hinu háa Alþingi að segja t.d. Reykjavík frá því eða stórum þorpum hér á landinu, að það þurfi endilega að tala við örnefnanefnd. Það er bara þeirra val, nákvæmlega á sama hátt og ég sagði

áðan. Það hefur enginn þurft að segja sveitarfélögum fyrir verkum hvernig þau eiga að haga þjónustu við ferðamenn, hvernig þau eiga að haga þjónustu við æsku landsins, hvernig þau eiga að haga sinni menningarstarfsemi. Þau hafa staðið sína plikt fullkomlega án þess að hið háa Alþingi þurfi að stafa það ofan í þau.

Sama gildir raunar um 5. gr., hún stingur mig ákaflega illa, að einhvern langan passus þurfi um það hvernig sveitarstjórnarstigið, þetta stjórnsýslustig, sem að mörgu leyti — og ég segi það enn og aftur — er jafnsett framkvæmdarvaldinu gagnvart Alþingi, að það þurfi að segja því nákvæmlega fyrir verkum í gegnum hvaða síur og til hvaða nefnda — það var raunar sem betur fer tekið út, félmn. hafði þó vit á því að taka út þá tillögu sem finna mátti í frv. um að félmrh. skipaði þriggja manna nefnd sem skyldi fjalla um útlit byggðarmerkja og önnur tengd atriði. Og ekki nóg með það heldur ætlaði ráðuneytið að setja almennar reglur um byggðarmerki og hlutverk byggðarmerkjanefndar. Hvers konar þvæla og vitleysa er þetta? Hverjum datt svona óskapnaður í hug? Nefndin komst auðvitað að þeirri niðurstöðu sem betur fer að leggja af þessa blessuðu nefnd.

„Ég er í byggðarmerkjanefnd."

„Hvaða hlutverk hafið þið?"

„Jú, við vinnum samkvæmt reglugerð félmrn., við förum yfir tillögur að byggðarmerkjum hjá sveitarfélögum hringinn í kringum landið."

„Er það merkilegt starf sem þið vinnið þar?"

„Já, þetta er mjög merkilegt starf sem við vinnum þar við mörg erfið úrlausnarefni. Við í þessari nefnd lendum að vísu stundum í ákveðnum kergjum og erfiðleikum við sveitarfélög sem hafa ýmsar skoðanir á hlutunum. Fyrir vestan til að mynda lentum við í því ekki fyrir margt löngu að þeir vildu endilega ákveðið byggðarmerki. En við í byggðarmerkjanefndinni lögðumst eindregið gegn því. Litasamsetning var með þeim hætti að það var ekki boðlegt nokkrum manni. Og við höfðum það auðvitað af." (**SvG:** Hvar var þetta?)

„Ja, við í byggðarmerkjanefndinni erum auðvitað bundnir trúnaði þannig að ég fer ekkert lengra með það. En þetta var mjög erfitt mál í þessari byggðarmerkjanefnd."

Ég sé það fyrir mér að ráðherra verður að breyta reglugerðinni þannig að það sé alveg ljóst hvar völdin liggja í þessum byggðarmerkjum. (**Gripið fram í:** Má ekki færa þetta undir lög...) Þetta var að vísu sem betur fer tilbúin saga, enda þetta ákvæði komið út. En annað inn að vísu því að nú skulu þeir hjá Einkaleyfastofunni koma að þessu máli. Nú skulu þeir veita umsóknum viðtöku og kanna skráningarhæfi byggðarmerkjanna. Og til að allt standist nú í þessu sambandi þá skal umsókn fylgja tilskilið gjald.

Ég sé fyrir mér borgarstjórann í Reykjavík senda borgarlögmann upp á Einkaleyfastofu og sækja um og hafa peninginn með sér.

Ef það eru reglur og lög sem gilda um Einkaleyfastofuna, sem „inklúdera" byggðarmerki þá er auðvitað eðlilegt að það sama gildi um sveitarfélög. En að það skuli þurfa að standa í frv. til sveitarstjórnarlaga:

„Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku" — og ég vek á þessu athygli, „umsóknum" — „og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald."

Síðan er nú ekki alveg nóg komið því að það er líka annar mikilvægur þáttur hér sem menn þurfa að hafa mjög ofarlega í huga í þessu sambandi. Því áfram segir:

„Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra," — nú já, þá fór í verra — „skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá." (Gripið fram í.)

Nú fer þetta að verða dálítið flókið mál og spurning um það hvort þessi málsgrein, þar sem iðnrh. kemur sérstaklega að byggðarmerkjamálum, ætti ekki fremur heima þá á undan þeirri málsgrein sem lýtur að hlutverki Einkaleyfastofunnar í þessu sambandi. Því að koma á með tilskilið gjald til Einkaleyfastofunnar, en það er ekki fyrr en síðar í þessari grein sem ráðherra hefur þá ákveðið gjöld fyrir umsóknina.

Það getur vel verið að ég sé einhvers staðar úti á túni í þessu sambandi en mikið lifandis skelfing finnst mér þetta fráleitt, að það þurfi að segja sveitarfélögum í landinu árið 1998 hvernig þau eigi að standa að því að ákveða sín byggðarmerki. Mér finnst þetta fullkomlega og algjörlega fráleitt. Lái mér hver sem vill. En ég spyr hvort menn viti það betur en ég hvort þetta sé nýmæli hvað varðar byggðarmerki, eða á þetta kannski við merki almennt? Eða hefur Einkaleyfastofan — ég kann nú bara ekkert á þá stofnun — þetta hlutverk almennt með svona merki? (**SvG:** Merki stjórnmálaflokka.) Já, mér datt það einmitt í hug. Erum við undir þá sök seldir til að mynda kratarnir með okkar rós að við þurfum að fara í gegnum þetta allt saman? (**SvG:** Nei. En ránfuglinn.) Ránfuglinn er undir það settur. (**SvG:** Já, hann er undir það settur.)

Ég spyr bara af því að ég veit ekki: Ef það er þannig að allir þurfi að fara á skrá hjá Einkaleyfastofunni með merkin sín, getur maður þá ekki fundið það í lögum um Einkaleyfastofu, virðulegi forseti? Er þörf á því að taka það sérstaklega fram í frv. til laga um sveitarstjórnir á Íslandi? Og þessi þáttur, þetta nýja verkefni til iðnrh., sem vekur sérstaka athygli mína, er það eingöngu hvað varðar skráningu byggðarmerkja? Af því að sveitarfélögin hafi ekki sinnt því hlutverki sínu nægilega vel að klára sig á byggðarmerkjamálinu? (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá félmrh. ...?) Ég hélt satt að segja að það væru velflest sveitarfélög með sæmileg byggðarmerki. (Gripið fram í.) En ég spyr: Ætlar hæstv. félmrh. hvergi að koma að þessu máli? Er hann bara út úr þessu dæmi? Ætlar hann ekki að hafa neinar skoðanir lengur á þessum byggðarmerkjum? Samkvæmt brtt. nefndarinnar hefur hann engu hlutverki að gegna varðandi þetta margflókna mál um byggðarmerkin.

Ég spyr, virðulegi forseti, og vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh.: Er hann virkilega sáttur við það að hafa engu hlutverki að gegna varðandi byggðarmerkin? (**Gripið fram í:** Hvar er félmrh.?) Ég verð að óska eftir því, virðulegi forseti, að ráðherrann komi því að ég spyr: Er þessi brtt. nefndarinnar með hans samþykki? Er hæstv. ráðherra í húsinu?

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að ráðherra er í húsinu og hefur verið það í allt kvöld og í allan dag.)

Þá óska ég eftir því að hann leggi við hlustir, virðulegi forseti. Ég ætla að beina til hans hér ákveðinni spurningu. (**Gripið fram í:** En iðnrh.?) Ég bíð þá aðeins með þessa spurningu um byggðarmerkin og félmrh. þar til hann lætur sjá sig. Þar kemur hann og komi hann fagnandi, hæstv. félmrh. Mín spurning var þessi: Er hæstv. félmrh. sáttur við þá róttæku breytingu sem gerð hefur verið á 5. gr. frv. sem lýtur að því að hann hefur engu hlutverki að gegna lengur varðandi byggðamerkin? (**Félmrh.:** Já.) Á ég að trúa því þá að hann

létti af sér allri ábyrgð varðandi byggðarmerkin og ætli að fela Einkaleyfastofunni og iðnrh. að taka þau mál og stýra að öllu leyti? (**Félmrh.:** Ég læt mig alveg hafa það.) Mikið var þetta valdaframsal ráðherrans og eru þá byggðarmerkin komin í iðnrn. (**Gripið fram í:** Þá þarf að kalla hann til.) Ég vænti þess að iðnrh. lýsi skoðunum sínum sérstaklega til þessa byggðarmerkjamáls þegar fram líða stundir.

Virðulegi forseti. Auðvitað er þetta mál allt saman eins og hver annar brandari, að setja hér á þrjár málsgreinar um byggðarmerki. Eigum við ekki bara að hafa sjálfstæð lög um þetta?

Kemur þá að stærri málum og mikilvægari sem ástæða væri til þess að fara eilítið ítarlegri í en byggðarmerkjamálið og það er stærð eða lágmarksíbúatala sveitarfélag. Menn hafa með réttu gagnrýnt það dálítið að þessi lágmarksíbúatala er býsna lág og margir eru þeirrar skoðunar að hún þurfi að vera miklu hærri. Ég neita því ekki að ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar að það eigi að forðast það eins lengi og nokkur kostur er að lögþvinga sveitarfélög til að sameinast, það eigi að vera sem fjálsast og að íbúar eigi að sjá sjálfir skynsemina í því að taka höndum saman. Þess vegna væri mér nákvæmlega sama þó hér væri ekki neitt, þ.e. hvort þessi fyrsta fyrsta setning væri inni eða úti. En ég held að neyðin kenni naktri konu að spinna og að þróun þessara mála verði enn hraðari en verið hefur síðustu missiri og mánuði sem hefur þó verið býsna hörð þegar hún loksins fór í gang. Rétt er að minna á að það var auðvitað vegna baráttu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur — sem var mjög vanþökkuð til að byrja með — sem þessi sameiningarbylgja sveitarfélaga fór virkilega af stað. Það byrjaði ekkert allt of vel 1993 að vori. Menn spáðu þessu illa og sérstaklega eftir fyrstu kosningu. Kannski hafa menn farið of bratt og ekki gefið sér nægilega langan tíma. Ég veit ekkert um það. En ég man að margir höfðu það sjónarmið eftir þær kosningar — hvort það var 1992 eða 1993 — að þetta væri andvana fætt og bæri feigðina í sér, að engin stemmning og enginn vilji væri fyrir því að íbúar sveitarfélaganna á Íslandi vildu í raun og sanni sameinast.

Tíminn hefur leitt annað í ljós. Á ólíklegustu stöðum hefur sameining náð fram að ganga, á stöðum sem engum hefði til hugar komið fyrir fjórum, fimm árum að gæti orðið. Sá hefði verið álitinn galinn og vitlaus sem hefði haldið slíku fram.

En þetta er nú að gerast og ég held að þessi þróun verði ekki stöðvuð þannig að ég læt mér það kannski í léttu rúmi liggja út af fyrir sig að þessi grein sé eins og hún er. Ég held að þróunin og andrúmsloftið, pólitíkin og vilji almennings sé einfaldlega í þá veru að það reyni á þetta í algjörum undantekningum. Það eru auðvitað undantekningar á öllu og ég ætla ekkert að nefna þær. Ein er uppi í Borgarfirði og önnur kannski annars staðar.

Ég var búinn að drepa örlítið á 7. gr. og ætla ekki að staldra mikið lengur við hana en get þó ekki látið hjá líða að nefna síðustu málsgreinina sem menn hafa eðlilega rætt eilítið. Hún varðar rekstur stofnana sveitarfélaga sem eru margvíslegar. Einkum eru það veitustofnanir sem menn eru sannarlega að ræða hér um og sumar hafa skilað ágætri afkomu. Nefndin hefur, held ég, tekið skynsamlega á því verkefni hvernig beri að skapa þessum stofnunum sæmilegan lagaramma. Gefið er smá andrými fyrir þessar stofnanir til að skila nokkrum aurum í arðgreiðslur til eigenda. Ég held út af fyrir sig, þrátt fyrir skiljanlegan pirring sumra sveitarfélaga, að erfitt sé að standa gegn því. Auðvitað þekki ég það úr mínu kjördæmi, bæði í Hafnarfirði og í Kópavogi, að menn hafa með réttu sagt að kaupendur heita vatnsins í þessum tveimur sveitarfélögum og Garðabæ hafi í raun borgað stóran hluta í Perlunni, 10–20% eða hvað það nú var. Og það má til sanns vegar færa. Sú gagnrýni hefur stundum verið hávær. Þetta verður ævinlega umdeilanlegt. Í þessu tilfelli er stóra sveitarfélagið að veita hinum minni ákveðna þjónustu og íbúar þeirra hafa fengið þá þjónustu eða þetta vatn, skulum við segja, á sömu kjörum og íbúar í borginni sjálfri. Það er því kannski lítið við því að segja þegar allt kemur til alls þó að eigandi þessarar auðlindar — sem hefur sannarlega í þessu tilfelli lagt í ákveðna fjárfestingu, í áveðinn undirbúning, í ákveðna vinnu við það að gera þessa auðlind að því arðbæra fyrirtæki sem hún síðan reynist — hirði þá einhvern arð af því. Og það sé síðan þeirrar sveitarstjórnar að ákveða hvernig honum er varið. En í þessu sambandi hafa sveitarfélögin, Hafnarfjörður og Kópavogur, af því ég geri þau að umtalsefni, gert ákveðið samkomulag um það hvernig þessu skuli háttað. Arðgreiðslur er til að mynda að finna í samkomulagi við Kópavogsbúa, ef ég fer rétt með. Um það er deilt að vísu í samningi borgarinnar og Hafnarfjarðarbæjar en þar er þetta eilítið öðruvísi.

Ef ég ætti að gera langa sögu stutta í þessu samhengi þá held ég að menn hafi í grófum drættum hitt naglann á höfuðið með fyrirkomulag þeirra mála sem brtt. nefndarinnar gera ráð fyrir.

Ég vil kannski nefna í þessu samhengi, áður en ég vík frá 4. mgr. 7. gr. frv. um stofnanirnar og þann sjálfsagða rétt þeirra að hafa sjálfsforráð á gjaldskrá eigin fyrirtækja (**Gripið fram í:** Er nokkuð sjálfsagt lengur?) — það þykir mér eðlilegt og sjálfsagt — að auðvitað eru til sveitarfélög eins og Garðabær sem mótmæla þessu harðlega. Við hv. þm. fengum í gær eða dag yfirlýsingu frá bæjarráði Garðabæjar þar sem því er harðlega mótmælt að menn ætli að ganga svona frá 7. gr. með þessari útvíkkun á rétti sveitarfélaganna til að hirða arð af eigin fyrirtækjum eins og tillögur félmn. gera ráð fyrir. Garðbæingar hafa til að mynda kvartað í þessa veru yfir afkomu Rafveitu Hafnarfjarðar þannig að mörg sjónarmið eru uppi í þessu, við skulum ekkert blekkja okkur með öðru. Ég sé hins vegar ekki fyrir mér aðrar leiðir skárri til að skipa þessum málum en nefndin gerir hér tillögu um.

Ég vil segja almennt, virðulegi forseti, af því að hann heyrir að ég er mjög áhugasamur um að sveitarfélög ráði sínum málum sjálf og af því að menn eru hér að tala um sjálfsforræði og sjálfstæða tekjustofna, að ég vil hafa svigrúm og möguleika sveitarfélaga til þess að ákvarða upp á eigin spýtur tekjuöflun og hef ævinlega haft illan bifur á þessum svokölluðu lágmörkum og hámörkum í útsvari. Nú veit ég að samkvæmt stjórnarskránni er það eingöngu löggjafans að ákveða um skatta. En ég hef verið þeirrar skoðunar að þessi lágmörk útsvars og hámörk gætu þess vegna verið 1% og upp í 30%. Sem þýðir í raun og sanni að það væri hverrar sveitarstjórnar að ákveða hvort hún ætlaði að leggja á hátt útsvar, mjög hátt útsvar eða mjög lágt útsvar og að það væri kjósenda síðan að verðlauna eða refsa viðkomandi sveitarstjórnum í þeim kosningum sem í hönd færu vegna slíks ráðslags. Það væri með öðrum orðum á ábyrgð sveitarfélaganna sjálfra, ekki eingöngu að verja peningunum og eyða peningunum heldur líka hvernig þeirra er aflað.

Þetta finnst mér feikilega mikilvægt og auðvitað verður maður oft var við að mörg sveitarfélög nota ríkisvaldið og

löggjafarvaldið eins og skálkaskjól þegar að þessu kemur, taka sig jafnvel saman um það að fara öll upp í hámarkið og nota ríkissjóð eða löggjafarvaldið sem eins konar viðbáru og segja: „Þetta eru ákvarðanir sem við þurfum að búa við frá hinu háa Alþingi eða framkvæmdarvaldinu." Þetta er lenska sem því miður hefur verið til staðar víða í sveitarfélögum þó að, eins og ég sagði áðan, í langflestum tilfellum hafi ég kynnst sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórnarstiginu sem öflugu stjórnsýslustigi sem vill standa sterkt og öflugt á eigin fótum.

Til að reyna að koma þessum einstöku athugasemdum sem ég geri við einstaka liði þessa frv. sæmilega skipulega frá mér, staldra ég næst við 13. gr. frv. sem lýtur að fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar. Þar eru að vísu brtt. frá nefndinni en ég staldra nú kannski ekki við þann þátt greinarinnar heldur hinn að sveitarstjórn skuli taka við 15 dögum eftir kjördag.

Nú veit ég auðvitað vel, virðulegi forseti, og það rifjast upp, að fyrir nokkrum vikum síðan afgreiddi Alþingi, að vísu gegn mínu atkvæði, við samþykkt nýrra laga um kosningar til sveitarstjórna, ákvæði sambærilegt þessu. En ég get ekki látið hjá líða að árétta viðhorf mitt sem enginn reyndi í umræðunni um það mál að mótmæla, hvorki flm. málsins, hæstv. félmrh., né nokkur annar: Hvers vegna í veröldinni ættu að gilda önnur lögmál við kjör trúnaðarmanna til sveitarstjórna en Alþingis? Hvers vegna þarf allt í einu 15 daga aðlögunartíma, bæði fyrir þá sveitarstjórn sem er að hverfa frá eða þá sem við á að taka? Hvaða rök mæla með því? Ekki nokkur. Þetta er eins og hver önnur fásinna. Ég minnist þess 1986 þegar þetta var samþykkt og var þá nýmæli, að menn voru að gera því skóna að prýðilegt væri fyrir nýja sveitarstjórn, áður en hún tæki við, að hafa 15 daga til þess að reyna að semja um meiri hluta, koma skikk á sín mál og hvíla sig eftir kosningabaráttuna. En það veit hver einasti maður að slík vinna byrjar hvort eð er daginn eftir kosningar, hvort heldur að menn hafi tekið formlega við völdum eður ei. Það hefur engin áhrif þar á.

Þetta fyrirkomulag gerir hins vegar það eitt að skapa óvissu og tortryggni því að til staðar er sveitarstjórn í 15 daga enda þótt búið sé að kjósa nýja. Í lögunum um kosningar, sem hefði kannski frekar átt heima í þessum lögum, er langt og ítarlegt ákvæði um það hvað gamla sveitarstjórnin má gera og hvað hún má ekki gera. Gamla sveitarstjórnin má með öðrum orðum í 15 daga láta hlutina ganga sinn veg og greiða það nauðsynlegasta en ef hún gerir eitthvað meira en ástæða væri til hefur nýja sveitarstjórnin rétt til þess, enda þótt hún sé ekki búin að taka við, að gera við það alvarlegar athugasemdir og setja á það stóra stopp. Það eru einhvers konar tvær sveitarstjórnir við völd í sveitarfélaginu en þó engin. Það þurfti einar átta eða níu línur í nýlegum lagabálki um kosningar til Alþingis til þess að reyna að skýra þetta og skilgreina en dugði þó ekki til. Auðvitað mætti segja frá lagatæknilegu sjónarmiði að sá texti hefði langtum frekar átt að eiga heima hér en út af fyrir sig er það ekki meginatriði málsins. Aðalatriðið er að þessi 15 daga frestur er kjánagangur og menn eiga ekki að framlengja svona ákvæði sem þjónar engum tilgangi nema til að skapa óvissu og óvissa er til að eyða henni en ekki til að auka við hana og framlengja.

Síðan verð ég að segja, virðulegi forseti, í 15. gr. þessa frv. að ekki finnst mér stórhugurinn né metnaðurinn feikilegur þegar kemur að ábendingu löggjafarvaldsins um það hversu oft sveitarstjórnir þurfa að funda. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Nú hef ég um það efasemdir að það þurfi neina forskrift að því í lögum frá hinu háa Alþingi hversu oft sveitarstjórnir eigi minnst að funda. Ég held að alveg nægilegt sé að gera þá kröfu til sveitarstjórna eins og gert er í þessum lögum að þær semji sér skipulagsskrá, samþykki sér eins konar „stjórnarskrá" þar sem er í öllum tilfellum væri kveðið á um fundatíðni og fundafjölda. Þar fer mjög eftir stærð viðkomandi sveitarfélaga hversu þær hafa þörf á og telja þörf á að funda. Síðan fer ráðuneytið yfir samþykktir allra sveitarfélaganna hringinn í kringum landið og staðfestir þær eins og þessi lög segja fyrir um. Hvers vegna í veröldinni þurfum við þá að búa til heila grein um það hversu oft á ári sveitarstjórnarfundir þurfa að fara fram? Auðvitað segir það okkur að þeir sem sömdu frv. hafa ekki framtíðarsýn. Þeir hafa enga sýn á að sveitarstjórnarstigið á að efla, það er að stækka, sveitarfélögum er að fækka, heldur eru þeir í gömlum tíma. Þetta segir manni auðvitað bara það og sýnir enn og aftur að menn hafa kastað til þess höndum, hafa ekki opnað augun við smíðar þessa frv. Hafa verið fastir í fortíðinni og fjötraðir við hana.

Ég gæti svo sem farið með langt mál um þessar greinar sem fara á eftir, 16., 17., 18. og 19. gr. Það eru mörg atriði í þeim sem hafa stundum orkað tvímælis, sérstaklega auðvitað 19. gr. um hæfi sveitarstjórnarmanna og sumpart leysir þessi grein ekki mörg þau álitamál sem vaknað hafa um það. Ég fæ hvorki séð það né skilið glögglega. Það getur verið að ég hafi ekki áttað mig á því. Menn hafa verið að tala um skólastjóramál í því sambandi. Er þeirri grundvallarspurningu svarað? Nú hafa skólastjórar í sveitarstjórnum verið að segja af sér, kannski að talsmaður nefndarinnar geti svarað mér því hvort þetta frv. svari því, eða hvort ætlast sé til að það svari því, hvort skólastjórar megi sitja í sveitarstjórnum áfram og vera þar með yfirmenn sjálfs sín. Út af fyrir sig hef aldrei séð neitt að því sérstaklega og mér finnst lýðræðisrétturinn vera framar flestu öðru en sumir hafa bókstaflega sagt af sér af þessum sökum og er skemmst að minnast skólastjóra nokkurs og sveitarstjórnarmanns í Höfn í Hornafirði í þeim efnum. Þetta er umræða sem er mjög mikilvægt að fari fram. Ég er ekkert handviss um eftir að hafa lesið athugasemdir með frv. og frv. sjálft að við séum neitt miklu nær hvað varðar þessi mál öll sömul þannig að það væri svo sem alveg ástæða til þess, virðulegi forseti, að ræða þau örlítið meira en ég ætla ekki að láta það eftir mér að þessu sinni. Það gæti gerst við 3. umr. málsins.

Fer ég nú hratt yfir sögu, virðulegi forseti, en vildi staldra við 24. gr. frv. sem snýr að varamönnum. Ég held að hún sé til bóta að flestu leyti, þ.e. að því leytinu til sem nauðsynlegt er um þau mál að fjalla en af því þetta eru praktísk vandamál sem þarna hafa risið og sveitarstjórnarmenn hafa svo sem kallað eftir leiðsögn löggjafarvaldsins um þau efni er e.t.v. skynsamlegt að ganga frá hlutunum eins og hér er gert þó ég árétti að alltaf er spurning hversu langt eigi að ganga með svona forskrift í grundvallarlagasetningu eins og hér um ræðir.

Í kaflanum um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna vil ég bara sem dæmi drepa á 34. gr. sem lýtur að lausn frá störfum þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin óskum tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils."

Ég held ég fari rétt með að félmn. hafi ekki gert neina breytingu á þessari grein. Ég velti því dálítið fyrir mér hvað menn eru að fara hér. Auðvitað er það þekkt að stjórnmálaflokkar, jafnvel formenn einstakra stjórnmálaflokka hafa beitt pólitískum þrýstingi í einstökum sveitarstjórnum til að koma sveitarstjórnarmönnum þess flokks frá um skemmri eða lengri hríð til að leysa ákveðinn taugatitring í viðkomandi flokki. Ég veit ekki hvort það er skynsamlegt að löggjafarvaldið opni á það að flokksagi og flokksvald, miðstýrt, geti með þeim hætti skapað greiða leið til að koma og senda óþæga sveitarstjórnarmenn í frí eins og dæmi eru um. Ég veit ekkert hvað það er skynsamlegt og auðvitað ber að hafa skilning á því ef álagið er svo mikið að sveitarstjórnarmenn veikjast. Það gefur auga leið en hér er sennilega ekkert verið að eiga við það. Það getur vel verið að ég misskilji þetta allt saman en ég er auðvitað með eitt tiltekið mál í kollinum þar sem sveitarstjórnarmaður í Hafnarfirði var sendur í frí um einhverra mánaða skeið eftir fund með forsrh. að kvöldi dags og það átti að leysa ákveðið innanbúðarmál í Sjálfstfl. í Hafnarfirði. Er átt við það í 34. gr. að slíkt sé gerlegt? Er verið að opna á svoleiðis vangaveltur og aðgerðir? Ég spyr talsmann nefndarinnar sérstaklega um það, hv. þm. Magnús Stefánsson.

Til að gæta allrar sanngirni vil ég láta þess getið að 36. gr. frv. er mjög til bóta. Á hinn bóginn eru hortittir í 38. gr., þ.e. að formaður byggðarráðs skuli valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Þeir í Reykjavík gerðu réttilega athugasemd við það sem ég get út af fyrir sig vel tekið undir. Mér finnst að það ætti ekki að vera útilokað að kjósa viðkomandi borgarstjóra eða bæjarstjóra formann byggðarráðs ef byggðarráðið væri að öðru leyti sammála um það og engin ástæða til að löggjafarvaldið fari að setja einhverjar hömlur á það og leggja af þá hefð sem þekkist til að mynda í Reykjavík, bæði nú og vafalaust í tíð fyrri meiri hluta. Ég kann ekki á hvernig því er háttað núna og þekki það svo sem í fleiri sveitarfélögum. Mér finnst ástæða til að menn breyti þessu. Sérstaklega vil ég líka lýsa yfir ánægju minni með breytingu sem gerð er í 40. gr. og tekur af öll tvímæli í þá veruna að sveitarstjórnir geta skipt um fulltrúa sína í nefndum og ráðum þegar meirihlutaskipti verða. Þetta er feikilega mikilvægt og leysir mörg vandamál. Menn hafa verið að horfa framan í fádæma vitlausa stöðu mála þegar meirihlutaskipti verða en nefndarmenn sitja sem fastast, eru í meiri hluta í skjóli minni hluta. Á því er tekið skýlaust hér og auðvitað verðum við að tryggja að lýðræðið fái að ganga sinn gang í sveitarstjórnum eins og annars staðar og til þess er leikurinn kannski fyrst og síðast gerður og hlutverk okkar fyrst og síðast mótað í hinu háa Alþingi.

Út af fyrir sig ætla ég ekki að staldra lengi við nefndastarfið, vil þó árétta að sumt af þessu er náttúrlega eins og í samfélagskennslu í efstu bekkjum grunnskólans og auðvitað eru sveitarstjórnarmenn það félagsvanir og þekkja það vel til að það ætti ekki að þurfa að stafa þetta svona ofan í þá. Það er þó út af fyrir sig til bóta og ég held það sé skynsamlegt að löggjafarvaldið taki af öll tvímæli um það eins og gert er í 50. gr. að við það sé miðað að kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sé ákveðin tiltekin þóknun. Löggjafarvaldið er með öðrum orðum að reyna að treysta lýðræðið í sessi þannig að fólk geti sökum efnahags tekið þátt í lýðræðislegu starfi innan sveitarstjórnar eða undirnefndum hennar þannig að hér er um atriði til bóta að ræða.

Víkur þá sögunni að fjármálum sveitarfélaga og ég hef nú, virðulegi forseti, verið býsna jákvæður þessar síðustu mínútur varðandi einstök atriði frv. en því miður breytist tónninn í mér eilítið núna þegar kemur að þessum kafla um fjármálin. Ekki vegna þess að allt sé jafnvitlaust sem þar er að finna en sumt er það óneitanlega. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að satt að segja skil ég ekki að jafnágætum mönnum og þeim sem sömdu þetta frv., mönnum sem eiga auðvitað að þekkja vel til bæði í litlum og stórum sveitarfélögum skyldi koma til hugar að setja það í frumvarpstextann að hægt væri fyrir lok desembermánaðar í öllum sveitarfélögum, hringinn í kringum landið, litlum og stórum að ljúka gerð fjárhagsáætlunar. Það vita menn sérstaklega í smærri sveitarfélögum að þau þurfa að vita nákvæmlega um stöðu sína í jöfnunarsjóði, þau þurfa að vita nákvæmlega um það hvernig ríkissjóður lokar bókum sínum varðandi launapólitík, varðandi ýmsar efnahagslegar stærðir og praktíkin er einfaldlega, sérstaklega í smærri sveitarfélögum, sú að það er ógerlegt með nokkru viti, vildi ég sagt hafa, að loka dæminu varðandi fjárhagsáætlun í minni sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Því fagna ég því sérstaklega að nefndin hafi gert þarna breytingar á sem voru mjög skynsamlegar og nauðsynlegar en satt að segja skil ég ekki að mönnum skyldi til hugar koma að reyna þetta í nefndarstarfinu sjálfu.

Á hinn bóginn fara mál til verri vegar hvað nefndina varðar þegar kemur að 65. gr. Slæmt var það í frumvarpstextanum en verra er það í tillögum félmn. Þá er ég að ræða um fjárfrekar framkvæmdir og það lýtur auðvitað að þeim grundvallaratriðum sem ég er æ ofan í æ að hamra á.

Í núgildandi lögum er við það miðað að fari framkvæmdir eða áætlaður heildarkostnaður framkvæmda eða hluts sveitarfélagsins í slíkum framkvæmdum upp fyrir allar skatttekjur yfirstandandi reikningsárs þurfi að leita til sérfróðra aðila til að fara yfir kostnaðaráætlunina. Í frv. er miðað við helming.

Nú er enn þá þrengt og rætt um þessa tölu sem $^1/_4$ af skatttekjum viðkomandi sveitarfélags og þá þurfi að leita sérfróðra aðila. Mér finnst við tala um sveitarstjórnarstigið eins og þarna séu menn sem kunni ekkert og viti ekkert og geti ekkert. Það er auðvitað ekki þannig. Treystum við ekki fólkinu í landinu til að kjósa yfir sig sveitarstjórnir sem hafi eitthvert vit og einhverja þekkingu og einhverja kunnáttu? Sjáum við ekki fyrir okkur að þróun sveitarstjórnarmála verði þannig að þau verði stærri, sterkari og öflugri? Eða eða ætlum við að búa við núverandi ástand mála enn um sinn að þetta verði sveitarfélög með niður í 50 íbúa og mörg þeirra í kringum 70 og þar um bil?

Þetta tekur auðvitað mið af því að við ætlum að hafa sveitarstjórnarstigið smátt, lítið og veikt og það þurfi að segja því nákvæmlega fyrir verkum. Það er auðvitað ekki nokkur ástæða til þess. Og mér finnst þetta undarlegt og ég spyr: Hefur reynt á það ákvæði sem núgildandi lög segja til um? Ég held ekki. Ég held að aldrei hafi þurft að reyna á þetta. Eru einhver sveitarfélög sem hafa farið í einstakar stórar framkvæmdir sem hafa sett allt á annan endann? Það getur vel verið, ég man það ekki. Ég efast satt að segja um það. Ég er a.m.k. alveg handviss um að þau sveitarfélög eru annaðhvort búin að sameinast eða að þær sveitarstjórnir sem í slíkt ráðslag hafa farið hafi ekki verið endurkjörnar.

Af öðrum toga en þó skylt er ákvæðið um skoðunarmenn í 69. gr. Ég spyr enn og aftur: Hvaða stefnumörkun önnur á við í þessu sambandi en gerð er hér varðandi fjárreiður ríkisins og meðferð ríkisreiknings? Eru einhver önnur lögmál sem gilda um þau mál sem gera það að verkum að svo

mikilvægt er, sem hér um ræðir, að sveitarstjórn kjósi tvo skoðunarmenn heima í héraði og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils sveitarstjórnar? Ég sé enga ástæðu þess. Ég held að innra eftirlit og ytra eftirlit, endurskoðunarskrifstofa sinni þessu hlutverki alveg fullkomlega, heyrir auðvitað beint undir sveitarstjórnir en að skoðunarmenn hafi þarna mjög óljósu hlutverki að gegna, enda er enn og aftur kveðið á um að sérstaka reglugerð þurfi eða það eigi eftir að klára ákveðna reglugerð fyrir þessa skoðunarmenn. Og auðvitað vita menn það að í smærri sveitarfélögum hefur þetta skapað mikla tortryggni. Þessir skoðunarmenn eru pólitískt kjörnir þegar mikilvægast er að skoðunarmenn, eftirlit samanber ríkiseftirlit, sé yfir þessa hefðbundnu stjórnmálabaráttu hafið. Að þeir sem hafa eftirlit, óháð eftirlit með fjárreiðum sveitarfélaga eða ríkisins, þurfi ekki að lúta þessari pólitísku mælistiku sem oft og einatt veldur deilum, stundum misskilningi, allt að einu skapar erfiðleika sem væru ekki til ella. Og ég sé satt að segja enga ástæðu til þess að menn séu að ala á slíkri hugsanlegri tortryggni. Því miður eru þess dæmi að kjörnir skoðunarmenn hafi nánast verið pólitískt sendir agentar sem hafi haft það hlutverk fyrst og síðast, ekki það að gera efnislegar, faglegar athugasemdir við meðferð mála í viðkomandi sveitarfélagi heldur hafi verið nánast njósnarar og hafi gert það helst að fara í gegnum bækur og blöð viðkomandi sveitarfélags til þess að geta spjallað um það úti um borg og bý. Við þetta er vissulega mjög erfitt að ráða því að ekki fer meiri hluti sveitarstjórnar svo léttilega út í það að setja kjörinn skoðunarmann út á guð og gaddinn þó að hann hafi orðið uppvís að trúnaðarbresti, þó hann hafi orðið uppvís að því að kunna ekki til verka og þó að hann kunni ekki til verka. Við erum því enn og aftur að ávísa á vandræði sem væri auðvitað ástæðulaust að gera og er mjög einfalt og auðvelt að komast hjá. Við nálgumst þetta mál bara einfaldlega á sama hátt og við nálguðumst meðferð ríkisreiknings. Látum endurskoðunarskrifstofu, löggilta endurskoðendur sjá um þetta, komum skikk og skipan á hið innra eftirlit.

Við þekkjum þetta svo sem allt saman. Hafa menn t.d. einhverja tilfinningu fyrir því að málið hefði farið öðruvísi í Landsbanka Íslands ef þar hefðu verið kjörnir skoðunarmenn? Ég hef ekki sannfæringu fyrir því. Hér fara því menn villir vega og ég vil segja þetta mjög ákveðið, virðulegi forseti, af því að ég þekki dálítið til þessara mála, ekki úr minni heimabyggð eingöngu heldur víðar í kringum landið, og ég segi þetta nú af því að ég veit að það eiga eftir að vera vandræði með þetta. Menn eiga eftir að lenda í vandræðum með þetta. Sums staðar hefur þetta gengið ágætlega. Sömu menn hafa gegnt þessum skoðunarmannsstörfum áratugum saman og komið vel að verki. Annars staðar hefur verið skipt um menn jafnvel á miðju kjörtímabili, við hverjar einustu kosningar, þannig að það er allur gangur á þessu.

Ég benti á, virðulegi forseti, að það er verkefni ráðherrans að setja með reglugerð nánari ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum, svo sem með verkaskiptingu endurskoðenda og skoðunarmanna. Ég segi því, virðulegi forseti, að ef þetta á að samþykkjast með þeim hætti sem hér um ræðir, sem allt bendir nú til, þá hvet ég hæstv. félmrh. eindregið til þess að vanda mjög vel það regluverk sem hann ætlar að setja þessum kjörnu skoðunarmönnum. Því að það er mjög mikilvægt að gera það þannig að engum misskilningi valdi og ég hvet hann til þess.

Kem ég þá að 74. gr. sem er nú af ýmsum slæmum ein sú versta. Það er þessi eftirlitsnefnd. Það er ekki byggðarmerkjanefndin, það er eftirlitsnefndin, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Með byggðarmerkinu?) Nei, virðulegi forseti, ég heyri að hv. þm. eðlilega misskilja þetta. Hér er ekki um það að ræða að eftirlitsnefnd hafi eftirlit með byggðarmerkinu, heldur á þessi eftirlitsnefnd að hafa eftirlit með fjárreiðum sveitarfélaga þannig að hér er um aðra eftirlitsnefnd að ræða. (**Gripið fram í:** Já, já, það er skilið.) Og eftir því sem mér sýnist best þá er það félmrh. sem hefur ráð þessarar eftirlitsnefndar með höndum. Það er iðnrh. sem hefur byggðarmerkjamálið undir sínu forræði.

Hér er vissulega um algjört nýmæli að ræða að sérstök ástæða er til þess að setja á sérstaka eftirlitsnefnd með sveitarfélögum. Ég spyr nú í fullri einlægni hv. þm. Magnús Stefánsson, sem er talsmaður félmn.: Telur hann brýna nauðsyn á því, og að gefnu tilefni, að slík eftirlitsnefnd með starfsemi sveitarfélaga verði sett á laggirnar í félmrn.? Að menn verði klæddir upp í svarta frakka með dökka hatta sem fari um bæjarkontórana hringinn í kringum landið og gramsi þar í bókum og kanni hvort ekki sé allt með felldu. Ofan á allt hitt.

Og ég spyr: Eru einhver tilefni sem verða til þess að menn finna allt í einu upp hjólið í þessum efnum? Hvað er það sem gerir það að verkum að menn setja þessa eftirlitsstofnun á? Ég bið um dæmi þess. Ég sé nákvæmlega ekki nokkra ástæðu til þess að setja slíkan eftirlitsiðnað í gang. Og ekki síst í því ljósi sem ég nefndi áðan, sem er grundvallaratriði, að sveitarfélögin eru ekki lengur samkvæmt stjórnarskránni í umsjón stjórnarinnar eins og það hét en heitir ekki lengur.

Þetta er grafalvarlegt mál og auðvitað væri hægt að ímynda sér að þetta yrði misnotað. Við skulum segja að það væri til að mynda einhver annar hæstv. félmrh. en nú er og einhver annar oddviti meirihlutaflokksins en nú er, að með öðrum orðum væri ekki jafngott samstarf þar á milli og nú er heldur jafnvel pólitískt hatur og hér logaði allt í pólitískum illindum, þá gæti orðið býsna freistandi fyrir menn að senda eftirlitsnefndina á vettvang undir ákvæðum 74. gr. og láta hana fara að gramsa þarna. Það væri eins konar ávísun á það að ekki væri allt með felldu í sveitarfélaginu þegar karlarnir þrír í eftirlitsnefndinni kæmu askvaðandi inn í sveitarfélagið með svörtu töskurnar og hattinn. Það væri aldeilis stimplun sem sveitarfélagið fengi þá þegar þeir kæmu galvaskir.

Ég er bara algjörlega andvígur 74. gr. Hún er bara tóm vitleysa. Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, ég trúi því ekki, þeir hljóta að hafa látið plata sig, hv. stjórnarþingmenn sem þekkja eitthvað til sveitarstjórnarmála og hafa metnað til að treysta og tryggja sjálfsforræði og sjálfstæði þeirra, ég trúi bara ekki öðru. Ég átti satt að segja von á að nefndin tæki á þessu. Nefndin tekur að vísu á þessu. Það er nú ekki mjög stórmannleg breyting eða metnaðarfull. Jú, hún tekur ákvörðun um það að í stað þess að ákvarðanir eftirlitsnefndarinnar — og taki nú forseti vel eftir — verði endanlegar og ekki kærðar til ráðherra leggur félmn. til að ákvarðanir eftirlitsnefndarinnar megi kæra til ráðherra. En lengra ekki og þar verður úrskurðurinn sennilega endanlega staðfestur.

Mér finnst þetta feikilega slæmt. Ég árétta: Eru einhver dæmi þess að slíkt kalli eftirlitsnefnd? Ég þekki að vísu dæmi þess að sveitarstjórn hefur óskað eftir aðstoð, sérfræðiaðstoð og það er ekkert nema gott um það að segja. Kannski hefur hún í sumum tilfellum gripið of seint í taumana, það getur vel verið líka. En ekkert slíkt alvarlegt hefur komið upp að menn þurfi að setja á sérstakan eftirlitsiðnað í þessu sambandi. Það finnst mér algjörlega fráleitt og ég trúi því ekki að

þeir fulltrúar sveitarfélaganna sem sömdu þetta frv., sem eru engir minni menn en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, hafi gengist inn á þetta glaðbeittir í fasi né heldur þrautvanir sveitarstjórnarmenn sem sitja hér fyrir stjórnarmeirihlutann á Alþingi og þá einkum og sér í lagi í félmn. Þetta gagnrýni ég mjög harðlega.

Einnig væri ástæða til að staldra á sömu forsendum við 76. gr. sem lýtur að sviptingu fjárforráða, sem er auðvitað mjög róttæk aðgerð. Satt að segja sé ég ekki fyrir mér að til hennar geti komið. Og ég segi: Ef mat færustu manna er það að til svo róttækra aðgerða þurfi að grípa að svipta þurfi heilt sveitarfélag, lítið eða stórt, ég læt mig það einu gilda, fjárforræði vegna þess að það kunni ekki með fé að fara, þá finnst mér það ekki ákvörðun sem félmrn. geti eitt tekið, sem framkvæmdarvaldið geti eitt tekið. Það er stærri ákvörðun en svo. Og annaðhvort tel ég að félmrn. þurfi að sækja staðfestingu dómstóla til þess eða jafnvel að leggja fram tillögu á Alþingi því til staðfestingar. Því það er auðvitað ekkert sjálfstæði sveitarfélaga ef við búum þannig um hnúta í löggjöf að framkvæmdarvaldið, einn ráðherra geti á grundvelli laga tekið peningaráðin af sveitarfélögum ef honum sýnist svo. Að vísu eftir ákveðnum farvegi. Mér finnst það bara svo feikilega stórt mál í þessari stjórnsýslueiningu okkar að einn maður í einu ráðuneyti geti ekki og megi ekki einn taka ákvörðun um slíkt og það þurfi þá atbeina Alþingis eða a.m.k. dómstóla samkvæmt tilgreindum farvegi. Það er mín einlæga skoðun í þessu sambandi.

Ég gæti svo sem farið fleiri orðum um þennan kafla frv. um fjármálin en mér finnst hann anga af því að sveitarfélögum er vantreyst botnlaust, upp úr og niður úr. Það er sá þankagangur, það hugarfar sem ég kann ekki við og kann ekki að meta. Það er í því ljósi sem ég hef fullan fyrirvara á flestum þeim ákvæðum sem er að finna í þessum kafla um fjármál sveitarfélaga. Það er á þeim grundvelli.

Um samvinnu sveitarfélaga er flestallt gott að segja þó að aftur sé þetta meira og minna allt of ítarlegt. Hér er enn og aftur hnykkt á hlutverki Sambands ísl. sveitarfélaga í samskipum við ríkisvald og í lögum þessum og er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja. Ég segi þó eitt í því, virðulegi forseti. Mér finnst dálítil tilhneiging vera í þá áttina, einkum og sér í lagi í seinni tíð, að sveitarstjórnarmenn um allt land lúti nú orðið í of miklum mæli forræði Sambands ísl. sveitarfélaga. Í mörgum tilvikum er nauðsynlegt að það sé einn málsvari, einn fulltrúi allra sveitarfélaga á landinu sem ræði við ríkisvaldið, hafi leiðsögn og stefnumótun með höndum í tilteknum málaflokkum, skipan nefnda o.s.frv. en það má ekki verða á kostnað þess að sveitarstjórnarmenn hætti að hafa skoðun. Það er mjög áberandi í þeim umsögnum sem er að finna með frv. að þær eru ákaflega innihaldsrýrar. Það er lítið í þeim, sáralítið, allt of lítið. Það er til að mynda áberandi — ég veit satt að segja ekki af hverju það er, ég neita að trúa að það geti verið annað en það að bréfin hafi ekki borist — en í athugasemdum um lagafrv. segir að í upphafi starfs nefndarinnar hafi verið ákveðið að rita öllum sveitarfélögum bréf og gefa þeim kost á að koma á framfæri hugmyndum og tillögum að breytingum á sveitarstjórnarlögum. Svör bárust aðeins frá 14 sveitarfélögum. Þetta er alls ekki nógu gott. En það er kannski ástæða til að ég geymi mér það til 3. umr. málsins með von um að hugsanlega geti eitthvað gerst við 2. umr. í þeim ýmsu liðum sem ég nefndi til sögunnar og ég tel brýnt að menn breyti.

Ég get nefnt sem dæmi um þetta að sú þróun að ráðuneytið sé hér og þar og alls staðar hefur til að mynda leitt til þess að sumar sveitarstjórnir og sumir sveitarstjórnarmenn eru farnir að gera út á þessa pössun ráðuneytisins. Eins og þróun úrskurða og kæruefna til ráðuneytisins hefur þróast er augljóst mál að sumar sveitarstjórnir eru hættar að ræðast við heima í héraði, senda bara málin inn í ráðuneyti og segja: Þið afgreiðið þetta bara. Ég sé að það eru heilu bækurnar sem koma út, hálfgerðar jólabækur, um þessi efni. Til upprifjunar er úrskurður úr Vesturbyggð. Þar var kvartað yfir 20–30 atriðum og það er augljóst að hin pólitíska umræða sem á að fara fram heima í héraði var hætt að fara þar fram heldur fór hún bara fram í bréfasendingum, kærum til félmrn. Þetta er mjög vond þróun og afspyrnuslæm. Mér finnst og ég hef á tilfinningunni, virðulegi forseti, að menn séu eiginlega frekar að ýta undir hana í þessari lagagerð en að draga úr henni sem væri æskilegt. Ég vil lifandi umræðu innan sveitarstjórna, milli sveitarstjórna og um sveitarstjórnarmál. Hún hefur því miður verið allt of lítil í tengslum við það frv. sem er til umræðu en enn er von og ég ætla því að geyma mér nokkur álitaefni sem brenna mjög á huga mér til 3. umr. málsins.

[01:20]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er nú orðið meira en kvöldsett og eins og kunnugt er var áformað að hafa kvöldfund í kvöld, þann fyrsta af þremur í þessari viku. Nú er klukkan orðin 20 mín. yfir eitt og ég ætlaði að inna forseta eftir því hvað hann hygðist halda lengi áfram í kvöld og hvort búið væri að ákveða endalok þessa fundar.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að nú er engin miskunn hjá Magnúsi og það verður haldið áfram.)

Virðulegi forseti. Ég var ekki að spyrja um miskunnsemi og þaðan af síður grimmd, heldur afskaplega ljúflega hvort búið sé að ræða það hjá forsetadæminu hvenær fundi muni ljúka.

[01:21]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti getur upplýst að kvöldfundur getur þýtt næturfundur þannig að það er engin ákvörðun fyrirliggjandi um að hætta þessum fundi og honum verður haldið áfram. Fundurinn hefur nú staðið í hátt í 15 klst. og aðeins fjórar og hálf ræða verið flutt af fimm þingmönnum.

[01:22]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að halda kvöldfundi en venjan er sú að gera þingmönnum viðvart ef um næturfund verður að ræða. Það hefur ekki verið gert og venjan er nú sú að kvöldfundur standi ekki miklu lengur en til miðnættis. Eins og ég sagði áðan vil ég mælast til að menn séu sérstaklega látnir vita af því ef næturfundur er áformaður því að vaninn í þinginu er sá að ef um næturfund er að ræða hefjist ekki þingstörf fyrir hádegi daginn eftir. Ég vil líka biðja hæstv. sitjandi forseta að kanna þetta mál dálítið betur þar sem skilaboðin eru nokkuð misvísandi sem við þingmenn höfum fengið því aðalforseti þingsins hefur látið í ljós að svo kunni að vera að ekki verði haldið áfram eftir að næsti hv. þm. hefur lokið ræðu sinni og raunar látið það í ljós við hv. þm. sjálfan sem á að stíga næstur í ræðustól. Mér finnst þetta því vera orðin nokkuð misvísandi skilaboð sem við þingmenn fáum og óska eftir því við þann ágæta

og vandaða þingmann sem situr nú í stóli forseta, þingmann með gullhjarta eins og margoft hefur komið fram, að hann sýni þingmönnum þá hjartagæsku að gefa þeim hreinan og afdráttarlausan úrskurð um þessi misvísandi skilaboð.

[01:23]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti getur upplýst að þau einu skilaboð hefur hann fengið frá aðalforseta að hann mundi leysa af þann sem nú situr eftir að hann hefði gefið næsta ræðumanni orðið.

[01:24]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Nú er runninn nýr dagur, hinn sjötti í 2. umr. um það mál sem hér er á dagskrá, 288. mál þessa þings, og enda þótt ég sé á engan hátt að skorast undan því að tala nú þegar svo er orðið áliðið, hefði ég vitaskuld kosið að fá annan tíma til að ræða við hv. þm., hressa og vel vakandi og fleiri en enst hafa á þessum fundi. En úrskurði forseta hlíta hv. þm. auðvitað og því tek ég nú hér til máls eins og til stóð.

Umræðan um þetta mál, frv. til sveitarstjórnarlaga, hefur nú staðið alllengi. Ekki hef ég klukkustundafjöldann á hreinu. Sessunautur minn í þinginu, hv. 16. þm. Reykv., hefur setið mest alla umræðuna og mælt tímann í klukkustundum og mínútum af stakri samviskusemi og áhuga en hann hefur nú þrotið örendið og mun vera genginn til náða þannig að við fáum líklega frekari fréttir af því á næsta þingfundi hversu lengi umræðan hefur staðið en ef ég man rétt var komið vel yfir 20 klst. þegar hann síðast sat við mælingar og síðan hafa *nú liðið nokkrar stundir enn þannig að væntanlega eru þær* eitthvað í kringum 30 eða jafnvel meira núna. Ég hef heldur ekki nákvæman lista yfir þátttakendur í umræðunni en þeir eru orðnir margir og mér telst raunar til að það sé a.m.k. helmingur þingmanna, helmingur þingheims sem hér hefur tekið til máls um þetta frv. og sumir oft og mörgum sinnum, bæði í ræðum og andsvörum. Það var upplýst af hv. síðasta ræðumanni að hv. 16. þm. Reykv. hefði farið 20 sinnum upp í þennan ræðustól, svo það má vera til marks um að mönnum liggur mikið á hjarta.

Fróðlegt væri að slá á það máli þótt síðar verði hversu stórum hluta allrar þessarar löngu umræðu hefur verið varið til umfjöllunar um aðeins eitt atriði frv. Það er það afdrifaríka atriði hvernig stjórnsýslu skuli háttað á miðhálendi Íslands. Að sjálfsögðu hafa ýmsir hv. þm., og þá sérstaklega þeir sem eru vel kunnugir sveitarstjórnarmálum svo og þeir sem sitja í hv. félmn. þingsins, farið orðum um ýmsar greinar frv. og jafnvel allar lið fyrir lið, en engu að síður er það þetta atriði um stjórnsýsluna á miðhálendi Íslands sem hefur tekið langmesta tímann. Hvers vegna hefur atburðarásin verið á þessa leið? Hvað veldur því að umræðan hefur þróast á þennan veg? Hvað rekur helming þingheims upp í þennan ræðustól til að ræða efni þessa frv. eða reyndar nánast eingöngu einn þátt þess? Ástæðan er auðvitað ljós. Svarið er einfaldlega að hér er um að ræða eitt mikilvægasta mál sem varðar svo miklu alla framtíð í landinu, *mál sem hefði í rauninni átt að* bera undir alla þjóðina í allsherjaratkvæðagreiðslu eins og ég lýsti fyrr í umræðunni. Það er nefnilega svo að fulltrúalýðræðið hefur sína annmarka. Það er að mörgu leyti hentugt og dugir okkur vel en ekki að öllu leyti. Fólk kýs hina ýmsu flokka sem eru í boði eftir stefnu þeirra og oft reyndar eftir persónum og það er mjög þekkt að stuðningur kjósenda byggist á viðhorfi og trausti í garð ákveðinna einstaklinga.

En svo gerist það alltaf öðru hverju að upp koma mál sem kjörinn fulltrúi lítur öðrum augum og hefur aðra afstöðu til en margir kjósenda hans eru sáttir við. Það eru þá mál sem miklar meiningar eru um, mál sem fólk hefur ríkar skoðanir á og er alls ekki sama um hvernig æxlast. Þá getur verið sárt að hafa ekki möguleika til beinnar íhlutunar, sárt að finna ekkert mark tekið á ályktunum og áskorunum og jafnvel harðri baráttu og geta ekki haft áhrif. Í kosningum fulltrúa í sveitarstjórnir og á Alþingi eru menn að lýsa stuðningi við persónu og meginlínur í stefnu en ekki hvert einasta mál sem upp getur komið og sem fulltrúar þeirra þurfa að taka afstöðu til. Ekkert annað en beint lýðræði dugir til að tryggja mönnum möguleika til beinna áhrifa og atkvæðisrétturinn er ákaflega mikilvæg mannréttindi. Mörgum kjósendum er sárt að geta ekki sagt hug sinn í atkvæðagreiðslu um ýmis þau mál sem varða þá miklu.

Þess vegna segi ég enn og aftur að það er slæmt að við skulum ekki enn hafa mannað okkur upp í það að setja lög og reglur um þjóðaratkvæði, svo og um rétt almennings til almennrar atkvæðagreiðslu í einstökum sveitarfélögum um einstök mál. Ég minni á að Kvennalistinn hefur flutt á ferli sínum oftar en einu sinni tillögur um þjóðaratkvæði og frv. — ég held að það hafi verið flutt þrívegis — um rétt kosningabærra manna í sveitarfélögum til að fara fram á almenna atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þá væri það að sjálfsögðu eftir ákveðnum reglum, það þyrfti ákveðinn hluta kosningarbærra manna í hverju sveitarfélagi til að fara fram á slíkt en við því yrði þá að verða. Það mál sem er til umræðu, þ.e. um framtíðarskipan miðhálendis Íslands, er einmitt slíkt mál sem ætti að greiða atkvæði um í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er skoðun mín og ég árétta hana enn einu sinni.

Öll umræðan, herra forseti, og umfjöllunin um þetta mál, bæði á hv. Alþingi og utan þess, er heilmikil og merkileg reynsla. Það er nú svo að ýmsar og margvíslegar tilfinningar bærast með manni og togast á í tengslum við þetta mál. Fyrst og fremst eru það áhyggjur og feginleiki sem togast á í huga mér, gífurlegar áhyggjur vegna þess að svo virðist sem meiri hluti hv. þm. sé því hlynntur að framlengja hreppamörk upp á miðhálendið, skera það sundur þvers og kruss og deila því milli aðliggjandi sveitarfélaga. En á hinn bóginn feginleiki og einlæg gleði yfir þeirri vakningu sem hefur risið, vakningu og mótmælaöldu sem hefur risið utan veggja þessa húss. Ég fagna þeirri vakningu sem er til marks um vaxandi skilning á þeirri auðlind sem þjóðin á og vill eiga á miðhálendi landsins.

Þeir eru auðvitað margir sem hafa þegar gert sér grein fyrir hinum ýmsu nýtingarmöguleikum á miðhálendi landsins. Þar er að finna stóran hluta þeirra afrétta sem hafa verið og eru enn nýttar til beitar, bæði sauðfjár og hrossa, en þó fyrst og fremst sauðfjár. Og þar eru upprunnir langstærstu draumar orkunýtingarmanna og þar hafa þeir fengið að athafna sig án mikillar fyrirstöðu hingað til. Þar eru hin stórkostlegu víðerni þessa lands, sumir tala reyndar um allt þetta land sem *ósnortin víðerni*. Það er auðvitað of langt gengið vegna þess hvernig gengið hefur verið á þetta svæði, ekki síst á síðustu áratugum. En þarna er þó að finna flest þau svæði sem hægt er að fella undir þá skilgreiningu.

Ég get upplýst það hér að ég var formaður nefndar sem skipuð var á vegum umhvrn. og í framhaldi af samþykkt Alþingis á tillögu okkar kvennalistakvenna á síðasta vori, nánar tiltekið 12. maí 1997, þar sem samþykkt var að nefnd

yrði falið að skilgreina hugtakið „ósnortið víðerni". Sú nefnd hefur skilað af sér og ásamt hæstv. umhvrh. kynnti ég niðurstöður þeirrar nefndar fyrir fjölmiðlum í dag. Mér þótti það ánægjulegt innlegg í umræðuna því að vaxandi skilningur er meðal þjóðarinnar á því hvaða auðlindir við eigum í ósnortnum víðernum landsins.

Mörg umhverfisslys hafa átt sér stað á miðhálendinu og ástæðan er auðvitað öngþveiti og stjórnun í skipulagsmálum þar en ekki síður meðvitundarleysi allt of margra og skilningsleysi á því hvað þarna er um að ræða. En heimur batnandi fer að þessu leyti og sú mikla umræða sem hefur átt sér stað núna þessa dagana er til marks um það. Og ég sagði það áðan að ég fagnaði þeirri vakningu og þeirri miklu umræðu sem fer nú fram, ekki aðeins innan þessara veggja heldur í æ ríkari mæli utan veggja þessa húss.

Ég tel við hæfi að koma inn í þingtíðindi einu sýnishorni af þeirri umræðu vegna þess að ég hef orðið þess vör að þau orð hafa snortið marga. Þessi orð flutti einn vinsælasti pistlahöfundur Ríkisútvarpsins, Illugi Jökulsson, í síðustu viku og mér finnst þau eiga erindi við hv. þingheim sem dæmi um það sem menn eru að hugsa og ræða utan þessara veggja.

Sá ágæti pistlahöfundur er dæmigerður fulltrúi þeirra sem byggja afstöðu sína á tilfinningum og engu öðru og sú afstaða á svo sannarlega fullan rétt á sér. Ég vitna til þessara orða með góðfúslegu leyfi pistlahöfundar sjálfs, Illuga Jökulssonar, en hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Maður þarf ekki að vera Kári Stefánsson til þess að vita að gen manneskjunnar breytast hægt. Enda þótt þróun mannsins hafi tekið ótrúlega skamman tíma á mælikvarða heimsins er samt um að ræða mörg hundruð þúsund ár, reyndar milljónir ára, sem maðurinn hefur verið að þróast frá hvurri annarri dýrategund og upp í það sem hann er nú. Og það er mikill misskilningur ef einhver skyldi nú halda að sú tæknibylting sem maðurinn hefur staðið fyrir nú allra síðustu aldir og helst á þessari öld hafi nú þegar breytt einhverju í eðli hans, þörfum og hvötum. Genin eru lífseig kvikindi og við erum enn nákvæmlega sama fólkið og byggði fyrstu borgina suður í Jeríkó fyrir átta þúsund árum eða hvenær sem það nú var. Í því felst m.a. að þótt við séum hópdýr sem kunnum flest best við okkur innan um okkar líka, þá viljum við samt ekki vera of innilokuð. Maðurinn var á sínum tíma helst til varnarlítil bráð fyrir alls konar vígtennt villidýr og það eimir enn í genum okkar eftir af þörfinni fyrir undankomuleið, fyrir víðáttu. Þrátt fyrir alla hjarðmennskuna sem býr í okkur þurfum við að geta séð í kringum okkur, út fyrir hópinn.

Þessi eðlislæga þörf mannsins fyrir víðáttu hefur að verulegu leyti verið sniðgengin í tæknibyltingunni. Við höfum hrúgað okkur allt of mikið saman, byggt of háa veggi í kringum okkur. Við höfum talið að sífellt hærri og þykkari múrar séu betri vörn gegn villidýrum sem eru okkur ekki lengur nein ógn heldur en undankomuleið víðáttunnar og opinnar náttúru. Það má halda því fram og jafnvel leiða að því einhver rök að ýmist séu óskemmtilegri vandamál sem maðurinn á við að stríða í eigin sál þessi missiri veraldarsögunnar, lítt skiljanleg og þrálát vanlíðan þrátt fyrir æ auðveldari lifnaðarhætti, enn óskiljanlegri grimmd, ofsi og græðgi þrátt fyrir að í rauninni sé varla lengur um neinar frumþarfir að berjast nema í vanþróuðum löndum — það má sem sagt halda því fram að misbrestirnir í sál mannsins stafi af togstreitu, nánast geðklofa, djúpt í eðli hans, milli hinna eðlislægu þarfa mannsins fyrir víðáttu annars vegar og hins vegar þeirrar tilhneigingar hans, sem orðið hefur ofan á í reynd, að hrúga sér saman á litlu svæði, umbylta og breyta umhverfinu eftir eigin duttlungum og reisa um sig múra svo að brátt er hvergi ósnortinn sjóndeildarhringur.

Og það sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Ef við hugsum fram í tímann, og þá meina ég ekki 10 ár, ekki 20 og ekki 50, heldur 200 ár, 300 ár, 1000 ár, þá verður ekki betur séð en maðurinn verði orðinn enn þá innilokaðri en nú er, fastur í sinni eigin tækni, búinn að umbylta öllu í kringum sig og breyta stærstum hluta heimsins í sína eigin mauraþúfu. Þá mun hver einstaklingur hafa harla fátt við að stríða í hversdagslegum vandamálum en gen hans verða söm við sig. Hann verður enn þá í eðli sínu varnarlitla veiðidýrið sem þarf sífellt að halda vöku sinni og sjá í kringum sig. Og þá og þá fyrst, munum við sjá hve dýrmæt verða ósnortin eða a.m.k. lítt snortin svæði eins og hálendi Íslands þar sem sjóndeildarhringurinn er ekki gerður af manna höndum.

Ef tekst að varðveita hálendi Íslands mun það verða okkar stærsta og mesta auðlind í framtíðinni og þá er ég sem sagt að tala um næstu þúsund ár og þegar ég segi auðlind á ég ekki við gróðalind. Ég á ekki við að við getum lifað eins og blómi í eggi hér niðri á láglendinu, á höfuðborgarsvæðinu, og grætt á tá og fingri á að selja einhverjum útlenskum bjánum aðgang að óbrúuðum ám og hrikalegum fjöllum þótt nú þegar séu innibyrgðir Evrópubúar og Ameríkumenn og Japanar tilbúnir að borga stórfé fyrir að sleppa stundakorn úr stórborgum sínum og tilbúna umhverfi. Nei, ég er ekki að tala um gróðann sem við getum haft af hálendinu heldur er ég hreint og beint að tala um okkur sjálf, um geðheilbrigði íslensku þjóðarinnar sem mun velta á því eftir þúsund ár að við getum komist út undir bert loft, sloppið undan múrum okkar sjálfra og eygt undankomuleið þótt við höfum svo sem ekkert að flýja.

En skipulagsþrá mannsins er líka sterk. Sú hvöt að rotta sig saman og byggja eitthvað til að fela sig inni í, sú þrá sem varð til þess að hinir fyrstu múrar voru reistir í Jeríkó og hefur allar götur síðan togast á við þörfina fyrir víðáttuna. Nú hefur skipulagsþrá mannsins teygt sig inn á hálendi Íslands og þar er stórkostleg hætta á ferðum ef skipulagt verður um of, ef reistar verða virkjanir, vegir, hús og brýr, háspennulínur og hótel — sem sé einir múrarnir enn. Eftir þúsund ár verða ósnortin eða lítt snortin svæði ansi fá eftir í veröldinni, og núna stendur okkur til boða að varðveita eitt slíkt svæði sem getur ekki einungis orðið börnunum okkar tekjulind í ferðamennsku heldur getur líka og miklu frekar orðið barnabarnabarnabarnabarnabörnum okkar undankomuleið í ofskipulögðum heimi.

Ef ég fengi að ráða yrði nákvæmlega ekkert byggt inni á hálendinu og ekkert skipulag, engar virkjanir reistar umfram það sem nú þegar er orðið og umfram allt yrði ekki stofnuð nefnd þröngsýnna hagsmunaaðila til að vinna að skipulagi hálendisins, eins og stendur til, og alveg sérstaklega yrði það skipulag ekki fengið í hendur nokkurra hreppsnefnda, sem alveg óhjákvæmilega munu freistast til að græða pínulítið á sínum skika hálendisins. Reisum eitt hótel hér, hvað gerir það til? Og ef við setjum niður litla virkjun þarna þá græðum við pening og er nokkur skaði skeður? Og þarna þyrfti nú að koma vegarspotti og það er nú synd að það sé ekki brú yfir þessa sprænu o.s.frv., o.s.frv.

Það gildir einu hversu snoturt er hjartalag þeirra hreppsnefndarmanna — það kemur alltaf að því fyrr eða síðar að þeir sjá ekkert athugavert við að taka eins og einn hekt-

ara undir skipulagt svæði, svo kannski annan og enn einn, og eftir þessi þúsund ár verður sjóndeildarhringurinn á hálendinu orðinn jafnþrautskipulagður og allt annað umhverfi mannsins í heiminum. Þessa auðlind sem hálendið er, þessa undankomuleið fyrir sjálft geðheilbrigði okkar Íslendinga má aldrei og undir engum kringumstæðum setja undir vald manna sem geta freistast til að hafa af henni skammvinnan gróða.

Mikið væri nú gaman ef það kæmi í ljós að víðernið á Íslandi gerði mönnum kleift að hugsa stórt og langt fram í tímann, þúsund ár eða jafnvel tíu þúsund ár og að menn gætu þá hugsað hlýlega til allra Íslendinga sem sáu út fyrir múrana og áttuðu sig á þörf sálarinnar fyrir ósnortinn sjóndeildarhring og víðernið í sjálfu sér."

Herra forseti. Hér ætla ég að láta staðar numið. Pistillinn er lengri en meginhugsunin er komin til skila. Í þessum orðum endurspeglast afar greinilega sú hugsun sem rekur marga til andófs gegn þeim áformum að skipta miðhálendi landsins í ótal renninga og ætla öllum þessum aðliggjandi sveitarfélögum með mismunandi hagsmuni og væntanlega margs konar stefnu í vernd og nýtingu að skipuleggja hvert sitt svæði og ráða yfir því. Sú skipan stríðir gegn þeirri hugsun að hér sé um að ræða eina heild sem á að vera sameign allrar þjóðarinnar. Í orðum Illuga Jökulssonar sem ég las hér áðan er áherslan fyrst og fremst á þá frumþörf mannsins að eiga sér andrúm í víðáttum náttúrunnar. En auðlindin sem við eigum þarna, auðlindin sem liggur þarna og bíður örlaga sinna sem við ráðum svo miklu um er okkur gullnáma í svo mörgu tilliti. Hún er fyrst og fremst lykillinn að þeirri ímynd sem *við viljum að land okkar hafi. Hún er fyrst og fremst* lykillinn að þeirri ímynd sem er undirstaða hagsældar, nú og umfram allt í framtíð lands og þjóðar í bráð og lengd. Það er í þeirri ímynd sem veigamestu möguleikar okkar liggja í atvinnulegu tilliti. Út á þessa ímynd gerum við, seljum vöru okkar og þjónustu og það er út á þessa ímynd sem erlendir ferðamenn koma hingað, fyrst og fremst. Ekki endilega til að ferðast um þetta svæði, um miðhálendið, heldur til að ferðast um þetta land sem á slíkar víðáttur, sem á öll þessi lítt snortnu víðerni, þetta land sem er svo allt öðruvísi en öll önnur lönd. Þess vegna, herra forseti, er svo mikilvægt að varðveita þá heildarmynd sem þjóðin hefur af þessu svæði. Sú heildarmynd eyðileggst gjörsamlega ef því verður skipt niður í reiti og ræmur og deilt milli aðliggjandi sveitarfélaga.

Ég gef lítið fyrir þann rökstuðning sem heyrst hefur frá þeim hv. þm. sem áður börðust gegn slíkri skiptingu en hafa nú snúið við blaðinu að hér sé aðeins verið að staðfesta gildandi fyrirkomulag, þ.e. að forsjá afrétta hafi verið falin aðliggjandi sveitarfélögum þegar fyrir meira en tveimur áratugum. Það er út af fyrir sig rétt að tekið er á vissan hátt á því máli í 3. gr. og má nú undarlegt heita ef hv. stjórnarþingmenn í félmn. sem áður lögðust hart gegn reitaskiptingu skuli fyrst núna eins og lítur út fyrir, hafa áttað sig á þessari skipan mála, að upprekstrarréttur hafi verið talinn veita sveitarfélögum ákveðið forræði. Mér er satt að segja óskiljanlegt hvers vegna það hefur ekki legið skýrt fyrir öllum í hv. félmn. eins og virðist af athugasemdum í nefndaráliti meiri hlutans.

Þó er það kannski ekki að undra því sannleikurinn er auðvitað sá að frágangur þeirra mála hefur alls ekki verið með skýrum hætti og boðið upp á eilíft skæklatog og ágreining og auðvitað nauðsynlegt að taka á því. Það er líka spurning hversu meðvitundarlausir hv. þm. hafa verið. Því miður munu þeir nú sofa værum blundi heima hjá sér þegar svo er orðið áliðið, þannig að ég get ekki talað við þá beint en þegar litið er til þess sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn. sagði við 1. umr. virðist sem hún hafi fyllilega gert sér grein fyrir stöðu málsins og þó var ekki lítil áhersla í hennar máli þar sem hún andmælti því einarðlega að þessu svæði yrði skipt á milli aðliggjandi sveitarfélaga. Hún hafði um það mörg orð, margendurtók það bæði í sinni aðalræðu og í mjög mörgum andsvörum sem hún varð að fara í því margir vildu spyrja hana út í afstöðu hennar og þarf ekki að undra það þegar stjórnarþingmaður tekur svo ákveðna afstöðu *gegn stjfrv. og það frv. frá ráðherra í sínum eigin* flokki. Hún sagði m.a. sem er mjög athyglisvert, með leyfi forseta:

„Hins vegar finnst mér að umræðan gangi of mikið út á tæknileg atriði eins og mörk, heimalandamörk, hvar liggja afréttir, hvar liggur þetta, hvar liggur hitt? Ég held að við ættum að reyna að hugsa þetta svolítið á öðrum grundvelli. Við eigum að láta skynsemina ráða. Við eigum að taka meginhluta miðhálendisins undir eina heild en binda okkur ekki svona fast í fortíðina. Við þurfum að horfa fram á veginn í þessu en ekki til baka.

Menn hafa líka notað það talsvert í umræðunni að afréttirnar séu undir sveitarfélögum og það stendur eitthvað á þá leið í frv. Þar er verið að vísa í 3. mgr. 3. gr. laga um sveitarfélögin, að áður fyrr hafi hvort eð er nánast öllu miðhálendinu verið skipt á milli sveitarfélaganna, þ.e. staðarmörkum. Maður spyr sjálfan sig: Hvaða réttlæti er í því þó að einhver búfénaður hafi verið settur á beit á ákveðnum svæðum? Er þar með sagt að það sé eðlilegt að skipulags- og *byggingarmál á viðkomandi svæði tilheyri sveitarfélaginu* þaðan sem búfénaðurinn kom? Ég sé ekki skynsemi í því."

Og seinna í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta, minnir hv. 4. þm. Reykn. á ályktun kjördæmisþings framsóknarmanna í Reykjanesi sem henni fannst að sjálfsögðu mjög eðlilegt og kjörið að vekja athygli á en sú ályktun hljóðaði svo: „Kjördæmisþing framsóknarmanna á Reykjanesi hafnar því að skipta stjórnsýslu, þar á meðal skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins milli 40 sveitarfélaga. Miðhálendið er ein heild þar sem m.a. jöklar, hraun og sandar mynda landslagsheildir. Skynsamlegast er að miðhálendið verði eitt stjórnsýslusvæði."

Það var að sjálfsögðu verðugt að vekja athygli á þessu sem hv. þm. gerði með heiðri og sóma og virtist vera fullkomlega sammála þessari ályktun og hefur væntanlega átt þátt í þeirri ályktun sjálf. Auk þess virðist hún af þessari ræðu í 1. umr. um málið hafa gert sér fyllilega grein fyrir því sem stendur í núgildandi lögum um forræði sveitarfélaga yfir afréttunum en svo talar hún síðar, hv. þm. eins og það hafi runnið upp fyrir henni eftir m.a.s. að hún hafði látið koma fram fyrirvara í nefndaráliti frá meiri hluta hv. félmn. Ég botna ekkert í þessum hringlanda. Ég botna ekkert í svona málflutningi því þetta er margendurtekið í ræðu hv. 4. þm. Reykn. við 1. umr. um málið og í ótal andsvörum sem hún veitti og í niðurlagi ræðu hennar kemur fram að í heild lítist henni ágætlega á frv. en svo segir hún, með leyfi forseta:

„... ég get ekki stutt hugmyndina sem felst í 1. gr., þ.e. að skipta öllu landinu alveg inn í innsta punkt á milli sveitarfélaga. Það er ekki rétt framtíðarsýn í því. Ef við horfum 100 ár fram í tímann og setjum okkur í spor framtíðarmannsins er ég alveg sannfærð um það að augu manna opnast frekar fyrir því að það væri rétt að hafa þetta sem eina heild. Ég hef *stutt mína menn í gegnum súrt og sætt hér í þinginu og við*

höfum gert afar marga og góða og jákvæða hluti. Hins vegar tel ég að 1. gr. sé ekki rétt skref og ég get því miður ekki fellt mig við þá sýn og þá hugmyndafræði sem í henni felst."

Þannig lauk hv. 4. þm. Reykn. ræðu sinni en skyndilega hefur hún fengið einhverja hugljómun sem ég botna ekkert í og hefur skipt gjörsamlega um skoðun á því að það sé allt í lagi að skipta þessu mikilvæga, verðmæta svæði upp í — ég treysti mér varla til að nefna töluna. Menn tala ýmist um 40, 42 eða ég veit ekki hversu marga renninga. Hún segir 40 í ræðu sinni en í nefndarálitinu hafa hv. stjórnarþingmenn, 4. þm. Reykn. og 16. þm. Reykv., fyrirvara um þetta atriði og lýsa þeim fyrirvara sem þau virðast síðan vera fallin frá. Svo er það nú.

En eins og ég sagði er ekki að undra þótt menn hafi litið svo á að þrátt fyrir þetta ákvæði í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna um forræði afréttanna væri reyndin önnur og öll þau mál meira og minna í uppnámi og reiðileysi enda er það auðvitað svo að fæstir afréttir eru þannig settir að þeir viti aðeins að einu sveitarfélagi. Þetta ákvæði hefur boðið upp á ágreining, átök og dómsmál en markmiðið með þessu ákvæði hefur væntanlega verið að bregðast við þörf fyrir nauðsynlegt eftirlit, sjálfsagt fyrst og fremst með tilliti til stóraukinnar umferðar um þessi svæði. Ég hygg reyndar að það hafi verið nauðsynlegt og hafi komið að notum í einstöku tilvikum án þess að ég hafi um það ítarlegar upplýsingar en reyndar einnig valdið miklum deilum. Enda er ekki mögulegt að fá kortlagningu á því hvernig afréttir landsins skiptust á milli sveitarfélaga skv. þessari 3. gr. sveitarstjórnarlaganna. Ég hef spurt eftir því og hef upplýsingar um það frá hv. félmn. að þar hafi ekki fengist nein kort eða lýsingar á því hvernig þessum mörkum hafi verið háttað. Slík kortlagning er einfaldlega ekki til svo það er von að menn hafi ekki tekið það mjög alvarlega að hluta af hálendinu hafi þegar verið skipað undir aðliggjandi sveitarfélög.

En jafnvel þótt menn kynnu að fallast á þann skilning að þessi makalausa reitaskipting væri þegar orðin staðreynd að hluta að undanskildum einhverjum ræmum og snjósköflum ef marka má málflutning hv. 4. þm. Reykn. og ég átta mig ekki á hvaða ræmu hv. þm. er að tala um. Er verið að tala um Sprengisand og Ódáðahraun eða hvaða svæði eru þetta sem eru undanskilin? Ódáðahraun er stærsta hraun landsins og þótt miklu víðar væri leitað svo það er nú ekki lítill skiki af þessu svæði. Ekki bítur þingeyskt sauðfé mikið á Sprengisandi, sem er algjör eyðimörk á stórum kafla.

En jafnvel þótt það væri arfur úr fortíðinni þá gildir um þetta eins og svo margt sem varðar umhverfismál að viðhorfin eru að breytast og þróast hér sem annars staðar í heiminum svo mjög að við hljótum að taka tillit til þess og haga okkur í samræmi við það. Við eigum ekki að vera svo rígbundin af fyrri afstöðu, gömlum reglum og lagasetningu síns tíma að við séu ekki tilbúin til að breyta þeim og bæta ef á þarf að halda. Við þurfum að horfa fram á veginn í þessu en ekki til baka, eins og hv. 4. þm. Reykn., Siv Friðleifsdóttir sagði í ræðu sinni við 1. umr. um þetta mál.

Ég sé því ekki að það geti verið rök fyrir kúvendingu í grundvallarafstöðu þó það renni upp fyrir mönnum að áður hafi verið reynt að taka á þessum málum og þá fyrst og fremst með beitarnýtingu í huga og þjónustu við þetta svæði vegna aukinnar umferðar.

Ég vil ítreka það sem ég hef sagt oft áður að ef önnur yrði skipan mála þar sem miðhálendið væri ein stjórnunarleg og skipulagsleg heild, þá þarf það ekki að breyta neinu um hefðbundnar nytjar. Það þarf ekki að hafa áhrif á nytjar sem eiga sögu langt aftur í aldir, að því tilskildu vitanlega að slíkt sé í anda sjálfbærrar þróunar. Það er auðvitað sjálfsagt mál.

Talsmenn reitaskiptingar hafa lagt töluverða áherslu á það sem þeir telja vantraust á þá sem byggja þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu og að það sé meginástæðan fyrir andstöðunni gegn því fyrirkomulagi. Það er ómaklegt að halda slíku fram. Það er ekki meginástæðan í mínum huga og hefur aldrei verið og því hef ég margsinnis lýst í umræðum hér og annars staðar.

Ég gat nú ekki annað en brosað þegar hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Örn Haraldsson, vakti sérstaka athygli á þeim mikla órétti sem íbúar í Hraungerðishreppi, og þar með hv. 2. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, yrðu beittir ef frv. hæstv. umhvrh. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum yrði að lögum vegna þess hvernig þar er lagt til að ný samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins verði skipuð. Og þá var eins og blessuð skepnan skildi, eins og segir í frægu ljóði. Þá brá ýmsum í brún, bæði hv. 2. þm. Suðurl. og fleirum. Og ég held ég muni það rétt að á þessum sama þingfundi sem var einhvern tíma í síðustu viku, hafi hæstv. félmrh. óðara brugðið við og tekið undir það að auðvitað þyrfti að breyta þessu frv. með tilliti til þessa. Af einhverjum ástæðum finnst þessum ágætu hv. þm. og hæstv. ráðherra óviðunandi réttleysi að íbúar Hraungerðishrepps eigi ekki beinan hlut að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands þótt þeir hafi ekki haft minnstu áhyggjur af réttleysi meginþorra þjóðarinnar sem fyrst og fremst býr á suðvesturhorni landsins, þ.e. í Reykjavík og Reykjanesi. Það er óneitanlega merkilegt. Það er sem sagt ekki fyrr en komið er við eigin kaun sem menn skilja alvöru málsins.

Mér finnst eins og ég hafi einhvern tíma heyrt talað um yfirlæti og lítilsvirðingu þéttbýlisbúa í garð dreifbýlismanna. En hvað sýna þá þessi viðbrögð okkur? Og svari nú hver fyrir sig. Sjálf vil ég af fremsta megni forðast að setja þetta upp sem togstreitu milli dreifbýlis og þéttbýlis og þykist sæmilega fær um að skilja sjónarmið hvorra tveggja. Ég er fædd og uppalin í norðlensku dreifbýli og búsett í sunnlensku þéttbýli.

Það sem hér er um að ræða er utan og ofan við þess konar reiptog og hvernig sem þessu máli er velt fram og til baka verður niðurstaðan alltaf sú sama: Miðhálendið er algjörlega sérstakt landsvæði sem á að vera ein heild og lúta einni stjórn. Þess vegna getum við ekki samþykkt það fyrirkomulag sem felst í frv., þ.e. að þessu svæði verði skipt milli aðliggjandi sveitarfélaga.

Málamiðlunarfrv. hæstv. umhvrh. sem meiri hluti Alþingis hafnaði raunar að taka til meðferðar á þessu þingi og er að sjálfsögðu ekki á dagskrá, bætir ekkert úr skák heldur staðfestir í raun fáránlegt og skaðvænlegt skæklatog einstakra sveitarfélaga eða landsvæða um þessa auðlind sem er og á að vera sameign okkar allra.

Herra forseti. Þar sem orðið er mjög áliðið og ég þykist skynja að hv. þm. séu orðnir þreyttir og sennilega fáir í þinghúsinu þá mun ég senn ljúka máli mínu. En umfjöllun um þetta mál er ekki lokið og afgreiðsla þess er ekki tímabær. Okkur ber að hlusta á þær fjölmörgu raddir sem knýja á um aukið ráðrúm til umfjöllunar um þetta stóra og mikilvæga hagsmunamál. Ákall þeirra er eitt og hið sama: Frestið afgreiðslu þessa frv. og gefið þjóðinni meira tóm til að fjalla um það.

Ég þarf ekkert að tefja tímann með því að minna á þá sem hér hafa ályktað á þessa leið. Ég hygg að búið sé að vitna til flestra þessara ályktana og áskorana á þingheim. Ég hef þó ekki orðið vör við að nefnd hafi verið ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Íslands sem var haldinn 29. apríl. Þetta er stutt ályktun sem ég ætla að leyfa mér að lesa. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Íslands um verndun og skipulag miðhálendisins.

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands, haldinn þann 29. apríl, varar eindregið við skammsýnni og flausturslegri meðferð Alþingis á málefnum miðhálendisins, dýrmætustu náttúrugersemi þjóðarinnar.

Frumvörpin þrjú, sveitarstjórnarfrumvarpið, þjóðlendufrumvarpið og frumvarp um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu munu hafa víðtækari áhrif á aðgengi og afnot almennings af miðhálendinu en áður hafa þekkst.

Náttúruverndarsamtök Íslands skora á Alþingi að fresta afgreiðslu þessara frumvarpa og gefa þjóðinni tóm til að kynna sér þau betur.

Náttúruverndarsamtök Íslands árétta þá stefnu samtakanna að gera miðhálendi Íslands allt að einum þjóðgarði og að það verði ein skipulagsheild, sem lúti einni stjórn, kjörin af Alþingi, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum almennings."

Þetta er svipað og heyrst hefur frá mörgum öðrum sem ályktað hafa um þetta mál og ég vil mótmæla því sem hefur heyrst í hornum og hliðarherbergjum, að þeir hópar sem hafi haft hæst og talað mest um þessi mál og mótmælt harðast, séu aðallega skipaðir jeppamönnum og þeim sem gera út á hálendið í gróðaskyni, þ.e. menn sem vilji fá að fara sínu fram á miðhálendinu og taki jafnvel ekki rétt tillit til náttúruverndar. Það er rangt. Það er alveg nóg að vitna til auglýsingar sem birtist þriðjudaginn 21. apríl í Morgunblaðinu og áður hefur verið vitnað til. Þar er fjöldi manna og engan veginn hægt að ályktа sem svo að þeir geri út á hálendið í gróðaskyni. Þar eru listamenn, rithöfundar, tónskáld, leikarar og myndlistarmenn. Þar eru kennarar og prófessorar. Þar eru blaðamenn, sjómenn. Þar er útvarpsstjóri og fjöldi annarra sem á engan hátt tengjast neinum atvinnurekstri á miðhálendinu. Ekki getur maður heldur séð þá fyrir sér í spólandi jeppum á viðkvæmum gróðri.

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að við eigum að hlusta á þessar raddir og fara eftir þeim.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 02:13.

---

## 119. FUNDUR

miðvikudaginn 6. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 705. mál, þskj. 1362. *Hvort leyfð skuli.*



2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326. — Frh. 2. umr.

3. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

4. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

**Aðalmaður tekur sæti á ný:**
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

**Fjarvistarleyfi:**
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Fyrirspurn um málefni Landsbankans og Lindar hf.

[10:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Mig langar til að kveðja mér hljóðs um störf þingsins í upphafi þingfundar til að spyrjast fyrir um það hvort svör hæstv. viðskrh. við fyrirspurn sem ég lagði fram á þingi 21. apríl sl. séu væntanleg. Þessi fyrirspurn er um málefni Landsbanka Íslands og fjármögnunarfyrirtækisins Lindar hf. Það er mjög mikilvægt að svör við þessari fyrirspurn sem er í tíu liðum komi fram á þinginu fyrir þinglok. Beðið er eftir svörum við þessari fyrirspurn víðar en í þinginu og geri ég eins ráð fyrir að við þurfum að ræða svör við fyrirspurninni þegar þau berast. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta hvort hann viti nokkuð hvað líður þessum svörum frá hæstv. viðskrh.

[10:32]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti hefur ekki á hraðbergi nákvæmar upplýsingar um það hvenær þessa svars er að vænta en forsetar munu ganga eftir því að svarið berist innan þess tilskilda frests sem um ræðir í þingsköpum og hefur raunar óstaðfestar fregnir um að svo geti orðið.

[10:32]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu máli, sérstaklega þeirri pínlegu stöðu sem Alþingi er í.

Fyrirspurn hv. þm. var beint til hæstv. viðskrh. en samkvæmt blaðaskrifum að undanförnu er hann sjálfur verulegur hluti af því máli sem kallað er Lindarmálið, samkvæmt blaðaskrifum og greinum fyrrv. bankastjóra Landsbankans. Og þó að þar sé mikil flaumur af fúkyrðum eins og menn þekkja þá glittir þar í einn og einn hlut sem ástæða er til að velta fyrir sér og ég kalla það pínlega stöðu fyrir Alþingi að þurfa að taka við svari frá hæstv. viðskrh. um þetta mál sem endanlegum dómi. Það ýtir undir það að maður velti því fyrir sér hvort ekki þarf að stofna til sérstakra athugana á þessum málum, t.d. samkvæmt þeim ákvæðum sem um er að ræða í stjórnarskránni í þessum efnum eða með öðrum hætti sem Alþingi telur heppilegt vegna þess að það er bersýnilegt, og það skilur hvert einasta barn, þó að kannski einn og einn maður í stjórnarliðinu skilji það ekki, að það er óþægilegt fyrir þingið að taka það trúanlegt sem endanlega niðurstöðu sem kemur frá hæstv. viðskrh. í þessu máli.

[10:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta eru fyllilega réttmætar athugasemdir sem komu fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni. Þetta er mjög pínleg staða sem við stöndum frammi fyrir, að þurfa að taka við svörum frá hæstv. viðskrh. og þess vegna bendi ég á að mikilvægt er að svör við þessum fyrirspurnum mínum komi fram í tíma fyrir þinglok því að ég get ekki séð annað vegna fram kominna upplýsinga um afskipti hæstv. viðskrh. af málefni Lindar en að þetta mál hljóti að koma til umræðu í þinginu fyrir þinglok og við hljótum að þurfa að kalla eftir frekari upplýsingum en þeim sem óskað er eftir í þessum fyrirspurnum því að þessar fyrirspurnir frá mér voru komnar fram í þinginu löngu áður en fram komu nokkrar upplýsingar frá yfirmönnum Landsbankans um afskipti hæstv. viðskrh. af málefnum Lindar.

Þess vegna ítreka ég að það er mjög mikilvægt að svör frá hæstv. viðskrh. berist í tíma þannig að þinginu gefist tóm til að ræða málið við aðra úr ríkisstjórninni.

[10:35]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill eingöngu árétta það sem hann sagði áðan að forsetar munu ganga eftir því að svör við þessari fyrirspurn, eins og öðrum, berist innan tilskilins frests og samkvæmt þeim upplýsingum sem forseti hefur þá standa vonir til þess að þetta svar berist innan þess tíma.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Frumvarp til laga um náttúruvernd.

[10:35]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996 og hefur það reyndar verið flutt á nokkrum undanförnum þingum. Þetta mun vera í þriðja sinn a.m.k. að mál þetta hefur verið lagt fram og varðar landslagsvernd og ákvæði náttúruverndarlaga um efnistöku.

Mál hefur fengið góðar undirtektir frá mjög mörgum og verið talið brýnt að breyta löggjöf um náttúruvernd á þessum sviðum. Það er ljóst að mörg atriði sem varða náttúruverndarlöggjöfina voru skilin eftir þegar lög um náttúruvernd voru síðast endurskoðuð í lok þings 1996 og minnast þess kannski sumir að hér fór fram lokafundur eða einn síðasti fundur þingsins á þeim tíma — ég veit að aðalforseti þingsins man eflaust eftir því — sem varðaði einmitt lögfestingu á lögum um náttúruvernd.

Eitt af þeim atriðum sem þar bíða endurskoðunar, allt frá 1971, er almannarétturinn sem tengist því máli sem hér er mest rætt þessa dagana.

Ég tek þetta mál upp, virðulegur forseti, vegna þess að það er mjög illt að svona mál fái ekki framgang með vísan til þess að verið sé að endurskoða lögin í heild á vegum hæstv. umhvrh. En það bólar ekkert á þeirri endurskoðun sem hæstv. ráðherra sagði í umræðu vorið 1996 að hann mundi beita sér fast og ákveðið fyrir að fengi framgang eftir þá takmörkuðu endurskoðun sem þá var verið að ljúka við á lögum um náttúruvernd, á mörgum tvísýnum ákvæðum.

Sama gegnir um annað mál sem er breyting á lögum um landgræðslu, virðulegur forseti, og liggur fyrir þinginu, nákvæmlega sömu yfirlýsingar koma frá hæstv. landbrh. um það mál. Ekkert bólar á afurðum inn í þingið og málin sem varða þennan málaflokk fá ekki afgreiðslu í þingnefndum.

[10:38]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem fjallar um þessi mál sérstaklega, höfum áður tekið umræðu um þessi mál, þ.e. hvernig standa beri að endurskoðun á ákveðnum þáttum á lögum um náttúruvernd í hv. þingi. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni í þessum ræðustól og endurtek það einu sinni enn út af þessum athugasemdum hv. þm. að það er verið að endurskoða lögin um náttúruvernd og það er heildarendurskoðun. Það er vissulega rétt sem hv. þm. bendir á að þetta kom til umræðu 1996 þegar við vorum að endurskoða lögin þá. En sú endurskoðun beindist fyrst og fremst að stjórnskipunarþættinum eða breytingu á starfsemi Náttúruverndarráðs og stofnun sérstakrar stjórnsýslustofnunar um málaflokkinn, Náttúruvernd ríkisins, og voru litlar aðrar breytingar gerðar á lögunum, m.a. vegna tilvísunar og umsagnar minnar um það að heildarendurskoðun væri að fara í gang.

Sú vinna er í gangi og ég hef lýst því yfir áður og geri það enn að ég vonast til þess að nýtt frv. geti komið inn á næsta þingi, vonandi á haustþinginu þó að ég eigi ekki von á því að það verði afgreitt á haustþingi. Ég er algjörlega sammála hv. þm. um að það þarf að taka á þessum efnistökumálum sem hann nefndi sérstaklega í þeirri endurskoðun og varðandi málefni náttúruverndar almennt.

Sama er um almannaréttinn. Það er einmitt eitt af þeim stóru málum sem eru í vinnslu hjá nefndinni sem endurskoðar lög um náttúruvernd. Þar hefur sérstaklega verið rætt um að það þurfi að taka á þeim þætti og það er sjálfsagt fróðlegt að nefna það í tengslum við þá miklu umræðu sem hér hefur staðið dögum saman um sveitarstjórnarmál og tengsl þess málaflokks við skipulagsmál, almannarétt og umgengni almennings við hálendið sérstaklega. En ég minni aftur, hæstv. forseti, á það viðhorf mitt að rétt sé að þessi mál fylgist að í heildarendurskoðuninni.

[10:40]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir áhyggjur hv. 4. þm. Austurl. um þessi efni og það að þetta er ekki einsdæmi að mál sem koma frá þingmönnum inn í þingið eru svæfð í nefndum með tilvísun til þess að skyld mál eða löggjöf sem þau frumvörp tengjast séu í heildarendurskoðun. Við þekkjum það mætavel.

Hvað varðar þetta mál og þá endurskoðun náttúruverndarlaga sem sannarlega er í gangi þá verð ég að segja að sú endurskoðun hefur staðið æðilengi og ekki verið mikill gangur í því verki að undanförnu. Það mun vera hálft annað ár síðan þess var farið á leit við mig að taka sæti í þeirri nefnd sem vinnur að þessari heildarendurskoðun. Sú nefnd hefur óneitanlega tekið vinnurispur en svo vill til að núna stendur málið þannig eftir hálft annað ár að síðasti fundur í nefndinni var haldinn fyrir síðustu jól. Það er því ekki mikill gangur í starfinu, því miður.

Ég hef spurst fyrir um þetta, þ.e. hvað líði þessum störfum. Mér var svarað því til að m.a. væri beðið eftir niðurstöðu nefndar sem ég stýrði um skilgreiningu á hugtakinu „ósnortin víðerni“. Sú nefnd skilaði í febrúar. Til ýmislegs fleira hefur verið vísað. En því miður, nefndin hefur ekki komið saman síðan í desember sl. þannig að ekki er hægt að segja

að verkið gangi skafið, eins og maður segir. Enda þótt þau frumvörp sem hv. 4. þm. Austurl. minnti á að lægju fyrir hafi vissulega verið til hliðsjónar í nefndarstarfinu, hefði ég talið að ástæða hefði verið til þess, vegna allra þessara tafa, að afgreiða þau frá nefndinni.

[10:43]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Maður óttast að athugasemdum eins og þeim sem hér falla af minni hálfu sé tekið svona sem einhvers konar kvabbi þingmanns sem ekki telji að málið sitt fái afgreiðslu út úr nefnd. Svo er ekki. Ég gæti haft uppi lestur annan hvern dag ef ég ætti að hafa uppi kvartanir yfir afgreiðslu þingnefnda á málum sem ég hef átt hlut að.

Það frv. sem hér er um að ræða varðar geysilega víðtækt, mikilvægt og alvarlegt mál sem er efnistökumál í landinu og er hluti af náttúruverndarmálum. Sama gildir um almannaréttinn. Menn ættu að fara yfir umsagnir á liðnum þingum og þessu þingi um þessi mál. Þetta mál sem var reynt að vinna mjög vel í samvinnu við opinberar stofnanir undir umhvrn., Skipulag ríkisins og þáverandi Náttúruverndarráð m.a., er stöðvað. Það hefur ekki fengið neina efnislega umfjöllun í umhvn. En sú nefnd hefur ekki haft ýkjamikið fyrir stafni seinni hluta vetrar, síðustu mánuðina. En það má ekki taka þetta mál til efnislegrar umfjöllunar, þetta brýna mál sem allir viðurkenna að það er, vegna þess að nefnd er að störfum hjá hæstv. umhvrh. að ljúka heildarendurskoðun.

Nú heyrum við það hjá hæstv. ráðherra að það er alveg ljóst að ekki verður farið yfir þetta mál, endurskoðun náttúruverndarlaga, á þessu kjörtímabili. Það kemur kannski til umræðu á vorþinginu 1999. Mig minnir að það eigi að kjósa þá um vorið. Halda menn að eitthvað slíkt verði afgreitt?

Nákvæmlega það sama er upp á teningnum varðandi breyting á lögum um landgræðslu. Lögin eru frá 1965 og hafa ekki verið endurskoðuð síðan í heild sinni og raunar mjög lítið. Hæstv. landbrh. sagði árið 1995 um það, með leyfi forseta:

„Hér er í ákvæði til bráðabirgða nr. II í þessu frv. lagt til að landgræðslulögin verði endurskoðuð og mig langar þá að upplýsa það við þessa umræðu að það er þegar hafin undirbúningsvinna í landbrn. við heildarendurskoðun bæði landgræðslulaga og skógræktarlaga, ...“

Ég flyt hér frumvarp þing eftir þing um endurskoðun brýnna ákvæða. Það má ekki af því að það er verið að endurskoða uppi í landbrn.

### *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

[10:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra í samhengi við það mál sem hér er á dagskrá þau orðaskipti sem urðu hér síðast. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur vakið athygli á því að mikilvægir þættir náttúruverndarlaga hljóta ekki umræðu í þinginu og ekki í umhvn. af því að verið er að endurskoða þau uppi í ráðuneyti. Það er eins og venjulega að það má aldrei taka við neinu frá neinum þingmanni. Það er algerlega bannað. Menn búa við þessar aldagömlu fornaldaraðferðir í umhvrn. sem er þó nýjasta ráðuneytið. Þar haga menn sér svipað gerst hefur í ráðuneytunum og kansellíinu fyrr á öldum. Það má aldrei taka við hinu lýðræðislega frumkvæði utan úr þjóðfélaginu, ekki heldur frá þingmönnum sem þekkja betur til en margir aðrir og leggja það á sig að sinna málum eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sýnt sig að gera í gegnum tíðina og allir viðurkenna að hefur gert, allir viðurkenna að hann þekkir málin í þaula. En það má samt ekki taka mark á því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir af því að hann er í stjórnarandstöðu.

Þessi gamaldagsviðhorf í Stjórnarráði Íslands eru náttúrlega óskaplega ómerkileg og sérstaklega eru þau alvarleg í nýju ráðuneyti eins og umhvrn. þar sem maður hefði átt að geta vænst þess að þar væru önnur vinnubrögð en í öðrum ráðuneytum. Það segir kannski sína sögu um hinn mikla riddara sem við þéttbýlismenn höfum nýlega eignast í umhverfismálum, hv. formann umhvn., að hann skuli ekki hafa haft fyrir því að taka mál af þessum toga fyrir í umhvn. af því að þau eru komin frá stjórnarandstæðingi, af því að þau eru komin frá Hjörleifi Guttormssyni, af því að ýtt hefur verið við þeim af öðrum en hæstv. ráðherra. Þessi dónaskapur og lítilsvirðing við þingræðið sem enn þá er við lýði er náttúrlega óþolandi.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri, herra forseti, til að óska hæstv. félmrh. til hamingju með þann mikla árangur sem hann hefur náð í því að taka mál fyrir í þinginu og tryggja að umræður um þau eru ítarlegar. Það er alveg ótrúlegt afrek hjá hæstv. félmrh. og ríkisstjórninni og réttast væri að kalla hingað inn hæstv. forsrh. Ég spyr að því, herra forseti, hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti getur upplýst að hann er í húsinu.)

Það væri ágætt ef hann gæti látið svo lítið að láta sjá sig einu sinni í þessum sal því að þessar umræður eru ekki búnar að standa í nema 40–50 klukkutíma og hann hefur ekki verið svo mikið hér við. Það er alveg sérstök ástæða til að óska honum til hamingju með það að umræðan hefur orðið þetta löng, óska honum til hamingju með það mikla pólitíska afrek og það mikla og djúpa pólitíska innsæi að fella það að taka á dagskrá stjfrv. um daginn. Þar sýndi ríkisstjórnin alveg hámark hins pólitíska hroka gagnvart stjórnarandstöðunni og við alþýðubandalagsmenn höfum verið svo, mér liggur við að segja, vitlausir að láta okkur detta í hug að hægt væri að gera samninga við stjórnarmeirihlutann um eitthvað, m.a. um það að skipulagsmálin á hálendinu sem ég mun fara yfir á eftir sættu tiltekinni meðferð.

Við vorum í þessu máli og erum af mikilli einlægni vegna þess að við teljum að hér sé á ferðinni alvarlegt mál. Við tókum þátt í því að reyna að lenda þessu máli og okkar fulltrúi, hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson skrifaði undir nefndarálit með fyrirvara. En þá eru það stjórnarleiðtogarnir í þinginu, hv. formenn þingflokka stjórnarflokkanna og hæstv. forsrh., hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. sem beita sér fyrir því að málið kemst ekki á dagskrá. — Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hann skuli líta við í salnum, sérstaklega með hliðsjón af því að nú er að hefjast hinn fimmti tugur í tímum talið í umræðum um þetta mikilvæga mál. (**KHG:** Hvar er staðgengill hans?) Hæstv. varaforsrh. leit hér við rétt áðan líka og hefur samkvæmt tilkynningu forseta tekið sæti á Alþingi og er nú allt annað líf eftir að það gerðist, verð ég að segja, herra forseti. Sá sem gegnir í viðlögum hlutverki varaformanns Sjálfstfl. er núna tekinn til við löggjafarstörf að nýju og má það heita mikil framför

og mikil tíðindi og góð fyrir okkur hina minni spámenn í þessum sölum.

Herra forseti. Ég tel að þessi niðurstaða hæstv. forsrh., því það hlýtur að vera niðurstaða hans, að hafna því að stjfrv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sé tekið fyrir, hafi borið þann árangur að menn hafa talið óhjákvæmilegt að ræða þessi mál nokkuð ítarlega. Það segir að það er til lítils fyrir stjórnarandstöðuna að reyna að gera samninga við þennan ríkisstjórnarmeirihluta, a.m.k. fyrir þingflokk Alþb. og óháðra vegna þess að ekkert er gert með það. Í rauninni má segja að þinghaldið síðan hafi borið merki þess að stjórnarflokkarnir vilji í raun og veru ekkert gera með samkomulag sem gert er, mikilvægt samkomulag sem gert er um þetta stóra mál sem hér er á ferðinni. Það er satt að segja dálítið erfitt. Og ég spyr hæstv. forsrh. og hæstv. umhvrh. sem eru báðir í salnum: Hvernig sjá þeir fyrir sér hið lýðræðislega þingstarf í framtíðinni, skoðanaskipti og samspil stjórnar og stjórnarandstöðu, ef það er svo að samningar sem gerðir eru um einstök mál eru meðhöndlaðir þannig að ekki má taka málið á dagskrá eins og gerðist hér um daginn? Ég vil nota þetta tækifæri og auglýsa eftir því að hæstv. forsrh. flytji rök fyrir hinu djúpa pólitíska innsæi sem hann sýndi með því að hafna því að málið væri tekið á dagskrá vegna þess að ég verð að játa að þrátt fyrir nokkra þingreynslu skynja ég ekki alveg rökin fyrir því í hverju skynsemin var fólgin í því að berja frá sér hugsanlega stuðningsmenn málsins eins og gert var.

Ég vil einnig nota tækifærið, herra forseti, í þessum inngangskafla ræðu minnar að óska Framsfl. sérstaklega til hamingju með stöðu málsins og sakna ég nú vinar í stað þar sem er hæstv. iðnrh., en fulltrúaráð framsóknarfélaganna í Reykjavík hefur hafnað honum. Það er mjög athyglisvert að á fundi sem haldinn var í fyrrakvöld á Hótel Borg á vegum útivistarsamtaka var lesið sérstakt skeyti frá Valdimar K. Jónssyni sem er prófessor í verkfræðideild Háskóla Íslands en er í viðlögum formaður fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Reykjavík. Í þessu skeyti var sérstök hylling á hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir hetjulega framgöngu hans í umhverfismálum. En þess var ekki getið í leiðinni að hinn þingmaður Framsfl. í Reykjavík heitir Finnur Ingólfsson og er hæstv. iðn.- og viðskrh. og er eiginlega að verða aðalráðherra Íslands því hann ræður öllu, enda eru vinnubrögð hans fumlaus eins og hæstv. forsrh. hefur bent á. Hæstv. iðnrh. er einkar fumlaus maður, ótrúlega fumlaus einstaklingur í alla staði. (Gripið fram í.) Hann sagði fumlaus, ekki frumlaus, hv. 7. þm. Reykv.

En nú er svo komið að Framsfl. í Reykjavík, fyrir atbeina hæstv. félmrh., er búinn að samþykkja að hylla hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson og hafna Finni Ingólfssyni og það má segja að séu mikil tíðindi í Reykjavík vegna þess að Framsfl. í Reykjavík hefur verið nokkuð samstæður flokkur. (**Gripið fram í:** Finnst þér þetta ekki ...?) En nú er hæstv. félmrh., sá sem síst skyldi — heggur sá er hlífa skyldi — búinn að kljúfa Framsfl. í Reykjavík með því að knýja fram mál sem Framsfl. í Reykjavík er á móti. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. sem hefur forræði þessa máls: Veit hann um afstöðu hæstv. iðnrh. í málinu? Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. upplýsi hvort Framsfl. í Reykjavík sé klofinn í þessu máli því að ef hæstv. iðnrh. styður málið, þá er Framsfl. í Reykjavík klofinn í rót í þessu máli. Það er áhyggjuefni fyrir okkur sem vinnum með Framsfl. að góðum og þörfum verkum, m.a. því að halda íhaldinu frá stjórninni í Reykjavík og ég þakka framsóknarmönnum í Reykjavík fyrir ánægjulegt samstarf í þeim efnum og vona að það tryggi okkur árangur nú sem fyrr. (**KHG:** Nú er að biðja fyrir iðnrh.) Vandinn er sá að hæstv. iðnrh. virðist vera þarna á köldum klaka þannig að hin mikla hylling á hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson á fundinum sem birtist á Hótel Borg um kvöldið var náttúrlega ákveðin pólitísk skilaboð.

Á þessum fundi útivistarsamtakanna á Hótel Borg um kvöldið kom fram (**Gripið fram í:** Ólafur er ekki útivistarmaður.) að miklar tilfinningar voru í mönnum, hiti í mönnum sem eðlilegt er og það kom fram að margir þar á fundinum sáu litla von í samtíð sinni og sérstaklega kannski á þessu horni á Austurvellinum. En þó grillti í von. Það grillti í ljós í myrkrinu, í þessari svörtu þoku vonleysisins. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er eins og lýsandi viti í þessu kolbikasvarta myrkri sem leggur út úr þessu húsi, lýsandi viti (**Gripið fram í:** Þér tekst vel upp.) og hjálpræði (**Gripið fram í:** Meira, meira.) í vonleysinu.

Herra forseti. Því miður er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson fjarri, sjálfsagt að gegna mikilvægum skyldustörfum sem formaður umhvn. En staðreyndin er sú að þetta getur ekki þýtt neitt annað en það að Framsfl. í Reykjavík sé klofinn í herðar niður og ég beini aftur þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvernig hann metur þessa stöðu og þennan klofning í framsóknarfélaginu í Reykjavík, hvort hann telji þetta ekki alvarleg tíðindi. Og ég óska eftir því að hann svari því í andsvörum vegna þess að það er mikilvægt að fá um þetta upplýsingar því að þær eru hluti af þessu máli.

Þetta er nauðsynlegt að skoða í tengslum við hið almenna pólitíska umhverfi þessa máls, herra forseti, bæði það að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hvaða rök lágu að baki því að hann neitaði að taka málið fyrir og að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því hvort hann telji þetta svo mikilvægt mál að það séu rök fyrir því að hafa klofið Framsfl. í Reykjavík. En það er hann sem er að því, hæstv. félmrh. Það er bersýnilegt. Hann hefur forustu um það að kljúfa í herðar niður Framsfl. í Reykjavík.

Ég vil síðan, herra forseti, víkja aðeins að þeim þætti þessa máls sem einkum hefur verið ræddur hér að undanförnu og gengur undir nafninu hálendismálið. Samkvæmt frv. sem upphaflega var lagt fyrir af félmrh. og er til umræðu er gert ráð fyrir því, verði málið að lögum, að félmrh. skuli beita sér fyrir því að þeim svæðum sem ekki er með skýrum hætti skipað innan staðarmarka sveitarfélaga verði skipað innan staðarmarka sveitarfélaga fyrir 31. desember 1998. Þetta er 1. gr. frv. Þetta mál hefur vakið miklar umræður. — Ég vek athygli á því, herra forseti, að hv. formaður umhvn. er genginn í salinn, lýsandi von framsóknarmanna í Reykjavík, meiri hluti Framsfl. í Reykjavík því að það er bersýnilegt að hann hefur fylgið með sér þar sem hinn fumlausi hæstv. iðnrh. er hins vegar á köldum klaka í málinu ef ég les rétt í þau spil sem Valdimar K. Jónsson sendi á útivistarfundinn á Hótel Borg í fyrrakvöld.

Verði frv. sem hér liggur fyrir samþykkt þá verða dregnar línur fyrir staðarmörk sveitarfélaga inn á hálendið. Menn hafa sagt sem svo: Þetta er hættulegt vegna þess að það verður ókyrrð á hálendinu við þessar aðstæður. Af þeim ástæðum var það sem flutt var samhliða eða lagt fram samhliða frv. frá hæstv. umhvrh. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel það mjög mikilvægt í þessu máli. Ég geri ekki lítið úr því frv. Ég tel að það sé gríðarlega mikilvægt vegna þess að í þessu frv. sem

ekki mátti taka á dagskrá er talað um það að miðhálendið markist af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. um þessa línu. Hvaða línu er hann að miða við? Er það sú lína sem svæðisskipulagsnefndin, sem hefur verið að störfum nú um nokkurt skeið, miðar við í *sínu áliti og sínum tillögum að skipulagi miðhálendisins* sem birtar voru í maí 1997 og sendar hafa verið út til umsagnar? Ég vil ekki aðeins staldra við þetta heldur líka spyrja hæstv. umhvrh.: Hvaða lögformlega stöðu hefur þessi lína? Vegna þess að það verður að vera alveg skýrt. Á hvaða forsendum er þessi lína dregin? Hvaða stöðu hefur þessi lína gagnvart t.d. sveitarfélagamörkum? Vegna þess að það er gagnslaust að draga línu á korti nema hún hafi formlega stöðu, formlega þýðingu. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. að því hvað hann á við með því í þessu frv.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir því að það sem kallað er miðhálendi verði svæðisskipulagt sem ein heild, að ráðherrann skipi samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Ég vil þá í öðru lagi spyrja hæstv. umhvrh.: Segjum að þetta frv. hefði orðið að lögum núna, hefði hann þá ekki óttast um að sú vinna sem unnin hefur verið af svæðisskipulagsnefndinni hefði verið í uppnámi vegna þess að þá hefðu verið tvær nefndir hlið við hlið? Ég sé ekki alveg hvernig hæstv. ráðherra hefði hugsað sér sambúð þessara tveggja skipulagsnefnda hálendisins sem hefðu verið til á sama tíma ef frv. hefði orðið að lögum núna.

Í frv. er gert ráð fyrir því að í nefndinni verði 12 menn sem sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu tilnefna. Nú hefur það komið fram frá hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh., ef ég man rétt, að þeir gera ráð fyrir því að þetta verði héraðsnefndir eins og í gildandi lögum vegna þess að hin leiðin er ekki fær.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður."

Um þetta ætla ég að segja, herra forseti: Ég hef hlustað með athygli á umræður um þessi mál nú í nokkra daga og mér finnst satt að segja að ekki sé hægt að setja þetta upp sem lýðræðislegt hneyksli eins og mér finnst að menn hafi stundum gert. Ég lít þannig á að þetta sé samráðsnefnd og að hún eigi ekki endilega að endurspegla íbúafjöldann í landinu heldur sé hún fyrst og fremst sett saman til að tryggja að íbúar sem flestra svæða eigi aðgang að nefndinni til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Það er mjög erfitt að sjá það fyrir sér að þessi nefnd starfi þannig að hún skiptist mikið í meiri hluta og minni hluta vegna þess að ef hún gerir það þá er hún orðin marklaus. Nefnd af þessu tagi hlýtur að byggjast á þeirri forsendu að í henni sé „consensus", í henni sé samstaða, annars er hún ónýt. Segjum að nefndin væri að störfum og þeir sem væru taldir fulltrúar Reykvíkinga eða Reyknesinga eða Vestfirðinga teldu sig gjörsamlega ofurliði borna í nefndinni, þá mundu þeir segja sig frá nefndinni og ekki starfa með henni. Þar með er nefndin ónýt. Ég tel í sjálfu sér að ekki sé hægt að setja þessi mál upp sem sannindamerki þess að menn vilji ekki virða þann mikla fjölda fólks, Íslendinga, sem býr á þéttbýlissvæðinu.

Ég viðurkenni líka að það er mjög flókið að setja saman svona nefnd. Ég hef ekki nokkurn tíma séð svona nefnd setta saman á neinn burðugan hátt. Þegar miðhálendismálið var til umræðu árið 1990 og var stöðvað af nokkrum bændahöfðingjum hér í þinginu þá ræddu menn þann möguleika að það mál hefði kannski ekki verið stöðvað ef ákveðið hefði verið að Alþingi kysi þessa stjórn en hún yrði ekki skipuð eins og þar var gert ráð fyrir. Ég velti því upp. Ég hef velt því fyrir mér hvort þetta sé rétt. Kannski er það ekki rétt. En ég velti því fyrir mér hvort nokkur önnur leið sé fær, þegar um er að ræða svona heildarhagsmuni sem á að tryggja fulltrúa fyrir, en sú að Alþingi komi að málinu. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann hafi velt því fyrir sér að nefnd af því tagi sem hér er um að ræða yrði beinlínis kosin á Alþingi en henni gert samkvæmt pósitívum lagaákvæðum að gæta almennra hagsmuna m.a. með hliðsjón af öðrum ákvæðum frv.

Ég tók eftir því um daginn að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lýsti því yfir að hann teldi þetta frv. ófullnægjandi. Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið þetta ákvæði aðallega um samvinnunefndina sem velti hans hugsanlega stuðningi við málið frá. Ég vildi þá, ef hann hefur tök á því að tala síðar í þessari umræðu, spyrja hann að því hvernig hann gæti séð það fyrir sér að svona nefnd yrði skipuð. (**HG:** Til að bændur komist að málinu.) Að bændur komist að málinu. Út af fyrir sig er það alveg hárrétt að bændur eiga að komast að málinu (**Félmrh.:** Þar stendur nú hnífurinn í kúnni.) og það er engin andstaða við það, alla vega ekki af minni hálfu. Og ég vísa því á bug sem sagt hefur verið af einum og einum talsmanni, eins og hv. þm. Guðna Ágústssyni, að við þingmenn þéttbýlisins höfum verið að sýna þessu máli einhvern sérstakan fjandskap vegna þess að við séum á móti dreifbýlinu. Það er einhver ómerkilegasti málflutningur sem ég hef heyrt úr þessum ræðustól.

Ég spyr sem sagt hæstv. umhvrh. að því hvort ekki mætti hugsa sér að þetta mál yrði sett í hendurnar á þingkjörinni stjórn sem lyti tilteknum lögmálum.

Í frv. er gert ráð fyrir því að nefndin fjalli um svæðisskipulag *miðhálendisins. Það er ekki mjög sterkt til orða* tekið, Ég viðurkenni það. Og nefndin gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim tillögum. Nefndin metur að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið og síðan segir sem er lykilsetning í þessu frv., með leyfi forseta:

„Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík."

Þá spyr ég hæstv. umhvrh.: Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Þýðir þetta að sveitarfélögunum sé skylt að taka þessa niðurstöðu inn í aðalskipulag sitt? Er þeim skylt að taka þetta inn í aðalskipulagið? Vegna þess að ef þeim er ekki skylt að taka þetta inn í aðalskipulagið, þá er þetta gagnslítið. Eða er það þannig, herra forseti, að sveitarfélögin geti hvert fyrir sig neitað að taka þessa niðurstöðu inn í aðalskipulagið? Ég mundi vilja spyrja hæstv. umhvrh. að því því að ef svo er þá er þetta til lítils unnið. Þá gæti hæstv. umhvrh. væntanlega svarað því: „Já, en aðalskipulag kemur til staðfestingar og meðferðar Skipulagsstofnunar og umhvrh. og þessir aðilar eiga að tryggja samræminguna á skipulaginu á hálendinu og í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga." Ég tel það betra en ekkert. Ég segi það alveg eins og er. Ég tel það betra en ekkert vegna þess að þá er samræmingarskyldan í höndunum á umhvrn. og Skipulagsstofnun ríkisins en eftir sem áður

hlýtur það að vera þannig að sveitarfélagið ráði. Það er því dálítið erfitt að sjá, og það getur vel verið að hæstv. umhvrh. hafi þegar útlistað þetta rækilega, hvernig það má vera að það væri gengið yfir sjálfstæði sveitarfélaganna í þessu máli. Þetta er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við þessi mál. Ég vil inna hæstv. umhvrh. eftir því hvernig hann sér þetta fyrir sér.

Í tillögu ríkisstjórnarinnar sem ekki mátti ræða hér en er rædd engu að síður segir, með leyfir forseta:

„Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt."

Ég man ekki betur en að þetta sé annars staðar í skipulagslögunum og ég spyr hæstv. umhvrh. að því af hverju þetta sé hér líka. Ég næ því satt að segja ekki alveg hvaða erindi þetta ákvæði um deiliskipulagið á inn í frv. á þessum stað. Vel getur verið að fullnægjandi rök séu fyrir því en ég sé þau ekki og ekki í greinargerð frv. heldur.

Við meðferð málsins í hv. félmn. urðu mikil átök um málið en hæstv. félmrh. hafði lagt til upphaflega að það yrði sett niður sérstök úrskurðarnefnd til að fjalla um málið og úrskurða endanlega um sveitarfélagamörkin. Úrskurðarnefndin er fimm manna með tveimur tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og þremur skipuðum af félmrh. án tilnefningar eins og það var orðað í upphaflegu frv. Ég tel að þessi aðferð sé ekki góð með úrskurðarnefndina. Ég vil láta það koma fram. Ég tel að hún sé ekki góð og ekki skynsamleg og mun koma að því síðar í tengslum við málið vegna þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem er minni hluti félmn. lagði til í raun og veru að miðhálendið yrði undanþegið almennu skiptingunni í sveitarfélögum.

Þá vil ég segja að fyrir fáeinum árum beittum við alþýðubandalagsmenn okkur fyrir því að þetta væri stefnan, þ.e. að miðhálendið yrði undanþegið hinni almennu skiptingu landsins í sveitarfélög. Það kom t.d. fram í nefndaráliti miðhálendisnefndarinnar árið 1990 sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson átti aðild að og það studdum við af mikilli einlægni. En því miður var það svo að einhverjir hagsmunir hér í þinginu stöðvuðu það að þetta mál yrði að lögum. Það hefur lengi verið svo, herra forseti, að í Framsfl. og í Sjálfstfl. hafa verið mjög sterkir landeigendahagsmunir sem hefur verið vonlaust að komast yfir. Það hefur verið vonlaus hindrun í þessari stofnun og þeir hafa ráðið það miklu, svo að ég segi hlutina eins og þeir eru, í þessum tveimur stóru flokkum. Þessir flokkar hafa ýmist hvor í sínu lagi eða saman síðan ráðið mjög miklu um landsins gagn og nauðsynjar og líka þessa hluti þannig að þegar hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason stóð frammi fyrir þessum veruleika, annars vegar andstöðunni við málið í Sjálfstfl., samstarfsflokki sínum, og hins vegar andstöðunni við málið í Framsfl. sem kom fram af mikilli hörku í þessu máli, þá vék hann af leið, hæstv. umhvrh. Og ég segi alveg eins og er að ég á fjarska auðvelt með að skilja þá niðurstöðu hans vegna þess að annars var hætta á því að málið yrði í verulegu uppnámi áfram. Það eru það mikil dýrmæti í húfi að menn verða að semja sig í gegnum málið, menn verða að leysa það. Það er ekki við hæfi að láta þetta mál vera óleyst og í uppnámi um árabil áfram eins og það hefur verið. Þess vegna varð það niðurstaða hæstv. umhvrh. Eiðs Guðnasonar að knýja fram breytingu á skipulagslögum sem hefði það í för með sér að það væri hægt að taka á þessum málum heildstætt þrátt fyrir sveitarfélagaskiptingu landsins sem þá var í rauninni óljós. En hann beitti sér fyrir þessu og síðan var það ítrekað í skipulagslögum sl. vor.

Ég segi alveg eins og er að ég áfellist ekki alþýðuflokksmennina, vini mína fyrir að fara þessa leið vegna þess að þeir töldu að það væri í raun ekkert annað að gera miðað við aðstæður. Ég held að veruleikinn sé svona enn þá. Þó að ég gæti út af fyrir sig mjög vel séð fyrir mér að miðhálendið væri ein heild þá sé ég ekki að það næðist í gegnum þingið eins og staðan er og þá er betra að gera eitthvað en ekkert í þessu máli af því að það eru svo miklir hagsmunir í húfi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði til að miðhálendið yrði undanþegið almennri skiptingu í sveitarfélög. Ég hef rakið það að ég teldi það skynsamlegt ef hægt væri að gera það. Ef samstaða næðist um mörkin, ef samstaða næðist um stjórnina þá gæti það verið skynsamlegt. Síðan segir hv. þm. í tillögu sinni að miðhálendið þurfi að verða sjálfstæð stjórnsýsluein sem lúti sérstakri stjórn. Þá bið ég hv. þm. kannski að hugleiða það með mér að eitt er stjórnsýsluein og annað er skipulagseining, þannig að þó að menn væru þeirrar skoðunar að miðhálendið ætti að vera stjórnsýsluein, þá þurfa menn að athuga hvað það þýðir í raun og veru. Stjórnsýsluein er eining sem er með löggæslu, hollustuhætti, skipulagsmál og öll önnur mál sem tilheyra því að vera stjórnsýsluein. Ég held í rauninni að eins og staðan er í dag séu flestir búnir að gefast upp á þeim möguleika að þetta verði stjórnsýsluein þó að menn séu sammála um að æskilegt væri að það væri skipulagseining. En út af fyrir sig má vel hugsa sér að þetta væri stjórnsýsluein en þá þýðir það allsherjarstjórn á svæðinu sem getur þá í raun og veru, eins og hv. þm. Gísli Einarsson bendir á, ekki verið í höndunum á neinum öðrum en almannavaldinu, sem væri þá ríkisvaldið og ríkisstjórnin, eða sérstakri stjórn.

Ég tel t.d. að niðurstaðan af þjóðlendumálinu þar sem allt málið er sett í hendurnar á forsrh., ég mundi ekki vilja vera aðili að slíkri yfirstjórn á stjórnsýsluein ingunni á hálendinu.

Síðan gerir hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ráð fyrir því að skipuð verði níu manna nefnd sem stjórn miðhálendis til fjögurra ára í senn að fengnum tilnefningum nokkurra ráðherra og síðan komi Samband ísl. sveitarfélaga. Þarna kæmi að fulltrúi samgrh. og fulltrúi iðnrh. Ég verð að segja eins og er að ég er ekki hrifinn af þessu. Fulltrúar fyrir hvað eru þessir ráðherrar? Hættan er sú þegar þeir tilnefna sína menn, þó þarna séu mjög oft góðir menn í ráðuneytunum, ég geri ekkert lítið úr því og séu það líka núna — hættan er sú að menn tilnefni hagsmunaaðilana. Ég vil ekki fara að láta orkugeirann og ferðamálahagsmunina slást í svona stjórn. Ég mundi vilja að þetta væru menn sem væru óháðir hagsmunaaðilum eins og mögulegt er. Ég verð því að segja það, herra forseti, að ég sé ekki að þessi lausn sé fullnægjandi sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á þó að hún sé góð sem umræðugrundvöllur málsins sem við erum að reyna að tala okkur í gegnum og ég vil þakka henni fyrir það.

Síðan gerðist það, herra forseti, eins og þekkt er að meiri hluti félmn. ákvað að hætta við hina svokölluðu úrskurðarnefnd og taka í staðinn upp þessa svokölluðu óbyggðanefnd.

Þá kem ég að því, herra forseti, sem er kannski aðalspurningin í máli mínu. Þegar þetta liggur svona fyrir, þegar búið er að vinna í mörg ár að svæðisskipulagi til ársins 2015 á miðhálendi landsins, hvaða rök eru þá fyrir því að flytja núna frv. um að draga sveitarfélagalínurnar inn í jökla? Hefði ekki verið skynsamlegra, og ég spyr hæstv. umhvrh., að bíða eftir niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar miðhálendisins sem

á að starfa til ársins 2015, frekar en að í miðjum klíðum séu menn að draga mörkin inn í jökla? Þessa spurningu vil ég líka bera fyrir hæstv. félmrh. Pál Pétursson. Hvaða rök eru fyrir því hjá honum núna þegar svæðisskipulagsnefndin er í miðjum klíðum að draga sveitarfélagamörkin inn í jökla? Það hljóta að vera einhver rök fyrir því en ég hef ekki heyrt þau. Í fljótu bragði hefði ég talið að skynsamlegra væri, líka frá hans bæjardyrum séð sem skipulagsmálaráðherra, sem sveitarfélagaráðherra og ráðherra þessa málaflokks að fresta því að draga sveitarfélagamörkin inn í jökla þar til til svæðisskipulagsnefndin væri búin að skila af sér. Eða ætlast hæstv. félmrh. til þess að það að draga staðarmörk sveitarfélaga inn í jökla hafi áhrif á niðurstöður svæðisskipulagsnefndarinnar? Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. félmrh. treysti sér til hér á eftir að gera grein fyrir því af hverju hann telur nauðsyn á því núna að draga þessi mörk inn í jökla á sama tíma og svæðisskipulagsnefndin er að störfum? Ég næ ekki rökunum, ég hef ekki heyrt þau heldur, vegna þess að þau eru lykilatriðið. Það getur vel verið að þá átti maður sig betur á málinu ef maður heyrir þau rök.

Ég tel að mjög mikilvægt sé í þessu sambandi einmitt að átta sig á því að unnið hefur verið mjög myndarlegt starf að skipulagi miðhálendis Íslands af nefnd sem var sett á laggirnar og í eiga sæti margir ágætir menn, fulltrúar héraðsnefnda undir forustu Snæbjörns Jónassonar. Ég hef stundum heyrt talað með lítilli virðingu um þessa nefnd, ég hef heyrt það. Ég held að menn eigi ekki að gera lítið úr þessari nefnd. Ég var svo heppinn að ég gat orðið mér úti um skjöl nefndarinnar, þ.e. greinargerð um skipulag miðhálendisins ásamt fylgiskjölum í tveimur jafnþykkum bókum og síðan umsagnir, en nefndin auglýsti eftir umsögnum. Hér eru umsagnir frá 95 aðilum af landinu öllu, stórmerkilegt rit í raun og veru, þar sem farið er yfir þessi mál.

Ég vil nota þetta tækifæri til að biðja hæstv. umhvrh. um að flytja þessari nefnd a.m.k. mínar þakkir fyrir þau gögn sem liggja fyrir vegna þess að mér finnst myndarlega að hlutum staðið. Þar er út af fyrir sig margt ófullkomið eins og gengur. En í þessari bók, herra forseti, sést við hvað nefndin á að glíma. Það hefur verið talað eins og aðalvandi miðhálendisins á Íslandi væru sveitahreppar. Ég geri ekki lítið úr hagsmunaárekstrum þar. Ég tel að aðalvandi miðhálendisins sé virkjanagræðgi framtíðarinnar og það kemur mjög vel fram í umsögnum Landsvirkjunar, Orkustofnunar og iðnrn. um þetta skipulag sem ég mun lesa aðeins upp úr síðar í máli mínu.

Ég held að nauðsynlegt sé að hv. þingmenn átti sig á því að þessi nefnd hefur lokið störfum. Hún hefur auglýst eftir umsögnum, umsagnarfrestur var til 10. desember sl. ef ég man rétt. Núna er verið að vinna úr þeim umsögnum og er gert ráð fyrir að nefndin og ráðuneytið birti niðurstöður sínar í haust, 1. desember. Það verður gaman að sjá hvort nefndin stendur af sér þá hagsmunahópa sem sækja núna að umhvrn. Það verður fróðlegt að sjá það.

Ég vil áður en ég kem að því, herra forseti, víkja aðeins að frumkvæði þessarar nefndar um svæðisskipulag miðhálendisins. Í árslok 1995 var skipuð nefnd á vegum dómsmrn., félmrn. og umhvrn. til að gera tillögur um lausn ágreiningsmála vegna stjórnsýslumarka á miðhálendinu. Í nefndinni sitja sex manns, þrír fulltrúar ráðuneytanna og níu fulltrúar úr samvinnunefndinni. Nefndin hefur skilað tillögum sínum að stjórnsýslumörkum á öllu miðhálendinu og á uppdrætti sem er dags. 16. apríl 1997 birtast stjórnsýslumarkalínur þar með talið á jöklum á miðhálendi Íslands eins og það er afmarkað vegna skipulagsvinnunnar.

Þessar stjórnsýslumarkalínur eru ýmist byggðar á fyrirliggjandi gögnum frá Landmælingum Íslands, tillögum starfshóps þriggja ráðuneyta eða samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Í ýmsum tilfellum hafa viðkomandi sveitarstjórnir ekki afgreitt stjórnsýslumarkalínurnar en félmrn. mun leita slíkra staðfestinga verði sveitarstjórnarlögum breytt í samræmi við frv. sem liggur fyrir vorþingi 1997. Um þetta vil ég spyrja hæstv. félmrh. ef hann má heyra mál mitt. Er hann einhvers staðar hér í húsinu, herra forseti?

(**Forseti** (GÁS): Jú, hann er í húsinu og forseti mun hafa uppi á honum.)

Ég vildi spyrja hvort hann gæti komið í salinn.

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. félmrh. um þessar stjórnsýslumarkalínur sem gert er ráð fyrir í áliti nefndar um stjórnsýslumörk en það er svo að skilja á greinargerð um miðhálendi Íslands að hæstv. félmrh. hafi neitað að vinna í málinu nema þetta frv. yrði að lögum. Hann hafi með öðrum orðum brugðið fæti fyrir skipulagsvinnuna og ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra að því ef hann væri ekki óralangt í burtu. Kannski er hann að sætta í Framsóknarfélagi Reykjavíkur ágreininginn á milli hæstv. iðnrh. og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar því að sáttastörf í vinnudeilum heyra undir þennan ráðherra líka. En mér er ekkert að vanbúnaði að bíða stundarkorn, herra forseti.

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að líta við í salnum en ástæðan fyrir því að ég vildi heyra í honum er sú að í greinargerð nefndar um miðhálendi Íslands segir að nefnd um stjórnsýslumörk hafi skilað af sér tillögum að stjórnsýslumörkum á öllu miðhálendinu og síðan segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnsýslumarkalínurnar eru ýmist byggðar á fyrirliggjandi gögnum frá Landmælingum Íslands, tillögum starfshóps þriggja ráðuneyta eða samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Í ýmsum tilfellum hafa viðkomandi sveitarstjórnir ekki afgreitt stjórnsýslumarkalínurnar en félagsmálaráðuneytið mun leita slíkra staðfestinga verði sveitarstjórnarlögum breytt í samræmi við frumvarp sem liggur fyrir vorþingi 1997."

Ég skil þetta með öðrum orðum þannig að hæstv. félmrh. hafi neitað að vinna í verkinu og sett það skilyrði að sveitarstjórnarlögunum yrði breytt. Brá hæstv. félmrh. fæti fyrir þessa vinnu? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það svar. Neitaði hann að láta ljúka málinu öðruvísi en þetta frv. yrði að lögum? Það er dálítið hart fyrir Alþingi að láta stilla sér upp við vegg með þeim hætti ef það er tilfellið. Ég vil einnig spyrja hæstv. umhvrh. að því hvernig hann skilur þessi skilyrði félmrn. Það er dálítið alvarlegur hlutur ef félmrn. er að setja skilyrði af þeim toga sem hér er uppi fyrir skipulagsvinnu. Félmrn. hafi neitað að vinna í verkinu nema á þeim forsendum að áður væri búið að draga sveitarfélagamörkin í jökla þó að það gæti truflað vinnu svæðisskipulagsnefndarinnar. Ég verð því að játa, herra forseti, að ég sé ekki samhengi þessa máls og mér sýnist að klúðurslega sé haldið á málinu af ráðuneytunum en þó getur vel verið að mig vanti rök í málinu sem ég hef ekki séð og hæstv. ráðherra gæti upplýst mig um.

Þessi svæðisskipulagsnefnd hefur, eins og ég sagði áðan, verið að störfum og er væntanlega núna að fara yfir hinar fjölmörgu umsagnir sínar. Ég var svo heppinn að fá þessi gögn í hendur en ég ætla ekkert að þreyta þingheim á að

lesa þetta upp. Ég sé að menn eru skelfingu lostnir yfir þessum þykka bunka, en það stendur ekki til að gera það. En það er eitt atriði sem ég ætlaði að vekja athygli þingheims aðallega á með ræðu minni í þessu sambandi og það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir með miðhálendið vegna virkjanagræðginnar og blindunnar sem er í þessum virkjanafyrirtækjum í landinu.

Athugasemdir stjórnar Landsvirkjunar við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands eru dagsettar 25. júlí í fyrra. Það var haft svo mikið við að stjórn Landsvirkjunar var látin samþykkja umsögnina. Það er oft þannig að starfsmenn Landsvirkjunar senda umsagnir um mál af þessum toga án þess að bera það endilega undir stjórnina, kannski bara formanninn, en í þessu tilviki þótti liggja svo mikið við að stjórn fyrirtækisins var látin samþykkja þessa umsögn.

Í stuttu máli er það þannig að stjórn Landsvirkjunar hakkar í sig tillögur um skipulag miðhálendisins, hún tætir þær í tætlur. Það segir t.d. svo, með leyfi forseta:

„Þá hefur nefndin [þ.e. skipulagsnefndin] haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila, þar á meðal Landsvirkjun, án þess þó að hafa tekið nægilegt tillit til ábendinga fyrirtækisins. Þá hefur ekki verið tekið fullt tillit til hlutverks Landsvirkjunar lögum samkvæmt að því er varðar ábyrgð fyrirtækisins á að hafa á öllum tímum tiltæka nægilega raforku til almennra þarfa iðnaðar samkvæmt mati sínu á orkuþörf í framtíðinni og hlutaðeigandi áætlun um orkuöflun. Að áliti Landsvirkjunar er aðferðafræði nefndarinnar ... að þessu leyti áfátt og í bága við þau meginsjónarmið sem Landsvirkjun telur að leggja eigi til grundvallar í þessu efni ...

Í fyrsta lagi er það álit Landsvirkjunar að svæðisskipulag miðhálendisins eigi ekki" — ég vek athygli á þessum orðum sem hér fara á eftir — „eigi ekki að felast í tilraun til samræmingar á mismunandi stefnu og sjónarmiðum ólíkra hagsmunahópa."

Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherrar eru sammála þessu að svæðisskipulag miðhálendisins eigi ekki að leita að samnefnara fyrir sameiginleg viðhorf inni á hálendinu. Og það er greinilegt af þessum orðum Landsvirkjunar að hún vill helst að þessir hlutir séu óskipulagðir og í vitleysu, hún vill það helst því að síðar segir Landsvirkjun:

„Í öðru lagi lítur Landsvirkjun svo á að svæðisskipulag miðhálendisins eigi að gera ráð fyrir svigrúmi fyrir ýmsa nýtingarmöguleika en ekki útiloka slíkan sveigjanleika í framtíðinni eða takmarka hann."

Í þessu felst að skipulagstillagan á að vera almenn en ekki sértæk ...

Í þriðja lagi getur Landsvirkjun ekki fallist á að það sé í verkahring samvinnunefndarinnar" — ánægjulegt að sjá hér hv. 2. þm. Suðurl. sem aftur og aftur hefur fyrir hönd dreifbýlisins boðið okkur þéttbýlisbúa velkomna í dreifbýlið í tilefni af þessari umræðu og vissi ég ekki fyrr að hann væri sérstakur gestgjafi dreifbýlisins gagnvart okkur þingmönnum þéttbýlisins. (**GÁ:** Hv. þm. er velkominn.) Hv. þm. hefur ítrekað að við séum velkomnir út fyrir Reykjavík, við þingmenn þéttbýlisins, og það er einkar ánægjulegt að hv. þm. skuli láta sjá sig í þéttbýlinu, leyfi ég mér að segja þó ég gegni ekki þessu sérstaka gestgjafahlutverki hér sem hann hefur tekið að sér fyrir dreifbýlið (**GÁ:** Kærar þakkir.) Þó ég muni seint aka þann veg upp á Heklu sem hv. þm. ætlar að leggja né heldur stimpla póst ofan í gígum Heklu. (**GÁ:** Þinn er skaðinn.)

„Í þriðja lagi getur Landsvirkjun ekki fallist á að það sé í verkahring samvinnunefndarinnar að gera tillögur um breytingar á hönnun virkjunarmannvirkja sem þegar hefur verið veitt virkjunarleyfi fyrir og/eða lagaheimildir eru þegar fyrir."

Því er sem sagt sérstaklega mótmælt að þessi nefnd hæstv. umhvrh. sé að skipta sér af virkjunaráformum sem tekin hefur verið ákvörðun um á fyrri tíð, því er sérstaklega mótmælt. Síðan er farið yfir málin mjög rækilega í þessu bréfi og eins og ég sagði þá ætla ég ekki að rekja það í einstökum atriðum en Landsvirkjun gengur svo langt í umsögn sinni að hún segir t.d. ég nefni bara sem dæmi:

„Því er fyrirvara nefndarinnar um hæð Norðlingaöldulóns mótmælt en nefndin hefur án rökstuðnings lagt til að miðað verði við vatnsborðshæð 579 m yfir sjávarmál þó að í samkomulagi vegna friðlýsingar Þjórsárvera sé gert ráð fyrir 581 m yfir sjávarmál."

Ég held að ég verði líka að inna hæstv. umhvrh. eftir því hvernig hann hugsar sér að samvinnunefndin geti meðhöndlað þessar athugasemdir sem eru eru í alveg lóðréttri andstöðu við allt sem samvinnunefndin í raun og veru leggur til sem er þessi ótrúlega blinda Landsvirkjunar á öll önnur verðmæti en þau sem heita virkjanir. Í greinargerð Landsvirkjunar segir síðan svo, með leyfi forseta, að lokum:

„Til að stuðla að slíkum efnahagslegum framförum þjóðarinnar hefur Landsvirkjun nú nýverið hafið umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir, ekki aðeins til að sinna hinum almenna markaði heldur einnig til að sjá þriðja kerskála álversins í Straumsvík fyrir nægri raforku þegar á þessu ári svo og nýju álveri Norðuráls á Grundartanga er tekur til starfa í júní 1998 og þriðja ofni Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga sem verður gangsettur haustið 1999. Í ár er áætlað að raforkueftirspurnin á öllu landinu verði alls rúmlega 5.000 gígavattstundir og um aldamótin 7.000 gígavattstundir á ári, en samkvæmt orkuspá mun almenni markaðurinn síðan aukast um tæpar 900 gígavattstundir til ársins 2015.

Rætt hefur verið um ýmsa framtíðariðjukosti sem ásamt útflutningi raforku gætu komið til framkvæmda á skipulagstímabilinu og nota alls um 1.760 megavött og 15.000 gígavattstundir á ári. Til samanburðar eru virkjanir á miðhálendinu sem nefndin telur koma til greina á skipulagstímabilinu til 2015 með framleiðslugetu sem nemur um 8.600 gígavattstundum á ári."

Með öðrum orðum, herra forseti. Veruleikinn er sá að Landsvirkjun reiknar með einum fjórum stórum virkjunum umfram það sem samvinnunefndin telur í raun og veru við hæfi. Það verður fróðlegt að sjá þegar þessum hagsmunum lýstur saman hvernig menn hyggjast sjá fram úr þeim hlutum í umhvrn. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. um það.

Í þessari þykku bók með athugasemdum um svæðisskipulag miðhálendisins er margt fleira mjög gagnlegt og fróðlegt að finna sem ég ætla ekki út af fyrir sig að fara út í hér í einstökum atriðum þó full ástæða væri til. Hér eru umsagnir einstakra byggðarlaga og fleiri aðila, en Landsvirkjun, sem vitnað var til áðan, lætur ekki hér við sitja með áðurnefndri umsögn. Hún leggur líka til, herra forseti, að þessu skipulagsverki verði hætt og ég vil spyrja hæstv. umhvrh. hvað hann segir um þessa skoðun Landsvirkjunar og ég vildi auðvitað gjarnan hafa fyrir framan mig hæstv. orkumálaráðherra því að Landsvirkjun segir:

„Samvinnunefndina skortir umboð og vald til slíkra skipulagsverka. Ýmislegt bendir til þess að stjórnmálamenn séu

að vakna til vitundar um hlutverk sitt í þessu efni. Má í því sambandi benda á umræður á Alþingi að undanförnu en eðlilegt er að bíða eftir nýju fyrirkomulagi um þjóðlendur áður en tekin verða frekari skref í vinnslu og meðferð tillögunnar um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið."

Hver er skoðun hæstv. umhvrh. á þessu og hvernig ætlar hann og ríkisstjórnin að samræma þau sjónarmið sem annars vegar er um að ræða hjá virkjanasektornum og hins vegar umhverfisþáttum stjórnsýslunnar í landinu? Ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að fá svör við því. Af hverju er ég að tala um þetta, herra forseti? Það er vegna þess að ég tel að vandi hálendisins sé ekki litlir hreppar heldur sé vandi hálendisins til frambúðar fyrst og fremst sá veruleiki sem blasir við í áformum orkufyrirtækjanna á næstu ártugum. Ég tel að það sé hættan fyrir hálendið.

Herra forseti. Af því að ég sé hér út undan mér hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, þá man ég eftir tillögu að umsögn sem ég komst í einu sinni varðandi tillögu hennar um ósnortin víðerni, umsögn frá einu mikilvægu virkjanafyrirtæki hér í landi. Þar örlaði ekki mikið á djúpum skilningi á því að ósnortin víðerni geti verið verðmæti. Ég held að þarna liggi í raun og veru hinn stóri vandi og líka í því að nú er gert ráð fyrir að kljúfa Landsvirkjun upp í mörg smærri fyrirtæki og efna til samkeppni eins og það heitir um raforkuframleiðslu sem mundi þýða það að mörg fyrirtæki í framtíðinni, jafnvel í einkaeign, gætu annast raforkuframleiðslu. Það er talað um það í fullri alvöru af einum þingmanni að til yrði fyrirtæki sem héti t.d. Blanda hf. eða eitthvað því um líkt. Ég segi það eins og er, herra forseti, að þá held ég að hálendinu yrði veruleg hætta búin ef búið væri að koma á þessari margrómuðu samkeppni milli raforkuframleiðslufyrirtækja í landinu og þau væru að fljúgast öll á um það hver fengi besta vatnsaflið til að virkja. Ég óttast að ósnortin víðerni sem eru frekar verðlítil á verðbréfamörkuðum enn þá hvað sem síðar verður gætu goldið fyrir þessa samkeppni. Þetta er framtíðin sem verið er að teikna upp fyrir okkur og mér finnst einhvern veginn að í þessari umræðu sem hér hefur farið fram, þó að hún hafi verið löng, ítarleg og góð, hafi þessi sjónarmið kannski dálítið vantað að hættan liggur þarna. Hún liggur í því að hagsmunir augnabliksins taki völdin af okkur í máli af þessu tagi, þeir hagsmunir sem hægt er að mæla á venjulegan verðbréfamælikvarða kauppinganna í heiminum, þeir hagsmunir beri langtímahagsmuni ofurliði. Það er mál sem ástæða er til að óttast og hafa áhyggjur af, herra forseti.

Umsögn Orkustofnunar um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands til ársins 2015 er því miður alveg sama marki brennd og umsögn Landsvirkjunar. Það er satt að segja dálítið ískyggilegt að Orkustofnun skuli ganga eins langt að ekki sé meira sagt og orkuframleiðslufyrirtækin sjálf vegna þess að Orkustofnun er náttúrlega rannsóknarstofnun. Í umsögn Orkustofnunar um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands til ársins 2015 er rækilega farið yfir þessa hluti og Orkustofnun hafnar í raun þeirri vinnu sem þarna er um að ræða þannig að það er ekki bara Landsvirkjun. Það er líka stofnun í stjórnkerfinu eins og Orkustofnun. Hún segir hér, með leyfi forseta:

„Kjarninn í umsögn Orkustofnunar er því sá að heildartillaga um skipulag miðhálendisins sé ótímabær þar sem enn skorti verulega forvinnu áður en unnt er að ganga jafnlangt í endurskipulagningu hálendisins og nefndin leggur nú til."

Sá alvarlegi hlutur blasir við í þessum efnum, herra forseti, að Orkustofnun gengur þarna í lið með Landsvirkjun. Orkustofnun er opinber ríkisstofnun rekin fyrir framlög úr ríkissjóði í gegnum fjárlög. Orkustofnun segir líka síðar í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„En hver er þá orkuþörfin talin vera á skipulagstímanum til ársins 2015? Því getur enginn svarað nú. Í fylgiskjali A með greinargerð samvinnunefndarinnar segir að samkvæmt „úttekt iðnrn., Landsvirkjunar og fleiri gæti raforkuþörfin orðið allt að 19,5 teravattstundir á ári í lok skipulagstímans árið 2015". Ekki sést á heimildaskrá hvaða „úttektar" hér er verið að vísa til. Þvert á móti verður að draga í efa að þessir aðilar hafi haft uppi slíka spá. Orkustofnun er a.m.k. ekki kunnugt um að hún liggi fyrir. Ef tekið er mið af þeirri aukningu sem verið hefur í eftirspurn á orku til stóriðju undanfarin missiri stefnir allt í að æskilegt geti talist að afla mun meiri raforku á skipulagstímanum."

Það sem Orkustofnun er með öðrum orðum að segja hér er að allar forsendur þessara tillagna um skipulag miðhálendisins séu tóm vitleysa vegna þess að miklu meira verði virkjað á næstu árum en hér er gert ráð fyrir. Það getur út af fyrir sig verið. En það finnst mér vera kannski hið alvarlegasta umhugsunarefni í þessu máli.

Ég er, herra forseti og hæstv. umhvrh. að lesa upp úr umsögn Orkustofnunar. Mér finnst dálítið sérkennilegt að Orkustofnun er farin að tala eins og virkjanafyrirtæki í þessum umsögnum sínum. En niðurlagið í umsögn Orkustofnunar er síðan á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í umsögn þessari hefur verið tekið á nokkrum meginatriðum í tillögum samvinnunefndarinnar um svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands. Ekki hefur að neinu marki verið farið í sparðatíning, enda þótt ærið tilefni sé til slíks." — Þetta segir Orkustofnun. Þetta voru ekki mín orð. — „Kjarninn í þessari umsögn eru tilmæli um að málinu verði skotið á frest, óumdeild atriði þó færð inn á skipulagsuppdrátt, lýst hugsanlegum landnotum, þrýst á með stefnumörkun stjórnvalda svo sem með rammaáætlun um orkuvinnslu og náttúruvernd, en að því fengnu verði skipulagsvinnan tekin upp aftur jafnframt því sem meiri háttar framkvæmdir verði ekki heimilaðar nema að fengnu skipulagi á viðkomandi svæðum.

Enda þótt það sé ekki efni sem beina beri til samvinnunefndarinnar, verður að nota þetta tækifæri til að lýsa efasemdum um framhald skipulagsmála miðhálendisins, ef svo fer sem horfir að stjórnsýsla og þar með talin skipulagsmál verður í umsjá þeirra 50 hreppa sem eru taldir liggja að miðhálendinu (enda þótt þeim kunni að fækka eitthvað vegna sameiningar sveitarfélaga)."

Ég er að lesa, herra forseti, upp úr áliti Orkustofnunar en Orkustofnun hefur allt í einu skoðun á því hve hrepparnir eiga að vera margir í landinu og hvernig eigi að draga mörk þeirra inn á hálendið. Það er fróðlegt. Ég vissi ekki til þess að Orkustofnun hefði sérstaklega með sveitarstjórnarmál að gera en það virðist vera svo. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þá er við búið að sama virkjanamannvirkið tilheyri mismunandi hreppum; stöðvarhús í einum hrepp, stíflur og lón í öðrum og línulagnir og aðkomuvegir í enn öðrum hreppum. Hagsmunir þessara sveitarfélaga munu rekast á, m.a. þar sem opinber gjöld, einkum fasteignaskattar, miðast við hrepp þann þar sem stöðvarhúsið liggur. Það býður því þeirri hættu heim að virkjunaraðili hljóti mjög misjafnar undirtektir í viðkomandi hreppum, með tilheyrandi deilum og tilkostnaði við sættir, eins og dæmin reyndar sanna."

Þetta segir Orkustofnun. Rannsóknastofnun Íslands í orkumálum varar við þessu sveitarstjórnarskipulagi sem hæstv. félmrh. er að leggja hér til þó að maður hafi ekki áður áttað sig á því að Orkustofnun hefði sérstaklega með þessa hluti að gera.

Ég sé ekki, herra forseti, hvort þetta sé nokkuð nýtt. Ég held að þetta sé alls staðar svona þar sem sveitarstjórnir eða sveitahreppar eru með mörk jafnvel inni á framkvæmdasvæðum. Nýjasta dæmi um það sem ég man eftir er Norðurál. Ég man ekki betur en það séu hreppamörk í gegnum lóðina hjá Norðuráli á milli Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps þannig að út af fyrir sig er þetta mál sem þarf að taka á. En ég er að vekja athygli á þessu hérna, herra forseti, vegna þess að ég sé ekki alveg af hverju menn setja þetta nákvæmlega svona upp í þessari umsögn Orkustofnunar. En greinilegt er að bæði Orkustofnun og Landsvirkjun eru á móti þessari skipulagsvinnu á miðhálendinu. Það er eiginlega nokkuð skuggalegur hlutur, herra forseti, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Látum það vera, herra forseti, þó að svona skjal komi frá Landsvirkjun og Orkustofnun. En það kemur líka frá iðnrn. Hvar er talsmaður minni hluta framsóknarfélaganna í Reykjavík? Er hann í húsinu? Er hæstv. iðnrh. í húsinu, herra forseti?

(**Forseti** (GÁS): Nei. Iðnrh. er ekki í húsinu.)

Það er mikill skaði. Þá verður að ræða við hann við 3. umr. þessa máls. Iðnrn. sendi bréf 10. desember 1997 sem gagnrýnir harðlega þessa skipulagsvinnu á miðhálendinu, mjög harðlega. Það er dálítið skrýtið að hugsa um þessa þrjá ráðherra Framsfl. Einn situr hér sem er hæstv. félmrh. og flytur þetta frv. og hann ætlar að draga hreppamörkin inn í jökla og það er verið að gagnrýna hann fyrir það. Annar heitir umhvrh. og hann er að láta skipuleggja þetta svæði og hann ætlar að láta ljúka því fyrir lok þessa árs. Þriðji heitir iðnrh. og hann vill ekki láta skipuleggja neitt vegna þess að hann vill láta virkja. Svo höfum við auðvitað þann trausta samnefnara Framsfl. í þessum málum sem kom hér við sögu í gærkvöldi í fleygu svari hæstv. forseta Alþingis sem var þetta: „Hér er engin miskunn hjá Magnúsi." Það átti bersýnilega við hv. þm. Magnús Stefánsson. Í umsögn iðnrn. segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vekur athygli á því að ekkert samráð hefur verið haft við það varðandi vinnu skipulagsnefndarinnar. Það vekur raunar athygli ráðuneytisins að ekki hafi heldur verið haft samband við landbúnaðar- og samgönguráðuneytin, en bæði þessi ráðuneyti fara einnig með málaflokka er tengjast nýtingu hálendisins."

Ég staldra við þetta og ætla að spyrja hæstv. umhvrh. hvort það sé rétt að hann hafi ekki haft samband við landbrh., en það stendur hér í þessu skjali. Hæstv. ráðherra er fjarri, því miður, þannig að ég varpa þessu orði á hann síðar.

„Það vekur raunar einnig athygli að meðal „stofnana" sem samráð hefur verið haft við er umhverfisnefnd Alþingis ..."

En ekki hefur verið haft samráð við iðnaðarnefnd Alþingis, segir svo og það er gagnrýnt. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur sömuleiðis að í tillögunni sé ekki nægilegt mið tekið af lögum um mat á umhverfisáhrifum og þess hlutverks sem þeim lögum er ætlað þegar framkvæmdir eru undirbúnar eða ákvarðanir teknar um þær. Ef svo væri þyrfti að rýmka verulega þann ramma sem ætlaður er til orkuvinnslu í tillögunni. Í því sambandi telur ráðuneytið nauðsynlegt að ítreka að ekkert samráð var haft við það meðan unnið var að tillögunni. Eigi að síður segir á blaðsíðu 107 í fylgiriti A; Almennar forsendur: „Samkvæmt úttekt iðnaðarráðuneytisins, Landsvirkjunar o.fl. gæti raforkuþörfin orðið allt að 19,5 teravattstundir á ári í lok skipulagstímans árið 2015." Ráðuneytið kannast ekki við að hafa veitt slíkar upplýsingar. ... Ráðuneytið telur að þessi orkuþörf sé vanmetin og telur eðlilegt að miða við að orkuþörfin verði orðin allt að 24 teravattstundir á ári árið 2015, þar af er almenn orkuþörf og stóriðja sem þegar er á framkvæmdastigi eða lokastigi undirbúnings rúmlega 10 teravattstundir á ári. Ef jafnframt er miðað við orkuþörf stóriðjufyrirtækja sem eru á viðræðustigi má ætla að orkuþörfin árið 2015 gæti verið um 19 teravattstundir á ári og miðað við að lagður verði 600 megavatta sæstrengur um eða eftir árið 2010 gæti orkuþörfin verið um 24 teravattstundir á ári eins og áður segir. Ráðuneytið telur nauðsynlegt að skipulag miðhálendisins taki mið af þessu."

Ráðuneytið telur nauðsynlegt að skipulag miðhálendisins taki mið af þessu, að orkuþörfin verði 24 teravattstundir á ári árið 2010 og þá verði ekki bara búið að byggja allar þær verksmiðjur sem nú eru í undirbúningi og á undirbúningsstigi eins og t.d. magnesíumverksmiðjuna og 200–300 þúsund tonna álver á Austurlandi, heldur verði líka búið að byggja orkuver til þess að unnt verði að leggja 600 megavatta sæstreng til útlanda og selja eftir honum raforku, en þessi 600 megavatta sæstrengur kostar eins og kunnugt er um 150 milljarða kr. og iðnrn., herra forseti, iðnrn. sem er hluti framkvæmdarvaldsins og iðnrn. sem er ríkisstjórnin í þessum málum segir: „Allar forsendur umhvrn. í þessu máli eru tóm vitleysa."

Við alþýðubandalagsmenn höfum í þessum umræðum og eins í hv. félmn. gengist fyrir því númer eitt, tvö og þrjú í þessu máli að séð væri fyrir því að ekki væri gengið á umhverfið og að fylgt væri sjálfbærri stefnu í umhverfismálum, einnig á miðhálendinu. En þessar hugmyndir sem hér eru uppi um nokkur ný álver í viðbót, eina magnesíumverksmiðju og 600 megavatta streng sem flytur raforku utan eru auðvitað slíkar að greinilegt er að iðnrn. er að segja: „Það er tómt kjaftæði sem umhvrn. er að gera."

Af hverju er ég, herra forseti, að rekja þetta hér? Það er vegna þess að ég tel að þessi sjónarmið hafi ekki skilað sér nægilega skýrt inn í þessa umræðu, vegna þess að ég tel að hættan fyrir miðhálendið liggi ekki síst þarna, auðvitað í stjórnsýsluþáttunum líka sem hér hafa verið ræddir, en hún liggur ekki síst þarna vegna þess að þarna verða það hinir hinir miskunnarlausu hagsmunir fjármagnsins sem ráða frá degi til dags en ekki langtímasjónarmið í umhverfismálum sem ekki er hægt að meta til fjár í augnablikinu eins og allir hv. þm. þekkja. Síðan segir í umsögn iðnrn., með leyfi forseta:

„Sá stakkur sem orkumálum er ætlaður í tillögunni er því allt of þröngur og sá listi yfir virkjanir sem birtur er á blaðsíðu 65 ekki nægilega langur."

Hver er hann, þessi listi sem birtur er á bls. 65? Hann er þessi, með leyfi forseta:

„Virkjanir sem geta komið til framkvæmda á fyrri hluta skipulagstímans, þ.e. til ársins 2005: Orkuver, miðlunarlón, ganga- og skurðarleiðir og háspennulínur:

1. Jökulsá á Brú. Kárahnjúkavirkjun, hugsanlega tengd Fljótsdalsvirkjun I 3.200 gígavattstundir á ári.

2. Tungnaár-Búðarhálsvirkjun 750 gígavattstundir á ári.
3. Vatnsfellsvirkjun 700 gígavattstundir á ári.
4. Efri-Þjórsá, Norðlingaölduveita með fyrirvara um stífluhæð við Norðlingaöldu 700 gígavattstundir á ári.
5. Jökulsá í Fljótsdal, Fljótsdalsvirkjun I, hugsanlega tengd Kárahnjúkavirkjun, alls 1.100 gígavattstundir á ári."

Samtals er hér um að ræða 6.450 gígavattstundir á ári.

Iðnrn. hefur það eitt um þetta að segja: „Listinn er ekki nógu langur." Ég hefði viljað spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað á listinn að vera langur? En samkvæmt því sem hann er hér með gerir hann ráð fyrir því að hann þurfi að vera miklu lengri vegna þess að til viðbótar við 2–3 álver og magnesíumverksmiðju ætlar hann að leggja 600 megavatta sæstreng til Evrópu.

Þarna tel ég vera aðalvanda miðhálendisins og reyndar er hæstv. iðnrh. aðalvandi umhvrn. eins og bersýnilega hefur komið fram í þessu máli aftur og aftur og reyndar fleiri málum á undanförnum mánuðum, m.a. í samandi við Kyoto-ráðstefnuna.

Í þessum athugasemdum, herra forseti, frá ýmsum aðilum er ítarleg athugasemd frá Verkfræðistofnun Háskóla Íslands en forustumaður hennar er sami Valdimar K. Jónsson og hyllti hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson á hyllingarhátíðinni á Hótel Borg í fyrrakvöld. En hérna kveður við nokkuð annan tón hjá Valdimar K. Jónssyni vini mínum en á hyllingarfundinum því hérna vill hann virkja meira og telur að allt of lítið sé framkvæmt inni á hálendinu. Virðist því sannast á honum eins og mörgum góðum manninum það sem kveðið var um forðum að á ferli eru úlfur og refur í einum og sama manninum þegar allt kemur til alls.

Herra forseti. Hér birtast líka umsagnir fjöldamargra hagsmunaaðila sem mér finnst afar fróðlegt að lesa. Ég nefni þar t.d. ferðaklúbbinn 4x4. Ég nefni Fuglaverndarfélag Íslands og ég nefni Ferðafélag Íslands sem er með afskaplega fróðlega umsögn um þessi mál. Ég nefni sérstaklega til sögunnar Náttúruvernd ríkisins sem er greinilega mjög áhyggjufull og horfir á málið hinum megin frá en er þó mun nær því að vera sátt við þetta skjal en iðnrn. sem vill bara, með leyfi forseta, andskotast í að virkja hverja einustu lækjarsprænu sem finnst inni á miðhálendinu.

Umsögn Ferðamálaráðs er einnig fróðleg og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Ég ætla síðan að lesa og vekja athygli á því að meðal þessara umsagna er fjöldinn allur af umsögnum frá einstaklingum sem eru mjög fróðlegar, t.d. athugasemdir sem birtast frá Guðmundi P. Ólafssyni og fleirum þar sem farið er yfir þessi mál og segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Óásættanlegur er yfirgangur orkugeirans á Íslandi í skipulagi 2015" þannig að hér er talið að orkugeirinn fái of mikið en ekki of lítið.

Náttúrufræðistofnun sendir ítarlega umsögn og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að miðhálendið verði sett undir eina stjórn sem taki stjórnsýsluákvarðanir um svæðið í heild sinni. Miðhálendinu ætti ekki að skipta upp í aðskilda reiti eftir framlengdum mörkum þeirra 40 sýslu- og sveitarfélaga sem land eiga að miðhálendinu. Stofnunin telur mikilvægt að tekin verði upp samræmd vinnubrögð við söfnun gagna um náttúrufar og einnig við töku ákvarðana um þætti sem haft geta áhrif á náttúrufar."

Það var einn þingmaður, herra forseti, sem sendi umsögn um þetta. Hann heitir Hjörleifur Guttormsson, hv. 4. þm. Austurl., og sendi umsögn upp á tíu síður, mjög ítarlega umsögn sem hann hefur þegar gert grein fyrir í þessum umræðum. Satt að segja er mjög margt sem hér kemur fram sem væri samt sem áður ástæða til að vekja athygli á. Ég vek sérstaka athygli á því sem fram kemur í umsögn þingmannsins varðandi þjóðgarðana á miðhálendinu með jöklana sem kjarna en þessa tillögu hefur hv. þm. þegar flutt, till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu með jöklana sem kjarna. Hann kallar þetta Vatnajökulsþjóðgarð, Hofsjökulsþjóðgarð, Langjökulsþjóðgarð og Mýrdalsjökulsþjóðgarð og Friðland að fjallabaki. Ef ég hefði hér hv. formann umhvn. þá mundi ég spyrja hann að því hvort búið væri að taka þessa tillögu fyrir um þjóðgarða á miðhálendinu. Það er gríðarlega mikið mál. Ef það er þannig að umhverfisnefndarmenn hafi mikinn áhuga á þessum miðhálendismálum, sem ég held að þeir hafi, þá hlýtur þessi tillaga að hafa verið tekin fyrir og kannski er þess að vænta að hún verði afgreidd alveg á næstunni. Það er spurning hvort hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er í húsinu. Er það svo, herra forseti?

(**Forseti** (GÁS): Hv. þm. er í húsinu.)

Það væri gott ef honum væri gert viðvart, ég vildi leggja fyrir hann eina litla spurningu.

Síðan gerir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ítarlegar athugasemdir við einstök atriði í miðhálendisskipulaginu sem mér fyndist út af fyrir sig ástæða til að vekja athygli þingheims á en ég ætla ekki að taka allt of langan tíma þannig að ég ætla ekki að lesa það upp í einstökum atriðum.

Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun gera þó nokkrar athugasemdir en eru þó miklu jákvæðari en iðnrn. og orkustofnanirnar. Ég verð því að segja eins og er að mér finnst að þessi nefnd sé á réttri leið. Ég upplifi það þannig og vonandi stendur hún af sér þá orrahríð orkusektorsins sem núna er greinilega fram undan samkvæmt þeim umsögnum sem liggja fyrir. En það er hins vegar erfitt að átta sig á því hvernig hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. sjá fyrir sér sambúð þessa skipulags og þessara nýju laga. Ég mundi óttast, herra forseti, að ef þetta frv. verður að lögum með þeim sveitarfélagamörkum sem gert er ráð fyrir að verði, þá rækjust viðhorf þarna á og samþykkt frv. yrði til að tefja þetta mál og spilla því í raun og veru, spilla því stórkostlega. Kannski er það misskilningur hjá mér og þá verður það leiðrétt í umræðunni.

Í greinargerð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem send var samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands er farið yfir hugmyndafræðina að baki þessa skipulags sem hann telur óskýra og ég tel út af fyrir sig nokkuð til í. Lausnin á því máli er einfaldlega sú að reyna að skrifa það saman í einn kafla, inngangskafla, hver hin hugmyndalegu markmið eru, hverjar eru hinar hugmyndalegu forsendur sem nefndin byggir á. Því að mér sýnist að hún sé að reyna að tengja saman náttúruvernd og nýtingu eins og kostur er. Hins vegar er það rétt sem fram hefur komið bæði hér og annars staðar að leggja mætti meiri áherslu á að sinna því sem kallað er sjálfbær þróun í þessu skjali.

Herra forseti. Ég bað um að hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni yrði gert viðvart vegna þess að ég er að fara yfir umsagnir um svæðisskipulag miðhálendisins. Í einni umsögninni er vikið að hugmyndum um þjóðgarða á miðhálendinu með jöklana sem kjarna og mér skilst að fyrir hv. umhvn. liggi till. til þál. um það mál. Það er alveg bersýnilegt að ef sú tillaga yrði samþykkt mundi það styrkja mjög þá samvinnuhugsun á miðhálendinu sem ýmsir, m.a. hv. þm. hafa talað fyrir. Ég

vil því spyrja hv. þm. hvenær þessi tillaga komi frá umhvn., hvort það verði á morgun eða hinn þannig að hægt verði að ræða þessa tillögu saman eða hvenær hann hugsar sér að afgreiða þetta frá umhvn. Ég tel nefnilega að það yrði til þess að styrkja málið.

Ég ætla einnig að spyrja hv. þm. að því í leiðinni meðan ég man að ég tók ekki betur eftir en hann hefði greitt atkvæði á móti því að frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum kæmi á dagskrá Alþingis. Mér finnst það ekki ríma við hans afstöðu í þessum málum að öðru leyti að hann skuli hafa verið á móti því. Þó að hann vilji gagnrýna tillöguna þá hefði verið sniðugt að fá hana á dagskrá. Þá hefði kannski verð hægt að laga hana aðeins í vor í tengslum við málið. Það væri því gaman ef hann mætti vera að því síðar í þessari umræðu að gera grein fyrir á hvaða rökum hann hafnaði því að sú tillaga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum kæmi á dagskrá. En aðallega ætlaði ég að spyrja hv. þm. um þjóðgarðana, hvaða skoðun hann hefði á því máli.

Í þessum umsögnum eru fleiri afar fróðleg skjöl t.d. frá Landvarðafélagi Íslands, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og fleirum en ég ætla ekki að fara nánar út í þær að sinni, herra forseti.

Ég hef í máli mínu rakið nokkuð yfirlit málsins frá frv. hæstv. félmrh. og að frv. hæstv. umhvrh. sem ekki mátti ræða. Ég hef farið aðeins yfir stöðu þessa miðhálendismáls og vinnu skipulagsnefndar sem á að ljúka núna um áramótin. Ég endurtek að ég óttast að ráðherrarnir séu að stefna þeirri vinnu í hættu. Mér þætti það verra. Ég held að þar hafi verið vel unnið þó að sjálfsagt mætti vinna betur en ég held að þar hafi verið vel unnið og vonandi stendur nefndin af sér þetta áhlaup virkjanafyrirtækjanna. En ég held að líka sé nauðsynlegt með hliðsjón af málinu í heild að átta sig á því, og ég vil láta það koma hér fram, að þessi vinna nefndarinnar um miðhálendi Íslands eru aðalrök mín fyrir því að ég held að fresta ætti málinu. Ég held að það væri betra fyrir miðhálendið og fyrir umhverfið að fresta þessu máli. Það er þess vegna sem við alþýðubandalagsmenn og óháðir höfum flutt till. til þál. um rökstudda dagskrá sem gengur út á það að málinu verði frestað. Ég held að málið mundi batna stórkostlega við það að fresta því. Og ég bendi á þann möguleika að ef stjórnarmeirihlutinn telur óhjákvæmilegt að ljúka málinu engu að síður, þ.e. sveitarstjórnarlagafrv., þá mætti náttúrlega hugsa sér að fresta 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða eins og t.d. borgarstjórinn í Reykjavík nefndi í útvarpsviðtali hygg ég að það hafi verið í gær, en þar segir, með leyfi forseta. Fyrst segir fréttamaður:

„Ert þú að mælast til þess að a.m.k. 1. gr. sveitarstjórnarlaganna sem þarna er umdeild verði frestað þar til tekið verður fyrir frv. Guðmundar Bjarnasonar um svæðisskipulag miðhálendis“ o.s.frv. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri segir, með leyfi forseta: „Mér finnst mjög eðlilegt að það ætti að fylgjast að. Sveitarstjórnarlögin sem slík, ég sé enga ástæðu til að fresta þeim.“ Þ.e. sveitarstjórnarlagaþáttinn í þessu máli. Það eru allir sammála um að ef á að klára — ja, það eru að koma sveitarstjórnarkosningar og það er auðvitað eðlilegt að ljúka þessu en þó er ekkert í þessu frv. sem sveitarfélögin þurfa á að halda en segjum að meiri hlutinn sé þeirrar skoðunar, þá skulum við bara hjálpast að við að ljúka því.

Hitt er 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða, eins og borgarstjórinn benti á, og ég verð að segja það eins og er, herra forseti, að ég fæ ekki skilið þessa miklu þörf fyrir að reyra þetta svona saman þrátt fyrir þau miklu mótmæli sem hafa komið fram. Það hafa engin rök verið flutt fyrir nauðsyn málsins. Hver eru rökin fyrir því að klára þurfi þetta með þessum látum? Vill kannski ráðherra félagsmála segja okkur frá því af hverju hann er að þessu? Hvaða læti eru þetta? Eru það einhverjir hagsmunir eða einhver viðhorf sem við, hinir almennu óbreyttu þingmenn sjáum ekki og hæstv. ráðherra hefur á hraðbergi sem hann gæti sagt okkur frá?

Ég vil ekki hafa uppi neina hótfyndni í þessu efni. Það getur vel verið að í málinu séu einhver rök sem eru þess virði að meta en ég hef ekki heyrt þau. Ég hlýt að spyrja hæstv. félmrh. að því sem mína aðalspurningu til hans. Ég hef reyndar spurt hann margra spurninga í ræðu minni en ég spyr hann þeirrar aðalspurningar: Til hvers að knýja málið fram nú? Af hverju ekki að bíða í nokkra mánuði? Hvað er hætt við að gerist í sumar sem gerir það að verkum að endilega verði að klára þetta núna? Hvað er það? Er það vegna þess að ríkisstjórnin eða hæstv. ráðherra leggur ekki í að fara með málið inn á kosningaþing næsta vetur? Það eru engin rök, það eru ekki efnisrök í málinu. Hvað er það sem um er að ræða? Ég fer fram á það í fullri vinsemd við hæstv. félmrh. að hann svari því hvaða efnisrök, hvaða nauður rekur hann til að reka svona á eftir málinu eins og hann gerir?

Mér finnst að til þrautavara mætti hugsa sér, herra forseti, að gildistökuákvæði frv. væri í tvennu lagi. Það væri annars vegar um það að ræða að lögin tækju gildi — er það ekki 1. júní samkvæmt frv. ef ég man rétt? En það er jafnframt sagt að 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999. Af hverju segi ég það? Það er vegna þess að þá verður miðhálendisnefndin búin að skila af sér. Telur hæstv. ráðherra að til greina kæmi að fara í málið með þeim hætti? Ég tel að öll tilslökun, ef menn vilja orða það þannig, af þessum toga mundi greiða verulega fyrir málinu en það hefur ekki verið gefinn neinn kostur á slíku og þá er það eins og það er. En ég endurtek spurningu mína til hæstv. ráðherra: Hver eru rökin? Af hverju í ósköpunum þetta offors?

Nú geta menn auðvitað haldið því fram að það séu stjórnarandstæðingar sem tali mikið og það er alveg rétt út af fyrir sig og hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið svo vinsamlegur að annast skeiðklukkuþátt þessarar umræðu í sjálfboðavinnu. En ástæðan er m.a. sú að við höfum viljað koma að ýmsum sjónarmiðum. Ég tel t.d. að ég hafi í ræðu minni komið á framfæri sjónarmiðum sem ekki hafa heyrst mjög mikið áður í umræðunni, ég held ekki. Ég hef reynt að fylgjast með henni þó að ég viðurkenni, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á, að það kemur fyrir að athyglin dofnar eina og eina mínútu. Það er ekki hægt að neita því. En ég held að þessi áhersla sem ég hef reynt að vera með á orkuþáttinn í málinu, orkusektorinn og hættuna sem blasir við ef hann gengur of frekt fram. Ég held að það hafi kannski ekki komið fram sem skyldi en alla vega finnst mér vanta inn í umræðuna skýr rök ráðherrans fyrir því að málinu verði að ljúka á þessu vori, skýr rök. Ég vil fá að heyra þau. Ég áskil mér rétt til þess að fallast á þau rök ef þau eru mælt af skynsamlegu viti af hæstv. félmrh.

Ég hef líka lagt fyrir hæstv. ráðherra spurningu um það hvort þeir óttist ekki, að það að draga mörkin inn í jökla trufli þessa vinnu við miðhálendismálið. Ég hef lagt fram spurningar um hver sé lagaleg staða þeirrar línu milli heimalanda og afrétta sem alltaf er verið að tala um. Ég sé ekki alveg hver lagaleg staða hennar er vegna þess að það að draga línu á kort er ekki nægilegt í þessu tilviki. Ég hef því

spurt umhvrh. um það. Síðan hef ég spurt umhvrh. um visst lykilatriði í málinu, að ef svæðisskipulagsnefndin kemst að ákveðinni niðurstöðu og ef það er fært inn í aðalskipulag sveitarfélags, þá getur sveitarfélag væntanlega neitað að taka við þeirri niðurstöðu. Ég held að það hljóti að vera þannig samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Ef það er ekki þannig, þá þarf að segja það vegna þess að þá er það í raun og veru allt annað en gildir í öllum öðrum skipulagsmálum vegna þess að sveitarfélögin eru algerlega „sovereign" í skipulagsmálum en þau hafa hins vegar rétt til þess að stofna til samvinnu við aðra. Í frv. frá hæstv. umhvrh. stendur: „Niðurstöðuna skal færa inn í aðalskipulag."

En það hlýtur samt að vera þannig að þegar búið er að færa niðurstöðuna inn í aðalskipulag, þá verði að bera hana undir viðkomandi sveitarstjórn í þeim hreppi. Það hlýtur að vera þannig. Þá getur hreppurinn eða sveitarstjórnin væntanlega neitað og þá kemur málið til kasta Skipulagsstofnunar og umhvrh. Þá náttúrlega hafa þessir aðilar samræmingarskyldu í þessu efni. En ég átta mig engu að síður ekki alveg á því hvernig menn sjá fyrir sér að þessir hlutir geti gengið fyrir sig og þess vegna bar ég þessa spurningu fram til hæstv. umhvrh.

Ég hef einnig spurt hv. formann umhvn. nokkurra spurninga um umhvn. Hefur hún sérstaklega fjallað um þetta hálendismál? Hefur hún tekið málið til sín? Ég hef ekki heyrt að hún hafi tekið málið til sín til formlegrar umfjöllunar. (**Gripið fram í:** Viltu endurtaka spurninguna?) Hefur umhvn. fjallað um þessi umdeildu hálendismál í frv. félmrh. sérstaklega? Það er spurningin.

Síðan hef ég, herra forseti, lagt áherslu á að við teljum rétt að málinu sé frestað og það er aðalafstaða okkar alþýðubandalagsmanna og óháðra á þessu stigi málsins.

Ég hafði ekki hugsað mér, herra forseti, að dvelja mjög lengi við þessa umræðu vegna þess að auðvitað er mjög margt komið fram og ég tel mig hafa skilað í grófum dráttum því sem ég vildi sagt hafa. Ég hef borið fram fyrir hæstv. ráðherra allmargar spurningar og það getur vel verið að þeim takist ekki að svara þeim í andsvörum. En ég vona samt að þeir reyni það vegna þess að það greiðir aðeins fyrir umræðunni. Ég hef bent á möguleika til að koma kannski til móts við sjónarmiðin að einhverju leyti með því að breyta gildistökuákvæðinu, með því að fresta 1. gr. og ákvæðinu til bráðabirgða eins og t.d. borgarstjórinn í Reykjavík hefur bent á og fleiri og ég hef kallað eftir svörum frá ýmsum aðilum, þ.e. hv. formanni umhvn., hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. Ég endurtek að ég harma það að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera hér vegna orkumálanna. Það er greinilegt að orkugeirinn er allt annarrar skoðunar en umhverfisþátturinn eins og hann leggur sig. Ég er þá auðvitað að beina spurningum til Framsfl. því að svo vill til að ábyrgðaraðilar þessa máls eru allir úr Framsfl. Ég er líka að bera fram spurningar til þeirra. En ég hóf mál mitt, herra forseti, á því að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann teldi að sú ákvörðun hans að hafna því að ræða þessi mál, skipulags- og byggingarlagafrv., hafi skilað mjög miklum árangri og hvernig hann sjái þann árangur hafa birst að undanförnu.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[12:19]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur borið fram fyrir mig nokkrar spurningar. Ég veit ekki hvort mér tekst að svara þeim öllum í stuttu andsvari en sumu af því sem spurt er um hér og nú hef ég svarað áður í umræðunni þannig að kannski má leita svara við því í þingtíðindum þó að síðar verði gert.

Vegna spurningarinnar sem hv. þm. ítrekaði í lokin um hvernig ætti að draga línu milli afrétta og heimalanda, þá vitnaði ég til þess í svari við spurningu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að við vinnum nú í svæðisskipulagsnefndinni samkvæmt lagafyrirmælum frá 1993 þar sem nákvæmlega sömu fyrirmæli eru gefin um það hvernig þessi lína skuli dregin. Um það hefur náðst sátt. Um það hefur náðst samkomulag. Mín hugmynd er því sú að það sé hin sama lína eða gert eins og þar er gert og það er þá en endurtekið svar við hliðstæðri spurningu.

Hv. þm. spurði hvernig ég teldi, ef frv. sem ég hef lagt fram hefði orðið að lögum nú, að það hefði getað farið saman að tvær nefndir væru að vinna að sama málinu. Það er alls ekki gert ráð fyrir því í frv. sem ég hef lagt fram. Gert er ráð fyrir því að sú nefnd sem nú starfar ljúki sinni vinnu 1. desember á þessu ári. En hin nýja nefnd ætti ekki að taka til starfa fyrr en um áramót þannig að ekki á að geta orðið skörun í því efni.

Ég er sammála þeim hugleiðingum sem komu fram hjá hv. þm. um vægi einstaklinga í nefndinni. Þetta er umfjöllunarnefnd. Þetta er nefnd sem á að reyna að ná niðurstöðu og komast að sameiginlegum niðurstöðum til þess að hafa áhrif og setja fram álit. Vonandi tekst það. Hann spurði líka hvort það hefði átt að kjósa nefndina af Alþingi. Ég tel að við eigum að fylgja í þessari tillögu þeim línum sem lagðar voru 1993 þannig að það er óbreytt.

Fleiri spurningar komu fram, hæstv. forseti, sem ég reyni þá kannski að koma að í síðara andsvari.

[12:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef skilið það þannig að þessi lína milli heimalanda og afrétta væri alger útgangspunktur í allri þessari umræðu. Það sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um var: Hver er hin lagalega staða þessarar línu í samanburði við aðrar markalínur sem um er að ræða inn á hálendið? Ég sé í áliti svæðisskipulagsnefndarinnar um miðhálendi Íslands að hún gengur út frá þessari línu og ég sé ekki betur en að í öllum þeim kortum sem fylgja svæðisskipulagstillögunni sé alls staðar gengið út frá sömu línu.

Spurningin er þá þessi, herra forseti: Telur hæstv. umhvrh. að þessi lína hafi sömu stöðu stjórnsýslulega séð og markalínur sveitarfélaga, sýslna eða annarra slíkra umdæma? Telur hann með öðrum orðum að hún marki þessa einingu skýrt eða teldi hann nauðsynlegt að ljá þessari línu beinan lagagrundvöll með því að skrá hana í lög landsins á tiltekinn hátt eins og gert er með sum sveitarfélagamörk, eins og t.d. Garðabær er markaður í lögum landsins í lagasafninu þar sem tilgreind eru hnit sem lína er dregin á milli til þess að ákveða hvað er sveitarfélagið Garðabær? Teldi umhvrh. ekki nauðsynlegt að taka það fram, til þess að þessi lína hafi gildi, að hún verði lögfest sem slík?

[12:24]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst ítreka að ég hef í allri þessari umræðu lagt á það áherslu að ég hef ekki fallist á að neinn réttur sé tekinn af sveitarfélögunum sem stjórnsýsluvaldi. Hv. þm. spurði einhvers staðar í ræðu sinni áðan eitthvað

í þá veru hvort skörun milli svæðisskipulags og aðalskipulags og síðan hugsanlega deiliskipulags gæti orðið alvarleg vegna þess að skörun væri milli nefndarinnar og síðan sveitarstjórnanna. Sveitarstjórnirnar hafa þetta vald alveg ótvírætt og þess vegna hef ég verið fylgjandi því að sú skipting ætti sér stað og færi fram nú, að við skiptum landinu formlega upp milli sveitarfélaga til þess að það væri ljóst hver færi með stjórnsýsluvaldið. Það hefur verið skýrt í mínum huga og ég hef ekki verið til viðtals um annað.

Ég hef hins vegar álitið að samvinnunefnd sem starfaði um ákveðin málefni sem væri samstarfsnefnd þeirra aðila sem að þessu koma, þó á þann lögskipaða hátt sem var og er í lögunum frá 1993 um svæðisnefndina sem nú starfar, geti þess vegna gengið með góðu samkomulagi og án alvarlegra teljandi árekstra, í það minnsta við sveitarfélögin. Ég held að árekstrarinn hafi nefnilega alls ekki verið við þau. Hafi verið árekstrar, eins og hv. þm. gerði ítarlega grein fyrir í ræðu sinni áðan þegar hann fór yfir allar þær athugasemdir sem svæðisnefndinni höfðu borist, þá voru árekstrarnir við allt aðra en sveitarstjórnirnar sem menn hafa þó í þessari umræðu allri óttast mest, þ.e. að þar væri átakapunkturinn. Að einhver yfirvofandi ótrúleg barátta væri við og á milli sveitarfélaganna. Ég tel því ekki nauðsynlegt að lögskipa þetta öðruvísi en gert er í frv. vegna þess að reynsla hefur fengist af því í hinum margumræddu fyrrgreindu lögum.

Varðandi það að bíða með að skipta landinu upp í sveitarfélög þar til að svæðisskipulaginu verði lokið, þá tel ég að rétt hafi verið að vinna það samhliða og þess vegna beitti ég mér fyrir því að sú sérstaka nefnd sem vann að því að skýra stjórnsýslumörk milli sveitarfélaga ynni samhliða svæðisskipulagsnefndinni. Mín afstaða liggur því í raun fyrir varðandi það mál.

Og allra seinast af því að hv. þm. spurði líka um hagsmunaárekstra milli náttúruverndar og virkjunarframkvæmda þá er það eitthvað sem við höfum verið að takast á við og eigum eftir að takast á við lengi enn. Það er ekki bundið þessari svæðisskipulagsvinnu sérstaklega. Þó er mjög mikilvægt að fá áherslurnar þar fram sem ég vona að við fáum þegar líður að lokum þessa árs.

[12:27]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er því miður ekki kostur á því í andsvaratíma að ræða sum af þessum málum sem hér eru uppi vegna þess að þau eru flókin. Ég ætla bara aðeins að ítreka að ég tel að það sé órætt — ég hef kannski ekki heyrt það nægilega skýrt — hver sé staða mála ef ágreiningur verður á milli svæðisskipulagsnefndarinnar annars vegar, samkvæmt frv. umhvrh., og aðalskipulags sveitarfélaga hins vegar vegna þess að ég hef talið að sveitarfélagið væri „sovereign" í þessu máli, þ.e. fullvalda og að ekki væri hægt að skipa sveitarstjórninni með ákvörðun utanaðkomandi aðila að breyta sínu aðalskipulagi. Hæstv. ráðherra á líklega ekki eftir neinn andsvararétt eftir. En hann getur komið hér síðar í umræðunni og ég mundi gjarnan vilja að hann færi þá nokkrum orðum um þetta sérstaka vandamál.

Ef þetta er eins og ég tel að sumir stjórnarliðar skilji það, þ.e. að svæðisskipulagsnefndin hafi þarna býsna mikið vald eða a.m.k. jafnsett aðalskipulagi sveitarfélaganna að þessu leytinu til, þá er frv. sterkara að því er varðar þessa samvinnu en ýmsir hafa talið, þar á meðal hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson.

[12:28]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur beint til mín nokkrum spurningum og skal ég leitast við að svara þeim.

Hv. þm. spurði fyrst hvort umhvn. hefði fjallað um þáltill. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þjóðgarða á hálendinu og hvaða skoðun ég hefði á því og hvort hægt væri að afgreiða það. Því er til að svara að umhvn. fjallaði um þáltill. og fram komu mjög jákvæðar raddir í umhvn. við þessari þáltill. og menn töldu að þar væri gott framlag til þeirrar umræðu sem nú fer fram um hálendið.

Málið var ekki afgreitt frá nefndinni öðruvísi en með þessum jákvæðu röddum. Menn töldu að málið væri ekki það vel og fyllilega rætt að ástæða væri til að afgreiða það að þessu sinni. Það sem eftir lifir þings veit hv. þm. jafn vel og ég að ekki er möguleiki að vinna frekar í málinu. Ég vænti þess hins vegar að þetta mál komi aftur fyrir umhvn. og verði þá rætt frekar.

Ég vil að það komi fram að hugmyndin um þjóðgarða á hálendinu er gömul. Hún hefur komið alloft fram. Sá sem hér stendur setti þá hugmynd fram í sjónvarpsviðtali eftir ráðstefnu sem haldin var í Háskólabíói um hálendið og gekk ég þá einmitt út frá sömu forsendum, þ.e. að ákveðin svæði sem byggð væru á því svæðisskipulagi sem nú liggur fyrir yrðu gerð að þjóðgarði. Þar væri einmitt verið að leita eftir þessu sama, þ.e. að fjalla um skipulagsmál og náttúruverndarmál á annan hátt en gert er ef hálendið verður fellt undir sveitarstjórnirnar með því skipulagsfyrirkomulagi sem nú liggur fyrir.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, fá tækifæri til þess að svara öðrum spurningum í næsta svari.

[12:31]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er umhugsunarefni hvort við sem hér erum búum við nægilega sterkt aðhald fjölmiðla eða annarra slíkra aðila í þjóðfélaginu eða kjósenda okkar. Þetta segi ég í tilefni af því að mér finnst vera langur vegur á milli þess að mótmæla frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum eins og hv. þm. gerði og hins að afgreiða ekki tillöguna um þjóðgarða á miðhálendinu. Mér finnst að hv. þm. hefði verið sjálfum sér samkvæmastur ef hann hefði tekið það mál út úr nefndinni vegna þess að í mínum huga skiptir þessi þjóðgarðahugmynd — hver sem á hana, ég veit ekkert um það, vafalaust margir, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og vafalaust fleiri. Þannig er um allar góðar hugmyndir — gríðarlega miklu máli í þróun miðhálendismálsins til frambúðar. Þess vegna finnst mér satt að segja ekki gilt svar að segja að svo stutt sé eftir að þinginu að ekki sé hægt að taka málið fyrir. Mér fyndist alveg hugsanlegt að taka málið a.m.k. hér til umræðu eftir að umhvn. hefði fjallað um það á jákvæðan hátt þannig að hægt væri að mynda sér skoðun á því vegna þess að það er partur af málinu alveg eins og frv. um breyting á skipulags- og byggingarlögum er partur af þessu máli þótt það hafi ekki fengist tekið á dagskrá, því miður. En það hefur náttúrlega verið rætt hérna. Eins er það með þjóðgarðamálið. Það er partur af þessu máli.

Ég þakka hins vegar hv. þm. fyrir svörin en vil ítreka spurningar mínar um átökin í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, hvernig hann sér þau fyrir sér eftir að hann hefur gerst þar

talsmaður meirihlutasjónarmiða andspænis minni hlutanum, hæstv. iðnrh.

[12:33]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var spurður hvers vegna ég hefði greitt atkvæði á móti því að taka á dagskrá frv. umhvrh. um breytingu á skipulagslögunum. Ég gerði að nokkru leyti grein fyrir því í ræðu minni sem ég flutti hér. Viðhorf mín fara það fjarri þeim hugmyndum sem koma fram í því frv. að ég taldi að það þyrfti nauðsynlega að koma aftur til þingsins í nýjum búningi. Ég gerði ítarlega grein fyrir því í ræðu minni í hverju ég teldi að þyrfti að bæta frv. Það snýr að tveimur meginþáttum, þ.e. annars vegar nefndarskipaninni — ég fór yfir það í alllöngu máli, bæði jafnvægi, jafnræði og samsetningu af öllu tagi — og hitt atriðið er að ég tel umboð nefndarinnar of veikt.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði sömuleiðis hvort umhvn. hefði fjallað um ágreiningsmál varðandi hálendið í þeim búningi sem sá ágreiningur hefur birst hér. Það hefur umhvn. ekki gert sérstaklega enda voru þau mál ekki komin í þá umræðu og búning sem þau hafa síðan verið eftir síðasta fund nefndarinnar. En að sjálfsögðu ræddi nefndin málefni hálendisins og skipulagsmálin þegar þau voru til umræðu og eins líka þegar fyrrgreind þáltill. um þjóðgarða á miðhálendinu kom fram.

[12:35]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin en ég bendi á að umhvn. hefur ekki fjallað um hálendismálið í þeim búningi sem það er núna. Út af fyrir sig geta verið rök fyrir því vegna þess að málinu hefur ekki verið vísað þangað.

Í öðru lagi hefur umhvn. ekki fjallað um frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum af því að það mátti ekki koma til umræðu.

Í þriðja lagi hefur umhvn. ekki lokið umfjöllun um þjóðgarðamálið. Mér finnst þetta ekki gott. Ef ég væri formaður umhvn. mundi ég harma það að hafa ekki fengið tækifæri til að fjalla um þessi mál. Mér finnst það satt að segja ekki gott hjá okkur að hafa þingstörfin þannig að við getum ekki tekið mál af þessum toga eðlilega fyrir.

Ég vil líka segja vegna þess sem hv. þm. segir um frv., sem ég í gamni kalla frv. sem Alþb. tók í fóstur, að það er út af fyrir sig veikt í því ákvæðið um að taka niðurstöðu svæðisskipulagsnefndarinnar inn í aðalskipulagið. Samt sem áður er það svo að ráðherrann a.m.k., að ég held — hann svaraði því ekki áðan — skilur sitt eigið frv. þannig að skylt sé að taka niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar inn í aðalskipulagið. Ef ágreiningur verður hins vegar um það, þá eigi að skipa sérstaka nefnd sem eigi að leita sátta og leysa málið. Hættan í málinu er þó allt önnur, þ.e. sú að einstök sveitarfélög fari að beita neitunarvaldi samkvæmt skipulagslögum líka og það er mál sem hæstv. umhvrh. hefur ekki rætt við okkur enn þá, en ég mun knýja á um að hann ræði.

Ég tók eftir því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson fjallaði ekki um það mikilvæga umhverfismál sem er ástandið í Framsóknarfélagi Reykjavíkur. Það munum við ræða við betra tækifæri.

[12:37]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um frv. til sveitarstjórnarlaga sem nú hefur verið til umræðu í þinginu í nokkra daga, enda ekki að furða þar sem málið er bæði víðfeðmt og mikilvægt. Ég mun í fyrsta lagi fjalla um frv., þ.e. hvers eðlis það er og hversu mikilvægt það er vegna þess að það er rammi um stóran og mikilvægan þátt í lífi fólksins í landinu. Það er rammi um það líf sem lifað er í þessu landi.

Í öðru lagi ætla ég að fara yfir einstakar greinar frv., m.a. með hliðsjón af þeim brtt. sem fram hafa komið og athugasemdum.

Í þriðja lagi mun ég fjalla um ýmsa þætti stefnu í byggðamálum sem skipta máli gagnvart rekstri sveitarfélaganna í landinu og þróun þeirra.

Í fjórða lagi eða í lokin mun ég síðan víkja að 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæði sem hafa tekið langstærstan hluta almennrar umræðu um málið. Þar mun ég fjalla m.a. um það sem fram hefur komið af hálfu fræðimanna, lögfræðinga og annarra um miðhálendið og um það sem fyrirhugað er að gera varðandi stjórnsýslu þess og skipulag.

Herra forseti. Í fyrsta lagi skiptir það, eins og ég sagði, verulegu máli fyrir þróun byggðar í landinu hvaða rammi henni er settur með sveitarfélagalögum. Ég ræddi það nokkuð í fyrri ræðu minni að mér þætti metnaðarlítið að setja fram frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga árið 1998 horfandi til þess hvernig þróunin hefur verið og þó ekki síður til þess hvernig við sjáum hana fyrir og gerandi ráð fyrir því að sveitarfélag þar sem einungis 50 íbúa geti uppfyllt skyldur sínar og þess þá heldur, herra forseti, að ekki er í frv. gert ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga um einstök verkefni nema þau kjósi það sjálf. Ég hafði vænst þess eins og fleiri — það kemur einmitt mjög vel fram í ýmsum umsögnum sem berast vegna frv. — að menn settu markið hærra og sýndu að þeim er alvara með því að vilja þróa byggðina út um landið jákvætt með því að skapa henni þann ramma að það gæti gerst.

Ég velti því fyrir mér eins og fleiri hvert byggðin stefni með þeirri íhaldssemi sem gætir því miður í þessu frv. Mér er satt að segja nokkur ráðgáta hver er ástæða þess að menn skuli þrátt fyrir þau verkefni sem sveitarfélögin hafa samkvæmt lögum og þrátt fyrir þau verkefni sem fyrirsjáanlegt er að þau muni taka við á næstu árum halda sig við að sveitarfélagi nægi 50 íbúar til að það geti veitt íbúum sínum þá þjónustu sem lögbundin er og stuðlað að almennri velsæld þannig að byggðin megi þróast og þrífast um landið allt.

Fyrir um það bil ári var haldin merkileg ráðstefna á Akureyri um þróun byggðar á Íslandi. Undirtitill ráðstefnuheitisins var: Þjóðarsátt um framtíðarsýn. Og ég verð að segja það, herra forseti, að ég mat það svo að á þeirri ráðstefnu væru menn a.m.k. sammála um að stjórnsýslueiningar landsins þyrftu að vera býsna sterkar ef þær ættu að halda sínu miðað við þróun byggðarinnar. En Sigurður Guðmundsson sem er forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar reifaði á þessari ráðstefnu einmitt þessa spurningu: Hvert stefnir byggðin? Hann sagði m.a. í erindi sínu, með leyfi forseta:

„Þær skýringar sem hægt er að gefa á því hvernig byggðin í landinu hefur þróast og möguleikar til að segja fyrir um hvernig hún muni gerast í framtíðinni byggjast á þeirri heildarmynd sem hægt er að gera sér af þeim þáttum sem áhrif hafa á byggðina og hvort sú mynd er rétt. Þegar í byrjun er hægt að segja fyrir að heildarmyndin er flókin og að henni er ekki hægt að lýsa nema með einföldunum og alhæfingum. Ég get lýst því strax að staða byggðarinnar á hverjum tíma við þær aðstæður sem við búum við hér og nú er að hluta til endurspeglun á áhrifaþáttum og aðstæðum fyrri tíma vegna

þess að áhrifa þeirra gætir ekki strax heldur eiga þau sér stað á lengri tíma.

Á undanförnum áratugum hefur svigrúmið til þess að byggðin lagi sig fullkomlega eftir áhrifaþáttunum minnkað verulega. Þetta stafar af því að á þessum tíma hafa þær aðstæður sem við þurfum til þess að geta verið sátt orðið sífellt flóknari og krefjast meiri fjár bæði að því er varðar fjárfestingu og rekstur.

Við getum skoðað þessar kröfur út frá sjónarhóli tveggja nátengdra þátta: fyrirtækjanna og heimilanna. Hér verða einungis örfá atriði skoðuð og einungis á yfirborðskenndan hátt."

Ég sé ástæðu til að geta þess, herra forseti, vegna þess að hér greinir forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar á milli annars vegar fyrirtækjanna og hins vegar heimilanna, að það eru einmitt heimilin sem eiga allt sitt undir því að sveitarstjórnirnar geti og hafi aðstöðu til þess að standa við og uppfylla þær þarfir sem fólkið hefur. Fyrirtækin hafa það að sönnu einnig hvað varðar ýmsa þá þætti sem þarf að uppfylla, svo sem varðandi lóðir, veitur og annað þess háttar. Hins vegar hefur lögum verið breytt þannig á undanförnum árum að ráðstafanir einstakra sveitarfélaga hafa ekki jafnmikið að segja hvað varðar hag fyrirtækjanna eins og var hér eitt sinn.

Ekki er svo ýkjalangt síðan atvinnuástand og efnahagsástand var þannig í landinu að fyrirtæki þurftu reglulega ekki einungis að leita á náðir ríkisvaldsins um tilteknar efnahagsaðgerðir heldur voru sveitarfélögin mjög samtvinnuð atvinnurekstrinum í landinu á ýmsan hátt, nú síðast í gildandi sveitarstjórnarlögum með þeim hætti að sveitarfélögunum var heimilt að veita einfaldar ábyrgðir og var það nokkuð notað af sveitarfélögum og ekki síður bankastofnunum sem treystu sér ekki til að standa sjálfar ábyrgar gagnvart sinni útlánastefnu en kröfðust þess að sveitarfélögin gengju í ábyrgð. Það má kannski segja að það sé tímanna tákn og merki þess að við búum nú við meiri stöðugleika og annað efnahagsástand að í því frv. sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin megi lengur veita öðrum aðilum einfalda ábyrgð eða ganga í ábyrgð fyrir aðra aðila en sín eigin fyrirtæki. Þetta er mikill munur, herra forseti, og ég tók eftir því að ekkert sveitarfélaganna gagnrýnir þessa breytingu sem fyrirhuguð er, enda hafa þau mörg átt í miklum erfiðleikum vegna þess ákvæðis sem er í gildandi lögum um einföldu ábyrgðina vegna þess, eins og ég sagði áðan að bankastofnanir hafa meðal annarra ekki skirrst við að stilla sveitarfélögunum upp við vegg þegar atvinnufyrirtæki í viðkomandi byggðarlagi hafa þurft á einhvers konar fyrirgreiðslu að halda og hafnað slíku nema sveitarfélagið væri tilbúið að veðsetja tekjur sínar á móti. En eins og ég sagði er þetta nú breytt.

Ég kem þá aftur að því sem Sigurður Guðmundsson sagði í ágætri ræðu sinni um þróun byggðar á Íslandi:

„Fyrirtæki þurfa áfram vinnuafl. Það þarf að vera fólk á svæðinu, þau þurfa hráefni, þar með talda orku, þau þurfa þjónustu og flutninga. Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar á öllum þessum þáttum sem leiða til þess að frá sjónarhóli fyrirtækjanna er það sem á einhverjum tíma hefur verið talið eðlilegt mynstur byggðarinnar ekki það sama. Ég nefni nokkur dæmi um breytingar sem skipta þarna verulegu máli í íslensku samhengi."

Í fyrsta lagi breytir tækniváðing fyrirtækjanna þörf þeirra fyrir vinnuafl þannig að færra fólk þarf en jafnframt er almenn þörf að það hafi sérhæfða þekkingu eða þjálfun. Upp hafa risið nýjar atvinnugreinar sem voru alls ekki til, sérstaklega í þjónustu. Aðallega á stórum þéttbýlisstöðum hafa vaxið nýjar atvinnugreinar sem hafa bætt við sig umtalsverðum mannafla sem er ekki sérmenntaður. Slíkur mannafli er þó oftast þjálfaður af vinnuveitandanum. Sem dæmi um slíkt, herra forseti, getum við nefnt þau stóriðjufyrirtæki sem reist hafa verið og er verið að reisa. Þar er mannaflinn oftast þjálfaður af vinnuveitanda.

Mikilvægi hráefna í atvinnustarfsemi hefur farið minnkandi á undanförnum áratugum hér á landi þrátt fyrir það hversu hátt hlutfall atvinnustarfsemi hér á landi byggir einvörðungu á meðferð sjávarfangs. Hlutur þekkingar á innihaldi vöru hefur að sama skapi aukist. Vegna bættra samgangna, geymslutækni og flutningatækni, er hráefnið nú flutt miklu meira frá upphafi til enda framleiðsluferlisins en áður var. Það losar um bönd milli uppruna hráefna og vinnslustaða og þar með milli hráefnis og búsetu. Framleiðsla vöru með litlu hráefnisinnihaldi er mjög laus við slík upprunabönd en hún getur verið mjög bundin við markaðinn eigi að síður. Til þess að gera þetta mögulegt hefur þurft fjárfestingu af hálfu fyrirtækjanna sjálfra í tækni og tækjum en ekki síður í samgöngumannvirkjum sem hið opinbera, ríki eða sveitarfélög, eiga og reka.

Í hinu íslenska samhengi hefur það gerst á undanförnum áratugum að sjávarútvegurinn hefur tekið slíkum breytingum að kalla mætti byltingu. Á sínum tíma var reyndar talað um skuttogarabyltingu og í kjölfar hennar risu mörg stór frystihús hringinn í kringum landið og unnu misjafnlega gamlan en aðallega mjög gamlan fisk á Ameríkumarkað. Síðan tók við gámaútflutningurinn og markaðsvæðingin, þorskaflaniðurskurðurinn, kvótakerfið, frystitogaravæðingin, veiðar utan landhelgi og uppsjávarfiskabyltingin. Spurningin er hvaða bylting kemur næst og hvort hún mun kollvarpa forsendum byggðar um landið á sama hátt og þær umfangsmiklu breytingar sem ég nefndi áðan að hafa gert.

Herra forseti. Ég held að nokkuð sé ljóst að það hafa orðið þær breytingar, sem hér var lýst áðan, þ.e. að mikilvægi hráefna hefur farið minnkandi og losnað hafa bönd milli uppruna hráefna og vinnustaða og þar með á milli hráefnis og búsetu. Þetta sjáum við m.a. í því að fiskur, hráefni sem notað er í fiskvinnslu, er fluttur fram og til baka um landið. Það skiptir orðið næsta litlu hvar fiskurinn er veiddur og hvar honum er landað og mörg hinna stærri fyrirtækja landsins hafa búið til eins konar net fyrirtækja um allt land sem segir okkur líka að stærstu fyrirtækin hafa fyrir nokkru sprengt af sér það sem kallast sveitarfélagamörk og hafa starfsemi mjög víða um landið og má segja að það hafi í rauninni verið einkenni á þróuninni á undanförnum árum. Þetta hafa fyrirtækin gert bæði til þess að dreifa áhættu í rekstri sínum og hafa þá verið með sérhæfð fyrirtæki í þeim landshlutum þar sem mest þekking hefur verið og nálægð helst við miðin en það hefur líka verið að gerast að fyrirtæki, ekki síst í fiskvinnslu, fiskiðnaði, hafa smám saman verið að uppgöta að það borgar sig að vera með starfsemi á þeim landsvæðum þar sem hefð er fyrir fiskiðnaði og til er sérhæft starfsfólk. Það er nefnilega ekkert til sem heitir að vinna bara í fiski. Í þeirri vinnslu, engu síður en annarri, er mikilvægt að starfsfólk sé þjálfað og það starfsfólk er ekki til alls staðar um landið.

Landbúnaðurinn hefur lengi verið talinn fremur íhaldssöm atvinnugrein og það hefur verið talið að honum hafi verið haldið í eins konar frystingu vegna afskipta, stjórn-

unar og stuðnings ríkisvaldsins á undanförnum árum. Samdrátturinn í sauðfjárrækt og endurskipulagning í vinnslu landbúnaðarafurða hafa þó leitt af sér umtalsverðar breytingar í forsendum byggðar og stærðar þjónustumarkaða en eins og hefur margoft komið fram er það fyrst og fremst sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn sem eru atvinnugreinar landsbyggðarinnar.

Fyrirtæki eru háðari aðkeyptri þjónustu en þau voru og þess vegna er þeim erfiðara en áður að vera einangruð frá öðrum fyrirtækjum. Þetta stafar einnig af því að framleiðsla margra fyrirtækja tengist beint framleiðslu annarra með því að þau framleiða hluta af endanlegri vöru annars fyrirtækis. Þetta var um fyrirtækin, herra forseti.

Ef við lítum til heimilanna á sama hátt hafa þar einnig orðið miklar breytingar og það eru auðvitað breytingar sem sveitarfélögin og lög um sveitarstjórnir þurfa að taka mið af engu síður en þeim breytingum sem orðið hafa á efnahagslífinu og umhverfi fyrirtækjanna. En þeir sem búa á heimilunum, fjölskyldurnar, þurfa atvinnu, húsnæði, framboð á neysluvörum, menntun og aðra þjónustu og skemmtun ýmiss konar. Fyrirtækin þurfa vinnuafl, sem heimilin bjóða, og vinnan skapar hina fjárhagslegu undirstöðu búsetu. Því er augljóst að fólk þarf að búa þar sem það hefur atvinnu eða þar sem það getur sótt hana.

Á undanförnum áratugum hefur hreyfanleiki almennings aukist vegna aukinnar bifreiðaeignar og bættra vega. Þar með hefur teygst á sambandinu milli vinnustaðar og búsetu en þó ekki í sama mæli og víða erlendis. Við þekkjum það að fólk býr í Reykjanesbæ og sækir vinnu í Reykjavík og öfugt. Sömuleiðis þekkjum við það á Eyjafjarðarsvæðinu að fólk býr við utanverðan Eyjafjörð og sækir vinnu á Akureyri og öfugt. Þannig er þetta að þróast víða um landið en það þarf býsna góðar samgöngur, góða vegi, til þess að þetta megi gerast um land allt til þess að stækkandi þjónustusvæði geti í raun boðið öllum íbúunum upp á þjónustu og atvinnuþátttöku.

Heimilin þurfa ýmiss konar neysluvörur og möguleiki þeirra til að nálgast þær hefur á sama hátt breyst vegna bættra samgöngutækifæra. Samtímis hefur þeim stöðum sem bjóða ýmsa vöru og þjónustu fækkað og þeir hafa stækkað. Þetta gildir jafnt innan þéttbýlis og um smærri staði. Þannig er það, herra forseti, að bættar samgöngur hafa skapað forsendur fyrir mun stærri þjónustusvæðum og stærri heildum, líka stjórnsýsluheildum úti á landsbyggðinni. Þess vegna nefni ég enn og aftur að mér finnst furðulegt að menn skuli ekki setja markið hærra en að 50 einstaklingar geti myndað sveitarfélag. Það er furðulegt í ljósi allra þeirra upplýsinga sem við höfum um möguleika og þróun byggðar um allt land.

Sveitarfélögin uppfylla og eiga að uppfylla samkvæmt lögum mjög margar þarfir heimilanna og fjölskyldnanna en þau þurfa ýmsa grundvallarþjónustu, svo sem menntun, heilsugæslu og fleira þess háttar. Til þessara þjónustuþátta hafa verið gerðar vaxandi kröfur sem hafa virkað um það bil eins og áður var sagt um verslunina. Tilhneigingin hefur verið til stærri eininga sem geta boðið betri og fjölbreyttari þjónustu en sem krefjast stærri notendahóps. Ef sveitarfélögin eru ekki stækkuð, herra forseti, þurfa þau að hafa með sér öflugt samstarf um þessa hluti og mér finnst athyglisvert að í frv. til sveitarstjórnarlaga er ekki um neitt skyldubundið samstarf að ræða. Einungis er sagt að sveitarfélögin geti myndað byggðasamlög um einstöku þætti og héraðsnefndirnar, sem hafa verið víðtækur samstarfsgrundvöllur, eru ekki til lengur nema einu sinni í upptalningu. En einmitt þetta, þessi samþjöppun þjónustunnar, krefst aftur á móti stærri notendahóps, sem gerir það að verkum að það er svo mikilvægt að stjórnsýslan lagi sig að þessum breytingum.

Samstarf sveitarfélaga er ágætt og mikilvægt á meðan þau eru svona fá og smá en ég ætla að nefna einn þátt sem gerir samstarfið óæskilegt að margra mati og það er hvað það er í raun ólýðræðislegt. Sveitarstjórnir eru kosnar til þess að fara með umboð þeirra sem búa í sveitarfélögunum. Í öllum hinum minni sveitarfélögum, og þá er ég kannski að tala um sveitarfélög sem telja 2.500 íbúa og færri, kannski 10.000 íbúa og færri, er það svo að það er e.t.v. einn pólitískur aðili sem hefur sveitarstjórnarmál að atvinnu og það er gjarnan sveitarstjórinn, þ.e. ef sveitarfélögin eru það stór að þau hafa efni á því að ráða sér sveitarstjóra. Ef um samstarf er að ræða er það gjarnan sveitarstjórinn, sem er í mörgum tilfellum einungis ráðinn embættismaður, sem fer með umboð sveitarstjórnarinnar í hinum ýmsu samstarfsverkefnum. Þar tekur hann þátt í ýmsum ákvörðunum, m.a. tekur hann þátt í því að binda fjármuni sveitarfélagsins jafnvel til margra ára og þó hann leiti samþykkis sveitarstjórnar fyrir því sem hann er að gera á þessum vettvangi, er það samt svo að hann verður sá sem hefur í krafti þekkingar sinnar á viðfangsefninu slíka yfirburði að hann hefur í raun mun meira vald en reiknað var með þegar sveitarstjórnin var kjörin og þessi embættismaður ráðinn. Þetta fyrirkomulag er því í eðli sínu ólýðræðislegt og ef menn vilja hafa sveitarfélögin svona lítil verða menn að mæta því með því að búa til lýðræðislegt samstarfsstig.

Oft hefur verið talað um þriðja stjórnsýslustigið. Ég hef aldrei verið formælandi þess, m.a. vegna þess að ég tel að við séum svo fá, 270 þúsund manns í landinu, að við höfum hreint og klárlega ekki mannskap í þetta.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill aðeins trufla hv. þm. og bjóða honum að ráða því hvenær hann frestar ræðu sinni vegna matarhlés, velja sér þann tíma.)

Ég get allt eins, herra forseti, tekið matarhlé núna og haldið svo áfram um klukkan hálftvö.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:30]

**Svanfríður Jónasdóttir** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst það sem af er ræðu minni verið að fjalla um stöðu sveitarstjórnanna til að taka við þeim viðamiklu verkefnum sem þeim hafa verið falin og mun verða falin að öllu óbreyttu og hef farið yfir nokkra þætti í því umhverfi sem sveitarstjórnunum eru búin. Ég hef einnig vitnað til erindis sem Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, hélt á ágætri ráðstefnu sem haldin var á Akureyri fyrir um það bil ári þar sem fjallað var um þróun byggðar á Íslandi með undirtitlinum Þjóðarsátt um framtíðarsýn. En eins og öllum má vera ljóst skiptir það verulegu máli fyrir þróun byggðar í landinu hver rammi sveitarfélögunum er settur.

Ég var að fjalla um það áðan, herra forseti, þegar gert var matarhlé að fjölskyldurnar og heimilin þurfa ýmsa grundvallarþjónustu, svo sem menntun, heilsugæslu og fleira þess háttar og til þessara þjónustuþátta hafa verið gerðar vaxandi kröfur. Þær hafa haft svipuð áhrif og verslunin, þ.e. tilhneigingin hefur verið til stærri eininga sem hafa getað boðið betri og fjölbreyttari þjónustu en sem hefur jafnframt krafist stærri notendahóps. Þennan stóra notendahóp hafa sveitarfélögin með þjónustu sína eða þær þjónustustofnanir sem þau hafa

komið sér upp, mjög gjarnan í samstarfi við aðra, getað fengið vegna þess að samgöngur eru gjörbreyttar. Fullorðnir notendur hafa sem betur fer getað ferðast á ágætum vegum víða um landið á einkabílum en börnum hefur aftur á móti verið ekið með skólabílum þar sem dreifbýlissveitarfélög hafa náð saman um rekstur grunnskóla.

Reynt hefur verið að koma til móts við þarfir annarra sem geta ekki komist um á eigin farartækjum með ýmsum almennum eða sérhæfðum almenningssamgöngum. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ýmsar kröfur til ýmiss konar þjónustu við almenning hafa krafist mikillar fjárfestingar bæði frá ríkinu og ekki síður frá sveitarfélögunum.

Eitt er það sem hefur ekki breytt eða gert mikla kröfu um hreyfanleika fólksins, ef það má orða það þannig eins og Sigurður orðar það, og það er aukin þörf fólks fyrir skemmtun vegna þess að mikill tími eða aukinn tími hefur farið í það hjá öllum þorra landsmanna að horfa á sjónvarp á undanförnum árum. Hins vegar er líka lögð mikil áhersla á ýmiss konar aðra afþreyingu og þjálfun sem krefst mikillar fjárfestingar, svo sem í íþróttahúsum og sundlaugum og alls kyns íþróttaaðstöðu. Það er sannarlega kostnaður sem sveitarfélögin hafa fundið fyrir á undanförnum árum og virðist, miðað við ýmsar þær kannanir sem hafa verið gerðar, skipta sköpum um það hvort fólki þykir byggðarlag sitt nægilega fýsilegt til búsetu eða uppeldis.

Ég hef ekki enn þá nefnt áhrifaþátt sem tengist bæði fyrirtækjum og heimilum og það er sú mikla fjárfesting í því sem stundum er kallað grunngerð, sem er íslensk þýðing á orðinu infrastructure sem er kannski öllu skiljanlegra þeim sem hafa lesið um þessi málefni því að orðið grunngerð er tiltölulega nýtt. Þarna er um að ræða miklar fjárfestingar sem liggja í götum og gangstéttum, í torgum og görðum, vatnsveitum, hitaveitum, skolpræsum, ljósastaurum og öllu því öðru sem hægt er að segja að fylgi og fylgja beri nútímasamfélagi. Aðlögunarhæfni byggðarinnar að síbreytilegum forsendum, bæði vegna breytinga á forsendum heimila og atvinnulífs fer minnkandi vegna þess að nú þegar er búið að binda verulegt fé í því sem hér hefur verið upp talið. Við getum ekki lengur ímyndað okkur að við séum að breyta þróun byggðamunstursins með frekari fjárfestingum svo neinu nemi.

Ýmsir aðrir þættir virðast þar skipta nú orðið meira máli enda hefur breyting á dreifingu mannfjöldans á Íslandi verið töluvert mikil. Annars vegar er fólk að flytja vítt og breitt um landið og hins vegar hefur fólki á Íslandi einfaldlega fjölgað meira en víða annars staðar. Á undanförnum 10 árum hefur t.d. þjóðinni fjölgað um næstum 11% eða um rúmlega 1% á ári að jafnaði en á sama tíma hefur íbúum annarra Norðurlanda fjölgað um innan við 0,5% á ári að meðaltali.

Það sem vekur athygli varðandi byggðaþróunina á Íslandi er það að hlutfallsleg fjölgun hefur hvergi verið meiri en á fjölmennasta svæðinu eða um 20% en á 11 landsvæðum hefur hins vegar fækkunin orðið 10% eða meira, allt upp í 22% fækkun á þessu saman tímabili.

Eins og ég sagði, herra forseti, eru þessar breytingar fyrst og fremst vegna búferlaflutninga því að ekki er mikill munur á dánar- og fæðingartíðni eftir landsvæðum. Og á undanförnum tveimur árum hefur þessi straumur verið þyngstur.

Ég auglýsti eiginlega eftir umræðu um byggðastefnu í fyrri ræðu minni, ekki síst vegna þess metnaðarleysis sem mér fannst vera í frv. til sveitarstjórnarlaga. Oft hefur verið tekin snörp umræða í þingsölum um ýmis atriði sem má flokka til byggðastefnu en þegar menn hafa það til viðbótar að aldrei hefur röskun byggðar verið meiri en undanfarin tvö ár þá hefði mátt ætla að einhverjum þætti tímabært að taka málið til umfjöllunar. Hér liggur reyndar fyrir till. til þál. um stefnu í byggðamálum en henni var dreift fyrir nokkrum dögum og ég veit ekki til þess að hún eigi að fá afgreiðslu eða umfjöllun. Það má vel vera, en a.m.k. er alveg ljóst að ekki er mikil pressa á þessi mál núna og það má kannski segja að staða byggðamálanna sé eitthvert best varðveitta leyndarmál sem er á kreiki þessa dagana.

Annað hefur líka verið að gerast. Það hefur ekki bara verið þannig að fólk flytti utan af landi og til höfuðborgarsvæðisins heldur hefur íbúaþróun þéttbýlisstaða landsbyggðarinnar líka verið mjög mismunandi allt frá því að til eru staðir sem hafa vaxið ár frá ári og yfir í staði sem hafa stöðugt misst frá sér íbúa þar sem stöðug fækkun hefur átt sér stað. Menn hafa líka verið að leita ástæðna fyrir þessari þróun og hafa leitað skýringa í atvinnuþróun, atvinnuleysi, tekjum og ýmsum öðrum þáttum en það virðist ekki vera nein einföld skýring. Það virðist þó liggja fyrir að þau svæði, sem hafa getað dregið til sín það fólk sem flytur úr aðliggjandi sveitarhéruðum, hafi náð að stækka. Það virðist því skipta máli fyrir þéttbýlisstaðina úti á landi að hafa gott upptökusvæði, ef það má orða það þannig, að í kring séu sveitahéruð, hvaðan fólk er tilbúið til að flytja til viðkomandi þéttbýliskjarna í stað þess að flytja beint suður.

Akureyri er t.d. einn af þeim stöðum sem hefur haft býsna sterkt upptökusvæði og fólk hefur flutt til Akureyrar allt eins og að flytja suður. Þau svæði og þeir kaupstaðir sem hafa notið fjölgunar vegna flutnings frá þeim virðast þó ekki gefa vonir um að þaðan flytji miklu fleira fólk á næstu árum þannig að við getum kannski litið svo á að þeirri fjölgun sem átt hefur sér stað á ýmsum þéttbýlisstöðum úti á landi vegna þessara áhrifa sé að verða lokið.

Það er athyglisvert, af því að ég var að tala um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir næstu árin, að það var samþykkt stefna árið 1994 og byggðaþróun undanfarinna ára hefur gengið þvert á þá stefnu. Þar var eitt af þremur markmiðum að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins en það hefur augljóslega ekki tekist. Ég get ekki látið hjá líða að geta þess, herra forseti, að mér sýnist að í þessari nýju till. til þál. sem liggur fyrir ætli menn sér ekki bara að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins heldur ætli menn að fjölga á landsbyggðinni um 10%. Ég veit satt að segja ekki hvort ég á að hlæja eða gráta þegar ég les slíkt en það er alveg ljóst að það markmið sem menn settu sér 1994 hefur ekki tekist. Sumir segja að það sé kannski út af fyrir sig gott að höfuðborgarsvæðið gat þó tekið við flestum sem þangað hafa flutt þó að á tímabili hafi verið töluvert um að fólk flytti beint af landsbyggðinni til útlanda, aðallega til Jótlands. En það hefur verið rætt, herra forseti, í tengslum við byggðaþróunina að menn þurfi líka að huga að því að Ísland á nú orðið í samkeppni um fólk við umheiminn. Það er ekki bara samkeppni á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis en við þurfum að hafa augað á hvoru tveggja.

Þeir sem ákvörðun taka um að fara af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eða snúa ekki aftur eftir að hafa stundað nám eru væntanlega að gera það með það að leiðarljósi að bæta stöðu sína sem kostur er. Engu að síður er þessi þróun þjóðfélaginu dýr og óæskileg. Fækkun íbúa rýrir nýtingu ýmiss konar mannvirkja og stofnana sem þjóðfé-

lagið hefur komið upp til að þjóna íbúum og fyrirtækjum. Samfélög í samdrætti hafa sýnt sig að vera á ýmsan hátt gölluð. Deilur hafa tilhneigingu til að magnast nema þau skynji sameiginlegan óvin. Rekstur fyrirtækja er erfiðari við skilyrði mannfækkunar. Þjónustusvæði og markaðir dragast saman og þar með tekjumöguleikar. Fyrirtæki eins og fiskvinnslufyrirtæki sem geta að öðru jöfnu ekki náð til sín nema takmörkuðu hlutfalli vinnumarkaðar eiga erfitt með að manna þá atvinnustarfsemi sem þau stunda jafnvel þó að ekki séu gerðar kröfur um mikla sérmenntun.

Til þess kann að koma að ekki náist æskileg fullnýting náttúruauðlinda vegna mannfæðar. Samdrátturinn verður þannig vítahringur. Fólk vill ekki flytja á stað þaðan sem aðrir eru að flytja í mismiklum mæli jafnvel þó að það gæfi því tækifæri til að skapa sér viðunandi viðurværi.

Nú kann einhver að spyrja: Það kann að vera rétt að fólk muni ekki vilja búa á landsbyggðinni og muni vilja flytja þaðan. En er víst að höfuðborgarsvæðið geti þá tekið við öllu þessu fólki? Mun það fá störf? Munu ekki neikvæð áhrif stórborgarinnar smám saman yfirvega hin jákvæðu áhrif?

Herra forseti. Það er álit Sigurðar Guðmundssonar að svo muni ekki verða á næstu árum. Það er álit hans að höfuðborgarsvæðið hafi mikla vaxtarmöguleika og að í alþjóðlegum samanburði hafi það yfirburði á ýmsum sviðum m.a. í því hvað varðar aðgengi að óspilltri náttúru, svo sem margir sakna í stórborgum nágrannalandanna. Atvinnulíf svæðisins hefur jafnframt sýnt sig í því að vaxa á undanförnum árum um u.þ.b. þúsund störf á ári að meðaltali þrátt fyrir samdrátt í ýmsum greinum og auknu atvinnuleysi sem því tengjast.

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að ýmsir aðrir þættir en atvinnulíf og atvinnumál ráða því hvar fólk kýs að búa. Það er samt sem áður lykilatriði hvernig búast má við að atvinnulífið þróist á næstu árum og einkum og sér í lagi er það lykilatriði hvar á landinu uppbyggingin verður. Einhverjir möguleikar eru í atvinnugreinum sem byggjast á nýtingu náttúruauðlinda sem eru bundnar við tiltekna staði. En ef ekki kemur til umtalsverður fjöldi áhugaverðra starfa í öðrum greinum en opinberri þjónustu á landsbyggðinni á næstu árum verður þeirri þróun sem við höfum séð ekki snúið við af því að tími varnaraðgerða fyrir greinar með litla framleiðni er liðinn.

Herra forseti. Ekki þýðir lengur að bjóða upp á meira af því sama. Menn verða að fitja upp á nýjungum og það verður að bjóða upp á atvinnutækifæri sem gefa menntuðum einstaklingum færi á atvinnu, færi á að búa úti á landi. Við veltum því mikið fyrir okkur hvernig þróunin verði í sjávarútveginum á næstu árum vegna þess að hann er burðarás í atvinnulífi margra sveitarfélaga úti um landið. Það er hægt að orða þá þróun á þann veg að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því hvernig þarfir sjávarútvegsins til aðstöðu í landi muni ríma saman við uppbyggingu heilbrigðra samfélaga.

Það er ljóst að jafnsveiflukennd atvinnugrein og sjávarútvegurinn getur aldrei orðið sams konar undirstaða traustrar og öflugrar búsetu og margar aðrar greinar. Atvinnugrein sem gerir sams konar kröfur til vinnslumöguleika í landi og mannafla og loðnuveiðar þar sem allt er á hvolfi um stóran hluta landsins í hámark tvo mánuði um miðjan vetur leiðir ekki til stöðugleika í þeim byggðarlögum sem hlut eiga að máli. Þess vegna skiptir svo miklu máli hver verður framvinda greinarinnar út frá tæknilegum og líffræðilegum forsendum. Það er vitað að eðlileg nýting auðlinda sjávarins byggir á mjög dreifðri búsetu fólks um landið en þessi nýting skapar ekki forsendur fyrir þeirri búsetu sem hún krefst þó í raun. Þetta er vissulega umhugsunarefni, herra forseti, en bætt geymslutækni, flutningatækni og bætt stjórnun vega að hluta til á móti þessu í nýtingu sumra fisktegunda.

Það er ljóst að fámenn byggðarlög geta ekki staðið undir fjölbreyttri þjónustu. Fólk gerir engu að síður kröfur um þjónustu og því vaknar spurningin um hvort hægt er að koma til móts við þessar kröfur með einhverjum hætti. Að sjálfsögðu eru bættar samgöngur á landi ein mikilvæg forsenda fyrir möguleikum á því að bjóða bætta þjónustu en hún er hins vegar ekki fullnægjandi þegar litið er til tegunda þjónustu sem þurfa mannfjölda sem eru verulega umfram þann sem má finna í þéttbýliskjörnum landsbyggðarinnar, jafnvel þó að þeir séu tengdir eins náið saman með vegum og hægt er. Það er nokkuð fullreynt að frá stjórnmálalegu sjónarmiði er ekki ásættanlegt að stefna að því að safna fólki saman í færri og stærri þéttbýlisstaði hér á landi, m.a. með því að þjappa saman þjónustunni. Það hefur einfaldlega ekki náðst pólitísk samstaða um þá stefnu þó að hún hafi oft verið viðruð, þ.e. hún hefur orðið til á pappírnum en þegar á reynir hefur lítið gerst. Svo geta menn kannski sagt að það sé líka óvisst um árangur slíkrar stefnu.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram eru einungis örfáir staðir á landinu sem hafa sýnt sig í því að sýna viðnám gegn því að fólk flytji beint suður til Reykjavíkur. Við veltum því fyrir okkur hvort hægt væri að ná meiri árangri með því að beina athyglinni að þessum stöðum sérstaklega þegar hið opinbera á hlut eða hvetja einkaaðila með fjárhagslegum stuðningi til að velja atvinnu sinni þar stað.

Við veltum því fyrir okkur hvort stjórnvöld hafi í raun möguleika til að hafa áhrif á þróun byggðarinnar og hvaða tæki séu þá vænlegust. Eins og fram hefur komið er núverandi þróun neikvæð og dýr fyrir samfélagið vegna þess að hún nýtir ekki þá fjárfestingu í íbúðum, atvinnutækjum og opinberri þjónustu sem hefur verið lagt í á undanförnum árum. Þess vegna er nýting náttúruauðlindanna að verða dýrari og hún verður jafnvel óframkvæmanleg ef búsetan þjappast meira saman á lítið svæði.

Þá er ótalið að margir vildu gjarnan búa á landsbyggðinni ef þar væru atvinnutækifæri sem hæfa menntun þeirra og áhuga en geta það ekki eða illa við þær aðstæður sem nú eru. Samt er ljóst að ákveðnar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins gætu skilað árangri í þessum efnum og ég vil telja hér upp, herra forseti, þær aðgerðir sem Sigurður Guðmundsson telur að séu vænlegastar.

1. Uppbygging menntakerfis sem tekur tillit til búsetudreifingar í landinu og færir sér í nyt nútímatækni til þess að gera fólki í öllu landinu mögulegt að njóta bestu og fjölbreyttustu menntunar sem völ er á.

2. Fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldsins varðandi miðlun tækniþekkingar, markaðssetningu, vöruþróun og annað sem er litlum fyrirtækjum í fámennum byggðarlögum um megn. Þessi stuðningur þarf að vera réttlátur og gegnsær.

3. Skipulag opinberrar þjónustu sem hefur það að markmiði að veita öllum landsmönnum sambærilega þjónustu en notar til þess bestu tækni sem völ er á.

4. Samgönguframkvæmdir til þess að stækka atvinnu- og þjónustusvæði þar sem hægt er að bæta stöðuna umtalsvert með þeim hætti.

Herra forseti. Þetta var í raun inngangur að umfjöllun um frv. til sveitarstjórnarlaga vegna þess að eins og fram hefur komið eru slík lög ákveðin umgjörð um líf fólksins í landinu

vegna þess að sveitarfélögin eru sá aðili miklu fremur ríkinu sem ræður í raun miklu um aðstöðu fólks hvað varðar dagvist fyrir börn, skóla, afþreyingu, húsnæðismál og ýmislegt fleira sem fólk horfir sannarlega til þegar það veltir því fyrir sér hvar það kýs að setjast að, hvar það kýs að búa sér heimili.

Herra forseti. Á ráðstefnunni, sem ég hef getið um og fór fram á Akureyri fyrir um það bil ári um þróun byggðar, voru kynntar fyrstu niðurstöður úr könnun eða rannsókn sem þá hafði farið fram en ekki var búið að vinna fullkomlega úr, rannsókn sem var gerð á orsökum búferlaflutninga. Það var Byggðastofnun sem gekkst fyrir rannsókninni í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður rannsóknarinnar komu endanlega út í nóvember á síðasta ári og vöktu nokkra athygli. Kannski má segja að það hafi eyðilagt svolítið fyrir kynningu á þessum rannsóknum að einhverra hluta vegna voru þær kynntar fyrst á fundi hjá Framsfl. Það gaf mönnum þá tilfinningu að þetta væru pólitískar lausnir sem væri ekki ástæða til að taka sérstakt mark á og ég tel miður að þannig skyldi hafa verið farið með niðurstöður rannsóknarinnar vegna þess að það skipti verulegu máli hvernig þær voru kynntar, ekki síst vegna þess að svo merkilegt sem það má teljast, þá er búið að tala um byggðamál og menn hafa verið að leita lausna mjög lengi án þess að nokkur sambærileg rannsókn færi fram á orsökum þeirra miklu búferlaflutninga sem átt hafa sér stað á Íslandi á þessari öld.

Þessi rannsókn og niðurstöður hennar eru lykillinn að því sem stjórnvöld eru að gera núna en eins og ég sagði, herra forseti, harma ég hvernig til tókst með kynningu á rannsókninni. Ég hafði beðið í eftirvæntingu eftir að fá niðurstöðurnar í hendur og hafði vænst þess að kynning þeirra yrði með þeim hætti að um þær gæti spunnist nokkur umræða sem mætti þá verða okkur öllum til aukins skilnings á orsökum búferlaflutninga og þá hugsanlegum úrræðum til þess að snúa þróuninni við sem er þjóðhagslega óhagkvæm eins og margoft hefur komið fram. En því miður tókst ekki betur til en svo að umræða hefur orðið sáralítil, allt of lítil að mínu mati, vegna þess að rannsóknin var mjög víðfeðm. Bæði voru notuð ýmis þau gögn sem fyrir lágu og kannanir sem áður höfðu verið gerðar en einnig voru gerðar viðamiklar kannanir sem snertu atriði sem höfðu ekki verið skoðuð áður sambærilega.

Herra forseti. Ég ætla að fara lauslega yfir samandregnar niðurstöður þessarar rannsóknar. Ég held að nauðsynlegt sé að þær komi fram vegna þess að þær eru, eins og ég sagði áðan, lykill að því sem stjórnvöld ættu að vera að gera núna. Þegar ég segi „ættu að vera að gera núna" vil ég minna á það að sum okkar höfum vitnað til niðurstaðna úr þessari rannsókn þegar við höfum verið að reyna að þyngja mál okkar hér hvað varðar ýmsar áherslur en höfum ekki orðið vör við mikil viðbrögð. Vonandi breytist það þegar fyrir liggur till. til þál. um stefnu í byggðamálum sem byggir að stórum hluta á þessum niðurstöðum, þá hljóta menn, t.d. ýmsir ráðherrar, sem virðast ekki hafa heyrt hingað til, að fara að heyra eða ég geri mér a.m.k. vonir um það.

Markmið rannsóknarinnar var að leita skýringa á búferlaflutningum á milli landshluta á Íslandi vegna þess að ef menn fyndu slíkar skýringar þá gætu þær veitt gagnlegar vísbendingar um hvaða aðgerðir væru líklegar til að hafa áhrif á framtíðarþróun búferlaflutninga í landinu. Eins og ég sagði skoðuðu menn mikið af fyrirliggjandi gögnum sem til voru og framkvæmdu tvær sérkannanir til að afla nýrra gagna. Menn skoðuðu forsendur þeirra skýringa sem komu fram og auðvitað kemur þar fram að búferlaflutningar eru ákvörðun einstaklings og fjölskyldu sem byggist á mati og samanburði viðkomandi aðila á kostum og göllum aðstæðna í upprunabyggð og hugsanlegum áfangastað. Þess er einnig getið að hugsanlegt væri að um þvingaða búferlaflutninga t.d. vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna.

Þetta tvennt höfum við gjarnan nefnt í umræðunni, þessa svokölluðu þvinguðu búferlaflutninga vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna. Í umræðu um menntamál er mjög gjarnan bent á mikilvægi þess að fólk út um allt land eigi völ á góðri menntun og góðum menntunarkostum fyrir börn sín vegna þess að hitt er svo algengt að foreldrar þurfi að fylgja ungmennum eftir þegar þau ákveða að fara til framhaldsnáms. Hér er talað um að sú ákvörðun að flytja byggist á mati og samanburði á kostum og göllum aðstæðna í upprunabyggð og á hugsanlegum áfangastað. Það er kannski þess vegna sem það var svo áhugavert, herra forseti, að könnunin skyldi vera gerð því að hún var einmitt gerð á mati fólks, bæði á aðstæðum heima fyrir og reynt var að fiska eftir því hvað það var sem menn vildu helst sjá eða hafa þar sem þeir settu saman sitt heimili eða viðhéldu því.

Ég gat þess áðan að búferlaflutningar hafi verið meiri á Íslandi á þessari öld en þekkist í nágrannalöndunum. Að hluta til er það kannski vegna þess að þéttbýlismyndun hófst svo seint á Íslandi af ýmsum ástæðum, pólitískum, félagslegum og atvinnulegum en alla vega má kannski segja að við höfum tekið með trukki það sem aðrir voru búnir að taka sér tvær til þrjár aldir í að þróa. Það hefur hins vegar gerst að í nágrannalöndunum hafa búferlaflutningar breyst á undanförnum árum. Þar var það svo að fram til um 1970 var aukning á streymi fólks frá jaðarsvæðunum til þéttbýlli staða og stórborga. En eftir 1970 hægði sums staðar á búseturöskuninni, t.d. í Skandinavíu, í Finnlandi og í Bretlandi, og fólk tók í vaxandi mæli að flytja frá stórborgum til smærri þéttbýlisstaða og dreifbýlis, oft í nánd við stórborgirnar og víða er spáð áframhaldi slíkrar þróunar. Hér á landi hefur þessarar þróunar ekki gætt enn. Við þekkjum reyndar að hér varð ákveðin breyting á tímabilinu frá 1976–1980 en þá breyttist munstrið aðeins þannig að fleira fólk flutti út á land en flutti utan af landi en það gerðist m.a. vegna mikillar uppbyggingar í atvinnulífinu á árunum upp úr 1970 en síðan hefur þróunin öll verið á einn veg og flutningur hefur fyrst og fremst verið af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið eða úr minna þéttbýli í stærra þéttbýli, úr sveitum í þéttbýli. Eins og fram kom í því sem ég hafði eftir Sigurði Guðmundssyni áðan er það mat hans að við gætum lengi átt eftir að horfa framan í þessa þróun ef ekkert er að gert vegna þess að höfuðborgarsvæðið á Íslandi hefur ekki enn þá þau merki stórborgar sem fólk er að flýja erlendis, m.a. vegna þeirra möguleika sem gefast á útivist eða vegna aðstæðna sem gefa fólki kost á nálægð við náttúruna sem hér eru en eru víðast hvar annars staðar ekki.

Mjög sterkt samband er á milli ánægju íbúanna með búsetuskilyrðin og fólksfjöldaþróunar í einstökum landshlutum. Það vegur þungt hvort aðstæður fyrir framangreinda þætti nútímalegra lífshátta eru hagstæðar eða ekki. Athyglisvert er, herra forseti, að hugtakið „nútímalegir lífshættir" kemur fyrir aftur og aftur í niðurstöðum þessarar rannsóknar og svo virðist sem það sem er kallað hér nútímalegir lífshættir hafi sterkasta aðdráttaraflið. Þau svæði á landsbyggðinni, sem byggja öðru fremur á frumvinnslugreinum atvinnulífs-

ins, á landbúnaði og sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu, fá að öðru jöfnu lakasta einkunn frá íbúunum sjálfum fyrir einstaka þætti búsetuskilyrða og þau svæði hafa jafnframt tapað flestu fólki. Þróun atvinnutækifæra í fiskvinnslu hefur mikla fylgni við þróun nettóbúferlaflutninga frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins.

Við tölum oft um hversu mikilvægt það er að fiskvinnslan nái að þróast og að hún flytjist ekki öll út á sjó og menn hafa haft áhyggjur af því að fólk úti um landið væri að missa vinnu sína vegna þess að ekki væri nægjanleg fiskvinnsla og sveitarstjórnir landsins hafa eytt ófáum milljónunum í að halda fiskvinnslufyrirtækjum gangandi til að viðhalda atvinnu. Það virðist vera svo, herra forseti, að fiskvinnsla þyki svo lítt aðlaðandi, a.m.k. í því formi sem við höfum þekkt hana, að beinlínis hefur verið fólksflótti frá þeim svæðum þar sem fiskvinnslan hefur þó verið hvað mest. Menn sækja úr henni í aðrar greinar. Ég sagði „fiskvinnsla eins og við höfum þekkt hana" vegna þess að sem betur fer hefur þróunin á þessu sviði orðið sú að það þarf kannski ekki eins margar hendur og þurfti vegna tæknibreytinga en svo er líka annað að með aukinni fullvinnslu er fiskvinnsla orðin mun líkari vinnu í öðrum iðnaði. Þegar fiskvinnsla er orðin fiskiðnaður, ég vek athygli á því að það er dálítill munur á þessum hugtökum, þá nær hún kannski að skapa sér nýjan sess og verða eftirsóknarverðari. Þó er ljóst að launakjörin þurfa þá einnig að batna og vonandi geta þau líka gert það með breyttri og meiri tækni og frekari fullvinnslu.

En búsetumat almennings sem er samsett úr þeim samanburði sem fólk gerir á sínum eigin aðstæðum og þeim aðstæðum sem það telur sig geta vænst annars staðar skýrir búsetuþróunina í landinu að stórum hluta. Til að hafa áhrif á búsetuþróunina þarf að breyta þessum skilyrðum sem móta búsetumat fólksins í einstökum landshlutum og í raun þarf að bæta búsetumatið. Þar hafa fjölmiðlar mjög stóru hlutverki að gegna, herra forseti, því að fjölmiðlar hafa tilhneigingu til að sýna myndir af höfuðborgarsvæðinu eins og það er undir öllum kringumstæðum, bæði við jákvæðar og neikvæðar aðstæður. Hins vegar er líklegt að þegar landsbyggðin á í hlut sé fyrst og fremst verið að sýna hinar neikvæðu aðstæður. Það þykir frétt þegar stór fyrirtæki loka, mikið atvinnuleysi verður, náttúruhamfarir ganga yfir eða alvarleg staða kemur upp einhverra hluta vegna. Ég tala ekki um ef það er eitthvað sem er hægt að hlæja að, þá getur landsbyggðin fengið smárými í fréttum. Þetta mótar auðvitað viðhorf, ekki bara þeirra sem hér búa, heldur því miður einnig íbúanna á landsbyggðinni því að sjálfsmynd þeirra verður að hluta til til í gegnum fjölmiðlana og búsetumat þeirra sem þar búa mótast af þessari mynd líka. Því skiptir verulegu máli hvaða mynd er dregin upp hvað það varðar hversu sátt fólk er við það svæði eða þann stað sem það býr á. Kannski skiptir jafnmiklu máli tilfinningin fyrir því að hlutirnir séu í góðu lagi og það sem efnislegt kann að vera.

Ef við skoðum búsetuþróunina er ljóst að búferlaflutningarnir hafa verið mjög miklir og að um 60–70% landsbyggðarmanna, sem á annað borð flytja á milli byggðarlaga, flytja á höfuðborgarsvæðið. Búseturöskunin vegna búferlaflutninga hefur verið mun meiri hér á landi en t.d. í nyrstu héruðum Skandinavíu og Finnlands. Við höfum stundum verið að vísa til ýmissa aðgerða sem hefur verið gripið til í norðurhéruðum Skandinavíu þegar við höfum rætt hversu alvarleg þróunin er hér og þær aðgerðir hafa að líkindum skipt máli því að búseturöskunin hefur verið mun minni þar þótt þeim þyki hún ærin. Eitt af því sem þar hefur gerst, herra forseti, er að þar hafa sveitarfélögin verið stækkuð. Þar hafa verið búnar til burðugar stjórnsýslueiningar til að taka við verkefnum. Þá kem ég enn og aftur að því að á meðan við búum ekki til burðugar stjórnsýslueiningar til að taka við verkefnum óttast ég að viðnám okkar gagnvart þessari búseturöskun verði minna en skyldi. En það munar allt of miklu, herra forseti, á því sem landsbyggðin á Íslandi tapar, t.d. á árunum frá 1960 til 1990, því að þá tapar landsbyggðin á Íslandi tæplega 30% af íbúafjöldanum miðað við það sem hann var árið 1960 en samsvarandi tap í nyrstu héruðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands var um 18%. Á þeim tíma þegar landsbyggðin tapar tæplega 30% þá tapa Vestfirðirnir um 53% fólksfjöldans sem þar var árið 1960. Samsvarandi tala fyrir Lappland var 29%, sem er eitt af norðlægu og erfiðu svæðunum í Skandinavíu, og það var mesta tapið í framangreindum héruðum Skandinavíu og Finnlands.

Vægi höfuðborgarsvæðisins á Íslandi er mjög mikið vegna þess að 58% þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á Norðurlöndunum er vægi þéttbýlis með 50 þús. íbúa eða fleiri aðeins frá 31% upp í 39% og höfuðborgirnar annars staðar á Norðurlöndunum hýsa frá 17% til 26% íbúanna. Hér eru þeir hins vegar rétt tæplega 40%. Því er ljóst, samandregið sagt, herra forseti, að sérstaða búferlaflutninganna frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis hér á landi er mjög mikil.

Herra forseti. Ég talaði áðan um mat á búsetuskilyrðum og hvert mat fólks er á búsetuskilyrðum sínum. Á meðan samskipti ríkis og sveitarfélaga voru meiri en þau eru núna, og þá á ég við fjárhagsleg samskipti, og fleiri verkefni voru sameiginleg með ríki og sveitarfélögum voru gjarnan notuð þau ráð af hálfu sveitarfélaganna til að fá ríkið til að leggja fram peninga til tiltekinna verkefna að lýsa ástandinu sem verstu. Það má orða það þannig að menn hafi talið vænlegast til að ná peningum frá ríkisvaldinu að barma sér sem mest. Ég er handviss um það, herra forseti, að sú aðferð að lýsa landsbyggðinni eins og oft var gert á þessum tíma, við erum að tala um eins og á áttunda áratugnum og níunda áratugnum, allt fram að verkaskiptunum 1989, að þær lýsingar sem sveitarstjórnarmenn og héraðshöfðingjar ýmsir létu frá sér fara á þessum tíma á ástandinu heima fyrir voru ekki til þess fallnar að íbúarnir á þessum svæðum litu björtum augum á búsetuskilyrði sín. Það verður að segjast eins og er að landsbyggðin var sjálfri sér verst á þessu tímabili. Í rauninni var skelfilegt að heyra hvernig menn með þessum hætti „auglýstu" svæði sín. Í stað þess að leggja áherslu á það sem jákvætt var og gott, í stað þess að segja frá því hvað það var sem virkilega gerði það að verkum að fjöldi fólks vildi eiga heima á ýmsum stöðum úti á landi, var fyrst og fremst dregið fram það sem neikvætt var. Svo voru menn alveg hissa á því að fólk skyldi flytja í burtu en það var matið á búsetuskilyrðunum sem fólk heyrði frá þeim sem það hafði kjörið til að vera forsvarsmenn sínir sem hafði auðvitað mikil áhrif á það hvernig fólk brást við þegar því var sagt aftur og aftur hvað aðstæður þess væru slæmar í samanburði við höfuðborgarsvæðið, það var alltaf samanburðurinn, þá kom að því einn góðan veðurdag að fólk trúði því að búsetuskilyrði þess væru óþarflega slæm í samanburði og matið fór eftir því.

Þetta held ég hafi verið alveg skelfilega rangt en á móti bentu menn á það að ef þeir létu sem svo að allt væri í góðu lagi kæmu engir peningar frá ríkinu og þá var lítið

hægt að gera. Ég held að þetta sé, herra forseti, ein stærsta ástæða þess að best sé að það sé algerlega hreint borð milli ríkis og sveitarfélaga og sveitarfélögin hafi sjálf sem flest verkefnanna og beri á þeim ábyrgð. Það er þá ekki á annan að benda. En til þess þarf að breyta ýmsum þeim ákvæðum sem eru í frv. til sveitarstjórnarlaga hvað varðar aðstöðu sveitarfélaganna til að taka við þessum verkefnum.

Það virðist vera mat fólks að framfarir á sviði menningar- og afþreyingarmála skynji menn helst á höfuðborgarsvæði og síðan á Norðurlandi eystra, þ.e. það ræðst af þéttbýli. Því meira þéttbýli, því bjartsýnna virðist fólk vera á framfarir í ýmsum mikilvægum málaflokkum. Sú könnun sem var gerð sérstaklega tók til ýmissa málaflokka. Hún tók til atvinnumála, opinberrar þjónustu, húsnæðismála, menningar- og afþreyingaraðstöðu, samgangna, verslunar og þjónustu, umhverfisskilyrða og veðurfars. Mér fannst dálítið skemmtilegt, herra forseti, að það skyldi vera kannað hjá fólki hvað því fannst um veðrið og það kom mér sem Norðlendingi satt að segja dálítið á óvart að við Norðlendingar skyldum ekki skora hæst þar en það voru Austfirðingar. Við komum reyndar þar fast á eftir og það kom engum á óvart að veðurfar á höfuðborgarsvæðinu var talið einna lakast. Það vigtar bara ekki nægilega inn í mat fólks á búsetuskilyrðum til að ráða úrslitum. En þetta er það sem við heyrum gjarnan. Þetta er stöðluð veðurímynd landsins þó svo að við sem búum bæði fyrir norðan og sunnan getum haft ýmsar skoðanir á þessu aðrar en þær sem felast í þessu mati, en það segir okkur kannski hvað þetta mat getur byggst á stöðluðum hugmyndum fólks um það hvað er gott og hvað er vont.

Niðurstaða heildarmats á búsetuskilyrðum var þannig að íbúar höfuðborgarsvæðisins voru ánægðastir með búsetuskilyrði sín. Eðlilega. Það er búið að segja þeim í svo mörg ár að þau séu langbest hér. Íbúar Norðurl. e., einkum Akureyrarsvæðisins, fylgja fast á eftir, og þarf kannski ekki að koma á óvart vegna þess að þar er þéttbýlið mest fyrir utan höfuðborgarsvæðið og mestir möguleikar bæði hvað varðar fjölbreytilega atvinnu og afþreyingu.

Mest ánægja með atvinnumál er líka á höfuðborgarsvæðinu en næstmest á Norðurl. e. af þeim ástæðum sem ég gat um hér. Hins vegar er mest kvartað um ófullnægjandi atvinnumál á Norðurl. v. og Vesturlandi og eru það einkum ófullnægjandi atvinnutækifæri eða fábreytileiki atvinnutækifæranna sem kvartað er undan. Það kemur fram í þessu, herra forseti, að almennt megi segja að lítil ánægja sé með atvinnumál á landsbyggðinni. Það held ég að sé bæði efnislegt og kannski líka byggt á samanburði en efnislegt vegna þess að það er ákveðin fábreytni á ýmsum stöðum, m.a. vegna þess að tiltekin þjónusta, sem við höfum getað verið með víðar um landið, hefur ekki náð fótfestu annars staðar en í alstærsta þéttbýli.

Menningar- og afþreyingarmálin, sem skipta mun meira máli en menn kannski gerðu ráð fyrir áður en könnunin var gerð, hafa eðlilega sterkasta stöðu á stærstu þéttbýlisstöðunum vegna þess að þar eru mögleikarnir til fjölbreytni mestir.

Almennt má segja að íbúar fjölmennra svæða væru ánægðari en íbúar þeirra svæði þar sem fáir bjuggu. Það kemur fram í niðurstöðum þessarar rannsóknar að íbúar þéttbýlisstaða með 200–1.000 íbúa hafi sérstöðu fyrir það hve óánægðir þeir eru með búsetuskilyrðin. Það virðist svo aftur breytast þegar fámennið er orðið enn þá meira eða þegar orðið er um hrein landbúnaðarhéruð eða sveitir að ræða. Þegar þar er komið gera menn greinilega bara aðrar kröfur og njóta þá þeirra kosta sem slíkt umhverfi býður upp á á meðan litlu þéttbýlisstaðirnir virðast vera þeim annmörkum háðir að menn gera kröfur um það að fá að njóta kosta þéttbýlis án þess að það sé þó nægjanlega stórt eða fjölmennt til þess að geta veitt íbúunum það sem sóst er eftir. Þarna er því ákveðinn vítahringur á ferðinni.

En þegar skoðað er hverjir eru óánægðir og hverjir það eru sem flytja á milli byggðarlaga kemur í ljós að þeir sem eru óánægðastir með búsetuskilyrði sín er starfsfólk í fiskvinnslu, það eru bændur og síðan sjómenn, og svo ungt fólk á aldrinum 18–24 ára sem gjarnan býr í leiguhúsnæði eða hjá foreldrum sínum. Þetta finnst mér býsna alvarleg niðurstaða, herra forseti, óánægjan með búsetuskilyrðin er mest hjá þeim sem vinna í svokölluðum frumvinnslugreinum og svo hjá unga fólkinu. Þar liggur meginhættan. Enda kemur það í ljós að þeir sem lokið hafa háskólamenntun eða bóklegu framhaldsnámi eru líklegri til að flytja búferlum en aðrir. Þar kemur m.a. til fábreytnin í atvinnulífinu og litlir möguleikar á því að geta nýtt menntun beint. Auðvitað má segja að menntun komi alltaf óbeint til góða en fólk vill gjarnan hafa atvinnu líka af menntun sinni, ekki síst ef um starfsnám er að ræða, og flytur þá búferlum til þess að fá hugsanlega notið þeirrar virðingar og launa sem kunna að fylgja því að vinna við það sem þeir menntuðu sig til.

Jafnframt kemur fram að þeir sem búa í eigin húsnæði flytja síður en fólk sem leigir eða býr hjá foreldrum eða ættingjum. Þetta er kannski atriði sem við munum ræða, herra forseti, þegar við ræðum um frv. til nýrra húsnæðislaga vegna þess að þar er einmitt verið að breyta þessari áherslu dálítið mikið frá eignarhúsnæði yfir á leiguhúsnæði en eins og hér kemur fram er meira los á því fólki sem er í leiguhúsnæði en hinum sem búa í eigin húsnæði.

Auðvitað er rætt um mikilvægi atvinnuþróunar en er þó ekki algilt. Það er miklu frekar að fábreytni atvinnutækifæranna hafi áhrif og þá kannski ekki síst á það hverjir flytja burt eða koma ekki til baka eftir að hafa farið til náms eða ævintýra eitthvert annað. Segja má að þau svæði, sem hafa mest byggt atvinnulíf sitt á sjávarútvegi og landbúnaði, hafa tapað flestu fólki. Tengsl brottflutnings við vægi sjávarútvegs í byggðunum eru sérstaklega sterk. Þetta rímar við það sem ég var að tala áðan um, herra forseti, um það hverjir eru líklegastir til að flytja.

Þegar við erum að tala um fjölbreytni í atvinnulífinu er það auðvitað svo að átt hafa sér stað miklar breytingar í atvinnulífinu á undanförnum árum. Við höfum verið að þróa samfélagið úr iðnaðarþjóðfélagi, þó að sumir segi að við höfum kannski aldrei komið við iðnaðarþjóðfélagið en þá höfum við farið yfir í þjónustusamfélag og nú tala menn um upplýsingasamfélagið. Menn velta því auðvitað fyrir sér hvort landsbyggðin geti ekki átt möguleika í upplýsingasamfélaginu þó að hún hafi kannski átt það í þjónustusamfélaginu. Það hafa menn skoðað og eru sammála um að ekki nægi að treysta því að það gerist af sjálfu sér að upplýsingasamfélagið veiti landsbyggðinni ný atvinnutækifæri heldur þarf að vinna í því. Hér liggur einmitt fyrir þinginu till. til þál. um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri sem tveir hv. þm. flytja, þau Gunnlaugur M. Sigmundsson, sem er einmitt þingmaður Vestfirðinga, og Siv Friðleifsdóttir, sem kemur héðan af höfuðborgarsvæðinu.

Ég hef ekki séð það, herra forseti, í því flóði afgreiðslutillagna sem liggja fyrir hvort þessi tillaga hefur hlotið náð fyrir

augum þeirrar hv. þingnefndar sem hefur fjallað um hana en hún er um það að Alþingi álykti „að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli með því að innleiða með markvissum hætti „fjarstörf“ og „fjarvinnslu“ í ríkisrekstri.“

Þetta er, herra forseti, afskaplega góð tillaga að mínu mati og einmitt dæmi um hluti sem væri svo nauðsynlegt að skoða til þess að við næðum að breikka atvinnutilboð þau sem eru á landsbyggðinni og að fleiri sem vilja sinna ýmsum störfum sem lúta að þjónustu gætu verið að störfum úti á landi en þyrftu ekki að flytja búferlum. Nú gerir tæknin þetta kleift og þess vegna er svo mikilvægt að þetta sé skoðað markvisst.

En ef ég gríp ofan í grg. tillögunnar, með leyfi forseta, þá stendur hér:

„Fábreytni atvinnulífs í dreifbýli er talin ein af ástæðum þess hve hallað hefur á landsbyggðina á undanförnum árum. Framboð á störfum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er mest á höfuðborgarsvæðinu þótt viðkomandi stofnunum sé ætlað að þjóna landinu öllu. Gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að flytja ríkisstofnanir út á land með misjöfnum árangri. Margir benda á að það þjóni illa íbúum landsbyggðarinnar að geta ekki sameinað þau erindi sem þeir kunna að eiga við hinar ýmsu stofnanir í einni ferð til höfuðborgarinnar. Störf í ríkisstofnunum krefjast í vaxandi mæli langskólamenntunar og aukinnar sérþekkingar meðan framboð á slíkum störfum er af skornum skammti í dreifbýli. Á sama tíma færist í vöxt að makar langskólagengins fólks séu einnig langskólagengnir. Þegar kemur að því að velja stað til búsetu að loknu námi er oðlilega horft til þess hvort líkur séu á að hjónin geti bæði fengið vinnu á sínu sviði. Skortur á fjölbreytni í störfum er talinn ein af helstu ástæðum þess að menntað fólk sem ættað er af landsbyggðinni er ekki tilbúið að flytja aftur í fyrri heimabyggð að afloknu háskólanámi. Ef mjög fáir þeirra sem fara í langskólanám af landsbyggðinni flytjast heim aftur að námi loknu er ljóst að afleiðingin verður mikill atgervisflótti sem ekkert byggðarlag fær staðist til lengdar.“

Herra forseti. Eins og þarna kemur fram þá rímar í sjálfu sér það sem hér segir við það sem hefur komið fram í niðurstöðum af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á orsökum búferlaflutninga og jafnframt sýnist okkur að hér sé sá hljómur sleginn sem menn ættu að hlusta eftir þegar þeir eru að velta fyrir sér hvernig hægt er að tryggja betur búsetu á landsbyggðinni eða að breikka atvinnuvalið. Svo ég haldi áfram að vitna í þessu ágætu greinargerð, þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Tæknin hefur nú gert mönnum fært að búa og starfa fjarri vinnuveitanda. Með tilkomu tölvu, internets og tölvumyndavéla hefur gefist stórkostlegt tækifæri til að dreifa þeim störfum út um land sem ríkisvaldið þarf að láta vinna og skapa þannig raunverulegan möguleika fyrir fólk í dreifbýli til að búa við svipaða fjölbreytni í starfsvali og fólk í þéttbýli býr við. Sú tegund starfa sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að komið sé á er hér nefnd „fjarstörf“ en enska hugtakið sem oft er notað yfir þessa tegund starfa er „telecommuting“. Nú þegar er mikið um fjarstörf í Bandaríkjunum og er reynslan af þeim svo góð að fyrirtæki á þéttbýlli svæðum eins og New York og Los Angeles eru jafnvel farin að hvetja starfsmenn sína til að vinna heima hluta úr vinnuvikunni. Vilja fyrirtækin með þessu minnka þann tíma sem fer í ferðir milli vinnustaðar og heimilis og fá þannig ánægðari starfskraft auk þess sem slíkt fyrirkomulag er liður í því að draga úr þeirri loftmengun sem fylgir aukinni umferð. Þá er og vitað að á Íslandi búa nokkrir einstaklingar sem inna störf af hendi fyrir fyrirtæki sem staðsett eru á vesturströnd Bandaríkjanna. Ef slíkt er gerlegt milli heimshluta ætti ekki að vera vandamál fólgið í því að færa störf í ríkisstofnunum út um land með sama hætti. Eins og svo oft áður er vilji allt sem þarf.

Hugmynd flutningsmanna gengur út á að ákveðið hlutfall opinberra starfa verði á hverjum tíma veitt fólki sem býr á landsbyggðinni og sinnir starfinu þar með aðstoð tölvu og nútímafjarskiptatækni. Með tilkomu samskiptabúnaðar á borð við Lotus Notes, ljósleiðara, tölvuskönnun skjala og annarri hraðvirki samskiptatækni er lítill munur á hvort starfsmenn sem vinna að sama verkefni sitja hver í sínu herbergi eða hver í sínum landshluta. Til að innleiða þann starfsmáta sem fylgir fjarstörfum mætti hugsa sér sem raunhæft markmið að þegar í stað verði tvö opinber störf færð yfir í hvert landsbyggðarkjördæmi og þau auglýst til umsóknar sem fjarstörf. Á næsta einu og hálfu ári verði svo metið hvernig til tekst og ríkisreksturinn aðlagaður frekari breytingum í þessa veru. Á grundvelli fenginnar reynslu verði stefnt að því að ekki færri en 2% allra opinberra starfa standi til boða sem fjarstörf árið 2003 og að í lok ársins 2007 verði ekki færri en 5% allra opinberra starfa fjarstörf. Einnig kæmi vel til greina að mati flutningsmanna að örva einkafyrirtæki til að bjóða upp á fjarstörf með því að veita tímabundna skattalega umbun fyrir hvert starf sem þannig væri búið til.

Geri Íslendingar nú átak í að koma á fjarstörfum er þó langt í frá að við verðum fyrstir þjóða til að beita tölvutækninni með þessum hætti. Rakið hefur verið hversu vinsæl fjarstörf eru að verða í Bandaríkjunum. Í Vinnunni, blaði ASÍ, var fyrir skömmu sagt frá því að danska blaðið Aktuelt hefði greint frá nýlegri Gallup-könnun í Danmörku sem sýnir að u.þ.b. sjötti hver Dani vinnur heima með aðstoð tölvutækni. Skoðanakönnunin sýndi að Danir vilja mjög gjarnan vinna heima í einn til tvo daga í hverri viku. Flestir, eða 48%, sögðu ástæðuna vera frelsið til að ráða vinnutíma sínum, 6% nefndu barnagæslu og 23% sparnað í ferðakostnaði. Blaðið Vinnan greinir einnig frá því að hinn mikli áhugi starfsfólks og atvinnurekenda á fjarvinnslu hafi ýtt við dönsku verkalýðshreyfingunni. Sagt er frá því að fyrir tíu árum hafi verkalýðshreyfingin litið á fjarstörf sem ógnun þar sem þessi tegund starfa gæti leitt til „frumskógarvinnumarkaðar lausráðins fólks“ en nú sjái danska verkalýðshreyfingin fjarstörf sem leið til aukins áhrifamátts starfsfólks á skipulagningu og uppbyggingu eigin vinnu. Á árinu 1997 fékk yfir ein milljón danskra launþega ákvæði um fjarstörf í kjarasamninga og hið sama má segja um 620.000 starfsmenn sveitarfélaga og 60.000 starfsmenn í banka- og fjármálastörfum.

Ríkisstjórn Íslands er með þingsályktunartillögu þessari hvött til að hafa frumkvæði í sköpun fjarstarfa hér á landi og stuðla þannig á raunhæfan og markvissan hátt að jöfnun á framboði og fjölbreytni starfa milli landsbyggðar og þéttbýlis.“

Þetta var, herra forseti, hin ágæta tillaga þeirra hv. þm. Gunnlaugs M. Sigmundssonar og Sivjar Friðleifsdóttur um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri og var kynnt hér vegna þess hve mikilvægt er að fjölbreytni atvinnutækifæra á landsbyggðinni verði meiri en verið hefur og það sýna allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið. Það er einn af lyklunum að því að búsetumat fólks úti á landi sé jákvæðara en það hefur verið og að fólk sem hefur menntun eigi möguleika á að hasla sér völl úti á landi, eigi jafnvel möguleika á að

koma heim aftur, ef má orða það þannig, ef um er að ræða einstaklinga sem hafa farið burt til náms.

Það kemur fram að fjölbreytni atvinnutækifæra, menntunarmöguleikar og almenn lífsgæði eru mikilvægust þegar fólk er að velja sér búsetu. Það eru hinir nútímalegu lífshættir sem felast í aðgengi að verslun og þjónustu, í aðgengi að menningu og afþreyingu, sem ráða því hvar fólk vill eiga heima en sömuleiðis gerir fólk kröfur um góðar aðstæður í húsnæðismálum og samgöngum.

Miðað við það sem ég hef rakið virðast ekki miklar líkur á að sú þróun sem verið hefur í búferlaflutningum, og hefur aldrei verið meiri en á undanförnum tveimur árum, muni breytast alveg á næstunni. Það er ljóst að um 14% íbúa landsbyggðarinnar segjast ætla að flytja búferlum milli byggðarlaga á næstu tveimur árum. Reyndar segja rúm 10% íbúa höfuðborgarsvæðisins hið sama en munurinn þarna á milli, 3–3,5% er þá nettótap landsbyggðarinnar, og það er í það miklu samræmi við það sem á undan hefur gengið að það bendir til að heildartap landsbyggðarinnar geti að öðru óbreyttu haldist áfram á svipuðum nótum og verið hefur að undanförnu. Svona lítur þetta út, herra forseti, og þess vegna er merkilegt þegar menn eru að setja fram tillögur þar sem þeir þykjast ætla að fjölga íbúum á landsbyggðinni um svo og svo mikið á tiltölulega stuttum tíma. Við höfum ekki enn þá fengið að kynnast galdraformúlunum en vonandi gefst hæstv. forsrh. færi á að mæla fyrir þáltill. sinni um stefnu í byggðamálum áður en þing fer heim í vor svo við fáum að nema þau hin miklu vísindi sem hljóta að liggja þar að baki.

Nokkuð ljóst er að orsakir búferlaflutninga eru margþættar og ég hef hér getið um möguleika sem hefur verið reifaður í þinginu í þeirri þáltill., sem ég var að vitna í áðan, til að gera atvinnuval á landsbyggðinni fjölbreyttara og til að gera það mögulegt að landsbyggðin geti haldið í sitt í upplýsingabyltingunni þótt hún hafi ekki getað það í þjónustusamfélaginu, svo við notum þau heiti sem hafa verið sett á hin ýmsu tímabil í þróunarsögunni. Það er alveg ljóst að menntun er samt sem áður það sem mun ráða úrslitum um framvindu mála á landsbyggðinni. Ég held að öllum komi saman um það. Hinum fábreyttari störfum er að fækka og öll þróun kallar á ýmiss konar sérhæfingu og menntun. Eins og ég gat um áðan er það líka ein ástæða þess að fólk flytur í burtu að það þarf að fara til annarra landshluta, aðallega þó á höfuðborgarsvæðið, til að leita sér menntunar og hverfur síðan ekki heim aftur, m.a. vegna þess að atvinnutækifæri gefast ekki.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, hefur fjallað um æðri menntastofnanir og mikilvægi nýrra menntunartækifæra í erindi sem ég vil gjarnan vitna í máli mínu til stuðnings um það hversu mikilvægt er að menn byggi skólakerfið upp um allt land, ekki bara grunnskólastig og framhaldsskólastig heldur einnig háskólastig. Ég hygg reyndar að mönnum á Alþingi sé nokkuð ljóst hve mikilvægt það er að háskólastigið sé byggt upp víðar en í Reykjavík en vissulega finnst mér og fleirum að rösklegar mætti ganga til verks vegna þess að satt að segja hefur þurft að draga hverja krónu undan nöglunum á ríkisvaldinu, á þeim sem ráða fjármálum þjóðarinnar, til að byggja upp Háskólann á Akureyri. Þó svo að þegar séu komnir peningar í að undirbúa háskólamenntun á Austurlandi óttast ég að þar þurfi mikla orku áður en áfram verður haldið. En í því erindi, sem ég ætla að vitna í, sem Þorsteinn flutti á ráðstefnu á Akureyri, fjallar hann um mikilvægi nýrra menntunartækifæra, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, einkum frá sjónarhóli þess sem sér framtíð fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu. Þetta skiptir máli, herra forseti, að fjallað sé um þessi mikilvægu mál, menntunartækifæri á framhaldsskólastigi og háskólastigi frá sjónarhóli þess sem sér framtíð fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu. Hann fjallar í erindinu um starfsemi Háskólans á Akureyri og gildi hans fyrir menntun og atvinnulíf á landsbyggðinni og síðan líka um áherslur framhaldsskólans og möguleika framhaldsskólanna til að tengjast betur atvinnulífi með nýrri samskiptatækni sem virðist vera lykillinn að ýmsu ef menn vilja nota hann. Þá er það fyrst Háskólinn á Akureyri:

„Sérstaða Háskólans á Akureyri felst einkum í því að vera eini deildaskipti háskólinn utan Reykjavíkursvæðisins. Hann er atvinnulífstengdur og menntar fólk til ákveðinna starfa í samfélaginu eins og t.d. hjúkrunarfræðinga, kennara, rekstrarfræðinga og sjávarútvegsfræðinga. Háskólinn á Akureyri lítur á það sem meginhlutverk sitt að tryggja að háskólamenn kunni til verka í nútímaupplýsingaþjóðfélagi og í gegnum háskólanám sitt hafi þeir öðlast þau verkfæri sem þarf til að efla atvinnulífið í landinu. Þannig er miðað við að kennsla og rannsóknir nýtist sem best til að byggja upp atvinnulífið úr núverandi stöðu þess. Fyrir landsbyggðina er talið mest áríðandi að fá til starfa háskólamenntað fagfólk á sviði heilbrigðis- og kennslumála, í sjávarútvegi og öðrum fyrirtækjarekstri. Þessi þörf landsbyggðarinnar endurspeglast í viðfangsefnum deilda háskólans.

Tengsl Háskólans á Akureyri við rannsóknastofnanir atvinnuveganna og fyrirtæki eru velþekkt. Varðandi námsframboð þá eru deildir háskólans frumkvöðlar í að koma fram með ný menntunartækifæri. Sjávarútvegsdeild háskólans er sú eina sinnar tegundar hér á landi og undirbýr nú nám í matvælaframleiðslu sem er sniðið að þörfum atvinnulífsins á landsbyggðinni. Rekstrardeild sérhæfir sig í gæðastjórnun og hefur mjög sveigjanlegt námsskipulag sem gerir henni kleift að aðlaga sig skjótt að breyttum þörfum atvinnulífsins. Kennaradeildin leggur áherslu á raungreinakennslu og starf í fámennum skólum og er brautryðjandi í að koma á fót námi á háskólastigi fyrir leikskólakennara. Heilbrigðisdeildin er m.a. frumkvöðull í að bjóða upp á meistaranám í hjúkrunarfræði í samvinnu við erlendan háskóla." — Þetta er líka athyglisvert, herra forseti, að boðið skuli vera upp á meistaranám í hjúkrunarfræði á Akureyri og það í samvinnu við erlendan háskóla en þar kemur einmitt nútímafjarskiptatækni mjög við sögu.

„Mesta gildi Háskólans á Akureyri felst þó í þeim nemendum sem hann útskrifar. Eitt aðalhlutverk heföbundinnar háskólamenntunar hér á landi hefur löngum verið að útskrifa opinbera embættismenn sem starfa og stjórna í höfuðborg landsins. Í rannsóknum félagsvísindamanna hefur t.d. komið í ljós að u.þ.b. 60% háskólamenntaðra Íslendinga vinna í opinbera geiranum en eins og kunnugt er eru langflest störf á vegum hins opinbera á höfuðborgarsvæðinu. Háskólinn á Akureyri hins vegar menntar háskólafólk sem hefur að miklu leyti sest að á landsbyggðinni og gegnir sú vaska sveit ungra manna og kvenna þar í vaxandi mæli leiðandi hlutverki í sjávarútvegi, rekstri fyrirtækja, mennta- og heilbrigðismálum.

Þörfin fyrir háskólamenntað fólk er ótvírætt mest í fyrirtækjum sem starfa á landsbyggðinni." — Vakin er athygli á niðurstöðum Stefáns Ólafssonar sem benda á að háskólamenntað fólk vinnur að öllu jöfnu í opinbera geiranum en í miklum minni hluta í framleiðslu- og útflutningsgreinum og

að aðeins um 2% háskólamenntaðra manna vinna við sjávarútveg en sú atvinnugrein er þó mikilvægasta undirstaða útflutningsteknanna.

„Háskólafólk sem útskrifast frá Háskólanum á Akureyri hefur skilað sér vel til atvinnulífs á landsbyggðinni. Úr hópi brautskráðra frá Háskólanum á Akureyri vorið 1996 eru 42% búsettir á Akureyri, 36% eru búsettir utan Akureyrar og Reykjavíkur og 21% eru búsettir í Reykjavík. Þeim hópi brautskráðra sem setjast að á landsbyggðinni utan Reykjavíkur og Akureyrar fer hlutfallslega fjölgandi. Svo dæmi sé tekið af sjávarútvegsdeild háskólans þá hafa 20 sjávarútvegsfræðingar útskrifast þaðan. Af þeim starfa 17 í stjórnunarstörfum í sjávarútvegsfyrirtækjum á landsbyggðinni og aðeins einn starfar hjá því opinbera."

Þetta var um háskólann og mikilvægi hans fyrir uppbyggingu í atvinnulífi landsbyggðarinnar í fjölbreyttara atvinnulífi og þeim menntunarmöguleikum sem þar þyrfti að bjóða upp á, ekki bara fyrir norðan heldur víðar.

Það skólastig sem mikið er fjallað um í þingsölum er framhaldsskólinn, bæði vegna þess að við erum tiltölulega nýbúin að setja ný lög um framhaldsskóla og einnig vegna hins að ungmenni sem sækja framhaldsskóla eru alla jafna enn þá á framfæri foreldra sinna og þess vegna hefur staðsetning framhaldsskólans, þ.e. það hvort framhaldsskóli er í viðkomandi sveitarfélagi eða ekki, haft veruleg áhrif á það hvar fjölskyldur velja sér búsetu. En á 8. og 9. áratugnum þróaðist ný skólahreyfing á Íslandi, áfangakerfisskólarnir eða fjölbrautaskólarnir. Til dæmis um hversu mikil bylting þetta var þá voru árið 1967 aðeins til fjórir menntaskólar sem útskrifuðu stúdenta en árið 1983 voru þeir a.m.k. 22 og munar þar að langmestu leyti um fjölbrautaskólana en flestir þeirra hófu hins vegar ekki starfsemi sína fyrr en eftir 1975. Margir þessara skóla voru byggðir upp á landsbyggðinni og í áfangakerfinu var það yfirleitt markmið að tengja saman námsheðir bóknáms og verknáms. Þrátt fyrir að kerfið hafi um margt bætt skólastarf hér á landi hefur þetta markmið að ýmsu leyti snúist upp í andstæðu sína. Í framhaldsskólum hefur vægi bóknáms stóraukist á undanförnum árum á kostnað verklegs náms. Stjórnvöld hér á landi hafa séð að við svo búið mátti ekki standa. Þannig segir svo í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu frá 1994. Hér er vitnað beint í skýrsluna:

„Ljóst er að endurskoða þarf frá grunni námsframboð framhaldsskólans og námsuppbyggingu á einstökum námsbrautum í þeim tilgangi að miða námið í ríkara mæli við þarfir einstaklinga, atvinnulífs og þjóðfélagsins í heild."

Nú er yfirlýst, herra forseti, að þetta hafi verið gert í þeim framhaldsskólalögum sem nú er starfað eftir. Þess gætir þó ekki enn. Lítið hefur gerst sem bendir til þess að áherslur hafi breyst. Ljóst er að verknám og starfsnám ýmiss konar er mun dýrara en bóknám og enn höfum við ekki séð að meira fjármagni væri varið til framhaldsskólans. Enn höfum við ekki séð þær breytingar sem menn gerðu sér vonir um. Vonandi munu þær verða á næstu árum. Auðvitað er mjög mikilvægt að þessi þáttur skólastarfsins verði efldur eins og vonir manna hafa staðið til áratugum saman.

Þorsteinn Gunnarsson nefnir það í ræðu sinni sem dæmi um sérkennilegar áherslur að framhaldsskólinn leggi nánast enga áherslu á menntun í matvælagreinum eða sáralitla. Nú er verið að byggja skóla í Kópavogi sem við bindum vonir við að auki vinsældir matvælagreina en á móti er auðvitað verið að leggja niður skóla eða námsbrautir annars staðar. Það þykir merkilegt að um eða yfir 80% af vöruútflutningi Íslendinga eru matvæli, fiskur eða kjöt, og sérkennilegt að engin heildstæð stefna er til um menntun þeirra sem vinna í þessari atvinnugrein og námsframboð á þessu sviði er því harla fábreytilegt.

*Herra forseti. Eins og ég fór yfir áðan, varðandi möguleika á fjölbreytileik starfa með fjarvinnslu, þá á hin nýja tölvu- og samskiptatækni líka að gera framhaldsskólanum kleift að aðlaga sig atvinnulífinu. Svo ég endurtaki það enn og aftur þá er hin nýja tækni í raun lykill að ýmsum þeim nauðsynlegu breytingum sem við þurfum að sjá í okkar mennta- og atvinnulífi.*

Í erindi Þorsteins Gunnarssonar er farið yfir það að Verkmenntaskólinn á Akureyri hafi verið brautryðjandi í að hagnýta tölvusamskipti til fjarkennslu á framhaldsskólastigi og farið nokkuð yfir það hvað það hefur skipt miklu máli.

Í erindinu er getið um háskóla í Oklahóma þar sem menn eru með kennslusjónvarp og eitt af þeim sjónvarpsnetum sem þar eru samanstendur af háskólum og 11 framhaldsskólum og héraðsháskólum. Það kerfi er fullkomlega gagnvirkt og hægt að fylgjast með fjórum sjónvarpsskjám samtímis í sömu kennslustofunni. Hér er, herra forseti, verið að fjalla um nýja tækni sem getur gefið okkur nýja möguleika til breytingar á menntakerfi okkar. Þessir möguleikar hafa verið til umræðu og sú sem hér stendur hefur m.a. flutt þáltill. um að nýttir verði þannig að markvisst yrði unnið í því að setja fram tillögur um það hvernig nýta megi fjarkennslu á grunn-, framhalds- og háskólastigi til að jafna aðstöðu til náms. Ég mun koma betur að því síðar, herra forseti, í ræðu minni.

Sá búnaður og þeir möguleikar sem verða munu til staðar í bandarískum háskólum eru ekki komnir að marki hér til okkar þó að við séum á sumum sviðum býsna framarlega í fjarkennslu. Hins vegar er ljóst að Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands eru að koma sér upp sjónvarpsbúnaði sem mun gefa ýmsa möguleika, t.d. þá að sjónvarpa kennslu á báða vegu milli háskólanna með fullum fjölmiðlunargæðum, að vera kjarni í myndveri til að framleiða kennsluefni og að vera kjarni í miðstöð fyrir fjarkennslu sem síðar næði til fleiri landsvæða. Ljóst er að þáttur *heimanáms, símenntunar* og endurmenntunar mun stóreflast í kjölfar þessarar nýju tækni.

Sú harðnandi alþjóðlega samkeppni sem einnig er á sviði háskólamenntunar gerir það að verkum að við þurfum að horfa á fjarskiptatækni sem lykil í því að við stöndum okkur. Fjarkennsla milli háskólanna mun efla háskólamenntun í landinu og gera hana fjölbreyttari. Í næstu framtíð mun fjarkennsla ekki aðeins vera möguleg milli háskólanna hér á landi heldur má hugsa sér að háskólarnir tengist menntasetrum t.d. á Austurlandi og Vestfjörðum með þessum búnaði.

Það er sérstaklega áhugavert, herra forseti, að horfa til þess að við getum gert menntunarmöguleika og atvinnumöguleika svo miklu fjölbreyttari en þeir eru núna með nýrri tækni, með því að tengja háskólana bæði á Akureyri og Háskóla Íslands við háskólasetur bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum og jafnvel víðar, sé metnaður er fyrir hendi. Að mínu mati mun það skipta sköpum hvað stjórnendur eru tilbúnir til þess að setja mikla peninga til þessa á næstu árum. (**Gripið fram í:** Jafna aðstöðu til náms.) Til að jafna aðstöðu til náms, já, sem er auðvitað stórt atriði þegar við erum að horfa til búsetuþróunar í landinu og þess umhverfis sem við viljum búa Íslendingum, hvort sem það er með lögum um sveitarstjórnir eða annað. (**Gripið fram í:** Um bæjarstjórnir.)

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að fá háskólamenntað fólk sem kann til verka í nútímaupplýsingaþjóðfélagi til starfa í fyrirtækjum og stofnunum á landsbyggðinni. Ein leiðin að þessu markmiði er að efla og auka þau menntunartækifæri sem nú eru í boði á háskólastigi á landsbyggðinni. Þar ræður væntanlega sama lögmál og hefur ráðið því að þeir sem hafa útskrifast úr Háskólanum á Akureyri hafa haft meiri tilhneigingu til að setjast að úti á landi en þeir sem hafa útskrifast úr háskóla í Reykjavík. Ef við menntum fólk, sem hefur sérstaka þekkingu á möguleikum hinnar nýju tækni úti á landi, þá mun það jafnframt koma landsbyggðinni til góða.

Framfarir í samgöngum og bylting í fjarskipta- og upplýsingatækni auðveldar okkur að koma upp fyllilega samkeppnishæfri háskólastarfsemi á fleiri stöðum á landsbyggðinni. Margir telja því að hin nýja tölvu- og fjarskiptatækni muni sjálfkrafa leysa úr þeim búsetuvanda sem hinar dreifðu byggðir í landinu standa frammi fyrir. Ekkert er þó fjær sanni. Það gerist ekkert sjálfkrafa í þessum efnum, herra forseti. Það vitum við af reynslunni. Það þarf virkilega að vinna í þessum málum. Í þessu sambandi skiptir máli hvernig og hvort hinni nýju tækni er beitt með tilvísun til þess sem fólkið í landinu er að fást við. Það virðist því miður vera landlæg tregða hjá stjórnvöldum að skipuleggja háskóla- og rannsóknastarfið í landinu þannig að það nýtist atvinnulífi og fólki um allt land. Auðvitað er það mjög alvarlegt.

Þegar við horfum til möguleika á fjölbreytileik í atvinnu úti á landi og einnig á þá breytingu sem átt hefur sér stað á undanförnum tveimur árum, sérstaklega í byggðaþróun, þar sem flutningar til höfuðborgarsvæðisins hafi aldrei verið meiri, þá horfum við auðvitað til þess sem gerst hefur hér. Mikil uppbygging orkufreks iðnaðar er hafin á suðausturhorni landsins og val á staðsetningu þessara stóriðjuvera er auðvitað á ábyrgð íslenskra stjórnvalda.

Stjórnvöld bera líka ábyrgð, herra forseti, gagnvart þeim íbúum landsins sem ekki njóta nálægðarinnar við þessi umsvif. Nauðsynlegt er að stjórnvöld bjóði íbúum landsbyggðarinnar þær úrbætur að háskólamenntun og rannsóknir í þágu atvinnulífsins á landsbyggðinni verði efldar. Það er svarið. Til að þessi kostur verði raunhæfur þarf auðvitað auknar fjárveitingar frá opinberum aðilum og atvinnulífi. Það þarf tilfærslu og endurskipulagningu stofnana og hagnýtingu upplýsingatækni, t.d. í þágu fjarkennslu. Grípa þarf til sérstakra aðgerða til að skapa skilvirkan aðgang að háskólamenntun á þeim landsvæðum sem nú eru í mestri fjarlægð frá háskólastarfi. Þar nefni ég enn og aftur Austurland og Vestfirði.

Þetta var, herra forseti, hugleiðing um mikilvægi nýrra menntunartækifæra og æðri menntastofnanir á landsbyggðinni. Ég studdist m.a. við erindi Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, en hann hefur fjallað mjög mikið um þessi mál eins og menn þekkja.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi ætla ég að fara yfir frv. sjálft. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir ákveðna hluta úr frv. Ég fór fyrst og fremst yfir nokkrar spurningar sem ég varpaði til hæstv. félmrh. Hann mun væntanlega svara mér í sinni lokaræðu. Hann svaraði mér ekki þá, enda gerði ég ekki miklar kröfur til þess. Í máli mínu kom ýmislegt fram sem ég vænti að hann skoði betur áður en hann svarar. Ég hef hins vegar áhuga á því að fara yfir frv. sjálft og skoða einstakar greinar þess með tilliti til þeirra brtt. og athugasemda sem fram hafa verið lagðar varðandi það. Enn sem komið er mun ég ekki fjalla um 1. gr. Í upphafi ræðu minnar kvaðst ég munu geyma umfjöllun bæði um 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið þar til í lokin.

Af hálfu hv. félmn. er gerð brtt. við 4. gr. en hún lýtur að heiti sveitarfélaga. Mikill munur á þessari grein, um heiti sveitarfélaga, og þeirri sem er í gildandi lögum. Möguleikar sveitarfélaganna til nafngifta eða til nafntöku eru rýmkaðir mjög en hv. félmn. hefur gert brtt. við 4. gr. þar sem sagt er að sveitarstjórn skuli fá umsögn örnefnanefndar um þá nafngift. Þetta er talið nauðsynlegt í ljósi þess að menn vilja viðhalda ákveðnum venjum og reglum í nafngiftum og til að koma í veg fyrir slys eins og menn þykjast hafa séð að hafi orðið í nafngiftum sveitarfélaga á undanförnum árum. Þar hefur misjafnlega tekist til og að hluta má kenna um þeim þrönga ramma sem nafngiftum er settur í gildandi sveitarstjórnarlögum. Hv. félmn. þótti rétt að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni og ég styð þá brtt. sem hér er gerð.

Einnig gerð brtt. af hálfu hv. nefndar við 5. gr. sem fjallar um byggðamerki. Mér sýnist að það sé svona fremur til einföldunar. Í brtt. segir að greinin skuli orðast svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá."

Greinin er ný og kemur í stað þeirrar sem er í frv. Menn kunna að reka hornin í það að iðnrh. eigi að setja reglur um skráningu en það helgast af því, herra forseti, að Einkaleyfastofan er undir iðnrn., enda fjallar Einkaleyfastofan ýtarlega um 5. gr. og ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins í þá umfjöllun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einkaleyfastofan hefur það hlutverk að sjá um framkvæmd laga er varða vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Nánar tiltekið veitir stofnunin viðtöku umsóknum um vernd vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar og meðhöndlar umsóknir í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga og reglugerða.

Í vörumerkjalögum er merkjum íslenskra bæjar- eða sveitarfélaga veitt óbein vernd í samræmi við ákvæði Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Í 14. gr. laga nr. 45/1997 segir að vörumerki megi ekki skrá „... ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- eða sveitarfélaga ... eða annað sem til þess er fallið að villst verði á því og framangreindum merkjum eða táknum ...". Þrátt fyrir þetta ákvæði er stofnuninni ekki gert skylt að halda skrá um slík merki.

Í 5. gr. umræddS frumvarps segir að tilkynna skuli ákvörðun um byggðarmerki til byggðarmerkjanefndar er félagsmálaráðherra skipar. Nefndin á m.a. að fjalla um útlit byggðarmerkja og skal félagsmálaráðuneytið setja almennar reglur um slík merki.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að tvö ráðuneyti setji reglur um byggðarmerki og tveir aðilar fari með framkvæmdina, þ.e. byggðarmerkjanefnd og Einkaleyfastofan.

Að mati Einkaleyfastofu er þetta fyrirkomulag óhentugt, jafnt fyrir umsækjendur sem framkvæmdaraðila. Ljóst þarf að vera hvaða aðili tekur ákvörðun um skráningarhæfi og

annast framkvæmd skráningar. Sé þetta í höndum tveggja aðila getur leikið vafi á hvor þeirra tekur lokaákvörðun um skráningu merkis og ber að öðru leyti ábyrgð á framkvæmdinni.

Komið gætu upp vandkvæði, m.a. varðandi eftirfarandi tilvik: Til hvaða aðila ber umsækjanda að snúa sér fyrst? — Er nauðsynlegt að leita til beggja aðila? — Við hvaða tímamörk yrði réttarvernd miðuð? Til hvaða „æðra stjórnvalds" ætti að beina kæru? Hvaða aðili ber kostnað af skráningu og birtingu?

Þá vill Einkaleyfastofan benda á að í frumvarpið vantar heimild til gjaldtöku og grundvallarákvæði varðandi skilyrði til skráningar. Einnig vantar heimild til ógildingar, en slík þyngjandi ákvæði eiga varla heima í reglugerð.

Rétt þykir að vekja athygli á því að í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins segir að stuðst sé við danskar reglur. Ef litið er til 4. gr. dönsku laganna kemur í ljós að gert er ráð fyrir að einungis iðnaðarráðherra setji reglur um skráningu þarlendra byggðarmerkja og að framkvæmdin sé í höndum einnar stofnunar, þ.e. „Patentdirektoratet" [einkaleyfaskrifstofan danska]. Í reglugerð sem iðnaðarráðherra Dana setti árið 1993 eru nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir skráningu og framkvæmdina að öðru leyti.

Einkaleyfastofan telur að þar sem fyrirmynd að lagaákvæðinu er sótt í dönsk lög sé eðlilegt að reglur og framkvæmd séu með sama hætti og í Danmörku. Því leggur stofnunin til að iðnaðarráðuneytið og Einkaleyfastofan fari að öllu leyti með framkvæmd skráningar byggðarmerkja."

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að hv. félmn. virðist hafa fallist á öll þessi rök Einkaleyfastofunnar og gerir tillögu að nýrri 5. gr. í ljósi þess.

Þá komum við að 6. gr. Ég þykist nú, herra forseti, hafa fjallað nokkuð um 6. gr. en þar er fjallað um lágmarksíbúatölu, að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé 50 íbúar. Ég þykist hafa með ýmsum tilvitnunum og löngum ræðuhöldum rökstutt það að ef við ætlum að efla landsbyggðina, ef við ætlum að flytja verkefni út á land eða reikna með að sveitarfélögin sinni þeim verkefnum sem þau hafa nú þegar, þurfum við auðvitað að skapa til þess ákveðinn stjórnsýslulegan grundvöll. Hann er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum og það stendur ekki til að hann verði fyrir hendi miðað við það frv. sem hér liggur fyrir. Það er munur á núgildandi lögum og þessu frv. að því leytinu til að staðan er veikt í þessu frv. frá því sem nú er. Bæði í gildandi lögum og í frv. er gert ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags sé 50 íbúar en í gildandi lögum er þó ákveðin skylda til samstarfs, þ.e. sveitarfélögin eru skyldug til ákveðins samstarfs. En samkvæmt frv. er engin skylda lengur fyrir hendi til samstarfs þannig að segja má að verið sé að fara í áttina frá því að skapa möguleika á því að sveitarfélögin geti í fyrsta lagi annast þau verkefni sómasamlega sem þau nú hafa með höndum eða eiga að hafa með höndum og í öðru lagi virðist ekkert vera gert til að skapa þeim möguleika á að taka við þeim stóru verkefnum sem sannarlega virðist eiga að flytja til sveitarfélaganna á næstu árum. Þetta er að mínu mati mjög alvarlegt, herra forseti, og ég skil hreint og klárlega ekki hvað vakir fyrir þeim mönnum sem setja hlutina svona fram.

Ég hef rakið í löngu máli hversu mikil byggðaröskunin hefur verið á Íslandi, hversu miklu meiri hún hefur verið hér en í norðlægum héruðum nágrannalandanna, hvernig sveitarfélögin virðast í rauninni hafa reynst ófær um að uppfylla óskir og þarfir íbúanna, hvernig þau virðast hafa verið ófær um að skapa það jákvæða viðhorf eða það að búsetumat íbúanna væri það jákvætt að þeir teldu sig eiga bestu möguleika á að búa úti á landi. Ég vil meina að hluti af þessu sé það að sveitarfélögin hafi aldrei verið nógu burðug til að taka við verkefnum frá ríkinu. En ekki virðist eiga að verða nein breyting þar á, þvert á móti. Líka er verið að afnema þá skyldu sem sveitarfélögin höfðu til samstarfs. Nú virðist það því vera nægjanlegt, að mati einhverra a.m.k. — væntanlega mun hv. félmrh. útskýra þetta fyrir okkur einhvern tímann í ferlinu — að 50 íbúar myndi sveitarfélag og þá á það að geta uppfyllt þarfir sinna íbúa. Reynslan hefur hins vegar sýnt okkur allt annað, herra forseti, og ef mönnum væri einhver alvara með því að þeir vildu snúa þessari þróun við í byggðarþróun á Íslandi þá held ég að þarna liggi ein af þeim ástæðum sem menn ættu að fást við.

Ég vil gjarnan, herra forseti, vitna í það sem Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, hefur sagt um sköpun verkefna heima í héraði í tengslum við þróun byggðar á Íslandi, til að styðja það sem ég er hér að reyna að segja. Hann var með erindi á þessari ágætu ráðstefnu á Akureyri sem var haldin fyrir ári síðan á vegum Byggðastofnunar um þróun byggðar á Íslandi og fjallaði þá m.a. um hvernig hægt væri að styrkja byggðina heima fyrir með sköpun verkefna heima í héraði.

Þar segir hann m.a. að hann vilji láta það koma fram strax í upphafi að niðurstaðan í framlagi hans sé að áhrifamesta leiðin til þess að treysta byggð á Íslandi sé að efla sveitarstjórnarstigið í landinu.

Ég hef það á tilfinningunni, herra forseti, að þegar ýmsir hér eru að tala um að þeir vilji efla sveitarstjórnarstigið þá felist það í því að flytja verkefni frá ríkinu algerlega án tillits til þess hvort sveitarfélögin geta tekið við þessum verkefnum eða ekki og það er ekkert gert, nákvæmlega ekki neitt, til að auðvelda sveitarfélögunum að taka við þessum verkefnum. Það að efla sveitarstjórnarstigið merkir hér, á hinu háa Alþingi, miðað við það frv. sem hér liggur fyrir, að verkefni eru flutt frá ríkinu. Ég hef ekki enn þá séð viðleitni til þess að það sé tryggt að sveitarfélögin geti tekið við verkefnunum.

Gísli Sverrir Árnason bendir á að þetta sé að gerast smám saman með sameiningu sveitarfélaga um land allt. En betur má ef duga skal.

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hversu lengi við getum beðið. Eigum við að bíða þangað til Vestfirðirnir hafa tæmst eða Norðurland vestra eða hversu lengi eigum við að bíða? Hvernig eigum við að nálgast þetta? Af hverju þora stjórnvöld ekki að taka af skarið? Eru áhrif héraðshöfðingja svona mikil? Er hún svo hættuleg þessi fækkun fyrirmanna í héraði sem einu sinni var nefnd sem meginástæða þess að sveitarfélögunum fækkaði ekki? Ég veit það ekki, herra forseti, en a.m.k. finnst mér eitthvað vera á skjön hér.

Á hinum Norðurlöndunum voru sveitarfélögin sameinuð með lagaboði eftir að þau höfðu fengið ákveðið svigrúm til að sýna hvers þau voru megnug sjálf fyrir löngu síðan. Ég held að við ættum að velta því svolítið fyrir okkur hvernig við getum gert þessa hluti öðruvísi en við höfum gert þá vegna þess að það er alveg ljóst að þetta hefur ekki gengið nógu vel hjá okkur.

En ég ætla að fara betur ofan í saumana á því sem Gísli Sverrir Árnason segir síðar í minni ræðu því ég vil gjarnan, herra forseti, komast í 7. gr. Þar er brtt. frá, ekki bara hv. nefnd, heldur kemur brtt. til nefndarinnar frá Páli Péturs-

syni félmrh. Þetta er brtt. við 7. gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra."

Herra forseti. Hér er um gjörbreytingu að ræða frá því sem áður hefur verið í rekstri sveitarfélaganna og í lögum sem um þau hafa gilt. Ég tek eftir því að í umfjöllun um 7. gr. og þeim athugasemdum sem borist hafa er fyrst og fremst fjallað um ný verkefni sveitarstjórna, Ríkisendurskoðun er með langan kafla um samkeppnissjónarmið varðandi verkefni sveitarfélaga, en enginn fjallar um þessa nýju áherslu sem þarna er komin inn um arðgjafarmarkmiðin vegna þess að hún var aldrei send út til umsagnar, af því hún kemur inn sem brtt. á seinni stigum. Ég verð að segja, herra forseti, að ég er nokkuð viss um að ef þessi tillaga hefði verið inni í frv. þegar það var sent út til umsagnar hefðu skapast líflegri umræður um frv. í heild sinni en gerðist því hér er, eins og ég segi, um gjörbyltingu að ræða í þeim áherslum sem verið hafa.

Menn hafa úr ræðustóli á hinu háa Alþingi látið að því liggja að hér væri í raun um brot á stjórnarskrá að ræða, þar sem segir að eigi megi leggja á skatta nema með lögum, vegna þess að hér er í rauninni verið að gefa út opna heimild til sveitarfélaganna hvað það varðar að taka gjald fyrir þjónustu sína langt umfram þann kostnað sem þau þurfa að leggja í við að bjóða þá þjónustu.

Það er athyglisvert að í Morgunblaðinu í dag er fjallað sérstaklega um þessa brtt. Fjórdálka grein upp á nánast síðu í blaðinu er lögð undir þessa brtt. undir heitinu: „Eðlilegur afrakstur eða dulin skattheimta." Með leyfi forseta, ætla ég að vitna aðeins í þessa grein því það sem hér kemur fram er mjög upplýsandi. Hér er fjallað örlítið um brtt. sjálfa af hálfu blaðamannsins Kristínar Gunnarsdóttur, en að öðru leyti er leitað umsagnar hjá m.a. formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, hjá borgarstjóranum í Reykjavík, hjá bæjarstjóranum í Hafnarfirði og hjá bæjarstjóranum í Garðabæ. Ekki var nú talað við neinn af bæjarstjórunum í litlu landsbyggðarsveitarfélögunum. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að heyra hvað þeim fyndist um þetta ákvæði. En því miður fáum við ekkert um það að vita nema auðvitað að frv. verði frestað og við sendum það aftur út til umsagnar með þessari veigamiklu breytingu vegna þess að hún fór aldrei út til umsagnar og menn vita kannski ekki einu sinni um það, margir hverjir, að þetta liggur hér fyrir.

Í upphafi umfjöllunar Morgunblaðsins er rakið að nú liggi þessi brtt. fyrir og hvernig hún er. Síðan kemur fram að borgarstjórinn í Reykjavík og oddviti Sjálfstfl. í borgarstjórn séu sammála um að þessi heimild sé tímabær þar sem í gildandi lögum sé ekki að finna ákvæði um arðgreiðslur til sveitarfélaganna. En Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, telur óheppilegt og vafasamt að sveitarfélög byggi tekjuöflun sína á þjónustu við íbúana því að það sé dulin skattheimta.

Herra forseti. Þarna er strax búið að tefla saman helsta ágreiningsefni sem þessu fylgir. Það er allt í lagi að það komi fram að auðvitað er það svo að víða um land eru fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna, löngu afskrifaðar hitaveitur og vatnsveitur, sem geta vissulega gefið ágætan arð og ugglaust munu menn skoða þetta ákvæði mjög vandlega með tilliti til þess. Sum þessara fyrirtækja hafa í gegnum tíðina alltaf gefið einhvern arð eða verið látin taka þátt í einhverjum framkvæmdum sem hefur verið réttlætanlegt að þau tækju þátt í. Hér er ekki verið að tengja þessa arðgjöf neinu sérstöku verkefni heldur eingöngu það að gefin er opin heimild á að sveitarfélögin geti sett sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana.

Það er áhugavert, herra forseti, að sjá hvað formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, segir um þetta mál. Ég kýs nú, herra forseti, að lesa það sem Vilhjálmur segir, eins og hann sé að tala sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, frekar en að hann sé að tala sem sjálfstæðismaður í kosningabráttu.

Hann segir að hann telji mikilvægt að réttarstaða sveitarfélaga til eðlilegs arðs af fyrirtækjum sínum sé fyrir hendi í lögum, líkt og gert hafi verið varðandi t.d. Landsvirkjun og í lögum um Hitaveitu Suðurnesja en þar sé að finna ákvæði um hæfilegan arð. Svo er vitnað beint í formann Sambands ísl. sveitarfélaga og hann segir:

„Það verður að treysta eigendum til þess að meta hversu langt þeir vilja ganga í þeim efnum," sagði hann. „Ef einhver yrði ósáttur við þann arð sem sveitarfélögin eru að taka af sínum fyrirtækjum þá væri eflaust hægt að fara með það fyrir dómstóla, sem mundu skera úr um hvað skuli metast hæfilegt."

Þetta er dálítið athyglisvert. Það er svo að langflest fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga eru einokunarfyrirtæki, þ.e. ef fólk er ekki sátt við verðið eða þjónustuna þá á það engan annan kost. En formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sér náttúrlega lausnina á því: Fólk leitar bara til dómstólanna. Það fer bara fyrir dómstólana ef það telur að það sé að borga of háa hitaveitureikninga.

Þetta finnst mér mjög athyglisvert viðhorf, herra forseti, vegna þess að eins og ég sagði er auðvitað verið að tala fyrst og fremst um ákveðin einokunarfyrirtæki.

„Vilhjálmur sagði að rætt hafi verið um að setja nánara ákvæði um arð af veitufyrirtækjum í orkulög þannig að réttarstaða sveitarfélaga verði skýr og sagði hann að sett hafi verið fram hugmynd um að árlegt afgjald mætti nema allt að 7% af skuldlausri eign viðkomandi fyrirtækis."

Ég tek eftir því, herra forseti, að hér er fyrst og fremst talað um veitufyrirtæki en í brtt. er þetta mun opnara. Þar er talað um rekstur fyrirtækja og stofnana. Stofnun, elliheimili, leikskóli, sveitarfélögin starfrækja ýmsar stofnanir sem gætu þá allt eins átt undir þetta.

En borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, telur að þetta sé jákvæð breyting því að arðgreiðslur hafi byggst á hefð og hvergi hafi verið kveðið á um það í lögum hvernig þeim ætti að vera háttað.

Það má til sanns vegar færa og í rauninni hefur það verið þannig á undanförnum árum að mjög stíft aðhald hefur verið að sveitarfélögunum hvað það varðar að þau væru ekki að láta þjónustuna kosta meira en það kostar að inna hana af hendi, einmitt vegna þess að þá væru þau farin að brjóta stjórnarskrá og farin að skattleggja af því það var ekki lengur bara verið að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu.

Borgarstjórinn í Reykjavík segir:

„Þarna er verið að setja inn í sveitarstjórnarlög almennt heimildarákvæði fyrir arðgreiðslum og ég tel að það sé í samræmi við það sem nú er í lögum um Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja, sem eru fyrirtæki í opinberri eigu. Miðað við þau viðhorf, sem uppi eru í dag, þá held ég að það

sé betra fyrir sveitarfélögin að hafa lagagrunn til að standa á en ekki bara hefðina."

Þetta er svolítið merkilegt vegna þess að það virðist hafa viðgengist, herra forseti, sums staðar að menn fengju að vinna samkvæmt hefð og það er eðlilegt að þar sem það hefur viðgengist séu menn nú fegnir lagabókstafnum. En eins og ég segi hefur verið býsna þétt aðhald að sveitarfélögunum á undanförnum árum að innheimta gjöld umfram það sem þarf til þess að standa undir viðkomandi rekstri.

Ingvar Viktorsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að sér lítist nokkuð vel á brtt. En segist vera fyrir sitt leyti sammála því að þetta eigi ekki að vera galopið, eins og hann orðar það. Svo vísar hann í Hitaveitu Reykjavíkur sem sé að greiða sér arð af fyrirtæki sem Hafnfirðingar telji sig eiga hlut í, og bendir síðan á að fyrirtæki í eigu sveitarfélaga séu fyrst og fremst þjónustustofnanir og þegar að því kæmi að þau skiluðu arði ætti hann auðvitað að ganga til neytenda með lækkun á gjaldskrá. Ef fyrirtæki í eigu sveitarfélags sé farið að skila arði að eigi það því að skila sér til neytendanna. Hann bætir hér við:

„Þannig að þetta má alls ekki vera galopið en mætti vera einhver möguleiki á arði og ég vildi fá að skoða þann möguleika," sagði hann."

Þá komum við að Ingimundi Sigurpálssyni, bæjarstjóra í Garðabæ, sem stendur í rauninni fyrir nokkuð aðra skoðun. En hann segir, svo ég vitni beint í það sem hann segir, herra forseti:

„„Ég tel afar óheppilegt og vafasamt í ljósi tilgangs sveitarfélaga að byggja tekjuöflun þeirra og möguleika á þjónustu við íbúana á arðgreiðslum, sem eiga sér aðrar forsendur en eðlilegt endurgjald af þeim fjármunum, sem sveitarfélagið hefur lagt fyrirtækinu til," sagði Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ. „Þá er einnig á það að líta að vafasamt er að sveitarfélög stefni sérstaklega að því að hagnast á þjónustu við íbúana. Eðlilegt er og óumdeilt að sveitarfélög skuli á ákveðnum sviðum innheimta að fullu gjöld á móti þeim kostnaði, sem þau hafa veitt við þjónustu en tekjuöflun sveitarfélaga hlýtur að öðru leyti að eiga að byggjast á skattheimtu í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga. Það er álit margra að arðgreiðslur þjónustufyrirtækja sveitarfélaga inn í sveitarsjóði séu ekkert annað en dulin skattheimta, sem brjóti í bága við 77. gr. stjórnarskrárinnar. Með þetta í huga þá er það mitt mat að ekki verði lengra gengið í þessum efnum en að heimila sveitarfélögum að taka arð af þeim fjármunum sem þau hafa lagt fyrirtækjum sínum til."

Ingimundur bendir á að samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum skuli sveitarfélög hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækjunum er ætlað að annast. Þannig væri t.d. heimilt að innheimta gatnagerðargjöld og ákveða gjald fyrir vatnsveitu en það hlyti að vera óeðlilegt ef gjaldtaka væri hærri en svo að hún stæði undir kostnaðarliðum. Það væri dulin skattheimta. „Maður sér það fyrir sér að framhaldið gæti verið að sveitarfélögin færu að stofna fyrirtæki um ýmsa starfsemi sína. Taki þar upp ákveðnar gjaldskrár og myndi arð út úr því og þá er þetta orðin leið til tekjuöflunar fyrir sveitarfélög," sagði Ingimundur."

Þetta eru áhugaverð viðhorf sem hér koma fram, herra forseti. Það er kannski merkilegt að ákvæði eins og þetta, sem breytir svona miklu, skuli koma sem brtt., reyndar frá félmrh. sjálfum, koma sem brtt. til nefndarinnar þegar hún er að ljúka vinnu við frv. eins og það sem hér liggur fyrir. Ég met það svo, herra forseti, að þetta ákvæði styrki í rauninni þann málflutning sem við stjórnarandstæðingar og fleiri höfum haft uppi í þinginu og margir landsmenn gera nú kröfu um að afgreiðslu þessa frv. verði frestað. Við skoðum betur, auðvitað sérstaklega 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið það sem lýtur að hálendinu, en látum ekki þar við sitja heldur verði þetta ákvæði skoðað betur. Og menn sjái örlítið fyrir, áður en þeir lögfesta það, hvert það muni leiða. Að menn reyni að sjá það svolítið fyrir sér hvað þeir séu í rauninni að kalla á hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna og möguleika þeirra til tekjuöflunar með þessu ákvæði.

Fleiri brtt. og athugasemdir sem fyrir liggja við 7. gr., herra forseti, ég held að þær skipti líka máli, ekki síst þær sem koma frá Ríkisendurskoðun. En ég vil þó geta þess að Akureyrarbær segir í umsögn að rétt væri að taka inn í lögin ákvæði um að óheimilt væri að fela sveitarstjórn ný verkefni, t.d. með lagasetningu, án þess að áður liggi fyrir áætlun um kostnað og að tekjustofnar væru tryggðir. Svo er vísað í að slíkt ákvæði muni vera í dönskum lögum. Þetta segja fulltrúar sveitarstjórna af fenginni beiskri reynslu af því þegar ríkið er að ákveða að senda þeim ýmis verkefni án þess að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt með.

En ég ætla að fara yfir athugasemdir Ríkisendurskoðunar hvað varðar 7. gr. en þar segir Ríkisendurskoðun:

„Að mínu mati skortir nokkuð upp á að heimildum sveitarfélaga séu settur nauðsynlegur lagarammi með ákvæðum frv. Nefna má sem dæmi að í 3. mgr. 7. gr." — og henni verður ekkert breytt, herra forseti, brtt. á ekki við um 3. mgr., það er 4. mgr. sem brtt. er við — „en í 3. mgr. segir: Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra enda sé það ekki öðrum falið til úrlausnar að lögum."

Og það er bara að lögum. Ef við förum að skoða arðgjafarhlutverkið og þessa opnu möguleika þá gæti sveitarfélagið allt eins opnað bar og sett sér ákveðin arðgjafarhlutverk. Ekkert segir hér að það geti ekki verið verkefni sveitarfélagsins eins og hvað annað, bara ef það ákveður það sjálft. Vegna þess að það er líka ein stór breyting á frv. á gildandi lögum, að í gildandi lögum eru verkefni sveitarfélags talin upp. Það er upptalning á því hver séu helstu verkefni sveitarfélags. En í frv. er það ekki talið upp heldur bara sagt að sveitarfélög geti tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

En Ríkisendurskoðun segir um þessa málsgrein 7. gr.:

„Telja verður að afmarka þurfi þau verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna mun betur en hér er gert. Þessari skoðun liggja ýmis sjónarmið til grundvallar og skulu nokkur þeirra nefnd hér í dæmaskyni:

Í fyrsta lagi má nefna samkeppnissjónarmið, en þau takmarka verkefni sveitarfélaga við tiltekin meginsjónarmið. Þannig væri sveitarfélagi almennt ekki heimilt að stofna félag í gróðaskyni sem ætti í samkeppni við einkaréttarlegt félag.

Í annan stað má nefna svokallaða þjónustusamninga eða samninga um einstök rekstrarverkefni. Í frv. þyrfti að setja grundvallarreglur um heimildir sveitarfélaga til að taka að sér slíka samninga annars vegar og til að gera slíka samninga við aðra hins vegar. Hér má benda á 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins til hliðsjónar en þar er heimildum ríkisins til gerðar þjónustusamninga settar tilteknar skorður. Nauðsynlegt er að samsvarandi reglur liggi fyrir um heimildir sveitarfélaga

til slíkrar samningsgerðar bæði almennt og einnig að því er varðar fjárhaldsstjórn sveitarfélaga skv. 78. gr. frv.

Síðast en ekki síst skal minnt á þær réttarreglur sem gilda á Norðurlöndum um þetta efni, [heimildir sveitarfélags til að taka að sér verkefni sem ekki er mælt fyrir um í lögum], en þessar norrænu réttarreglur eru í grundvallaratriðum þrengri en reglur hér á landi vegna þess að þær eru miðaðar við að heimildir kjörinna sveitarstjórna séu að stjórna sveitarfélaginu sem slíku, þar með talið í fjárhagsmálefnum þess, en ekki stunda aðra starfsemi."

Hér lýkur tilvitnun í umsögn Ríkisendurskoðunar um 3. mgr. 7. gr.

Nefna má, herra forseti, að Samband sveitarfélaga á Norðurl. v. bendir á að ákvæði vanti um forsendur fyrir tilvist héraðsnefnda. Þeir segja að það sé eftirsjá að því að fella út upptalningu á helstu verkefnum sveitarfélaga þar sem það hafi ótvírætt upplýsingagildi.

Þetta, herra forseti, liggur fyrir um 7. gr. og ljóst að hv. nefnd tók ekki tillit til þeirra athugasemda sem hér koma fram en brtt. frá Páli Péturssyni, hæstv. félmrh., um arðgjafarmarkmiðin var tekin inn óbreytt.

Ef við skoðum frv. sjálft þá eru athugasemdir við 10. gr. Sú grein er samþykkt um stjórn og stjórnsýslu. Ríkisendurskoðun hefur við hana athugasemdir eða telur rétt að nefna nokkur atriði sem skipt geti máli. Ég vil gera grein fyrir því hvað Ríkisendurskoðun segir um 10. gr., sem er samþykkt um stjórn og stjórnsýslu, eins og hún liggur fyrir. En þar segir, með leyfi forseta:

„Hér þykir einnig rétt að nefna nokkur atriði sem skipt geta máli t.d. þegar um er að ræða endurskoðun Ríkisendurskoðunar á þjónustusamningum eða samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga.

Í 10. gr. frv., sem ber heitið „samþykkt um stjórn og stjórnsýslu" segir að sveitarstjórn skuli gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélags og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Í 44. gr. frv. er vikið að hlutverki og valdsviði nefnda en þar segir „að sveitarstjórn geti falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg."" Tilvitnun lýkur.

„Að mínu mati" — segir hér einhver fyrir hönd Ríkisendurskoðunar — „er nauðsynlegt að samþykktum og stjórnsýsluuppbyggingu sveitarfélaga verði settur skýrari lagarammi en frv. gerir ráð fyrir. Þar ættu t.d. að vera ákvæði sem endurspegla grundvallarstefnumótun varðandi samræmdar kæruleiðir/stjórnsýslukærur innan sveitarfélaganna ... sem frv. gerir ráð fyrir að séu til staðar. Þannig er rétt að tekin sé afstaða til þess hvort sama stjórnvaldið eigi að vera lægra sett eða æðra sett hjá öllum sveitarstjórnum. Þannig ætti einnig að taka afstöðu til þess hvort kæruleiðir og kæruheimildir eigi ekki að vera þær sömu óháð því hvaða sveitarfélagi menn búa í. Það mundi leiða til þess að íbúar allra sveitarfélaga landsins byggju við sama réttarástand hvað þetta varðaði."

Þrátt fyrir þessar athugasemdir, herra forseti, er ekki gerð nein tillaga til breytinga á 10. gr. Hún stendur eins og hún var upphaflega í frv. þrátt fyrir þær.

Hvað varðar 12. gr., sem fjallar um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn, var gerð athugasemd um það hvort mörkin ættu að vera rýmri varðandi fjölda sveitarstjórnarmanna. Akureyrarbær er með slíka athugasemd. Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn sé að nokkru sniðinn eftir þeim veruleika sem við búum við. Það er hins vegar ljóst að svona mörk geta verið viðkvæm ef það fækkar í sveitarfélagi og íbúafjöldi fer niður fyrir þau mörk sem leyfa tiltekinn fjölda bæjarfulltrúa. Það er einhvern veginn alltaf erfiðara að draga saman en þenja út.

Athugasemdir eru gerðar við 13. gr. og það er líka brtt. við 13. gr. frá hv. nefnd. Athugasemdirnar sem komu við greinina voru þær að ákvæði vantaði, sem eru í núgildandi lögum, um það hvenær ný sveitarstjórn taki til starfa. Reyndar kemur líka tillaga frá Sambandi sveitarfélaga á Norðurl. v. um það að greinin byrji á því að tekið sé fram að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum 15 dögum eftir kjördag. Hv. félmn. tekur þessa tillögu Sambands sveitarfélaga í Norðurl. v. upp sem sína og setur inn þannig að ljóst sé að nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

Síðan er nýmæli í brtt. við 13. gr., það er að sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni, kveðji hana til fyrsta fundar. Aldursforseta hefur verið falið þetta hlutverk en síðan hafa menn rekið sig á að aldursforseti þarf ekki endilega að hafa reynslu þannig að þessu er snúið yfir á það að sá sem hefur lengsta reynslu af setu í sveitarstjórn kalli sveitarstjórn saman og stýri fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.

Við næstu grein, sem fjallar um kjör oddvita og varaoddvita, komu líka athugasemdir, þó engin brtt. hafi verið lögð fram við hana. Bæði Stöðvarhreppur og Djúpavogshreppur gera athugasemd við þá grein þar sem bent er á að óþarft og ástæðulaust sé að vera að setja það í lög að kjörtímabil oddvita skuli vera eitt ár. Þeir segja fullkomlega nægjanlegt að hafa það í lögum að sveitarstjórn geti sett oddvita af ef hann nýtur ekki lengur trausts og þurfi ekki að vera að endurkjósa oddvita á hverju ári. Eins og menn þekkja er það venjulega pólitískt samkomulag hver gegnir oddvitastöðu, er forseti bæjarstjórnar eða borgarstjórnar, og yfirleitt er sá aðili sem kosinn er í upphafi kjörtímabils endurkjörinn nema samkomulag hafi tekist um annað. Ég hygg að hér sé vísað í það að þetta er svo sem ekki kosning sem menn fara í með óbundnar hendur. Yfirleitt er hér ákveðið samkomulag um það hver gegni þessari mikilvægu stöðu í stjórn sveitarfélagsins. Það er ekki bara verið að kjósa þann sem stjórnar fundum sveitarstjórnar heldur þann aðila sem oft og einatt kemur fram fyrir hönd sveitarfélagsins og hefur því og af ýmsum öðrum ástæðum mikil áhrif á þá stefnumótun sem fram fer í sveitarfélaginu.

Þetta er samt látið vera svona, mönnum þykir líklega ágæt reynsla af því að kjósa oddvita árlega og varaoddvita og tefur ekki fyrir neinum, þó kannski megi segja að óþarft sé og ástæðulaust fyrst að sveitarstjórn getur sett oddvitann af þegar henni hentar.

Næsta athugasemd, sem jafnframt fylgir brtt., er við 19. gr., þar sem fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna. Akureyrarbær og hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps velta vöngum yfir hæfi og því hvort sveitarstjórnarmaður eigi að taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hv. félmn. stingur inn einu orði í 3. mgr. 19. gr. þar sem fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna, sem eru jafnframt starfsmenn sveitarfélaga, til þess að taka þátt í umfjöllun og atkvæðagreiðslu um mál sem þeir hafa sjálfir átt þátt í að undirbúa. Mér sýnist að þessi brtt. sé fyrst og fremst áréttíng, efnislega gerir hún ekki neitt, en ég get svo sem ekki séð að hún spilli neinu.

Hér er síðan fjöldi greina, herra forseti, sem enginn virðist hafa séð ástæðu til þess að gera nokkra athugasemd við. Það segir okkur kannski að hér séu ekki stórmæli á ferðinni enda

er þetta frv. í grófum drættum heldur litlaust. Ég sagði áðan að 7. gr. hefði orðið átakagreinin ef brtt. félmrh. hefði verið komin áður en frv. var sent til umsagnar. Fyrst það var ekki gert þá er svolítið logn yfir öðrum greinum frv. en 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu, sem hafa að sönnu hlotið langmesta athygli.

En hv. félmn. gerir brtt. við 42. gr. frv. Sú grein frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá."

Til að gæta samræmis leggur hv. nefnd til að við þetta bætist að þeir séu ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir. Það er til að hafa inni öll þessi heiti á þeim sem fara með málaflokka fyrir sveitarstjórnir, þannig að ekki orki tvímælis við hvað er átt.

Næst er gerð athugasemd við 50. gr. Hún fjallar um þóknun og Stöðvarhreppi þykir ekki rétt að setja í lög að nefndir skuli vera launaðar og það eigi að vera alfarið á höndum sveitarstjórnar. Kannski má til sanns vegar færa að það ætti að nægja að sveitarstjórnirnar væru sér meðvitaðar — og menn ættu að vera það — um að menn verja dýrmætum tíma, sem ella væri kannski nýttur til launavinnu, meðan þeir starfa fyrir sveitarstjórn sína. Það er þó, herra forseti, orðið ákveðið vandamál hversu lág sú þóknun er sem velflestir bæjarfulltrúar eða fulltrúar í sveitarstjórnum um landið fá fyrir sína vinnu. Ég hygg að það sé einungis hér í Reykjavík og á Akureyri, kannski hér í nágrannasveitarfélögunum stóru, ég þekki það ekki, að um greiðslur er að ræða fyrir þau störf sem unnin eru í stjórn sveitarfélagsins.

Víða á landsbyggðinni eru þessar greiðslur svo lágar að þær ná engan veginn að vega upp á móti því vinnutapi eða vinnu, símanotkun eða öðru sem fulltrúar í sveitarstjórnum verða að leggja fram ef þeir ætla að standa sig fyrir þá sem kjósa þá inn í sveitarstjórn. Nokkuð hefur verið fjallað um það fyrir þær kosningar sem verða eftir rúmlega hálfan mánuð, að það erfitt hafi verið að manna lista. Menn hafa getið sér til um að það væri a.m.k. af tveimur ástæðum. Önnur væri sú að þeir sem til þessara starfa veldust fengju oft mjög óvægna gagnrýni, til þeirra væru gerðar miklar kröfur, ekki síst þegar erfiðleikar steðja að. Eins og ég hef gert að umræðuefni þá er byggðaþróunin erfið. Það getur verið mjög erfið staða að vera í sveitarstjórn og vera kallaður til ábyrgðar vegna þess ástands sem kann að skapast.

Einnig hefur það verið nefnt að þetta sé svo illa borgað að menn hafi hreint og klárlega ekki efni á því að taka þessi verkefni að sér. Það er mjög hættulegt, herra forseti, ef hið mætasta fólk sem gert gæti byggðarlögum sínum mikið gagn með því að taka þátt í stjórnun þeirra treystir sér ekki til að taka að sér störf í sveitarstjórn vegna þess hversu illa þau eru greidd. Það er stundum talað um það að til þess að menn njóti sín í störfum þá þurfi þeir annaðhvort að njóta virðingar eða vera sæmilega launaðir. Helstu þurfa menn að vera hvort tveggja en mér sýnist, herra forseti, að þegar horft er til starfa bæjarfulltrúa eða fulltrúa í sveitarstjórnum víða um landið, þá sé hvorugt til staðar. Engan þarf því að undra þó að menn þyrpist ekki í framboð og ganga þurfi á eftir mönnum til þess að fá þá til að taka að sér þessi mikilvægu verkefni. Þau eru svo sannarlega mikilvæg. — Þetta var um þóknunina.

Síðan eru næst athugasemdir við 54. gr. en hún fjallar um ráðningu framkvæmdastjóra. Það er svolítið merkilegt að það eru tveir aðilar, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á Norðurl. v., sem gera athugasemd við 54. gr. Báðir benda á að algengt sé að frestur í samningum við framkvæmdastjóra sé lengri en þrír mánuðir og þess vegna eigi þetta þriggja mánaða ákvæði sem er í frv. að vera lágmarksákvæði. Til þessa hefur ekki verið tekið tillit og er það ugglaust vegna vilja manna til samræmingar. Það er hið algenga að menn séu með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Hins vegar er ljóst að ýmsir af framkvæmdastjórum sveitarfélaganna hafa tryggt sér biðlaun til sex mánaða. Ef við lítum svo á að biðlaun og uppsagnarfrestur séu sitthvor hliðin á sama peningi má kannski ætla að hér sé verið að slá ákveðinn tón hvað það varðar, með þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti sem er tilgreindur í frv.

Gerð er athugasemd við 57. gr. þar sem talað er um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaganna, að þar fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni. Ríkisendurskoðun er með athugasemd við þetta þar sem segir að mikilvægt sé að skýrt komi fram í sveitarstjórnarlögum hvaða starfsmenn sveitarstjórna teljist til opinberra starfsmanna og hverjir ekki. Þetta sé mikilvægt bæði með tilliti til réttinda og skyldna starfsmanna og ekki síður réttinda íbúa sveitarfélaganna. 57. gr. frv., sem fjallar um starfsmenn sveitarfélaga, er afar óljós um þetta grundvallaratriði.

Herra forseti. Hér erum við líka komin að ákveðnum vanda vegna þess að þetta hefur satt að segja þróast þannig hjá sveitarfélögunum um landið að ekki er samræmi á milli þess hverjir eru opinberir starfsmenn og hverjir eru í almennum verkalýðsfélögum. Dæmi eru þess að starfsmenn sem vinna á öldrunarstofnunum á einum stað eru allir bæjarstarfsmenn, hvort sem þeir eru faglærðir eða ekki á meðan allir ófaglærðir starfsmenn á sambærilegri stofnun á öðrum stað eru í almennu verkalýðsfélagi. Athugasemd Ríkisendurskoðunar varðandi það að óljóst sé hverjir séu opinberir starfsmenn og hverjir ekki samkvæmt frv. byggir ugglaust á þessari staðreynd, eða þ.e. að frv. byggir ugglaust á þeirri staðreynd og kallar síðan á þá athugasemd að þetta hefur einfaldlega ekki verið samræmt. Þetta á við um fleiri starfsmenn en starfsmenn öldrunarstofnana, þetta á við um býsna marga starfsmenn og kannski alla starfsmenn sumra sveitarfélaga, hvort sem þeir eru faglærðir eða ekki að þeir hafa samkvæmt hefð eða vana eða jafnvel bara einhverri pólitískri línu allir orðið opinberir starfsmenn. Hér er því um mjög breytilegt ástand að ræða. Ég veit svo sem ekki hvort einhver hreyfing er á þessum hlutum og hvort þetta er að skiptast upp aftur en mér finnst það ólíklegt. Ég held að meginbreytingin hvað varðar félagsaðild starfsmanna sveitarfélaganna sé í þá veru að menn eru að ganga úr starfsmannafélögunum og í fagfélög, samanber það sem fóstrur, þroskaþjálfar, sjúkraliðar og fleiri stéttir hafa verið að gera á undanförnum árum. Ég held því að það sé frekar sú tilhneiging sem er í gangi en sú að menn sé að sortera sig betur, annars vegar opinberir og hins vegar almennir.

Þetta var um ráðningu framkvæmdastjóra og um starfskjör og réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaganna.

Næsta athugasemd sem gerð er og jafnframt brtt. af hálfu hv. nefndar er við 61. gr. Samkvæmt frv. átti fjárhagsáætlun að vera lokið fyrir lok desembermánaðar. Krafan hefur verið sú að fjárhagsáætlun væri lokið fyrir janúarlok en frv. gerir ráð fyrir að henni sé lokið fyrir desemberlok. Hins vegar komu athugasemdir frá nokkrum aðilum við þessa breytingu þar sem menn benda á það óhagræði sem getur verið af þessu. Niðurstaða hv. félmn. er að bregðast jákvætt við

þessum athugasemdum þannig að desember er aftur breytt í janúar og verður þetta því óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. hvenær sveitarstjórnir eiga að vera búnar að ljúka gerð fjárhagsáætlunar sinnar.

Næsta grein sem athugasemd er gerð við er 63. gr. frv. sem fjallar um þriggja ára áætlun. Þar leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga til að það verði orðað skýrar að þriggja ára áætlunin nái til næstu þriggja ára eftir yfirstandandi fjárhagsár. Þeir segja sem sagt: Ekki er alveg nógu skýrt hvernig ramminn á að vera um þriggja ára áætlun, hvaða tímarammi er þetta sem um er að ræða?

Við þessu er ekki brugðist en áhugavert væri, herra forseti, að hæstv. félmrh. gerði okkur grein fyrir hvernig reynslan hefur verið af gerð þriggja ára áætlana hjá sveitarfélögunum. Ekki eru mörg ár síðan þetta ákvæði kom inn í lögin og ljóst er að það hefur gengið misjafnlega hjá sveitarfélögunum bæði að semja slíkar áætlanir og standa við þær. Þetta er liður í sífellt auknu fjárhagslegu aðhaldi og er það í sjálfu sér af hinu góða og ekkert nema gott um það að segja að sveitarfélög, eins fyrirtæki og aðrir, geri sér slíkar áætlanir til þess að sjá betur hvers þau mega vænta í fjárhagsmálefnum sínum og hvaða svigrúm er til staðar. En það væri fróðlegt, vegna þess að sveitarfélögin hafa þurft að senda þriggja ára áætlanir sínar til ráðuneytisins — ég sé reyndar ekkert um það í þessu frv. að það skuli gert — en það væri áhugavert að fá að heyra frá hæstv. félmrh. hvernig reynslan hefur orðið af slíku og ég veit ekki nema ég beini fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það efni þó síðar verði.

Næsta grein sem gerð er athugasemd við og jafnframt brtt. er 65. gr. sem fjallar um fjárfrekar framkvæmdir. Þar eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga með tillögu um að í stað „sérfróðs aðila" komi „löggilts endurskoðanda". Hv. félmn. setur hins vegar nýjan fyrri málslið inn í greinina þar sem þau mörk sem eru við fjárfestingarfjárhæð sveitarfélags eru lækkuð. Það er þannig, herra forseti, að í núgildandi lögum er ákvæði þess efnis ef framkvæmd, áætluð framkvæmd eða kostnaður vegna áætlaðrar framkvæmdar, nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs skuli leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila, ef hún nemur helmingi hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld. Í frv. er þessu breytt þannig að ef hún nemur hærri fjárhæð en helmingi skatttekna — og brtt. hv. nefndar er síðan í þá veru að ef hún nemi hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna. Þannig eru menn að breyta viðmiðunarmörkum býsna hratt. Fyrst var það „hærri fjárhæð en öll sveitarsjóðsgjöldin" og síðan helmingur þeirra og nú eru menn komnir niður í fjórðung, að ef verið er að framkvæma fyrir fjórðung þurfi umsögn sérfróðs aðila. Þetta er, herra forseti, líka liður í hinu aukna fjárhagslega aðhaldi sem sveitarfélögin hafa þurft að undirgangast á undanförnum árum og í enn ríkari mæli samkvæmt þessu frv., verði það lögum. Eiginlega má segja að sá kafli frv. sem mestum breytingum hefur tekið sé kaflinn um fjármál sveitarfélaga. Þá undanskil ég kaflann um kosningarnar sem er algjörlega búið að taka út úr lögunum og búið að samþykkja sérstakan lagabálk um kosningar til sveitarstjórna.

Síðan er gerð athugasemd við 66. gr. sem fjallar um skil á fjárhagsáætlun til ráðuneytisins. En sú grein hljóðar svo:

„Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 61. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr."

Það eftirlit er því í lagi. Strax þegar búið er að afgreiða áætlanir eru þær sendar til ráðuneytisins svo það geti haft eftirlit með því hvort menn séu nokkuð að gera af sér.

En við þessi skil á fjárhagsáætlun til ráðuneytisins eru gerðar athugasemdir. Ég ætla ekki að fara yfir þær athugasemdir sérstaklega hvað varðar 66. gr. Ég ætla að vinda mér í 67. og 68. gr. sem fjalla um ársreikninga og endurskoðun ársreiknings en Ríkisendurskoðun gerir ákveðnar athugasemdir við báðar greinarnar. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar segir:

„Að mínu mati" — segir sá sem skrifar athugasemdirnar — „væri æskilegt að hafa ákvæði frv., sérstaklega 67., 68. og 71. gr., um gerð ársreikninga, ítarlegri og skýrari. Hér mætti t.d. eftir því sem við á hafa 8. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, til hliðsjónar en þar segir:

„Fjárhagsendurskoðun skal samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.

2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.

4. Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi."

Engar brtt. eru gerðar hvað þetta varðar. Samkvæmt tillögum hv. nefndar á frv. að standa eins og það liggur fyrir en ég held að það hafi hins vegar verið afskaplega þarft, herra forseti, að hv. nefnd fékk ítarlegar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun, sérstaklega um fjárhagskafla frv., því það hefur ugglaust orðið til þess að menn hafa skoðað betur margt af því sem þar er til umfjöllunar en þeir hefðu ella gert.

Hvað varðar 69. gr., um skoðunarmenn, gerir Súðavíkurhreppur eftirfarandi athugasemdir:

„Nauðsynlegt er að kveða fastar á um hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna, verklag og verklagsaðgerðir og skilgreina ítarlega verkaskiptingu þeirra og löggiltra endurskoðenda til að tryggja skilvirkni starfa þeirra, að hlutverk þessara aðila sé með glöggum hætti og samræmi í störfum þeirra. Sérstaklega bendir hreppsnefnd á að samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að félmrn. setji reglugerð varðandi störf félagskjörinna endurskoðenda. Ráðuneytið hefur ekki sett slíka reglugerð. Því er annað tveggja nauðsynlegt; að skilgreina frekar ákvæði laganna eða að tryggja að reglugerð varðandi þetta atriði fylgi lagasetningunni."

(**Forseti** (RA): Forseti hyggst nú ljúka fundinum og spyr hv. ræðumann hvort hún kjósi að fresta ræðu sinni og halda áfram á næsta fundi eða velja sér nokkur lokaorð.)

Herra forseti. Ég á það mikið eftir af því sem ég vildi sagt hafa um það frv. sem hér liggur fyrir að ég kýs frekar að fresta ræðu minni þar til á næsta fundi.

[16:01]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgengi fatlaðra, 709. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1370.

Aðgengi fatlaðra, 710. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1371.

Úttektir á ríkisstofnunum, 373. mál, svar forsrh., þskj. 1250.

Virkjanaundirbúningur og gæsla íslenskra hagsmuna, 599. mál, svar iðnrh., þskj. 1369.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

## 120. FUNDUR

fimmtudaginn 7. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 705. mál, þskj. 1362. *Hvort leyfð skuli.*

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326. — Frh. 2. umr.

3. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

4. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Blöndal samgrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

[10:31]

**Útbýting þingskjala:**

Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, 250. mál, nál. félmn., þskj. 1373.

Umboðsmaður jafnréttismála, 82. mál, nál. félmn., þskj. 1372.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ákvörðun um þingfrestun.

[10:32]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Að venju fylgdist ég með fréttum í gærkvöld og í fréttatímum í sjónvarpi og á Stöð 2 vöktu tvö viðtöl, við forsrh. og forseta Alþingis, athygli mína. Forseti Alþingis hefur ekki átt fundi með þingflokksformönnum um framvindu þingsins, nema um þau mál sem eru forgangsmál. Fram kom að þinglokum sem áttu að vera 8. maí, þ.e. á morgun, hefði verið frestað.

Í viðtali við forsrh. kom fram að ef þau mál sem ríkisstjórnin hefði sett í forgang, og ætlaði sér að fá afgreidd, tækju langan tíma, þá yrði gert hlé á störfum þingsins þremur dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar og þingi síðan fram haldið að því loknu.

Það er fremur undarlegt, virðulegi forseti, ef litið er til þess góða samstarfs sem verið hefur á milli þingflokksformanna og forseta, að hlusta á það í fréttum hvernig þinghaldið eigi að vera og að þegar virðist áformað hvernig standa eigi að málum í kringum sveitarstjórnarkosningarnar. Þess vegna spyr ég forseta: Eru upplýsingarnar sem fram komu hjá hæstv. forsrh. í gær réttar? Hefur þetta verið rætt? Hefur forseti ákveðið að tilhögun þingsins skuli vera á þennan veg og er þá ekki rétt að ræða það við þingflokksformenn?

[10:34]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna þessara orða vill forseti taka fram að það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvenær þingi verður frestað. Það er ekki hægt að taka þá ákvörðun meðan umræða stendur um þetta dagskrármál og önnur sem hafa verið á dagskránni undanfarna daga.

[10:34]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það er orðið mjög mikið álitamál hver stjórni Alþingi. Þegar við heyrum í fréttum, eins og í gærkvöldi, nákvæma lýsingu hæstv. forsrh. á því hvernig haga eigi þingstörfum, þá spyr ég sjálfan mig: Hvert er hlutverk forseta, forsn. og formanna þingflokka orðið í þessu sambandi? Hæstv. forsrh. segir að það eigi að tala hér, eins og ég skildi það, fram í kosningavikuna, síðan gefa smáhlé og hittast á mánudeginum eftir kosningar og halda áfram.

Mér finnst það vera niðurlæging gagnvart Alþingi að hæstv. forsrh. tali með þessum hætti. Mér finnst að hann niðurlægja hæstv. forseta. Forseti á að kveða úr um hvernig gengið er að störfum að höfðu samráði, ef hann kýs svo. Venjan er sú að málin séu rædd í forsn. eða með formönnum þingflokka.

Öllum er ljóst að málin eru vandmeðfarin í augnablikinu. Í gangi er mjög ítarleg umræða. Það er ekkert nýtt á hinu háa Alþingi, að menn ræði ítarlega mál þegar komið er undir þinglok. Það er hins vegar nýtt að ekki skuli vera sest niður til að ræða málin. Það er einnig nýtt að hæstv. forsrh. gefi út yfirlýsingar um það hvernig haga eigi störfum þingsins. Mér finnst þetta vanvirða við Alþingi.

Hæstv. forsrh. má hafa sínar skoðanir um störf þingsins en ég hef hingað til treyst hæstv. forseta til að sjá um verkstjórnina og kveða úr um það hver sé líkleg framvinda mála. Ég treysti forseta ágætlega til þess og fyndist rétt að hann ætti fund með þingflokksformönnum, sem ekki hefur verið haldinn um þessi mál í nokkurn tíma, og einnig með forsn. Það er ekki hægt, herra forseti, að framkvæmdarvaldið komi fram eins og gerðist í fréttatímum í gærkvöldi og lýsti hvernig hið háa Alþingi ætti að starfa á næstunni.

[10:36]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það að mér finnst slæmur svipur á vinnubrögðum sem tengjast þinghaldinu og framhaldi þess. Ég tel að það sé full ástæða til þess þó fyrr hefði verið, virðulegur forseti, að forusta þingflokka beri sig saman við hæstv. forseta, og forsn. að sjálfsögðu, sem

stjórn þingsins með hæstv. forseta, ræði í sínum hóp hvernig þinghaldinu verði fram haldið.

Ég held að enginn hafi athugasemdir við það að brugðið verði á það ráð að lengja starfstíma Alþingis eins og nú á greinilega að gera. Hitt er samt mjög óheppilegt að það skuli gerast eins og nú er boðað og óljóst. Það er óheppilegt fyrir alla.

Ég held að það sé þörf á því að hafa í huga að ekki eru nema líklega sex vikur eða röskur mánuður síðan við þingmenn höfðum fyrir framan okkur það markmið stjórnar þingsins að ljúka störfum um sumarmál, 22. apríl, virðulegur forseti. Síðan er ákveðið að hverfa að upphaflegri starfsáætlun þingsins, miða við 8. maí, en nú er ástandið eins og við blasir. Það sem fyrst og fremst fer úr böndunum er sá málagrúi sem hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hella yfir þingheim á síðustu eindögum varðandi frv. og heimta að þetta verði afgreitt. Hæstv. forsrh. gengur fram fyrir skjöldu með þá stefnu að allur þessi málagrúi skuli afgreiddur. Þetta verða menn verða auðvitað að horfa á og ræða. Svona vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnar ganga ekki að mínu mati.

[10:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið meining mín að kalla eftir fundi forseta og þingflokksformanna. Að mínu mati hafa þessi mál verið í höndum forseta. Hans er að meta hvenær hann vilji eiga samráð við okkur. En það er alvarleg staða uppi þegar þingmenn spyrja hver annan hver stjórni Alþingi Íslendinga.

Í fréttatíma í gær var sagt að það mundi ekki gerast í öðrum þjóðþingum að svo löng umræða færi fram um eitt mál. Ef ég man rétt var notast við orðið gamaldags. Ég held að ég geti tekið undir það að eins og málin rekast hjá okkur og af hálfu ríkisstjórnar, þá er það gamalt form og úrelt.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það mundi ekki gerast hjá öðrum þjóðþingum að skömmu fyrir þann frest, að hægt sé að leggja mál inn í þingið, væru 40 umfangsmikil mál lögð fram og ætlast til þess að þau, ásamt öllum öðrum stórum málum, sem hér hafa verið til umfjöllunar yrðu afgreitt. Ég efast um að slíkt mundi gerast, virðulegi forseti, nema í fullri sátt stjórnar og stjórnarandstöðu. Þar þyrfti til að koma full sátt um hvaða mál fari í gegn, hversu langan tíma hvert mál megi taka, hversu mikinn tíma hver flokkur tekur og hver þingmaður. Það væru fagleg vinnubrögð og samþykkt, virðulegi forseti, af hálfu beggja. Við erum hins vegar í þeim gamla farvegi að ríkisstjórn ræður störfum Alþingis og það er að verða afleitt mál fyrir okkur öll.

[10:41]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er ekkert við því að segja þó að fundir Alþingis haldi eitthvað áfram fram eftir vori og fram á sumar. Allir alþingismenn eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að sitja hér fundi eins og ástæða er til.

Hitt er öllu verra, sem hér hefur komið fram, þegar forsrh. tekur fram fyrir hendurnar á stjórn þingsins og tilkynnir í fjölmiðlum hvernig haga eigi þingstörfum án þess að hafa, að því er við vitum, samráð við forseta eða aðra þingmenn. Það er því eðlilegt að forseti sé spurður að því hvort taka beri alvarlega þann boðskap sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í fjölmiðlum í gær. Er það samkvæmt þessum fyrirmælum sem þingið á að starfa eða ekki?

Ég tók eftir því að hæstv. forseti tók þannig til orða í svari sínu áðan, að um þessi mál, þ.e. um starfslok þingsins, væri ekki hægt að ræða fyrr en umræðu um þau mál sem nú eru á dagskrá og fleiri yrði lokið. Nú bíða tæp 70 mál umræðu. Það er full ástæða til þess að spyrja hæstv. forseta: Hvað á hann við? Hvaða mál eru það, „og fleiri" af þessum rúmlega 60 málum, sem ekki eru á dagskrá, sem að hans viti þarf að ljúka umræðu um til viðbótar þeim sem nú eru á dagskrá svo að hans mati sé hægt að ræða við forustumenn þingflokka um verklok á Alþingi?

[10:43]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þvílík niðurlæging fyrir störf þingsins að hlusta á hæstv. forsrh. í sjónvarpinu í gær. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. forsrh. veit ekki hver stjórnar þinginu eða er algerlega verið að niðurlægja forseta og stjórn þingsins? Ég bara vona að hæstv. forseti boði formenn þingflokka nú þegar á fund og útskýri hvernig á svona málflutningi stendur.

[10:43]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill taka fram, vegna þeirra orða sem hér hafa fallið, að hann lítur ekki svo á að forsrh. hafi tekið fram fyrir hendurnar á forseta Alþingis með því sem hann sagði í viðtali í sjónvarpi í gær. Forseti vill minna á að sl. mánudag, á fundi með þingflokksformönnum, skýrði forseti frá því að þingfrestunardagur yrði ekki 8. maí eins og fyrirhugað hafði verið og öllum á að vera ljóst hvers vegna þingi verður ekki frestað 8. maí eins og til stóð.

Enn eru átta á mælendaskrá í þessu dagskrármáli og forseti gerir ráð fyrir að þeir vilji fá að tjá sig um málið og þeir fá að sjálfsögðu að gera það. Það er löngu búið að útskýra hvers vegna fallið var frá því markmiði sem sett var í byrjun mars, að ljúka þingi 22. apríl, og þarf vonandi ekki að endurtaka ástæður þess að ekki var hægt að standa við það markmið.

Það ættu ekki að vera ný tíðindi fyrir hv. þingmenn að umræðu um þetta mál, og þau önnur sem verið hafa á dagskrá síðustu daga, verður auðvitað að ljúka. Frá því verður ekki fallið. Það á ekki að koma neinum á óvart. Það ætti heldur ekki að vera neitt álitamál hver stjórnar Alþingi. Hins vegar ljóst og ekkert nýtt að bæði ríkisstjórn og stjórnarandstaða á Alþingi hafa sínar skoðanir á því hvernig þingstörf eigi að ganga fram en forseti Alþingis sker þar úr. Á því hefur engin breyting orðið.

[10:45]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það eru tvær spurningar. Hefur hæstv. forsrh. látið í ljós við forseta Alþingis sem ósk sína það sem kom frá honum í fjölmiðlum í gær eða var skoðun hæstv. forsrh. sett fram í fjölmiðla án þess að stjórn þingsins hefði nokkurn pata af því hver væri vilji forsrh.? Hafi forsrh. sett fram þá ósk við hæstv. forseta um starfshætti Alþingis, sem hann lýsti í fjölmiðlum í gær, hver er þá afstaða forseta til þeirrar óskar?

Ég ítreka spurningu mína. Hæstv. forseti sagði áðan í ávarpsorðum sínum að til þess að hægt væri að ræða, þá væntanlega við formenn þingflokka, um starfslok á Alþingi þyrfti að ljúka umræðu um þau mál sem væru nú á dagskrá þessa fundar og fleiri. Hvaða fleiri mál eru það, virðulegi forseti, af þeim 60 sem bíða sem þarf að mati forseta að ljúka umræðu um áður en hægt er að fara ráðfæra sig við stjórn þingflokka og þingmenn um verklok á Alþingi?

[10:47]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það er verkefni forseta að taka þau mál á dagskrá sem hafa verið afgreidd í nefndum þingsins og að sjálfsögðu rekur að því að forseti fari á fundum með formönnum þingflokka yfir þau mál. En það er deginum ljósara að umræðu um þau dagskrármál, sem verið hafa á dagskrá undanfarna daga, verður að ljúka. Það er löngu búið að skýra það út fyrir formönnum þingflokka að þessi eru þau mál sem ríkisstjórnin hefur sett í forgang. (**SighB:** Og fleiri.) Og fleiri. Við lítum á það eftir að umræðum um þau mál, sem hafa verið á dagskrá, lýkur.

## *Um fundarstjórn.*

Afgreiðsla frumvarps um síldarsamning o.fl.

[10:47]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mér láðist að minnast á það í umfjöllun minni áðan og tel mjög mikilvægt að fá tækifæri til að koma leiðréttingu á framfæri ef nokkur veður í villu út af spurningu fréttamanns til forsrh. í gær. Þar var spurt hvort það væri ekki stórmál að hin langa umræða sem færi fram á Alþingi tefði að hægt væri að afgreiða síldarsamninginn frá Alþingi Íslendinga. Forsrh. svaraði því til að hann yrði bara afgreiddur í fyllingu tímans þegar þar að kæmi. Ef til vill hefði einhverjum skilist það að við, stjórnarandstaðan, kæmum í veg fyrir að stórmál sem varðaði þjóðina væri afgreitt. Þess vegna kýs ég í umræðu um fundarstjórn forseta að koma því á framfæri að á fundi með forseta sl. mánudag var spurt um hvort ekki væri skynsamlegt að taka það mál á dagskrá og afgreiða síldarsamninginn þannig að hann væri frá til þess að enginn þyrfti að velkjast í vafa um hvort reglugerðin styddist við nægilega sterkar lagaforsendur sem hefur gert það kleift að flotinn sigldi af stað. Okkur var tjáð að það væri ástæðulaust. Þetta óska ég, virðulegi forseti, að gefnu tilefni, að komi fram.

Virðulegi forseti. Þjóðin hefur lengi haft það í flimtingum að forsrh. slái á fingur samráðherra sinna þegar honum hentar. Þingið hefur það mjög á tilfinningunni núna að forsrh. sé farinn að slá á fingur stjórnar þingsins og ekki er hægt að líta fram hjá því að þó að við vitum það auðvitað öll sem hér erum að við ljúkum ekki þingi á morgun, 8. maí, þá er það óviðunandi að forsrh. tjái sig um framvindu þinghaldsins sem hefur ekki verið rætt við þingflokksformenn.

[10:50]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna orða hv. þm. um afgreiðslu á frv. um síldarsamninginn rifjar forseti það upp að hann minntist á það á fundi með þingflokksformönnum á mánudag að svo kynni að fara að það þyrfti að koma því máli að þótt þessi dagskrármál væru ekki afgreidd. Það ítrekar forseti en mun að sjálfsögðu ræða það við þingflokksformenn ef það mál verður tekið á dagskrá áður en þessum dagskrármálum verður lokið og það kann að koma upp á mögulegum fundi okkar í dag. Það vildi forseti taka fram.

[10:50]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég hef fylgst með þeim athyglisverðu skoðanaskiptum sem hafa farið fram um störf þingsins. Á því kjörtímabili sem nú er senn á enda höfum við reynt að skapa samstöðu um ný vinnubrögð. Við lögðum mikla vinnu í að reyna að ná samstöðu um breytingu á þingsköpum fyrir Alþingi og héldum marga fundi um þau efni, formenn þingflokka og forsn.

Í vetur þegar stjórnarandstaðan neitaði því fyrir sitt leyti að veita afbrigði fyrir ákveðnu þingmáli sló hæstv. forsrh. á puttana á okkur á Alþingi Íslendinga með því að segja: Það verður engin breyting gerð á þingsköpum. Hann sagði það. Síðan hefur það mál legið og því hefur ekki verið hreyft.

Síðan gerðist það fyrir nokkrum dögum að meiri hluti Alþingis neitaði að taka á dagskrá eigið stjfrv. og þar með var auðvitað haldið þannig á málum andspænis okkur að það hlaut að hafa sínar afleiðingar til viðbótar því að hér er verið að hrúga inn málum í áður óþekktum mæli á tiltölulega stuttum tíma. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst að öll sú vinna sem unnin hefur verið á þessu kjörtímabili til þess að laga þetta þing að eðlilegum starfsháttum þjóðþinga hafi verið unnin fyrir gýg, það sé verið að henda henni út í hafsauga þessa daga. Ég segi það, herra forseti, ég harma það.

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

[10:53]

**Svanfríður Jónasdóttir** (frh.):

Herra forseti. Ég ætla að halda áfram ræðu minni þar sem frá var horfið í gær, þó þannig að mér finnst ástæða til þess að fara aðeins yfir ákveðin atriði sem þar komu fram vegna samhengis málsins. Ég mun, herra forseti, í fyrsta lagi fara yfir ákveðnar aðgerðir sem mögulegar eru í byggðaþróunarmálum vegna þess að mér finnst mikilvægt að við áttum okkur á samhengi þeirrar lagasetningar sem menn eru að fara í gagnvart sveitarfélögunum annars vegar og þeirri stjórnsýslu sem fer fram á vegum þeirra og byggðaþróunar. Í öðru lagi mun ég halda áfram að fara yfir einstakar greinar sem mér vannst ekki tími til að fara yfir í gær. Í þriðja lagi ætla ég að fara yfir nokkur þau atriði sem skipta miklu máli í mati fólks á búsetuskilyrðum og í fjórða lagi ætla ég síðan að víkja að 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæði en ég hef enn sem komið er í ræðu minni hvergi vikið að þeim stóru atriðum sem eru í raun nú um það bil að skipta þjóðinni í tvennt í afstöðu. Ég hef samt grun um það, herra forseti, að sá hluti þjóðarinnar sem styður hæstv. ríkisstjórn í þessu máli sé mikill minni hluti. Ég held að núna standi þannig á að minni hluti Alþingis tali fyrir meiri hluta þjóðarinnar. Það marka ég á þeim viðbrögðum sem umræðan í þinginu hefur fengið hjá fólkinu í landinu.

Ég man ekki eftir því áður, herra forseti, að hafa fengið jafnmörg skilaboð úr jafnólíkum áttum þar sem hópar og einstaklingar hafa lýst yfir stuðningi við þau vinnubrögð sem stjórnarandstaðan er með þegar hún stendur hér og reynir eftir megni að koma í veg fyrir að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt. Vel getur verið að einhverjum þyki það gamaldags vinnubrögð að reyna að koma í veg fyrir að ákvæði eins og þau sem eru í frv. nái fram að ganga. Það getur vel verið. En þjóðinni finnst það ekki gamaldags, herra forseti. Ég held að ég geti fullyrt það af þeim viðbrögðum sem ég hef fengið

og aðrir félagar mínir sem hafa verið að tala fyrir því að frv. yrði frestað og menn nýttu sumarið til að skoða betur ýmis ákvæði sem þyrftu að vera allt öðruvísi ef sæmileg sátt ætti að verða um þessi mál.

Herra forseti. Ég gerði nokkuð að umræðuefni í gær þau ákvæði frv. til sveitarstjórnarlaga sem felast í 6. gr. frv., annars vegar þar sem talað er um lágmarksíbúatölu en hún á að vera 50, það á að nægja að 50 íbúar séu í sveitarfélagi og hins vegar talaði ég um samstarfsmöguleika sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum frv. og hversu sorglega fátæklegur sá rammi er sem skapaður er með frv. um stjórnsýslu sveitarfélaganna þannig að þeim sé gert kleift að taka við þeim verkefnum sem nú þegar liggur fyrir að þau muni taka, hvað þá að sinna sæmilega því sem þau hafa nú þegar með höndum.

Ég færði fyrir því ákveðin rök, herra forseti, að ef við litum annars vegar til byggðaþróunar hjá okkur og tækjum tímabilið frá 1960–1990 og litum hins vegar til Norðurlandanna á sama tímabili þá væri þar ólíku saman að jafna hvað varðar byggðaþróunina. Það er nefnilega þannig að mun fleiri hafa flutt utan af landi og til höfuðborgarsvæðisins á Íslandi á þessum árum en gerst hefur í nyrstu héruðum Skandinavíu og Finnlands. Ég þóttist leiða að því nokkrar líkur, herra forseti, að ein af ástæðunum væri sú að okkur hefur ekki auðnast að skapa þann stjórnsýsluramma um verkefni sveitarfélaganna að þau gætu orðið burðug og þess vegna hefði okkur ekki tekist að veita það viðnám varðandi byggðaþróun í landinu sem hefur þó tekist annars staðar á Norðurlöndum varðandi nyrstu byggðirnar. Þeir hafa haft miklar áhyggjur af ástandinu hjá sér og hafa verið með ýmsar aðgerðir til þess að sporna gegn. Aðgerðir okkar hafa verið sýnu fátæklegri en mér finnst ástæða til þess, herra forseti, að fara aðeins yfir hverjar þessar aðgerðir hafa verið, bæði hjá okkur og sömuleiðis hjá þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Að mínu mati mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir samhengi hlutanna vegna þess að í því frv. sem hér liggur fyrir, frv. til sveitarstjórnarlaga, er eins og ég sagði ótrúlega lítið sem bendir til þess að menn hafi áhyggjur af þessu eða ætli sér að skapa viðunandi ramma fyrir þetta stjórnsýslustig, sveitarstjórnarstigið, svo það geti þar með rækt sæmilega þau verkefni sem það á að rækja, hvað þá tekið við þeim sem fyrir liggur að það muni taka við á næstu árum.

Herra forseti. Núna finnst mér ástæða til þess að fara aðeins yfir aðgerðir í byggðaþróunarmálum, bæði eins og ég gat um þær sem við höfum verið með og aðrir. Ég mun styðjast við skýrslu sem Stefán Ólafsson hefur gert fyrir stjórn Byggðastofnunar vegna þess að sem betur fer hafa ýmsir aðilar hér á landi látið taka saman ýmiss konar efni sem mætti styðjast við ef og þegar stjórnvöld hafa til þess kjark eða vilja að fara í markvissar aðgerðir til þess að reyna að snúa þessari þróun við. En það hefur komið fram, herra forseti, í mínu máli að þessi þróun, þ.e. þessi byggðaröskun, hefur aldrei verið meiri en undanfarin tvö ár og það er ástæða til þess að menn taki vel eftir því.

Stefán Ólafsson segir í skýrslu sinni um markmið og leiðir í byggðaþróunaraðgerðum nágrannaþjóðanna að þar sé löng hefð fyrir víðtækri byggðastefnu, einkum á Bretlandseyjum og á Norðurlöndunum. En hann bendir jafnframt á að á vegum Evrópusambandsins sé einnig rekin umtalsverð byggðastefna. Byggðastefna er þó víða umdeild líkt og á við um aðra þætti opinberrar stefnumótunar á sviði atvinnu- og félagsmála. Hins vegar hefur framkvæmd byggðastefnu víðast tekið miklum breytingum á sl. árum og áratugum.

Ég þarf ekki að margfara yfir það, herra forseti, hversu þetta orð, byggðastefna, hefur af ýmsum ástæðum fengið á sig neikvæðan blæ á Íslandi og það er miður vegna þess að eins og margoft hefur komið fram, er það bæði þjóðfélagslega og efnahagslega slæmt að byggðaröskun í landinu skuli vera svo mikil sem raun ber vitni. Menn hafa sett sér markmið með byggðastefnu. Þau hafa e.t.v. ekki verið nógu ljós. Ef til vill hefur byggðastefna fengið á sig þetta óorð vegna þess að mönnum hafa ekki verið ljós markmiðin. Þau markmið sem menn hafa sett sér eru annars vegar þjóðfélagsleg og hins vegar efnahagsleg. Sem dæmi um þjóðfélagsleg markmið eru nefndar aðgerðir til að draga úr svæðisbundnum mun lífskjara og búsetuskilyrða, svo sem tekjumun, mun á atvinnuleysi, tækifærum og þjónustu. Slík markmið tengjast oft réttlætis- eða sanngirnissjónarmiðum stjórnmálamanna svo sem því viðhorfi að sanngjarnt sé að öll svæði landsins njóti ávaxta af hagvexti og allir þegnar skuli eftir megni njóta sambærilegra tækifæra.

Hitt markmiðið, hið efnahagslega, beinist frekar að því að nýta betur náttúruauðlindir og landgæði, að nýta betur fyrirliggjandi fjárfestingu, að nýta betur vinnuafl, að bæta virkni markaðasafla og bæta samkeppni jaðarsvæða og þá í leiðinni að aftra ofþenslu á miðsvæðum. Bæði á Bretlandseyjum og í Evrópusambandinu er lögð mikil áhersla á efnahagslegt mikilvægi byggðaþróunaraðgerða. Þar er t.d. umtalsverður munur á viðvarandi atvinnuleysi milli landsvæða tekinn sem dæmi um ástæðu til þess að reyna að nýta betur vinnuafl og fyrirliggjandi fjárfestingu í framleiðslutækjum, samgöngumannvirkjum og annarri grunngerð samfélagsins auk nýtingar á fjárfestingu einkaaðila í íbúðarhúsnæði.

Sannarlega hefur umræða um þessa þætti líka verið hér á Íslandi, herra forseti, en ekki nægjanlega markviss og kannski hefur það versta við hana verið að oft og einatt hefur verið lagt í þessa umræðu án þess að nokkur markmið væru, án þess að það væri nokkuð sérstakt sem menn væru að stefna að. Menn hafa einfaldlega talað um þessa hluti sem staðreyndir, eitthvað sem er að gerast, en ekki talið ástæðu til þess að setja skörp markmið sem stefnt væri að eða sett markmið sem menn gátu séð að væri mögulegt að uppfylla eða standa við.

Hjá Stefáni Ólafssyni kemur það jafnframt fram að talið er að greina megi tvær meginstefnur í byggðaþróunaraðgerðum, þ.e. annars vegar byggðastefnu í anda markaðshyggju og byggðastefnu í anda ríkisforsjár. Mér finnst þetta mjög athyglisverð greining að taka byggðastefnu fyrir og greina hana í sundur á þennan hátt og mér finnst ástæða til þess að við veltum aðeins fyrir okkur hver sé munurinn þarna á. Ég hef lesið svolítið um þessar tvær greinar, þ.e. annars vegar byggðastefnu í anda markaðshyggju og hins vegar í anda ríkisforsjár og ég verð að segja, herra forseti, að ég hef ekki alveg náð að greina muninn á þessu tvennu. Mér hefur sýnst að í grófum drættum mætti segja að einhverjir kölluðu það byggðastefnu í anda markaðshyggju ef menn styddu fyrirtæki óbeint. En svona gróflega þá hefur mér líka sýnst að sumir teldu það byggðastefnu í anda ríkisforsjár ef menn stæðu að eðlilegri endurmenntun og menntun á vinnuafli. Að mínu mati ætti þetta í rauninni að snúa alveg öfugt. En þetta segir okkur hvað mat manna á hugtökum og skilningur getur verið misjafn.

Samkvæmt því sem Stefán Ólafsson hefur tekið saman þá vill hann meina að byggðastefna í anda markaðshyggju hafi sótt á í nágrannalöndunum á síðustu árum og að slík stefna sé byggð á almennum hugmyndum um aukið vægi markaðsbúskapar og minnkun ríkisforsjár með auknu hlutverki einkaaðila og áherslum á virkjun grasrótarinnar í þjóðfélaginu til sjálfsbjargar. Einkavæðing opinberrar starfsemi, grisjun opinberrar reglugerða á sviði atvinnulífs og viðskipta og örvun nýsköpunar og framtakssemi í atvinnulífinu eru meginforsendur. Frá þessum sjónarhóli er sérstakur byggðavandi rakinn til óhagkvæmni og hamlandi skilyrða fyrir markaðsbúskap á viðkomandi svæðum.

Vandinn er einnig rakinn til veikrar viðskiptamenningar meðal heimamanna og of letjandi fyrirkomulags ríkisforsjárinnar. Þess vegna hefur — og það er það sem þeir kalla í anda markaðssjónarmiðsins — verið lögð áhersla á byggðaþróunaraðgerðir með leiðum aukins sveigjanleika á svæðisbundnum vinnumörkuðum og gjarnan er beitt skattalegri hvatningu til að stuðla að aukinni framtakssemi, hagkvæmni og samkeppnishæfni. „Skattalegri hvatningu." Ég bið menn að taka eftir þessu.

Það er jafnframt lögð áhersla á að halda beinum útgjöldum hins opinbera í lágmarki. Hvað snertir áherslur á almennar eða sértækar byggðaþróunaraðgerðir, þá er í anda markaðshyggjusjónarmiðsins lögð mikil áhersla á að leggja af almennar og sjálfvirkar styrkja- eða hvatningaleiðir. Ég bið menn að taka eftir þessu einnig. Lögð er áhersla á að leggja af almennar og sjálfvirkar styrkja- og hvatningarleiðir og fjölga í staðinn sértækum aðgerðum.

Ég verð að segja, herra forseti, að þetta vakti sérstaka athygli mína vegna þess að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lét þess sérstaklega getið við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár, í sérstökum fjárlögum sem kölluð voru vasafjárlögin, að hún hygðist beita sér gegn sértækum aðgerðum þar sem þær væru mjög af hinu vonda fyrir landsbyggðina. En hér er okkur sagt í greinargerð frá Stefáni Ólafssyni að það sé í anda markaðshyggjusjónarmiðsins að fjölga sértækum aðgerðum. Það segir okkur, herra forseti, að byggðastefna hæstv. ríkisstjórnar — hún er nú ekki til að mínu mati, en eitthvað sem þeir vildu samt kalla svo við afgreiðslu fjárlaga — mundi flokkast sem ríkisforsjárbyggðastefna en ekki byggðastefna í anda markaðshyggjusjónarmiðs.

Máli sínu til stuðnings og greiningu sinni á þessari stefnu fjallar Stefán um þær víðtæku breytingar sem urðu á breskri byggðastefnu árið 1988, þ.e. á Thatcher-tímanum. Þær voru í fyrsta lagi fólgnar í aflagningu sjálfvirkra almennra styrkja en með aukningu sértækra aðgerða. Í öðru lagi voru veittir nýir styrkir til lítilla fyrirtækja og í þriðja lagi var aðgengi að ráðgjöf aukið. Samhliða þessum breytingum í Bretlandi jókst svo hlutverk svæðisstjórna og aðila heima í héraði í framkvæmd byggðastefnu þó svo að stjórnvöld skilgreindu ramma heimilaðra aðgerða og veittu fjármagn eða aðrar ívilnanir svo sem skattfríðindi. Enn og aftur vil ég endurtaka það, herra forseti, að ég er hér að tala um byggðastefnu sem hefur verið kölluð byggðastefna í anda markaðshyggjusjónarmiðs. Ég held að það væri ágætt fyrir ýmsa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að lesa þennan texta vandlega.

Það kemur hér fram að samhliða þessum breytingum sem gerðar voru jókst hlutverk svæðisstjórna og aðila heima í héraði. Þar stendur kannski hnífurinn í kúnni hjá okkur ef þetta sveitarstjórnarfrv. nær fram að ganga óbreytt vegna þess að samkvæmt ákvæðum frv. virðist ekki gert ráð fyrir að sú stjórnsýsla sem þarf til þess að ná utan um aðgerðir af þessu tagi verði á sveitarstjórnarstiginu. Frv. sem gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti verið með 50 íbúum en gerir síðan ekki ráð fyrir lýðræðislegum samstarfsvettvangi sveitarfélaga til þess að vinna að sameiginlegum verkefnum nema í lauslegri upptalningu, slík stefna gerir ekki ráð fyrir því að þetta stjórnsýslustig, sveitarstjórnarstigið, verði burðugt til þess að taka við einu eða neinu. Enda sýnist mér það vera svo, herra forseti, að það að flytja verkefni til sveitarstjórna hafi í raun þá merkingu hjá okkur að verkefnin eru flutt frá ríkinu. Síðan virðist ekki skipta nokkru máli hvort sveitarfélögin geta tekið við þeim eða ekki. Það virðist vera algert aukaatriði. En styrking sveitarstjórnarstigins á Íslandi hefur fyrst og fremst falist í því að verkefnin eru flutt frá ríkinu.

Vissulega er það svo að sveitarfélög eins og Reykjavík og ýmis af hinum stærri sveitarfélögum hafa getað tekið við þessum verkefnum en öðrum hefur gengið það miður þó þau hafi að forminu til tekið við þeim. Segja má að þessi stefna, að flytja verkefnin án þess að skapa stjórnsýslurammann, sé að neyða sveitarfélögin til sameiningar. Menn vilji kannski fara þá leið að neyða sveitarfélögin til sameiningar með þessari aðferð. En mér finnst hún fráleit og fráleitust finnst mér hún ef menn hafa áhyggjur af búferlaflutningum á Íslandi. Þá finnst mér það fráleitt að ríkisstjórnin, að stjórnvöld, skuli leyfa sér að ákvarða hvaða verkefni sveitarfélögin á Íslandi eigi að hafa með höndum án þess að gera þeim það kleift með því að skapa þeim þann eðlilega lagaramma sem þau þurfa að hafa til þess að geta tekið við þessum verkefnum og rækt þau.

Ég hef nú, herra forseti, farið yfir það sem hefur verið kallað byggðaþróunaraðgerðir í anda markaðshyggjusjónarmiðs og ég verð að segja alveg eins og er að ég vildi óska þess að þessi ríkisstjórn og fleiri á undan henni hefðu haft döngun í sér til að skoða þessar leiðir vegna þess að ég held að það hefði verið afskaplega gott ef ríkisstjórnin hefði verið tilbúin til þess að auka ýmsar sértækar aðgerðir í stað þess að setja blátt bann við þeim eins og hún hefur gert. En vel má vera að mönnum sé að snúast hugur og þeir vilji fara að huga að ýmsum málum sem áður hafa verið látin sitja á hakanum og veitir ekki af miðað við þann fólksflótta sem hefur verið af landsbyggðinni, ekki síst undanfarin tvö ár.

Ég vil gjarnan líka til samanburðar, herra forseti, fara aðeins yfir það sem hefur verið kallað byggðastefna í anda beinna ríkisafskipta af því að það er svo skrýtið að sértæku aðgerðirnar og styrkirnir við fyrirtækin, einkum smáfyrirtækin eins og þarna var talað um áðan, virðast ekki vera í anda beinna ríkisafskipta þó að um bein ríkisafskipti sé að ræða. Hér er eitthvað annað kallað hefðbundin byggðastefna sem þróaðist á Norðurlöndum og á Bretlandseyjum á eftirstríðsárunum og var grundvallað á beinum ríkisafskiptum og ríkisforsjá. Þetta er kannski sú byggðastefna sem við höfum fyrst og fremst þurft að búa við á Íslandi vegna þess hve sveitarfélögin hafa verið veik og því ekki verið hægt í raun-inni að stýra málum öðruvísi. Það er okkar vítahringur. En þær leiðir sem hefðbundnar eru í byggðaþróun og tengjast því sjónarmiði sem hér er kallað ríkisafskiptasjónarmið eru beinar stuðningsaðgerðir ríkisvaldsins. Hér eru líka taldir upp sérstakir styrkir og fríðindi til fyrirtækja á viðkomandi svæðum nákvæmlega eins og í hinni aðferðinni. Þetta er dálítið sérkennilegur texti, ég skal viðurkenna það.

Opinberar framkvæmdir eins og samgöngumannvirki, þjónustuuppbygging og uppbygging opinberra fyrirtækja er

líka byggðastefna hinna beinu ríkisafskipta. Síðan er farið nokkrum orðum um að metnaður ríkisstjórna í byggðamálum hafi á liðnum áratugum oft endurspeglast í auknum fjárveitingum til atvinnufyrirtækja og opinberra framkvæmda á byggðaþróunarsvæðum. Og að saman hafi gjarnan farið stórt hlutverk ríkisvaldsins og áhersla í fyrstu á stuðning og hvatningu til fyrirtækja en á seinni árum hefur opinber stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur á byggðaþróunarsvæðum aukist, t.d. í gegnum almannatryggingakerfi velferðarríkisins, virka vinnumarkaðsstefnu, sem stuðlar að endurmenntun og styrkir fólk til að flytja búferlum frá svæðum sem eru í vanda til annarra svæða á landsbyggðinni sem bjóða betri tækifæri fyrir íbúa. Hér er sérstaklega vísað í Svíþjóð. Og loks með svæðisbundnum niðurgreiðslum á kostnaði við búsetu á ystu jaðarsvæðum, oft með framlögum til sveitarstjórna, sem koma fjármagninu á endanlegan áfangastað.

Herra forseti. Ég geri mér ekki grein fyrir, eins og ég sagði áður en ég byrjaði að fjalla um þessar hugmyndir, af hverju verið er að skipta þeim í þessi tvö horn og kalla annað hornið í anda markaðshyggju og hitt ríkisafskipta vegna þess að báðar aðferðirnar byggja á því að opinbert fjármagn er sett til sértækra aðgerða ýmist gagnvart fólki eða fyrirtækjum. Bæði sjónarmiðin beinast að því að reyna að viðhalda og nýta þær fjárfestingar sem þegar eru komnar, að nýta þann mannafla sem er á svæðunum og að aðstoða það fólk sem býr við atvinnuháttabreytingar þar sem verulegar breytingar eru að verða á atvinnumálum, að aðstoða slíkt fólk til þess að afla sér menntunar eða þeirrar endurmenntunar sem nauðsynleg er til þess að fólk geti tekist á við nýjar aðstæður.

Það er hins vegar hollt fyrir okkur að fara yfir þetta með hliðsjón af því hvaða ramma við þurfum að skapa til þess að við getum farið í ýmsar þær aðgerðir sem hafa reynst heilladrjúgar í öðrum löndum. Það er ljóst að á Norðurlöndunum, sérstaklega í Skandinavíu og í Norður-Finnlandi, er almennt um bæði víðtækar og mjög fjölþættar byggðaþróunaraðgerðir að ræða. Ég veit ekki hvort þeir hafa, herra forseti, flokkað þær í markaðsaðgerðir og ríkisafskiptaaðgerðir en þær eru víðtækar og fjölþættar. Þar fara saman aðgerðir sem beinast að fyrirtækjum og grunngerðarframkvæmdum, þ.e. gatnagerð, veituframkvæmdum og öðru slíku, og einnig aðgerðir sem beinast að einstaklingum. Alls staðar eru byggðaþróunarsvæðin afmörkuð frá svæðum sem eru í mestum vanda og njóta mestrar fyrirgreiðslu til svæða sem betur standa og njóta hlutfallslega minni stuðnings. Sömuleiðis virðist vera um mjög víðtækar aðgerðir að ræða á Bretlandseyjum og í löndum Evrópusambandsins sem bæði beinast að fyrirtækjum, einstaklingum og fjölskyldum.

Ef við lítum til okkar og skoðum Ísland sérstaklega hefur byggðastefna á Íslandi verið framkvæmd með ýmsum hætti á eftirstríðsárunum. Við rákum kannski ekki svo mikla byggðastefnu fyrir stríð, það var e.t.v. ekki fyrr en með stríðinu að virkilegur kraftur komst á þá þjóðflutninga sem hafa verið í landinu á þessari öld, þó svo að fólk flytti í þéttbýlið strax um aldamót og myndaði þéttbýli um landið allt þegar sjávarútvegurinn varð sú undirstaða sem hann er enn þann dag í dag fyrir byggðina í landinu, eftir að vistarbandinu var aflétt og menn gátu frjálsir reynt fyrir sér í öðrum atvinnuvegum en landbúnaði. En það er sem sagt í stríðinu þegar fólk streymir í ríkari mæli en fyrr hingað á það svæði sem bauð upp á mestu atvinnuna að sú byggðaröskum, sem menn hafa talað um og felst í því að fólk flytur af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið, hefst fyrir alvöru. Og á eftirstríðsárunum fara menn að sporna við fótum.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, hefur hlutverk ríkisins í þessum aðgerðum verið mikið og ástæðan er sú að ekki hefur verið formuð með lögum sú stjórnsýsla á landsbyggðinni að hún gæti tekið við þeirri ábyrgð og þeim verkefnum sem hefði þurft að verða. Það hefur hins vegar verið gert á hinum Norðurlöndunum og árangur þeirra hefur orðið allur annar.

Byggðastofnun hefur á liðnum árum veitt lán og annan fjárhagslegan stuðning til byggðaþróunaraðgerða. Byggðastofnun hefur fjárfest í svæðisbundnum atvinnuþróunarfélögum og stutt einstök verkefni á landsbyggðinni. Byggðastefna hvers tíma hefur auðvitað endurspeglað bæði vilja og áform stjórnvalda og svo hefur hún auðvitað tekið eitthvert mið af ástandi byggðaþróunarmála. En menn velta því kannski fyrir sér hver séu hin sérstöku tilefni til opinberra byggðaþróunaraðgerða hér á landi. Í fyrsta lagi má benda á að búferlaflutningar frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis hafa aukist mjög mikið á síðustu árum og að landsbyggðin á Íslandi hefur í reynd tapað hlutfallslega stærri hluta íbúa sinna en nyrstu svæði Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Þetta hef ég áður rakið í ræðu minni, herra forseti.

Menn spyrja á móti hvort þessir búferlaflutningar endurspegli ekki einfaldlega óskir íbúa landsbyggðarinnar og það sé ekkert athugavert við þessa þróun. Vilja menn ekki bara hafa þetta svona, á nokkuð að vera að gera í þessu? Er þetta ekki bara eðlilegt? Slíkar raddir heyrast oft. Rannsóknir á orsökum búferlaflutninga sýna hins vegar að mikill meiri hluti íbúa landsbyggðarinnar vill umfram allt búa á svipuðum eða sambærilegum slóðum, það eru aðeins 15–20% íbúa landsbyggðarinnar sem segja að þau vilji helst búa á höfuðborgarsvæðinu en á móti kemur að tæp 13% íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast fremur vilja búa á fámennari stað en höfuðborgarsvæðið er.

Ég held við getum samt slegið því föstu, herra forseti, að misvægið í búsetuþróun landshlutanna sé að umtalsverðum hluta til komið vegna óánægju með búsetuskilyrðin sums staðar á landsbyggðinni. Jafnvel þó að menn vildu búa áfram á svipuðum stað, þá er einfaldlega svo komið að menn eru ekki nógu ánægðir með búsetuskilyrði sín. Ég hef farið yfir það, herra forseti, fyrr í ræðu minni hvers vegna fólk flytur búferlum, hvers vegna fólk er ekki ánægt með búsetuskilyrði sín, ekki nógu ánægt í þeim samanburði sem fyrir liggur. En rannsóknir á þeim hlutum leiða í ljós að mjög náið samband er á milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunarinnar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæð vegna mikils brottflutnings en þar sem ánægja er með búsetuskilyrðin hefur þróunin orðið hagstæð og mest fjölgað. Það er athyglisvert að búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögunum, einkum í þorpum með íbúa innan við 1.000. Þetta þekkjum við, þetta kallar fram í hugann myndir af ýmsum sjávarþorpum á Íslandi sem eru með íbúatölu á bilinu 300–600, og það kemur okkur ekki á óvart að rannsóknin skuli leiða til þeirrar niðurstöðu, að búseta sé veikust í þessum byggðarlögum. Það er náið samband á milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðustu 35 árum.

Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á

síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Ég held að rétt sé að við höfum þetta líka í huga, herra forseti, að það eru til stærri kaupstaðir úti um landið þar sem fólk er mjög ánægt með búsetuskilyrði sín.

Þegar við horfum til þess hvernig þróunin er hjá okkur hljótum við að velta því fyrir okkur hvaða valkosti við eigum. Ég segi enn og aftur að við þurfum að endurskoða þetta frv. til sveitarstjórnarlaga vegna þess að það skapar ekki þann ramma sem við þurfum til þess að geta virkilega beitt okkur í byggðaþróunarmálum. En ef við lítum til annars, lítum til þess hvernig stjórnvöld geta nálgast þennan vanda þá er um nokkra kosti að ræða hvað varðar þá nálgun.

Stjórnvöld geta sýnt afskiptaleysi, og ég nefndi það áðan að þær raddir hafa heyrst sem segja: Vill ekki fólk bara eiga heima hér? Á nokkuð að vera að gera í þessu? Er nokkuð rétt að vera að skipta sér af? Þessi stefna hefur kannski verið ríkust á undanförnum árum og árangurinn samkvæmt því. En þetta markmið er afleiðing af því sjónarmiði að stjórnvöldum beri að einbeita sér að almennum aðgerðum til að skapa skilyrði til hagvaxtar í landinu.

Svo ég rifji aftur upp vasafjárlögin, sem fylgdu fjárlagafrv. sem við afgreiddum hér fyrir jólin, þá kom einmitt fram þar að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar væri á móti sértækum aðgerðum, sem hér hefur verið lýst sem einstaklega árangursríkum ef menn vilja beita sér, en taldi að réttast væri að beita almennum aðgerðum til að skapa skilyrði til hagvaxtar í landinu. Það er hér kallað afskiptaleysisstefna í byggðaþróunarmálum. Beinum byggðaþróunaraðgerðum er þá haldið í lágmarki og framvindan á landsvísu látin ráða þróun búsetunnar í landinu. Og síðan segir:

„Líklegasta afleiðing slíkrar stefnu er sú að jaðarsvæðin verði undir í framþróuninni líkt og verið hefur á undanförnum árum. Áfram fækkar íbúum í sveitum með frekari samdrætti í landbúnaði og búseta í minnstu sjávarútvegsþorpunum dregst verulega saman, bæði vegna flutnings fiskvinnslu út á sjó og vegna þess óöryggis sem framsal veiðiheimilda skapar landvinnslufólki auk framkominnar óánægju með aðra þætti búsetuskilyrða á slíkum stöðum. Fólksfjölgun á landsbyggðinni, sem verið hefur ófullnægjandi á heildina litið, jafnvel á hinum sterkari búsetusvæðum eins og Norðurlandi eystra og Suðurlandi, mun áfram verða lítil í besta falli."

Þetta er framtíðarspáin ef fram heldur með þá stefnu sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur fylgt.

„Afleiðing frekari fólksflótta frá landsbyggðarhéruðunum, t.d. frá hættusvæðunum" — en svo skilgreinir Byggðastofnun þau svæði sem hafa tapað yfir 10% af fólkinu sínu á undanförnum árum — „yrði sú að mikill kostnaður legðist á samfélagið í formi vannýttra fjármuna í atvinnutækjum, í grunngerðarmannvirkjum svo sem samgöngumannvirkjum og orkumannvirkjum, þjónustumannvirkjum o.s.frv. og í mannvirkjum einstaklinga." — En stundum gleymist, herra forseti, sú fórn sem er lögð á einstaklingana að færa í þágu þessarar stefnu, þar sem menn hafa jafnvel þurft að ganga frá húsum sínum óseldum sums staðar á landinu eða í besta falli fengið fyrir húseignir sínar örlítið brot af því sem upphaflega var í þær lagt. Vegna þess að hrun búsetu á einstöku svæðum leiðir til mikils kostnaðar fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

Valkostur númer tvö er talinn hér „að viðhalda meginmynstri í núverandi búsetu í landinu og almenn styrking landsbyggðarinnar". Þetta er samkvæmt því sem Stefán Ólafsson hefur tekið saman sú almenna stefna sem ríkt hefur hér á landi á liðnum áratugum, þ.e. að reyna að viðhalda meginmynstrinu í núverandi búsetu og almenn styrking landsbyggðarinnar. Við vitum núna að þessi stefna hefur ekki skilað árangri. Við þekkjum það að menn hafa verið að reyna að spyrna við fótum án árangurs af því að þessi stefna hefur ekki verið nógu markviss.

Þriðji valkosturinn sem við stöndum frammi fyrir, ef við viljum beita okkur, væri sá að efla vænlegustu svæði landsbyggðarinnar, t.d. með uppbyggingu sterkra þéttbýlisstaða. Þetta sjónarmið heyrist alltaf annað veifið, að vænlegt væri að styrkja helstu þéttbýlisstaðina eða ákveðna þéttbýlisstaði, vaxtarsvæði. Hins vegar hefur ekki náð pólitísk samstaða um slíkt, herra forseti, nema á pappírnum. Þegar kemur að úthlutun fjármunanna, sem í raun ráða því hvernig og hvar vöxturinn er, þá hefur ekki náðst pólitísk samstaða. Sú stefna hefur því enn ekki náð fram að ganga. Mér finnst samt að við ættum að skoða hana vegna þess að ég álít að miðað við það fámenni sem er á Íslandi, þá eigum við að horfa til þátta eins og þeirra að efla tiltekna þéttbýlisstaði og reyna að bjóða þar upp á sem fjölbreyttasta þjónustu og fjölbreytilegast atvinnulíf.

Í fjórða lagi er bent á að auðvitað sé hægt að fara blandaða leið, þar sem stefnt sé samhliða að viðhaldi meginmynstra núverandi byggðar og að sérstakri eflingu vænlegri staða og héraða, t.d. með aukinni uppbyggingu þéttbýliskjarna í öllum landshlutum.

Þetta yfirlit sem ég hef hér fjallað um, um aðgerðir í byggðaþróunarmálum, er nokkuð sem við þingmenn á hinu háa Alþingi þurfum að ræða mun betur. Það er ekki vansalaust hvernig þessi mál hafa verið látin dralla hjá okkur á undanförnum árum, hvernig landsbyggðin hefur farið halloka. Aldrei jafnmikið og tvö síðustu ár. Við verðum að horfa raunsætt á það og taka mið af því að byggðaþróunaraðgerðir geti beinst að fyrirtækjum, að sveitarstjórnum, svæðisbundnum félögum, stofnunum eða að búsetuskilyrðum, þ.e. lífskjörum fólksins á einstökum svæðum. Rannsóknin sem gerð var á orsökum búferlaflutninga bendir til þess að atvinnumálin, þ.e. nýsköpun starfa, viðhaldsstarfa og aukin fjölbreytni; að menntamálin, þ.e. bætt aðgengi að framhaldsskóla, virkjun þekkingar, rannsókna og ráðgjafar í atvinnulífinu; að lífsgæðamálin í jaðarbyggðunum, t.d. eins og jöfnun húshitunarkostnaðar, jöfnun menntunarkostnaðar vegna barna í framhaldsskóla, jöfnun flutningskostnaðar og húsnæðiskostnaðar; og samgöngumálin, þessi fjögur, atvinnumál, menntamál, lífsgæðamál og samgöngumál skipti öll miklu fyrir mögulegan árangur af byggðaþróunaraðgerðum. Samkvæmt könnuninni, herra forseti, þá flokkast mikilvægi einstakra framangreindra þátta í þeirri röð sem ég taldi þá upp. Atvinnumálin númer eitt, menntamálin númer tvö.

Í gær, herra forseti, þegar ég þurfti að fresta ræðu minni var ég að fara yfir einstakar greinar frv. sem við ræðum. Ég hef enn þá ekki vikið að 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu, þeim ákvæðum sem hafa gefið þessu frv. heitið „tertusneiðafrumvarp". Ég ætla að geyma mér það þangað til í lok ræðu minnar, herra forseti. Það er ekki af því að mér þyki þau ekki mikilvægast heldur vegna þess að ég tel að það sé rétt að fara í önnur atriði frv., sem telur yfir hundrað greinar. Þessar greinar hafa virkilega vakið áhuga minn sem sveitarstjórnarmanneskju, landsbyggðarkonu og áhugamanns um eflingu landsbyggðarinnar og að menn beri gæfu til að nýta

þau lífsgæði sem felast í fjölbreyttri byggð og menningu um landið allt.

Ég vil fyrst, herra forseti, víkja ögn að 6. og 7. gr. frv. Ég fjallaði lítillega um þær í gær en mér finnst ástæða til þess að fara aðeins betur yfir 6. gr. Það er einkum í ljósi þess að ákvæði hennar hafa verið inntak eða þema í ræðu minni fram til þessa. 6. gr. fjallar, eins og ég sagði, um lágmarksíbúatöluna. Þar gera býsna margir athugasemdir. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera t.d. athugasemd við 6. gr. en í athugasemd þeirra segir:

„Áfram stendur ákvæðið um 50 íbúa lágmarkstölu. Vafasamt verður að telja að sveitarfélög, sem fara niður undir þann íbúafjölda valdi þeim verkefnum sem lög bjóða og enn síður að takast á við fleiri verkefni sem fyrirhugað er að færa frá ríki til sveitarfélaga. Lágmarksíbúatalan verður því að vera hærri."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, um þetta ákvæði. Ég gæti sjálf ekki sagt þetta öllu betur.

Í athugasemd frá Borgarbyggð er mælst til þess greininni verði breytt á þann veg að lágmarksíbúatala sveitarfélaga verði 400 í það minnsta. Uppi í Borgarfirði hafa menn orðið reynslu af því að sameina þéttbýliskjarna minni sveitarfélaga með það að markmiði að geta rækt skyldur sínar betur.

Akureyrarbær segir:

„Er ekki full ástæða til þess að breyta lágmarkstölu til hækkunar?" Þetta er einföld spurning til hv. Alþingis. Og hvernig svörum við spurningunni? Hvernig svarar hv. félmn. þessari spurningu? (**Gripið fram í:** Hún segir neitt.) Hún svarar henni með því að segja: Nei, það er ekki ástæða til þess. Síðan sendir hún okkur frv. aftur með textanum: „6. gr. Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar."

Bæjarstjórnin á Akranesi vísar til þess að í frv. sé gert ráð fyrir að félmrn. skuli vinna að stækkun sveitarfélaga. Í sama kafla er einnig fjallað um hvernig skuli standa að sameiningu sveitarfélaga.

„Ákvæði þessi eru nauðsynleg," — er sagt — „og mjög til bóta miðað við gildandi lög." Ég mun fara, herra forseti, betur yfir þessi ákvæði á eftir. Ég held að það skipti verulegu máli hvernig farið verður í þetta. „En með vísan til þessara ákvæða" — segja þeir á Akranesi — „verður að setja alvarlega fyrirvara við 6. gr. frv. þar sem áfram er gert ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags verði 50 manns. Ákvæði þetta gengur þvert gegn tilgangi 88. gr. frv. og væri eðlilegt að miða stærð sveitarfélags við hærri íbúatölu. Slíkt er nauðsynlegt með tilliti til þeirrar þjónustu og starfsemi sem sveitarfélögum eru falin með lögum."

Og þá kem ég að því sem Djúpavogshreppur hefur fram að færa í þessu efni en þar erum við einmitt að tala um tiltölulega lítið þéttbýlissveitarfélag. Þeir segja:

„Miðað við verkefni og skyldur sem lagðar eru á sveitarfélögin tel ég 50 manna lágmarksíbúatölu ekki viðeigandi. Ég tel að mjög fámenn sveitarfélög, sem sinna eiga þeim verkefnum sem þeim eru nú þegar falin samkvæmt lögum, geti ekki rækt skyldur sínar.

Meðal margra stjórnmálamanna hefur sú skoðun verið ríkjandi að með því að færa verkefni í ríkari mæli frá ríki til sveitarfélaga styrki það sveitarfélögin og efli dreifbýlið. En frá því að lágmarksíbúatalan 50 var sett inn í sveitarstjórnarlögin árið 1986 hefur orðið nokkur breyting á sveitarfélögunum til stækkunar. Þó eru á milli 120–130 sveitarfélög sem enn eru með íbúatölu undir 1.000."

Langstærstur hluti sveitarfélaganna er enn með íbúatölu undir 1.000.

Herra forseti. Ég ætla að vitna hér í eina umsögn enn og það eru Samtök sveitarfélaga á Norðurl. v. sem segja einfaldlega: „Ákvæðið er tímaskekkja." — Ákvæðið er tímaskekkja. Það eru orð að sönnu.

Eins og ég hef farið yfir þá tel ég að það sé ótrúlegt ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis að afgreiða frv. þannig frá sér. Þetta ákvæði ætti að endurskoða áður en farið er í það að greiða um það atkvæði hér og menn verða handjárnaðir til að samþykkja það að árið 1998 sé það hæfileg stærð á sveitarfélagi á Íslandi að íbúarnir séu 50. (**Gripið fram í:** Lágmark.) Lágmarksstærð, segir hv. þm.

Ég velti því fyrir mér: Af hverju 50? Af hverju ekki bara 30? Er einhver munur á sveitarfélagi sem telur 30 eða 50? Andinn í þessu sem skiptir máli, þ.e. andinn: Við ætlum að hafa sveitarfélögin það óburðug að þau geti ekki tekið við þeim verkefnum sem við ætlum síðan að senda frá ríkinu. Frá ríkinu. Ég hef áður sagt, að á meðan ríkisvaldið skapar ekki þann eðlilega stjórnsýsluramma á sveitarstjórnarstiginu að sveitarfélögin geti tekið við verkefnunum, þá eru verkefnin færð frá ríkinu og svo látið ráðast hvernig til tekst. Þetta er ekki vansalaust, herra forseti.

Ég vil gjarnan fara yfir það hvernig reyndum sveitarstjórnarmanni sýnist að þessir hlutir ættu að vera. Ég hef á tilfinningunni að kannski nái það frekar eyrum ýmissa á hinu háa Alþingi hvað sagt er utan veggja þingsins en það sem stjórnarandstaðan er að segja. Mér þykir nú reyndar sem hv. félmn. hafi lítið gert með það sem ágætar sveitarstjórnir hafa verið að segja um þetta ákvæði frv., sem er reyndar óbreytt frá gildandi lögum. Ég vil vitna hér, herra forseti, í Gísla Sverri Árnason, sem er forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar. Hann segir í erindi sem hann flutti á ráðstefnu um þróun byggðar á Íslandi fyrir u.þ.b. ári síðan á Akureyri, en undirtitill þeirrar ráðstefnu var einmitt Þjóðarsátt um framtíðarsýn. Hann segir í innganginum að sínu erindi:

„... niðurstaðan í framlagi mínu hér í dag er að áhrifamesta leiðin til að treysta byggð á Íslandi sé að efla sveitarstjórnarstigið í landinu." Hann velkist ekki í vafa um það, þessi ágæti sveitarstjórnarmaður, að til þess að það gerist þurfi sveitarfélögin að vera fjölmennari en þau eru í dag. Og hann bendir á:

„Það er raunar að gerast smám saman með sameiningu sveitarfélaga um allt land, flutningi verkefna og fjármuna frá ríki til sveitarfélaga og fleiri aðgerðum. En betur má ef duga skal."

Og þá er komið að þætti löggjafans í þessu. Viljum við taka á í þessari þróun eða ætlum við að láta hlutina ráðast? Á þessi stefna sem engu hefur skilað að vera hér áfram, þ.e. stefna afskiptaleysisins?

Gísli Sverrir Árnason talar, þegar hann fjallar um sameiningu sveitarfélaga, út frá sínum heimabæ og sínu heimasvæði, en ég held að Hornafjörður gæti að mörgu leyti verið fyrirmynd um það hvernig þessum hlutum gæti verið háttað annars staðar á landinu. Hann segir, eftir að hafa fjallað um það hvernig sveitarfélagið Hornafjarðarbær, myndaðist við sameiningu þriggja sveitarfélaga árið 1994:

„Áhrifa þeirrar umræðu sem hófst við undirbúning kosninga um sameiningu sveitarfélaga um allt land haustið 1993 gætir æ meir. Þótt sameining hafi ekki orðið að veruleika nema á tiltölulega fáum stöðum í tengslum við það átak þá er ljóst að miðað við þær viðræður sem nú fara fram mjög víða

á landinu gæti samþjöppun sveitarfélaga orðið að veruleika í miklum mæli (ef til vill úr 165 sveitarfélögum í um 100--120) á allra næstu árum. Til marks um þau breyttu viðhorf sem sveitarstjórnarmenn hafa til sameiningar má geta þess að góð reynsla Hornfirðinga af sameiningu 1994 hefur orðið til þess að nú eru á ný hafnar viðræður á milli allra sveitarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu um sameiningu þeirra ...“

Rétt er að geta þess, herra forseti, af því að þetta erindi er ársgamalt að úrslitin úr þeim sameiningarkosningum urðu þau að eftir sveitarstjórnarkosningarnar eftir hálfan mánuð verður öll Austur-Skaftafellssýsla eitt sveitarfélag. En hann heldur áfram:

„Það eitt að sameina sveitarfélög er ekki ráðstöfun sem skilar miklu ef ekki fylgja aðrar aðgerðir á eftir.“

Fyrst þurfum við sem sagt að stækka sveitarfélögin og síðan þurfa aðrar aðgerðir að fylgja á eftir.

„Það sem gerst hefur á Hornafirði í kjölfar sameiningarinnar 1994 er í stórum dráttum þetta: Hornafjörður var valið eitt tólf reynslusveitarfélaga sem starfa eftir sérstökum lögum þar um. Þessum sveitarfélögum gefast ýmis tækifæri til nýbreytni í rekstri og þjónustu og reynslan af þeim verkefnum kemur til með að nýtast öðrum sveitarfélögum í framtíðinni. Fyrsti samningur um reynsluverkefni milli ríkis og sveitarfélags var samningur Hornfirðinga í desember 1995 um yfirtöku á öllum rekstri í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Þá gekk í gildi samningur um síðustu áramót þess efnis að bæjarfélagið annist þjónustu við fatlaða og nú hefur verið gengið frá samþykktum um félagsleg húsnæðismál og eru samningar um þann málaflokk á lokastigi.“

Hér er því lýst, herra forseti, hvernig sveitarfélag, sem orðið er nægjanlega stórt, hefur burði til þess að taka við fjöldanum öllum af nýjum verkefnum og mynda þannig öflugt svæði þar sem í raun er líka boðið upp á mun fjölbreyttari atvinnu vegna þess að ýmis þau verkefni, sem áður voru unnin í ráðuneytum í Reykjavík, hafa nú flust til Hornafjarðar.

Forseti bæjarstjórnar á Hornafirði heldur enda áfram og segir:

„Þau verkefni sem ég taldi upp hér að framan og flust hafa af borði ríkisins yfir á borð Hornfirðinga eru öll fjárfrek og viðamikil en þau eiga það öll sameiginlegt, eins og eðli flestra samfélagsverkefna er, að þau snúast um þjónustu við fólkið á staðnum. Og hvað er eðlilegra en að þjónusta við íbúa Hornafjarðar sé skipulögð af þar til bærum stjórnvöldum á Hornafirði; sveitarfélaginu? Þegar maður lítur til baka eftir þennan stutta reynslutíma okkar þá finnst manni í raun einkennilegt að jafnstaðbundin þjónusta og heilsugæsla og þjónusta við fatlaða hafi verið og sé raunar enn þá víðast hvar á landinu hluti af stjórnsýslu ríkisins. Þvert á móti falla verkefni þessi og líklega miklu fleiri vel að stjórnsýslu stærri sveitarfélaga.“

En takið eftir: bara „stærri sveitarfélaga“. Bara stærri sveitarfélaga, litlu sveitarfélögin hafa auðvitað ekkert bolmagn til að taka þátt í þessu og hvað þá um íbúa þeirra? Síðan segir áfram:

„Því hefur þessi fjölgun verkefna sem Hornafjörður hefur á hendi ekki aðeins flutt störf, áhrif og fjármuni heim í hérað heldur líka gert okkur kleift að styrkja svo stjórnsýslu sveitarfélagsins að hún er nú að verða alvöru hagsmunatæki og þjónustustofnun íbúanna.“

Ég átti þess kost að heimsækja Hornfirðinga í haust ásamt félögum mínum úr þingflokki jafnaðarmanna. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér fannst í rauninni það sem þeir eru að gera þarna og hugsun sem þar svífur yfir vötnum vera þannig að ef menn velkjast í vafa um það hvernig þróunin ætti að vera þá ættu menn að heimsækja þessa byggð. Menn ættu að gera til þess ráðstafanir strax varðandi afgreiðslu þess frv. sem liggur fyrir að sveitarfélögin yrðu stærri, að við biðum ekki og fórnuðum þar með möguleikum heldur gerðum í því strax að gera sveitarfélögin öflugri þannig að fleiri svæði á landinu gætu tekist á við nútímalifnaðarhætti, þá lifnaðarhætti sem fólk sækist eftir samkvæmt niðurstöðum rannsókna, tekist á við þá þannig að almenn ánægja sé hjá íbúunum. Hornafjörður hefur enda verið skilgreindur sem vaxtarsvæði vegna þess að þar hefur ekki orðið sú fækkun íbúa sem hefur orðið mjög víða annars staðar.

Gísli Sverrir Árnason spyr:

„En af hverju þessa umfjöllun um innri málefni eins sveitarfélags?“ Hann svarar sjálfur: „Jú, góðir áheyrendur. Með sameiningu sveitarfélaga og aukinni samvinnu gefast tækifæri til eflingar byggðar í landinu. Tækifæri á verkefnaflutningi eins og reynslusveitarfélögin tólf eru að fást við á ólíkum sviðum og tækifæri um leið til að efla eða bæta þjónustustig viðkomandi héraðs eða landshluta. Sveitarfélögin fá aukið svigrúm til athafna og þjónustu þegar þau stækka, það verður einfaldlega meiri slagkraftur í öllu sem gert er. Auk alls þessa er það staðreynd að með breytingum sem þeim sem við höfum staðið fyrir á Hornafirði gefast fleiri tækifæri fyrir langskólagengið fólk að starfa úti á landi heldur en ella. Það eitt styrkir byggðarlagið ótrúlega mikið að mínu mati og gerir Hornafjörð og Suðausturland smám saman að sjálfstæðari einingu sem er líklegri en ella til þess að lifa af samkeppnina um búsetu fólksins. Þetta samfélag skapar smám saman þann ramma þjónustu og velferðar sem fólk vill búa innan og kallar aftur á aukna þjónustu á ólíklegustu sviðum.“

Herra forseti. Síðan er fjallað um það hversu mikilvæg forsenda framhaldsnám er gagnvart byggð í landinu, en ég ætla ekki að fara yfir þau rök Gísla Sverris Árnasonar sem fram koma í þeim kafla, ég hygg að þau geti komið fram annars staðar í minni ræðu. En hann víkur örlítið að atvinnulífinu og segir:

„Vonandi þurfa sveitarstjórnir ekki að vera bjargvættir atvinnulífsins mikið lengur og öflugt atvinnuþróunarstarf um allt land gefur vonir um að fjölbreytni atvinnulífsins sé að aukast. Atvinnuþróunarfélag Austurlands er orðin kröftug þjónustu- og ráðgjafarstofnun og nýtur til þess stuðnings Byggðastofnunar. Þar er meðal annars unnið að þróun ýmissa hugmynda sem snerta Hornafjörð og nágrenni. Eitt athyglisverðasta málið, sem í undirbúningi er, er stofnun svokallaðra nýherjabúða.“

Herra forseti. Þetta tel ég að sé svo merkilegt, það sem hér er að gerast að ég vil vekja á því sérstaka athygli, en það er undirbúningur sérstakra nýherjabúða.

„Í farvatninu er samningur Hornafjarðarbæjar og Háskóla Íslands um stofnun og rekstur búðanna. Þar á að skapa aðstöðu fyrir rannsóknir og nýsköpun fyrir atvinnulífið og leggja góðum hugmyndum lið sem sumar hverjar leiða til atvinnusköpunar síðar. Þátttaka Háskóla Íslands og vonandi fleiri rannsóknarstofnana er hluti af þeirri jákvæðu þróun að tengsl skóla og rannsóknarstofnana við atvinnulífið eru að verða að veruleika. Þar með skapast meðal annars möguleik-

ar á að sporna við einhæfni í atvinnulífi sem reynst hefur mörgum byggðarlögum hættuleg."

Herra forseti. Ég held að það sem hér hefur komið fram í því sem forseti bæjarstjórnar í Hornafirði hefur verið að segja okkur af því hvernig gangur mála hefur verið þar og hversu miklu það hefur skipt fyrir þetta sveitarfélag að verða fjölmennt og öflugt og að menn gætu tekið saman ætti að vera okkur ákveðinn lærdómur varðandi það hvernig við fjöllum um sveitarstjórnarmál og hvaða markmið við getum sett okkur, sem eru raunhæf, ef við viljum í alvöru styrkja landsbyggðina og búa í landi þar sem bæði er fjölbreytni í byggð og menningu.

En ég vil slá botninn í það sem ég hef hér eftir forseta bæjarstjórnar á Hornafirði með því að vitna í lokaorð hans, en hann segir:

„Á þeim fáu árum sem ég hef setið í sveitarstjórn hef ég smám saman fengið þessa mynd af samskiptum ríkis og sveitarfélaga: Samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga eru enn þá of mörg. Þau valda óþarfaafskiptum og áhrifum ríkisins á þróun og eflingu byggðarlaga. Þjónustan við fólkið heima í héraði á að vera í höndum þess stjórnvalds sem er heima í héraði; sveitarfélagsins, ekki bara þættir sem ég hef tekið til umfjöllunar í dag svo sem grunnskólar, heilsugæsla, málefni fatlaðra, húsnæðismál o.fl., heldur líka framhaldsskólar, löggæsla, rekstur flugvalla og vega og margt fleira. Með því að stækka sveitarfélögin og gera þau öflugri og sjálfstæðari, flytja til þeirra verkefni og tekjur erum við að gera a.m.k. tvennt: Að sporna við frekari útþenslu ríkisbáknsins (sem sannanlega fer nær öll fram á suðvesturhorninu) og að vinna að uppbyggingu fjölbreyttrar þjónustu á öflugum svæðum um allt land og auka líkurnar á því að það fólk sem við viljum gjarnan halda í setjist þar að."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. En þetta var um 6. gr. frv. og ég ætla ekki að gera þá grein frekar að beinu umræðuefni í ræðu minni.

Ég ætla aðeins að víkja að 7. gr. áður en ég fer síðan hér aftar í frv. og fer að fjalla um greinar 68, 69 og þar í kring þar sem fjallað er um afskipti ráðuneytisins af málefnum sveitarfélaga, þ.e. fjárhagsmálefnum.

Ég fór í gær nokkuð yfir 7. gr. Hún fjallar um almennar skyldur sveitarfélaga. Hún vakti engin sérstök viðbrögð þegar frv. var sent til umsagnar en sú brtt. sem kom frá Páli Pétursyni félmrh. inn í hv. félmn. við 7. gr. hefur vakið mun meiri athygli. Ég fór í gær að hluta yfir umsagnir nokkurra sveitarstjóra stærstu þéttbýlissveitarfélaganna og fomanns Sambands ísl. sveitarfélaga og viðbrögð við brtt.

Herra forseti. Ég þurfti í sjálfu sér ekki annað en lesa þessa brtt. til að átta mig á því að ef hún hefði verið send út til umsagna þá hefði aldeilis komið meira af umsögnum um 7. gr. en raunin varð á.

Ég vitnaði aðeins í gær í sveitarstjóra ýmissa stærstu sveitarfélaganna en mig langar núna til þess að bæta við því sem segir í leiðara Morgunblaðsins í dag vegna þess að ég held að það eigi erindi inn í umræðuna. En fyrirsögn Morgunblaðsins vegna þessarar brtt. hæstv. félmrh., er Arðgreiðslur eða dulbúin skattheimta? Leiðarinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í breytingartillögum meiri hluta félagsmálanefndar við frumvarp til sveitarstjórnarlaga er m.a. lagt til að sveitarfélögum sé heimilt að ákveða afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri eigin fyrirtækja og stofnana. Meiri og minni hluti borgarstjórnar munu sammála um mikilvægi þess að réttarstaða sveitarfélaga til arðs af eigin fyrirtækjum sé fyrir hendi í lögum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri segir í viðtali við Morgunblaðið að þetta almenna heimildarákvæði, sem breytingartillagan felur í sér, sé jákvæð breyting og að „betra sé fyrir sveitarfélögin að hafa lagagrunn til að standa á en ekki bara hefðina" í þessum efnum.

Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, telur á hinn bóginn vafasamt -- í ljósi tilgangs sveitarfélaga -- að þau byggi tekjuöflun sína á hagnaði af þjónustu við íbúa sína. Eðlilegt og óumdeilt sé að sveitarfélög innheimti að fullu gjöld á móti kostnaði, sem þau hafa af veittri þjónustu, en tekjuöflun þeirra eigi að öðru leyti að byggjast á skattheimtu í samræmi við lög um tekjustofna þeirra. Ekki sé eðlilegt að ganga lengra í þessu efni „en að heimila sveitarfélögum að taka arð af þeim fjármunum sem þau hafi lagt fyrirtækjum sínum til.""

Hér er vitnað beint í leiðarann sem vitnar beint í Ingimund Sigurpálsson bæjarstjóra í Garðabæ. Síðan heldur leiðarahöfundur Morgunblaðsins áfram:

„Tekið skal undir þetta sjónarmið bæjarstjóra Garðbæinga. Með háum þjónustugjöldum borgar- og bæjarstofnana, sem ætlað væri að hluta til að renna í borgar- eða sveitarsjóði í formi „arðs", er hægt að koma við dulbúinni skattheimtu. Er það eðlilegt að sveitarfélög hafi sjálfdæmi um, hvað þau sækja mikla fjármuni í verði veittrar þjónustu, umfram kostnað af henni, í vasa fólks og fyrirtækja? Bryti slíkt ekki í bága við 77. grein stjórnarskrárinnar?

Það er trúlega rétt hjá borgarstjóranum í Reykjavík að „betra sé fyrir sveitarfélögin að hafa lagagrunn til að standa á" í þessum efnum. Stór spurning er hins vegar hvort óskilyrt heimild af þessu tagi sé af hinu góða fyrir verðþróun þjónustunnar og íbúa viðkomandi sveitarfélaga, sem ætlað er að borga brúsann. Það sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir telur „betra" fyrir sveitarfélögin er ekki endilega betri kostur fyrir skattgreiðendur."

Svo mörg voru þau orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins. En ég vil, herra forseti, vegna þess að leiðarahöfundur Morgunblaðsins vitnar ekki í formann Sambands ísl. sveitarfélaga, leyfa mér að vitna í það sem hann segir sjálfur í Morgunblaðinu í gær. Hann telur að það sé mikilvægt að réttarstaða sveitarfélaga til eðlilegs arðs af fyrirtækjum sínum sé fyrir hendi í lögum og hann segir líka þegar hann er spurður út í hvar þessi hæfilegi arður sé og hvernig þetta eigi að finnast út, þá segir hann:

„„Það verður að treysta eigendum til þess að meta hversu langt þeir vilja ganga í þeim efnum," sagði hann. „Ef einhver yrði ósáttur við þann arð sem sveitarfélögin eru að taka af sínum fyrirtækjum þá væri eflaust hægt að fara með það fyrir dómstóla, sem myndu skera úr um hvað skuli metast hæfilegt.""

Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefur ekki meiri áhyggjur af þessari brtt. en svo að hann telur að fólk geti þá bara farið fyrir dómstóla, ef það er ekki sátt við þau þjónustugjöld sem sveitarfélagið býður upp á, bara fara fyrir dómstóla, láta bara dæma í málinu. Þetta er fín póstskrift af samskiptum íbúanna og sveitartjórnanna þykir mér, herra forseti.

Það er hins vegar til önnur aðgerð sem íbúarnir geta gripið til sem Vilhjálmur virðist horfa fram hjá af einhverjum ástæðum og hún er sú að kjósa einfaldlega ekki sömu sveitarstjórn aftur. Það er auðvitað sú aðgerð sem eðlilegt er

að farið sé í og hefur oft verið farið í, líka gagnvart borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík, líka þegar Vilhjálmur gegndi þar merkilegu hlutverki. En hann vill frekar að samskiptin fari fram fyrir dómstólum samkvæmt þessu og það má kallast merkilegt.

Herra forseti. Þetta ákvæði kemur inn skömmu áður en frv. er afgreitt frá nefnd sem brtt. frá hæstv. félmrh. og ráðherrann skuldar Alþingi skýringar á því hver tilgangur hans er með þessu frv., hvernig hann hugsar það, hvort hann lítur svo á að hér sé um brot á stjórnarskrá að ræða, dulda skattheimtu, aukið jafnrétti milli sveitarfélaga, aukin réttindi, bætta stöðu íbúanna eða hver er tilgangurinn? Af hverju kemur þetta ákvæði inn sem brtt. eftir á? Af hverju kemur það ekki inn strax þegar umfjöllun um frv. er hafin eða þegar samning þess á sér stað í félmrn.?

Herra forseti. Ég ætla ekki að dvelja frekar við 6. og 7. gr. Ég var búin að fara yfir þær í gær en að gefnum ýmsum tilefnum kaus ég að bæta örlitlu við.

Það sem ég vildi ræða næst eru ákvæði sem lúta að eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaganna og tek saman nokkrar greinar í frv. Mér þykir, herra forseti, áhugaverður, stundum sorglegur og stundum reyndar spaugilegur sá málflutningur sem oft og einatt á sér stað um hið mikla sjálfstæði sveitarfélaganna og hvernig ekki má hafa vit fyrir þeim. Það má t.d. ekki hafa vit fyrir þeim varðandi sameiningu sveitarfélaganna. Þá skiptir formið meira máli en hagsmunir íbúanna eða hagsmunir byggðarinnar á Íslandi, eins og ég hef farið yfir. En það er hins vegar svo að þegar kemur að fjármálunum þá er ráðuneytið með margvíslegar aðgerðir í gangi og nú á að bæta enn einni við til að hafa náið eftirlit með því hvernig sveitarfélögin fara með þessar tekjur sem þau ná að afla samkvæmt tekjustofnalögum. Þar höfum við í fyrsta lagi 68. gr. um endurskoðun ársreiknings en þegar ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður skal hann sendur til ráðuneytisins. Í frv. eru ákveðnar reglur um hverjir megi vera endurskoðendur sveitarfélagsins en sveitarstjórnin skal ráða löggiltan endurskoðanda eða hún getur nýtt sér endurskoðunarfyrirtæki sem vinna að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

Síðan á sveitarfélagið líka eða sveitarstjórnin að kjósa skoðunarmenn og skoðunarmennirnir yfirfara ársreikning sveitarfélagsins líka. Endurskoðandinn yfirfer ársreikninginn og gengur frá honum í mörgum tilfellum fyrir sveitarfélagið og svo koma skoðunarmennirnir og þeir yfirfara ársreikning sveitarfélagsins.

Síðan kemur eftirlitsnefnd. Ráðherra skal samkvæmt frv. skipa þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaganna. Þessi eftirlitsnefnd verður alltaf á vaktinni til að passa það að endurskoðendurnir standi sig í stykkinu og skoðunarmennirnir skoði vandlega það sem endurskoðendurnir eru áður búnir að gera. En það er rétt að það komi fram, herra forseti, að það er líka svo að þegar sveitarfélögin hafa samþykkt fjárhagsáætlun sína og þriggja ára áætlun, þá eru þau plögg að sjálfsögðu send ráðuneytinu sem skoðar hvort þar sé ekki allt eins og þar á að vera og hvort menn séu nokkuð að fara út yfir eðlileg mörk í því sem leyfilegt er, en það kemur einmitt fram í 65. gr. að ákveðin mörk eru við því í lögunum hversu stórar fjárfestingar sveitarfélagið má ráðast í án þess að þar komi umsögn sérfróðs aðila um bæði kostnaðaráætlunina og væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma. Það er sem sagt margfalt kerfi í gangi til að passa upp á það að menn standi vel að málum.

Sveitarfélögin gera fjárhagsáætlun, þau gera þriggja ára áætlun. Síðan þurfa þau, ef þau ætla að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir, að gera sérstaka áætlun þar um og fá umsögn sérfróðs aðila sem gerir úttekt á væntanlegum áhrifum þessarar fjárfreku framkvæmdar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðsins. Þegar reikningarnir eru tilbúnir eru þeir skoðaðir af endurskoðendum en af því að það er líklega ekki hægt að treysta þeim, þá eru kjörnir skoðunarmenn af hálfu sveitarstjórnarinnar og svo í lokin af því að ekki er neinu að treysta í þessu, hvorki sveitarstjórninni, fjárhagsáætluninni, þriggja ára áætluninni, áætlanagerðinni varðandi sérstök verkefni, endurskoðendunum eða skoðunarmönnunum, þá er sett á laggirnar þriggja manna eftirlitsnefnd.

Miðað við frv. eins og það var upphaflega áttu ákvarðanir eftirlitsnefndarinnar að vera endanlegar og ekki kæranlegar til ráðherra. Það átti sem sagt að gefa þriggja manna eftirlitsnefnd fullan rétt til að ráðstafa málefnum sveitarfélaganna án þess að þau gætu snúið sér til æðra stjórnvalds með þá ráðstöfun. Ég veit að einhver hv. þm. sem við þekkjum hefði kallað þetta Stasi-lög. En þetta eru í rauninni eins og ég sagði áðan, herra forseti, í ótrúlga hrópandi mótsögn við það sem menn á hátíðisdögum kalla sjálfstæði sveitarfélaga og bregða fyrir sig þegar um það er að ræða að viðhalda fámennissveitarfélögunum. Þá eiga sveitarfélögin að vera svo sjálfstæð að það má ekki hrófla við því. En hér heyrir ekki allt upp á sama daginn og margra grasa gætir í þessu frv.

Ég vil nú, herra forseti, víkja að samvinnu sveitarfélaga vegna þess að ég hef auðvitað gert það að umræðuefni ásamt því að tala um fámennu sveitarfélögin að í þessu frv. er tekin af sú skylda sveitarfélaga til samstarfs sem er í gildandi lögum. Í gildandi lögum er ákveðin skylda til samstarfs en hún er ekki lengur. Samkvæmd gildandi lögum tóku héraðsnefndir við verkefnum sýslunefnda vegna þess að veigamikil breyting varð á eðli sýslufélaganna við lagasetninguna 1986 og héraðsnefndir tóku þá við verkefnum sýslunefnda og sveitarfélög voru skylduð til tiltekins samstarfs á vettvangi héraðsnefndanna. Sums staðar hafa héraðsnefndirnar runnið saman við landshlutasamtökin og þetta er eitt og hið sama ef landshlutasamtökin ná yfir svæði sem er atvinnu- og félagsleg heild. Annars staðar hafa héraðsnefndirnar náð að þroskast og þróast innan landshlutasamtaka þannig að vægi þeirra er mjög mismunandi en sums staðar skipta þær verulegu máli.

Í þessu frv. er farin sú leið að skilja einungis eftir orðið „héraðsnefnd“ á einum stað í frv. Þessi samstarfsvettvangur sveitarfélaganna sem er skyldubundinn samkvæmt gildandi lögum er nú skilinn eftir en hér stendur, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna. Getur slík samvinna meðal annars farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga, landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga.“

Samvinnan getur m.a. farið fram á vettvangi héraðsnefnda. Tilgáta mín er sú að heitið á þessum samstarfsvettvangi fái að hanga inni af tillitssemi við þær fjölmörgu héraðsnefndir sem í dag fara með mjög mörg af samvinnuverkefnum sveitarfélaganna sem í raun gera sveitarfélögum víða um land það kleift að takast á við þau verkefni sem eðlilegt er að sveitarfélög takist á við.

Það er nefnilega svo að byggðasamlögin eru eingöngu mynduð um einstök verkefni, eitt einstakt verkefni, kannski

samrekstur skóla eða eitthvað þess háttar. Héraðsnefndirnar hafa hins vegar orðið almennur vettvangur til sóknar og varnar fyrir sveitarfélög á tilteknum svæðum. En af því að menn eru svo logandi hræddir við eitthvað sem einhvern tíma var kallað þriðja stjórnsýslustigið, þá reyna menn að draga úr mikilvægi slíkra samstarfsvettvanga eftir megni og það er gert hér, herra forseti, á sama tíma og við erum skilin eftir með að það nægir að sveitarfélag telji 50 íbúa að lágmarki. Það er ekki skrýtið þó að ég telji, og ég er ekki ein um það, að þetta frv. skapi ekki gæfulegan ramma um byggðirnar úti um landið eða möguleika þeirra til að taka við frekari verkefnum frá ríkinu, hvað þá að rækja það sem þau hafa þegar.

Ég held líka að ástæða sé til þess, herra forseti, að vekja athygli á þessari héraðsnefndarvöntun í frv., ef það mætti orða það þannig, með tilliti til þess frv. sem hæstv. umhvrh. sýndi okkur um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Það er alveg ljóst að sú samstarfsnefnd sem staðið hefur að mótun skipulags fyrir miðhálendið er samansett úr fulltrúum héraðsnefndanna einfaldlega vegna þess að héraðsnefndirnar eins og ég sagði hafa verið lögbundinn samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og það var eðlilegt að leita til þeirra miðað við þá aðkomu sem þingið hafði að þessu skipulagsverkefni. Núna hins vegar þegar héraðsnefndirnar eiga ekki að vera til nema að nafninu til, þá sýnir ráðherrann okkur frv. þar sem segir að það séu sveitarfélögin, sem liggja að hálendinu, sem eigi að fara með stjórnsýslu á sneiðunum sem þau fá hvert um sig inn að miðju lands og yfir jökla. Og þegar spurt er út í framkvæmdina af því að þau eiga að skipa 12 fulltrúa í nefndina, þá byrja menn að muldra eitthvað um héraðsnefndir. En eins og ég hef áður bent á, herra forseti, þá gengur það ekki upp vegna þess að ef menn ætla að nýta héraðsnefndirnar til sóknar og varnar, þá verða menn að veita þeim merkilegri lagastoð en gert er í þessu frv. Þetta var um samstarf sveitarfélaganna.

Herra forseti. Það er eiginlega synd að fara svo hratt yfir sögu sem ég hef gert vegna þess að ýmsar skemmtilegar umsagnir sveitarfélaga koma fram varðandi þann kafla sem ég var að fara yfir áður en vék meir að kaflanum um samstarf sveitarfélaga, þ.e. um fjárhagsmálin og hið víðfeðma alltumlykjandi eftirlitsvald félmrn. Ætli við spörum okkur ekki skemmtilegheitin en það er satt að segja dálítið gaman og ég mæli með þeirri lesningu að menn fari yfir ýmsar af athugasemdum sveitarfélaganna sem komu um einmitt þennan fjárhagskafla því að sem betur fer hafa menn haft svolítinn húmor fyrir þessu líka.

Ég vil þá, herra forseti, þó að ég þurfi aðeins að bakka víkja að ákvæði 73. gr. þar sem segir í 2. mgr.:

„Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín.“

Þessi grein kemur í stað þeirrar greinar sem er í gildandi lögum þar sem sveitarfélögunum er heimilt að veita fyrirtækjunum einfalda ábyrgð. Ég held að það sé mjög gott, herra forseti, að bundinn er endir á heimild sveitarfélaga til þess að binda sveitarsjóð í ábyrgðir fyrir aðra aðila, fyrir fyrirtæki. Ég held að það hafi verið mjög nauðsynlegt að slíkt ákvæði væri afnumið. Hins vegar vil ég taka undir með bæjarstjóranum á Akranesi sem segir í umsögn sinni að ástæða kunni að vera til að skerpa nokkuð á því hvað teljist vera stofnanir sveitarfélags vegna þess hvernig greinin er orðuð því að hér segir:

„Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett í þágu sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.“

Bæjarstjórinn á Akranesi kallar eftir því að það þurfi að skerpa nokkuð á því hvað teljist vera stofnanir sveitarfélagsins, t.d. hvort byggðasamlög falli þar undir eða hlutafélög þar sem allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélaga. Hann nefnir að fleiri tilvik kunni að vera um eignarhald sveitarfélaga sem ástæða væri til að skýra hvað þetta varðar.

Ég tek undir þessi orð vegna þess að ég held að það sé mjög gott að þetta ákvæði sé skýrt. Það er alveg ljóst að strax eftir að ný lög hafa verið samþykkt um sveitarstjórnirnar og starfsemi þeirra mun félmrn. fá ýmis ákvæði til úrskurðar þar sem menn munu takast á um hvernig túlka beri einstakar greinar. Ég hygg að þessi verði ein af þeim sem munu koma mjög fljótlega til úrskurðar. Það er spurning hvort ekki væri gott ef hæstv. félmrh. gæfi okkur a.m.k. einhvern forúrskurð sem mundi einfalda sveitarfélögunum þetta mál með því að segja okkur svolítið betur hvernig þetta er hugsað með því að skerpa aðeins á þessu eins og bæjarstjórinn á Akranesi leggur til.

Ég ætla þá að lokum að fara yfir almennar greinar frv., þ.e. aðrar en þær sem lúta að hálendinu að víkja að stækkun sveitarfélaga. Sú tregða sem hefur verið hjá ríkisvaldinu að ganga hreint til verks varðandi stækkun sveitarfélaga og gera það sama og gert hefur verið í nágrannalöndunum fyrir löngu hefur orðið til þess að við erum auðvitað að þróa með okkur ýmsar aðferðir til þess að reyna að stækka sveitarfélögin með kosningum. Menn velta vöngum yfir því hversu ströng ákvæðin eiga að vera varðandi það hve margir þurfa að samþykkja. Geta þrjú sveitarfélög sameinast af fjórum ef þessi þrjú samþykkja en það fjórða hafnar? Er það nógu lýðræðislegt? Er hægt að líta svo á að þau þrjú sem samþykkja séu að lýsa almennt yfir vilja til sameiningar og hægt sé að líta á þann vilja þannig að það eigi þá að halda áfram með verkefnið? Í anda þessarar hugsunar settu þrír hv. þm. jafnaðarmanna, þau Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Rannveig Guðmundsdóttir, ég vek athygli á að hér er um þrjá fyrrv. félmrh. að ræða, fram tillögu þess efnis fyrr í vetur að heimilt væri að ef um væri að ræða þrjú eða fleiri sveitarfélög og tillaga samstarfsnefndar hlyti meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. tveimur þriðju þeirra sveitarfélaga væri viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

Þessi tillaga er sett fram í anda þeirra sem vilja gera allt sem mögulegt til að auðvelda sameiningu sveitarfélaga, til þess að sveitarfélögin á Íslandi verði sem fyrst burðugar stjórnsýslueiningar.

Þegar frv. var síðan lagt fram kom í ljós að þessi tillaga hafði verið tekin þar upp. Í ljós kom að þeir sem sömdu frv. voru einnig á þessari skoðun enda hafði tillagan áður verið hluti af sveitarstjórnarlögum, þá reyndar bara bráðabirgðaákvæði sem var sett inn vegna tiltekinna aðstæðna og hafði bara ákveðinn líftíma. Vegna mikilvægis þessa máls vil ég gjarnan fara yfir þá greinargerð sem fylgdi tillögunni af hálfu þingmannanna þriggja sem fluttu hana fyrr í vetur en þetta var 84. mál þingsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á sl. þremur til fjórum áratugum hefur verið mikil umræða um nauðsyn þess að efla sveitarfélögin með sameiningu þeirra. Síðastliðin 10 ár hefur náðst nokkur árangur. Árið 1986 voru sveitarfélögin 223 en hafði fækkað um 27 eða í 196 í nóvember árið 1992 þegar fram fór atkvæðagreiðsla í land-

inu um sameiningu sveitarfélaga. Frá áramótum 1993–94 til september árið 1997 hafa orðið 14 sameiningar með fækkun sveitarfélaga um 32. Samtals hefur sveitarfélögum því fækkað um 58 á liðlega 10 ára tímabili og í dag eru sveitarfélögin 165 talsins. Ef einnig eru teknar með sameiningartillögur sem hafa verið samþykktar á þessu ári, en ekki staðfestar, atkvæðagreiðslur sem áætlaðar eru á næstu mánuðum og staðir þar sem viðræður eru hafnar en atkvæðagreiðsla ekki ákveðin og gert ráð fyrir að allt gangi þar eftir og sameiningar takist verða sveitarfélögin 128. Þar af eru 35 sveitarfélög með íbúatölu undir 400."

Ég vek athygli á því að það kom einmitt fram hjá einum þeirra sem sendu inn umsögn um 6. gr. að 400 hlyti að vera lágmarkstala ef einhver lágmarkstala ætti að vera í lögum um sveitarstjórnir. En áfram með greinargerð þingmannanna:

„Af framangreindu er ljóst að sameiningarátakið sem hrundið var af stað fyrir nokkrum árum og umræðan um nauðsyn sameiningar fyrir og eftir atkvæðagreiðsluna í nóvember 1993 hafa skilað umtalsverðum árangri.

Enn er langt í land að öll sveitarfélög á landinu verði það öflug að þau geti veitt íbúum sínum nauðsynlega þjónustu og verið fær um að taka við auknum verkefnum. Nauðsynleg framþróun atvinnulífs og aukin verðmætasköpun til að standa undir velferðarþjónustunni og tryggja fólkinu örugga atvinnu kallar á umbætur í sveitarstjórnarmálum ekki síður en hjá ríkisvaldinu. Stækkun og efling sveitarfélaganna stuðlar að því að treysta byggð í landinu og brjóta niður þær hindranir sem eru í atvinnuuppbyggingunni og til að ná fram betra og hagkvæmara skipulagi, sem og að skapa skilyrði fyrir meiri, betri og jafnari þjónustu við íbúana.

Einhæfni atvinnulífs er eins og kunnugt er aðalvandamál margra byggðarlaga. Smæð margra sveitarfélaga hindrar að þau geti veitt íbúum sínum ýmsa þjónustu sem talin er sjálfsögð í nútímaþjóðfélagi. Skortur á þjónustu felur hins vegar í sér að ekki eru til störf í þjónustugreinum sem gætu laðað að fólk til búsetu í hinum dreifðu byggðum. Þannig hníga rök að því að einhæfni atvinnulífsins megi í verulegum mæli rekja til þess að sveitarfélögin eru of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur víða fram, ekki síst á sviði félagslegrar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaga kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri. Víða um land er því ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu sem fólk hefur þörf fyrir og veldur því að það hefur leitað til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá þörfum sínum mætt. Á þetta ekki síst við um aldraða og unga fólkið sem verða að treysta á ýmsa félagslega þjónustu og verða oft að taka sig upp og flytja í stærri sveitarfélögin þar sem þjónustuna er að fá. Í ýmsum smærri sveitarfélögum hefur einhæfni atvinnulífsins og minni félagsleg þjónusta leitt til þess að um langt árabil hefur verið stöðugur straumur fólks frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Á síðasta áratug fjölgaði Íslendingum um tæplega 28 þúsund manns. Vegna mikilla fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins fjölgaði íbúum þar engu síður um ríflega 28 þúsund en á landsbyggðinni einungis um 1.800 sem eru aðeins liðlega 6% af heildarfjölguninni."

Mismuninn hér, herra forseti, má væntanlega rekja til mismunandi fæðingar- og dánartíðni.

„Staðreyndin er einnig sú að við erum langt á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum í sameiningu sveitarfélaga. Þær gengu í gegnum veigamikla sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins fyrir mörgum áratugum. Um 1970 var þessu ferli að mestu lokið þar. Verulegur árangur í stækkun sveitarfélaga þar náðist þó ekki fyrr en í kjölfar lagasetningar þó að sveitarfélögin hafi haft umsagnarrétt. Til þessarar lögþvingunar í sameiningu sveitarfélaga var gripið þar sem lítill árangur hafði orðið í frjálsri sameiningu þeirra. Reynslan þar af sameiningunni er mjög góð og hefur skilað verulegum árangri í að efla sveitarfélögin og sjálfsforræði þeirra og auðvelda verkefnaflutninga frá ríkisvaldinu til sveitarstjórna. Sveitarstjórnarstigið hér á landi er mjög veikt samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Þar hafa sveitarstjórnir fleiri verkefni sem falla betur að stjórnsýslu þeirra, eins og að sinna ýmissi staðbundinni þjónustu, og hlutur þeirra í skattheimtunni er einnig miklu meiri en hér á landi."

Herra forseti. Síðan er birt tafla þar sem farið er yfir það hversu stórum hluta af skattgreiðslunum er ráðstafað annars vegar af ríki og hins vegar af sveitarfélögunum og öll Norðurlöndin tekin fyrir. Það er svo, herra forseti, að sveitarfélögin á Íslandi fara með margfalt minna fjármagn en sveitarfélögin annars staðar á Norðurlöndunum miðað við þessar tölur. Hér er ríkisvaldið margfalt sterkara en hjá grönnum okkar sem við viljum gjarnan miða okkur við. Þetta segir okkur kannski meira en mörg orð um stöðu mála hér á landi.

Þá segir hér áfram:

„Ljóst er að á Íslandi er ríkisvaldið með á sinni hendi ýmis verkefni sem sveitarfélögin annast annars staðar á Norðurlöndum. Þar er þjónusta við fatlaða, heilsugæsla og grunnskólar verkefni sveitarfélaga og sjúkrahús og framhaldsskólar verkefni fylkja, amta eða léna."

Það má kannski geta þess, herra forseti, að eitt af þeim verkefnum sem héraðsnefndir hafa einmitt sameinast um er rekstur framhaldsskóla vegna þess að eins og menn þekkja þá koma sveitarstjórnirnar að rekstri framhaldsskóla í gegnum þá fulltrúa sem þær skipa þar í krafti þess að enn er það svo að sveitarstjórnirnar taka þátt í framkvæmdakostnaði við skólana.

„Í Svíþjóð þótti sameiningin ganga hægt fyrir sig og helsta hindrunin var sú að öll sveitarfélög sem áttu að sameinast þurftu að samþykkja sameininguna." — Þetta þekkjum við hér. — „Árið 1969 voru sett lög þess efnis að sveitarfélögin hefðu frest til 1. janúar 1974 til þess að sameinast. Þessi lagasetning skilaði miklum árangri en meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi þar er nú um 30 þúsund íbúar. Í Noregi var lögum einnig beitt til að flýta fyrir sameiningu sveitarfélaga, en sameining norskra sveitarfélaga gerðist aðallega á árunum 1960–1967 undir lagaboði þar að lútandi. Mest varð sameiningin á árunum 1964–1965, en þá sameinuðust alls 223 sveitarfélög. Í Danmörku voru á árinu 1970 samþykkt lög sem fólu í sér mjög umfangsmikla breytingu á danskri stjórnsýslu og lagaboð um sameiningu sveitarfélaga. Eftir þá breytingu voru sveitarfélögin 275 talsins og hafði fækkað um 1.113 eða um 80%. Í Finnlandi voru samþykkt lög um sameiningu sveitarfélaga á árinu 1966, en í þeim lögum var kveðið á um að lágmarksstærð sveitarfélaga skyldi miðast við 8.000 íbúa og að sveitarfélög með færri en 4.000 íbúa skyldu eingöngu vera í sérstökum undantekningartilvikum."

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, að í Finnlandi var kveðið á um það í lögum árið 1966 að lágmarksstærð sveitarfélaga skyldi vera 8 þúsund íbúar, mætti þó vera 4 þúsund íbúar í sérstökum undantekningartilfellum. Þetta er athyglisvert í ljósi þess hvað við erum að fjalla um á Íslandi árið 1998.

„Af framangreindu er ljóst að annars staðar á Norðurlöndum komst ekki verulegur skriður á sameiningu sveitarfélaga fyrr en í kjölfar laga sem fólu í sér skyldu til sameiningar þeirra, en áður hafði verið reynd leið frjálsrar sameiningar sem gekk afar hægt fyrir sig.

Fjöldi sveitarfélaga hér á landi ræður illa við að sinna ýmsum þeim verkefnum sem nú þegar eru lögboðin. Veruleg hætta er einnig á því að þau hafi ekki getu til að taka að sér ný verkefni, en auk grunnskólans hefur verið rætt um heilsugæsluna, öldrunarþjónustu, málefni fatlaðra, félagslega húsnæðiskerfið og jafnvel framhaldsskólann.“

Ég vil bæta við þessa upptalningu, herra forseti, menningarmálum vegna þess að þegar er eitt sveitarfélag komið með menningarmálin til sín sem reynslusveitarfélag og mér segir svo hugur um að öll þau verkefni sem nú eru úti hjá reynslusveitarfélögum muni verða verkefni allra sveitarfélaga áður en yfir lýkur. (**Gripið fram í:** Hvernig verður með menningarmál á hálendinu?) Það mun ráðast af afstöðu þeirra 42 sveitarfélaga sem liggja að hálendinu, hv. þm.

„Mörg stærri sveitarfélögin hafa lýst yfir vilja sínum til að taka við auknum verkefnum frá ríkinu, en afstaða smærri sveitarfélaganna til sameiningar sveitarfélaga hefur allt of lengi tafið þá framþróun. Framþróun, sem er bæði í þágu eflingar sveitarstjórnarstigsins og til að bæta hag íbúanna. Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga ályktaði á fundi sínum 26. og 27. febrúar 1993 að það teldi rétt að fela sveitarfélögum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva og að þau yfirtaki verkefni á sviði málefna fatlaðra og aldraðra. Telja verður hæpið að allur þessi verkefnaflutningur gangi eftir nema til komi veruleg stækkun sveitarfélaganna.

Víst er að krafa stærri sveitarfélaganna mun fá aukinn þunga á næstu árum, ekki síst ef vel tekst til hjá reynslusveitarfélögunum sem tímabundið hafa yfirtekið til reynslu ýmis verkefni sem verið hafa hjá ríkisvaldinu. Það verður líka að telja það andhverfu á lýðræðinu að lítil sveitarfélög komi sífellt í veg fyrir eflingu sveitarfélaganna og getu þeirra til að yfirtaka fleiri verkefni frá ríkinu. Verði sameiningunni ekki hraðað er ekki ólíklegt að til verði tvenns konar sveitarfélög á Íslandi, annars vegar stór sveitarfélög sem fara sjálf með verkefni eins og heilsugæslu, öldrunarmál og málefni fatlaðra og hins vegar lítil sveitarfélög sem áfram munu þurfa að lúta ríkisforsjá í þessum málaflokkum.

Kosningarnar um sameiningu sveitarfélaga, sem fram fóru í nóvember árið 1993, sýndu að mikill meiri hluti um allt land var samþykkur sameiningu sveitarfélaga, en fyrirkomulag kosninganna var með þeim hætti að samþykki meiri hluta í hverju einstöku sveitarfélagi þurfti til að ná fram sameiningu. Af um 62 þúsund kjósendum sem tóku þátt í kosningunni sögðu tæp 36 þúsund já við sameiningunni en 26 þúsund nei. Niðurstaða kosninganna sýndi einnig að á annað hundrað hreppar með færri en 300 íbúa sem telja 15.000 manns höfðu neitunarvald um sameiningu.

Mikilvægt er að hraðað verði eins og kostur er sameiningu og eflingu sveitarfélaganna þannig að þau fái aukið sjálfsforræði og möguleika til að yfirtaka málaflokka sem eðlilegt er að þau sinni og falla undir ýmsa staðbundna þjónustu í skóla-, félags- og heilbrigðismálum. Með því yrði verulega dregið úr umsvifum ríkisvaldsins og staða landsbyggðarinnar og sveitarfélaganna styrkt verulega. Það er skoðun flutningsmanna að lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi eigi ekki að vera undir 1.000 til að skapa nauðsynleg skilyrði til að flytja til þeirra fleiri verkefni og tekjustofna. Það er reyndar í samræmi við álit fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga frá fundi þess 23. nóvember 1991“ — ég vek athygli á því að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga ályktar árið 1991 — „þar sem lýst var yfir stuðningi við hugmyndir um stækkun og eflingu sveitarfélaganna með sameiningu þeirra sem taki eins og kostur er mið af leið nr. 2 í áfangaskýrslu nefndar um skiptingu landsins í sveitarfélög. Þar er lagt til að sveitarfélög nái yfir mjög stór svæði og verði aðeins í undantekningartilvikum með færri íbúa en 1.000. Sveitarfélögin í landinu yrðu þannig 30–35. Í ályktun ráðsins kom einnig fram eftirfarandi: „Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að efla sveitarstjórnarstigið og sveitarfélögin í landinu, til þess að gera þau betur fær um að sinna verkefnum sínum og taka við nýjum. Ef landinu væri skipt í færri og stærri sveitarfélög, yrðu þau mun betur í stakk búin til að standa undir þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar varðandi þjónustu, sem þau veita íbúunum. Skilyrði myndu skapast fyrir hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þannig að samstarfsverkefni þeirra gætu lagst af að mestu. Sveitarfélögin myndu í flestum tilfellum ná yfir heildstæð þjónustusvæði, stjórnunarkostnaður þeirra myndi lækka og hagkvæmni í fjárfestingum og rekstri myndi aukast verulega. Stjórnsýsla sveitarfélaganna yrði mun einfaldari í sniðum en nú er og atvinnusvæði myndu stækka.“

Góður skriður virðist vera á sameiningarmálum sveitarfélaga eins og að framan er lýst. Það ætti að tryggja að ekki þurfi að koma til lögbindingar á hækkun lágmarksíbúatölu eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Flutningsmenn telja því rétt að sjá hverju fram vindur og leggja hér einungis til þá breytingu á sveitarstjórnarlögum sem tryggir að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og samþykkt var sem ákvæði til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum á 120. löggjafarþingi árið 1995 í tengslum við sameiningu Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps, Þingeyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Í athugasemdum með því frumvarpi kom fram að það var samið og lagt fram að frumkvæði samstarfsnefndar um framangreinda sameiningu. Jafnframt kom fram að samstarfsnefndin teldi að sá möguleiki væri fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga gætu fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga.

Með þessu ákvæði var verið að koma í veg fyrir með líkum hætti og lagt er til í 1. gr. þessa frumvarps að kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga geti fellt tillögu um sameiningu sveitarfélaga og þannig komið í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkja hana. Eins og áður hefur komið fram í þessari greinargerð er nú verið að gera nokkrar sameiningartilraunir og er ljóst af samtölum við ýmsa sveitarstjórnarmenn að þeir telja að þessi hætta geti verið til staðar nú og má ætla að stuðningur sé allverulegur hjá sveitarstjórnarmönnum við lagasetningu sem felur í sér að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga.“

Svo mörg voru þau orð og eins og ég gat um, herra forseti, var þessi tillaga tekin upp í frv. þannig að það virðist hafa náð eyrum þeirra sem sömdu frv., þ.e. að ástæða væri til að gera þessi ákvæði liprari til að örva þá sameiningu sveitarfélaga sem menn hafa verið að horfa til að væri að eiga sér stað.

Ég hef þá farið yfir þau almennu ákvæði frv. sem mér hefur fundist ástæða til þess að minnast á. Ég gæti haft mörg

fleiri orð um ýmsar greinar þessa frv., svo hugleikin eru mér bæði sveitarstjórnarmálin og málefni landsbyggðarinnar. En að sinni ætla ég ekki að hafa frekari orð um almennar greinar frv. en ætla að víkja að 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Herra forseti. Um 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða hafa spunnist mestar umræður þegar þetta frv. til sveitarstjórnarlaga hefur verið til umfjöllunar. Mér hefur þótt það miður. Ekki af því að þessi ákvæði séu ekki stór og mikilvæg, heldur hefur mér þótt miður að önnur ákvæði frv., svo mikilvæg sem þau eru fyrir landsbyggðina, fyrir landið allt og byggðaþróunina, skyldu falla svo í skuggann. Hjá því hefði auðvitað verið hægt að komast og fá þá betri og ítarlegri umfjöllun um byggðaþróunina og stöðu okkar í þeim málum ef þær breytingar sem félmrh. vill fara fram með hefðu verið látnar liggja, ef ákafinn í að teygja sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu inn að miðju lands hefði ekki borið annan vilja og áhuga ofurliði.

1. gr. frv. snýst um það að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög. Í gildandi lögum, herra forseti, segir að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög. Þar er fyrst og fremst verið að tala um byggðina og gerður er nokkur greinarmunur á byggðinni og sveitarfélögunum annars vegar og síðan þeim hluta sem ríkið ætti að sjá um eða aðrir aðilar. Þar virðist hugsunin vera sú að menn horfi fyrst og fremst til sveitarfélaganna sem samfélags fólks og að sveitarstjórnirnar og verkefni sveitarfélaganna byggi fyrst og fremst á því að annast þjónustu við þetta fólk. Hér er sem sé kominn alveg nýr andi. Nú er það landið sem á að skiptast í staðbundin sveitarfélög.

Ákvæði til bráðabirgða hefur verið breytt og það er önnur brtt. sem kemur frá hæstv. félmrh. Páli Péturssyni, en tillagan eins og hún hljóðar núna og hv. félmn. mælir með að verði samþykkt svona er að ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

„Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.“

Sem sagt, herra forseti, landið á allt að skiptast í sveitarfélög og miðað við bráðabirgðaákvæðið á það að gerast þannig að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið að jöklum. Það er nákvæmlega um þetta ákvæði sem styrinn hefur staðið.

Kannski má segja að deilur hafi fyrst vaknað þegar sú nefnd sem sett var til þess að skipuleggja miðhálendið skilaði af sér og má segja að gagnrýnin hafi verið á tvo þætti, annars vegar á þær tillögur til skipulags sem fyrir lágu og mjög margir hafa gert alvarlegar athugasemdir við og hins vegar á þá hugmynd sem nefndin setur fram og gengur aftur í frv. félmrh. um að það séu sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu sem fari með skipulags- og stjórnsýslurétt á miðhálendinu.

Um þetta efni hafa verið skrifaðar margar lærðar greinar. Fundir hafa verið haldnir til þess að fjalla um málið. Það hafa verið skrifuð bréf þar sem farið er með bænum að ráðherrum um að málið fái að bíða og fái frekari skoðun og við þingmenn höfum fengið hvatningu frá ýmsum aðilum, bæði einstaklingum og hópum, um að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að þetta frv. eða þær hugmyndir sem þar er verið að setja fram fái vandaðri umfjöllun en þegar hefur orðið.

Ég vil, herra forseti, grípa ofan í það sem Gunnar G. Schram prófessor skrifaði um þetta mál fyrst eftir að tillaga samvinnunefndarinnar var lögð fram. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Margt gott má segja um þær tillögur sem er að finna í svæðisskipulaginu að miðhálendi Íslands sem nú liggur frammi til athugasemda.“

Þetta er skrifað í febrúar árið 1997. Ég ætla að reyna að halda áfram, herra forseti, þó að það sé annar fundur kominn í gang í salnum. (Forseti hringir.) Gunnar segir hér að einn stór galli sé þó á gjöf Njarðar, sem sé sá að samvinnunefndin leggi til að stjórnsýslan yfir miðhálendinu verði í höndum sveitarfélaganna sem að því liggja og með þessu sé ráðendum rúmlega 40 sveitarfélaga af 165 fengið allt framkvæmdarvald yfir svæðinu sem nær yfir hálft Ísland. Hann telur þetta slæma tillögu og tekur fram eftirfarandi rök máli sínu til stuðnings.

Hann segir að í fyrsta lagi felist mikið óréttlæti í því að fá 3–4% landsmanna vald yfir nær helmingi landsins. Það þýði að aðrir landsmenn megi þar hvergi koma nærri. Samt eru það ekki síst íbúar þéttbýlissvæðanna hér og í öðrum kaupstöðum sem mest nota hálendið.

Í öðru lagi segir Gunnar G. Schram að ljóst sé að víðáttumikil svæði miðhálendisins séu utan allrar eignar og þá stjórnsýsluréttar í dag samanber allmarga hæstaréttardóma og skipulagsyfirvöld hafi mjög vafasaman rétt til þess að fá örfáum mönnum vald yfir þessum eigendalausu svæðum. Það sé í raun fráleitt og verði ekki gert nema með nýrri og sérstakri lagaheimild. Það er í rauninni það sem við erum að fjalla um í dag og höfum verið að fjalla um undanfarna daga,

herra forseti, þ.e. að nú er verið að leggja drög að þessari nýju og sérstöku lagaheimild.

Hann segir að í þriðja lagi sé mjög hæpin stefna svo að ekki sé meira sagt að fá hagsmunaaðilum vald til að nýta miðhálendið. Þá er hann væntanlega að tala um bændur sem hafa haft af því hagsmuni að beita búfé á afréttum sem hafa náð inn á miðhálendið. En hann segir áfram:

„Þeir ættu einmitt manna sístir að fara með það vald vegna m.a. ofbeitarhættu sem er þar um að ræða og sem mun vart minnka við óskoruð völd þeirra þar.“

Í fjórða lagi segir hann að mjög vafasamt sé að sveitarfélögin 40, mér skilst reyndar að þau séu 42, sem ætlað er stjórnsýsluvaldið hafi innan vébanda sinna þá fagþekkingu sem krefjast verður til skilvirkrar stjórnsýslu. Er átt við sérfræðikunnáttu á sviði heilbrigðismála, byggingarmála, skipulagsmála sem sveitarfélög þessi verði að annast fái þau stjórnsýsluvaldið.

Eins og ég gat um áðan er þessi grein skrifuð í febrúar árið 1997 og þar segir áfram:

„Skorturinn á lagaheimild er í dag sá tálmi sem kemur í veg fyrir að unnt sé að fara að tillögu samvinnunefndarinnar og fá hinum fámennu hálendissveitarfélögum stjórnsýsluvaldið í hendur. Þess vegna hefur félmrh. hlaupið undir bagga með þessari slæmu hugmynd og lagði í vor,“ þ.e. sl. vor, „fram á Alþingi frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Þar segir að gengið skuli út frá því að staðarmörk sveitarfélaga sem liggja að miðhálendi Íslands verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum.

Sú stefna sem í þessu frv. er mörkuð gengur í fyrsta lagi þvert á ríkisstjórnarfrv. um þjóðlendur sem einnig var lagt fram á síðasta þingi og má slík málsmeðferð furðu sæta, segir hér. Í öðru lagi gengur þetta frv. þvert á almannahagsmuna landsmanna. Vitanlega á að lýsa því yfir í löggjöf og í stjórnarskrá að miðhálendið sé sameign íslensku þjóðarinnar, ekki síður en fiskurinn í sjónum. Það á síðan að varðveita hin ósnortnu víðerni í sem mestum mæli og gera þar þjóðgarða sem stærstir yrðu í Evrópu. Þá fyrst yrði þessi önnur mesta auðlind Íslands tryggð um alla framtíð.

Miðhálendið er um 40% af öllu Íslandi. Það segir sína sögu um mikilvægi málsins en bendir jafnframt til þess að saman geti farið verndun og skynsamleg landnýting í þágu virkjunar þeirra vatnsfalla sem þar er að finna. En slíkt mun aldrei gerast ef stjórnsýsla þessa víðfeðma svæðis er ekki á einni hendi heldur 40 þar sem deilt verður um alla hluti innbyrðis. Hætt er við að skynsamleg landnýtingarsjónarmið og náttúruvernd lyti þar í lægra haldi.“

Herra forseti. Vegna þess að menn hafa verið að vísa til þess að svæðisskipulag gæti hér öllu bjargað vil ég tiltaka tvö atriði sem gera það að verkum að hvorki ég né ýmsir aðrir hafa trú á því að slíkt svæðisskipulag kæmi að miklu haldi. Í fyrsta lagi er það vegna þess að ákvæði skipulagslaga hvað varðar svæðisskipulag er ekki nægilega sterkt. Það stendur að stefnt skuli að samræmingu svæðisskipulags við aðalskipulag eða aðalskipulags við svæðisskipulag. Það er einfaldlega ekki nógu sterkt orðalag hvað sem líður möguleikum á nefndarskipun og öðru slíku í lögunum.

Í öðru lagi, og það er alvarlegra, er það að svæðisskipulag hefur enga stjórnsýslueiningu á bak við sig. Það er engin stjórnsýsla á bak við svæðisskipulag eins og er á bak við aðalskipulag þar sem sveitarfélagið stendur að baki. Það gerir það að verkum að enginn einn stjórnsýsluhafi, sem stendur á bak við svæðisskipulag, hefur til þess afl að fylgja því fram og standa á því sem þar kemur fram. Þetta er að mínu mati atriði sem hefur ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur en segir okkur að staða svæðisskipulags gagnvart aðalskipulagi sem er á hendi sveitarfélaganna er allt of veik til þess að eitt sameiginlegt svæðisskipulag fyrir miðhálendið geti komið í veg fyrir að ágreiningur verði um skipulag ræmanna sem munu liggja inn að miðju landsins á milli þeirra sveitarfélaga sem fara með aðalskipulag á þeim svæðum.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég álít að menn verði að skoða áður en þeir lögfesta ákvæði eins og þau sem lögð eru til bæði í 1. gr. frv. og í bráðabirgðaákvæðinu.

Ég ætla ekki að fara frekar yfir þær athugasemdir sem koma hér fram en vil gjarnan líta á samantekt sem gerð hefur verið úr formlegum athugasemdum sem gerðar voru við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Sú tillaga liggur fyrir og við hana hafa verið gerðar ýmsar athugasemdir. Þær eru e.t.v. mismikilvægar af hálfu þeirra sem eru að skoða þær og ekki er mér ljóst að hve miklu leyti verður tekið tillit til þeirra. Sumar þeirra ganga það langt að benda á að það sé einfaldlega ekki tímabært að búa til eitt svæðisskipulag. Það eigi eftir að ganga frá ýmsum hlutum áður en hægt sé að ganga þannig frá málinu að sem flestir geti verið sáttir við það skipulag sem á að vera á hálendi Íslands. En þeir aðilar sem telja að vinna þurfi ákveðna forvinnu áður en gengið er frá svæðisskipulagi eru meðal annarra Ferðamálaráð Íslands sem bendir á að tillagan að skipulaginu taki ekki tillit til stefnumótunar í ferðamálum sem unnið hefur verið að.

Landsvirkjun er með athugasemdir og telur að ekki sé tekið tillit til þeirra áætlana sem legið hafa fyrir varðandi framkvæmdir á vegum þess fyrirtækis og segir að forsendur um vægi einstakra sjónarmiða séu þarna inni sem sumar hverjar gangi þvert á lög og stefnu stjórnvalda í orkumálum.

Landgræðsla ríkisins gerir athugasemdir vegna þess að hún álítur að við skipulag miðhálendisins skuli ganga út frá þeirri grundvallarforsendu að stefna skuli að endurheimt vistkerfa og bæta ástand eyddra og vangróinna landa hvarvetna á skipulagssvæðinu. Þetta telur Landgræðslan að sé ekki gert en vísar til þess að álit sitt byggi hún ekki einungis á lögum heldur að í þessu efni megi einnig vísa til ýmissa alþjóðasáttmála um umhverfisvernd og stefnumiða ríkisstjórnar Íslands. Þetta er að mínu mati ásamt með ýmsu fleiru sem fram hefur komið í athugasemdum við skipulagið býsna alvarlegt og gerir það að verkum að við setjum mörg hver spurningarmerki í rauninni við hvert framhald þessarar skipulagsvinnu getur orðið í bili.

(**Forseti** (RA)**:** Nú er ætlunin að gera fundarhlé í hálftíma og spurning mín til hv. þm. er sú hvort hann kýs að ljúka ræðu sinni á skömmum tíma nú eða taka aftur til máls kl. 13.30.)

Herra forseti. Ég hygg að ég eigi eftir kannski um hálftíma af ræðu minni. Það er spurning hvort ég ætti að ljúka henni núna eða ...

(**Forseti** (RA)**:** Nei. Þá gerum við hlé á fundinum í hálftíma.)

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:31]

**Svanfríður Jónasdóttir** (frh.)**:**

Herra forseti. Eftir að hafa í morgun farið yfir það frv. sem við ræðum hér, þ.e. þær greinar þess sem ekki fjalla um miðhálendið, er nú orðið tímabært að taka til umfjöllunar 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið sem ég hef ekki rætt

enn. Sem inngang að þeirri umfjöllun fór ég yfir nokkur atriði úr erindi sem Gunnar G. Schram hélt í fyrra, fyrir u.þ.b. ári, þar sem hann setti fram nokkur rök gegn því að 40 sveitarfélögum yrði falið skipulags- og stjórnsýsluvald á hálendinu. Í framhaldi af því vék ég mér að samantekt á formlegum athugasemdum sem gerðar hafa verið við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Eins og þeir tóku eftir sem fylgdust með umræðunni í gær hafði hv. þm. Svavar Gestsson með sér í ræðustól bók sem var bæði stór og þykk. Þar voru á ferðinni þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Svavar fór nú ekki yfir bókina eins og menn kannski reiknuðu með þegar hann gekk með þennan mikla doðrant í ræðustól. En hann fór yfir þau atriði sem honum þóttu skipta mestu og ég hef nú farið yfir þau atriði sem ég tel að vegi nægjanlega þungt til að menn ættu að geta skoðað mjög vandlega þetta svæðisskipulag sem yrði fyrsta svæðisskipulag miðhálendisins, því ljóst er að það skipulag sem fyrst verður samþykkt mun auðvitað gefa tóninn gagnvart framhaldinu.

Hins vegar tók ég líka fram, herra forseti, vegna þess hvernig allt þetta mál er vaxið ef það verður að lögum að miðhálendinu verði skipt milli þessara 42 sveitarfélaga, að við getum því miður ekki treyst því að svæðisskipulagið ráði því í rauninni hvernig farið verður með miðhálendið vegna þess, eins og ég fór yfir áðan, að sveitarfélögin fara með aðalskipulagsvaldið og aðalskipulagsvaldið er einfaldlega mun sterkara. Bæði er það vegna þess hvernig lagabókstafurinn er í skipulagslögunum en, svo ég ítreki það af því það skiptir verulegu máli, þá er aðalskipulagsvaldið sterkara vegna þess að það er stjórnsýsluvald á bak við það, stjórnsýsluaðili, sveitarfélag stendur á bak við aðalskipulagið. En á bak við svæðisskipulag er enginn stjórnsýsluhafi. Það veikir það og gerir að verkum að enda þótt menn nái samkomulagi um að gert verði eitt svæðisskipulag fyrir miðhálendið mun það ekki nægja til að koma í veg fyrir að árekstrar og togstreita verði milli þessara 42 sveitarfélaga sem eiga að eiga stjórnsýslurétt og skipulagsrétt alveg inn að miðju lands.

Það má fara ofan í fleiri atriði í þessari samantekt en ég ætla ekki að gera það núna, herra forseti. Ég ætla að vinda mér í það sem þjóðin hefur í rauninni verið sammála um að sé kannski stærsta umhverfisvandamálið og menn hafa haft áhyggjur af — ég hef vitnað í nokkra sem hafa haft áhyggjur af því — þ.e. beitarþol og beitarnýting hálendisins. Menn hafa haft áhyggjur af því að hagsmunaaðilar, þ.e. bændur í þeim hreppum sem liggja að hálendinu, hafi af því beina hagsmuni að nýta hálendið til beitar. Áhyggjur sumra snúast fyrst og fremst um að óeðlilegt sé að málum sé þannig háttað, það rekist á við ýmislegt annað sem þjóðinni þykir mikilvægara, m.a. það að uppblástur og gróðureyðing hefur fyrir mjög mörgum verið stærsta umhverfisvandamál þessarar þjóðar, enda kemur fram gagnrýni. Því miður eru þau drög að svæðisskipulagi sem fram hafa verið lögð þannig að þau hafa gefið tilefni til gagnrýni einmitt á þennan þátt, þ.e. að ekki sé nægjanlega gætt að verndun fyrir beit og að í rauninni sé gert ráð fyrir því að beitarálag verði of mikið. Sumir hafa jafnvel getið sér þess til að friðurinn við bændur hafi verið keyptur á þennan hátt. Ég sel það nú ekki dýrara en ég keypti. En skýringa hafa menn sannarlega verið að leita á því að þessi þáttur skyldi ekki vera tekinn fyrir öðruvísi í svæðisskipulaginu en raun ber vitni.

Ég vil máli mínu til stuðnings vitna í það sem í þessari samantekt haft eftir annars vegar Ingva Þorsteinssyni og hins vegar Landgræðslu ríkisins. Ingvi segir, með leyfi forseta:

„Við skipulagsgerð eins og hér er um að ræða hlýtur að vera grundvallaratriði að leitað sé allra gagna sem máli skipta um náttúrufar landsins og að trúverðugleiki þeirra gagna, og þar með notagildi, sé síðan metið. Hafi þetta verið gert hvað varðar gróðurfar hálendisins er niðurstaðan vægast sagt furðuleg.

Þær „tillögur" sem gerðar eru um beitarnýtingu hálendisins taka ekki" — ég endurtek — „taka ekki tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um ástand gróðurs og jarðvegs á hálendinu."

Þetta segir Ingvi Þorsteinsson líffræðingur um þessar tillögur.

Landgræðsla ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Skilgreint verði nánar hugtakið „ástand lands" svo og þau helstu hugtök önnur, sem notuð eru í umræðunni um verndun lands. Enn fremur verði aflað frekari upplýsinga er varða undirstöður tillagna um landgræðslumál. Má þar nefna upplýsingar um raunveruleg gróðurskilyrði, æskilega útbreiðslu og samsetningu gróðurs, jarðvegsrof og marghátt-uð landkostasjónarmið."

En til þess að styrkja það sem ég sagði áður, herra forseti, um þetta mál sem margir álíta stærsta umhverfisvandamál þjóðarinnar, vil ég máli mínu til frekari stuðnings hvað varðar áhyggjur af beitarmálum miðhálendisins og hálendisins vitna til greinar sem áðurnefndur Ingvi Þorsteinsson og Ólafur Arnalds skrifuðu í Morgunblaðið í janúar sl. af því tilefni að þeir höfðu kynnt sér svæðisskipulag miðhálendisins. Þeir segja þar, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur verið unnið að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands. Það er full ástæða til að fagna þeirri ákvörðun að skipuleggja landnotkun á miðhálendinu sem spannar yfir nær helming af flatarmáli landsins alls. Hálendið er viðkvæmasti hluti Íslands, og þess vegna hefur aldalöng notkun skilað því í verra ástandi gróðurfarslega en öðrum svæðum landsins, þar sem á annað borð eru skilyrði fyrir gróður.

Náttúrufari miðhálendisins hefur verið raskað á ýmsan hátt, auk beitaráhrifa, og marghátt-aðar landnotkunarhugmyndir, t.d. um virkjanir og aukna ferðamennsku, munu enn auka álagið á viðkvæma náttúru þess. Vaxandi vitund um gildi náttúru hálendisins hefur aftur á móti leitt til þess að íbúar landsins krefjast þess að ekki sé rasað um ráð fram. Nú skal hagur þjóðarinnar, þegar til lengri tíma er litið, hafður að leiðarljósi við hvers konar nýtingu landsins, í stað skammtímasjónarmiða. Við skipulag landnýtingar verði litið til verndargildis frá mörgum hliðum, svo sem ósnortins víðernis o.s.frv.

Þessi viðhorf er ekki unnt að samræma nema með því að skipuleggja landnotkun. Ákvörðunin um skipulagningu miðhálendisins var því ekki eingöngu metnaðarfull, heldur einnig löngu orðin tímabær.

Tillögur um svæðisskipulag miðhálendis Íslands voru birtar í maí 1997, og leikur ekki vafi á því að þær eiga eftir að skila árangri því að þar eru margar góðar hugmyndir. Skipulagstillögurnar eru grundvöllur umræðu, gagnrýni og frekari hugmynda um nýtingu hálendisins, eins og glögglega hefur komið í ljós nú þegar.

Umræða um tillögurnar manna á milli og í fjölmiðlum hefur verið mikil og fjörug — og oft óvægin. Fjöldi skriflegra

athugasemda mun hafa borist um þær til samvinnunefndarinnar um skipulag miðhálendisins.

Umræða í fjölmiðlum hefur snúist um flesta þætti tillagnanna og fræðilegan grundvöll þeirra, en það er umhugsunarvert að nánast enginn hefur minnst á þann þátt skipulagsvinnunnar sem fjallar um gróðurvernd og beit búfjár á miðhálendinu. Beitin er þó landnotkun sem hefur haft gífurleg áhrif á gróðurfar miðhálendisins og landsins alls í aldanna rás. Gróður- og jarðvegseyðing er skilgreind sem „stærsta umhverfisvandamál þjóðarinnar", enda hefur hún valdið meiri röskun á náttúrufari landsins, bæði á hálendi og láglendi, en nokkuð annað.

Gróðurkortagerð og aðrar rannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem unnið var að á miðhálendinu á árunum 1960–1985, veittu ítarlega vitneskju um gróðurfar þess, vistfræðileg skilyrði, framleiðslugetu og ástand gróðurs. Niðurstöður af rannsóknum á jarðvegsrofi, sem unnar voru á vegum sömu stofnunar og af Landgræðslu ríkisins voru birtar snemma árs 1997. Þær staðfestu svo ekki var um villst, hve slæmt ástand jarðvegs á miðhálendinu er og hve gífurleg gróður- og jarðvegseyðing þar hefur átt sér stað.

Í stuttu máli hafa þessar rannsóknir leitt í ljós að stærsti hluti miðhálendisins, sem áður var að miklu leyti gróinn, er gróðurlausar eða gróðurlitlar auðnir. Mikill hluti þess lands sem nú er gróið einkennist af rýrum og viðkvæmum mosagróðri. Á svæðum, þar sem enn er þykkur jarðvegur, er mjög víða mikil og hröð gróður- og jarðvegseyðing.

Á hluta miðhálendisins, fyrst og fremst þar sem er mikið votlendi, svo sem á Arnarvatnsheiði, Tvídægru, afréttum Vestur-Húnavatnssýslu, í Þjórsárverum og á Fljótsdalsheiði, er gróður í sæmilegu ástandi, og þar er ekki mikil jarðvegseyðing. Þessi svæði eru hins vegar tiltölulega lítill hluti alls miðhálendisins, og gróðurfar þeirra, nema blautustu flóa, ber einnig merki aldalangrar beitar.

Það eru fyrst og fremst auðnir miðhálendisins sem valda því að í dag er Íslandi lýst sem stærsta eyðimerkursvæði Evrópu."

Þetta er kannski einkunn, herra forseti, sem við hefðum ekki látið okkur detta til hugar að landið okkar fengi. Vík ég þá aftur að því sem Ingvi segir og nú um þátt beitarmála í skipulagstillögunum:

„Samkvæmt framangreindum niðurstöðum kortlagningar á rofi telst langstærsti hluti miðhálendisins ekki hæfur til beitar. Á grundvelli rofkortanna unnu Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslan yfirlitskort með ráðleggingum um nauðsynlegar takmarkanir á beit á miðhálendinu byggðar á ástandi jarðvegsins. Á þessu korti, sem birt er í greinargerð að skipulagstillögunum, kemur fram að nauðsynlegar séu „miklar takmarkanir" á beit vegna auðna og/eða mikils rofs á stærstum hluta miðhálendisins.

Skilaboð þessa korts og annarra gagna eru ótvíræð, en í tillögunum um svæðisskipulag miðhálendisins er nánast ekkert tillit tekið til þeirra. Þar er aðeins gert ráð fyrir beitarfriðun þriggja svæða: Þórsmerkur og Emstra, sem þegar eru friðuð fyrir beit (Almenningum er sleppt), og auðnanna norðan Vatnajökuls, allt norður undir byggð í Skútustaðahreppi, en nú þegar liggur fyrir samkomulag um friðun þess svæðis.

Í skipulagstillögunum eru beitarmál á miðhálendinu fram til ársins 2015 að öðru leyti afgreidd með þeim hætti sem eftirfarandi tilvitnanir úr greinargerðinni bera vott um: „Á viðkvæmum svæðum miðhálendisins er stefnt að því að taka upp beitarstjórn og/eða friðun í samræmi við landgæði." „Umræða meðal bænda víða í landinu bendir til þess að á næstu árum verði frekari breytingar varðandi beitarnot á afréttum", og „Beitarfriðun víðáttumikilla svæða er í undirbúningi á nokkrum afmörkuðum svæðum á miðhálendinu."" — Þetta var vitnun í greinargerðina. — Og svo halda þeir Ingvi og Ólafur áfram:

„Þetta er vægast sagt veik afstaða til svo mikilvægs máls. Reynslan af beitarmálum hér á landi hefur ævinlega verið sú að hafi þau verið „afgreidd" með þessum hætti hefur ekkert gerst."

Hér tala aðilar sem hafa áralanga reynslu af því að berjast fyrir friðun fyrir beit á hálendinu og víðar og þeir bæta við:

„Það er algerlega óviðunandi að skilja við beitarmál miðhálendisins til ársins 2015 með þessum hætti.

Á undanförnum tveimur áratugum eða svo hefur sauðfé í landinu fækkað um helming og beitarálag minnkað að sama skapi. Þar sem fækkunin hefur verið mest gætir þegar ótrúlega mikilla framfara í gróðurfari og ástandi landsins, einkum á láglendi þar sem ástandið var ekki orðið of slæmt. Við hin erfiðu gróðurskilyrði á miðhálendinu, þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er jafnslæmt og hér hefur verið lýst, dugar hins vegar ekkert annað en alger friðun fyrir beit til þess að stöðva eyðinguna og auka gróður að nýju.

Víðast á láglendi er nægur beitargróður fyrir það sauðfé sem nú er í landinu, og nú er því lag til að hlífa miðhálendinu fyrir beit. Þeir tímar munu eflaust koma að fé fjölgi á ný og að þörf verði fyrir beitargróður hálendisins. Þá er nauðsynlegt að ástand þess verði komið í margfalt betra horf en nú er.

Við beinum því þeirri tillögu til samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands að hún stuðli að algerri beitarfriðun hálendisins til loka skipulagstímans, eða til ársins 2015. Jafnframt skorum við á þá bændur og þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli að sýna þann stórhug að styðja þá tillögu að gefa miðhálendinu hvíld fyrir beit í hálfan annan áratug, eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun. Þá fær gróðurinn langþráðan frið til að breiðast út að nýju, og tóm gefst til nauðsynlegra landgræðsluaðgerða. Að þessum tíma loknum yrði ástand landsins endurmetið og nýjar ákvarðanir teknar í samræmi við niðurstöðurnar.

Með samstöðu, og að frumkvæði þeirra sem sjávarútveg stunda, tókst að stöðva hrun fiskstofnanna við landið með hóflegri nýtingarstefnu, sem jafnvel felur í sér tímabundna lokun fiskimiða. Með sama hætti ættu bændur og allir aðrir sem hlut eiga að máli að taka höndum saman um hliðstæða stefnu í nýtingu gróðurs á miðhálendinu. Það yrði eitt stærsta skref sem tekið hefur verið til stöðvunar jarðvegseyðingar, og til endurheimtar gróðurs og landgæða á Íslandi. Það framtak yrði lengi í minnum haft."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, þeirra sem gerst mega þekkja og áhyggjur af þeim áherslum sem lagðar eru í þeim drögum að svæðisskipulagi sem nú hafa verið kynnt. Þessar áhyggjur þeirra, eins og ég sagði áðan, ríma að sumu leyti við áhyggjur annarra sem fram hafa komið, þar sem menn hafa áhyggjur af því að þeir sem hafa hagsmuni af því að nýta landið með því að beita það verði þeir sem hafa um stjórnsýslu og skipulag að segja á þessu svæði. Þess vegna hefur m.a. verið á það bent að þarna gæti orðið um óeðlilega hagsmunaárekstra að ræða. Ein ástæða þess að menn hafa bent á að eðlilegt væri, og það liggur hér fyrir tillaga um það, að miðhálendið væri sjálfstæð stjórnsýsluein ing. Ég var áðan að fjalla um mun á svæðisskipulagi og aðalskipulagi.

Ef miðhálendið væri ein stjórnsýslueining þá væri kominn þar stjórnsýsluhafi á bak við það skipulag sem yrði á svæðinu og væri þá auðvitað ólíku saman að jafna en því að 42 sveitarfélög fari með aðalskipulag á þessu svæði.

Ég vil jafnframt, herra forseti, af því ég er hér auðvitað að tala fyrir hönd ýmissa þeirra sem hafa áhyggjur af því hvernig þessi mál kunna að þróast, vitna í það sem Páll Sigurðsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hefur sagt um þessi mál, þ.e. um það frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga sem við erum hér að fjalla um. Hann segir m.a. í grein þar um:

„Nú liggur jafnframt fyrir þinginu frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga, sem hefur m.a. að geyma mjög umdeilt ákvæði, þar sem kveðið er á um að þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, skuli nú skipað innan hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir nánar tilteknum reglum og viðmiðunum. Með öðrum orðum: Hálendi Íslands, með jöklum, söndum og hraunum, skal nú öllu skipt kirfilega í eins konar „tertusneiðar", fjölmargar og sumar æði þunnar ... Munu þær gjarna teygjast inn að miðju landsins og mætast þar á ólíklegustu stöðum, t.d. uppi á hájöklum eða á sandauðnum, allt eftir hugdettum þeirra kerfismanna, sem ákvarða skulu landamerkin. Nái þessi tillaga fram að ganga er líklegra en ekki að hún muni leiða til ófriðar og ófarnaðar. Mun heppilegra er, að þjóðlendurnar — sameign allra landsmanna — sem munu væntanlega ná yfir meginhluta hálendisins, verði til frambúðar undir samræmdri stjórn og í umsjá ríkisstjórnvalda. Má þá engu að síður búa svo um hnúta, að fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga eigi, ásamt öðrum, sæti í ráðgefandi stjórnarnefnd, er fjalli um hálendismálin, þannig að tryggt sé að hagsmunir sveitarfélaga verði ekki fyrir borð bornir.

Kröfur sveitarfélaga þeirra, sem liggja að hálendinu, til almennra stjórnsýsluforráða yfir óbyggðunum, þ.e. yfir þeim ræmum og skikum, sem einstökum sveitarfélögum yrði úthlutað samkvæmt fyrrnefndu „tertusneiðafrumvarpi", eru byggðar á misskilningi forráðamanna þeirra. Að því marki sem kröfur þessar kynnu að verða réttlættar á annað borð hlytu þær að grundvallast á eftirfarandi atriðum:

1. eignarrétti yfir hálendissvæðunum,

2. nálægð óbyggðasvæðanna við hlutaðeigandi mannabyggðir og

3. langvarandi nýtingu umræddra landsvæða.

Oftast yrði örðugt að sýna fram á, að þessar röksemdir geti átt við um þessar óbyggðalendur. Eignarrétti þessara sveitarfélaga eða einstaklinga, sem þar eru búsettir, er vafalaust sjaldnast fyrir að fara, svo sem sýnt var fram á í fyrri grein minni." — Þarna vísar Páll í fleiri greinar sem hann hefur ritað, m.a. um þjóðlendufrv. — „Mörg svæðin liggja bersýnilega afar langt frá allri byggð og vandfundin eru skynsamleg rök fyrir því að einhæf notkun óbyggðarlands til sauðfjárbeitar (þótt lengi hafi staðið) geti með nokkru móti réttlætt kröfu um stjórnsýsluyfirráð í þeim skilningi, sem hér um ræðir, auk þess sem fjölmörg óbyggðasvæðin, svo sem sanda, hraun og jökla, hafa sveitarfélög vitaskuld aldrei nýtt til eins né neins. Stjórnsýsla yfir hálendinu, sem fullnægja skal nútímalegum kröfum, verður að sjálfsögðu að byggjast á mikilli yfirsýn og víðtækri gæslu almannahagsmuna, sem sveitarfélögunum, mörgum fámennum og lítils megandi, yrði ofraun að rísa undir. Fámennið leiðir m.a. til hættu á hagsmunaárekstrum og vanhæfi, sem torveldar alla raunhæfa stjórnun. Sérstaklega á þetta við um skipulags- og byggingarmál hálendisins, þar sem skipuleggjendurnir verða að vera hátt hafnir yfir hrepparíg og úrelt og gamaldags viðhorf til stjórnsýslumarka.

Aukin friðun hálendisins er mjög aðkallandi og verður að ætla að mikill meiri hluti þjóðarinnar hljóti nú að gera þær kröfur til ráðamanna, að þeir móti og beri fram skýrari stefnumið um verndunaraðgerðir en verið hefur og að þeim verði síðan fylgt fram af festu. Hugmyndir um einn þjóðgarð með ríkri friðun, sem nái yfir allt hálendið eða mestan hluta þess eru því miður vart raunhæfar m.a. sökum þess að vissum hlutum hálendisins hefur nú þegar verið spillt í þeim mæli að svo víðáttumikill þjóðgarður gæti ekki náð alþjóðlegri viðurkenningu. Á alþjóðavettvangi eru gerðar mjög strangar kröfur til „hreinleika" þess lands — ósnortinna víðerna — sem staðið geti undir þjóðgarðsnafni. Heppilegra er því að miða við afmarkaðri og minni svæði undir þá þjóðgarða, sem að sjálfsögðu verður að stofna á hálendinu innan tíðar, og jafnframt að ákvarða annars konar friðlönd á afmörkuðum svæðum utan þjóðgarðanna, þar sem ríki mismunandi stig friðunar. Er almannaforsjá yfir hálendinu — þessari ríkulegu auðlind — tvímælalaust nauðsynleg forsenda samræmdra verndunaraðgerða, er að gagni koma, sem og nýtingar sem miðist við þjóðarheill."

Lýkur þar tilvitnun í grein Páls Sigurðssonar, prófessors í lögum við Háskóla Íslands. Hann víkur hér að þeim kröfum sem gerðar eru til hreinleika á alþjóðavettvangi, þeirra ósnortnu víðerna sem staðið gætu undir þjóðgarðsnafni. Í því sambandi vakti það athygli mína og ugglaust fleiri að í Morgunblaðinu í morgun var verið að fjalla um kynningu á nýrri skilgreiningu á náttúrusvæðum. Þar er sagt frá því að sá starfshópur, sem hæstv. umvrh. skipaði í september 1997 til að skilgreina hugtakið ósnortin víðerni, hafi skilað áliti sínu. Miðað við það sem fram kemur og blaðið greinir frá eru ósnortin víðerni skilgreind með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Ósnortið víðerni er landsvæði

þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,

sem er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum (sbr. vegalög),

sem er a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vegna vélknúinna farartækja á jörðu." (**Gripið fram í:** Má fólk fara inn á þetta?) Já, ég sé ekki að fólki sé neins staðar bannað, herra forseti, að fara hér inn því mér sýnist að leikurinn sé nákvæmlega til þess gerður að fólk fái notið óspilltrar náttúru í þeim mæli sem hana er að finna með þeim skilgreiningum sem hér eru settar fram. (Gripið fram í.) Jú, það er einungis fjallað um að ekki megi gæta beinna ummerkja mannsins og að náttúran fái að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa. E.t.v. gætu menn ályktað sem svo að þarna yrði að vera ströng stýring ferðamanna inn á svæðið en það getum við rætt síðar. Ég gat hins vegar ekki látið hjá líða að nefna þetta af því hér er verið að fjalla um hálendið og ósnortin víðerni. Þarna lá fyrir þessi skilgreining sem hæstv. umhvrh. hefur efnt til.

Eins og ég hef getið um í ræðu minni og fór yfir í morgun þegar ég hóf mál mitt, herra forseti, þá er það svo að fjöldi manns lætur sig það orðið nokkru varða og sumir býsna miklu hver afdrif þessa frv. verða á Alþingi. Það má segja

að sú umræða sem nú hefur staðið á Alþingi í nokkra daga hafi gert fólkinu í landinu viðvart um hvað hér er að gerast þannig að þó að fjölmiðlar hafi greint frá því á sínum tíma að ákvæði þess efnis hafi verið kynnt að til stæði að skipta miðhálendinu upp á milli aðliggjandi sveitarfélaga, þá virðist sem fólk hafi almennt ekki tekið við sér fyrr en þessi mál voru komin í allmikla umræðu og það er eðlilegt miðað við hvernig fjölmiðlun og áreitum er háttað á fólk í dag með upplýsingar og annað þess háttar.

Það má segja að þjóðmálaumræðan hafi verið býsna líflleg á undanförnum dögum og vikum um þessi mál. Það er kannski dapurlegt að tilefni þess að fjölmiðlar fóru að veita því athygli að þessi mál voru hér til umfjöllunar var kannski fyrst og fremst það að nokkrir stjórnarsinnar höfðu ákveðna fyrirvara við málið. Það nægði sem sé ekki að stjórnarandstaðan á Alþingi hefði fyrirvara við málið heldur þurfti það til að stjórnarliðar hefðu fyrirvara að fjölmiðlar kveiktu á málinu, ef svo má að orði komast, og tóku til við að fjalla um þau ákvæði sem viðkomandi hv. alþingismenn höfðu gert fyrirvara við. En það voru kannski einmitt þessi ákvæði sem ég hef síðast gert að umræðuefni, þ.e. 1. gr. og svo bráðabirgðaákvæðið sem er útfærsla á 1. gr. eins og menn hafa áttað sig á. En það hafa skapast miklar umræður, ekki bara í þeim sérstaka áhugahópi sem gerði athugasemdir við miðhálendisskipulagið eða hefur hingað til tekið þátt í þessari umræðu heldur eru mun fleiri, bæði hópar og einstaklingar, sem virðast hafa vaknað til vitundar um að hér væri verið að leggja drög að einhverju sem betur færi að yrði skoðað ítarlegar, að málinu yrði frestað, að það yrði ekki afgreitt núna eins og hæstv. ríkisstjórn stefnir að.

Það hafa verið haldnir fundir um miðhálendið. Menn hafa skrifað blaðagreinar þar sem þessi mál hafa verið reifuð. Þá hafa verið birtar áskoranir sem fjöldi manna hefur skrifað upp á og forsrh. — og við þingmenn höfum fengið afrit af slíkum bréfum — hafa verið sendar áskoranir þar sem farið er fram á það við hann að hlýtt verði á raddir hagsmunaaðila og helstu sérfræðinga sem virðast vera á einu máli um hvernig fara eigi með þessa sem menn telja eina verðmætustu auðlind þjóðarinnar.

Enn þá höfum við bara fengið þau skilaboð að skella eigi skollaeyrum við þessum beiðnum um annars konar málsmeðferð. Enn þá hefur því miður ekkert komið fram sem bendir til þess að taka eigi tillit til þeirrar hógværu beiðni að málin verði skoðuð betur. En mig langar að lokum, herra forseti, að vitna í það sem er nýjast, þ.e. í þeim greinum og bréfum sem skrifuð eru um málið og vitna í grein Guðmundar Sigvaldasonar sem hann birtir í Degi í morgun. Þar talar hann fyrir stóran hóp manna og ég vil gjarnan grípa ofan í hans grein þó að ég lesi hana ekki alla í heild sinni. Ég vitna hér í þar sem í millifyrirsögn segir: „Hernaðurinn gegn landinu."

„Í útvarpsþættinum Víðsjá var í síðustu viku endurflutt frægt erindi Halldórs Kiljans Laxness um „Hernaðinn gegn landinu". Aldrei hefur neitt verið samið og flutt sem lýsir umgengni Íslendinga við landið betur en þetta erindi Halldórs, enda fór saman ritsnilld hans og djúpstæð þekking Sigurðar Þórarinssonar prófessors á sambúð lands og þjóðar, en Sigurður átti margar ferðir að Gljúfrasteini meðan erindið var samið. Það kann að hafa þótt voguð fullyrðing hjá Halldóri og þykir e.t.v. enn að engin þjóð hafi níðst á landi sínu í sama mæli og Íslendingar. Þó er hægt að styðja þá fullyrðingu gildum rökum byggðum á ítarlegum rannsóknum. Víst er margt til afsökunar í harðbýlu landi og tæpast hefði þjóðin lifað af nema með hjálp sauðkindarinnar, enda hefur sú dýrategund sérréttindi í þessu landi sem eiga hvergi sinn líka á byggðu bóli. Þjóðin er ekki lengur háð þessu dýri til fæðis og klæða og það er mun brýnna að afnema sérréttindi sauðkindarinnar en að setja lög um stjórnsýslu og skipulag hálendisins. Ég held raunar að afnám þessara sérréttinda og útilokun þess hugarfars sem þeim fylgir geti verið veigamikil forsenda þess að gera skynsamlega áætlun um hvernig nútímafólk eigi að umgangast svokallaða afrétti og hálendi Íslands.

Skipulag hálendisins er kjarni þeirrar umræðu sem hér fer fram og við erum áhyggjufull og óttumst að málið sé ekki nægilega vel hugsað og undirbúið. Upphaflegt frv. til laga var gagnrýnt og síðan reynt að gera á því flaumósa breytingar til að ná sáttum meðal alþingismanna. Viðtöl við þann ráðherra og sauðfjárbónda sem ýtir málinu úr vör benda til þess að honum sé þjóðarsátt lítils virði. Skipulag greinist í tvo þætti, hvað og til hvers á að skipuleggja og hvernig á að skipuleggja. Fyrra atriðið vísar til þess að fyrir liggi einhver knýjandi þörf á skipulagi til að forðast óreiðu. Seinna atriðið höfðar til aðferðar sem aftur vísar til smekks en smekk er erfitt að skilgreina nema í tengslum við tilfinningar og menningarlegt uppeldi."

Síðan ætla ég að víkja að lokaorðum þessarar greinar undir yfirskriftinni „Breyttar áherslur."

„Þessi orð vísa til fortíðar," — þá er vísað til þess sem á undan er komið — „þau þurfa ekki og mega ekki vísa til framtíðar. Margt bendir til að breyting sé í aðsigi. Sífellt stærri hluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að nútíminn hrópi á breyttar áherslur sem fela í sér nýtingu orkunnar sem býr í manninum sjálfum og hægt er að virkja með aukinni menntun og hvatningu til hugmyndasköpunar. Þess eru greinileg merki að unga fólkið hlýði því kalli og beini kröftum að arðbærum en vistvænum verkefnum. Þessi breyting á afstöðu og á áherslum í huga fólksins í landinu er enn ekki nægilega langt gengin til að ná inn í sali Alþingis þar sem meiri hlutinn ætlar að samþykkja lög byggð á hugsun og siðferði fortíðar. Umræða um umhverfismál og skoðanamyndun þjóðarinnar á umhverfismálum er því miður óralangt á eftir tímanum eins og undrunarvert umburðarlyndi gagnvart réttindum sauðkindarinnar ber ljóst vitni.

En þetta er að breytast og það breytist nokkuð hratt. Þess vegna yrði það stórslys ef stjórnsýslu- og skipulagsmálum dýrmætra hálendissvæða Íslands yrði ráðið til lykta með hroðvirknislegri flýtimeðferð manna sem fæstir hafa tilfinningu fyrir þeim verðmætum sem þeir eru að ráðstafa. Íslendingar eru alls ekki tilbúnir að ákveða með hvaða hætti á að umgangast hálendið. Hálendið er fjársjóður sem ekki verður metinn til peninga og þangað á að sækja tekjur sem mölur og ryð fá ekki grandað og eru af sumum mældar í hamingjustundum."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og þykist ég þá hafa a.m.k. gert tilraun til að koma hér á framfæri ýmsum hugmyndum þeirra sem óttast það sem á eftir muni fylgja ef það frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur fyrir nær fram að ganga óbreytt. Þess vegna vil ég gera það að mínum lokaorðum í 2. umr., herra forseti, að ríkisstjórnin íhugi það vandlega að verða við þeim þjóðarvilja sem birtist í þeim fundum, þeim skrifum og þeim áköllum sem koma frá þeim sem biðja um að hægar sé farið í sakirnar, að hlutir séu skoðaðir betur áður en þeir eru samþykktir hér. Það liggur

ekki svo á að ekki megi gefa einhverja mánuði til frekari skoðunar til þess að sú niðurstaða sem meiri hlutinn hér á Alþingi síðan sameinast um geti verið meira í samræmi við meirihlutavilja þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:10]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Um allt land er fólk núna að störfum, á barnaheimilum, í skólum, verksmiðjum, í höfnum, á heimilum og skrifstofum. Já, og bændur við sauðburð.

Áður en ég kom inn á hið háa Alþingi stundaði ég ýmis störf í atvinnulífinu, við kennslu auk heimilisstarfa. Alls staðar var tíminn verðmæti. Sá tími sem við njótum við tómstundir, í samvistum við ættingja okkar og vini eða við nytsöm störf er mikils virði. Ævi okkar er takmörkuð og það ber að fara vel með tímann.

Hér á hinu háa Alþingi sýnist mér fólk telja sig hafa höndlað eilífðina. Reglulega tvisvar á ári er tíminn einskis virði. Það má sóa honum einmitt þegar mest liggur við að stunda markviss og skipuleg vinnubrögð og skiptast raunverulega á skoðunum og hlýða á rök hvers annars. Þá fara hv. þingmenn í einhvers konar hanaslag þar sem minni hlutinn reynir með málþófi að kúga meiri hlutann til að afgreiða ekki mál. Þetta eru hvorki lýðræðisleg vinnubrögð, þingræðisleg né skynsamleg. Allir þingflokkar hafa í fortíðinni tekið þátt í þessum leik.

Langar ræður fara fyrir ofan garð og neðan hjá áheyrendum. Athyglin dofnar og allt of fáir hv. þingmenn fylgjast að jafnaði af athygli með þessum löngu ræðum. Umræðan missir marks og skilar litlu. Þetta eru ekki góð vinnubrögð, herra forseti.

Herra forseti. Ég met hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur mjög mikils og hlýði gjarnan á skilmerkilegar ræður hennar með athygli. Því vil ég spyrja hana hvað henni finnist um þessi vinnubrögð og hvort hún sé ekki til í að vinna með mér og öðrum hv. þm. að breytingum á þingsköpum svo umræða geti orðið markvissari, skipulagðari og skili betri lögum frá hinu háa Alþingi. Hv. þm. geta allir vænst þess að lenda í stjórnarandstöðu að loknum næstu kosningum nema þeir sem ekki hyggjast bjóða sig fram aftur. Þess vegna ættu hv. þm. að geta tekið saman höndum um að gera þingstörfin skipulegri.

[14:13]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst að það komi fram að ég er ekki í málþófi. Ég tel að þeim tíma, sem hér er nýttur í ræðustól til að reyna að fá hæstv. ríkisstjórn til að breyta frá sínum fyrri áformum um að afgreiða frv. eins og það liggur fyrir núna, sé vel varið.

Hvað það varðar að umræðan skili litlu, þá er það ekki eins og hv. þm. telur. Umræðan skilar miklu. Hún skilar m.a. þeirri athygli sem nú beinist að hv. alþm. og Alþingi, athygli sem er meiri og verður mun meiri þegar kemur að afgreiðslu þessa máls en ella hefði verið.

Við sem hér höfum talað erum í pólitík og við erum í pólitík vegna þess að við viljum að ákveðin viðhorf fái framgang í þjóðfélaginu og við erum tilbúin til að tala fyrir þeim. Það er okkar vinna. Þess vegna er allt umtal um tímann í samhengi við annað svolítið afstætt. En málþóf er þetta ekki, hv. þm. Málþóf getur það aldrei kallast þegar menn eru að tala fyrir þeim málstað sem þeir telja réttan og ég tala nú ekki um þegar menn eru að tala fyrir jafnstóran hóp þjóðarinnar eins og við vitum að bíður eftir því að þau tíðindi berist héðan frá Alþingi að hæstv. ríkisstjórn hafi ákveðið að geyma sér ákvörðun um ráðstöfun miðhálendisins þar til hlutirnir hafa verið skoðaðir betur.

[14:14]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur talað í rúmlega fimm og hálfan tíma, gott ef hún er ekki kominn í sex tíma. Ég efast um að nokkur Íslendingur hafi fylgt þessari ræðu allan tímann með fullri athygli. Ég held að það sé alveg útilokað og menn eru farnir að gantast úti í bæ með tímalengd ræðna þingmanna.

Í hádegisverðarhléinu var rætt um það niðri við borðið hjá hv. þm. hvort hv. þm. sem er kona ætti nú ekki að slá met karlanna í tímalengd ræðna. Þetta er alveg með ólíkindum. Eins og það sé eitthvert markmið í sjálfu sér að halda langar ræður.

Ég verð að segja það, herra forseti, að eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm., með hléum og með mismunandi góðri athygli, þá var ýmislegt sem ég gat tekið undir með henni en ég er ekki enn þá með það á hreinu, ég missti af þeim þræðinum, hvort hv. þm. er á móti frv. eða ekki. Ég heyrði reyndar í andsvari áðan að hún vilji, að mér skilst, fresta málinu.

Þegar menn koma með svona mikið af gögnum, svona mikið af upplýsingum, þá drukkna aðalatriðin í smáatriðum. Menn sjá ekki lengur skóginn fyrir laufblöðunum eða einstökum trjám. Það er mjög mikilvægt að menn haldi málinu þannig fram. Ég vildi mjög gjarnan að hv. þm. segði mér það í næsta andsvari hvað hún heldur yfirleitt um þetta frv. og hvort hún vilji fresta því eða hver sé yfirleitt skoðun hennar í stuttu máli.

[14:16]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hreint ótrúlegt hvað hv. þm. er upptekinn af lengd ræðu. Ég get sagt hv. þm. að lengd ræðu er algjört aukaatriði, innihald ræðu er það sem skiptir máli. Ég tel mig reyndar hafa haldið býsna yfirgripsmikla ræðu en ræðu sem var nákvæmlega um það efni sem hér var á dagskrá, þ.e. frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Ég hefði vel getað haldið enn þá lengri ræðu um þetta efni einfaldlega vegna þess að mér er það sérlega hugleikið. Ég er sjálf sveitarstjórnarmaður og hef verið, ég er landsbyggðarmaður og mér finnast þessi mál vera þess eðlis að um þau á ekki bara og má heldur verður að hafa býsna ítarlegt mál ef menn ætla að fara vandlega yfir frv. sem er mjög yfirgripsmikið, yfir 100 greinar. Ég fór ekki yfir þær allar. Ég vænti þess, herra forseti, að hv. þm. hafi veitt því athygli. Ég fór ekki yfir allar greinar frv. heldur eingöngu þær sem mér þótti sérstök ástæða til þess að fara yfir.

Það er ekki markmið að halda langar ræður en það er markmið að hér komi fram það sem hv. þm. þykir þess virði að fram komi og þeir telja að eigi erindi inn í umræðuna.

Hvað það varðar hvort ég styð frv. eða ekki þykir mér það leitt ef hv. þm. hefur líka misst af lokaorðum mínum. Þar óskaði ég þess að ríkisstjórnin yrði tilbúin til að fresta ákveðnum ákvæðum frv. og skoða betur. Ég hélt að það væri nokkuð ljóst að ef það verður ekki gert, ef frv. verður keyrt áfram með þeim hætti sem það liggur fyrir núna, þá mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frv. þó ekki væri nema fyrir þessi ákvæði, 1. gr. og bráðabirgðaákvæðin vegna þess að ég álít, og er þar sammála fjölmörgum, að hér sé farið með slíkum hraða og óðagoti að það sé stórslys ef frv. verður afgreitt í óbreyttum búningi.

[14:19]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir skilmerkilega ræðu og jafnframt nefna það sem liggur fyrir í þskj. að þingflokkur Alþb. og óháðra stendur að tillögu um að vísa frv. frá. Í því markast afstaða okkar eins og málið liggur nú fyrir.

Það voru viss atriði í ræðu hv. þm. sem ég vildi fá skýrar og þá fyrst af öllu viðhorfið til þeirrar tillögu að svæðisskipulagi sem liggur fyrir og verið er að vinna úr athugasemdum við. Mér fannst ekki skýrt í máli hv. þm. hvort þingmaðurinn styddi það að þetta svæðisskipulag yrði leitt til lykta eins og gert er ráð fyrir, þ.e. á komandi vetri. Ég hef látið það koma fram í máli mínu að ég tel afar mikilvægt að ekki verði brugðið fæti fyrir að það mál verði til lykta leitt.

Vissulega eru álitaefnin þar mörg ef menn fara ofan í saumana og þau verða það alltaf í sambandi við skipulag en ég teldi það mikla áhættu ef menn brygðu fæti fyrir að þetta svæðisskipulag fengi staðfestingu. Þess vegna tel ég þýðingarmikið að það komi fram hvort hv. þm. styður að svo verði eða ekki.

Ég hef ugg í brjósti vegna þeirrar gagnsóknar gegn þessu skipulagi sem kemur sérstaklega frá orkuiðnaðinum í landinu sem við köllum stundum svo, orkufyrirtækjum og þeim sem vilja ganga hvað hraðast fram í að binda orkulindir okkar í stóriðju.

Það eru fleiri þættir sem væri hægt að koma að og ég nefni kannski á eftir, virðulegur forseti.

[14:21]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Stuðningur við þau drög að svæðisskipulagi sem nú liggja fyrir hlýtur auðvitað að helgast af því hvernig það skipulag liggur fyrir þegar farið hefur verið yfir athugasemdir og ráðast nokkuð af því til hverra af þeim athugasemdum hefur verið tekið tillit.

Ég gat áðan um það að gerðar eru alvarlegar athugasemdir við það hvernig litið er til beitarafnota á miðhálendinu, hvernig svæðisskipulagsnefndin hefur skoðað þær upplýsingar eða kannski ekki skoðað þær upplýsingar sem liggja fyrir um gróðurfar. Það eru mjög alvarlegar athugasemdir.

Ég benti líka á það að ýmsir aðilar, fleiri en orkugeirinn, eru með veigamikla gagnrýni. Ég fór ekki yfir allt það sem fyrir liggur í þeirri gagnrýni vegna þess að til þess vinnst auðvitað ekki tími en mér finnst mörg þau gagnrýnisatriði sem tínd eru til vera þess eðlis að það ætti að flýta sér hægt og það skipti verulegu máli að þegar sett verður skipulag fyrir miðhálendið sé um það nokkuð víðtæk sátt. Til þess að sú sátt verði þarf að taka tillit til margra þátta sem bent er á. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig þeir verða samræmdir en svo ég endurtaki það hlýtur stuðningur við svæðisskipulag m.a. að ráðast af því hver niðurstaðan verður.

Síðan vil ég gjarnan endurtaka aftur það sem áður hefur komið fram hjá mér. Ef við gerum svæðisskipulag sem næst sæmileg sátt um varðandi miðhálendið er líka mikilvægt að við höfum stjórnsýslu sem getur þá gengið eftir því að það svæðisskipulag haldi.

[14:23]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta finnst mér ekki skýrt hjá hv. þm. Svæðisskipulagstillagan liggur fyrir. Athugasemdir hafa komið fram. Hv. þm. mun ekki hafa nýtt sér rétt til athugasemda. Það hefur sá sem hér talar gert og unnið er að því af nefndinni að leggja fyrir lokatillögu þannig að óvíst er hvort hún komi til frekari umsagnar. Spurningin er: Ætla menn að breyta farveginum þannig lagalega séð að ekki verði hægt að staðfesta þetta svæðisskipulag? Það er mjög veigamikið atriði. Ég á ekki von á því að það verði léttara undir fæti að standa gegn þeim kröfum sem hafa komið fram, sérstaklega frá orkuiðnaðinum í landinu, þó að aðrir kæmu að því verki að móta það skipulag en þar hafa verið að verki. Það er ótti minn í sambandi við þá stöðu mála. Ég bið menn því um að huga að þessu, a.m.k. þá sem hafa verndarhagsmuni í huga í sambandi við miðhálendið.

Ég spyr hv. þm. vegna þess að þingmaðurinn var að tala um stjórnsýsluna: Hvernig stendur á því að hv. þm. greiddi atkvæði með lögum um skipulags- og byggingarmál sl. vor, það mun vera rétt um það bil ár síðan það var gert, þar sem afnumin var sú vinnulína sem notuð var í sambandi við svæðisskipulagsgerð og skipulagsvald á miðhálendinu fært samkvæmt því frv. sem þingmaðurinn greiddi atkvæði með og þingmenn jafnaðarmanna gerðu enga athugasemd við í fyrra að þannig var staðið að máli en nú er eitthvað allt annað upp á teningnum?

[14:25]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir það leitt að ég skildi ekki alveg spurningu hv. þm., þá sem kom síðast um skipulagsfrv. frá því í fyrra. (**HG:** Hvers vegna þingmaðurinn hefði greitt atkvæði með því frv. eins og það lá þá fyrir og samþykkt það. En það afnam þá markalínu sem vitnað var til þegar unnið var að svæðisskipulaginu þannig að sveitarfélögin hafa ...)

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. þyrftum lengri tíma en hér gefst í stuttu andsvari og hann að útskýra málið fyrir mér standandi á gólfinu til að ræða þessi mál. Mér sýnist að hv. þm. verði einfaldlega að biðja um orðið og ég síðan að fá tilefni til að svara honum þá betur síðar.

En hvað varðar áhyggjur hans af svæðisskipulaginu og afdrifum þess eru þær áhyggjur sem hann lýsir hér áhyggjur ýmissa fleiri. En hann hlýtur líka að þekkja til málflutnings þeirra sem segja sem svo að þetta svæðisskipulag sé þannig úr garði gert að það er verra en ekkert. Þar er ég ekki að tala fyrir hönd orkugeirans. (**HG:** Það er fyrst og fremst ...) Ég er ekki að tala fyrir hönd hans. Það eru aðrir aðilar sem ég er nú að tala fyrir og menn hafa þar vísað í bæði innihald þessa skipulags, þ.e. hvaða áherslur þar eru lagðar, m.a. hvað varðar beitarafnotin, m.a. varðandi það sem menn tala um sem stærsta umhverfismál íslensku þjóðarinnar og líka aðrir sem hafa áhyggjur af því að of margt sé óljóst í þessu skipulagi eða þessum skipulagsdrögum sem nú er verið að vinna.

[14:27]

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, 592. mál, nál. félmn., þskj. 1377.

Verðjöfnun á raforku, 632. mál, svar iðnrh., þskj. 1368.

[14:27]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. forsrh. er staddur í húsinu og ég vildi óska eftir því við virðulegan forseta að einhvern tíma meðan ég flyt ræðu mína verði hæstv. forsrh. beðinn um að vera viðstaddur því að ég hef áhuga á því að koma til hans spurningu. Ekki skiptir neinu

meginmáli hvenær það yrði en ef hæstv. ráðherra er ekki farinn úr húsinu þá vildi ég gjarnan að hann væri látinn af því vita. Ef hann er hins vegar farinn úr húsinu og hefur farið á meðan umræður fóru fram sem urðu að lokinni ræðu síðasta ræðumanns þá tel ég enga ástæðu til þess að senda eftir honum, virðulegi forseti.

Hér hafa vissulega verið fluttar margar og langar ræður. Það hefur verið sagt núna upp á síðkastið að þær ræður beri svipmót málþófs. Það er ekki rétt. Ég vek athygli á því að forsetar, sem stýrt hafa fundum Alþingis, hafa ekki í eitt einasta skipti gert þá athugasemd að ræðumaður sé ekki að flytja mál sitt í samræmi við efni þess máls sem liggur fyrir Alþingi. Fólk er hér einfaldlega að ræða það dagskrármál sem er til umræðu. Enginn ræðumanna, hversu lengi sem hann hefur talað, hefur vikið út frá efni þess máls sem er til umræðu. Forseti hefur aldrei gert neinar athugasemdir við þann málflutning. Hann hefur verið efnislegur um dagskrármálið og slíkur málflutningur verður ekki kenndur við málþóf. Það er málþóf þegar menn víkja út frá dagskrárefninu og taka fyrir óskyld efni. Forseta ber þá að vekja athygli á því að um sé að ræða umræðu sem er komin út fyrir þau mörk sem dagskrármálinu eru sett. Þetta hefur aldrei gerst í allri þessari löngu umræðu og þess vegna mótmæli ég því að menn séu með eitthvert málþóf.

Hins vegar er það mjög eðlilegt að hér séu fluttar langar ræður um þau mál sem eru til afgreiðslu og fyrsta málið er rétt komið á dagskrá og er búið að vera á dagskrá í nokkra daga.

Hvers vegna er eðlilegt að fluttar séu um þetta nokkuð margar og langar ræður? Ástæðan er sú að hér erum við að skipta upp stjórnun og eignarhaldi á þeim auðlindum sem finnanlegar eru á þurrlendi Íslands. Við höfum með lögum um stjórn fiskveiða tekið ákvörðun um hvernig skuli haga eignarhaldi á nytjastofnum á Íslandsmiðum og hverjir skuli hafa ráðstöfunarrétt á þeim auðlindum. Niðurstaðan var sú að ákveða í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að íslenska þjóðin ætti saman nytjastofna á Íslandsmiðum. Fiskimiðin við Íslandsstrendur væru sameign þjóðarinnar. Þannig er það í orði kveðnu. Fiskimiðin við Íslandsstrendur eru vissulega sameign þjóðarinnar samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga um stjórn fiskveiða en aðeins í orði kveðnu vegna þess að Alþingi ákvað jafnframt að heimila tiltölulega fáum einstaklingum og fyrirtækjum allan ráðstöfunar- og nýtingarrétt á þessari sameiginlegu auðlind. Ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða eru því orðin tóm því það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi er að sjálfsögðu hver fær ráðstöfunarréttinn yfir hinum sameiginlegu auðlindum. Niðurstaðan er alkunn. Það eru örfáir einstaklingar og félög sem hafa þennan ráðstöfunarrétt með höndum. Þeir aðilar versla með hann, þessa sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, eða öllu heldur nýtingarréttinn á henni sín á milli og við þriðja aðila fyrir ævintýralega háar fjárhæðir og þjóðin sjálf, eigandi auðlindarinnar, ber ekkert úr býtum.

Það koma varla svo saman tveir menn til að ræða landsins gagn og nauðsynjar á Íslandi að talið berist ekki fyrr eða síðar að þessu máli, hvernig farið hefur verið með auðlind fiskimiðanna, sameign okkar Íslendinga. Hvernig nýtingarétturinn hefur verið falinn örfáum einstaklingum og sumir hverjir versla með þann nýtingarrétt sín á milli fyrir ævintýralegar fjárhæðir.

Það sem nú stendur til að gera á Alþingi Íslendinga á þessu vori er að taka allar auðlindir landsins sem eftir eru, auðlindir hins þurra lands og afgreiða þær með sama hætti. Í þjóðlendufrv. á að samþykkja að þær auðlindir sem enginn á, enginn getur gert tilkall til og þá fyrst og fremst miðhálendi landsins og auðlindir þess séu sameign þjóðarinnar. En í öðrum þingmálum á jafnframt að gera ráð fyrir því að forræðið, ráðstöfunarrétturinn sé afhentur tiltölulega fáum einstaklingum sem hafi rétt til þess að kveða á um hvernig eigi að hagnýta þessar sameiginlegu auðlindir þjóðarinnar og hverjir megi hagnýta þær.

Þær auðlindir sem hér er um að ræða, auðlindir í iðrum jarðar og auðlindir á jörðu, eru mun verðmætari sé reynt að meta þær til verðs en auðlindir fiskimiðanna við strendur landsins. Þetta eru því feikiháar fjárhæðir sem með þessu móti á að afhenda ráðstöfunarréttinn á til tiltölulega fárra einstaklinga og samtaka á sama hátt og menn hafa afhent ráðstöfunarrétt fiskimiðanna í hendur hinna fáu. Er þá nokkuð óeðlilegt, virðulegi forseti, þó að þeir sem eru andvígir slíkri ráðstöfun taki sér góðan tíma á Alþingi til að ræða þessi mál í þeirri von að geta vakið þjóðina til vitundar um hvað hér er að gerast, gefið fólki tíma til að átta sig á því hvernig þingmeirihluti Sjálfstfl. og Framsfl. ætlar að beita valdi sínu á Alþingi Íslendinga og gefi kjósendum þeirra þingmanna sem eru andvígir þessari stefnumótun ráðrúm til að hafa samband við þá og lýsa skoðunum sínum og afstöðu til mála? Þetta er tilgangur okkar með þeim löngu efnislegu ræðum sem við höfum flutt og sá tilgangur hefur vissulega skilað árangri vegna þess að á þeim dögum sem við höfum haldið uppi andófi gegn þessari stefnu sérhagsmunahyggjunnar á kostnað almannahags hafa streymt inn til Alþingis, til forseta Alþingis, til forsrh. og til einstakra þingmanna mótmæli forsvarsmanna stórra hagsmunasamtaka, mótmæli forsvarsmanna útivistar- og ferðamálasamtaka, náttúruverndarsamtaka, samtaka gróðurverndaráhugamanna og fleiri aðila sem hafa áttað sig á því hvað stendur hér til og gera kröfur um það að Alþingi fallist á að fresta afgreiðslu málsins til næsta hausts þannig að betri tími gefist til að skoða þau efnisatriði frv. þriggja sem hér eru á dagskrá sem ætlað er að tryggja enn meiri yfirráð hinna fáu á kostnað fjöldans en þegar hefur verið staðfest með lögunum um stjórn fiskveiða.

Mótmæli streyma nú inn, ekki bara fulltrúa félagsmálasamtaka af því tagi sem ég nefndi áðan, ferðamálasamtaka, útivistarsamtaka, gróðurverndarsamtaka, náttúruverndarsamtaka o.s.frv. heldur berast í tölvupósti til alþingismanna sams konar mótmæli frá fjölmörgum einstaklingum sem í tuga- og hundraðatali nýta sér það tækifæri sem við, sem erum andvígir þessari afgreiðslu, erum að reyna að skapa til að koma mótmælum sínum og afstöðu og skilaboðum á framfæri áður en málið verður afgreitt. Við erum því ekki að halda hér langar ræður um efni þessara mála til að halda uppi einhverju innihaldslausu eða tilgangslausu málþófi. Við erum að ræða þessi mál til þess að gera það sem við getum til að koma þeim skilaboðum sem við höfum að færa á framfæri við alþýðu þessa lands í þeirri von og vissu að hún sé okkur sammála um að Ísland er land sem við eigum öll saman og þeirri sameign okkar eigum við ekki að skipta upp á milli fárra sérhagsmunaaðila. Við sjáum fyrir okkur reynsluna af þeirri stefnu hvað varðaði uppskipti auðlindarinnar á fiskimiðunum. Við viljum ekki endurtaka slíka atburði hvað varðar auðlindir miðhálendisins og auðlindir í og á jörðu. Muni það verða gert, muni þingmeirihluti stjórnarflokkanna nota vald sitt á Alþingi til að knýja það fram, þá er ég sannfærður um að eftir áratug eða svo mun umræðan um það sem

gerst hefur með auðlindir hafsins reynast hjóm eitt hjá þeirri umræðu sem þá mun fara fram um þá ráðstöfun sem Sjálfstfl. og Framsfl. ætla sér að tryggja sérhagsmunaöflunum hvað varðar auðlindir hins þurra lands.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur gert mikið mál úr því að nú á þessum dögum standi fólk til sjávar og sveita við vinnu sína, bændur í sauðburði, fiskverkafólk við borðin í frystihúsunum o.s.frv., en það sé nú annað sem við höfumst að á Alþingi. En við erum líka við vinnu okkar. Ég stend hér, herra forseti, við vinnuborð alþingismanna. Hér fer fram verulegur hluti af okkar störfum. Við stöndum hér í vinnu eins og annað fólk og það er alveg ástæðulaust af hv. þm. Pétri Blöndal að kvarta yfir því að alþingismenn sinni störfum sínum. Er nokkuð athugavert við það að alþingismenn standi í ræðustól á Alþingi og flytji mál sem þeim er kært og varðar sannfæringu þeirra? Við erum hér í okkar vinnu. Okkur er ekkert vandara um en konunum í frystihúsinu sem standa við vinnuborð sín þrjá, fjóra tíma í lotu og finnst ekki neitt til um það, það er enginn sem gerir neitt mál úr því. Þetta er bara þeirra vinna.

Það er heldur engin ástæða til að gera neitt mál úr því þó að við alþingismenn stöndum í vinnu okkar í ræðustól í svipaðri lotu í tvo, þrjá klukkutíma. Við erum bara að gera það sama og fólkið í landinu sem stundar sína vinnu hvert á sínum vinnustað. Það þykir ekkert tiltökumál þó að konurnar í fiskverkahúsunum standi við vinnsluborð sín í tvo, þrjá klukkutíma og það er heldur ekkert tiltökumál þó að við alþingismenn gerum það í vinnunni. Það er ekkert tiltökumál þó að starfstími Alþingis dragist eitthvað fram á vorið eða sumarið. Við erum að vinna störf okkar og við ljúkum þeim störfum á þeim tíma sem þarf til að vinna þau. Gagnrýni á okkur um að við séum á einhvern hátt að standa óeðlilega að málum er ósanngjörn. Við erum eingöngu að vinna okkar verk. Hluti af okkar verki fer fram á nefndafundum í nefndum Alþingis. Hluti af okkar verki fer fram í samskiptum við kjósendur og hluti af okkar verki fer fram í þessum sal og í þessum ræðustól og við erum einfaldlega að vinna fyrir kaupinu okkar og ég trúi því ekki að nokkur Íslendingur gagnrýni okkur fyrir það.

Í þeim umræðum sem hér hafa farið fram hefur ýmislegt verið upplýst. Það hefur t.d. verið upplýst hversu mikil verðmæti eru fólgin í þeim auðlindum, bæði náttúru og landi sem hér eru til umfjöllunar. Ég hef nefnt það t.d. að bara auðlindir orkulindanna á hálendi Íslands megi meta til álíka verðs og verðmæti allra fiskimiða við landið. Skiptir það ekki máli fyrir framtíð þjóðarinnar hvaða aðili það er sem skipuleggur nýtingu á þessum auðlindum, hvaða aðili það er sem ákveður hvernig skuli nýta þessar auðlindir, hver skuli nýta þær og jafnvel hvort þessar auðlindir skuli nokkuð nýttar? Við erum að fjalla um það hvaða aðili það er sem á að stjórna skipulagi á nýtingu og eftirliti t.d. með slíkum auðlindum og ég hef nefnt. Auðvitað skiptir það máli hvort sá sem þar fer með völd er fulltrúi þjóðarinnar allrar eða hvort um er að ræða fulltrúa lítils minni hluta hennar sem tekur ákvarðanir fyrir hina. Þarna er aðeins um að ræða brot af þeim verðmætum sem verið er að fjalla um hér.

Hvers virði halda menn t.d. að veiðirétturinn sé á hálendi Íslands? Spyrjið þið þá sem þurfa að borga fyrir aðgang að veiði þar. Ætli það séu ekki allverulegir fjármunir þegar það er lagt saman? Hvers virði skyldi beitarrétturinn vera á hálendinu? Ég hef getið mér þess til að verðleggja megi beitarréttindin ein á um 20–30 milljarða kr.

Hvers virði skyldi miðhálendi Íslands vera fyrir ferðamannaþjónustu? Flestir erlendir ferðamenn sem koma hingað til þessa lands fara fyrr eða síðar upp á hálendið og margir þeirra koma hingað fyrst og fremst vegna þeirrar náttúru sem þar er að finna og borga fyrir það ærið fé. Hversu verðmæt skyldu ferðamannaskilyrðin á hálendinu ekki vera?

Þarna eru bara nokkur dæmi nefnd til að sýna fram á það að hér eru menn ekki bara að tala um hálendið sem náttúruperlu heldur eru menn líka að tala um mikil fjárhagsleg verðmæti sem þar er að finna og verið er að taka ákvarðanir um hér og nú hvernig skuli ráðstafað og hverjir fá vald til þess að ákvarða um nýtingu þeirra þannig að það er ekkert skrýtið þó umræður verði langar og jafnvel strangar um þessi mál á Alþingi.

En það er miklu meira og fleira sem hefur komið fram í umræðunum. Það hafa t.d. komið fram fullyrðingar um að búið væri að leysa ágreining stjórnarliða um þessi mál en eins og fram hefur komið og fram kom við 1. umr. og hefur síðan komið fram í blöðum eru nokkrir stjórnarþingmenn ekki sáttir við þá leið sem meiri hluti stjórnarflokkanna ætlar sér að fara í málinu. Því hefur verið haldið fram að fundin hafi verið sáttaleið milli meiri hluta og minni hluta stjórnarþingmanna í málinu með breytingum á skipulags- og byggingarlögum sem hæstv. umhvrh. ætli að beita sér fyrir.

Í umræðunum hefur komið fram að þetta er rangt. Engin sátt er milli stjórnarliða um þá lausn. Fimm þeirra hafa talað um svokallaða sáttaleið og af þeim fimm sem til máls hafa tekið hefur aðeins einn stutt alfarið þá sáttaniðurstöðu sem hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að hún hafi fundið í málinu. Einn af þeim fimm hefur alfarið lagst gegn því og lýst því yfir að ekki væri nein sátt við sig um að fara þá leið og þeir þrír sem þá eru eftir hafa allir lýst því yfir að þeir telji að sáttatillaga hæstv. umhvrh. sé gersamlega óþörf og sé verra að samþykkja hana en að samþykkja hana ekki. Það hefur komið fram í þessum umræðum, sem lá ekki fyrir áður, að sú sáttaleið sem hæstv. ríkisstjórn hrósar sér af er ekki fundin enn, hún er ekki í þessu frv.

Þá hefur líka komið fram að það er mat ríkisstjórnarinnar sjálfrar að hún vogar sér ekki að leggja svokallaða sáttaleið fram á Alþingi til afgreiðslu samhliða því frv. sem á að fara að afgreiða vegna þess að stjórnarflokkarnir tóku þá ákvörðun eins og kunnugt er að fella það sjálfir að stjfrv. með sáttaleiðinni svokölluðu fengi að koma til umræðu á Alþingi. Með því sviku þeir það samkomulag sem þeir höfðu gert við þingflokk Alþb. en þingflokkur Alþb. hafði gefið í skyn að hann kynni að samþykkja ákvæði sveitarstjórnarlaganna væri svokölluð sáttatillaga ríkisstjórnarflokkanna afgreidd samhliða á Alþingi. En hæstv. umhvrh. treysti ekki betur en svo sáttaniðurstöðu sinni og stuðningi stjórnarþingmanna við hana en að hann sjálfur hafði frumkvæði um að beita sér gegn því að Alþingi samþykkti að taka frv. hans sjálfs til meðferðar á vordögum samhliða því frv. sem stjórnarþingmenn höfðu deilt um. Það liggur sem sagt fyrir og hefur verið upplýst í þessum umræðum að sú sáttaleið sem ríkisstjórnin þóttist hafa fundið er ekki til staðar og hæstv. umhvrh. þorir ekki að leggja fyrir Alþingi það frv. sem segir þó sjálfur að hafi sætt stjórnarliða við að fylgja sér. Hann treystir því ekki að þegar á herði séu þeir reiðubúnir til að veita því máli hans atbeina.

Þá hefur líka komið fram að hlutverk þeirrar 12 manna samvinnunefndar, sem á að skipa samkvæmt frv. umhvrh. er afskaplega rýrt. Í fyrsta lagi hefur komið fram að ekki er

gert ráð fyrir því að samvinnunefndin hafi neinn rétt umfram aðra til áhrifa á hið endanlega svæðisskipulag. Hún hefur þann eina rétt að geta veitt umsögn til skipulagsyfirvalda um þær tillögur sem liggja fyrir. Þann rétt að gera athugasemd við svæðisskipulagstillögur hálendisins hefur hver og einn einasti Íslendingur nú þegar. Hvaða Íslendingur sem er getur sent inn athugasemdir við tillögur um svæðisskipulag hálendisins þannig að sáttatillaga umhvrh. um skipun samvinnunefndar gefur nefndarmönnum í samvinnunefndinni ekkert meira umboð eða tryggir þeim meiri áhrif en þeir hafa nú þegar sem venjulegir borgarar í landinu. Þeir 12 sem munu skipa nefndina, verði henni einhvern tíma komið á koppinn sem ekki er ljóst hvort verður, munu því engin áhrif öðlast með nefndarsetunni umfram það sem þeir hafa nú þegar því að ekki er gert ráð fyrir því að umsagnaraðild þeirra að svæðisskipulaginu hafi nokkra bindandi ákvörðun fyrir einn eða neinn. Enginn ákvörðunaraðili þarf svo mikið sem að lesa umsögnina frá samvinnunefndinni. Það staðfestist ekki síst af því, sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. að nefndinni er ekki ætlaður neinn tími til starfa.

Hæstv. ráðherra hafði áður lýst því yfir, áður en hin svokallaða sáttaleið hans kom til umræðu á Alþingi, að það væri hugmynd hans að staðfesta svæðisskipulag miðhálendisins einhvern tíma í vetrarbyrjun, að teknu tilliti til ábendinga sem hafa komið fram. Þegar ég spurði hann að því hvað hann ætlaði síðan að gefa samvinnunefndinni langan tíma til þess að fara yfir málin og veita umsögn sína þá tók hann fram að hann gerði ráð fyrir því að gefa henni tíma frá vetrarbyrjun til miðs vetrar, þ.e. gefa þessari svokölluðu samvinnunefnd nokkrar vikur til starfa og það eitt út af fyrir sig sýnir að ekki ætlar ráðherrann að leggja mikið kapp á það eða gera ráð fyrir því að nefndin hafi mikið að segja í þessu skipulagsferli.

Hæstv. ráðherra tók meira að segja sérstaklega fram að ekki væri gert ráð fyrir því að nefndin ynni neinar svæðisskipulagstillögur *á sína ábyrgð eða á sínum vegum*, ekki eina einustu tillögu, heldur að hún hefði það eitt hlutverk að fara yfir tillögur nefndar þeirrar sem unnið hefur tillögur að svæðisskipulagi og athugasemdir sem aðrir hafi gert en komi ekki nálægt málinu að öðru leyti en því. Umræðan hefur sem sé leitt í ljós hversu innantóm sú sáttagjörð er sem hæstv. ríkisstjórn þóttist hafa komið á til þess að friða það sem hún kallar þéttbýlisfólkið, til þess að friða þá 96 af hverjum 100 Íslendingum sem fá samkvæmt tillögum hennar enga aðild að ákvörðunum um svæðisskipulag miðhálendisins.

En meira hefur komið fram í þessum umræðum en bara þetta. Eins og ég sagði áðan hefur komið fram að þegar fólk gerir sér grein fyrir hverjar þær ráðagerðir eru sem eru uppi hjá þingmeirihlutanum, hefur fjöldi fólks gripið til þess ráðs að koma mótmælum sínum á framfæri. Hver umhverfisverndarsamtökin á fætur öðrum, hver útivistarsamtökin á fætur öðrum, hver ferðamálasamtökin á fætur öðrum, hver náttúruverndar- og gróðurverndarsamtökin á fætur öðrum hafa sent Alþingi, forseta þingsins, þingmönnum og forsrh. áskorun og allar áskoranirnar eru á einu og sömu lund: Frestið þið málinu. Gefið þjóðinni og hagsmunaaðilum kost á því að kynna sér betur hvaða ráðagerðir þið eruð með og gera athugasemdir sínar og reyna að hafa áhrif til breytinga. Með hverjum deginum fjölgar þeim einstaklingum sem snúa sér til þingmanna með sömu erindi, ekki bara stjórnarandstöðuþingmanna heldur stjórnarþingmanna, sem ég veit að sumir hafa fengið tugi erinda frá kjósendum sínum, þar sem þeir eru beðnir um að beita sér fyrir því að málin verði ekki afgreidd með þeim hætti sem til stendur. Þessar löngu efnisumræður hafa líka gefið stjórnmálaaðilum tækifæri á að bregðast við, stjórnmálaöflum sem eru þó fylgjandi núv. hæstv. ríkisstjórn.

Þingmenn Framsfl. í Reykjavík eru tveir, hv. þm. Finnur Ingólfsson og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson — Finnur þingmaður og hinn þingmaðurinn. Stjórn kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs Framsfl. í Reykjavík hefur lýst yfir sérstökum stuðningi við hinn sem hefur tekið afstöðu með stjórnarandstæðingum í málflutningi sínum á Alþingi. En hvað þá um Finn Ingólfsson?

Hv. þm. Svavar Gestsson bar fram þau einföldu tilmæli til félmrh. að hann upplýsti okkur um það hvað þessi merkilega samþykkt kjördæmisráðs Framsfl. í Reykjavík þýddi. Þýðir samþykktin það að framsóknarmenn í Reykjavík styðji Ólaf Örn Haraldsson og *málflutning hans* í þessu máli á Alþingi en taki afstöðu gegn Finni Ingólfssyni fyrir þær sakir að Finnur Ingólfsson sé andstæðingur málflutnings Ólafs Arnar Haraldssonar í þinginu? Eða veit kannski stjórn fulltrúaráðs framsóknarmanna í Reykjavík betur en við hin, þ.e. veit stjórn fulltrúaráðs framsóknarfélanna í Reykjavík að hæstv. iðnrh. sé sammála Ólafi Erni Haraldssyni þó að hann flíki því ekki í þinginu enda erfitt fyrir manninn þar sem hann er einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar? Auðvitað er æskilegt að fá þetta upplýst því hvort heldur sem er eru það tíðindi mikil. Ef hæstv. iðnrh. er sammála þingbróður sínum liggur fyrir að iðnrh. er á móti ríkisstjórninni í málinu og er það ekkert skrýtið þegar skoðaðar eru umsagnir þeirra stofnana sem heyra undir sama iðnrh. um málið sem er til meðferðar því að stofnanirnar sem heyra undir iðnrh. og hafa komið að málinu hafa lýst yfir afstöðu sem er ekki hægt að túlka öðruvísi en sem andstöðu við að málið sé afgreitt með þeim hætti sem stjórnarmeirihlutinn leggur til þannig að þær stofnanir ráðherrans sem hafa tjáð sig virðast vera á sömu skoðun og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Ber að túlka þögn iðnrh. og samþykkt stjórnar kjördæmisráðs Framsfl. til marks um að iðnrh. sé sammála umsögnum þeirra stofnana sem undir hann heyra og fjallað hafa um málið og sammála hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni og andvígur málstað ríkisstjórnarinnar, og það eru tíðindi, eða er hæstv. iðnrh. á annarri skoðun, gerólíkri skoðun við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson þannig að Framsfl. í Reykjavík sé klofinn í málinu og stjórn fulltrúaráðsins taki afstöðu með sjónarmiðum Ólafs Arnar Haraldssonar gegn sjónarmiðum hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar? Ekki eru það minni tíðindi, herra forseti, ef svo er. En fleiri kostir eru ekki í stöðunni nema þá að Framsfl., sem á árum áður a.m.k. var sagður opinn í báða enda, ætli að viðhalda þeirri stöðu með því að um leið og stjórn fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Reykjavík hafi gert ályktun sína um eindreginn stuðning við sjónarmið Ólafs Arnar Haraldssonar hafi sama stjórn gert aðra ályktun um eindreginn stuðning við sjónarmið Finns Ingólfssonar þannig að framsóknarflokksmenn í Reykjavík styðji þá gagnstæð sjónarmið beggja.

*Ég geri ekki ráð fyrir því, virðulegi forseti*, að sú sé reyndin að Framsfl. í Reykjavík sé á þennan hátt opinn í báða enda. Ég geri heldur ekki ráð fyrir því, þó það væri ánægjulegt ef svo væri, að hæstv. iðnrh. sé á annarri skoðun í málinu en aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni. Ég hlýt því að komast að þeirri niðurstöðu, og ætla að hafa hana fyrir satt sé henni ekki mótmælt, að Framsfl. í Reykjavík sé klofinn í málinu, öðrum megin standi hæstv. iðnrh. að mestu leyti einn, hinum megin standi hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson

með stuðning fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Reykjavík og eru það mikil tíðindi örfáum mánuðum áður en gengið verður frá framboðum til næstu þingkosninga. Ætti þá ekki að skorta stuðninginn við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson þegar kemur að því að velja hvaða aðili ætti að skipa forustusæti hjá flokknum í Reykjavíkurborg í næstu alþingiskosningum. Að minnsta kosti verður hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni ekki auðveldlega rutt út af framboðslistanum með slíka traustsyfirlýsingu flokksins á bak við sig þannig að erfitt verður að sækja að hans stöðu fyrir aðra. En gaman væri að heyra eitthvað frá þeim framsóknarmönnum sem hér eru viðstaddir hvort þeir gætu upplýst okkur um stöðuna hjá þeim í Reykjavík. Þó er kannski enn meiri ástæða til þess að fá upplýsingar frá þeim um hvernig standi nú með fjórðung flokksins því að eins og kunnugt er kvaddi hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sér hljóðs við 1. umr. málsins og tilkynnti að hún væri á móti hæstv. félmrh. Páli Péturssyni í þessum málum, á móti þeirri lausn sem hann legði til og gengi þvert á hagsmuni þéttbýlisfólksins, ekki síst fólksins í hennar eigin kjördæmi og að hún hefði sér til halds og trausts samþykkt kjördæmisráðs Framsfl. í Reykjaneskjördæmi fyrir þeirri afstöðu sinni, mikla stuðningssamþykkt og sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir úr þessum ræðustól: „Fjórðungur kjósenda flokksins", þ.e. að hún væri í andstöðu sinni við hæstv. félmrh. fulltrúi fjórðungs kjósenda Framsfl. og var nánast í eigin persónu fjórðungur flokksins.

Nú vill svo til að þessi fjórðungur flokksins, öfugt við hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, hefur snúið við blaðinu. En hvað um kjördæmisráðið? Skyldi það hafa breytt ályktun sinni? Skyldi það hafa snúið við í miðri á og gert nýja ályktun til stuðnings við málstað hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hæstv. félmrh.? Ég spurði hv. þm. að þessu fyrir nokkrum dögum og fékk ekkert svar þannig að ég veit ekki hvernig fjórðungur Framsfl. stendur þessa dagana, hvort hann stendur án bakstuðnings heima fyrir en með bakstuðning hæstv. ráðherra Páls Péturssonar eins. Því vildi ég gjarnan fá það upplýst hjá hv. þingmönnum Framsfl. sem hér eru, hvort þeir viti nokkuð nánar um málið. Hvað geta þeir sagt okkur um afstöðu fjórðungs flokksins?

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda mig við það eina atriði í þessu frv. sem varðar stjórnsýsluna á miðhálendinu og skipulagsmálin í því sambandi og geyma mér að ræða aðrar þýðingarmiklar greinar frv. þangað til síðar þannig að verulega mikið mál er enn órætt þó ég taki aðeins fyrir þessa einu grein. Ýmsir málsmetandi menn hafa tjáð sig um þær fyrirætlanir sem er að finna í þessum ákvæðum frv. sem ég ætla að gera að umtalsefni. Það eru menn sem fjalla um þessi mál sem áhugamenn, sem vísindamenn og sem fræðimenn á sínu sviði.

Dr. Gunnar G. Schram er prófessor í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur tjáð sig um þessi mál í ýmsum blaðagreinum sem er full ástæða til að draga hér upp svo menn heyri hvaða afstöðu þeir hafa sem kenna við lagadeild Háskóla Íslands. Hann segir m.a., með leyfi forseta, í grein sem hann birtir 14. ágúst 1997 í Morgunblaðinu:

„.... felst mikið óréttlæti í þeirri fyrirætlan að útiloka mikinn meiri hluta þjóðarinnar frá öllum ákvörðunum um landnýtingu og stjórnsýslu á miðhálendinu." — Eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera. — „Það er gert með núverandi tillögum því þar munu engan hlut eiga að máli allir þeir sem búa á suðvesturhorni landsins, auk Vestfirðinga."

Hér lýkur þessari tilvitnun. En ég vil taka fram eins og ég sagði áðan í ræðu minni að hin svokallaða sáttaniðurstaða, þ.e. samvinnunefnd hæstv. umhvrh. sem ekki fæst rædd á Alþingi, breytir engu hér um. Síðan segir prófessorinn, með leyfi forseta:

„Auk þess má mjög draga í efa að þau 40 sveitarfélög sem ætlað eru öll völd á miðhálendinu séu í stakk búin til þess að fara með þá stjórnsýslu. Þar er ekki síst um að ræða ákvarðanir um skipulagsmál, byggingarmál og heilbrigðismál. Mörg þessara sveitarfélaga eru fámenn og hafa, þrátt fyrir góðan vilja, ekki yfir þeirri sérþekkingu á þessum sviðum að ráða sem nauðsynleg er og hér getur skipt sköpum. Auk þess býður þessi skipting 40% landsins greinilega upp á ágreining og deilur milli sveitarfélaganna innbyrðis um staðar- og valdmörk á miðhálendinu sem líklegar eru til að æra óstöðugan og standa allri starfsemi þar fyrir þrifum svo dæmin hafa raunar þegar sannað."

Herra forseti. Það hefur verið sagt að með þessum sjónarmiðum sé verið að gera lítið úr dreifbýlisfólkinu. Það er ekki rétt. Það er ekki verið að gera lítið úr einum eða neinum, hvorki þeim sem býr í þéttbýli né hinum sem býr í dreifbýli. En við erum að tala um sveitarfélög þar sem jafnvel örfáir tugir íbúa eru, milli 50–60 íbúar eða svo. Ætlast er til þess að þessi litlu sveitarfélög fari með verkefni upp á miðja jökla í tuga eða jafnvel hundruð kílómetra fjarlægð frá næsta byggða bóli, verkefni eins og t.d. mengunareftirlit, beitar- og gróðurfarseftirlit, heilbrigðiseftirlit, almannavarnir, byggingaeftirlit og löggæsla að hluta. Það er ekki verið að gera lítið úr einum eða neinum þótt bent sé á að 50 eða 60 manna sveitarfélag ræður ekki við slík verkefni af eigin rammleik. Það ræður ekki við slík verkefni af eigin rammleik og er mjög óskynsamlegt að ætlast til þess af viðkomandi fámennu sveitarfélagi að það axli slík verkefni. Þvert á móti er skynsamlegt, eins og við jafnaðarmenn leggjum til, að gera ráð fyrir því að þarna sé um að ræða eina stjórnsýslulega heild þar sem miðhálendið er. Út af fyrir sig er ekkert athugavert eða aðfinnsluvert við það að sá stjórnsýsluaðili sem hefur stjórn á miðhálendinu taki t.d. upp þau vinnubrögð að fela einhverjum sveitarfélögum sem liggja að viðkomandi svæði einhvern hluta þeirrar stjórnsýslu í sínu umboði sem talið er að viðkomandi sveitarfélag ráði við. Þá framkvæmd er vel hægt að hugsa sér, virðulegi forseti. En meginatriði málsins er að stjórnsýsluhafinn, æðsta yfirvaldið sé eitt vegna samræmingarinnar og að þau verkefni sem rætt er um að vinna þurfi á hálendinu séu í höndum aðila sem hefur burði til þess að vinna þau svo sómasamlegt sé.

Hv. prófessor Gunnar G. Schram segir áfram í þessari grein sinni í Morgunblaðinu þann 14. ágúst sl., með leyfi forseta:

„En hvað er þá til ráða um framtíðarskipan miðhálendisins sem gerir Ísland öðru fremur að einstæðu landi meðal þjóða heims?

Svo þarf að skipa málum að miðhálendið allt lúti einni stjórn hvað öll stjórnsýslumálefni snertir svo tryggt sé að hægri höndin viti hvað sú vinstri gerir og heildarhagsmunir allra landsmanna séu í heiðri hafðir í allri framtíðarnýtingu þess. Er hér ekki síst átt við samræmi það sem ná þarf milli náttúruverndarsjónarmiða og beislun vatnsfallanna í þágu stóriðju í framtíðinni. Þar er hvert spor vandstigið og rangar ákvarðanir gætu valdið óbætanlegu tjóni um aldir."

Þarna talar einstaklingur sem ekki er hægt með neinum rökum að saka um að dragi hlut eins framar annars, gangi á rétt eins umfram annan, hafi samúð með einum umfram

annan og alls ekki hægt að halda fram að eigi nokkuð sérstaklega sökótt við dreifbýlið eða það fólk sem þar býr. Hér er um að ræða prófessor í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands og þau sjónarmið sem hann setur fram, annars vegar gagnrýni á þá framkvæmd sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að hafa á þessum málum og hins vegar tillaga hans um skipan mála að miðhálendið allt lúti einni stjórn, eru nákvæmlega sömu sjónarmiðin og sömu tillögurnar og við jafnaðarmenn höfum í málinu.

Umræddur lagaprófessor er þekktur fyrir allt annað í sínum pólitísku afskiptum en stuðning við sjónarmið jafnaðarmanna. En þetta eru sjónarmið hans sem fagmanns, sem prófessors í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands og hann rökstyður þessi sjónarmið sín út frá faglegum og sannfærandi rökum og hann er sammála okkur jafnaðarmönnum um afstöðu til þessara meginatriða málsins.

Dr. Gunnar G. Schram hefur ritað fleiri greinar til þess að ítreka þessi sjónarmið. Hann ritaði t.d. aðra grein undir heitinu: „Örfáir hagsmunaaðilar stjórni ekki miðhálendinu." Sú grein er rituð síðar en hin, eftir að tillögur um svæðisskipulag að miðhálendinu lágu fyrir. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Margt gott má segja um þær tillögur sem er að finna í svæðisskipulaginu að miðhálendi Íslands sem nú liggur frammi til athugasemda. Einn stór galli er þó þar á gjöf Njarðar. Samvinnunefndin leggur til að stjórnsýslan yfir miðhálendinu verði í höndum sveitarfélaga sem að því liggja. Með þessu er ráðendum rúmlega 40 sveitarfélaga af 165 fengið allt framkvæmdarvald yfir svæði sem nær yfir hálft Ísland. Þetta er slæm tillaga af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi felst mikið óréttlæti í því að fá 3–4% landsmanna vald yfir nær helmingi landsins. Það þýðir að aðrir landsmenn mega þar hvergi koma nærri. Samt eru það ekki síst íbúar þéttbýlissvæðanna, hér og í öðrum kaupstöðum, sem mest nota hálendið.

Í öðru lagi er ljóst að víðáttumikil svæði miðhálendisins eru utan alls eignar- og þá stjórnsýsluréttar í dag samanber allmarga hæstaréttardóma. Skipulagsyfirvöld hafa mjög vafasaman rétt til þess að fá örfáum mönnum vald yfir þessum eigendalausu svæðum. Það er raunar fráleitt og verður ekki gert nema með nýrri og sérstakri lagaheimild.

Í þriðja lagi er það mjög hæpin stefna svo ekki sé meira sagt að fá hagsmunaaðilum vald til að nýta miðhálendið. Þeir ættu einmitt manna sístir að fara með það vald vegna m.a. ofbeitarhættu sem þar er um að ræða og mun vart minnka við óskoruð völd þeirra þar.

Í fjórða lagi er það mjög vafasamt að sveitarfélögin 40 sem ætlað er stjórnsýsluvaldið hafi innan sinna vébanda þá fagþekkingu sem krefjast verður til skilvirkrar stjórnsýslu þar. Er hér átt við sérfræðikunnáttu á sviði heilbrigðismála, byggingarmála og skipulagsmála sem sveitarfélög þessi verði að annast fái þau stjórnsýsluvaldið."

Lýkur hér tilvitnun í grein prófessorsins.

Þessar fjórar röksemdir eru mjög þungvægar og hér eru dregin saman í stuttu, einföldu máli meginatriði þeirrar gagnrýni sem við jafnaðarmenn höfum uppi á þessa skipan mála. Ég vek sérstaklega athygli á því sem prófessorinn segir þar sem hann talar um að það sé mjög hæpin stefna að fá hagsmunaaðilum vald til að nýta miðhálendið og segir síðan, með leyfi forseta:

„Þeir ættu einmitt manna sístir að fara með það vald vegna m.a. ofbeitarhættu sem þar er um að ræða og mun vart minnka við óskoruð völd þeirra þar."

Þetta eru orð að sönnu og ekki að ástæðulausu sem prófessorinn setur þessa skoðun sína fram. Af hverju ekki að ástæðulausu? Vegna þess að í þeim tillögum að svæðisskipulagi sem samin var af nefnd sem í sátu fyrst og fremst fulltrúar þessara aðila er eitt sem er hvergi nefnt. Í tillögunum er hvergi nefnt að grípa þurfi til beitarstjórnunar til gróðurverndunar á miðhálendinu þótt fyrir liggi að á Íslandi sé mesta eyðimerkurmyndun vegna gróðureyðingar og uppblásturs sem þekkist í heiminum og þó að öllum sé ljóst og flestir viðurkenni að þessi landeyðing, þessi gróðureyðing, sé af manna völdum, þ.e. sé af völdum rangrar beitarstjórnunar og of mikils beitarþunga á hálendinu. Þrátt fyrir það er ekki svo mikið sem minnst á í tillögum svæðisskipulagsnefndarinnar að grípa þurfi til aðgerða í þessum efnum. Það er því ekki að ástæðulausu sem dr. Gunnar G. Schram prófessor varar við því að hagsmunaaðilum séu fengin of mikil ítök til þess að stjórna þessum málum á miðhálendi Íslands.

Í greinargerð eða yfirliti sem tekið var saman um afstöðu sem fram hefði komið hjá ýmsum aðilum sem um málið hafa fjallað á opinberum vettvangi eru þessi sjónarmið prófessorsins ítrekuð. Umræðan sem varð í fjölmiðlum á liðnu hausti um þessi mál snerist m.a. um hverjum bæri skipulagsrétturinn á miðhálendinu og þar er vitnað til orða prófessors Gunnars G. Schrams sem ég las upp áðan um þau fjögur atriði sem hann tók fram og hnykkt á þeirri niðurstöðu sem þar er að finna.

En fleiri fræðimenn hafa tjáð sig um þessi mál en dr. Gunnar Schram. Kollegi hans í lögfræðideild Háskóla Íslands, *Páll Sigurðsson prófessor, hefur einnig fjallað um* eignar- og umráðaréttinn yfir miðhálendinu. Hann sagði í grein sem birtist um þau mál m.a. svo, með leyfi forseta:

„Að margra mati er engan veginn heppilegt að almannaeign, þ.e. viðurkenndar þjóðlendur — sameign allra Íslendinga — verði að hluta til ... undir forræði sveitarfélaga, sem geti jafnvel krafist gjalds fyrir nýtingu þeirra í almannaþágu. Er æskilegt að þessum atriðum verði breytt í heppilegra horf við meðferð frumvarpsins á Alþingi."

Prófessorinn taldi æskilegt að þessum atriðum yrði breytt við meðferð frv. á Alþingi en niðurstaða þingmeirihlutans er sú að það er ekki gert. Prófessorinn hélt síðan áfram í grein sinni og sagði, með leyfi forseta:

„*Nú liggur jafnframt fyrir þinginu frumvarp til nýrra* sveitarstjórnarlaga, sem hefur m.a. að geyma mjög umdeilt ákvæði, þar sem kveðið er á um að þeim hlutum landsins, þar með töldum jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, skuli nú skipað innan hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir nánar tilteknum reglum og viðmiðunum. Með öðrum orðum: Hálendi Íslands, með jöklum, söndum og hraunum, skal nú öllu skipt kirfilega í eins konar „tertusneiðar", fjölmargar og sumar æði þunnar ... Munu þær gjarna teygjast inn að miðju landsins og mætast þar á ólíklegustu stöðum, t.d. uppi á hájöklum eða á sandauðnum, allt eftir hugdettum þeirra kerfismanna, sem ákvarða skulu landamerkin. Nái þessi tillaga fram að ganga er líklegra en ekki að hún muni leiða til ófriðar og ófarnaðar. Mun heppilegra er, að þjóðlendurnar — sameign allra landsmanna — sem munu væntanlega ná yfir meginhluta hálendisins, verði til frambúðar undir samræmdri stjórn og í umsjá ríkisstjórnvalda. Má þá engu að síður búa svo um hnúta, að fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitar-

félaga eigi, ásamt öðrum, sæti í ráðgefandi stjórnarnefnd, er fjalli um hálendismálin, þannig að tryggt sé að hagsmunir sveitarfélaga verði ekki fyrir borð bornir.

Kröfur sveitarfélaga þeirra, sem liggja að hálendinu, til almennra stjórnsýsluforráða yfir óbyggðunum, þ.e. yfir þeim ræmum og skikum, sem einstökum sveitarfélögum yrði úthlutað samkvæmt fyrrnefndu „tertusneiðafrumvarpi", eru byggðar á misskilningi forráðamanna þeirra. Að því marki sem kröfur þessar kynnu að verða réttlættar á annað borð hlytu þær að grundvallast á eftirfarandi atriðum:

1. Eignarrétti yfir hálendissvæðunum,
2. nálægð óbyggðasvæðanna við hlutaðeigandi mannabyggðir og
3. langvarandi nýtingu umræddra landsvæða.

Oftast yrði örðugt að sýna fram á, að þessar röksemdir geti átt við um þessar óbyggðalendur. Eignarrétti þessara sveitarfélaga eða einstaklinga, sem þar eru búsettir, er vafalaust sjaldnast fyrir að fara ... Mörg svæðin liggja bersýnilega afar langt frá allri byggð og vandfundin eru skynsamleg rök fyrir því, að einhæf notkun óbyggðarlands til sauðfjárbeitar ... geti með nokkru móti réttlætt kröfu um stjórnsýsluyfirráð í þeim skilningi, sem hér um ræðir, auk þess sem fjölmörg óbyggðasvæðin, svo sem sanda, hraun og jökla, hafa sveitarfélög vitaskuld aldrei nýtt til eins né neins. Stjórnsýsla yfir hálendinu, sem fullnægja skal nútímalegum kröfum, verður að sjálfsögðu að byggjast á mikilli yfirsýn og víðtækri gæslu almannahagsmuna, sem sveitarfélögunum, mörgum fámennum og lítils megandi, yrði ofraun að rísa undir. Fámennið leiðir m.a. til hættu á hagsmunaárekstrum og vanhæfi, sem torveldar alla raunhæfa stjórnun. Sérstaklega á þetta við um skipulags- og byggingamál hálendisins, þar sem skipuleggjendurnir verða að vera hátt hafnir yfir hrepparíg og úrelt og gamaldags viðhorf til stjórnsýslumarka."

Þannig talaði annar prófessor í lögum við lagadeild Háskóla Íslands, Páll Sigurðsson og get ég tekið undir hvert einasta orð sem hér er sagt því hann er að lýsa sömu viðhorfum og ríkt hafa í þingflokki jafnaðarmanna og ráðið hafa ferðinni í málflutningi og tillöguflutningi okkar á Alþingi Íslendinga, ekki bara núna, ekki bara við afgreiðslu þessa máls heldur í bráðum 30 ár sem liðin eru frá því að þingmaður úr Alþfl. flutti í fyrsta skipti sjálfstætt þingmál um eignarhald þjóðarinnar á hálendinu, gögnum þess og gæðum.

Páll Sigurðsson endurtekur rök þau sem hann flutti og bætir nokkuð við í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið fyrir u.þ.b. ári síðan. Þar ræddi hann um frv. það sem hér er til meðferðar sem hefur að geyma tillögur um breytingu á gildandi sveitarstjórnarlögum á þann veg að gengið skuli út frá að staðarmörk sveitarfélaga sem liggi að miðhálendi Íslands verði framlengd inn til landsins og hið sama skuli gilda um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Páll segir, með leyfi forseta:

„Verði ágreiningur um stjórnsýslumörk ekki leystur með samkomulagi hlutaðeigandi sveitarstjórna skuli sérstök úrskurðarnefnd ákveða mörk þeirra. Ljóst er, að þessu fyrirkomulagi hljóta að fylgja almenn og rík yfirráð sveitarfélaganna á öræfasvæðunum, einnig yfir staðfestum þjóðlendum ..."

Síðan segir Páll Sigurðsson að í þjóðlendufrv. sé hins vegar gert ráð fyrir miklu valdi forsrn. á þjóðlendunum og telur að þannig verði ekki séð að stefnumið þessara tveggja lagafrv. fari vel saman og hefur það ekkert breyst í meðförum Alþingis.

Síðan segir Páll Sigurðsson, með leyfi forseta:

„Verði sú skipan mála, sem fram kemur í frumvarpi félagsmálaráðherra, staðfest í lögum er um leið verið að festa í sessi gamaldags og úrelt fyrirkomulag varðandi skipulagsmálefni og önnur stjórnunarmálefni hálendisins, þar sem þau mál eru, með enn skýrari hætti en nú er að lögum, lögð í hendur einstakra hreppsnefnda, oft í mjög fámennum sveitarfélögum, sem af auðskiljanlegum og alkunnum ástæðum eru þess sannarlega vanmegnug að takast á við ýmiss konar skipulagsverkefni og önnur sambærileg verkefni á þann veg að samrýmist nútíma stjórnunarháttum og með því móti, sem þarfir samfélagsins alls krefjast."

Svo lýkur prófessorinn grein sinni með þessum orðum sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta:

„Að því leyti einkennist andi frumvarpsins af íhaldssömum hugsunarhætti, sem ekki sýnist fallinn til velfarnaðar, en mun heppilegra er að hálendið lúti í sem flestum efnum samræmdri yfirstjórn."

Þarna ratast prófessornum sönn orð á munn því af kynnum mínum af umræðum um hálendismálin, í þau bráðum 30 ár sem ég hef fylgst með þeim umræðum, hafa viðhorf þingmeirihlutans á Alþingi Íslendinga einkennst allan þann tíma af íhaldssömum hugsunarhætti sem ekki hefur verið fallinn til velfarnaðar og þannig er það enn. Þeir hafa ekki breytt í einu eða neinu afstöðu sinni í þeim efnum. Þessi íhaldssami hugsunarháttur sem ekki er fallinn til velfarnaðar ríkir enn í málinu. Og hvers vegna ríkir hann? Vegna þess að þeir sem aðhyllast hann vilja fremur styðja hagsmuni sérhagsmunaaðilanna en gæta almannahags.

Herra forseti. Umræðurnar um þetta mál hafa líka vakið almenning til vitundar um hvað er að gerast. Fjölmennir fundir hafa verið haldnir um skipulagsmál og stjórnsýslu á miðhálendi Íslands. Einn slíkur fundur var t.d. boðaður af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni. Var sá fundur haldinn á Hótel Borg og mætti þar mikill fjöldi fólks. Þar var meðal annarra frummælenda forseti Ferðafélags Íslands, Haukur Jóhannesson. Hann lýsti þar andstöðu sinni við frv. félmrh. til sveitarstjórnarlaga og sagði, samkvæmt frásögn Morgunblaðins, að óeðlilegt væri að skipta miðhálendinu upp í litlar skipulagseiningar þar sem hvert sveitarfélag skipuleggi fyrir sig. Að sögn Morgunblaðsins sagði Haukur kröfuna skýra, þ.e. miðhálendið verði ein skipulagsheild og ein stjórnsýsluheild.

Virðulegi forseti. Þetta er okkar tillaga. Þau sjónarmið sem forseti Ferðafélags Íslands setur fram og sem áður höfðu verið sett fram af tveimur fræðimönnum, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, eru samhljóða. Þessi tillaga þeirra um skipulag á miðhálendi Íslands er tillaga okkar jafnaðarmanna, þannig að almannasamtökin Ferðafélag Íslands og forustumenn þess hafa einnig gengið til liðs við þessi sjónarmið.

Að sögn Morgunblaðsins sagði Haukur Jóhannesson forseti Ferðafélags Íslands orðrétt á þessum fundi, með leyfi forseta:

„Við viljum að miðhálendið sé ein skipulagsheild og ein stjórnsýsluheild. Röksemdin fyrir því er sú að miðhálendið verður almenningseign í umsjón ríkisins og það er óeðlilegt að skipta því upp í litlar skipulagseiningar þar sem hvert sveitarfélag skipuleggur út af fyrir sig. Þetta verður almenningsland og þar af leiðandi hlýtur það að verða hagsmunamál almennings að geta fylgst með skipulagsmálum á hvaða stigi sem þau eru."

Þannig sagðist Morgunblaðinu frá ræðu þeirri sem forseti Ferðafélags Íslands flutti á fjöldafundi á Hótel Borg sem Ólafur Örn Haraldsson alþm. boðaði til.

Fulltrúar hagsmunaaðila sem gæta hagsmuna almennings koma þannig til sögunnar hver á fætur öðrum, fyrst fræðimennirnir, svo forseti Ferðafélags Íslands, síðan ýmsir útivistar- og útilífsmenn, forvígismenn félagasamtaka þeirra og allir kveða upp einn dóm. Allir segja: Sjónarmið okkar eru þau sjónarmið sem þingmenn jafnaðarmanna eru málsvarar fyrir á Alþingi Íslendinga. Í lið með þessum aðilum slóst síðan einn stjórnarþm., Ólafur Örn Haraldsson, sem sagði í grein í Morgunblaðinu þann 22. apríl, með leyfi forseta:

„Margir ávinningar eru í því að halda miðhálendinu sem sérstöku stjórnsýslusvæði og sveitarfélögin nái ekki þar inn. Þá er margvísleg samræming auðveldari og síður hætta á að sveitarfélög beiti valdi sínu gegn einstökum aðilum eða hópum sem eiga ekki síður en aðrir rétt á aðstöðu og aðgangi að hálendinu. Slík tilvik hafa spillt miklu. Landeigendur og sveitarfélög hafa í einstaka tilvikum þrengt að ferðaþjónustu og útvistarfólki, stundum með því að gjörnýta lagarétt sinn og stundum með hreinni lögleysu sem síðan hefur verið hnekkt í Hæstarétti. Þessi bitra reynsla hefur skapað mikla tortryggni."

Þannig talar einn af þingmönnum Framsfl. Ætla flokksbræður hans að saka hann um fjandskap við landsbyggðarfólk með þessum orðum? Er Framsfl. þá að hluta til orðinn andstæðingur fólksins í dreifbýlinu? Ég ætla að bíða eftir að þeir framsóknarmenn felli þann dóm að svo sé, en ég tel að hér tali hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ekki af meinbægni við einn eða neinn heldur út frá þeirri þekkingu sem hann hefur aflað sér á þessum málum og þeim skoðunum sem hann hefur sett fram og eru í samræmi við þær skoðanir sem ég hef kynnt í máli mínu fram að þessu.

Það hafa fleiri forsvarsmenn almannahagsmuna kvatt sér hljóðs, virðulegi forseti. Morgunblaðinu segist svo frá að sú sé skoðun framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands, formaðurinn hafði áður talað, að frv. umhvrh. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum gangi ekki nógu langt og muni sveitarfélögin sem land eigi að hálendinu því enn ráða því þrátt fyrir þá sáttalausn sem hv. umhvrh. taldi sig hafa komið með en sem engin er. Og síðan segir Morgunblaðið og vitnar beint í orð Kristjáns Baldurssonar, framkvæmdastjóra Ferðafélagsins, og segir hann hafa sagt, með leyfi forseta:

„Ítök þeirra [þ.e. þessara litlu sveitarfélaga] eru mun meiri en ítök þéttbýlisbúa geta nokkurn tímann orðið." Síðan heldur framkvæmdastjórinn áfram ræðu sinni og segir svo, með leyfi forseta: „Þessi sveitarfélög eru í miklum meiri hluta þó að þéttbýlisbúar fái tvo fulltrúa af 18. Hálendið ætti að vera eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði, það er álit okkar og annarra útivistarsamtaka sem hafa lýst áliti sínu. Það verður að tryggja bæði rétt þeirra sem hafa aðstöðu og atvinnustarfsemi á hálendinu og útivistarfólks." Og orðréttri tilvitnun í orð Kristjáns lýkur. Tillaga hans er einnig sú að hálendið eigi að vera eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði. Einnig tekur þessi talsmaður almannahagsmuna afstöðu gegn frv. hæstv. félmrh. og með þeim tillögum sem jafnaðarmenn flytja og hafa flutt í málinu. Síðan segir í grein Morgunblaðsins, með leyfi forseta: „Kristján sagði skynsamlegast í stöðunni að fresta afgreiðslu frumvarps til sveitarstjórnarlaga og geyma þá umræðu til hausts ásamt frumvarpi umhverfisráðherra. Hann kvað líklegt að Ferðafélagið og önnur svipuð samtök myndu gefa sameiginlegt álit á stöðu málanna."

Þarna kemur sem sé fram beiðni frá forsvarsmönnum almannasamtaka um ferðamál á hálendinu og víðar, að fresta afgreiðslu frv. hæstv. félmrh. þangað til í haust. Sú tillaga kom ekki fyrst fram á Alþingi Íslendinga. Hún var löngu komin fram áður. Það er kjarninn í afstöðu Ferðafélags Íslands og annarra umhverfissamtaka sem um málið fjalla að sögn framkvæmdastjóra Ferðafélagsins.

Þá var meira að segja Árni Mathiesen, þingmaður Sjálfstfl., þessarar skoðunar sem Morgunblaðið hafði eftir honum, með leyfi forseta. Árni sagði: „Á hálendinu eru fjölbreyttir hagsmunir og margir sem eiga þar hagsmuna að gæta. Fólk sem býr um landið allt er að nota hálendið á ýmsa vegu og ég held að ráðherra verði að hafa svigrúm til að skipa í nefndina til að sem allra flest sjónarmið geti komist að. Það getur hann betur með því að hafa frjálsar hendur." En það hefur nú ráðherra aldeilis ekki miðað við það svokallaða sáttafrv. sem hann hefur sjálfur lýst að hann ætli að flytja á Alþingi. Hann hefur alls ekki þar möguleikann á því að hleypa þeim aðilum að málum sem hv. þm. Árni Mathiesen er að ræða um í viðtali við Morgunblaðið að þurfi að málunum að koma. Og er því ekkert undarlegt við það þótt hv. þm. Árni Mathiesen sé einn þeirra sem telja að sáttaleið umhvrh. sé til ills eins, en ekki til þess að tryggja þau viðhorf sem hann lýsti í viðtali við Morgunblaðið.

Hv. þm. tjáði sig enn frekar í viðtali við Morgunblaðið en þar segir Ólafur Örn Haraldsson, hv. þm. Framsfl., með leyfi forseta, um þetta mál:

„Í fyrsta lagi er ekki gætt jafnvægis eða jafnræðis milli fulltrúa í samvinnunefndinni um skipulag hálendisins. Gert er ráð fyrir 12 fulltrúum sveitarfélaga með land að hálendinu en mun færri frá öðrum.

Í öðru lagi eru þessir 12 fulltrúar aðeins frá sveitarfélögum sem hafa land að hálendinu en ekki héraðsnefndum eins og áður var. Þetta þýðir að sveitarfélög sem eiga afrétti á hálendinu eiga ekki lengur aðild að skipulagi miðhálendisins eins og verið hefur þegar allir í viðkomandi héruðum eiga aðild. Með frumvarpinu er þetta aðeins bundið sveitarfélögunum sem lönd eiga að hálendinu." Og Morgunblaðið heldur áfram, með leyfi forseta, og segir: „Ólafur kvaðst ekki heldur skilja hvernig fulltrúar sveitarfélaganna 42 ættu að geta komið sér saman um skipan þessara 12 nefndarmanna, hann sæi ekki fyrir sér þann vettvang sem ætti velja fulltrúana, hann væri einfaldlega ekki til." Og síðan segir þingmaðurinn orðrétt að sögn Morgunblaðsins, með leyfi forseta: „Við getum til dæmis séð fyrir okkur sveitarfélag sem á hugsanlega tekjumöguleika vegna virkjana. Hvernig eiga fulltrúar þess að fela fulltrúum annarra sveitarfélaga að gæta hagsmuna sveitarfélags síns í slíkum málum?" Svo heldur þingmaðurinn áfram, með leyfi forseta, og segir: „„Í þriðja lagi tel ég þá fulltrúa sem sitja eiga í nefndinni fyrir Reykjavík, Reykjanes og Vestfirði ekki lýðræðislega kjörna. Þeir eru tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og með því er það komið mjög langt frá kjósendum, útivistarfólki, náttúruverndarmönnum og öðrum sem vilja hafa um þessi mál að segja, sem ég tel mikinn galla." Þingmaðurinn sagði enn fremur slæmt að dregið skuli úr umboði nefndarinnar. Hún ætti samkvæmt frumvarpinu að fjalla um svæðisskipulagið en að sínu mati ætti hún að vinna það án þess þó að verða stjórnsýslustofnun með úrskurðarvald. Hann sagði einnig of veikt að auglýsa ætti deiliskipulag með áberandi hætti, nauðsynlegt væri að áskilja kynningu þess í öllum kjördæmum."

Síðan segir þingmaðurinn að samvinnunefndin um svæðisskipulag miðhálendisins hafi vissulega unnið gott verk og ætti hún að fá að ljúka því en bætir síðan við að þegar nýja nefndin komi að málinu eigi hún að fá sterkari heimildir til að hafa áhrif á skipulagið heldur en gert er í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Þau atriði sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gerði að umtalsefni hafa einmitt líka verið gerð að umtalsefni úr þessum ræðustóli. Hann sagðist ekki sjá hvernig sveitarfélögin 42 ættu að geta komið sér saman um skipun 12 nefndarmanna í samvinnunefndina. Ég spurði hæstv. umhvrh. að því hvernig þetta ætti að gerast, og raunar hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem hafði eða þóttist hafa staðið að þessu samkomulagi, að því sama. Hvorugt þeirra gat svarað þeirri einföldu spurningu: Hvernig eiga sveitarfélögin 42, sem eiga land að hálendinu, miðhálendinu, að geta komið sér saman um skipan 12 fulltrúa? Hvorugt þeirra gat svarað.

Hæstv. umhvrh. datt helst í hug að gera ráð fyrir því að héraðsnefndirnar sæju þá um þessa skipan. En ef hann gerði ráð fyrir því af hverju hljómaði þá ekki frumvarpstextinn þannig að héraðsnefndirnar skyldu velja þessa tólf menn? Hver er munurinn á því að segja í lagatextanum „sveitarfélögin sem liggja að hálendinu" skulu tilnefna þessa tólf — og að segja „viðkomandi héraðsnefndir" skulu tilnefna þessa fulltrúa?

Ég benti hæstv. ráðherra á það við þá umræðu sem þá fór fram að munurinn væri sá ef kjördæmi hans væri tekið — að það að orða þetta svona, eins og hann gerir í frv. sínu þýddi það að að þéttbýlissveitarfélögin í hans eigin kjördæmi, Akureyri og Húsavík, gætu engan íhlutunarrétt fengið um tilnefningu fulltrúa í samvinnunefndina sem þau gætu fengið ef hann hefði orðað frumvarpstextann þannig að þetta væri hlutverk héraðsnefndanna en ekki sveitarfélaganna.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvaða rök væru fyrir því að orða frumvarpstextann þannig að þéttbýlissveitarfélögin í hans eigin kjördæmi gætu ekki komið að málum. Ég fékk ekkert svar við þeirri spurningu, hann átti það svar ekki til.

Hins vegar hafði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem þóttist hafa komið að gerð þessa samkomulags og hrósaði sér af því, ekkert svar og hafði sjálfsagt aldrei velt þessari spurningu fyrir sér.

Hér hefur líka verið bent á það í umræðum sem þingmaðurinn Ólafur Örn Haraldsson gerir að umtalsefni samkvæmt fréttafrásögn Morgunblaðsins, þ.e. hvernig samskipti sveitarfélaga verði og samstarf um skipulag og verkefni á miðhálendinu þegar svo háttar til að óbreyttum lögum að lagt er í framkvæmd eins og virkjun þar sem virkjunarlón eru í landi sveitarfélaga, t.d. A og B, og valda þar spjöllum á landi með því að leggja land undir vatn. Flutningslínur raforku eru síðan í landi sveitarfélaga D, E, F og G og valda þar sjónmengun en stöðvarhúsið, sem er að verulegu leyti oft neðanjarðarbygging og ber ekki mikið á, er í landi sveitarfélags H, sem hefur síðan allar tekjur af framkvæmdunum án þess að þurfa að taka á sig umtalsverð landspjöll, mengun lands eða sjónmengun. Hvernig halda menn að samskipti og samstarf slíkra sveitarfélaga verði þegar einn hefur allar tekjurnar en hin hafa öll óþægindin?

Það hefur ekki heldur komið neitt svar við þeirri spurningu á Alþingi fremur en Ólafur Örn Haraldsson gat fundið svar við þeirri spurningu í viðtali sínu við Morgunblaðið vegna þess að svar við þeirri spurningu er ekki til. Svarið er einfaldlega það eitt að samstarf um landnytjar við slíkar aðstæður verður líklega ekki heldur munu þessar aðstæður valda miklum deilum, jafnvel átökum milli viðkomandi sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Margir einstaklingar sem tala ekki fyrir hönd neinna félagasamtaka hafa líka tjáð sig um þetta mál. Fyrr í umræðunum hafa verið lesnar áskoranir forustumanna fjölmargra útivistarsamtaka og ferðamálasamtaka og ætla ég ekki að lesa þær ályktanir aftur, þeim hefur verið gerð skil hér. Líka hefur verið gerð skil í umræðunni áskorun 90 einstaklinga, fræðimanna, prófessora, náttúruverndarmanna, útivistarmanna, ferðamanna, menntamanna, rithöfunda o.s.frv. sem tjáðu sig í heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu. Ég ætla ekki frekar að vitna í orð þeirra, það hefur verið gert og það vel.

En segja má að Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur hafi í erindi Um daginn og veginn, mánudaginn 27. apríl, tjáð í mjög einföldu, skýru og ljósu máli afstöðu fólksins á götunni, a.m.k. þeirra fjölmörgu sem hafa komið að máli við alþingismenn, sent þeim bréf, fax eða tölvuskeyti með afstöðu sinni þar sem þeir hvetja til þess að ráðgerðir ríkisstjórnarmeirihlutans á þingi í þessu máli nái ekki fram að ganga. Rithöfundurinn sagði í þessu erindi, með leyfi forseta:

„Skipulagning og skipting 40% Íslands sem kalla má nýtt landnám hlýtur að vera eitt af þýðingarmestu og afdrifaríkustu málum í sögu okkar. Í staðinn fyrir að taka á því með ábyrgum hætti þá útbýtir Alþingi valdi til að skipuleggja hálendið áður en ákveðið er hver á að stjórna þar. Ofan á þetta bætist svo hin sérstæða samsetning skipulagsnefndarinnar. Meðferð þessa máls frá hendi Alþingis er svo frumstæð og gerræðisleg og andstæð almennri skynsemi að stofnunin bíður varanlega álitshnekki af, og steininn mun taka úr ef svo fer sem horfir, að stjórnarfrumvarp félagamálaráðherra verður samþykkt á morgun, þar sem 40 sveitarfélögum, sumum mjög fámennum, er falin stjórn hálendisins."

Síðan segir rithöfundurinn í lok pistils síns, með leyfi forseta:

„Því eigum við heimtingu á að þingmenn taki á sig rögg og viðurkenni mistök, að þeir bretti upp ermar, og segi: Hér er verk að vinna. Nú tökum við okkur góðan tíma í að endurskoða allt sem hálendið varðar, með þátttöku kjósenda okkar, hvaðan sem þeir koma, og færustu manna. Tertusneiðafrumvarpið hefur mætt andstöðu almennings, fjölmennra félagasamtaka, ríkisstofnana, og þess fagfólks sem gleggsta yfirsýn hefur um hvað er raunverulega á ferðinni, og hverjar afleiðingarnar geta orðið. Andstaðan er of mikil og víðtæk til þess að Alþingi geti hunsað hana. Það allra minnsta sem við getum farið fram á er tími til að afla grunnupplýsinga, tími til stefnumótunar, tími til nútímalegrar skipulagsvinnu, með öðrum orðum tími til að taka góðar og ábyrgar ákvarðanir í þessu stórmáli fyrir framtíð landsins og okkar.

Ýmsir hagsmunaaðilar, þar á meðal Orkustofnun, Landsvirkjun, ferðaþjónusta, hafa lýst vilja til að frysta ákvarðanir, í nokkur ár þess vegna, þar til vel unnar tillögur um framtíðarskipan hálendismála liggja fyrir. Þá er spurningin: Hverjum liggur svona á — og hvers vegna?"

Þannig lauk rithöfundurinn máli sínu í erindinu Um daginn og veginn: Hverjum liggur svona á? Svarið er stjórnarflokkunum. Hvers vegna? Það svar hefur ekki verið gefið. En skyldi eitthvað vera til í því sem þingmaður hreyfði við mig hér á dögunum, að allt kapp yrði að leggja á að afgreiða málið nú í vor því að það væri ekki líklegt að það yrði tekið upp aftur í haust þegar prófkjör stæðu fyrir dyrum um skipan framboðslista stjórnarflokkanna.

Það skyldi ekki vera að þetta væri svarið við seinni hluta *spurningu rithöfunarins*, hvers vegna liggi svo mikið á. Að a.m.k. sumir stjórnarþingmenn geri sér grein fyrir því að það sé eins gott að sem mestur tími fái að líða frá því að þetta frv. í þágu sérhagsmunaaflanna verði afgreitt hér á Íslandi og þangað til að að því komi að kjósendur fari að velja frambjóðendur á framboðslista sína sem tilheyra stjórnarflokkunum? Kannski er það svarið og er það út af fyrir sig svar sem fyllstu athygli er vert.

Kannski koma fleiri svör til greina, en þetta svar, virðulegi forseti, er gott svar. Ég er sannfærður um að þeir sem hlýða á mál mitt hér í salnum, a.m.k. sumir hverjir, eru því nokkurn veginn sammála.

Það hefur komið fram frá umhvrh. að hann ætlar sér að staðfesta svæðisskipulag hálendisins, samkvæmt tillögum sem þar liggja fyrir, eigi síðar en um miðjan næsta vetur. Með staðfestingu þess svæðisskipulags eða þeirra tillagna sem þar liggja fyrir, að teknu tilliti til athugasemda sem um það má gera, er búið að taka ákvarðanir um nýtingu hálendisins sem vart verður breytt á næstunni, a.m.k. verður það harla erfitt. Því er full ástæða til að ræða nokkuð um skipulagsmál á hálendi Íslands, þau víti sem þar er að varast, þau atriði sem hafa verið sniðgengin í svæðisskipulagstillögunni, sem verður afgreidd og undirrituð, verði þær tillögur samþykktar um breytingu á lögum um sveitarstjórnarmál sem liggja fyrir. Menn þurfa vissulega að horfa fram á það hvað mun gerast, verði frv. samþykkt í reynd, þ.e. hvers konar skipulag mun fylgja í kjölfarið á hálendi Íslands? Hvaða atriði eru það sem menn gagnrýna helst við þá afgreiðslu? Því að skipulag miðhálendisins mun fylgja í kjölfarið, og það mjög fljótlega, verði þessar tillögur samþykktar eins og þær eru.

Trausti Valsson og Birgir Jónsson, eða Fjölvaútgáfan í Reykjavík öllu heldur, gaf út rit eftir þá á árinu 1997, sem heitir Ísland hið nýja. Þar er fjallað um skipulagsmál hálendisins og m.a. tillögur þær sem stendur til að staðfesta verði frv. félmrh. að lögum. Það er margt mjög athyglisvert í þessari bók þeirra Trausta Valssonar og Birgis Jónssonar sem á fullt erindi inn í umræðuna, svo að menn geti gert sér það ljóst hvað, a.m.k. að þeirra mati, eru ágallarnir við þá skipan mála sem hæstv. umhvrh. hyggst staðfesta verði honum veitt sú heimild sem gefa á, að vísu félmrh. í því frv. sem er hér til meðferðar.

Um almenn atriði í skipulagsmálum segja höfundar bókarinnar m.a., með leyfi forseta:

„... nýtt Ísland er í mótun. Skrefið er að vísu ekki nema stigið til hálfs, alþjóðavæðing og tölvuvæðing samskiptanna er rétt að byrja en Ísland hefur þegar náð þar góðum áföngum og nú gildir að halda því áfram af fullum krafti. Öll fyrirtæki og einstaklingar verða að læra á þessa nýju tækni og tileinka sér þennan nýja hugsunarhátt. Hvað búsetuþróun á Íslandi varðar verðum við líka að gæta að á hvaða breytingar þetta kallar.

Fólk mun gera kröfur um möguleika á miklum hreyfanleika innan lands og að eiga greiðan aðgang að allri þeirri bestu þjónustu og afþreyingu sem býðst í landinu á hverjum tíma. Það er orðið úrelt að hugsa um einstakling bara t.d. sem Vopnfirðing eða Reykvíking, bundinn við einn stað og eitt starf alla ævina. Við þurfum öll að geta notið þess sem bæði höfuðborgin og landsbyggðin hefur upp á bjóða. Hér eru í lykilhlutverki bættar og styttar samgöngur á landi því Ísland er ekki stærra land en svo að það er hægt að komast fram og til baka milli fjarlægustu staða á einum degi með góðu vegakerfi.

Hér skiptir meginmáli fyrir mörg héruð sá möguleiki að geta lagt vegi stystu leið yfir hálendið. Í ljósi þess þykir mörgum það skjóta skökku við að í þeirri tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem lögð var fram vorið 1997 skuli það vera eitt af aðalstefnumótunaratriðum skipulagsnefndarinnar „að halda vegaframkvæmdum á hálendinu í lágmarki". Önnur stefnumótandi setning hnykkir svo enn á því markmiði að koma skuli í veg fyrir að almennir vegir verði lagðir yfir miðhálendið: „Uppbygging vegakerfisins taki fyrst og fremst mið af sumarumferð."

Margt fleira er varðar hvaða búsetuform og lífsafkomu þjóðin getur valið sér er mótað í fyrrgreindri skipulagstillögu. Þannig er t.d. um 90% af miðhálendinu flokkað sem verndarsvæði þar sem öllum framkvæmdum og umferð skuli haldið í lágmarki. Inni á þessum svæðum er meginþorri jarðhita- og vatnsaflsauðlinda Íslendinga. Höfundar skipulagsins, sem flestir eru fulltrúar fámennra sveitahreppa er liggja að hálendinu, hafa komist að þeirri niðurstöðu eftir þriggja ára starf að ekki eigi að stefna að nýtingu háhitans á miðhálendinu og draga skuli verulega úr hugmyndum um vatnsaflsvirkjanir. Þeir segja reyndar að þetta miðist fyrst og fremst við skipulagstímabilið sem er til ársins 2015, en sú ákvörðun að gera meginhluta miðhálendisins ýmist að náttúruverndar- eða verndarsvæðum verður tæpast aftur tekin, enda munu fá dæmi þess að verndarsvæðum hafi verið breytt í orkuvinnslusvæði eftir að þau hafi verið friðuð um árabil.

Áðan vitnaði ég í Pál Sigurðsson prófessor þar sem hann ræddi um íhaldssamar hugmyndir þeirra sem standa að frv. hæstv. félmrh. og að þar vantaði alla framtíðarsýn. Í þeim orðum sem ég hef hér vitnað í, í inngangi bókar Trausta Valssonar og Birgis Jónssonar um Ísland hið nýja, er nákvæmlega þessi mynd dregin upp. Þar er dregin upp mynd af skipulagi, svæðisskipulagi, sem gert hefur verið á grundvelli álits frá aðilum sem eru fulltrúar hreppa með um 4% þjóðarinnar sem næst liggja hálendinu.

Í þessum svæðisskipulagstillögum er tekin sú afstaða að í fyrsta lagi verði ekki horft til þeirrar framtíðar að vegir á milli landshluta á Íslandi geti legið um miðhálendið heldur beri að halda vegaframkvæmdum þar í lágmarki og uppbygging vegakerfisins taki fyrst og fremst mið af sumarumferð. Í öðru lagi er gengið út frá því í þessari svæðisskipulagstillögu að stór hluti af ónýttum orkulindum Íslands, orku jarðhita og fallvatna sem er að finna á miðhálendinu, verði ekki nýttar.

Þetta er hvort tveggja sjónarmið út af fyrir sig. Ég gagnrýni það ekki. Það er fullgilt sjónarmið að ekki skuli lagðir vegir um hálendið, vegaframkvæmdum öllum haldið í lágmarki og uppbygging vegakerfisins taki fyrst og fremst mið af sumarumferð. Ég ber fulla virðingu fyrir slíkum skoðunum. Ég ber líka fulla virðingu fyrir skoðunum þeirra sem segja: „Við eigum ekki að virkja vatnsföllin á hálendi Íslands eða nýta jarðhitann í iðrum jarðar á hálendinu." Þetta eru fullgild sjónarmið sem ég skal ekki gera lítið úr á einn eða neinn hátt. En hver, herra forseti, á að taka ákvarðanir um þetta? Hver á að taka ákvarðanir um hvort leggja eigi vegi um hálendi Íslands eða ekki eða hvort nýta eigi orkulindirnar á hálendi Íslands eða ekki? Það er þessi stofnun sem hér er að störfum. Það er Alþingi Íslendinga. Alþingi tekur ákvarðanir um vegaframkvæmdir. Alþingi tekur ákvarðanir um virkjanaframkvæmdir. Alþingi tekur ákvarðanir um frið-

anir, hvort friða skuli ákveðin svæði og þá hversu vítæk sú friðun skuli verða o.s.frv. Þessi ákvörðun sem hér er um að ræða er ákvörðun sem á að taka í þessari stofnun hér. Alþingi og stjórnvöld hafa aldrei tekið svona ákvarðanir. Alþingi og stjórnvöld hafa aldrei svarað þessari spurningu: Á að leggja vegi um hálendi Íslands og þá í hversu miklum mæli eða á ekki að gera það? Á að nýta orkulindir á hálendi Íslands og þá hvar? Eða á ekki að nýta þær orkulindir og hvaða orkulindir og hvar á þá ekki að nýta?

Þessi ákvörðun hefur aldrei verið tekin af kjörnum fulltrúum þjóðarinnar en það á að taka þessa ákvörðun í skipulagstillögum sem unnar eru á grundvelli álits fulltrúa hreppa þar sem 3,9% landsmanna búa. Og það á að taka þessa ákvörðun þannig að hún verði aldrei borin upp á Alþingi heldur ákveðin með undirritun eins ráðherra undir slíkar tillögur. Og svo er sagt: „Ef Alþingi eða einhver vill breyta þessu eftir árið 2015“ — ekki gert ráð fyrir neinum breytingum fram að því — „þá hann um það. Þá verður svo að vera. Þá verður hann að gera það.“ En landstjórnendur, þeir eru ekkert spurðir.

Þá spyr ég: Finnst mönnum virkilega framsækin sjónarmið að svona afstaða skuli tekin án þess að um hana hafi nokkurn tíma verið fjallað, hvorki í ríkisstjórn né á löggjafarsamkundu þjóðarinnar sem á að taka ákvarðanir um nýtingu auðlinda í sameiginlegri eigu okkar allra?

Herra forseti. Þegar menn ræða um nýtingu miðhálendisins er gjarnan sagt að þeir sem búa í næsta nágrenni þess eigi meiri rétt en aðrir vegna þess að þeir hafi nýtt það miklu lengur en aðrir, þekki það miklu betur og séu miklu betur til þess færir en aðrir að taka ákvörðun um hvernig hálendið skuli nýtt.

En staðreyndin er bara allt önnur. Staðreyndin er sú að á fyrstu árum landnáms á Íslandi og raunar fram eftir Sturlungaöld voru ákveðnar þjóðleiðir yfir miðhálendið þekktar en þær lögðust fljótlega af og voru lítið farnar öldum saman. Og kunnugleiki einstaklinga á Íslandi, hvort sem þeir bjuggu nærri eða fjarri hálendinu, á innviðum Íslands, á miðhálendi Íslands var nánast ekki neinn. Það má heita að varla væri nokkurt kennileiti þekkt á þessu svæði meðal þjóðarinnar um hundruð ára og varla þekktar aðrar leiðir en þar sem um var að ræða dagleiðir milli bithaga. Leiðir um Sprengisand og Ódáðahraun týndust t.d. í lok tólftu aldar. Íbúar Íslands allt fram undir seinni hluta nítjándu aldar gerðu sér enga grein fyrir þeirri víðáttu sem er á miðhálendi landsins. Segja má að þekkingin á miðhálendinu hafi glæðst um miðja nítjándu öldina en nýtingin ekki fyrr en upp úr síðustu aldamótum.

Fyrsta alvöru landakort sem gert hefur verið af Íslandi þar sem eitthvað virðist vera vitað um miðhálendi landsins er það kort sem Björn Gunnlaugsson gerði árið 1849. Og fyrsta jarðfræðikort af Íslandi er ekki gert fyrr en árið 1901. Það má segja að ef nefna þarf einhvern einn einstakling sem framar öðrum hefur orðið til þess að kynna þjóðinni og þar á meðal þeim sem bjuggu í næsta nágrenni við hálendi Íslands, þetta hálendi, hvernig það liti út, hvar væri hægt að ferðast um það, þá var það danskur liðsforingi, Daniel Bruun, sem ferðaðist um Ísland. Hvenær? Á árunum 1902–1914. Fyrir hans daga má segja að miðhálendi Íslands hafi nánast verið bæði ókunnugt og ónumið land. Jafnvel þeir sem bjuggu í næsta nágrenni við það voru hræddir við að fara þar um. Leiðirnar um Ódáðahraun og Sprengisand týndust vegna þess að þeir sem bjuggu í næsta nágrenni við þann hluta hálendisins þorðu ekki að fara þar um því þeir héldu að þar byggju útilegumenn og tröll. Ekki var nú þekkingin mikil. Um þetta land var ekki farið í margar aldir af þeim sem næstir bjuggu. Þetta á meira að segja einnig við um svæði sem ekki liggja langt frá byggðum bólum eins og t.d. Heklu. Íslendingar þorðu ekki öldum saman að ganga á Heklu því að þeir héldu að þar væri í raun og sannleika fordyri helvítis. Og ýmsar tröllasögur voru um þær illvættir sem væri að finna þar efst á bjargbrún. Ekki var nú þekkingin, hvað þá heldur nýtingin, á miðhálendinu mikil lengi vel, jafnvel ekki hjá þeim sem næst bjuggu.

Það kom í hlut erlendra landmælingamanna og ferðamanna að kynna þetta land fyrir þjóðinni, líka þeim sem bjuggu í næsta nágrenni. Og það kom í hlut íslenskra íbúa á suðvesturhorninu að kynna þetta land sem ferðamannaland fyrir þjóðinni og að gefa mörgum stöðum þar nafn, manna eins og Guðmundar Jónassonar og annarra slíkra ferðakappa. Hvaða einstaklingur á Íslandi skyldi öðrum fremur hafa lagt sig fram um að kynna þjóðinni óbyggðir og öræfi Íslands? Skyldi það ekki vera Reykvíkingurinn Ómar Ragnarsson mörgum öðrum fremur sem hefur kynnt þjóðinni miðhálendi Íslands í ógleymanlegum sjónvarpsþáttum.

Skyldi hann ekki hafa til að bera þekkingu á miðhálendi Íslands á við flesta íbúa landsins? Ef nota ætti þekkinguna sem viðmiðun, skyldu þá þessir aðilar ekki eiga að hafa a.m.k. jafnan rétt á við íbúa þeirra 42 sveitarfélaga sem eiga lönd sem liggja að hálendinu? (**KPál:** Ómar var kallaður fyrir nefndina.) Já það er rétt, hv. þm., Ómar var kallaður fyrir nefndina. En niðurstaða nefndarinnar var engu að síður sú að hann ætti enga aðkomu að hafa að ákvörðun um skipulagið vegna þess að hann býr í Reykjavík. (**KPál:** Hann var sáttur við þetta.) Það getur vel verið að Ómar Ragnarsson hafi verið sáttur við að eiga enga aðkomu að skipulagi eða tillögugerð að skipulagi á miðhálendi landsins, en ég er ekki sáttur við það. Ég er ekki sáttur við það að hann sé sniðgenginn og sagt að hann eigi ekki neina aðkomu að málunum að hafa. Hvers vegna? Jú, vegna þess að hann er með lögheimili í Reykjavík. Ég er ekki sáttur við það.

Ég er ekki sáttur við að hv. þm., sem kallaði hér fram í, Kristján Pálsson, eigi enga aðkomu að hafa að ákvarðanatöku af því að hann býr í Reykjaneskjördæmi. Ég er sannfærður um að hv. þm. gæti ýmislegt gott til málanna lagt og hefur fulla burði til þess að hafa eitthvað um þau mál að segja. Enda gerir hann það með störfum sínum hér á Alþingi. Hann tekur hér ákvarðanir eins og aðrir þingmenn sem m.a. snerta framkvæmdir á miðhálendi landsins og nýtingu auðlinda þar. Hann gerir það sem alþingismaður af því hann nýtur þeirra forréttinda að sitja hér á Alþingi Íslendinga. Af hverju ætti hann ekki að hafa sambærilega möguleika og aðrir landsmenn í þessum 42 sveitarfélögum til þess að hafa aðild að ákvarðanatöku, þó hann væri ekki þingmaður en byggi engu að síður í sama húsi og hann býr í nú, suður með sjó? Það skil ég ekki, virðulegi forseti.

Svo ég haldi áfram þaðan sem frá var horfið um nýtingu og þekkingu á landinu, sem menn eru að tala um að hafi gengið kynslóð fram af kynslóð allt frá landnámi. Ég er að benda á að það er ekki rétt. Það er ekki fyrr en 1901 sem unnt er að gera fyrsta jarðfræðikort af Íslandi. Það var Þorvaldur Thoroddsen sem gerði það. Það var ekki fyrr en árið 1947, um miðja þessa öld, sem rannsóknir hófust fyrst á hálendinu. Hverjir skyldu hafa staðið að þeim rannsóknum? Skyldu það hafa verið hreppsfélögin 42 sem eiga land er liggur að hálendinu? Nei, það var Orkumálastofnun sem hóf hagnýtar

rannsóknir á vatnsorku eða orku fallvatna árið 1947. Fyrst nú er farið að vinna af alvöru í gróðurkortagerð o.s.frv.

Ég skil ósköp vel, í umræðum um skipulag og nýtingu hálendisins, að menn séu hræddir við vatnsaflsvirkjanir á hálendinu eins og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er. Ég skil að þeir séu hræddir við að mikið land verði þar lagt undir vatn. Ef við lítum á þær stærðir sem þar er rætt um þá er í öllum þeim virkjanaumræðum og öllum þeim virkjanamöguleikum og allri þeirri landeyðingu sem talað er um í dag samfara virkjun, verið að tala um að leggja um 2% af flatarmáli miðhálendisins undir virkjanalón, en 98% af flatarmáli miðhálendisins verði óskert. Þrátt fyrir fremstu virkjunardrauma er ekki um að ræða í þessu sambandi nema í mesta lagi 2% af flatarmáli miðhálendisins. Hvað er það í samanburði við gróðureyðinguna á þessu sama miðhálendi og ástand gróðurfars þar?

Okkur er sagt að á hálendinu eigi sér nú stað mesta eyðimerkurmyndun í heimi. Menn tala mikið um landspjöllin vegna virkjananna, sem að hámarki gætu þýtt að virkjunarlón þektu 2% af flatarmáli miðhálendisins. Menn tala allt of lítið um gróðureyðinguna á þessu sama miðhálendi, um landið sem fýkur burt. Það fer ekki undir vatn, ekki undir virkjanalón sköpuð af mönnum. Það gengur á gróðurinn vegna ákvarðana manna um að ofbeita þær fáu gróðurvinjar sem gengnar kynslóðir hafa skilið eftir sig á þessu sama hálendi. Um það ræða menn ekki af nándar nærri jafnmikilli tilfinningu og jafnmikilli fyrirferð eins og um virkjanamálið.

Það er umhugsunarvert að í svæðisskipulagstillögu sem nefndin sem starfaði að því gerði um miðhálendið var, eins og rakið var hér að framan, lagt til að meginhluti orku fallvatna og jarðhita á miðhálendinu, sem í hæsta lagi getur skaðað 2% af flatarmáli miðhálendisins, verði látið óhreyft. Þar var ekki orð um landið sem er að blása burt. Þar er í hættu miklu meiri, stærri og verðmætari hluti af miðhálendi Íslands en það sem rætt er um að mest geti farið undir virkjanalón.

Þetta sýnir að Íslendingar eru blindir á eigin syndir. Þeir eru blindir á þann skaða sem gengnar kynslóðir og núlifandi kynslóðir hafa unnið á þessu landi vegna skorts á beitarstjórnun og eðlilegum verndunarsjónarmiðum á hálendinu. Menn blása því meira yfir því tjóni sem kann að vera hægt að valda á þessu sama landi vegna annarra athafna mannsins.

Í þessari ágætu bók þeirra félaganna er víða komið við og minnst á ýmis mál sem full ástæða er til að fjalla um í. Í bókinni er m.a. drepið á fyrstu hugmyndir um svæðisskipulag miðhálendisins sem fram hafa komið hér á landi. Fyrstu hugmyndir um landskipulag voru gerðar árið 1987, en þá setti Trausti Valsson, annar bókarhöfundur, fram hugmyndir sínar um slíkt skipulag á grundvelli korta sem túlka landgæði og hættur, en öll skipulagsvinna verður náttúrlega að byggjast á þekkingu á landinu. Hluti af því skipulagi sem hann setti fram hugmyndir um, þegar árið 1987, voru t.d. bestu þróunarsvæðin fyrir norðan og austan og hugmyndir um hálendisvegi til að tengja þessi vaxtarsvæði sem best við meginbyggðina á Suðvesturlandi.

Trausti útfærði síðan þessar landslagsskipulagshugmyndir nánar í svæðisskipulagshugmynd um miðhálendið, sem hann vann með stúdentum í Háskóla Íslands árið 1991. Um þessa vinnu segir síðan, með leyfi forseta:

„Eins og hefð er fyrir, þá eru allar landnotkunarhugmyndir hagsmunaaðila, orkuvinnsla, verndun og ferðasvæði settar inn á þennan uppdrátt en ekki ákveðið að svo komnu máli hvar t.d. verndun eða nýting skuli ná yfirhöndinni. Það á að vera ákvörðun þjóðkjörinna stjórnvalda að taka svo afdrifaríkar ákvarðanir því hér er um meginlínur í þjóðmálastefnu framtíðarinnar að ræða: Ætlar Ísland að vera verndunarland eða orkuvinnsluland?“

Þarna eru þau sjónarmið sem ég drap á í ræðu minni hér áðan sett fram. Þeir sem vinna að tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins á vegum Háskóla Íslands árið 1991 gera sér að sjálfsögðu grein fyrir því að áður en hægt verði að ganga frá slíkum tillögum verði stjórnvöld að taka ákvarðanir um hvernig nýta skuli það landsvæði sem skipuleggja á. Að hve miklu leyti eiga skipulögð hálendissvæði að vera verndunarsvæði? Að hve miklu leyti eiga þau að vera orkuvinnslusvæði? Það er ekki hlutverk þeirra sem gera tillögu að svæðisskipulagi að taka ákvörðun um þetta. Það er hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar og það er ekki hægt að staðfesta eða ganga frá tillögu um svæðisskipulag á miðhálendinu fyrr en þær ákvarðanir hafa verið teknar. Þetta var stúdentum og samstarfsmönnum Trausta Valssonar í Háskóla Íslands ljóst þegar árið 1991 og þannig var haldið á málum í fyrstu hugmyndum að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Einnig var gert ráð fyrir því að horfa til framtíðar og taka mið af því að talið kynni að vera æskilegt að leggja vegi til að tengja fjarlæga landshluta einmitt um þetta svæði. Að sjálfsögðu er það stjórnvalda að taka síðan ákvörðun um það hvort af þeirri vegarlagningu verður eða ekki.

Sú svæðisskipulagstillaga sem stendur til að staðfesta eftir fáa mánuði, verði frv. það að lögum sem hér er til umræðu, er hins vegar ekki unnin með þessum hætti. Tillögugerðarmenn, sem m.a. eru skipaðir fulltrúum þeirra 42 sveitarfélaga sem land eiga að miðhálendinu, taka sjálfir að sér að ákvarða, án þess að spyrja kóng eða prest, hvar skuli friða, hvaða auðlindir skuli ekki nýttar og að meginakbrautir milli landshluta verði ekki lagðar um miðhálendið.

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan gera svolitla grein fyrir því hvaða undirbúningsvinnu var búið að vinna að skipulagsmálum miðhálendisins áður en lagt var út á þá braut sem nú er farin. Trausti Valsson, annar höfundur bókarinnar sem ég vitna til, hóf að móta hugmyndir um framtíðarskipulag Íslands þegar á árinu 1974. Svo snemma sem árið 1977 birti hann, á grundvelli athugana sem hann hafði gert, hugmynd um stofnvegakerfi landsins í framtíðinni. Hann gerði þá ráð fyrir því að hálendisvegir gegndu þar miklu hlutverki. Með slíkri vegagerð væri hægt að stytta vegalengdir milli landshluta mjög verulega, sem ekki er unnt að gera með öðru móti.

Árið 1987 gaf Trausti út rit sem hét Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands og þar birti hann í fyrsta skipti á korti skipulagshugmyndir um landið allt og náði sú skipulagshugmynd að sjálfsögðu jafnt til láglendis og hálendis. Á kortinu var stofnbrautakerfi um hálendið sérstaklega auðkennt. Þar kom m.a. fram að tengingarpunktar hálendisvega við hringveginn buðu upp á mjög góða staðsetningu fyrir samgöngu- eða ferðamiðstöðvar þannig að ljóst var að lagning slíkra vega hefði verið stórt spor í rétta átt fyrir ferðaþjónustuna í landinu.

Til einföldunar voru landnotkunarflokkarnir í hugmyndum Trausta sem hann setti fram fyrir 20 árum aðeins hafðir tveir. Það eru í fyrsta lagi þróunarsvæði þar sem hann taldi eðlilegt að styðja vöxt vegna stöðu þeirra í byggðinni og vegna þess að allar helstu byggðaforsendur voru jákvæðar, og í öðru lagi verndunarsvæði þar sem hann dró saman ýmis óbyggðasvæði í heildir og nefndi fólkvanga.

Í bók sem hann gaf síðan út árið 1991 og heitir Framtíðarsýn Íslands á 21. öld útfærði Trausti sumar þessara skipulagshugmynda nánar. Ein af meginforsendum í þeirri útfærslu var sú að eðlilegt ætti að telja að menn sæktu í auknum mæli til miðhálendisins vegna orkuvinnslumöguleika, efnistökumöguleika og mjög fjölbreyttra aðstæðna fyrir hvers konar útivist.

Í þessari bók dró Trausti Valsson m.a. athygli lesenda að því hvernig fiskurinn áður og fyrr dró fólkið og byggðina úr sveitunum og út að ströndinni og jafnvel út á ystu annes. Hann kallaði þetta afl í byggðaþróuninni miðflóttaafl. Hann benti á að gagnstætt afl, miðsóknarafl, muni stöðugt sækja meira á í framtíðinni, ekki síst vegna styrkingar samgangna á landi og að sama skapi veikingar samgangna á sjó, og eðli samgangna á landi væri að sjálfsögðu það að fara ávallt stystu leið.

Hann benti á það í bókinni að þessar breytingar mundu valda því fyrr eða síðar að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að akstur milli landshluta væri greiðfærastur og skemmstur og auðveldastur beint yfir hálendið en ekki á vegum sem þræða strandlengjuna. Og slík vegagerð mundi styrkja mjög það sem hann kallar miðsóknaraflið, þ.e. þá tilhneigingu að flytja byggðina aftur frá ströndum landsins og meira inn til landsins sjálfs.

Meginniðurstaða Trausta árið 1991 var sú að hálendisumferðin hljóti að verða ráðandi þáttur í því hvernig landið og þar með hálendið verði skipulagt í framtíðinni. Nú kemur hins vegar tillaga þar sem sagt er: Vegagerð á hálendinu verði höfð í lágmarki. Með öðrum orðum, tillagan sem nú liggur fyrir og á að staðfesta senn gengur út á það að koma í veg fyrir að byggðin flytjist aftur til baka, upp í sveitir landsins frá sjávarsíðunni og dreifist meira um landið en gert hefur verið.

Haustið 1991 undirbjó Trausti næsta skref í mótun skipulagshugmynda og tók þá fyrir miðhálendið sérstaklega. Þá hafði markalína miðhálendisins þegar verið skilgreind af umhvrn. og notaði hann því eðlilega þá línu til að skilgreina skipulagssvæðið. Trausti tók skipulag þessa svæðis upp sem meginviðfangsefni í kennslu í byggðaskipulagi við verkfræðideild Háskóla Íslands haustið 1991. Í kjölfar þeirrar kennslu völdu þrír nemendur hans þetta verkefni sem valfag og hófu allítarlega gagnaöflun við gerð fyrstu hugmyndar að svæðisskipulagi fyrir miðhálendið. Helgi Torfason, jarðfræðingur á Orkustofnun, var þá búinn að taka saman og flokka jarðhitasvæðin á hálendinu í fjóra flokka í sama mælikvarða og Trausti Valsson og nemendur hans notuðu við tillögugerð sína um skipulag miðhálendisins.

Málið var síðan unnið þannig að til þess að fá hugmynd um staðsetningu og umfang hugsanlegra vatnsorkusvæða var í fyrsta lagi fengin stærð og staðsetning lóna af kortum Landsvirkjunar og Orkustofnunar sem og annarra helstu mannvirkja sem orkuvinnslunni tengjast. Til þess að áætla gróflega á hvaða svæði rask og efnistaka mundi fara fram meðan á virkjunarframkvæmdunum stæði var síðan dreginn hringur með sjö kílómetra geisla út frá hverri jarðvegsstíflu. Að endingu var áætlaður hæfilegur umbúnaður utan um orkuvinnslusvæðin sjálf.

Þriðji landnýtingarflokkurinn í þessum hugmyndum var síðan ákveðin svæði fyrir útivist og ferðalög. Þar fengu menn sérfróða aðila til liðsinnis og merktu inn á kortið af miðhálendinu hvar áhugaverðust svæði væru af þessu tagi.

Fjórða atriðið sem þurfti að skilgreina í þessari vinnu voru svæði með sérstöku náttúruverndargildi. Þar studdust menn við kort Náttúruverndarráðs og tóku auk þess upp í tillögugerðina allar hugmyndir sem Náttúruverndarráð hafði um náttúruverndarsvæði, hvort sem þær tillögur höfðu verið samþykktar eða ekki. En þetta eru samkvæmt náttúruverndarlögum, eins og þingmenn vita, þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Við bættust svo verndunarsvæði Mývatns og Laxár, sem eins og kunnugt er eru vernduð samkvæmt sérstökum lögum þar um frá Alþingi.

Síðan voru öll þessi svæði skoðuð saman og reynt að gera sér grein fyrir hvar hugsanlegir árekstrar gætu orðið milli áformaðra virkjunarsvæða, t.d. svæða fyrir útivist og ferðalög og svæða með náttúruverndargildi, og reynt að gera tillögur um hvernig leysa ætti úr málum þar sem slíkir hagsmunir sköruðust.

Næsti þáttur sem tekinn var til meðferðar við þessa vinnu voru sérstök hættusvæði. Þau voru tekin saman á korti og greind eftir áhættuflokkum, þ.e. þau greind sérstaklega þar sem þrjár eða fleiri tegundir jarðhættu komu saman, þau svæði sér þar sem tvær hættur komu saman og loks svæði skilgreind sér þar sem minnst hætta var talin geta stafað af mönnum og mannvirkjum, en þó engu að síður skilgreind sem hættusvæði. Síðan voru eftir þau svæði á landinu þar sem engin hætta virtist vera.

Þá kom að því, þegar þessu var lokið, að reyna að skilgreina tillögur um nýtingu lands og landgæða á hálendinu. Helsta niðurstaðan varð sú að skynsamlegt væri að stefna að vinnslu vatnsorku á austurhálendinu, austan Jökulsár á Fjöllum og Kverkfjalla svo og á efri hluta vatnasviðs Þjórsár, að þar væri skynsamlegt að halda orkuvinnslu áfram því þar væru einnig litlar hættur. Hópurinn taldi skynsamlegt að fallið yrði alfarið frá orkuvinnsluhugmyndum í Hvítá í Árnessýslu og á Kili, vegna þeirra sérstöku möguleika að gera það að náttúruverndar- og útivistarsvæðum. Í samræmi við það var ekki reiknað með að Kjalvegur yrði umtalsverð samgönguæð milli Norður- og Suðurlands heldur yrði Sprengisandsvegur meginsamgönguleiðin yfir hálendið í framtíðinni, þ.e. vegur sem í senn þjónaði orkuvinnslu og stytti þar að auki vegalengdirnar milli Suður- og Norðurlands.

Eitt af því sem gætti mjög í þessari umræðu um framtíðina og hálendið var óskin um að afmörkuð yrðu ósnortin víðerni og þau skilgreind með einhverjum hætti. Á skipulagsþingi árið 1996 gerði Trausti tilraun til skilgreiningar á því hvar skynsamlegt væri að þessi ósnortnu víðerni væru afmörkuð og gerði þar tillögur um þrjú svæði.

Virðulegi forseti. Með því sem ég hef lýst hér er ég að vekja athygli á að allt frá byrjun áttunda áratugarins hafa menn verið að vinna, m.a. á vegum Háskóla Íslands, mjög vandaða vinnu sem ætti að geta verið og þyrfti að vera undirstaða að gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið. Þar var ekki verið að taka neinar ákvarðanir um hvað skyldi friðað, hvað skyldi varið, hvar útivistarsvæði skyldu vera, hvaða auðlindir skyldu nýttar o.s.frv. heldur var litið fyrst og fremst á hlutverk þeirra sem að tillögunum unnu, að kynna sér áform aðila í þessu sambandi, kynna sér og leita uppi og merkja sérstaklega áhættusvæði, kynna sér og merkja sérstaklega viðhorf náttúruverndarsamtaka, ferðamálasamtaka o.s.frv. og athuga hvort sníða mætti úr þessum mörgu pjötlum einn snotran stakk. En aðilar gerðu sér fulla grein fyrir því að það var Alþingis Íslendinga að taka þessar ákvarðanir.

Nú hefur allri þessari vinnu verið hent út í hafsauga. Í staðinn var fulltrúum 42 lítilla sveitarfélaga falið að vinna sérstaka tillögu um svæðisskipulag miðhálendisins. Það er gert þannig að teknar eru stefnumarkandi ákvarðanir án þess að spyrja nokkurn þar að lútandi, hvorki ríkisstjórn, Alþingi né aðra aðila. Þar eru teknar stefnumarkandi ákvarðanir um vegamál, sem eru í hróplegri mótsögn við þær hugmyndir sem menn hafa rætt um hálendisvegi og þörfina fyrir þá. Þar voru teknar ákvarðanir um hvorki meira né minna en það að stór hluti orkuvinnslugetu háhitasvæða og vatnsafls á hálendinu skyldi ónotaður. Þar voru teknar ákvarðanir um að hreyfa ekki við, gera engar tillögur um gróðurvernd, beitarstjórnun eða aðgerðir við ofbeit. Og þessar ákvarðanir voru teknar m.a. með þeim hætti að sniðganga samþykktir um framkvæmdir og virkjunarmál, sem Alþingi hefur gert, og hafa að engu heimildir sem virkjanaaðilar hafa með höndum og enginn getur kallað aftur nema þessi stofnun sem hér er að störfum.

Herra forseti. Að ætla sér að staðfesta slík vinnubrögð örfáum vikum eða mánuðum eftir að Alþingi samþykkir tillögur meiri hluta Alþingis úr Framsfl. og Sjálfstfl. um breytingu á sveitarstjórnarlögum er háskaleg aðgerð að mínu mati.

Ég sagði fyrr í ræðu minni að að þessari tillögu hafa staðið sveitarfélög eða fulltrúar þeirra sem liggja næst miðhálendinu. Og þeim á að fela stjórnsýslu að verulegu leyti, þar á meðal mengunareftirlit, byggingareftirlit, gróðureftirlit, almannavarnir, löggæslu að hluta til og skipulagsmál á öllu miðhálendi Íslands inn á miðja jökla. Ég tek það fram að ég er ekki að gera lítið úr einum eða neinum þó ég segi að ég efist um að þessi litlu sveitarfélög ráði við þetta verkefni. Ég efast ekki um það vegna þess að ég haldi að íbúar þessara sveitarfélaga séu á einhvern hátt lakara mannfólk eða getuminna eða verr af guði gert en íbúar þéttbýlisins. Það ber ekki að líta svo á.

Ég held hins vegar, svo ég taki dæmi, að hvaða 87 Íslendingar sem eru ráði ekki við slík verkefni einir og sér, hvar sem þeir búa, hvort sem þeir búa í Reykjavík eða Ásahreppi. Ég tel t.d. að samfélag 48 Íslendinga ráði ekki við slík verkefni og megi ekki krefjast þess af þeim í lögum að þeir axli slík verkefni, og skiptir þá ekki máli hvort þessir 48 einstaklingar búa í Þingvallahreppi eða í Reykjavík. Ég tel einfaldlega að allt of mikið sé til ætlast af löggjafanum af svo fámennum hópi landsmanna að hann axli jafnviðamikil verkefni og það er að sjá um skipulagsmál, mengunarvarnir, almannavarnir, gróðurvernd og gróðureftirlit, byggingareftirlit og heilbrigðiseftirlit á hálendi Íslands allt inn á miðja jökla. Ég mótmæli því, virðulegi forseti, að í orðum mínum sé fólginn einhver áfellisdómur yfir íbúum dreifbýlisins. Ég er ekki að ræða það, ég er að ræða um að nauðsynlegt sé að taka tillit til þess hver fjárhagsgeta fámennra hreppa sé til að axla slík viðfangsefni.

Hæstv. umhvrh. hefur raunar tekið undir þetta því að hann hefur sagt að hann geri ekki ráð fyrir því að þessi litlu samfélög ráði við þetta nema þá í samvinnu við aðra. Það er nákvæmlega það sem ég er að segja, virðulegi forseti, þetta eru svo dýr og viðamikil verkefni að menn ráða ekki við þetta nema í samvinnu, þjóðin ræður ekki við að axla þessi miklu verkefni á öllu miðhálendi Íslands, 40% landsins, nema með því að deila með sér kostnaði og ábyrgð þar af.

Ég sé hins vegar ekkert athugavert við að menn framkvæmi það t.d. þannig að fela aðliggjandi sveitarfélögum að taka við eða annast einhver þau verkefni, af þeim verkefnum sem ég hef gert hér að umtalsefni, sem þau treysta sér til þess að takast á við og hafa mannskap til að geta sinnt, í umboði þeirra aðila sem færu með heildaryfirstjórn yfir hálendinu. Mér fyndist ekkert annað eðlilegt, virðulegi forseti, en að greiðsla kostnaðar fyrir slíkt eftirlit og slík verkefni kæmi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ég er því ekki að gera kröfu til þess að þéttbýlissveitarfélögin fái einhvern rétt umfram íbúa dreifbýlissveitarfélaganna. Þvert á móti geri ég ráð fyrir því að við stöndum öll saman undir kostnaði af því eftirliti, þeim framkvæmdum og þeirri skipulagsvinnu sem þarna þarf að fara fram, og ég sé ekkert við það að athuga, herra forseti, að þessum hreppum, þessum litlu sveitarfélögum, öllum eða einhverjum, verði falin einhver af þessum verkefnum eða jafnvel öll ef þau ráða við það, hvert á sínum stað, undir einni sameiginlegri yfirstjórn. Í orðum mínum felst því ekki neinn áfellisdómur á það fólk sem býr þarna nema síður sé.

Þannig er aðdragandinn, virðulegi forseti, að þeirri skipulagsvinnu sem hæstv. umhvrh. ætlar að staðfesta innan fárra mánaða, verði það frv. samþykkt sem hér er til umræðu. Höfundar bókarinnar Ísland hið nýja, Trausti Valsson og Birgir Jónsson, sem hafa mikla þekkingu á skipulagsmálum, og Trausti hefur allra Íslendinga mesta reynslu og þekkingu á skipulagsmálum, segja svo orðrétt um undirbúningsvinnuna, með leyfi forseta:

„Stór galli er einnig að stjórnvöld skyldu ekki, sem undanfara útboðs á svæðisskipulagsvinnu miðhálendisins, skilgreina þær þjóðhagslegu þarfir og þjóðhagslegu markmið sem skipulagsnefnd þessa svæðis yrði gert að fylgja. Dæmi um slíka markmiðssetningu væri t.d. að stytta sem mest vegalengdir milli landshluta vegna byggðarsjónarmiða og til að auðvelda rekstur ferðaþjónustu. Því má segja að nefndin hafi að miklu leyti sett sér sjálf markmiðin."

Með öðrum orðum fær nefndin, sem vinnur þetta verk, ekkert veganesti frá stjórnvöldum, enda er niðurstaða hennar í samræmi við það.

Það eru nokkur atriði sem þarf sérstaklega að fjalla um og hefði þurft að fjalla um áður en gengið hefði verið frá endanlegum tillögum en hefur ekki verið gert. Þar má auðvitað fyrst og fremst nefna samgöngumálin en þar er mjög bagaleg vöntun á stefnumótun af hálfu stjórnvalda þegar kemur að því að ákveða hvaða stöðu miðhálendið á að hafa í heildarvirkni landsins í framtíðinni. Það er ekki því um að kenna að ekki séu komnar tillögur fram um það, það hafi ekki verið rætt eða menn hafi ekki haft skoðun á því, heldur hefur aldrei verið tekið á því máli, t.d. í afgreiðslu Alþingis á vegáætlun, og aldrei verið mótuð nein stefna af hálfu Alþingis Íslendinga hvort og þá hvernig eigi að nýta miðhálendið undir samgönguæðar á milli fjarlægra landshluta.

Svæðisskipulagsnefndin tekur hins vegar þá ákvörðun að vegir á miðhálendinu eigi ekki að vera hluti af almennu vegakerfi landsins, eins og ég sagði áður heldur aðeins fjallvegir sem hugsaðir eru fyrir sumarnotkun og þar með er í raun útilokað, verði þessi tillaga staðfest af umhvrh. eins og hann segist ætla að gera, að nokkurn tíma í fyrirsjáanlegri framtíð geti hin kjörnu stjórnvöld landsins mótað þá stefnu að almennir vegir verði lagðir yfir hálendið, vegir sem geti stytt vegalengdir milli byggða mestan hluta ársins. Þetta er ekki lítil ákvörðun sem þarna er verið að taka, virðulegi forseti, það er verið að taka þá ákvörðun af þessum 18 nefndarmönnum að Alþingi geti ekki eftirleiðis haft skoðun á því að leggja

skuli vegi milli landshluta stystu leið, þ.e. um miðhálendið. Því að nefndin gerir sér lítið fyrir og tekur þá ákvörðun fyrir hönd Alþingis að það skuli ekki gert og það verði sú stefna sem framvegis verði fylgt um nýtingu miðhálendisins sem hluta af samgöngukerfi landsins, samgöngukerfi landsins liggi ekki þar um, hvorki nú né síðar.

Álit höfunda bókarinnar á þessum vinnubrögðum kemur fram í þessum orðum, með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt að fulltrúar ríkisvaldsins athugi gaumgæfilega hvaða stefnumótun er í raun verið marka með tillögunni að svæðisskipulagi miðhálendisins. Við þá skoðun mun koma í ljós að þar er verið að taka ákvarðanir sem þrengja svo mjög alla möguleika í framtíðinni, t.d. í að nýta möguleika í orkuvinnslu og samgöngubótum, að það er ekki siðferðislega stætt á því fyrir ríkisvaldið að leyfa slíkar takmarkanir á framtíðarmöguleikum."

Þetta er skoðun bókarhöfunda og nú spyr ég: Miðað við þá yfirlýsingu sem umhvrh. hefur gefið, að nokkrum mánuðum eftir að Alþingi hafi afgreitt frv. félmrh. um breytingar á lögum um sveitarstjórnir, muni hann staðfesta það skipulag sem að áliti bókarhöfunda takmarki svo nýtingu á möguleikum í orkuvinnslu og samgöngubótum að ekki sé siðferðislega stætt á því fyrir ríkisvaldið að leyfa slíkar takmarkanir, ætla alþingismenn og stjórnarliðar engu að síður að afgreiða málið, eins og til stendur, frammi fyrir slíkum staðreyndum?

Að vísu gerir skipulagsnefndin ráð fyrir því að leggja góðan malbikaðan veg, raunar aðeins sumarveg yfir Kjöl þrátt fyrir að staðreyndin sé orðin sú að Kjalvegur sé að mestu leyti fullbrúaður og tilbúinn til aksturs fyrir alla bíla og þrátt fyrir þá staðreynd að á Kili og í kringum Kjalveg eru landsvæði sem allir eru sammála um að eigi að friða um ókomin ár sökum náttúruverndar- og umhverfissjónarmiða, og að þeir sem þekkja til á Kili, eins og sá sem hér stendur, horfi á það með skelfingu til hvers þær ákvarðanir hafa leitt sem teknar hafa verið í sambandi við vegaframkvæmdir þar um og gert umferð um Kjöl það mikla yfir hásumarið að ég er sannfærður að fyrr eða síðar muni alvarleg landspjöll hljótast þar af.

Annar þáttur sem þarf að taka til skoðunar áður en tekin verður ákvörðun um nýtingu miðhálendisins, fyrir utan samgöngumálin, eru þær hugmyndir sem uppi eru um orkuvinnslu. En tillagan að svæðisskipulaginu um miðhálendið, sem nefndin hefur gert eða vann svæðisskipulagstillögurnar, einkennist af því að allri mannvirkjagerð þar sé haldið í lágmarki. Áætlanir hafa verið gerðar um nýtingu vatnsafls á þessu svæði en gert er ráð fyrir því í tillögum að skipulagsáætlun að aðeins helmingur af því vatnsafli verði nýttur sem nýtingaráætlanir hafa þegar verið gerðar um.

Talsmenn skipulagstillögunnar segja að þeir séu alls ekki með tillögu sinni að reyna að útiloka nýtingu á helmingi vatnsaflsins á miðhálendinu og öllum háhitasvæðum á miðhálendinu, hvorki meira né minna, því í tillögunni er gert ráð fyrir því að orka háhitasvæðis á miðhálendinu sé alls ekki nýtt, ekki að nokkru leyti. Þeir segja að þeir séu ekki að útiloka að það sé hægt að gera þetta einhvern tíma í framtíðinni, það megi taka ákvörðun um að nýta þetta einhvern tíma seinna.

En hvernig skyldi ganga að koma með tillögur um að reisa orkuver á svæði sem hefur verið tilgreint sem náttúruverndarsvæði um áratuga skeið? Hvernig skyldi ganga að fá í gegn á Alþingi þegar búið er að taka ákvörðun um að nýta alls ekki alla þá auðlind sem finnst í háhitasvæðunum á miðhálendinu vegna þess að þær séu allar á náttúruverndarsvæði, að fá þeirri ákvörðun breytt á Alþingi? Ég vek athygli á því að það er ekki Alþingi sjálft sem er að taka ákvörðun um að nýta ekki auðlindir háhita á miðhálendinu. Það væri sök sér ef Alþingi hefði gert það. Ég gagnrýni það ekki, það er hlutverk Alþingis að taka slíkar ákvarðanir. Eins og ég hef sagt áður og ég ítreka það, ég virði fyllilega sjónarmið manna eins og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem er þeirrar skoðunar að margar af orkulindunum á háhitasvæðinu eigi ekki að nýta heldur beri að friða þau landsvæði. Ég skil sjónarmið hans og virði þau. En þær ákvarðanir á að taka á Alþingi Íslendinga en ekki af einhverri nefnd úti í bæ sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaga þar sem 4% þjóðarinnar búa.

Þær ákvarðanir á að taka á Alþingi Íslendinga þar sem 63 fulltrúar sitja, sem kjörnir eru af þjóðinni allri og bera ábyrgð gagnvart henni. Þeir eiga að taka þessa ákvörðun en ekki nefnd úti í bæ. Ég tel að nefnd úti í bæ geti ekki bundið hendur Alþingis með slíkri ákvörðun. Hún geti ekki tekið það upp hjá sjálfri sér að tilkynna nánast að nýtingarheimild verði felld niður á helmingi af því vatnsafli sem ráðgert er að nýta og leyfi hefur verið veitt fyrir að nýta á hálendi Íslands. Því að það er ekki nefndarinnar að fella þær nýtingarheimildir niður, það er Alþingis. Og furðulegt ef staðfesting umhvrh. á slíku skipulagi getur tekið fram fyrir hendurnar á afgreiðslum sem hafa verið gerðar á Alþingi fyrir atbeina löglega kjörinna þingmanna, eins og t.d. því leyfi sem gefið hefur verið út til virkjunar í Fljótsdal. Í tillögum svæðisskipulagsnefndarinnar er gert ráð fyrir því að það leyfi sé einfaldlega fellt niður. Það getur enginn gert nema Alþingi Íslendinga. En tilgangurinn er sá og hugmyndin er sú að það verði gert með einni undirskrift umhvrh. án þess að Alþingi komi þar nærri.

Nú geta menn haft sína skoðun á því hvort rétt sé að virkja í Fljótsdal. Jafnvel kann að vera að þeir sem voru þeirrar skoðunar á sínum tíma að rétt væri að efna til virkjunar þar hafi breytt þeirri skoðun sinni. Og menn eiga fullan rétt á því. Þingmenn eiga fullan rétt á því að breyta um skoðun. En sú ákvörun að breyta þeirri afstöðu sem tekin var á Alþingi á að takast hér fyrir atbeina þingmanna sem hér sitja en ekki af nefnd úti í bæ.

Um hugmyndir um orkuvinnslu segja höfundar bókarinnar Ísland hið nýja m.a. svo, með leyfi forseta:

„Ef það lægi fyrir að aðeins fáir valkostir í orkuvinnslu væru í alvarlegri athugun ættu aðilar á borð við ferðaþjónustuna auðveldar með að gæta sinna hagsmuna með því að gera athugun á hvort eða hvernig viðkomandi svæði gætu nýst í ferðaþjónustunni. Ókosturinn er hins vegar sá, í ljósi þess sem áður var lýst, að það að ákveða þröngt svið virkjanakosta mundi þrengja mjög möguleika íslenskra stjórnvalda til þess að finna þann orkuvinnslukost sem hentaði þeim aðilum best sem gefa sig fram hverju sinni.

Í svæðisskipulagstillögu miðhálendisins fara höfundar tillögunnar þá leið að velja úr þá virkjunarkosti sem þeir telja að valdi minnstum umhverfisspjöllum, en séu þó í aðalatriðum líkir núverandi hugmyndum Orkustofnunar og Landsvirkjunar fyrir skipulagstímabilið, þ.e. til ársins 2015. Reyndar leggja höfundar skipulagsins til ýmsar breytingar á virkjanahugmyndum þessara aðila, m.a. hafi dökkgrænn litur náttúruverndarsvæðis verið settur yfir Eyjabakkalón á skipulagskortinu.

Í mótmælum Landsvirkjunar til skipulagsstjóra ríkisins áður en tillagan að svæðisskipulaginu var samþykkt í skipulagsnefndinni vorið 1997, er bent á að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun eru þegar hafnar með mörg hundruð milljón króna tilkostnaði og að fullt samþykki Alþingis fyrir virkjunartillögunni liggi fyrir. Því komi það mjög spánskt fyrir sjónir að svæðisskipulagsnefndin skuli ætla að taka sér það vald að breyta virkjunarhönnun sérfræðinganna og fella samþykki Alþingis úr gildi."

En það vald hefur hún tekið sér. Hún telur sig hafa vald til þess og að umhvrh. geti staðfest það að snúa til baka með framkvæmdir sem þegar hefur verið ráðist í og búið er að verja hundruðum milljóna króna í og byggjast á lagaheimild sem Alþingi hefur samþykkt. Þá sjá menn nú hvaða hugarfar ríkir á þeim bæ.

Síðan segir í athugasemdum þeirra félaga við skipulagstillöguna, með leyfi forseta:

„Vegna þessa og með samanburði við eldri útgáfu af skipulagskortinu sést að nefndin hefur hörfað frá þeirri ákvörðun sinni að heillita svæði Eyjabakkalónsins í dökkgrænum lit. Hefur nefndin á síðustu stundu látið gera hvítar rispur í græna litinn á lónstæði Eyjabakka, tákn sem samkvæmt reglugerð á að þýða blandaða landnotkun, sem ekki er þó hér um að ræða í þessu tilviki, og er þessi merking óútskýrð á skipulagskortinu."

Hvað þýðir blönduð landnotkun? Hún þýðir að á viðkomandi landi geti risið t.d. sumarbústaðir með aðstöðu fyrir ferðamenn, önnur mannvirki með þjónusta fyrir ferðamenn að öðru leyti, matskálar og fleira, útivistarsvæði o.s.frv. Og það er þá í flóttatillögu nefndarinnar gert ráð fyrir því að í virkjunarlóninu á Eyjabakka verði byggð sundlaug, þar verði byggðir sumarbústaðir á botni virkjunarlónsins væntanlega, þar verði sett upp kokkhús fyrir ferðamenn í virkjunarlóninu á Eyjabakka o.s.frv.

Skipulagsnefndin vill ekki hverfa frá fyrri tillögum sínum þegar henni er bent á ágalla þeirra heldur velur þann kostinn að flýja út í svona tillögugerð sem enginn skilur hvað eigi að merkja og síðan á að löggilda það með uppáskrift umhvrh. eftir nokkrar vikur eða mánuði.

Síðan segja þeir Trausti og Birgir áfram, með leyfi forseta:

„Líklega er alvarlegasti gallinn á vinnuaðferð skipulagsnefndarinnar hins vegar sá, að brotin er reglan um hugsanleg landnýtingarsvæði eftir lok skipulagstímabilsins, þ.e. árið 2015, ... Skipulagshöfundarnir rökstyðja það, að sýna engin sérmerkt orkuvinnslusvæði eftir 20 ára tímabilið, með þeim rökum að þeir geti ekki sýnt lónstærðir viðkomandi orkuvalkosta vegna þess að undirbúningsvinna orkugeirans sé ekki nógu langt komin. Þeir telja sig þó í fullum rétti til" að ákveða að meiri hluti hálendisins verði „verndunarsvæði þó að rannsóknir á verndunargildi þess séu ekki alls staðar langt komnar.

Menn verða að átta sig á að ákvörðun um náttúruverndarsvæði er alveg eins afdrifarík og hver önnur ákvörðun um landnýtingu. Verið getur að margir álíti að græni liturinn sem táknar verndunarsvæði sé einungis til bráðabirgða, og á fundum hafa höfundar skipulagsins ítrekað haldið því fram, að það sé lítið mál að breyta verndunarsvæðum í virkjanasvæði síðar, ef menn vilja það. Flestir vita þó hversu erfitt það mundi verða að fá þessa virkjunarkosti samþykkta eftir árið 2015 þegar svæðið hefur um áraraðir verið flokkað sem verndunarsvæði."

Síðan segir í lokin á athugasemdum bókarhöfunda um hugmyndir um orkuvinnslu í skipulagi því sem stendur til að staðfesta um nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar á hálendi Íslands, með leyfi forseta:

„Eins og getið er í inngangi þessa kafla virðist tillagan að svæðisskipulagi miðhálendisins ganga út á það að útiloka nýtingu á nær helmingi vatnsaflsins á miðhálendinu og alls háhita þar með því að skilgreina hagkvæm orkuvinnslusvæði sem náttúruverndarsvæði eða verndarsvæði."

Nú skulum við láta hér aðeins staðar numið og reyna að velta því fyrir okkur um hvaða verðmæti verið er að tala sem rætt er um að útiloka alla nýtingu á í eitt skipti fyrir öll. Ef við lítum á háhitasvæðin ein á miðhálendinu þá hentar háhiti fyrst og fremst til raforkuframleiðslu, öfugt við lághitann sem notaður er fyrst og fremst til hitunar húsa, ylræktar, til þess að hita vatn í sundlaugar, snjóbræðslukerfi o.s.frv. Háhitinn er hins vegar fyrst og fremst orka sem hentar til raforkuframleiðslu. Talið er að ónýtt orkuvinnslugeta þeirra háhitasvæða á Íslandi þar sem er bæði hagkvæmt og umhverfisvænt, ef nota má það orð, að vinna háhita, sé 30–35 teravattstundir á ári eða eitthvað nálægt því.

Hvert skyldi vera verðmæti þessarar auðlindar? Hvert skyldi vera líklegt söluverð raforku, framleiddri með háhita af hálendi Íslands með orkuvinnslugetu 30–35 teravattstundir á ári?

Miðað við verð á orku frá stöðvarvegg er það verðmæti álíka mikið og verðmæti helmingsins af fiskimiðunum hringinn í kringum landið er talið vera. Þarna er með öðrum orðum verið að taka þá ákvörðun fyrir Íslendinga framtíðarinnar að ónýttar orkulindir á miðhálendinu vegna djúphita sem að verðmæti samsvara um helmingi allra nýtanlegra fiskstofna við landið, verði ekki nýttar. Það er ekki Alþingi sem tekur þessa ákvörðun. Þetta er í tillögum nefndar, skipaðrar af fulltrúum 42 sveitarfélaga með 4% landsmanna sem íbúa, og á að staðfestast af umhvrh. Með einu pennastriki er sú ákvörðun tekin fyrir framtíðina, fyrir börnin okkar, að menn ætli að leggja til hliðar nýtingu á verðmæti sem samsvarar helmingnum af verðmæti fiskimiðanna við Ísland. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað halda menn að þetta muni kosta Íslendinga framtíðarinnar í lífskjörum? Skiptir þetta virkilega engu máli? Ætlar Alþingi að láta þetta fram hjá sér fara eins og það taki ekkert eftir því?

En það er ekki bara þetta. Það er gert ráð fyrir því að ekki verði heldur nýttur um helmingurinn af nýtanlegu vatnsafli á þessu sama hálendi sem ráðgert er nú í dag að nýta einhvern tíma í framtíðinni í samræmi við kröfur sem þá verða um umhverfisvernd og náttúruvernd. Hvaða verðmæti eru það?

Ónýtt vatnsaflsorka á Íslandi í dag er eitthvað nálægt því sem ónýtt jarðvarmaorka er, um 30–35 teravattstundir árlega í framleiðslu. Samanlagt eru þessar tvær auðlindir, orka háhita og orka fallvatna í landi, sem ónýtt er, u.þ.b. helmingurinn af samanlagðri raforkuframleiðslu Norðmanna, margfalt meira en núverandi raforkuframleiðsla Íslendinga, og verðmætið miðað við orku frá stöðvarvegg álíka mikið og talið er vera verðmæti allra fiskimiða við Ísland, allra nytjastofna á Íslandsmiðum. Og svo á að taka þá ákvörðun til frambúðar að nýta ekki $^3/_4$ hluta af þessari auðlind, nýta ekki orku háhitanna að neinu leyti og nýta ekki helminginn af ónýttri vatnsaflsorku sem við eigum á hálendinu. Það er verið að fórna framtíðarmöguleikum nýtingar sem að verðmæti samsvarar $^3/_4$ hlutum af áætluðu verðmæti allra nytjastofna á Íslandsmiðum. Og menn sletta bara í góm á Alþingi, stjórn-

arliðar, eins og hér sé bara eitthvert smámál á ferðinni sem engu máli skipti. Vegna þess að fulltrúar í nefnd, fulltrúar sveitarfélaga þar sem 4% landsmanna búa hafa tekið ákvörðun um það fyrir hönd hinna 96% að auðlindir Íslands skuli ekki nýttar að þessu marki. Að orkuauðlindir Íslands sem við eigum til að hlaupa upp á í framtíðinni skuli aðeins vera nýttar að 1/4 hluta til. Og þetta ætla menn að láta yfir sig ganga eins og ekkert sé.

Og svo segja menn að með umræðum okkar jafnaðarmanna hér séum við í málþófi, þá séum við að þæfa mál og ekki ræða það efnislega þegar slíkir almannahagsmunir eru í húfi eins og ég var að nefna áðan. Framtíð lífskjara á Íslandi liggur ekki síst í því að nýta auðlindir landsins og svo taka tólfmenningar sig til og ákvarða fyrir okkur hin að 3/4 hlutar af náttúruauðlindum Íslands sem ónýttar eru skuli aldrei nýtast.

Hverju svara forsvarsmenn tillögugerðarinnar þegar þeim er bent á þetta? Því var svarað til á fundi í verkfræðideild Háskóla Íslands í janúar 1997 að þessi 12 manna nefnd þar sem fulltrúar 4% landsmanna sitja hafi ákveðið að háhitinn á miðhálendinu yrði ekki nýttur af umhverfislegum og tæknilegum ástæðum. Síðan var bætt um betur. Í útvarpsviðtali í maí 1997 var sagt að nefndin hafi í þessum efnum ákveðið að ganga lengra í tillögum um verndun á hálendinu en Náttúruverndarráð hefur nokkru sinni gert. Á það virkilega að líðast, virðulegi forseti, að þessi fámenna og allt að því umboðslausa nefnd geti gjörbreytt orkumála- og verndarstefnu Alþingis og fellt úr gildi stefnumótandi starf sem fram hefur farið í áratugi hjá Alþingi og stofnunum þess?

Menn líta gjarnan svo á að það sé merki um harðlyndi eða harðan heim að tala um nýtingu á auðlindum landsins til orkuframleiðslu. Það er sennilega vegna þess hversu harðar jarðvinnsluvélarnar eru sem vinna að umbreytingu landsins ef nýta á það í því skyni. Það eru ekki harðar jarðvinnsluvélar sem stuðla að gróðureyðingu hálendis Íslands. Það eru ekki harðar jarðvinnsluvélar sem eru þess valdandi að á Íslandi er mesta eyðimerkurmyndun í öllum heiminum. Það eru ekki harðar jarðvinnsluvélar sem bera ábyrgð á því að landið er að fjúka brott, gróðurinn að hverfa. Ekki er hörðum jarðvinnsluvélum ofbeitt er á hálendi Íslands. Athafnir manna hafa stuðlað að jarðvegs- og gróðureyðingu þó ekki séu harðir stálfletir jarðvinnsluvéla sem því valda.

Nefndin sem hins vegar hefur ákveðið af vísdómi sínum, vegna verndunar- og náttúruverndunarsjónarmiða, að þrír fjórðu hlutar af orkulindum Íslands á miðhálendinu skuli ekki nýttir, segir ekki eitt aukatekið orð um hvað gera eigi til að hægja á mestu eyðimerkurmyndun í heimi.

Þessi eyðimörk stafar af öðrum manna gjörðum en virkjanamálum. Í tillögum nefndarinnar er ekki eitt orð um aðgerðir til verndunar gróðurlendi fyrir beit eða ákvörðunum manna um að leggja landið í auðn. Um það er ekki hálft orð. Af hverju ekki? Skyldi það vera vegna þess að þeir einstaklingar sem hlut áttu að máli og eru fulltrúar aðliggjandi sveitarfélaga eigi þar einhverra hagsmuna að gæta? Á það skipulag sem á Íslandi hefur skapað mestu eyðimerkurmyndun í heimi áfram að fá að vera við völd?

Menn gera gjarnan samanburð annars vegar á landnotkun vegna ferðaþjónustu og útivistar sem mönnum finnst gott og hins vegar landnotkun vegna annarra þarfa, svo sem eins og virkjanaframkvæmda. Hið síðarnefnda finnst mörgum vont. Menn gleyma því gjarnan að ferðaþjónusta og útivist stuðlar að mengun ekkert síður en önnur mannanna verk. Ýmsir ferðamannastaðir á Íslandi, sem ekki þola mjög vel ágengni ferðamanna, eru nú þegar í hættu vegna átroðslu og mengunar sem fylgir ferðamannaþjónustu. En gott og vel, við skulum samt miða við viðurkenndar hugmyndir manna um mikilvægi ferðaþjónustu, að það sé valkostur á móti hinum harðari iðnaði, t.d. orkuiðnaði. Hugmyndir um ferðaþjónustu og útivist eru taldar til marks um að þar ráði mýkri sjónarmið. Hvaða tillit skyldi vera tekið til þeirra hluta í því skipulagi um nýtingu á miðhálendi Íslands sem afgreiðsla Alþingis á tillögu ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um sveitarstjórnarmál á að renna stoðum undir?

Aðaleinkenni þessarar tillögu, þ.e. hvernig nýta á sameiginlega auðlind okkar á hálendinu, er að 90% af öllu hálendi Íslands er skipt í tvo flokka, annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar verndarsvæði. Miðhálendið er 40% af öllu flatarmáli landsins. Ráðstöfun á þessum 40% á að haga þannig að 90% af þeim eiga að verða land sem ekki nýtist, hvorki til ferðalaga né annars, samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu á ferðamennsku.

Í lögum um náttúruvernd eru þessir tveir landnýtingarflokkar, náttúruverndarsvæði og verndarsvæði, ekki til. Í lögum eru til flokkarnir þjóðgarður, fólkvangur, friðað svæði og náttúruvætti. Það er hins vegar lagt til að búa til eitthvað nýtt sem enginn veit hvað þýðir, þ.e. náttúruverndarsvæði og verndarsvæði og 90% af miðhálendi Íslands í sameign þjóðarinnar skuli falla undir slíka nýtingu án þess að skilgreina nokkuð nánar í hverju sú nýting er fólgin.

Menn eru augljóslega að ræða um að fórna miklum hagsmunum, ekki aðeins hvað varðar nýtingu orkulinda heldur einnig hagsmunum er lúta að útivist og ferðaþjónustu. Þetta er kynnt með orðunum „auðnin er auðlind". Auðn Íslands er auðlind. Við erum með öðrum orðum að stórauka auðlindina. Auðlindin vex með örri gróðureyðingu. Auðlindinni á miðhálendi Íslands, sem við eigum saman, fer nú ört fram vegna eyðimerkurmyndunar. Þeir sem stuðla að gróðureyðingu á hálendinu, m.a. með ofbeit, eru að áliti nefndarinnar að stuðla að ört vaxandi auðlind. Þeir eru að vinna framfarastarf fyrir þjóðina. Auðnin vex, auðlindin eykst og við erum alltaf að verða ríkari og ríkari. Auðlindin stækkar og stækkar eftir því sem meiri gróðri blæs burtu af gróðri á hálendissvæðinu. Auðn er auðlind.

Kannski átti nefndin við að auðnin ætti að vera auðlind fyrir ferðaþjónustuna, þ.e. að skipulagið hefði þá að markmiði að gera auðnina aðgengilegri og auðnýtanlegri fyrir ferðamenn svo sem með því að leggja enga vegi um hana og gera þar með aðkomu ferðamannsins auðveldari og auðsóttari að auðninni, þessari miklu auðn. Markmið skipulagsins eins og ég minnti á áðan er alveg þveröfugt, að vinna á móti aukningu umferðar á hálendinu og koma í veg fyrir uppbyggingu góðrar þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn. Í textanum með greinargerðinni í skipulagstillögunum kemur aftur og aftur fram sú vandræðalega staða sem höfundar hafa komið sér í með því að skilgreina auðnina sem auðlind. Auðnin getur aðeins verið auðlind í skilningi ferðaþjónustunnar en nefndin gerir jafnframt tillögur um að torvelda aðgengi ferðamanna að hinni vaxandi auðlind, hinni íslensku eyðimörk.

Þeir komast æ ofan í æ í þá vandræðalegu stöðu að reyna annars vegar að telja fólki trú um að öll þessi verndun sé gerð til að náttúruauðæfi hálendisins nýtist fólki. Í hinu orðinu er flest í skipulaginu gert þannig að fólki reynist erfitt að komast um hálendið og dvelja þar. Upphafssetningin í kaflanum

um útivist og ferðaþjónustu í tillögunum hefst t.d. á þessum orðum: „Gert er ráð fyrir að uppbygging ferðamannaaðstöðu verði takmörkuð á miðhálendinu."

Um vegina, sem eru auðvitað forsendur þess að ferðamenn komist að hinni miklu, sívaxandi auðlind, eyðimörkinni á hálendi Íslands, segir: „Stefnt er að því að halda vegaframkvæmdum að hálendinu í lágmarki." Um það hvar ferða- og útivistarfsemin eigi að fara fram segir í greinargerðinni að meginhersla verði lögð á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hálendisins og nokkrum afmörkuðum svæðum í nánd við aðalfjallvegi. Í þessu sambandi eru skilgreindar svokallaðar jaðarmiðstöðvar þar sem t.d. matsala, verslun, bensínsala og gisting í herbergjum er leyfð. Í skipulaginu eru auk jaðarstöðva skilgreindar hálendismiðstövar, skálar og fjallasel þar sem ekkert af fyrrgreindri þjónustu verði leyft nema í undantekningartilvikum.

Samkvæmt skilgreiningu í töflu, sem birt er á bls. 170 í þessu riti tvímenninganna, eiga skálarnir og fjallaselin sem hér er rætt um ekki að vera í neinu vegasambandi. Það á ekki að vera hægt að aka að þeim. Ferðamennirnir eiga að fara þangað á tveimur jafnfljótum. Hvar skyldu hins vegar jaðarmiðstöðvar vera? Hvar verður hægt að fá þjónustu? Þær eru á Laugarvatni, Flúðum, Árnesi, Staðarskála, Varmahlíð og Goðafossi. Frá þessum jaðarstöðvum er ferðamönnum ætlað að fara í hálendisferðir. Annars staðar en þarna, á stöðum sem eru alþekktir ferðamannastaðir í byggð og yfirleitt ekki í neinum tengslum við hálendisferðir í huga fólks, er ekki gert ráð fyrir að ferðamenn geti fengið slíka þjónustu. Menn tala um að það eigi að nýta hálendi Íslands í þágu hinnar jákvæðu ferðamannaþjónustu og þær hugmyndir eru leiknar svona í skipulagstillögunum.

Hvað kemur skýrt fram í þessum tillögum? Það er að þeir 42 hreppar, eða fulltrúar þeirra sem í nefndinni sitja, vilja að þeir einoki þá þjónustu sem tengist hálendisferðum og reyna að koma í veg fyrir að ferðaaðilar geti byggt upp þjónustu á hálendinu og leyft fólki að gista þar við aðstæður sem ferðamenn vilja njóta. Þeir verða samkvæmt skipulaginu, ávallt í lok hvers dags, að snúa aftur niður í sveitirnar til að fá þar þjónustu. Það er bannað að veita þá þjónustu á hálendinu sjálfu. Því skal stýrt hvar pylsan er keypt og hver selur hana.

Þá kemur líka fram að hvorki má selja né geyma eldsneyti á hálendi landsins. Það er gert nú þegar, eins og þeir vita sem farið hafa um hálendið. Ferðafólk getur keypt sér eldsneyti þar yfir sumartímann.

Nú á að banna það með öllu. Hvaða vanda eru menn ekki að skapa þar og hver er tilgangurinn með því að banna það alfarið, í staðinn fyrir að setja t.d. mjög strangar mengunar- og umhverfiskröfur um slíka þjónustu?

Hvernig er reynt síðan að lýsa þeim sjónarmiðum sem fyrir höfundum tillögunnar vakir hvað ferðamannaþjónustu viðvíkur? Hvernig er útskýrt að það geti gengið saman, það sem höfundar segja að þeir vilji stuðla að aukinni ferðamannaþjónustu og svo hitt að setja allar þessar takmarkanir?

Jú. Það er gert þannig að sagt er að það sé tilgangur tillöguhöfunda að ná í ríkustu erlendu ferðamennina því að þeir gefi mest af sér og að því er virðist aðeins þeir sem fara í ævintýraferðir, en hins vegar sé ekki eins mikill áhugi að ná í þá sem fara gangandi og sofa í tjöldum eða svefnpokaplássi, þ.e. fátæka fólkið.

Höfundur greinargerðarinnar vitnar í einhvern einn erlendan fræðimann og telur sig sanna með því að hrun tekna í hálendisferðum vofi yfir ef hinum almenna ferðamanni, þar á meðal hinum almenna Íslendingi, sé gert kleift að ferðast með góðu móti um hálendið. Þar segir t.d. orðrétt, með leyfi forseta:

„Aukin uppbygging virkar fráhrindandi á hina ævintýragjörnu ferðamenn en trekkir að hópferðamennina. Ferðir á staðinn eru dýrar og aðeins efnameiri geta leyft sér að ferðast þangað. En ferðamönnum heldur kannski áfram að fjölga og loks fara ferðaskrifstofur að selja alferðir á staðinn og þá hefur efnaminna fólk líka kost á að komast þangað."

Það er alveg skelfilegt, virðulegi forseti, ef menn ætla að skipuleggja ferðaþjónustuna á hálendinu þannig að efnaminna fólkið geti líka komist þangað. Það er alveg skelfilegt. Það er að sjálfsögðu ekki í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar eða hvað, að efnalitlir Íslendingar geti farið og ferðast um á hálendi landsins? Það eiga bara að vera forréttindi hinna ríku. Þannig á að nýta hálendi landsins til ferðaþjónustu, að bara ríkt fólk sem eyðir miklum peningum eigi gott með að fara þar um.

Það væri nú ansi gaman að heyra í henni Sigurjónu, þ.e. hæstv. samgrh., ráðherra ferðamála, hvort að hann sé sammála þeirri meginstefnumörkun sem verið er að gera um nýtingu hálendisins, þ.e. að það skuli vera yfirlýst að það eigi að koma að mestu í veg fyrir að efnaminna fólk geti ferðast um miðhálendið.

Virðulegi forseti. Ég hef þegar talað hérna nokkuð langt mál um þær hugmyndir sem uppi eru um hvernig menn ætla sér að nýta sameiginlegar auðlindir Íslendinga, náttúru miðhálendisins og þá orku sem þar er að finna og það aðdráttarafl sem þetta stóra landsvæði, 40% af öllu Íslandi, hefur á ferðamenn, innlenda sem erlenda. Ég er að benda á hvernig þeir sem eiga að fá valdið til stjórnsýslu á þessu hálendi, ætla að nýta vald sitt. Hvernig þeir ætla að haga umgengnisrétti almennings að miðhálendinu. Hvernig þeir ætlast til að þjóðin nýti auðlindir sem hún á sameiginlega á miðhálendinu. Ég er að draga þetta fram, virðulegi forseti, til að mönnum sé alveg ljóst til hvers refirnir eru skornir. Hvað það er sem hinn íhaldssami stjórnarmeirihluti sem lifir í fortíðinni ætlast til að gert sé við þá auðlind sem þjóðin á enn saman en mun ekki eiga lengi saman ef svo fer fram sem horfir?

Þegar lögin um stjórn fiskveiða voru ákveðin var sagt í 1. gr. þeirra, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Síðan var þessi sameign tekin og afnotarétturinn af henni gefinn nokkrum einstaklingum og fyrirtækjum sem síðan hafa verslað með þessa auðlind sín á milli fyrir ævintýralegar fjárhæðir. Nú á að leika þennan leik aftur með allar auðlindir sem þessi þjóð á á þurrlendinu. Hér á að afgreiða frv. um þjóðlendur þar sem sagt er alveg eins og í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða: „Þjóðin á þennan auð saman." Síðan á að taka sig til og afhenda forræðið á þessari sameiginlegu auðlind til örfárra einstaklinga til að taka ákvörðun um hvernig hún skuli nýtt. Og hvernig ætla þessir aðilar að nýta þessa sameiginlegu auðlind? Því hef ég gert grein fyrir með því að vitna í tillögur sem þeir hafa gert um svæðisskipulag á hálendinu þar sem kemur fram stefnumörkun um það hvernig þessa sameign skuli nýta.

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í dag, að þeir eru ekki margir sem hafa nennu í sér til að hlusta á langar ræður. En það er mjög slæmt því erfitt

er að gera grein fyrir hvaða mál er hér á ferðinni nema í nokkuð ítarlegu máli. En hitt fer ekki fram hjá neinum að sú ákvörðun okkar jafnaðarmanna að ræða þetta mál eins og við höfum gert, efnislega og ítarlega án nokkurra málalenginga, hefur orðið til þess að stöðugt fleiri eru að vakna til vitundar um hvaða framtíðarhagsmunum hér er verið að fórna.

Ég vil því ljúka þessari ræðu minni með því sem ég sagði í upphafi hennar. Ég er sannfærður um það að ef þetta fer svona fram þá verða umræðurnar manna á meðal eftir tíu ár ekki umræður um hvernig farið var með fiskimiðin eins og sérhverjir tveir Íslendingar sem hittast á förnum vegi ræða um í dag fyrr eða síðar í sínu spjalli, heldur verður umræðan enn frekar um það hvernig allar hinar auðlindir landsins, sameiginleg eign þjóðarinnar, voru teknar og seldar eða gefnar örfáum Íslendingum til ráðastöfunar eins og hér er verið að gera.

[17:39]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að hrella forseta með því að hér standi til margra klukkutíma ræða. Það er ekki ætlun mín, herra forseti, enda er ég yfirleitt stuttorð í ræðustól. (**Gripið fram í:** Þetta er viðamikið mál.) En að sjálfsögðu er þetta viðamikið mál og ég mun taka mér þann tíma sem þarf til að gera því skil.

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég gera grein fyrir því að í meðferð málsins á Alþingi hef ég aðallega komið að því í gegnum veru mína í hv. allshn. sem fékk tiltekna þætti þessa frv. til umsagnar vegna tengsla þess við þjóðlendufrv. Ég sit ekki í hv. félmn. og því mun ég aðallega fjalla um þær greinar sem reyndar eru þær sem mest eru umdeildar. Ég mun þó lítillega koma inn á aðrar efnisgreinar sveitarstjórnarlagafrv. sem vissulega þyrftu að fá hér góða umfjöllun.

Herra forseti. Ég setti mig á mælendaskrá fyrir nokkrum dögum vegna þess að mér fannst mjög mikilvægt að rödd okkar kvennalistakvenna kæmi skýrt í ljós, en hún gerir það ekki á fyrirliggjandi nefndarálitum þar sem við eigum ekki aðild að félmn. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur svo sannarlega gert þessu máli góð skil í sínum ræðum. En a.m.k. önnur af hennar ræðum var flutt að nóttu til og er ekki enn þá fyrirliggjandi á netinu þannig að ég mun á eftir endurtaka einn þátt úr hennar ræðu.

Hv. allshn. var beðin um að fjalla um þetta mál. Þá kom í ljós að allshn. klofnaði í áliti sínu og minni hlutinn skilaði áliti til félmn. Vanalega eru álit annarra nefnda birt með áliti meiri hlutans, áliti meiri hluta félmn. í þessu tilviki, en svo var ekki að þessu sinni þar sem sveitarstjórnarlagafrv. var tekið út úr nefndinni í ágreiningi áður en umsögn allshn. barst. Þetta sýnir vinnubrögðin á hinu háa Alþingi þessa dagana.

Ég ætla að leyfa mér að lesa álit minni hlutans, en að því standa hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og sú sem hér stendur. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minni hluti allshn. leggst gegn ákvæði 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða og leggur til að ákvæði til bráðabirgða verði fellt brott og 1. gr. verði breytt."

Þetta er síðan lagt til af minni hluta félmn., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem á sæti í félmn.

„Minni hlutinn telur það óeðlilegt og varasamt að nokkrar sveitarstjórnir fái stjórnsýsluvald og þar með talið vald til ákvarðana um landnýtingu og skipulagsvald á hálendinu, sem er um 40% af öllu Íslandi.

Skýrt þarf að kveða á um að hálendið og allt landsvæði utan eignarlanda sé sameign íslensku þjóðarinnar og að hálendið verði ein skipulags- og stjórnsýsluheild, en ofangreind ákvæði í frv. til sveitarstjórnarlaga gengur þvert á þau markmið. Þannig er stjórnsýslunni skipt á milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu. Hætta er á því að hagsmunir einstakra sveitarfélaga ráði of mikið ferðinni í stjórnsýslunni á hálendinu fremur en þjóðarheildarinnar.

Grundvallaratriði er að hálendið verði með lögum lýst sem sameign þjóðarinnar. Með sama hætti er einnig eðlilegt að stjórnsýslan á hálendinu verði í höndum ríkisvaldsins en ekki örfárra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu, því skipulag hálendisins skiptir alla íbúa landsins máli, en ekki bara þá sem búa í nálægð við það.

Síðan segir: „Ljóst er einnig að verði þessi ákvæði í frv. félmrh. að lögum, þá getur umhvrh. staðfest þær tillögur að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggja fyrir. Þær tillögur hafa verið harðlega gagnrýndar af fjölda aðila og mjög alvarlegar athugasemdir við þær gerðar." Síðan er farið út í samantektina og nokkrar athugasemdir sem ég mun gera nánar grein fyrir á eftir í máli mínu. Að lokum segir í þessu áliti:

„Verði þessar tillögur staðfestar með lagastoð í 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða í frv. félmrh. væri í reynd tekin úr höndum þingsins, stefnumótun í stórum málaflokkum, sem ákvarðanir um landnýtingu á miðhálendinu ættu að byggja á. Minni hlutinn varar því alvarlega við samþykki ofangreindra ákvæða og telur það vera stórslys verði þau samþykkt."

Virðulegi forseti. Hér kemur afstaða mín til þessa frv. fram, þ.e. til 1. gr. og ákvæðis til bráðabirgða. En hér er reyndar undir stór lagabálkur eða frumvarpsbálkur um sveitarstjórnarlög sem á að leysa af hólmi 12 ára gömul lög frá árinu 1986. Fyrir utan þessar umdeildu greinar verð ég að segja að mér finnst ekki mjög margt nýtt og óvænt vera í þessu frv. Fyrst og fremst virðist verið að staðfesta það sem orðið er og ekki er einu sinni haggað við lágmarksfjölda í sveitarfélögum, þ.e. fjöldanum 50 þótt ljóst megi vera að svo smá sveitarfélög eigi æ erfiðara með að ráða við stórverkefni eins og rekstur grunnskólans svo nokkuð sé nefnt.

Ég vil fagna því að samkvæmt frv. eru rýmkuð ákvæði varðandi möguleika sveitarfélaga til að hafa áhrif á nafngiftir sveitarfélags og hvaða nöfn geta verið í boði, sbr. 4. gr. frv., og vonandi verður það til þess að við sjáum mörg falleg nöfn á sveitarfélögum í framtíðinni.

Þá tek ég eftir því að 99. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga er felld brott, nefnilega að sveitarfélögum geti í einhverjum tilvikum verið skylt að hafa með sér samvinnu. Þetta ákvæði er nú fellt brott enda vitum við að það er mjög umdeilt hvort skylda eigi sveitarfélög til að sameinast eða ekki. Ég nefni þetta atriði sérstaklega vegna þess að hæstv. félmrh. notaði þetta ákvæði sem samlíkingu við það mál sem hér var til umræðu fyrr í vetur, nefnilega fræðslu um jafnréttismál fyrir æðstu ráðamenn sem hæstv. félmrh. telur af hinu góða en samt eigi ekki að gera það að skyldu að æðstu ráðamenn sæki slíka fræðslu. Að hans mati er jafnréttisfræðsla fyrir ráðamenn og samvinna sveitarfélaga æskileg en ekki það mikilvæg að skylda eigi þessa fræðslu eða þessa samvinnu, eða þá hann trúir því ekki að sú aðferð beri árangur.

Önnur leið og sú sem hér er farin er að hafa verkefni sveitarfélaganna þannig að samvinna verði nauðsynleg og vonandi verður það einnig þannig með fræðslu um jafnréttismál fyrir æðstu ráðamenn að vegna þess hve jafnréttismálin

verði miðlæg í framtíðinni verði nauðsynlegt fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir að yfirmenn átti sig á því að fræðsla um þau er nauðsynleg til árangurs í starfi.

En meginbreyting þessa frv. og sú sem umdeildust er kemur fram eins og ég sagði áður í 1. gr. frv. og í ákvæðum til bráðabirgða sem ég hef rætt töluvert í allshn. í tengslum við frv. um þjóðlendur, nefnilega að nú er lagt til eins og margoft hefur komið fram í umræðunni að landið skiptist í sveitarfélög en ekki eingöngu byggðin og afréttir. Þetta er mjög stórt mál og sem betur fer virðist allt þjóðfélagið vera að taka við sér. Það er sem sagt lagt til að um 5% landsmanna ráði yfir hálendinu, jöklunum, óbyggðunum en 95% þjóðarinnar séu áhrifalaus þar um. Reyndar er lögð til pínulítil bragarbót eins og ég kem að á eftir en samkvæmt frv. á að skipta hálendinu upp í svokallaðar ræmur sem nefnt hefur verið sem lúta eiga stjórnsýslu mismunandi sveitarfélaga og skipulagi, a.m.k. hvað varðar aðalskipulag. Vissulega er ætlunin að hafa samræmt svæðisskipulag, eins og ég sagði áðan, samanber fyrirliggjandi tillögur og frv. umdeilda um breytingu á skipulagslögum sem fékkst ekki rætt á dögunum og kemur því ekki til umræðu á þessu vori. Út af þessari umdeildu grein margklofnaði hv. félmn. þótt allir nema einn nefnarmanna hafi reyndar skrifað upp á álit meiri hlutans, þar af voru fjórir með fyrirvara um að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild. Málamiðlunartillagan virtist róa hv. stjórnarþingmenn Siv Friðleifsdóttur og Pétur H. Blöndal en ljóst er að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson gerðu ráð fyrir að samhliða frv. yrðu gerðar breytingar á skipulagslögum sem nú er útséð um að verði gerðar.

Efnislega tryggir sú tillaga sem fyrir liggur, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, — ég sé að hæstv. umhvrh. gekk í salinn og er vonandi að hlýða á mál mitt — ekki að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild þar sem aðalskipulag þarf að samþykkja innan hvers sveitarfélags. Í raun hefur þessi nýja samstarfsnefnd, sem á að koma á fót, eingöngu umsagnarrétt yfir þeim tillögum sem nú liggja fyrir sem hafa verið samdar án aðkomu fulltrúa frá meiri hluta landsmanna eða fulltrúa af höfuðborgarsvæðinu svo og frá Vestfjörðum. Sú tillaga gerir heldur ekki ráð fyrir að hálendið sé ein stjórnsýsluleg heild sem ég tel mjög mikilvægt, þótt vissulega geti stjórn hálendisins, ef henni yrði komið á, framselt einhver stjórnsýsluverkefni til tiltekinna sveitarfélaga en ég mun koma nánar að því á eftir. Ég tel að með hugmynd okkar kvennalistakvenna og jafnaðarmanna um að gera miðhálendið að stjórnsýslulegri heild sé á engan hátt verið að vanmeta þátt sveitarfélaga í stjórnsýslunni. Vissulega er mjög líklegt að þeim yrðu fengir ákveðnir hlutar stjórnsýslunnar svo sem lögregluefirlit eða heilbrigðiseftirlit.

Eins og þegar hefur komið fram í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur erum við kvennalistakonur þeirrar skoðunar að miðhálendið eigi að vera bæði skipulagsleg og stjórnsýsluleg heild sem lýtur sérstakri stjórn. Við getum því tekið undir flest það sem kemur fram í nál. minni hluta félmn., hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, sem rétt í þessu var að ganga í salinn.

Við kvennalistakonur lítum á víðerni Íslands sem mjög dýrmæta auðlind í sameign þjóðarinnar, samanber þjóðlendufrv. sem kemst væntanlega á dagskrá næstu daga, og því sé eðlilegt að þessi víðerni séu undir einni stjórn með þátttöku fulltrúa allra landsmanna en þó kannski einkum og sér í lagi að þessu svæði verði stjórnað af víðsýni og fagmennsku en ekki verði hagsmunatogstreita sem einkenni þær ákvarðanir sem þar verði teknar.

Ég vil í þessu sambandi nefna fjölmennan fund sem hefur komið til tals í umræðunni, sem haldinn var 4. maí sl., en þar voru fjölmenn frjáls félagasamtök að verki og fundinum eru einmitt gerð mjög góð skil í Morgunblaðinu í dag. Ég ætla því að spara forseta þann lestur og að gera ítarlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar komu fram en í yfirlýsingunnu eru ítrekaðar áhyggjur af því að ef þetta frv. fari í gegn sé verið að mismuna þegnunum með því að eingöngu sumir, þ.e. þeir sem búa í nærliggjandi sveitarfélögum, komi að stjórnsýslu svæðisins og skipulagi. Það eru mjög athyglisverð sjónarmið sem komu þarna fram og ég vil nefna að þarna standa að formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, forseti Ferðafélags Íslands, formaður Íslenska alpaklúbbsins, formaður Útivistar, formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, formaður Skotveiðifélags Íslands, Landssamband íslenskra vélsleðamanna, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 og stangaveiðifélagsins Ármanna.

Fundurinn sýnir mjög vel að fólki er alls ekki sama um hvað hér er að eiga sér stað og sama sýna hin fjölmörgu skeyti og símtöl sem við þingmenn höfum fengið undanfarna daga vegna málsins. Mér finnst mjög athyglisvert, herra forseti, að bera andstöðuna úti í þjóðfélaginu í málinu saman við andstöðuna í svokölluðu gagnagrunnsmáli. Með mjög stuttu millibili hafa verið umdeild mál í þinginu. Hið fyrra fékk þann farsæla endi í bili að vera frestað til haustsins og það er svo sannarlega von mín að það verði einnig nú. Sameiginlegt með þessum viðbrögðum er að þarna eru mjög sterkar tilfinningar. Við fáum skeyti frá bláókunnugu fólki sem lýsir reynslu sinni og lætur í ljós bænir um að frv. verði frestað.

Í öðru lagi er ljóst að fyrir utan þennan stóra fund sem ég nefndi hér áðan eru andmælendur þessa frv. fyrst og fremst einstaklingar sem finna hjá sér hvöt til að mótmæla. Oft eru það sérfræðingar á sviði náttúruverndarmála. Þarna er nákvæmlega sami óttinn í þjóðfélaginu og vegna gagnagrunnsins sem líka kom mjög nálægt fólki tilfinningalega. Ég held því að sömu rökin eigi við í þessu máli og hinu fyrra, að allt að því nauðsynlegt sé að fresta málinu þótt ekki væri nema til þess að kynna það betur þannig að fólk sé alveg visst um hvað er verið að gera. Ljóst er að stundum byggjast viðbrögðin á vanþekkingu en margir eru mjög vel upplýstir og lýsa samt miklum áhyggjum.

Herra forseti. Fólk áttar sig á því að hér eru gífurlegir hagsmunir í húfi. Ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á hin ósnortnu víðerni og þá stórkostlegu auðlind sem verður æ mikilvægari, samanber mjög góðan pistil frá Illuga Jökulssyni sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fór yfir í ræðu sinni eina nóttina. Ég mun koma nánar að honum á eftir í ræðu minni. Fyrir utan þessi verðmæti er ljóst að þegar kemur til virkjana, framkvæmda í ferðaþjónustu og aðgengi að viðkvæmum svæðum, þá eru einnig mjög miklir hagsmunir í húfi. Að mínu mati er því mjög ólýðræðislegt að fulltrúar um 5% þjóðarinnar geti ráðið yfir þessum auðæfum. Öll þjóðin þarf að koma þar að en þó einkum og sér í lagi fagmenn og þeir sem hafa heildarhagsmuni í bráð og lengd í huga.

Við höfum þegar afhent fiskimiðin til nokkurra einstaklinga þótt vonandi sé það aðeins til skamms tíma, fram að næstu kosningum eða svo, því vonandi tekst okkur að breyta lögum um stjórn fiskveiða. Þegar það var gert árið 1983, að færa kvótann á hendur örfárra manna, var það gert án þess að þingheimur hafi í raun áttað sig almennilega á því hvað var að gerast. Sú lagabreyting sem þá átti sér stað

fólst í opinni heimild ráðherra til að prófa kvótasetningu á ákveðnum tegundum í takmarkaðan tíma.

Hið sama virðist hafa átt sér stað árið 1972 þegar afréttirnir komust undir stjórn sveitarfélaga, eins og skýrt kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Þá var mjög lítil umræða um málið. Þetta var á seinustu dögum þingsins og málið var keyrt í gegn með miklum hraða. Mjög lítil umræða var um að afréttir færu undir sveitarfélögin. Ljóst er að sú ákvörðun var fyrst og fremst tekin þá vegna þess að virkjanir voru í augsýn og þá þótti rétt að vissir hagsmunaaðilar sætu að kjötkötlunum. Mér finnst því mikilvægt og nauðsynlegt að þjóðin og þingheimur átti sig á því hvað nú er að gerast.

Í umræðunni í hv. allshn. kom til umræðu mikil ráðstefna þar sem farið var í gegnum breytingar á stjórnsýslumörkum hálendisins. Ég ætla að segja nokkur orð um það. Ég styðst hér við plagg sem Tryggvi Gunnarsson hrl. lagði fyrir á þessari ráðstefnu. Í fyrsta lagi segir að meginreglan sé að staðarmörk sveitarfélaga fylgi ytri mörkum fasteigna sem tilheyra sveitarfélaginu.

Í öðru lagi segir að í sveitarstjórnarlögum frá 1905 og 1927, 1. gr., segi að sýslur í landinu skuli vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama gilti um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

Árið 1961, skv. lögum nr. 58, 1. og 2. gr., skiptist landið í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar. Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði. Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru en ráðuneytið getur breytt þeim skv. sérstökum heimildum í lögum einkum vegna sameiningar sveitarfélaga.

Þá koma lögin sem ég nefndi áðan, nr. 52/1972, um breytingu á lögunum frá 1961. Þar segir í 3. mgr. 2. gr.:

„Afréttarsvæði sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka né sveitarfélags skal teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- og afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli tilheyra sker félmrn. úr."

Síðan koma sveitarstjórnarlögin 1986, núgildandi lög, en þar segir í 1. gr.:

„Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð."

Í 3. gr. þeirra laga segir:

„Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr."

Ég ætla ekki að fara í fleiri ákvæði um þetta en þarna er einnig rætt um fjallskil og fleira sem snertir kannski þjóðlendufrv. Einnig er svo bent á ákvæði til bráðabirgða í frv. til sveitarstjórnarlaganna. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að í þessari umræðu hefur því verið haldið fram að einungis sé verið að bæta við jöklunum en það er meira en það. Það er verið að færa stjórnsýsluréttinn mjög ákveðið yfir á afréttarsvæðin.

Sú tillaga að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir hefur hlotið mjög harða gagnrýni. Hún var samin af formönnum héraðsnefnda aðliggjandi sveitarfélaga. Í allshn. var, vegna skörunar þessa frv. við þjóðlendufrv., dreift útdrætti úr umsögnum eða athugasemdum vegna þessarar svæðisskipulagstillögu. Ég er hér með útdrátt úr þessum athugasemdum sem eru mjög alvarlegar og ég vil ítreka það. Athugasemdirnar við svæðisskipulagstillöguna eru mjög alvarlegar og vonandi mun hún að einhverju leyti taka mið af þessari gagnrýni. Þessi tillaga fær lagagrundvöll ef þetta frv. verður samþykkt. Það sem vekur athygli mína þegar farið er yfir athugasemdirnar, ég gæti svo sem lesið þær allar upp en ætla að láta mér nægja að stikla á þeim allra stærstu, er að þær eru gerðar af aðilum úr öllum geirum. Þær berast frá ferðamálafrömuðum, náttúruverndarsinnum og virkjunaraðilum. Það er almennt kvartað undan því að grundvallarforsendur vanti til að ganga út frá. þar vil ég kannski fyrst og fremst nefna orð Stefáns Thors, skipulagsstjóra, sem hann lét falla á ráðstefnu um skipulag miðhálendisins þann 20. sept. sl. Þar segir hann m.a. þegar þessi tillaga var til umræðu:

„Auðvitað má segja svo að áður en ráðist var í gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið hefði átt að gera fimm ára áætlun um víðtækar rannsóknir á svæðinu. Að þeim loknum hefði ríkisstjórnin átt að marka stefnu í landnotkun og landnýtingu hinna ýmsu málaflokka. Þegar sú stefna hefði legið fyrir hefði þurft að gera landsskipulag sem næði til landsins alls, þar sem mörkuð hefði verið stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Að því loknu hefði þurft að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega skiptingu alls landsins og í kjölfar þess að setja lög um eignarhald á afréttum og almenningum. Að þessu loknu hefði ríkisstjórnin getað skipað nefnd að fengnum tilnefningum frá forsrn., iðnrn., samgrn. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að gera tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins".

Mér virðist sem að þarna hafi forsendurnar skort. Það vantar forsendur. Að hverju viljum við stefna með þetta hálendi? Hvað ætlum við að virkja mikið? Hvað ætlum við að vernda stór svæði? Hvernig á skipulag á ferðaþjónustu að vera? Samtímis er unnið að mikilvægri stefnumörkun, t.d. í ferðaþjónustu og allar þær forsendur eru sniðgengnar í þessu skipulagi. Mér virðist því sem skipulagstillagan sé fyrst og fremst unnin þannig að verið sé að sætta sjónarmið héraðsnefndarmanna. Þar virðist fyrst og fremst gengið út frá: Hvaða skika fæ ég og hvaða skika færð þú? Það geta ekki talist nægilega fagleg vinnubrögð.

Mér virðist því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir telji sig hafa verið blekkt með þeirri breytingu á skipulagslögum sem hér hefur verið dreift í þinginu. Ljóst er að þau verða ekki afgreidd samhliða þessu frv. Hugsanlega meta fleiri alþýðubandalagsmenn stöðuna svipað, þó ljóst sé að þeirra meginkrafa í framhaldinu er sú að vísa frv. frá. Undir hana get ég tekið.

Vonandi verða fleiri stjórnarþm. en oddviti þeirra í umhvn., hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, til að hlusta á þessi rök og verða samferða okkur sem erum á móti því að skipta öllu landinu upp í sveitarfélög, þar með töldum jöklum, söndum, hraunum og öðrum víðernum.

Ég vil nefna nokkrar athugasemdir. Hér er t.d. athyglisverð athugasemd frá Ingva Þorsteinssyni um beitarnýtingu hálendisins. Mér finnst hún mjög athyglisverð vegna þess að þar kristallast að einhverju leyti hinir mismunandi hagsmunir bænda og þeirra sem nýta afréttina til beitar og hins

vegar sjónarmið gróðurverndar. Ég vil minna á að ekki er langt síðan hér var mikil ráðstefna eða umræða um það að á hálendinu væri að myndast mjög stór uppblásin svæði eða eyðimörk og að eitthvað verði gera til að bæta það. Ég vitna í athugasemd Ingva Þorsteinssonar um svæðisskipulagið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við skipulagsgerð eins og hér er um að ræða hlýtur að vera grundvallaratriði að leitað sé allra gagna sem máli skipta um náttúrufar landsins og að trúverðugleiki þeirra gagna og þar með notagildi sé síðan metið. Hafi þetta verið gert hvað varðar gróðurfar hálendisins er niðurstaðan vægast sagt furðuleg. Þær „tillögur" sem gerðar eru um beitarnýtingu hálendisins taka ekki tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um ástand gróðurs og jarðvegs á hálendinu. Þeirrar þekkingar var m.a. aflað með gróðurkortum RALA og með rofkortum RALA og Landgræðslu ríkisins."

Í þessum athugasemdum koma mjög margar beiðnir um frestun og segir félmrn. sjálft m.a. — ég vitna enn í athugasemdir við svæðisskipulagið og þetta er frá félmrn., með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við skipulagstillöguna. Hins vegar vill ráðuneytið að skýrt komi fram að enn er óútkljáð með hvaða hætti skipað verður stjórnsýslumálefnum á miðhálendi Íslands. Frumvarp félagsmálaráðherra sem lagt var fram á vorþingi náði ekki fram að ganga, en á haustdögum verður á ný lagt fram frumvarp sama efnis."

Það er sem sagt frv. sem við erum að ræða um núna.

Í umsögn frá Rarik segir, með leyfi forseta:

„Nú er svo komið að sú lagaheimild sem samvinnunefndin byggði störf sín á er fallin niður við það að búið er að samþykkja ný skipulags- og byggingarlög. Í nýju lögunum er ekkert fjallað um störf þessarar nefndar eða skipulag miðhálendisins. Í upphaflega frumvarpinu var ákvæði um það en það var fellt út í meðförum þingsins. Því verður ekki betur séð en að störf nefndarinnar nú eigi sér enga stoð í lögum ..."

Því legg ég áherslu á að svæðisskipulagið sem hér hefur verið til umræðu og margir telja eitt lítið spor í rétta átt, er mjög umdeilt og hefur ekki lagastoð nema þetta frv. fari í gegn því það er byggt á því að sveitarfélögin fái stjórnsýsluvald og að hluta til skipulagsvald á þessum svæðum.

En hvernig viljum við kvennalistakonur haga málum á hálendinu? Eins og ég hef sagt áður leggjum við megináherslu á að miðhálendið sé ein heild, bæði skipulagslega og stjórnsýslulega þó vissulega komi til greina að framselja eitthvert stjórnsýsluvald til sveitarfélaga, t.d. varðandi löggæslu eða heilbrigðiseftirlit.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur lagt fram brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga á þskj. 1276 þar sem lagt er til að miðhálendi Íslands verði sjálfstæð stjórnsýslueining sem lýtur sérstakri stjórn. Hún leggur til að forsrh. skipi níu manna stjórn miðhálendis til fjögurra ára að fengnum tilnefningum. Umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félagsmálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa. Forsætisráðherra skipar einn fulltrúa og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

Ég get vel tekið undir að það sé umdeilanlegt hvernig stjórn af þessu tagi sé skipuð. Það er ákveðin hætta á að í stjórn af því tagi sem hér er lögð til komi upp togstreita á milli t.d. virkjunarsjónarmiða, ferðaþjónustusjónarmiða eða umhverfissjónarmiða. Ég tel sjálf langmikilvægast að umhverfissjónarmiðin ráði þarna ríkjum og að fagleg yfirsýn og langtímaforsendur ráði nýtingu þessa svæðis.

Í þeim ábendingum sem við þingmenn höfum fengið undanfarna daga hafa komið tillögur um að Alþingi og sveitarfélögin skipi þarna fulltrúa ásamt hagsmunasamtökum almennings. Það er svo sannarlega vandasamt að finna nákvæmlega réttu lausnina. En meginatriðið er að mínu mati að sem best takist að samhæfa vernd þessara stórkostlegu víðerna, uppbyggingu á uppblásnum svæðum og skynsamlega nýtingu með tilliti til ferðaþjónustu, virkjana og landnýtingar. Spurningin er hvers konar stjórn er líklegust til að tryggja að þessi sjónarmið verði í jafnvægi og að náttúran fái ávallt að njóta vafans.

En svo ég fari aðeins út í aðra sálma þá velti ég því einnig fyrir mér hvort æskilegt væri að koma þarna á sérstakri kvennastjórn — og þá heyri ég hlátur í einhverju horni. Ég nefndi áðan afstöðu Páls Pétursson til jafnréttisfræðslu og afstöðu hans til samvinnu sveitarfélaganna og þá má velta því fyrir sér hvort þarna sé ekki fyrirtakstækifæri til að koma á svæði sem yrði alfarið undir stjórn kvenna, svæði þar sem áherslan á sjálfbæra þróun yrði ráðandi. Þetta væri ákjósanlegt tækifæri að mínu mati til að gera miðhálendið að sérstöku stjórnsýslusvæði og láta það undir stjórn kvenna, því við höfum ekki mikla reynslu af því hér á landi, og við höfum ekki efni á að misnota þetta tækifæri eins og við misnotuðum það þegar myndaður var nýr banki á dögunum og engir kvenbankastjórar voru ráðnir.

Konur hafa nú margar hverjar menntað sig á sviði skipulagsfræða, náttúruvísinda, í landbúnaði og í verkfræði og ég er sannfærð um að ef þær legðust á eitt gæti komið út mjög góð reynsla og þekking, samanber reynslu kvenna af jöklaferðum og óbyggðaferðum yfirleitt.

Í þessu sambandi, herra forseti, dettur mér í hug þekkt saga eftir Gilman sem fyrst birtist árið 1915 og heitir „Herland." Síðar kom þessi merkilega saga, sem fyrst var framhaldssaga, út sem heildstæð skáldsaga. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að segja örstutt frá þessari sögu eftir Gilman, „Herland". Sagan segir frá þjóð sem býr afskekkt og allir karlmenn, bæði fullorðnir sem börn, farast á óútskýrðan hátt. Það er ekki alveg ljóst hvort stríð eða náttúruhamfarir voru þar að verki. En eftir stendur samfélag þar sem eingöngu eru konur. Þetta samfélag stóð frammi fyrir því að til þess að geta lifað af yrðu konur að ganga til allra starfa og því þurfti að endurskipuleggja allt út frá því. Sagan segir frá því hvernig menntakerfi þessar konur komu á og hvers konar atvinnulífi þær komu á. Og það er mjög athyglisvert að útgangspunktur númer eitt var sjálfbær þróun, þ.e. að nýta landið í sátt þannig að komandi kynslóðir gætu nýtt það áfram, þótt vissulega hafi þetta hugtak, sjálfbær þróun, ekki verið til árið 1915.

Lögð var áhersla á að allir lifðu í sátt og samlyndi og sérstaklega að sátt væri milli mannsins og umhverfisins. Í þessu samfélagi urðu konur sérfræðingar á öllum sviðum og þeim tókst meira að segja hið ótrúlega, enda er þetta skáldsaga, að einrækta börn. Börn héldu því áfram að fæðast í þessu samfélagi, reyndar bara stúlkubörn. Maður getur rétt velt því fyrir sér hvort það var ekki virðingarverð staða að verða móðir í þessu samfélagi eða ala upp börnin því þetta var auðvitað mikilvægasta iðjan sem til var, sú virtasta í þjóðfélaginu og best launaða.

En það er ekki punkturinn heldur sá að sagan segir frá þremur karlmönnum sem eru á ferðalagi og koma til þessa lands. Þeir koma með sínar hugmyndir um konur og þeirra

hlutverk, þ.e. að þeirra hlutverk sé að þjóna karlmönnum til borðs og sængur. En smám saman átta þeir sig á því að þarna eru annars konar konur sem kunna til allra verka, eru allsráðandi og láta ekki bjóða sér neitt múður.

Einn þeirra verður vís að kynferðislegu ofbeldi og er þá gerður brottrækur úr samfélaginu þegar í stað, öðrum tekst vel upp í einkasamskiptum sínum með því að gangast inn á þær reglur og þau lögmál sem giltu en sá þriðji fluttist burtu með sinni heittelskuðu.

Það sem skiptir máli, herra forseti, í þessu sambandi er það hve hissa þeir voru á því hvað landið var allt blómlegt og hvað allir lifðu í mikilli sátt við umhverfið og náttúruna. Ef karlarnir ætluðu að ofbjóða umhverfinu með einhverjum hætti var það stöðvað.

Kannski er einmitt tækifæri nú til að stofna sérstakt svæði á miðhálendinu með sjálfstæða stjórnsýslu og skipulag þar sem konur ráða ríkjum og að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir að þær gengju út frá forsendum sjálfbærrar þróunar sem yrði þar efst á blaði, svo og faglegum vinnubrögðum í stað hagsmunapots einstakra sveitarfélaga eða atvinnugreina. Slík stjórn yrði farsæl en að sjálfsögðu geta karlar einnig stjórnað og virt sjálfbæra þróun.

Þegar hagsmunir komast til tals segir sig sjálft að tekjur verða af ferðaþjónustu á þessum svæðum, tekjur af orkuframkvæmdum og tekjur verða þegar afréttarlandi verður sökkt ef virkjað verður eins og núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Þá væri auðvitað upplagt að nota þessar tekjur til að jafna eignastöðu karla og kvenna og hjálpa atvinnurekendum við að útrýma launamun kynjanna. Konur urðu út undan þegar fiskveiðikvótanum var skipt og það var mjög óréttlátt en mætti auðvitað breyta t.d. með því fyrirkomulagi að senda öllum landsmönnum ávísun upp á sinn hluta af kvótanum eða með því að gera konum kleift að eignast kvóta eins og mér skilst að hafi verið gert markvisst í Noregi eftir mótmæli kvenna þar í landi um að vera sniðgengnar kvótaúthlutun. Ég vil í þessu sambandi benda á þann 10% kvóta sem nú á að vera opinn fyrir alla varðandi úthlutun á síld, þ.e. að hafa ekki alltaf veiðireynslu sem grunn því þar standa konur einfaldlega verr að vígi vegna hefðbundinnar hlutverkaskiptingar kynjanna.

Svo ég haldi aðeins áfram með þessa hugsun, herra forseti, þá væri þarna líka kærkomið tækifæri til að breyta nöfnum kvenstjórnenda á þessu svæði þannig að yfirmenn þar þyrftu ekki að kalla sig herra, sem er auðvitað þvílík niðurlæging við konur. Í því sambandi vil ég nota tækifærið og minna á tillögu sem nú liggur fyrir þinginu um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra sem bæði kynin geti borið. Ráðherraembætti eiga ekki að vera eyrnamerkt körlum því þau eru formlega opin fyrir konur. Þessi tillaga hefur því miður ekki komist á dagskrá, enda seint fram borin en í greinargerðinni er bent á að erlendis eru mun kynhlutlausari orð notuð yfir þessi starfsheiti, þ.e. starfsheiti ráðherra og þar er átt við orðin minister og secretary. Í athyglisverðri grein um þessa tillögu í Morgunblaðinu 1. maí bendir Ásgeir Sverrisson á að uppruninn á erlendu og íslensku orðunum sé mjög mismunandi og endurspegli líklega mismunandi hugsun ráðamanna hér og annars staðar. Ásgeir Sverrisson dregur fram þá athyglisverðu staðreynd í þessari grein í Morgunblaðinu 1. maí að erlendu orðin endurspegli ákveðna hófsemi og auðmýkt gagnvart almannavaldinu en hér er það ráð og herra, þ.e. hinn drottnandi aðili sem ræður. Ég velti því fyrir mér hvort þetta endurspegli ekki einmitt afstöðuna nú, bæði til meðferðarinnar í þinginu sem ég mun koma nánar að á eftir en ekki síður til þessa máls þar sem ekki virðist eiga að hlusta á þann mikla fjölda Íslendinga sem ber ugg í brjósti vegna þessa frv.

Ég hafði hugsað mér, herra forseti, að fara nákvæmar út í grein Ásgeirs Sverrissonar en tímans vegna mun ég ekki gera það.

Herra forseti. Þau viðhorf sem endurspeglast í orðinu ráðherra endurspeglast svo sannarlega í pólitískri umræðu um störf þingsins þessa dagana. Orð hæstv. forsrh. í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi sýndu svo sannarlega að þar talaði maðurinn með valdið. Maðurinn sem lítur á sig sem drottnandi herra sem getur ráðið því hve lengi Alþingi starfar á þessu vori.

Vissulega hefur hæstv. forsrh. vald til að slíta þinginu en þingið þiggur vald sitt frá þjóðinni, situr í skjóli þjóðarinnar og forseti þingsins á að sjálfsögðu að ákveða starfstímabil þingsins en ekki forsrh. Hæstv. forsrh. sýndi forsn. þingsins lítilsvirðingu með ummælum sínum að mínu mati, enda virðist ljóst af þingstörfunum nú að sá faglegi blær sem smám saman hefur verið að færast yfir þingið er horfinn. Stjórnarflokkarnir tala um málþóf en stjórnarandstaðan bendir á þingsköpin og þann rétt þingmanna að hafa ótakmarkaðan ræðutíma við 2. umr. máls. Ég vil gera sömu kröfu til okkar þingmanna og til annarra stofnana, hvort sem þær heita bankar eða aðrar ríkisstofnanir, og gerðar eru til þingmanna í flestum þjóðþingum nágrannalandanna. Ég legg því til að síðasti mögulegur þingfrestunardagur verði lögfestur þannig að stjórn og stjórnarandstaða verði að semja þegar sá dagur nálgast. Hinn valkosturinn er að hafa þing allt árið.

Pólitískt séð væri skynsamlegast að fresta þessu máli svo og frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu, a.m.k. 1. gr. þess og bráðabirgðaákvæðinu. Það er líklega tálvon vegna pólitískrar hagsmunagæslu stjórnmálaflokkanna fyrir hönd sveitarfélaganna úti á landi jafnvel þó að æ fleiri Íslendingar telji það mikið óréttlæti að fá miðhálendið alfarið í hendur aðliggjandi sveitarfélaga.

Hér er um mjög stórt mál að ræða eins og ég hef komið að í ræðu minni. Það verður að skoða betur, af meiri yfirvegun. Ég vil aðeins, herra forseti, koma að tveimur bréfum sem okkur þingmönnum hafa borist undanfarna daga. Hér er eitt slíkt frá Sveini Helga Sverrissyni, en hann segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélögin sem liggja að hálendinu hafa flestöll hug á að ná sér í sneið af þeim gróða sem þeim sýnist ferðaþjónustan vera að raka inn með markaðssetningu á hálendisferðum. Það að koma sér upp svonefndum hálendismiðstöðvum og gera það á sinn hátt sýnist vera góður kostur. En hvað hangir fleira á spýtunni? Hver á að borga nauðsynlegar breytingar og aðstöðu sem krafa er orðin uppi um að sé til staðar? Sú aðstaða er að minnstum hluta til þannig að hægt sé að innheimta gjöld fyrir notkun. Sem dæmi má nefna gönguleiðir, hreinlætisaðstaða, merkingar, þjónusta, öryggisbúnaður og skolp/sorphirða. Kvaðirnar eru í raun gífurlegar. Til viðbótar við áður upptalda þætti má nefna það sem tengist opinberum aðilum eins og ákvæði um framvindu skipulagsmála, umhverfismat og fleira. Það væri alveg óvitlaust að láta taka saman allar þessar kröfur, einnig þær sem eftir á að þýða úr skjölum frá Brussel áður en lengra er haldið. Ég bendi hér með á skýrslu vinnuhóps samgrn. um umbætur á ferðamannastöðum frá árinu 1995. Fjárln. Alþingis kom einnig að því máli. Þar komu upp ýmsar tölur varðandi

þann lágmarkskostnað sem út þarf að leggja svo viðunandi sé. Eitthvað eins og 60 millj. bara til að halda í horfinu á Landmannalaugasvæðinu." — 60 millj. bara til að halda í horfinu á Landmannalaugasvæðinu. Síðan spyr Sveinn Helgi Sverrisson:

„Eru sveitarfélögin, sameinuð eður ei, í stakk búin til að takast á við svona verkefni í viðbót við rekstur grunnskólanna? Er fyrirhuguð lagasetning dulbúinn bjarnargreiði, baggi á reksturinn? Ég sé fyrir mér að þetta mundi leiða til enn fleiri hálfkaraðra og hálfuppgerðra ferðaþjónustustaða þar sem ekki er tekið tillit til þarfa notenda hálendisins, hvað þá að einhver heildarstefna sé ráðandi varðandi staðsetningar slíkra hluta. Framtíðarsýn er það sem þarf, ekki að sætta sig við óbreytt ástand."

Þá vil ég ítreka orð Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar sem fram komu í grein hennar þriðjudaginn 28. apríl í DV og hér hafa verið rakin en ég ætla aðeins að koma inn á lítinn þátt í þeirri grein. Greinin heitir „Þjóðhættulegt stjórnarfrumvarp" og undirtitillinn er „Dreifbýlisatkvæðin dýrmætu". Ég vitna beint í grein Steinunnar Sigurðardóttur, með leyfi forseta:

„Enn einu sinni vaknar spurningin: Hvaða fólk er þetta á Alþingi? Hvað er það að hugsa? Er það svo rígbundið á flokksklafann að það þegir út yfir alla skynsemi og samvisku? Eru það dreifbýlisatkvæðin dýrmætu sem sitja föst í kokinu og varna máls? Það minnsta sem við kjósendur getum farið fram á er tími, tími til að ræða og taka þátt í að ákveða hvað verður um landið okkar, í bókstaflegri merkingu.

Ef frumvarpið um tertusneiðarnar fjörutíu verður samþykkt frá Alþingi mun vansi þeirra sem að því stóðu, þeirra sem samþykktu, þeirra sem stóðu aðgerðalausir hjá, verða ævarandi. Kjósendur um allt land eru nú óðum að vakna til vitundar um þetta óheillafrumvarp og þeir munu beita refsivendinum harkalega þegar þeir fá tækifæri til. — En landinu mun blæða — það verður ekki aftur tekið."

Það er því von mín að málin leysist þannig að þessu máli verði frestað og að stjórn þingsins fari að taka ákvörðun um þingstörfin á þessu vori.

Ég tek það fram, herra forseti, að með afstöðu minni er ég ekki að lýsa vantrausti á þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu þó að ég geri mér grein fyrir eins og fram kom í áðurnefndri tilvitnun að verkefni þeirra verða mjög mikil. Ég geri ráð fyrir að þótt ein stjórn yrði á miðhálendinu væri hægt að framvísa ýmsum verkefnum til hennar, verkefnum sem hún réði vel við og verkefnum þar sem hagsmunir mismunandi sveitarfélaga eru ekki til staðar.

Ég sagði það áðan, hæstv. forseti, að það væri álitamál hverjir ættu að stjórna slíku svæði en ég legg megináherslu á að það verði verndarsjónarmiðin og skynsamleg nýting sem ráði þar ríkjum. Þess vegna vil ég leyfa mér að vitna í ágætan pistil eftir Illuga Jökulsson sem Kristín Halldórsdóttir vitnaði í eina nóttina í sinni ræðu en ég tel að þessi pistill endurspegli mjög vel þann ótta sem er úti í þjóðfélaginu vegna þessa frv. Í pistlinum segir Illugi Jökulsson m.a. þetta — og ég ætla ekki að lesa allan pistilinn því að hann er nokkuð langur, með leyfi forseta::

„Genin eru lífseig kvikindi og við erum enn nákvæmlega sama fólkið og byggði fyrstu borgina suður í Jeríkó fyrir átta þúsund árum eða hvenær sem það nú var. Í því felst m.a. að þótt við séum hópdýr sem kunnum best við okkur innan um okkar líka þá viljum við samt ekki vera of innilokuð. Maðurinn var á sínum tíma helst til varnarlítil bráð fyrir alls konar vígtennt villidýr og það eimir enn í genum okkar eftir af þörfinni fyrir undankomuleið, fyrir víðáttu; þrátt fyrir alla hjarðmennskuna sem býr í okkur þurfum við að geta séð í kringum okkur út fyrir hópinn.

Þessi eðlislæga þörf mannsins fyrir víðáttu hefur að verulegu leyti jafnframt hópsálarskapnum verið sniðgengin í tæknibyltingunni. Við höfum hrúgað okkur allt of mikið saman, byggt of háa veggi í kringum okkur. Við höfum talið að sífellt hærri og þykkari múrar séu betri vörn gegn villidýrum sem eru okkur ekki lengur nein ógn heldur en undankomuleið víðáttunnar og opinnar náttúru. Það má halda því fram og jafnvel leiða að því einhver rök að ýmis þau óskemmtilegri vandamál sem maðurinn á við að stríða í eigin sál þessi missiri veraldarsögunnar, lítt skiljanleg og þrálát vanlíðan þrátt fyrir æ auðveldari lifnaðarhætti, enn óskiljanlegri grimmd, ofsi og græðgi þrátt fyrir að í rauninni sé varla lengur um neinar frumþarfir að berjast nema í vanþróuðum löndum. Það má sem sagt halda því fram að misbrestirnir í sál mannsins stafi af togstreitu, nánast geðklofa, djúpt í eðli hans, milli hinna eðlislægu þarfa mannsins fyrir víðáttu annars vegar og hins vegar þeirrar tilhneigingar hans, sem orðið hefur ofan á í reynd, að hrúga sér saman á litlu svæði, umbylta og breyta umhverfinu eftir eigin duttlungum og reisa um sig múra svo að brátt er hvergi ósnortinn sjóndeildarhringur.

Og það sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Ef við hugsum fram í tímann, og þá meina ég ekki 10 ár, ekki 20 og ekki 50, heldur 200 ár, 300 ár, 1000 ár, þá verður ekki betur séð en maðurinn verði orðinn enn þá innilokaðri en nú er, fastur í sinni eigin tækni, búinn að umbylta öllu í kringum sig og breyta stærstum hluta heimsins í sína eigin mauraþúfu. Þá mun hver einstaklingur hafa harla fátt við að stríða í hversdagslegum vandamálum en gen hans verða söm við sig. Hann verður enn þá í eðli sínu varnarlitla veiðidýrið sem þarf sífellt að halda vöku sinni og sjá í kringum sig. Og þá, þá fyrst, munum við sjá hve dýrmæt verða ósnortin eða a.m.k. lítt snortin svæði eins og hálendi Íslands þar sem sjóndeildarhringurinn er ekki gerður af manna höndum.

Ef tekst að varðveita hálendi Íslands mun það verða okkar stærsta og mesta auðlind í framtíðinni og þá er ég sem sagt að tala um næstu þúsund ár og þegar ég segi auðlind á ég ekki við gróðalind. Ég á ekki við að við getum lifað eins og blómi í eggi hér niðri á láglendinu, á höfuðborgarsvæðinu, og grætt á tá og fingri á að selja einhverjum útlenskum bjánum að gang að óbrúuðum ám og hrikalegum fjöllum þótt nú þegar séu innibyrgðir Evrópubúar og Ameríkumenn og Japanar tilbúnir að borga stórfé fyrir að sleppa stundakorn úr stórborgum sínum og tilbúnu umhverfi. Nei, ég er ekki að tala um gróðann sem við getum haft af hálendinu heldur er ég hreint og beint að tala um okkur sjálf, um geðheilbrigði íslensku þjóðarinnar sem mun velta á því eftir þúsund ár að við getum komist út undir bert loft, sloppið undan múrum okkar sjálfra og eygt undankomuleið þótt við höfum svo sem ekkert að flýja."

Áfram segir Illugi Jökulsson í pisli sínum:

„En skipulagsþrá mannsins er líka sterk, sú hvöt að rotta sig saman og byggja eitthvað til að fela sig inni í, sú þrá sem varð til þess að hinir fyrstu múrar voru reistir í Jeríkó og hefur allar götur síðan togast á við þörfina fyrir víðáttuna. Nú hefur skipulagsþrá mannsins teygt sig inn á hálendi Íslands og þar er stórkostleg hætta á ferðum ef skipulagt verður um of, ef reistar verða virkjanir, vegir, hús og brýr, háspennu-

línur og hótel, sem sé einir múrarnir enn. Eftir þúsund ár verða ósnortin eða lítt snortin svæði ansi fá eftir í veröldinni, og núna stendur okkur til boða að varðveita eitt slíkt svæði sem getur ekki einungis orðið börnunum okkar tekjulind í ferðamennsku heldur getur líka og miklu frekar orðið barnabarnabarnabarnabarnabörnum okkar undankomuleið í ofskipulögðum heimi."

Síðar segir Illugi: „Það gildir einu hversu snoturt er hjartalag þeirra hreppsnefndarmanna — það kemur alltaf að því fyrr eða síðar að þeir sjá ekkert athugavert við að taka eins og einn hektara undir skipulagt svæði, svo kannski annan og enn einn, og eftir þessi þúsund ár verður sjóndeildarhringurinn á hálendinu orðinn jafnþrautskipulagður og allt annað umhverfi mannsins í heiminum. Þessa auðlind sem hálendið er, þessa undankomuleið fyrir sjálft geðheilbrigði okkar Íslendinga má aldrei og undir engum kringumstæðum setja undir vald manna sem geta freistast til að hafa af henni skammvinnan gróða.

Mikið væri nú gaman ef það kæmi í ljós að víðernið á Íslandi gerði mönnum kleift að hugsa stórt og langt fram í tímann, þúsund ár eða jafnvel tíu þúsund ár og að menn gætu þá hugsað hlýlega til allra Íslendinga sem sáu út fyrir múrana og áttuðu sig á þörf sálarinnar fyrir ósnortinn sjóndeildarhring og víðernið í sjálfu sér. En þá kemur Páll Pétursson í sjónvarpið og fussar og sveiar yfir áhyggjum manna sem telja hálendinu stafa hætta af því að vera sett undir hreppsnefndir sem munu, eins og ég sagði, fyrr eða síðar freistast til að krækja sér í smápening með lítils háttar mannvirkjum hér og þar, fussar og sveiar og ætlar að keyra frv. sitt í gegn hvað sem líður þeim sem vilja fara varlegar í sakirnar og reyna að mynda breiðari hóp sem gæti hugsanlega horft út fyrir hina þrengri hagsmuni hreppanna, fussar og sveiar því hann segir hafa verið lengi í pólitík og ætlaði svo greinilega að segja að hann hefði alltaf keyrt hitt og þetta í gegn hvað sem leið öllu muldri en dró aðeins í land áður en hann missti þetta alveg út úr sér, en með leyfi að segja, kemur það eðli mannsins ekki hætis hót við hvort Páll Pétursson hefur verið lengi í pólitík eða ekki og eðli mannsins krefst þess — hvað sem líður skipulagsþörfinni — að vita líka einhvers staðar af opinni og óskipulagðri undankomuleið."

(**Forseti** (ÓE)**:** Það gildir ákveðin regla um ávörp til hv. þingmanna og ráðherra.)

Herra forseti. Ég var núna að lesa upp ræðu annars manns og hugsaði mig um hvort ég ætti að bæta inn hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Forseti áttaði sig ekki á því, þetta var orðinn svo langur lestur.)

Ég vona að þetta bendi ekki til að forseti hafi ekki verið að fylgjast með ræðu minni en ég tel að ég hafi farið rétt með þingsköp.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti verður að viðurkenna að athyglin var kannski ekki alveg í lagi.)

Ég ætla ekki að hafa þessa tilvitnun í þennan pistil Illuga Jökulssonar lengri en hann sýnir að mínu mati mjög vel þær tilfinningar og þá framsýni sem ég vil gjarnan að fólk átti sig á og það er svo nauðsynlegt í þessu máli að við rjúkum ekki til, látum ekki stundarhagsmuni ráða og áttum okkur á að hér er mjög einstök auðlind og þar á ég fyrst og fremst við ósnortnu víðernin sem á vissulega að leyfa fólki að njóta en einnig við virkjanirnar og þá möguleika sem eru þarna til staðar að öllu leyti.

Ég las pistilinn til þess að leggja áherslu á þá frumþörf mannsins að eiga sér andrúm í víðernum hálendisins. Ég tel mun meiri líkur á því að þetta andrúm verði varðveitt ef miðhálendið verður sérstakt svæði með eigin stjórnsýslu og skipulag. Varðveisla ósnortinna víðerna og skynsamleg nýting þeirra er gífurleg auðlind og lykillinn að þeirri ímynd sem við viljum að landið hafi og lykillinn að vellíðan okkar og hagsæld í senn. Vonandi berum við gæfu til þess að haga málum þannig að sem allra flestir geti orðið sáttir og að hagsmunir barnabarnabarna okkar verði ekki síður hafðir í huga en hagsmunir okkar sem byggjum nú landið. Þar á ég ekki síst við hagsmuni þeirra sem næst búa sem virðist því miður vera meginhugsunin í þessu frv.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur bent á það að ofannefnd verðmæti verði best varðveitt með náttúruverndarlögum og skipulagslögum. Ég get að ýmsu leyti tekið undir það sjónarmið hans og vil í því sambandi benda á ágætar greinar um almannarétt og landnýtingu eftir Stefán Má Stefánsson og um útilífsrétt eftir Sigurð Líndal en báðir höfundarnir eru prófessorar í lagadeild við Háskóla Íslands og þó að þessar greinar séu orðnar um 20 ára gamlar standa þær enn fyrir sínu. Þá má og benda á ágæta grein Þorgeirs Örlygssonar prófessors um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Ég nefni þessar heimildir því að ég tel að það séu mjög margir uggandi um rétt sinn t.d. til að tína ber, til að tjalda á óbyggðum svæðum o.s.frv. og ég tel að þarna sé mjög skilmerkilega gerð grein fyrir þeim rétti þó að það sé auðvitað ljóst að það fer nokkuð eftir því hverju fram vindur með þau frumvörp sem núna eru til umræðu hvort réttarstaðan breytist. Hitt er jafnljóst þó að þessi lög, náttúruverndarlög og skipulagslög skipti máli að það skiptir miklu máli hvort stjórnsýslu og skipulagi hálendisins er skipt í ræmur, eins og hér er lagt til, eða hvort því er stjórnað sem einni heild.

Ég virði þau rök sem einnig hafa komið fram í umræðunni, að þeir sem búi næst viðkomandi svæðum hafi oft sterkari taugar til umhverfisins og megi því búast við að þeir fari betur með umhverfið en aðrir. Ég tel það þó ekki nægilega góð rök fyrir því að láta stjórnun þessara svæða í þeirra hendur því að oft geta skammtímahagsmunir ráðið t.d. fyrir beit eða fyrir gróða af ferðamönnum. Þá óttast ég samkeppni t.d. tveggja aðliggjandi sveitarfélaga sem leiði til þess sem kom fram áðan í einu bréfinu sem ég las, að það yrðu margir sem byrjuðu á ferðamiðstöðvum eða einhverjum mannvirkjum en hefðu í raun ekki nægilegt fjármagn til að ljúka þeim framkvæmdum. Við stæðum þá uppi með hálfkaraðar byggingar um allt hálendið. Þessum svæðum verður að stjórna sem einni heild. Að mínu mati er því mun minni hætta á að ráðist verði í of margar framkvæmdir af of litlum efnum sem standa svo óklárðar í langan tíma. Það þarf að leggja fé í það sem verður gert og hafa alla umgerð til fyrirmyndar. Ég stórefast um að fjárhagslegt bolmagn sveitarfélaga sé yfir höfuð þannig að þau geti staðið að slíkum framkvæmdum þannig að til fyrirmyndar verði.

Þessi skipan og þessi umræða er ekki síst athyglisverð vegna þjóðlendufrv., herra forseti, en samkvæmt því mun mikið af þeim svæðum sem um ræðir verða eign ríkisins en eins og nú er háttað ríkir réttaróvissa. Það er ekki alveg ljóst hver á þessi svæði. Ætla má því að hugsunin sé sú að sveitarfélögin eigi að geta ráðið stjórnsýslu og skipulagi á þessum svæðum eða a.m.k. á svæðum viðkomandi sveitarfélaga og eigi væntanlega að fá fé til þess frá eigandanum eða ríkinu. Það skyldi þó ekki vera þannig sem á að tryggja framsóknarhagsmunina á kostnað almennings á þétt-

býlissvæðum? Ég nota þá hugtakið framsóknarhagsmunir í yfirfærðri merkingu. Það er þetta sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. er að gera. Þetta sem héraðsnefndarformennirnir höfðu sem grunnforsendur þegar þeir sömdu fyrirliggjandi skipulagstillögu, eða hvað? Eða hvaða aðrar forsendur lágu til grundvallar?

Samkvæmt orðum skipulagsstjóra og fulltrúa frá ferðamálageiranum, orkugeiranum og náttúruverndarsamtökum skorti forsendur um nýtingu á öllum ofannefndum sviðum við vinnu svæðisnefndarinnar um gerð skipulags miðhálendistillögunnar sem nú liggur fyrir. Slíkar forsendur hafa líklega reynst óþarfar ef karpið gekk fyrst og fremst út á það hvað kæmi í hvers hlut.

Ég tel það lágmarkskröfu að miðhálendið sé ein skipulagsleg heild en get ekki séð að fyrirliggjandi tillaga um breytingar á skipulagslögum tryggi það þó svo eigi að vera. Ég er því ekkert hissa á að þessi málamiðlun hafi fallið í grýttan jarðveg hjá nokkrum þeim þingmönnum sem bundu vonir við hana þegar komið var í veg fyrir að hún yrði afgreidd með því að banna að hún yrði tekin hér til umræðu. Þess vegna er tillagan bæði efnislega gölluð að mínu mati og einnig er það galli fyrir þá sem töldu hana vera málamiðlun að hún er ekki afgreidd samhliða þessu frv.

Niðurstaða mín er því sú, herra forseti, að enginn annar skynsamlegur kostur sé í stöðunni en að fresta afgreiðslu málsins, a.m.k. 1. gr. og ákvæðinu til bráðabirgða, þó svo sveitarstjórnarfrv. sjálft geti farið í gegn að öðru leyti. En ég get þó ekki séð að það skipti meginmáli hvor kosturinn er valinn vegna þess að í raun er ekki um neinar stórkostlegar breytingar að ræða á sveitarstjórnarlögunum.

Að lokum vil ég ítreka það, herra forseti, og láta í ljós þá ósk mína að forsn. þingsins ... Herra forseti. Ég er að tala sérstaklega til forsetans nú svo að ég vil gjarnan fá athygli hans.

(**Forseti** (ÓE): Forseti hlustar.)

Ég vil að lokum láta í ljós þá ósk mína að forsn. þingsins taki stjórn þess í sínar hendur af festu og sýni að það er hún sem hefur húsbóndavaldið á Alþingi þó að ráðherrann sjálfur ráði yfir ríkisstjórn landsins. Við alþingismenn erum stöðugt minntir á það að við þiggjum vald okkar frá fólkinu og það var skelfilegt að heyra að hæstv. forsrh. virðist ekki átta sig á því. Vonandi er skýringin einfaldlega sú að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hefur ekki mikla þingreynslu, þ.e. hann hefur ekki mikla reynslu af því að vera óbreyttur þingmaður þar sem hann varð samtímis ráðherra og alþingismaður. Jafnvel þó að þetta sé skýringin þá er hún óviðunandi vegna þess að hann er kjörinn alþingismaður og þekkir mætavel stjórnskipan lýðveldisins.

Loðvík XIV. hefði ekki hikað við stjórnunarhætti af þessu tagi og hver minnist ekki þess hvað Jeltsín gerði í Rússlandi fyrir skemmstu. Kannski það sé næsta vers að þingið verði sent heim þó varla megi búast við því að ríkisstjórnin verði rekin því hvað verður þá um herrann sem ræður?

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög stór orð en þau eru sögð að gefnu tilefni. Eins og ég sagði í umræðu um stjórn þingsins fyrr í dag þá ofbauð mér algerlega að heyra orð hæstv. forsrh. þar sem minn skilningur er sá að þau orð hafi fallið án ákvörðunar forsn. þingsins, þ.e. þetta hafi verið hugmyndir hæstv. forsrh. en ekki að þessi ákvörðun hafi verið tekin af forsn. þingsins og tilkynnt honum. Ég geri greinarmun á þessu tvennu. Ef það er réttur skilningur sem ég nefndi áðan að forseti þingsins hafi ekki tekið þessa ákvörðun, þá finnst mér þetta hafa verið niðurlægjandi fyrir hæstv. forseta og þarna hafi verið sýndir stjórnunarhættir sem bera ekki merki hógværðar og auðmýkt gagnvart almenningi sem ráðamenn velflestra lýðræðislanda vilja við hafa. Það er því ljóst, eins og segir í áðurnefndri grein Ásgeirs Sverrissonar í Morgunblaðinu 1. maí:

„Á Íslandi „ráða" þeir „herrar" sem gegna embættum „ráðherra", annars staðar er hugsunin sú að það fólk sem þessum störfum sinnir sé í þjónustu almennings. Embættisheitum má auðveldlega breyta en erfiðara getur reynst að kalla fram breytingar á þeirri hugsun sem að baki býr."

Ég vil enda ræðu mína með þessum orðum, hæstv. forseti, að vonandi áttar þjóðin sig bráðlega á því að það er hægt að gera kröfur til bættrar stjórnunar, ekki bara í ríkisfyrirtækjum eins og bönkum heldur einnig til alþingismanna og ráðherra. Tímarnir eru að breytast og vonandi verður ein táknmynd þeirra breytinga sú að við skiptum út orðinu ráðherra fyrir annað sem í senn ber með sér hófsemi og virðingu fyrir almenningi og er ekki eyrnamerkt körlum. Hér ríkja stjórnarhættir fortíðar fremur en 21. aldarinnar og breytt vinnubrögð verða að koma til.

Herra forseti. Ég hef lokið ræðu minni.

[19:13]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að forsn. þarf engar sérstakar brýningar. Hún er sér meðvituð um skyldur sínar og valdsvið og forsn. reynir að taka tillit til óska bæði ríkisstjórnar, meiri hlutans á Alþingi, og minni hlutans, en gerir sér áreiðanlega grein fyrir að hún gerir kannski ekki alltaf svo öllum líki.

[19:14]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér hefur staðið mikil og löng umræða um sveitarstjórnarmál eða frv. til sveitarstjórnarlaga eins og það heitir. Er fróðlegt að reyna að átta sig á því hvers vegna þessi umræða hefur staðið svona lengi og hvað hefur komið út úr þessari umræðu. Ég held að það geti ekki hafa farið fram hjá neinum þeim sem hefur fylgst með umræðunni að um mikið grundvallarágreiningsmál er að ræða. Það eru í raun tvær mjög andstæðar skoðanir sem takast á varðandi 1. gr. frv., það grundvallaratriði hvort skipta eigi öllu landinu í sveitarfélög upp á efstu jökultoppa eða hvort eitthvert annað skipulag kæmi til greina.

Það er orðið svo langt síðan ég tók til máls í þessari umræðu að mér finnst rétt að rifja það upp að ég ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni átti hlut að ákveðnu samkomulagi sem við töldum okkur vera að gera og héldum að við værum að vinna að ákveðinni lausn á þessu máli vegna þess, hæstv. forseti, að ég held að það sé alveg ljóst að á Alþingi er meiri hluti fyrir þeirri tillögu sem liggur fyrir í 1. gr. og gengur út á það að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög, þ.e. að skipta hálendinu öllu upp á milli sveitarfélaga. Ég held að raunveruleikinn sé að hér sé meiri hluti fyrir því. Þar af leiðandi vildum við ásamt nokkrum fleiri þingmönnum leggja okkar af mörkum og gera allt til þess að reyna að finna lausn sem gæti sætt þessi tvö mjög svo andstæðu sjónarmið.

Ég trúi því enn þá að sú tillaga sem hæstv. umhvrh. lagði fram, ég held það hafi verið í síðustu viku, dugi býsna langt til að brúa þetta mikla bil til að fá þann hluta landsmanna sem m.a. hefur látið til sín heyra á suðvesturhorninu til að sætta sig við skipan mála. Við getum deilt um skipan fyrirhugaðrar nefndar og við getum reynt að finna betri lausn á því máli

en ég hefði óskað og ég hefði talið það mjög brýnt að við afgreiddum það frv. samhliða þessu frv. og ég harma það mjög að sú leið skuli ekki hafa verið farin. Ég held að þegar það frv. — ég ítreka að ég treysti því að það verði lagt fram á haustþingi — en ég hygg að þá muni endurtaka sig að einhverju leyti sú umræða sem hér hefur átt sér stað. Ég held því að það hefði verið skynsamlegra annaðhvort að klára málið nú með því að samþykkja þessi frv. samhliða eða að fresta þeim báðum þannig að þessi mál yrðu öll afgreidd í einu pakka. Ég get auðvitað ekki leynt þeirri skoðun minni, hæstv. forseti, að ég óttast að það sé líka mikil andstaða við þá leið sem lögð er til í tillögu hæstv. umhvrh. og að sú andstaða geti orðið til þess að breyta þessu máli eitthvað eða tefja það.

Í umræðunni hefur verið bent á ýmsar leiðir sem væru færar eins og að fresta gildistöku 1. gr. þar til niðurstaða er fengin varðandi skipulags- og byggingarlögin. Það eru ýmsar leiðir færar. En því miður finnst mér að hér innan veggja sé ekki vilji til þess að ná víðtæku samkomulagi um þetta mál og ekkert hefur verið rætt við stjórnarandstöðuna um það að leita lausna. Það hefur mjög alvarlegar afleiðingar ef mál eins og þessi eru knúin í gegn gegn vilja — nú ætla ég ekki að leyfa mér að tala í nafni einhvers meiri hluta — a.m.k. ýmissa sem hafa tjáð sig og búa á suðvesturhorninu og eru mjög andvígir þessari breytingu og óttast hana, og það ekkert að ástæðulausu, hæstv. forseti. Það má alls ekki gera lítið úr þeirri andstöðu sem fram hefur komið og m.a. birtist okkur þingmönnum þessa dagana í bréfasendingum gegnum tölvukerfið og í gegnum ályktanir sem streyma til okkar. Ótti fólks stafar af því að margir hafa upplifað að víða er þrengt að útivistarfólki. Skotveiðimenn kvarta yfir að því að verið sé að loka svæðum, það er verið að afmarka hvar má tína ber og hvar má tjalda o.s.frv., oft auðvitað af nauðsyn og í fullum rétti landeigenda. En þarna er um að ræða umræðu sem snertir mjög marga.

Þá er því heldur ekki að leyna, herra forseti, að þær hugmyndir sem fulltrúar Svínavatnshrepps lögðu fram um skipulag Hveravalla urðu til þess að mjög margir hrukku við og spurðu: „Hvað á eiginlega að gera á hálendi Íslands? Á að leyfa að þar séu reistar þjónustumiðstöðvar, bensínstöðvar o.s.frv. eða á þetta allt að vera friðland þar sem öll byggð og mannvirki eru mikið takmörkuð?“ Það er margt sem veldur því að þessi mikla andstaða er til staðar. Þetta er landsvæði sem hefur mikla sérstöðu. Þarna eru margar helstu náttúruperlur Íslands. Þetta er svæði sem við reynum að beina ferðamannastraumnum inn á og mjög miklu máli skiptir hvernig haldið verður á skipulags- og byggingarmálum á þessu svæði. Því er eðlilegt að sem flestir komi að því verki.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka þá umræðu sem hér átti sér stað við upphaf þessarar umræðu um hvað það þýði í raun og veru að einhver nefnd annist svæðiskipulagið og hver verði svo réttur sveitarfélaganna hvað varðar aðalskipulag og deiliskipulag og að hvaða leyti hægt sé að stöðva óæskilegar framkvæmdir eða eitthvað sem kann að valda miklum mótmælum. En það er alveg ljóst í mínum huga að ef þetta er ákveðið í svæðisskipulagi — reyndar megum við ekki gleyma því að þjóðlendurnar munu hafa mikil áhrif á þessi mál öll líka — þá verða sveitarfélögin auðvitað að miða við svæðisskipulagið. Þau hafa ekki leyfi til þess að byggja vegi, þjónustumiðstöðvar eða eitthvað slíkt á svæðum sem hafa verið friðuð. Löggjafinn hefur líka alltaf möguleika á því að friða svæðin og svo mörg önnur lög snerta þetta dæmi allt saman eins og náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlögin, lög um þjóðgarða og fleiri. En það skiptir miklu máli að hafa þarna heildarsýn. Ég vil því að við tölum af mikilli virðingu um báða aðila þessa máls, þ.e. þá sem leggja áherslu á að skipuleggja hálendið sem heild og vilja að íbúar suðvesturhornsins komi þar að og auðvitað líka um viðhorf sveitarfélaganna á þessu svæði og íbúanna þar. Ég sé í ályktunum sem hafa borist að ýmsum sveitarstjórnarmönnum finnst sem umræðan sé mjög niðrandi í þeirra garð og að umræðan lýsi vantrausti á sveitarstjórnarmenn. Því er ekki að leyna að auðvitað gætir vissrar spennu og gagnrýni og menn óttast að það kunni að verða gripið til einhverra framkvæmda eða samþykktar einhverjar framkvæmdir sem margir teldu vera hálendinu mjög skaðlegar.

Það má líka spyrja sig, eins og ég gerði reyndar við 1. umr., um það hvaða afl og hvaða peninga þessi litlu sveitarfélög hafi til þess að vinna mjög nákvæmt skipulag. Það væri miklu betra að þar kæmu fulltrúar allra sveitarfélaganna að og að það skipulag og þær ákvarðanir sem því fylgdu yrðu þá hugsanlega að einhverju leyti kostaðar úr sameiginlegum sjóðum ef um það er sameining. En þetta er auðvitað allt saman framtíðarpólitík.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég er heldur leið yfir því hvernig þessi umræða hefur þróast. Mér finnst, ef eitthvað er, að línur í báðar áttir eða gjáin sem hefur verið frá upphafi milli manna í þessu máli hafi frekar breikkað en hitt og við eigum býsna langt í land með að ná saman um þetta mál sem ég hefði talið það langæskilegasta og í raun alveg lífsnauðsynlegt fyrir þjóðfélag okkar því að ég óttast að miklar deilur eigi eftir að verða um þessi mál á næstu árum og verði frv. að lögum með þessum hætti þá verður örugglega fylgst býsna grannt með þeim sveitarfélögum sem þarna eiga hlut að máli.

Áður en ég lýk að fjalla um það sem þessi umræða hefur mestmegnis snúist um, þ.e. hálendismálin, vil ég minna á að þingmönnum hafa borist fjöldi bréfa fyrst, fremst til þess að mótmæla því að landinu verði skipt upp á milli sveitarfélaganna. Ég hef fengið allnokkur tölvubréf og önnur bréf og ályktanir sem ég ætla ekki að lesa hér upp. En mér finnst þetta sýna að fólk er býsna vakandi yfir þessu máli eins og reyndar fundir sem haldnir hafa verið í Reykjavík sýna. En til að auðvelda framtíðina og framgang þessara mála væri forvitnilegt ef við hefðum fengið að heyra eitthvað frá þeim sveitarfélögum sem munu fá þessi svæði til yfirráða, þ.e. hvaða hugmyndir þau hafa um skipulag, nýtingu og framtíðina. En slíkt hefur ekki komið fram og eina dæmið er auðvitað hið fræga dæmi um Hveravelli sem hefur hrætt marga.

Hæstv. forseti. Aðalástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs að nýju við þessa umræðu er aðrar greinar frv. og þær umræður sem hér hafa orðið um þær. Það er oft til góðs að umræður dragist á langinn vegna þess að það gefur ýmsum aðilum oft kost á því að skoða það um hvað málin snúast og skemmst er frá því að segja, hæstv. forseti, að ýmsir hafa verið að skoða þetta frv. og vakið athygli á ýmsum málum. Ekki má gleyma því að við erum að ræða væntanlegan lagabálk, heildarlög um sveitarstjórnarmál. Í frv. er heildaryfirlit yfir sveitarstjórnarmálin, stjórnarhætti o.fl. Þetta er frv. upp á hvorki meira né minna en 105 greinar. En menn gætu haldið af umræðunni að það væri bara ein grein.

Mig langar til að koma inn á nokkur atriði vegna þeirrar

umræðu sem orðið hefur og vegna ábendinga og bréfa sem okkur hafa borist. Vil ég upplýsa í því sambandi það sem reyndar hefur komið fram áður í umræðunni, að þegar hv. félmn. afgreiddi málið frá sér var samþykkt í nefndinni að taka málið aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr. til að fara yfir umsagnir sem beðið var um frá hv. allshn. En síðan hefur komið í ljós að það eru nokkur atriði sem við vildum gjarnan skoða betur vegna ábendinga sem okkur hafa borist. Mig langar til þess að víkja aðeins að þeim hér og auk þess að nokkrum öðrum greinum sem ræddar hafa verið í umræðunni.

Þar er fyrst að nefna að hv. félmn. barst bréf frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Bréfið barst býsna seint en þessar ábendingar eru þess eðlis að ég held að við í hv. félmn. getum ekki annað en tekið þær til skoðunar. Reyndar hafa nokkrir ræðumenn sagt frá þessu athyglisverða bréfi en hér er auðvitað um mjög sérstakt mál að ræða. Hér er einfaldlega verið að benda á að það fyrirkomulag sem Reykjvíkurborg og Hafnarfjarðarbær hafa haft við endurskoðun reikninga sinna hjá stofnunum sínum standist ekki. Í Reykjavíkurborg sér endurskoðun borgarinnar um verkið og endurskoðendurnir eru ráðnir af Reykjavíkurborg eða af borgarstjórn.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda bendir á að þetta fyrirkomulag standist ekki nýlega samþykkt lög um endurskoðendur. Það er ekki langt síðan lögin voru endurskoðuð. Þau eru nr. 18/1997 og þar eru gerðar miklar kröfur til endurskoðenda þannig að þeir haldi sínum rétti. Þeir vilja meina að fyrirkomulagið sem nú er hjá Reykjavíkuborg og Hafnarfirði standist ekki þessi lög. Þetta er auðvitað mjög alvarleg athugasemd.

Ég vil upplýsa að þetta var töluvert mikið rætt í nefndinni en okkur láðist að gera samanburð við þessi nýju lög. Reyndar var lögð mikil áhersla á það af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að ekki yrði hróflað við þessu fyrirkomulagi. Það gengur hins vegar ekki, hæstv. forseti, að hér sé um stofnanir eða fyrirkomulag að ræða sem ekki stenst lög. Það hefur komið fram í ábendingum að þeir sem hingað til hafa endurskoðað fyrir Reykjavíkurborg gætu einfaldlega misst réttindi sín ef þessu fyrirkomulagi verður ekki breytt. Þetta mál verðum við að fara betur ofan í. Það er mjög brýnt.

Þarna er einfaldlega um það að ræða að jafnvel við sem erum að setja lögin áttum okkur ekki alltaf á samhenginu og því hve margt hefur breyst í stjórnarháttum okkar. Hér er auðvitað um það að ræða, að skilja endurskoðunina frá fyrirtækinu og að hlutlaus aðili eigi að koma að endurskoðun þannig að henni sé hægt að treysta.

Ég hef heyrt því haldið fram að menn telji að fyrirkomulagið hjá borginni sé svipað og hjá Ríkisendurskoðun sem heyrir undir Alþingi en það er auðvitað engan veginn sambærilegt. Alþingi hefur það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og til þess er m.a. Ríkisendurskoðun sem endurskoðar allar ríkisstofnanir. Reyndar kann þar að vera einhver brotalöm enn þá, en Ríkisendurskoðun er auðvitað ekki og á ekki að vera háð framkvæmdarvaldinu. Það er því alls ekki sambærilegt við stöðu Ríkisendurskoðunar eða það að Reykjavíkurborg ræður sína endurskoðendur.

Ég sé ekkert sem mælir á móti því að Reykjavíkurborg og Hafnarfjörður bjóði þetta verk einfaldlega út og endurskoðendur geti þá keppt um hið mikla verk sem það hlýtur að vera að endurskoða reikninga Reykjavíkurborgar. Það er a.m.k. betra en að þeir endurskoðendur sem þar eru, og ég veit ekki annað en séu hinir mætustu menn sem mikið mark hefur verið tekið á í gegnum árin missi réttindi sín. Þetta er því mjög athyglisvert mál sem þarf að skoða.

Annað erindi sem borist hefur er bréf frá Gísla Jónssyni prófessor emeritus sem vill vekja athygli á einni þeirra greina, sem hér hefur töluvert verið rædd, en það er 7. gr. sveitarstjórnarfrv. Sú tillaga var sett fram að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga og með samþykki félmrn. um að sveitarstjórnirnar settu sér ákveðna stefnu varðandi arð af fyrirtækjum sínum. Hér er mjög margt að skoða, hæstv. forseti, og ég vil að það komi mjög skýrt fram að minn skilningur á þessari tillögu er sá að hér sé séð til þess að lagastoð sé fyrir því að að t.d. fyrirtæki borgarinnar, eins og hitaveitan og fleiri, fái arð af rekstri sínum, eðlilegan arð, hvernig sem menn svo skilgreina hann.

Við hljótum auðvitað að taka mið af ábendingum umboðsmanns Alþingis sem hefur bent á að þetta sé gjaldtaka en ekki skattlagning. Alþingi fer með skattlagningarvaldið og þar af leiðandi hafa sveitarfélögin ekki heimild til að selja þjónustu á öðru verði en fyrst og fremst til að greiða fyrir þá þjónustu sem veitt er, auk þess að standa undir eðlilegum kostnaði, endurnýjun og slíku. Ég lít svo á að hér sé um að ræða takmörkun gagnvart sveitarfélögunum. Það verður auðvitað að segjast eins og er að greinin er býsna opin. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er um ákaflega viðkvæmt mál að ræða vegna þess að t.d. Reykjavíkurborg hefur mjög miklar tekjur af hitaveitunni. Ég held að Reykjavíkurborg hafi haft 900 millj. í tekjur af henni á síðasta ári og þetta er auðvitað mjög stór tekjustofn hjá borginni.

Borgina mundi muna mjög mikið um það ef þessi tekjustofn væri af henni tekinn. Það eru greinilega áhöld um það hvort þetta stenst og hvað þarna er á ferðinni. Er þetta gjald eða skattur og er eðlilegt að sveitarfélög hafi svona miklar tekjur af þjónustu við neytendur sína? Eins og hv. þm. hafa orðið varir við hafa sveitarstjórnarmenn skipst á skoðunum um þetta mál. Borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur að sjálfsögðu varið þennan rétt og telur að þessi tillaga sé borginni mjög mikilvæg, eins og hún lítur út, meðan bæjarstjórinn í Garðabæ hefur bent á það sem ég var að tala um, að það sé ekki eðlilegt að hafa svo miklar tekjur af þjónustustofnun.

Hér er auðvitað um mjög viðkvæmt mál að ræða sem við hljótum að skoða mjög vel. Við eigum eftir að skoða það betur á næstunni, næstu mánuðum og hugsanlega á næsta þingi en gert hefur verið. Það verður að segjast að þessi tillaga kom býsna seint fram í umfjöllun nefndarinnar. Ég hefði viljað hafa meiri tíma til að átta mig betur á því hvað hér er um að ræða. Ég vil benda á að í ræðu sinni í þessari umræðu fór hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mjög rækilega yfir þetta mál og varpaði fram spurningunni: Hvað er eðlilegur afrakstur? Hvað er eðlilegur arður? Er það 10% eða 7% eða 27%? Við hvað á að miða? Ég held því að hér sé á ferðinni mál sem löggjafinn þarf að skoða mjög rækilega í framhaldi af tillögunni en ítreka enn og aftur að þetta er afar viðkvæmt gagnvart sveitarfélögunum í landinu.

Fleiri þingmenn hafa komið inn á þetta í umræðunni, svo sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og hv. þm. Sturla Böðvarsson. Þau fögnuðu því að það yrði þó sett regla um þetta en eins og ég hef rakið þá eru skiptar skoðanir um þetta mál.

Varðandi nokkrar aðrar greinar sem mikið hafa verið til umræðu og gagnvart þeim þingmönnum sem hér hafa talað virðist mér nauðsynlegt að það komi skýrt fram hvað var rætt

í hv. félmn. Ég verð að rifja upp, hæstv. forseti, að við 1. umr. um þetta mál auglýsti ég eftir athugasemdum þingmanna við þetta frv. Hér á hinu háa Alþingi eru mjög margir reyndir sveitarstjórnarmenn. Hér eru margir sem setið hafa um lengri eða skemmri tíma í sveitarstjórnum. Hér eru allmargir sem hafa verið sveitarstjórar eða bæjarstjórar og fólk með mikla reynslu í þessum málum. Því miður gerðist það sama við 1. umr. og gerst hefur nú við 2. umr. að öll athyglin hefur beinst að 1. gr. þessa frv. og þess vegna, hæstv. forseti, fengum við í nefndarstarfinu, mjög litla leiðsögn frá þingmönnum. Því miður gildir það sama um sveitarstjórnir landsins.

Sveitarstjórnunum fannst greinilega frv. vera til bóta og að hér væri tekið á ýmsum góðum málum. Þar voru ekki gerðar miklar athugasemdir við sjálft frv. en við 2. umr. hefur síðan komið í ljós að ýmsir af þessum reyndu sveitarstjórnarmönnum hafa kannski fyrst við undirbúning 2. umr. lesið þetta frv. almennilega. Þeir hafa komið með ýmsar spurningar og ábendingar. Þeir hafa talað um að þetta væri metnaðarlaust frv. og hér væri ekki horft til framtíðar o.s.frv. Ég hefði nú óskað eftir því, hæstv. forseti, að þessi sjónarmið hefðu komið fram við 1. umr. og þessum ábendingum hefði verið komið á framfæri. Með því móti hefði verið hægt að skoða þær betur í vinnunni við frv.

Ég hef sjálf ekki setið í sveitarstjórn. Maður býst við því að það séu fyrst og fremst sveitarstjórnarmenn sem hafi ýmsar góðar ábendingar. Vissulega hafa vaknað margar spurningar við umræðuna, t.d. varðandi 12. gr. þar sem fjallað er um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Nokkrir þingmenn hafa nefnt þessa grein og ég held ég muni það rétt og get flett því upp í mínum gögnum að í umsögnum voru nánast engar athugasemdir gerðar við þessa grein. Einn einasti aðili, Akureyrarbær, spurði hvort ekki væri rétt að hafa rýmri mörk á fjölda sveitarstjórnarmanna.

Ég verð að segja, hæstv. forseti að ég hefði gjarnan viljað skoða þetta mál nánar.

Hér í a-lið 12. gr. er miðað við að þar sem íbúar eru innan við 200 skuli vera þrír til fimm aðalmenn. Maður getur spurt sig: Er þriggja manna sveitarstjórn ekki allt of fámenn? Hefði ekki verið rétt að miða regluna við fimm?

Við getum skoðað þetta mál nánar á milli 2. og 3. umr. Þegar við fjölluðum um kosningalögin gerðum við töluverðar breytingar á þeim viðmiðunum sem þurfti hvað varðar undirskriftir áður en framboðslisti er lagður fram og reyndum að búa til einhverja lógíska reglu og kannski hefðum við þurft að skoða þetta dæmi líka. Þar er skemmst frá að segja, hæstv. forseti, að vinna nefndarinnar beindist að mjög miklu leyti að umræðunni um hálendismálin og það komu sem sagt ekki fram ábendingar eða vilji til þess að breyta greininni fyrr en núna í umræðunni, við 2. umr., að nokkrir þingmenn hafið sérstaklega máls á þessu. Þá rifjast upp fyrir mér að það hafa líka komið fram töluverðar athugasemdir varðandi 6. gr. um lágmarksíbúatölu í sveitarfélögum og ég ítreka þá skoðun mína að í raun og veru finnst mér talan 50 manns alveg út í bláinn. Ég virði hins vegar þá skoðun að menn óttast að sú þróun sem hefur átt sér stað að undanförnu og það mikla skrið sem er á sameiningu sveitarfélaga gæti hrokkið í bakgír ef farið væri að breyta þessu, af því að þetta er víða viðkvæmt mál og ég ætla að virða þau sjónarmið.

Ég held að það hljóti að verða nauðsynlegt mjög bráðlega að breyta þessari tölu því að þessi tala nær náttúrlega ekki nokkurri átt, miðað við öll þau verkefni og þá þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi. Ég tek því undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á 6. gr. og ég held að það hljóti að koma fljótlega að því að þessu verði breytt.

Einnig hefur orðið nokkur umræða um 19. gr. frv. Ég ætla ekki að vitna í einstaka þingmenn heldur reyna aðeins að fara í gegnum þær greinar sem hafa helst verið gagnrýndar út frá sjónarmiði nefndarinnar. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að setja mig í spor ráðherrans eða svara neitt fyrir hann, hann verður að sjálfsögðu að svara fyrir sig. Ég er eingöngu að reyna að skýra þetta út frá umræðunni í nefndinni og ekki síst að reyna aðeins að meta þessar athugasemdir út frá því hvort einhver ástæða sé til þess að skoða þær nánar í umræðunni.

Það var sem sagt 19. gr., um hæfi sveitarstjórnarmanna og vanhæfi. Allnokkrir þingmenn hafa komið inn á þetta í umræðunni og það kann vel að vera að skilgreina þurfi betur ákvæði í lögum hvenær sveitarstjórnarmanni beri að víkja, þ.e. eins og segir hér í 1. mgr. 19. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af."

Síðan eru fleiri skilgreiningar.

Það kann að vera að í litlum eða tiltölulega litlum og fámennum sveitarfélögum geti menn lent í miklum vanda með þetta ákvæði. En það verður þá að koma í ljós. Ég held að það sé mjög af hinu góða að reyna að setja reglur því að það verður að segjast eins og er að það er alveg ótrúlegt hve margir átta sig illa á því þegar um hagsmunaárekstra er að ræða og á þessu úrræði að víkja sæti og víkja af fundi og kalla inn varamann þegar einhver slík mál eru til umfjöllunar sem snerta persónulega hagsmuni. En hér hafa komið fram áhyggjur um að þetta gæti reynst litlum sveitarfélögum erfitt og ég held það verði bara að láta á það reyna, ég held að það sé nauðsynlegt að fá ákvæði af þessu tagi inn í lögin.

Það er svo annað mál sem kemur fyrir síðar í lögunum sem snertir það hvenær menn eru kjörgengir og hverjir megi sitja í stjórnum og ráðum á vegum sveitarfélaganna. Þar er einmitt verið að reyna að setja reglur til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði þetta að umtalsefni og ég held líka hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þetta kann auðvitað að geta orkað tvímælis. Það kom líka fram í ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að menntmrn. hefði túlkað þessa reglu með nokkuð sérstæðum hætti og í raun sagt að skólastjórar mættu ekki sitja í sveitarstjórnum vegna þess að þar væri fjallað um þeirra mál.

Þetta er orðið býsna erfitt viðfangs. Ef skólastjóri er kjörinn í sveitarstjórn þarf hann þá alltaf að víkja þegar skólamál eru til umræðu? Hvað verður þá um sérþekkinguna á málefnunum sem um er að ræða? Að vísu er hægt að kalla menn til og menn geta vikið þegar kemur að atkvæðagreiðslu og eitthvað slíkt, en þetta kann að verða vandmeðfarið. Þarna er um sama tilganginn að ræða, að reyna að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og að menn víki sæti og kalli þá inn varamenn. Ég hygg að þetta sé ekki vandamál í stærri sveitarfélögum landsins en það kann að gilda hið sama hvað þetta atriði varðar eins og hér 19. gr. um hæfi, að þetta kunni að verða litlum sveitarfélögum erfitt.

Hins vegar er það þannig, hæstv. forseti, að með þeim mikla verkefnatilflutningi sem hefur átt sér stað til sveitarfélaganna hefur hin mikla sameiningaralda fylgt í kjölfarið. Sveitarfélögin eru að stækka og þar með mun draga úr þess-

um vandamálum. Reynslan verður að skera úr því hvort hér er um of ströng ákvæði að ræða.

Í báðum ræðum sínum vék hv. þm. Gísli S. Einarsson að athyglisverðri hugmynd sem hann hefði betur komið með við 1. umr. málsins. Það varðar það atriði hvort ekki eigi að skylda sveitarstjórnir til þess að taka upp fundi, sem sagt að fundir séu teknir upp á segulband þannig að það liggi algjörlega skýrt fyrir hvað hafi verið rætt á viðkomandi fundum. Mér finnst þetta mjög athyglisverð hugmynd því að þess eru dæmi og hafa orðið átök og dómsmál vegna þess að menn hafa tekist á um túlkanir á ummælum og jafnvel ákvörðunum og menn skilið umræður á mismunandi vegu. Þá væri auðvitað mjög til bóta að allt slíkt væri til á böndum líkt og tíðkast á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað ekki mikill kostnaður sem þessu fylgir fyrir sveitarfélögin, það þarf ekki að setja upp heilu stúdíóin út af þessu. Mér finnst þetta mjög athyglisverð hugmynd en hún hefði þurft umræðu og að komast til umsagnar til sveitarfélaganna þannig að ég hygg að hún verði að bíða betri tíma. En auðvitað er ekkert sem bannar sveitarfélögunum að gera þetta. Ég held að hv. þm. Gísli Einarsson ætti að taka sig til og skrifa eins og eina blaðagrein um þetta og koma þessari hugmynd á framfæri. En hugmynd hans var sú að það bæri að skylda sveitarfélögin til þess að gera þetta.

Það leiðir hugann að því, sem hefur komið töluvert við sögu í umræðunni, það hvort ríkisvaldið sé að skipta sér um of af sveitarfélögunum, hvort verið sé að sníða þeim of þröngan stakk hvað varðar starf þeirra og stefnu og auðvitað er það alltaf til umræðu og í rauninni ætti ekki að þurfa að skylda sveitarfélögin til jafnsjálfsagðra og eðlilegra hluta og að taka upp fundi. Sums staðar er bæjarstjórnarfundum útvarpað í bæjarfélögum og það kann vel að vera að þeir séu teknir upp í leiðinni. En það eru fjöldamargir fundir aðrir sem haldnir eru á vegum sveitarfélaganna og spurning hvað menn eiga að ganga langt í því að taka þá alla upp á band en stundum getur það skipt miklu máli.

Það hefur verið vikið að ýmsum öðrum greinum eins og varðandi ráðningu framkvæmdastjóra og hvort þar sé verið að sníða sveitarfélögunum of þröngan stakk. Þetta var töluvert rætt í nefndinni og komu fram óskir frá, ef ég man rétt, Sambandi ísl. sveitarfélaga og það var orðið við beiðni þeirra um breytingu. Það verður því meiri sveigjanleiki og sveitarfélögin ráða því hvernig þau semja við sveitarstjóra sína en meginreglan er sú að þar ræður þriggja mánaða uppsagnarfrestur eins og eðlilegt má teljast.

Ég ætla þá aðeins að víkja að 90. og 91. gr. sem hafa nokkuð komið við sögu í umræðunni en varða sameiningu sveitarfélaga. Í umræðunni hafa komið fram algjörlega andstæð sjónarmið, annars vegar hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, sem fagnaði því hvernig málin eru fram sett, en hins vegar var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson með ákveðnar spurningar í þessu sambandi. Hann spurði hvort heimilt væri að eitt sveitarfélag gæti verið samsett úr átta einingum og ein eining í hverju kjördæmi á landinu. Í sjálfu sér er ekkert sem bannar það. Hins vegar hlýtur að gefa auga leið að slík samvinna og sameining væri heldur óhagkvæm og lítið gagn í henni þannig að ég held að við verðum að treysta á skynsemi fólks hvað þetta varðar. Sameining sveitarfélaga, þó hún verði yfir kjördæmamörk, verður fyrst og fremst í þeim tilgangi að hægt sé að nýta þjónustu sameiginlega og til þess að efla sveitarfélögin. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu og eðlilegt ákvæði en samt sem áður vildi meiri hluti félmn. láta það koma fram að hér væri átt við nágrannasveitarfélög. Þarna hlýtur skynsemin að ráða.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að nokkru sem ég er honum í raun og veru algjörlega sammála um, og mér finnst að við ættum a.m.k. að skoða aðeins betur á milli 2. og 3. umr. Það er það atriði að með 91. gr. sé verið að taka réttinn af fólki til þess að greiða atkvæði aftur um sameiningu. Við skulum segja að fjórir hreppar ætli að sameinast og sameining er samþykkt í þremur þá gengur sameiningin í gildi. En sannleikurinn er sá að það var alls ekki hugmyndin sem lagt var upp með og það kynni að koma upp sú staða að meiri hluti íbúa á svæðinu væri ekki samþykkur því að það verði þriggja hreppa sameining. Mér finnst að þetta sé nokkuð sem þyrfti að skoða betur því að það getur ekki verið meiningin að gera sameiningu sveitarfélaga eitthvað ólýðræðislegri en verið hefur.

Maður getur ekki gefið sér það að fólk sé alltaf sammála niðurstöðunni sem verður og margvísleg sjónarmið geta komið upp eins og dæmin sanna, þó að í nánast öllum, og ég held í öllum tilvikum þar sem atkvæði hafa verið greidd að nýju um sameiningu færri sveitarfélaga en lagt var upp með, þá hefur sameiningin verið samþykkt vegna þess að fólk hefur séð sér hag í því. Það er auðvitað spurning hvort ekki væri rétt að ávallt færi fram atkvæðagreiðsla um það sem kemur út úr fyrri kosningu, og að greidd verði um það atkvæði að nýju. Mér finnst að þetta þurfi að skoðast betur.

Ég ætla aðeins að bakka, hæstv. forseti, af því að ég hljóp yfir athugasemd hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um 11. gr. frv. Það var eina greinin sem hann gerði athugasemd við í máli sínu og það tel ég harla gott ef hann hefur ekki fleiri athugasemdir við þetta mikla frv. Ég tek mikið mark á þeirri athugasemd því að hann hefur bent á að í frv. — og það er ein af grundvallarbreytingunum — er verið að þurrka út allan mun á milli sveitarfélaga. Það er bara skilgreiningin sveitarfélag, og þau hafa öll sömu skyldur gagnvart íbúum sínum. Hins vegar segir í 11. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn.“ Spurningin er sú hvort ekki eigi að vera bara eitt samheiti yfir sveitarstjórnir, einingin heiti sveitarstjórn, en ef menn vilja kalla sig eitthvað annað, bæjarstjórn, hreppsnefnd, borgarstjórn eða hvað sem er, þá geti menn auðvitað notað það heiti. Það sé einfaldlega frelsi til þess en ekki þurfi að kveða á um það í lögum og greina í rauninni á milli sveitarfélaga eins og gert er í þessari grein.

Þetta atriði ræddum við ef ég man rétt sáralítið en mér finnst sjálfsagt að skoða þetta betur, hvort þarna sé ekki um ákveðna mótsögn að ræða og hreinn og klár óþarfi að tíunda þetta svona.

Í umræðunni hefur töluvert verið spurt eftir stefnu í sveitarstjórnarmálum. Það er nú forvitnilegt að spyrja sig að því, hæstv. forseti, hver stefna íslenskra stjórnvalda er hvað varðar sveitarstjórnarstigið. Ef ég ætti að draga hana saman miðað við undanfarin ár, þá er það kannski fyrst og fremst tvennt. Það er annars vegar sameining sveitarfélaga, að stuðla að sameiningu sveitarfélaga, og í öðru lagi að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Reyndar er ein undantekning þar á sem gerðist á síðasta ári þegar ákveðið var að taka atvinnuleysismálin af sveitarfélögunum og færa þau til ríkisins, sem sú sem hér stendur var afar ósátt við og er enn. Ég tel að slík mál eigi að vera hjá sveitarfélögunum sem næst fólkinu og þar sem þekkingin er, en það er búið og gert. Það má segja að með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga hafi

ríkisvaldið verið að ýta undir sameiningu sveitarfélaganna. Ég held að þessi verkefnatilflutningur hafi og eigi eftir að hafa mikil áhrif á frekari sameiningu sveitarfélaganna.

Ég hef verið að fylgjast með þáttum sem ríkissjónvarpið hefur sýnt um kosningabaráttuna sem nú stendur yfir, en er kannski ekki mjög sýnileg nema að litlu leyti. Það hefur komið mjög skýrt fram í þessum þáttum að í öllum þeim sveitarfélögum sem hafa verið heimsótt hingað til, eru skólamálin efst á blaði, eðlilega. Skólamálin eru náttúrlega langstærsta verkefnið sem hefur verið fært yfir til sveitarfélaganna og eðlilegt að það vefjist svolítið fyrir þeim hvernig þar beri að halda á málum, hvernig menn geti styrkt sinn skóla og hver skólastefnan skuli vera, hvar á að sameina skóla o.s.frv. Það er mjög greinilegt hve skólamálin eru stór þáttur í þeirri umræðu sem nú á sér stað í sveitarfélögunum. Og verði málefni fatlaðra einnig færð yfir til sveitarfélaganna, sem reyndar hefur verið frestað, er þar líka um stóran og býsna þungan málaflokk að ræða sem getur reynst litlum sveitarfélögum afar erfiður.

Þetta hefur verið stefnan og ég vil líta svo á að í raun-inni hafi verið mikil samstaða um þessa stefnu þó að t.d. á hinu háa Alþingi hafi einstaka þingmaður verið nokkuð gagnrýninn á þennan verkefnatilflutning. Þar nefni ég m.a. hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem er reyndar ekki staddur í þingsalnum. Hann hafði miklar efasemdir varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélaganna.

Í framhaldi af vangaveltum um stefnu ríkisvaldsins hvað varðar sveitarstjórnarstigið getur maður spurt sig hvað sé verið að gera með þessum lögum. Er verið að stíga einhver skref í þá átt að styrkja sveitarstjórnarstigið og efla sjálfstæði þess? Er ástæða til þess? Þarf að ganga eitthvað lengra í því?

Ég held að við getum sagt að það sé bæði og. Annars vegar er verið að auka eftirlitið með sveitarstjórnarstiginu, og þá vil ég vekja athygli á því, hæstv. forseti, hve lítil umræða hefur orðið um eftirlitsnefndina eða eftirlitið með fjárhag sveitarfélaganna, sem kom fram í umsögnum að ýmsum fannst ganga býsna langt. Minnist ég þar m.a. umsagna frá Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem töldu þetta óþarft og það kom reyndar fram hjá fleiri sveitarfélögum. En þetta atriði hefur mjög lítið komið hér inn í umræðuna, en á þessu sviði er verið að auka eftirlit ríkisins með sveitarfélögunum en í ýmsum öðrum atriðum, kannski smávægilegri, er verið að færa meira sjálfstæði til sveitarfélaganna en kannski væri ástæða til að ganga lengra í því efni.

Hér er farin sú leið að verkefni sveitarfélaganna eru ekki talin upp, hvorki verkefni né skyldur sveitarfélaganna í smáatriðum. Slík ákvæði er að finna í fjölda laga og við höfum einmitt í hv. félmn. verið að fjalla um önnur lög þar sem sveitarfélögin koma mjög mikið við sögu, sem eru frv. til laga um húsnæðismál. Þar er dæmi um að sveitarfélögunum eru settar nokkrar skyldur og kveðið á um hvernig beri að standa þar að málum. Við höfum lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og fleira og fleira þar sem sveitarfélögin koma við sögu. Og það má alltaf velta því fyrir sér hvort það sé rétt stefna að dreifa málunum svona eða á að skilgreina betur í lögunum um sveitarstjórnarmál hverjar skyldur þeirra eru? Á það betur heima hér?

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fór mjög rækilega yfir skyldur sveitarfélaganna og hvar þær koma við sögu í lögum, en það má velta þessu fyrir sér fram og aftur, hvernig með þessi mál skuli farið og hvernig styrkur og sjálfstæði sveitarfélaganna verður best tryggt. Við höfum náttúrlega fjöldamörg dæmi um það á undanförnum árum að ríkisvaldið hefur gripið inn í mál sveitarfélaganna og tekjur þeirra hafa verið skertar og lagðir hafa verið á skattar. Ég minnist þess á síðasta kjörtímabili þegar Alþfl. var í stjórn, að þá voru háðar miklar rimmur milli ríkis og sveitarfélaga vegna þess hve ríkisvaldið gekk langt í því að skerða kjör sveitarfélaganna. Slík samskipti munu eflaust halda áfram. En það verður auðvitað að sjá til þess þegar verkefni eru flutt yfir til sveitarfélaganna að þeim séu tryggðar tekjur. Það hefur oft komið fram í þessum málum öllum að sveitarfélögin hafa áhyggjur af því að ekki fylgi nægjanlegar tekjur.

Ég vil nefna eitt atriði enn, hæstv. forseti, sem snertir þetta mál og nú sakna ég enn mjög hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann flutti hér nokkuð ítarlega ræðu og boðaði reyndar að hann ætlaði að fjalla í síðari ræðu sinni um fjármál sveitarfélaganna, og ég sakna þess ef hún verður ekki flutt, því að hann er einn af þeim þingmönnum sem hafa mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum. En hann kom í ræðu sinni inn á eitt atriði sem varðar rétt útlendinga til að kjósa. Ég hefði viljað rifja það upp að í umræðunum um kosningalögin, kosningar til sveitarstjórna, kom ég nokkuð inn á það atriði og það var nokkuð rætt í félmn., en niðurstaða okkar varð sú að aukinn réttur útlendinga til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum væri mál sem þyrfti einfaldlega umræðu. Þetta hefur ekkert verið rætt, það hefur ekkert verið rætt af neinni alvöru hvort rétt væri að auka kosningarrétt útlendinga og miða t.d. við þriggja ára búsetu eða eitthvað slíkt. Ætti að auka réttinn þannig að hann næði til íbúa hins Evrópska efnhagssvæðis eða hvað? Eða bara til allra útlendinga sem búa hér einhvern ákveðinn tíma?

Þetta er sem sagt algjörlega órætt mál en ég vil að það komi skýrt fram að það kom töluvert til umræðu í sambandi við kosningalögin en sennilega hefur þetta atriði farið fram hjá hv. þingmanni. Ég tel að ef vilji væri til slíkrar breytingar ætti hún heima í kosningalögunum en ekki í sveitarstjórnarlögunum. Menn gleyma því kannski stundum hér í umræðunni að búið er að taka kosningalagaþáttinn algjörlega út úr þessu frv. og gera að sérlögum. Og það er auðvitað ein ástæðan fyrir því hve félmrh. leggur mikla áherslu á að fá þetta frv. samþykkt. Ég segi enn og aftur að ég vildi helst óska þess að menn frestuðu þessu máli og afgreiddu allan pakkann í haust, þ.e. sveitarstjórnarlögin og frv. um breytingu á lögum um skipulags- og byggingarmál. En það virðist því miður ekki vera vilji til þess.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi tekið fyrir flest þau efnisatriði sem hafa komið hér til umræðu, í þeirri ítarlegu umræðu sem hér hefur átt sér stað. Mér fannst rétt að greina þingheimi frá því hvaða umræða hefði átt sér stað innan félmn. og jafnframt eru nokkur atriði, örfá atriði, sem við ætlum að skoða á milli 2. og 3. umr. Það fyrsta er að fara yfir þær umsagnir sem okkur hafa borist frá hv. allshn. Það er komin umsögn frá meiri hluta nefndarinnar og frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, en hinir fulltrúar minni hlutans, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, hafa ekki skilað neinu áliti svo mér sé kunnugt, en það verður þá að hafa það ef það berst ekki.

Þá teldi ég rétt að skoða 11. gr. og það efni sem snýr að endurskoðendum. Borist hefur ítrekun frá Sambandi ísl. sveitarfélaga varðandi tillögu sem snýr að kjarasamningum við æðstu — ja, á ég að nota orðið æðstu? — toppana hjá

sveitarfélögunum, og það er sjálfsagt að skoða þá tillögu betur.

Hæstv. forseti. Ég gæti í sjálfu sér haft lengra mál um þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um hálendismálin og allt sem að þeim snýr. Ég hef orðið áþreifanlega vör við það, einfaldlega á götum úti þegar ég er að ganga á milli þinghússins og skrifstofu minnar, að margir hafa miklar áhyggjur af þessum málum, fylgjast með og spyrja hvort þingið ætli virkilega að samþykkja frv. svona. Það er ekki að ástæðulausu að stjórnarandstaðan hefur varið töluverðum tíma í að ræða þessi mál. Mikill þungi og alvara er á bak við þessa umræðu. Mönnum liggur mikið á hjarta og ýmsir óttast afleiðingar þess, ef landinu verður skipt niður á milli sveitarfélaganna án þess að tryggt sé að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild. Þetta er kjarni málsins og hann er auðvitað sá að finna lausn sem flestir gætu sætt sig við.

Ég þykist vita að þingmenn jafnaðarmanna muni ekki sætta sig við slíkar lausnir. Í þeirra huga er mikið grundvallaratriði að landinu verði ekki skipt upp milli sveitarfélaganna heldur gert að einni stjórnsýslulegri heild. Eins og ég rakti í fyrri ræðu minni á ég ákaflega erfitt með að sjá hvernig hægt væri að gera það án þess að það mundi einnig valda miklum deilum, hugsanlega málaferlum, og endalausum árekstrum við þau sveitarfélög sem landið væri þar með tekið af.

Mér finnst líka, hæstv. forseti, að þjóðlendurnar gleymist í þessari umræðu og þeim miklu áhyggjum sem menn hafa af þessum málum. Menn gleyma því að það á að skilgreina þau svæði sem enginn hefur getað sannað eign sína á, sem þjóðlendur, og að þau svæði verða undir sérstakri stjórn og háð sérstökum skilyrðum. Þar af leiðandi gilda þau lög um þau svæði. Við eigum alltaf þann möguleika að stofna nýja þjóðgarða og friða svæði þannig að möguleikarnir eru auðvitað margir í framtíðinni. Ég held líka að mjög brýnt sé að skilgreina hvaða svæði við viljum að verði ósnortin, hin ósnortnu víðerni Íslands. Þau eru ekki aðeins á miðhálendinu, þau geta líka verið á Reykjanesskaganum og Vestfjörðum, jafnvel í Vestmannaeyjum þar sem er afar sterkur og rótgróinn nýtingarréttur sem einu sinni tilheyrði gömlu bændaættunum þar. Þar hafa nú veiðifélög tekið við. (**SvG:** Vill ekki þingmaðurinn fara aðeins nánar yfir þetta?) Þingmanninum finnst nú kannski ekki að þetta komi umræðunni við en ég var að vekja athygli á því að ýmis svæði gætu verið flokkuð undir víðerni, jafnvel þó þau séu ekki mjög viðamikil eða stór að flatarmáli. Það getur verið ástæða til þess að friða slík svæði og allt þetta þarf að hafa í huga.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum minna á það að félmn. kallaði á sinn fund Ómar Ragnarsson fréttamann og vakti það nokkra athygli, m.a. þingmanna, er þeir sáu nafn hans á listanum yfir þá sem höfðu verið kallaðir til fundar við nefndina. Ómar var einmitt kallaður á okkar fund vegna þess að hann hefur mjög víða farið og hefur mikla þekkingu á hálendi Íslands. Hann hefur rætt bæði við bændur og búalið og náttúruunnendur sem verið hafa á hálendinu. Hann lagði mikla áherslu á það í máli sínu hve brýnt það væri að reyna að ná sátt um framtíðarskipan hálendismála. Það sjónarmið lögðum við hv. þm. Ögmundur Jónasson mikla áherslu á, að reyna að finna leið sem hægt væri að ná sátt um, eða flestir gætu sæst á. Sú leið fæli það í sér að miðhálendið yrði skipulagt sem heild og sem flestir kæmu að því verki. Þetta voru markmiðin sem við settum okkur.

Ég vil endurtaka það að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með þróun mála hér og að menn skuli ekki sýna meiri vilja til samkomulags eða leita lausna, því að það getur ekki hafa farið fram hjá þingmönnum stjórnarliðsins frekar en okkur hinum hve skoðanir eru gríðarlega skiptar um þetta mál og hve margir óttast að rangt verði að farið. Þess vegna er gríðarlega brýnt að reyna að þróa þetta mál í þá átt að um það náist sæmileg sátt.

Ég þykist vita, eins og ég nefndi, að þeir sem hafa þá grundvallarskoðun að miðhálendið sé þjóðareign og því beri að skipa undir sérstaka stjórn, muni eiga mjög erfitt með að sætta sig við lausn sem felur það í sér að landinu veðri skipt milli sveitarfélaganna, þó að yfir svæðið verði sett ákveðin nefnd.

Því miður er þetta mál í sjálfheldu. Hér hefur ekki verið sýndur nokkur einast vilji til samkomulags og stjórnarandstæðingar hafa því ekki átt annarra kosta völ en að undirstrika vel og rækilega andstöðu sína við málið og þróun þess. Ég ítreka að ég vona svo sannarlega að staðið verði við gefin loforð. Ég vona að verði frv. þetta að lögum á þessu vori þá verði frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum lagt fram á fyrsta degi þings í haust og samþykkt þar sem allra fyrst. Auðvitað er ég reiðubúin til þess að ræða skipan nefndarinnar og breytingar á tillögunum til þess að tryggja aðkomu sem flestra að málinu. Ég ítreka það.

[20:24]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Áður en ég byrja ræðu mína, því ég reikna með að þetta taki nokkrar mínútur, þá vildi ég gjarnan spyrja hvort það var fyrirhugað hjá hæstv. forseta að hafa kvöldverðarhlé.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að það verður ekkert kvöldverðarhlé í kvöld.)

(**SvG:** En kannski á morgun?)

Nú, það er orðið svo, herra forseti, að kvöldmaturinn er hafður af okkur þingmönnum í þessu mikilvæga máli og er svo sem ekkert við því að segja. Kannski höfum við bara gott af því sumir, en nokkuð er þetta orðið snúið ef ekki er hægt að ná samkomulagi um jafneinfaldan hlut og að menn fái að borða milli þess sem menn ræða ítarlega mjög svo mikilvægt mál.

Við því er ekkert að gera, eins og hæstv. forseti veit þá hlýðum við úrskurði hans í hvívetna. Ég tala nú ekki um gagnvart þeim ágæta forseta sem nú er á forsetastól.

Þetta mál er hins vegar þess eðlis að ekki er auðhlaupið að fara yfir það í stuttu máli. Mikilvægi málsins, tengsl við aðra þætti í löggjöf og í þjóðfélaginu krefjast þess að farið sé nokkuð ítarlega í frv. og umhverfi þess. Það er ekki einungis verið að fjalla um skipulagsmálin í þessu frv., þó að þau hafi nú verið gerð að mestu umtalsefni. Ekki má gleyma því að hér er um heildarlöggjöf um sveitarstjórnarmál að ræða.

Ég hefði kosið, herra forseti, að í stað þess að við höfum verið að fara yfir þetta mál í rúma viku, þá hefðu menn sest niður fyrr til að vitað hvort ekki væri skynsamlegt að finna þessu annan farveg. Þar hefði mátt skoða málið og leita þá málamiðlunar um útfærslu á tilteknum atriðum sem ágreiningur ríkir um.

Sú furðulega staða hefur komið upp að það næst ekki nein umræða, ekki einu sinni fundur milli forseta þingsins og formanna þingflokka, um framhald þessa máls. E.t.v. er alveg óþarfi að koma slíkum fundi á enda veit hæstv. forseti að völdin hafa verið tekin af forseta þingsins, hvað varðar starfsskipulagið hér næstu daga og vikur. Mér skilst að forsrh. hafi kveðið nokkuð nákvæmlega úr um hvernig

þingstörfum verði háttað. Það verður vafalítið hægt að fara nokkuð nánar inn á þann þátt síðar. Þar er um að ræða atriði sem ætti að vekja okkur þingmenn hér mjög til umhugsunar, hvernig virðingu og stöðu þingsins er komið út af þessu máli.

Þess vegna hefði verið brýnt, herra forseti, að ná sátt um að geyma þetta mál. Ég minni á annað mál sem er sambærilegt en það er gagnagrunnsmálið. Það vakti strax heitar tilfinningar meðal þjóðarinnar en skynsamleg niðurstaða fengin í því. Menn settu málið í vinnslufarveg í tengslum við þingnefnd og munu leggja það fram og afgreiða á hausti komanda. Þetta var skynsamleg niðurstaða og það sem er merkilegt við hana er að hún er pólitískt í jafnvægi, bæði við stjórn og stjórnarandstöðu. Hún er í mjög mikilli sátt við fólk í þjóðfélaginu, sem hafði bæði áhyggjur af málinu og óskir um að koma að því í umræðu. Jafnvel er meira um það vert að það var í sátt við þá hagsmunaaðila sem studdu það frv.

Ég hefði kosið, herra forseti, að við hefðum borið gæfu til að finna þessu máli sams konar farveg. Það er ekki vilji okkar í stjórnarandstöðunni að hindra að vilji lýðræðislegs meiri hluta nái fram að ganga, það er síður en svo. Við höfum hins vegar þær skyldur gagnvart kjósendum okkar að fara vel yfir mál sem eru þess eðlis að þau krefjast mikillar umræðu, átakamál sem geta verið álitaefni. Þar eru ekki hvað síst mál sem krefjast sérstakrar nærfærni í allri umræðu.

Þrátt fyrir að deilurnar hafi að mestu snúist um skipulagsmálið nefndi ég að frv. fjallaði um fleiri þætti, m.a. um heildarlöggjöf um sveitarstjórnarmál.

Breytingar á núgildandi lögum eru í þremur þáttum í þessu frv. Það er í fyrsta lagi skipulagsþátturinn, framlenging sveitarfélaga inn til jökla og skipting alls landsis í sveitarfélög þar sem sveitarfélögin fari með alla stjórnsýslu og þar á meðal skipulagsmál. Þó er fyrirhuguð smávægileg breyting á því að hleypa inn nokkrum aðilum til umsagnar varðandi einn hluta skipulagsmála sem er svæðisskipulag.

Í öðru lagi er kveðið á um að fella kosningalögin úr sveitarstjórnarlögunum. Hér á hinu háa Alþingi hefur verið afgreidd löggjöf um kosningalög til sveitarstjórna. Eðlileg afleiðing þess er sú að úr sveitarstjórnarlögum sé felldur kafli um kosningar. Þriðja meginbreytingin í þessu frv., miðað við fyrri löggöf, er um skyldu sveitarfélaga varðandi upplýsingar um fjármál. Þar er kveðið á um hvernig félmrh. geti komið inn, sveitarfélögum til aðstoðar við fjárhagsvanda.

Hins vegar er ekki um neina kerfisbreytingu í uppbyggingu þessa frv. að ræða en varðandi skipulagsþáttinn er svo margt sem þar þarf að athuga. Hvernig viljum við hafa landið? Hvernig viljum við skipuleggja landið? Ég tel rétt, herra forseti, áður en lengra er haldið, að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. maí sl. Þar er einmitt er fjallað um þætti sem snerta skipulagsmál á þessu svæði. Þetta er grein, sem hæstv. forseta er reyndar kunnug, eftir hv. þm. Guðna Ágústsson, og heitir Vegur á Heklu. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég gjarnan vitna til þessar greinar. Þar segir svo:

„Um allan heim fer fram mikil barátta milli þjóða um að ná athygli ferðamanna. Mestur vöxtur mun vera í ævintýraferðum, þar á hlut að máli efnaðri hluti ferðamanna. Hér á landi sjáum við duglega athafnamenn ná miklum tökum á slíkri markaðssetningu sem engum datt í hug fyrir nokkrum árum. Hvalaskoðun, raftsiglingar niður straumþungar ár, ævintýraferðir á hestum yfir hálendið, jeppa- og sleðaferðir upp á jökla og jökulskalla, Njáluslóðir, Njálu- og Vesturfarasöfn. Hugrakkir menn í Vestmannaeyjum hafa sett fram þá snjöllu hugmynd ...“

Ég sé að hæstv. forseti, sem ég er að vitna til, er að yfirgefa forsetastólinn. Ég veit að hann kannast mjög vel við efnið og hef af ráðnum hug að dregið þessa grein fram, herra forseti. Það er vegna þess að hugmyndir og sjónarmið sem taka þarf tillit til eru margvísleg. Og hér segir áfram í greininni, með leyfi forseta:

„Hugrakkir menn í Vestmannaeyjum hafa sett fram þá snjöllu hugmynd að grafa upp heila götu með 8--10 íbúðarhúsum sem fóru undir vikur. Síðan yrði gatan yfirbyggð og þar mundi ferðamaðurinn upplifa örlaganóttina miklu, sem yfir eyjarnar dundi, í máli og myndum. Fyrir Vestmannaeyjar þýddi þetta ævarandi straum ferðamanna og miðstöð vísinda í eldfjallafræðum. Þannig hafa athafnamenn í ferðaþjónustu verið að markaðssetja auðæfi þessa lands síðustu ár. Þessi þróun mun kalla margan ferðamanninn til Íslands á næstu árum og fremur þann hluta ferðamanna sem vill kaupa þjónustu og hefur efni á því.

Hekla er mikið fjall og heimsfrægt. Hekla hefur valdið landsmönnum miklum skráveifum og ber miðhálendið þess merki. Grösugir dalir hafa horfið undir ösku og vikur. Sú var tíð að Hekla, Gullfoss og Geysir voru þekkt víða um heim, hvert þeirra fyrir sína náttúru og tign. Sérvitringar hafa komist upp með að Geysir dregur ekki andann og er á gjörgæslu eins og kransæðasjúklingur. Hekla er enn heillandi en þó ekki aðgengileg nema litlu broti ferðamanna. Hekla er akfær í dag en slíkt er ekki æskilegt og má aldrei verða að jeppatröll sparki og spori fannafeldinn eða vikurbreiðurnar. Hitt eiga menn aftur á móti að ræða hvort rétt sé að leyfa lagningu slóða og gefa einstaklingi einkaleyfi til að aka með túrista í efstu hæðir Heklu.

Rauðalestin eða eldvagninn mundi aka ferðamönnum á fjallið með viðkomu í mesta eldgíg jarðar þar sem sagnir eru um að sé fordyri helvítis. Ferðafólkið fengi stimpil um að það hefði komið þar við og verið hafnað um inngöngu. Verði þetta gert færi ókeypis keðjubréf um heimsbyggðina sem kallaði marga hingað, ríka og fátæka, unga og aldna. Pósthús og stimpill um komu manna á hina fágætustu staði er ný markaðssetning. Að standa á Heklutindi á björtum sólskinsdegi yrði eitt af ævintýrum veraldar og þannig gæti Hekla skilað gjaldeyristekjum og bætt fyrir tjón sitt og auðgað ferðaþjónustuna á Íslandi. Fordyri helvítis gæti orðið okkur drjúg tekjulind. Jafnframt yrði Hekla og þetta ævintýri ný uppgötvun um sælu himnaríkis.“

Þar með, herra forseti, lýkur grein hv. þm. Guðna Ágústssonar, sem birtist í Morgunblaðinu 7. maí sl. og heitir Vegur á Heklu.

Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að mér finnst þetta athyglisverð grein. Mér virðast í þessu skemmtileg sjónarmið og nútímaleg viðhorf gagnvart miðhálendinu, gagnvart óbyggðum svæðum Íslands. Vitaskuld geta skoðanir verið skiptar um það hvort við eigum að markaðssetja hálendið líkt og hér er lagt til eða ekki. Mér finnst þær hugmyndir sem hér er varpað fram vel koma til greina. Mér finnst þær fyrst og fremst sýna tvennt. Þær eru nýstárlegar, þær eru nútímalegar og þær eru frumlegar. Þær sýna okkur að varðandi miðhálendið og í tengslum við sameignir þjóðarinnar er margt sem við þurfum að huga að og hugsa miklu betur en þegar hefur verið gert.

Herra forseti. Þegar við tölum um miðhálendið, þó okkur hafi greint á um fyrirkomulag skipulags miðhálendisins, þá

hafa allir þingmenn lýst tilfinningu sinni gagnvart miðhálendinu og væntumþykju gagnvart landinu. Ég er þess fullviss að allir hv. þm., þó að þeir styðji þetta frv., bera mikla virðingu og ást fyrir landinu. Þó að við séum í ágreiningi hér við stjórnarmeirihlutann um fyrirkomulag skipulagsmála, þá er hafið yfir allan vafa í mínum huga að allir þingmenn vilja landinu sem allra best. Mér finnst það einmitt koma vel fram í þessari grein hv. þm. Guðna Ágústssonar að virðingin gagnvart landinu skín þar í gegn.

Hugmyndin er náttúrlega skemmtileg og hefur heyrst áður frá hv. þm., að hafa pósthús uppi á Heklu sem marki með stimplun komudag og menn fái sannindamerki um það. Þetta er gert mjög víða um heim þar sem ferðaþjónusta er á athyglisverðum stöðum. Menn fá vottorð um að þeir hafi komið á tiltekinn stað þannig að hér er ekkert verið að gera annað en að leggja fram hugmynd um að nýta þessa náttúruauðlind, á sambærilegan hátt og víða þekkist erlendis.

Ein af ástæðunum fyrir því að þetta þurfi að skoða betur er að við höfum ekki gert upp við okkur enn, hvaða stefnu við ætlum að fylgja á miðhálendinu. Ætlum við að láta miðhálendið vera uppsprettu gjaldeyrisöflunar í tengslum við vandaða og vel skipulagða ferðaþjónustu sem mun þá beina sjónum sínum fyrst og fremst að útlendingum? Hugsunin sem fram kemur í grein hv. þm. Guðna Ágústssonar er fyrsta flokks innlegg inn í slíka hugmyndafræði. Það er ekkert víst að við viljum endilega fara þá leiðina.

Ef til vill viljum við að miðhálendið verði uppspretta gjaldeyrisöflunar, fyrst og fremst vegna nýtingar orkulinda, vatnsorku og annarrar orku sem við höfum að hluta nýtt í þágu landsmanna allra. Við vitum það að þarna eru miklir virkjanamöguleikar sem gætu komið niður á umhverfisþáttum, möguleikum í ferðaþjónustu og ýmsu öðru. Við höfum ekki gert upp við okkur, herra forseti, hvort við viljum að miðhálendið sé nýtt á þennan hátt.

Við getum líka hugsað okkur að miðhálendið eigi að verða þjóðgarður í þeim skilningi að það sé afdrep og útivistarsvæði til ánægju, fyrst og fremst fyrir Íslendinga, þangað sem Íslendingar sækja sér styrk og endurnýjun, eins og fjölmargir, tugþúsundir hafa þegar gert á undanförnum árum. Það er ekki að efa að einmitt slík nýting mundi breiðast út á næstu árum ef heimilt verður að þoka skipulaginu í þann farveg.

Við getum líka bent á fjórða atriðið. Ég hef nefnt hér í fyrsta lagi hvort við ættum að nýta miðhálendið sem uppsprettu í ferðaþjónustu gagnvart erlendum ferðamönnum. Eigum við í öðru lagi að nýta það fyrst og fremst sem orkuöflunartæki til iðnvæðingar, í þriðja lagi sem stað, vin í eyðimörkinni gagnvart okkur sjálfum. Í fjórða lagi væri hægt að hugsa sér að miðhálendið yrði skipulagt samgöngulega til að stytta samgöngur, fyrst og fremst á milli landshluta. Miðhálendið hefur um aldir verið mjög mikill trafali, e.t.v. sá erfiðasti í okkar landi. Það er hægt að hugsa sér þetta, fyrst og fremst sem verkefni til að leggja greiðfæra vegi yfir svo að örar og góðar verði samgöngur milli Norður- og Suðurlands og Austur- og Vesturlands.

Nú mundu e.t.v. einhverjir segja: Getum við ekki gert þetta allt saman? Ég er ekki viss um það, herra forseti, vegna þess að álitaefnin sem koma upp úr við svona skipulagningu eru fjölmörg. Hve mikið á t.d. að taka tillit til umhverfisþátta? Sjónmengun mætti nefna í þessu sambandi sem deilt hefur verið um. Við leggjum leiðslur eða staura víðs vegar um landið sem flytja rafmagn. Með því erum við vitaskuld að færa björg í bú, en þetta getur verið lýti á fögru landslagi, að sjá aðeins raðir af miklum rafmagnsstaurum. Þetta er álitaefni og víst að ekki verður öllum gert til hæfis hvað þessa hluti varðar.

Ég held því, herra forseti, að þetta litla dæmi, hugmyndir hv. þm. Guðna Ágústssonar um hvernig Hekla, þetta mikla fjall, getur nýst í gjaldeyrisöflun og orðið okkur að tekjuauka, sýni einmitt mjög vel hversu flókið þetta mál er og hve nauðsynlegt er að það fái ítarlega og vandaða umræðu, ekki einungis á hinu háa Alþingi heldur einnig úti í samfélaginu.

Mig langar, herra forseti, til að drepa á nokkur önnur atriði sem tengjast frv. áður en ég kem betur inn á skipulagsþáttinn. Ég vil þó geta þess að mín meginniðurstaða í þessu *máli er sú að best væri að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar* og fresta afgreiðslu þess til haustsins þannig að við haldið áfram þeirri umræðu sem hefur verið í þingsölum nokkurt skeið, færi hana út í samfélagið þar sem hún er vaxandi og leitað ráða hjá þeim fræðimönnum og kunnáttumönnum sem þurfa að koma slíkri skipulagningu sem hér um ræðir.

Frv. sjálft fyrir utan skipulagsþáttinn felur ekki í sér miklar kerfisbreytingar. Ég hef nefnt það áður að frumvarpsuppbyggingin er mjög í anda fyrri löggjafar og hv. félmn. gerði tiltölulega litlar breytingar á frv. sjálfu. Brtt. meiri hlutans eru í fyrsta lagi þær að tengt er saman þetta frv. og þjóðlendufrv. sem bíður umræðu og þá fyrst og fremst ákvæði sem varðar það starf óbyggðanefndar að skera úr um ef ágreiningur kemur upp.

Byggðarmerki munu verða færð hjá Einkaleyfastofu. Hins vegar hefur 7. gr. frv. fengið nokkra umfjöllun í fjölmiðlum undanfarna daga og er ein af þeim sem styðja það að menn bíði með afgreiðslu þessa frv. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa 7. gr. frv. Yfirskriftin er: Almennar skyldur sveitarfélaga.

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum."

Og síðan kemur síðasta málsgreinin sem umdeild er, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast."

Þetta er 7. gr. frv. og ef skoðaðar eru athugasemdir með 7. gr. þá er sagt að þetta sé að mestu samhljóða núgildandi lögum. Það sem hins vegar hefur vakið nokkrar spurningar er um arðgreiðslur fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hefur t.d. fagnað þessu ákvæði og telur að það skjóti lagastoð undir þær ákvarðanir borgarstjórnar Reykjavíkur um mjög langa tíð — það tengist ekkert frekar núverandi meiri hluta en fyrri valdhöfum — að veitufyrirtæki eða borgarfyrirtæki hafa skilað til borgarsjóðs tilteknum hluta af hagnaði.

Það er að mínu mati, herra forseti, fullkomlega eðlilegt varðandi borgarfyrirtæki eða bæjarfyrirtæki í eigu sveitarfélaga, að sé um að ræða hagkvæman rekstur þá er eðlilegt að hagnaðurinn renni í bæjarsjóð viðkomandi sveitarfélags. Auðvitað er það síðan á forræði sveitarfélagsins hvaða gjaldskrá er notuð. Hvort góður rekstur á fyrirtæki í eigu sveitarfélags er nýttur til þess að lækka gjaldskrá, byggja upp eignir

eða fjárfesta í nýjum möguleikum hlýtur vitaskuld að vera á valdi kjörinna fulltrúa hverju sinni. Ég tel því, herra forseti, að hér sé um að ræða eðlilegan hlut og ekkert við þessu að segja.

Þetta hefur hins vegar verið gagnrýnt. Ég minnist þess að bæjarstjórn Garðarbæjar, alla vega meiri hluti þar, hefur gert um það samþykkt sem hefur borist okkur þingmönnum og eitthvað verið fjallað um í fjölmiðlum þar sem hvatt er til frekari umhugsunar um þessa hluti. Þá ríkir þar fyrst og fremst sú hugsun að bæjarfélög gætu notfært fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna sem nokkurs konar skattstofn á íbúana. Við getum tekið dæmi um að gjaldskrá hjá hitaveitu eða rafmagnsveitu viðkomandi sveitarfélags sé höfð óeðlilega há og skili þar með góðum hagnaði og að sá hagnaður sé látinn renna í viðkomandi bæjarsjóð og nýttur þannig í aðrar framkvæmdir á vegum bæjarfélagsins.

Hér eru því þau sjónarmið að menn gætu nýtt sér slík þjónustufyrirtæki sem nokkurs konar skattstofn eða nýtt þau til álagningar gjalda sem mætti líta á sem skatta. Mig minnir, herra forseti, að fjallað hafi verið um þetta í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu, gott ef það var ekki í leiðara, þar sem einmitt var vakin athygli á því að þetta ákvæði gæti leitt til aukinnar skattlagningar hjá viðkomandi bæjarstjórn eða meiri hluta.

Ég tel, herra forseti, þessar áhyggjur í sjálfu sér ástæðulausar. Aðalatriðið er að kjörnir fulltrúar hverju sinni taki ákvarðanir um allt sem snýr að því sveitarfélagi sem um ræðir, hvort sem það er fjárhagsáætlun hvers árs eða gjaldskrá einstakra fyrirtækja. Ég hef ekki séð að þetta hafi verið misnotað á nokkurn máta. Auðvitað er fullkomlega eðlilegt að sá hagkvæmi, góði og útsjónarsami rekstur sterkra og öflugra fyrirtækja í eigu sveitarfélaga, eins og t.d. Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur og annarra fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, sé nýttur til þess að styrkja undirstöður borgarsjóðs þannig að hann skili góðum arði til sameiginlegra verkefna. Það er ekkert að því svo fremi sem allar ákvarðanir séu teknar á eðlilegan hátt og af lýðræðislega kjörnum fulltrúum eins og er í þessu tilviki. Ég sé því enga ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu ákvæði þótt það hafi verið gert nokkuð að umtalsefni í fjölmiðlum undanfarið.

Þessi grein hefur samt verið færð til bókar í blöðum og í nál. meiri hluta félmn. er lögð til breyting á 7. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjölmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Þessi háttur hefur t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafa gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hefur hins vegar hingað til vantað í löggjöf.“ — Þær eru lagðar til við breytingu á 7. gr. frv. — „Í framhaldi af þessu mun þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð.“

Þannig að 7. gr. eins og ég las hana upp áðan er treyst enn frekar með brtt. meiri hlutans til að ótvíræð lagastoð sé á bak við þessa venju, m.a. borgarsjóðs Reykjavíkur í yfir 60 ár, að arðgreiðsælur veitufyrirtækja eða borgarfyritækja renni í borgarsjóð. Þó þessi lagastoð sé sett þá hafa vitaskuld allar ákvarðanir fyrri áratuga verið innan ramma laga. En eins og borgarstjóri, held ég, sagði í fjölmiðlum, er til bóta að hafa um þetta skýr lagaákvæði eins og lagt er til. Ég deili ekki áhyggjum eða gagnrýni þeirra sem telja að hér sé hætta á ferðinni. Ég fæ ekki séð að svo sé einkum ef þess er gætt er þessi mál liggi ljóst fyrir og séu uppi á borðum hverju sinni þegar fjárhagsáætlanir eru afgreiddar eins og tilfellið er í þeim tilvikum sem ég þekki til í sveitarfélögum bæði hér og í næsta nágrenni. Reyndar er ekki algengt að sveitarfélög ráði yfir fyrirtækjum sem skila góðum hagnaði en það breytir því ekki að rétt er að hafa löggjöfina ótvíræða.

Aðrar tillögur sem tengjast frv. til sveitarstjórnarlaga lúta að þáttum eins og ákvæðum um nafngiftir sveitarfélaga og samræmd eru ákvæði um fundi, t.d. hvernig á að auglýsa fundi. Fjallað er um hæfi sveitarstjórnarmanna, tölvuskráningu fundargerða, varamenn í sveitarstjórnum. Menn sjá á þessu að það farið er yfir hin smærri atriði í útlínum sveitarfélaga í frv. og reynt að færa þá hluti til nútímalegs horfs.

Felld eru brott úrelt ákvæði, t.d. ákvæði um að sveitarfélögin séu skuldbundin til að hafa með sér samvinnu. Vitaskuld er hverju sveitarfélagi heimilt að hafa samvinnu við önnur sveitarfélög og aðra þá sem þau kjósa. Í 99. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga er kveðið á um skyldu til samvinnu. Það er fellt brott og ég tel það í sjálfu sér vera til bóta að ekki sé skylt að hafa samvinnu.

Fellt er niður gamalt ákvæði um að sveitarfélögum geti verið heimilt að starfrækja fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð. Þetta þekktist hér á árum áður þegar sveitarfélög voru beint tengd við atvinnurekstur. Þekktustu dæmin um þetta eru þegar bæjarútgerðir voru settar á laggirnar víða um land og voru þá lyftistöng fyrir atvinnulíf og hluti af uppbyggingu eftirstríðsáranna á mjög mörgum stöðum á landinu. Þessar bæjarútgerðir voru reknar sem hluti af sveitarfélaginu. Sums staðar var þetta rekið í hlutafélagsformi og sums staðar voru einstakir þættir í þessum málum reknir í félagi með takmarkaðri ábyrgð. Og það er einmitt ákvæðið sem fellt er brott úr sveitarstjórnarlögunum, þ.e. starfræksla atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Að ég best veit er ekki um slíkan rekstur að ræða lengur á vegum sveitarfélaga. Þetta var barn síns tíma þar sem menn vildu koma að atvinnurekstri og reyna að finna millistig milli hlutafélagsformsins og þess að reka fyrirtæki í beinni eigu viðkomandi sveitarfélags þó svo að um sjálfstæðan fjáhag væri að ræða.

Nú á tímum man ég ekki eftir slíkum rekstri atvinnufyrirtækja eins og þekktist hér áður, sérstaklega í sjávarútvegi. En við höfum samt séð að upphaf þess atvinnureksturs sem sveitafélög byggðu upp sér enn víða stað í atvinnulífi víðs vegar um landið. Einna þekktasta dæmið um það er starfsemi Útherðarfélags Akureyringa sem er bæjarútgerð í uppleggi sínu, fór fljótlega í hlutafélagsformið og var fram undir það síðasta í fullri eigu Akureyrarbæjar. En nú hefur eignaraðild þar dreifst nokkuð víða.

Annars staðar á landinu þekkist eignaraðild sveitarfélaga í atvinnurekstri einmitt í sjávarútvegi, byggð á þessari hugmyndafræði sem var algeng á árum áður. Annað þekkt dæmi er mjög öflugt og sterkt fyrirtæki á Neskaupstað, Síldarvinnslan hf. Það er hlutafélag en bærinn eða Neskaupstaður hefur alltaf verið með mjög sterka eignaraðild þó svo að núorðið hin seinni ár, eins og víða annars staðar í fyrirtækjaumhverfinu, hafi eignaraðild breyst.

Þetta voru sterk og öflug fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var burðarás í atvinnulífi

Hafnarfjarðar mjög lengi. Við þekkjum dæmi úr Reykjavík. Bæjarútgerð Reykjavíkur var sett á laggirnar á árum áður og rekin sem eitt af stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum hér á landi um áratuga skeið. Þessi fyrirtæki eru öll til í dag, ekki í upprunalegu formi heldur hafa þau gengið inn í önnur fyrirtæki og annað rekstrarform, en eiga samt þessa sérstöku sögu sem má lesa svolítið út úr einmitt þessu ákvæði í frv., þ.e. þeirri tillögu að fella niður 100. gr. núverandi sveitarstjórnarlaga um stofnun og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaða ábyrgð.

Það vill oft verða svo, herra, forseti, þegar heildarlöggjöf er sett að þá er smávægileg lagahreinsun í og með. En oft og tíðum felur sú lagahreinsun í sér að dregið er strik undir mjög merkilega sögu og svo er í þessu tilviki að hægt er að finna og hafa í sjálfu sér langt mál um einmitt þessa þróun í starfsemi sveitarfélaga þó að ekki verði það gert hér að svo stöddu.

Önnur merkileg ákvæði í þessu frv. eru m.a. að kæruleiðir eru samræmdar og það er allt samkvæmt stjórnsýslulögunum, einni merkustu lagasetningu sem við höfum haft hin síðari ár. Hér er gert ráð fyrir að hægt verði að skjóta ákvörðunum til ráðherra eins og segir í þeim lögum. En segja má að upphaflega hafi verið ákveðið að endurskoða þessi lög m.a. út frá nýjum stjórnsýslulögum.

Aðrir þættir í frv. sem eru hvað merkilegastir tengjast fjármálum. Þar er fjallað nokkuð ítarlega um aðkomu félmrn. við þær aðstæður að fjárhagsleg staða sveitarfélaga geti orkað tvímælis. Við þekkjum það, herra forseti, á undanförnum árum að oft og tíðum hefur einmitt fjárhagsstaða sveitarfélaga orðið býsna erfið, m.a. vegna þess að þau hafa gengið í ábyrgðir. Þó er það ekki nema hluti af sögunni. Oftar en ekki hefur almennt atvinnuástand í viðkomandi sveitarfélögum leitt til fjárhagslegra örðugleika þeirra. Þekkt dæmi um það eru einmitt hin smærri sveitarfélög á landsbyggðinni sem mörg hver hafa átt í erfiðleikum hvað varðar fjárhagslega umgjörð sína.

Þar er gert ráð fyrir að breyta mjög mikilvægu ákvæði í þessu frv. og það er ákvæði sem hefur að nokkru verið gert að umtalsefni fyrr í þessari umræðu. Það varðar 73. gr. frv. Yfirskriftin er: Tryggingar og ábyrgðir. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna nokkuð til þeirrar greinar. Þar segir:

„Heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett í þágu sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélaga.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitafélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókúruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess."

Þetta, herra forseti, er mjög mikilvæg grein í starfsemi sveitarfélaga. Og m.a. í þessari grein sem ég las hér upp er felld niður heimild fyrir sveitarstjórnir að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingu sem hún metur gilda. Þessi grein er skýrð mjög ítarlega í frv. og ég vil, herra forseti, vitna nokkuð til athugasemda með þessari grein vegna þess að þetta er fyrir utan skipulagsþáttinn líklega mikilvægasta grein frv., þ.e. sú sem fjallar um tryggingar og ábyrgðir.

Í skýringum með greininni er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Bætt er við í 6. mgr. heimild til prókúruhafa sveitarsjóðs að ábyrgjast fyrir hönd sveitarfélagsins með framsalsáritun greiðslu tiltekinna viðskiptaskjala. Með þessu ákvæði og niðurfellingu á 5. mgr. 89. gr. gildandi laga, ..." — þ.e. það ákvæði sem heimilar einfalda ábyrgð — „er skýrt kveðið á um að sveitarstjórn er óheimilt að binda sveitarsjóð í ábyrgð vegna annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins."

Hér eru tekin af öll tvímæli og þrengdur réttur sveitarfélaga til að gangast í ábyrgð vegna þess að ábyrgðir sveitarfélaga eru ekkert annað en ávísun á skatttekjur borgara eða borgara þess sveitarfélags í framtíðinni.

„Heimilt er þó" — og það er mikilvæg undantekning — „að ábyrgjast með framsalsáritun viðskiptaskjöl, svo sem ávísanir og skuldabréf, sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess."

Það getur vitaskuld komið fyrir að menn fái greitt í víxlum og þurfi að selja þá víxla og geti með framsalsáritun ábyrgst viðskiptaskjöl svo sem ávísanir og skuldabréf. Það er ekkert að þessari heimild sem þarna er veitt. Hún er einungis um að heimildir séu til staðar að stunda eðlileg og einföld viðskipti.

Þetta er hins vegar gert vegna þess að komið hefur upp ágreiningur um núverandi orðalag gildandi laga, nánar tiltekið við 89. gr. gildandi laga. Þannig að hér, eins og sums staðar annars staðar í frv., er einfaldlega kveðið skýrar að orði.

Rökin fyrir því, herra forseti, að fella niður heimildina um að veita einfalda ábyrgð eru m.a. sú röskun á jafnræði og samkeppnisstöðu fyrirtækja þegar slíkar ábyrgðir eru veittar. Það hefur oft verið álitamál og umrætt hérlendis þegar sveitarstjórnir hafa veitt slíkar ábyrgðir, hvort að þær væru þá ekki með því að raska samkeppnisstöðu því að sumir fá ábyrgðir og aðrir ekki. Og hægt er að nefna fjölmörg dæmi um að slíkar ábyrgðir hafi raskað samkeppnisstöðu.

Það sem er merkilegt við þetta ákvæði er að í athugasemdum við greinina er þessi almenna röksemd ekki notuð, þ.e. að verið sé að raska samkeppnisstöðu og það sé óeðlilegt og að fella skuli niður allt sem gæti leitt til röskunar á samkeppnisstöðu. Nei, herra forseti. Hér er vitnað í EES-samninginn. Í 1. mgr. 61. gr. þess samnings er ákveðin regla lögfest því þetta er hluti af EES-samningnum og þar með hluti af okkar lagaumhverfi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila."

Í fyrsta lagi hefði mátt orða þennan málslið betur því að þetta var einn málsliður eða ein setning eins og við sögðum í gamla daga. Það hefði mátt brjóta hana upp í nokkra

þætti til að hún yrði einfaldlega skiljanlegri. En meginatriðið sem felst í þessu er að opinberir aðilar og reyndar aðrir megi ekki gera neitt sem ívilnar ákveðnum fyrirtækjum á kostnað annarra. Þetta er þessi grundvallarregla að gæta að samkeppnisskilyrðum. Þessi meginþráður í löggjöf Evrópusambandsins sem við höfum lögfest með EES-samningnum hefur líka verið álitaefni og deilumál hér á landi, þ.e. samkeppnislöggjöfin almennt. Öll okkar viðskiptalöggjöf meira og minna er ættuð frá þessum samningi og í öllum aðalatriðum hefur hún leitt til mikilla framfara í löggjöf og viðskiptaháttum hér.

Að mínu mati leikur ekki nokkur vafi á því að meginhugsun löggjafar Evrópusambandsins á viðskiptasviðinu, þ.e. að frjálsræði sé til hagsbóta fyrir neytendur, og sú stranga samkeppnislöggjöf sem þar er sett til að örva samkeppni og koma í veg fyrir fákeppni og markaðsyfirráð, er mjög rétt. Það þyrfti reyndar að beita henni enn frekar hér á landi þar sem við búum á fjölmörgum sviðum við tiltölulega litla samkeppni, frekar fákeppni og allt að því samráð á mjög mörgum sviðum.

Við þekkjum það hér á landi, t.d. í flutningum, í tryggingum, í olíusölu og á fjármálamarkaði, að allt þetta hefur yfirbragð fákeppni sem kemur niður á neytandanum á einn eða annan hátt. Það er hægt að hafa um það nokkur orð til viðbótar að einmitt þessi fákeppnisfyrirtæki sem ráða hér svo miklu í íslensku efnahagslífi, öll þessi sterku og stæltu fyrirtæki, eru nátengd tveimur stjórnmálaflokkum hérlendis, þ.e. Sjálfstfl. og Framfl., þeim tveimur stjórnarflokkum sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að kljást við á þriðja ár.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að það er hægt að færa rök fyrir því að allar þær hugmyndir sem að hluta ganga í gegnum þetta frv. en meiri merki sjást um í öðrum frv., sem ágreiningur er um þessa dagana milli stjórnar og stjórnarandstöðu, endurspeglar hagsmunagæslu núv. ríkisstjórnarflokka fyrir þessi fákeppnisfyrirtæki.

Þess vegna er athyglisvert að skoða 73. gr. sveitarstjórnarlaganna, þ.e. bann við því að veita einfaldar ábyrgðir, í ljósi meginrökstuðnings Evrópusambandsins sem felldur er inn í EES-samninginn, að ekki megi raska samkeppnisskilyrðum. Það er athyglisvert að horfa á þá meginhugsun sem þar birtist og síðan hina harðsvíruðu hagsmunagæslu þessara sömu stjórnarflokka þegar kemur að því að tryggja fákeppnisumhverfið sem þeim er hugleikið.

Um þetta mætti hafa mörg orð, herra forseti, en ég kýs að gera það ekki. Vafalítið væri hægt að tengja það skipulagi sveitarstjórnarmála og sveitarfélögum. Ég kýs að fara ekki inn í þá umræðu hér en meginstefna Evrópusambandsins, þ.e. að raska ekki samkeppnisskilyrðum, er notuð sem rökstuðningur í sambandi við ábyrgðir íslenskra sveitarfélaga, þ.e. við að þrengja möguleika þeirra til ábyrgðaveitingar. Það er jafnframt skilgreint að þessi ákvæði nái til ríkisstyrkja, t.d. yfir bein fjárframlög, ábyrgðir, skattaívilnanir, tryggingu, niðurgreiðslu lánskjara frá markaðskjörum, styrki veitta af ríkisvaldi, sveitarfélögum, stofnunum og sjóðum í eigu opinberra aðila að hluta eða að öllu leyti.

Þetta er notað sem rökstuðningur. Það er athyglisvert að þetta er notað sem fyrsti rökstuðningurinn fyrir því að þrengja möguleika sveitarfélaga til að veita ábyrgð. Nú er vitaskuld hægt að spyrja: Af hverju á að þrengja möguleika réttkjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum til að veita ábyrgðir ef þeir kjósa svo? Það er á þeirra ábyrgð. Þeir eru kosnir til þess. Þá kemur það inn, sem ég nefndi áðan, að ábyrgðir sem falla á bæjarsjóð, sem eru oft á tíðum eru teknar í þeirri von að rétta við veikburða atvinnulíf á einstöku stöðum, eru greiddar af skatttekjum framtíðarinnar, þær hafa verið lagðar að veði. Í sjálfu sér má segja um allar fjárfestingar, sveitarfélaga og annarra, að þær endurgreiddar af skatttekjum framtíðarinnar.

Í mínum huga er það matsatriði hvort hafa eigi vit fyrir mönnum, vera með forsjárhyggju gagnvart ákvarðanatöku í einstökum sveitarfélögum varðandi fjármálastjórn.

Hins vegar er það einnig notað sem rökstuðningur við niðurfellingu þessara heimilda, að félmrn. og sveitarfélög telji að slæm reynsla hafi verið af þessu ákvæði og að hinar rúmu heimildir hafi leitt til áfalla í fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga.

Ein meginástæða þess hefur einmitt verið sú að lánastofnanir hafa oft á tíðum sett atvinnufyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar og sagt: Ja, þú verður að koma með ábyrgð sveitarfélagsins ef við eigum að veita þér lánafyrirgreiðslu. Fjölmörg atvinnufyrirtæki hafa lent í þessari stöðu gagnvart lánastofnunum. Það er nú svo hlálegt í þessu að til skamms tíma voru jú allar eða langflestar lánastofnanir hérlendis í fullri eigu ríkisvaldsins. Hér var almannavaldið að krefjast skuldbindingar þegnanna gegnum ríksbanka gagnvart einstökum atvinnufyrirtækjum og knýja þar á ábyrgð sveitarfélaga.

Þessi aðferð lánastofnana gagnvart einstökum sveitarfélögum og fyrirtækjum, að stilla mönnum upp við vegg, sérstaklega í erfiðri fjárhagsstöðu, hefur í mörgum tilfellum leitt til áfalla, ekki bara í fyrirtækjarekstri heldur gagnvart einstökum sveitarfélögum. Sumir kunna að segja að það sé þá betra að þessi kaleikur sé einfaldlega tekinn frá mönnum með því að banna að veita þessar einföldu ábyrgðir. Víst er að það má færa rök fyrir því að sé freistingin ekki fyrir hendi þá falli menn ekki fyrir henni.

Við skulum samt hafa í huga að hér er þess freistað að hafa vit fyrir mönnum, fyrir kjörnum fulltrúum. Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að hafa vit fyrir kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnum frekar en kjörnum fulltrúum á hinu háa Alþingi. Vafalítið væri hægt að færa rök fyrir því að hvort tveggja ætti við við tilteknar aðstæður.

Þó er ekki hægt að segja annað en að sveitarfélögin sjálf hafi óskað eftir því að þessi freisting yrði tekin frá þeim. Þau ályktuðu í mars 1996, þ.e. fulltrúaráð heildarsamtaka íslenskra sveitarfélaga, að taka ætti fyrir einfaldar ábyrgðarveitingar sveitarfélaga til annarra en eigin fyrirtækja.

„Nútímabankastarfsemi á að vera í stakk búin til að sinna þeirri lánastarfsemi sem reksturinn þarfnast" sagði í þeirri ályktun.

Hér eru náttúrlega þau skilaboð send til bankakerfisins að láta af þeirri kúgun sem það hefur undanfarin ár beitt fyrirtæki og sveitarfélög með því að segja við fyrirtækin þegar illa árði: Gott og vel, þú færð fyrirgreiðslu ef sveitarfélagið ábyrgist.

Við þekkjum reyndar dæmi um að stundum hefur verið gengið þannig frá ábyrgðum að úr hafa orðið dómsmál. Það hefur ekki legið ljóst fyrir hvort löglega væri að verki staðið. Ég minnist ágreinings um þetta efni sem nú er í einu af nágrannasveitarfélögunum hér. Vafalítið er æskilegra og betra að kveða skýrt á um þetta, eins og gert er í þessu frv. En þetta, herra forseti, er samt sem áður mikilvæg efnisbreyting frá núgildandi fjármálastjórn sveitarfélaga.

Í þessu sambandi er einnig vert að geta um þær reglur sem eru í nágrannalöndunum varðandi ábyrgðarveitingu

sveitarfélaga. Í dönskum sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að viðkomandi ráðherra — innanríkisráðherra fer þar með málefni sveitarfélaga — geti sett reglur um heimild sveitarfélaga, m.a. til að skuldbinda sveitarfélag með ábyrgðum. Þar er sem sagt í lögum kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglur. Í þeim reglum eða reglugerð sem danskir búa við er sveitarfélögum óheimilt að taka á sig ábyrgð nema um sé að ræða lán til sveitarfélagsins eða stofnana þess. Vitaskuld er eðlilegt að sveitarfélög geti veitt ábyrgðir til stofnana síns sveitarfélags, en þarna er sami hugsunarhátturinn og hefur núna fengið hljómgrunn í frv. því sem liggur hér fyrir hinu háa Alþingi.

Norsku lögin eru nokkuð örðuvísi. Þar er kveðið á um að hægt sé að veita slíkar ábyrgðir þegar sérstakir hagsmunir sveitarfélagsins tengjast, ef það er ákveðið í lögum eða kveðið á um það af þingi. „Sérstakir hagsmunir sveitarfélags" er vitaskuld orðalag sem hægt er að teygja nokkuð og það hefur verið gert í norskum sveitarstjórnarmálum að nokkru leyti. Þó er kveðið á um að ekki megi veita ábyrgð vegna fjárhagslegra skuldbindinga sem tengdar eru almennum atvinnufyrirtækjum. Þarna er því dregin lína til að fría sveitarfélög frá slíkri þátttöku í atvinnurekstri.

Hjá Norðmönnum er einnig kveðið á um að ráðuneytið sem fer með sveitarstjórnarmál þar, þeir hafa sérstakt sveitarstjórnarráðuneyti, þurfi að samþykkja ákvarðanir sveitarstjórnar við að veita ábyrgðir. Þeir hafa reglugerðarvald í þessum efnum.

Þannig má segja, herra forseti, að þessi breyting á 73. gr., um ábyrgðir, sé nokkuð í anda þess sem gert er á Norðurlöndunum. Hún skerpir aðeins útlínur í fjármálastjórn sveitarfélaga og tekur fyrir þann mikilvæga þátt sem varðar einfaldar ábyrgðir. Ég tel að fyrst og fremst verði komið í veg fyrir hina slæmu venju íslenskra lánastofnana að krefjast sífellt ábyrgðar af þriðja aðila. Það er ekki svo, herra forseti, að þetta vandamál snúi einungis að sveitarfélögum heldur hafa íslenskar lánastofnanir beitt þessum ákvæðum purkunarlaus gagnvart einstaklingum í tengslum við sjálfskuldarábyrgð. Ég man nú ekki hve margir Íslendingar eru í sjálfsábyrgðum en það er stór hluti þjóðarinnar. Brýnt hefði verið að taka á þessum málum og láta lánastofnanir starfa af ábyrgð en ekki sífellt reyna að fría sig faglegum vinnubrögðum með því að láta ábyrgðir þriðja aðila duga.

Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að þessi venja og stjórnleysi í íslenskum lánastofnunum, að krefjast ábyrgðar þriðja aðila, hefur gert þær værukærari við lánveitingar. Þetta snýr ekki einungis að sveitarfélögum, sem hér er verið að reyna að setja skorður við, heldur höfum við dæmi frá deginum í dag um hvernig þetta hefur leikið íslenska skattborgara grátt.

Herra forseti. Það var einmitt upplýst hér, reyndar í kjölfar fyrirspurnar á hinu háa Alþingi, að afskrifuð töp tveggja ríkisbanka, Landsbanka og Búnaðarbanka, hefðu numið um 14 milljörðum á sl. fimm árum. Þetta eru mjög háar fjárhæðir eða eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um í sjónvarpsviðtali fyrr í kvöld, næstum því sama upphæð og nettótekju ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga. Tekjuskattur einstaklinga er vitaskuld hærri fjárhæð en stór hluti af henni rennur til sveitarfélaga í formi útsvars og góður hluti annar hefur verið nýttur til greiðslu barnabóta og annars slíks. Sem bein tekjuöflun í ríkissjóð var þessi tekjuskattur til skamms tíma 14 milljarðar en er nú orðinn meira núna. Ef ég man rétt þá er hann um 17 milljarðar sem rennur nettó í ríkssjóð, 17 eða tæpir 20 milljarðar. Við sjáum á þessum samanburði hvílíkar ógnarfjárhæðir hafa í íslensku fjármálakerfi farið í útlánatöp.

Það er athyglisvert í samhengi við þessa grein, 73. gr. sveitarstjórnarfrv. þar sem settar eru skorður við ábyrgðarveitingu sveitarfélaga, að hluti af ástæðunni fyrir þessu tapi er sú venja íslenskra lánastofnana að telja að með því að fá ábyrgð þriðja aðila, hvort sem er hjá sveitarfélagi eða með sjálfskuldarábyrgð einstaklinga, séu menn lausir allra mála og þurfi ekki að gaumgæfa vandlega hverjum verið er að lána og hvort menn séu borgunarmenn, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða lögaðila. Fyrir utan greinilega slaka stjórnun á þessum lánastofnunum er það ein af ástæðunum fyrir þessari ógnvekjandi stöðu. Hér er því snert á þætti í viðskiptaumhverfi okkar sem er mjög mikilvægur og hefur valdið tjóni, ekki einungis hjá sveitarfélögum og atvinnufyrirtækjum tengdum þeim heldur einnig víða í banka- og sjóðakerfinu.

Þessi grein sem ég hef gert að nokkru umtalsefni er hluti af stærri kafla í frv. sem snýr að fjármálum sveitarfélaga. Þar er m.a. kveðið á um sviptingu fjárforræðis sveitarfélaga. Kveðið er á um sérstaka eftirlitsnefnd sem skipuð er af hálfu félmrh. til að fylgjast með fjárreiðum sveitarfélaga. Í þessu frv. er sett upp eins konar aðstoðar- og björgunarleið fyrir sveitarfélög ef illa gengur. Við þekkjum dæmi þess á undanförnum árum að sveitarfélög hafa lent í verulegum fjárhagslegum örðugleikum. Þess er að vænta að með sameiningu sveitarfélaga og styrkingu þeirra með öflugri tekjustofnum sem gerst hefur við það að taka við auknum verkefnum af ríkisvaldinu, þá megi vænta þess að fjárhagsleg umsvif sveitarfélaga verði styrkari á næstu árum og áratugum.

Ég tel samt rétt í þessu sambandi, herra forseti, að geta um nokkra þætti sem tengjast einmitt fjármálum sveitarfélaga. Ég hef kosið í aðdraganda eða inngangi að þessum skipulagsmálum sem fjölmargir aðrir þingmenn hafa gert að umtalsefni, að fjalla nokkuð ítarlega um aðra þætti sem ég held að aðrir ágætir hv. þingmenn hafi kannski ekki farið svo nákvæmlega yfir. Þess vegna hef ég staldrað nokkuð við fjárhagsstöðu eða fjármál sveitarfélaga, þ.e. VI. kafla frv. Þetta eru greinar 58–80. Þetta er einn af meginþáttunum í þessu frv. og segja má að í meginatriðum sé fjárhagsrammi og fjárhagsvinna sveitarfélaga styrkt nokkuð. Hins vegar eru ekki gerðar hér neinar afdrifaríkar kerfisbreytingar og ekki gerðar meiri kröfur til fjárhagsáætlana af hálfu sveitarfélaga eins og brýnt væri.

M.a. væri mikilvægt að kveðið væri skýrt á um það í sveitarstjórnarlögum að menn skyldu láta reikna út og fylgja ársreikningum allar áfallnar skuldbindingar. Misbrestur er á þessu. Oft og tíðum hafa t.d. ekki fylgt eftirlaunaskuldbindingar. Ég veit nú ekki hversu margir þingmenn hafa verið skoðunarmenn hjá sveitarfélögum. Ég var í nokkur ár skoðunarmaður bæjarreikninga á Seltjarnarnesi þar sem ég bjó og þar var ýmislegt í fjármálalegri skipulagningu hvað snertir ársreikningagerð og annað slíkt sem betur mátti fara út frá lagalegu sjónarmiði. Ekki svo að skilja að nokkru hafi verið ábótavant við reikninga. Svo var alls ekki. En það er mjög mikilvægt að fjárhagslegar skuldbindingar framtíðarinnar liggi mjög ljóst fyrir, sérstaklega hjá sveitarfélögum.

Á þeim árum þegar ég var skoðunarmaður bæjarreikninga sögðu lög ekki til um nákvæma framsetningu á skuldbindingum framtíðarinnar hvað þetta varðar. Sum sveitarfélög

reiknuðu þetta út og birtu. Sveitarfélög hafa verið að endurbæta framsetningu á sínum reikningum undanfarin ár en ég tel að skýrari og betri ramma hefði mátt gera um fjármál sveitarfélaga en gert er í þessu frv. Því miður var sú leið farin að vinna í meginatriðum út frá núverandi löggjöf. Ég hefði talið réttara, herra forseti, ef menn hefðu haft betri hliðsjón af hinni merku löggjöf um fjárreiður ríkisins sem við afgreiddum fyrir ári síðan og sem á vitaskuld að vera leiðandi í allri umræðu um opinber fjármál og er það góðu heilli þó svo að við á hinu háa Alþingi höfum ekki borið gæfu til þess enn að endurskipuleggja störf þingsins eftir þeirri ágætu löggjöf. Það verður að bíða endurskoðunar þingskapa, en verður ekki gert að um talsefni í þessari ræðu. Hins vegar er gott að vekja athygli á því að við eigum góða löggjöf um opinber fjármál sem hefði mátt nota meira til hliðsjónar við gerð þessa frv. Ég sakna þess að hv. félmn. skuli ekki hafa gefið sér tóm til að fara betur ofan í fjárhagslega skipulagningu sveitarfélaga, gera þar betri og sterkari kröfur hvað varða fjárhagslegar skuldbindingar, sérstaklega hvað varðar framtíðarrekstur.

Þó er sett inn í þetta frv., og er það nýmæli, að sé um meiri háttar fjárfestingar að ræða skuli fylgja álit sérfróðra aðila. Þetta hefði náttúrlega mátt koma miklu fyrr og er vitaskuld til bóta. Þetta á að vera almenn regla alveg eins og það er almenn regla að öllum lagafrv. á hinu háa Alþingi skuli fylgja greinargerð frá fjmrn. um áætluð útgjöld vegna samþykktar viðkomandi frv. Það er góð regla, herra forseti, og hefði mátt finna skýrari hljómgrunn í þessu frv. til sveitarstjórnarlaga.

Eftirlitsnefndin sem sett er á laggirnar er í 74. gr. frv. — það er tilviljun að þessar tvær greinar standa hlið við hlið. Ég tel þær merkastar í þessum kafla og fyrir utan 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða e.t.v. þær greinar sem menn ættu að staðnæmast hvað mest við í umræðunni, án þess að ég vilji gera neitt lítið úr öðrum greinum frv. En í þessari grein, 74. gr., með yfirskriftinni Eftirlitsnefnd, er kveðið á um að ráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd. Hér er átt við félmrh. Hér má strax spyrja hvort að þetta eigi að vera félmrh. sem er sveitarstjórnarráðherrann eða hvort hér hefði kannski farið betur á að hafa fjmrh. eða að sameiginleg skipun fjmrh. og félmrh. hefði átt að eiga sér stað hvað þessa eftirlitsnefnd varðar. Ég hefði talið það vel koma til álita. En ákvæðið stendur samt og ekki er gerð nein breyting á því í brtt. nefndarinnar. Ráðherra skipar þessa þriggja manna eftirlitsnefnd. Hlutverk hennar er að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga.

Varðandi skipun í nefndina þá er einn fulltrúi skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Þetta er hefðbundin ráðherranefnd. Verksvið hennar er að athuga árlega reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við ákveðin viðmið sem eru sett af hálfu ráðherra í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Kveðið er á um þar að setja skuli eftirlitsnefndinni reglur í reglugerð, það er sérstök reglugerðarheimild hvað varðar þessa grein.

Ef athugunin leiðir til athugasemda og í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um störf sín. Það er augljóst hvað hér er á ferðinni. Verið er að setja upp eftirlitsaðila með fjármálum sveitarfélaga. Við höfum svona eftirlitskerfi annars staðar í okkar samfélagi. Bankaeftirlitið hefur t.d. eftirlit með fjármálastofnunum og reyndar lífeyrissjóðum núna. Þetta varðar náttúrlega hinar almennu útlínur eftirlits en hið daglega eftirlit og árlega eftirlit er vitaskuld reyndar á forræði löggiltra endurskoðenda, endurskoðenda viðkomandi sveitarfélaga. Menn rugla þessu oft saman í umræðu og vanmeta hlutverk endurskoðenda við eftirlitsstörf.

Svo ég haldi aðeins áfram með hlutverk þessarar eftirlitsnefndar vegna þess að þetta er nýmæli, þá er ekki aðeins kveðið á um að það beri að aðvara sveitarfélagið og upplýsa ráðherra um stöðu mála heldur er sveitarstjórninni skylt að gera nefndinni grein fyrir því innan tiltekins frests, þ.e. tveggja mánaða, hvernig hún hyggist bregðast við þessari aðvörun. Hér er því búinn til eftirlitsaðili og ef hann finnur eitthvað athugavert kemur hann ábendingum á framfæri og þá er skylt að bregðast við og segja a.m.k. hvernig menn ætli að greiða úr þeim vandkvæðum sem upp eru komin.

Reglugerð skal sett um þetta. Ekki er í löggjöfinni kveðið nákvæmlega á um þessar viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Einungis er sagt að ráðherra eigi að setja slíka umgjörð í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og að þessar fjárhagsviðmiðanir skuli taka til þeirra atriða sem skipta meginmáli við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga.

Eitt mikilvægt atriði hér er að ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar og verða ekki kærðar til ráðherra. Hér eru því teknir út kærumöguleikar, hin hefðbundnu ákvæði stjórnsýslulaga, og það markast af eðli þessarar nefndar. Þetta er eftirlitsnefnd og hlutverk hennar er fyrst og fremst til að beina sjónum manna að því sem betur má fara og knýja á um úrbætur. En hún hefur ekki vald til annarra ákvarðana. Þó er heimilt eins og kemur fram í næstu grein að sé um alvarleg atvik að ræða getur ráðuneytið að fengnum tillögum eftirlitsnefndarinnar veitt sveitarfélaginu lán eða styrk úr jöfnunarsjóði til að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl.

Ástæðan fyrir því að þetta ákvæði er sett er að ákvæði um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga hafa verið mjög veik í íslenskri löggjöf. Ég nefndi áðan að menn í fjármálaumhverfinu hafa verið að víkka út starfsemi bankaeftirlitsins yfir á starfsemi lífeyrissjóðanna sem lutu ekki almennu eftirliti nema því sem kveðið var á um í lögum um ársreikninga og endurskoðun og bókhald, sem er vitaskuld aðaleftirlitið. Nú hafa menn ákveðið að stíga skrefi lengra og sameina bankaeftirlitið og Vátryggingareftirlitið í eitt fjármálaeftirlit. Þá erum við komin með eina stofnun hér sem hefur eftirlit á fjármagnsmarkaði, hvort heldur er með lánastofnunum, lífeyrissjóðum, verðbréfafyrirtækum og eiginlega öllu því sem hreyfist á þessum mjög svo kvika fjármagnsmarkaði.

Það frv. var til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. og bíður nú — er eitt af þessum 70 málum sem bíða víst hér afgreiðslu, mjög svo gott mál sem hv. efh.- og viðskn. stóð samhljóða að. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að hér eru menn svolítið að fikra sig inn á þessa leið, sem ég held að sé rétt, þ.e. að komið sé fyrir eftirlitsaðilum með opinberum fjármálum. Við höfum séð nauðsyn þess að gott eftirlit sé haft með lánastofnunum og á fjármagnsmarkaði og þessi nýja löggjöf sem ég nefndi mun styrkja það enn frekar. Ég held að þessi eftirlitsnefnd, sem er nýmæli, sé til bóta. Það hefði e.t.v. mátt útfæra þetta á annan hátt, að sterkara eftirlit og stofnun kæmi þar að, svipað og Ríkisendurskoðun kemur að ýmsum þáttum sem tengjast ríkisrekstrinum, þó svo að meginstarfið sé unnið enn og aftur af endurskoðendum viðkomandi sveitarfélags eða stofnana. Menn eiga ekki að

ofmeta hlutverk ytri eftirlitsaðila þótt nauðsynlegt sé. Það má eiginlega lýsa því nokkuð með því að hlutverk þeirra sé að hafa eftirlit með eftirlitinu, að eftirlitið sé innt rétt af hendi. Við þekkjum, herra forseti, að umræðan um það í tengslum við Landsbankamálið er í fullum gangi einmitt í tengslum við verkaskiptingu milli endurskoðenda Landsbankans og Ríkisendurskoðunar og svo innri endurskoðunar þess banka. *Umræðan er því um þessa þrjá eftirlitsaðila sem komu þar* að og samræmingu þar á milli, en eins og alþjóð veit var verulegur misbrestur þar á í tengslum við Landsbankamálið svo vægt sé að orði kveðið.

Nefndin sjálf og verksvið hennar er síðan nánar markað í 75. gr. sem er reyndar samhljóða eða að meginstofni til byggð á ákvæðum 90. gr. núv. sveitarstjórnarlaga, en þó með þeirri mikilvægu undantekningu að núna eru þessi eftirlitsákvæði eða úrræði ráðuneytisins við slaka fjárhagsstöðu sveitarfélaga löguð að tilurð þeirrar eftirlitsnefndar. Ef í ljós kemur að sveitarstjórn finnur út að ekki sé hægt að standa í skilum, menn lendi í fjárþröng, þá er kveðið á um að tilkynna skuli það til eftirlitsnefndar og skuli taka það til umræðu í viðkomandi sveitarstjórn og kveðið á um að það skuli vera eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Hér erum við vitaskuld að tala um mjög alvarlegan hlut, þ.e. ef sveitarstjórn kemst í fjárþröng þá skuli það ekki einungis tilkynnt til eftirlitsnefndar á markvissan hátt heldur skal það tekið til umræðu í sveitarstjórn og þannig að öllum sveitarstjórnarmönnum og íbúum viðkomandi sveitarfélags sé kunnugt um þessa stöðu.

Þá eru skuldbindingar eftirlitsnefndarinnar þær að láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn hvernig bæta á það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests. Hérna erum við að tala um úrræði, *komi til alvarlegra fjárhagserfiðleika.* Kemur þá eftirlitsaðilinn inn í með ábendingar og skyldur eru settar á herðar sveitarstjórnar að bæta þar úr.

Það er mikilvægt í sambandi við einmitt 3. mgr. 75. gr., að sveitarstjórn hefur ekki vald til að hunsa ábendingar eftirlitsnefndar. Henni er skylt að fara eftir þeim og ef hún gerir það ekki er hægt að grípa til aðgerða, og ef í ljós kemur að sveitarfélagið getur ekki staðið að eðlilegum rekstri þá getur ráðherra gripið inn í með fjárframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Við þekkjum þetta ákvæði einnig í tengslum við til dæmis tryggingasjóðahugtakið í fjármálaheiminum, tryggingasjóðirnir hjá innlánsstofnunum og sparisjóðum. Hér er sama hugmyndafræðin á ferðinni. Komi til mikillar röskunar á fjárhag sveitarfélaga þá er gripið inn í af heildarsamtökum. Það er ekki í þágu neins að eitt sveitarfélag lendi í slíkum hremmingum að í reynd verði þrengt óbærilega að íbúunum.

Eitt af ákvæðunum í frv. er að sveitarfélag verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta. Ekki er gert ráð fyrir því að sveitarfélög, samfélag íbúa, sé fyrirtæki eins og við þekkjum heldur er hér um að ræða allt öðruvísi lögformlega uppbyggingu og það getur ekki verið gert gjaldþrota. Hins vegar getur sveitarfélag lent í því að missa fjárforræði sitt. Ráðherra er heimilt samkvæmt þessu frv. og samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum að svipta sveitarstjórn fjárforráðum og skipa því fjárhaldsstjórn. Það er sem sagt hægt að taka fjárhagsstjórnina úr höndum sveitarfélags ef í óefni er komið. Þetta eru svipuð ákvæði og eru í eftirlitskafla í lögum um viðskiptabanka, þ.e. heimildir bankaeftirlitsins, ef menn fara algjörlega út úr korti hvað varðar fjármálalega stjórn og ekki hægt að rétta þar við og stjórnendur ekki færir um að grípa til þeirra úrræða sem nauðsynleg eru, þá er heimilt að setja eftirlitsmann inn í viðkomandi stofnanir sem hefur tiltekna lagalega stöðu. Hér gengur því enn og aftur sama hugmyndafræði inn í fjármál sveitarfélaga. Sett er á laggirnar að vísu ekki mjög sterk eftirlitsnefnd, en hugsunin er hin sama. Það er einhver sem hefur eftirlit með eftirlitinu og *komi til alvarlegra vandræða er gripið inn í af hálfu ráðherra* með tilteknum hætti og settur um það lagarammi þannig að ekkert fari milli mála komi slík staða upp.

Þó svo að sveitarfélög geti ekki orðið gjaldþrota, þá getur ráðuneyti óskað eftir því ef það hefur verið svipt fjárforræði að sveitarfélagi verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða að leita nauðasamninga eftir almennum reglum. Sveitarfélög við tilteknar mjög slæmar fjárhagslegar aðstæður hafa því sömu möguleika og aðrir aðilar í samfélaginu, þ.e. að fara í greiðslustöðvun sem þýðir að ekki er hægt að ganga að mönnum á tilteknum tíma meðan menn eru að reyna að greiða úr fjárhagsvandræðum sínum. Þennan rétt hafa bæði einstaklingar og lögaðilar. Síðan er hægt að leita nauðasamninga sem felast í því að lánardrottnar gefa eftir hluta af skuldum sínum gegn því að fá þá annað greitt eftir tilteknum reglum. Þetta eru hinar almennu reglur sem gilda í samfélaginu bæði gagnvart lögaðilum, fyrirtækjum og einstaklingum og sjálfsagt að hafa líka alveg sambærilegan rétt gagnvart sveitarfélögum.

Það er einnig kveðið á um það í lögum að fjárhaldsstjórn sveitarfélags skuli skipuð þremur mönnum. Þetta er óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum. Það eru ýmis ákvæði í þessum kafla laganna sem hefðu mátt fá betri vinnslu, bæði í nefndinni sem undirbjó frv. og í þingnefndinni að mínu mati. Ég hefði talið að um kaflann sem varðar endurskoðun og annað þess háttar hefði mátt á almennari hátt setja tilvísun til laga um endurskoðun. En það eru ítarleg ákvæði hér og þau eru öll af hinu góða. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun að þar sem við komumst af með almenna löggjöf eigum við að reyna að vísa til hennar frekar en að kveða á um ákvæði í sérlögum sem gilda í almennum lögum. Það er að vísu hlutur sem við gerum oft og tíðum og er að nokkru leyti í þessari löggjöf, sérstaklega hvað varðar endurskoðunar- og *ársreikningsþáttinn. Þetta er hins vegar ekki neitt stórmál og* vafalítið verða lögin líka skoðuð betur en sveitarstjórnarlög eru þess eðlis að þau eru sífellt undir í umræðu milli manna. Þótt svo ýmislegt minni háttar megi betur fara þá finnst örugglega farvegur fyrir það á næstu missirum.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað sjá róttækari uppstokkun á þessari löggjöf en það er ekki gert í þetta sinn. Það má e.t.v. segja að róttæknin sé alveg nóg þegar kemur að 1. gr. frv., það er uppleggið um skipulagsþáttinn. Það er e.t.v. alveg nóg sem við höfum þar af að taka eins og fjölmargir aðrir þingmenn hafa gert hér að umtalsefni.

Ég vil reyndar geta þess, af því ég sagði áðan varðandi 74. gr. að ekki sé gert ráð fyrir að hægt sé að kæra ákvarðanir eftirlitsnefndar til ráðherra, og ég gat um að þar væru tekin úr sambandi stjórnsýsluákvæðin. Það var gert í frv. eins og það var lagt fram, en sú breyting var gerð í félmn. eða tillaga til breytingar sem væntanlega verður einhvern tíma í næsta mánuði gengið til atkvæða um, að breyta síðustu málsgrein 74. gr. þannig að ákvarðanir eftirlitsnefndar verði hægt að kæra til ráðherra. Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru með brtt. nefndarinnar felldar undir stjórnsýsluákvæði eða kæruleið-

ir stjórnsýslulaganna, og er það vitaskuld réttarbót að slík ákvörðun fái þá málsmeðferð.

Herra forseti. Ég tel núna rétt að fjalla nokkuð um þann þátt sem snýr að skipulagsmálum sem reyndar hefur verið farið mjög ítarlega í af hálfu annarra þingmanna. Ég tel vel við hæfi að vitna til fjölmenns fundar sem var haldinn á Hótel Borg á mánudaginn og boðað var til af mjög fjölmennum samtökum útivistarmanna. Tilefni fundarins var þetta frv. Fundarmenn sendu bréf til hæstv. forsrh. sem er undirskrifað af fjölmörgum forsvarsmönnum úr þessu umhverfi.

Það var af hálfu Hins íslenska náttúrufræðifélags, af hálfu Ferðafélags Íslands, af hálfu Íslenska alpaklúbbsins, af hálfu Útivistar, af hálfu Jöklarannsóknafélags Íslands, Skotveiðifélags Íslands, Landssambands ísl. vélsleðamanna, Ferðaklúbbsins 4x4 og stangaveiðifélagsins Ármanna. Þetta voru þeir aðilar sem sendu hæstv. forsrh. bréf um þetta mál. En á fundinum voru flutt nokkur erindi, mjög góð og merk erindi, sum þeirra held ég að hafi varla verið gerð að umtalsefni hér á þessum fundi, en mig langar til, herra forseti, að vitna til eins af þessum erindum sem voru flutt á fundinum. Það var erindi sem Guðmundur Sigvaldason prófessor, forstöðumaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar, flutti og er í meginatriðum birt í dagblaðinu Degi í morgun, fimmtudaginn 7. maí. Ég er, herra forseti, hér með mjög nýlegar greinar því að ég hóf ræðu mína á því að vitna í grein hv. þm. Guðna Ágússonar frá deginum í dag, og nú er ég með aðra grein, einnig frá deginum í dag, sem ég tel ástæðu til að gerð sé hér að sérstöku umtalsefni vegna þess að hún fjallar um skipulagsþáttinn, þ.e. 1. gr. í því frv. sem við erum að fjalla hér um.

En þessi grein, með leyfi forseta, hún ber yfirskriftina Hálendið, og þar segir svo:

„Þeir eru fáir, sem enn muna Herðubreiðalindir eins og þær voru áður en Þorsteinsskáli var byggður. Þeir eru jafnvel fáir, sem enn muna Herðubreiðarlindir áður en þar risu mannvirki til að hýsa landverði og taka á móti þúsundum ferðamanna. Þeir, sem enn muna eru haldnir undarlegri fortíðarþrá, sem gerir heimsókn til Herðubreiðarlinda nútímans að dapurri upplifun og staðfestir þann grun sem flestar kynslóðir bera í brjósti, að heimur versnandi fer.

Í útvarpsþættinum Víðsjá var í síðustu viku endurflutt frægt erindi Halldórs Kiljans Laxness um „Hernaðinn gegn landinu". Aldrei hefur neitt verið samið og flutt sem lýsir umgengni Íslendinga við landið betur en þetta erindi Halldórs, enda fór þar saman ritsnilld hans og djúpstæð þekking Sigurðar Þórarinssonar prófessors á sambúð lands og þjóðar, en Sigurður átti margar ferðir að Glúfrasteini meðan erindið var samið. Það kann að hafa þótt voguð fullyrðing hjá Halldóri, og þykir e.t.v. enn, að engin þjóð hafi níðst á landi sínu í sama mæli og Íslendingar. Þó er hægt að styðja þá fullyrðingu gildum rökum, byggðum á ítarlegum rannsóknum. Víst er margt til afsökunar í harðbýlu landi og tæpast hefði þjóðin lifað af nema með hjálp sauðkindarinnar, enda hefur sú dýrategund sérréttindi í þessu landi, sem eiga hvergi sinn líka á byggðu bóli. Þjóðin er ekki lengur háð þessu dýri til fæðis og klæða og það er mun brýnna að afnema sérréttindi sauðkindarinnar en að setja lög um stjórnsýslu skipulag hálendisins. Ég held raunar að afnám þessara sérréttinda og útilokun þess hugarfars sem þeim fylgir geti verið veigamikil forsenda þess að gera skynsamlega áætlun um hvernig nútímafólk eigi að umgangast svokallaða afrétti og hálendi Íslands.

Skipulag hálendisins er kjarni þeirrar umræðu, sem hér fer fram og við erum áhyggjufull og óttumst að málið sé ekki nægjanlega vel hugsað og undirbúið. Upphaflegt frumvarp til laga var gagnrýnt og síðan var reynt að gera á því flaumósa breytingar til að ná sáttum meðal alþingismanna. Viðtöl við þann ráðherra og sauðfjárbónda, sem ýtir málinu úr vör, benda til þess að honum sé þjóðarsátt lítils virði. Skipulag greinist í tvo þætti, hvað og til hvers á að skipuleggja og hvernig á að skipuleggja. Fyrra atriðið vísar til þess að fyrir liggi einhver knýjandi þörf á skipulagi til að forðast óreiðu. Seinna atriðið höfðar til aðferðar, sem aftur vísar til smekks en smekk er erfitt að skilgreina nema í tengslum við tilfinningar og menningarlegt uppeldi.

Krafan um skipulag hálendis Íslands byggir á tvenns konar þörf. Í fyrsta lagi þörfinni að hafa hemil á umhverfisspjöllum vegna þess að nú þegar skapa ýmsir aðilar sér atvinnu, eða leita sér skemmtunar með óvarlegri umferð og varanlegri mannvirkjagerð eftir happa- og glappaaðferðinni. Þessir sömu aðilar hafa þörf fyrir að halda áfram sömu iðju eftir skipulagi, sem gerir þeim kleift að auka umsvif sjálfum sér til tekna en landinu til lítillar þurftar. Í öðru lagi skapast svokölluð þörf vegna þess að á hálendinu eru seljanlegar auðlindir í orku fallvatna. Hugsunin og rökfærslan að baki þeirrar þarfar er sú siðfræði að selja allt sem hægt er að selja burtséð frá huglægum og siðrænum verðmætum. Þannig seldi junkærinn frá Bræðratungu Hið ljósa man fyrir brennivín, munurinn í sjálfu sér enginn annar en sá að nú eru menn drukknir af glýju stóriðjudraumanna, mestu martraðar nútímans á Íslandi. Þannig byggist hin knýjandi þörf á skipulagi hálendisins ekki á áhuganum á verndum eða varðveislu verðmæta, þörfin er einungis vegna óska um skipulega nýtingu og fjárhagslegan ávinning, sem mun fela í sér óafturkræf spjöll.

En er það sem nú var sagt ekki rökleysa? Er það ekki einmitt krafa tímans að nýta þau verðmæti náttúrunnar sem eru nærtæk og auðfengin til að bæta og tryggja efnahag þjóðarinnar? Og aftur má spyrja: Krafa hvaða tíma? Það var krafa tímans að eyða skógum landsins og fletta áttatíu hundraðshlutum jarðvegs af yfirborði þess. Það var krafa tímans að láta lagðsíða grasbíta herja á svokallaða afrétti öldum saman. Það var krafa tímans að sækja fisk úr sjó með sífellt fullkomnari tækjum uns ekki varð hjá því komist að fá umráð yfir stærri hafsvæðum. Þegar ekki var hægt að ausa meiri fiski úr öllu þessu hafi var það krafa tímans að leita á önnur mið þó að það kostaði illvígar deilur við grannana. Þegar allt um þrýtur er það krafa tímans að hefja stórorustu í hernaðinum gegn landinu á skipulagðan hátt.

Hver er sá rauði þráður, sem tengir allar þessar tímabæru kröfur saman í eina skiljanlega heild? Einfaldlega sú staðreynd að allt frá landnámi að Íslendingar sóttu viðurværi sitt til auðlinda lands og sjávar með grófum aðferðum rányrkjunnar. Þess vegna gat Halldór Laxness fullyrt með sterkum rökum að engin þjóð hefði níðst á landi sínu eins og Íslendingar.

Þessi orð vísa til fortíðar, þau þurfa ekki og mega ekki vísa til framtíðar. Margt bendir til að breyting sé í aðsigi. Sífellt stærri hluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að nútíminn hrópi á breyttar áherslur sem fela í sér nýtingu orkunnar sem býr í manninum sjálfum og hægt er að virkja með aukinni menntun og hvatningu til hugmyndasköpunar. Þess eru greinileg merki að unga fólkið hlýði því kalli og beini kröftum að arðbærum en vistvænum verkefnum. Þessi breyt-

ing á afstöðu og áherslum í huga fólksins í landinu er enn ekki nægjanlega langt gengin til að ná inn í sali Alþingis þar sem meiri hlutinn ætlar að samþykkja lög byggð á hugsun og siðferði fortíðar. Umræða um umhverfismál og skoðanamyndun þjóðarinnar á umhverfismálum er því miður óralangt á eftir tímanum eins og undrunarvert umburðarlyndi gagnvart réttindum sauðkindarinnar ber ljóst vitni.

En þetta er að breytast og það breytist nokkuð hratt. Þess vegna yrði það stórslys ef stjórnsýslu og skipulagsmálum dýrmætra hálendissvæða Íslands yrði ráðið til lykta með hroðvirknislegri flýtimeðferð manna sem fæstir hafa tilfinningu fyrir þeim verðmætum sem þeir eru að ráðstafa. Íslendingar eru alls ekki tilbúnir að ákveða með hvaða hætti á að umgangast hálendið. Hálendið er fjársjóður, sem ekki verður metinn til peninga, og þangað á að sækja tekjur sem mölur og ryð fá ekki grandað og eru af sumum mældar í hamingjustundum."

Þetta, herra forseti, var grein sem birtist í Degi í morgun, eftir Guðmund Sigvaldason, prófessor og forstöðumann Norrænu eldfjallastöðvarinnar, og er í meginatriðum það erindi sem hann flutti á fjölmennum fundi útivistarfólks og annarra áhugamanna á Hótel Borg á mánudaginn. Ég tel brýnt, og þess vegna las ég þessa grein hér, herra forseti, að þessi grein fái sitt rúm í Alþingistíðindum. Þetta eru skynsamleg orð, þetta eru vel mælt orð, þetta eru vel íhuguð orð og þau eru ekki einungis töluð af mikilli þekkingu heldur af mikilli virðingu gagnvart landinu. Þetta eru orð sem eru töluð af manni sem þekkir íslenskt miðhálendi einna best núlifandi Íslendinga.

Herra forseti. Við eigum að taka mark á slíkum mönnum. Við eigum ekki að setja löggjöf sem gengur þvert á skoðanir þessara manna, við eigum að gefa þessum mönnum ráðrúm að tala um málið, koma að því, gefa ráð og hafa skoðun. Þessir aðilar allir, þessir sérfræðingar, þetta fólk sem þekkir landið, þykir vænt um það og vill því vel, það vill fá að koma undirbúningi málsins. Mér finnst, herra forseti, að það sé skylda okkar að verða við þeim óskum.

Þeir aðilar sem ég nefndi áðan og voru uppsprettan að þessum fundi þar sem Guðmundur Sigvaldason flutti þetta ágæta erindi og önnur góð sem þar voru flutt, þó svo að ég geti ekki gert þau hér að meira umtalsefni, sendu forsrh. bréf þar sem forsvarsmenn þeirra fara þess á leit að það frv. sem við erum hér að ræða verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi. Þetta er hógvær krafa, ekki er verið að setja fram kröfu um breytingar á frv., það er ekki verið að skammast, það er ekki verið að hafa nein orð um. Það er verið að biðja um að afgreiða ekki þessi lög.

Þeir segja einnig í þessu bréfi að þeir telji að ekki verði bundið með illafturkræfanlegum hætti hvernig skipulags- og stjórnsýslumálum verði háttað á miðhálendi Íslands. Þessir aðilar hafa áhyggjur af því að stigið verði skref sem ekki verði hægt að stíga til baka.

Þeir segja einnig í þessu bréfi að það þurfi meiri tíma til opinnar umræðu þannig að þjóðin öll, eigandi hálendisins, fái að láta í ljós skoðun sína. Þetta eru hógvær orð, herra forseti, hér eru engin stóryrði höfð uppi. Hér er fólk að tala sem þykir vænt um landið. Þeir segja að verði þetta frv. afgreitt næstu daga, eins og yfirforseti þingsins, hæstv. forsrh., er búinn að segja að verði, þá er það skoðun þessara aðila að það kalli á endalausar deilur og óeiningu meðal þjóðarinnar.

Þeir segja jafnframt að með þessu frv. sé verið að útiloka meiri hluta þjóðarinnar frá því að hafa nokkur áhrif á nýtingu hálendisins og þeir telja hættu á því að almannaréttur verði fyrir borð borinn.

Í framsöguræðu fyrir minnihlutaáliti heilbr.- og trn. kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að þetta væri mesta atlaga sem gerð hefði verið að almannarétti á Íslandi. Þeir kveða ekki svo fast að orði sem hér biðja hógværlega um meiri tíma. Þeir leggja hins vegar til, svo ég vitni orðrétt í bréf til hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Sem forsvarsmenn helstu útivistar- og náttúrufræðifélaga landsins og fulltrúar þúsunda Íslendinga teljum við skilning meiri hluta þjóðarinnar vera þann að miðhálendið sé ein heild sem ekki beri að rjúfa, hvorki skipulagslega né stjórnsýslulega."

Þessi samtök eru í reynd ekki að segja annað en það sem við jafnaðarmenn höfum lagt til. Við höfum lagt til mjög einfalda lausn á þessum vanda. Hún er sú að miðhálendið verði ein stjórnsýsluleg eining með sérstakri stjórn. Það þýðir að öll skipulagsmál verði undir sérstakri stjórn. Öll skipulagsmálin verði samræmd á miðhálendinu en ekki eins og frv. leggur til, að það verði bara nálæg sveitarfélög sem fari með allt skipulagsvald fyrir utan að svæðisskipulag fari í umsögn tiltekinnar nefndar.

Hinn mikli ágreiningur í þessu máli snýst um spurninguna: Viljum við að sveitarfélögin fari með stjórnsýsluvaldið á miðhálendinu eða viljum við að miðhálendið sé sérstök stjórnsýslueining? Við jafnaðarmenn höfum lagt til að þetta eigi að vera ein stjórnsýslueining og þar með eru skipulagsmál og aðrir stjórnsýslulegir þættir undir einni stjórn. Það er merkilegt að allir þeir aðilar sem skrifa undir þetta bréf taka undir sjónarmið okkar jafnaðarmanna. Það var gaman, herra forseti, að vera á þessum fundi og ekki einungis heyra þetta bréf lesið upp og heyra hinar ágætu ræður Guðmundar Sigvaldasonar, sem ég las áðan, Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar og annarra góðra frummælenda en í umræðu á eftir kom fram, hjá öllum sem töluðu um málið, að þeir vildu meiri tíma. Flestir lögðu til lausn og hjá öllum þeim sem tóku til máls var lausnin sú sem við jafnaðarmenn höfum lagt til, þ.e. að miðhálendið skuli vera ein skipulagsleg og stjórnsýsluleg heild. Í þessu bréfi segja fulltrúar þúsundanna, útivistarmannanna, þessara manna sem þykir hvað vænst um miðhálendið og þekkja það best af öllum landsmönnum, að þögn þjóðarinnar þar til á síðustu vikum megi ekki skilja svo að meiri hluti þjóðarinnar sé fylgjandi því sem lagt er til í stjórnarfrv. Þeir segja jafnframt að það sé augljóst að hvorki ráðamenn þjóðarinnar né almenningur hafi gert sér grein fyrir þýðingu málsins.

Herra forseti. Við erum hér með góðan þingmeirihluta. Sjálfstfl. og Framsfl. fengu gott fylgi í síðustu kosningum, þeir hafa 40 þingmenn. Þeir hafa því meiri hluta á hinu háa Alþingi en nota hann ekki til að fylgja eftir sjónarmiðum meiri hluta landsmanna. Þvert á móti nota þeir meiri hluta sinn á hinu háa Alþingi til að gæta hagsmuna hinna fáu á kostnað fjöldans. Um það snýst þessi ágreiningur. Hann snýst um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum. Í þessu miðhálendisfrv. endurspeglast almannahagsmunir gegn sérhagsmunum. Þess vegna, herra forseti, er hugmyndafræðilegur ágreiningur er milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Við sjáum það í umræðunni um gjafakvótakerfið. Þar takast á almannahagsmunir gegn sérhagsmunum. Verndarar sérhagsmunanna eru enn og aftur sömu flokkarnir og vernda sérhagsmunina í miðhálendismálinu, Sjálfstfl. og Framsfl. Við sjáum í umræðunni um siðblinduna sem ríkir í þjóðfé-

laginu hverjir þátttakendurnir eru, hverjir eru aðalleikendur í Landsbankamálinu og í þeim málum sem eiga eftir að koma í kjölfarið. Jú, ráðamenn í Sjálfstfl. og Framsfl. Það er engin tilviljun að þessi skörpu skil séu að verða í íslensku samfélagi, skilin milli almannahagsmuna og sérhagsmuna. Öll þessi mál tengjast: Miðhálendismálið, gjafakvótamálið, siðblindan í opinberum rekstri. Öll þessi mál tengjast í baráttunni milli almannahagsmuna og sérhagsmuna. Í öllum þessum málum standa stjórnarflokkarnir, hinn stóri sjálfstæði Framsfl., Sjálfstfl. og Framsfl., sameinaðir sem ein heild gegn okkur í stjórnarandstöðunni, fyrst og fremst gegn okkur jafnaðarmönnum.

Þessi skýru skil eru að verða í íslenskum stjórnmálum og það er vel. Það er vel að fólkið í landinu geti haft skýra kosti til að velja á milli. Það er sú þróun sem við sjáum nú í sameinuðum framboðum til sveitarstjórna í kringum landið, þar sem við munum væntanlega vinna góða sigra eftir tvær vikur eða svo. Allt stefnir í það. Þótt lokahrinan sé eftir í kosningabaráttunni þá stendur skrifað á vegginn að þessi aðferðafræði sameiningar, samfylkingar sameiginlegra framboða gegn framsóknarhyggju Sjálfstfl. og Framsfl., framsóknarhyggju sjálfstæðismanna, sé skref á réttri leið.

Sannfæring mín, herra forseti, er að það verður ekki staðnæmst við sveitarstjórnarkosningarnar heldur fylgjum við þessu eftir við kosningar til Alþingis á næsta ári. Alltaf er þetta meginþemað, almannahagsmunir gegn sérhagsmunum. Fólkið í landinu skilur það og tekur undir með okkur sem verjum almannahagsmuni.

Í bréfi því sem ég hef verið að vitna til segir að mikilvægt sé að hlusta á raddir hagsmunaaðila og sérfræðinga sem virðist á einu máli um hvernig eigi að fara með eina verðmestu auðlind þessarar þjóðar. Nú eru þetta alvörumenn, útivistarmennirnir sem stóðu að þessum fundi og töluðu á honum. Þetta eru menn sem búa yfir þekkingu á miðhálendinu, fremstu sérfræðingar okkar á þessu sviði.

Ég nefndi áðan hverjir hefðu skrifað undir þetta bréf en þeir eru: formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, Freysteinn Sigurðsson, Haukur Jóhannesson, forseti Ferðafélags Íslands, Karl Ingólfsson, formaður Íslenska alpaklúbbsins, Lovísa Christiansen, formaður Útivistar, Magnús Tumi Guðmundsson, formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, Jón Birgir Jónsson fyrir Landssamband íslenskra vélsleðamanna, Oddur Einarsson, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 og Ragnar Hólm, formaður stangaveiðifélagsins Ármanna. Þessir menn undirrituðu bréf til forsrh.

Hvert var svar forsrh. þegar fulltrúar þessara tugþúsunda karla og kvenna lögðu fram þetta hógværa bréf? Jú, það var að gefa yfirlýsingu yfir höfuðið á forsetum þingsins og segja: Öll þessi mál skulu afgreidd núna og þau skulu afgreidd eins fljótt og hægt er. Talið og talið eins og þið viljið og getið en við ætlum að ráða niðurstöðu þessa máls. Við ætlum ekkert að hlusta á ykkur, voru skilaboð hæstv. forsrh. Við ætlum ekkert að hlusta á ykkur, fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Við ætlum ekki að virða ykkur viðlits eða hlusta á ræður ykkar í þingsölum og við ætlum ekki að virða þetta fólk í þjóðfélaginu svars sem biður um frestun til að ræða málin.

Fyrirlitningin gagnvart fólkinu er alger. Látum nú vera þótt hæstv. forsrh. og stjórnarliðar sýni stjórnarandstæðingum fyrirlitningu. Við erum vanir því og höfum þykkan skráp hvað það varðar, en fyrirlitningin gagnvart samfélaginu sem biður um meiri tíma til að ræða þessi mál, hefur áhyggjur af stefnumörkuninni í þessu frv., lítilsvirðingin sem fólkinu er sýnd, ég á þá ósk eina að fólkið muni eftir þessari fyrirlitningu sjálfstæðisflokksforingjans þegar að kosningum kemur. Ef nokkur refsing er til sem stjórnmálamenn skilja, þá er það hvernig kjósandinn beitir atkvæði sínu.

Það er ekki hægt að koma skilaboðum á framfæri öðruvísi en að beita atkvæði sínu gegn þessum mönnum. Til allrar hamingju hafa landsmenn tækifæri til að sýna vilja sinn innan tveggja vikna. Þetta er ekki eina áskorunin eða eina bréfið sem borist hefur. 90 einstaklingar birtu auglýsingu í blöðunum nú fyrir skömmu og óskuðu eftir því að meiri tími yrði gefinn til opinnar umræðu þannig að öll þjóðin fengi að taka þátt í meðferð þessara mála í framtíðinni. Undir þetta bréf skrifar fólk úr öllum flokkum. Þetta er fólk alls staðar að af landinu en hefur þó eitt sameiginlegt og það er væntumþykja gagnvart landinu og sérkunnátta á miðhálendinu. Hvað er gert við áskorun þessa fólks? Við hana er ekkert gert. Henni er hent í ruslakörfuna af hálfu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ekkert skal hlustað á þessar áskoranir. Það eru skilaboðin sem þetta fólk fær.

Eina leiðin sem við höfum núna í augnablikinu er að reyna að draga upp, eins skýrt og okkur er unnt, málefnalega stöðu þessa máls og efnisatriði. Við verðum freista þess að það mikil umræða skapist í samfélaginu að stjórnarliðarnir verði hræddir og þori ekki annað en láta að vilja meiri hlutans. Hvort almannahagsmunir nái fram að ganga gegn sérhagsmununum, sem þessir ríkisstjórnarflokkar verja fram í rauðan dauðann, er mikið vafamál. Það er óvíst hvort okkur tekst að hindra að þetta mál nái fram að ganga og vitaskuld getum við ekki komið í veg fyrir að meiri hluti Alþingis ráði. Eina sem við getum gert er að leggja fram rökin eins skýrt og hægt er þannig að vel sjáist hvers vegna við teljum þetta mál það brýnt að við teljum ekki eftir okkur að tala í heila viku. Þetta er vitaskuld mikilvægasta mál þessa kjörtímabils. Þetta er eitt mikilvægasta mál sem rætt hefur verið á hinu háa Alþingi allan þennan áratug. Þess vegna, herra forseti, viljum við reyna eins og við getum að sýna stjórnarflokkunum fram á að það er ekki hægt að afgreiða málið eins og þeir leggja upp með.

Í þessu frv. er meginatriðið hvað skipulagsþáttinn varðar að mörk sveitarfélaga eru framlengd allt til jökla, allt inn til miðju landsins, að landið allt skuli skiptast í sveitarfélög og að sveitarfélögin fari með alla stjórnsýslu, þar á meðal skipulagsmál. Þó er þannig kveðið á um í frumvarpsdrögum, sem ekki fást rædd á Alþingi, að sérstök nefnd verði skipuð af hálfu umhvrh. til að koma sem umsagnaraðili að einum þætti skipulagsmálanna, þ.e. svæðisskipulags.

Það er merkilegt, í frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, hvernig sú nefnd er sett upp. Þessi 18 manna nefnd er með einum fulltrúa frá 73 þús. Reyknesinga, með tveimur fulltrúum frá 107 þús. Reykvíkingum og einum fulltrúa frá 9 þús. Vestfirðingum. Síðan eru það sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu, þessi 42 sveitarfélög sem geta haft 12 fulltrúa. Þá kemur einn fulltrúi frá félmrh. og annar frá umhvrh.

Tveir þriðju hlutar þjóðarinnar standa að einum sjötta hluta nefndarinnar. Bara það er út í hött. Það er líka út í hött hvað þessi nefnd á að gera. Við gætum sagt að þetta væri allt saman samkomulagsflötur ef nefndin væri með einhver virkileg völd til skipulagningar á miðhálendinu, ef þetta væri „nefndin sem færi með skipulagsmál á miðhálendinu". En það er ekki svo.

Í því frv. sem ekki má ræða er kveðið á um að nefndin sem nú er að störfum, eldri svæðisskipulagsnefndin, skuli skila af sér og tillögur hennar sendar til staðfestingar hjá ráðherra, að fenginni umsögn hinnar nýju nefndar. Það er beinlínis kveðið á um það í frv. því sem ekki fæst rætt. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana."

Þetta segir allt sem segja þarf. Þessi nefnd, hin nýja nefnd, nefndin sem átti að sætta ágreininginn hjá stjórnarliðunum, er einskis virði. Hún er umsagnaraðili um þá vinnu sem þegar hefur verið unnin og það svæðisskipulag sem þegar hefur fengið á sig hundruð athugasemda. Ég er einhvers staðar með allar athugasemdirnar eða meginþorra athugasemdanna við þetta skipulag og það væri vel þess virði, herra forseti, að fara nokkuð yfir þær síðar. Þær sýna vitaskuld galla þessa máls sem eru fólgnir í því að hér fá ekki allir að koma að verkinu, hér er ekki unnið heiðarlega gagnvart íbúum landsins.

Aðalatriðið er að menn viðurkenni að miðhálendið er sameign þjóðarinnar og perla framtíðarinnar. Sameignir þjóðarinnar eiga að nýtast öllum landsmönnum. Allir landsmenn eiga að koma að ákvarðanatöku hvað þetta varðar af sanngirni. Það er eðlileg krafa lýðræðislegs þjóðfélags að sanngirni sé gætt gagnvart íbúum landsins. Við erum ekki að tala um að veita þéttbýlisbúum eða öðrum einhver sérréttindi í þessum málum. Við erum síst af öllu að ganga á sjónarmið og skoðanir þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum, í sveitarfélögunum sem liggja að miðhálendinu. Það er síður en svo. Þvert á móti erum við að rétta út sáttarhönd. Við segjum: Leggjum upp með þá hugsun að miðhálendið sé sameign sem ber að skipuleggja í samræmi undir einni stjórn sem allir koma að, eins og við höfum lagt til, með fulltrúum frá mismunandi ráðherrum eða ráðuneytum og frá sveitarfélögunum. Þá væri hægt að opna fyrir tilnefningar í þessa stjórn og fá inn fleiri aðila eins og fjöldasamtök útivistarmanna sem hafa látið málið sig miklu varða.

Aðalatriðið er: Fallast menn á þá skoðun að miðhálendið eigi að vera ein stjórnsýsluleg eining? Um það er ágreiningur. Ef menn fallast á það, þá geta menn rætt um með hvaða hætti við komum að. Þá væri hægt ræða hvort það væri þessi níu manna stjórn, eins og við leggjum til, eða hvort hún yrði stærri eða minni og hvort fleiri aðilar komi að þessu eins og útivistarsamtök. Við jafnaðarmenn við erum opnir fyrir öllu slíku. En það er óafturkræf krafa af okkar hálfu að þessi almenna regla verði viðurkennd. Það ber að hafa miðhálendið sem eina stjórnsýslulega einingu, eina stjórnsýslulega heild.

Við erum að tala um sameignir þjóðarinnar nákvæmlega eins og þegar við tölum um fiskinn í sjónum. Við tölum um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum. Þetta er alveg sambærilegt við það þegar við gengum frá fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar hér á landi. Það hefur reynst vera kerfi sérhagsmuna gegn almannahagsmunum. Þá ákvað meiri hluti Alþingis að koma á gjafakvótakerfi og úthluta veiðiheimildum ókeypis til aðila sem síðan geta verslað með þær eins og þeir vilja. Milljarðar eru greiddir í veiðileyfagjald á Íslandi. Það eru milljarðar. Á síðasta fiskveiðiári höfum við tölur yfir rúmlega 10 milljarða sem greiddir voru í veiðileyfagjald. Þessir tíu milljarðar voru greiddir frá einum útgerðarmanni til annars. Þetta var upphæðin sem útgerðarmenn versluðu með leigukvóta fyrir á síðasta fiskveiðiári.

Þetta er það sama og við stöndum frammi fyrir með miðhálendið. Hver er að verja þetta kerfi og hvers konar kerfi er þetta? Þetta er kerfi sérhagsmuna. Vitaskuld er það kerfi sérhagsmuna og vitaskuld eru útgerðarmenn á móti því að borga veiðileyfagjald. Eðlilega eru þeir á móti því að borga veiðileyfagjald. Þeir vilja vitaskuld ekki minnka sinn hagnað. Hver vill það? Hver vill sjálfviljugur gefa hluta af sínum hagnaði? Ekki nokkur maður. Það er enginn maður sem gengur fram fyrir skjöldu og segir: Ég vil borga hærri skatta. Ekki nokkur maður. Ekki einu sinni hv. alþingismenn.

Meginspurningin er: Hver stendur vörð um þetta kerfi? Hver viðheldur réttinum til að haga þeim sérhagsmunum eins og raun ber vitni? Jú, það eru stjórnmálaflokkar. Það er stjórnmálalegt vald sem viðheldur þessum sérhagsmunum. Hvar liggur þetta stjórnmálalega vald? Það liggur hjá þeim tveimur flokkum sem mynda núverandi ríkisstjórn. Hjá Sjálfstfl. og hjá Framsfl. Hjá þessum flokkum sem eru að renna saman í eina hugmyndafræðilega heild. Það var engin tilviljun að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. ákváðu að trúlofast í að vera staðgenglar fyrir hvorn annan. Það var engin tilviljun. Það var staðfesting á því að hugmyndafræðilega eru þessir flokkar að færast saman. (**Gripið fram í:** Eins og Hannes Hólmsteinn sagði.)

Hannes Hólmsteinn, einn af guðfeðrum þessarar hugmyndafræði, lagði á síðasta ári til að þessir flokkar sameinuðust. Það var svarið gegn sameiningarhugmyndum okkar jafnaðarmanna, að við ætluðum að sameinast gegn þessum Sjálfstfl., gegn þessum stóra sjálfstæða Framsfl., gegn þessu afli sem myndar núverandi ríkisstjórn. Það hefur gerst. Þessi skil eru sýnileg í þjóðfélaginu núna. Þau má sjá í gjafakvótakerfinu og þau eru uppi í miðhálendisumræðunni. Þau er hægt að sjá í síðblinduumræðunni sem er í gangi. Þetta eru allt sömu aðilarnir sem eru að verja sérhagsmunina.

Hverjir eru að verja kerfið í Landsbankanum? Hverjir slá skjaldborg um það og koma með sátt þagnarinnar yfir það mál? Jú, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Af hverju? Vegna þess að þeir eru hræddir og vegna þess að þar gæti gengið á hagsmuni þeirra, þar er gengið á sérhagsmuni þeirra. Þá snúast þeir til varnar. Eina skiptið sem þeir snúast til varnar er þegar ráðist er á sérhagsmunina. Þegar ráðist er á spillta fjármálakerfið þeirra, þá er snúist til varnar. Þegar ráðist er á spillta kerfið í gjafakvótamálinu þá snúast þeir til varnar. Þegar ráðist er á sérhagsmunina í miðhálendismálinu þá er snúist til varnar.

Forsrh. kemur og segir: Okkur varðar ekkert um hvað þið segið og hafið til málanna að leggja. Talið þið bara, talið þið dögum saman. Við höfum nógan tíma. Við ætlum ekki að hlusta á ykkur. Og við ætlum ekki einungis að hunsa ykkur, við ætlum ekki að hlusta á neinn þeirra sem hefur aðra skoðun en við. Við ætlum að gæta sérhagsmunanna. Það ætlum við að gera. Þeir standa dyggilegan vörð um þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl., þar á meðal hinn ágæti þingmaður Guðni Ágústsson en ég hóf ræðu mína hér fyrr í kvöld með því að vitna í grein hans í Morgunblaðinu í dag.

Svo er komið að meira að segja hv. þm. Guðni Ágústsson er fastur í þessu feni og vill ekki einu sinni brjótast út úr því. (**ÖS:** Hann vill það, hann vill það.) Þá verður hann að hafa hugrekki til þess að gera það. Ef ég man mælendaskrána rétt var hann á eftir mér á mælendaskrá og e.t.v. fáum við einhvern tíma síðar í kvöld yfirlýsingar hv. þm. um þennan þátt. Ég hef reyndar ekki trú á því.

Við höfum séð hvernig stjórnarþingmennirnir eru handjárnaðir hver á fætur öðrum í þessu máli. Við höfum hér

eina óvanalegustu stöðu í þingsögunni varðandi þetta mál. Í meirihlutaáliti félmn. settu fjórir nefndarmenn fyrirvara um afstöðu sína. Það voru þeir hv. þm. Ögmundur Jónasson og Kristín Ástgeirsdóttir sem byggðu fyrirvara sína að verulegu leyti á þeim þáttum sem sáust í frv. sem ekki má ræða, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Eftir að neitað var að fjalla um það mál hér — reyndar kom í ljós að það tók breytingum í samningum milli ráðherra og einstakra stjórnarþingmanna — ítrekuðu þessir þingmenn andstöðu við frv. í heild. Þessir þm. hv. eru menn að meiri.

Hins vegar er mun óvanalegri afstaða þingmannanna Péturs H. Blöndals og Sivjar Friðleifsdóttur, sem er ef ég man rétt varaformaður félmn. Í þeim fyrirvara kom fram skoðun. Sú skoðun að miðhálendið ætti að vera stjórnsýsluleg heild. Það var fyrirvari þessara hv. þm. Þessir hv. þm. hafa hins vegar báðir sagst styðja málið, byggja það á frumvarpsdrögum umhvrh. um umsagnarnefndina um svæðisskipulag. Það samsvarar ekki því að miðhálendið sé ein stjórnsýsluleg heild.

Það væri ekkert að því, herra forseti, að þingmaður skrifaði undir mál með fyrirvara og segði: Ég hef breytt um skoðun, ég styð málið núna. Það er komin fram brtt. sem gengur í mína átt og hún gerir það að verkum að ég hef ekki eins sterkar meiningar um það sem ég setti á blað þegar málið var tekið út úr nefndinni.

Þessir þingmenn hafa ekki gert það. Þeir hafa sagt: Hér er komið til móts við okkar fyrirvara. Það er ósatt. Það er ósatt, eins og við höfum rakið hér í umræðunni. Miðhálendið er ekki gert að einni stjórnsýslulegri heild. Í þessu frv., sem er ekki orðið að lögum, er sagt: Það á að ljúka lögfestingu þeirrar skipulagsvinnu sem þegar er búið að vinna. Það er meginatriðið.

Síðan skal hin nýja nefnd, sem skipuð er þessum fulltrúum, einum Reyknesingi og tveimur Reykvíkingum og einum Vestfirðingi, hafa umsagnarrétt. Ef hún leggst gegn þessu, við skulum segja að hún leggist gegn þessu, þá getur ráðherra samt sem áður staðfest það, þannig að þessi nefnd hefur engan tilgang annan en þann að blekkja. Það er kannski það alvarlegasta í málinu. Það hefði verið skynsamlegra hjá stjórnarliðunum fyrst þeir vildu hafa þessa pólitísku skoðun að miðhálendinu skyldi skipt upp í ræmur og stjórnsýslan væri öll á forræði sveitarfélaganna, að gera það með þessum hætti. Vegna þess að það segir nú þegar í 13. gr. í skipulagslögum að heimilt sé að skipuleggja nefnd fjölmargra aðila sem koma að gerð svæðisskipulags. Það er ekkert nýtt í því. Það er í núverandi lögum og það er á grundvelli þess ákvæðis sem hin eldri nefnd hefur starfað. Það er því blekking, herra forseti, þegar sumir stjórnarliðar eru að koma hér upp og segja að verið sé að breyta einhverju. Það er í reynd ekki verið að breyta neinu og þá er miklu heiðarlegra að segja: Við ætlum að halda okkur við meginatriði frv. Við gerum málamyndabreytingar af því við þurftum að friða einn eða tvo þingmenn innan okkar vébanda sem skildu málið kannski ekki alveg nógu vel upphaflega. Þá skulum menn bara vera það heiðarlegir að segja það strax og síðan að lögfesta þessa tertusneiðahugmyndafræði sem menn geta þá haft og staðið fyrir og er eins og ég hef verið að segja ekkert annað en endurspeglun grunnhugsunarinnar — sérhagsmunir gegn almannahagsmunum. Hagsmunir hinna fáu gegn hagsmunum hinna mörgu og það er ekkert óeðlilegt við það. Það er í samræmi við stjórnarstefnuna. En þá eiga menn ekki, herra forseti, að koma upp og reyna að blekkja um málið. Við höfum ekki verið að gera það. Við höfum sagt mjög einfaldlega: Við erum á móti grundvallaratriðinu í þessu uppleggi. Við viljum að miðhálendið sé ein stjórnsýsluleg heild, ein stjórnsýsluleg eining. Stjórnarflokkarnir segja: Við viljum ekki að miðhálendið sé ein stjórnsýsluleg eining, við viljum þvert á móti að sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu fari með stjórnsýsluvaldið þar. Þetta er alveg hrein og tær skoðun. Ég er að vísu á móti þessari skoðun meiri hlutans, en ekkert út á það að setja. Þeir hafa fullkominn rétt á að hafa þá skoðun og geta fært fyrir henni rök sem ég er kannski ekki sammála og flyt rök fyrir minni skoðun. Það er ekkert að því að takast á um þessar tvær meginlínur í ágreiningnum og málið snýst ekki um neitt annað en þetta. Það snýst um það hvort menn vilja að sveitarfélögin fari með stjórnsýsluvaldið upp til fjalla, upp til jökla, skipta landinu í sveitarfélög eða vilja menn taka miðhálendið og segja: Það gildir ákveðin sérstaða um miðhálendið, og að gera úr því eina stjórnsýslulega einingu, sérstaka stjórnsýslulega einingu sem lýtur sérstakri stjórn. Þetta er ágreiningurinn. Hann er ekkert mjög flókinn ef hann er settur fram á þennan hátt. Auðvitað er hægt að flækja málið og tala um þetta dálítið vítt og breitt. Stjórnarliðar hafa gert það, og ég dreg ekkert úr því að vitaskuld höfum við kannski líka farið einhverja fjallabaksleið í þessari umræðu. Það vill nú verða svo.

En aðalatriðið í þessu er samt það að ekki er um að ræða tiltölulega mjög flókinn ágreining í grundvallaratriðum. Þetta er spurning um stefnu og menn eiga þá að fá að velja þar á milli. Við viljum hins vegar, og það er okkar góði réttur, draga fram öll þau rök sem við getum fyrir okkar sjónarmiðum og við ætlum að eyða til þess löngum tíma. Við höfum þó náð einu með þessari umræðu okkar, að fólkið úti í samfélaginu er farið að átta sig betur á þessu máli. Það er farið að skynja alvöru þess og allir sem taka núna til máls um þetta mál styðja okkar sjónarmið. (**Gripið fram í:** Nei.) Langflestir sem leggja á annað borð til einhverjar lausnir í þessum ágreiningi leggja til okkar lausn, að þetta verði sérstakt stjórnsýslusvæði. Flestir hins vegar eða allir aðrir sem tala í þessu máli segja: Gefum þessu meiri tíma, lögfestið þetta ekki núna, gerið eins og í gagnagrunnsmálinu, bíðið með þetta fram á haustið. Ég hef ekki heyrt neinn, það getur verið bara af því ég hef ekki lesið allt, taka til máls úti í samfélaginu eða a.m.k. mjög fáa sem segja: Fylgjum stefnu stjórnarinnar í einu og öllu hvað þetta mál varðar. Það eru mjög fáar greinar, held ég, í blöðum sem hafa birst undanfarna daga sem taka undir sjónarmið stjórnarliða og meiri hluta félmn. hvað þetta varðar. En það eru fjölmargar greinar sem segja: Bíðið með þetta mál, lögfestið það ekki með þessu móti núna í skyndingu. Og mér finnst það ekki óeðlileg krafa. Við komumst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu í gagnagrunnsmálinu að allra hluta vegna, líka þeir sem voru með málinu sögðu: Við skulum bíða aðeins með þetta. Látum meiri hlutann fá sína atkvæðagreiðslu um málið í október. Það hefði ég kosið líka í þessu máli, að menn hefðu gert sams konar samkomulag um þetta mál. Frestum þessu máli, vinnum það betur, athugum hvort meiri sátt skapist um það, en tökum það til atkvæða í október, nóvember í haust. Við eigum ekki að koma í veg fyrir að meiri hluti Alþingis nái fram að ganga. Það eina sem ég tek undir hjá hæstv. félmrh. í þessari umræðu er setningin sem hann sagði: Meiri hlutinn hefur rétt til að hafa rangt fyrir sér. Meiri hlutinn hefur þann rétt að fá niðurstöðu í sitt mál. Til þess er hann kosinn en við höfum þann rétt að reyna að sannfæra meiri

hlutann um réttmæti okkar sjónarmiða og við ætlum að notfæra okkur þann rétt án þess þó á nokkurn hátt að misbeita því valdi eða þeim lögum að ekki sé takmarkaður ræðutími í 2. umr. Við ætlum ekki að misbeita þeim rétti. Við höfum ekki gert það. Við höfum rætt ítarlega um málið, en það hefur ekki fengið á sig orð hefðbundins málþófs þótt sumir haldi því fram. Vitaskuld er þó hægt að halda því fram að flest rök séu nú bráðlega komin fram í þessu máli.

En aðalumræðan er samt sem áður að fara í gang úti í samfélaginu og það er skylda okkar alþm. að leyfa þeirri umræðu að eiga sér stað, því við erum þegar allt kemur til alls ekkert annað en fulltrúar fólksins. Við eigum að hlusta á fólkið, sérstaklega það sem þekkingu hefur á málinu og sýnir væntumþykju gagnvart landinu, biður um meiri tíma til að ræða þessi mál.

Sú tæknilega umræða sem þetta hefur stundum þróast í, þ.e. svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag, eru þættir sem tengjast sveitarstjórnarlögunum. Þá er ekki úr vegi að skoða aðeins skipulags- og byggingarlögin og skilgreiningarnar. Aðalskipulag, skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag, skilgreiningin er í 2. gr. skipulagslaganna. Lögin eru nr. 73/1997.

„Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili."

Þetta er aðalskipulag og það er alveg ljóst hvar aðalskipulagið á að liggja samkvæmt frv. Það á að liggja hjá sveitarfélögunum sem fá ræmurnar upp á miðhálendið. Svæðisskipulag er „skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili." Þetta er heildaráætlun sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag og er kveðið á um í skipulagsmálum að farið sé með á tiltekinn hátt. Þar er ákvæði m.a. sem gerir ráðherra kleift að skipa hina fyrri svæðisskipulagsnefnd. Síðan kemur deiliskipulagið sem er á forræði sveitafélaganna.

„Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli."

Við sjáum því þessa lagskiptingu í skipulaginu, og eins og bent hefur verið á, m.a. af Trausta Valssyni skipulagsfræðingi, vantar e.t.v. aðalskipulag sem kallað er landsskipulag og hefur hann rakið það í bókum sínum og greinum og gerði reyndar á fundinum á Hótel Borg sem ég vísaði til fyrr í ræðu minni. Að velta fyrir sér: Hvernig viljum við hafa landið? Ég nefndi þetta í upphafi ræðu minnar þegar ég vitnaði í grein hv. þm. Guðna Ágústssonar, þ.e. viljum við að landið sé skipulagt út frá orkunýtingu, viljum við að það sé skipulagt út frá ferðaþjónustunýtingu, viljum við að það sé skipulagt út frá umhverfissjónarmiðum, viljum við að fyrst og fremst verði litið á miðhálendið sem ákveðinn þröskuld í sambandi við samgöngumál? Bara þetta eru fjórir þættir sem geta verið meginþemað í skipulagningu miðhálendisins. Það hefur engin umræða, herra forseti, farið fram um þennan þátt skipulagsins þannig að öll umræðan er í reynd á byrjunarreit. Þess vegna er þetta óskynsamlegt og ef menn ganga frá skipulagslögum er ekki svo gott að taka þau upp aftur. Það er bara ekki hægt. Ef þetta verður lögfest á þann hátt sem stjórnarliðarnir vilja gera, jafnvel þótt við komumst til valda eftir næstu kosningar á einhvern handa máta er ekki svo auðvelt að taka upp svona löggjöf. Það er þess vegna, herra forseti, sem er svo mikilvægt að vanda sig við þessa útfærslu vegna þess að ekki verður aftur snúið.

Við erum að tala um einstaka sérstöðu. Við erum að tala um sameignir þjóðarinnar, við erum að tala um þessa möguleika til lífsfyllingar í öræfum landsins og vitaskuld eiga sveitarfélög eða íbúar þeirra sveitarfélaga að koma mjög sterklega að mótun og skipulagningu. Það er enginn að útiloka það. Við erum bara að biðja um sanngjarna aðkomu annarra að þeirri vinnu og við erum að biðja um meiri tíma þannig að átt geti sér stað meiri umræða í samfélaginu og við förum ekki með þetta mál eins og við höfum stundum gert áður, að taka ákvarðanir sem erfitt verður að vinda ofan af.

Það er alveg ljóst eins og uppleggið er að svæðisskipulagið, heildarskipulagið er eiginlega þegar fastmótað. Búið er að gera þetta skipulag, verið er að leita umsagna um það og þær eru flestar komnar. Skipulagsnefndin sem nú er að störfum mun skila áliti til skipulagsstjóra og ráðherra mun staðfesta það að fenginni umsögn þessarar nefndar sem kveðið er á um í frv. sem má ekki ræða. Og eins og við vitum er ekki gott að segja hvernig það frv. verður útfært í einstökum atriðum þegar og ef það kemur til afgreiðslu.

Það er þess vegna, herra forseti, sem ég t.d. stend hér og vil ræða ítarlega um þetta mál. Það er vegna þess að mér finnst ekki þinglega rétt að farið. Hér er verið að afgreiða og knýja á um afgreiðslu sveitarstjórnarlaga. Skilinn er eftir mjög mikilvægur þáttur sem er skipulags- og byggingarlögin, fyrirhugaðar breytingar á skipulags- og byggingarlögum í tengslum við þetta frv. Vitaskuld hefði verið rétt og það var réttur meiri hlutans að koma fram með það frv. eins og umhvrh. gerði, en þá hefði verið þinglega rétt að taka það mál á dagskrá, og ræða saman þessi tvö frv. eins og við höfum nú stundum gert við sambærilegar aðstæður og afgreiða málin samhliða. Því oft og tíðum við erum að setja lög sem snúa að breytingu eða setja lagabálka sem snúa að breytingu á fleiri en einum lögum. Við þekkjum öll bandorma sem við afgreiðum nokkuð oft, sérstaklega í tengslum við fjárlagaafgreiðslu fyrir jól. Það hefði verið hin rétta þinglega meðferð, og ef stjórnarflokkarnir hefðu farið þá leið, komið með breytingar á sveitarstjórnarlögunum, komið með frv. um breytingar á skipulags- og byggingarlögunum, komið með sína heilsteypta stefnu og jafnvel þótt ég hefði verið ósammála henni hefði ég sagt: Gott og vel, við skulum halda uppi hvassri málefnalegri gagnrýni á þeirra stefnu en hún verður þá að ná fram til atkvæða á þeim tíma sem eðlilegt er í þingræðisríki. En af því að stjórnarliðarnir viðurkenna ekki hina réttu, þinglegu meðferð þessara mála, þeir halda öðrum þætti málsins frá okkur í umræðu og frá nefndarumfjöllun og meðan við vitum ekki með hvaða hætti þetta verður útfært erum við í fullum rétti, herra forseti, að ræða þetta mál e.t.v. ítarlegar en við hefðum gert að öðrum kosti. Málið er samt sem áður það umfangsmikið að það hefði sennilega kallað á alla þessa umræðu hvort sem er. Það hefði verið mun betra og heiðarlegra gagnvart öllum í þessari umræðu, og ég tala nú ekki þeim aðilum sem eiga að vinna eftir þessu, ef ríkisstjórnin hefði mannað sig upp í að afgreiða allan pakkann eins og hún vildi hafa hann útfærðan en skilja ekki eftir breytingar á skipulags- og byggingarlögunum eins og hún gerir.

Við erum að tala um nýtingu á miðhálendinu. Við höfum ekki enn tekið ákvörðun, t.d. um stefnumörkun í orkumál-

um, um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku eða stefnu í ferðamálum. Við höfum ekkert unnið þessa stefnu. Að vísu höfum við komið með eitt frv. sem bíður hér. Ég veit ekki hvenær það kemst á dagskrá, einhvern tímann í næstu viku, þ.e. frv. hæstv. iðnrh. um auðlindir í jörðu sem við eigum eftir að ræða, varla minna en þetta frv. herra forseti. Þar er einnig bullandi ágreiningur um stefnu og harður málefnalegur ágreiningur. Hér erum við því ekki að tefja neitt fyrir störfum þingsins, þvert á móti. Við erum að reyna að draga fram hinn pólitíska ágreining milli stjórnar og stjórnarandstöðu, eins skýrt og við getum. Ég vil lýsa þessum pólitíska ágreiningi með eftirfarandi orðum: Almannahagsmunir gegn sérhagsmunum.

Við skulum hafa það í huga að miðhálendið, þessi perla framtíðarinnar sem sífellt fleiri eru að nýta, er möguleiki sem fyrst og fremst útivistarmenn hafa opnað. Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, sem hvað ötullegast hefur barist fyrir uppgræðslu landsins, sagði reyndar á fundinum á Hótel Borg um miðhálendi Íslands: Þetta er stærsta eyðimörk í Evrópu. Það dálítið til í þessu þegar maður fer að hugsa um það. Miðhálendið er eyðimörk í skilningi náttúrufræðinnar og uppblásturinn á landi okkar er slíkur að, eins og sumir hafa sagt, það er að fjúka út í sjó. Þess vegna m.a., herra forseti, eigum við að skipuleggja miðhálendið sem eina heild. Við höfum skyldur gagnvart landinu og getum ekki uppfyllt þær skyldur nema gæta þar samræmis. Við getum þó verið sammála um það, stjórn og stjórnarandstæðingar, að við berum hag landsins fyrir brjósti.

Þessi opnun á víðernum landsins er fyrst og fremst komin til síðustu áratugina. Hún var ekki áður. Þetta var svæði sem enginn kom á öldum saman. Ef menn fóru þangað þá urðu menn oft og tíðum úti. Einn og einn útilegumaður hélt þar til við erfiðar aðstæður. (**GÁ:** Aðalsamgönguleið landsins í gegnum hálendið.) Erfið samgönguleið, ekki aðalsamgönguleið landsins, eins og hér er sagt, en mjög erfið og margir hafa borið beinin á þessari eyðimörk sem við ræðum um.

Nýting svæðisins verður ekki almenn fyrr en síðustu áratugina. Það vitum við. Vitaskuld hafa menn farið upp á hálendið og farið í gegnum hálendið um aldir en til nýtingar hafa þessi svæði ekki verið nýtt nema að hluta. Vitaskuld hefur það verið til beitar eins og við þekkjum og þar verður ekki nein breyting á þeim þáttum. Það væri ekki gengið á hag t.d. bænda þótt miðhálendið yrði sett undir eina skipulagslega stjórn. Þvert á móti værum við að gera það þannig að samræmis yrði gætt. Það er kannski ekki verið að gera öllum smærri sveitarfélögum greiða með því að fela þeim stjórnsýslulegt vald á mjög víðáttumiklu svæði sem meira verður nýtt á næstu áratugum. Það er ekki víst við séum að gera þeim greiða, það er alveg hægt að ræða hvort ekki sé hægt að finna betri aðkomu þeirra að þessum málum.

Þá umræðu vantar töluvert í tengslum við þetta mál, hvernig við viljum hafa nýtingarstefnuna varðandi ferðamenn og orkunýtingu. Hvaða heildarsýn höfum við með þessa sameiginlegu nýju auðlind? Þetta er sambærileg umræða og við höfum stundum gengið í gegnum, t.d. innan sjávarútvegsins. Hvernig viljum við hafa nýtingu auðlinda í sjónum? Við viljum hámarka afraksturinn. Í því er vitaskuld fólgið stýrikerfi og annað slíkt. Þetta er umræða sem lifað hefur í þjóðfélaginu nú um 25 ára skeið. Það eru svona 25 ár síðan, þó ekki lengra, að við fórum að setja veiðitakmarkanir á Íslandsmiðum. Það er ekki lengra síðan en umræðan hefur lifað meðal fólksins í landinu og í stjórnmálalegu umhverfi.

Það sem við höfum m.a. sagt, sem rök í þessu máli, er að við teljum visst óréttlæti fólgið í því að fámennur hópur þjóðarinnar fari með skipulag og stjórnsýslu og ákveði reglur um nýtingu á svæði sem þjóðin telur vera sameign. Það á að gæta eðlilegs samræmis og ekki ganga á rétt annarra.

Einnig hefur verið spurt, sem sterkur gagnrýnispunktur í þessu uppleggi, hvort umhverfissjónarmiða, beitarsjónarmiða og allra þeirra sjónarmiða sem við vitum að eiga vaxandi fylgi að fagna, sé nógu mikið gætt í þessum efnum. Er nauðsynlegrar sáttar milli beitar í landbúnaði og umhverfissjónarmiða — við vitum að þar er ekki sátt á milli — leitað nægjanlega vel í þessu uppleggi og tillögum? Ég tel vafasamt að svo hafi verið.

Það sem við leggjum til, að þetta verði eitt stjórnsýslusvæði, er í sjálfu sér ekkert ný hugmynd. Þetta hafa menn heyrt áður og ég held að meginrökin séu einfaldlega fólgin í því að hér er um að ræða sameign, hér er um að ræða sérstöðu, hér þarf að vera samræmd skipulagning á víðari grundvelli en að til komi sérstök nefnd sem umsagnaraðili við einn hluta skipulagsmála. Það er einfaldlega, herra forseti, skynsamlegt að búa þannig um hnútana að fleiri komi að þessu máli.

Í fjölmörgum greinum og viðtölum varðandi þennan þátt hefur komið fram að menn telja fyrst og fremst að réttlætis sé ekki gætt gagnvart íbúum þéttbýlissvæðisins. Ég tel að það sé ekki gert, of þröngir hagsmunir séu látnir ráða í málatilbúningi ríkisstjórnarflokkanna. Eins og ég nefndi áður er það í samræmi við meginstefnuna, að sérhagsmunir séu látnir hafa forgang fram yfir almannahagsmuni.

Ýmsir aðilar, sérfræðingar, hafa dregið fram þætti sem við þurfum að íhuga í þessu sambandi. M.a. hefur Trausti Valsson skipulagsfræðingur skrifað mjög mikið um þetta og meginniðurstaða er að það þurfi að ákveða áherslur í atvinnumálum og landnýtingu áður en ákvörðun um skipulag verði fest í sessi. Mér finnst þetta vera alveg réttmætt. Ég hef gert þetta nokkuð að umtalsefni. Skoðum heildarsýnina, til hvers við ætlumst með miðhálendið, áður en við göngum endanlega frá skipulagsfyrirkomulaginu.

Lögfræðilega hafa ýmsir tjáð sig um þetta mál, þar á meðal Páll Sigurðsson prófessor og fyrrum forseti Ferðafélags Íslands. Hann er einn þeirra sem hafa verulegar áhyggjur af þessu skipulagsuppleggi eins og ríkisstjórnarflokkarnir ganga frá því. Við ættum að hlusta á hann. Hann kemur með tvenns konar sjónarmið. Annars vegar lögfræðileg álitamál í mjög flóknu máli og einnig ferðaþjónustusjónarmiðið sem við eigum vitaskuld að taka mið af.

Við eigum ekki í blindni að samþykkja mál allra ferðamálafrömuða í þessum efnum. Ég tel það ekki vera sanngjarnt. Ég vil ekki gera orð allra ferðamálamanna varðandi þessa umræðu að mínum. Þeir eru mannlegir eins og aðrir, mistækir í sínum málflutningi. Það má ekki halda því fram að við séum hér að predika bara eina skoðun og enduróma skoðun tiltekinna hagsmunaaðila. Við erum ekki að gera það. Við erum að reyna að draga fram galla þessa skipulagsuppleggs ríkisstjórnarflokkanna. Við erum að benda á hina eðlilegu kröfu fólksins í landinu, að fá að koma að þessari umræðu með sanngjörnum og skipulögðum hætti eins og þeir hafa óskað eftir.

Hér hefur verið lögð fram tillaga um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Við jafnaðarmenn styðjum þá tillögu og þá hugsun. Ef það verður hins vegar fellt, höfum við lagt fram breytingartillögu í ætt við þá stefnumótun sem ég hef

lýst, þ.e. að miðhálendið verði sjálfstæð stjórnsýslueining sem lúti sérstakri stjórn. Við munum láta ganga til atkvæða um þessa tillögu ef ekki næst að finna þessu máli þann skynsamlega farveg að bíða með það fram á haustið. Það væri langbest og sanngjarnast gagnvart öllum aðilum sem talað hafa í þessu máli, þó að stjórnarliðarnir vilji kannski ekki gera það okkar vegna. Ég á ekki von á því að þeir fari í þessu máli að okkar ráðum frekar en í öðrum. Mér fyndist þó ekki ósanngjarnt að þeir hugleiddu dálítið raddir fólksins úti í þjóðfélaginu sem eru að biðja um frest, biðja um tíma til að ræða þessi mál í sumar.

Stjórnarliðarnir hafa full tök á að lögfesta þetta í október eða nóvember. Það skiptir engu máli í sambandi við framkvæmd þessara laga ef niðurstaðan í umræðunni í sumar leiðir til þess að ekki verði gerðar neinar breytingar sem ég vona þó að verði. Það breytir engu fyrir framgang málsins þótt beðið yrði fram á haustdaga með lögfestingu þessa máls. Mér finnst það sanngjörn krafa.

Þótt við tökum undir þessa kröfu skil ég stjórnarliðana afskaplega vel að vilja ekki láta að kröfum okkar eða óskum. Eðli stjórnar og stjórnarandstöðu er nú þannig að það þróast sjaldnast í þann farveg að menn taki rökum hver frá öðrum. Mér finnst mjög mikið íhugunarefni fyrir stjórnarliðana hvort þeir vilji virkilega knýja þetta mál fram í miklum ágreiningi við mjög marga í samfélaginu. Þeir geta knúið þetta mál í gegn í ágreiningi við okkur.

Það er eðli stjórnar og stjórnarandstöðu að harkalega sé tekist á um ákveðin mál og svo skilji leiðir í atkvæðagreiðslu. Út á það er ekkert að setja og stjórnin hefur rétt á að láta þau mál ganga þannig fram en ég bið stjórnarliðana samt að íhuga hvort ekki væri nú skynsamlegra að samþykkja beiðnir hinna fjölmörgu í samfélaginu sem eru einungis óska eftir meiri tíma til að geta rætt þessi mál ítarlega. Enga brýna nauðsyn rekur til, herra forseti, að lögfesta þetta mál núna. Það er ekkert sem kallar á það. Ekkert mundi breytast í vinnubrögðunum hvort sem þetta verður lögfest eða í október eða nóvember.

Mér finnast það veigamikil rök í þessu sambandi að menn reyni að gæta sanngirni gagnvart umbjóðendum sínum eins og ég veit reyndar að ýmsir stjórnarliðar vilja gera. E.t.v. ræður hér vilji hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. í þessum efnum og aðrir láta binda sig við þeirra sjónarmið. Við því er ekkert að segja en ég hvet stjórnarliðana til að hugleiða þau mótmæli og þær umræður sem eiga sér nú stað í þjóðfélaginu.

[23:16]

**Útbýting þingskjala:**

Almannatryggingar, 348. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 1381.

Forvarnir gegn heimilisofbeldi, 711. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1382.

Meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu, 712. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1383.

Meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu, 713. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1384.

Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, 173. mál, nál. allshn., þskj. 1385.

Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, 402. mál, nál. utanrmn., þskj. 1379.

Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, 568. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1374.

Útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka, 679. mál, svar viðskrh., þskj. 1375.

[23:17]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu en þykir þó rétt að segja örfá orð. Trúlega verður ræða mín með þeim styttri sem fluttar hafa verið í þessu maraþoni sem staðið hefur dögum saman. Það eru jafnlengstu ræður sem ég hef hlýtt á þann tíma sem ég hef verið hér á þingi.

En það er nú með mig eins fleiri að mér hefur þótt málflutningurinn misjafn og fara vítt og breitt og langt frá því efni sem hér er til umræðu. Því er það skoðun mín, hæstv. forseti, að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi ekki snúist um málefnið. Það hefur fengið á sig lit hins pólitíska moldroks, hér í þingsölum hefur ríkt norðanátt þar sem hv. þm. hafa ætlað að finna sér lag, pólitískt lag til þess að afflytja mál, til þess að telja fólki trú um að hér væri annað að gerast en raun ber vitni.

Það er sannarlega, ég vil segja sorglegur málflutningur sem hér hefur heyrst. Ég sakna þess að vísu að sú samstaða sem mér virtist blasa við meðal flestra þingmanna, fyrir utan þingflokk jafnaðarmanna, skyldi ekki halda. Verði grannt farið ofan í málflutning þingmanna eftir flokkum þá bera þeir kannski svipaðar tilfinningar til aðalefnis þessarar umræðu, miðhálendisins, og þeirra viðhorfa sem ríkja gagnvart því.

Mér finnst því miður að Alþfl. og þingflokkur jafnaðarmanna hafi gerst einsýnn í þessari umræðu og farið offari. Mér finnst að þeir hafi lagt áherslu á að villa mönnum sýn og telja þeim trú um að hér væri verið að taka miðhálendið af þjóðinni og færa það örfáum aðilum. Þeim mun sorglegra er það þegar menn tala í nafni þjóðarinnar, eins og þjóðvakamenn hafa gert í þessari umræðu, flokkur sem mælist með núll prósent fylgi í hverri þeirri skoðanakönnun sem fer fram. (Gripið fram í.) Þó tala þessir menn um það að þeir hafi þjóðina að baki sér og séu baráttumenn hennar en auðvitað sjá allir að það er ekki rétt. (**SvG:** Jóhanna er nú vinsælli en þú.)

Stundarvinsældir stjórnmálamanna segja ekki alltaf mikið. (**SvG:** Nei, nei.) Ég hef aldrei sóst eftir vinsældum. (**Gripið fram í:** Nei.) Hv. þm. mega hafa þær vinsældir sem þeir kjósa sjálfir og mælast með. En hitt er mest um vert, að segja satt, fylgja sannfæringu sinni og vera heiðarlegur í þeim málflutningi — það hef ég reynt að temja mér — og ekki að snúa út úr málum, reyna að villa þjóðinni sýn og segja henni rangt af því sem hér er að gerast, eins og mér finnst að því miður hafi átt sér stað.

Sannleikurinn er sá að hér hafa fimm til tíu þingmenn haldið uppi málþófi í svo marga daga. Það má segja um Alþb. í þessari umræðu að það sé klofið. Ég hygg að það fylgi þeirri meginstefnu sem hér er verið að marka. Einhverjar bestu ræðurnar í þessari umræðu hafa verið fluttar af hv. þm. Alþb. Ég minnist ræðu hv. þm. Kristins Gunnarssonar. Ég minnist frábærrar ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem er sú stysta sem ég hef heyrt hann flytja og ein af þeim snjöllustu. Hann talaði í hálftíma. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði sem svo að hann vissi að hann treysti sveitarfélögunum og fólkinu sem færi með málefni sveitarfélaganna á landinu til þess að halda utan um hálendið að því marki sem það ætti að gera það.

Ég minnist þess að í hita leiksins sagði hann sem svo að það hefði verið Sigríður í Brattholti sem hefði bjargað

Gullfossi þegar auðmenn í Reykjavík og London ætluðu að virkja fossinn. Hann sagði líka frá þeim sem sprengdu stífluna norður í Laxárdal. Þannig fór sá hv. þm. víða í góðri ræðu og kom inn á mörg ágæt atriði.

Þessa minnist ég hér vegna þess að mér finnst að sumir vinir mínir úr Alþb. hafi lent aðeins á skakkri leið. Ég ætla ekki að væna hv. 8. þm. Reykv. um það en ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir því að þessi bráðgáfaði og snjalli ræðumaður fer oft offari þegar hann sér að það er hiti í leiknum. Ég ætla ekki að halda því fram, hæstv. forseti, að það búi í honum fól. En ég er sannfærður um að það býr í honum ljón þegar mikið liggur við.

Sama má segja um hv. þm., vin minn, ritstjórann Össur Skarphéðinsson, að það blundar ekki heldur í honum fól en það býr í honum mikið ljón frá Júdeu. Og þessir tveir hv. þm. minna mig oft á hetjuna úr Fóstbræðrasögu, Þorgeir Hávarsson. En í Fóstbræðrasögu segir svo um hvernig ljónið réð oft hans gjörðum, með leyfi forseta:

„Þorgeir hafði riðið undan suður og er hann kom til Hvassafells stóðu þar menn úti. Sauðamaður var þá heim kominn frá fé sínu og stóð þar í túninu og studdist fram á staf sinn og talaði við aðra menn. Stafurinn var lágur en maðurinn móður og var hann nokkuð bjúgur, (**RG:** Er þetta ekki málþóf?) steyldur á hæli og lengdi hálsinn. En er Þorgeir sá það reiddi hann upp öxina og lét detta á hálsinn. Öxin beit vel og fauk af höfuðið og kom víðsfjarri niður. Þorgeir reið síðan í brott en þeim féllust öllum hendur er í túninu höfðu verið.

Litlu síðar komu þeir frændur eftir. Voru þeim þá sögð þessi tíðindi og þótti þeim þetta eigi hafa vel til borið. Er svo sagt að þeir frændur bættu víg þetta fyrir Þorgeir. Riðu þeir síðan til móts við Þorgeir. Hann fagnar þeim vel. Þeir spurðu hví Þorgeir hefði þetta víg vegið eða hvað Þorgeir fyndi til um mann þenna.

Þorgeir svarar: „Eigi hafði hann nokkurar sakar til móts við mig en hitt var satt að eg mátti eigi við bindast er hann stóð svo vel til höggsins.““

Sannleikurinn er nú sá að þessir tveir hv. þm. eru vígamenn og búnir miklum hæfileikum. En þeir hafa það skap að þegar þeim finnst að einhverjir gangi hart fram í umræðunni þá vilja þeir ganga lengra. Og þessir hv. þm. héldu að Alþfl. væri að vinna mikla sigra og vildu þá vera fremstir í þeirri sveit sem sótti að ríkisstjórn sem þeir vilja að missi sín völd.

Ég hef orðið þess var að margir hv. þm. trúa því þegar þeir hitta fólk á götunni og það segir við þá þessar setningar: „Nú er verið að stela miðhálendinu.“ „Nú eru örfá prósent að taka af okkur miðhálendið.“ o.s.frv. Þeir trúa því að það sé verið að veita þeim stuðning. Sannleikurinn er sá að umræðan hefur ranglega farið út úr þessu húsi vegna þessa málflutnings, sem ekki síst hv. jafnaðarmenn hafa haft hér í frammi.

Ég ætla að fara yfir það í örfáum orðum, um hvað þessi umræða snýst.

Það liggur ljóst fyrir að þrjú frumvörp verða hér til umræðu, og síðan það fjórða í haust. Það liggur fyrir að hér er frv. um þjóðlendur sem ég hygg að mikil samstaða sé um, bæði í þingi og líklega með þjóð vorri. Um hvað snýst það mál, hæstv. forseti? Það snýst fyrst og fremst um að skorið er úr ágreiningsefnum liðinna áratuga. Þar er verið að ákvarða land sem ekki er sannanlegur eignarréttur á komi eignarréttur allra Íslendinga. Við ákveðum sem sé að miðhálendi Íslands verði ekki eign sveitarfélaga eða einstaklinga, það verði eign allra Íslendinga.

Það hefur ekki verið deilt um það á síðustu árum að afnotaréttur og beitarréttur liggur fyrir samkvæmt lögum og hefur legið fyrir lengi. Það gerðist árið 1972 á Alþingi Íslendinga að það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum í efri og neðri deild að afréttirnir tilheyrðu sveitarfélögunum. Þetta mál var m.a.s. samþykkt umræðulaust í neðri deild. Í lögum frá þeim tíma segir, með leyfi forseta:

„Afréttarsvæði sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skal teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- og afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélaga eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli tilheyra sker félmrn. úr.“

Þetta liggur fyrir frá árinu 1972. Þó menn kalli þetta terturæmur eða hvað þeir kalla það, þá er þessi gjörð löngu gerð.

Nú er það merkilega að um það varð sátt meðal fleiri en stjórnarþingmanna, að ég hygg við flesta alþýðubandalagsmenn og fleiri, að hæstv. umhvrh. legði hér frv. fram til kynningar. Ríkisstjórnin stendur að því og það kemur til umræðu í haust. Það er alveg skýrt hvað skipulagið varðar í mínum huga. — Ég hélt að ég hefði það frv. hér í fórum mínum, hæstv. forseti, en það er vandi að halda utan um pappíra sína. Jú, hér kemur það. — En 1. efnismgr. 1. gr. þessa frv., sem er stjórnarfrv. og á að afgreiða á haustþingi, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild.“

(**SvG:** Er forsetinn að ræða þetta frv.?) Ég tek það inn í þessa umræðu og er ekki fyrstur til að gera það, hv. þm. (**SvG:** Forsetinn var á móti því að taka málið til umræðu.) Sá sem hér stendur var einn þeirra sem studdu að málið kæmi til umræðu, (**SvG:** Það kom ekki fram í atkvæðagreiðslu.) ég var af persónulegum ástæðum ekki staddur í þingsalnum þegar atkvæðagreiðsla fór fram. Það er nú svo, hv. þm., að einn maður ræður ekki miklu í 40 manna hópi og verður stundum að lúta meirihlutavilja.

En hér stendur það skýrt að miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skuli svæðisskipulagt sem ein heild.

Er það ekki þetta sem flestir hafa verið að biðja um? Er þetta ekki ný málamiðlun í málinu? Ég er ekkert viss um að allir séu sammála um það en menn eru tilbúnir að vera sammála um þetta til þess að ná þjóðarsátt og samkomulagi um þá dýrmætu auðlind sem hér hefur svo oft verið nefnd því nafni og ég tek heils hugar undir. (**KH:** Er þingmaðurinn sáttur við nefndarskipanina?)

Síðan segir áfram í þessu frv.:

„Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.“

Liggur það nú fyrir að 18 manna nefndin kemur úr öllum kjördæmum landsins. Hún kemur frá þeim tveimur höfuðráðuneytum sem fjalla um þessi mál og þess vegna sýnist mér að það sé sáttabragð að þessu frv.

Ég skal taka það fram vegna þess að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kallaði fram í og spurði hvort sá sem hér talaði væri sáttur við tilnefninguna. Það er ég ekki en ég hef lýst því fyrr í þessum ræðustól að hér þurfi að breyta orðalagi og nánast að prenta frv. upp að ég tel. Ég gat þess að ég hefði rætt það bæði við hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. að þetta mættu ekki vera bara þau sveitarfélög sem lægju að miðhálendinu heldur væri þarna um að ræða héraðsnefndir eða samtök sveitarstjórnanna í hverju kjördæmi. Með þeim hætti eru allir landsmenn komnir að skipulagi miðhálendisins og það verður skipulagt sem ein heild.

Síðan segir:

„Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim."

Og enn fremur segir:

„Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið."

Sem sé að loknum hverjum slíkum kosningum, þegar nýir menn eftir fjögur ár koma inn í nefndina, er heimilt að taka málið upp og meta það upp á nýtt. Ég tel ljóst, hæstv. forseti, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa mikið lagt á sig í málinu til að ná sátt um miðhálendið og til þess að fulltrúar allrar þjóðarinnar kæmu þar að.

Ég sé ekki fyrir mér að aðrir geti komið að málinu en þeir sem eru með einhverjum hætti lýðkjörnir eða skipaðir af lýðkjörnum mönnum. Ég sé ekki fyrir mér að skotveiðifélög í Reykjavík eða 4x4 klúbbar eða útivistarmenn í höfuðborginni fremur en á Selfossi, Akureyri eða Ísafirði geti átt fulltrúa í þessari nefnd. Þó kann að vera að þeir verði kjörnir og nái inn í þennan hóp eftir þessari leið.

Ég tel að þegar fólk áttar sig á þessum staðreyndum og þetta frv. verður að lögum í haust séum við þannig staddir að allir Íslendingar geti verið tiltölulega öruggir og sáttir um miðhálendið og að þar verði ekki gerð nein mistök. Vissulega tek ég undir með náttúruverndarmönnum og þeim Íslendingum sem líta á miðhálendið sem dýrmæta auðlind. Það er dýrmæt auðlind. Ég vil sjá það að miklu leyti sem ósnortin víðerni. Ég vil ekki að virkjunarmenn fái að gera þar hvað sem er. Ég er sannfærður um að við búum við þau lög á svo mörgum sviðum að við þurfum ekki að óttast slíkt.

Við Íslendingar þurfum að gera okkur grein fyrir því að í mörgum sveitarfélögum og víða á landinu höfum við á liðnum áratugum gert mjög mikil mistök. Við höfum misst frá okkur náttúruauðlindir og perlur. Við þurfum ekki að fara út fyrir mörk höfuðborgarinnar til að sjá mörg dæmi þess. Oft fæ ég tár í auga þegar ég kem að borgarmörkunum og sé Rauðhólana eins og rofabörð, illa farna, og sakna þess að á þeim tíma skyldu ekki einhverjir umhverfisverndarsinnar vera uppi sem stöðvuðu þá ósvinnu sem þar átti sér stað. Þannig mætti víða telja og víða fara.

En nú búum við sem betur fer við góð skipulagslög. Við eigum Skipulagsstofnun, eigum kærurétt og getum stöðvað og stöðvað svo mörg mál. Ég er sannfærður um að á miðhálendinu undir skipulagslegri stjórn þessarar hugmyndar komast menn ekki upp með neina ósvinnu.

Því sýnist mér, hæstv. forseti, að þegar þessu málþófi linnir og ræðurnar gleymast, fyrnast og fúna og falla inn í þingtíðindin, þá gleymist líka sú umræða og sú vordeila sem hér er. Ég er sannfærður um að þó að lítill hópur hafi haft hátt þá veit meginhluti þjóðarinnar hvað er að gerast á Alþingi.

Vissulega er það svo, hæstv. forseti, að fyrir hönd landsbyggðarmanna er ég að vísu nokkuð sár. Ég er sár vegna þess að mér finnst að sveitarstjórnarmenn landsbyggðarinnar hafi verið bornir þungum sökum í umræðunni. Ég þekki hug þeirra til landsins og ég veit að þeir elska miðhálendið og hafa varið það og verndað um langa tíð, eiga þar miklar hugsjónir. Þeir hafa reynt að stuðla að því að sem flestir Íslendingar fái notið þess að fara um hálendið. Ég þekki það úr kjördæmi mínu að Biskupstungnahreppur leggur til mann með hey og mat á afrétt sinni bæði til þess að vernda ferðamenn, vaka yfir að þeir fari eftir mörkuðum slóðum og að þeir ofbeiti þar ekki hrossum. Sama segi ég frá Flóamönnum, að þeir hafa í gegnum aldirnar átt sæluhús sín. Þeir hafa fengið áhugamönnum þessi hús til vörslu og beðið þá að vera í liði með sér að standa vörð um afréttina þannig að um þetta allt saman er nokkuð góð sátt.

Hinu verðum við svo að gera okkur grein fyrir að miðhálendið er ekki auðn af völdum bænda. Miðhálendið hefur í gegnum aldir orðið fyrir miklu hnjaski af eldgosum, vegna kuldaskeiðanna sem hér hafa verið. Gróðurlínan er í 450 metra hæð. Það er því ekki auðvelt að halda gróðri uppi á hverjum fjallstindi eða hátt upp í hlíðar, það er náttúran sjálf og veðráttan sem er þar að verki. Hitt fullyrði ég, að þó að einhvern tíma í gegnum aldir hafi land verið ofbeitt þá erum við ekki að ofbeita land í dag. Víðast um landið vaka menn vel yfir því. (**Gripið fram í:** Hvað með hrossin?) Hrossin eru, hv. þm., flest í byggð. Ég hef margsagt úr ræðustól og víðar að það er hættumerki hversu hross eru orðin mörg á Íslandi. Því miður eru það ekki allt sveitamenn sem eiga þau stóð, það eru margir sem þar koma við sögu. En þar er talsvert vandamál og ég sem formaður landbn. beitti mér fyrir því að við afgreiddum tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um að farið yrði í að skoða aðgerðir hvernig mætti sporna við ofbeit hrossa.

Þetta vil ég láta koma fram. Enda er það nú svo að við deilum ekki um afnotaréttinn, hann liggur fyrir í gegnum aldir.

Hæstv. forseti. Ég lofaði því að þreyta ekki hér langt mál. Það er komið að lokum umræðunnar. Fljótlega eftir að henni lýkur mun verða sátt um þá stefnu sem núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur mótað í þessum málum. Ég er sannfærður um það að þótt margir telji, ekki síst úti á landsbyggðinni, að þeir hafi fórnað talsverðu þá sækist menn ekki eftir völdum þar heldur eftir sátt um þessi mál. Þeir vilja að þéttbýlisbúar séu gestir á landinu og vita að þeir eiga landið alveg eins og sveitamennirnir og eru frjálsir ferða sinna. Enda er það nú svo með sveitamennina að hvergi sjást rammgerðar keðjur þar sem stendur: Óviðkomandi bannaður aðgangur. Það eru einhverjir aðrir sem búa við þær traðir þar sem slíkt stendur.

Ég fullvissa því hv. þm. um að hér er ekkert það að gerast að verið sé að gefa eða fela fáum vald yfir þessari auðlind. Það er verið að tryggja að margir komi að bæði skipulaginu og öllum þessum málum og að allir Íslendingar eigi og beri skyldu til hálendisins. Þetta er aðalmál þeirra frumvarpa sem hér liggja frammi og verða afgreidd á þessu vorþingi. Síðan kemur hitt frv., sem hér varð sáttaniðurstaða um, og verður afgreitt áður en næstu jól verða haldin heilög. (**Gripið fram í:** Óbreytt?) Örlítið breytt.

[23:43]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. biskup Framsfl. fyrir þessa ágætu ræðu þar sem hann lýsti því yfir að hvorki ég né

hv. þm. Svavar bærum fól blundandi í brjósti okkar heldur værum við ljón. Hann líkti okkur líka við Þorgeir Hávarsson og sagði að í gervi hans hefðum við hoggið af því einhver lá vel við höggi. Herra forseti. Hvað var það sem lá vel höggi? Hv. þm. láðist að geta þess. En hann sagði það óbeint. Hann sagði sjálfur að það frv. sem hér hefur legið undir umræðunni, án þess að vera á dagskrá, frv. hæstv. umhvrh., væri svo bjagað og svo illa úr lagi fært og svo illa úr garði gert að hann sjálfur teldi ómögulegt að samþykkja það nema það væri samið upp á nýtt. Af því að hæstv. umhvrh. er kominn í gættina og stendur eins og faðir yfir öxlum hv. þm. ætti hann e.t.v. að snúa sér við og segja þetta framan í hæstv. umhvrh., lýsa því fyrir honum alveg eins og hann gerði fyrir þingheimi áðan hversu ónýtt frv. hæstv. ráðherra væri.

Önnur rökvilla í máli hv. þm. fólst í eftirfarandi: Hann sagði að nauðsynlegt væri og það yrði gert, með samþykkt frv. sem hann hafði lýst ónýtt, að tryggja að allir íbúar landsins hefðu aðkomu að til að mynda skipulagsgerð miðhálendisins. Það vill svo til, herra forseti, að hv. þm. er fæddur í Hraungerðishreppi. Hraungerðishreppur á það sameiginlegt með mörgum öðrum hreppum, sem hafa ekki beina aðild að þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra vill skipa og er ekki heldur aðili að miðhálendinu, að hafa enga fulltrúa sem geta túlkað til að mynda vilja hv. þm. Með öðrum orðum gengur það ekki upp þegar frv. sjálft segir það svart á hvítu að til mynda slík sveitarfélög hafa enga fulltrúa að koma hingað og halda því fram að með frv. sem hv. þm. hefur lýst ónýtt sé aðkoma þessara manna og allra landsmanna tryggð. Það er einfaldlega rangt og það veit hv. þm.

[23:45]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vissi að hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri ljón en ég vissi ekki að í huga hans yrði hvítt svart á svo stuttum tíma, (**ÖS:** Ljónin ...) að hann rangfærði orð mín fimm mínútum síðar með þeim hætti að ég hefði sagt að frv. hæstv. umhvrh. væri illa úr garði gert. (**ÖS:** Það þarf að semja það upp á nýtt.) Það sagði ég ekki. Ég sagði að það þyrfti að gera á því örlitlar breytingar (**SvG:** Vitleysa.) sem sneru að því sem hv. þm. sagði að allir landsmenn, ég sagði að það gætu komið héraðsnefndir að því í staðinn fyrir sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu. Ég gat þess að ég hefði rætt þetta fyrr við hæstv. umhvrh. og félmrh. og mönnum fyndist þetta rétt og ég trúi því að um það sé samstaða.

Í tilfelli Þorgeirs Hávarssonar var það vissulega þreyttur smalamaður sem lá vel við höggi. Það var ekki þreytt ríkisstjórn sem lá vel við höggi í huga þessara tveggja hv. þm. Það var ríkisstjórn sem hafði lagt mikið á sig, fengið til þess hæfustu menn og færustu lögfræðinga að semja frv. sem miðuðu að þjóðarsátt um miðhálendið. En í hita leiksins eftir að þjóðvakamenn og hluti jafnaðarmanna hafði farið fram með miklu ærslum og oft og tíðum ekki þinglegir, vildu hv. þm. vera fremstir í þeim flokki sem, hvað skal segja, svo við notum nú ekki dónaleg orð, hæstv. forseti, höfðu hátt í túngarðinum heima.

[23:47]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get vel fallist á að það hafi ekki verið þreytt ríkisstjórn sem lagði fram þetta vonda frv. hæstv. umhvrh. en það fórnarlamb sem þau tvö ljón sem hv. þm. hefur nefnt hér eru að japla á er hinn þreytti smalamaður sem fer nú fram í gervi Framsfl. sem hefur samkvæmt síðustu skoðanakönnun sem birtist í Ríkisútvarpinu í kvöld tapað þriðjungi fylgis síns. Hrunið á þessari viku. Af hverju heldur hv. þm. að það sé? Kynni það að vera vegna þess að obbi landsmanna veit að verið er að ræna miðhálendinu frá honum? Kynni það að vera?

Hv. þm. talar jafnan skýrt. Ræða hans skal vera já, já og nei, nei eins og segir í helgri bók sem hann þekkir vel. Hv. þm. sagði að ég hefði snúið út úr orðum hans en ég var einungis að segja það efnislega í örfáum setningum sem hv. þm. sagði um frv. hæstv. umhvrh. Hann sagði að það þyrfti að leggja það fram eftir nýsmíði í haust. Það þyrfti að koma fram nýtt frv. Hvað þýðir það, herra forseti? Venjulegur maður með slaka meðalgreind, eins og a.m.k. sá þingmaður sem hér stendur, getur ekki dregið aðra ályktun en þá að ef búa þarf til nýtt þingmál úr þessu hlýtur hið fyrra að vera ónýtt.

[23:48]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. „Ég sigli ei skýin, ég sigli sjá, svaraði kappinn og hló.“ Við vinnum ekki í pólitík eftir skoðanakönnunum. En hverjir mælast hátt í skoðanakönnunum? Mér skilst að Sjálfstfl. sé að mælast með 45%. Hvað er Alþfl. að mælast með sem hefur haft hátt í umræðunni? Hvar er blessaður Þjóðvaki sem hefur jafnvel talað í heilan sólarhring? Hann á ekkert atkvæði á bak við sig. Þeir mælast ekki einu sinni þingmennirnir sem eru eftir í flokknum þannig að það þýðir ekkert að tala um það. Vissulega þarf að semja nýtt frv. fyrir næsta þing. (**ÖS:** Þá er hitt ónýtt.) Nei, það þarf alltaf að gera við upphaf hvers þings. En hér þarf aðeins að breyta orðalagi og hæstv. umhvrh. gæti þegar samið frv. upp og sagt að í stað þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu komi héraðsnefndir eða sveitarstjórnir viðkomandi kjördæma. Þá er ég sáttur og þá sýnir það að allir landsmenn munu koma að þessari skipulagsheild.

[23:50]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil gera athugasemd við í ræðu hv. þm. Hann talaði um að við stjórnarandstæðingar hefðum verið að stunda blekkingar. Ég vildi spyrja hann í hverju það hefði verið fólgið. Ég vil sömuleiðis biðja hv. þm. að gæta fullrar sanngirni gagnvart andstæðingum sínum. Hann hefur nefnt Þjóðvaka á nafn og talað um lítið fylgi þess stjórnmálaflokks. Hann á að vita að Þjóðvaki hefur gefið þá yfirlýsingu að hann muni ekki bjóða fram í næstu kosningum og starfar nú að því að stuðla að sameiginlegu framboði á vinstri væng stjórnmálanna. Þetta veit hv. þm. og á að gæta sanngirni gagnvart andstæðingum sínum hvað svona hluti varðar. Ég vil biðja hann að gera það.

Ég vil sömuleiðis spyrja hann hvort honum finnist sanngjarnt að 73 þúsund Reyknesingar fái einn fulltrúa og 107 þúsund Reykvíkingar fái tvo fulltrúa í nefndina sem á að vera umsagnaraðili. Finnst honum réttlætinu vera fullnægt gagnvart tveimur þriðju hlutum þjóðarinnar?

Í þriðja lagi vil ég minna hv. þm. á að svæðisskipulag verður ekki samþykkt nema öll sveitarfélögin samþykki það. Ég vil biðja hv. þm. að lesa niðurlag 13. gr. skipulagslaga. Þar segir alveg skýrt að svæðisskipulag teljist ekki samþykkt nema allir samþykki það. Það er alveg ljóst. Þessi málamyndanefnd í frv. ráðherra skiptir engu máli.

Síðasta spurningin er alvarlegust, herra forseti. Hv. þm. lét að því liggja að einstakir þingmenn hefðu ekki verið þing-

legir í umræðunni. Ég tek þessa ásökun mjög alvarlega, ekki bara vegna þess að ég met þingmanninn mikils, heldur vegna þess að hann er einn af forsetum þingsins. Ég óska upplýsinga um það hverjir það eru sem hafa ekki verið þinglegir í umræðunni og þá væntanlega ekki farið að þingsköpum. Ég held það sé rétt að hv. þm. geri grein fyrir því um hverja hann er að tala.

[23:52]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað Þjóðvaka varðar þá á ég auðvitað ekkert að vera að minnast á hann. Ég get sagt um Þjóðvaka: Blessuð sé minning hans. Ég mun ekki minnast á hann framar í ræðum mínum en óska aftur á móti jafnaðarmönnum til hamingju með þá vegferð sem þeir eiga í starfi sínu.

Hv. þm. minnist á sanngirni og hvort það sé sanngjarnt að einn fulltrúi úr Reykjanesskjördæmi komi inn í skipulagsmálin. Nú veit ég ekkert hvort það verður einn, ég veit ekkert hverja t.d. félmrh. og umhvrh. skipa. Þarna koma menn úr öllum kjördæmum. Þetta frv. er ekki til að jafna atkvæðavægi. Hitt er ljóst að kannski verða átök um hvernig atkvæðavægi verður jafnað og það verður gert á næsta þingi og einhver hluti þingmanna af landsbyggðinni færður yfir á þessi kjördæmi. Það hygg ég að liggi fyrir.

Hvað varðar hitt sagði ég „þinglegir". Ég get vissulega, hæstv. forseti, beðist afsökunar á því orðalagi mínu því að ég tek undir að þeir brutu ekki þingsköp en hitt er annað mál að það sem ég átti við með ummælum mínum er þetta málþóf, að menn standi fjóra og fimm klukkutíma í senn að lesa upp úr ritum og tala um allt annað en efnið og rugli umræðuna með því. Hér er meðalræðulengdin hátt í fjórar klukkustundir og það finnst mér ekki þinglegt. Ég viðurkenni þó að inn á milli hafa komið menn sem hafa talað stutt og strítt. Það viðurkenni ég. Enn er það í gildi sem Churchill sagði: Það tekur fimm mínútur að semja fimm tíma ræðu, en fimm klukkustundir að semja fimm mínútna ræðu. Ég virði því meira hina stuttu og snörpu ræðu.

En hitt vil ég að lokum segja, herra forseti, um þann hv. þm. sem hér talaði að ég hygg að hann haldi sig öðrum fremur við þau efnistök sem eru til umræðu hverju sinni.

[23:55]

**Ágúst Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hv. þm. Mér finnst í fyrsta lagi virðingarvert að hann biðjist afsökunar á orðunum „þingleg" í þessum skilningi í sambandi við þingsköpin. Auðvitað má hann skamma okkur stjórnarandstæðinga út af því sem hann kallar málþóf. Það er hans góði réttur. Ég er honum ósammála í því en þetta orðalag var hins vegar ekki vel valið og gott að hann skildi það sjálfur. Annað sem hann nefndi varðandi sanngirnina gagnvart Reyknesingunum 73 þúsund. Hann átti erfitt með að viðurkenna sanngirnina í því, talaði um að það væri ekkert fullljóst hvernig það væri. Það er rangt því að hv. þm. hefur sagt: Þetta frv. verður lagt fram í haust með þeirri litlu breytingu sem er mikil í hans huga að breytt verði í héraðsnefndir, þ.e. fyrir fulltrúana 12. Það er ljóst að í frv. á bara að koma einn fulltrúi frá Reykjanesi og tveir frá Reykjavík. Nú var þingmaðurinn að stunda blekkingar þegar hann sagði: Þetta breytist kannski. Það hefur hins vegar enginn talað um að það atriði breytist. Það er ósanngjarnt, herra forseti, að það skuli vera gert svona. Hv. þm. svaraði engu um þá ábendingu mína að svæðisskipulag verður að samþykkja með öllum greiddum atkvæðum sveitarfélaga. Þessi nýja svæðisskipulagsnefnd hæstv. umhvrh. er markleysa og þingmaðurinn veit það.

[23:56]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo með mörg atriði í skipulagsmálum. Við getum nefnt marga þá fögru staði eins og í Reykjanesi. Ekki komum við Sunnlendingar að því að skipuleggja Reykjanesfólkvang og ekki gerum við kröfu um það. Ekki munum við verða kallaðir að Bláfjallasvæðinu. Mér þykir það því mikil sanngirni þegar fólk hefur flutt á þetta svæði og hefur nóg með skipulagsmál sín að það skuli þó taka við þar sem sveitarstjórnir höfðu áður vald og fara með skipulagsmál á miðhálendinu. Það liggur fyrir að miðhálendið, gegnt öllu því sem hér hefur verið sagt, verður samkvæmt frv. sem kemur í haust skipulagt sem ein heild. Ég hygg að sú nefnd sem þá verður skipuð í þetta verkefni muni vinna þannig að hún muni ná samstöðu og verði þar uppi ágreiningur er það ágreiningur sem ... (Gripið fram í.) Já, ég veit allt um það, hv. þm. en það verður mjög grannt tillit tekið til tillagna þessa umsagnaraðila.

[23:57]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst satt að segja ekki margt nýtt koma fram í ræðu hv. þm. Um hvað snýst það mál sem er til umræðu? Það snýst um nýtingu miðhálendisins, orku, ferðamennsku, námur, beit, það snýst um friðun. Það snýst um það hver á þetta svæði og hver nýtir þetta svæði. Það snýst um það hver ber ábyrgð á svæðinu. Eru það sveitarfélög, eru það sýslur eða eru það svæðisnefndir með einhverjum hætti? Það snýst um það hvort skipta á landinu í ræmur eða í sveitarfélög eða hvort á að skipuleggja það sem eina heild. Þetta er það sem málið snýst um og það er ekki rétt sem hv. þm. sagði áðan að svæðið verði skipulagt sem ein heild. Það er ekki þannig vegna þess að sveitarfélögin ráða. Samkvæmt skipulagslögum er það þannig að hvert sveitarfélag fyrir sig hefur neitunarvald. Komi upp ágreiningur milli sveitarfélagsins annars vegar og svæðisskipulagsnefndarinnar hins vegar eiga auðvitað Skipulagsstofnun og umhvrh. að ganga í það mál og reyna að sætta. Það er alveg ljóst en valdið er í höndum viðkomandi sveitarfélags, eða er það ekki svo, hv. þm.? Skilur hann sitt eigið frv. og ríkisstjórnarinnar öðruvísi? Ef svo er bið ég hann að greina frá því hér.

[23:59]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að ég skilji þessi frv. nokkuð vel, hv. þm., og þau markmið sem þau hafa og ég undra mig kannski á því ef hv. þm. sem stendur nærri sveitarstjórnum vill alltaf hafa það á orði að vantreysta þeim. Ég er sannfærður um að landsbyggðarmenn sem eru í sveitarstjórnum munu leggja sig fram um að vernda og verja og skapa frið um miðhálendið og gefa fólki frelsi til að ferðast þar og njóta eftir skipulagi sem verður markað í sátt af þeim og í sátt við þá nefnd sem kemur til með frv. um skipulagsmál sem verður afgreitt á haustþingi. Ætla ég þá ekki, hæstv. forseti, að deila meira um þetta atriði hér við hv. þingmenn en vænti þess að moldviðrinu fari að linna.

[00:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var að snúa út úr fyrir mér og mér finnst það leiðinlegt. Veruleikinn er sá að gert er ráð

fyrir því samkvæmt þessu frv. að skipuð verði svæðisskipulagsnefnd, hún starfi og geri tillögur og það stendur hér að færa eigi niðurstöður hennar inn í aðalskipulag sveitarfélaganna. Það stendur hér. Hins vegar er alveg ljóst samkvæmt skipulagslögum að sveitarstjórnin ræður. Hún getur hafnað niðurstöðu svæðisskipulagsnefndarinnar og þingmaðurinn verður að skilja þetta. Það er útilokað að bjóða okkur upp á þann málflutning að við séum með okkar athugasemdum að vantreysta sveitarfélögunum. Málið snýst ekkert um það. Málið snýst um staðreyndirnar. Hinar lagalegu staðreyndir eru þessar ef þetta verður svona að lögum.

[00:01]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað hlýtur það að vera eðlilegt að þeir sem eru kjörnir til sveitarstjórna hafi heilmikil völd og geti neitað ýmsu og ekki síst yfirnefnd. En ég vil vekja athygli á því að í skipulagsmálum og hvað lýtur þeim þá búum við við Skipulagsstofnun. Þessi mál eru í mjög vönduðum farvegi hjá þorra sveitarfélaga á Íslandi. Ég treysti því landsbyggðarmönnum ekki síður en Reykvíkingum til að fara með sín málefni.

[00:02]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þessi umræða, sem hefur nú staðið ansi lengi og hefur snúist efnislega um sveitarstjórnarlög, hefur eigi að síður verið borin uppi af umræðu um allt annað mál, þ.e. frv. sem hæstv. umhvrh. fleygði eins og sprengju inn í umræðurnar um sveitarstjórnarmálin og laut að breytingum á skipulagslögum. Ég ætla að gera það að umræðuefni síðar. Áður en það frv. kom, herra forseti, lá alveg ljóst fyrir að með 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga og bráðabirgðaákvæðinu átti að afhenda sveitarfélögunum allt forræði yfir miðhálendinu. Hæstv. umhvrh. hefur að vísu reynt að breyta því með frv. sínu. En það liggur alveg ljóst fyrir að frv. til sveitarstjórnarlaga gekk út frá því að örfámennur hluti þjóðarinnar sem býr í 42 sveitarfélögum átti að fá allt miðhálendið, skipulag, byggingar og alla stjórnsýslu undir sig. Ég vil í upphafi ræðu minnar benda á eitt atriði, herra forseti, sem ekki hefur verið rætt nægilega mikið.

Með þeim gerningi er ljóst að þéttbýlisbúarnir, til að mynda Reykvíkingar, hefðu engan möguleika haft á því að hafa nokkur áhrif á skipulag miðhálendisins. Þess vegna, herra forseti, er merkilegt að komast að því þegar maður les greinargerðina hverjir sömdu frv. Það kemur í ljós — ég nefni það sérstaklega vegna þess að fram undan eru borgarstjórnarkosningar í Reykjavík innan nokkurra vikna — ef maður les greinargerðina, herra forseti, að einn af þeim sem sömdu þetta frv. og lögðu blessun sína yfir það er einn helsti valdamaður borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. í Reykjavík. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að á næstu dögum verði gengið eftir því hvort Árni Sigfússon, borgarstjóraefni D-listans, sé sammála Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, borgarfulltrúa Sjálfstfl., sem er einn af þeim sem tóku þátt í að semja frv. til sveitarstjórnarlaga. Er það virkilega þannig að borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna hafi lagt blessun sína yfir það að Reykvíkingar verði með þessu frv. sviptir öllum möguleikum til að hafa áhrif á miðhálendið? Svar mitt er að ég held að ekki sé hægt að komast hjá annarri ályktun en þeirri að þarna hlýtur borgarfulltrúinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson að hafa verið að vinna í anda Sjálfstfl. sem hér í þessum sölum stendur að þessu frv. En það er með ólíkindum að einn af helstu þungavigtarmönnum Sjálfstfl. í borgarstjórnarflokknum í Reykjavík skuli ekki bara hafa lagt blessun sína yfir þetta frv. heldur tekið þátt í að semja það. Það er nauðsynlegt að það komi fram í umræðunni fyrir borgarstjórnarkosningar, herra forseti, hvort það sé raunverulega svo að í þessu birtist stefna Sjálfstfl. í Reykjavík, þ.e. að taka öll völd frá Reykvíkingum til þess að hafa áhrif á stjórnsýslu og skipulag miðhálendisins.

Menn hafa kvartað undan því, herra forseti, í þessari umræðu að hún hafi snúist um allt annað en hún átti raunverulega að gera. Umræðan hefur fyrst og fremst fjallað um það frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fyrir. En það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvernig á því stendur að umræðan hefur hnigið í þann farveg. Staðreyndin er sú að frv. var, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi í ræðu sinni áðan, eins konar sáttargjörð. Þetta frv. fól í sér að setja átti upp ákveðna samvinnunefnd sem átti að vera skipuð fulltrúum, þar á meðal einum fulltrúa Reykjaness og tveimur fulltrúum Reykvíkinga. Þar með áttu $^{3}/_{16}$ af þessari samvinnunefnd að koma af svæði þar sem 67% íbúanna búa.

Frv. er meingallað. Enginn hefur lýst því jafn vel og hv. þm. Árni M. Mathiesen sem í vel útfærðri ræðu rökstuddi ítarlega hversu slæmt frv. hæstv. umhvrh. var. Og hv. þm. Guðni Ágústsson hefur bætt um betur. Hann kom upp áðan og lýsti því yfir efnislega að frv. væri ónýtt. Það er að vísu þannig, herra forseti, að það er eins og hæstv. umhvrh. hafi sérstakt ægivald yfir hv. 2. þm. Suðurl. því um leið og hann birtist hér í gættinni tók að draga máttinn úr hinum sagnafróða ræðumanni, hv. þm. Guðna Ágústssyni, og það kom fram í andsvörum hans áðan að hv. þm. eins og vildi ekki kannast við sín eigin orð. Nú er hann vaskastur meðal vígamanna Framsfl., yfirleitt hvergi hræddur hjörs í þrá og þess vegna veltir maður því fyrir sér hvernig á því standi að hann rennur undan sannfæringu sinni um leið og hæstv. ráðherrann birtist í gættinni. Öðruvísi mér áður brá, herra forseti, þegar sá hv. þm. var fúsastur manna til að fylgja því sem hann taldi réttast og réttlátast.

Það kom fram í ræðu hv. þm. hvað hann taldi réttlátt. Hann taldi til að mynda nauðsynlegt að breyta frv. þannig að í stað þess að fulltrúar sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu skipi 12 fulltrúa þyrftu að koma fulltrúar héraðsnefnda. Hvers vegna? M.a. til að hann og hans fæðingarhreppur verði ekki landleysingjar þegar kemur að miðhálendinu. (**GÁ:** Allir landsmenn.) Allir landsmenn, kallar hv. þm. fram í og ég er sammála honum um það að þetta frv. hæstv. umhvrh., þótt það sé tæknilega mjög gallað, er það skref í rétta átt. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. En það er svo gallað og svo mikil hrákasmíð að þeir sem sömdu það og flokkarnir sem samþykktu það til framlagningar í þinginu sáu ekki að með orðalagi í frv. var verið að svipta fjölmarga smáhreppa, eins og þá tvo sem ég nefndi fyrr í kvöld — annar er fæðingarstaður óðalsbóndasonarins frá Brúnastöðum. Hinn er Villingaholtshreppur — en líka stór byggðarlög eins og Akureyri (**GÁ:** Selfoss.) og Selfoss öllum áhrifum frá því að koma nálægt skipulagi, hvað þá stjórnsýslu miðhálendisins. Þetta er megingalli sem sýnir hvers konar fljótfærnissmíð þetta frv. var. En eftir að hv. þm. hafði lýst því yfir áðan í ræðu sinni að frv. þyrfti, fyrst sagði hann að breyta, síðan gaf hann í og sagði breyta verulega og að lokum áður en hæstv. umhvrh. kom í gættina til að hasta á hann með augnaráði sínu einu saman, lýsti hann því yfir að leggja þyrfti fram nýtt, gjörbreytt frv. í haust. (**GÁ:** Nei, nei.) Kannski sagði hv. þm. ekki gjörbreytt en hann sagði nýtt frv. í haust. (**Gripið**

**fram í:** Það er alltaf gert ...) Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að þegar menn tala um nauðsyn þess að leggja fram *nýtt frv. þá er það vegna þess að hið gamla er ekki nógu gott.* Ef leggja þarf fram nýtt frv. þá er það vegna þess að ekki er hægt að nota gamla frv. og þá er hægt að segja og álykta, herra forseti, að gamla frv. sé ónýtanlegt og þar af leiðandi eru það ekki nein ofmæli af minni hálfu að kalla það ónýtt. Það var hin efnislega niðurstaða í máli hv. þm. En ég varð mjög undrandi þegar hæstv. umhvrh. birtist í gættinni því þá hljóp hv. þm. skyndilega aftur og aftur upp í ræðustól til að reyna að hvítþvo sín eigin ummæli af sjálfum sér. Það er ekki sá hv. þm. Guðni Ágústsson sem ég á að venjast í þessum sölum, herra forseti.

Hins vegar hnígur hv. þm., svo ég noti nú orðalag Stefáns Jónssonar alþingismanns úr þessum sölum um Pétur tólfta, þá hnígur hann í sama knérör og allir aðrir þingmenn stjórnarliðsins sem hafa tekið til máls í þessari umræðu. Hver og einn einasti þeirra fyrir utan hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hefur gert því skóna að sú sáttargjörð sem svo var kölluð og sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hrósaði sér af að eiga frumkvæði að og hæstv. umhvrh. lagði fram í sínu frv., sé svo gölluð að það þurfi að breyta frv. Hvaða ályktun er hægt að draga af því, herra forseti? Í fyrsta lagi þá ályktun að frv. sé meingallað. Það er sök sér þótt stöku þingmaður úr stjórnarliðinu komi upp og vilji fá einhverjar smávægilegar breytingar. En þegar hver og einn einasti utan einn sem kallar reyndar til frumburðarréttar á þeirri hrákasmíð, kemur upp og segir að það þurfi að breyta frv. þá er ljóst að það er meingallað. Í öðru lagi sýnir þetta líka að mikil ólga er í stjórnarliðinu út af frv. enda vitum við að hluti ástæðu þess hversu seint frv. var fram lagt var að Sjálfstfl. neitaði að samþykkja það. Hvers vegna? Skýringanna er e.t.v. að leita í ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens sem hann flutti hér fyrir einum sjö dægrum síðan, þar sem hann færði rök að því að frv. væri óþarft. Nóg væri að styrkja tiltekna grein í skipulagslögum til að koma fram þeim áformum sem hæstv. umhvrh. hugðist ná með frv. sínu. En þar að auki vildi hv. þm. Árni M. Mathiesen miklar breytingar, til að mynda á tilnefningum og hann vildi ganga miklu lengra í lýðræðisátt en Framsfl. bersýnilega vildi.

En hv. þm. Guðni Ágústsson sem talar um ljón Júdeu er *ráðist á lítilmagnann,* kom hér sjálfur eins og ljón í ræðustól fyrir nokkrum dægrum síðan og varpaði enn einni sprengjunni úr herbúðum Framsfl. inn í þetta mál. Hann ljóstraði því upp að innan Framsfl. hefðu verið í gangi hrossakaup. Hv. þm. upplýsti þingheim án þess að blikna um að hann hefði sjálfur átt í hrossakaupum ekki við einn heldur tvo hæstv. ráðherra. Ekki bara hæstv. umhvrh. sem honum stóð svo mikil ógn af í kvöld, heldur líka við þann sem er miklu þéttari á velli og jafnvel fastari fyrir í lundu líka, hæstv. félmrh. Pál Pétursson.

Nú má mér í réttu rúmi liggja og hæstv. forseta og raunar þingheimi öllum hvers konar hrossakaup hv. þm. Guðni Ágústsson gerir í skuggaafkimum Framsfl. um þessi mál eða önnur. En þetta mál var sérstakt. Þetta mál var sáttargjörð eins og hv. þm. sagði áðan sjálfur í ræðu sinni. Sáttargjörð hverra? Sáttargjörð stjórnarliðsins við stóran hluta af stjórnarandstöðu. Að vísu ekki Alþfl. því við erum alfarið á móti þessum málatilbúnaði öllum. En Alþb. og a.m.k. einn annar þingmaður, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, höfðu illu heilli dregist á að styðja þetta frv. eins og það lá fyrir, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga, enda yrði gerð ákveðin sáttargjörð og það var þetta frv. hæstv. umhvrh. sem hér var kastað inn.

Hvað felst í orðinu sáttargjörð, herra forseti? Í heimi stjórnmálanna þýðir það að menn hafa náð samkomulagi um *einhvern gerning.* Þá þýðir það væntanlega að sá gerningur sé ekki falur við hvers konar kaup sem kennd eru við hross í baksölum stjórnarflokkanna. Þá er um leið búið að rjúfa þá sáttargjörð. Og það var nákvæmlega það sem gerðist.

Eftir að hv. þm. Guðni Ágústsson ljóstraði því upp að í gangi væri einhvers konar kaupmang innan Framsfl. til þess að kaupa til hlýðni þá þingmenn sem vildu ekki sætta sig við þennan gerning þá var auðvitað ljóst að í einni svipan var búið að feykja burt stoðunum undan sáttargjörðinni. Að því leytinu til á stjórnarandstaðan og kannski ekki síst Alþfl. hv. þm. skuld að gjalda fyrir þessa hreinskilni. En hún kemur *mér ekki á óvart og ég er meira að segja viss um að hv. þm.* hann gerði þetta af ásetningi af því að hann er drengur góður að kynna stjórnarandstöðunni með þessum hætti að það var kominn illur brestur í stjórnarliðið.

En það er merkilegt hvernig Framsfl. hefur þannig verið notaður enn einu sinni til þess að tosa ækið áfram fyrir Sjálfstfl. og við sjáum það í skoðanakönnunum. Hv. þm. sagði hérna áðan: „Menn eiga ekki að fara eftir skoðanakönnunum" og það er hárrétt. Það vill svo til ég tilheyri einmitt þeim stjórnmálaflokki sem hefur ekki notið þeirrar gæfu að vera mjög stór þó að hann hafi stórbrotnar skoðanir. Og af hverju það? Vegna þess að hann hefur ekkert verið að eltast við skoðanakannanir. Hann hefur verið trúr sannfæringu sinni og er ekki hræddur við kjósendur sína. Og hv. þm. Guðni Ágústsson og sá sem við hlið situr, hv. þm. Magnús Stefánsson, framsögumaður í þessu vonda máli, mundu sennilega hafa kiknað í hnjánum ef þeir hefðu einhvern tíma upplifað það eins og ég og hv. fyrrv. þingmaður Jón Baldvin Hannibalsson, sem bjuggum mánuðum saman við það að vera næstum því í núlli hérna, vorum komnir niður fyrir pilsnersfylgið, vorum í einu prósenti í tvo mánuði í röð og geiguðum hvergi.

Það sem Framsfl. þarf að læra, en er búinn að tapa sjónar á — og er líka hægt að lesa í annarri Íslendingasögu — er að menn eiga ekki að hafa geig af vopnum sínum. Ef vopnin bíta þá eiga menn að nota þau óhræddir. En Framsfl. þorði ekki að fylgja sannfæringu sinni í þessu máli vegna þess að hún er ekki til. Í þessu máli er Framsfl. klofinn. (**Gripið fram í:** En kratarnir fá geig af vopnum sínum.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Við skulum ekki grípa fram í.)

Framsfl. er klofinn í þessu máli og það er, herra forseti, lærdómsríkt að kanna í hverju klofningurinn liggur. Vegna þess að átakalínurnar, brotalínurnar í málinu innan Framsfl. eru þær sömu og meðal þjóðarinnar, þ.e. það eru mismunandi hagsmunir dreifbýlis og þéttbýlis.

Innan Framsfl. hefur hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ekki haft geig af vopnum sínum og verið óhræddur við að nota þau enda er ég sannfærður um það að honum verður launað það einhvern tímann síðar — ég ætla ekki að segja lambið gráa — en ég er ansi hræddur um að hann muni uppskera innan Framsfl. eins og hann sáði. Vonandi mun það líka gilda utan Framsfl. En hann var óhræddur við að koma fram með sömu skoðanir og ýmsir aðrir þingmenn innan Framsfl. höfðu haft áður. Ég nefni fjóra þingmenn: Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Hjálmar Árnason, bæði úr kjördæmi sem telst til þéttbýlisins, Reykjaneskjördæmi. Þau komu hér og fóru mikinn fyrr í haust. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom hér eins og frelsandi riddari á hvítum hesti og sagði nei, hún ætlaði aldrei að samþykkja þetta. Sá ágæti þingmaður gerði það nú

síðar og hrósaði sér af því að eiga frumburðarréttinn að þeim óskapnaði sem hæstv. umhvrh. vildi ekki einu sinni leggja undir dóm þingsins. Þorði ekki að leggja hér til umræðu, greiddi atkvæði gegn því að hans eigið frv. kæmi á dagskrá. En hvert var drifaflið á bak við þessa tvo hv. þm.? Við skulum segja og vona að það hafi verið sannfæring þeirra. En það var líka annað: Fulltrúaráð Framsfl. á Reykjanesi kom saman og gerði samþykkt sem fól í sér skýra og afdráttalausa stefnumörkun í þessu máli, sem er algjörlega á móti þeim anda sem er að finna í því frv. sem hér er formlega til umræðu. Herra forseti. Hvar eru þessir þingmenn í dag? Hvar er ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar? Hefur einhver maður orðið var við hana í þessum sölum? Nei. Hv. þm. Guðni Ágústsson má þó eiga það að hann ríður á vaðið — þó að hann hafi misst þess á reiðinni.

Annar hv. þm., Gunnlaugur M. Sigmundsson, reifaði andstöðu sína líka en honum til vorkunnar — eða eigum við að segja til hróss — þá verður að segjast eins og er að hann skýrði fyrirvara sinn við stefnuna afskaplega vel. Hann greindi frá því, herra forseti, að hann gæti ekki stutt mál sem fæli það í sér að Vestfirðingar, sem eins og þjóð veit eiga enga legu að miðhálendinu, fengju ekki að koma að skipan þess. Af hverju? Rök hans voru þau, herra forseti, að þeir eins og allir aðrir Íslendingar ættu að eiga rétt á því að koma að miðhálendinu. Ég vil ekki orða það svo, herra forseti, að hann hafi verið keyptur til fylgis. En í því frv. sem hæstv. umhvrh. lagði fyrir eru Vestfirðingar skyndilega komnir með jafnmarga fulltrúa og Reyknesingar, þ.e. einn fulltrúa. Eftir sem áður lifir röksemdin sem hann flutti, þ.e. að fulltrúar alls landsins ættu að koma að þessu. En samkvæmt þeim tveimur frumvörpum sem fyrir liggja, öðru sem liggur formlega fyrir og hinu sem ekki hefur formlega fengist á dagskrá er ljóst að með engu móti er hægt að færa rök að því að fulltrúar alls landsins komi að skipulagi miðhálendisins, hvað þá stjórnsýslunni.

Hins vegar stóð hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson fastur fyrir en hann stóð ekki einn í þeirri orrahríð vegna þess að hann hafði að baki sér samþykkt alls Framsfl. í Reykjavík. Framsfl. í Reykjavík gerði um það samþykkt að þær skoðanir sem hv. þm. Ólafur Örn hefur flutt hér væru réttar. Af þeirri samþykkt má gagnálykta að Framsfl. í Reykjavík hafi snúist í þessu máli, a.m.k. gegn 1. þm. flokksins í Reykjavík, hæstv. iðn.- og viðskrh., sem styður þetta frv. vegna þess að hann er í þeirri ríkisstjórn sem hefur lagt það fram til kynningar.

Herra forseti. Það er því ekki að undra þó að menn hafi brugðist hart við og títt og brugðist reitt við þegar í ljós kom að í fyrsta lagi vildi hæstv. umhvrh. með engu móti að hans eigið frv. kæmi til rökræðu í þinginu. Þegar greitt var um það atkvæði samkvæmt tillögu stjórnarandstöðunnar eftir þref við meiri hlutann um hvort slík tillaga fengist tekin til afgreiðslu gerðust þau undur og stórmerki að hæstv. ráðherra greiddi atkvæði gegn því að hans eigið frv. kæmist á dagskrá. Segir það ekki sína sögu, herra forseti?

Af þeim þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa talað hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal lýst því yfir að hann hafi fallið frá þeim fyrri fyrirvara sem hann hafði við frv. til sveitarstjórnarlaga. Hann greindi samviskusamlega frá því í ræðum sínum að margir kjósendur hefðu komið að máli við hann í kjördæmi hans og lýst eindreginni andstöðu við það að Reykvíkingar fengju ekki að koma að miðhálendinu. Það kemur fram í því áliti sem hann er aðili að frá meiri hluta nefndarinnar hvers vegna hann féll frá fyrirvara sínum. Hann sagði skýrt og skorinort að hann gæti ekki fallist á frv. nema allir landsmenn hefðu tryggan rétt til þess að koma sjónarmiðum sínum í gegnum fulltrúa sína að því hvernig eigi að haga stjórn miðhálendisins vegna þess að hann taldi að það væri eign allra landsmanna.

Nú liggur það fyrir, eins og ég rökstuddi áðan að hægt er að nefna nokkur sveitarfélög, stór og smá, sem samkvæmt fyrirliggjandi frv. hafa ekki þennan rétt þannig að ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem er samviskusamur þingmaður sem fer ekki í launkofa með skoðanir sínar þó að ég sé sem betur fer á móti flestum þeirra, hafi verið sagt það innan stjórnarliðsins að það kæmi fram frv. sem tryggði öllum landsmönnum þennan rétt. Þess vegna féll hann frá fyrirvaranum og skýrði það hér í nál. sínu. Hvað gerist svo? Þegar frv. kemur er alveg ljóst að þessu skilyrði hans er ekki fullnægt. Hvaða ályktun getur sæmilega skyni borinn maður, jafnvel þingmaður, dregið af því? Enga aðra, herra forseti, en þá að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi verið blekktur. Hann hafi verið dreginn á asnaeyrunum alveg eins og fleiri þingmenn stjórnarliðsins.

Hv. þm. Kristján Pálsson talaði hér líka og hefur lent í nokkrum stórsjóum vegna afstöðu sinnar í málinu. Hvers vegna, herra forseti? Vegna þess að hann er fulltrúi fyrir annað fjölmennasta kjördæmi landsins, Reykjanes, sem er boðið upp á það að fá einn fulltrúa — að fá einn fulltrúa í þeirri nefnd sem á að koma að skipulagi miðhálendisins. Hann taldi það nóg vegna þess að það tryggði að sjónarmið Reyknesinga kæmu að. Reyknesingar töldu það ekki nóg og þeir urðu auðvitað æfir. Hv. þm. kom þó og varði frv., hann varði það, hann má eiga það. Hann hvikaði þó ekki frá sinni upphaflegu yfirlýsingu. En ég minnist þess að þegar ég þrýsti fast á hv. þm. í andsvörum kom það upp úr honum, ekki einu sinni heldur tveimur sinnum, að hann teldi nauðsynlegt að breyta frv. til þess að tryggja það að ýmis önnur sjónarmið kæmust örugglega að þessu mikilvæga máli. Hann nefndi útivistarhópa, hann nefndi ferðafélög og hann nefndi náttúruverndarsamtök. Með öðrum orðum lýsti hv. þm. því skorinort yfir í síðustu ræðu sinni þegar ég atti örlitlu kappi við hann á föstudaginn var að það yrði að breyta frv. Einnig hann taldi það nauðsynlegt.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, sem er utan flokka og tilheyrir ekki stjórnarliðinu og ég veit ekki hvort hún tilheyrir stjórnarandstöðunni, enda er mér alveg sama um það, kom hingað og lýsti því yfir að hún styddi þetta frv. upphaflega. En hún sagði jafnframt að hún teldi skorta á að raddir fulltrúa þeirra sem sinna náttúruvernd, fulltrúa þeirra sem hafa byggt upp atvinnugreinar á miðhálendinu, þ.e. ferðaþjónustunnar, ættu að koma að þessu máli. Hún lýsti því líka yfir í ræðu sinni að hún mundi ekki leggjast gegn því ef slík tillaga kæmi fram. Herra forseti. Við svona málflutning hef ég afar mikið að athuga. En ég ætla ekki að eyða tíma þessa vel starfandi þings til þess að fara yfir það. Nægir að nefna það, herra forseti, að út af vinnubrögðum meiri hlutans virðist hún einnig hafa fallið frá stuðningi við þetta mál vegna þess að sáttargjörðin, sem stjórnarliðunum hefur orðið svo tíðrætt um í kvöld og í gærkvöld og fyrrakvöld og mörg kvöld þar áður líka, var brotin af þeim sjálfum. Þetta eru vinnubrögð sem ég hef aldrei séð hér áður. Ég hef aldrei vitað til þess áður að menn gerðu einhvers konar sáttargjörð og ginntu jafnvel heilar stjórnmálahreyfingar til fylgis á þeim grunni — og brjóta hana svo. Það er nýmæli fyrir mér, herra forseti.

Ég minnist þess líka að hv. þm. Árni Ragnar Árnason

kom upp og taldi rétt að allir landsmenn hefðu aðgang með einhverjum hætti að þeirri nefnd sem á að véla um skipulag miðhálendisins. Hann virtist ekki heldur gera sér grein fyrir því að frv. sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram fyrir atbeina hæstv. umhvrh. braut algjörlega gegn því. Einnig hv. þm. Árni Ragnar Árnason, fulltrúi næstfjölmennasta kjördæmis landsins, Reykjaness, tók það fram, þegar hann var spurður í þaula um það í andsvörum, að það væri nauðsynlegt að breyta frv. Með öðrum orðum: Eftirtaldir þingmenn, sem hér hafa talað af hálfu stjórnarliðsins, hafa allir talað um að nauðsynlegt væri að breyta frv. sem varð grundvöllur *sáttargjörðarinnar*, þ.e. hv. þm. *Árni M. Mathiesen, Árni R.* Árnason, Pétur H. Blöndal og Guðni Ágústsson. Ég minnist þess líka, herra forseti, sem ég átti þó ógetið, að enginn annar en hæstv. félmrh., Páll Pétursson, kom upp í andsvörum fyrir nokkrum dögum og sagði að nauðsynlegt væri að breyta frv. hæstv. umhvrh.

Þetta eru í hæsta máta undarleg vinnubrögð, herra forseti. Þau eru undarleg og ekki síst í ljósi þess að frv. hafði verið samþykkt í Framsfl. en eins og menn vita er félmrh. enn fulltrúi í honum. Í öðru lagi er það merkilegt vegna þess að hæstv. félmrh. er enn þá starfandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem hafði samþykkt að leggja frumvarpið fram til kynningar. Þá veltir maður því fyrir sér: Hvers konar vinnubrögð hefur stjórnarliðið uppi í þessum efnum?

Ég er búinn að sitja hér kjörinn þingmaður í nokkur ár en ég minnist þess ekki áður að hér hafi verið dreift frv. og að sama kvöld og frv. var dreift komi upp annar ráðherra en sá sem hefur forræði á málinu sem dreift er og lýsi því yfir að það þurfi að breyta frv., ekki í einni grein heldur í tveimur. Ljóst er að hér er á ferðinni einhvers konar baktjaldamakk innan Framsfl. vegna þess að það er að bresta flótti í liðið. Og auðvitað *skilja menn að það bresti flótti í liðið. Menn fundu* það á sínu eigin skinni að það var ekki bara flóttabrestur hér í þingliðinu heldur á fylginu úti um landið. Þetta, herra forseti, var síðan staðfest í skoðanakönnun sem birt var í kvöld þar sem kom fram að Framsfl. hefur tapað þriðjungi af fylgi sínu. Hann hefur ekki frá því að ég man eftir á þessu kjörtímabili mælst jafnlágt í skoðanakönnun. Og halda menn að það sé einhver tilviljun? Að sjálfsögðu ekki. Það er vegna þess að hann ber hina formlegu ábyrgð á þessu slæma máli.

Nú ætla ég ekki að núa Sjálfstfl. því um nasir að hafa platað flokkinn til þess. En auðvitað hefur Sjálfstfl. ekki auðveldað Framsókn málið. Hver og einn einasti sjálfstæðismaður sem hér hefur komið upp og talað hefur gagnrýnt málið.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem var eins konar talsmaður Sjálfstfl. í þessum umræðum enda oddviti flokksins í umhvn. og sá þingmanna Sjálfstfl. sem hefur hvað mest sinnt þeim málaflokki og talaði hér því eins og eins konar talsmaður þeirra, taldi frv. óþarft. Hann gerði fjölmargar athugasemdir við það. Í kjölfarið komu tveir þingmenn úr hans kjördæmi, báða hef ég nefnt hér, þ.e. hv. þm. Árni R. Árnason og Kristján Pálsson, og hnigu mjög í sama farveg. Með öðrum orðum hefur Sjálstfl. komið hér hvað eftir annað upp í umræðunni og beinlínis lagt sitt lóð á vogarskál stjórnarandstöðunnar í gagnrýni sinni á þau frv. sem Framsfl. hefur lagt fram í þessu máli. Þetta, herra forseti, hljóta að teljast mjög undarleg vinnubrögð svo vægt sé til orða tekið. Það er kannski þess vegna sem Framsfl. á svo erfitt með að halda sjó í þessu máli. Reyndar má segja að meginstoðir séu þegar teknar að fúna og jafnvel að molna, eins og kom fram í þeirri skoðanakönnun sem ég ræddi hér lítillega fyrr í kvöld.

Ég ætla, herra forseti, áður en ég held mikið lengra, að ræða hér aðeins það frv. til sveitarstjórnarlaga sem er undir í umræðunni vegna þess að þar er að finna margvísleg efni sem ekki tengjast miðhálendinu beinlínis en mjög þarft er að ræða. Herra forseti. Því hefur verið haldið fram í umræðunni að fyrir utan þau tvö vondu ákvæði sem er að finna í 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæðinu sé afskaplega lítið í þetta frv. varið. Ég minnist þess að jafnvel hinir bestu menn hafa vitnað í bréf þar sem borgarlögmaður skrifaði borgarráði eftir að hann var beðinn um umsögn af hálfu borgarráðs um *þetta frv. Borgarlögmaður lét* þess getið að ýmislegt vantaði í frv. og fór nokkrum orðum það. Hann lagði m.a. til að sett yrði í frv. sérstök grein um arðgreiðslur. En að öðru leyti taldi hann breytingarnar á frv. svo lítilvægar að í rauninni væri ónauðsynlegt að reifa þær sérstaklega fyrir borgarráði.

En þetta frv. sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti merkilegt og í því er að finna sérlega merkan kafla sem lýtur að fjármálum sveitarfélaga. Frv. er hátt á annað hundrað greinar fyrir utan bráðabirgðaákvæðið að sjálfsögðu og þar er farið mjög víða yfir sögu. Það sem mér finnst merkilegast í þessu frv. er kannski líka það sem vantar í það. Á síðustu árum hefur verksvið sveitarfélaganna mjög verið að breytast. Það er verið að færa yfir til sveitarfélaganna mjög stórbrotin verkefni og segja má að í sjálfu sér felist í því mikill hvati fyrir sveitarfélögin til að stækka, þ.e. til þess að sameinast og byggja sig þannig sameiginlega upp til þess að takast á herðar aukin verkefni. Ég held sjálfur að mjög nauðsynlegt sé að setja sem mestan hvata til þess að sveitarfélög stækki. Ég held líka að fyllilega sé réttlætanlegt að setja í frv. af þessu tagi einhvers konar ákvæði sem knýja mjög fast á um það. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að í þessu frv. hefðu menn átt að nota ferðina og breyta því ákvæði sem fjallar um lágmarksstærð sveitarfélaga. Hún hefur verið 50 íbúar. Ef sveitarfélag hefur verið undir 50 íbúum þá hafa verið í gildi sérstök ákvæði sem í rauninni eru nánast eins konar lögþvingun til sameiningar. En það hefði verið nauðsynlegt í ljósi breyttrar verkaskiptingar að stækka þessa lágmarkseiningu sveitarfélaganna. Það er nefnilega svo að þau eru í vaxandi mæli að fá hvers konar aukin verkefni sem þau hafa ekki bolmagn til þess að sinna meðan stærðarmörkin eru ekki nema 50 íbúar. Mig langar í örstuttu máli að hlaupa aðeins á þessum verkefnum.

Þessi örsmáu sveitarfélög sem jafnvel hafa bara 50 íbúa, einhvers staðar rétt þar fyrir ofan, eiga að sjá um framfærslumál. Þau eiga að sjá um aðstoð við aldraða og aðstoð við fatlaða. Þau eiga að sjá um barnaverndarmál. Þau eiga líka að sjá um varnir gegn notkun vímugjafa. Þau eiga að sjá um rekstur dagvistar fyrir börn. Þau eiga líka að sjá um að reka dvalarheimili aldraða. Þau eiga að sjá um að heimilishjálp sé til staðar. Þau eiga meira að segja líka að sjá um slysavarnir. Með þeim lögum sem eru í gildi núna þá er þeim líka falin atvinnumál. Ég nefni sérstaklega umdeild lög sem fluttu til þeirra atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun sem reyndar var breytt aftur með lögum. Þeim eru falin menntamál, þar á meðal bygging og rekstur skóla. Þeim er falin tónlistarfræðsla og fullorðinsfræðsla. Í þeirra umsjá eru einnig húsnæðismál eins og m.a. bygging verkamannabústaða. Þau eiga að sjá um eldvarnir og almannavarnir. Þau eiga að sjá um skipulags- og byggingarmál, gerð aðalskipulaga og gerð deiliskipulaga. Þau eiga að sjá um sorphreinsun og sorpeyðingu, holræsalagnir ef þeirra er þörf og um skolpeyðingu.

Þau eiga að sjá um að eyða meindýrum. Þau eiga að sjá um að hafa eftirlit með hreinlætismálum. Að einhverjum hluta eiga þau að sjá um heilsugæslu. Þau eiga að sjá um rekstur bókasafna, önnur menningarmál, rekstur annarra safna, félagsheimili, stuðning við áhugamannafélög og sennilega mætti halda áfram að telja upp fleira sem ég í fljótu bragði kann ekki að nefna.

Við sjáum, herra forseti, að það er tómt mál að tala um að örlítil sveitarfélög geti sinnt þessu öllu. Því hefði ég talið að menn hefðu átt að nota ferðina til þess að stækka verulega þá lágmarkseiningu sem hægt er að telja sveitarfélag. Ég held að það sé tímaskekkja að miða það við 50 manns. En ég veit að hv. þm. Magnús Stefánsson sem situr hér og hlustar agndofa á þessa ræðu muni hafa í farteskinu einhvers konar rök sem skýra það hvers vegna ekki var farið lengra í þessu máli.

Ég nefndi áðan, herra forseti, að það sem ég tel að sé mest til bóta í þessu frv. sé sá málaflokkur sem tengist fjárhagsmálum sveitarfélaga. Við vitum að þau hafa sums staðar verið í lamasessi síðustu árin. Efnahagskreppa sem gekk yfir þjóðfélagið upp úr 1990 í kjölfar alvarlegs þorskbrests leiddi til þess að þau lentu mörg í fjárhagslegum hremmingum. Þau lentu í því að tapa störfum þegar fyrirtæki höfðu ekki lengur bolmagn til að standa á eigin fótum og fóru halloka fyrir markaðnum, urðu gjaldþrota eða sameinuðust öðrum sem voru í öðrum sveitarfélögum. Þetta leiddi til þess, herra forseti, að í sumum strandbyggðum landsins, þar sem atvinnan helgast fyrst og fremst af sjónum, tapaðist það sem allt stendur og fellur með í strandbyggðunum, þ.e. kvótinn. Mjög víða leiddi þetta til þess að sveitarfélögin ákváðu að neyta þess ákvæðis sem þá var í gildi og fól í sér forkaupsrétt á kvóta sem var að tapast úr byggðarlaginu. Víða leiddi þetta til þess að þau ábyrgðust á einhvern hátt fjárhagslegar skuldbindingar fyrirtækja sem ákváðu að festa kaup á kvóta til að halda störfum í byggðinni. Þetta leiddi sums staðar til þess að markmiðið tókst. Annars staðar leiddi þetta til þess að sveitarfélögin komust á fjárhagslega heljarþröm.

Með því frv. sem hér liggur fyrir held ég að búið sé að setja fjárhagsmál sveitarfélaganna í miklu betri skorður en áður var. Herra forseti. Í fyrri ræðu minni drap ég einungis á þrjú atriði sem ég taldi að væru mjög til bóta í þessum efnum. En nú þegar ég er búinn að lesa þetta betur sé ég að þau eru miklu fleiri. Og fyrir það ber að þakka, herra forseti. Ég tel að þess vegna sé nauðsynlegt að samþykkja sem fyrst þessi ákvæði frv. Tel raunar að einmitt af þeim sökum væri æskilegt að fara að tillögu hv. þm. Svavars Getssonar sem á síðustu dögum, eins og við höfum lesið í fjölmiðlum, hefur sett fram þá hugmynd að ákvörðun þingsins um megindeiluefni frv., þ.e. 1. gr. og bráðabirgðaákvæði, verði frestað en frv. samþykkt að öðru leyti með þeim brtt. sem félmn. leggur til.

Segja má að í 3. málsl. 2. mgr. 61. gr. komi fram fyrsta meginbreytingin frv. á fjárhagsmálum sveitarfélaga, að teknu tilliti til breytingartillögunnar, sem er b-liður 7. brtt. á þskj. 1193, en sá málsliður hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Ég tek eftir því þegar ég les yfir breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar við frv. að til þess að leggja áherslu á efni þessarar greinar og mikilvægi hennar er málsliðurinn gerður að sérstakri málsgrein. Ég ímynda mér, herra forseti, að rökin að baki þessu séu þau að í þessu felist svo mikilvæg stefnumótun varðandi fjárhag sveitarfélaga og fjárhagsáætlanir að félmn. hafi talið nauðsynlegt að undirstrika þetta sérstaklega með því að gera þetta að sértakri málsgrein. Hvað felst hins vegar í þessari málsgrein? Ef maður les hana bókstaflega þá er í rauninni verið að samþykkja hér með lögum að sveitarstjórnum sé bannað að safna skuldum. Segja má að þarna sé verið að sníða stakkinn æðiþröngt. Segja má að með þessu sé e.t.v. verið að koma í veg fyrir að þau geti ráðist í meiri háttar framkvæmdir. En þá má nú raunar lesa þessa ágætu grein saman við aðra grein þar sem fram kemur að sveitarfélagið skuli gera áætlun til þriggja ára. Samkvæmt því er ljóst að ekki er verið að skerða svigrúm þeirra það mikið að þau geti ekki tekist á herðar sérlega umsvifamikil og fjárfrek verkefni. Eigi að síður, herra forseti, tel ég að hérna sé verið að strekkja mjög á taumi fjárhagslegra umsvifa sveitarstjórnanna og ég tel að það sé mjög af hinu góða. Samkvæmt þessu, ef menn fara nú vel eftir þessu, þá á þetta að koma í veg fyrir að það gerist sem við höfum illu heilli séð gerast nokkrum sinnum, að sveitarfélög hafa komist í slíkt þrot að það hefur þurft að taka þau í eins konar gjörgæslu á vegum félmrn.

Í 63. gr., herra forseti, er einnig mikilvægt ákvæði. Þar er einmitt fjallað um hina þriggja ára áætlun. Þar segir að til vibótar þeirri fjáhagsáætlun sem reifuð er í 61. gr. eigi sveitarstjórn árlega að semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Auðvitað segir þar skýrum stöfum að þessi áætlun þurfi að vera innan þess ramma sem sveitarfélagið áætlar um tekjur sínar og rekstur. Þarna held ég að menn séu að leggja út á rétta braut.

Síðan er í 73. gr. um að ræða merkilega breytingu, held ég, sem hefur kannski ekki fengið nægilega umfjöllun í þessari umræðu. Þannig er, ef ég man rétt, herra forseti, að í 89. eða 90. gr. núgildandi laga er í gadda slegið að sveitarfélag getur ekki tekist á herðar sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. En það getur hins vegar veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem sveitarstjórnin metur gildar. En 1. málsl. lokamálsgreinar 73. gr., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins."

Mér virðist að hér sé verið að breyta verulega möguleikum sveitarstjórnar til að takast á hendur slíkar ábyrgðir til annarra aðila en tengjast beinlínis stofnunum sveitarfélagsins. Með þessu, herra forseti, og með þeirri grein sem ég las áðan, 61. gr., tel ég verið sé að tryggja það að sveitarstjórnir geti ekki lagt út í framkvæmdir eða lánveitingar til fyrirtækja sem kynnu að steypa fjárhag sveitarfélagsins í voða. Ég tel að þetta sé afar merkilegt. Ég er hins vegar sannfærður um að margar sveitarstjórnir munu ekki taka þessu fagnandi. Ég ímynda mér t.d. að ýmis stærri sveitarfélög og jafnvel það sveitarfélag sem við erum stödd í núna kunni að hafa ýmislegt við þetta að athuga. Ég held hins vegar að hérna sé um að ræða nýmæli sem er hið besta mál.

Samkvæmt 74. gr. er ákveðið að ráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd og þessi nefnd á árlega að athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir sem koma fram annars staðar í þessari sömu grein.

Í greininni á eftir, 75. gr. þar sem fjallað er um sveitarfélög í fjárþröng, kemur fram að ef sveitarstjórn telur að sveitarfélagið sé komið í það mikla fjárþröng að því sé ókleift

að standa í skilum þá beri að tilkynna það til eftirlitsnefndarinnar og hún á þá samkvæmt 2. mgr. sömu greinar að láta tafarlaust fara fram rannsókn á fjármálum sveitarfélagsins og rekstri þess og síðan á hún að leggja fyrir sveitarstjórnina fyrirmæli um að bæta úr því sem miður hefur farið og reyna að leysa málið innan hæfilegs frests, eins og þar segir.

Ég held að hérna séu menn komnir inn á farsæla braut. Eins og menn taka eftir er ég afar hrifinn af þeim ákvæðum í frv. sem fjalla um fjárhag sveitarfélaganna. Ég velti því hins vegar fyrir mér: Hvernig er búið að þessari eftirlitsnefnd? Mér finnst það alls ekki í gadda slegið, alls ekki í frumvarpstextanum, og ekki heldur í þeim lögskýringum sem er að finna í greinargerðinni. Og ég velti því fyrir mér hvernig umsvifum þessarar þriggja manna eftirlitsnefndar sé háttað. Hún á auðvitað að geta ráðið sér mannskap og reist sér einhvers konar batterí til þess að gera þetta. En ég sé ekki í fljótu bragði alveg hvernig sú góða áætlun sem hér liggur fyrir í einum fimm greinum, þ.e. frá 74. gr. til og með 78. gr., muni reynast í framkvæmd. Það væri fróðlegt að fá útskýringar á því frá þeim hv. þm. sem hér mælir fyrir nál.

Það er alveg prýðilegt að setja upp þriggja manna eftirlitsnefnd og óskaplega fínt að setja í lög að ef sveitarfélagið telur að það sé að fara á hausinn þá eigi það að hafa samband við nefndina. En ég tek eftir því að það er eins og því séu beinlínis gerðir skórnir að hin árlega athugun eftirlitsnefndarinnar á fjárreiðum sveitarfélagsins muni ekki endilega duga til þess að nefndin komist sjálf að því ef í óefni stefnir. Þess vegna er þetta ákvæði sem er að finna í 1. mgr. 75. gr. Það er eins og frumvarpshöfundarnir hafi sjálfir ekki fulla trú á því ákvæði sem hér er verið að setja í lög og ég held að nauðsynlegt sé að menn skýri þetta frekar.

Við vitum, herra forseti, að það er ekki bara frv. og nál. eða brtt. sem skipta máli heldur skiptir mjög miklu máli hvaða skýringar á tilteknum óljósum greinum koma fram í máli þeirra sem mæla fyrir frv. Þess vegna held ég að í þágu lögskýringarmanna framtíðarinnar væri mjög æskilegt ef hv. þm. Magnús Stefánsson færi í gegnum þetta ferli í þeirri ræðu sem hann án efa á eftir að flytja á Alþingi Íslendinga einhvern tíma síðar í nótt, skýrði það nákvæmlega hvaða umsvif eftirlitsnefndinni er heimilt að hafa, hvers konar starfsmenn henni er heimilt að ráða, hvernig hún á að sinna þessu hlutverki sínu sem greint er frá í 2. mgr. 74. gr. og hvernig eigi að bregðast við ef sveitarstjórn skirrist við innan hæfilegs frests. Það er að vísu svolítið tekið á því í 77. gr. En mér finnst að það vanti svolitlar útskýringar á þessu. Ráðherra getur svipt sveitarstjórnina fjárforráðum. En það er auðvitað það sem menn eru að reyna að koma í veg fyrir og spurningin er hvort ekki sé á einhvern hátt hægt að slá styrkari stoðum undir möguleika eftirlitsnefndarinnar til að grípa fyrr inn í, áður en að sveitarfélagið er beinlínis sett á gjörgæslu. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að í því felst ákveðin minnkun út á við og það er á vissan hátt niðurlæging fyrir sveitarstjórn og það sveitarfélag sem hún stýrir ef henni mistekst svo hrapallega. Auðvitað er æskilegast að það sé ljóst að tekið verði í taumana áður en það gerist.

Ég tel, herra forseti, að hérna sé um að ræða sex merkileg ákvæði sem öll lúta að miklu sterkari og agaðri fjárhagslegum rekstri sveitarfélaganna en við höfum í dag. Það er í fyrsta lagi í 3. málsl. 2. mgr. 61. gr. frv. þar sem talað er um það að sveitarstjórn megi ekki safna skuldum eða að hún skuli reyna að komast hjá því eftir mætti að safna skuldum. En þessi setning, sem eftir brtt. meiri hluta félmn. er orðin sérstök málsgrein, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess."

Þarna liggur fyrir mjög fín stefna.

Í öðru lagi, herra forseti, segir í 63. gr., þar sem er verið að ræða um þriggja ára áætlun, að til viðbótar þeirri fjárhagsáætlun sem rætt er um tveimur greinum fyrr, eigi sveitarstjórnin árlega að semja þriggja ára áætlun um framkvæmdir, rekstur og fjármál sveitarfélagsins. Þetta er allt af hinu góða.

Í þriðja lagi er það afar mikilvægt sem segir í 1. málsl. 6. mgr. 73. gr. um tryggingar og ábyrgðir, að ekki megi binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Þarna er um mikilvæga framför að ræða, eins og ég veit að hæstv. forseti, sem er vel verseraður í sveitarstjórnarmálum og fjármálum þeirra, er mér fyllilega sammála um. Því miður hef ég óljósan grun um að svo sé ekki í öllu öðru sem í þessu frv. lýtur að þeim deiluefnum sem við höfum verið að ræða í kvöld.

Í fjórða lagi er eftirlitsnefndin mjög til bóta. Hún á að athuga reikningsskil sveitarfélaganna og bera þau saman við viðmiðanirnar sem eru settar í 74. gr. Jafnframt er þar lögð sú skylda á sveitarstjórnina að gera eftirlitsnefndinni grein fyrir því hvernig hún ætlar að bregðast við þeim aðvörunum sem nefndin setur henni.

Í fimmta lagi held ég að 75. gr. sé mjög af hinu góða og sömuleiðis ákvæðin atriði í 76. gr. Þarna tel ég að mjög sé vel um vélað og þetta horfi mjög til bóta frá því sem nú er.

Herra forseti. Það sem ég vildi síðan ræða aðeins um — þó að ég hafi drepið á það í fyrri ræðu minni þá gerði ég það ekki nægilega ítarlega — er einmitt sú breyting sem meiri hlutinn leggur til við 7. gr. þar sem er fjallað um almennar skyldur sveitarfélaga. Um áratugi hafa sveitarfélög sem hafa rekið fyrirtæki á sína eigin ábyrgð látið fyrirtækin greiða sveitarsjóðnum arð. Ekki hefur verið nokkur lagastoð fyrir þessu, herra forseti, og svo undarlegt sem það virðist þá held ég að höfuðborg Íslendinga hafi haft uppi þennan sið í meira en hálfa öld án þess að fyrir því sé lagastoð. Það má auðvitað segja að kominn sé hefðarréttur á þetta. En það er óþægilegt að ekki skuli vera á einhvern hátt skýrar á þessu tekið í lögum og það er gert hérna. Hér er lögð til ótvíræð heimild sem hefur vantað í löggjöfina. En þegar maður hugsar þetta mál lengra þá er ég ekki viss um að þetta sé jafngott og það lítur út í fljótu bragði. Ég skil að sjálfsögðu að nauðsynlegt sé að þjónustugjöld vegna þjónustustofnana sveitarfélaga eigi að nægja til þess að standa undir rekstri stofnananna. Það er hið besta mál. En er réttlætanlegt að gjaldskráin sem ráðherrann á síðan að staðfesta megi vera svo há að sveitarfélögin geti í rauninni skattlagt íbúana í gegnum þjónustugjöld, þ.e. að þau ákveði í fyrsta lagi að þjónustugjöldin eigi að standa undir rekstri og í öðru lagi að þau eigi að ná tilteknum arðsmarkmiðum? Ég felli mig ekki alveg við þennan hugsunarhátt. Ég leyfi mér þann munað að hugsa upphátt og spyr sjálfan mig: Hvenær hættir gjald að vera gjald og verður að skatti?

Mér finnst að fyrir þessu sé alls ekki gerð nægileg grein í því áliti meiri hlutans sem fyrir liggur. Og þegar ég les umsagnir sveitarfélaganna þá sé ég ekki betur en að sú brtt. sem þarna liggur fyrir sé orðrétt komin úr umsögn Reykjavíkurborgar. Í umsögn Reykjvíkurborgar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.“

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Þýðir þetta að það fjármagn sem upphaflega var lagt til stofnunar viðkomandi fyrirtækis megi skila tilteknum arði? En hver er fóturinn undir arðinum? Hver er viðmiðunin? Ég held að hér sé verið að opna allt of víða gátt fyrir sveitarfélögin. Ég skil vel að Reykjavíkurborg langi til þess að fá þetta. Ég er ekki viss um að sú ágæta borgarstjórn sem nú er við lýði — hún verður örugglega við lýði að loknum sveitarstjórnarkosningum og sennilega eftir fjögur ár þaðan í frá — verði til eilífðar. Ég óttast að ef til þess kemur, einhvern tímann í framtíðinni, að sjálfstæðismenn taki aftur völdin hér í Reykjavíkurborg, — guð forði okkur frá því! — þá sé auðvitað mögulegt að þeir ani aftur út í sams konar fjárfestingarvitleysu og þeir gerðu hér á árum fyrri þegar þeir keyrðu fjárhag Reykjavíkurborgar nánast í rúst. Í þá daga þurfti Reykjavíkurborg að greiða, ég veit ekki hversu háar greiðslur vegna dráttarvaxta í frægum banka handan við Austurvöll og Austurstræti.

Ég held því, herra forseti, að þetta sé hættulega rúmt. Ég spyr: Hvað með sveitarfélög sem reka fyrirtæki sem selur þjónustu til annarra sveitarfélaga? Er þá ekki sá kostur í stöðunni að eitt tiltekið sveitarfélaga geti, í gegnum þetta lagaákvæði og eignarhald á fyrirtæki sem selur þjónustu í annað sveitarfélag, skattlagt íbúa þess sveitarfélags? Ég tel að hv. þm. Magnús Stefánsson þurfi að vanda sig mjög vel þegar hann skýrir þetta. Menn munu væntanlega, sökum þess hversu orðalagið í áliti meiri hlutans er óljóst, lesa ræðu hans út í hörgul til lögskýringa á þessu. Ég er sannfærður um að einhvern tíma kunni svo að fara að einhverjum greiðanda ofbjóði og höfði mál. Þá verður auðvitað horft til þess sem hinn vísi framsögumaður meiri hluta félmn., hv. þm. Magnús Stefánsson, sagði í ræðu sinni til skýringar á þessu atriði.

Herra forseti. Ég hef nú rætt tiltekin atriði í frv. til sveitarstjórnarlaga nokkuð ítarlega, þ.e. þann kafla sem mér þótti mestu varða. Það er sá kafli sem hafði að geyma þau ákvæði sem varða fjárhagsáætlun sveitarfélaga og fjárhagsramma þeirra. Ég hef einnig í ítarlegu máli rætt þann versta ágalla sem ég sá á frv. fyrir utan 1. gr. og bráðabirgðaákvæði. Það voru einmitt breytingarnar sem vantaði. Það var lágmarkseiningin sem telst sveitarfélag. Ég tel að það sé mikill galli á þessu frv. að ekki skuli vera ákvæði um að einingin sem heitir sveitarfélag sé stærri en 50 íbúar. Ég er viss um að þegar að 3. umr. kemur þá muni margir vísir menn ræða þetta enn frekar og væntanlega þær brtt. sem kynnu í kjölfar þessarar ræðu minnar, og annarra ræðna sem hér hafa verið haldnar og eiga eftir að vera haldnar, að vera lagðar fram.

Hitt frumvarpið sem hér er til umræðu, þó það sé ekki á formlegri dagskrá, gerði ég að örlitlu umræðuefni í upphafi ræðu minnar. Það er frv. hæstv. umhvrh. Það frv. er með þeim eindæmum að það er lagt fram hér á þingi til kynningar. Það er samþykkt af ríkisstjórninni og það er samþykkt af ríkisstjórnarflokkunum. Sjálfstfl. streittist að vísu alllengi á móti í málinu og hafnaði því að frv. yrði lagt fram fyrr en svo langt var liðið þings að erfitt var um vik fyrir hæstv. umhvrh. að koma málinu á dagskrá. Það var lagt fram sem sagt eftir þann frest sem gefinn er, þ.e. eftir 1. apríl. Þar af leiðandi hafði ég fullan skilning á því að það kynni að vera nokkuð umhendis fyrir hæstv. ráðherrann að koma málinu á dagskrá.

En það vill svo til að hæstv. ráðherra á víða hauk í horni. Það er ekki bara hv. þm. Guðni Ágústsson sem bliknar fyrir bliki augna hæstv. ráðherra. Það er ekki aðeins hv. þm. Magnús Stefánsson sem flytur mál þeirra beggja, hæstv. félmrh. og umhvrh., mjög skörulega. Það voru fleiri sem runnu í þessu máli, herra forseti. Hæstv. ráðherra rann sjálfur en haukarnir sem hann átti í horninu, voru stjórnarandstaðan.

Stjórnarandstaðan setti fram tillögu sem tekin var á dagskrá og greidd voru atkvæði um. Hún fól það í sér að frv. hæstv. umhvrh. yrði tekið til umræðu. Það var m.a. rökstutt með því að frv. fól í sér málamiðlun milli hluta stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðsins. Ég hef rakið það fyrr og ætla ekki að reifa það frekar hér hvernig sú málamiðlun var brotin í mola með því að þingmenn Framsfl. ljóstruðu því upp að ýmsir hæstv. ráðherrar Framsfl. ættu í hrossakaupum við tiltekna þingmenn Framsfl.

Þar með var það ljóst að hin svokallaða sáttargjörð var ekki lengur fyrir hendi vegna þess að þeir sem gerðu sáttina, a.m.k. úr liði stjórnarandstöðunnar, höfðu ekki lengur hugmynd um hvernig sáttargjörðin leit út. Þess vegna var nauðsynlegt, fyrir þá stjórnarandstöðuþingmenn sem höfðu bundið sitt fylgi við sveitarstjórnarfrv. sem hér liggur fyrir samþykkt þess frv., að það kæmist á dagskrá. Hvers vegna? Vegna þess að með því að frv. kæmist á dagskrá og yrði rætt og jafnvel samþykkt, þá væri ljóst á hvaða grunni sáttin, sem viðkomandi þingmenn gerðu, væri byggð. Þess vegna var það mjög undarlegt að hæstv. umhvrh. skyldi ganga hér fram fyrir skjöldu og lýsa því yfir að hann hefði engan vilja til þess að frv. kæmi hér til umræðu. Hið merkilegasta í sambandi við það, herra forseti, var þó hvernig Sjálfstfl. hagaði sér í málinu.

Það vildi nefnilega þannig til að þegar krafa stjórnarandstöðunnar kom fram um þetta, hið fyrsta sinni, að þá var hæstv. umhvrh. ekki viðstaddur. Þá gerðist það hins vegar að hv. þm. Árni M. Mathiesen kvaddi sér hljóðs og lýsti því yfir að frv. yrði ekki á dagskrá og kæmi ekki til umræðu. Með öðrum orðum var alveg ljóst að Sjálfstfl. réð þeirri för. Hann vildi ekki að frv. samstarfsflokksins í ríkisstjórninni kæmist á dagskrá.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að velta því fyrir sér af hverju þetta stafaði. Það fyrsta sem manni dettur í hug er það að frv. hafi verið slík hrákasmíð að þingmenn Sjálfstfl. hafi ekki treyst sér til að taka það til umræðu þar sem stjórnarandstaðan, með aðstoð margra stjórnarliða, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, hefði flett ofan af þeim tæknilegu misbrestum sem er að finna á frv. Stjórnarandstaðan hefði bent á hvernig frv. er úr garði gert og að það uppfyllti hvergi nærri þau skilyrði sem a.m.k. tveir tilteknir þingmenn stjórnarliðsins settu fyrir því að falla frá fyrirvara sem þeir höfðu við frv. Þetta hefði í sjálfu sér verið næg ástæða fyrir Sjálfstfl. til að leggjast gegn því að frv. kæmi á dagskrá.

Önnur skýring er þó öllu nærtækari og hana má í raun lesa út ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens sem hann flutti fyrir um einni viku síðan. Hv. þm. lýsti því þá einfaldlega yfir að hann væri þeirrar skoðunar að ekki ætti að samþykkja frv. hæstv. umhvrh. Hann lýsti því einfaldlega yfir að það væri óþarft. Hann flutti hér nokkra ræðu um að skynsamlegra væri að fara aðra leið. Sú leið fólst í því að breyta gildandi skipulags- og byggingarlögum, það er sameiginlegur lagabálkur, og nota 12. gr. þess bálks til að ná fram þeim markmiðum sem hæstv. umhvrh. taldi sig vera að reyna að ná fram.

Ég verð raunar að segja það hv. þm. Árna M. Mathiesen til hróss, að þó að ég teldi að hans hugmynd gengi hvergi nærri nógu lagt til þess að fullnægja þeim skilyrðum sem ég hefði sett fyrir samþykki mínu við þetta frv., þá er hún snöggt um skárri en það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram.

Hæstv. umhvrh. telur nægilegt, skv. 2. mgr. 1. gr. frv. sem hann hefur lagt fram til kynningar, að skipa samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn. Þetta á að gera að afloknum sérhverjum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu eiga að tilnefna tólf fulltrúa og síðan á að tilnefna fjóra fulltrúa í gegnum Samband ísl. sveitarfélaga. Tveir eiga að vera búsettir í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum. Síðan eiga félmrh. og umhvrh. að skipa sinn fulltrúann hvor án tilnefningar.

Þetta, herra forseti, taldi hv. þm. Árni M. Mathiesen fráleitt vera nóg til þess að ná þeim markmiðum sem hann taldi eiga að vera. Og hver voru þau? Hann taldi nauðsynlegt að ýmsir hópar, sem á einhvern hátt tengjast miðhálendinu, gætu komið að stjórn og skipulagi þess. Hann nefndi sérstaklega aðila sem tengjast náttúruvernd, útivistarfólk og ferðafélög og ekki síst ferðaþjónustuna. Hann kom fram með þá skynsamlegu hugmynd að ef menn á annað borð ætluðu að feta þann stíg sem hæstv. umhvrh. hefur lagt á, þá væri miklu skynsamlegra að sleppa öllum tilnefningum. Ég veit að hv. þm. Guðni Ágústsson er sennilega sammála mér ef marka má þær ræður sem hann hefur flutt í dag og fyrir viku síðan. Þess í stað væri hægt að fara þá leið að láta umhvrh. skipa án tilnefningar. Honum væri gerlegt að fara þá leið að tilnefna fulltrúa þeirra sjónarmiða sem hægt er að segja með nokkurri sannfæringu að þurfi að koma skoðunum sínum um skipulag miðhálendisins á framfæri.

En þetta frv. sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram er svo fjarri öllum lýðræðislegum reglum að það er með ólíkindum að menn geti fallist á það sem einhvers konar grunn samkomulags, hvað þá lagasetningar. Við hljótum, herra forseti, að gera ráð fyrir því að í svo mikilvægu máli sem skipulagi miðhálendisins eigi fulltrúar allra sjónarmiða að koma að, allra landshluta og allrar þjóðarinnar. Hvernig förum við að því?

Mér heyrðist hv. þm. Guðni Ágústsson gera að því skóna, í ræðu sinni fyrr í kvöld, að þetta yrðu þjóðkjörnir fulltrúar. Mér virtist hv. þm. í raun vera að leggja drög að því að Framsfl. mundi e.t.v. treysta sér til að leggja það fram í haust. Eins og fram hefur komið telur hv. þm. Guðni Ágústsson að frv. í núgildandi formi sé það gallað að ekki sé verjandi að leggja það fram að óbreyttu. Ef frv. gerði ráð fyrir til að mynda þjóðkjörnum fulltrúum væri það strax miklu betra. Hann á væntanlega við að Alþingi mundi kjósa þessa menn. Það er strax betra en það kerfi sem hér er lagt til.

En ef menn ætla að nota þetta sem grunn þá gæti ég vel fallist á þá leið sem hv. þm. Árni M. Mathiesen reifaði í máli sínu. En þegar maður skoðar frv. hæstv. umhvrh. er alveg ljóst að með engu móti er hægt að samþykkja það. Þeir sem unna lýðræðinu með einhverjum hætti og vilja að lýðræðið njóti sín í efnum sem þessum gætu aldrei samþykkt það. Það er ekki hægt fyrir okkur sem erum fulltrúar 67% þjóðarinnar, þ.e. þingmenn Reykjaness og Reykjavíkur, að fallast á að af 18 fulltrúum hafi þeir þrjá. Það auðvitað er svo víðs fjarri allri sanngirni og öllu réttlæti að það er algjörlega ómögulegt að hægt sé að fallast á að það gangi nálægt þeim markmiðum sem við hljótum að telja að eigi að nást. Hv. þm. sem hafa mælt þessu bót segja að með þessu sé þó tryggt að sjónarmið þessara kjördæma komi að málinu. Herra forseti. Það er alls ekki nóg, það er ekki nóg að sjónarmiðin komi að. Miðhálendið er auðlind. Það verður deilt um miðhálendið í framtíðinni í miklu ríkari mæli en við höfum séð gerast í dag.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal gat þess í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum að fyrir 35 árum hefðu í mesta lagi nokkrar rútur farið með ferðamenn inn á miðhálendið á hverju sumri. Hann spurði: „Miðað við umferðina sem þar er í dag, hvernig halda menn að hún verði eftir 35 ár?“ Það er nákvæmlega þetta sem við þurfum að hafa að leiðarljósi. Við þurfum að horfa til framtíðarinnar.

Ljóst er að deilt verður um nýtingu og stjórnsýslu miðhálendisins í framtíðinni. Hvað gera menn þegar deilur eru uppi? Þeir reyna að ná málamiðlunum. En aftur og aftur gerist það að það er ekki hægt. Hvað gera menn þá? Lýðræðið segir: Þá greiða menn atkvæði. Það er nákvæmlega vegna þess að miklir og óskyldir hagsmunir munu leiða til þess að í svona nefnd munu menn einhvern tímann lenda í ágreiningi hérna, herra forseti, og þeir munu lenda í því að greiða atkvæði og þá er einfaldlega ekki hægt að bjóða 67% þjóðarinnar upp á það að hafa sjöttung fulltrúa í slíkri atkvæðagreiðslu, það er ekki hægt. Þess vegna er miklu skynsamlegra að fara þá leið sem við jafnaðarmenn höfum lagt til, að það séu ekki einungis skipulagsmálin sem eru tekin þarna og sett í sérstaka nefnd heldur stjórnsýslan öll. Þá er að sjálfsögðu langbesta aðferðin að skipa þarna níu fulltrúa eins og við leggjum til. Ég veit að hv. þm. Guðni Ágústsson hefur fett fingur út í þá aðferð sem við höfum lagt af stað með. Það er alveg sjálfsagt að taka það til einhvers konar endurskoðunar og umfjöllunar ef það mætti verða til þess að stilla afstöðu hv. þm. Guðna Ágústssonar.

Það sem mér sýður þó aðallega varðandi frv. er að mér finnst að í því sé gerð tilraun til blekkingar. Verið er að gera því skóna að þessi samvinnunefnd eigi að hafa einhver veruleg völd. En þegar maður les 2. gr., hvað kemur þá í ljós? Þá kemur í ljós að verið er að gera því skóna að þegar Skipulagsstofnun hefur fengið í hendurnar tillögur núverandi samvinnunefndar um skipulag miðhálendisins eigi hún að leita álits hinnar nýju samvinnunefndar. Með öðrum orðum á sú nefnd, sem hér á að vera grundvöllur einhvers konar sáttargerðar í málinu, ekki að hafa meira vald en svo að hún fær allra náðarsamlegast að segja álit sitt á málinu. Þegar á þetta var bent í umræðum kom fram hjá hæstv. umhvrh. að líkast til mundi hann ekki staðfesta neitt skipulag nema að fengnu áliti hinnar nýju samvinnunefndar.

Ef það er meining stjórnarliðsins, ef það er raunverulega það sem þeir vildu segja, af hverju skrifuðu þeir það ekki í lagatextann? Þetta, herra forseti, er eitt af því sem mér finnst vera loðið og óskýrt, og mig grunar að hér sé verið að beita blekkingum. Mér sýnist að ákvæðið sem er að finna í 2. gr. fletti raunar í einu vetfangi í burt þeim pótemkintjöldum sem þetta frv. er í heild og sýni betur en flest annað í ákvæðum þess að það er ekkert annað en sýndarmennska.

Annað sem ég tel líka benda til þess að einungis sé um sýndarmennsku að ræða er að finna í þeim hluta 1. gr. sem fjallar um hvernig eigi að koma þeirri stefnu sem er að finna í svæðisskipulaginu inn í aðalskipulagið. Eins og menn vita er undir svæðisskipulaginu aðalskipulag og undir því er deiliskipulag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík.“

Herra forseti. Hvað þýðir þetta? Gera menn sér ekki grein fyrir því að sveitarfélögin fara með það vald sem felst í aðalskipulagi? Þegar menn segja að stefna svæðisskipulagsins skuli færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga þá eru menn í fyrsta lagi að tala um hluti sem þeir þekkja ekki. Hvað felst í „stefnu“? Stefna er oft og tíðum óljóst hugtak og þetta er allt of loðið til þess að hægt sé að ná taki á þessu. Það sem hérna kemur fram er í rauninni ekki neitt.

Í öðru lagi, herra forseti, er alveg ljóst að hvað sem líður þessu ákvæði eru önnur lög, sértæk lög um skipulags- og byggingarmál, sem segja einfaldlega svart á hvítu, mig minnir að það sé 2. gr. þeirra laga, að sveitarfélagið skuli fara með aðalskipulag, láta gera það, og fer þar af leiðandi með það stefnumótandi vald sem í því felst. Þarna er með öðrum orðum kominn árekstur á milli þessa frv. og þeirra laga sem eru í gildi.

Herra forseti. Ég tel að þarna hafi ég fært rök að því að sú stefna, sem kemur fram í þessu frv. varðandi flutninginn á pólitískri stefnumótun svæðisskipulags um landnýtingu miðhálendisins inn í aðalskipulag þeirra sveitarfélaga sem koma þá til álita að þessu sveitarstjórnarfrv. samþykktu koma þá til álita, sé í besta falli loðin en í versta falli er hún algjörlega haldlaus. Ég tel þar með að alls ekki sé hægt að nota þetta eins og hefur jafnvel komið fram í ræðum ýmissa þingmanna stjórnarandstöðunnar sem virðast sumir fylgja þessu að einhverju leyti, það sé alls ekki verið að tryggja það að landnýtingarstefna svæðisskipulagsins fari óbreytt inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga. Ef þeim býður svo við að horfa geta þau sagt nei. Það er afskaplega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því.

Í þriðja lagi, herra forseti, finnst mér óhjákvæmilegt annað en að ræða örlítið hvernig tekið er á deiliskipulaginu í frv. Deiliskipulagið er hin staðbundna og nákvæma útfærsla á skipulagi. Auðvitað má segja sem svo að það sé kannski undarlegt að fólk sem býr í fjarlægum sveitarfélögum eigi að hafa einhvern rétt til þess að skipta sér af deiliskipulagi í öðrum sveitarfélögum. Ég minnist þess að hafa heyrt í umræðunni þá röksemd, m.a. frá hæstv. félmrh., að íbúar dreifbýlisins hafi ekki möguleika á því að koma að deiliskipulagi í Reykjavík.

Þetta er á engan hátt sambærilegt, herra forseti. Það er ekki hægt að bera saman deiliskipulag í stórborginni saman við deiliskipulag á svæðum sem hægt er að flokka undir viðkvæmustu perlur íslenskrar náttúru. Ég held því fram að nauðsynlegt sé að við sem búum fjarri miðhálendinu höfum eigi að síður einhverja möguleika á því að koma að útfærslu deiliskipulaga á þessum viðkvæmu, stundum örsmáu svæðum á miðhálendinu sem við flokkum undir náttúruperlur. En hvernig er það gert samkvæmt frv.? Með engu móti. Það er meira að segja bókstaflega hægt að lesa það út úr 1. gr. að það eigi ekki einu sinni að gera okkur, íbúum þéttbýlisins, kleift að vita af því þegar menn eru að gera deiliskipulög og auglýsa þau. Það segir, með leyfi forseta, á einum stað í 1. gr.: „Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt.“

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Ef maður les greinargerðina er ekkert um þetta fjallað. Ég finn ekkert um það hvernig eigi að standa að auglýsingum að deiliskipulagi. Á að auglýsa það á áberandi hátt innan viðkomandi sveitarfélags? Það þýðir með öðrum orðum, herra forseti, af því að þannig hefur þetta verið túlkað hér, og sú túlkun hefur ekki verið borin til baka af hæstv. félmrh., en mig minnir að hann hafi verið að því spurður einhvern tíma, þetta þýðir einfaldlega að við íbúar Reykjavíkur fáum tæpast að vita það þegar t.d. á að auglýsa og ljúka gerð deiliskipulags til að mynda í Svínavatnshreppi, svo ég taki nú frægt dæmi. Þetta er auðvitað ófært, herra forseti. Ég tel í fyrsta lagi að við íbúar þéttbýlisins eigum að hafa fullan rétt til þess að koma með einhverjum hætti að skoðunum okkar á deiliskipulagi á miðhálendinu. Ég tel að þar sé um að ræða sameign okkar allra. Þarna eru, eins og ég hef sagt tvívegis áður í ræðu minni, viðkvæmustu perlur í náttúru Íslands, og nauðsynlegt er að sjónarmið okkar fái að komast að með einhverjum hætti. Því væri bjargað ef við hefðum sæmilega fulltrúa í hlutfalli við fjölda Íslendinga í samvinnunefndinni. En því er ekki til að dreifa, herra forseti. Ég held því að þetta sé enn einn gallinn á því skelfilega frv. sem hefur að vísu verið gagnrýnt af hverjum einasta manni sem hefur tekið til máls nema að ég hygg hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og hæstv. umhvrh.

Hvers vegna er það þá, herra forseti, sem gagnrýnendur þessa frv. halda því fram að það sé ólýðræðislegt? Hvers vegna halda sumir þingmenn Reykvíkinga og Reyknesinga því fram að það sé nauðsynlegt að íbúar þessara þéttbýlu kjördæma eigi greiðari aðgang að því að stýra og skipuleggja þessa gersemi íslenskrar náttúru? Það er vegna þess að íslenska miðhálendið hefur verið einskis manns eign til þessa. Það hefur enginn átt það. Í gegnum aldir var það tæpast nýtt til nokkurs. Vitaskuld notuðu menn það að einhverju leyti til beitar sauðfjár en ef við skoðum til að mynda hin fyrstu landakort sem gerð voru af Íslendingum, ef við veltum til að mynda fyrir okkur landakortinu sem Guðbrandur Þorlaksson, biskup á Hólum, stjarnfræðingur með meiru, gerði, fyrsta Íslandskortinu, þá kemur í ljós að ekkert örnefni er að finna á því korti sem hægt er að heimfæra á miðhálendið.

Hvaða ályktun getum við dregið af því, herra forseti? Ályktunin sem við hljótum að draga er sú að menn hafi ekki þekkt miðhálendið. Af hverju þekktu þeir ekki miðhálendið? Væntanlega vegna þess að þeir fóru ekki um það. Og af hverju fóru þeir ekki um það? Líkast til vegna þess að þeir notuðu það ekki. Að vísu voru þjóðleiðir þingmanna landsfjórðunga á milli en þar fyrir utan nýttu menn miðhálendið nánast ekki neitt. Það voru afréttir að einhverjum hluta og upprekstrarlönd en miðhálendið sjálft var hvorki farið af mönnum né nýtt að nokkru leyti.

Þegar kemur síðan fram um lok 17. aldarinnar, þegar næsta merka Íslandskortið var upp dregið, var það enginn annar en Þórður biskup Þorlaksson, langafabarn Guðbrands biskups Þorlákssonar, sem sat í Skálholti, og reyndar bróðir Gísla Þorlákssonar biskups á Hólum, svo ég fari nú með allt þetta biskuparegistur þessarar familíu. Það var hann sem gerði þrjú Íslandskort og á hinu fyrsta var ekkert örnefni nema eitt, Sprengisandur. Það var eina örnefnið sem menn þekktu á miðhálendinu árið 1696. Hvað þýðir það? Það þýðir einfaldlega að miðhálendið var ekki nýtt og það var einskis manns eign.

Síðar, eftir því sem sauðfjáreign landsmanna jókst, þá jukust auðvitað nytjar manna á miðhálendinu. Menn notuðu það í auknum mæli til beitar. Menn notuðu það í auknum

mæli sem afréttarlönd. En það hefur verið staðfest aftur og aftur fyrir dómi að þessi takmörkuðu réttindi til nota sem í beitarnytjunum fólust réttlæta að engu leyti eignarhald á landinu. Svo spyr maður: Hver á hálendið? Ég minnist þess, af því ég var að minnast á dóma, að tilkalli til eignarréttar í krafti takmarkaðra nýtingarréttinda hefur í öllum tilvikum verið hrundið fyrir Hæstarétti. Ég held að í tveimur dómum hafi einmitt Hæstiréttur markað deilunni mjög merkan farveg.

Í fyrri dómnum sem var frá 1955 hafnaði Hæstiréttur alfarið kröfu sveitarfélags um eignarrétt í krafti beitarnytja. Þetta var fyrri dómurinn sem féll um eignarhald á Landmannaafrétti. Í seinni dómnum frá 1981 hratt hann að vísu kröfu ríkisins um að það gæti sjálfkrafa talist hafa eignarrétt á hinum umdeildu svæðum. En í síðari dómnum sem var merkur að mörgu leyti var ekki hægt að skilja orðalag öðruvísi en svo að Hæstiréttur vísaði í rauninni deilunni um eignarhaldið til Alþingis. Hann kvað upp úr með að þar fælust valdheimildir til að setja reglur um meðferð og nýtingu hálendisins. Það má segja að með því frv. til sveitarstjórnarlaga sem við höfum hér sé Alþingi loksins að taka af skarið og notfæra sér valdheimildir sínar til að setja þessar reglur um nýtingu og um meðferð á hálendinu.

En þá ber svo við að menn skrumskæla þessar valdheimildir og misbeita þeim með þeim hætti að varpa í rauninni eignarhaldi örfámenns hluta þjóðarinnar á þetta svæði sem við höfum talið sameign okkar. Það kann að skjóta skökku við þegar ég segi „varpa eignarhaldi örfámenns minni hluta á þetta landflæmi“ vegna þess að andstæðingar þeirrar skoðunar sem ég hef haldið fram benda á að fyrir Alþingi liggur nú frv. um þjóðlendur sem gerir ráð fyrir því, að frv. samþykktu, að á næsta áratug muni verða skorið úr um það eftir sérstöku ferli hverjir eiga löndin á miðhálendinu. Niðurstaðan virðist vera næsta skýr, þ.e. að þeir sem ekki geta sannað eignarhald sitt á tilteknum svæðum á miðhálendinu verða að tapa tilkalli til þeirra. Því fer eins og í Noregi að það sem enginn á, það eignast kóngurinn. Það sem enginn á hér á Íslandi, það eignast ríkið. Með öðrum orðum mun þjóðin eignast miðhálendið í orði kveðnu. Í þessum orðprúða bókstaf laganna segir að þjóðin muni eignast miðhálendið að mestu.

En um leið og þetta ágæta frv. sem menn hafa beðið eftir áratugum saman er loksins lagt fyrir þing, þá leggja menn fram þetta afleita frv. til sveitarstjórnarlaga og þar er með annarri hendinni því til baka kippt sem rétt er fram með hinni. Því segi ég þetta, herra forseti? Vegna þess að frv. til sveitarstjórnarlaga færir sveitarfélögunum stjórnsýslu yfir miðhálendinu. Þar með færir það sveitarfélögunum ráðstöfunarrétt yfir miðhálendinu. Og hvers virði, herra forseti, er eignarréttur ef ekki fylgir réttur til þess að ráðstafa eigninni?

Þetta höfum við því miður fundið illa á okkar eigin skinni í öðru máli sem í fljótu bragði virðist vera gjöróskylt en er þegar nánar er að gáð verulega skylt. Og það er auðvitað auðlindin í sjónum. Engum dylst, herra forseti, að lögin kveða algjörlega skýrt á um það hver það er sem á fiskinn í sjónum. Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða segir að fiskurinn, miðin, auðlindin í hafinu sé sameign þjóðarinnar. En menn vita líka að þjóðin hefur verið svipt réttinum til þess að ráðstafa þessari eign. Hann hefur verið færður með valdbeitingu í hendur örfárra manna. Við höfum kallað þá sægreifana, herra forseti.

Sveitarstjórnarfrv. sem við höfum rætt í kvöld færir á hinn bóginn hálendið í hendur örfárra manna líka, 4% af þjóðinni, ef það verður samþykkt. Ég dreg upp þessa samlíkingu vegna þess að ég held að hér sé á ferðinni mjög svipað mál. Það er verið að samþykkja með þjóðlendufrv. að þjóðin eigi miðhálendið. En með sveitarstjórnarfrv. er verið að taka frá henni réttinn til að ráðstafa þessari eign. Og það, herra forseti, get ég með engu móti fallist á.

Herra forseti. Auðvitað væri hægt að ræða miklu meira um þetta mál og hafa langt mál og snjallt um ýmislegt sem því tengist. En ég held að ég hafi í ræðu minni farið yfir obbann af þeim röksemdum sem ég hef gegn því að menn taki þá afstöðu sem við lesum í 1. gr. sveitarstjórnarfrv. og bráðabirgðaákvæðinu. Það bætir lítið úr fyrir mig þó að menn samþykki óbreytt það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur dreift hér til kynningar. Ég hef að vísu sagt og get endurtekið það að ég tel það skref í rétta átt. En það er örlítið skref, herra forseti. Ég held þess vegna að langæskilegast væri að menn tækju sér meira andrými til að ræða þessi mál. Ég held það væri mjög jákvætt ef menn færu þá leið sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur kynnt a.m.k. í fjölmiðlum sem gerir ráð fyrir því að frv. til sveitarstjórnarlaga verði samþykkt að undanskildum þeim umdeildu greinum sem ég gerði að meginefni í ræðu minni í kvöld, þ.e. 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu, samþykkt og umfjöllun þeirra ákvæða yrði frestað.

Í þjóðfélaginu öllu hefur risið bylgja gegn þeim fyrirætlunum sem ríkisstjórnin hefur birt með þessum frv. sínum. Sérstaklega hér í mínu kjördæmi og á Reykjanesi og raunar víða um landið hafa menn risið upp til að mótmæla þeim gerningi sem hér er verið að leggja í. Ég tel því, herra forseti, að nauðsynlegt sé að við tökum okkur tíma til að ræða þetta til þrautar og geri það að áskorun minni til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 01:42.

---

## 121. FUNDUR

föstudaginn 8. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 705. mál, þskj. 1362. *Hvort leyfð skuli.*

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326. — Frh. 2. umr.

3. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 642. mál, þskj. 1105, nál. 1312, 1335 og 1345, brtt. 1336. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá héraðsnefnd Skagfirðinga.
Erindi frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi v.

### *Tilkynning um breytingu í þingflokki Sjálfstfl. og utanríkismálanefnd.*

[10:32]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**
Borist hafa svohljóðandi bréf:
„Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur endurskipulagt stjórn þingflokksins. Eftirtaldir þingmenn voru kjörnir í stjórn:
Sigríður Anna Þórðardóttir formaður, Sólveig Pétursdóttir varaformaður, Einar K. Guðfinnsson ritari."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:
„Á fundi utanrmn. 30. apríl sl. var Tómas Ingi Olrich kjörinn formaður nefndarinnar þar sem Geir H. Haarde afsalaði sér sæti sínu í henni."

### *Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

[10:35]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**
Herra forseti. Þetta eru búnar að vera langar og ítarlegar umræður og ég held að búið sé að svara flestu sem fram hefur komið. Þó eru örfáar spurningar sem beint hefur verið til mín og ég vil nota tækifærið til að svara.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði um lögheimilismál. Nú er það svo að landið er orðið eitt atvinnusvæði og af því leiðir að sveitarstjórnir hafa ekki sama vald og áður til að krefjast fólksflutninga eða krefjast þess að menn flytji lögheimili sitt þó að þeir séu í vinnu í sveitarfélaginu.

Varðandi spurningu um 4. mgr. 7. gr., um gjaldskrárnar, þ.e. arðgreiðslur af fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga, þá lít ég svo á að þar sé ekki um skatt að ræða heldur þjónustugjöld. Rétt er að geta þess í sambandi við það mál að í undirbúningi er, og er reyndar tilbúið, í félmrn. frv. um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga þar sem tekið er enn skýrar á þessu máli og enn fremur mun hæstv. iðnrh. flytja frv. um breytingu á orkulögum á hausti komanda.

Hv. þm. spurði líka varðandi 24. gr. þegar aðalmaður víkur eða fer úr sveitarfélagi og kemur aftur. Ef aðalmaður í sveitarstjórn er að hverfa úr sveitarfélagi og hugsar sér að koma aftur og taka upp þráðinn að nýju, þá þarf hann að ganga formlega frá því áður en hann fer að fá formlegt orlof frá störfum í sveitarstjórninni en getur tekið sæti sitt að nýju þegar honum hentar. Til dæmis þarf sveitarstjórnarmaður sem hverfur af vettvangi vegna náms eða tímabundinna starfa í öðru sveitarfélagi að ganga frá því fyrir fram ef hann ætlar að taka sæti sitt aftur eða láta geyma sæti sitt en varamaður gengur upp meðan hann er í burtu.

Hv. þm. spurði líka hverjir væru kjörgengir í nefndir og hvort sveitarstjórnarmenn væru ekki kjörgengir í skólanefndir. Mér hafa borist hugleiðingar frá menntmrn. um þetta efni en það er alveg skýrt að sveitarstjórnarmenn eru kjörgengir í skólanefndir og fyrir því liggja úrskurðir frá félmrn. og það er félmrn. sem er úrskurðaraðili í þessu efni, ekki einhver önnur ráðuneyti.

Hv. þm. spurði líka um 44. gr., þ.e. um þriggja mánaða uppsagnarfrest, og spurði hvort verið væri að gefa forskrift varðandi biðlaunarétt. Það er alls ekki, hv. þm., verið að gefa einhverja forskrift um biðlaunarétt og þetta er óbreytt ákvæði frá gildandi lögum.

Hv. þm. spurði um aðstoð félmrn. varðandi stækkun sveitarfélaga. Hún er með sama hætti og verið hefur, þ.e. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir skuldajöfnunarframlög þar sem á þarf að halda og að sjálfsögðu veitum við aðstoð eftir því sem við getum og erum beðin um í félmrn. þegar sameiningar eru á döfinni.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti mjög málefnalega ræðu og drap á mörg atriði. Ég held að svör hafi komið fram í umræðunum við flestum þeim spurningum sem hann var með. Hann talaði um sameiningu sveitarfélaga. Ég vil láta það koma fram að ég tel að þvinguð sameining sé algert neyðarúrræði. Ég er mjög einbeittur í því að það sé óskynsamlegt að hækka lágmarksíbúatöluna frá því sem verið hefur. Hún er 50 í þessu frv. eins og í gildandi lögum. Ég held að nauðsynlegt sé að fólkið í sveitarfélaginu finni það sjálft að skynsamlegt sé að sameinast, og það er mögulegt fyrir fámennt sveitarfélag að leysa sín verkefni. Að sjálfsögðu verður það ekki gert nema með meiri eða minni samvinnu við aðra ef um mjög lítið sveitarfélag er að ræða en ef sveitarfélagið uppfyllir ekki skyldur sínar og getur ekki annast þá þjónustu sem því ber, munu íbúar sveitarfélagsins þrýsta á um bætta þjónustu og finna það sjálfir að hana væri frekar að fá með því að sameinast öðrum.

Ég held að mjög mikilvægt sé þegar um sameiningu er að ræða að sveitarfélagið sé þannig að úr því geti orðið félagsleg heild sem væri sæmilega samfelld. Það þarf ekki endilega að vera að sveitarfélögin séu samföst. Það getur lánast a.m.k. tímabundið þó að sveitarfélög sem sameinast séu ekki samliggjandi, en þá verður maður að gera ráð fyrir því að þróunin verði sú að sveitarfélögin sameinist með þeim hætti að þau verði samliggjandi.

Það er hins vegar deginum ljósara að sameining sveitarfélaga er engin allsherjarlausn. Eins og kom fram í svari, sem hv. þm. hafa á borðum sínum, við mjög ítarlegri fyrirspurn frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, þá hefur þróunin í þeim sveitarfélögum sem hafa sameinast ekki orðið neitt stórglæsileg, fólki hefur t.d. fækkað í öllum þeim sveitarfélögum, sem hann spurði um, nema einu síðan þau sameinuðust. En maður getur líka spurt sig: Ef viðkomandi sveitarfélög hefðu ekki sameinast, hver hefði þróunin þá orðið? Hefði hún ekki orðið enn þá lakari hefði sameining ekki farið fram?

Það er athyglisvert að ekki er mikill sparnaður í yfirstjórn að sameina sveitarfélög. Mig minnir að gegnumgangandi sé um 10% sparnaður í yfirstjórn þegar sveitarfélög hafa sameinast.

Hv. þm. spurði líka hver ég teldi að þróunin yrði á næstu árum í sameiningarmálum. Ég held að það verði áframhald á þeirri hröðu þróun sem verið hefur undanfarin tvö, þrjú ár í sameiningarmálum og sveitarfélögin haldi áfram að sameinast. Það er verið að undirbúa sameiningu sveitarfélaga á mörgum stöðum á landinu. Þeim hefur fækkað. Þau voru 172 þegar ég kom í félmrn. Í vor verður kosið til sveitarstjórna í 124 sveitarfélögum og mér kæmi ekkert á óvart að tala sveitarfélaganna yrði komin niður í 100 að ári.

Hv. þm. spurði líka hvað ríkisstjórnin hygðist gera til að snúa þróuninni við á landsbyggðinni. Á borðum þingmanna liggur byggðaáætlun frá ríkisstjórninni. Þar eru sett myndarleg og metnaðarfull markmið um þróun á næstu árum á landsbyggðinni. Ég held að eitt af því sem við getum gert sé að flytja verkefni til sveitarfélaganna, reyna að fjölga fjölbreyttum störfum á landsbyggðinni því að eitt af því sem landsbyggðina vantar er fjölbreyttari störf sérstaklega fyrir fólk með verulega menntun.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson spurði hvort ég teldi að sveitarfélögin réðu við skipulagsmál. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að sveitarfélögin ráði við skipulagsmálin. Nú er það þannig að skipulagsmál eru ekki unnin fyrst og fremst af sveitarstjórnarmönnum. Þar til menntaðir sérfræðingar sinna skipulagsmálum. Menn hafa talað mikið um svæðisskipulag á miðhálendinu og að nefnd sem skipuð var tómum dreifbýlismönnum hefði umsjón með því verki og menn hafa verið að finna mjög að því í þessari umræðu. En verkið er unnið af arkitektastofu sem heitir Landmótun og á þeirri arkitektastofu veit ég ekki til að vinni annað en Reykvíkingar. En sveitarfélögin þurfa að bera kostnaðinn.

Varðandi friðland í Geitlandi þá komu fram mjög villandi upplýsingar um stöðu mála í Geitlandi því að þar urðu málaferli og hv. þm. tók það sem dæmi um valdníðslu sveitarfélaga að þar hefði verið friðað skotveiðimönnum til bölvunar í framhaldi af málaferlum sem urðu um skotveiðar í Geitlandi. Þar voru skotveiðimenn ákærðir eftir veiðar eða tilraun til veiða 25. október 1992. Geitland var hins vegar friðlýst samkvæmt 24. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, og friðlýsingin tók gildi samkvæmt auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 283/1988.

Þá gerði þingmaðurinn einnig að umtalsefni vegagerð í Geitlandi. Þessi vegur var tilkominn vegna útivistarfólks. Hann er ekki verk sveitarstjórna þó að sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun, þegar jeppaslóðir voru komnar um svæðið, um að stuðla að því í samráði við Vegagerðina að lagfæra eina akstursleið upp að jöklinum.

Varðandi aðgengi útivistarfólks að landinu sem hér hefur verið mjög umtalað í þessum umræðum þá er rétt að vekja athygli á því að aðgengið er tryggt, almannarétturinn er tryggður í annarri löggjöf og á ekki heima í sveitarstjórnarlögum. Hann er tryggður t.d. í náttúruverndarlögum.

Hv. 8. þm. Reykv. Svavar Gestsson kom að kjarna málsins í sinni ræðu. Kjarni málsins er: Til hvers ætlum við að nota hálendið? Ætlum við að virkja? Ætlum við að sökkva því sem hægt er að sökkva eða ætlum við að varðveita og reyna að sökkva sem minnstu? Við þurfum auðvitað að framleiða rafmagn en ég legg mjög ríka áherslu á, eins og ég reyndar hef gert um áratugi, að það sé gert þannig að sem minnst landspjöll hljótist af. Sem betur fer hefur viðhorf manna til landnota í sambandi við virkjanir breyst stórkostlega á undanförnum 20 árum.

Ég er t.d. sannfærður um það að ef verið væri að hanna Blönduvirkjun núna þá mundi miðlunarlón verða allt öðruvísi en útfærslan varð þegar virkjunin var reist. Þá var þar sökkt milli 50 og 60 ferkílómetrum af algrónu landi sem er stærsta inngrip í gróðurfeld landsins af mannavöldum allt frá landnámstíð. Það var hægt að geyma þetta vatn öðruvísi á miklu minna svæði og hlífa upp undir helmingnum af því gróðurlendi sem eyðilagt var við virkjun Blöndu.

Herra forseti. Ég held að ég hafi farið í gegnum þær spurningar sem til mín hefur verið beint og læt í bili máli mínu lokið.

[10:52]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson):**

Herra forseti. Hér hefur verið löng og mikil umræða um frv. til sveitarstjórnarlaga og ræðumenn hafa víða komið við í þeirri umræðu. Að vísu hefur mér persónulega fundist lítið fara fyrir umfjöllun um ýmis ákvæði frv. en þó hafa þau töluvert verið rædd engu að síður og að sjálfsögðu hafa hv. alþingismenn allt vald um það hvernig þeir fjalla um þetta mál.

Nokkrum spurningum hefur verið beint til félmn. og þess sem hér stendur. Hins vegar hafa hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu verið með hugleiðingar líka um ýmis ákvæði frv. sem ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að svara beint. Þó ætla ég að fjalla um nokkur atriði.

Ég vil einnig taka fram að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, formaður félmn., flutti greinargóða ræðu í gærkvöldi þar sem hún svaraði ýmsu af því sem fram hafði komið og ég vísa til þeirrar ræðu að hluta til því hún fór mjög vel og ítarlega yfir ýmis ákvæði sem ég sé ekki beint ástæðu til að endurtaka núna.

Svo ég fari yfir nokkur atriði í umræðunni sem hefur verið beint til frsm., þá er að sjálfsögðu mest búið að ræða um 1. gr. Skiptar skoðanir eru um ákvæði hennar og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir það hér og nú. Það hefur allt komið fram.

Varðandi 4. gr. frv. þar sem fjallað er um nafngiftir sveitarfélaga, þá hefur meiri hluti félmn. gert brtt. á þeirri grein þar sem gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði nöfn sveitarfélaga en þau skulu fara til umfjöllunar hjá örnefnanefnd sem gefur umsögn um tillögur um nafngiftir. Í umræðunni kom fram spurning um hvert valdsvið örnefnanefndar sé, hvort hún hafi vald til þess að koma í veg fyrir nafngiftir sveitarfélaga eða hvernig þeim málum skuli háttað.

Í brtt., umfjöllun og greinargerð með henni er gert ráð fyrir því að örnefnanefnd sé fyrst og fremst umsagnaraðili um tillögur um nafngiftir sveitarfélaga þannig að ekki er gert ráð fyrir að örnefnanefnd hafi beint vald til þess að fyrirskipa sveitarfélögum í þessum efnum heldur sé nefndin fyrst og fremst umsagnaraðili um tillögur til nafngiftar sveitarfélaga.

Síðan var umræða um byggðarmerki. Meiri hluti nefndarinnar gerir brtt. við þá grein sem kemur fram í því að ekki skuli gert ráð fyrir að byggðarmerkjanefnd hafi lögformlegt hlutverk heldur skuli byggðarmerki skráð hjá Einkaleyfastofu. Örlítil umræða varð um þetta ákvæði. En það er álit meiri hlutans að eðlilegt sé að Einkaleyfastofa skrái einkaleyfi sveitarfélaga til byggðarmerkja þannig að enginn vafi leiki á í þeim efnum. Það eru kannski meginrökin fyrir þessari brtt.

Töluvert mikið var fjallað um lágmarksíbúatölu sveitarfélaga. Það er auðvitað ljóst að mjög skiptar skoðanir eru um það ákvæði. Til nefndarinnar komu fjölmargar umsagnir þar sem gerð var tillaga um að lágmarkið yrði hækkað í ýmsar tölur. Hér hefur komið fram í umræðunni álit ýmissa hv. þm. um að rétt sé að hækka þetta lágmark úr 50 íbúum. Hins vegar, eins og ég kom að fyrr í umræðunni, varð það niðurstaða nefndarinnar að breyta þessu ákvæði ekki að svo stöddu, fyrst og fremst vegna þeirra sjónarmiða að það gæti komið til með að trufla eða hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga sem hefur verið á mikilli hreyfingu undanfarin ár og nú. Þau sjónarmið hafa verið uppi að breyting á þessu ákvæði gæti

komið til með að hafa einhver áhrif í þessum efnum þannig að nefndin féllst á þau sjónarmið og gerði ekki tillögu um breytingar. En að sjálfsögðu eru mjög veigamikil rök fyrir því að gerð verði breyting á þessu ákvæði og lágmarksíbúatala verði hækkuð og ég geri ráð fyrir því að ekki sé langt í að það verði gert. En að þessu sinni er ekki gerð tillaga um það hjá meiri hluta nefndarinnar að gera breytingu á þessu ákvæði.

Í 7. gr. hefur verið rætt um brtt. meiri hluta félmn. varðandi arðgreiðslu og arðmarkmið fyrirtækja sveitarfélaga. Hæstv. félmrh. kom aðeins inn á þetta hér og ég vitna líka ítarlega í skýringu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur í gærkvöldi. Í þessu efni er um það að ræða, eins og fram hefur komið, að ekki hefur verið lagastoð fyrir því að sveitarfélög taki sér arð af sínum fyrirtækjum. Hér hefur Hitaveita Reykjavíkur verið nefnd sem dæmi í þessu sambandi. Meiri hlutinn gerir ráð fyrir því að í framhaldi af lögfestingu þessa ákvæðis þurfi að gera breytingar á orkulögum og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar verði kveðið á um þessi efni. Því hefur verið haldið fram að í þessu geti falist dulin skattheimta. Það er rétt að ítreka að sveitarfélög hafa ekki vald til að ákveða skattheimtu. Alþingi hefur það vald. En í ýmsum lögum er sveitarfélögum veitt heimild til gjaldtöku fyrir þjónustu sína og annað slíkt og ég tel að þessi brtt. fari ekki á svig við það.

Það er kannski líka rétt að benda á að lögfesting þessarar breytingar getur ekki síður verið til þess fallin að setja skorður við gjaldtöku sveitarfélaga á sinni þjónustu í þessum efnum þannig að kannski rekast á ýmis sjónarmið í þessu efni. Það varð niðurstaða meiri hlutans að leggja til að setja í sveitarstjórnarlög heimild til sveitarfélaga til að setja sér arðmarkmið í rekstri sinna fyrirtækja. Það hefur verið gagnrýnt eins og fram hefur komið en þetta er álit meiri hlutans.

Um ýmis önnur atriði hefur verið fjallað, t.d. í 12. gr. varðandi fjölda fulltrúa, sérstaklega í fámennustu sveitarfélögunum. Þar er gert ráð fyrir að þeir geti verið þrír í sveitarstjórn. Ég held að það sé alveg réttmæt ábending að slíkt gangi ekki upp að fulltrúar séu einungis þrír í sveitarstjórn. En það varð hins vegar niðurstaðan að gera ekki breytingar á þessu ákvæði að svo stöddu.

Töluverð umræða hefur verið um 19. gr. er fjallar um hæfi sveitarstjórnarmanna. Meiri hlutinn gerir brtt. við þessa grein og sá skilningur meiri hlutans kemur fram í þeirri brtt. — tökum dæmi um skólastjóra eða slíkan starfsmann sveitarfélags eins hefur verið gert hér í umræðunni — að ekki er litið svo á að skólastjóri t.d. sé yfir höfuð vanhæfur til þess að fjalla um fræðslumál í sveitarstjórn heldur er í þessu gert ráð fyrir því að starfsmenn sveitarfélaga séu vanhæfir að fjalla um tiltekin mál sem þeir hafa unnið að undirbúningi í sveitarstjórn þannig að um sé að ræða einungis þetta tiltekna mál en ekki almennt um málaflokk. Þetta er sá skilningur meiri hlutans sem kemur fram í þessari brtt. Ég vona að þetta sé skýrt.

Það hefur aðeins verið minnst á 23. gr. um fundargerðir sveitarstjórna. Einn hv. þm. benti á að efni væri til að lögfesta að sveitarstjórnir skuli hljóðrita fundi, ekki einungis að færa til bókar. Það er að sjálfsögðu svo að sveitarstjórnir geta ákveðið það í eigin valdi að hljóðrita alla fundi sína. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til eða fjallaði reyndar ekkert sérstaklega um þetta atriði, það komu ekki fram tillögur um þetta í umfjöllun nefndarinnar. Persónulega, svo ég megi lýsa skoðun minni í þessu efni, þá tel ég það ekki rétt að lögbinda að sveitarfélög skuli hljóðrita fundi sína en þeim er þetta í sjálfsvald sett. Og það er kunnugt að fjölmörg sveitarfélög gera það.

Fjallað var um 65. gr. um fjárfrekar framkvæmdir. Þar kemur fram brtt. hjá meiri hlutanum. Í frv. er gert ráð fyrir því að ef sveitarstjórn hyggst ráðast í að taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemi hærri fjárhæð en helmingi skatttekna, þá sé skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun og væntanleg áhrif hennar á fjárhag sveitarfélagsins.

Eftir umfjöllun í nefndinni varð niðurstaðan sú að gera breytingartillögu sem kveður á um að afla skuli álits eða umsagnar sérfróðs aðila um slíka kostnaðaráætlun ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna á yfirstandandi reikningsári.

Það hafa verið skiptar skoðanir um þetta efni en einnig hefur komið fram ánægja einstakra hv. þm. með þessa breytingu. Í henni felst eðlilega meira aðhald varðandi fjármál sveitarfélaga en hefur kannski verið. Ég vil taka fram að þar sem talað er um sérfróðan aðila getur verið um að ræða t.d. viðskiptamenntaðan eða verkfræðimenntaðan starfsmann sveitarfélags. Í þessu felst t.d. að sveitarstjórn getur fengið sérfræðiálit frá starfsmanni sveitarfélags, ég nefni sem dæmi bæjarritara eða fjármálastjóra, sem hefur þann bakgrunn sem kveðið er á um. Þetta er sem sagt fyrst og fremst gert til þess að sveitarfélög eða sveitarstjórnir geri sér fulla grein fyrir því hvaða áhrif fjárfrekar framkvæmdir hafi á fjárhag sveitarfélaga. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði því að dæmin sanna, að mínu mati, að ekki hefur alltaf verið svo að sveitarstjórnir hafi nákvæmlega gert sér grein fyrir áhrifum fjárfestinga á framtíðarfjárhag sveitarsjóða þannig að hér er um að ræða aukið aðhald hvað þetta varðar.

Komið hefur fram í umræðunni að umsögn hafi komið til félmn. varðandi löggilta endurskoðendur eða endurskoðendur sveitarfélaga sem kemur fram í 68. gr. frv. Fram kom athugasemd frá Félagi löggiltra endurskoðenda sem bendir á að þetta ákvæði stangist að hluta til á við lög, nýleg lög um löggilta endurskoðendur. Það hefur komið fram hér að félmn. mun halda fund milli 2. og 3. umr. og þar mun þessi umsögn verða tekin til umfjöllunar og ég tel að veigamikil rök séu fyrir því að skoða þessa ábendingu af fullri alvöru.

Hér hefur 74. gr. verið rædd og komið hafa athugasemdir og spurningar varðandi hana og nokkrar aðrar greinar þar á eftir er varða eftirlitsnefnd sem ráðherra er gert að skipa samkvæmt frv. Þessi eftirlitsnefnd á að fá það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Í þessari umræðu hafa komið fram bæði jákvæðar og neikvæðar umsagnir um þetta ákvæði. Þessari eftirlitsnefnd er ætlað að veita sveitarfélögum aukið aðhald varðandi fjármál og rök hafa verið færð fyrir því að þörf sé á því miðað við fengna reynslu. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Í grein þessari er að finna nýmæli um að félagsmálaráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga.

Ljóst er að núgildandi lagaákvæði um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og til hvaða aðgerða ráðuneytið getur gripið ef í óefni stefnir eru of veik. Þetta hefur í för með sér að ef viðkomandi sveitarstjórn gerir sér ekki grein fyrir vandanum eða viðurkennir hann ekki er mikil hætta á að ekki sé brugðist nægjanlega skjótt við með þeim afleiðingum að

skaðinn verður meiri en vera þyrfti ef strax væri brugðist við vandanum."

Síðan er fjallað um það í greinargerð að árið 1989 hafi þáv. félmrh. skipað nefnd. Þar segir, með leyfi forseta.

„Árið 1989 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að kanna fjárhagsstöðu verst stöddu sveitarfélaganna og gera tillögur til úrbóta. Nefndin lagði m.a. til að unnar væru vissar lykiltölur úr ársreikningum sveitarfélaga sem auðvelduðu samanburð og eftirlit og að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga kæmu sér saman um ákveðnar viðmiðunartölur varðandi fjárhag sveitarfélaga."

Það er sem sagt lagt til í frv. að þetta verði lögbundið. Síðan er gert ráð fyrir því að nánari skilgreiningar um þessi efni, m.a. varðandi störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar verði skilgreind í reglugerð sem hæstv. félmrh. setji.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það voru skiptar skoðanir um þetta í félmn. en niðurstaðan er eins og hér liggur fyrir.

Hér hefur verið töluvert fjallað um sameiningu sveitarfélaga og athugasemdir hafa komið fram varðandi það sem segir í 91. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, [þar sem tillaga er um sameiningu] en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. tveimur þriðju þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. tveir þriðju íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna."

Ég get að hluta til tekið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á þetta ákvæði því það er að sönnu rétt að íbúar sveitarfélaga greiða atkvæði um tiltekna tillögu sem liggur fyrir og er borin undir atkvæði íbúanna. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að ef a.m.k. tveir þriðju sveitarfélaganna og íbúanna samþykki tiltekna sameiningu sé hægt að ákveða að hún verði, þótt svo hún sé ekki nákvæmlega í samræmi við þá tillögu sem liggur fyrir við kosninguna. Ég tel því að gagnrýni á þetta ákvæði hafi að hluta til við rök að styðjast en í félmn. var ekki rætt um að breyta þessu sérstaklega. Þetta ákvæði hvetur að sönnu til sameiningar, getur í einstaka tilfellum haft þau áhrif að sameining sveitarfélaga verði kannski í ríkari mæli en ef þessu væri öðruvísi fyrir komið. En eins og ég sagði þá hefur félmn. eða meiri hlutinn ekki gert tillögu til breytinga á þessu.

Herra forseti. Ég held ég hafi farið yfir helstu atriði sem mér þótti sérstök ástæða til að fjalla um en eins og ég sagði fyrr í máli mínu vísa ég til ítarlegrar umfjöllunar formanns félmn., hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, í gærkvöldi og tel að í okkar máli hafi komið fram svör við því sem fram hefur komið hér. Einnig vísa ég til þess sem hæstv. ráðherra sagði áðan og nokkurra þeirra atriða sem hann kom inn á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda lengra mál um þetta að sinni en ítreka það sem hefur komið fram, að samkomulag var um það í félmn. að nefndin komi saman milli 2. og 3. umr. m.a. til að fjalla um umsögn allshn. um bráðabirgðaákvæði frv. Síðan hefur komið fram hér í umræðunni að það eru fleiri atriði sem þarf að fjalla um og vil ég þar sérstaklega vísa til umsagnar Félags löggiltra endurskoðenda varðandi 68. gr.

[11:11]

**Útbýting þingskjals:**

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, 614. mál, brtt. TIO, þskj. 1380.

[11:12]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að hinkra augnablik, ég sé ekki að hæstv. félmrh. sé staddur í salnum. Ég vildi eiga við hann orðastað. Getur forseti upplýst hvar hann er?

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að verið er að sækja hæstv. félmrh.)

Ég kýs að bíða þangað til hæstv. félmrh. gengur í salinn.

Herra forseti. Ég vil þakka þau svör sem hér hafa komið fram þó að þau hafi því miður alls ekki komið að kjarna málsins, þ.e. þeim umdeildu greinum sem um ræðir, nefnilega 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Ég vil því leyfa mér að leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. hvaða rök hann sjái gegn því að miðhálendið verði sérstakt stjórnsýslu- og skipulagslegt svæði undir sérstakri stjórn, samanber brtt. minni hluta félmn.

Þá vil ég heyra álit hæstv. félmrh. á því að fresta þessum ákvæðum frv. til hausts í ljósi þess að úti í þjóðfélaginu er mjög mikill óróleiki vegna þessa máls. Sumir þeirra sem eru órólegir hafa ekki haft tök á því að kynna sér þetta mál nægilega vel, og biðja um lengri frest og meiri umfjöllun til að geta áttað sig á hvað er að gerast.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann sé þeirrar skoðunar að sveitarfélögin muni hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa vel að nauðsynlegum framkvæmdum, t.d. vegna ferðamála en talið er að það kosti t.d. um 60 millj. kr., aðeins að ganga frá svæðinu í kringum Landmannalaugar. Lítur hann kannski svo á að þetta fjármagn muni koma frá ríkinu þegar um þjóðlendur er að ræða? Mikilvægt er að átta sig á hver kemur til með að standa undir útgjöldum og þiggja tekjur af þeim hluta sveitarfélaganna sem tilheyra hálendinu, eru þjóðlendur en tilheyra sérstökum sveitarfélögum ef þetta frv. verður að lögum. Landið er þá í eign ríkisins en stjórnsýsluleg ábyrgð hjá sveitarfélögunum. Hver á þá að þiggja tekjur og láta útgjöldin af hendi?

Ég vildi mjög gjarnan, hæstv. forseti, heyra svör félmrh. við þessum spurningum. Þar sem ég á kannski ekki eftir að komast í pontu aftur nema í andsvörum vil ég enn einu sinni láta í ljós vonbrigði yfir því að við skulum ekki hafa fengið að ræða almennilega grundvallarágreining málsins. A.m.k. er svo með þá sem ekki hafa verið í félmn. Ég vonast því eftir að heyra rök hæstv. félmrh. við þessum spurningum nú.

[11:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um frv. til sveitarstjórnarlaga er í raun að verða stórmerkileg umræða í sögu þingsins, þó ekki sé nema vegna þess að hún hefur tekið dálítinn tíma. Það er bersýnilegt að umræðunni lýkur þannig að gríðarlegur ágreiningur er um málið. Það er alvarlegt umhugsunarefni að staðan er núna þannig að víðs vegar í þjóðfélaginu hefur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar skapað áhyggjur, jafnvel úlfúð og ótta hjá stórum hópum fólks, ekki aðeins í þéttbýli heldur líka í dreifbýli.

Þessi málatilbúnaður hefur líka orðið til þess að ýta undir átök milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þannig hefur verið haldið á málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það er í raun sérstakt áhyggjuefni. Það er líka nauðsynlegt núna, herra forseti, að undirstrika að umræðunni er hvergi nærri lokið.

Þegar 2. umr. um þetta mál lýkur núna eftir kannski ekki langan tíma, er umræðan ekki búin þar með í þessari stofnun. Það er alveg greinilegt að hún heldur áfram. Í fyrsta lagi er 3. umr. málsins eftir. Í öðru lagi er eftir mjög ítarleg umræða um þjóðlendufrv. sem snertir þessi mál og í þriðja lagi er eftir mjög ítarleg umræða um eignarhald á auðlindum í jörðu þar sem ætlunin er að afhenda landeigendum eignarrétt á hvers konar auðlindum sem kunna að finnast undir landi þeirra.

Loks er það þannig, herra forseti, að eins og málatilbúnaðurinn hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar munum við ræða þessi mál í haust. Frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum, sem hér liggur nú fyrir til kynningar en hefur ekki fengist tekið á dagskrá, verður einnig rætt í haust. Eins er ljóst er að ýmis önnur mál sem snerta hálendismálið, eins og tillögur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um fjóra þjóðgarða á hálendinu með jöklana sem kjarna, koma einnig til umræðu á ný. Umræðunni er því ekki lokið. Mér liggur við að segja, herra forseti, að hún sé rétt að byrja.

Varðandi málið sjálft vil ég bara að segja, herra forseti, að ég skil frv. um breytingar á skipulags- og byggingarlögum þannig að sveitarfélögin ráði. Ég vil að það sé alveg skýrt að ég skil það þannig og ef það er rangur skilningur óska ég eftir að hæstv. félmrh. mótmæli honum. Skilningur minn byggist á því að þó að í frv. standi að skrifa eigi niðurstöðu svæðisskipulagsins inn í aðalskipulagið, þá munu sveitarfélögin geta hafnað hugsanlegum breytingum sem svæðisskipulagsniðurstaðan hefði í för með sér á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

Ég sé ekki að svæðisskipulagshugmyndin í skipulags- og byggingarlögunum, eins og frv. liggur fyrir núna, breyti neinu um skýlausan rétt sveitarfélaga til að ákveða aðalskipulag sitt. Mér liggur við að segja: Fyrr mætti nú vera, ef menn eru komnir með sveitarfélög á annað borð, að ákveða að taka af þeim skipulagsvaldið eins og ella væri um að ræða. Þetta segi ég til að undirstrika það, herra forseti, að ég tel það rangt sem haldið hefur verið fram, að þessi breyting, að því er varðar svæðisskipulagið, sé fullnægjandi til að tryggja samstillingu hagsmuna á miðhálendinu. Það er ekki þannig. Það er greinilega ekki um það að ræða og þótt hæstv. umhvrh. og Skipulagsstofnun hafi möguleika á og reyndar lagaskyldu til að stilla strengina saman þá er því ekki að treysta að það takist. Ég held því, herra forseti, að hér geti verið um mikið umræðuefni að ræða á haustþinginu.

Ég vil líka, í þriðja lagi, minnast á það sem ég tel kannski eitt það versta við þetta mál. Mín skoðun er sú að það að skipta hálendinu í sveitarfélög nú, áður en svæðisskipulagsnefndin hefur auglýst og fengið staðfesta sína niðurstöðu, stofni í hættu allri vinnu svæðisskipulagsnefndarinnar. Ég tel að þetta sé í öfugri röð og skynsamlegra hefði verið af hæstv. ríkisstjórn að fresta a.m.k. gildistöku sveitarfélagaskipunarinnar á hálendinu. Þannig hefði hún komið til framkvæmda síðar en niðurstaða svæðisskipulagsnefndarinnar kann að verða staðfest. Ég held að þessi röð á hlutunum hjá hæstv. ríkisstjórn muni ein út af fyrir sig þýða klúður og skapa vandamál. Ég vil því leyfa mér að ítreka spurningu mína frá fyrri hluta umræðunnar sem hæstv. félmrh. svaraði ekki: Hvaða rök eru til þess að ljúka þessari sveitarfélagaskiptingu hálendisins núna og áður en svæðisskipulagsnefndin hefur í raun og veru lokið störfum?

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að í þessari umræðu hefur verið komið inn á mjög mörg grundvallaratriði varðandi hálendið. Í fyrsta lagi er það auðvitað spurningin um nýtingu hálendisins. Sú umræða hefur kannski ekki verið nægilega mikil þrátt fyrir ítarlegar ræður. Við höfum samt sem áður fengið tækifæri til að átta okkur á því að hættan sem steðjar að hálendinu er kannski aðallega fólgin í of miklum áherslum og sterkum hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu. Ég er þá bæði að tala um ferðamennskuna og virkjanirnar. Ég held við þurfum að átta okkur á því að þar getur verið um mjög mikinn vanda að ræða. Ég hef enga sannfæringu í þeim efnum um að skipting landsins í sveitarfélög sé betri eða verri varðandi þessa aðalnýtingu hálendisins. Ég tel hins vegar að hálendinu og þar með Íslandi stafi veruleg hætta af því að menn ætli að ganga allt of langt í virkjunum hér á næstu árum og áratugum.

Ég las hér upp, herra forseti, allmargar umsagnir frá iðnrn., Orkustofnun og Landsvirkjun í þessu efni. Það eru skuggalegir pappírar. Þar er gert ráð fyrir því að virkja miklu meira en svæðisskipulagsnefndin gerir ráð fyrir. Það var athyglisvert, í sambandi við þessa umræðu, að hlýða á að þótt menn væru með spurningarmerki við málið sem slíkt, þá virðast menn hafa mjög mismunandi skoðanir á þessum virkjunarmálum. Áherslan á hinar grænu línur virtist misjafnlega þung hjá þingmönnum. Sumir töldu að of skammt væri gengið hjá svæðisskipulagsnefndinni í því að þrengja að virkjanakostum. Aðrir töldu að svæðisskipulagsnefndin gengi allt of langt. Þær ræður voru einnig fluttar hér, sem er athyglisvert líka, herra forseti.

Ég held nauðsynlegt sé að hafa í huga aðra notkun miðhálendisins, eins og ferðamennskuna. Þar hefur útivistarfólkið látið til sín taka og hélt glæsilegan fund á Hótel Borg fyrir nokkrum dögum. Ég tel einnig nauðsynlegt að fara yfir aðra hluti, eins og hugsanleg námuréttindi, jarðvinnsluréttindi af því tagi og sömuleiðis beitarréttindi. Ég held við þurfum að gera okkur grein fyrir því að allt verður þetta að leika saman. Það er í raun og veru gerð tilraun til að flétta þetta allt saman í skipulagstillögu svæðisskipulagsnefndarinnar og ég tel að þar sé margt mjög vel gert.

Í þessari umræðu hefur talsvert verið rætt um það, sem ég vil draga fram hér í seinni ræðu minni. Það er spurningin um hver eigi miðhálendið og hver ráði miðhálendinu. Menn hafa tekið mjög stórt upp í sig í þessum efnum og sagt: Það er verið að stela miðhálendinu. Ég get ekki skrifað upp á það og get ekki séð að verið sé að breyta eignarhaldi með frv. eins og það liggur fyrir. Eftir sem áður er það þannig að sá eignarréttur sem menn hafa í öðrum pappírum, hvort sem það eru afsöl, landamerkjabréf eða hvað það nú er, helst og síðan er gert ráð fyrir að þjóðlendurnar nái yfir stóran hluta af svæði því sem við erum að tala um. Það er því ekki sanngjörn uppsetning að halda því fram að frv., eins og það lítur út núna, breyti eignarrétti á miðhálendinu í grundvallaratriðum. Það er ekki þannig.

Hitt er annað mál að frv. felur í sér mjög róttækar breytingar á formlegum yfirráðarétti og stjórnsýslurétti á svæðinu. Því er slegið því föstu að sveitarfélagamörk skuli dregin inn í jökla. Það er í raun og veru sagt: Sveitarfélög eiga að gegna öllum héðbundnum stjórnsýsluverkefnum inn í jökla, eins og þau gera í byggð. Margar spurningar hafa verið settar fram varðandi þetta mál. Ekki vegna þess að menn vantreysti sveitarfélögunum eins og nú er gjarnan sagt. Ég talaði um það á sinni tíð að vafasamt væri að láta sveitarfélögin hafa alla þætti grunnskólans, eins og sérkennsluna. Það var kallað vantraust á sveitarstjórnarmönnum. Menn snúa sér alltaf upp í strýtu þegar hlutirnir eru settir svona fram af þingmönnum.

Ég geri það nú samt hér og vek athygli á því að fjöldi þingmanna hefur látið í ljós áhyggjur yfir þessu máli. Ég tel að þær séu út af fyrir sig alveg réttmætar.

Ég held að skynsamlegra hefði verið að láta svæðisskipulagið taka gildi áður en gengið var frá staðarmörkum sveitarfélaga eins og það heitir í frv.

Næsta spurning og lokaspurning af minni hálfu í þessari ræðu er, herra forseti: Hvað nú? Hvað gerist í framhaldinu? Eins og ég sagði áðan verða miklar umræður um frv. um skipulags- og byggingarlög í haust. Ég vona að það breytist eitthvað frá því sem það er núna. Það er gallað eins og stjórnarflokkarnir hafa viðurkennt. Það verða miklar umræður um það mál næsta vetur og líka um þjóðgarðamálin.

Þegar maður horfir á sveitarfélagaákvæði sveitarstjórnarlagafrv. kemst maður líka að þeirri niðurstöðu að það skipti ekki miklu máli þó þetta mál verði látið bíða. Ég segi alveg eins og er: Ég sé í raun og veru ekkert sem skiptir sköpum fyrir sveitarfélögin í þessu frv. Niðurstaða okkar alþýðubandalagsmanna er því sú að við leggjum til að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Fyrsta ástæðan er sú að ekki hefur náðst samkomulag um mikilvæg meginatriði. Önnur ástæða er sú að frv., að því er varðar sveitafélagamálin, skiptir í raun sáralitlu máli og því allt í lagi að taka málið til meðferðar í sumar. Þess vegna er það okkar aðaltillaga í þingfl. Alþb. og óháðra, og mér heyrist að aðrir stjórnarandstæðingar muni styðja hana, að málinu verði vísað frá í heild í atkvæðagreiðslunni sem fer fram hér á eftir.

Aðalerindi mitt í stólinn er þó að undirstrika, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur haldið á þessum málum þannig að um þau er engin sátt. Það stefnir í áframhaldandi umræðu. Þótt hún hafi verið löng við 2. umr. er rétt að byrja, herra forseti.

[11:30]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vildi segja fáein orð undir lok þessarar umræðu um tvö eða þrjú atriði sem ég hef lagt áherslu á. Ég vil fyrst undirstrika alvöru mína gagnvart því ákvæði frv. sem lýtur að því að breyta reglum um kosningu til sameiningar sveitarfélaga sem er í 2. mgr. 91. gr. frv. Þar er lagt til að frá gildandi fyrirkomulagi, sem er ófrávíkjanlega þannig að sameining verði að gerast í kjölfar samþykktar íbúanna, verði brugðið á þann veg að sveitarstjórnir hafi í ákveðnum tilvikum heimild til að sameina sveitarfélög þótt íbúar hafi ekki verið spurðir um þá sameiningu.

Ef maður veltir því fyrir sér hvaða ávinningur gæti hugsanlega verið af því að breyta gildandi reglum í þessa veru er bara einn sjáanlegur ávinningur. Hann væri undir þeim kringumstæðum þegar íbúar væru í raun sammála sameiningunni og menn mundu þá sleppa við kosninguna. Annan ávinning get ég ekki séð af þessari breytingu og ég spyr þá: Er það eðlileg þróun í lagasetningu að menn leitist við að búa til lagaramma um breytingar fram hjá kjósendum? Ég tel eðlilegra að fara hina leiðina, að breytingar sem svo miklu varða eins og sameining sveitarfélaga eigi ekki að gerast nema að undanfengnu samþykki kjósenda. Ég hefði talið eðlilegra í þessari umfjöllun um ný sveitarstjórnarlög að menn hefðu tekið til athugunar að þróa löggjöfina meira í þá áttina að kjósendur verði oftar spurðir um einstök málefni en sjaldnar eins og reyndin er ef þetta ákvæði nær fram að ganga. Ég hefði t.d. talið eðlilegt að setja inn í löggjöfina ákvæði sem gerði íbúum kleift að kalla til sín mikilsverð mál og knýja fram almenna atkvæðagreiðslu um þau. Ég minni á málflutning þáverandi stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu EES-málsins á sínum tíma, fyrir nokkrum árum, þegar fram komu þau sjónarmið frá öllum stjórnarandstöðuflokkum, þar á meðal Framsfl., að eðlilegt væri að setja í stjórnarskrá ákvæði sem tryggði landsmönnum þann rétt að þeir gætu knúið fram atkvæðagreiðslu um mikilsverð mál. Þetta atriði tel ég að eigi að styrkja og setja inn í löggjöfina um sveitarstjórnarlög þannig að íbúar geti í ákveðnum skilgreindum tilvikum sagt: Ja, þetta mál er það mikilsvert og varðar okkur svo miklu að við viljum að um það verði kosið og málinu ráðið til lykta í almennri atkvæðagreiðslu sem bindur hendur sveitarstjórnar. Með öðrum orðum, menn eru þá að lýðræðisvæða sveitarstjórnarlöggjöfina með þessu fyrirkomulagi. Ég ítreka þessi sjónarmið og vil fara fram á það því ég veit að hv. félmn. mun hittast milli 2. og 3. umr. að hún taki þetta sjónarmið fyrir og ræði hvort ekki sé rétt að opna leið fyrir það.

Varðandi ákvæðið sem ég gerði að umfjöllunarefni, 2. mgr. 91. gr. — og þá er ég búinn að benda á hinn eina hugsanlega ávinning af breytingunni sem er að menn geta farið fram hjá því að spyrja kjósendur. Ég spyr sjálfan mig: Er einhver ávinningur að breyta gildandi fyrirkomulagi þannig að menn sleppi við að spyrja kjósendur? Mér finnst það ekki ávinningur, mér finnst það afturför. Ég bendi líka á að hættan sem fylgir breytingunni er sú að sveitarstjórn taki ákvörðun sem meiri hluti íbúanna er ósáttur við. Hver ætlar að bera ábyrgð á því máli þegar sameining sveitarfélaga er knúin fram í andstöðu við íbúa sveitarfélaganna? Hver ætlar að bera ábyrgð á því? Ætlar hæstv. félmrh. að svara fyrir það? Ég er nefnilega ekki viss um að neinn vilji bera ábyrgð á því og ég bendi á eitt enn. Af hverju leggja menn svona mikla áherslu á sameiningu sveitarfélaganna? Hvaða töfralausn er það? Ég bendi á svar við fyrirspurn minni sem barst fyrr á þessu þingi um árangurinn af sameiningu sveitarfélaga sem fram fóru á árinu 1994, fyrstu sameiningarnar í þeirri lotu sem staðið hefur yfir síðustu ár. Ein 14 ný sveitarfélög urðu til úr mörgum sveitarfélögum. Ég spurði: Hver var árangurinn af þessu mælt í íbúaþróun, fjárhagsstöðu sveitarfélags, kostnaði við yfirstjórn, atvinnuþróun o.s.frv.? Hver var niðurstaðan í svari hæstv. félmrh.? Hún var sú að það varð enginn árangur. Það varð enginn árangur varðandi íbúaþróun, það varð enginn árangur varðandi kostnað við yfirstjórn, það varð enginn árangur varðandi skuldastöðu sveitarfélaga, það varð enginn árangur varðandi atvinnuþróun o.s.frv. Þá spyr ég: Ef þetta eru hinar talnalegu niðurstöður hvers vegna á að skrifa inn í lögin svona mikla áherslu á þennan þátt? Ég spurði hæstv. félmrh. líka: Hvernig metur ráðherra að þróunin verði í þessum sveitarfélögum næstu fimm ár? Telur hann að þróunin muni þá snúast við og árangur fara að koma í ljós, árangur sem enn hefur ekki sést? Hæstv. ráðherra treysti sér ekki til að svara því. Það var ekki einu sinni að hæstv. ráðherra gæti sagt að hann teldi að þetta mundi ganga til betri vegar á næstu fimm árum þannig að það voru engin svör um framtíðarhorfur.

Ég segi því fyrir mitt leyti þótt ég hafi almennt verið heldur fylgjandi sameiningu sveitarfélaga, sérstaklega þeirra fámennari, að árangurinn af þessu gefur ekki tilefni eða rökstuðning fyrir því að menn eigi endilega að fara þessa leið. Þegar stjórnmálamenn taka einhverja stefnu verða þeir að geta útskýrt fyrir kjósendum að það sé í ákveðnum tilgangi fólkinu til hagsbóta. Til þessa hefur ekki verið hægt að sýna fram á að það sé til hagsbóta fyrir íbúana nema í örfáum

tilvikum þegar um er að ræða að mjög fámenn sveitarfélög hafa verið að sameinast tiltölulega stærri sveitarfélögum, þá trúi ég því að þar hafi verið um framfarir að ræða að einhverju leyti en ekki hefur það komið í ljós í þeim 14 sameiningum sem ég spurði um, sem urðu árið 1994.

Ég set því spurningarmerki við stefnumörkunina almennt. Ég tel ef menn ætla að breyta sveitarfélagaskipaninni þannig að það verði færri sveitarfélög í framtíðinni en verið hefur verði menn að gefa löggjöfinni meira inntak þannig að ljóst sé og hægt að sannfæra íbúana um að einhverjar framfarir verði í kjölfarið.

Þetta vildi ég undirstrika, herra forseti, um 91. gr. sem ég gerði sérstaklega að umfjöllunarefni í ræðu minni fyrr í umræðunni.

Ég vil svo einnig, herra forseti, undirstrika andstöðu mína við dulda skattheimtu í gegnum stofnanir sveitarfélaganna sem er mjög farið að bera á þar sem sveitarfélög eru svo í stakk búin að þau njóta náttúruauðlinda eins og heits vatns, að þau geta nýtt sér þá auðlind til að veita íbúum sveitarfélags síns þá þjónustu sem þarf gegn vægu verði en samt haft af því verulegan hagnað. Í brtt. meiri hluta nefndarinnar eru gerðar mjög opnar breytingar á þessu fyrirkomulagi sem ætlað er að lögfesta starfsemina almennt. Ég bendi á að það getur varla staðist ákvæði stjórnarskrár að heimila sveitarstjórn gjaldtöku fyrir þjónustu sem er ekki afmörkuð en samkvæmt breytingartillögu meiri hluta félmn. 3. tölul. sem er brtt. við 7. gr. frv. er opnuð heimild sem er ótakmörkuð um hversu háan arð sveitarfélög geti reiknað sér af rekstri stofnana sinna. Hún er líka ótakmörkuð að því leytinu til að hún takmarkar enga starfsemi, undanskilur enga starfsemi sveitarfélaga þessari arðsemiskröfu þannig að t.d. gæti sveitarfélag sem hefur farið þá einkennilegu leið, leyfi ég mér að segja, herra forseti, að breyta starfsemi og rekstri félagslegra íbúða í hlutafélag, þá gætu menn sett arðsemiskröfur á þá hlutafjáreign sem bundin er í þessu hlutafélagi og krafist t.d. 10%, 20% eða 30% arðs af tekjum hvers árs sem renna eigi í sveitarsjóð. Þetta er náttúrlega alveg galið fyrirkomulag, herra forseti, og mönnum lítt til sóma í sveitarstjórnarmannastétt að boða þessa stefnu að gera félagslega starfsemi sveitarfélags að féþúfu á arðsemisgrundvelli. Þetta er náttúrlega algerlega fráleit stefna sem þeir sem að standa ættu að skammast sín fyrir að impra á yfir höfuð. Ég teldi að sveitarstjórnarlöggjöf ætti að girða fyrir misnotkun af þessu tagi, fremur en að gera hana löglega. Ég vil mjög harðlega gagnrýna þróun mála á þennan veg og sérstaklega vil ég líka gagnrýna það spor sem stjórnarflokkarnir eru að fara með því að gera þetta löglegt.

Herra forseti. Ég tel að náttúruauðlindir eigi að nýtast allri þjóðinni. Það er almenn sátt um það í þjóðfélaginu að fiskimið séu sameign þjóðarinnar og eigi að öllum nýtast. Á fiskimið eiga allir að geta róið, hvaðan sem þeir róa. Á fiskimið vestur á fjörðum eiga allir að geta róið, bæði úr Skagafirði, frá Hornafirði og úr Reykjavík og víðar. Um þetta er almenn sátt í þjóðfélaginu að menn hafi hlutina þannig að allir geti nýtt sér þessa auðlind og haft aðgang að henni og haft arð af henni. Önnur auðlind heitir heitt vatn. Ég tel að um það eigi að gilda hið sama. Allir eiga að njóta góðs af afrakstri hennar. Heitt vatn hefur reynst okkur ákaflega dýrmæt auðlind. Hún hefur veitt íbúum þeirra sem búa nálægt heitu vatni kost á að geta hitað hús sín gegn mjög vægu gjaldi. Ég tel að heitt vatn eigi ekki að vera einkamál þeirra sem búa á því landi sem heita vatnið er undir. Það á ekki að vera einkamál þeirra sveitarfélaga sem þannig eru í sveit sett. Það á að taka hluta af arði vegna þessa heita vatns og nýta hann til þess að aðrir íbúar geti notið góðs af heita vatninu sem búa annars staðar og utan þeirra svæða þar sem heita vatnið er. Ef menn ætla að hér eigi að búa ein þjóð í einu landi, þá tel ég að hinn mikli ágóði af heitu vatni eigi fortakslaust að vera dreift um landið til að greiða niður orkuverð þar sem það er hátt. Ég get ekki fallist á það fyrirkomulag að heitt vatn, auðlindin heitt vatn, sé háð einkarétti sem tiltekinn hluti íbúa þjóðarinnar geti afmarkað sér, slegið eign sinni á og sagt: Þessa auðlind nýtum við fyrir okkur, og þið sem búið þar fyrir utan fáið ekki grænan eyri af arðinum af þeirri auðlind. Þetta er óviðunandi fyrirkomulag, herra forseti, og er ekki til þess fallið að efla þá vitund að hér búi ein þjóð í einu landi og auðlindir séu eign þjóðar. Það getur ekki verið réttlætanlegt að sumar auðlindir séu almannaeign og nýttar í þágu allra en aðrar auðlindir séu séreign og nýttar í eigu sumra. Það er tækifæri til þess, herra forseti, þegar menn ræða þetta frv. til sveitarstjórnarlaga að láta þessar félagslegu áherslur í stjórnmálaviðhorfum koma fram.

Hér sker á milli hvort menn eru félagslega sinnaðir eða ekki, þ.e. að afrakstur af heitu vatni sem í einu sveitarfélagi nemur 900 millj. kr. á ári sé einkaeign þeirra sem búa í því sveitarfélagi eða hvort nýta eigi það fé líka til að greiða niður heitt vatn eða hitunarkostnað þar sem hann er mjög hár. Þeir sem eru félagslega sinnaðir svara því þannig að auðvitað eigi að taka hluta af slíkum hagnaði og nota til að greiða niður hitunarkostnað annars staðar. Þeir sem eru ekki félagslega sinnaðir segja að þetta sé einkaeign þeirra og þeir sem búi úti á landi þar sem köld svæði eru geti bara étið það sem úti frýs.

Í þessari löggjöf koma nefnilega fram eins og víðar áherslur manna í þessum efnum; eru menn jafnaðarmenn, eru menn félagslega sinnaðir eða eru menn það ekki? Og ég kalla eftir því, herra forseti, að þingheimur svari spurningu sem brennur á vörum tugþúsunda manna um land allt: Er heita vatnið fyrir okkur líka eða er það bara séreign? Eru bara fiskimiðin sameign þjóðarinnar, ekki heita vatnið? Þessi spurning brennur á vörum tugþúsunda manna um land allt.

Breytingartillaga meiri hlutans er auðvitað ákveðið svar. Hún er svarið, þetta er séreign. Þá liggur það fyrir. Þeir flokkar sem bera fram þessa brtt. hafa þá svarað fyrir sitt leyti — að bara sumar náttúruauðlindir eru sameign þjóðarinnar, aðrar ekki.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð um fleiri atriði í þessu frv. Ég hef komið þeim að í ræðu minni fyrr í þessari umræðu en þessi tvö atriði þykja mér mjög veigamikil og mér er sérstaklega í mun að þeim verði breytt til betri vegar í þá átt sem ég hef talað fyrir, herra forseti.

[11:48]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Komið er að lokum 2. umr. um stærsta einstaka mál liðinna ára á Alþingi Íslendinga, þjóðareignina og meðferð hennar sem hangir á tveimur frumvarpsgreinum í 105 greina frv. um sveitarstjórnarmál sem hefur verið á dagskrá þingsins í heila viku.

Afgreiðslan í dag verður ekki lok umræðu í þjóðfélaginu þó að hún marki í raun upphaf lokaafgreiðslu stjórnarmeirihlutans á þessu máli á Alþingi. Ég hef aldrei fundið önnur

eins viðbrögð almennings í landinu við einu máli og því sem hér er til afgreiðslu, þverpólitískt.

Ég spái því að hér séu að gerast stórpólitískir atburðir sem eigi eftir að draga dilk á eftir sér fyrir flokka og einstaklinga. Ályktun stjórnar Framsfl. í Reykjavík sem stuðningsyfirlýsing við þann framsóknarmann sem lagðist gegn fyrirkomulaginu um skipulag hálendisins er aðeins ein vísbending af mörgum um stöðuna sem er komin upp.

Ég ætla að taka undir með hv. þm. Svavari Gestssyni þar sem hann drap á mál næsta vetrar. En hann nefndi ekki mál sem ég tel að eigi eftir að verða sterkustu mál í umræðunni næsta vetur og það eru auðlindamál og þar með talið veiðileyfagjald sem er hluti af þessu — hver á landið?

Það er líka mín skoðun að í ljóðlínunni „þetta land átt þú" felist viðbrögð okkar Íslendinga allra gagnvart landinu okkar og eigin umráðarétti til samvista við það. Þeim umráðarétti verða settar skorður með þeirri afgreiðslu sem hér fer fram.

En það er fleira sem vekur athygli í þessari umræðu. Hér er það undirstrikað rækilega að stjórnarandstaðan á Alþingi má tala en ekki of lengi. Hún má vinna með frv. í nefndum á hvaða tíma dags sem er, hvaða vikudegi sem stjórnarmeirihlutinn kýs, en þegar kemur að því að ákveða hvaða mál og hversu mörg eru afgreidd frá Alþingi á fáum vordögum þá kemur stjórnarandstöðunni á Alþingi það ekki við.

Í dag er 8. maí. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis hefðum við átt að ljúka þingstörfum í dag. Og miðað við þá vinnu sem við forustumenn flokkanna í sameiningu höfum lagt í til að efla virðingu Alþingis, gera vinnuna hér þannig úr garði að fólk geti reitt sig á að það sem hefur verið sett á blað um starfsáætlun Alþingis standi, þá er það mikið áfall að við skulum standa hér 8. maí og eiga eftir að afgreiða öll 40 frumvörpin sem ríkisstjórnin ætlar að taka í gegn.

Miðað við vinnuna sem við höfum lagt í það að ná samvinnu um starfsáætlun Alþingis og framvindu mála, þá er það dapurt að í dag sé það þannig að stjórnarandstaðan heyrir í fréttum hvað gera eigi, að það eigi að gera hlé í kringum sveitarstjórnarkosningar og halda áfram af því að engir samningar eru um afgreiðslu eða þinglok og engin samtöl við stjórnarandstöðu. Það er bara einn sem ræður og nú köllum við hann „þingvaldið". Hann hefur tekið yfir stjórn þingsins

Þessa daga sem við höfum tekist á um þjóðareignina þá rifjast það svo vel upp hvert inntakið er í helmingaskiptastjórn Framsfl. og Sjálfstfl. Þegar sú stjórn er við völd verður eignatilfærslan, sem dregur svo oft skelfilegan dilk á eftir sér. Ég ætla að minna á kvótann. Ég minntist á það að „þetta land átt þú", og við héldum að við ættum miðin og fiskinn í sjónum saman. Nú er ljóst að búið er að afhenda hann. Og greiðslan fyrir fiskinn fer frá einum einstaklingi til annars og þó að það sé ekki verðmiði á óveidda fiskinum í sjónum þá vita allir núna hvert verðmæti hans er því staðreyndirnar tala, að milli 8 og 10 milljarðar fara á milli einstaklinga þegar þeir eru að skipta með sér réttinum til að veiða sameiginlega fiskinn í hafinu.

Það er ekki verðmiði á auðlindum miðhálendis Íslands, eins og ég hef áður sagt. Þar skynjar fólk verðmætin og þjóðareignina þó ekki sé byrjað að selja þar. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort það var á stefnuskrá Framsfl. eða Sjálfstfl. að taka þá afdrifaríku ákvörðun sem hér er að fara fram og hvert sé umboð þeirra. Sérstaklega velti ég því fyrir mér í ljósi ályktunar stjórnar framsóknarfélaganna í Reykjavík.

Miðin, landið, auðlindir í jörðu og eignatilfærsla, þetta er það sem tengir huga fólks við þessa ríkisstjórn og verklag hennar.

Miðhálendið með víðerni sínu er dýrmæt auðlind og það ætti að vera markmið okkar að Alþingi tryggi sátt um skipulag þess og stjórn. Við höfum ekki borið gæfu til þess. Hér hefur hluti stjórnarandstöðunnar talað um að sáttatillaga sem ekki má koma á dagskrá leysi vandann. En það er alveg ljóst að aðalskipulagsrétturinn er hjá sveitarfélögunum, deiliskipulagsrétturinn er hjá sveitarfélögunum og byggingarleyfin eru hjá sveitarfélögunum. Það er alveg ljóst að samvinnunefnd um svæðisskipulag hefur ekkert stjórnsýslustig að baki sér. Hún er leiðbeinandi og hún verður leiðbeinandi og svæðisnefnd af þessum toga mun verða umsagnaraðili og ekkert annað.

Þegar við tökum ákvörðun eins og þá sem við ræðum í dag og næstu daga við 3. umr. þá er mikilvægt að líta til framtíðar af því að hún verður ekki aftur tekin. Ef stjórnarmeirihlutinn breytir húsnæðislöggjöfinni getur nýr stjórnarmeirihluti breytt henni á annan veg. Þó félmrh. breyti vinnulöggjöfinni getur nýr stjórnarmeirihluti breytt vinnulöggjöfinni. En ef stjórnarmeirihlutinn deilir miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga og gengur frá því máli þá verður nýjum stjórnarmeirihluta ekki unnt að breyta því síðar. Þess vegna var svo mikilvægt að fresta þessu máli og reyna að ná samkomulagi svo að sátt yrði um skipulag og stjórn þessarar auðlindar.

Menn hafa talað hér eins og það hafi verið sérstök aðgerð stjórnvalda að afréttirnar færu undir sveitarfélögin og það hefur verið talað eins og sveitarfélögin nái hér um bil upp til jökla og þess vegna sé málflutningur okkar vanbúinn. Þetta er rangt, eins og ég hef bent á í umræðunni. Ég hef bent á að það var einstaklingsframtak að leggja til að afréttum yrði skipað undir sveitarfélög og eins og ég hef lesið hér upp úr þingræðum var það aðeins vegna þess, og af þeirri ástæðu einni, að viðkomandi vildi reyna að tryggja að sveitarfélög gætu lagt útsvar og skatta á einstaklinga og fyrirtæki sem væru komin upp á miðhálendið. Þetta var í kringum 1970 og þetta var vegna þess að þá voru menn byrjaðir að virkja. Að þarna hafi verið gengið frá því til frambúðar hvernig fara skuli með skipulagsmál í heild sinni, stjórnsýslu og annað hefur ekki falist í núgildandi sveitarstjórnarlögum sem segja afdráttarlaust að byggðin skiptist í sveitarfélög.

Það á eftir að taka gífurlega stórar pólitískar ákvarðanir um friðun, um það hversu víðfeðm ferðaþjónusta skuli vera, um aðgang almennings að landinu sínu, um hvaða svæði eigi að verja, um hvað megi fara undir vatn og um það hvar skuli virkja. Þetta eru stórpólitískar ákvarðanir. Þær á að taka hér. Þær á ekki að taka hjá tiltölulega umboðslítilli nefnd úti í bæ. Og þessar ákvarðanir á að taka áður en gripið er til þess ráðs að stúka landið upp eins og hér er verið að ákveða.

Herra forseti. Allar áskoranir til Alþingis og ríkisstjórnar hafa snúist um það sama. Fundir ferða-, útivistar- og náttúruverndarsamtaka hafa líka snúist um það sama. Áskoranir sem allir þingmenn hafa fengið á sínum tölvupósti hafa snúist um það sama, þ.e. að ákveða þetta ekki núna heldur hinkra við, ganga ekki frá þessu máli núna heldur ná sátt um málið. En ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur tekið ákvörðun sína. Þeir hafa valdið. Þeirra er viljinn og hér verður gengið til afgreiðslu og gjört svo sem þeir kjósa.

Ég fullyrði að meiri hluti þjóðarinnar rís gegn þessu frv. Og hvar sem maður heyrir þessi mál rædd þá er alls staðar

sama viðkvæðið, fólk trúir ekki að þetta mál verði afgreitt í ágreiningi.

Það er ekki eins og við séum sammála um að auðlindir til lands og sjávar séu verðmæti komandi kynslóða. Menn virðast halda að það sem er í dag skuli vera eins og við viljum hafa það í dag, það skal afgreiðast í dag og skiptast á milli okkar í dag. Við erum búin að skipta fiskimiðunum á milli fárra, nú skulum við líka skipta landinu öllu milli fárra.

Virðulegi forseti. Ekki aðeins pólitíkin í þessu máli, heldur líka öll viðbrögð stjórnarmeirihlutans hafa verið gagnrýnisverð. Þess vegna liggur fyrir þinginu tillaga til rökstuddrar dagskrár um að þessu máli verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá þingsins. Þessa tillögu munum við styðja. Verði hún felld munum við freista þess að leita stuðnings við tillögu okkar jafnaðarmanna sem er um að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem sjálf ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð, utan miðhálendis Íslands, sem væri sjálfstæð stjórnsýslueining og lyti sérstakri stjórn.

Virðulegi forseti. Menn hafa látið að því liggja að það að vilja halda miðhálendinu sem sérstöku svæði sé vanvirða við sveitarfélög í dreifbýli. Ég hafna því. Það er skoðun á fyrirkomulagi. Þess vegna hefði mátt leggja til að miðhálendið væri eitt sveitarfélag, ef mönnum hefði liðið betur með það, með sérstaka sveitarstjórn sem færi með málefni þess. Það er hliðstæða. Allt tal um að vilji okkar til að fresta þessu máli og hafa sérstaka stjórnsýslu á hálendinu, beinist gegn sveitarfélögum, er röng. Enn á ný vil ég árétta það, virðulegi forseti, að jafnaðarmenn hafa viljað efla sveitarfélögin í landinu. Þeir hafa viljað stækka þau og færa til þeirra verkefni þannig að þau yrðu til þess bær að sjá um þau verkefni sem ríkið hefur í dag. Við munum halda áfram ótrauð á þeirri braut.

Virðulegi forseti. Ég harma að nú skulum við ganga í ágreiningi til atkvæða um svo umdeilt mál sem varðar þjóðina alla.

[12:03]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska Alþfl. og fomanni umhvn. til hamingju með það hvernig þeim hefur tekist að afvegaleiða stóran hluta þjóðarinnar í máli því sem hér hefur verið til umræðu og öðrum málum sem því tengjast. Að því er mér sýnist hefur tekist að telja stórum hluta þjóðarinnar trú um að verið sé að taka af þeim hálendið. Því er haldið fram að færa og skipta eigi hálendinu upp á milli fárra, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér rétt áðan.

Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegur misskilningur og hljómar eins og öfugmælavísa í eyrum þeirra sem þekkja málið betur. Ég ætla að spyrja hv. þm. að því hvort hún geri sér ekki grein fyrir því að með þjóðlendufrv. er verið að færa allt miðhálendið til eignar hjá þjóðinni allri. Með því frv. er ekki verið að færa það í hendur á 4% þjóðarinnar, eins og hefur verið fullyrt hér úr þessum ræðustól. Það er þvert á móti verið að færa miðhálendið í hendur þjóðarinnar til eignar hjá þjóðinni, en ekki öfugt. Það er alveg með ólíkindum hvernig menn hafa getað haldið uppi slíkum málflutningi hér og komist upp með það, finnst mér, að ljúga þessu að þjóðinni.

Síðan er talað um að sérstakt kraðak verði gert úr stjórnsýslunni upp á hálendið. Gerir hv. þm. sér grein fyrir því að heilbrigðisfulltrúar, sem eru hluti þessa stjórnkerfis, eru fimm um þetta miðhálendi, en ekki 43, eins og mér finnst menn gera ráð fyrir í sínum málflutningi hér á þinginu á undanförnum dögum. Löggæslan er í höndum sýslumanna en ekki í höndum sveitarfélaga. Byggingarfulltrúar eru fáir því, eins og menn sem þekkja til sveitarstjórnar vita, búið er að sameina þessi embætti hjá flestöllum minni sveitarfélögum. Byggingarfulltrúar eru því ekki 43. Þeir eru miklu færri.

Og ég spyr hv. þm. þessara spurninga og vona að í 3. umr. verði hægt að vinda ofan af þessum öfugmælakveðskap sem viðgengist hefur á undanförnum dögum.

[12:06]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á afstöðu þingmannsins og því að hann óski þess að geta trúað því að þessir hlutir verði í lagi. Við höfum engan afvegaleitt. Fólk gerir sér góða grein fyrir því hvað felst í þeim frv. sem ríkisstjórnin er að afgreiða hér.

Miðhálendinu verður stjórnsýslulega skipt milli fárra. Þjóðlendufrv. er frágangur á eignarhaldi og ákvörðun um málsmeðferð þar sem ágreiningur er um eignarhald á löndum hálendisins, og það er sátt um það mál. Hér erum við ekki að deila um heilbrigðisfulltrúa eða löggæslu. Enda mundi samið um það hverjir hefðu bæði heilbrigðiseftirlit og löggæslu á hendi, væri þetta svæði undir einni stjórn.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki nema að líta á örfáa staði þar sem ágreiningurinn hefur verið mestur um fasteignir, fasteignagjöld og byggingarrétt. Menn deila um hver eigi að sjá um hvað og nægir að líta heim í kjördæmi félmrh. og sjá ágreininginn sem m.a. hefur verið um Hveravelli. Það nægir til að skynja hvað eftir á að gerast í framtíðinni. Kannski ekki eftir eitt eða tvö eða fimm ár. En í framtíðinni, þegar menn hafa að gert sér grein fyrir því að þeir hafa óumdeilanlega forræði og yfirráð á þessu landi.

Af því að hv. þm. talaði um að verið væri að tryggja eignarrétt: Það er ekki kveðið á um eignarrétt ríkisins á jarðefnum, sem hafa ekki verið hagnýtt hér, í frv. iðnrh. sem hér á eftir að ræða. Og það er óljóst um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða. Þetta er meðferð stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi.

[12:08]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er algjör kórvilla hjá hv. þm., að ekki sé gert ráð fyrir því hver fari með auðæfi hálendisins þegar þar að kemur. Forsrh. fer með það vald. Ég held að hv. þm. Alþfl. hafi varla lesið stafkrók í þeim frv. sem verið hafa til umræðu hér undanfarið. Alla vega hafa þeir lesið það eins og skrattinn með öfuga Biblíuna. Það hefur ekkert komið rétt fram í þeirra máli, miðað við það sem frv. gera ráð fyrir.

Stjórnskipulega, segir hv. þm. að svæðið verði skipt. Fram að þessu hefur enginn haft nein ráð um skipulag á miðhálendinu. Þar hefur verið algjört skipulagsleysi. Samtök eða einstaklingar hafa getað byggt þarna eða gengið um hálendið að eigin vild. Nú er reynt að ná tökum á þessu skipulagslega kaosi sem þarna hefur verið. Þá er risið upp og sagt að það sé verið að taka þetta frá þjóðinni.

Ég segi bara eins og er, herra forseti, að þvílíkir snillingar í áróðri, eins og Alþfl. hefur verið í þessu, hafa ekki verið hérna inni lengi. Þjóðin ætti náttúrlega að hafa áttað sig á því að þetta hefur svoddan endemis lýðskrum að fátt jafnast á við það. Og að þessu leyti held ég að við ættum kannski að horfa til þess að þegar fólk fær að tala með slíku ábyrgðarleysi um stórmál í þinginu, þá hefur því miður tekið mörg ár að snúa ofan af vitleysunni.

Ég vona að það takist í 3. umr., eins og ég sagði hér áðan, hæstv. forseti. En ég treysti því að sveitarstjórnarmenn og aðrir ábyrgir menn leggist nú á eitt og upplýsi þjóðina um það hvernig þetta verður. Ég vona að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sjái til þess að þjóðin fái að vita hvernig hlutirnir snúast en ekki eins og hér hefur verið gert undanfarið.

[12:10]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafna því að í þessari umræðu eigi við að tala um áratuga skipulagsleysi, það er enginn að mæla því bót. Það er ekki rétt, ef hv. þm. er að gefa það til kynna, að við viljum hafa eitthvað slíkt reiðuleysi. Ég hef skýrt frá því í þessari umræðu og farið yfir það hvernig við höfum flutt tillögur um þessi mál, skipulag og stjórnsýslu á miðhálendinu, frá 1971.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, eru fáir með jafnmikla þekkingu og þingmenn jafnaðarmanna á sveitarstjórnarmálum og skipulags- og stjórnsýslumálum. Það hefur komið mjög vel fram í þessari umræðu. Jafnaðarmenn hafa tryggt sveitarstjórnarstigið sem stjórnsýslustig og það fer illa á því að þingmaðurinn reyni að gefa eitthvað annað til kynna.

Við viljum að þarna verði tekið á málum. Við viljum að miðhálendið verði skipulagt með þarfir allra í huga. Við viljum að allir finni að þeir eigi þarna sinn rétt. Við viljum að gengið verði frá því, hvað séu ferðasvæði, hvað séu friðuð svæði, hvað eigi að virkja o.s.frv. Við viljum koma í veg fyrir það að þegar einhver ætlar að fara um landið þá komi hann að hliði eða skika þar sem skrifað stendur: Hér ræð ég og hér fer enginn um.

[12:12]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir ágæta samantekt hennar á stöðu þessa máls, en sjónarmið okkar kvennalistakvenna í þessu mikilvæga máli fara saman með sjónarmiðum jafnaðarmanna. Það er þó eitt atriði í hennar máli sem ég vil andmæla. Það er alls ekki minn skilningur að þó að þetta frv. verði samþykkt, þá verði ekki hægt að taka þá samþykkt til baka. Ég lít svo á að Alþingi geti í framtíðinni breytt því að jöklarnir og hálendissvæðin heyri stjórnsýslulega undir sveitarfélögin, ef því sýnist svo. Þetta er ekki stjórnarskrárbreyting og jafnvel þó svo væri þá er hægt að breyta stjórnarskrá.

Þetta landsvæði verður að öllum líkindum að stórum hluta í eigu ríkisins þannig að ég lít ekki svo á að hér sé um óafturkræfa breytingu að ræða.

[12:13]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hefur fundist mikilvægt að eigum samleið með Kvennalistanum í þessu stóra máli. Auðvitað er það svo að Alþingi á að geta breytt þessu eins og öðru. Ég átti ekki við það. Hins vegar er alveg ljóst að pólitískt mun Alþingi verða ófært um að taka þessa ákvörðun upp, verði hún að raunveruleika á þessum dögum.

[12:14]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)**:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu að marki. Það eru örfá atriði sem hér hafa komið fram á síðustu korterum sem mig langar til að fjalla aðeins um.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvaða rök væru gegn því að hafa miðhálendið undir sérstakri stjórn. Við höfum auðvitað þann möguleika að hafa óbreytt ástand. Ég held við getum verið sammála um að óbreytt ástand eða ástandið eins og það er er ekki nógu gott. Nauðsynlegt er að breyta því sem fyrst. Það rekur á eftir bættu skipulagi.

Það eru tvö stjórnsýslustig í landinu og það er eðlilegt að halda sig við það. Menn voru einu sinni skotnir í því að setja á þriðja stjórnsýslustigið. Það var ekki gert. Menn hurfu frá því. Og það er eðlilegt að það sé samræmi um land allt.

Ég vil ítreka það sem öllum ætti að vera ljóst að frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér hefur orðið mikil umræða um fjallar með engu móti um eignarrétt. Þjóðlendufrv. fjallar um eignarréttinn og það kemur til umræðu innan skamms, væntanlega á morgun, og þá er hægt að ræða um eignarréttinn. En þetta sveitarstjórnarlagafrv. fjallar ekki að nokkru leyti um eignarrétt. Þjóðlendufrv. er í eðli sínu þjóðnýtingarfrv. Þar er verið að slá eign ríkisins á það land sem aðrir geta ekki sannað eignarrétt sinn á fyrir dómi.

Auðlindafrumvarpið er líka sósíalískt í hugsun. Þar er verið að slá eign ríkisins eða staðfesta eign ríkisins á auðlindum í þjóðlendum. Menn hafa verið að tala hér um háhitasvæðin. Eftir að þessi löggjöf hefur verið sett þá eru háhitasvæðin næstum öll innan þjóðlendna og öll í eigu ríkisins. Hér er því um geysilega róttækan sósíalisma að ræða því að sveitarfélögin í landinu hafa mörg hver a.m.k. talið sig hafa fullar eignarheimildir á afréttum og eignarhald á þeim.

Það er eðlilegt að skoða þessa löggjöf sem hér er verið að setja í samhengi og hún er samferða og það er ekki neitt út í loftið. Það er með vilja gert. Í haust verður síðan skerpt á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja samræmi og aðkomu allra landsmanna að skipulagsmálum. Og ég hef þá trú að þegar þessari hríð linnir þá muni allir verða sáttir við það fyrirkomulag sem hér er verið að taka upp.

Það er rétt að ítreka að forsrh. fer með eigandavaldið á þjóðlendunum samkvæmt þjóðlendufrv. Og við hann er að semja um hugsanlega fjáraflastarfsemi á hálendinu eða í þjóðlendum. Hann þarf að samþykkja alla mannvirkjagerð sem á að standa lengur en eitt ár. Þá þarf til hans að taka og ég hygg að það sé ekki hægt að slá neinu föstu um það hvernig fjáröflun verður á hálendinu. Fjáröflun á hálendinu er að mestu í höndum Ferðafélags Íslands eins og stendur, þ.e. Ferðafélag Íslands tekur inn fyrir gistingu eða veitta þjónustu 23–24 milljónir á hverju sumri á hálendinu. Það getur vel verið að Ferðafélagið verði ekki eitt um þessa hitu í framtíðinni en ég er ekkert að amast við þeirra bisniss sem er mikill.

Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, sagði að sveitarfélög gætu hafnað svæðisskipulagi. Það kann rétt að vera en mér þykir frekar ósennilegt að sveitarfélög geri það í einhverjum verulegum mæli eða komist upp með það. Svæðisskipulagsvinnan á miðhálendinu hefur gengið ákaflega vel. Ég tel að unnið hafi verið mjög gott starf í svæðisskipulagsnefndinni og af fyrirtækinu Landmótun í Reykjavík, jafnvel þó að það séu ekki nema vesælir dreifbýlingar í þessari tólf manna nefnd. Ég tel að sú vinna sé í góðum gangi. Nú heyrir sú nefnd ekki undir mitt ráðuneyti heldur undir hæstv. umhvrh. þannig að ég veit ekki hvenær sú nefnd lýkur sinni vinnu, hvenær þetta svæðisskipulag verður staðfest. Ég get ekki nefnt dagsetningu um það en ég vona að það takist fyrir áramót. En ég hef enga trú á því að þó að fleiri komi að þeirri vinnu, þ.e. fulltrúar af höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum,

að þeir fari að sprengja upp þá vinnu sem unnin hefur verið og ég tel að sé góð og mikilvæg.

Hv. þm. spurði líka hvaða rök væru til þess að ljúka málinu nú. Það er náttúrlega margbúið að koma fram í þessari umræðu að þetta er í tengslum við þjóðlendufrv. og ég tel að mjög brýnt sé að efla stjórnsýsluna á miðhálendinu og ganga eftir því að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur sem þau hafa. Ég tel að líka mjög mikilvægt að einhver hafi lögregluvald á jöklunum.

Varðandi skipulagsmálin þá er náttúrlega dálítið einkennilegt að hugleiða hvernig þeim er fyrir komið. Við tölum hér um hálendið og ég er ekki að gera lítið úr því og mikilvægi skipulags á hálendinu. Ég er með í höndum bréf frá borgarverkfræðingnum í Reykjavík sem er dagsett 4. maí 1998. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa nýlega samþykkt að vinna að gerð svæðisskipulags, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997. Hlutverk svæðisskipulagsins er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu. Um svæðisskipulag er fjallað í 12.–15. gr. skipulags- og byggingarlaga."

Það á sem sagt að fara að drífa sig í að svæðisskipuleggja höfuðborgarsvæðið og er það áreiðanlega vel og það er tímabært. Menn hafa hér verið að tala um deiliskipulag og haft miklar áhyggjur út af því. Nú er svo komið að verið er að deiliskipuleggja Alþingisreitinn. Eiginlega er ekkert af Reykjavík deiliskipulagt, aðeins örlitlir blettir eða ræmur í borginni hafa verið deiliskipulagðar. Búið er að deiliskipuleggja með sjónum upp að Hverfisgötu. Það er búið að deiliskipuleggja Elliðaárdalinn að hluta, Laugardalinn að hluta, flugvallarsvæðið, undir nýju blokkunum á Kirkjusandi og á örfáum stöðum annars staðar í borginni. Annars hefur ekki verið unnið deiliskipulag en verið er að vinna að því hér á Alþingisreitnum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson virðist ekki hafa heyrt ræðu mína eða það sem ég svaraði honum núna fyrir hádegið. En ég vísa til þess og ætla ekki að eyða tíma í að endurtaka það sem ég sagði þá.

Þá að kosningum um sameiningu eða það að sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga þar sem sameining var samþykkt væri heimilt að ganga til sameiningar. Þetta er atriði sem mér finnst vera umdeilanlegt, hv. þm. Við undirbúning sveitarstjórnarlagafrv. lögðu fulltrúar sveitarfélaganna ríka áherslu á að þessi heimild væri inni. Mér finnst það hins vegar orka tvímælis. Reyndar er ekkert sem bannar kosningu en forsendur, eins og við þekkjum, geta breyst, þ.e. að hin upphaflega tillaga um sameiningu úreldist ef eitthvert sveitarfélagið gengur úr skaftinu eins og t.d. gerðist í Vesturbyggð. Núna er annað sveitarfélag í Vesturbyggð en hefði orðið ef t.d. Tálknafjörður hefði verið með eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu tillögunni og það var um hana sem fólkið í Vesturbyggð greiddi atkvæði. Ég hef ekkert á móti því að hv. félmn. skoði þetta atriði milli umræðna.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að sameiningin er ekki töfralausn. En eins og ég sagði áðan: Hver hefði þróunin orðið í þessum sveitarfélögum sem hv. þm. spurði um ef þau hefðu ekki sameinast? Það vitum við ekki. Það er rétt að ég treysti mér ekki til þess að spá neinu um þróunina næstu fimm ár í viðkomandi sveitarfélögum. Ég get hins vegar vonað það besta, að það gangi skár en það hefur gert í viðkomandi sveitarfélögum. En það er alveg rétt, eins og hv. þm. sagði, að ekki hafa orðið þau stakkaskipti sem til þurfti.

Brtt. hv. félmn. varðandi arðgreiðslurnar miðar einungis að því að búa við óbreytt ástand. Í 60 ár hefur Reykjavíkurborg tekið arð af Hitaveitu Reykjavíkur. Eins og fram hefur komið tel ég eðlilegt að kveða skýrar á um arðgreiðslur og jafnframt hámark arðgreiðslna í orkulögum og lögum um vatnsveitur.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var með vangaveltur um heita vatnið. Mér finnst margt athyglisvert í kenningum hv. þm. og ég er ekkert að halda því fram að ég sé endilega ósammála þeim. Í þeim er mjög ágæt og félagsleg hugsun. En ef frv. í þá veru sem hv. þm. var að viðra kæmi hér til umræðu held ég að umræðan yrði löng, úr því að menn hafa getað teygt umræðuna um sveitarstjórnarlögin svo mjög sem gert hefur verið.

Hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, talaði um samvistir við landið og þær eru vissulega okkur öllum mikilvægar. En það er ekki með nokkru móti verið að ganga á almannaréttinn, réttinn til samvista við landið, með þessu frv. Það er ekki hugmyndin að búa til neinar gjár í landið milli sveitarfélaganna. Almannarétturinn og umferðarréttur er tryggður í öðrum lögum. Það er ekki með neinu móti verið að þrengja að almannarétti eða umferðarrétti með þessu frv.

[12:29]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans sem ég er þó ekki alls kostar ánægð með. Í fyrsta lagi er ég sammála hæstv. ráðherra því að ég tel ekki að óbreytt ástand sé æskilegt á hálendinu. Ég tel að rétt hafi verið að taka á þessu máli. En það er mikill munur á því að hafa óbreytt ástand eða það sem nú stendur til og ég get alls ekki séð að sú skipan sem við kvennalistakonur og jafnaðarmenn mælum með, þ.e. að þarna verði sérstakt stjórnsýslusvæði — það má líta á það jafnvel sem sérstakt sveitarfélag — ég get ekki séð annað en að það samræmist alveg núverandi stjórnsýsluskipan.

Í öðru lagi spurði ég um útgjöld á svæðum sem tilheyra sveitarfélögunum stjórnsýslulega en ríkinu eignarlega. Mér er fullkomlega kunnugt um eignarlega skipan samkvæmt þjóðlendufrv. enda sit ég í allshn. og hef setið nokkra tugi funda um það mál. Við spurðumst sérstaklega fyrir um fyrirhugaða tekjumöguleika sveitarfélaganna af þessum svæðum í allshn. og munum ræða það nánar þegar frv. um þjóðlendur verður rætt. Það er ekki skýrt og margir hafa látið í ljós áhyggjur af því að sveitarfélögin setji á ýmis konar gjöld á hálendinu. Ég get ekki skilið orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hann hafi ekki áhyggjur af því að sveitarfélögin beri þarna skarðan hlut frá borði og hljóti að fá til þess nægilegar tekjur, hvort sem er frá ríkinu eða með þjónustugjöldum.

Í þriðja lagi var ég ekki ánægð með rök hans gegn frestun. Þau voru fyrst og fremst þau að þessi þrjú mál héngju saman. Í rauninni liggur ekkert sérstaklegalega mikið á því ekki er útséð með að hin málin fari hér í gegn. Ég er því ósátt við þau rök.

[12:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega deginum ljósara að sveitarfélögin koma til með að bera kostnað af þjónustu og skyldum sem þau hafa á hálendinu. Þau hafa borið hann hingað til. Reyndar verður eitthvað dýrara fyrir þau að sinna jöklunum

líka. Ég legg jafnframt áherslu á að mörg sveitarfélögin hafa vanrækt skyldur sínar, t.d. varðandi heilbrigðiseftirlit, frárennslismál o.s.frv.

Sveitarfélögin þurfa auðvitað einhverjar tekjur á móti. Það er ekki tekið á því í þessu frv. Það kann að verða samningsatriði milli þess sem fer með eigandavaldið, þ.e. hæstv. forsrh., og viðkomandi sveitarfélags í hverju tilfelli hvernig tekjuöflun verði háttað. Það er sjálfsagt ekki ljóst og er ekki einfalt að gefa viðhlítandi svör við því í öllum tilvikum. Ég treysti mér a.m.k. ekki til að gera það hér og nú.

Varðandi frestunina þá hefur það verið þaulrætt. Ég ætla ekki að rífa þá umræðu upp. Ég ætla hins vegar að nefna eitt atriði. Það er löggæslan. Löggæsla er ekki fyrir hendi á svæði sem er utan sveitarfélags. Það hefur enginn lögregluvald á svæði sem er utan sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að gera það en það er einmitt einn af þáttunum að skipta landinu í sveitarfélög. Sýslumannsumdæmin eru bundin við sveitarfélög og þótt einhver væri tekinn drukkinn á ökutæki uppi á Vatnajökli, reikna ég með að hann gæti sloppið vegna þess að hann væri utan starfssvæðis viðkomandi sýslumanns.

[12:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka enn hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég er alveg sammála því að núverandi ástand er ekki gott, m.a. vegna löggæslu. Ég tel að með því að hafa þetta eitt stjórnskipulegt svæði væri hægt að ákveða fyrirkomulag löggæslunnar, þ.e. hvort þarna yrði hálendislögregla. Einnig væri hægt að framselja lögregluvald til einstakra sveitarfélaga, þ.e. ákveðna þætti stjórnsýslunnar. Ég er alveg sammála því. Það þarf að taka á þessum málum en ég er mjög ósátt við að það sé gert með þessum hætti.

[12:35]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á ekki von á að ráðherra sem sækir það af jafnmikilli hörku og félmrh., að skipta miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna, hafi á því nokkurn skilning að það muni hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Vonir mínar í umræðunni hér voru bundnar við að aðrir í ríkisstjórn og stjórnarliðar mundu e.t.v. bregðast við og breytingar yrðu gerðar.

[12:36]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. félmrh. fyrir undirtektir við þau tvö atriði sem ég gerði sérstaklega að umfjöllunarefni nú fyrr í dag. Annars vegar varðandi ákvæði um frávik fyrir samþykki íbúa um sameiningu sveitarfélaga og hins vegar brtt. sem meiri hluti félmn. flytur og heimilar arðtöku eða afrakstur af fjármagni sem bundið er í stofnunum eða fyrirtækjum sveitarfélaga. Ég heyri að skoðanir eru ekki svo gagnstæðar að örvænt væri um að við næðum saman ef ekki væru aðrir til að trufla þær samningaumleitanir.

Vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, um að brtt. sé einungis til þess að festa í sessi fyrirkomulag sem verið hefur í 60 ár, vil ég árétta að ég er ekki alls kostar sammála því. Ég bendi á að það að brtt. skuli vera flutt helgast af þeirri ástæðu einni að lagagrundvöllur gildandi fyrirkomulags þykir hæpinn. Með öðrum orðum: Flutningur tillögunnar er yfirlýsing flutningsmanna um að arðgreiðslur undanfarinna ára séu á mjög hæpnum lagalegum forsendum. Í öðru lagi hefur orðið veruleg breyting í þessu á undanförnum árum. Ég nefni sem dæmi það sveitarfélag sem lengst hefur gengið í þessum efnum. Það er Reykjavíkurborg. Hún hefur hækkað arðgreiðslur til borgarsjóðs frá Hitaveitu Reykjavíkur úr 2% af bundnu fé upp í 6%, á undanförnum árum og auðvitað er það veruleg breyting frá gildandi fyrirkomulagi.

[12:38]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kunnugt er höfum við hv. 5. þm. Vestfjarða svipuð viðhorf til ýmissa mála og fer ég ekki nánar út í það. Brtt. sem hv. þm. talaði um er ekki yfirlýsing um hæpinn lagagrundvöll. Það er hún ekki. Hins vegar þótti eðlilegt að minnast á arðgreiðslurnar í þessu samhengi.

[12:39]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þessa umræddu brtt. meiri hluta félmn. er það að segja að nefnd sú sem vann að því að semja frv. féllst ekki á þetta ákvæði. Þess vegna tel ég að nefndarmenn hafi verið á þeirri skoðun að það væri ekki rétt.

Ég vek athygli á því að einn nefnarmanna var Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Garðabær hefur nú þegar samþykkt opinbera ályktun sem er andstaða við þessa brtt. meiri hluta félmn. Það hlýtur að opna augu allra fyrir því að um þetta er gríðarlegur ágreiningur. Ég get vel skilið afstöðu bæjarstjóra Garðabæjar og hvers vegna hann gerir ágreining um málið. Það er vegna þess að ákvæðið veitir fyrirtæki í Reykjavík, í eigu Reykjavíkurborgar, heimild til að skattleggja íbúa í öðrum sveitarfélögum sem skipta við þetta sveitarfélag, í Kópavogi, Garðabæ og víðar þar sem Hitaveita Reykjavíkur selur sitt vatn.

Það er auðvitað mjög eðlileg afstaða hjá bæjaryfirvöldum í Garðabæ að mótmæla því að sett séu í lög ákvæði sem heimila einu sveitarfélagi að skattleggja íbúa annars sveitarfélags, til almennra þarfa fyrrnefnda sveitarfélagsins.

[12:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka að ég tel að hér sé ekki um skattlagningu að ræða.

[12:41]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Undir lok þessarar umræðu vildi ég nefna tiltekið atriði úr frv. sem ég vakti raunar athygli á í ræðu fyrr við þessa umræðu. Það er 11. gr. frv. og ég bið hæstv. félmrh. að leggja við eyra ef forseti leyfir að ég beini þannig ósk til hæstv. ráðherra. Einnig er hér formaður félmn. sem hlýðir á. Greinin er svohljóðandi:

„Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Byggðarráð skv. 38. gr. nefnast byggðarráð, bæjarráð eða hreppsráð og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist bæjarstjóri eða sveitarstjóri.

Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins."

Ég er þeirrar skoðunar að þetta tvennt, lögfesting sú sem hér er áformuð varðandi heiti sveitarstjórnar, einhvers konar flokkun sem og sérákvæði um Reykjavíkurborg, þurfi nánari athugunar við.

Ég átta mig alls ekki á því hvers vegna menn eru að lögbjóða þrenns konar heiti sveitarstjórna þegar hugtakið sveitarstjórn er notað sem almennt hugtak um sveitarstjórnir og sveitarstjórnarstigið, samanber heiti þess frv. sem við ræðum hér. Ég tel það með öllu ástæðulaust að lögfesta nokkuð annað en sveitarstjórnarheitið, sé þörf á því. Síðan, eins og kemur fram í 3. efnismálsgrein þessarar frumvarpsgreinar, segir: „Heiti sveitarstjórnar er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins." Þannig getur hver og einn valið hvort hann vill kalla sig eitthvað annað en sveitarstjóra. Ef menn vildu taka upp heitið bæjarstjórn eða hreppsnefnd fyrir sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags þá mega þeir það, þyki þeim það eitthvað mildara.

Mér finnst með öllu ástæðulaust að lögbjóða eitthvað sérstakt um Reykjavíkurborg sem er bara sveitarfélag rétt eins og Mjóafjarðarhreppur, ekkert annað. Í samhengi þessara laga eru Reykjavíkurborg og Mjóifjörður sami hluturinn Það á að auðvelda landsmönnum skilning á þessu stigi, öðru af meginstjórnsýslustigum samfélagsins, með því að flækja það ekki með lögboðnu titlatogi, eða flokkun sveitarfélaga eftir gamaldags hugsun í bæjarstjórnir og hreppsnefndir, og hafa svo þriðja stigið hið almenna, sveitarstjórn. Þetta er svo rugluð hugsun að ég undrandi yfir því að hinu vísa fólki sem í félmn. starfar, skuli hafa yfirsést þetta atriði. Hér má auðvitað til með að verða breyting á. Hið eina sem þarf að standa í þessari grein er síðasta efnisgreinin:

„Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins."

[12:46]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki verið sammála hv. 4. þm. Austurl. og kannski er það vegna þess að ég er enn þá meiri íhaldsmaður en hann. Ég var einu sinni hreppsnefndarmaður og ég vil endilega halda því heiti um það starf. Ég held að eðlilegt sé að gefa ákveðið frjálsræði um þetta og ekki að fara að lögbinda eitt ákvæði.

Ef ég veit rétt hefur hv. formaður félmn. tekið það sérstaklega fram í umfjöllun sinni um þetta mál að heiti sveitarstjórna sé atriði sem hún muni beita sér fyrir að verði skoðað í félmn. á milli 2. og 3. umr. Ég er ekki að leggja til að þessu verði breytt, mér finnst þetta ágætt eins og það er, en það er náttúrlega félmn. sem tekur sínar ákvarðanir og gerir sínar tillögur.

[12:47]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að hlýða á mál mitt en greinilegt er að okkur greinir á í þessu efni. Ég treysti því að hv. félmn. fari vandlega yfir málið milli umræðna eins og nefnt mun hafa verið af formanni nefndarinnar. Ég var ekki viðstaddur þegar formaður félmn. tók til máls í umræðunni í gær, þar hefur þetta væntanlega komið fram en sakar ekki þó að það kæmi fram hér í lok umræðunnar.

Varðandi þær greinar sem félmn. ætlar að taka til skoðunar, eða það liggur fyrir yfirlýsing um það, þá finnst mér álitaefni hvort greiða eigi atkvæði um þær greinar við 2. umr. Þetta er tæknilegt atriði sem ég nefni þó hérna til íhugunar varðandi atkvæðagreiðslu, ef á að taka þær fyrir. En það er kannski ekkert á móti því að breyta einhverju við 3. umr. sem væri búið að samþykkja við 2. umr.

En mér finnst þessi hugsun ekki góð. Og taka það sérstaklega fram eins og gert er í upphafi 11. gr. að: „Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn." — Eða sveitarstjórn. Þarna er yfirheitið orðið eitt af þremur sem úr er að velja, og fyrr má nú vera íhaldssemin ef menn vilja halda í slíkar ambögur í framsetningu. Ég treysti hæstv. félmrh., virðulegur forseti, til þess að hugsa þetta á milli umræðna og bera þetta kannski undir fleiri fyrrverandi hreppsnefndarmenn, hvort þeir hefðu nokkuð á móti því að taka bara ákvörðun um það heima fyrir að halda þessu heiti inni í samþykkt.

[12:49]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi láta það koma fram að hv. félmn. mun hittast milli 2. og 3. umr. til að fara yfir nokkur atriði sem upp hafa komið í umræðunni og einnig vegna bréfa sem okkur hafa borist, m.a. varðandi endurskoðendur o.fl. Mér finnst sjálfsagt að taka til skoðunar þessa ábendingu þingmannsins eins og aðrar ábendingar sem fram hafa komið. Það er álitamál hvort beri að halda þessum gömlu heitum, þ.e. að þau komi fram í lögunum, og í sjálfu sér þarf ekki endilega að vera mótsögn í greininni. Því að í lokin kemur fram að hver sveitarstjórn ákveði í sínum samþykktum hvað hún telur sig vera, hvort hún telur sig vera hreppsnefnd eða bæjarstjórn eða hvort hún vilji bara kalla sig sveitarstjórn. En þetta er álitamál hvort yfirleitt þurfi að nefna þetta og hvort hefðin, ríkjandi hefð, muni halda hvað þetta varðar.

En ég ítreka það að við munum að sjálfsögðu skoða þessa ábendingu þingmannsins.

[12:50]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir formanns félmn. við óskum mínum. Ég vil ítreka það að hér er um talsvert þýðingarmikið mál að ræða. Það ber að hafa í huga að hér er verið að innleiða aukið svigrúm, menn geta kallað það frelsi, í sambandi við val á nafngiftum sveitarfélaga, og tengslin við hinar gömlu lögboðnu nafngiftir hreppur, kaupstaður, bær og hvað það nú heitir samkvæmt gildandi lögum, eru horfin. Þannig að það botnar ekki nokkur einasti maður í því hvers vegna hér ganga aftur bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þær hafa enga fótfestu að öðru leyti í þessum lögum og það þarf bara sérstakt námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn til að þeir átti sig á því hvers vegna verið er að lögbjóða svona afturgöngur. Og náttúrlega gengur ekki að yfirheitið sé orðið eitt af þrennu úr að velja. Það er í rauninni verið að segja með upphafsorðinu að bæjarstjórn sé ekki sveitarstjórn, að hreppsnefnd sé ekki sveitarstjórn. Það er alveg ljóst.

Og svo tel ég verulega mikið atriði að enginn velkist í vafa um það að staða Mjóafjarðar, svo dæmi sé tekið, og Reykjavíkur sé hin sama í samhengi þessarar löggjafar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

## *Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.*

Beiðni KH o.fl. um skýrslu, 705. mál. — Þskj. 1362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Beiðni leyfð til umhvrh. með 48 shlj. atkv.

*Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 359, nál. 1192 og 1275, brtt. 1193 og 1276, till. til rökst. dagskrár 1326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1326 felld með 29:23 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HjÁ, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Á þskj. 1326 flytjum við þingmenn Alþb. og óháðra svofellda tillögu til rökstuddrar dagskrár:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra harmar þá niðurstöðu meiri hluta Alþingis að neita að taka til umræðu frumvarp frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þar sem reynt er að leita sátta í viðkvæmu deilumáli. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin vill ekki ná neinni almennri sátt um skipulagsmál hálendisins. Jafnframt er ljóst að litlu breytir hvort frumvarp til sveitarstjórnarlaga nær fram að ganga á þessu vori eða bíður næsta vetrar. Með hliðsjón af þessu leggur þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra til að Alþingi samþykki að frumvarpi ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá."

Með hliðsjón af því, herra forseti, hvernig útlitið er á töflunni nú þegar, að því er varðar litaskiptingu hennar, þá sýnist mér nokkuð örvænt um að Alþingi fallist á þessa viturlegu tillögu. Í tilefni af því vil ég einnig lýsa því yfir af hálfu okkar þingflokks að við munum ekki greiða atkvæði um einstakar greinar komi málið til atkvæða í framhaldi af niðurstöðu þessarar atkvæðagreiðslu. [14:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Fáheyrð vinnubrögð og yfirgangur hafa einkennt 2. umr. þessa máls. Stjórnarandstaðan hefur óskað eftir fresti á þeirri afdrifaríku ákvörðun sem felst í 1. gr. frv. um að skipta miðhálendinu milli sveitarfélaga, en án árangurs. Félagasamtök og einstaklingar hafa skorað á forsrh. og Alþingi að bíða með þessa ákvörðun. Það er ekkert sem kallar á afgreiðslu þessa frv. nú. Viturlegra hefði verið að afgreiða þjóðlendufrv. og bíða með afgreiðslu þessa umdeilda máls.

Þingflokkur jafnaðarmanna mun taka afstöðu til 1. gr. frv. og bráðabirgðaákvæðis. Að öðru leyti mun þingflokkurinn ekki taka afstöðu til frumvarpsgreina sem koma til afgreiðslu í dag.

Virðulegi forseti. Ég segi já við frávísun á þessu frv. [14:05]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Þá er sú stund runnin upp að gengið er til atkvæða um frv. til sveitarstjórnarlaga á sjöunda degi umræðunnar og eftir að 50 ræður hafa verið haldnar. Ég vona að sú umræða sem hér hefur farið fram verði ekki til þess að gera samskipti dreifbýlis og þéttbýlis erfiðari en verið hefur, en ýmsir hv. ræðumenn hafa með málflutningi sínum vissulega gefið tilefni til þess. Gætt hefur mikillar vanþekkingar á aðstæðum til sveita í umræðunni og ég vil einnig halda því fram að gætt hafi vanþekkingar staðháttum á miðhálendinu.

Miðhálendið er landfræðilega í beinu framhaldi af viðkomandi sveitahreppum sem að því liggja og því rökrétt að það heyri til þeirra. Þetta mál fjallar ekki um rétt almennings til að fara um landið. Um þau mál er fjallað í náttúruverndarlögum. Þau lög eru í endurskoðun í nefnd sem hæstv. umhvrh. hefur skipað. Fullur vilji er til þess innan þingflokks framsóknarmanna að breyta náttúruverndarlögum þannig að almenningur fái aukinn rétt til umgengni um landið. Ég segi nei við þessari frávísunartillögu. [14:06]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég hefði talið rétt að fresta þessu máli til hausts og að við gæfum okkur tíma til þess að vinna þau mál sem hér eru til umræðu, öll í sameiningu, þ.e. frv. til laga um sveitarstjórnarmál, þjóðlendufrv. og önnur mál sem þessu tengjast. Því miður hefur ekki verið vilji til sátta hjá meiri hluta Alþingis. Ég tel afar mikilvægt að reynt verði að finna leið sem sem flestir landsmenn geta sætt sig við og því harma ég að nú stefnir hér í afgreiðslu málsins. Ég greiði atkvæði með því að þessu máli verði vísað frá.

Ég hef hins vegar lagt mikla vinnu ásamt öðrum nefndarmönnum í félmn. í sjálft frv. sem er upp á 105 greinar og ég mun styðja þær brtt. sem mér finnst vera til bóta en sitja hjá við aðrar greinar. [14:08]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Við kvennalistakonur lítum svo á að þessi frávísunartillaga sé stuðningur við þau sjónarmið almennings að hér sé um mjög vafasamt mál að ræða sem verði að fresta til að gefa almenningi kost á að kynna sér það betur. Þar á ég fyrst og fremst við 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða.

Einnig er óeðlilegt að frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem skiptir máli í því samhengi sem þessi mál eru nú að komast í, skuli ekki afgreitt samhliða þessu frv.

Ég er þeirrar skoðunar að ekkert liggi á að afgreiða þetta frv. og ég segi já við því að vísa því frá. [14:08]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Því miður er þetta frv. allt vanbúið. Í fyrsta lagi er 1. gr. þess er lýtur að hálendismálum ávísun á vandamál. Að öðru leyti er frv. metnaðarlaust hvað viðvíkur sjálfstæði sveitarfélaga í landinu og er skref aftur á bak hvað varðar samskipti framkvæmdarvalds og sveitarfélaga. Það er deginum ljósara að mínu áliti að þetta mál eigi að hvíla og taka upp á nýjan leik á haustþingi. Því segi ég auðvitað já.

[14:09]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Hér er um að ræða till. um að vísa frá frv. til sveitarstjórnarlaga. Hér er um að ræða heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum sem hefur verið lengi í vinnslu. Hún hefur hlotið ítarlega og vandaða, þinglega meðferð og tiltölulega góð samstaða er um þessa löggjöf hjá sveitarstjórnum í landinu.

Varðandi hálendið eyðir löggjöfin óvissu um stjórnsýslu á miðhálendi landsins. Hún snertir hvorki eignarhald né nýtingu lands eða frjálsa för fólks um hálendið. Á þessum málum er tekið með öðrum lögum, svo sem lögum um þjóðlendur, skipulagslögum, lögum um náttúruvernd og lögum um landgræðslu svo eitthvað sé nefnt.

Ég tel að sú lagasetning sem er á döfinni um hálendið sé grundvöllur að bættri og skipulegri nýtingu þess í þágu almannahagsmuna. Ég tel ekki ástæðu til að vísa þessu máli frá eða tefja það og segi nei við þessari tillögu.

[14:10]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta mál er ekki fullrætt í þjóðfélaginu. Fjölmargir einstaklingar og samtök hafa óskað eftir að meiri tími verði gefinn til umræðu í sumar um þetta mikilvæga mál. Það ber enga brýna nauðsyn til að afgreiða frv. fyrir haustið. Afstaða ríkisstjórnarflokkanna um að knýja á lögfestingu þessa mikla deilumáls sýnir lítilsvirðingu gagnvart þessum fjölmörgu einstaklingum. Þetta er einnig þinglega óvönduð málsmeðferð. Stór hluti þessa máls, þ.e. frv. umhvrh., verður hvorki rætt né afgreitt núna í vor. Afgreiðsla meiri hlutans er blaut tuska framan í þjóðina. Við frestuðum gagnagrunnsmálinu sem þurfti einnig meiri umræðu.

Ég styð því tillöguna um að vísa þessu máli frá.

[14:11]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er ekkert sem knýr á um samþykkt þessa máls annað en þrjóska, þvergirðingsháttur, yfirgangur og hroki þessarar ríkisstjórnar. Ég kem upp til þess að mótmæla vinnubrögðum hennar í þessu máli og vekja athygli á því að það er mikil undiralda í þjóðfélaginu og eindregin krafa um að málið fái umræðu í sumar utan þings og innan. Þetta er almannaviljinn. Þetta er heilbrigð skynsemi. Þetta er sanngirni. En ekkert hrín á þessari ríkisstjórn, ekki sanngirnin, ekki heilbrigð skynsemi og ekki almannaviljinn. En sem betur fer, og það ætti að verða hæstv. forsrh. umhugsunarefni, er sú tíð í nánd að almannaviljinn fær tækifæri til þess að stokka upp í Stjórnarráðinu og í þessum sal.

[14:13]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Frv. þetta til sveitarstjórnarlaga hefur fengið bæði langa og ítarlega umræðu, bæði í þinginu og úti í þjóðfélaginu. Hér er verið að leysa úr stjórnsýslulegri óreiðu sem ríkt hefur á miðhálendinu fram að þessu. Jafnframt er tryggt í þjóðlendufrv. og með breytingu á skipulagslögum að fulltrúar frá öllum landshlutum og þar með almenningi geti haft áhrif á nýtingu og framtíð skipulags á þeirri náttúruperlu sem miðhálendið er og er okkur öllum kært og því greiði ég atkvæði á móti þessari frávísun.

[14:13]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að fáheyrð vinnubrögð og yfirgangur hefur einkennt afgreiðslu þessa máls í þinginu þar sem minni hlutinn hefur reynt að kúga meiri hlutann.

Ég harma þá lítilsvirðingu sem ýmsir hv. þm. hafa sýnt íbúum sveitarfélaga á landsbyggðinni. Hv. Alþingi tók einróma ákvörðun um það fyrr á kjörtímabilinu að afhenda sveitarfélögum í landinu ábyrgðina á grunnskólum. Nú er minni hlutinn að vantreysta sveitarfélögum til að bera ábyrgð ásamt ríkinu á óbyggðum svæðum landsins.

Ég segi nei við frávísunartillögunni.

[14:14]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er mikill ágreiningur um þetta mál úti í samfélaginu. Málsmetandi menn hafa farið fram á það við alþingismenn og Alþingi að þessu máli verði frestað til haustsins og tími verði gefinn til að ræða málið fram á haust. Það er yfirgangur að taka ekki tillit til slíkra óska. Ekkert liggur á við að afgreiða þetta mál. Því styð ég þá tillögu um að málinu verði vísað frá sem hér eru greidd atkvæði um.

Brtt. 1276,1 felld með 29:13, atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SvanJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SighB.

**nei:** VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, ÓE.

11 þm. (SJS, SvG, ÖJ, BH, HG, KHG, KÁ, MF, ÓÖH, RA, SJóh) greiddu ekki atkv.

10 þm. (StB, TIO, ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, LMR, StG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Að því felldu að vísa þessu máli frá samkvæmt rökstuddri dagskrá er það mín bjargfasta skoðun og ég fullyrði að meiri hluti þjóðarinnar vill að miðhálendið eigi að vera ein stjórnsýslu- og skipulagsheild með landskjörinni stjórn og með aðkomu sveitarfélaganna þar að. Þetta er mitt sjónarmið, herra forseti, og þess vegna styð ég þessa brtt. og segi já.

[14:18]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Á síðasta þingi fyrir um það bil ári var samþykkt löggjöf um skipulags- og byggingarmál þar sem vald í þessum málum var flutt með samþykki Alþingis til sveitarfélaga.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir gengur þvert á þá niðurstöðu varðandi þann málaflokk og felur auk þess í sér að stýring á því hugsaða stjórnsýslusvæði sem þar er gerð tillaga um verði sett að meiri hluta til undir vald fulltrúa ráðherra með setur í Reykjavík. Ég tel það óskynsamlega tilhögun en í samræmi við okkar afstöðu í þingflokki Alþb. að sitja hjá að felldri okkar frávísunartillögu greiði ég ekki atkvæði.

[14:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þingkonur Kvennalistans styðja þessa tillögu vegna þess að í henni felst það meginatriði að miðhálendi landsins verði ein heild og verði meðhöndlað sem sameign allrar þjóðarinnar. Við gætum að vísu hugsað okkur aðra skipan þeirrar stjórnar sem hér er lögð til en aðalatriðið

er að stjórnsýsla og skipulag verði á einni hendi. Það er kjarninn í málflutningi okkar þingkvenna Kvennalistans um ráðstöfun miðhálendis Íslands og það er vilji og skoðun tugþúsunda Íslendinga sem hafa á undanförnum dögum skorað á Alþingi að fjalla nánar um þetta mál og í þá veru sem hér er lagt til. Því segi ég já við þessari tillögu.

[14:20]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Að gera miðhálendið að sjálfstæðri stjórnsýslueiningu er í mínum huga klúður þar sem yrði að vera sérstakur sýslumaður, sérstök hálendislögregla, sérstök hreppsnefnd, sérstakur heilbrigðisfulltrúi. Ég lít svo á að með því sé ekki verið að þjóna neinum hagsmunum heldur væri verið að gera þetta svæði að stjórnsýslulegri einingu sem ekki gæti starfað. Ég get því ekki greitt þessu atkvæði og segi nei.

[14:21]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þessi tillaga jafnaðarmanna er um að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög utan miðhálendis Íslands sem verði sjálfstæð stjórnsýslueining. Það er víðtækur stuðningur við það að þetta dýrmæta svæði verði sérstakt skipulags- og stjórnsýslusvæði og auðlindir til lands og sjávar og umráðarétturinn yfir landinu á að vera réttur komandi kynslóða.

Virðulegi forseti. Jafnaðarmenn geta ekki fallist á að deila miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga. Það getur ekkert réttlætt að lögbinda svo afdrifaríkt ákvæði í ágreiningi við þjóð og þing. Ég segi já.

[14:22]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er skoðun jafnaðarmanna að miðhálendi Íslands eigi að vera sameign þjóðarinnar, hálendið og auðlindir þess. Það er skoðun okkar að það verði ekki tryggt nema um sé að ræða eitt stjórnsýslusvæði þar sem fulltrúar almannavaldsins fara með stjórnsýsluna og samræma þá stefnu sem móta þarf til þess að nýta þessar auðlindir. Ég segi já.

[14:23]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Eftir að hafa tekið þátt í vinnslu þessa máls í félmn. hef ég séð ýmsa annmarka á því að gera miðhálendið að sérstöku stjórnsýslusvæði, að sérstöku sveitarfélagi. Því tók ég þátt í að vinna að sáttatillögu um aðalatriði málsins, þ.e. um skipulagsmálin og með þeirri tillögu er tryggt að miðhálendið verður sérstakt skipulagssvæði. Ég segi nei við þessari tillögu.

1. gr. samþ. með 29:13 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS.

11 þm. (BH, HG, KHG, KÁ, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Við greiðum nú atkvæði um mjög mikilvæga grein sveitarstjórnarlaga. Hún er mikilvæg fyrst og fremst fyrir það að hún tekur á óviðunandi ástandi sem ríkir í skipulagsmálum á miðhálendi Íslands, þar með talið á jöklum.

Með samþykkt þessarar greinar verður öllu landinu skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu framlengjast inn til landsins sem er eðlilegt m.a. með tilliti til þess að í gegnum aldirnar hefur þetta land verið nytjað af íbúum viðkomandi hreppa og hefur allan tímann verið skilgreint innan staðarmarka þeirra. Það er því fyrst og fremst verið að bæta jöklunum við með þessum lögum.

Það er fullur vilji til þess innan þingflokks framsóknarmanna að skipulagsmál miðhálendisins verði með þeim hætti að þar verði samræmis gætt og að tryggt sé að miðhálendið verði skipulagt sem ein heild. Að því starfi munu koma fulltrúar allra landshluta, einnig þéttbýlisins á suðvesturhorninu.

[14:27]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þetta er tillaga um að miðhálendinu verði skipt upp í 42 ræmur á milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að hálendinu. Um hverja þessara 42 ræma mun síðan gilda sérstakt aðalskipulag sem taka mun mið af hagsmunum hvers þeirra um sig. Ráðherrar hafa reynt að réttlæta þessa gjörð með því að benda á að svæðisskipulag muni líka gilda um hálendið. En svæðisskipulag hefur hins vegar enga stjórnsýsluhafa á bak við sig og er þannig mun veikara en aðalskipulag sveitarfélaga. Þess vegna lögðum við jafnaðarmenn til að miðhálendið verði sérstök stjórnsýslueining. Það hefur nú verið fellt.

Ótti mjög margra við að þetta fyrirkomulag verði til alvarlegra vandræða við skipulag og nýtingu hálendisins er því eðlilegur sem og ótti við það að almannaréttur verði ekki virtur. Ég er sammála þeim stóra hópi fólks sem telur að þessi mál þurfi að ígrunda mun betur og til þess þurfi að fresta málinu. Ég greiði því atkvæði gegn þessari grein.

[14:28]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um eitt umdeildasta mál seinni tíma í íslenskum stjórnmálum. Hálendi Íslands, eina dýrmætustu perlu landsmanna á nú að reita niður á milli sveitarfélaga með því að draga línur þvert á landslagsheildir, jökla eða hraunbreiður. Ég studdi á sínum tíma þá málamiðlun sem lá í loftinu um þetta mál, enda yrði tryggt að á hálendinu yrði skipulagsleg heild.

Í mínum huga var það alger grundvöllur slíkrar málamiðlunar að nauðsynlegar lagabreytingar yrðu ræddar samhliða frv. Annað er í raun ósvífni af hálfu framkvæmdarvaldsins og sýnir best yfirgang þess gagnvart löggjafarvaldinu. Reiting hálendisins í ræmur milli aðliggjandi sveitarfélaga án þess að fyrir liggi hvernig það verður skipulagt stríðir gegn sannfæringu minni og því greiði ég atkvæði gegn bráðabirgðaákvæði þessa frv. Ég mun sitja hjá við þessa grein sem og aðrar greinar frv. og vísa allri ábyrgð á frv. á hendur ríkisstjórninni.

[14:29]

**Magnús Stefánsson:**

Herra forseti. Með lögfestingu þessarar greinar er verið að ákveða að landinu skuli öllu skipað innan marka sveitarfélaga. Það er í fullu samræmi við þá grundvallarforsendu stjórnskipunarinnar að hér eru tvö stjórnsýslustig, ríkisvaldið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar.

Þetta ákvæði fjallar á engan hátt um eignarrétt á landi og þetta ákvæði fjallar heldur ekki um almannarétt fólks til aðgangs að landi. Með þessu er ekki verið að afhenda nokkrum sveitarfélögum og fámennum hluta þjóðarinnar miðhálendið eins og jafnaðarmenn og aðrir andstæðingar frv. hafa ranglega haldið fram.

Samkvæmt 7. gr. frv. eru sveitarfélögunum falin ýmis verkefni með sérlögum þar um. Þannig eru sveitarfélögunum falin skipulagsmál í skipulags- og byggingarlögum. Samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum er byggð í landinu, þar með afréttum, skipað innan marka sveitarfélaga. Samkvæmt því er stærstur hluti landsins nú innan sveitarfélaga, þar á meðal mestur hluti miðhálendisins.

Fyrir tæplega einu ári voru samþykkt ný skipulags- og byggingarlög á Alþingi. Samkvæmt þeim er sveitarfélögum falið skipulagsvald á stærstum hluta hálendisins. Þau lög voru samþykkt samhljóða í atkvæðagreiðslu, m.a. af hv. þingmönnum jafnaðarmanna og fulltrúi þeirra stóð án fyrirvara að nefndaráliti umhvn. sem lagði til að þau lög yrðu samþykkt. Upphlaup þeirra í þessu máli nú er því illskiljanlegt og ber vott um ótrúlegan tvískinnung.

Herra forseti. Lögfesting þessarar greinar er fullkomlega rökrétt og eðlileg og því segi ég já.

[14:31]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Með því að skipta hálendinu upp í tertusneiðar eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir er verið að færa þeim sveitarfélögum sem land eiga að hálendinu neitunarvald um það mikilvæga atriði að komið verði á heildarsvæðisskipulagi á hálendi Íslands. Hættan er m.a. sú að ekki takist til frambúðar að marka skynsamlega nýtingarstefnu fyrir hálendið. Því er það skoðun mín og fleiri, a.m.k. í þingflokki jafnaðarmanna, að hér sé boðið upp á skipulagsslys. Það er því ekki hægt annað, virðulegi forseti, en að segja nei við því ákvæði sem hér er borið upp til atkvæða.

[14:32]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Í tengslum við þetta frv. hafa verið lögð fram frv. um þjóðlendur og frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum. Samkvæmt þjóðlendufrv. verður ríkið eigandi alls hálendis Íslands. Hæstv. forsrh. mun fara með þá eign í umboði þjóðarinnar. Hann mun leyfa eða banna byggingar, skotveiðar og annað það sem eigendur lands venjulega leyfa og banna.

Skipulagi hálendisins verður þannig háttað að það skal svæðisskipulagt sem ein heild og sú stefna verði tekin inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga. Að svæðisskipulaginu koma fulltrúar þéttbýlisstaða og fulltrúar tveggja ráðuneyta, auk fulltrúa aðliggjandi sveitarfélaga.

Herra forseti. Þetta er góð lausn á óvissuástandi í skipulagsmálum hálendisins og ég segi já.

[14:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er verið að skipta miðhálendinu upp í ræmur á milli örfárra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu og fela þeim ákvörðunarvald um nýtingu hálendisins. Miðhálendið á að vera sameign þjóðarinnar og þjóðin öll á að hafa um það að segja hvernig það er hagnýtt og skipulagt. Hér á að samþykkja tillögu sem ég er viss um að gengur gegn meirihlutavilja þjóðarinnar. Ég segi nei.

[14:33]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Virðulegur forseti. Ég var með fyrirvara við þetta frv. Hann gekk út á það að ég vildi að miðhálendið yrði skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna kæmu að þeirri ákvörðun. Með breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem staðfest verður í haust er komið til móts við mín sjónarmið. Það er tryggt að miðhálendið verði ein heild en ekki skipulagt í 42 sneiðum. Einnig verður íbúum Reykjavíkur, Reykjaness og Vestfjarða tryggð aðkoma að svæðisskipulaginu.

Auk þessa skal sú stefna sem fram kemur í svæðisskipulagi færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík. Þannig verður fyllsta samræmis gætt í skipulagsvinnu miðhálendisins. Ég segi því já.

[14:34]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Með tillögu um sérstaka svæðisskipulagsnefnd fyrir miðhálendið er tryggt að þetta svæði verði skipulagt sem ein heild með aðild allra landsmanna. Engin ástæða er til að vantreysta sveitarfélögum né sýslumönnum við stjórnsýsluþátt laganna. Vísvitandi rangfærslur jafnaðarmanna um að verið sé að færa miðhálendið í hendur fárra eru alvarlegar og ég lýsi allri ábyrgð á þessum rangfærslum á hendur jafnaðarmönnum. Ég segi já.

2.–3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁRJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁRJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KH, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,2 (ný 5. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁRJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KH, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁRJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KH, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,3 samþ. með 29:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** KHG, SJóh.

21 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Hér er um erfitt mál að ræða. Ég tel þó skynsamlegra að í lögum séu ákvæði um sveitarstjórnir fremur en að ekkert sé kveðið á um málið. Ég mun því styðja brtt. Ég hefði hins vegar talið að hún mætti vera skýrari, sérstaklega varðandi orðalagið „eðlilegan afrakstur“ og vildi beina því til hv. nefndar að hún skoðaði þetta atriði milli 2. og 3. umr. Ég segi já.

[14:39]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Árna M. Mathiesen, að ástæða sé til þess að skoða sérstaklega þetta orðalag í 7. gr. um eðlilegan afrakstur. Ég vil fara fram á það við forseta að milli 2. og 3. umr. verði frv. tekið til sérstakrar skoðunar og sérstaklega verði fengnir til viðtals við nefndina fulltrúar frá Reykjavíkurborg, veitustofnunum Reykjavíkur og fleiri ef á þarf að halda. Ég beini þessum tilmælum til formanns nefndarinnar, herra forseti.

[14:39]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um þetta frv. hafa komið fram ýmsar athugasemdir er snúa að 7. gr. og ég vil upplýsa það hér að hv. félmn. mun taka frv. til athugunar milli 2. og 3. umr. Um það var gefið loforð við afgreiðslu málsins úr nefndinni. Síðan hafa bæst við nokkrar athugasemdir sem við munum skoða og það sem snýr að 7. gr. er eitt af því.

[14:40]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega mjög ánægjulegt að frá stjórnarþingmönnum skuli koma krafa um að málið verði aftur sent inn í félmn. Þá verður væntanlega hægt að taka málið upp til heildarendurskoðunar. Þá gefst m.a. tækifæri fyrir þá fjölmörgu aðila í þjóðfélaginu, sem skorað hafa á Alþingi að afgreiða málið ekki, til þess að koma þeim athugasemdum á framfæri við félmn., og formaður félmn. hefur einmitt lýst því yfir að það séu fleiri atriði en þetta sem þarf að skoða eftir að það hefur verið gert að umræðuefni hér. Ég vænti þess þá að nefndin, fyrir tilverknað stjórnarþingmanna, taki málið upp til skoðunar að nýju. Ég fagna þessu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður um hljóð í salnum.)

Ég hef, virðulegi forseti, þegar greitt atkvæði með því að ýta á hnapp eins og til stendur. En ég þakka þeim þingmönnum stjórnarliðsins sem hafa beitt sér fyrir því að málið komi aftur til umræðu í félmn. innilega fyrir. Málinu er ekki lokið. Það er mjög athyglisvert.

7. gr., svo breytt, samþ. með 29:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** KHG, SJóh.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, BH, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, ÓÖH, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

8.–12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,4 (ný 13. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

14.–18. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

20.–41. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,6 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

42. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, BH, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

43.–60. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,7 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

61. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

62.–64. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,8 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

65. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

66.–67. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég biðst afsökunar, en ég ætlaði aðeins að vekja athygli á 65. gr. og því að í þessu frv. er mikil fleirtöluveiki, meiri en ég hef áður séð í hliðstæðum textum. T.d. er hér talað um miklar fjárfestingar í kaflafyrirsögn. Mér finnst þetta ljótt og ég mælist til þess, úr því að hv. félmn. hittist á milli umræðna, að hún fækki fleirtölum eins og kostur er í frv. Þetta er afar ósmekklegt í 65. gr.

68. gr., 1. mgr., samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EKG, EOK, FrS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

68. gr., 2. mgr., samþ. með 25:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** ÁRÁ.

24 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GMS, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Meðan á 2. umr. um þetta mál stóð barst bréf frá stjórn Félags löggiltra endurskoðenda með ábendingum sem sjálfsagt er að taka til skoðunar milli 2. og 3. umr. Að mínum dómi er þar um mjög alvarlegar ábendingar að ræða sem nauðsynlegt er að skoða. Ég vil að það komi fram að þetta er ein af þeim greinum sem við munum skoða betur milli 2. og 3. umr.

[14:51]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það kemur nú æ betur í ljós að fleiri og fleiri atriði í þessu frv. þarfnast betri skoðunar og eru vafasöm og kemur nú eitt atriði til enn. Auðvitað styður þetta enn frekar þá tillögu sem lögð hefur verið fram í þinginu og hefur verið studd mjög af almenningsáliti og fjölmörgum félagasamtökum, að málinu verði ekki lokið í vor. Ég ítreka það að félmn. hlýtur að skoða það mjög alvarlega miðað við þá stöðu sem er nú að koma í ljós.

68. gr., 3.–4. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

69.–73. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1193,9 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

74. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

75.–86. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, SP, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1193,10 (ný 87. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, DO, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, SP, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

88.–93. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, ÓÖH, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,11 (ný 94. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

95.–105. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, MF, ÓÖH, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1276,2 kom ekki til atkv.

Brtt. 1193,12 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 30:12 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, KH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS.

10 þm. (HG, KHG, KÁ, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EKG, GÁS, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:57]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hér birtast í hnotskurn þau hrepparenningasjónarmið sem vakið hafa svo mikla umræðu og andspyrnu fjölmargra einstaklinga og félagasamtaka utan veggja þessa húss. Þau hafa stutt þá afstöðu gildum rökum en einnig er um að ræða afstöðu byggða á tilfinningum.

Herra forseti. Tilfinningar eiga fullan rétt á sér í þessu máli sem öðrum og ég lít svo á að meiri hluti Alþingis hafi beinlínis vegið að lýðræðinu með því að sniðganga vilja og óskir fjölmargra Íslendinga um frestun þessa máls í heild sinni og hins vegar að hafna þessari reitaskiptingu miðhálendisins sem hér á að staðfesta.

Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði gegn þessu ákvæði.

[14:58]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Sú skipting sem hér er verið að leggja til í sambandi við sveitarfélög tekur einnig til jökla. Það er eitt af því sem er nýtt í þessu frv. Það er mjög eðlilegt að fólki bregði nokkuð í brún þegar farið er að deila jöklum hálendisins upp á milli sveitarfélaga. Við hvað skal miða? Á að miða við landslag undir jökli, einhver hugsuð vatnaskil o.s.frv.? Þetta er svolítið erfitt og kann að leiða til nokkurra árekstra á milli sýslumanna sem kvaddir verða til. Kannski heyja þeir glímu eða orrustu yfir sprungum á jöklum hálendisins.

Ég hef lagt til í sérstakri tillögu að jöklar á miðhálendinu verði hluti af þjóðgörðum og ég held að Alþingi ætti að bregða á það ráð fyrr en seinna að ganga frá þeirri skipan mála og tryggja þá um leið þá hagsmuni sem flestir nefna sem láta sér annt um hálendið, þ.e. verndarhagsmuni.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, BH, EKG, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR, RA, StG, StB, TIO) fjarstaddir.

## *Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 2. umr.*

Stjfrv., 642. mál. — Þskj. 1105, nál. 1312, 1335 og 1345, brtt. 1336.

[15:01]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. sjútvn., sem liggur frammi á þskj. 1312, um frv. til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Í nál. kemur fram að nefndin hefur fengið ýmsa aðila á sinn fund til að fjalla um málið og borist umsagnir frá nokkrum aðilum að auki. Það er þakkarvert miðað við að skammur tími var til stefnu þegar frv. kom til nefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hið almenna ákvæði laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands varðandi úthlutun aflahlutdeildar úr svonefndum deilistofnum verði afnumið hvað snertir stjórn veiða úr þessum stofni. Þess í stað er lagt til að sett verði tímabundin ákvæði um stjórn veiðanna fyrir árin 1998, 1999 og 2000 og kveðið á um að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn þeirra veiða eftir það.

Í 2. gr. frumvarpsins eru settar fram meginreglur um stjórn veiðanna á næstu þremur vertíðum. Ákvæðin eru ramma-ákvæði og er sjávarútvegsráðherra ætlað að setja nánari ákvæði um framkvæmdina með reglugerð.

Samkvæmt a-lið 2. gr. verða veiðarnar leyfisbundnar en öll skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á þessu leyfi. Þar sem úthluta þarf veiðiheimildum milli skipa er nauðsynlegt að fyrir liggi í upphafi vertíðar hvaða skip koma til með að stunda veiðarnar og verður því að miða við að þau skip ein fái leyfi sem um það sækja fyrir lok tiltekins umsóknarfrests, enda fullnægi þau á því tímamarki skilyrðum um skráningu á íslenska skipaskrá og leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur nú þegar að höfðu samráði við sjávarútvegsnefnd tilkynnt að miðað verði við 5. maí sem upphafsdag síldarvertíðar í ár, enda var setningu reglna um stjórn veiðanna lokið fyrir þann tíma og var það gert með útgáfu reglugerðar á grundvelli laganna um veiðar utan íslenskrar efnahagslögsögu.

Í b-lið 2. gr. er kveðið á um úthlutun aflaheimilda. Skulu a.m.k. *90% aflaheimildanna koma til skipta milli þeirra* skipa sem þessar veiðar hafa stundað síðastliðnar þrjár vertíðir. Skiptast þær á milli þeirra þannig að 60% er skipt miðað við burðargetu en 40% er skipt jafnt.

Í d-lið 2. gr. er ráðherra falið að setja með reglugerð nánari ákvæði um stjórn veiðanna. Getur hann m.a. ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um úthlutun á takmörkuðu aflamagni sem íslenskum skipum er heimilt að veiða innan lögsögu annarra ríkja. Með þessu er ráðherra fyrst og fremst veitt svigrúm til að ákveða sérstaka úthlutun á því magni (9.000 lestum 1998) sem heimilt er að veiða í lögsögu Noregs. Þá er ráðherra heimilað að ákveða að endurúthluta skuli afla eftir tiltekinn tíma sýnist það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa. Meðal annars vegna þess að framsal á aflaheimildum er takmarkað samkvæmt frumvarpinu er nauðsynlegt að kveða á um endurúthlutun. Mun væntanlega koma til slíkrar endurúthlutunar á óframseljanlegum hluta aflaheimilda skipa sem ekki hafa farið til veiða fyrir tiltekið tímamark eða ekki veitt tiltekinn hluta aflaheimilda sinna fyrir slíkt tímamark. Þá gæti aftur komið til endurúthlutunar í lok vertíðar til að tryggja þetta sama markmið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta það koma fram af minni hálfu að vissulega hafa verið nokkuð ólík sjónarmið um það hvernig að þessu skuli standa. Öll eru þau í sjálfu sér efnisleg miðað við það viðfangsefni sem meiri hluti nefndarinnar setti sér fyrir með niðurlagi nál. hans um frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu, sem nú eru gildandi lög þar um. Niðurlagið er svohljóðandi: „Veiðar úr norsk-íslenska *síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á* sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Þetta álit meiri hluta sjútvn. var á þeim tíma, í desember 1996, byggt á þeirri skoðun nefndarmanna að þess muni vænta að ganga þessa stofns breytist frá því sem verið hefur undanfarin ár og líkjast meira því sem hér gerðist fyrir nokkrum áratugum. Þá verði það hentugt, miklu stærri hluta *íslenska fiskiskipaflotans, að taka þátt í* síldveiðum. Þau sjónarmið ríkja enn innan meiri hluta nefndarinnar og það er forsenda þessa frv., herra forseti.

Ég vil enn fremur segja að ég hefði getað hugsað mér breytingar á frv. en um það náðist ekki samkomulag á milli stjórnarflokkanna. Frv. var byggt á samkomulagi og við það viljum við standa og láta síðan reyna á í framkvæmd.

[15:07]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 1. minni hluta sjútvn. í þessu máli, sem varðar stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur umræðuna, og vil einnig aðvara hæstv. forseta um að mér þætti vænt um að hæstv. utanrrh. gæti einnig verið viðstaddur umræðuna, a.m.k. að einhverju leyti. Ég hef áhuga á því að leggja spurningar fyrir hæstv. utanrrh. um stöðu samninga um nýtingu á norsk-íslensku síldinni milli okkar og annarra þjóða sem þar eiga hlut að máli. Ég tel eðlilegt og rétt að ræða það í tengslum við þetta mál. Það liggur í hlutarins eðli að það, hvernig við stöndum að *nýtingunni og að við nýtum okkar heimildir*, kemur beint inn á okkar samningsstöðu. Samningar hafa tekist til eins árs í senn þannig að segja má að þeir séu opnir á hverjum tíma, nema fyrir þá vertíð sem í hönd fer. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. utanrrh. verði einnig gert viðvart um að hans sé óskað hér við umræðuna.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að líta fyrst yfir sögulegan bakgrunn þessa máls. Ég ætla ekki að fara yfir alla síldveiðisöguna eða mannkynssöguna, þó auðvitað væri það áhugavert að ræða um þessa hluti allt frá því að Íslendingar lærðu af Norðmönnum, á síðustu áratugum síðustu aldar, hvernig hægt væri að bera sig að við að fanga þennan dyntótta fisk, síldina. Þá var gjarnan byrjað með nótaveiðum úr landi þegar síldin gekk upp í fjörusteina, ekki síst á fjörðum fyrir norðan og vestan.

Ég býst þó við að ég láti mér nægja, herra forseti, með tilliti til tímans, að rifja þetta upp í aðalatriðum frá því að veiðarnar hófust á nýjan leik árið 1994, eftir 27 ára hlé. Ef þess yrði hins vegar sérstaklega óskað, herra forseti, þá er mér ekkert að vanbúnaði að renna aðeins yfir söguna um þróun síldveiða frá síðustu áratugum síðustu aldar, gegnum veiðarnar á fyrri hluta aldarinnar og tilkomu hringnótaveiðanna og þeirrar merku uppfinningar sem kraftblökkin var og er. Hún gjörbreytti öllum aðstæðum við þessar veiðar og Íslendingar voru þar í fararbroddi við að ná tökum á þeirri tækni og urðu fyrir vikið í hópi fremstu þjóða við að nýta sér nótaveiðitæknina til veiða á uppsjávarfiskum. Það skilar ekki litlum verðmætum inn í þetta þjóðarbú í dag, herra forseti. Allir vita hvað í húfi er þegar verðmætar loðnu- og síldarvertíðir standa yfir.

En, herra forseti, til að koma því á framfæri í byrjun þá er afstaða 1. *minni hluta* sjútvn. sú að þetta frv. sem við erum að ræða, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, sé vanhugsað, meingallað og í raun og veru

ekki tækt til afgreiðslu í óbreyttu formi. Hægt er að vísa til þess að í flestum umsögnum sem sjútvn. bárust um þetta mál kemur ýmist fram hörð andstaða við frv. eða að lagt er til að því sé breytt verulega. Sama má segja um sjónarmið flestra þeirra gesta sem til nefndarinnar komu. Fjölmargir sjómenn, útgerðarmenn, forsvarsmenn vinnslustöðva í landi o.s.frv., hafa einnig haft samband við framsögumann og án undantekninga lýst andstöðu við þetta frv., a.m.k. í óbreyttri mynd.

Fyrsta spurningin sem vaknar, herra forseti, er auðvitað hvort ástæða sé til þess að gera breytingar á gildandi lögum um úthafsveiðar. Norsk-íslenska síldin, sem flakkar út og inn úr efnahagslögsögu Íslands og reyndar efnahagslögsögu fleiri ríkja, er klassískur deilistofn í þeim skilningi þess orðs sem var lögfestur á Alþingi 1996, að stofnar sem dvelja hluta ársins innan efnahagslögsögu einstakra ríkja en hluta ársins í úthafinu eða í öðrum efnahagslögsögum kallast deilistofnar.

Árið 1996 voru sett ný lög, heildarlög, sem leystu af hólmi eldri lög frá 1976 um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Þessi lög voru sett m.a. í ljósi niðurstöðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi svonefndan úthafsveiðisamning. Þetta er því mjög nýleg löggjöf sem þarna var sett eftir mikla og að flestu leyti vandaða undirbúningsvinnu. Árin þar á undan hafði sérstök stjórnskipuð nefnd starfað með fulltrúum allra flokka við að undirbúa þessa löggjöf og reyndar einnig til að fylgjast með framgangi þessara mála. Þá voru mjög í deiglunni, bæði viðræðurnar um úthafsveiðisamninginn og deilur og síðan samningar Íslendinga við önnur ríki um einstaka fiskstofna.

Því hlýtur, herra forseti, að þurfa nokkuð gild rök til þess að hverfa frá þeirri rammalöggjöf sem lögfest var á árinu 1996, reyndar undir lok ársins að hluta til því að hluti frv. var afgreiddur fyrir sumarhlé 1996 og síðari hlutinn í desember 1996.

Þó ekki tækist að öllu leyti heildarsamkomulag um meðferð mála, hvorki innan úthafsveiðinefndarinnar né í sjútvn., um afgreiðslu þessa frv. að hinum nýju úthafsveiðilögum, þá held ég þó, herra forseti, að allgóð samstaða hafi orðið um lögfestingu meginrammans. Manni sýnist þess þá heldur að nokkuð sterk rök þurfi til að ákveða að undanskilja einn fiskstofn ákvæðum þessara laga. Hér á að gera það og ég veit ekki hvort allir hv. alþingismenn hafa áttað sig á þeirri óvenjulegu aðgerð að ein tegund nytjafisks er tekin út undan almennri löggjöf um stjórn fiskveiða, hvort heldur er innan efnahagslögsögunnar eða utan. 1. gr. þessa frv. felur nákvæmlega það í sér. Hún hljóðar svo:

„Ákvæði 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, gilda ekki um úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum."

Þetta er varanleg breyting, þó að ákvæðin sem síðan er lagt til að gilda skuli næstu þrjú ár um stjórn veiða séu tímabundin og eigi að taka til áranna 1998, 1999 og 2000.

Þessi óvenjulega og sérstaka aðferð, herra forseti, að undanskilja eina tegund almennum lögum er mikið nýmæli að ég hygg. Ég minnist þess tæpast að þannig hafi áður verið að hlutunum staðið, að ætla að setja sérlög um eina einstaka tegund. Það má náttúrlega velta því fyrir sér hvort næst komi að íslensku síldinni, hvort sett verði sérlöggjöf um hana og svo um loðnuna og svo koll af kolli. Þá verður þetta nú orðin skrautleg löggjöf hjá hæstv. sjútvrh. og mikið verk að vinna í því ráðuneyti ef á að setja sérstakan lagabálk um hvert kvikindi. Það er í rauninni verið að halda út á þá braut án mjög öflugs rökstuðnings að mínu mati, herra forseti, án mjög öflugs rökstuðnings.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég að rekja einstök efnisatriði í mínu nál. og í frv. Ég hef hug á að leggja spurningar fyrir hæstv. utanrrh. og einnig hæstv. sjútvrh. Það er fróðlegt að heyra álit beggja hæstv. ráðherra á hinni almennu stöðu málsins. Það varðar sérstaklega horfurnar í samningum um nýtingu á norsk-íslensku síldinni á komandi árum í ljósi þess að Íslendingar náðu nú ekki alveg að nýta veiðiheimildir sínar á síðasta ári, sem þó hafði samist um og þótti flestum heldur lítill sá hlutur sem kom í hlut okkar Íslandsmanna. En þannig var, eins og kunnugt er, að á sérstökum leynifundi í London vorið 1996 gerðu hæstv. ráðherrar samkomulag við Norðmenn og síðan var farið til Óslóar til málamynda til að ganga frá því og þar var gert opinbert að búið væri að semja um uppskiptingu á þessum stofni í fjórhliða samningum milli Íslands, Noregs, Rússlands og Færeyja. Og þá kom í okkar hlut, ef ég man rétt, rétt um 18% hlutdeild í stofninum eða um 190 þúsund tonn af rúmlega 1.100 þús. tonna heildarkvóta sem þessi ríki höfðu þá sett sér.

Þessa lágu upphafsprósentu í samningunum urðum við margir til að gagnrýna, herra forseti, mjög harðlega á Alþingi vorið 1996 og reyndar einnig vinnubrögðin við þessa samningagerð. En þá, eins og reyndar því miður stundum áður og síðar, var allt eðlilegt samráð við t.d. utanrmn. Alþingis, sjútvn. og aðra slíka aðila gjörsamlega hunsað. Hlutirnir voru í rauninni kynntir eftir á þegar ljóst var að búið var að ganga frá málunum í öllum aðalatriðum á laun og engu varð um þokað.

Vorið 1996 eða á vertíðinni sem síðan fór í hönd giltu mjög sérstakar reglur um stjórn þessara veiða sem ég mun fara aðeins betur yfir á eftir, herra forseti. En síðan var enn breytt um og nýjar reglur settar fyrir vertíðina í fyrra. Þá voru veiðar frjálsar, eða það átti að heita svo, að innan marka þess heildarkvóta, þeirra 220 þúsund tonna eða hvað það nú var sem í okkar hlut kom því þá var bætt nokkru við í magni þó að prósentan lækkaði reyndar vegna innkomu Evrópusambandsins í samningana á því ári — náðust ekki þessar veiðiheimildir. Þrátt fyrir að ráðuneytið hafði nú ekki minna við en svo að það gaf út sjö reglugerðir til að reyna að klára vertíðina eða koma henni á og klára hana. En það dugði ekki til og veiðiheimildirnar náðust ekki.

Af hverju er það nú umræðuefni, herra forseti, í þessu samhengi? Það er auðvitað vegna þess að það liggur nokkuð á borðinu að það er ekki mjög gott veganesti í framhaldssamningaviðræður við Norðmenn ef það gerist, og ég tala nú ekki um ár eftir ár, að við náum ekki okkar hlut. Vegna þess að hver er málflutningur Norðmanna? Jú, hann er auðvitað sá að það sé í raun og veru ástæðulaust að láta Íslendinga fá mjög mikið því síldin hafi ekki enn a.m.k hafið göngur inn í íslensku lögsöguna svo neinu nemi, og möguleikar Íslendinga til veiða séu takmarkaðir. Ef það síðan sannast, ef reynslan sannar það ár eftir ár þá er það að sjálfsögðu ekki gott veganesti, a.m.k. ekki ef við ættum á að skipa samningamönnum sem væru að reyna að fara fram á aukinn hlut til Íslands.

Þá er ég kominn að því, herra forseti, að ég held því fram og skal rökstyðja það nokkuð rækilega á eftir, að þetta frv., eins og það er úr garði gert, er nánast eins og klæðskerasaumað utan um það að auka líkurnar á því að íslensku veiðiheimildirnar náist ekki og að verulegt magn falli niður

dautt. Það er í öllu falli alveg ljóst, herra forseti, að þessi aðferðafræði eykur stórlega líkurnar á því. Það er mun meiri áhætta tekin með því að úthluta veiðiheimildum í stórum stíl til skipa sem ekki hafa undanfarin ár sýnt fram á veiðigetu, beinlínis ekki. Skip sem hafa farið og reynt fyrir sér en ekki náð árangri og komið að landi með nokkrar pöddur, sum nokkra tugi tonna, þrátt fyrir að hafa barist um, t.d. á vertíðinni 1996 þegar úthlutað var og öðrum skipum gekk þokkalega vel að veiða.

En frv. felur þetta nú í sér eftir sem áður, herra forseti, og ég get farið betur yfir það á eftir hvernig það kemur út.

En þá er spurningin þessi til hæstv. sjútvrh.: Metur hann það svo að það sé í þágu hagsmuna Íslands í þessum efnum að taka jafnvel umtalsverða áhættu hvað það snertir að veiðiheimildir okkar nýtist ekki? Það væri reyndar líka fróðlegt að fara aðeins yfir stöðuna sem er í samningaviðræðunum um loðnustofninn. Því að þó að á borðinu séu þau aðskilin mál, þá er það auðvitað í reynd þannig að menn skoða dæmi og hliðstæður og við vitum vel hvað það er akkúrat þessar vikurnar sem við erum að segja við Norðmenn um loðnuna. Jú, það er það að loðnan hafi ekki gengið inn í lögsögu þeirra, Jan Mayen lögsöguna — sem þeim því miður auðnaðist að frekjast til að ná yfirráðum yfir á þessari öld — og veiðimöguleikar Norðmanna séu því afar takmarkaðir nema innan íslensku og/eða grænlensku lögsögunnar og þar af leiðandi séu ekki lengur forsendur fyrir þessi 11% hlutdeild í loðnustofninum sem þeir hafa haft undangengin ár.

Þetta er spegilmynd, algjör spegilmynd af því sem Norðmenn munu að sjálfsögðu segja við okkur í síldarsamningunum á næsta ári. Ég tala nú ekki um ósköpin ef mönnum tekst að standa þannig að hlutunum hér með einhverri ofstjórnaráráttu sem í raun og veru er fólgin í þessu frv., alveg furðulegu stjórnlyndi, að umtalsvert magn veiðiheimilda falli dautt. Þá munu Norðmenn auðvitað hlæja að okkur. Og það er mjög líklegt að samningarnir springi í loft upp nema Íslendingar sættist á að minnka enn sinn hlut.

Auðvitað getur þetta farið á annan veg ef við verðum heppin og síldin gengur t.d. vel inn í íslensku lögsöguna og verður þar auðveiðanleg um langan tíma. Þá kann að vera að það takist að ná kvótanum. En það er alveg borðleggjandi, herra forseti, að þetta frv. eins og það er úr garði gert er nokkurn veginn eins heimskulegt og nokkur pappír getur verið hvað það varðar að reyna að auka líkurnar á því að okkar hlutur nýtist.

Ég óska eftir því, herra forseti, að áður en þessari umræðu lýkur þá tjái hæstv. utanrrh. sig um þessa stöðu. Og svari þeirri spurningu hvort hann telji ekki nokkra áhættu fólgna í því hvað varðar samningsstöðu okkar um uppskipti á þessum stofni, ef það gerist ár eftir ár að veiðiheimildir okkar eru ekki nýttar til fulls. Og hvort ekki sé þá í raun nokkru til kostandi, jafnvel þótt það væri eitthvað óhagkvæmari nýting, ef menn þættust geta fært fram rök fyrir því, að leyfa t.d. frjálsar veiðar og hvetja þannig til þess að flotinn nýtti sóknargetu sína til fulls og af krafti á meðan veiði gæfist til að klára heimildirnar, þó að það kostaði tímbundið í eitt, tvö eða þrjú ár jafnvel eitthvað minni þjóðhagsleg heildarverðmæti, hvort það gæti þá ekki verið fórnarkostnaður sem væri auðverjanlegur í ljósi þeirra gífurlegu framtíðarhagsmuna sem í húfi eru hvað varðar samninga um nýtingu á þessum stofni. Því að auðvitað er það svo að frá hinni hliðinni séð er mikilvægt að samningar séu um nýtinguna og að hún sé innan skynsamlegra marka þannig að stofninn byggist upp og gefi af sér sem mestan afrakstur á komandi árum. Þar eigum við, og að sjálfsögðu allar þjóðirnar, sameiginlegra hagsmuna að gæta, en það breytir ekki hinu að þetta er líka innbyrðis hagsmunabarátta, innbyrðis togstreita þar sem hver verður að reyna að passa sinn hlut.

Herra forseti. Eins og áður sagði er í nál. á þskj. 1335 farið yfir þetta af hálfu 1. minni hluta. Þar er í fyrsta lagi lögð fram sú spurning hvort tilefni eða ástæða sé til þess yfirleitt að breyta nýlega settum lögum sem gilda um veiðar á úthafinu eða veiðar á deilistofnum sem ganga inn og út úr lögsögunni.

Lögin um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða úthafsveiðilögin, eins og við höfum yfirleitt kallað þau, eru eins og áður sagði nýleg. Þau voru sett í lok árs 1996 að undangengnu því undirbúningsstarfi sem ég fór yfir. Það hlýtur því að þurfa, herra forseti, þó nokkur rök til þess að kúvenda frá þeirri stefnu sem þar var mótuð og ætlunin var að mundi gilda sem almennur lagarammi um nýtingu fiskstofna af þessu tagi.

Þetta frv. frá hæstv. ríkisstjórn boðar hins vegar kúvendingu í þessu máli. Það boðar kúvendingu hvað varðar nýtingu á norsk-íslensku síldinni enda gengur 1. gr. frv. út á að færa þá tegund undan ákvæðum úthafsveiðilaganna.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé fyrir menn að átta sig á því hringli sem hefur ríkt um meðferð mála allt frá því að veiðarnar hófust á nýjan leik árið 1994, eða í raun og veru má segja að það hafi verið eina árið sem þessir hlutir hafa verið með sæmilega eðlilegum hætti af því ósköp einfaldlega að þá fóru bara íslensk skip og veiddu síld eins og þau gátu. Og þá náðust ein 27 þúsund tonn sem voru heilmikil tímamót og upplifun í sjálfu sér að lifa það að vera viðstaddur þegar fyrstu síldinni var landað á Raufarhöfn eftir 27 ára hlé.

Hvað gerðist það ár? Það sem gerðist, og var gífurlega mikilvægt, var að með því sýndum við Íslendingar að við gátum veitt úr þessum stofni. Og þó að magnið væri ekki ýkja mikið voru það heilmikil tímamót. Og það er enginn vafi á því að mjög fór um Norðmenn þegar þau tíðindi gerðust að sannað var og sýnt fram á að síldin var farin að ganga svona langt til vesturs upp að lögsögumörkum Íslands og Færeyja og jafnvel að einhverju leyti inn í lögsögu þeirra, og að Íslendingar höfðu yfir að ráða flota, getu og kunnáttu til að skella sér í þær veiðar.

En þá hófst í raun og veru stjórnunartímabilið því að strax á árinu 1995 töldu menn nauðsynlegt að hafa hönd í bagga með málum. Reyndar var reynt að ná samningum um síldina vorið 1995, það tókst ekki og slitnaði upp úr þeim samningaviðræðum við Norðmenn og Rússa. Í kjölfarið gerðu Íslendingar og Færeyingar það sem var mjög skynsamlegt, að þeir settu sér einhliða kvóta og skiptu honum upp á milli sín og á þeim grundvelli voru veiðarnar 1995 í raun og veru frjálsar innan þeirra marka. Þá gekk sömuleiðis allvel. Ef ég man rétt fór veiðin í ein 190 þúsund tonn og ég veit ekki til þess að það hafi skapað nein sérstök vandamál að fiskveiðistjórnunin var með nákvæmlega þeim hætti.

Síðan rann upp árið 1996, herra forseti. Þá hugðist ráðuneytið hafa vaðið fyrir neðan sig og gaf út reglugerð, mig minnir að það hafi verið strax 1. apríl eða snemma í aprílmánuði, um það hvernig veiðum skyldi háttað á norsk-íslensku síldinni á því herrans ári 1996. Það var áður en farið var í leyniferðina til London. Þá var gefin út reglugerð nr. 188 1. apríl 1996, þetta var nú ekki aprílgabb heldur fúlasta alvara hjá ráðuneytinu þó að þetta bæri upp á þennan dag, og þá

skyldu veiðarnar vera á þeim grunni að af þeim 244 þúsund lestum sem íslenskum skipum skyldi heimilt að veiða á grundvelli þeirrar ákvörðunar sem Ísland og Færeyjar höfðu þá annað árið í röð tekið, að setja sér einhliða mörk og skipta því á milli sín, þá skyldu veiðar vera frjálsar þar til að 190 þúsund lestum hefði verið landað. Þá skyldi Fiskistofa skipta því magni sem eftir væri milli einstakra skipa sem leyfi hefðu fengið til síldveiða. Og þá var búin til formúla um hvernig sú skipting skyldi vera, að það skyldi skipta tveimur þriðju hlutum magnsins jafnt á milli skipanna en þriðjungi í samræmi við burðargetu.

Ég bið menn að leggja þetta á minnið því að þetta er fyrsta formúlan af mörgum sem síðan hafa litið dagsins ljós í öllu þessu möndli. Þarna er í raun og veru gengið mjög langt í þá átt að láta bara alla sem á annað borð hafa farið til veiða, hvort sem skipin eru stór eða smá og ná meiri eða minni árangri fá jafnt.

Adam var ekki lengi í paradís því að eftir að samningarnir voru gerðir var gefin út ný reglugerð. Sú var dagsett 8. maí 1996 og þá er allt í einu ákveðið að setja kvóta á veiðarnar og skipta honum upp á einstök skip af þeim 182 þús. tonnum sem þetta var þá komið niður í í Íslands hlut því að samningarnir gegnu nú í raun og veru fyrst og fremst út á það að sætta sig við það að veiða mun minna magn en Ísland og Færeyjar höfðu áður einhliða ákveðið að taka sér. Það magn sem kom í Íslands hlut eftir að samningarnir höfðu verið gerðir fór sem sagt úr 244 þús. tonnum niður í 182 þús. tonn.

Þá er enn fundin upp ný formúla í ráðuneytinu. Hún er þannig að þessu magni skal skipta milli einstakra fiskiskipa sem veiðileyfi hljóta þannig að hverju skipi er sett ákveðið hámark sem það má veiða á árinu 1996. Heildarmagninu skal skipt þannig að helmingi magnsins skal skipt jafnt milli skipanna en helmingi þess í samræmi við skráða rúmtölu þeirra 7. maí 1996 hjá tæknideild Fiskifélags Íslands. Þetta er formúla númer tvö og þá er þetta allt í einu orðið „fifti/fifti", helmingur jafnt og helmingur burðargeta. Þó er að vísu tekið fram í þessari reglugerð við hvaða mælieiningu hvað burðargetu snertir skuli þarna miðað. Mönnum hefur nú farið aftur í þessum efnum því að þegar frv. er lagt fram núna þá er það allt saman á floti.

Síðan voru fleiri slaufur á þessu, herra forseti, því ákveðið var að taka 8 þús. tonn frá handa togskipum sem gátu sótt um og tilkynnt til Fiskistofu og var þá miðað við að aflahámark á hvert togskip jafngilti því að það gæti farið tvær veiðiferðir. Þetta var kerfið sem notað var á því herrans ári 1996.

Auðvitað fór það svo, eins og gefur að skilja og augljóst mátti verða af þessari aðferð, að talsverður hluti þeirra skipa sem sótti um og fékk þarna úthlutað ýmist fór aldrei til veiða, fór til veiða og náði engum árangri, fór til veiða og sökk, fór til veiða og lagðist á hliðina í fyrstu veiðiferðinni, fór til veiða og lét gefa sér nokkrar pöddur eða fór til veiða og kom kannski með samtals nokkra tugi tonna að landi. Þannig var þetta nú, allt saman mjög skrautlegt.

Ráðuneytið neyddist því til þess að taka fram pennann og gefa út eina reglugerðina enn og það var 17. maí. Þá var nauðsynlegt að framlengja frestum til þess að auka möguleika manna á að sýna fram á að þeir gætu þrátt fyrir allt hafið þessar veiðar eða veitt eins og þeir höfðu áhuga á að gera í samræmi við sínar umsóknir.

Ekki dugði það til því fjórða reglugerðin leit dagsins ljós í júnímánuði og þá til þess að reyna að klóra í bakkann og úthluta á nýjan leik til þeirra skipa sem höfðu sýnt að þau gátu eitthvað veitt, því magni af veiðiheimildum Íslands sem lágu dauðar og ónotaðar hjá skipum sem eins og áður sagði ýmist fóru aldrei til veiða eða fóru til veiða og náðu ekki árangri.

Að lokum fór alvöruveiðiflotinn í þessu samhengi af stað á nýjan leik til að reyna að klára það sem eftir stóð af veiðiheimildunum og það tókst langleiðina á því ári ef minni mitt svíkur ekki enda var síldin þá svo væn að halda sig á veiðanlegum slóðum alllengi. Þó var það nú þannig, herra forseti, að að lokum hefur líklega vantað ein 20 þúsund tonn upp á að við næðum okkar hlut 1996.

Þarna tók því við enn nýtt kerfi. Fundnar voru út tvær formúlur á sama árinu til að skipta á grundvelli burðargetu og jafnt á skipin. Það væri nú gaman að fá rökin fyrir því t.d. að breyta um formúlur eins og þarna var gert. Af hverju var allt í einu orðið réttlátara að miða við burðargetu að hálfu og jafnt að hálfu, í staðinn fyrir 67% og 33% eins og ákveðið hafði verið að nota að hluta til við sambærilega uppskiptingu nokkrum vikum áður?

Er þá ekki komið að því sem dásamlegast er, þ.e. formúlurnar sem síðan voru fundnar upp á þessu vori í ráðuneytinu þegar átti að fara að skipta. Það er enn ein útgáfan og ég mun koma dálítið betur að því síðar.

Ég er auðvitað að færa rök fyrir því, herra forseti, að öll þessi saga þegar hingað er komið eins og ég er búinn að rekja hana og áfram það sem eftir er, einkennist af endalausu hringli í þessum málum, nýjum og nýjum formúlum og nýjum og nýjum reglum. Það stefnir í að á því fimm ára tímabili sem þessar veiðar hafa þó verið stundaðar, hafi nýtt fyrirkomulag verið notað á hverju einasta ári. Í það stefnir, nýtt kerfi í hvert einasta skipti.

Stundum er breytt um eiginlega í miðjum klíðum. Þannig var t.d. vorið 1996. Búið var að gefa út reglugerðina um frjálsar veiðar og menn voru farnir að búa sig undir það þegar allt í einu var rokið til og úthlutað á þennan skringilega hátt í byrjun maímánaðar í kjölfar leynisamninganna frá London.

Þá skulum við líta aðeins á árið 1997, herra forseti. Þá var á brugðið á það ráð að hafa sóknina frjálsa — e.t.v. að einhverju leyti í ljósi reynslunnar frá 1996, þeirrar reynslu að við náðum ekki okkar hlut, og að þetta tókst nú svona og svona og ráðuneytið og Fiskistofa voru ekkert of sæl af sínum hlut að þurfa að dæla út þessum reglugerðum — eða þannig frjálsa að það væri fyrst og fremst heimilt að grípa til ráðstafana þegar á þyrfti að halda í lok vertíðarinnar til þess að tryggja að veiði Íslendinga færi ekki fram yfir umsamið eða leyfilegt magn.

Eins og áður sagði, herra forseti, þá dugði það samt ekki til þess að okkar hlutur nýttist að fullu. Við náðum að vísu 220 þús. tonnum en um 13 þús. lestir vantaði upp á að við nýttum okkar veiðiheimildir að fullu. Og samt var, herra forseti, ekki eins og ráðuneytið reyndi ekki af vilja og mætti að láta a.m.k. ekki sinn hlut eftir liggja hvað varðaði reglugerðaútgáfu og annað því um líkt því að ráðuneytið gaf út sjö reglugerðir til þess að klára þessa stuttu vertíð í fyrra. Það þurfti sjö reglugerðir eða reglugerðarbreytingar til þess að klára þessa nokkurra vikna vertíð. Það er í raun og veru, herra forseti, skrautlegt að lesa það hvernig þetta gekk til. Svo geta menn aðeins velt því fyrir sér hversu gaman sé að starfa við atvinnurekstur af þessu tagi eða starfsemi af hvaða toga sem er þegar hlutirnir ganga þannig fyrir sig

að leikreglunum er breytt á hverju einasta ári og oft innan ársins.

17. mars í fyrra gaf ráðuneytið út reglugerð nr. 190/1997, aðalreglugerðina um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, og hún var þá í fyrsta sinn byggð á nýju lögunum um veiðar utan efnahagslögsögu Íslands sem sett höfðu verið í desember árið áður. Þá var útgerðaraðilum settur sérstakur umsóknarfrestur til að sækja um veiðar og var fresturinn miðaður við 10. apríl 1997. En síðan var þessari reglugerð nr. 190 breytt í fyrsta sinn og þessi umsóknarfrestur felldur niður. Og eftir þá breytingu var eina skilyrðið sem sett var að skip hefðu leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands. Öll skip sem á annað borð höfðu leyfi til veiða, til hvaða veiða sem var, gátu þar með farið á síldveiðar.

En þetta dugði ekki til því að 2. maí var reglugerðinni breytt í annað sinn og þá laut það að ákvæðum sem snertu veiðar íslenskra skipa í lögsögu Noregs og Færeyja. 5. maí, þrem dögum síðar, var reglugerð nr. 190/1997 breytt í þriðja sinn. Þá var m.a. fallið frá umsóknarfresti og það þýddi að sá möguleiki opnaðist fyrir nokkur skip til að sækja um leyfi til veiðanna á nýjan leik eða komast inn í hópinn sem hafði leyfi til veiða.

Þetta þýddi, herra forseti, á árinu 1997 að alls fengu víst 26 togarar og 63 nótaskip og bátar leyfi til veiðanna. En það fór nú ekki nema hluti af þeim flota af stað.

Þann 28. maí var gefin út ný reglugerð, reglugerð nr. 323/1997. Hún varðaði það hvernig vertíðinni skyldi ljúka. Hún hafði gengið allvel og talið var þá að farið væri að stefna í að kvótinn kláraðist þannig að þetta voru reglur til þess að ganga frá því hvernig það skyldi gert og var þá hugsunin sú að hvert veiðiskip mætti einungis landa einu sinni eftir 31. maí. Um leið voru reyndar felld niður veiðileyfi þeirra skipa sem ekki höfðu þá þegar landað a.m.k. einu sinni á vertíðinni. Þeim var hent út úr hópnum, þeim hópi sem engum árangri hafði náð eða engri síld landað.

Enn mátti ráðuneytið taka upp pennann því að af ýmsum ástæðum, m.a. vegna lélegra aflabragða og brælu sem skall á í byrjun júní, varð ráðuneytið að breyta enn einu sinni og það var í fjórða sinn, reglugerð nr. 190/1997, til að leyfa þeim skipum sem höfðu t.d. vegna slæms veðurs orðið að leita lands með slatta, að sækja það sem á vantaði upp á eitt fullfermi í annarri veiðiferð. Og 16. september 1997 gaf sjútvrn. enn út reglugerð nr. 551/1997 og þá um tilhögun síldveiða íslensku skipanna í efnahagslögsögu Noregs.

Þetta er ég nú að rifja upp, herra forseti, til að menn átti sig á því að það er þó nokkur vinna fyrir hið háa ráðuneyti að stjórna þessu, ráðuneyti og Fiskistofu sem aðallega hafa með þetta að gera, miðað við þetta sem hér hefur verið lesið og átti þó að heita svo að veiðarnar væru frjálsar í fyrra. Samt þurfti allt þetta til til að reyna að búa til reglur sem þýddu að íslenski flotinn gæti nýtt þann kvóta, þær veiðiheimildir, sem Íslandi átti að falla í skaut samkvæmt þeim samningum sem gerðir höfðu verið. Útkoman, þrátt fyrir frjálsar veiðar, varð að um 13 þús. tonn af kvótanum náðust ekki.

Herra forseti. Ef við förum aðeins yfir það hver rökin séu fyrir því helst, og lítum á þá hlið málsins, að gera þessar breytingar á úthafsveiðilögunum eða gera breytingar á þeim yfirleitt hvað varðar nýtingu á norsk-íslensku síldinni, þá er þar í mínum huga fyrst og fremst eitt atriði fullgilt og það varðar það að í raun og veru er talsverð óvissa um það hver réttarstaðan sé í málinu ef úthafsveiðilögin gilda óbreytt. Sú óvissa lýtur fyrst og fremst að því að túlka eða meta hvort þegar liggi fyrir fullnægjandi veiðireynsla í skilningi laganna til þess að rétt sé að beita, eða jafnvel að það eigi að beita, ákvæðum þeirra um varanlega úthlutun. Þá koma til skoðunar þau ákvæði laganna um veiðar utan efnahagslögsögu Íslands sem fjalla um þetta atriði og eru fyrst og fremst í 5. gr. þeirra laga.

En þar segir, með leyfi, herra forseti: „Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni [þ.e. deilistofni] sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.“ Í þessari sömu málsgrein er veiðireynslan síðan skilgreind, hvað þurfi til að fullnægja þeim kröfum að veiðireynsla myndist. Það er þannig: „Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.“

Síðara skilyrðinu er óumdeilanlega fullnægt hvað varðar norsk-íslensku síldina, því að öll árin, 1995, 1996 og 1997, hafa Íslendingar náð meira en þriðjungi af þeim kvóta sem þeir hafa samið um við aðra og/eða sett sér einhliða, eins og Íslendingar og Færeyingar gerðu sameiginlega á árinu 1995.

Hins vegar má deila um hvort fyrra skilyrðinu, þ.e. að um sé að ræða veiðireynslu þriggja bestu ára af undangengnum sex árum, þurfi einnig að vera fullnægt, í þeim skilningi að alltaf verði að liggja fyrir sex ára tímabil. Það er að mínu mati ekki alveg ljóst hvernig eðlilegast er að túlka ákvæði laganna að þessu leyti. Ég fullyrði að það liggja engin haldbær lögskýringargögn fyrir í þeim efnum. Ég hallast þó að því að meginreglan um veiðireynsluna eigi að ráða þarna. Í ljósi þess að því skilyrði er óumdeilanlega fullnægt með því að nú þegar liggja fyrir þrjú ár þar sem veiðar Íslendinga úr þessum stofni hafa orðið meiri en sem nemur $^1/_3$ af úthlutuðum eða ákvörðuðum kvóta, þá gildir það atriði.

Það má að vísu draga eitt atriði enn inn í þetta mál. Því má velta fyrir sér hvort stýrðar veiðar, eins og á árinu 1996, séu nothæf viðmiðun. Getur það talist fullnægjandi viðmiðun fyrir veiðireynslu innbyrðis í hópnum, þó að heildarveiði Íslendinga sé óumdeilanlega nógu mikil og langt yfir það, miklu meiri en $^1/_3$ af útgefnum kvóta? Þeir sem eru þeirrar skoðunar að ekkert sé að því að nota einnig árið 1996 sem viðmiðun að þessu leyti benda á, með réttu, að af því að sum skip náðu sínum úthlutuðu veiðiheimildum en önnur ekki, og önnur engu, þá birtist mönnum ákveðin reynsla. Ráðuneytið greip til þess, eins og áður sagði, að endurúthluta því sem afgangs var, til að það nýttist, og sömuleiðis voru það þau skip sem þegar höfðu náð árangri við veiðarnar sem bættu því magni við sig.

Það er því mjög margt sem bendir til þess, herra forseti, að einnig þetta ákvæði sé uppfyllt, í lagi sé að nota árið 1996 sem viðmiðun. Þá sýnist mér flest benda til þess að eðlilegt væri að nota hin almennu ákvæði greinarinnar um úthlutun á grundvelli veiðireynslu.

Þar með, herra forseti, er þetta ekki lengur orðin spurning um hvað sé heimilt samkvæmt þessari grein. Ljóst er að það væri heimilt að úthluta og fordæmin liggja fyrir í þeim efnum. Veiðar höfðu t.d. ekki staðið í sex ár á Flæmska hattinum þegar gripið var til uppskiptingar á þeim kvóta sem þar samdist um að lokum í Íslands hlut. Ætli það hafi ekki verið nær lagi að veiðarnar hafi staðið yfir í þrjú ár að einhverju magni. Þá þegar og strax var gripið til slíkrar uppskiptingar.

Veiðireynslan var orðin mun lengri á Reykjaneshryggnum og þar var óumdeilt að veiðireynslan var fyrir hendi.

Í mínum huga, herra forseti, snýst þetta ekki um það hvort hæstv. ráðherra sé heimilt að beita 2. mgr. 5. gr., heldur miklu fremur um hitt hvort hæstv. ráðherra sé skylt að úthluta.

Það er athyglisvert að í greinargerð með frv. varðandi þetta mál, og þetta er nú ekki smámál sem hér er rætt, herra forseti, það varðar mikla hagsmuni, stendur, neðarlega á bls. 2:

„Á grundvelli núgildandi laga er því heimilt að skipta leyfilegum aflaheimildum Íslands úr stofninum milli einstakra skipa með úthlutun varanlegrar aflahlutdeildar til þeirra, enda byggist sú aflahlutdeild alfarið á veiðireynslu þeirra. Heimilt væri skv. 4. mgr. 5. gr. að binda úthlutun því skilyrði að skip afsöluðu sér á móti veiðiheimildum innan lögsögunnar er næmi allt að 15% af þeim aflaheimildum sem þau fengju í síld."

Þar liggja einnig fyrir fordæmin, samanber endurgjald sem skip, sem fengu varanlega úthlutun bæði á Reykjaneshrygg og á Flæmska hattinum, voru látin greiða.

Herra forseti. Stóra málið hér og það alvarlega er hvort þannig sé komið að ákvæði 2. mgr. 5. gr. feli í sér skyldu til þess að slík úthlutun fari nú fram. Þar stendur, herra forseti:

„Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra ..." o.s.frv.

Nú er þetta auðvitað óvissuatriði sem útkljá má með ákveðnum aðferðum. Ég hef sagt það áður og það eru engin tíðindi að auðvitað geta einstakir útgerðarmenn, ef þeim sýnist svo, látið reyna á rétt sinn í þessum efnum. Þá mun lagasetning á Alþingi, eins og sú sem hér fyrirhuguð, ekki breyta neinu þar sem lög geta ekki orðið afturvirk í þeim skilningi að bótalaust sé hægt að taka af mönnum rétt sem þeir áttu samkvæmt gildandi lögum þó að menn standi síðar meir í einhverjum æfingum í lagasetningu.

Mig grunar, herra forseti, að ástæðan, ein af nokkrum fyrir öllu þessu brölti og þessu frv., sé sú að menn séu dálítið hræddir um það hver hin raunverulega réttarstaða sé í raun og veru, samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Það er auðvitað mjög slæmt. Þá hefði mér komið margt annað fyrr í hug, herra forseti, en að bregðast við því eins og gert er í þessu frv., og er að mínu mati hreinn óskapnaður. Í fyrsta lagi væri náttúrlega eðlilegt að spyrja sig að því hvað menn vilji. Hver var ætlunin og hver er hinn pólitíski vilji í þessum efnum? Síðan hefði mátt eftir því sem kostur er að láta hann ná fram að ganga.

Ég viðurkenni vissulega að það mundi ríkja nokkur óvissa um það hver áhrifin yrðu af því að gera enga breytingu á lögunum og láta þau gilda áfram óbreytt. Það má nefna, sem rök fyrir lagabreytingum nú, að menn vilji eyða þessari óvissu. Það má líka færa fram þau rök sem eru, að það sé ekki tímabært að úthluta varanlega veiðiheimildum. Þá er komið inn á að búast megi við því að göngumynstur síldarinnar breytist á komandi árum og aftur gangi í garð þeir tímar að síldin gangi upp að landinu og jafnvel inn á firði og flóa og þá geti stærri hluti flotans og minni skip farið að ná árangri við veiðarnar þó að þau geri það ekki í dag meðan síldin er sótt út á opið ballarhaf, meira en 200–300 mílur frá landinu.

Þetta eru að sjálfsögðu ákveðin sjónarmið, þó að vísu liggi engin skilgreining fyrir á því hvenær blása eigi í flautuna og segja: Nú er síldin farin að hegða sér eins og hún á að hegða sér. Nú er komið náttúrulegt göngumynstur. Það væri fróðlegt að vita hvað höfundar frv. hafa haft í huga í þeim efnum. Var það göngumynstrið eins og það var á fyrri hluta aldarinnar þegar síldin kom upp að Vestfjörðum, gekk mjög norðarlega yfir síldarsmuguna og síðan sennilega niður með lögsögumörkum Grænlands og síldarsmugunnar og kom upp að landinu úr norðurátt við Vestfirði og fyllti þar firði og flóa?

Á seinni áratugum tók síldin að líkindum að ganga sunnar yfir Smuguna og koma upp að Norðurlandi og varð fyrst vart við hana djúpt út af Norðurlandinu. Síðan héldu hlutirnir áfram að breytast, göngurnar færðust austar og vetrarstöðvarnar fyrir austan landið eða norðaustan komu til sögunnar. Undir lokin var svo komið að stóra síldin a.m.k. var mikinn meiri hluta ársins innan íslensku efnahagslögsögunnar. Hvað af þessu á þá að teljast hið náttúrulega göngumynstur?

Ég held, herra forseti, að niðurstðan sé sú að þetta sé allt saman tómt kjaftæði. Það er ekki nokkur leið að átta sig á því hvað sé í raun og veru eitt staðlað göngumynstur. Það er alveg örugglega ekki til. Það eina sem er nokkurn veginn er öruggt er að síldin mun hér eftir sem hingað til verða dyntótt skepna og hegða sér á ýmsa vegu, allt eftir aðstæðum í hafinu eða þá einhverju öðru sem okkur mönnunum er hulið að skilja en ræður atferli hennar.

Ég tel þetta því ekki veigamikil rök. Auk þess er sérhæfingin að aukast í þessum efnum. Ég held að það sé mikil rómantík að ímynda sér að litlir pungar nái árangri í þessum veiðum til móts við hin gríðarlega stóru og öflugu skip sem núna bera uppi þessar veiðar. Hver er reynslan af nýtingu á íslenska síldarstofninum? Reynslan þar er sú að það eru fyrst og fremst stóru og öflugu skipin sem ná þar árangri og sjá um þær veiðar. Þær veiðiheimildir sem tilheyrðu minni bátum eru nýttar af stóru skipunum ár eftir ár, ýmist með leigu eða vegna þess að þær hafi færst þangað varanlega.

Ég er hins vegar opinn fyrir því að við bindum ekki hendur okkar með varanlegri úthlutun um aldur og ævi. Ég hefði verið tilbúinn til að ræða það að setja þröskulda eða þök og segja t.d.: Þó að þessum veiðiheimildum, um það bil af þeirri stærðargráðu sem við höfum nú, verði skipt á þau skip sem á undanförnum árum hafa sýnt að þau geti veitt þetta, en ekki á alla þvottabala landsins, þá þýðir það ekki að þau fái endalaust vaxandi hlut, ef stofninn vex eða göngulag hans breytist. Það mætti bæði setja þarna þök eða varnagla auk þess sem ég minni á að bæði úthafsveiðilögin og lög um stjórn fiskveiða eru algjörlega afdráttarlaus hvað það snertir að Alþingi getur hvenær sem er gert þær breytingar á fyrirkomulagi þessara mála sem því sýnist. Í lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands var sett inn, m.a. fyrir mitt frumkvæði, sambærilegt ákvæði við það sem nú er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og hljómar svo:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Það er ekki nokkur minnsti vafi á því í mínum huga að þetta ákvæði, alveg eins og ákvæði laganna um stjórn fiskveiða, er fullkomlega helt og þýðir að þó að ákvæði laganna gengju eftir og um varanlega úthlutun yrði að ræða um nokkurra ára bil, í samræmi við það kerfi sem í gildi er, þá geti Alþingi hvenær sem því sýndist tekið ákvörðun um að gera eitthvað annað. Það er alveg ljóst.

Það má kannski segja, herra forseti, að enn ein rökin fyrir því að gera breytingar á úthafsveiðilögunum, eða á 5. gr.

þeirra sem varðar deilistofnana eða síldina, séu þau að menn vilji afdráttarlaust ganga frá því, hvernig sem túlka beri núgildandi ákvæði, að veiðireynslan myndist á lengra tímabili í frjálsum veiðum en þegar liggur fyrir. Það er sjónarmið út af fyrir sig, að ganga frá því þannig að það misskiljist ekki, að aldrei skuli koma til úthlutunar á grundvelli almennu ákvæðanna fyrr en veiðar hafi staðið a.m.k. í sex ár og veiðar verið frjálsar þann tíma eða sex ár af lengra tímabili. Þannig væri veiðireynslugrunnurinn alltaf frjálsar veiðar á a.m.k. sex ára tímabili.

Þá þyrfti að gera breytingar til að tryggja að veiðarnar mættu áfram vera frjálsar í a.m.k. tvö ár — eitt ár til að um sex ára tímabil væri orðið að ræða og tvö ár ef menn vildu henda út árinu 1996 vegna þess að þá var um úthlutun að ræða.

Mér sýnist því, herra forseti, að í öllu falli væru menn þá algerlega öruggir hvað varðar túlkun þessara ákvæða, hvernig sem á þau er litið ef gengið væri frá því á einfaldan hátt að veiðarnar skyldu vera frjálsar tvö ár í viðbót, á þessari vertíð og hinni næstu. Þá gæti enginn maður borið á móti því að öllum skilyrðum 2. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands væri fullnægt.

Síðan má nefna, herra forseti, að sjónarmið hafa komið fram um að rétt væri að beita í grundvallaratriðum öðrum aðferðum við úthlutun veiðiréttinda í þennan stofn en gert er í gildandi löggjöf um stjórn fiskveiða eða veiðar á úthafinu. Þá er ég fyrst og fremst að vísa til þeirra hugmynda sem fram koma m.a. í nál. 2. minni hluta að bjóða eigi veiðiheimildirnar upp. Það er sjónarmið út af fyrir sig sem menn hafa verið að tala um og jafnvel að það gegndi svo sérstöku máli um þennan stofn umfram alla aðra, sem ég reyndar leyfi mér að draga dálítið í efa, að réttlætanlegt væri að fara öðruvísi að í að skipta upp nýtingarréttinum. Það er athyglisvert að ekki minni menn en hæstv. utanrrh. — sem ég óskaði nú eftir að yrði hér við umræðuna en hefur greinilega ekki haft tíma til að staldra lengi við þótt bornar væru fyrir hann spurningar — hefur verið að gefa þessu undir fótinn, gott ef ekki í ræðu á landsfundi Framsfl. til að slá aðeins á óánægjuraddirnar í sambandi við kvótabraskið og allt það, þá fannst hæstv. utanrrh. sniðugt, það hefur væntanlega átt að vera það, að gera gælur við það að til greina gæti komið til að koma pínulítið til móts við auðlindaskattsmenn að bjóða mætti upp veiðiheimildirnar á norsk-íslensku síldinni. Og það er eins og mig minni að hæstv. sjútvrh. hafi líka misst eitthvað út úr sér um þetta efni. Ég held ég muni það rétt. Talið að það gæti komið til greina. Þess vegna vekur það auðvitað nokkra undrun úr því að hæstv. ráðherrar fara í það verk á annað borð að leggja fram breytta tilhögun mála hvað varðar norsk-íslensku síldina, að þessar hugmyndir þeirra virðast hafa gufað upp algjörlega. Og Morgunblaðið er sárreitt yfir þessu, skrifar heilan leiðara um það: Hvað, meintu mennirnir ekkert með því sem þeir sögðu? Var þetta bara ábyrgðarlaust gaspur? Það mætti ætla miðað við þetta frv. sem hér kemur fram þar sem allar slíkar hugmyndir eru gleymdar og týndar.

Herra forseti. 1. minni hluti telur að ef fara á út í að gera breytingar á úthafsveiðilögunum á annað borð sem viss rök mæla með, eins og áður hefur verið farið yfir hér, og þá fyrst og fremst með vísan til þess sem áður var sagt um þá óvissu sem kann að fylgja því að láta gildandi lög standa óbreytt, réttaróvissu sem þá er vissulega komin upp og er mjög líklegt að mundi kalla á málaferli. Kannski gerist það hvort sem er. En það er mjög líklegt að ef t.d. veiðarnar stæðu áfram á þessu ári mundu menn benda á að það væri orðið alveg óhrekjanlegt að fullnægjandi viðmiðanir væru komnar til að ákvæði laganna um varanlega úthlutun ætti að gilda. En vilji menn eyða þessari óvissu og þá á þann veg að óyggjandi sé að veiðarnar geti áfram verið frjálsar, þá er það afar einfalt mál, herra forseti. Og við eigum að kunna það hérna, a.m.k. hinir þingvanari menn að þetta er gert með svokölluðum „þrátt-fyrir"-ákvæðum. Það er óskaplega einföld tæknileg lausn á því máli. Þá er bara sagt, eins og gert er ótal sinnum á undanförnum árum í tengslum við afgreiðslu á lánsfjárlögum o.s.frv. að þrátt fyrir ákvæði þessarar eða hinnar lagagreinarinnar númer þetta og hitt, skulu málin vera með þessum hætti í ár, eða næsta ár eða tvö, þrjú ár eða eitthvað svoleiðis. Þrátt fyrir ákvæði um að 10% af bruttósölutekjum Fríhafnarinnar skuli vera sértekjur Ferðamálaráðs skal Ferðamálaráð ekki fá nema 50 millj. á þessu ári. Þrátt fyrir það að allur erfðafjárskatturinn eigi að ganga í Framkvæmdasjóð aldraðra skal Framkvæmdasjóður aldraðra ekki fá nema 200 millj. á árinu o.s.frv. „Und so weiter, und so weiter" eins og Þjóðverjar segja. Þetta er einfalt mál. Ég held að þetta væri, herra forseti, í raun og veru skynsamlegasta aðgerðin í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, að menn segðu sem svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu veiðar vera frjálsar á næsta ári, eða næstu tveimur til þremur árum. Síðan mætti setja eftir atvikum einhver einföld ákvæði um nánari málsmeðferð ef mönnum þætti svo við bera.

Herra forseti. Þetta er í raun og veru sú tillaga sem við fulltrúar minni hlutans í sjútvn. höfum orðið sammála um að flytja. Þótt við skilum tveimur nál. er samstaða í okkar röðum um það og menn gætu haft mismunandi sjónarmið um það hvernig ætti að búa um þessi mál til lengri framtíðar litið, er það sameiginleg afstaða okkar að í ljósi allra aðstæðna sé hyggilegast að ganga svona frá málinu. Við höfum því lagt fram brtt. sem ég ætla einnig að mæla fyrir í þessari framsögu fyrir nál., herra forseti, sem er á þskj. 1336 og gengur út á það að taka af allan vafa um það að veiðarnar megi standa frjálsar áfram um tveggja ára skeið, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og þá fyrst og fremst 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996.

Ég mun síðar koma aðeins að því, herra forseti, hvernig við sjáum fyrir okkur að að þessu yrði staðið að öðru leyti.

Rökin fyrir þessari aðferð, herra forseti, eru þá í fyrsta lagi þau eins og áður sagði að með þessu er í raun og veru ekki raskað þeim anda og þeirri stefnu sem mótuð var í úthafsveiðilögunum, en með svona aðgerð er á einfaldan hátt eytt allri óvissu um það hvernig hlutirnir verði næstu tvö ár. Það er alveg á hreinu og ég tel að það hlyti þá að styrkja ef eitthvað væri málsástæður ríkisins til að gera það.

Í öðru lagi, herra forseti, og það er veigamesta röksemdin að mínu mati fyrir því að hafa veiðarnar frjálsar. Það er ekkert annað fyrirkomulag sem tryggir betur að íslenski flotinn fari af krafti til þessara veiða og taki allan kvóta Íslands, svo fremi sem það reynist mögulegt. Það vita auðvitað allir heilvita menn að sá hvati sem fólginn er í því að skipin keppi um að veiða úr sameiginlegum potti er öflugasta aðgerðin til að ýta undir slíkar veiðar. Það er engin önnur aðgerð betri, held ég, nema ef menn vildu þá fara að veita mönnum verðlaun af einhverjum öðrum toga.

Það tókst ekki, herra forseti, eins og áður sagði að klára hlut Íslands í fyrra og ekki heldur í hittiðfyrra, hvorki kvótann sem samið var um þá né kvótann sem við höfðum í fyrra og þar af leiðandi er veruleg ástæða til þess, herra forseti, að hafa áhyggjur af því að við munum ekki ná honum heldur

á þessu ári. Það verður bara að segja þessa hluti eins og þeir eru, að það er augljóst mál að það mun veikja okkar stöðu mjög í samningum um þessa nýtingu. Og það er enn meiri ástæða til að hafa áhyggjur af þessu en ella, herra forseti, í ljósi þess að vertíðin byrjaði mjög dauflega. Á sama tíma í fyrra var umtalsvert magn komið í land af síld. Veiðarnar máttu þá að vísu hefjast 2. maí en mikill kraftur var í veiðunum fyrstu sólarhringana og mér er nær að halda að aflinn hafi þá þegar verið orðinn nokkrir tugir þúsunda tonna. T.d. var aflinn 11. maí á síðasta ári orðinn um 50 þús. lestir, 11. maí, það er núna um helgina. En ég veit ekki hvort búið er að landa fyrstu slöttunum núna en það er þá a.m.k. nýskeð. Þetta dauflega upphaf vertíðarinnar, ef eitthvað er, gerir a.m.k. mig áhyggjufyllri en ella hvað það varðar að það gæti gerst þriðja árið í röð að við næðum ekki okkar veiðiheimildum, sérstaklega vegna þess að sá óskapnaður sem í þessu frv. ríkisstjórnarinnar er fólginn er alveg frámunalega letjandi á allan hátt hvað það snertir að við náum okkar hlut. Það þarf ekkert að fara í grafgötur með það, herra forseti, hversu fagnandi Norðmenn munu taka því ef við leggjum þeim þau vopn í hendur að klára ekki okkar hlut á þessu ári.

Í þriðja lagi, herra forseti, eru rökin að mínu mati fyrir því að ákveða þá, ef menn gera breytingar á annað borð, að hafa veiðarnar frjálsar í eins og tvö ár í viðbót, það eru sanngirnisrök. Og hver eru þau? Jú, það eru þau sanngirnisrök að ég kem bara ekki með nokkru móti auga á betri aðferð, skárri aðferð til að mynda grunninn að þeirri uppskiptingu sem einhvern tímann verður auðvitað, en reynsluna. Ég hef talsvert hugsað um þau mál og verð bara að játa mig sigraðan í því efni að ég finn enga skárri formúlu en þá að láta veruleikann birtast mönnum í því hvaða stjórn, hvaða menn, hvaða fyrirtæki, hvaða áhafnir sýna fram á það að þær geti með árangursríkum hætti nýtt þessar heimildir. Og láta svo þá reynslu mynda grunninn að uppskiptingu, hvort sem hún verður meira eða minna varanleg, stendur skemur eða lengur skiptir ekki öllu máli. Ég held þegar upp er staðið verði það að lokum alltaf þannig að þetta muni reynast skársta leiðin, sanngjarnasta leiðin. Reynslan er ólygnust. Hún er líka oft gáfulegust. Það er mjög oft hyggilegt að taka mið af því sem gerist í raun og veru en ekki einhverju öðru. Búa sér ekki til einhvern ímyndaðan heim og fara svo að stjórna samkvæmt honum. Það er nákvæmlega það sem hér er verið að gera. Það er verið að búa sér til þann ímyndaða heim að togarar og smábátar og jafnvel trillur gætu nú hugsanlega náð einhverjum árangri í þessum efnum og þess vegna sé best að úthluta þessu svona, jafnvel jafnt, 40% á allt sem flýtur.

Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér ef maður hefði farið með þvottabala út á miðin í fyrra eða hittiðfyrra og það hefði stokkið upp í hann síld og maður hefði svo landað henni. Hefði maður þá fengið hlutdeild? Hefði maður þá fengið 40% til jafns við stóru nótaskipin? Það liggur við, a.m.k. ef maður hefði haft veiðileyfi á þvottabalann. Það er þannig, ef maður hefði haft þvottabala í fyrra sem hefði haft veiðileyfi í íslensku efnahagslögsögunni og maður hefði farið með hann út á sjó, upp í hann hefði stokkið ein síld og henni landað, þá hefði maður fengið fleiri hundruð tonn, ef ekki þúsundir í úthlutun núna. (**Gripið fram í:** Vont að vera seinn að hugsa.) Já, það er nefnilega vont að vera seinn að hugsa. (**Gripið fram í:** Væri ekki hægt að fá veiðileyfi á þvottabalann?) Það er ekki útilokað. Það er hægt að fá veiðileyfi á ýmislegt. Það gæti orðið vesen með haffærnisskírteinið kannski. Þó var nú einu sinni maður sem ætlaði að reyna að sigla yfir Atlantshafið í baðkari þannig að það er ýmislegt mögulegt í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Heldur þú að hann hafi ... ) Staðreyndin er auðvitað sú að þótt það væri ekki þvottabali, þó það væri nú ekki annað en eitthvert báthró, sem hefði að nafninu til veiðileyfi í íslensku efnahagslögsögunni og hefði engin veiðarfæri eða nokkurn skapaðan hlut, þá hefði þetta getað gerst þannig, því áður en það var þó stoppað að menn gætu fengið gefins afla af miðunum eins og reyndar var gert á miðri vertíðinni 1996 ef ég man rétt, þá fóru veiðarfæralaus skip út á miðin, fengu gefins afla, lönduðu honum og þó þau hafi aldrei neitt annað gert síðan fá þau þúsundir tonna úthlutað á grundvelli þessa frv. Þetta er þá mjög sanngjörn eða skynsamleg efnisregla borið saman við hitt að leyfa reynslunni ósköp einfaldlega smátt og smátt að mynda þann grundvöll sem menn síðan nota til þessarar uppskiptingar, ef menn vilja þá ekki fara einhverjar allt aðrar leiðir, sem er algjörlega sjálfstætt mál eins og ég nefndi hér áður, samanber nál. 2. minni hluta, að bjóða þetta upp eða gera þetta með einhverjum allt öðrum hætti en hingað til hefur verið notað sem grundvöllur fyrir uppskiptingu á þessum nýtingarrétti.

Að síðustu, herra forseti, eru það auðvitað rök nema menn séu búnir að skipta algerlega um skoðun og það væri nú fróðlegt að heyra hæstv. sjútvrh. svara því ef hæstv. ráðherra vildi nú einu sinni sýna þá virðingu bæði að hlusta og síðan að svara því sem hann er spurður um. Stundum er misbrestur á því með þennan hæstv. ráðherra.

Hver er ástæðan fyrir því að hæstv. ríkisstjórn hverfur algjörlega frá þeirri stefnu sem hingað til hefur verið framfylgt og fordæmin eru um, bæði frá Reykjaneshrygg og Flæmska hatti? Var tekin ákvörðun í ríkisstjórninni um að breyta þarna algjörlega um stefnu? Og var það meðvituð ákvörðun um að héðan í frá verði þessum hlutum hagað á allt annan hátt?

Þetta er ekki bara spurning um daginn í dag og núið og síldina og er hún þó nógu stór. Nei, þetta er náttúrlega spurning um það fordæmi sem er þá verið að gefa. Er með þessu frv. verið að senda þau skilaboð út að menn megi vænta þess í öðrum hliðstæðum tilvikum á komandi árum að veiðireynslan gildi ekki neitt? Er það? Og þá er það náttúrlega algjör kúvending, ekki bara frá þeirri stefnu sem mótuð hefur verið heldur er það kúvending frá anda úthafsveiðilaganna og það er kúvending frá þeirri hugsun sem myndar grunninn að núverandi stjórnkerfi fiskveiða í landinu. Það eru náttúrlega nokkur tíðindi svo ekki sé meira sagt, að samkvæmt sögusögnum — og engum sögusögnum, áreiðanlegum fréttum héðan úr þinginu — er fyrst og fremst Framsfl. sem hefur bitið sig algjörlega fastan í það að þetta frv. skuli ná fram að ganga óbreytt. Talsmenn þess flokks hafa ekki léð máls á neinum breytingum á því, hversu sannfærandi rök sem menn hafa þóst færa fyrir því að a.m.k. þessi útgáfa af málinu væri óskynsamleg. Er það þá vegna þess að þarna sé orðin grundvallarstefnubreyting á?

Herra forseti. Ef menn ekki fallast á það sem við fulltrúar minni hlutans leggjum til, þ.e. að ákveðið verði og reynt að ná samkomulagi um að hafa veiðarnar frjálsar t.d. í tvö ár í viðbót þannig að menn geti skoðað á meðan hvað síðar verður, og ef menn vilja búa til eitthvert bráðabirgðaástand, leika einhvern biðleik, eins og segja má að þetta frv. sé, með sérstöku þriggja ára tímabili sem þarna er sett upp með sérstakri úthlutun, þá er alveg fráleitt að gera það öðruvísi en þannig að veiðireynsla undangenginna ára vegi a.m.k. mjög

þungt í þeirri reikniregla sem notuð er við þá skiptingu. Sú formúla sem frv. gengur út á er eins og ég sagði, herra forseti, þriðja formúlan sem ráðuneytið setur fram á undangengnum tveimur árum um það í hvaða hlutföllum skuli nota burðargetu og í hvaða hlutföllum jafnt, og nú er það allt í einu orðið þannig samkvæmt frv. að 60% eiga að vera burðargeta en 40% skal skipta jafnt.

Í reglugerðinni frá 1. apríl 1996 átti að skipta $^2/_3$ hlutum jafnt en $^1/_3$ í samræmi við burðargetu. Það er næstum því búið að snúa þessu við þarna. Og í reglugerðinni frá 8. maí 1996 er þetta þannig að helmingi átti að skipta jafnt og helmingi miðað við burðargetu. Hvar eru vísindin, hæstv. sjútvrh., á bak við þessar þrjár mismunandi formúlur? Hvar eru vísindin? Hver eru hin efnislegu rök fyrir því að þessi er nú orðin niðurstaðan, 60% burðargeta og 40% jafnt þegar það var fyrir tveimur árum síðan í maímánuði „fiftí/fiftí" og nokkrum dögum áður, í apríl, 67% jafnt og 33% burðargeta? Þá sneri það öfugt. Hver eru vísindin? Hver eru rökin? Eru menn hugsanlega að leika sér eitthvað með þessar formúlur út frá því að það skipti máli hvernig einstök skip koma út úr útreikningunum? Það læðist auðvitað að manni sá grunur því hér er ekki verið að tala um litla hluti. Þarna er verið að færa veiðiheimildir á verðmætum fiskstofni til á milli skipa svo nemur hundruðum eða jafnvel þúsundum tonna. Það er ekkert annað verið að gera. Með geðþóttaregluverki af þessu tagi er verið að færa til hagsmuni svo nemur tugum milljóna hjá einstökum útgerðum. Það er tekið af einum og fært öðrum.

Finnst mönnum þetta fín stjórnsýsla? Finnst mönnum það? Ég spyr. Þegar efnislegi grundvöllurinn sem ákvarðanirnar eru byggðar á er ekki traustari en þetta. Þetta eru hreinar geðþóttaákvarðanir og það er algjört hringl og ekki nokkurt samræmi í því hvernig ráðuneytið eða ríkisstjórn á einstökum tímum setur þessa hluti fram, ekki nokkurt, eins og ég þykist hafa sýnt hér sæmilega fram á.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að annan eins reglugerðafrumskóg, annað eins hringl og reikniverk, hef ég sjaldan séð og þekki ég þó ýmislegt og hef fylgst nokkuð vel með stjórnsýslu bæði í sjávarútvegsmálum og landbúnaði á undanförnum árum og þar má svo sem sjá sitt af hverju.

Herra forseti. Ég tel að verði farið út í að búa til svona viðmiðunartímabil á annað borð sé fráleitt annað en að láta veiðireynsluna gilda að einhverju leyti. Og ég segi: Það er brot á ákvæðum og anda úthafsveiðilaganna að gera það ekki vegna þess að þau lög gera ráð fyrir því að þó að valin sé einhver önnur aðferð en sú að úthluta varanlega þá skuli samt taka mið af veiðireynslu. Það stendur nefnilega í þeim lögum. Að mér læðist sá grunur, herra forseti, að einn og einn maður sem á aðild að því að taka afdrifaríkar ákvarðanir um þessi mál hafi kannski aldrei lesið lögin eða viti a.m.k. ekki mjög vel hvað í þeim stendur. (**VS:** Er hv. þm. að tala um einhvern ákveðinn þingmann?) Ég er bara að tala um þá sem ætla að taka ábyrgð á því að afgreiða þetta vitlausa frv.

Ég ætla að lesa fyrir hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur (**VS:** Ég er með lögin hérna. Þakka þér kærlega.) ákvæðin sem eru í 6. mgr. 5. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum ..."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að andi þessara ákvæða var sá að veiðireynslan skyldi mynda grunninn og jafnvel þó að hún væri ekki fyrir hendi samfelld og þeim ákvæðum teldist ekki fullnægt, sem er umdeilanlegt eins og ég hef áður farið yfir, skal samt líta til veiðireynslunnar enda er það eðlilegur hlutur. Af hverju skyldi hún ekki eftir sem áður, að svo miklu leyti sem hún væri þá eða sé nothæfur grunnur til viðmiðunar, skipta þarna máli? Af hverju ætti hún ekki að gera það? Það er kannski best að orða spurningun þannig. Það er hugsanlegt að það fáist frekar svar við henni þannig. Af hverju ekki? Af hverju er t.d. réttlátara að láta öll skip, stór eða smá, vel útbúin eða illa útbúin, þau sem hafa náð árangri undanfarin ár eða ekki árangri, fá 40% jafnt? Finnst mönnum það eðlileg efnisregla? Á t.d. ekki að taka neitt minnsta tillit til þess að hluti flotans hefur undanfarin ár útbúið sig til þessara veiða, lagt í dýrar fjárfestingar, keypt fokdýr veiðarfæri og fokdýr fiskleitartæki? En samt fá þeir sem ekkert hafa gert af þessu 40% jafnt á móti hinum. Þetta finnst mér afar sérkennilegt, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Þetta frv. er eins og ég held að ég hafi nokkrum sinnum áður sagt afar sérkennileg smíð. Það eru margir lausir endar í þessu máli og ég neyðist því miður til að spá því, herra forseti, að rætist það sem meiri hluti sjútvn. leggur til, að frv. verði afgreitt óbreytt, að það eigi eftir að koma á daginn nú þegar á þessari vertíð og jafnvel síðar að þarna voru margir lausir endar. Í fyrsta lagi er þessi úthlutunarregla sjálf, þessi 60% burðargeta og 40% jafnt, afar sérkennileg og kemur sérkennilega út í mörgum tilvikum.

Síðan á samkvæmt frv. að úthluta 90% af því magni sem kemur í hlut Íslands samkvæmt samningunum á grundvelli þessarar reglu. 10% eru tekin frá og í þann pott geta öll skip sem hafa áhuga á því að reyna að spreyta sig á þessum veiðum sótt um að vísu takmarkaðar veiðiheimildir. Látum það gott heita. Það kunna að vera sjónarmið að ágætt sé að hafa þetta opið á þennan hátt þannig að menn geti spreytt sig og það reyni þá á hverjir ná árangri og hverjir ekki. Segja má að ekki sé stórkostleg áhætta tekin út af fyrir sig á meðan ekki er um meira magn að ræða en þessi 10%.

Útkoman úr þessari reglu er afar sérkennileg, herra forseti, eins og ég kom reyndar lítillega inn á í 1. umr. um þetta mál og hefur það held ég orðið mönnum betur ljóst eftir því sem menn hafa farið að athuga hlutina. Það er t.d. svo að litlir bátar og togarar sem sáralitlum og nánast engum árangri hafa náð við þessar veiðar fá samkvæmt þessu reikniverki ríkisstjórnarinnar veiðiheimildir svo nemur gjarnan á bilinu 1.000–2.000 tonn. Þannig fær bátur eins og Krossey sem náði samtals að veiða 207 tonn á árunum 1995–97 — hún ber 100 tonn. Þetta er nú ekki stórt skip — 1.662 tonn í veiðiheimildir samkvæmt þessu. Það eru 17 ferðir. Það eru 17 farmar ef rétt er að skipið beri 100 tonn. Þetta skip fær 17 fullfermi á meðan stærstu og afkastamestu skipin fá þrjár ferðir.

Hið nefnda skip Sæljón sem að vísu ber heil 192 tonn — eða bar. Ég veit ekki hvar það er niður komið — er samtals með veiðireynslu upp á 472 tonn sem mun að stórum hluta vera þannig til komin að skipið fór út á miðin jafnvel án veiðarfæra og fékk gefins afla. Það á að fá rétt tæp 2.000 tonn. Það er dálagleg búbót.

En við getum tekið á móti skip eins og Börk, eitt afkastamesta og öflugasta skip flotans um langt árabil, sem nú er kominn heim á nýjan leik glæsilega endurbyggður. Hann er með allra aflahæstu skipunum með samtals veiði upp á

20.558 tonn á þessum þremur árum og er með að meðaltali um 7.000 tonna veiði ári, en á samkvæmt þessari formúlu að fá 4.276 tonn. Augljóst er að með þessari aðferð eru flutt frá þessu skipi hátt á þriðja þúsund tonn frá því sem væri ef það fengi að njóta veiðireynslu sinnar á eðlilegan hátt. Og þó það væri nú ekki nema þannig að veiðireynslan væri látin vega t.d. 75% á móti burðargetu þá eru þarna tölur á ferð sem eru einhvers staðar á bilinu 2.000–3.000 tonn.

Við getum tekið skip eins og Súluna EA sem var eitt af fyrstu skipunum ef ekki fyrsta skipið sem landaði síld snemmsumars 1994. Mig minnir að það hafi verið Súlan og Þórður Jónasson, skip frá Norðurlandi, sem fyrst lönduðu síld. Þetta skip hefur síðan stundað þessar veiðar af miklum krafti öll árin síðan, er með heildarveiði upp á yfir 15.000 tonn og ætti að fá miðað við það að veiðireynslan væri látin vega t.d. $^3/_4$ á móti burðargetu eða að jöfnu, hátt í 5.000 tonn, en fær 3.500 samkvæmt reikniverkinu. Þarna er verið að taka af þessu eina skipi sem er gert út af einyrkjaútgerð, kannski tæp 1.500 tonn af síld. Og hvað er það? Miðað við gott verð eru það 15 millj. kr. Það munar um minna þegar menn sletta svona reikniverki á blað eins og hér er gert.

Líður mönnum betur með það fremur en að leyfa reynslunni ósköp einfaldlega að hafa sinn gang? Ég held það sé augljóst að allir eru miklu sáttari við það. Menn beygja sig undir það. Þeir eru tilbúnir til að skella sér í þá samkeppni og reyna að standa sig. Ég held að mönnum þyki ákaflega sárt að búin sé til einhver reikniformúla sem skerði möguleika þeirra umfram það sem var í samkeppni við aðra að breyttu breytanda á undangengnum árum um tölur af þessari stærð.

Þeir eru náttúrlega hressir með sig togararnir sem voru að veiða þetta frá 16 og upp í 21 tonn á þremur árum, að fá svo úthlutað 1.300–1.400 tonnum af síld. Það þarf að ganga dálítið mikið betur hjá þeim, verð ég að segja, til að þeir rífi það upp. Þannig mætti áfram telja, herra forseti.

Ég er þeirrar skoðunar að menn hefðu sennilega unað þessu sæmilega þótt úthlutunin yrði af þessu tagi, búið til eitthvert tímabil, ef það hefði þá verið gert á grundvelli reikniregluna sem hefði tekið það mikið tillit til veiðireynslunnar undanfarin ár, þótt um tímabundna úthlutun væri að ræða og á engan hátt varanlega, að það hefði ekki fært til miklar stærðir. Ég held það hefði verið miklu betri nálgun gagnvart öllum sanngirnissjónarmiðum að láta veiðireynslu vega a.m.k. tvo þriðju eða þrjá fjórðu og restina jafnvel á móti burðargetunni, frekar en að allir fengju jafnt. Ég held að sú formúla væri mun nær veruleikanum og skapaði minni vandamál í framkvæmdinni en þessi ósköp.

Svo kemur það til, herra forseti, að í framhaldi af slíkri úthlutun til skipa og báta, þar með talið alls konar koppa sem litlum eða engum árangri hafa náð við veiðarnar, eru á hinn bóginn settir inn í frv. mjög takmarkaðir framsalsmöguleikar. Fyrir því geta verið góð og gild rök og ekki ætla ég að fara að mæla því bót að í viðbót við allt hitt mættu menn svo selja þetta í stórum stíl.

Það að svona takmarkaðir framsalsmöguleikar skuli settir inn í frv. er auðvitað ávísun á það að stór hluti af þessum veiðiheimildum fellur ónýttur. Hann mun ekki nýtast þeim sem fá þær, það er eiginlega algjörlega borðleggjandi. Menn gætu farið yfir það, ef þeir þekktu sæmilega til, t.d. hvar sumir þessir dallar eru nú staddir. Þeir munu ekki veiða þetta. Það er alveg augljóst mál, a.m.k. ekki nema að mjög litlu leyti. Hvað þýðir það? Jú, það þýðir að menn eru að búa til aðstæður.

Fyrir fram eru skapaðar þær aðstæður að þegar líður á vertíðina verða fleiri þús. tonna, sennilega á bilinu 10–20 þús. tonn og jafnvel meira, ekki nýtt. Þá munu menn náttúrlega segja: Það er nú ekki gott að þetta skuli falla dautt og ónotað. Þá er gripið til þess ráðs að setja í frv., í b-lið 2. gr., ákvæði um að sjútvrh. geti endurúthlutað. Eftir tiltekinn tíma mun það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa. Það mun síðan gert.

En þá spyr ég á móti: Á grundvelli hvaða reglna á það að gerast? Frv. er t.d. þannig úr garði gert að það felur engar skilgreiningar í sér um það, hvað varðar dagsetningar eða annað, fyrir hvaða tíma og að hve miklu leyti menn þyrftu hlutfallslega vera búnir að nýta sínar veiðiheimildir. Engar. Í frv. er enga leiðsögn um það að finna og virðist sem sjútvrh. eigi bara að ákveða sjálfur hvað skynsamlegt sé að gera. Skyldi það ekki geta verið þannig að það þætti nokkuð hæpin lagastoð? Hvernig verður þetta að gerast? Jú, við skulum hugsa okkur að skip sem hafi fengið 2 þús. tonna úthlutun en það hefur ekki náð að veiða nema 200 tonn. Það er langt liðið á vertíðina og allt stefnir í að kannski 1.500–1.800 tonn verði ónýtt en útgerðarmaðurinn segir: Ja, ég ætla að veiða þetta seinna á vertíðinni. Ég ákvað að geyma mér þetta til að taka til manneldis o.s.frv. Það er ekki víst að ráðuneytið hafi mjög sterka stöðu til að segja: Nei, góði, úr því þú ert ekki búinn að nýta þetta nú þegar okkur dettur ýmislegt í hug. Einn góðan veðurdag þegar við gáðum til veðurs var fallegur og bjartur dagur og við ákváðum að skynsamlegt væri að þeir sem hefðu ekki notað svo og svo mikið af kvóta sínum, mundu bara missa þetta tækifæri. Það er ekki endilega víst að menn hafi mjög sterka stöðu til þess að gera þetta með reglugerð ef ekki er að finna í frv. nokkra einustu leiðsögn um hvernig það skuli gert.

Auðvitað er þetta frv. meira og minna eitt samfellt framsal á valdi til ráðherrans svo hann geti gert það sem honum sýnist í þessu, setja reglur um þetta og hitt, úthluta og endurúthluta og sjálfsagt endurendurúthluta. Ég tel að áður en þessi síldarvertíð verður öll, þá verði a.m.k. búið að gefa út einar fimm reglugerðir og endurúthluta svona tvisvar til þrisvar sinnum til að lappa upp á þessi ósköp. Það verður þannig. Þeir munu ekki gera mikið annað, vinir mínir í sjútvrn. og á Fiskistofu núna í maí og júní, en að liggja yfir þessu. Það er auðvitað allt í góðu með það ef menn vantar eitthvað að gera og vilja skapa sér vinnu með þessum aðferðum.

Eitt enn, herra forseti, hangir þarna algerlega í lausu lofti og það er nú dálítið fyndið að meiri hluti setji það inn í sitt nál. og viðurkenni að að því leyti sé frv. mjög áfátt. Það verður með engu móti ráðið af frv. eða greinargerð þess hvað átt er við með hugtakinu „burðargeta“. Þar geta komið til greina tvær, þrjár eða jafnvel fleiri mismunandi mælieiningar. Það skiptir heilmiklu máli. Það getur breytt reiknaðri burðargetu skipanna frá raunverulegri burðargetu svo verulega muni í vissum tilvikum, allt eftir því hvort þar er átt við lestarrúmmál eða burðargetu miðað við fríborð, burðargetu skipanna miðað við stærstu löndun o.s.frv.

Einn alvarlegasti ljóðurinn á þessu máli, herra forseti, er að mínu mati að verði þetta niðurstaðan þá er enginn vafi á því að það mun verka mjög letjandi á íslenska útgerðarmenn að sækja í stofna við sambærilegar aðstæður og við eiga um norsk-íslensku síldina. Auðvitað er alveg ljóst að eitt af því sem hefur drifið menn áfram í sókninni á Reykjaneshryggnum, á Flæmska hattinum og upp í Smugu í Barentshafi og auðvitað í þessu tilviki hvað varðar norsk-

íslensku síldina, var sú trú manna að þeir væru að ávinna sér veiðireynslu. Þeir voru auðvitað að gera meira í leiðinni. Þeir voru líka að ávinna Íslandi veiðireynslu. Það er fyrst og fremst vegna veiðanna árin 1994 og 1995 sem Íslendingar náðu samningum um hlutdeild í þessum stofni.

Ég ætla að taka annað gott dæmi sem nú á við. Það er um kolmunnann sem Íslendingar eru nú loksins farnir að veiða á nýjan leik og þótt fyrr hefði verið og meira. Það er enginn vafi, herra forseti, á mikilvægi þess að Íslendingar öðlist sem fyrst sem allra mesta veiðireynslu í kolmunna. Af hverju? Það er af því að það er nú þegar komið á dagskrá og til umræðna innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEARC, að taka upp fiskveiðistjórnun á kolmunna. Hvað eru Norðmenn að gera þessi árin? Norðmenn eru að stórauka veiðar sínar á kolmunna, veiða hann eins og þeir lifandi geta. — Herra forseti, hvar er hæstv. sjútvrh.? Á ég að gera hlé á máli mínu þangað til ráðherra getur verið viðstaddur?

(**Forseti** (StB): Forseti skal gera ráðstafanir til að hæstv. ráðherra komi í salinn.)

(**Gripið fram í:** Hann er að ... framsóknarmanninn.) Mér finnst það nú ekki ofverkið ef hæstv. ráðherra ætla að troða þessu frv. hér í gegn, að þeir hafi þolinmæði til að taka þátt í umræðum um málið og vera til staðar.

Ekki vorkenni ég þeim það mikið, hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., að sjá af einni dagstund til að koma þessu hugarfóstri sínu hér áleiðis gegnum þingið, þessu gæluverkefni, sem þetta nú er. Ég hef nefnilega áhuga á að ræða þetta mál við þá báða, hæstv. ráðherrana, spurninguna um samhengi þessa máls, t.d. við þá stöðu sem nú er uppi varðandi kolmunnann.

Er hæstv. utanrrh. farinn úr húsi, herra forseti?

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er, samkvæmt töflu, í húsinu.)

Já. Það er mjög ánægjulegt. Gott fyrir húsið.

Herra forseti. Mig langaði að ræða við hæstv. ráðherrana um það að verði þetta niðurstaðan með stjórnun á nýtingu síldarinnar, þá þarf ekki flókna stærðfræði til að láta sér detta í hug að það gæti haft fordæmisgildi gagnvart öðru. Útgerðarmenn mundu þá spyrja sig: Jahá, verður þetta þá svona í öðrum sambærilegum tilvikum á komandi árum? Ég fullyrði: Það er afar heimskulegt að fara út í aðgerð af þessu tagi ef menn vilja viðhalda hvatningu til þess að Íslendingar afli sér veiðireynslu í nýjum stofnum sem auðvitað er mikil þörf á að gera. Það er sem betur fer svo, þrátt fyrir allan heimóttarskapinn í þessum efnum, að það eru enn til möguleikar til að auka við þann grundvöll íslenskrar útgerðar og íslensks sjávarútvegs og þar nefni ég alveg sérstaklega kolmunnann.

Það er auðvitað mjög slæmt, herra forseti, ef við ætlum að láta Norðmönnum einum eftir að stórauka, hvert árið á fætur öðru, veiðar sínar á kolmunna og undirbúa þannig stöðu sína þegar kemur að uppskiptingu á stofninum sem nú þegar er komið á dagskrá innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar.

Færeyingar átta sig t.d. alveg á því sem þarna er að gerast. Þeir stugguðu við Norðmönnum um daginn og fóru fram á að Norðmenn hættu kolmunnaveiðum innan færeysku lögsögunnar, enda væru þeir búnir að moka nóg upp. Því miður er það svo að við Íslendingar erum þarna með alveg hverfandi hlutdeild. Auðvitað mundum við, þegar til uppskiptingarinnar kæmi, fá eitthvað út á okkar strandríkjarétt því kolmunninn er hér sannanlega hluta úr árinu, kemur inn í íslensku lögsöguna, a.m.k. velflest ár. Menn vita hins vegar alveg fordæmin fyrir því að það gildir að hafa líka veiðireynslu.

Hver var niðurstaðan af Reykjaneshryggnum? Varð hún ekki sú að veiðireynslan vigtaði þar ein 60% og strandríkin fengu kannski í sinn hlut 30–40% út á sinn rétt? Þau skiptu því síðan upp á milli sín, aðallega Ísland og Grænland. Ég held að hæstv. ráðherrar verði að svara því skýrt. Er um stefnubreytingu að ræða frá því sem verið hefur að undanförnu, frá því sem fordæmin fela í sér, af Flæmska hatti og Reykjaneshrygg, og frá ákvæðum gildandi laga? Það er ekki bara að reiknað sé með því að veiðireynslan sé grundvöllur uppskipta á réttindunum síðar meir, heldur er þar líka inni sérstök regla til að verðlauna frumherjana, sérstakur bónus. Af hverju var hann settur inn? Það var ekki út í loftið. Það var vegna þess að menn höfðu sem betur fer vitkast það, þegar verið var að ganga frá úthafsveiðilögum ársins 1996, að talið var skynsamlegt og í þágu þjóðarhagsmuna að hafa kerfið þannig að það ýtti undir þessa sókn. Það átti að hvetja til þess að íslenskar útgerðir reyndu fyrir sér á nýjum sviðum, færu í ónýtta möguleika. Í leiðinni öðlaðist Ísland veiðireynslu og hafði sterkari samningsstöðu. Auðvitað er þetta svona enn.

Það er enginn vafi á því að við eigum að halda áfram að styrkja stöðu okkar, a.m.k. á þeim sviðum sem enn eru opin, í tegundum eins og kolmunna, túnfiski og auðvitað fleiri tegundir. Ætli það muni ekki dálítið um það í verðmætum inn í þjóðarbúið á hverju einasta ári, að hlutdeild Íslands í karfanum á Reykjaneshrygg er svo nemur líklega 15–20, ef ekki 20–30, þús. tonnum meira en hefði orðið ef við hefðum aðeins fengið úthlutað út á strandríkjaréttinn og hefðum ekki verið orðnir þátttakendur í veiðunum í jafnmiklum mæli og raun bar vitni?

Auðvitað ætti að gera allt sem hægt er til þess að ýta undir það að veiðireynslan væri gulrót í þessu sambandi og að beita frumherjahvatningunni eins og var gert í takmörkuðum mæli að vísu á Reykjaneshryggnum ef ég man rétt. Þannig væri sem sagt ekki horfið frá þeirri stefnu sem mörkuð var með setningu úthafsveiðilaganna á sínum tíma.

Ég held reyndar að hvort heldur varanleg úthlutun eða tímabundin og takmörkuð eins og frv. gerir ráð fyrir, þar sem veiðireynslan mundi vega mjög þungt, væri akkúrat réttu skilaboðin í þessum efnum. Út af fyrir sig má segja — og að því leyti til gæti úthlutun verið góð núna — að þá hefðu menn e.t.v. svigrúm til þess að stýra því hvenær þeir tækju þann kvóta og hvenær þeir væru við veiðar á kolmunnanum. Það eru kostirnir við það að byggja á úthlutun en ekki á frjálsum veiðum, vissulega, því að frjálsu veiðarnar kalla á kapphlaupið og þá rykju náttúrlega allir til eins og gefur að skilja. En ekki verður bæði sleppt og haldið og menn verða að reyna að velja sér hér þá leið sem sameinar best okkar heildarhagsmuni.

Ég fullyrði, herra forseti, að þessi regla, þessi aðferðafræði frv., er ósanngjörn í fyrsta lagi, hún er stórskaðleg út frá íslenskum þjóðarhagsmunum og hún verkar letjandi en ekki hvetjandi öfugt við það sem ætti að vera. Hún verkar letjandi en ekki hvetjandi til þess að við keyrum okkur inn í nýtingu á öllum þeim stofnum sem eru í veiðanlegu færi við okkur einhvers staðar í nágrenni við landið.

Ég held, herra forseti, að ég hafi rökstutt það nægjanlega og geti ekki gert það mikið betur, hversu brúttóúthlutun af þessu tagi sé fráleit, nánast í hvaða tilliti sem er, hvort heldur litið er til reynslunnar, til almennra sanngirnissjónarmiða eða þjóðarhagsmuna í þessu efni, svo ekki sé talað um það

hvernig þetta birtist einstökum aðilum, einstökum þolendum í þessum efnum.

Ég veit ekki hvort allir hv. alþingismenn átta sig t.d. á því að ný og djúp síldarnót kostar um 30 millj. kr. Og fiskleitartæki, vandaðri tæki sem nótaskipin þurfa að hafa og eru yfirleitt ekki í öðrum gerðum fiskiskipa kosta a.m.k. 12–15 millj. kr. Þannig að kostnaður við aðeins þetta tvennt sem má heita algjörlega sérhæfður útbúnaður til þessara veiða, þ.e. veiðarfærið sjálft og mikilvægasta fiskleitartækið, hleypur kannski á bilinu 30–50 milljónir. Þetta er aljörlega sérhæfður búnaður fyrir þessar veiðar þó að auðvitað nýtist „asdicið" að vísu til annarra nótaveiða.

Ýmsir útgerðarmenn hafa einmitt lagt í þennan kostnað undanfarin ár til að vera betur í stakk búnir til að stunda þessar veiðar og þeir hljóta að spyrja sig að því hvort að það sé eðlileg framkoma í þeirra garð að fara síðan út í úthlutun veiðiheimildanna á þeim grunni sem hér er lagður til.

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þá röksemdafærslu sem kom fram alveg sérstaklega á árinu 1996, að úthlutun af þessu tagi auki sérstaklega líkurnar á því að við náum meiru af síldinni til manneldis. Þá spyr ég á móti: Hver er reynslan? Hver var reynslan af úthlutuninni 1996? Menn komu heim frá London og Ósló og sögðu alveg sérstaklega að nauðsynlegt væri að úthluta svona til þess að hægt væri að hafa stjórn á veiðunum, að þetta yrði ekki kapphlaup, menn gætu jafnvel geymt kvótann þangað til að síldin væri komin í vinnsluhæft ástand og svo mundu menn ná þessu meira og minna til manneldis.

Hver hefur niðurstaðan orðið? Niðurstaðan er sú að í öll þessi ár hefur nánast ekkert af þessari síld farið beint til manneldis, í flökun, frystingu eða söltun. Af hverju ekki? Það er fyrst og fremst vegna þess, herra forseti, að síldin er ekki í vinnsluhæfu ástandi. Hún er yfirleitt ekki í vinnsluhæfu ástandi. Hún er mjög mögur eins og menn vita núna. Hún er að fita sig og er þá yfirleitt í átu þannig að jafnvel æfingar af því tagi að reyna að láta hana losa sig við átuna í nótinni hafa skilað mjög takmörkuðum árangri. Það hefur í litlum mæli verið mögulegt að flaka síld úr einstökum förmum, en t.d. til heilfrystingar eða söltunar er hún yfirleitt ekki nothæf vegna þess að átan er of mikil.

Fræðilega og á pappírunum hægt að hugsa sér að þetta sé svona, að meiri líkur séu á því að eitthvað af síldinni náist í manneldi ef um úthlutun er að ræða og menn geta gengið að sínum kvóta vísum. En reynslan sýnir bara hið gagnstæða. Útgerðarmenn vita vel að ef þeir taka þá ákvörðun að geyma sér veiðiheimildirnar þá taka þeir um leið mjög mikla áhættu, mjög mikla áhættu varðandi það að þeir nái hreinlega ekki sínum hlut. Síldin er dyntótt skepna og reynslan hefur sýnt á undanförnum árum að ekki er á vísan að róa með að geyma sér að veiða hana. Ætli niðurstaðan verði ekki sú í flestum tilvikum að um leið og einhver kraftur kemur í veiðarnar þá fara menn til veiða og klára sinn kvóta. líka vegna þess að ákveðin hagkvæmnisrök fylgja því að hanga ekki yfir þessu lon og don. Menn geta ekki látið fokdýr veiðiskip liggja í aðgerðarleysi og bíða eftir því vikum saman, þess vegna kannski í heilan mánuð, að ástandið á einum til tveimur förmum sem þeir mega á pappírunum sækja af síld batni eitthvað. Að lokum kemur að því að menn hafa takmarkaðan tíma til þessara veiða vegna þess að upphaf sumarveiða á loðnu er yfirleitt í kringum mánaðamótin júní/júlí og jafnvel hefur verið rætt um að flýta því vegna þess að undanfarin ár hefur besta loðnan veiðst í upphafi sumarvertíðarinnar. Ýmis rök eru fyrir því, herra forseti, að réttast væri að leyfa þeim veiðum að hefjast jafnvel heldur fyrr en verið hefur, t.d. 15.–20. júní í staðinn fyrir 1. júlí.

Ég held, herra forseti, að ef menn vilja gera eitthvað til að reyna að auka möguleikana á manneldisvinnslu á þessum hluta úr síldveiðunum þá verði að horfa til allt annarra hluta. Það eru allt aðrir hlutir en þessi della. Þá skulum við samþykkja að vinnsluskip megi fara á miðin og kaupa síld yfir borðstokk. Það er vit í því. Þá koma frystitogararnir inn í myndina af einhverju viti. Þá geta þeir farið á miðin og keypt sér dagskammt og reynt að velja síld úr þeim köstum eða förmum sem eru í besta ástandinu, flokkast best. Þeir gætu keypt sinn dagsskammt til vinnslunnar, 20–50 tonn eða hvað það nú væri og losnað svo við hratið, jafnvel um borð í skip sem er á leiðinni í land. Það væri vit í slíku. Enda er þetta gert svona þar í heiminum sem umtalsverð manneldisvinnsla er stunduð. Rússar taka langstærstan hlut af sinni síld sem þeir vinna til manneldis með þessum hætti. Þeir eru með stór verksmiðjuskip sem fylgja veiðiflotanum vegna þess að veiðiskipin eru góð til að veiða og vinnsluskipin eru góð til að vinna, en ekki öfugt. Þetta frv. gengur út á að þetta sé öfugt og hugsunin hér er sú að togarar og alls konar þvottabalar eigi í verulegum mæli að sjá um veiðarnar og en ekki hið gagnstæða.

Eru menn tilbúnir til þess að fara í breytingar af þessu tagi? Mér er ekki kunnugt um annað, herra forseti, en að það standi enn að sjútvrn. hyggist banna það að menn miðli afla á milli sín á miðunum, nema þá bara rétt til að bjarga afgangi úr köstum í önnur skip. (**Gripið fram í:** Eru þvottabalar með veiðileyfi?) Það er hugsanlega hægt að fá á þá haffærniskírteini og kaupa á þá úreldingu og þá eru þeir komnir inn í myndina hvað þetta snertir, eins og hefur verið farið yfir áður í þessari umræðu. Baðkör gætu verið ágæt og fleiri svona flát. (**Gripið fram í:** Með krana þá?)

Herra forseti. Ég held því miður því fram að þetta séu meira og minna málamyndarök. Reynslan hefur orðið sú. Þessar vorveiðar á norsk-íslensku síldinni í maí og byrjun júní eru ekki líklegar til þess að skila mjög miklu til manneldis fyrr en þá að við höfum náð að gera miklu betri samninga við nágrannaþjóðirnar sem þýða að við getum fylgt síldinni eftir inn í hvaða lögsögu sem gengur og jafnvel inn í norsku lögsöguna þegar líður að haustinu og séum mikið tryggari með að ná okkar hlut en við erum á grundvelli óbreyttra samninga sem fela í sér heimild til þess að taka skitin 8.000 tonn í norsku lögsögunni, sem er auðvitað engin gagnkvæmni í þessum málum á nokkurn hátt, á sama tíma og þeir eru að veiða stóran hluta af sínum loðnukvóta í íslensku lögsögunni.

Auðvitað er það æskilegt markmið, herra forseti, að sem allra hæst hlutfall af þessum stofni og öðrum stórum stofnum uppsjávarfiska nýtist til manneldisvinnslu eftir því sem aðstæður leyfa. Og þá kemur að hinu: Hvað skyldi til lengri tíma litið vera líklegast og vænlegast til árangurs í þeim efnum? Hvað halda menn að það sé annað en að tryggja fyrirtækjunum stöðugleika og öryggi gagnvart þessum veiðiheimildum langt fram í tímann? Því hvernig eiga menn að fjárfesta í vinnslu og útbúa sig af einhverju viti nema með því að þeir hafi tryggan aðgang að hráefni um eitthvert árabil?

Staðreyndin er nefnilega sú að hringlið í þessu er verst og það er ömurlegt að staðfestan uppmáluð, hæstv. utanrrh. sem hefur allt frá hvalamálinu forðum tíð gert mikið út á það að hann sé ígildi stöðugleikans og staðfestunnar holdi klæddur

... (**Utanrrh.:** Ekki studdirðu mig í því.) Í hvalamálinu? (**Utanrrh.:** Nei.) Ég held það nú. Ég man nú ekki betur. (**Utanrrh.:** Manstu ekki ...) Ég var ekki í hópi andstæðinga hæstv. ráðherra, a.m.k. ekki þegar hér var ákveðið að mótmæla ekki hvalveiðibanninu því ég var ekki kominn á þing. Ég hef meira að segja fengið í mig fúlegg vegna mótmæla við hvalveiðum þannig að ég get alveg haldið því fram að ég hafi fært mínar fórnir eins og hver annar í þeim efnum. (**VE:** Greipstu það ekki á lofti?) Nei. Það gerði engan skaða. En það var á þeim tíma þegar enn stóðu yfir mótmæli vegna okkar veiða.

En að hæstv. utanrrh. skuli gerast sérstakur hvatamaður þess að hringl og rugl af þessu tagi er hér í gangi sem gerir það að verkum að menn hafa ekki forsendur til að byggja skynsamlegar ákvarðanir og fjárfestingar á til lengri tíma um nýtingu af þessu tagi. Það vita allir sem eitthvað hafa komið nálægt atvinnurekstri að ein mikilvægasta forsendan til þess að eitthvert vit sé í þeim hlutum er sæmilega stöðugt umhverfi. Og sjávarútvegur og fiskvinnsla eru ekkert öðruvísi en annað í þeim efnum. Hráefnið í þessa vinnslu er eins og hráefnið í hverja aðra vinnslu. Auðvitað er ekki hægt að byggja atvinnurekstur öðruvísi upp en að sæmilegur stöðugleiki sé í þeim efnum.

Því hefur mikið verið haldið á lofti að algjört lausnarorð í þessum efnum hvað varðar fiskveiðistjórnina væri að bjóða upp veiðiheimildirnar. Það hefur jafnvel verið rætt í tengslum við þennan fiskstofn. En ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig starfsumhverfi fiskvinnslunnar yrði, fiskvinnslufyrirtækjanna í landi eða þeirra blönduðu fyrirtækja sem byggja afkomu sína jöfnum höndum á því að vinna en ekki bara veiða, ef það ríkti með reglubundnu millibili, kannski á hverju ári, kannski á tveggja, þriggja ára fresti, *fullkomin óvissa um það hvaða fyrirtæki fengju hráefni til* vinnslu á komandi árum eða vertíðum.

Væri gáfuleg fjárfesting að kaupa sér flökunarvélar ef þetta ætti nú t.d. við um síldina, setja upp kæla, setja kælibúnað í skipin eða setja upp kælitanka fyrir hráefnið í landi? Það verður ekki til verðmæt manneldisvara úr síld bara sisona, bara með einhverjum töfrakúnstum. Nei. Það þarf að fjárfesta. Það þarf að koma upp aðstöðu. Það þarf að kaupa dýran tækjabúnað. Það þarf að tryggja gæðameðferð á hráefni, o.s.frv.

Og einasta leiðin til að eitthvert vit geti verið í þróun af *því tagi er sú að stöðugleiki ríki gagnvart því að menn* hafi aðgang að hráefninu. Það er ekkert annað skipulag til, held ég, en það að fyrirtækin hafi einhverja trygga framtíð í þessum efnum. Hugsum okkur t.d. álbræðsluna í Straumsvík eða grjótbræðsluna á Grundartanga, ef þau fyrirtæki stæðu einn daginn uppi hráefnislaus. Eða hugsum okkur rafmagnið. Segjum sem svo að raforka væri á uppboði á tveggja ára fresti. Hvernig haldið þið að væri að reka svoleiðis fabrikku ef þeir yrðu allt í einu undir í kapphlaupinu um rafmagnið, byðu of lágt og svo yrði bara slökkt á ofnunum hjá þeim? Það mundi ekki ganga mjög vel. Ég hef ekki heyrt að menn væru gírugir í að setja peninga í iðnaðaruppbyggingu af því tagi, ef þeir gætu t.d. ekki gert langtímasamninga um kaup á raforku. Það dettur engum manni í hug að byggð verði álbræðsla nema 20, 30, 40 ára samningar liggi fyrir um rafmagnið og helst nokkurn veginn sambærilegur stöðugleiki hvað varðar hráefnið. Auðvitað er þetta alveg eins með sjávarútveginn og fiskvinnsluna í raun og veru. (**Gripið fram í:** Ekki hráefnið.) Heldurðu að þú þurfir ekki hráefni til fiskvinnslu? (**Gripið fram í:** ... stöðugra.) Nei, en það er hægt að gera það stöðugra að þessu leytinu til að menn hafi þó a.m.k. réttinn til að reyna að ná í það, því þetta snýst um hann. Og ætli það sé nú ekki nóg að glíma við óvissuna sem fólgin er í breytingum í lífríkinu sjálfu og duttlungunum í skepnunum og sveiflunum á mörkuðunum þó að við bætum ekki við þeirri óvissu að menn viti ekkert hvar þeir standa gagnvart leikreglunum nema bara dag í senn. En það hefur tekist að gera hér með þessa norsk-íslensku síld. Fimmta árið í röð eru veiðar að hefjast á grundvelli nýs kerfis. Ég er alls ekki viss um að þó að þessi ósköp, sem hér er verið að ræða, eigi að standa í þrjú ár, þá verði menn svo heillum horfnir að þeir sjái ekki að þetta er vitlaust og ósanngjarnt og breyti því strax á næsta ári. Það skyldi þó ekki vera að kokkað yrði upp nýtt frv. næsta vetur. Við skulum a.m.k. sjá til hver reynslan verður ef svo tekst til að þetta verði að veruleika, herra forseti, sem ég hef í lengstu lög vonað að yrði ekki.

Herra forseti. Verði um tímabundna aðgerð að ræða af því tagi sem 2. gr. frv. gengur út á hvort sem það tekur nú til þriggja ára eða tveggja eða hvað það nú væri, þá er að mínu mati algerlega borðleggjandi að mönnum ber skylda til að reyna að ná samkomulagi um eitthvað skárri leikreglur en þarna er verið að lögfesta því ég þekki eiginlega bara ekki nokkurn einasta mann sem er ekki óánægður með þetta. Ég hef engan útgerðarmann heyrt mæla þessu bót, ég hef engan fiskvinnslumann heyrt mæla þessu bót, engan sjómann og engan yfirleitt. Ég þekki bara einn mann á Íslandi sem mér er sagt að sé ánægður með þetta og það er hæstv. utanrrh. því auðvitað hefur maður heyrt að holur hljómur er í máli hæstv. sjútvrh. þegar hann talar þvert gegn eigin stefnu í þessum efnum, (Gripið fram í.) skýtur í kaf nýlega setta löggjöf um úthafsveiðar sem hæstv. ráðherra hrósaði sér af hér á dögunum. *Ég er alveg sannfærður um að hægt væri að ná mun* skárra andrúmslofti í kringum þetta mál ef reiknireglunni væri breytt. Gjarnan mætti stytta tímann niður í tvö ár enda væri alveg nóg að ákveða þetta til tveggja ára í bili og taka veiðireynsluna inn sem tvo þriðju eða þrjá fjórðu á móti annaðhvort burðargetu eða jafnt rest. Til dæmis komu tillögur frá Farmanna- og fiskimannasambandinu sem eru birtar í fylgiskjölum með frv. um slíka útfærslu. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, herra forseti, að fylgiskjölum var dreift á borð þingmanna sem ekki fylgja nál. Af sparnaðarástæðum var þetta gert svona, en þau eru sem sagt hér og þar er að finna ýmis dæmi, ýmsa útreikninga á því hvernig mismunandi úthlutunarreglur kæmu út í þessu sambandi.

Ég segi nú bara, menn vilja skapa sér ófrið og djöfulgang í kringum hlutina ef þeir hanga eins og hundar á roði í reglum af þessu tagi þegar borðleggjandi er að ná mætti miklu skárri sátt um málið með tiltölulega einföldum breytingum á reiknireglunum.

Herra forseti. Þá ætla ég aðeins að fara yfir brtt. á þskj. 1336. Þær ganga út á það eins og áður sagði að það er sameiginleg niðurstaða okkar í minni hlutanum að miklu frekar en ganga frá málinu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir væri að ákveða að hafa veiðarnar frjálsar í t.d. tvö ár á þessari og næstu vertíð, að ganga frá því með óyggjandi hætti að fyrir því væri traust lagastoð og 1. gr. frv. orðaðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árin 1998 og 1999:“

Þetta mundi þýða að í staðinn fyrir varanlega breytingu hvað varðar norsk-íslensku síldina þá yrði þessi breyting tímabundin og tæki aðeins til þessara tveggja ára.

„a. Að fengnu leyfi Fiskistofu eru veiðar frjálsar öllum skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.

b. Til að tryggja að heildarafli íslenskra fiskiskipa verði innan umsaminna marka er sjávarútvegsráðherra heimilt að stöðva veiðar þegar eftir er af heildarveiðiheimildum sem nemur einu fullfermi allra skipa sem hafið hafa veiðar. Skal þá þeim veiðiheimildum úthlutað á skipin í samræmi við burðargetu miðað við stærsta landaðan farm. Heimilt er skipunum að sækja það magn í fleiri en einni veiðiferð ef þörf krefur.

c. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um upphafsdag og aðra tilhögun veiðanna, þar með talið nauðsynlegar reglur um tilhögun veiða íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja.

2. gr. falli brott.

3. gr. falli brott."

Flóknara þarf þetta ekki að vera. Einfaldar og skýrar reglur: Veiðar eru frjálsar öllum skipum með veiðileyfi í lögsögunni og fyrir liggja skýrar reglur um hvernig vertíðinni er lokið þegar eftir er sem nemur einum farmi hjá öllum þeim skipum sem þá þegar eru komin til veiða.

Ég held, herra forseti, að með þessum hætti væri gengið þannig frá málinu að menn gætu mjög vel við unað. Þá væru menn einnig að þessu leytinu til betur staddir gagnvart þeirri staðreynd sem nú blasir við að hæstv. ríkisstjórn kom þessu frv. ekki frá sér fyrr en svo seint að það var í raun og veru borin von að það næði hér afgreiðslu miðað við ástand mála, fyrr en eftir að síldveiðin væri hafin, enda varð það niðurstaða ráðuneytisins að heimila skipunum að fara til veiða frá og með 5. maí sl. Vertíðin er því þegar hafin og stendur yfir á þeim dögum sem við erum að ræða þetta frv. Ástæðan er ósköp einfaldlega sú að frv. var með allra síðustu málum sem komu frá hæstv. ríkisstjórn, enda hefur það málsnúmerið 642 samkvæmt því stimplaða skjali sem ég hef í höndunum. Ég vil láta þetta koma fram, herra forseti, líka vegna þess að í fjölmiðlum hafa ýmsir, þar á meðal formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnrýnt Alþingi fyrir að hafa ekki lokið því að setja reglur um síldveiðarnar áður en vertíðin hófst. Þar er ekki, herra forseti, við Alþingi að sakast eins og ég veit að hæstv. forseta er ljóst. Þar er fyrst og fremst við það sleifarlag hæstv. ríkisstjórnar að sakast að hafa ekki komið frv. miklu fyrr fram, úr því ríkisstjórnin ákvað að fara út í breytingar á annað borð. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ríkisstjórn Íslands hafi verið ljóst að veiðarnar hafa yfirleitt hafist í byrjun maímánaðar ár hvert og ég geri ráð fyrir að til sé dagatal í Stjórnarráðinu þannig að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi sér ekkert til afsökunar í því að hafa ekki komið þessu máli fyrr fram. Þá hefði líka gefist meiri tími til að ræða þessa hluti og hugsanlega hefði það leitt til þess að menn hefðu náð saman um farsælli niðurstöðu en þá sem nú er í sjónmáli.

Ég vísa síðan, herra forseti, í þau fylgiskjöl sem ég vakti athygli á áðan að dreift hefur verið á borð þingmanna. Í þeim eru bæði dæmi um mismunandi reiknireglur sem mætti hugsa sér að nota við úthlutun ef farið er út í úthlutun á annað borð. Einnig fylgja allar umsagnir sem eru eins og áður sagði langflestar mjög neikvæðar í garð frv. og jafnvel greinargerðir frá einstökum útgerðaraðilum sem sjútvn. bárust. Ég hvet þá hv. þm. sem vilja kynna sér þetta mál til hlítar að nota sér einnig þessi fylgiskjöl.

Ég vil aðeins segja fáein orð, herra forseti, um nál. meiri hlutans, og sýni því auðvitað fullan sóma. Það er reyndar nokkuð athyglisvert að nál. gengur að miklu leyti út á það að rekja alla þá lausu enda sem í málinu eru og lausnarorðið er í hverju einasta tilviki það, samkvæmt nál. meiri hlutans að sjútvrh. eigi að setja reglur. Þetta séu rammaákvæði sem lögin feli í sér og sjútvrh. eigi að setja nánari ákvæði um framkvæmdina með reglugerðum. Það á við um úthlutanir, endurúthlutanir, það á við um 90% úthlutunina og það á ekki síst við um 10% úthlutunina sem í raun og veru er engin leiðsögn um hvernig fara skuli með samkvæmt frv. og ráðherra setur reglur og aftur reglur. Nú er það auðvitað góðra gjalda vert að meiri hluti sjútvn. lýsi þeirri skoðun sinni að sjútvrh. eigi að setja reglur um þetta og hitt en það hefur ekki talist góð latína að hafa það framsal allt of rúmt. Ég bendi t.d. á að það er mjög vandasamur hlutur við hvað eigi að miða og hvenær ákvörðun er tekin um að endurúthluta veiðiheimildum sem þegar hefur verið úthlutað á skip. Það er vandasöm og býsna afdrifarík ákvörðun og ég held það sé mjög misráðið að hafa ekki leiðsögn í frv. af einhverju tagi um það hvernig það skuli gert. Það mundi styrkja stöðu stjórnvalda til að gefa út reglugerð eða reglur um það efni. En auðvitað mega menn svo sem standa í þessum æfingum ef þeim sýnist svo mín vegna. Ég endurtek það sem ég áður sagði að ég óttast að reglugerðirnar verði ekki færri á þessu ári en þær hafa verið undanfarin ár, á bilinu 4–5 og upp í 7–8.

Það eru nokkur álitamál að lokum, herra forseti, sem mig langar að fara yfir fyrir utan þær spurningar sem ég hef rætt sérstaklega við hæstv. ráðherra og ég vona að ég fái svör við síðar í umræðunni, en enn eru eftir ýmis álitamál sem tengjast m.a. þeirri staðreynd að vertíðin er nú þegar hafin. Ég hef velt því fyrir mér og haft um það nokkrar efasemdir að það væri mjög góð stjórnsýsla að gera lögin afturvirk í þeim skilningi að sá afli sem þegar hefði verið landað á grundvelli í raun og veru frjálsrar sóknar sem nú ríkir, það er auðvitað alveg ljóst að í dag gilda lög um fiskveiðar utan efnahagslögsögu Íslands og veiðileyfin eru gefin út á grundvelli þeirra laga, án sérstakra takmarkana þannig að eðli málsins samkvæmt hljóta það þá að teljast frjálsar veiðar innan ramma þess heildarmagns sem Ísland má veiða. Síðan ef ætlunin er, sem mér hefur skilist á hæstv. ráðherra, að draga frá úthlutuðum kvóta sem verði á grundvelli þessara laga, ef sett verða, það magn sem menn hafa þegar veitt áður en lögin tóku gildi, orki tvímælis. Í frv. er að sjálfsögðu ekki leiðsögn um þetta efni frekar en nokkurn skapaðan hlut annan og það er ekki kveðið á um það á einn eða annan hátt hvernig fara skuli með ef þær aðstæður væru fyrir hendi sem nú eru, að veiðar væru hafnar áður en lögin taka gildi. Það kann að vera að þetta sé ástæðulaus ótti og áhyggjur og ekkert því til fyrirstöðu lagalega að líta á vertíðina sem heild þótt upphaf hennar hafi orðið á grundvelli annarra lagaákvæða en þeirra sem hér á að setja nú. En aldrei hefur það þótt góð latína, herra forseti, að hafa lög afturvirk og það eru þau auðvitað í þessum skilningi hér.

Ég hef áður komið inn á þá óvissu sem ég tel tengjast því að þurfa að endurúthluta og jafnvel endurendurúthluta án þess að hafa neina leiðsögn um það í lögunum hvernig það skuli gert.

Þriðja atriðið er þetta óvissuatriði með burðargetuna. Meiri hlutinn afgreiðir eins og venjulega með því að segja að hæstv. sjútvrh. skuli setja reglur um hvað átt sé við með orðinu burðargeta í þessum lögum. Hver viðmiðunin af tveimur, þremur eða jafnvel fleirum sem til greina geta komið skuli þar gilda. Sömuleiðis er þá óvissa í þessu efni og væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur hugsað sér í þeim efnum. Hvaða skilning orðsins burðargetu ætlar hæstv. ráðherra nota? Verður það burðargeta miðuð við stærsta landaðan farm, lestarrúmmál, verður það burðargeta miðað við skilgreiningu Siglingamálastofnunar miðuð við fríborð eða hvað verður það?

Í fjórða lagi: Hvernig fara á með þau skip í flotanum sem hafa verið stækkuð eða verða stækkuð? Með því verður burðargeta skipanna að sjálfsögðu aukin. Er hugsunin sú að átt sé við burðargetu skipanna eins og hún er á þeim degi að lögin taka gildi? Geta menn aukið sinn hlut í framtíðinni með því að stækka skipin?

Ef skip sem ber þúsund tonn í ár verður sent til Póllands í haust, lengt um tíu, tólf metra og ber tvö þúsund tonn á næstu vertíð, eykur það þá sinn hlut á kostnað annarra? Ef ekki, við hvaða skilgreiningu á þá að miða? Um það er ekki stafkrókur í frv. Fá þau skip sem hafa stækkað síðan á síðustu vertíð stækkunina að fullu metna inn? Fá þau mörg hundruð tonn, ef ekki þúsund, í viðbót í sinn hlut, vegna þeirra rúmmálsaukningar eða stækkunar sem kann að hafa orðið hjá þeim núna á síðustu vikum eða mánuðum? Finnst hæstv. ráðherrum það sanngjarnt og eðlilegt?

Nú er ljóst að að einu leyti er hópurinn sem kemst inn undir 90% regluna takmarkaður að því leyti að þar eru aðeins þau skip sem stunduðu veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum eitthvert af árunum 1995, 1996 eða 1997 — það er *nægjanlegt að hafa farið að nafninu til til veiða eitthvert* eitt af þessum árum — eða skip sem hafa komið í stað þeirra. Ef veiðileyfi hefur verið flutt af einhverjum bát sem stundaði þessar veiðar, þó yfir á miklu stærra skip sé, þá gildir það. Skipið eykur hins vegar hlut sinn vegna reglna um burðargetu.

Hvernig hyggst hæstv. ráðherra draga mörkin í þessum efnum? Hvernig á að fara með þetta í framhaldinu? Verður þá að reikna skiptinguna upp á nýtt á hverju þessara þriggja ára í ljósi stærðar flotans eins og hún er á hverri vertíð fyrir sig? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera ef stærra skip kemur *nú allt í einu heim á miðri vertíð*?

Að lokum, herra forseti, væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherrum hvernig þeir sjá framtíðina fyrir sér í þessum efnum. Framtíðina eftir þessi þrjú ár. Nú veit ég að, að nafninu til og samkvæmt lögunum á svo að heita að hér sé ekki verið að festa í sessi skiptingu nema til þessara þriggja ára. En hvað segir reynslan okkur?

Hefur reynslan ekki orðið sú að mönnum hefur reynst erfitt að hverfa frá þeirri skiptingu sem fest hefur í sessi, sama á hvaða grunni hún hefur orðið til? Er það ekki reynslan? Ég held það. Því læðist sá grunur að mér að það sé ekki víst að þessi formúla, verði hún á annað borð sett í gildi og notuð í þrjú ár, reynist eins tímabundin og haldið er fram. Þá eru forsendurnar afar hæpnar, herra forseti, svo ekki sé meira sagt, til að leggja hér grunn að hlutum sem kannski gætu átt eftir að standa um langa framtíð.

Almennt verð ég að segja, herra forseti, í tengslum við þetta frv., varðandi stöðu mála í sjávarútvegi, stjórn fiskveiða og fleira að auðvitað er langt í frá að þessi mál séu í nógu góðu horfi hjá okkur Íslendingum. Það er í raun og veru að verða hin mesta sorgarsaga hvernig til hefur tekist á Íslandi sl. 15 ár, að ná fram einhverri skynsamlegri sátt um tilhögun þessara mála í landinu. Það er ekkert hægt að kalla það annað en ógæfu, að hver höndin skuli vera upp á móti annarri og logandi ágreiningur um jafnvel sjálf grundvallaratriðin í leikreglunum. Það eru grenjandi deilur um það mál. Niðurstaðan er m.a. sú að það er hringlað í þessu nánast á hverju einasta ári.

Saga fiskveiðistjórnunar á norsk-íslenska síldveiðistofninum er á góðri leið með að verða að farsa sem einna helst líkist sögunni um stjórn á veiðum smábáta. Þetta er á góðri leið í sömu átt. Það er nú ekki falleg saga og ekki gott að þurfa að jafna hlutunum saman við það.

Ég hef af þessu áhyggjur, herra forseti. Mér finnst í raun og veru illt til þess að vita að einhvern veginn er eins og allur botn sé dottinn úr vitlegri eða heilbrigðri umræðu um þessi mál. Ég hef velt því fyrir mér hvernig hægt væri að koma þessu í einhvern farveg á nýjan leik. Væri hægt að búa til einhvern stóran, breiðan samstarfsvettvang, vinnufarveg fyrir þessi mál, þar sem menn reyndu að nálgast á nýjum forsendum og fara yfir efnið á nýjan leik?

Ég hef ekki trú á að menn séu almennt þeirrar skoðunar í dag að þessir hlutir séu í mjög góðu lagi, að gott sé að hafa þetta akkúrat eins og það er. Ég dreg þá ályktun m.a. af því að þegar jafnvel sjálfir guðfeður kerfisins, hæstv. núv. sjútvrh. og hæstv. fyrrv. sjútvrh. og núv. utanrrh. eru farnir að bogna þannig undan umræðunni að þeir spila út á fundum sínum hugmyndum eins og þeim, að vísu bara til heimabrúks að því er virðist, að prófandi væri að bjóða upp veiðiheimildirnar í norsk-íslensku síldinni, öðru máli gildi um þann stofn. Að vísu sér þess nú ekki stað þegar frumvörp koma frá sömu hæstv. mönnum um þá hluti. Það er mér miklu frekar til marks um að hlutirnir eru auðvitað ekki í lagi og það viðurkenna þessir hæstv. menn m.a. með tilburðum af þessu tagi.

Það er alveg ljóst að íslenskur sjávarútvegur hefur búið við nokkuð gott árferði núna um nokkurra ára skeið. Það er gott og ekki veitti nú af. Þegar maður fer yfir það þá hefur eiginlega flestallt lagst með okkur núna síðustu nokkur árin, nema þá ef vera skyldi það, sem auðvitað lá orðið fyrir fyrir löngu, að veiðiheimildir í þorski hafa verið litlar eða mikið niður skornar, þó þær hafi heldur verið að aukast. Aflinn hefur hins vegar verið góður og aflabrögð auðvitað með eindæmum góð. Það má heita landburður af fiski meðan þær veiðiheimildir sem á annað borð er leyft að taka eru nýttar. Verð hefur almennt verið mjög hátt. Svo ótrúlegt sem það nú er þá erum við búin að keyra núna nokkur ár í röð á verðinu almennt, bæði fyrir bolsfisk og bræðsluafurðir, sem eru með því jafnhæsta sem við höfum haft. Það hefur haldist um nokkurt árabil og er auðvitað mjög óvenjulegt.

Eftirspurn eftir flestum framleiðsluvörum hefur vaxið, t.d. hefur eftirspurn eftir framleiðsluvörum bræðsluiðnaðarins vaxið mjög og verðið það hæsta í sögunni. Þar hefur allt lagst á með okkur. Veiðibrestur hjá öðrum, kúariðan og El Niño, eins og hér var nú sagt einu sinni og menn áttu erfitt með að skilja, hafa í raun komið okkur til góða.

Síðast en ekki síst hefur stöðugleiki í efnahagsmálum komið sjávarútveginum og sjávarútvegsfyrirtækjum vel, ekki síður en öðrum fyrirtækjum. Það hefur auðveldað þeim og gert þeim kleift að nýta sér þessi hagstæðu skilyrði til upp-

byggingar og til þess að bæta sinn hag umfram það sem ella hefði orðið.

Allt er þetta nú harla gott, herra forseti, þannig að yfir því er hægt að gleðjast en miklu síður hinu að þrátt fyrir þessi hagstæðu ytri skilyrði skuli ekki hægt að ganga þannig frá málefnum greinarinnar, varðandi leikreglur og grundvöllinn hér innan lands, að um það sé einhver sæmilegur friður.

Ég hef auðvitað áhyggjur af því að afkoman verður örugglega, hér eftir sem hingað til, sveiflukennd og það munu koma mögur ár. Það mun ekki síst eiga við um þann þátt sem við erum að ræða hér, nýtingu á uppsjávarfiskum, þar sem miklar sveiflur hafa einkennt söguna í alla tíð. Þá skiptir náttúrlega miklu máli að menn geri allt sem þeir geta heima fyrir, að skapa greininni sem skynsamlegust starfsskilyrði. Málafylgja eins og þetta frv. felur í sér er ekki gott innlegg í það mál, herra forseti.

Allra, allra síðast verð ég svo að segja, herra forseti, að vinnubrögðin í kringum þetta mál hafa orðið mér nokkur vonbrigði. Þá á ég bæði við það að svo virðist sem það hafi verið unnið af afar þröngum hóp og án mikils samráðs, t.d. ekki hið minnsta við hagsmunaaðila í greininni. Samráð var ekki haft við stjórnarandstöðuna eða sjútvn. sem slíka. Þegar inn í þingið er komið hefur því miður ekki reynst vilji fyrir því, af hálfu aðstandenda frv., að gefa nokkra möguleika til breytinga. Það var ítarlega rætt og kannað í sjútvn. Ég leyfi mér að halda því hér fram að þar hafi sú skoðun verið býsna útbreidd, að það kynni nú að vera skynsamlegt að gera á þessu máli, a.m.k. einhverjar breytingar. Það væri nú ekki endilega víst að menn hefðu hitt akkúrat á bestu leiðina, bestu tillögurnar og sanngjörnustu og réttustu.

Þegar upp var staðið var það í sjálfu sér ekki það sem skipti máli, heldur hitt að þau skilaboð bárust frá æðstu stöðum að ekki væri vilji fyrir hendi af hálfu forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar að opna fyrir neinar breytingar í þessu máli. Það var heldur dapurlegt, herra forseti, að verða vitni að því að þrátt fyrir skoðun, gagnasöfnun og umræður um málið, sem að mínu mati leiddu í ljós að a.m.k. væri réttast að ræða og skoða hvort ekki mætti ná eitthvað betri sáttum um það innan þings og þá ekki síður utan, gafst ekki tækifæri til að hliðra nokkru. Það er alltaf heldur dapurlegt, herra forseti, þegar efnislegum ástæðum er ýtt til hliðar og einhvað annað látið ráða, hvað sem það nú er. Ég ætla engar getgátur að hafa um það en af einhverjum ástæðum varð þetta niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar eða ráðamanna hæstv. ríkisstjórnar. Sjálfsagt verður þó að sæta því og kyngja og það mun þá hafa sinn gang.

Mér segir þó svo hugur um, herra forseti, að þegar upp verður staðið og dómur reynslunnar verður fallinn yfir þessu fyrirkomulagi, ef það verður nú sett á laggirnar, þá muni menn ekki verða mjög hreyknir af höfundarrétti sínum á þessu máli.

[17:28]

**Útbýting þingskjals:**

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 436. mál, brtt. SJóh, þskj. 1386.

[17:28]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig einnar spurningar. Hann spurði hvort það mundi hafa einhver áhrif á samningsstöðu okkar Íslendinga í síldarmálinu að við veiddum ekki þá síld sem við hefðum heimild til að veiða.

Ég tel að svo sé alls ekki. Það eru eðlilegar skýringar á því hvers vegna það hefur ekki verið. Og það er líka staðreynd að hagsmunamál Íslands er að minna en meira verði veitt úr þessum stofni. Við eigum allt undir því að stofninn taki upp sitt gamla göngumynstur. Ég tel því engar ástæður til að hafa áhyggjur af því.

Auðvitað ber okkur að reyna að nýta okkar heimildir sem mest. Og ég hef í sjálfu sér ekki áhyggjur af því. Von okkar er fyrst og fremst sú, eins og hv. þm. veit, að síldin fari að ganga inn í okkar lögsögu. Þá eru ákvæði um það í þessum samningi að skiptingin skuli tekin til endurskoðunar. Að mínu mati er það fyrst þá að síldin fer að ganga í allverulegum mæli inn í okkar lögsögu, að vænta má einhverra breytinga á þessu hlutfalli.

Ég tel því að sá ótti sem þingmaðurinn hafði hér frammi í ræðu sinni sé ástæðulaus.

[17:30]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru út af fyrir sig nokkur tíðindi að kominn skuli vera í leitirnar einn maður sem hefur þetta sjónarmið því það get ég upplýst hæstv. utanrrh. um að eitt áttu allir umsagnaraðilar og viðmælendur sjútvn. um þetta mál sameiginlegt að þeir vöruðu við því. Um það voru m.a.s. góðvinirnir, forsvarsmenn sjómannasamtakanna og framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna hjartanlega sammála, og eru þeir aðilar þó ekki sammála á hverjum degi, að það væri auðvitað mjög mikilvægt að Íslendingar tryggðu eins og nokkur kostur væri að þeir nýttu til fulls sinn kvóta því það hlyti að koma niður á samningsstöðu okkar og veikja hana ef við gerðum það ekki, ég tala nú ekki um ár eftir ár. Ég verð því að segja eins og er að mér finnast þetta nokkur tíðindi, að hæstv. utanrrh. skuli vera sem sagt annarrar skoðunar, kominn fram einn maður í dagsljósið sem hefur þetta sjónarmið. Reyndar er það nú smá handtak finnst mér, út frá almennri samningatæknilegri hlið hvernig á að rökstyðja þá skoðun sem hæstv. utanrrh. setti fram. Ég kem því ekki alveg heim og saman, það verð ég nú að segja, að það sé ekki heldur lakara fyrir okkur að ná ekki að nýta okkar hlut og það verði notað gegn okkur. Hitt er svo alveg ljóst og þar erum við allir sammála að æskilegast væri og mikilvægt að síldin færi að ganga inn í lögsögu okkar og að sem mest af veiðinni færi fram þar. Það eru í mínum huga einustu rökin sem ég gæti séð fyrir því, t.d. að fresta eitthvað upphafi veiðanna eða standa öðruvísi að þeim en gert var t.d. í fyrra. Það væri spurning ef einhver von væri til þess að síldin héldi áfram að ganga í rétta átt að bíða þá með veiðarnar þangað til hún væri komin að eða inn í íslensku lögsöguna þannig að hægt væri að skrá sem mest af veiðunum með réttum hætti þar.

Ég spurði hæstv. ráðherra reyndar fleiri spurninga og bað hann sérstaklega að koma inn á t.d. samhengi þessa máls eða hliðstæðuna við kolmunnann og mikilvægi þess að við Íslendingar öðluðumst veiðireynslu í þeim stofni til að styrkja samningsstöðu okkar ef og þegar, sem örugglega verður, að því kæmi að farið yrði að semja um uppskiptingu hans. Það er mjög hliðstætt dæmi við það sem við erum að ræða hér um síldina, þannig að mér þætti fróðlegt að heyra hæstv. utanrrh. sem fer með þau mál, tjá sig einnig um það efni.

[17:32]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki farið ítarlega út í það hvað á að segja um kolmunnastofninn. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að það gegnir allt öðru máli um þann stofn. Hann hefur allt annað göngumynstur. Við erum að ræða um stofn sem var stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi og skipti íslenska þjóðarbúið gífurlegu máli og vonandi mun hann gera það um langa framtíð ef við berum gæfu til að vernda hann með eðlilegum hætti og veiða ekki allt of mikið úr stofninum. Að því er kolmunnastofninn varðar er þar um allt annað mál að ræða. Það er ekki jafnmikil vissa fyrir því að við getum veitt úr þeim stofni. Ég tel því að þar eigi að gilda aðrar reglur sem menn verða að sjálfsögðu að ræða um í framtíðinni. Það sama á við um karfann á Reykjaneshrygg. Það vill nú svo til að ástæðan fyrir því að við höfum náð hlutdeild í þeim stofni er sú að farið var að gera út frystitogara á Íslandi. Við hefðum aldrei fengið neina hlutdeild í þeim stofni ef það hefði ekki verið gert. Það vill nú svo til að ýmsir börðust harkalega á móti því að nokkurn tímann kæmi frystitogari hingað til lands, en það er þó eitt af því góða við það að farið var út í þá útgerð að við öðluðumst verulega hlutdeild í þeim stofni sem er allt annars konar stofn en síldarstofninn og þolir engan samjöfnuð þar við.

[17:34]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú alveg óskiljanlegt hvernig hæstv. ráðherra gat misskilið mig og haldið að ég væri að spyrja um fiskifræði. Ég var ekki að biðja um einhvern samjöfnuð á þessum tegundum sem slíkum. Mér er ljóst að þær eru ólíkar og óskyldar reyndar og allt það. En hins vegar gilda sömu leikreglur þegar kemur að milliríkjasamningum um uppskiptingu veiðiréttinda. Þá gilda í raun og veru sömu leikreglur og þá er ljóst að það er fyrst og fremst tvennt sem myndar stofn að kröfugerð einstakra ríkja. Það er annars vegar veiðireynslan úr stofninum á undangengnum árum áður en til uppskiptingar kemur og hins vegar réttur strandríkja og hvort tveggja átti auðvitað við um Reykjaneshrygg eins og ég fór reyndar yfir fyrr í ræðu minni. Það sem ég var að leiða líkur að og tel mig hafa rökstutt nokkuð rækilega var það að mikilvægt væri að Íslendingar öðluðust sem mesta veiðireynslu, einnig í kolmunna og öðrum stofnum sem ekki hefur enn verið samið um uppskiptingu á vegna þess að hún er fram undan. Og þá mun veiðireynslan, akkúrat eins og á Reykjaneshryggnum, skipta mjög miklu máli. Það er því skynsamlegt að hafa reglurnar þannig að þær hvetji til slíkrar sóknar og það sé freistandi og hvetjandi fyrir útgerðarmenn að taka þá áhættu og leggja í þann kostnað sem því er samfara að reyna að ná tökum á slíkri nýtingu. Það er verið að slá á slíka hvatningu með þessari aðgerð sem nú á að fara að gera gagnvart norsk-íslensku síldinni. Hún getur ekki annað en verkað letjandi gagnvart því að menn fari að nýta sér aðra möguleika. Það er þannig. Þegar öllu sem heitir frumkvæði, frumherjaréttur og veiðireynsla er drekkt. Þetta hélt ég að hæstv. utanrrh. gæti skilið og gæti þá einnig fjallað á almennum nótum um samhengi þessa máls við samningsstöðu okkar almennt og það var það samhengi sem ég var að fara fram á að yrði svarað. Einnig væri eðlilegt að hæstv. ráðherrar svöruðu fyrir þá stefnubreytingu, það fráhvarf frá þeirri stefnu sem mótuð var í úthafsveiðilögunum og gilti á Flæmska hattinum og Reykjaneshrygg sem hér er í raun og veru verið að boða eða lögfesta.

[17:36]

**Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hluta sjútvn. en ásamt mér skrifar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson undir það álit. Við erum að fjalla um frv. til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og eins og fram kom hjá hv. fyrri ræðumanni, Steingrími J. Sigfússyni, hafa staðið nokkrar deilur um þetta frv.

Staðið hafa deilur um þau ákvæði sem þar eru og víkja frá því sem hagsmunaaðilar, stjórnmálamenn eða þjóðin sjálf höfðu kannski hugsað sér að hægt væri að hafa um þessi mál. Það er út af fyrir sig, herra forseti, eðlilegt að bæði beinir hagsmunaaðilar, sem væru þá útgerðaraðilar fyrst og fremst, og óbeinir hagsmunaaðilar eða þjóðin og svo stjórnmálamennirnir sem um eiga að véla, takist á um mál eins og þetta því hér liggur fyrir frv. um skiptingu gæða rétt eins og fjöldamörg þeirra frv. sem koma frá hæstv. sjútvrh. og fjalla um veiðistjórn á Íslandi. Og að þessu sinni hvað varðar síldina erum við ekki bara að fjalla um þá skiptingu gæðanna að menn fái ákveðið leyfi til að veiða heldur er líka um að ræða tiltekna framsalsheimild, þ.e. í frv. er ekki bara gert ráð fyrir leyfi til veiða skipanna heldur hafa menn einnig leyfi, ef þetta frv. verður að lögum, til að framselja eða selja hluta af þeim veiðileyfum sem þeir fá og það þarf engan að undra þótt um það skapist átök.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þau átök sem hafa staðið um fiskveiðistjórnina og við þekkjum mætavel ástæðu þeirra átaka. Menn telja að skiptingin sé í mörgum tilfellum afar ranglát og ranglátast af öllu telur þó meiri hluti þjóðarinnar að afhending veiðileyfanna skuli vera ókeypis en síðan skuli þeir sem veiðileyfin fá hafa leyfi til að selja þau. Það þarf því engan að undra þótt deilur standi um það frv. sem hér liggur fyrir af hálfu hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar.

Eins og fram hefur komið leggur meiri hluti sjútvn. ekki til neinar breytingar á þessu frv. Það á að afgreiða hér miðað við það sem við höfum fengið að skilja sem sitjum í hv. nefnd nákvæmlega eins og það liggur fyrir með óbreyttum texta, jafnvel kommusetningu. Ég held því að rétt sé að gera ráð fyrir því strax, herra forseti, og ég mun gera það í minni ræðu, að frv. verði samþykkt hér. Ríkisstjórnin mun þá beita þeim meiri hluta sem hún hefur svo mjög harmað undanfarna daga að geta ekki beitt og talið sig vera að vinna fyrir hönd meiri hluta þjóðarinnar. Ég er hins vegar nokkuð viss um að þegar þetta frv. á í hlut mundi þjóðin vilja sjá hér annan hátt á.

Ég ætla, herra forseti, eins og ég sagði að mæla fyrir því nál. sem hér liggur fyrir en þar segir að jafnaðarmenn hafi lagt til, bæði á þessu þingi, og er ég þar að vísa í 146. mál, og einnig á síðasta þingi, 121. þingi, að veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum yrðu boðnar út og gerðar yrðu viðeigandi breytingar á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til að það væri unnt.

Ég ber ekki sérstaklega mikla virðingu fyrir þeim lögum, ekki umfram önnur lög og þeim er að sjálfsögðu hægt að breyta ef menn telja það þjóna ákveðnum tilgangi. Það höfum við talið að væri rétt að gera, svo hægt væri að bjóða út veiðiheimildirnar í norsk-íslenska síldarstofninum og að sjálfsögðu er eðlilegt að breyta þeim lögum, hversu gömul eða ný sem þau eru, ef mönnum sýnist að fyrirkomulag hlutanna geti verið betra með þeim hætti. Það er

skoðun jafnaðarmanna að með þeirri skipan mála að bjóða út veiðiheimildirnar væri líklegast að markmið fiskveiðistjórnarinnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðileyfa næðist fram. En það er kannski nokkuð sem menn missa stundum sjónar á og það er spurningin um hagkvæmar veiðar, vegna þess að þegar um er að ræða sameiginlega auðlind eins og fiskimiðin við Ísland og fiskstofnarnir eru samkvæmt lögum er það auðvitað skylda stjórnmálamanna að sjá svo um með því sem þeir eru að gera með ákvörðunum sínum að veiðarnar, nýting auðlindarinnar sé hverju sinni eins hagkvæm eins og nokkur kostur er.

Það hefur verið farið yfir það hér, herra forseti, að veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa ekki verið stundaðar svo nokkru nemi í um 30 ár. Á þessu hafa þó orðið breytingar á allra síðustu árum og norsk-íslenski síldarstofninn verið í nokkurri framför eftir langvarandi lægð. Og eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu er þess vænst að hann muni brátt ganga á gamlar slóðir.

Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna við norðanvert Atlantshaf tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar og á þessari vertíð sem nú er hafin munu 202 þús. lestir koma í hlut okkar Íslendinga.

Þeirri vertíð sem nú er hafin sagði ég, og ég vil taka undir þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann lýsir óánægju í rauninni með vinnubrögðin við þetta frv. Það hefur ekkert með innihald þess að gera, heldur bara þau vinnubrögð að koma með málið svo seint inn í þingið að það er enn óafgreitt eftir að vertíðin er hafin.

En vegna þess hve langur tími er liðinn frá því veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á langri veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem hyggst stunda þessar veiðar. Síldveiðiskipin sem við þekktum frá því í gamla daga sem vorum í síld, þau sem stunduðu veiðarnar fyrir 30 árum eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru ólíkar því sem þeir hafa vanist við veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem oftast var byggt á margra ára veiðireynslu skipa sem voru í útgerð þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Með frv. okkar jafnaðarmanna hefur sú stefna verið mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að ákveðið verði í lögum að í stað ókeypis úthlutunar aflakvóta til tiltekinna veiðiskipa verði veiðiheimildir seldar þeim sem hug hafa á að stunda veiðarnar. Í umræðum um veiðileyfagjald eða sölu aflaheimilda hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu en með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðileyfa.

Í frv. okkar jafnaðarmanna er sú leið valin hvað varðar sölu veiðileyfa úr norsk-íslenska síldarstofninum að selja veiðileyfi í almennu útboði þar sem útgerðir allra íslenskra skipa sem stundað geta síldveiðar hafa sama rétt til þátttöku. Þó þessi aðferð sé valin í frv. okkar ber ekki að hafa það til marks um að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að hana beri að velja öðrum fremur hvað varðar framkvæmd veiðileyfagjalds í öðrum fiskveiðum. Þar koma aðrar aðferðir ekki síður til greina.

En með útboði á aflaheimildum eru meiri líkur á að manneldismarkmið náist í síldveiðum vegna þess að séu veiðiheimildir fengnar gegn gjaldi í stað ókeypis aðgangs verður ríkari nauðsyn til þess að verðmæti aflans verði sem allra mest. Munu útgerðarmenn þá fremur huga að því að skipuleggja veiðar sínar þannig að í stað þess að ná sem mestu magni án tillits til verðmætis þá verði verðmætishugsunin meira afgerandi.

Á undanförnum árum, herra forseti, hafa ýmsir aðilar, þar á meðal ráðherrar í núverandi ríkisstjórn, lýst þeirri skoðun sinni að útboð veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum komi vel til álita. Morgunblaðið rifjar það upp í leiðara sl. sunnudag. Leiðarahöfundur segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum mánuðum hafa nokkrir ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna ítrekað lýst þeirri skoðun, að vel gæti komið til greina, að selja réttinn til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og fært fram þau rök fyrir því, að öðru máli gegndi um þennan stofn en fiskstofnana á Íslandsmiðum. Morgunblaðið hefur tekið þessi ummæli forustumanna stjórnarflokkanna alvarlega og trúað því að hugur fylgdi máli.

Nú er bersýnilegt, að stjórnarflokkarnir hyggjast ekki fylgja þessum hugmyndum fram heldur haga úthlutun veiðiréttar með öðrum hætti. Í ljósi fyrri yfirlýsingu ráðherra og þingmanna er ekki til of mikils mælst, að þeir geri efnislega grein fyrir því, hvers vegna þeir hafa horfið frá fyrri hugmyndum í þessum efnum."

Svo mörg voru þau orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins.

Herra forseti. Ég ætla að gefnu þessu tilefni að vitna í það sem áður hefur komið fram um þessi mál. Ég held að rétt sé að halda því til haga hvað menn hafa verið að segja.

Í haust sagði Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, í Morgunblaðinu þegar honum bárust hugmyndir um gjaldtöku vegna síldveiða, að þá mundi síldin til heiðurs þeim frekar synda í sjónum. Ýmsum þótti nú býsna bratt að formaður LÍÚ skyldi geta á þennan hátt mælt fyrir munn allra útgerðarmanna og sagt að ef þeir þyrftu að greiða ríkisvaldinu eitthvað fyrir aflaheimildir að þá mundu þeir frekar láta síldina synda hjá. Kannski hefur þetta hrætt hæstv. ráðherra sem áður höfðu velt vöngum yfir því og jafnvel látið líklega með það að þeir mundu styðja hugmyndir um uppboð veiðileyfa í norsk-íslenska síldarstofninum. Hins vegar verður fróðlegt að sjá hvort íslenskir útgerðarmenn skirrast við að kaupa veiðileyfi hver af öðrum, en eins og ég gat um áðan eru heimildir til þess í þessu frv.

Ég hef ekki rekist á það í þeim ummælum sem eftir forustumanni þeirra hafa verið höfð um þetta mál að hann legðist sérstaklega gegn því. En það er ekki sama, eins og margoft hefur komið í ljós, hverjum er borgað fyrir veiðileyfin.

Morgunblaðinu segist svo frá, með leyfi forseta:

„Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, vísar algerlega á bug hugmyndum um sérstaka gjaldtöku vegna veiða íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum og segir að útvegsmenn muni aldrei sætta sig við slíkar hugmyndir. Bæði Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, hafa lýst því yfir að þeir telji uppboð eða gjaldtöku vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum koma til greina."

Þetta hefur Morgunblaðið eftir þeim eða tekur saman í haust. Ég hef ekki orðið vör við að þessu væri mótmælt þannig að ég geri ráð fyrir að þetta standi.

En í þessari sömu grein kemur jafnframt fram, og er þá verið að tala við forustumann þeirra útvegsmanna, að hann

vísar þessum hugmyndum til föðurhúsanna og telur með ólíkindum að þær skuli koma frá þeim aðilum sem jafnglögglega eiga að þekkja til og þeir. Og síðan kemur hér það sem vakti sérstaka athygli mína, með leyfi forseta:

„Þeir virðast hafa gleymt um hvað stjórnarflokkarnir sömdu við hagsmunaaðila í fyrra um hvernig þessu skuli ráðstafað miðað við þau lög sem sett voru í fyrra."

Svo mörg voru þau orð.

Herra forseti. Hér var getið um tvo hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. En þeim hefur nú fjölgað sem hafa lýst yfir áhuga sínum á að reyna þá leið að bjóða upp veiðileyfin í norsk-íslensku síldinni vegna þess að nú er hv. þm. Geir H. Haarde orðinn fjmrh. Hann sagði í þessu sama Morgunblaði frá því í haust — og er þá að vísa til þess sem gerðist í úthafsveiðinefndinni sem undirbjó það frv. sem hér varð síðan að lögum, með leyfi forseta:

„„Ég taldi þá" — sagði núv. fjmrh. — „og tel reyndar enn að uppboð sé skynsamleg leið þegar um er að ræða veiðistofn þar sem eru engar sjálfgefnar viðmiðanir að fara eftir varðandi úthlutun. Þessi „ólympíska" aðferð við veiðarnar sem var viðhöfð í fyrra getur kallað á heilmikla sóun og er þess vegna ekki skynsamleg," sagði Geir enn fremur.

Hann sagðist telja að uppboð veiðiheimilda væri eðlileg úthlutunaraðferð þegar norsk-íslenski síldarstofninn væri annars vegar, en um það hefði ekki verið samstaða á sínum tíma þegar málið hefði verið til umfjöllunar.

Geir sagðist ekki hafa hugsað það nákvæmlega hvaða aðferð ætti að beita í slíku uppboði. Þar væri einungis um tæknilega útfærslu að ræða og kæmu ýmsar leiðir til greina."

Læt ég þá lokið, herra forseti, tilvitnun í hæstv. ráðherra núv. ríkisstjórnar um þetta mál. Það var tæpast hægt að fjalla um málið öðruvísi en að vitna í orð þeirra hér um vegna þess að auðvitað skiptir það verulegu máli hvaða væntingar hæstv. ráðherrar gefa fólkinu í landinu um meðferð þessara mála. Ég er nokkuð viss um það að þegar þeir létu þessi orð falla á sínum tíma þá gerðu þeir það m.a. til að reyna að sætta fólkið í landinu frekar við þá fiskveiðistjórnun sem er reglan. Þeir hafa hins vegar fallið frá þessu og ég hlýt að taka undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins sem óskar eftir því að þeir geri grein fyrir því hvers vegna þeir hafa horfið frá fyrri hugmyndum í þessum efnum. Vegna þess að það er þó ekki nema satt og rétt að það frv. sem hér liggur fyrir til laga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum getur ekki talist svo merkilegt að menn hendi frá sér betri hugmyndum til þess að styðja það.

Annar minni hluti harmar að meiri hluti Alþingis sé ekki tilbúinn til að fallast á tillögu jafnaðarmanna um úthlutun veiðiheimilda með uppboði. Ég vil láta þess getið að tillagan var ekki afgreidd út úr hv. sjútvn. En við munum að sjálfsögðu endurflytja hana næsta haust í þeirri von að smám saman öðlist menn kjark til þess að fylgja eftir sannfæringu sinni á hinu háa Alþingi.

Sú niðurstaða sem birtist í frumvarpi sjávarútvegsráðherra er málamiðlun milli ríkisstjórnarflokkanna, málamiðlun milli þeirra sem ekki vilja að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum „myndi grunn að fastri aflahlutdeild", sbr. frægt nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar við afgreiðslu frumvarps til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og þeirra sem vilja þegar fara að stýra veiðunum með úthlutun veiðiheimilda á grunni slíkrar reynslu, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Niðurstaðan er bastarður sem hvorki mun uppfylla kröfur um hagkvæmar veiðar né réttláta úthlutun veiðiheimilda.

Nú geta menn alltaf deilt um hvað er réttlát úthlutun veiðiheimilda og menn geta velt því fyrir sér hvort sú veiðireynsla sem þegar er fengin réttlæti að þau skip sem hafa öðlast slíka reynslu skuli fá þann aðgang að 90% heimildanna sem þau eiga að fá samkvæmt þessu frv. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um mikla tilfærslu fjármuna miðað við það ef önnur leið hefði verið farin. Ég vil benda á að ef menn vilja staðreyna hvaða fjármuni hér er um að ræða þá gera þeir það auðvitað með því að bjóða upp veiðiheimildirnar og þá sjá menn hvaða fjármunir það eru sem verið er að færa á milli manna eða færa mönnum eftir atvikum, eða þá að menn geta átt aðgang að og keypt ef út í það er farið.

Í þessu nál. sem margoft hefur verið vitnað í, þ.e. nál. meiri hluta sjútvn. við frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands — lög nr. 151/1996 — segir, með leyfi forseta:

„Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Það er sem sé svo að á þessu hafa einhverjir hangið, þ.e. að veiðireynslan úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild. Ég get út af fyrir sig skilið það að þeir sem ekki vilja að slík veiðistjórn sé viðhöfð, hangi á þessari málsgrein. En ég velti því fyrir mér, og það væri fróðlegt að heyra það frá fulltrúum meiri hluta sjúvn., af hverju þeir hanga þá ekki jafnþétt á fyrri hluta greinarinnar þar sem segir að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa, sem eru frjálsar veiðar. Mér sýnist að ef meiri hluti sjútvn. ætlar að vera samkvæmur sjálfum sér út í gegn þá hljóti meiri hlutinn að fallast á þá brtt. sem hér liggur fyrir um frjálsar veiðar.

Það kemur fram, herra forseti, í nefndaráliti annars minni hluta að við munum ekki styðja þetta frv. ríkisstjórnarinnar, ekki styðja þennan bastarð sem er hvorki fugl né fiskur, en leggjum þess í stað til, sem eins konar málamiðlun þar sem okkar frv. liggur hér óafgreitt, að veiðarnar verði frjálsar enn um sinn, enda sé það næst besti kostur við veiðistjórn þegar aðstæður eru eins og nú varðandi norsk-íslenska síldarstofninn. Ég vil færa fram nokkur rök fyrir því, herra forseti, af hverju við teljum að það fari best á því að halda áfram frjálsum veiðum.

Við teljum að við þurfum að viðhafa kröftuga sókn í síldarstofninn. Við trúum því ekki jafnbláeygt og hæstv. utanrrh. að ekki skipti máli hvort við náum þeim heimildum sem okkur er úthlutað í samstarfi við aðrar þjóðir við norðanvert Atlantshaf. Við óttumst að ef það gerist ár eftir ár að við veiðum ekki í rauninni þær heimildir sem við fáum út úr þessum sameiginlega potti þá muni það a.m.k. ekki styrkja okkar samningsstöðu. Þess vegna sé mikilvægt að við reynum eftir mætti að stýra veiðunum þannig að menn sæki kröftuglega í norsk-íslenska síldarstofninn og við erum jafnframt á þeirri skoðun að sú veiðireynsla sem þannig fæst skerpi a.m.k. mat útgerðarmanna á þeim möguleikum til veiða sem eru úr þessum stofni, möguleikum til hagkvæmra veiða og að jafnframt átti menn sig þá betur á því hvað væri sanngjarnt og eðlilegt að greiða fyrir veiðileyfi úr slíkum stofni.

Ég held að mjög mikilvægt sé, herra forseti, að menn velti því aðeins fyrir sér hvernig staðið hefur verið að þessum málum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti það í

ítarlegu máli áðan hvernig reglum hefur verið breytt þó svo að í grófum dráttum megi segja að veiðin hafi verið frjáls á undanförnum árum.

Með þessu frv. er hins vegar um ákveðna reglu að ræða, þ.e. menn ákveða á þennan umdeilanlega hátt hvernig skuli farið í veiðarnar. Við munum sjá að þegar líður á vertíðina verður reglum breytt og kannski oftar en tvisvar vegna þess að auðvitað mun hæstv. sjútvrh. líta á það sem skyldu sína að breyta reglum til að auka möguleika okkar á að ná sem mestu úr þessum stofni. Ég er líka nokkuð viss um það, herra forseti, og vil spá því hér að á hausti komanda munum við sjá frv. til laga um breytingar á þessum lögum. Ég hef þegar boðað að við jafnaðarmenn munum endurflytja okkar frv. um breytingar á úthafsveiðilögunum sem heimila að menn selji veiðileyfi í norsk-íslenska síldarstofninn. En ég er nokkuð viss um að það verður ekki eina frv. um veiðar úr þessum stofni á hausti komanda vegna þess að mér segir svo hugur að reynslan af þessu fyrirkomulagi verði þannig að menn muni finna sig knúna til að endurskoða það sem hér liggur fyrir. Það er út af fyrir sig ekki óvanalegt. Við höfum á undanförnum árum tekið lögin um stjórn fiskveiða oft á hverjum vetri til umfjöllunar og það er hluti af því óstöðuga umhverfi sem menn hafa verið að tala um að íslenskur sjávarútvegur mætti búa við. Lagaumhverfið er óstöðugt. Það er verið að stoppa í göt meira og minna. En ég óttast, herra forseti, að jafnvel þótt menn telji sig nú vera að setja lög til einhverra ára og ætli þar með, væntanlega af góðum hug, að reyna að skapa tiltekið jafnvægi í þessum hlutum, muni það ekki takast.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð um frv. öllu fleiri. Afstaða okkar jafnaðarmann er kunn til þessara mála og við eigum ugglaust eftir að ræða hana oftar úr þessum stól áður en þessu þingi lýkur.

[18:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með síðasta ræðumanni um að hér er verið að skipta miklum gæðum. Það hlýtur að skapa átök. Hér er ekki farið í öllu að vilja þeirra sem telja sig vera í áskrift að kvóta síldarinnar með réttu eða röngu vegna úthafsveiðilaganna frá 1996 og því er ekkert skrýtið að beinir hagsmunaaðilar leggist gegn því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Þeir fá þó fyllilega sinn hluta eða sömu aðstæður og aðrir, reyndar nokkuð betri, og því tel ég að þeir geti vel við unað.

Sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn. fylgdist ég vel með umfjöllun nefndarinnar og kynnti mér umsagnirnar sem komu fram um málið. Afstaða mín til þessa frv. samræmist ekki fyllilega neinu þeirra þriggja nefndarálita sem fyrir liggja og mun ég því í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna nú.

Hér eru mikil verðmæti í húfi og því verður að vanda vel til, sérstaklega ef verið er að úthluta einhverju varanlega sem ekki er gert hér. Því er þetta frv. þótt ófullkomið sé ekki hættulegt að mínu mati þótt hagsmunaaðilar séu auðvitað óánægðir með að fá ekki fast hlutfall af síldveiðikvóta til eilífðarnóns. Það er grundvallarafstaða mín að ekki eigi að byggja leyfi til síldveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á veiðireynslu. Annars vegar vegna þess að mjög stutt er síðan þessar veiðar hófust á ný og lítil reynsla komin á þær þótt að óafgreiddu þessu frv. hefði mátt túlka úthafsveiðilögin, nr. 151/1996, svo að stefnt væri að því að veiðireynsla eigi að gilda um þennan stofn sem aðra og hins vegar vegna þess að göngumynstur síldarinnar mun mjög líklega breytast á næstu árum. Síldin gæti þess vegna flust alfarið inn til Norður- og Vesturlands eða Vestfjarða og inn á firði og þá er ljóst að mun smærri bátar gætu veitt síldina en nú meðan hún er langt úti í hafi og til þarf stórvirk skip.

Af þessum sökum styð ég 1. gr. frv. um að taka úr sambandi ákvæði 5. gr. úthafsveiðilaganna fyrir veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ég sat í nefndinni sem samdi úthafsveiðilagafrv. en rétt er að minna á að sú nefnd klofnaði áður en hún lauk störfum og það var einmitt þessi 5. gr. sem var langumdeildust. Ég sat hjá við afgreiðslu frv. þegar það var afgreitt á Alþingi og andmælti þessari grein.

2. gr. frv. fjallar um það hvernig veiðum verður háttað næstu þrjú árin. Sú skipan mála sem þar er lögð til er að mörgu leyti furðuleg og ber merki pólitískrar málamiðlunar. Veiðireynslan gildir að því leyti að einungis þeir sem stundað hafa þessar veiðar á árunum 1995–1997 — mér er ekki alveg ljóst og spyr hæstv. ráðherra að því hvort það sé krafa að þeir verði að hafa veitt á öllum þessum árum til að komast í 90% pottinn eða bara einhverju þeirra — þau skip sem hafa veitt síld á þessum árum fá 90% kvótans sem er síðan skipt án tillits til veiðireynslu eftir burðargetu 60% og jafnt 40%.

Vissulega má deila um þessi viðmið, bæði um prósentutölurnar og hvort taka eigi þarna inn fleiri þætti eins og t.d. veiðireynslu eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur mælt hér fyrir. Ég tel óskynsamlegt að meta veiðireynsluna sem aðgöngumiða að þessum klúbbi sem fær 90% heimildanna og sé engin sérstök rök fyrir þessari 40:60 skiptingu. Þó er ljósglæta í b-lið 2. gr., nefnilega að heimilt er að úthluta allt að 10% veiðiheimildanna til annarra, reyndar samkvæmt reglum sem ráðherra setur og við höfum ekki séð enn. Ég fagna þessari smugu fyrir aðra, hugsanlega nýliða í greininni sem ég vona svo sannarlega að geti nýtt sér þetta. En því miður er gengið þannig frá frv. að það er háð geðþóttaákvörðun ráðherra hvaða úthlutunarreglur muni gilda, þ.e. væntanlega kemur reglugerð, en við höfum ekki séð enn þá hvaða reglur það eru.

Ég endurtek því þá skoðun mína sem ég setti fram við 1. umr. þessa máls að æskilegra hefði verið að löggjafinn segði skýrar hvað hann vill með þessi 10% veiðiheimildanna. Það var ekki rætt til hlítar í hv. sjútvn. því ljóst var að stjórnarflokkarnir höfðu gert með sér samkomulag sem ekki átti að hagga. Ég get því ekki stutt 2. gr. þessa frv. þó að ég fagni því að þessi skipan kemur þeim skilaboðum rækilega út að ekki sé ætlunin að byggja á veiðireynslu því það gengur ekki á grundvelli takmarkaðrar sóknar. Ég taldi svo vera við 1. umr. Ég leit svo á að þarna væri verið að setja rásmark næstu þrjú árin en skil það betur núna eftir umræðurnar í nefndinni að væntanlega er núna verið að taka allt kapphlaup úr sambandi og að veiðireynslan komi til með að gilda í framtíðinni og í raun og veru er 1. gr. frv. ein og sér nægileg til að skilja megi frv. svo.

Niðurstaða 2. gr. í heild mun hvorki uppfylla kröfur um réttláta úthlutun veiðiheimilda né um hagkvæmni þannig að ég tel að 2. gr. frv. sé ekki ásættanleg og ekki til fyrirmyndar.

En hvers konar fyrirkomulag viljum við kvennalistakonur þá hafa? Ég tel skynsamlegast að hafa frjálsa sókn, fá sem kröftugasta sókn í þennan stofn en að þessi kvóti verði boðinn út sem fyrst til þeirra sem geta veitt hann á sem hagkvæmastan hátt og greitt fyrir það gjald, a.m.k. ef síldin er innan lögsögunnar því ég sé annmarka á því ef um er að ræða stofn sem er utan lögsögunnar.

Ég get því að mörgu leyti tekið undir það sem segir í nál. 2. minni hluta, þ.e. jafnaðarmanna, að veiðarnar verði frjálsar um sinn en fljótlega verði veiðiheimildir boðnar upp. Ég styð því frjálsa sókn. En ég get ekki stutt brtt. minni hlutans þar um því þar er gefið til kynna að veiðireynslan eigi að gilda í framtíðinni með því að taka ekki 5. gr. úthafsveiðilaganna úr sambandi varanlega hvað snertir síldina.

Herra forseti. Um þetta mál má hafa mjög langt mál en ég ætla að sleppa því að sinni. Það er vor úti og langir vinnudagar fram undan og að baki. Mig langar að lokum að spyrja hæstv. sjútvrh. og helst hæstv. utanrrh., ef hann er í húsinu, hvort ekki hafi komið til greina að bjóða upp veiðiheimildirnar eins og nokkrir ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna hafa lýst sig fylgjandi, eða hvort slíkt geti ekki gerst að hans mati fyrr en síldin er komin inn í lögsöguna.

[18:14]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram í dag um þetta mál. Eðlilega snerust þær að verulegu leyti um sömu efnisatriði og fram komu í 1. umr. um málið og flestar þeirra spurninga sem hér hafa verið bornar fram voru einnig bornar fram við 1. umr. og þeim þá svarað. Ég vil þó ítreka svör við þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Flestar þeirra voru frá hv. 4. þm. Norðurlands eystra.

Hv. þm. vék að því hvaða hagsmunir væru í húfi varðandi nýtingu okkar á þeim veiðirétti sem við höfum fengið í alþjóðlegum samningum um norsk-íslensku síldina. Ég held að ekki verði með neinu móti hafðir uppi neinir spádómar um það hvernig takast muni til um veiðarnar og þó að veiðistjórnaraðferð geti haft einhvern áhrif í því efni þá er það fyrst og fremst sóknarmáttur flotans og hegðun síldarinnar að öðru leyti sem hafa úrslitaáhrif á það hvort okkur tekst að ná þeim kvóta sem við höfum samið um eða ekki. En vitaskuld skiptir miklu máli að við náum sem stærstum hluta af okkar kvóta varðandi framtíðarstöðu okkar í veiðunum, þó að einhver örfá tonn til eða frá breyti ekki öllu í því efni.

Hv. þm. vék svo að þeirri spurningu hver staðan væri varðandi úthlutun veiðiheimilda að óbreyttum úthafsveiðilögum, og vitnaði þar til 2. mgr. 5. gr. laganna. Ég man ekki betur en að ég hafi gert grein fyrir mínu viðhorfi í þessu efni þegar ég mælti fyrir frv. og í umræðum um það við 1. umr. Ég tel að lögin, eins og þau eru í dag, geri ráð fyrir því að úthlutað verði aflaheimildum varanlega á grundvelli aflareynslu. Ef það eigi ekki að gerast þurfi Alþingi að samþykkja breytingar þar á. Það er einmitt megintilgangur þessa frv. að koma til móts við þau sjónarmið sem eru býsna almenn og ég heyrði að hv. þm. tók undir, að það gæti verið eðlilegt að skapa hér nokkurt svigrúm þar til að síldin hefði tekið upp sitt fyrra göngumynstur. Og fyrir þá sök er nauðsynlegt að setja ný lagaákvæði því ella kæmi á þessu stigi til varanlegrar úthlutunar aflaheimildanna.

Hv. þm. spurði hvort sú skipan mála sem hér er ákveðin varðandi norsk-íslensku síldina sé fordæmi gagnvart veiðum úr öðrum stofnum. Ég hef áður lýst því yfir, og gerði það þegar hv. þm. bar þessa spurningu fram við 1. umr. málsins, að ég lít ekki svo á. Hér er um einstaka undanþágu að ræða sem lýtur að veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum. Úthafsveiðilögin gilda að öllu öðru leyti og það eru engin önnur áform uppi um breytingar í því efni. Ég er alveg sammála hv. þm. í því efni að ef einhver minnsti vafi léki þar á gæti það dregið úr hvata til þess að menn reyndu fyrir sér í veiðum t.d. kolmunna og túnfisks og ýmissa fleiri tegunda. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að í þeim málum sé enginn vafi uppi og ég vil ítreka þær yfirlýsingar af minni hálfu sem áður hafa komið fram að því er þetta varðar.

Hv. þm. velti því fyrir sér hvort það hefði einhver áhrif á framgang þessa máls að vertíðin er hafin og lítils háttar veiði hefur þegar átt sér stað. Ég lít svo á að það breyti engu um þá niðurstöðu sem hér er verið að mæla fyrir um og að frv., þegar það er orðið að lögum, sé réttur grundvöllur til þess að skipta veiðiheimildum niður á þessari vertíð á milli bátanna.

Þá vék hv. þm. að því hvort unnt væri að auka hlut einstakra skipa með því að stækka þau á því þriggja ára tímabili sem gert er ráð fyrir að lögin taki til. Að mínu mati er það svo að verði einstök skip stækkuð hlýtur að verða tekið tillit til þess með hliðsjón af lagaákvæðunum þegar kemur til síðari úthlutunar á grundvelli þeirra. Og það má vissulega segja að það sé ágalli við úthlutun á þessum grunni að það getur hvatt til óraunhæfrar stækkunar á flotanum en þá verður að hafa í huga að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða en ekki frambúðarskipan þannig að enginn hefur tryggingu fyrir því að það sé grundvöllur til lengri frambúðar og ætti þá að vega á móti þeirri tilhneigingu sem ella væri ef þetta væri viðvarandi skipan mála.

Loks vék hv. þm. að því hver framtíðin yrði í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, og það hefur áður verið rætt, að verið er að skipa þessum málum til skamms tíma því að hvorki sjá menn fyrir nú á hvern veg heppilegast er að skipa þessum málum til lengri framtíðar þegar síldin hefur tekið upp sitt gamla göngumynstur né heldur sjá menn fyrir hvenær það muni verða. Þess vegna er það svo að menn verða að taka afstöðu til þess að loknum þeim bráðabirgðatíma hver framtíðarskipanin eigi að vera og við þessar aðstæður er ekki unnt að kveða upp úr um það.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 19. þm. Reykv. véku nokkuð að möguleikum á því að stjórna veiðum úr þessum stofni með uppboði. Ég er almennt þeirrar skoðunar að skynsamlegasta aðferðin til þess að stjórna veiðum og úthluta veiðirétti sé að styðjast við veiðireynslu. Það var til að mynda alveg augljóst þegar kvótakerfið var innleitt hér á landi á sínum tíma að önnur sanngjarnari leið var ekki til í þeim tilgangi að úthluta veiðiréttinum en að styðjast við veiðireynslu. Það geta hins vegar verið uppi aðrar aðstæður þegar verið er að hefja veiðar úr stofnum þar sem engin veiðireynsla er fyrir. Þá er um ýmsa kosti að velja. Auðvitað er einn sá að leyfa frjálsar veiðar eða veiðar með öðru tilteknu skipulagi og nýta síðan veiðireynslu tiltekinna ára á þeim grundvelli til þess að úthluta veiðirétti til lengri framtíðar. Það er líka hægt, og ég hef aldrei útilokað það við slíkar aðstæður, að bjóða veiðiréttinn upp og selja þannig eða úthluta á þeim grundvelli, grundvelli uppboðs veiðiréttar til frambúðar. Ég hef hins vegar aldrei léð máls á því að ríkið tæki veiðiréttinn í sínar hendur og leigði hann út frá einu ári til annars. Það gæti að mínu mati við slíkar aðstæður komið til álita að úthluta veiðirétti varanlega með þessum hætti ef veiðireynsla er ekki fyrir hendi. En hitt er miklu heppilegra og eðlilegra að styðjast við veiðireynslu. Í þessu tilviki er ekki verið að úthluta varanlegum aflaheimildum, hér er verið að skipa málum til bráðabirgða þannig að menn geti komið að því síðar með hvaða hætti staðið yrði að varanlegri skipan þessara mála.

Ég held ég hafi þá vikið að flestum þeirra spurninga sem hafa verið bornar fram í umræðunni og ítreka þakklæti til þeirra hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni í dag.

[18:25]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við umræðuna þegar hún hófst en vil láta það koma fram í andsvari við ræðu hæstv. ráðherra að ég er mjög andvígur þeirri aðferð sem beitt er með þessu frv. í sambandi við stjórn veiða úr norsk-íslenska stofninum og tel að þar sé verið að ganga gegn þeirri almennu reglu sem hefur verið höfð í sambandi við að skipta afla, og að þau rök sem fram eru færð varðandi aðferðafræði um þetta efni séu ekki aðeins langsótt heldur fái í rauninni ekki staðist miðað við það sem almennt hefur verið gert þegar verið er að skipta aflaheimildum. Það er margt sem vekur tortryggni í sambandi við þetta mál og þá aðferð sem frv. gerir ráð fyrir varðandi skiptingu veiðiheimilda t.d. þar sem gert er ráð fyrir því að úthluta aflahlutdeild til skipa sem ekki notuðu veiðarfæri en voru í flutningum, komu með afla að landi sem önnur skip fiskuðu, svo dæmi sé tekið, og fleira sem varðar skiptingu á afla.

Mér er kunnugt um að mikil óánægja er með þetta hjá þeim sem í alvöru hafa verið að reyna að sækja í þennan stofn á undanförnum árum og sýnilegt að hér eru önnur sjónarmið sem ráða en þau sem almennt hafa verið uppi í þessum efnum og ég tek eindregið undir það nál. sem fyrir liggur frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þær brtt. sem hér eru fluttar af stjórnarandstöðunni í sambandi við málið.

[18:27]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en það er eitt atriði sem ég vil minnast á. Það er talað um veiðar 1995, 1996 og 1997, og má skilja það rökfræðilega í lagafrv. að það þurfi að vera öll þrjú árin. Og mér skildist á svip ráðherrans þegar ég flutti ræðu mína að nægjanlegt væri að það væri bara eitt. Ég held að mjög mikilvægt sé að sá lagaskilningur komi fram hér frá ráðherranum.

[18:28]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt þá segir í frumvarpstextanum að eitthvert þeirra þriggja ára sem þar eru tiltekin skuli menn hafa stundað veiðar og það kom fram í 1. umr. málsins af minni hálfu að hér er átt við það að nægjanlegt sé að menn hafi veitt eitthvert þessara ára, eitt eða fleiri. Ég vil einnig benda á að þessi rétta túlkun á frv. kom einnig fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrr í þessari umræðu í dag.

[18:29]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og reyndar hæstv. ráðherrum því að hæstv. utanrrh. hafði svo mikið við að hann kom nú bara upp í heilt andsvar til að svara þeim spurningum sem til hans var beint um smámál eins og það hvernig samningsstaða okkar væri gagnvart þessum veiðum á komandi árum í ljósi stöðu mála, hvert samhengi þessara mála væri við yfirstandandi viðræður um samninga á loðnustofninum og hvernig t.d. fordæmi þetta gæfi í sambandi við nýtingu á öðrum stofnum eins og kolmunna. Öðruvísi mér áður brá, herra forseti, verð ég nú að segja.

Einhvern tímann hefði hæstv. núv. utanrrh. sennilega talið ástæðu til að eyða fáeinum orðum í viðbót í mál af þessu tagi en hæstv. ráðherrann kaus að gera það ekki og ég verð að segja að mér þóttu þetta heldur rýr svör fyrir utan að þau voru ákaflega sérkennileg og ég mun aðeins koma að því betur.

Sömuleiðis og miklu frekar þakka ég hæstv. sjútvrh. sem kom a.m.k. að einhverju leyti inn á flest það sem ég bar upp í formi spurninga til hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Aðeins betur um þetta með samningsstöðuna og hvaða áhrif það hefur ef við nýtum ekki hlut okkar. Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. hagaði orðum sínum á talsvert annan hátt í þessu sambandi en hæstv. utanrrh. gerði sem kom galvaskur og fullyrti að engin ástæða væri til að óttast að það myndi veikja stöðu okkar í samningum um nýtingu á þessum stofni á komandi árum þótt við nýttum ekki veiðiheimildir okkar, sá ekkert samhengi þar á milli. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta er röksemdafærsla sem ég get ekki skrifað undir.

Ég held það sé líka alveg ljóst að þótt menn standi í þessum ræðustóli eða skrifi um það í blöð eða lýsi því yfir hátt og í hljóði að eitthvað sé ekki fordæmi eða eigi ekki að verða fordæmi fyrir einu eða neinu, heldur alveg einstakur atburður í sjálfu sér þá reynast slík orð oft ekki hafa mjög mikið gildi. Ég er ekki viss um að það sé rétt hjá þeim hæstv. ráðherrum að engin ástæða sé til að óttast fordæmisgildi þeirrar ráðstöfunar sem hér á að lögfesta. Halda menn virkilega að útgerðarmenn taki það bara gott og gilt að af því að menn hafi staðið upp og sagt: Ja, þetta á ekki að verða fordæmi, sé bara í góðu lagi að treysta á það þegar reynslan er eins og raun ber vitni? Ég hef aldrei heyrt um pólitískar ákvarðanir af þessu tagi eða samningagerð eða annað slíkt sem hefur ekki tilhneigingu til að hafa fordæmisgildi þegar á hólminn er komið og í reynd. Það var t.d. sagt við okkur 1996 um vorið að samningurinn um norsk-íslensku síldina þá og prósentan þá hefði ekkert fordæmisgildi. Engin ástæða væri til að hafa af því neinar áhyggjur að við værum á einn eða annan hátt bundin af þeirri prósentu. Hvað kom á daginn? Ekki hefur verið hreyft við henni í þau tvö skipti sem sá samningur hefur verið endurgerður, nema bara henni hefur verið breytt til lækkunar vegna þess að fleiri aðilar hafa bæst í hópinn, skrifað undir samninginn með gjörsamlega óbreyttum efnisreglum að öllu leyti. Ég held að þannig muni mönnum mörgum fara í sambandi við þessa gjörð að þrátt fyrir yfirlýsingar og svardaga um að þetta eigi ekki að hafa fordæmisgildi muni menn tortryggja að svo verði, tortryggja það mjög og mér finnst fullkomlega eðlilegt að gera það. Ég held að hver sem er geti sett sig í spor útgerðarmanns sem hefur lagt í kostnað, í fjárfestingar og hefur beint skipi sínu til veiða úr þessum stofni undanfarin fjögur, fimm ár og fær svo frv. af þessu tagi framan í sig sem tekur kannski miðað við veiðireynslu undanfarinna ára 2–3 þús. tonna veiðiheimildir frá honum og færir öðrum aðilum sem hafa ekki lagt í sama kostnað, tóku ekki þá áhættu að fara í þessar veiðar í byrjun og reyndu kannski fyrir sér einu sinni, í eitt ár með litlum eða engum árangri. Þá munu menn hugsa sem svo: Ja, er nokkur trygging fyrir því að ekki verði farið nákvæmlega eins með mig ef ég verð nú svo vitlaus að fara að útbúa mig til veiða á kolmunna, ef ég kaupi mér stórt flottroll og fæ mér öflugri spil og legg í breytingar eða stækkun á skipi mínu, kaupi mér jafnvel nýtt og öflugra skip og fer svo í þessar veiðar. Búast má við því að það gangi svona upp og ofan eins og oftast er þegar menn eru að reyna að ná tökum á einhverjum nýjum veiðiskap þannig að það verður ekki mikið út úr því að hafa kannski fyrstu tvö til þrjú árin en samt, segjum það. Er þá

nokkur trygging fyrir að það sé í raun og veru nokkur glóra í því dæmi ef svo koma lög á Alþingi sem sá ávinningur verður tekinn á grundvelli þeirrar veiðireynslu sem ég hef skapað og aðrir slíkir og fært þjóðinni samningsstöðu til að krefjast hlutdeildar í þessum stofni og honum úthlutað á alla dalla í flotanum og þeir sem hafa ekki lagt neitt af mörkum, hafa ekki lagt í neinn kostnað og hafa ekki skapað Íslandi neina samningsstöðu fá jafnmikið og ég. Maður þakkar fyrir að kaupskipaflotinn fái ekki líka úthlutun. Menn munu hugsa svona, það er alveg augljóst mál og ég veit að menn gera það því margir útgerðarmenn hafa spurt mig um nákvæmlega þetta samhengi hlutanna. Því held ég að það þurfi meira til en einfaldar yfirlýsingar af þessu tagi. Svör hæstv. ráðherra, sérstaklega hæstv. utanrrh., í þessu sambandi áðan voru ákaflega ótrúverðug. Útúrsnúningar af því tagi að kolmunninn væri allt öðruvísi fiskur en síldin, svo ekki sé nú talað um karfann á Reykjaneshrygg eða túnfiskinn eða eitthvað annað og vissu þingmenn nú fyrir, held ég flestir, að dálítill munur er á túnfiski og síld, og kolmunna og karfa. Það var ekki anatómían sem verið var að spyrja út í heldur spurningin um fordæmisgildi út frá þeim alþjóðlegu leikreglum sem þarna er við að styðjast. Það er nú það.

Ég verð líka að segja, herra forseti, og það snýr ekki bara að þessu frv. heldur líka t.d. því sem sagt er í greinargerðinni og því sem kom fram í máli t.d. hv. 19. þm. Reykv. að ég held það séu nánast draumórar í ljósi reynslunnar og í ljósi þróunar þessara mála að reikna með því að þeir tímar komi einhvern tímann aftur að smábátar og skip sem stunda aðallega veiðar á grunnslóðinni verði samkeppnisfærir við hin stóru, öflugu og afkastamiklu skip sem eru orðin algerlega sérhæfð til að stunda þessa tegund veiða. Ég held bara að það sé mjög ólíklegt að þeir tímar gangi aftur í garð enda er himinn og haf á milli hagkvæmninnar í því að stunda veiðar á uppsjávarfiskum með þessum stóru, sérhæfðu og afkastamiklu skipum og því að ætla sér að fara að gera það á smábátum svipað og gert var á sjöunda áratugnum. Ég held þeir tímar komi ekki aftur þótt þetta sé falleg hugsun og út af fyrir sig ákveðin rómantík yfir því að þetta gæti einhvern tímann gerst, að síldin fyllti hér firði og flóa og það væri jafnvel hægt að ná henni á land með því að draga fyrir og landa henni eins og gert var á síðustu áratugum síðustu aldar, t.d. í Eyjafirði, en ég á erfitt með að sjá fyrir mér að það verði hagkvæmar veiðar og arðsemi verði í að stunda þær þannig, samanborið við að beita hinum stóru, öflugu, sérhæfðu og nútímalegu skipum í þessum efnum. Bæði hvað það snertir og eins varðandi hugmyndir um nýtt göngumynstur held ég að það sé dálítið langsótt að rökstyðja þessar ráðstafanir með þeim hætti.

Svo eru uppi vangaveltur um það hvernig eigi með að fara þegar allt í einu hefjist veiðar á nýjum stofni og engin veiðireynsla sé fyrir hendi. Ég velti stundum fyrir mér við hvaða aðstæður það geti gerst. Hvaðan koma þá veiðiheimildirnar? Koma þær af himnum ofan? Finnst allt í einu bara einhver nýr stór stofn? Er það líklegt? Á hvaða grundvelli er líklegt að eitthvað verði til skiptanna fyrir Íslands hönd? Á hvaða grundvelli? Hvernig hefur það gerst hingað til? Það hefur gerst í hvert einasta skipti á grundvelli þess að íslensk útgerð hefur farið til veiða, sýnt fram á nýtingarmöguleikana og það hefur orðið stofninn að kröfugerð af Íslands hálfu til að semja sig inn í kvóta í viðkomandi tegund. Ég sé í raun og veru að engar líkur séu til að þetta muni nokkurn tímann gerast öðruvísi. Einu dæmin sem gætu hugsast um annað eru þá að Ísland sem strandríki nái samningum um hlutdeild í stofnum þótt við höfum ekki verið að veiða þá. En það verður þá aldrei nema mjög óverulegur hluti sem við fáum þannig. Veiðiheimildir sem við náum í uppskiptum á flökkustofnum eða deilistofnum á grundvelli fjölþjóðlegra samninga um slíkt munu fyrst og fremst grundvallast á þeirri veiði sem við sjálfir höfum þegar stundað. Þær verða stofninn í kröfugerð okkar um hlutdeild í veiðunum. Það liggur þannig og af því t.d. kolmunninn var til umræðu er auðvitað alveg augljóst mál að staða Íslands sem strandríkis til að gera kröfur um verulega hlutdeild í þeim stofni er veik. Hún er fyrst og fremst veik vegna þess að göngur kolmunnans inn í íslenska efnahagslögsögu eru óreglulegar og vara yfirleitt ekki stóran hlut úr árinu. Þótt einhver hluti stofnsins sé hlut úr árinu í veiðanlegu magni og út af fyrir sig sé hægt að sýna fram á það á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga mun það draga mjög skammt í kröfugerð af Íslands hálfu nema við höfum sýnt fram á veiðigetu og höfum veiðireynslu og þá liggur sú veiðireynsla fyrir og þá er ekkert vandmál að nota hana sem grundvöll að uppskiptum. Það er gáfulegasta reglan og það er bæði í því tilliti að hvetja menn til veiðanna en líka þegar kemur að því að skipta henni og þá er fullkomlega ótrúverðugt og alveg með ólíkindum að heyra hvernig hæstv. utanrrh. afgreiddi þau mál í þessu stutta andsvari. Hefur þá hæstv. utanrrh. engan áhuga á því að Íslendingar öðlist veiðireynslu í þessum stofnum? Segjum svo að það fari þannig að innan þriggja, fjögurra ára verði komin á fiskveiðistjórnun á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, hvað mun þá gerast eins og málin standa nú? Norðmenn munu fá obbann af þeim kvóta af því þeir hafa verið langduglegastir við að veiða úr stofninum núna undanfarin ár, hafa rekið þá pólitík alveg markvisst að auka veiðar sínar og mynda þannig grunninn að kröfugerð um verulega hlutdeild í stofninum. Þeir munu fá hana vegna þess að viðmiðunarreglur úthafsveiðisamningsins eru alveg skýrar í þeim efnum. Eina leiðin til þess fyrir okkur að treysta stöðu okkar í þeim slag er að drífa okkur í að veiða eins og við mögulega getum á næstu árum. Er þá verið að stuðla að því með þessum ráðstöfunum hér? Nei, þvert á móti. Það er verið að skapa það andrúmsloft að það sé algjörlega óvíst hvort menn fengju það metið til nokkurs þótt þeir færu í þessar veiðar og tækju þá áhættu.

Í raun og veru og ekki síður væri rík ástæða til að Íslendingar reyndu að koma sér af stað í að veiða túnfisk af því þar er nú þegar í raun og veru um stýrðar veiðar að ræða. Við mundum að vísu að mínu mati alveg óumdeilanlega geta sprengt okkur inn í hópinn sem getur gert kröfur um hlutdeild í þeim stofni ef við drífum okkur í að veiða, sérstaklega vegna þess að búið er að sýna fram á veiðanleika í þeim stofni inni í íslensku efnahagslögsögunni. Það hafa japönsk skip núna gert tvö, þrjú undanfarin ár en það breytir ekki hinu að veiðireynslan yrði þar eins og í öðrum tilvikum gulls ígildi ef svo heldur sem horfir og ekki verða neinar breytingar á þeim alþjóðlegu leikreglum sem þarna er við að eiga.

Það eru nokkur atriði sem komu fram í svörum hæstv. sjútvrh. sem mig langar aðeins að koma inn á, herra forseti. Þá fyrst það sem í raun og veru var nú ekki svarað og það var spurningin um burðargetuna, hvernig á að mæla hana, hvaða einingu á að nota í þeim efnum, hvað ráðuneytið hefur hugsað sér að gera? Ég er reyndar þeirrar skoðunar að auðvitað ætti að breyta frv. að þessu leyti eins og að mörgu öðru

leyti og setja þar inn skilgreiningu á því hvaða mælieiningu menn eru að tala um þannig að ekki sé neitt í lausu lofti. Að mínu mati er mjög mikilvægt að það liggi fyrir hvað þarna á að nota vegna þess að hópurinn sem í hlut á er þannig samansettur að það getur í einstökum tilvikum skipt mjög miklu máli hvaða mælieining er notuð. Það hálfa væri nóg þótt ekki sé verið að bæta við þeirri óvissu sem því fylgir að klára málið hér án þess að nokkuð liggi fyrir um það hvað þar eigi að nota.

Ég spurði einnig um lagastoð fyrir endurúthlutun og jafnvel endur- endurúthlutun þegar líður á vertíðina og hvort hæstv. ráðherra væri ekkert með böggum hildar yfir því að eiga að fara að setja með reglugerð án nokkurrar leiðsagnar í lögunum ákvæði sem eru mjög afdrifarík um það hvenær úthlutaðar veiðiheimildir verða þá teknar af mönnum og látnar til annarra á grundvelli þess að menn hafi ekki nýtt þær. Væri þarna inni einhver leiðsögn, t.d. að fyrir tiltekin tímamörk skyldu menn í fyrsta lagi hafa hafið veiðar og þeir sem ekki hefðu hafið veiðar þegar þrjár eða fjórar vikur væru liðnar af vertíðinni dyttu þá út úr hópnum. Einfalt mál og að mínu mati miklu betra að ganga þannig frá málinu að það liggi fyrir — fyrir alla aðila. Menn vilja eðlilega sjá slíkar reglur sem fyrst og best væri þá að þær kæmu að einhverju leyti strax í lögunum.

Í öðru lagi væri hægt að setja þarna inn þá viðmiðun, að af þeim sem t.d. hefðu ekki veitt a.m.k. 20% af sínum úthlutuðu veiðiheimildum þegar fjórar vikur væru liðnar af vertíðinni eða eitthvað því um líkt, væri tekið umtalsvert magn. Þá lægi sú viðmiðun fyrir. Menn vissu að hverju þeir gengju í þeim efnum. Ráðherrann hefði lagastoð fyrir því að setja reglurnar en þyrfti ekki algjörlega að semja þetta sjálfur og upp úr sér samkvæmt eigin geðþótta eins og nú á að ganga frá málinu.

Af því að hæstv. ráðherra er nú löglærður maður og er víst dómsmrh. í viðbót, þá væri auðvitað gaman að heyra, út frá réttarfarslegum sjónarmiðum, að hann kæmi inn á þetta mál. Þetta galopna frv. með endalausu framsali til ráðherra um að setja reglur um alla hluti er auðvitað alveg hroðaleg smíð. Af því að hér eru mjög miklir hagsmunir undir, eins og komið hefur fram hjá fjölmörgum ræðumönnum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans um stækkun skipa og að staðfesta þann skilning minn, sem ég óttaðist að væri réttur, að menn muni innan gildistíma laganna, á þriggja ára tímabili, notað þá aðferð til auka sinn hlut á kostnað annarra með því að stækka skipin.

Mér sýnist að af skipi sem ber 100 tonn og á samt að fá úthlutun sem nemur tæpum 1.700 lestum, ef ég man rétt, þá mætti nota veiðleyfið af því, þetta snýst í sjálfu sér ekki endilega um það að þetta þurfi að vera sama skipið, núna strax eða á næsta ári, t.d. til þess að kaupa 2.500 tonna skip frá Noregi. Þá mundi hlutdeild viðkomandi aðila aukast um nokkur þúsund tonn, sennilega um 3.000 tonn. Það mun t.d. þýða að stóra skipið sem Samherji keypti í Noregi á dögunum fær nú í sinn hlut nokkur þúsund tonn umfram það sem skipið hefði fengið. Hvers veiðileyfi er notað til að færa það inn í lögsöguna? Það liggur þannig.

Mér segir svo hugur að þeir muni snarhækka í verði dallarnir, núna bara á morgun, við þetta svar hæstv. ráðherra. Auðvitað gætu menn séð sér leik á borði og keypt einhverja af þessum döllum og notað síðan veiðileyfið af þeim, færa það yfir á mjög stór og burðarmikil skip og stækka þannig sinn hlut á kostnað annarra.

Er þetta nú skynsamlegt? Eru menn stoltir af þessum frágangi? Hvað segir hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson? Finnst honum þetta ekki flott? Er þetta ekki glæsileg niðurstaða? Er hv. þm. ekki hreykinn yfir því að fá að greiða þessu atkvæði hér í kvöld eða á morgun? Ja, ég geri ráð fyrir því. (**Gripið fram í:** Er það ekki örugglega í kvöld?) Ja, það er spurning hvort nokkur ástæða er til þess að hraða þessu.

Mér fundust, herra forseti, á hinn bóginn ekki koma merkileg svör við því hvort hér væri á ferðinni meiri háttar stefnubreyting af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Sem það auðvitað er ef maður tekur efni málsins og skoðar. Auðvitað er um að ræða kúvendingu frá því sem fest var í sessi með úthafsveiðilögunum og á að heita stefna. Hæstv. sjútvrh. reyndi að vísu að útskýra að menn ættu ekki að taka mark á þessu frv. og láta eins og ekkert hefði í skorist.

Ég sé að hv. þm., einn af varaforsetunum, bendir á klukkuna hjá sér. Það er spurning hvort hv. þm. sé orðinn svangur og vilji að gert verði matarhlé. Ræðumaður getur upplýst að hann er út af fyrir sig alveg til í að gera hlé á máli sínu, ef hæstv. forseti vill gefa kvöldmatarhlé. Það er alveg sjálfsagður hlutur að greiða fyrir því að menn komist í kvöldmat á réttum tíma ef það er ætlunin. (Gripið fram í.) Nei, það er allt í lagi með ræðumann, hann hefur næga orku enn þá. Ég sá að menn voru að benda á klukkuna úti í sal og ég giskaði á að það gæti verið vegna þess að þeir vildu komast í kvöldmat. Ég var bara að upplýsa hæstv. forseta um að mér væri ekkert að vanbúnaði að gera hlé á ræðu minni ef menn vildu.

Herra forseti. Um stefnubreytinguna og kúvendinguna sem felst í þessu máli hafa verið heldur fátækleg svör. Málsvörnin fyrir því að svo sé ekki hefur gengið út á að ekki eigi að taka neitt mark á þessu frv. og menn meini ekkert með því sem þeir séu að gera, heldur þvert á móti. Þeir vilja að hvatning sé fyrir hendi til þess að róa á ný mið, til þess að sækja í ónýtta stofna og öðlast veiðireynslu annars staðar og tala um mikilvægi þess hér og mikilvægi þar. En gera svo algjörlega hið gagnvstæða.

Sama á við um það hvað framtíðin ber þá í skauti sér. Það kemur dagur eftir þennan dag og það kemur ár eftir árið 2000. Ætlunin er væntanlega að reyna áfram að veiða eftir þetta þriggja ára tímabil sem hér er verið að festa í sessi með löggjöfinni. Er því samt haldið fram að engar líkur séu á því, þrátt fyrir ljós reynslunnar, að hér skapist smátt og smátt fordæmi fyrir einhvers konar úthlutunarmóverki af þessu tagi?

Auðvitað er reynslan öll á þá hliðina að þannig hefur það alltaf orðið. Þeir hlutir hafa haft tilhneigingu til þess að festast í sessi. Fyrir því eru auðvitað þau rök að menn aðlaga sig að þeim heimildum sem þeir fá. Menn verða háðir því í rekstri sínum að hafa nýtt sér þær undangengin ár. Þá er hægara sagt en gert að rífa þær af þeim aftur eða gjörbreyta fyrirkomulaginu. Menn munu standa frammi fyrir nákvæmlega því á árinu 2000, þegar menn ætla sér að fara að endurskoða þessi mál. Þá verða komin upp þau sjónarmið að ekki sé sanngjarnt að hrófla mikið við dreifingu veiðiheimildanna eins og hún hafi verið á undangengnum þremur árum. Auðvitað verður það þannig.

Þegar það er haft galopið að þeir, sem veiddu 17 tonn eða 21 eða nokkur hundruð tonn samtals á þriggja áratímabili, geta með því að stækka skipin komist upp í mun hærri tölur, þá munu menn auðvitað gera það. Frammi fyrir þeim veruleika munu menn standa þegar menn ætla að hreyfa eitthvað

við þessu, eins og sagt er að gera eigi eða er hér reyndar í ákvæði 3. gr. frv.

Hæstv. ráðherra svaraði mjög skýrt því sem ég hafði áður spurt um, um 2. mgr. 5. gr., og ég er í raun og veru sammála hæstv. ráðherra. Ég held að enginn vafi sé á því að hana er ekki hægt að túlka öðruvísi en þannig að varanleg úthlutun hefði verið eðlileg aðgerð ef ekki komi til breytinga á lögunum. Engin deila er heldur um það að þá er það veiðireynslan á undangengnum árum sem myndar grundvöll þeirrar úthlutunar.

Undarlegra er að hæstv. sjútvrh. skuli eftir sem áður ætla að skrifa upp á reikniformúlur eins og hér eru í frv. þar sem veiðireynslunni er algjörlega hafnað. Þó er það þannig að höfundar frv. viðurkenna að í þeim tilvikum að ekki sé fyrir hendi samfelld veiðireynsla, þá sé ráðherra heimilt að ákveða skiptingu aflahlutdeildar milli skipa og, eins og segir hér á miðri bls. 2 í grg., að taka mið af fleiri þáttum en aflareynslu.

Ég á voðalega erfitt með að skilja höfundana að þessu orðalagi. Ef ekki er um varanlega úthlutun að ræða, þar sem aflareynslan ein ræður og gripið er til þess ráðs að úthluta veiðiheimildum þrátt fyrir það, þá er heimilt að taka mið af fleiri þáttum en veiðireynslu. Af fleiri þáttum en veiðireynslu? Gerð og búnaði skipa og eitthvað því um líkt? Gott og vel. En af hverju er þá veiðireynslunni hent? Í raun og veru er tekin 0% tillit til hennar þegar farið er að skipta á einstök skip, 60% samkvæmt burðargetu en 40% jafnt.

Það skortir algjörlega, herra forseti, svör og rökstuðning fyrir þessu. Og af hverju er það? Það er af því að hann er ekki til. Það er enginn rökstuðningur til á bak við þessa reglu. Það eru engin efnisleg rök fyrir því að þetta eigi að vera 60% og 40% frekar en eitthvað annað. Ráðuneyti sjávarútvegsmála hefur á undangengnum tveimur árum viðurkennt það að þetta er algjörlega huglæg smíð, geðþóttaákvarðanir, með því að það liggja fyrir í frumvörpum frá þessu ráðuneyti og tveimur reglugerðum þrjár mismunandi útgáfur af slíku reikniverki. Þrjár mismunandi formúlur flytja verðmætar veiðiheimildir svo nemur þúsundum tonna og það með tekjumöguleika sem mælast í tugum milljóna á milli skipa. Þetta ætla menn að láta sig hafa hér eins og að drekka vatn. Menn leika sér svona með hlutina. Ég, herra forseti, verð að segja það að mönnum er auðvitað fátt heilagt í þessu þegar til kastanna kemur. Verður ekki flökurt núna á vordögum, þeim háu herrum sem ráða ferðinni í ríkisstjórninni eða hitt þó heldur.

Herra forseti. Það hefur sjálfsagt ekki mikið upp á sig að reyna mikið frekar að efna til efnislegrar umræðu um þetta mál. Mér virðist áhugi manna takmarkaður á því að ræða þetta. Kannski er þögnin meira áberandi hér en nokkuð annað, þ.e. hversu ákaflega fáliðaðir stjórnarliðar hafa t.d. verið hér í umræðunum um þetta mál. Ég vek athygli á því að framlag annars stjórnarflokksins, Framsfl., er eitt örstutt andsvar frá hæstv. utanrrh. Að öðru leyti hafa engir þingmenn út þeim flokki séð ástæðu til þess að taka þátt í umræðum um þetta mál, nema ef vera skyldi að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi kallað einu sinn fram í. Framlag Sjálfstfl. er svo sem ekki mikið að vöxtum heldur þó að hv. þm. 6. þm. Reykjaness og varaformaður sjútvn. mælti hér fyrir stuttu nál. meiri hluta sjútvn. Síðan hefur hæstv. ráðherra verið til svara.

Og kannski er það vegna þess að einhverjir finnast í hópnum sem eru ekkert sérstaklega hreyknir af þeirri pólitísku ábyrgð sem þeir bera á þessu máli og finnst betur við hæfi að þögnin geymi afstöðu þeirra og tilfinningar en að tjá það úr ræðustóli.

Ég endurtek að lokum, herra forseti, að þetta frv., eins og það er hér úr garði gert, er hin hörmulegasta smíð og á því þarf að gera breytingar. Við höfum lagt til á þskj. 1336 þær breytingar sem við teljum skynsamlegast að gera og stöndum að því sameiginlega, fulltrúar minni hlutans í sjútvn. Verði ekki á þær fallist og frv. eftir sem áður knúið hér áfram til 3. umr. og lokaafgreiðslu þá hef ég áður boðað að ég muni til vara flytja brtt. við 3. umr. um breytingar á úthlutunarreglunum. Þær fela í sér að tekið verði að verulegu leyti mið af veiðireynslu við þessa sértæku úthlutun á þessu þriggja ára tímabili. Ég mun taka mjög vel eftir því, fari svo að þær tillögur komi hér fram og verði bornar til atkvæða, hvernig menn greiða þá atkvæði. Það verður nokkuð sögulegt, herra forseti, ef slíkar tillögur verða felldar hér. Það væri sögulegt vegna þess að þá væru menn að fella það að notast við þá grundvallarreglu sem allt núverandi stjórnkerfi fiskveiðanna byggir á. Menn væru að fella grunndvöll þess að það var tekið upp og þá leikreglu sem hefur verið gengið út frá æ síðan, að veiðireynslan réði. Það verður því nokkuð sögulegt, herra forseti, að sjá hvaða afdrif þetta mál hlýtur hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Brtt. 1336,1 felld með 29:6 atkv. og sögðu

**já:** HG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (EgJ, GGuðbj) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, FI, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 30:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** HG, RA, SJS, SvG.

4 þm. (EgJ, PHB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1336,2 kölluð aftur.

2. gr., 1. mgr. og a-liður, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (EgJ, GGuðbj, HG, PHB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., b-liður, samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** HG, KHG, RA, SJS, SvG.

5 þm. (EgJ, GGuðbj, PHB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., c–e-liður, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (EgJ, GGuðbj, HG, KHG, PHB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1336,3 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (EgJ, GGuðbj, HG, KHG, PHB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (EgJ, GGuðbj, HG, KHG, PHB, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 19:09.

---

# 122. FUNDUR

föstudaginn 8. maí,
kl. 7.40 síðdegis.

**Dagskrá:**

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 642. mál, þskj. 1105, brtt. 1390. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[19:41]

**Útbýting þingskjals:**

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál, brtt. SJS, þskj. 1390.

## *Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 3. umr.*

Stjfrv., 642. mál. — Þskj. 1105, brtt. 1390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:43]

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, StG, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[19:44]

**Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem dreift hefur verið á borð þingmanna á þskj. 1390 við þetta frv. sem hér var til umræðu og atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. fyrr í dag.

Það fór því miður eins og ég hugði og óttaðist að ekki var stuðningur við það hjá stjórnarliðinu að gera lagfæringar á frv.

Ég hef svo sem kannski ekki mikla trú á að það breytist heldur núna, að menn fallist á að gera þó þær litlu lagfæringar sem væru óumdeilanlega til bóta að mínu mati sem felast í brtt. á þskj. 1390. Þær ganga út á það að í fyrsta lagi verði gildistími 1. gr. frv. takmarkaður með sama hætti við þrjú ár eins og efnisreglur 2. gr. þannig að í raun sé að öllu leyti gengið frá málinu til bráðabirgða í þrjú ár en 1. gr. sé ekki eins og hún var samþykkt eftir 2. umr. að þar er stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum tekin varanlega út úr lögunum um stjórn veiða utan fiskveiðilögsögu Íslands. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á þeim einstæða atburði sem þar er að gerast að þar með er verið að taka eina tiltekna tegund nytjafisks á Íslandsmiðum út undan þeirri löggjöf sem gildir að öðru leyti um stjórn fiskveiða. Úthafsveiðilögin vísa í lög um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt og með breytingunni er í raun verið að fella síldarstofninn varanlega undan lögunum um stjórn fiskveiða og um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Með breytingu af því tagi sem lögð er til

á þskj. 1390 mundi gildistími þeirrar takmörkunar vera sá sami og frv. að öðru leyti, þ.e. þá væri ekki ákveðið, a.m.k. ekki á þessu stigi málsins, að fella síldarstofninn undan úthafsveiðilögunum nema í sömu þrú ár og stjórn á veiðunum með þeim hætti sem frv. kveður á um.

Seinni tölul. brtt. lýtur að fyrri málsl. b-liðar 2. gr. frv. en þar er á ferðinni reiknireglan fræga sem á nú að nota til að skipta hlut Íslands á milli skipa sem stunduðu veiðar, eitthvert af árunum 1995, 1996 eða 1997 og á að skipta 90% af þeim heildarveiðiheimildum sem koma í hlut Íslands með þeim hætti sem málsliðurinn gerir ráð fyrir og hann er nú nokkuð langur, herra forseti. Það er spurning hvort ekki þarf að taka ýmsa í námskeið hvað varðar eðlilega lengd á setningum þegar hálfar og heilar lagagreinar eru orðnar einn málsliður með þremur, fjórum, fimm kommum í eins og hér getur að líta. Í stað þess að þetta sé þannig gert að 60% sé skipt milli skipanna miðað við burðargetu og án þess að það fyrirbæri sé skilgreint nánar hvað við sé átt og 40% jafnt legg ég til í brtt. á þskj. 1390 að 60% verði skipt á grundvelli veiðireynslu eins og hún liggur fyrir miðað við tvö bestu ár af þremur hjá hverju skipi fyrir sig á árunum 1995–1997. Hér er notuð sú regla sem hefur yfirleitt verið viðhöfð þegar skipt er á grundvelli veiðireynslu að menn fá að henda einu ári ef veruleg frávik hafa verið frá veiðinni miðað við meðaltal á einu ári. Þá má kasta lélegasta árinu í burtu og nota meðaltal tveggja bestu áranna. Almenna ákvæði laganna um stjórn fiskveiða og þessara laga er hins vegar þrjú bestu ár á sex ára tímabili þannig að í raun og veru er sett upp sambærileg viðmiðunarregla en tekur yfir styttra tímabil.

Þeim 40% sem þá væru eftir yrði síðan skipt í samræmi við burðargetu skipanna eins og hún er miðað við stærsta landaðan farm skipanna hingað til. Það er einföld og sanngjörn regla og byggir á því að skipin hafi sýnt hvaða burðargetu þau hafa eða þá veiðigetu og fá sem nemur því. Þetta þýðir að stækkanir á skipum sem hafa komið til eftir að þau stunduðu veiðar á þessum árum og lönduðu förmum eru ekki teknar með. Menn eiga þar af leiðandi ekki þann möguleika eins og er samkvæmt frv. óbreyttu að auka hlut sinn á kostnað annarra með því að setja skip sín í stækkun. Eins og kom fram í orðaskiptum okkar hæstv. sjútvrh. áðan er ljóst að frv. er þannig úr garði gert eins og það stendur núna að sá möguleiki er opinn, hvaða áhrif sem það kemur svo til með að hafa verður auðvitað reynslan að leiða í ljós. Mér kæmi ekki á óvart þótt nokkrir metrar bættust inn í eitt og eitt skip á næstu missirum ef menn eiga þarna opna leið til að ná sér í viðbótarveiðiheimildir á kostnað náungans fyrir ekki neitt með því einu að sjóða smábút inn í skrokkinn á skipinu hjá sér. Eins gæti farið svo að sumir dallarnir hefðu hækkað svolítið í verði núna síðdegis sem menn gætu þá keypt og hverra veiðileyfi mætti þá yfirfæra á ný og margfalt stærri skip með því að færa þau yfir og þannig væru menn að auka hlut sinn.

Með breytingum af því tagi sem lagðar eru til í 2. tölul. tel ég, herra forseti, að ástæða sé til að ætla að mun skárra samkomulag gæti tekist um málið. Ég leyfi mér að fullyrða að hagsmunaaðilar í greininni mundu una því mun betur að viðmiðunin yrði að þessu leytinu til að verulegu leyti reynslan frá undangengnum árum. Með því er einnig að nokkru leyti komið til móts við þá sem voru brautryðjendur í veiðunum og þá sem hafa á undanförnum árum náð mestum árangri, þá sem hafa fjárfest, útbúið sig til þessara veiða, keypt dýr veiðarfæri og fiskleitartæki. Það hlýtur að teljast a.m.k. einhver vottur af sanngirni í því að eins og leikreglurnar eru lögfestar á Alþingi taki þær eitthvert mið af veruleikanum í þeim efnum.

Ef vilji manna er að hafa þetta eftir sem áður óbreytt verður í öllu falli ekki sagt, herra forseti, að sá sem hér stendur hafi ekki reynt til þrautar að koma a.m.k. einhverju viti í óskapnað sem þetta frv. í sjálfu sér er.

Ég spurði, herra forseti, um rökin fyrir reiknireglu hæstv. ráðherra og ráðuneytis sem hefur sjálfsagt unnið uppkastið að þessu frv. Nú er það auðvitað þannig að það er alveg sama hvaða viðmiðanir eða aðferðir af þessu tagi eru notaðar, þær eru alltaf umdeilanlegar. Það er að sjálfsögðu einnig sú regla sem ég lagði til í breytingartillögunni. Alveg eins má spyrja mig hver rökin séu fyrir því að hafa þetta 60% veiðireynslu og 40% burðargetu, er það eitthvað betra? Svarið er einfaldlega það, sem ég kom inn á áðan, að ég held það sé miklu nær þeim veruleika sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum. Um það verði miklu frekar einhver sátt og það sé mun auðveldara að rökstyðja að eðlilegt sé að taka mið af reynslunni með þessum hætti en t.d. að útskýra fyrir mönnum hvaða vísindi liggi á bak við að úthluta 40% af þessum veiðiheimildum jafnt til allra, stórra sem smárra, þeirra sem náð hafa árangri í þessum veiðum sem til hinna sem engum eða litlum árangri hafa náð o.s.frv. Það er einnig umhugsunarefni, herra forseti, að frá sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. hafa á undanförnum tveimur árum komið þrenns konar útgáfur af skiptareglum af þessu tagi. Ekki bendir það til þess að það séu mjög mikil og nákvæm efnisleg vísindi á bak við aðferðafræðina enda liggur það auðvitað fyrir og stendur upp úr eftir þessar umræður að hér er á ferðinni hrein geðþóttaaðgerð, að velja þessar reglur frekar en einhverjar aðrar.

Herra forseti. Ég ætla ekkert að hafa orð mín fleiri. Mér er það ljóst að mönnum finnst það til leiðinda að þurfa að hanga á föstudagskvöldi yfir því að ræða um síldina sem ýmsir hafa ekki mikinn áhuga á að því er virðist og ég sá náttúrlega fýlusvipinn færast yfir hvert andlitið af öðru af því maður leyfði sér þann munað að biðja um að fá að útbúa breytingartillögur og taka í það hálftíma. Ég verð að segja alveg eins og er að það er nokkurt umhugsunarefni þegar þannig er komið að efni málsins sem í hlut á skiptir ekki nokkru máli. Mér finnst það satt best að segja, herra forseti, alltaf heldur ömurlegt þegar maður verður vitni að því á Alþingi hversu handjárnin eru sterk og hlekkirnir traustir sem tengja þau saman milli úlnliðanna. Þegar maður hefur nokkuð sterka sannfæringu fyrir því að öll rök í málinu mæli með tilteknum hlutum frekar en öðrum, en það kemur fyrir ekki, það skiptir að því er virðist engu máli, efast maður stundum um að það sé þess virði að standa í þessu stappi og setja sig inn í mál og reyna að vinna þau, hvort heldur er í þingnefndum eða í umræðum eða að öðru leyti. Er þá ekki best að menn hafi þetta bara eins og þeim sýnist? Kannski eru það þeir stjórnarhættir sem við erum því miður í æ ríkari mæli, m.a. á þessum vordögum, að verða vitni að, að efni sem er til umfjöllunar eða afgreiðslu er ekki það sem að lokum ræður, ekki rök og gagnrök og einhver skynsamleg nálgun mála heldur einhverjir aðrir hlutir sem eru því yfirsterkari. Ég tók þó eftir því að einn hv. þm. stjórnarliðsins lét ekki múlbinda sig að öllu leyti í atkvæðagreiðslunni áðan og ég óska honum til hamingju með að hafa sýnt það sjálfstæði í hugsun og þann kjark að þora að fylgja sannfæringu sinni í málinu. Betur að það hefðu verið fleiri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:58]

Brtt. 1390,1 felld með 28:5 atkv. og sögðu

**já:** HG, KHG, RA, SJS, SvG.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (EgJ, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1390,2 felld með 27:6 atkv. og sögðu

**já:** ÁMM*, HG, KHG, RA, SJS, SvG.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (EgJ, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. samþ. með 27:5 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** HG, KHG, RA, SJS, SvG.

4 þm. (EgJ, PHB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, StG, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1391).

Fundi slitið kl. 19:59.

---

## 123. FUNDUR

laugardaginn 9. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — 2. umr.

2. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarráði Kópavogs.

### *Þjóðlendur, 2. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292.

[10:32]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum allsherjarnefndar á þingskjölum 1214 og 1215 um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fékk hún fjölmarga aðila á sinn fund vegna þess. Einnig bárust nefndinni margar umsagnir um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um eignarhald á þeim landsvæðum sem talin hafa verið til afrétta og almenninga. Í frumvarpinu er lagt til að eignarhaldi á landi verði skipt í tvo flokka, annars vegar eignarlönd, sem eru háð einkaeignarrétti og hins vegar þjóðlendur, sem eru landsvæði utan eignarlanda, þar sem einstaklingar eða lögaðilar geta átt takmörkuð eignarréttindi. Lagt er til að því verði lýst með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og landsréttinda í þjóðlendum sem eru ekki þegar háð einkaeignarrétti og að settar verði sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna.

Varðandi eignarráð ríkisins er rétt að árétta að við setningu lagareglna um það hver fari með eignarráð lands og landsréttinda, sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til, snýst málið fyrst og fremst um það að leysa úr því hver skuli fara með þau eignarréttindi sem landeigandi fer venjulega með. Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði af skarið um að íslenska ríkið sé eigandi þessa lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda innan þess sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í umsögnum um frumvarpið hefur komið fram sú gagnrýni að enga óumflýjanlega eða lagalega nauðsyn beri til að slá eignarhaldi ríkisins á þessi svæði þannig að allt land sé háð einkaeignarétti. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins segir jafnframt að „skýr ákvæði um forræði á landi utan eignarlanda ættu þar að vera nægjanleg“. Með því að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu vinnst það hins vegar að allar eignarréttarlegar heimildir að viðkomandi landsvæðum eru fluttar í hendur ríkisins. Auk almennra og lögbundinna takmarkana sæta þær jafnframt hinum sérstöku takmörkunum sem aðrar greinar frumvarpsins gera ráð fyrir og þannig er lögð áhersla á eignarréttarlega sérstöðu þeirra. Að öðru leyti er um venjubundin eignarráð að ræða, m.a. þannig að allar heimildir eru fyrir hendi gefist færi til nýtingar og ráðstafana með nýjum hætti og heimildirnar víkka að því leyti sem takmarkanirnar falla niður. Þá er viðbúið að reyna muni á fleiri atriði við framtíðarnýtingu og meðferð umræddra landsvæða en fjallað er sérstaklega um í frumvarpinu. Væri eignarráðum ríkisins ekki slegið föstum með jafnskýrum hætti og frumvarpið gerir ráð fyrir er viðbúið að kveða þyrfti sérstaklega á um slíka nýtingu og meðferð hverju sinni í lögum. Að þessu virtu hefur sú leið sem valin er í frumvarpinu þá kosti umfram aðrar sem færar hefðu verið:

1. Eignarhald á þjóðlendum er sett í eðlilegt samhengi við þær almennu réttarreglur sem um meðferð eignarréttinda gilda.

2. Eignaréttarleg staða þjóðlendna er skýrð og einfölduð.

3. Komið er í veg fyrir réttaróvissu sem annars kynni að hafa skapast.

Með lögfestingu frumvarpsins má líta svo á að staðfest sé „eignarhald" þjóðarinnar á umræddum landsvæðum þó hagkvæmnissjónarmið geri það óhjákvæmilegt að ríkið fari sem slíkt með þau eignarráð að lögum. Þegar allt kemur til alls er það frumhlutverk ríkisins að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verður að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt sinn yfir.

Í frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra fari með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki eru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá er sveitarstjórnum samkvæmt frumvarpinu ætlað nokkurt hlutverk við ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Reglur frumvarpsins um stjórn og meðferð þjóðlendna taka mið af því að hingað til hafa sveitarfélögin í flestum tilvikum hvert á sínu svæði farið með og sinnt um stærstan hluta þessara landsvæða. Þess vegna er eðlilegt að forráðum á ráðstöfun lands og landsgæða innan þjóðlendna verði að hluta skipt milli ráðherra og sveitarstjórna eftir þeim reglum sem frumvarpið lýsir. Þó ber að leggja áherslu á að heimildir þær sem forsætisráðherra og sveitarstjórnum er falið eru fyrst og fremst þær sem landeigandi færi annars með. Hafi landi ekki verið skipað innan staðarmarka sveitarfélags verður að skilja það svo að forsætisráðherra fari einn með þau landeigendaráð sem felast í heimildum laganna.

Þá er stjórnvöldum með frumvarpinu falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Lagt er til að sérstakri stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, verði falið að sinna þessu verkefni og miðað er við að því verði lokið árið 2007.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en leggur til að gerðar verði á því nokkrar breytingar.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að á vegum forsætisráðherra starfi samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skipuð fulltrúum forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra, umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með hliðsjón af hagsmunum ferðamannaþjónustu af notkun svæða sem líklegt er að talin verði til þjóðlendna leggur nefndin til að fulltrúi samgönguráðherra eigi jafnframt sæti í nefndinni.

Þá eru lagðar til breytingar á 10. gr., varðandi kynningar. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. ber óbyggðanefnd að birta tilkynningu í Lögbirtingablaði um að hún hafi ákveðið að taka tiltekið svæði lands til meðferðar til að þeim sem telja sig eiga réttindi á viðkomandi svæði gefist kostur á að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni. Allsherjarnefnd telur æskilegt að tryggja enn betur að slík tilkynning fari ekki fram hjá þeim sem *hún á erindi til og leggur nefndin til* að slíkar ákvarðanir verði einnig auglýstar í dagblöðum, svo sem tíðkast um kynningu skipulagstillagna. Til að taka af allan vafa þykir þó rétt að réttaráhrif tengd birtingu slíkra tilkynninga verði einungis bundin við birtingu Lögbirtingablaðs. Í tengslum við þetta vill nefndin benda á að samkvæmt frumvarpinu getur óbyggðanefnd eftir atvikum verið skylt að eiga frumkvæði að því að leita eftir viðhorfi þeirra sem henni er kunnugt um að kunni að telja til réttinda á viðkomandi svæði en hafa ekki gefið sig fram við nefndina, sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins og 13. gr. stjórnsýslulaga.

Þegar auglýsing skv. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins hefur verið birt í Lögbirtingablaði hafa þeir sem telja til réttinda á viðkomandi svæði þrjá mánuði til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd og leggja fram gögn og aðrar heimildir þeim til stuðnings. Í ljósi þess að óbyggðanefnd er ætlað að ljúka störfum sínum á tiltölulega skömmum tíma og þess að hér er um að ræða frest í upphafi málsmeðferðar hennar þykir ekki ástæða til að leggja til að hann verði lengri en lagt er til í frumvarpinu. Nefndin telur þó rétt að hnykkja á því að fresturinn byrji ekki að líða fyrr en frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem tilkynning nefndarinnar birtist í.

Nefndin leggur til breytingar á 12. gr. frumvarpsins, en samkvæmt ákvæðinu skal óbyggðanefnd færa yfirlit um heimildir og lýstar kröfur á svæði, sem hún hefur tekið til meðferðar, inn á uppdrátt og skal slíkur uppdráttur liggja frammi á sýsluskrifstofu í því eða þeim umdæmum sem svæðið er á í að minnsta kosti einn mánuð. Samkvæmt frumvarpinu skulu athugasemdir við yfirlitið hafa borist innan 15 daga. Þykir nefndinni rétt að lengja þennan frest um aðra 15 daga, þannig að fresturinn vari í 30 daga eftir að kynningu lýkur. Þar sem kynning skal hafa varað í a.m.k. 30 daga er í heild um að ræða 60 daga frest frá því að kynning hefst þar til athugasemdir skulu hafa borist.

Loks leggur nefndin til breytingar á 17. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um málskostnað í málum sem rekin eru fyrir óbyggðanefnd. Telja verður líklegt að að málarekstur fyrir nefndinni geti orðið kostnaðarsamur fyrir aðila, m.a. vegna gagnaöflunar, gerðar uppdrátta og kaupa á sérfræðilegri aðstoð. Í starfi nefndarinnar verður ráðið til lykta álitaefnum sem hafa mikla almenna þýðingu og varða mikilsverða hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Enda þótt almennt sé ekki gert ráð fyrir að menn hafi gjafsókn þegar mál eru til meðferðar fyrir stjórnsýslunefndum verður í þessu tilviki að líta til þess að frumkvæði að því að mál verði tekin til meðferðar kemur frá ríkisvaldinu og að því starfi er markaður ákveðinn tími. Jafnframt er til þess að líta að mál af þessu tagi hefur þurft að reka fyrir almennum dómstólum samkvæmt núgildandi rétti, en úrlausn þeirra flyst til stjórnvalda verði frumvarp þetta að lögum. Almennar reglur um gjafsókn samkvæmt lögum um meðferð einkamála hafa því náð til slíkra mála fram að þessu, en sá möguleiki félli niður að óbreyttu. Því þykir nefndinni gild rök vera fyrir því að heimila gjafsókn á þessu sviði þó að um undantekningu sé að ræða frá almennum reglum. Í ljósi þess að hér er um að ræða gjafsókn fyrir stjórnvöldum á afmörkuðu og jafnframt tímabundnu sviði innan stjórnsýslunnar þykir rétt að leggja til að óbyggðanefnd, en ekki gjafsóknarnefnd, meti sjálf hvort skilyrði gjafsóknar séu fyrir hendi og geri tillögu þar að lútandi til þess ráðherra sem fer með mál er varða stjórnarfar, það er að segja forsætisráðherra.

Sérstaklega var rætt um það í nefndinni hvort lengja ætti málshöfðunarfrest samkvæmt 19. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í frumvarpinu er óbyggðanefnd ætlað að ljúka verki sínu á nokkuð skömmum tíma. Langir málshöfðunarfrestir gætu leitt til þess að fulllangan tíma tæki að fá úrlausn dómstóla um álitaefni sem kunna að hafa almenna þýðingu og að einstök mál yrðu ekki afgreidd í nefndinni á meðan. Með tilliti til þessa og þar sem hér er um að ræða frest vegna frekari aðgerða á grundvelli úrlausnar, sem aðila á í

flestum tilvikum að hafa verið kunnugt um vegna krafna og athugasemda sem þeir hafa komið á framfæri við meðferð málsins fyrir nefndinni, gerir allsherjarnefnd ekki tillögu um að málshöfðunarfrestur verði lengdur frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í nefndinni var einnig nokkuð rætt um gjaldtöku á grundvelli ákvæða frumvarpsins, en í 4. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að forsætisráðherra geti ákvarðað eða samið um endurgjald eða leigu fyrir nýtingu réttinda sem hann fer með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Þau réttindi sem forsætisráðherra er einum heimilt að taka gjald eða semja um leigu fyrir eru vatnsréttindi, jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu, nema lög mæli á annan veg. Forsætisráðherra kemur einnig að gjaldtöku eða leigu vegna þeirra réttinda sem sveitarfélögum er veitt heimild til að semja um þar sem sveitarstjórn þarf að fá samþykki forsætisráðherra til slíkra samninga, en sveitarstjórnum er heimilt að semja um endurgjald vegna afnota sem þær hafa heimild til að veita. Undir þessi afnot fellur öll leyfisskyld nýting, til dæmis tímabundin uppsetning girðinga og bygging mannvirkja.

Forsætisráðherra og sveitarstjórnir semja um endurgjald fyrir nýtingu eignar, hvort sem um er að ræða leigugreiðslur fyrir ákveðið leigutímabil eða gjald fyrir ákveðin afnot. Umrædd stjórnvöld verða að byggja ákvarðanir um ráðstöfun afnota innan þjóðlendna og um endurgjald fyrir þau á þeim reglum sem almennt gilda um störf og starfshætti stjórnvalda. Af því leiðir meðal annars að ákvarðanirnar verða að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og gæta verður jafnræðis milli aðila. Auk þess sem gæta verður þess að ákvörðun um endurgjald fyrir nýtingu réttinda innan þjóðlendna raski ekki samkeppnisstöðu annarra sem ráðstafa hliðstæðum réttindum. Því má ætla að forsætisráðherra og eftir atvikum sveitarstjórnum beri að gæta þess að fjárhæð endurgjalds taki mið af verðmæti þeirra réttinda sem um ræðir hverju sinni þannig að í hlut þjóðlendunnar komi eðlilegt endurgjald fyrir nýtinguna og skal það vera í sem mestu samræmi við það sem tíðkast um slík réttindi á almennum markaði, ef um slíkt er að ræða.

Loks ræddi allsherjarnefnd nokkuð um tækifæri Alþingis sem fjárstjórnarvalds til að hafa áhrif á ráðstöfun tekna af þjóðlendum. Umræddum tekjum skal samkvæmt frumvarpinu ráðstafa til verkefna innan þjóðlendnanna, það er til landbóta, umsjónar með svæðunum, til eftirlits eða í önnur sambærileg verkefni. Ráðstöfun teknanna er þannig bundin með lögum. Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum og að forsætisráðherra gefi Alþingi árlega skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Mun Alþingi við það tækifæri hafa möguleika til að fjalla um málið.

Virðulegi forseti. Eins og áður segir mælir allsherjarnefnd með samþykkt frumvarpsins og rita allir nefndarmenn undir álitið, nema Hjálmar Jónsson er var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir með fyrirvara.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem hefur verið unnið vel og lengi í allshn. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum fyrir þá vinnu og vona að þessu máli verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi.

[10:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. skrifa ég undir það með fyrirvara og áskil mér rétt til að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma við frv. Við þetta frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta flyt ég brtt. ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Meginefni þessa frv. er afar þýðingarmikið og raunar grundvallaratriði að með frv., ef að lögum verður, er því lýst yfir að íslenska ríkið, þjóðin, sé eigandi lands og landsréttinda í þjóðlendum sem eru ekki þegar háð einkaeignarrétti. Meginatriðið er því að verið er að lögfesta eignarrétt þjóðarinnar á hálendinu þar sem helstu náttúruperlur landsins eru og auðlindir þjóðarinnar. Þessu ber að fagna og það grundvallaratriði styð ég að sjálfsögðu.

En vissulega ber skugga á þetta mikilvæga mál þar sem er ákvæði í frv. félmrh. um sveitarstjórnarlög sem rætt hefur verið mikið síðustu daga og var til atkvæða í gær. Það veldur vissulega miklum vonbrigðum, ekki bara margra okkar inni í þessum þingsal heldur úti í þjóðfélaginu og hef ég orðið mjög vör við það eftir þá atkvæðagreiðslu sem þar fór fram. Ég held að það sé ljóst að a.m.k. enn sem komið er ætlar meiri hlutinn að því er það mál varðar að knýja það í gegn gegn vilja stórs hluta þjóðarinnar. Engu að síður er þetta mál mjög mikilvægt þó að þennan skugga beri þar á og því styð ég heils hugar meginefni þessa frv. þó að ég geri athugasemdir og brtt. við einstakar greinar frv.

Þær athugasemdir sem ég geri varða sérstakar reglur og málsmeðferð um stjórn þjóðlendnanna. Ég geri miklar athugasemdir við það og á því byggist fyrirvari minn m.a. Með frv. er hæstv. forsrh. fært allt of mikið einræðisvald á framkvæmd laganna og framsal löggjafarvaldsins til ráðherra er afar óeðlilegt. Má þar nefna að forsrh. ákvarðar gjaldtöku og hve háð hún verður fyrir nýtingu réttinda án nokkurra leiðbeininga í löggjöf við hvað skuli miðað. Einnig að forsrh. ákvarðar hvernig tekjum af leyfum til nýtingar lands skuli varið til landbóta, umsjónar og eftirlits og hvernig tekjum skuli útdeilt til þessara verkefna.

Hvorki gjaldtakan né ráðstöfun af tekjum þurfa að hljóta staðfestingar Alþingis sem er afar óeðlilegt. Forsrh. fer einn með vald um hvernig óbyggðanefnd verði skipuð en hann skipar alla þrjá nefndarmenn. Óljóst er einnig hvernig skera á úr ágreiningi milli forsrh. og sveitarstjórnar, sbr. 3. gr. þessa frv.

Síðast en ekki síst, herra forseti, er ekki tryggt að tekið sé nægjanlegt tillit til umhverfismála og náttúruverndarsjónarmiða og alþjóðlegra skuldbindinga í því efni auk þess sem málsmeðferðarreglur vantar og á það einnig við um hvernig haga skuli gjaldtöku þeirri sem kveðið er á um í 3. gr.

Brtt. minni hlutans lúta því að þeim þáttum sem ég hef nefnt ásamt því að draga úr óeðlilegu valdi forsrh. sem fram kemur í frv. Ég vil nefna áður en ég fer yfir brtt. og umsagnir þeim tengdar að ég styð þær brtt. sem fram koma frá allshn. og formaður allshn. hefur kynnt. Ég tel þær að sjálfsögðu allar vera til bóta þó að þær séu út af fyrir sig ekki mjög mikilvægar að því er varðar efni þessa frv.

Ég vil sérstaklega geta einnar þeirra sem ég tel afar þýðingarmikla út af fyrir sig og það er að forsrh. sé „heimilt að veita aðila að máli fyrir óbyggðanefnd gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þó að teknu tilliti til þess að mál fyrir óbyggðanefnd

kemur í stað málshöfðunar eða málsvarnar fyrir héraðsdómi eða æðra dómi. Umsögn óbyggðanefndar um gjafsókn skal koma í stað umsagnar gjafsóknarnefndar. Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að veita aðila sem fer með fyrirsvar skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, lögaðilum og einkaaðilum gjafsókn, enda hafi úrlausn máls

a. verulega almenna þýðingu eða

b. varði verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag umsækjanda."

Þessarar tillögu vildi ég sérstaklega geta sem ástæða er til að fagna.

Brtt. okkar í minni hlutanum koma fram á þskj. 1291 sem ég vildi þá gera í máli mínu að sérstöku umtalsefni, skýra þær nánar, styðja þær með umsögnum sem fram hafa komið í meðferð nefndarinnar sem sýna fram á ljós rök fyrir þeim brtt. sem við flytjum. Einnig vil ég nefna, herra forseti, án þess að fara mikið út í þær brtt. að ég er einnig aðili að brtt. á þskj. 1292 sem Rannveig Guðmundsdóttir flytur ásamt mér og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og mun hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir væntanlega skýra þær brtt. við umræðuna en þær tengjast að verulegu leyti því frv. til sveitarstjórnarlaga, ákvæðinu þar til bráðabirgða og 1. gr. þess frv. sem mikið hefur verið fjallað um síðustu dagana.

Um þetta stóra og mikla mál hefur nefndin fengið fjölda umsagna og vil ég sérstaklega, herra forseti, fara stuttlega yfir þær sem tengjast þeim brtt. sem við flytjum og styðja við þær brtt. sem ég mæli fyrir.

Fyrsta brtt. sem við flytjum er við 3. gr. frv. og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Fullt tillit verði tekið til umhverfisverndar og alþjóðlegra skuldbindinga í því efni og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Í leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds."

Þessi brtt. snýr að því sem ég nefndi í inngangi mínum að ég tel að í frv. þurfi að vera skýrari málsmeðferðarreglur en gert er ráð fyrir og brtt. mundi verulega bæta þar úr.

Ég ætla aðeins, herra forseti, áður en ég held áfram að mæla fyrir brtt. að víkja nokkuð að umsögnum sem verulega snúa að umhverfisþættinum sem margir umsagnaraðilar telja að vanti í frv.

Í fyrsta lagi gerir Ferðamálaráð Íslands athugasemdir við 2. gr. frv. en þar segir:

„Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs telur eðlilegra að forræði á landi í þjóðareign sé allt á höndum forsrh. en ekki í höndum sveitarfélaga. Það fyrirkomulag sé líklegra til árekstra og mismunandi beitingu forræðisvalds mismunandi sveitarfélaga."

Þessi athugasemd gæti vel og sem best átt við það frv. sem var hér til afgreiðslu í gær.

„Þá gerir framkvæmdastjórnin athugasemd við heimild til gjaldtöku einstakra sveitarfélaga fyrir afnot af landi í þjóðareign. Sé sá skilningur réttur að sveitarstjórn geti tekið leigugjald fyrir afnot af landi í eigu ríkisins er það skoðun stjórnarinnar að slík heimild geti leitt til vandræða við rekstur ferðaþjónustu.

Hér er að mati framkvæmdarstjórnar um að ræða varhugaverða heimild til gjaldtöku sem sett er fram án frekari skýringa."

Ég hygg, herra forseti, að sú grein sem hvað mest hefur verið rædd og sú grein sem ýmsar athugasemdir hafa helst komið fram við sé 3. gr. frv. sem kveður á um afnot af þjóðlendum og leyfi forsrh. til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu og síðan hvenær þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til þess að nýta land og landsréttindi en frv. kveður á um að sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þurfi jafnframt samþykki forsrh. auk leyfis sveitarstjórnar.

Hér er afar athyglisvert ákvæði, herra forseti, sem mér finnst ekki komin nægileg skýring á. Um samskipti þessara tveggja stjórnvalda, forsrh. og sveitarstjórna, sem hafa í hendi sér leyfisveitingar varðandi nýtingu lands, þá segir að „rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum". Tveir valdhafar deila og annar hefur vald til að skera úr ágreiningi. Þetta finnst mér afar sérstætt og tel að menn hefðu átt að skoða hvort ekki væri hægt að koma þessu fyrir á betri vegu en þann að forsrh., sem þá er aðili að máli þegar tveir deila, hafi síðan úrskurðarvald til að skera úr um ágreining. Á þetta er einmitt bent í umsögnum.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera athugasemd við frv. Þar segir að eftirfarandi lagfæringu þurfi að gera á 3. og 4. mgr. í 3. gr. frv.:

„Nánar þarf að kveða á um að einungis er átt við ráðstöfun lands, vatns- og jarðhitaréttinda og jarðefna, hvort heldur er til eins árs eða lengri tíma. Koma þarf fram að ekki sé áætlað að skerða lögbundinn stjórnsýslurétt sveitarstjórna svo sem samkvæmt sveitarstjórnarlögum, jarðalögum, lögum um *hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skipulags- og bygg*ingarlögum, fjallskilasamþykktum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ekki kemur fram í frv. nægilega glöggt hvort forsrh. er ætlað að skera úr um hugsanlegan ágreining sveitarstjórna og umsækjenda eða hvort einnig er átt við hugsanlegan ágreining milli forsrh. sjálfs og sveitarstjórna."

Síðan segja þeir, og það er einmitt athugasemd við þetta úrskurðarvald forsrh., með leyfi forseta:

„Æskilegt er að fram komi að ef ágreiningur rís með forsrh. og sveitarstjórn um ráðstöfun lands skuli því vísað til einhvers þriðja aðila til úrskurðar eða jafnvel beint til dómstóla."

Orkustofnun gerir athugasemdir að því er varðar gjaldtökuákvæði sem fram kemur í 3. gr. Í þeirri grein segir m.a., með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra."

Við í minni hlutanum gerum einmitt brtt. við þetta og það kemur fram í b-lið 1. tölul. brtt., en þar segir:

„Á eftir 1. málsl. 4. mgr. komi fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Gjaldið sem ráðherra ákvarðar skal taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á. Nánari ákvæði um gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Ráðherra skal þá láta bjóða út nýtingu lands og landsgæða í þjóðlendum þegar ætla má að um verðmæta nýtingarkosti sé að ræða. Útboð skulu þá fara fram samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993."

Ég tel, herra forseti, að eðlilegra og skynsamlegra sé, jafnvel þó vísa megi til annarra laga um þessi efni, að hafa þessi ákvæði til staðar í frv., þessum lögum. Það er mjög brýnt að allar málsmeðferðarreglur séu skýrar, ekki síst þegar um er að ræða gjaldtöku og framsal Alþingis á gjaldtöku til hæstv. forsrh. án þess að þingið komi þar nærri. Forsrh. á hins vegar að gefa Alþingi reglulega skýrslu um þessa gjaldtöku og hvernig henni er ráðstafað. Æskilegt hefði verið að hv. formaður fjárln., sem sæti á í allshn., hefði verið viðstaddur þegar við ræðum þessa gjaldtöku og ráðstöfun hennar. Ég varð vissulega vör við það í hv. allshn. að hv. formanni fjárln. var nokkuð órótt vegna þessa framsals á gjaldtökunni.

Við í minni hlutanum bárum fram nokkrar fyrirspurnir til forsrn. Þær voru m.a. varðandi þessa gjaldtöku með eftirfarandi spurningum: Fyrir hvaða réttindi getur forsrh. tekið gjald samkvæmt fyrri málsl. 4. mgr. 3. gr. frv. og fyrir hvaða afnot geta sveitarstjórnir tekið gjald samkvæmt síðari málsl. sömu greinar? Þetta er mjög óljóst í frv. Ég ætla að lesa svör forsrn., sem Kristján Andri Stefánsson í forsrn. tekur saman, en þar segir varðandi réttindi forsrh. til gjaldtökunnar:

„Tilvitnað ákvæði gerir ráð fyrir að forsrh. geti ákvarðað eða samið um endurgjald eða leigu fyrir nýtingu réttinda sem hann fer með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Það ákvæði felur forsrh. að fara með:

1. vatnsréttindi,
2. jarðhitaréttindi,
3. námur og
4. önnur jarðefni innan þjóðlendu, nema lög mæli á annan veg.

Þarna eru talin upp þau réttindi sem forsrh. er einum veitt heimild til að taka gjald eða semja um leigu fyrir. Forsrh. kemur einnig að gjaldtöku eða leigu vegna þeirra réttinda sem sveitarfélögum er veitt heimild til að semja um, samanber svar við annarri spurningu hér á eftir, því sveitarstjórn þarf að fá samþykki forsrh. til slíkra samninga."

Þá komum við að sveitarstjórnunum, herra forseti, þ.e. fyrir hvaða afnot sveitarstjórnirnar geta tekið gjald. Ég held að mikilvægt sé að skýra það og að fyrir liggi skýrar lagaheimildir um það hvernig sveitarstjórnir geta beitt þessu valdi sem þeim vissulega er fengið. Heimild Alþingis að því er varðar þessa gjaldtöku er nokkuð opin. En í svari forsrn. segir:

„Sveitarstjórnum er heimilað að semja um endurgjald vegna þeirra afnota sem þau hafa heimild til að veita en þó aðeins að fengnu samþykki forsrh., sbr. 3. mgr. 3. gr. frv. Undir þessi afnot fellur öll önnur leyfisskyld nýting, samanber skilgreiningu 1. mgr. 3. gr., heldur en talin er upp í 2. mgr. 3. gr.

Þarna getur því verið um að ræða margvísleg afnot eða nýtingu og næsta erfitt að telja þessi afnot upp með tæmandi hætti. Sem dæmi má þó nefna byggingu mannvirkja, uppsetningu girðinga fyrir ferðahross og söfnun fjallagrasa. Jafnframt er rétt að minna á að samþykki forsrh. þarf til að heimila nýtingu til lengri tíma en eins árs."

Herra forseti. Að nokkru er komið inn á hvernig nýta má þessa gjaldtöku og nokkrir þættir tilgreindir en það er undirstrikað í þessari greinargerð að þetta sé alls ekki tæmandi. Mér finnst losaralega um gjaldtökumálin búið af hálfu þingsins, herra forseti, og hefði talið að með einhverjum hætti ætti að festa þetta í löggjöfinni sjálfri eða a.m.k., herra forseti, að reglugerð, sem maður gerir ráð fyrir að sett verði um þessa gjaldtöku, yrði borin undir til að mynda allshn. Það er ljóst að hægt er að gera þetta að stórum gjaldstofni hjá sveitarfélögunum ef þau svo kjósa. Þau hafa enga leiðbeiningu eða forskrift frá Alþingi um þessa gjaldtöku.

2. tölul. brtt. okkar hljóðar svo:

„Við 4. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þá skal nefndin" — það er þessi nefnd sem á að skipa samkvæmt 4. gr. sem kölluð er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna — „árlega gera tillögur til fjárlaganefndar Alþingis um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins."

Og c-liður 1. tölul. brtt. okkar sem er við 3. gr. hljóðar svo:

„Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, samkvæmt ákvörðun Alþingis."

Þarna er komin hin eðlilega tenging sem þarf að vera, þ.e. að löggjafarsamkundan framselji ekki alveg þennan opna tékka yfir til forsrh. og sveitarstjórna, heldur hafi hún eitthvert ráðrúm til þess að hafa hönd í bagga og fjalla um hvernig gjaldtökunni skuli háttað og til hvers henni verði ráðstafað. Ég tel, herra forseti, grátt svæði, svo ég taki ekki dýpra í árinni en það, þegar Alþingi framselur vald til framkvæmdarvaldsins sem hin síðari ár er orðið allt of mikið um. Við framseljum valdið í opnum gjaldtökuheimildum, í æ meiri mæli, með reglugerðarheimildum til ráðherra o.s.frv.

Ég held að það sé ekki til fyrirmyndar, þegar setjum svona mikilvæga löggjöf, að ekki sé betur gengið frá svona atriðum af hálfu löggjafans, atriðum eins og gjaldtöku sem vissulega getur kallað á deilur og óánægju þegar sveitarstjórnirnar hafa fengið þetta vald. Þetta vil ég undirstrika vegna þess að þessu höfum við í minni hlutanum miklar áhyggjur af og í nefndinni var töluvert rætt um hvort ekki ættu að vera skýrari leiðbeiningarreglur fyrir framkvæmdarvaldið varðandi þetta.

Ég hef verið að fara yfir 3. gr., herra forseti, og þær ábendingar, gagnrýni og athugasemdir sem fram koma í umsögn um þetta mál.

Ég vitnaði til þess að Orkustofnun gerir athugasemdir varðandi ráðgerð gjaldtökuákvæði. Þegar þeir eru búnir að rekja hvernig þessari gjaldtöku skuli háttað segja þeir að þá verði „að álykta að endurgjald af afnotum lands og landsgæða í þjóðlendum, sem frv. kveður á um, verði ekki stórvægilegt og nægi ekki til að tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á verðmætum gæðum eins og virkjunarrétti."

Hér sjáum við strax að þetta getur valdið deilum, svona opin ávísun frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins.

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við 3. gr. og segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð telur að eðlilegra sé að umhvrh. fari með ráðstöfun réttinda í þjóðlendum en forsrh. Eðlilegra verði að teljast að starfsmenn umhvrn. fjalli um umsóknir þar um og meti þær en starfsmenn forsrn. Reynsla og menntun starfsfólks umhvrn. hlýtur að vega nokkuð þegar fjallað verður um afnot af landinu en sérhæft starfsfólk á þessu sviði er ekki í forsrn."

Þó að ég sé ekki sammála því að umhvrh. eigi að fara með ráðstöfun réttinda á þjóðlendum fremur en forsrh. þá eru þetta þó athugasemdir sem taka verður tillit til. Það er

eðlilegt og rökrétt að þannig sé haldið á málum að starfsmenn umhvrn. fjalli um umsóknir og veiti a.m.k. umsagnir um það en vera má að 4. gr. frv. um samstarfsnefndina, þar sem umhvrh. kemur að máli, vegi eitthvað upp á móti þeirri gagnrýni sem hér kemur fram.

Síðan er það Landgræðsla ríkisins. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Það er skilningur Landgræðslunnar að orðið „landbóta" í 3. mgr. vísi m.a. til aðgerða vegna gróður- og jarðvegsverndar. Því telur Landgræðslan að slíkar aðgerðir standi utan þess sem 4. og 5. mgr. taka til enda sé ekki um nein „afnot" að ræða heldur tímabundnar aðgerðir sem aftur hafa ekki áhrif á gildi þeirra hefðarnota sem vísað er til í 5. gr. Í 1. mgr. greinargerðar við 3. gr. er m.a. vísað til landgræðslu. Landgræðslan telur að greinin vísi aðeins til þess sem þar segir, þ.e. einstaklinga og félagasamtaka. Með tilvísan til laga um landgræðslu telur Landgræðsla ríkisins að hún sé til þess bær aðili að segja til um nýtingu lands til beitar og annars þess er áhrif kann að hafa á gróður og jarðveg. Enn fremur telur Landgræðsla ríkisins að orðin „til eigin nota" taki ekki til þess er land er tekið til uppgræðslu. Í því tilfelli er ekki um not að ræða sbr. hér að framan. Því telur Landgræðslan að ráðstöfun lands, svo sem rædd er í greinargerðinni skuli ávallt vera með tilliti til ástands lands, svo sem mælt er fyrir um í lögum."

Ástæða er til að nefna það þegar við ræðum athugasemdir Landgræðslu ríkisins að það kemur einmitt fram í brtt. okkar minnihlutaþingmanna í allshn. að við teljum rétt og gerum um það brtt. að nefndin, þ.e. samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna sem fjallar m.a. um tekjurnar og ráðstöfun þeirra, geri árlega „tillögur til fjárlaganefndar Alþingis um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins." Við teljum eðlilegt að þetta sé þannig.

Auðvitað var farið yfir það, herra forseti, í nefndinni um hve háar fjárhæðir gæti verið að ræða að því er gjaldtökuna varðar. Ekki nokkur maður treystir sér til að nefna það hvað verið er að ræða háar upphæðir í þessu efni og á því verður maður að hafa skilning. Auðvitað erfitt að kasta einhverri tölu á það en engu að síður er það viðbótarrökstuðningur fyrir því að málsmeðferðarreglur ættu að vera skýrari, skýrari leiðbeiningar að því er varðar þessa gjaldtöku.

Hvað segir forsrn. um það á því minnisblaði sem við fengum þegar forsrn. var beðið um að svara því hvað sé unnt að segja um fjárhæð þessara gjalda? Þar segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra og eftir atvikum sveitarstjórnir fara þarna með þau heföbundnu eignarráð að semja um endurgjald fyrir nýtingu eignar, annaðhvort með því að semja um leigugreiðslu fyrir ákveðið leigutímabil eða gjald fyrir ákveðin afnot. Þó að forsrh. og sveitarstjórnir fari þarna með eignarráð fasteignaeigenda verða þessi stjórnvöld að byggja ákvarðanir um ráðstöfun afnota innan þjóðlendna og um endurgjald fyrir þau á þeim reglum sem almennt gilda um störf og starfshætti stjórnvalda, jafnt skráðum sem óskráðum."

Það er nú það, herra forseti. Og áfram segir hér, með leyfi forseta:

„Af því leiðir m.a. að þær ákvarðanir verða að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og gæta verður jafnræðis milli aðila. Þá verður við ákvörðun um endurgjald fyrir nýtingu réttinda innan þjóðlendna að gæta þess að þau raski ekki samkeppnisstöðu annarra sem ráðstafa hliðstæðum réttindum. Á þessu stigi liggja ekki fyrir áætlanir um fjárhæð endurgjalds fyrir heimild til nýtingar einstakra réttinda innan þjóðlendna en ætla verður í samræmi við framangreind sjónarmið að þar verði þess gætt að taka mið" — ætla verður, herra forseti, ég bendi á þetta orðalag — „ætla verður í samræmi við framangreind sjónarmið að þar verði þess gætt að taka mið af verðmæti þeirra réttinda sem um ræðir hverju sinni og þar á meðal arðsemi þeirrar nýtingar sem leyfið tekur til. Það verður því verkefni forsrh. og eftir atvikum sveitarstjórna að gæta þess að í hlut þjóðlendunnar komi eðlilegt endurgjald fyrir nýtinguna og þá í samræmi við það sem tíðkast um slík réttindi á almennum markaði sé honum til að dreifa."

Allt er þetta nokkuð óljóst, herra forseti, þó að það verði að virða viðleitni forsrn. og starfsmanna þess um að leggja eitthvert mat á þessa gjaldtöku.

Síðan, herra forseti, spurðum við forsrn. um það sem formaður fjárln. hafði nokkrar áhyggjur af og ekki síður við í minni hlutanum. Eftirfarandi spurning var borin fyrir forsrn.: Er unnt að ákvörðun um ráðstöfun tekna af leyfum vegna nýtingar lands verði hjá Alþingi í stað ráðherra?

Þetta er sérkennileg spurning. Auðvitað er það Alþingi sjálft sem ákvarðar hvort það sé eðlilegt. Við erum einungis að biðja um afstöðu ráðuneytisins eða skoðun ráðuneytisins, umsögn ráðneytisins á því. Auðvitað hefur forsrn. ekkert vald á því hvernig Alþingi lendir þessu máli. Engu að síður er svarið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Tekjum af leyfum til nýtingar lands samkvæmt 2. og 3. mgr. 4. gr. frv. skal samkvæmt 4. mgr. sömu greinar verja til eftirtalinna verkefna innan þjóðlendna:

1. landbætur,
2. umsjón,
3. eftirlit og
4. önnur sambærileg verkefni.

Ráðstöfun teknanna er þannig bundin með lögum og þær renna ekki í ríkissjóð eða viðkomandi sveitarsjóði eins og annars mundi vera. Með þessu móti ganga tekjurnar til að sinna ákveðnum verkefnum eða þörfum innan þjóðlendnanna sjálfra og þannig halda þær að nokkru sögulegri sérstöðu sinni sem um margt kemur þá til með að svipa til nokkurs konar sjálfseignarstofnana."

Þá höfum við það. Þessu er líkt við það að hér sé um að ræða sögulega sérstöðu sem um margt kemur þá til með að svipa til nokkurs konar sjálfseignarstofnunar. Mér finnst þarna ansi langt seilst í rökstuðningi. Hver fer með ráðstöfun teknanna? Það er einn maður, forsrh., og hann er hér borinn saman við sjálfseignarstofnun. Það er sett samasemmerki á milli forsrh. og sjálfseignarstofnana. Mikið er nú valdið, herra forseti. Mér finnst þetta ansi veikur rökstuðningur og tæpur og varla boðlegt að líkja þessu saman. Síðan er haldið áfram, með leyfi forseta:

„Þá er í 5. mgr. 4. gr. gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum og að forsrh. gefi Alþingi árlega skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Þingmenn geta eftir ákvæðum laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, krafist umræðu um þá skýrslu, eigi ráðherra ekki frumkvæði að því sjálfur. Að þessu virtu og meðan ekki er sýnt um hversu mikla fjármuni er hér að ræða þykir ekki varhugavert að fela stjórnvöldum að ráðstafa tekjum af þjóðlendum án sérstaks atbeina Alþingis, enda er ráðstöfun teknanna að lögum bundin við tiltekin verkefni og forsrh. er skylt að gera Alþingi grein

fyrir umsýslu sinni með þessa fjármuni á hverju ári. Á hinn bóginn má hér minna á að í framsöguræðu með frv. lét forsrh. svo mælt að með samþykkt þess væri aðeins fyrsta skrefið á lengri leið tekið og að fyrir fram yrði ekki séð við öllum þeim vandamálum sem upp kynnu að koma og úr þeim leyst á einu bretti. Um framtíðarskipan ýmissa þeirra málaflokka sem þar yrði við að fást þyrfti því að fjalla sérstaklega og ekki í sömu andrá og þetta skref væri tekið."

Þarna féll dómurinn í málinu frá forsrh., þ.e. að með öllu eðlilegt sé að þetta sé á hendi forsrh. og seilst í að bera þetta saman við sjálfseignarstofnanir og engin ástæða til þess að Alþingi komi að málinu eins og eðlilegt mætti telja. Og þá er dómurinn náttúrlega fallinn. Ef forsrn. segir: „Nei, við erum ekki meðmælt því að breyta þessu ákvæði í frv.", þá er hlýðir meiri hlutinn því. Þetta er sjálfstæði þingsins, herra forseti. Ekki má ræða málefnalega um hluti, hvort eðlilegt sé að Alþingi fjalli um meðferð fjármuna og fjalli um það hvernig þeim sé ráðstafað. Forsrh. kemur með frv. inn í þingið sem er opið að því er þetta varðar. Þingmenn hafa áhyggjur af því er varðar ráðstöfun á þessum fjármunum, hvernig með gjaldtökuna skuli farið og vilja að Alþingi komi þar að og fjárln. Forsrn. segir nei og ber við ansi skrýtnum rökum og þá er málið afgreitt af hálfu meiri hlutans. Þannig er nú komið sjálfstæði þingsins. (**SP:** Af hálfu hvers?) Það hefði verið ágætt ef hv. formaður allshn. hefði verið hér inni. Við höfum rætt mikið í allshn. um það sem ég kalla opna heimild til forsrn. varðandi ráðstöfun á þessum fjármunum og ákvörðun um gjaldtöku og þeirri fyrirspurn var beint til forsrn. hvaða afstöðu þeir hefðu til þess að ráðstöfun þessara tekna yrði hjá Alþingi. Það sem ég sagði, herra forseti, var að forsrn. — ég las upp úr greinargerð þess — lagðist greinilega gegn nokkurri breytingu á þessu. Því sagði ég, herra forseti, að þá væri málið útrætt af hálfu meiri hlutans. Þegar forsrn. og forsrh. hefur kveðið upp sinn dóm þá er ekki hægt að taka tillit til þess. Ef forsrh. hefði opnað fyrir það að tengja þetta meira Alþingi þá hefði meiri hlutinn orðið við því. Svona eru leikreglurnar og svona er lýðræðið og sjálfstæðið, sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég er ekki að nefna þetta, herra forseti, af því að þetta sé eina atriðið sem falli undir það sem ég er að tala um, þ.e. sjálfstæði þingsins, virðingu og samskipti þess við framkvæmdarvaldið. Þetta er á mörgum sviðum, ekki bara í því máli sem við fjöllum nú um heldur mjög víða í frumvörpum sem koma frá ríkisstjórninni. Ég er aðeins að vekja athygli á því undir þessum lið af því að þetta tengist því beint og umsögn forsrn. gaf tilefni til þess að fjalla um málið á þennan hátt.

Ég er búin að fara yfir, herra forseti, Landgræðsluna. Félag ísl. náttúrufræðinga gerir einnig athugasemd við 3. gr. — Herra forseti. Nú sé ég að hv. formaður fjárln. er genginn í salinn og hefði ég gjarnan viljað að hann hefði verið hér á meðan ég fjallaði um það hvort ekki væri æskilegt að fjárln. kæmi meira að gjaldtökunni sem á að vera í höndum forsrh. og hvernig eigi að ráðstafa þeim fjármunum. Ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu. En ég veit að hv. formaður fjárln. er nokkuð hugsi yfir þessu. Ég tel svo vera. Ég sé það bara á honum þannig að auðvitað væri æskilegt að hann tjáði sig um þetta mál í þessari umræðu.

Ég ætla að vísa að Félagi ísl. náttúrufræðinga. Þeir segja um 3. gr., með leyfi forseta:

„Færa má ýmis rök að því að eignarhald hálendis, þar með talin hlunnindi þess og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti, séu best komin í höndum ríkisvaldsins, það er fulltrúi allrar þjóðarinnar í þessu tilviki. Þau lönd sem frv. gerir ráð fyrir að falli undir þjóðlenduhugtakið eru svæði sem hingað til hafa verið til takmarkaðra almennra nytja, fyrst og fremst bænda. Á síðari árum hefur annars konar landnýting þó aukist verulega þar sem er aukin útivist og ferðalög almennings. Einkaeignarréttur stórra svæða getur unnið gegn hagsmunum þessa sístækkandi hóps og það ber að forðast. Telja má að þessir nýtilkomnu hagsmunir almennings séu ríkari en aðrir og að þeim sé best borgið með skýrum eignarréttarákvæðum eða yfirráðaréttarákvæðum ríkisins."

Síðan vil ég fara í umsögn Náttúrufræðistofnunar af því að hún tengist því ákvæði sem við erum með varðandi það að taka meira tillit til og kveða skýrar á um í frv. að því er varðar umhverfisvernd. Ég ætla alls ekki, herra forseti, að fara í alla umsögnina heldur nokkrar málsgreinar en þar segir:

„Í 2. mgr. 3. gr. frv. er kveðið á um að leyfi forsrh. þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Samkvæmt frv. til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu sem nú er til meðferðar á Alþingi veitir iðnrh. leyfi til rannsókna og hagnýtingar á öllum auðlindum í jörðu og þjóðlendum. Og þar á meðal eru jarðhiti, grunnvatn, námur og önnur jarðefni. Lítið tillit virðist tekið til ríkjandi sjónarmiða í umhverfisvernd, alþjóðlegra skuldbindinga á því sviði eða til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi (framkvæmdaáætlun til aldamóta) við gerð þessa frv. Verði því ekki breytt þyrfti að bæta við 2. mgr. 3. gr. frv. til laga um þjóðlendur ákvæði er lúta að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda í þjóðlendum."

Þetta er alvarleg athugasemd því að hér er því haldið fram af Náttúrufræðistofnun að lítið tillit virðist tekið til ríkjandi sjónarmiða í umhverfisvernd, alþjóðlegra skuldbindinga á því sviði eða til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, þ.e. framkvæmdaáætlun til aldamóta. Þetta er mjög alvarleg athugasemd og á þessu tökum við einmitt í brtt. okkar að fullt tillit hefur verið tekið til þessara þátta. Síðan segir:

„Náttúrufræðistofnun telur vafasamt að fela forsrh. að veita leyfi fyrir afnot af þjóðlendum, nýtingu hlunninda þar og vatns- og jarðhita. Ekki verður séð að starfsleyfi eða stofnanir forsrn. hafi þá faglegu þekkingu sem byggja þarf ákvarðanir um leyfi á. Eðlilegra þykir að fela umhvrh. að veita slíkt leyfi með hliðsjón af því að til hans heyra skipulagsmál, náttúruverndarmál, rannsóknir á náttúru landsins, mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum landnotkunar á náttúruna. Það sama á við um 3. mgr. 3. gr. frv. — eðlilegra þykir að umhvrh. þurfi að samþykkja leyfi sveitarstjórna en forsrh. geri það.

Ekki verður heldur séð hvers vegna forsrh. skuli semja um leigu fyrir nýtingu réttinda eða ákvarða hvernig tekjum skuli varið til landbóta, umsjónar, eftirlits eða sambærilegra verkefna. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegra að fela umhvrh. og stofnunum sem heyra til umhvrn. þetta hlutverk með vísan til hlutverks þeirra samkvæmt gildandi lögum."

Eins og heyra má af þessari umsögn höfum við í minni hlutanum séð fulla ástæðu til þess að taka tillit til þessara sjónarmiða í brtt. okkar.

Þá komum við að Ferðamálaráði og þá erum við komin í 4. gr. frv. sem fjallar um samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Ég ætla ekki að lesa það, herra forseti, en í umsögn

Ferðamálaráðs er gerð athugasemd við að fulltrúi samgrh. eigi ekki sæti í samstarfsnefndinni og því ber að fagna að allshn. hefur tekið tillit til þessara sjónarmiða.

Náttúruverndarráð lýsir stuðningi við ráðstöfun tekna af leyfum en þó telur ráðið í samræmi við ofangreint að ákvörðun verkefna sem leigutekjum verður varið til eigi að vera í höndum umhvrh.

Landgræðslan gerir athugasemdir við 4. gr. sem gengur aðallega út á það að verði í reglugerð að Landgræðsla ríkisins sé umsagnar- og eftirlitsaðili um meðferð og nýtingu þjóðlendna að því er viðkemur gróður- og jarðvegsvernd. Við göngum lengra í minni hlutanum og viljum að það sé lögfest vegna þess að það er mikilvægt að m.a. Landgræðslan komi að sem umsasgnaraðili.

Félag ísl. náttúrufræðinga gerir þessa samstarfsnefnd einnig að umtalsefni og segir að ekki geti verið um það að ræða að nefndin eigi að vera vettvangur stjórnsýslu enda væri sveitarstjórnarfrv. félmrh. þá óþarft. Vegna þessa saknar nefndin þess að fulltrúar annarra hagsmunaaðila skuli ekki eiga sæti í nefndinni samkvæmt frv. Sérstaklega er bent á að fulltrúa almennings vantar og er það vísað til náttúruverndarsamtaka eða annarra almannasamtaka og í umsögn þeirra segir svo: „Eins og fyrr segir þá eru hagsmunir almennings ríkir á þessum hluta landsins og munu fara vaxandi frekar en hitt."

Áður en ég vík frá 4. gr. leiðir þetta aðeins hugann að samstarfsnefndinni um málefni þjóðlendna sem í eiga sæti fulltrúar forsrh., félmrh., iðnrh., landbrh. og umhvrh., og væntanlega samgrh. ef brtt. verður samþykkt, og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nefndin skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Þá skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna.

Af því að ég var að víkja að valdi forsrh., sem mér finnst nálgast að vera einræðisvald í þessu frv., þá er verksvið þessarar samstarfsnefndar, þar sem aðkoma nokkurra ráðuneyta er tryggð, mjög óljóst. Nefndin skal aðstoða forsrh. Nefndin hefur ekki beint ákvörðunarvald. Það er allt í höndum forsrh. Hún skal einungis gera tillögur til forsrh. um ráðstöfun tekna. Mér finnst því verksvið nefndarinnar óljóst og það „mandat" sem þessi nefnd hefur finnst mér einnig vera í vindinum. Það er raunverulega skilið eftir af því að allt byggist þetta á því að færa alræðisvald í þessum málum um þjóðlendurnar til forsrh.

Ég ætla aðeins að víkja að 5. gr. af því að þar erum við einnig með brtt., herra forseti, og ég er langt komin með að fara yfir þessar brtt. Brtt. okkar minni hluta þingmanna hjá allshn. við 5. gr. er um að 1. mgr. orðist svo:

„Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. Áður en leyfið er útgefið skal fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar."

Þetta tel ég afar mikilvægt ákvæði og raunverulega er þetta ákvæði um að sækja skuli um leyfi til umhvrh. fyrir áframhaldandi nýtingu og að áður en leyfi sé útgefið skuli fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar. Þetta er sótt í umsögn Skógræktar ríkisins, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í 5. gr. er staðfest að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt skuli halda þeim rétti. Túlka má þessa grein þannig að ekki verður hægt að koma á beitarstjórnun eða friðun á einstökum afréttum, t.d. þar sem jarðvegsrof er verulegt vandamál, ef einn eða fleiri aðilar standa á þessum rétti sínum um áframhaldandi nýtingu. Þessi afnotaréttur hefur komið í veg fyrir að hægt sé með góðu móti að taka á jarðvegs- og gróðurverndarmálum á almenningum og frv. þetta breytir því miður engu þar um.

Skoða ber vandlega orðalag 5. gr. og athuga hvort ekki sé hægt að komast hjá því að lögfesta rétt til beitarnytja á almenningnum um ókomnar aldir. Miðað við ástand flestra afrétta væri jafnvel ástæða til að breyta greininni alveg þannig að hún hljóðaði svo:

Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til forsrh. fyrir áframhaldandi nýtingu. Með slíkri leyfisbeiðni skal fylgja mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar."

Þarna er efnislega tekið undir þetta ákvæði og ég tel að það sé afar brýnt að það sé miklu skýrar en hér er og miklu skýrar en er t.d. í frv. félmrh., tekið á beitarfriðunarmálum og það þurfi að sækja um leyfi, það þurfi að liggja fyrir umhverfismat. Mér finnst mjög eðlilegt að slíkt sé sett í löggjöfina. Án þess að ég ætli að fara að lesa aftur, herra forseti, þá grein sem ég vitnaði mjög sterkt til í umræðunum um frv. félmrh. sem var grein eftir Ingva Þorsteinsson og Ólaf Arnalds náttúrufræðinga, sem er sérstaklega athyglisverð grein þar sem þeir kalla eftir beitarfriðun miðhálendis Íslands til ársins 2015, og vísa til þess að það séu fyrst og fremst auðnir miðhálendisins sem valda því að í dag er Íslandi lýst sem stærsta eyðimerkursvæði Evrópu. Þetta er ekki góð einkunn, herra forseti, og hvernig farið hefur verið með landið. Þeir vitna til þess og segja, með leyfi forseta:

„Jafnframt skorum við á þá bændur og þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli að sýna þann stórhug að styðja þá tillögu að gefa miðhálendinu hvíld fyrir beit í hálfan annan áratug, eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun."

Hér er verið að biðja um 15 ára beitarfriðun fyrir miðhálendið eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun. Rökstuðningur í grein Ingva og Ólafs Arnalds er fádæma góður og ég hvet alla til að lesa þá grein og veita henni athygli. Hún á líka erindi inn í umræðuna um þjóðlendufrv. af því að við erum að tala um í 5. gr. að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skuli halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Af hverju er ekki rétt, herra forseti, að nýta þetta tækifæri núna þegar við erum með þessa grein undir að setja inn ákvæði sem styrkja það að hægt sé að koma því svo fyrir að við getum betur farið í beitarfriðun á miðhálendinu sem nauðsynlegt er? Þess vegna er tillaga okkar mjög eðlileg. Ég vil spyrja formann nefndarinnar hvort ekki sé ástæða til að skoða það, þó það væri ekki nema þessi eina brtt. frá okkur í minni hlutanum og hvort það hafi einhvern tilgang fyrir okkur í minni hlutanum að draga tillöguna til baka til 3. umr. og skoða hana á milli 2. og 3. umræðu ef vera mætti að hægt væri að ná sátt um svo mikilvæga tillögu og hér er. Þá værum við í minni hlutanum alveg tilbúin til að draga hana til baka til 3. umr. Hér er svo stórt mál á ferðinni sem er beitarfriðunin að ég vil freista þess að spyrja hv. formann allshn. hvort það þjóni einhverjum tilgangi að við bíðum með atkvæðagreiðslu á tillögunni.

Ég fer bráðum að stytta mál mitt þó af ýmsu sé að taka. Ég vil víkja að 6. gr., þ.e. óbyggðanefndinni, en þar birtist

enn einu sinni í frv. það óeðlilega mikla vald sem forsrh. á að fá samkvæmt þessum lögum. Óbyggðanefnd er afar mikilvæg nefnd og á að starfa á næstu árum. Um hlutverk óbyggðanefndar segir í 7. gr. frv.:

„Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna."

Það er ekki síst þetta síðasta sem er afar mikilvægt verkefni sem bíður þessarar óbyggðanefndar og getur vissulega kallað á miklar deilur. Þetta er vandasamt verk sem þessari nefnd er falið.

En við spyrjum: Af hverju allt þetta vald í höndum forsrh.? Ég hef farið yfir valdið um leyfisveitingarnar sem er hjá forsrh., um gjaldtökuna sem á að vera í höndum forsrh., um ráðstöfun á gjaldinu sem er í höndum forsrh., hvernig samstarfsnefndin sem með aðkomu annarra ráðuneyta virðist hafa litlu eða óljósu hlutverki að gegna. Þá erum við komin að því að það er forsrh. sem á að skipa hvern einasta af þessum þremur mönnum sem eiga að vera í óbyggðanefndinni. Hann skipar þessa nefndarmenn án nokkurra tilnefninga. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna o.s.frv. Við gerum tillögu um að aðeins verði dregið úr þessu einræðisvaldi forsrh. og að fleiri komi að þessum málum. Við gerum tillögu um að það verði dómsmrh. sem skipi nefndarmenn en ekki forsrh. Mér finnst þetta vald sem kemur þarna í gegn svolítið óhuggulegt, herra forseti. Og eins og ég nefndi áðan, ef ágreiningur rís milli sveitarstjórnar og forsrh., þá er það forsrh. sem hefur síðasta orðið hvernig með það deilumál skuli fara. Þess vegna gerum við tillögu um að 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

„Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn."

Ekki man ég hvort forsrn. tjáði sig eitthvað um það mál í þessu sem ég hef verið að vitna í frá forsrn. Jú, herra forseti. Hér hafa þeir tjáð sig um það. Því er beint til forsrn. með afar sérstöku orðalagi á spurningunni: „Er mögulegt að dómsmrh. skipi í óbyggðanefnd en ekki forsrh.?" Ekki er verið að biðja um umsögn forsrn. um það heldur er þetta beiðni hvort meiri hlutanum leyfist að gera þá breytingu að dómsmrh. skipi þessa nefnd en ekki forsrh. (**SP:** Það voru óskir frá minni hlutanum ...) Við orðuðum ekki þessar spurningar eins og þær eru lagðar hér fram þó að þetta séu vissulega spurningar frá minni hlutanum. En hér kemur svarið:

„Óbyggðanefnd er samkvæmt III. kafla frv. falið sérstakt, afmarkað og tímabundið verkefni sem skipað er til hliðar og utan við hina hefðbundnu stjórnsýslu ríkisins. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð veitingarvaldinu og það hefur engar heimildir gagnvart henni og ber ekki á henni ábyrgð utan að sjá til þess að hún sé löglega skipuð meðan hún starfar. Að þessu virtu er óljóst að hvaða marki er stefnt með breytingu á veitingarvaldshafa samkvæmt frv.

Af þessu tilefni má einnig árétta að nefndin kemur til með að teljast til stjórnsýslunefnda í skilningi stjórnsýslulaga og er því ekki dómstóll í þeim skilningi. Því þykir eðlilegt að sá ráðherra sem falin er meðferð mála er varða þjóðlendur, m.a. til að leggja áherslu á sérstöðu þeirra, skipi nefndina."

Herra forseti. Ég botna ekki alveg í þeim rökum að af því að þetta sé ekki stjórnsýslunefnd í skilningi stjórnsýslulaga og sé því ekki dómstóll í þeim skilningi þá megi dómsmrh. ekki skipa þessa nefnd. En engu að síður, herra forseti, gerum við þessa tilraun til að fá þessu breytt.

Allshn. tók tillit til þess sem fram kom hjá ýmsum aðilum sem er mjög gott, t.d. Félagi ísl. náttúrufræðinga, en í umsögn þeirra segir m.a.:

„Ekki er fullnægjandi að einskorða auglýsingu nefndarinnar við Lögbirtingablaðið enda kemur það fyrir fárra sjónir og örugglega ekki fyrir sjónir nema lítils hóps þeirra sem telja sig eiga og eiga hagsmuna að gæta." Á þessu er tekið og því ekki ástæða til þess að staldra við það lengur.

Síðan vil ég, herra forseti, í lokin fara aðeins í það sem Orkustofnun segir um þetta mál, og þar erum við að tala um 11. gr. frv., en þeir segja, með leyfi forseta:

„Í fyrrgreindu frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu er gert ráð fyrir að eigandi eignarlands og sá er hefur öðlast nýtingarrétt komist að samkomulagi um endurgjald fyrir land og landsgæði, þ.e. auðlindir sem fylgja eignarlandi. Ef ekki næst samkomulag má beita ákvæðum um eignarnám.

Samkvæmt ákvæðum þess frv. sem hér er til umsagnar, þjóðlendufrumvarpsins, fer fjmrh. „með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins ... vegna krafna um eignarrétt innan þjóðlendna". Leiðir af þessu að fjmrh. fari einnig með hagsmuni ríkisins í sambandi við hin tilvitnuðu ákvæði auðlindafrv. þegar um er að ræða auðlindir innan þjóðlendna? Ef svo er, þá væru tveir ráðherrar í forsvari fyrir ráðstöfun á og gjaldtöku fyrir auðlindir innan þjóðlendna. Þetta væri ekki óskynsamlegt og gæti fært bæði frumvörpin heim og saman. Í þessu sambandi færi forsrh. með afnotin af sjálfu landinu og gjald fyrir þau en auðlindanýtingin, svo sem vatns- eða jarðhitaréttindi, yrðu aðskilin og færð á valdsvið handhafa eignarréttarins, fjmrh.

Segja má að þannig hafi að mörgu leyti verið á málum haldið hingað til: Virkjunaraðilinn á hálendinu, Landsvirkjun, hefur greitt fyrir bein afnot af landi með uppgræðslu og öðrum landbótum. Samkvæmt 3. gr. þjóðlendufrv. ber einmitt að nota það gjald sem forsrh. ákveður fyrir landnot til álíka verka. Eftir situr þá nýtingin á sjálfum auðlindunum, orkulindunum, en arðurinn af þeim hefur hingað til verið ókeypis og væntanlega skilað sér beint til neytenda raforku en gæti með fyrrgreindri túlkun á báðum frumvörpum færst til ríkisins sem eiganda auðlinda í þjóðlendum og verið innheimtur samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum auðlindafrv."

Síðan benda þeir á það sem óleystan vanda að „það er ekki hlutverk Orkustofnunar að gera beina tillögu um það á hvern hátt eigi að taka á þessu útdeilingar- og gjaldtökumáli, enda er um pólitískt viðfangsefni að ræða. Hér er fyrst og fremst verið að vekja athygli á því að hvorugt frv. virðist með afgerandi hætti taka á þeim vanda hvernig skipta skuli takmörkuðum gæðum sem eflaust verður keppt um á komandi tímum."

Þetta er, herra forseti, angi af því sem ég hef verið að tala um hvernig gjaldtakan og ráðstöfun á henni er skilin eftir í nokkuð lausu lofti.

Það væri út af fyrir sig ástæða til að fara yfir umsögn Náttúruverndarsamtakanna en partur af því sem við erum að flytja í minni hlutanum eru náttúruverndarsjónarmiðin, en ég ætla að láta hér staðar numið, enda geri ég ráð fyrir að aðrir fulltrúar í minni hlutanum muni gera því skil hversu brýnt er að taka á umhverfismálunum og vil þá a.m.k. geyma mér það ef ástæða verður til þess að koma aftur inn í þessa umræðu.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Ég ítreka þær brtt. sem ég hef lagt fram, ítreka spurningu mína til hv. formanns nefndarinnar varðandi 3. tölul. brtt. hvort það þjóni einhverjum tilgangi að fresta þeim tölulið til 3. umr. ef vera kunni að hægt sé að ná samkomulagi um það að betur sé búið að því ákvæði sem þar er og snertir það að stuðla að beitarfriðun.

Að öðru leyti segi ég það, herra forseti, að við erum að fjalla um mjög gott og þarft mál sem vonandi fær framgang á þessu þingi en ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að vissulega er verulegur skuggi sem fellur á þetta mikilvæga mál þegar við erum með það svífandi í loftinu að hugsanlega verði samþykkt á næstu dögum eða vikum frv. til sveitarstjórnarlaga en ákvæði þess frv. gengur gegn því sem þarf að tryggja, þ.e. eðlilegan almannarétt á miðhálendinu og að fulltrúar allrar þjóðarinnar komi að nýtingar- og ráðstöfunarrétti á miðhálendinu.

[11:56]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. benti á, og að mínu mati með réttu, að vald forsrh. yfir hálendinu verður afar mikið ef þetta frv. verður samþykkt og fór um það mörgum orðum að það vald yrði að fara vel með. Nú höfum við undanfarna daga rætt mikið, ég hygg í um 50 klukkutíma, um frv. til sveitarstjórnarlaga. Þar hefur hv. þm. haldið því fram að þetta sama land tilheyrði aðliggjandi sveitarfélögum og frv. nefnt tertusneiðafrv. þar sem verið sé að fela aðliggjandi sveitarfélögum yfirráð og eign á þessu sama landi.

Hvernig má það vera að bæði forsrh. í umboði þjóðarinnar fjalli um þetta land og hafi svona mikið um það að segja og jafnframt að sveitarfélögin hafi allt með það að gera?

[11:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég hef gripið þessa spurningu rétt en ég held að þetta sé alveg skýrt. Það er eigendarétturinn sem við erum að fjalla um sem er í höndum forsrh. samkvæmt þessu frv. Hann fer með eigendaréttinn fyrir hönd þjóðarinnar, en það sem við höfum verið að deila um á síðustu dögum er það hver fari síðan með nýtingarréttinn á hálendinu, afnota- og nýtingarréttinn, og hvernig stjórnsýslunni á miðhálendinu sé háttað. Það höfum við verið að gagnrýna.

Þó að eigendarétturinn sé í höndum forsrh. eins og fram kemur í 2. gr. frv., þá er ekki þar með sagt að hann þurfi einn að hafa með höndum ákvörðun um gjaldtökuna, ákvörðun um hvernig henni sé ráðstafað o.s.frv. Það var það sem ég var að gagnrýna. Mér finnst óheppilegt að Alþingi hafi ekki eðlilega aðkomu að þeim málum, t.d. í gegnum fjárlög eða í gegnum fjárln. Það er skoðun mín á þessu máli, herra forseti.

[11:58]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eignarrétturinn sem forsrh. fer með á þessu mikla landsvæði, hálendinu, í umboði þjóðarinnar, hlýtur að vera miklu sterkari en rétturinn til að skipuleggja svæðið. Ef svo er ekki, þá held ég að skipulagslög séu farin að brjóta grundvallaratriði stjórnarskrárinnar.

Eignarrétturinn, sem forsrh. fer með, hlýtur að felast í því að ráðstafa þessu landi. Hann leyfir skotveiði eða bannar hana, hann leyfir byggingar eða bannar þær og það er forsrh. sem fer með þetta vald sem eigandi og eignarrétturinn er mjög sterkur samkvæmt stjórnarskránni. Ég get því ómögulega séð að það að sveitarfélögin fari með tiltölulega veikt skipulagsvald nákvæmlega eins og alls staðar á landinu sé sterkara en eignarrétturinn sem forsrh. fer með í umboði þjóðarinnar. Ef svo er, þá held ég að við þurfum að fara að líta á skipulagslögin og fara að vernda borgarana, ekki bara ríkið heldur líka borgarana fyrir valdi hins opinbera á formi skipulags. Það hefur svo sem margoft verið bent á það að t.d. bændur geti ekki byggt sér hænsnakofa eða kartöflugeymslu án þess að fá fyrir því samþykki skipulagsyfirvalda. Það getur vel verið að skipulagslögin séu orðin of sterk og séu farin að takmarka eignarréttinn og mér finnst það koma fram í máli hv. þm. að svo sé, að vald sveitarfélaganna í skipulagsmálum sé eignarréttinum yfirsterkari sem forsrh. fer með um allt hálendið í umboði þjóðarinnar.

[12:00]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur augljóslega fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals að hann er með samviskubit út af frv. til sveitarstjórnarlaga, hvernig hann greiddi atkvæði og hvernig hann snerist milli 1. og 2. umr. Nú sér hann eitthvert réttlæti í því að forsrh. fari með eigendaforræðin á hálendinu. Hv. þm. verður að gera skýran greinarmun á eigendaforráðunum, hvernig þeim er fyrir komið, og síðan hvernig skipulagsréttarinn og stjórnsýsluvaldið er á miðhálendinu. Forsrh. hefur ekkert að segja með sjálfa stjórnsýsluna á miðhálendinu eða hvernig við hagnýtum það. (**PHB:** Jú.) Það er svæðisskipulagið, þau sveitarfélög sem liggja að hálendinu og þeir einn, tveir eða þrír fulltrúar sem eiga að koma annars staðar frá og hafa umsagnarrétt. Þannig er eigendaforræðið eitt en skipulags- og byggingarlög annað og síðan hvernig stjórnsýslunni er háttað, sem verið er að ákvarða með sveitarstjórnarlögunum.

Allt þetta sýnist mér, herra forseti, benda til þess að hv. þm. sé orðið nokkuð órótt yfir því hvernig hann greiddi atkvæði við 2. umr. og ekki skrýtið vegna þess að þó að hann sé í meiri hluta, þá er hann að greiða atkvæði gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar að því er varðar skipulag á hálendinu.

[12:02]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Mig skal ekki undra að hv. þm. Pétur Blöndal sé farinn að velta fyrir sér, og það er ekki seinna vænna, samspili frv. sem rætt var í síðustu viku og þess frv. sem nú er til umræðu. Hið fyrra takmarkar nefnilega að nokkru leyti efni þess frv. sem við höfum nú til umræðu. Þessi tvö frumvörp þarf að skoða saman. Segja má að skipulags- og stjórnsýsluvald sé á vissan hátt takmörkun á eignarráðum landeiganda og þess vegna ber að skoða þetta tvennt í samhengi. (**Gripið fram í:** Við höfum alltaf gert það.) Það er mjög mikilvægt að það sé gert en það er ekki hægt að halda því fram að þetta frv. og sá andi sem birtist í því sé sterkari þeim anda sem birtist í hinu frv. Það verður einfaldlega að skoða þessi tvö frv. saman og byggja niðurstöðu á því.

Ég vil byrja á að taka undir með þeim sem hafa vakið athygli á því hversu mikilvæg þau mál eru sem hér eru til umfjöllunar. Þau snerta mikilvægar auðlindir okkar Íslendinga, gersemar sem mikilvægt er að við förum vel með. Það er því nauðsynlegt að um þessi efni verði þokkaleg sátt í samfélaginu. Það má ekki gerast að eftirmálin verði aukið ósætti milli þéttbýlis og dreifbýlis eða á milli þeirra sem með

auðlindirnar fara og hins almenna borgara eins og raunin hefur verið með aðrar auðlindir í sameign þjóðarinnar.

Það er um margt fróðlegt að líta til byrjunar aldarinnar en þá voru uppi í samfélaginu háværar deilur um auðlind nokkra, nefnilega hið rennandi vatn, vatnsaflið sem menn sáu þá fram á að mundi fela í sér mikil verðmæti í framtíðinni. Aðdragandi þess máls var sá, á hinu háa Alþingi, að í efri deild þingsins var lagt fram frv. til laga „er heimiladi landsstjórninni að veita fossafjelaginu „Ísland" leyfi til þess, að virkja Sogið og breyta vatnsaflinu í raforku og neyta hennar til iðju með þeim skildaga, er þar var til tekinn. Leyfið skyldi standa 99 ár. Landeigendur og leiguliðar voru skyldaðir til að þola mannvirki og usla gegn endurgjaldi eftir mati þriggja dómkvaddra manna. Fjelagið skyldi undanþegið vörutolli á efni til mannvirkja og framleiðslu og útflutningstolli á afurðum iðju sinnar og öllum sköttum og tollum til landssjóðs, en gjaldi í þess stað tíund (10%) af ágóða fyrirtækisins, er áður væri dregið frá: afborgun, fyrning og 5% til hlufhafa. Stjórnarráðið skyldi úrskurða kærur fyrirtækisins yfir of þungum sveitarsköttum. — Fjelagið skyldi láta af hendi raforku handa einstökum heimilum og hreppsfjelögum, ef óskað yrði, næga til ljósa, hita, suðu og smáiðju „við verði, sem miðað sje við framleiðslukostnað að viðbættum 10% ágóða". Með sömu kjörum skyldi landið fá orku til járnbrautarrekstrar frá Reykjavík um Suðurlandsundirlendið ... Frekari ákvæði um ýmislegt skyldi stjórnarráðið setja í leyfisbrjefið. — Leyfi þetta skyldi veitt Fossafjelaginu Íslandi, „eða þeim, sem öðlast réttindi þess". Flutningsmenn frv. þessa voru þeir Eggert Pálsson, Hannes Hafstein og Magnús Kristjánsson.

Annað frumvarp kom fram í neðri deildinni, er fór í aðra átt. Þar er svo fyrir mælt, að landið hagnýti sjálft vatnsaflið, eitt eða í fjelagi við aðra og að því einu sje heimil yfirráð og stjórn slíkra fyrirtækja. Þar var og ákveðið, að setja skyldi fossanefnd, stjórninni til ráðuneytis, og auk þess, að stjórnin skyldi þegar ráða sjer kunnáttumann um þessa hluti til ráðuneytis. Flutningsmaður var Bjarni Jónsson frá Vogi."

Í nefndaráliti meiri hluta fossanefndar segir síðan, með leyfi forseta:

„Eigi voru þingmenn á eitt sáttir um stefnur í þessum málum, en flestir þóttust varbúnir að ráða slíku stórmáli til lykta þá á þinginu. Fyrir því varð það að ráði, að skjóta málum þessum á frest, en láta rannsaka þau til nokkurrar hlítar áður en þau kæmi til umræðu hið næsta sinn. Var nú gerð svohljóðandi ályktun í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til að taka til íhugunar fossamál landsins, og skal verkefni nefndarinnar sérstaklega vera:

1. Að athuga, hverjar breytingar nauðsynlegt er að gera á gildandi fossalöggjöf.

2. Að afla sem ítarlegastra upplýsinga og skýrlsna um fossa í landinu og notagildi þeirra.

3. Að athuga, hvort tiltækilegt sé að landið kaupi vatnsafl og starfræki það.

4. Að athuga, hvort og með hvaða kjörum rjett sje að veita fossafjelaginu „Ísland" og öðrum slíkum fjelögum, er umsókn kunna að senda, lögheimild til að starfrækja fossafl hjer á landi."

„Í samræmi við þessa þingsályktun skipaði stjórnin fimm manna nefnd til þessara starfa ... Þessir voru skipaðir í nefndina: Bjarni Jónsson frá Vogi, alþingism., Guðm. Björnson, landlæknir, alþm., Guðmundur Eggerz, sýslumaður, Jón Þorláksson, verkfræðingur, og Sveinn Ólafsson alþingismaður."

Þessi nefnd skilaði miklu áliti. Reyndar klofnaði hún í tvo hluta og nefndarálit meiri hluta, sem sjá má í þessari bók, er mjög ítarlegt og fjallar að mörgu leyti um svipað álitaefni og við erum að tala um nú.

Í nefndaráliti meiri hluta fossanefndarinnar er talað um að tvær stefnur ríki varðandi vatnalöggjöf. Mér þykir að mörgu leyti að við séum einmitt hér og nú að fjalla um þessar sömu stefnur. Í áliti nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Vatnalöggjöf sína hafa menn byggt á mjög ólíkum grundvelli. Eignarrjettur að landi er alment viðurkendur í siðuðum löndum, en eignarrjett að landi hafa menn svo, — að minsta kosti í orði — látið sumstaðar ná til vatns þess, sem á landinu liggur. Þessa stefnu mætti nefna sjereignarstefnuna. En þetta leiðir aftur til þess, að landeigandi er talinn eiga slíkan eða svipaðan umráðarétt yfir vatninu á landi sínu sem yfir landinu sjálfu. Takmarkanir á rjetti þessum yfir vatninu eru þó miklar gerðar. Jafnvel í löndum, þar sem vatnalöggjöfin er berum orðum bygð á sjereignarstefnunni, eins og í Noregi, verða landeigendur t.d. að þola umferð um vatnið og viðarfleytingu í því, auðvitað gegn bótum fyrir spell á veiði eða landi."

Það er til önnur stefna er telur vatn eigi undirorpið eignarrétti landeiganda, heldur sé það eign ríkisins eða sveitarfélaga. Það er stefna í andstöðu við séreignarstefnuna sem nefnd var áðan. Sú stefna gerir ráð fyrir því að vatnið sé eign ríkisins eða sveitarfélaga, a.m.k. öll þau vötn og vatnsföll sem nokkuð kveður að. Síðan er það nánar útlistað hvað sé átt við með þessu og undir það sem þeir í meiri hluta fossanefndar kölluðu „allsherjarstefnuna" fellur líka stefna sem gerir ráð fyrir því að óvirkjað vatn, a.m.k. rennandi vatn, sé alls kostar óeignarhæft bæði ríkisvaldi og einstaklingum. Þeir sem þeirri stefnu fylgja líta líkt á vatnið og loft, haf og ljós. Loftið o.s.frv. er almenningsgagn og verður ekki eignarhæft nema takist að handsama það og hefta.

Þetta fellur undir það sem menn kölluðu í upphafi aldarinnar allsherjarstefnuna og má segja að það sé kannski stefnan sem birtist í því frv. sem við ræðum nú um, um þjóðlendur, en frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu fellur frekar undir það sem nefnt hefur verið séreignarstefnan. Þess vegna er það með réttu sem margir hafa bent á að þessi tvö frv. séu að mörgu leyti byggð á mjög ólíkum grunni.

Þessi upprifjun frá byrjun aldarinnar minnir ekki aðeins á þau frumvörp sem við erum að ræða þessa dagana um hálendið. Ekki síður mætti vekja athygli á öðru máli í tengslum við þetta sem vissulega fjallar um mikil verðmæti. Það hefur í bili hlotið sömu örlög og frv. um Fossafélagið Ísland þar sem að því hefur verið frestað en frv. um Fossafélagið Ísland var frestað. Nefndin taldi rétt að fresta frv. á meðan yrði gerð nákvæm rannsókn og úttekt á skipan mála.

Í nefndarálitinu segir:

„Með því að enn eru ógerðar rannsóknir um tilhögun og kostnað virkjunar Sogsins, svo og um það, hve mikið af orku þess muni þurfa til almenningsnota, og hvernig hentugast væri að koma orkuveitu til almenningsþarfa í framkvæmd, ef til sjerleyfisveitingar kæmi, virðist oss ekki unnt að taka að svo stöddu afstöðu til leyfisbeiðni Fossafélagsins „Ísland", en leggjum til að landsstjórninni verði heimilað að láta framkvæma umræddar rannsóknir, og ætlumst til þess að þeim rannsóknum verði hagað svo, að eftir þeim megi afráða, hvort sjerleyfi skuli veitt, og þá með hverjum skil-

yrðum auk hinna almennu, sem sett kunna að verða með sjerleyfislögum."

Þarna erum við að vissu leyti að horfa á svipað mál og málið um gagnagrunna á heilbrigðissviði sem kom til umræðu fyrir skömmu. Það fjallar nefnilega einnig um auðlind og tengist þar af leiðandi að auðlindagjaldsumræðunni. Aðkoman að því máli er ekki ólík því sem var í upphafi aldarinnar þegar menn lögðu frv. fyrir Alþingi um það að tilteknu félagi yrði veitt heimild til nýtingar fossaflsins eða vatnsaflsins.

Það má segja að af þessum svokölluðu hálendisfrv. sem eru nú til umræðu í þinginu sé frv. til laga um þjóðlendur það frv. sem mest kemur til móts við það sjónarmið að hálendið sé eign þjóðarinnar allrar en ekki einstaklinga eða sveitarfélaga. Margt má þó finna að umgjörð málsins sem ég mun víkja að síðar í ræðu minni og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert nokkuð ítarlega grein fyrir. Frv. hefur verið til meðferðar í hv. allshn. og eins og fram kom í framsögu formanns nefndarinnar hafa fjölmargir komið að máli við nefndina vegna málsins og fjöldi umsagna hefur borist.

Sú sem hér stendur styður þetta frv. en skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilnaði um að flytja og/eða styðja hugsanlegar brtt. Ég stend að brtt. hv. allshn. sem eru allar til bóta en að auki leggur minni hlutinn fram nokkrar brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert þó nokkra grein fyrir. Það má segja að þær brtt. feli það í sér í hnotskurn að þar er gerð tilraun til þess að draga að nokkru leyti úr því mikla valdi sem forsrh. er falið í þessu frv. Við teljum það vera nánast ógnvænlegt og jafnvel fara út á ystu nöf þess sem kallað má eðlileg stjórnsýsla. Þess vegna leggjum við til að nokkuð verði dregið úr þessu valdi m.a. með því að dómsmrh. skipi nefndarmenn í óbyggðanefnd, þannig að a.m.k. fleiri ráðuneyti komi að þessum málum, og málefnum óbyggðanefndar sem vissulega á eftir að verða mjög umfangsmikil og hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Þá má segja líka að brtt. okkar í minni hlutanum víki að því að styrkja umhverfisþáttinn í frv. Við leggjum m.a. til að þegar fjallað er um meðferð eða nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna sé tekið fullt tillit til umhverfisverndar, alþjóðlegra skuldbindinga og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Við leggjum til að í leyfum sem veitt verði samkvæmt lögum þessum skuli greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.

Það má fyrst og fremst segja að það séu þessi tvö grundvallaratriði, þ.e. aukning og meira vægi umhverfisþáttarins og að draga úr valdi forsrh. sem séu grundvöllur okkar brtt.

Stærsta efnisatriði frv. felst í því að íslenska ríkinu er með því falið til eignar allt land og landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Má segja að með því sé greitt úr úrlausnarefni sem hefur verið tilefni margra dómsmála í gegnum tíðina sem þó hafa ekki leitt ágreiningsefni fyllilega til lykta.

Ég vil aftur vísa í meirihlutaálit fossanefndar en þar er m.a. að finna ritgerð um almenninga og afrétti, ritgerð eftir Bjarna Jónsson frá Vogi, þar sem hann gerir úttekt á þessu máli og hvernig því sé í raun og veru hagað með eignarrétt og eignarforráð yfir almenningum og afréttum sem í þessu frv. eru nefndar þjóðlendur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurlag:

Jeg hefi komist að ábyggilegri niðurstöðu um það, að einstaklingar, sveitarfjelög og sýslufjelög eiga engin önnur yfirráð yfir almenningum og afrjettum, en ríkið vill veita þeim, og að þeim hefir aldrei verið veitt með lögum annað en sá rjettur sem Grágás veitti hverjum fjórðungsmanni, hverjum meðeiganda að almenningum (nú eru þær allar allsherjarfje, og á því nú hver landsmaður þann sama meðeignarrjett) og beitirjettur í afrjettum, sumarbeit þeim sem átti upprekstrarheimildina, en vetrarbeit þeim sem næstir bjuggu, afrjettareigöndum dýraveiði og fugla í afrjettarlandinu; að rjettur til grasatekju og rótargraftar í afrjettarlöndum hefir orðið að venju, að minsta kosti á sumum stöðum, en sumstaðar af því að þar hefir verið almenning, er menn ráku fje í og kölluðu síðar afrjett. Er þá svarað tölul. 1 í þingsályktuninni."

Þetta varð niðurstaða Bjarna Jónssonar frá Vogi í upphafi aldarinnar og má segja að það sé svipuð niðurstaða sem fengin er hér í þessu frv. og fagna ég því. Alla öldina hafa síðan öðru hverju risið deilur um eignarrétt yfir hálendissvæðum Íslands eða þeim svæðum sem hafa verið nefnd afréttir og almenningur og hafa lotið sérstakri eignarréttarlegri stöðu. Lengi snerist umræðan í þjóðfélaginu um það hvort þessi landsvæði ættu að vera að fullu eign hlutaðeigandi sveitarfélaga á þeirri forsendu að íbúar þeirra hefðu nýtt svæðið til upprekstrar fyrir búfénað sinn eða hvort ríkið ætti þessi svæði, en því var haldið fram af hálfu ríkisins í nokkrum dómsmálum eins og rakið er mjög ítarlega í athugasemdum með frv. Þar er reyndar þessi saga rakin mjög vel og niðurstöður í helstu dómsmálum og er frv. því mjög fróðleg lesning fyrir þá sem vilja kynna sér sögu umræddra landsvæða og hefur verið mjög vel að verki staðið í greinargerðinni eða athugasemdunum sem fylgja með frv.

Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að heimildir sveitarfélaganna, íbúa þeirra og einstakra upprekstraraðila innan umræddra svæða takmarkist við þröngar nýtingarheimildir sem einkum felast í beitarafnotum og veiðiréttindum sem upprekstraraðilum hafi verið fengin með lögum. Þá hafa dómstólar einnig hafnað eignarrétti ríkisins á þessum svæðum þar sem ekki væru til staðar nægilegar eignarréttarheimildir sem sýndu fram á það.

Það hefur komið fram í niðurstöðum dómstóla að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið að Alþingi setti lög um það svo skapaður yrði grundvöllur til að styðjast við og má því segja að dómstólar hafi beinlínis kallað eftir skýrari línum frá löggjafanum í þessum efnum. Það er því ljóst að frv. sem hér er til umfjöllunar er til þess fallið að gera línur skýrari í mörgu tilliti á þessu landsvæði og sú ákvörðun að fela ríkinu eignarráð yfir þessu landi er að mínu mati eðlileg þótt vissulega megi deila um það á hvern hátt skuli farið með þau eignarráð.

Ég vil vekja athygli á einu atriði í athugasemdum með frv. en sá texti er að mínu mati vægast sagt svolítið loðinn. Sá texti er ekki til þess fallinn þykir mér að skýra hvað verið er að gera með þessu frv. og get ég ekki ímyndað mér að hann komi lögskýrendum að gagni í framtíðinni. En í athugasemdum við 2. gr. frv. segir, m.a.:

„Þegar setja á lagareglu um hver fari með eignarráð þess lands og landsréttinda sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til er viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver

skuli fara með eignarréttindi innan þessa lands sem annars kæmi í hlut eiganda landsins að fara með. Frá lagalegu sjónarmiði er ekki endilega nauðsynlegt að lýsa því yfir að sá sem fer með þau eignarráð sé eigandi landsins og landsréttindanna, heldur mætti gera það með orðalagi í lögum sem kvæði á um að sá aðili réði yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda eða færi með rétt til að hagnýta landið og landsréttindin, sbr. einnig orðalag 2. gr. námulaga ... Má raunar orða það svo að samkvæmt íslenskum lögum sé engin óumflýjanleg nauðsyn að allt land sé háð eignarrétti að einkarétti. Skýr ákvæði um forræði á landi utan eignarlanda ættu þar að vera nægjanleg. Hversu langt á að ganga í þessu efni og hver eigi að fara með eignarráðin, þ.e. ríkið, sveitarfélögin eða einhver annar aðili, er pólitísk ákvörðun.

Hér er hins vegar lagt til að skrefið verði stigið til fulls og því lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Fyrir liggur sú skýra afstaða dómstóla að heimildir sveitarfélaganna, íbúa þeirra og einstakra upprekstraraðila innan umræddra hálendissvæða takmarkist við þröngar nýtingarheimildir og þá fyrst og fremst beitarafnot og þau veiðiréttindi sem upprekstraraðilum hafa verið fengin með lögum. Með því að mæla fyrir um að landið sjálft og önnur landsréttindi séu eign ríkisins verður því ekki séð að verið sé að taka nein réttindi frá sveitarfélögunum eða þeim sem rétt eiga til upprekstrar á þessi svæði. Hlutverk ríkisins er að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verður að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til."

Á þessum punkti þykir manni að nokkuð skýrt sé að orði kveðið en þegar lengra er haldið og í athugasemdum við 3. gr. þykir mér málið vera farið að vandast svolítið en þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessu frumvarpi er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að lagt er til að tekjum sem kunna að falla til vegna gjalda (leigu) fyrir afnot lands og landsgæða innan þjóðlendu verði varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renni ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendur fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana."

Þarna þykir mér málið fara að flækjast svolítið, vægast sagt, því að þegar maður skoðar það síðan hvernig hugtakið sjálfseignarstofnun er skilgreint samkvæmt lögfræðinni þá verður að segja eins og er að fátt minnir þar á efni þessa frv. en í Lögbókinni þinni segir um þetta, með leyfi forseta:

„Sjálfseignarstofnun er sjálfstæð lögpersóna sem komið er á fót með viljayfirlýsingu og ákveðnu framlagi sem nota ber til þess að ná þeim markmiðum sem sjálfseignarstofnuninni eru sett. Sjálfseignarstofnun á sjálf eigur sínar. Hún ber og ein ábyrgð á skuldum sínum. Engir aðilar, hvorki stofnendur sjálfseignarstofnunar né aðrir geta verið í þannig tengslum við sjálfseignarstofnun að jafna megi til eignaraðildar. ...

Engin heildarlög eru til um sjálfseignarstofnun. Af þeim sökum verður að fara eftir skipulagsskrá hennar að mestu að því er varðar skipulag og starfsemi. Oft er hlutverk sjálfseignarstofnunar að annast framgang ákveðins málefnis í almenningsþágu (t.d. minningarsjóðir) en svo þarf ekki að vera. Sjálfseignarstofnun getur líka starfað að atvinnurekstri og getur þá starfsemi fallið undir hlutafélagalögin. Sjálfseignarstofnun verður að hafa einhvers konar stjórn. Fer hún að jafnaði með æðsta vald í sjálfseignarstofnuninni. Venjulega hefur enginn eftirlit með gerðum stjórnarinnar, hvorki stofnandi né annar hefur þar neitt að segja nema sérstök heimild sé til þess.

Oft starfa sjálfseignarstofnanir samkvæmt skipulagsskrá sem staðfest hefur verið af dómsmálaráðuneyti. Um þær sjálfseignarstofnanir gilda sérstakar reglur. ...

Ekki má selja eða veðsetja fasteignir í eigu sjálfseignarstofnana nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Ef þjóðfélagshættir og aðstæður hafa breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar var samþykkt að markmiðum þeim sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir verði ekki náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar er dómsmálaráðherra heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þó fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er og einnig fá samþykki stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar ef það er unnt."

Herra forseti. Mér þykir þessi samlíking um að þjóðlendunum svipi til sjálfseignarstofnunar einungis vera til þess að rugla málið og gera málið mun flóknara en ástæða er til. Mér þykir þessi tilvísun benda til þess að verið sé að búa til óþarfa deiluefni um þetta mál í staðinn fyrir að þetta sé bara klárt. Þetta er eign ríkisins með eignarforráð forsrh. Þarf að hafa tilvísun í fyrirbæri eins og sjálfseignarstofnun sem byggir allt sitt á skipulagsskrám og mjög sérstakar gilda reglur um? Ég teldi að það væri til bóta ef þetta yrði skýrt frekar við lokaafgreiðslu frv. og helst að þessi texti yrði tekinn út úr athugasemdunum vegna þess að mér þykir það algjörlega út í hött að líkja þessu við sjálfseignarstofnun og í raun stangast á við það skýra ákvæði í 2. gr. frv. þar sem segir:

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti."

Það má eiginlega segja að þessi kafli í athugasemdunum snúi að þeim vandræðagangi sem mér þykir að vissu leyti einkenna þetta frv. vegna þess að forsrh. fari með þessar eigur en ekki fjmrh. eins og almennt er um eigur ríkisins, sem er almenna reglan. Það hljómar svolítið ankannalega að farin er önnur leið í frv. og birtist það m.a. í 11. gr. þar sem tekið er fram að fjmrh. skuli fara með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Í frv. og við yfirferð yfir það í hv. allshn. kom fram að hugað hafi verið sérstaklega að því við undirbúning frv. hvar ætti að skipa málefnum þjóðlendna og það mætti hugsa sér t.d. að fjmrn. færi með þau mál eins og með aðrar eigur ríkisins. Þá hefði komið til álita að landbrn. færi með þessi mál með sama hætti og ríkisjarðir. Niðurstaðan varð forsrn., að því er virðist á þeirri forsendu að ráðuneytið komi þarna fram í nokkurs konar gervi landeiganda en að auki fari það með ýmsar stjórnsýsluskyldur á svæðinu. Önnur ráðuneyti gætu síðan komið að þjóðlendum með öðrum hætti, t.d. vegna ágreiningsefna er upp kunna að rísa og snerta þeirra ráðuneyti og því væri eðlilegra að forsrn. færi með þetta mál.

Til þess hefur verið vitnað að í norskum lögum sé þetta svo að það sem enginn á eigi kóngurinn og í raun sé á

vissan hátt í frv. verið að leita fyrirmynda til Noregs. Hins vegar eigum við engan kóng, eins og kunnugt er, og því telji frumvarpshöfundar nærtækast að leita til forsrh. með umráð þessa lands. Hann er þá nokkurs konar kóngur í þessu frv. Í umræðu um frv. hefur það komið fram að á grundvelli þessarar reglu væri kannski ekki óeðlilegt að forseti Íslands færi með málefni þjóðlendna en því hefur verið vísað á bug að slíkt fyrirkomulag sé eðlilegt miðað við stöðu forseta Íslands í stjórnskipaninni. Ég reyndar heyrði aldrei frekari rök fyrir þeirri fullyrðingu og vildi biðja hv. frsm. um að rökstyðja það frekar af hverju ekki sé hægt að fela umráð þessara dýrmætu eigna ríkisins forseta lýðveldisins og hann færi þannig með málefni þessara náttúruperlna. Mér þætti það satt best að segja vel við hæfi þar sem sérstaða þessara væntanlegu eigna ríkisins er mikil. Þannig mætti um leið komast hjá þeim vandræðagangi sem birtist í frv. um umráð þessara eigna og aðkomu mismunandi ráðuneyta að þeim.

En burt séð frá því hver eigi að fara með umráðin, þá er það e.t.v. mikilvægast að þeim sé komið fyrir með þeim hætti að öruggt sé þannig að varðveisla þeirra sé trygg og þjóðin geti komið að ákvörðunum um þessar eignir.

Ein helsta ástæða þess að ég taldi nauðsynlegt að skrifa undir nál. með fyrirvara er sú að í frv. er einum manni, forsrh., fengið gífurlegt vald. Það má nánast segja að honum sem forráðamanni þjóðlendnanna sé falið einræðisvald um málefni þeirra sem verður að teljast varhugavert. Eins og áður hefur verið rakið miða brtt. á þskj. 1291 og lagðar eru fram af minni hluta hv. allshn. að því að draga úr þessu mikla valdi og hefur þegar verið mælt fyrir þeim af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ég tel að með samþykkt þessara tillagna mundi frv. verulega batna bæði hvað varðar þennan þátt forsrh. og auk þess sem umhverfisþátturinn er styrktur sem er einnig mikilvægt. Um umhverfisþáttinn komu fram ábendingar frá ýmsum aðilum sem við m.a. styðjum okkar tillögur við, m.a. frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins og fleiri aðilum.

Í umsögn fjmrn. er áætlað að kostnaður ríkissjóðs vegna starfa óbyggðanefndarinnar verði rúmar 8 millj. Það verður að telja vafasamt að ríkið sleppi svo auðveldlega frá kostnaði vegna starfa nefndarinnar en henni er falið gífurlega mikið og mikilvægt hlutverk í lögunum og líklegt að starf hennar verði mjög umfangsmikið fyrstu árin. Í 7. gr. frv. er m.a. fjallar um hlutverk óbyggðanefndar en þar segir:

„Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda." — Sem sagt, að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda sem hefur lengi verið mikið deiluefni.

„b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna."

Þá skal óbyggðanefnd, eins og segir í 8. gr., „að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2007."

Við getum séð að þetta verkefni er mjög umfangsmikið og flókið og væntanlega mjög kostnaðarsamt og ég geri ráð fyrir mun kostnaðarsamara heldur en gert er ráð fyrir í athugasemdum eða umsögn fjmrn. um frv., a.m.k. fyrstu árin. Þarna er oft og tíðum um að ræða dýra sérfræðiaðstoð, geri ég ráð fyrir, sem þyrfti að koma til, auk þess sem væntanlega er um að ræða launagreiðslur og annað.

Stór orð falla í garð þessa frv. í umsögnum frá samtökum sveitarfélaga. Reyndar bárust seint og um síðir umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem málið er harðlega gagnrýnt. Í umsögn t.d. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem var samþykkt á fundi þann 24. apríl 1998, segir t.d. í greinargerð, með leyfi forseta:

„Í þessu frv. er um mestu eignarupptöku Íslandssögunnar að ræða ... Samkvæmt frv. verður skipuð sérstök nefnd (óbyggðanefnd) á vegum forsætisráðuneytisins til að kanna eignarhald og úrskurða í kjölfarið um eignarrétt einstaklinga, félaga eða annarra á hálendinu. Í þeim tilfellum þar sem enginn getur sannað sinn eignarrétt mun það land verða skilgreint sem hluti af þjóðlendum, í eign ríkisins og undir forsjá forsrh."

Síðar í umsögninni segir:

„Í stað þess að færa eignarrétt þjóðlendna til ríkisins, eins og ráð er fyrir gert í 2. gr. frv., er rétt að mati stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að færa þjóðlendurnar undir sveitarfélög sem land eiga að hálendinu. Óviss mörk milli sveitarfélaga yrðu þá skilgreind af óbyggðanefnd, samanber brtt. við bráðabirgðaákvæði við frv. til sveitarstjórnarlaga. Með þessum hætti væri að mati stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verið að skjóta enn frekari stoðum undir sveitarstjórnarstigið og byggð sem víðast á landinu."

Á svipaða strengi er slegið í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Sú umsögn er dagsett 22. apríl 1998 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga minnir á að sveitarfélögin hafa farið með stjórnsýsluvald á afréttum sem þeim tilheyra. Ágreiningur hefur verið milli sveitarfélaga og ríkisins um eignarhald á afréttum og dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki hefur tekist að sanna beinan eignarrétt ríkis eða sveitarfélaga eigi hvorugur aðili eignarrétt á viðkomandi landi.

Frv. til laga um þjóðlendur gerir á hinn bóginn ráð fyrir því að ríkið eignist allt land sem sveitarfélög eða aðrir geta ekki sannað eignarrétt sinn á. Tilgangurinn er greinilega sá að fella afrétti og önnur landsvæði, þar sem eignarréttur lands er óljós, undir eignarhald ríkisins.

Stjórn sambandsins telur enga nauðsyn á því að ríkið slái eign sinni á allt land sem öðrum tekst ekki að sanna eignarrétt sinn á eins og frv. gerir ráð fyrir. Eðlilegra væri að landsvæði sem um langan tíma hafa tilheyrt sveitarfélögum, þar sem þau hafa byggt mannvirki og útivistarsvæði og annast allan rekstur þeirra og farið með stjórnsýslu, verði eign viðkomandi sveitarfélaga. Þetta á við um óskipt land eins og t.d. á Bláfjallasvæðinu þar sem sveitarfélögin hafa skipulagt mannvirkjagerð og útivistarsvæði fyrir íbúana. Enga sérstaka nauðsyn ber til þess að ríkið slái eign sinni á umrædd landsvæði."

Ég verð að segja að mér þykir skjóta skökku við að umrædd samtök skuli ekki hafa komið þessum stóryrtu athugasemdum á framfæri við nefndina fyrr í umsögnum sínum úr því að málið horfir svo illa við þeim. En þetta mál var sent til umsagnar með bréfi allshn. 16. febrúar og þessar umsagnir eru að berast í lok apríl. Sem sagt, tveimur

mánuðum síðar og ef ég man rétt um það bil mánuði eftir að umsagnarfresti lýkur, ég vek athygli á því, en ef ég man rétt var umsagnarfrestur til 20. mars. Mér þykir það því svolítið undarlegt í ljósi þess hversu mikil mótstaða birtist í þessum umsögnum við frv. og í raun og veru við kjarna málsins um að færa eignarréttinn yfir til ríkisins.

Ég get því ekki tekið undir umsagnirnar eða efni þeirra. Ég er beinlínis ósammála þeim. Ég er þeirrar skoðunar að það sé beinlínis æskilegt að skipa málum hvað varðar eignarréttinn með þeim hætti sem gert er í frv. enda sýnir dómasafn Hæstaréttar svo ekki verður um villst að það þarf að taka á eignarumráðunum á hálendinu. Ég tel beinlínis æskilegt að ríkið sé eigandi þessara svæða og get því ekki tekið undir þessi mótmæli eða fallist á að svæðunum sé skipt á milli fjölmargra sveitarfélaga eins og lagt er til að því er mér sýnist í þessum umsögnum.

Ég hef hins vegar talið að eðlilegt sé að sveitarfélögin komi að einhverju leyti að þjóðlendunum eins og gert er ráð fyrir í frv. og hef því ekki getað stutt þær brtt. þar sem lagt er til að afskipti sveitarfélaga verði felld niður. Sú afstaða mín byggist fyrst og fremst á því að með slíkri breytingu sé enn verið að auka vald forsrh. með frv. í stað þess að hann deili þó valdinu að einhverju leyti með sveitarstjórnunum.

En meðferð þessa máls og umsagnir um það lýsa þó glögglega hvar átakspunktarnir eru í þessu máli og þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Hagsmunir hinna fornu deiluaðila, ríkis og sveitarfélaga virðast ósættanlegir fljótt á litið en sú niðurstaða sem fékkst í frv. er að mínu mati sú æskilegasta fyrir íslensku þjóðina hvað varðar eignarréttinn sjálfan þótt gera mætti ýmsar bragarbætur á eins og við í minni hlutanum erum að reyna að gera með brtt. okkar.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta duga í bili um frv. til laga um þjóðlendur sem ég styð eins og mátti greina á máli mínu í meginatriðum en það eru hins vegar mun fleiri efasemdir sem leita á hugann hvað varðar önnur frumvörp hæstv. ríkisstjórnar um málefni hálendisins, t.d. frv. um sveitarstjórnirnar og ekki síst frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem kemur til umræðu í kjölfar þessa máls, þar sem segja má að séreignarstefnan sé alls ráðandi sem svo var nefnd í upphafi aldarinnar.

[12:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þá er komið til 2. umr. annað frv. af hinni umdeildu frumvarpaþrennu ríkisstjórnarinnar. Þó að þrennan sé okkur kvennalistakonum að mörgu leyti þyrnir í augum er þetta frv. þó það langskásta þeirra þó að alls ekki sé fyllilega ljóst á þessari stundu hvað það eru stór svæði sem koma til með að falla undir hugtakið þjóðlendur.

Það er mjög athyglisvert þegar maður lítur yfir málið að átta sig á því að í byrjun aldarinnar var sú skoðun mjög ríkjandi að þau landsvæði sem enginn gæti sannað eignarrétt sinn á tilheyrðu ríkinu en sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir, samanber athugasemdir á bls. 19 í greinargerð með frv. Svo virðist því sem ákveðin viðhorfsbreyting hafi átt sér stað í þjóðfélaginu frá byrjun aldarinnar þar til núna, a.m.k. ef litið er á dóma Hæstaréttar. En í greinargerðinni segir m.a. á bls. 19:

„Að lokum er vert að vekja athygli á því að sú skoðun átti mjög almennu fylgi að fagna á þessum tíma að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign. Sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir."

Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að nú á að fara að láta það í hendur dómara að meta hvað falli undir hugtakið þjóðlendur, þ.e. þeir sem verða í óbyggðanefnd eiga a.m.k. að vera hæfir sem héraðsdómarar. Sú ráðandi skoðun sem var í byrjun aldarinnar og þeir dómar sem liggja fyrir endurspegla að mínu mati hverjir hafa verið við völd í íslenskum stjórnmálum á þessari öld og að dómstólar hér á landi fá seint orð á sig fyrir að vera róttækir og einnig má benda á mjög sterka stöðu eignarréttarins í íslensku stjórnarfari.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að hálendið eigi að tilheyra ríkinu, hálendið sem ein heild, og tel líkur á að óbyggðanefndin, sem eins og ég sagði áðan verður skipuð þeim sem fullnægja því að vera héraðsdómarar, byggi ekki síður á forsendum dómstóla en því yfirlýsta, pólitíska markmiði að hálendið eigi að vera í ríkiseign. Ég er því nokkuð hrædd um það, herra forseti, að árið 2007 þegar óbyggðanefndin hefur lokið störfum verði alls ekki jafnmikið um þjóðlendur í ríkiseign og ég hafði vonað og ég er því undir niðri ekki alveg sátt við þetta frv. Ekki vegna þess að um sé að ræða mestu eignatilfærslu Íslandssögunar til ríkisins, eins og sumir vilja halda fram, heldur vegna hins að ríkið komi ekki til með að eiga eins heildstæð svæði á miðhálendinu og ég tel æskilegt og að tekjur ríkisins af þessu svæði verði ekki í samræmi við verðgildi þeirra verðmæta sem eru í húfi.

Herra forseti. Ég skrifa undir nefndarálit allshn. með fyrirvara eins og þegar hefur komið fram. Ástæður eru mikið til þær sömu og hjá hv. þm. sem þegar hafa talað, þeim Jóhönnu Sigurðardóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur. Þær ástæður mínar endurspeglast hvað skýrast í þeim brtt. sem ég er meðflutningsmaður að og birtast á þskj. 1291 og 1292.

Þar má fyrst nefna brtt. á þskj. 1292 sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir mun gera grein fyrir á eftir. Þær brtt. tengjast því frv. sem var til umræðu í gær, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga, nefnilega því að við kvennalistakonur viljum ekki að miðhálendinu verði skipt í ræmur á milli sveitarfélaga heldur að það verði heildstætt stjórnsýslusvæði undir sérstakri stjórn. Í samræmi við það er lagt til að heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku á þjóðlendum séu skertar. Það er einmitt eitt af áhyggjuefnum mínum ef tertusneiðafrv. svokallaða verður að lögum að sveitarfélögum verði heimilt samkvæmt því frv. sem við erum að ræða nú — en þessi frv. spila mjög saman — að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar innan þjóðlendna. Þó að ríkið eigi þjóðlendurnar samkvæmt 2. gr. þessa frv., þá koma viðkomandi sveitarfélög til með að fá tekjurnar af nýtingu þeirra en ekki ríkið þó að skilja megi 2. gr. frv. þannig að ríkið eigi að njóta hvers konar landsréttinda og hlunninda af þjóðlendum.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, eins og þegar hefur komið fram í umræðunni að skoða þetta frv. í tengslum við frv. til sveitarstjórnarlaga sem við ræddum í gær og í raun mun stjórnsýsluvald sveitarfélaganna skerða rétt ríkisins verulega á þjóðlendum þó svo að ríkið eigi þjóðlendurnar að nafninu til.

Brtt. á þskj. 1291 sýna í fyrsta lagi að ég hef áhyggjur af því að ekki sé nógu mikil áhersla lögð á umhverfisvernd og alþjóðlegar skuldbindingar í þeim efnum í þessu frv. Ein breytingin sem við leggjum til við 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fullt tillit verði tekið til umhverfisverndar og alþjóðlegra

skuldbindinga í því efni og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Í leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds."

Þetta sjónarmið kemur einnig fram í frv. því sem við kvennalistakonur stöndum að með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni o.fl. sem fjallar um miðhálendið.

Í b-lið brtt. sem er við 3. gr. frv. er lagt til að breyting verði gerð á því hvernig gjaldtöku verði háttað, þ.e. að það verði forsrh. sem ákvarði gjaldtöku en ekki sveitarfélögin. Þetta er í samræmi við þá hugsun okkar að þjóðlendurnar verði sérstakt stjórnsýslusvæði undir sérstakri stjórn en ekki undir stjórnsýslu sveitarfélaga. En orðalagið á þessum lið brtt. er þannig, með leyfi forseta:

„Gjaldið sem ráðherra ákvarðar skal taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á. Nánari ákvæði um gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ráðherra skal þá láta bjóða út nýtingu lands og landsgæða í þjóðlendum þegar ætla má að um verðmæta nýtingarkosti sé að ræða. Útboð skulu þá fara fram samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993."

Síðan segir í c-lið, með leyfi forseta:

„Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landsbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, samkvæmt ákvörðun Alþingis."

Hér vil ég vísa í þá hugsun sem er mjög svipuð og í fiskveiðistjórnarlögunum, að afrakturinn af þeirri gjaldtöku sem heimiluð er í sjávarútvegi fer eingöngu til sjávarútvegsins. Það er hugsunin í þessu frv. og reyndar í okkar brtt. líka. Þetta er réttlætt með því að þjóðlendum er fengin sérstaða sem svipar til sjálfseignarstofnana sem mér finnst alls ekki sjálfsagt að gera og það var rökstutt nokkuð vel áðan í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. Á bls. 34 í greinargerðinni með frv. segir, með leyfi forseta:

„Í þessu frumvarpi er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að lagt er til að tekjum sem kunna að falla til vegna gjalda (leigu) fyrir afnot lands og landsgæða innan þjóðlendu verði varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renni ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendur fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana. Er þar enn höfð í huga hin sögulega sérstaða þessara landsvæða."

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort þetta þýði að gert sé ráð fyrir að þær tekjur sem t.d. fást af virkjunum eigi ekki að renna til ríkisins heldur til sveitarfélaga eða þeirra rekstraraðila sem um ræðir, þ.e. hvort leyfisgjaldið á að fara til ríkisins eða sveitarfélaganna og verja til endurbóta innan þjóðlendnanna. En hvað með starfsemi t.d. eins og virkjunarstarfsemi? Þetta er að mínu mati óljóst, herra forseti, og þess vegna leggjum við fram áðurnefnda brtt. við 3. gr.

Þá vil ég benda á brtt. okkar minni hlutans við 6. gr., nefnilega þá að dómsmrh. skipi nefndarmenn í óbyggðanefnd í stað forsrh. Ég tel mjög óeðlilegt að forsrh. sem fer alfarið með málefni þjóðlendna skipi einnig alla nefndarmenn óbyggðanefndar. Þetta vald forsrh. er gífurlega mikið því að störf þessarar nefndar koma til með að varða miklu um þá gífurlegu hagsmuni sem þarna eru í veði. Við leggjum því til að dómsmrh. skipi þessa nefnd þó ekki væri nema til að dreifa valdinu.

Að lokum, herra forseti, vil ég taka fram að ég styð allar brtt. allshn. Þær eru að mínu mati allar til bóta þó að þær séu ekki mjög stórvægilegar.

Herra forseti. Um þetta mál má hafa mjög langa tölu og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að hér er ótakmarkaður ræðutími núna. En mér finnst áhugaverðast á þessu stigi, auk þess að gera grein fyrir meginafstöðu minni, að kryfja nánar hvernig sjónarmiðin um ríkisrétt gegn einkaeignarrétti hafa tekist á alla þessa öld þegar miðhálendið er annars vegar. Einnig finnst mér mjög mikilvægt að fara nánar í umsagnir hinna fjölmörgu aðila sem allshn. bárust.

Þar sem fyrri ræðumenn, þ.e. hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hafa þegar komið nokkuð inn á þessi mál ætla ég að hætta að sinni en koma nánar inn þetta í seinni ræðu minni. Ég tel mesta þörf fyrir að fara ofan í hina lögfræðilegu umræðu, samanber ágætar upplýsingar sem fram koma í greinargerð frv., svo og í grein Þorgeirs Örlygssonar um eignarhald á landi og náttúruauðlindum sem birtist í afmælisriti Gauks Jörundssonar árið 1994. En e.t.v. tengist sú umræða meira þriðja frv. í þessari þrennu og ég mun örugglega koma inn á hana í tengslum við það mál.

Ég er í öllum grundvallaratriðum sammála sjónarmiðum Jóhönnu Sigurðardóttur sem fram komu hér áðan og einnig Bryndísar Hlöðversdóttur að öðru leyti en því að ég tel ekki rétt að sveitarfélögin fari með stjórnsýsluvald á þessum svæðum þó að ég taki undir með henni að það sé mjög óeðlilegt að forsrh. hafi allt það vald sem hann hefur. Þess vegna leggjum við til að a.m.k. verði tekið frá honum það vald að skipa óbyggðanefnd.

Margir eru á mælendaskrá, herra forseti, svo ég ætla að ljúka máli mínu núna en koma síðar nánar að þessum grundvallaratriðum. Þar er ekki síst athyglisvert að ræða ýmsa grundvallarpunkta sem lagðir hafa verið fram af Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni fyrir nefndirnar. Þar er rakin lagaleg þróun þessara mála. Það vekur t.d. athygli mína hversu lítil áhersla er þar lögð á almannarétt eða á rétt ríkisins til eignar á landi.

[Fundarhlé. — 12:58]

[13:30]

**Ólafur Örn Haraldsson:**

Hæstv. forseti. Landnámi Íslands lýkur með því að frv. um þjóðlendur verður samþykkt í þinginu eins og ég vona að verði innan skamms. Það má því segja að það sé sögulegur viðburður og þegar litið verður til baka til loka þessarar aldar hygg ég að menn muni eftir lögfestingu þessa frv. vegna þeirrar sérstöðu sem það hefur. Nú kastar ríkið eign sinni á einskis manns land og þar með lýkur landnámssögu Íslands. Ég styð þetta frv. og þá stefnu sem kemur fram í því. Ég vænti mikils af samþykkt þess og þeim málatilbúnaði sem því mun fylgja.

E.t.v. mætti segja að ríkið sé ekki alltaf þægilegur eða heppilegur samningsaðili eða eigandi að gögnum og gæðum. En forræðislaust má hálendi Íslands ekki vera lengur og enginn er nærtækari en ríkið, fyrir hönd þjóðarinnar, til að fara með forræði eignarinnar.

Ég er alfarið andvígur því sem fram hefur komið á nokkrum stöðum, að sveitarfélögin eignist það land sem skilgreint verður sem þjóðlendur. Það á við hvort sem það er miðhálendið eða annað land sem fólki tekst ekki að sanna eignarrétt sinn á. Ég vil leyfa mér að vitna í bók sem heitir Landið og landnáma og benda þar á nokkra stærstu landnámsmennina. Þeir munu hafa verið Ingólfur Arnarson, Skalla-Grímur, Auður djúpúðga, Eiríkur í Goðdölum, Helgi magri, Hrollaugur Rögnvaldsson og Ketill hængur. Þó að þessir menn hafi allir numið stórt land og víðlent, þá eru það litlir skikar miðað við það landnám sem verður nú með samþykkt þjóðlendufrv.

Sveitarfélögin hafa hins vegar sett það fram, og reyndar hef ég heyrt það af munni annarra, að þau ættu að eignast þetta. Nú veit ég að sveitarfélögin eiga lýðkjörna fulltrúa og þar er mikil staðþekking, metnaður og áhugi á að fara vel með landið. Ég tel hins vegar að við eigum að horfa til almannahagsmuna með því að láta ríkið eiga þjóðlendurnar. Þessi stefna sveitarfélaganna hefur m.a. komið fram í samþykktum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ég gerði það að umtalsefni og gagnrýndi harðlega í umræðunni um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Ég vil endurtaka það sem ég lét koma fram í þeirri umræðu, reyndar voru þær skoðanir allar sendar hv. þingmönnum. Ég lít svo á að það megi draga þá ályktun að þessi samtök styðji ekki þjóðlendufrv., að því leyti að ríkið eignist þjóðlendurnar, heldur að sveitarfélögin umhverfis hálendið eignist hálendið. Það merkir þá væntanlega að Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, sveitarfélögin eignist það land sem kynni að vera gert að þjóðlendum í nágrenni Reykjavíkur. Í því landi er eitthvað af Reykjanesfólkvangi, væntanlega, hugsanlega Bláfjöllin og e.t.v. eitthvað af Esjunni.

Ég vantreysti ekki fulltrúum Reykjavíkur, hverjir sem eru þar við stjórnvölinn, til að fara með þetta. Ég tel að við eigum að sýna það, þéttbýlisbúar á þessu svæði, að við bjóðum alla landsmenn velkomna, ekki aðeins til þess að ganga um okkar land heldur bjóðum þeim til áhrifa með þeirri hálendisnefnd sem mun væntanlega taka til starfa. Ég vil endurtaka það sem ég hef sagt, að ég tel að umráðasvæði þeirrar nefndar og svæðisskipulagið eigi að taka til stærra svæðis en í fyrirliggjandi skipulagstillögum um miðhálendið.

Þau sveitarfélög sem slíka samþykkt gera, að gefa miðhálendið og reyna þar með í einhvers konar óformlegum makaskiptum í lokuðu valdakerfi sveitarfélaganna að ná til sín því landi sem enginn á hér í nágrenninu, virðast ekki hafa fylgst með þróuninni og þeim viðhorfum fólk hefur. Ný kynslóð er komin til sögunnar í þessu landi, það er fólk sem gengur um landið, ferðast um landið og hefur mjög ríkar tilfinningar til þess. Þetta er ekki það fólk sem hefur hæst á fundum. Þetta er ekki endilega það fólk sem gengur lengst í nokkrum málum, hvorki í náttúruvernd né stjórnmálum. Þetta er venjulegt íslenskt fólk sem bæði á heima á höfuðborgarsvæðinu og úti um allt land, fólk sem viðurkennir að landið eigi allt að vera í þjóðareign.

Ég vil leyfa mér að tefja þingheim með örlítilli sögu. Þó að hún sé ekki merkileg þá sýnir hún hug manna. Ég gekk á Esjuna eins og ég geri reyndar oft. Þar er nærtækast æfingasvæði fyrir þá sem vilja ganga á fjöll. Ég gekk upp á Kerhólakamb og síðan austur eftir Esjunni og kom á Þverfellshorn. Þetta var fyrir tæpu ári snemma að morgni og þar var komin ný varða á Þverfellshornið. Þetta var lítil varða en upp úr henni stóð rós. Afskorið blóm en þó lifandi því það stóð í vatni, í litlum vatnsbikar. Við hliðina á rósinni var skjal með fallegum borða. Undir það skjal höfðu skrifað um 40 manns sem höfðu gengið miðnæturgöngu á Esjuna um nóttina áður. Yfirskrift skjalsins var eftirfarandi: „Elsku Esja. Velkomin til Reykjavíkur."

Þó að ég sé hér að segja að Esjan eigi ekki öll að vera í eigu okkar Reykvíkinga þá sýnir þessi örlitla saga þann hug sem fólk ber til landsins, ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu heldur úti um allt land. Það er þessi hugur, væntumþykja og hlýja, hinn almenni skilningur á því að þetta er landið okkar allra, sem sveitarfélögin eiga að viðurkenna með því að sækjast ekki eftir landi sem enginn á og standa með okkur í samþykkt þjóðlendufrv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða einstök efnisatriði þessa frv. Ég vil þó beina einu sérstaklega til væntanlegs forráðamanns hálendisins en það er gróður- og jarðvegsvernd.

Miðhálendi Íslands hrópar á verndun jarðvegs og gróðurs. Sá sem fer með eignarforræði þar á næstu árum og áratugum ber þá mestu skyldu að friða þetta land, bæta það og gera það á allan hátt sjálfbært. Ég vil því skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir algerri beitarfriðun á hálendinu. Ég vil ekki að það verði gert með hörku og einhliða valdboði, heldur með sáttum og samkomulagi þar sem bæði séu sýnd skilningur og mildi, viðurkenning á fornum réttindum en um leið full festa þar sem um slíka hagsmuni er að ræða.

Vegna fátæktar og vanþekkingar höfum við í aldanna rás nýtt auðlindir hálendisins óheyrilega. Í dag er nægt beitarrými fyrir allan okkar beitarpening utan miðhálendisins. Í raun er ekkert sem réttlætir skammtímahagsmuni og þau sjónarmið að nýta þessar auðlindir til beitar í dag. Það brýtur í bága við alla umhverfissáttmála sem við höfum undirgengist.

Grundvallarforsendan varðandi framtíð hálendisins er að það verði endurheimt, vistkerfið endurheimt og ástand einnar auðlindarinnar bætt, þá á ég við jarðveg og gróður. Þetta þarf að gera hvarvetna á hálendinu. Lögum um landgræðslu og alþjóðasáttmálum sem við höfum undirgengist, svo sem varnir gegn myndun eyðimarka og Dagskrá 21 frá Ríó, er ekki framfylgt á hálendinu og verður ekki fyrr en það verður friðað fyrir beit.

Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um sjálfbæra þróun og þar með talið sjálfbæra nýtingu auðlinda. Ég tel að það sé nærri samdóma álit vísindamanna að núverandi landnýting hálendisins til beitar sé ekki sjálfbær og verði það ekki nema e.t.v. á Norðvesturlandi með sérstökum ráðstöfunum. Stefna ríkisstjórnarinnar, sem ég er að vissu leyti að vitna til, kemur fram í ritinu „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi" sem hægt er að fá víða en það er umhvrn. sem gaf það út í júní 1997. Þar er sérstaklega fjallað um gróður- og jarðvegsvernd.

Það er ljóst að stærstur hluti hálendisins er ekki hæfur til beitar samkvæmt gögnum RALA og Landgræðslu ríkisins. Fyrir því hefur verið gerð grein í bókinni Jarðvegsrof á Íslandi, sem og í gögnum vegna skipulags hálendisins og athugasemdum stofnana sem hér hefur verið vitnað til. Þær athugasemdir hafa verið lagðar fram vegna þessa frv. Mörg önnur svæði neðan hálendismarka landsins eru heldur ekki beitarhæf vegna jarðvegsrofs eða þar sem auðnir ríkja. Því eru einnig gerð skil í sömu bók og ástæðum fyrir þeirri niðurstöðu.

Aðstæður til friðunar eru oft mjög erfiðar. Landgræðsla ríkisins hefur haft það að stefnumarki og stefnumiði í langan tíma að friða verst förnu afrétti landsins en það hefur lítið miðað. Jafnvel þótt samningar hafi náðst um einstök svæði

er alltaf hægt að segja slíkum samningum upp. Aðferðirnar hafa einkum verið að fara samninga- og sáttaleiðir en alltaf eru einhverjir sem telja sig ekki geta farið að þeim vinnubrögðum. Þá gengur hvorki né rekur og það er ekki hjálp í því að etja bændum eða landeigendum saman. Til þessa máls verður að koma nýr forráðamaður landsins, forsrh. Ég ítreka það að ég vil ekki að þetta sé gert með einhliða valdboði heldur með festu en um leið samningum, sanngirni og virðingu fyrir fornum réttindum bænda.

Sum mál sem rekin hafa verið á grundvelli ítölulaga, en þau eru gömul og úrelt, standast ekki stjórnsýsluvenju auk þess sem þau viðhorf sem þau miða við eru úrelt og sjónarmið sjálfbærrar þróunar koma þar hvergi nærri. Landgræðsla ríkisins stendur einnig í ströngu gagnvart mörgum landnotendum sem fara illa með landið. Það gengur hins vegar illa því að lögin eru úrelt. Sanna þarf ofnýtingu samkvæmt flóknu og vinnufreku ferli og landið nýtur ekki vafans. Það fer gífurleg orka í að reka svona mál á grundvelli hvers og eins landnotanda og þeim tíma væri betur varið til annarra verka. Þessi viðhorf koma að mörgu leyti fram í þeim skipulagstillögum sem nú liggja fyrir og gerðar eru af svokallaðri svæðisskipulagsnefnd um miðhálendið. Ég vil láta það koma fram enn einu sinni að ég tel þá vinnu í öllum aðalatriðum hafa verið vel leysta og þeim til sóma sem þar hafa unnið. Ég tel að þar sé lagður sá grunnur sem við getum unnið áfram með við skipulag miðhálendisins.

Þó er sá galli á þessu svæðisskipulagi miðhálendisins að ekki er tekið af nógu mikilli festu á beitarálagi. Beitarfriðun hálendisins næst aldrei með núverandi fyrirkomulagi. Málið er einfaldlega komið í hnút og á þennan hnút verður að höggva. Það getur aðeins forráðamaður landsins gert, forsrh. Þegar farið er í slíka vinnu þarf að gæta þess að hálendið sé friðað fyrir beit en um leið væri hægt að hafa það verklag að samstarfsnefnd eða fagnefnd yrði stofnuð til að fást við álitamál. T.d. eru afréttir í Vestur-Húnavatnssýslu og víðar á hálendinu í góðu ástandi og þola vel beit. Síðan eru aðrir staðir sem þola enga beit, eru auðnir hið efra en að einhverju leyti nýtanlegir hið neðra. Eitt hlýtur þó að vera augljóst: Hrossabeit á hálendinu þarf að banna eins fljótt og frekast er kostur.

Virðulegi forseti. Ég vildi nýta þetta tækifæri sem gefst hér nú, þegar heldur hefur færst ró yfir umræðuna, til að flytja þetta mál. Ég er þó alls ekki að gefa í skyn að fyrir það sé settur fótur í núverandi þjóðlendufrv. Ég taldi að þrátt fyrir þau átök sem hér hafa farið fram undanfarna daga þá ætti ekki að nýta þetta mál sem skotfæri í þeirri baráttu. Hér hlýtur að vera um sameiginlegt áhugamál okkar allra. Við þurfum ekki að efast um vilja þorra bænda, þorra landeigenda í þessu. Við þurfum ekki að efast um vilja þéttbýlisbúa, hvar sem þeir eru á landinu. Ég ítreka áskorun mína til hæstv. forsrh., hins nýja landnámsmanns, að gæta landsins og vernda jarðveg og gróður á hálendinu.

[13:48]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lýsir yfir eindregnum stuðningi við þjóðlendufrv. eins og ég held að flestir hafi gert fram að þessu. En hann hefur skipað sér á bekk með þeim sem hafa reynt að gera sveitarstjórnarfrv. tortryggilegt með öllum ráðum og tekist bærilega þannig að mikil gjá er að myndast á milli ákveðinna hópa í því máli. Munurinn á þessum tveimur frumvörpum er í mínum huga ekki svo ýkjamikill ef maður ætti að líta á röksemdir t.d. fyrir þessu andófi hv. þm. Sveitarstjórnarlagafrv. og breytingarnar á skipulagslögunum gera ráð fyrir því að mjög margir komi að bæði stjórnun og skipulagi þessa svæðis á meðan þjóðlendufrv. gerir ráð fyrir því að aðeins einn aðili fari með nánast allt landeigendavald miðhálendisins. Það er gríðarlega mikið vald.

Ég ætla að spyrja hv. þm.: Hvað er það sem gerir þennan mun svo mikinn að hann getur stutt þetta frv.? Það er ekki að ég hygg eitthvert vantraust á sveitarfélögin. Eða er það vantraust á sveitarfélögin sem veldur því að hv. þm. getur ekki sætt sig við sveitarstjórnarfrv. eins og það er? Mér finnst hv. þm. einmitt vera að reyna að segja að hann vilji sátt og að allir eigi að vera vinir og koma að miðhálendinu með sem minnstum asa. En aftur á móti hefur þótt sérstök ástæða til þess að valda tortryggni um eitt frv. er varðar þetta mál. Það tel ég að hafi skemmt verulega fyrir umræðunni.

[13:51]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði sjónarmið hv. þm. Kristjáns Pálssonar um þessi efni. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeim mun sem er á eignarrétti og þjóðlendufrv., stjórnsýslu og sveitarstjórnarfrv. og skipulagslögum. Það kom mjög skýrt fram í ræðu minni sem ég flutti hér um sveitarstjórnarmálið að með sveitarstjórnarlögunum og sveitarfélögunum inn til miðju hálendisins fá sveitarfélögin margvíslega ábyrgð og vald. Í þessu valdi er m.a. skipulagsvaldið sem þrátt fyrir eignarréttinn er mjög mikið. Úr þessu var reynt að draga með þeirri sáttatillögu sem hér kom fram. Sú sáttatillaga gekk ekki nógu langt að mínu mati. Það felst ekki neitt vantraust og það skal aldrei af mínum munni ganga né nokkur maður hafa það eftir mér þannig að rétt sé farið með að ég sé að tala niður til landsbyggðarinnar — það hef ég aldrei gert — né heldur að ég sé að vantreysta mönnum. Ég fer ekki í þann talnaleik að tala um 40% af landinu og 4% þjóðarinnar. Ég hef ekki gert það. Ég hef einfaldlega sagt: Það er venja þegar hagsmunaaðilar eru allmargir og við lýðræðislegar aðstæður að allir eigi þar rétt til að koma að. Sá skal ekki sakaður um tortryggni í garð annarra sem segir: Ég vil fá mitt sæti við borðið. Um það höfum við beðið sem horfum til hópa sérfræðinga, hagsmunaaðila og sveitarfélaga, bæði hér og annars staðar á landinu. Við höfum óskað eftir því að þeir fái að koma að þessu máli.

[13:53]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að allir eigi rétt að komast að. Ég átta mig ekki almennilega á hvað það þýðir. Samkvæmt þeim hugmyndum sem komu fram var gert ráð fyrir því að fulltrúar frá öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga á landinu ættu aðild að skipulaginu, fyrir utan tvö ráðuneyti. Hverjir eiga fleiri að koma að? Að róta upp svona mikilli tortryggni út af svona vangaveltum finnst mér ábyrgðarleysi og ég tel að í því felist ekkert annað en vantraust á sveitarfélögin sem fram að þessu hafa séð um skipulag í kringum allt land, yfirleitt með miklum ágætum eftir minni reynslu.

Ég held líka að það sé aldrei of oft sagt að mörg lög sem hafa verið sett á hinu háa Alþingi hafi leitt til þess að þjappa saman svokölluðu stjórnsýsluvaldi sveitarfélaganna. Það felst m.a. í því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er fyrir heilu svæðin í dag en ekki einstök sveitarfélög þannig að ef við lítum á miðhálendið sem slíkt þá liggja einungis fimm heilbrigðiseftirlitssvæði að öllu miðhálendinu. Þetta eru ekki 43 heilbrigðissvæði eins og sumir virðast halda. Sýslumað-

ur fer þar að auki með lögregluvaldið. Ég sé því ekki að það leysti neitt þó að miðhálendið væri eitt sveitarfélag. Er betra að láta lögregluna í Reykjavík eða heilbrigðisfulltrúann, sendast austur á firði ef eitthvað kemur upp á þar? Væri ekki nær að nota þá menn sem eru fyrir austan eða sunnan til að fara upp á miðhálendið ef þess gerðist þörf?

Herra forseti. Ég tel að ekkert geti komið í staðinn fyrir reynslu sveitarfélaganna í skipulagsmálum og ekkert geti haggað þeirri trú sem fólk almennt hefur á því að sveitarfélögin leysi verk sín vel af hendi.

[13:55]

**Ólafur Örn Haraldsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki og get ekki tímans vegna farið að endurtaka gagnrýni mína og ábendingar um frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þar sem ég sagði að skipan nefndarinnar, jafnvægi og jafnræði innan hennar væri ábótavant og stórgallað. Auk þess er umboð nefndarinnar of veikt. Ég get ekki farið út í smáatriði hvað þetta varðar. Og að hugsa sér það, eins og ég benti á, að útiloka sveitarfélögin sem eru fjarri hálendinu jafnvel þó að þau eigi afrétt þar. Það kemur fram í þessu frv. Þau sveitarfélög áttu ekki að koma nálægt þessu heldur áttu þessi 42 sveitarfélög að velja sér 12 fulltrúa. Ég vissi ekki hvernig þau áttu að fara að því. Fulltrúar okkar hér á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi voru alls ekki kjörnir með þeim hætti sem ásættanlegt var.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. þó hann eigi e.t.v. ekki möguleika á að svara því nú, en hann getur gert það við annað tækifæri: Hverjir bera ábyrgð á því, hv. þm., að Reykjanesskaginn er eitt flakandi sár? (**KPál:** Hverjir bera ábyrgð á því?) Hverjir bera ábyrgð á því að Reykjanesskaginn er eitt flakandi sár? Hverjir bera ábyrgð á því að víða um land er ekki hægt að koma á beitarstjórn? Ég er ekki að tala um neitt vantraust á einn eða neinn. Ég er aðeins að benda á að fleiri þurfa að koma að þessu verki, fólk með önnur sjónarmið en þau sem fengið hafa að ráða hingað til. (**Gripið fram í:** En er þingmaðurinn sammála tertusneiðafrv.?)

[13:57]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég vil öfugt við hv. þm. Kristján Pálsson þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Hann ræddi nefnilega um mál sem virðist vera feimnismál á Alþingi Íslendinga, þ.e. um ástand gróðurs á miðhálendi Íslands. Þetta er sennilega eitt af stærstu vandamálum íslensku þjóðarinnar og er búið að vera um áratuga skeið. (Gripið fram í.) Vísindamenn í umhverfismálum sem komu hingað til lands skýrðu okkur frá því að á Íslandi sé mesta eyðimerkurmyndun í öllum heimi. Sú eyðimerkurmyndun, hv. þm. Kristján Pálsson, er ekki af völdum eldgosa. Sú eyðimerkurmyndun er af völdum manna, þ.e. manna sem ekki stjórna beit og beitarmöguleikum á hálendinu og hafa eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson veit, valdið því að hálendið og þar á meðal hluti af Reykjanesskaganum er eins og flakandi sár. (**KPál:** Líttu á Vestfirðina.) Þetta mál, að við sem hrósum okkur af hreinni náttúru, fagurri náttúru, menntaðri þjóð og upplýstri, að við skulum búa í landi þar sem mesta eyðimerkurmyndun í heiminum á sér stað er slíkt feimnismál að það fæst ekki rætt á Alþingi Íslendinga. Örfáir þingmenn voga sér að ræða það mál. Af hverju? Vegna þess að menn eru svo hræddir við þá sem eiga þarna hagsmuna að gæta, sem eiga hagsmuna að gæta af því að halda þessu ófremdarástandi við lýði.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu sambandi að það má ekki skilja þetta sem svo að bara íbúar dreifbýlissveitarfélaganna eigi þarna hlut að máli. Ætli mesta ógnunin við gróður á hálendi Íslands nú sé ekki hrossabeitin? Og skyldu ekki margir þéttbýlisbúar eiga aðild að því? (**KH:** Það er ekki hrossabeit á hálendinu.) Á sumum hlutum þess, jú. Og skyldi það ekki vera eitt af helstu vandamálum okkar samfélags í dag hvernig menn nýta þessi gæði landsins, þ.e. gróðurfarið? Síðan fæst það ekki rætt á Alþingi Íslendinga og menn sletta bara í góm.

Menn geta haft sínar skoðanir á því svæðisskipulagi sem við ræddum síðast í gær. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson segir að sitt álit sé að það svæðisskipulag sé á margan hátt mjög gott. En hann vakti athygli á hinum auma bletti í því svæðisskipulagi. Það eina sem er ekki minnst á í því svæðisskipulagi er það sem er tabú, þ.e. gróðurverndin, beitarstjórnin. Á því stóra vandamáli, stærsta vandamáli á miðhálendi Íslands, er ekki tekið. Og hvað skyldu íslenskir skattborgarar vera búnir að ausa mörg hundruð milljónum í tilraunir til að bæta fyrir landspjöll genginna kynslóða á hálendinu án þess að hafa árangur sem erfiði? Og hvernig stendur á því að það er liðið að á sama tíma og Landgræðslan er að reyna fyrir almannafé að bæta þessi spjöll á ákveðnum landsvæðum, að ekki er hægt að ná samkomulagi við landnýtendur um að láta menn í friði á meðan reynt er að rækta upp það land sem gengnar kynslóðir hafa spillt? Það er haldið stíft til beitar þannig að fyrirhöfn Landgræðslunnar og hundruð milljóna úr vösum landsmanna fjúka út í veður og vind.

Þau orð sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sagði um þetta vandamál eru tímabær, eru réttmæt, eru fyllilega rökstudd en það sýnir á hvaða stigi umræðan er að síðan kemur þingmaður úr Reykjanesi af öllum stöðum og fer að gera lítið úr þessu, þetta sé ekki mikið vandamál, láta bara þá um þetta sem hafa stjórnað þessu svona glæsilega fram til þessa dags, láta þá bara um það að hafa ábyrgðina áfram. Þeim sé best treystandi til.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, beina athygli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar á 3. brtt. á þskj. 1291 sem flutt er af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Þar er einmitt vikið að því máli sem hv. þm. gerði að umræðuefni, og lögð til ákveðin leið til að taka á því vandamáli sem hann ræddi um. Breytingartillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:

Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. Áður en leyfið er útgefið skal fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar."

Þarna er lögð til ákveðin aðferð til að reyna að ná einhverri stjórn á því að landið okkar sé nýtt skynsamlega og aðferðin er sú sáttaleið sem hv. þm. ræddi um, þ.e. að umhvrh. skuli veita leyfi til nýtingar á þessum náttúruauðlindum eins og öðrum. Áður en hann veitir leyfi skuli hann láta fara fram mat á umhverfisáhrifum beitarinnar, þ.e. á því hvort landið þolir þann ágang eða ekki sem til er stofnað. Ef niðurstaðan verður sú að landið sé ekki talið þola þann ágang sem að er stefnt, þá verða viðkomandi landnytjendur að sjálfsögðu að semja við hæstv. umhvrh. um hvernig þá skuli haga málum. Þetta er nákvæmlega sú leið, virðulegi forseti, sem hv. þm.

lagði áherslu á að menn yrðu að finna í þessum efnum. Brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur er nákvæmlega um þetta. Ég er alveg sannfærður um að í hjarta sínu getur hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson stutt einhverja slíka útfærslu á málunum því þarna er ekki verið að vanvirða gömul og forn réttindi með einum eða öðrum hætti, ekki verið að taka neitt af mönnum heldur einfaldlega verið að gera ráð fyrir því að ef fyrirhugaðar landnytjar eru ekki hugsaðar á sjálfbæran hátt, þ.e. ef með fyrirhuguðum landnytjum er haldið áfram að ganga á þetta land, haldið áfram að stuðla að því að jarðvegurinn á Íslandi fjúki á haf út, haldið áfram að stuðla að því að hér verði mest eyðimerkurmyndun á byggðu bóli, þá verði einfaldlega sest niður og samið (**KPál:** Hvað er þingmaðurinn að tala um?) um þær landnytjar sem eru í samhengi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hv. þm. lýsti henni um sjálfbæra nýtingu lands. Þarna er á nákvæmlega sama hátt og hv. þm. lagði áherslu á að halda þyrfti á málum lagt til hvernig það geti gerst.

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er vissulega fagnaðarefni því að um þessi mál hafa staðið deilur mestalla þessa öld. Þær deilur sem risið hafa á Alþingi eru vissulega löng og merk saga sem e.t.v. væri ástæða til að rifja upp einhvern tíma síðar. Það er mjög ánægjulegt t.d. fyrir þann sem hér stendur að vita til þess að hæstv. félmrh. Páll Pétursson skuli nú hafa komist á þá skoðun að fylgja þeirri stefnu að lýsa því yfir að land sem einstaklingur getur ekki gert afdráttarlaust eignarréttartilkall til skuli teljast eign ríkisins vegna þess að allt frá því að ég kom hingað til Alþingis í fyrsta sinn árið 1974 höfum við tveir deilt um afstöðu til þessa máls. Ég man sérstaklega eftir því að Morgunblaðið gerði einu sinni heilmikla úttekt á sjónarmiðum þeirra sem vildu aðhyllast þá stefnu sem við alþýðuflokksmenn á Alþingi höfum flutt í tæplega 30 ár, að þjóðin ætti að eignast það land sem enginn einstaklingur gæti sannað eignarhald sitt á, og hinna sem töldu að allt Ísland tilheyrði landeigendastéttinni upp á miðja jökla.

Öll þessi ár frá því 1974 og þar til nú hefur hæstv. félmrh. farið í fylkingarbrjósti þeirra aðila í þinginu sem hafa lýst því yfir að þeir telji landeigendur eigi hvað sem öllu öðru líður land upp á miðja jökla.

Í mjög rækilegri úttekt Morgunblaðsins á þessum málum sem gerð var fyrir um það bil 12 árum eru dregnir fram tveir helstu málsvarar hvorrar stefnunnar um sig. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson var persónugerður sem málsvari þeirra sem fylgdu ýtrustu kröfum landeigenda. Sá sem hér stendur var gerður persónugervingur þeirra sem standa fyrir þá stefnu að þjóðin eigi að eiga það land sem enginn annar getur sannað eignarrétt sinn á. Meðal formælenda þeirrar stefnu er t.d. sá hæstv. forseti sem nú situr í forsetastóli, sem flutti slíka tillögu fyrst á Alþingi fyrir 30 árum síðan.

*Mikið vatn hefur runnið til sjávar og hvað hefur gerst?* Það sem gerst hefur er að hæstv. félmrh. og allir framsóknarmennirnir í Framsfl. og Sjálfstfl. sem fylgdu honum að máli eru nú gengnir til liðs við sjónarmið okkar, flytja nú frv. til laga um þjóðlendur þar sem meginatriðið er að það land sem enginn einstaklingur geti sannað eignarrétt sinn á eigi að tilheyra ríkinu. Þetta er því vissulega mjög ánægjuleg niðurstaða. Hún er mjög ánægjuleg fyrir okkur alþýðuflokksmenn, hún er mjög ánægjuleg fyrir þann sem hér stendur og hún hlýtur að vera mjög ánægjuleg fyrir þann sem situr í stóli forseta undir þessari umræðu vegna þess að ég er sannfærður um að hann og hæstv. félmrh., sem eru þingmenn úr sama kjördæmi, hafi í gegnum árin oft átt orðaskipti um þessi mál í Norðurl. v. á framboðsfundum og víðar þar sem hæstv. félmrh. hefur nú varað við ekki síst bændur í þeim sveitum að kjósa þann skelfilega mann, hv. þm. Ragnar Arnalds, sem ætlaði að taka af þeim landið. Ef hv. þm. Ragnar Arnalds fer aftur í framboð sem ekki liggur fyrir hvort verður eða verður ekki, þá bíða hans þeir ánægjulegu dagar að geta lýst því yfir heima í héraði að hæstv. félmrh. hafi gerst afturreka með sínar skoðanir, hafi aðhyllst málflutning hv. þm. Ragnars Arnalds og okkar hinna og lagt til á Alþingi Íslendinga, studdur af öllum framsóknarmönnum í Framsfl. og Sjálfstfl., að stefna A-flokkanna í þessum málum um áratuga skeið yrði nú samþykkt.

Þetta er mikið ánægjuefni. Þetta hefur tekið mörg ár en er mjög ánægjulegt og ég sé gleðisvipinn á t.d. hv. þm. Guðna Ágústssyni yfir því að fá að eiga aðild að þessari afgreiðslu því að ég er sannfærður um að sá hjartagóði framsóknarmaður er ánægður með að eiga aðild að því að geta nú afhent íslenskum almenningi eignarráðin yfir um það bil 40% af flatarmáli landsins, enda ljómar andlit hans af ánægju eins og þeir þingmenn sjá sem nenna að gá að því. Hann er brosandi og sæll, ánægður með lífið, ánægður yfir því að geta nú varið atkvæði sínu til að staðfesta þá stefnu sem Alþfl., Alþb. og fleira gott fólk hefur barist fyrir á Alþingi í áratugi og hefur fram að þessu ekki haft erindi sem erfiði, en nýtur þess nú að hafa sannfært gamlan baráttumann andstæðra fylkinga eins og hv. þm. Pál Pétursson og fengið náð með stefnu sína fyrir augum jafnhjartahlýs manns og hv. þm. Guðni Ágústsson er.

Herra forseti. Það væri vissulega mjög ánægjulegt að fara yfir sögu þeirra deilna sem hafa átt sér stað á Alþingi um þessi mál. Eins og ég sagði áðan mun það fyrst hafa verið hv. þm. Ragnar Arnalds sem flutti um þetta tillögu að þjóðin ætti landið og er ein af tillögum sem hann flutti um breytingu á lögum um stjórnarskrá lýðveldisins. Fyrsta sjálfstæða þingmál af þessu tagi varð hins vegar til árið 1970 þegar Bragi Sigurjónsson kom með till. til þál. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum og síðan hafa alþýðuflokksmenn flutt slíkt mál í einu eða öðru formi alla þessa áratugi síðan hvað eftir annað án tilgangs fyrr en loks núna.

Það er margt mjög merkilegt sem kemur fram í þeim tillöguflutningi og sýnir t.d. hversu þekking þess alþýðuflokksmanns sem beitti sér helst fyrir málatilbúnaðinum í byrjun, Braga heitins Sigurjónssonar, var mikil á þessum málum. Hann er t.d. fyrsti þingmaður sem flytur á Alþingi Íslendinga tillögu um að allar auðlindir efnahagslögsögu Íslands verði lýstar sameign þjóðarinnar. Það var einn þáttur í þessum tillöguflutningi um þjóðareign á landi sem frá honum kom og ég veit ekki betur en það sé í fyrsta skipti sem slík tillaga er fram sett í frv. til laga á Íslandi. Og var það löngu áður en umræða hófst í alvöru um þá stefnu sem nú hefur verið mörkuð í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að Íslendingar eigi miðin sjálfir.

Þessi ágæti þingmaður, Bragi heitinn Sigurjónsson, varð til þess að vekja athygli Íslendinga á niðurstöðu Habitatráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins seint á áttunda áratugnum eða snemma í byrjun þess níunda. Ég man nú ekki hvort heldur var en þar var gerð samþykkt, sem að sjálfsögðu hefur ekki lagalegt gildi, þar sem lýst er yfir nauðsyn þess að endurskoða reglur um eignarhald á landi og landgæðum á þann hátt að almannahagsmunir séu betur tryggðir en áður var. Í fullu samræmi við þá stefnu sem

þar var mörkuð, á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, var málatilbúnaður hv. þm. Braga Sigurjónssonar og annarra þingmanna Alþfl. hér á Alþingi. Þeir lögðu til að tekin yrðu af öll tvímæli, ekki bara um eignarhald á hálendinu heldur einnig um eignarhald á auðlindum, þannig að í lög yrði leitt á Íslandi að þar réðu almannahagsmunir ríkjum umfram sérhagsmuni.

Saga þessara mála á Alþingi er um margt merkileg en ég ætla ekki að taka tíma í að rekja hana þó að full ástæða væri til. Mér er umhugað að það mál sem hér er flutt hljóti jákvæða afgreiðslu.

Það eru aðeins örfá atriði sem ég vildi gera athugasemdir við í frv. Í fyrsta lagi hef ég lýst 3. brtt. á þskj. 1291, um hvernig skuli stuðlað að því að beitarréttindi á miðhálendinu verði ekki notuð til þess að stuðla að frekari gróðureyðingu en orðin er og ég styð að sjálfsögðu þá tillögu.

Annað stóra atriðið í frv. þessu, sem ég er ekki sáttur við þó að ég sé sáttur við allt meginefni þess eins og frá því er gengið, er að í frv. eru engar skýrar reglur um hvernig standa skuli að því að veita heimildir til einstakra aðila til að nýta náttúruauðlindir á þjóðlendum. Þar vantar einnig skýrar málsmeðferðarreglur um það hvernig sá sem leyfið veitir, sem er forsrh., eigi að standa að ákvörðun um gjaldtöku. Frv. er svo opið í þessu sambandi að það má nánast orða það svo að verið sé að heimila forsrh. að leigja hverjum sem er hvaða afnotarétt sem er á auðlindum hálendisins fyrir hvaða verð sem forsrh. þóknast að semja um. Slíkar málsmeðferðarreglur eru ekki í samræmi við nútímalöggjöf. Í þeim eru t.d. ekki uppfyllt þau skilyrði um jafnrétti og jafnt aðgengi að slíkum réttindum sem nútímalöggjöf hlýtur að gera ráð fyrir. Menn verða að gera einhverjar kröfur til þeirra sem sækjast eftir að fá afnotarétt af landi og landgæðum í sameign þjóðarinnar. Menn verða að tryggja að þeir aðilar sem áhuga hafa á slíku hafi jafnan rétt til að sækjast eftir því og að jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða beggja aðila.

Menn geta ekki heldur fengið einum ráðherra í hendur vald til þess að velja hvern sem honum hugnast úr hópi þeirra sem sækjast eftir landnýtingu og semja við hann um hvaða gjald sem viðkomandi ráðherra þóknast að setja upp. Svo víðtækur réttur stenst einfaldlega ekki. Ráðherra verður að fara eftir einhverjum almennum reglum, bæði um það hvern hann velur úr hópi þeirra, kannski mörgu, sem áhuga hafa á sambærilegri landnýtingu á sama stað og einhverjar skýrar reglur verður að hafa til að ákveða leiguverð fyrir slík afnot. Þetta vantar í frumvarpstextann. Við þessu er hins vegar brugðist í brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur í a- og b-lið 1. brtt. á þskj. 1291. Þar er fyrst rætt um þá skilmála sem uppfylla verður af hálfu þeirra sem sækjast eftir að nýta sér réttindi lands eða landgæða á hálendi Íslands. Í tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Fullt tillit verði tekið til umhverfisverndar og alþjóðlegra skuldbindinga í því efni og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Í leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds."

Þarna er í tillögutextanum fjallað um þá skilmála sem þeir verða að uppfylla sem biðja um eða óska eftir því að fá leyfi forsrh. til þess að nýta land eða landgæði á þjóðlendum gegn greiðslu. Það er auðvitað fyllilega eðlilegt að slíkir skilmálar séu settir þannig að menn geti ekki vaðið þangað upp á skítugum skónum án þess að þeir geti sýnt fram á að þeir uppfylli þær reglur um umhverfisvernd sem Íslendingar hafa ákveðið að setja sér og eru í samræmi t.d. við alþjóðlegar skuldbindingar. Það er því fráleitt annað en gera ráð fyrir því að væntanlegir leyfishafar uppfylli einhverjar slíkar reglur og um það eru tillögur gerðar í brtt. á þskj. 1291. Ég lýsi yfir stuðningi við þá brtt.

Með sama hætti er í b-liðnum gerð tillaga um það hvernig ráðherra eigi að ákveða afgjald fyrir slíka leigu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. málsl. 4. mgr. komi fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Gjaldið sem ráðherra ákvarðar skal taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á. Nánari ákvæði um gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ráðherra skal þá láta bjóða út nýtingu lands og landsgæða í þjóðlendum þegar ætla má að um verðmæta nýtingarkosti sé að ræða. Útboð skulu þá fara fram samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993."

Þarna eru ráðherra settar strangar verklagsreglur um það hvernig hann skuli ákverða gjaldið í samræmi við lög um aukatekjur ríkissjóðs. Þá er átt við einhver minni háttar nýtingarréttindi, svo sem jarðefnavinnslu, nýtingarréttindi eins og t.d. er nú nýtt í Mývatnssveit þar sem Kísiliðjan greiðir tiltekin gjöld fyrir námuréttindi á kísilgúr í botni Mývatns. Þannig er gert er ráð fyrir því í þessum tillögum að sett verði ákvæði í lög um aukatekjur ríkissjóðs og hvernig beri að standa að gjaldtöku fyrir nýtingu slíkra auðlinda, þar sem verðmæti þess sem nýta á eru ekki umtalsvert mikil.

Í hinum tilvikunum hins vegar, þegar um mjög verðmæt nýtingarréttindi er að ræða, tökum sem dæmi virkjanaréttindi, þar sem réttindin snúast ekki um tugi eða hundruð þúsunda eða nokkrar milljónir króna, heldur um að fá leyfi til nýtingar á réttindum sem metin eru á milljarða í verðmætum. Þá er eðlilegt að gjaldtökunni sé hagað í samræmi við útboð og sá fái nýtingarréttinn sem er reiðubúinn til þess að borga best fyrir hann. Tillaga um það er gerð í brtt. þessara þriggja þingmanna sem ég ræddi um áðan.

Það er alveg fráleitt, virðulegi forseti, að menn gangi þannig frá lögum sem eiga að taka til nýtingar á bæði stórum og smáum náttúruauðlindum á hálendinu. Ég tala um að það sé smátt þegar tiltölulega lítil umsvif fylgja því, t.d. að reisa ferðamannaaðstöðu, gistiskála eða eitthvað slíkt. Hins vegar er ég að tala um fleira sem meiri umsvif fylgja, t.d. nýting á verðmætum jarðefnum eða orku. Þá dugir ekki að gengið sé út frá því að þeim sem ætli að nýta þetta séu engir skilmálar settir og þeir þurfi ekki að uppfylla neinar sérstakar kröfur. Þeir virðast ekki þurfa að sýna fram á getu sína til þess að standa eðlilega að verki en ráðherra getur bara fortakslaust heimilað hverjum sem honum dettur í hug slíkan nýtingarrétt.

Á sama hátt er óeðlilegt að gengið sé út frá því í lögum að sá ráðherra sem nýtinguna heimilar fái sjálfdæmi um það án þess að hafa nokkrar málsmeðferðarreglur að styðjast við til að sjá hvaða greiðslur hann eigi að taka fyrir nýtingarréttinn. Nú dytti mér ekki í hug að halda að þetta verði praktíserað með þeim hætti að t.d. forsrh. eða iðnrh. semji í eldhúsinu heima hjá sér við Norsk Hydro um virkjanir norðan Vatnajökuls og ákvarði þar, við eldhúsborðið heima hjá sér, hvað þeir eigi að borga fyrir. Ef þetta frv. væri skilið bókstaflega, eins og lagatextinn er, þá væri Alþingi að heimila slíkt. Það

gengur ekki upp. Það er ekki ætlun nokkurs alþingismanns að gera það. Það verður ekki niðurstaða nokkurs ráðherra, hvorki forsrh. sem nú situr né annarra ráðherra, að beita því valdi með þeim hætti. En hvers vegna í ósköpunum eru menn þá að ganga þannig frá frumvarpstextanum að látið sé í það skína að slíkar leiðir verði opnar? Þetta er ekki góð latína, þetta er ekki góður texti, þetta er ekki góð löggjöf, virðulegi forseti.

Að lokum má velta því fyrir sér, af hverju Alþingi Íslendinga þarf að setja lög um að þjóðin eða ríkið eigi land og landgæði sem enginn Íslendingur getur sannað eignarhald sitt á. Það er með ólíkindum að þurfa að setja slík lög. Allt frá því um miðja 16. öld hefur svo verið í rétti þeirra ríkjasambanda sem við höfum tilheyrt, að það land og þau landgæði sem enginn á eru sameign viðkomandi þjóðar í eign ríkisins. Þetta var innleitt í norskum rétti 1550 eða þar um bil. Þá vorum við í ríkjasambandi við Noreg. Þá var þetta réttur sem gilti á Íslandi líka, hann hefur gilt í Noregi síðan og gildir enn. Síðan fluttist Ísland úr ríkjasambandi frá Noregi til Danmerkur. Þar er þessi regla líka við lýði, jafngömul í lögum, þannig að ef risið hefðu mál um eignarhald á landi á Íslandi fyrir árið 1918, þá hefði niðurstaðan orðið sú að allt það land og öll þau landsréttindi sem einstaklingar gátu ekki sannað eignarhald sitt á yrði sjálfkrafa eign íslenska ríkisins.

Hvað breyttist árið 1918 í þessu efni? Nákvæmlega ekki neitt. Það var ekkert sem breyttist þá. Engin ákvæði voru sett, hvorki í stjórnarskrá né í lög eftir að Ísland öðlaðist sjálfstæði, sem breytti því sem verið hafði í gildi hér á landi allt frá miðri 16. öld. Það var hvorki eitt né neitt sem breytti því. Þeir alþingismenn og aðrir, sem fjölluðu um eignarhald á landi og landsgæðum, t.d. í umræðunum um námuréttindi og námulög, og í umræðunni um fossamálin á fyrstu áratugum þessarar aldar, voru staðfastlega þeirrar skoðunar að þessi regla gilti hér, að það sem einstaklingurinn gæti ekki sannað eignarhald sitt á félli sjálfkrafa til ríkisins. Svo er allt fram til ársins 1983, ef ég man rétt. Þá kemst Hæstiréttur Íslands allt í einu að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki og setja þurfi sérstök lög á Íslandi til þess að taka af tvímæli um þetta.

Nefnd var skipuð í framhaldi af því til þess að undirbúa slíka lagasetningu og hún starfaði í 14 ár að því verkefni. Það var ekki vegna þess að hún kæmi sér ekki saman um hvernig ætti að gera þetta. Það gerði hún á tiltölulega skömmum tíma. Ástæða þess að það tók svo langan tíma var að í stjórnkerfinu og hér á Alþingi voru hagsmunir einkalandeigendanna svo ríkjandi að stjórnmálaflokkar sem aðhylltust þeirra sjónarmið neituðu fram í rauðan dauðann að framkvæma þau verk sem Hæstiréttur hafði kallað á, þ.e. að flytja frumvörp hér á Alþingi til að taka af þessi tvímæli.

Nú, herra forseti, hefur þetta breyst og þessir flokkar standa nú að frumvarpsflutningi um að lögfesta þá stefnu sem Alþfl. og Alþb. hafa haft um áratuga skeið. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það er gott því að batnandi mönnum er best að lifa. En mikið óskaplega er nú gaman að hafa verið þátttakandi í því að deila við þessa sömu menn, t.d. hv. þm. Pál Pétursson, alla sína þingsetu um þetta mál næstum því á hverju einasta ári og upplifa öll þau stóryrði af þeirra hálfu sem fokið hafa hér í þingsal út af þessum málum og sjá svo hinn gersamlega viðsnúning þegar þeir ganga nú, framsóknarmenn samanlagðir úr Sjálfstfl. og Framsfl., til liðs við okkur hv. þm. Ragnar Arnalds og segja: „Þið hafið haft rétt fyrir ykkur allan tímann. Nú viðurkennum við það. Nú lögfestum við ykkar stefnu í málinu."

Ég segi einfaldlega í lokin, virðulegi forseti: Takk fyrir.

[14:32]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Oft verður maður nú hissa en ég hygg að margur verði hissa eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hv. þm. sem um margt var ágæt þegar hann hugsar um moldviðrið og ræðurnar sem stóðu í 5–6 tíma. Flokkssystir hv. þm. talaði í meira en sólarhring eða notaði ræðustólinn meira og minna í heilan sólarhring.

Við erum búin að hlusta á orðræðurnar frá jafnaðarmönnum um að verið sé að stela miðhálendinu. Í heilum leiðurum og blöðum hefur verið hrópað að ríkisstjórnarflokkarnir séu nú að fremja glæp þessarar aldar og stela miðhálendinu, að það sé þjófnaður aldarinnar o.s.frv. Svo allt í einu birtir upp, moldrokið er fjarri, blekkingarumræðan er fjarri og hér stendur foringinn, hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, og er glaður í bragði og segir þjóð sinni að verið sé að afhenda Íslendingum, íslenskum almenningi, eignarréttinn á hálendinu. Hver botnar í svona umræðum? En loksins, loksins er blekkingarleiknum lokið. Tjaldið er fallið og við blasir að ríkisstjórnarflokkarnir hafa fallist á þessi rök, að deilumálinu um miðhálendið ljúki og það verði eign allra Íslendinga. Um þetta er samstaða í þinginu og ég vona með þjóðinni. Ég óska hv. þingmanni til hamingju með að hafa sagt satt í dag.

[14:34]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hamingjuóskirnar. Það sem hér er að gerast er nákvæmlega það sama og gerðist þegar afgreidd var 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þar var ákveðið að nytjastofnar við Ísland skuli vera sameign þjóðarinnar. Í þessu frv. er ákveðið að þjóðlendur skuli vera í eigu ríkisins. Hvort tveggja er ánægjulegt, mjög ánægjulegt og ég styð það.

En síðan er fjallað um hverjir megi nýta þessa sameign þjóðarinnar. Hverjir fengu ráðstöfunarréttinn á fiskimiðunum? Það voru örfáir einstaklingar og félög. 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða er góð og þörf, jákvæð, enda átti sá sem hér stendur manna mestan þátt í að hún var sett. En menn tóku bara til baka með vinstri hendinni það sem þeir gáfu með þeirri hægri.

Það sama er að gerast hér. Frv. um þjóðlendurnar er frv. um að þjóðin eigi hálendið. Frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu og frv. hæstv. félmrh. Páls Péturssonar um að afhenda 42 sveitarfélögum íhlutunarréttinn um hvernig eigi að nýta þessar sameiginlegu auðlindir okkar eru um að taka umráðaréttinn á þjóðareign, af þjóðinni aftur.

Þennan sannleik ætti hv. þm. Guðni Ágústsson að segja og segja hann afdráttarlaust. Það sem hann gefur með hægri hendinni við afgreiðslu þessa frv. ætlar hann að taka aftur með vinstri hendinni með frv. um auðlindir í jörðu og þeirri ákvörðun að afhenda fulltrúum 4% landsmanna réttinn til þess að stýra nýtingunni á sameign þjóðarinnar á hálendinu.

[14:36]

**Guðni Ágústsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gerðist það nú á nýjan leik að hv. þm. féll því miður í gamla farið. Blekkingarleikurinn hófst á nýjan leik. Ósannsöglin hófst á nýjan leik. Pólitíski leikurinn var honum ofar í huga en sannleikurinn þegar hann sá að fagnaðarræðan var að segja satt.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, að fyrir liggur að miðhálendið verður eign allra Íslendinga. Afnotarétturinn og beitarrétturinn var afgreiddur 1972 þegar ákveðið var að afréttirnir yrðu innan marka sveitarfélaganna. En nú er það að gerast í þinginu enn fremur — fram kemur frv. í haust sem er búið að sýna á þessu þingi — að það verður samþykkt að allir landsmenn munu koma að skipulagsmálunum. Miðhálendið verður skipulagt sem ein heild. Samvinnunefnd skipuð 18 mönnum heldur utan um þau mál og þar með verður það skipulagt sem ein heild.

En það er ljóst að hrepparnir hafa í þúsund ár farið með mikinn rétt á þessu landi og ég verð að viðurkenna það að við landsbyggðarmenn sættum okkur við að verið sé að taka af okkur miðhálendið. En við trúum því að þjóðin muni standa með okkur að nýta það og skipuleggja það íslenskri framtíð til heilla, íslenskri þjóð til gæfu. Ég veit að þessu moldviðri jafnaðarmanna lýkur. Ég veit að þjóðin áttar sig á því að falsspámennirnir munu falla.

[14:38]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér skaut upp gamla sjónarmiðinu. Hv. þm. sagði: „Það er verið að taka miðhálendið af landsbyggðarmönnum.“ Landsbyggðarmenn hafa aldrei átt miðhálendið umfram aðra. Þvert á móti er verið að ákveða hér að ríkið skuli eiga miðhálendið af því að það eigi það enginn annar. Ef verið væri að taka eitthvað af einhverjum, þá standa íslensk lög til þess að það yrði að gjalda fullar bætur fyrir. Nú spyr ég hv. þm. og bið hann að hugleiða það, hann getur rætt það síðar þó hann geti ekki komið aftur í andsvar núna: Er hv. þm. að gefa undir fótinn með það að hann ætli sér að koma fram í nafni þeirra sem hann telur eiga miðhálendið og gera kröfur um eignarnámsbætur, verði það frv. samþykkt sem hér liggur fyrir. (**GÁ:** Það hvarflar ekki að mér.) Hvernig stendur þá á því, virðulegi forseti, að hann heldur fram því sjónarmiði að með þessu frv. sé verið að taka land af einhverjum sem það eigi? Það samrýmist að sjálfsögðu ekki að halda því fram og segja svo í hinu orðinu: „Ég ætla ekki að fara fram á bætur fyrir þá upptöku.“ (**GÁ:** Það er verið að skera úr deilumáli.) Þau komu nefnilega nákvæmlega fram í ummælum hans áðan þessi gömlu sjónarmið framsóknarmanna úr öllum flokkum að við Íslendingar eigum ekki saman þetta land heldur sé það í eigu örfárra. Og til allrar guðs lukku hefur flokkur hans nú hrakist frammi fyrir sókn þeirra sem eru þeirrar skoðunar að við eigum þetta land öll saman. Ég er sannfærður um að ef þjóðin fengi að segja sitt í kosningum eða skoðanakönnunum um fylgi við stefnu annars vegar okkar alþýðuflokksmanna, kvennalistakvenna, jafnaðarmanna og alþýðubandalagsmanna sem vilja tryggja þjóðareign á landinu og hins vegar stefnu núverandi stjórnarflokka, þá er ég ekki í nokkrum vafa um hver niðurstaða þeirrar umsagnar yrði.

[14:40]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fór mörgum fögrum orðum um Ólaf Örn Haraldsson áðan og óskaði honum til hamingju með það að vera kominn í sinn hóp varðandi málefni miðhálendisins, þann hóp sem væntanlega hefur á undanförnum árum verið helsti andstæðingur bænda á Íslandi og lagt sig í líma við að gera bændur ómerkilega í augum landsmanna (**SighB:** Vertu ekki að snúa út úr.) og væntanlega þá um leið að bjóða honum upp í þann nýja dans sem er sá að gera landsbyggðarmenn yfir höfuð tortryggilega, sveitarstjórnir úti á landi sem fram að þessu hafa verið taldar geta borið þær byrðar sem á þær hafa verið lagðar varðandi stjórnsýslu á öllu landinu. Ég óska því hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni sérstaklega til hamingju með að vera kominn í þennan hóp.

Uppblástur hefur verið mikið vandamál eins og hv. þm. kom inn á áðan. Í Reykjaneskjördæmi hefur verið tekið á þessu máli af mikilli festu. Ég sem þingmaður Reyknesinga get verið mjög stoltur af því hvernig landeigendur á þessu svæði hafa tekið á vandamálinu. Það er búið að friða öll Suðurnesin, landnám Ingólfs er allt friðað. Reyndar eru nokkrar skjátur á þessu svæði sem menn vonandi ná samkomulagi um að verði fjarlægðar. (Gripið fram í.) Nokkrar rollur eru á þessu svæði sem verða fjarlægðar og væntanlega næst samkomulag um að geta girt þær af þannig að ekki þurfi að skapast vandamál af þeim. Þetta svæði er nú friðað af beit. Ég ætla bara að minna á það, herra forseti, að uppblásturinn varð ekki vegna beitar. Uppblásturinn varð vegna hrístekju á síðustu öld þegar sjómenn og bændur á þessu svæði þurftu eldsneyti til að halda hita í húsum sínum. Þá gengu þeir því miður of nærri gróðri og það var orsök uppblástursins á Reykjanesi á sínum tíma.

[14:43]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar um eldiviðarmál Reyknesinga en ég held hins vegar að honum hafi skotist þegar hann bauð Ólaf Örn Haraldsson velkominn í hóp þingmanna jafnaðarmanna. Svo er ekki. Ég hrósaði hv. þm. hins vegar fyrir það að taka hér til umræðu á Alþingi gróðureyðinguna á miðhálendinu sem er eitt mesta vandamál þjóðarinnar en er feimnismál í umræðu á Íslandi af einhverjum ástæðum.

Hv. þm. sagði að við í Alþfl. værum fjandmenn bænda. Við höfum oft heyrt þetta fyrr vegna þess að við höfum ekki verið fylgjandi þeirri landbúnaðarstefnu sem fylgt hefur verið og hefur reynst vera til óþarfa fyrir bæði bændur og neytendur. En, virðulegi forseti, við erum eini stjórnmálaflokkurinn sem í samsteypustjórnum hefur aldrei komið nálægt málefnum landbúnaðarins. Sjálfstfl. og Framsfl. hafa yfirleitt farið með þau mál, einstöku sinnum aðrir, en Alþfl. aldrei í samsteypustjórn. Það er mjög athyglisvert að í þessum málaflokki sem alþýðuflokksmenn hafa aldrei komið nálægt eru vandamálin óyfirstíganlegri og verri en í nokkrum öðrum málaflokki. Bændur lifa nú margir hverjir undir fátæktarmörkum. Hverjir, virðulegi forseti, hafa borið ábyrgð á því? Eru það ekki þeir sem hafa farið með stjórn málefna landbúnaðarins í gegnum áratugina þar sem staða bænda hefur stöðugt farið versnandi? Hverjir hafa mótað þá stefnu og borið ábyrgð á henni? Ekki eru það alþýðuflokksmenn. Nei, hv. þm. Kristján Pálsson ætti að líta í eigin barm og átta sig á því til hvílíkrar óþurftar hans flokkur hefur verið í Stjórnarráði Íslands fyrir málefni sveitanna og bænda.

[14:45]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. að gróðureyðing á landinu sé eitthvert feimnismál. En menn hafa, ekki veit ég betur, tekið á því með miklum sóma með ýmsum aðgerðum á undanförnum áratugum til landgræðslu og uppgræðslu um allt land. Sérstakt skógræktarátak var sett í gang á síðasta ári og ég vona að hv. þm. muni eftir því.

Landgræðslan hefur verið við störf í áratugi og notið aðstoðar bæði ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga við það mikla og góða starf. Eins og ég sagði áðan hafa Reyknesingar tekið sérstaklega á gróðureyðingu á sínu landi sem er til mikillar fyrirmyndar. Auðvitað má alltaf gera betur, ég ætla ekki að efast neitt um það, en ég minni á að náttúruhamfarir sem riðið hafa yfir þetta land, veðurfarsbreytingar og búshættir hafa í rauninni haft miklu meiri áhrif á uppblástur á miðhálendinu heldur en nokkurn tíma þessar rollur eða þetta fé sem beitt hefur verið þar upp frá.

Auðvitað getur verið um tímabundið eða staðbundið vandamál að ræða hvað beit varðar en flestir eru sammála um að það sé ekki aðalvandinn, en að snúa öllum vandamálum miðhálendisins upp á bændur og beit búfjár á því svæði er ómaklegt. Ég vil sérstaklega benda á það.

Aftur á móti tek ég undir allar þær hvatningarræður til að reyna að ná upp gróðri á þessum svæðum. Þar sem það er mögulegt og þar sem við getum hugsanlega orðið að liði, þá erum við tilbúnir til þess.

[14:47]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var mjög ánægður með að heyra að hv. þm. reyndi ekki einu sinni að mótmæla því, enda er það ekki hægt, að flokkur hans ber einna mesta ábyrgð á því ófremdarástandi sem ríkir nú í afkomu bænda og í sveitum landsins, enda hefur hann ásamt Framsfl. lengst af farið með stjórn þeirra mála. Hv. þm. reyndi ekki einu orði að mótmæla því, enda gat hann það ekki því að það er rétt.

Ég hef hins vegar ekki kvartað yfir því að ekki hafi verið nóg að gert í landgræðslumálum. Það hefur margt verið vel gert í þeim efnum, það er rétt. En miklu af þeim framkvæmdum hefur verið stórspillt vegna þess að landnytjendur, þeir sem nytja það land m.a. sem reynt var að rækta upp með þjóðargjöfinni er við gáfum okkur sjálf 1974, margir af þeim landnytjendum hafa neitað að ganga síðan um þennan gróður eins og ætlast var til að gert yrði til að vernda hann. Þarf ekki að rifja upp deilur Landgræðslunnar og landnytjenda í mörgum héruðum landsins þó að sú sambúð hafi farið batnandi hin síðari ár.

Ef hv. þm. er í einhverjum vafa um það að ofbeit hafi stórlega spillt gróðri á Íslandi, þá skal hann bara kynna sér gróðurkort sem hafa verið gerð á undanförnum árum og álit manna eins og Ingva Þorsteinssonar.

Vissulega hafa eldsumbrot valdið miklum skaða en ég ætla ekki að fara að reyna að jafna því saman hvor skaðinn sé meiri en skaðinn er mjög mikill í báðum tilvikum, bæði af eldsumbrotum, sem við ekki ráðum við, og síðan af ofbeit, sem við ráðum við því að hún er af manna völdum og hana ber að stöðva. Það er hreint og beint ekki siðlegt af landnytjendum að gera ráð fyrir því að skattborgarar, þ.e. íbúar landsins alls, séu að verja háum fjárhæðum til að reyna að græða þetta örfoka land, ef þeir ætla síðan sjálfir ekki að taka í þá útréttu hönd og virða eðlilega umgengni um þetta svæði sem verið er að reyna að græða upp fyrir peninga almennings.

[14:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir**:

Virðulegi forseti. Hér féllu orð: Hrepparnir hafa nýtt miðhálendið í þúsund ár og við ætlum að sætta okkur við það, landsbyggðarmenn, að miðhálendið verði tekið af okkur.

Virðulegi forseti. Þessi hugsun er kannski kjarni þeirrar umræðu sem farið hefur fram í heila viku á Alþingi Íslendinga þar sem við höfum lagt áherslu á að umráðaréttur hálendisins eigi ekki að vera í höndum 4% þjóðarinnar og fengið hörð viðbrögð við. Hér hefur þetta verið sagt: Við í hreppunum höfum nýtt þetta í þúsund ár. Við ætlum að sætta okkur við það, landsbyggðarmenn, að miðhálendið verði tekið af okkur. En hvernig? Einmitt eins og um hefur verið rætt, að það verði þeir hinir sömu hreppar sem hafi stjórnsýsluna á höndum.

Virðulegi forseti. Þetta er það eina sem verður tilvísun til ræðu minnar um sveitarstjórnarfrv. og stjórnsýslu miðhálendisins. Ég ætla ekki að taka hana upp í þessari umræðu en fyrst og fremst fara nokkrum orðum um frv. til laga um þjóðlendur og fylgja úr hlaði brtt. sem ég er 1. flm. að. Áður en ég geng til þess verks ætla ég líka að leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni um að landnám Ingólfs væri friðað fyrir beit. Svo er því miður ekki enn þá, ekki einu sinni Reykjanesið, hvað þá heldur Kjósin og Þingvallasveitin, en við erum öll að vinna að því máli, höfum gert það í mörg ár og hillir undir betri tíð í þeim efnum.

Herra forseti. Ég er fremur hissa á því að forsrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Ég hefði talið að fyrir forsrh. hefði það verið stórmál að vera hér þegar við tökum 2. umr. um það frv. sem undir venjulegum kringumstæðum hefði sýnt sig að vera hið stóra mál forsrh., ekki bara stóra mál kjörtímabilsins fyrir hann heldur hið stóra mál sem leitt er til lykta og beðið hefur verið eftir í áratugi.

Ef til vill er það svo að þar sem þetta mál blandast svo sterkt heitum tilfinningum allra þeirra sem hafa gagnrýnt að stjórnsýsla og skipulag er fært á fárra hendur, þá finni hæstv. forsrh. að stóra málið hafi ekki þann glæsta svip sem það annars hefði haft og e.t.v. er það þess vegna sem hann lætur það eiga sig að vera hér í dag, fylgja þessari umræðu, taka þátt í henni og bregðast við því sem við þingmenn höfum að segja. Þetta er merkilegt mál sem hér er rætt og tengist að sjálfsögðu sveitarstjórnarfrv. og hálendisstjórnun þess sem við erum búin að ræða í heila viku. Nægir að benda á það sem fram kemur á bls. 8 í greinargerð þar sem getið er um að í frv. þessu sé sveitarfélögum fengin ákveðin verkefni um stjórnsýslu innan þjóðlendna, óháð því hvort sá hluti þjóðlendu telst afréttur. Ég sagði við 1. umr. málsins að ég hefði kosið að þessu tvennu hefði ekki verið blandað saman og að við hefðum getað haldið okkur við að ræða frv. um þjóðlendur, setja lög þar um í samstöðu og sátt og reynt að byggja áfram og ná samstöðu um framhaldið. Þetta sagði ég við forsrh. við 1. umr. þessa máls.

Jákvæða hlið þess frv. sem við ræðum nú er að þverpólitísk samstaða er um það í meginatriðum þó álitamál sé um útfærsluna svo sem um skipulag og stjórnsýslu. Hins vegar er minni hlutinn með brtt. sem ég vænti að hv. alþm. skoði með opnum huga þar sem ég tel að þær séu til mikilla bóta.

Afar mikilvægt er þegar fjallað er um svona mál að lögð sé höfuðáhersla á að hagsmunir heildarinnar séu tryggðir og sýnist mér að leitast hafi verið við það í þessu frv. Kjarni frv. er að íslenska ríkið er lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, þ.e. sá hluti landsins sem er utan einkaeignar. Þau landsvæði sem munu falla í flokk þjóðlendna hafa að stærstum hluta verið nýtt sem afréttir. Gert er ráð fyrir að skipuð verði óbyggðanefnd sem hefur það hlutverk að skera úr um mörk þjóðlendna og

eignarlanda og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendnanna. Hún fær til þess ákveðinn tíma eða til ársins 2005. Óbyggðanefndin, sem er tímabundið stjórnvald samkvæmt lögunum, verður skipuð þremur mönnum sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara. Hálendið verður tekið til meðferðar í áföngum og verður hvert svæði auglýst í Lögbirtingarblaðinu þar sem skorað er á menn að lýsa eign sinni á landi. Þeir sem telja til eignarréttinda í þjóðlöndum þurfa að leggja fram heimildir og gögn sem eignartilkall þeirra byggist á. Heimilt er að láta fara fram málflutning fyrir nefndinni þannig að nefndin vinnur eins og dómstóll eða gerðardómur.

Í frv. er lagt til að það þurfi leyfi forsrh. til nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, svo og til nýtingar hvers kyns jarðefna í þjóðlendum, og brtt. okkar lúta m.a. að því. Hann gefur leyfi til afnota af landi til hagnýtingar á þessum réttindum. Sveitarstjórnir veita leyfi til nýtingar lands og landsréttinda til eins árs eða skemmri tíma, annars þarf leyfi forsrh. Sú brtt. sem ég mun mæla fyrir varðar þetta.

Frv. gerir ráð fyrir gjaldtöku fyrir afnotin og þá er og gert ráð fyrir að þjóðlendur verði undir eftirliti byggingar- og skipulagsyfirvalda sem taka til landsins alls en ekki einstakra sveitarfélaga.

Herra forseti. Þetta eru í stuttu máli meginatriði þessa frv. sem hefur loks séð dagsins ljós og komið til kasta Alþingis sem leysa mun áratuga ágreining um hver eignarréttur almennings er og hvað sé land í einkaeign á hálendi Íslands. Frsm. jafnaðarmanna í þessu máli og talsmaður er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hún hefur fylgt þessu máli úr hlaði afar ítarlega og gert grein fyrir því hverjar séu meginathugasemdir jafnaðarmanna við þetta frv. Það er m.a. það einræðisvald á framkvæmd laganna sem fært er í hendur forsrh. Okkur finnst það allt of mikið og óeðlilega mikið. Þar hefur komið fram ákvörðun gjaldtöku og hversu há gjaldtaka má vera til nýtingar réttinda, hvernig tekjum af leyfum til nýtingar skuli varið og útdeilt, að hvorki gjaldtakan né ráðstöfun á tekjum skuli hljóta staðfestingu Alþingis — sem okkur finnst óeðlilegt — og að forsrh. einn fari með vald um hvernig óbyggðanefnd verði skipuð en hann skipar alla þrjá nefndarmennina. Brtt. sem hún mælti fyrir eru einmitt um að tekið verði fullt tillit til umhverfisverndar og alþjóðlegra skuldbindinga og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum, að gjald miðist við verðmæti og verði sett í lög um aukatekjur ríkissjóðs og einnig það að nýting lands og landgæða í þjóðlendum verði boðin út þegar ætla megi að um verðmæta nýtingarkosti sé að ræða. Einnig hvernig tekjunum skuli varið og ráðstöfun tekna og svo síðasta tillagan sem ég beini sérstakri spurningu til hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, talsmanns meiri hlutans í allshn. en sú tillaga okkar hljóðar svo:

„Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. Áður en leyfið er útgefið skal fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar."

Það er afskaplega mikilvægt atriði að hefðbundin not í afrétti skuli ekki bara flæða áfram heldur að sótt skuli um leyfi fyrir áframhaldandi nýtingu. Það er frekar erfitt að hugsa sér að stjórnarmeirihlutinn sé afar andvígur þessari tillögu. Hún er mjög hófsöm og eðlileg. Þess vegna spyr ég talsmanns meiri hlutans um mat hennar á því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, talsmaður jafnaðarmanna, nefndi í framsögu sinni, hvort ekki væri æskilegt að þessari tillögu yrði frestað til 3. umr. og þess freistað að stjórnarmeirihlutinn tæki undir þetta mál með okkur.

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem ég mæli fyrir við frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er flutt af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Brtt. er í tveimur liðum við 3. gr. Það er í fyrsta lagi að 3. mgr. greinarinnar falli brott en hún hljóðar svo:

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum."

Í öðru lagi er að 2., 4. og 5. málsliðir 4. mgr. falli brott. Sú mgr. fjallar um heimild til endurgjalds fyrir nýtingu réttinda og upphaf hennar hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr."

Síðan kemur framhald þessarar greinar þar sem við leggjum til að 2., 4. og 5. málsl. falli brott. Þeir málsliðir sem við teljum að eigi að falla brott hljóða svo, virðulegi forseti:

„Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr."

Jafnframt leggjum við til að eftirfarandi málsl. falli brott:

„Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins."

Eftir stendur í greininni:

„Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra."

Síðan mundi sú grein sem eftir stæði falla undir þá brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir eru með þar sem þær vilja draga úr hinu víðtæka valdi forsrh. bæði til að deila út og ákveða gjald.

Virðulegi forseti. Þessi brtt. sem ég mæli fyrir er vissulega tengd sveitarstjórnarfrv. sem við erum búin að ræða um undangenga viku. Þótt það frv. hafi farið í gegnum 2. umr. og atkvæðagreiðslu varðandi það þá er það ekki afgreitt frá hv. Alþingi. Því hefur verið vísað aftur til félmn. vegna þess að þrátt fyrir allt voru þó nokkuð mörg atriði sem kom í ljós að þyrfti að skoða nánar og m.a. sagði félmrh. að þar væru atriði sem þyrfti að skoða og enn ber ég þá von í brjósti að hæstv. forsrh. muni vitkast og bregðast við áskorunum þéttbýlisins um að breyta um varðandi stjórnsýslu á miðháendinu og leggja til að þessi ákvæði verði geymd yfir sumarið. Hins vegar stendur þessi brtt. fyllilega fyrir sínu óháð sveitarstjórnarfrv. vegna þess að hér er um mikið álitamál að ræða þó að sveitarstjórnarfrv. verði lögfest óbreytt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessi tillaga verði samþykkt. Hún er afar skynsamleg og mér hefur fundist að í þessu máli hafi menn einmitt reynt að fara yfir þetta saman og skoða hvernig afgreiða megi þetta frv. þannig að sem mest sátt verði um.

Virðulegi forseti. Í lok máls míns óska ég að segja þetta: Það er mjög mikilvægt að við skulum ganga frá frv. til laga

og gera að lögum frv. um þjóðlendur þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti og við skulum ákveða með hvaða hætti skuli fara með ágreiningsmál og á hvaða tíma skuli ljúka ágreiningsmálum. Þetta er farsælt og meginefni þessa frv. er mjög farsælt mál þó að um einstök útfærsluatriði sé ágreiningur og að erfiðasti hluti þess sé hvernig frv. tengist sveitarstjórnarfrv. og stjórnsýslu.

Ég vil hins vegar leggja höfuðáherslu á að jafnaðarmenn hafa flokka mest haft á stefnuskrá og fylgt úr hlaði og fylgt eftir í ríkisstjórn að sveitarfélög fái aukið sjálfstæði, fái aukin verkefni, séu sjálfstæð stjórnsýslueining sem ráði málum sínum heima fyrir. Það er grundvallarmunur á því eða að sveitarstjórn fái stjórnsýslu varðandi málefni landsins alls, sérstaklega þegar um fá sveitarfélög er að ræða með svo litlum hluta landsins.

Virðulegi forseti. Á það legg ég áherslu í lok máls míns vegna tengsla þessara tveggja frv. um leið og ég lýsi því yfir að í meginatriðum mun þingflokkur jafnaðarmanna styðja frv. til laga um þjóðlendur alveg óháð því hversu sterka afstöðu hann hefur til frv. um stjórnsýslu og skipulag miðhálendisins og afstöðu til sveitarstjórnarfrv. sem hér hefur verið til umræðu.

[15:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hyggst ekki hafa mörg orð um þetta frv., ég hafði ekki endilega ætlað mér að taka til máls vegna þess að ég er stuðningsmaður þessa máls og í aðalatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram og sérstaklega því sem fram kom í máli hv. 12. þm. Reykv., Bryndísar Hlöðversdóttur sem talaði fyrr í umræðunni, fulltrúi Alþb. og óháðra í hv. þingnefnd.

Ég held að enginn vafi sé á því og það hefur reyndar lengi verið vitað að þörf væri á að reyna að ganga frá álitamálum hér á landi sem tengdust eignarmörkum, lögsögumörkum og öðru slíku þegar inn til landsins og upp á hálendið kæmi. Þetta er viðfangsefni sem aðrar þjóðir hafa glímt við á undangengnum áratugum og jafnvel öldum og er víða um garð gengið ef svo má að orði komast eða hefur að mestu leyti verið gert upp og er þá nærtækt að líta t.d. til Noregs, Svíþjóðar og fleiri nálægra landa í þeim efnum. En þessir hlutir hafa allir tekið sinn tíma hér og það er út af fyrir sig umhugsunarefni að fyrsta löggjöfin sem af hálfu löggjafans tekur af skarið í þessum efnum skuli vera til umfjöllunar nú á því herrans ári 1998 rétt áður en öldin kveður. En betra er seint en aldrei og ég lýsi því yfir að mér finnst sá andi sem hér er á ferðum og sú nálgun sem frv. byggir á vera skynsamleg. Það hefur verið lengi baráttumál okkar þingmanna Alþb. að ganga frá með skýrum hætti í löggjöf sameign þjóðarinnar á sameiginlegum eignum hennar sem við teljum að eigi að vera, sem eru mikilvægustu auðlindir í hafi og á landi og undir landi og land sem er ekki sannanlega í einkaeign einstaklinga eða annarra aðila.

Það er að sjálfsögðu fyrirkomulagsatriði burt séð frá skiptum skoðunum sem kunna að vera uppi um eignarhaldið sjálft hvernig því er fyrir komið. Það sem við köllum þjóðareign, sameign, almenning eða hvað það nú heitir, það má að sjálfsögðu hugsa sér að gæslumaður eða gæsluaðilar þess fyrir hönd þjóðarinnar væru ýmsir.

Eitt fyrirkomulagið er það sem hér er lagt til að forsrn. eða forsrh. fari með þetta hlutverk og það getur að mínu mati vel gengið upp — ég verð að vísu að játa að ég hef velt því svolítið fyrir mér hvort það væri að öllu leyti heppileg þróun sem mér sýnist vera á býsna miklu skriði að forsrn. verði einhvers konar safnkista ef svo má að orði komast fyrir ýmis verkefni framkvæmdalegs eðlils sem menn einhvern veginn átta sig ekki almennilega á hvar þeir ættu að koma fyrir annars staðar. Ég vísa t.d. til þess að hér í þinginu er að þvælast frv. um eftirlitsstofnun hins opinbera, eftirlitsstofnun sem á að hafa eftirlit með eftirlitinu og þetta á að vista í forsrn. Forsrn. hefur verið að taka undir sig eða til sín starfsemi sem ekki hefur verið þar áður.

Hér er að koma í lögum mikilsvert hlutverk vissulega sem forsrh. eða forsrn. á að fara með sem eigandi í raun og veru eða handhafi eignar fyrir hönd þjóðarinnar á þjóðlendunum en hér er líka að koma talsvert framkvæmdarvaldshlutverk sem færist undir forsrn. Þá á ég við bæði samstarfsnefndina sem á að starfa á vegum hæstv. forsrh., ég á við óbyggðanefndina og í raun og veru stofnunina sem mér sýnist nokkuð augljóst að sú nefnd muni verða. Ég spái því að ekki verði mörg ár þangað til þar verður risin upp þó nokkuð stór stofnun eða stjórnardeild undir forsrn., enda segir í 6. gr. að nefndinni skuli heimilt að ráða sér starfsfólk að höfðu samráði við forsrh. og sama gildi um skrifstofuaðstöðu fyrir hana. Það þarf ekki mikla spádómsgáfu finnst mér til að láta sér detta það í hug a.m.k. að þetta verði orðin nokkurra manna batterí áður en mörg ár verða liðin.

Þá eru efasemdir mínar að þessu leyti fyrst og fremst þær, herra forseti, hvort það sé almennt jákvæð þróun að forsrn., þar sem höfuð ríkisstjórnar ræður húsum á hverjum tíma, dragist meira og meira inn í einhvers konar framkvæmdarvalds- og stjórnsýsluframkvæmdir að þessu leyti. Ég held að að mörgu leyti sé miklu heppilegra að forsrn. sé fámenn yfirstjórn og forusta fyrir ríkisstjórn, fyrst og fremst pólitísk forusta en ekki eitt af tíu til tólf framkvæmdaráðuneytum ef svo má að orði komast. Ég held að það geti orðið dálítið erfitt að stoppa sig af, spyrna við fótum ef menn leysa alltaf þau mál sem upp koma með þessum hætti að það sé þá best að þetta eða hitt sé hjá forsrn. af því að ekki sé alveg augljóst hvort það ætti að vera hjá fjmrn. eða umhvrn. eða einhvers staðar annars staðar.

Auðvitað er hægt að hugsa sér að fyrir hönd þjóðarinnar sé gæsluaðilinn í þessu tilviki einhver annar, t.d. Alþingi. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum heyrir undir Alþingi. Það hefði verið hægt að hugsa sér að hann væri hjá forsrn. Sumir hafa jafnvel verið svo hugmyndaríkir að láta sér detta í hug að þetta ætti að heyra undir forseta Íslands og það væri þá í skyldleika við það að slíkt var hjá kónginum fyrr á öldum.

Jafnframt er hægt að hugsa sér, herra forseti, að sameiginlegar lendur þjóðarinnar og forræði fyrir sameiginlegum auðlindum eða öðru slíku væru hjá algerlega sérstakri og sjálfstæðri stofnun og helstu valdaaðilar samfélagsins stæðu sameiginlega stjórn hennar, að t.d. væri búin út einhver algerlega sjálfstæð og óháð staða stofnunar, nefndar eða stjórnar sem færi með þetta hlutverki. Þetta eru að sjálfsögðu fyrirkomulagsatriði, herra forseti, og vangaveltur sem ég ætla ekki að fara lengra út í hér en gæti auðvitað haft um mörg orð.

Ég fagna því að sameign þjóðarinnar er að festast í sessi og treyst, það sem við þingmenn Alþb. höfum lengi barist fyrir að ætti að vera. Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur ítrekað verið nefndur hér til sögunnar sem brautryðjandi í þeim efnum. Hann hefur flutt um það tillögur, m.a. í formi frumvarpa til

breytinga á stjórnarskipunarlögum, að slík sameignarákvæði ættu að koma inn í stjórnarskrá og landslög.

Ég, herra forseti, út af fyrir mig væri alveg tilbúinn til að ganga miklu lengra í þessum efnum. Menn hafa auðvitað, sem ekki er óeðlilegt, velt aðeins fyrir sér mismunandi viðhorfum og grundvallarsjónarmiðum manna til eignarréttarins í tengslum við þessar umræður. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort æskilegasta og réttlátasta fyrirkomulagið í þessum efnum væri ekki að enginn gæti átt land. Að land væri eitt af þeim fyrirbærum í samfélagi mannanna sem enginn gæti átt, land væri alltaf í eðli sínu einskis manns land eða sameign allra. Það sem menn gætu hins vegar átt eða haft undir höndum væri afnotaréttur og búseturéttur. Eftir atvikum hefði sá réttur í raun sama gildi og eignarréttur að langmestu leyti en grundvallarreglan væri sú að landið væri sameign þjóðarinnar eins og hafið er sameign þjóðarinnar.

Engum dettur í hug, held ég, að afmarka úti á hafi, einhvers staðar úti í efnahagslögsöguinni, reiti sem einhverjir gætu átt. Nú er það ekkert vandamál, allra síst með tækni nútímans, með gervihnattastaðsetningum og öðru slíku. Hægt væri að draga þar upp reiti sem menn gætu alveg eins átt eins og land og stundað síðan fiskveiðar eða einhverja aðra starfsemi innan sinna reita á hafinu. Mönnum þykir þetta væntanlega nokkuð fjarstæðukennd og fáránleg hugsun. En þá má spyrja á móti: Er ekki alveg jafnfáránlegt að skipta landi í þjóðareign upp í einkaeignarréttarspildur? Er það ekki? Ég hef alla tíð, síðan ég kynntist því hvernig þessum hlutum er háttað á Grænlandi, verið ákaflega hrifinn af því fyrirkomulagi. Á Grænlandi á enginn land. Það á enginn lóð undir húsi sem slíka. Menn hafa rétt til þess að byggja hús sitt á tiltekinni spildu og láta það standa í tiltekinn tíma en þeir eiga í sjálfu sér ekki landið undir því.

Þetta finnst mér alltaf ákaflega falleg hugsun og mun geðþekkari en einkaeignarréttarhugsunin sem fram hefur náð að ganga í mjög mörgum vestrænum samfélögum. Víða annars staðar er inngróið í menningu þjóða að enginn geti átt land. Þannig held ég að yfirleitt hafi verið í fornari þjóðfélögum og menningarsamfélögum eins og hjá frumbyggjum, t.d. Ástralíu eða sunnanverðrar Afríku. Þar þekktu menn ekki þetta hugtak, einkaeignarréttinn, og mönnum gekk lengi vel illa að skilja hvað Vesturlandabúar voru að fara þegar þeir lögðu fyrst leið sína þangað að helga sér spildur á landinu og girða þær af.

Í öðru lagi, herra forseti, finnst mér ástæða til að staldra við spurninguna um það hversu víðtækt vald hæstv. forsrh. eigi að hafa einn í sambandi við þetta mál, verði niðurstaðan sú að fela honum þetta gæslumanns- eða vörsluhlutverk eins og frv. gerir ráð fyrir. Þó forsrh. verði vörsluaðili eða gæsluaðili er eftir sem áður engin nauðsyn á því að hann fari nánast með ægivald í málinu.

Ég hefði vel getað hugsað mér að þannig væri gengið frá, t.d. í 4. gr., 6. gr. og í öllum þeim kafla sem fjallar um óbyggðanefndina, að um þessa hluti væri víðtækara samstarf en frv. gerir ráð fyrir. Fleiri aðilar mættu koma til sögunnar og jafnvel í öðrum hlutföllum en þar er lagt upp. Ég verð t.d. að segja að mér finnst þessi samstarfsnefnd um málefni þjóðlendnanna ekkert sérstaklega lýðræðislegt fyrirbæri í eðli sínu. Hún er að miklum meiri hluta skipuð fulltrúum pólitískra ráðherra í Reykjavík og síðan koma tveir fulltrúar frá Sambandi sveitarfélaga. Þarna væri hægt að hugsa sér miklu breiðari og lýðræðislegar samansettan vettvang en frv. gerir ráð fyrir.

Sveitarstjórnirnar hljóta eðli málsins samkvæmt að þurfa að koma að þessu máli og reyndar gerir frv. í ýmsum tilvikum ráð fyrir því samstarfi milli forsrh. og starfsmanna hans og sveitarfélaganna.

Þá langar mig, herra forseti, að fara nokkrum orðum um spurningar sem vakna í tengslum við nýtingu á hálendinu sem hér hefur sérstaklega verið rædd. Þær umræður hafa auðvitað gjarnan blandast efni annarra frumvarpa sem hér hafa verið nokkuð til umræðu, svo vægt sé til orða tekið, undanfarna daga eða vikur. Hér áðan voru orðaskipti þar sem a.m.k. tveir hv. þm. úttöluðu sig nokkuð kröftuglega um ástand mála á hálendinu, um uppblástur og fleiri vandamál. Ég er að vísa til þess sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv. sögðu.

Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar, eins og ég held að menn séu flestir, að landeyðing og uppblástur hafi verið mikið vandamál á Íslandi. Landið er sárt leikið eftir 11 alda búsetu en þó ekki er það síður vegna samspils nýtingarþátta, veðurfars, jarðfræði og annars slíks sem hér kemur til sögunnar. Það skiptir ekki öllu máli í því sambandi hvort menn trúi Ara fróða sem nýju neti, þegar hann lýsir því hvernig landkostir hafi verið hér um landnám eða hvort menn fari bil beggja. Það er enginn vafi á því að gróðri hefur hrakað verulega og jarðvegur hefur fokið af stórum svæðum. Það má deila um á hvaða tímabilum búsetunnar þetta hefur aðallega gerst. Það má líka deila um og velta fyrir sér að hve miklu leyti þetta hefði hvort sem er gerst, þó svo engin búseta hefði verið í landinu.

Ég held því fram fullum fetum að það séu auðvitað yfirgnæfandi líkur á því að stór gróðursvæði hefðu tapast vegna kólandi loftslags á Íslandi á fyrstu öldum eftir landnámið hvort sem hér hefði verið nokkur búseta eða ekki. Hins vegar verð ég að segja að ég get ekki tekið undir þær lýsingar sem fram komu, t.d. í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, um stöðuna á sjálfu miðhálendinu. Ég tek ekki undir að það sé á sjálfu miðhálendinu sem aðaluppblástursvandamálin og ofbeitin séu. Þetta lýsir í raun og veru engu öðru en vanþekkingu á málunum. Fyrir það fyrsta eru beitarafnot, þegar kemur inn á sjálft miðhálendið, ákaflega takmörkuð. Þangað slæðast örfáar skepnur á ári hverju og eru sóttar sérstaklega, liggur mér við að segja.

Í öðru lagi er það þannig að þegar kemur upp á sjálfa hásléttuna og inn á miðhálendið í 600–800 metra hæð yfir sjó, þá eru gróðurskilyrði ákaflega takmörkuð og möguleikarnir á því að gróðurþekja sé á landinu eru mjög litlir. Það væri gaman fyrir menn t.d. að kynna sér það hvernig gengið hefur að halda við túnblettinum undir tjaldstæði í Nýjadal á Sprengisandi, þrátt fyrir áburðargjöf og allar kúnstir til að reyna að halda þar grastorfu. Það og fleiri slíkar tilraunir hafa sýnt að þegar upp í þessa hæð er komið og sumarið er aðeins í nokkrar vikur, þá eru skilyrðin ósköp einfaldlega þannig að gróður á afar erfitt uppdráttar.

Vandamálin liggja annars staðar. Þau liggja miklu nær byggðu bóli en þetta. Þau eru t.d. í hálendisjaðrinum á norðaustanverðu landinu og sunnanverðu landinu. Þau eru fyrst og fremst á ákveðnu belti sem gengur þvert í gegnum landið frá suðvestri til norðausturs. Þau svæði tengist einnig eldgosabeltinu og þeirri jörð sem þar er undir.

Ég get heldur ekki tekið undir það að innstæður séu fyrir þeirri fullyrðingu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafði eftir einhverjum erlendum vísindamönnum, að á Íslandi sé einhver mesta eyðimerkurmyndun í heimi. Ég held að þetta

sé tómt kjaftæði. Stundum hefur verið talað um það að miðhálendið á Íslandi væri stærsta eyðisvæðið í Evrópu. Kannski má færa rök fyrir því en þar sé eyðimerkurmyndun í þeim skilningi að gróður sé að eyðast af landsvæðum á Íslandi þannig að hvergi í heiminum sé annað eins að gerast, það er fjarstæða. Það er enginn vafi á því að jaðrar eyðimarka í Afríku, Asíu og víðar, leggja undir sig miklu stærri gróðursvæði en þau sem eru að tapast hér á landi ef þá um raunverulegt tap á gróðurlendum er lengur að ræða. Um það má deila.

Jafnvel þó menn litu á þetta í sögulegu samhengi og tækju stærð þess gróðurlendis sem hugsanlega, samkvæmt Ara fróða, hefur tapast frá landnámi, þá eru þar ekki, einfaldlega vegna stærðar Íslands, á ferðinni nokkuð af þeirri stærðargráðu að það geti talist mikið í alheimssamhengi.

Sömuleiðis verð ég að segja alveg eins og er, að mér fundust æsingaræðuhöld hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um átökin, um hið blóðuga stríð sem geisaði milli bænda og þeirra sem nýta landið annars vegar og hinna sem væru að reyna að græða það upp, alger tímaskekkja. Þessi ræða var alger tímaskekkja, a.m.k. 15 árum of seint flutt. Ég veit ekki hvar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur haldið sig undanfarin 5–10 ár. Ég kannast ekki við þessi átök og þetta blóðuga stríð milli Landgræðslunnar og bænda í landinu.

Í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella er mjög gott samstarf þar sem ég þekki til, þannig að bændur vítt og breitt í landinu eru að verða einhverjir öflugustu samstarfsaðilar Landgræðslunnar um uppgræðslu í heilu landshlutunum. Það færist árlega í vöxt að bændur séu beinir verktakar og samstarfsmenn Landgræðslunnar í uppgræðslustarfi auk þess mikla uppgræðslustarfs sem þeir stunda sjálfir. Það væri fróðlegt fyrir menn að fara yfir það að langstærstu uppgræðslumenn í landinu í dag eru auðvitað bændur sjálfir sem í sívaxandi mæli sinna miklu uppgræðslu- og landbótastarfi á sínum jörðum. Það er auðvitað eðlilegt, það er gott og það er vel. Það er mjög algengt að um sé að ræða samstarf bænda og Landgræðslunnar þannig að Landgræðslan leggi að einhverju leyti til áburð, fræ og efnivið en bændur annist síðan sjálfir að dreifa því, um girðingar og annað því um líkt.

Sömuleiðis held ég að það sé alger forneskja og eigi sér ekki neina stoð í veruleikanum að í miklum mæli sé um að ræða átök sem stafi af því að bændur krefjist þess að fá að beita uppgræðslusvæði Landgræðslunnar. Til hvaða dæma er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að vísa? Þau eru ekki mörg frá undangengum árum. Ég þykist þekkja þetta svona sæmilega, var yfirmaður Landgræðslunnar um langt skeið. Ég veit ekki betur en að í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella, nánast án undantekninga, fari allt uppgræðslustarf Landgræðslunnar fram innan girðinga og á friðuðum svæðum. Það fyrsta sem menn gera er að friða svæðin þannig að ekki sé um neinar deilur að ræða af þeim ósköp einföldu ástæðum.

Hvað var gert á Hólsfjöllum áður en sú áætlun sem þar er nú í gangi fór af stað? Það var samið við bændur um breytingar á búskaparháttum og svæðið var friðað. Það er aðeins til, eða a.m.k. hafa verið til dæmi um það, að Landgræðslan hafi borið á beitarland í samstarfi við bændur til þess að létta beit af nálægum svæðum sem hafa síður verið talin þola beitarálag. Ég veit að dæmi um þetta hafa stundum valdið miklum misskilningi þegar menn hafa séð að fé er á beit á ábornum reitum hérna rétt ofan við Reykjavík. Þá spyrja menn hvað sé að gerast, hvort bölvaðir rollukarlarnir séu farnir að beita þarna í trássi við vilja Landgræðslunnar. En staðreynd málsins er sú að þarna er um samstarf að ræða þar sem borið er á ákveðin svæði til þess að auka gróður og beitarþol þeirra og hlífa í staðinn öðrum sem nærlæg eru. Ég held því að menn verði að leggja það á sig, jafnvel þó að þeir hafi mikið um þessa hluti að segja og þykist eiga glæsilegan feril í þessum efnum eins og greinilega kom fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar — hann taldi sig mikinn sigurvegara í þessu efni og raunar geta talað eins og sá sem valdið hefur — og það fríar menn ekki undan þeirri skyldu, að reyna að hafa sæmilegt vit á því sem þeir eru að ræða um og fara ekki með tómt fleipur. Þetta var meira og minna fleipur, leyfi ég mér að fullyrða, sem hv. þm. hélt fram um samskipti Landgræðslunnar og uppgræðslu fólks annars vegar og bænda og landnýtingar af því tagi hins vegar.

Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur orðið gjörbreyting á því álagi sem er á gróðurlandi á Íslandi vegna hefðbundins búskapar, gjörbreyting. Álagið vegna hefðbundins búskapar á afréttarlönd er svipur hjá sjón. Það er brot af því sem það var þegar búpeningurinn var miklu meiri en hann nú er og þegar búskaparhættirnir voru allt aðrir. Sauðfé hefur fyrir það fyrsta fækkað um helming. Núna er á milli 450 og 500 þús. fjár í landinu en var á tíunda hundrað þúsund þegar mest var undir lok 8. áratugarins. En það er ekki bara það sem hefur breyst heldur hafa eins og ég segi búskaparhættirnir gjörbreyst. Vetrarbeit heyrir nánast sögunni til, en það var vetrarbeitin sem fór oft mjög illa með landið sem þá var nýtt og heyfengur og fóðuröflun er allt önnur en áður var þannig að það heyrir sögunni til að sauðfé sé illa fram gengið eða búsmali yfirleitt og að því sé haldið til beitar af þeirri hörku sem auðvitað auðkenndi nauðþurftarbúskap manna hér á fyrri áratugum og öldum.

Til að mynda leikur enginn vafi á því að af þessum sökum eru heimalönd mjög víða í mjög mikilli framför. Vegna þess að þeim er nú hlíft við því mikla álagi sem áður fylgdi vetrarbeitinni. Það sem helst veldur áhyggjum í þessu efni, það er að vísu rétt, er stóraukin hrossaeign landsmanna. En þar er ekki um að ræða vandamál sem tengist beit á hálendinu, ég tala nú ekki um á miðhálendinu. Ég þekki enga sem sleppa hestum sínum á Sprengisand til sumarbeitar. Það getur verið að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kannist við einhverja hrossaeigendur sem eigi hross í högum á Sprengisandi en ég hef ekki rekist á þá. Það fara kannski nokkrir leiðangrar yfir sandinn á hverju sumri en þá fara menn yfirleitt með fóður með sér af skiljanlegum ástæðum. Það vandamál snýr allt öðruvísi. Það vandamál er fyrst og fremst í heimahögum. Það vandamál er langmest hér á suðsvesturhorni landsins. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að stela landinu?) Það er hjá þeim sem taka hross í hagagöngu í Borgarfirði, á Mýrum og á Suðurlandsundirlendinu þar sem langmestar ástæður eru til að hafa áhyggjur. Ég veit að að hefur hent einhverja fleiri en ræðumann að keyra vestur Mýrar t.d. og sjá svo illilega nöguð hólf á báðar hendur við veginn þar að manni bregður í brún. Svipað má því miður sjá víðar á þessu svæði og kannski einangrað annars staðar þar sem hrossaeign er mikil eins og t.d. í Skagafirði.

Ég held því fram, herra forseti, að menn geri þessu máli ekki endilega mikið gagn með því að draga þessa þætti inn í eins og þeir gerðu, hv. þingmenn Sighvatur Björgvinsson og Ólafur Örn Haraldsson. En úr því að þeir gerðu það fannst mér alveg ástæðulaust að láta þennan einhliða málflutning sitja eftir þessa umræðu. Ég tek það skýrt fram að ég tel mig ekki vera síðri náttúruverndarsinna eða unnanda landsins en

þessa hv. þingmenn eða þess vegna einhverja aðra. Ég hef lagt mig eftir því að reyna að styðja umhverfisvernd, skógrækt og landgræðslu í minni pólitík ekkert síður en aðrir. En ég tel að það eigi að reyna að gera það á skynsamlegum og uppbyggilegum nótum og það er orðin alger tímaskekkja í dag að setja þá hluti upp sem einhverja styrjöld milli landbúnaðarins og bænda annars vegar og þeirra sem vilja vernda eða græða upp landið hins vegar. Það er tímaskekkja. Í raun og veru er slíkur málflutningur til óþurftar. Menn ættu frekar að sameinast um að setja einhverja almennilega peninga í þessi verkefni því að svo merkilegt sem það er eru þetta hreinir smáaurar þrátt fyrir allt talið því miður sem lagðir eru í raunverulegt landbótastarf enn sem komið er. Og það er svo, þótt það sé í sjálfu sér góðra gjalda vert, að það er nú að býsna miklu leyti rekið fyrir frjáls framlög félagasamtaka, fyrirtækja og slíka aðila. Auðvitað ætti ríkið að leggja sitt af mörkum á myndarlegan hátt.

Að lokum, herra forseti, er það mín skoðun að þetta sé líka tímaskekkja í málflutningi vegna þess að enginn vafi leikur á því að árekstrarnir um landnýtingu á Íslandi og þá ekki síst á hálendinu á komandi árum og áratugum verða ekki fyrst og fremst við landbúnaðinn. Það er algerlega víkjandi vandamál í mínum huga. Árekstrarnir verða milli umhverfisverndar- og náttúruverndarsjónarmiða og annars konar nýtingar. Það er alveg borðliggjandi enda ef menn fara yfir það í huganum hverju átök hafa helst tengst á undanförnum missirum, þá eru það ekki slík mál nema í algerlega einangruðum og afmörkuðum tilvikum. Nei, það verða árekstrar. Kannski munu stórárrekstrar og stórátök koma til með að geisa á komandi árum við þá sem vilja sökkva miðhálendinu meira og minna undir vatn og þar á meðal mörgum helstu gróðurvinjum og perlum inni á hálendinu, þeirra sem vilja fara þar út í alls konar mannvirkjagerð, rista stærsta ósnortna svæði Evrópu, Ódáðahraun, sundur með vegum og raflínum, drekkja mörgum af fallegustu gróðurvinjunum á norðausturhálendinu, reisa alls konar mannvirki til að græða á ferðamönnum inni á miðhálendinu o.s.frv. Þarna verða árekstranir en ekki við hinn hefðbundna landbúnað. Ég held að engin hætta sé á því. Þau mál hafa sem betur fer færst til miklu betri vegar á síðari árum og það eru að verða algerlega einangruð og tiltölulega fá tilvik sem betur fer þar sem umtalsverðar deilur eru á milli þessara aðila.

Þetta ættu menn líka að hafa í huga, þ.e. hverjir eru helstu hvatamenn að nýtingu af þessu tagi sem líkleg er til að valda árekstrum og átökum, stóriðjuuppbyggingu, stórvirkjunum og öðru slíku. Það eru ekki bændur. Það eru ekki þessi margnefndu 4% þjóðarinnar sem hér er búið að gera tortryggileg á allan mögulegan hátt í málflutningi á undanförnum dögum. Það eru ekki þau. Ætli það séu ekki einhverjir aðrir sem standa jafnvel sumum ræðumönnum nær en þessi 4%.

Þetta frv., herra forseti, er þó tvímælalaust jákvætt að því leyti til að það á að geta orðið liður í því að ná betri sátt um þessi mál en verið hefur. Ég held að ef hægt sé að lýsa sérstökum vonbrigðum með eitthvað í umræðunum eins og þær hafa þróast á undanförnum dögum um hálendismálin — er ég þá bæði að vísa til frv. til sveitarstjórnarlaga og þeirra ákvæða í því sem tengdust skipulagsmálum á hálendinu og svo þessa frv. um þjóðlendur — þá er það það að menn virðast vera langt frá því að ná nokkru ásættanlegu samkomulagi um fyrirkomulag þessara mála og það er auðvitað mjög slæmt. Þvert á móti má segja að búið sé að kynda undir og kynda upp mikið ósætti í landinu um þessa hluti sem ég tel að vísu vera að verulegu leyti ástæðulaust og hefði mátt komast hjá. En ég er enn þeirrar skoðunar að þetta frv. eigi í sjálfu sér að geta verið jákvætt innlegg því hér er gengið skýrt frá því að með almenningana, óbyggðirnar eða þau svæði sem ekki teljast sannanlega land í einkaeign, skuli farið þannig að þau séu þjóðlendur, settar undir sérstaka stjórn og síðan sé þá eftir atvikum samstarf um nýtinguna og afnotin milli þeirra sem ítök eiga eða takmarkaðan eignar- eða afnotarétt og síðan forsrh. eða vörslumanns sameignarinnar, hver svo sem hann yrði. Ég vísa til þess sem ég sagði áður um það að þar mætti hugsa sér að ganga frá hlutunum með ýmsu öðru móti en því að fela forsrh. þetta verkefni. Segi ég það þó að sjálfsögðu ekki í neinum tengslum við það hver fer með það embætti nú um stundir.

[15:41]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir þessar umræður og stuðning þeirra við frv. Engu að síður hafa komið fram brtt. og ábendingar í umræðum og umsögnum sem ég tel rétt að bregðast við.

Ég vil byrja á að segja fyrir hönd meiri hluta allshn. að við teljum fram komnar brtt. við þetta frv. óþarfar og mun ég ræða ástæður þess hér á eftir.

Fyrst eru brtt. á þskj. nr. 1291 frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur sem skipa minni hluta í allshn. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir þeim áðan. Þar er í 1. tölul. fjallað um 3. gr. frv. Í 1. tölul. brtt., staflið a, er lagt til að lögfest verði tiltekin atriði sem gæta beri við veitingu leyfa samkvæmt 3. gr. frv. sem og ákveðin efnisatriði sem þar ber að tilgreina.

Af þessu tilefni er vert að árétta að heimildir þær sem frv. ætlar forsrh. og sveitarstjórnum að fara með eru fyrst og fremst þær sem annars væru í höndum landeiganda eða eigenda eignarlanda svo gripið sé til hugtakanotkunar frv. sjálfs. Þess vegna er nauðsynlegt og að því miða ákvæði frv., að skapa þessum stjórnvöldum svipaða stöðu og landeigendum að svo miklu leyti sem þess er annars kostur. Yfirleitt ættu ráðherra og sveitarstjórnir því ýmist að geta samið um þær skuldbindingar sem leyfið felur í sér eða bundið þær þeim skilyrðum sem eðlilegt er talið að setja hverju sinni. Sé þeim skilyrðum ekki fullnægt eru leyfisveitanda ýmis úrræði tiltæk eftir almennum reglum og atvikum hverju sinni, þar á meðal til að koma fram ábyrgð ef svo ber undir.

Auk hinna sérstöku leyfa samkvæmt þessu frv. þarf síðan auðvitað að afla allra annarra lögmæltra og viðeigandi leyfa til framkvæmda innan þjóðlendna svo sem til nýtingar jarðefna og orkulinda, til að byggja og framkvæma í samræmi við reglur skipulags- og byggingarlaga o.s.frv. Afnot manna af landi og landgæðum geta hins vegar verið svo fjölbreytt og margvísleg að þess er ekki nokkur kostur að tilgreina nákvæmlega á þessu stigi hvaða forsendur beri að leggja slíkum leyfum til grundvallar eða hvaða skilyrðum þau skuli binda. Um þau fer sem sagt eftir því hvað um semst eða rétt þykir að binda einhliða í leyfi annars vegar og hins vegar eftir þeim lögum og reglum sem um viðkomandi áform kunna að gilda.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna til umsagnar frá Náttúrufræðistofnun sem var bent á í umræðum áðan. Þar segir m.a.:

„Lítið tillit virðist tekið til ríkjandi sjónarmiða í umhverfisvernd, alþjóðlegra skuldbindinga á því sviði eða til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi (framkvæmdaáætlun til aldamóta) við gerð þessa frv."

Um þetta, virðulegi forseti, verð ég að segja að auðvitað er ekki hægt að mæla fyrir um alla skapaða hluti í lögum en að sjálfsögðu ber stjórnvöldum að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur.

Í b-lið 1. tölul. brtt. er lagt til að gjald sem ráðherra ákvarðar skuli taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á. Þetta eru út af fyrir sig svipuð sjónarmið og ég hef í framsögðuræðu með nefndaráliti allshn. áréttað að leggja beri til grundvallar við ákvörðun um gjöld þau sem bæði ráðherra og sveitarstjórnum er ætlað að semja um eða ákveða. Í ljósi þess hversu fjölbreytileg þessi afnot geta verið er hins vegar varhugavert að gefa sér að þau eigi við í öllum tilvikum. Þess vegna tel ég ekki fært að festa þau í lög að svo stöddu.

Með sömu rökum tel ég heldur ekki fært að gera ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna útboðsskylda. Hér er um mörg og margvísleg réttindi og afnot að ræða sem ekki er alltaf víst að séu útboðshæf. Ekkert stendur hins vegar í vegi fyrir því eða hindrar ráðherra eða sveitarstjórnir til að bjóða út þau réttindi eða afnot sem til þess eru fallin. Framkvæmd slíkra útboða færu þá að sjálfsögðu fram eins og lög gera ráð fyrir og engin ástæða til að geta þess sérstaklega í öðrum lögum.

Í b- og c-liðum brtt. er að finna ákveðna mótsögn. Í b-lið er annars vegar gert ráð fyrir því að nánari ákvæði verði sett um gjaldtöku samkvæmt frv. í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þau lög leggja sem kunnugt er ákveðna sérskatta á tiltekna þjónustu ríkisins. Þeir renna óskiptir í ríkissjóð og er ráðstafað á fjárlögum. Hins vegar er í c-lið gert ráð fyrir að ráðstöfun tekna af þessum gjöldum verði bundin með lögum en þó ráðstafað af Alþingi.

Af 2. tölul. brtt. við 4. gr. er ekki ljóst með hvaða hætti Alþingi á síðan að taka ákvörðun um ráðstöfun þessara tekna. En á hitt vil ég leggja áherslu að sú tilhögun á ráðstöfun þessara fjármuna sem frv. gerir ráð fyrir er liður í þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að marka þjóðlendum eins ríka sérstöðu og kostur er meðal hefðbundinna eigna ríkisins. Það er gert með því að fela forsrh. vörslu þeirra og það er einnig gert með því að fela honum ráðstöfun þeirra fjármuna sem af þeim falla. Hann er bundinn af því að verja þeim til ákveðinna verkefna og hann gefur Alþingi árlega skýrslu um umsýslu sína að lokinni endurskoðun Ríkisendurskoðanda. Við þau tækifæri hefur Alþingi jafnframt alla möguleika á að taka athafnir hans til nánari umræðu því þá verður a.m.k. ljóst hversu mikla fjármuni verður raunverulega um að ræða. Meðan svo er ekki er hins vegar með öllu ófært að leggja til aðra skipan á þessu máli eða orðlengja frekar um það hér.

Virðulegi forseti. Allmikið hefur verið rætt um 5. gr. frv. bæði vegna þeirrar brtt. er ég hef rætt um og ábendinga í umsögnum. Nú mundi ég vilja víkja nokkuð almennt að því máli. 5. gr. hljóðar svo:

„Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.

Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi."

Ákvæði 5. gr. undirstrika að lögum um þjóðlendur er ekki ætlað að breyta neinu um réttarstöðu þeirra sem haft hafa afnot af þjóðlendum hvort sem slík afnot byggjast á lögum eða öðru, t.d. hefð. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða beitarafnot eða skála ferðafélaga.

Samþykkt 5. gr. breytir engu um aðrar lagareglur sem gilda um beitarafnot eða möguleika Alþingis til að breyta þeim og herða þar á. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir vörpuðu til mín spurningu einmitt út af 5. gr. og brtt. á þskj. 1291, 3. tölul. Þær spurðu um álit mitt á þeirri tillögu. Hún var rædd í allshn. og þar var ekkert samkomulag um flutning hennar. Ég tel mig líka hafa skýrt það hér, bæði í framsögu og áðan, að við í meiri hluta allshn. teljum það ekki verkefni þessa frv. Afstaða meiri hlutans hefur ekkert breyst í þeim efnum.

Einnig hefur komið fram ábending í umræðunni sem ég vildi víkja nokkuð að og svara. Sé ákveðið landsvæði innan þjóðlendu tekið til uppgræðslu hvort sem það er gert af opinberum aðila eða einkaaðila, t.d. frjálsum félagasamtökum, Lionsklúbburinn í Hvítárnesi gæti verið dæmi, þá er verið að taka land til afnota og almennt verður að ætla að uppgræðsluverkefni fylgi jarðrask. Því þarf leyfi samkvæmt 3. gr. til slíkra afnota nema Landgræðslan hafi beitt valdheimildum sínum samkvæmt landgræðslulögum til að friða einstök svæði eða standi þar fyrir öðrum gróðurverndaraðgerðum.

Við skulum líta á nokkrar lagaheimildir sem eru býsna víðtækar og kveða á um heimildir til inngrips í þessu sambandi.

Í lögum um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986, eru heimildir til að takmarka beit og upprekstur á afréttinn. Virðulegi forseti. Ég óska eftir leyfi til þess að fá að vitna í nokkur lagaákvæði. Í 16. gr. segir:

„Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

a. Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.

b. Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.

c. Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.

d. Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.

e. Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.

f. Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.–25. gr." — sem ég ætla ekki að rekja nánar hér en vísa til.

Í lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, er einnig að finna heimildir til að takmarka beit og upprekstur á afrétti. Samkvæmt 17. gr. skal nytja land svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Samkvæmt 18. gr. laganna er það hlutverk Landgræðslu ríkisins að hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð.

Í 22. gr. laganna segir:

„Náist ekki samkomulag um aðgerðir milli landgræðslustjóra og landeiganda, getur landgræðslustjóri látið fram fara rannsókn á jörð eða landsvæðum samkvæmt 40. gr.

Leiði rannsókn í ljós, að brýn þörf sé gróðurverndar, getur landgræðslustjóri krafist nauðsynlegra aðgerða af landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu, getur Landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytisins. Styrkja má þessar framkvæmdir með allt að 1/3 hluta kostnaðar."

Síðan segir í 23. gr. sömu laga:

„Telji landgræðslustjóri að gróðurverndar sé þörf sakir þess að heimalönd eða afréttir hafi eigi nægilegt beitarþol fyrir þann búpening, sem á þeim gengur, skal hann leita samkomulags við landeigendur til úrbóta.

Náist ekki samkomulag, skal hann láta rannsaka beitarþol viðkomandi landa skv. 40. gr.

Leiði rannsóknin í ljós, að löndunum sé ofboðið, er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í þau.

Ítala skal gerð af ítölunefnd, er skipuð sé af þeim aðilum, sem um getur í 5. gr. laga um ítölu, nr. 39 23. maí 1959, og gilda þá um störf hennar ákvæði nefndra laga.

Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda."

Þarna er kveðið á um heimildir til inngrips og eru þær nokkuð víðtækar. Virðulegi forseti. Mér fannst rétt að gera grein fyrir þessum lagaákvæðum. Ýmsir hv. þm. hafa talað eins og það væru engin ákvæði sem giltu varðandi heimildir til inngrips í þessu sambandi.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson tók býsna djúpt í árinni er hann sagði að öll þessi lagaákvæði væru að hans mati orðin gömul og úrelt. Það má vel vera og vafalaust er æskilegt að fram fari endurskoðun á þessum lögum en það er bara ekki verkefni okkar í dag. Það þarf að gera á öðrum vettvangi. Ég er viss um að ég mæli fyrir munn allra nefndarmanna í allshn. um að við deilum skoðunum með honum í því að efla beri gróðurvernd á Íslandi enn frekar. Þótt margt hafi vissulega verið vel gert, þá þarf svo sannarlega átak í þeim efnum. Ég efast heldur ekki um góðan vilja Íslendinga, hvar sem þeir búa á landinu, bæði til landgræðslu og skógræktar.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ræddi þessi mál nokkuð ítarlega. Mig langar í því sambandi að vísa til umsagnar er allshn. barst varðandi þjóðlendufrv. frá Landssambandi stangaveiðifélaga. Þar er m.a. vitnað til orða hv. þm. og þess að hann hefði kvartað yfir því að ekkert væri talað um ofbeit á miðhálendinu. Þeir fagna hins vegar mjög þessu frv. og segja orðrétt í sinni umsögn:

„Með því að setja á stofn þjóðlendur á miðhálendinu skapast möguleiki á að friða þau landsvæði sem eru í hættu vegna uppblásturs og beitarálags."

Hins vegar vísa þeir í ákveðna skipulagstillögu og hafa áhyggjur af því að fremur fá svæði þoli núverandi beitarálag. Það getur verið skiljanlegt að menn hafi áhyggjur af gróðurvernd en á því eiga þeir að taka á réttum vettvangi. Auk þessa er ég sannfærð, virðulegi forseti, um að hæstv. forsrh. mun halda vel á þessu máli og sætta sjónarmið þannig að komi öllum landsmönnum til góða.

Í sömu brtt., tölul. 4, er fjallað um breytingu á 6. gr. frv. Þar er lagt til að dómsmrh. skipi óbyggðanefnd samkvæmt III. kafla frv. Hér er um að ræða nefnd sem falið er sérstakt, afmarkað og tímabundið verkefni og er henni skipað til hliðar og utan við hina hefðubundnu stjórnsýslu ríkisins. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð veitingavaldinu. Það hefur engar heimildir gagnvart henni og ber ekki á henni ábyrgð utan þess að sjá til þess að hún sé löglega skipuð meðan hún starfar. Að þessu virtu er óljóst að hvaða marki þessi brtt. stefnir.

Einnig má árétta að nefndin kemur til með að teljast til stjórnsýslunefndar í skilningi stjórnsýslulaga og er því ekki dómstóll í þeim skilningi. Því þykir eðlilegt að sá ráðherra sem falin er meðferð mála varðandi þjóðlendur, m.a. til að leggja áherslu á sérstöðu þeirra, skipi nefndina.

Þá er ég komin að brtt. á þskj. 1292 en flutningsmenn hennar eru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Í brtt. er lagt til að brott falli allur atbeini sveitarfélaga að ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Ég hef í framsöguræðu með nál. allshn. vikið að ástæðum þess að sveitarfélögum eru falin ákveðin verkefni innan þjóðlendna. Það er í fyrsta lagi eðlilegt í ljósi fyrri afskipta þeirra af málefnum þessara svæða þar sem þau hafa lengst af verið eini aðilinn sem sinnti þeim að einhverju ráði. Þá er jafnframt eðlilegt að nýta þá þekkingu sem heimamenn búa yfir vegna ýmissa þeirra mála sem nær þeim stendur að leysa úr en öðrum.

Ýmsar umsagnir um frv. sér í lagi frá sveitarfélögunum sýna vel þann ágreining sem verið hefur í þjóðfélaginu um aðgang sveitarfélaga að meðferð þessara svæða. Ríkisstjórnin hefur í þjóðlendufrv. lagt til ákveðnar lausnir á þessum ágreiningi sem felur í sér þá málamiðlun að sveitarfélögin fái ákveðinn aðgang að stjórn þessara svæða.

Þá vil ég víkja nokkuð að umræðum um almannarétt. Varðandi umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands og ábendingu þeirra um að ekki sé talað um almannarétt í þessu frv. er rétt að benda á ákvæði 14. gr. náttúruverndarlaga, nr. 93/1996. Með leyfi virðulegs forseta hljóðar sú grein þannig:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeigenda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði."

Þjóðlendufrv. eða önnur lagafrumvörp sem fjallað er um á Alþingi þessa dagana eru alls ekki atlaga að almannarétti. Mér finnst rétt að taka það fram vegna þess að við höfum nú á hinu háa Alþingi í marga daga rætt um frv. til sveitarstjórnarlaga og einkum 1. gr. þess frv. og sumir hv. þingmenn hafa vikið að því máli í tengslum við þjóðlendufrv. sem við ræðum um hér þannig að í mínum huga er alveg ljóst að ef eitthvað er, þá mun tilkoma lagareglna um þjóðlendur styrkja almannaréttinn. Þegar búið verður að staðsetja mörk þjóðlendna getur almenningur beitt þeim heimildum sem hann hefur til umgengni og nýtingar þessara landsvæða.

Við þekkjum öll vandkvæðin sem hafa verið við fuglaveiðar. Slík mál verða úr sögunni þegar mörk þjóðlendna liggja fyrir. Þá verður líka kominn aðili sem getur veitt heimildir til framkvæmda, t.d. byggingar á skálum og annarri aðstöðu fyrir þá sem vilja fara um hálendið. Hvað er þetta til annars en að styrkja almennaréttinn?

Í umræðunni um þetta frv. hefur einnig verið býsna mikið rætt um úrskurðarvald hæstv. forsrh. Verkefni forsrh. og sveitarstjórna samkvæmt 3. gr. eru ekki hefðbundin

stjórnsýsluverkefni. Ráðherra og sveitarstjórnir eru þarna að fara með eignarráð. Niðurstaðan um aðild sveitarfélaga að ráðstöfunum þessara eignarréttinda er málamiðlun milli þeirra sjónarmiða að eigendalaus hálendissvæði skulu tilheyra aðliggjandi sveitarfélögum sem eign þeirra eða vera eign íslenska ríkisins. Í frv. er hins vegar undirstrikað að fulltrúi þjóðarinnar við umsýslu þessara eigna, forsrh., skuli ef ágreiningur rís hafa vald til að ráða málum til lykta.

Eins og tekið er fram í athugasemdum við 3. gr., nánar tiltekið á bls. 34 í greinargerð, gæti t.d. reynt á þetta úrskurðarvald ef synjun sveitarstjórnar telst ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Það skal undirstrikað að þarna er ekki um að ræða hefðbundna stjórnsýsluúrskurði eða kærur til æðra stjórnvalds. Þarna þurfa tveir aðilar að koma að í vissum tilvikum, forsrh. og sveitarstjórn. Rísi ágreiningur milli þessara aðila eða séu einhverjir ósáttir við afstöðu sveitarstjórnar ræður forsrh. málinu til lykta.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði hvers vegna það væri nauðsynlegt fyrir ríkið að slá eign sinni á þessi lönd sem hér um ræðir. Ég skýrði þetta í framsögu með nefndaráliti en vil fá að íteka það sem ég sagði m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Væri eignarráðum ríkisins ekki slegið föstum með jafnskýrum hætti og frumvarpið gerir ráð fyrir er viðbúið að kveða þyrfti sérstaklega á um slíka nýtingu og meðferð hverju sinni í lögum. Að þessu virtu hefur sú leið sem valin er í frumvarpinu þá kosti umfram aðrar sem færar hefðu verið:

1. Eignarhald á þjóðlendum er sett í eðlilegt samhengi við þær almennu réttarreglur sem um meðferð eignarréttinda gilda.

2. Eignaréttarleg staða þjóðlendna er skýrð og einfölduð.

3. Komið er í veg fyrir réttaróvissu sem annars kynni að hafa skapast."

Að öðru leyti vil ég segja það um ræðu hv. þm. að ég tel þar margt byggt á misskilningi en vísa til framsögu og þessarar ræðu minnar hér um andstæð rök og þau sjónarmið sem þetta frv. byggir á.

Virðulegi forseti. Ef það má verða til að slá á gagnrýni um ýmis þau atriði sem nefnd hafa verið við þessa umræðu vil ég að lokum minna á þau orð sem hæstv. forsrh. lét sjálfur falla við 1. umr. um þetta frv., að með því sé aðeins stigið fyrsta skrefið á lengri leið og að fyrir fram verði ekki séð við öllum þeim vandamálum sem upp kunna að koma og úr þeim leyst á einu bretti. Framtíðarskipan ýmissa þeirra mála hlýtur að koma til umræðu og eftir atvikum endurskoðunar þegar ljóst er hvaða svæði þetta eru sem koma til með að teljast til þjóðlendna og einhver reynsla hefur fengist af því stjórnskipulagi sem hér er lagt upp með.

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem við höfum rætt í dag er mjög mikilvægt mál fyrir alla Íslendinga og því fagna ég stuðningi hv. þingmanna við frv.

[16:06]

***Jóhanna Sigurðardóttir:***

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður reyndi í máli sínu að sýna fram á að þær brtt. sem við í minni hlutanum höfum flutt séu ekki nauðsynlegar. Auðvitað má hv. þm. hafa sínar skoðanir á því en málflutningur hennar styrkti mig fremur í því heldur en hitt að þær væru nauðsynlegar.

Auðvitað er það svo að ef því er haldið fram að fullt tillit eigi að taka til umhverfisverndar og alþjóðlegrar skuldbindingar, þá veldur það tortryggni ef slíkt má ekki vera inni í lögunum. Eins er um málsmeðferðarreglur sem hér eru settar fram. Hv. þm. taldi að þær væru ekki nauðsynlegar því hægt væri að semja um skuldbindingar eða skilyrði hverju sinni en það býður auðvitað upp á geðþóttaákvarðanir ef ekki eru settar málsmeðferðarreglur um stærstu atriði í þessu eins og við höfum lagt til og ég þarf ekki að rifja upp. Annað býður bara upp á ágreining og geðþóttaákvarðanir eins og ég segi.

Varðandi það að ekki þurfi alltaf að hafa útboð eins og fram kemur í b-lið, þá er það út af fyrir sig rétt. En í brtt. stendur að bjóða skuli út nýtingu lands og landsgæða í þjóðlendum þegar ætla má að um verðmæta nýtingarkosti sé að ræða. Hvað er nú sjálfsagðara en að bjóða út þegar um er að ræða verðmæta nýtingarkosti og setja það í lög til að það bjóði þá ekki upp á einhverjar geðþóttaákvarðanir hjá þeim sem með valdið eiga að fara í þessu efni.

Auðvitað er ekki hægt að mæla fyrir um alla skapaða hluti í lögum. En, herra forseti, stærstu atriðin að því er þetta frv. varðar er nauðsynlegt að setja í lög.

Það veldur mér vissulega vonbrigðum að mér fannst hv. þm. hafna því að taka til skoðunar milli 2. og 3. umr. það sem fram kemur í brtt. okkar við 5. gr. og snertir beitarfriðunina, þ.e. að það þurfi að sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu og að mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar eigi fara fram. Ég tel þetta afar brýnt mál og það sem hv. þm. færði fram máli sínu til stuðnings tel ég hvergi nærri duga þó að hv. þm. hafi aðrar skoðanir á því.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi að hún skildi ekki 4. brtt. um að dómsmrh. ætti að skipa nefndarmenn í stað forsrh. í óbyggðanefndinni og að óljóst væri að hvaða marki þessi brtt. stefni. Hún er alveg augljós. Við margfórum yfir það í umræðum fyrr í dag að okkur finnst vald forsrh. óhugnanlega mikið við framkvæmd þessara laga. Ekki síst er það, eins og margkom fram í mínu máli, varðandi ákvörðun um gjaldtökuna og ráðstöfun á henni. Ég bara ítreka það, herra forseti, að mér finnst Alþingi í þessu máli framselja allt of mikið vald. Það verð ég að segja.

Ég óska eftir því að hv. þm. og formaður allshn. segi þá klárt og kvitt úr ræðustól hvort hún ætli að verða við ósk um að skoða málið milli 2. og 3. umr. Ég held að nauðsynlegt sé að fá að vita það svo að við getum áttað okkur á því hvort það hafi tilgang að fresta atkvæðagreiðslu um þessa brtt.

Vegna þess að hv. þm. nefndi að það hefði verið töluvert rætt í allshn. þá fannst mér það alls ekki vera útrætt af hálfu nefndarmanna hvort hægt væri að ná einhvers konar samkomulagi í þá veru sem við nefnum. Ég er ekki að binda mig, herra forseti, við orðalagið, en ég ítreka þá ósk mína.

Herra forseti. Þetta er búið að vera ansi langt andsvar. Ég hef fengið frið fyrir bjöllu forseta og ég þakka fyrir góðan tíma sem ég fékk í andsvari.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill taka fram að hann leit á þetta sem ræðu, enda var þetta ræða, og gaf það þannig út.)

[16:12]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi svarað þeirri spurningu beint í ræðu minni áðan sem bæði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir beindu til mín og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ítrekar núna. Það er skoðun okkar meiri hlutans í allshn. að ekki sé þörf á því

að koma með þessa brtt. Ég hef skýrt ástæður þess mjög rækilega að mínu mati og get svo sem ítrekað það hver tilgangurinn sé með 5. gr. Henni er ætlað að undirstrika að lögum um þjóðlendur er ekki ætlað að breyta neinu um réttarstöðu þeirra sem notið hafa afnota af þjóðlendum hvort sem slík afnot byggjast á lögum eða öðru, t.d. hefð. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða beitarafnot eða skála ferðafélaga. Samþykkt 5. gr. breytir engu um aðrar lagareglur sem gilda um beitarafnot eða möguleika Alþingis til að breyta þeim og herða þar á.

Ég vék nokkuð að þörf þess að gera átak í gróðurvernd á Íslandi og sagði að ég væri sannfærð um vilja og góðan ásetning Íslendinga almennt til þess hvar sem þeir byggju á landinu og get í sjálfu sér alveg tekið undir þau sjónarmið. En slíkt á að gera á öðrum vettvangi. Það á ekki heima í því frv. sem við erum að ræða hér í dag.

[16:13]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skýrt af hálfu þingmanns. Hún sagði að tilgangurinn með þessu ákvæði breytti ekki neinu um réttarstöðu þeirra sem hafa átt afnotarétt, t.d. beitarrétt, að þjóðlendum. Það er einmitt það sem við viljum gera. Við viljum að sótt sé um leyfi til umhvrh. fyrir áframhaldandi nýtingu þannig að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif fyrirhugaðrar nýtingar og áframhaldandi beitarnotkunar. Ef hv. þm. telur að þetta eigi ekki heima í þessum lögum, þá spyr ég hv. þm. að því hvort hún sé tilbúin til þess að beita sér fyrir því að þessu verði breytt í öðrum lögum þannig að þetta verði tryggt. Ég held að það væri mikilvægt að það gæti hér komið fram.

Ég hef nefnt hér Landgræðslu ríkisins sem leggur áherslu á þessa breytingu og ég nefni einnig Skógrækt ríkisins sem sagði í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Skoða ber mjög vandlega orðalag 5. gr. og athuga hvort ekki sé hægt að komast hjá því að lögfesta rétt til beitarnytja á almenningum um ókomnar aldir."

Hér er vissulega verið að festa þetta í sessi með ákvæði frv. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Miðað við ástand flestra afrétta væri jafnvel ástæða til að breyta greininni alveg þannig að hún hljóðaði svo ..." Síðan er lagt til nýtt orðaval sem er efnislega samhljóða þeirri brtt. sem ég hef mælt fyrir. Ég spyr því hv. þm.: Er hún tilbúin til þess að beita sér fyrir því t.d. með yfirlýsingu af hálfu allshn. að öðrum lögum verði þá breytt þar sem inn verði tekið efnislega það ákvæði sem við erum að reyna að fá lögfest í þessu frv.?

Síðan vil ég nefna af því að mér láðist að geta um það áðan að ég tel alls ekki nægjanlegt að hæstv. forsrh. hafi þá einu skyldu gagnvart þinginu að gefa skýrslu um leyfisveitingar, nýtingu, gjaldtöku og ákvarðanir um hvernig þjóðlenda er nýtt eftir að ákvarðanir hafa verið teknar. Það er alveg ljóst í mínum huga að það gagnast ekki.

[16:16]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil þær ábendingar sem hér koma fram og útiloka ekki persónulegan áhuga minn í því efni. Ég get hins vegar ekki skuldbundið allshn. í þessu sambandi. Það er einfaldlega ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla einmitt um þessi lög og þau ákvæði sem ég var að ræða um áðan. Hv. þm. veit mætavel að það er verkefni annarra fastanefnda Alþingis.

Ég vil líka benda á það að hv. þm. hefur, jafnt og allir aðrir þingmenn á hinu háa Alþingi, fullt frelsi til að koma sjálf með tillögur til úrbóta í þessum efnum.

[16:17]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um rétt minn í því efni. Mér finnst ánægjulegt að heyra um persónulegan áhuga hv. þm. á því að færa þetta í það horf sem er í tillögunni. Ég held að styrkurinn og þunginn væri í að þessu yrði breytt, hugsanlega á næsta þingi, þó ég viti að beitarmálefni séu ekki á könnu allshn. Allshn. gæti komið saman milli 2. og 3. umr. og sent frá sér frhnál. þar sem því væri lýst yfir að nefndin teldi eðlilegt að athuga með breytingar á þeim lögum sem við á og beina því til viðkomandi ráðherra að það yrði gert fyrir næsta þing. Það hefði miklu meiri þunga en það að ég flytti frv. ein og sér eða með öðrum hv. þm.

Ef öll allshn. stæði á bak við það, þá mundi það vega mjög þungt. Ef slík beiðni eða ósk kæmi fram í frhnál. frá allri allshn þá gæti það orðið til þess að ég gæti hugsað mér að ræða það við meðflutningsmenn mína að þessi tillaga yrði dregin til baka. Ég spyr því hvort sú leið sé fær í þessu efni.

[16:18]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)**:

Virðulegi forseti. Það var í raun ekki margt sem ég taldi ástæðu til að bæta við ræðu mína. Ég taldi þó rétt að koma að svari við ítrekaðri spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ég tel að þetta mál sé fullrætt í allshn. og ekki þurfi að taka þetta mál aftur til umræðu milli 2. og 3. umr. Hv. þm. veit mætavel að þetta mál er flutt af hæstv. forsrh. og fjallar um stjórnskipulega þætti fyrst og fremst. Annað sem hún bendir á, eins og spurninguna um beit, gróðurvernd og annað því um líkt, er ekki í verkahring allshn. eins og hún sjálf viðurkenndi heldur annarra þingnefnda. Ég tel því ekki rétt að fallast á þessa ósk.

[16:19]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. veldur mér vissulega vonbrigðum. Ég get ekki túlkað hana á annan hátt en þann að hv. þm. hafi ekki áhuga á því að stuðla að því eins og hún getur, sem formaður allshn., að viðhlítandi lögum verði breytt til þess að tryggja markmið þessarar brtt.

Þó að allshn. fjalli ekki beint um beitarmálefni, þá er algengt í framsöguræðum formanns nefndar eða í nefndaráliti, eða a.m.k. ekki óalgengt, að beint sé til annarra ráðherra tillögum um breytingu á einhverjum öðrum lögum sem tengjast því viðfangsefni sem nefndin er að ræða. Það er alls ekki óeðlilegt.

Þetta er nýr flötur á málinu og ekki sá flötur sem nefndin hefur rætt áður. Slíkt ætti að setja inn í nefndarálit, eða í þessu tilviki í frhnál., herra forseti. Ég býð það á móti að draga til baka þessa brtt., auðvitað að höfðu samráði við flutningsmenn, og því finnst mér það varla vera hægt hjá formanni nefndarinnar að hafna því að boða til fundar milli 2. og 3. umr. Ég veit að hún hefur ekki haft samráð við aðra nefndarmenn um það hvort þeir gætu fallist á eða tekið undir slíka brtt. Mér finnst hv. þm., þó hún sé formaður

nefndarinnar, ekki geta haft það vald að umsvifalaust og án þess að ráðfæra sig við aðra nefndarmenn í allshn. geti hún hafnað þeirri ósk sem hér hefur komið fram um málsmeðferð á mjög þýðingarmiklu atriði, sem margir hafa komið inn á í umræðunni.

[16:22]

**Útbýting þingskjala:**

Mælingar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu, 691. mál, svar umhvrh., þskj. 1376.

Orkugjafi fiskimjölsverksmiðja, 360. mál, svar umhvrh., þskj. 1378.

Skattaleg meðferð lífeyrisiðgjalda sjálfstæðra atvinnurekenda, 276. mál, svar fjmrh., þskj. 1387.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:23.

## Efnisskrá.


Aðgerðir vegna starfsþjálfunar (669. mál) 5999.
Aldamótavandamálið í tölvukerfum (583. mál) 5993.
Athugasemdir um störf þingsins:
Ákvörðun um þingfrestun 6313.
Framhald þingstarfa og þingfrestun 6046.
Frumvarp til laga um náttúruvernd 6251.
Fyrirspurn um málefni Landsbanka og Lindar hf. 6250.
Álagning fjármagnstekjuskatts (698. mál) 6039.
Geðheilbrigðismál barna og unglinga (525. mál) 6011.
Iðnaðaruppbygging á Vestfjörðum (666. mál) 6033.
Innheimta komugjalda heilsugæslustöðva (662. mál) 6014.
Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé (684. mál) 6042.
Kennsla í grunnskólum (512. mál) 6007.
Köfun niður að Æsu ÍS 87 (586. mál) 6022.
Mat á umhverfisáhrifum og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar (705. mál) 6504.
Menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu (589. mál) 6027.
Norræna vegabréfasambandið (601. mál) 5996.
Rannsóknarnefnd sjóslysa (587. mál) 6025.
Starfssvið tölvunefndar (456. mál) 6001.
Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum (642. mál) 6520, 6572.
Stöðugleiki og öryggisbúnaður skipa (590. mál) 6030.
Sveitarstjórnarlög (288. mál, heildarlög) 6054, 6087, 6253, 6318, 6479, 6505.
Tannlæknaþjónusta (681. mál) 6017.
Tilkynning um breytingu í þingflokki Sjálfstfl. og utanríkismálanefnd 6479.
Tóbaksvarnir (688. mál) 6019.
Um fundarstjórn:
Afgreiðsla frumvarps um síldarsamning o.fl. 6317.
Framhald þingstarfa og þingfrestun 6052.
Svör ráðherra við fyrirspurn 6016.
Um fundarstjórn — sjá:
Sveitarstjórnarlög 6203, 6240.
Vinnuregla Þróunarsjóðs sjávarútvegsins við úreldingu fiskvinnsluhúsa (671. mál) 6004.
Virðisaukaskattur af handverksmunum úr íslenskum náttúruefnum (677. mál) 6036.
Þjóðlendur (367. mál) 6576.

# 124. FUNDUR

mánudaginn 11. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

## *Tilhögun þingfundar.*

[10:32]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess varðandi þinghald í dag að gert er ráð fyrir því að fundi verði frestað kl. 12 og þá veitt ráðrúm til fundahalda þingflokka. Fundi verður síðan fram haldið kl. 15 og þá verður tekið fyrir 1. dagskrármálið, óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra. Af sérstökum ástæðum verður þessum fundi nú frestað um 10 mínútur.

[Fundarhlé. — 10:32]

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266.

[10:44]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):**

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Meiri hlutann skipa Stefán Guðmundsson, sá er hér stendur, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Sigríður Anna Þórðardóttir, Hjálmar Árnason og Pétur H. Blöndal.

Virðulegur forseti. Ég held að rétt sé að byrja á því að fara yfir brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur og eru á þskj. 1266. Þær eru eftirfarandi:

„1. Við 2. gr. 6. mgr. orðist svo:

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

2. Við 7. gr. Í stað orðanna „vegna rannsóknanna“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: vegna nýtanlegra rannsókna.

3. Við 10. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 mw. miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands.

4. Við 14. gr. Í stað orðanna „allt að 100 ltr./sek.“ Í 1. málsl. komi: allt að 70 ltr./sek.

5. Við 16. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landgæða.

6. Við 18. gr. 6. tölul. orðist svo: Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.

7. Við 22. gr. Á eftir orðunum „gefi upplýsingar um“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: staðsetningu holunnar.

8. Á eftir 33. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

9. Við 35. gr. er verði 36. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. janúar 2001.

10. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.“

Í nál., virðulegi forseti, segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Gunnar Pálsson og Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Þorkel Helgason orkumálastjóra og Helga Torfason frá Orkustofnun, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors skipulagsstjóra, Jón Rögnvaldsson frá vegamálastjóra og Jakob Kristjánsson frá Iðntæknistofnun.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Náttúruvernd ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Orkustofnun, Hitaveitu Suðurnesja, Landssambandi veiðifélaga, Hitaveitu Reykjavíkur, Rannsóknarráði Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, Félagi landfræðinga og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skipað verði í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu hvort sem um er að ræða í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Meginmarkmið þess er að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri skipan sem viðurkennd hefur verið í löggjöf og réttarframkvæmd að eignarréttur á auðlindum í jörðu eignarlanda og innan netlaga í vötnum og sjó fylgi landareign. Einnig er íslenska ríkið lýst eigandi auðlinda í þjóðlendum í samræmi við samnefnt frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu. Þá er lagt til að samræmdar reglur gildi um leit, rannsóknir, nýtingu og leyfi opinberra yfirvalda í þessum efnum. Lagt er til að iðnaðarráðherra fari með veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa en Orkustofnun verði falin stjórnsýsluverkefni á þessu sviði. Í umboði ríkisins er lagt til

að iðnaðarráðherra verði heimilt að hafa frumkvæði að og láta leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu, jafnt innan sem utan eignarlanda og hvort sem landeigandi sjálfur hefur hafið slíka rannsókn eða heimilað hana öðrum nema sá aðili hafi áður fengið rannsóknarleyfi. Núgildandi námulög og orkulög hafa að geyma reglur um rannsóknir og leit sem byggjast á sama grunni, þ.e. heimild ríkisins til að láta leita að jarðefnum og jarðhita hvar sem er á landinu. Þá er gert ráð fyrir að nýting auðlinda í jörðu sé háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Áfram verður landeiganda þó heimilt að nýta á eignarlandi sínu grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, sem og að nýta jarðhita og grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa innan tiltekinna marka. Landeigandi þarf hins vegar nýtingarleyfi frá iðnaðarráðherra til þess að nýta jarðefni, svo sem málma, jarðolíu og jarðgas, svo og jarðhita og grunnvatn yfir hinum tilteknu mörkum.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að sveitarfélög hafi forgang til nýtingarleyfa vegna grunnvatns og jarðhita innan marka sveitarfélags vegna þarfa þess og því tryggður réttur til umsagnar áður en nýtingarleyfi eru veitt. Auk þess geti iðnaðarráðherra heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu, óháð því hvort viðkomandi réttindi eru innan marka sveitarfélagsins eða ekki.

Þá er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra hafi heimild til að taka auðlindir eignarnámi ásamt öðrum réttindum sem nauðsynleg eru til að nýtingarleyfi komi að notum. Ef auðlind í eigu landeiganda er nýtt af öðrum fær hann fullt endurgjald fyrir. Sé auðlind tekin eignarnámi hefur landeigandi val um það hvort endurgjald fyrir hana verður metið sem bætur sem greiðist í einu lagi eða árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar stendur yfir.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfa, vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, meðferð upplýsinga og fleira.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt verið að hrófla við eða víkja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir né nýtingu auðlinda, sbr. breytingartillögu við 16. gr. frumvarpsins. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessu frumvarpi. Það er jafnframt álit meiri hlutans að frumvarpið raski ekki með neinu móti heildarstefnumörkun hvað varðar alþjóðaskuldbindingar um umhverfismál og áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun.

Þá hefur komið fram gagnrýni á að frumvarpið setji ekki ákvæði um vernd og nýtingu á sandi, vikri, grjóti o.fl. Meiri hlutinn telur að setja þurfi reglur um vernd og nýtingu þessara jarðefna en telur hins vegar ekki rétt að það verði gert með því að kveða á um að nýtingarleyfi þurfi að koma til. Réttara væri að endurskoða ákvæði laga um umhverfismat og setja lög um frágang og eftirlit með vinnslusvæðum.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort málsmeðferðarreglur við veitingu leyfa séu nægilega skýrar samkvæmt frumvarpinu, einkum í þeim tilvikum þegar fleiri en einn aðili sækir um leyfi á sama stað. Ákvæði 17. gr. frumvarpsins kveður á um þau meginsjónarmið sem búa að baki veitingu nýtingarleyfa. Þá eru í 18. gr. tilgreind þau skilyrði sem fram þurfa að koma í leyfinu. Í 19. gr. er síðan kveðið á um heimild ráðherra til að auglýsa eftir umsóknum. Þegar þessi ákvæði eru virt með hliðsjón af almennum málsmeðferðarreglum í stjórnsýslunni, svo sem ákvæðum stjórnsýslulaga, er það álit meiri hlutans að nægilega skýrt sé kveðið á um það á hvaða grunni leyfi skuli veitt og samkvæmt hvaða sjónarmiðum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:"

Ég held að það sé rétt að ég fari yfir það enn og aftur:

1. Lögð er til breyting á skilgreiningu grunnvatns í því skyni að gera hana skýrari. Samkvæmt skilgreiningunni telst á sem rennur neðan jarðar til grunnvatns í þessum skilningi.

2. Lögð er til breyting á 2. mgr. 7. gr. sem fjallar um nýtingu auðlinda. Eins og málsgreinin er orðuð mætti ætla að landeigandi sem látið hefur rannsaka auðlind án rannsóknarleyfis geti krafið nýtingarleyfishafa um allan sannanlegan kostnað vegna rannsóknarinnar, einnig þann sem ekki getur nýst nýtingarleyfishafanum. Því er lagt til að landeigandi geti einungis krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra.

3. Lögð er til breyting á 10. gr. sem fjallar um jarðhita. Fram hafa komið upplýsingar um það að 5 mw. séu nokkuð há mörk á nýtingu án leyfis. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun notar stærsta gróðrarstöð landsins, sem er 6.000 fermetrar, jarðhita sem jafngildir 2,8 mw. Þá hefur jafnframt komið fram að orka úr einni borholu á háhitasvæði sé óvíða meiri en 5 mw. Með hliðsjón af þessu er lagt til að mörkin verði færð niður í 3,5 mw.

4. Lögð er til breyting á 14. gr. sem fjallar um grunnvatn. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun eru 100 ltr./sek. sem mörk nýtingar án leyfis nokkuð há. Með hliðsjón af þessu er lagt til að mörkin verði færð niður í 70 ltr./sek.

5. Lögð er til breyting á 18. gr. sem fjallar um innihald rannsóknar- og nýtingarleyfa. Lagt er til að tilgreina skuli einnig form gagnaskila svo að auðvelt og hagkvæmt verði að miðla upplýsingum og gögnum.

6. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 34. gr. og fjalli um nýtingu hitakærra örvera. Brýna nauðsyn ber til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tekur þó nokkurn tíma. Því er hér lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frumvarpið byggir á við rannsóknir og nýtingu fellur vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum felst.

Hátæknivæddur líftækniiðnaður byggir tilurð sína á rannsóknum á þessum örsmáu lífverum. Lyf og efnahvatar sem notaðir eru í iðnaði eru gott dæmi um verðmætar afurðir þessa nýja atvinnuvegar. Aðalhráefni líftækniiðnaðarins eru þó ekki genin sjálf, sem efnislegir þættir lífveranna, heldur þær upplýsingar sem þau bera í sér.

Hveralífverur eru ein af eftirsóttustu uppsprettum líftækniiðnaðarins fyrir hagnýt gen. Ástæðan er sú að þeir eiginleikar sem hveralífverur hafa þróað og gera þeim kleift að lifa og starfa við háan hita í harkalegu umhverfi hveranna eru þeir sömu og sóst er eftir til nota í iðnaði.

Ísland sem heild er stærsta og fjölbreytilegasta hverasvæði veraldar og því sækja erlendir vísindamenn og fyr-

irtæki hingað til að afla efniviðar í rannsóknir sínar og fer þessi ásókn vaxandi. Markmið þeirra er að einangra hitakærar örverur eða erfðaefni úr íslenskum hverum til að finna þar verðmæt gen sem nýta má í iðnaði. Í þessu sambandi mætti kalla hverina lífnámur. Þó er ekki um námur eða auðlindir að ræða í hefðbundnum skilningi því námumaðurinn sækir aðeins nokkur lítil sýni af vatni, sandi eða hverahrúðri sem hann síðan vinnur með í rannsóknastofu og leitar að eftirsóttum genum. Hér er því um að ræða sjálfbæra og vistvæna nýtingu verðmæta sem hefur ekki í för með sér neina hættu á náttúruspjöllum.

Ríó-sáttmálinn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem Ísland hefur staðfest, ber það með sér að viðurkennt er að þau verðmæti sem finna má í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Ekki hafa verið sett lög á Íslandi sem hafa beinlínis þann tilgang að tryggja markmið Ríó-sáttmálans að þessu leyti eins og gert hefur verið í sumum öðrum löndum. Hér er því lagt til að bætt verði úr brýnni þörf og rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum verði felldar undir meginefni frumvarpsins í ljósi þess að heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta skortir. Með þessu á að tryggja að aðgangur að þeim auðlindum sem fólgnar eru í íslenskum hverum sé háður stjórn og eftirliti með sama hætti og aðgangur að öðrum auðlindum í jörðu sem frumvarpið nær til.

Lagt er til að það verði á forræði iðnaðarráðherra að veita leyfi til rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum til iðnaðarframleiðslu á sama hátt og fram kemur í III. og IV. kafla frumvarpsins. Greinin tekur fyrst og fremst til nýtingar sem felst í þeirri aðferð að fjarlægja örverur úr sínu náttúrulega umhverfi með sýnatöku, sé markmiðið að einangra og eftirgera erfðaefnið og afurðir þess með framleiðslu í tilraunastofu, og síðar iðnaði fyrir augum. Leyfi samkvæmt greininni skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra og þá er Náttúruvernd ríkisins ætlað að fara með eftirlit með rannsókn og nýtingu á hitakærum örverum.

7. Lögð er til viðbót við 35. gr. sem verður 36. gr. Eins og fram er komið er nauðsynlegt að vinna heildstæða löggjöf um vernd og nýtingu lífrænna verðmæta í náttúru landsins. Með ákvæði um að endurskoða skuli nýja 34. gr. frumvarpsins fyrir árið 2001 er verið að leggja áherslu á það.

8. Lögð er til breyting á fyrirsögn frumvarpsins. Ný tillaga að nafngift er talin lýsa betur til gangi frumvarpsins og efnisinnihaldi þess þar sem það hefur að geyma ákvæði um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og hefur þann megintilgang að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að stíga nokkur skref til baka í þessu nál. okkar og lesa örstuttan kafla aftur. Hann skiptir vissulega miklu máli í þeirri umræðu sem eftir á að fara fram um þessi mál og því finnst mér rétt að skerpa aðeins á þeim stutta kafla sem segir þó æðimargt. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt verið að hrófla við eða víkja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir eða nýtingu auðlinda, sbr. breytingartillögu við 16. gr. frumvarpsins. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessu frumvarpi. Það er jafnframt álit meiri hlutans að frumvarpið raski ekki með neinu móti heildarstefnumörkun hvað varðar alþjóðaskuldbindingar um umhverfismál og áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun."

Ég vil taka fram að þeir sem mættu á fund nefndarinnar og ræddu um þennan þátt viðurkenndu að það sem hér var lesið væri fullgilt og fullkomið lögskýringarákvæði. Um það voru menn sammála.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig að það komi skýrt fram að athugasemdir hafa komið fram í umræðunni um málið sem snúa að umhverfisþáttum þess. Ég mun því beita mér fyrir því að iðnn. skoði málið á milli 2. og 3. umr. og taki þá með það sem bæst hefur í umræðuna.

[11:10]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. framsögumanni meiri hluta nefndarinnar fyrir ágæta framsögu. Ég þakka honum sérstaklega fyrir þau orð sem hann lét falla um umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmál, þá áherslu sem hann lagði á lögskýringargildi nál. meiri hlutans og það að nefndin muni taka þetta mál upp á milli umræðna.

Ég vil hins vegar varpa því fram hvort ekki sé betra og skynsamlegra, í stað þess að byggja á lögskýringarákvæði, að það sem efnislega kemur fram í nál. verði einfaldlega fært inn í 1. gr. frv. Þannig mundu menn, þegar þeir fara að velta þessum málum fyrir sér eins og hugsanlega kæmi upp og væntanleg umfjöllun í nál. bendir til, ekki þurfa að leita til lögskýringarákvæðisins heldur sé það lagatextinn sem taki skýrt og greinilega á málinu.

Ég vil enn fremur leita eftir frekari skýringum á breytingum sem gerðar eru á 10. gr. og 14. gr. þar sem möguleikar jarðeigenda til þess að nýta án leyfis annars vegar jarðvarma og hins vegar vatn, minnka úr 5 megavöttum í 3,5 megavött og úr 100 sekúndulítrum í 70 sekúndulítra. Mér finnst ég ekki fá fullnægjandi skýringar á þessu í nál. og með brtt. Mér virðist þessi breyting gerð til að takmarka svigrúm landeigenda og einstaklinga. Þetta eru yfirleitt landareignir úti á landsbyggðinni sem heldur hefur sorfið að að undanförnu og ætti þá frekar að ýta undir möguleika einstaklinga til að nýta þær auðlindir sem finnast þar í jörðu.

Ég vil einnig lýsa efasemdum um þau ákvæði sem yrðu 34. gr. ef brtt. verða samþykktar, varðandi örverurnar. Ég held að það mál sé ekki nægilega þroskað eða næg umræða um, herra forseti, og við þyrftum að skoða betur hvort það eigi heima í þessum lögum.

[11:12]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svarað því sem hv. þm. Árni Mathiesen hefur lagt til, að styrkja 1. gr. frv. Það var skoðað í meðferð nefndarinnar og við höfum auðvitað velt því fyrir okkur hvort það væri skynsamlegt. Niðurstaðan varð sú að setja þetta inn í nál. eins og þar stendur. Eins og hv. þm. gat um hefur hann þá sömu skoðun og meiri hluti nefndarinnar og þeir sem til nefndarinnar komu að hér sé um fullkomið lögskýringaratriði að ræða. En við munum sjálfsagt gefa gaum að þessu.

Í sambandi við brtt. sem við gerum um orkuna, um virkjunina, að lækka mörkin. Við reynum að rökstyðja þetta og okkur í nefndinni finnst þetta, eftir að hafa farið ítarlega yfir þetta og kynnt okkur málið, skynsamlegt og nægjanlegt. Auðvitað eru engin bönn við því að virkja meira. Það felst ekki í þessu að settar séu einhverjar skorður við því.

[11:14]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir svarið og óska bara eftir því að gildissvið skýringarinnar verði skoðað betur í nefndinni og tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef verið að nefna.

Varðandi minnkun á virkjunarmöguleikunum, bæði á orku og vatni, þá vildi ég gjarnan að þeir skoðuðu það frekar í nefndinni milli umræðna. Það er nefnt að í gróðurhúsastarfseminni séu stærstu gróðurhúsin ekki með nema 2,8 megavött virkjuð í dag. Þetta er einmitt grein þar sem hagkvæmni stærðarinnar er að koma mjög sterklega fram og við gætum átt von á því í framtíðinni að jarðeigendur vildu frekar virkja í þessum tilgangi.

Mér finnst vera of mikil miðstýringarhvöt og forsjárhyggja með leyfisveitingum að ætlast til þess að ef virkja eigi meira en þetta, þá þurfi að sækja um sérstakt leyfi. Ég vil lýsa því yfir að ég er mun sáttari við niðurstöðu frv. eins og hún liggur fyrir frá þeirri nefnd sem samdi það heldur en þá brtt. við frv. sem liggur hér fyrir í dag.

[11:16]

**Frsm. minni hluta iðnn. (Gísli S. Einarsson)**:

Herra forseti. Ég mun í ræðu minni gera grein fyrir nefndaráliti minni hluta. Ég mun fara yfir þau atriði sem ég tel vera mjög gagnrýniverð varðandi einstakar frumvarpsgreinar og síðan vitna til athugasemda frá ýmsum aðilum sem unnið hefur verið út frá. Í upphafi geri ég að sjálfsögðu grein fyrir því, og ég mun ítreka það aftur, að minni hlutinn telur að málið sé ekki nægjanlega þroskað til að fá afgreiðslu og minni hlutinn telur og mun leggja fram með rökstuddri dagskrá að málinu verði vísað til ríkisstjórnar til frekari umfjöllunar.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að byrja á því að vitna til bréfs sem lagt hefur verið í hólf allra þingmanna og borist hefur frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni. Þetta er svarbréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirtur þingmaður. Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í dag var fjallað um bréf þitt og varðandi þær spurningar sem þar eru settar fram er vísað í umsögn sem samþykkt var á fundi 24. apríl sl.

Á fundi stjórnar samtakanna í dag kom fram að hún telur að hálendið skuli vera ein skipulagsleg heild. Ef stofnuð yrði nefnd um skipulag miðhálendisins mundi stjórn SSH að sjálfsögðu ekki skorast undan ábyrgð en áskilur sér þó rétt til að taka sjálfstæða ákvörðun um það síðar.

Stjórnin telur jafnframt að vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið bæði á Alþingi og annars staðar um málið sé rétt að Alþingi fresti afgreiðslu málsins til haustsins. Þannig gefist meiri tími til umræðna um þetta mikilvæga mál."

Herra forseti. Ég sé ekki annað en það nákvæmlega sama eigi við um málið sem við erum að ræða og það er einmitt verið að ræða um eignarhald á almenningum. Um það erum við að ræða í þessu frv. Ég mun koma að því síðar að það kemur fram í Dagblaðinu í dag í skoðanakönnun að þorri þjóðarinnar eða um það bil 70% af þeim sem talað var við eru gegn, ekki bara frv. um sveitarstjórnarlögin heldur ... (**Gripið fram í:** Það var ekki gegn ...) Það er andstaða við að farið skuli vera með hálendið og almannarétt um landinu eins og verið er að gera með þessum frumvörpum. Svona skil ég þetta mál og skýri það auðvitað út eins og ég skil það, en ekki aðrir.

Herra forseti. Undir nefndarálit minni hlutans rita ásamt mér, hv. þingmenn Svavar Gestsson og Jóhanna Sigurðardóttir auk þess sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk því áliti sem ég mæli hér fyrir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um eignarhald á auðlindum í jörðu eru þrjú meginatriði sem ágreiningur er um við stjórnarandstöðuna. Í fyrsta lagi er það ákvæði frumvarpsins — sem er aðalatriði þess — að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeign séu eign landeigenda. Þessi ákvæði stríða í grundvallaratriðum gegn frumvörpum þeim sem fyrir liggja í þinginu um sama efni frá stjórnarandstöðunni, þ.e. frumvarp Sighvats Björgvinssonar o.fl. og frumvarp Hjörleifs Guttormssonar o.fl., en í frumvarpi þessu er lagt til að djúphiti í jörðu, kol, olía, gas, málmar og fleiri jarðefni séu þjóðareign. Má því segja að í þessu máli komi einkar skýrt fram sá grundvallarágreiningur sem uppi er milli þeirra flokka sem nú eru í stjórnarliði annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. Í öðru lagi einkennir frumvarp ríkisstjórnarinnar tillitsleysið við áherslur í umhverfismálum."

Herra forseti. Það kom best í ljós strax í upphafi eftir að mælt hafði verið fyrir meirihlutaálitinu. Þá gerðu stjórnarliðar strax athugasemd við frv. og því var heitið að taka þetta frv. aftur til umfjöllunar sem segir og sýnir að þetta mál er engan veginn þroskað til þess að koma til afgreiðslu nú þegar. Áfram, herra forseti, úr nefndarálitinu:

„Það er greinilega ætlun stjórnarflokkanna að sniðganga umhverfisstofnanir og umhverfisráðuneyti. Eitt ágreiningsefnið varðar útleigu og gjaldtöku fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir því að ráðherra fái sjálfdæmi um að leigja hverjum sem er hvað sem er fyrir hvaða fjárhæð sem er." — Þetta er eitt af meginatriðum sem við gagnrýnum harkalega. — „Stjórnarandstæðingar vilja hins vegar setja skýrar málsmeðferðarreglur um leigu afnotaréttar þar sem m.a. fulls jafnræðis sé gætt og skýrar reglur um afnotagjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs eða lögum um útboð."

Þarna kemur fram meginmunur á áliti stjórnarandstöðu og áliti stjórnarliða.

„Meginefni þessa frumvarps tekur til auðlinda á jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Meginmarkmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu og um réttindi til þess að rannsaka, leita að og nýta auðlindirnar.

Auk þess sem að framan getur vantar margt í frumvarpið. Þar má nefna:

— að ekki er fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda ..."

Þar kemur, herra forseti, akkúrat að því sem ég minntist á í upphafi míns máls þegar ég vitnaði til þess bréfs sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur lagt í hólf allra þingmanna til þess að kynna þeim álit Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á þessum málum sem hafa loksins rankað við sér.

„að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni, þvert á móti eru þessi auðæfi afhent landeigendum,

að óljóst er kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða,

að ekki eru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms,

að í frumvarpið vantar skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir ...“

Þar breytir engu þó heiti frv. sé breytt samkvæmt tillögum meiri hluta hv. iðnn.

„að ekki eru í frumvarpinu nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram þau sem eru í gildandi lögum.“

Þar er ástæða til þess að gera harða atlögu að þessu máli.

„Ljóst er að mikill ágreiningur er um meðferð ýmissa meginatriða milli vísindamanna sem komu til viðræðna við nefndina um frumvarpið. Má þar nefna að einn viðmælandi nefndarinnar sagði að erfðaefni sem slíkt væri ekki lifandi sem brýtur í bága við skilgreiningu annars viðmælanda um að þau séu hluti hinnar lifandi náttúru.

Margsinnis kom fram að skýrari ákvæði vantar um rannsóknir og nýtingarrétt og strangari ákvæði um náttúruvernd svo fátt eitt sé nefnt sem gagnrýnt var af hálfu viðmælenda nefndarinnar. Það kom einnig fram að nauðsyn er á að taka á ýmsum atriðum varðandi yfirráð með skýrum lagaákvæðum um að þessi lög haggi ekki þeim lögum sem í gildi eru.“

Herra forseti. Það var m.a. eitt af því sem kom fram í gagnrýni hv. þm. strax í upphafi í andmælum við formann hv. iðnn., þ.e. að ekki skuli vera skýrt kveðið á hvernig þessum málum er fyrir komið varðandi lög sem í gildi eru.

„Með vísan til framangreindra atriða er augljóst að frumvarp ríkisstjórnarinnar er vanbúið til afgreiðslu Alþingis og nauðsynlegt er að gerðar verði á því gagngerar breytingar.

Af framansögðu er ljóst að frumvarpinu er hafnað af hálfu minni hlutans fyrst og fremst af því að hér er um gífurlega eignatilfærslu að ræða í hendur fárra á kostnað almannahagsmuna. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði sú tillaga felld mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn nokkrum greinum frumvarpsins auk þess sem hann mun flytja breytingartillögur við einstakar greinar við 3. umræðu málsins ef nauðsyn krefur.“

Eins og ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns, er hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sem sat fundi nefndarinnar samþykk þessu áliti auk mín og hv. þingmanna Svavars Gestssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í upphafi máls míns að ég mundi fara yfir nokkrar greinar sem ég tel að sé mjög ábótavant í þessu frv. og ég mun leggja það fram sem rök fyrir því að málið sé ekki fullbúið og ekki tilbúið í rauninni til afgreiðslu á hv. Alþingi. Ég vil geta þess að hér eru ráðherrar viðkomandi málaflokka viðstaddir og ég tel að það sé nauðsynlegt en ég vil að það komi fram að í samræðum við hæstv. umhvrh. nefndi hann við mig að hann þyrfti að víkja frá. Á það var fallist en ég minni á að iðnrh. er viðstaddur og hann mun þá taka við þeim spurningum, ef einhverjar eru, sem þarf að koma til hæstv. umhvrh.

Frv. fjallar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu og eðli máls samkvæmt er nýting auðlinda í jörðu nátengd umhverfi og náttúru. Í frv. eins og hér um ræðir ætti að vera mun sterkari skírskotun til þessara málaflokka sem ég nefndi og jafnframt tilvísun til gildandi laga og reglna sem þar gilda. Ég vil meina að svo sé ekki og það sætir auðvitað furðu. Ekki er hægt að skilja þennan lagatexta öðruvísi en að gildandi lög, t.d. náttúruverndarlög sem hér hafa verið nefnd m.a. varðandi mat á umhverfisáhrifum, séu sniðgengin. Ég tel að þau séu sniðgengin með framsetningu þessara tillagna ásamt reglugerðum sem á þeim eru byggðar — ég þykist svo sem viss um að það hafi ekki verið ætlun höfunda frv. — og því er ekki hægt að vísa til slíks síðar nái lagatextinn fram að ganga eins og hann er núna, sérstaklega þar sem skýrari túlkanir hvað þetta varðar er heldur ekki að finna í greinargerðinni. Þessu er einmitt ábótavant varðandi þetta mál, þ.e. að tilvísanir eru ekki nægjanlega skýrar.

Einnig má benda á það að þessum lögum er ætlað að verða ótrúlega víðtæk. Í I. kafla þeirra er tekið fram að þau taki til hvers konar frumefna, efnasambanda og orku sem vinna megi úr jörðu, hvort heldur þau eru í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigsins sem þau kunna að finnast við. Allt það sem í jörðu finnst er annaðhvort frumefni eða efnasamband. Þetta hygg ég að menn séu almennt sammála um. Þar með má segja að engin undantekning sé á gildi laganna. Þegar síðan er litið til þess að frv. gerir ráð fyrir að hæstv. iðnrh. geti látið rannsaka auðlindir hvar sem er á landinu með nýtingu í huga þá ætti hver maður að sjá að það er óhæfa að fyrirhugað gildissvið og vald iðnrh. sé með slíkum ólíkindum. Ég tel að það gangi allt of langt. Þetta eru atriði sem ég vona að hv. iðnn. taki til umfjöllunar, a.m.k. núna á milli umræðna. Auðvitað væri réttast að fara fram á að þessu máli verði frestað til haustsins þar sem ekkert liggur á að afgreiða það.

Um ýmsar jarðmyndanir gilda sérstakar verndarreglur en til þeirra er ekkert tillit tekið að mínu mati, ekki einu sinni í greinargerðinni. Sérstakar reglur um jarðvegsnámur og frágang þeirra eru í gildi. Slíkar námur kunna einnig að vera háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum en það fer að vísu eftir stærð þeirra. Hæstv. iðnrh. skal að vísu falið að fylgjast með því að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða, sbr. 17. gr. Hins vegar ekki hægt að sjá að iðnrh. sé bær til að fylgjast með slíku. Ég tel að alls ekki eigi að blanda saman eftirlitshlutverki og framkvæmdarhlutverki. Einn af meginþáttum gagnrýni okkar er að það á ekki að blanda saman eftirlitshlutverki og framkvæmdarhlutverki. Þessu gerðum við grein fyrir þegar við ræddum málið í hv. iðnn., að þarna væru ekki nógu skýr mörk á milli.

Eðlilegra væri að umhvrh. yrði falið að hafa þetta eftirlitshlutverk með höndum. Með því væri hægt að komast hjá hættu á hagsmunatengdum ákvörðunum sem hljóta, ef menn velta málinu fyrir sér, að vera hagsmunir iðnrh. sem í þessu tilviki felast í að hafa sem mest yfirráð yfir aðgerðum varðandi auðlindir í jörðu, t.d. ef við horfum til hálendisins.

Minni hlutinn gerir það að tillögu sinni að texti 1. gr. verði endurskoðaður. Ég tel að í greininni þurfi að vísa til þess að önnur lög geti gilt um þessar auðlindir. Þar á ég við það sem um getur í umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf. Þetta er eitt af meginatriðunum sem við höfum gert grein fyrir í iðnn.

Í tengslum við 4. gr. er ástæða til að benda á eftirfarandi: Þó iðnrh. sé heimilt að láta rannsaka og leita að auðlindum, þá eru engin rök fyrir því að það leyfi eigi að ná til alls landsins. Það er ómögulegt að sjá nauðsyn til þess að t.d.

friðlýst svæði, þjóðgarðar og náttúruvætti séu undir sömu ákvæði seld og annað land. Um þetta atriði var ekki rætt nema að takmörkuðu leyti þegar við fjölluðum um málið í iðnn. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég held að þurfi að skoða og ég bið um að það verði athugað þegar við förum yfir málið á milli umræðna úr því það er þegar ákveðið.

Svæði eru friðlýst vegna þess að þau eru einstök á einhvern hátt og þar með verðmæt. Það verðmæti hefur væntanlega ekki verið talið felast í hugsanlegri námavinnslu. Við höfum ekki farið nægjanlega í gegnum það hvernig farið skuli með slík landsvæði. Það er ástæða til að leggja ríka áherslu á að settir verði staðlar og reglur um að skýrar kröfur verði gerðar til þeirra sem fá leyfi til rannsókna samkvæmt þessum lögum. Það er mikil ástæða til þess að það verði mjög skýrt. Það er eitt af því sem ég gerði grein fyrir í nál. minni hlutans. Reglurnar þurfa að fjalla um og kveða á um færni, menntun og þekkingu þeirra sem starfa að rannsóknunum. Það þarf að fjalla um umgengni, umfang rannsókna og frágang. Þetta held ég að þurfi allt saman að koma fram. Ég tel að þetta sé ekki nægjanlega skýrt.

Ég held að ekki nægi að Orkustofnun verði eingöngu gerð grein fyrir áætlunum rannsóknaraðila. Það ætti einnig að gera t.d. Náttúrufræðistofnun grein fyrir slíkum framkvæmdum og kannski Náttúruvernd ríkisins til viðbótar. Þá eru komnir þrír aðilar sem fjalla um málin og að mínu mati komið mun sterkara aðhald. Til dæmis er Náttúrufræðistofnun yfirstofnun allra náttúrufræðilegra grunnrannsókna í landinu og hefur samkvæmt því með höndum eftirlits- og umsagnarhlutverk sem ekki er hægt að ganga fram hjá. Þetta eru atriði sem ég tel mjög mikilvæg og vona að verði einnig skoðuð.

Ég held áfram með greinarnar og ræði næst um 5. gr. Þar teljum við í minni hlutanum að ekki sé tekið tillit til þess að verulegt rask og náttúruspjöll geti hlotist af leit. Þó menn reyni að setja varnagla við það þegar leyfi er gefið til rannsóknarleitar, þá er ekki gengið nægjanlega frá því að tekið verði tillit til þess að um rask og náttúruspjöll geti verið að ræða. Ég tel því, eins og ég gerði grein fyrir áðan, að fyrir utan umsögn Orkustofnunar ætti líka að leita til Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar. Til viðbótar ætti einnig að vera skylt að kynna slík áform fyrir sveitarstjórnum. Ég held að ef menn eru með áform um rannsóknir geti það ekki gerst öðruvísi en að leitað verði til sveitarstjórnanna í tengslum við það.

Það sama á við um 6. gr. Þar sé ég ástæðu til að nefna svipuð atriði og þau sem ég nefndi um 5. gr. Þar á ég hins vegar við nýtingu en ekki leit.

Ég vil nefna 8. gr. frv. Benda má á, herra forseti, að sú grein lagafrv. gengur þvert gegn ýmsum gildandi lögum og reglugerðum. Þess vegna er ástæða til að tryggja tilvísanir í önnur lög og reglugerðir, öðruvísi en aðeins með vísan í nál. meiri hlutans.

Nýting jarðefna getur fallið undir náttúruverndarlöggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum og aðra slíka löggjöf. Þá gæti greinin óbreytt stuðlað að enn frekari fjölgun smánáma um land allt þar sem ekkert er kveðið á um eftirlit. Þetta atriði, herra forseti, ef rétt er, bendir til að ekki hafi verið fjallað nóg um málið. Varúðarreglur skortir til þess að koma í veg fyrir slys sem gætu hlotist af þessu. Þessar námur eru mikil vandamál, eins og fram hefur komið í skýrslum sem hafa verið teknar saman, t.d. af Náttúruverndarráði og Náttúruvernd ríkisins. Ég held að frumvarpshöfundar hafi t.d. ekki haft þessar skýrslur nógu ofarlega í huga. Ég nefni t.d. skýrslu umhvrh. um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Ég held að menn hafi ekki haft þau atriði nægjanlega til hliðsjónar við gerð samningu þessa frumvarps.

Herra forseti. Ég mun fara yfir nokkrar greinar til viðbótar, t.d. 10. gr. sem við tókum fyrir í umfjöllun okkar í iðnn. Rétt er að benda á að ákvæði vantar um umhvn. og verndarsjónarmið og vegna þess að gert er skylt að tilkynna Orkustofnun um framkvæmdir þá vitna ég til þeirra athugasemda sem ég gerði við 5. gr. Ég ætla ekki að fara yfir þær aftur í þessari ræðu.

Í 11. gr. er að finna ákvæði um að ekki megi hefja aðgerðir til nýtingar jarðhita fyrr en úttektarmenn hafi staðfest að ekki verði spjöll af þeim. Ég tel að nokkuð góð sátt sé um þetta ákvæði, en af hverju gerum við ekki sömu kröfu til annarra auðlinda, þekktra og óþekktra? Þá hygg ég að meiri sátt mundi ríkja. Hér nægir að nefna nýtingu á jarðefnum. Ég held að mikil ástæða sé til þess að leggja áherslu á að úttektarmenn þurfi að standast kröfur um mikla færni, menntun og þekkingu á þessum sviðum. Ég tel að ljóst þurfi að vera að hvaða þáttum úttekt á að beinast til að tryggja að faglega sé að málum staðið. Ég tel að slíkir úttektarmenn ættu alltaf að koma frá óskyldum aðilum. Í því sambandi mætti t.d. benda á eftirlitsmannakerfi Náttúruverndar ríkisins. Ég held að það mundi tryggja hlutlæga umfjöllun og það ætti að vera kostur. Slíkir úttektarmenn gætu ekki komið í veg fyrir að önnur ákvæði laga gildi, þar á ég t.d. við lög um mat á umhverfisáhrifum, og það ætti auðvitað að koma fram í texta greinarinnar.

Varðandi 14. gr. á það sama við og ég sagði um 11. gr.

Ég hleyp síðan svolítið áfram og fer í 17. gr. Þar verið að tala um að tryggja umhverfissjónarmið. Ég hygg að við þyrftum að reyna að finna betri skilgreiningu á þessu hugtaki, „umhverfissjónarmið". Ég segi aftur að ég tel vafasamt að það nægi að aðeins iðnrh. fari með þessi eftirlitsmál. Ég bendi á að í skýringum við greinina er gert ráð fyrir því þó að að sjálfsögðu sé eingöngu verið að tala um eftirlit samkvæmt ákvæðum laganna. Slík mál eru ekki á hans verksviði. Það er fremur í verkahring umhvrh. og einnig ætti að vera skylt að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins. Þetta eru þó nokkuð mörg atriði sem ég held að ástæða sé til að skoða í umfjöllun hv. iðnn. nú á milli umræðna.

Varðandi 18. gr. held ég að heppilegra væri að tala um náttúruverndaráðstafanir. Í því sambandi vísa ég til þeirra athugasemda sem ég hafði við 17. gr., herra forseti.

Ef við lítum til 21. gr. þá er kannski ástæða til þess að ítreka þá skoðun að fleiri stofnanir en eingöngu Orkustofnun ættu að koma að eftirliti. Ekki má skilja orð mín svo, herra forseti, að það sé eitthvert vantraust á stofnunina heldur er verið að leggja til betra eftirlit og meira aðhald. Ég nefni enn Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun því að hér er verið að ræða um framkvæmdir og aðgerðir sem snerta mjög og geta snert náttúru landsins. Þess vegna hef ég þessar stofnanir í huga og hef nefnt þær aftur og aftur.

Varðandi 22. gr., sem hv. iðnn. er mjög vel kunnug, vil ég segja það að í ljósi þess að Náttúrufræðistofnun fer með grunnrannsóknir á jarðfræði Íslands ætti hún einnig að eiga aðgang að þeim gagnagrunni sem er mælt um að verði fyrir hjá Orkustofnun þannig að gagnagrunnurinn, sem við höfum verið að ræða um hvernig menn eigi að hafa aðgang að, hvernig eigi að greiða fyrir það og hver eigi, ætti að vera til í báðum stofnunum. Gagnagrunnurinn ætti að vera bæði í Náttúrufræðistofnun og hjá Orkustofnun. Ég held að þetta

sé nauðsynlegt. En um þetta mál höfum við skipst mjög á skoðunum í hv. iðnn. og rætt við fjölmarga umsagnaraðila því það er auðvitað mikil spurning hver á þau gögn sem fyrir liggja eftir að stofnanir á vegum ríkisins hafa framkvæmt þær og hvernig á að greiða fyrir aðgang að þeim gögnum. Þetta eru atriði sem ég held að þurfi að taka skýrt á en hefur ekki verið gert.

Ef ég lít á 23. gr. í framhaldi af 22. gr. þá er athyglisvert að þar er verið að tala um opinbera aðila sem hafa fengið upplýsingar samkvæmt þessum lögum. Það er bæði athyglisvert sökum þess að hvergi er talað um annan slíkan opinberan aðila en Orkustofnun og hins vegar þess að í skýringum við greinina er eingöngu talað um Orkustofnun en eins og ég benti á er rétt að Náttúrufræðistofnun gegnir sama hlutverki og Orkustofnun í þessu tilviki. Mér sýnist að frumvarpshöfundar ætlist ekki til þess að öðrum aðilum séu veittar upplýsingar samkvæmt þessum lögum. Því er ég að ítreka að þau hugsanlegu gögn sem verða til og eru til séu til í a.m.k. tveimur stofnunum.

Varðandi 26. gr. þá ræði ég bara um síðustu málsgrein og þar er alls ekki nægjanlega skýrt kveðið að. Orðalag um að gæta skuli að því að ekki verði mengun er ekki nægjanlega skýrt í því sambandi sem hér er verið að fjalla um. Spurning er hvernig ætti að orða greinina. Hún ætti sennilega að vera með beittari ákvæðum þannig að ótvírætt sé um hvað er verið að ræða.

Ef ég sný mér næst að 35. gr. vara ég eindregið við að sett sé í þessu lög ákvæði þar sem fyrri leyfi fá ótakmarkað gildi. Það getur verið varasamt. Benda má á að svipuð ákvæði eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum og þau vandamál sem það hefur haft í för með sér fyrir önnur ákvæði þeirra laga. Þetta kannast menn vel við í sambandi við stóriðjuna sem við höfum verið að ræða um á undanförnum árum.

Búast má við sama ágreiningi í þessari lagasetningu. En telji menn að ekki sé hægt að komast hjá því að þetta ákvæði sé til staðar, ætti á einhvern hátt að takmarka það þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar t.d. þremur árum eftir gildistöku og þá eigi þær að öllu leyti að falla undir ákvæði þessara laga. Þetta eru atriði sem við höfum rætt í hv. iðnn. Menn hafa haft mismunandi skoðanir og ég fagna því að hv. þm. Pétur Blöndal er kominn í salinn því að hann hafði margar athugasemdir um þetta frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu í umræðu nefndarinnar.

Eins og sjá má af þeim atriðum sem ég hef verið að tína upp teljum við í minni hlutanum og ég sem er höfundur að þessum athugasemdum að ýmsu sé mjög áfátt sem lýtur að náttúruvernd og umhverfismálum. Mikið vantar á að sú hugsun komist til skila í þessu frv. og auðvitað er ábyrgðarhluti þegar verið er að setja löggjöf sem getur haft jafnafdrifarík áhrif á umhverfið og um er að ræða. Bara af framangreindum ástæðum sem ég var hér að fara yfir, þó ekki væri nema lítill hluti þessara athugasemda sem við höfum í minni hlutanum verið að gera grein fyrir, t.d. í nefndaráliti og í ræðu minni, þá er ástæða til þess að vísa þessu frv. aftur til föðurhúsanna og þá á ég við til ríkisstjórnar og taka málið til frekari umfjöllunar ásamt og með þeim öðrum frumvörpum sem við höfum verið að ræða um sem varða eignarhald á auðlindum í jörðu og yfirráð yfir landsvæðum. Þetta er allt hluti af sömu kökunni sem er verið að skipta á einhvern hátt í tertusneiðar.

Herra forseti. Kannski er ástæða til þess að minna á að það eru 2–3 vikur þangað til heimssýningin hefst í Lissabon. Þar er hafið og framtíðararfurinn yfirskrift sýningarinnar. Aldrei hafa verið fleiri þátttökuþjóðir en nú. Það eru um það bil 145 lönd sem taka þátt í þessari sýningu. Við erum með í þriðja sinn og við erum að verja til þess 100 millj. kr. Ég er alveg viss um að enginn vafi er á því að allir Íslendingar vita hversu mjög við eigum afkomu okkar undir hafinu sem náttúruauðlind. Við úthlutun nýtingarréttar voru gerð mistök að mínu mati sem verður örðugt að leiðrétta og af því eigum við að læra, sérstaklega í sambandi við þetta mál sem við erum að fjalla um. Við eigum ekki, herra forseti, að gera þau mistök sem voru gerð með setningu laga nr. 38/1990. Þar voru gerð mistök sem mun verða mjög örðugt að laga. Það mun taka minnst áratug eftir að menn hafa komið sér saman um að þar sé ástæða til þess að breyta um.

Ef við erum meðvituð um að slys hafi orðið varðandi eignatilfærslu á auðlindinni í hafinu, þá eigum við að nýta okkur þá reynslu til að koma í veg fyrir að annað slys verði með samþykkt þessa frv. eins og það er lagt fyrir með brtt. Þetta eru atriði, herra forseti, sem ég vildi fara yfir varðandi lagagreinarnar. Ég bendi á og vitna sérstaklega til þess að ég veit að meiri hluti þjóðarinnar er sammála því að við eigum öll sameiginlega miðhálendið og við eigum öll sameiginlega auðlindirnar í jörðu, við eigum öll sameiginlega auðlindirnar í hafinu. Þess vegna verðum við að stíga varlega til jarðar þegar við höfum aðra eins reynslu eins og af lögum nr. 38/1990, sem eru um stjórn fiskveiða, svokallað kvótafrv.

Ég held að rétt sé að fjalla um hvað vantar t.d. um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita. Ég tel að það vanti í þetta frv. þegar verið er að tala um jarðhitasvæði að það er átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns en rannsóknir hafa nefnilega sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka: Annars vegar eru lághitasvæði sem einkennast oft af vatnsmiklum laugum

(**Forseti** (GÁS): Forseti væntir þess að hv. þm. viti af fyrirkomulagi þingfunda í dag. Miðað er við að fundinum verði frestað núna kl. 12 og þá taki við þingflokksfundir og standi fram til kl. 3. Þá verði fyrirspurnir til ráðherra og umræðunnu síðan fram haldið upp úr kl. 3.30. Því vill forseti spyrja hvort hv. ræðumaður áætli að ljúka ræðu sinni á næstu þremur mínútum eða hvort það séu kannski heppileg tímamót í ræðu hans og hann vilji fresta henni.)

Herra forseti. Þetta er einmitt punkturinn til að skipta ræðunni því að hér ætlaði ég að fara að fjalla um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita og ég tel að það taki allnokkurn tíma ásamt með yfirferð yfir tilvitnanir þannig að ég held að ég þiggi það að gera hlé á ræðu minni núna.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 11:56]

[15:02]

**Útbýting þingskjals:**

Húsnæðismál, 507. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1389.

***Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.***

*Endurskoðun á úthlutunarreglum LÍN.*

[15:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Árleg endurskoðun úthlutunarreglna Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur staðið yfir á undanförnum dögum og nýlega hefur slitnað upp úr viðræðum þar sem meiri hluti stjórnar LÍN sá ekki ástæðu til að ræða frekar kröfu námsmanna. Meiri hlutinn stefnir því á að samþykkja nýjar reglur í krafti meirihlutavalds síns á mánudaginn kemur, þ.e. í dag. Þetta segja stúdentar í fréttatilkynningu og benda á að þær kröfur sem þeir gera við endurskoðun á þessum reglum ganga m.a. út á það að þeir fái launahækkanir eins og aðrir.

Námsmenn gera þá kröfu að hljóta sambærilegar hækkanir á námslánum fram til ársins 2000 og aðrir hópar hafa fengið en meiri hluti stjórnar LÍN leggur til að hækkun lánanna nemi um 2,5%, úr 56.200 í 57.600 kr. sem er í takt við verðlagsbreytingar. Sú tillaga þýðir að námslán verða á næsta ári lægri en atvinnuleysisbætur sem eru í dag orðnar 59.636 og námsmenn verða því eini hópurinn sem situr eftir.

Námsmenn leggja einnig til að frítekjumarkið verði miðað við að námsmenn geti haft lágmarkslaun í landinu yfir sumartímann eða þrisvar sinnum 70 þús. kr. án þess að lánið skerðist en meiri hlutinn leggur hins vegar til að frítekjumarkið verði 185 þús. kr. sem sýnir að meginþorri námsmanna mun ekki hljóta óskert lán. Af þessu tilefni vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh.: Er hann sammála kröfum námsmanna og mun hann beita sér fyrir því að tekið verði mið af þeim við endurskoðun úthlutunarreglna lánasjóðsins?

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseta láðist að geta þess í upphafi að honum hafa borist tvöfalt fleiri fyrirspurnir en unnt verður að taka fyrir og hv. þingmenn verða að una úrskurði forseta um það hverjir komast að. Forseti biður hv. þm. og hæstv. ráðherra að stytta mjög mál sitt og nýta kannski ekki fullan rétt sinn til þess að koma þrisvar í ræðustól.)

[15:05]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa stúdenta og fulltrúa Lánasjóðs ísl. námsmanna, meiri hluta manna þar, og það er alveg ljóst að ákvörðun verður ekki tekin um þetta í dag. Viðræðum er alls ekki lokið á milli manna í stjórn lánasjóðsins um úthlutunarreglurnar og þessi mál eru áfram til skoðunar þar. Ég vænti þess að menn leiti allra leiða til þess að ná samkomulagi um þetta eins og gert hefur verið við endurskoðun á úthlutunarreglunum á undanförnum árum.

[15:06]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er gott að heyra að ekki á að útkljá þessi mál í dag því að það voru síðustu fréttir sem ég fékk í hádeginu að til stæði að hafa fund í kvöld. En hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort hann væri sjálfur sammála þessum meginkröfum stúdenta og ég vil gjarnan heyra hans álit á því.

[15:07]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Á fundi mínum með fulltrúum námsmanna hef ég lýst því að ég er ekki sammála öllu því sem kemur fram í kröfum þeirra og ég tel að þarna sé um viðfangsefni að ræða sem eigi fyrst að ræða til hlítar á vettvangi Lánasjóðs ísl. námsmanna. Síðan verði menn að sjá hvað ber á milli aðila og sjá hvaða tölur það eru, fjárhagslegar tölur eða fjárlagatölur sem koma út úr þeirri niðurstöðu sem menn eru að ræða á vettvangi Lánasjóðs ísl. námsmanna.

*Virðisaukaskattur af laxveiðileyfum.*

[15:07]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í fyrirspurnatíma nýverið lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að undanþága frá virðisaukaskatti væri nær eingöngu bundin félagslegri þjónustu. Hann hafnaði því þá að virðisaukaskattur yrði felldur niður af handverksmunum úr íslensku efni sem er stórmál fyrir handverksfólk til sveita en margar bændakonur eru að vinna slíka muni.

Fjmrh. hefur líka hafnað því í fjölmiðlum að felldur yrði niður virðisaukaskattur af getnaðarvörnum þrátt fyrir áskorun yfirlæknis og prófessors á kvennadeild Landspítalans í kjölfar umræðu um fjölda fóstureyðinga.

Spurning mín til fjmrh. er því þessi: Ætlar hæstv. fjmrh. að fella brott undanþágu um laxveiðileyfi sem hafa ekki borið virðisaukaskatt hingað til?

[15:09]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Þetta mál hefur ekki borið á góma eftir að ég tók við núverandi starfi. Hins vegar er ljóst eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda að alls kyns undanþágur eru frá virðisaukaskattinum.

Fyrirspyrjandi, sem hefur sjálf setið í ríkisstjórn og hefur kynnt sér þessi mál, þekkir að sú ásökn er óendanleg og ekki unnt að verða við henni ef þetta kerfi á að halda gildi sínu sem helsta fjáröflunartæki ríkissjóðs.

Hitt málið sem tengist laxveiðileyfunum er annars eðlis. Á sínum tíma var farið í gegnum það. Það tengist m.a. mati á hlunnindum á viðkomandi jörðum og ég ætla ekki að fullyrða neitt frekar um það á þessu stigi.

[15:10]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þekki þá umræðu til margra ára að erfitt hefur verið að ná því fram að laxveiðileyfi beri virðisaukaskatt eins og annað. Fjmrh. nefnir það hér að það sé annars eðlis vegna þess hve sköttun á þessum leyfum tengist mati á hlunnindum.

Hér hef ég bent á tvö atriði sem hefur borið á góma í síðustu og næstliðinni viku. Ég hef fullan skilning á því að ásökn er í að fá undanþágu á virðisaukaskatti en miðað við hispurslaus svör ráðherrans og vilja hans til að vera með sem fæst göt og miðað við eðli laxveiðileyfa þá tel ég að nú eigi að fella brott þessa undanþágu á virðisaukaskatti til laxveiðileyfa og hvet ráðherrann til að láta það verða eitt af fyrstu verkum sínum á ráðherrastóli.

*Undirritun Kyoto-bókunar.*

[15:11]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það var ráðstefna austur í Kyoto í Japan í fyrri hluta desember sl. Þar var gengið frá víðtæku samkomulagi og Ísland hlaut þar mesta fyrirgreiðslu í sambandi við losun gróðurhúsalofttegunda, meira en nokkurt

annað ríki sem tilheyrir svokölluðum Viðauka 1 eða Annex 1 sem tengist samningnum um loftslagsbreytingar.

Nú hafa borist fréttir af því að Ísland sé eina ríki Vestur-Evrópu sem hafi ekki undirritað samninginn, samning þar sem landið fékk besta fyrirgreiðslu út frá því sjónarmiði að hafa mest rúm til þess að menga andrúmsloftið með gróðurhúsalofttegundum á næstu árum. Jafnframt er sagt frá því í fréttum — ég hef hér útskrift að fréttum 7. maí — að Ísland sé eitt Vestur-Evrópuríkja og eitt af þremur OECD-ríkjum sem hafi ekki haft fyrir því að undirrita samninginn. Hin ríkin eru Bandaríkin og Nýja-Sjáland.

Hvað ætlar Ísland að draga það lengi að undirrita samninginn? Í því felst ekki staðfestingin á samkomulaginu en yfirlýsing um það að landið ætli að verða með. Er það svo, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. hafi kannski verið bannað að undirrita samkomulagið af einhverjum yfirráðherrum eða ofurráðherrum svo notað sé nýlegt orðalag sem er líklega í tengslum við nágrannaríki okkar Færeyjar sem hefur ofurráðherra?

[15:13]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem ég gaf þingi og umræðum sem urðu eftir fundinn í Kyoto í desember sl. kom fram hvernig málum hefði lyktað þar og hver væri afstaða ríkisstjórnarinnar til framhalds þess máls. Ríkisstjórnin hefur síðan á fundum í ársbyrjun sett fram vinnulag hvernig staðið verði að áframhaldandi úrvinnslu varðandi samninginn. Það eru nokkur atriði sem við teljum mjög mikilvægt að skýrist betur áður en afstaða okkar liggur endanlega fyrir í því. Það er vitað, sú umræða hefur komið fram í þinginu. Það er m.a. viðskipti með kvóta. Það er m.a. binding í gróðri og síðast en ekki síst er það þetta sérákvæði sem fjallar um áhrif einstakra framkvæmda á lítil efnahagskerfi.

Við höfum tekið þátt í vinnu að undanförnu með hópi sem hefur stundum verið kallaður regnhlífarhópur sem eru nokkur ríki sem eru að fjalla um úrvinnslu þess ákvæðis sem varðar verslun eða viðskipti með losun á kvóta. Við höfum átt tvíhliða fundi með nokkrum þjóðum um það hvernig vinna megi nánar úr þessu sérákvæði og það lá fyrir strax í umræðum í vetur að við mundum sjá til hvernig málum yndi fram fram að Buenos Aires fundinum áður en næstu skref yrðu stigin í málinu og það er óbreytt.

[15:15]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ætli það sé ekki svo að fleiri ríki en Ísland þurfi að vinna að málum sínum en hafa samt haft fyrir því að setja fangamark sitt undir bókunina? Er það virkilega svo að íslensk stjórnvöld ætli að mæta til Buenos Aires fundarins án þess að hafa undirritað samninginn? Standa kannski ein með Bandaríkjum Norður-Ameríku? Er það vinnulagið? Er það aðferðin til að vinna traust á alþjóðavettvangi að standa þannig að málum?

Þetta er hreint með fádæmum, virðulegi forseti, og mun fyrr en varir skaða hagsmuni Íslands alþjóðlega ef þannig verður að verki staðið.

[15:16]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Við munum halda áfram þeim viðræðum sem nú eru í gangi. Við munum sjá hvernig þeim vindur fram. Í júní verður undirbúningsfundur í Bonn þar sem verður fjallað ítarlega um málin og Buenos Aires fundurinn undirbúinn. Við tökum auðvitað fullan þátt í þeim fundi með samninganefnd okkar og fulltrúum ráðuneyta þannig að eftir þann fund og síðar á árinu kann að skýrast hver viðhorf og viðbrögð verða.

Það var vitað mál að Evrópusambandsríkin, sem voru nokkurn veginn búin að ganga frá málum sínum fyrir fram, lá nokkurn veginn fyrir meira að segja fyrir Kyoto-fundinn, mundu staðfesta samninginn og þar að auki Japan, Sviss og nokkur önnur ríki. Við höfum ekki gert það enn og á þessu stigi er ekki öðru við það að bæta en það sem ég hef áður sagt. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar sem hefur legið fyrir og það er ekkert sérstakt bann í því heldur ákvörðun um vinnuferli sem liggur fyrir og öllum er opið og ljóst.

[15:17]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess nú að þess hefur verið óskað að atkvæðagreiðslu um 2. dagskrármálið, þjóðlendur, verði frestað til morguns. Verður orðið við þeirri ósk og atkvæðagreiðslan um það mál fer þá fram kl. 13.30 á morgun.

*Uppsagnir hjúkrunarfræðinga.*

[15:17]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. 1. júlí nk. munu um 60–80% af hjúkrunarfræðingum á Landspítala og Sjúkrahúsi Reykjavíkur ganga út af sjúkrahúsunum. Þetta er í kjölfar einstaklingsbundinna uppsagna sem þessir hjúkrunarfræðingar hafa gripið til. Það er alveg ljóst að við þetta mun skapast algert neyðarástand á þessum sjúkrahúsum.

Ástæða uppsagnanna eru og ættu að vera hæstv. heilbrrh. ljósar en þær eru auðvitað megn óánægja með það hvernig hjúkrunarfræðingar hafa verið meðhöndlaðir í hinu nýja launakerfi ríkisins.

Herra forseti. Það sem er áhyggjuefni er að margir af þessum hjúkrunarfræðingum eru þegar farnir að leita sér að öðrum störfum og munu ekki koma til starfa á sjúkrahúsunum þó svo að semjist í tæka tíð. Það er áhyggjuefni að horfa til þess að stjórnvöld virðast leynt og ljóst viðhalda umönnunar- og hjúkrunarstéttum sem láglaunastéttum og láta góð tækifæri til þess að skapa viðunandi launaramma fyrir þessar stéttir fram hjá sér fara.

Mig langar að vitna í, herra forseti, að kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna tók saman upplýsingar um laun allra tæknifræðinga hjá ríki og borg. Samkvæmt þeim upplýsingum sem þaðan koma fá allir tæknifræðingar sem eru í fullu starfi hjá ríki og borg að meðaltali 192 þús. kr. í mánaðarlaun. Á sama tíma fá hjúkrunarfræðingar með fjögurra ára háskólanám 100 þús. kr. í mánaðarlaun. Ég spyr því hæstv. heilbrrh.: Finnst hæstv. ráðherra þetta ásættanlegt og til hvaða ráðstafana hyggst hæstv. ráðherra grípa til þess að koma í veg fyrir það neyðarástand sem skapast í vor?

[15:20]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. er um einstaklingsbundnar uppsagnir að ræða og samningar hafa farið í sérstaka aðlögunarnefnd og nú í úrskurðarnefnd og úrskurðarnefnd mun ljúka störfum öðru hvorum megin við næstu mánaðamót en í úrskurðarnefnd eru fulltrúar starfsmanna, fulltrúar stofnunarinnar og sáttasemjara.

Sem sagt, það líður hálfur mánuður hér frá þar til úrskurðarnefnd hefur úrskurðað í málinu.

[15:20]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég beindi ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra á þá leið hvort henni fyndist ásættanlegt að meðan búið er að ganga frá samningum við nær alla háskólamenntaða ríkisstarfsmenn um allt önnur kjör en hjúkrunarfræðingar hafa fengið, að málin skuli vera í þessum farvegi hjá hjúkrunarfræðingum. Ég bendi aftur á þann mikla launamun sem er á milli starfsstétta með sambærilega menntun hjá ríki.

Á sama tíma fyrir ári voru tæknifræðingar með 125 þús. kr. í mánaðarlaun. Í dag eru þeir með 192 þús. Hjúkrunarfræðingar hafa hækkað um 4 þús. kr. á sama tíma. Mig langar til þess, hæstv. forseti, að fá skýr svör um það hvað hæstv. heilbrrh. finnst um þessa stefnu.

[15:22]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem ég best veit hafa aðlögunarnefndir almennt ekki lokið störfum, ekki nema nokkur hluti þeirra. Eins og fram kom í fyrra svari mínu og ég endurtek það, þá bíðum við eftir því að úrskurðarnefnd ljúki störfum sínum.

Hv. þm. spyr einnig um hvað séu ásættanleg laun. Það er ekki hægt að svara því í krónum og aurum hvað eru ásættanleg laun.

*Menningar- og tómstundastarf fatlaðra.*

[15:22]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á haustþingi 1995 lagði ég fram till. til þál. um skipun nefndar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra. Tillagan fól í sér að skipuð yrði fimm manna nefnd til að kanna á hvern hátt fatlaðir gætu notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera síðan tillögur um úrbætur.

28. maí 1996 var þessi þáltill. samþykkt á Alþingi og orðaðist tillgr. svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu."

Fyrirsögn tillögunnar var: „Tillaga til þingsályktunar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra" en þessi niðurstaða og þessi breyting fékkst m.a. vegna þess að í nefndarstarfinu kom fram að þá þegar lá fyrir að á vegum félmrn. hafði nefnd hafið störf sem hafði það verkefni að endurskoða lögin um málefni fatlaðra og í framhaldi af því þótti rétt að vera ekki með sérnefnd heldur væri þetta nefnd sem starfaði samhliða.

Mér er kunnugt um að hæstv. félmrh. leitaði fljótlega til Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar um tilnefningu í nefndina og þaðan komu tilnefningar en samkvæmt því sem ég best veit síðan hefur ekkert starf átt sér stað í þau tvö ár sem liðin eru síðan þáltill. var samþykkt. Finnst mér það harla skrýtið þar sem ljóst er að flytja á málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og í umræðu var lögð rík áhersla á að þessi þáttur væri sérstaklega skoðaður áður.

[15:24]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda stendur enn yfir endurskoðun laganna um málefni fatlaðra. Unnið er að því að fella þau inn í félagsþjónustulögin. Ég reiknaði með því að það mál yrði afgreitt á þessum vetri, þ.e. að frv. yrði fullbúið og hægt að leggja fyrir þing, a.m.k. sýna það fyrir þinglok og það rak á eftir sú ákvörðun Alþingis að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna 1. janúar nk. Nú hefur þeirri ákvörðun verið breytt og við verðum að doka við með það að færa málefni fatlaðra. Það var m.a. gert vegna þess að Reykjavíkurborg óskaði eftir því að málinu yrði frestað og orðið var við þeirri ósk að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta mál er því ekki frágengið enn þá sem er miður en það var út af fyrir sig eðlilegt að tengja þetta tvennt saman.

[15:25]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. félmrh. hvað líður þessari úttekt; hvað kom út úr henni hvað varðar möguleika fatlaðra til menningar- og tómstundastarfs og þeirri nefnd sem hæstv. félmrh. hafði a.m.k. hug á að hæfi þarna störf því að eins og ég sagði áðan að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, þá hefur það fólk sem var skipað í nefndina ekki verið kallað til starfa. Það er miður vegna þess að það lá fyrir vilji til að þessi úttekt ætti sér stað áður en málefni fatlaðra færu til sveitarfélaga. Þetta er auk þess spurning um það hvernig þeim ályktunum sem hér eru samþykktar er framfylgt.

Það eru tvö ár síðan tillagan til þál. var samþykkt á Alþingi.

[15:26]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það er rétt að það hefur orðið dráttur á þessu máli eins og fram kom. Ég tel eðlilegt að skoða þetta mál með heildarpakkanum, þ.e. málefnum fatlaðra og hvernig það verður fellt inn í félagsþjónustulögin.

Eins og ég sagði áðan var málinu frestað en þetta er atriði sem þarf auðvitað að taka á í samhengi við breytingu á lögunum um málefni fatlaðra. Ekki má skilja það svo að verið sé að sniðganga þá viljayfirlýsingu Alþingis sem var samþykkt réttilega eins og hv. ræðumaður gat um.

*Reglugerð um ÁTVR.*

[15:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég beini spurningu til hæstv. fjmrh. varðandi útgáfu reglugerðar um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þannig er að fyrrv. hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson gaf 3. apríl sl. út nýja reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Í þeirri reglugerð eða í tengslum við hana í formi ákvörðunar ákvað hæstv. fyrrv. fjmrh. að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skyldi hætta að flytja inn áfengi og öll sú starfsemi sem á vegum Áfengis- og tóbaksverslunarinnar hefur verið í þeim efnum væntanlega afhent heildsölum og einkaaðilum til starfrækslu. Þessu hafa starfsmenn og forstjóri mótmælt og bent á að með þessu sé stofnunin í raun og veru ofurseld valdi heildsalanna og henni gert ókleift að starfa með sama hætti og hún hefur gert á undanförnum árum.

Herra forseti. Þessi reglugerð var gefin út þrátt fyrir að hér á Alþingi væru til umfjöllunar á sama tíma mál sem vörðuðu tilhögun áfengismála og opinbera áfengisstefnu. Þetta var gert án nokkurs samráðs við Alþingi eða þingnefndir, án samráðs við starfsmenn og stjórnendur stofnunarinnar aðra en þá hugsanlega stjórn sem fjmrh. hefur skipað fyrir stofnuninni og þetta var gert án þess að mér sé kunnugt um að aðilum eins og áfengisvarnaráði og þess vegna jafnvel samstarfsflokks hæstv. fjmrh. hafi verið gert kunnugt um.

Ég spyr hæstv. fjmrh. einnig vegna þess að sá aðdragandi sem gefinn var að þessum breytingum samkvæmt reglugerðinni var fáránlega skammur, þ.e. aðeins tæplega einn og hálfur mánuður því að reglugerðin á að taka gildi 15. maí nk. eftir nokkra daga. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort komi til greina af hálfu hæstv. núv. fjmrh. að endurskoða þessa ákvörðun, afturkalla reglugerðina og taka til skoðunar hvort verið sé að fara út á skynsamlega braut.

[15:30]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Ég hef verið spurður að því á öðrum vettvangi hvort til standi að afturkalla reglugerð um þetta, bæði í fjölmiðlum og á ársfundi ÁTVR sem haldinn var nýlega. *Svarið við því er einfalt.* Það er nei. *Ég hef ekki hugsað mér* að gera neinar slíkar breytingar. Ég tel að reglugerðin, sem gerð var af hálfu fyrrv. ráðherra, hafi verið réttmæt, hún hafi verið byggð á eðlilegum lagagrunni og engin ástæða sé til þess að hverfa til baka með þá ákvörðun.

[15:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra valda mér miklum vonbrigðum. Ég hafði satt best að segja vonast til að hæstv. núv. ráðherra væri frekar málum mælandi í þessum efnum en forveri hans var.

Staðreyndin er sú að fyrrv. fjmrh. rak ótrúlega stefnu hvað varðaði málefni þessa fyrirtækis, hafði það að markmiði að leggja það niður í trássi við lög og í trássi við opinbera, mótaða áfengisstefnu og skipaði sérstaka stjórn til höfuðs fyrirtækinu sem hefur haft frá fyrsta degi það æðsta takmark með störfum sínum að leggja niður fyrirtækið sem hún var sett yfir og eyðileggja það innan frá úr því að ekki vill betur til.

Ég tel að þetta sé ekki í samræmi við lög. Ég tel að þetta sé ekki í samræmi við meirihlutavilja á Alþingi. Ég tel að þarna sé Sjálfstfl. að nauðga fram einkastefnu sinni í þessum málum í trássi við áfengislög og í trássi við opinbera mótaða áfengisstefnu og ég leyfi mér að spyrja: Er þetta gert með samþykkt og stuðningi samstarfsflokksins í ríkisstjórn eða hefur Framsfl. afhent Sjálfstfl. algert einræði í þessum efnum? Hvar er þá heilbrrh. á Íslandi í dag?

[15:32]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Ekki veit ég hver er helst málum mælandi í þessu efni eins og hv. þm. tók til orða. Ég mótmæli því að forveri minn hafi brotið lög í þessu efni eða hafi stefnt að því að leggja niður þessa stofnun í trássi við lög. Það er auðvitað fráleitt. Það er ekki hægt að gera það án þess að lagaatbeini komi til.

Hér er um að ræða reglugerð á verksviði fjmrh. Hann gaf út reglugerðina. Hún stendur óbreytt. Svo einfalt er það mál.

*Menntakerfið í Mexíkó.*

[15:32]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. Í síðasta mánuði heimsótti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, Mexíkó. Í viðtölum við fjölmiðla kom fram að forsetinn hreifst mjög af menntakerfi þeirra í Mexíkó. Forsetinn talaði m.a. um að skólarnir í Mexíkó væru sniðnir að þörfum nemenda en þess gætti hér á landi að skólahald væri sniðið að þörfum kennara og vitnaði forsetinn þar til reynslu sinnar sem prófessor við Háskóla Íslands.

Hann hreifst einnig mjög af upplýsingakerfi því sem var í skólunum í Mexíkó, tölvunotkun og tölvubúnaði. Ég spyr því hæstv. menntmrh.: Hefur ráðherrann kynnt sér menntakerfið í Mexíkó? Ef ekki, hyggst hann gera það? Hefur hæstv. ráðherra rætt þessi mál við forseta vorn, herra Ólaf Ragnar Grímsson?

[15:34]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég hef aldrei haft tækifæri til þess að fara til Mexíkó þannig að ég hef ekki haft tækifæri til að skoða þar einstakar skólastofnanir eða menntastofnanir. Ég hef hins vegar lesið um menntakerfið í Mexíkó og það er athyglisvert að heyra mat forseta Íslands á því.

Ég mun ekki skýra hv. þm. frá viðræðum mínum við forseta Íslands um þetta mál eða önnur.

[15:34]

**Ísólfur Gylfi Pálmason:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Mér þóttu þetta mjög athyglisverðar upplýsingar frá forseta Íslands og þess vegna finnst mér full ástæða til þess að kanna það og kynna sér hvernig skólahaldi í Mexíkó er háttað.

Sjálfur átti ég þess kost í síðustu viku að kynna mér skólahald í Svíþjóð, sem er mun nær, og hygg ég að við getum nýtt okkur ýmislegt hvernig skólarnir eru reknir þar en mér finnst full ástæða til þess að hæstv. menntmrh. kynni sér skólahald í Mexíkó.

*Einkavæðing Landsvirkjunar og Landsbankans.*

[15:35]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Tilefni fyrirspurnar minnar til hæstv. iðn.- og viðskrh. er það að fyrir nokkru var skipt um ráðuneytisstjóra í iðnrn. og mætur maður sem heitir Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, tók þar að sér að gegna um hríð, ég held til áramóta. Hann skýrði þá frá því í blaðaviðtölum að hann hygðist starfa allmikið á þeim mánuðum sem eftir væru til áramóta og beita sér fyrir því að einkavæða Landsbankann og Landsvirkjun. Mér þótti þetta mjög hraustlega mælt hjá ráðuneytisstjóranum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Liggja fyrir ný áform ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., um hraða í einkavæðingu á Landsvirkjun sérstaklega og á Landsbankanum?

[15:36]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Eitthvað held ég að það sé mikil túlkun á þessum orðum ráðuneytisstjórans í viðsk.- og iðnrh. sem hv. þm. Svavar Gestsson fer hér með. Það er hins vegar ljóst að þau verk sem unnin verða á vegum iðnrh. og viðskrh. næstu mánuði verða m.a. á sviði orkumála vegna þess að ég á von á því að fá samþykkta till. til þál. um breytt skipulag

orkumála. Í öðru lagi eru miklar breytingar að eiga sér stað á fjármagnsmarkaði sem þarf að vinna að. Þetta eru því kannski tvö þau stærstu mál sem unnið verður að á vegum þessara ráðuneyta á næstunni.

Það sem snýr að Landsvirkjun sérstaklega í þessu, og ég held að hv. þm. þekki það jafn vel og sá sem hér stendur, er að samkomulag er milli eigenda Landsvirkjunar að taka ekki til endurskoðunar sameignarsamninginn sem samþykktur var 1996 fyrr en árið 2004 og engin áform eru uppi hjá eigendum Landsvirkjunar um að breyta þeim áformum.

Varðandi annað sem hv. þm. spyr um sem snýr að breyttu skipulagi á fjármagnsmarkaðnum er rétt að unnið er að tillögugerð í þeim efnum en á þessu stigi er ekki hægt að segja til um það.

[15:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir svörin. Þau eru alveg skýr. Ég skil þau þannig að ráðuneytisstjórinn hafi kannski ekki alveg nákvæmlega sett sig inn í hlutina þegar hann mælti þau orð sem höfð voru eftir honum vegna þess að hann sagði þetta algerlega ótvírætt samkvæmt blaðafréttum. Það getur líka verið að það hafi verið rangt eftir honum haft en ég hef hvergi séð það leiðrétt þannig að það var mjög mikilvægt að hæstv. iðnrh.- og viðskrh. leiðrétti þetta og upplýsti að engin ný einkavæðingaráform eru uppi, hvorki varðandi bankana hé heldur Landsvirkjun.

[15:38]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég hef lesið þau viðtöl sem birt hafa verið við ráðuneytisstjórann í iðn.- og viðskrn. og hef ekki getað túlkað orð hans nokkurs staðar með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan. Það er hins vegar ljóst eins og ég sagði og hefur komið fram í viðtölum við ráðuneytisstjórann að þau tvö stærstu verkefni sem unnið verður að á næstu mánuðum í iðnrn. og viðskrn. eru á sviði orkumála og á sviði bankamála sem snýr m.a. að breyttu fyrirkomulagi á íslenskum fjármagnsmarkaði.

*Rafmagnseftirlitið.*

[15:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Er hæstv. iðnrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því í samráði við iðnn. Alþingis að fram fari athugun, könnun á rafmagnseftirlitinu í landinu í kjölfar þeirra breytinga sem þar hafa verið gerðar á liðnum árum? Því hefur verið haldið fram að rafmagnseftirlit sé í lamasessi víða á landinu og því hefur verið haldið fram að tilkostnaður við rafmagnseftirlitið sé hlutfallslega mun hærri en áður var og því hefur verið haldið fram að landsbyggðin hafi farið verr út úr þessum breytingum en þéttbýlið en allir þó illa.

Einnig hefur því verið haldið fram að nú sé í smíðum reglugerð sem enn dragi úr eftirlitinu. Flestu af þessu hefur verið vísað á bug, mér er fullkunnugt um það, enda vek ég ekki máls á þessu til að hefja deilur heldur til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn að taka höndum saman við okkur, sem höfum haldið á lofti gagnrýni, til að setja niður deilur. Forsendur þess er að fá staðreyndir fram. Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að málin verði rannsökuð skipulega?

[15:40]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Á sínum tíma fór fram mjög mikil umræða um sameiningu Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins sem stóð kannski ekki eins lengi og umræðan um sveitarstjórnarlög en stóð í um það bil heilan sólarhring og menn skiptust á skoðunum í þeim efnum.

Af reynslunni af þessari sameiningu er ég sannfærður um að þar var stigið rétt skref. Rafmagnseftirlitið í landinu er í góðu lagi. Kostnaður hefur ekki aukist. Þjónusta við neytendur hefur aftur á móti aukist.

Löggildingarstofunni hafa verið fengin aukin verkefni eftir að breytingin átti sér stað, m.a. á sviði neytendaverndar og á mörgum fleiri sviðum. Ég tel því ekkert til fyrirstöðu og er tilbúinn að eiga gott samstarf um það við þingmenn að nú verði farið yfir þann starfstíma sem Löggildingarstofan hefur starfað og lagt mat á það hvernig til hefur tekist. Ég er óhræddur við að slíkt mat fari fram.

Ég held að niðurstaða þess verði sú, án þess að ég ætli að gefa mér neitt í þeim efnum, að verkefni sem hafa færst yfir á Löggildingarstofuna á sviði neytendaverndar og neytendaréttar hafi mjög aukist og fyrirtækið og stofnunin og stofan hafi skilað verki sínu vel. En ég er tilbúinn til þess í samvinnu við þingmenn að beita mér fyrir því að slíkt mat fari fram.

[15:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og ég fagna þeim alveg sérstaklega. Ég er ósammála því sem hann kom með fram í þessu máli enda stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. En ég þakka svörin og fagna sérstaklega því að hæstv. iðnrh. vilji beita sér fyrir því í samráði við Alþingi, við iðnn. þingsins og þingmenn að fram fari óhlutdræg könnun og athugun á málinu.

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266.

[15:42]

**Frsm. minni hluta iðnn. (Gísli S. Einarsson)** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var kominn að þeim kafla í ræðu minni sem fjallar um þau atriði sem ég taldi að vantaði inn í frv. hæstv. iðnrh. um jarðhita. Það vantar betri skilgreiningu á eignar- og hagnýtingarrétti jarðhita. Þar sem umfjöllun í frv. ríkisstjórnarinnar um þessa skilgreiningu eignar- og nýtingarréttar jarðhita er mjög takmörkuð þá vitna ég til frv. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fleiri. Ég tel að með þeirri skilgreiningu og með þeirri umfjöllun, sem hefði mátt vera í þessu frv., hefði náðst meiri sátt, betra samkomulag ef það hefði verið gert. Þá á ég við að í því frv. er skilgreint miklu betur við hvað er átt þegar verið er að tala um jarðhitasvæði. Skilgreint er hvernig jarðhitasvæði skiptist í tvo flokka og á hvern hátt þau jarðhitasvæði skiptast og í frv. er rætt um að háhitasvæðin einkennist af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi og lághitasvæðin einkennist af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og séu yfirleitt á láglendi. Þetta eru skilgreiningar sem fara kannski saman í báðum frumvörpunum. Það er svo aftur um nýtingarréttinn þar sem greinir mjög alvarlega á milli.

Þess má geta að við boranir á sex háhitasvæðum hefur fundist yfir 200°C hiti á minna en 1.000 metra dýpi og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til þess að þar megi vænta svipaðs ástands. Það virðist því vera eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við það. Ég tel að það sé ekki gert í því frv. sem við erum að ræða um og tel það mjög miður. Þess vegna er ég að geta um þessi atriði.

Talið er að nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna sé um 90% alls varmaafls jarðhitasvæða landsins og má telja líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum fyrst og fremst nýtt til stóriðju, til raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Ég held að slík nýting sé tæpast á færi einstaklinga heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af jarðsprungu- og gossprungubelti Mið-Atlantshafshryggsins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Til að rifja upp hvar helstu, þekktu háhitasvæðin eru má nefna Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengil, Geysi og Kerlingafjöll. Ég læt menn um að skilgreina það sjálfa hvar þessi svæði liggja, hvað er á almenningum og hvað gæti verið undir yfirráðum eða einkaeign. Það má nefna Hveravelli, Mýrdalsjökul, Torfajökul, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotna, Kverkfjöll, Öskju og Fremri-Námur, Námafjall, Kröflu og Þeystareyki. Prestahnjúkar eru líkleg svæði.

Auk þess er líklegt að fleiri háhitasvæði finnist innan gosbelta þó ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta. Þetta er mjög nákvæmlega skilgeint og farið yfir í frv. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og hefði átt að vera nánar tiltekið og miklu betur í því frv. sem við erum nú að ræða um.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi og líklega Eldvörpum, er djúpvatnið sjór en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu. Hvert háhitasvæði hefur sjálfstætt rennsliskerfi, hugsanlega fleiri en eitt og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mjög mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila. Eins og ég gat um áðan er nauðsynlegt að einhverjir ákveðnir aðilar hafi eftirlit og það séu aðilar sem gefa út leyfi og ákveðið sé á hvern hátt gjaldtaka fari fram og ákveðið sé fyrir fram hvernig það skuli metið. Það vantar inn í umfjöllun um það frv. eins og ég gat um áðan þegar ég fór yfir þær fáu greinar sem ég tók sérstaklega fyrir, eitthvað um 20 greinar, þar sem ég tel að hægt væri að lagfæra og vonast til þess að það verði gert.

Miklu meiri vandi er að ná varma úr háhitasvæði. Það er miklu erfiðara en vinnsla úr lághitasvæði. Vegna gufuþrýstings og mikils magns af uppleystum efnum í háhitavatni krefst virkjun verulega vandaðri, viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar. Meðal annars af þeim sökum er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Það hefur helst verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna svipað og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að áætlun um nýtingu háhitasvæða. Það er einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana. Það hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem er unninn með borunum djúpt í jörðu og tilgangur þess frv., sem ég er að vitna til, er að kveða skýrar á um eignarrétt slíks jarðhita en verið hefur. Það er eitt af því sem ég tel, herra forseti, að vanti í það frv. sem við erum að fjalla um að kveða skýrar á um eignarrétt jarðhita á svo miklu dýpi.

Ég tel að setja þurfi skýrari ákvæði um heimild til eignarnáms, á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og hvernig bætur skuli vera metnar fyrir slíkt. Það eru ekki skýr ákvæði, það er bara vitnað til þess að það er heimild iðnrh. að gera þetta og ákveða og framkvæma. Það höfum við gagnrýnt að vanti kannski.

Að mínu mati er ekki nægjanlega tekið á hvernig eignarréttur einstaklinga er og hvernig honum eru sett takmörk án þess að bætur komi fyrir. En heimild löggjafarvalds til þess að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er raunverulega viðurkennd af dómstólum. Þetta eru brot af þeim tilvitnunum sem ég tók úr frv. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fleiri og sem skilgreina í rauninni miklu betur háhita- og lághitasvæði og nýtingarmöguleika og hvernig á að taka á þeim málum.

Ég boðaði í upphafsræðu minni að ég mundi vitna til nokkurra athugasemda og í þeim athugasemdum sem ég tók af handahófi kemur í ljós að það eru ákaflega mismunandi umsagnir, sumar jákvæðar, aðrar neikvæðar en þær athugasemdir sem ég tel að þurfi að taka enn frekar tillit til eru t.d. athugasemdir Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Félags landfræðinga, Alþýðusambands Íslands og svo ég nefni eitthvað. Með leyfi forseta, vil ég vitna í umsögn Alþýðusambands Íslands:

„Alþýðusambandið leggur áherslu á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnytjum eða náttúruauðlindum, verður að setja eðlileg mörk. Óeðlilegt er að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildir til nýtingar eða afnota." Svo segir enn fremur:

„Þetta viðhorf hefur raunar ævinlega verið viðurkennt almennt viðmið í íslensku samfélagi. Þannig eru eignarráðum einstaklinga ýmis takmörk sett sem byggja að nokkru leyti á náttúruverndarsjónarmiðum, að nokkru leyti á tilliti til almannahagsmuna og varða skipulega og skynsamlega nýtingu landgæða. Um takmörkun eignarráða á forsendum sem þessum hefur ekki verið deilt í grundvallaratriðum á liðnum áratugum. Í ljósi þessa telur ASÍ sæta furðu sú fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að áskilja landeigendum svo ríkan og ótakmarkaðan eignarrétt að auðlindum í jörðu sem raun ber vitni."

Herra forseti. Hérna ber alveg nákvæmlega að sama brunni og í áliti minni hluta iðnn. Það er verið að færa of mikinn rétt til einstaklinga þar sem í ákveðnum tilvikum er þannig að við vitum ekki einu sinni hvaða hugsanlegar auðlindir eru til staðar. Við höfum ekki hugmynd um það. Eins og ég hef áður farið yfir í umræðu um þessi mál á hv. Alþingi sjáum við engan veginn fyrir hvaða efni það eru sem við eigum, þekkt og óþekkt, sem verða eftirsótt. Ég hef nefnt hér vatnið. Það þarf ekki nema bara rétt að nefna vatnið á almenningum þar sem það mun verða deiluefni milli manna. Ég minni á, herra forseti, að það er þegar orðið deiluefni núna á landinu hvernig og hver á að borga fyrir og bæta fyrir það vatn sem er tekið til virkjana. Þetta er eitt af atriðunum sem menn eru ekki með skýrt í huga sínum að vatnið er gífurleg auðlind og hún er nánast ómetin því að okkur finnst svo sjálfsagt að geta gengið að vatni hvar sem er, hvort sem það er volgt vatn, heitt vatn eða kalt vatn. Við getum nýtt

okkur það eins og okkur sýnist. Okkur finnst það í dag. Þetta er það sem ég tel að eigi eftir að koma miklu frekar í ljós.

Herra forseti. Enn vitna ég til umsagnar Alþýðusambands Íslands:

„Alþýðusamband Íslands er ósammála þeirri skoðun sem kemur fram í greinargerð að það kunni að orka tvímælis með tilliti til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár að setja almennar og rýmilegar skorður við einkaeignarrétti að auðlindum í jörðu á eignarlandi. ASÍ vísar í því sambandi til þess að efasemdir í þessa veru virðast ekki hafa verið uppi fram að þessu meðal helstu sérfræðinga þjóðarinnar á sviði eignarréttar og stjórnskipunarréttar."

Að lokum vitna ég til þeirrar umsagnar frá ASÍ sem er jákvæð:

„Frumvarpið er að mati ASÍ tæknilega vönduð lagasmíð sem á ýmsan hátt skýrir og afmarkar inntak heimilda til nýtingar auðlinda í jörðu. ASÍ telur að tvímælalaust sé ástæða til að setja löggjöf um þetta efni og að það sé vonum seinna að Alþingi taki af vafa um réttmæti til auðlinda í jörðu og eignarhald þeirra."

Þetta tel ég að sé ástæða til að rekja upp og ég vil segja að ég er sammála að þarf að setja skýran lagaramma um þessi efni en ég tel bara að umfjöllunin sé ekki orðin nægilega þroskuð til þess að málið sé afgreitt nú. Ég tel að með allri umræðunni um almenninga, hálendi landsins, um hluta af sveitarstjórnarfrv. sem við höfum verið að ræða undanfarna daga, ef þetta er allt saman tekið saman og menn setjast yfir málið og ræða þetta enn frekar þá náist skýrari mynd. Í þessu felst ekki, herra forseti, nein ásökun á formann iðnn. um að hafa ekki skilað málinu eins og til var ætlast honum af hálfu hæstv. iðnrh. til þingsins. Ég tel að þeir aðilar sem beðið var um hafi verið kallaðir til og ég vil virða það. Samt kom í ljós, herra forseti, að það voru mörg ágreiningsefni sem ég var reyndar búinn að fara yfir í fyrri hluta ræðu minnar þar sem menn greindi á um atriði sem ég fjallaði síðan um í ræðu minni.

Ég vil vitna til álits frá Félagi landfræðinga, með leyfi forseta, þar sem sagt er og tekið er undir það að: „Brýnt er að vanda vel til hvers konar lagasetningar um meðferð á auðlindum landsins og á það jafnt við um eignarhald og nýtingu. Spurningar um eignarhald verða ekki leiddar til lykta nema með ítarlegri umræðu í samfélaginu, enda skoðanir skiptar." — Sem athugasemd við þessa setningu vil ég segja það, herra forseti, að með þeirri umræðu sem stjórnarandstaðan efndi til varðandi sveitarstjórnarfrv. hefur verið vakin athygli almennings og fjölmargra, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, á því hvernig staðan er á Alþingi að það er verið í krafti meiri hluta að þvinga fram mál til afgreiðslu sem ég er fullviss og skoðanakannanir sýna, sem er þegar komið fram, að eru í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar. Það breytir engu um þó að það séu 23 stjórnarandstöðuþingmenn gegn 40 stjórnarliðum, það breytir engu um að þetta er eina varnartækið sem stjórnarandstaðan á til þess að koma sínum málum að, þ.e. að tala fyrir þeim og koma því til þjóðarinnar hvað um er að vera. Ég hef áður vitnað til laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, ég er sannfærður um að ekki væri meiri hluti í dag fyrir þeim lögum á Alþingi ef grannt væri skoðað. Ég fullyrði það og það væri alls ekki meðal þjóðarinnar og ég tel að það sama eigi við um þetta mál. Það sama á við að við þurfum að fara varlega, við höfum reynsluna og brennt barn forðast eldinn. En það sem er verið að sýna fram á er að ríkisstjórnin ætlar sér að ráða og ætlar að sýna hver ræður og þannig verður málið knúið fram í gegn.

Herra forseti. Ég vitna einnig til þess að Félag landfræðinga gerir athugasemd við að ekki virðist gæta jafnvægis milli nýtingarsjónarmiða og sjónarmiða umhverfisnefndar. Nefna má sem dæmi að í 8. gr. eru yfirborðsnámur til nýtingar á margs konar jarðefnum heimilaðar á landi í einkaeign án þess að þurfi nýtingarleyfi, án nokkurra skilyrða um umgengni eða frágang, og án þess að vísað sé til ákvæða annarra laga um þau efni. Ákvæði frumvarpsins, sem lúta að umhverfisnefnd, eru fá og afar almennt orðuð. Nefna má 17. gr. þar sem veiting nýtingarleyfis er skilyrt því að „tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Vald til þess að veita nýtingarleyfi, að uppfylltum þessum skilyrðum ásamt öðrum, er sett í hendur iðnaðarráðherra. Ekki er að finna neinn skýran farveg í frumvarpinu fyrir faglega umfjöllun um áhrif nýtingar á umhverfi."

Herra forseti. Það sem þarna kemur fram er nákvæmlega það sem við í minni hluta iðnn. erum að benda á að fari í bága við skoðanir okkar. Þess vegna leggjum við til og lögðum til strax í upphafi og munum halda því áfram og fylgja því eftir við atkvæðagreiðslu að þessu máli verði vísað aftur til ríkisstjórnar með rökstuddri dagskrá. Það er það sem við viljum að verði gert. Það er engin spurning að þorri þjóðarinnar er á móti þessu frv. eins og frv. um sveitarstjórnarlög því að það kemur fram að 72% þjóðarinnar eru andvíg því að færa almenningana í hendur fárra og 27% þjóðarinnar eru fylgjandi. Þetta þýðir það að ríkisstjórnin í krafti meiri hluta og Alþingis er að fara gegn meirihlutavilja þjóðarinnar og það er það sem við höfum verið að reyna að benda hv. þm. á, þeim sem hafa verið að kvarta yfir því að vera að hlusta á ræður sem hafa tekið allt að fimm klst. Ég held að þeim sé bara fullmátulegt að sitja undir þeim ræðum og reyna að skynja veruleikann og vilja þjóðarinnar út úr þeim. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur Blöndal, ég reikna með að aðrir þingmenn sem eru ekki í sal séu á skrifstofum sínum og hlýði þar á mál mitt.

Herra forseti. Ég ætla mér að vitna í umsögn Orkustofnunar og nefna almennar athugasemdir. Þar er sagt í almennum athugasemdum, með leyfi forseta:

„Nái frumvarp til laga um þjóðlendur fram að ganga er þess að vænta að verulegur hluti af öllum auðlindum í jörðu svo og orkuauðlindum verði í höndum ríkisins. Með þeirri markaðsvæðingu sem er fram undan er í raforkumálum má við því búast að nokkur ásókn geti orðið í nýtingarrétt á vatnsföllum og háhitasvæðum og verði þar fleiri en einn um sömu hituna. Ekki verður séð að í umræddu frumvarpi, né heldur í frumvarpi um þjóðlendur, sé tekið á þeim vanda hvernig útdeila skuli aðgengi að takmörkuðum réttindum í eigu ríkisins. Orkustofnun hefur þegar bent háttvirtri iðnaðarnefnd Alþingis á þetta viðfangsefni í umsögn um þingsályktunartillögu um framtíðarskipan raforkumála. Sama ábendingin er gerð í umsögn stofnunarinnar til allsherjarnefndar um þjóðlendufrumvarpið."

Þetta eru almennar athugasemdir sem eru gerðar af hálfu Orkustofnunar varðandi sveitarstjórnarfrv., varðandi frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu. Í fyrrgreindri umsögn og þáltill. segir m.a., með leyfi forseta:

„Í tengslum við umfjöllun um rekstrarumhverfi orkugeirans leyfir Orkustofnin sér að benda á nauðsyn þess að mótuð verði samræmd stefna um það hvort og í hvaða mæli greiða skuli gjald fyrir afnot af auðlindum í þjóðareign og

hvernig auðlindum skal ráðstafa, t.d. með útboði, sem fæli þá væntanlega í sér gjaldtökuna. Alkunnar eru þær deilur sem eru um þetta efni varðandi afnot af fiskimiðunum."

Herra forseti. Ég vil benda á að hér kemur athugasemd sem er nákvæmlega sama eðlis og sú gagnrýni sem ég hef haft uppi við afgreiðslu þessa frv., að þær deilur sem hafa orðið um afnotin á fiskimiðunum munu færast inn til landsins og það er verið að tryggja aðild fárra gegn fjöldanum. Því erum við að mótmæla og ég vona að hv. þm. skilji hvort sem þeir greiða atkvæði með eða móti. Enn fremur segir áfram, með leyfi forseta:

„Hingað til má segja að öll meiri háttar vatnsorkuver hafi verið í eigu opinberra aðila og [að þau hafi] að mestu nýtt sér ókeypis vatnsréttindi. Því hefur þessi mál lítt borið á góma."

Þetta er hluti af því vandamáli sem við erum að fást við þegar við ræðum um nýtingu á auðlindum í jörðu eða rannsókn á þeim auðlindum sem við gætum átt.

„Meginatriði þeirrar stefnu, sem boðuð eru með þingsályktunartillögunni, er sú að innleiða almennan markaðsbúskap í orkumálum."

Þetta er áframhaldandi tilvitnun til málefnisins um orkumálin og jafnframt um þau mál sem við erum að ræða um.

Herra forseti. Það má vitna til ýmissa atriða frá Orkustofnun í þessu plaggi sem ég ætla ekki að gera alveg nákvæmlega en það eru fjölmargar mjög veigamiklar athugasemdir sem var ekki tekið tillit til af hálfu meiri hluta iðnn. í umfjöllun um þetta frv. sem ég tel vera mjög miður því að ég tel að séu margar gagnlegar og mjög góðar ábendingar um fjölmörg atriði sem hefði átt að taka tillit til í umfjöllun nefndarinnar. Þá er ég að tala um þær ábendingar sem koma fram í umsögn Orkustofnunar um þetta frv. til laga um eignarhald á nýtinga auðlinda í jörðu.

Ástæða er að vitna til þess að fjölmargir aðilar úti í þjóðfélaginu hafa verið að senda þingmönnum ábendingar í tölvupósti þar sem við erum hvött til þess alveg eindregið að leggjast eins fast gegn afgreiðslu frv., bæði um eignarhald á auðlindum í jörðu og fólk talar almennt um frv. sem varða miðhálendi Íslands. Ég vitna í eina ábendinguna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heiðraði þingmaður. Fyrir þér liggja nú þrjú frumvörp er varða miðhálendi Íslands. Saman marka þessi frumvörp tímamót hvað varðar óbyggðir Íslands. Fæstum er þó ljóst hvað þessi frumvörp fela nákvæmlega í sér. Þau eru umdeild og hafa skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar.

Það er eindregin ósk mín að þú stuðlir að því að frv. þrjú verði kynnt þjóðinni betur í heild sinni og hvað í þeim felst. Enn fremur að afgreiðslu þeirra í þinginu verði frestað á meðan þjóðinni er gefinn tími til að kynna sér málin til hlítar."

Þetta sem ég vitnaði í, herra forseti, er ein af fjölmörgum, af tugum ábendinga og beiðna frá fjölmörgum. Þetta sem ég las upp er frá þjóðnýtingarfræðingi sem er í háskóladeild Bændaskólans á Hvanneyri. Það eru almennt aðilar sem hafa velt fyrir sér gildi auðlindanna sem eru að senda þessi bréf inn, auðlindanna á hálendinu o.s.frv. Einnig kemur fram að yfir 30 aðilar skrifa á einu bretti undir áskorun til þingsins um að fresta málinu. Á öðrum stað komu fram 90 áskoranir þekktra einstaklinga á Íslandi þar sem þingið er hvatt til að láta málið liggja þannig að þjóðinni gefist kostur á að kynna sér stöðuna í þessum málum. Það hefur aðeins komið til skila með þeim ræðuhöldum sem menn hafa beitt fyrir sig og það varð til þess að vekja þjóðina um að eitthvað væri að.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á að gera meira úr þessu máli að svo komnu. Ég hef ekki sett fram neinar sérstakar spurningar til hæstv. iðnrh. eða umhvrh. Það var með samkomulagi að það var ekki gert varðandi umhvrh. en þær koma væntanlega fram í seinni ræðu minni þegar að henni kemur. Mér skilst að langur listi sé fram að því að ég get vonast eftir því að komast í ræðustól aftur. Í ljósi þess, herra forseti, tel ég ástæðu til þess að forsætisnefnd taki málið fyrir og athugi á hvern hátt er hægt að lenda hálendismálunum eins og þjóðin almennt talar um þau og eins og ég vil tala um þau, á hvern hátt er hægt að lenda þessum málum, á hvern hátt er hægt að taka hluta af þeim til afgreiðslu og á hvern hátt er hægt að taka hluta af þeim til frestunar til haustsins og freista þess að ná sátt.

Ég segi enn og vísa til framangreindra atriða sem ég hef verið að nefna að frv. ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. er vanbúið til afgreiðslu á Alþingi. Í ljósi þeirra greina sem ég fór yfir má ljóst vera að nauðsyn er á því að gagngerar breytingar fari fram. Við í minni hluta iðnn. munum gera tilraun til þess að koma fram með brtt. í kjölfar þess álits sem við höfum sett fram en sérstök áhersla er lögð á að það er ástæða til að málið fái meiri og betri umfjöllun.

Ég hef áður gert grein fyrir því, herra forseti, að frv. er hafnað af hálfu minni hlutans fyrst og fremst af þeim atriðum sem við höfum rakið. En um leið höfum við undirstrikað að ástæða er til að setja fram lagaramma um eignarhald og nýtingu á auðæfum í jörðu.

Ég bendi sérstaklega á að þetta frv. er í samræmi við áform og ákvarðanir helmingaskiptastjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. gegn mótmælum stjórnarandstöðu og það er bágt að svo mikilsverð mál sem þessi um hálendið og eignarhald á auðlindum í jörðu skuli vera knúin í gegn gegn allsherjarandstöðu stjórnarandstæðinga. Ég enda þetta með því að vitna að lokum í síðustu orðin í umsögn frá Félagi landfræðinga, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Félag landfræðinga telur þörf á að færa mat á umhverfisáhrifum framar í framkvæmdaferlið og gera það gagnsærra og virkara. Liður í slíku væri að byggja vísanir til slíks mats inn í lagasetningu eins og þá sem hér eru til umsagnar."

Á þennan veg enda fjölmargar umsagnir og mér þykir miður að ekki skuli vera tekið nægjanlegt tillit til þeirra. Ég vonast til þess að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir því við meiri hluta hv. nefndar að í umfjöllun um þetta mál núna á milli umræðna verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem hafa verið settar fram og ég tala nú ekki um þær athugasemdir sem hafa komið frá almenningi úti í þjóðfélaginu varðandi þetta mál og önnur mál sem fólk verður farið að flokka upp sem hálendismál Íslands.

Herra forseti. Ég hef lokið fyrri ræðu minni um þetta mál og mun koma að þeim spurningum sem ég hef fram að færa í fyllingu tímans þegar ég flyt seinni ræðu mína og læt hér staðar numið í bili.

[16:15]

**Ragnar Arnalds:**

Virðulegi forseti. Það er meginefni þess frv. sem hér er til umræðu um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu að allar auðlindir sem finnast í og á jörðu í löndum í einkaeign séu eign landeiganda. Þetta gildir um verðmætar námur, um olíu sem finnast kann á þessum svæðum og um jarðhita,

hversu hátt sem hitastigið er og hversu djúpt í jörðu sem jarðhitinn er.

Ég tel það einkenna frv. sem hér er til umræðu að einkaréttarsjónarmiðin hafa fengið algeran forgang en almannaréttur er sniðgenginn. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að svipta nokkurn mann þeim rétti sem hann hefur þegar öðlast enda verður það auðvitað ekki gert bótalaust. Ég er ekki að mæla með því að neinn réttur verði tekinn af mönnum. Menn eiga að halda þeim rétti sem þeir hafa í dag. En kjarni málsins er sá að það á ekki að gefa mönnum miklu meiri rétt en þeir hafa en það er verið er að gera með þessu frv. Vegna þess að ég sé að hæstv. iðnrh. er að hlýða á mitt mál þá langar mig til þess að spyrja hann að því hvort hann hafi gert sér fyllilega grein fyrir því hvað mikill tilflutningur í reynd á eignarétti felist í þessu frv. og hvort það hafi verið ætlunin með samþykki þessa frv. að breyta eignarréttarlegri stöðu mála á Íslandi í svo stórum stíl sem lögin kveða á um eða hvort hugsanlegt sé að þeir menn sem sömdu frv. séu þeirrar skoðunar að það feli ekki í sér neina efnisbreytingu frá því sem nú er. Ef svo er að menn gera sér ekki fyllilega grein fyrir þeim breytingum sem í frv. felast, þá er að sjálfsögðu brýn nauðsyn á að menn skoði þetta mál miklu betur og undirbúi það að fyrir næsta þing þannig að það megi koma þar fyrir á réttan hátt.

Mér er ekki ljóst hvort hæstv. iðnrh. er að hlusta á mitt mál eða hvort hann er bara að tala í síma úti í bæ. En ég er enn með fleiri spurningar til hans og þá kannski fyrst og fremst þá, hvort hann hafi kynnt sér dóm Hæstaréttar nr. 180/1996. Í þeim dómi er einmitt komið inn á mjög mikilvæga þætti þessa máls á allt annan hátt en gert er í þessu frv. og maður hlýtur að draga þá ályktun að þeir sem hafi samið þetta frv. hafi alls ekki kynnt sér þann dóm eða gert neina tilraun til að taka tillit til hans.

Í dag er það t.d. ekki þannig að ef olía finnst í sjó 100 metra frá landi, svo að ég nefni dæmi, þá er hún eign landeigandans sem á landið að sjónum. Það er ekki reglan í dag. Sama gildir ef jarðhiti finnst 50–100 metra út í sjó eða náma, verðmæt náma. Landeigendur eiga ekki þessi réttindi í dag. En með frv. sem hér er til afgreiðslu er verið að færa þessi réttindi yfir til landeiganda og það er algjörlega í andstöðu við íslenskan rétt eins og hann hefur verið til þessa dags og í fullkominni andstöðu við dóm Hæstaréttar frá árinu 1996 sem ég ætla að víkja að hér á eftir.

Ég vil taka það skýrt fram í öndverðu að ég er alls ekki að reyna að hafa rétt af landeigendum. Ég tel að bændum veiti ekkert af því að halda þeim rétti sem þeir hafa haft á liðnum öldum og fram á þennan dag, m.a. í netlögum. En það á ekki að gefa mönnum eitthvað sem þeir hafa ekki átt og það á ekki að láta menn fá miklu meiri rétt en þeir hafa nokkru sinni haft en það er verið að gera með þessum lögum. Í dag er bændum heimilt að leggja net til fiskiveiða, t.d. silungsveiða eða grásleppuveiða í sínum netlögum en hún er ekki í dag nema niður á tæplega þriggja metra dýpi. Þessum rétti eiga bændur að sjálfsögðu að halda og ég hef t.d. lagt mig í líma við það á Alþingi að koma í veg fyrir að verið sé að þrengja kost bænda því að eins og menn vita, þá hefur það verið gert hvað eftir annað með hagsmuni laxveiðibænda inn til dala og fjær sjó í huga, að réttur bænda sem eiga land að sjó hefur verið rýrður og þeim gerðir þrengri kostir en áður fyrr var. Þetta tel ég vera réttarskerðingu og hef oft á Alþingi einmitt tekið hagsmuni þeirra upp.

Ég tel það aftur á móti jafnmikla nauðsyn að tryggja að réttur landeigenda sem eiga land að sjó verði ekki miklu meiri en hann hefur verið í gegnum aldirnar og fram á þennan dag eins og felst í þessum lögum.

Svo ég víki fyrst að netlögunum áframhaldandi sem ég hef nokkuð minnst á, þá er það svo að réttarheimildir um netlög er fyrst og fremst í dag að finna í hinni fornu og ágætu Jónsbók sem enn er í gildi á Íslandi hvað þetta varðar þó að kannski hafi ekki margir gert sér grein fyrir því. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„... það eru netlög utast er selnet stendur grunn XX möskva djúpt að fjöru og koma þá flár upp úr sjó."

Þetta er gildandi réttur í dag eins og skýrt kemur fram í hæstaréttardóminum sem ég mun víkja að hér á eftir.

Ágætur lögfræðingur, Finnur Torfi Hjörleifsson, sem lauk lögfræðiprófi vorið 1985 og skrifaði kandídatsritgerð sem nefndist „Almannaréttur, hlutverk hans og staða í íslenskri réttarskipan" skrifaði fræðigrein árið 1986 sem hét: „Hvar eru merki sjávarjarða til hafsins?" Þessi ágæti lögfræðingur, Finnur Torfi Hjörleifsson, er þarna að fjalla nákvæmlega um það sem hér er verið að ræða, rétt landeigenda í netlögum sjávar. Hann tínir þar til hin ýmsu réttindi. Það er réttur til reka byggður á Jónsbók, fyrst og fremst rekabálki Jónsbókar. Þótt vissulega hafi seinna verið vikið af þessum rétti í lögum, þá er það fyrst og fremst Jónsbókarákvæðið sem hér hefur gildi. Í öðru lagi á landeigandinn rétt til vogreks og hann á veiðirétt, hann á fiskveiðirétt. En eins og fram kemur í ritgerð Finns Torfa Hjörleifssonar, þá er veiðirétturinn miðaður við ákveðna dýpt en ekki ákveðna fjarlægð frá landi, þ.e. tuttugu möskva djúpt selnet. Reyndar er ágreiningur um það hversu mikið dýpi þetta er nákvæmlega en fræðimenn hafa talið að dýpið gæti varla verið meira en 2,9 metrar.

Síðan er um að ræða rétt til veiða fugla og spendýra og þar kemur fyrst og fremst til greina tilskipunin frá 1849 þar sem landeiganda er veittur einkaréttur til veiða á þessum dýrum í netlögum. Þar er hins vegar miðað við aðra vegalengd. Þar er miðað við 115 metra fjarlægð frá landi en ekki við tiltekið dýpi. Síðan er það réttur til beititekju. Allt eru þetta óbein eignarréttindi. Þetta eru réttindi ábúanda jarðar sem á ekki svæðið sem er innan netlaga heldur á hann einungis óbeinan eignarrétt. Hann á nytjarétt, hann á afnotarétt, rétt til þess að nýta tiltekin hlunnindi á þessu svæði án þess að eiga sjóinn innan þessara marka eða eiga hafsbotninn sem þarna er undir. Netlögin eru sem sagt ekki nákvæmlega hin sömu þegar um er að ræða fugla og spendýr annars vegar og svo aftur veiði hins vegar. Ég þarf ekki að ítreka það neitt frekar að í þessari ritgerð kemst Finnur Torfi Hjörleifsson alveg eindregið að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur eigandans sé ekki fyrir hendi innan netlaga. Hann segir berum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Um beinan eignarrétt eiganda sjávarjarða til netlaga er hvergi mælt í lögum." Seinna segir hann, með leyfi forseta: „Samkvæmt framanrituðu nær landareign sjávarjarðar ekki til netlaganna. Landeigandi á í netlögum sjávar tiltekin afmörkuð réttindi sem sum styðjast einkum við ákvæði í seinni tíma löggjöf, réttur til fuglaveiði og beititekju. Um önnur má e.t.v. segja að auk þess sem þau eru lögákveðin eigi þau sér rót í fornri venju Jónsbókarákvæði um reka og veiða. Landeigandi á ekki beinan eignarrétt til netlaga í sjó."

Nú er auðvitað um að ræða fræðiritgerð sem ég er að vitna hér í en ekki beinan rétt. Hér er verið að túlka rétt en ekki verið að skilgreina rétt. Það er eftirtektarvert að fyrir tíu

árum neyðist höfundur ritgerðarinnar til að komast svo að orði, með leyfi herra forseta:

„Óvíst sýnist hvort dýptarreglan yrði fyrir dómstólum talin gilda um fiskveiðinetlög."

Á þetta hafði ekki reynt með skýrum hætti. En nú fyrir aðeins tveimur árum síðan og tæplega það, hinn 19. september 1996, er kveðinn upp í Hæstarétti dómur nr. 180, þ.e. ákæruvaldið gegn Tómasi Hólmgeiri Haukssyni. En Tómas Hólmgeir Hauksson er ákærður fyrir að hafa lagt grásleppunet sín á Breiðafirði við Langey sem liggur vestan Skarðs í Dalabyggð. Ákærði benti á að hann hefði fengið leyfi Fiskistofu til að stunda grásleppuveiðar á Breiðafirði á vor- og sumarvertíð 1994 sem hefði verið gefið út á grundvelli reglugerðar um hrognkelsaveiðar og það var ekki vefengt í málinu. En málatilbúnaður ákæruvaldsins var reistur á því að hann hefði lagt net sín innan 60 faðma frá stórstraumfjörumáli Langeyjar, þ.e. innan 115 metra línunnar og þar með í netlögum eyjarinnar. Innan þeirra eigi landeigandi einn rétt til allra veiða og þar með talið til sjávarfiska og sá réttur er að dómi ákæruvaldsins leiddur af 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 sem, eins og ég hef þegar sagt, fjallaði fyrst og fremst um fuglaveiði og veiði dýra en ekki um veiði fiska.

Um þetta mál féll fyrst undirréttardómur þar sem ákærði var sakfelldur. Í hæstaréttardómi er hins vegar vísað til Jónsbókarákvæðisins sem ég ætla að lesa aftur, með leyfi forseta, því að þau skipta hér öllu:

„Það eru netlög utast er selnet stendur grunn XX möskva djúpt að fjöru og koma þá flár upp úr sjó."

Í dómnum segir að ekki sé fullvíst hvaða dýpi það sé en samkvæmt kenningum fræðimanna sé það einhvers staðar á milli 2,9 og 7,52 metrar. Bent er á að veiðitilskipunin frá 1849 hafi ekki getað falið í sér neinn annan og rýmri rétt landeiganda til veiði en þeir hafi áður haft, enda fjalli tilskipunin um dýraveiði og fuglaveiði. Í hæstaréttardómnum segir síðan, með leyfi forseta:

„Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareiganda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja." Síðar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi ..." Síðan segir að lokum: „Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849."

Það væri kannski fróðlegt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því að til eru fleiri línur út frá sjávarströnd heldur en netlögin ein, sem skýrir hvað þetta hugtak hefur verið breytilegt í tímans rás. Ein af þessum línum er friðlýsing æðarvarps. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, má ekki án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjörumáli, frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Þessi lög tóku gildi 1. júlí 1994. Þarna höfum við enn eina línuna en hingað til hefur engum dottið í hug að gefa landeigendum allt sjávardýpið og allan sjávarbotninn undir þessum 250 metrum, enda stóð það ekki til.

Ég hef í þessum orðum mínum sýnt fram á það með skýrum rökum að með samþykkt þessara laga er landeigendum gefinn mun meiri réttur en þeir hafa í dag. Menn skulu ekki halda að spurningin um 115 metra svæði meðfram strönd landsins skipti engu máli. Hún skiptir máli varðandi námur, olíuvinnslu á síðari tímum og margt fleira þess háttar, m.a. leit að heitu vatni.

Nú ætla ég að koma nánar að vatninu sem líka er verið að einkavæða í þessari löggjöf. Ég vil minna á það hér að vatnsnot eru frá fornu fari almannaréttur á Íslandi, almenningseign. Kalt vatn var aldrei eign nokkurs manns, hvort sem það var rennandi vatn eða stöðuvatn. Kalt vatn var einungis undirorpið eignarrétti á þann hátt að það mátti veiða á vatninu eða í vatninu en vatnið sjálft var aldrei undirorpið einkaeignarrétti. Það er eftirtektarvert, ef skoðuð eru gögn frá fyrri tíð, að heitt vatn og jarðgufa var ævinlega talin almenningseign á Íslandi. Að vísu eru ekki bein lagafyrirmæli um þetta atriði, hvorki í Grágás né Jónsbók. Hins vegar er auðvelt að sjá það af fornum heimildum að svo hafi verið litið á að það væri svo sjálfsagður réttur almennings að eiga frjálsan aðgang að jarðhita á Íslandi að ekki hefur verið talin þörf á því að taka það fram.

Með þessu frv. er því slegið föstu að allur jarðhiti jafnvel inn að miðpunkti jarðar sé eign þess sem á landið fyrir ofan, óháð því að menn viti að nú til dags er hægt að bora skáhallt til beggja hliða og hlýtur þar af leiðandi að verða mikill ruglingur, þegar kemur niður á verulegt dýpi, hver er á hvers landi. Þessu er samt sem áður slegið föstu í frv. sem hér liggur fyrir.

Ég bendi á þetta, þó að það skipti kannski ekki öllu máli í sambandi við samþykkt þessa frv. Ég viðurkenni að í því tilviki hefur rétturinn breyst í eðli sínu en ég tel að það sé hins vegar mikilvægt, frá sögulegu sjónarmiði og mikilvægt til þess að skoða málið í heild sinni, að menn geri sér grein fyrir því hve almenningur átti í gegnum aldirnar ríkan rétt á þessu sviði.

Það er til að mynda ljóst af fjöldamörgum heimildum í Sturlungu að heitar laugar voru almenningsbaðstaðir og raunar meira en það, þær voru samkomustaðir landsmanna. Ef litið er á þá kafla þar sem laugar koma fyrir, sem eru fjöldamargir staðir í Sturlungu, þá rekur maður t.d. augun í Vallalaug í Skagafirði. Hún er nokkuð oft nefnd og gæti ég vissulega farið í að lesa þær tilvitnanir allar en tímans vegna mun ég þó sleppa því.

Vallalaug í Skagafirði var fundarstaður almennings í Skagafirði. Þar komu menn saman til þinga og þá er ég ekki aðeins að tala um þing sem lögmenn boðuðu til eða sýslumenn boðuðu til því að þau voru auðvitað ævinlega haldin við slíkar laugar, heldur var það greinilega almenn regla, ef menn vildu stefna saman liði sínu til friðsemdar eða til mannvíga, að koma saman við laugar. Það sést mjög greinilega, t.d. hvað varðar Vallalaug í mörgum frásögnum, að þegar búist er til mikilla bardaga í Skagafirði, þá komu menn saman ýmist við Vallalaug eða Reykjalaug í Tungusveit sem er þar ekki langt frá. Þar söfnuðust menn aðallega saman þegar þeir vildu fela sig fyrir árás. Þegar árásin mikla var gerð þvert yfir jökulvötnin og leiddi til bardagans mikla á Örlygsstöðum, þá söfnuðust menn saman við Reykjalaug í Tungusveit í Skagafirði.

Sama gildir um Sælingsdalslaug, Reykjalaug í Miðfirði, Laug í Reykjadal í Dölum, Skíðastaðalaug, Hrafnagilslaug í Eyjafirði, Lýsuhólslaug á Snæfellsnesi og fleiri laugar víðs

vegar um land. Þetta voru samkomustaðir almennings og alveg ótvírætt í almenningseign.

Menn kunna að segja að þetta hafi aðeins verið á fyrstu öldum byggðar á Íslandi og Sturlunga gerist eins og menn vita á 13. öldinni. Ef við færum okkur nær nútímanum og komum yfir á 18. öldina, þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið, þá lýsa þeir jarðgufuböðum sem heilsulind almennings og það er yfirleitt alltaf tengt því að ferðamenn máttu staldra þar við og laugast. Þannig er t.d. greint frá því í ferðabók þeirra að ferðamenn á leið til Alþingis notuðu Reykjalaug, sem er skammt frá Lundarreykjadal, og ekki þarf að segja mönnum af lauginni í Laugardal, þar sem kristnir menn voru skírðir eftir að kristni var lögtekin á Íslandi. Kristnir menn á Íslandi höfðu það fram yfir trúbræður sína í öllum öðrum löndum að þeim þóknaðist að lauga sig í heitu vatni, en annars staðar var mönnum dýft í kalt vatn. Þeir neituðu jafnvel að láta skíra sig í köldu vatni en létu flytja sig langan veg að heitum laugum sem síðan urðu helgar laugar þar í frá. (**Gripið fram í:** Ólíkt notalegra.) Og þarf ekki að spyrja að því að það var að sjálfsögðu ólíkt notalegra.

Í *Ferðabókinni* er einnig minnst á Leirárlaug, á árinu 1665 og sagt frá því að hinn frægi Árni Oddsson lögmaður var þar á ferð og hann laugaðist þar án þess að nokkur væri þar nærstaddur. Sagt er að það hafi verið alvanalegt, en honum varð hált á því og lét þar lífið sem frægt varð. Enginn var til að sinna honum þegar hann hefur væntanlega fengið aðsvif og í tengslum við það er hvatt til þess að allar þessar mörgu almenningslaugar séu byggðar upp. Það er kvartað yfir því að ferðamenn þurfi að hafa fataskipti á bersvæði og ganga jafnvel allsnaktir til bæjar og sinna þurfi þessum málum með skaplegum hætti. Því er haldið fram að almannavaldinu beri skylda til að sinna þessum almenningslaugum. Hér síðar segja þeir félagar, með leyfi herra forseta:

„Almenningsmannvirki frá Sturlungaöld þekkjast ekki önnur nú en Snorralaug, sem fyrr er lýst, og Hvítárbrú, sem reist var til forna yfir Hvítá og síðar við haldið af sveitarbúum."

Þessi brú ónýttist og vissulega ónýttust margar laugarnar en engu að síður bera þessar tilvitnanir mínir þess skýran vott að laugar voru hér almenningseign.

Það er líka eftirtektarvert að í hinu mikla verki Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, *Jarðabókinni*, sem var samin 1702–1712, og fjallar um eignarréttindi, fjallar um eignarrétt á landi. Það er verið að gera grein fyrir dýrleika jarða, það er verið að gera grein fyrir því hvaða rétt bændurnir eiga. Þar er hvergi minnst á lauga- eða heitavatnsréttindi, hvergi í allri bókinni er minnst á slík réttindi vegna þess að það var auðvitað ekki litið á það sem réttindi viðkomandi jarða eða bænda. Einkaeignarréttindi yfir þessum gæðum höfðu alls ekki verið stofnuð á þessum tíma.

Það er ekki fyrr en með 10. gr. vatnalaganna, nr. 15/1923, sem lögákveðinn er einkaeignarréttur að jarðhitaréttindum en þá gerist stóra breytingin, hin lögformlega breyting, og að því leyti er þetta mál svolítið öðruvísi vaxið en netalagnirnar, sem ég nefndi áðan, að það er alveg ótvírætt að fram á þennan dag er almenningsréttur í netalögnum og engin heimild til þess að eigna sér þar réttindi sem ekki tilheyra almennum hefðbundnum búskaparnytjum. En jarðhitaréttindi, þ.e. réttur almennings til vatns og lands fyrir sundlaugar, þ.e. þessi klassíski yfirborðshiti eða lághiti, var gerður undirorpinn einkaeignarrétti árið 1923.

Upprifjun mín um almenningsrétt gegnum aldirnar er samt mikilvæg vegna þess að hún sýnir að önnur hugsun var þarna á ferðinni og að þróunin hefur verið í hina áttina. Áður en ég hverf úr fortíðinni, vegna þess að ég vil gjarnan halda þessum heimildum til haga og koma þeim í þingtíðindi svo hægt sé að ganga að þeim þar, vil ég taka það fram að ég hef ekki grafið þessa vitneskju alla upp heldur hef ég notið aðstoðar ágætra manna sem vel eru lærðir í sögu og lögfræði og hafa bent mér á ýmislegt í þessum efnum. Ég veit að það er vilji þeirra líka að þessu sé haldið til haga, þessu sé komið á einn stað og það skal gert hér.

Þeir hafa bent mér á að í Íslandslýsingu Odds Einarssonar, sem rituð er 1593, er á athyglisverðan hátt fjallað um almannaréttinn hvað varðar heita vatnið, og vil ég leyfa mér að lesa örstuttan kafla eftir Odd í þýðingu Jakobs Benediktssonar því að þetta var ritað á latínu, með leyfi herra forseta:

„Fjölmargir á þessum slóðum fullyrða það nefnilega sem sannreynt, að þetta svitabað hafi allt frá fornu fari ekki aðeins læknað kláða og útbrot, heldur líka eytt mörgum öðrum sjúkdómum eða a.m.k. linað þá tíma og tíma. Menn álíta reyndar einnig, að önnur böð og heitar laugar á Íslandi hafi þessa náttúru að leggja fjölmargt til viðhalds heilsunni. Að vísu segja kerlingabækur, að þetta stafi frá einhverjum guðum og vissum mönnum, sem einhvern tíma hafi blessað hina og þessa staði. En vér látum slíkt bull lönd og leið og vitum, að oss bera að játa með tilhlýðilegri þakklátssemi, að hin óeigingjarna náttúra hefur með þessum hætti lagt oss til einstök hlunnindi og mikið djásn." — Ég les áfram, með leyfi forseta, og vek sérstaklega athygli á þessari lokasetningu: — „Því fullvel veit ég, að ef afnot slíkra heilsulinda væru á valdi einhverra fjárplógsmanna, væru þeir ekki lengi að auka við inntektir sínar."

Þegar á þessum tíma, 1593, hafa þeir verið til sem vildu auðgast og bæta hag sinn og það er greinilegt á þessari ívitnun að biskupinn Oddur Einarsson telur það jafnast á við fjárplógsstarfsemi að fara að selja afnot af jarðhita á Íslandi.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið frekar um þennan þátt málsins, enda eiga sjálfsagt margir eftir að gera góða grein fyrir ýmsum hliðum þess, en ég get samt ekki stillt mig um að vekja athygli á einni grein frv. þar sem fjallað er um heimildir landeiganda til að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til *heimilis- og bústarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju*. Það er 10. gr. frv. sem um þetta fjallar og í frv. eins og það kom frá hæstv. ráðherra stóð að hagnýtingin væri bundin við 5 megavött. Raunar stóð þar, með leyfi forseta:

Að hagnýta megi „allt að 5 megavöttum miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins."

Þessari setningu hefur hv. meiri hluti iðnn. lagt til að breytt verði í 3. brtt. sinni og breytir nú orðalaginu lítils háttar og lækkar hagnýtingarréttinn úr 5 megavöttum niður í 3,5 megavött. Ég hef spurt kunnáttumenn að því hvort þeim finnist þessi skerðing nokkuð átakanleg og fæ þau svör að mönnum finnist þetta í raun og veru fráleitt hvað menn öðlist mikinn rétt hvað þetta varðar.

Menn benda á það að jafnvel lægri talan, 3,5 megavött, sé verulega miklu meiri en t.d. öll sú orka sem kemur úr Þvottalaugunum í Reykjavík sem er 87 stiga heitt vatn, 10 sekúndulítrar, 2,3 megavött, og mundi duga fyrir 100 hús. Það er talið líklegt að þessi orka mundi jafnvel duga fyrir 150 hús, þ.e. heilt þorp og menn telja auðvitað að þarna hljóti að

verða sett einhver skynsamleg mörk sem miðist við eðlilega og venjulega hagnýtingu jarða en þarna er um allt annað að ræða.

Í þessu samhengi mætti benda mönnum á að sú notkun sem er hjá Sundhöll Reykjavíkur er ekki nema 0,5 megavött en við erum að tala um 3,5 eftir að búið er að breyta þessu.

Herra forseti. Niðurstaða mín er einfaldlega sú að þetta frv. þarfnist endurskoðunar og það eru viss atriði í frv. sem eru greinilega þess eðlis að menn hafa ekki áttað sig til fulls á efni þess. Ákvæðið um netlögin er mjög stórfelld einkavæðing án þess að nokkurt fé komi fyrir. Staðreyndin er sú í samræmi við þann hæstaréttardóm, sem ég vitnaði í, að landeigendur eiga ekki þennan rétt í dag en öðlast hann með lagasetningunni. Þetta er nákvæmlega sams konar mál og þjóðlendurnar, að réttindin í netlögunum eru óbein réttindi líkt og beitiréttur inn í almenningum eða veiðiréttur í almenningum. Bændur eiga að halda þeim rétti og munu halda þeim rétti þrátt fyrir samþykkt þjóðlendufrv. þegar þau mál hafa verið gerð upp á réttan hátt. Ég tel það fagnaðarefni og alveg sjálfsagt mál og ég ítreka það að ég vil ekki á nokkurn hátt taka rétt af bændum. Hlutur þeirra er ekki of stór í þjóðfélaginu að ástæða sé til þess að rýra hann. En rétt skal vera rétt og það á ekki hvorki á þessu sviði né neinu öðru að gefa mönnum rétt í stórum stíl sem þeir eiga ekki í dag. Bændur eiga að láta sér nægja þann rétt sem þeir hafa sem er réttur til reka, réttur til vogreks, réttur til fugla og spendýra og fiskveiðiréttur sem reyndar er bundinn við dýpi en ekki fjarlægð frá landi.

Eins er þetta með jarðhitann. Þar verður að miða við einhver takmörk og það sjá það allir að ekkert réttlæti og ekkert vit er í því að gefa landeigandum rétt á jarðhita mörg þúsund kílómetra inn í jörðina alveg óháð hitastigi eða dýpt. Jarðhitinn var almenningseign. Síðan varð yfirborðshitinn undirorpinn einkaeignarrétti. Síðan var gengið enn lengra með því að menn eignuðust þann hita sem auðvelt var að ná með borunum en um leið og boranir komu til sögunnar komu þær ábendingar frá fræðimönnum að það væri sjálfsagt og eðlilegt að setja þeim rétti einhver takmörk.

Ég vil að endingu minna á orð þessara fræðimanna. Í stjfrv. sem lagt var fyrir Alþingi 1957 var eignarréttur ríkisins talinn byrja neðan við 100 metra dýpis og það rökstutt með því að annars væri hætta á því, ef miðað væri við meira dýpi, að menn væru farnir að draga hitann úr jarðvegi í næsta nágrenni. Þetta frv. var samið á grundvelli álitsgerðar sem fyrrv. forsrh. Ólafur Jóhannesson hafði undirbúið. Hann var að vísu ekki orðinn forsætisráðherra á þeim tíma að sjálfsögðu og reyndar ekki kominn á þing en hann var prófessor við háskólann, og frv. sagði hreint út, með leyfi herra forseta:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar.“

Í greinargerð frv. var vikið að því hvernig þessum málum væri háttað í mörgum nálægum löndum og á það bent að langalgengasta reglan væri sú að jarðhiti neðan við ákveðin mörk eða ofan við ákveðið hitastig væri eign ríkisins. Rakið var hvernig þessum málum væri háttað í Nýja-Sjálandi, á Ítalíu, í Mexíkó þar sem jarðhiti er á öllum þessum stöðum en á þessum stöðum hafa ríkinu verið tryggð umráð þeirra orkulinda sem liggja þannig djúpt í jörðu. Einnig var vísað í þýskan rétt og í greinargerðinni sagði, með leyfi herra forseta:

„Ljóst er því að svo er litið á að setja megi eignarrétti landeigenda á efnum í jörð miklar takmarkanir og undanskilja þau einstaklingseignarrétti án þess að til greina komi neinar bætur til landeigenda að því er virðist.“

Í þessu frv. sagði líka, með leyfi herra forseta: „Þegar tillit er tekið til framangreindra atriða og þess að aðrar þjóðir telja jarðhita djúpt í jörð undanskilinn eignarrétti landeiganda og háðan umráðarétti ríkisins (Nýja-Sjáland, Ítalía og Mexíkó) virðist eðlilegt að löggjafinn hverfi hér inn á svipaða braut í þessu efni, þ.e. dragi alveg ákveðna markalínu á milli einstaklingseignarréttar og umráðaréttar ríkisins.“

Þetta er allt úr greinargerð sem er undirrituð af Ólafi Jóhannessyni og byggðist á ítarlegri athugun færustu lögfræðinga á sviði eignarréttar á þeim tíma.

Vissulega hefur alltaf verið álitamál hvernig skyldi draga þessa takmörkun og það er eftirtektarvert að menn hafi verið með breytilegar viðmiðanir í þessum efnum. Svo virðist vera að menn hafi í upphafi miðað við 100 metra dýpi. Seinna hafi verið fluttar tillögur á Alþingi um að miða við 200 metra dýpi. Það kom fram frv. í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1971–1974 þar sem gert var ráð fyrir því að háhitasvæði yrðu sameign þjóðarinnar. Þar var greinilega verið að miða við hitastigið miklu frekar en sjálft dýpið og þó. Háhitasvæðið var skilgreint þannig að það væru þeir staðir þar sem finna mætti yfir 200 stiga hita á minna en 1.000 metra dýpi og það er viðmiðun sem kann að eiga fullan rétt á sér. En að falla frá öllum viðmiðunum í þessu efni er að takmarka ekki þennan rétt á nokkurn hátt felur í sér að verið er að skapa nýjan rétt í landinu sem gengur í berhögg við skoðanir fræðimanna allt fram á þennan dag um hversu langt einkaeignarrétturinn skuli ráða. Satt best að segja undrar mig stórlega að maður eins og hæstv. félmrh. skuli styðja mál af þessu tagi þar sem einkaeignarréttinum er gefið svo mikið svigrúm sem raun ber vitni og ég hef hér rakið.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja en tek undir það sem hefur verið sagt í umræðunni að málið er þess eðlis að þörf er á að skoða það betur í sumar og koma með endurskoðað frv. á haustdögum þar sem tekið væri fullt tillit til þeirra athugasemda sem fram hafa komið í umræðunni.

[17:06]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hv. síðustu tveir ræðumenn, hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Gísli S. Einarsson, hafa sýnt mjög glöggt fram á hve alvarlegt og raunar hættulegt mál er á ferðinni sem á að fara að koma í gegnum þingið.

Herra forseti. Ég held að sú umræða hafi farið mjög vaxandi á umliðnum árum hvað er raunverulega að gerast í þessu þjóðfélagi. Það hefur átt sér stað mikil eignatilfærsla, mikil valdasamþjöppun í þjóðfélaginu og peningar og völd eru sífellt að færast á fárra manna hendur. Við sjáum þessa samþjöppun valds mjög víða. Stórar valdablokkir eru að verða til sem tengjast eignar- og stjórnunarlega og má segja að það sé dæmi um nútímalénsveldi þar sem auður safnast á fárra hendur og slíkt hefur leitt af sér og mun leiða af sér ef ekkert verður að gert að fátækt og misskipting fer vaxandi. Það er einmitt það sem við erum að fjalla um, herra forseti, varðandi þetta mál að hér getur verið á ferðinni og er reyndar á ferðinni, ég er þess eiginlega alveg fullviss, mikil eignatilfærsla til landeigenda. Eins og síðasti ræðumaður sagði er verið að gefa landeigendum miklu meiri rétt en þeir hafa í dag og verið er að festa í sessi eignarrétt á miklum auðlindum.

Á undanförnum vikum höfum við verið að fjalla um annað mál ekki óskylt þessu að því leyti að verið er að færa nýtingarréttinn á miðhálendinu í hendur örfárra sveitarfélaga þar sem aðrir, t.d. fólk á suðvesturhorninu, hafa lítinn aðgang að.

Maður veltir fyrir sér, herra forseti, hvort það sé tilviljun að þegar þessi helmingaskiptastjórn íhalds og framsóknarmanna situr að völdum, þá á sér ávallt stað mikil eignatilfærsla með einum eða öðrum hætti. Við þekkjum vel að 1984, þegar þessir stjórnarflokkar voru að völdum, var kvótakerfi komið á sem leitt hefur til mestu eignatilfærslu sögunnar frá þjóðinni til örfárra kvótakónga sem fengið hafa hundruð milljóna gefins frá þjóðinni.

Við höfum fjallað í hálfan mánuð um miðhálendið og sýnt fram á hvernig verið er að færa frá fólkinu ákvarðanir um nýtingu á miðhálendinu í hendur örfárra sveitarfélaga og nú erum við komin að því að fjalla um eignarhald og nýtingar á auðlindum í jörðu þar sem landeigendur geta rakað til sín stórkostlegum fjármunum ef þjóðin þarf að nýta auðlindir sem fyrirfinnast á jarðareign þessara landeigenda. Það er ekki nema von að spurt sé hvort það sé tilviljun þegar helmingaskiptastjórnin situr að völdum að þannig sé aukið á þá eignatilfærslu sem hefur orðið í þjóðfélaginu á umliðnum einum til einum og hálfum áratug.

Stjórnarliðar hafa gagnrýnt okkur nokkuð í þeirri umræðu sem varð um miðhálendið og talið að við værum í miklu málþófi þó við værum aðeins að ræða ítarlega um það mál sem þá var á dagskrá. Þeir töldu að við í minni hluta værum að kúga meiri hlutann og beita miklu óréttí þegar við vorum að ræða ítarlega þetta mál og sögðu að þeir væru í meiri hluta á þingi og þetta mál skyldi í gegn. Við héldum því þá fram að við í minni hlutanum sem værum að tala gegn því máli teldum líka að við værum að tala máli meiri hluta þjóðarinnar sem hafnaði þeirri tilhögun sem fyrirhuguð er að því er varðar miðhálendið. Ég held, herra forseti, að sú skoðanakönnun sem birtist í DV í dag staðfesti að það var rétt sem við héldum fram en í þeirri skoðanakönnun kemur fram að 70% þjóðarinnar eru andvíg því hvernig á að fara með miðhálendið og hverjir eiga að hafa ákvörðunarrétt um nýtingu þess.

Það hefur verið löngum til þess vitnað, herra forseti, að eignarréttarákvæðin séu mjög sterk í stjórnarskránni og á því byggir sá meiri hluti sem vill knýja þetta mál fram með þeim hætti sem nú er ætlunin. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi."

Herra forseti. Þegar við ræðum þetta eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar held ég að við hljótum að staldra nokkuð við þá spurningu: Hvernig er almannarétti háttað í stjórnarskránni? Ég held að við hljótum að stoppa svolítið við það hvort nægjanlega hafi verið gætt að almannarétti þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur farið fram. Við höfum að vísu ákvæði í stjórnarskránni um að allir skuli verið jafnir fyrir lögum en það virðist hvergi duga. Eignarréttárákvæði stjórnarskrárinnar virðast þar vera ofar öðru.

Herra forseti. Ég held að í þessu máli séum við enn eina ferðina að upplifa að fremur sé verið að tryggja sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna sem þessum stjórnarflokkum er mjög tamt þegar þeir eru að völdum. Ég á sæti í iðnn. sem fjallaði um það mál sem er til umræðu en fyrir hv. iðnn. lágu einnig fleiri frv. sem snerta það mál sem við ræðum hér um eignarhald á auðlindum í jörðu. M.a. frv. sem hefur ítrekað verið flutt af jafnaðarmönnum undir forustu Sighvatar Björgvinssonar um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra. Sömuleiðis hafa alþýðubandalagsmenn flutt í mjög langan tíma gegnum mörg ár frv. um jarðhitaréttindi sem felur í sér takmörkun á nýtingu auðlinda í jörðu, raunverulega takmörkun á einkaeignarréttinum.

Ég tel það mjög miður, herra forseti, að þessi frv. stjórnarandstæðinga fengu ekki skoðun samhliða því frv. sem við fjöllum um í dag. Ég óskaði ítrekað eftir því, herra forseti, að þessi frv. stjórnarandstæðinga yrðu skoðuð samhliða þessu stjfrv. sem er auðvitað rétt og eðlilegt þar sem þau fjalla um sama efni. Við því var ekki orðið nema að litlu leyti, herra forseti, og því hlýt ég í þessari umræðu að draga fram nokkurn þann mismun sem er á þessum tveim frv. sem Sighvatur Björgvinsson flutti og síðan stjfrv. Alþýðubandalagsmenn munu að sjálfsögðu örugglega fjalla um það mál sem þeir hafa flutt þessu lútandi. En frv. sem jafnaðarmenn flytja felur í sér að tryggja einnig almannahagsmuni en ekki að styrkja í sessi sérhagsmuni landeigenda.

Meginmarkmiðið með frv. okkar jafnaðarmanna var að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu og um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að rannsaka, leita að og nýta auðlindir í jörðu í sameign þjóðarinnar, að skilgreina með lögum sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og einnig gjaldtöku fyrir réttindi sem veitt eru einstaklingum eða félögum til þess að leita að, rannsaka en þó fyrst og fremst til þess að nýta slíkar sameiginlegar auðlindir. Í greinargerð með því frv. er sagt orðrétt, herra forseti:

„Flutningsmenn frumvarpsins vilja því að slík gjaldtaka fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda ásamt með gjaldtöku fyrir mengandi atvinnustarfsemi nýtist til þess að draga mjög verulega úr því rangláta skattkerfi sem einkennir nú tekjuöflun ríkisins, einkum og sér í lagi með lækkun á tekjusköttum einstaklinga."

Í stórum dráttum felur frv. okkar jafnaðarmanna í sér að þar er í fyrsta lagi kveðið skýrt á um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda. Í öðru lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni. Í þriðja lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins til orku háhitasvæða hvar sem er á landinu, með þeirri undantekningu að þeir sem hafið hafa nýtingu háhitasvæða fyrir gildistöku laganna haldi þeim rétti sínum áfram. Í fjórða lagi eru settar skýrar reglur um hvenær bætur skulu metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms. Ég mun koma nokkuð ítarlega inn á það í mínu máli hér á eftir. Í fimmta lagi er í frumvarpinu að finna reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til. Einnig er mjög mikilvægt í því frv. að þar eru strangari ákvæði um umhverfismat en eru í gildandi lögum og eru í því stjfrv. sem við hér fjöllum um. Stjórnarandstæðingar hafa einmitt sett mikið út á það hvað umhverfisþátturinn er snautlegur í frv., fyrir náttúrlega utan meginefni þess, hvernig verið er að festa rétt landeigenda í sessi. Lagt er til í frv. okkar jafnaðarmanna að umhverfismat fari ávallt fram, þar sem það á við, áður en nýtingarleyfi eru veitt en ekki aðeins áður en framkvæmdir eru hafnar eins og nú er gert. Einnig er í frumvarpinu að finna reglur um

vernd jarðhitasvæða, grunnvatns og þeirra svæða sem önnur jarðefni verða numin úr.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt þegar farið er í svona afdrifaríka breytingu sem ég spái, herra forseti, að muni kosta skattgreiðendur mjög mikið og stuðla að miklu meiri eignatilfærslu en við höfum séð áður, að fara nokkuð yfir forsögu þessa máls eins og hv. síðasti ræðumaður gerði svo ágætlega í sinni framsögu. Ég held að það sé mikilvægt að öllu sé haldið til haga í þessu efni þegar við erum að fara út í svona breytingar sem í mínum huga, herra forseti, eru engu þýðingarminni fyrir þjóðfélagið en það sem við vorum að fjalla um varðandi miðhálendið, geta verið eins afdrifaríkar og kannski kostað þjóðina miklu meira en við sjáum fyrir í dag. Þess vegna er þetta stjfrv. sem við nú fjöllum um í mínum huga fullt eins stórt og það frv. sem við höfum fjallað um í langan tíma varðandi miðhálendið.

Eignarhald á auðlindum í jörðu hefur lengi og raunar alla þessa öld verið deilumál og komið upp með jöfnu millibili á hv. Alþingi. Svo ég vitni í umræður sem urðu 1905 og nokkuð er vitnað til í frv. hv. þm. Sighvatar Björgvinssonar, þá urðu umræður á Alþingi um þingsályktunartillögu um námur í jörðu. Þá komu glöggt í ljós mismunandi skoðanir þingmanna á því hvaða stefnu bæri að fylgja um eignarhald á námum. Þar voru skoðanir skiptar og sumir þingmenn vildu að ríkið teldist eigandi þessara verðmæta en aðrir töldu að rétturinn væri best kominn hjá landeigendum. Frumvarp til námulaga var lagt fram á Alþingi 1905 og endurflutt 1907. Í því frumvarpi var miðað við þá meginreglu að íslenska ríkið ætti námuréttinn. Meiri hluti þingmanna hafnaði því hins vegar og landeigendastefnan var því lögð til grundvallar þeim námulögum sem samþykkt voru 1907. Þessari stefnu var haldið þegar ný námulög voru sett og aftur með lögum frá 1973 en þó með ýmsum takmörkunum. Landeigendastefnunni var einnig fylgt þegar lög nr. 98/1940, um jarðhita, voru sett og síðan þegar þau voru leyst af hólmi með III. kafla orkulaga, nr. 58/1967, með vissum takmörkunum.

Þessi tvö andstæðu sjónarmið um eignarhald settu einnig mark sitt á deilur sem urðu um eignarhald á fossum eins og glögglega kom fram í mismunandi áliti meiri og minni hluta fossanefndarinnar frá 1917. Meiri hlutinn vildi fylgja þeirri stefnu að vatnsafl væri eign þjóðarinnar en minni hlutinn taldi að slíkur réttur skyldi fylgja landareign. Það sérstæða var, eins og menn þekkja, að stefna minni hlutans varð ofan á þegar vatnalögin voru sett 1923, en þó var réttur landeigenda takmarkaður á ýmsan hátt.

Við þekkjum að deilur hafa verið um lög um jarðhita og einnig ákvæði gildandi orkulaga sem leystu þau af hólmi.

Það er full ástæða til þess, herra forseti, þegar við fjöllum um þessar miklu breytingar sem hér er verið að gera landeigendum í hag, þar sem verið er að festa þetta í sessi eins og hér á að gera og verið er að koma því svo fyrir að einkaeignarréttarsjónarmið hafi algjöran forgang og að landeigendur hafi ótakmarkaðan rétt að því er varðar það sem finnst hugsanlega á þeirra landareign jafnvel þó almannahagsmunir séu í húfi, að nefna, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds benti á, að þetta gengur í berhögg við skoðanir fræðimanna sem til eru margar lærðar bækur og rit um. Það er alveg sama hvað finnst í jörðum landeigenda, hvort heldur það er jarðhiti og hversu djúpur hann er, verðmætar námur eða olía o.s.frv., einkaeignarrétturinn er algerlega takmarkalaus að því er þetta frv. varðar. Þess vegna er ástæða til þess að rifja upp skoðanir Bjarna Benediktssonar á þessu og einnig skoðanir Ólafs Jóhannessonar sem hann setti fram á sínum tíma þar sem vissulega var verið að takmarka eignarréttinn en ekki gera hann takmarkalausan eins og þingmenn Framsfl. á árinu 1998 ætla að gera.

Ég hefði frekar haldið miðað við stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. að sjálfstæðismenn væru að flytja þetta frv. og þeir hefðu fengið Framsfl. nauðbeygðan til þess að flytja það með sér. En svo er ekki, herra forseti. Það er Framsfl. sem er í forustu fyrir því að festa takmarkalausan einkaeignarrétt í sessi sem getur kostað þjóðina mikla fjármuni frá skattgreiðendum, en enginn veit hve mikla, á komandi árum.

Það er verið að leggja, herra forseti, fjárhagslegan bagga á börnin okkar og komandi kynslóðir með þeirri óheillaleið sem hér á að feta, herra forseti. Ég spái því að á komandi árum og í framtíðinni verði oft rifjað upp hvernig að þessu var staðið og hvaða skoðanir þingmenn höfðu á því herrans ári 1998 þegar var verið að lögfesta svo afdrifaríka breytingu. Það væri fróðlegt að fá að vita hjá löglærðum mönnum — ekki veit ég hvort hæstv. iðnrh. veit það, það skiptir hann kannski engu máli — hvort það sé gerlegt ef ný ríkisstjórn tekur við og helmingaskiptastjórnin sest á stjórnarandstöðubekkinn, að breyta þeim ákvæðum sem hér er verið að festa í sessi um ótakmarkaðan rétt landeigenda. Fyndist mér nú, herra forseti, að hæstv. ráðherra ætti að heiðra okkur með nærveru sinni þegar spurt er mikilvægrar spurningar eins og hvort eitthvað sé í hinum sterka einkaeignarrétti í stjórnarskránni sem segir að þegar búið er að festa svona í lög, þ.e. takmarkalausan rétt landeigenda, þá verði ekki aftur snúið. Þá getum við t.d. ekki eftir næstu kosningar þegar framsóknarmenn og sjálfstæðismenn væntanlega setjast á stjórnarandstöðubekkinn, breytt þessari óheillaleið sem þeir eru að leggja upp með landsmenn í vegna þess að auðvitað þurfa landsmenn, þjóðin og skattgreiðendur, að borga fyrir þetta.

Ég er ekki viss um, herra forseti, frekar en með miðhálendisfrv. sem þjóðin áttaði sig ekki á fyrr en farið var að ræða það mikið og ítarlega í þingsölum, að hún átti sig á því hvað stefnir í að lögfest verði hér á næstu dögum. Vera má að það sé nauðsynlegt að ræða þetta mál lengi og ítarlega til að koma því til skila út fyrir þinghúsið hvað hér sé á ferðinni, herra forseti.

Hinir ágætu fyrrum forustumenn Sjálfstfl. og Framsfl., Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, vildu fara aðra leið en nútímaframsóknarmenn og nútímasjálfstæðismenn vilja fara. Árið 1945 flutti Bjarni Benediktsson frv. til laga um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, þar sem gert var ráð fyrir að leyfi ráðherra þyrfti til jarðborana er næðu dýpra en 10 metra. Nú erum við að tala um þetta ótakmarkað.

Árið 1957 var lagt fram stjfrv. um jarðhita. Samkvæmt því átti réttur landeiganda að ná til nýtingar niður á 100 metra dýpi en ríkið skyldi eiga rétt til jarðhita að öðru leyti. Það frv. var ekki útrætt.

Hér hefur Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, í marsmánuði fyrir sameiginlegan fund allshn., félmn., iðnn. og umhvn., gert góða samantekt um hálendið og auðlindir á jörðu innan eignarlanda, ákvæði þeim tengd í lögum og hvaða frumvörp og tillögur hafa verið flutt um það efni. Hann ræðir um þessi frumvörp sem fyrrum forustumenn Framsfl. og Sjálfstfl. fluttu. Þar segir hann varðandi frv. Bjarna Benediktssonar frá 1945, með leyfi forseta:

„Árið 1945 flutti Bjarni Benediktsson frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98/1940 og var þar lagt til að leyfi ráðherra þurfi til jarðborana dýpra en 10 metra og tekið fram að þetta væri lagt til vegna þess að hætta gæti verið á því að jarðboranir spilltu hagnýtingu jarðhitans. Flutningsmaður taldi að þarna væri aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu væri heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins."

Þetta er nákvæmlega eins og hv. þm. Ragnar Arnalds lýsti svo vel áðan. Það er verið að festa í sessi einkaeignarréttinn og það gengur bersýnilega í berhögg við skoðanir ýmissa fræðimanna sem hafa fjallað um þetta mál í gegnum tíðina. Það að bera fyrir sig stjórnarskrána í þessu efni held ég, herra forseti, að sé afar hæpið. Ég tel ekki nauðsynlegt að haga málum eins og gera á í þessu frv., með vísan til stjórnarskrárinnar.

Um frv. Bjarna Benediktssonar segir:

„Frumvarpið var flutt að ósk bæjarráðs Reykjavíkur. Frumvarpið var afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fyrir næsta þing semja frumvarp um notkun jarðhita og eftirlit með jarðborunum."

Varðandi frv. um rétt ríkisins til jarðhita neðan 100 metra kemur fram, í þessari samantekt Tryggva Gunnarssonar, með leyfi forseta:

„Á Alþingi 1956 var flutt frumvarp til laga um jarðhita og var þar byggt á tillögum nefndar sem skipuð hafði verið árið 1954 til verksins. Meðal þeirra sem sæti áttu í nefndinni var Ólafur Jóhannesson, þá prófessor í lögum við lagadeild Háskóla Íslands. Í frumvarpinu var lagt til að rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita í eignarlöndum yrði skipt þannig að landeigandi ætti rétt til að bora eftir jarðhita niður að 100 metrum og ekki nær landarmerkjum aðliggjandi landareignar en 200 metrum. Ríkið ætti hins vegar allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem lægi dýpra eða væri sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar."

Hér segir einnig að tillagan hafi einkum verið byggð á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með borun allt að 100 metrum muni jafnan fást nægilegur jarðhiti til heimilis- og búsþarfa, ef borun ber á annað borð hagnýtan árangur. Með slíkri borun væri því fullnægt öllum venjulegum þörfum landeiganda.

Dýpri boranir en 100 metrar væru svo kostnaðarsamar og árangur svo óviss, að útilokað væri að bændur eða aðrir landeigendur almennt leggi í slíkar framkvæmdir.

Kunnáttumenn töldu að jarðboranir innan við 100 metra gætu ekki spillt hagnýtingu jarðhita í nágrannaeign, ef borun færi ekki nær merkjum en 200 metra.

Skipting jarðhita, sem lægi dýpra en 100 metra á milli einstakra jarðeigna væri miklum vandkvæðum bundin og raunar lítt framkvæmanleg.

Með einni djúpri jarðborun gæti jarðhiti margra landareigna verið tæmdur. Það væri algerlega óeðlilegt að réttur til slíkrar jarðborunar væri í höndum landeiganda, þar sem einum einstökum þeirra væri þá e.t.v. veitt færi á að svipta aðra jarðeigendur möguleikum til nýtingar jarðhita. Í slíkar jarðboranir yrði ekki lagt, nema í sambandi við meiri háttar jarðhitamannvirki í almannaþágu, svo sem til hitaveitu eða iðnaðar. Væri eðlilegt að ríkið hefði ráðstöfunarrétt á jarðhita í þessu skyni.

Engin ákvæði væru í íslenskum lögum um takmörk fyrir rétti landeiganda niður á við í jörðina. Þó mætti ekki draga af því þá ályktun að eignarráð landeiganda næðu niður á ótakmarkað dýpi." — Herra forseti. Það er ástæða til þess að endurtaka þetta: „Þó mætti ekki af því draga þá ályktun að eignarráð landeigenda næðu niður á ótakmarkað dýpi."

Hér er enn staðfesting á því sem hv. þm. Ragnar Arnalds segir. Ræðumenn hafa aftur og aftur vitnað til þess að hér væri ekki um ótakmarkaðan rétt að ræða og væri hægt að vitna í það. Síðan segir:

„Fræðimenn hefðu talið að eignarráð landeiganda ættu almennt að ná svo langt niður í jörðina, sem nauðsynlegt væri til þess að hann gæti haft þau not af landi sínu sem heyrðu til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. Löggjafarvaldið gæti þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar sett almenn takmörk fyrir því hversu djúpt niður í jörðu eða hátt upp í loft eignarráð landeiganda skuli ná, enda væri eigi gengið óeðlilega nærri rétti landeiganda."

Hvað með þessi ákvæði, herra forseti? Það væri út af fyrir sig fróðlegt að heyra hvað hæstv. iðnrh. segir um þessa skoðun fræðimanna. Við erum að vitna til merks manns, Ólafs Jóhannessonar. (**SJS:** Sú var tíðin að Framsfl. tók mark á honum.) Já það er rétt, þeir gerðu það lengi. Þeir eru alveg hættir því, þessir nútímaframsóknarmenn, á því herrans ári 1998, að taka mark á þeim merka fræðimanni og fyrrum forsrh., Ólafi Jóhannessyni. (**Iðnrh.:** Margt hefur nú breyst síðan 1956.) Margt hefur breyst frá 1956. Hvað hefur nú breyst? Jú, það hefur breyst að með helmingaskiptastjórn Framsfl. og Sjálfstfl. er að verða gífurleg eignatilfærsla hér á landi. Ég er viss um að Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsrh. og fræðimaður, hefði haft ýmislegt um það að segja hvernig nútímaframsóknarmenn fara með gögn og gæði þessa lands. Í umsögn Tryggva Gunnarssonar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Hér væri ekki hægt að segja að gengið væri neitt nærri rétti landeiganda, þar sem hann geti eftir sem áður haft öll venjuleg not fasteignar sinnar, bæði þau, er hann þegar hefur, og þau sem menn almennt reikna með."

Herra forseti. Þó ég hafi kannski skilning á því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Finnur Ingólfsson þurfi að ræða saman og ég ætli ekki, þó að ég eigi töluvert eftir af ræðu minni, að krefjast þess að ráðherrann sitji hér allan þann tíma, þá hefði ég viljað að hann hlustaði á það þegar ég er að vitna í mjög merka tillögu sem flutt var að tilhlutan nefndar sem í áttu sæti Ólafur Jóhannesson, þá prófessor í lögum við lagadeild Háskóla Íslands. Þar voru lögð til rök og efni í frv. um rétt ríkisins til jarðhita neðan 100 metra. Þar er haldið fram sem rökstuðningi með þeirri tillögu:

„Löggjafarvaldið gæti þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar sett almenn takmörk fyrir því hversu djúpt niður í jörð eða hátt upp í loft eignarráð landeiganda skuli ná, enda væri eigi gengið óeðlilega nærri rétti landeiganda. Hér væri ekki hægt að segja að gengið væri nærri rétti landeigenda ..." Ég hef vitnað í ýmis önnur rök frá þessari ágætu nefnd sem styður að hægt sé að takmarka þessi réttindi en ekki gera þau ótakmörkuð eins og hér á að gera.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði úr sæti sínu með frammíkalli áðan að margt hefði breyst síðan. Því er alveg nauðsynlegt, þegar hæstv. ráðherra fær tækifæri til þess, að hann skýri það hér úr ræðustól hvað hafi breyst. Ekki hefur eignarréttarákvæðið í stjórnarskránni breyst. Hvað er það sem hefur breyst síðan, sem gerir það nauðsynlegt að festa í sessi eins og hér á að gera, ótakmarkaðan eignarrétt landeigenda sem greiða þarf að fullu ef almenningur eða þjóðin

þarf að nýta einhver verðmæti á landareign þeirra? Um það vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi breyst.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið skoðað í ráðuneyti hans að, ef þessi óskapnaður hér verður lögfestur sem ég held að sé ógæfuspor fyrir þjóðina, verður þá yfirleitt hægt að breyta þessu ákvæði. Verður kannski með vísan í stjórnarskrána um að eignarrétturinn hafi verið festur þannig í sessi með þessum lögum, þegar framsóknarmenn fara væntanlega á stjórnarandstöðubekkina eftir næstu kosningar, ekki hægt að breyta þessu ákvæði? Ég held að það sé mikilvægt að fá það fram vegna þess að ég held að þetta séu mjög afdrifarík ákvæði sem hér á að binda í lög varðandi einkaeignarrétt landeigenda.

Í orkulögum frá 1967 segir:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Þar var kveðið á um að landeigandi eigi rétt á að hagnýta sér jarðhita eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar.

Þá kom frv. um að jarðhiti á háhitasvæðum skuli vera eign ríkisins. Frv. til breytinga á orkulögum var flutt 1973. Það var um að ríkið ætti allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, en landareign hverri fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar hvera og jarðhita á lághitasvæðum og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignarinnar á háhitasvæðum.

Frumvarpið 1973 byggði á því að með lögunum væri verið að setja eignarráðum fasteignaeigenda almennar takmarkanir. Nýting háhitaorkunnar taldist ekki til þeirra nota af landi sem heyrði til venjulegrar hagnýtingar og eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hefði ekki orðið til *fyrir mannlega starfsemi.*

Þetta eru allt innlegg í það sem við sem tölum gegn þessu frv. erum að segja. Það eru engin rök fyrir því að festa einkaeignarréttinn svo í sessi hjá landeigendum eins og hér á að gera.

Síðan er ágætt að vitna til iðnn. neðri deildar Alþingis sem leitaði árið 1973 eftir umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um frv. um að jarðhiti á háhitasvæðum skuli vera *eign ríkisins.* Hjá lagadeild háskólans kemur fram, með leyfi forseta:

„Af því sem að framan hefur verið rakið, kemur skýrt fram, að heimild til hagnýtingar jarðhita með borunum á háhitasvæðum skuli vera ríkiseign, án tillits til þess, hve ofarlega jarðhitinn er í jörðu. Er jafnframt gengið út frá því að ríkið muni framvegis sjálft hagnýta jarðhita með borunum eða heimila það öðrum gegn gjaldi. Samkvæmt núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna, sem eru undir yfirborði lands hans. Vafi leikur hins vegar á hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeiganda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum, án tillits til þess hve djúpt hann liggur í jörðu, verður að ætla að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhitaréttinda á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum." — Aðeins síðar segir: „Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttindum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum."

Herra forseti. „Heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttindum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum." Af hverju er það ekki gert í þessu frv.? Hvaða réttindi er verið að færa landeigendum? Hvað getum við staðið frammi fyrir miklum bótum í komandi framtíð sem skattgreiðendur þurfa að greiða? Hefur það verið tekið saman? Ég spyr ráðherrann um það, herra forseti. Hvað hefur þegar verið greitt í eignarnámsbætur? Liggur eitthvað fyrir um það? Hefur það verið tekið saman af hálfu iðnrn. með tilliti til þeirra áforma sem eru í atvinnumálum, stóriðjuáforma og fleiri þátta sem lýtur að atvinnurekstrinum í landinu? Kalla þau áform og þær áætlanir sem þar eru á að það þurfi að nýta land sem er í eigu jarðeigenda og greiða þeim eignarnámsbætur fyrir?

Eins og hér segir kemur fram að það er hægt að setja *eignarréttinum almennar takmarkanir,* það *er fyrir* löngu viðurkennt af dómstólum. Síðan segir:

„Þarna er byggt á því að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla að frv. verði skýrt þannig, ef það verður að lögum, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna en hins vegar beri að greiða þeim aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða. Niðurstaða lagadeildar er því sú að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot ef það verður að lögum."

Í samantekt Tryggva Gunnarssonar frá 2. mars er líka vitnað til afmælisrits Gauks Jörundssonar frá 1994 um eignarhald á landi og náttúruauðlindum en þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt það sé ekki talið vafa bundið samkvæmt framansögðu að réttur landeigenda nái jafnt til umráða og nota undir yfirborði sem yfir því, er meira vafamál hver mörk verði að setja þessum eignarráðum landeiganda. Markalínan hefur ekki verið dregin við ákveðna dýpt heldur hefur verið lagt til grundvallar að miða verði við þær kröfur sem eðlilegt sé að viðurkenna af tilliti til hagsmuna landeiganda."

Mér þótti sérlega athyglisvert, og vil ég draga það fram í lokin áður en ég vík frá samantekt Tryggva Gunnarssonar, *sjónarmið Bjarna Benediktssonar þar sem fram kom í þeirri* nefnd og rökstuðningi hennar þegar flutt var frv. til laga um jarðhita. Í þeirri nefnd átti m.a. Ólafur Jóhannesson sæti en þar voru allt önnur sjónarmið uppi og greinilegt að menn töldu rétt, eðlilegt og sanngjarnt að takmarka með einhverjum hætti einkaeignarrétt jarðeigenda að því er varðar t.d. rétt ríkisins til jarðhita.

Ég hef farið yfir eldri frumvörp um auðlindir og nokkuð yfir sögu þessa máls og fer að koma að kaflaskiptum þar sem ég mun fara nokkuð ítarlega í það frv. sem við ræðum hér en í lokin vil ég þó vitna til þess að þegar frv. til núgildandi orkulaga var lagt fram á Alþingi 1966 var lögð fram brtt. við 3. gr. þess en sú grein fjallar um að réttur til jarðhita skuli fylgja landareign. Brtt. var svohljóðandi:

„Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþingi ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans."

Tillaga þessi var felld í neðri deild og síðan hefur á síðustu tveimur áratugum, eins og ég vitnaði til í upphafi míns máls, flest árin á þessum tveimur áratugum verið lögð fram á Alþingi frv. um eignarhald á jarðhita. Oft hafa það verið þingmannafrumvörp en einnig hefur verið um að ræða stjfrv.

og öll hafa þau miðað að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeigenda ýmist miðað við ákveðið hitastig eða dýpt.

Hvar hafa deilurnar staðið? Þær stóðu þá kannski eins og við erum að deila um í dag um þá spurningu sem hefur risið hvað hæst, hvort landeigendur ættu stjórnarskrárvarinn rétt til alls jarðhita undir landi sínu eða hvort heimilt væri að takmarka rétt þeirra án bóta. Ég tel, herra forseti, og segi það enn og aftur að mér finnst að stjórnarliðar skuldi okkur að færa betri rök fyrir máli sínu en þeir hafa gert um að nauðsynlegt sé að festa eignareinkaréttinn í sessi með þeim hætti sem hér er gert vegna þess að ekki hefur staðið upp á okkur stjórnarandstæðinga að flytja rök fyrir því að ekki sé nauðsynlegt að skipa málum með þeim hætti sem hér er gert með tilvísan til stjórnarskrárinnar.

Ég ætla aðeins, herra forseti, áður en ég vík frá því frv. sem fékkst ekki mikið rætt í nefndinni, þ.e. hv. iðnn., frv. okkar jafnaðarmanna, að vísa til þess sem segir í greinargerð með því frv.:

„Æ brýnna verður að skýra hvernig eignar- og hagnýtingarrétti á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda eigi að vera háttað. Óraunhæft er að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir við rannsóknir og nýtingu slíkra auðlinda meðan ekki er skýrt hver eigi rétt til auðlindanna. Um er að ræða kostnaðarsamar rannsóknir og framkvæmdir sem ljóst er að einstaklingar geta ekki lagt í einir síns liðs. Eðlilegt er að ríkið komi þar inn til að tryggja hagnýtingu þeirra auðlinda sem finnast eða finnast kunna í jörðu í framtíðinni. Með þeim rökum er eðlilegt að kveða á um að ríkið eigi umráða- og hagnýtingarrétt á auðlindum í jörðu sem finnast utan afmarkaðra eignarlanda."

Síðan er nokkuð langur kafli í frv. jafnaðarmanna undir forustu Sighvats Björgvinssonar sem fjallar um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita sem ég ætla ekki að fara að lesa frá orði til orðs en grípa niður í tvo, þrjá örstutta kafla í greinargerðinni með leyfi forseta. Mér finnst þetta hafa þýðingu og mikið innlegg í það sem við erum að ræða hér, þ.e. frv. hæstv. iðnrh.:

„Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja."

Síðan er vitnað til þess að varmavinnsla úr háhitasvæðum er mun erfiðari en vinnsla lághitasvæða og segir svo:

„Af þessum sökum m.a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýtingu lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að kveða skýrar á en verið hefur um eignarrétt slíks jarðhita.

Með tilliti til framangreinds er í lagafrumvarpi þessu greint á milli eignar- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að jarðhiti á lághitasvæðum og jarðhiti á yfirborði háhitasvæða innan marka lands sem háð er einkaeignarrétti sé eign landeigenda en allur annar háhiti í jörðu hvar sem er á landinu sem og lághiti á afréttum og almenningum verði eign ríkisins. Þó skulu þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra framkvæmda hafa þann rétt óskertan áfram. Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir sem leyfi ríkisvaldsins fá bori eftir jarðhita á háhitasvæðum."

Herra forseti. Síðan kem ég að þeim mismun sem er á stjfrv. og frv. okkar jafnaðarmanna en í frv. okkar jafnaðarmanna segir:

„Meginreglan er sú að landeiganda skal bætt allt það tjón sem hann verður sannanlega fyrir af völdum framkvæmdanna.

Með lögum þessum er eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir eru fyrir löngu viðurkennd af dómstólum. Telji landeigandi engu að síður að eignarréttindi hans skerðist vegna ákvæða frumvarpsins um eignarrétt ríkisins á orku jarðhitasvæða skal hann bera fram bótakröfur við iðnaðarráðherra fyrir ákveðið tímamark. Hugsanlegar bætur skulu miðast við sannanlegt tjón. Á sama hátt og varðandi jarðefni getur ríkið fallið frá eignarrétti sínum með einfaldri yfirlýsingu þar um."

Um þetta ákvæði hvernig bæta eigi landeigendum það tjón sem þeir verða fyrir segir í frv. Sighvats Björgvinssonar:

„Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til rannsóknar og hagnýtingar á jarðefnum og jarðhita á eignarlandi viðkomandi landeiganda. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir."

Það er kjarnaatriði, herra forseti, að bæta landeigendum, að þeir eigi rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða sannanlega fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem nýtir auðlindina.

Ég vil á þessu stigi ræðu minnar, herra forseti, fara í það sem segir um eignarnáms- og bótaákvæði í frv. hæstv. iðnrh. þannig að menn hafi samfellu í þessu og geti þá borið saman þann mismun sem er á þessum tveimur frv., annars vegar frv. okkar jafnaðarmanna þar sem almannahagsmunir eru hafðir að leiðarljósi en ekki að um algeran forgang jarðeigenda sé að ræða og forréttindi þeirra og raunar sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna. En um eignarnáms- og bótaákvæði er að finna í 28. gr. þess frv. sem við fjöllum um, 29. og 30. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt III. og IV. kafla frumvarpsins getur ráðherra veitt öðrum en landeiganda rannsóknar- og nýtingarleyfi. Skv. 26. gr. er landeiganda enn fremur skylt að veita leyfishöfum óhindraðan aðgang að eignarlandi og hlíta ákvæðum leyfis þar að lútandi. Verði landeigandi fyrir tjóni af þeim sökum á hann því rétt á bótum fyrir tjón sem hann sýnir fram á. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati."

Í athugasemdum um 29. gr. segir:

„Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins skal nýtingarleyfishafi óska eftir mati á endurgjaldi fyrir auðlind innan

tiltekins tíma frá útgáfu leyfis náist ekki samkomulag þar að lútandi. Um slíkt mat er vísað til þessarar greinar, þ.e. að um eignarnámsmat skuli vera að ræða. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. segir að ráðherra geti tekið auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og öðrum réttindum landeiganda. Ráðherra afhendir nýtingarleyfishafa hin eignarnumdu verðmæti. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum, svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni."

Í athugasemdum við 30. gr. er sérstaklega fjallað um endurgjald til landeigenda. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessari grein er nýmæli þess efnis að landeigandi eigi val um það hvernig endurgjald fyrir auðlind verði metið og hvernig útgreiðslu þess verði háttað, annars vegar að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi" — hann hefur þar val — „eða hins vegar sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir." Það er hvergi dregið úr, herra forseti, fullar bætur skulu það vera, ótakmarkaðar bætur sama hverra nota almannahagsmunir krefjast í landi þessara landeigenda. Síðan segir áfram:

„Bætur fyrir annað en endurgjald ber að meta sérstaklega. Lagt er til að landeigandi hafi 45 daga frest til þess að taka ákvörðun hér að lútandi frá því að ákvörðun um eignarnám er tekin eða óskað hefur verið eftir mati.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig ákvarða skuli bætur sem greiddar eru sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Lagt er til að bæturnar verði ákveðinn hundraðshluti eða önnur fastákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar ..."

Að hugsa sér þetta, herra forseti: „Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar ..." Þarna sést einmitt mismunurinn á frv. okkar jafnaðarmanna þar sem þessi mál eru tekin öðrum tökum að því er varðar bótagreiðslu til landeigenda. Þar er meginreglan sú að eigendur eigi rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir, ef þeir hefðu til þess getu, og ekki heldur vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir. Í frv. því sem greinilega er stefnt að því að lögfesta er hins vegar sagt: „Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar". Eitthvað hlýtur það að kosta skattgreiðendur framtíðarinnar ef þau verðmæti finnast í jörðu landeiganda sem almenningur þarf að nýta. Þegar búið er að tala um söluverðmæti fullunninnar auðlindar er haldið áfram:

„Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar eða hvort nota eigi aðrar viðmiðanir. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu." — Hér er hvergi dregið af, herra forseti, þegar talað er um bætur til landeigenda. — „Þannig kemur til greina að miða afkomu viðkomandi námu við vinnslu jarðefna. Í niðurlagi greinarinnar er kveðið á um að í matinu skuli ákvarða gjalddaga greiðslunnar, hvort hún skuli endurskoðuð og hvort og hvernig skuli setja fram tryggingu að kröfu landeiganda.

Landeigandi hefur samkvæmt þessari grein val um það hvort hann fær bætur greiddar með eingreiðslu sem metnar eru út frá líkum og áætlunum um verðmæti og magn eða fær bætur jafnóðum sem taka mið af því hvernig vinnsla gengur. Ljóst er að ekki er hægt að gefa tæmandi leiðbeiningar um mat en í 2. mgr. er þó lagður til ákveðinn rammi utan um það mat."

Herra forseti. Ég taldi nokkuð brýnt að fara ítarlega í þessar greinar um eignarnáms- og bótaákvæði sem fela m.a. í sér meginmuninn á þessum tveimur frv. Hvort skyldi nú vera hagstæðara fyrir skattgreiðendur framtíðarinnar, ákvæðið í frv. okkar jafnaðarmanna eða það sem er í frv. iðnrh.? Tvímælalaust, herra forseti, það sem er í frv. okkar jafnaðarmanna. Hvort er hagstæðara fyrir landeigendur, þ.e. sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna? Það má finna í frv. iðnrh. sem hér er greinilega stefnt að að lögfesta á þessu þingi. Ég tel mig því vera að sýna fram á að við erum ekki að fjalla um minni hagsmuni en eru t.d. í miðhálendisfrv., sem mikið var deilt um. Það er full ástæða til þess að taka 11 daga til þess að ræða þetta frv., eða voru þeir ekki það margir sem fóru í umræður um miðhálendismálið? Mér sýnist að hér sé það stórt mál á ferðinni, herra forseti.

Síðan vildi ég líka minnast á, áður en ég vík frá frv. okkar jafnaðarmanna, það sem segir um gjaldtöku fyrir leyfisveitingar. Þar segir:

„Í leyfum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds."

Ég tel að hér sé um mjög skynsamlegar málsmeðferðarreglur að ræða sem settar eru í þessu frv.

Herra forseti. Ég hef engan veginn farið ítarlega yfir þetta frv. okkar jafnaðarmanna en taldi þó nauðsynlegt að gera það til þess að sýna fram á þær leiðir sem við mundum velja að því er varðar eignarhald á auðlindum í jörðu í staðinn fyrir þá leið sem stjórnarflokkarnir vilja fara.

Minni hlutinn hefur flutt sérálit við það frv. sem hér um ræðir sem ég skrifa undir ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni og Svavari Gestssyni. Þetta nál. er ekki mikið að vöxtum en kemur þó að kjarna málsins, sem við höfum verið að ræða í dag. Meginniðurstaða okkar, þegar við höfum farið yfir þessi atriði, sýnt fram á hve hér er hættulegt mál á ferðinni sem muni kosta mikið í framtíðinni, er að við viljum að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við drögum þá ályktun að hér sé um að ræða gífurlega eignatilfærslu á hendur fárra á kostnað almannahagsmuna. Það er kjarnaatriðið í boðskap okkar, herra forseti.

Ég ætla að drepa aðeins á það sem fram kemur í þessu nál. Þar eru kannski þrjú eða fjögur kjarnaatriði sett fram. Frv. felur í sér, eins og við þekkjum, að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeign séu eign landeigenda. Í minnihlutaálitinu segir, með leyfi forseta:

„Þessi ákvæði stríða í grundvallaratriðum gegn frumvörpum þeim sem fyrir liggja í þinginu um sama efni frá stjórnarandstöðunni, þ.e. frumvarp Sighvats Björgvinssonar o.fl. og frumvarp Hjörleifs Guttormssonar o.fl., en í frumvarpi þessu er lagt til að djúphiti í jörðu, kol, olía, gas, málmar og fleiri jarðefni séu þjóðareign. Má því segja að í þessu máli komi einkar skýrt fram sá grundvallarágreiningur

sem uppi er milli þeirra flokka sem nú eru í stjórnarliði annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar.“

Við drögum það einnig fram að við teljum áherslur í umhverfismálum mjög snautlegar í því frv. sem iðnrh. ber fyrir þingið og teljum að ætlunin sé að sniðganga umhverfisstofnanir ýmiss konar. Ég mun aðeins koma að því síðar í máli mínu og vitna þá í umsagnir þessara aðila. Síðan er vert að minnast á það ágreiningsefni sem ég fór yfir varðandi útleigu og gjaldtöku fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar sem er stórmál, herra forseti, og ég hef sýnt fram á með því að bera saman ákvæðin í þessum tveim frv. Í stjfrv. er gert ráð fyrir því að ráðherra fái sjálfdæmi um að leigja hverjum sem er hvað sem er fyrir hvaða fjárhæð sem er. Stjórnarandstæðingar vilja hins vegar setja skýrar málsmeðferðarreglur um leigu afnotaréttar þar sem m.a. fulls jafnræðis sé gætt og skýrar reglur um afnotagjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs eða lögum um útboð.

Það sem við teljum vanta í frv. er:

„að ekki er fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda,

að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni, þvert á móti eru þessi auðæfi afhent landeigendum,

að óljóst er kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða,

að ekki eru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms.“

Það er alveg ótækt, herra forseti, að skilja þannig við þau ákvæði þessa frv. sem að því lúta. Síðan vantar málsmeðferðarreglur sem við bendum hér á:

„að í frumvarpið vantar skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir,

að ekki eru í frumvarpinu nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram þau sem eru í gildandi lögum.“

Þetta er stórt mál, herra forseti, sem við í stjórnarandstöðunni, í hverju málinu á fætur öðru, leggjum gífurlega áherslu á, síðast í því frv. sem við fjölluðum um varðandi auðlindirnar.

Í nál. okkar bendum við á að það er ágreiningur um meðferð ýmissa meginatriða á milli vísindamanna sem komu til viðræðna við nefndina um frv. Við bendum á það að einn viðmælenda nefndarinnar, sem ræddi sérstaklega um erfðaefni, sagði að erfðaefni sem slíkt væri ekki lifandi, sem brýtur í bága við skilgreiningu annars viðmælanda um að þau séu hluti hinnar lifandi náttúru.

Við fórum á mörgum fundum, klukkutíma eftir klukkutíma, í gegnum það með umhverfisverndarmönnum að skýrari ákvæði skortir um rannsóknir og nýtingarrétt og strangari ákvæði um náttúruvernd. Þá kom einnig fram nauðsyn þess að taka á ýmsum atriðum varðandi yfirráð með skýrum lagaákvæðum, um að þessi lög haggi ekki þeim lögum sem í gildi eru og yfir það ætla ég að fara í síðasta kafla ræðu minnar. Það er aðallega það sem snýr að umhverfisþáttunum í þessu frv. sem við teljum að illa sé frá gengið.

Þær athugasemdir sem ég staldraði helst við hvað þennan þátt varðar komu frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þær athugasemdir voru mjög hnitmiðaðar og þess efnis að full ástæða var til að taka mark á þeim. Mér fannst forstjóri Náttúrufræðistofnunar flytja það sterk rök fyrir máli sínu að ástæða væri til að skoða málið með öðrum hætti en niðurstaða varð um í nefndinni eða meiri hlutinn vildi fylgja. Einnig komu fram mjög veigamiklar ábendingar frá Náttúruvernd ríkisins sem nefndin fór ítarlega yfir.

Í athugasemdum Náttúruverndar ríkisins segir:

„Náttúruvernd ríkisins telur að ofangreint frv. uppfylli ekki þessi atriði.“ Hvað er þá verið að vísa í? Það er verið að vísa í núgildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu sem eru að stofni til frá 1967 og 1973 og því löngu orðið tímabært að endurskoða þau. Síðan segir:

„Um leið má gera ráð fyrir að ný lög taki mið af aðstæðum og viðhorfum nútímans, þar með talið varðandi sjálfbæra þróun, skynsamlega nýtingu og náttúruvernd. Náttúruvernd ríkisins telur að ofangreint frv. uppfylli ekki þessi atriði. Frumvarpið stangast einnig á við veigamikil og mörg atriði í framkvæmdaáætlun umhverfiráðuneytisins, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, sem samþykkt var af ríkisstjórninni í febrúar 1997“.

Það er náttúrlega mjög alvarleg athugasemd að ýmis ákvæði í frv. stangist í veigamiklum atriðum á við framkvæmdaáætlun umhvrn. um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Mér fannst ekki gefast nægjanlega góður tími, herra forseti, þótt nefndin hefði vissulega farið ítarlega yfir málið, til að bera saman þessi ákvæði í framkvæmdaáætlun umhvrn. um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til að geta áttað mig nægjanlega á því hvort full rök væru á bak við þá fullyrðingu sem er nokkuð alvarleg.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Af gefnu tilefni vill Náttúruvernd ríkisins benda á að lög og reglur um efnisvinnslu utan netlaga er ábótavant. Stofnunin telur eðlilegt að ákvæði laga um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda í jörðu nái lengra út en að netlögum. Ákvæði laga nr. 73/1990 er ófullnægjandi, einkum hvað varðar leyfisveitingu og eftirlit með framkvæmdum, sbr. umsögn stofnunarinnar um aðra liði frumvarpsins.“

Síðan er farið út í veitingu rannsóknarleyfa þar sem þeir gera athugasemdir við og lögð fram ósk um að bætt verði við ákvæði 5. gr. frv.: „Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndar ríkisins“ — og færa rök fyrir því að það væri nauðsynlegt, herra forseti, varðandi veitingu rannsóknarleyfa.

Síðan fóru þeir í nýtingu lausra jarðefna sem mér fannst mjög athyglisvert en þeir segja:

„Náttúruvernd ríkisins bendir á að 8. gr. er efnislega samhljóða 3. gr. námulaga, nr. 24/1973. Þessi ákvæði eru alls ófullkomin og í engu miðuð við ríkjandi viðhorf, starfsaðferðir og stjórnsýslu í dag. Ekkert ákvæði er um skipulagningu eða frágang eftir vinnslu. Ekkert er kveðið á um eftirlit eða varúð t.d. vegna merktra náttúruminja eða annarra verðmæta.“

Herra forseti. Þetta eru náttúrlega töluvert alvarlegar ábendingar sem koma fram af hendi þeirra sem fjalla um náttúruvernd og hafa til þess gersta þekkingu. Ég held það hafi verið þeir sem létu fylgja með mjög ítarlegt plagg um hvernig þessum málum er háttað í dag og hve ófullkomin ákvæðin eru og hvernig með hefur verið farið þannig að full ástæða er til að taka mark á því sem þarna kemur fram og gera þá viðeigandi ráðstafanir annaðhvort í þessum eða öðrum lögum eins og námulögum.

Herra forseti. Í athugasemdum frá Náttúruvernd ríkisins er á mörgum síðum farið yfir orsakir núverandi ástands að því er varðar námur á Íslandi og það er ófögur lýsing. Full ástæða væri til að lesa yfir orsakir núverandi ástands og tillögur til úrbóta sem er náttúrlega mjög þýðingarmikið að því er varðar umgengnina í þessu efni. Ég vil þó benda á samantektina, hún er til fyrir þá sem vilja kynna sér hana. Mér fannst það nokkuð fróðleg lesning hvernig þeir benda á ástandið í dag og hvaða tillögur eru til úrbóta og mun þá vafalaust, herra forseti, ef ástæða er til í síðari ræðu minni fara nákvæmlega yfir það sem þeir benda á að því er varðar umgengnina um námurnar. Síðan segja þeir:

„Nauðsynlegt er að fyrir liggi mat á efnisgæðum og landgæðum einstakra náma og landsvæða áður en ráðist er í framkvæmdir auk þess sem stofnunin telur að forðast eigi efnistöku í vissum jarðmyndunum og landsvæðum. Náttúruvernd ríkisins bendir á ýmis gögn sem fjalla um ástand efnistökumála og tillögur þar að lútandi." — Sem ég var að vitna í og hefði auðvitað verið, herra forseti, full ástæða til að fara hér yfir þó ég vilji geyma mér það til betri tíma.

Í annarri umsögn sem þeir sendu síðan nefndinni sem er dags. 14. apríl, hin fyrri sem ég var að lesa upp úr er dags. 12. apríl, ítreka þeir það og segja:

„Náttúruvernd ríkisins ítrekar þá skoðun sína að bæta þurfi til muna lagaákvæði um nýtingu auðlinda í og á sjávarbotni utan netlaga" sem ég vitnaði til áðan og þeir drógu það alveg sérstaklega fram. Þeir segja um gjaldtöku fyrir leyfisveitingar og auðlindanýtingu að „Náttúruvernd ríkisins leggur til ef niðurstaðan verður sú að lagt verður gjald á nýtingu auðlinda verði tryggt að hluti þess gjalds renni til náttúruverndar. Eðlilegt er að aðilar sem raski náttúru leggi til fjármagn til að vernda þessa takmörkuðu auðlind."

Náttúrufræðistofnun benti mjög stíft á það eins og fram kemur í áliti okkar í minni hlutanum að umhverfisþátturinn er einkar veikur í frv. og þeir bentu margsinnis á ákvæði laga um náttúruvernd, b-lið 5. gr., og töldu að túlka mætti ákvæðin í þessu frv., að lögin um náttúruvernd næðu ekki til þeirra og vitnuðu til þess sem segir í b-lið 5. gr. laga um náttúruvernd en þar stendur:

„eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum". Mjög ákveðið var vitnað í þetta með réttu af hálfu Náttúrufræðistofnunar að gæti hugsanlega verið í framkvæmdinni túlkað svo að lögin um náttúruvernd ættu ekki við það frv. sem við fjölluðum um. Þess vegna lögðu þeir til mjög vandaðar breytingartillögur til að styrkja umhverfisþátt þess frv. sem hlutu því miður fæstar náð fyrir augum meiri hlutans í iðnn. En í þessu áliti Náttúrufræðistofnunar segir:

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur að brýnt sé orðið að endurskoða gildandi lög um nýtingu auðlinda úr jörðu. Stofnunin mælir ekki með samþykkt þessa frv. nema á því verði gerðar verulegar breytingar sem taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í umhverfisvernd og fyrirliggjandi áætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi."

Þarna er enn og aftur komið að því að ekki sé nægilegt tillit tekið til áætlunar umhvrn. um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Síðan halda þeir áfram og segja:

„Náttúrufræðistofnun vekur athygli nefndarinnar á því að ekkert tillit virðist vera tekið til skuldbindinga sem felast í alþjóðlegum samningum um vernd umhverfis og Ísland hefur staðfest á undanförnum árum."

Þótt meiri hlutinn reyni að fullyrða annað í nál. sínu leyfi ég mér bara að taka meira mark á þeim stofnunum sem hafa það á verksviði sínu daginn út og daginn inn að fjalla um umhverfismál og umhverfisþáttinn, að þeir viti nú nokk hvað þeir eru að segja þegar þeir benda á að ekki sé tillit tekið til alþjóðlegra skuldbindinga sem við erum aðilar að eða þeirrar áætlunar sem liggur fyrir um sjálfbæra þróun. Síðan segir:

„Lög um vinnslu jarðefna verði endurskoðuð og samræmd þannig að þau stuðli að aðhaldi í nýtingu þessarar takmörkuðu og endanlegu auðlindar og því að nýting sé í anda meginreglu um sjálfbæra þróun."

Þeir fara í örfáar greinar sem þeir telja nauðsynlegt að breyta eftir þennan inngang og vekja athygli á 1. gr. og segja:

„Náttúrufræðistofnun telur að lög um eignarhald og nýtingu auðlinda úr jörðu þurfi að ná til sjávarbotns innan efnahagslögsögu landsins. Setja þarf reglur um nýtingu auðlinda í sjávarbotni sem tryggi skynsamlega nýtingu þeirra og komi í veg fyrir náttúruspjöll."

Í 4. gr. benda þeir á að „hér er kveðið á um að iðnaðarráðherra hafi heimild til að láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1992 ber Náttúrufræðistofnun Íslands að stunda undirstöðurannsóknir á jarðsvæði landsins og sjá um útgáfu jarðfræðikorta, m.a. korta sem sýna laus jarðlög og þar með mögulegar námur. Stofnuninni ber einnig að „leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifa mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúru." Þessi ákvæði 4. gr. laga hafa verið túlkuð þannig að stofnuninni ber m.a. að kortleggja jarðefni, flokka námasvæði eftir efni, magni, aðgengi, gæðum efnis og verndargildi. Umhverfisráðherra hefur nýlega lýst því yfir að stofnuninni verði falið að ráðast í þetta mikla verkefni og skapa þannig grunn fyrir áætlun til langs tíma um nýtingu jarðefna á einstökum landsvæðum. Sú yfirlýsing virðist ekki vera í samræmi við þá leið sem valin er með þessu frumvarpi."

Þarna er því beinlínis haldið fram að þetta sé ekki í samræmi við þá yfirlýsingu. Síðan segir:

„Í 4. gr. frumvarpsins er hvorki kveðið á um aðkomu umhverfisráðuneytisins né Náttúrufræðistofnunar að rannsóknum eða mati á auðlindum í jörðu. Nauðsynlegt er að skilgreina með einhverjum hætti hver hlutur opinberra rannsóknarstofnana eigi að vera í skráningu og mati á auðlindum í jörðu og hvaða aðili eigi að meta verndargildi og nýtingarþol þeirra auðlinda.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að rannsóknir sem framkvæmdar verða með eða án leyfis geti haft í för með sér veruleg náttúruspjöll. Þrátt fyrir það er ekki kveðið á um að viðkomandi aðilum verði sett skilyrði þar að lútandi. Aðeins er miðað við að setja þurfi skilyrði af öryggiseða tæknilegum ástæðum eða vegna vinnslu sem fram fer á svæðum."

Síðan benda þeir á sem er alveg réttmæt ábending:

„Einnig ætti iðnaðarráðherra að leita álits Náttúrufræðistofnunar áður en leyfi eru veitt til rannsóknar eða leitar á auðlindum í jörðu."

Er tryggt að svo verði gert? Menn eru ekki setja þetta fram nema af því að þeir telja að hægt sé að sniðganga þetta með einum eða öðrum hætti og ef menn telja sig vera að tala fyrir umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum eins og mér finnst nú stjórnarliðar reyna að gera skilur maður ekki af hverju þeir vilja ekki ganga í lið með okkur í minni

hlutanum og reyna að styrkja umhverfisþátt frv. Það er þeim algerlega útlátalaust og að kostnaðarlausu ef þeir meina þá eitthvað með því sem þeir setja fram um umhverfismálin og þau séu bara allt í lagi og geta eitthvað um slíkt í greinargerð sem er auðvitað allt annað en að styrkja slíkt í lagatextanum sjálfum.

Og síðan varðandi 5. gr.:

„Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að rannsóknarleyfi fylgi skilmálar sem miðast við að takmarka eða koma í veg fyrir náttúrspjöll. Slíkir skilmálar ættu að vera settir samkvæmt ákvörðun Náttúruverndar ríkisins eða umhverfisráðherra."

Það virðist vera meira og minna sniðgengið í frv., bæði umhvrh., umhvrn. og umhverfisstofnanir. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er búinn að taka sér vald umhvrh. og ætli að hafa sína hentisemi með þetta. Það vekur a.m.k. tortryggni, herra forseti, þegar lítið eða ekkert var gert af hálfu meiri hlutans til að koma til móts við sjónarmið þessara stofnana og styrkja umhverfisáherslur í frv.

Varðandi 8. gr. í frv. þá segir, með leyfi forseta:

„Grein þessi er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. námulaga, sem falla úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Sú breyting er þó gerð að heimild til hagnýtingar án leyfis er ekki bundin við grjót, möl, leir, mó og surtarbrand, heldur tekur hún einnig til bergs, sands, vikurs, gjalls og annarra gos- og steinefna auk moldar.

Ekki eru færð önnur rök fyrir þessari grein frumvarpsins en þau að „ekki þyki fært að rannsóknar- og nýtingarleyfi þurfi til rannsóknar og nýtingar á hinum algengari jarðefnum ..."

Grein þessi er hvorki í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, alþjóðlegar skuldbindingar þjóðarinnar né ríkjandi viðhorfi í umhverfismálum."

Þetta er aftur og aftur að koma hér fram, herra forseti. Þess vegna þarf auðvitað engan að undra að því fylgi nokkrar áhyggjur af hálfu okkar minni hluta hvernig að þessum málum verði staðið þegar þessu frv. verður sleppt út úr þinghúsinu sem lög og komið í hendurnar á iðnrh. sem á að framkvæma þau lög án þess að á þessum þáttum sé tekið. Og þeir leggja til og segja hér, með leyfi forseta: „Setja þarf ákvæði um vernd og nýtingu þessara jarðefna ekki síður en annarra. Sérstaklega er brýnt orðið að setja skýrar reglur um nýtingu gjalls og annarra gosefna. Lög um mat á umhverfisáhrifum hafa ekki reynst fullnægjandi til að koma í veg fyrir náttúruspjöll af völdum malar- og grjótnáms eða vinnslu vikurs, gjalls og annarra gosefna."

Í nefndinni var töluvert farið yfir þetta. Ég er alveg sammála Náttúrufræðistofnun að því er þetta ákvæði varðar og hve brýnt er að styrkja og taka vel á þessum þætti málsins.

Síðan segir um 10. gr.:

„Hér er gert ráð fyrir að Orkustofnun setji skilyrði fyrir hagnýtingu jarðhita, en eingöngu vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum. Ekki er gert ráð fyrir verndarþætti eða skilyrðum vegna hans.

Við endurskoðun þessar greinar frumvarpsins ætti að hafa hliðsjón af náttúruverndarlögum ..."

Og síðan fara þeir í 14. gr. og segja:

„Heimilt þarf að vera að setja skilyrði fyrir hagnýtingu grunnvatns sem taki til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Landeigandi eða Orkustofnun ætti að tilkynna Náttúruvernd ríkisins um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir með vísun til þessa eftirlitshlutverks sem stofnunin gegnir ..."

Náttúrufræðistofnun gerir hér fleiri athugasemdir en ég verð að segja það að mig undraði nokkuð, og ég skal ekki nota sterkara orð um það, að meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að taka sterkara upp þau ákvæði og þær ábendingar sem hér koma fram.

Ég fer bráðum að ljúka máli mínu þó að hér sé vissulega af nógu að taka. Ég vil þó aðeins fara í tvö atriði, herra forseti, áður en lýk máli mínu. Það er í fyrsta lagi umsögn sem kom fram frá Félagi landfræðinga, sem mér fannst eiga erindi í þessa umræðu, en þar kemur fram:

„Brýnt er að vanda vel til hvers konar lagasetningar um meðferð á auðlindum landsins, og á það jafnt við um eignarhald og nýtingu. Spurningar um eignarhald verða ekki leiddar til lykta nema með ítarlegri umræðu í samfélaginu, enda skoðanir skiptar. Félag landfræðinga telur orka tvímælis að skilgreina allar auðlindir í jörðu sem einkaeign með jafn fortakslausum hætti og gert er í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. á landi sem ekki er skilgreint sem þjóðlendur. Þetta á einkum við um jarðhita djúpt í jörðu, sem og auðlindir sem ekki hafa fundist í neinu magni hérlendis og engin hefð er fyrir nýtingu á, hvað sem framtíðin kann að bera í skauti sér." — Hér er tekið undir þau sjónarmið sem við höfum einmitt sett fram í þessu efni, að það er ekkert sem rekur til þess að halda þurfi á málum jafnafdráttarlaust gagnvart landeigendum eins og hér er gert. Þar nefna þeir olíu og gas þegar þeir tala um það sem finnst í jörðu. „Um þetta hefur of lítil umræða farið fram til að verjandi sé að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Félagið gerir einnig athugasemd við að ekki virðist gæta jafnvægis milli nýtingarsjónarmiða og sjónarmiða umhverfisverndar. Nefna má sem dæmi að í 8. gr. eru yfirborðsnámur til nýtingar á margs konar jarðefnum heimilaðar á landi í einkaeign án þess að til þurfi nýtingarleyfi, án nokkurra skilyrða um umgengni eða frágang, og án þess að vísað sé til ákvæða annarra laga um þau efni. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að umhverfisvernd eru fá og afar almennt orðuð. Þar má nefna 17. gr., þar sem veiting nýtingarleyfis er skilyrt því „að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða." Vald til að veita nýtingarleyfi, að uppfylltum þessum skilyrðum ásamt öðrum, er sett í hendur iðnaðarráðherra. Ekki er að finna neinn skýran farveg í frumvarpinu fyrir faglega umfjöllun um áhrif nýtingar á umhverfi.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með formlegum og faglegum hætti á sér ekki langa sögu hér á landi. Vinnuaðferðir við slíkt mat hafa verið að mótast á undanförnum árum, en þess hefur óneitanlega gætt að litið sé á það sem eins konar eftirspil, þegar búið er að leggja drög að framkvæmdum og jafnvel taka flestar stefnumarkandi ákvarðanir um þær. Ekki síst hefur þetta átt við um nýtingu á auðlindum í jörðu. Félag landfræðinga telur þörf á að færa mat á umhverfisáhrifum framar í framkvæmdaferlið og gera það gagnsærra og virkara."

Það er auðvitað umhugsunarvert af hverju svo margar athugasemdir koma fram við þetta frv. sem lúta að umhverfissjónarmiðum, umhverfisþáttunum. Það hljóta að vera ástæður fyrir því að þeir aðilar setja þessi sjónarmið fram með jafnskýrum hætti og hér er gert, og hef ég þó aðeins, herra forseti, vitnað í hluta þeirra umsagna þar sem fjallað er um umhverfisþáttinn í frv. Og það er eitt af því sem mér finnst að við í minni hlutanum ættum að taka til skoðunar, ef

ekki verður fallist á að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, hvort ekki þurfi að skoða það vandlega á milli umræðna að taka skýrar á því máli en hér er gert.

Ég get, herra forseti, farið að ljúka máli mínu. Ég ætlaði að nefna nokkur atriði sem fram koma í mjög athyglisverðri umsögn Orkustofnunar, en mun þá láta það bíða þar til í síðari ræðu minni, enda er liðið að kvöldmat. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna það sem Orkustofnun nefnir í umsögn sinni um verðlag á afurðum. Þar er sagt að raforka til útflutnings gæti þessu til viðbótar, þ.e. útflutningsverðmætin gætu numið um „95 milljörðum kr. Til samanburðar er útflutningur sjávarafla áætlaður 94 milljarðar. Að vísu eru erlend aðföng til orkufreks iðnaðar að jafnaði meiri en til sjávarútvegs en engu að síður má ætla að hreinar útflutningstekjur af stóriðjunni yrðu litlu minni en frá sjávarútveginum."

Við erum því að tala um mikil verðmæti sem í húfi eru þegar verið er að ræða um þessi mál, virkjanir og ónýtta orku og hvernig við þurfum að standa að með ákvæðum þessa frv. ef slík auðæfi finnast í löndum jarðeigenda sem þá þarf að fara að borga ómældar fúlgur fyrir og setja yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar.

Ég vil geyma mér nokkur atriði þar til í síðari ræðu minni, herra forseti, en vil enda ræðu mína á því að segja að hér er á ferðinni mjög stórt mál, eins og ég hef getið um. Ég tel að ekki séu nægjanleg rök sett fram af hálfu stjórnarliða um það að þannig þurfi að standa að máli eins og þeir leggja til, með vísan í eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, að gera réttindi landeigenda með þeim hætti sem hér er lagt til, að festa eignarréttinn svo í sessi, að mér finnst þeir skulda okkur stjórnarandstæðingum frekari rök fyrir því en teflt hefur verið fram bæði í nefndinni, frv. og grg. hæstv. iðnrh.

Ég tel að við séum hér enn eina ferðina, herra forseti, — og það skulu vera mín lokaorð — að upplifa það að festa frekar í sessi sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna. Það erum við að sjá í tvígang á þessu þingi í tveim stórum málum sem snerta miðhálendið og það frv. sem við ræðum hér um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta eru stór mál sem skipta munu komandi kynslóðir miklu máli hvernig á er tekið og mér er til efs að hægt sé að breyta þessu, jafnvel þó að ný ríkisstjórn komi til valda, bæði að því er varðar ákvæðin sem verið er að lögfesta varðandi miðhálendið og það hvernig verið er að festa í sessi ótakmarkaðan rétt landeigenda. Þar hef ég verulegar áhyggjur, herra forseti, og ég er viss um að stór hluti þjóðarinnar deilir því með okkur stjórnarandstæðingum sem tölum gegn því máli sem á að fara að koma hér í gegnum þingið.

[18:43]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi það í ítarlegri ræðu sinni aftur og aftur að með afgreiðslu meiri hluta iðnn. væri verið að sniðganga umhverfisstofnanir og jafnframt að verið væri að sniðganga umhvrh., umhvrn. og stofnanir ráðuneytisins. Ég er þessu algjörlega ósammála og vísa til nál. meiri hlutans, en þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt verið að hrófla við eða víkja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir eða nýtingu auðlinda, sbr. breytingartillögu við 16. gr. frumvarpsins."

Í þessari brtt. er einmitt gert ráð fyrir því að við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skuli gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir á nýtingu lands og landsgæða. Og það er rétt að minna á að umsagnaraðilar um þetta frv. höfðu á þessu deildar meiningar. Það er rétt að fulltrúar umhverfisstofnana vildu meiri völd, ef svo má orða. En það má líka benda á að aðrir umsagnaraðilar höfðu allt aðra skoðun, og ég leyfi mér að vísa hér í umsögn Samtaka iðnaðarins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forræði iðnaðarráðherra er ljóst. Hann veitir vinnsluleyfi og getur væntanlega afturkallað þau. Engu að síður þarf að leita umsagnar og samþykkis annarra stjórnvalda, svo sem umhverfisráðuneytis og stofnana sem heyra undir það. Aðkoma og umsóknarferill þeirra sem hyggja á námurekstur er flókinn. Það er því brýnt að ferlið verði einfaldað, t.d. þannig að fyrirtæki snúi sér að einni stofnun (iðnaðarráðneyti), sem síðan annast samskipti við önnur stjórnvöld."

Þetta varð einmitt niðurstaða meiri hluta iðnn. að eðlilegast væri að forræði málsins væri á hendi eins ráðuneytis. En það er alls ekki meining meiri hlutans að sniðganga umhverfisstofnanir, því fer víðs fjarri, eins og vitnað er hér til nál.

[18:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það nú benda til þess þegar hv. 4. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, kemur hér upp, að stjórnarliðar hafi nokkrar áhyggjur af umhverfisþættinum þó þeir hafi ekki talið sér fært að taka meira tillit til ábendinga þeirra stofnana sem fjalla um hann á vegum umhvrn.

Það er rétt að það ákvæði sem hv. þm. nefndi er örlítið til bóta. En ég er honum bara gjörsamlega ósammála. Hann verður auðvitað að fá að hafa sínar skoðanir í friði og ég að virða þær eins og hann virðir mínar. Ég tel að hér sé ekki nægjanlega vel um hnútana búið. Ég hef miklu frekar tilhneigingu til þess að taka mark á því sem kemur fram hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins, að því er þessa þætti varðar, en þeim aðilum sem ég veit að stjórnarliðar hlustuðu grannt eftir, eins og t.d. fulltrúa iðnrn. sem sat yfir okkur í nefndinni og andmælti hverju orði sem náttúruverndarmenn sem vinna að þessu máli daginn út og daginn inn, höfðu að segja.

Með allri virðingu fyrir fulltrúa iðnrn. sem sat yfir okkur á þessum nefndarfundum og andmælti stöðugt þeim sjónarmiðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands setti fram og Náttúruvernd ríkisins, þá tek ég meira mark á stofnunum sem fjalla um umhverfismál en fulltrúa iðnrn. að því er þennan þátt varðar, með fullri virðingu fyrir þeim ágæta manni.

[18:47]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú kannski fullmikið sagt að við höfum haft sérstakar áhyggjur af þessu en ég tel að við höfum viljað taka fullt tillit til þessara stofnana umhvrn. og gerum það á afgerandi hátt í þessu nál. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að við erum ekki sammála um þetta og virðum sjálfsagt skoðanir hvors annars í þessu máli. En ég ítreka það, eins og ég sagði hér áðan, að í nál. tel ég að sé afskaplega vel komið til móts við þetta mál. En ég tel og er sannfærður um að það sé eðlilegast að svona mál sé á forræði eins ráðuneytis og að það leiti síðan umsagnar þeirra aðila sem til þarf að leita.

[18:48]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það mál sem hér er nú til umræðu er tvímælalaust eitt af stærstu málum þingsins. Ég hygg satt að segja að fá mál séu stærri, fá mál sem munu hafa eins afdrifaríkar afleiðingar fyrir land og þjóð þegar fram í sækir. Þess vegna er ekkert undarlegt við það þó það sé rætt nokkuð rækilega og auðvitað þeim mun rækilegar hér sem málið fékk minni tíma í hv. nefnd. Það hefði þurft miklu meiri tíma vegna þess að hér er það stórt mál á ferðinni og flókið, mál sem í raun og veru hefur í för með sér gríðarlegar breytingar á efnahags- og atvinnulífi Íslendinga bæði í bráð og í lengd.

Út af fyrir sig er mér ljóst, herra forseti, að þessi orð hafa svo sem verið sögð hér áður. Þau voru t.d. vafalaust sögð í tengslum við hálendisfrv. sem var hér til meðferðar fyrir nokkru. Og ég geri ekki lítið úr því að er stórmál. Það er stórmál fyrst og fremst af því að þar er verið að reyna að skipuleggja hálendið. Ég hefði viljað standa öðruvísi að því og hef ekki fulla trú á því að menn séu þar á réttri leið. Ég held að það sé fyrst og fremst verið að klúðra málum að óþörfu með því að stefna saman afar ólíkum viðhorfum á viðkvæmu stigi og ég er afar ósáttur við það hvernig á því máli er haldið af hæstv. ríkisstjórn.

En í tengslum við það mál hefur því verið haldið fram að um það sé að ræða að verið sé að afhenda eignir í stórum stíl. Ég tók eftir því að í einu af dagblöðum bæjarins var talað um að í frv. um hálendið, þ.e. sveitarstjórnarlagafrv., bráðabirgðaákvæði þess og 1. gr., væri verið að afhenda tilteknum aðilum eignir. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að það sé ekki rétt uppsetning. Ég tel að þar séu menn að takast á um stjórnsýslumál og sannarlega er umdeilanlegt hvernig að þeim er staðið. En þar var ekki um að ræða eignatilfærslu eða það að verið væri að gefa einkaaðilum eignir í stórum stíl.

Það er aftur á móti tilfellið hérna. Hér er verið að gefa einkaaðilum eignir í stórum stíl. Eins og hv. þm. Ragnar Arnalds greindi frá í afar fróðlegri og góðri ræðu fyrr í dag, er hér í raun verið að brjóta gegn margra alda sátt í þjóðfélaginu um eignarhald á tilteknum þáttum eins og t.d. jarðhitanum.

Í frv. um þjóðlendur var gert ráð fyrir því að ríkið eignaðist þau lönd sem enginn hefur til þessa sannanlega slegið eign sinni á. Það er líka að mínu mati skynsamleg lending vegna þess að það er lending sem lengi hefur verið beðið eftir að fengist. Það er sérstakt fagnaðarefni, verð ég að segja, að Sjálfstfl. og forsrh. skuli beita sér fyrir því að þjóðin eignist land á jafnafgerandi hátt og þar er um að ræða. Einhverjir hefðu nú kallað það þjóðnýtingu, sem það auðvitað er. Þetta er að mörgu leyti einhver víðtækasta þjóðnýting sem hefur átt sér stað hér og er það sannarlega fagnaðarefni að Sjálfstfl. skuli hafa forustu um þetta merka þjóðnýtingarátak.

Jafnframt er ljóst að þjóðlendumálin hafa mikil áhrif á hálendismálið vegna þess að stór hluti þeirra verður auðvitað þjóðlendur. Síðan hafa komið fram tillögur, eins og frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, um að stofna á hálendinu fjóra þjóðgarða með jöklana sem kjarna. Þetta er tillaga sem hefur vakið gríðarlega mikla athygli og ég hygg að sé mikil samstaða um. Eina ástæðan fyrir því að hún er ekki orðin að ályktun Alþingis er sú að hún er flutt af stjórnarandstæðingi vegna þess að það er ekki til siðs í þessu meirihlutakerfi sem við búum við að hlusta á stjórnarandstöðuna. Þar er gerð tillaga um að stíga mjög merkilegt skref.

En aftur á móti í þessu frv., því þriðja og síðasta af þeim þremur sem eru hér til meðferðar — það heitir núna Frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, en er gerð tillaga um að það heiti Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu — er sannarlega um að ræða stórkostlega eignatilfærslu. Ég spurði starfsmann iðnrn. sem sat yfir nefndinni meðan hún var að fjalla um málið, — mér datt í hug orðið „yfirsetukona“ rétt í þessu vegna þess að starfsmaðurinn sat svo nákvæmlega og af þvílíkri natni yfir nefndinni allan tímann (**Iðnrh.:** Til aðstoðar.) og var til aðstoðar þangað til fæðingin átti sér stað með miklum hörmungum og kvalræði. Ég spurði þennan starfsmann iðnrn.: Hvað er verið að afhenda hér mikla eign í raun og veru með þessu? Því miður treysti hann sér ekki til þess að slá á það, en ég hygg að hér sé um að ræða verðmæti upp á milljarðatugi sem verið er að afhenda landeigendum. Auðvitað væri æskilegt að reynt væri að slá á það máli hvaða eignatilfærsla hér sé á ferðinni. Ég skil það svo sem vel að það er flókið mál. En það er gríðarlega mikilvægt að átta sig á því að hér er um að ræða eignatilfærslu upp á milljarðatugi. Þar af leiðandi, herra forseti, er þetta mál langstærsta málið af þessum þremur sem hér eru til meðferðar.

Þrjár ástæður eru fyrir því, herra forseti, að ég hef lagt áherslu á að ekki eigi að ljúka þessu máli. Í fyrsta lagi er ég andvígur því pólitískt vegna þess að ég tel að þessi eignatilfærsla sé röng og hún sé brot á margra alda hefðum. Ég og minn flokkur, Alþb., erum því andvíg þessari eignatilfærslu. Það er meginástæðan fyrir því að við gætum átt það til við meðferð málsins, ef tillaga okkar um frávísun verður felld, að greiða atkvæði á móti ýmsum greinum frv. vegna þess að þær eru slíkar að við getum ómögulega sætt okkur við þær og við teljum að það sé nauðsynlegt að staðfesta það á Alþingi með beinum atkvæðagreiðslum þannig að menn viti alveg hvað þeir eru að taka ákvörðun um.

Í öðru lagi er ástæða þess að við leggjum til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar sú að við teljum að umhverfisþáttur frv. sé stórkostlega gallaður. Ég mun í ræðu minni sýna fram á það hvernig það er, að ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga umhverfisstofnana og það er engu líkara en að málið hafi aldrei sætt neinni meðferð í umhvrn., aldrei. Mín fyrsta spurning í þessum umræðum til hæstv. iðnrh. er sú hvort það sé rétt skilið hjá mér að þetta mál hafi aldrei sætt neinni meðferð af hálfu umhvrn. og það hafi í rauninni engar breytingar gert á málinu vegna þess að það hefur aldrei komið að því.

Ég vil líka, herra forseti, nota þetta tækifæri til að láta það koma fram að ég mundi óska eftir því við framhald ræðu minnar að hæstv. umhvrh. yrði hér á staðnum vegna þess að talsverður hluti eða einhver hluti af mínu máli hér á eftir mun snerta hann sérstaklega.

Stofnanir umhvrn. kvörtuðu sáran undan málinu. Það er ekkert hægt að neita því. Það gerði Náttúrufræðistofnun, það gerði Náttúruvernd ríkisins og þær gerðu það með mjög ítarlegum umsögnum og nánast bænaskjölum þar sem beðið var um lagfæringar á þessu frv. Staðreyndin er sú að ég gerði heldur ráð fyrir því, ég segi það eins og er, að meiri hluti nefndarinnar mundi koma lengra til móts við þessi sjónarmið en hann gerir. Mér finnst hann ekkert koma til móts við þau. Ég vil spyrja varaformann iðnn. sem hér situr hjá okkur hvort hann sé mér ekki sammála um að það sé eðlilegt að málið verði aftur tekið til meðferðar milli 2. og 3. umr., sérstaklega vegna þessara umhverfisþátta vegna þess

að alveg bersýnilegt er að það er bullandi ólga í öllum umhverfisverndargeiranum í kringum þessi mál. (**Iðnrh.:** Það er búið að bjóða upp á það.) Að halda fund í nefndinni? Það er búið? (Gripið fram í.) Já. Það er bara fullkomið. Þakka fyrir það. Ég missti af því.

Þá er hægt að fara yfir þetta mál vegna þess að mjög mörg atriði varðandi stjórnsýslu umhverfismála og líka almenna stefnumótun og aðkomu þess málaflokks verður að taka fyrir í nefndinni þannig að frv. mun óhjákvæmilega sæta einhverjum breytingum milli 2. og 3. umr., ef hlustað verður á þær ábendingar sem ég á heldur von á að verði.

Þriðja ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég legg áherslu á að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi er að það er ekki mjög vel unnið og þar hefðu menn mátt vanda sig betur í einstökum atriðum. Þar eru fljótfærnislegar villur sem nú er að vísu verið að leiðrétta, eins og í 10. gr. og líka í 14. gr. Það er því greinilegt að menn hafa verið á handahlaupum við að semja þetta og ekki vandað sig sem skyldi þó að hér sé jafnörlagaríkt mál á ferðinni og ég hef hér rakið.

(**Forseti** (RA)**:** Ég verð að biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni. Nú verður þessum fundi frestað til kl. 20:30.)

[Fundarhlé. — 19:00]

[19:00]

**Útbýting þingskjals:**

Launagreiðslur á vernduðum vinnustöðum, 714. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 1394.

[20:32]

**Svavar Gestsson** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég met mikils að forseti skuli nenna að sitja undir ræðu minni. Ég tel mér mikinn sóma sýndan með því, en ég tel út í hött að halda þessari umræðu áfram nema hæstv. iðnrh. sé viðstaddur og reyndar hafði ég líka beðið um að hæstv. umhvrh. yrði hafður hér ekki fjarri þannig að hægt væri að varpa á hann orði svona eftir því sem líður á ræðuhöld mín.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að hæstv. iðrnh. komi. Ég býst við að hann komi hér bara innan stundar. Enn fremur skal forseti gera ráðstafanir til þess að hæstv. umhvrh. komi.)

Herra forseti. Þýðir það það að iðnrh. sé rétt ókominn í hús. Ég get líka gert hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti væntir þess að það verði eftir augnablik.)

Þetta eru nú frekar óskýrar tímatilvitnanir hjá hæstv. forseta. Hvað þýðir „augnablik" og hvað þýðir „innan stundar"?

(**Forseti** (GÁ)**:** Þegar forseti fær skilaboð þá eru þau orðuð svona en síðan verður stundin að ráða því hvort að þetta rætist ekki. — Hann er á leiðinni og gengur fljótlega í hús.)

Ég býðst til þess að gera hlé á ræðu minni ef það er langt í það að ráðherrann komi. Ég er reiðubúinn til þess, herra forseti, að gera hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseta leiðist nú ef hv. þm. hættir að halda ræðuna þarna í stólnum. Þar sem ekki bólar enn á hæstv. iðnrh. er rétt að gera hlé í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 20:34]

[20:40]

**Svavar Gestsson** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég fór fyrir kvöldmatinn yfir nokkur aðalatriðin í afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til frv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að endurtaka það en drepa rétt aðeins á það sem ég taldi upp.

Í fyrsta lagi er það stórfelld eignatilfærsla sem ég tel að eigi sér stað með þessu. Það er verið að færa landeigendum, aðilum sem hafa eignast land á ýmsum forsendum eins og gengur, stórkostlegt vald og fjármuni. Það eru ekki aðeins landeigendur augnabliksins heldur einnig landeigendur framtíðarinnar. Það er sérstaklega umhugsunarvert núna, með hliðsjón af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, að útlendingar geta seilst til áhrifa og landakaupa á Íslandi. Þeir gætu þannig komist yfir orkulindir með skipulegum hætti. Það gæti orðið til þess að þröngt yrði fyrir dyrum okkar kotkarla í þessu landi þegar þeir væru búnir að sölsa þetta undir sig í einhverjum mæli.

Í öðru lagi viljum við gagnrýna umhverfisþátturinn þar sem við teljum að umhverfisstofnanirnar séu settar til hliðar. Það hefur að vísu komið fram í umræðunni að meiningin er að hv. iðnn. komi saman við meðferð málsins milli 2. og 3. umr. Það er ánægjuefni en mér finnst það sanna betur en flest annað að það væri skynsamlegt að hinkra með málið til haustsins. Önnur spurning mín til hæstv. iðnrh. er: Hvaða rök eru fyrir því að ljúka þessu máli endilega núna í blóðspreng á þessum dögum? Af hverju má ekki hinkra með málið til haustsins, vinna það aðeins betur og taka svo aftur upp í haust? Ég held að frv. mundi batna við það.

Ég ætla svo sem ekkert að líkja þessu við gagnagrunnsmálið. Ég tel að þetta sé allt öðruvísi mál, sérstaklega að því leyti að gagnagrunnsmálið var auðvitað sérstaklega flókið. Ég tel samt skynsamlegast að hinkra með málið. Hann er náttúrlega voðalega skrýtinn þessi lagasetningarblóðsprengur sem grípur alltaf ráðherra landsins á hverju vori. Það er eins og himinn og jörð farist ef ekki verða gerð lög úr öllu því sem þeim hefur dottið í hug yfir veturinn, og aðallega á vorin reyndar því að þeim dettur yfirleitt ekkert í hug fyrr en líður á vorið. Þá verður endilega að gera allt að lögum á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þinginu.

Í framhaldi af þessum almenna inngangi vil ég víkja að ýmsum almennum atriðum í þessu máli sem fram komu við 1. umr. málsins. Í fyrsta lagi vil ég koma að því að hæstv. iðnrh. sagði, með leyfi forseta: „Frv. felur ekki í sér neina eignatilfærslu." Þetta er rangt. Frv. felur í sér mjög mikla eignatilfærslu og staðreyndin er sú að einkaeignarrétturinn er alltaf látinn njóta vafans. Þegar upp kemur vafi um eignarhald á auðlindum í jörðu miðað við fortíðina, þá er ekki einasta almennt brotið í gegn þeirri hefð sem tíðkast hefur í margar aldir á Íslandi, heldur er einkaeignarrétturinn alltaf látinn njóta vafans. Það er náttúrlega umhugsunarefni að Framsfl. skuli beita sér í þessu efni.

Það er ekki nóg með það að Samband ísl. samvinnufélaga sé úr sögunni heldur virðist allt sem minnir á samstöðu og samvinnu af hinu illa að mati þeirra framsóknarmanna og þeir virðast kokgleypa hvað sem íhaldinu dettur í hug.

Meðferð málsins er líka mjög sérkennileg, herra forseti. Það er skipuð nefnd og í henni eru tveir þingmenn og tveir lögfræðingar ef ég man rétt og annar þeirra er formaður nefndarinnar. Svo kemur málið til iðnn. Alþingis og hver er formaður þar? Það er sami þingmaðurinn. Með starfsnefndinni starfaði einn ágætur ungur og stórefnilegur og þaðan af

betur ættaður lögfræðingur í þessu landi. Hann var yfirsetukona yfir nefndinni allan tímann, að passa að nefndin færi sér ekki að voða og tók þátt í umræðum í nefndinni eins og nærfærin ljósmóðir á hverju stigi málsins. Það er dálítið umhugsunarefni að Alþingi hafi ekki nægilegt sjálfstæði að mínu mati. Það hefði verið betra, heppilegra að öllu leyti ef, með fullri virðingu fyrir þessum ágætu starfsmönnum, ef Alþingi hefði bara metið þessa hluti sjálft. Það leiðir náttúrlega dálítið hugann að stöðu þingsins að við getum t.d. ekki sett sérstaka starfsmenn í þetta mál, sem hefði þó verið efnisleg ástæða til, að vera bara með sérstakan lögfræðing eða annan sérfræðing á vegum Alþingis við að hjálpa þingnefndinni meðan málið var til meðferðar. Ritarar okkar í þinginu, í nefndadeildinni, eru framúrskarandi starfsmenn í alla staði en auðvitað er ekki við því að búast að þeir geti verið sérfræðingar í öllum málum. Þetta er einmitt dæmi um mál þar sem við hefðum eða þingnefndin hefði þurft að hafa sinn sérfræðing til að fara yfir hlutina, með fullri virðingu fyrir tilraunum hins unga lögfræðings iðnrn. til að sinna hlutverki yfirsetukonunnar meðan þessi fæðing stóð yfir í hv. iðnn. undir forustu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar.

Þarna er dálítið lítið gert úr þinginu og það er umhugsunarefni. Þetta var praktíserað hér áður en hefur kannski heldur lagast ef eitthvað er. Vilmundur heitinn Gylfason hélt langar ræður um þessar aðferðir sem voru hafðar, einkum á hegningarlagasviðinu þar sem sömu menn réðu málinu frá upphafi til enda. En maður er að lenda í svipuðum hlutum núna, að þingið býr við þær aðstæður að starfsmenn ráðuneytanna ráða, þeir hafa þekkinguna í hendi sér. Yfirleitt er það þannig sem betur fer að þetta eru hinir ágætustu menn og velviljaðir í alla staði en auðvitað getur þeim skotist og betur sjá augu en auga og þess vegna væri betra að hafa aðra aðila með nefndunum í þessu efni.

Ein af þeim spurningum sem ég lagði fyrir starfsmenn iðnrn. í meðferð málsins var sú hversu mikil verðmæti væri verið að afhenda einkaaðilum í landinu með frv. og þeir sögðu að þau væru engin vegna þess að þarna væri bara verið að staðfesta það sem hefði verið praktíserað mjög lengi. Ég er ósammála þessu. Ég tel t.d. að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi áðan sýnt algjörlega fram á það að í rauninni hefur það verið svo í gegnum aldirnar að litið hefur verið þannig á að almenningur ætti jarðhitann og það er ekki fyrr en á þessari öld sem farið er að snúa við þeim hlutum og breyta viðhorfum stjórnkerfisins í þeim efnum.

Í öðru lagi vil ég koma að því sem kom aðeins fram í upphafi umræðunnar við 1. umr., sem mér fannst athyglisvert, og það er að hæstv. núv. iðnrh. hafnar rökum Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar. Rök ráðherrans eru þau að nú séu nýtingarmöguleikar allt aðrir en voru þegar Ólafur Jóhannesson og Bjarni Benediktsson settu fram lögfræðikenningar sínar. Ég tel að þessi svör séu ekki gild vegna þess að tæknin getur ekki breytt sjálfkrafa grundvallaratriðum, það getur ekki verið þannig. Veruleikinn er líka sá að þó að málið liggi þannig að hægt sé að bora í gegnum jörðina þýðir það ekki að slá eigi föstu í lögum að öll auðæfi sem fást við þá borun sé eign þess sem landið á þar sem borinn stendur. Ég mundi vilja spyrja hæstv. iðnrh. hvaða halli á að vera á bornum. Er það möndulhalli jarðar? Hvað er beint niður að mati iðnrn.?

Auðvitað getur þetta ekkert verið svona. Auðvitað getur þetta ekki verið þannig að menn geti borað eitthvað sem heitir „lóðbeint niður" eftir einhverjum tilteknum reglum. Við höfum a.m.k. ekki séð þær. Auðvitað vita það allir menn að þegar verið er að sækja vatn mörg hundruð metra, ég tala nú ekki um hálfan kílómetra eða hvað það er, niður í jörðina þá eru menn náttúrlega að draga til sín auðæfi undan öðrum landareignum. Sá veruleiki og sú uppsetning um að tæknin hafi breytt þessu öllu er því bara vitleysa, hún stenst ekki.

Ég er ekki þar með að segja að hundrað metra viðmiðunin, eins og við vorum með hana, sé endilega rétt, ég er ekki viss um það. En ég held að hitt sé alveg ljóst að það að gefa sér að öll auðæfi undir landi eigi að vera eign þess sem eignaðist landið í allt öðru skyni, t.d. því að beita þar fé, byggja þar sumarstað, byggja þar hús eða hvað það nú er, það stenst ekki að setja hlutina þannig upp. Það er nokkurn veginn eins og að slá því föstu að sá sem eignast jörð eigi jarðarkjarnann inn að miðju — á móti hverjum? Ég veit ekki alveg hvaða aðila hæstv. ráðherra er að hugsa um þar, hvort það eru Ástralir eða hverjir.

Allir sjá að þetta er bara vitleysa, þetta gengur ekkert svona. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara mér því hvaða rök eru fyrir því að ætla að öll auðæfi sem þarna er um að ræða hljóti að vera eign viðkomandi aðila.

Ég veit að Sjálfstfl. er þessarar skoðunar. Það kemur mér ekki á óvart. Hann telur að það sem heitir einkaeignarréttur sé algjörlega heilög undirstaða alls sem er undir heimskringlunni. Við samvinnumenn höfum sett spurningarmerki við það í gegnum tíðina. Ég bendi á mikil afrek samvinnuhreyfingarinnar og kaupfélaganna í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu fyrr á öldinni. En Framsfl. kokgleypir einkahyggjuna algjörlega og telur að það að opna fyrir að eignarréttur á auðlindum fylgi alltaf landi sé eðlilegur hlutur en því hafna ég algerlega.

Ég tel að meginefni þessa frv. sem menn eru að flytja sé þríþætt. Það er í fyrsta lagi að jarðhiti, hversu djúpt í jörðu sem hann er sóttur, teljist eign landeigandans, þ.e. fylgi einkaeignarrétti á eignarlöndum. Í öðru lagi að grunnvatn fylgi með sama hætti einkaeignarrétti á eignarlöndum og í þriðja lagi að hvers kyns jarðefni, svo sem gosefni að steinefnum meðtöldum, málmar og jarðolía, teljist eign landeiganda.

Við umræður um þetta mál við 1. umr. boðaði hæstv. ráðherra að á komandi haustþingi yrði flutt frv. sem tengdist nýtingu vatnsfalla. Ég mundi vilja spyrja hæstv. iðnrh. að því hvar það mál er á vegi statt. Er við því að búast að það verði kynnt á haustþingi, frv. til laga um nýtingu vatnsfalla en þess var getið sérstaklega við 1. umr. málsins að það væri væntanlegt á haustþingi. Ég sé það í umræðum við 1. umr. að þingmenn hafa þakkað ráðherranum sérstaklega fyrir þessa yfirlýsingu og mér þætti vænt um ef hann vildi greina mér og þingheimi frá því hvernig hann sér það mál fyrir sér.

Eins og ég sagði áðan er það þannig að með þessu frv., ef það verður að lögum, væri ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. að færa svonefndum landeigendum náttúruauðlindir landsins sem þeir hafa þó engan þátt átt í að skapa né heldur að auka við þær og yfirleitt hafa fæstir þeirra nokkurt bolmagn til þess að nýta sér þessar náttúruauðlindir. Ég tel að með hliðsjón af þessu megi kannski segja að í þinginu í vetur hafi komið fram þrjú meginsjónarmið varðandi þessi mál. Mér finnst sjónarmið Framsfl. ekki hafa komið fram í þessum umræðum, mér finnst hafa komið fram sjónarmið Sjálfstfl. Þessi þrjú meginsjónarmið, eins og ég sé þau, eru í fyrsta lagi skýlaus einkaeignarstefna Sjálfstfl., algerlega skýlaus einkaeignarstefna Sjálfstfl., sem Framsfl. virðist taka undir sem

mér finnst satt að segja skrýtið og rímar ekki við þær áherslur sem mér finnst að Framsfl. sem félagshyggjuflokkur, a.m.k. að fornu, og flokkur samvinnumanna ætti að hafa.

Í öðru lagi hefur komið fram í þinginu, sennilega flutt í ellefta sinn, frv. okkar alþýðubandalagsmanna varðandi náttúruauðlindir sem ég kalla frv. um víðtæka sameignarstefnu á auðlindum þar sem er jafnframt gert ráð fyrir því, eins segir í tillögunni, að hóflegt auðlindagjald geti komið fyrir afnot.

Í þriðja lagi er um að ræða í þinginu í vetur það sem ég kalla „takmarkaða sameignarstefnu" Alþfl., ef ég má orða það svo, þar sem gert er ráð fyrir auðlindaskatti að meðtöldu veiðileyfagjaldi. Ég held þess vegna að við séum í þessu máli að tala um alvarleg pólitísk og merkileg pólitísk grundvallaratriði og það er satt að segja ekki allt of oft sem við fáum slíka umræðu í þessari virðulegu stofnun.

Ég vek líka athygli, herra forseti, á þeirri breyttu stöðu sem þessi mál eru komin í eftir tilkomu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Að þeim samningi gerðum deila Íslendingar í reynd réttindum með öllum íbúum Vestur-Evrópu að Sviss undanskildu. Útlendingar af þessu svæði geta keypt hér lendur, sem á annað borð ganga kaupum og sölum, án takmarkana. Með því að lögfesta víðtækan einkaeignarrétt á náttúruauðlindum er í reynd verið að afhenda þær 400 millj. manna, eða aðgangurinn er opinn fyrir 400 millj. manna til viðbótar við þá kvartmilljón sem við teljum hér. Ef að líkum lætur er innan tíðar hugsanlegt að enn fleiri fengju rétt til að eignast þessar auðlindir ef þær verða ekki beinlínis lýstar sameign þjóðarinnar. Þegar við vorum að þrátta um Evrópska efnhagssvæðið á sínum tíma við hæstv. þáv. utanrrh., ég og hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, lögðum við mjög mikla áherslu á nauðsyn þess — og ýmsir ræðumenn Framsfl. á þeim tíma — að það þyrfti að lýsa þessar auðlindir sameign þjóðarinnar til þess að tryggt væri að Íslendingar héldu þeim verðmætum hjá sér sem þessar auðlindir geta skapað.

Því miður varð það ekki raunin og síðan fáum við þessi ósköp hér inn, þetta frv. Á síðasta kjörtímabili voru, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur rakið, átök á milli stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., um þessi mál. Alþfl., segir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, vildi fara aðra leið, vildi marka frv. það sem ég kalla „takmarkaða sameignarstefnu", að byggja það á takmarkaðri sameignarstefnu. Sjálfstfl. hafnaði því og þess vegna strandaði málið. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lýst því þannig, m.a. við 1. umr. málsins, að í rauninni hafi Framsfl., þegar hann kom inn í ríkisstjórnina, kokgleypt stefnu Sjálfstfl., þá stefnu sem Alþfl. vildi ekki gleypa.

Það hefðu satt að segja einhvern tíma þótt mikil tíðindi á árum áður, t.d. á viðreisnarárunum, ef það hefði spurst að Framsfl. væri til hægri við Alþfl. á þessu stigi en það er hann alveg tvímælalaust. Ég vek athygli á því, herra forseti, að um leið og stjórnarandstaðan náði ekki fullri samstöðu um þetta svokallaða hálendismál um daginn þá nær stjórnarandstaðan mjög sterkri samstöðu um afstöðuna til þessa frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu. Ég tel ástæðu til að lýsa yfir af minni hálfu að ég fagna þeirri samstöðu einlæglega en harma jafnramt að Framsfl. skuli ekki treysta sér til að vera samferða vegna þess að ég veit það, þekki það af kynnum mínum við marga góða framsóknarmenn bæði innan þings og utan, að þeir eru félagshyggjumenn í raun og ég trúi ekki öðru en að mörgum þeirra blöskri þessi ofboðslegi yfirgangur íhaldsins með frv. eins og það lítur út hér. Það er ekki hægt að kalla þetta annað. Þetta er einkaeignarréttarofstækið sem gengur yfir þjóðfélagið um þessar mundir. Þetta er að vísu gamaldags en þetta gengur yfir og það er verið að framlengja þetta á Íslandi með þeim hætti sem stendur í frv.

Þegar málið var til meðferðar við 1. umr. sagði hæstv. iðnrh. að í raun og veru væri skoðun Ólafs Jóhannessonar á þessu máli hálfrar aldar gamalt mat. Ég vísa því á bug. Viðhorf Ólafs Jóhannessonar komu t.d. fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–79, þar sem byggt var á því gamla mati hans að hægt væri að takmarka þennan einkaeignarrétt þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um einkaeignarréttinn og varðveislu hans.

Við 1. umr. notaði hæstv. ráðherra líka tækifærið til að segja að frv. Alþb. — og kannski Alþfl. líka — alla vega frv. Alþb. stangaðist á við stjórnarskrána. Það gerir það ekki. Það er algjörlega ótvírætt að samkvæmt ítarlegustu lögfræðilegu greinargerð sem til er um eignar- og umráðarétt að jarðhita, eftir Ólaf Jóhannesson, þá er engin leið að halda því fram að frv. okkar alþýðubandalagsmanna hafi stangast á neinn hátt á við einkaeignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það er algerlega útilokað mál. Það er í rauninni fjarstæða að halda því fram. Ég vísa því algerlega á bug og segi bara að forsn. Alþingis, sem hefur fallist á að þetta frv. væri flutt aftur og aftur án þess að vera frv. til stjórnskipunarlaga, hefur í raun og veru skrifað upp á það með okkur að hér er ekki um að ræða atlögu að stjórnarskránni eins og hæstv. iðnrh. vildi vera láta.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, hvort eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eru ekki óþarflega ströng. Ég tel að svo sé og að gengið sé alveg ótrúlega langt í að beita þessum ákvæðum við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Ég hefði talið að endurskoða mætti þessi ákvæði, því fyrr því betra, vegna þess að ég tel að í sumum tilvikum hafi þau, mér liggur við að segja beinlínis verið misnotuð.

Þetta mál sem hér er á ferðinni er líka gífurlega stórt vegna þess, herra forseti, að það snertir eina stærstu auðlind þjóðarinnar. Það er ekki nokkur vafi á því að jarðhitinn er ein stærsta auðlind íslensku þjóðarinnar. Það er alveg augljóst mál að við getum gert okkur vonir um að nýta jarðhitann í stórvaxandi mæli á næstu árum og áratugum ef gengið er skipulega og skynsamlega til verka en mér finnst ekki að menn séu að því hér.

Ég tel að jarðhitinn sé ekki síðri auðlind en orka fallvatna og fiskimiðin því að gríðarleg verðmæti og auðæfi liggja ónotuð í okkar jarðhita þar sem væri hægt að bæta mjög miklu við, eins og sést t.d. á því að heildarársframleiðsla okkar á raforku er núna 5,5 teravattsstundir eða svo, og þar af er orka frá jarðhita innan við 0,4 teravattsstundir. Það er því augljóst mál að þarna eigum við miklar lendur ónunar, ónumdar, varðandi verðmætasköpun fyrir okkar þjóð. Við urðum vitni að því á Nesjavöllum fyrir nokkrum dögum þegar verið var að fagna þar tilteknum áfanga í Nesjavallavirkjun sem eru mikil tímamót og sérstakt fagnaðarefni. Það er nokkuð umhugsunarvert samt sem áður hve ótrúlega stutt er síðan við fórum að tala um möguleika á að virkja jarðhitann til raforkuframleiðslu. Ætli það séu nema 30 ár síðan lögin um Kröfluvirkjun voru sett, ég hygg að það hafi verið 1968, ég man það ekki svo glöggt, en ég held að ekki sé mikið lengra síðan. Og það er dálítið merkilegt að hugsa um deiluna um Kröfluvirkjun og hvernig menn spáðu henni í raun og veru hrakförum á öllum sviðum.

Ég tel að engin rök standi til þess, herra forseti, að Alþingi Íslendinga afhendi gæði eins og jarðhitann þeim sem hafa fengið rétt til yfirborðs landsins til hefðbundinna nota í búskap, til beitar búfjár eða til að reisa þak yfir höfuðið. Ég tel að það væri ekki heillaverk ef meiri hluti Alþingis Íslendinga léti hafa sig í að festa í sessi með lögum skilning sem er andstæður heilbrigðri skynsemi. Skilningurinn í þessu frv. er andstæður heilbrigðri skynsemi og ætti þess vegna kannski að heita frumvarp til laga um að vera á móti heilbrigðri skynsemi, vegna þess að þetta er vitlaust, bæði efnahagslega og tæknilega, alveg sama hvernig það er skoðað út og suður. Ég tel að þetta stríði gegn heilbrigðri skynsemi fyrir utan bara venjulega réttlætiskennd, sem ég leyfi mér að nefna í þessum ræðustól, ég vona að það sé heimilt, herra forseti. Það gerist nú svo sjaldan að það liggur við að maður þurfi að biðja um leyfi til þess. Þetta stríðir gegn venjulegri réttlætiskennd, ég tala nú ekki um t.d. þeim viðhorfum að allir menn séu fæddir jafnir. Og hvílík fásinna það er að einhver maður sem á einhvern geira sem hann stendur á og borar niður í miðjan kjarna jarðarinnar, að hann geti samstundis orðið auðkýfingur á við alla þjóðina. Þetta er auðvitað tóm endileysa, herra forseti. Tóm endileysa og það sjá það allir. Ég er viss um að jafnvænir menn og hæstv. forseti sem situr hér að baki mér — ber er hver að baki nema sér bróður eigi, sannast nú sem fyrr — hann er mér í hjarta sínu sammála um það hvað þetta er algerlega fráleitt og stríðir gegn réttlætiskennd allra, mér liggur við að segja allra eðlilega hugsandi manna. Þetta er svo vitlaust, svo ótrúlega vitlaust.

Eins og ég gat um áðan gerði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mjög glögga grein fyrir því hvernig málið þróaðist í síðustu ríkisstjórn og þar má hann gerst um véla vegna þess að hann var þá iðnrh. um tíma. Hann gerði mjög glögga grein fyrir því og mér finnst ástæða til að halda því til haga. Hann rakti hvernig deilurnar stóðu við Sjálfstfl. árum saman um þetta mál og hvernig Framsfl. lúffar um leið og hann er kominn í ríkisstjórn. Nú kann að vera að einhverjum finnist þetta eigi bara að vera svona, flokkar fari í ríkisstjórnir og þá gleymi þeir öllu eða moki yfir allt sem þeir hafa einu sinni sagt, og það finnst mér nú ekki nógu gott. Það þarf auðvitað að vera þannig að menn umgangist sín eigin fyrirheit með sæmilega heiðarlegum hætti. Það finnst mér menn ekki vera að gera hér. Ég man ekki til þess að Framsfl. hafi lofað því eða sagt það fyrir kosningar að hann ætlaði að gefa landeigendum tugi milljarða króna. Þetta er einhver stærsta gjöf sem sögur fara af. Vegna þess að það er ekki verið að afhenda mönnum bara nýtingarrétt. Það er verið að gefa mönnum þessa eign.

Langar ræður hafa staðið hér um eignarhald á fiskimiðunum. Engum hefur dottið í hug að flytja frv. til laga um að þeir sem róa til fiskjar eigi fiskimiðin. Né heldur hefur nokkrum manni dottið í hug að framlengja línurnar frá hreppunum út á hafið, eins og manni gæti komið til hugar að einhverjum dytti í hug.

En hér er í rauninni um það að ræða, herra forseti, að verið er að færa tiltölulega mjög takmörkuðum hópi, óvíst hve stórum eða litlum, milljarðatugi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það í hans réttlætiskennd, sem hann örugglega hefur, sem segir honum það að þetta sé skynsamlegt? Hvernig ætlar hann að rökstyðja það gagnvart okkur landlausum íbúum höfuðstaðarins að hægt sé að afhenda mönnum eignir upp á milljarða og aftur milljarða? Hvað á þetta að þýða? Og það er engin nauður sem rekur ráðherrann til að gera þetta, eða hvað? Hvað er það? Beygði íhaldið hann til að gera þetta? Var það hæstv. forsrh. sem talaði hér um daginn um hinn fumlausa viðskrh.? Var það hann sem beygði iðnrh. fumlaust í þessu máli? Hvað eiginlega er hér á ferðinni?

Hver þarf á þeim milljarðatugum að halda sem ráðherrann er hér að reiða fram? Það sér enginn rökin fyrir þessu. Hvaða rök eru fyrir því að hann þurfi að gefa allt þetta? Hvaða rök eru fyrir því? Þau að nútímatækni geri kleift að bora í gegnum jörðina? Það er undarlegt. Það er sjónarmið sem ekki gengur, vegna þess að menn breyta ekki grundvallaratriðum með tæknibrellum af neinu tagi.

Í þessu sambandi segja menn kannski eins og venjulega: Já, en þetta er svona annars staðar. Ég vísa því á bug. Í greinargerð með frv. okkar alþýðubandalagsmanna á bls. 7, III í greinargerðinni, er farið yfir hvernig þetta er í mörgum löndum. Þetta er ekki svona þar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson setur stundum á miklar ræður hér um Nýja-Sjáland. Og það er allt mjög maklegt. Hvernig ætli það sé í Nýja-Sjálandi með jarðhitann? Þar er allur jarðhiti lýstur almenningseign án bóta til landeigenda, nema því aðeins að landeigandinn hefði þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Þetta er svona í sjálfu Nýja-Sjálandi í lögum frá 1953.

Það er því augljóst mál að það hefði verið hægt, tæknilega séð líka, að ganga mjög langt í því að lýsa jarðhitann almannaeign. Það hefði verið hægt að ganga mjög langt í því, herra forseti. Og fyrir því eru fordæmi, fyrir náttúrlega utan það sem hv. þm. Ragnar Arnalds rakti hér í dag í mjög fróðlegri ræðu sinni, stórmerkilegri ræðu, að í rauninni er hefð fyrir almannarétti, almannaeign á jarðhitanum. Hann fór alveg aftur í annan kafla rekabálkar Jónsbókar og rakti það líka mjög rækilega með tilvitnun m.a. í rit Odds biskups Einarssonar frá 1593, þar sem talað er um að jarðhitinn sé almenningseign og eigi að vera það, og það sé ekki við hæfi að nýta hann til — eins og það er orðað — „fjárplógsstarfsemi". Og er það í raun og veru mjög merkilegt að þetta orð skuli notað. Það var einnig merkilegt sem hv. þm. Ragnar Arnalds benti á, að í Jarðabók Eggerts og Bjarna er jarðhitinn ekki talinn til eigna með jörðum í okkar landi. Þar eru allar eignir skráðar. Hvaða hundakofi sem er, liggur mér við að segja, er skráður þar en jarðhitinn ekki. Þó var hann verðmæti á þeim tíma. Jarðhitinn var verðmæti á þeim tíma. M.a. var hann verðmæti til þvotta, til eldamennsku, til hitunar og fleira og fleira. Fyrir utan þau ótrúlegu þægindi sem jarðhitinn hafði í för með sér við kristnitöku sem náttúrlega er alveg sérstakt umhugsunarefni. Þá var hægt að skíra menn á Íslandi upp úr volgu sem ekki var hægt í öðrum löndum.

Sagan er því algerlega á hreinu með það, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds rakti, að jarðhitinn hefur alltaf verið talinn almannaeign. Og þess vegna hefði auðvitað verið hægt að fara sömu leið hér eins og farin var á Nýja-Sjálandi ef menn hefðu viljað. En í staðinn ákveða menn að ganga tiltölulega mjög langt í að afhenda þessa eign þeim sem eiga landið á hverjum tíma.

Ég tel, herra forseti, engin sérstök rök fyrir því að fara þessa leið, og þess vegna auglýsi ég í tíunda sinn eftir því, herra forseti, hver rök hæstv. iðnrh. eru í þessu sambandi. Ég vil í leiðinni inna eftir því hvort hæstv. umhvrh. er ekki væntanlegur hingað því senn hvað líður þarf ég kannski aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem snerta hann alveg sérstaklega.

Fyrir utan það, herra forseti, að þetta frv. fjallaði um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, eins og það heitir, var einnig á síðari stigum málsins bætt inn í það nýjum kafla um örverur, hitakærar örverur alveg sérstaklega. Þetta frv. um örverur eða frumvarpshluti var fluttur til okkar af starfsmanni iðnrn. Þar er gert ráð fyrir því, eins og textinn leit út upphaflega, að leyfi samkvæmt þessari grein skyldi veitt til vinnslu á rannsókn og nýtingu á örverum af iðnrh. að höfðu samráði við umhvrh.

Það er mál manna að eðlilegt væri, þar sem hér er um að ræða mjög mikilvægan hluta hinnar lifandi náttúru, að nýting og rannsóknir þyrftu að sæta og öðlast samþykki umhvrn. en ekki aðeins samráð, eins og gert var ráð fyrir í frv. sem við fengum. Mér er sagt að þetta mál hafi verið rætt sérstaklega í ríkisstjórninni sjálfri. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort það sé rétt að þetta örverumál hafi sérstaklega verið þar til meðferðar. Ég skildi það a.m.k. þannig þegar iðnrn. bar málið inn á borð hv. iðnn. að málið hefði sérstaklega verið rætt í ríkisstjórninni. Ég spyr um þetta alveg að gefnu tilefni vegna þess að það var eins og umhvrn. væri mjög ósátt við þetta ákvæði frv. eins og það er í raun og veru sett upp í frv. og í brtt. í dag.

Þá komum við að mjög sérkennilegum hlut í þessari ríkisstjórn sem eru samskipti ráðuneytanna. Svo virðist vera að umhvrn. sé afar lítið haft með í för þegar kemur að málum frá iðnrn. Ég sé ekki betur en því sé yfirleitt sleppt og vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort það sé þannig að sjónarmið umhvrn. hafi ekki verið höfð með eða hvort málið var kannski rætt í ríkisstjórninni og hvort umhvrn. var bara svona lítilþægt að una þessu ákvæði eins og það er hér. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhvrh.

Ég tel að það sé mjög alvarlegt mál, og þess vegna dreg ég þetta út úr, að ákveða nýtingu á örverum undir þröngu sjónarmiði nýtingaraðilans eins. Ég tel að fleiri aðilar þurfi að koma þarna að eins og forstöðumenn umhverfisstofnananna sögðu við meðferð málsins í hv. iðnn. Þeir lögðu áherslu á að örverurnar væru hluti af hinni lifandi náttúru. Það væri þess vegna rétt að setja heildarlöggjöf um nýtingu hennar einnar og sér frekar en að blanda þessu atriði inn í lög um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. — Ég vil sérstaklega inna eftir því hvort það mundi vera langt í hæstv. umhvrh. í þessu sambandi. Ég vil endilega að hann komi hérna, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hann hefur öðru hvoru látið gera tilraunir til þess að hafa samband við hæstv. umhvrh. en þær bera engan árangur enn þá.)

(**Gripið fram í:** Það verður að fresta þessari umræðu.) (**SJS:** En utanrrh.?) (**MF:** Það er mjög heppilegt að fresta þessu máli.)

Það er velkomið, herra forseti, sem er bent á hér úr salnum, að ég geri hlé á ræðu minni og við frestum umræðunni þangað til á morgun, þangað til að umhvrh. finnst. Hefur verið gert allt sem hægt er til að leita hann uppi?

(**Forseti** (GÁ): Forseti skal nú enn og aftur kanna málið og biður hv. þm. að halda ræðu sinni áfram á meðan.)

Ég bendi á að stundum hefur verið reynt að leita aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík til að leita að þingmönnum ef þeir eru fjarri við mikilvægar atkvæðagreiðslur þannig að það er spurning hvort hægt sé að fá sérstaka leitarflokka til að kanna þetta, Hjálparsveit skáta eða aðra, til að leita ráðherrann uppi. En það er ekkert hægt að tala um þetta mál nema hann sé hérna vegna þess að það er bara þannig. Ég get svo sem reynt að hjakka hér eitthvert augnablik en ég vona að hæstv. ráðherrann komi hingað. Hann hlýtur að vera finnanlegur. Það er til tækni sem heitir GSM.

(**Forseti** (GÁ): Ekki trúir forseti öðru og biður hv. þm. að ...)

Eins og við þekkjum sem eigum heima á Eyrarbakka, þá er til GSM-tækni, sem við þekkjum báðir vel, bæði ég í Inghóli og sá sem er úr Simbakoti. Hæstv. forseti á sem sagt von á því að ráðherrann birtist, eða ...?

(**Forseti** (GÁ): Af því að forseti vill segja satt þá ætlar hann ekki að leggja dóm á það heldur setja alla þá tækni í gang sem til er til þess að hafa uppi á hæstv. ráðherra.)

Já. Það er út af fyrir sig ánægjuefni og verður fróðlegt að sjá hvenær ráðherrann finnst miðað við þessa svakalegu yfirlýsingu sem kom hér af forsetastóli um að forseti mun setja í gang alla þá tækni sem til er til að leita að ráðherranum. Ég mun spyrja um hæstv. ráðherra umhverfismála eftir svona 10–15 mínútur en meðan víkja kannski að öðrum þáttum sem ég vil aðeins líta yfir í ræðu minni og víkja að stórmerkum umsögnum um þetta frv. sem hafa borist frá fjölmörgum aðilum og fyrst frá Samtökum iðnaðarins. Þar er af nógu að taka. Ég ætla að lesa upp úr þeirri umsögn, herra forseti. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og óskar eftir af því tilefni að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Með frumvarpinu er lagt til að í einn lagabálk verði skipað reglum um allar auðlindir í jörðu, hvort sem um er að ræða auðlindir í jörðu, í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlagna. Með þessu er verið að auka og auðvelda nýtingu auðlinda í jörðu.

Eignarlandi fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu en auðlindir í þjóðlendum eru eign ríkisins. Í lögum um jarðefni hefur ríkið haft eignarhald á auðlindum utan eignarlanda en ákvæði frumvarpsins um eignarhald á öðrum auðlindum er nýmæli.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra óháð því hvort auðlindin er í eignarlandi eða í þjóðlendu.“ — Síðan kemur atriði sem ég vek athygli á og bið hæstv. iðnrh. að skoða: — „Engin ákvæði eru um tímalengd vinnsluleyfa og getur ráðherra í sjálfu sér heimilað leyfi til 1000 ára á síðasta starfsdegi í embætti.“

Nú er illa komið fyrir mér, herra forseti. Ekki einasta vantar mig umhvrh. heldur er iðnrh. rokinn á dyr þannig að það er alveg einboðið að við gerum hlé á þessari umræðu. Það helst enginn við hér í salnum af einhverjum ástæðum þó að það sé verið að flytja hér alveg óvenjulega skemmtilega ræðu eins og menn heyra.

(**Forseti** (GÁ): Forseti biður afsökunar á þessu. Hæstv. iðnrh. er innan seilingar. Forseti hvatti hann til þess að taka þátt í leitinni en nú gengur hæstv. iðnrh. í salinn.)

Nú kemur hæstv. iðnrh. í salinn leitarmóður og ég býð hann hjartanlega velkominn. Ég veit að hann er vaskur maður til hlaupa. Ég hef séð til hans hlaupa í Hafrahvammagljúfrum og þar var rösklega til fóta tekið þannig að ég veit að hann er manna vísastur til að geta hlaupið uppi hæstv. umhvrh. En í umsögn Samtaka iðnaðarins segir svo, með leyfi forseta:

„Engin ákvæði eru í frv. um tímalengd vinnsluleyfa og getur ráðherra heimilað leyfi til 1000 ára á síðasta starfsdegi í embætti. Samtök iðnaðarins telja réttar að lögin kveði á um

hámarkstímalengd t.d. í samhengi við eðlilegan afskriftartíma framkvæmda eða fjárfestingar leyfishafa."

Ég hef ekki orðið var við að menn hafi gefið þessari umsögn Samtaka iðnaðarins gaum. Þetta er undirritað af Eyjólfi Bjarnasyni. Þetta eru eins og kunnugt er mjög merk samtök sem ríkið styrkir myndarlega til starfsemi sinnar. Svo segir að lokum í umsögn Samtaka iðnaðarins, með leyfi forseta:

„Í 10. og 14. gr. frumvarpsins eru ákvæði um heimildir til landeigenda til að nýta jarðhita allt að 5 megavöttum miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á sekúndu" — þetta á auðvitað ekki að vera á sekúndu — „og grunnvatn allt að 100 ltr./sek. án leyfis iðnaðarráðherra. Til samanburðar má nefna að vatnsþörf Vestmannaeyja er 65 ltr./sek. Samtök iðnaðarins telja þessi viðmið há og að þau þurfi endurskoðunar við. Jafnframt þurfi að setja mörk fyrir vinnslu jarðefna til eigin nota."

Undir þetta sjónarmið Samtaka iðnaðarins hefur meiri hluti hv. iðnn. í raun og veru tekið með því að miða við 3,5 megavött og að mig minnir 70 lítra á sekúndu að því er varðar vatnsnotkun samkvæmt frv. Hér er þess vegna um það að ræða að komið er til móts við Samtök iðnaðarins. Hins vegar vek ég athygli á því að einn þingmanna Sjálfstfl. taldi að þessi mörk væru allt of lág í brtt. nefndarinnar. Ég mundi vilja inna hv. varaformann iðnn. sem situr hér, þann mikla sómamann Guðjón Guðmundsson, eftir því hvort hann telji að mikill ágreiningur sé í Sjálfstfl. um þetta atriði eða hvort hv. þm. Árni Mathiesen sé sá eini sem hafi eitthvað við þetta að athuga því hann gerði athugasemd við þetta í dag og ég lít þannig á að hann muni greiða atkvæði gegn brtt. meiri hluta nefndarinnar ef ég skildi hann rétt. Og ég vil spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson hvort hann telji að fleiri í Sjálfstfl. séu sama sinnis og vilji breyta þessu ákvæði á nýjan leik og jafnvel að hafna brtt. hv. nefndar.

Nú bíð ég eftir hæstv. umhvrh., ég og aðrir og þjóðin náttúrlega sem er alveg andaktug að fylgjast með þessari ræðu, geri ég ráð fyrir, og þingmenn allir. Við bíðum spennt eftir því hvort hæstv. umhvrh. komi í leitirnar. Leitin mikla verður þetta kallað í þingtíðindum og í sögunni, leitin mikla að umhvrh. Á meðan ég bíð eftir honum ætla ég að víkja aðeins að umsögn Verkfræðingafélags Íslands um þetta frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn VFÍ fagnar því frumkvæði sem í frumvarpinu felst og telur þar margt horfa til bóta. Svo sem fram kemur í meðfylgjandi umsögn vill félagið þó gera alvarlega athugasemd við stjórnsýsluþátt frumvarpsins.

Orkustofnun fær víðtækt hlutverk samkvæmt frumvarpinu og getur í raun stjórnað öllum rannsóknum á auðlindum í jörðu á landinu með skilyrðum í rannsóknar- og nýtingarleyfum. Orkustofnun hefur sem kunnugt er verið einn helsti rannsóknaraðili hérlendis varðandi auðlindir í jörðu. Samkvæmt umræddu frumvarpi verður Orkustofnun að gefa umsagnir um rannsóknir þar sem Orkustofnun sjálf er verktaki í rannsóknum."

Ég endurtek, herra forseti, því þetta er ansi fróðlegt fyrirkomulag. Samkvæmt frv. er Orkustofnun ætlað að gefa umsagnir um rannsóknir þar sem Orkustofnun sjálf er verktaki í rannsóknunum. Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að margir mundu fagna því fyrirkomulagi að fá lögbundna skyldu til að gefa umsagnir um sjálfa sig. En samvæmt þessu er það svo að Orkustofnun er gert samkvæmt þessu frv. að gefa umsögn um Orkustofnun. Ég held að þessi ábending Verkfræðingafélagsins sé alveg rétt og ég vil spyrja hv. þm., varaformann iðnn., hvort meiri hlutinn hafi ekkert velt því fyrir sér að breyta þessu ákvæði. Finnst honum ekki óeðlilegt að Orkustofnun gefi umsagnir um rannsóknir þar sem Orkustofnun sjálf er verktaki í rannsóknum? Síðan segir Verkfræðingafélag Íslands, með leyfi forseta:

„Við þetta skapast að mati félagsins óeðlileg hagsmunatengsl. Þá þykir líklegt að ýmsum aðilum sem kunna að leita eftir rannsóknum og auðlindum í jörðu muni þykja vænlegast að leita til Orkustofnunar með skipulagningu á rannsóknum og teldu það mundu greiða fyrir því að rannsóknarleyfi yrði veitt. Þykir hér einu gilda þó Orkustofnun hafi verið skipt upp í stjórnsýslusvið og rannsóknarsvið með sjálfstæðan fjárhag.

Til að fyrirbyggja misskilning skal skýrt tekið fram að Orkustofnun nýtur í senn fyllsta trausts og virðingar af hálfu Verkfræðingafélags Íslands. Ofangreint fyrirkomulag þykir hins vegar hvorki samrýmast góðum stjórnsýsluvenjum né almennum samkeppnissjónarmiðum."

Verkfræðingafélagið sendir frá sér ítarlega umsögn um einstakar greinar frv. Þar er fjallað um 2. gr. sérstaklega, þær skilgreiningar sem þar eru og ég mun koma nánar að á eftir. Ein spurningin sem Verkfræðingafélagið spyr er þessi, með leyfi forseta:

„Telst botn vatnsfalla, sem renna um eignarland, utan eignarlandsins og þá til þjóðlendna? Ef botninn telst til eignarlandsins er óeðlilegt að sleppa honum úr skilgreiningunni, þar sem hann er talinn með þeim svæðum, sem lögin ná yfir."

Í öðru lagi spyr Verkfræðingafélagið:

„Telst vatnsbotn utan netlaga, þ.e. miðsvæði stöðuvatna, vera landsvæði og þar með til þjóðlendna?"

Telst miðsvæði stöðuvatna, sem er utan netlaga, einskis manns land, einskis eign og þar með til þjóðlendna?

Þessi spurning kann að hljóma undarlega en ég tek eftir því t.d. að Landssamband veiðiréttareigenda skilur þetta svona, að í raun sé verið að breyta gömlu fyrirkomulagi í þessu efni í sambandi við vötn, stöðuvötn utan netlaga.

Verkfræðingafélagið spyr líka, með leyfi forseta:

„Eru til önnur lög sem fjalla um auðlindir á sjávarbotni utan netlaga? Það kemur skýrt fram að lögunum er ekki ætlað að ná yfir þetta svæði sem þó virðist full ástæða til þar sem mikil aukning hefur orðið á efnistöku í sjó."

Í þessu birtist það grundvallaratriði að hér er verið að vinna sig inn í lagasetningu á sviði sem flokkast undir brautryðjendastarf. Það verður því að segja eins og er, að allt sem lýtur að sjónum og sjávarbotninum er mikið álitamál, en í frv. stendur:

„Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga." Það er í rauninni, herra forseti, alveg ótrúleg eignatilfærsla í orðalaginu „í sjávarbotni". Eins og hv. þm. Ragnar Arnalds rakti í stórmerkri ræðu í dag, þá er nýtingarréttur ekki hið sama og óbeinn eignarréttur sem menn hafa getað notað innan netlaga eða eignarhald á því sem er undir sjávarbotninum.

Nú er það þannig að ef einhver borar eftir olíu og finnur hana í 100 m fjarlægð frá landi þá á hann ekki þá olíu. Jafnvel þó að það sé undan landi viðkomandi þá er það ekki þannig. Það er heldur ekki þannig ef um er að ræða námur, segjum í 100 m fjarlægð frá landi, þá er það ekki sjálfkrafa eign viðkomandi aðila þó að hann eigi nýtingarrétt á svæðinu. Þó að hann geti lagt þar net og veitt sel og fugl á svæðinu, þá á

hann ekki sjálfkrafa það sem er undir botninum. Með þessu er verið að gefa honum það.

Var það ekki fyrir nokkrum dögum að heitt vatn fannst á botni Eyjafjarðar? Ég man ekki betur en það væri skammt undan landi. Samkvæmt gildandi lögum og venju er það heita vatn eign þjóðarinnar. En samkvæmt þessu frv. verður það stórmerkilega fyrirbæri, sem voru þessar heitavatnsuppsprettur á botni Eyjafjarðar, eign einhvers, séu þær eru innan netlaga. Þar með er verið að breyta í grundvallaratriðum eignarréttarnálguninni í orðasambandinu „innan netlaga" sem allir hafa til þessa skilið þannig að snerist um óbeinan eignarrétt, nýtingarrétt, en ekki þannig að menn ættu allt sem væri undir sjávarbotninum, ekki bara spölkorn heldur inn að miðju jarðar eins og menn þekkja.

Verkfræðingafélagið fjallar ítarlega um mismuninn á orðunum jarðvarmi og jarðhiti með hliðsjón af 2. gr. frv. Í 2. gr. eru einmitt skilgreiningar á orðum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma."

„Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn."

Verkfræðingafélagið gerir athugasemdir við þetta og telur réttara að nota orðið jarðvarmi frekar en jarðhiti. Ég blanda mér ekki í það en þetta er sjónarmið Verkfræðingafélagsins sem hefur gjarnan eitthvað til síns máls í þessum fræðum.

Í athugasemd Verkfræðingafélagsins segir síðan, með leyfi forseta, um grunnvatn:

„Skilgreining frumvarpsins á grunnvatni stenst varla gæðastimpil fræðimanna. Hér er skilgreining eftir Sveinbjörn Björnsson, fyrrv. háskólarektor, sem birtist í grein eftir hann í Náttúrufræðingnum 50. ár, bls. 271–272, 1980:

„Í flestu bergi eru holrými og glufur fyllt með vatni skammt undir yfirborði jarðar. Þaðan er samfellt vatn niður á nokkurra kílómetra dýpi, þar til berglagaþungi og hár hiti verða til þess að öll holrými lokast og bergið verður vatnsþétt. Þetta vatn köllum við grunnvatn og yfirborð þess grunnvatnsborð."

Það er staðreynd, að alls staðar í heiminum fer hiti jarðlaga hækkandi með vaxandi dýpi. Á meginlöndunum utan eldivirkra svæða er þessi hitahækkun yfirleitt 10–50 gráður á kílómetra, en á Íslandi er hún víðast 100 gráður á kílómetra og enn hærri á háhitasvæðum. Grunnvatnið er við sama hita og jarðlögin, sem það er í, og því er hiti þess breytilegur og víða allmiklu hærri en meðallofthiti á staðnum."

Meiri hluti hv. iðnn. hefur bætt um betur og lagað skýringuna á grunnvatni en í brtt. meiri hluta nefndarinnar segir svo:

„Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess."

Þetta finnst mér vera góð skilgreining hjá hv. meiri hluta iðnn. og tel hana prýðilega. En þá vil ég spyrja hv. varaformann iðnn.: En hvað með nýtingu linda? Hér er mjög skýrt ákvæði um nýtingu á þeirri auðlind í jörðu sem er grunnvatn en hvað með nýtingu linda í þessu samhengi þegar um er að ræða yfirborðslindir? Með hvaða hætti skilgreinast þær þá? Fróðlegt væri að fá viðhorf hv. varaformanns iðnn. til þess en að því er fundið í umsögninni að það vantaði aðeins útskýringu á muninum á orðinu lind annars vegar og orðinu grunnvatn hins vegar.

Í umsögn Verkfræðingafélagsins, herra forseti, segir svo:

„Samkvæmt III. kafla frumvarpsins er ráðherra heimilt að gefa út rannsóknarleyfi til rannsókna á bæði eignarlöndum og þjóðlendum og skiptir þá ekki máli hvort landeigandi hefur hafið rannsókn eða heimilað hana. Sá sem fær rannsóknarleyfi hjá ráðherra fær einkaleyfi á rannsókn viðkomandi lands. Landeigandi, sem samkvæmt frv. þarf ekki rannsóknarleyfi, hefur ekki einkaleyfi á rannsókn á landi sínu. Þetta þýðir að landeigandi hefur ekki sama rétt og rannsóknarleyfishafi til rannsóknar á eigin landi nema landeigandi sæki um rannsóknarleyfi vegna eigin lands."

Verkfræðingafélagið gerir athugsemd við 4. gr. eins og hún er og mótmælir því sérstaklega að unnt skuli vera að fá rannsóknarleyfi án þess að umhverfismat sé gefið út áður og þar kemur einmitt þetta ákvæði um lindirnar sem ég var að tala um áðan. Samkvæmt skilgreiningu frv. falla lindir fyrir utan ákvæði frv. og Verkfræðingafélagið segir: „Slíkt getur varla talist eðlilegt." Ég vil spyrja hv. varaformann iðnn. hverju það sætir að ekki er tekið mark á þessari ábendingu Verkfræðingafélagsins. Hún er alveg skýr. Verkfræðingafélagið telur að það ætti að skilgreina lindarvatn sérstaklega í 2. gr. frv.

Í umsögn Verkfræðingafélagsins er fjallað sérstaklega um 18. gr. og ég ætla að lesa það, herra forseti. — Er annars nokkuð nýtt að frétta af leitinni?

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að leitin hefur borið árangur og býst við að hæstv. umhvrh. verði hér í húsi innan skamms.)

Ræðumaður vill sérstaklega þakka hæstv. forseta fyrir snaggaraleg viðbrögð og fær vonandi skýrslu um það fljótlega hvort auglýst hafi verið eftir ráðherranum í hljóðvarpi og sagt frá því hvernig hann var klæddur og hvar hann var síðast.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa að ekkert slíkt átti sér stað.)

Herra forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir þetta. Ég mun jafnframt engu að síður leita eftir nánari lýsingu á þessari fróðlegu leit þegar ég hef losnað úr þessum ræðustól.

Verkfræðingafélag Íslands segir svo á bls. 4 í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Í 18. gr. er talið upp hvað eigi að tilgreina í rannsóknar- og nýtingarleyfi. Við þetta mætti gera allmargar athugasemdir en eftirfarandi eru látnar nægja.

Farið er fram á að samþykktir félaga skulu viðurkenndar af ráðherra. Hvaða samþykktir er um að ræða og hvernig á að fá viðurkenningu ráðherra? Þetta ákvæði þarfnast nánari skýringa eða falli út.

Farið er fram á að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum. Þetta hlýtur að stangast á við byggingar- og skipulagslög."

Satt að segja er fljótaskriftin alveg ótrúlegt á þessu frv. Það er gert ráð fyrir að Orkustofnun samþykki mannvirki. Eru ekki í gildi byggingarlög og skipulagslög eða hvað? Ég vissi ekki til þess að Orkustofnun hefði með skipulags- og byggingarmál að gera. Það er mjög fróðlegt. En þetta er eitt af því sem fram kemur í þessu frv.

Það er alveg ótrúlega mikið af svona vitleysum sem menn hafa ekki einu sinni nennt að lesa saman við önnur lög í landinu. Verkfræðingafélagið bendir á að farið sé fram á það í frv. að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum. Það er vel meðan Orkustofnun er bara ekki látin yfirtaka þetta allt eins og það leggur sig, rannsóknir, nýtingu og helst framkvæmdir líka, úr því að hún á að samþykkja teikningar. Svo á hún að veita umsögn um sínar eigin rannsóknir. Það er alveg fáheyrður lúxus verð ég að segja. Það hlýtur að stangast á við byggingarlög þegar gert er ráð fyrir því Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum, eins og segir í 18. gr. frv., herra forseti. Ég sé ekki að það sé verið að breyta því neitt. Í 18. gr. stendur í tölul. 5:

„Í rannsóknar- og eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina: ...

Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum."

Ef ég væri svo heppinn að hafa þó ekki væri nema 10% af ríkisstjórninni í salnum, þá mundi ég spyrja hvað þetta þýðir. Það er afar sérkennilegt að Orkustofnun skuli þurfa að samþykkja frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.

Í umsögn Verkfræðingafélagsins er fjallað um IX. kafla frv., um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf og meðferð upplýsinga. Þar segir:

„Í grein 22 kemur fram að rannsóknar- eða nýtingarleyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna og upplýsingar um eðli og magn auðlinda o.s.frv.

Í grein 23 kemur fram að að loknum gildistíma rannsóknar- og nýtingarleyfa getur Orkustofnun látið umræddar upplýsingar í té eða nýtt þær í þágu frekari leyfisveitinga.

Hér er verið að skylda leyfishafa til þess að afhenda upplýsingar sem ætla má að hafi verið aflað með ærnum tilkostnaði og séu forsendur fyrir markaðssókn og -stöðu leyfishafa. Telja verður ákvæði 22. og 23. gr. með öllu óeðlileg. Í raun er verið að taka eignarnámi fjárfestingu leyfishafa í rannsóknum og þessir aðilar geta búist við því að samkeppnisaðilum séu afhentar þessar upplýsingar. Það er a.m.k. ekkert í frv. sem stöðvar slíka notkun upplýsinga.

Þessi ákvæði hljóta að draga verulega úr áhuga á rannsóknum á auðlindum í jörðu. T.d. hefur undanfarin á verið stunduð gullleit hér á landi. Þessar rannsóknir hafa verið fjármagnaðar a.m.k. að hluta af erlendum aðilum. Það er ákaflega ólíklegt að slíkir aðilar fengjust til að fjármagna rannsóknir hérlendis ef frv. þetta verður að lögum með ákvæðum 22. og 23. gr."

Nú vil ég spyrja hæstv. iðnrh., ef hann má vera að því að hlusta, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því að þetta gæti stöðvað gullleit þá sem staðið hefur yfir á Íslandi nú um skeið. Það stendur hér í umsögn Verkfræðingafélags Íslands.

Ég ætlaði sérstaklega að spyrja hæstv. ráðherra að því sem hann missti af áðan, að í frv. er gert ráð fyrir því — ég held það verði að laga þetta — að Orkustofnun fari yfir og samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum. Þetta getur ekki verið endanleg samþykkt vegna þess að það hlýtur að vera þannig að skipulags- og byggingaryfirvöld samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum. Þetta er í 5. tölul. 18. gr. Þetta held ég að verði að laga. Ég held þetta gangi ekki, herra forseti, eins og þetta er. Mér finnst þetta sýna, eins og fleira sem ég hef rakið, að textinn er ekki vandaður. Hann er ekki smásmugulega yfirlesinn eða borinn saman við önnur lög.

Í lok umsagnar Verkfræðingafélags Íslands segir svo, með leyfi forseta:

„Með frv. eru komin fram íþyngjandi ákvæði fyrir fyrirtæki sem kynnu að hafa áhuga á að nýta auðlindir í jörðu. Fyrirtæki sem sækja um rannsóknar- eða nýtingarleyfi verða að greiða kostnað vegna rannsókna Orkustofnunar og ráðuneytis á þeim gögnum sem lögð eru fram með umsókn með leyfinu, án þess að geta nokkru ráðið um umfang þessara athugana hinna opinberu aðila. Frv. kveður því á um aukna skattheimtu vegna leyfisveitinga."

Ég vitna enn í umsögn Verkfræðingafélags Íslands:

„Á undanförnum árum hefur það verið stefna stjórnvalda að draga úr opinberum afskiptum af atvinnulífi. Talið er að frv. vinni gegn þessum markmiðum og auki skrifræði og opinbera forsjá. Þá er talið að ákvæði frv. geti dregið úr áhuga á því að rannasaka auðlindir í jörðu.

Við teljum nauðsynlegt í þessu sambandi að leggja sérstaka áherslu á tvö atriði:

1. Orkustofnun fær víðtækt hlutverk samkvæmt frv. og getur í raun stjórnað öllum rannsóknum á auðlindum í jörðu á landinu með skilyrðum í rannsóknar- og nýtingarleyfum.

2. Meðferð rannsóknarniðurstaðna og upplýsingaskylda er með þeim hætti í frv. að telja verður slíkt með öllu óeðlilegt."

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að út af fyrir sig er ýmislegt í þessari umsögn Verkfræðingafélagsins sem ég get ekki skrifað upp á. Ég tel það þó nokkuð bíræfið af stjórnarmeirihlutanum að ganga frá brtt. við frv. án þess að taka mark á einu einasta atriði úr þessari umsögn Verkfræðingafélagsins. Það sem mér finnst verst í þeim efnum er það sem fer inn á svið skipulags- og byggingarlaga. Mér finnst líka slæmt sem hér kemur fram, að samkvæmt frv., eins og segir hér í umsögninni að Orkustofnun verði að gefa umsagnir um rannsóknir þar sem Orkustofnun sjálf er verktaki í rannsóknum. Við þetta skapast að mati Verkfræðingafélagsins óeðlileg hagsmunatengsl.

Þetta er atriði sem má laga. Það þarf ekkert að liggja lengi yfir málinu til þess.

Mér sýnist veruleg tregða á því að niðurstöður leitarinnar birtist hér í salnum og vík ég þá, meðan ég bíð, að ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa að það eru tíu til tólf mínútur þar til umhvrh. kemur í hús.)

Það er spurning hvort það væri þá ekki rétt að gera hlé, að þingmaðurinn gerði hlé á ræðu sinni á meðan beðið eftir ráðherranum. Tíu til tólf mínútur er ekki langur tími. Ég vil benda forseta á að það gæti verið snjall leikur í stöðunni að gera hlé á ræðunni á meðan beðið er eftir hæstv. umhvrh.

(**Forseti** (GÁ)**:** Það getur líka verið nokkuð snjallt, þar sem forseti veit að hv. þm. ætlar að koma víða við, að halda ræðunni áfram og fara inn í aðra kafla á meðan.)

(**SighB:** Það er erfitt að lesa endinn þar sem miðkaflinn á að vera.) Ég segi nú ekki að þetta sé þannig uppbyggt listaverk samkvæmt ströngustu kröfum um miðkafla, endi, hnígandi og stígandi að það sé ekki hægt að taka eitt og annað innan úr því og skoða það. Mér finnst það samt sem áður óþægilegt að þurfa að halda áfram án þess að hæstv. ráðherra sé kominn. Aðalhluti ræðu minnar, sem eftir er, fjallar sérstaklega um umhverfismálin en þau eru annar alvarlegasti þáttur frv. Þau eru mjög ljót í þessu frv.

Úr því að forseti hæstv. hefur þetta yndi af því að hlusta á ræður mínar, sem mér þykir vænt um, þá mun ég halda áfram um sinn. (**KHG:** Það vantar alveg Sjálfstfl.) Það er bent á það héðan úr salnum, herra forseti, að það vanti Sjálfstfl. Ég sakna hans nú yfirleitt ekki. Ég verð að segja það alveg eins og er, en ... (**SJS:** Hann þarf ekki að vera hérna, Framsókn sér um þetta.) Mér finnst þetta nú ekki alveg sanngjarnt frammíkall, verð ég að segja, því að Framsfl. á marga góða menn, samvinnumenn þar sem slær hlýtt félagshyggjuhjarta, alveg örugglega. En hvar er Sjálfstfl.? Hefur hann verið lagður niður? (**Gripið fram í:** Það þarf að leita að honum.) Spurning hvort það væri hægt að senda kannski sama (**KHG:** Hann er hættur á þingi.) leitarflokk eftir honum. Kannski þeir séu að kjósa utan kjörfundar. (**SighB:** Hann er að starfa á internetinu.)

(**Forseti** (GÁ): Forseti biður um hljóð í þingsal.)

Það er alveg óþarfi, herra forseti, ég hef bara gaman af að spjalla við þingmenn meðan ég bíð eftir hæstv. ráðherra. Það er alveg guðvelkomið að taka þátt í þessari uppbyggilegu umræðu hér og mér finnst þetta fróðleg ábending með internetið. (**KHG:** Mér finnst þetta móðgun við Sjálfstfl. að halda áfram þingfundi án hans.) Mér er nú það svo sem ekkert á móti skapi að móðga Sjálfstfl. en það er kannski leiðinlegt fyrir hæstv. ... — Kemur nú Sjálfstfl. sjálfur, góðan daginn. Já. Sjálfstfl. er boðinn velkominn í salinn. Ég kann ekki við að taka í höndina á hæstv. forsrh. hér úr stólnum en það liggur við að ég geri það, þetta eru svo mikil tímamót í sögu Alþingis að hann er mættur hér, Sjálfstfl.

Það fer vel á því, herra forseti. Hér hefur Framsfl. átt mjög í vök að verjast vegna þess að hann er hér að framkvæma stefnu Sjálfstfl. og á erfitt með að rökstyðja af hverju hann gerir það. Ég er því alveg viss um það að hæstv. forsrh. er tilbúinn til þess nú, eins og stundum áður, að veita hæstv. iðnrh. hjálp. Því að það hefur komið í ljós að hæstv. forsrh. kann að rétta fram fumlausa hjálparhönd þegar mikið liggur við, eins og þjóðin þekkir í ýmsum málum sem hér hafa verið uppi í seinni tíð.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu segir svo, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. ASÍ lítur á frv. sem hluta af því lagaumhverfi sem nú er í mótun varðandi eignarhald, stjórnun, nýtingu og skiptingu afraksturs af náttúru Íslands og náttúruauðlindum.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnytjum eða náttúruauðlindum, verður að setja eðlileg mörk. Óeðlilegt er að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildir til nýtingar eða afnota.

Þetta viðhorf hefur raunar ævinlega verið viðurkennt almennt viðmið í íslensku samfélagi. Þannig eru eignarráðum einstaklinga ýmis takmörk sett, sem byggja að nokkru leyti á náttúruverndarsjónarmiðum, að nokkru á tilliti til almannahagsmuna og varða skipulega og skynsamlega nýtingu landgæða. Um takmörkun eignarráða á forsendum sem þessum hefur ekki verið deilt í grundvallaratriðum á liðnum áratugum. Í ljósi þessa telur ASÍ sæta furðu sú fyrirætlan sem fram kemur í frv. að áskilja landeigendum svo ríkan og ótakmarkaðn eignarrétt að auðlindum í jörðu sem raun ber vitni.

ASÍ er ósammála þeirri skoðun sem fram kemur í greinargerð að það kunni að orka tvímælis með tilliti til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár að setja almennar og rýmilegar skorður við einkaeignarrétti að auðlindum í jörðu á eignarlandi. ASÍ vísar í því sambandi til þess að efasemdir í þessa veru virðast ekki hafa verið uppi fram að þessu meðal helstu sérfræðinga þjóðarinnar á sviði eignarréttar og stjórnskipunarréttar.

Frumvarpið er að mati ASÍ tæknilega vönduð lagasmíð sem á ýmsan hátt skýrir og afmarkar inntak heimilda til nýtingar auðlinda í jörðu. ASÍ telur að tvímælalaust sé ástæða til að setja löggjöf um þetta efni og að það sé vonum seinna að Alþingi taki af vafa um réttindi til auðlinda í jörðu og eignarhald þeirra.

ASÍ verður á hinn bóginn að andmæla þeirri afstöðu til umfangs eignarhalds einstaklinga sem frv. byggir á og telur að sú afstaða sé ekki í samræmi við þá stefnu sem frumvarp ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur byggir á.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frv. en hvetur til þess að frv. verði endurskoðað þannig að um lagasetningu um eignarhald og nýtingu landsins gæða geti orðið sátt sem þjóðin getur búið við til frambúðar. ASÍ telur að þetta frumvarp bjóði ekki upp á slíka sátt. Óheppilegt væri ef málið yrði pólitískt bitbein þannig að líkur væru til þess að innan skamms tíma yrðu gerðar breytingar á lagaumhverfinu. Slíkt er ekki til þess fallið að skapa þá kyrrð og staðfestu sem þjóðin og atvinnulífið þarf á að halda að ríki um málið."

Undir þetta ritar fyrir hönd Alþýðusambandsins Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að hér er um að ræða umsögn stærstu samtaka launafólks í landinu. Þau mótmæla þessum eignatilfærslum sem frv. gerir ráð fyrir, upp á marga tugi milljarða króna. Það er enginn vafi á því að þetta er langmesta eignatilfærsla sem gerð hefur verið tillaga um hér í þessari stofnun. Það er engin spurning um það. Ég viðurkenni að vísu að það er erfitt að festa fingur á því hve mikið þetta er nákvæmlega en ég er viss um að hérna er um að ræða eignatilfærslu upp á marga milljarðatugi.

Hv. þm. Ragnar Arnalds rakti það mjög rækilega fyrr í dag að þessi ákvörðun, um að gera þetta allt að einkaeign, brýtur í bága við sögulega niðurstöðu laga og reglna á Íslandi í margar aldir.

Hv. þm. vitnaði í Jónsbók máli sínu til stuðnings, í grein og bók Odds biskups Einarssonar frá 1593, í Jarðabók Eggerts og Bjarna. Þetta sýndi það algerlega ótvírætt að það hefur alltaf verið litið þannig á að jarðhiti væri almenningseign. Alltaf.

Ég rakti það áðan, herra forseti, upp úr frv. okkar alþýðubandalagsmanna, að í öðrum löndum, t.d. í því sæla Nýja-Sjálandi sem menn eru misjafnlega hrifnir af, t.d. er hv. 17. þm. Reykv. ekki mjög hrifinn af Nýja-Sjálandi, er það þó þannig að jarðhitinn er almenningseign og hefur verið það frá því að lög voru sett 1953. Þau voru sett án þess að sérstakar bætur kæmu fyrir þetta.

Mér finnst einnig athyglisvert, og vænt um að hafa hér hæstv. forsrh., vegna þess að hér segir að frv. sé ekki í samræmi við þá stefnu sem frv. ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur byggir á. Þetta finnst mér fróðlegt viðhorf. Nú ætla ég að ræða það í örfáum setningum.

Þjóðlendufrv. byggist á því að það séu þjóðlendur sem enginn hafi sannanlega getað komið eignarhaldi á til þessa. Ég tel að það sé eins með verðmætin í iðrum jarðar. Ég tel

að það sé nákvæmlega eins og með þjóðlendurnar. Það eru engin rök fyrir því að halda því fram að öll verðmætin ofan í iðrum jarðar, hvar sem þau kunni að vera, hljóti að tilheyra landeigandanum. Ég held að það sé þvert á móti hægt að halda því fram að þau tilheyri engum. Þess vegna væri eðlilegra að þau væru þjóðareign, þjóðlenda eða þjóðarauðlind eða hvað það nú er.

Mér finnst þetta sjónarmið í umsögn Alþýðusambands Íslands mjög athyglisvert og spyr hæstv. forsrh. að því, af því að hann er lögfróður og þekkir þessi mál, hvort menn hafi ekki velt því fyrir sér hvort í þessu frv. um auðlindir sé ekki gengið allt of langt í því að afhenda landeigendum allt sem kann að finnast undir landi viðkomandi. Án tillits til ástæðu viðkomandi til að eignast landið, hvort það er til beitar, til að byggja sér sumarhús, rækta tún eða hvað það nú er, skal það fortakslaust vera þannig, eins og það er eftir þessu frv., að menn geti borað niður, án þess að það sé nú tilgreint hvort það á að bora beint eða á ská, og hvort það á að fylgja möndulhalla jarðar eða hvað það nú er, og það sem upp komi sé alltaf eign þess sem borar. Þetta er afar sérkennileg latína. (**SighB:** Nema öðrum stafi skaði af.) Nema öðrum stafi skaði af. En hver metur það? Þú sjálfur, ef þú ert á bornum. Þannig er veruleikinn.

Ég hefði viljað biðja hæstv. forsrh. sem lögfræðing að fara aðeins yfir þetta mál. (**KHG:** En ef þeir bora á ská?) Ja, ef þeir bora á ská að þá gætu þeir nefnilega lent undir land einhverra annarra. Kannski bara í útlöndum ef þeir bora nógu langt. Eigum við það þá? Það sjá það allir að þetta stenst ekki, herra forseti. Þetta stríðir gegn öllu sem heitir heilbrigð skynsemi, ég tala nú ekki um réttlætiskennd ef einhver skyldi hafa hana. Það er ekki mikið um hana í seinni tíð eða alla vega er henni ekki flíkað mjög mikið.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. umhvrh. fyrir að hafa gefið sér tíma til að koma í salinn og bið hann að afsaka það að ég skyldi raska ró hans ef hann hefur verið að gegna mikilvægum verkum sem hann hefur sjálfsagt verið að gera. En ég þurfti að bera fyrir hann nokkrar spurningar.

Það var sérstaklega og í fyrsta lagi það almenna atriði sem ég vil halda hérna fram, herra forseti, sem er þetta: Ég tel að það sé farið illa með umhvrn. í þessu frv. og umhverfisstofnununum sé bara hent út þar sem þær ættu að vera og ég held að það geti ekki verið að umhvrn. hafi nokkurn tíma séð þetta frv. áður en það var flutt vegna þess að mér finnst að það sé farið svo illa með umhvrn. og gert allt of lítið úr því. Ég ætla að rekja dæmi.

Ég ætla í fyrsta lagi að rekja dæmi um það sem ég nefni hérna áðan varðandi örverurnar. Það kemur allt í einu, herra forseti, brtt. inn í hv. iðnn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum."

Hér er sem sagt iðnrh. látinn hafa þetta algerlega. Nú kannast ég aðeins við þá umræðu sem oft hefur verið í gangi að það er spurning hvort umhvrn. á að fjalla um nýtingu, hvort það sé ekki frekar eitthvert annað ráðuneyti og það er mín skoðun að það eigi að vera þannig, þ.e. að sjútvn. eigi t.d. frekar að fjalla um nýtingu fisks o.s.frv. og þess vegna sé eðlilegt að iðnrn. sé með þessi mál. Ég er sammála því. Hins vegar er það svo að þessar örverur eru mjög mikilvægur þáttur af náttúrunni. Þær eru hluti af hinni lífrænu náttúru og þess vegna tel ég að eðlilegra væri að þessi auðlind, þessar örverur væru í sérstökum lögum sem fjallaði um nýtingu á hinni lífrænu náttúru, hinum lífrænu auðlindum, en væru ekki í frv. sem fjallar um það sem kallað er oft ólífræn náttúra.

Þegar við vorum að ræða þetta mál í hv. iðnn. komu fram mjög mörg sérkennileg sjónarmið. En það sem skiptir máli í þessu er að þeir sem nýta þessar örverur og aðallega hitakærar örverur sem hér er verið að fjalla um og verið er að verjast ásókn í, taka erfðaefnið úr örverunum. Einn af talsmönnum umhvrn. að ég tel, ég man ekki alveg hver það var, sagði í nefndinni: „Erfðaefnið sem slíkt er ekki lifandi og þess vegna á þetta heima hér." Ég lagði það á vini mína sem starfa í þessari grein að bera þetta undir þá um kvöldið með nokkrum símtölum og þeir eiginlega vefengdu það að þetta hefði verið sagt því að auðvitað hlyti erfðaefnið sem slíkt að vera hluti af hinni lifandi náttúru. Þess vegna er það skoðun mín að þörf væri á heildarlöggjöf um hina lífrænu auðlind og þessi kafli hér ætti náttúrlega ekki að vera í þessu frv. heldur ættu þetta að vera sérlög. Ég hefði viljað hafa sérlög um örverurnar. Síðan hefði ég viljað breyta greininni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra."

Ég hefði sagt: Leyfi samkvæmt þessari grein getur iðnrh. veitt að fengnu samþykki umhvrh. Þetta er þannig. Þetta er allt öðruvísi en þegar um er að ræða aðra nýtingarþætti í náttúrunni. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann telji ekki þörf á því að breyta þessu og fleiru í frv. frá því sem það lítur út núna. Það mun hafa komið fram í framsöguræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar fyrr í dag að hann teldi óhjákvæmilegt að málið færi aftur inn í iðnn. og ég vona að það sé til þess að líta á mál af þessu tagi.

En því miður er ekki allt búið enn, herra forseti, í sambandi við þessa hluti vegna þess að í umsögnum ýmissa aðila á sviði umhvrn. eru ansi alvarlegar áminningar. Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar sem okkur barst í nefndinni og er dagsett 19. mars 1998 segir svo, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur að brýnt sé orðið að endurskoða gildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu. Stofnunin mælir ekki með samþykkt þessa frv. nema á því séu gerðar verulegar breytingar sem taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í umhverfisvernd og fyrirliggjandi áætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli nefndarinnar á því að ekkert tillit virðist vera tekið til skuldbindinga sem felast í alþjóðlegum samningum um vernd umhverfis og Ísland hefur staðfest á undanförnum árum." — Ekkert, segir Náttúrufræðistofnun. — „Ekki virðist heldur hafa verið tekið tillit til gildandi laga sem lúta að verndun og nýtingu náttúruauðlinda, svo sem laga nr. 63/1993, laga nr. 60/1992, laga nr. 93/1996 og laga nr. 73/1997.

Við gerð þessa frv. hefur heldur ekki verið tekið tillit til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi (framkvæmdaáætlun til aldamóta)."

Í þeirri áætlun segir m.a. svo í tilvitnun Náttúrufræðistofnunar Íslands, með leyfi forseta:

„„Lög um vinnslu jarðefna verði endurskoðuð og samræmd þannig að þau stuðli að aðhaldi í nýtingu þessarar takmörkuðu og endanlegu auðlindar og því að nýtingin sé í anda meginreglna um sjálfbæra þróun. M.a. verði kveðið á um að kortleggja skuli jarðefni. Flokka þarf námusvæði eftir efni, magni, aðgengi og gæðum efnis. Gerð verði rammaáætlun

til langs tíma um nýtingu jarðefna á einstökum landsvæðum í samvinnu við sveitarfélög og eigendur náma."

Ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þessa atriðis við gerð frv. né annarra atriða framkvæmdaáætlunarinnar sem varða meðferð jarðefna.

Loks vill Náttúrufræðistofnun vekja athygli nefndarinnar á því að í frv. þessu er verið að fela Orkustofnun verkefni sem eru nú á verksviði annarra stofnana samkvæmt gildandi lögum."

Er það nema von að ég spyrji hæstv. umhvrh.: Hvað segir hann um þessa umsögn? Hér er mjög sterkt til orða tekið. Telur hann ekki óhjákvæmilegt með hliðsjón af þessari umsögn Náttúrufræðistofnunar að breyta frv. enn meira en meiri hluti iðnn. gerir ráð fyrir?

Fyrir utan þessi almennu atriði, herra forseti, þá nefnir Náttúrufræðistofnun sérstaklega 1. gr. frv. og segir að hana þurfi að glöggva. Vikið er sérstaklega að 4. gr. frv. og þar segir t.d. svo, með leyfi forseta:

„Í 4. gr. frv. er hvorki kveðið á um aðkomu umhvrn. né Náttúrufræðistofnunar að rannsóknum eða mati á auðlindum í jörðu. Nauðsynlegt er að skilgreina með einhverjum hætti hver hlutur opinberra rannsóknarstofnana eigi að vera í skráningu og mati á auðlindum í jörðu og hvaða aðili eigi að meta verndargildi og nýtingarþol þeirra auðlinda."

„Taka ætti tillit til laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, sem kveða m.a. á um skyldur Náttúruverndar ríkisins til eftirlits með framkvæmdum sem geta haft í för með sér náttúruspjöll.

Einnig ætti iðnrh. að leita álits Náttúrufræðistofnunar áður en leyfi er veitt til rannsókna eða leitar á auðlindum í jörðu."

Um 5. gr. segir Náttúrufræðistofnun, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að í rannsóknarleyfi fylgi skilmálar sem miðast við að takmarka eða koma í veg fyrir náttúruspjöll. Slíkir skilmálar ættu að vera settir samkvæmt ákvörðun Náttúruverndar ríkisins eða umhvrh.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. frv. skal leita umsagnar Orkustofnunar áður en leyfi er veitt til rannsókna. Einnig ætti að leita umsagna frá Náttúrufræðistofnun og Náttúruvernd ríkisins."

Þetta segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og ég vil bera þessar athugasemdir bæði sértækt og almennt undir hæstv. ráðherra umhverfismála.

Mér finnst líka, herra forseti, nauðsynlegt að vekja athygli á 8. gr. sem fjallar um hagnýtingu á grjóti, möl, leir, mó og surtarbrandi en það vantar algerlega ákvæði um verndun og nýtingu þessara jarðefna, að það fari saman. Það er gagnrýnt.

10. gr. er sérstaklega gagnrýnd. Þar er ekki gert ráð fyrir verndarþætti eða skilyrðum vegna hans. 14. gr. er gagnrýnd og 21. gr., þar sem minnt er á eftirlitshlutverk Náttúruverndar ríkisins. 22. gr. og 23. gr. eru sérstaklega nefndar og undir þetta ritar forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jón Gunnar Ottósson.

Þetta er afar eindregin gagnrýni á frv. og það er beinlínis varað við því að það verði samþykkt.

Skipulagsstofnun ríkisins sem heyrir líka undir umhvrh. fjallar um þetta og hún segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdir samkvæmt frv., t.d. vinnsla jarðefna, vatnsorkuvirkjanir og jarðvarmavirkjanir, geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, og telur eðlilegt að þess sé getið."

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála því. Telur hann ekki eðlilegt að vísað sé til laganna um mat á umhverfisáhrifum í frv. einhvers staðar? Mér finnst að óhjákvæmilegt sé að gera það.

„Einnig að framkvæmdir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ... og að þær geti verið framkvæmdaleyfisskyldar samkvæmt 27. gr. sömu laga."

Alla vega er ég alveg viss um að hæstv. ráðherra er sammála mér um að það er óeðlilegt að Orkustofnun þurfi að samþykkja frumdrætti fyrirhugaðra mannvirkja. Það á að gerast samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og það getur enginn gert nema viðkomandi sveitarfélög eins og við fórum í gegnum umræður um á dögunum.

Ég vil líka, herra forseti, vitna sérstaklega í Náttúruvernd ríkisins sem er þriðja stofnun hæstv. umhvrh. sem fer mjög hörðum orðum um þetta frv. Ég hlýt að spyrja ráðherrann hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að stofnanirnar séu svona gífurlega ósáttar við frv. Í þessari umsögn frá Náttúruvernd ríkisins segir svo, með leyfi forseta:

„Skynsamleg nýting náttúruauðlinda í nútíð og framtíð er eitt höfuðmarkmiða náttúruverndar. Núgildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu eru að stofni til frá 1967 og 1973 og því löngu orðið tímabært að endurskoða þau. Um leið má gera ráð fyrir því að ný lög taki mið af aðstæðum og viðhorfum nútímans, þar með talið varðandi sjálfbæra þróun, skynsamlega nýtingu og náttúruvernd. Náttúruvernd ríkisins telur að ofangreint frumvarp uppfylli ekki þessi skilyrði. Frumvarpið stangast einnig á við veigamikil og mörg atriði í framkvæmdaáætlun umhvrn., Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, sem samþykkt var af ríkisstjórninni í febrúar 1997.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að hvergi í frumvarpinu né í greinargerð er minnst á náttúruvernd eða skilgreind atriði sem lúta að verndun umhverfis og náttúru, eingöngu eru lögð fyrir óljós ummæli um einhvers konar umhverfisvernd. Veitingu leyfa og eftirlit með vinnslusvæðum er eingöngu beint að nýtingu auðlindanna.

Náttúruvernd ríkisins telur að endurskoða beri grundvallaratriði frv. og er stofnunin reiðubúin að veita aðstoð sína við það. Nánari útfærsla á helstu athugasemdum fylgir hér á eftir, flokkuð eðli máls og kaflaskiptingu í frv."

Náttúruvernd ríkisins vill sem sagt ekki þetta frv. Nú var verið að breyta Náttúruvernd ríkisins fyrir tveimur árum eða svo. Það voru ansi líflegar umræður í lokin og vöktu mikla athygli í þjóðfélaginu. Ræðuhöld vöktu mikla athygli hér í lok þings. Það var í maí þegar margt gott gerist í þessari stofnun. Þá gagnrýndi, minnir mig, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, af því að ég sé að hún stendur hér, og e.t.v. fleiri það að verið væri að gera Náttúruvernd ríkisins að dálitlu tæki háðara ráðherranum en var í eldri lögum. Þó að það sé þannig, þá gagnrýnir þessi stofnun þetta svona hart.

Þetta er einna líkast því, herra forseti, og ef t.d. Seðlabankinn gagnrýndi mjög harkalega stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Það er einna líkast því eða þá að stofnanir á öðrum sviðum, segjum t.d. Háskóli Íslands, gæfi út eindregna gagnrýni á stefnu menntmrn. í háskólamálum í heild. Ég verð að segja það alveg eins og er svo ég vitni í frægar Morgunblaðsgreinar seinni tímans að í mér er slíkt merarhjarta að mér leiðist að hamast svona á hæstv. umhvrh. En það er svakalega mikið af þessu hérna.

Náttúruvernd ríkisins tekur fyrir gildissviðið, veitingu rannsóknarleyfa og hún gerir brtt. við eiginlega allar greinarnar í frv., veitingu nýtingarleyfa, nýtingu lausra jarðefna

sérstaklega og eftirlit með vinnslusvæðum. Og svo býðst Náttúruvernd ríkisins til þess að hjálpa til við að laga málið og það er náttúrlega gott. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann vilji ekki taka því tilboði og hvort ekki væri þá betra að hinkra með málið. Ég held að það ætti að hinkra með þetta mál. Ég tel að Alþingi sé búið að vinna mikið afrek þegar þjóðlendumálið verður að lögum. Það er gott mál. Síðan ætti bara að byggja ofan á því ýmis mál, eins og t.d. þetta, eignarhald á auðlindum í jörðu. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn ræður.) Því að eins og ég hef rakið hérna þá eru tæknilegar missmíðar á málinu. Það eru villur í frv. Villur eins og það að Orkustofnun samþykki frumdrætti fyrirhugaðra mannvirkja, sem heyrir þó undir sveitarfélög. Hverjir voru hérna að rótast fyrir sveitarfélögin fyrir nokkrum dögum? Ekki var það nú ég. Það voru einhverjir aðrir. En nú á allt í einu að taka frá þessum sveitarfélögum og afhenda Orkustofnun. Það finnst mér ekki skynsamlegt. (**Gripið fram í:** Nei, ekki mér heldur.) Og ekki heldur hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, og þar með er það rétt sem við segjum báðir.

Herra forseti. Ég vil einnig víkja að örfáum atriðum í viðbót, þ.e. frá Félagi landfræðinga sem er með ágæta umsögn sem hv. 13. þm. Reykv. kynnti. Félag landfræðinga segir, með leyfi forseta:

„Félag landfræðinga telur orka tvímælis að skilgreina allar auðlindir í jörðu sem einkaeign með jafnfortakslausum hætti og gert er í 3. gr. frv., þ.e. á landi sem ekki er skilgreint sem þjóðlendur. Þetta á einkum við um djúphita í jörðu, sem og auðlindir sem ekki hafa fundist í neinu magni hérlendis og engin hefð er fyrir nýtingu á, hvað sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þar má nefna olíu og gas. Um þetta hefur of lítil umræða farið fram til að verjandi sé að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Félagið gerir einnig athugasemd við að ekki virðist gæta jafnvægis milli nýtingarsjónarmiða og sjónarmiða umhverfisverndar. Nefna má sem dæmi að í 8. gr. eru yfirborðsnámur til nýtingar á margs konar jarðefnum heimilaðar á landi í einkaeign án þess að til þess þurfi nýtingarleyfi, án nokkurra skilyrða um umgengni eða frágang, og án þess að vísað sé til ákvæða annarra laga um þau efni. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að umhverfisvernd eru fá og afar almennt orðuð. Þar má nefna 17. gr., þar sem veiting nýtingarleyfis er skilyrt því að „tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða." Vald til að veita nýtingarleyfi, að uppfylltum þessum skilyrðum ásamt öðrum, er sett í hendur iðnaðarráðherra. Ekki er að finna neinn skýran farveg í frumvarpinu fyrir faglega umfjöllun um áhrif nýtingar á umhverfi."

Þetta var Félag landfræðinga. Ég ætla í sjálfu sér ekki að lesa margar fleiri umsagnir á sviði umhvrh. En það er alveg augljóst mál, herra forseti, að mjög alvarlegar athugasemdir eru gerðar við málið af öllum þeim aðilum sem starfa á sviði umhvrn. og sendu inn umsagnir um þetta mál.

Síðan er hér fjöldi af öðrum umsögnum sem ég ætla ekki að taka tíma í að fara yfir vegna þess að ég hef komið því á framfæri sem eru aðalatriði hjá mér. Ég vísa einnig til mjög ítarlegra umsagna Orkustofnunar sem ég vil taka fram að ég er að mörgu leyti sammála og ég sé að tekið hefur verið tillit til sumra þeirra, m.a. varðandi 10. gr. Ég ætla aðeins að víkja að henni einni úr þessari umsögn Orkustofnunar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir ..."

Orkustofnun gerir við þetta athugasemd og telur að þessi mörk séu allt of há. Ég er sammála því og það er spurning hvort brtt. sem gerð er af meiri hluta iðnn. er ekki enn allt of há líka, þ.e. miðað við 3,5 megavött annars vegar og hins vegar minnir mig 70 lítra á sekúndu af vatni. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða rök eru fyrir því að fara ekki enn þá lengra niður með þessa tölu, en vil taka það fram út af orðum hv. þm. Árna Mathiesens að ég er ósammála honum í þessu efni og mundi frekar styðja brtt. meiri hluta iðnn. en þingmannsins Árna Mathiesens í þessu máli.

Orkustofnun sendi líka frá sér mjög athyglisverðar ábendingar um hugsanlega reglugerð með þessu frv. og um það ætla ég ekki að fjalla, en ætla í síðari hluta ræðu minnar að víkja aðeins að einstökum greinum frv. og þá þyrfti ég eiginlega að fá hæstv. iðnrh. hér aftur, ef hann hefur ... (**RG:** Hann hleypur alltaf út.) Já, hann stekkur út alltaf. Það er svo skýtið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir ... )

Eins og þetta er ótrúlega skemmtilegt og frábær ræða sem ég er að flytja hér, þá hleypur hann á dyr alveg um leið og ég lít af hæstv. ráðherra. En það er svona. Menn kunna ekki alltaf gott að meta, herra forseti. Það er nú svo.

Ég ætlaði aðeins að víkja, herra forseti, að nokkrum atriðum úr einstökum greinum frv. sem ég vildi bera undir iðnrh. Ég er búinn að rekja breytingartillögur Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndar ríkisins sem hæstv. iðnrh. þekkir og ég ætla ekki að endurtaka það fyrir hann. En hérna eru nokkur atriði sem ég vil vekja alveg sérstaka athygli hans á og það eru þau atriði í fyrsta lagi sem fram komu í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds í dag varðandi netlög og varðandi rétt til vogreks, veiðirétt, veiðar fugla og spendýra og varðandi rétt til notkunar á jarðhita. Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort hann kannist við þau sjónarmið sem hv. þm. Ragnar Arnalds setti fram vegna þess að það var ákaflega skýrt sem hann setti hér upp þegar hann talaði um að það væri verið að færa landeigendum mikil auðæfi vegna þess að fjallað væri um og tekin með öll auðæfi undir sjávarbotni innan netlaga. Hann leiddi að því rök að nú væri um að ræða óbeinan eignarrétt eða nýtingarrétt á þessu svæði og þess vegna væri eignatilfærsla fólgin í því að afhenda þeim þau auðæfi sem eru undir sjávarbotni alveg fortakslaust. Nýjasta dæmið sem mér kemur í huga í því sambandi er jarðhiti sem fannst í Eyjafirðinum rétt utan við fjöruborðið sem hefði e.t.v. lent í höndunum á landeiganda ef þetta hefði verið orðið að lögum, þ.e. jarðhitinn sem fannst þarna á merkilegan hátt, heitavatnsuppsprettan í sjónum í Eyjafirðinum núna fyrir örfáum dögum eða vikum.

Ég vil líka aðeins víkja, herra forseti, að 6. gr. frv. Ég ætla ekki að fara yfir allar greinarnar — ég tek það fram — þó ég gæti svo sem sagt ýmislegt um þær flestar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi."

Þetta er síðari málsliður 1. mgr.

Mér finnst einhvern veginn eins og þetta stangist á við 4. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu ...

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra.“

Ég sé ekki betur en að það þurfi að skrifa á ný seinni málslið 1. mgr. 6. gr. til þess að það sé alveg fortakslaust að hún stangist ekki á við 4. gr. Ég ætla ekki að gera stórmál úr því en ég tel að það eigi að vanda vel það sem lengi á að standa og ef þetta á að verða að lögum, þá þurfi menn að skoða það betur sem hér er í þessum efnum.

Ég vil síðan spyrja hæstv. iðnrh. um 9. og 12. gr. Í 9. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.“

Í 12. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra.“

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því hvaða sérstaka leyfi það gæti verið og hvaða rök mundu liggja til þess að iðnrh. gæti gefið leyfi til þess að undanskilja eignarlandi rétt til jarðefna eða jarðhitaréttindi. Hefðin er sú að hlunnindi og jörð heyra saman eins og við þekkjum úr gildandi jarðalögum og aldagamalli hefð í lagasetningu hér á landi. Það er mál sem ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra um: Hvaða rök gætu verið til þess að slíta í sundur þessi ótvíræðu hlunnindi annars vegar og hins vegar landareignina í þessu tilviki?

Ef ég væri að flytja breytingartillögur við frv., herra forseti, þá mundi ég gera breytingartillögu við 18. gr. Ég mundi gera breytingartillögu við 21. gr. og bæta þar inn Náttúruvernd ríkisins. Ég mundi gera breytingartillögu við 22. gr. og bæta þar inn Náttúrufræðistofnun og ég mundi reyndar gera breytingartillögur við fleiri greinar varðandi þessar stofnanir.

Ég hef þegar fjallað um þann þátt sem lýtur að örverunum sérstaklega. Næst ætla ég að spyrja hæstv. iðnrh. um 31. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.“

Ég mundi vilja vita á hvaða forsendum hæstv. iðnrh. mundi hugsa sér að gera þessa samninga. Á hvaða forsendum mundi vera samið um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar? Ég átta mig ekki alveg á því hvernig þetta mundi verða gert og ber þess vegna fram þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að brtt. meiri hluta nefndarinnar. Ég hygg að það sé um að það eigi að endurskoða þessi lög — er það ekki? — fyrir 1. janúar 2001, ef ég man rétt, að það sé í þessu ... (**Iðnrh.:** Eina grein.) Eina grein bara? (**Iðnrh.:** 34. gr.) 34. greinina. Refsiákvæðin? (**Gripið fram í:** Örverur.) Örverugreinina. Já, akkúrat, það er örverugreinin. Vegna þess að það er litið þannig á að þar sé um tímabundinn vanda að ræða, akkúrat.

Ég ætlaði aðeins að segja að mér finnst þetta ekki góð aðferð við lagasetningu, þ.e. að segja að Alþingi eigi að endurskoða svona greinar. Ég hefði frekar haft það þannig að greinin félli bara úr gildi og þá verður Alþingi að framlengja hana, eins og t.d. við hæstv. iðnrh. gerðum, sennilega tíu sinnum ég og fimm sinnum hann, um lagaákvæði um Heilsuverndarstöðina í Reykjavík. Það hefði ég gert frekar en að segja svona, því að þetta er meiningarleysa: „Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. janúar 2001.“ Ég hefði viljað beina því til hæstv. ráðherra að úr því að málið fer til annarrar meðferðar í hv. nefnd á milli 2. og 3. umræðu, þá velti menn því fyrir sér að orða þetta öðruvísi.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur mjög oft gagnrýnt þetta atriði, þ.e. að verið er að setja inn ákvæði um að Alþingi eigi að endurskoða lög sem það setur sjálft. En við getum auðvitað ekkert sagt Alþingi fyrir verkum, hvorki við né yfirleitt nokkur. Alþingi er sjálfstætt og fullvalda á því augnabliki sem það situr á hverjum tíma og það getur enginn skipað Alþingi fyrir verkum.

Ég hef rakið hér nokkur atriði, herra forseti, sem hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi og ég ætla ekki að endurtaka. Ég ætla að endurtaka það hins vegar að ég tel að ég hafi sýnt fram á það líka að meginatriðin í þessu frv. og allri meðferð þess, eru þrjú.

Það er í fyrsta lagi stórfelldur tilflutningur á eignum til landeigenda upp á tugi milljarða króna. Ég er andvígur því. Það er pólitísk afstaða sem ég hef í þeim efnum og ég tel engin rök mæla með því að þetta verði gert. Ekki hefur verið sýnt fram á að eðlilegt sé að færa þetta landeigendum. Það eru ekki tæknileg rök fyrir því, það eru engin rök fyrir því.

Í öðru lagi tel ég að frv. sé mjög gallað að því leytinu til að það hendir umhverfissjónarmiðunum út. Umhvrn. er hent út úr frv. og ég harma það og skora á hæstv. umhvrh. og iðnrh. að beita sér fyrir því að það verði lagað milli 2. og 3. umr. því að þrátt fyrir gallana á málinu væri það til mikilla bóta að mínu viti að umhverfinu væri sýndur meiri sómi í frv.

Kannski er rétt að geta þess, herra forseti, að við umræður um málið í hv. iðnn. kom aftur og aftur fram að þrátt fyrir þau ákvæði sem hér er um að ræða í þessu frv., án þess að nefna Náttúrufræðistofnun, Náttúruvernd ríkisins og fleira og lögin um umhverfismat, giltu þau samt og héldu samt gildi sínu gagnvart þessum lögum ef þetta frv. verður að lögum. Auðvitað gilda þau. En veruleikinn er hins vegar sá að þar sem þetta væru ný lög og þar sem um þessi mál hefur sérstaklega verið fjallað væri slæmt fyrir umhverfið, og þar með fyrir okkur öll og framtíð okkar í landinu, ef þeim sanngjörnu ábendinum væri hafnað sem fram hafa komið varðandi umhverfismálin, sem ég held að sé hægt að verða við. Ég held að hægt sé að verða við þeim.

Í þriðja og síðasta lagi, herra forseti, hef ég sýnt fram á að frv. er gallað. Það er ekki nógu vel skrifað, það er ekki nógu nákvæmt og það á að vanda svona mál betur. Þess vegna eru af þessum þremur ástæðum öll rök fyrir því, herra forseti, að málinu verði ekki haldið áfram heldur verði því vísað til ríkisstjórnarinnar og hún fái tækifæri til þess í sumar að skoða málið betur þannig að það komi í betri búningi til okkar í haust. Það er líka þannig, herra forseti að það væri hægt, ég er alveg sannfærður um það að ef hæstv. ríkisstjórn tæki þá ákvörðun að fresta þessu máli mundi það breyta ansi miklu og verða til þess að hægt væri að fara að vinna sem mest í ýmsum öðrum málum sem liggja fyrir í stofnuninni. Mér finnst líka þurfa að vera sátt um þetta mál. Þetta er svolítið landhelgismál, mál um þjóðarauðlindina og þjóðareignina. Það þarf að vera sátt um mál af þessu tagi, það á ekki að setja svona frv. í stríði og það er greinilega

verið að því ef haldið verður áfram með málið eins og lítur út.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[22:33]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að sjá hvort ég get gert örlítil skil í andsvari. Fyrst vangaveltur hans um hitakærar örverur, eða örverur sem finna má í jarðhitasvæðum sem getið er um í nýrri grein í frv. Við hæstv. iðnrh. höfum rætt um það og fulltrúar ráðuneyta okkar hafa farið yfir málið og samkomulag hefur orðið um að þetta ákvæði komi nú inn í það frv. sem er til umræðu, m.a. vegna þess að það var til umfjöllunar í hv. þingi og ljóst að stefnt yrði að því að afgreiða það fyrir þinglokin. Hins vegar er líka samkomulag um að málið verði tekið til endurskoðunar, þetta ákvæði laganna verði endurskoðað fyrir 1. janúar 2001, og við höfum reyndar rætt um það hvort breyta megi örlítið orðalagi í greininni. Ég vil benda á að í frv. sem nú hefur verið lagt fram, reyndar eftir að þingmál áttu að vera komin fram sem á að afgreiða á þessu þingi, frv. til laga um breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem þessa er reyndar getið, þar sem segir í 3. gr. þess frv., með leyfi forseta:

„Náttúrugripi, þar með taldar örverur sem uppruna eiga á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra, má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni."

Í framhaldi af þessu vil ég segja, hæstv. forseti, að almennt er það svo að um Náttúrufræðistofnun Íslands, um Náttúruvernd ríkisins og lög um náttúruvernd, skipulags- og byggingarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um hvernig standa eigi að málum samkvæmt þeim lögum og það frv. sem hér er til umfjöllunar og umræðu tekur að sjálfsögðu ekkert yfir af þeim verkefnum og um það er sérstaklega kveðið á í nál., annars vegar frá meiri hluta nefndarinnar og hins vegar í brtt. við 16. gr. frv. Nú er það hins vegar svo, ég tek undir það með hv. þm., að nokkuð alvarlegar athugasemdir hafa komið frá þessum stofnunum sem heyra undir umhvrn. og því hef ég rætt það við hæstv. iðnrh. að við lítum á þetta mál milli umræðna og því hefur hv. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar sagt frá í ræðu sinni að athugasemdir hafi komið fram varðandi umhverfisþáttinn sem teknar verði til skoðunar milli 2. og 3. umr.

[22:35]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig má það eiginlega vera að lagt sé fyrir þingið stjfrv. um eignarhald á auðlindum í jörðu og svo kemur brtt. um örverur inn í iðnn. frá ríkisstjórninni og hvergi er gert ráð fyrir umhverfisþættinum eins og allir eru sammála um að eigi að gerast? Hvernig má það vera? Hvernig getur það gerst að svona mál fari í gegnum ríkisstjórnina, í gegnum þingflokka stjórnarflokkanna án þess að staldrað sé við með þetta mál? Og hvernig má það vera að það gerist að farið sé með málið í gegnum iðnn. án þess að hún hlusti á málið? Hvað er að, herra forseti? Við verðum að viðurkenna að umhvrn. er ungt ráðuneyti og nýtt en það er þeim mun nauðsynlegra að það haldi þannig á málum að hlustað sé á það sem það segir og það er alveg ofboðslegt að sjá mál eins og þetta frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu þar sem umhvrn. hefur eiginlega algerlega verið úthýst. Fyrir nokkrum árum var litið þannig á að fjmrn. væri mikilvægasta ráðuneytið vegna þess að það færi með allt sem héti peningar. Það getur vel verið að það hafi einhvern tímann verið rétt. Ég segi núna: Það er umhvrn. Það er það sem á að skoða gagnrýnum augum hvert einasta frv. sem kemur hingað inn. Það finnst mér að hafi verið vanrækt í þessu tilviki en ég fagna því ef breyting muni eiga sér stað milli 2. og 3. umr.

[22:37]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að ég tel ekki að umhvrn. eða stofnunum þess hafi neitt verið fleygt út úr því frv. sem er til umfjöllunar. Það er rangtúlkun af hálfu hv. þm. Það er ljóst hver skoðun meiri hluta hv. iðnn. er um samspil þessa frv. við lög og reglur á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála og að því er varðar rannsóknir á nýtingu auðlinda eins og segir skýrt í nál., auk þess sem fjallað er um það í brtt. nefndarinnar, í þeim kafla þar sem fjallað er um leyfi vegna rannsókna, breyting við 16. gr., þar sem segir: „Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða." Þetta er því alveg skýrt fram tekið hér, hæstv. forseti.

Hitt er annað mál sem varðar ákvæðin um örverur og þann þátt málsins. Það kom upp í umfjöllun um málið í þinginu eftir að það kom þar inn og í hv. iðnn. Eftir viðræður milli ráðuneytanna, umvhrn. og iðnrn. varð að samkomulagi að fara með málin eins og hér er lagt til. En ég ítreka að hv. framsögumaður meiri hlutans greindi frá því að hugsanlega væru örfá atriði um umhverfismál skoðuð nánar. Ég skal ekkert segja á þessu stigi hvað kemur út úr þeirri endurskoðun í meðferð hv. iðnn. en það eru nokkur atriði sem verður litið á þá. Ég vona að það sé og verði fullkomið samkomulag að það verði tekið þar til umfjöllunar en ég þori ekki að segja um það á þessu stigi hverjar breytingar kunna að verða gerðar ef þær verða.

[22:39]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhrh. fyrir upplýsingarnar. Þær eru mjög mikilvægar. Ég ætla ekkert að fara að hælast um í málinu og segja: Þetta er það sem við höfum verið að segja, málið hefði þurft að undirbúa aðeins betur en það er veruleikinn og við verðum auðvitað að fylgjast grannt með því sem kemur út úr hv. iðnn. í þessu efni. Við erum ekki spurð að því í minni hlutanum, það er ekki þannig. Þess vegna orða ég þetta svona. Meiri hlutinn gerir bara þessa breytingartillögu. Við höfum aldrei séð þær, eins og að breyta nafninu á lögunum og það heitir allt í einu frv. til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu en ekki frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Við erum því ekki merkilegir pappírar í þessu dæmi en við munum samt sem áður reyna að nota okkur bæði augun þegar við sjáum brtt. og beita skilningarvitunum eins og við höfum vit til en við segjum í nál. okkar að við áskiljum okkur rétt til þess, ef frv. verður ekki stöðvað við 2. umr., að flytja brtt. við 3. umr. við einstakar greinar frv. Mér segir svo hugur um að við munum þurfa á því að halda að flytja allmargar brtt., þótt ekki væri nema til að leiðrétta vissar greinar eins og ég rakti áðan þar sem greinilegt er að ætlunin er samkvæmt orðalagi frv. að láta Orkustofnun fara inn á svið skipulags- og byggingarlaga sem er alger nýjung og ég hef ekki trú á

því að nokkur maður hafi áhuga á að láta vera þannig.

[22:41]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður missti ég smákafla úr ítarlegri ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar en ég náði samt þremur spurningum sem hann lagði fyrir mig og ætla að leitast við að svara þeim.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. hvort varaformaður iðnn. væri sammála því að taka málið til umræðu milli 2. og 3. umr. Svarið er já. Við ákváðum það, formaður og varaformaður, áður en fundurinn hófst í morgun að funda í nefndinni milli 2. og 3. umr. og ég hygg reyndar að hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður iðnn., hafi greint frá því í framsöguræðu sinni í dag.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort mikill ágreiningur væri í Sjálfstfl. um hámarksákvæði í 10. og 14. gr. frv. Annars vegar varðandi jarðhita og hins vegar grunnvatn sem landeigendum er heimilt að nýta. Svarið er nei. Ég hef ekki orðið var við þann ágreining. Hv. þm. Árni Mathiesen gerði grein fyrir því í dag að hann væri ekki sammála þessu og þætti þessi mörk of lág, og hafði áður rætt það í þingflokki okkar. Ég hef ekki heyrt aðra þingmenn Sjálfstfl. gera athugasemdir við þetta.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um hver væri munurinn á lindarvatni og grunnvatni, hver væri skilgreiningin á lindarvatni og af hverju ekki væri getið um það í frv. Svarið er að um að lindarvatn fer samkvæmt vatnalögum en þau gilda um vatn á yfirborði jarðar. Vatnalögin eru að vísu komin mjög til ára sinna, orðin 75 ára gömul, og þurfa sjálfsagt endurskoðunar við en þetta frv. tekur að sjálfsögðu ekki á því.

[22:43]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Það frv. sem er til umfjöllunar er einn liður í auðlindapólitík hæstv. ríkisstjórnar. Með frv. er verið að tryggja ákveðnum einstaklingum forræði yfir auðlindum sem hingað til hefur ekki verið þjóðarsátt um að gera og er ekki sátt um enn þann dag í dag. Þessu hefur verið líkt við ráðstöfunina á auðlindum sjávar. Lögin um stjórn fiskveiða segja reyndar að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar en síðan eru hin eiginlegu forráð í höndum einstaklinga, útgerðarmanna, svo það nálgast eigendaforráð.

Á þjóðlendum sem eru afréttir og almenningar utan eignarlanda hefur verið tekin sú stefna að kveða skýrt á um að þær séu eign íslenska ríkisins. Eigendaforráðin eru síðan falin forsrh. sem er þá sá sem fer með eignina. Í þessu frv. kveður við allt annan tón sem er meira í þá veru að búa til réttarástand líkt því sem lögin um stjórn fiskveiða hafa skapað. Hér er verið að fjalla um auðlindir í og á jörðu á löndum í einkaeigu og það á að festa það í lög að þær séu eign landeiganda án þess að við því séu settar nokkrar verulegar skorður. Það er þetta meginmarkmið laganna sem er umdeilt en það er ekki aðeins þetta heldur má ekki síður setja spurningarmerki við það hvernig mörk eignarlanda eru ákveðin í þessu frv. Annars vegar hvað varðar mörk eignarlanda út til sjávar og út í stöðuvötn, þ.e. í netlögum, og hins vegar niður á við.

Það er ekki úr vegi að skoða svolítið umfjöllun lögfræðinnar um fasteignir. Fasteign er almennt skilgreind sem afmarkað land og eðlilegir hlutar þess, lífrænir og ólífrænir, ásamt þeim mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt. Það að eiga fasteign þýðir því í raun að sá aðili hefur einkarétt til að ráða yfir fasteigninni innan þeirra marka sem þeim rétti eru sett í lögum eða með óbeinum eignarréttindum annarra sem geta falist í afnotaréttindum, t.d. ítaksrétti, veðrétti, kauprétti og forkaupsrétti svo dæmi séu tekin um óbein eignarréttindi.

Eignarrétturinn sem er friðhelgur verður sem sagt ekki takmarkaður nema með lögum og því er það mjög veigamikið hlutverk sem löggjafinn hefur í þessum efnum. En hvað felst nánar í því að eiga eitthvað samkvæmt skilgreiningu lögfræðinnar? Fræðimenn hafa skilgreint það svo að í því *felist heimild til að ráða yfir eigninni og nota hana, heimild* til að ráðstafa henni með löggerningi. Eign getur verið grundvöllur lánstrausts, hægt er að eftirláta einkaeign til erfingja í allflestum tilvikum og eigandi getur leitað aðstoðar yfirvalda til verndar eignarrétti sínum sem er friðhelgur samkvæmt stjórnarskránni. Um þetta eru flestir sammála, þ.e. hvað felst í einkaeignarréttinum, en um hitt eru menn alls ekki sammála, þ.e. hver takmörk skuli setja þeim rétti eiganda. Einkum er um þetta deilt þegar mörk fasteigna í einkaeigu eru ákveðin, annars vegar þegar þau eru ákveðin niður á við, hins vegar þegar þau eru ákveðin út í vötn eða sjó, eins og þetta frv. tekur á. Menn eru ekki sammála um hvort eigi yfirleitt að setja mörk niður á við eða ekki og ýmsar hugmyndir hafa verið uppi í þeim efnum hvað varðar auðlindir í jörðu. Þá hafa líka verið uppi deilur um það hver réttur eiganda skuli vera í netlögum í sjó og stöðuvötnum. Á einhverjum punkti hlýtur að koma að mörkum fasteignar og í þessu frv. er gengið mun lengra í þeim efnum en áður hefur verið viðurkennt, þrátt fyrir að látið sé að því liggja í frv. að hér sé verið að staðfesta það sem þegar er viðurkennt.

Hv. þm. Ragnar Arnalds rakti það í ræðu sinni í dag að frv. gengi mun lengra hvað varðar forráð jarðeigenda yfir netlögum í sjó og vötnum en almennt hefur verið talið. Hæstaréttardómur frá árinu 1996 staðfestir þetta svo ekki verður um villst. Málavextir voru þeir að ákærði lagði grásleppunet sín á Breiðafirði við Langey sem liggur vestan Skarðs í Dalabyggð. Kvaðst ákærði hafa fengið leyfi Fiskistofu til að stunda grásleppuveiðar á Breiðafirði á vor- og sumarvertíð 1994 sem gefið hafði verið út á grundvelli reglugerðar um hrognkelsaveiðar. Málatilbúnaður ákæruvaldsins er á því reistur að ákærði hafi lagt grásleppunet sín innan 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli Langeyjar og þar með í netlögum eyjarinnar. Innan þeirra eigi landeigandi einn rétt til allrar veiði og þar með talda veiði sjávarfiska. Ákæruvaldið leiddi þennan rétt á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, eða veiðitilskipunarinnar og síðari löggjöf. Með því að veiða innan þeirra marka hafi ákærði unnið til refsingar samkvæmt tilskipuninni. Ákærði mótmælir þessu og staðhæfir hann að netin hafi verið lögð norðvestan við eyna en ekki suðvestan við hana. Hann telur sig enn fremur hafa átt rétt til að stunda veiðarnar þar sem netin lágu og vísar um það til veiðileyfis. Síðan er komist að þeirri niðurstöðu að sannað er að netin voru lögð þar sem ákæruvaldið hélt fram og snerist því ágreiningurinn í raun og veru einungis um það hvort viðkomandi einstaklingur hafi mátt veiða á þessu tiltekna svæði.

Um þetta segir í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta:

„Með vísan til forsendna Héraðsdóms telst sannað, að ákærði hafi lagt net sín á þeim stað, sem tilgreindur er í ákæru.

Við setningu veiðitilskipunar 1849 sagði svo í 1. gr.: „Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði

og fugla, nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari." Um fuglaveiði er nú mælt fyrir í öðrum lögum, en annars gildir þetta ákvæði tilskipunarinnar óbreytt. Við lögtöku hennar var jafnframt kveðið svo á um í 21. gr., að allar greinar laga um fiskveiðar og hvalveiðar, sem ekki sé breytt í þessari tilskipun, skuli fyrst um sinn standa óraskaðar. Verður ekki talið, að ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar um rétt landeiganda til veiði 60 faðma á haf út frá stórstraumsfjörumáli hafi falið í sér annan og rýmri rétt landeiganda til veiða en þann, sem kveðið var á um í upphafsákvæði tilskipunarinnar [þ.e. til dýraveiði og fuglaveiði]."

Síðar í dómi Hæstaréttar segir: „Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er á þeim liggja. Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns eftir 1919. Vafi um rétt fasteignareiganda að þessu leyti verður skýrður ákærða í hag. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunarinnar um veiði á Íslandi frá 1849."

Það er ljóst að þessi hæstaréttardómur, sem er tiltölulega nýr, frá árinu 1996, segir okkur það að ekki er rétt sem fullyrt er í frv. að í raun og veru sé verið að staðfesta í lög þau atriði sem hafa verið þar áður hvað þetta varðar, vegna þess að frv. fellir undir eignarland eða eins og segir í frv.: „Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma." Síðar segir: „Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, ..." Það er því alveg ljóst að verið er að færa netlögin með þessu frv. undir einkaeignarréttinn ótakmarkaðan og það er ekki í samræmi við það sem verið hefur. Það er verið að færa þarna til eignir, herra forseti, og verið að færa landeigendum meiri verðmæti samkvæmt þessu frv. en þeir hingað til hafa átt.

Kenningar um mörk fasteigna niður á við hafa verið ýmsar, eins og komið hefur fram í umræðunni, og nokkrum sinnum hafa verið lögð fyrir Alþingi frv. um takmarkanir á eignarráðum yfir jarðhita í jörðu. Að því er ég kemst næst var það fyrst gert árið 1927 og svo annað slagið síðan. Þingmenn Alþb. og Alþfl. hafa flutt tillögur um þetta efni þar sem meginstefnan hefur verið að miða skuli við að landeigandi eigi jarðhita á yfirborði jarðar og ákveðna vegalengd niður á við en að þeirri vegalengd lokinni taki við sameiginleg verðmæti þjóðarinnar allrar.

Það er jafnframt ljóst að þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga og í þessu frv. er verið að festa í sessi leið séreignarstefnunnar sem gengur út á að færa landeiganda skýlausan einkaeignarrétt yfir þeim jarðhita sem undir jörð hans er. Það eru ekki lítil verðmæti, herra forseti, sem þarna eru fest með lögum undir einkaeignarrétt landeiganda. En þetta frv. og þær hugmyndir sem í því felast koma í sjálfu sér ekki á óvart, því þær eru í takt við aðrar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um það hver skuli eiga auðlindir landsmanna. Það hefur leynt og ljóst verið stefna þessarar ríkisstjórnar að færa þau verðmæti sem land þetta býr yfir undir einkaeignarréttinn í stað þess að tryggja að afrakstur þeirra gangi til sameiginlegra sjóða landsmanna og nýtist þannig landsmönnum öllum. Því miður hefur Sjálfstfl. villst nokkuð af leið í auðlindaumræðunni frá því á árum áður þegar forverar ráðherra Sjálfstfl. héldu á lofti annarri pólitík en nú heyrist úr því horni. Einkum er fróðlegt að lesa um fossamálið svokallaða en ég rifjaði einmitt upp það mál og aðdraganda þess í ræðu minni á laugardaginn var um þjóðlendurnar. En í upphafi aldarinnar þegar menn voru að átta sig á verðmætunum sem felast í orku fallvatna var talað annars vegar um þá sem aðhylltust séreignarstefnu, þ.e. að auðlindir á og í landi skyldu tilheyra landeiganda, og hins vegar allsherjarstefnu sem fólst í því að hið rennandi vatn skyldi ekki vera undirorpið eignarrétti landeiganda heldur skuli það vera eign ríkis og sveitarfélaga eða þá að það sé óeignarhæft en lúti umráðum ríkisvaldsins. Þessar tvær stefnur birtast í raun í þeirri umræðu sem nú hin síðustu ár hefur átt sér stað meðal landsmanna. Ríkisstjórnin hefur aðhyllst séreignarstefnuna utan þjóðlendna þar sem allsherjarstefnan virðist hafa orðið ofan á í þeim herbúðum. Flokkarnir í stjórnarandstöðu hafa hins vegar byggt málstað sinn á allsherjarstefnu í einni eða annarri mynd.

Ég vil gera örlitla grein fyrir þessum tveimur stefnum í máli mínu. Ég tel það nauðsynlegt til útskýringar og til að tengja þessa umræðu við umræðu sem í raun og veru var mjög hávær fyrr á öldinni og ekki síst fyrir þær sakir að mér skilst að þessi ágæta skýrsla, nefndarálit meiri hluta fossanefndar sé uppurin og ófáanleg og sakar því ekki að festa það gagnmerka efni sem í henni er í þingtíðindi.

„Vatnalöggjöf sína hafa menn bygt á mjög ólíkum grundvelli. Eignarrjettur að landi er alment viðurkendur í siðuðum löndum. En eignarrjett að landi hafa menn svo, — að minsta kosti í orði — látið sumstaðar ná til vatns þess, sem á landinu liggur. Þessa stefnu mætti nefna sjereignarstefnuna. En þetta leiðir aftur til þess, að landeigandi er talinn eiga slíkan eða svipaðan umráðarjett yfir vatninu á landi sínu sem yfir landinu sjálfu. Takmarkanir á rjetti þessum yfir vatninu eru þó miklar gerðar. Jafnvel í löndum, þar sem vatnalöggjöfin er berum orðum bygð á sjereignarstefnunni, eins og í Noregi, verða landeigendur (eigendur vatnsbotns og vatnsbakka) t.d. að þola umferð um vatnið og viðarfleytingu í því, auðvitað gegn bótum fyrir spell á veiði eða landi. Ennfremur mega þeir eigi taka til orkunýtingar nema ákveðna tölu af hestorkum fallvatns, nema leyfi (sjerleyfi) ríkisvaldsins komi til. Vatnsmiðlun ... mega menn eigi heldur gera nema leyfi komi til. Og margar fleiri takmarkanir eru gerðar á umráðarjetti manna yfir vatni, sem löggjöfin segir í orði kveðnu eign landeiganda. Því er það — og eflaust líka vegna eðlis vatns, einkum rennandi vatns — að rjettarfræðingar telja rjett þann, sem landeiganda er fenginn yfir vatni á landi hans, jafnvel þar sem sjereignarstefnunni er fylgt, eigi til eignarrjettar í þeirri merkingu, sem það orð er haft í hlutarjettinum.

Önnur stefna er sú, er telur vatn eigi undirorpið eignarrjetti landeiganda, heldur sje það eign ríkisins eða sveitarfjelaga, að minsta kosti öll þau vötn og vatnsföll, sem nokkuð kveður að. Tekur þetta þá einkum til allra skipgengra og flotfærra vatna. En sumstaðar tekur þetta þó til alls óvirkjaðs vatns.

Í Prússlandi eru t.d. öll skipgeng vötn og flotfær ríkisvötn. Ríkið ákveður sjálft, hver þau vötn sje, og getur hvenær sem það vill breytt einkavatni í ríkisvatn með því að gera það skipgengt eða flotfært, enda verða landeigendur að sæta því endurgjaldslaust. Vötn, sem þar á móti eru hvorki skipgeng nje flotfær, eru einkaeign. ...

Þriðja stefnan er sú, að óvirkjað vatn, að minsta kosti rennandi vatn, sje alls kostar óeignarhæft, bæði ríkisvaldi og einstaklingum. Þeir, sem þeirri stefnu fylgja, líta líkt á vatnið og loft, haf og ljós. Loftið o.s.frv. er almenningsgagn og verður eigi eignarhæft, nema það takist að handsama það og hefta. Af þessari skoðun leiðir það að vatn getur alment eigi verið eignarrjetti undirorpið, hvorki einstakra manna nje ríkisins. Hins vegar hafa einstaklingar rjett til að nota vatnið eins og loftið, hafið og ljósið, meðan sú notkun fer eigi framar en samþýðast megi hagsmunum almennings eða ríkisins. En ríkisvaldið hefur þar ákvörðunarvaldið. Eðli málsins samkvæmt hlýtur landeigandi hver sjerstaklega að nota vatn á landi sínu, alveg eins og hann notar loftið yfir landi sínu, sjóinn fyrir því — ef það liggur að sjó —, og ljós sólarinnar, sem á það fellur. Auk þess verður hann að þola, að vatnið hvíli á og fari um land hans, og því er sanngjarnt að hann eigi nokkurn forgangsrjett til að nota það handa heimili sínu, til ræktunar á landi sínu og til atvinnu sinnar. Í Rómaveldi virðist eigi hafa verið viðurkendur eignarrjettur að vatni. Vötnum var þar að vísu skipt í tvent: Almenningsvötn og einkavötn. En einkavötnin urðu fá, því að öll þau vötn, sem eigi voru vön að þorna upp árlega voru almenningsvötn. Einkavötnin urðu þá aðallega þau vötn eða vatnsöfn, sem til urðu í leysingum eða vatnavöxtum. Auðvitað máttu menn nota almenningsvötnin til þarfa sinna, ef botni þeirra eða bakka var eigi spilt, svo sem til að taka úr þeim neysluvatn og til jarðyrkju. Og máttu menn því veita vatni sem að fornu hafði verið, en eigi framar, nema leyfi ríkisvaldsins kæmi til. Það gilti ákveðin regla vorra laga, að vötn öll skuli svo renna sem að fornu hafa runnið. Lík meginregla sem í Rómaveldi gildir í Austurríki. Þar eru yfir höfuð öll vötn almenningsvötn. ...

Raunverulegur munur á því, hvort vötn eru kölluð eign ríkisins og því, að þau eru talin óhæf til eignar, heldur almenningsgagn, sem ríki og hjeruð ráða yfir, að því leyti sem um yfirráð er að tefla, er lítill eða enginn. Báðar stefnurnar síðastnefndu hafa það sameigið, að vatnið sje og eigi alment að vera undir forræði ríkisins (eða hjerað), að því leyti sem þörf sje á að skipa fyrir um notkun þess, og að þeim, er til þess nái og þá sjerstaklega þeim, er land eiga undir því, skuli heimil not þess, meðan þau fara eigi í bága við lögmæta hagsmuni annara einstaklinga, eða almennings. Þessar tvær stefnur má því vel nefna einu nafni allsherjarstefnuna.

Þá er næst að athuga kosti og ókosti þessara stefna, sjereignarstefnunnar og allsherjarstefnunnar. Virðist þá hentugast að taka til athugunar þær helstu tegundir vatnsnotkunar, sem nú tíðkast, og bera saman, hverju máli það skifti um hverja þeirra, hvort löggjöfin er bygð á sjereignarstefnunni eða allsherjarstefnunni.

Fyrsta tegund vatnsnotkunar og gamalkunnust er notkun vatns til neytslu manna og dýra, notkun til heimilis og búsþarfa, eins og kalla mætti það. Sjereignarstefnan, rökrjett, tekin verður hjer að halda því fram, að landeigandi eigi einkarjett til vatns á landi sínu í þessu skyni, og að öðrum sje hún óheimil, nema landeigandi leyfi. Allsherjarstefnan viðurkennir að vísu, að notandi land þess, sem vatnið liggur á, eigi fyrst að fá sínar þarfir fyltar. En ef vatn er afgangs þeim þörfum, þá telur allsherjarstefnan rjett, að aðrir fái not þess, auðvitað gegn endurgjaldi fyrir landspell eða veiði, ef slík spell verða. En eftir sjereignarstefnunni ætti landeigandi („vatnseigandi") eigi að þurfa að hlíta slíkri vatnstöku endurgjaldslaust, að minsta kosti svo framarlega sem hann gæti bent á það, að vatnið hefði eitthvert verðmæti í sjer fólgið honum til handa, t.d. ef hann fengi notað það til áveitu á land sitt, til iðnaðar eða iðju o.s.frv. Eftir sjereignarstefnunni á landeigandi eignarrjett eða einkanotkunarrjett á vatni því, sem á landi hans er hverju sinni. Og afleiðingin er sú, að hann getur bægt öllum öðrum frá, nema löggjöfin setji sjerstakar takmarkanir á þeim rjetti hans. En slíkar takmarkanir hljóta eftir sjereignarstefnunni að hafa í för með sjer skaðabótaskyldu, ef viðkomandi getur bent á tjón af sjálfri vatnstökunni.

Þá er notkun vatns til iðnaðar og iðju án orkunýtingar vatnsins, t.d. fiskþvottar og ýmiskonar iðnaðar. Sjereignarstefnan hlýtur hjer að leiða til hins sama sem áður segir um neytsluvatn. „Vatnseigandi" hlyti að eiga tilkall til endurgjalds fyrir vatnið, ef það væri frá eða af landi hans tekið, með sama hætti sem fyrr segir. Allsherjarstefnan gæti hjer eigi lengra farið en svo, að landeigandi ætti forgangsrjett til notkunar þess vatns, sem á landi hans er, til iðju og iðnaðar í þarfir þeirrar jarðar eða atvinnu, sem beinlínis væri rekin í sambandi við hana eða ræktunar henni.

Sama sem sagt var um neytsluvatn og iðjuvatn gildir um vatnsnotkun til jarðræktar. Sjereignarstefnan, rökrjett tekin, telur landeiganda („vatnseiganda") hjer sem annars eigi þurfa að hlíta notum annara af vatni á landi sínu, jafnvel þótt afgangs verði sjálfs hans þörfum. Allsherjarstefnan viðurkennir það, að landeigandi skuli að jafnaði ganga fyrir um notkun vatns til ræktunar lands síns, er að vatninu liggur, af því að honum er venjulega auðveldara að nota það í því skyni en öðrum. En það vatn alt, er afgangs verður þörfum landeiganda, þeim er taldar hafa verið, er öðrum frjálst endurgjaldslaust. ...

Þá er nýting vatnsorkunnar. Hjer skiftir ágreiningur milli fylgismanna þessara tveggja stefna mestu máli. Síðan mönnum tókst að taka vatnsorkuna í þjónustu stóriðjunnar hafa landeigendur, sem talið hafa sig eiga orkuvötn, „selt" þau eða „leigt" einstökum mönnum eða fjelögum. „Kaupendur" þessir og „leigjendur" hafa síðan framselt og framleigt rjettindin og svo hafa þau verið „framseld" eða „framleigð" koll af kolli. Fyrsti „seljandi" eða „leigjandi", sem venjulega er landeigandi, hefir venjulega, að minsta kosti hjer á landi, fengið smáræði fyrir „rjettindin". Kaupgróðamenn hafa síðan haft þau og selt hver öðrum, þar til þau hafa oft verið komin í geypiverð. Kaupgróðamennirnir hafa sjaldnast aflað sjer þessara „rjettinda" í því skyni að virkja vötnin, heldur til þess að láta „rjettindin" aftur af hendi með meiri eða minni hagnaði.

Ef svo hefir til þess komið, að vatnið yrði virkjað, þá legst kaupverð það, er síðast var látið fyrir „rjettindin", við virkjunarkostnaðinn. En orkuverðið er aftur háð öllum þeim kostnaði, sem orkuframleiðslan hefir í för með sjer. Andvirðið, sem goldið hefir verið síðast fyrir orkuvatnið, hlýtur því að auka það verð, er framleiðandinn setur á orkuna, er hann selur öðrum, t.d. til hitunar, lýsingar, iðnaðar o.s.frv., ... Viðskiftamenn hans greiða þá að lokum, og einatt margfalt, verð það, er hann hefir látið fyrir rjettindin. Sjereignarstefnan segir landeiganda einum auðvitað heimilt að „selja" eða

„leigja" vatnsrjettindi sín og þar á meðal orkunytjarrjettinn, við því verði sem hann getur fengið. Vatnið og vatnorkan er eftir henni eign landeiganda, sem hann getur ráðstafað sem öðrum eignum sínum alment.

Vatn hans má enginn virkja nema samþykki hans komi til, eða það sje af honum tekið eða orkunýtingarrjetturinn lögnámi samkvæmt lögum, ef almenningsþörf krefur, enda kom fult verð fyrir. Og sama rjett á, eftir sjereignarstefnunni, hver sá, sem „keypt" hefir eða „leigt" vatnsrjettindi, ef hann leiðir heimild sína til landeiganda, hvort sem beint er — millilíðalaust — eða óbeint — um millilíði fleiri eða færri. — Allsherjarstefnan heldur því þar á móti fram, að vatnið — þar á meðal orkugæft vatn — sje allsherjargagn. Þegar þörf ber til, þá geti ríkisvaldið sjálft tekið óvirkjað vatn til virkjunar eða leyft einstökum mönnum eða fjelögum að virkja það í orkunýtingarskyni, án þess að endurgjald sje greitt fyrir vatnsnotin út af fyrir sig, heldur að eins fyrir tjón á landi eða mannvirkjum, sem virkjun vatnsins kann að hafa í för með sjer. Hún telur með öllu fráleitt, að kaupgróðamenn hafi vatnorkuna að fjeþúfu í viðskiftabralli sínu og að viðskiftamenn orkuframleiðandans greiði svo þær fjárhæðir, sem hann hefir greitt kaupgróðamönnunum, er honum seldu. Munurinn á þessum tveimur stefnum verður því sá, að notandinn þarf eigi að greiða fyrir náttúruaflið — vatnorkuna — eftir allsherjarstefnunni, og afurðir þær, sem orkan skapar eða hjálpar til að skapa, verða því framleiðanda að skaðlausu ódýrari en ella myndi verða. Eftir sjereignarstefnunni verður orkuframleiðandinn að greiða fyrir náttúruaflið þar sem kaupgróðamennirnir hafa selt það eða leigt, og það verður eigi af þeim tekið, nema fult verð komi fyrir.

Eftir því sem þarfir almennings á vatnorku hafa aukist, hafa menn sjeð þenna mun og hversu fráleitt það er, að vatnsrjettindin sje höfð að fjeþúfu af einstökum gróðabrallsmönnum eða fjelögum, og svo sje almenningur auðvitað látinn borga brúsann.

Allsherjarstefnan heldur því auðvitað fram, að enginn, nema ríkisvaldið, hafi heimild til að virkja vatn svo að nokkru verulegi nemi, t.d. fram yfir 50, 100, 150 o.s.frv. eðlishestorkur, án samþykkis ríkisvaldsins. Þetta leiðir bæði af því, að ríkið á forræði á vötnunum, og ennfremur af því, að öll meiri háttar iðjufyrirtæki skifta miklu um almennings hagsmuni. Þau þurfa mörg eða flest, traustan umbúnað, til þess að þau valdi eigi slysum. Þau skifta máli um þjóðerni og tungu, þar sem svo hagar til, að mikinn erlendan vinnulýð þarf til að reka iðjuverin. Þau geta og kæft aðra atvinnuvegi í landinu með því að draga frá þeim verkalýð landsins o.s.frv. Einnig hlýtur það að leiða af allsherjarstefnunni, að enginn má koma upp vatnsmiðlunum, í hverju skyni sem þær eru gerðar, nema með leyfi ríkisvaldsins, enda sje þeim kröfum fullnægt, er ríkið setur um traustleik, viðhald og notkun slíkra mannvirkja. Sjereignarstefnumenn fara í þessu efni sömu leiðir. ...

Þá er rjett að athuga það sjerstaklega, hvort hagfeldara muni að byggja vatnalöggjöf Íslands á allsherjarstefnunni eða sjereignarstefnunni.

Um vatn til neyslu (til heimilisþarfa og bús) mun alment vera svo ástatt hjer á landi að hvert sveitaheimili hefir nóg af vatni. Þó eru undantekningar frá þessari reglu. Ennfremur er það alkunna, að sumir kaupstaðir eða kauptún þurfa vatns af annara manna löndum. Sem dæmi má nefna Reykjavíkurkaupstað og Akureyrarkaupstað. Eftir sjereignarstefnunni mundu þeir, sem land eiga undir vatni, geta óheimilað vatnstöku í neysluskyni. Eftir stjórnarskránni, 50. gr., yrði sá, er vatnið tekur, að greiða fyrir vatnstökuna. Er hjer eigi átt við veiðispjöll eða lands af vatnstökunni, því að sjálfsagt er að bætur komi fyrir slíkt. Eftir allsherjarstefnunni kæmu bætur fyrir vatnstökuna sjálfa venjulega alls eigi til mála. Spjöll á landi eða mannvirkjum og annað óhagræði, sem vatnstakan hefði í för með sjer, yrði bætt framar eigi.

Líkt er um vatn til jarðræktar og iðnaðar og iðju án orkunýtingar að segja. Nú hagar hjer svo til sumstaðar, að taka þarf vatn til jarðræktar og iðnaðar eða iðju af landi annara manna. Eftir sjereignarstefnunni þyrfti alment að greiða endurgjald fyrir vatnstökuna, en eftir allsherjarstefnunni eigi. Skiftir þetta miklu máli, því að vatnsgjaldið mundi einatt gera fyrirtækin kostnaðarsamari en ella mundi verða."

Síðar segir í skýrslu fossanefndar, með leyfi forseta:

„Hjer á landi má búast við því, að menn skiftist í tvo flokka um notkun fallvatna. Annar flokkurinn mun vera því mótfallinn, að orkuvötn landsins verði tekin til stóriðju að nokkru ráði í einu, og því reyna að hamla því, að sjerleyfi verði veitt í því skyni. Sá flokkur telur verða að fara mjög varlega í þeim efnum, vegna hættu er þjóðerni landsmanna og atvinnuvegum stafi af stóriðjunni. Þótt stóriðjuver yrði reist, þá mundi sá flokkur manna varla hirða, þótt þau yrðu skammæ fyrir það, að vatnsrjettindin hefði verið dýru verði keypt. Að eins mundu þeir harma það, að orka til almenningsþarfa, sem slík hver kynni að selja hjer, yrði svo eða svo miklu dýrari en ef þau hefði fengið náttúruaflið, vatnsorkuna, ókeypis.

Hinn flokkurinn, sem telur stóriðju hjer hættulausa og landinu jafnvel til stórgagns, t.d. tekjulind handa ríkissjóði, hlyti þar á móti að telja það illa farið, ef iðjuverin þyrfti að gjalda fyrir orkuna verðauka, er stafaði af kaupum og sölum á vatnsrjettindunum, svo að niður kæmi á verði afurðanna. Og þetta hlyti að verða því varhugaverðara í þessara manna augum sem aðstaða stóriðju hjer á landi er eigi glæsileg."

Þannig var komið víða við í skýrslu fossanefndar og m.a. tekist á um stefnu hvað varðar stóriðjuna.

„Ágreiningurinn milli allsherjarstefnu og sjereignarstefnu (eða meiri hluta og minni hluta nefndarinnar)" — en eins og kunnugt er þá þá klofnaði fossanefndin — „að því er snertir rjett almennings til vatnsafnota við orkuvinslu er nú aðallega eða eingöngu um borgun fyrir vatnsafnotin. Vjer viljum láta almenning hafa rjett til þessara vatnsnota eftir svipuðum reglum, sem gilda fyrir umferðarnot, þ.e. venjulega án endurgjalds fyrir vatnið sjálft, en gegn endurgjaldi fyrir spjöll á veiði, landi, mannvirkjum o.s.frv. En sjereignarstefnumenn vilja auk þessa leyfa landeigendum og þeim sem eignast hafa og eignast kunna „vatnsrjettindi" þeirra að taka borgun fyrir vatnið eða fyrir afnot þess til orkuvinslu. Og um upphæð borgunarinnar vilja þeir láta gilda þá venjulegu aðalreglu fyrir kaupum og sölu, að seljandinn má taka eins mikið og hann getur fengið kaupandann til að borga, en ef eigi semur, og almenningur (ríkið, hjerað) er kaupandinn, þó sje verðið ákveðið með mati, og matsverðið hlýtur þá, eins og venja er til, að miðast við það, hvað aðrir kaupendur að áliti matsmanna mundu vilja gefa mest fyrir afnotarjettinn.

Ef til vill sjest einna best hvílík fjarstæða slík sjereignarstefna væri hjer í landi með því að hugsa sjer að samskonar reglur ættu að gilda um hina aðra tegund almenningsnotkunar á vatni, umferðina. Vjer skulum þá hugsa oss að sjerhver landeigandi hefði rjett til að taka borgun fyrir umferð um vatn á landi hans. Komi maður að ferjuvatni, verður hann,

jafnvel þótt hann leggi sjer sjálfur til ferjubát og fyrirhöfn, að semja við landeigandann um borgun fyrir að mega nota vatnið til þess að fleyta ferjunni yfirum á því; er þá auðsjeð, að ef maðurinn á brýnt erindi yfirum, þá getur landeigandi heimtað og fengið hátt gjald hjá honum, því hærra sem nauðsyn ferðamannsins til að komast leiðar sinnar er meiri. Vilji einhver sveit taka upp flutninga eftir vatni langleiðis, þá verður fyrst að semja við landeigendur um borgun fyrir leyfi til að fara eftir vatninu. Venjulega verður um það tvent að velja fyrir notendurna, að borga landeigendum fyrir afnotaleyfið, eða flytja landveg meðfram vatninu, og þá gera þar veg fyrst. Auðsjeð er að landeigendur allir til samans geta heimtað og fengið svo háa borgun fyrir afnotarjett vatnsins, að einungis verður hóti ódýrara að flytja eftir vatninu heldur en landinu meðfram því, ef allur kostnaður er talinn. Verð afnotarjettarins ákvarðast eingöngu af þörf notandans, en tilkostnaður seljanda kemur ekki til greina, því að hann er enginn. Auðvitað hefir engin síðuð þjóð heimilað landeigendum að gera sjer þarfir almennings á þennan hátt að fjeþúfu. En einmitt þetta sama vilja nú sjereignarstefnumenn heimila hjer á landi, að leyfa einstökum mönnum að gera sjer þarfir almennings til ljóss, hita og vinnuafls að fjeþúfu. Og þótt í rauninni skifti litlu hverjir það eru eða verða, sem eiga að fá þennan rjett til að taka fyrirhafnarlaust gjöld af almenningi, þá er rjett að geta þess, að fyrirsjáanlegt er nú þegar, að það verða að mestu leyti erlendir eignamenn, en að mjög litlu leyti sjálfir „bakka-búarnir", þ.e. eigendur eða ábúendur vatnajarðanna sjálfra."

Eins og heyra má af þessum upplestri upp úr nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, sem væri full ástæða til að lesa upp í heild sinni því að þar er margan fróðleik að finna, þá hefur verið hér frá því í upphafi aldarinnar tekist á um þessi grundvallaratriði, þótt vissulega hafi áherslurnar breyst að nokkru leyti. Það var þannig að í upphafi aldarinnar voru það ekki bara vinstri sinnaðir stjórnmálaflokkar sem töluðu fyrir allsherjarstefnunni heldur þvert á móti. Ég get fyrir mína parta tekið undir orð eins mikilhæfs stjórnmálamanns, sem var mjög afgerandi í umræðum um auðlindir landsmanna í upphafi aldarinnar, þótt sú stjórnmálastefna sem hann stóð fyrir sé að öðru leyti ekki að mínu skapi.

Ég vil vitna í þennan stjórnmálamann. Orð hans eiga við enn í dag. Það kaldhæðnislega við þetta er að sá maður sem skráði sögu þessa stjórnmálamanns hefur verið einn helsti áróðurspenni sjálfstæðismanna og hefur barist gegn því að arðurinn af auðlindum þjóðarinnar renni til landsmanna allra. Penninn heitir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og stjórnmálamaðurinn er Jón Þorláksson. Í ævisögu Jóns er komið inn á fossamálin. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fossamálið var tekið fyrir á þinginu 1919, sem stóð frá júlíbyrjun til septemberloka, og reyndu menn úr fossafélögunum tveimur óspart að hafa áhrif á þingmenn. Þeir Aall og Schelderup, stjórnarmenn í Titan-félaginu, komu báðir til landsins með konum sínum og töluðu við þingmenn ásamt Klemens Jónssyni, framkvæmdastjóra félagsins. Þingið ákvað hins vegar að fresta afgreiðslu málsins en samþykkti þingsályktunartillögu um að skora á landstjórnina að taka Sogsfossa eignarnámi. Jón Þorláksson andmælti þeirri tillögu opinberlega þar sem í henni fælist viðurkenning á því að fossar væru undirorpnir eignarrétti, en meiri hluti fossanefndar hefði einmitt komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þeir væru eins konar almenningur. Hins vegar gætu árbotnar og annað land, sem vatn rynni um, vissulega verið eign einstaklinga. Minni hluti minnti Jón á að í áliti sínu hefði meiri hlutinn sagt „að það óvirkjað vatn, sem landeign sú, er það á eða rennur um, þarf eigi til sinna þarfa, skuli vera eins konar almenning undir umráðarétti ríkisins".

Miklar og harðar deilur urðu í blöðum um fossamálið árið 1919 og það var eitt helsta hitamál í kosningunum þá um haustið. Töldu menn ýmist eignarrétt á fossum í höndum bænda eða ráðstöfunarrétt á þeim hjá hinu opinbera en einnig skiptust menn í innilokunar- og opingáttarmenn, eins og það var kallað, eftir því hvort þeir voru með eða á móti útlendu fjármagni til virkjana og stóriðju. Heimastjórnarflokkurinn var hlynntur því að sérleyfi til virkjana yrði veitt öðru hvoru fossafélaginu, enda hafði hann frá öndverðu talið rétt að fá erlent fjármagn inn í landið. Tíminn sem hafði þá nýlega hafið göngu sína og studdi Framsóknarflokkinn eindregið hafði ekki ákveðna skoðun á því máli en aðhylltist eignarrétt landeigenda á vatni. Taldi aðsópsmesti talsmaður flokksins, Jónas Jónsson frá Hriflu, að hann gæti notað fossamálið til að fylkja bændum undir merki flokksins. „Jónas frá Hriflu hugsaði sér gott til glóðarinnar að hamra á því, að Bjarni frá Vogi og Einar Arnórsson væru vatnsránsmenn, eins og hann kallaði þá," segir Guðjón Friðriksson, „og sá fram á að þetta yrði vatn á myllu flokkseiningarinnar, þó að í raun og veru stríddi það gegn heildarsýn hans á framtíðarþjóðfélagið." Hóf Jónas harðar árásir á Einar og Bjarna, sem báðir voru í framboði í kosningunum, og féll Einar en Bjarni hélt þingsæti sínu. Sjálfstæðismenn vöruðu hins vegar flestir við opingáttarstefnu. Gerði Jakob Möller fossamálið að árásarefni á Jón Magnússon forsætisráðherra, en Jakob bauð sig fram gegn honum í Reykjavík í þessum kosningum og felldi hann.

Hið nýkjörna þing kom aðeins saman í nokkra daga í ársbyrjun 1920 til þess að staðfesta nýja stjórnarskrá vegna fengins fullveldis. Skömmu áður en reglulegt þing skyldi koma saman í ársbyrjun 1921 og afgreiða ný vatnalög, tók Verkfræðingafélag Íslands fossamálið til umræðu. Steingrímur Jónsson var frummælandi á fundi þess, sem var haldinn 17. nóvember 1920 ..."

Á þeim fundi var m.a. Jón Þorláksson. Um hans þátt segir hér, með leyfi forseta:

„Jón kvað það misskilning að meiri hluti fossanefndarinnar hefði lagt til að ríkið ætti að eignast öll vötn. Meiri hlutinn hefði kveðið upp úr um það, að vatn væri engum eignarrétti undirorpið, hvorki ríkisins né einkaaðila, heldur væri það res nullius, einskis manns eign. „Það sem við vildum reyna að hindra, var það að ágóðinn sem skapaðist við það að þetta verðmæti hækkaði í verði, rynni í vasa einstaklinga, sem ekkert hefðu til þess unnið," sagði Jón, „enda verður mönnum nógu erfitt að virkja fallvötnin, þó þeir þurfi ekki að kaupa þau „spekúlanta"verði"."

Á fundinum kvaðst „Þorvaldur Krabbe ekki gera sér ljóst, hvað Jón Þorláksson vildi í raun og veru, hvort hann vildi hagnýta fossana eða ekki og hvort hann teldi ríkið eiga að gera það eða veita öðrum sérleyfi til þess. Guðmundur Hlíðdal deildi nokkuð á tillögur Jóns Þorlákssonar og annarra í meiri hluta fossanefndarinnar; taldi hann að hindra hefði mátt gróðabrall með fossaréttindi með því að banna kaup og sölu fallvatna nema með leyfi landsstjórnarinnar; þá sagði Guðmundur, að ekki væri tímabært að setja sérstök sérleyfislög. Jón Þorláksson tók til máls seint á þessum fundi og sagði að eitt hið mikilvægasta í hugsanlegum virkjunum væri að járnbraut austur yfir fjall myndi fylgja í kaupbæti. Ólíkt

Guðmundi Hlíðdal væri hann þeirrar skoðunar að fossalöggjöf væri nauðsynleg. „Við verðum að sjá að vatnsaflið sé nothæft í framtíðinni, þegar svo er komið að almenningi þykir þörf að það komi til notkunar." Ekki hefði nægt að binda kaup og sölu fallvatna við samþykki landsstjórnarinnar.

Þingið 1921 afgreiddi ekki vatnalög, en samþykkti frumvarp um heimild fyrir landstjórnina til þess að láta rannsaka Sogsfossa, og var Jón Þorláksson öflugur stuðningsmaður þess. Árið 1923 afgreiddi þingið loks vatnalög að frumkvæði Klemensar Jónssonar sem þá var orðinn ráðherra og var þá tekið meira tillit til álits minni hluta fossanefndarinnar en tillagna meiri hlutans. Lét Jón Þorláksson mjög til sín taka í umræðum um vatnalögin og tókst honum að smeygja inn í frumvarpið fyrirvörum, svo réttur landeigenda yrði ekki óskoraður. Í umræðunum greip Jón aldrei þessu vant til skáldlegra samlíkinga:

„Það má líkja þessari ónotuðu orku vatnsfallanna hér á landi við heimasætu í föðurgarði. Þeir sem falast eftir orkunni til virkjunar, koma fram sem heiðarlegir biðlar heimasætunnar og er sjálfsagt að taka þeim með fullri kurteisi og velvild, jafnvel þótt rétt þyki af einhverjum ástæðum að synja þeim ráðahagsins. En braskararnir vilja það eitt að gerast friðlar þessarar heimasætu, hafa af henni stundarhagnað og skilja hana svo eftir spjallaða af verðhækkun og þar með svipta því helsta yndi sem hún hafði að bjóða heiðarlegum biðli."

Jón sagði að ýmsar hindranir hefðu hin síðari ár komið í veg fyrir, að draumar sínir um notkun vatnsafls íslenskum almenningi í hag hefðu ræst. Í fyrsta lagi hefðu fossabraskarar tekið sérhagsmuni sína fram yfir almenningsþarfir. Í öðru lagi hefðu menn verið óþarflega hræddir við útlendinga, miklað málið fyrir sér; aldrei hefði verið ætlunin að reka mjög stór fyrirtæki eða fjölda útlendra verkamanna. Í þriðja lagi hefðu ýmsar vinnsluaðferðir orðið úreltar sakir tækniþróunar svo að í svip væri lítil eða engin eftirspurn eftir raforku til stóriðju frá Íslandi.

Í umræðunum um vatnalagafrumvarpið 1923 vísaði Jón Þorláksson þeirri röksemd á bug, að eignarrétti manna á landi væri hætta búin, væri eignarréttur á vatni ekki viðurkenndur. Hann kvaðst sjálfur ekki vera neinn sameignarmaður eins og þingmönnum væri vel kunnugt um. En þessi röksemd gæfi sér tilefni til að benda á eina hlið málsins. „Það hefir nefnilega frá öndverðu verið undirstaða vatnsréttarins að bakkabúar ættu einir þann rétt sem þeir einir gætu notað eða ættu miklu hægara með að nota en aðrir," sagði Jón. „En almenningur hefir á hinn bóginn frá öndverðu í öllum löndum átt rétt til þeirrar notkunar vatnsins sem allir höfðu jafna aðstöðu til." Til dæmis væri réttur almennings til að fleyta trjám eftir ám og sigla eftir vötnum víðast lögvarinn. Smávötn hefðu því gjarnan verið einkaeign og stór vötn almenningseign. Nú væru orðin aldahvörf. „Nú má veita orkunni svo langar leiðir að hún getur orðið í fyllsta mæli almenningseign og því er eigi nema eðlilegt að sama aðstaða skapist um þá notkun sem um hina eldri, að almenningur fái rétt til þeirrar vatnsnotkunar sem hann þarfnast." Þá hafnaði Jón þeirri röksemd, sem fram kom í áliti minni hluta fossanefndarinnar, að réttur landeiganda til vatns væri fullur eignarréttur. Hann væri takmarkaður hlutaréttur, sagði Jón, réttur til notkunar; þegar sagt hefur verið á fornum bókum, að maður ætti læk, hefði hann átt rétt til þess að nota lækinn á tiltekinn hátt en hann hefði ekki átt vatnið í læknum í bókstaflegri merkingu."

Nú er fróðlegt, þegar maður veltir vöngum yfir þessum ræðum og orðum Jóns Þorlákssonar, að sjá á hvern hátt söguskýrandinn, túlkandinn, kýs að túlka orð þessa stjórnmálamanns. En nú er komið að Hannesarkafla Gissurarsonar, en hér segir, með leyfi forseta, þegar Hannes fer að túlka:

„Hvað var hæft í þeim röksemdum sem Jón Þorláksson og aðrir í meiri hluta fossanefndarinnar báru fram fyrir allsherjarstefnunni svonefndu? Þeim varð starsýnt á þann mun, sem er á vatni og ýmsum öðrum gæðum jarðar: Vatn er sífellt á hreyfingu; það rennur ófrosið úr greipum manna. Það virðist því ekki vera fastur hlutur í sama skilningi og jörð, hús eða hestvagn. Getur vatnið þá verið háð eignarrétti? Geta menn þá átt tilkall til þess eins og til jarðar, húss, eða hestvagns? Var ekki eðlilegra að líta á það sem almenningsgagn, sem allir mættu hafa not af svo framarlega sem þeir sköðuðu ekki aðra? Þegar meiri hluti fossanefndar svaraði síðustu spurningunni játandi studdist hann við álit Einars Arnórssonar. En nú sjá menn það sem fossanefndin kom ekki auga á, að Einar notaði rangar röksemdir til að komast að réttri niðurstöðu, — eða niðurstöðu sem er að minnsta kosti ekki röng. Vitaskuld verður vatnsafl til raforkuvinnslu að vera undirorpið einhvers konar eignarrétti af þeirri einföldu ástæðu, að það er verðmæti, sem meiri eftirspurn er eftir en framboð á. Það rafmagn sem einn maður notar, getur annar maður ekki notað; þar gildir lögmál skortsins. Andrúmsloftið er hins vegar ólíkt vatnsafli; þegar einn maður dregur andann, tekur hann ekkert frá öðrum; allir geta andað; um það gildir ekki lögmál skortsins. Hafið er einnig ólíkt því að því leyti, að það er nægilega rúmgott til þess að allir sem vilja sigla, geta það án þess að skaða hver annan, svo framarlega sem þeir virða almennar siglingarreglur; um siglingar á hafi gildir því ekki lögmál skortsins ..." — Síðan segir Hannes:

„Jón Þorláksson hélt því fram, að réttindi landeiganda til vatns væru takmörkuð hlutaréttindi; þau væru afnotaréttindi, ekki eignarréttindi. Af því leiddi beint, að hugtakið fossaréttindi stóðst ekki. Fossafélögin, Ísland og Titan, höfðu verið að kaupa hlut sem ekki var til. Þetta kann að vera rétt. En spurningin er, hversu víðtæka ályktun má draga af því. Hvorki meiri hluti né minni hluti fossanefndarinnar gerði sér grein fyrir því að öll eignarréttindi eru í raun og veru takmörkuð hlutaréttindi, afnotaréttindi. Menn mega ekki fara með eignir sínar alveg eins og þeir vilja. Einstaklingur má til dæmis ekki leika hástöfum á flygil sinn á næturnar, ef hann býr nálægt öðru fólki. Eigandi hnífs má nota hann til þess að skera með brauð, en ekki til að skera með fólk (nema hann sé skurðlæknir). Maður sem á veiðiréttindi í stöðuvatni á ekki nauðsynlega rétt á því að losa úrgang í vatnið eða taka það an vatn til neyslu eða áveitu; því síður leiðir af veiðirétti hans að hann eigi sjálft stöðuvatnið."

„Deila fylgismanna „allsherjarstefnu" og „séreignarstefnu" árið 1919 virðist af þessum sökum til marks um misskilning", segir sá sem skráir sögu Jóns Þorlákssonar. Væri Jón Þorláksson heitinn hér til að lesa þessi orð er ég hrædd um að hann yrði ekki hrifinn af þessari túlkun á einu af stærstu málunum á hans pólitíska ferli.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er rétt að halda því til haga að við erum fyrst og fremst að tala um auðlindapólitík. Í gangi eru tvenns konar stefnur. Annars vegar er það þessi séreignarstefna, sem ríkisstjórnin hefur nú gert að sinni. Hins vegar er það sú pólitík sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa fylgt í þeim málum sem þeir hafa lagt fyrir þingið og byggist á því fyrst og fremst að auðlindirnar

eigi að vera í sameign þjóðarinnar og nýtast landsmönnum öllum til heilla.

Það má vekja athygli á tillögu sem lögð hefur verið fram af þingmönnum Alþb. Hún gæti t.d. verið góð byrjun á því sem þarf að gera varðandi auðlindir þjóðarinnar og er nauðsynlegt vegna þess að þær tillögur sem koma fram, t.d. í þessu frv., eru mjög vanhugsaðar eins og ítarlega hefur verið rakið í ræðum þeirra sem talað hafa áður. En till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, sem lögð hefur verið fram af þingmönnum Alþb., miðar að því að skipuð verði, með leyfi forseta: „nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta."

Í þessari tillögu er vakin athygli á því að þingmenn Alþb. hafa flutt stjórnarskrárfrv. á Alþingi um auðlindir í sameign þjóðarinnar og að nú þegar liggja fyrir þinginu frv. um sama efni, um breytingar á stjórnarskránni, um eignarrétt fallvatna og jarðhita, auk þáltill. um miðhálendið. Eins og hér hefur einnig verið bent á hafa verið lagðar fram tillögur sem ganga að grundvallarstefnu í sömu átt af hálfu alþýðuflokksmanna.

Umhverfisþátturinn er alls ekki nægilega tryggður í þessu frv. Það er enn eitt dæmið um það að þetta frv. er mjög illa undirbúið á allan hátt. Þetta kemur fram í fjölda umsagna um málið. Mér finnst það vera mjög alvarlegur hlutur, ef satt er, að frv. sem hæstv. ríkisstjórn er að flytja standist ekki alþjóðlegar skuldbindingar sem við Íslendingar höfum undirgengist, og jafnvel, eins og bent hefur verið á í umsögn, að það standist ekki áætlanir sjálfrar ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum. Ég vil vísa í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur að brýnt sé orðið að endurskoða gildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu. Stofnunin mæli ekki með samþykkt þessa frumvarps nema á því verði gerðar verulegar breytingar sem taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í umhverfisvernd og fyrirliggjandi áætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli nefndarinnar á því, að ekkert tillit virðist vera tekið til skuldbindinga sem felast í alþjóðlegum samningum um vernd umhverfis og Ísland hefur staðfest á undanförnum árum. Ekki virðist heldur hafa verið tekið tillit til gildandi laga sem lúta að vernd og nýtingu náttúruauðlinda, svo sem laga nr. 63/1993, nr. 60/1992, 93/1996 og nr. 73/1997." Síðan segir:

„Við gerð þessa frumvarps hefur ekki verið tekið tillit til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi (framkvæmdaáætlun til aldamóta)."

Mér þykja það tíðindi ef hæstv. ríkisstjórn getur ekki einu sinni séð til þess að þau frumvörp sem hún leggur hér fram og ætlar að keyra í gegn án þess að í raun og veru sé nægilega vel staðið að undirbúningi, standist ekki einu sinni áætlanir hennar sjálfrar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Í þessari áætlun, framkvæmdaáætlun til aldamóta, segir, með leyfi forseta:

„Lög um vinnslu jarðefna verði endurskoðuð og samræmd, þannig að þau stuðli að aðhaldi í nýtingu þessarar takmörkuðu og endanlegu auðlindar og því að nýtingin sé í anda meginreglna um sjálfbæra þróun. Meðal annars verði kveðið á um að kortleggja skuli jarðefni. Flokka þarf námusvæði eftir efni, magni, aðgengi og gæðum efnis."

Síðan segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar:

„Í 4. gr. frumvarpsins er hvorki kveðið á um aðkomu umhverfisráðuneytisins né Náttúrufræðistofnunar að rannsóknum eða mati á auðlindum í jörðu. Nauðsynlegt er að skilgreina með einhverjum hætti hver hlutur opinberra rannsóknarstofnana eigi að vera í skráningu og mati á auðlindum í jörðu og hvaða aðili eigi að meta verndargildi og nýtingarþol þeirra auðlinda.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að rannsóknir sem framkvæmdar verða með eða án leyfis, geta haft í för með sér veruleg náttúruspjöll. Þrátt fyrir það er ekki kveðið á um að viðkomandi aðilum verði sett skilyrði þar að lútandi. Aðeins er miðað við að setja þurfi upp skilyrði af öryggiseða tæknilegum ástæðum eða vegna vinnslu sem fram fer á svæðinu."

Herra forseti. Hér lítur út fyrir að verið sé að þjóna einu meginmarkmiði sem er að tryggja eignarrétt landeiganda að auðlindunum. Sjálfsagðar takmarkanir á þeim rétti eru látnar liggja á milli hluta, svo sem umhverfisatriði, náttúruvernd, meðferð viðkvæmra vistkerfa o.s.frv.

Það verður aldrei sátt um þetta mál í samfélaginu ef það verður keyrt í gegnum þingið núna, herra forseti. Ég vil hvetja hæstv. iðnrh. til að fresta afgreiðslu þessa máls, a.m.k. þar til tryggt er að áætlanir okkar um umhverfismál og alþjóðlegar skuldbindingar séu virtar. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa.

Áður hefur verið vitnað til umsagnar Alþýðusambands Íslands. Þar er m.a. lögð áhersla á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnytjum eða náttúruauðlindum, séu sett eðlileg mörk. Þar er bent á að óeðlilegt sé að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildir til nýtingar eða afnota.

Alþýðusambandið andmælir þeirri afstöðu til umfangs eignarhalds einstaklinga sem frv. byggir á og telur að hún sé ekki í samræmi við þá stefnu sem frv. ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur byggir á og er vissulega rétt. „ASÍ gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar en hvetur til þess að frumvarpið verði endurskoðað þannig að um lagasetningu um eignarhald og nýtingu landsins gæða geti orðið sátt sem þjóðin getur búið við til frambúðar. ASÍ telur að þetta frumvarp bjóði ekki upp á slíka sátt. Óheppilegt væri ef málið yrði pólitískt bitbein þannig að líkur væru til þess að innan skamms tíma yrðu gerðar breytingar á lagaumhverfinu. Slíkt er ekki til þess fallið að skapa þá kyrrð og staðfestu sem þjóðin og atvinnulífið þarf á halda að ríki um málið."

Kveðið er á um svipaða hluti í umsögn frá Náttúruvernd ríkisins. Þar er segir:

„Skynsamleg nýting náttúruauðlinda í nútíð og framtíð er eitt höfuðmarkmiða náttúruverndar. Núgildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu eru að stofni til frá 1967 og 1973 og því löngu orðið tímabært að endurskoða þau. Um leið má gera ráð fyrir því ný lög taki mið af aðstæðum og viðhorfum nútímans, þar með talið varðandi sjálfbæra þróun, skynsamlega nýtingu og náttúruvernd. Náttúruvernd ríkisins telur að of-

angreint frumvarp uppfylli þessi atriði. Frumvarpið stangast einnig á við veigamikil og mörg atriði í framkvæmdaáætlun umhverfisráðuneytisins, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, sem samþykkt var af ríkisstjórninni í febrúar 1997."

Þetta er það sama og bent er á í umsögn Náttúrufræðistofnunar ríkisins og sýnir okkur að það er eins og önnur hönd ríkisstjórnarinnar viti ekki hvað hin er að gera.

„Náttúruvernd ríkisins bendir á að hvergi í frumvarpinu né í greinargerð er minnst á náttúruvernd eða skilgreind atriði sem lúta að verndun umhverfis og náttúru, eingöngu eru lögð fyrir óljós ummæli um einhvers konar umhverfisvernd. Veitingu leyfa og eftirlit með vinnslusvæðum er eingöngu beint að nýtingu auðlindanna."

Þá er ekki kveðinn fagur tónn um þetta frv. í umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga. Þar segir t.d., með leyfi forseta:

„Eðli máls samkvæmt þá er nýting auðlinda í jörðu nátengd umhverfi og náttúru. Umhverfisnefnd FÍN hefði því talið að í slíku frumvarpi og hér um ræðir væri að finna mun sterkari skírskotanir til þeirra málaflokka og jafnframt tilvísanir til gildandi laga og reglna sem þar gilda. Svo er ekki og hlýtur það að sæta furðu. Ekki er hægt að skilja lagatextann á annan hátt en þann að gildandi t.d. náttúruverndarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum séu sniðgengin, ásamt reglugerðum á þeim byggðum. Þó slíkt hafi ekki verið ætlun höfunda frumvarpsins, þá er ekki hægt að vísa til slíks síðar nái lagatextinn fram að ganga eins og hann er nú, sérstaklega þar sem skýrari túlkanir hvað þetta varðar er heldur ekki að finna í greinargerð.

Þá má einnig á það benda að lögunum er ætlað að verða ótrúlega víðtæk. Eins og kemur fram í I. kafla þeirra, þá taka þau til hvers konar frumefna, efnasambanda og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Allt það sem í jörðu finnst er annaðhvort frumefni eða efnasamband. Þar með má segja að sé engin undantekning sé á gildi laganna. Þegar það er síðan einnig haft í huga að frumvarpið gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra geti látið rannsaka auðlindir hvar sem er á landinu með nýtingu í huga, þá verður nefndin að lýsa því yfir að henni finnst fyrirhugað gildissvið og vald iðnaðarráðherra með ólíkindum. Um ýmsar jarðmyndanir gilda sérstakar verndarreglur og er ekkert tillit til þeirra hér tekið, ekki einu sinni í greinargerð."

Síðan er bent á að sérstakar reglur gilda um jarðvegsnámur og frágang þeirra og að slíkar námur kunni einnig að vera háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum, en þar fer að vísu eftir stærð þeirra. Í niðurlagi umsagnar sinnar segir Félag íslenskra náttúrufræðinga:

„Eins og sjá má af þeim atriðum sem tínd hafa verið til, þá telur nefndin þessu frumvarpi mjög áfátt í þeim atriðum sem lúta að náttúruvernd og umhverfismálum. Slíka hugsun vantar nærri algerlega í þetta frumvarp og það er ábyrgðarhluti þegar verið er að setja löggjöf sem getur haft jafnafdrifarík áhrif á umhverfið og hér um ræðir.

Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga hvetur háttvirta iðnaðarnefnd til að endurskoða frumvarpið í ljósi þessara athugasemda."

Þetta frv., fyrir utan að vera bara ótrúlega hreint vitlaust pólitískt séð, er gölluð lagasmíð líka, eins og hér hefur verið bent á í umræðunum. Það tekur ekki mið af sjálfsögðum hlutum eins og umhverfisvernd og verndun náttúrunnar. Það er kannski ekkert skrýtið þegar skoðað er hvernig staðið var að þessu frv., að undirbúningi þessa stóra máls sem við erum ræða hér og er eitt stórpólitískasta málið á þessu þingi. Hverjir eru það sem valdir eru til starfa að frv., undirbúa það og skrifa, ef við skoðum nefndarskipunina?

Með bréfi iðnrh. 24. nóv. 1995 voru eftirtaldir skipaðir í vinnuhópinn: Stefán Guðmundsson alþm., formaður, Sturla Böðvarsson alþm., Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur og Tryggvi Gunnarsson hrl.

Svo mörg voru þau orð. Einn framsóknarmaður, einn sjálfstæðismaður, tveir sérfræðingar, en afgangur þjóðarinnar skiptir bara engu máli. Hún má kvarta og kveina en þeir sem valdið hafa tala hér í þessu frv. og þeir ráða. Eins og áður hefur verið haft eftir mönnum í þessari ríkisstjórn má einfaldlega segja: Þetta er pólitísk ákvörðun og henni verður ekki breytt.

Og það er sorglegt að það skuli vera niðurstaðan um svona stórt mál. Hún á eftir að skapa mikinn ófrið í framtíðinni, ef að lögum verður.

[23:39]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 frá 28. maí 1980, sem samþykkt var á Alþingi 1997, segir í IX. kafla sem heitir Hvíldartími og frídagar, með leyfi forseta. Ég les þar upp 52. grein þessara laga:

„Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klukkustundir, með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd, þegar um er að ræða:

a. vaktavinnu,

b. störf að landbúnaði,

c. björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla."

Nú eru þetta mjög afdráttarlaus lög og sett í framhaldi af tilskipun sem á að gilda á öllu hinu Evrópska efnahagssvæði, enda virðist mér að mörg ákvæði um vinnurétt og til að tryggja öryggi launafólks komi nú um stundir að utan. Upphefðin kemur að utan í þeim efnum. Þetta eru mjög ákveðin og skýr fyrirmæli. Þetta eru ekki fyrirmæli um vinnutíma heldur eru þetta fyrirmæli um hvíldartíma.

Nú vill svo til að félmn. Alþingis hefur verið boðuð til fundar kl. 8.15 í fyrramálið. Í þeirri nefnd eiga ýmsir þingmenn sæti sem eru hér að sinna þingskyldum sínum í kvöld, t.d. formaður þingflokks jafnaðarmanna, sem á seturétt þar, og auk þess þingmenn sem eru á mælendaskrá. Ég tel að það sé tvímælalaust brot á þessum lögum, virðulegi forseti, að haldið verði áfram með þennan fund eftir miðnætti, nema því aðeins að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að fella niður fund félmn. kl. 8.15 í fyrramálið. Ég held að hæstv. forseti sé manna ólíklegastur til þess að vilja brjóta mjög ótvíræð lagafyrirmæli sem Alþingi undir hans stjórn hefur sett. Ég mælist því til þess að hæstv. forseti geri annað hvort, að fresta fundi kl. 12 á miðnætti ellegar að hann beiti sér fyrir því að fundur félmn. kl. 8.15 í fyrramálið verði felldur niður.

[23:42]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti vill taka fram, vegna þessara orða hv. þm., að það er útlátalaust fyrir hann að óska þess að fundurinn í fyrra-

málið í félmn. verði felldur niður. Hann var ekki boðaður í samráði við forseta.

Forseti vill geta þess í leiðinni að þess er auðvitað gætt af skrifstofu þingsins að starfsfólk Alþingis fái lögboðinn hvíldartíma. Varðandi hvíldartíma þingmannanna þá heldur forseti því fram að þar verði hv. þm. að gæta þess sjálfir að þeir fái nægilega hvíld. Það getur ekki verið í verkahring forseta að gæta þess.

Forseti ítrekar, til þess að taka af öll tvímæli og undirstrika það, að hann hefur ekki áhuga á að brjóta sett lagafyrirmæli. Hann mun beita sér fyrir því að nefndarfundurinn í fyrramálið verði felldur niður eða að honum verði frestað þar til síðar á morgun.

[23:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Út af þessum orðaskiptum sem ég hef hér orðið vitni að tel ég fulla ástæðu til að upplýsa að boðaður fundur í félmn. í fyrramálið er vegna atriða sem upp komu við umræðu um sveitarstjórnarlögin, bæði 7. gr. um arðgreiðslur og aðra grein sem miklar athugasemdir komu við frá Félagi endurskoðenda. Félmrh. óskaði þess að félmn. kæmi saman vegna þessara atriða. Það er ekki aðeins búið að boða fundinn heldur er búið að boða fólk utan úr bæ á þennan fund, nokkra aðila. Ég vildi bara að forseti vissi það af því að klukkan er að verða tólf.

(**Forseti** (ÓE): Forseti þakkar þessar upplýsingar en þær breyta engu í sjálfu sér.)

[23:45]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir úrskurðinn um að fella niður fund félmn. á morgun. Það er alveg skýrt.

(**Forseti** (ÓE): Eða fresta honum, skulum við segja.)

Eða fresta honum. En ég vil aðeins benda hæstv. forseta á að þingmenn eru ekki sjálfráðir um sinn vinnutíma. Okkur ber skylda til að mæta á þingfundi og vera á þingfundum þegar þingfundir eru haldnir. Menn geta ekki, ef þeir ætla að gegna þeirri skyldu sinni, ráðið því sjálfir hvenær þeir sitja hér og hversu langan hvíldartíma þeir fá. Ég vil gera athugasemdir við það, virðulegi forseti, að meira að segja forustumenn stjórnarflokkanna hér í þinginu, þ.e. þingflokksformenn, sinna ekki þingskyldu sinni t.d. á þessum fundi í kvöld og það er ástæða til að gera athugasemdir við það vegna þess að það er hluti af starfsskyldum þingflokksformanna að vera viðstaddir þingfundi ef á þarf að halda, t.d. ef hæstv. forseti þyrfti að hafa eitthvert samstarf eða samráð við þá um fundahaldið í þinginu. Ég kvarta yfir því að þessir hv. þingmenn, formenn þingflokka stjórnarflokkanna, skuli ekki vera hér og sinna þingskyldum sínum, og vek athygli á því aftur að þingmenn eru ekki sjálfráðir um vinnutíma sinn og geta ekki tekið sér hvíldartíma eins og þeim dettur í hug því þeim er skylt að sitja þingfundi.

[23:46]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti metur það við þá hv. þingmenn sem sitja hér þingfundi þótt þeir dragist fram á kvöld og jafnvel fram á nótt. Af langri þingreynslu veit hv. þm. að ekki er gengið eftir því við alla þingmenn og ekki heldur forustumenn flokkanna að þeir sitji alla þingfundi en ef nauðsyn krefur eru þeir kallaðir til starfa. Það vita hv. þingmenn.

[23:47]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í þessum umræðum greinir okkur stjórnarandstæðinga á við stjórnarliða hvað varðar þetta mál sem hér er til umræðu í þremur meginefnisatriðum.

Í fyrsta lagi erum við andvígir þeirri stefnu í frv. hæstv. iðnrh. að öll auðæfi í jörðu á einkaeignarlandi skuli teljast eign viðkomandi landeiganda. Í öðru lagi greinir okkur á við stjórnarliða um að við gerum miklu stífari kröfur um umhverfisvernd áður en teknar eru ákvarðanir um nýtingu lands og landgæða en meiri hluti ríkisstjórnarliða er reiðubúinn að samþykkja, og í þriðja lagi teljum við það mjög varhugavert að afhenda ráðherra, í þessu tilviki iðnrh., raunverulega óskorað vald til að leigja hverjum sem er aðgang að hvaða auðlind sem er á hvaða kjörum sem er og hvorugur aðilinn, þ.e. hvorki sá sem sækist eftir slíkri auðlindanýtingu né heldur ráðherrann þurfa að uppfylla neinar sérstakar skyldur eða gæta t.d. jafnræðis þegar ákveðið er hver má nýta hvað og fyrir hvaða peninga. Ég vil í ræðu minni gera fyrsta atriðið að meginefni, þ.e. ákvæðið þar sem gert er ráð fyrir því í frv. hæstv. iðnrh. að sá sem svo vill til að hafi keypt einhverja landareign eða erft hana skuli framvegis fá með skýrri lagasetningu frá Alþingi eignarhald á öllum þeim auðlindum sem kunna að finnast í jörðu í þeirri landareign, hversu mikið sem fyrir því þarf að hafa að vinna þau verðmæti og hversu djúpt í jörðu sem þau kunna að vera. Þessi ákvörðun sem verið er að taka af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og þingmeirihlutans gerbreytir þeirri venju sem hefur ríkt í þessum efnum og þeim hugsunarhætti gegnum aldir á Íslandi eins og fram hefur komið í ræðum bæði hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, sem lauk máli sínu áðan, og ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds sem hann flutti fyrr í dag. En þetta er ekki bara í andstöðu við réttarvitund almennings á Íslandi heldur í hróplegri mótsögn við þá þróun í réttarfari sem ríkt hefur og ríkir enn t.d. á öðrum Norðurlöndum og í Evrópu.

Í norsku riti sem heitir „Tidsskrift for rettsvitenskap" sem kom út árið 1994 er mjög athyglisverð yfirlitsgrein um þessa þróun, um réttindi til auðæfa í jörðu sem rituð er af lögfræðingi sem heitir Erling Husabö. Þar er farið yfir þróun þessara mála og vissulega ástæða til að fara nokkrum orðum um það til að draga upp þá mynd á hvaða leið við erum ef við samþykkjum þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn leggur upp með.

Þar kemur m.a. fram að á miðöldum, ef við byrjum svo aftarlega, ríkti sá skilningur sem átti sér stoð í Rómarrétti að jarðeigandi ætti allar auðlindir sem fyrirfyndust í jörðu hans og ofar jörðu hans, þ.e. að einkaeignarrétturinn næði ótakmarkað langt niður að miðju jarðar og upp til himinhvolfsins. Það var orðað þannig í Rómarrétti, sem var viðhorfið sem gilti alveg fram á miðja 19. öld, að landeigandinn ætti yfirráðarétt á jörð sinni allt frá hvirfilpunkti í himinhvolfi og niður að miðju jarðar. Fyrirmyndin að þessum skilningi í einkaeignarréttarlegu tilliti var yfirráð lénsherrans yfir jörð sinni og öllum þeim sem á henni bjuggu. Þetta viðhorf gilti í stórum dráttum um alllangan tíma meðan Rómarrétturinn var ríkjandi í réttarfarsskilningi almennings og stjórnvalda og dómstóla í Evrópu en breytingar verða á þessu upp úr miðri 19. öldinni þegar menn fara að fikra sig frá þessum skilningi og yfir í þann skilning sem nú er í flestum löndum Evrópu, öðrum en Íslandi verði þessi tillaga hæstv. ríkisstjórnar samþykkt.

Margir merkir menn urðu til þess að breyta þessari afstöðu sem á rætur sínar að rekja til Rómarréttarins, ekki bara lögfræðingar heldur ekkert síður jarðvísindamenn sem bentu á það í fjölmörgum skrifum að þessi skilningur á eignarrétti væri ekki raunhæfur og ekki í samræmi við þau viðhorf sem giltu almennt til eignarréttarins á síðari tímum og er ég þá að tala um sem síðari tíma tímann upp úr miðri 19. öld.

Árið 1863 skapaðist sú réttarvenja í Þýskalandi að takmarka einkaeignarréttinn, einkaeignarrétt jarðeigenda við það sem viðkomandi jarðeigandi gæti nýtt sér, þ.e. menn hurfu frá því að skilgreina eignarréttinn þannig eins og á að gera í frv. hæstv. iðnrh. að hann næði allt niður að miðju jarðar eða eins langt og þurfa þætti hverju sinni og til þeirrar skilgreiningar í staðinn að eignarrétturinn gæti ekki náð lengra en svo að viðkomandi jarðeigandi gæti nýtt sér eignina sjálfur og hinn þýski lögfræðiprófessor, Rudolf von Ireling, sem má segja að sé höfundur þessa nýja skilnings rökstuddi það m.a. með því að segja: Ef svo vill til að einn jarðeigandi á t.d. jarðeign sína efst á fjallstoppi og annar jarðeigandi á jörð sem liggur að sama fjalli en liggur t.d. þúsund metrum neðar, hvernig getur þá réttur jarðeigandans á fjallinu, Jeppa á Fjalli orðið svo mikill að hann geti t.d. bannað nágranna sínum sem býr þúsund metrum fyrir neðan hann að grafa göng eða helli eða fjárhús inn í fjallið, þúsund metrum fyrir neðan yfirborðið sem hann á? Niðurstaða hins þýska lagaprófessors var sú að það væri auðvitað fáránlegt að gera ráð fyrir því að einkaeignarréttur jarðeigenda væri skilgreindur með þeim hætti. Í kjölfarið á skrifum hans breiddist það sjónarmið út og er nú almennt viðurkennt í Vestur-Evrópu að Frakklandi undanskildu að eignarréttur jarðeigenda geti ekki náð lengra en hans eigin „intressur" ná, þ.e. geti ekki náð lengra en hagnýtingarmöguleikar hans sjálfs ná hverju sinni.

Þetta var orðað þannig af þeim ágæta þýska prófessor að nú um stundir, þ.e. um miðja síðustu öld sé það ekki fyrst og fremst hugsjónin um einkaeignarrétt sem eigi að vera ráðandi í réttarfarslegum skilningi heldur hinar raunverulegu „intressur" jarðeigandans, hin raunverulega geta jarðeigandans til að nýta sér þær auðlindir sem á jörðu hans kynnu að finnast í eigin þágu. Út frá þessu sjónarmiði var búið til kerfi sem aldrei hefur verið út af fyrir sig lögleitt í nokkru Vestur-Evrópulandi svo ég viti til, ekki enn þá, en hefur hins vegar verið praktíserað af dómstólum að annars vegar verði menn að taka tillit til hins neikvæða réttar jarðeigandans, þ.e. hvernig getur jarðeigandi komið í veg fyrir að auðlindir í jörðu á yfirráðasvæði hans séu nýttar af öðrum, þ.e. hvað getur viðkomandi jarðeigandi bannað. Það er hin neikvæða hlið sem menn þurfa að skilgreina. Hin jákvæða hlið er sú hvers jarðeigandi getur krafist til að hann einn fái að nýta það jarðnæði og þær auðlindir sem í jörð hans kunna að vera. Það þarf ekki endilega að vera að þessi skilgreiningaratriði endi alltaf í sama punkti því það getur t.d. komið upp, eins og ég bendi á á eftir, að það sé talið að jarðeigandi geti ekki bannað t.d. gerð jarðganga um hans eigið land á 7–12 metra dýpi, geti ekki bannað eða krafist bóta fyrir það þótt á sama tíma sé talið að hann geti nýtt auðlind sem liggi á meira dýpi en það. Þarna hefur því sú réttarvenja myndast að dómstólar hafa ekki aðeins þurft að skilgreina eða kveða upp sína úrskurði út frá því viðhorfi hversu djúpt eða hversu ríkur eignarrétturinn á að vera miðað við þá almennu þumalfingursreglu að hann sé ekki ríkari en svo að einstaklingurinn sem jörðina á geti nýtt viðkomandi auðlind í sína þágu, heldur þarf líka að skilgreina þá nýtingu út frá því í fyrsta lagi hversu ríkur er réttur landeiganda til að banna öðrum nýtingu á einhverri auðlind eða einhverjum aðgangi að landi hans og í öðru lagi hversu ríkur er réttur landeigandans til að nýta sjálfur auðlindir í jörðu eða á sem hann er talinn eigandi að.

Ýmsar mjög athyglisverðar ábendingar hafa komið í sambandi við meðferð þessara mála, ekki síst í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi, sem fjallað er um í þeirri grein sem ég hef vitnað til. Þar í landi starfaði sérstök nefnd sem kölluð var Sivillovbokutvalget sem fjallaði fyrst og fremst um einkamálarétt og gerði ýmsar tillögur um aðgerðir í þeim efnum sem sumum hefur verið hrint í framkvæmd en öðrum ekki. Þessi nefnd lauk störfum sínum árið 1988 og menn ræða sum atriði í tillögum hennar enn í norska Stórþinginu. Þar t.d. er gert ráð fyrir því að ólíkar reglur verði settar — það er athyglisvert fyrir okkur að huga að því — eftir því hve djúpt í jörðu farið er.

Nú liggur fyrir Alþingi frv. sem flutt er af hv. þm. Alþb. þar sem gerð er tillaga um að einkaeignarrétturinn, t.d. eða að því mig minnir á jarðhita, nái ekki nema tiltekna dýpt í jörðu, mig minnir 100 metra. Því hefur m.a. verið haldið fram úr þessum ræðustól að slík tillögugerð sé óraunhæf þar sem það brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár og þar með í bága við almannarétt að takmarka réttindi eftir einverri dýpt. Norska nefndin sem ég fjallaði um er ekki aldeilis á sömu skoðun. Í tillögum þeirra er gert ráð fyrir að nokkuð ólíkar reglur gildi um eignarrétt eftir því hvaða dýpi sé verið að ræða um þannig að ein regla gildir samkvæmt tillögum þessarar nefndar sé um að ræða 40 metra dýpi eða minna, önnur regla gildir á dýptinni frá 40–100 metra og þriðja reglan sé um að ræða að farið sé dýpra en 100 metra niður. Þannig að frændþjóð okkar telur að ekki brjóti í bága við almannarétt eða stjórnarskrá landsins að setja slíkar takmarkanir.

En megintillaga Sivillovbokutvalget er að sett verði lög þar sem gert er ráð fyrir því — og nú ítreka ég það sem hér segir — að einkaeign eða eign landeiganda skuli vera allar þær auðlindir í jörðu sem hafa ekki verið ákveðnar með lögum frá þjóðþingi að séu eign ríkisins. Með öðrum orðum gerir norska réttarfarsnefndin ráð fyrir því að hægt sé að setja lög í Noregi um að takmarka einkaeignarréttinn með því að ákveða að einhver tiltekin auðlind eða einhver tiltekinn aðgangur skuli teljast til almenningseignar eða ríkiseignar en annað en tekið sé fram með slíkum hætti að sé ríkiseign geti verið á eignarforræði einstaklings. Með öðrum orðum þýðir þetta að frændur okkar Norðmenn, sem byggja á mjög svipaðri lagahefð og við, telja ekkert athugavert við að þjóðþing setji lög sem takmarki eignarréttinn með þessum hætti.

Ég minni á, herra forseti, að ekki er lengra síðan en árið 1973 að Norðmenn settu lög hjá sér sem ákveða að öll olía sem kunni að finnast á norsku landi sé eign norska ríkisins. Með öðrum orðum að ákveða að einkaeignarréttur landeigenda nái ekki til olíu sem finnast kunni í Noregi, heldur sé olían almannaeign, sé ríkiseign, hvar sem hún kunni að finnast. Það var árið 1973, sem slík lög voru sett í Noregi, og það er svo margt líkt með norskri og íslenskri löggjöf að þó að ég sé ekki löglærður maður trúi ég því ekki að það réttmætt að almannarétturinn eigi að vera minni hér á Íslandi en í Noregi þannig að við getum ekki sett sambærileg lög, t.d. um olíu ef hún fyndist á íslensku landi eins og Norðmenn settu hjá sér fyrir 25 árum.

Þá er líka mjög merkilegt að bera saman íslensku og

norsku námulögin en réttindi almennings til þess að vinna og leita að málmum eiga sér rætur til lagasetningar sem tók gildi í norska ríkinu, og þar á meðal á Íslandi líka, árið 1539, lög sem voru sett af Kristjáni III. Þau lög áttu aftur á móti rætur sínar og uppruna í Þýskalandi þannig að um er að ræða lagasetningu sem var almenn venja í vestanverðri Evrópu og gilti líka á Íslandi lengst af. Hún byggði á þeirri grundvallarlagasetningu sem ég hef áður rætt um í þessum umræðum að ríkið ætti það sem enginn á. Það taldist sem svo að enginn gæti gert eignarréttarlegt tilkall til t.d. málma sem numdir eru úr jörðu og því væri það viðtekin hefð og siður í norska ríkinu frá árinu 1539 að málmar væri sameign þjóðarinnar. Konungurinn fór með það á meðan hann var valdsmaður í því landi en ríkisstjórnin síðan, og þessi réttarskilningur gilti hjá okkur í allar þær aldir, öll þau mörg hundruð ár sem við vorum í ríkjasambandi, fyrst við Noreg og síðan Danmörku. Í Noregi er það grundvallarregla að ríkið á allan rétt til þess *að vinna málma úr jörðu hvar svo sem málmurinn kann að* finnast, hvort sem málmurinn finnst á ríkisjörð eða á einkaeignarjörð. Séu hins vegar slík auðæfi á jörð í einkaeigu, þá á einkaeigandinn rétt til þess að fá hlutdeild í arðinum af vinnslu viðkomandi málms sem samsvarar einu prómilli af andvirði þess sem numið er í hans eigin landi.

Þetta er sú regla sem gildir í löndunum í kringum okkur og ekkert við því að segja þó svo að margir Íslendingar séu á þeirri skoðun sem ég er og margir fleiri að svo lengi höfum við átt samferð með þessum ríkjum, svo margt sé líkt í lagasetningu okkar og þeirra og svo lengi hafi slík ákvæði líka verið réttarvenja á Íslandi að rík ástæða sé til þess að við getum sett sams konar lög um takmörkun á einkaeignarrétti og útfærslu almenningseignarréttar á Íslandi eins og þar.

Áðan minntist ég á að það væri umhugsunarvert hvað Norðmenn hefðu gert á þeim tíma áður en hinir miklu olíufundir urðu til þess að tryggja almannahag fyndist olía á norsku landi. Þeir settu lög þann 4. maí 1973 eftir að rannsóknir höfðu hafist og staðið um nokkurra ára skeið á mögulegum olíulindum við Noreg en áður en olíuvinnsla hófst að nokkru marki. Í 1. gr. þeirra laga stendur að rétturinn til að vinna og nema olíu á norsku landi tilheyri ríkinu. Skiptir þá ekki máli hvar olían finnst, hvort sem hún finnst á þurrlendi eða úti á sjó, hvort sem hún finnst á ríkislandi eða einkalandi. Ríkið á námuna, réttinn til að vinna olíuna og þarf ekki að greiða landeiganda fyrir annað en skaðabætur sem hann hefur orðið fyrir eða verður fyrir af landspjöllum.

Hvernig stóð á því að Norðmenn töldu sig geta sett slík lög? Skýringin var sú að slík lagasetning bryti ekki í bága við þumalfingursregluna um mögulega nýtingu landeigenda á auðlind í landi sínu til eigin þarfa. Með öðrum orðum varð niðurstaða Norðmanna eftirfarandi: Það er ekki líklegt að nokkur einstakur landeigandi í Noregi geti nýtt olíulind í landi sínu til eigin þarfa. Þess vegna er ekki gengið á rétt hans þó að sett séu lög sem kveða á um að olía, hvar sem hún finnst, skuli vera eign ríkisins og sameign þjóðarinnar, það er ekki verið að taka neitt af neinum.

Nákvæmlega sömu viðhorf og giltu til olíunnar í Noregi gilda í hugum okkar Íslendinga til háhitans á Íslandi. Ekki eru líkur til þess að nokkur jarðeigandi, sem á jörð þar sem háhiti finnst, geti nýtt háhita til eigin þarfa því að til þess að beisla háhita, sem er fyrst og fremst notaður til raforkuframleiðslu en ekki húshitunar eða ylræktar eða annars slíks, þarf mikið fé og mikið umstang og harla litlar líkur á því að einstakur jarðeigandi muni nokkru sinni nýta háhita til raforkuframleiðslu til eigin þarfa vegna þess að svo mikla framleiðslu eru menn þar að tala um og mikla orku í hverju tilviki. Sú almenna regla sem hefur verið í réttarfari flestra Vestur-Evrópuríkja, sem ég talaði um að hefði skapast upp úr miðri 19. öld, að ákvæðin um einkaeignarrétt væru ekki sterkari en svo að þau næðu ekki lengra en að því marki sem viðkomandi landeigandi gæti nýtt sér land sitt sjálfur til eigin nota. Þetta viðhorf sem er almennt í allri Vestur-Evrópu gerði Norðmönnum fært að setja lög árið 1973 um að olía í norsku landi skyldi teljast eign norska ríkisins. Með nákvæmlega sama hætti og sömu rökum ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu hjá okkur Íslendingum að setja hjá okkur lög með sambærilegum ákvæðum.

Það er líka umhugsunarvert, herra forseti, að við höfum þegar takmarkað einkaeignarrétt á landi og landgæðum og miðað þar við fjarlægðir. Það höfum við gert með því að takmarka einkaeignarrétt landeigenda um eignarhald á auðlind *frá ströndu og til hafs, þ.e. við höfum takmarkað rétt* landeigenda við netlagnir. Þar með höfum við takmarkað rétt landeigenda hvað varðar fjarlægð frá ströndu, frá yfirborði lands til sjávar, og ekki töldum við að það væri neitt brot á stjórnarskrá þótt við ákvæðum að einkaeignarréttur landeigenda næði í því tilviki ekki nema í tiltekna fjarlægð út frá ströndinni. Auðvitað hlýtur sama regla að gilda um það þó að við snúum breiddarmælingunni í dýpt. Ef við getum takmarkað einkaeignarréttinn með fjarlægð í flatarmáli hljótum við líka að geta takmarkað einkaeignarréttinn með fjarlægð í rúmmáli eða með dýpt í staðinn fyrir breidd. Við höfum því þegar sett lög, virðulegi forseti, sem takmarka einkaeignarréttinn að þessu leyti og því er algjör rökleysa að halda því fram að við getum ekki beitt sambærilegum rökum ef við ætlum að takmarka einkaeignarrétt hvað varðar dýpt eins og við höfum notað þegar við samþykktum að takmarka einkaeignarréttinn hvað varðaði fjarlægð t.d. frá ströndu til sjávar.

Ég sagði áðan að það væri búið að vera lengi í lögum í Noregi að ríkið ætti námarétt á málmum. Þau lög sem eru í gildi í dag hafa verið í gildi frá árinu 1812. Í lögunum sem gilda í dag er almenna reglan sú að miðað er við málma sem eru með fimm í eðlisþyngd og allir slíkir málmar eru tilheyrandi eignarrétti norska ríkisins en ekki þeim einstaklingum sem kunna að eiga landið þar sem málmurinn hefur fundist. Með sama hætti hafa verið sett ákvæði sem takmarka réttinn til grunnvatns o.s.frv. Þannig að ef við horfum á hvað næstu nágrannar okkar hafa gert og á hvaða rökum þeir hafa byggt afstöðu sína þá finnst mér harla kyndugt ef við skulum ekki geta fylgt fordæmi þjóðar sem á jafnríkar lagahefðir um almannarétt og Norðmenn og geta gripið til svipaðra úrlausna og þeir hafa notað og hafa reynst þeim vel.

Jafnafdráttarlaus réttur til eignarhalds á landi til landeigenda og gert er ráð fyrir að veita í frv. hæstv. iðnrh. vekur líka ýmsar spurningar.

Við skulum t.d. velta því fyrir okkur hvað það þýðir að afgreiða svo afdráttarlausa niðurstöðu um eignarráð einstaklings á landi. Erum við t.d. með því að taka þá ákvörðun — og vitna ég þá til röksemda hins þýska prófessors sem ég nefndi áðan — að ekki sé heimilt að vinna neinar framkvæmdir á eða í landi í einkaeign nema að fullar skaðabætur komi fyrir? Þá vaknar spurningin hvað um gerð t.d. jarðganga. Ef jarðgöng eru grafin í landi einstaklings, við skulum segja göng í gegnum fjall til þess að tengja eitt byggðarlag við annað, og það vill svo til að fjallið er í einstaklingseign eða á

landi einstaklings, verðum við þá að gjalda einstaklingnum fullar bætur fyrir jarðgöngin eða getur einstaklingurinn t.d. bannað að lögð verði slík jarðgöng um sitt eigið land, annaðhvort undir það land sem hann býr á eða í gegnum fjall sem tilheyrir eignarlandi hans?

Ákvæðin um eignarhald einstaklinga á landi og landgæðum í eigu þeirra eru svo afdráttarlaus í frv. hæstv. iðnrh. að hann gefur undir fótinn með það að þessar kröfur geti risið. Eignarhaldið er svo afdráttarlaust, herra forseti, að enginn fyrirvari er gerður á um það að einstaklingur sem á t.d. land þar sem stendur til að grafa jarðgöng, að maður tali ekki um ef hann telst eiga fjall þar sem gera á göng í gegn, geti ekki krafist þess að framkvæmdirnar eigi sér ekki stað, ellegar þá að hann fái fullar skaðabætur fyrir og verður þá vandinn meiri að meta hve miklar skaðabætur skuli greiða landeiganda fyrir slíka framkvæmd, hvort miða skuli t.d. við verð á uppmokstursefni til jarðfyllingar og skuli því gjalda honum fyrir í samræmi við rúmmál á því jarðefni sem ekið er burt úr fjallinu hans eða með hvaða hætti eigi að greiða honum skaðabætur fyrir. Svo afdráttarlaust er ákvæðið í frv. hæstv. iðnrh. að þetta mun án efa valda ýmsum vandræðum.

Hins vegar þar sem sú regla gildir að einkaeignarrétturinn takmarkist við not einstaklingsins í eigin þágu af landi sínu er athyglisvert að velta því fyrir sér hvernig dómar hafa fallið í málum sem risið hafa upp út af slíkum hlutum í landi eins og Noregi þar sem sú regla gildir.

Sem dæmi má nefna að í Bergen var höfðað mál árið 1965 þar sem hafði verið tekin ákvörðun um að byggja geymslurými eða lagerrými inn í fjall sem var í eigu einstaklings. Viðkomandi sveitarstjórn hafði fyrir sitt leyti heimilað það og þar sem átti að grafa þessar geymslur var dýpið 26 metrar undir yfirborði. Landeigandinn krafðist bóta. Niðurstaða dómstólsins varð hins vegar sú að bygging geymslurýmisins takmarkaði ekki á nokkurn hátt möguleika eigandans til þess að ráðstafa eign sinni eða nýta sér hana sjálfum sér til ábata. Þess vegna vísaði rétturinn frá kröfu viðkomandi einstaklings um bætur.

Ef jafnafdráttarlaus ákvæði hefðu verið í norskum rétti og nú er ætlunin að setja í íslenska löggjöf um einkaeignarrétt landeigenda, sem næði allt að miðju jarðar, hefði úrskurður dómstólsins, ef slíkt mál hefði risið á Íslandi, orðið að vera þveröfugur. Hann hefði dæmt viðkomandi jarðeiganda skaðabætur fyrir að samfélag hans, sveitarfélag hans, hafði tekið ákvörðun um að byggja lagergeymslur inn í fjall sem tilheyrði honum 26 metrum undir yfirborði jarðar.

Svipað mál kom einnig upp í Stavanger árið 1974 en þar var gert ráð fyrir því að grafa neðanjarðarbílageymslu og flóttasvæði ef til styrjaldar kæmi eða loftárása innan marka sveitarfélagsins. Þarna var um að ræða framkvæmd sem átti að vera tólf til sextán metrum undir yfirborði jarðar þar sem átti að reisa þessa bílageymslu og þetta skjólsvæði fyrir borgara Stavangers ef um lotftárás eða gasmengun eða eiturmengun í umhverfi yrði að ræða.

Fimm húseigendur sem áttu byggingarlóðir kröfðust þess að fá skaðabætur greiddar fyrir enda væri verið að byggja geymsluna undir kjöllurum húsa þeirra. Það voru hins vegar, eins og áður sagði, 12–16 metrar milli yfirborðs jarðar og þess staðar þar sem átti að grafa þessa miklu hvelfingu, og undirréttur vísaði bótakröfunni frá á þeim grundvelli að þessi ráðstöfun gæti ekki með nokkrum hætti haft áhrif á möguleika lóðareigendanna til þess að nýta sér jarðnæði sitt.

Svipað dæmi kom síðan upp í Ósló árið 1993. Þar var málið hins vegar svo vaxið að gert var ráð fyrir því að grafa göng á vegum borgarinnar sem voru 7–9 metrum undir einkalandi hvar á höfðu verið byggð hús sem þeir áttu sem landið töldust eiga. Niðurstaða undirréttar í bótamálinu þar var að einkaaðilarnir sem landið áttu ættu rétt á skaðabótum því að það mætti ætla að þeir gætu e.t.v. haft þörf á því að byggja einhvern tíma á þessum stað hús með tvöföldum kjallara og 7–9 metra dýpt undir yfirborði væri dýpt sem væri nóg til þess að koma í veg fyrir að einhvern tíma í framtíðinni gætu þessir lóðareigendur nýtt sér rétt sinn til þess að byggja þar á hús með tvöföldum kjallara. Þeir ættu bótakröfu, virðulegi forseti, vegna þess að þarna væri verið að spilla möguleikum þeirra til þess að nýta viðkomandi jarðnæði í eigin þágu.

Mjög athyglisvert er að skoða þessa dóma og hugleiða hver væri líkleg niðurstaða íslenskra dómstóla, virðulegi forseti, ef svo fer fram sem hæstv. ríkisstjórn vill að einkaeignarréttur landeigenda á löndum hans allt inn að miðju jarðar verði gerður jafnafdráttarlaus og í frv. hæstv. iðnrh. Þá er ég ansi hræddur um að sú þumalfingursregla, sem er í gildi um mestalla Evrópu, væri ekki talin gilda hér, þ.e. að einkaeignarréttur einstaklinga næði mun lengra og mun dýpra á Íslandi í trássi við almannarétt en í öðrum löndum sem við viljum líkja okkur saman við.

Vissulega er ástæða til þess að leiða hugann að því þegar menn sjá hvaða umræðu þessi víðfeðmu mál hafa fengið í Noregi, að Norðmenn frændur okkar hafa verið að setja lög sem takmarka réttindi einkaaðila á landi og landgæðum allar götur síðan um 1867, og nýjustu lögin þess efnis, lögin um að olíulindirnar skuli tilheyra ríkinu hvar svo sem þær finnast eru frá árinu 1973, og hlusta á það úr ræðustól á Alþingi Íslendinga að ekki sé hægt að gera þetta hér vegna þess að þar göngum við of nærri hagsmunum einstaklinga þó svo að almannahagsmunir krefjist þess að til slíkra ráða skuli gripið.

Það kann að vera að það sé álitamál, m.a. eftir niðurstöður dómsmála hvað varðar jarðhitaréttindi, að hægt sé að setja lög á Íslandi sem takmarki einkaeignarréttindi á jarðhita, a.m.k. lághita, án þess að fullar bætur komi fyrir. Menn sem hafa komið að smíði frv. hæstv. iðnrh. hafa orðað þetta einhvern veginn á þá leið hvað varðar jarðhitann að þetta kunni að hafa verið hægt fyrir 10–15 árum en það sé ekki hægt lengur vegna þess að þegar séu fallnir dómsúrskurðir á Íslandi sem geri það að verkum að sennilega sé ekki hægt að setja slík lög nema með því að menn búi sig undir að greiða jarðeigendum fullar bætur fyrir. En ekkert slíkt og þvílíkt hefur hins vegar gerst t.d. hvað varðar olíu, málma, kol og önnur jarðefni sem hafa hingað til ekki fundist á Íslandi eða verið nýtt en kynnu að finnast ef vel er leitað og sumir telja líklegt að finnist í framtíðinni. Ekkert í dag kemur í veg fyrir að það séu sett í lög ákvæði um að slík verðmæti í jörðu skuli teljast eign íslenska ríkisins með sama hætti og Norðmenn settu slík lög um olíuna hjá sér árið 1973.

Svona lagaákvæði getum við ótvírætt sett nú þegar í dag. Hins vegar verður miklu erfiðara, virðulegi forseti, að setja slík lög, verði ákvæði í frv. iðnrh. um afdráttarlaust eignarhald einstaklinga á öllum auðlindum í jörðu samþykkt.

Ég lýsi þeirri skoðun minni að ég tel að slík lagasetning sé ekki útilokuð þó svo að frv. iðnrh. verði samþykkt. En ekki er nokkur vafi á því að samþykkt frv. iðnrh. gerir það miklu erfiðara en nú er að setja slík lagaákvæði einhvern tíma í framtíðinni, sem færi íslensku þjóðinni sameign á auðlind-

um eins og kolum, olíu, gasi, málmum eða öðrum slíkum verðmætum jarðefnum sem hafa ekki enn fundist á landinu. Ég held að margir hv. stjórnarþingmenn vildu gjarnan að annað væri sagt um sig og setu sína á Alþingi Íslendinga en að með svo vanhugsaðri ráðstöfun eins og samþykki á þessu frv. iðnrh. með hinum afdráttarlausu ákvæðum um ríkasta rétt landeigenda yfir auðlind lands í allri Vestur-Evrópu, ég efast um að margir stjórnarþingmanna vildu láta minnast sín fyrir það að hafa sett lög sem kæmu í veg fyrir það að þjóðin gæti saman átt þær auðlindir sem ég minntist áðan á.

Herra forseti. Í umsögn Alþýðusambands Íslands vegna þessa frv. er sérstaklega lögð áhersla á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnytjum eða náttúruauðlindum, verði að setja eðlileg mörk. Alþýðusambandið telur að óeðlilegt sé að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildar til nýtinga eða afnota. Alþýðusambandið bendir á að þetta viðhorf hafi ævinlega verið viðurkennt almennt viðmið í íslensku samfélagi og Alþýðusambandið bendir líka á að þannig eru eignarráðum einstaklinga ýmis takmörk sett sem byggja að nokkru leyti á náttúruverndarsjónarmiðum, að nokkru á tilliti til almannahagsmuna og varða skipulega og skynsamlega nýtingu landgæða. Alþýðusambandið segir, með leyfi forseta:

„Um takmörkun eignarráða á forsendum sem þessum hefur ekki verið deilt í grundvallaratriðum á liðnum áratugum. Í ljósi þessa telur ASÍ sæta furðu sú fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að áskilja landeigendum svo ríkan og ótakmarkaðan eignarrétt að auðlindum í jörðu sem raun ber vitni."

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem hér hefur verið sagt. Ég hef rakið hvernig þessum málum er hagað í mörgum nágrannalöndum okkar, ekki síst í Noregi en þangað og til Danmerkur höfum við sótt fyrirmyndir að flestu í lagasetningu okkar. Ég hef bent á hvaða hættur eru fólgnar í því fyrir framtíðina að afgreiða jafnafdráttarlausan einkaeignarrétt á landi og landgæðum eins og hæstv. ríkisstjórn með atfylgi stuðningsmanna sinna ætlar að knýja fram á Alþingi. Ég hef sett fram þá ósk að menn hugsi sitt ráð og geri a.m.k. þær ráðstafanir sem ekki komi í veg fyrir það, um auðlindir eins og olíu, kol, gas, mála o.fl. sem hafa ekki enn fundist á Íslandi, með þeirri afgreiðslu sem hér stendur til, að þjóðin geti kastað eign sinni á þær auðlindir með sama hætti og norska þjóðin hefur kastað sameiginlegri eign sinni á auðlindir olíunámanna á norsku landi. Slíkt skref, ef tekið verður hér á Alþingi Íslendinga, er varasamt og vafasamt og ekki í samræmi við almannaheill og hagsmuni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 00:33.

---

# 125. FUNDUR

þriðjudaginn 12. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — Frh. 2. umr.

3. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ákvæði um hvíldartíma og fundur í félagsmálanefnd.

[10:33]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í gærkvöld þegar ljóst var að fundur Alþingis mundi síga a.m.k. fram yfir miðnættið vakti Sighvatur Björgvinsson athygli á ákvæði sem er nýtt í lögum um hvíldartíma og gerir það að verkum að ekki einu sinni Alþingi getur leyft sér að halda fundi án þess að til komi átta tíma hlé, a.m.k. ekki þegar fundir eru haldnir í ágreiningi, og benti á að fundur ætti að hefjast í félmn. kl. 8.15 í morgun og hér væru þingmenn sem þar ættu að mæta. Það var mjög áréttað að þetta væri vegna lagaákvæða og ég undirstrika að ekki er um að ræða neitt úthaldsleysi þingmanna sem hér standa nema síður sé. Lagaákvæði er um að það skuli vera 11 tíma hvíld hjá öllum áður en þeir ganga til starfa á ný. Í neyðartilvikum má fara niður í átta tíma.

Þá lýsti forseti því yfir af forsetastóli að hann mundi halda fundi áfram inn í nóttina. Hins vegar mundi hann sjá til þess að fundi félmn. sem átti að hefjast kl. 8.15 í morgun yrði frestað. Þegar við fórum úr húsi hér laust fyrir kl. eitt, þá höfðum við ekkert heyrt um þennan fund í félmn. og þegar eftir því var gengið þá var að skilja að hann yrði afboðaður í morgun. Það gerðist ekki þannig að bæði sú er hér stendur og Ögmundur Jónasson mættum á fund í nefndinni kl. 8.15, enda fór hann fram svo sem áformað var.

Virðulegi forseti. Ég geri við það harða athugasemd að það virðingarleysi ríki gagnvart þingmönnum að hér séu sögð orð af forsetastóli sem halda engan veginn og ég árétta að ég benti á það í nótt að búið væri að boða gesti á fund nefndarinnar þannig að örðugt yrði að afboða fundinn. Ekkert hefur heyrst frá því að þessi orð féllu af forsetastóli í gær.

[10:35]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þessa athugasemd hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hér var því lýst yfir af hálfu hæstv. forseta þingsins í nótt að hann mundi beita sér fyrir því að fyrirhuguðum fundi í félmn. þingsins yrði frestað og við vissum ekki betur en svo yrði gert. En til

öryggis könnuðum við málið í morgun og þá höfðu engin slík skilaboð borist til hv. formanns félmn.

Þetta eru vinnubrögð sem við sættum okkur ekki við. Við teljum að hér eigi að vera skýrar vinnureglur. Ég vek athygli á því að stjórnarandstaðan hefur ítrekað óskað eftir því að hraðað verði vinnubrögðum um störf þingsins, störfin gerð markvissari á allan hátt. En mér finnst að verkstjórnin hér gangi í þveröfuga átt. Þannig er t.d. iðulega boðað til kvöldfunda, funda sem eru síðan látnir teygja sig fram á rauðan morguninn. Þetta er til þess fallið að gera umræðuna ómarkvissa því að allt fyrirkomulagið er í stöðugri óvissu.

Ég vil ítreka þær óskir sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni þess efnis að gera vinnubrögðin hér markvissari. Það stendur ekki á okkur að gera slíkt. Hins vegar er í verkstjórn þingsins og öllu því fyrirkomulagi að finna sökina á því að hér dragast hlutirnar á langinn. Þetta er aldeilis ófært ástand.

[10:37]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég var hér í gærkvöldi og get staðfest algerlega lýsingu þeirra hv. þm. sem hér hafa talað. Forseti lýsti því yfir að hann mundi gangast fyrir því að fundinum í félmn. yrði frestað. Ef hv. þm. sem voru viðstaddir hefðu tekið mark á yfirlýsingu forseta þá hefði enginn fulltrúi verið frá Alþb. og þingflokki jafnaðarmanna á fundi félmn. í morgun. Þetta var aukafundur vegna þess að það liggur fyrir samkomulag um að taka málið inn milli 2. og 3. umr. Forseti sagði alveg sérstaklega, því hann var ekki mjög ánægður með þennan fund, að hann hefði verið tekinn án samráðs við sig og skiptir það í sjálfu sér engu máli hvort það sé gert eða ekki. Aðalmálið var að komið var fram yfir lögbundinn hvíldartíma og aðalmálið er að forseti sagðist ætla að fresta þessum fundi, en hann gerir ekkert í því. Það ríkir orðið, herra forseti, stjórnleysi í störfum þingsins. Það er hæstv. forsrh. sem kemur fram í fjölmiðlum og segir hvernig þingið eigi að starfa. Aðalforseti þingsins gefur yfirlýsingar sem ekkert er að marka og er ekki einu sinni tekið mark á. Enginn fundur hefur verið haldinn um langan tíma með formönnum þingflokka og ég hlýt að ítreka þær óskir sem hafa komið ítrekað fram að menn setjist nú niður, eigi fund og reyni aðeins að átta sig á því hvernig menn ætla að haga störfum þingsins. Það gengur ekki vegna virðingar Alþingis að forseti Alþingis hagi sér eins og gerðist hér í gærkvöldi. Við höfum hingað til tekið mark á yfirlýsingum forseta og við höfum fulla ástæðu og við höfum rétt til þess að það sé unnið þannig.

[10:39]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki hér í nótt og hafði þar af leiðandi ekki hugmynd um þessa umræðu sem hér fór fram. Ég boðaði til fundar í félmn. fyrir helgi þannig að það fundarboð hefur legið fyrir í nokkra daga, þ.e. að það yrði fundur nú á þriðjudagsmorgni kl. 8.15 og að boðaðir höfðu verið nokkrir gestir. Það hafði einnig komið mjög skýrt fram að sveitarstjórnarfrv. yrði tekið inn í nefndina milli 2. og 3. umr. til þess að ræða þar nokkur atriði. Okkur tókst ekki að komast yfir nema tvö atriði morgun þannig að við þurfum að hittast aftur.

En það kemur mér mjög á óvart ef nefndarformenn þurfa að ræða það sérstaklega við forseta hvenær fundir skulu boðaðir. Það hefur ekki ríkt neitt slíkt fyrirkomulag. Það má kannski segja að þegar þingið er komið inn í þennan tíma að fundir standa nætur og daga, þá kannski þurfi menn að samræma störfin betur. Það mál sem var rætt í gærkvöldi er reyndar ekki á sviði félmn. og fulltrúar í félmn. vissu af þessum fundi. En ýmsir vilja auðvitað taka þátt í þeirri umræðu sem hér stendur yfir þannig að hér er ekki um nægilega góð vinnubrögð að ræða og ég vil staðfesta það að þegar ég kom í Þórshamar í morgun, þá hafði ég ekki fengið nein skilaboð um að óskað væri eftir því að fundinum yrði frestað og mér hafa ekki enn borist nein formleg skilaboð um það að slík ósk hafi legið fyrir.

[10:41]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er með réttu kvartað undan því að verið sé að brjóta lög um vinnutíma. En ég vil benda á að í 53. gr. þingskapa sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi herra forseta, segir svo:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Herra forseti. Þetta ákvæði er stöðugt verið að brjóta. Stöðugt. Alla daga. Ég fullyrði það. Það kom meira að segja fram hjá einum hv. þm. rétt áðan að hann hefði ekki setið fundinn hérna í nótt þrátt fyrir að lagaákvæði kvæðu á um annað. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu.) Það er spurning hvort þingmenn telja lögin mismunandi mikilvæg. Má brjóta þessi lög en ekki önnur? (**ÖJ:** Braut þessi ræðumaður lög í nótt?) Ég ætla ekki að gefa neitt upp um það. En ég tel að þingmenn almennt brjóti þessi lög alla daga, jafnt stjórn sem stjórnarandstaða.

Við höfum upplifað hér mikið málþóf og næturfundi sem afleiðingu af því og við höfum upplifað fjögurra til fimm klukkutíma ræður þar sem smáatriðin yfirgnæfa aðalatriðin og menn fá engan botn í hvað hv. þingmenn eru að meina með svo löngum ræðum. Ég hef lagt til að þingheimur taki sér tak og breyti þingsköpum þannig að svona stjórnleysi og svona vinnubrögð heyri sögunni til. Ég hef aldrei upplifað það að tíminn væri einskis virði og menn lifi eilíflega.

[10:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil staðfesta að það er rétt sem hér hefur komið fram að við stóðum í þessari trú sem hér sinntum þingskyldum okkar um miðnættið í gær þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vakti athygli á því að fundarhald væri að færast yfir á nýjan sólarhring en samt væri boðaður fundur í hv. þingnefnd í fyrramálið, þ.e. í morgun. Þá lýsti forseti því yfir af forsetastóli að þeim fundi yrði aflýst. Og það er stórmerkilegt ef ekki er mark á slíku takandi en fundurinn er engu að síður haldinn (Gripið fram í.) Eða fundinum frestað. En það er ekki hægt að segja að fundi sem átti að hefjast kl. 8.15 hafi verið frestað mikið ef hann hefst kl. 8.15. Jafnvel þó það hafi dregist um fimm mínútur, þá held ég að menn hafi ekki skilið það svo að það væri þannig frestun sem forseti talaði um.

Að öðru leyti, herra forseti, verð ég að segja að ástandið í þinghaldinu er auðvitað skelfilegt. Það er með ólíkindum hvernig þessi mál hafa þróast. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Pétur Blöndal að koma hér upp og þenja sig um vitlaus þingsköp og langar ræður og annað slíkt. Það er svo augljóst mál hver sökudólgurinn er í þessum efnum. Það er hæstv. ríkisstjórn. Það liggur algjörlega á borðinu. Og af því að hv. þm. var svo óheppinn að nefna þingsköpin þá liggur líka

fyrir og þjóðin veit það, hver það er sem kemur í veg fyrir að þingsköpunum verði breytt. Það er hæstv. forsrh. Hann fór í fýlu af því að stjórnarandstaðan leyfði sér að nýta rétt sinn hér til þess að koma í veg fyrir afbrigði í nauðungarmáli. Þá fór hæstv. forsrh. í fýlu og blés á allar hugmyndir um að lagfæra þingsköpin.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin tróð hér inn 50–60 málum á síðustu vikum þinghaldsins og ætlast síðan til þess að þetta fari allt saman í gegn. Í raun og veru er búið að leggja niður þingræðið, a.m.k. þessar vikurnar. Menn tala hér á göngum um þingviljann í eintölu. Það er þingviljinn í eintölu og með ákveðnum greini og það vita allir við hvað er átt.

Auðvitað er alveg ömurlegt að forusta þingsins skuli ekki hafa bein í nefinu til þess að setja hnefann í borðið fyrir hönd þingsins og þingræðisins og segja við hæstv. ríkisstjórn: Veljið tvö til þrjú mikilvægustu málin (Forseti hringir.) plús þau samkomulagsmál sem allir eru sáttir við að séu afgreidd og þá er hægt að ljúka þinghaldinu (Forseti hringir.) á eðlilegan hátt, en annars ekki. Það er auðvitað héðan sem forustan um þessi mál á að koma (Forseti hringir.) en ekki annars staðar frá, alveg sama hvernig hæstv. forseti lemur í bjölluna.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta þess að fara ekki fram yfir þann tíma sem þeir hafa til ráðuhalda.)

[10:45]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ef fresta á þingnefndarfundi vegna árekstra á milli næturfunda og slíks þingnefndarfundar eins og forseti hugðist beita sér fyrir í nótt, þá er það auðvitað nöturlegt ef það á að gerast þegar fólk er búið að rífa sig á fætur og er mætt til leiks kl. 8 að morgni, er mætt til fundar í nefndinni. Ef taka á þannig á málum, þá ætlast ég til þess hér eftir að það sé gert með þeim fyrirvara að fólk viti að það þurfi ekki að mæta kl. 8 og ekki síst þegar í hlut á fólk sem alltaf mætir á nefndafundi.

Hér var talað um næturfundi og málþóf. Ég ætla bara að árétta það sem búið er að segja mörgum sinnum af stjórnarandstöðunnar hálfu. Við erum tilbúin að vera hér eingöngu dagtímann og vera lengur fram á vorið ef þess þarf. Hins vegar vitum við ekkert um áformin nema það sem við heyrum í fréttum eftir forsrh. haft vegna þess að það hefur ekki verið haldinn fundur með þingflokksformönnum svo dögum skiptir og er brotið í blað í samvinnu forsetadæmisins og þingflokksformanna.

Hér er búið að vinna mjög gott starf undangengin ár við að breyta þingsköpunum og færa þingið betur til nútímahorfs. Það er allt fyrir bí af þeim sökum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um áðan. Hæstv. forsrh. hefur tekið völdin og ákveðið hvernig með skuli fara og þess vegna eru engir fundir haldnir, ekkert við okkur rætt. Það er horfið til fortíðar þar sem stjórnarandstaðan notar sín tæki og stjórnarliðarnir sín. Þess vegna er það svo að hæstv. forsrh. hefur í þingsölum fengið orðið „þingvaldið".

[10:48]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um störf þingsins og það vinnuálag sem hér er og hefur verið og er venjulegt í lok þingtímans þá vill forseti segja það að auðvitað þurfa störf þingsins að vera markviss og vel skipulögð, og það er mikið undir því komið að allir leggist á eitt um það. Það vill forseti undirstrika alveg sérstaklega.

Hvað varðar hvíldartíma þá leggur stjórn þingsins ríka áherslu á að skipuleggja störfin þannig að starfsfólk þingsins fái þann hvíldartíma sem kveðið er á um í lögum og reglum. Forseti hefur ekki heyrt eða orðið var við að nokkur kvörtun hafi komið frá starfsfólki þingsins öðru en þingmönnum. Það starf er því skipulagt þannig að engar athugasemdir eru gerðar um það.

Hins vegar á forseti ekki mjög auðvelt um vik hvað varðar vinnutíma þingmanna vegna þess að eins og allir þekkja og vita, og ekki síst þingmenn, þá eru störf þingmanna víðar en í þingsalnum og erfitt fyrir stjórn þingsins að átta sig á því *nákvæmlega hvenær eru komin einhver mörk á vinnutíma* þingmanna. Þar er ekki auðvelt verk að vinna. En forseti leggur á það áherslu að reyna að ná samkomulagi við hv. þingmenn um að vinnuálag hér sé hóflegt.

Um fund sem boðaður var í morgun í hv. félmn. þá var það ekki í samvinnu við forseta að sá fundur var settur á og hefði verið eðlilegt að þeir hv. þingmenn sem kvörtuðu undan hinum fyrirhugaða fundi kæmu þeim boðum ekki síður en aðrir til formanns nefndarinnar sem hefði þá væntanlega brugðist við þeim athugasemdum. Það er ekki hlutverk forseta þingsins að afboða nefndafundi.

Forseti leggur áherslu á að eiga gott samstarf við formenn nefndanna og það vill forseti undirstrika og árétta alveg sérstaklega.

## *Um fundarstjórn.*

Ákvæði um hvíldartíma og yfirlýsing forseta.

[10:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að vinnudagur þingmanna er þannig að oft og tíðum gerist það að þingmaður sjálfviljugur fer fram yfir 8 tíma lágmarkshvíld. Um það getur forsetadæmið ekkert átt þegar ekki er um að ræða vinnu hér á Alþingi Íslendinga. En Alþingi setti sl. haust sérstök ný lög um hvíldartíma með lágmarksmörkum sem Alþingi getur ekki leyft sér að brjóta ef um það er ágreiningur að halda áfram lengur. Þetta þýðir það, virðulegi forseti, að ef fundur á að hefjast 10.30 að morgni til, þá er útilokað að halda lengur áfram að kvöldi en til 2 um nóttina. Ef fundur á að hefjast kl. 8.15 að morgni þá er útilokað að fara fram yfir miðnætti. Það er þetta sem við ræðum um, og að blanda því saman við vinnutíma þingmanna er mjög mikil óbilgirni og ósanngirni af hálfu forseta. Þetta vil ég árétta. Við hljótum að gera kröfu til þess að við höldum sjálf þau lög sem við erum að setja á landslýð allan. Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti, varðandi þetta almenna um vinnutíma forseta.

Ég er sammála því að það er afar erfitt fyrir forseta um miðnætti að ákveða að fresta fundi í nefnd sem á að byrja kl. 8 næsta morgun og ég lét það í ljós í nótt en það var forseti sjálfur sem kaus að halda áfram með fundinn sem var í gangi og beita sér fyrir því að fresta félagsmálanefndarfundinum. (**Gripið fram í:** Hvað stóð fundurinn lengi?) Forseti Alþingis sem á í hlut var farinn úr húsi þegar fundi lauk fyrir kl. 1 í nótt. Það er svo annað mál. Við erum að tala um afgreiðslu á máli hér fyrir miðnætti í gær.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti.

[10:53]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna orða hv. 5. þm. Reykn. um fundarstjórn forseta er rétt að geta þess að þær umræður sem hér fóru fram um frestun á fundi hv. félmn. urðu mjög seint og það var mat forseta, vegna þess að boðaðir höfðu verið gestir á fundi nefndarinnar, að það væri ekki forsvaranlegt að hringja eftir miðnætti og afboða gesti til fundarins. Það yrði því að láta á það reyna hverjir gætu og treystu sér til að mæta og sitja þann fund. Það var sú niðurstaða sem forseti komst að og ég vænti þess að hv. þingmenn meti það vegna þess að forseti telur afar mikilvægt að góður bragur sé á því þegar gestir eru boðaðir til nefndafunda og ekki sé verið að afboða fundi, allra síst um hánótt.

[10:54]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það kann að vera rétt að það sé ekki hlutverk hæstv. forseta þingsins að afboða nefndafundi í þinginu en við hljótum að gera þá kröfu til hæstv. forseta og þingsins að mark sé takandi á orðum hans og yfirlýsingum úr forsetastóli. Þegar hæstv. forseti lýsir því yfir að hann muni beita sér fyrir því að tilteknum fundi verði frestað, þá er það lágmarkskrafa að tilraun sé gerð til slíks. Eftir því sem við best vitum var ekki gerð tilraun til þess að fresta þeim fundi eða ræða við hlutaðeigandi hv. þingmenn sem voru hér og hlýddu á hans orð.

Ég vil einnig gera að umtalsefni þá yfirlýsingu hæstv. forseta fyrir stundu um að erfitt sé um vik að skipuleggja þingið með öðrum hætti en svo að haldnir séu langir fundir á þessum tíma árs núna rétt fyrir þinglokin. Ég leyfi mér að draga þetta stórlega í efa. Ég held að með góðu samkomulagi við þingið og við stjórnarandstöðuna sé mjög auðvelt að gera þetta. En auðvitað þarf — og grundvallaratriði er — að menn hafi vilja til slíks samkomulags. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að látið verði reyna á slíkan vilja í viðræðum við formenn þingflokkanna og það verði gert þegar í stað.

[10:56]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Vegna orða forseta áðan um að ekkert samráð hafi verið haft við forseta þingsins þá vil ég spyrja til hvaða greina þingskapa hæstv. forseti er að vísa. Ég hef alltaf skilið 18. gr. þingskapanna þannig að þar sé fyrst og fremst átt við upphaf þings þar sem um það er að ræða að ákveða fastatíma nefnda, starfsáætlun og starfshætti, eins og segir í 18. gr., með leyfi forseta. Ég kannast ekki við að hér hafi ríkt sú venja að biðja forseta um leyfi fyrir aukafundum nema sérstaklega stæði á og þá helst ef um það hefur verið að ræða að fá hlé á fundatíma þingsins, t.d. um kvöldmatarleytið. Mér finnst að hér hafi verið staðið algjörlega eðlilega að málum, fundur boðaður með margra daga fyrirvara, engin athugasemd gerð við fundarboðið og búið að boða gesti þannig að fundurinn fór fram, enda ítreka ég að engin athugasemd barst eða ósk um það að fundi yrði frestað.

Þetta er greinilega dæmi sem við þurfum að fara yfir í sameiningu, hæstv. forseti, hvernig skuli staðið að málum. Það er ljóst varðandi félmn. að þar þarf að halda annan fund. Það hefur komið fram að iðnn. ætlar að taka það mál sem hér er til umfjöllunar á eftir til umræðu milli 2. og 3. umr. Það er því eins gott að við reynum að komast að samkomulagi um það hvernig málum skuli háttað þannig að ekki verði árekstrar af þessu tagi og að þingmenn og starfsmenn þingsins fái eðlilega hvíld á milli funda.

[10:58]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Mér þótti merkileg yfirlýsing hv. þm. Péturs Blöndals áðan þar sem hann lýsti því yfir að hér ríkti stjórnleysi. Ég held að ég geti tekið undir það, virðulegi forseti, að hér hefur ríkt stjórnleysi þó að ég hafi ekki alveg skilið þá röksemdafærslu hjá hv. þm. sem þar hvíldi að baki.

Mig langar, virðulegi forseti, að beina þeirri fyrirspurn til forsetadæmisins, þar sem ég áttaði mig ekki alveg á því sem þaðan kom áðan, um það hvort ákvæði laga um hvíldartíma eigi ekki við um þingmenn vegna þess að þingmenn eru ekki sjálfráðir um það hvort þeir mæti á fundi eða ekki. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal las upp áðan er mönnum skylt að mæta á þingfundi og forsetadæmið, sem á að heita stjórn þingsins, getur vissulega ákveðið hversu lengi fundir standa yfir þannig að forsetadæminu er það alveg í sjálfsvald sett að halda þessi ákvæði. Það er því ekki rétt að forsetadæmið geti ekki stjórnað því hversu lengi fundirnir eru haldnir.

Þess vegna vildi ég fá það fram frá hæstv. forseta hvort hann telji að þessi ákvæði eigi ekki við um þingmenn og væri þá mjög gott að það kæmi fram því þá vissu menn það. Ég hef lesið yfir þessi ákvæði í lögunum og þar kemur hvergi fram að nokkur sé undanþeginn þessu hvíldartímaákvæði. En ég held að mikilvægt sé að það skýrist hér ef forsetadæmið hefur aðra skoðun á þessu máli. Ef svo er hljótum við að kalla eftir mjög skýrum rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu.

[11:00]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti sér ástæðu til að gera athugasemd við það orðaval sem ýmsir hv. þm. hafa tekið upp, þ.e. að tala um „forsetadæmi“ og forseta heyrist að það sé heldur í niðrandi merkingu. Í þingsköpum eða lögum um þingið er hvergi neitt að finna sem heitir „forsetadæmi“ þannig að forseti vill beina því í mestu vinsemd til hv. þingmanna að falla frá þessari málnotkun, „forsetadæmi“, því að það á sér enga stoð og hefur engan tilgang.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þm. þá er sjálfsagt að fara rækilega yfir það hvort tilskipun um vinnutíma gildi um þingmenn. Forseti ætlar ekki að kveða upp neinn úrskurð af forsetastóli á þessari stundu en það er sjálfsagt að fara yfir það.

Forseti benti á það áðan hversu miklir erfiðleikar eru samfara því að skipuleggja þinghaldið þannig að það henti öllum þingmönnum sem þurfa að sinna ýmsum störfum utan þingsins og hafa að sjálfsögðu fulla heimild til, og ber skylda til að sinna.

[11:01]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta mál snýst um það hvort við eigum að taka mark á yfirlýsingum forseta þingsins. Svo ég lýsi atburðarásinni þá átti þetta sér stað laust eftir kl. hálftólf í gærkvöldi. Þá kom alveg afdráttarlaus yfirlýsing frá forseta þingsins um að hann mundi beita sér fyrir að fundinum í félmn. yrði frestað.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom hér upp og útskýrði hvað væri fyrirhugað á þessum fundi. Forseti sagði sérstaklega að það breytti engu. Hann sagði það sérstaklega: „Þetta breytir engu um afstöðu mína.“ Við vissum því ekki

annað en að mark væri á þessu takandi, að hann mundi beita sér fyrir því að fresta þessum fundi.

Síðan les sá hæstv. forseti sem nú situr í forsetastól, væntanlega nánari lýsingu frá hæstv. forseta Ólafi G. Einarssyni, að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að illómögulegt væri að fresta fundi svona laust fyrir miðnætti. Það komu engin slík boð hvorki frá forsetastóli né í samtölum við þá hv. þingmenn sem hér voru í húsinu og eiga sæti í félmn., hvorki við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur né Ögmund Jónasson sem vissu ekki betur en hæstv. forseti hefði sett í gang það ferli að fresta þessum fundi. Það er þetta sem er meginatriðið í þessu. Hæstv. forseti Ólafur G. Einarsson fór úr húsi fljótlega og hv. þm. Guðni Ágústsson var til loka fundar. Fundinum lauk laust eftir kl. hálfeitt, 12.40 eða eitthvað þess háttar, þannig að í sjálfu sér hefði ekki þurft langa frestun á þessum tiltekna fundi.

Aðalmálið er þetta: Við tókum mark á og höfðum enga ástæðu til annars en að taka mark á yfirlýsingum forseta. Ef hann að nánari athugun hefði komist að því að illómögulegt væri að breyta þessu þá hefði hann getað beðið um einhverja samvinnu við það að útfæra þetta þannig að vel færi. Honum var í lófa lagið að gera það. Þingflokksformenn voru í húsinu, bæði hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir þannig að ekkert var því til fyrirstöðu að reyna að lenda þessu máli skynsamlega. Þetta gerði forseti ekki og það er ég að gagnrýna. Ég legg mikið upp úr sjálfstæði þingsins og vil bakka forseta þingsins upp í öllum hans störfum og því sem hann þarf að hafa fram gagnvart framkvæmdarvaldinu. En að mínu mati stendur hæstv. forseti sig því miður ekki sem skyldi hvað þann þátt varðar í sambandi við stjórn þingsins. Og ég harma það.

***Um fundarstjórn.***

Fyrirspurn um málefni Landsbankans og Lindar hf.

[11:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að vekja máls á máli sem reyndar ætti að heyra undir störf þingsins frekar en fundarstjórn forseta. Ég ætla sem sagt að kalla eftir upplýsingum um það hvenær vænta megi svara við fyrirspurn sem ég lagði fram til hæstv. viðskrh. um málefni Landsbanka Íslands og Lindar hf. Þessa fyrirspurn lagði ég fram 21. apríl og hef kallað eftir því hvenær vænta megi svara við henni. Nú er kominn 12. maí. Í síðustu viku var lítið um svör við því hvenær vænta mætti svara frá hæstv. viðskrh. Fleiri en sú sem hér stendur bíða eftir þessum svörum og eins og komið hefur fram hjá mér áður þegar ég hef spurt um þetta ákveðna mál, má búast við því að hæstv. viðskrh. þurfi að svara fleiri fyrirspurnum en þeim sem lagðar hafa verið fram í þingskjali mínu þar sem komið hafa fram alvarlegar ásakanir á hæstv. viðskrh. í blaðagrein frá fyrrv. bankastjóra Landsbankans einmitt um þetta sama mál. Það kallar auðvitað á frekari upplýsingar en þær sem ég kallaði eftir í þessari fyrirspurn.

Ég spyr því hæstv. ráðherra þar sem hæstv. viðskrh. er í salnum, hvort hægt sé að fá upplýsingar um það hvenær vænta megi svara við þessum fyrirspurnum mínum um málefni Landsbanka Íslands og Lindar hf.

[11:06]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti telur ekki eðlilegt að hefja umræður um einstök mál eða einstakar fyrirspurnir undir liðnum fundarstjórn forseta. Það er ekki hægt að verða við þeirri ósk þingmannsins að hér verði svarað fyrirspurnum. Það er eðlilegt að það gerist á öðrum tíma og með öðrum hætti.

[11:06]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ekki er nema vika síðan hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom hér upp í umræðum við svipaðar kringumstæður og spurði þá um ósvaraða fyrirspurn sem þá lá hjá viðskrh. og hafði ekki tekist enn að fá svör við. Nú hefur þeirri fyrirspurn verið svarað.

Í sama svari og við sömu kringumstæður og þá, sagðist ég reyna í lok þessarar viku að leggja fram svar við fyrirspurn hv. þm. sem er um Lind hf. og ég vona að mér takist að standa við það.

Ég harma það hins vegar hversu það hefur dregist að þessi svör hafi getað borist og tíminn sem til þeirra var ætlaður er fullstuttur. Þarna er um viðamikil svör að ræða. Að því er nú unnið að svara fyrirspurninni og ég vonast til að í lok þessarar viku verði hægt að svara henni.

Ég held hins vegar að hv. þm. eigi að bíða og ekki síst fyrirspyrjandi með það að gefa sér fyrir fram hvað í þessu svari er og vera ekki með dylgur um það hvað í svarinu verði vegna þess að við skulum fyrst sjá hvert svarið verður áður en menn halda áfram efnislegari umfjöllun málsins.

[11:07]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég ætla að ræða fundarstjórn forseta, þ.e. í kjölfar þeirrar yfirlýsingar sem forseti gaf áðan um að það heyrði varla til þessa dagskrárliðar að koma með slíka fyrirspurn sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði. Víst má það til sanns vegar færa varðandi þann þátt. Við vitum að um störf þingsins má ekki tala nema í 20 mínútur í upphafi þingfundar. Sá tími var liðinn. Það hefur hins vegar oft og tíðum verið þannig að ef óljós mál eru uppi, hafa komið fram spurningar og svör og er í sjálfu sér ekkert við því að segja.

Það sem ég vil hins vegar gera athugasemd við er að hæstv. forseti túlki þetta svona í ljósi þess að ekki hafa verið haldnir fundir með þingflokksformönnum og forsetum þar sem svona mál yrðu þá rædd til þess að menn þurfi ekki að koma upp í ræðustól og spyrjast fyrir um einstök málefni. Mér finnst þetta vera skýrt dæmi um það í hvílíkar ógöngur við erum komin með störf þingsins að við skulum þurfa að vera að karpa hér í ræðustól um þessa þætti, vitnandi í þingsköp fram og til baka, í stað þess að menn setjist niður, forsetar og þingflokksformenn, og fari yfir nokkur þau mál sem út af standa, m.a. hvað líður einstökum málum og hvenær þau geti komið á dagskrá. Það er ekkert út á slík vinnubrögð að setja. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að slíkur fundur verði haldinn og menn hreinsi borðið af ýmsum smærri hlutum þannig að við getum haldið áfram með störf þingsins á eðlilegan hátt.

[11:09]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við þessari spurningu sem ég beindi til hæstv. forseta áðan. Aftur á móti vísa ég á bug þeirri fullyrðingu hæstv. viðskrh.

að ég hafi verið að gefa mér eitthvað um þau svör sem væntanleg eru. Það hef ég alls ekki gert.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að hér fara ekki fram efnislegar umræður heldur eru hér ...)

Ég er að bera af mér sakir, herra forseti.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti gaf hv. þm. orðið um fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. bar það á mig að ég hefði verið að gefa mér það hvað fælist í þeim svörum sem væntanleg væru um málefni Lindar og Landsbankans. Það er ekki rétt.

Aftur á móti hafa vaknað ýmsar fleiri spurningar í kjölfar yfirlýsinga frá fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands og það var í það sem ég vísaði í máli mínu þegar ég kallaði eftir upplýsingum um svör við þeim spurningum sem ég hef þegar borið fram á þinginu.

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266.

[11:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er rætt þriðja vers frumvarpsþrennu ríkisstjórnarinnar um hálendið, nú um eignarhald á auðlindum og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er mjög fróðlegt, herra forseti, að skoða þessa þrennu og bera hana saman við lögin um stjórn fiskveiða eins og þegar kom fram í máli mínu við 1. umr. Jú, almenningur eða ríkið á að eiga þjóðlendur en samkvæmt 3. gr. þessa frv. er sagt að í þjóðlendum séu auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Þá segir í sömu grein að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu.

Þessi 3. gr. frv. sýnir þá hugsun sem einkennir þessi frumvörp. Það er yfirlýst markmið að á eignarlandi eigi eigandinn allt, jafnvel mörg hundruð metra undir yfirborðinu, en í þjóðlendum er öðrum gefið færi á að sanna að þeir eigi tilkall til auðlindanna. Ríkið er sem sagt ekki sjálfkrafa eigandi auðlindanna þar.

Þetta er, herra forseti, sami tvískinnungurinn og er í lögum um stjórn fiskveiða. Fiskstofnarnir eru sameign þjóðarinnar en nýtingarrétturinn er að færast á æ færri hendur. Það er mjög mikilvægt að þingheimur og þjóðin átti sig á að sú lagasetning sem hér er til umræðu er lagasetning í anda séreignarstefnu en ekki í anda allsherjarstefnu, svo vitnað sé til hugtaka sem fossanefndin notaði snemma á þessari öld áður en vatnalögin voru sett árið 1923. Þá aðhylltust menn eins og Jón Þorláksson allsherjarstefnu því þá var sá hugsunarháttur mjög ríkjandi að almenningur ætti sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Einnig var þetta ríkjandi hugsunarháttur meðal sjálfstæðismanna að því er virðist.

Því miður hefur orðið kúvending á þessu og framsóknarmenn leggjast nú á eitt með sjálfstæðismönnum til að rúa almenning eigum sínum með því að flytja þetta frv. sem er reyndar skiljanlegt í ljósi þess að eigendur viðkomandi landa eru gjarnan framsóknarmenn, úr öllum flokkum kannski, en það eru kannski þeir sem koma til með að geta gert tilkall til eignar á löndum í þjóðlendum, nýtingar í þjóðlendum eða auðlinda í þjóðlendum samkvæmt þeirri grein sem ég nefndi áðan.

Ég gerði að umtalsefni í umfjöllun minni um þjóðlendufrv. að athyglisvert væri að skoða hvernig viðhorfin hafa breyst hér á landi frá aldamótum og hvers vegna. Annars vegar tel ég skýringuna vera þá að það var skoðun minni hluta fossanefndar sem varð ofan á við setningu vatnalaganna 1923 og hins vegar hve lengi hefur dregist að setja löggjöf um miðhálendið og eignarhald þar og nýtingu þeirra svæða, bæði með tilliti til auðlinda á við vatnsréttindi og námur og með tilliti til nýtingar og til beitar og fyrir ferðamenn. Þó að réttur á almenningum sé vissulega til samkvæmt íslenskum lögum er ljóst að samkvæmt þeim er þessi réttur ekki eins miðlægur og eins gildandi og 72. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttarins. Því er hætta á að þar sem vilji löggjafans er ekki ljós styðjist dómstólar fyrst og fremst við eignarréttarákvæðin og það sýnist mér hafa orðið reyndin hér á landi. Ef löggjafinn hefði fyrst eða fyrr á öldinni sett fram skýran vilja sinn í þessum efnum er ég sannfærð um að ýmsir þeir dómar sem hafa fallið um þessi mál á þessari öld hefðu ekki verið á þann veg sem þeir urðu enda hafa dómstólar beinlínis bent á það að af því að það væru ekki til lög sem löggjafanum væri að sjálfsögðu heimilt að setja verði þeir að styðjst við eldri lög eða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Í Noregi er talið fullkomlega samræmanlegt eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar að setja frv. eða lög sem eru í líkingu við þau frv. sem hafa verið flutt af Sighvati Björgvinssyni eða jafnaðarmönnum og kvennalistakonum en hér er því gjarnan slegið fram að þau frv. standist varla stjórnarskrárákvæðið um eignarréttinn.

Í því frv. sem liggur fyrir er alveg ljóst að alls staðar þar sem óvissa ríkir um réttarstöðu er frv. túlkað landeigendum í vil. Þeir hafa stjórnarskrárákvæðið sér til verndar en almannaréttur virðist vera annars flokks enda hefur hann ekki verið nægilega styrktur með íslenskum lögum eins og vonandi er verið að gera núna með þjóðlendufrv.

Um rétt á almenningum segir m.a. í grein Þorgeirs Örlygssonar prófessors um eignarhald á landi og náttúruauðlindum í afmælisriti Gauks Jörundssonar 1994, með leyfi forseta. Ég ætla að koma fyrst inn á hugtakið almenning en þar segir:

„Þegar til lengri tíma er litið, hefur orðið almenningur haft ýmsar merkingar hér á landi, bæði í daglegu tali og í lagamáli. Stundum er átt við tiltekið landsvæði en í öðrum tilvikum var átt við svæði hafs. Þá var orðið í lögbókunum notað um tiltækar heimildir almennings til veiða. Eins eru dæmi um að það hafi verið notað um beitarrétt og rekarétt.

Í Grágás voru ákvæði um almenninga. Það voru almenningar sem fjórðungsmenn áttu saman. Þar máttu menn fiskja og fygla. Ýmsar kenningar eru til um það með hvaða hætti tiltekin landsvæði urðu að almenningum, t.d. af sektarfé eða vegna þess að tiltekin landsvæði urðu eftir þegar farið var að setja merki milli býla. Við lögtöku Jónsbókar varð ekki breyting á meginreglunni um almenninga, sbr. þau ákvæði 52. kapítula Landsleigubálks að svo skyldu vera almenningar sem að fornu hefðu verið, bæði hið efra og hið ytra. Er ákvæði þetta enn tekið upp í íslenska lagasafnið.

Menn hefur greint á um það hvar almenningar eru hér á landi og hvernig eignarrétti að þeim er háttað en í sjálfu sér er ekki ágreiningur um að þeir geti verið til enda gerir löggjöf ótvírætt ráð fyrir tilvist þeirra og hefur lengi gert.

Í síðari tíma löggjöf og fræðiviðhorfum er helst við það miðað, að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili getur talið til einstaklingseignarréttinda yfir. Þó hefur verið talið að ekki sé útilokað að um ákveðin einstök réttindi geti verið að ræða í almenningum." — Samanber líka lagagreinina.

Síðan eru almenningar flokkaðir mjög ítarlega í landalmenninga, hafalmenninga og almenninga á stöðuvötnum og þetta skiptir máli í samhengi þessa frv. en fær ekki þá umfjöllun sem mér finnst tilheyra.

Grein Þorgeirs Örlygssonar er mjög ítarleg um eignarhald á náttúruauðlindum og þar er heill kafli um nýtingu auðlinda á almenningum. Þetta finnst mér dálítið athyglisvert vegna þess að í yfirliti sem var dreift á sameiginlegum fundi allshn., félmn. og umhvn. 2. mars 1998 er samantekt á helstu réttarreglum. Þetta er frá Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni en hann er einn af fjórum höfundum þessa frv. en hinir tveir eru fulltrúar stjórnarflokkanna, alþingismennirnir Stefán Guðmundsson, hv. þm. Framsfl., og Sturla Böðvarsson, hv. þm. Sjálfstfl. ásamt einum sérfræðingi til viðbótar. Í þessu plaggi fer mun minna fyrir umræðunni um almennan rétt eða almenninga og um nýtingu auðlinda á þeim þó að vissulega sé vitnað til nokkurra ákvæða í plagginu, þ.e. vitnað er í lög sem taka til réttar á almenningum sem styðjast við það eins og t.d. vatnalögin frá 1923, námulögin frá 1973 og lögin um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins árið 1990.

Tilvitnanir í þessu plaggi, sem dreift var frá þeim sem sömdu frv., er gert í köflum um auðlindir í jörðu innan eignarlanda en í yfirlitinu um eignarhald á hálendinu er sérstaklega lítið komið inn á þessi atriði. Þegar spurt var út í þetta í allshn. var ekki mikið um svör en gefið til kynna að almannaréttur sé ekki eins sterkur og t.d. eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem er auðvitað alveg rétt. Ég dreg þetta fram hér, herra forseti, vegna þess að þetta er ekkert sérstakt vandamál hér, þau átök á milli almannaréttar sem hefur mun óskilgreindari stöðu almennt í lögum og svo aftur eignarréttarins er núna mjög víða miðpunktur lagalegrar umræðu og átaka um auðlindir, bæði vegna auðlinda á borð við þær sem við erum hér að ræða um og einnig ekki síður vegna ágreinings um fiskimiðin. Það virðist vera að samkvæmt bæði íslenskum réttarheimildum og einnig erlendum megi komast að þessu en grundvöllinn að almenningum má rekja til Rómarréttar þar sem segir að fyrirbæri eins og loft, rennandi vatn, sjórinn og strendur sjávar séu almenningseign.

Breskur fræðimaður frá miðöldum, Bratton að nafni, orðaði það svo að þetta væri samkvæmt náttúrurétti en það er gjarnan vitnað í Magna Carta þegar rætt er um almannarétt:

„Samkvæmt náttúrurétti eru vatn, loft, sjórinn og strendur sjávar sameign allra, svo og réttur til fiskveiða við strendur og í ám. Þar af leiðandi" sagði Bratton „er ekki hægt að selja eða gefa þessi réttindi eða aðskilja þau frá krúnunni" sem var þá fulltrúi breska ríkisins.

Því miður var mjög lítið rætt um stöðu þessara mála í öðrum löndum í nefndum þingsins, en ég ræddi um þjóðlendufrv. í allshn. og þetta frv. í iðnn. En athygli vekur að almannarétturinn virðist vera mun sterkari í Noregi, t.d. aðgangur að ströndum og fiskveiðar í ám, en t.d. í Danmörku þar sem land er mun meira í einkaeign og vissulega sækjum við mikið af lagahefð okkar til Danmerkur. Þetta er enn eitt dæmið um hve mikilvægt er að ferskir vindar blási um lagadeild Háskóla Íslands til að tryggja að dómapraxís hér á landi verði ekki eins einsleitur og raun ber vitni og byggi oft á mjög einhliða sjónarmiðum. Nú eru t.d. gífurleg átök af þessum toga í Bandaríkjunum, bæði vegna fiskimiðanna en þar er almannarétturinn ótrúlega sterkur miðað við að það er land einkakapítalismans en það er vegna þess að framsæknir menn settu mjög snemma löggjöf sem vernduðu þennan rétt. Þetta á bæði við um fiskimiðin og um aðgang að vatni, að ám og atriðum sem við erum að ræða um hér og rétt til nýtingar á slíkum auðlindum.

Ég tel mjög tímabært að sett séu lög í líkingu við þjóðlendufrv. en þó mætti vera kveðið ákveðnar að orði heldur en þar er gert, sérstaklega hvernig kveðið er á hér um nýtingu á auðlindum í eign ríkisins. Ég held að nær væri að gera það en að gera það sem þessi frumvarpaþrenna gerir, þ.e. að færa séreignaraðilum mun meiri réttindi en fyrir eru í íslenskum lögum þar sem einkaaðilar njóta alls staðar vafans sem fyrir er í íslenskum lögum. Dæmi um þetta voru rakin í ræðum ýmissa þingmanna í gær og vil ég þar sérstaklega minna á ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds. Skilgreiningin á netlögum í þessu frv. er sögð hefðbundin og er þar m.a. vitnað í Þorgeir Örlygsson og grein hans sem ég nefndi áðan, þó að það sé alveg ljóst að þar er ekki um einhliða skilgreiningu að ræða.

Ragnar benti á að skilgreiningin á netlögum í frv., 115 metrar út í stöðuvatn eða út í sjó, ætti bara við um veiðar á fuglum en ekki við t.d. nýtingu á botninum í sjó eða í viðkomandi vatni þar sem sú fjarlægð sem á að miða við er 60 faðmar og dýptin sem á að miða við er 2,9–3 metrar en alls ekki alveg niður í árbotninn eða sjávarbotninn að honum meðtöldum. Í grein Þorgeirs er stuðst við þá skilgreiningu á netlögum sem þetta byggir á en sú grein er frá 1994 áður en mjög mikilvægur hæstaréttardómur féll og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði einnig frá í ræðu sinni, svo og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir. Ég tel því að athuga þurfi mjög vel skilgreiningu á því hvað átt er við með því að landeigandi eigi nýtingarrétt innan netlaga. En svo við skoðum aðeins betur hvað segir í grein Þorgeirs Örlygssonar um netlög, þá segir á bls. 555 í áðurnefndri grein hans, með leyfi forseta:

„Netlög eru talin ná 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, sbr. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 2. gr. laga nr. 39/1914, um beitutekju, eða 115 metra, sbr. og áður 4. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Í 1. gr. veiðilaga, nr. 64/1994, eru netlög skilgreind með sama hætti og áður var gert í lögum nr. 33/1966, þ.e. hafsvæði 115 metrar út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, og netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum út í sjó."

Þarna bendir Þorgeir á grunnheimildir en síðan er þetta tekið upp að viðmiðunin sé 115 metrar. Þeir hv. þm. sem ég nefndi áðan, Ragnar Arnalds og Bryndís Hlöðversdóttir, röktu í umræðunum í gær ítarlegan hæstaréttardóm frá 1996 um grásleppuveiðar í Breiðafirði sem staðfesti að þessi skilningur sem þau benda á sé réttur en ekki sú skilgreining sem hér er stuðst við og færir út réttarheimildir landeiganda. Þetta er aðeins eitt dæmi um það að þar sem einhver vafi er, þá er hann túlkaður landeigendum í vil. En þess skal geta að viðkomandi grásleppuveiðimaður hafði verið dæmdur sekur í undirrétti en sýknaður í Hæstarétti. (**Gripið fram í:** En þetta frv. er ekki um grásleppu.) Nei, nei. En þetta er spurning um skilgreiningu á netlögum og það er skilgreiningin á netlögum sem hér er miðað við (Gripið fram í.) Jú, það er grundvallaratriðið sem gengið er út frá, að landeigandi eigi rétt á nýtingu í auðlindum sem eru innan netlaga.

Í frv. er einkaaðilum færð öll mikilvæg réttindi á eignarlöndum þeirra, t.d. vegna virkjana, og þá verða fullar

greiðslur að koma til, ekki bara að viðkomandi þurfi að sýna fram á hvaða tjón hafi orðið, heldur geti hann í raun og veru selt þessi réttindi því verði sem hæstbjóðandi vill kaupa, þ.e. nýtingin á landi landeiganda verður ekki í anda svokallaðrar allsherjarstefnu samanber frv. jafnaðarmanna og kvennalistakvenna sem hér liggja fyrir, og einnig frv. alþýðubandalagsmanna sem hér liggja fyrir. Þau eru öll í anda svokallaðrar allsherjarstefnu. Hér er verið að styrkja séreignarréttinn. Þau stjórnmálaátök sem birtast í þessum frv. eru að mínu mati grundvallarátök í stjórnmálum sem þjóðin verður að átta sig á. Hér er verið að færa verulega réttindi yfir til eignaraðila sem einnig mætti færa yfir til almennings. Það ríkir réttaróvissa á hálendinu vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur ekki borið gæfu til að setja um þetta lög fyrr þrátt fyrir margar tilraunir og nú á ákveðið að fara sömu leið og farin var 1923 þegar vatnalögin voru sett, en þá var fylgt minnihlutaáliti fossanefndarinnar þar sem séreignarstefnan varð ofan á en allsherjarstefnan varð undir. Hér á sem sagt að halda áfram á sömu braut, enda kannski ekki skrýtið miðað við hvaða flokkar sitja hér við völd.

Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu að við verðum að virða réttarkerfi okkar og 72. gr. stjórnarskrárinnar, en það skiptir mjög miklu máli hvers konar löggjöf er sett, t.d. hvers konar greiðslur eða bætur koma til landeigenda ef land þeirra verður notað til virkjanaframkvæmda, fyrir miðlunarlón eða ef þarf að nýta ár eða vötn í almenningsþágu, t.d. vegna hitaveitu fyrir sveitarfélög. Þetta hefur verið gert í Noregi, þ.e. þar er gildandi löggjöf sem er mun líkari því sem kemur fram í frv. Alþfl. og okkar kvennalistakvenna og þar er ekki kvartað undan því að þar þurfi að koma til bætur eða þetta stríði gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Því tel ég mjög mikilvægt, herra forseti, að fresta þessum frv. nú til þess að almenningur átti sig á því sem hér er að gerast.

Það hefur verið mjög mikil deila um sveitarstjórnarfrv. og almenningur tók allhressilega við sér í tengslum við það sem var mjög mikilvægt. Þetta frv. hér er ekkert skárra. Samkvæmt því er verið að færa auðlindirnar til einkaaðila í meira mæli en núverandi lög gera ráð fyrir. Ég vil því að við frestum þessum frv., helst öllum þremur, en það væri helst þjóðlendufrv. sem mætti fara í gegn. Síðan væri rétt að kosið yrði um þessi mál í næstu kosningum, hvor stefnan eigi að verða ofan á. Á að heimila landeigendum að gera sér þörf landsmanna fyrir rafmagn eða heitt vatn að féþúfu eða eiga þessi gæði að tilheyra öllum, almannavaldinu og ríkinu?

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er réttur á almenningum því miður oft frekar óljós. Þess vegna er mjög mikilvægt að sá réttur sé styrktur af löggjafanum. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna aðeins í nýja bók sem ég var að kynna mér eftir Bonnie J. McCay og heitir Oyster Wars and the Public Trust og er um þróun þessara átaka í Bandaríkjunum frá því á síðustu öld og þar til nú. Titillinn höfðar til þess sem kallað er ostrustríðið og fjallar um hverjir mega rækta ostrur við strendur Bandaríkjanna. En þar segir m.a. í þessari bók þar sem er rætt um almannarétt:

„Réttur á almenningum er víða tekinn sem andstaðan eða vörnin gegn því að allir skapaðir hlutir komist í einkaeign. Til að vernda þá sem eru hlutfallslega eignalitlir eða valdalitlir, til að vernda þá á uppgangstímum kapítalismans. Þetta er óvanaleg regla í lögum sem styður almannahagsmuni og réttindi sem eru oft óljós, illa skilgreind og í andstöðu við eignarréttinn sem er mun betur skilgreindur og nákvæmari lagalega séð. Þegar þessi sjónarmið takast á fyrir dómstólum er algengt að einkaréttarsjónarmiðið verði ofan á ef hinn rétturinn er ekki þeim mun betur tryggður í lögum.“

Ég held að það sé einmitt þetta sem hér er að gerast. Hér hefur ekki ríkt sá vilji sem hefur þurft til að tryggja þennan almannarétt og þess vegna er mögulegt að koma fram með frv. eins og það sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Eitt gott dæmi um dóma þar sem almenningssjónarmiðin urðu undir er dómur Hæstaréttar frá árinu 1981 um eignarréttarkröfur ríkissjóðs að Landmannaafrétti, en frá þessu er sagt nokkuð ítarlega í grg. frv. sem nú er til umræðu, og ég ætla að leyfa mér að vitna örstutt í grg. á bls. 10, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti er tekið á þessu atriði. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á eignarrétt ríkisins með fullnægjandi rökum, en hreppum þeim, sem töldu sig hafa rétt til afréttarins, hafði í dómsmáli á sjötta áratugnum mistekist að sýna fram á fullan eignarrétt yfir afréttinum. Þá segir í dóminum: „Hins vegar verður að telja, að handhafa ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða ...“ Hæstiréttur undirstrikar enn fremur þörfina á að setja lagaákvæði um þetta atriði og segir að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“.“

Það er auðvitað verið að reyna að gera þetta núna í þjóðlendufrv. Það er mjög athyglisvert að dómstólar hafa bent á að ríkið hafi ekki getað sannað eignarrétt sinn vegna þess að það hafi ekki verið sýnt fram á að land hafi verið numið. Landnám gerðist aðallega á þjóðveldisöld, samanber Landnámabók. Mig minnir að því hafi verið hætt 1787, eins og kemur fram í grein Þorgeirs Örlygssonar. En þetta skýrir m.a. niðurlag 3. gr. frv., þ.e. í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Það er því alls ekki tryggt þrátt fyrir þjóðlendufrv. að auðlindir á þjóðlendum verði eign íslenska ríkisins.

Bæði í þessu frv. og í þjóðlendufrv. kemur sjónarmið allsherjarreglunnar alls ekki nægilega sterkt fram, það er meira sagt þannig að ef séreignarákvæðisreglurnar duga ekki alveg þá getur ríkið átt þetta. Það mun vera hugsunin en ekki að setja rétt allsherjarreglunnar sterkan fram fyrst á móti hinum. Hugsunin er séreignarreglan. Þau tæki til að ná þeim rétti fram eru fyrir. Ef viðkomandi getur ekki sýnt fram á afsal, nám eða eitthvað slíkt, þá er nýtingarrétturinn ríkisins.

Þetta eru ekki áherslur að mínu skapi, herra forseti, og því get ég alls ekki stutt hugsun þessa frv. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi í hv. iðnn. og er samþykk áliti minni hlutans sem kemur fram á þskj. 1284 og hv. þm. Gísli Einarsson gerði grein fyrir í gær.

Ég vil vekja athygli á því sem fram kemur í því nefndaráliti að fjölmargt vantar nauðsynlega í þetta frv., auk þess sem það er í grundvallaratriðum á skjön við mína lífssýn eins og ég hef getið um hér að framan. M.a. vantar í þetta frv. — eða eins og segir í nefndarálitinu:

„að ekki er fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda,

að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni, þvert á móti eru þessi auðæfi afhent landeigendum,

að óljóst er kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða,

að ekki eru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms,

að í frumvarpið vantar skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir,

að ekki eru í frumvarpinu nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram þau sem eru í gildandi lögum."

Líka er rætt um brtt. sem kom fram seint í meðferð málsins um erfðaefni og mér skilst að þeirri brtt. hafi verið skotið inn í frv. í tengslum við fyrirhugað gagnagrunnsfrv. En í gær kom m.a. fram hjá hæstv. umhvrh. að þessi grein, sem nú er sett fram sem brtt. við þetta frv., þyrfti endurskoðunar við. Þetta sýnir mjög vel að mínu mati, herra forseti, hve þetta frv. er illa samið og eru enn ein rökin fyrir þeirri niðurstöðu minni og meiri hluta iðnn. að það beri að vísa frv. frá og vísa því til ríkisstjórnarinnar. Frv. er gallað eins og það er. Bæði eru skilgreiningar vafasamar og sumar greinar þurfa þegar endurskoðunar við jafnvel frá sjónarmiðum þeirra sem sætta sig við þessa stefnu sem frv. byggir á, séreignarstefnuna. Fyrir mig og fyrir okkur öll hin sem aðhyllumst allsherjarstefnu og sterkari rétt almannahagsmuna gegn sérhagsmunum, þá er frv. stórhættulegt og ber að hafna því í grundvallaratriðum.

Um þetta frv. bárust fjölmargar gagnlegar umsagnir. Mér sýnist miðað við ræður fyrri manna að flestum þeirra hafi verið gerð nokkuð góð skil. Þó er rétt að benda enn einu sinni á að aðili eins og Náttúruvernd ríkisins telur að frv. fullnægi alls ekki þeim skilyrðum sem beri að gera varðandi umhverfisvernd og það eru ótrúlegustu aðilar í þjóðfélaginu sem gera miklar athugasemdir við frv. Mér sýnist því ástæða til, herra forseti, að landsmenn rísi nú upp enn einu sinni og átti sig á hvað hér er á ferðinni. Þetta er partur af hálendisþrennunni en hér er beinlínis verið að flytja verulega peningalega hagsmuni til landeigenda, til einkaaðila en ekki til almennings, þ.e. hagsmuni sem nú ríkir óvissa um hver ráði yfir. Það er auðvitað pólitísk ákvörðun hvora leiðina við viljum fara. Auðvitað ber fyllilega að virða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar en það skiptir verulegu máli hvort bætur eru í anda allsherjarstefnu þannig að fólk fái bætt fyrir það tjón sem það verður fyrir eða hvort það er bætt þannig að viðkomandi geti selt hæstbjóðanda, t.d. viðkomandi virkjunarrétt eða hvað það er sem um ræðir á tilteknu svæði, þ.e. eignarlandi.

Það er sorglegt að svo skuli vera komið að frv. sé af þessu tagi þó að það sé skiljanlegt í ljósi þess hverjir það eru sem hér fara með völd og setja þetta frv. fram, þ.e. Sjálfstfl. og Framsfl., sem passa það að landeigendur séu ávallt látnir njóta vafans.

Enn eitt dæmi um það, herra forseti, á sér stað þegar litið er á að eignarráðin eru skilgreind ofan í jörðina eða allt niður að miðju jarðarinnar. Um þetta atriði segir Þorgeir Örlygsson — og það er reyndar einnig vitnað í það í áðurnefndri álitsgerð frá Tryggva Gunnarssyni og fleiri höfundum þessa frv. — í grein frá 1994 úr afmælisriti Gauks Jörundssonar, með leyfi forseta:

„Þótt það sé ekki talið vafa bundið samkvæmt framansögðu að réttur landeiganda nái jafnframt til umráða og nota undir yfirborði jarðar sem yfir því, er meira vafamál hver mörk verði að setja þessum eignarráðum landeiganda. Markalínan hefur ekki verið dregin við ákveðna dýpt, heldur hefur verið lagt til grundvallar, að miða verði við þær kröfur, sem eðlilegt sé að viðurkenna af tilliti til hagsmuna landeigenda. Verður í því sambandi að hafa í huga, að nútímatækni, t.d. við jarðhitaboranir og námuvinnslu, gerir hverjum og einum landeiganda auðveldara en áður var að nýta gögn og gæði fasteignar sinnar."

Með öðrum orðum: Vegna nútímatækni er mögulegt að einkaaðili bori niður eftir vatni þó að það sé dýrt eða stofni til verulegs tilkostnaðar sem kannski áður fyrr var ekki hægt við annað tæknistig, og þá sé rétt, fyrst einkaaðilanum er hugsanlega mögulegt að gera þetta, að hann fái öll þessi gæði í sínar hendur. Þarna er sem sagt vafamál. Í staðinn fyrir eins og er í sumum frv. frá stjórnarandstöðunni, sem liggja hér fyrir, að miða við ákveðin dýptarmörk, þá er bara sagt: „Það er tæknilega mögulegt að eigandinn geti þetta núna og þá skulum við bara láta þetta allt verða hans." Þetta er enn eitt dæmið um hvernig vafasamar skilgreiningar eru túlkaðar landeigendum í hag.

Það skiptir mjög miklu máli fyrir alla framtíð hvernig þessi lagasetning tekst, t.d. þegar farið verður að ákveða hvernig á að bæta fyrir virkjanir, hver fær arðinn af þessum auðlindum. Verða það nokkrir einstaklingar eins og þetta frv. stefnir að eða almenningur sem að sjálfsögðu á að eiga hálendið og auðlindir þess. Það á að vera sameign þjóðarinnar en ekki einkaeign fárra.

Það er skoðun mín, herra forseti, og því legg ég eindregið til að þessu frv. verði vísað frá. Ég ætla ekki að elta ólar við einstakar greinar þess en við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn ýmsum greinum en styðja hugsanlega það sem til bóta horfir.

[12:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Varðandi þetta ágæta frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu tel ég dálítið sláandi þá brtt. sem mér sýnist að meiri hlutinn hafi ákveðið að flytja við frv. hvað varðar fyrirsögn þess. Ef ég hef tekið rétt eftir eru hér á ferðinni hugmyndir um það, herra forseti, að beyta heiti laganna til þess að fela í raun og veru innihaldið. Eins og fyrirsögnin er á upphaflega frv. og það liggur hér fyrir þá er hún mjög lýsandi fyrir innihald málsins. Þetta er nefnilega frv. um eignarhald og út af fyrir sig nýtingu, eftir því sem hún kann að koma til, á auðlindum í jörðu. Þetta er frv. um algert eignarhald, algert einkaeignarhald landeigenda á öllum auðlindum í jörðu, á og undir því landi sem þeir geta sannað eignarrétt sinn á.

Ég held, herra forseti, að það hafi farið stórlega fram hjá mönnum hversu mikið grundvallarmál hér er á ferðinni þangað til að það er kannski að byrja að dragast fram í þessari umræðu. Ég held t.d. og er þeirrar skoðunar að það mál sem var hér mikið til umræðu fyrir nokkrum dögum síðan og gengur manna á meðal undir nafninu hálendismálið, en var reyndar frv. til sveitarstjórnarlaga, þar sem tvö ákvæði, fyrst og fremst 1. gr. og síðan ákvæði til bráðabirgða vörðuðu skipulagsmörk á hálendinu, sé hreint smámál borið saman við það sem hér er á ferðinni ósköp einfaldlega vegna þess að það var misskilningur að í því frv. í sjálfu sér fælust stórfelldar breytingar frá því sem áður hafði verið ákveðið eða reikna hefði mátt með, þ.e. að það yrði fest í sessi og staðfest að skipulagsmál væru á verksviði sveitarfélaga og síðan yrði eftir atvikum sérstaklega um það búið hvað varðaði miðhálendið og fyrir því eru auðvitað ærin rök. Það

frv. snerist ekki um eignarhald eins og því miður þó margir ranglega halda eftir umræðuna þar sem hún kannski var ekki alltaf nógu skýr á köflum.

Þjóðlendufrv. var vissulega stórt. Það snýst um að festa í sessi, staðfesta eignarhald almennings, eign almennings eða rétt ríkisvaldsins fyrir hans hönd á því landi sem ekki er í einkaeigu. Þetta frv. er hins vegar gríðarstórt að mínu mati vegna þess að til framtíðar litið er algerlega ófyrirséð hvaða stórfelldu réttindi er verið að færa hér einkaaðilum, kannski tiltölulega fámennum hópi landeigenda. Það geta verið einstaklingar. Það geta verið sveitarfélög eða fyrirtæki eða aðrir slíkir aðilar og það ótrúlega þegar farið er betur yfir forsendur þessa máls er að það er í raun algerlega ófyrirsjáanlegt hversu stórfellt réttindaafsalið, að ég tel vera, er sem hér er á ferðinni frá því sem vera ætti að sjálfsögðu eign ríkisins og almannaeign í landinu yfir til einkaaðilanna.

Ég hafði, herra forseti, ekki lesið þetta mál vandlega í aðdraganda 1. umr. og í raun og veru var það ekki fyrr en málið kom aftur til umfjöllunar frá nefnd að ég tók mér það fyrir hendur að lesa það nokkuð vandlega eins og ég treysti að þingmenn geri yfirleitt áður en þeir fara endanlega að mynda sér afstöðu. Ég varð þeim mun meira undrandi sem ég las meira og velti þessu meira fyrir mér. Að lokum er ég alveg gáttaður á því að menn skuli láta sér detta í hug að ganga frá málinu á þennan hátt, algerlega gáttaður á því vegna þess að ég sé enga ástæðu til þess. Þó að menn vildu skýra réttinn, sem út af fyrir sig er ekki vanþörf á, þó menn vildu ganga tryggilega frá því að einkaeignarrétturinn innan eðlilegra og hófsamlega marka væri tryggður hvað varðar eignarrétt á landi, þó menn vildu ganga mjög skýrt frá því að eigendum lands væri í öllum tilvikum bætt það ef þeir yrðu fyrir ónæði eða tjóni eða rask yrði á þeirra högum vegna einhverrar nýtingar og mundu ganga frá því og þó menn jafnvel vildu ganga frá því að menn ættu sanngjarnan og hófsamlegan nýtingarrétt sjálfir, a.m.k. í eigin þágu, til eigin þarfa, á auðlindum sem kynnu að felast á eða undir landi þeirra, þá er engin ástæða til þess að flytja frv. eða ganga frá löggjöf með þeim ósköpum sem hér eru á ferðinni því þetta gengur svo mikið lengra.

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. og óháðra höfum viljað ganga frá málinu algerlega frá öndverðri hlið og höfum lagt fram ekki færri en þrjú frv. á þinginu sem varða öll þetta mál, þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins, sem staðfesti í stjórnarskránni sameign þjóðarinnar á helstu auðlindum, frv. til laga um jarðhitaréttindi og frv. til laga um orku fallvatna. Gott og vel. Vera kann að ekki sé nú, því miður, frekar en verið hefur undanfarin þing nægjanlegur vilji til þess að ganga frá málinu á þennan hátt en þó er svo óralangur vegur frá því yfir í hitt sem þetta stjfrv. felur í sér að himinn og haf er þar á milli. Ég hallast að því að ef ekki er vilji til þess að staðfesta eignarráð ríkisins eða þjóðarinnar á helstu og stærstu auðlindunum eins og orkunni í fallvötnunum og orkunni í háhitanum, þá væri nær að nálgast málið frá þeim sjónarhóli að tryggja á eðlilegan hátt rétt einstaklinganna og láta þar við sitja.

Hvernig væri hægt að gera það? Það væri hægt að gera það með einfaldri löggjöf sem fæli í sér að landeigendum væri tryggður í fyrsta lagi auðvitað skýlaus bótaréttur vegna alls ónæðis, röskunar og óhagræðis sem þeir kynnu að verða fyrir vegna auðlindanýtingar á landi þeirra. Í öðru lagi jafnvel eðlilegur eigin afnotaréttur og nýtingarréttur innan hófsamlegra og skilgreindra marka og í þriðja lagi hugsanlega eitthvert afgjald, en eignarhaldinu sjálfu væri ekki slegið föstu því það er engin ástæða til þess. Það er engin ástæða til þess að útkljá þau mál svona. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvaða knýjandi nauðsyn er á því t.d. að ganga frá eignarhaldi landeigenda að hafsbotninum innan netlaga? Hvaða ástæða er til þess?

Nýlega var samþykkt mjög merk löggjöf á þinginu, mjög merkt þingmál, að frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem gekk frá réttinum þjóðareign á hafsbotninum. Það var ekki sjálfgefið mál. Maður getur velt því fyrir sér ef það hefði dregist um einhvern tíma, hefðu ekki einkaeignarréttarsjónarmiðin farið að teygja sig til hafs og endað úti á 200 mílum eða úti á landgrunnskantinum? En þetta var samt gert og þess vegna er eðlilegt að spurt sé: Af hverju að ganga þá frá þessu svona? Ég segi, herra forseti, að ég á erfitt með að trúa því satt best að segja enn þá að það sé virkilega ætlunin að afgreiða þetta frv. vegna þess að mér finnst það svo stórt og þeim mun meir sem ég skoða það og les það, þeim mun meira undrandi verð ég á því að menn láti sér detta í hug að ganga svona frá þessu. Menn telja ef til vill réttaróvissu einhvers staðar uppi í þessum efnum sem sé ástæða til að eyða svo sem eins og gagnvart því að tryggja betur í einhverjum skilgreindum tilvikum stöðu landeigandans. En ég veit reyndar ekki til að það hafi skapað nein stórfelld vandamál, ekki einu sinni við nýtingu jarðhitans og ég mun fara yfir það betur á eftir hvernig það hefur gengið fyrir sig, t.d. í tilviki Hitaveitu Reykjavíkur þegar hún hefur samið við landeigendur. Vissulega voru þar að skapast fordæmi t.d. þegar samið var við eigendur Reykja. En það gekk líka tiltölulega átakalaust og vel fyrir sig.

Ég tel að löggjöf sem tengist þessu viðfangsefni hefði þá ekki átt að byggja á þeim grundvelli að útkljá og setja niður í eitt skipti fyrir öll eignarhaldið heldur hinu að tryggja á eðlilegan hátt réttarstöðu eigendanna eða umráðaaðilanna. Ég er alveg sannfærður um að það hefði mátt ganga á tiltölulega einfaldan og skýran hátt frá grundvallarreglum í þeim efnum sem hefðu verið fullnægjandi. Þá hefðu menn eftir atvikum getað látið það óútkljáð í bili þangað til að menn voru komnir að farsælli niðurstöðu í þeim efnum en nú blasir við, hvernig færi með sjálft eignarhaldið því það er ekkert smáræði sem verið er að slá hér föstu.

Ég ætla, herra forseti, að byrja aðeins á því að renna yfir og bera saman 1., 2. og 3. gr. frv. því að þær eru auðvitað alveg lykilgreinar í þessu sambandi. Við skulum líta aðeins á 1. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga."

Svo kemur skilgreining á því hvað átt er við með auðlind, hvað átt er við með þessu hugtaki í þessu samhengi, auðlind. Það er ekkert smáræði. Það er nefnilega átt við, herra forseti, með leyfi þínu:

„Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, ..." Í fyrsta lagi eru það öll frumefni jarðarinnar eða sólkerfisins sem falla þarna undir. Það er ekkert undan skilið og heimurinn er nú einu sinni gerður úr frumefnunum. Þau eru netverkið í þessu.

Í öðru lagi eru það efnasambönd, þ.e. þegar búið er að raða frumefnunum eitthvað saman, öll efnasambönd, og orka sem vinna má úr jörðu. Það eru frumefni, efnasambönd og orka. Ekkert er undan skilið og hvort heldur orkan, efnasamböndin og frumefnin eru í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Ég þekki nú ekki fleiri form nema þegar þetta er að skríða yfir mörkin. Það er alveg sama í hvaða formi þetta er

og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Það er allt frá hæstu hitum sem menn þekkja — það finnast nokkur þúsund gráður í iðrum sólarinnar og það er sjálfsagt farið að volgna talsvert á vissum svæðum inni í jörðinni — og niður í alkul, -273 komma eitthvað gráður á Celsíus ef ég man rétt. (**KÁ :** Fer það þá ekki að nálgast þann vonda?) (**Gripið fram í:** Þar hitnar.) Ja, það er bæði farið að hitna og kólna í þessum efnum.

Nei, herra forseti, það þarf ekki djúpstæða þekkingu á þessum málum til að átta sig á því að hér hefur tekist að hnoða saman í eina stutta lagagrein skilgreiningu á því hvað sé auðlind sem er svo víð að mig brestur algerlega hugmyndaflug til að sjá að nokkuð geti verið undan skilið, nokkuð nema einhver algerlega huglæg óefnisleg verðmæti, ef þau væru til, sem teljist þá ekki auðlind. Það er t.d. ekki víst að það tækist að flokka hugsanir manna sem stæðu á jörðinni sem einhver á sem auðlind í þessu samhengi því þær eru svona frekar óefnislegt og illmælanlegt fyrirbæri. Þó að þar fari einhver rafboð um o.s.frv. og einhver orka sé notuð, þá er kannski erfitt að ná utan um það. En í raun og veru er þetta þannig að erfitt er að hugsa sér að nokkur efnisleg fyrirbæri eða fyrirbæri orkulegs eðlis gætu sloppið þarna undan þannig að þá er það á hreinu að lögin taka til auðlinda og þá væntanlega allra auðlinda. Og auðlind er síðan skilgreind þannig að það tekur til alls sem hugsast getur, frumefna, efnasambanda, orku, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs.

Í öðru lagi, herra forseti, kemur í 2. gr. annað lykilhugtak málsins, fyrir utan orðið auðlind, og það er orðið eignarland. Það er skilgreint svo í 2. gr.:

„Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma."

Þetta er annað lykilhugtak málsins. Þarna er gert skýrt að þetta taki til allra landsvæða og líka netlaganna og færir slíkt land sem er í einkaeignarrétti undir.

Upphafsorð 3. gr. eru svo það sem á vantar til að hnýta þennan pakka saman, auðlindirnar, eignarlandið og eignarréttinn. 3. gr. er svohljóðandi:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Þá er þetta komið. Auðlindin er skilgreind þannig að ekkert getur verið undan skilið. Eignarlandið færir þetta undir einkaeignarréttinn og eignarlandinu fylgir eignarréttur á auðlindunum.

Það er kannski ástæða til þess að staldra aðeins við orðskýringar eins og í tilvikunum „jarðefni" og „jarðhiti". Það er kannski tvennt af því sem skiptir hér miklu máli. Jarðefni eru þannig skilgreind að undan því sleppur heldur ekki margt:

„Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu." Það er erfitt að ímynda sér að mikið sé undan skilið þarna.

Þó held ég, herra forseti, að snilld höfunda frv. rísi hæst þegar þeir skilgreina orðið jarðhiti. Hvað skal teljast „jarðhiti" í merkingu þessara laga?

„Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn."

Hvað er verið að segja með þessu? Það er verið að segja að allt hitastreymi úr möttli jarðarinnar, á leiðinni til yfirborðsins, skuli teljast jarðhiti í þeim skilningi sem mönnum er tamt að nota það orð, að það sé jarðhitinn við yfirborðið og það sem auðvelt sé að ná upp úr yfirborðinu. Það er ekki látið sitja við það. Nei, undir jarðhita fellur hitauppstreymið, alveg niður í iður jarðar í skilningi þessara laga.

Ísland er það sem á jarðfræðimáli er kallað heitur reitur eða „hot spot" og hér er einmitt slíkt hitauppstreymi langt úr iðrum jarðar, neðan úr möttli af 1.000 km dýpi, það mælist í þúsundum km, og höfundar frv. telja allt þetta uppstreymi jarðhita og þar með munu þeir sem fá afhent jarðhitaréttindin eða eignarhaldið eiga þetta líka. Þetta er mikil snilld, herra forseti, það verð ég að segja. (**Gripið fram í:** Einhver sagði snilld.) Já, það er mikil snilld í þessu. Ég verð að segja að þó ég hefði vandað mig og legið yfir því, þá á ég erfitt með að sjá að það hefði verið hægt að gera þetta betur ef markmiðið hefur verið að tryggja með algerlega óyggjandi hætti að óhugsandi væri nokkur skapaður hlutur mundi nokkurn tíma finnast undir yfirborði jarðarinnar sem landeigandinn ætti ekki. Þá held ég að það hafi tekist vel. Ég óska höfundum frv. til hamingju með það afreksverk að hafa náð að róa svoleiðis fyrir hverja einustu vík í þessu að ég á erfitt með að ímynda mér að nokkurn tíma finnist nokkur skapaður hlutur nýtilegs eðlis, af einum eða öðrum toga, efnislegur eða óefnislegur, sem landeigendur eigi ekki, ef þessi lagasetning verður að veruleika. Það er ekki látið nægja, herra forseti, að taka yfir hinn þekkta heim. Það er ekki látið nægja. Það er sett undir þann leka að eitthvað kunni að uppgötvast í framtíðinni, ný frumefni finnist, efnasambönd eða eitthvað annað sem gætu orðið einhvers virði. Það er t.d. gert með þeirri skilgreiningu á hugtakinu „jarðefni" að það taki, fyrir utan allt sem þar er upp talið úr hinum þekkta heimi, einnig til annarra nýtanlegra efna sem finnast kunna í jörðu.

Sjálfsagt er það þannig að þetta er ábyggilega ekki óviljaverk. Þetta er væntanlega vegna þess að höfundar frv. telja sig þess umkomna, og stuðningsmenn þess hér, að ganga frá þessu máli í eitt skipti fyrir öll, fyrir gervalla siðmenninguna á Íslandi svo lengi sem hún kann að standa. Núverandi landeigendur eiga samkvæmt þessu að eignast þetta ad infinitum, um aldur og ævi, og þá er ekki verið að ganga frá neitt litlu.

Þetta er gert þrátt fyrir að það hafi verið leitt fram, herra forseti, í umræðunum með óhrekjandi hætti í margvíslegum gögnum, af fólki sem er vel að sér um þá hluti, þ.e. hina lögfræðilegu hlið, að það er engin ástæða til þess. Það þarf ekki að afsala þessum réttindum til einkaaðilanna, til eigenda landsins. Það þarf ekki. Ég tel það t.d. vera þannig, eftir ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds hér í gær, að borðleggjandi sé að ekkert kalli á það að afhenda landeigendum netalagnirnar með þeim hætti sem hér er verið að gera. Að sjálfsögðu er hægt að tryggja þennan rétt eins og hann hefur að fornu verið, ganga frá honum þannig að hann út af fyrir sig standi. Það eru engin áform uppi um það að fella niður ákvæði Grágásar, Jónsbókar o.s.frv. sem enn er í gildi. Það er á sínum stað. Það er á hinn bóginn engin ástæða til þess, engin sérstök rök fyrir því að ganga lengra önnur en þau að flutningsmenn frv., aðstandendur frv., vilja afsala þessum réttindum, sem hafa verið almannaeign, til landeigenda.

Herra forseti. Frv. er að þessu leyti með ólíkindum. Það er í raun og veru með ólíkindum. Ég var að velta því fyrir mér

hversu mönnum hafi farið aftur á Íslandi, hversu skammarlega léleg vinnubrögðin skuli vera orðin hér. Gengið skal frá þessu gríðarlega stóra máli hér, pína það í gegnum Alþingi með næturfundum og hörku og skjalið sem byggt er á er ómerkilegur snepill, það er snifsi. Hafa menn farið yfir gögnin sem lágu t.d. til grundvallar fossamálunum á sínum tíma? Hafa menn skoðað þá vinnu? Fyrir hartnær öld síðan unnu menn þykkar greinargerðir, rækileg lögfræðiálit og skýrslur. Vinnan sem maður stendur þar frammi fyrir er til fyrirmyndar. Það er ekki hægt að segja annað, herra forseti, en að það er hörmuleg afturför bæði í lýðræði og vinnubrögðum að sjá þá forsmán sem hér er á ferðinni.

Það voru ekki aðstandendur frv. í framsöguræðum eða greinargerðin sem gert hefur grein fyrir lagalegri stöðu málsins eins og hér hefur verið gert í umræðunni. Nei, það voru vinnusamir stjórnarandstæðingar sem tóku sig til og fóru yfir þá hluti. Ég vona að einhver skammist sín, t.d. eftir ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds í gær. Þau gögn hefðu átt að fylgja frv. og koma fram í greinargerð eða a.m.k. í framsöguræðu fyrir áliti nefndar. Þannig hefði þingmönnum verið gerð grein fyrir réttarstöðunni í málinu og hverju væri verið að breyta frá þeim rétti sem verið hefur í gegnum tíðina og að svo miklu leyti sem hann hefur þá verið skýr. Nei, það var ekki gert. Aðstandendur málsins telja sér ekki skylt að standa fyrir því. Nei, þeir ætla bara að gera þetta svona, afhenda þetta si svona.

Þeir ætla að afhenda háhitann og netlögin án frekari rökstuðnings. Þó liggur hitt fyrir, hvort tveggja með mjög skýrum hætti, að hvað netlögin snertir er engin ástæða til þess. Það er augljóst mál að rétturinn getur staðið eins og hann hefur staðið og alveg glænýir dómar staðfesta það. Hvað háhitann varðar er það ljóst mál og hefur ekki verið hrakið. Þvert á móti hefur hið gagnstæða verið mjög vel rökstutt af lögfræðingum á undanförnum árum að ríkið getur sett þær takmarkanir á þann eignarrétt sem það telur eðlilegt að gera í þágu almannaheilla, innan þeirra marka að eðlilega og hófsamlega sé tekið mið af einkaeignarréttinum á landi og stöðu manna gagnvart því.

Það er algjörlega óhrekjanlegt að mínu mati, herra forseti, að það er engin ástæða til þess t.d. að slá einkaeignarrétti á jarðhitann, háhitann niður á margra km eða mörg þúsund km dýpi eins og þetta frv. gerir, svo ótrúlegt sem það er. Það má að vísu deila um hvort það sé alveg inn að kjarna jarðarinnar. Ég efast um að það. A.m.k. er ekki sannað, svo að ég viti til, að hitastraumarnir nái niður í möttulinn eða neðri möttulinn og tæplega kannski inn í kjarnann, alla vega ekki fasta kjarnann. En langleiðina, langt inn undir jarðarmiðjuna er verið að staðfesta einkaeignarréttinn eins og frá þessu er gengið hér í frv. Hvaða knýjandi þörf er á því, herra forseti? Er það ekki dálítið stærilæti af hv. stjórnarliðum að ætla sér að ljúka því snotterí á nokkrum dögum hér á Alþingi og láta sig engu skipta þau rök og sjónarmið sem fram koma í málinu og hitt að um þetta er djúpstæður ágreiningur.

Herra forseti. Ég ætla aðallega að leggja út af því hversu fráleitur þessi frágangur málsins er með hliðsjón af jarðhitanum. Ég held að hv. þm. Ragnar Arnalds, Bryndís Hlöðversdóttir og Sighvatur Björgvinsson og fleira fólk hafi farið svo rækilega yfir hina lögformlegu og lagalegu stöðu málsins að þar sé ekki miklu við bætandi, alla vega ekki af minni hálfu. Ég hef ekki farið svo vel ofan í saumana á því máli að ég treysti mér til að bæta þar um betur. Kannski get ég þó eitthvað lagt af mörkum hvað varðar hina efnislegu hlið, þ.e. eðli og eiginleika þeirra auðlinda sem hér eiga við. Það sem stjórnarliðar og flutningsmenn frv. hafa ekki haft manndóm í sér til að gera, reynum við stjórnarandstæðingar að bæta með málflutningi okkar. Ég vísa til þess sem ég áður sagði um hraksmánarlega lélegan undirbúning þessa máls hvað varðar réttarhliðina. Ég mun hér á eftir einnig fara yfir auðlindahliðina og þá falleinkunn sem menn gefa sér sjálfir með því, t.d. ef tekið er mið af samanburði við undirbúning mála fyrr á öldinni, þegar fossamálin voru uppi og eins má taka þau frv. sem flutt voru á 6. áratugnum. Þá er gjarnan nefndur til sögunnar fyrrv. hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, og sú vinna sem hann þá vann. Sömuleiðis er vitnað í Ólaf heitinn Jóhannesson, fyrrv. forsrh. og Einar Arnórsson fyrr á öldinni. Allt voru þetta merkir menn sem á sínum tíma höfðu mikil áhrif á réttinn.

Hvar eru spekingar ríkisstjórnarinnar nú af sambærilegum kalíber og þessir menn voru? Hvar eru lögfræðiálitin, greinargerðirnar og skýrslurnar sem jafnast á við þær bækur sem til urðu í kringum störf fossanefndarinnar eða hina þykku og efnismiklu greinargerð frv. frá 1957? Nei, það er þessi hörmung, það er þetta snifsi. Ég held að greinargerðin sjálf, ef greinargerð skal kalla, sé í aðalatriðum tvær og hálf blaðsíða. Það þarf ekki meira til þegar Framsókn ætlar um aldur og ævi að afhenda til einkaeignar þessi gífurlegu réttindi og verðmæti sem hér eiga undir sem ég held að þjóðin upplifi þannig að hún eigi ekkert síður en þjóðinni finnst eðlilega að henni komi allri við hvernig farið er með miðhálendið og náttúruperlurnar o.s.frv.

Herra forseti. Við skulum aðeins byrja á að staldra við jarðefnin hvað auðlindirnar snertir. Ísland er land mjög ríkt af margvíslegum jarðefnum en þau eru að mestu leyti sérstakrar gerðar af því að Ísland er ungt land, eitt af yngstu löndum á hnettinum, elsta berg á þurru landi nær tæpast 20 milljón ára aldri og það er lítið. Að stórum hluta til er landið eða a.m.k. yfirborð þess kornungt. Það er rétt að draga andann í jarðfræðilegum skilningi þess orðs. Stór hluti af miðbiki landsins og eiginlega allt yfirborð í gosbeltinu er frá jökultíma eða eftir jökultíma. En það þýðir ekki að þarna geti ekki verið margvísleg og dýrmæt jarðefni. Það eru það. Þau eru bæði á yfirborði en þau eru líka í bergi. Það er t.d. ljóst að Ísland er land sem er óvenjuríkt af lausum jarðefnum og þau jarðefni hafa nú þegar á síðustu árum og áratugum verið að taka á sig vaxandi verðmæti og nægir þar að nefna vikurinn. En enginn vafi er á því að margvísleg önnur laus jarðefni á yfirborðinu gætu með tíð og tíma orðið undirstaða að mikilvægri verðmætasköpun, iðnaðarframleiðslu o.s.frv. Það gætu t.d. ýmis gosefni orðið sem hafa sérstaka efnasamsetningu. Við erum með óvenjumikið af basískum jarðefnum, bæði lausum og föstum. Við erum með gosefni sem hafa snöggkælst vegna eldgosa undir vatni eða jöklum og þannig verða til ýmis undur eins og hrafntinnan og fleira þegar hraunkvika og gosefni kælast svo snögglega niður að þau ná ekki að kristallast eðlilega og verða glerkennd. Menn hafa horft lengi á möguleika þess að vinna úr slíkum hlutum eins og hrafntinnu, perlusteini og vikrinum.

Það hefur síður en svo verið afskrifað að sjaldgæfari verðmæt jarðefni kunni að finnast á Íslandi. Það stendur til að mynda yfir gullleit á Íslandi og alls ekki er óhugsandi að tækni og þekking færi menn þannig fram á veginn að t.d. í rótum gamalla megineldstöðva eigi menn eftir að finna sjaldgæf og verðmæt jarðefni í vinnanlegu magni. Það er alls ekki óhugsandi. Margt bendir til þess að við þær aðstæður sem þar

skapast geti á mun skemmri tíma en annars gerist yfirleitt í náttúrunni orðið til mjög verðmæt sjaldgæf jarðefni, steindir eða frumefni einhver sem sjaldgæf og eftirsóknarverð eru.

Við skulum bara hugsa okkur að það finnist gull eða einhver önnur sjaldgæf og eftirsóknarverð efni í rótum einhverra gamalla megineldstöðva þar sem líklegast er að þau hefðu orðið til og þar sem þær eru orðnar veðraðar og orðið er aðgengilegt að komast að þeim er alls ekki fráleitt að einhver vinnsla gæti gengið. Að sjálfsögðu er augljóst mál að þetta frv. þrælneglir það niður að svo miklu leyti sem það hefur þá ekki þegar verið í námalögum og á grundvelli einkaeignarréttarins að öll slík föst efni í bergi undir einkalandi tilheyra landeigandanum. Það er alveg ljóst og það skiptir ekki máli af hvaða tagi þau efni eru eða í hvaða formi þau eru og hvort þau eru þekkt eða eiga síðar eftir að uppgötvast. Þau skulu síðar tilheyra landeigendunum.

Margir trúa því að olía eigi eftir að finnast á Íslandi og ég hef aldrei útilokað það þó að ég hafi að vísu oft mælt varnaðarorð og hvatt menn til þess að trúa ekki á það, a.m.k. ekki alveg eins og ljós lífsins fyrr en einhverjar sterkari vísbendingar væru þá komnar fram um það að olía fyndist í einhverju vinnanlegu magni a.m.k. á eða undir landinu sjálfu hvað sem vera kynni í setlögum þegar kemur út á landgrunnið, t.d. norðaustur af eða norður af landinu. En það er samt ekkert óhugsandi að ný tækni, sem alltaf fleygir fram, gæti leitt það af sér að olía í vinnanlegu magni eða gas næðist úr jarðlögum í seti, t.d. á Skjálfandaflóa. Það er þá jarðfræðilegt framhald af hinum frægu Tjörneslögum. Þar eru eins og menn þekkja þykk lífræn setlög, brúnkol eða surtarbrandur sem var unninn fyrr á öldinni. Hvar er líklegt að menn mundu reyna að bera niður ef þeir færu að reyna að bora til að vinna olíu úr setlögum á Skjálfandaflóa? Jú, það er einn borpallur á Skjálfandaflóa sem er þegar búið að byggja fyrir allnokkru og hann heitir Flatey, smáhraunkollur sem þar situr ofan á setlögum, fínasti borpallur. Það er mjög líklegt að menn mundi bera þar niður og byrja af borpallinum og bora þar. Menn þurfa ekki endilega að bora beint niður, menn geta borað í ýmsar áttir. Segjum að þar kæmust menn niður í jarðlög sem hefðu þá eiginleika að það væri hægt að draga úr þeim vökvann og olía leyndist annaðhvort jafndreifð í jarðvegslinsum þar eða hugsanlega í einhverjum geymum sem hægt er að draga úr. Það þyrfti ekkert að vera undir Flatey. Það gæti verið á ská 2–3 km, 4–5 km til hliðar. En sá sem ætti blettinn í Flatey þar sem borinn yrði reistur upp mundi sennilega eiga olíuna miðað við skilgreiningu hæstv. iðnrh. og hann fengi af henni allar tekjur. Ekki ríkið, ekki aðrir landeigendur á svæðinu, ekki sveitarfélagið. Nei, heldur er verið að afhenda einkaaðilanum, eigandanum þessa aðstöðu með þessari ævintýralegu skilgreiningu frv. eins þröng og hún er.

Herra forseti. Ég tel að út af fyrir sig séu viss efnisleg rök fyrir því að gera greinarmun á föstum jarðefnum og lausum eða fljótandi í þessu sambandi. Það er þá í öllu falli þannig að auðveldara er að afmarka það hvar er verið að vinna ef um föst efni, stöðug efni og staðbundin er að ræða en þegar um er að ræða fljótandi efni sem hreyfast til eða orku sem streymir. Að því leyti til má segja að það sé ekki algjörlega sjálfgefið að meðhöndla námur þar sem unnin eru föst efni eins og t.d. og jarðhita og olíu, þó að ég sé reyndar þeirrar skoðunar að það sama ætti að gilda um hvort tveggja og þetta allt, að slíkar auðlindir í jörðu eigi a.m.k. þegar komið er niður fyrir yfirborðið og ekki er lengur um laus eða föst jarðefni á yfirborði að ræða að vera sameign landsmanna, eign ríkisins. Mér finnst algjörlega skorta rök fyrir því að færa einkaeignarréttinn niður fyrir yfirborð jarðarinnar og ég segi alveg eins og er, herra forseti, mér finnst alveg nóg og rúmlega það að einhverjir tilteknir einstaklingar skuli geta slegið eign sinni á hluta af yfirborði jarðarinnar. Það er einu sinni þannig að nokkrir milljarðar búa á jörðinni og þurrlendið er ekki nema um 30% eða liðlega það af yfirborði jarðarinnar og fer jafnvel minnkandi ef svo heldur sem horfir með gróðurhúsaáhrifin og hækkandi hitastig á jörðinni og bráðnun jökla. Ætli veiti þá af að mannkynið reyni að koma þeirri skipan á að menn setji undir sameiginlega stjórn og nýtingu innan landamæra hvers ríkis fyrir sig þetta þurrlendi jarðarinnar? Auðvitað er út í hött að einn einstakur aðili eða ein fjölskylda geti slegið eign sinni á stórar spildur af þurrlendi jarðarinnar og ráðið algjörlega nýtingu þeirra og útilokað aðra ef út í það er farið. Það er alveg fáránlegt.

Ég er í grundvallaratriðum þeirrar skoðunar, herra forseti, að eðlilegasta fyrirkomulagið væri að enginn ætti land, ekkert væri til sem héti einkaeignarréttur á landi. Það væri aðeins til afnotaréttur. Það væri aðeins til nýtingarréttur og ráðstöfunarréttur í þeim skilningi að menn gætu fengið tiltekið land til þess að nýta það, búa á því, reisa hús, rækta garð sinn og í raun væri það þá nýting í þágu almannahagsmuna, þágu mannkynsins sem væri grundvöllurinn fyrir slíkri leyfisveitingu. Að öðru leyti held ég að þurrlendi jarðarinnar eigi að tilheyra mannkyninu öllu eins og það gerði í árdaga og gerir víða enn í þroskuðum menningarsamfélögum eins og meðal frumbyggjanna í Ástralíu sem byggja á 30–40 þúsund ára gamalli menningu sem stendur auðvitað mun sterkari fótum en okkar sem er ung og að mörgu leyti vanþroskuð. Þar hafa menn náð ótrúlegu jafnvægi í sambúð sinni við náttúruna og í raun og veru líka í samfélagsþróuninni sem er aðlöguð að aðstæðunum og jafnvæginu sem mannlífið verður að vera í við náttúruna á þeim slóðum. Þar dettur engum manni í hug einkaeignarréttur á landi. Það hugtak er ekki þekkt. Einn af mörgum menningarárekstrum t.d. búskmanna í Kalahari-eyðimörkinni og frumbyggja í áströlsku eyðimörkinni við vestræna menn þegar fundum þessara laust fyrst saman, það var þessir menn skildu ekki einkaeignarréttinn, þeir skildu ekki það hugtak. Þeir notuðu hlutina hver frá öðrum og á víxl og þeir nýttu landið saman og þeir skiptust á gæðum á fullkomlega ósjálfselskan hátt enda byggði tilvera þeirra á því að þannig væri. Þegar síðan hvíti maðurinn kom með græðgi sína og sinn blessaða einkaeignarrétt og fór að slá eign sinni á þetta og hitt og reka heimamenn burtu urðu auðvitað úr því árekstrar. En það var fljótafgreitt mál í þá daga því þetta voru villimenn og gott ef ekki réttdræpir, þá a.m.k. langleiðina það.

Nærtækt væri að líta t.d. til vina okkar á Grænlandi. Þar er líka merkilegt samfélag sem að vísu er búið að fara illa með. Það hefur þó þróast um a.m.k. 1–2 árþúsund í mjög merkilegu jafnvægi við náttúruna, veiðimannasamfélag, kannski nokkuð þróaðra en safnarasamfélag. Þar er nákvæmlega sama fyrirkomulag, þar dettur engum einkaeignarréttur í hug. Það hefði þótt fráleitt t.d. að slá einkaeignarrétti á veiðistöð í hinu forna grænlenska samfélagi. Ég hygg að engum manni hafi dottið það í hug. Það kann að vera að það hafi hins vegar fylgt hvíta manninum þangað eins og víðar, þegar frændur vorir og vinir, Eiríkur rauði og hans menn, fluttu þarna yfir. Það kann að hafa valdið árekstrum sem síðar urðu með hvítum mönnum og inúítum í Grænlandi og eiga

e.t.v. þátt í því að búseta hvítra manna leið þar undir lok. Að grundvalla nýtingu náttúruauðlindanna á einkaeignarrétti hvarflaði ekki að neinum í þessum samfélögum. Þessi hugsun náði einungis fótfestu þar sem hin vestræna menning hélt innreið sína.

Herra forseti. Ég ætla þá að víkja aðeins betur að þessum auðlindum og taka þá fyrir jarðhitann. Ég held að hann sé kannski að mörgu leyti, ásamt orku fallvatnanna en jarðhitinn alveg sérstaklega, ágætlega til þess fallinn að maður átti sig á þeim ósköpum sem í raun og veru á að gera með þessu frv., þeirri fráleitu ráðstöfun að færa hitann í iðrum jarðarinnar undir einkaeignarrétt.

Ég vísa í því sambandi aftur til þess frv. sem við þingmenn Alþb. og óháðra höfum flutt, á mörgum þingum undir forustu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, um þá skoðun okkar að fyrirkomulagið eigi að vera þannig að ríkið eigi jarðhita neðan við 100 metra dýpi en landareign, sem er háð einkaeignarrétti, fylgi réttur til umráða og nýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar, á allt að 100 metra dýpi. Af því leiðir að sjálfsögðu að landeiganda er þá rétt og skylt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita innan þessara marka. Ég held að með því sé ágætlega séð fyrir því sem hægt er að heimfæra undir eðlilegan afnotarétt í þágu landeigandans. Þetta felur í sér að eigandinn getur hagnýtt sér allan sjálfrennandi hita á yfirborði og orku sem auðunninn er úr efstu lögum jarðskorpunnar. Því eru hins vegar sett þau mörk að sá réttur hann er ekki ótakmarkaður og nær ekki endalaust niður í jörðina. Hann felur ekki í sér möguleika til að draga t.d. orku upp úr hitageymi, sem getur sótt sér orku víða að. Á því er auðvitað mikið minni hætta ef nýtingin er takmörkuð við efsta yfirborð landsins.

Þetta er tillaga okkar, herra forseti, og er mjög sambærileg við það sem hefur verið flutt af þingmönnum Alþfl. hér í gegnum tíðina. Samkynja er svo frv. um orku fallvatna og nýtingu þeirra, að orka fallvatna skuli vera eign íslenska ríkisins með þeim sambærilegu frávikum eða undanþágum að tiltekin framleiðsla innan hóflegra marka í eigin þágu, í frv. er talað um 200 kw., sé til ráðstöfunar fyrir þá sem vilja virkja fyrir sig.

Þriðja frv. í þessum pakka er eins og áður sagði, stjórnarskrárfrv., sem almennt staðfestir þessa sameign á verðmætum í sjó og á sjávarbotni, almenningum, afréttum, námum í jörðu, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 200 metra dýpi.

Þetta, herra forseti, er sem sagt okkar nálgun við jarðhitann. Af hverju ættu menn nú að hafa sérstaklega áhyggjur af honum eða vera sérstaklega að tala um hann? Er ekki nóg af jarðhita, er ekki nóg af orku og er nokkur ástæða til þess að gera sér rellu út af þessu? Ja, það er nú það, herra forseti. Staðreyndin er sú að menn vita í sjálfu sér ekki svo mikið, alla veganna ekki svo tæmandi sé, hversu stór orkuforðinn er, geymirinn sem felur í sér jarðhitann. Menn vita að það er mikil orka á mörgum háhitasvæðum og víða á hinum heitari svæðum. Menn vita að það hefur tekist ágætlega að beisla þessa orku til upphitunar og raforkuframleiðslu. Menn vita að um nokkurra áratuga skeið hefur svo verið gert en þar með er það líka upp talið.

Þá er mörgum spurningum samt ósvarað, spurningum um það hvaða áhrif þessi nýting hafi, hversu varanlegur geymirinn er, að hve miklu leyti um endurnýjanlega auðlind er að ræða eða að hve miklu leyti hún tæmist. Hvaða afleiðingar mun það hafa, hve hratt gerist það, hvaða áhrif hefur það á umhverfið o.s.frv.? Staðreyndin er nefnilega sú að þó að Íslendingar séu býsna framarlega, og sjálfsagt má segja mjög framarlega í þekkingu á jarðhita og nýtingu hans og beislun og óumdeilanlega í forustu í heiminum að mörgu leyti í þeim efnum, þá er það samt gífurlega mikið sem við vitum ekki. Hlutirnir eru sífellt að þróast í þeim efnum.

Ég var síðast í morgun, þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu og naut við það aðstoðar góðra félaga minna og lærifeðra fornra, að komast að því hversu gjörsamlega úreltar sumar upplýsingar eða kenningar sem ég þóttist búa yfir frá fyrri tíð, voru orðnar í ákveðnum tilvikum. Þá þróast þetta svo, á ekki lengri tíma en kannski 15 árum, að menn hafa gjörsamlega endurskoðað ýmsar eldri kenningar sem þá þóttu býsna góð vísindi. T.d. eru nú úreltar kenningar um hvaða áhrif nýtingin hefur og hversu mikill og varanlegur orkuforðinn er.

Menn hafa, herra forseti, í daglegri umfjöllun um hitann í gegnum tíðina skipt þessu upp í lághita og háhita. Menn tala um yfirborðshita og hita sem liggur dýpra niður. Þegar upp er staðið eru auðvitað ýmis vandamál við alla þessa skilgreiningu. Kannski er best að tala bara um jarðvarmann eða jarðhitann sem eitt samfellt fyrirbæri þar sem engin glögg mörk séu, hvorki út frá hitastigi, dýpi eða öðru slíku. Það breytir þó ekki því að það væri enginn vandi að skilgreina það sem menn teldu t.d. tilheyra yfirborðinu og vera í raun og veru yfirflötinn á jarðhitageyminum og þá nýtingu sem eingöngu beindist að þessu yfirborði.

Það má segja að 100 metra reglan, sem stundum áður var nú á reikinu kannski 50–100 metrar, hún sé ákveðin tilraun til þess að búa til viðmiðunarmörk. Hún er að mínu mati ágætlega brúkleg. Það er líka hægt að hugsa sér hitastigsaðgreiningu og miða þá við suðumarkið. En það er líka auðvitað ósköp einfaldlega hægt að hugsa sér að mæla þetta í orkueiningum og skilgreina eins og menn ætla að gera gagnvart virkjunarstærðunum í fallvötnunum, hvort sem það eru nokkur hundruð kílóvött eða eitt, tvö megavött, þá er auðvitað ekkert vandamál að nota í þessu tilviki bara orkueiningu til skilgreiningar á því hvað sé hóflegt, eðlilegt eða sanngjarnt orkumagn sem t.d. landeigandi út frá sínum yfirborðseignarrétti geti nýtt sér. Það er ekki stórfellt vandamál í mínum huga að leysa.

Hitt ætla ég að segja, herra forseti, að það að láta sér detta í hug að það skapi ekki vandamál að slá einkaeignarrétti landeigenda á alla jarðhitageyma undir þeirra landi er alveg ótrúlegur barnaskapur. Ég vildi gjarnan, herra forseti, að hæstv. iðnrh. hlustaði á þetta. Ég trúi þó enn það á skynsemi mannsins að ég trúi ekki öðru, ef hæstv. iðnrh. færi yfir þetta með góðum mönnum sem hann getur kallað til og hafa vit á þessum hlutum, en að þá sjái hann að hér eru menn að fara út í algera ófæru. Að mínu mati er hvorki tæknileg og þaðan af síður jarðfræðileg eða jarðeðlisfræðileg forsenda til þess að afgreiða málið eins og hér á að gera. Ég fór yfir það, hvað varðaði olíuna, að menn gætu átt eftir að reka sig á ef fyndist nú vinnanlega olía eða jarðgas, og þau vandamál eru vel þekkt frá olíuvinnslusvæðum. Einhverjir muna kannski eftir deilum Dana og Norðmanna um það hver væri að stela af hverjum á mörkum olíusvæðanna í Norðursjó þar sem lögsögumörk Noregs og Danmerkur mætast á svæðum þar sem olíu eða gas er að finna. Þá hófst upp þræta um að hvor væri þar að stela af öðrum.

Hvernig var sú deila? Hún var ósköp einfaldlega vegna þess að olíulindir eða gegndræp berglög í jörðu sem geyma

olíu eru ekki fast efni, þau eru ekki stöðug. Þau bregðast við vinnslu. Efnið sem verið er að vinna það streymir. Það þarf ekki flókin fræði til að átta sig á því að það geta skapast vandamál. Þessar ósýnilegu línur sem menn draga á kort á yfirborði jarðar og þess vegna á hafflötinn eða sjávarbotninn, framlengjast ekki niður í jörðina og verða enn síður að veggjum þar sem hólfa þetta sundur.

Staðreyndin er auðvitað sú, hæstv. iðnrh., að það er algjörlega ómögulegt að ganga frá málinu með þessum hætti. Ég fullyrði það, hæstv. iðnrh., að enginn sómakær jarðfræðingur fæst til þess að skrifa upp á að nokkurt vit sé í þessu. Ég skal fara mjög rækilega yfir það fyrir hæstv. iðnrh. hver vandamálin verða sem skapast af því að ætla að fara að hólfa niður með einkaeignarrétti jarðhitageyma langt, langt, langt niður í iður jarðar. Það er algjör þvæla. Það er erfitt að eiga við olíuna og gasið, vegna þess hvernig það getur þrátt fyrir allt streymt. Það er þó held ég skárra að leysa úr þeim málum heldur en það væri að ætla sér að hólfa svona niður jarðhitageymana.

Herra forseti. Þessi auðlind, orkulindin, er ekki stöðug, hún er ekki passíf. Þetta er ekki fast jarðefni, þetta er ekki náma sem hægt er að setja hnit á og með leysitækni átta sig á því djúpt niðri í göngum eða í iðrum jarðar hvar þú ert staddur. Það dugar ekki. Jafnvel þó þú vitir hvert borholurnar þínar liggja þá veist þú ekki hvaðan efnið sem þú ert að draga inn í borholurnar kemur. Þó þú vitir hvaðan það kemur þá er það lítið gagn ef það sannanlega er að streyma frá öðrum svæðum. Fyrir utan auðvitað, herra forseti, hugsunina í þessu. Kannski er rétt að byrja á að átta sig á því hvort þessi nálgun málsins er einhver hemja. Er einhver sanngirni eða skynsemi af einu eða öðru tagi, fólgin í henni? Ég held ekki. Ég held það bara skorti algjörlega rökin fyrir því. Það er þá ekkert annað en pólitískur geðþótti, pólitískt gerræði, að ganga svona frá málinu þegar öll efnisleg rök skortir.

Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er kunnugt um hve bortækni við nýtingu jarðhita hefur fleygt fram og hversu margt er orðið hægt í þeim efnum sem enginn lét sér detta í hug að gera fyrir ekki mjög löngu síðan. Það er t.d. ekkert óskaplega langt síðan skáborun varð yfirleitt þekkt eða viðráðanlegt fyrirbæri sem menn fóru að ná almennilegum tökum á. Það var fyrst og fremst nýtingin í olíu.

Herra forseti. Ég sé að klukkan er orðin eitt.

(**Forseti** (ÓE): Já, forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann ... )

Formaður minn er orðinn órólegur og hann vill væntanlega fá mig á fund.

(**Forseti** (ÓE): Það er einmitt. Forseti vill spyrja hvort hv. þm. getur áætlað hversu langt hann á eftir af ... ?)

Það er, held ég, alveg óhugsandi að það klárist á einhverjum fáeinum mínútum, herra forseti, því miður.

(**Forseti** (ÓE): Nei. Vill hv. þm. þá ekki fresta ræðu sinni?)

Ég er alveg til í það. Ég mun þá að vísu aðeins þurfa að rifja upp aftur inngangginn að þessu með jarðhitann.

(**Forseti** (ÓE): Það er mjög skiljanlegt.)

Ég mun þá bara gera það.

(**Forseti** (ÓE): Þá er fundinum frestað til kl. hálftvö.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Gjöld af bifreiðum, 715. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1395.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, þskj. 1388.

## *Þjóðlendur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 598, nál. 1214, brtt. 1215, 1291 og 1292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ.

19 þm. (ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þessu frv. er því lýst yfir að íslenska ríkið, þjóðin, sé eigandi lands og landsréttinda á þjóðlendum sem eru ekki þegar háð einkaeignarrétti. Það er grundvallaratriði sem við jafnaðarmenn styðjum að sjálfsögðu.

Með frv. er hæstv. forsrh. aftur á móti fært allt of mikið einræðisvald á framkvæmd laganna og framsal löggjafarvaldsins til ráðherra er afar óeðlilegt, m.a. er varðar ákvarðanir um gjaldtöku og ráðstöfun hennar og allar málsmeðferðarreglur vantar, t.d. um úthlutun leyfa vegna nýtingar á þjóðlendum, auk þess sem ekki er nægjanlega tekið tillit til umhverfismála og náttúruverndarsjónarmiða. Við þau atriði eru fluttar brtt. en að öðru leyti styðjum við jafnaðarmenn meginefni þessa frv.

[13:34]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að fallast á stefnu sem Alþfl. og Alþb. hafa barist fyrir á Alþingi í yfir 30 ár. Það er mikið fagnaðarefni vegna þess að öll þessi 30 ár hefur jákvæð niðurstaða málsins strandað á málsvörum núverandi stjórnarflokka.

En það er ekki allt sem sýnist. Þó verið sé að afhenda þjóðinni miðhálendið til eignar er á sama tíma verið að taka ákvörðun um að stjórnsýslan á hálendinu verði fengin í hendur fulltrúum aðeins 4% þjóðarinnar og á sama tíma er verið að ákveða að öll auðæfi, sem eru að áliti þjóðarinnar sameign hennar en finnast í einkalöndum, skuli verða einkaeign allt niður að miðju jarðar. Það er því með blendnum huga sem við göngum til atkvæða um þau mál sem verið er að fjalla um í dag og þessa daga. Við styðjum þjóðlendufrv., meginatriði þess, en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert grein fyrir afstöðu okkar til einstakra atriða þar sem við flytjum brtt.

[13:35]

**Jón Kristjánsson:**

Herra forseti. Þetta frv. er eitt af þeim þremur frv. þar sem verið er að eyða óvissu um eign þjóðarinnar á þeim landsvæðum á hálendinu sem eru ekki í einkaeign. Með því eru almannahagsmunir tryggðir í sessi og forsrh. kemur fram fyrir hönd eigenda þessa svæðis sem er þjóðin. Ég tel að nauðsynlegt sé að þetta komi fram um leið og ég lýsi að sjálfsögðu yfir stuðningi við frv.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GHH, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við alþýðubandalagsmenn og óháðir styðjum meginefni þessa frv. Hér er verið að setja í lögbundinn farveg mál sem Alþb. hefur lengi borið fyrir brjósti og flutt tillögur um á Alþingi að fá skorið úr um eignarráð yfir hálendissvæðum þar sem óvissa hefur ríkt og dómstólar vísað málum til löggjafans.

Um leið og ég segi þetta vil ég taka fram að við höfum vissar efasemdir um ákvæði sem verið er að setja varðandi meðferð máls, eins og það kemur fyrir í 3. gr. frv. Við hefðum talið skynsamlegra að hafa breiðari grunn í sambandi við málsmeðferð en að leggja málin til forsrh. eins, eins og þarna eru gerðar tillögur um. Eins eru samskipti ríkisvaldsins og sveitarstjórna sett hér fram með þeim hætti að nokkur óvissa er um hvernig með skuli fara. Að öðru leyti fögnum við frv. og styðjum brtt. nefndarinnar og brtt. á þskj. 1291.

3. gr., 1. mgr., samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., 2. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÖS.

8 þm. (GGuðbj, HG, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1291,1.a felld með 27:17 atkv. og sögðu

**já:** ÁJ*, ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, GMS*, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 1292, a-liður, felld með 29:9 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SighB, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

6 þm. (HG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., 3. mgr., samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1291,1.b felld með 29:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1292, b-liður, felld með 29:9 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SighB, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

6 þm. (HG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1291,1.c felld með 29:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., 4. mgr., samþ. með 29:9 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SighB, ÖS.

6 þm. (HG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:44]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þeirri málsgrein sem verið er að greiða atkvæði um er forsrh. fengið mjög mikið vald til þess að ákvarða einhliða, án atbeina þingsins, gjaldtöku og ráðstöfun tekna af henni. Þetta er óeðlilegt framsal þingsins til forsrh. Að felldum þeim brtt. sem við vorum rétt áðan að greiða atkvæði um, sem minni hluti allshn. hefur flutt, segi ég nei.

3. gr., 5.–7. mgr., samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1215,1 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1291,2 felld með 29:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.
15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1291,3 felld með 29:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, SJS, StB, VS, VE.
14 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1291,4 felld með 29:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StB, VS, VE.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁMM, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓÖH, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1215,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1215,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
13.–16. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1215,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
18.–21. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266.

[13:53]

**Steingrímur J. Sigfússon** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég held þá áfram máli mínu, með góðfúslegu leyfi forseta. Ég var kominn þar í sögunni að ég var að fræða hæstv. iðnrh. á því að sú tilhögun sem lögð er til í stjórnarfrv. um jarðhitann gangi engan veginn upp. Ég vona að ég þurfi ekki að rifja það allt upp sem ég sagði fyrr í ræðu minni, herra forseti, því ég treysti því að hæstv. iðnrh. nái svona almennt að halda þræði og geti fylgst með hlutunum. Það er mjög mikilvægt. Ég treysti því að hæstv. ráðherra sé sérstaklega vel vaknaður núna um miðjan dag og skýr í hugsun, jafnvel fremur en endranær svona um miðjan daginn, þannig að ekki skorti neitt á það.

Þetta frv., herra forseti, vekur þeim mun meiri undrun sem maður skoðar það betur og þetta algjöra afsal á réttindum til landeigenda á öllu sem auðlindir geta talist eða orka. Það er með miklum endemum því að eins og ég fór yfir fyrr í ræðu minni og margir aðrir hv. ræðumenn hafa gert, þá eru í sjálfu sér engin knýjandi rök fyrir því af einu eða neinu tagi, þau eru hvorki réttarfarslegs eðlis né tæknileg eða pólitísk. Í raun er það þannig að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að gera þetta af því bara, þeir ætla að afhenda landeigendum þessi réttindi og þeir hafa ekki einu sinni fyrir því að rökstyðja það.

Auðvitað verða menn að bera ábyrgð á sinni pólitík og ef þessir hv. stjórnarliðar vilja fara niður á spjöld sögunnar fyrir að brjóta algjörlega í blað hvað það varðar að afsala almannaeigum til fámennra hópa í samfélaginu þá verða þeir að gera það. Og það má þess vegna letra það á legsteinana: Þetta er liðið sem gaf auðlindirnar örfáum einkaaðilum, t.d.

þingmenn Sunnlendinga. Þeir mega mín vegna fara með það í gröfina sem sérstök eftirmæli eða reisa sér með því bautastein.

Herra forseti. En jafnvel þó svo að menn geti deilt um þessa pólitík er ástæða til að velta því fyrir sér hvort hlutirnir gangi yfirleitt upp með þeim hætti sem hér er lagt til. Og þar var ég einmitt kominn í sögunni hvað varðar jarðhitann að ég ætlaði að fara að ræða það aðeins nánar, herra forseti, hvernig það gangi að framlengja landamæri á yfirborði jarðar niður í iður jarðar og niður í jarðhitageyma — og ég býð alveg sérstaklega velkominn hv. þm. Árna Johnsen, sem ætlar nú að fara að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja, og er nú von að hv. þm. sé mættur hér til að fylgja slíkum stórmálum eftir. Og þá er kannski ástæða til fyrir menn að átta sig svolítið á þessu með jarðhitann og misgengin og sprungurnar. Það skyldi nú ekki eiga eftir að reynast pínulítill handleggur að glíma við þau mál öllsömul á Vestmannaeyjasundi eða hvað það nú heitir, spölurinn þarna milli lands og Eyja.

En aðeins um jarðhitann, herra forseti. Ég var að byrja að útskýra fyrir hæstv. iðnrh. hugtakið „skáborun" af því að ég veit ekki hvort að iðnrh. hefur það fullkomlega á valdi sínu hvernig tækninni hefur fleygt fram í þeim efnum. Þetta er atriði sem skiptir miklu máli þegar kemur að þeim fáránleika, því „absúrdíteti" að ætla að framlengja landamæri og einkaeignarrétt niður í iður jarðar, t.d. í jarðhitageymum.

Það er þannig, herra forseti, að menn leggja af stað með borholurnar yfirleitt lóðrétt niður, eins og skiljanlegt er. En síðan komust menn upp á lag með það að fleyga borinn til hliðar, þannig að hann breyti smátt og smátt um stefnu og leggi af stað út frá upphafspunktinum og í staðinn fyrir að fara lóðrétt niður, stefna inn á miðju jarðar, fer hann að beygja og endar jafnvel með því, ef vel er að verki staðið, að hann er lagstur lárétt. (Gripið fram í.) Í olíuiðnaðinum er það þannig, þó að ég viti að hv. þm. Árni Johnsen hafi aldrei heyrt um þetta, að menn bora hiklaust lárétt eftir jarðlögum svo nemur jafnvel þúsundum metra. Þetta skiptir heilmiklu máli. Þetta breytir því að menn eru ekkert bundnir af þeim yfirborðsstað sem þeir eru staddir á þegar þeir leggja af stað. Og eins og ég var t.d. að útskýra, ef maður hugsaði sér að olía fyndist í setlögum á Skjálfandaflóa þá gætu menn notað Flatey sem borpall en borað í allar áttir út frá henni þannig að þegar upp væri staðið væri nokkurra ferkílómetra svæði undir út frá þeim eina bletti.

En segjum nú svo að þetta séu ekki olíulinsur eða -jarðlög sem menn eru að reyna að bora í heldur jarðhitageymir. Og segjum sem svo að eigandi landsins á einum bletti — við skulum segja Svartsengi — hann leyfi borun á sínu landi og hann telst samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar eigandi að jarðhitanum undir landinu og alveg niður í iður jarðar. Síðan fara menn að beita þessari skáborunartækni þar, bora út undir aðliggjandi landsvæði og hefja svo að nýta geyminn. Þá er að tvennu að hyggja alveg sérstaklega í því sambandi. Það fyrra er að jafnvel þó að menn boruðu beint niður, þá er jarðhitageymirinn ekki stöðugt fyrirbæri, hann er ekki föst náma. Menn taka til við að dæla upp vatni eða gufu sem fer að streyma í staðinn inn í geyminn, í áttina inn að holunni til að fylla upp í það sem af er tekið. Það eyðist nefnilega sem af er tekið og eitthvað annað verður þá að koma í staðinn.

Það sem oftast gerist er að vatnsyfirborðið dregst niður, jafnvel svo skiptir hundruðum metra, og menn sökkva dælum ofan í holurnar og slaka þeim niður eftir þörfum til þess að ná til vatnsins. Þegar upp er staðið er kannski búið að draga niður vatnsyfirborðið svo nemur hundruðum metra. Dæmi eru þekkt um slíkt hér, að vísu kannski oftar í lághitageymum en háhita. Þá fer að streyma í auknum mæli vatn inn á svæðið og hvað gerist? Þá hefur vinnslan áhrif á geyminn, hann er ekki stöðugur, hann bregst við. Þau áhrif geta varðað fleiri en landeigandann sjálfan. — Hæstv. forseti. Hvar er hæstv. iðnrh.?

(**Forseti** (StB)**:** Hæstv. iðnrh. er í húsinu.)

Já. Ég hafði vonast til að hæstv. iðnrh. gæti fylgst með umræðunni því að ég er ekki viss um nema hann hefði bara gott af því. Ég gæti vel trúað að honum veitti ekkert af því. Hv. þm. Árni Johnsen staldraði stutt við en það var gott á meðan á því stóð. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. gjammaði nánast samfellt fram í á meðan hann var hér. Það er það mesta sem hann hefur lagt til málanna vikum saman.

Herra forseti. Ég tel mig geta sýnt fram á það, herra forseti, að þetta sé ekki alveg eins einfalt og aðstandendur frv. halda. Hæstv. iðnrh. gæti átt eftir að átta sig á því að nálgunin í frv. er ekki bara ósanngjörn eða fráleit hvað varðar þetta stórfellda réttindaafsal, það skortir ekki bara öll rök fyrir henni, hún mun skapa bullandi erfiðleika í framkvæmd. Í kjölfar þess að mönnum verður helgaður einkaeignarréttur af þessu tagi til jarðhita og háhita langt niður í iður jarðar munu menn gera kröfur sem menn hafa jafnvel ekki gert í dag af því að þeir hafa ekki endilega verið með það á hreinu að þeir ættu þennan rétt, jafnvel bara alls ekki talið sig eiga hann.

Ég ætla að nefna raunveruleg dæmi, og ég óska nú eftir því að hæstv. iðnrh. verði kallaður í salinn. Ég get út af fyrir sig gert aftur hlé á ræðu minni, herra forseti, ef það er nauðsynlegt. Ég er orðinn þjálfaður í því. Auk þess væri gaman fyrir hv. þm. Suðurnesja eða Reykn. að fylgjast með. Ég sé að hér eru tveir slíkir viðstaddir. En þau dæmi sem ég ætla að taka eru sum úr því ágæta kjördæmi.

Þetta er sem sagt þannig að menn bora alveg hiklaust, herra forseti, í dag til að nýta jarðhita allt niður á þrjú þúsund metra dýpi. Menn geta þar með skáborað svo nemur verulegum vegalendum til hliðar út frá upphafsstaðnum. Síðan taka menn til við að vinna úr þessum holum og reyndar er ástæða til að hafa það í huga að vatnið flytur yfirleitt varmann þegar um vinnslu á jarðhita er að ræða því að það er erfitt að ná varmanum út eða upp ef um þurrt berg er að ræða. Þau vandamál eru svo sem þekkt eins og í Kröflu blessaðri. En ef vatn er fyrir hendi þá kemur það yfirleitt einhvers staðar að. Staðreyndin er sú að vatnið sem verið er að vinna er oft langt að komið og ekki bara það heldur líka hundgamalt. Það féll á landið kannski einhvern tíma á Sturlungaöld eða guð má vita hvað. Það má auðvitað spyrja hver sé réttur þeirra sem áttu landið sem vatnið féll á? Einhvern tíma var kennt að vatnið sem væri verið að draga upp í Hitaveitu Reykjavíkur væri jafnvel að hluta til ættað alla leið frá Langjökli. Nú eru að vísu nýjar kenningar um að það sé kannski ekki að öllu leyti svo, að sumu leyti sé það ættað úr suðvestri ekkert síður en norðaustri. En hvað sem því líður er það ekki þannig að þetta sé uppspretta sem er að öllu leyti orðin til undir þeim bletti sem verið er að nýta hana á, það er ekki þannig. Þetta er ekki stöðug náma. Þetta er ekki föst náma og hún er ekki endilega endurnýjanleg. Hún bregst við nýtingunni og þá koma fram breytingar sem geta varðað miklu fleiri en þann eða þá sem eru að ástunda nýtingu á einum tilteknum bletti.

Við skulum taka eitt nýlegt og þekkt dæmi og það er vinnslan í Svartsengi. Svartsengi er þrátt fyrir allt ekki

einangrað fyrirbæri heldur eitt af nokkrum háhitasvæðum eða afmörkuðum blettum á röð háhitasvæða sem liggja á Reykjanesskaganum. Næstu svæði við, t.d. Eldvörpin, eru í um fimm kílómetra fjarlægð frá Svartsenginu. Hvað hefur komið í ljós? Vinnslan í Svartsengi hefur heilmikil áhrif á Eldvörpin.

Segjum sem svo að þarna væri — sem ég veit nú ekki reyndar hvort er að öllu leyti, það gæti verið — ekki um sömu eigendur að ræða. Það er kannski þannig í þessu tilviki að Hitaveita Suðurnesja, eða hver það er sem á þetta, eigi þetta hvorttveggja en það skiptir ekki öllu máli. Jarðfræðilega er dæmið jafngilt fyrir því. Það hefur sem sé komið í ljós að vinnslan í Svartsengi hefur áhrif á geyminn í Eldvörpum. Það dregur eðlilega niður í holunum í Eldvörpum þegar dælt er upp í Svartsengi vegna þess að þarna er samgangur á milli og þegar vatnsflöturinn er dreginn niður með vinnslu og vatnsstreymi eykst inn í geyminn undir Svartsengi þá hefur það áhrif í kring.

Segjum sem svo að á þessum tveimur svæðum væru sitt hvor aðilinn á grundvelli leyfa eða samninga við sitt hvorn landeigandann að stunda nýtingu. Annar er kannski frekari til fjörsins en hinn og dælir hraðar upp úr svæði sínu, slakar dælunum niður, dregur vatnið meira niður og gengur á hlut hins, dregur til sín varmann úr geymi hins. Og jafnvel það sem verra væri, hann gæti farið að draga kalt vatn inn í æðarnar vegna þess að hann tæki meira upp úr svæðinu en næmi varmaskiptunum og endurnýjuninni að neðan. Þá smákælist geymirinn niður og verður minna virði en áður var.

Dettur hæstv. iðnrh. ekki í hug eitt augnablik að þetta gæti skapað vandamál? Ef menn fara út í þann fáránleika á annað borð að ætla að framlengja frá yfirborði jarðarinnar og niður í jörðina einhver mörk, einkaeignarréttarlegs eðlis? Það er algjör þvæla.

Ég held að eina lausnin í þessu sé sú að draga þetta þannig að eingöngu sé um hófsamlegan nýtingarrétt í yfirborðinu að ræða, sem tengist einkaeign eða landareigin, en ríkið eigi síðan allt þar fyrir neðan. Þá er engin deila, þá er ekkert vandamál ef eigandinn er sá sami á alla orkuna eftir að niður í hina eiginlegu háhitageyma er komið.

Það er annað ágætt dæmi sem mér var líka sagt af. Það varðar nýtingu Hitaveitu Reykjavíkur á Reykjum. Það furðanlega hefur komið í ljós með vinnsluna í Mosfellssveit að hún hefur áhrif á holur uppi Kjós í 10 km fjarlægð. Menn urðu mjög hissa þegar þeir fóru að skoða í holu á Fremra-Hálsi í Kjós og það undarlega kom í ljós að vatnsborðið í holunni var þar niður við sjávarmál eða undir sjávarmáli. Svo fóru menn að fylgjast með þessu og mæla þetta og keyra þetta saman við aðra hluti úr umhverfinu og hvað kom í ljós? Vinnslan í Mosfellssveitinni hafði sýnileg áhrif á stöðuna í holunni í Kjós. Auðvitað mætti taka dæmin af þessum toga víða að.

Niðurstaðan er sem sagt sú, herra forseti, að þetta er ekki staðbundin auðlind. Hún er dýnamísk, hún bregst við nýtingunni og hún er þannig í eðli sínu að ekki er raun hægt að afmarka hana með neinum skynsamlegum eða vitrænum hætti. Ég held því að þessi nálgun sé öllsömul tómt rugl.

Ef eigandinn væri einn og hinn sami, sem er auðvitað langeðlilegasta fyrirbærið út frá mörgum fleiri sjónarmiðum en þessu einu, því tæknilega sem við getum kallað þetta eða jarðeðlisfræðilega þá skapar það engin vandamál. Þá er verkefnið það að leysa úr því hver er eðlilegur réttur þess sem á landið á yfirborðinu, hvernig á að tryggja stöðu hans innan eðlilegra og hófsamlegra marka. Það er gert með því að hann fái bætur fyrir jarðrask og óþægindi ef um slíkt er að ræða, með því að hann fái sanngjarnan og hófsamlegan nýtingarrétt sjálfur. Það held ég að sé bara eðlilegt sanngirnismál sem allir mundu taka undir. Hugsanlega, ef menn vilja ganga svo langt að segja að það geti verið eðlilegt að hann fái einhverjar tekjur af þessari nýtingu. En umfram skýrt afmarkaðan rétt, sem tengist eignarhaldinu á yfirborðinu, eigi ríkið afganginn.

Ég held reyndar að þróunin hafi í raun og veru verið sú að menn hafi verið að nálgast þetta án þess að nokkra leiðsögn væri að finna í lögum hér á landi á þessum nótum. Ég nefni þar til sögunnar fyrsta samninginn af þessum toga sem gerður var um nýtingu á jarðhita, eða a.m.k. einn af þeim allra fyrstu sem ég þekki til, á landi í einkaeigu. Það var þegar Hitaveita Reykjavíkur samdi um nýtingarrétt á Reykjum í Mosfellssveit. Hvernig var þá samið? Jú, það var akkúrat nákvæmlega með þessum hætti, að hitaveitan tryggði landeigendunum alveg skaðleysi gagnvart raski eða óþægindum sem þeir yrðu fyrir plús það að hitaveitan sá landeigendum sjálfum fyrir fullnægjandi vatni til eigin nota. Það var sanngjarnt og eðlilegt. En síðan virkjaði hún að öðru leyti réttinn og um þetta var einfaldlega gerður samningur. (**Iðnrh.:** Hitaveitan er ekki ríkið.) Þarna held ég að menn hafi gert mjög skynsamlegan samning, herra forseti. Hitaveitan er ekki ríkið, nei, mér er það ljóst. Hitaveitan er notandinn í þessu tilviki og það er væntanlega alltaf einhver notandi og einhver virkjunaraðili. Ég er ekki að tala fyrir því að það eigi að vera ríkið. Hæstv. iðnrh. má ekki misskilja þetta viljandi.

Það sem ég er að tala fyrir er að eigandi geymisins sé ríkið og að réttindi landeigandans á yfirborði séu afmörkuð vegna þess að allt annað er í raun og veru fáránlegt. Allt annað er della, steypa, eins og sagt er í dag. Auðvitað er það steypa að framlengja þúsundir kílómetra ofan í jörðina, línur á yfirborði jarðar langt inn í möttulinn. Það er algjör steypa. Ég skil ekki að mönnum skuli detta þetta í hug. Og að nálgast þetta ekki a.m.k. þannig að það sé einhver afmörkun þarna sett er aldeilis ótrúleg niðurstaða finnst mér.

Ég vísa t.d. til þess í þessu sambandi sem kom fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds í gær um að nánast alls staðar þar sem menn þekkja til, kannski með undantekningunni Frakklandi, í Evrópu a.m.k., þá eru einhver veruleg takmörk sett á réttindi landeigendanna á yfirborði. Það er bara svo eðlilegur hlutur sem nokkuð getur verið. Menn eru komnir langt út í skóg, langt út í mýri, ef þeir fara að blanda eignarréttarákvæðum og helgi einkaréttarins samanber stjórnarskrá saman við að menn geti ekki bara slegið eign sinni á einhverjar stórar spildur af þurrlendisyfirborði jarðarinnar heldur geti menn tekið sér sneið, fleyg, alveg bara inn að miðju. Það er gott á meðan þeir koma ekki út hinum megin, segi ég bara, þessir snillingar iðnrn. Að þetta sé sívalningur sem gangi í gegnum jörðina en ekki bara sneið niður í kjarna.

Nei, herra forseti, ég held að þetta sé ósköp einfaldlega þannig að það sé ákaflega óskynsamlegt út frá öllum efnisþáttum málsins að nálgast þetta svona, t.d. hvað varðar jarðhitageymana og háhitann. Ég get fært mörg fleiri rök fyrir þessu. Það liggur fyrir að hluti háhitasvæðanna í landinu er í hreinni og klárri einkaeigu, tilheyrir einstökum jörðum, einstaklingum, fjölskyldum eða jafnvel fyrirtækjum sem hafa keypt jarðir á svæðum þar sem eignarhaldið getur orðið nokkuð flókið og samsett, sem er auðveldlega hægt að

hugsa sér. Það á væntanlega við að hluta til á Reykjanesinu, þar sem háhitasvæðin liggja í röð, hvert á fætur öðru, og landeigendur eru ýmsir. Mig minnir t.d. að það eigi við um Reykjanestána, sjálft Reykjanessvæðið og Eldvörpin. Nú, Krýsuvík, það er gott ef það er ekki eitthvað skrautlegt í kringum Krýsuvík. Kannski er ástæða til þess, herra forseti, að fara aðeins yfir það fyrir hv. þm. og hæstv. iðnrh. hvar þessi meintu háhitasvæði eru í landinu. Mönnum er tamt að tala um að þau séu öll uppi á öræfum og að mestu leyti í eigu ríkisins og þar af leiðandi skipti þetta engu máli. En það er nú ekki svo því að háhitasvæðin bæði sunnan til í gosbeltinu og nyrst í gosbeltinu eru niður í sveitum ef svo má að orði komast, niður í byggð.

Eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti er jarðhitinn aðallega bundinn við gosbeltin, virku gosbeltin sem eru Snæfellsnesið, Reykjanesskaginn og inn að Langjökli og megingosbelti frá Vestmannaeyjum í suðri og norður um til Öxarfjarðar og út á Melrakkasléttu í norðri. Reyndar má bæta við hliðrunarbeltinu norðan við Tjörnes, svæðinu frá Mánáreyjum og norður um til Kolbeinseyjar. Á þessum svæðum er hitinn, háhitinn og aðaljarðhitinn fyrst og fremst. Þetta eru helstu svæðin sem ýmist eru sannanlega háhitasvæði eða þá meint háhitasvæði eins og í sumum tilvikum á við undir jöklunum þar sem kannski er erfitt að sanna það beinlínis. Syðst er sjálft Reykjanessvæðið, þá koma Eldvörpin, síðan Svartsengi, svo Krýsuvík, síðan Brennisteinsfjöll. Hengillinn er í raun veru stórt svæði með nokkrum útsvæðum eða svo mætti segja ef t.d. það er skoðað að jarðhitans verður vart í Hveragerði, við Kolviðarhól, á Nesjavöllum og víðar. Geysir er háhitasvæði. Prestahnjúkur er háhitasvæði. Kerlingarfjöllin eru þekkt svæði. Í Hofsjökli eru talin háhitasvæði. Á Hveravöllum er frægt svæði sem allir þekkja. Í Mýrdalsjökli er óumdeilanlega mikill jarðhiti eins og vart verður við og menn þekkja lyktina af Jökulsá á Sólheimasandi eða öðru nafni Fúlalæk í því sambandi. Tindfjallajökull og Torfajökull eru hvor tveggja háhitasvæði. Við Blautukvísl er svæði, í Þórðarhyrnu. Grímsvötn eru þekkt hitasvæði. Köldukvíslarbotnar og Vonarskarð eru háhitasvæði, Kverkfjöll, Askja, Hrúthálsar, Fremri-Námur, Námafjall, Krafla og síðan þrjú svæði í Kelduhverfi og Öxarfirði, þ.e. Gjástykki, Þeistareykir og Öxarfjörður. Enn má telja líklegt að Kolbeinsey sé a.m.k. verulegt jarðhitasvæði og reyndar hafa verið að koma fram auknar upplýsingar um mikinn jarðhita á hafsbotni sums staðar fyrir norðan land.

Nokkur af þessum svæðum eru a.m.k. þannig í sveit sett, herra forseti, að eignarhald á landi á þeim eða í kringum þau er verulega samsett. Það mun eiga við um Reykjanesið og mun væntanlega eiga við um Geysi og reyndar er það vel þekkt. Gott ef þar hafa ekki geisað miklar deilur um eignarhald. Síðan gæti væntanlega sama átt við um háhitasvæðin fyrir norðan, ekki síst hið nýlega uppgötvaða háhitasvæði fyrir botni Öxarfjarðar. Það duldist mönnum lengi, falið í þykkum setlögum, en er ábyggilega það stórt að allmargar jarðir fyrir botni Öxarfjarðarins gætu átt þar hlut að máli.

Herra forseti. Þessi upptalning ætti að sýna mönnum að hér er af þó nokkru að taka. Það er ekki eins og verið sé að ráðstafa smámunum þar sem eru öll þessi svæði og orkan sem í þeim er fólgin og drjúgur hluti af óvirkjuðum orkuforða landsmanna. Einhvern tíma var slegið á það máli hversu mikil þessi orka væri og jafnvel hversu mikið heildarorkustreymið upp undir Ísland væri. Ég hef þær tölur ekki í höndunum en það er alveg ljóst, ef minni mitt svíkur ekki, að jarðvarmaorkan er stór hluti af hinum óvirkjaða forða landsmanna og kannski stærri hluti nú en áður var talið vegna þess að búast má við vaxandi andstöðu við ýmsar stórvirkjanir á vatnsföllum. Ólíklegt er að þær virkjanir sem áður voru á teikniborðinu verði nokkurn tíma samþykktar eins og þróun mála er í viðhorfum til umhverfismála hér á landi, að slepptum Framsfl. að vísu sem er handhafi forneskjunnar í þeim málum eins og kunnugt er. Þannig að háhitasvæðin eru þarna gífurlega mikilvæg.

Ég, herra forseti, ætla að nefna einn þátt enn til sögunnar. Hann varðar spurninguna um eignarhaldið. Það er spurningin um aðgang opinberra aðila að þessum málum. Menn hafa nefnilega fyrir sér dæmin um hvort tveggja. Menn hafa dæmin um að ríkið annist þetta, veiti leyfin og hafi yfirumsjón með þessum málum þar sem réttur landeigendanna er annaðhvort mjög takmarkaður eða ekki fyrir hendi. Þannig er það eins í mjög mörgum löndum. Hins vegar höfum við dæmi um að einkaaðilar hafi náð þessu í sínar hendur. Niðurstaðan af því er sú, segja mér t.d. menn sem eru vel að sér um framþróun vísinda á þessu sviði, að einkaeignarrétturinn verkar hamlandi í þessu sambandi, hann verkar letjandi. Hann dregur úr líkunum á því að orkan sé nýtt. Hann veldur því t.d. að að mörgu leyti er torveldara fyrir yfirvöld og fyrir vísindamenn að komast að upplýsingum um þessi mál.

Í Nýja-Sjálandi er kvartað undan því varðandi þau svæði sem einkaaðilum hafa verið fengin til afnota, enda hafa nánast allir skapaðir hlutir verið einkavæddir þar með miklum hörmungum, að nú komist menn ekki að upplýsingum um þau. Einkaaðilarnir læsa þær niðri hjá sér þannig að jarðhitarannsóknir í því landi eru farnar að líða fyrir þetta ástand.

Það er dálítið merkilegt að í guðs eigin landi, Bandaríkjunum, hafa menn valið að hafa þetta öðruvísi. Þar hafa menn einmitt haft stöðu ríkisins sterka til þess að ríkið hefði í höndunum þau tæki sem nauðsynleg væru til að ýta undir nýtinguna. Þannig getur ríkið tekið af skarið ef á þarf að halda gagnvart því að einkaaðilar lokuðu ekki á eða t.d. ætluðust til slíkra gífurlegra tekna af svæðunum að það verkaði hamlandi á mögulega framþróun og nýtingu á þessu sviði. Ég held að menn séu einnig á leið út í mýri með þessu frv. hæstv. iðnrh. þar sem staða ríkisins eða almannahagsmunanna er gerð allt of veik þarna. Einkaeigendur hafa út á þessi afdráttarlausu og fortakslausu réttindi sín, sem frv. gerir ráð fyrir, allt of mikið vald.

Það er reyndar athyglisvert, herra forseti, að í þessu ræfilslega frv., sem ekki er nú mikið að vöxtum er þó greinargerðin einna aumingjalegust, að í svona stóru máli að hún skuli ekki ná þremur blaðsíðum. Það vottar ekki fyrir því að menn reyni að rökstyðja málið, fara yfir lagalegar hliðar þess, réttarstöðuna eða annað slíkt.

Þar er þó ein athyglisverð málsgrein neðst á bls. 9, sem ég held að sé ástæða til að staldra aðeins við í þessu sambandi. Þar er talað um, reyndar með afar sérkennilegum hætti að mínu mati, að það verði að telja hæpið að staðist fái að aðskilja eignarrétt á tilteknum auðlindum frá eignarlandinu, og síðan segir: „ ... einkum þegar litið er til þeirra viðhorfa sem mótast hafa til eignarréttinda hér á landi og fylgt hefur verið við mótun löggjafar og í framkvæmd ...“ Þetta tel ég að ýmsir hafi hrakið. Þar á meðal eru löglærðir menn í hópi alþingismanna sem hér fluttu merkar ræður í gær, þingmenn eins og hv. þm. Ragnar Arnalds og Bryndís Hlöðversdóttir.

Hér neðar í þessari umfjöllun segir:

„Sem rök fyrir því að ætla ríkinu eignarráð háhita hefur það sjónarmið verið uppi að vinnsla slíks jarðhita væri kostnaðarsamari en svo að það væri almennt á færi einkaaðila að leggja út í slíka vinnslu. Þó að vissulega megi telja að slíkt kunni að eiga við í ýmsum tilvikum er þó ekki ástæða til annars en ætla að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði og þá á grundvelli samninga við viðkomandi rétthafa."

Hér er mjög merkilegur boðskapur á ferð ef lesið er út úr því það sem ég held að óhjákvæmilegt sé að gera. Hæstv. iðnrh., Framsfl., er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru best að einkavæða algjörlega þessa orkuöflun. Annars vegar skal afhenda einstaklingum eða einkaaðilum réttindin og hins vegar fela einkaafyrirtækjum, fjármagnsfyrirtækjum, að sjá um virkjanirnar. Þar með séu ekki lengur fyrir hendi eða brostnar röksemdir fyrir því að ríkið þurfi yfirleitt að eiga aðild að þessum málum. Ég get ómögulega lesið þetta öðruvísi. (Gripið fram í.) Ja, hvað er þá verið að segja þarna, hæstv. iðnrh.? Ég óska eftir því að það sé útskýrt. Það er verið að hafna því sem röksemd, sem kunni að hafa verið gild áður en sé það ekki lengur, að ríkið eigi að vera aðili að þessum málum og eiga réttindin vegna þess að það eitt hafi bolmagn til að virkja þau. Þar á móti er nefnt að það eigi ekkert að vera því til fyrirstöðu að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar — gæti það t.d. verið Norsk Hydro? — og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði.

Mér sýnist það í raun og veru sú framtíðarsýn sem hér er boðuð. Ég tek það að vísu skýrt fram, herra forseti, að rökin fyrir því að ríkið eigi þessi réttindi eru að mínu mati miklu víðtækari en þetta og mörg önnur sem vega jafnvel þyngra en svo.

Út af fyrir sig geta stórir og sterkir iðnaðarrisar eða auðhringar auðvitað haft bolmagn til að gera þetta. Við vitum að þeir hafa það auðvitað. Spurningin snýst ekki um það heldur hvernig við viljum standa að þessu. Ættum við ekki að stefna að því að almenningur í landinu njóti arðsins? Hvernig ætla menn að ná utan um það mál ef öll réttindin hafa verið afhent einkaaðilum, landeigendum, og nýtingarrétturinn er svo seldur í hendur stórfyrirtækjum, iðnaðarfyrirtækjum, sem gera samninga beint og milliliðalaust við landeigandann? Hér er verið að segja að þetta muni ganga fyrir sig án nokkurrar aðildar opinberra aðila. Það er það sem hér er sagt, nema að nafninu til eitthvert leyfi sem liggur væntanlega á lausu í iðnrn. ef maður þekkir þá rétt á þeim bæ.

Herra forseti. Að mínu mati eru þetta nokkuð áhugaverðir hlutir sem ástæða væri til að fara aðeins betur ofan í. Er það þá kannski þannig þegar upp er staðið að einn anginn af þessari málafylgju hjá hæstv. ríkisstjórn sé hin blinda stóriðjueinkavæðingaráhersla ríkisstjórnarinnar? Það skyldi nú ekki vera, að á bak við þetta orðalag leyndist sú hugsun að næsta stórverkefni eða þar næsta að verði að fá erlendan auðhring til þess að semja um nýtingarréttinn á einu háhitasvæðinu? Eitt stykki háhitasvæði. Er verið að ganga þannig frá málum að það sé í höndum landeigandans að gera þá samninga sem til þurfi að fenginni uppáskrift frá iðnrn. og basta? Allt sem heitir aðild almannahagsmuna ríkisins eða tekjur af henni í gegnum eignarráð ríkisins á auðlindinni er þá farið veg allrar veraldar.

Herra forseti. Það kann vel að vera að röksemdafærsla af þessu tagi eða yfirferð eins og mín hér í sambandi við jarðhitamálin skipti engu máli, að það sé alveg sama hvaða rökum er haldið fram og upplýsingar eru hér færðar, að málið liggi ekki þannig að það standi til að taka mark á því og ég óttast reyndar að svo sé. Hæstv. iðnrh. hefur því miður forherst talsvert í sínum störfum á undanförnum missirum. Ég held því miður að hæstv. iðnrh. hafi ekki alveg ráðið við það að eitt eða tvö álver komu allt í einu upp í fangið á honum. Annað var nú reyndar að mestu leyti frágengið og umsamið af krötum áður en hæstv. ráðherra tók við embætti (**Iðnrh.:** Það var Keilisnesið.) Var það ekki í Straumsvík? Er ekki verið að stækka eitthvað þar, hæstv. iðnrh.? (**Gripið fram í:** Búið.) Það fór einhvern veginn þannig með hæstv. iðnrh. að hann hefur ekki verið í almennilegu jafnvægi eiginlega síðan. Hann fór nánast á stóriðjufyllerí ef svo má að orði komast og það var bara raðað upp listunum af stóriðjum. Farið var fram og til baka um landið. Það var olíuhreinsunarstöð hér og álver þar og alls konar fabrikkur út og suður. Mér sýnist að einhvern veginn sé það þannig að við þetta hafi hæstv. ráðherra dálítið forherst og að erfitt sé orðið að fá hann niður á jörðina aftur til þess að taka við rökum. Fyrir nú utan það að við vitum hvernig ástatt er með hæstv. ríkisstjórnina og höfuðið eða höfuðin og það er víst ábyggilegt að óvenjuvel á við það fornkveðna nú um stundir að eftir höfðinu dansi limirnir. Það er ekki í tísku að því er virðist að nálgast málin út frá þeim sjónarhóli hjá hæstv. ríkisstjórn að það sé einhvers virði að ná fram um þau samkomulagi og að ástæða sé til að hlusta mikið á önnur sjónarmið en þau sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að séu rétt í þessum efnum. Ég satt best að segja óttast að svo sé um þetta mál. En það verður þá auðvitað bara að koma í ljós og hafa sinn gang. Það breytir ekki hinu að ég tel að okkur þingmönnum sem höfum önnur sjónarmið í þessum efnum sé ekki bara rétt heldur beinlínis skylt að láta þau koma fram og láta þau liggja fyrir og reyna að gera þá eins vel grein fyrir þeim mun sem þarna er á og okkur er kostur þannig að það liggi þá a.m.k. fyrir.

Ég tók eftir því hvernig hv. þm. Ragnar Arnalds hagaði orðum sínum í gær. Sumpart færði hann það fram sem rök fyrir sínum málflutningi að hann teldi að þessa hluti þyrfti að taka saman og láta þá liggja fyrir á einum stað og koma þeim skýrt og skilmerkilega skráðum niður á blað. Og þar sem það hefði ekki verið gert af hálfu aðstandenda frv. þá tók hv. þm. það að sér hvað varðaði sem sagt hina lögformlegu eða réttarfarslegu hlið málsins. Ég er mjög sama sinnis og hv. þm., að það er þó allténd til bóta að þessir hlutir hafi legið fyrir. Ég vil a.m.k. að sú fjarstæða sem ég tel vera hér á ferðinni hvað varðar námur djúpt í jörðu og jarðhitann, að það liggi algerlega skýrt fyrir af minni hálfu að ég hafi varað við þessari vitleysu og í raun þeirri ósvinnu sem ég tel þarna vera að gerast. Sérstaklega er ég nú að hugsa um framtíðina í landinu, barnanna og barnabarnanna okkar og komandi kynslóða og þess ókomna og þess óuppgötvaða, af því að þetta frv. er ekki bara merkilegt vegna þess hvernig það er sem slíkt í núinu, afdráttarlaust að öllu leyti. Það er kannski enn þá merkilegra vegna þess að þessir herrar, snillingar, ætla að ganga frá þessu um aldur og ævi. Um ókomin ár skal það vera svo að sú skipan sem Framsfl. og Sjálfstfl. með sínu handjárnaða liði á Alþingi ætlar að þröngva í gegn á vordögum 1998 skal gilda fyrir land og þjóð, aldir og árþúsund fram í tímann fari svo að þjóð lifi í þessu landi svo lengi. Og menn eru nú ekki litlir karlar að ganga svoleiðis frá þessu. Þetta gera menn m.a. með því að setja undir allan leka hvað varðar hluti sem kunna að koma í ljós síðar, jarðefni sem

kunna að finnast síðar og reynast verðmæt eða orkuform sem kynnu að reynast vinnanleg úr jörðu. Það er hugsanlegt t.d. að jarðlög gætu orðið orkugeymar eins og sumir hafa látið sér detta í hug. Það voru uppi miklar pælingar á árum áður um það hvort hugsanlega væri hægt að geyma orku í formi segulmagns eða rafmagns í einhvers konar jarðvegsrafhlöðum, berglaga rafhlöðum, með því að hlaða upp einangraðar en stórar spildur niðri í jörðunni og nota þetta sem orkuforða, orkugeymi, orkujafnara.

Enginn veit á þessu stigi málsins hvert tækni og vísindi eiga eftir að bera komandi kynslóðir og hvernig jörðin, yfirborð jarðarinnar og þaðan af síður það sem undir er, á eftir að spila inn í þá hluti. Það væri fjarstæðukennt að halda því fram að menn sæju slíka hluti fyrir í dag. Bara með því að líta til þróunar vísindanna sl. 10–100 ár sjáum við hversu óralangt menn voru frá því þá að átta sig á öllu því sem getur gilt í dag. En það veldur þeim nú ekki áhyggjum hér, höfðingjunum sem eru að negla þetta niður um aldur og ævi að því er best verður séð með þessari löggjöf eins og hún er úr garði gerð að allt skuli tilheyra landeigandanum, þeim sem á yfirborð jarðarinnar, sem af hvaða tagi það er, í hvaða formi það er, hversu langt niðri í jörðunni það er o.s.frv. Þetta, herra forseti, er nú nokkuð merkilegt.

Ég hef, herra forseti, kannski ekki farið mjög mikið út í lagalega hlið málsins enda, eins og ég sagði, aðrir búnir að gera það mjög rækilega á undan mér og vel og ég tel að þessi umræða hafi verið stórmerk að ýmsu leyti hvað það varðar að það hefur verið lögð mikil vinna í ræður. Það heyrir maður. Menn hafa verið í gagnasöfnun, heimildarýni, vitna hér fram og til baka í ýmsar heimildir, bæði innlendar og erlendar og ég verð að segja alveg eins og er að ég hef gaman af því. Mér finnst vænt um það þegar umræðan af og til reisir sig þannig á efnislegum forsendum að fluttir eru inn í hana hlutir sem eru fræðandi og upplýsandi og eiga fullt erindi. Auðvitað gerist hitt stundum að hún er kannski ekki á eins háu plani og endranær, ef svo má orða það, svo notuð séu nú ummæli nýlega látins höfðingja.

Í staðinn fyrir lögfræðina, herra forseti, langar mig að fara nokkrum orðum um pólitíkina í málinu, um spurninguna um grundvallaratriðin. þ.e. um spurninguna um einkaeignarréttinn versus almannahagsmunina. Við erum auðvitað að tala um hluti sem koma inn á það. Ég verð að segja að mér finnst röksemdafærslan í greinargerðinni að þessu leyti vera ótrúlega blind, ótrúlega þröng, þegar gengið er svo langt að líta á einkaeignarréttinn með vísan til stjórnarskrárinnar um vernd hans eins og algjörlega heilagt, ósnertanlegt fyrirbæri sem sé öllu öðru æðra. Það er í raun og veru það sem þetta byggir á. Nú er þetta auðvitað lögfræði sem ekki stenst. Það vitum við vegna þess að hið gagnstæða er auðvitað svo rækilega staðfest á ýmsan hátt að einkaeignarréttinum eru settar skorður. Hann er ekki altækur. Hann ryður ekki öllu öðru sjálfkrafa til hliðar. Þannig er um öll einstaklingsbundin eða persónubundin réttindi að þó að þau séu helg og verndуð í stjórnarskrá sem slík, hvort heldur í íslensku stjórnarskránni, þeirri amerísku eða einhverjum öðrum, þá er án undantekninga líka ákvæði um það hvernig almannahagsmunir, hvernig í almannaþágu, megi setja slíkum einstaklingsbundnum eða persónubundnum réttindum skorður, enda er ekki annað hægt. Hið siðaða samfélag stenst ekki nema almannarétturinn sé sterkur og geti sett einkaréttinum skorður. Það er augljóst mál. Ef þetta væri öfugt, ef þetta væri eins og höfundar greinargerðar frv. virðast halda að þetta sé, þá værum við bara í frumskóginum, þá væri það bara frumskógarlögmálið sem gilti. Nei, það er auðvitað þannig, herra forseti, að jafnvel helgustu persónubundnum eða einstaklingsbundnum réttindum eru líka settar skorður því annars gerist það að einn nýtir sín réttindi á kostnað annars og gengur þá á rétt hans og takmarkar hann. Það að miðla málum milli þessara hluta er auðvitað hið vandasama verkefni að tryggja helgi persónubundinna eða einstaklingsbundinna réttinda, þar með talið auðvitað einkaeignarréttsins, en um leið ganga þannig frá hlutunum að almannarétturinn, almannahagsmunir séu ekki fyrir borð bornir og það þýðir auðvitað að setja verður þessum réttindum einstaklinganna ákveðnar, tilteknar skorður. Þau eru afmörkuð.

Við getum tekið tjáningarfrelsið sem dæmi. Einhver allra heilagasti réttur sem um getur er að fá að tjá hugsun sína í orðum eða skrifum. En jafnvel ekki þessi heilagi réttur er ótakmarkaður því þá værum við farin að ganga á réttindi annarra, t.d. farin að brjótast inn á friðhelgi þeirra einkalífs og því eru tjáningarfrelsinu settar skorður þó það sé auðvitað afar vandasamt verk og menn reyni að fara þar mjög varlega til að það snúist ekki upp í andhverfu sína og verði að kúgunartæki.

Þetta finnst mér nú, herra forseti, vera svo augljóst að ekki ætti að þurfa að birtast á borðum þingmanna stjórnarfrv. sem er í raun eins barnalegt hvað röksemdafærslu snertir og ég tel að þessi fátæklega umfjöllun um eignarréttinn að auðlindum í jörðu í eignarlandi á bls. 9 sé. Ég kalla þetta barnalega röksemdafærslu, fyrir nú utan hvað hún er aumingjaleg og lítil, að það skuli vera látið nægja að afgreiða þetta stórmál í nokkrum línum í staðinn fyrir að þarna sé færð fram almennileg, heildstæð reifun og úttekt á málinu og sjónarmið og gagnsjónarmið leidd fram. Það væri meiri manndómsbragur að því.

Ég hef áður, herra forseti, lýst forundran minni á því hversu ræfilslega þetta frv. er úr garði gert og lítil vinna, að því er best verður séð, virðist liggja þar á bak við, auðvitað fyrst og fremst af aðstandendum frv. Ég verð að segja einnig að að mínu mati hefði meiri hlutinn í hv. þingnefnd mátt standa sig betur í því að reyna að draga þessi sjónarmið fram þótt úr því hafi verið verulega bætt í málflutningi margra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem hafa komið með mjög gagnleg erindi um þetta efni.

Herra forseti. Það er líka stutt í grundvallarmálin þegar menn velta því fyrir sér, burt séð frá þessum lagalegu eða réttarfarslegu hliðum, hreint pólitískt, hvernig menn vilja hafa þetta. Hvaða pólitísku stefnu vilja menn hafa í þessu máli? Það er hlutur sem menn mega ekki alveg missa fyrir borð. Við getum haft skoðun á því, burt séð frá öllum lögformlegum atriðum, hvernig við vildum að þetta væri. Hvernig vildu hv. þm. hafa þetta ef þeir t.d. kæmu að landinu ónumdu og það væri enginn réttur og við þingmenn stæðum yfir því verkefni á Alþingi þessa dagana að móta réttinn frá grunni? (**PHB:** Séreignarrétt.) Mundu menn þá vilja, eins og hv. þm. Pétur Blöndal er svo vinsamlegur að kalla fram í, hafa þetta séreignarrétt? (**PHB:** Að sjálfsögðu.) Láta þá einhverja einstaklinga, kannski þá sem fyrstir komu eða þá sem væru frekastir og hefðu troðið sér á olnbogunum fram úr hinum, eiga háhitann, og ekki bara á yfirborðinu heldur niður í iður jarðar. Er það virkilega svo að menn trúi því að það sé gáfulegasta fyrirkomulagið? Telja menn þá að jafnvel ekkert eigi að vera í sameign, að engar almannaeignir eigi að vera til, það eigi að skipta þessu öllu upp og þess vegna

misjafnt, þannig að sumir hafi mikið en aðrir lítið? Eða sumir eigi allt og aðrir ekki neitt? Ég verð að segja alveg eins og er að þegar kemur að þeim undirstöðuþáttum samfélagsins sem það byggir á, eins og landinu og lífríkinu og auðlindunum, þá skil ég ekki slíkan hugsunarhátt. Mér er hann algjörlega óskiljanlegur, þ.e. að það skuli geta verið eðlileg hugsun út frá grundvallarviðhorfum um dvöl mannkynsins á jörðunni og sem hluta af náttúrunni að þetta eigi að skiptast upp og menn eigi að geta slegið eign sinni á þessa hluti. Mér finnst það alveg ótrúlegt, herra forseti.

Ég hlýt að taka þessu frv. þannig að það sé pólitískur vilji stjórnarflokkanna að hafa þessa einkaeign því ég held þetta sé engin tilviljun, slys eða einhver vanhugsun. Það er auðvitað eðlilegt að Sjálfstfl. sé ánægður með þetta mál í því ljósi, ég tala nú ekki um hv. þm. Pétur Blöndal sem er alveg sérstaklega heiðarlegur og hreinskiptinn hvað það snertir að hann gengst svo skemmtilega við grundvallarviðhorfum sínum í þessum efnum. Það er auðvitað til fyrirmyndar þegar menn ræða málin að þeir komi til dyranna eins og þeir eru klæddir en séu ekki að dulbúa afstöðu sína eða hnýta einhverjar slaufur utan um hana. En þetta er dálítið merkilegra þegar kemur að Framsfl. — og þó veit ég það nú ekki, því ég held það hafi nú stundum verið meira í nösunum á þeim en í alvöru að þeir hafi verið svona miklir samvinnumenn eða félagslega þenkjandi, enda er það lítið notað nú til dags í Framsfl. satt best að segja, slík termínólógía. Það er algerlega hætt að heyrast að Framsfl. sé til vinstri, vinstra megin við miðju eða eitthvað því um líkt, og allt er betra en íhaldið, ég hef ekki heyrt það í mörg, mörg ár. Ekki frá framsóknarmönnum. Samvinnuhugsjón og samvinna manna um hlutina, það er voðalega sjaldan núorðið sem það heyrist frá Framsókn. Nei, nú er það einkavæðing, erlend stóriðja og hlutir af því tagi þar sem Framsfl. veður í flórinn til að moka hann fyrir íhaldið og þeir sitja glottandi uppi á bitunum í fjósinu og fitna. Þannig er það. Og framsóknarráðherrarnir eru í hverju málinu á fætur öðru að láta drauma Sjálfstfl. rætast. Hvað er hæstv. félmrh., blessaður karlinn að gera í húsnæðismálunum annað en láta áratugadrauma Sjálfstfl. um að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið rætast? Og nákvæmlega það sama er á ferðinni hér hjá hæstv. iðnrh. að auðvitað eru óskir, mér liggur við að segja öfgafyllstu séreignarsinnanna í Sjálfstfl. að rætast í þessu máli. Það er alveg ljóst því verið er að geirnegla það gersamlega að einkaeignin á þessum auðlindum og netlögum og hvað það nú er verði eins sterk og hugsast getur, eins og nokkur leið er að ganga frá henni í löggjöf. Það er út af fyrir sig heilmikið grundvallarmál og tíðindi, herra forseti. Ég held að hin ólíku grundvallarviðhorf kristallist nokkuð vel í þessum málum, annars vegar í þessu stjórnarfrv. og hins vegar t.d. í þeim þingmálum um sama efni sem við þingmenn Alþb. og óháðra höfum flutt og einnig að nokkru leyti í frv. sem þingmenn Alþfl. eða jafnaðarmanna hafa flutt. Þá er lærdómurinn einfaldlega sá, herra forseti, að Framsfl. er bara skúffa í Sjálfstfl. Hann er bara ómerkileg skúffa í Sjálfstfl. í þessum málum, einhvers staðar bara inni í miðri kommóðunni og skiptir því litlu máli hvað þú dregur út. Það er enginn greinarmunur á nálgun Framsóknar í hverju málinu á fætur öðru sem menn hefðu þó haft tilhneigingu til að leita eftir, a.m.k. einhvern tímann fyrr á öldinni. Framsfl. og fólkið í fyrirrúmi — það þarf nú að fara að rifja það upp aftur fljótlega hvernig þeir hlutir hafa gengið fyrir sig hjá blessaðri Framsóknninni. (**Gripið fram í:** 12 þúsund störfin.) 12 þúsund störfin sem Framsókn hefur búið til eigin hendi. Lengi vel lá fyrir að ríkisstjórnin hafði búið til eitt prestsembætti, það var nú aðalstarfið sem hægt var að rekja beint til hæstv. ríkisstjórnar. Búið var til sendiprestsembætti í Evrópu, ef ég man rétt. Það var sannanlega starf sem ríkisstjórnin bjó til, það er ljóst. En það var bara eitt starf, ekki 12 þúsund þó að góðæri í efnahagsmálum og gott árferði í sjávarútveginum hafi skilað okkur batnandi hag á nýjan leik sem betur fer eftir langt erfiðleikaskeið og því hafi fylgt vaxandi fjöldi starfa. Ég segi nú bara, skárra væri það nú.

Það er ekkert verið að rífast um það að Íslendingar hafa verið blessaðir af ágætis góðæri að ýmsu leyti. (Gripið fram í.) Nei, hún er ekki mjög góð, satt að segja, (**Gripið fram í:** Fólk í fyrirrúmi.) Hvaða fólk er í fyrirrúmi? Við skulum aðeins huga að því. (Gripið fram í.) Ég held að það sé t.d. ekki fólkið í félagslega húsnæðiskerfinu og ég held ekki almenningur í landinu gagnvart því að hagsmuna hans sé gætt t.d. í máli af þessu tagi. Hverra hagsmuna er hér verið að gæta? Er það allur almenningur í landinu? Er hægt að segja að fólkið sé almennt í fyrirrúmi þegar á að afhenda einkaaðilum og fáeinum aðilum sem eiga yfirborð landsins allan háhitann á Íslandi? Það er auðvitað svoleiðis úti í hafsauga að kalla það nálgun af því tagi að þar sé fólkið eða almannahagur hafður að leiðarljósi. Auðvitað hefur þessi ríkisstjórn ekkert annað að grobba sig af en þetta góðæri sem er að mestu leyti ytra góðæri og í sjálfu sér ákaflega barnalegt að skrifa það sérstaklega á reikning þessarar ríkisstjórnar. Það má segja að ýmislegt hafi tekist betur í efnahagsstjórninni frá og með því að það þrekvirki var unnið að ráða niðurlögum verðbólgunnar og innleiða efnahagslegan stöðugleika sem voru óumdeilanlega hin stóru tímamót í þessum efnum og verður minnst á spjöldum sögunnar sem slíkra þannig að það sem á eftir kemur verður talið skipta miklu minna máli en þau stóru vatnaskil í efnahagsstjórninni sem þá urðu. (**Iðnrh.:** Atvinnuleysið jókst.) Það var nú aðallega á síðasta kjörtímabili sem atvinnuleysi jókst, hæstv. iðnrh. Það vill svo ótrúlega til að Framsókn var þá í stjórnarandstöðu um skeið en það er líka eina stjórnarandstaðan sem Framsókn hefur verið í í minni núlifandi manna í þingflokknum og er því ekki af miklu að stæra sig. Ætli Framsókn verði þá ekki líka að líta á ábyrgð sína á því þegar þessir hlutir fóru niður og allt var á leið til fjandans? Það er nú svo, herra forseti.

Að síðustu langar mig aðeins að velta því fyrir mér, herra forseti, af hverju það gerist hérna í hverju stórmálinu á fætur öðru að þau eru til umfjöllunar og afgreiðslu í því andrúmslofti sem raun ber vitni. Það er um þau grenjandi ósamkomulag. Það er ekki andrúmsloft til að vinna sameiginlega að því að lagfæra málin og ná fram einhverri samstöðu heldur er þannig hugsunarháttur ríkjandi hjá þeim sem með völdin fara að þá skiptir engu máli, að því er virðist, þótt svona stórmálum sé þröngvað í gegn við slíkar aðstæður. Það virðist ekki skipta hæstv. ríkisstjórn neinu máli. Valdhroki hennar er orðinn slíkur, stjórnlyndi og einræðistilhneigingar að það virðist ekki skipta hæstv. ríkisstjórn máli í raun og veru hvort andstaðan er meiri eða minni, hversu hörð hún er, innan þings eða utan. Ef hæstv. ríkisstjórn og þá sérstaklega höfuð hennar hefur ákveðið að eitthvað skuli afgreitt, þá er það afgreitt. Ef hæstv. ríkisstjórn ákveður að einhverjum stjórnarfrv. hversu vitlaus sem þau eru skuli ekki breytt, þá er þeim ekki breytt. Og það breytir engu með hversu gildum rökum sýnt er fram á fáránleikann, þau skulu fara óbreytt í gegn. Stjórnarliðar sjálfir hafa meira að segja vitnað um það

þegar menn hafa verið komnir út í hluti af því tagi, að það var fáránleikinn sjálfur. Það breytir engu. Mjög athyglisvert dæmi um þennan valdhroka var á ferðinni fyrir síðustu helgi í umræðu um frv. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Einn af fyrstu mönnum sem talaði í 1. umr. um það mál var hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson. Hvað hafði hann fram að færa í ræðustóli? Hann óskapaðist yfir því hvað þetta frv. væri vitlaust og hvers vegna í ósköpunum menn væru að leggja þessa hluti til og í þingnefnd var alveg ljóst að þetta var meingallað mál. Og ef ekki hefði verið skynsamlegast að fella það bara eins og það lagði sig og gera ekkert, hefði í öllu falli verið alveg bráðnauðsynlegt að gera á því miklar breytingar. En skilaboðin bárust frá æðstu stöðum: Höfuð ríkisstjórnarinnar höfðu ákveðið að engar breytingar yrðu gerðar á þessu máli. Þá sigu skottin öll niður og við það sat. Og svona, herra forseti, virðist mér þetta ætla að verða í hverju málinu á fætur öðru. Þetta er auðvitað ákaflega dapurlegt. Eitt er að gera hér upp pólitískan ágreining sem auðvitað getur þurft að gera alltaf af og til og útkljá þau mál á eðlilegan hátt, enda hafi menn sæmilega sannfæringu fyrir því að hlutirnir hafi verið skoðaðir í botn og ekkert annað sé eftir en ganga frá einhverjum álitamálum pólitísks eðlis sem ekki hafi náðst samkomulag um. En það er víðsfjarri því í mörgum tilvikum hvað varðar frv. hæstv. ríkisstjórnar, sem hér eru til umfjöllunar nú, að svo sé. Ég fullyrði að það er margt t.d. í þessu máli sem er hreint tæknilegs eðlis eða praktískt sem alls ekki hefur fengið þá skoðun sem það þyrfti að fá og sem í raun og veru væri tiltölulega auðvelt að lagfæra ef vilji væri fyrir hendi um að vinna málin með þeim hætti.

Herra forseti. Mér finnst það ansi dapurlegt þegar í hlut eiga söguleg stórmál af þessu tagi eins og ég leyfi mér að kalla þetta frv. því að viðfangsefni náskyld þessu hafa orðið mönnum tilefni til mikillar umfjöllunar og umræðna af og til alla þessa öld eins og hér hefur verið rifjað ágætlega upp. Það er nú ekki eins og hjá öðrum þjóðum þyki þetta lítið mál. Í Noregi til að mynda tók áratugi að vinna grundvallarvinnuna sem laut að því að draga mörkin milli einkaeignar á landi og ýmsum tengdum réttindum og því sem skyldi teljast eign ríkisins eða konungsins eða vera almenningar o.s.frv. Sú vinna tók marga áratugi í Noregi og henni lauk með nefndarstarfi í Finnmörku á sjötta og sjöunda áratugnum, ef ég man rétt, en hún hófst í byrjun aldarinnar og þá á svæðum sunnar í Noregi. Þar nálguðust menn þetta mál þannig að þetta væri vandasamt stórmál sem skipti miklu fyrir þjóðina að ná sæmilegu samkomulagi um, menn yrðu þar af leiðandi að vanda sig og reyna að laða fram samstöðu umfram allt og ganga síðan frá málinu á sérlega vandaðan og yfirvegaðan hátt.

Ég lít á þetta mál af svipuðum toga. Ég lít á þetta sem mikilvægt grundvallarmál sem sé meira í ætt við grundvallarleikreglurnar í samfélaginu en einhver venjuleg praktísk álitamál sem við erum hér að afgreiða. Fyrir mér er þetta mál í rauninni skyldara hlutum eins og kosningalöggjöfinni, stjórnarskránni og ýmsum slíkum grundvallarþáttum þegar farið er að ganga frá því hvernig með land og auðlindir og annað slíkt skuli farið. Þetta eru því hlutir, herra forseti, sem mér finnst ekki sæmandi að afgreiða á þennan hátt. Mér finnst hæstv. ríkisstjórn, og hæstv. iðnrh. setja stórkostlega niður við að standa berskjaldaður með það frammi fyrir þjóðinni að hann ætli að lemja svona mál í gegn þrátt fyrir þá víðtæku andstöðu og þær skiptu skoðanir sem uppi eru um það og þrátt fyrir það hversu málið er hrátt og illa unnið. Mér finnst það mjög dapurlegt og einhver lélegustu eftirmæli sem menn geta gefið sjálfum sér.

Berum það nú saman við hitt að hæstv. ráðherra hefði unnið að þessu máli á þeim nótum sem hér var gert yfirleitt, ég hygg bara nær án undantekninga, fyrr á öldinni. Þá voru kallaðir til færustu sérfræðingar þjóðarinnar. Það áttu allir aðild að því starfi sem lá til undirbúnings málunum, fulltrúar allra flokka. En hverjir voru nú í nefnd um þetta mál, herra forseti? (**Iðnrh.:** Þetta lá allt fyrir.) „Lá allt fyrir", segir hæstv. ráðherra. Heyrist hæstv. ráðherra að það liggi allt fyrir núna? Er það niðurstaða hæstv. ráðherra eftir að hafa hlustað á þessar umræður að það hafi allt legið fyrir? Eru þetta þá alvitrir spekingar sem hér voru settir í nefnd, (Gripið fram í.) hv. þm. Stefán Guðmundsson, hv. þm. Sturla Böðvarsson, Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur og Tryggvi Gunnarsson hæstarréttarlögmaður? Þetta eru sjálfsagt hinir mestu snillingar og spekingar og allt það. En ég leyfi mér að fullyrða að það hefði verið hollt að kalla til marga fleiri. Ég leyfi mér að fullyrða að það gæti verið allt annar bragur á umræðum um þetta mál og á stöðu þess hér í þinginu ef stjórnarandstaðan hefði átt sína aðild að undirbúningi þess. Það var ekki eins og hún væri skoðanalaus og frumkvæðislaus í þessu máli. Hér hafa legið fyrir frumvörp um árabil frá mönnum (Gripið fram í.) sem nálgast þetta mál frá allt öðrum sjónarhóli. Var ekki ástæða til að leyfa þeim aðilum að rökstyðja sitt mál og eiga þar aðild?

Það er því ekki hægt að segja að hér hafi menn verið að reyna að laða fram ásættanlegt samkomulag eða málamiðlun út frá þeim upplýsingum sem fyrir lágu í málinu eins og ég heyri að hæstv. iðnrh. er að reyna að kalla fram í hér. Það er alveg gjörsamlega fjarri lagi að hægt sé að halda slíku fram.

Nei, herra forseti, hæstv. ríkisstjórn hefur nálgast þetta mál á sömu þröngu flokkspólitísku forsendunum og er orðið alsiða að gera nú og nánast er orðin reglan en ekki undantekningin hjá hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Engin ríkisstjórn hefur jafngjörsamlega horfið frá því að reyna að laða fram pólitískt samkomulag og samstöðu um hlutina og var þó t.d. sú síðasta ekki góð. Ég bendi t.d. á hluti sem algjörlega fortakslaust voru unnir hér í góðu samstarfi allra flokka á árum áður, t.d. vegáætlun eða slíkir hlutir. Það er liðin tíð að slíkt sé undirbúið með aðild allra stjórnmálaflokka. Og grundvallarmál af þessu tagi eru ekki einasta ekki undirbúin þannig heldur er ekkert gert með það þegar önnur sjónarmið koma fram í umfjöllunum um málið.

Herra forseti. Ég tel t.d. að fyrir utan slagsíðu á þessu frv. hvað varðar umhverfismál — hér hefur verið rækilega bent á af ýmsum ræðumönnum hversu veik umhverfishliðin er í þessu — beri það þess alveg stórlega merki að vísindamenn, t.d. jarðvísindamenn sem einhver hefði nú talið að væri kannski ástæða til að hafa einhvers staðar nálægt við undirbúning málsins, hafi í raun og veru lítið komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég leyfi mér t.d. að fullyrða að helstu sérfræðingar okkar á sviði jarðhitanýtingar hefðu gjarnan hugsað sér að ganga öðruvísi frá hlutunum en frv. gerir ráð fyrir. Fleira af þeim toga, herra forseti, mætti tína til um hliðar á þessu máli þar sem því er stórkostlega ábótavant.

Ég vona, herra forseti, að það sé ekki svo að því verði ekki breytt eða afstýrt að þetta frv., ótrúlega mál, verði knúið fram til endanlegrar afgreiðslu á þessu vorþingi. Ég held að hæstv. ráðherra yrði maður að meiri að setja þetta í vinnufarveg í sumar og leyfa þar fleiri sjónarmiðum að njóta sín og koma

að málinu. Láta á það reyna með eins og sumarlangri vinnu hvort ekki sé unnt að skapa meiri sátt í þjóðfélaginu um fráganginn á þessu örlagaríka og afdrifaríka stóra máli. Ef við t.d. berum þetta saman við frv. um grundvallarskipulag lífeyrissjóða sem hér var til umfjöllunar á síðasta þingi á svipuðum árstíma, ef ég man rétt, og var stórmál þá tókst svo vel til að það mál var ekki knúið fram með þeim ágöllum sem á því voru, heldur var það sett í vinnufarveg og það tókst að ná um það miklu betra samkomulagi en var í sjónmáli á þinginu sl. vor. Nú geta menn auðvitað deilt um það hvort það hafi verið gallalaust eða góð smíð eftir sem áður.

Ég trúi ekki öðru en að almennt séu menn þeirrar skoðunar að ef menn eigi um tvennt að velja, samkomulag eða ósamkomulag um hlutina, þá sé samkomulagið betra. Það eru að vísu örugglega til þær manngerðir sem velja frekar stríðið en friðinn ef þær eiga val. En við skulum nú trúa því að það eigi við um færri og ekki um hæstv. iðnrh. þannig að hann sé enn þeirrar skoðunar að það væri nokkuð fyrir það gefandi að ná um þetta betra samkomulagi. Ég sé engan flöt á þessa, herra forseti, nema hæstv. ríkisstjórn fáist til þess að fresta afgreiðslu málsins og fallast á eitthvert vinnuferli fyrir það í sumar þannig að síðan megi í kjölfar þess láta á það reyna hvort ekki náist fram breytingar sem geri menn sáttari við innihaldið.

Herra forseti. Ég læt þessi orð mín nægja. Það væri fróðlegt að heyra þegar líður á umræðuna hvort hæstv. iðnrh. eða aðrir aðstandendur frv. telja sig geta rökstutt eitthvað betur en hingað til hefur verið gert réttmæti þess eða nauðsyn að ganga svona frá málunum. En ég áskil mér rétt til þess að taka þátt í umræðunni aftur á síðari stigum í ljósi þess hverju fram vindur.

[15:06]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. býsnaðist mikið yfir skilgreiningu á auðlind og fann enga auðlind um víðan geim þó hann leitaði jafnvel til sólarinnar, sem ekki félli undir þetta ákvæði. Nú vil ég benda hv. þm. á það að ríkasti maður heims, sem hefur orðið ríkur á síðustu árum — hann er um fertugt — á auðlind sem ekki er svona efnisleg, sem er hugbúnaður, sem er einkaréttur, höfundarréttur. Ég nefni aðrar óefnislegar eignir, t.d. hlutabréf og markaðshlutdeild. Ég nefni stjórnun, góða stjórnun fyrirtækja sem er gífurlega mikils virði og er auðlind. Og ég nefni hugvit almennt, gagnagrunna og annað. Þetta eru óefnislegar auðlindir og vægi þeirra fer vaxandi. Vægi efnislegra auðlinda fer hratt minnkandi. Ég minni á það að ríki snauð af auðlindum, Danmörk og Japan, eru mjög rík þrátt fyrir skort á auðlindum.

Herra forseti. Þingmanninum var mjög tíðrætt um skáborun og það að menn væru að ganga yfir eignir annarra og þetta átti allt saman að gerast undir yfirborði jarðar. Ef hv. þm. ætti vikurhól og land sem vikurhóllinn stæði á, ég væri nágranni hans og ætti land við hliðina á, vikurhóllinn næði pínulítið inn á landið mitt og ég byrjaði að grafa og vikurhóllinn skriði svona hægt og rólega yfir í mitt land þá er ég hræddur um að hv. þm. þyrfti ekki að sætta sig við það. Nákvæmlega sama gerist með auðlindir undir jörðu, að menn þurfa að sætta sig við það að það er bannað að stela eignum.

Herra forseti. Að öðru leyti kristallast í máli hv. þm. lífsskoðun hans að allt sé best sem er í sameign. Ég hef andstæða lífssýn og minni á tilraunina miklu í Rússlandi um sameign á öllum auðlindum.

[15:08]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn misskilningur í gangi, held ég, milli okkar um þetta með auðlindirnar. Ég var að tala um efnislegar auðlindir og orku og eins og tengdist landi, yfirborði jarðarinnar og þá áfram niður í jörðina. Það var í þeim skilningi sem ég sagðist ekki sjá að nokkur smuga gæti verið nokkurs staðar í þessu frv. að nokkuð væri undanskilið, bæði þegar þekktar auðlindir og eins óþekktar sem kynnu að finnast í framtíðinni féllu undir þetta þannig að um aldur og ævi væri verið að ganga frá því að landeigandinn sem ætti yfirborðið skyldi eiga allt, bæði þekkt og óþekkt, það sem þegar hefur fundist eða kann að finnast.

Hitt er svo alveg hárrétt að til eru margar óefnislegar eða huglægar auðlindir. Ég sagði reyndar að þó að maður stæði á yfirborði jarðar sem einhver ætti einkaeignarrétti þá mundi hugsun hans tæplega teljast eign landeigandans, enda erfitt að ná utan um slík og enn síður auðvitað mannvitið í Bill Gates eða einhverjum öðrum slíkum manni. Við erum ekki að tala um þá hluti hér og skulum ekkert rugla umræðuna með því

Varðandi það að bannað sé að stela og það eigi líka við um jarðhitann, vikurhólinn eða bara rófur úr annars garði þá er það alveg hárrétt. Það á að vera reglan, væntanlega, ef einkaeignarrétturinn er eins og hann er og er heilagur. Og þá er akkúrat komið að því sem ég var að reyna að útskýra en mér hefur greinilega ekki tekist nógu vel. Þegar kemur að jarðhitageymi niðri í jörðinni, sem er ekki stöðugt fyrirbæri, hvernig ætlar hv. þm. þá að afmarka það að ekki sé stolið þegar einn dælir upp hjá sjálfum sér og dregur niður vatnsflötinn og gengur á forðann hjá hinum? (**Gripið fram í:** Báðum.) Engir veggir fyrirfinnast niðri í jörðinni til að hólfa þetta sundur.

Það sem ég er að reyna að segja, herra forseti, er að ég held að þessi nálgun gangi ekki upp. Þetta er ekki hægt. Það mun koma á daginn að í öllu falli reynast þær reglur vandsettar sem ná utan um þetta.

[15:10]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Það frv. sem við erum að ræða er mjög merkilegt. Með því eru felld í ein lög öll þau lög sem í gildi hafa verið um auðlindir í jörðu. Þetta er heildarlöggjöf sem lagt er upp með í frumvarpinu. Frumvarpið sjálft fékk hefðbundinn farveg. Það er ekki tæknilegs eðlis heldur kemur fyrst og fremst fram í því stefna núverandi ríkisstjórnar. Og af því að hún byggir á þeim málaefnasamningi sem hún lagði upp með þá skipaði hún nefnd til að vinna að þessu máli, undirbúa frv. og við sjáum, herra forseti, á skipun nefndarinnar að hér er um það að ræða að útfæra pólitíska stefnu ríkisstjórnar og búa henni lagaumgjörð.

Í nefndina eða vinnuhópinn voru skipaðir Stefán Guðmundsson, hv. alþm., formaður nefndarinnar og formaður iðnn. og Sturla Böðvarsson, hv. alþm., þ.e. fulltrúi frá hvorum stjórnarflokki. Síðan unnu í nefndinni Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur í iðnrn. og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, báðir sérfræðingar og sérfróðir menn á því sviði sem hér er lagt til umræðu.

Það þarf að hafa mjög skýrt í huga pólitískt eðli frv., pólitískt eðli nefndarskipunarinnar og því er ekkert skrýtið þótt ágreiningur hafi myndast um efnið. Tæknilegur ágreiningur hefur ekki blasað við í umræðunni, hvorki í 1. umr., í nefndarstarfinu né í þessari 2. umr., heldur er hér um að ræða

djúpstæðan pólitískan ágreining milli þeirra stjórnmálaafla sem standa að hverjum þingflokki fyrir sig.

Upplegg frv. er þess eðlis að búa til heildarlöggjöf um auðlindir í jörðu. Það er verðugt og gott markmið. En meginatriðið í frv. er að eignarréttur á auðlindum sem eru í eignarlöndum og reyndar innan netlaga í vötnum og sjó — það er þessi hefðbundna skilgreining — verði í höndum landeigenda. Það atriði er meginstefnan í frv. og menn hafa einmitt verið að takast á um pólitískt.

Sömuleiðis er fylgt eftir þeirri stefnumótun sem fram kemur í öðru frv. sem hér er reyndar lokið 2. umr. um, þ.e. þjóðlendufrv., þar sem ríkisvaldið slær eign sinni á landsvæði sem eru utan eignarlanda. Í þessu frv. er þeirri stefnu fylgt með því að lýsa yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu sem eru utan eignarlanda, þ.e. í þjóðlendum. Það er því fullkomið samræmi milli þessara tveggja frumvarpa: Í fyrsta lagi eru þau lönd í ríkiseign sem eru utan eignarlanda eða ekki er skýr eignarréttur á, og nú er tekið á auðlindum í jörðu þannig að þær eru í eigu ríkisins á þjóðlendum.

Þessi regla hefur reyndar verið í lögum um jarðefni en hér er nýmæli um jarðhita, grunnvatn og aðrar auðlindir. Hér er einungis talað um auðlindir, jarðhita, grunnvatn eða aðrar auðlindir — það gæti verið gull — sem eru á ríkisjörð eða það sem við köllum þjóðlendur.

Í frv. er meginstefna og það má segja að hér séu alveg skýrar pólitískar línur í þjóðlendufrv. og í þessu frv. Við stjórnarandstæðingar styðjum hugsunina í þjóðlendufrv. og höfum talað fyrir þeirri hugmyndafræði mjög lengi, að það sem ekki eru skýr eignarréttarákvæði um, sem eru ekki eignarlönd, sé í eigu ríkisins. Mjög lengi hefur það verið pólitískt deilumál hér á landi, hver eigi landið. Það má segja að þjóðlendufrv. mæti þeim skoðunum okkar stjórnarandstæðinga, einkum jafnaðarmanna, sem hafa talað fyrir því sjónarmiði um áratuga skeið.

Þessi tvískipting er nokkuð augljós, þ.e. auðlindir í jörðu á þjóðlendum og auðlindir í jörðu á eignarlöndum sem eru í höndum landeigenda. Það er ekki nóg að kveða upp úr um eignarréttinn á þessum auðlindum heldur er vitaskuld jafnmikilvægt að hafa ákvæði um nýtingarréttinn, þ.e. leit, rannsóknir, nýtingu, og hvernig að verður staðið.

Í frv. er lagt upp með þá meginstefnu, hana er kannski ekki hægt að gagnrýna í veigamiklum atriðum þó útfærsluna megi gagnrýna, að til að nýta og rannsaka og leita þurfi leyfi. Það er ekkert óeðlilegt við að kveðið sé á um slíkt og hér á bæði við um þjóðlendur og einkaeignarland.

Þessar leyfisveitingar eru settar undir iðnrh. Fagaðilinn og í reynd stjórnsýsluaðilinn er þá Orkustofnun. Hið mikla hlutverk Orkustofnunar á þessu sviði er gagnrýnt af ýmsum umsagnaraðilum eins og ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Kveðið er á um þá stefnumörkun í frv. að iðnrh., iðnrn. og Orkustofnun, geti sem hluti af framkvæmdarvaldinu haft frumkvæði að leit og rannsóknum á auðlindum í jörðu, hvort sem er innan þjóðlendna eða innan landa sem eru í einkaeigu. Ekki skiptir máli hvort landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða ekki, eða heimilað hana öðrum. Ráðherra hefur sterk völd til að leita og rannsaka á öllum landsvæðum.

Það er ekki nóg að leita og rannsaka. Það þarf einnig að nýta auðlindina og það er vitaskuld eitt mikilvægasta atriðið, þ.e. hvernig það er gert. (**Gripið fram í:** Hvar er iðnrh.?) Sú almenna regla er gerð að það sé háð leyfi iðnrh. Enn og aftur gilda sambærileg ákvæði gagnvart iðnrh. hvort sem snýr að einkaréttareignarlöndum eða þjóðlendum. Þó er talað um að landeigandi megi nýta malarnám og ýmsa slíka hluti sem menn hafa nýtt á jörðum sínum án nokkurra vandræða um langt árabil. Sömuleiðis er kveðið á um að menn megi nýta jarðhita til einkanota eins og við þekkjum nokkur dæmi um.

Í frv. er samt sem áður kveðið á um forgang sveitarfélaga til nýtingar grunnvatns og jarðhita innan marka sveitarfélags. Þetta er sett inn í frv. vegna þess að nauðsynlegt er talið að tryggja sveitarfélagi aðgang að nauðsynjum eins og grunnvatni og jarðhita. Við þekkjum einmitt fjölmörg dæmi um vandkvæði varðandi vatnsöflun og reyndar jarðvarma hjá mörgum sveitarfélögum hérlendis. Sömuleiðis, þó að þetta sé innan sveitarfélagamarka, getur hér verið um lóðir og auðlindir í einkaeigu að ræða. Samkvæmt frv. er kveðið á um heimildir sveitarfélaga til að taka eignarnámi slíkar auðlindir, beri brýna nauðsyn til, óháð því hvort það sé innan marka sveitarfélagsins eða ekki. Sveitarfélögin fá ákveðinn rétt til eignarnáms til að uppfylla þarfir íbúa sveitarfélaganna fyrir vatn og jarðhita. Hins vegar eru almenn ákvæði um eignarnám og bótarétt sem menn hafa vegna þeirra ákvæða í frv., að auðlindir í eignarlöndum skuli vera í höndum landeigenda. Ráðherra er áskilinn almennur eignarnámsréttur í þessu frv. til að taka landsvæði eignarnámi og geta nýtt þær auðlindir sem þar eru í jörðu.

Í þessu frv. er síðan kveðið á um að landeigandi eigi að fá fullt endurgjald fyrir auðlind í hans eigu sem nýtt er af öðrum. Þetta er vitaskuld eitt aðalatriðið í frv.: Landeigandi á að fá fullt endurgjald fyrir auðlindina þótt hún sé nýtt af öðrum. Jafnvel þó að landeigandinn hafi ekki tök á, t.d. vegna kostnaðar, að nýta þessa auðlind sjálfur, en sé hún nýtt af öðrum, t.d. sveitarfélagi eða ríki eða öðrum, þá fái hann fullt endurgjald fyrir.

Ef landið er tekið eignarnámi, og þar með vitaskuld auðlindin, vegna þess að það er óaðskiljanlegur hluti af landinu, þá skal koma fyrir það endurgjald og það að endurgjald verði metið sem bætur og þá tekið mið af þeirri auðlind sem þar er til nýtingar. Vitaskuld er þetta eitt af þeim atriðum sem mikið hefur verið rætt um, hvort menn eigi að hafa fjárhagslegan ávinning af auðlindum í jörðu niðri sem þeir hafa ekki tök á að nýta, hvort sem það er nýtt á þeirra landsvæði eða landsvæðið er einfaldlega tekið eignarnámi. Það er einmitt í þessum punkti sem skilur á milli hinna pólitísku sjónarmiða í þessum efnum.

Oft og tíðum hafa verið lögð fram frumvörp um þetta efni. Ég gerði aðeins grein fyrir meginatriðum í frv. sjálfu en hins vegar ber við 2. umr. að leggja út af þeim brtt. sem meiri hluti iðnn. leggur fram afgreiðslu frv. Í áliti meiri hlutans kemur mjög skýrt fram sú pólitísku stefnumörkun sem lagt var upp með í frv. Það er engin kúvending í brtt. meiri hlutans nema síður sé. Þær breytingar sem gerðar eru á frv. eru ekki mjög miklar og frv. er ekki breytt í meginatriðum. Þeirri pólitísku línu sem dregin var með frv. ríkisstjórnarinnar er viðhaldið áfram hjá meiri hluta iðnn.

Mikilvægt er að hafa í huga að frv. tekur ekki á eða ryður til hliðar neinum lögum eða reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir eða nýtingu auðlinda. Þetta er ítrekað í brtt. meiri hlutans, í 5. tölul. á þskj. 1266, en þar er lagt til að við 16. gr. frv. bætist ný málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landgæða."

Hér er ótvírætt kveðið á um, ítrekað með þessari brtt. meiri hlutans, að gætt skuli að löggjöf þeirri sem í gildi er varðandi umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmál. Það er sem sagt ekki ætlun meiri hluta nefndarinnar að hrófla við þeirri löggjöf. Vitaskuld geta menn velt fyrir sér hvort ekki eigi einmitt, við svona víðtæka löggjöf, að taka fleiri þætti til endurskoðunar. Hér er kveðið upp úr um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu. Hefði ekki þurft að skoða önnur lög sem þessu tengjast? Það er ekki gert. Þetta snýr að rannsóknum eða nýtingu auðlinda.

Þannig tekur frv., eins og segir í nál. meiri hlutans, ekki heildstætt á náttúruvernd, umhverfismálum og skipulagsmálum sem tengjast nýtingu eða rannsóknum þeirra auðlinda sem um er að ræða. Þetta er eitt af þeim atriðum sem gagnrýnt hefur verið í frv. og að ekki skuli, herra forseti, vera tekið á þessu með heilsteyptum hætti.

Meiri hluti nefndarinnar tekur fram að þetta frv. eigi ekki að raska alþjóðaskuldbindingum. Það þarf kannski ekki að taka það neitt sérstaklega fram vegna þess að við erum yfirleitt bundin af alþjóðlegum skuldbindingum sem við höfum skrifað undir. Einnig er sagt að þetta upplegg sé í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Það er vitaskuld hægt að deila um hvort það sé nægjanlega vel tryggt, burt séð frá því hvort menn fallist á áætlun ríkisstjórnarinnar og þær áherslur sem hún hefur hvað varðar sjálfbæra þróun.

Eitt af gagnrýnisatriðum þeim sem fram hefur komið í umsögnum um frv. er að það vanti inn skýrari verndunarákvæði og ákvæði um nýtingu á sandi, vikri og grjóti. Við þekkjum það hérlendis að það hafa einmitt komið upp ágreiningsefni varðandi nýtingu á slíkum efnum. Við höfum séð mjög alvarleg umhverfisslys af þeim toga á síðari árum, þó að vafalítið sé það þekktast þegar Rauðhólarnir voru nýttir í uppfyllingu í Reykjavíkurhöfn hér á árum áður. Af hálfu meiri hlutans er ekki tekið meðvitað á þessu í frv., þó er rætt um það sem hefði verið hægt að gera, að kveða á um nýtingarleyfi. Meiri hluti nefndarinnar telur hins vegar betra að endurskoða ákvæði löggjafar um umhverfismat og kveða á um frágang og eftirlit með vinnslusvæðum. Það er sem sagt upplegg meiri hlutans hvað þennan þátt varðar og vitaskuld er hægt að færa rök fyrir þessu sjónarmiði.

Breytingartillögur meiri hlutans sem eru lagðar hér fram eru minni háttar. Til dæmis eru skilgreiningar á grunnvatni gerðar skýrari. Í breytingu á 10. gr. í sambandi við jarðhita þóttu 5 megavött, sem eru mörk á nýtingu án leyfis, nokkuð hátt þannig að mörkin eru færð niður eftir ábendingu frá Orkustofnun. Ef ég man rétt var það í seinni umsögn Orkustofnunar, það hafði sést yfir það í fyrri skoðun. En gerð er betrumbót á þessu máli í brtt. meiri hlutans.

Enda þótt ekki sé lögð til nein lausn er vikið að því hvað eigi að gera þegar fleiri en einn aðili sækir um leyfi á sama stað. Hægt er að hugsa sér alls konar útfærslur, t.d. að bjóða út leyfi, hafa útboð á leyfum á nýtingu auðlinda. Það tengist umræðu okkar jafnaðarmanna um að taka gjald fyrir nýtingu á sameiginlegum auðlindum. Nú þarf að hafa skýrt í huga að þetta frv. leggur ekki nema að hluta til upp með sameignir á auðlindunum, kveðið er á um að auðlindir í jörðu í þjóðlendum séu ríkiseign og þar með sameign. Þvert á móti er kveðið á um að auðlindir í jörðu á einkalandsvæðum séu séreign landeigenda og þar með ekki um að ræða sameign þjóðarinnar þó svo að þær séu nýttar af þjóðinni allri.

Í brtt. meiri hlutans er komið inn á hitakærar örverur og útskýrt nokkuð. Hér er komið inn á merkilegan hlut sem menn hafa vafalítið ekki hugsað fyrir fyrir fimm eða tíu árum, þ.e. um lífræn verðmæti í jörðu, og það er sú meginhugsun að bæði rannsóknir og nýting á þessum örverum sé fellt að hinum almennu ákvæðum frv. Hér er komið inn á líftækniiðnað sem hefur haslað sér völl hérlendis og erlendis í sífauknum mæli. Ég er ekki mjög vel inni í þessu tiltekna ákvæði en þegar ég les rökstuðning meiri hluta iðnn. finnst mér það vera mjög virðingarvert að þessir þættir skuli vera felldir inn í þessa löggjöf. Kveðið er sérstaklega á um það með tilvísun til Ríó-sáttmálans að þessar örverur og lífverur eigi vitaskuld að hljóta þá athygli og umgjörð og verndun, bæði hvað varðar nýtingu og rannsóknir, eins og aðrar. Það er gert í frv. með því að setja inn sérstaka grein, sem verður þá væntanlega 34. gr., það er í 8. lið í brtt. meiri hlutans á þskj. 1266, sem ég vitnaði til áðan, en ég sé ástæðu til, herra forseti, að lesa brtt., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum." — Hér er sem sagt kveðið á um að það falli undir almenn ákvæði að rannsaka og nýta þessar örverur. Síðan segir áfram: — „Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra."

Hér er tekið inn, eins og við vitum vitaskuld, að jarðhitasvæði sem örverur eru á getur verið mjög viðkvæmt og sérstakt umhverfi og hér er rætt um að umhvrh. verði að veita umsögn. Eftirlitsaðilinn með þessu er ekki Orkustofnun eða einhver slíkur aðili heldur Náttúruvernd ríkisins sem fer með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein. Hugsunin er fyrst og fremst sú að finna löggjöf utan um iðnaðinn sem er fólgin í því að taka örverur úr þessu náttúrulega umhverfi á jarðhitasvæðum ef markmiðið er að eftirgera erfðaefni með framleiðslu í tilraunastofum og iðnaði. Þá er gert ráð fyrir með hvaða hætti og fundinn farvegur á nýtingu slíks iðnaðar.

Þetta er ákvæði sem svarar vitaskuld meira almennt til nútímans en margt annað í löggjöf okkar því að hér erum við komin inn á nýtt svið atvinnusögunnar sem mun vafalítið verða tekið mjög mið af hér á næstu áratugum.

Það má geta þess, herra forseti, sem er dálítið merkileg breyting og kannski ein sú merkilegasta sem meiri hluti iðnn. gerir að hún leggur til að breyta heitinu á frv. Ég nefndi áður að frv. er raunverulega heildarlöggjöf. Það er verið að koma með heildstæða löggjöf um auðlindir í jörðu og það tekst býsna vel hvað þann þátt varðar. Ég ætla aðallega að gera hinn pólitíska ágreining að umtalsefni. Herra forseti, ég hef ekki átt þess kost að fylgjast mjög grannt með því sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafa sagt um frv. en ég á von á því að þeir hafi kannski einmitt dregið pólitíska ágreiningsefnið um eignarréttinn meira fram en ég hef meira verið að reyna að lýsa uppbyggingu frv. og þeim breytingum sem þar eru. Vitaskuld er um að ræða mikilvægt mál í heildina tekið þó svo að pólitískur ágreiningur sé um afmarkað efni þess en sá pólitíski ágreiningur er reyndar mjög veigamikill.

Varðandi breytingu í 10. lið brtt. á fyrirsögn frv. hét frv. eins og það var lagt fram á þskj. 574, Frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er mjög lýsandi titill, það fjallar um eignarhaldið. Eins og ég hef getið um er kveðið á um hver á auðlindir í jörðu, þ.e. ríkisvaldið ef um þjóðlendu er að ræða, landeigandi ef um einkaeign er að ræða, en síðan breytir meiri hluti iðnn. frv. og kallar það:

Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Ég sé ekki og hef þó reynt að rýna í hvaða rök eru að baki þessu vegna þess að vitaskuld er fjallað um rannsóknir, orðinu „rannsóknir" er bætt inn. Þeir rökstyðja það, þeir segja að það sé talið lýsa betur tilgangi frv. og efni þess þar sem það hefur að geyma ákvæði um rannsóknir og nýtingu auðlinda og hefur í sér þann megintilgang að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu eins og segir í nál. þar sem hnýtt er við, „frá þjóðhagslegu sjónarmiði" og ég veit ekki hvort það er viðbót sem skiptir höfuðmáli.

En ég vil gagnrýna þessa brtt. Ég veit ekki hvort einhverjir fleiri hafa gert það en frv. sjálft er nefnilega skipt upp á hefðbundinn hátt, þ.e. í I. kafla er gildissvið og skilgreiningar. Þetta er unnið skipulega og ég veit ekki hvort nefndinni hefur nokkuð verið hrósað en ég vil hrósa henni fyrir það (Gripið fram í.) að setja málið skýrt upp. Ég geri það þá þó að ágreiningur sé um pólitískt efni þess en II. kafli frv., sem er náttúrlega meginatriðið, kemur fram í einni grein, II. kaflinn er nú bara ein grein, það er einkaréttur að auðlindum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Þetta er 3. gr. frv. og það eru ekki gerðar breytingar á því, þetta er þessi meginpólitíska stefna sem ég hef gert að umtalsefni. Þetta er II. kafli frv., um eignarrétt, og hefur beina tilvísun í fyrra heiti frv. um eignarhald.

Síðan kemur III. kafli frv. Það er skipulega uppbyggt, sem sagt fyrst er talað um eignarrétt í II. kafla, svo er talað um rannsóknir og leit í III. kafla. Þá kemur IV. kafli um nýtingu auðlinda. Þetta er allt mjög rökrétt uppbygging á frv. Síðan er talað um jarðefni og þá er verið að fjalla um ákveðnar undantekningar í þeim kafla. Það eru tvær greinar sem fjalla um að heimilt sé að nýta grjót og möl á eignarlóð, svona hefðbundin nýting á jörð án þess að það þurfi mikilla leyfisveitinga við eða þurfi ekki. Í VI. kafla frv. eru ákvæði um jarðhita. Þar lýst í nokkrum greinum hvernig jarðhiti sé nýttur. Síðan er kafli um grunnvatn og það er aðallega um það að landeigandinn megi nýta grunnvatn á sínu svæði. Í VIII. kaflanum er síðan fjallað um skilyrði veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun, þ.e. sem sagt það sem snýr að stjórnsýslunni, hvernig leyfið er veitt, hvernig eiga leyfin að vera útbúin og hvernig eru þau afturkölluð. Síðan kemur hefðbundinn kafli í framhaldi af því, eftirlit, vernd og upplýsingagjöf og meðferð upplýsinga. Í X. kaflanum eru eignarnáms- og bótaákvæði, sem sagt ef taka þarf lönd eða auðlindir eignarnámi og síðan endar þetta í XI. kafla á ýmsum ákvæðum.

Við sjáum á þessari lýsingu, herra forseti, og hefur vafalítið verið dregið fram hér í 1. umr. — þó er ég ekkert viss um það — að oft er mjög til bóta í svona umræðu að hlaupa á kaflaheitum í heildarlöggjöf. Þá sér maður hina rökréttu uppbyggingu, og hún er þess eðlis að fyrra nafn frv. var ósköp eðlilegt, þ.e. eignarhald og nýting. Auðvitað er hægt að segja: Frumvarp til laga um eignarhald, rannsóknir og nýtingu en meiri hlutinn kýs að kalla það bara: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er rangnefni. Það má einfaldlega kalla þetta frv.: Frumvarp til laga um auðlindir í jörðu. Vegna þess að í frv. er fjallað um fjölmarga aðra þætti en rannsóknir og nýtingu. Ég hefði því talið — ég veit ekki hvort eitthvert samkomulag hefur verið gert um að menn skoðuðu frv. eitthvað milli 2. og 3. umræðu, að menn þyrftu að endurmeta heitið á frv. vegna þess að þetta er heildarlöggjöf um auðlindir í jörðu, varðar eignarhaldið, rannsóknir og nýtingu, kveður hins vegar á um nýtingu á jarðhita. Þetta fjallar náttúrlega líka um leyfisveitingarnar, sem er hluti af nýtingunni en þetta fjallar líka um eignarnámið. Það eru því fjölmargir þættir sem snúa að þessu þannig að hv. iðnn. hefur e.t.v. einhver frekari rök en koma fram í nál. en ég vil a.m.k. vekja athygli á því að ég held að þetta hafi ekki verið góð breyting. Í huga mínum hefði mátt skjóta inn í það, ef menn hefðu viljað hafa langan titil, sem sagt annars vegar að kalla það Frumvarp til laga um auðlindir í jörðu, sem er kannski einum of breiður titill, en það hefði þá mátt kalla þetta Frumvarp til laga um eignarhald, rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það hefði farið vel á því því að það er alveg augljóst að eitt af meginatriðunum í frv. er ákvæðið um eignarhaldið. Eins og ég gat um áðan er nýmælið í frv. m.a. fólgið í eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda, á þjóðlendum. Það hefur gilt í lögum um jarðefni en ákvæðin um jarðhita, grunnvatn og aðrar auðlindir í jörðu er nýmæli. Það er því nýmæli að kveða á um eignarrétt ríkisins innan þjóðlendnanna. Fyrir utan það er náttúrlega kveðið skýrt upp úr um að eignarréttur á auðlindum í jörðu á eignarlöndum fylgi landeiganda þó að pólitískur ágreiningur sé um það efni.

Ég held að það hefði verið til bóta að líta aðeins betur á titilinn. Ég vona að ráðrúm gefist til þess en þó er mér ekki kunnugt um hvort nefndin fær þetta til nánari skoðunar. En ef svo væri þá mundi ég vilja biðja hv. iðnn. — ég sé formann nefndarinnar hér í salnum — um að íhuga þann þátt málsins eða skýra málið betur fyrir mér ef einhver misskilningur liggur fyrir varðandi hinn nýja titil í frv.

Það kemur fram að pólitísk samstaða er í minni hlutanum. Undir nál. minni hluta iðnn. rita hv. þm. Gísli S. Einarsson, Svavar Gestsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Guðný Guðbjörnsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, styður frv. Hér ganga stjórnarandstæðingar í takt í þessu máli, eins og reyndar í fjölmörgum öðrum málum sem tengjast þessu málefni. En ágreiningurinn er þríþættur eins og þeir hafa dregið hann upp. Það er í fyrsta lagi það sem ég hef getið um í 3. gr. frv., þ.e. að allar auðlindir í og á jörðu í einkaeign eru eign landeigenda.

Það er það sem við stjórnarandstæðingar viljum ekki. Það er hægt að benda á frv., og ég mun gera nokkur þeirra hér að umtalsefni síðar, um þetta efni, m.a. frá þeim hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. En í þessu frv. er alveg skýrt að djúphiti í jörðu og fleiri jarðefni séu þjóðareign.

Þessi grundvallarágreiningur sem varðar auðlindir í löndum sem eru í einkaeign hefur komið skýrt fram í umræðunni.

Í öðru lagi er það atriðið sem ég hef nefnt áður, að þó svo þetta frv. eigi ekki að raska núverandi byggingar- og skipulagslögum eða umhverfislögum, og bætt er sérstakri grein í frv., þ.e. hin nýja málsgrein í 16. gr., þá er það skoðun okkar að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til umhverfissjónarmiða og umhvrn. er ekki dregið nægjanlega mikið inn í nýtingu og rannsóknir á auðlindum í jörðu.

Annað ágreiningsefni er það að leigja eða taka gjald fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum, því hluti af þessum auðlindum er jú sameiginlegur. Þetta hefur verið okkur jafnaðarmönnum hjartans mál, m.a. í tengslum við sjávarútveg sem menn þekkja í umræðum um veiðileyfagjald

en hefur einnig verið víkkað út hin síðari missiri og talað um almennt auðlindagjald af sameign þjóðarinnar og hefur verið til mikillar umræðu, m.a. innan Alþb. Þetta er einnig efni sem ágreiningur er um milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Við viljum setja fram skýrar reglur um hvernig rétturinn til afnota er útfærður þannig að það sé jafnræði, það sé ekki í sjálfsvaldi ráðherra hvernig þessum hlutum er hagað.

Þetta eru þau þrjú meginatriði sem ágreiningur er um við okkur stjórnarandstæðinga, það er eignarréttarákvæðið, það eru umhverfissjónarmiðin og það er gjaldtakan fyrir sameiginlegar auðlindir. Í öllum þessum málum erum við á öndverðum meiði við ríkisstjórnarflokkana. Það er svo sem ekkert skrýtið þó það sé því við sjáum koma mjög skýrt fram í þessu frv., eins og hefur sést í öðrum frv. og stefnu ríkisstjórnarinnar, að hún er fyrst og fremst að gæta sérhagsmuna. Í þessu tilfelli gætir hún sérhagsmuna landeigenda hvað varðar auðlindir í jörðu. Hún gætir sérhagsmuna eins ráðuneytis og tekur ekki tillit til umhverfissjónarmiða sem eru fyrst og fremst sjónarmið fjöldans og hún tekur ekki tillit til þess að greitt sé sanngjarnt afgjald fyrir nýtingu á sameiginlegum auðlindum, en vitaskuld er það einnig hagsmunamál almennings. Ríkisstjórnin leggst gegn öllum þessum þremur þáttum og stillir sér upp andspænis almannahagsmunum með sína sérhagsmuni sem hún gætir fram í rauðan dauðann, og er þetta frv. engin undantekning frá öðrum frv. sem við höfum haft hér til umræðu.

Það eru reyndar fleiri atriði en þessi þrjú grundvallaratriði sem við gerum athugasemdir við. Við teljum að eignar- og hagnýtingarréttur ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda hefði þurft að vera skýrari. Það er ekki kveðið nógu skýrt á um t.d. jarðefni, en með frv. er nýtingarréttur falinn landeiganda. Þarna geta verið hlutir sem eiga eftir að reynast mikil verðmæti en það er bara kveðið á um það með einu pennastriki að þetta sé landeigandans. Þetta hefði e.t.v. þurft að orða á varfærnislegri hátt þannig að hagsmunir ríkisvaldsins væru tryggðir. Í frv. sjáum við ekki nægjanlega skýr ákvæði um eignarréttinn á orku háhitasvæða. Þetta er flókin lagasetning og mjög brýnt að kveðið sé skýrt að orði. Við erum að tala um nýtingu mikilla auðlinda sem hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið og eru einnig fjárhagslega mikilvæg fyrir einstaklinga.

Í frv. eru ekki nægjanlega skýr lagafyrirmæli um hvernig meta eigi bætur vegna eignarnáms eða leyfisveitingar, þá er hugsanlegt að þar skapist bótaréttur sem kveði beinlínis á um að landeigendur eigi að fá afgjald fyrir. Orðalagið í frv. er ekki mjög nákvæmt og ekki er kveðið nægjanlega vel á um reglur til leyfisveitnga, leitar og rannsókna. Þau ákvæði eru reyndar í frv., það er samt nokkuð skilið eftir fyrir reglugerðarákvæði. Ég geri svo sem ekki mjög mikið úr þessu, þetta þarf náttúrlega að vera skýrt og augljóst þannig að menn viti að hverju þeir ganga. En vitaskuld verður að fela framkvæmdarvaldinu útfærslu á tilteknum þáttum. Meginlínurnar verða samt að vera ljósar í þeim mikilvægu þáttum, leit og rannsóknir, ég tala nú ekki um eftir að búið er að breyta nafni frv. og draga rannsóknir sérstaklega fram. Það setur enn meiri kröfur á vandaða lagasetningu hvað varðar rannsóknarþáttinn.

Umhverfismálin eru hluti af þessum þremur stóru ágreiningsmálum. Það hefði þurft að taka umhverfismat betur og meira inn í ákvæði frv. um nýtingu og rannsóknir en gert er í gildandi lögum. Það verður samt að segja alveg með fullri sanngirni að kveðið er sérstaklega á um það að þetta frv. eigi ekki að fela í sér minni kröfur gagnvart þessari löggjöf, náttúruverndarlöggjöf og umhverfislöggjöf, en það hefði þurft að skoða þessi mál meira í samhengi. Fyrir utan hinn pólitíska ágreining um eignarhaldið er líklega meginstoðin í gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga á frv. sú að ekki hafi verið litið nógu heilsteypt á málið.

Við stjórnarandstæðingar færum í málflutningi okkar og nál. rök fyrir okkar máli ekki bara hinum pólitíska ágreiningi, því að það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að pólitískur ágreiningur geti risið upp um mál og þá takast menn á um hann í atkvæðagreiðslum, eins og við munum vafalítið einhvern tíma gera um þetta mál eins og önnur. En við teljum — þó að ég hafi verið að hrósa hinni lógísku uppbyggingu á frv. áðan — að fjölmargt hefði þurft meiri skoðunar við. Við viljum tengja þessi frv. saman. Að því leytinu erum við sammála núv. ríkisstjórn um að líta á þrennuna, þ.e. frv. um þjóðlendur, frv. um eignarhald í jörðu og sveitarstjórnarfrv. sem eina heild. Að vísu er það ekki alveg rétt þó að ríkisstjórnarflokkarnir hafi kosið að tengja þau þrjú frv. saman pólitískt. Þjóðlendufrv. getur staðið sjálfstætt þó svo að einhverjar breytingar þyrfti að gera á því ef sveitarstjórnarfrv. næði ekki fram að ganga, tertusneiðafrv. Hins vegar gæti þetta frv. alveg beðið þó að hin tvö yrðu samþykkt og jafnvel þó að einungis þjóðlendufrv. yrði samþykkt. Við teljum að meginatriði þessa frv., hinn pólitíski ágreiningur um eignatilfærsluna til sérhagsmuna eða til hinna fáu á kostnað almannahagsmuna vera þess eðlis að þau hafi ekki hlotið nægjanlega umfjöllun á hinu háa Alþingi og alls ekki í þjóðfélaginu. Við erum þess fullviss að fólk hefur almennt ekki áttað sig á þeirri stefnumörkun sem hér er verið að leggja upp með. Það er þess vegna, herra forseti, sem nefndarmenn okkar leggja til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Við eigum nú ekki von á því að hæstv. ríkisstjórn sjái ljósið þótt við leggjum til að viðhöfð verði betri vinnubrögð. Við höfum svo sem lagt það til í fleiri málum en þeir hafa ekki fallist á það enn þá. En ef það verður ekki niðurstaðan að vísa þessu máli til frekari úrvinnslu og það komi aftur fram á haustdögum, þá munum við leggjast gegn nokkrum tillögugreinum í frv., þar á meðal 3. gr. og flytja brtt. við 3. umr. málsins.

Ég tel rétt, herra forseti, í tengslum við þetta frv. og í umræðum um það að gera nokkra grein fyrir stefnu okkar jafnaðarmanna í þessum efnum. Við höfum lagt fram frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu. Það mál, 304. mál þingsins, er í þinglegri afgreiðslu, ég held að það hljóti að vera í hinni ágætu iðnn., þ.e. frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu. Það hefur vafalítið verið skoðað ítarlega og rætt í hv. iðnn. en málið er flutt af þingflokki jafnaðarmanna og 1. flm. er formaður Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Þetta frv. er heilsteypt frv. um svipaða hluti og frv. ríkisstjórnarinnar fjallar um. Frv. er mjög ítarlegt og var unnið að hluta til af hálfu embættismanna í tíð síðustu ríkisstjórnar og jafnvel fyrr. Meginatriði í því frv. er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu. Það eru sem sagt svipuð markmið með því og í frv. ríkisstjórnarinnar, og kveðið er skýrt á um eignarrétt og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu, sem eru utan eignarlanda, afmarkaðra eignarlanda. Þetta er eitt af því sem okkur vantar eða ekki eru nægilega skýr ákvæði um í fyrra frv.

Einnig er tekið á, sem við gagnrýnum í þessu frv., eignarrétti ríkisins að jarðefnum sem ekki hafi verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nægjanlegu mæli. Það er sem sagt tekið á þessu vandamáli. Við kveðum upp úr um eignarrétt ríkisins til háhitaorku hvar sem er á landinu, þó þannig að þeir sem þegar hafa hafið nýtingu á þeirri orku haldi rétti sínum áfram. Þá er gert ráð fyrir að kveða á um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur verða fyrir vegna leyfisveitingar eða eignarnáms. Það er ekki sett upp eins og í frv. ríkisstjórnarinnar, að við eignarnám skuli koma fullt endurgjald fyrir auðlind í eigu landeiganda. Auðlindirnar eru afhentar landeigendum. Slíkt er ekki að finna í okkar frv. Vitaskuld á landeigandi að fá eðlilegar bætur fyrir það rask sem hann verður fyrir og eðlilegt afgjald fyrir sitt land, eða þá bætur ef um eignarnám er að ræða. Við teljum, og það er okkar grundvallarágreiningur, óeðlilegt að auðlindir í jörðu, sem menn hafa oft og tíðum ekki tök á að nýta nema af hálfu samfélagsins, skuli vera séreign einstakra landeigenda.

Í þessu frv. eru skýr ákvæði um vernd jarðhitasvæða, grunnvatns og ýmislegt fleira. Í frv. og í umræðu um það hefur saga þessa máls verið rakin. Hún er mjög athyglisverð. Þetta hefur verið gert að umtalsefni fyrr í umræðunni. Ég minnist ágætrar ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur í gærkvöldi þar sem hún ræddi ítarlega um þennan þátt málsins og rifjaði upp sögulega þætti þess.

Við jafnaðarmenn höfum ekki látið staðar numið. Við höfum lagt fram fleiri frv. sem tengjast þessu reyndar ekki nema að hluta til. Ég vil bara geta um það að við höfum lagt fram sérstakt frv. um virkjunarrétt fallvatna, sem vitaskuld er nátengt þessu þó að frv. fjalli um auðlindir í jörðu. Þar er kveðið á um að ríkið hafi umráða- og hagnýtingarrétt á orku allra vatnsfalla, utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti. Þar er tekið á auðlindum vatnsins, alveg eins og við tökum á auðlindum í jörðu niðri í frv. okkar. Málflutningur okkar í sambandi við auðlindanýtingu hefur verið með almannahagsmuni í huga.

Það er merkilegt, herra forseti, að ef við lítum aðeins til þeirra umsagna sem borist hafa um þetta frv., þ.e. frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald og auðlindir í jörðu, þá koma fram margar mjög gagnrýnar umsagnir. Þannig segir t.d. Alþýðusamband Íslands að þeir líti svo á að frv. eigi að vera hluti af lagaumhverfi um nýtingu og skiptingu afraksturs af náttúruauðlindum Íslendinga. Þeir leggja áherslu á að afnotarétti eða einkaeignarrétti, hvort heldur er að landsnytjum, landi eða náttúruauðlindum, séu sett eðlileg mörk. Þeir eru ósammála þeirri skoðun, og ég deili því sjónarmiði með Alþýðusambandinu, sem lýst er í grg. frv., að það kunni að orka tvímælis að setja almennar og rýmilegar skorður við einkaeignarrétti að auðlindum í jörðu á eignarlandi með tilliti til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Þetta er vitaskuld hálögfræðilegt atriði en skoðun mín og reyndar ýmissa annarra, og hægt að kalla til vitnis einhverja lögfræðinga, er að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verji ekki auðlindir á landareign sem menn hafa engin tök á að nýta. Um það hefur ekki verið ágreiningur hjá fjölmörgum sérfræðingum.

Meginatriðið hjá Alþýðusambandinu er samt að kveða á um eignarhald einstaklinga eins og gert er í frv. Þeir vísa til þess að það sé að nokkru leyti í ósamræmi við þjóðlendufrv. Ég er kannski ekki viss um það, þjóðlendufrv. kveður ekki á um annað en svæði sem eru utan eignarréttar. Það gengur hins vegar lengra, það fjallar um að taka auðlindir á einkaeignum og gera þær að séreignum landeigenda. Það er sú stefna sem við erum fyrst og fremst að mótmæla.

Frá Vegagerðinni kemur viss gagnrýni á nokkur af ákvæðum frv. Þeir vilja gjarnan að tillit sé tekið til þeirra varðandi 8. gr. frv. en á ákvæðum frv. og athugasemdunum við greinina kemur fram ákveðinn munur. Á þeirri grein er ekki tekið af meiri hluta nefndarinnar.

Vitaskuld á það að vera einn meginþátturinn í umfjöllun okkar um þetta mál að gæta náttúrusjónarmiða. Náttúruvernd ríkisins sendi vandaða umsögn um þetta mál. Þeir tala um að ný lög um eignarhald og rannsóknir á nýtingu á auðlindum í jörðu eigi að taka tillit til viðhorfa og aðstæðna nútímans, t.d. um sjálfbæra þróun, náttúruvernd og skynsamlega uppbyggingu. Niðurstaða þeirra, sem kemur fram í umsögn þeirra, er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Náttúruvernd ríkisins telur að ofangreint frumvarp uppfylli ekki þessi atriði. Frumvarpið stangast einnig á við veigamikil og mörg atriði í framkvæmdaáætlun umhvrn., Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, sem samþykkt var af ríkisstjórninni í febrúar 1997."

Hér vísað í það, herra forseti, að þetta frv. brjóti í bága við umhverfisstefnu núv. ríkisstjórnar. Sú umhverfisstefna hefur hingað til ekki þótt neitt sérstaklega framsækin, en hér er skýrt dregið fram að ríkisstjórnin gætir m.a.s. ekki að sinni eigin stefnu í umhverfismálum. Við höfum séð það á öðrum vettvangi að hún er nú ekki að leggja mikið upp úr umhverfismálunum, og e.t.v. stingur afstaða ríkisstjórnarinnar gagnvart Kyoto-samningnum mest í augu hvað þann þátt varðar.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að þarna sé hvergi talað um náttúruvernd eða skilgreind atriði sem lúta að verndun náttúru og umhverfis, heldur sé einungis talað með óljósum orðum um umhverfisvernd. Það er ekki nógu gott, herra forseti, að þessir þættir skuli fá svona gagnrýni af hálfu Náttúruverndar ríkisins. Við eigum að taka mark á því sem sagt er í umhverfis- og náttúruverndarmálum í tengslum við slíka stefnumótun. Þeir gagnrýna líka ýmis ákvæði frv. og ég tel víst að þeir hefðu mjög gjarnan viljað koma að endurbótum á frv. Þeir hefðu vafalítið stutt, hefðu þeir haft tök til þess, hugmyndir okkar stjórnarandstæðinga um að fresta þessu máli.

Einnig barst mjög vönduð umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur að brýnt sé orðið að endurskoða gildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu. Stofnunin mælir ekki með samþykkt þessa frv. nema á því verði gerðar verulegar breytingar sem taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í umhverfisvernd og fyrirliggjandi áætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi."

Hér er enn og aftur, herra forseti, sagt: Þessi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er ekki umhverfisvæn, brýtur í bága við náttúruvernd og er ekki einu sinni í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Þeir benda á að ekki sé tekið tillit til skuldbindinga sem felast í alþjóðlegum samningum um vernd umhverfis og Ísland hefur staðfest. Vitaskuld er ekkert hægt að ganga frá þessu máli fyrr en gengið er úr skugga um að frv. brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga. Það er vitaskuld svo alvarlegt, herra forseti, að það væri full ástæða til að skoða það sérstaklega milli 2. og 3. umr. ef menn fallast ekki á að fresta öllu málinu eins og við höfum lagt til.

Það er beinlínis vitnað í áætlun ríkisstjórnarinnar um

sjálfbæra þróun og skýrt dregið fram að sum ákvæði frv. séu í algjörri andstöðu við þá stefnu.

Fleiri hafa gagnrýnt frv. en ekki fundið hljómgrunn hjá meiri hluta iðnn. nema að hluta. Þannig eru ábendingar frá Landssambandi veiðifélaga sem hefur áhyggjur af sínum málum í tengslum við þetta frv. Einnig er hægt að benda á vandaða umsögn frá Hitaveitu Suðurnesja sem fjallar um nokkuð, sem e.t.v. er ekki gert nógu mikið að umtalsefni, að allt frv. ber vott um miðstýringu. Orkustofnun sem stjórnsýsluaðila fyrir hönd iðnrn. er gert mjög hátt undir höfði í þessu frv. Þeir hafa áhyggjur af þessu.

Hitaveita Suðurnesja er mjög öflugt og stórt fyrirtæki sem hefur haslað sér völl með ýmsar nýjungar í sambandi við nýtingu á auðlindum í jörðu. Þeir hafa áhyggjur af því að steinn verði lagður í götu þeirra í sambandi við nýtingu á auðlindum. Við eigum vitaskuld, herra forseti, að taka mark á því. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í umsögn þeirra en þeir gera efnislegar athugasemdir við fjölmargar af greinum frv. Mér sýnist ekki að þær hafi fengið nægjanlegan hljómgrunn í þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn leggur til, þó að hægt sé að benda á að nokkrum atriðum sé fundinn er staður í breytingartillögum.

Landfræðingar eru gagnrýnir eins og fleiri. Þeir segja að ekki sé gætt jafnvægis milli sjónarmiða umhverfisverndar og nýtingarsjónarmiða. Þeir telja að vanda þurfi til lagasetningar og segja einnig að of lítil umræða hafi farið fram um þetta mál. Það er e.t.v. meginatriðið í öllum þessum málum. Ríkisstjórnin er að knýja í gegn mjög mikilvæga og afdrifaríka löggjöf án þess að um það sé fjallað opinskátt í þjóðlífinu og umræðunni gefið það ráðrúm sem þarf til hér á hinu háa Alþingi. Það er satt að segja, herra forseti, með ólíkindum hvað ríkisstjórnin ætlar í krafti meiri hluta síns að knýja fram stór og mikilvæg mál, allt til gæslu sérhagsmuna.

Verkfræðingafélag Íslands hefur einnig áhyggjur af þessu mikla valdi Orkustofnunar án þess að þeir gagnrýni hana sérstaklega. Hún nýtur trausts og virðingar eins og þeir segja. En þeir segja að þetta fyrirkomulag með hina sterku stöðu Orkustofnunar samrýmist hvorki góðum stjórnsýsluvenjum né almennum samkeppnissjónarmiðum. Þetta segir Verkfræðingafélag Íslands, aðilar sem við eigum að taka mark á.

Herra forseti. Þegar maður fer yfir þessar umsagnir þá hafa þær nokkur einkenni. Þær eru vandaðar. Menn hafa lagt sig fram við það að búa til vandaðar umsagnir. Verkfræðingarnir t.d. fara yfir alla kafla frv. og koma með athugasemdir. Tekið er tillit til sárafárra þeirra í áliti meiri hluta nefndarinnar. Eitthvað er þó tekið upp en ekkert í meginatriðum. En þetta staðfestir það sjónarmið okkar að málið hefði þurft að skoða betur og gefa því ráðrúm, eins og við höfum lagt til, með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Best væri nú að öll málin, þessi þrenna, væru geymd fram á haustið og menn færu að finna þingstörfum einhvern annan farveg en nú.

Meginatriði í þessu máli er samt sem áður, herra forseti, að það er pólitískur ágreiningur um stefnuna. Við stjórnarandstæðingar erum andsnúnir þeirri pólitísku stefnu sem kemur fram hér hjá ríkisstjórninni. Við drögum fram þá þrjá þætti, að hér er verið að afhenda fáum stórkostleg verðmæti sem ættu að vera í sameign þjóðarinnar, þ.e. auðlindir í jörðu. Í öðru lagi er ekki tekið á umhverfis- og náttúruvernd eins og þyrfti að vera í þessari heildarlöggjöf. Og í þriðja lagi er ekki kveðið á um eðlilegt og sanngjarnt afgjald fyrir þær sameignir þjóðarinnar sem fólgnar eru í auðlindum í jörðu. Öll þessi atriði, herra forseti, eru það veigamikil að við getum ekki á nokkurn máta stutt þessa stefnu og munum berjast gegn henni af alefli.

[16:17]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er komið til 2. umr. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu hefur fengið umfjöllun í hv. iðnn. sem skilar til þingsins áliti í tveimur hlutum. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að frsm. iðnn., hv. þm. Stefán Guðmundsson, verði viðstaddur og hlýði á mál mitt fyrir utan hæstv. iðnrh. sem ánægjulegt er að sjá viðstaddan umræðuna.

(**Forseti** (GÁ): Forseti sér að hv. þm. Stefán Guðmundsson er í húsinu og skal gera honum boð.)

Ég þakka fyrir það, virðulegur forseti.

Í þeim álitsgerðum sem fyrir liggja kemur fram að nokkrar breytingar eru lagðar til við frv. frá þeim búningi sem það var í við 1. umr. og eru það sumpart breytingar sem nefndin stendur að sameiginlega — nei, það mun vera meiri hluti sem stendur að breytingunum sem slíkum en minni hluti leggur fram sérstakt nefndarálit. Ég lýsi yfir stuðningi við þau meginsjónarmið sem fram koma í nefndaráliti minni hluta iðnn. þar sem dregin eru fram nokkur áhersluatriði sem varða mál þetta um leið og ég minni á ræðu sem ég flutti við 1. umr. málsins þar sem ég vék að hinum stóru pólitísku þáttum sem snerta málið og eru með þeim allra stærstu sem fram hafa komið fyrir Alþingi um mjög langt skeið. Hér er verið að taka frá þjóðinni og færa til einkaaðila hugsanleg auðæfi sem tengjast eignarrétti manna á yfirborði lands. Framsfl. stendur að þessari eignatilfærslu sem frumkvæðisaðili, færir réttindi yfir auðlindum sem enginn hefur átt frá örófi alda, frá því Ísland byggðist, til einkaaðila. Þetta frv. eins og það lítur út við 2. umr. málsins komið frá nefnd, er því veruleg pólitísk tíðindi og nauðsynlegt að fara yfir þau efni ásamt einstökum efnisþáttum málsins.

Hvernig stendur á því, virðulegur forseti, að flokkur sem kallar sig miðjuflokk í íslenskum stjórnmálum og stundum til vinstri skuli leggja fyrir Alþingi frv. til laga sem færir rétt og eignarhald yfir hugsanlegum auðlindum í jörðu til einkaaðila, þvert gegn sjónarmiðum sem hafa legið fyrir um þetta mál frá forustumönnum í sama flokki fyrir fáum árum og nokkrum áratugum, ekki aðeins stjórnmálaleiðtogum Framsfl. heldur fræðimönnum á sviði laga og stjórnarskrárréttar eins og ég vék að við 1. umr. málsins? Það hefði kannski ekki sætt tíðindum svo mikið, virðulegur forseti, ef hluti Framsfl. hefði borið fram slíkt mál, sá hluti flokksins sem slóst í lið með núverandi formanni óbeint til stuðnings við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði sem er gjörningur sem tengist þessu máli náið. Það hefðu ekki verið mikil tíðindi. En það eru tíðindi að þeir sem innan Framsfl. beittu sér hart á móti stuðningi flokksins við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að þingmaður eins og hv. frsm. meiri hluta iðnn., hv. þm. Stefán Guðmundsson, skuli ætla að gera það eitt af sínum síðari verkum hér á þinginu, ef marka má yfirlýsingar hv. þm. um að hann ætli að kveðja Alþingi við lok þessa kjörtímabils, skuli ætla að láta það verða eitt af sínum síðustu ábyrgðarmiklu verkum að afhenda landeigendum, þeim sem teljast eigendur yfirborðs lands, allar auðlindir sem undir því eru, að sá þingmaður, virðulegur forseti, sem ásamt sjö öðrum í þingflokki Framsfl. sem höfðu þar nauman meiri hluta gegn því að lögfesta samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, og að þeir þingmenn skuli nú

einnig gengnir undir þetta jarðarmen með hæstv. ráðherra, þingmanninum Finni Ingólfssyni sem sannarlega var í sveit með varaformanni Framsfl., nú formanni, árið 1993 þegar atkvæði voru greidd á Alþingi um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þetta segir okkur, virðulegur forseti, að sá hluti Framsfl. sem segja má að hafi haldið áttum fram á þennan áratug undir forustu þáv. formanns, Steingríms Hermannssonar, hefur nú látið beygja sig (**StG:** Nei.) með jafnákvarðandi hætti og frv. þetta ber með sér og er ekki að sjá hið minnsta andóf gegn hinum íhaldssömustu einkaeignarréttarlegu sjónarmiðum sem fram eru borin með þessu frv. Ekkert viðnám, virðulegur forseti, er að sjá lengur í forustu þessa miðjuflokks sem stundum hefur reynt að höfða til vinstri sjónarmiða, einnig að því er varðar landsréttindi og eignarréttindi þannig að honum er nú komið eins og raun ber vitni. Það hljóta, virðulegur forseti, að vera þung spor fyrir hv. formann iðnn. Alþingis, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að mæla fyrir þessum málum hér og gerast boðberi þeirra sjónarmiða hér í þinginu sem hæstv. iðnrh. hefur knúið fram í ríkisstjórn, kannski ekki með mikilli fyrirstöðu af hálfu Sjálfstfl., ég á svo sem ekki von á því, en hlaðið þar undir sjónarmið sem ekki er út af fyrir sig óeðlilegt að sé að finna hjá hægri flokki þó að einnig þar, einnig í þeim flokki, hafi fyrir nokkrum áratugum síðan verið uppi allt önnur sjónarmið og víðsýnni að því er þessi efni snertir.

Hæstv. iðnrh. reyndi við 1. umr. málsins í þinginu að afsaka þessa stefnu sína og Framsfl. með því að vísa til breytinga í réttarfarslegu tilliti og tæknilegum efnum. Þar var veik vörn uppi höfð og sannfæringin vissulega ekki mikil fyrir því, enda verður sú stefnubreyting sem orðið hefur frá tíma Ólafs Jóhannessonar og Steingríms Hermannssonar ekki skýrð öðruvísi en sem huglæg breyting í forustusveit Framsfl. þar sem menn hafa lotið, hafa beygt sig, fyrir þröngum eignarréttarlegum sjónarmiðum og reyna að verja gjörðir sínar með vísan í eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, eignarréttarákvæðin sem svo voru metin af forustumönnum Framsfl. og meira að segja Sjálfstfl. fyrr á þessari öld að hv. þm. Ólafur Jóhannesson — fyrir ekki svo mjög löngu síðan því hv. þm. Ólafur Jóhannesson sat á Alþingi fram til 1982–1983 og átti þá skammt ólifað en hélt fast við fyrri sjónarmið um þessi efni — studdi þann sem hér talar þegar lagt var fram stjórnarfrv. árið 1982 um jarðhitaréttindi þar sem sú stefna var mörkuð að allur jarðhiti í jörðu undir 100 metra dýptarlínu skuli lýstur þjóðareign. Síðan eru þó ekki liðin nema 16 ár, virðulegur forseti. Og við hljótum að spyrja: Í hvaða kistu er forusta Framsfl. að sækja rök fyrir þessu máli? Þau eru sótt í kistu íhaldssamra, þröngra lögfræðilegra sjónarmiða og túlkana sem eru höll undir þröng einkaeignarréttarsjónarmið þar sem vottar ekki fyrir vilja að láta reyna á heilbrigða skynsemi sem að sjálfsögðu talar gegn þeirri stefnu sem hér er fram borin, þ.e. að afhenda einstaklingum eignar- og umráðarétt yfir auðlindum í jörðu svo djúpt sem komist verður, fræðilega allt inn að miðbiki jarðar, eins og hér er gert.

Virðulegur forseti. Málið hefur mjög margar hliðar og í er í raun og veru enn þá vandræðalegra vegna þess fyrir þá sem bera málið fram að hluti þeirra auðlinda sem verið er að afhenda, setja undir einkaeignarrétt, er ekki bundinn í tíma eða rúmi við þá landareign sem á að miða við vegna þess að auðlindin er á hreyfingu og nýting hennar getur haft áhrif langt út fyrir viðkomandi landareign sem um er að ræða. Ég ætla að biðja hv. frsm. iðnn., virðulegur forseti, sem hefur forsjá málsins af hálfu meiri hlutans við umræðuna að skýra fyrir okkur hvernig menn geta farið að afhenda auðlind eins og jarðhita til nýtingar innan tiltekinna marka þegar ljóst er að nýtingin getur haft víðtæk áhrif á nýtingu grannans á sömu auðlind? Hvaða skýringar eru hafðar uppi í sambandi við þennan grannarétt, hvernig skal með farið, hvernig eiga dómstólar að dæma í slíkum málum? Fróðlegt er að fá útlistanir á því en einmitt þetta er eitt af því sem knúið hefur á um að skera úr um umráðarétt auðlindar eins og jarðhita, m.a. vegna hagnýtingar strax, þegar vegna rannsókna og síðar hagnýtingar, vegna þeirra gagnkvæmu áhrifa sem þarna er um að ræða. Það er vel að hæstv. ráðherra leggi einnig eitthvað til þessara mála og leiti sér upplýsingar um það hvernig ætlunin sé að halda á slíkum hagsmunum sem um er að ræða.

Önnur auðlind sem er verið að fella undir einkaeignarrétt, og er ekki síður sögulegt en varðandi jarðhitann, er grunnvatn í jörðu. Hv. þm. Stefán Guðmundsson ber fram meirihlutaálit sem á að innsigla að grunnvatn í jörðu falli undir einkaeign landeiganda. Hér er komin breytingartillaga, virðulegur forseti, við frv. sem snertir þennan þátt málsins, við 2. gr., 6. mgr., þar sem tekin er upp skilgreining á grunnvatni í stað þess sem var að finna í 6. gr., virðulegur forseti, en við 2. gr. þar sem um var að ræða skilgreiningu á grunnvatni en samkvæmt frv. var hún svofelld, með leyfi forseta:

„Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.“

Hér hefur hæstv. iðnrh. lagst undir feld til þess að skilgreina hugtakið grunnvatn en ekki tekist betur til en svo að það hefur þurft að endurskilgreina hugtakið og hv. talsmaður meiri hluta, formaður iðnn. hefur lagt þar sitt af mörkum og hér kemur breytingartillaga á skilgreiningu á grunnvatni sem er rétt að fara yfir og sem ég sé að sótt er í umsögn Verkfræðingafélags Íslands sem hefur skotið til nefndarinnar gamalli grein sem er tekin upp til að lögleiða. Skilgreiningin samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans er svofelld:

„Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.“

Það liggur við að þetta sé ljóðrænn texti öðrum þræði þar sem vitnað er til kyrrstæðs eða rennandi vatns, en sitthvað annað höfðar nokkuð til eðlisfræðilegs skilnings og yfirsýnar. Mér er einnig nokkur ráðgáta tilvísunarfornafnið „þess“ í lok skilgreiningar sökum þess, virðulegur forseti, að ekki verður með öllu ljóst til hvers vísað er. En ég treysti því að hv. formaður iðnn. komi upp og leysi úr gátunni, fari vandlega yfir þessa skilgreiningu og greini okkur fávísum þingmönnum, hugsanlega fleirum en hér stendur, frá því hvernig þessi texti er hugsaður þannig að okkur verði það sem ljósast. Ég vefengi ekki, virðulegur forseti, að sá fróðleikur sem er sóttur í umsögn Verkfræðingafélags Íslands þangað sem mér sýnist að textinn sé sóttur byggi á traustum eðlisfræðilegum grunni en það gæti vafist fyrir stöku manni, t.d. búandkarli að átta sig á hvers eðlis þessi auðlind í landareign hans er eftir að hafa farið yfir þennan texta. Virðulegur

forseti er einmitt nú um stundir, sýnist mér, að reyna að lesa í málið og er það vissulega vel ef hæstv. forseti gæti gefið leiðbeiningar, jafnvel utan forsetastóls, um það hvernig beri að skilja þessa skilgreiningu hinum dýpsta skilgreiningi svo sem vera ber. (**LB:** Fara yfir þetta vísindalega.)

Virðulegur forseti. Varðandi grunnvatnið, vill svo til að það er ekki alltaf kyrrstætt eins og kemur fram í skilgreiningunni. Það er stundum rennandi og hér blasir við hliðstæður vandi eins og með jarðhitann og kannski enn frekar, virðulegur forseti. Hvernig á að skilgreina grannahagsmunina í þessu máli? Hvað eiga dómstólar að leggja til grundvallar ef dæma á í álitaefnum að því er varðar nýtingu grunnvatns á mismunandi landareignum þar sem grunnvatnsstraumar færa sannarlega vatn á milli? Ég treysti því, virðulegur forseti, að við umræðuna muni hv. frsm. meiri hlutans gera okkur glögga grein fyrir því út frá hvaða forsendum eigi að dæma í slíkum álitaefnum, leiti menn til dómstóla og í rauninni að greina okkur frá rökvísinni að baki þeirri speki að fella grunnvatn í jörðu undir einkaeignarrétt því ég held að mönnum muni þykja það jafnvel enn þá langsóttara út frá heilbrigðri skynsemi en það að færa jarðhita undir einkaeignarrétt þess sem ræður yfirborði lands eða telst eigandi að yfirborði lands því að jarðhiti er sumpart síður á ferðinni, flytur sig kannski ekki til með alveg sama hætti þótt það gerist að sjálfsögðu einnig að hann færist til, t.d. lághitinn sem streymir um langa vegu og er alveg nauðsynlegt að talsmenn þeirrar löggjafar sem hér á að setja, ef meiri hlutinn nær sínu fram, skýri út frá hvaða forsendum þar er gengið.

Virðulegur forseti. Hér er ekkert smámál á ferðinni. Hér er um að ræða grundvallaratriði sem verður að skýra við meðferð málsins hvernig í ósköpunum menn komast að því að skynsamlegt sé að setja auðlindir sem eru á ferðinni, rennandi eins og grunnvatnið eða flytjast til og hafa tekið varma úr bergi langt frá þeim stað þar sem viðkomandi auðlind kann að verða nýtt, á yfirborði jarðar eða undir, í samhengi þessa frv. undir yfirborði. Ég geri ráð fyrir að hv. formaður iðnn. sé vafalaust orðinn afar vís í þessum málum, hefur fylgt frv. um þessi efni eftir í iðnn. um langa hríð. Gott ef sá sem hér talar, virðulegur forseti, átti ekki samneyti við formann iðnn. á sínum tíma, einmitt þar í nefnd á sama tíma. Mig rekur minni til þess, virðulegur forseti, (**StG:** Svo fór hann úr nefndinni og hvíldi sig um stund.) og hvíldi sig um stund, segir þingmaðurinn en hefur nú safnað kröftum á ný og gengið undir jarðarmen hins fyrrum minni hluta í Framsfl. og beygt sig undir meiri hlutann og ber fram þetta afdrifaríka mál hér. Hv. þm. þekkir því vafalaust allar eigindir þeirra auðlinda sem hér um ræðir, m.a. jarðhitann sem flyst til um langa vegu, vatn sem hefur náð að taka til sín varma úr bergi marga kílómetra, hundruð kílómetra frá þeim stað þar sem viðkomandi jarðvarmi er af því tekinn og við treystum því að hv. þm. varpi ljósi á þankagang sinn um þetta og þá lögspeki og þau sjónarmið sem liggja að baki því að fella slíka almannaauðlind í raun undir einkaeignarrétt.

Virðulegur forseti. Það er margt sérkennilegt í þessu máli og ekki hefur allt þar færst til skýrari vegar frá 1. umr. að málið var fram lagt og er nú borið fram af hálfu hv. meiri hluta iðnn. Ein er sú grein sem þar er að finna sem hefur verið aukið við samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar og varðar nýja grein sem er bætt við frv., 33. gr. þar sem inn komi ný grein svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis."

Svo mörg eru þau orð, hið nýja lagaboð sem hv. þm. Stefán Guðmundsson leggur fyrir þingið. Meiri hlutinn hefur greinilega lagst ekki síður djúpt í málið en þegar kom til skilgreiningar á grunnvatni. Nú kemur upp, virðulegur forseti, efni sem ég treysti hv. þm. Stefáni Guðmundssyni til að skýra fyrir þingheimi við umræðuna. Hvernig ber að skilja þennan texta sem uppi er hafður?

Fyrir fávísa menn eins og þann sem hér talar er þetta nokkuð torráðið og nauðsynlegt að ekkert fari milli mála. Í nál. meiri hlutans er síðan skýring á þessu snjallræði því vart er nú hægt að kalla það annað en snjallræði, a.m.k. mjög frumlegt mál, að færa inn í frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, örverur sem vinna má á jarðhitasvæðum, þ.e. örverufræðilega einingu myndaða af frumum eður ei. Skýringu meiri hlutans á því að taka þetta inn í málið er að finna í nefndarálitinu. Það sem um er að ræða, virðulegur forseti, er hvorki meira né minna, ef ég má vitna hér til texta í áliti meiri hlutans þar sem segir:

„Brýna nauðsyn ber til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tekur þó nokkurn tíma. Því er hér lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frumvarpið byggir á við rannsóknir og nýtingu fellur vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum felst."

Herra forseti. Ég vek athygli á hinni snjöllu röksemdafærslu sem hér er að finna í texta meiri hlutans. Hér er bent á að ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum falli vel að þeirri aðferðafræði sem frv. byggir á við rannsóknir og nýtingu. Það hljóta að vakna spurningar um það, virðulegur forseti, hvers vegna ekki var leitað víðar fanga til að nýta það samhengi sem felst í þessu frv. Það hlýtur að vera fleira en hinar örverufræðilegu einingar sem mætti fella undir hugmyndafræði þessa frv.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hátæknivæddur líftækniiðnaður byggir tilurð sína á rannsóknum á þessum örsmáu lífverum. Lyf og efnahvatar sem notaðir eru í iðnaði eru gott dæmi um verðmætar afurðir þessa nýja atvinnuvegar. Aðalhráefni líftækniiðnaðarins eru þó ekki genin sjálf, sem efnislegir þættir lífveranna, heldur þær upplýsingar sem þau bera í sér."

Virðulegur forseti. Þetta er að verða guðfræðilegur texti sem meiri hluti hv. iðnn. ber fram. Hann tengist reyndar líka gömlum spurningum um grundvallarsannindi, um hænuna og eggið. Hvort kom á undan? Hér segir að aðahráefnið sé ekki genin sjálf heldur þær upplýsingar sem þau bera í sér. Þá spyr ég hv. formann iðnn.: Ber að skilja þetta þannig að genin sem vísað er til séu ekki verðmæt í sjálfu sér heldur upplýsingarnar? Eru upplýsingarnar ekki það nátengdar genunum að genin séu í raun forsenda þeirra verðmæta sem á að nýta í þessu samhengi? Það er mjög þýðingarmikið að skýring á þessu atriði komi fram. Ég treysti því að hv.

þm. Stefáni Guðmundssyni verði ekki skotaskuld úr því að upplýsa okkur um þetta álitaefni.

Enn fremur segir, virðulegur forseti:

„Hveralífverur eru ein af eftirsóttustu uppsprettum líftækniiðnaðarins fyrir hagnýt gen. Ástæðan er sú að þeir eiginleikar sem hveralífverur hafa þróað og gera þeim kleift að lifa og starfa við háan hita í harkalegu umhverfi hveranna eru þeir sömu og sóst er eftir til nota í iðnaði."

Þetta er frumlega til orða tekið, virðulegur forseti, að tala um hið harkalega umhverfi hveranna. Síðan kemur þessi staðhæfing, virðulegur forseti:

„Ísland sem heild er stærsta og fjölbreytilegasta hverasvæði veraldar og því sækja erlendir vísindamenn og fyrirtæki hingað til að afla efniviðar í rannsóknir sínar og fer þessi ásókn vaxandi."

Ég spyr hv. þm. og frsm. meiri hlutans að því hvaða dæmi menn hafi um þessa miklu ásókn, sem hlýtur að vera tilefni þess að færa þessa nýju grein af skyndingu inn í frv. Það hljóta að vera mjög gild rök fyrir því. Ég vil ekki hafna neinu fyrir fram um þessa miklu ásókn. Varðandi þá staðhæfingu sem hér er sett fram geri ég ráð fyrir að hún byggi einnig á mati þar sem segir að Ísland sem heild sé stærsta og fjölbreytilegasta hverasvæði veraldar. Nú kann það að vera rétt, virðulegur forseti, að svo sé en ég hefði viljað skyggnast nokkuð vítt um áður en ég setti þetta á blað. Ég spyr hv. þm.: Hvaðan er þessi staðhæfing er runnin? Hafa menn litið til annarra jarðhitasvæða áður en þetta var sett inn í nefndarálit, t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku eins og Yellowstone Park svo dæmi séu tekin, eða til Nýja-Sjálands? Það er sjálfsagt mál að halda því til haga sem má til fremdar verða Íslandi og vissulega er jarðhitinn ein af okkar gildu og mikilvægu auðlindum en ekki finnst mér að við þurfum að fara í meting við aðra sem einnig eiga slíkar auðlindir eins og hér er sett fram.

Það er miklu lengri texti, virðulegur forseti, sem fylgir skýringum meiri hluta iðnn. varðandi þetta nýmæli. Segja má að þetta sé kjarninn í nefndarálitinu sem snertir hitakærar örverur. Þar er einnig reynt að rökstyðja þá stefnu sem tekin er upp í þessa grein, að setja á forræði iðnrh., að veita leyfi til rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum til iðnaðarframleiðslu, á sama hátt og varðandi aðrar auðlindir sem hér eru settar undir hann.

Hér er einnig, virðulegur forseti, vikið að Ríó-sáttmálanum í þessu samhengi. Það er gert sem hér segir:

„Ríó-sáttmálinn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem Ísland hefur staðfest, ber það með sér að viðurkennt er að þau verðmæti sem finna má í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Ekki hafa verið sett lög á Íslandi sem hafa beinlínis þann tilgang að tryggja markmið Ríó-sáttmálans að þessu leyti eins og gert hefur verið í sumum öðrum löndum. Hér er því lagt til að bætt verði úr brýnni þörf og rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum verði felldar undir meginefni frumvarpsins í ljósi þess að heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta skortir."

Af þessu tilefni, virðulegur forseti, vil ég spyrja að því hvort byrjað sé að semja þá löggjöf sem hér er vísað til og með rétti sagt að það skorti á að setja slíka löggjöf. Ég vil einnig, virðulegur forseti, inna eftir því hvort fjallað hafi verið um það í hv. iðnn. hvers efnis slík löggjöf þyrfti að vera. Hitt er þó e.t.v. enn nærtækara, virðulegur forseti, að spyrja hvers vegna ekki hafi verið litið til þess að færa þetta efni inn í annað samhengi en gert er með þessu frv. Ég vek á því athygli, virðulegur forseti, að fyrir þinginu liggur 686. mál, frv. til laga um breytingar á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu, ásamt síðari breytingum. Í 3. gr. þess frv. sem ætlað er að verða 14. mgr. 15. gr. viðkomandi laga segir svo, með leyfi forseta:

„Náttúrugripi, þar með taldar örverur sem uppruna eiga á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra, má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni."

Þetta frv. hefur ekki verið rætt í þinginu. Hvað veldur því, virðulegur forseti, að þetta frv. sem tengist því brýna máli að tryggja réttindi Íslands að því er varðar hitakærar örverur skuli ekki hafa verið tekið til meðferðar í þinginu? Hvers vegna er ekki fjallað um þetta mál af því samhengi og þeirri yfirsýn sem því ber? Með þessu er ég ekki að segja að það hafi verið sjálfgert að þau ákvæði sem hér er verið að fjalla um yrðu felld undir Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég held þó að það hlyti að hafa komið til álita að hverfa að því ráði, að setja málið undir þá stofnun sem er ætluð margs konar varsla á upplýsingum. Hér er greinilega stefnt að því að skilgreina hitakærar örverur sem náttúrugripi sem falli undir skilgreiningar laga um Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegur forseti, að til er heildarlöggjöf um erfðabreyttar lífverur sem fjallar um náskyld efni og beinlínis um þær rannsóknir á hitakærum örverum sem hér er verið að vísa til sem lágu raunar ljóst fyrir þegar sú löggjöf var sett fyrir nokkrum árum eftir mikla yfirlegu af umhvn. þingsins sem gerði miklar endurbætur á því frv. sem til nefndarinnar var vísað um þetta efni. Í frv. er einmitt vakin athygli á því að rannsóknir á hitakærum örverum séu það sem kannski einna mest snerti erfðafræðilegar rannsóknir hérlendis til hagnýtingar og hefði því vissulega komið til álita, virðulegur forseti, að tengja málsmeðferð að þessu leyti frekar þeirri löggjöf en að bregða á það ráð meiri hlutans hér að setja þetta undir eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu því ekki þarf alltaf djúpt að kafa eftir þeim lífverum sem hér er um að ræða og greinilegur ótti er um að þessum upplýsingum og þessum lífverum með þeim upplýsingum sem erfðaefni þeirra geta gefið verði hnuplað af óvönduðum aðilum sem þurfi ekki mikið á sig að leggja til að nálgast það.

Virðulegur forseti. Þetta leiðir hugann að því sem vissulega er nauðsynlegt að hafa í huga, þ.e. ásókn þeirra sem yfir fjármagni ráða og eru að vinna úr líffræðilegum upplýsingum til að koma höndum yfir lífverur, einnig þær sem stærri teljast en hitakærar örverur og fá á þeim einkaleyfi. Þetta er að verða undirstaða undir rannsóknir og framleiðslu, a.m.k. framleiðsluvonir, fjölþjóðafyrirtækja víða um lönd sem eru að kemba lífheiminn, ekki síst í hinum svokallaða þriðja heimi, til að koma höndum yfir þær lífverur sem gætu orðið arðvænlegar í sambandi við líftækniiðnað og fá á þeim einkaleyfi, ekki aðeins á erfðavísum úr slíkum lífverum heldur beinlínis lífverunum sjálfum. Sýnir það okkur hversu langt er gengið í þessum efnum. Þess vegna vil ég alls ekki, virðulegur forseti, gera lítið úr nauðsyn þess að taka á því máli sem hér um ræðir. Það er langt frá því. Hins vegar er ekki þjóðráð að mínu mati að tengja það þessu, a.m.k. ekki að lítt athuguðu máli, þegar fyrir þinginu liggur frv. sem tekur einnig á sama máli í svipuðu samhengi og við höfum hér

einnig löggjöf um erfðabreyttar lífverur sem tengist þessu einnig náið.

Virðulegur forseti. Nauðsynlegt er að víkja hér að mörgum fleiri þáttum sem tengjast þessu. Ég vil þó áður en ég kveð hitakærar örverur og sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni sem vísað er til í nál. meiri hluta iðnn., vísa til þskj. 1169. Það er svar við fyrirspurn sem sá sem hér talar bar fram til hæstv. umhvrh. um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Í því svari kemur fram að ekki hefur ýkja mikið verið aðhafst í því að vinna úr því stóra máli af Íslands hálfu og er sannarlega vægt til orða tekið um það efni í nál. meiri hluta iðnn. Er illt til þess að vita hversu lítið menn gefa gaum að jafnmikilvægu máli og þar er um að ræða, verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Segja má að hér á landi séum við að aðhafast margt það sem kveðið er á um í samningnum og ganga gegn ákvæðum hans. Ég ætla ekki hér að fara út í þá sálma, virðulegur forseti, þótt ástæða gæti verið til.

*Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því að fyrir utan* hina pólitísku meginstefnu þessa frv. er margt sem tengist frv. sem illa hefur til tekist og ekki síst það sem snertir umhverfismál og samhengi þessa frv. við umhverfisvernd. Um það er að finna marga þætti í umsögnum sem fylgja frv. og verður ekki vikið að nema fáu í því samhengi. Þar er að finna umsagnir frá opinberum stofnunum sem heyra undir umhvrn. og hafa leyft sér að vekja rækilega athygli á því hversu illa hefur til tekist í þessum efnum af hálfu þeirra sem smíða þetta frv. Menn verða að taka það með í reikninginn að sú löggjöf sem hér er verið að móta er samansett og undirbúin eftir að umhvrn. var sett á stofn. Það var ekki tilfellið þegar við alþýðubandalagsmenn beittum okkur fyrir því að móta frumvörp um auðlindir í jörðu á sínum tíma. Þá höfðum við ekkert umhvrn. við að styðjast og vissulega bera mál sem við höfum fram borið nokkur merki þess að þau eru undirbúin nærri áratug áður en umhvrn. var sett á laggirnar. En nú höfum við sem betur fer slíkt ráðuneyti og þá þarf að sjálfsögðu að móta löggjöf um svo stóra þætti með fullri hliðsjón af lögum um umhverfisvernd og tilvist umhvrn.

Virðulegur forseti. Hér hef ég undir höndum umsögn um þetta frv. frá umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga sem hefur sent iðnn. mjög rækilega og vandaða umsögn um þetta efni, þar sem sérstaklega er tekið á umhverfisþáttunum. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á fáeinum athugasemdum sem þar koma fram við einstaka greinar frv. Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga segir t.d. um 1. gr., með leyfi forseta:

„Nefndin gerir að tillögu sinni að texti þessarar greinar verði endurskoðaður. Í greininni þarf að vísa til þess að önnur lög geti gilt um þessar auðlindir, og er þá átt við umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf."

Og um 4. gr. segja sömu aðilar, með leyfi forseta:

„Vegna efnis greinarinnar vill nefndin koma eftirfarandi skoðunum sínum á framfæri:

a. Þó iðnaðarráðherra sé heimilt að láta rannsaka og leita að auðlindum, þá sér nefndin ekki rök fyrir því að það leyfi eigi að ná til alls landsins. Þannig fær nefndin ekki séð nauðsyn þess að friðlýst svæði, þjóðgarðar og náttúruvætti t.d. séu undir sömu ákvæði seld og annað land. Svæði eru friðlýst vegna þess að þau eru einstök á einhvern hátt og þar með verðmæt og það verðmæti hefur væntanlega ekki verið talið felast í hugsanlegri námavinnslu.

b. Nefndin leggur ríka áherslu á að settir verði staðlar og reglur og að gerðar verði skýrar kröfur til þeirra sem að fá leyfi til rannsókna samkvæmt þessum lögum. Slíkar reglur þurfa að kveða á um færni, menntun og þekkingu þeirra sem að rannsókninni starfa, umgengni, umfang rannsóknanna og frágang.

c. Ekki getur talist nægjanlegt að Orkustofnun verði eingöngu gerð grein fyrir áætlunum rannsóknaraðila. Skilyrðislaust ætti einnig að gera Náttúrufræðistofnun slíka grein fyrir framkvæmdum og einnig Náttúruvernd ríkisins. Náttúrufræðistofnun er yfirstofnun allra náttúrufræðilegra grunnrannsókna á landinu og Náttúruvernd ríkisins hefur [lögum] samkvæmt með höndum eftirlits- og umsagnarhlutverk sem ekki er hægt að hunsa."

Þetta, virðulegur forseti, eru mjög gildar ábendingar sem hér eru fram settar og þess sjást ekki merki að meiri hluti nefndarinnar hafi tekið þær til sín og gert þær breytingar sem gera þyrfti á frv. í þessu samhengi.

Um 8. gr. segir sami umsagnaraðili:

„Vegna ákvæða þessarar greinar, þá bendir umhverfisnefnd FÍN á að þessi grein lagafrumvarpsins gengur þvert gegn ýmsum gildandi lögum og reglugerðum. Nýting jarðefna getur fallið undir náttúruverndarlöggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum og aðra slíka löggjöf. Þá gæti greinin óbreytt stuðlað að enn frekari fjölgun smánáma um land allt þar sem ekkert er kveðið á um eftirlit. Þær eru nú þegar mikið vandamál eins og fram kemur í skýrslum sem teknar hafa verið saman af Náttúruverndarráði, nú Náttúruvernd ríkisins. Það fæst heldur ekki séð að frumvarpshöfundar hafi haft skýrslu umhverfisráðherra, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, til hliðsjónar við samningu þess."

Þetta segir um 8. gr. En, virðulegur forseti, það er ástæða til að vitna til greinarinnar eins og hún liggur fyrir. Hún er svohljóðandi og enga brtt. er að finna við viðkomandi grein:

„Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand."

Þetta er greinin. Það er margt hér upp talið. Það átti greinilega sem fæstu þar undan að skjóta. Í þessu samhengi ber að athuga þá umsögn sem umhverfisnefnd Félags íslenskra *náttúrufræðinga lætur frá sér fara.*

Ég vek einmitt athygli á því, virðulegur forseti, hversu ófullkomin gildandi náttúruverndarlöggjöf er varðandi verndun lands fyrir malarnámi eða efnistöku almennt séð og að fyrir þinginu hefur legið nú árum saman tillaga í frumarpsformi um breytingu á lögum um náttúruvernd, ákvæði sem eiga að bæta úr þessari brýnu þörf, þ.e. að ganga öðruvísi og tryggilegar, svo vægt sé til orða tekið, frá ákvæðum um efnistöku hvers konar. Það kann ekki lukku að stýra með náttúruverndarlöggjöfina, jafnófullkomin og götótt og hún er — hún er í raun engin verndarlöggjöf sem hægt er að nefna því nafni þótt ákvæði sé að finna í lögum um náttúruvernd — að til viðbótar skuli nú koma grein eins og 8. gr. þessa frv. um jarðefni með þeim víðtæku ákvæðum sem þar er að finna, heimildum til að rannsaka og hagnýta á eignarlandi allt það sem upp er talið í greininni, án leyfis. — Getur það verið, virðulegur forseti, að við höfum tapað framsögumanni meiri hluta iðnn. og iðnrh. báðum samtímis úr þingsal?

**(Forseti** (GÁ)**:** Forseti skal ...)

Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að viðkomandi verði tilkvaddir.

**(Forseti** (GÁ)**:** Forseti skal í skyndingu kanna hvar þeir *eru staddir, þessir hv. þm.)*

Einnig vildi ég gjarnan, virðulegur forseti, ná eyrum hæstv. umhvrh. vegna þess sem hér er um fjallað.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. umhvrh. er ekki í húsinu eins og er. En er það ósk hv. þm. að hann verði kallaður til?)

Já, ég held það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. umhvrh. sé einnig viðstaddur þegar rætt er um þessi efni sem hér eru uppi vegna þess ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður við því.)

Ég þakka virðulegum forseta — vegna þess að hér er í raun um stórmál að ræða af því að ekki hefur verið unnið að því sem skyldi, virðulegur forseti, að bæta úr þeirri brýnu þörf að setja önnur og skilmerkilegri ákvæði inn í náttúruverndarlöggjöf að því er varðar efnistöku en raun ber vitni og þess sér engin merki að hæstv. umhvrh. eða umhvrn. ætli að bæta þar úr. Það stefnir í það, virðulegur forseti, að kjörtímabilinu ljúki áður en hæstv. umhvrh. komi með tillögur um endurbætur á náttúruverndarlöggjöfinni að þessu leyti.

Við höfum nýlega rætt það efni í þinginu, ég og hæstv. umhvrh. Fyrir liggur að mjög lítið hefur miðað við þá vinnu upp á síðkastið, sérstaklega við að endurskoða löggjöfina. Fyrir þinginu liggur frv. borið fram af þeim sem hér talar ásamt fleiri ágætum þingmönnum um endurskoðun á þessari löggjöf sem fjallar um landslagsvernd og efnistöku alveg sérstaklega. Í raun viðurkenna allir að um sé að ræða mjög stórt mál og brýnt. Við þetta bætist að sú löggjöf sem hér á að lögfesta, virðulegur forseti, gefur heimildir eins og felast í 8. gr. frv. um að rannsaka og hagnýta á eignarlandi allt það sem þar er upptalið, virðulegur forseti: berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni svo og mold, mó og surtarbrand. Án leyfis.

Með leyfi forseta vil ég beina spurningu til frsm. meiri hluta iðnn.: Fjallaði nefndin ekki um þetta efni? Fjallaði hv. iðnn. ekki um samhengi þessara þátta, lögfestingar á ákvæðum sem þessum, með tilliti til þeirrar stöðu sem uppi er, að teknu tilliti til gildandi náttúruverndarlaga? Það er beinlínis verið að undanþiggja landeigendur gersamlega öllu eftirliti með efnisnámi til rannsókna og hagnýtingar. Ekki verður öllu lengra gengið í upptalningunni en felst í þeirri grein frv. sem hér er fram borin. Ég treysti hv. frsm. iðnn. að skýra hvernig á því standi að nefndin leggi þetta fyrir til 2. umr. eins og hér er gert.

Ég ætla þá að víkja, virðulegur forseti, að öðrum þáttum sem snerta þetta stóra mál og eru meira almenns og pólitísks eðlis en það sem ég hef rætt varðandi breytingartillögur og það sem augljóslega skortir á varðandi ýmis efni, frágang ýmissa atriða í þessu frv. varðandi umhverfismál.

Ég vek athygli á því sem við blasir um leið og sú stefna að auðlindir í jörðu fylgi landareign verður lögfest. Þar erum við að ræða í því samhengi sem fyrir liggur, að teknu tilliti til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, að allir á Evrópska efnahagssvæðinu, sem er öll Vestur-Evrópa að Sviss frátöldu, fá sama rétt til þess að keppa um kaup á landi og komast þannig yfir þær auðlindir í jörðu sem hér er verið að tengja yfirráðarétti á landi. Þetta er ein af þessum stórháskalegu afleiðingum sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði sem við alþýðubandalagsmenn beittum okkur hart gegn á sínum tíma og nutum stuðnings hluta af Framsfl. í baráttu okkar gegn samningnum. Þar á meðal nutum við liðsinnis þingmanna sem enn sitja hér, sumir í háum stól, virðulegur forseti, og einnig hv. talsmanns meiri hluta iðnn. sem ásamt þáv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, og reyndar eftir að ríkisstjórn hans fór frá völdum, barðist gegn lögfestingu samningsins. Með tilliti til þess er það enn furðulegra en ella að það skuli nú verða hlutskipti hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að bera fram þá stefnu sem felst í þessu frv.

Það var mikið fjallað um þennan þátt samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, þegar hann var ræddur í þinginu. Rætt var um hvað fylgdi ákvæðum samningsins varðandi kaup á fasteignum og landi. Þá væntu menn þess enn, þeir sem gagnrýndu málið og vöruðu við, að Alþingi bæri gæfu til þess og þar ríkti nægileg víðsýni, á meðan bráðabirgðaákvæði með tímabundinni undanþágu voru í gildi, til að lýsa þær auðlindir sem tengjast landareignum þjóðareign, sameign þjóðarinnar. Þeim yrði þannig ekki ráðstafað með sölu á fasteignum. Um þessi efni voru á sínum tíma ritaðar álitsgerðir. Ég held hér á einni slíkri sem ber fyrirsögnina: Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi — Álitsgerð samin að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra og landbrh., tekin saman af þremur lögfræðingum, Ólafi Walter Stefánssyni, Stefáni M. Stefánssyni og Tryggva Gunnarssyni, sem luku þessu verki í júní 1992. Þar er fjallað um áhrif hins Evrópska efnahagssvæðis í samhengi ákvæða samningsins varðandi eignar- og umráðarétt á landi.

Af talsmönnum Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna hefur verið vakin athygli á því í þinginu í tengslum við umræður um þetta mál, að einmitt vegna ákvæða samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði beri brýna þörf á að setja víðtæk ákvæði varðandi sameign um þær auðlindir sem tengjast yfirráðarétti á landi og eignarráðum. Það er að vísu dálítið sérstakt, virðulegur forseti, að þeir sem ruddu samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði braut, skuli nú ásamt þeim sem hér talar og okkur í þingfl. Alþb. og óháðra benda á hinar alvarlegu afleiðingar samningsins og ákvæða samningsins um EES í þessu samhengi. Þeir nálgast málið úr annarri átt. Fyrst kölluðu þeir Grýlu yfir okkur, fyrst kölluðu þeir samninginn um hið evrópska efnahagssvæði yfir okkur, og síðan eru þeir að vara við afleiðingunum og reyna að bregðast við. Ég er ekki að lasta það þótt seint sé. Hér er vissulega um að ræða, virðulegur forseti, allt aðrar forsendur og annan bakgrunn en af hálfu okkar sem ætíð gerðum okkur ljóst hversu alvarlegar afleiðingar samningurinn gæti haft í þessu samhengi eins og í tengslum við svo marga aðra þætti.

Ég held, virðulegur forseti, að þeir hafi verið allt of fáir sem gerðu sér ljóst hvaða hættur væru þarna fram undan í ljósi þeirra viðhorfa sem hafa verið að festa sig í sessi á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu. Það eru hin þröngu eignarréttarviðhorf. Áhættan sem tekin var að þessu leyti var gífurlega mikil og það hefur líka gengið eftir. Við erum í þessari stöðu og í ljósi þess ber að líta á það frv. sem við ræðum.

Það má segja, virðulegur forseti, að það séu þrjár pólitískar leiðir sem liggja fyrir þinginu um það hvert stefna beri í þessum efnum. Það eru hin þröngu viðhorf þeirra sem bera frv. fram og ætla sér að lögfesta hér hinn þrengsta skilning á eignarrétti, m.a. með skírskotun til stjórnarskrár. Þeim sjónarmiðum er mótmælt harðlega af þeim sem hér talar og þeim sem tala hér og standa á bak við minni hluta hv. iðnn. Þetta er eitt meginviðhorfið og það sem hefur mestan styrk í þinginu.

Síðan er það sameignarviðhorf okkar alþýðubandalagsmanna og óháðra sem legið hefur fyrir og verið borið fram,

tengt mörgum þingmálum á undanförnum árum, liggur fyrir í frv. til laga um jarðhitaréttindi og frv. um orku fallvatna. Þar er gert ráð fyrir að orka fallvatna verði án undantekninga lýst þjóðareign og að jarðhiti undir 100 metra dýpi verði jafnframt lýstur þjóðareign. Þetta eru víðtæk viðhorf sem á að lögfesta að okkar tillögu um þetta efni. Því er jafnframt fylgt eftir með sérstöku frv. til stjórnarskipunarlaga, sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur ásamt fleirum lagt fram, og gerir ráð fyrir að þessi sjónarmið um sameign á náttúruauðlindum verði færð inn í stjórnarskrá lýðveldisins.

Þriðja leiðin er síðan tillögur Alþfl., þingflokks jafnaðarmanna, sem liggja fyrir þinginu og ganga mun skemmra en tillögur okkar alþýðubandalagsmanna, bæði að því er varðar jarðhita og orku fallvatna. Þau eru samt í áttina og væru til mikilla bóta að teknu tilliti til frv. sem stjórnarmeirihlutinn ber fram og við ræðum nú í þinginu.

Það er afar afdrifaríkt hvernig frá þessum málum verður gengið, virðulegur forseti, og það er ekki of vægt til orða tekið að fullyrða að þetta frv. er það langafdrifaríkasta sem liggur fyrir þinginu og reyndar þó litið væri til langs tíma. Það ber sannarlega að harma að það skuli vera ráðherrar og þinglið Framsfl. sem ryðja þessu máli braut með þeim hætti sem hér er gert.

Ég sé, virðulegur forseti, að í þingsal er kominn hæstv. umhvrh. og ég hafði nefnt að æskilegt væri að hæstv. ráðherra væri viðstaddur umræðuna og hlýddi á mál mitt. Ég ætla, áður en ég lýk máli mínu, að nefna atriði sem ég kom að áðan og varð tilefni þess að ég óskaði eftir nærveru hæstv. ráðherra við umræðuna. Það eru ákvæði 8. gr. frv. um jarðefni. Hæstv. umhvrh. þekkir þau vafalaust. Þar segir, og ég leyfi mér að endurtaka textann:

„Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand."

Þetta er 8. gr. frv. Ég vakti athygli á því hversu alvarlegt það er að við skulum nú vera að fjalla um frv. með ákvæðum sem þessum á sama tíma og náttúruverndarlöggjöfin er jafnveik varðandi efnistöku og raun ber vitni.

Ég minnti á það að nýlega var staða málsins rædd milli mín og hæstv. umhvrh. í þinginu og möguleikarnir á því að hraða endurbótum að þessu leyti og því miður vöktu viðbrögð hæstv. ráðherra, ekki vilji heldur viðbrögð og upplýsingar um stöðu málsins ekki mikla von um að úr yrði bætt og þeim mun alvarlegra sýnist það, virðulegur forseti, að um 8. gr. skuli búið með þeim hætti sem hér er gert að heimilt skuli án leyfis að rannsaka og hagnýta allt það sem upp er talið í greininni. Þetta, virðulegur forseti, bætist við ýmis ákvæði sem tengjast þessu frv. og rædd hafa verið af öðrum í umræðunni og ég ætla ekki að gera það vegna þess að ég vil ekki tefja umræðu um þetta mál umfram það sem efnið býður. Ég vil þó minna á mörg ákvæði sem lúta að umhverfismálum og rædd voru m.a. í gær í tengslum við þessa umræðu þar sem kannski er einhver von til að litið verði á frv. milli umræðna til úrbóta. Þar er m.a. vísað til umsagna stofnana undir umhvrn. sem hafa gert afar skilmerkilegar og alvarlegar athugasemdir við frv. og við vonum að litið verði á málið efnislega áður en þetta mál kynni að ganga til afgreiðslu. Auðvitað vonum við að þetta mál hvíli eins og mörg önnur sem þyrftu miklu nánari skoðunar við en allt er þó til bóta í þeim efnum sem lagað væri í meðförum þingsins og þingnefnda áður en úrslit ráðast.

Því spyr ég hæstv. umhvrh. að því alveg sérstaklega hvort ráðherrann mundi ekki beita sér fyrir því að litið yrði á ákvæði þessarar greinar, þessi víðtæku heimildarákvæði til rannsókna og hagnýtingar í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er að teknu tilliti til gildandi laga um náttúruvernd og þeirra ákvæða sem þar er að finna um efnistöku. Ég vildi svo ná eyrum, virðulegur forseti, hins kvika en vel vakandi treysti ég, frsm. meiri hluta iðnn. sem er hér innan seilingar, virðulegur forseti, og óska eftir því að hv. þm. bregðist við óskum mínum um að skýra fyrir okkur hvers vegna brugðið sé á það ráð að fella grunnvatn og jarðhita undir ákvæði þessa frv. um eignarráð landeiganda m.a. með tilliti til eðlis þessara auðlinda sem eru heildstæðar en hreyfanlegar auðlindir sem fara ekki að landamörkum og þar sem hagnýtingin hefur áhrif langt út fyrir einstakar landareignir, röksemdir sem beina sjónum að allt, allt annarri stefnu en felst í frv., sameignarstefnu á þessum auðlindum. Þar við bætast síðan skilgreiningar sem hér er að finna og ég veit að hv. þm. mun skýra fyrir okkur á alþýðlegan hátt hvernig lesa beri í þann texta, bæði varðandi örverur og grunnvatn og annað sem ég hef lýst eftir. Ég geri ráð fyrir að hv. frsm. iðnn. leiði okkur í gegnum módel þeirra Watsons og Cricks frá 1953 og hjálpi okkur að átta okkur á því sem fram kemur í nál. að því er varðar hitakærar örverur og samhengið milli þess sem greint er í nál. um eðli þeirra og ætla ég ekki að endurtaka það enda hef ég þegar rakið það í máli mínu.

Virðulegur forseti. Ég vil að endingu rifja það upp sem fram hefur komið hjá ýmsum við þessa umræðu og ég lagði ríka áherslu á við 1. umr. málsins, að hér er uppi spurning um pólitíska stefnu, pólitískan vilja en ekki tæknileg atriði eða spurningu um túlkanir á réttarfarslegum ákvæðum að mínu mati. Það eru engar frambærilegar hindranir í vegi allt annarrar stefnu en hér er uppi með þessu frv. Það eru engar frambærilegar hindranir í vegi þess að lýsa auðlindir í jörðu sameign þjóðarinnar.

Halda menn að virtir fræðimenn og stjórnmálaleiðtogar eins og Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson fyrir ekki mjög löngu síðan hefðu staðið í sporum okkar á Alþingi Íslendinga og rökstutt það bæði í mæltu og rituðu máli að þrátt fyrir eignarréttarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, sem að engu leyti hefur breyst í þessu tilliti, standi ekkert í vegi fyrir því að setja víðtæk almenn ákvæði um þessar auðlindir án þess að þar þurfi að reyna á bótarétt? Það er því alveg ljóst í mínum huga, virðulegur forseti, að það er pólitísk hugsun og pólitísk stefna sem ræður því sem við lesum í þessu frv. að ætla sér að lögfesta auðlindir undir yfirborði jarðar sem hluta af eignaryfirráðum landeigenda. Það er þröngsýn stefna, óskynsamleg stefna og það er hættuleg stefna fyrir velferð þjóðarinnar og hún er alveg sérstaklega varhugaverð í ljósi þeirra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst þátttakandi að illu heilli, samninga eins og hins stóra samnings um hið Evrópska efnahagssvæði sem veitir nær 400 millj. manna og kannski innan tíðar mun fleiri sama rétt til að eignast land á Íslandi og ef frv. þetta verður að lögum, allar þær auðlindir sem þeim eignarréttindum á landi tengjast. Þetta er alvarleg staða, virðulegur forseti. Gegn henni var unnt að bregðast öðruvísi, með annarri stefnu, með því að lýsa auðlindirnar þjóðareign. Á það ráð átti að bregða og það verður að teljast hörmulegt að þeir sem virtust gera sér grein fyrir afleiðingum ákvæða samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði að þessu leyti, þeirra á meðal núv. hæstv. umhvrh. og einnig talsmaður meiri hluta iðnn., skuli

nú standa sem tillögumenn og bakhjarlar þess frv. sem hér er fram borið um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu undir þeirri þröngsýnu og þjóðhættulegu stefnu sem þessu máli tengist.

[17:40]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ræddi eins og reyndar hefur verið gert áður í umræðunni nokkuð um tengsl þessa frv. við önnur ákvæði í lögum sem fjalla um umhverfismál í víðum skilningi, náttúruvernd og náttúrurannsóknir og beindi sérstaklega til mín athugasemd varðandi V. kafla frv. um jarðefni. Ég vil á þessu stigi í umræðunni, hæstv. forseti, aðeins vísa til þess sem áður hefur komið fram að hv. frsm. meiri hluta iðnn. gerði grein fyrir því að fram hefðu komið athugasemdir varðandi umhverfismálin í umfjölluninni á síðustu stigum og einnig fyrr í umræðunni og í nefndarstarfinu, en núna á seinustu dögum, reyndar eftir að nál. og brtt. lágu fyrir og það sé vilji hans að nefndin fari að einhverju leyti yfir það aftur milli 2. og 3. umr. Ég greindi frá því viðhorfi mínu í andsvari við ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar í gær að ég vildi gjarnan láta líta á nokkur atriði. Ég endurtek það á þessu stigi en vil ekki af því að ekki hefur verið farið svo yfir það við hv. iðnaðarnefndarmenn eða nefndina í heild hvað þar kunni að koma sérstaklega til tals, að ég er á þessu stigi ekki að fara í einstök efnisatriði heldur veit ég að iðnaðarnefndarmenn hafa hlýtt á þessa umræðu og þær athugasemdir sem hér hafa komið fram eins og ég hef og gert, a.m.k. á köflum í þessari umræðu og málin verða skoðuð milli umræðna.

[17:42]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma hér vegna þessa frv. sem vissulega er ekki borið fram af hæstv. ráðherra, en ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra hver sé skoðun hans á þessari stöðu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hver sé skoðun hans á ákvæðum 8. gr. frv. Er það ekki óráð að ætla að lögfesta ákvæði sem þessi um heimildir til að rannsaka og hagnýta á eignarlöndum öll þau verðmæti sem þar er um að ræða? Margt af þeim auðlindum sem vísað er til hugsanlega í jörðu eru nú óvissu háðar en hitt er jafnljóst að verið er að taka jarðefni á yfirborði lands í stórum stíl víða um land með mjög litlum takmörkunum í náttúruverndarlöggjöf og hér er enn verið að auka á og undanþiggja slíka efnistöku á þeim fjölmörgu atriðum sem upp eru talin í greininni og undanskilja hana leyfum sem ella eru boðin í sambandi við ýmis önnur atriði sem snerta hagnýtingu auðlinda. Ég treysti því hæstv. umhvrh. til að greina okkur frá vilja sínum í þessum efnum því auðvitað skiptir hann mestu fyrir hv. iðnn. þegar hún leggst yfir málið.

[17:44]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum áður rætt um það hér, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og er reyndar ekki ágreiningur þar um okkar í milli að taka þurfi nánar á efnistökumálum og jarðefnamálum, jarðefnavinnslu þar með talið í náttúruverndarlögum og hv. þm. hefur reyndar lagt fram fleiri en eitt frv. á þessu þingi og undanfarið sem lúta að þessum þáttum málsins. Ég hef lýst þeim vilja mínum að tekið verði á því í náttúruverndarlögum sem nú eru í endurskoðun í umhvrn. Ég ætla út af fyrir sig ekki að karpa um það við hann á þessu stigi frekar en við höfum gert áður hvort það sé endilega eðlilegt eða nauðsynlegt að slík mál fari inn í heildarendurskoðun og það geti ekki komið til að löggjafarsamkoman Alþingi Íslendinga taki á ákveðnum einstökum málum sem þurfa lagfæringar við án þess að það fari endilega inn í einhverja heildarendurskoðun en mitt viðhorf er þekkt til þessa máls, þar sem sú vinna er nú þegar í gangi.

Í 8. gr. frv. sem hér er til umræðu er verið að tala um leyfi til að rannsaka og hagnýta á eignarlandi þau efni sem þar eru upp talin. Mér finnst í raun ekki óeðlilegt að á því sé tekið og kveðið sé á um það í þessum lögum þar sem verið er að fjalla um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Og vissulega eru þessi efni hluti af þeim auðlindum þannig að það hlýtur að vera eðlilegt að kveðið sé á um það hér. En ég hef lýst þeirri skoðun minni áður að ég tel að önnur löggjöf eins og náttúruverndarlöggjöf, lög um Náttúrufræðistofnun, lög um byggingar- og skipulagsmál, lög um mat á umhverfisáhrifum hafa öll sitt gildi og þau ákvæði sem þar eru og þar er að finna, og þessi lög sem slík taka ekki yfir eða taka ekki af, enda er skýrt kveðið á um það bæði í nál. meiri hluta hv. iðnn. svo og í einni af brtt. nefndarinnar. Að öðru leyti er vísað til þess sem áður hefur komið fram að málin verði nánar skoðuð milli umræðna.

[17:46]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um málið. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni sem flutti góða ræðu og sem var að mörgu leyti athygli verð.

En ég vil segja það við hv. þm. Hjörleif Guttormsson að hann getur varla ætlast til þess að ég svari þeim spurningum sem hv. þm. leggur fram, bæði hvað varðar hitakærar örverur og einnig að skýra hvað standi fyrir því að fella almannaauðlind sem grunnvatn í jörðu undir einkarétt og eins og hann segir, að sé merkilegt að ákveðið skuli. Ég held að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því að, eins og hann bætti svo við, svo þjóðhættulegt sem málið er, þarf lengri tíma en í örstuttu andsvarsformi að svara slíku. En að sjálfsögðu munum við eða ég svara því við seinna tækifæri í umræðunni en alls ekki undir andsvörum. Til þess gefst ekki nægjanlegur tími, hv. þm.

[17:47]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þótti dálítið skothent hjá hv. þm. að nota ekki þó þann tíma sem þingmanninum er heimilt til þess að víkja að gildum fyrirspurnum af minni hálfu fyrst þingmaðurinn tók til máls á annað borð. Ég vil því einfalda málið fyrir hv. þm. og óska ekki eftir svörum um skilgreiningar sem virðast eitthvað vefjast fyrir hv. þingmanninum heldur spyrja um hinn pólitíska þátt málsins.

Er skynsamlegt að fella auðlindir undir einkaeignarrétt eins og grunnvatn, sem færist milli landareigna, og jarðhita, sem færist milli landareigna eða þar sem nýtingin hefur veruleg áhrif yfir öll hugsuð landamerki? Hvernig ætla menn að búa þannig um hnútana að hægt verði að skera úr um álitaefni sem tengjast hagnýtingunni þannig að réttur manna lögum samkvæmt sé skýr og ljós og hægt verði að kveða á um deilur sem ljóst er að hljóta að rísa upp um þessi efni, jafnilla og um hnútana er búið í þessari löggjöf?

[17:49]

**Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þyrfti í sjálfu sér ekki að koma hér upp en aðeins til þess að fyrirbyggja allan misskilning og kannski til að gleðja eitthvað aðeins geð hv. þm. vil ég segja honum að það vefst ekkert fyrir mér að svara því máli sem hér er spurt um. En málið er miklu stærra og yfirgripsmeira en að um það verði rætt úr þessari pontu í einhverjum símskeytastíl. Það þarf lengri tíma (Gripið fram í.) Hvað segir ritstjórinn? (**Gripið fram í:** Þekkir þingmaðurinn ekki málið?) Jú. Ég sé það nú að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ekki fylgst með því að ég sé að hann hefur verið að skrifa ritstjórnargreinina en honum hefði verið nær að eyða tímanum í eitthvað annað en það, virðulegi forseti. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti vekur athygli á því að hér er um að ræða andsvar milli hv. 4. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Norðurl. v.)

[17:50]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er mjög erfitt að nýta tímann hér til skoðanaskipta þegar haldið er á málum með þeim hætti sem hér er gert af hv. talsmanni meiri hluta iðnn. Það verður ekki vart við viðleitni til þess að bregðast við spurningum sem fyrir eru lagðar um grundvallarefni. (**StG:** Er málið ekki á dagskrá þingsins? Erum við ekki að ræða málið?) Hins vegar kemur hv. þm. hér upp og nýtir sér andsvararéttinn sem er auðvitað gott og gilt og kærkomið en til einhverra allt annarra útlegginga en varða málið og nýtir andsvararétt sinn til þess, virðulegur forseti, að flytja þakkarávörp um aðrar ræður, sem er einnig vafalaust verðskuldað og ágætt, og beina orðum sínum til annarra en þess sem verður tilefni andsvara. Það er afar erfitt, virðulegur forseti, að átta sig á því hvers vegna talsmenn þessa þýðingarmikla máls bregðast við með þeim hætti — ég vil ekki nota orðið útúrsnúningar — en það er þó nærri því að það orð falli í þessum umræðum eftir að hafa hlýtt á þessi furðulegu andsvör af hálfu hv. framsögumanns meiri hluta iðnn.

[17:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Að mínum dómi er hér til umfjöllunar eitt stærsta þingmálið sem komið hefur til kasta Alþingis, ekki bara síðustu daga heldur hin síðari ár. Frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu tekur til grundvallarmála. Í nál. frá meiri hluta iðnn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að skipað verði í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu hvort sem um er að ræða í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Meginmarkmið þess er að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði."

Og á skilgreiningu á hinum þjóðhagslegu hagsmunum tekur minni hluti iðnn. í áliti sínu. Þar er bent á að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeign skuli vera eign landeigenda og vísað er í önnur lagafrv. sem liggja fyrir Alþingi og hafa verið flutt af hálfu stjórnarandstöðunnar þar sem kveðið er á um hið gagnstæða, um það að djúphiti í jörðu, kol, olía, gas, málmar og fleiri jarðefni skuli vera þjóðareign.

Þarna er tekist á um stórpólitískt mál. Í minnihlutaálitinu kemur einnig fram að í þessu frv. ríkisstjórnarinnar gæti tillitsleysis við áherslur í umhverfismálum. Í þriðja lagi er bent á ýmis atriði sem vanti í þetta frv. og er þar m.a. nefnt:

„að ekki er fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda,

að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni, þvert á móti eru þessi auðæfi afhent landeigendum,

að óljóst er kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða,

að ekki eru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms,

að í frumvarpið vantar skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir,

að ekki eru í frumvarpinu nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram þau sem eru í gildandi lögum."

Ég ætla ekki að lesa upp álitsgerðir, hvorki frá meiri hluta iðnn. né minni hluta iðnn. en læt nægja að benda á þessa þætti, annars vegar það álit meiri hlutans að okkur sé að auðnast að koma í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu og að um þetta sé fjallað út frá þjóðhagslegu sjónarmiði og hins vegar álit minni hlutans sem bendir á hinn pólitíska þátt málsins, að verið sé að afhenda eignir þjóðarinnar, auðlindir í og á jörðu, landeigendum, auk þess sem á það er lögð áhersla að umhverfisþátturinn sé ekki virtur.

Þau frv. sem verið hafa til umfjöllunar síðustu daga eru tengd enda hafa menn í máli sínu skírskotað til þeirra og iðulega vísað til þessara frv. sem frumvarpaþrennunnar. Þar erum við að fjalla í fyrsta lagi um sveitarstjórnarlögin og sérstaklega 1. gr. þess frv. þar sem kveðið er á um skiptingu alls landsins í stjórnsýslueiningar milli sveitarfélaga. Í öðru lagi er um að ræða þjóðlendufrv. þar sem fjallað er um eignarhald á landi utan eignarlanda í einstaklingseign og í þriðja lagi er um að ræða það frv. sem er til umræðu, frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Að mínum dómi er þetta frv. langmikilvægasta frv. af öllum þessu frv. Enda þótt þjóðin hafi í umræðu á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum, á fundum og í blaðagreinum fyrst og fremst beint sjónum sínum að fyrsta frv. sem ég nefndi, sveitarstjórnarlögunum, er það álit mitt að það frv. sem hér er til umræðu verðskuldi ekki síður athygli manna.

Í afstöðu þingflokks Alþb. og óháðra til allra þessara frv. má greina rauðan þráð. Grundvallarafstöðu. Þessi grundvallarafstaða lýtur að umhverfismálum og náttúruvernd. Það er sá þáttur sem við höfum lagt höfuðáherslu á og í okkar huga ræðst allt annað af því hvernig okkur tekst að búa svo um hnúta að umhverfisvernd og náttúruvernd verði jafnan í fyrirrúmi. Skammtímasjónarmið og stundarhagsmunir mega ekki verða til þess að ráðist verði í framkvæmdir á landinu sem eru ekki rækilega íhugaðar og skoðaðar út frá þessum sjónarhóli. Við lögðum áherslu á það í umræðu um sveitarstjórnarlögin að miðhálendið yrði ein skipulagseining. Það var ekki vegna formsins eins, ekki vegna þess að við tryðum á formið í sjálfu sér, heldur vorum við á því að með því móti tækist okkur betur að verja það grundvallarsjónarmið sem ég vék að og er umhverfis- og náttúruvernd. Á nákvæmlega sama hátt skoðum við þetta frv. auk þess, og þar kem ég að hinu meginatriðinu sem við grundvöllum okkar málflutning á og alla okkar pólitísku baráttu, að tryggja að auðæfi þjóð-

arinnar séu í hennar eign og komi henni að notum. Þetta er hinn grundvallarþátturinn í okkar málflutningi.

Við lifum á tímum þar sem alþjóðafjármagn er víðast hvar í heiminum að sækja í sig veðrið. Það ríður mjög á að almenningur eigi sér trausta málsvara gagnvart yfirgangi alþjóðafjármagnsins. Þessa málsvara er að finna, þar sem best lætur, í ríkisstjórnum. Ég ætla að nefna dæmi um það sem er að gerast á alþjóðavettvangi hvað þetta snertir. Í burðarliðnum er samningur sem skammstafaður hefur verið MAI og stendur fyrir Mulitilateral Agreement on Investment og á rætur sínar í OECD. Þessi samningur byggir á því að fyrirtækjum á alþjóðavísu verði ekki mismunað, eins og það heitir, í einstökum ríkjum. Samkvæmt honum má ekki mismuna fyrirtækjum. Ég minnist þess að hæstv. iðnrh. skrifaði grein í Morgunblaðið ekki alls fyrir löngu. Þar sagði hann að þessi samningur væri einstaklega góður fyrir smáþjóðir. Það er nú ekki smærri smáþjóð en Frakkar sem hefur áhyggjur af þessum samningi og af því að með honum sé verið að veita alþjóðafjármagni og alþjóðastórfyrirtækjum aðgang að frönsku efnahagslífi umfram það sem æskilegt gæti talist. Hvað er það sem gæti talist óæskilegt? Jú, Frakkar vilja ekki að valdsvið lýðræðislega kjörinnar stjórnar verði takmarkað og þeir hafa vakið sérstaka athygli á því að kvikmyndaiðnaðurinn í Frakklandi, sem notið hefur styrkja frá ríkinu vegna þess að Frakkar vilja styrkja sína menningu, kunni að eiga undir högg að sækja þegar erlend stórfyrirtæki, t.d. bandarísk kvikmyndafyrirtæki, gera þá kröfu á hendur frönskum stjórnmálum í krafti þessa samnings, ef af verður, að ekki megi mismuna fyrirtækjum og ekki megi niðurgreiða þessa starfsemi.

Það eru aðrar hliðar á þessum samningi sem vert væri fyrir okkur að íhuga og hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa á uppbyggingu okkar samfélags. Um það mætti hafa langt mál. Hvers vegna er ég að vekja máls á þessu? (**Gripið fram í:** Það er spurning.) Það er stór spurning. Hvernig stendur á því að ég er að vekja athygli á samningi sem kenndur er við Multilateral Agreement on Investment? Hvers vegna er ég að tala um alþjóðafjármagn? Jú, ég er að tala um alþjóðafjármagn vegna þess að við höfum opnað efnahagslíf okkar og land erlendum fyrirtækjum og erlendu eignarhaldi. Við gerðum það með EES-samningnum og gengumst inn á að erlendir aðilar gætu keypt hér eignarland. Við gerðum það. Með þessu frv. erum við að ganga enn lengra. Það er ekki nóg með það að við ætlum að heimila þessum erlendu fyrirtækjum að kaupa landið heldur einnig það sem undir því er og þær auðlindir sem kunna að finnast í jörðu. Við erum að opna fyrir þetta.

Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er núna á síðustu dögum þingsins að knýja fram lagabreytingar sem veita erlendum aðilum möguleika á að eignast verðmæti sem kunna að finnast í jörðu til frambúðar. Það er að gerast. Skyldu þetta vera einhverjir hugarórar eða skyldi þetta vera gert í hugsunarleysi? Ég held því miður ekki. Ef þetta væri gert í hugsunarleysi þá gætu menn snúið af þessari braut. Menn geta það náttúrlega líka ef þeir sjá að sér. En ástæðan fyrir orðum mínum er sú að í grg. með frv. er óbeint komið inn á þetta. Í grg. með frv. er m.a. vísað til jarðhita. Yfirleitt er það þannig og almennt sjónarmið á Íslandi að þegar um er að tefla verðmæti í jörðu, mikil verðmæti í jörðu, þá eigi það að gagnast okkar þjóð. Það er hið almenna sjónarmið í landinu og að við eigum að beita sameiginlegu átaki til að nýta verðmætin í jörðu, t.d. á háhitasvæðum. Í greinargerðinni segir hins vegar, með leyfi forseta:

„Sem rök fyrir því að ætla ríkinu eignarráð háhita hefur það sjónarmið verið uppi að vinnsla slíks jarðhita væri kostnaðarsamari en svo að það væri almennt á færi einkaaðila að leggja út í slíka vinnslu. Þó að vissulega megi telja að slíkt kunni að eiga við í ýmsum tilvikum er þó ekki ástæða til annars en ætla að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði og þá á grundvelli samninga við viðkomandi rétthafa.“

Sjá menn hvað er að gerast hér? Það er ekki nóg með að fyrir fáeinum árum hafi verið birtur auglýsingabæklingur á vegum iðnrn. og látinn ganga víðs vegar um heiminn þar sem auglýst var hversu ákjósanlegt land Ísland væri. Hér væru laun lág og auðvelt um vik á alla lund fyrir erlend stórfyrirtæki að athafna sig. Hér er beinlínis sagt, í frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, að það sé ákjósanlegur kostur fyrir fjársterka aðila, stórfyrirtæki, að nýta þessa orku. Hver á þessa orku? Hér er verið að staðfesta það með lagafrv. að það verði ekki þjóðin, heldur þeir einstaklingar sem eiga landið þar sem orkan finnst. (**StG:** Þeir þurfa nú leyfi til þess.) Þeir þurfa leyfi til að ráðast í þessa vinnslu en jafnvel þar er illa búið um hnúta. Hv. formaður iðnn. hristir höfuðið. Ef það er svo að ég sé að misskilja að hér eigi að tryggja eigendum lands eignarhald á verðmætum í jörðu þá óska ég eftir því að hann leiðrétti mig. Ég vona að þetta sé þá misskilningur hjá mér. Því miður er ég ekki einn um að misskilja þetta á þennan veg. Þá er þetta almennt útbreiddur misskilningur hjá allri stjórnarandstöðunni og í þjóðfélaginu og hjá öllum þeim aðilum sem hafa tjáð sig um þetta mál. Ég er ansi hræddur um að það þurfi að leiðrétta þetta gagnvart ýmsum öðrum.

Hér er sagt berum orðum að það sé liðin tíð og úrelt sjónarmið að við í sameiningu ráðumst í framkvæmdir af þessu tagi, nú sé sú stund runnin upp að stórfyrirtækin, sem þess vegna gætu verið erlend, nýti sér þessa orku, þessi auðæfi þjóðarinnar. Um það snýst málið. Málið sem hér er til umfjöllunar er ekkert nýtt af nálinni. Þetta hefur verið umfjöllunarefni Alþingis og ríkisstjórna í langan tíma.

Í frv. um jarðhitaréttindi sem lagt var fram á þessu þingi og flutt var af hálfu þingfl. Alþb. og óháðra undir forustu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem var 1. flm., er rakin í greinargerð saga þessara mála um jarðhitann og hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug“ — og er verið að vísa í frv. sem Ólafur Jóhannesson, þáverandi forsrh., beitti sér fyrir — „var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. sept. 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.“ Hér er enn fremur vikið að því að ýmsar tilraunir hafi verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita. Þetta hafi verið gert allt frá árinu 1937. Á þeim tíma þegar þetta kom til umfjöllunar í lok áttunda áratugarins var gerð könnun á þessum málum og hefur reyndar verið iðulega gert, aftur og ítrekað. Síðar segir í greinargerðinni:

„Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðan jarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.“

Bandaríki Norður-Ameríku eru samkvæmt þeirri könnun, sem gerð var á vegum OECD árið 1962, eina landið sem tryggir einkaréttinn á olíu, á auðæfum í jörðu en í öllum öðrum ríkjum sé almannaeignarrétturinn virtur.

„Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðan jarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta samkvæmt eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðan jarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.“ — Hér erum við aftur að vísa til Bandaríkjanna. Það sem ég nefndi áðan virðist fyrst og fremst eiga við um olíuna en ekki jarðhitann. Bandaríkjamenn ganga ekki eins langt og ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta er umhugsunarefni.

Í Nýja-Sjálandi, og þeir kalla nú ekki allt ömmu sína þar í landi, gilda enn þann dag í dag lög frá árinu 1953 um jarðhita. Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum, þar sem löggjafar nýtur, hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í því frv. sem fjallað er um í greinargerð og ég er að vísa í frv. um jarðhitaréttindi sem var lagt fyrir þetta löggjafarþing.

Mér finnst það vera umhugsunarefni og tel að það hljóti að vera áhyggjuefni öllum mönnum að Íslendingar eru með því frv. sem er til umfjöllunar að ganga lengra en flestar aðrar þjóðir heims í því að tryggja eignaraðilum eignarhald á auðæfum í jörðu. Mér finnst vægast sagt ótrúlegt að þetta skuli vera að gerast og mér finnst líka ótrúlegt að sá stjórnmálaflokkur sem varaði við ýmsum ákvæðum EES-samkomulagsins, sérstaklega um eignarhaldið, skuli nú ganga lengra en þá var gert. Hann gengur lengra og er að lögfesta það að þeir erlendir menn eða stórfyrirtæki sem festa kaup hér á landi fái eignarhald á verðmætum í jörðu. Það er með ólíkindum hve langt Framsfl. er reiðubúinn að ganga í þessu efni.

Um þetta frv. hefur borist sægur af umsögnum og það sem er merkilegt við umsagnirnar er að þær skiptast í tvö horn. Annars vegar eru þær umsagnir sem koma frá náttúruverndarsamtökum eða aðilum sem láta slík mál sérstaklega til sín taka og hins vegar þeim sem horfa á orkuþáttinn ópólitískum augum og eru margir fremur jákvæðir en þeir aðilar sem sýsla með umhverfismál eru nánast allir mjög gagnrýnir á þetta frv. (**StG:** Því hefur verið breytt.) Því hefur verið breytt, segir hv. formaður iðnn. og vil ég þá spyrja að bragði: Hefur t.d. 8. gr. frv. verið breytt? (Gripið fram í.) Fyrst menn eru farnir að tala og fjalla um þessi mál úr sæti sínu væri fróðlegt að heyra það á eftir frá hv. þm. vegna þess að um þessa 8. gr., sem hefur ekki verið breytt eftir því sem ég fæ best séð, er m.a. fjallað í umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, en áður en ég les hana upp ætla ég að lesa 8. gr. frv., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.“

Í umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga um greinina segir, með leyfi forseta:

„Vegna ákvæða þessarar greinar, þá bendir umhverfisnefnd FÍN á að þessi grein lagafrumvarpsins gengur þvert gegn ýmsum gildandi lögum og reglugerðum. Nýting jarðefna getur fallið undir náttúruverndarlöggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum og aðra slíka löggjöf. Þá gæti greinin óbreytt stuðlað að enn frekari fjölgun smánáma um land allt þar sem ekkert er kveðið á um eftirlit. Þær eru nú þegar mikið vandamál eins og fram kemur í skýrslum sem teknar hafa verið saman af Náttúruverndarráði, nú Náttúruvernd ríkisins. Það fæst heldur ekki séð að frumvarpshöfundar hafi haft skýrslu umhverfisráðherra, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, til hliðsjónar við samningu þess.“

Hæstv. forseti. Hér kemur fram mjög alvarleg gagnrýni á eina af þeim greinum frv. sem snertir náttúruvernd. Ég geri þetta að umtalsefni nú og lagði örlítið lykkju á leið mína í málflutningi mínum vegna þess að formaður hv. iðnn. kallaði fram í ræðu mína og sagði að frv. hefði verið breytt að þessu leyti til að koma til móts við þau sjónarmið sem ég er að halda á loft og eru gagnrýnin á frv. að þessu leyti. Þeirri grein hefur ekkert verið breytt. Þau standa óhögguð orðin frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga.

Í umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga kemur fram mjög hörð gagnrýni á frv. Ekki einvörðungu á einstakar lagagreinar heldur á alla vinnslu frv. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumvarpið fjallar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Eðli máls samkvæmt þá er nýting auðlinda í jörðu nátengd umhverfi og náttúru. Umhverfisnefnd FÍN hefði því talið að í slíku frumvarpi og hér um ræðir væri að finna mun sterkari skírskotanir til þeirra málaflokka og jafnframt tilvísanir til gildandi laga og reglna sem þar gilda. Svo er ekki og hlýtur það að sæta furðu. Ekki er hægt að skilja lagatextann á annan hátt en þann að gildandi t.d. náttúruverndarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum séu sniðgengin, ásamt reglugerðum á þeim byggðum. Þó slíkt hafi ekki verið ætlun höfunda frumvarpsins, þá er ekki hægt að vísa til slíks síðar nái lagatextinn fram að ganga eins og hann er nú, sérstaklega þar sem skýrari túlkanir hvað þetta varðar er heldur ekki að finna í greinargerð.“

Þetta segir m.a. í innganginum að umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga um þetta frv. Í umsögn frá félaginu sem er upp á fjórar síður er fjallað ítarlega um nánast hverja grein í frv. Hér kemur mjög hörð gagnrýni á nánast allar greinar frv. Ég tók nánast af handahófi eina grein vegna frammíkalls hv. þm. og formanns iðnn., frsm. þessa frv., um að frumvarpsgreinunum hefði verið breytt til að koma til móts við þá sem halda uppi málstað náttúruverndar og umhverfisverndar. (Gripið fram í.) Nei, ekki er það Framsfl. og ég hef farið í gegnum það í máli mínu hvað er í rauninni að gerast með þessu frv.

Ég rakti það í máli mínu hvernig við lifum núna tíma þar sem alþjóðafjármagn er að sækja í sig veðrið nánast hvar sem er í heiminum og ég vék að nýjum samningi sem er reyndar í burðarliðnum. Hann er ekki fullmótaður,

MAI-samningurinn, Multilateral Agreement on Investment sem hæstv. iðnrh., sem er ábyrgur fyrir þessu frv. líka, sagði að væri sérstaklega hagstæður fyrir smáþjóðir, sem eru að opna landið fyrir alþjóðafjármögnunum. Ég vék að því hve mikilvægt er að hafa á slíkum tímum ríkisstjórn sem stendur í fæturna, fyrir hönd almennings, og ég rakti það hvernig búið er að opna á eignaraðild að landinu í gegnum EES-samninginn. Núna eru menn að færa sig niður í jörðina og veita stórfyrirtækjum aðgang að auðlindum í iðrum jarðar. (Gripið fram í.) Fyrst þingmenn eru farnir að sýna þessum málflutningi áhuga þá vék ég einnig að því hvernig segir í greinargerð með frv. hvernig menn eru að víkja frá þeirri reglu og því grundvallarsjónarmiði sem við höfum búið við um langt skeið að það séu ríki eða sveitarfélög sem nýti sameiginlegar auðlindir okkar og hvernig við séum að færa okkur inn í nýja tíma þar sem stórfyrirtækin eigi að taka að sér þetta verkefni.

Hæstv. forseti. Ég hef haldið mig við aðalatriði málsins og ég er að hefja yfirferð yfir þær umsagnir sem Alþingi hafa borist um þetta frv. og um einstakar greinar þessa frv. Ég er vel meðvitaður um að í ræðum annarra hv. þm. um frv. í dag og á liðnum dögum hefur þetta verið rækilega tíundað og ég ætla ekki að verða til þess að lengja þingfund umfram það sem nauðsynlegt er. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla því ekki við umræðuna nú og í ræðu minni að fara nánar í umsagnirnar eða fjalla um einstakar greinar frv. Ég ætla ekki að gera það. Ég mun sjá hvað setur í þessu efni.

Ég vil árétta það sem ég hef áður sagt, og aðrir þingmenn úr stjórnarandstöðunni, að hyggilegt væri að láta þessi frv. bíða í sumar. Gefa þeim aðilum sem hafa mikið við þessa lagatexta að athuga færi á því að koma sjónarmiðum sínum betur til skila til Alþingis. Þetta er lýðræðisleg krafa auk þess sem hún er líkleg til þess að stuðla að vandaðri niðurstöðu sem ætla mætti að sæmileg sátt gæti náðst um.

[18:34]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Það mál sem nú er til umræðu er eitt af þeim miklu grundvallarmálum sem hafa verið til umræðu á hinu háa Alþingi undanfarið og varðar rétt einstaklingsins og þá spurningu hvort almennt séu réttindi og frumkvæði í málum betur komin hjá einstaklingum fremur en hjá ríkinu. Ekki er hægt að segja að hér sé gengin hin eina og sanna stefna einstaklingshyggjunnar þar sem frumkvæði einstaklingsins er treyst betur fyrir því að ná þeim verðmætum úr landsins gæðum og gera úr því söluvöru. Með þjóðlendufrv. er beinlínis verið að þjóðnýta allt land sem enginn getur sannað eignarrétt sinn yfir. Eins og flestir vita verður mjög erfitt fyrir nokkurn að sanna eignarrétt sinn á landi sem er í meira en 550 metra hæð yfir sjávarmáli, samanber Hundadalsdóminn frá 1997. Dómurinn byggðist á því að þar sem það land var ekki numið samkvæmt heimildum úr Landnámu og var gróðurlaust þótt vitað sé að gróður hafi breyst á þessu svæði mjög mikið frá landnámi og landamerkjaskrá var ekki nægjanlega nákvæm frekar en landamerkjaskrár eru um flest eignarlönd, þá féllst dómurinn ekki á eignarrétt eiganda Neðri-Hundadals yfir því landi sem um var deilt. Að sanna eignarrétt sinn á landi og landsins gæðum að öllu leyti getur því verið mjög erfitt þótt um eign á landi sé að ræða. Þar má nefna Biskupstungnaafrétti og Nýjabæjarafrétti sem einstakir bændur geta átt beitarrétt á en engan annan rétt. Lönd hafa verið seld og þeim afsalað að undanskildum beitar- og skógarnytjum sem engin hafa verið í hundruð ára. Það er þó ekki víst að landeigandi hafi skapað sér annan rétt til eignarinnar en þann sem fram kemur í afsali eða kaupsamningi og önnur ótiltekin réttindi teljist því til þjóðlendu. Þar má telja t.d. námugröft og nytjar úr iðrum jarðar.

Af þessu má sjá, herra forseti, að áhrif þjóðlendufrv. geta leitt til gríðarlegrar yfirtöku ríkisins á landi og nýtingarréttum á þjóðlendum sem ná yfir allt hálendið og jafnvel til sjávar. Þá er ekki tiltekið það land sem fylgir ríkisjörðum og telur hundruð jarða á landinu öllu. Þessum þjóðlendum fylgir síðan allur nýtingarréttur í jörðu samkvæmt því frv. sem nú er til umræðu. Hér er því um að ræða mestu þjóðnýtingu sem um getur í sögu landsins frá landnámi árið 874. Það er því ótrúlegt öfugmæli þegar ýmsir stjórnarandstöðuþingmenn koma upp og fullyrða að verið sé að færa landið og nýtingu auðæfa þess í hendur 4% þjóðarinnar. Það er ótrúlegur útúrsnúningur, herra forseti.

Talið er að um 50% landsins geti talist þjóðlenda og þar fyrir utan er mikið af því landi sem liggur að þéttbýliskjörnum í eigu sveitarfélaganna. Það má því segja, herra forseti, að stærstur hluti Íslands sé í eigu ríkisins eða sveitarfélaga og það má því segja að spurningunni um það hver eigi Ísland sé svarað. Með þessum lögum sem hér eru til umræðu er einnig verið að festa einstaka nýtingarmöguleika sem fylgja eignarlandi, eins og fram kemur í 12. gr. Þar er landeiganda beinlínis bannað nema með leyfi ráðherra að undanskilja jarðhitaréttindi frá landareign sinni sem er nýmæli. Það hefur verið tíðkað að selja ýmiss konar hita- og vatnsréttindi til hita- og vatnsveitna, eða sveitarfélaga án þess að afsala nokkru öðru. Mörg dæmi eru um slíkt á Suðurnesjum, og í 13. gr. er einnig ákveðinn sérstakur forgangur sveitarfélaga til nýtingar jarðhita innan marka sveitarfélags til þarfa hitaveitu. Réttur einstaklinga yfir landi sínu er því mjög takmarkaður.

Í umræðunni hefur borið nokkuð á tortryggni í garð þeirra örfáu landeigenda sem eftir eru. Tortryggnin hefur falist í því að þessir fáu landeigendur gætu með ýmsum klækjum og slóttugheitum stolið vatni eða gufu frá öðrum með skáborunum og djúpborunum, tvist og bast, út og suður og þannig skapað sér auðæfi sem þeir eiga ekkert í. Alls staðar skín í gegnum þessa umræðu, að mér finnst, andúð á eignarrétti einstaklingsins og jafnvel fyrirtækja sveitarfélaga. Allt land skal vera ríkiseign eða þjóðgarðar.

Ef við skoðum möguleika einstaklinga til slíkra klækja sem menn eru að gera þeim upp í þessari umræðu kostar t.d. ein djúphola, um 2.000 m, um 70 millj. kr. en dýpsta hola Suðurnesja er af þeirri dýpt. Forsvarsmenn Hitaveitu Suðurnesja hafa hug á því ef þetta frv. nær fram að ganga að kanna land sitt frekar eða grunnvatn og heitt vatn á yfirráðasvæði sínu og hyggjast bora allt að 3.000 m djúpa holu sem þeir segja að muni kosta 100 millj. kr. Ég spyr, herra forseti, hvaða einstaklingur eða lítið fyrirtæki gæti tekið slíka áhættu að bora slíkar rannsóknarholur eða standa í slíkri áhættu sem í sjálfu sér mundi kannski ekki skila honum neinu? Ég fullyrði að ekkert fyrirtæki mundi gera það enda eru allar slíkar kannanir og rannsóknir háðar leyfum frá ríkinu. Það er því fyrir fram útilokað að slíkir árekstrar sem hér hafa verið til umræðu geti verið til staðar og þjófnaður á vatni eða gufu eða öðru slíku er ekki mögulegur.

Herra forseti. Ástæða þess að ég kom upp er fyrst og fremst sú að benda á hversu réttur einstaklingsins er að verða lítill og hversu þjóðnýtingaráform okkar Íslendinga hafa gengið langt. Þegar svokölluð fossanefnd var við störf,

var ekki einu sinni svo að henni tækist að koma í gegnum Alþingi þeim áformum sínum að slá eign ríkisins á allt land. Það eina sem komst í gegn frá svonefndri fossanefnd var að fallvötnin yrðu eign íslensku þjóðarinnar. Það er því rétt, herra forseti, að ítreka það í lokin að öll sú umræða sem hér hefur farið fram um að meiri hluti þessa þings hafi verið að taka frá þjóðinni rétt hennar á landi eða nytjum er ótrúlega mikil ósvífni. Hér hefur verið reynt að ná sátt við þjóðina og þá sem sannanlega eiga land og nýtingarrétt, sátt sem ég held að sé skynsöm. Það er á allan hátt tryggt að réttur einstaklingsins, þar sem hann kemur til í þessu máli, sé tryggður og að ríkið geti komið að þeim málum eftir því sem best verður á kosið. Ég vona því að þjóðin skilji að lokum þær öfugmælavísur sem fram hafa komið í þinginu frá þingmönnum sem tilheyra þingflokki jafnaðarmanna og átti sig á því að hér hafa orðið fyrst og fremst tímamót þar sem reynt er að tryggja rétt einstaklingsins og um leið þjóðarinnar allrar í lögum sem eiga sér ekki sinn líka í sögu þjóðarinnar.

[18:42]

**Útbýting þingskjals:**

Aðstöðumunur kynslóða, 24. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1397.

[18:43]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að samin hefði verið sátt við þjóðina. Ég hefði áhuga á að vita hvar sá sáttafundur var haldinn og hverjir voru mættir á þann sáttafund, því það eina sem ég veit til að hægt sé að segja að þjóðin hafi verið spurð um í þessu máli er skoðanakönnun sem kom fram í DV í gær þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar lýsir sig andvígan þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstjórn er að marka með þessu frv. sínu. Ég ítreka spurningu mína, herra forseti. Hvar var hv. þm. Kristján Pálsson á sáttafundi með þjóðinni? Hverjir voru mættir á þeim sáttafundi? Og hvernig gekk hann fyrir sig?

[18:44]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú varla að taki því að svara hótfyndni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar enda ekkert í þessari spurningu, því eins og kom fram í ræðu minni er alveg ljóst að með þeim frv. sem verið er að taka í gegnum þingið er verið að afhenda þjóðinni yfir 50% af öllu Íslandi, bæði landi, gæðum og auðæfum í jörðu, þannig að ef einhver ríkisstjórn hefur náð sátt við þjóðina hvað þetta varðar og það er það sem þjóðin hefur viljað, þ.e. að hálendi Íslands og þjóðlendur væru eign hennar, þá hefur sú sátt náðst. Það er svo annað mál að hv. þm. ásamt þingmönnum í þingflokki sínum hefur tekist nokkuð vel að telja þjóðinni trú um að þetta hafi ekki verið gert. Það er svo merkilegt sem það er. Ég veit að Göbbels bliknar í samanburðinum við það hvernig þeim hefur tekist að segja hlutina á allt annan hátt en þeir í rauninni eru. (**LB:** Það er ekkert annað. Það er ekki leiðum að líkjast.) Það er alveg með ólíkindum og ég tek ofan fyrir þeim hvað þetta varðar.

Ég ætla bara rétt að vona, herra forseti, að ríkisstjórninni og þá fyrst og fremst þeim ráðherrum sem með þessa málaflokka fara takist að skýra út hvað felst í þeim frv. sem eru til afgreiðslu. Þegar það hefur tekist og þjóðin hefur áttað sig á þessu og komist í gegnum þann moðreyk sem þyrlað hefur verið upp af hálfu þingmanna jafnaðarmanna þá hlýtur þjóðin að átta sig á því hvar þetta mál er statt.

[18:46]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur sem sé ekki verið haldinn neinn sáttafundur með þjóðinni. Það sem meira er, hv. þm. segir að sér virðist að meiri hluti þjóðarinnar sé á sömu skoðun og við jafnaðarmenn. Ég veit ekki hvernig Göbbels hefði haldið á þessu máli því að öfugt við hv. þm. þá þekkti ég aldrei Göbbels. En það að segjast í öðru orðinu að hafa samið sátt við þjóð sína og segja í hinu orðinu að sáttafundur hafi aldrei verið haldinn og þjóðin sé í raun á öndverðri skoðun mundi sjálfsagt hafa sæmt vel málflutningi þessa Göbbels sem ég þekki ekki en hv. þm. þeim mun betur.

[18:47]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki að nota þessar tvær mínútur. Ég bjóst ekki við því að hv. þm. væri svo illa lesinn að hann hefði aldrei heyrt talað um þennan sérstaka mann. En ég ætla ekkert að fara að rifja upp söguna fyrir hv. þm. Ég vona að hann lesi þetta þó síðar verði og ég get hugsanlega fundið þá bók. En þetta var einn mesti áróðursmeistari seinna stríðs sem hefur verið tekinn sem dæmi fyrir að beita snilldarlegum aðferðum við að koma mönnum til þess að trúa einhverju öðru en var sannleikurinn þegar betur var að gáð. Ég gæti hjálpað hv. þm. að finna þessar upplýsingar ef hann kærir sig um en að öðru leyti vona ég að hann átti sig á því fyrr en síðar að hann þarf að kynna sér málin betur. (**SJS:** Er þingmaðurinn sérfræðingur í Göbbels?)

[18:48]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eins farið fyrir mér og mörgum öðrum hv. þm. að við höfum ekki alveg náð utan um það hver rökin eru á bak við það að færa eignarhald á öllum auðlindum sem finnast hugsanlega á fasteignum einstaklinga undir yfirráð þeirra. Ég ætla svo sem ekki að fara út í þá ræðu sem hv. þm. flutti áðan enda skildi ég hvorki upp né niður í henni. En ég hef farið yfir frv. og athugasemdirnar og mér þætti vænt um það ef sá hv. þm. sem tók þó til máls í umræðunni — og það verður þó að teljast honum til tekna þó kannski ræðan hafi ekki verið burðug — kæmi upp og útskýrði fyrir mér og fleiri hv. þm. hvernig það megi vera að einstaklingar fari betur með náttúruauðlindir en ríkið, jafnvel náttúruauðlindir sem þarf að leggja út í mikinn kostnað til þess að vinna.

Mér er algerlega fyrirmunað skilja þetta og það er engan skilning að finna í þessu frv. eða röksemdina fyrir þessu þannig að mér þætti mjög vænt um það, virðulegi forseti, ef sá hv. þm. gæti komið upp og útskýrt fyrir mér og fleirum hvernig það getur verið að einstaklingar fari betur með náttúruauðlindir þjóðarinnar en ríkið.

[18:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr stórt en ég náði því miður ekki fyrri hluta af spurningu hans en varðandi það hvernig einstaklingar fari betur með náttúruauðlindir en ríkið þá lít ég svo á, herra forseti, að þar sem hægt er að nýta einstaklingsframtakið þá verði það yfirleitt fljótara til og nýti betur þá möguleika sem til staðar eru en ríkið.

Við vitum um fjölmörg dæmi þess og mig langar til að taka eitt lítið dæmi sem er varðandi nýtingu á þjóðgörðum, sem eru eign þjóðarinnar en nefndir eða stjórnir eru kosnar

af þinginu til þess að stýra, eins og þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Ég held að almennt sé litið svo á að starfsemin í kringum þann þjóðgarð sé afskaplega langt frá því að teljast reisuleg að við getum sagt eða framúrstefnuleg og nýting á þeim þjóðgarði sem á að heita einhver mesta náttúruperla Íslands sé með eindæmum lítil. Í hugum margra er það talið vera ein ástæðan fyrir því hversu lítið er um að vera á þessu svæði að þar kemur enginn að sem á í rauninni hagsmuna að gæta. Þarna er opinber nefnd sem fundar einstaka sinnum en nálægðin og hugsanlega hvatinn er ekki til staðar. (**ÖJ:** Reisa tívolí.) Þarna má að sjálfsögðu margt vera og ég ætla ekkert að fara að tíunda það hér, herra þingmaður, Ögmundur Jónasson, (Forseti hringir.) enda ekki tími til.

[18:52]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins ég óttaðist að það kom ekki nein skýring fram í þessu andsvari.

Ég vil kannski reyna aðra leið, hæstv. forseti, og spyrja sem svo: Hvers vegna á að afhenda einstaklingi einhverja náttúruauðlind sem fyrirfinnst hugsanlega undir yfirborði fasteignar sem hann er skráður fyrir án þess að þessi viðkomandi einstaklingur hafi átt nokkurn þátt í að búa þessa auðlind til? Ég veit ekki hvort ég gæti orðað þetta miklu skýrar en hver eru rökin fyrir því að færa þá auðlind undir einkaeign? Af því að rökin koma ekki fram í athugasemdum með frv., það er alveg borin von að finna nokkrar vitrænar skýringar í þessu blessaða frv., hæstv. iðnrh., það er ekki nokkur glæta að finna nokkra skýringu þar. En ég vænti þess að hv. 10. þm. Reykn., sem hefur tekið að sér að útskýra hina ýmsu hluti á hinu háa Alþingi gæti hugsanlega útskýrt það (Forseti hringir.) af hverju það eigi að færa náttúruauðlindir, sem einkaaðili hefur ekki átt neinn þátt í að búa til, af hverju þarf að færa þær undir einkaeignarrétt. (Forseti hringir.) Hvernig má það vera að einstaklingar nýti þessar auðlindir betur en ríkið?

[18:53]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að reyna að útskýra fyrir hv. þm. hvers vegna einstaklingar gætu nýtt betur þjóðgarða eins og Þingvelli. Ég get ekki verið að koma með mörg dæmi. Það er dæmi um land sem er undir yfirráðum ríkisins og er stjórnað af nefnd sem er langt í burtu frá viðkomandi svæði og hefur út af fyrir sig ekki mikla hagsmuni.

Varðandi hvers vegna einstaklingar mundu nýta auðlindina betur en ríkið. Þetta er ósköp svipuð spurning og ég var að reyna að svara áðan en það eru einu sinni einstaklingar sem hafa með frumkvæði sínu og þori náð að skapa þau auðæfi sem eru yfirleitt sköpuð hjá þjóð eins og Íslendingum. Við höfum séð aftur á móti í Sovétríkjunum fyrrverandi hvernig fer þegar ríkið eitt hefur frumkvæði að öllu sem einhverju skiptir (**SvG:** Eigum við ekki bara að hafa hér kapítalisma, ómældan?) og það hefur svo sannarlega sannað fyrir okkur að einstaklingshyggjan hefur þó lifað af meðan alræði öreiganna, (Forseti hringir.) sem margir hér inni trúa enn þá á, hefur brugðist.

[18:55]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var svo merkileg ræða að ég get bara ekki á mér setið að svara henni nokkrum orðum. Ekki fór á milli mála að hv. þm. ætlar ekki að stilla sér upp í þessari málafylgju með hinum ættjarðarlausu því að hann líkir okkur við áróðursmeistarann Göbbels, okkur sem höfum fyllt þann flokk hér á Alþingi, og reynt að standa á verðinum fyrir fólk sem er eignalaust hér á landi, á ekki jarðeignir og við höfum reynt að standa í ístaðinu fyrir þetta fólk í umræðum undanfarna daga.

Mér fannst þetta svolítið langt um seilst en mig langar að minna hv. þm. á Hitaveitu Suðurnesja sem hann minntist líka á í máli sínu en þar var einmitt verið að virkja háhitasvæði. Öll sveitarfélög á svæðinu mynduðu félag og tóku lán til þess að það væri hægt að færast í fang þessa virkjun. Náttúrlega hefði enginn einstaklingur getað staðið að því verkefni.

En hvernig fór? Virkjunin tókst með ágætum og í framhaldinu þurfa Suðurnesjamenn um aldur og ævi að borga þeim sem átti hraundrangana sem eru undir virkjuninni fé fyrir hvern lítra sem þarna kemur upp úr jörðinni. Mér hefur alltaf fundist þetta ósanngjarnt og ég tala ekki um þegar ég var í dag að hlusta á ágætan jarðfræðing í þingmannahópnum, Steingrím J. Sigfússon, útskýra hvernig eftir því sem tekið er af vatninu í háhitageymnum flýtur inn í hann vatn frá fjarlægum svæðum sem eru e.t.v. alls ekki í eigu þessara landeigenda. En til þessa er náttúrlega ekkert tillit tekið.

[18:57]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hitaveita Suðurnesja er náttúrlega gott dæmi um að það geta fleiri gert svona stóra hluti en ríkið. Hitaveita er fyrirtæki sem er í eigu sveitarfélaga og eftir því sem mér heyrðist áðan hjá hv. þm. sem ræddu málin er engum treystandi til þess að sjá um þessi sameigninlegu vatnsforðabúr undir okkur öðrum en ríkinu því að allir aðrir væru svoddan skúrkar að þeir væru með skáboranir og djúpboranir til þess að ná þessu frá næsta manni.

Hitaveita Suðurnesja er einmitt dæmi um fyrirtæki sem hefur tekið mjög alvarlega og af mikilli ábyrgð á vatnsforðabúskap sínum og verið með mjög kostnaðarsamar rannsóknir, mælingar og fleira sem ég held að við getum sagt að sé til mikillar fyrirmyndar. Það sannar einmitt fyrir okkur að fyrirtæki, auðvitað af stærðagráðu Hitaveitu Suðurnesja, geta gert þetta. Þetta eru einmitt líka rökin fyrir því, eins og ég sagði áðan, að einstaklingar sem ætla að fara út í einhverjar skáboranir eins og áðan kom fram hafa enga möguleika til þess. Það er útilokað. Samkvæmt frv. verða rannsóknarboranir og kannanir yfirleitt háðar leyfum og það eru opinberir aðilar og fyrirtæki sem þar koma til með að fá þau leyfi yfirleitt. Svo kannski að síðustu, herra forseti, þá er búið að taka eignarnámi eða kaupa mestallt það land nú þegar sem máli skiptir að þessu leyti.

[18:59]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einstaklingar geta ekki nýtt sér slík flókin háhitasvæði eins og í Svartsengi, það er alveg rétt. Ég ítreka það hér að mér finnst ósanngjarnt að þegar svoleiðis er þá þurfi fyrirtæki eins og Hitaveita Suðurnesja, sem er samstarfsfyrirtæki allra sveitarfélaga á svæðinu, um aldur og ævi að borga þeim sem áttu þær þúfur þar sem jarðboranir fóru fram pening fyrir hvern lítra sem kemur upp úr holunni. Mér finnst það ósanngjarnt og ég stend við það hvar sem er og hvenær sem er.

Hins vegar finnst mér sanngjarnt eins og kom fram í umræðum fyrr í dag að þar sem um lághitasvæði er að ræða og yfirborðshita þá fái þeir sem eiga landið a.m.k. tækifæri til að nota hita fyrir sig sem endurgjald fyrir virkjun holunnar.

[19:00]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að viðurkenna þó rétt einstaklingsins til að nýta að einhverju þau réttindi sem eru falin undir yfirborðinu, eins og grunnvatnið.

Og síðan er það spurning með nýtingu á þeim réttindum sem eru neðar. Það má vel vera að það sé ósanngjarnt að hitaveitan borgi fyrir þá dælingu. Í mínum huga er það ekki. Það hlýtur að vera grundvallaratriði þegar um einka- og eignarrétt er að ræða að tekin séu með öll þau réttindi sem slíkri landnotkun eða landareign getur fylgt. Það eru engin rök fyrir því að enda eigi við 100 m eða 500 m. (Gripið fram í.) Mér finnst að eignarrétturinn eigi að ná þannig að um eðlilega nýtingu sé að ræða á þeim auðæfum sem landareignunum geta fylgt.

[19:02]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)**:

Herra forseti. Þar sem komið er að lokum 2. umr. um þetta umdeilda mál sem hefur verið til umfjöllunar í nokkurn tíma vil ég byrja á að þakka iðnn. fyrir vel unnin störf á milli 1. og 2. umr. Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni um þetta mál við 2. umr. fyrir mjög málefnalega og góða umræðu. Ég hef setið yfir umræðunni, hlustað á flestar eða allar ræður sem hér hafa verið fluttar. Og auðvitað er það svo að þar hefur margt komið fram sem full ástæða væri til að leggja hlustir við.

En þetta er þannig mál og þetta er grundvallarmál og þarf þess vegna engum að koma á óvart þó að deila standi um málið milli stjórnar annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar vegna þess að það stendur líka deila um þetta mál milli einstakra stjórnmálaflokka hvort sem þeir skipa sér í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta frv. er málamiðlun milli þeirra flokka sem mynda ríkisstjórn á þessum tíma og ég tel að sú málamiðlun sé góð. En þarna er um grundvallarmál að ræða og alveg eðlilegt að um það sé pólitískur ágreiningur. Það er þá auðvitað vilji Alþingis sem þar þarf að koma fram og skera úr um í þeim ágreiningi.

Í þessari umræðu hefur einkum verið deilt um tvö meginatriði. Í fyrsta lagi um skipan eignarréttar sem fylgt er í frv. að því er varðar auðlindir í jörðu og í eignarlöndum, og í öðru lagi það ákvæði frv. með tilliti til umhverfislöggjafar og umhverfismála.

Ég ætla að vonast til að þingmenn sætti sig við það að ég fjalli að þessu sinni bara um fyrra atriðið vegna þess að um það var talað og því lýst yfir af formanni iðnn. í upphafi umræðunnar að málið yrði tekið til iðnn. milli 2. og 3. umr. og við höfum lýst því yfir að við værum tilbúnir til að taka til athugunar nokkrar af þeim athugasemdum sem fram hafa komið við þessa umræðu og líka við málið í upphafi. Ég ætla því ekki við umræðuna nú að hafa mörg orð um þann þátt málsins sem snýr að þeim athugasemdum sem koma fram og snerta umhverfislöggjöfina og umhverfismálin. Ég vil þá einvörðungu halda mér við að ræða um eignarréttinn á þessum auðlindum sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Það hefur verið fullyrt að þetta frv. feli í sér gríðarlega eignatilfærslu. Ég mótmæli því alveg sérstaklega. Staðreyndin er sú að með þessu frv. er ekki verið að gera breytingar á eignarrétti landeigenda að þessum auðlindum frá því sem nú er. Eins og réttilega er bent á í nál. meiri hluta iðnn. er í frv. fylgt þeirri skipan sem fylgt hefur verið í löggjöf og réttarframkvæmd að eignarréttindum á auðlindum í jörðu og eignarlanda innan netlaga í vötnum, sjó og að þau réttindi fylgi landareign. Í raun og veru er því verið að staðfesta það sem hefur verið í löggjöf og fyrir þá réttarframkvæmd sem verið hefur í þessum málum á undanförnum árum.

Það sem frv. gerir hins vegar ráð fyrir er að nýting auðlinda verði almennt auðveldari en nú er að því leyti að landeiganda er ekki kleift lengur, ef frv. verður að lögum, að standa í vegi fyrir rannsókn og nýtingu auðlinda á eignarlandi, hafi ráðherra veitt leyfi til þess. Um þetta eru ekki skýrar reglur í dag. Á sama tíma og menn eru að gagnrýna hversu langt er gengið í því að afhenda eignarréttinn og skýra eignarréttinn gagnvart einstaklingunum kemur gagnrýni frá sömu mönnum um að allt of langt sé gengið af hálfu hins opinbera til að heimila nýtingu og rannsóknir í þágu almennings, í þágu þjóðarheildarinnar. Hinn gullni meðalvegur er því vandrataður.

Með hliðsjón af þessu vil ég leggja ríka áherslu á að sú stefnumörkun sem frv. byggir á felur ekki í sér neina eignatilfærslu, þvert á móti má segja að eignarráðum landeigenda, sem nú eru almennt viðurkennd, séu settar frekari takmarkanir en verið hefur fram undir þetta.

Ef ég vík aðeins að því hver eignarréttarlega staða auðlinda í jörðu og eignarlanda er í dag, „þótt ekki hafi verið sett heildstæð lög um eignarrétt á auðlindum í jörðu hefur í löggjöf verið byggt á því að þær fylgi eignarlandi en hagnýtingu þeirra sett almenn takmörk". Sem dæmi um þetta vil ég nefna í fyrsta lagi „að landareign hverri fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem þar finnast í jörðu" skv. 1. gr. námulaga, nr. 24/1973.

Þá segir í 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967, að „landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina". Samkvæmt lögunum er landeiganda veittur víðtækur hagnýtingarréttur.

Þetta finnst mér enn frekar undirstrika að við erum raunverulega að festa í sessi þann rétt sem menn hafa haft í dag og þá réttarframkvæmd sem verið hefur.

Í þriðja lagi hefur verið litið svo á að grunnvatn tilheyri eignarlandi þó að ekki sé kveðið sérstaklega á um grunnvatnsréttindi í lögum en ályktað út frá niðurstöðum fræðimanna og löggjöf um vatnsréttindi almennt. Þá hafa landeigendum verið ákvarðaðar bætur fyrir þessi réttindi, einkum jarðhita, með samningum við eignarnám og fyrir dómstólum. Til að undirstrika þetta er í orkulögum og námulögum að finna heimildir til þess að taka réttindi eignarnámi.

Umræðan í dag og í gær hefur ekki síst snúist um eignarrétt á jarðhita. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um það í ræðu sinni hvort hægt sé að afmarka þau réttindi við 100 m dýpi eða eins og fram kemur í frv. Alþfl. sem hér liggur fyrir, að takamarka það við lághitann. En auk þeirra ótvíræðu lagaákvæða sem nú eru í gildi um þessi efni og getið hefur verið vil ég nefna nokkur dæmi sem styrkja þá niðurstöðu að auðlindirnar séu þáttur í eignarréttindum landeigenda.

Fyrst vil ég taka dæmi af því sem hv. þm. Kristján Pálsson ræddi um áðan, og snýr einmitt að Hitaveitu Suðurnesja. Þar vísa ég til gerðardómsúrskurðar vegna jarðhitaréttinda á háhitasvæðinu í Svartsengi í máli milli eigenda Járngerðarstaða og Hópstorfu, og Hitaveitu Suðurnesja sem kveðinn var upp 21. jan. 1976. Þar segir m.a að ekki séu í settum lögum reglur er takmarki jarðhitaréttindi landeigenda við ákveðna tegund

jarðhita eða í jarðhita að tilteknu dýpi. (**SJS:** Það gæti verið það ef það væri í lögum.) Ef það væri í lögum.

Þess vegna er það alveg hárrétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni ef það væri í lögum, en svo er ekki, og af því það hefur ekki verið í lögum þá er þar um áunnin réttindi að ræða. Væri þetta takmarkað þá bryti það að mínu viti á bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar af þeirri ástæðu að þá væri verið að taka rétt af mönnum. Um þetta, hv. þm., snýst þessi deila. Ég geri mér alveg grein fyrir því. Og um það snúast hin pólitísku átök í málinu.

En samkvæmt almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta teljast réttindi til hagnýtingar landsgæða verðmæti á fjárhagslegan mælikvarða. Og á grundvelli þessa var komist að þeirri niðurstöðu í þessum gerðardómsúrskurði að ákvarða bætur vegna endurgjalds fyrir þessi jarðhitaréttindi eða með öðrum orðum talið var að þarna væri um eignarrétt að ræða sem bætur þyrftu að koma fyrir. Þetta varð niðurstaðan í þessu máli.

Í öðru lagi má nefna úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta vegna Deildartunguhvers frá árinu 1980, en þar segir m.a að ekki sé neinum vafa bundið að jarðhitaréttindi séu samkvæmt núgildandi lögum verðmæt réttindi sem bæta beri rétthöfum við eignarnám.

Til að gera langa sögu stutta ætla ég að nefna tvo hæstaréttardóma til viðbótar, án þess að fara nákvæmlega ofan í þá, en þar var deilt um atriði er varða jarðhita og bótarétt landeigenda í því sambandi og þar vil ég nefna hæstaréttardóm frá 1987, sem er á bls. 1201, og hæstaréttardóm frá 1973 á bls. 390. Þessir dómar báðir slá því föstu að um eignarréttindi sé að ræða. Og þetta frv. byggir á þessu.

Síðan hafa menn deilt, eins og fram hefur komið, um þetta 100 m dýpi og hversu langt skuli ganga niður. Þegar menn kvarta undan því að þetta mál hafi ekki verið nægjanlega vel undirbúið þá er ég því algjörlega ósammála af þeirri ástæðu að ríkisstjórnir löngu fyrir lýðveldistökuna hafa verið að reyna að koma á þeirri lagaskipan hér á landi að þessi eignarréttur væri skilgreindur. Það hefur ekki tekist. Um það hafa verið mikil pólitísk átök. Ríkisstjórnir síðustu ára og áratuga hafa lagt mikla vinnu í undirbúning þessara mála. Vitaskuld voru bæði frv. stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa verið til umfjöllunar, og álitsgerðir þeirra nefnda sem hafa undirbúið þessi mál fyrir ríkisstjórnir á undangengnum árum, höfð til hliðsjónar við undirbúning þessa máls.

Þar vil ég nefna tvennt. Í fyrsta lagi voru prófessorarnir Markús Sigurbjörnsson og Þorgeir Örlygsson fengnir til að vinna álitsgerð fyrir þáv. fjmrh. Friðrik Sophusson og þáv. iðnrh. Jón Sigurðsson, einmitt til þess að meta hvort þetta 100 m mark gæti staðist. Niðurstaða þeirra varð sú, og það kemur skýrt fram í grg., að þar sé um skerðingu eignarréttinda að ræða sem landeigandi þurfi ekki að þola bótalaust við 100 m mörk.

Nú er þetta ekki dómur heldur álitsgerð þessara lögfræðinga. Af þeirri ástæðu taldi ég m.a. útilokað að fara með slíkt ákvæði í frv. eins og þetta. Sama gildir um mörkin við háhita og lághita, sem er í frv. Alþfl., nema þar liggur þetta að því leyti dálítið öðruvísi, að meginhluti háhitans — og það á kannski að kæta menn örlítið — meginhluti nýtanlegs háhita í landinu er einmitt á og verður á þjóðlendunum í eigu þjóðarinnar. En lághitinn er að langstærstum hluta til, þó hann verði líka á þjóðlendum, í einkaeignarrétti. Það sem gerist þá með frv. sem Alþfl. hefur lagt fyrir, er að framkvæmdin verður nokkurn veginn í samræmi við það án þess að notuð séu mörkin háhiti eða lághiti vegna þess að erfitt er að draga mörkin þarna á milli.

Með hliðsjón af framansögðu hefur sú skipan komist á hér á landi að auðlindir í jörðu séu verðmæti sem tilheyri landareign og verði ekki tekin af landeiganda nema með lögum. Landeigandinn á bótarétt ef þessi réttindi eru tekin af honum með lögum án bóta. Vitaskuld verður hann að sýna fram á verðmætin og þar með tjón vegna eignarskerðingarinnar. Þessi skipan hefur verið að komast á með löggjöf og réttarframkvæmd alla þessa öld. Það sem hefur gerst er að raunverulegir ráðstöfunarmöguleikar landeigenda hafa stóraukist á síðustu árum. Um þetta hefur líka verið deilt hér í umræðunni.

Þessi verðmæti eru þekktari nú en fyrir áratugum síðan, nýting sem var fráleit fyrir nokkrum árum er möguleg í dag. Þannig má segja að raunverulegur umráða- og hagnýtingarréttur landeigandans hafi aukist og færst í raun og veru niður á við með nýrri og aukinni tækni. Afleiðing þess er sú að erfiðara verður að taka þessi réttindi af bótalaust og þetta er í samræmi við réttarframkvæmdina og niðurstöðu þeirrar álitsgerðar sem ég vitnaði til áðan.

Í þessari umræðu hefur líka talsvert verið vitnað í Ólaf heitinn Jóhannesson, prófessor og fyrrv. forsrh., og að hann hafi á sínum tíma talið að hægt væri að takmarka eignarrétt á jarðhita við 100 metra dýpi. Þetta er alveg rétt. Þetta kemur fram í álitsgerð Ólafs frá þessum tíma. Á Alþingi, ég held það hafi verið 1956, var flutt frv. til laga um að eignarréttur á jarðhita verði takmarkaður við 100 metra dýpi og 200 metra út frá þeim stað þar sem borað er. Í sjálfu sér þarf þetta ekkert að koma á óvart ef við horfum til hver tæknin var og hver þekkingin var á þessum tíma þegar þetta er lagt fram. En ríkið ætti hins vegar allan rétt til umráða og hagnýtingar á jarðhita sem lægi dýpra eða væri sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Frv. var byggt á tillögu nefndar sem Ólafur Jóhannesson þáverandi prófessor lagadeildar Háskóla Íslands átti sæti í.

En tillagan byggði á eftirfarandi: Í fyrsta lagi að borun allt að 100 metrum dugi til heimilis- og búsþarfa og fullnægi öllum venjulegum þörfum landeigenda á þessum tíma, árið 1956, sem er auðvitað allt önnur framkvæmd en í dag. Í öðru lagi að dýpri boranir en 100 metrar væru svo kostnaðarsamar og árangur svo óviss að útilokað væri að bændur eða aðrir landeigendur legðu í slíkar framkvæmdir. Nú er þetta eiginlega borað á hverjum bæ, 100 metra hola, til að kanna hvort þar sé jarðhiti. Ef ég man rétt held ég að á þessum tíma hafi tveir aðilar í landinu öllu tæknilega getað komist niður að 100 metra markinu, það hafi verið til tvær holur á þessum tíma sem hafi náð niður að þessu 100 metra marki. Frv. byggði líka á að skipting neðar en 100 metra milli einstakra jarðeigna væri vandkvæðum bundin.

Að lokum vil ég bara ítreka það sem ég var að leggja áherslu á að það eru þrír meginþættir sem setja þessu skorður. Í fyrsta lagi hefur ráðherra ótvíræðan rétt til að leyfa rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, hvar sem er á landinu. Þetta er breyting frá því sem áður hefur verið. Nú getur einstaklingurinn ekki neitað um nýtingu og rannsóknir á viðkomandi svæði ef það er í þjóðarþágu. Í öðru lagi er landeiganda ókleift að standa í vegi fyrir nýtingu eða rannsóknum sem veitt hefur verið leyfi fyrir. Auðvitað getur viðkomandi landeigandi fengið slíkt en það er þó ekki bundið við að hann hafi einvörðungu réttinn. Og í þriðja lagi þarf landeigandinn sjálfur nýtingarleyfi til að nýta jarðhita og

grunnvatn í verulegu magni og hin verðmætari jarðefni. Áður þurfti landeigandi engin slík leyfi þannig að með þessu frv. er verið að setja skýrar reglur um nýtingarrétt og rannsóknir. Og af þeirri ástæðu og ef maður horfir á réttarframkvæmdina og lögin og reynsluna af dómum, gerðardómsúrskurðum og öðru slíku, er þetta ekki lengur umræða um eignarréttinn. Þetta er fyrst og fremst orðin umræða um nýtingarleyfin og rannsóknarleyfin.

Herra forseti. Ég vonast til að ég hafi, þótt ég hafi farið hratt yfir sögu, komist til að svara flestum þeim spurningum sem hér hafa komið fram og beint var til mín sem snúa að eignarréttinum og tek það fram að mér gefst annað tækifæri við 3. umr. og þá í ljósi þeirra breytingartillagna sem verða lagðar fram við frv., að gera grein fyrir því hvernig menn vilja standa að því sem snýr að náttúru- og umhverfisþætti málsins.

[19:20]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er enginn tími til að fara yfir mál í andsvörum. Ég vil bara nota tækifærið, herra forseti, til að mótmæla þeim skilningi hæstv. ráðherra að í raun og veru sé ekki hægt að setja einkaeignarréttinum almenn takmörk í lögum að því er varðar auðlindir í jörðu. Ég mótmæli því sérstaklega og vísa í því sambandi til þriggja hæstaréttardóma 1981, 19. febrúar, 28. desember 1981 og til dómsins varðandi eignarrétt að botni Mývatns undan netlaga. Það er því alveg ljóst að hefð er fyrir því að það er möguleiki á að setja þessum eignarrétti almenn takmörk. Ég mótmæli þessum sjónarmiðum ráðherra en bið hann að svara með einni setningu spurningu sem hefur ekki enn verið svarað: Af hverju liggur svona á, núna á þessu vori, að setja einkaeignarréttarákvæði um allar auðlindir í jörðu af hvaða tagi sem þær eru?

[19:21]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það þýði í sjálfu sér voðalega lítið fyrir okkur að deila um þetta. Við erum einfaldlega ekki sammála um það hvort hægt sé að setja einkaeignarréttinum skorður með lögum eða ekki. Ég hef aðra sýn á því en hv. þm. Svavar Gestsson og um það stendur deilan um þetta mál m.a. Af hverju liggur svona mikið á? Nú tel ég að málið sé orðið nógu þroskað eftir margra áratuga yfirlegu hinna mætustu manna og ágætis vinnu á undanförnum árum við að undirbúa málið. Menn hafa beðið eftir því í mörg ár að frv. yrði lagt fyrir þingið og það gerist núna í tíð þessarar ríkisstjórnar og ég tel það tækifæri sem við höfum til að lögfesta málið á þessu vori.

[19:22]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það þýðir ekkert fyrir okkur að pexa um þessi ákvæði að því er varðar stjórnarskrána. Hitt er hins vegar nauðsynlegt að undirstrika hér, að sú skoðun hans að málið sé þroskað til ákvörðunartöku er að mínu mati hrein fjarstæða vegna þess að málið er afar illa undirbúið eins og hefur verið rakið í ítarlegum ræðum. Aðalatriðið er þó það að með frv., ef það verður að lögum, er verið að færa landeigendum á Íslandi verðmæti upp á milljarðatugi. Þetta er frv. um stærstu eignatilfærslu sem flutt hefur verið í þessari stofnun og það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem við alþýðubandalagsmenn og óháðir höfum lagst gegn þessu frv.

[19:23]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er um þetta eins og svo margt annað því miður í þessu frv. sem við erum ósammála. Ég mótmæli því að þarna sé um eignatilfærslu að ræða. Ég segi: Réttarframkvæmdin, önnur lög sem fjalla um þessa nýtingu, gerðardómsúrskurðir, dómar og þar fram eftir götunum, staðfesta að sambærileg réttindi og þarna er verið að tala um að hafi verið flutt fylgi landareign. Ég segi: Það er einfaldlega verið að setja skýrar reglur um þetta og um leið og reglurnar eru settar um ráðstöfunarréttinn eru settar reglur um nýtingu og rannsóknir.

[19:23]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér er fyrirmunað að vera sammála eða ósammála hæstv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Það er nú ágætt.) vegna þess að það koma ekki fram nein rök. Það eru engin rök fyrir þessu. Það eru engin rök fyrir því að fara þessa leið. Þess vegna er algerlega vonlaust að taka afstöðu til þess hvort maður er sammála eða ósammála þeim rökum, því þau eru ekki til. Hér er einvörðungu valið að fara þessa leið án þess að hún sé nokkuð rökstudd. Þau litlu rök sem komu fram í ræðu hans áðan voru annars vegar þau að ef einhver önnur leið yrði farin yrði hugsanlega að borga bætur og það var ekki hægt, þá yrði að afhenda þetta einhverjum örfáum. Hinn kosturinn var sá að ef einhver leið yrði farin gæti verið vafi og álitamál gætu komið upp og því yrði að fara þessa leið. Þetta eru engin rök. Ekki nokkur. Hér er einfaldlega verið að afhenda örfáum gríðarleg verðmæti. Þó er eitt, virðulegi forseti, handfast í þessu máli, að fyrir tveimur árum eða svo féll hæstaréttardómur um netlög, þ.e. skilgreiningin var sú að netlög væru um það (Forseti hringir.) bil 2,90 metrar á dýpt o.s.frv. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. þekki þennan dóm. En ég spyr: Af hverju eru netlögin stækkuð í þessu frv. (Forseti hringir.) sem hér liggur fyrir miðað við þann dóm sem féll fyrir tveimur árum, af því hæstv. iðnrh. vísar til réttarframkvæmdar og þetta sé í samræmi við hana?

[19:25]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. hefur ekki móttekið þau rök sem ég hef reynt að færa fram í þessu máli. Þau eru mjög einföld. Það er mat ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna, að sú leið sem þarna er valin sé leið sem standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, af því að við erum sannfærðir um að ekki sé hægt með lögum að taka þennan eignarrétt af sem tengist landareigninni. Þetta eru rökin. Hv. þm. getur ekki svarað því með að segja: „Þetta eru ekki rök af því að ég er ekki sammála þeim." Þetta eru þau rök sem við höfum og færum fyrir málinu. En ég veit að hv. þm. er þeim ósammála.

Nú veit ég ekki í hvaða dóm hv. þm. var að vitna, en ef hv. þm. er að vitna í þann dóm sem hv. þm. Ragnar Arnalds fór gríðarlega vel yfir í gær, tel ég, og hefði kannski átt að gera grein fyrir því í umræðunni áðan, að hægt sé að færa mjög gild rök fyrir því að þetta frv. sé eiginlega alveg nauðsynlegt til að skýra eignarréttinn.

[19:26]

**Lúðvík Bergvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi þetta verið óskýrt áðan þá skýrðist það ekki mikið núna. Hæstv. ráðherra sagði að það væri mat ríkisstjórnarinnar að fara þessa leið en skýrði ekki hvaða rök

lægju á bak við það mat. Málið er ekki flóknara en það og því vil ég taka undir með hv. þm. Svavari Gestssyni sem spurði áðan: Af hverju núna? Af hverju þarf að fara þessa leið? Hæstv. ráðherra hefur sagt að þetta sé í samræmi við þær réttarreglur sem gilda núna og því spyr ég: Af hverju þarf að lögfesta reglur sem eru í gildi í samfélaginu? Er nema von að spurt sé, virðulegi forseti. Af hverju þarf að lögfesta reglur sem eru í samræmi við gildandi réttarframkvæmd? Virðulegi forseti, ef hægt er að fá skýringu á þessu hverf ég glaður héðan úr pontu.

[19:27]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom hv. þm. kannski að kjarna málsins. Þetta er rétt. Það er raunverulega verið að lögfesta réttarframkvæmdina og þau lög og lagareglur sem eru í gildi og snúa að orkulögum og námulögum. Það er ástæðan. Ástæðan er sú að iðnn. hefur lagt til að breyta nafni laganna og kalla frv.: Frv. til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vegna þess að þetta frv. snýr að því og full ástæða er einmitt til að setja reglur um það hvernig landeigendur eða hið opinbera eigi að standa að því að afla sér slíkra réttinda til nýtingar og rannsókna. Það er mergurinn málsins þannig að hv. þm. kom nákvæmlega að kjarna málsins. Það er verið að lögfesta réttarframkvæmdina, sameina og þar af leiðandi leggja niður lög um þann part af orkulögunum og eins um námuvinnsluna. Við erum því í raun að lögfesta réttarframkvæmdina og þær lagareglur sem í gildi eru.

[19:28]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. mæltist ágætlega áðan. Í sléttu og felldu máli fór hann yfir frv. og innihald þess. Hann sagði okkur að það væri pólitískur ágreiningur en ekki mikið meira en það. Að vísu sagði hann að hér væri verið að fjalla um grundvallarmál. En hér er verið að fjalla um grundvallarmál sem nánast hver einasti aðili sem kemur nálægt umhverfisvernd eða náttúruvernd á Íslandi hefur mótmælt og mjög harkalega og stjórnarandstaðan hefur verið einhuga í mótmælum gegn því að verið sé að færa einkaaðilum eignarhald yfir auðlindum þjóðarinnar. En ég kem upp, hæstv. forseti, til að spyrja hæstv. iðnrh. nánar út í þau ummæli sem hann viðhafði um að hér væri á ferðinni málamiðlun milli tveggja stjórnmálaflokka, Sjálfstfl. og Framsfl. Mér leikur forvitni á að vita í hverju sú málamiðlun fólst.

[19:30]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það koma tillögur frá hv. iðnn. um breytingar á einstökum greinum frv. sem snúa að umhverfisverndinni. Ég tek alveg undir það og við erum tilbúnir til þess að skoða það sérstaklega. En af því að hv. þm. hefur mikinn áhuga á því að vita í hverju málamiðlunin fólst milli Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu frv. ... (**Gripið fram í:** Það eru fleiri um það.) Já, það er gott að heyra að þingmenn sem hér eru staddir hafa mikinn áhuga á að heyra í hverju sú málamiðlun liggur.

Nú erum við að horfa á það að hér gætu, í slíkum grundvallarmálum, legið fyrir frv. frá hverjum einasta stjórnmálaflokki um það hvernig að þessu skuli staðið, enda kemur það í ljós. Alþb. hefur í mörg ár lagt fram frv. um þetta efni. Það er mjög frábrugðið því frv. sem Alþfl. og jafnaðarmenn hafa lagt hér fyrir. Ef Framsfl. hefði ekki verið í stjórnarsamstarfi eða Sjálfstfl. ekki verið í stjórnarsamstarfi við Framsfl., þá hefðu sjálfsagt komið frv. frá þessum flokkum sem væru að einhverju leyti svolítið öðruvísi. (Forseti hringir.)

Hér er svo niðurstaðan, og það er málamiðlunin, að menn ákveða að festa í sessi réttarframkvæmdina og einstaka þætti í löggjöf sem fyrir er en ganga ekki lengra. Þar af leiðandi er engin eignatilfærsla í málinu, en settar skýrar (Forseti hringir.) reglur um nýtingarréttinn og rannsóknina.

[19:31]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hverju náði Framsfl. fram í þessu frv., í frv. sem tryggir einkaaðilum eignarhald yfir auðlindum á borð við það sem einvörðungu þekkist í Bandaríkjunum, einu ríkja innan OECD, varðandi olíu. Ég rakti það í ræðu minni að hvergi á byggðu bóli hafa menn gengið eins langt í þessum efnum og íslenska ríkisstjórnin, ef undan er skilin Bandaríkjastjórn gagnvart olíunni.

[19:32]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði svarað því í hverju málamiðlunin fólst. Til að taka kannski örlítið gleggra dæmi og hafa myndina dálítið skýrari, þá getum við hugsað okkur að ef Framsfl. hefði verið í stjórnarsamstarfi við Alþb. og myndað meiri hluta á Alþingi, þá segi ég að sennilega hefði niðurstaðan orðið sú sama. Við hefðum ákveðið að festa í sessi réttarframkvæmdina og þau lög sem eru í gildi um nýtingarréttinn eins og hann er í dag og setja skýrar reglur um rannsóknarleyfin og um nýtingarleyfin. Þetta er hin pólitíska málamiðlun. Ég veit ekki hvort þetta svarar spurningu hv. þm. Ef við hefðum verið í samstarfi við annan flokk þá hefði niðurstaðan kannski orðið nákvæmlega sú sama.

[19:33]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að uppstilling hæstv. iðnrh. varðandi annars vegar einkaeignarréttinn og stöðu hans, og hins vegar möguleika löggjafans til að setja þessum sama einkaeignarrétti skorður, takmarka hann, sé léleg lögfræði, í raun og veru algjör steypa.

Þó að réttur landeiganda, t.d. til jarðhita, yrði nú talinn, vegna tæknibreytinga eða af einhverjum öðrum ástæðum, eitthvað ríkari en hann var að mati Ólafs Jóhannessonar árið 1956, þá er ekki þar með sagt að hann yrði talinn algjör, ótakmarkaður, en það er það sem þetta frv. felur í sér. Og það er himinn og haf þarna á milli. Frv. er um miklu meira en það að staðfesta rétt innan einhverra eðlilegra nýtingarmarka eins og þau liggja í dag, til handa einstaklingum eða landeigendum.

Þetta frv. er um algeran einkaeignarrétt á öllu undir yfirborði jarðarinnar og inn að iðrum hennar. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort um er að ræða málma, orku eða hvað það er. (Forseti hringir.) Þannig að þetta frv., þrátt fyrir býsna góða tilburði hæstv. iðnrh. hér til að gera lítið úr málinu og segja að þetta sé engin breyting, er gífurlega afdrifaríkt í þessum efnum.

[19:35]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé það af þessari umræðu að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon erum sammála um það að hefði skýrsla Ólafs heitins Jóhannessonar komið út núna, þá hefði hún hljóðað allt öðruvísi en árið 1956. Það er vegna þess

að tæknilegir möguleikar til að að nýta þessi réttindi eru allt aðrir í dag en árið 1956.

Hitt skal ég viðurkenna, að það er spurning hversu langt menn eiga að ganga í því að setja einkaeignarrétt á þessi verðmæti sem þarna eru til. Við göngum ekki lengra en — og það er ég alltaf að ítreka í þessari umræðu — réttarframkvæmdin og gildandi lög gera ráð fyrir í dag. Við göngum ekki lengra.

[19:36]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bara ekki rétt hjá hæstv. iðnrh. Það er gengið miklu lengra. Það er ekki hægt að lesa 1., 2. og 3. gr. frv. öðruvísi en að þeirri niðurstöðu að þar sé gengið alla leið. Það er ekki hægt að fara lengra. Það er ekki hægt að gera einkaeignarréttinn afdráttarlausari með neinum þeim aðferðum sem mér koma í hug en gert er í þessu frv.

Ég er í grundvallaratriðum ósammála hv. þm. um möguleika löggjafans til þess að setja almennar reglur í þessu sambandi, sem takmarka einkaeignarréttinn. Ég er algjörlega ósammála því að löggjafinn, í þágu almannaheilla og þjóðarhagsmuna, megi ekki takmarka þennan rétt. Hvers vegna skyldi það verða niðurstaðan á Íslandi þegar fjölmargar þjóðir í þróuðum réttarríkjum hafa gert hið gagnstæða? Eru þeir þá illa að sér í lögfræði, á Nýja-Sjálandi, í Danmörku, í Svíþjóð, í Bandaríkjunum og víða annars staðar þar sem það er nánast reglan frekan en undantekningin að þessum rétti eru settar skorður? Er það bara hér uppi á Íslandi 1998 sem málum er þannig komið að einkaeignarrétturinn sé orðinn algjörlega heilagur, ótakmarkaður og altækur?

[19:37]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að einkaeignarrétturinn, ef við höldum okkur við umræðuna um jarðhitann og boranir af því að hv. þm. gerði mikið úr því í sínu máli hér fyrr við umræðuna í ágætri ræðu, nær eins langt niður og menn geta hagnýtt sér auðlindina. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Það að bera það saman við framkvæmdina í öðrum löndum hefur enga merkingu, af þeirri ástæðu að við byggjum þessa niðurstöðu okkar á því og við teljum að það þurfi að fara þessa leið til að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar standist. Við höfum allt aðra stjórnarskrá, og ekki hægt að bera það saman, en þessar þjóðir sem hér var vitnað í. Þess vegna geta eignarréttarákvæði í stjórnarskrá þeirra landa, verið allt önnur heldur en eignarréttarákvæðin hjá okkur. (**LB:** Erum við ekki að tala um sömu stjórnarskrána?) Við erum að tala um íslensku stjórnarskrána og stjórnarskrár annarra landa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 19:39.

---

# 126. FUNDUR

miðvikudaginn 13. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

## *Tilhögun þingfundar.*

[10:30]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess í upphafi fundar að við það er miðað að atkvæðagreiðsla fari fram um fyrsta dagskrármálið, frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu kl. 11 og verður fundinum frestað til þess tíma.

[Fundarhlé. — 10:31]

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Samráð um þingstörfin.

[11:03]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs er sú að það hefur verið venja hér um nokkurra ára skeið, hygg ég, að hafa samráð um það hvenær atkvæðagreiðslur fari fram. Þó að það sé í sjálfu sér hægt að reikna með því að atkvæðagreiðslur fari fram fljótlega eða strax eftir að umræðu lýkur, þá er það góður siður að hafa samráð um þetta. Það var ekki gert í þessu tilviki.

Okkur nefndarmönnum í iðnn. var tilkynnt um það um tíuleytið í morgun að atkvæðagreiðsla væri væntanleg eftir u.þ.b. hálfa klst. Mér finnast þetta ekki góð vinnubrögð, herra forseti, ég mótmæli þeim og óska eftir því að sá háttur verði upp tekinn á ný að hafa samráð um þann tíma sem valinn er fyrir atkvæðagreiðslur um hin meiri mál. Ég held að það geti ekki talist ósanngjörn ósk.

Í öðru lagi við ég geta þess, herra forseti, að nú hefur ekki átt sér stað samráð af neinu tagi, milli formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og forseta, í tíu daga. Það er einsdæmi þann tíma sem ég hef gegnt þessu starfi. Ég tel að það eitt sé mjög alvarlegt merki. En vegna þess að forseti hefur kosið að ræða ekki við okkur þingflokksformenn þá hlýt ég að tilkynna um að við munum, þingmenn Alþb. og óháðra, nota okkur þann rétt sem kveðið er á um í þingsköpum, að ákveða sjálf hvenær við efnum til utandagskrárumræðna. Við höfum

þann rétt alveg tvímælalaust, að efna til utandagskrárumræðna í hálfa klukkustund og ég lýsi því hér með yfir fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að við munum ákveða þann tíma sjálf eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

[11:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er grafalvarlegt mál. Ekki vegna þess að við skulum hafa lokið umræðu um þingmál hér á kvöldmatartíma í gærkvöldi og gengið sé til atkvæða í morgunsárið í dag, heldur vegna þess að það vantar allt samráð. Fyrstu dagana eftir að ljóst var að það átti ekkert að ræða við þingflokksformenn fannst mér þetta fyrst og fremst spaugilegt. Það viðurkenni ég. En núna, þegar liðnir eru tíu dagar, þá finnst mér þetta grafalvarlegt mál og snúast um sóma Alþingis.

Ég hvet til þess að rætt verði um stjórn þingsins og það á ekki að gerast að þingflokksformenn fái boð um atkvæðagreiðslur í gegnum símann frá skiptiborðinu, sérstaklega ekki þegar um stór mál er að ræða sem miklar deilur hafa staðið um og ljóst er að þörf er á að fara yfir þau mál og atkvæðagreiðslukjöl.

Ég ætla að minnast á það góða samráð við forseta Alþingis. Það hefur verið til fyrirmyndar. Hér hefur verið byggt upp nýtt samstarf að öllu leyti og Alþingi hefur verið sjálfstætt í störfum sínum. Á liðnum dögum höfum við talað um að þetta samstarf sé fyrir bí. Ég harma það ef þinghaldi nú í vor á að ljúka á þannig að allt samráð fari fram með tilskipunum frá forsetadæminu til þingflokksformanna. Ég hvet til þess að hér og nú verði horfið af þessari braut.

[11:07]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill taka fram, vegna kvartana sem fram hafa komið og snúa að þeirri atkvæðagreiðslu sem nú er senn að hefjast, að hann telur mjög mikilvægt að eins mikið ráðrúm gefist þingheimi að vita um slíkt og með eins löngum fyrirvara og á er kostur. Hafi orðið á því misbrestur, þá verður reynt að tryggja að það komi ekki fyrir aftur.

Í annan stað, varðandi samskipti forsetadæmis og yfirstjórnar þingsins og þingflokksformanna, þá væntir sá forseti sem hér stýrir fundi að strax á þessum degi verði reynt eftir föngum að koma þeim samskiptum í eins eðlilegt horf og hægt er.

## *Eignarhald og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 574, nál. 1265 og 1284, brtt. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

Till. í nál. 1284 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 21:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, SAÞ, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það mál sem hér er um að ræða, frv. til laga um eignarhald á nýtingu auðlinda í jörðu, er tvímælalaust stærsta mál þess þings sem nú situr. Það er verið að færa landeigendum allar auðlindir í jörðu með afgerandi hætti þó að heiðir, venjur, dómar og saga hafi sýnt okkur að eðlilegra væri að hafa aðra skipan á málum.

Hér er um að ræða milljarðatuga eignatilfærslu. Hér er um að ræða lagasetningu, ef þetta verður samþykkt, sem mun hafa úrslitaáhrif á efnahags- og atvinnulíf á Íslandi langt inn í næstu öld. Þess vegna leggjum við til að þessu máli veðri vísað frá, vegna auðlindanna, vegna umhverfismálanna og vegna þess að á frv. eru stórkostlegar missmíðar.

Ég hvet þess vegna til þess að málinu verði hafnað og það verði skoðað betur. Engin rök hafa verið flutt fyrir því að frv. þurfi að afgreiða á þessu vori.

[11:10]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Þetta mál er mjög vanbúið til afgreiðslu hv. Alþingis. Við stjórnarandstæðingra höfum útskýrt í gagnmerkum ræðum í hverju sá vanbúnaður er fólginn. Meginatriðið er það að frv. kveður á um mestu eignatilfærslu frá almenningi til einkaaðila í Íslandssögunni. Ég fylgi því að sjálfsögðu þessari tillögu og segi já. Ég segi, herra forseti: Slæm var gjörðin þegar lög nr. 38/1990, um kvóta voru samþykkt. Þetta er miklu verri gjörð. Ég styð þessa tillögu og segi já.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Það mál sem hér er verið að afgreiða er dæmi um að línur eru að skerpast í stjórnmálum á milli flokkanna. Þarna er verið að afhenda einstökum jarðeigendum yfirráð yfir öllum auðlindum í jörðu í landi þeirra, olíu, jarðgasi, málmum, kolum, öllu því sem finnast kann allt að miðju jarðar. Auk þessa eru í frv. sniðgengnar reglur um umhverfismeðferð og gert ráð fyrir því að iðnrh. fái sjálfdæmi um að leigja aðgang að sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar hverjum sem er, hvar sem er, fyrir hvaða verð sem er. Fyrsta verk ríkisstjórnar sem vinstri menn öðlast aðild að á að vera að afnema þessi ákvæði og færa þjóðinni aftur sitt eigið land.

En það er athyglisvert, virðulegi forseti, að iðnrh. sjálfur, sem ber öðrum fremur ábyrgð á málinu, er fjarverandi við afgreiðslu þess og ég spyr: Er hæstv. ráðherra að tryggja

sér fjarvistarsönnun þegar að honum verður sótt í komandi kosningum?

[11:13]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við sitjum hjá um þessa grein en munum síðan greiða atkvæði á móti nokkrum greinum frv. og einstökum málsgreinum, t.d. í 2. gr., greiða atkvæði á móti 3. gr. og móti 8. gr. og móti a.m.k einni brtt., eins og síðar mun koma fram.

Sú grein sem hér er um að ræða er skilgreiningargrein. Hún er hins vegar mjög gölluð. Talað er um að fyrir utan þau verðmæti sem kunna að finnast innan netlaga, og allir þekkja skilgreininguna á, þá er gert ráð fyrir því að landeigendur eigi þau verðmæti sem finnast undir sjávarbotni innan netlaga. Hér er gengið miklu lengra en nokkru sinni fyrr að þessu leyti. Að þessu leyti er greinin gölluð og hefði auðvitað getað gefið tilefni til þess að greiða atkvæði á móti henni.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér áðan að það er til marks um stöðu þessa máls að hæstv. iðnrh. skuli ekki taka þátt í atkvgr. Hann heyrir þannig ekki atkvæðaskýringarnar. Ég spyr hæstv. forseta: Telur hann ekki eðlilegt að atkvæðagreiðslunni verði frestað meðan kannað er hvar iðnrh. er, þannig að hann geti tekið á þátt í atkvgr.? Ég skora á hæstv. forseta að kanna þetta nú þegar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill upplýsa, vegna þessara orða, að hæstv. iðn.- og viðskrh. er með fjarvistarleyfi í dag.)

[11:15]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég fer fram á að atkvæðagreiðslunni verði frestað þangað til iðnrh. getur verið hérna. Ég mótmæli því að atkvæðagreiðslan haldi áfram með þessum hætti og óska eftir því að þegar í stað verði haldinn fundur um málið og atkvæðagreiðslunni verði frestað. Það er engin hemja að fyrirsvarsmaður málsins skuli vera fjarverandi og geti þar af leiðandi ekki heyrt þær atkvæðaskýringar og ábendingar sem fram koma í málinu af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það sýnir þvílíkan dónaskap gagnvart stjórnarandstöðunni og þinginu sjálfu að það er algerlega útilokað að líða þessi vinnubrögð. Ég óska því eftir að atkvæðagreiðslunni verði frestað.

[11:16]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir ekki bara dónaskap gagnvart þinginu eða stjórnarandstöðunni að iðnrh., sem ber ábyrgð á málinu, skuli vera fjarverandi í atkvæðagreiðslu. Það vekur líka spurningar um það hvers vegna. Hver er ástæðan fyrir því að maðurinn sem á að bera ábyrgð á málinu á Alþingi kýs að vera fjarverandi þegar atkvæðagreiðsla verður um það? Hver er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ekkert samráð var haft eins og vant er um þessa atkvæðagreiðslu þannig að mönnum væri ljóst hvernig til hennar væri stofnað? Er það kannski skýringin, herra forseti, á því að ekkert samráð var haft um framgang atkvæðagreiðslunnar að iðnrh. hafi kosið að vera fjarverandi og menn hafi ekki ætlað að láta það uppgötvast fyrr en atkvæðagreiðslan væri hafin?

Ég tek undir tilmæli hv. þm. Svavars Gestssonar og þetta eru meira en tilmæli. Þetta hlýtur að vera niðurstaða forseta sjálfs að það sé ekki hafandi um svo alvarlegt mál eins og hér um ræðir, að helsti ábyrgðarmaður þess á Alþingi sé bara með „alibí". Hann kjósi að vera fjarverandi til þess að geta sagt kjósendum sínum að hann hafi enga hlutdeild átt að afgreiðslu málsins.

[11:17]

**Pétur H. Blöndal** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Málið er alfarið í höndum Alþingis, þ.e. löggjafarsamkundunnar, og ég neita því og hafna því að fulltrúar framkvæmdarvaldsins eigi að stýra því hvenær Alþingi greiði atkvæði um ákveðnar tillögur.

[11:17]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill vegna umræðu um atkvæðagreiðsluna vekja athygli á því, eins og hann gat um áður, að hæstv. iðnrh., eins og raunar fleiri hv. þm., hefur tilkynnt fjarvist og hefur leyfi til fjarvistar eins og tilkynnt var í upphafi fundar. Af *þeim sökum getur forseti ekki orðið við þeim tilmælum sem* fram hafa komið um frestun atkvæðagreiðslunnar.

[11:18]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég verð að leyfa mér að spyrja hæstv. forseta: Hvers vegna er atkvæðagreiðslan látin fara fram við þessar aðstæður og hvað liggur á? Var hæstv. forseta eða forsetum þingsins ljóst að hæstv. iðnrh. hefði beðið um fjarvistarleyfi og hver er þá orðin ástæðan fyrir því að drífa á þessa atkvæðagreiðslu með jafnstuttum fyrirvara og raun ber vitni? Ég held, herra forseti, að ekki sé hægt að kalla þetta annað en veruleg mistök í skipulagningu þingstarfanna. Það eru að vísu ekki þau fyrstu sem við upplifum þessa dagana í þeirri hörmungarringulreið sem ríkir hér. En ég held að fullkomlega gildar ástæður séu komnar fram fyrir því að fresta atkvæðagreiðslunni og ég minni á að fyrir því eru fjölmörg fordæmi, a.m.k. allmörg fordæmi, að atkvæðagreiðslum hafi verið frestað í miðjum klíðum þegar óvæntar aðstæður koma upp. Kannski er frægasta fordæmið þegar stjórnarflokkur fór fram á frestun á atkvæðagreiðslu um eigin fjárlög og ætli það hafi ekki verið forseti úr sama flokki sem sat þá á forsetastóli vegna þess að einhverjir stjórnarliðar hlupust undan merkjum. (**Gripið fram í:** Fylgdu sannfæringu sinni.) Já, fylgdu sannfæringu sinni sem er að vísu mjög sjaldgæft nú orðið að menn geri en átti þó a.m.k. til að gerast á árum áður. Þannig að ég spyr, herra forseti: Eru ekki komin fram meira en fullnægjandi rök fyrir því að fresta atkvæðagreiðslunni? Ég held að forsetar þurfi að líta svolítið í eiginn barm um þá misráðnu ákvörðun að reka atkvæðagreiðsluna á með stuttum fyrirvara og ofan í það að hæstv. iðnrh. er með fjarvistarleyfi.

[11:19]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill árétta að í upphafi fundar, klukkan hálfellefu, var getið um fjarvistir hv. þm. og þar með hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Nei.) Þess var getið í samræmi við nýtt fyrirkomulag í þeim efnum og tilkynnt um að fjarvistaskrá lægi frammi klukkan hálfellefu í morgun.

[11:20]

**Valgerður Sverrisdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa haft orð á því að það er óæskilegt að hæstv. iðnrh. er fjarstaddur en þeir þrír hv. þm., sem hafa gert hér athugasemdir, hafa allir gegnt embætti ráðherra og gera sér þá kannski grein fyrir því að ráðherrar þurfa stundum að skipuleggja tíma sinn þannig að þeir geta ekki alltaf verið viðstaddir hér á Alþingi enda vitum við að það er erfitt að skipuleggja tíma

sinn eins og málum er háttað núna og reyndar átti þingi að vera lokið. Ég tek undir það að mér finnst það óæskilegt að ráðherra skuli ekki vera viðstaddur en ég held að ekkert sé við því að gera. Ég vissi það ekki sjálf fyrr en í morgun að málum var svo háttað að hann var búinn að skipuleggja að vera á fundi úti á landi í dag og þess vegna er hann ekki hér. Reyndar er það þannig með nokkuð marga fleiri hv. þm. að þeir eru ekki viðstaddir í atkvæðagreiðslunni. En ég óska eftir því að hún megi engu að síður fara fram.

[11:21]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er nú svo að það er svolítið erfitt að skamma Albani fyrir Kínverja, svolítið erfitt að beina máli sínu að hæstv. forseta, sem nú situr á forsetastóli sem var ekki kunnugt um það fyrr en korteri áður en að atkvæðagreiðsla átti að hefjast að það hefði verið ákveðið.

En svo vill til að hæstv. aðalforseti situr í þingsal og mér finnst mjög eðlilegt að snúa máli okkar til hæstv. aðalforseta og biðja hann um að beita áhrifum sínum til þess að fresta atkvæðagreiðslunni þangað til ráðherra er mættur. Ég man ekki eftir fordæmi fyrir því að ráðherra sem ber ábyrgð á jafnstóru máli og hér um ræðir taki þann kostinn að vera fjarstaddur í atkvæðagreiðslu. Ég er alveg sannfærður um það að ef forsn. Alþingis hefði vitað það eða ef aðalforseti hefði vitað að hæstv. iðnrh. yrði fjarverandi í upphafi fundar mundi hann ekki hafa ákveðið að hafa atkvæðagreiðsluna á þeim tíma og þá síst ef hann hefði haft eitthvert samráð um það við þingflokkaformenn og þeir hefðu óskað eftir því að atkvæðagreiðslan biði ráðherrans.

Virðulegi forseti. Ég óska eindregið eftir því við hæstv. aðalforseta, sem á sæti meðal óbreyttra þingmanna, að hann beiti sér fyrir því að atkvæðagreiðslunni verði frestað þar til hæstv. iðnrh. kemur. Ég skil það mjög vel að það sé erfitt fyrir sitjandi forseta, sem er úr hópi stjórnarandstæðinga, að taka á þeim eindregnu tilmælum.

[11:23]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill vegna þessara orða geta þess að sá er hér stendur stýrir þessum fundi. Í þingsköpum er ekki um að ræða neina aðalforseta og aukaforseta. Forseti vill einnig geta þess vegna þessara orða að honum er kunnugt um það að forsetadæmið í heild sinni hafði enga tilkynningu fengið um það fyrir fram af hálfu einstakra ráðherra hvort þeir yrðu viðstaddir þessa afgreiðslu. Forsetadæmið stillir upp dagskrá þingsins eins og venja er til og reynir að gera það með þeim hætti að þingstörf geti, miðað við allar aðstæður, gengið eins greiðlega fyrir sig og unnt er. Umræðu um dagskrármálið var lokið í gærkvöldi og því eðlilegt að hafist yrði handa eins fljótt og kostur er við að greiða atkvæði um það mál. Það er verið að gera hér.

Formlega telur forseti að hann hafi enga stöðu til þess samkvæmt þingsköpum að fresta atkvæðagreiðslu þótt einstaka hv. þm. eða jafnvel einstaka hæstv. ráðherra vanti í salinn. Atkvæðagreiðsla er hafin og forseti vill lýsa því yfir mjög skýrt að hann hefur ekki áform um að fresta henni.

[11:24]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur alloft gerst að við höfum verið með mál á dagskrá deginum áður og atkvæðagreiðsla hefur beðið, ekki bara í daga heldur oft frá miðri viku og fram yfir næstu helgi. Það hefur verið vegna þess að forseti og þingflokksformenn hafa metið að það væri hentugt og hafa ráðslagað þar um.

Á þessum morgni var tilkynnt án samráðs um atkvæðagreiðslu klukkan hálfellefu. Á þessum morgni var beðið um þingflokksfundi til þess að skoða og undirbúa atkvæðagreiðsluna og þess vegna gátu þingmenn ekki á þessum morgni farið að skoða fjarvistaskrá og sannreyna að sá sem ber ábyrgð á málinu í þinginu og hefur borið það inn, sé í burtu. Það er þannig að þingmenn eiga að vera á þingfundum, ekki síst í lok þings þegar mikilvæg þingmál eru uppi, og oft þarf að beina fyrirspurnum til þeirra sem eru ábyrgðarmenn mála og þá er eðlilegt að ráðherrar líka láti þingfundi ganga fyrir.

Hins vegar hefur það vakið athygli okkar þingmannanna hversu oft það hefur gerst að ráðherrar og þingmenn Framsfl. hafa boðað fundi og sjálfa sig úti á landi á sama tíma og við höfum fundað hér. Og það er bara eitthvað sem ekki á að gerast, virðulegi forseti.

Ég tek undir þær óskir sem hafa komið fram að það er harla óeðlilegt að skella þessari atkvæðagreiðslu á þennan morgun þegar ljóst er að ráðherrann er í burtu og það er í hæsta máta eðlilegt og fordæmi fyrir því að fresta atkvæðagreiðslu.

[11:26]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Forseti sagði áðan að okkur hefði mátt vera ljóst að hæstv. ráðherra væri fjarverandi af því að fjarvistir hefðu verið kynntar. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort það var gert með nýjum hætti í morgun vegna þess að venjan er núna sú á þessu þingi að sagt er: Fjarvistaskrá hefur legið frammi. Fjarvera einstakra þingmanna eða ráðherra er ekki tilkynnt. Það gæti verið að sú nýlunda, að tilkynna einstaklinga, hafi farið fram hjá mér af því ég kom seint hér til fundar, og ég vil spyrja hæstv. forseta að því í fyrsta lagi.

Í annan stað vil ég segja að enga nauðsyn ber til þess að ljúka atkvæðagreiðslunni núna, það er alveg augljóst mál. Það ber enga efnislega nauðsyn til þess. Að vísu stendur til að hv. iðnn. fái málið til meðferðar milli 2. og 3. umr. en það breytir engu hvort atkvæðagreiðsla fer fram núna, seinna í dag eða í fyrramálið til þess að tryggja að svo geti orðið.

Í þriðja lagi vil ég mótmæla hæstv. forseta vegna þess að ég tel að hann hafi stöðu til þess að fresta atkvæðagreiðslunni. Ekki vegna þess að hæstv. ráðherra er fjarverandi heldur vegna þess að tveir þingflokkar hafa óskað formlega eftir því að hlé verði gert á fundinum og atkvæðagreiðslunni verði frestað. Það eru þúsundir dæma fyrir að forsetar hafi orðið við slíkum óskum hvað svo sem forsetum hefur fundist um þær óskir út af fyrir sig.

Ég held þess vegna, herra forseti, að nauðsynlegt sé að ítreka það að ég fer fram á að fundinum verði frestað. Ég fer fram á að atkvæðagreiðslunni verði frestað og skora á hæstv. forseta að verða við þeim óskum. Auðvitað er það forsetinn sem ræður en óskir okkar eru þessar og það er slæmt ef forseti ætlar sé að neita okkur um þessar óskir.

[11:28]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Vegna fyrirspurna hv. þm. um fyrirkomulag tilkynninga um fjarvistir hv. þm. þá tók forsn. ákvörðun um það ekki fyrir margt löngu að skrá þess efnis, fjarvistaskrá, lægi frammi í stað þess að rekja hér nafn hvers einasta þingmanns sem hefði fjarvistarleyfi. En tilkynningin er jafnskýr eftir sem áður. Hafi hv. þingmenn áhuga á því að kynna sér hvernig

viðveru er háttað þann daginn þá liggur sú skrá hér frammi. Þetta vildi forseti segja af þessu tilefni.

Forseti vill einnig árétta vegna þessarar umræðu að mikilvægt er að hæstv. ráðherrar eins og hv. þingmenn sinni þingskyldu sinni en auðvitað er það þannig stundum með alla hv. þm. að því verður ekki við komið og því er þessi háttur hafður á að menn tilkynna um lögmætar fjarvistir.

Í þriðja lagi vill forseti árétta að þetta mál er á forræði iðnn. og kemur þaðan til þingsins og er sem sé á forræði Alþingis.

[11:29]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um eitt stærsta og alvarlegasta mál sem komið hefur til kasta Alþingis, ekki bara síðustu mánuði eða síðustu ár heldur sennilega nokkru sinni. Við erum að fjalla um stærri eignatilfærslu en um getur í sögu okkar. Þegar spurt er hvort fyrir því séu rök að verða við óskum stjórnarandstöðuþingmanna um að fresta atkvæðagreiðslunni er svarið komið undir afstöðu manna til lýðræðislegra óska sem eru settar fram. Í huga mínum eru óskir sem fram koma frá fjölmörgum þingmönnum, formönnum þingflokkanna úr stjórnarandstöðu og öðrum þingmönnum rök í sjálfu sér. Ef menn vilja hins vegar blása á slík rök og virða lýðræðislegar óskir að vettugi hefur það að sjálfsögðu áhrif á allt samstarf í þessum sal. Ég hvet til þess að við stuðlum að góðu samstarfi á lokadögum þingsins en það er komið undir æðstu stjórn þingsins og ríkisstjórninni sem hefur sitt að segja í þessum efnum hver niðurstaðan verður og hvert framhaldið verður.

[11:31]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti hefur áður gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls. Hún hefur ekki breyst þrátt fyrir framhald þessara athugasemda um atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan er þegar hafin og henni verður fram haldið.

[11:32]

**Margrét Frímannsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki oft á þeim ellefu árum sem ég hef átt sæti á hv. Alþingi orðið vitni að því að beiðni frá tveimur þingflokksformönnum fyrir hönd þeirra þingflokka sé hafnað um að gera hlé til þess að ræða málin. Mér finnst auðvitað alveg fráleitt að hæstv. iðn.- og viðskrh. sé ekki á staðnum en jafnvel enn fráleitara að tveimur hv. þingflokksformönnum sé neitað um að hér sé gert hlé á störfum þingsins til þess að ræða um framhaldið, a.m.k. tíu mínútna eða korters hlé. Ég vil biðja hæstv. forseta um að íhuga þetta enn áður en hann kveður upp úrskurð sinn.

Aðeins svona í leiðinni langar mig til þess að vekja athygli á því að hæstv. forseti notaði ákveðið orð um forsn. í umræðunni nú rétt áðan, þegar hann talaði um forsetadæmi. Mér þykir það leiðinlegt orðalag um forsn. þingsins og bið hæstv. forseta um að íhuga það líka að nota ekki það orðfæri.

[11:33]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti er hjartanlega sammála hv. þm. um það. Þetta voru mismæli. Það er ekki gott að viðhafa þetta orðalag og forseti mun taka orð hv. þm. til eftirbreytni.

Forseta er mest umhugað um að þingstörf geti gengið greiðlega fyrir sig og telur í ljósi þessarar langvarandi umræðu um atkvæðagreiðslu að skynsamlegt sé að gert verði tíu mínútna hlé á fundinum og að atkvæðagreiðslunni verði fram haldið kl. 15 mínútur fyrir tólf.

[Fundarhlé. — 11:34]

[11:59]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Eins og hv. þingmönnum er væntanlega ljóst áttu forsetar þingsins fund með þingflokksformönnum um það efni sem hér var rætt áður, um þá atkvæðagreiðslu sem er yfirstandandi og þinghaldið að öðru leyti. Forseti vill geta þess að þessir aðilar munu hittast aftur að aflokinni þeirri atkvæðagreiðslu sem nú er í gangi, þ.e. niðurstaðan er sú að atkvæðagreiðslunni mun fram haldið.

[11:59]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég er andvígur því að halda þessari atkvæðagreiðslu áfram. Ég sé engin efnisrök fyrir því. Það eru fordæmi fyrir því að fresta atkvæðagreiðslu a.m.k. í nokkra klukkutíma. Það getur verið að það sé erfitt að finna fordæmi fyrir því að fresta henni á milli daga. Mér er það ekki ljóst. En hitt man ég að á síðasta kjörtímabili var atkvæðagreiðslu frestað um fjárlögin sjálf í marga klukkutíma að kröfu Sjálfstfl. vegna þess að einn og einn þingmaður Alþfl. vildi fylgja samvisku sinni, eins og það var kallað hér í frammíkalli áðan. Það er því auðvitað alveg augljóst mál að fyrir því eru fordæmi að fresta atkvæðagreiðslu. Ég er ekki sáttur við niðurstöðu forseta. Það er þannig að forseti ræður og þess vegna hlýtur þessi atkvæðagreiðsla að fara fram. En ég tel að það sé í rauninni gagnrýni vert.

Ég vil líka gagnrýna það og halda því til haga, herra forseti, að það að fjarvistarskrá hafi verið lögð fram sé notuð sem málsástæða fyrir því að formenn þingflokka eigi að vita hverjir eru hér og hverjir ekki. Það gengur auðvitað ekki að setja málin þannig upp. Annaðhvort verður að koma þessari skrá á framfæri við formenn þingflokkanna á nýjan hátt eða að fara að tilkynna alla þá sem eru fjarverandi, nafn fyrir nafn. Það var að vísu mjög slæmt og erfitt að nota þessa aðferð á sínum tíma vegna þess að þeir sem voru mest í burtu vanræktu yfirleitt að láta skrá sig á fjarvistarskrána. Það voru því þeir sem voru samviskusamastir sem voru lesnir hér upp í beinum útsendingum af því að þeir höfðu tilkynnt forföll sín. Þetta var út af fyrir sig aðalástæðan fyrir því að menn ákváðu að meðhöndla fjarvistarskrána eins og gert er núna. En það breytir ekki því að ef það á að fara að nota fjarvistarskrána og framlagningu hennar sem málsástæðu fyrir því að stjórnarandstöðuþingmenn verði að una niðurstöðu eins og þeirri sem hér fer fram í dag þá er augljóst að við verðum að óska eftir því að öðruvísi verði farið með þessa skrá í framtíðinni.

[12:01]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess vegna umræðu um fjarvistarskrá að þetta er eitt þeirra atriða sem forseti telur skynsamlegt að forsetar og þingflokksformenn ræði, þ.e. hvernig sú skrá birtist. Það eru ýmsar leiðir færar í því.

[12:01]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Að loknum fundi okkar þingflokksformanna og forseta er niðurstaða forseta að halda áfram með atkvæðagreiðsluna. Þeirri niðurstöðu munum við una.

Virðulegi forseti. Við höfum verið ósátt á þessum morgni um það hvernig atkvæðagreiðsluna bar að. Það hefur verið rætt. Það hefur líka verið rætt að forsetar og þingflokksformenn muni nú eiga fund þegar gert verður hlé á fundinum og ég fagna því. En við höfum ekki síst verið ósátt við það sá ráðherra sem hefur borið það mál sem er til atkvgreiðslu inn á þing skuli ekki vera hér og um það hefur verið rætt í athugasemdum við forseta.

En ég veit ekki betur en að forsrh., oddviti ríkisstjórnar, sé í húsinu og hann hefur ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu og mér finnst það mjög óeðlilegt, herra forseti.

(**Forseti** (GÁS): Vegna þessara athugasemda hv. þm. vill forseti upplýsa að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu eins og sakir standa.)

2. gr., 1. mgr., samþ. með 20:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

27 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:03]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Með orðalagi í orðskýringu við það hvað falla skuli undir hugtakið „eignarland" er því slegið föstu að þar með skuli teljast landsvæði innan netalaga í stöðuvötnum og sjó. Með þessu er verið að færa út eignarhald landeigandans til að taka einnig yfir landsvæðið innan netalaga, t.d. á sjávarbotni. Hér er augljóslega verið að færa út rétt landeigandans umfram það sem verið hefur í rétti á umliðnum árum og áratugum og m.a. nýlegir dómar staðfesta. Með öðrum orðum, sú breyting eða orðskýring sem verið er að lögfesta, þegar hún er lesin saman við 1. og 3. gr. frv., felur í sér ótvírætt afsal á réttindum og landsvæði sem hefur áður tilheyrt almenningum eða ekki verið sjálfkrafa í eigu landeigenda. Þessu erum við andvíg og greiðum atkvæði gegn 1. mgr. 2. gr. frv.

[12:04]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Það hefði mátt ætla þegar lög eru sett um eignarrétt að miðað væri við gildandi rétt eins og hann er í þjóðfélagi okkar í dag og stuðst væri þá við þær réttarheimildir sem fyrir eru, t.d. dóma Hæstaréttar sem eru réttarheimildir um gildandi rétt. En sú grein sem verið er að samþykkja er í engu samræmi við dóma Hæstaréttar. Hér er verið að skapa mönnum meiri rétt en þeir hafa haft. Ég tel að bændur eigi að halda öllum þeim réttindum sem þeir hafa haft og fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum og tel ekki að þeir séu ofsælir af rétti sínum. En það gildir um þá eins og alla aðra jarðeigendur að þeir eiga ekki með slíkri löggjöf, sem við erum að setja, að fá meiri rétt en þeir hafa haft.

2. gr., 2.–3. mgr., samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr., 4. mgr. (til og með „jarðgas"), samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., 4. mgr. (frá „og önnur"), samþ. með 21:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

**nei:** ÁRJ, GE, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:08]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þessi viðauki við orðskýringuna á því hvað skuli teljast jarðefni samkvæmt ákvæðum þessa frv. sýnir í raun og veru einstaka hugkvæmni höfundanna hvað það varðar að tryggja með öllum hugsanlegum ráðum að engin þau verðmæti komi nokkurn tíma til með að finnast undir yfirborði landsins sem jarðeigandinn eigi ekki. Með því að aftan við upptalningu á flestum þekktum verðmætum í föstu formi sem þarna eiga við, eins og gosefni, steindir málmar, málmblendingar, kol, jarðolía og jarðgas, er bætt við orðunum „og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu" þá er nú held ég róið fyrir hverja vík í þessum efnum.

Ég tel með öllu ástæðulaust að slá því föstu að hvaða efni af nýtanlegu tagi sem kunna hugsanlega að finnast einhvern tíma á komandi öldum djúpt í jörðu niðri, kannski tugi kílómetra undir yfirborði jarðarinnar, skuli vera eign landeigandans. Mér finnst þessi viðbót, herra forseti, með miklum endemum og hvet menn til þess að hugsa sig mjög vandlega um áður en þeir samþykkja hana.

2. gr., 5. mgr., samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, RA, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,1 (ný 6. mgr. 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EKG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, RA, SAÞ, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SP, StG, StB, VS, VE, ÓE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SF.

**nei:** SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, GÁS.

23 þm. (TIO, ÞorstP, ArnbS, ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:11]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Með þessari grein er því slegið föstu að eignarlandi skuli fylgja eignarréttur á auðlindum í jörðu. Þegar svo litið er til skilgreiningar á hugtakinu „auðlind" í 1. gr. frv. þá er þar talið upp að með „auðlind" í lögum þessum sé átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna megi úr jörðu í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

Hér sömuleiðis, herra forseti, hafa höfundar frv. af ótrúlegri hugkvæmni geirneglt það svo rækilega sem nokkur kostur er, að séð verður, að eignarlandinu skuli fylgja eignarréttur að öllum sköpuðum hlutum. Hér er sem sagt slegið fram fortakslausum og ótakmörkuðum einkaeignarrétti landeigandans á öllu sem á og í og undir landinu geti orðið. Ég tel að þessi lagasetning, herra forseti, sé hneyksli, hún sé stórfellt afsal á rétti þjóðarinnar og almennings í landinu til þess að fá a.m.k. að njóta vafans og sé stórkostleg röskun á þeirri réttarstöðu sem ríkt hefur hingað til. Ég mótmæli mjög harðlega lagasetningunni, herra forseti, og segi nei.

[12:13]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þessi grein er aðalgrein frv. og hún felur í sér milljarðatuga eingatilfærslu í þjóðfélaginu til langframa og það er alveg ljóst að verði hún samþykkt svona verður mjög erfitt að snúa við til þess horfs sem verið hefur í þessum efnum án þess að ríkið skapi sér stórkostlegar skaðabætur. Hér eru menn því að taka ákvörðun sem mun hafa áhrif í áratugi og er því miður mjög erfitt að breyta á ný ef það er nokkur möguleiki ef menn vilja ekki taka á sig þessa stóru skaðabótahættu upp á marga milljarða.

Í öðru lagi er greinin og frv. þar af leiðandi slæmt vegna þess að það liggur fyrir að eina leiðin til að verjast ásókn útlendinga í auðlindir í jörðu hér á landi er að lýsa auðlindirnar sameign eftir að Ísland er orðið aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þess vegna eru margfaldar ástæður fyrir því að hafna þessari grein, herra forseti, og ég segi nei.

[12:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta er að mínum dómi alvarlegasta og versta frv. úr frumvarpaþrennu ríkisstjórnarinnar um skipulagsmál og auðlindir. Þetta er versta greinin. Hér er verið að færa einkaaðilum eignarhald á auðlindum í ríkari mæli en þekkist nokkurs staðar þó litið sé til allra ríkja OECD, Bandaríkjanna, Nýja-Sjálands. Það þarf ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. til að ganga erinda einkahagsmuna gegn almannahagsmunum í einu og öllu og ganga þá leið alveg til enda.

Með þessari lagasamþykkt er verið að færa eignarhald niður í jörðina og einnig til útlanda. Því að eftir EES-samninginn geta fjársterkir aðilar, hvar sem er á EES-svæðinu, keypt jarðir. Hér eftir geta þeir einnig eignast auðlindir í jörðu.

[12:17]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Með samþykkt þessarar greinar munu auðlindir í eigu þjóðarinnar færast til einkaaðila. Eins og ég kom inn á í máli mínu í upphafi er hér um að ræða mestu eignatilfærslu frá almenningi til einkaaðila í Íslandssögunni. Ég get engan veginn stutt þetta og segi nei, herra forseti.

[12:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þessu frv. eru sérhagsmunir settir ofar almannahagsmunum eins og venja er hjá núv. stjórnarflokkum. Ákvæði frv. fela í sér að landeigendur geta rakað til sín stórkostlegum fjármunum ef almannahagsmunir krefjast að auðlindir sem finnast í jörðu landeigenda verði nýttar. Ég segi nei.

[12:19]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Samkvæmt frv. um þjóðlendur á sérstök óbyggðanefnd, skipuð nefndarmönnum sem fullnægja skilyrðum um að geta gegnt embætti héraðsdómara, að skera úr um eignarrétt í þjóðlendunum. Ég tel að um leið og gengið er frá eignarrétti að eignarlandi þá væri auðvitað sjálfsagt að láta löglærða menn skera úr um það deiluatriði, hvort landeigendur geti gert kröfu til alls þess sem undir landinu er inn að miðpunkti jarðar. Það er greinilega svo fáránlegt að ætla að lögfesta það hér án þess að láta slíkan dóm ganga, að því verður engan veginn unað. Ég segi nei.

[12:20]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hiti í jörðu er auðlind sem er sambærileg við olíu. Það er auðlind sem ekki er endurnýjanleg heldur eyðist þegar af er tekið og það er auðlind sem getur átt uppruna sinn á mjög stóru jarðsvæði. Fyrir 25 árum leiddu nágrannar okkar, Norðmenn, það í lög hjá sér að öll olía sem finnast kynni á norsku landi yrði sameign þjóðarinnar en ekki eign einstaklinga. Nú ætlar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að bregðast þannig við gagnvart íslenskum hagsmunum að lögleiða að allur jarðvarmi sem finnist á einkaeignarjörð, hversu djúpt ofan í jörð menn þurfa að seilast eftir honum, skuli teljast einkaeign. Þetta lýsir, virðulegi forseti, allt öðrum viðhorfum hæstv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. gagnvart almannahag en jafnaðarmannaríkisstjórna í Noregi og á öðrum Norðurlöndum.

[12:22]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem við erum að staðfesta hér í atkvæðagreiðslu við 2. umr. er satt að segja ótrúlegur löggerningur. Mér hefur fundist að eignarréttur landeigenda væri nægilega vel tryggður eins og hann er í íslenskum lögum í dag. Hér á að bæta um betur og tryggja eignarrétt þeirra að öllu sem kann að finnast í þeirra landareign, inn að iðrum jarðar, um aldur og ævi. Ég spyr bara, hæstv. forseti, hversu langt upp nær þessi eignarréttur?

[12:23]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki enn að ætlunin sé að lögfesta þetta frv. og þessa 3. gr. sem felur í sér mjög mikla eignatilfærslu til nokkurra einkaaðila. Sú eignatilfærsla ætti að sjálfsögðu að fara til þjóðarinnar sem á að eiga þær auðlindir sem um er að ræða. Ég segi nei.

[12:24]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því, í tengslum við þessa atkvæðagreiðslu, að vekja athygli á þeirri alkunnu staðreynd að á Alþingi sitja 40 stjórnarþingmenn. Fram undir þetta hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu og verið viðstaddir 20, 19 í einu tilviki, 21, 22 og 23 þm. Með öðrum orðum u.þ.b. helmingur þingmanna stjórnarliða er fjarstaddur í þessari mikilvægu atkvæðagreiðslu.

Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að ef stjórnarandstæðingar sinntu ekki þingskyldum sínum, eins og þeir gera, þá mundi ríkisstjórnin ekki geta komið þessum málum fram. Þá væru ekki nægilega margir þingmenn í salnum til þess að hægt væri að afgreiða málið. Ég bið virðulega forseta að taka tillit til þessa ástands þegar menn ræða um framhald þingstarfa. Það er alvarlegur hlutur þegar annar hver þingmaður stjórnarflokkanna leyfir sér að vera fjarstaddur í atkvæðagreiðslu eins og þessari. Það er umhugsunarefni fyrir hæstv. ríkisstjórn, þessa voldugu stjórn með öll þessi varahjól, svo notuð sé lýsing hæstv. forsrh. frá því stjórnarsamstarfið hófst, að nú keyrir hæstv. ríkisstjórn, sem hafði 40 hjól undir sínum vagni, með upp undir 20 hjólin sprungin.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vegna þessarar athugasemdar láta þess getið að hann komi henni áleiðis til þess fundar sem áður var boðaður með forsetum þingsins og þingflokksformönnum hvað varðar viðveru þingmanna.)

4.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,2 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 22:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VE.

**nei:** ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:27]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þessi grein hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand."

Þessari nýtingu eða rannsóknum fylgja engin umhverfisskilyrði og öllum ábendingum umhverfisstofnananna, eins og Náttúrurfræðistofnunar, Náttúruverndar ríkisins og Skipulagsstofnunar í þessu efni er hafnað. Hér er verið að efna til verulegrar hættu fyrir landið ef menn vaða í nýtingu á þessum efnum án þess að með því sé neitt eftirlit. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari grein, herra forseti.

9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,3 samþ. með 22:4 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

**nei:** ÁMM, RA, SJóh, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

11.–13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
14 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KÁ, LMR, LB, MF, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,4 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,5 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, MF, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr., 1.–4. tölul., samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
17 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr., 5. tölul., samþ. með 24:8 atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
**nei:** KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:33]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég greiði atkvæði gegn þessum tölulið er sú að hér er gert ráð fyrir því að fela Orkustofnun verkefni sveitarfélaga, en eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin það verkefni að fara yfir frumdrætti að mannvirkjum. En hér er gert ráð fyrir því að þessi verkefni verði tekin af sveitarfélögum og færð Orkustofnun, sem er algerlega fáránlegt. Ég dreg þetta hér fram líka, herra forseti, til að sýna að á frv. eru stórkostlegir tæknilegir gallar, missmíðar fyrir utan hin efnislegu atriði sem við höfum áður rakið.

Brtt. 1266,6 (nýr 6. tölul. 18. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr., 7.–12. tölul., samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

19.–21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,7 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StG, StB, VS, VE.

14 þm. (ÁE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

23.–27. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

28.–29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

30. gr. samþ. með 23:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, VS, VE.

**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, StB*, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:37]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Efni þessarar greinar snýst um að verið er að heimila einstökum jarðeigendum að gera þær skaðabótakröfur nýti almenningur eða ríkisvaldið auðlind á landi viðkomandi jarðeiganda, svo sem djúphita, að hann geti reist kröfur á hendur almenningi um skaðabætur sem nemur annaðhvort andvirði auðlindarinnar sjálfrar, eins og hún leggur sig, eða kröfu til þess að fá árlega hlutdeild í arði af nýtingu hennar. Þetta er algerlega fráleitt ákvæði, en það sem verra er að verið er að opna möguleika fyrir því vegna eðlis jarðhita, sem getur átt sér upptök víða, að þó að ríkisvaldið virki háhita á jörð í eigu ríkisins sjálfs þá geti einhver jarðeigandi, sem á jörð ekki langt fjarri, krafist þess að sér verði greiddar bætur vegna þess að verið sé að draga á vatn eða djúphita í jörðu sem honum tilheyrir. Þetta er algjörlega fráleitt viðhorf sem hér er verið að lögfesta, og ég tek það fram að fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að loknum kosningum á að vera að afnema svona vitleysu.

31.–33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, ÍGP, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StB, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓÖH, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,8 (ný grein, verður 34. gr.) samþ. með 21:10 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
**nei:** ÁRJ, GGuðbj, KÁ, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁE, ÁMM, GE, GÁS, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:40]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við greiðum atkvæði gegn þessari brtt. í fyrsta lagi vegna þess að hún á alls ekki heima í þessum lögum. Hér er verið að taka ákvörðun um að setja inn í óskyld lög lagaákvæði um hina lifandi náttúru landsins. Í öðru lagi greiðum við atkvæði gegn þessari brtt. vegna þess að hér er umhvrn. sniðgengið herfilega eins og í öllu frv. Og það má segja að það sé beinlínis þannig að umhvrn. sé niðurlægt í svo að segja annarri hverri grein í frv. og alveg sérstaklega í þeirri sem hér á að bæta við. Við teljum eðlilegra að þetta ákvæði um örverur og nýtingu erfðaefna í örverum verði í sérlögum. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn tillögunni.

34. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 23:1 atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
**nei:** SJóh*.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 1266,9 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:42]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér er verið að gera tillögu um endurskoðunarákvæði sem er svo algjörlega fráleitt að það er ekki hægt annað en að vekja athygli á því. Og einn af þingmönnum stjórnarflokkanna, hv. þm. Pétur Blöndal, hefur aftur og aftur mótmælt þeirri aðferð sem hér er um að ræða, að verið er að taka um það ákvörðun að Alþingi eigi árið 2000 að endurskoða þessi lög sem hér liggja fyrir. Það þing sem hér situr getur ekki tekið þá ákvörðun, þannig að þetta ákvæði eins og það lítur út er hrein meiningarleysa og vitleysa og óhjákvæmilegt að vekja athygli á því, herra forseti, að menn taki upp aðra hætti við lagasetningu en hér er gert ráð fyrir því að þetta er algjörlega út í hött, herra forseti.

35. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1266,10 (ný fyrirsögn) samþ. með 24:17 atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
**nei:** ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ef það er eitthvað sem þetta frv. snýst um öðru fremur og er kjarninn í inntaki þess, þá er það hið víðtæka eignarhald landeigendanna sem hér er verið að staðfesta. Að því leyti til má segja að frv. sé eins og það kemur frá aðstandendum sínum vel úr garði gert, að það ber rétta fyrirsögn, þ.e. „frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu". Það er því alveg til að kóróna allt saman að meiri hlutinn skuli leggja til breytingu á fyrirsögn frv. þar sem eignarhaldið fellur út og í raun og veru er þar með verið að snúa fyrirsögninni upp í háðulegt öfugmæli miðað við inntak frv.

Þessi feluleikur á hinu víðtæka afsali almannaréttar til landeigenda sem hér á að fara fram mun ekki takast. Þetta verður hæstv. ríkisstjórn til enn frekari háðungar en það sem á undan er gengið og er þó langt til jafnað. Ég legg til að menn felli þessa brtt., herra forseti.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:9 atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, VS, VE.
**nei:** GGuðbj, KÁ, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁÞ, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, KH, LMR, LB, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 12:46]

### *Tilhögun þingfundar.*

[13:32]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að þessi fundur mun standa til kl. fimm í dag og því verða ekki fundir þingflokka á þeim tíma, en eftir atvikum að loknum þingfundi. Þingflokksfundir verða þá boðaðir hjá hverjum þingflokki ef um það er að ræða.

### *Húsnæðismál, 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

[13:32]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um húsnæðismál. Nefndin fékk fjölmarga til fundar við sig og einnig bárust fjölmargar umsagnir um málið og var um þær fjallað í nefndinni.

Frumvarp þetta er samið af samráðshópi ríkis og sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra skipaði 15. október 1997 og starfshópi til að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem félagsmálaráðherra skipaði 22. október 1997. Verkefni samráðshópsins var að vinna að útfærslu tillagna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi. Verkefni starfshópsins var að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núverandi skipulagi húsnæðismála og eru eftirfarandi breytingar veigamestar:

Lagt er til að Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður 1. janúar 1999 og að ný stofnun, Íbúðalánasjóður, taki við hlutverki hennar og skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Íbúðalánasjóði er ætlað að vera óháður framlögum úr ríkissjóði og standa undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum. Stjórn sjóðsins verður skipuð fimm mönnum. Innlausnarreglur eldra kerfis munu þó vara í einhverja áratugi en allar nýjar úthlutanir verða á grundvelli nýrra reglna.

Í öðru lagi verða umtalsverðar breytingar á þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar.

Þá mun félagsleg jöfnun verða í gegnum vaxtabótakerfi í stað niðurgreiðslu vaxta. Að öðru leyti verður uppbygging kerfisins sú að Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum sem eiga rétt á almennu láni til kaupa á eigin íbúð húsbréfalán fyrir allt að 65–70% af verði íbúðar og sértækt viðbótarlán fyrir allt að 20–25%. Lagaákvæði varðandi lánsrétt vegna leiguíbúða, þ.e. til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, eru að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Loks verður settur á fót sérstakur varasjóður með það meginmarkmið að bæta mögulegt tjón Íbúðalánasjóðs af töpuðum viðbótarlánum en varðandi eldra kerfi tekur varasjóðurinn m.a. við hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Sá sjóður verður lagður niður og allar eigur hans og réttindi renna í varasjóðinn auk framlaga sveitarfélaga, söluhagnaðar af innleystum íbúðum og eftir atvikum framlaga ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Nefndin ræddi sérstaklega stöðu þeirra starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að það er hlutverk undirbúningsnefndar, skv. 56. gr. frumvarpsins, að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt frumvarpinu, þar á meðal að taka á réttindum og málefnum starfsmannanna. Meiri hlutinn leggur þunga áherslu á að starfsmönnunum verði gefinn kostur á störfum hjá hinni nýju stofnun eftir því sem frekast er unnt og þannig nýtt starfsreynsla þeirra og sérþekking.

Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu eftir vandlega yfirferð yfir þær umsagnir sem bárust að gera þyrfti ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ætla ég þá að fara yfir helstu efnisbreytingar breytingartillagnanna.

1. Lögð er til breyting á 2. gr. sem fjallar um orðskýringar. Í frumvarpinu er við það miðað að fasteignaveðbréf og lán vegna leiguíbúða og viðbótarlán verði ákveðið hlutfall af matsverði íbúðar. Af þeim sökum er ekki ástæða til þess að taka sérstaklega fram að lán þessi hvíli á sérstökum veðrétti.

2. Lögð er til viðbót við 4. gr. sem fjallar um Íbúðalánasjóð. Með því að taka fram að Íbúðalánasjóður heyri stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra er verið að undirstrika að hér er um að ræða sjálfstæða ríkisstofnun. Sem dæmi um slíka ríkisstofnun má nefna Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þýðing þess að um er að ræða sjálfstæða ríkisstofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra felst m.a. í því að ákvarðanir stjórnar Íbúðalánasjóðs verða ekki bornar undir félagsmálaráðherra með stjórnsýslukæru. Þá getur ráðherra ekki gefið stofnuninni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála nema hann hafi til þess lagaheimild. Aftur á móti er tekið fram að ráðherra geti krafið stjórn Íbúðalánasjóðs um upplýsingar og gögn sem snerta málefni sjóðsins.

3. Lögð er til breyting á 8. gr. sem fjallar um framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Lagt er til að 2. mgr. falli brott þar sem ákvæðið er talið óþarft.

4. Lögð er til breyting á 9. gr. sem fjallar um verkefni Íbúðalánasjóðs. Lagt er til að það skuli einnig vera meðal verkefna Íbúðalánasjóðs að fylgjast með áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði. Hefur þetta einkum þýðingu þegar kemur að áætlun sveitarfélaga um þörf á viðbótarlánum í sveitarfélaginu. Þá er orðinu „félög“ aukið við upptalninguna í 2. tölul. til samræmis við 35. gr. frumvarpsins.

5. Lögð er til viðbót við 10. gr. sem fjallar um tekjur Íbúðalánasjóðs. Breytingin felur í sér að með tæmandi hætti er talið hvernig Íbúðalánasjóður fjármagni verkefni sín.

6. Lögð er til breyting á 14. gr. sem fjallar um verkefni húsnæðisnefnda sveitarfélaga. Í 5. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að eitt af verkefnum þeirra sé að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis, svo og ráðgjöf o.fl. Lagt er til að í stað þess að einskorða þessa þjónustu við aldraða sé einnig gert ráð fyrir að sama eigi við um fatlaða og félagasamtök þeirra. Þá er lögð til breyting á 3. mgr. greinarinnar. Heimild húsnæðisnefndar til þess að taka þjónustugjöld er bundin við þau verkefni sem hún hefur með höndum. Ljóst er að gjöld þessi mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni. Inn

í kostnaðargrundvöllinn er því ekki unnt að reikna óskyld atriði.

7. Lögð er til breyting á 15. gr. sem fjallar um lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Ekki er ástæða til þess að binda veitingu almennra lána sérstaklega við einstaklinga. Lagt er til að slíkar lánveitingar geti einnig náð til annarra. Með því er m.a. skapað svigrúm til þess að veita lán til félaga, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga, til þess að byggja íbúðir handa félagsmönnum sínum sem ekki uppfylla tilgreind skilyrði um tekju- og eignarmörk. Enn fremur opnast möguleiki á að fjármagna leiguíbúðir að stórum hluta með húsbréfaskiptum.

8. Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. falli brott og að heimild til að skuldbreyta lánum Íbúðalánasjóðs verði færð í sérstaka grein sem verði 48. gr.

9. Lögð er til breyting á 17. gr. sem fjallar um húsbréfadeild. Breytingin er í samræmi við efni 18. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

10. Lagt er til að 24. gr. færist til og verði 48. gr. Þannig verði á einum stað mælt fyrir um heimildir Íbúðalánasjóðs til þess að skuldbreyta lánum sjóðsins.

11. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 26. gr. sem fjallar um gjaldfallin húsbréf.

12. Lögð er til breyting á orðalagi í 27. gr. sem fjallar um verðbréfaviðskipti. Ekki þykir rétt að húsbréf skuli eingöngu skráð á tilteknu verðbréfaþingi.

13. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 31. gr. sem fjallar um viðbótarlán.

14. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 32. gr. sem fjallar um lánskjör viðbótarlána. Auk þess er rétt að fram komi að vextir viðbótarlána skulu ákvarðast af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði býðst á almennum lánamarkaði, en slíkt er forsenda þess að sjóðurinn geti sjálfur staðið undir starfsemi sinni.

15. Lagt er til að 34. gr. falli brott. Ekki þykir ástæða til þess að hafa í frumvarpinu ákvæði er hamla ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem á hvílir viðbótarlán þar sem réttur til vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er bundinn við vexti af lánum vegna öflunar eigin húsnæðis.

16. Lögð er til sú breyting á 36. gr. að félagsmálaráðuneytið haldi skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra og að sveitarfélög og aðrir sem hafi áhuga á geti fengið vitneskju um starfrækslu slíkra aðila.

17. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 38. gr. sem fjallar um lánskjör á lánum til leiguíbúða. Breytingarnar eru til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. frumvarpsins.

18. Lagt er til að 39. gr. sem fjallar um upplýsingarskyldu og eftirlit Íbúðalánasjóðs falli brott en að ákvæðið færist í nýja grein í lok kaflans.

19. Lögð er til breyting á 40. gr. sem fjallar um ráðstöfun leiguhúsnæðis. Lagt er til að skýrar komi fram með hvaða hætti unnt sé að ráðstafa leiguhúsnæði til einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar. Ákvæðið leggur ekki hömlur á að leiguhúsnæði sé að öðru leyti ráðstafað til einstaklinga er uppfylla nefnt skilyrði með samningum. Gæta verður þó ákvæða 4. mgr.

20. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 40. gr. og fjalli um eftirlit með félögum og félagasamtökum. Greinin fjallar um aðgang Íbúðalánasjóðs að gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem fengið hafa lán til byggingar leiguíbúða. Komi í ljós að ekki hefur verið fylgt skilyrðum um meðferð og ráðstöfun lána er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lánið.

21. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 43. gr. sem fjallar um kærunefnd húsnæðismála að fellt verði brott ákvæði um að nefndin geti mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning. Heimildir til þess að mæla fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning eru í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

22. Lögð er til breyting á 44. gr. sem fjallar um valdsvið kærunefndar húsnæðismála. Þar sem unnt er að skjóta ákvörðunum nefnda sveitarfélaga, er starfa á þeirra vegum, til æðra stjórnvalds er almennt gert ráð fyrir að stjórnsýslustig séu tvö, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og í málum er snerta skipulags- og byggingarmál. Ekki þykir ástæða til þess að víkja frá þessu fyrirkomulagi að því er snertir ákvarðanir húsnæðisnefnda.

23. Lögð er til breyting á 47. gr. Ljóst er að endanlegt tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána liggur ekki fyrir fyrr en sú eign sem um ræðir hefur verið seld á almennum markaði þar sem rétt verð fæst fyrir hana. Rétt þykir að taka fram að framlag sveitarfélaga til varasjóðsins skuli í upphafi vera 5%.

24. Lögð er til breyting á 48. gr. sem fjallar um þinglýsingu og stimpilgjald. Í 78. gr. gildandi laga er fjallað um þinglýsingu og stimpilgjald. Lagt er til að skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggingar og kaupa á leiguhúsnæði séu stimpilfrjáls, svo og heimildarbréf vegna kaupa á eigin íbúð.

25. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 48. gr. og fjalli um greiðsluvanda. Tekin verði upp á einum stað í frumvarpinu heimild til þess að bregðast við greiðsluvanda lánþega hjá Íbúðalánasjóði sem einnig taki til eldri lánveitinga Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar. Greinin kemur í stað 24. gr. og lokamálsliðar 1. mgr. 16. gr. frv. Auk þess er kveðið á um heimildir til að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis.

26. Lögð er til breyting á orðalagi í 50. gr. sem fjallar um gjaldtöku. Kveðið er með skýrari hætti á um fyrir hvaða þjónustu Íbúðalánasjóði er heimilt að taka gjald.

27. Við 52. gr. er verði 51. gr. Lagt er til að orðalag greinarinnar verði fært til samræmis við orðalag 119. gr. gildandi laga.

28. Lögð er til breyting á 53. gr., gildistökugreininni. Þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt ákvæði til bráðabirgða VII er tekið fram að þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem þar er vísað til haldi einnig gildi sínu á meðan það ástand sem þar um ræðir varir.

29. Lögð er til breyting á 54. gr. sem fjallar um sameiningu sjóða. Þar sem fleiri aðilar en sveitarfélög hafa greitt ábyrgðargjald til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla er rétt að Íbúðalánasjóður taki við hlutverki hans að því er snertir þá aðila. Horfir það til skýringar þegar litið er til efnis ákvæðis til bráðabirgða VII þar sem varasjóður sveitarfélaga skal taka við eignum sveitarfélaga í sjóðnum. Þegar hlutverki Tryggingarsjóðs telst lokið skal honum eins og hann stendur þá skipt milli framkvæmdaraðila, annarra en sveitarfélaga, í réttu hlutfalli við framlög þeirra.

30. Lögð er til breyting á 56. gr. sem fjallar um undirbúningsnefnd sem annast á undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt frumvarpi þessu. Lagt er til

að félagsmálaráðherra skipi fimm menn í nefndina í stað þriggja.

31. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða I. Í a-lið er leiðrétt tilvísun í lög nr. 97/1993. Í b-lið er felld brott tilvísun í 80. gr. gildandi laga til samræmis við nýja 48. gr. frumvarpsins sem fjallar um greiðsluvanda. Í c-lið er tekið fram að þau ákvæði gildandi laga sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í frumvarpinu haldi gildi sínu. Loks er í d-lið tekin upp heimild til þess að skjóta til kærunefndar húsnæðismála ágreiningsmálum sem snerta eldra réttarástand á meðan það varir.

32. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða II þar sem lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða I verði tekinn upp almennur málskotsréttur til kærunefndar húsnæðismála.

33. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða III. Í fyrri liðnum er bætt við tilvísun í lán Byggingarsjóðs ríkisins og í síðari liðnum er kveðið á um það hversu langur sá frestur skuli vera sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga hafi til þess að skilyrða veitingu viðbótarlána við innleystar íbúðir.

34. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða V. Skv. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993 getur sá frestur sem einstaklingur hefur til þess að nýta sér kauprétt sinn verið mismunandi, en minnst fimm ár. Rétt þykir að hlutaðeigandi haldi þeim rétti sem hann kann að hafa samið að öðru leyti um við framkvæmdaraðila, en eftir gildistöku frumvarpsins fari um lánveitingar og lánskjör eftir ákvæðum frumvarpsins.

35. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða VI. Um ráðstöfun félagslegra eignaríbúða er fjallað í nýju bráðabirgðaákvæði VII. Þykir rétt að vísa þangað um ráðstöfun þeirra íbúða sem tilbúnar verða til afhendingar eftir gildistöku frumvarpsins.

36. Lagt er til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir. Samkvæmt þessu getur sá sem fengið hefur loforð um eða úthlutun á íbúð á byggingarstigi, eða annars konar íbúð samkvæmt eldra kerfi, fyrir 1. júní 1998 nýtt sér slíkt loforð þrátt fyrir að slík íbúð komi ekki til afhendingar fyrr en eftir gildistöku laga þessara. Íbúðalánasjóður mun veita þau lán sem veitt verða í slíkum tilvikum, en um meðferð slíkra lánsumsókna og lánskjör skal beita ákvæðum laga nr. 97/1993, eftir því sem við getur átt. Úthlutanir eða samningar sem eiga sér stað fyrir fyrrgreint tímamark halda með öðrum orðum gildi sínu. Með úthlutanir og samninga sem eiga sér stað eftir 1. júní 1998 og ekki reynist unnt að afhenda íbúð fyrr en eftir gildistöku frumvarpsins fer um lánveitingar og lánskjör samkvæmt ákvæðum VI. og VII. kafla frumvarpsins. Um lánveitingar og lánskjör vegna þeirra íbúða sem koma til afhendingar fram að gildistökutíma frumvarpsins fer eftir gildandi lögum.

37. Lagðar eru til breytingar á VII. bráðabirgðaákvæði til samræmis við breytingar á 54. gr. frumvarpsins.

38. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða VIII. Við það er miðað að við samþykkt frumvarpsins hefjist viðræður milli ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúa félagslegra byggingaraðila og fulltrúa ASÍ og BSRB. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánveitingar Íbúðalánasjóðs til byggingar leiguhúsnæðis samkvæmt VIII. kafla þess standi undir sér, en samhliða slíkum lánveitingum komi samtímagreiðslur er styrki hlutaðeigandi framkvæmdir. Í undirbúningi eru viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hver verði þáttur þeirra í slíkum greiðslum. Til þess að slíkar viðræður leiði til árangurs er nauðsynlegt að könnun fari fram á leigumarkaði hér á landi og á meðan verði lánskjör til byggingar leiguíbúða óbreytt.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir álit meiri hluta félmn. og gert grein fyrir brtt. sem fram koma í sérstöku þingskjali en undir nál. meiri hlutans skrifa Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg K. Sveinsdóttir, Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal.

[13:51]

**Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Hér er komið á dagskrá eitt af hinum stóru málum sem eru til umræðu á hinu háa Alþingi á þessu vori og ljóst að hér er um að ræða eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar. Það breytir ekki því að þetta frv. hefur verið gagnrýnt mjög harðlega. Hv. félmn. barst fjöldi umsagna þar sem margvíslegri gagnrýni er komið á framfæri, og sá bunki, sem við í minni hlutanum höfum dreift til þingmanna sem fylgiskjölum, ber það með sér að mjög margir höfðu mikið við þetta frv. að athuga, enda kemur líka í ljós að gerðar eru miklar breytingar á frv. Það er í sjálfu sér alltaf gott þegar hlustað er á athugasemdir og reynt að færa málin til betri vegar en það breytir því ekki að hér er um grundvallarbreytingar á húsnæðiskerfinu að ræða sem við í minni hlutanum getum ekki sætt okkur við.

Andstaðan við þetta frv. kom glöggt í ljós 1. maí sl. þegar verkalýðsforingjar gerðu þetta frv. að umræðuefni úti um land og er ekki að ástæðulausu að menn óttast afleiðingar frv. og mun ég koma betur inn á það á eftir. Það er auðvitað ekki skylda ríkisvaldsins að semja frv. í samráði við aðila úti í þjóðfélaginu en það er hins vegar skynsamlegt að hafa samráð og það er skynsamlegt að reyna að ná sem víðtækastri sátt um jafnviðamikil og alvarleg mál og húsnæðismál eru í samfélagi okkar, en því miður ákvað ríkisstjórnin að leggja fram þetta frv. þótt ljóst væri að mikil að andstaða væri við það og sú andstaða stendur enn þrátt fyrir ýmsar breytingar. Á síðasta þingi var samþykkt fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar, þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og um aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þar segir í I. kafla, með leyfi forseta, kafla sem ber heitið Meginforsendur fjölskyldustefnu:

„Ríkisstjórn og sveitarstjórnum á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu."

Síðar í þessari þál. segir um almenn markmið stjórnvalda, 3. tölul.: „Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum."

Það er samþykkt stefna ríkisstjórnarinnar að reyna að standa vörð um fjölskylduna og hag hennar og að tryggja öryggi í húsnæðismálum. Ég tel, hæstv. forseti, að þær aðgerðir sem hér á að grípa til og þær breytingar sem á að gera á húsnæðiskerfinu muni leiða til þess að allverulegur fjöldi fjölskyldna, sem hingað til hefur átt skjól í hinu félagslega húsnæðiskerfi, mun verða settur út á guð og gaddinn, út í óvissuna, og það veit enginn hvað þar tekur við.

Það er ástæða til þess, hæstv. forseti, að rifja upp að félagslega húsnæðiskerfið á sér langan aðdraganda hér á landi. Fyrstu lögin um félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum eru frá árinu 1929 en ég held ég muni það rétt að u.þ.b. 10 árum áður hafi umræðan hafist um nauðsyn þess að grípa til aðgerða í húsnæðismálum og það stafaði meira og minna af því að húsakostur landsmanna var afar lélegur. Það lá mikill straumur fólks til hinna vaxandi bæja vegna þess að

þar var boðið upp á atvinnu en húsnæðið sem þar var í boði var oft og tíðum ekki annað en kjallaraholur eða hanabjálkar eða þá einhverjir húskofar sem fólk hróflaði sér upp. Þessi straumur hélt stöðugt áfram og varð til þess að samþykkt voru lög árið 1929 um aðgerðir í húsnæðismálum sem m.a. leiddu til byggingar verkamannabústaðanna, samið var um byggingu verkamannabústaða í vesturbæ Reykjavíkur, og þar má sjá styttu af einum helsta baráttumanni þessa máls, Héðni Valdimarssyni, sem þá var þingmaður og formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Það er ekki vafamál að bygging þessara verkamannabústaða leysti vanda hundruða fjölskyldna og oft hafa heyrst frásagnir af því, m.a. frá Guðmundi heitnum J. Guðmundssyni verkalýðsforingja hvílík bylting það var fyrir fjölskyldu hans þegar hún flutti inn í verkamannabústaðina í vesturbænum. Frá þeim tíma hefur alltaf öðru hvoru verið gert átak í byggingu félagslegs húsnæðis. Það virðist alltaf hafa dottið niður inn á milli af ýmsum ástæðum, en frá árinu 1965 hefur verið nokkur samfella í byggingu og kaupum á félagslegu húsnæði, húsnæði sem hefur verið ætlað hinum lægst launuðu í samfélaginu. Árið 1965 var samið sérstaklega um byggingu nokkur hundruða íbúða í Breiðholtinu í Reykjavík. Ég er ekki nógu vel að mér í þessari sögu til að fullyrða hvað byggt var af félagslegu húsnæði annars staðar á landinu, en frá 1965 hefur þetta kerfi verið í gangi þótt það hafi tekið töluverðum breytingum. Nú eru 10.600 íbúðir sem teljast til félagslegs húsnæðis, þannig að þetta er nú ekki lítill fjöldi og þar af leiðandi ekki fáar fjölskyldur sem hafa getað leyst húsnæðisvanda sinn innan félagslega kerfisins.

Ég gat þess við 1. umr. um þetta mál að ég hef ákveðna reynslu af þessu kerfi, bæði eftir að hafa setið í stjórn Verkamannabústaða eins og þeir hétu þá í Reykjavík, og einnig eftir að hafa tekið þátt í nefndarstarfi árið 1990 þegar gerðar voru verulegar breytingar á kerfinu, en þá m.a. gerðist það að verkamannabústaðirnir og það kerfi var fært undir sveitarfélögin að mestu leyti og það varð á ábyrgð sveitarfélaganna. Ein af nefndum sveitarfélaganna tóku að annast þessi mál og síðan hafa verið stigin frekari skref í þá átt og hér er í rauninni verið að stíga lokaskrefið með því að taka fulltrúa verkalýðsfélaganna út úr húsnæðisnefndunum en það má vissulega setja spurningarmerki við þá aðgerð eins og við gerum reyndar í nál. okkar. Ég held að að mörgu leyti hafi það haft góð áhrif að hafa fulltrúa verkalýðsfélaganna í húsnæðisnefndunum, en vissulega hafa komið upp aðstæður þar sem fulltrúar sveitarfélagsins hafa lent í minni hluta og það er auðvitað ekki ásættanlegt af hálfu sveitarfélaganna. Spurningin er því sú hvort ekki hefði mátt finna þarna einhvern milliveg. Ég minnist þess frá minni reynslu þegar ég átti sæti í stjórn Verkamannabústaðanna í Reykjavík, að þar voru Guðjón Jónsson heitinn, sem var formaður Félags járniðnaðarmanna, og Kristján Thorlacius frá BSRB, en þeir voru báðir margreyndir úr verkalýðsbaráttu og þekktu vel til aðstæðna í þjóðfélaginu. Því leitaði mjög margt fólk til þeirra sérstaklega vegna þeirrar stöðu sem þeir höfðu, og ég óttast að þegar þessi tengsl verða algerlega rofin verði þetta meira kerfi en það hefur verið hingað til og þarna rofni þessi tengsl, en vonandi gerist það ekki. Við skulum ekki endilega vera mjög svartsýn hvað það atriði varðar því þetta er á ábyrgð sveitarfélaganna og þau eiga að sjálfsögðu að hafa meiri hluta innan nefnda sinna og ég hef fullan skilning á því sjónarmiði.

Áður en ég kem að breytingunum vil ég nefna að menn hafa verið að gera miklar breytingar, bæði á hinu almenna húsnæðiskerfi og félagslega kerfinu og fróðlegt er að velta því fyrir sér hvers vegna. Ég held að það mikla verðbólguástand sem ríkti áratugum saman hafi haft mjög mikil áhrif á það hvernig menn voru sífellt að breyta húsnæðiskerfinu og reyna að finna nýjar leiðir. Við minnumst þess þegar launavísitölunni var kippt úr sambandi 1983 hafði það mjög alvarlegar afleiðingar á stóran hóp fólks sem var að kaupa sér húsnæði. Ég hygg að sú aðgerð hafi haft töluverð áhrif á samningana sem voru gerðir 1986 þegar samið var um nýtt lánakerfi en það lánakerfi reyndist tímasprengja. Það var tímasprengja því að það óx svo gífurlega að allir sáu að það gat ekki haldið áfram. Það hefði leitt ríkissjóð út í miklar ógöngur. Því var hafist handa við að kanna önnur kerfi og út úr því dæmi kom svo húsbréfakerfið. Í kjölfarið voru gerðar töluverðar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu eins og ég minntist á, sem fólu m.a. í sér þær breytingar að stofnaðar voru húsnæðisnefndir undir stjórn sveitarfélaganna, tekið var upp greiðslumat, ég man að árið 1990 var stefnt að því að reyna að sjá til þess að fólk legði eitthvað fram sjálft, það væru ekki veitt nema 90% lán en það kom mjög fljótlega í ljós að það gekk einfaldlega ekki. Þarna var ákveðinn hópur sem þurfti meiri aðstoð og því voru aftur tekin upp 10% viðbótarlán. Eins og kemur fram í gögnunum hefur alveg ótrúlega lítill hópur lent í vanda þótt hann hafi fengið 100% lán og haft litlar tekjur því sem betur fer snúast aðstæður fólks oft til hins betra.

Áður en ég vík að efni frv. er líka vert að velta fyrir sér þeirri spurningu hverjum kerfið hefur þjónað, hverjir hafa þurft á félagslegri aðstoð að halda og hverjir munu þurfa á henni að halda í framtíðinni. Það eru hinir tekjulægstu og í þeim hópi eru einstæðar mæður, barnmargar fjölskyldur, fatlaðir og ýmsir sem búa af einhverjum ástæðum við skert kjör og bera skarðan hlut frá borði í samfélaginu og ég fullyrði að kerfið hafi fyrst og fremst þjónað þessum hópum. Að vísu hafa verið undantekningar á. Ég minnist þess að iðnnemar höfðu aðgang að kerfinu meðan þeir voru nemar, ekki veit ég hvort reglur um námsmannabústaði og annað slíkt hefur breytt því en þarna var um hóp að ræða sem síðan fékk allgóð og oft mjög góð laun eftir að út á vinnumarkaðinn kom. Því var tekin upp sú regla að hægt væri að endurmeta vexti á þeirri forsendu að það væri ekki sanngjarnt að hið opinbera væri að greiða niður vexti fyrir fólk sem hefði mjög góð kjör og ég hygg nú að þessi hópur hafi nú flutt sig út úr félagslega kerfinu. En reynsla mín er sú og sú þekking sem ég hef haft og hef af kerfinu er sú að þetta félagslega kerfi hafi fyrst og fremst þjónað hinum lægst launuðu. Ekki hafa aðrir komist þarna inn, nema hugsanlega í þeim tilvikum, t.d. úti á landi þar sem ekki hafa verið nægjanlega margar umsóknir og menn hafa hreinlega fengið leyfi frá Húsnæðisstjórn til að úthluta öðrum þessum íbúðum. Ég þekki dæmi um það, hreinlega til að koma íbúðunum út.

Þá ætla ég að víkja að því hvaða breytingar er verið að gera á húsnæðiskerfinu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér gerist það að rótgróin stofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins, verður lögð niður og í staðinn verður stofnuð ný ríkisstofnun, Íbúðalánasjóður. Ég tek það fram að þótt við fjöllum ekki um þetta atriði sérstaklega í nefndarálitinu að ég get fyllilega sætt mig við að menn stokki upp ríkisstofnanir og breyti þeim að því tilskildu að staða starfsfólks sé tryggð. Ég ætla að koma betur að því máli á eftir. Það er líka verið að sameina byggingarsjóðina og þótt ekki liggi fyrir nein úttekt á því

hvað þessi sameining þýðir og hversu langt hún dugir eða hvort hún dugir til að rétta af Byggingarsjóð verkamanna held ég að þetta sé líka rétt skref. Ég minnist þess að 1990 lagði sú nefnd sem ég átti sæti í þetta til en af einhverjum ástæðum voru menn ekki tilbúnir til þess þá en hefðu nú betur verið það vegna þess að síðan hefur Byggingarsjóður verkamanna lent í töluverðum ógöngum og sigið mjög á ógæfuhlið, fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa jafnt og þétt skorið niður framlögin til Byggingarsjóðs verkamanna jafnvel þótt menn hafi verið að reyna að semja um annað. Það hefur leitt til þess að staða sjóðsins hefur versnað verulega og ég minni á að Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli á því ár eftir ár hve staða sjóðsins er alvarleg og það yrði að grípa til einhverra ráða. Þau ráð eru annars vegar þau að hækka vexti sem kemur ekki til greina gagnvart því láglaunafólki sem er verið að reyna að sinna og slíkar breytingar geta ekki verið afturvirkar nema á alveg sérstökum forsendum eins og þeim að tekjur fólks hafi breyst verulega. Hin leiðin er framlög úr ríkissjóði og við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til ár eftir ár að framlögin yrðu aukin til Byggingarsjóðs verkamanna, til að koma í veg fyrir hreint gjaldþrot hans í upphafi næstu aldar. Það styttist í það uppgjör. En það hefur líka legið fyrir að hægt væri að sameina sjóðina. Staða Byggingarsjóðs ríkisins fer stöðugt batnandi vegna þess hversu lítið er lánað úr honum en mikið borgað inn í hann. Hins vegar hefði þurft að liggja fyrir hvort þetta dugir, hversu langt þetta dugir, því Byggingarsjóður verkamanna hefur lánað út á mjög lágum vöxtum, 1–2,4% vöxtum en honum hefur verið gert að taka lán og afla fjár á miklu hærri vöxtum, markaðsvöxtum, og allir sjá að þetta dæmi gengur ekki upp til lengdar.

Meginbreytingin sem verið er að gera og sú sem við gagnrýnum fyrst og fremst er breytingin á félagslega húsnæðiskerfinu. Nú verður hætt að veita lán á niðurgreiddum vöxtum en í stað þess getur fólk sótt um almennt lán sem verður allt að 70% ef um það er að ræða að verið er að kaupa íbúð í fyrsta sinn og síðan getur láglaunafólk, þeir sem standast greiðslumat og verða væntanlega undir ákveðnum tekjumörkum, fengið viðbótarlán sem er allt að 20 til 25% en þau lán verða á ábyrgð sveitarfélaganna. Það er líka meginbreyting að þessum lánum má verja til kaupa á íbúðum hvar sem er á markaðnum en þó mega sveitarfélögin skylda þá sem fá viðbótarlán til að kaupa íbúðir innan núverandi kerfis næstu tvö árin og það er reyndar breyting frá því sem stóð upphaflega í frv., það er sem sagt búið að afmarka þetta við næstu tvö ár.

Nú verður afar fróðlegt að sjá hvernig þetta ákvæði mun virka og ég dreg ekki dul á að það reynir kannski mest á þetta í Reykjavík þar sem hreyfing innan kerfisins er mest enda íbúðirnar flestar. Það verður fróðlegt að sjá hvernig gengur að skylda fólk til að kaupa íbúðir í þeim hverfum í borginni sem eru óvinsælust því ekki er því að leyna að það eru nokkrir staðir í borginni þar sem ekki hefur tekist nægilega vel til og umhverfið er með þeim hætti að fólk kýs að búa annars staðar ef það á þess nokkurn kost. Það er því alveg ljóst að ef sveitarfélögin lenda í því að leysa til sín mikinn fjölda íbúða verður þar um mikil útgjöld að ræða. Það væri sérstakt áhyggjuefni Reykjavíkurborgar sem eins og ég nefndi ber ábyrgð á langsamlega flestum af þessum íbúðum og það verður afar fróðlegt að sjá hvernig þetta gengur. Þarna er verið að koma til móts við ákveðin vandræði sveitarfélaganna en þetta ákvæði gengur þvert á það grundvallaratriði og þá aðalbreytingu sem verið er að gera, að færa lánin frá íbúðum til einstaklinga og að veita þeim frelsi til að velja sér íbúð einhvers staðar úti á markaðnum, þetta er því takmarkað frelsi. Þrátt fyrir það má búast við því að töluverður straumur verði af fólki sem mun sækja um viðbótarlán og það er allt óvíst um það hvernig sveitarfélögin muni bregðast við, hvað þau verða reiðubúin til að ábyrgjast mörg lán. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er gert ráð fyrir að allt að þúsund einstaklingar muni sækja um lán og bætast við og það er töluverður straumur út á húsnæðismarkaðinn.

Ein af hinum stóru breytingum sem er verið að gera varðar lán til öflunar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka. Þar á að veita allt að 90% lán, að öllum líkindum á markaðsvöxtum. Hér er rétt að vekja athygli á því að öll hugsun frv. gengur út frá því að hin nýja ríkisstofnun standi undir sér, standi undir rekstri sínum og þar af leiðandi hljóta markaðsvextir að ráða för þótt þess kunni að verða einhver dæmi að veitt verði fé á fjárlögum hugsanlega til ákveðinna lánaflokka eða ákveðinna aðgerða. Það er alveg ljóst að veitt verður fé á fjárlögum, a.m.k. næstu tvö árin, hugsanlega lengur, á meðan verið er að gera úttekt á leigumarkaðnum og reyna að komast að samkomulagi milli ríkisins, sveitarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar um það hvernig skuli staðið að byggingu leiguhúsnæðis, hvernig markaðurinn er, hver er þörfin. Þetta á allt saman að kanna en við vitum ekkert hver útkoman verður eða að hve miklu leyti sveitarfélögin verða reiðubúin til að koma inn í dæmið í ríkari mæli en þau hafa gert hingað til.

Vert er að vekja athygli á því í upphafi að við í minni hluta félmn. mótmælum því harðlega að ríkisstjórnin skuli ætla að knýja húsnæðisfrv. í gegn á þessu vori. Margt er mjög óljóst varðandi alla framkvæmd málsins. Andstaðan við það er mikil, einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, og reyndar hafa komið fram miklar athugasemdir frá þeim húsnæðisnefndum sem sendu inn umsögn. Það er rétt að vekja athygli á gagnrýni húsnæðisnefndanna sem hafa farið ofan í þessi mál meðan sveitarstjórnirnar og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt blessun sína yfir málið. Það var þó með ákveðnum fyrirvörum og kröfum sem við í minni hlutanum sjáum nú reyndar alls ekki að gangi upp miðað við alla hugsun málsins. Það er auðvitað mjög athyglisvert að þeir sem best þekkja til t.d. húsnæðisnefndir Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Akureyrar og Reykjanessbæjar, sem virkilega hafa skoðað málið, krossa sig í bak og fyrir vegna þess sem á að fara að gera.

Hið alvarlega í þessu og ástæðan fyrir því að við leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og skoðað betur er að ekkert mat liggur fyrir um áhrifin af þessum aðgerðum. Það er ekkert vitað um áhrifin á húsnæðismarkaðinn, hvað þýðir þessi aukna eftirspurn? Þýðir hún hækkun verðs eða lækkun verðs? Hver verða áhrifin á verðbréfamarkaðinn ef stofnunin þarf að afla mun meira fjár, m.a. vegna aukinna lána til þeirra sem áður féllu undir félagslega kerfið? Það liggur ekkert fyrir um þann kostnað sem frv. hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin. Eiga þau að bregðast við þeirri þörf sem verður til þegar hópur fólks verður útilokaður frá félagslega kerfinu og þarf að leita út á leigumarkaðinn? Hvernig eiga sveitarfélögin að bregðast við? Hvernig munu þau bregðast við og hvað kostar þetta þau?

Við erum hér með dæmi frá einstaka sveitarfélögum sem hafa reynt að leggja mat á áhrifin og það er auðvitað ekkert smáræði. Það er sko ekkert smáræði fyrir þessi sveitarfélög.

Það hefði nú verið forvitnilegt að fá slíkt mat fyrir Reykjavíkurborg. Hér er ástandið auðvitað verst og það liggur reyndar fyrir að Reykjavíkurborg hefur uppi áform um að kaupa hundrað nýjar leiguíbúðir. Mér segir svo hugur að það dugi skammt. Hver verða áhrifin á hinn almenna leigumarkað? Hver verða áhrifin á leiguverðið þegar þessum hópi er vísað út á þann markað? Verða þá fleiri sem eiga ekki annan kost en að búa áfram hjá foreldrum sínum og geta ekki byrjað að búa? Ég er auðvitað að vísa til þess að meðal þeirra sem hafa fengið úthlutun félagslegra íbúða eru ungar konur að ég hygg stærsti hópurinn, ungar konur með börn. Einstæðar mæður, mjög lágt launaðar, ráða að sjálfsögðu ekki við háa leigu. Það er því veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því hver áhrifin af þessu frv. verða.

Það er rétt að benda á það líka, eins og fram kemur í nál. okkar að það er stöðugt vaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Hingað liggur straumurinn og það er auðvitað sárt ef fólk sem vill eignast eigið húsnæði á þess ekki kost vegna þessara breytinga.

Áhrifin á kjör kaupenda og væntanlegra leigjenda í hinu nýja kerfi eru algerlega óljós. Það munar töluvert miklu á milli þeirra útreikninga sem er að finna í frv. og þess sem ASÍ og BSRB lagði fyrir okkur í hv. félmn. Það byggir auðvitað á því að menn hafa gefið sér mismunandi forsendur. Fulltrúar ASÍ og BSRB bentu á að í útreikningum ráðuneytisins á greiðslubyrði næstu áratugina væri ekki gert ráð fyrir neinum breytingum. Allar stærðir voru stöðugar, verðbólga, launaþróun o.s.frv. en um leið og einhverjar slíkar breytingar verða hefur það auðvitað mikil áhrif á greiðslubyrði, ýmist til hins betra eða verra eftir því hver þróunin er. Auðvitað getur enginn spáð fyrir um hvað gerast muni á næstu áratugum. Enginn getur spáð því hver vaxtaþróun verður þótt hún stefni heldur niður á við núna, sem betur fer. Við vitum samt ekki hvernig ástandið verður eftir 10, 15, 20 ár. Það skiptir hins vegar miklu fyrir kjör þeirra sem verða innan þessa kerfis.

Þá er vert að benda á að í upphafi voru lögð fram tvö frv. um húsnæðismál sem auðvitað áttu að fylgjast að, þ.e. frv. um húsnæðismál og síðan frv. um byggingar- og samvinnufélög. Mikil áhersla var lögð á að afgreiða húsnæðisfrv. úr nefnd. Því miður gafst okkur ekki tími til að vinna hitt málið, miðað við þær reglur sem hér voru settar um vinnu nefnda. Nú hefur það hins vegar gerst, hæstv. forseti, að þingið hefur dregist meir en ráð var fyrir gert. Hefði verið gert ráð fyrir að nefndir störfuðu áfram hefði kannski verið hægt að vinna það mál líka. Auðvitað er afar slæmt að skilja frv. um húsnæðissamvinnufélög svona eftir en best hefði auðvitað verið að fresta báðum málunum og reyna að ná sátt.

Ég ætla þá að víkja að því hver áhrif þessa frv. verða að okkar mati. Ég vísa þá til þess sem sagt hefur verið um markmið þessa frv. Yfirlýst markmið er að einfalda kerfið eins og segir í grg. og auðvelda fólki öflun húsnæðis. Ég hygg því miður að áhrifin, a.m.k. hvað það varðar að auðvelda fólki öflun húsnæðis, eigi býsna langt í land en þar munu viðbrögð sveitarfélaganna ráða mjög miklu um það hvernig til tekst. Það er a.m.k. ljóst að sú breyting ein, að veita 90% lán í stað þess að ákveðinn hópur átti kost á 100% lánum, hefur veruleg áhrif. Þar er hópur sem mun ekki lengur eiga þess kost að eignast húsnæði. Aðrar breytingar sem fylgja með, eins og það að fólk þarf að greiða stimpilgjald af almenna láninu, gjöld til húsnæðisnefndar og væntanlega einnig að greiða fasteignasala hans skerf, þýðir aukinn kostnað fyrir þá sem eru að afla sér húsnæðis. Þar af leiðandi mun þar bætast við hópur sem fellur út.

Um greiðslumatið er allt óljóst. Það mun einnig hafa veruleg áhrif á það hverjir munu geta keypt sér húsnæði undir formerkjum almenns láns og viðbótarláns. Tölur skortir um það hversu stór þessi hópur er. Það er margt sem getur ráðið því og haft áhrif á hversu stór hann verður, m.a. vaxtakjörin á almennum markaði.

Í nál. okkar kemur fram að húsnæðisnefnd Kópavogs reyndi að leggja mat á það hver áhrifin yrðu af greiðslumatinu ef það verður hið sama innan almenna kerfisins, þ.e. hjá þeim sem fá húsbréfalán og hinum sem fá húsbréfalán plús viðbótarlán. Í umsögn þeirra kom fram að gerð var könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem hafa keypt íbúðir í félagslega kerfinu að undanförnu. Þessar fjölskyldur voru metnar miðað við 18% greiðslubyrði sem er sú viðmiðun sem stuðst er við í húsbréfakerfinu. Þá kom í ljós, og þetta er mjög athyglisvert, að aðeins 11 fjölskyldur af 122, eða 9% hefðu staðist greiðslumat skv. frv. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um það sem koma skal. Ef við bætist sá hópur sem ella hefði fengið 10% lán til viðbótar, þeir sem geta ekki tekið á sig þann aukna kostnað sem þessu mun fylgja, hvað erum við þá að tala um stóran hóp sem áður átti þess kost að fá úrlausn sinna mála innan félagslega kerfisins?

Rétt er að taka skýrt fram að félagslega kerfið hefur engan veginn annað eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu, en þessi kostur var þó til staðar og þeir höfðu forgang sem verst stóðu að vígi og ljóst þótti að gætu staðið undir kaupum. Þarna er stór hópur sem ekki mun lengur eiga möguleika og er vísað út á leigumarkað sem er ekki til. Það er ekki til leiguhúsnæði fyrir þetta fólk. Það mun auðvitað taka tíma fyrir sveitarfélögin að koma sér upp leiguhúsnæði. Það er algerlega ljóst. Ég hygg að mikið sé til af húsnæði í landinu sem mætti breyta í íbúðir og gera að hugguleum leiguíbúðum. Það tekur hins vegar allt sinn tíma og sveitarfélögin þurfa auðvitað að eiga peninga. Þau þurfa að leggja sitt af mörkum til að standa undir þessu og staða sveitarfélaganna er auðvitað afar mismunandi hvað þetta varðar, að ekki sé nú talað um viljann til að grípa til aðgerða.

Í grg. frv. segir varðandi markmiðin eins og ég nefndi áðan, með leyfi forseta:

„Frumvarp það sem hér er lagt fram um húsnæðismál er annað tveggja frumvarpa er hafa það að markmiði að einfalda og samræma skipulag húsnæðismála til lengri tíma og tryggja rétt þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda við öflun húsnæðis.“

Þá spyr maður: Hver er hin félagslega aðstoð? Hverjar eru hinar félagslegu aðgerðir sem boðið verður upp á? Því hefur verið svarað til að viðbótarlánin séu félagsleg aðgerð, félagsleg lán. En þetta eru auðvitað bara lán á markaðsvöxtum. Þetta verða lán á markaðsvöxtum og það bera breytingartillögur meiri hlutans mjög skýrt með sér. Í upphaflega frv. stóð að vextir skyldu vera breytilegir en skv. breytingartillögum er miðað við að fylgni sé milli þeirra vaxta sem sjóðurinn þarf að greiða vegna lána sem hann tekur, þess fjár sem hann er að afla sér úti á markaði og þeirra lána sem hann er að veita. Ella stæðist ekki sú hugsun frv. að stofnunin standi undir rekstri sínum og sé sjálfbær. Hér er því um meginbreytingu að ræða.

Breytingin felst í því að niðurgreidd lán sem mjög lengi hafa verið við lýði í íslenska húsnæðiskerfinu munu hverfa. Ég hygg að miklu meira öryggi sé í slíkum lánum fyrir láglaunafólk heldur en því kerfi sem nú á að taka upp og felst

í að vaxtakostnaður fólks er greiddur niður með vaxtabótum. Reynslan af vaxtabótakerfinu og þeim a.m.k. tveimur ríkisstjórnum sem setið hafa frá 1991 er ekki góð. A.m.k. fjórum sinnum hafa verið gerðar breytingar á vaxtabótakerfinu vegna þess að menn sáu það þenjast út. Hér er verið að bæta nýjum hóp inn í vaxtabótakerfið. Kannski verður hann stærri en menn áætla, hver veit? Hvað skyldu vaxtabæturnar standa lengi?

Ég skal taka undir þau sjónarmið, sem m.a. hafa komið fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að nauðsynlegt sé að skoða vaxtabótakerfið og það má vel vera að vaxtabótakerfið sé að hluta til að þjóna hátekjufólki því þó að það séu tekjutengingar og mörk og vaxtabótaþak, þá er fólk að fá vaxtabætur á býsna háar tekjur, en vissulega er margt sem spilar inn í stöðu fólks, eins og barnafjöldi og skuldir m.a. námsskuldir og fleira. Það er því erfitt að finna eitthvert réttlæti þarna. En aðalatriði málsins er að verið er að taka af kerfi sem hefur boðið upp á mikið öryggi og verið að setja þennan verst stadda hóp í samfélaginu eða þá sem eru meðal hinna verst stöddu yfir í kerfi sem er mjög auðbreytanlegt og hefur verið breytt býsna oft hingað til.

Eitt af þeim atriðum sem verkalýðshreyfingin hefur bent á í málflutningi sínum og þeim finnst hvað alvarlegast í þessu máli er að í frv. eru engar tryggingar fyrir því að veitt verði viðbótarlán, að leiguhúsnæði verði keypt eða byggt, það er óvissa á öllum sviðum. Það er alveg sama hvaða atriði er skoðað, það er alls staðar sama óvissan. Menn vísa til ábyrgðar sveitarfélaganna en sannleikurinn er sá að skylda sveitarfélaganna til að aðstoða fólk í húsnæðismálum er studd vægast sagt veikum lagabókstaf bæði í þessu frv. og eins í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en þar segir í 45. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna ... eftir því sem kostur er og þörf er á, ...“

Sveitarfélögunum er gefið það að meta hvað þau ráða við, hver er þörfin o.s.frv. Þetta er afar veikt ákvæði og tryggir ekki nokkurn skapaðan hlut en ég vísa til þess sem ég sagði í upphafi að í gegnum árin hefur iðulega verið samið í kjarasamningum um byggingu ákveðins fjölda íbúða og ég minnist þess að á kjörtímabilinu — það var alla vega meðan Alþfl. sat í stjórn — líklega á tímabilinu 1988–1990 sem minni hluti þeirrar stjórnar var afar veikur og þá gerði Kvennalistinn ákveðið samkomulag við ríkisstjórnina um að styðja frv. í húsnæðismálum gegn því að byggður yrði ákveðinn fjöldi félagslegra íbúða. Menn hafa því iðulega verið að gera samninga til að tryggja ákveðið framboð á félagslegu húsnæði. Meginkostir þess kerfis sem hefur verið við lýði eru niðurgreiddir vextir sem er mikið öryggi fyrir lántakendur og hins vegar það að félagslegt húsnæði hefur verið byggt skipulega upp. Þó að vissulega megi taka undir þá gagnrýni að gengið hafi verið of langt í því að hafa félagslegar íbúðir of margar á sama stað og þær hafi stundum fengið á sig ýmis heiti svo sem bæjarblokkir og fleira slíkt og að réttara væri að reyna að blanda sem allra mest, hefur samt sem áður mjög gott húsnæði verið tryggt fyrir láglaunafólk.

Varðandi þessa tryggingu þá kom það fram í starfi félmn. að endurskoða á lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar munu menn væntanlega skoða þetta ákvæði og vonandi huga að því að tryggja betur skyldu sveitarfélaganna til að reyna að aðstoða fólk í húsnæðismálum. En reynslan sýnir okkur einfaldlega hvernig sveitarfélögin hafa farið með þessi mál og það eru einstök sveitarfélög, m.a. á höfuðborgarsvæðinu, sem einfaldlega halda frá sér fólki með því að takmarka framboð á félagslegu húsnæði, það er bara hreinlega ekki neitt. Í bæ eins og Seltjarnarnesi er sáralítið leiguhúsnæði og athygli vakti þegar gerð var könnun á dreifingu námsmanna að það voru bara engir námsmenn sem leigðu í Seltjarnarnesbæ. Þetta er auðvitað ákveðin stefna sem þar er rekin til þess að halda slíku fólki frá sér í sæluríki Sigurgeirs.

Til að draga saman meginatriði í gagnrýni minni hluta félmn., þá segir í nál. okkar: „Allt er málið sama markinu brennt, áhrif þess eru óljós að flestu leyti. Núverandi kerfi, sem hefur lengi verið í föstum skorðum með ákveðinn fjölda nýrra íbúða og svipaðan fjölda endursöluíbúða ár hvert, tryggir réttindi og skyldur til öflunar félagslegs húsnæðis þótt það hafi engan veginn getað annað eftirspurn, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Félagslega kerfið hefur haldið niðri verði á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að byggðar hafa verið ódýrari íbúðir en almennt gerist (um 16% lægra verð í Reykjavík), en hér eftir mun markaðsverð ráða. Verði hið nýja kerfi að veruleika verða möguleikar fólks til að kaupa húsnæði á félagslegum kjörum eða til að komast inn í leiguíbúðir sveitarfélaga algjörlega háðar vilja og framtaki sveitarfélaganna, hvað þau treysta sér til að ábyrgjast mörg viðbótarlán og hve mikla áherslu þau leggja á leiguhúsnæði.“

Þetta er meginkjarni málsins og rétt að vekja sérstaka athygli á því sem hér segir um verð á íbúðum og það aðhald sem félagslega kerfið hefur verið, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og ég vitna til þess af því að hér þekki ég best til. Ég þekki best til á höfuðborgarsvæðinu en þess eru mörg dæmi eins og komið hefur fram í umræðunni og í vinnu nefndarinnar að víða úti á landsbyggðinni lentu menn í því að byggja allt of dýrt húsnæði og hafa verið í vandræðum með það. Það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvernig á því stóð og hvers vegna Húsnæðisstofnun fylgdist ekki betur með en þetta. Reyndar hefur verið bent á að vissulega hafi margt gerst, stundum hafa byggingarfyrirtæki farið á hausinn, margir aðilar komið að byggingu þessara félagslegu íbúða o.s.frv., og menn hafa einfaldlega lent þarna í vandræðum.

Áður en ég kem að einstökum atriðum ætla ég að víkja að öðrum mjög mikilvægum þætti sem eru þær forsendur sem hæstv. ríkisstjórn gefur sér fyrir þessum breytingum. Þar vil ég fyrst og fremst vísa í umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem sendu frá sér langa og ítarlega umsögn sem er að finna í fylgiskjölum okkar. Ég ætla ekki að vitna í það sérstaklega, en Alþýðusambandinu og BSRB fannst ástæða til að leggja verulega vinnu í að skoða þær forsendur sem ríkisstjórnin hafði gefið sér fyrir þessum breytingum vegna þess að allar þessar forsendur má draga í efa eða hreinlega segja að séu rangar. Menn eru að breyta kerfi sem hefur að miklu leyti gengið vel þó að auðvitað hafi verið á því gallar sem sjálfsagt hefði verið að breyta, en að mestu leyti hefur þetta kerfi gengið vel, og við hreinlega mótmælum þeim forsendum sem menn gefa sér fyrir breytingu. Í nefndarálitinu kemur fram og rökin eru þau að kerfið sé komið í þrot. Það hafi valdið sveitarfélögunum miklum vanda, of margir hafi reist sér hurðarás um öxl, húsnæði standi autt o.s.frv. Þetta eru meginforsendurnar sem

ríkisstjórnin hefur gefið sér fyrir því að gera þessar grundvallarbreytingar. Og maður spyr sig hvort eitthvað annað búi að baki sem menn segja ekki opinskátt. Ég átta mig hreinlega ekki á því. Ég veit ekki til þess að neitt slíkt ástand sé hjá Húsnæðisstofnun að það út af fyrir sig gefi tilefni til mikilla breytinga. Sá vandi sem blasir við og allir viðurkenna er vandi Byggingarsjóðs verkamanna sem öllum er ljós og sú ríkisstjórn sem nú situr og sú sem á undan henni fór brugðust engan veginn við vanda sjóðsins og þeim ábendingum sem Ríkisendurskoðun hefur ítrekað komið fram með.

Einnig er sjálfsagt að viðurkenna og það er vissulega rétt að ýmis sveitarfélög hafa lent í vanda með þetta kerfi, bæði vegna þess að fólk hefur flutt í burtu, upp hefur komið mikið atvinnuleysi, menn hafa hugsanlega — það hafa verið nefnd dæmi um það — reist sér hurðarás um öxl, byggt of margar félagslegar íbúðir, kannski til þess að halda uppi atvinnu í sveitarfélögunum, þetta hefur verið fullyrt. En vandi nokkurra sveitarfélaga með félagslega íbúðakerfið eru ekki nægjanleg rök til að bylta þessu kerfi. Það að íbúðir standi auðar — íbúðir standa alls staðar auðar tímabundið, m.a. er það svo í Reykjavík að ótrúlegan tíma tekur oft að gera upp dæmin þegar um endursölu er að ræða. Það þarf að mála íbúðir og gera þær upp og ýmislegt getur valdið því að íbúðir standa auðar jafnvel um nokkurra mánaða skeið. Þetta eru heldur engin rök til að breyta kerfinu jafnverulega og hér er verið að gera. Þær forsendur sem ríkisstjórnin gefur sér standast því einfaldlega ekki og það verður ekki séð að þau markmið náist sem menn eru að setja sér að „einfalda og samræma skipulag húsnæðismála til lengri tíma og tryggja rétt þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda við öflun húsnæðis“ eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta. Það verður engan veginn séð að þau markmið náist.

Ég vil aðeins koma að því að það kerfi sem verið er að koma upp er þannig að félmrh. er yfir húsnæðismálunum. Síðan er hin sjálfstæða stofnun, Íbúðalánasjóður, og innan hennar er sérstaklega tilnefnd ein deild, húsbréfadeildin. Síðan er ekkert nafn á hinu sem er umsýslan um Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins á meðan það dæmi verður gert upp, sem mun taka einhverja áratugi. Þessari stofnun verður falin veiting viðbótarlána og ýmislegt annað sem stofnunin á að fjalla um í störfum sínum og í 9. gr. frv. eru ýmis verkefni Íbúðalánasjóðs talin upp.

Síðan eru það húsnæðisnefndirnar sem annast um húsnæðismálin hver á sínum stað. Ég kem síðar að þeim breytingum sem þar er verið að gera.

Ég fæ ekki séð að mikil einföldun sé í þessu kerfi. Í stað þess að menn eru nú að veita félagsleg lán á einu bretti, eitt lán og reyndar stundum 10% lán viðbótar, á núna að veita almennt lán og viðbótarlán, náttúrlega til alls hópsins sem á þess kost að fá viðbótarlánin og húsbréfakerfið heldur auðvitað áfram. Hver er einföldunin? Eina sýnilega einföldunin er sú að verið er að sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins og það kann að vera að í því felist töluverður sparnaður og hagræðing til lengri tíma litið. Það er ljóst að með þessum breytingum er verið að loka báðum þessum sjóðum og þar af leiðandi mun að miklu leyti streyma inn í þá en ekki út lengur nema menn þurfa eflaust að taka frekari lán til endurfjármögnunar og til þess að standa undir afborgunum, hugsanlega reyna að fá lán á lægri vöxtum o.s.frv. Ég get ekki séð að hér sé um mikla einföldun að ræða enda er það kannski ekki meginatriði málsins heldur fyrst og fremst hvað felst í breytingunum og hvaða afleiðingar þær munu hafa.

Þá ætla ég að víkja að einstökum atriðum sem við í minni hlutanum viljum tíunda í gagnrýni okkar við frv. og þar með þær spurningar sem við setjum fram varðandi málið. Þá vík ég fyrst að atriði sem ég nefndi aðeins áðan sem eru tengslin við aðila vinnumarkaðarins. Með þessum breytingum er endanlega verið að klippa á áratugatengsl við verkalýðshreyfinguna. Það er nokkuð síðan Vinnuveitendasambandinu var kippt út úr húsnæðismálastjórn og þegar við töluðum við þá lögðu þeir að sjálfsögðu mikla áherslu á að þeir sætu við sama borð og verkalýðshreyfingin. Auðvitað má alltaf setja spurningarmerki við það hverjir eiga að koma að þessum málum. Ljóst er að þarna eru aðilar sem hafa mikla yfirsýn yfir vinnumarkaðinn, yfir fjármagnsmarkaðinn og yfir kaup og kjör í landinu þannig að ég held að ráðlegt væri og að mörgu leyti gott að hafa betri tengsl bæði við verkalýðshreyfinguna og Vinnuveitendasambandið í stað þess að við erum bara að senda þeim málið til umsagnar. Þetta eru þeir aðilar sem eru að fjalla um þessi mál og hafa iðulega samið um þennan málaflokk. Maður spyr sig að því hvort það er hér með úr sögunni að samið verði um húsnæðismál í kjarasamningum. Mér segir svo hugur að verkalýðshreyfingin eigi eftir að taka þessi leigumál upp og reyna að hafa einhver áhrif á þau því að það mun mjög fljótlega reyna á það gagnvart hluta þeirra félagsmanna hvernig kerfið virkar og hvaða áhrif það hefur á kjör láglaunafólks.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að hvorki verkalýðshreyfingin né þau félagasamtök sem eiga hvað mestra hagsmuna að gæta varðandi leiguhúsnæði, byggingarsamvinnufélög og aðra þá kosti sem hafa verið í boði komu að samningu frv. Rétt er að ítreka að þó verkalýðshreyfingin hafi verið inni í þessari vinnu á fyrri stigum og hafi tekið undir ákveðnar hugmyndir eins og einstaklingslán þá kom verkalýðshreyfingin hvergi nærri útfærslunni sem er í þessu frv. enda hafa verkalýðsfélögin mótmælt innihaldi frv. harðlega.

Þá er einkenni á þessu frv. og þeirri skipan mála sem á að koma á hve vald ráðherra er mikið. Hér er rétt að vekja athygli á því að þetta er hluti af þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum þar sem framkvæmdarvaldið hefur verið að taka til sín æ meira vald og við höfum séð hvert frv. á fætur öðru þar sem vald ráðherra til setningar reglugerða er gríðarlega mikið. Mér finnst ástæða til þess að setja spurningarmerki við þessa þróun. Er rétt stefna hjá okkur almennt í lagasetningu að vera sífellt að setja lagaramma en síðan er það á valdi framkvæmdarvaldsins að fylla upp í rammann? Ég hef átt samtöl við lögfræðinga sem gagnrýna þá stefnu mjög harðlega. Lög séu að verða svo óljós að það sé hægt að túlka þau endalaust sundur og saman og þetta er mjög aukin vinna fyrir lögfræðinga en gerir allt lagaumhverfið óljósara. Ég vil nefna þetta sérstaklega. Mér finnst að þetta sé atriði sem við þurfum virkilega að velta fyrir okkur.

Í frv. kemur fram að það þarf að setja hvorki meira né minna en 28 reglugerðir í tengslum við frv. Reyndar hafa býsna margar reglugerðir verið settar vegna núgildandi laga en það er gríðarlegt reglugerðarvald sem ráðherra er falið. Þetta tvennt, hið mikla vald ráðherra, hann skipar stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar einn og síðan setur hann allar þessar reglugerðir þannig að vald hans er gríðarlega mikið en síðan er rétt að vekja athygli á því að Íbúðalánasjóður verður sjálfstæð stofnun, hún verður mun sjálfstæðari stofnun en Húsnæðisstofnun er nú. Ég er ekki viss um að hv. þingmenn

hafi áttað sig á því að hér er verið að gera stjórnkerfislega breytingu hvað varðar stöðu þessarar stofnunar. Hún verður miklu sjálfstæðari en Húsnæðisstofnun er nú og er rétt að rifja það upp að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ekki alls kostar ánægð með störf stjórnar Húnæðisstofnunar á sínum tíma og knúði gegn breytingar sem gáfu henni kost á því að hafa meiri áhrif á ákvarðanir Húsnæðisstofnunar. Hér er verið að stíga skrefið aftur til baka til meira sjálfstæðis stofnunarinnar.

Í þessu samhengi vekjum við athygli á því að enn einu sinni er verið að leggja niður eina af þeim stjórnum ríkisstofnana sem Alþingi hefur kosið hingað til. Hér er enn eitt skrefið í þá átt án þess að neinar umræður hafi farið fram um það hvað rétt er í þessum efnum. Hvar eiga að vera stjórnir ríkisstofnana, kjörnar af Alþingi? Ég er ekki að segja að þetta sé rangt en í tengslum við þær umræður sem hafa átt sér stað að undanförnu um eftirlit með ríkisstofnunum, hverjir eigi að annast það og hvernig það fer fram, þá er þetta mjög mikilvægt atriði. Hvar á Alþingi að koma beint að og kjósa stjórnir og hvar ekki?

Ég er fylgjandi mjög skýrum aðskilnaði milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en Alþingi verður að geta fylgst með. Það verður að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart framkvæmdarvaldinu og þar af leiðandi held ég að þetta sé mál, hæstv. forseti, sem þurfi að ræða mjög alvarlega en það sem er umhugsunarvert er hvernig þessi skref hafa verið stigin eitt af öðru án þess að það hafi verið rætt af einhverri alvöru og einhverju samhengi hvað er verið að gera og hvað er eðlilegt í þessum efnum.

Þá kem ég að atriði sem ég nefndi áðan sem er það sem verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt mjög harðlega, að það er ekkert í þessu frv. né í öðrum lögum sem tryggir að sveitarfélögin svari vaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði. Tryggingin er engin. Það er veikur lagabókstafur og er eingöngu að treysta á vilja sveitarfélaganna og getu þeirra til þess að bregðast við. Við getum tekið dæmi af því sem fram kemur í umsögn Kópavogsbæjar. Þeir mátu það þannig að hjá þeim mundi verða þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin sem þýðir verulegan kostnað fyrir sveitarfélagið. Í umsögn húsnæðisnefndar Akureyrarbæjar kom fram að búast megi við að þar verði þörf fyrir 60 nýjar leiguíbúðir á ári og þá er miðað við þann hóp sem mundi ekki standast greiðslumat og ekki muni eiga fyrir 10% útborgun. Það gefur auga leið að þetta veldur sveitarfélögunum auknum kostnaði.

Við vekjum athygli á því að hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar liggur nú fyrir 381 gild umsókn um leiguhúsnæði hjá borginni. Þar af eru 197 umsækjendur í algerum forgangshópi og hér er einungis átt við þá sem eru 66 ára og yngri því að greint er á milli þeirra sem teljast vera orðnir eldri borgarar og annarra. Þessi hópur gefur einhverja hugmynd um það hver þörfin er í Reykjavík en það er ljóst að töluverður hópur mun bætast við ef það gerist að þetta frv. verður samþykkt.

Þá er rétt að víkja að því, hæstv. forseti, sem snýr að námsmönnum sérstaklega því að þessar breytingar munu hafa veruleg áhrif á kjör námsmanna og framboð á námsmannaíbúðum. Í umsögnum námsmanna og samtaka þeirra, Félagsstofnunar stúdenta og Byggingarfélags námsmanna og fleiri sem sendu okkur umsagnir komu fram miklar áhyggjur af því sem hér er verið að gera. Þar er staðan sú að þessir aðilar hafa hingað til getað fengið lán á 1% vöxtum en við munu taka lán á markaðsvöxtum nema eitthvað annað verði sérstaklega ákveðið. Hækkun á vöxtum þýðir hækkun á leigu og eftir því sem fram kom hjá fulltrúum námsmanna telja þeir að fólk þeirra þoli afar litla hækkun á leigu. Þessir byggingaraðilar verða að einhverju leyti að leita eftir lánum á almennum lánamarkaði og þar verða markaðsvextir þannig að þá óar mjög við því að halda inn í markaðsumhverfið. Staðreyndin er sú að á höfuðborgarsvæðinu er mikill skortur á húsnæði fyrir námsmenn og við skulum ekki gleyma því að þau lán hafa líka þjónað landsbyggðinni mjög dyggilega. Byggt hefur verið námsmannahúsnæði við Samvinnuháskólann í Bifröst, á Hólum og við Háskólann á Akureyri fyrir utan það sem byggt hefur verið í Reykjavík. Það er mjög alvarlegt mál ef dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis og er rétt að vekja athygli á því að Félagsstofnun stúdenta sem annast húsnæðismálið fyrir nemendur við Háskóla Íslands á mjög langt í land með að uppfylla þörfina fyrir leiguhúsnæði þannig að það mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar ef námsmönnum og samtökum þeirra mun verða vísað út á almennan lánamarkað og á lán á markaðsvöxtum hjá Íbúðalánasjóði. Hv. þm. geta flett upp í umsögnum og séð þær tölur sem nefndar eru. Hið sama gildir að sjálfsögðu um íbúðir fyrir fatlaða sem er annar hópur sem hefur verið að reyna að koma sér upp húsnæði og þarf sérstakt húsnæði, m.a. vegna lömunar og eftir því hvernig á stendur meðal hinna fötluðu og þeir óttast líka mjög að hækkun verði á leigu, fyrst og fremst vegna vaxtanna. Þar er um enn þá viðkvæmari hópa að ræða en námsmenn, hóp sem býr því miður oft við afar kröpp kjör.

Þá víkur sögunni að kostnaði sveitarfélaganna sem ég reyndar nefndi aðeins áðan og vil einungis geta þess að aukinn kostnaður sveitarfélaganna felst í því að þau munu þurfa að fjármagna byggingu eða kaup á leiguhúsnæði að hluta til á markaðsvöxtum eða á þeim vöxtum sem verða á húsbréfum hverju sinni og hugsanlega líka að taka lán á almennum lánamarkaði. Þá bætist við sá kostnaður hjá sveitarfélögunum að þeim verður gert að greiða 5% af hverju viðbótarláni í sérstakan varasjóð sem mun auðvitað nema töluverðum upphæðum ef um verulegar lánveitingar verður að ræða. Þetta mun mæða mest á sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er mest, þ.e. ef þau bregðast við.

Þá er rétt að benda á að aukinn fjöldi leigjenda hefur líka í för með sér aukin útgjöld sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta. Eins og ég nefndi fyrr þá liggur ekkert mat fyrir um þann kostnað sem bætast mun við hjá sveitarfélögunum. Ég efast um að þau hafi öll gert sér grein fyrir því hversu mikinn kostnað er hér um að ræða. Húsnæðisnefndir Kópavogs og Akureyrar lögðu í sérstaka vinnu við að reyna að meta þann kostnað. Það er ekki hægt að fara með þær tölur því þeir reiknuðu með stimpilgjöldum á öll lán, enda var ekki hægt að skilja frv. öðruvísi. En meiri hlutinn leggur til breytingu hvað varðar stimpilgjöldin sem ég kem að innan skamms.

Þá er að nefna húsnæðisnefndir sveitarfélaganna. Hlutverk þeirra mun breytast þótt það sé býsna óljóst að hve miklu marki störf þeirra munu breytast vegna þess að það mun taka töluverðan tíma að afgreiða núgildandi kerfi. Það mun auðvitað verða við líði um allnokkurra ára skeið meðan íbúðir eru að skipta um eigendur og fara út á almennan markað. Það getur jafnvel tekið áratugi. En breytingarnar sem verða hjá húsnæðisnefndunum eru að þær munu nú fyrst og fremst fjalla um þörf á viðbótarlánum og meta þær umsóknir. Það er svolítið annað en það sem menn hafa verið

að meta, þ.e. möguleika fólks til að standa undir þessum niðurgreiddu lánum. Þeim er ætlað að gera árlegar áætlanir um þörf á íbúðarhúsnæði fyrir sveitarfélagið. Við vekjum athygli á því að slíkt ákvæði hefur lengi verið í lögum en hefur því miður ekki virkað sem skyldi. Ég nefndi við 1. umr. að stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík og síðan húsnæðisnefndin hafa afgreitt þetta atriði þannig að umsóknirnar sem berast gefi mynd af því hver húsnæðisþörfin er. En málið er auðvitað miklu viðameira. Menn þurfa að gera sér grein fyrir breytingum, gera áætlanir um íbúaþróun, samsetningu íbúanna o.s.frv. til að átta sig á hinum mismunandi þörfum íbúanna fyrir húsnæði. Því miður finnst mér að þessu verkefni hafi alls ekki verið sinnt sem skyldi og þarna þyrftu sveitarfélög og húsnæðisnefndir verulega að taka sig á. Inn í þetta dæmi þarf líka að taka þörf fyrir námsmannahúsnæði, námsmannaíbúðir, sem sagt að sveitarfélagið hafi einhverja raunverulega mynd af þörfinni hjá sér. Þegar ég nefni námsmannahúsnæði er ég enn einu sinni fyrst og fremst að vísa til höfuðborgarsvæðisins.

Við vekjum líka athygli á því að ef það gerist að lögð verði mun meiri áhersla á leiguhúsnæði þá verður ákveðin skörun milli verkefna húsnæðisnefndanna og félagsmálanefnda sveitarfélaganna.

Í 14. gr. hafa húsnæðisnefndirnar það almenna hlutverk eins og segir í 1. tölul., með leyfi forseta:

„Að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og eiga frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun."

Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en að hér sé um það að ræða að nefndirnar eigi að afla húsnæðis í því skyni. Það er alveg ljóst að meiningin er að húsnæðisnefndir séu ekki lengur að fást við byggingarstarfsemi eins og verið hefur en reyndar hefur dregið verulega úr. En hvað þetta þýðir gagnvart leiguhúsnæði er ekki alveg ljóst í mínum huga því t.d. í Reykjavík er komið upp nokkuð sérstakt kerfi sem er þannig að það er fyrst húsnæðisnefndin sem hefur annast þennan hluta félagslega húsnæðiskerfisins, þ.e. eignaríbúðirnar, síðan annast félagsmálanefnd og félagsmálastofnun borgarinnar að meta þörf fólks fyrir leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og síðan hefur það gerst að stofnað hefur verið sérstakt hlutafélag, Félagsbústaðir hf., sem annast rekstur íbúðanna. Þetta er orðið býsna viðamikið og flókið kerfi og ég held að Reykjavíkurborg hljóti að skoða það mjög alvarlega hjá sér hvort þörf sé á að hafa þetta svona margskipt og hvort ekki væri best að reyna að hafa þetta allt á einum stað, a.m.k. mat á þörfinni fyrir aðstoð og öflun húsnæðis o.s.frv. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki á því hvar það á að gerast, hver það er sem á að koma með tillögur um t.d. kaup Reykjavíkurborgar á leiguhúsnæði. Það hlýtur eiginlega að vera verkefni húsnæðisnefndarinnar að benda borginni á að hún þurfi svo og svo margar leiguíbúðir meðan það er félagsmálastofnun sem hefur langsamlega mesta tilfinningu fyrir og mestar upplýsingar um þörfina. Ég held því að hér verði óhjákvæmilega um skörun að ræða. Ég vil benda á að samkvæmt lögum hefur sveitarstjórn heimild til að flytja verkefni milli nefnda. Það er í sjálfu sér ekkert sem skyldar sveitarfélögin til að hafa húsnæðisnefnd. Hægt er að fela félagsmálanefnd eða félagsmálaráði að annast þessi verkefni. Ég held að sveitarfélögin hljóti að skoða þetta töluvert eftir þessar breytingar og ekki síst eftir því sem núverandi félagslegt kerfi fjarar út og verkefnum sem tengjast rekstri og umönnun núverandi kerfis fækkar.

Þá ætla ég að víkja að sérstökum lánaflokkum sem hafa verið við lýði samkvæmt 11. gr. núgildandi laga. Þar er m.a. átt við lán til einstaklinga með sérþarfir. Í þessu frv. er þetta tekið út sem ákvæði í lögum en í 16. gr. kemur fram að stjórn Íbúðalánasjóðs geti að fengnu samþykki ráðherra stofnað til nýrra lánaflokka. Í skýringum er vísað til þess að slíkt geti gerst ef það samræmist fjárhagsáætlun sjóðsins. Rétt er að leggja sérstaka áherslu á þetta. Ef sjóðurinn treystir sér til og á einhvern aur afgangs er hugsanlegt að stofnað verði til nýrra lánaflokka. Þessi breyting tengist því að stofnunin á að standa undir sér og veita lán á markaðsvöxtum, vegna þess að það er alveg ljóst að lán til sérþarfa og til sérstakra hópa verður erfitt að veita á venjulegum vöxtum. Það verða erfið kjör fyrir þessa hópa. En aðalatriðið er að ekki er lengur tryggt að þessir lánaflokkar séu til staðar. Hins vegar felur ákvæði 16. gr. í sér, að komi upp ný þörf, einhver þörf á nýjum lánaflokki, getur stjórnin og ráðherra ákveðið þetta og þá þarf ekki lagabreytingu til þess. Að því leytinu er þetta kostur. En hér er auðvitað verið að afnema ákveðna lánaflokka sem hafa verið tryggðir í lögum og þetta er skýrt í athugasemd við 16. gr.

Þá víkur sögunni að greiðslumatinu og greiðslubyrðinni. Eins og ég hef vikið að mun greiðslumatið hafa mikil áhrif á það hverjir komast inn í þetta kerfi, hverjir fá viðbótarlán og það hverjir verða út undan eða hverjir falla ekki undir kerfið. Skemmst er frá að segja að allt er í óvissu um áhrif greiðslumatsins. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan um mat Kópavogsbæjar á því hversu margir í þeim hópi sem þeir hafa þjónað mundu standast greiðslumat samkvæmt 18%-reglunni. En til að gæta sanngirni vil ég geta þess að embættismenn ráðuneytisins lögðu mikla áherslu á það að menn vildu að greiðslumatið væri sveigjanlegt. Þeir voru ekki sammála þeirri túlkun að hér yrði um þrengingu að ræða. En það er allt algerlega óljóst um það og verði stuðst við 18% greiðslumat er þar auðvitað um mikla þrengingu að ræða miðað við það sem nú er í félagslega kerfinu. Við minnum einnig á annan kostnað sem bætist við hjá þeim sem verða að taka lán og verður til þess að þrengja þeirra hag.

Þeir útreikningar sem við höfum fengið á greiðslumati og greiðslubyrði eru afar misvísandi. Í umsögn ASÍ og BSRB segir, með leyfi forseta:

„... þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér, að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast."

Hér kemur að því sem kom töluvert við sögu við 1. umr. að það kemur býsna fljótt að því að láglaunafólk rekur sig upp undir vaxtabótaþakið og þar af leiðandi eru möguleikar þess til að kaupa góðar íbúðir býsna takmarkaðir. Það mun reyna mjög á þær reglur sem verða settar um kröfurnar til húsnæðis. Það má ekki gerast, hæstv. forseti, að aftur sé verið að vísa fólki í kjallaraholur og upp undir þak þar sem það verði einu íbúðirnar sem láglaunafólk á þess kost að kaupa. Það má ekki gerast. Þar mun þróun launa og þróun íbúðaverðs hafa gríðarleg áhrif. En það er ekki að ástæðulausu að dæmin sem tekin eru í frv. eru um 5 og 6 millj. kr. íbúðir. Maður spyr sig hvers konar íbúðir það eru og hvernig íbúðir það verða þegar og ef eftirspurnin eykst við þessa breytingu.

Ein af stóru breytingunum sem gera á er sú að þeir sem hingað til hafa notið niðurgreiddra vaxta fá nú vaxtabætur fjórum sinnum á ári. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1998

er áætlað að vaxtabætur verði 3,8 milljarðar á þessu ári. Þetta eru auðvitað verulegar fjárhæðir fyrir ríkissjóð. Eins er ljóst að þær munu hækka nokkuð við að þeir sem áður fengu niðurgreidda vexti koma nú inn í vaxtabótakerfið eða um 120 millj. kr. á ári samkvæmt áætlun fjmrn., eftir því sem kemur fram í umsögn fjármálaskrifstofunnar. Síðan eru auðvitað aðrir liðir í þessu frv. og aðrar aðgerðir sem einnig hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Við vekjum athygli á því hversu oft hefur verið krukkað í vaxtabótakerfið af stjórnvöldum og það að niðurgreiddir vextir eru mun öruggari aðstoð fyrir láglaunafólk en vaxtabótakerfið miðað við reynslu undanfarinna ára. Það er ekki að ástæðulausu að sú aðferð hefur verið viðhöfð í félagslega húsnæðiskerfinu um áratuga skeið að halda fast við niðurgreidda vexti. Það er hápólitísk spurning, hvernig aðstoð vegna húsnæðismála af hálfu hins opinbera skuli háttað og hverjir skuli njóta hennar. Við í minni hlutanum leggjum mikla áherslu á að þær fjölskyldur sem þurfa á aðstoð að halda við öflun húsnæðis megi alls ekki við kjaraskerðingu. En hún felst því miður í þessu frv. Hugsanlega mun þessi leið, að greiða niður húsnæðiskostnað með vaxtabótum í stað niðurgreiddra vaxta, fela í sér kjaraskerðingu þó, eins og ég hef nefnt, útreikningum beri ekki saman eftir því hvaða forsendur menn gefa sér.

Víkur þá sögunni að stimpilgjöldum. Það er eitt af þeim atriðum sem flestir umsagnaraðilar mótmæltu hvað harðast. Því var mótmælt að taka ætti upp stimpilgjöld. Sú gagnrýni leiddi til þess að nú liggur fyrir brtt. sem felur í sér að hvorki verða lögð stimpilgjöld á viðbótarlánin né á lán vegna bygginga eða kaupa á leiguhúsnæði. Þetta þýðir, hæstv. forseti, að þeir sem fá almennt lán og viðbótarlán verða að greiða stimpilgjald af almenna hlutanum, þ.e. húsbréfaláninu. Það hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir lántakendur frá því sem nú er. Þetta er einn kostnaðarliðurinn sem bætist við.

Ekki er hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að það verði greidd stimpilgjöld af öðrum lánum sem veitt kunna að verða samkvæmt 16. gr. Ef aðrir lánaflokkar verða teknir upp, þá verða væntanlega stimpilgjöld á þeim. Ella þarf að gera lagabreytingu. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þetta. Við í minni hlutanum mótmælum því enn og aftur að aukinn kostnaður skuli vera lagður á þá sem fá viðbótarlán, þá sem hingað til hafa átt inni í félagslega kerfinu. Og þarna er enn einn liðurinn sem veldur því að færri munu eiga þess kost að nýta sér þessi lán.

Hæstv. forseti. Þá kemur að atriði sem hefur vakið töluverða umræðu. Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofunnar var greinilegt að meining ríkisstjórnarinnar var að veita ekki lán næstu tvö árin nema til byggingar 50 leiguíbúða á tveimur árum. Í umsögnum fjölmargra aðila, m.a. námsmanna og Búseta og húsnæðisnefndanna kom fram að þessi fjöldi dygði engan veginn. Hér er um að ræða lán til 50 íbúða á niðurgreiddum vöxtum. Samkvæmt upphaflegri tillögu var þetta ætlunin. Nú leggur meiri hlutinn til að þetta verði ekki nákvæmlega tilgreint heldur verði vísað til framlaga á fjárlögum þessi ár. Það á ekki endilega að vera bundið við tvö ár heldur verði beðið eftir niðurstöðu þeirrar nefndar sem setja skal á fót með aðild verkalýðshreyfingarinnar, annarra byggingaraðila og sveitarfélaganna sem mun fara yfir ástandið á leigumarkaðnum. Það vekur þá spuringuna: Hvað svo? Og hvað mun koma út úr starfi þessarar nefndar? Það veit enginn frekar en um annað sem hér stendur til að gera.

Þýðir þessi brtt. að menn gefi ákveðin fyrirheit um áframhaldandi lán á niðurgreiddum vöxtum? Hvernig er hægt að treysta á slík loforð miðað við það sem reynslan hefur kennt okkur varðandi Byggingarsjóð verkamanna? Þar hafa framlögin verið skorin niður jafnt og þétt. Þá vaknar spurning: Um hvað á að semja við sveitarfélögin? Á að semja um bein framlög þeirra til byggingar leiguhúsnæðis? Í lögunum sem voru í gildi frá 1990–93 voru sveitarfélögin skylduð til þess að leggja fram 3,5% af verði hverrar íbúðar sem eins konar styrk eða framlag til húsnæðismála. Sum þeirra hafa haldið því áfram, t.d. til byggingarfélags námsmanna hér á Reykjavíkursvæðinu, Félagsstofnun stúdenta, o.fl. hafa fengið styrk frá Reykjavíkurborg til byggingar námsmannahúsnæðis. Hvers ætlast ríkisstjórnin til af sveitarfélögunum? Hver er meiningin? Það veit enginn. Þetta sýnir enn að leigumálin og sú áhersla sem hér er verið að reyna að leggja á öflugan leigumarkað er allt eitt stórt spurningarmerki og enginn veit hvað verður.

Breytingin sem hér er verið að gera stafar fyrst og fremst af mikilli gagnrýni á þessa takmörkun og að þetta mundi þýða að á næstu árum drægi úr framboði á leiguíbúðum og námsmannaíbúðum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að Samband ísl. sveitarfélaga gerði samþykkt á sínum fundi austur á Egilsstöðum þar sem þeir gera kröfu um að áfram verði boðið upp á lán á niðurgreiddum vöxtum eftir að þessu margumræddu tveggja ára tímabili lýkur.

Við í minni hlutanum verðum nú að segja að okkur er algjörlega óskiljanlegt hvernig sveitarfélögunum dettur í hug að leggja blessun sína yfir allar þessar breytingar og þetta kerfi en að gera svo kröfu um að gamla kerfinu verði haldið áfram að hluta til. Sú krafa gengur engan veginn upp miðað við meginhugsun frv., sem er að Íbúðalánasjóður verði sjálfstæð stofnun sem standi undir sér. Þar af leiðandi getur hann ekki veitt lán á niðurgreiddum vöxtum og það eina sem þar gæti komið til væri beint framlag úr ríkissjóði. Við spyrjum hvort það standi til. Stendur til að veita áfram lán á niðurgreiddum vöxtum til byggingar leiguhúsnæðis? Það liggur ekkert fyrir um það. Nákvæmlega ekki neitt. Það á sem sagt að fara út í viðræður við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna, byggingaraðila og hamingjan veit hvað kemur út úr því. Hér stendur til að afgreiða málin áfram án nokkurra skuldbindinga.

Þá kemur að býsna flóknu máli sem snertir m.a. Búseta og húsnæðisnefnd Reykjavíkur. Í 40. gr., sem verður 37. gr., er kveðið á um rétt þeirra aðila sem byggja eða kaupa leiguíbúðir til að selja leigjendum eignarhlut. Hér er átt við þá sem hingað til hafa fallið undir félagslega kaupleigu. Það er afar óljóst hver áhrif þess verða. Þar er skemmst frá að segja að fulltrúar úr húsnæðisnefnd Reykjavíkur eru mjög óánægðir með þessa útfærslu og húsnæðisnefnd Reykjavíkur gerir mjög alvarlegar athugasemdir við það hvernig þetta atriði er afgreitt. Þeir hafa séð það sem möguleika að hvetja leigjendur í íbúðum Reykjavíkurborgar til þess að kaupa sér eignarhlut, m.a. á þeim forsendum að það muni leiða til betri umgengni í íbúðunum, auka ábyrgðartilfinningu og fleira slíkt. Með þeim breytingum og þeirri framsetningu sem hér er virðist þeim í raun og veru að verið sé að gera þetta ómögulegt. Þeir vilja eiga möguleika á að veita fólki ákveðinn tíma til aðlögunar. Hér er verið að klippa á það og það er auðvitað alvarlegt mál.

Hvað verður um hina almennu kaupleigu? Henni er einfaldlega úthýst og frv. um byggingar- og samvinnufélag er

skilið eftir og allt það sem snýr að t.d. Búseta, sem eru fjölmenn samtök og eiga mikið af íbúðum, er í óvissu.

Þá fer að líða að lokum ræðu minnar, hæstv. forseti, ég er langt komin með að fara hér yfir þetta nál. Hér kemur að afar stóru og mikilvægu atriði. Það er framtíð starfsfólks Húsnæðisstofnunar. Í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar kom fram að í nál. meiri hlutans er vikið að stöðu starfsfólksins og í almennum orðum vikið að því að það voni og treysti því að fá vinnu við hina nýju stofnun. Hins vegar er ekkert sem tryggir það. Eins og nærri má geta hefur þessi umræða og þetta frv. valdið miklum óróa innan stofnunarinnar. Þar eru ýmsir að hugsa sér til hreyfings og einhverjir eru hættir. Aðrir vita ekkert hvað þeirra bíður.

Því hefur verið haldið fram í umræðum um þetta mál að starfsfólki muni fækka og það er reyndar afar líklegt miðað við það að byggingarsjóðirnir verði sameinaðir. En meiri hluti félmn. hefur verið ófáanlegur til að setja einhver ákvæði inn í þetta frv. líkt og gert hefur verið í svipuðum málum sem hafa verið hér til umfjöllunar. Þar hafa menn sett lagaákvæði þess efnis að réttindi starfsfólks skuli tryggð. Um þetta fólk gilda auðvitað lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en það er rétt að vekja athygli á því að þeim lögum var breytt árið 1996. Hjá Húsnæðisstofnun er nú starfandi hópur fólks sem á t.d. engan biðlaunarétt, en aðeins sinn uppsagnarfrest vegna þess að lögunum var breytt á sínum tíma. Þarna er fólk í mikilli óvissu og við lögðum mikla áherslu á það í minni hlutanum að í það minnsta yrðu sett einhver ákvæði um forgang, eins langt og hann dygði, en það er ekki vilji til þess. Mér finnst mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að við þessa umræðu komi skýr og skilmerkileg yfirlýsing hæstv. félmrh. um að forgangur starfsfólks Húsnæðisstofnunar að störfum við hina nýju stofnun verði tryggður. Það er mjög mikilvægt að slík yfirlýsing verði gefin.

Niðurstaða minni hlutans er sú að við leggjum til að frv. verði endurskoðað með þátttöku þeirra aðila sem málið snertir sérstaklega, svo sem samtaka launafólks, sveitarfélaga, námsmannasamtaka, Búseta og fleiri. Allt of margir þættir þessa máls eru óljósir og vert að benda á að ekki er tekið á ýmsum vandamálum sem einkennt hafa núgildandi kerfi, svo sem reglur um endursölu íbúða. Þar vísa ég sérstaklega í álit lögmanns húsnæðisnefndar Reykjavíkur en húsnæðisnefnd Reykjavíkur hefur sent okkur niðurstöðu umboðsmanns Alþingis þar sem hann hefur vakið athygli á réttaróvissu hvað varðar endursöluíbúðir. Þótt verið sé að breyta kerfinu munu líða mörg ár þar til endursölu íbúða lýkur og nauðsynlegt er að taka á þessum þætti. Einhverra hluta vegna var alls ekki vilji til þess en þetta efni geta þingmenn kynnt sér í fylgiskjölum.

Verði frv. að lögum mun það kalla á stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin og verða til þess að vísa fjölda fjölskyldna út á leigumarkað sem er ekki til. Breytingarnar munu leiða til þess að dýrara verður fyrir láglaunafjölskyldur að eignast eigið húsnæði. Áhrifin á verðbréfamarkaðinn og húsnæðismarkaðinn eru óljós og rétt er að benda á að bæði Seðlabankinn og Vinnuveitendasambandið vöktu athygli á þessum atriðum. Sérstaklega vísa ég til umsagnar Vinnuveitendasambandsins sem vakti athygli á því að menn hefðu ekki lagt neitt mat á það hver áhrifin yrðu. Eins og ég nefndi fyrr má búast við ýmsu í þeim efnum. Það má búast við að íbúðaverð hækki, í það minnsta fyrst um sinn vegna aukinnar eftirspurnar á almennum markaði og því fólki sem fær viðbótarlán verður gefinn kostur á að kaupa íbúð hvar sem er. Fjárlagaskrifstofa fjmrn. gerir ráð fyrir að um þúsund manns bætist við í vaxtabótakerfinu og sú tala gefur hugmynd um þann fjölda sem mun leita sér að húsnæði á almennum markaði. Þetta er hópurinn sem mun væntanlega kaupa sér íbúðir nái þessar breytingar fram að ganga.

Þá hverfur það aðhald við íbúðaverð er framkvæmdir húsnæðisnefndanna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafa veitt almenna markaðnum og einnig það mun eflaust valda einhverri hækkun á íbúðaverði. Þetta er afar slæmt mál.

Að lokum vekjum við athygli á því að ekkert kerfi er gallalaust og breyttar aðstæður og breyttar þarfir kalla á breytingar. Það eru einkum lítil sveitarfélög úti á landi sem hafa lent í erfiðleikum með félagslega húsnæðiskerfið eins og það er nú meðan það hefur að mestu leyti gengið vel á höfuðborgarsvæðinu. Vanda litlu sveitarfélaganna þarf að leysa á annan hátt en þann að gjöbreyta húsnæðiskerfinu og kippa þar með grunninum undan öryggi hundruða fjölskyldna sem fengið hafa fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðiskerfinu á undanförnum árum og áratugum. Þá er algerlega óviðunandi hvernig starfsfólk Húsnæðisstofnunar er skilið eftir í óvissu um framtíð sína. Minni hlutinn mótmælir harðlega slíkri framkomu við starfsfólk. Í ljósi alls þess er að framan greinir leggur minni hlutinn til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því að ýmsir sem hvað mest hafa komið að húsnæðismálum á vegum verkalýðshreyfingarinnar, hafa skrifað greinar í blöðin á undanförnum vikum til að reyna að koma vitinu fyrir ráðamenn en það virðist því miður ekki hafa nein áhrif. Þó var ákveðið að kalla fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar inn í störf þeirrar nefndar sem á að setja á laggir til að skoða leigumarkaðinn, hvenær sem niðurstaða þeirrar nefndar mun liggja fyrir. Þeir Guðmundur Vignir Óskarsson og Kristján Gunnarsson frá BSRB og ASÍ skrifuðu grein í Morgunblaðið, Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur BSRB skrifaði grein og lögfræðingur ASÍ, Magnús Nordal, skrifaði einnig grein en það má eiginlega furðulegt heita, hæstv. forseti, að ekki skuli hafa birst meiri gagnrýni í blöðum og á opinberum vettvangi á þetta frv. Ég held að því miður stafi það af því að menn hafi almennt ekki áttað sig á því hvað er að gerast. Þó hefur komið í ljós hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur að fólk hér úti í bæ er uggandi um sinn hag og það hefur verið mikil hreyfing hjá þeim, mjög margir haft samband, mjög margir sótt umsóknarblað og reynt að koma sér inn í kerfið en það er vonlaust mál. Það verður ekki úthlutað nema til þeirra sem hafa þegar fengið loforð um úthlutun og sem betur fer munu þeir sem hafa fengið loforð verða í gamla í kerfinu út árið en þeir sem koma inn síðar fara inn í nýja kerfið. Það eru mjög breyttar forsendur og spurning hvaða áhrif það hefur.

Allra síðast vil ég mjög stuttlega vekja athygli á þeim bunka af fylgiskjölum sem við leggjum fram með nál. okkar til að vekja athygli á þeim athugasemdum og gagnrýni sem hefur komið fram við þetta frv. Þar er fyrst að nefna áskorun til félmrh. frá Starfsmannafélagi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem fer þess á leit að sett verði ákvæði í lögin sem tryggi hagsmuni starfsmanna. Við birtum umsagnir húsnæðisnefnda Hafnarfjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur og húsnæðisnefndar Akureyrar til að vekja athygli á því hvernig þessar húsnæðisnefndir hafa skoðað málin ofan í kjölinn. Kópavogur og Akureyri hafa reiknað út hvað þetta þýðir fyrir

þessi sveitarfélög og þau dæmi eru mjög athyglisverð og gefa hugmynd um þá miklu breytingu sem þarna er á ferðinni og hvað þetta mun þýða mikil umsvif og mikinn aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Í umsögn húsnæðisnefndar Reykjavíkur eru mörg mjög viðamikil atriði og ekki síst varðandi núverandi kerfi, ábendingar um það hvað hefði þurft að gera varðandi núverandi kerfi sem eins og ég sagði áðan, menn láta alveg hjá líða að sinna og mun væntanlega bara hjakka áfram í sama farinu þrátt fyrir ýmsa erfiðleika sem komið hafa upp.

Við birtum athugasemdir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem m.a. er að finna þá tillögu sem ég nefndi áðan um kröfuna um að áfram verði veitt lán á niðurgreiddum vöxtum til byggingar leiguhúsnæðis. Þroskahjálp vekur athygli á því hvaða áhrif þessi breyting mun hafa á hækkun leigu, m.a. í íbúðum fatlaðra. Þak yfir höfuðið eru samtök allmargra aðila, m.a. námsmanna, leigjenda, Búseta og fleiri og þeir setja fram margvíslegar athugasemdir við frv. Félagsstofnun stúdenta bendir á hækkun leigu hjá sér og það hve þörfinni fyrir námsmannaíbúðir er illa sinnt og hve mikið verk er þar að vinna en hversu erfitt það verður ef þessi breyting gengur í gegn. Eins og ég vék að áður er umsögn Alþýðusambands Íslands og BSRB afar ítarleg og þeir reyna fyrst og fremst að meta forsendur frv. og að kveða það í kútinn að slík þörf hafi verið á að breyta kerfinu auk þess sem í umsögn þeirra er að finna töluverða útreikninga á greiðslubyrði þar sem þeir gagnrýna útreikninga félmrn. og fá nokkuð aðra niðurstöðu.

Ég nefni einnig umsögn Vinnuveitendasambandsins og Samtaka iðnaðarins þar sem sérstaklega er bent á skort á mati á áhrifum þessara breytinga þótt þeir taki í megindráttum undir þær en þeir benda á að svona miklar breytingar geta haft mikil áhrif á húsnæðismarkaðinn og verðbréfamarkaðinn því verið er að fjármagna þessar breytingar úti á hinum almenna fjármagnsmarkaði. Seðlabanki Íslands var á svipuðum nótum og benti á ýmis praktísk atriði sem meiri hlutinn tók að miklu leyti til greina. Ríkisendurskoðun vakti athygli á mjög athyglisverðum þáttum sem var hin stjórnskipulega staða Húsnæðisstofnunar og ég verð að viðurkenna að það var ekki fyrr en við fórum í gegnum þá umsögn og svör ráðuneytisins að ég áttaði mig á því að verið var að gjörbreyta stöðu þessarar stofnunar í ríkiskerfinu. Það kemur ekki mjög skýrt fram í sjálfu frv. en vert er að vekja athygli á því að það er verið að breyta stöðu hennar í kerfinu.

Síðan er að finna ýmsar upplýsingar sem nefndin kallaði eftir og þingmenn geta kynnt sér og loks nefni ég umsögn Búseta sem gerir verulegar athugasemdir við frv. og er heldur óhress með stöðu sína því að eins og fram hefur komið hefur hann verið og er skilinn eftir og ég vona þó að í haust verði það frv. sem að honum snýr lagt fram aftur og þá verði staða Búseta samræmd kerfinu eins og það verður þá orðið.

Allra síðast, hæstv. forseti, ætla ég í örfáum orðum að víkja að nokkrum brtt. meiri hlutans. Ég hef nefnt þær nokkrar og þar er fyrst að nefna að hinn nýi Íbúðalánasjóður mun fá það hlutverk að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaganna um þörf á íbúðarhúsnæði. Þessi brtt. kemur til vegna mikillar umræðu sem varð um það hvort einhvers staðar þyrfti ekki að vera yfirsýn yfir húsnæðismál í landinu og að ríkisvaldið sem er baktryggingin fyrir kerfinu þurfi að hafa aðgang að upplýsingum og að einhvers staðar sé hægt að leita eftir því hver þörfin er og hvernig þróun þessara mála er. Þá er vert að vekja athygli á því að við 14. gr., sem fjallar um hlutverk húsnæðisnefndanna, er skilgreining á gjöldum sem húsnæðisnefndum er heimilt að taka. Ég vek sérstaka athygli á því að hér er verið að bregðast við þeim umræðum sem hafa átt sér stað á undanförnum árum í kjölfar úrskurðar umboðsmanns Alþingis og hér er ákvæði sem er í samræmi við úrskurði hans, þ.e. að sveitarfélögin mega ekki innheimta gjöld sem er hærri upphæð en nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té. Ég vek sérstaka athygli á því, hæstv. forseti, að hér er dæmi um að löggjafarvaldið verður við tilmælum umboðsmanns Alþingis. Menn hafa einstaka sinnum rætt um að ekki sé tekið nægjanlegt mark á úrskurðum hans en mér finnst sem betur fer að þess séu æ fleiri dæmi að úrskurðir hans hafa áhrif. Þetta tengist einnig þeirri umræðu sem varð í sveitarstjórnarmálunum um 7. gr. þess frv. þar sem rætt var um að sveitarfélögin ættu að móta sér stefnu hvað varðar arð af fyrirtækjum og þar snýst umræðan einmitt um þetta sama, hver er réttur sveitarfélaganna til að taka gjöld eða arð umfram þann kostnað sem sveitarfélögin leggja í.

Ég held að ég veki að síðustu athygli á því að hér er líka að finna brtt. sem snýr að greiðsluvanda. Hér er komin lagastoð fyrir því að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi heimild til þess að veita lán til að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum og hér eru þau skilgreind og ég held að þetta sé af hinu góða.

Hæstv. forseti. Ég tel að þær breytingar sem verið er að gera á frv. séu allar skref í rétta átt. Sem betur fer bregðast menn við athugasemdum og umsögnum en það breytir ekki þeirri niðurstöðu okkar í minni hlutanum að hér sé verið að gera mjög alvarlegar breytingar sem munu rýra kjör ákveðins hóps láglaunafólks sem hingað til hefur getað aflað sér húsnæðis í félagslega kerfinu. Það er verið að vísa ákveðnum hópi út á leigumarkað sem er afar vanþróaður, ef hann er þá yfir höfuð til. Það viðbótarhúsnæði sem þarf vegna þessara breytinga er í það minnsta ekki til. Hér er því verið að stíga skref sem ástæða er til þess að hafa mjög miklar áhyggjur af og hér er verið að veita ráðherra mikið vald og verið að taka vald af Alþingi. Ástæða er til þess að hafa sérstakar áhyggjur af því hvað verða mun um námsmenn. Ástæða er til þess að vekja athygli á auknum kostnaði sveitarfélaganna og á framtíð starfsfólks Húsnæðisstofnunar. Öll þessi atriði eru mikið áhyggjuefni. Framkvæmd þessa máls og hvernig staðið verður að henni er afar óljós og því ítreka ég þá tillögu minni hlutans að málið verði skoðað að nýju, það verði sent ríkisstjórninni og að menn leiti leiða í þessu máli eins og fleiri stórmálum sem eru til meðferðar á hinu háa Alþingi til þess að leita sátta, til þess að ná sáttum í jafnmikilvægu máli og hér er um að ræða. Ég held ég geti fullyrt það, hæstv. forseti, að til að mynda verkalýðshreyfingin á eftir að láta þessi mál mikið til sín taka. Og svo miklu skal ég lofa fyrir hönd minni hlutans að við munum fylgjast grannt með því hverju fram vindur. Það verður afar slæmt ef kjör þeirra sem þegar standa verst að vígi munu versna. Það er skref aftur á bak og því verður að svara einhvern veginn. Við hljótum að verða að treysta á sveitarfélögin í þessu máli. En því miður eru fordæmin ekki öll góð. En enn og aftur, þetta er mál sem sátt þyrfti að nást um, hæstv. félmrh. — sem nú gengur í salinn — og því réttast að ríkisstjórnin taki frv. til sín aftur og vinni það betur í sátt við sveitarfélögin og aðra þá sem málið snertir.

[15:49]

**Útbýting þingskjala:**

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 445. mál,

nál. minni hluta menntmn., þskj. 1392; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1393.

Þjóðlendur, 367. mál, þskj. 1396.

[15:49]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér flutti formaður félmn., hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, mjög góða og yfirgripsmikla ræðu þar sem hún fór yfir ýmsa þætti frv. Hv. þm. hefur stýrt þeirri vinnu sem fram hefur farið um þetta frv. í félmn. og er umhugsunarvert að það skuli vera niðurstaða formanns nefndarinnar að aflokinni þeirri yfirferð að fresta beri samþykkt þessa frv. Og það er sú spurning sem ég ætla að velta fyrst fyrir mér, þ.e. hvers vegna ætti að fresta frv., hvers vegna ég er á því máli að það væri hyggilegt. Fyrstu röksemdirnar sem ég vil nefna í því eru að fyrir því er mjög almennur vilji í þjóðfélaginu. Það hafa komið ályktanir og yfirlýsingar þessa efnis frá öllum helstu almannasamtökum sem láta sig húsnæðismál varða. Nefni ég þá fyrst samtök launafólks, ASÍ, BSRB, Kennarasamband Íslands og fleiri samtök launamanna. Ég nefni ýmis félagasamtök, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagið. Ég nefni Leigjendasamtökin, Búseta, námsmannahreyfingarnar, samtökin Þak yfir höfuðið, sem eru eins konar heildarsamtök aðskiljanlegra aðila sem sýsla með félagslegt húsnæði og þannig mætti áfram telja. Ég ætla ekki að lesa upp allar þær fjölmörgu áskoranir sem Alþingi hafa borist um þetta efni en vil þó vísa í lokaorð og niðurstöðu húsnæðisnefnda ASÍ og BSRB frá 25. mars sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er niðurstaða ASÍ og BSRB að mæla gegn því að frumvarp félagsmálaráðherra verði að lögum án þess að á því verði gerðar verulegar breytingar. Þau telja að húsnæðismál séu órjúfanlegur hluti af lífskjörum launafólks. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað sett fram hugmyndir um hvernig bæta megi félagslega húsnæðiskerfið til þess að það þjóni sem best hagsmunum félagsmanna hennar. Hún átti frumkvæði að því að koma á fót félagslegu húsnæðiskerfi hér á landi og stórum hópi fólks í samfélaginu hefur verið tryggt öruggt og gott íbúðarhúsnæði með félagslegu átaki. Kerfið hefur átt við margvísleg vandamál að glíma, m.a. vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna og rangra ákvarðana. Á þetta hefur verkalýðshreyfingin bent og ítrekað krafist þess að gerðar verði nauðsynlegar breytingar svo kerfið standi undir upphaflegum markmiðum sínum um öruggt, ódýrt og gott húsnæði fyrir alla án tillits til efnhags.

Til þeirra breytinga, sem nauðsynlegt er að gera á frumvarpi félagsmálaráðherra þarf vilja, vandaðri undirbúning og meiri tíma. Samtökin telja að sá tími sem ætlaður er til afgreiðslu frumvarpsins sé allt of skammur. Samtökin hafa gert félagsmálaráðherra grein fyrir afstöðu sinni í grófum dráttum en engin viðbrögð fengið og við þau var ekkert samráð haft um frumvarpsgerðina."

Ég vek athygli á því að þetta er dagsett 25. mars. Síðan þetta er skrifað hafa verið haldnir fundir um efnið og fram komið brtt. á upphaflegu frv. Það er rétt að halda því til haga. Engu að síður standa þessar áherslur samtakanna um að fresta beri frv. Og held ég hér lestrinum í þessari greinargerð sem er dagsett 25. mars:

„Þau hafa á allt of skömmum tíma reynt að glöggva sig á helstu breytingum sem boðaðar eru og áhrifum þeirra en mikil vinna er enn óunnin. Það sem þó hefur komið í ljós er að allur undirbúningur frumvarpsins er óvandaður og frumvarpið í alla staði vitnisburður um óvandaða lagasmíð. Sérstök athygli er vakin á því að í 34 af 65 ákvæðum frumvarpsins er að finna annað af tvennu, heimildir til ráðherra til þess að setja reglugerðir og reglur um nánari framkvæmd allra helstu þátta nýja húsnæðiskerfisins eða þá heimildir til þess að skipa stjórnir, setja þeim fyrir verkefni og samþykkja ákvarðanir þeirra. Þetta er ekki einasta móðgun við löggjafann heldur kippir þetta reglugerðarvald ráðherrans öllum stoðum undan því öryggi sem verkalýðshreyfingin vill í húsnæðismálum. Þetta öryggi hefur hún reynt að tryggja sl. 80 ár, fyrst með því að eiga frumkvæði að byggingu fyrstu leiguíbúðanna fyrir lágtekjufólk í Reykjavík og síðan alla tíð eftir það átt drjúgan þátt í uppbyggingu kerfisins og fjármögnun framkvæmda."

Þetta eru lokaorð og niðurstaða í lengri skýrslu og undir þetta plagg skrifa formenn húsnæðisnefnda ASÍ og BSRB, þeir Kristján Gunnarsson og Guðmundur Vignir Óskarsson.

Til að rétt sé rétt þá hefur ýmislegt gerst frá því að þetta er skrifað og þar með t.d. er komin fram brtt. frá hæstv. félmrh. runnin, hygg ég, þar sem kveðið er á um að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á leigumarkaðnum og væntanlega gera tillögur til úrbóta í framhaldinu. Þetta finnst mér skipta máli og er að sönnu mikilvægt. En við þurfum að fá meira kjöt á það bein því að áhyggjur manna um afleiðingar samþykktar þessara laga eru mjög miklar.

Þetta eru lokaorð og niðurstaða úr greinargerð sem kom frá ASÍ og BSRB í lok marsmánaðar. Eins og ég gat um áðan hefur okkur borist fjöldinn allur af ályktunum og ég nefndi nokkur þeirra samtaka sem hafa látið frá sér heyra frá því að frv. kom fram. Ég tek hér nánast af handahófi, þó ekki alveg af handahófi því að þetta er lýsandi afstaða frá öðrum geira sem hefur með félagslegt húsnæði að gera, Stúdentaráði Háskóla Íslands. Þar segir í ályktun sem er dagsett 8. apríl, með leyfi forseta:

„Stjórn Stúdentaráðs mótmælir harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðiskerfinu og hafa það í för með sér að illa er vegið að framtíðaráformum um öfluga uppbyggingu stúdentagarðanna. Margt bendir til þess að stefna stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu stúdentagarðanna sé algjört afskiptaleysi. Árið 1997 fékkst engin úthlutun lána til uppbyggingar garðanna úr Byggingarsjóði verkamanna og stefnir allt í það sama í ár. Fyrirætlanir um útlán árið 1999 og 2000 benda síður en svo til þess að úrbóta megi vænta og eftir það er framtíðin óskrifað blað. Margt í nýgerðu frumvarpi bendir auk þess til aukins kostnaðar og óhagstæðari lána sem gera framtíðarhorfur síður en svo góðar.

Stjórn Stúdentaráðs beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að tryggt verði að áfram geti átt sér stað öflug uppbygging á félagslegum leiguíbúðum eins og stúdentagörðunum og komið verði í veg fyrir að stoðunum verði kippt undan rekstrargrundvelli garðanna."

Þetta eru áhyggjur sem koma frá námsmönnum. Ég minnist þess að í þeim mikla bunka sem við höfum undir höndum koma svipaðar áhyggjur frá Kennaraskólanum og ég minnist þess að Menntaskólinn á Laugarvatni er með ábendingar í þessa veru, þ.e. áhyggjur yfir framtíðinni í húsnæðismálum námsmanna þar á bæ. Þessar ályktanir tek ég nánast af handahófi til að renna stoðum undir þá fullyrðingu sem ég setti hér fram að það er óánægja hjá þessum samtökum, verkalýðshreyfingu, samtökum og félagsskap sem hefur með félagslegt húsnæði að gera. Allt er þar á einn veg, að menn vilja að frv. verði frestað.

Hvers vegna vilja menn að frv. verði frestað? Jú, það komu fram ástæður í þeim ályktunum sem hér var vitnað til. En ef ég dregi þær saman held ég að það sé annars

vegar vegna þess að menn óttast að það sem er jákvætt í markmiðssetningu laganna nái hreinlega ekki fram að ganga. Ég vitna þar í 1. gr. frv. þar sem segir:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum."

Þetta eru góð markmið en menn óttast að þau nái ekki fram að ganga með þeim tillögum og skipulagsbreytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Ég minni á að það er engin nýlunda að menn vari við því að háleit markmið sem sett eru í lagasmíð nái síðan ekki fram að ganga. Ekki alls fyrir löngu fjölluðum við á Alþingi um ný húsaleigulög en í 1. gr. þeirra laga er að finna þá markmiðslýsingu að afkoma tekjulágs fólks eigi að verða betur tryggð eftir samþykkt laganna með húsaleigubótum en áður. Síðan kemur í ljós að fjöldinn allur af fólki sem ég mundi a.m.k. skilgreina sem lágtekjufólk er verr komið eftir þessi lög. Ekki vegna laganna sjálfra, sem að mörgu leyti eru mjög góð og ég skrifa upp á, heldur vegna þess að framkvæmdin er önnur. Vegna þess að það átti eftir að binda ýmsa þræði sem var ekki einvörðungu á færi félmrh. að gera heldur sveitarfélaganna í þessu tilviki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að áður en ráðist er í grundvallarbreytingar á lögum sé búið að vinna slíka grunnvinnu. Við, margir hv. þm., vöruðum við þessu þá en við því var ekki orðið.

Ég vil nefna annað málefni af því að hæstv. félmrh. er í forsvari fyrir þetta mál. Þar vil ég nefna t.d. vinnumarkaðsaðgerðir og lögin sem við samþykktum um Vinnumálastofnun og vinnumarkaðsaðgerðir. Þar vorum við mörg á því máli að hyggilegt væri að byrja á því að samþykkja lög um vinnumarkaðsaðgerðir og gera síðan í kjölfarið aðrar afleiddar breytingar, breytingar á atvinnuleysisbótafyrirkomulaginu o.s.frv. þegar við hefðum reynsluna fyrir okkur. Enda hefur komið á daginn, eins og eðlilegt er, að langan tíma tekur að smíða þann grunn sem menn ætla að reisa bygginguna á. En í því tilviki hefði verið heppilegt að fresta framkvæmd málsins eða lögum þar til menn vissu nokkurn veginn hvert þeir ætluðu að halda. Og ekki nóg með það heldur hefðu undirbúið alla framkvæmdina betur.

Önnur ástæðan fyrir því, svona í samandregnu máli, að menn hafa efasemdir um frv. og vilja skoða það betur, er sú að menn óttast að lagabreytingarnar verði ekki til þess að tilgangur laganna og markmiðin sem sett eru fram nái fram að ganga. Þau háleitu markmið sem eru sett í 1. gr. laganna standist ekki í reynd. Þetta er annað.

Hitt er svo líka að menn óttast að margt af því sem gert er ráð fyrir í frv. gangi ekki allt of vel upp, markaðsvæðing alls kerfisins. Menn hafa efasemdir um að það sé heppileg leið að fara og sumir meira en efasemdir, eru því mjög andvígir, og í þeim hópi er sá sem hér stendur.

Þegar allt kemur til alls er skynsamlegt að fresta málinu af praktískum ástæðum. Þetta mun tryggja vandaðri lagasmíð og það er líklegra að um þessa lagsmíð yrði víðtækari sátt en ef þessu er flýtt í gegnum þingið fyrir þinglok. Það eru praktískar ástæður en svo eru líka þessar lýðræðislegu ástæður og það sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi hér um daginn, tilfinninga- og lýðræðisástæður. Ég tek hjartanlega undir það sem kom fram í málflutningi hennar um daginn að það eru líka rök í sjálfu sér. Það eru rök í sjálfu sér að taka tillit til lýðræðislegs vilja í þjóðfélaginu.

Ég rifjaði það upp við annað tilefni fyrir fáeinum dögum að ég mun aldrei gleyma því þegar sú ríkisstjórn sem sat á undan þeirri sem nú situr neitaði þjóðinni um það að taka ákvörðun um inngöngu okkar í hið Evrópska efnahagssvæði enda þótt fyrir því væru yfirgnæfandi líkur að mikill meiri hluti þjóðarinnar — það kom fram í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri — væri því fylgjandi að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um málið.

Mér finnst í hæsta máta vafasamt af Alþingi og mjög ámælisvert þegar höfð eru í frammi vinnubrögð af þessu tagi.

Mér fannst lærdómsríkt á margan hátt að vera við atkvæðagreiðsluna í dag um önnur frumvörp, um frumvörp um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu þegar við vorum að greiða atkvæði um lagagreinar sem tryggja eigendum lands eignarhald á auðæfum sem kunna að finnast í jörðu. Hvers vegna fannst mér það lærdómsríkt? Mér fannst það lærdómsríkt vegna þess að ég þóttist merkja það á mönnum sem voru í þingsal, hv. þm., að þeim væri brugðið. Mönnum var brugðið þegar þeir voru að samþykkja, eins og gert var hér við atkvæðagreiðsluna í dag, að nánast ótakmörkuð heimild er veitt til eigenda lands að ráðstafa vikri, grjóti, möl að eigin vild. Við erum búin að upplifa það hér þegar Seyðishólar voru fluttir til útflutnings og olli það talsverðum deilum í þjóðfélaginu en hér var verið að veita lagaheimild til eigenda lands að ráðstafa landi okkar að eigin vild nánast án þess að nokkrar hömlur séu settar á slíkt.

Ég held að þegar hv. þm. var gerð grein fyrir þessu við atkvæðagreiðsluna að mönnum hafi verið brugðið. Ég nefni þetta, hæstv. forseti, vegna þess að ég er að færa fyrir því rök að vönduð vinnubrögð borga sig alltaf. Þau eru alltaf til góðs.

Við þurfum að íhuga þær röksemdir sem hæstv. félmrh. teflir fram fyrir því að hraða málinu. Hæstv. félmrh. hefur sagt okkur í umræðum og á opinberum vettvangi hefur hann tjáð sig um að það sé mjög óhyggilegt að fresta framkvæmd málsins, það sé mjög óhyggilegt að fresta lagasetningunni. Hvers vegna?

Hann nefnir tvær ástæður. Annars vegar segir hann að það sé óheppilegt fyrir starfsfólkið, starfsfólkið sé í óvissu, starfsfólk Húsnæðisstofnunar er í óvissu. Ég er fyrstur manna til að leita leiða til að eyða slíkri óvissu og það er hægt að gera það. Hvernig gerum við það? Með því að ákveða núna að málið verði tekið fyrir í haust en jafnframt fylgi þeirri ákvörðun ásetningur um að fresta líka framkvæmd laganna. Í stað þess að lögin tækju gildi 1. janúar á næsta ári, á árinu 1999 þá tækju lögin gildi í upphafi árs árið 2000. Ástæðan fyrir því, hygg ég, að starfsfólk Húsnæðisstofnunar vill eyða óvissu og fá fast land undir fætur er að tíminn til stefnu er mjög skammur. Þetta er ekki nema u.þ.b. hálft ár og eðlilegt er að fólk vilji góðan umþóttunartíma. Ég er að segja: Það er hægt að eyða þessari óvissu með því að fresta gildistöku laganna.

Hitt sem hæstv. félmrh. hefur nefnt og er óvissa gagnvart öllum þeim sem eiga í hlut, sem eru í félagslega húsnæðiskerfinu nú eða eru að leita sér að húsnæði og skoða þá kosti sem eru í boði, að þar sem málið sé komið á hreyfingu sé best fyrir alla að fá því lokið þannig að menn hafi fast land undir fótum. Þetta eru rök sem hafa heyrst frá honum, að það sé slæmt bæði fyrir starfsmenn og fyrir þjóðfélagið allt að búa við óvissu í þessum efnum. Auðvitað er þetta alveg rétt, það er ekki hægt að mótmæla þessu. En ég tel engu að síður að hér sé um svo stórt mál að ræða, svo mikilvægt

mál að ræða, að við getum ekki leyft okkur annað en að fá þá allra bestu niðurstöðu sem völ er á. Það er samdóma álit allra þeirra sem tjá sig um málið og hafa gott vit á þessum málum, — eða allflestra, að sjálfsögðu eru til undantekningar á því og ýmsir aðilar óskað eftir að málið fái framgang hér í vor — en allflestir eru hins vegar á því að eðlilegt sé að málinu verði frestað. Við skulum ekki gleyma því að við erum margbrennd í húsnæðismálunum. Það er búið að taka stökk og heljarstökk á liðnum árum. Lengi vel bjuggum við við sæmilega festu í þessum málum frá því farið var að byggja upp það húsnæðiskerfi sem við þekkjum í dag, frá því að fyrstu lög voru sett um félagslegar íbúðir seint á þriðja áratugnum. En á síðustu árum höfum við búið við þessar stöðugu og miklu kerfisbreytingar sem hafa komið sér afar illa fyrir fólk. Það kemur sér illa fyrir fólk að vera að hringla í þessum málum, í þessum kjörum.

Við munum öll hvað gerðist í upphafi níunda áratugarins með misgengi vaxta og launa, þegar launavísitölunni var kippt úr sambandi með hrikalegum afleiðingum. Síðan fengum við nýtt húsnæðiskerfi árið 1986 og húsnæðisbætur. Við fengum vaxtabótakerfið í byrjun þessa áratugar. Við höfum búið við það í 8 ár. Fimm sinnum á þeim tíma hefur verið krukkað í vaxtabæturnar. Menn hafa gert margvíslegar breytingar í þessu kerfi. Það er ekki nóg með það heldur er ljóst að í kerfinu sem við höfum búið við hefur fjöldinn allur af fólki lent á milli hólfa. Iðulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta ef þeir sem best þekkja til mála hefðu verið kallaðir að borði og menn reynt að ná samkomulagi áður en ráðist var í breytingar en ekki eftir á.

Nú velti ég því fyrir mér hvers vegna hæstv. félmrh. er svona ánægður með sína gjörð. Ég hef ákveðna tilgátu í því efni. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. félmrh. vilji, með þeim lagabreytingum sem hann stendur fyrir, að markmið þau er sett eru fram í 1. gr. laganna nái fram að ganga. Ég efast ekkert um það. Hvernig stendur á því að hann er svona yfir sig ánægður með frv. þrátt fyrir alla þessa gagnrýni?

Ég held að ánægja hans sé vegna þess að hann er í samstarfi við stjórnmálaflokk sem vill ganga miklu lengra í markaðsvæðingu kerfisins. Ég held að hæstv. félmrh. líti á það sem ákveðinn sigur að hluti þessarar starfsemi sé rekinn á vegum samfélagsins en því sé ekki öllu vísað inn í fjármagnskerfið, inn í bankana. Það eru nefnilega þær kröfur sem Sjálfstfl. hefur sett fram. Mér fannst svolítið sláandi, kannski upplýsandi, kannski vegna þess að menn hafa verið með einhver önnur drög í höndunum, þegar einn umsagnaraðili um frv. — ég held að það hafi verið Ríkisendurskoðun — vísaði í hið nýja hlutafélag. Hann var þá að tala um Íbúðalánasjóðinn, sem á ekki að vera hlutafélag en ýmsir vilja gjarnan að verði gerður að hlutafélagi.

Ég held hins vegar að góður ásetningur hæstv. félmrh. hafi spillst í sambýlinu við peningahyggjumennina í Sjálfstfl. Það sem hann lítur á sem sigur er ekki nægilega metnaðarfullt. Ég stilli orðum mínum í hóf vegna þess að ég tel að hér þyrftum við að hafa miklu sterkari orð: Það sem hæstv. félmrh. er að gera með þessari lagabreytingu er að markaðsvæða kerfið og alla þá hugsun sem það hvílir á.

Hér eftir verður nánast bannað að veita fjármagn til húsnæðismála, öðruvísi en í gegnum vaxtabótakerfið. Það er heimilt að fara aðrar leiðir í tiltekinn tíma, talað um tvö ár, og opnað inn á eitthvað óskilgreint í því efni. En öll hugsun frv. byggir á því að jafnmikið eigi að koma inn í sjóðinn og fari út úr honum. Það er ágætis markmið í sjálfu sér en það á að gerast í gegnum vexti. Á því byggir þetta nýja kerfi. Það er hugsunin.

Ríkið ætlar hins vegar að styðja við íbúðakaupendur og leigjendur, annars vegar í gegnum húsaleigubætur og hins vegar í gegnum vaxtabætur. Það er hugsunin. Kerfið sem slíkt er hins vegar hugsað eins og hver annar sjóður sem aflar sér lánsfjármagns og veitir lán. Þar eiga hlutirnir að standast á. Þetta er hugsunin í því kerfi sem hér er verið að smíða, á því leikur ekki nokkur einasti vafi.

Við í minni hluta félmn. sendum frá okkur allítarlega álitsgerð þar sem saga þessara mála er rakin allt frá því fyrstu lög um byggingu félagslegs húsnæðis voru sett hér í lok þriðja áratugarins, árið 1929. Við bendum á að frá þeim tíma hafi smám saman verið að þróast hér öflugt félagslegt húsnæðiskerfi sem þjónað hafi láglaunafólki, hefði mátt gera það betur, en engu að síður verið mikils virði. Reyndar er fátt sem hefur eins mikil áhrif á kjör fjölskyldunnar og það hvernig búið er að húsnæðismálum hennar, möguleikum hennar til að eignast þak yfir höfuðið eða leigja sér húsnæði. Það hefur verið svo að húsnæðismál hafa jafnan verið mjög á oddinum í allri verkalýðsbaráttu. Í því samhengi mega menn minnast bygginga verkamannabústaðanna í Reykjavík, sem samið var um á fjórða áratug þessarar aldar. Verkalýðshreyfingin hefur allt frá þeim tíma haft mikil áhrif á byggingu félagslegs húsnæðis og iðulega samið um ný verkefni til að afla húsnæðis fyrir hina lægst launuðu.

Árið 1965 var samið um byggingu hundraða íbúða í Breiðholtinu, sem hluta af því verkefni að útrýma braggabyggð og heilsuspillandi húsnæði í höfuðborginni auk þess að tryggja verkafólki góðar íbúðir. Nú á síðustu árum hefur mjög rík áhersla verið lögð á það, af hálfu samtaka launafólks, að bæta þetta kerfi og fara nýjar brautir, auka valfrelsi einstaklinganna, veita félagsleg lán þar sem einstaklingarnir geta sjálfir ákveðið hvar þeir búa. Markmiðið hefur verið að auka valfrelsið og koma til móts við leigjendur.

Það eru mörg ár síðan BSRB og ASÍ tóku upp þá stefnu að berjast fyrir húsaleigubótum. Þessu hefur verið haldið á loft í samningum. Þetta gera þeir sem þar stýra ferðinni ekki út frá þröngum eiginhagsmunasjónarmiðum. Sem betur fer er það enn sterkt í þjóðfélagi okkar og verður vonandi alltaf þannig að menn sýni félagslega samábyrgð. Það er undir okkur komið, sem viljum halda hinum félagslegu fánum á loft, hversu vel tekst til. Vonandi verður það svo áfram.

Margir vilja koma kjarasamningum inn í allt annan farveg. Að menn horfi þröngt á hlutina og hugsi hvað þeir sjálfir fái í launaumslagið sitt. Aðrir vilja horfa til samfélagsins alls og þá ekki síst skoða húsnæðismálin sem án efa eru eitt brýnasta og mikilvægasta hagsmunamál hverrar fjölskyldu.

Félagslega húsnæðiskerfið hefur tekið töluverðum breytingum í áranna rás. Þar hefur m.a. komið til vaxandi þátttaka sveitarfélaganna. Nú teljast 10.600 íbúðir til félagslegs húsnæðis. Það er ekki nokkur vafi á því að þessi gamalgróna félagslega aðstoð hefur tryggt miklum fjölda fjölskyldna öryggi og stórbætt kjör þeirra. Félagslega húsnæðiskerfið þarf að þróast og breytast í takt við breytt samfélag og nýjar þarfir. Það er hins vegar grundvallaratriði að standa við það upphaflega markmið að útvega því fólki húsnæði á viðráðanlegum kjörum sem mest þarf á því að halda og að líta á slíka félagslega aðstoð sem hluta af aðgerðum samfélagsins til að jafna launa- og aðstöðumun.

Í þessu sambandi minni ég á það að í áherslubreytingum samtaka launafólks á liðnum árum hefur verið, eins og ég

gat um áðan, hvatt til þess að menn reyndu nýjar leiðir, tækju t.d. upp valkvæð félagsleg lán. Menn voru hins vegar aldrei og hafa aldrei talað um að slátra öllu því kerfi sem við búum við. Við vörum mjög eindregið við því að taka slík heljarstökk. Menn eiga að gera tilraunir.

Vita menn hvað gerðist í Bretlandi á Thatcher-tímanum t.d.? Vita menn hvað gerðist þá? Þá var stigið það skref að félagslegt húsnæði átti skyndilega að heyra íbúunum til. Félagslegt húsnæði átti að heyra íbúunum til og það átti að selja þeim þessar íbúðir. Það var gert. Hvers vegna var það gert? Var það vegna þess að Thatcher-stjórnin hefði svo miklar áhyggjur af hag láglaunafólks í Bretlandi? Nei. Hún vildi reyndar gera alla að litlum kapítalistum. Það var pólitíkst keppikefli þeirrar ríkisstjórnar. Hitt skipti stærra máli og meira máli, að ríkisstjórn Margrétar Thatcher vildi spara útgjöld. Hún vildi spara útgjöld.

Ég spyr hvort það sé þetta sem vakir fyrir hæstv. félmrh. og ríkisstjórninni, að ráðast í kerfisbreytingar sem eru ódýrari og þýða minni peninga frá samfélaginu til húsnæðismála. Er það það sem vakir fyrir hæstv. félmrh.? Er hann þar kominn í félag með Margréti Thatcher? Hvað er það sem vakir fyrir mönnum í þessum efnum? Hvað halda menn að hafi vakað fyrir mönnum þegar ráðist var í launakerfisbreytingar hér á vegum hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar? Hvað halda menn að hafi vakað fyrir mönnum? Að spara peninga samfélagsins. Það var yfirlýst markmið í öllum þeim greinargerðum sem komu frá OECD að með þessum kerfisbreytingum spöruðu menn peninga til launaútgjalda, þótt þetta væri jafnan sett fram í allt öðru formi.

Ég spyr hv. þingmenn og aðra sem kunna að heyra mál mitt hvort þeir viti hvað einn aðilinn sem kom til félmn. sagði þegar spurt var um þær kerfisbreytingar sem hér eru kynntar. Jú, það væri miklu erfiðara að stýra útgjöldum ríkisins ef útgjöldin færu um margar ólíkar brautir. Það væri auðveldara að gera það ef allur stuðningurinn væri á einni braut, í vaxtabótunum. Það væri erfiðara að eiga við t.d. vextina, vexti í félagslega húsnæðiskerfinu, erfiðara að hækka þá. Það væri auðveldara að stýra fjármagninu frá ríkinu ef þetta væri allt komið á eina braut. Og þarna er komið að kjarna málsins. Við höfum áhyggjur af því að þetta verði til þess, sérstaklega á samdráttartímum, að draga úr opinberri aðstoð við húsnæðiskaupendur og leigjendur. Það er mergurinn málsins.

Hvenær er mest þörf á vaxtabótum? Hvenær skyldi það vera? Það er þegar tekjur einstaklinganna og fjölskyldnanna dragast saman. Þá hækka vaxtabæturnar. Hvað gerist á slíkum tímum? Þá dragast tekjur ríkissjóðs líka saman. Það er úr minna að spila þar á bæ líka. Og þar verður freistingin og þrýstingurinn að skera niður einmitt þessa aðstoð. Auðvitað má til sanns vegar færa að það eigi við um aðra þætti líka, fjármagn sem látið er í verkamannabústaði, fjármagn sem látið er í niðurgreiðslu af vöxtum o.s.frv. En þar er um fleiri brautir að fara.

Nú bregður svo við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gjörbylta því húsnæðiskerfi sem við búum við, og þá ekki síst félagslega hlutanum með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot. Þau rök eru sett fram að kerfið sé komið í þrot. Það hafi valdið sveitarfélögum mjög miklum vanda og það hefur verið haft á orði að margir hafi reist sér hurðarás um öxl, eins og sagt er, og það eigi við um mörg sveitarfélög, húsnæði þar standi autt o.s.frv. En þegar betur er skoðað og þessi mál eru betur gaumgæfð þá standast þessar fullyrðingar ekki.

Byggingarsjóður verkamanna er vissulega í erfiðleikum, það er staðreynd, og meira að segja í mjög miklum vanda. Og hann mundi stefna í þrot upp úr aldamótum ef ekki væri gripið í taumana. En hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að svo er? Vandinn stafar fyrst og fremst af því að framlög í sjóðinn hafa ekki verið með eðlilegum hætti. Það er ástæðan. Þess vegna lendir hann í vanda; af því að framlög hafa verið skorin niður jafnt og þétt og honum gert að taka lán á mun hærri vöxtum en hann lánar á. Þarna skapast misræmi og það hefur ekki fengist fjármagn til að brúa það bil.

Þess eru dæmi að sveitarfélög standi uppi með félagslegt húsnæði sem ekki er þörf fyrir, m.a. vegna búferlaflutninga, og að þau eigi í vandræðum vegna reglna um kaupskyldu. En sá vandi réttlætir engan veginn að kerfinu sé umbylt. Þá kemur það fyrir í öllum sveitarfélögum að íbúðir standa auðar um sinn en miðað við kerfið í heild sinni, sem er um 10.600 íbúðir eins og ég gat um áðan, þá er um mjög lítinn hluta íbúða að ræða og það dugir engan veginn sem rök til að gjörbylta öllu kerfinu. Hvað erum við að tala um margar íbúðir? Við erum að tala um 1% af þessum 10.600 íbúðum. Við teljum að nær hefði verið að gera nauðsynlegar breytingar á núverandi skipan og halda í meginkostina sem eru m.a. niðurgreiddir vextir og skipulegt framboð félagslegra íbúða, en það krefst auðvitað framlaga úr opinberum sjóðum. En það gera líka vaxtabæturnar.

Nú stendur til að þeir sem áður fengu lán á niðurgreiddum vöxtum færist yfir í vaxtabótakerfið. Það kom fram hjá fjárlagaskrifstofu fjmrn. að gera megi ráð fyrir að um 1.000 einstaklingar komi árlega inn í vaxtabótakerfið og er áætlað að vaxtabæturnar muni hækka árlega um 120 millj. kr. að jafnaði næstu tíu árin vegna þeirra sem áður fengu lán á niðurgreiddum vöxtum. — Ég vona, hæstv. forseti, að ég trufli ekki samræður hér í hliðarherbergi. (Forseti hringir.) Ég hef nógan tíma, það er allt í góðu lagi.

Ég er að færa fyrir því rök að það sé engin ástæða fyrir því, þrátt fyrir vanda sem við blasir í félagslega húsnæðiskerfinu, að gerbylta öllu kerfinu á þann hátt sem hér er lagt til. Ég ítreka, af því að ég hef iðulega vísað í ályktanir samtaka launafólks í þessum efnum, að þar á bæ hefur verið mjög ríkur vilji til þess að gera kerfisbreytingar sem horfa til framfara, auka valfrelsi einstaklinganna, gera lánin valkvæð, þannig að einstaklingarnir geti valið sjálfir hvar þeir búa. Þetta viljum við gera en án þess að breyta forsendum þessara lána. Við höfum t.d. innan ASÍ og BSRB mjög eindregið lagt áherslu á niðurgreidda vexti sem eina leið sem menn eigi að fara til að halda greiðslubyrði niðri. Við segjum að ef ráðist er í breytingar þá eigi að gera það hægt og sígandi og í tilraunaskyni en ekki setja allt kerfið á spil. Þetta er þungamiðjan í málflutningi okkar.

En hverju er þá verið að breyta með þessu frv. frá ríkisstjórninni? Hverju er verið að breyta? Þær breytingar sem ríkisstjórnin leggur til eru í megindráttum þær að Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður en í hennar stað sett á fót ný stofnun, Íbúðalánasjóður. Því er haldið fram að starfsfólki muni fækka nokkuð og því er framtíð þess í algerri óvissu. Ekki algerri óvissu, það er kannski of djúpt í árinni tekið að því leyti að hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir við starfsfólkið og samtök þess að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja framtíð starfsfólksins. Ég mun koma að því síðar hvað það er sem hæstv. félmrh. gæti gert ef hann vildi tryggja það eða ganga þá braut til enda að gera allt sem í

hans valdi stendur. Hann gæti þá sett lagaákvæði þessa efnis inn í frv. en ég mun koma að því síðar hvernig það ætti að vera. En hitt er annað mál að ljóst er að það verða færri sem starfa hjá hinum nýja sjóði. Það eru færri sem koma til með að starfa hjá Íbúðalánasjóði en Húsnæðisstofnun þannig að það eru einhverjir sem munu missa atvinnu sína.

Byggingarsjóðirnir tveir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Í stað 90–100% lána á 1,2–1,4% vöxtum til kaupa á félagslegu húsnæði verða veitt húsbréfalán eða almenn lán allt að 65–70% og síðan viðbótarlán allt að 20–25% sem verða á ábyrgð sveitarfélaganna. Þessum lánum má verja til kaupa á íbúðum hvar sem er á markaðnum en þó mega sveitarfélögin skylda þá sem fá viðbótarlán til að kaupa íbúðir innan hins núverandi félagslega kerfis næstu tvö árin.

Samkvæmt frv. er einn meginkostur þeirra breytinga sem verið er að gera sá að tekin eru upp einstaklingslán og nú fær fólk að velja sér íbúð á markaðnum í stað þess að vera úthlutað félagslegri íbúð á ákveðnum stað. Þetta er í samræmi við þær áherslur sem komið hafa frá samtökum launafólks, stærstu heildarsamtökum launamanna. Þetta frelsi kemst þó ekki á fyrr en eftir tvö ár, eins og ég nefndi, því að sveitarfélögin geta skilyrt viðbótarlánin. Skýringin er sú að sveitarfélögin, einkum á höfuðborgarsvæðinu, óttast að standa uppi með illseljanlegar íbúðir í einstökum hverfum og þau þurfi að leysa til sín íbúðir sem getur kostað þau stórfé.

Þá verða veitt allt að 90% lán til öflunar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka en allt er óljóst um fjölda þeirra lána, hvað þá á hvaða kjörum þau verða. Öll hugsun frv. gengur út frá því að hin nýja ríkisstofnun standi undir rekstri sínum og þar af leiðandi hljóta markaðsvextir að ráða för. Vaxtabætur munu koma í stað niðurgreiddra vaxta og verða greiddar út fjórum sinnum á ári.

Þetta er kall tímans, frelsið á fjármagnsmarkaði. Það er ekki búinn til sá sjóður hér á landi undir forræði þessarar ríkisstjórnar að hann sé ekki reistur og smíðaður samkvæmt þessari formúlu. Félagsleg aðstoð er að verða bannorð. Þetta eru fyrirskipanir og tilskipanir frá Evrópusambandinu, mér er kunnugt um það, sem menn lúta í undirgefni og fara eftir í einu og öllu og eiga ekki annarra kosta völ en að hlýða þeim tilskipunum sem þaðan koma. En það er ekki nóg með það, þetta er sú hugsun sem sett er inn í hvert einasta lagafrv. sem frá ríkisstjórninni kemur. Ég vakti rækilega máls á því á sínum tíma þegar lög voru sett síðast um Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann er rekinn algjörlega í þessum anda líka. Þetta er skírt voðalega fínum nöfnum um sjálfbæra sjóði og sjálfbærar stofnanir. Og lífeyrissjóðirnir, ég veit ekki hvort landsmenn gera sér almennt grein fyrir því að lífeyrissjóðirnir eru lögum samkvæmt skyldaðir til að okra, þeir eru skyldaðir samkvæmt lögum frá Alþingi að okra. Í lagatexta sem Alþingi samþykkti á síðasta ári er ákvæði þess efnis að lífeyrissjóðum beri lögum samkvæmt að leita jafnan eftir hæstu vöxtum.

Fyrir nokkrum árum eða áratugum bjuggum við við okurlög. Það var bannað að okra. Nú er þetta kall tímans, skylda dagsins lögum samkvæmt. Þetta er umhugsunarefni og það er inn á þessa braut sem hæstv. félmrh. og sú ríkisstjórn sem nú situr er að beina okkur. Það er það sem er að gerast. Við erum að fara með húsnæðiskerfið inn í þá hugsun, inn í markaðsvaxtahugsunina þar sem bannað er að niðurgreiða vexti, það þykir ekki fínt lengur. Sú hugsun á ekki upp á pallborðið en nú er það hinn frjálsi markaður sem á að stýra för.

En hver er þá afstaða minni hluta félmn. til þeirra breytinga sem ég rakti? Hver er afstaða okkar? Við höfum í starfi nefndarinnar mótmælt því harðlega að ríkisstjórnin skuli ætla að knýja húsnæðisfrv. í gegnum þingið á þessu vori. Þar fara sjónarmið okkar algerlega saman við þau sjónarmið sem ég vísaði til í upphafi máls og hafa komið fram frá verkalýðshreyfingu og flestum þeim samtökum sem hafa með félagslegt húsnæði að gera. Hér er um mál að ræða sem snertir hagsmuni þúsunda fjölskyldna og mat okkar er að það hefði þurft nánari skoðun. Ekkert er vitað um áhrif boðaðra breytinga á húsnæðismarkaðinn eða verðbréfamarkaðinn en slíkar kúvendingar geta haft mikil og snögg áhrif. Þetta kom fram í athugasemdum og máli ýmissa sem komu á fund okkar þó nú verði að segjast að þeir sem komu úr þessari áttinni, stigu út af marmaragólfum verðbréfahallanna, þeir sem komu úr þeirri átt voru yfirleitt mjög ánægðir og hrifnir. Þeir voru yfirleitt mjög ánægðir og hrifnir með frv. hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar. Fannst sú markaðshugsunin sem það byggir á mjög góð, alveg til fyrirmyndar. Að banna alla niðurgreiðslu og truflun á markaðsvöxtum væri hið besta mál. En frá fulltrúum almannasamtakanna komu efasemdirnar. Þær komu frá samtökum launafólks, Öryrkjabandalaginu, Sjálfsbjörg, ASÍ, BSRB, Kennarasambandinu, námsmannahreyfingunni, Þak yfir höfuðið, Búseta, Leigjendasamtökunum.

Hér er að finna hina pólitísku skiptingu í landinu. Ætlar maður að hlusta eftir því sem kemur frá verðbréfahöllunum eða ætlar maður að hlusta, leggja við hlustir og taka tillit til óska sem koma frá almannasamtökunum?

Ekkert mat liggur fyrir um þann kostnað sem frv. hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin bregðist þau við vaxandi þörf íbúanna fyrir leiguhúsnæði. Nái frv. fram að ganga kallar það eitt og sér á byggingu eða kaup á leiguhúsnæði vegna þess hóps sem mun ekki ráða við þau kjör sem boðið verður upp á í hinu nýja kerfi. Þetta er náttúrlega eitt stærsta áhyggjuefnið í öllum þessum breytingum.

Þar við bætast stöðugir búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins og óuppfyllt þörf, t.d. námsmanna, sem kallar einnig á aukið framboð á leiguhúsnæði. Síðast en ekki síst eru áhrifin á kjör bæði kaupenda og væntanlegra leigjenda í hinu nýja kerfi algjörlega óljós og greinir töluvert á milli þeirra útreikninga á greiðslubyrði sem fyrir liggja hjá félmrn. annars vegar og hjá ASÍ og BSRB hins vegar. Þá liggur svo mikið á að afgreiða húsnæðisfrv. að frv. um húsnæðissamvinnufélög er skilið eftir en það gerir lagalega stöðu og rétt félaga eins og Búseta, mjög óljósa.

Í málflutningi forsvarsmanna Búseta hafa komið fram áhyggjur um þetta. Þeir vilja að allur pakkinn fylgist að, allar þessar breytingar fylgist að.

Við í minni hluta félmn. Alþingis gerum mjög alvarlega athugasemdir við þær breytingar sem verið er að boða á félagslega húsnæðiskerfinu og við mótmælum harðlega þeirri atlögu sem gerð er að kjörum láglaunafólks með frv. Ekki bara það heldur erum við líka að tala um þá óvissu sem þessum hópi er búin. Eins og ég mun koma að síðar erum við líka að tala um þá óvissu sem fólki er búin með þessu frv. Nái það fram að ganga mun það fyrst og fremst bitna á tekjulitlu fólki, einstæðum mæðrum, barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Verði frv. að lögum er verið að vísa

því fólki sem átti áður kost á 100% lánum út á leigumarkað sem er afar vanþróaður enda mikill skortur á leiguhúsnæði um allt land.

Það hefur fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum hve stórhuga ríkisstjórnin er í þessu efni, hve mikið á að reisa af leiguhúsnæði á næstu árum til að taka við þeirri fjölgun sem er fyrirsjáanleg inn á þann markað. Það var talað um 50 íbúðir, heilar 25 íbúðir á ári. Þetta er náttúrlega svo óraunsætt að tekur engu tali.

Þá getur nýtt greiðslumat haft þær afleiðingar að allstór hópur sem féll áður undir reglur félagslega kerfisins falli utan eða milli kerfa en engar áætlanir liggja fyrir um það.

Í umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs kemur fram að þar var gerð könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem hafa keypt íbúðir í félagslega kerfinu að undaförnu. Þessar fjölskyldur voru metnar miðað við 18% greiðslubyrði sem er sú viðmiðun sem stuðst er við í húsbréfakerfinu. Kom þá í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af 122, eða 9%, hefðu staðist greiðslumat samkvæmt frv. Þessar tölur gefa vísbendingu um það sem koma skal. Hvað verður um þetta fólk? Ég spyr: Hvað verður um þetta fólk? Er verið að vísa þessu fólki út á götuna? (**Gripið fram í:** Nei.) Þá þarf hæstv. félmrh. að sýna okkur fram á það með haldgóðum rökum og finna þeim rökum stoð í lögum að ekki sé verið að vísa þessu láglaunafólki út á götuna því að menn hafa áhyggjur af þessu. (**Gripið fram í:** Með stoð í peningum.) Og stoð í peningum. Stoð í fjármagni til þess að reisa íbúðir, þetta félagslega húsnæði, og reisa þá leiguíbúðir.

Við þurfum að fá tryggingu fyrir því. Þetta er mjög mikilvægt. Við þurfum tryggingu fyrir því að frá ríkinu komi nægjanlegt fjárframlag til að tryggja fólki húsnæði. Þetta er grundvallaratriði. Það er grundvallaratriði að áður en þessi lög eru samþykkt komi trygging fyrir því að fjármagn komi til sögunnar. Þetta er grundvallaratriði, algert grundvallaratriði.

Umræðan um greiðslumat hefur verið svolítið ruglingsleg á stundum. Hvað er greiðslumat? Hvað er það eiginlega? Það er mat sem er lagt á getu fólks til þess að rísa undir tilteknum skuldbindingum. Það er mat sem er lagt á fjárhag fóks og hvort það hefur möguleika til þess að rísa undir tilteknum skuldbindingum. Hér erum við að tala um skuldbindingar í húsnæðismálum, skuldbindingar í gegnum lánafyrirgreiðslu, að geta borgað af lánunum. Það er málið. Þess vegna þurfa menn að hafa allar þessar tölur og upplýsingar alveg á tæru. Hver verður greiðslubyrðin og síðan að fá hugmyndir og vissu fyrir því hvernig greiðslugeta fólks verður, hverjar byrðarnar verða.

Hér hafa útreikningar stangast á, hér stangast á staðhæfingar sem koma frá félmrn. og ríkisstjórninni annars vegar og frá öðrum aðilum hins vegar. Um það væri hægt að hafa langt mál, bæði með því að fara ítarlega og rækilega í greinargerðir sem koma t.d. frá ASÍ og BSRB, frá húsnæðisnefndunun. Ég nefni t.d. ítarlega greinargerð sem kemur frá húsnæðisnefndum Kópavogs, Akureyrar og fleiri aðilar sem hafa lagst yfir útreikninga á þessum málum. En það er grundvallaratriði að við vitum að hverju við erum að ganga.

Síðan geta menn deilt um pólitíkina. Hvort þá langar til að koma hér öllu lifandi og dauðu í samfélaginu á markað, eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., með hjálp Framsfl., er því miður að gera. Framsfl. ætti að vera í miklu betri félagsskap en þessum. Því miður þá er þetta að gerast.

Menn geta deilt um pólitíkina og á endanum greiða menn atkvæði samkvæmt pólitískri sannfæringu sinni um hvernig eigi að skipuleggja eitt samfélag. En um staðreyndir máls eiga menn ekki að þurfa að deila. Þær eiga að liggja á borðinu. Menn eiga að geta tekið ákvörðun út frá staðreyndum sem eru traustar, að menn viti að um staðreyndir er að ræða en ekki einhvern líkindareikning.

Í því kerfi sem á að taka upp er eina félagslega aðgerðin sú, ef við eigum að kalla hana því nafni, að boðið er upp á viðbótarlán. Enginn veit hve mörg viðbótarlánin verða. Og enginn veit um þau kjör sem þau verða á, menn vita það ekki. Í b-lið 14. tölul. í brtt. meiri hluta segir:

„Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni.“

Taka mið af þeim vöxtum sem bjóðast hverju sinni. Hér er ljóst hvert stefnir, markaðsvextir munu ráða en síðan er vísað til ábyrgðar sveitarfélaganna á því að útvega því fólki húsnæði sem hallast stendur fæti. Skylda sveitarfélaganna til að aðstoða fólk í húsnæðismálum er studd vægast sagt veikum lagabókstaf í þessu frv. sem og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem segir í 45. gr.:

„Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.“

Eftir því sem kostur er. Við vitum alveg hvernig þetta er hjá sveitarfélögum þar sem peningahyggja ræður ferðinni. Við vitum alveg hvernig afstaða þeirra er til félagslegs húsnæðis. Hún hefur ekki verið til að hrópa húrra fyrir. Ég nefni t.d. Garðabæ, það dæmi kemur upp í hugann. Ég held þeir hafi ekki heldur verið sérstaklega áfjáðir í slíkt á undanförnum árum í Vestmannaeyjum. Annað dæmi sem kemur upp í hugann. Annars staðar hafa menn sinnt þessari þörf miklu betur. En þetta er orðalagið „eftir því sem kostur er“.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í félmn. verða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð en það er eins með það mál og ýmis önnur sem snerta efni frv. að enginn veit hver útkoman verður endanlega. Það veit enginn.

(**Forseti** (RA)**:** Nú verður gert hlé á fundinum. Ef ræðumaður vildi ljúka orðum sínum í þetta sinn með örfáum setningum og taka svo til máls á nýjan leik á næsta fundi er það að sjálfsögðu velkomið. Spurningin er um að hann fresti ræðu sinni að sjálfsögðu.)

Ekki með öðrum orðum en þeim að þakka hæstv. forseta fyrir ágæta fundarstjórn. Ég hef ekki lokið máli mínu.

(**Forseti** (RA)**:** Hv. ræðumaður frestar þá ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17:01.

# 127. FUNDUR

fimmtudaginn 14. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — Frh. 2. umr.

2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm., Vestf.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

## *Húsnæðismál, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

[10:32]

**Ögmundur Jónasson** (frh.):

Hæstv. forseti. Í víðlesnasta dagblaði landsins, Morgunblaðinu, birtist í morgun heilsíðuauglýsing sem beint er til hv. alþingismanna þar sem þeir eru beðnir um að fresta afgreiðslu þess máls sem hér er til umfjöllunar. Undir þessa heilsíðuauglýsingu skrifa eftirfarandi samtök: ASÍ, BSRB, Neytendasamtökin, Kennarasamband Íslands, Leigjendasamtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Geðhjálp, Félagsstofnun stúdenta, Búseti, Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra, Byggingarfélag námsmanna, Nemendagarðar Samvinnuháskólans, Félag einstæðra foreldra, Sjálfsbjörg – Félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, Landssambandið Þak yfir höfuðið, Hússjóður Öryrkjabandalagsins, Blindrafélagið, Húsnæðisfélagið SEM, Sólheimar, Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, Bandalag ísl. sérskólanema, Nemendagarðar Bændaskólans á Hólum, Styrktarfélag vangefinna, Félag ábyrgra feðra, Landssamband eldri borgara.

Öll þessi almannasamtök skrifa undir þessa áskorun til Alþingis um að fresta afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu, frv. um nýja húsnæðislöggjöf og mér fannst það umhugsunarefni í umfjöllun fjölmiðla í gær hve skýrt það kom fram annars vegar hve ríka áherslu almannasamtök leggja á þau sjónarmið að frv. verði frestað og óvissu um framtíðarskipan félagslega þáttarins eytt og hins vegar hitt sjónarmiðið sem fram kom hjá öðrum aðilum, þeim sem sýsla með húsnæðismál á almennum markaði, Félagi fasteignasala sem var yfir sig hrifið yfir nýju húsnæðislöggjöfinni sem er í burðarliðnum hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvort honum finnist ekki ástæða til að verða við þeirri kröfu og þeirri áskorun sem fram kemur frá öllum þessum almannasamtökum í landinu, frá verkalýðshreyfingunni og frá öllum eða allflestum þeim samtökum sem hafa með félagslegt húsnæði að gera. Það er umhugsunarvert að þeir sem standa í forsvari fyrir þá sem standa höllum fæti í okkar þjóðfélagi, það eru þeir sem beina áskorun til hæstv. ríkisstjórnar um að fresta frágangi þessa máls þar til sýnt verður hvaða áhrif þessar lagabreytingar hafa.

Við sem höfum talað gegn málinu höfum fært rök fyrir því að frv. eins og það stendur mun veikja stöðu þessa fólks verulega og hætt er við því að þeim sem verst standa að vígi verði vísað út á götuna, engin úrræði eru til staðar. Ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. segja þetta af og frá og reiða fram tölur máli sínu til stuðnings. Við hins vegar vefengjum þessar tölur og þessa útreikninga. Ég spyr: Er ekki rétt að fá botn í málið þannig að menn hafi alla vega fast land undir fótum hvað staðreyndir máls snertir þannig að við deilum ekki um þær þótt þegar upp verður staðið kunni að verða ágreiningur um pólitísk markmið? Það er allt önnur saga.

Ég vakti máls á því í gær og athygli á því að hér er á síðustu dögum þingsins verið að þröngva í gegnum afgreiðslu, að afgreiða undir svipuhöggum nánast, löggjöf sem tekur á ýmsum grundvallaratriðum í okkar þjóðlífi án þess að menn hafi gert sér fyllilega grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Hvers vegna segi ég það? Ég marka það af viðbrögðum hv. alþingismanna úr stjórnarliðinu í gær þegar þeir gerðu sér grein fyrir því að þeir eru að afhenda einkaaðilum eignarhald á auðlindum þjóðarinnar.

Ég vakti máls á víðara samhengi málsins, að með EES-samkomulaginu er auðmönnum á Evrópusvæðinu heimilt að kaupa hér land til eignar og með lagasmíðinni í gær, sem var hér til umfjöllunar, er þessum sömu aðilum afhent eignarhald á auðlindum sem kunna að finnast í jörðu. Ég held að mörgum hafi brugðið í brún þegar þeir áttuðu sig á því hvað þeir eru að gera. Ég held það. Ég held að mönnum hafi líka brugðið í brún þegar þeir áttuðu sig á því að landeigendum er núna heimilt nánast að selja fjöll, að selja íslenska náttúru, flytja hana út. Það urðu hér miklar umræður þegar farið var að flytja úr Seyðishólum til útflutnings. Menn ræddu það og sýndist sitt hverjum í því efni. Með frv. sem var til umfjöllunar í gær er verið að staðfesta eða skapa eignaraðilum á landi rétt til þess að selja náttúru Íslands án þess að við því séu reistar nokkrar skorður. Þetta er staðreynd málsins. Ég leyfi mér að fullyrða og ég dæmi það af viðbrögðum hv. alþm. að menn hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því sem þeir eru að gera. Nú spyr ég í framhaldi af þessu og þess vegna vek ég máls á þessu: Hafa menn gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það frv. sem hér er til umfjöllunar kemur til með að hafa eða ætla menn ekki að draga einhvern lærdóm, eða við skulum öllu heldur segja ætla menn ekki að taka tillit til þeirra eindregnu óska sem fram koma í þessari auglýsingu, þessu ákalli frá samtökum launafólks, frá öllum þeim sem hafa með félagslegt húsnæði að gera eða nánast öllum? Þessi samtök eru að óska eftir því að menn setjist yfir málið og fresti því, fresti afgreiðslu þess þar til allir endar hafa verið bundnir og mér finnst það lágmarkskrafa að við verðum ásátt hér um staðreyndir málsins. Það er reikningslegur ágreiningur um útreikninga. Þann ágreining er hægt að leiða til lykta og það á að gera það. Síðan eins og ég segi getum við deilt um pólitíkina. Það er eðlilegt að um slíka hluti sé ágreiningur og ekkert við því að gera í rauninni annað en að kjósendur dragi réttar ályktanir við alþingiskosningar og við sveitarstjórnarkosningar. Þar geta þeir haft áhrif á hvaða pólitíska stefnu er fylgt í landinu og í sveitarfélögununum.

Í gær var ég byrjaður að rekja mig í gegnum frv. og ætla ekki að endurtaka það hér. Ég rakti sögulegan aðdraganda málsins, vakti athygli á því að fyrstu lögin um félagslegar íbúðir voru sett í lok þriðja áratugarins, árið 1929, og á

þeim áratugum sem síðan eru liðnir hefur félagslega húsnæðiskerfið verið smám saman að eflast og komið mörgu láglaunafólki og barnafjölskyldum vel. En nú er svo komið að 10.600 íbúðir teljast til félagslegs húsnæðis á Íslandi og þessu félagslega húsnæðiskerfi hefur ríkisstjórnin nú tekið ákvörðun um að gerbreyta.

Ég fór í gegnum það hvernig gert er ráð fyrir því með þessu frv. að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður og koma á fót nýrri stofnun, Íbúðalánasjóði og hvernig byggingarsjóðirnir tveir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir innan þessarar stofnunar. Ég vakti máls á því að í stað 90–100% lána á 1–2,4% vöxtum til kaupa á félagslegu húsnæði verði veitt húsbréfalán eða almenn lán allt að 65–70% og síðan viðbótarlán sem nema 20–25% En þau lán verða á ábyrgð sveitarfélaganna.

Ég vakti máls á því að áherslur verkalýðshreyfingarinnar og þeirra markmiða sem sett eru með þessu frv. fara að sumu leyti saman. Menn hafa viljað gera breytingar á því kerfi sem við búum við. Menn vilja auka valfrelsi einstaklinganna þannig að þeir verði sjálfráðari en verið hefur um það hvar þeir búa, að félagsleg lán verði gerð valkvæð að þessu leyti og þar fara markmiðin saman. Hins vegar höfum við miklar efasemdir um það að reyndin verði önnur. Veruleikinn að okkar mati mun verða sá að greiðslubyrðin mun setja fólki mjög þröngar skorður um hvar það býr og í hvers lags húsnæði það býr.

Við skulum gæta okkur á því að láta ekki um of blekkjast af forminu og ég minnti á það í gær þegar Margrét Thatcher í Bretlandi vildi koma öllu félagslegu húsnæði í einkaeign vegna þess að það liti betur út af pólitískum, hugmyndafræðilegum ástæðum þeirra frjálshyggjumanna í Bretlandi. Síðan var hin ástæðan sú að breska ríkið og sveitarfélögin, hið opinbera í Bretlandi, vildi spara peninga og koma viðhaldi og ýmsum kvöðum yfir á einstaklingana. Niðurstaðan varð sú að fólk reis ekki undir þessu og greinilegt er að húsnæði láglaunafólks hefur hrakað. Það varð niðurstaðan. Menn lögðu upp með form sem mönnum fannst hljóma eða líta vel út. Það væri eðlilegt og gott að fólk ætti íbúðir sínar en þegar veruleikinn tók að láta á sér kræla gerði hann það með þeim hætti að húsnæði þessa fólks hrakaði. Þess vegna eigum við að passa okkur svolítið á því að láta ekki formið blekkja okkur. Segja má að það sé fallegra og skipulegra kerfi að vera með alla félagslega aðstoð í húsnæðismálum í einum, afmörkuðum farvegi gegnum vaxtabæturnar. En á hitt er að líta og það er það sem við spyrjum um, hver verður reyndin síðan? Hvernig kemur þetta út fyrir fólk? Við höfum áhyggjur af því að auðveldara verði að skerða kjörin ef allt er komið í þennan farveg og horfið frá þeim leiðum sem farnar hafa verið á undanförnum áratugum að niðurgreiða húsnæði einnig með niðurgreiðslu á vöxtum o.s.frv.

Ég rakti síðan afstöðu minni hluta félmn. til þessa máls og lagði áherslu á að við mótmæltum því harðlega að ríkisstjórnin knýi húsnæðisfrv. í gegnum þingið núna á þessu vori og sögðum að hér væri hagsmunamál þúsunda fjölskyldna sem þyrfti að gaumgæfa miklum mun betur en þær þröngu tímaskorður sem okkur eru reistar gefa tilefni til og möguleika á.

Ég vakti athygli á því að eina félagslega aðgerðin, ef má kalla það því nafni, sem boðið er upp á með frv. eru hin svokölluðu viðbótarlán en enginn veit hve mörg þessi viðbótarlán verða og það veit enginn heldur á hvaða kjörum þessi viðbótarlán verða. Í lagafrv. segir að vextir af viðbótarlánum skuli taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðist hverju sinni. Hér er ekkert um það að villast að stefnt er að því að vextirnir taki mið af því sem gerist á markaði, markaðsvextir munu verða ráðandi en síðan er vísað til ábyrgðar sveitarfélaganna á því að útvega því fólki húsnæði sem stendur hallast fæti.

Á það hefur verið bent að skylda sveitarfélaganna um að aðstoða fólk í húsnæðismálum á sér ekki traustar lagalegar forsendur, hvorki í þessu frv. né öðrum sem lúta að félagsþjónustu sveitarfélaganna. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að vísu: „Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði ...“ Þetta er að sjálfsögðu háð pólitísku mati þeirra sem fara með völdin og við vitum hvernig því valdi er beitt á mjög mismunandi hátt. Það kann að vera vilji til að auka félagslegt húsnæði í Reykjavík svo dæmi sé tekið. Ekki hefur verið vilji til þess að gera það í Garðabæ. Ef ég man rétt hefur ekki verið mikill vilji til þess í Vestmannaeyjum á liðnu kjörtímabili t.d. svo annað dæmi sé tekið. Auðvitað fer þetta eftir hinu pólitíska litrófi hve mikinn áhuga sveitarstjórnir hafa á þessu málefni. Sumar sveitarstjórnir og hér á þéttbýlissvæðinu suðvestanlands vilja hreinlega hrekja láglaunafólk út úr byggð sinni. Það er staðreynd. Hvernig geta þau gert það? Það gera þau einfaldlega með því að veita takmarkaða félagslega þjónustu og þar á meðal í húsnæðismálum. Þetta er bara blákaldur veruleikinn.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í félmn. verða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð. En það er eins með það mál og önnur sem snerta efni þessa frv. að enginn veit hver niðurstaðan verður úr því. Þess vegna er spurt: Er ekki nær að ganga frá öllum þeim málum sem tengjast frv.? Öllum þeim lagabreytingum sem heitið er? Er ekki rétt að ganga frá þeim áður en við samþykkjum frv. og gerum það að lögum?

Ég minnti á það í gær að við samþykktum fyrir síðustu jól frv. um húsaleigubætur með mjög háleitri markmiðslýsingu þar sem segir í 1. gr. þeirra laga að kjör láglaunafólks á leigumarkaði eigi að batna. Það er fest í lög. Síðan kemur í ljós að kjör margra versna, ekki vegna þeirra laga, sem voru að mörgu leyti ágæt, heldur vegna þess hvernig þau falla inn í aðra samfellu sem eru viðbrögð sveitarfélaganna þegar húsaleigubætur koma til sögunnar. Við þekkjum það í Reykjavík hvernig Félagsíbúðir hf., sú stofnun, hækkaði húsaleigu og við röktum það í ræðustól, bæði ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hvernig kjör þess fólks sem þar býr versnuðu. Síðan hefur borgin verið að koma til móts við hluta af þessu fólki í gegnum Félagsmálastofnun en þessir endar eru ekkert bundnir og ég spyr: Hvers vegna ekki að hnýta alla þessa enda áður en við samþykkjum þessi lög? Hvers vegna ekki að gera það? Ég vek athygli á þessu eða nefni þetta vegna þess að það segir að lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga verði endurskoðuð í framhaldi af þessum breytingum.

Reynslan sýnir að vilji sveitarfélaganna til að koma upp leiguhúsnæði hefur verið afar takmarkaður eins og ég gat um áðan og ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af framtíð þess fólks sem hingað til hefur fengið inni í félagslega húsnæðiskerfinu. En allt er þetta mál sama markinu brennt. Áhrif þess eru óljós að flestu leyti.

Núverandi kerfi, sem hefur lengi verið í föstum skorðum með ákveðinn fjölda nýrra íbúða og svipaðan fjölda endursöluíbúða ár hvert, tryggir réttindi og skyldur til öflunar

félagslegs húsnæðis þótt það hafi engan veginn getað annað eftirspurn, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þá má benda á það að félagslega kerfið hefur haldið niðri verði á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að það hafa verið byggðar ódýrari íbúðir en almennt gerist. Þannig er íbúðaverð í Reykjavík um 16% lægra en annars staðar en hér eftir mun markaðsverð ráða enda fagna fasteignasalar mjög, hrópa ferfalt húrra fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og þessu sameiginlega átaki hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. um breytingar á húsnæðislöggjöfinni. En við teljum að verði hið nýja kerfi að veruleika þá verði möguleikar fólks til að kaupa húsnæði á félagslegum kjörum eða til að komast inn í leiguíbúðir sveitarfélaga algerlega háðar vilja og framtaki sveitarfélaganna hvað þau treysta sér til að ábyrgjast mörg viðbótarlán og hve mikla áherslu þau leggja á leiguhúsnæði. Eins og ég gat um áðan fer það eftir pólitískri afstöðu sveitarstjórna hvernig þau bregðast við í þessu efni.

Við í minni hluta félmn. höfum vakið athygli á því að með þessum lagabreytingum er verið að klippa endanlega á tengsl aðila vinnumarkaðarins við húsnæðismálin. Við vekjum athygli á því að hvorki verkalýðshreyfingin né þau félagasamtök sem eiga hvað mestra hagsmuna að gæta komu að samningu frv. enda hafa þau mótmælt innihaldi þess harðlega og nú síðast, eins og ég vakti athygli á í upphafi máls míns, í heilsíðuauglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu í dag þar sem skorað er á alþingismenn að fresta húsnæðisfrv.

Spyrja má hvaða máli það skipti að skera á tengsl verkalýðshreyfingarinnar við húsnæðisnefndirnar. Ég held að það skipti mjög miklu máli vegna þess að það er mjög auðveldlega hægt að fara með kjarabaráttu inn í þann farveg sem peningafrjálshyggjan vill helst að gerist að hver maður hugsi þröngt um hag sinn og spyrji bara einnar spurningar: Hvað fæ ég mikið í minn hlut? Hvað fæ ég mikið í launaumslag mitt? Þannig er sem betur fer ekki hugsað innan verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, ekki enn þá. Það er a.m.k. ekki hið ríkjandi viðhorf innan stærstu heildarsamtaka launafólks á Íslandi. Hvernig birtist það? Það birtist í því að allir, þegar þeir eru komnir saman á heildarvettvangi, eru að velta samfélaginu fyrir sér í heild sinni, hvers konar samfélagi við viljum búa í og þeir sem eru í hærri kantinum spyrja hvernig þeim sem eru í lægri kantinum reiði af og þá horfa menn ekki síst til húsnæðismála. Hvernig er búið að láglaunafólki á Íslandi í þeim efnum?

Vitanlega væri hægt að heimfæra þessa hugsun upp á einhvers konar þrönga einstaklingshyggju og segja: Auðvitað er það hagur hvers og eins að smíða réttlátt samfélag vegna þess að þegar allt kemur til alls líður hverjum og einum betur í slíku samfélagi. Fólki líður betur í réttlátu samfélagi en ranglátu. Þegar allt kæmi til alls þá værum við að tryggja hag hvers og eins með því að smíða réttlátt samfélag. Það er hins vegar ekki út frá þessari forsendu sem menn leggja upp í umræðuna innan verkalýðshreyfingarinnar að jafnaði. Menn eru einnig að spyrja hvernig náunganum reiði af. Mér finnst mjög mikilvægt að við viðhöldum þessu sjónarmiði og styrkjum það í okkar samfélagi.

Hvernig gerum við það? Við gerum það t.d. með því að taka tillit til óska fólks úr þessum hluta samfélagsins. Þegar ég segi þessum hluta samfélagsins, þá er ég í rauninni að tala um næstum alla þjóðina vegna þess að þessi ríkisstjórn þjónar minnihlutahóp. Það er meiri hlutinn, yfirgnæfandi meiri hluti sem er á öndverðum meiði við ríkisstjórnarstefnuna, ekki bara í þessu máli heldur allflestum málum. Það held ég að sé hægt að fullyrða. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) Þetta er ekki misskilningur. Hér er fulltrúi Sjálfstfl. sem kallar fram í að þetta sé einhver misskilningur. Ég er alveg tilbúinn að fara í gegnum öll þau frumvörp sem hafa verið afgreidd af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Ég er alveg tilbúinn að gera það.

Við skulum t.d. taka til við að ræða hvað hér hefur gerst í skattamálum. Við skulum ræða dálítið um fjármagnstekjuskattinn. Eigum við að gera það? Eigum við að ræða um eignarhald á auðlindum? Eigum við að taka aftur upp umræðu um það hvort verið er að gæta almannahagsmuna eða sérhagsmuna í því frv. sem var til afgreiðslu við lok 2. umr. í gær? Var verið að gæta hagsmuna meiri hlutans þar þegar staðfest var með lögum, sem eiga reyndar eftir að koma til 3. umr., að einkaeignarrétturinn á landi nái til miðju jarðar? Er þar verið að tryggja almannahagsmuni eða skyldu það vera sérhagsmunir sem verið er að tryggja?

Ríkisstjórnir Sjálfstfl., fyrst með Alþfl. og núna með Framsfl., stigu inn á þessa braut fyrst með því að greiða auðmönnum leið til að kaupa upp íslenskt land. Núna á eignarrétturinn að fara niður í jörðina líka. Er þetta til að þjóna almannahagsmunum? Það hefði ég ekki haldið. Ég er reiðubúinn að fara yfir önnur frumvörp og annað sem þessi ríkisstjórn hefur gert til að reyna að sannfæra hv. þm. Egil Jónsson um að þessi ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, þjónar ekki almannahagsmunum heldur þröngum sérhagsmunum.

Það atriði frv. sem ég ræði núna er tengsl verkalýðshreyfingarinnar við húsnæðiskerfið. Ég vek athygli á því að það er verið að skera á þessi tengsl. Ég spyr hvort menn telji það virkilega til bóta og virkilega vera gæfuspor að gera það. Ég held ekki. Það er vegna þess að með hinum formlegu tengslum sem liggja á milli verkalýðshreyfingar og hinna ýmsu stofnana samfélagsins er verið að tryggja umræðu um þessi málefni í stofnunum verkalýðshreyfingarinnar.

Verkalýðshreyfingin þarf að taka afstöðu. Það er ekki bara það að hún hafi áhuga. Hann mun hún áfram hafa. En hún þarf líka vegna þessara formlegu tengsla að taka afstöðu til mála. Hún þarf að skipa félaga sína í stjórnir og þeir gera síðan öðrum stofnunum innan verkalýðshreyfingarinnar grein fyrir sínu starfi. Þannig er formlega stuðlað að því að allir axli sína ábyrgð í samfélaginu, líka verkalýðshreyfingin. Hún á að gera það og hefur sýnt að hún vill gera það. Hún hefur átt drýgstan hlut í samfélagi okkar við að byggja upp kerfið sem við búum við, kerfi sem hafist var handa við að smíða undir lok 3. áratugarins. Um það hefur síðan ítrekað verið samið í samningum. Nú á að höggva á þessi tengsl verkalýðshreyfingarinnar og húsnæðiskerfisins. Ég bið menn um að íhuga það rækilega hvort hér sé verið að stíga gæfuspor. Það held ég ekki.

Ég vakti athygli á því áðan að það væru fyrirheit um að gera breytingar á aðskiljanlegum lögum. Ég segi að í stað fyrirheita ættum við að sjá efndir áður en þetta frv. verður gert að lögum. Sama á reyndar við um reglugerðirnar. Það er gert ráð fyrir 28 reglugerðum í tengslum við þetta frv. Er ekki rétt að fá þær allar fram? Þó mörg okkar hafi gagnrýnt mjög harðlega vinnubrögðin í tengslum við þetta frv. þá verð ég að segja að í þeirri vinnu sem fram hefur farið í félmn. þá hafa starfsmenn félmrn. og aðrir sem hafa komið fram fyrir hönd hæstv. félmrh. lagt sig alla fram um að vinna málin vel í okkar hendur. Að mörgu leyti hafa þeir gert það mjög vel. Það er því ekkert upp á það að kvarta þegar þetta vinnuferli

er á annað borð komið í gagn. Það eina sem við erum að segja er að halda eigi áfram á þessari braut og ljúka vinnunni að hætti siðaðra manna, fara vel og rækilega yfir málin. Ég treysti þeim aðilum sem koma að því fyllilega til þess að gera það. Ég spyr hvort þetta sé ekki eðlileg og sanngjörn krafa.

Ég vek athygli á því að í tengslum við þessar lagabreytingar er gert ráð fyrir 28 reglugerðarbreytingum. Í þessu frv. er reyndar gert ráð fyrir mjög miklu ráðherravaldi, t.d. við skipan í stjórn Íbúðalánasjóðsins og svo við þessa reglugerðarsmíð alla. Þetta tvennt gerir alla framkvæmd laganna mjög óljósa.

Ráðherra mun einn skipa stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar sem verður síðan sjálfstæð stofnun. Með þessu er enn einu sinni verið að leggja niður eina af þeim stjórnum ríkisstofnana sem Alþingi hefur áður kosið. Þetta er gert án þess að fram hafi farið umræða um það hvort þetta sé æskilegt. Um þetta hefur verið rætt í félmn. Við sem þar sitjum höfum rætt þetta. Á Alþingi hefur ekki farið fram almenn umræða um þessa stefnumótun, um að taka þessi völd úr höndum Alþingis og færa hana inn í Stjórnarráðið, til framkvæmdarvaldsins.

Ráðherrann einn skipar stjórnina. Þetta er það sem er að gerast í hinum nýju hlutafélögum sem eru í eign ríkisins eins og Landssímans og Íslandspósts hf. Þar skipar ráðherra einn stjórnina. Til að friða mannskapinn og friða pólitíkina hefur hann valið menn úr ólíkum pólitískum flokkum að einhverju leyti. Það er hins vegar algerlega á hans færi að ákveða. Hann einn ákveður. Hér er hæstv. félmrh., Páll Pétursson, að leggja það til að hann einn ráði hverjir sitji í stjórn Íbúðalánasjóðs.

Ég vakti athygli á því við umræðuna í gær og ég veit að hv. formaður félmn. sem er í salnum man eftir þeirri umræðu. Við rákum augun í það að í einni umsögninni sem nefndinni barst var talað um Íbúðalánasjóð sem hlutafélag. Ég held að það hafi verið í umsögn Ríkisendurskoðunar. Við veltum því fyrir okkur hvort Ríkisendurskoðun hefði fengið röng drög í hendurnar eða hvort þetta væri næsta skref sem á að stíga, (**SvG:** Er þetta rétt Páll?) að gera Íbúðalánasjóð að hlutafélagi.

Við vitum að það hefur verið pólitískur ágreiningur um hvert eigi að halda í þessum málum. Hæstv. félmrh. finnst hann hafa unnið frækinn sigur gagnvart Sjálfstfl. sem vill koma öllum þessum málum út á markaðinn, inn í bankana og fjármagnskerfið. Hæstv. félmrh. finnst hann hafa unnið frækinn sigur að viðhalda þó einhverri umsýslan á vegum samfélagsins. Þar vísa ég til Íbúðalánasjóðsins.

Þetta kann að vera rétt. Ég efast ekkert um það. Ég veit að Sjálfstfl. vill helst koma þessu öllu út í bankana og inn í fjármagnskerfið. Menn mega ekki blindast í þessu samstarfi við Sjálfstfl. og ættu reyndar að velja sér aðra félaga í stjórnarsamstarfi en þann flokk ef þeir vilja kenna sig við félagshyggju. Vegna þessa sigurs er hæstv. félmrh. og Framsfl. tilbúinn að fórna öllu félagslega kerfinu, rífa það upp með rótum og fórna. Hann er svo glaður yfir að hafa komið í veg fyrir að í þessum áfanga verði ekki húsnæðiskerfið allt sett inn á marmaragólfin í bönkum og verðbréfasjóðum. Þetta er mergurinn málsins. (**SvG:** Nú, verða framsóknarmenn í stjórninni?) Þess vegna er Framsfl. ábyrgur fyrir þessu örlagaríka skrefi sem hér á að stíga, jafnvel þó hann hafi komið í veg fyrir að lengra yrði gengið að kröfu Sjálfstfl. í þessu efni.

Það er mjög í tísku núna að tala um að þessi nýi Íbúðalánasjóður eigi að vera sjálfbær í rekstri. Þetta væri hið besta mál ef það þýddi það að tekjur og útgjöld ætti að standast á, auðvitað viljum við það öll. Auðvitað viljum við skynsamlegan rekstur á öllum stofnunum og sjóðum sem til er stofnað. Spurningin er hvernig teknanna er aflað. Hvernig á að afla þessara tekna? Það á aftur að gera í gegnum fjármagnsmarkaðinn. Þess vegna munu vextirnir í þeim fjármunum sem hinn nýi sjóður fær að láni stjórna vöxtunum sem fara út úr sjóðnum á hinum endanum. Við þetta er átt þegar talað er um að markaðsvæða kerfið. Nú er það bannorð að niðurgreiða kerfið eða koma með framlög frá hinu opinbera. Að vísu eru ákvæði þess efnis að í tvö ár eigi að vera einhvers konar millibilsástand í þeim efnum en síðan blasir óvissan við.

Hæstv. forseti. Rétt er að ítreka að í frv. er ekkert sem tryggir að sveitarfélögin svari vaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði. Svo dæmi sé tekið má nefna að í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að reikna má með að þar verði þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin sem þýðir verulegan kostnað fyrir sveitarfélagið, 75 nýjar leiguíbúðir á ári. Í umsögn húsnæðisnefndar Akureyrarbæjar kemur fram að búast megi við að þar verði þörf fyrir 60 nýjar leiguíbúðir á ári miðað við þann hóp sem mun ekki standast greiðslumat og ekki eiga fyrir 10% útborgun. Hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur liggur fyrir 381 gild umsókn um húsnæði en forgangshópur telur 197.

Sjötíu og fimm nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin að mati Kópavogsbæjar, á Akureyri 60 nýjar leiguíbúðir á ári og hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur liggur fyrir 381 umsókn. Hvernig ætla menn að svara þessu? Hvernig er gert ráð fyrir að þessu verði svarað með frv.? Gert er ráð fyrir 50 íbúðum á tveimur árum, 25 íbúðum á ári. Hvers konar brandari er þetta eiginlega? Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Hvers konar vitleysa er þetta eiginlega?

Ætla menn að samþykkja þessar lagabreytingar án þess að gengið sé frá þessum málum? Hæstv. ráðherra og aðrir stjórnarliðar hafa hrist hausinn. Þeir hafa hrist höfuðið þegar því er haldið fram að verið sé að vísa fólki út á gaddinn, út á götuna með þessu frv., þá hrista menn bara höfuðið og segja að þetta sé misskilningur, rugl og vitleysa. Síðan segja þeir að það eigi að rannsaka málin og kanna og setja í nefnd sem mér finnst gott og ég fagna því. Mér finnst það gott. Mér finnst líka gott að það eigi að treysta ýmsa lagasetningu, t.d. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Mér finnst það gott og ég fagna því, en ég vil sjá efndir og ég vil sjá peninga. Ég vil sjá tryggingu fyrir því að fjármagn komi til sögunnar. Það er ekki nóg að lofa hlutunum ef menn eru að lofa upp í ermina á sér. Við viljum sjá þessa peninga, hversu mikið, hversu margar leiguíbúðir á að reisa, hvernig nákvæmlega á að koma til móts við þau samtök sem hafa haft með félagslegt húsnæði að gera í landinu og hafa birt heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu í dag. Öll helstu almannasamtök í landinu sem hafa með félagslegt húsnæði að gera hafa undirritað þessa auglýsingu. Hvernig á að koma til móts við þau samtök? Ekki með einhverjum óljósum loforðum og nefndaskipan. Hvað á mikið fjármagn að fara til félagslegs húsnæðis á komandi árum? Hvað á mikið fjármagn að fara til þess?

Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að svara ASÍ, BSRB, Neytendasamtökunum, Kennarasambandi Íslands, Leigjendasamtökunum, Landssamtökunum Þroskahjálp, Geðhjálp, Félagsstofnun stúdenta, Búseta, Öryrkjabandalagi Íslands, Sjálfsbjörg – Landssambandi fatlaðra, Byggingar-

félagi námsmanna, Nemendagörðum Samvinnuháskólans, Félagi einstæðra foreldra, Sjálfsbjörg – Félagi fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, Þaki yfir höfuðið – landssambandi, Hússjóði Öryrkjabandalagsins, Blindrafélaginu, Húsnæðisfélaginu SEM, Sólheimum, Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, Bandalagi ísl. sérskólanema, Nemendagörðum Bændaskólans á Hólum, Styrktarfélagi vangefinna, Félagi ábyrgra feðra, Landssambandi eldri borgara? Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að svara þessum samtökum? Hvað á að veita miklu fjármagni á komandi árum til félagslegs húsnæðis?

Ég er búinn að lesa þessa runu upp áður og ég á eftir að gera það oft vegna þess að við stöndum frammi fyrir slíkum yfirgangi af stjórnvöldum, ekki bara í þessu máli heldur öðrum málum einnig. Ég er nýkominn af fundi félmn. í morgun. Þar voru fulltrúar ýmissa aðila sem koma nálægt útivist og útilífi, frá Ferðafélaginu, Náttúruverndarsamtökunum, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands svo nokkrar stofnanir séu taldar og félög, og menn eru algerlega gáttaðir á vinnubrögðum þessarar ríkisstjórnar, algerlega gáttaðir.

Það er almannavilji fyrir því í þjóðfélaginu að þeim málum verði frestað. *Menn bara skella við skollaeyrum.* Það á ekki að hlusta á neitt. Spurt var hvort menn hefðu verið að velta því fyrir sér í ræðustól hvort þetta samræmist þingræði. Auðvitað gerir það það. En það samræmist ekki almennum kröfum sem við gerum um lýðræði, það gerir það ekki. Þetta er ótrúleg valdníðsla að fara svona fram gagnvart almenningi á Íslandi, ótrúleg valdníðsla. Ég hélt að menn hefðu lært og dregið einhverja lærdóma af þeirri reiði sem var í landinu þegar síðasta ríkisstjórn neitaði því að leyfa þjóðinni að kjósa um EES-samninginn. Ég hélt að menn hefðu dregið einhverjar ályktanir og einhverja lærdóma af því en svo er greinilega ekki.

Varðandi námsmannaíbúðir þá er alger óvissa um kjör lántakenda þegar til lengri tíma er litið. Hver veit t.d. hvernig markaðsvextir muni þróast? Það gefur auga leið að mikill munur er á því að greiða 1% vexti eða 5%. En með því að taka upp almenna vexti verður óhjákvæmilega erfiðara fyrir félagasamtök að byggja, hvað þá að koma íbúðunum út. Gagnvart þeim félagasamtökum sem t.d. hafa byggt námsmannaíbúðir þýðir það verulega hækkun á leigu eigi þau nú að fara að standa undir markaðsvöxtum og bankalánum til framkvæmda af því að nú verða ekki lengur veitt framkvæmdalán. Byggingaraðilum verður að hluta til vísað út á almennan lánamarkað. Mikill skortur er á námsmannahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og t.d. á Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands langt í land að uppfylla lágmarksþörf fyrir námsmannaíbúðir. Það er mjög alvarlegt mál ef nú dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis því að ljóst má vera að námsmenn hafa afar takmarkaða möguleika til að greiða hærri leigu en þeir gera nú. Verði hækkun á leigu námsmannaíbúða hefur það áhrif á þann kostnaðargrunn sem gengið er út frá hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og þar með kröfur um hærri námslán. Það sem kann að sparast á einum stað í ríkiskerfinu verður þannig tekið aftur á öðrum, nema ætlunin sé að skerða kjör námsmanna. Þetta er hugsun sem menn hafa fylgt á síðustu árum, þ.e. að draga úr stuðningi við námsmenn og þá verða menn náttúrlega að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta hefur allt saman þegar til lengri tíma er litið, og það sem er að gerast er einfaldlega það að verið er að markaðsvæða námið. Það er verið að gera það. Menn spyrja, og gera það í síauknum mæli eftir því sem hætt er stuðningi við nám: Er þetta góð fjárfesting fyrir mig? Menn spyrja þannig. Menn spyrja ekki eins og væri eðlilegt og gott: Er ég að gera samfélagi mínu gagn? Kemur það sem ég er að læra þjóðfélaginu að gagni? Nei, menn spyrja ekki svoleiðis. Menn spyrja: Hvað gefur þetta mikið í aðra hönd? Það er ekki nema síður sé eitthvert samræmi þar á milli, að það sem gefi mest í aðra hönd geri mest þjóðfélagslegt gagn. Það held ég ekki. Ég held að t.d. innheimtulögfræðingar hafi það bærilega gott. Ég efast stórlega um að þeir séu að gera okkar þjóðfélagi eitthvað sérstaklega gott eða þeir sérfræðingar sem eru útskrifaðir í stórum stíl til að ráðleggja mönnum hvernig þeir eigi að hafa sem mestan hagnað hér á markaði. Ég dreg það stórlega í efa að þeir séu að gera okkar samfélagi eitthvað sérstaklega gott. Það held ég ekki. Það gefur mikið í aðra hönd en það er önnur saga.

Þetta er stefna og braut sem við erum að fara inn á. Ef við ætlum að auka greiðslubyrðar eða skerða kjör námsfólks á þennan hátt, sem hætt er við að gerist í kjölfar þessara lagabreytinga, þá þurfa menn að hugsa það mál alveg til enda.

Við höfum bent á að hlutverk húsnæðisnefnda sveitarfélaganna breytist þó að mjög óljóst sé hvert verksvið nefndanna verður nákvæmlega. Eins og ég nefndi áðan hverfa fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar úr nefndunum og hlutverk nefndanna breytist en hætt er við því að með brotthvarfi verkalýðshreyfingarinnar úr þessu kerfi rofni tengsl við það fólk sem stendur höllum fæti og tengslin rofna inn í samningaferlið hjá samtökum launafólks. Það er það sem ég er kannski að leggja höfuðáherslu á, að það sé samfélagslega mikilvægt, það sé mikilvægt fyrir samfélag okkar að viðhalda hinum formlegu tengslum við þessar mikilvægu stofnanir samfélagsins sem verkalýðsfélög eru.

Húsnæðisnefndirnar munu fjalla um þörf fyrir viðbótarlán og meta slíkar umsóknir auk þess sem þær eiga að gera árlegar áætlanir um þörf á íbúðarhúsnæði. Slík markmið hafa lengi verið í lögum en hafa ekki virkað sem skyldi. Verði lögð meiri áhersla á leiguhúsnæði munu verkefni húsnæðisnefnda og félagsmálanefnda skarast meira en verið hefur og ljóst er að þetta mun kalla á einhverja uppstokkun í starfi nefnda sveitarfélaganna. Vert er að benda á að t.d. í Reykjavík mun húsnæðisnefndin áfram annast núverandi félagslegt húsnæðiskerfi meðan það er að ljúka hlutverki sínu, félmn. metur þörf fólks fyrir leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins meðan Félagsbústaðir hf. annast rekstur leiguíbúða Reykjavíkurborgar. Ljóst er að þetta verður flókið og umfangsmikið kerfi, og ekki er séð fyrir endann á hvernig endanlegt skipulag verður. Þetta er eitt af því sem er tiltölulega óljóst, og menn hafa verið að velta því fyrir sér hjá ýmsum sveitarfélögum hvort húsnæðisnefndirnar og félagsmálanefndirnar verði sameinaðar. Þetta er eitt af því sem er óljóst í þessu kerfi.

Það er gert ráð fyrir sérstökum lánaflokkum í þessu frv. Í 11. gr. núgildandi laga er kveðið á um nokkra lánaflokka, t.d. lán til einstaklinga með sérþarfir og í frv. til laga um húsnæðismál er þess getið í 16. gr. að stjórn Íbúðalánasjóðs geti að fengnu samþykki ráðherra stofnað til nýrra lánaflokka. Í skýringum með þessari lagagrein er skírskotað til þess að þetta geti átt sér stað ef það samræmist fjárhagsáætlun sjóðsins og eru nefndir þeir lánaflokkar sem er að finna í núgildandi lögum. Hins vegar er engin trygging fyrir því að slík lán verði veitt og er rétt að minna á að sjóðurinn á að vera sjálfbær stofnun.

Hér vaknar aftur spurning: Á hvaða kjörum verða lán til íbúða aldraðra, til einstaklinga með sérþarfir og til annarra? Sú spurning vaknar á hvaða kjörum þessi lán verða. Þarna er sem sagt opnað á möguleikann en um framkvæmdina og um efndirnar veit enginn. Það er algerlega óskrifað blað. Enn og aftur er spurt: Hvers vegna ekki að fá þetta niðurnjörvað? Það er nauðsynlegt að fá þetta niðurnjörvað því að annars er haldið algerlega út í óvissuna og þar er komin skýringin á því, hæstv. félmrh., að öll þessi samtök, verkalýðshreyfingin á Íslandi og öll þau samtök sem hafa með félagslegt húsnæði að gera, þau samtök sem eru í forsvari fyrir það fólk sem stendur höllum fæti í okkar samfélagi, óska eftir því að þessu máli verði frestað þar til við erum búnir að fá botn í það hvernig eigi að fara með þessa sérstöku lánaflokka og á hvaða kjörum lánin verða. En það eitt vitum við að þetta á að samræmast fjárhagsáætlun sjóðsins. Það er allt í góðu lagi með það að sjálfsögðu. Auðvitað þurfa sjóðir að hafa sínar fjárhagsáætlanir. Hins vegar er uggvænlegt að sjóðurinn á að starfa algerlega á markaði og á forsendum markaðarins. Hann á að afla lánsfjár og á síðan að lána fé og vextirnir af lánsfénu koma til með að ráða mestu um kjörin á þeim lánum sem sjóðurinn veitir.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um greiðslumat og greiðslubyrði. Greiðslumatið sem beitt verður við ákvörðun þess hverjir hljóta viðbótarlán mun hafa mikil áhrif á fjölda lánanna og það hverjir verða skildir eftir utan dyra. Allt er í óvissu um áhrif greiðslumatins. Þá er rétt að minna á í þessu sambandi að þeir sem fá viðbótarlán og fara út á almenna íbúðarmarkaðinn til kaupa á íbúð verða að leggja fram 10% íbúðarverðsins en auk þess bætist við annar kostnaður, svo sem stimpilgjöld vegna almenna lánsins, gjaldtaka húsnæðisnefndarinnar og sölulaun til fasteignasala. Sölulaun til fasteignasala. Það var ein lagabreytingin sem við gerðum á síðasta ári. Hún snertir sölulaun til fasteignasala.

Hér áður var lögfest þak á þóknun til fasteignasala. Þóknunin mátti ekki vera hærri en nam tilteknu hlutfalli af verði íbúðarinnar, fasteignarinnar. Ég held að það hafi verið 2%, skal ekki alveg fullyrða það en mig minnir það. Þetta þak er farið. Þetta þak var tekið. Núna, samkvæmt lögum sem ríkisstjórnin lét meiri hluta sinn á þingi samþykkja í fyrra þá var þetta þak afnumið. Fasteignasalar geta tekið eins mikið gjald og þeir komast upp með. Það er staðreynd. Enda líta menn náttúrlega á það sem kemur frá ríkisstjórninni sem krásir, veisluborð. Fasteignasalarnir eru yfir sig hrifnir. Fyrst koma þessi lög um að afnema þak á þóknanir. Það var í fyrra og nú er öllu hent út á markaðinn til þeirra nánast. Menn hafa áhyggjur af því að fasteignaverðið muni hækka og í ofanálag kemur þetta að búið er að afnema þá vörn sem menn höfðu þó í þessu. Allt þetta þýðir að kjör þeirra sem hingað til hafa átt inni í félagslega kerfinu munu versna.

Þeim útreikningum sem félmn. hefur fengið um samanburð á greiðslubyrðinni, nýja og gamla kerfinu, ber hreint ekki saman en þar skipta þær forsendur sem menn gefa sér mestu. ASÍ og BSRB segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„... þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast."

Margt láglaunafólk mun fljótlega reka sig upp í þak vaxtabótakerfisins og mun því eingöngu geta keypt sér litlar og ódýrar íbúðir. Skyldu það vera jafngóðar íbúðir og hingað til hefur verið boðið upp á í félagslega kerfinu? Ég held ekki. Þetta er kannski mergurinn málsins þegar við erum að tala um valfrelsi einstaklingsins, að búin séu til lög þar sem valfrelsið er tryggt með lagabókstaf án þess að tryggja það í reynd í veruleikanum vegna þess að markmið okkar hlýtur að vera að tryggja fólki gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum. En við drögum stórlega í efa að kjörin verði viðráðanleg og ef þau ekki verða það, verða verri, þá segir það til sín í því húsnæði sem fólk býr í. Það á aðeins kost á lakara húsnæði en það hefur haft hingað til.

Varðandi þessa útreikninga alla þá hefur komið upp mikill ágreiningur milli þeirra sem hafa reiknað þessa hluti út, annars vegar hjá félmrn. og hins vegar samtökum launafólks. Þar ber mönnum einfaldlega ekki saman og reyndar hefur verið að koma á daginn að þeir útreikningar sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram, ASÍ og BSRB, virðast standast og menn eru sífellt að benda á fleiri staðreyndir í því máli. Upphaflega héldum við því fram að enda þótt að í mörgum tilvikum léttist greiðslubyrði í upphafi lánstímans þá þyngdist hún verulega þegar liði á lánstímann og væri svo komið á síðari hlutanum að fólk sem hefði fengið lán á grundvelli greiðslumats um að það risi undir skuldbindingum, mundi ekki standast þetta greiðslumat undir lokin, þ.e. þegar fólk er komið á efri ár og yrði að hrökklast út úr sinni íbúð af þeim sökum.

Hins vegar höfum við bent á að ef fólk kaupir íbúðir sem húsbréfalán hvíla á, þá getur þetta dæmi snúist við þannig að greiðslubyrðin í upphafi sé þyngri, en ekki í lokin. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt mál. En það sem mér finnst alvarlegast er ef menn neita að setjast yfir álitamál af þessu tagi og fá fram hvað er hið rétta í málinu. Þetta er reikningsdæmi. Þetta er tæknilegt úrlausnarefni og mér finnst það vera grundvallaratriði að slíkur ágreiningur sé leystur þannig að staðreyndir allar liggi á borðinu.

Ein af stóru breytingunum sem boðaðar eru í frv. er að í stað niðurgreiddra vaxta verði greiddar vaxtabætur fjórum sinnum á ári. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1998 er áætlað að vaxtabætur verði 3,8 milljarðar kr. á árinu. Þetta eru háar upphæðir og ljóst er að þær munu hækka nokkuð við það að þeir sem áður fengu niðurgreidda vexti koma nú inn í vaxtabótakerfið eða um 120 millj. á ári samkvæmt áætlun fjmrn. Frá því að vaxtabótakerfið var tekið upp fyrir áratug eða svo þá hefur fjórum sinnum verið krukkað í það af stjórnvöldum fyrst og fremst til skerðingar. Reyndar hélt ég að það hefði verið fimm sinnum. En í áliti okkar í minni hlutanum segjum við fjórum sinnum þannig að alla vega hefur verið krukkað í það fjórum sinnum ef það hefur ekki verið gert fimm sinnum. En í flestum tilvikum hefur það verið gert til skerðingar. Niðurgreiddir vextir eru að okkar mati mun öruggari aðstoð fyrir láglaunafólk en vaxtabótakerfið miðað við reynslu undanfarinna ára. Það er ekki að ástæðulausu að sú aðferð hefur verið viðhöfð í félagslega húsnæðiskerfinu um áratuga skeið, enda hefur hún reynst láglaunafólki vel. Það er hápólitísk spurning hvernig aðstoð vegna húsnæðismála af hálfu opinberra aðila skuli háttað og hverjir skuli njóta hennar. Minni hlutinn leggur áherslu á að þær fjölskyldur sem þurfa á aðstoð að halda við öflun húsnæðis mega alls ekki við kjaraskerðingu. Þetta er grundvallaratriði og það er líka grundvallaratriði að menn geri sér fulla grein fyrir þeirri hættu sem felst í því að setja allan stuðning í húsnæðiskerfinu inn í þennan farveg. Hættan er sú, eins og ég hef margsagt og ætla að ítreka eina ferðina enn, að þörfin fyrir vaxtabætur eykst á samdráttartíma þegar tekjur fólks

dragast saman. Þá þarf það á hærri vaxtabótum að halda. Á sama tíma skerðast tekjur ríkissjóðs og freistingin til að skerða þennan þátt verður allsráðandi. Á sama tíma og þörfin eykst eru líkurnar á skerðingu meiri en ella. Þetta er hættan. Sú hætta er vissulega líka fyrir hendi varðandi aðra þætti, varðandi aðstoð við verkamannabústaðakerfið t.d., varðandi niðurgreiðslu vaxta og þar fram eftir götunum. Sú hætta er líka fyrir hendi þar en fyrirstaðan er meiri. Stjórnvöld eiga erfiðara með að láta undan þeirri freistingu. Andstaðan í þjóðfélaginu verður meiri. Á þetta var bent af hálfu einhverra þeirra aðila sem komu fyrir félmn., að erfiðara væri að stýra kerfinu á einfaldan og skýran hátt. Þetta var ein röksemdin. Í þessu felst okkar vörn sem viljum tala máli láglaunafólks og þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu og sem búa við lakari tekjur en þeir sem betur og best standa að vígi í okkar samfélagi. Þetta er bara staðreynd málsins.

Í fjölmörgum umsögnum um frv. kemur fram hörð gagnrýni á að nú verði tekin upp stimpilgjöld á lán til þeirra sem hingað til hafa fallið undir félagslega húsnæðiskerfið. Samkvæmt brtt. meiri hlutans verða hvorki lögð stimpilgjöld á viðbótarlánin né heldur á lán vegna byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Það verða sem sagt ekki lögð stimpilgjöld á viðbótarlánin eða á lán vegna byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Þetta er eitt af því sem við höfum náð fram í umræðu um málið, þ.e. að draga úr þeim kostnaði sem fylgir stimpilgjöldunum. Það er a.m.k. búið að aflétta þeim á hluta lánanna. Hvers vegna? Vegna þess að athygli hefur verið vakin á því í umræðu úti í þjóðfélaginu, inni í félmn. og víðar að þetta gangi ekki og þarna höfum við haft árangur af starfi okkar. Hvers vegna létu menn undan í þessu efni? Vegna þess að þeim fannst þetta rökrétt. Gæti verið að eitthvað annað sé í þessu frv. sem menn sæju ástæðu til að breyta ef þeir settust betur yfir málið? Gæti það verið? Gæti verið að það væru aðrir þættir sem menn væru tilbúnir að breyta? (**Gripið fram í:** Háeffa það.) Það var eitt af því sem kom til álita af hálfu einhvers aðila sem lét okkur fá umsögn um frv. Ég held að það hafi verið Ríkisendurskoðun sem talaði um hið nýja hlutafélag. (**Gripið fram í:** Og selja Eimskip ...) Já.

Stimpilgjöld verða hvorki lögð á viðbótarlán né heldur á lán vegna byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Þetta er aðeins í áttina. En þetta þýðir að þeir sem fá almennt lán og viðbótarlán verða að greiða stimpilgjald af almenna hlutanum sem hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir lántakendur frá því sem nú er þannig að það er bara búið að afnema stimpilgjaldið af viðbótarláninu, ekki almenna láninu sem þeir þó fá sem eru með lágar tekjur, þ.e. fólkið sem fær almennt lán og viðbótarlán. Það er búið að afnema stimpilgjaldið af viðbótarláninu en ekki af almenna láninu til þessa fólks. Þarna er því um að ræða aukinn kostnað fyrir það fólk, aukinn kostnað fyrir láglaunamanninn.

Þetta þýðir einnig að stimpilgjöld verða greidd af öðrum lánum sem kunna að verða veitt samkvæmt heimild til að taka upp aðra lánaflokka, sbr. 16. gr. frv., og ég vék að áðan. Ég vék áðan að þessum öðrum lánaflokkum sem eru í rauninni óskilgreindir, hvernig þeir verða og á hvaða kjörum þeir verða. Minni hluti félmn. mótmælir því að aukinn kostnaður skuli lagður á þá sem fá viðbótarlán og er þarna enn eitt dæmið um það hvernig verið er að úthýsa félagslegri aðstoð úr íslensku velferðarkerfi. Við skulum gæta okkur á því þegar við íhugum þessi mál að láta ekki blekkjast af því að með því að afnema stimpilgjöld á viðbótarlán sé að öllu leyti komið til móts við láglaunamanninn hvað þetta varðar vegna þess að hann þarf eftir sem áður að borga stimpilgjald af almenna láninu.

Í frv. kemur fram að áætlað er að veita áfram lán á niðurgreiddum vöxtum næstu tvö árin til byggingar leiguhúsnæðis, alls til 50 íbúða ef marka má umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Á meðan verði gerðir samningar við sveitarfélögin um framhaldið. En er ekki rétt að ganga frá samningunum núna? Er ekki rétt að ganga frá samningunum í sumar? (**Gripið fram í:** Félmrh. virðist ...) Félmrh. er ekki í salnum til að hlýða á þessar spurningar.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ráðherrann er í húsinu, er vonandi að fylgjast með.)

Í trausti þess að ráðherrann sé að fylgjast með annars staðar þá geri ég ekki frekari athugasemd við það. Hæstv. félmrh. hefur fylgt umræðunni mjög vel og ég geri ráð fyrir því að hann geri það þótt hann sé annars staðar í húsinu.

Meiri hluti félmn. leggur til breytingu á þann veg að ákveðið verði á fjárlögum hve hárri fjárhæð verður varið til niðurgreiðslu á vöxtum meðan nefnd sem í sitja fulltrúar sveitarfélaganna, annarra byggingaraðila félagslegra íbúða og verkalýðshreyfingarinnar, kanna þörf fyrir leiguhúsnæði og gerir framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaganna taki mið af í framtíðinni. En hvað þýðir þetta í reynd? Er um að ræða fyrirheit um áframhaldandi lán á lágum vöxtum, á niðurgreiddum vöxtum? Mér er alltaf hálfilla við að nota þetta hugtak, „niðurgreiddir vextir" eins og markaðurinn sé hið rétta og allt frávik frá honum sé þá einhvers konar niðurgreiðsla. Lágir vextir eru bara lágir vextir, svo einfalt er það. Ef menn ákveða að hafa vexti lága eru þeir lágir og fjármagna hlutina þá með öðrum hætti. Ég minni á það í þessu sambandi að þegar lán og fjármagn var vísitölubundið í upphafi síðasta áratugar og misgengið kom til sögunnar og menn fóru að tala um raunávöxtun þá man ég eftir því að þáverandi stjórnendur Seðlabankans töluðu um 2% raunávöxtum sem háa vexti. Hins vegar búum við núna við raunávöxtun sem er margföld þessi upphæð.

Reynslan af fjárframlögum til Byggingarsjóðs verkamanna lofar ekki góðu hvað varðar slík loforð, þ.e. loforð um framlög ríkisins til sveitarfélaga, þeirra aðila sem áttu að byggja leiguhúsnæði. Reynslan af Byggingarsjóði verkamanna lofar ekki góðu vegna þess að hann hefur verið sveltur og ástæðan fyrir því að hann á í erfiðleikum og stefnir í þrot upp úr aldamótum er sú að hann hefur ekki fengið nauðsynlegt fjármagn. Það er bara staðreynd málsins þannig að reynslan af fjárframlögum til Byggingarsjóðs verkamanna lofar ekki góðu hvað varðar þau loforð sem verið er að gera nú með brtt. meiri hlutans.

Ástæðan fyrir því að fyrrnefnd breyting er gerð er sú að félagasamtök og sveitarfélögin hafa bent á að þörfin fyrir leiguíbúðir sé miklu meiri en nemur 50 íbúðum næstu tvö árin. Þrátt fyrir að opnað sé á fleiri lán með niðurgreiddum vöxtum verður ákveðið í fjárlögum. Rétt er að leggja áherslu á það enn einu sinni að allt er í óvissu um framboð á leiguhúsnæði og þá leigu sem fólki verður gert að greiða.

Samband ísl. sveitarfélaga gerir kröfu um að áfram verði boðið upp á lán á niðurgreiddum vöxtum eftir að margumræddu tveggja ára tímabili lýkur. Minni hlutinn fær engan veginn séð að krafa sveitarfélaganna komi heim og saman við þær breytingar sem verið er að gera á Húsnæðisstofnun ríkisins sem á að verða sjálfbær stofnun eftir breytinguna og á ekki að fá framlög frá ríkissjóði. Þannig er hann hugsaður og byggður upp og ef önnur áform eru uppi þarf að fá það

skýrt sagt af hálfu félmrh. hvað hann hugsar í þeim efnum og hve mikla peninga hann ætlar að láta í þetta. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mun hlusta mjög vel eftir svörum hæstv. félmrh. þegar hann tekur það til umfjöllunar. Hvernig ætlar hann að tryggja fjármagn og hve mikið? Ég mun leggja þá mjög við hlustir. En án nokkurra skuldbindinga er verið að vísa þeim þætti frv. sem snýr að leiguhúsnæði inn í viðræður sem enginn veit hvað kann að koma út úr og þótt ég líti á það sem gott spor og góð fyrirheit hvað varðar samstarf við aðila um þetta efni þá þarf miklu meira kjöt á það bein. Það er ekki nóg að gefa fyrirheit, við þurfum að fá vitneskju um fjármagn.

Í brtt. við 40. gr., sem verður 37. gr., er kveðið nánar á um rétt aðila sem byggja eða kaupa leiguíbúðir til að selja leigjendum eignarhlut. Hér er átt við þá sem hingað til hafa fallið undir félagslega kaupleigu en alls er óljóst með þetta atriði eins og svo fjöldamörg önnur, hvort heimildin kemur að nokkru gagni. Húsnæðisnefnd Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við 3. mgr. í brtt. meiri hlutans og vill að húsnæðisnefndir hafi lagalega heimild til að ráðstafa íbúðum til skammtímaleigu meðan væntanlegum kaupanda er veitt svigrúm til að afla sér fjár til útborgunar. Hvað verður þá um þá sem hingað til hafa keypt eignarhlut samkvæmt ákvæðum um almenna kaupleigu er óljóst.

Frv. til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög verður skilið eftir á þessu vori verði frv. til laga um húsnæðismál knúið í gegnum þingið. Það kom mjög skýrt fram í máli þeirra sem komu af hálfu samtakanna Þak yfir höfuðið, sem eru landssamtök, og t.d. fulltrúa Búseta, að það væri mjög mikilvægt að þeirra mati að þessi frv. ættu samleið, yrðu samþykkt um leið og þá ekki núna heldur í haust en nú hefur komið á daginn að það á að reyna að fá lög um húsnæðismál samþykkt en skilja þessi frv. eftir og það er ófært að það verði gert. Þetta þarf allt að haldast í hendur þannig að menn viti nákvæmlega að hverju þeir ganga.

Rætt hefur verið um framtíð starfsfólks Húsnæðisstofnunar. Eðlilegt er að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja Húsnæðisstofnun niður og búa til nýja stofnun hafi valdið óróa innan þessarar stofnunar og óvissu hjá starfsfólkinu um framtíð sína. Hæstv. félmrh. hefur margsinnis verið spurður að því hvað hann ætlist fyrir í þessu efni. Hann hefur sagt að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja starfsöryggi þessa fólks. Hann hefur sagt það við fólkið og hann hefur sagt það við samtök þess. Hann hefur þó tekið fram að ljóst sé að færra fólk komi til með að starfa hjá hinni nýju stofnun en þeirri sem nú er við lýði. Hann hefur sagt að þess vegna sé erfitt að setja ákvæði inn í sjálfan lagatextann sem tryggi hverjum og einum starf. Það hefur þó verið gert hjá öðrum stofnunum, t.d. Örnefnastofnun, en hann segir að þetta sé erfitt. Þegar Örnefnastofnun var lögð niður og ný stofnun sköpuð eða hvort það var önnur stofnun og hún gerð að Örnefnastofnun, það mun sennilega hafa verið þannig, þá var sett inn í lögin að hverjum og einum yrði tryggt starf. Hæstv. félmrh. segir, eða á þann veg hefur röksemdafærsla hans verið og er nokkuð til í því: Þetta er erfiðara hjá okkur vegna þess að við getum ekki tryggt öllum starf þar sem færra fólk verður starfandi í hinni nýju stofnun. Þetta er alveg rétt.

En hæstv. félmrh. gæti gert annað. Hann gæti sagt að í hinni nýju stofnun skuli þeir starfsmenn sem nú eru hjá Húsnæðisstofnun hafa forgang. Þetta gæti hann sagt. Ef hæstv. félmrh. er alvara með því að gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja starfsöryggi fólksins þá gerir hann þetta. Þetta er því nokkuð sem væri brýnt að gera.

Við í minni hluta félmn. Alþingis leggjum til að frv. verði endurskoðað með þátttöku þeirra aðila sem málið snertir, svo sem samtaka launafólks, sveitarfélaganna, námsmannasamtakanna, Búseta o.fl. Ég vísa aftur í þessa auglýsingu og áskorun til alþingismanna þar sem ýmsir þeir sem málið snertir setja nafn sitt á blað og er eðlilegt að haft sé samráð við þessa aðila alla. Við teljum að verði þetta frv. að lögum muni það kalla á stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin og verða til þess að vísa fjölda fjölskyldna út á leigumarkað sem ekki er til. Hann er ekki til og það er mergurinn málsins. Leigumarkaðurinn er ekki til. Það er verið að búa til kerfi þar sem færra fólk getur eignast húsnæði en nú er. Hvar þarf þetta fólk þá að búa? Í leiguíbúðum. Þær eru ekki til. Og það er gert ráð fyrir því að reisa 50 íbúðir á tveimur árum.

Ég var að lesa upp áðan og vitna í greinargerðir frá sveitarfélögum sem áætla að t.d. í Kópavogi þurfi 75 íbúðir til viðbótar á ári næstu fjögur árin, 60 hjá Akureyrarbæ. 381 umsókn er hjá Reykjavíkurborg. Svona er þetta. Þörfin og eftirspurnin mun aukast en íbúðirnar eru ekki til.

Auðvitað hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir stjórnmálaflokk eins og Sjálfstfl. sem var fylgjandi sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum, fylgjandi því að allir ættu sína íbúð, að standa að lagafrv. sem torveldar fólki að eignast íbúðir. Það er verið að gera það. Sjálfstfl. stendur að húsnæðislöggjöf sem torveldar fólki að eignast íbúðir. Það er staðreynd. Það er verið að vísa stærri hópi út á leigumarkað. Margir eru fylgjandi því að koma hér á góðum leigumarkaði og mörg samtök eru fylgjandi því að það verði gert, að það sé betra að búa fólki gott leiguhúsnæði þar sem það búi við öryggi heldur en að setja menn inn í eignarform sem er ekkert annað en nafnið eitt í rauninni vegna þess að það rís ekki undir þeim fjárhagsskuldbindingum sem það kallar á. En ef það á að gerast verður þessi leigumarkaður að vera fyrir hendi. Annað þarf að gerast líka. Það þarf að treysta réttindalöggjöf leigjenda og þetta er enn ein lagasetningin sem þarf að koma til sögunnar samhliða þessum breytingum, þ.e. að treysta réttindi leigjandans. Það þarf að gerast.

Þessar breytingar munu leiða til þess að dýrara verður fyrir láglaunafjölskyldur að eignast eigið húsnæði eins og ég gat um og því er vísað út á götuna því að ekki er gert ráð fyrir fjármagni til byggingar leiguíbúða. Fólki mun fjölga í vaxtabótakerfinu. Gert er ráð fyrir að 1.000 manns bætist við í vaxtabótakerfinu, 1.000 manns komi þar til viðbótar. Sú tala gefur hugmynd um þann fjölda sem mun leita sér að húsnæði á almennum markaði, nái fyrirhugaðar breytingar fram að ganga. Þá hverfur það aðhald við íbúðarverð sem framkvæmdir húsnæðisnefndanna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafa veitt almenna markaðnum og mun það eflaust valda einhverri hækkun á íbúðarverði.

Við höfum bent á það í okkar málflutningi, minni hluti félmn., að ekkert kerfi sé gallalaust, öll kerfi eigi að endurskoða og öll kerfi kalli á breytingar og það eigi við um þetta kerfi líka og það sé staðreynd líka sem við erum ekkert að reyna að strauja yfir eða horfa fram hjá að nokkur lítil sveitarfélög á Íslandi hafa lent í erfiðleikum með félagslega húsnæðiskerfið eins og það er núna þótt það hafi að mestu leyti gengið upp á þéttbýlissvæðinu suðvestanlands. En við bendum á að vanda þessara sveitarfélaga eigi að leysa á annan hátt en þann að gjörbreyta húsnæðiskerfinu og kippa þar með grunninum undan fjölda fjölskyldna sem fengið hafa

fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðiskerfinu á undanförnum árum og áratugum.

Áður en ég lýk máli mínu ætla ég að ítreka þau mótmæli sem komið hafa frá ýmsum samtökum í landinu og vekja þar sérstaklega athygli á því sem komið hefur frá samtökum launafólks, ASÍ og BSRB. Ég nefni t.d. í því sambandi grein sem formenn húsnæðisnefnda BSRB og ASÍ skrifa fyrir fáeinum dögum í Morgunblaðið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„ASÍ og BSRB telja að með húsnæðisfrumvarpi félagsmálaráðherra sé stefnt marvisst að því að færri fjölskyldum láglaunafólks sé gert kleift að eignast eigið íbúðarhúsnæði á sanngjörnum og viðráðanlegum kjörum. Þetta er gert án þess að settar séu tryggingar fyrir nægilegu framboði leiguhúsnæðis og án þess að réttarstaða og öryggi leigjenda sé bætt. Með frumvarpi félagsmálaráðherra er fyrst og fremst verið að taka á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en ekki á vanda þess fólks sem kerfið á að þjóna.

Húsnæðismál eru órjúfanlegur hluti af lífskjörum launafólks. ASÍ og BSRB benda á að verkalýðshreyfingin hefur ítrekað sett fram hugmyndir um hvernig bæta megi félagslega húsnæðiskerfið til þess að það þjóni sem best hagsmunum fólksins og óskað eftir því að vera höfð með í ráðum."

Síðar segir í þessari grein sem er undirrituð af Guðmundi Vigni Óskarssyni sem er formaður húsnæðisnefndar BSRB og Kristjáni Gunnarssyni sem er formaður húsnæðisnefndar ASÍ í landinu, með leyfi forseta:

„Kjarninn í stefnu ASÍ og BSRB er því sá, að þeim, sem eru innan félagslega eignaríbúðakerfisins verði veitt aðstoð til að eignast eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum og að þörf þeirra, sem utan kerfisins standa verði mætt með fjölgun félagslegra leiguíbúða.

Þau markmið sem sett eru fram í frumvarpinu, fara í mörgum atriðum saman við markmið ASÍ og BSRB í húsnæðismálum. Hins vegar skortir mikið á að þessum markmiðum verði náð án verulegra breytinga á frumvarpinu. Til þeirra breytinga þarf meiri og betri undirbúning. Samtökin telja að sá tími, sem ætlaður er til afgreiðslu frumvarpsins sé allt of skammur."

Þetta segir m.a. í þessari grein sem formenn húsnæðisnefnda ASÍ og BSRB rituðu í Morgunblaðið um síðustu mánaðamót, nánar tiltekið 29. apríl sl.

Birst hafa fjölmargar aðrar blaðagreinar frá talsmönnum þessara samtaka og annarra. Nefni ég þar t.d. mjög fróðlega grein sem Magnús Norðdahl lögfræðingur ASÍ skrifaði í Morgunblaðið 6. maí þar sem hann gagnrýnir frv. mjög harðlega. Hann gagnrýnir m.a. útreikningana sem birtast í greinargerð félmrh. og vitnar í greinargerð sem reidd er fram af hálfu samtaka launafólks, ASÍ og BSRB.

Önnur grein sem birtist í blöðum nýlega er rituð af Rannveigu Sigurðardóttur hagfræðingi BSRB. Hún birtist í Morgunblaðinu 30. apríl 1998. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um húsnæðismál þar sem lagðar eru til grundvallarbreytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. Ríkisstjórnin hyggst keyra þetta frumvarp í gegn fyrir þinglok þrátt fyrir harða andstöðu verkalýðshreyfingarinnar, en félagslegt húsnæðiskerfi hefur verið baráttumál hreyfingarinnar frá því á fyrstu áratugum aldarinnar og er það þeirri baráttu að þakka að láglaunafólk hefur getað eignast öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegu verði. Með þessu frumvarpi verður stórum hópi láglaunafólks hreinlega úthýst."

Þetta segir í grein Rannveigar Sigurðardóttur hagfræðings BSRB. Hún segir enn fremur:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir því að í stað 90% láns með niðurgreiddum vöxtum verði 65--70% kostnaðar lánuð með markaðsvöxtum eins og nú er í húsbréfakerfinu. Því til viðbótar verði þeim, sem uppfylla ákveðin skilyrði sem enn hafa ekki verið sett, gefinn kostur á viðbótarláni fyrir 20--25% af kostnaði sem einnig verður með markaðsvöxtum, enda gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður, sem stofna á samkvæmt frumvarpinu, standi undir sér. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði láglaunafólks verði í gegnum vaxtabætur. Vegna hertra skilyrða verður einnig fjölda fólks vísað út á leigumarkað án þess að gengið hafi verið frá því að nægilegt framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé tryggt. ASÍ og BSRB hafa bent á að eitt helsta einkenni frumvarpsins sé hversu margt sé óljóst um það húsnæðiskerfi sem verið er að koma á. Einnig hafa samtökin bent á að þættir sem hafa afgerandi áhrif á kjör þeirra sem húsnæðiskerfið á að þjóna séu afar ótryggir. Hér verður einungis vikið að vaxtabótakerfinu og niðurgreiðslu leigukostnaðar."

Þetta segir Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur í þessari grein sem birtist í Morgunblaðinu 30. apríl sl. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að vaxtabótakerfinu sé ekki treystandi. Hún segir, með leyfi forseta:

„Ef taka á upp markaðsvexti á lánum og flytja niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar láglaunafólks yfir í vaxtabótakerfið er ljóst að búa verður þannig um hnútana að hægt sé að treysta því að ekki verði krukkað í það eins og gert hefur verið ítrekað í þau átta ár sem vaxtabótakerfið hefur verið við lýði.

Í efnahagslægðinni í upphafi þessa áratugar voru gerðar árlegar breytingar á vaxtabótakerfinu til að draga úr útgjaldaaukningu ríkissjóðs vegna vaxtabóta. Vaxtabótakerfið byggist á því að ef tekjur húsnæðiskaupenda dragast saman t.d. vegna samdráttar í hagkerfinu aukast vaxtabætur þeirra. Það hefur í för með sér að útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabótakerfisins aukast verulega. Reynslan sýnir okkur að þá grípur ríkisvaldið inn í og breytir forsendum til að spara útgjöld, því tekjusamdrætti hjá einstaklingum vegna samdráttar í hagkerfinu fylgir einnig tekjusamdráttur hjá ríkissjóði."

Þetta er atriði sem hagfræðingurinn vekur sérstaka athygli á og ég hef ítrekað lagt áherslu á í mínum málflutningi og er kjarni málsins og skýrir hvers vegna við erum hrædd við að fara þessa leið eða viljum fá miklu betri tryggingar áður en við samþykkjum þessar breytingar.

Rannveig Sigurðardóttir heldur áfram, með leyfi forseta:

„Ein leið til að skerða vaxtabætur væri að láta hámarksupphæð þeirra ekki hækka í takt við vísitölubreytingar en sú ákvörðun er nú háð geðþóttaákvörðun við afgreiðslu fjárlaga ár hvert."

Þarna mundu vaxtabæturnar sem sagt ekki verða hækkaðar í samræmi við verðbólgu og þannig skerðast.

„Reynslan af þróun persónuafsláttar eftir að honum var kippt úr sambandi við vísitöluhækkanir er gott dæmi um það sem gæti gerst með vaxtabæturnar ef ekki fæst öruggari trygging fyrir þeim áður en frumvarpið verður samþykkt."

Þetta er nokkuð sem menn þekkja, hvernig persónuafsláttur inn rýrnaði í raun að verðgildi vegna þess að hann var

ekki látinn hækka í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Þarna er því komin skýring á ótta okkar við að með því að tengja alla aðstoð vaxtabótunum sé öll þessi aðstoð sett á svið. Hagfræðingurinn heldur áfram:

„Ljóst er að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður stórum hluta þeirra, sem hingað til hafa getað keypt félagslega eignaríbúð, vísað út á leigumarkað. Ástæðan er í fyrsta lagi sú að ekki verða lengur veitt 100% lán sem heimilt hefur verið að veita til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður og umsækjandi sýni fram á greiðslugetu. Rök ráðherra fyrir þessari breytingu eru að margir hafi lent í fjárhagserfiðleikum vegna þessara lána. Ef litið er til reynslu undanfarinna ára sést að milli 67 og 75% þeirra sem fengið hafa slík lán ráða við að kaupa íbúð einmitt vegna þessa möguleika. Þessi hópur verður nú að leita út á leigumarkað en undanfarin ár hafa um 170 manns fengið slík viðbótarlán."

Vegna þess að fólk átti kost á því að fá 100% lán og vegna þess að það átti kost á þessari fyrirgreiðslu, þá réð það við þessar byrðar og þá er svarið: Að skerða hinn félagslega þátt.

„Hin ástæðan" — heldur hagfræðingurinn áfram — „fyrir því að vænta má fjölgunar á leigumarkaði er að allt bendir til að forsendur greiðslumats verði þrengdar. Greiðslumat í félagslega eignaríbúðarkerfinu byggist nú á því að greiðslubyrði vegna húsnæðislána fari ekki yfir 28% af tekjum. Samkvæmt frumvarpinu á að setja um þetta nýjar reglur með hliðsjón af tillögum starfshóps um nýtt greiðslumat. Þessi reglugerð verður ekki sett fyrir afgreiðslu laganna en ef tillögur starfshópsins eiga að liggja þeim til grundvallar er ljóst að kröfur um greiðslubyrði verða hertar. Færri munu þá eiga þess kost að kaupa íbúð og verður leigumarkaðurinn þeirra eina úrræði.

Eins og er er mikill skortur á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Verði frumvarpið að lögum mun því nýr og fjölmennur hópur leita út á leigumarkaðinn en hvergi er í frumvarpinu gengið frá því hver eigi að standa undir niðurgreiðslu á leigukostnaði hans.

Niðurgreiðsla húsaleigukostnaðar getur farið fram, annars vegar með húsaleigubótum, hins vegar með niðurgreiðslu vaxta frá ríkinu. Fram hefur komið að Samband íslenskra sveitarfélaga vill taka upp viðræður um breytt fjárhagsleg samskipti við ríkið vegna þessa frumvarps. Jafnframt kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að teknar verða upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélag um hvernig „sveitarfélögin komi nánar að fjármögnun lána til leiguíbúða ... Gert er ráð fyrir að niðurstaða þessara viðræðna liggi fyrir við gildistöku þessara laga". Báðir aðilar gera ráð fyrir að hinn borgi og því ekki að undra að samkomulag náist ekki milli aðila fyrir lögfestingu frumvarpsins, eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni."

Hér bendir Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur á að gert sé ráð fyrir því að sveitarfélögin komi nánar að fjármögnun lána til leiguíbúða og gert sé ráð fyrir því að niðurstaða þessara viðræðna liggi fyrir við gildistöku þessara laga. Væri ekki nær að þessar niðurstöður lægju fyrir við samþykkt þessara laga? Lögin eiga að taka gildi í byrjun næsta árs og ég hefði talið eðlilegra að niðurstöður úr þessum viðræðum lægju fyrir við samþykkt laganna en ekki gildistöku. Lokaorð hagfræðings BSRB, Rannveigar Sigurðardóttur, í blaðagreininni sem ég er að vísa til og birtist í Morgunblaðinu 30. apríl eru þessi:

„Nú hefur það gerst að félagsmálaráðherra hefur lagt til í breytingartillögum við frumvarpið að skipuð verði nefnd skipuð fulltrúum ASÍ og BSRB, félagslegra byggingaraðila, sveitarfélaga og fjármálaráðherra til að „vinna úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skuli taka mið af í framtíðinni." Í þessu sambandi er rétt að benda á að þrátt fyrir fögur orð um framkvæmdaáætlun og framlög ríkis og sveitarfélaga til niðurgreiðslu húsaleigukostnaðar er ekkert, hvorki í frumvarpinu né öðrum lögum, sem tryggir að ríki eða sveitarfélög muni taka á sig þennan kostnað.

Verkalýðshreyfingin fagnar því að gera eigi úttekt á þörf á leiguhúsnæði þótt hún telji að réttara hefði verið að gera það áður en frumvarp, sem vísar stórum hópi láglaunafólks út á leigumarkaðinn, er samþykkt sem lög frá Alþingi."

Þetta voru lokaorð í grein Rannveigar Sigurðardóttur, hagfræðings BSRB, í Morgunblaðsgrein frá 30. apríl sl. Ég hef vísað til blaðagreina eftir þá sem sem vel þekkja til þessara mála, Rannveigu Sigurðardóttur hagfræðing og Magnús Norðdahl, lögfræðings hjá Alþýðusambandi Íslands. Ég vísaði í og vitnaði til blaðagreinar sem formenn húsnæðisnefnda ASÍ og BSRB, Kristján Gunnarsson og Guðmundur Vignir Óskarsson, sendu frá sér í blað núna nýlega. Hvers vegna vitna ég í þessar greinar? Í þeim er dregið saman í mjög stuttu máli það sem fram kemur í miklu lengri umsögnum.

Við erum með bunka af umsögnum, upp á tugi blaðsíðna, þar sem ítarlega er farið yfir hverju einustu lagagrein þessa frv. Þess vegna væri vert að lesa þær allar upp því að menn hafa lagt í þetta geysilega vinnu. Ég gæti t.d. nefnt umsögn húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar, mjög góða umsögn og afdráttarlausa, þar sem þetta er fordæmt og óskað eftir því að þessu máli verði frestað. Hér er mjög góð umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs upp á fleiri blaðsíður með ítarlegum útreikningi á greiðslubyrði fólks. Ég vísaði í þá úttekt í máli mínu áðan þar sem fram kemur t.d. hver þörf þeir ætla að verði á leiguhúsnæði.

Hér er góð umsögn og ítarleg frá húsnæðisnefnd Reykjavíkur. Hér er umsögn frá Gylfa Thorlacius, vönduð og góð, þar sem hann fer rækilega yfir einstakar greinar þessa frv. og er með sterk varnaðarorð. Á einhvern, hátt í allt of litlum mæli þó, er búið að koma til móts við ýmsar ábendingar hans, en þetta krefst allt miklu betri skoðunar.

Áfram mætti halda. Ég er með greinargerð, sem ég hef vísað í, frá ASÍ og BSRB upp á 30–40 síður með ítarlegum útreikningum. Ég ætla ekki að fara að lesa þessar álitsgerðir upp, a.m.k. ekki að svo stöddu. Við erum aðeins að hefja 2. umr. málsins og þetta er fyrri ræða mín við hana. Ég mun hlusta eftir því hver viðbrögð ráðherra verða.

Hér er umsögn frá Félagsstofnun stúdenta, góð og vönduð umsögn. Við erum með ályktanir, ábendingar og umsagnir frá Búseta og síðan frá öllum þessum samtökum sem vitnað hefur verið í.

Mér finnst þetta vera sú umsögn sem við eigum að taka til greina fyrst og fremst. Það er ósk frá verkalýðshreyfingunni á Íslandi, frá félagasamtökum sem hafa með félagslegt húsnæði að gera og frá samtökum sem eru í forsvari fyrir alla þá sem standa höllum fæti í okkar samfélagi, þar sem óskað er eftir því að menn setjist betur yfir þetta mál, forðist stórslys í húsnæðismálum og undir þessa kröfu vil ég taka.

Ég tek undir það að við frestum þessu máli og setjumst yfir það í sumar og afgreiðum síðan breytt húsnæðislög í haust.

[12:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill geta þess, vegna sérstakra óska hv. þm., að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að gera henni vistina í ræðustólnum sem besta. Hér hefur verið komið með púlt að ósk þingmannsins.)

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hugulsemi forseta að búa mér bærilega aðstöðu í ræðustólnum vegna þess að ég á eftir að dvelja hér þó nokkurn tíma, enda er hér stórt mál á ferðinni.

Vissulega má öllum vera ljóst að þegar verið er að slá af, með litlum fyrirvara og litlum undirbúningi, félagslega húsnæðiskerfið, sem hefur verið við lýði frá árinu 1929 eða í 70 ár, og það án alls samráðs við verkalýðshreyfinguna eða félagasamtök eins og samtök námsmanna, samtök fatlaðra, samtök aldraðra, Búseta og Leigjendasamtökin, þá kallar það á mjög langa og ítarlega umræðu. Félagslega kerfið hefur í 70 ár þjónað mörgum tugum þúsunda fjölskyldna á Íslandi. Fátæku fólki hefur verið gert kleift að komast úr saggafullum kjöllurum og bröggum í sómasamlegt húsnæði. Þessa aðstoð í húsnæðismálum láglaunafólks á nú að slá af í einu vetfangi með þeim afleiðingum að hundruð fjölskyldna á ári hverju hafa hvergi öryggi í húsnæðismálum.

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hér er rothögg fyrir láglaunafjölskyldurnar á Íslandi og stærsti skellurinn sem láglaunafólk hefur orðið fyrir í marga áratugi. Það er alveg ljóst að afleiðingar þessa frv. geta orðið víðtækar. Þess vegna kallar þessi umræða á viðveru ýmissa ráðherra við umræðuna. Þó að húsnæðismálin falli undir hæstv. félmrh. geta afleiðingarnar haft víðtæk áhrif. Þau geta haft áhrif t.d. á heilbrigðismálin, menntamálin, ekki síst að því er varðar húsnæðismál námsmanna, félagslega aðstoð almennt og almennt á aukin útgjöld á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Áhrifanna mun gæta í bankakerfinu og í skuldastöðu heimilanna. Undir þessari ræðu minni, sem staðið getur í alllangan tíma, vil ég því biðja forseta, eða a.m.k. láta í ljós ósk mína eftir viðveru ýmissa ráðherra. Þar er t.d. hæstv. fjmrh. sem nauðsynlegt er að hlýði á þessari umræðu, en álit frá fjmrn. sýnir að fjmrn. gerir einungis ráð fyrir 50 félagslegum íbúðum næstu tvö árin þó að setja eigi hundruð fjölskyldna út á götuna.

Eins minnist ég þess að hæstv. fjmrh., sem nýtekinn er við því starfi, var helsti forsvarsmaðurinn fyrir því fyrir nokkrum árum að veitt yrðu 100% lán í félagslega kerfinu, taldi það mjög brýnt og beitti sér fyrir því með sérstakri brtt. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna þannig að hann megi gera þingheimi ljós þau sinnaskipti sem hafa orðið hjá hæstv. fjmrh.

Ég hef nefnt hæstv. menntmrh. til sögunnar og hæstv. heilbrrh. og hæstv. viðskrh. en það er vegna bankakerfisins og lána til húsnæðismála þar og einnig er nauðsynlegt að fá fram viðhorf formanns Framsfl. í húsnæðismálum þegar Framsfl. hefur núna tekið upp stefnu sjálfstæðismanna í þessum mikilvæga málaflokki.

Í 70 ára sögu félagslegra íbúða á Íslandi hafa verið reistar 10–11 þús. félagslegar íbúðir. Ekki er óvarlegt að áætla að á síðustu áratugum hafi margir tugir þúsunda heimila í landinu á umliðnum árum og áratugum notið góðs af félagslega íbúðakerfinu.

Saga félagslegra íbúða er ákaflega merkileg. Félagslegu íbúðirnar voru til þess að færa fólk úr köldum, þröngum og heilsuspillandi kjöllurum og hreysum í mannsæmandi húsnæði en á þeim tíma var þriðjungur allra íbúða þröngar kjallaraíbúðir eða undir súð en tæplega 70% íbúða voru þá leiguíbúðir. Þegar Héðinn Valdimarsson mælti fyrir frv. um félagslegar íbúðir 1929 orðaði hann það svo, með leyfi forseta:

„Kjallarakompurnar þar og köld og rakasöm loftherbergi stytta ævi verkalýðsins, auka barnadauðann og eru gróðrarstía fyrir berklaveiki og aðra næma sjúkdóma.“

Félagslega íbúðakerfið hefur æ síðan þessi orð voru mælt verið helsti bjargvættur fátæks fólks og getað treyst betur nauman framfærslueyri þess og til að fátækar fjölskyldur láglaunafólks geti komið sér þaki yfir höfuðið. Ég held að það sýni það á því herrans ári 1998 þegar slá á af þetta kerfi að þessi ríkisstjórn lifir í fílabeinsturni. Hún sér ekki eða vill ekki sjá kjör þessa fólks. Allir vita að stærsti þátturinn í framfærslu hverrar fjölskyldu eru húsnæðismálin og þegar svo er komið að öllu þessu fólki er vísað út á almennan leigumarkað, fjölda þeirra sem hefur fengið aðstoð í gegnum félagslega kerfið, þar sem því er gert að greiða kannski 35–50 þús. kr. í leigu, er illa komið fyrir Íslandi.

Við vitum að allt of stór hluti fólks hér á landi þarf að framfleyta sér á lágmarkslaunum og það má ekki við miklu, herra forseti. Það má ekki mikið út af bregða að endar nái ekki saman hjá þeim fjölskyldum. Hvað þá þegar því nú er gert, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að verið er að setja það út á almennan leigumarkað. Þúsund fjölskyldur á ári er kannski ekki stór hópur en það eru þó 2–4 þús. manns og það er fólk sem á kröfu til þess að það geti komið sér þaki yfir höfuðið. Verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan munu hvergi draga af sér til þess að koma í veg fyrir þetta stærsta áfall sem láglaunafólk hefur orðið fyrir í marga áratugi. Það stórlys, herra forseti, sem félmrh. og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að leiða yfir fátækar fjölskyldur á Íslandi. Því þarf engan að undra að ég þurfi að fara vítt og breitt yfir í löngu máli. Ég mun fara yfir samskipti verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda en það hafa orðið kaflaskipti í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda á þessu kjörtímabili og get ég þar vitnað til vinnulöggjafarinnar, sem var þröngvað í gegn í andstöðu við verkalýðshreyfinguna, og til húsnæðislöggjafarinnar núna, breytingu á félagslega kerfinu sem á að koma í gegnum þingið án alls samráðs við verkalýðshreyfinguna. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti í 70 ára sögu verkalýðshreyfingarinnar að gera eigi slíkar breytingar, ég tala ekki um að slá af kerfið af, að ekki er haft neitt samráð við verkalýðshreyfinguna, að ekki er neitt hlustað á verkalýðshreyfinguna eða hvaða innlegg hún hefur í málið.

Samskiptin við félagasamtök eru ekkert betri, herra forseti. Fjölmörg félagasamtök hafa notið góðs af því sem félagslega kerfið hefur boðið upp á. Skjólstæðingum þessara félagasamtaka á líka að úthýsa, herra forseti. Ég mun fara yfir það ítarlega í máli mínu síðar í dag.

Á þessum degi hefur birst heilsíðuauglýsing frá ýmsum þessara félagasamtaka sem hæstv. félmrh. hefur hunsað, ekki talið sig þurfa að eiga neinn orðastað við þó verið sé að kippa grundvellinum undan húsnæðisaðstoð sem þessi félagasamtök hafa veitt skjólstæðingum sínum. Undir kröfu um að þessu máli verði frestað skrifa: Landssamtökin Þroskahjálp;

Leigjendasamtökin; Geðhjálp; Félagsstofnun stúdenta; Búseti; Öryrkjabandalag Íslands; Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra; Byggingarfélag námsmanna; Nemendagarðar Samvinnuháskólans; Félag einstæðra foreldra; Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu; Landssambandið Þak yfir höfuðið; Hússjóður Öryrkjabandalagsins; Blindrafélagið; Húsnæðisfélagið SEM; Sólheimar; Félagsstofnun stúdenta á Akureyri; Bandalag ísl. sérskólanemenda; Nemendagarðar Bændaskólans á Hólum; Styrktarfélag vangefinna; Félag ábyrgra feðra; Landssamband eldri borgara auk heildarsamtaka launafólks, ASÍ og BSRB.

Ráðherrann telur sig ekki þurfa að hlusta á allan þennan stóra hóp. Ég hygg að ekki sé óvarlegt að áætla að það séu nálægt 100 þúsund félagar og skjólstæðingar í öllum þessum félögum sem ég hef verið að telja upp. Þeir eru með ákall til Alþingis um að þetta frv. verði stöðvað. Við í stjórnarandstöðunni munum gera okkar til þess að svo geti orðið.

Í þriðja lagi, herra forseti, þarf að fara yfir stefnu sjálfstæðismanna í húsnæðismálum og stefnu framsóknarmanna í húsnæðismálum. Framsfl. hefur a.m.k. gerbreytt um stefnu frá því í síðustu kosningum. Hann boðaði allt annað í síðustu kosningum en hann er að leggja til á Alþingi í dag. Það þarf að fara ítarlega yfir. Síðan þarf að fara yfir, herra forseti, þær umsagnir sem hafa komið fram um frv., ég hygg að séu um 150–200 blaðsíður sem við erum að tala um sem eru umsagnir um þetta frv. Margar þeirra, herra forseti, verulegur fjöldi þeirra eru mjög alvarlegar athugasemdir eins og frá ASÍ, BSRB, húsnæðisnefndum víðs vegar um land, félagasamtökum og meiri hlutinn í hv. félmn. hefur bara lítið hlustað á þessar athugasemdir sem hafa komið fram sem hafa verið studdar mjög ítarlegum rökum, herra forseti, fullnægjandi rökum sem hefðu átt að nægja til þess að meiri hlutinn hefði aðeins stoppað við núna þegar er verið að fara í þá stóru aðgerð að umbylta öllu félagslegu kerfi á Íslandi.

Einnig þarf að fara yfir hvernig áður hefur verið staðið að breytingum á húsnæðislöggjöfinni á Íslandi í tíð fyrri félmrh., hvernig samráð var virkt við aðila vinnumarkaðarins, hvernig ítarlegur undirbúningur var að öllum breytingum sem hafa verið lagðar til í húsnæðismálum á umliðnum árum þar sem undirbúningi var háttað á þann veg að fyrst var farið í að gera ítarlegar skýrslur um nauðsyn breytinganna, áhrifin af þeim breytingum, þær bornar undir verkalýðshreyfinguna og ýmsa aðila og þegar þær athugasemdir voru fengnar var farið í að setjast yfir að smíða löggjöf í samráði við verkalýðshreyfinguna. Allt þetta verður rifjað upp, herra forseti, úr þessum ræðustól í dag.

Við þurfum líka að fara yfir sögu félagslega íbúðakerfisins allt frá 1929, en á árinu 1929 voru mjög gagnmerkar umræður á Alþingi þegar félagslega íbúðakerfinu var komið á fót. Þar létu til sín taka menn sem voru mjög framarlega í pólitíkinni á þeim tíma. Héðinn Valdimarsson var í broddi fylkingar til að koma á félagslega íbúðakerfinu. Í þeirri umræðu létu til sín taka Tryggvi Þórhallsson, páv. forsrh. og atvinnumálaráðherra, Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Jón Baldvinsson, Haraldur Guðmundsson, Jörundur Brynjólfsson og Jónas Jónsson páv. dómsmrh. Þeir létu sig húsnæðislöggjöfina skipta. Forsrh. tók mjög virkan þátt í umræðunum um húsnæðismálin 1929 en forsrh. á Íslandi 1998, þegar verið er að slá af þetta kerfi, hann lætur ekki sjá sig. Þetta þarf að rifja ítarlega upp.

Síðan þarf ég að fara yfir gagnmerkt rit sem er til um sögulega þróun húsnæðismála á Íslandi og ég nefni einnig framkvæmdaáætlunina 1964 en þá var ákveðið að byggja 1.250 félagslegar íbúðir á sex árum. Það var mikil lyftistöng og breytti miklu fyrir fátækt fólk á Íslandi. Ég þarf einnig að fara í stórum dráttum yfir meginþættina í þróun og skipulagi húsnæðismála á Norðurlöndum og fjármögnunarkerfinu þar að því er varðar húsnæðismálin. Það þarf að fara yfir kosti þess og galla að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og stofna nýjan banka. En hæstv. ráðherra heldur því fram að um sparnað sé að ræða að leggja niður þessa stofnun án þess að sýna neitt fram á það hvað þessi nýi húsbanki eða Íbúðalánasjóður kostar. Auðvitað verður farið ítarlega yfir það, herra forseti, hvernig á að fara með starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þar eru líka kaflaskipti.

Ég hef viðað að mér ýmsum lögum töluvert langt aftur í tímann þar sem verið er að breyta ríkisstofnunum, breyta rekstrarformum þeirra. Í öllum þeim lögum, sem ég hef farið yfir, hverju og einasta þeirra, er ákvæði um að tryggja því starfsfólki í þeirri viðkomandi stofnun sem var verið að breyta um rekstrarform á vinnu eftir breytinguna. Hæstv. ráðherra hlustar ekki á það. Einhver óljós orð í nál. um það að e.t.v. eins og hægt er verði það skoðað að þetta fólk fái starf í nýja Íbúðalánasjóðnum. Hér eru líka á ferðinni, herra forseti, ákveðin kaflaskipti að því er varðar umgengni við starfsfólk þegar verið er að fara út í svona rekstrarbreytingar. Það finnst mér vera alveg sérstakur kafli að það skuli vera félmrh. og það félmrh. sem tilheyrir Framsfl. sem er hér að brjóta í blað, hvernig með er farið að því er varðar starfsmenn þegar verið er að breyta og leggja niður Húsnæðisstofnun og nýr Íbúðalánasjóður að taka við, að þetta fólk skuli ekki hafa forgang þar til starfa. Ég þekki ekki betur, og hef í nokkur ár haft samskipti við Húsnæðisstofnun sem félmrh., en að þar vinni fólk sem þekkir mjög vel til verka, þekkir vel húsnæðislöggjöfina út og inn, og ég held að missir verði að því ef svo verður haldið á málum að þessu fólki verði ekki tryggð atvinna og yfir það verður rækilega farið síðar á þessum degi, herra forseti.

Síðan þarf auðvitað að fara, herra forseti, á nýjan leik yfir svör hæstv. félmrh. til Alþingis á síðasta þingi þegar hann var spurður um ýmsa þætti félagslega íbúðakerfisins og hann varð uppvís að því, herra forseti, sem virðist gerast aftur og aftur á hverju þinginu á fætur öðru, að gefa þinginu rangar upplýsingar. Það var ekki nóg með að hann gerði það einu sinni á því þingi, heldur tvisvar vegna þess að hæstv. ráðherra gaf þinginu einnig rangar og villandi upplýsingar um samanburð á húsbréfakerfinu og 86-kerfinu, sem Framsfl. ríghélt í þótt það væri mjög dýrt fyrir ríkissjóð, kallaði á langar biðraðir þannig að fólk þurfti að bíða í 2–3 ár eftir að fá fyrirgreiðslu í húsnæðismálum og var mjög kostnaðarsamt og dýrt á allan hátt fyrir fólk. Í þeim svörum, herra forseti, kom fram að afföllin í 86-kerfinu, sem menn töldu að fundið hefði verið upp með húsbréfakerfinu, voru á bilinu 13–23%. Það var kerfi sem Framsfl. leiddi í lög og hafði forustu um á þingi á sínum tíma. Allt þetta þarf að rifja upp, herra forseti.

Síðan þarf að fara almennt yfir mat á því hvaða áhrif þessar breytingar hafi í þjóðfélaginu, ekki bara fyrir þá sem notið hafi góðs af félagslega kerfinu heldur hvaða áhrif þetta hefur á félagslega þjónustu almennt, heilbrigðiskerfið, menntakerfið, vímuefnavandamálið, ríkissjóð, áhrif á fjárhag sveitarfélaga vegna þess að ég held að sveitarfélögin hafi ekki almennt áttað sig á því hvað hér er á ferðinni. Og ef sveitarfélögin kvarta núna undan því að lagðar séu byrðar

á þau vegna félagslegra íbúða, þá held ég að þau hafi ekki séð nema hluta af því þegar í ljós kemur í framkvæmdinni hvaða áhrif ákvæði þessa frv. hafa fyrir sveitarfélögin og ég mun fara ítarlega yfir það í máli mínu. Ég kann því illa þegar farið er að nota þau orð sem sífellt glymja og félmrh. notar gjarnan að þetta sé einhver baggi eða byrði á sveitarfélögum að aðstoða fólk við að fá sér húsnæði.

Við heyrum aldrei talað um, herra forseti, að það sé einhver baggi á sveitarfélögum þó að malbika þurfi götur eða því um líkt. Þess vegna á fólk að venja sig af því að tala um bagga þegar við erum að tala um stöðu þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Við verðum þá hreinlega að gera það upp við okkur hvort við viljum viðhalda því velferðarkerfi, sem við erum stolt af, vegna þess að staðreyndin er sú að þegar verið er að tala um að miklir peningar og fjármagn fari í velferðarkerfið, í húsnæðismálin, í félagslegar íbúðir, þá er staðreyndin sú, og tölur liggja fyrir um það í úttekt sem gerð hefur verið, að helmingi minna fjármagn rennur til barnafjölskyldna á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Samt eru hlutfallslega miklu fleiri börn 16 ára og yngri hér en á hinum Norðurlöndunum. Mig minnir að það séu 24,5% meðan það er einhvers staðar á bilinu 16–18% á hinum Norðurlöndunum. Samt rennur helmingi minna fjármagn til barnafjölskyldna hér á landi.

Við þurfum líka að fara yfir það, herra forseti, hvaða áhrif þetta hefur á félagasamtök eins og Búseta sem hefur gert stórátak í húsnæðismálum íslensku þjóðarinnar frá því að Búseti tók til starfa. Ég sé ekki betur, nema eitthvað breytist í meðförum þingsins, en að verið sé hreinlega að kippa grundvellinum undan starfsemi þeirra félagasamtaka enda skrifa þau undir þá áskorun til þingsins sem birtist á heilsíðu í dagblaði í dag.

Við þurfum líka að fara yfir úttekt Félagsmálastofnunar á húsaleigubótum og hvaða áhrif þær breytingar sem voru gerðar á húsaleigubótum hafa haft á þá sem hafa verið í leiguíbúðum hjá félagsmálayfirvöldum. Þetta þarf allt að fara yfir. Við þurfum einnig að fara yfir skýrslu sem liggur fyrir þinginu og var lögð fyrir þingið að mig minnir á sl. ári en hefur ekki verið rædd og það er skýrsla forsrh. um fátækt og lífskjör á Íslandi og annars staðar. Þegar verið er að setja fátækt fólk út í kuldann eins og hér á að gera, þá þurfum við að fá sýn hæstv. forsrh. á fátækt á Íslandi og hvernig hún blasir við honum vegna þess að staðreyndin er auðvitað sú, eins og ég hef bent á, að mér finnst að þessi ríkisstjórn, þessi helmingaskiptastjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tali úr fílabeinsturni, hún vilji ekki sjá hvernig kjörum stórs hluta þjóðarinnar er háttað.

Síðan þurfum við, herra forseti, að fara yfir stöðu einstæðra foreldra. Á hverjum bitna þær breytingar sem hér er verið að gera? Þær bitna helst á einstæðum foreldrum, fátækum barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Þetta eru hóparnir sem ríkisstjórnin hefur valið sér rétt áður en þing fer heim eða hvenær sem það nú verður, (**RG:** Ekki í fyrsta sinn.) Hún velur sér þennan hóp, þennan markhóp til að draga niður lífskjör þeirra. Ekki í fyrsta sinn, herra forseti, segir hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Það er rétt. Það er nefnilega alveg með ólíkindum í þeirri velferð sem hæstv. forsrh. státar sig iðulega af, að það sé svo mikil velferð og uppsveifla í þjóðfélaginu, að ég hygg að á þessu kjörtímabili hafi aldrei, aldrei frá því að ég man eftir verið eins oft og grimmilega ráðist á kjör aldraðra í þjóðfélaginu. Aftur og aftur voru þeir skotmarkið í hverjum fjárlögunum á fætur öðrum.

Þegar jafnaðarmenn voru í ríkisstjórn voru erfiðleikar. Þá vorum við ekki í uppsveiflu og mikil kreppa var í þjóðfélaginu. En jafnaðarmenn settu sér það mark hvað sem á gengi, hvað mikið sem þyrfti að skera niður að vernda t.d. kjör fatlaðra, aðstöðu þeirra, aðbúnað og þjónustu. Þar var, held ég megi segja, í gegnum öll þessi ár veruleg raunaukning á framlögum til þeirra og hefur aldrei orðið eins mikil uppbygging eins og þegar jafnaðarmenn fóru með stjórn landsmálanna að því er varðar málefni fatlaðra. Jafnaðarmenn reyndu líka að hlífa öldruðum eins og kostur var en ekki að nota þá sem bitbein til að reyna að skera niður í fjárlögunum.

Þess vegna hef ég tekið með mér ágæta samantekt um stöðu fjölskyldunnar á Íslandi sem var gefin út í bók 1994 á Ári fjölskyldunnar sem sýnir almennt stöðu fjölskyldunnar á Íslandi, hvar á hallar, hverju við þarf að bregðast og hvað þarf að gera betra til þess að við búum í fjölskylduvænu samfélagi. Ég mun vissulega fara ítarlega yfir það í máli mínu á eftir.

Ég sé að hæstv. félmrh. tollir ekki í salnum og er þetta ekki góð byrjun á langri ræðu minni þegar hann tollir ekki fyrsta hálftímann. Ég á væntanlega eftir að vera alllengi í stólnum og hefði óskað eftir því að sem mest á þeim tíma mundi hæstv. ráðherra hlýða á mitt mál og ekki síst nú þegar ég ætla að gera það að mínum næsta kafla að rifja upp loforð og afrek Framsfl. og hvernig þeir hafa staðið sig í húsnæðismálum eftir að þeir tóku við félmrn. Byrjunin var ekki glæsileg, herra forseti. Skuldbreyting aldarinnar. Skuldbreyting aldarinnar var flaggið í kosningunum. Ég býst við að einhverjir af þingmönnum Framsfl. geti þakkað setu sína á þinginu því flaggi sem reist var í kosningunum — skuldbreyting aldarinnar. Hvernig birtist svo þessi skuldbreyting í þingsölunum? Hv. formaður félmn. sem hér er í salnum, herra forseti, og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem báðar eiga sæti í félmn. muna þá snautför ráðherrans þegar hann kom inn í þingið með skuldbreytingu aldarinnar. Glöggar eins og þær eru sáu þær auðvitað fljótt þegar farið var yfir málið að hæstv. ráðherra var að hverfa langt aftur í tímann, þannig að ef þær aðgerðir, sem hann kom með inn í þingið á sínum fyrstu vikum í stóli ráðherra, hefðu verið við lýði á árinu 1993, þegar við jafnaðarmenn komum aðgerðum á að því er varðar skuldbreytingu, þá hefðu ekki 2.000 manns fengið aðstoð á árinu 1993–1995, nei. Það voru aðeins 400 sem hefðu fengið aðstoð. Ef þetta frv. sem ráðherrann var með sem var skuldbreyting aldarinnar, flaggið, hefði komið til framkvæmda 1993, þá hefðu aðeins 400 manns fengið aðstoð í staðinn fyrir 2.000 sem fengu aðstoð samkvæmt þeim tillögum sem við höfðum hrint í framkvæmd í tíð jafnaðarmanna í félmrn. Það voru öll ósköpin. Hæstv. ráðherra var rekinn til baka með frv., herra forseti, og þær tillögur sem höfðu verið settar í tíð okkar jafnaðarmanna voru lögfestar. Þar varð engin breyting á. Það var öll skuldbreyting aldarinnar.

Ég man eftir því að hæstv. ráðherra, af því að hann ber sig nú alltaf vel, þakkaði félmn. mjög vel fyrir vel unnin störf og væntanlega fyrir — þó að hann segði það ekki úr ræðustól — að leiða sig af villu síns vegar.

Síðan kom hitt málið sem var flagg númer tvö í kosningabaráttu framsóknarmanna og hefur átt drjúgan þátt í að þeir fengu bærilega útkomu í síðustu kosningum. Það var greiðsluaðlögun. Koma átti á greiðsluaðlögun sem bjarga

átti skuldugustu heimilunum. Það voru ófáar ræðurnar, herra forseti, sem voru fluttar á þingi af framsóknarmönnum um greiðsluaðlögun. Þeir gerðu margar atlögur að þáv. hæstv. félmrh., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem var í sæti félmrh. fyrir þær kosningar og kröfðust greiðsluaðlögunar, greiðsluaðlögunar strax, hér og nú, ekki eftir kosningar. Það væri ekki hægt að bíða. Tími allrar skoðunar væri liðinn og þúsundir fjölskyldna biðu eftir því að greiðsluaðlögun kæmi. Þar var fremstur í flokki hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson. Hann skrifaði margar greinar sem ég mun fara yfir síðar í dag um nauðsyn á greiðsluaðlögum.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti leyfir sér að trufla hv. þm. í ræðunni en gert hafði verið ráð fyrir því að gera matarhlé kl. eitt. Nú er klukkan eitt og forseti vill spyrja hv. þm. hvort ekki séu tök á því að þingmaðurinn geri hlé á ræðu sinni í 30 mínútur og gert verði matarhlé.)

Það er sjálfsagt, herra forseti.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 673. mál, svar fjmrh., þskj. 1400.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, þskj. 1399.

Skuldbinding B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna aukins hluts dagvinnulauna, 674. mál, svar fjmrh., þskj. 1400.

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 676. mál, svar fjmrh., þskj. 1400.

Starfslokasamningar, 600. mál, svar fjmrh., þskj. 1401.

[13:34]

**Jóhanna Sigurðardóttir** (frh.)**:**

Herra forseti. Fyrir matarhléð hafði ég farið yfir þau fjölmörgu atriði sem ég mun gera ítarlega skil í ræðu minni í dag sem er í grundvallaratriðum 23–24 meginþættir. Ég hafði gert grein fyrir því á hverjum frv. hæstv. félmrh. mun helst bitna en það eru einstæðir foreldrar og fátækar barnafjölskyldur, námsmenn og fatlaðir og hvernig þetta fólk er raunverulega skilið eftir án þess að gerðar séu nokkrar ráðstafanir til þess að þetta fólk fái öruggt húsaskjól eða hvert það getur leitað. Raunverulega er það þá svo, herra forseti, sem ég mun koma inn á síðar í dag, að það á bara að setja nefnd í málið og niðurstaðan um það hvað verður um þetta fólk á ekki að liggja fyrir fyrr en árið 2000.

Ég var þar komin í ræðu minni, herra forseti, að ég var að rifja upp kosningaloforð framsóknarmanna og hvernig þeir hafa fylgt þeim eftir á þingi það sem af er kjörtímabilinu, þau þrjú ár sem framsóknarmenn hafa haft forræði á húsnæðismálum á Íslandi. Ég rifjaði upp það sem mér var minnisstæðast rétt áður en við fórum í matarhlé sem var skuldbreyting aldarinnar og hvernig það var gersamlega svikið af framsóknarmönnum og þar var ég komin að ræða annað meginkosningaloforð framsóknarmanna sem var greiðsluaðlögun sem þeir fóru mikið með í þingsölum og ekki síst í kosningabaráttunni undir forustu iðn.- og viðskrh. og ég er sannfærð um að hefur skilað þeim einhverju í kosningaúrslitunum. Því er hart, herra forseti, fyrir það fólk sem treysti á að þeir mundu fylgja þessu máli fast eftir í þingsölum að allt skuli hafa verið svikið og það bólar ekkert á því, þvert á móti, að þeir muni það ár sem eftir lifir af þessu kjörtímabili standa við þetta veigamikla mál.

Það lá svo mikið á þegar verið var að ræða þetta í þingsölum fyrir síðustu kosningar að ég minnist þess að einn hv. þm. Framsfl., hv. þm. Guðni Ágústsson, orðaði það svo: „Líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna um allt land veltur á skjótum aðgerðum, skuldbreytingu aldarinnar og greiðsluaðlögun.“ Svo stór voru þau orð, herra forseti.

Ekki er nóg með að þetta sé svikið, skuldbreyting aldarinnar og greiðsluaðlögun, heldur er verið að leggja af félagslegt íbúðakerfi á Íslandi og skilja hundruð fjölskyldna eftir á vonarvöl þar sem þær hafa hvergi öryggi í húsnæðismálum og vita ekki hvert þær eiga að leita. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að vísa fólki á að það eigi bara að fara í leiguhúsnæði þegar það er ekki til og það eru langir biðlistar. Bara í Reykjavíkurborg bíða sennilega um 400 manns eftir leiguíbúðum, auk þess að 300–400 aldraðir bíða líka eftir leiguíbúðum, að vísa svo þessu fólki til viðbótar á þennan leigumarkað. En ég mun koma að því síðar í dag en halda áfram við þessa greiðsluaðlögun.

Það er alveg ljóst að þó vilji framsóknarmanna hafi staðið til þess að koma á greiðsluaðlögun voru það sjálfstæðismenn sem réðu ferðinni. Þess vegna hefur ekkert orðið af því að hér hafi verið flutt frv. um greiðsluaðlögun. Hv. framsóknarmenn láta nefnilega stjórnast í hverju málinu á fætur öðru og það er alveg greinilegt hvaða stefna það er sem ræður ferðinni í ríkisstjórninni hvort sem það eru húsnæðismál eða annað. Það er stefna sjálfstæðismanna. Greiðsluaðlögun varð því víkja en sem dúsa upp í ráðherrann og Framsfl. voru lögð á borð þingmanna þingmál sem áttu að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun sem var réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga og í annan stað heimild í skattalögum til þess að gera nauðasamninga vegna skattaskulda. Þetta átti að koma í stað greiðsluaðlögunar, herra forseti.

Hver hefur orðið niðurstaðan í því? Hefur þetta bjargað þúsundum heimila frá gjaldþroti eins og var lofað í síðustu kosningum? Nei, herra forseti. Það hefur ekki gert það vegna þess að spurst hefur verið fyrir um það frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins hverjir hafi fengið aðstoð samkvæmt þessum lögum sem öllu áttu að breyta og koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun. Dæmið lítur þannig út:

Frá 1. júlí 1996 til 31. des. 1997 eða á einu og hálfu ári hafa 22 fengið aðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, herra forseti. 22 einstaklingar hafa fengið aðstoð samkvæmt lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga á einu og hálfu ári. Þetta eru þær þúsundir sem átti að bjarga, herra forseti, með greiðsluaðlögun. (**Gripið fram í:** 22 einstaklingar.) 22 einstaklingar, það er allt og sumt.

Síðan getum við spurt: Hvað með heimildina til að gera nauðasamninga vegna skattaskulda? Skyldu það þá ekki vera einhverjir tugir þó það sé ekki meira sem hafa fengið aðstoð samkvæmt þeim lögum, herra forseti? Nei, það er ekki svo vegna þess að enginn, herra forseti, enginn hefur fengið aðstoð samkvæmt þeim lögum. Í heildina erum við að tala um 22 einstaklinga á þessu kjörtímabili sem hafa fengið aðstoð sem átti að koma í gegnum greiðsluaðlögunina. Þetta er afrekaskrá sem er ekki hægt að vera stoltur af, herra forseti.

Ég verð að segja að ef ég væri í sporum hæstv. félmrh. liði mér satt að segja ekki vel með að það sem ég hefði staðið fyrir að lofa kjósendum í kosningabaráttu hefði verið framkvæmt með þessum hætti.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum flutt frv. um greiðsluaðlögun, ítarlegt frv. um greiðsluaðlögun sem ég mun líka fara yfir í dag sem er hin raunverulega leið til þess að bjarga þeim sem eru mjög illa staddir og hafa raunverulega engin úrræði, þá höfum við lagt fram frv. sem mun hjálpa þessum einstaklingum. Þetta frv. er í anda þess sem framsóknarmenn lofuðu fyrir kosningar en hafa ekki staðið við.

Hæstv. ráðherra talar mikið um að hann hafi farið þá leið að lengja lánstímann í húsbréfakerfinu. Gott og vel. Hafa margir nýtt sér þessa leið? Er hún þess eðlis að hún létti svo verulega greiðslubyrði fólks, eins og ráðherrann hefur haldið fram, að stór hópur fólks sem fær fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu hafi horfið frá því að taka 25 ára bréf en síðan eru allir komnir í 40 ára bréf? Nei, það hefur ekki gerst, herra forseti. Aðeins 6% hafa nýtt sér þessa heimild, 25 ára lánstímann. Árið 1997 voru það 4.588 sem tóku húsbréf til 25 ára. En hvað voru margir sem gripu þetta tækifæri sem ráðherrann taldi að mundi bjarga mörgu? Það voru aðeins 299 sem eru með húsbréf til 40 ára en 4.588 eru með 25 ára lánstíma sem tóku húsbréf árið 1997. Auðvitað sá fólk í gegnum þetta, það sá að þetta var ekki leiðin. Þetta var ekki það bjargráð sem dugði til þess að létta verulega greiðslubyrðina. Það munar sáralitlu í greiðslubyrðinni en þegar við tökum heildarvaxtagreiðslur, herra forseti, á þessum lánstíma, annars vegar á 25 ára bréfum og hins vegar á 40 ára bréfum og miðum við 3 millj. kr. lán þá eru þetta 2,4 millj. sem fólk borgar í vexti af 25 ára láni en um 4 millj. af húsbréfi til 40 ára. Auðvitað horfir fólk í það þegar það lítur líka til þess hve litlu munar raunverulega á mánuði í greiðslubyrði.

Þessi 40 ára lánstími í húsbréfakerfinu er meginuppistaðan í þeim tillögum sem ráðherrann býður fátæku fólki á Íslandi í staðinn fyrir félagslega kerfið. Það er kafli út af fyrir sig sem ég fer í gegnum á eftir hvernig framsóknarmenn hömuðust gegn húsbréfakerfinu, fundu því allt til foráttu, höfðu um það mörg og stór orð sem ég mun rifja upp í dag.

Þetta er afrekaskráin og maður spyr: Er þessum mönnum treystandi fyrir því að breyta félagslega húsnæðiskerfinu, viðkvæmasta þætti húsnæðismálanna, umbylta því og rústa og þykjast síðan vera að gera það til hagsbóta fyrir láglaunafólkið? Þannig hefur hæstv. ráðherra talað. Ég fór yfir það, herra forseti, og fór nokkuð langt aftur í tímann til þess að rifja upp hvað hæstv. ráðherra Páll Pétursson hefði haft að segja um húsnæðismálin gegnum tíðina sem óbreyttur þingmaður, hvað hann hefði haft mikil afskipti af húsnæðismálunum, hvort hann væri búinn að breyta um skoðun, stefnu o.s.frv. Satt að segja, herra forseti, er í þingtíðindum harla fátæklegt að finna þegar maður leitar uppi ræður hæstv. félmrh., yfirmanns húsnæðismála á Íslandi, hvað hann hefur haft til málanna að leggja í húsnæðismálum á síðustu árum og áratugum. Ég hygg að það hafi verið allt aftur til 1988 sem ég leitaði að hvað ráðherrann hefði að segja. En örfáar ræður, ekki voru þær margar, teljandi á fingrum annarrar handar, er hægt að finna þar sem ráðherrann ræðir um húsnæðismál. Hér er ein stutt og hún fjallar um húsaleigubætur. Það er á árinu 1994. Þá segir hæstv. ráðherra:

„Úr því að farið er að ræða húsnæðisbætur held ég að þörf sé á svolítilli sögulegri upprifjun. Málið hófst með því að það var básúnað út af félmrh. að nú ætti að fara að koma á húsaleigubótum. Félmrh. vildi vera voða góður við leigjendur og fátæklinga eins og alltaf. Útkoman varð svo þessi bastarður sem er að senda reikninginn til sveitarfélaganna ef þau vildu á annað borð taka við honum og hinn hlutur reikningsins sendur jöfnunarsjóði og félagslega íbúðakerfið skorið niður um 100 íbúðir. Þetta held ég að sé rétt að menn hafi í huga þegar menn ræða húsaleigubætur."

Þetta hafði ráðherrann að segja um húsaleigubætur árið 1994. Það væri hin mesta skömm að senda sveitarfélögunum og jöfnunarsjóðnum reikninginn í húsaleigubótamálinu. En hvað er ráðherrann að gera núna? Hann er að senda sveitarfélögunum ansi stóran reikning. Ekki bara það að húsaleigubætur og kostnaður við þær mun margfaldast þegar verið er að vísa fátæku fólki út á leigumarkaðinn heldur mun það kosta verulega ef sveitarfélögin fara á annað borð í uppbyggingu á leiguíbúðum. Síðan básúnar hæstv. ráðherra, þá þingmaður árið 1994, yfir því að verið sé að skera félagslegar íbúðir niður um 100. En hvað skyldu þær hafa verið margar þá, herra forseti? Þegar þær voru flestar í tíð minni sem félmrh., voru þær 800, voru lengi á hverju ári um 500, var skorið niður á tímabili um 100 niður í 400 af því að það var verið að koma á húsaleigubótum af því annað var ekki hægt, það var ekki hægt að ná samkomulagi um annað við hæstv. fjmrh., ráðherra sjálfstæðismanna. Engu að síður voru þær þó 400. En hvað eru þær margar núna, herra forseti? Þær slefa einhvers staðar yfir 100, kannski 170 íbúðir. En hann fór mikinn þegar verið var að skera þær úr 500 niður í 400 til að koma á húsaleigubótum en nú eru þær orðnar 170. Þetta er ein af þeim fáu ræðum sem telja má á fingrum annarrar handar sem hægt er að lesa um afstöðu ráðherra húsnæðismála til húsnæðismála almennt gegnum árin. Hann þurfti að hafa nokkur orð um húsbréfakerfið, það vantaði ekki, herra forseti. Hann gerði það í einni ræðu, og segir, herra forseti:

„Komið hefur í ljós að húsbréfakerfið gengur ekki upp, því miður. Þegar hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, kreisti húsbréfakerfið í gegnum þingið lét hún það í veðri vaka að þetta leystist allt af sjálfu sér. Hún bjó til einhvers konar naglasúpu sem þurfti ekkert í nema smávegis af nöglum. Síðan átti þetta að verða fínasta súpa."

Þessi naglasúpa, herra forseti, sem hæstv. ráðherra talaði um árið 1994 er ekki verri en svo að hún á líka að leysa allan vanda fátæks fólks á Íslandi. Þetta var naglasúpan sem hæstv. ráðherra talaði um þannig að það rekur sig hvað á annars horn, herra forseti, þegar við erum að ræða þetta mál núna og rifja upp sögulegar skýringar og hvernig hæstv. ráðherra, þá þingmaður, hefur talað um húsbréfakerfið.

Ég hef fundið ræðu frá ráðherranum frá 1989 og þá segir hv. þm., núverandi ráðherra, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alveg rétt hjá hv. þm., sem hann hefur komið auga á af skarpleik sínum, að við erum hér með eða verðum hér í nánustu framtíð með tvöfalt kerfi, verðum með núverandi húsnæðiskerfi og húsbréfakerfi þar til hliðar. Þetta húsbréfakerfi er tilraun."

Það var nefnilega akkúrat það. Framsfl. vildi ríghalda í 86-kerfið, biðraðakerfið sem gerði fólki það að bíða í tvö til fjögur ár eftir því að fá fyrirgreiðslu í langri biðröð með tilheyrandi afföllum, það þurfti að vera á leigumarkaðnum, vegna þess að lánshlutfallið er lægra en nú er þurfti það að taka mikið af skammtímalánum í bönkum og það þurfti sæta miklum afföllum. Hv. framsóknarmenn vildu ríghalda í 86-kerfið, og keyra til hliðar naglasúpuna sem hæstv. ráðherra orðaði svo, húsbréfakerfið. Þetta átti bara að keyra samhliða. Það var meginskýringin á því, sem framsóknarmenn hamast á sýknt og heilagt, að tímabundið á einhverjum mánuðum

fóru afföll á húsbréfakerfinu hátt. Það skal ég viðurkenna, þau fóru yfir 20%. En meginskýringin var sú að verið var að keyra tvö kerfi samhliða með mikilli fjármagnsþörf í 86-kerfinu og síðan húsbréfakerfinu. Ég held að ekki nokkrum manni detti í hug, ekki einu sinni framsóknarmönnum, ekki einu sinni hæstv. ráðherra Páli Péturssyni, að breyta húsbréfakerfinu núna þegar hann hefur tækifæri til þess. Nei, þvert á móti eiga allir að fara í húsbréfakerfið, líka fátækt fólk, þó að vitað sé og allir vita og við jafnaðarmenn best að það er ekki sniðið að þörfum láglaunafólks. Það er félagslega kerfið aftur á móti.

Hæstv. ráðherra mælti fyrir, og það er eiginlega síðasta ræðan sem ég hef síðan 1988 um það sem hæstv. ráðherra hefur haft að segja um húsnæðismálin, till. til þál. um stofnun Byggingarsjóðs námsmanna. Þá hafði hann mörg orð um það í framsögu sinni að tilgangurinn með þessari tillögu væri að benda á ákveðna leið til lausnar á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum námsmanna. Hér kemur fram að í könnun sem Félagsstofnun stúdenta lét gera árið 1982 á húsnæðisaðstöðu stúdenta við Háskóla Íslands að 4,6% stúdenta bjuggu á stúdentagörðum en 40% stúdenta bjuggu í leiguhúsnæði. Lánasjóður ísl. námsmanna lét framkvæma árið 1986 svipaða könnun á húsnæðisaðstöðu námsmanna sem voru í lánshæfu námi hér á landi. Sú könnun sýndi að 50% námsmanna bjuggu í leiguhúsnæði og í dag búa um 4% stúdenta við Háskóla Íslands á stúdentagörðum.

Kostirnir við að koma á sérstökum Byggingarsjóði námsmanna var að lægri námskostnaður mundi draga úr kröfu námsmanna um hækkun á reiknuðum framfærslukostnaði frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það væri þjóðfélagslega hagkvæmara að fjármagna félagslegar íbúðabyggingar fyrir námsmenn en að fjármagna húsnæðiskostnað þeirra á almennum markaði.

Ég bið hæstv. forseta að taka eftir því sem hæstv. ráðherra, þá þingmaður, sagði: „Það er þjóðfélagslega hagkvæmara að fjármagna félagslegar íbúðabyggingar fyrir námsmenn en að fjármagna húsnæðiskostnað þeirra á almennum leigumarkaði."

Þarna koma náttúrlega fram greinileg sinnaskipti. Hitt sem ég var að lesa voru ónot út í húsbréfakerfið, kallandi það naglasúpu sem öllu á að bjarga í dag. Ég spyr ráðherrann: Hefur hann breytt um skoðun? Er ekki farsælla að fjármagna félagslegar íbúðabyggingar fyrir námsmenn en að vísa þeim á almennan markað?

Hann hélt því fram, sem ég tek alveg undir, að aukið framboð á húsnæði fyrir námsmenn mundi leiða til lækkunar á leiguverði á hinum almenna leigumarkaði höfuðborgarsvæðisins og kæmi það helst til góða þeim sem búa í leiguhúsnæði á því svæði.

Hvað ætlar hæstv. ráðherra, herra forseti, að gera nú við námsmennina? Mér leikur mikil forvitni á því að vita hvort hæstv. ráðherra hefur lesið alvarlega umsögn sem liggur fyrir í skjölum frá Félagsstofnun stúdenta og námsmönnum þar sem þeir vara við þeirri leið sem á nú að fara. Gegnum félagslega íbúðakerfið hefur verið byggður fjöldi íbúða fyrir námsmenn þar sem námsmenn hafa átt kost á kjörum í félagslega íbúðakerfinu með 1% vöxtum til að byggja leiguíbúðir fyrir námsmenn. Hvað er boðað núna, herra forseti? Boðað er að sú 1% niðurgreiðsla sem er á vöxtum til byggingar námsmannaíbúða standi næstu tvö árin og síðan er allt í óvissunni og allt bendir til í þessu frv. að hækka eigi vextina á námsmannaíbúðunum upp í markaðsvexti. Jafnvel þó að í tvö næstu ár, fram til ársins 2000, verði þetta með 1% vöxtum þá eru leiguíbúðirnar þó ekki nema 50 sem á að veita lán til á niðurgreiddum vöxtum næstu tvö árin. Samt erum við nú þegar með 400 manns á biðlista eftir leiguíbúðum í Reykjavík og sennilega annað eins samanlagt á landinu öllu og síðan á að vísa núna með þessu frv. 600 manns á leiguíbúðir sem eru ekki til, þar á meðal námsmönnum.

Framsfl. hefur alltaf talið sig vera talsmann námsmanna með hæstv. viðskrh. Finn Ingólfsson í broddi fylkingar, talið sig vera aðaltalsmann námsmanna á Íslandi. Hvað eru þeir að gera? Það sem námsmenn þurfa helst á að halda meðan þeir eru í námi er að hið opinbera veiti þeim möguleika á húsnæði sem er viðráðanlegt til þess að þeir geti lokið námi sínu vegna þess að við vitum hvað húsnæðiskostnaðurinn er þungur í framfærslu fólks og ekki síst námsmanna.

Að básúna það út hér fyrir kosningar að þeir séu sverð og skjöldur námsmanna og koma svo inn í þingið þegar námsmenn og fleiri hafa veitt þeim umboð aftur og bera svo á borð þetta frv. sem kemur í veg fyrir að hægt sé að byggja námsmannaíbúðir á næstu árum. Það mun örugglega koma niður á því sem menn kalla jafnrétti fólks til náms.

Hvar er hæstv. menntmrh.? Ég sagði í upphafi máls míns að ég þyrfti fleiri ráðherra til að ræða um þetta húsnæðisfrv. en hæstv. félmrh. Hvað segir hæstv. menntmrh. um það þegar verið er að koma í veg fyrir það á næstu árum að hægt sé að byggja námsmannaíbúðir? Stúdentar hafa af mikilli elju komið upp námsmannaíbúðum af því að þeim var gert það kleift með 1% vöxtum en nú fer þetta allt upp í markaðsvexti. Sennilega eftir árið 2000 og á meðan eiga námsmenn sem aðrir að láta sér duga 50 íbúðir. Ég veit ekki hvernig hæstv. ráðherra ætlar að koma 1.200 fjölskyldum sem verða á götunni á þessu ári inn í 50 íbúðir. Ég fæ engan botn í það, herra forseti.

Það er því allt á sömu bókina lært með þetta en af því að ég var að vitna í þessar fáu ræður, þrjár, fjórar ræður sem ég fann á 10–12 ára tímabili, hve mikil afskipti húsnæðismálaráðherrann á Íslandi hefur haft af húsnæðismálum þá fann ég bara ekki meira. En ég rakst á það að ráðherrann lét hafa eftir sér í blöðum á sínum tíma, þegar ég var að reyna að koma húsbréfakerfinu á, að ég hefði nauðgað því í gegnum heilan þingflokk hvernig í ósköpunum sem ég átti að fara að því, herra forseti. Það er þetta kerfi sem á nú öllu að bjarga.

Ég man eftir einu öðru sem hæstv. ráðherra lét hafa eftir sér í blöðunum sem snertir húsnæðismál. Það var þegar hann kom með rangar og villandi upplýsingar inn í þingið og var yfirskriftin í blöðum viðtal við hann: „Kerlingin bara pirruð." Þetta eru í hnotskurn afskiptin sem húsnæðismálaráðherrann á Íslandi hefur haft af þessum málum. Maður spyr: Er hægt að treysta húsnæðismálaráðherranum á Íslandi til að fara út í það sem hér er verið að gera, að breyta félagslega kerfinu þannig að þeir sem hafa haft þar skjól og aðstoð hafi hana áfram? Hver er ráðgjafi hæstv. ráðherra? Einn af þeim, á þeim fundum sem ég sat í félmn., og sem mér skilst að hafi líka samið þetta frv. er fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði.

Hver er afrekaskrá þessa bæjarstjóra á Ísafirði í húsnæðismálum? Þar hafa dýrustu félagslegu íbúðirnar verið byggðar. Maður skilur bara ekki hvernig hægt var að byggja þriggja herbergja íbúð fyrir 11 eða 12 millj. kr. Út af þessum dýru íbúðum, sem sums staðar hafa verið byggðar, og einhverjum 32 auðum íbúðum af 10.000 félagslegum íbúðum á Íslandi á nú að rústa þessu kerfi. Hver er ráðgjafi hæstv. félmrh. í þessum málum? Það er fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði, sem

stóð fyrir því að byggja þar mjög dýrar félagslegar íbúðir. Þetta er nú ekki björgulegt, herra forseti, þegar við lítum til þess.

Ég ætla aðeins áður en ég fer í greiðsluaðlögunina, sem við í stjórnarandstöðunni höfum talað mjög fyrir, og er ný leið fyrir skuldug heimili af því að ég sé að hæstv. ráðherra er ekki við í þingsalnum og ég vil bíða eftir að hann geti hlýtt á mál mitt þegar ég fer yfir greiðsluaðlögunina, þá ætla ég að snúa mér að því að fara aðeins yfir afleiðingarnar af þessari breytingu hæstv. ráðherra.

Það á að loka félagslega íbúðakerfinu. Markaðsvæðing á að taka við í félagslega lánakerfinu með stofnun nýs banka sem á að standa undir sér með eignum, tekjum, gjöldum og vöxtum og veita íbúðalán á markaðskjörum. Hvað segir þetta okkur þegar á að markaðsvæða félagslega kerfið? Það er verið að segja að verið sé að slá af allt sem heitir félagsleg aðstoð í húsnæðismálum og allir eigi bara að bjarga sér hvort sem þeir geta eða ekki. Við getum litið til tekjuskiptingarinnar á Íslandi. Er hún svo jöfn og eðlileg að allir geti komið sér upp þaki yfir höfuðið? Ég segi nei, herra forseti. Það hefur verið svo gegnum árin og áratuginn að það er til fólk sem þarf á aðstoð að halda, ekki af því að það vinni ekki. Það vinnur hörðum höndum myrkranna á milli, 8, 10, 12 tíma á sólarhring. En kjörin eru bara með þeim hætti hér á landi að stórum hluta fólks eru búin kjör sem eru til skammar íslensku þjóðfélagi, 40–50 þús., kannski komin í 70 þús. núna. Hvað kostar leiga á almennum markaði sem verið er að vísa þessu fólki á? Ætli hún sé ekki 40–50 þús. og tekur obbann af mánaðartekjunum. Þó að þetta fólk bæti á sig yfirvinnu og komist kannski í 80–100 þús. kr. þá er það ekki til að lifa af. (**Gripið fram í:** Það dugir ekki.) Hefur ekki verið metið svo að framfærslukostnaður fjögurra manna fjölskyldu sé um 200 þús.? Er það ekki það minnsta sem þjóðfélagið getur gert fyrir þetta fólk sem eru skömmtuð 70–80 þús. að bjóða því upp á mannsæmandi aðstoð í húsnæðismálum? Nei, það á ekki að gera það. Það á bara að slá þá aðstoð af. Það verður auðvitað ekki gert, herra forseti, án þess að um það verði rætt í þingsölunum þannig að menn skyldu muna að hér inni voru menn og konur sem reyndu að koma í veg fyrir þetta sem hér er að gerast þegar menn fara að átta sig á því — og sveitarfélögin líka sem greinilega átta sig ekki á því hvað verið er að gera fátæku fólki á Íslandi.

Það eru 1.000 fjölskyldur sem hingað til hafa árlega fengið íbúðir gegnum félagslega kerfið. Stór hluti þessa fólks eða um 600 fjölskyldur af þeim 1.000 sem fengið hafa félagslegar íbúðir árlega hafa ekki greiðslugetu til að standa undir þeim nýju lánum sem hinn nýi banki á að veita. Svo einfalt er málið. Það er ekki flóknara en það. Ég hef þegar sagt frá því að verið er að vísa þessu fólki á leiguíbúðir sem ekki eru til. Það eru þegar á biðlista eftir leiguíbúðum hjá Reykjavíkurborg nokkur hundruð láglaunafjölskyldur sem hafa beðið lengi. Mér skilst að biðlistinn þar sé 1–2 ár, og ef byggja á aðeins 50 leiguíbúðir á næstu tveimur árum, þá getum við reiknað út, og er það einfalt skólabókardæmi hvað tekur mörg ár bara að leysa þörfina sem nú er án þess að við reiknum með þeim fjölda sem nú bætist í þessa biðröð.

Herra forseti. Húsnæðisaðstoð við námsmenn, fatlaða og aldraða er með þessum tillögum alveg úti í kuldanum. Ég mun koma inn á það á eftir. Og ég hygg að fleiri muni koma inn á hvernig við erum með þessum tillögum að hverfa til baka til fortíðar í málefnum fatlaðra. Ég man eftir því þegar ég kom fyrst inn á þing, þá voru allir fatlaðir og sú þjónusta sem þeir þurftu, hver sem hún var, var á einum stað í einni stofnun í Kópavoginum. Þessi aðstaða hefur gjöbreyst. Nú hafa verið reist sambýli og vistheimili fyrir fatlaða um allt land. Og þegar fötluðum stóðu til boða félagslegar íbúðir, þá sýndi sig að með aðstoð við fatlaða, sem fólk hélt áður að ættu bara að vera lokaðir inni á stofnunum, var hægt að búa svo um með skipulagðri aðstoð eins og verið hefur í gegnum árin að fatlaðir hafa líka getað verið í félagslegum íbúðum sem margir héldu að gætu bara verið á stofnun. Ég þekki dæmi þess, ánægjuleg dæmi um að fatlað fólk og þroskaheft hefur sjálft komið sér upp sínum eigin íbúðum í gegnum þetta kerfi. En nú er verið að slá af möguleikana til að Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið geti komið upp slíkum íbúðum þannig að sennilega sjáum við það fyrir okkur, ef ekkert verður að gert, að þetta fólk verði að hverfa aftur inn á vistheimilin og inn á stofnanirnar. Samt segir félmrh. alveg hiklaust án þess að blikna að verið sé að breyta kerfinu til að tryggja hag lægst launaða fólksins betur. Hvernig er hægt að láta svona út úr sér, herra forseti? Ég skil það ekki. Hæstv. ráðherra hefur ekki í gegnum þann tíma sem við höfum verið í umræðunni um þetta mál, nú og við 1. umr. eða í fjölmiðlum tekist að skýra það fyrir mér eða þjóðinni að þessar breytingar stuðli að því að tryggja betur hag lægst launaða fólksins. Að bera slíkt á borð er auðvitað alveg fráleitt, herra forseti.

Síðan skulum við spyrja okkur þeirrar mikilvægu spurningar: Af hverju er verið að breyta þessu kerfi? Af hverju þarf að breyta því? Nú skal ég verða fyrst til að segja að það þarf að breyta því. Það þarf að laga það og sníða af því galla. Ég skal koma að því síðar. Ég er tilbúin að fara í þá vinnu með félmrh., stjórnarandstaðan er tilbúin til þess, verkalýðshreyfingin er tilbúin til þess og er það ekki þess virði, herra forseti, að reyna það og gera tilraun til þess að reyna að ná sátt í þessu máli frekar en að þröngva því svona í gegnum þingið þegar það er vitað að hundruð fjölskyldna verða skildar eftir með þessari leið sem við erum að fara? Þetta kerfi á hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Af hverju í ósköpunum liggur þá svona á því, herra forseti, að afgreiða það núna þannig að þinginu er framlengt aftur og aftur til að koma þessari löggjöf í gegn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að veita aðstoð til fátækasta fólksins í landinu í húsnæðismálum? Svo mikið liggur lífið við að það þarf að margfresta því að fresta þingi, svo mikið liggur á að koma þessu máli í gegn.

Af hverju á að rústa kerfinu? Við skulum fara í gegnum það, herra forseti. Af hverju er hæstv. félmrh. að stofna þennan nýja banka, sem úthýsir hundruðum láglaunafólks á hverju ári sem þá á hvergi höfði sínu að halla? Ráðherrann segir að félagslegar íbúðir standi auðar um allt land, Byggingarsjóður verkamanna sé á hausnum, útlánatöp séu mikil og láglaunafólk standi ekki undir greiðslubyrði af íbúðunum. Þetta eru röksemdirnar. Þetta eru þær fjórar, fimm meginröksemdir sem hæstv. ráðherra teflir fram og þeim verður svarað hér, herra forseti.

Í fyrsta lagi, auðu íbúðirnar. 32 íbúðir af 11 þús. félagslegum íbúðum sem til eru hafa staðið auðar lengur en ár og 79 íbúðir í sex mánuði eða lengur. 32 í eitt ár eða lengur og 79 íbúðir í sex mánuði eða lengur af 11 þús. félagslegum íbúðum. Er það ástæðan fyrir því að loka á félagslega kerfinu, að örfá sveitarfélög úti á landi hafa ekki staðið sig skynsamlega í uppbyggingu félagslegra íbúða og byggt umfram þörf þannig að 32 félagslegar íbúðir af 11 þús. standa auðar? Á að loka kerfinu vegna þess og senda

hundruð fjölskyldna út á götuna? Auðvitað á ekki að gera það. Það á að laga þá galla sem eru á kerfinu en ekki loka því. Síðan er sagt að útlánatöp byggingarsjóðanna séu svo mikil, ekki síst Byggingarsjóðs verkamanna. En hver eru útlánatöp sjóða fólksins, húsnæðissjóðanna? Á fjögurra ára tímabili, tökum 1990–1994 voru útlánatöp hjá báðum þessum sjóðum sem velta tugum milljarða á hverju ári 65 millj. hjá báðum íbúðalánasjóðunum á fjórum árum. En hver voru útlánatöpin hjá bönkunum, hjá fyrirtækjasjóðunum á sama tíma? 22 milljarðar en 65 millj. hjá báðum sjóðum fólksins, Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna sem velta tugum milljarða á ári.

Á að loka þeim vegna þess að útlánatöpin eru svo mikil? Ég segi nei, herra forseti. Það á ekki að loka þeim af því að útlánatöpin eru mjög lítil. Við getum komið að vanskilunum á eftir sem alltaf er verið að tala um, að fólk standi ekki undir greiðslubyrði o.s.frv. Staðreyndin er sú að vanskilin eru innan við 1% í Byggingarsjóði verkamanna, og ég mun fara betur yfir það síðar í dag. Mig minnir að það sé 0,9%. Hæstv. ráðherra segir að ekki sé hægt að lána fólki 100% lán, þ.e. 90% lán sem sjóðurinn veitir til 40 ára og síðan 10% til þriggja ára af því að fólk standi ekki undir því, það setji fólk á hausinn.

Hver er staðreyndin í því máli, herra forseti? Af 600 fjölskyldum sem hafa fengið 100% lán voru 17% í vanskilum, og þess vegna á að afnema þessi 100% lán og vísa fólki á leigumarkað sem ekki er til. Þetta eru engin rök, herra forseti. Þetta eru ekki rök sem eru boðleg löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Við eigum að gera breytingar sem tryggja hag láglaunafólksins betur í félagslega kerfinu, ég er alveg sammála því. Á þessu kerfi hafa komið fram gallar sem þarf að leiðrétta en ég tel að það sé frekar í framkvæmdinni heldur en löggjöfinni sjálfri. Tökum t.d. kaupleiguíbúðirnar af því að hæstv. ráðherra fullyrðir aftur og aftur í frv. sínu að enginn sveigjanleiki sé í kerfinu. Kaupleigukerfið býður upp á 100% lán, býður upp á að 90% sé lánað til 43 ára og sveitarfélögin áttu að lána það sem upp á vantaði, þessi 10% til 15 ára, en þau hafa fæst gert það. Þau hafa líka sum — ég segi sum því þorri sveitarfélaga hefur staðið sig vel — en sum hafa byggt umfram þörf, verið að halda uppi atvinnustarfsemi á staðnum fyrir byggingariðnaðinn þannig að kerfið hefur í þeim sveitarfélögum þjónað betur byggingariðnaðinum en láglaunafólki. Þetta er bara staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og á þessu þarf að taka.

Síðan er það sem er auðvitað líka mjög alvarlegt í þessu að þeir sem á annað borð fá inni í þetta kerfi, herra forseti, þurfa að bera meiri kostnað. Hann getur komið fram í greiðslubyrðinni og skal ég taka dæmi af því síðar en ég ætla núna að fara í kostnaðinn.

Beinn kostnaður sem fólk þarf að taka á sig til að fá íbúðina fer upp í það að vera nærri helmingi hærri en nú er. Það sýndum við fram á við 1. umr. málsins og hefur hæstv. ráðherra eitthvað látið segjast vegna þess að hann boðar brtt. um að stimpilgjöldin verði ekki á viðbótarlánunum, þessum 25%. En þau verða á húsbréfalánum þannig að við erum samt, þó að stimpilgjöldin séu ekki á viðbótarlánunum, að tala um viðbótarkostnað sem fólk þarf að bera til að komast inn í hið nýja kerfi ráðherrans sem getur verið fast að 100 þús. kr. meira en er í núgildandi kerfi. Síðan þurfa seljendur við sölu íbúðarinnar að greiða fimmfalt hærri sölulaun en í núverandi kerfi, fimmfalt hærri sölulaun. Viðtal við hvern var í sjónvarpinu í gær sem brosti breitt og fagnaði mjög breytingum ráðherrans? Það voru fasteignasalar, herra forseti, sem fögnuðu mjög þessari breytingu af því að nú geta þeir farið að hirða sölulaun af fólki, a.m.k. 2%, sem fólk þurfti ekki að greiða áður. Nú fer þetta allt í gegnum fasteignasalana. Það þarf að greiða þeim sölulaun enda kætast þeir mjög, herra forseti, kætast mjög. (**GE:** Einkum af hækkuðu verði.) Akkúrat, herra forseti, það sem hv. þm. Gísli S. Einarsson var að fara inn á, það var boðað um leið að þetta gæti þýtt hækkun á verði á íbúðum, væntanlega hækkun þá á verði tveggja og þriggja herbergja íbúða vegna þess að nú stækkar kaupendahópurinn sem kemur inn á almenna markaðinn, herra forseti, og það staðfestu fasteignasalar í sjónvarpinu í gær að þetta gæti hækkað verð á íbúðum ofan á allt saman sem við höfum farið í gegnum, herra forseti. (**Gripið fram í:** Verða þá ekki hærri umboðslaun?) Það verða örugglega hærri umboðslaun, nú er það allt orðið frjálst. Fasteignasalar ráða orðið hvað þeir taka í umboðslaun. Áður var þó sett þak á það en þessi ríkisstjórn er búin að losa um það, allt skal frjálst, allt skal á markað. Það er kjörorð. Það er núna að gerast með láglaunafólkið. Það á að setja það bara á markaðinn, markaðsvæða þetta allt saman.

Það hefur þessar afleiðingar sem fasteignasalinn hikaði ekki við að viðurkenna í gær, fagnaði mjög að fá nýjan kaupendahóp, sölulaun inn til okkar, og þetta getur leitt til hærra verðs á íbúðum. Samt er það svo í dag og það er viðurkennt af þeim sem hafa skoðað þetta, Húsnæðisstofnun og fleiri aðilum, Fasteignamatinu, að verð á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu í félagslega kerfinu er 10% lægra en verð á íbúðum á almennum markaði. Bara miðað við 7 millj. kr. íbúð er það 700 þúsund sem fólk þarf að taka á sig bara í hærra íbúðarverði fyrir utan að það þarf að borga þessa útborgun, 10% sem er núna skilyrðislaus. Allir þurfa að greiða þetta og svo ef það bætist núna einnig á til viðbótar að verð á íbúðum hækkar, guð má vita um hve mikið, hvað eru það þá margir, herra forseti, yfir höfuð sem njóta góðs af þessu nýja kerfi ráðherrans. Það skyldi þó ekki vera að ég sé allt of varleg í tölum þegar ég er að tala um að 600 manns verði úthýst og settir á götuna. Ef ég tek dæmi af Kópavogi sem gerði úttekt á biðlistunum hjá sér þar sem voru 300 manns og athuga hve margir af þeim 300 mundu passa inn í þetta nýja kerfi. Hvað voru það margir, herra forseti, af þessum 300? Það voru rúmlega 3%, tíu manns. Tíu manns pössuðu inn í nýja kerfi ráðherrans, (**Gripið fram í:** Hvað höfðu margir aðgang ...) sem hafa haft aðgang að þessu félagslega kerfi. Ég hygg því að það sé mjög varlega áætlað hjá mér þegar ég er að segja 600. Ef það bætist svo við að íbúðaverð hækkar líka, kostnaðurinn eykst, verða þeir enn þá færri. Síðan verður það háð sveitarfélögunum hvort íbúanir fá yfirleitt aðgang að kerfinu eða ekki vegna þess að ef sveitarfélögin borga ekki 5% inn í varasjóð af einhverjum ástæðum, setja það aftarlega í forgangsröðina við fjárhagsáætlun sína, telja sig ekki hafa efni á að borga þessi 5% inn í varasjóðinn, sem á að vera í þessum nýja Íbúðalánasjóði, er búið að svipta alla íbúa þess sveitarfélags rétt til þess að fá aðgang að þessu nýja kerfi ráðherrans.

Hins vegar er frelsið ekki meira en svo, af því að frelsið var gulrót ráðherrans, að ef ég kem til sveitarfélags míns og segi: Ég vil fá að velja mér íbúð, ég vil gjarnan fara í Vesturbæinn, þá getur sveitarstjórnin bara sagt við þig: Við erum með endursöluíbúð uppi í Breiðholti. Ef þú tekur hana ekki færðu ekki neitt. Þetta er hægt að segja við fólk fyrstu

tvö árin. Það var takmarkalaust áður. Þeir hafa þó aðeins látið segjast og það eru næstu tvö árin sem verða með þessum hætti.

Hvað ætla sveitarfélögin að gera, sem telja sig lítið þurfa að mótmæla þessu frv. þó að húsnæðisnefndirnar, fagnefndirnar í sveitarfélögunum, geri það mjög kröftuglega og geri það með miklum rökum að setja fram gagnrýni sína, hvað ef allir láta blekkjast af þessu sem ráðherrann talar um, trúa okkur ekki í stjórnarandstöðunni, þegar íbúar sem eru í félagslegum íbúðum í Breiðholti og hafa verið þar (Gripið fram í.) og vilja kannski komast í Vesturbæinn, fara til Reykjavíkurborgar og segja: Við viljum komast í Vesturbæinn og þið verðið að kaupa þessa íbúð af okkur. Það er kaupskylda á henni. Hvað getur sveitarfélagið sagt ef það koma 50–100 fjölskyldur úr Breiðholti sem vilja allar fara í Vesturbæinn, í nýja fína kerfið? (Gripið fram í.) Já, ég tala nú ekki um það. Hvað gera sveitarfélögin þá? Sveitarfélögin telja þetta bara allt í lagi. Sveitarfélögin eiga nefnilega eftir að sjá að þetta kerfi er ekki svona gott fyrir þau eins og þau halda og mér finnst alveg furðulegt hvernig sveitarfélag eftir sveitarfélag hleypur eftir skoðunum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í húsnæðismálum, kaupir þetta alveg hrátt og blint án þess að skoða þessi mál í stað þess að fara eftir því sem húsnæðisnefndirnar í þeirra eigin sveitarfélagi segja um þetta. Tökum Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Akureyri. Þessar húsnæðisnefndir rakka nýja kerfið niður með fullum og sannfærandi rökum, herra forseti. En sveitarstjórnirnar hlusta ekki á þetta og horfa bara á hvað Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur að segja um þetta mál. (**Gripið fram í:** En Félag fasteignasala?) Eða Félag fasteignasala. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur að sveitarfélögin skuli ekki kynna sér þetta mál betur vegna þess og það er einmitt athyglisvert, að fyrst og fremst, ef ég skil málið rétt, hefur verið tekið tillit til athugasemda frá Vinnuveitendasambandinu og Seðlabankanum. Það voru aðalathugasemdirnar sem tekið var tillit til en ekki frá ... (Gripið fram í.) Ekki Vinnuveitendasambandinu? (**Gripið fram í:** Ekki lengur.) Jæja, ég er fegin því. En a.m.k. var lítið tillit tekið til húsnæðisnefndanna. Ef sveitarfélögin telja að þetta sé eitthvað betra fyrir fjárhag þeirra eiga sveitarfélögin að skoða hvað er best fyrir íbúana en ef þau hafa fyrst og fremst verið að skoða þetta út frá eigin fjárhag, að það sé betra fyrir fjárhag sveitarfélaganna að gera þetta svona, vaða þau í villu og svima vegna þess að þetta mun kalla á auknar húsnæðisbætur, gífurlega aukningu á fjárframlögum til húsaleigubóta og þetta mun kalla á gífurlegt fjármagn ef sveitarfélögin ætla að byggja upp félagslegar íbúðir. (**Gripið fram í:** Leiguíbúðir.) Leiguíbúðir. Sveitarfélögin munu því sjá það fyrr en seinna að þau hafa verið að kaupa þarna köttinn í sekknum.

Ég hef farið yfir þetta um viðbótarlánin og það frelsi sem ég held að þar sé ekki allt sem sýnist. Ég held að ég þurfi líka að fara ítarlegar yfir þetta sem ég er með í bunkunum til þess að reyna að sýna sveitarfélögunum fram á það hvað kerfið þýðir fyrir þeirra fjárhag vegna þess að ég ber hag sveitarfélaganna nokkuð fyrir brjósti og vil ekki að það sé verið að plata þau eins og hér er verið að gera. Ég held t.d. að nokkur fljótaskrift hafi verið á því samkomulagi sem var gert á milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubætur. Um hve háa fjárhæð var samið? Ef ég man rétt voru það 280 millj. Við sýndum fram á að kostnaðurinn við húsaleigubætur, og mig minnir að það hafi verið stutt rökum frá Þjóðhagsstofnun, gæti farið í 500 millj. hjá sveitarfélögunum. Ég held að það verði enn þá meira en það þegar svo stór hópur þarf að fara á almenna leigumarkaðinn eða leiguíbúðir.

Síðan er líka sérstaða í þessu að því er varðar sveitarfélögin að sveitarfélög sem hafa staðið sig vel í uppbyggingu félagslegra íbúða eins og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og víða úti á landi, að það virðist vera svo frá gengið og um hnútana búið að í gegnum þennan varasjóð eiga sveitarfélögin að fara að leysa hin sveitarfélögin eða nokkur sveitarfélög, sem hafa staðið sig illa, fara að greiða niður skuldir þeirra af félagslegum íbúðum sem verður gert í gegnum þennan sjóð. Kannski átta þau sig á því og finnst bara samhjálpin á milli sveitarfélaganna vera allt í lagi og þá er það gott og vel. En ég minni á það að hæstv. ráðherra hefur í hendi sér að breyta þessari tölu, þeim 5% sem þarna eru, þessu framlagi í þennan varasjóð. Hann þarf ekki að leita til þingsins með það. Hann getur bara breytt þessu 5% framlagi.

Síðan, af því að ég er með það við höndina, er gott á þessari stundu að renna aðeins yfir þær breytingar sem eru að verða á niðurgreiðslunni sem fólk hefur fengið í gegnum niðurgreidda vexti. Það hefur gert fólki kleift í gegnum tíðina að koma sér þaki yfir höfuðið að vextirnir hafa verið verulega niðurgreiddir og síðan hafa vaxtabætur komið til. Nú á að hætta þessum niðurgreiðslum og færa vextina upp í markaðsvexti í félagslega kerfinu líka, á eignaríbúðunum, sem koma í gegnum Íbúðalánasjóðinn og ég sé ekki betur en það sé boðað líka að því er varðar leiguíbúðirnar, að það sé aðeins næstu tvö árin sem hægt er að treysta á það að vextirnir verði niðurgreiddir af leiguíbúðum.

Við höfum farið í gegnum það og ég ætla að rifja það upp í nokkrum setningum að við höfum sýnt fram á að hundruð fjölskyldna, sem fá nú íbúðir í gegnum félagslega kerfið, fá ekki aðgang að þessu nýja kerfi, einungis eru ætlaðar 50 leiguíbúðir samtals eða 25 á ári næstu tvö árin. Í öðru lagi að þeir fáu sem á annað borð fá þær hafa iðulega takmarkað frelsi til að velja sér sjálfir íbúðir á almennum markaði. Í þriðja lagi mun kostnaður við að fá íbúðina tvöfaldast til þrefaldast frá því sem nú er. Í fjórða lagi verður hætt niðurgreiðslu vaxta en við taka vaxtabætur, sem ég hef sýnt fram á, herra forseti, að er einstæðu foreldri og einstaklingum mun óhagstæðari en nú er. Ég gerði mér satt að segja vonir um að efh.- og viðskn., sem var með frv. um tekjuskatt og eignarskatt eða breytingar á vaxtabótunum, mundi breyta þeim ákvæðum sem er að finna um vaxtabætur, þ.e. hún mundi hækka þakið sem er á vaxtabótum til einstaklinga og einstæðra foreldra. En ég sá mér bara til skelfingar í morgun þegar ég var að lesa álit meiri hlutans að það á ekkert að breyta því frv. Hvaða þýðingu hefur það, herra forseti? Ég ætla aðeins að fara yfir það.

Útreikningar sem ég hef látið gera sýna að ef keypt er dýrari íbúð en 5,5 millj. kr. er vaxtabótakerfið óhagstæðara einstaklingum en núverandi niðurgreiðsla á vöxtum. Ef einstætt foreldri kaupir íbúð yfir 6,5 millj. kr. er vaxtabótakerfið enn óhagstæðara.

Ég hef tekið dæmi af einstæðu foreldri með eitt barn með 800 þús. kr. í tekjur á ári sem kaupir sér íbúð sem kostar 7,3 millj. kr. og fær 90% lán bæði í núverandi kerfi og nýju. Í núverandi kerfi greiðir þetta einstæða foreldri í nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vexti að frádreginni niðurgreiðslu, 151 þús. kr. á ári. Í nýja kerfinu verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádregnum vaxtabótum, 214 þús. á

ári. Þar sem hámark vaxtabóta til einstæðs foreldris er 185 þús. kr. á ári greiðir þetta einstæða foreldri mismuninn. Til að þetta einstæða foreldri verði jafnsett í nýju kerfi og eldra kerfi þarf því að hækka þakið á vaxtabótunum úr 185 þús. kr. í 238 þús. kr. eða um 63 þús. kr. Við erum því að tala um mismun upp á 63 þús. kr. sem fólk þarf nú að taka úr eigin vasa og greiða með þessum lánum sem var áður greitt í gegnum niðurgreiðslu á félagslega kerfinu. Mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi þingheimi og skuldi fólki, sem á núna að fara að greiða miklu meira í niðurgreiðslur fyrir utan allt annað sem ég hef nefnt, að hann skýri þetta út og hann svari þeirri spurningu hvort hann hafi gert tilraun til þess að fá hæstv. fjmrh. til þess að breyta frv. sínu og hækka þakið á vaxtabótunum.

Herra forseti. Nú sakna ég hæstv. fjmrh., ekki aðeins út af þessu máli heldur líka út af 100% láninu í félagslega kerfinu sem hann hafði forustu um á þingi fyrir nokkrum árum að yrði samþykkt.

(**Forseti** (RA)**:** Vegna þessara orða vill forseti láta þess getið að hæstv. fjmrh. mun hafa fjarvistarleyfi í dag.)

Hvað þýðir þetta nú, herra forseti? Þýðir það að ég geti þá ekki haldið áfram með ræðu mína af því að það er auðvitað liðurinn í þessu að hæstv. fjmrh. hlusti á ræðu mína? Ég er að fjalla um stóran hlut í þessu nýja kerfi ráðherrans sem snýr að niðurgreiðslunni þar sem við eiga að taka vaxtabætur og hæstv. ráðherra átti að vera viðbúinn því að hann gæti verið kallaður til þings til þess að ræða þetta stóra mál, þessa hlið á þessu nýja kerfi þar sem allt á að fara í gegnum vaxtabætur. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ég megi eiga von á svipuðum svörum varðandi aðra ráðherra sem ég nefndi í morgun og ég þarf að eiga orðastað við eins og hæstv. menntmrh. út af námsmannaíbúðunum, hæstv. heilbrrh. af því að ég tel að við séum að stefna í að auka verulega útgjöld í félags- og heilbrigðiskerfi með þeim aðgerðum sem eru boðaðar. Ég bað um það í morgun og boðaði að ég þyrfti einnig að ræða við þessa ráðherra.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið að þeir fjórir ráðherrar sem nefndir munu hafa verið, hæstv. menntmrh., heilbrrh., viðskrh. og utanrrh., hafa fengið boð um óskir hv. þm.)

Herra forseti. Ég skil málið svo að ég geti ekki átt von á hæstv. ráðherra fjármála jafnvel þó ég standi drjúga stund enn í þessum ræðustól?

(**Forseti** (RA)**:** Forseti hefur ekki aðrar upplýsingar en þessar að hæstv. fjmrh. hefur fjarvistarleyfi.)

(**Gripið fram í:** Þá er úr vöndu að ráða.) Já, það er vissulega úr vöndu að ráða vegna þess að við erum ekki að tala um neina smáaura fyrir fólkið þegar við erum að tala um að þetta geti skipt máli upp á 63 þús. kr. sem fólk þarf að taka á sig núna meira í niðurgreiðslur en það gerði áður. Þetta eru bara mánaðarlaun hjá sumum launþegunum sem við erum að tala um. Þetta eru engir smáaurar í vasann. Þetta vegur þungt hjá fjölda heimila sem við erum að tala um. Annaðhvort er verið að gera þetta með þessum hætti að láta fólk taka á sig 63 þús. kr. meira eða vísa þessu fólki öllu á að það geti ekki keypt sér íbúðir sem eru dýrari en 4–5 millj. Hvar fær fólk íbúðir upp á 4–5 millj.? (**KÁ:** Í kjallaraholum.) Í kjallaraholum. Við erum nefnilega að hverfa aftur til fortíðarinnar þegar fólki var boðið upp á það.

Við getum tekið dæmi af einstaklingi. Útreikningar sýna að þessi einstaklingur þarf að greiða 57 þús. kr. meira og við erum að tala um dæmi um einstakling sem er með 1 millj. í tekjur og kaupir sér íbúð á 6 millj. og þarf til þess 90% lán, bæði í núverandi og nýju kerfi. Þá lítur dæmið svona út:

Í núverandi lánakerfi verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádregnum niðurgreiðslum 145 þús. kr. á ári. Í nýja kerfinu verða nettógreiðslur, þ.e. afborganir og vextir að frádregnum vaxtabótum 191 þús. kr. á ári. Þar sem þak á vaxtabótum til einstaklings er 144 þús. kr. verður hann sjálfur að taka á sig mismuninn.

Þetta er kjarni málsins og til þess að einstaklingur sé jafnsettur í nýja kerfinu þarf að hækka þakið á vaxtabótunum úr 144 þús. kr. á ári í 191 þús. kr. eða um 47 þús. kr. og um 57 þús. ef tekjur einstaklings eru 800 þús. kr. á ári. (**Gripið fram í:** Hvað ætli það kosti?) Já, hvað ætli það kosti? Þetta er góð spurning, herra forseti, sem kemur úr sal. Ég held að menn viti ekkert hvað þeir eru að gera vegna þess að auðvitað mun þetta kosta sitt og einstaklingarnir að taka á sig verulegan mismun. Ég held að staðreyndin sé samt sú að ljósið sem þeir sjá sem eru í forustu fyrir breytingunni að loka félagslega íbúðakerfinu, er að þeir halda að þeir spari. Þeir telja sig spara á þessu. Nú þurfi ekki að greiða nein framlög inn í byggingarsjóðina, engin ríkisframlög. Íbúðalánasjóðurinn á að standa undir sér sjálfur og það er það sem þeir sjá. Þeir halda að þeir spari eitthvað á þessu. En hæstv. ráðherra hefur ekkert lagt fram sem sýnir endilega fram á þennan sparnað. Ég held að þetta sé líka tilfærsla á útgjöldum frá ríki og yfir til sveitarfélaga. Ég held að það sé staðreynd máls sem sveitarfélögin hafa því miður ekki áttað sig á.

Hvað er þetta stór hópur, þ.e. einstaklingar og einstæðir foreldrar, sem ég hef hér sýnt fram á að eru verr sett — er ég þá bara að horfa á málið út frá því eina máli sem er niðurgreiðslan — verður verr sett eftir sem áður? Um 60% þeirra sem fá félagslega íbúð eru einstaklingar eða einstæðir foreldrar, þ.e. 60% þeirra sem hafa fengið fyrirgreiðslu í gegnum félagslega kerfið eru einstaklingar eða einstæðir foreldrar. Að vísu fylgdu útreikningar þessu frv. ráðherrans þar sem hann var að reyna að sýna fram á að ekkert væri verið að draga úr niðurgreiðslunum. En hvernig voru þeir útreikningar, herra forseti? Þar var ekki gert ráð fyrir að þessir einstæðu foreldrar, jafnvel þó þeir væru með 3–4 börn, keyptu sér stærri íbúð en tveggja herbergja íbúð vegna þess að þetta var allt miðað við einhverjar 5 eða 5,5 millj. Ég tel, herra forseti, og það með rökum, mig hafa sýnt fram á að við erum að ganga í gegnum eina grófustu atlögu að láglaunaheimilunum sem við höfum séð um áratuga skeið. Það er aukinn kostnaður. Það er ný gjaldtaka. Það er minni niðurgreiðsla í formi vaxtabóta. Hundruð fjölskyldna búa við óöryggi og lítið eða ekkert á að gera fyrir, eru í algerri óvissu og verða það næstu árin. Þetta er ekkert annað en rothögg fyrir láglaunafjölskyldurnar sem við stöndum frammi fyrir.

Ég hlýt að þurfa að ræða það miklu meira en hefur komið fram og fara líka yfir dæmi fyrir utan niðurgreiðsluna sem ég hef gert að umtalsefni, þ.e. dæmi um greiðslubyrði og kostnað, þ.e. þann kostnað sem fólk verður fyrir sem er miklu meiri í þessu nýja kerfi en í gamla kerfinu. Þar erum við að tala um stimpilgjöldin sem hafa að vísu verið felld niður af viðbótarláninu en eru enn og verða á húsbréfahlutanum, þ.e. þessum 65%. Þar erum við að tala um töluvert háa fjárhæð, herra forseti. Við erum að tala um einhverja tugi þúsunda. Við erum að tala um lántökugjöld sem verða hærri í þessu nýja kerfi og við erum að tala um sölulaunin. Miðað við þá útreikninga sem ég hef fyrir framan mig, jafnvel þó dregnar séu frá þær breytingar sem gerðar voru í meðförum félmn.,

þ.e. varðandi stimpilgjaldið á viðbótarláninu, erum við enn að tala um sennilega einhvers staðar á bilinu 70–100 þús. kr. sem kostnaðurinn er hærri í þessu nýja kerfi. Þá erum við að tala um þá sem á annað borð fá fyrirgreiðslu í kerfinu.

Ég ætla aðeins að skipta um umræðuefni og mun halda síðan áfram með afleiðingarnar af þessu frv. Af því að ég fór ítarlega áðan yfir greiðsluaðlögun og svik Framsfl. að því er það mikilvæga mál varðar þá höfum við nokkrir þingmenn úr stjórnarandstöðuflokkunum lagt fram frv. sem gefur fólki nýja möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþrot. Þannig verður hægt að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggjandi sýn úr annars vonlausri stöðu. Í frv. er um að ræða leið greiðsluaðlögunar sem eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda fremur en tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldenda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem skilar oft litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður vegna nauðungarsölu og gjaldþrota fellur á hið opinbera. Upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið sem eru bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild dýr. Hér er því verið að opna fyrir möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild getur fremur átt ávinning að en við þau úrræði sem bjóðast nú.

Mér finnst mikilvægt áður en þessari umræðu lýkur, herra forseti, að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort hann hafi gefist upp fyrir hæstv. fjmrh. að koma á greiðsluaðlögun og hvort hann ætli að láta þessi tvö frumvörp um réttaraðstoð duga og að fella niður skattaskuldir hjá einstaklingum við ákveðnar aðstæður sem á einu og hálfu ári hafa veitt 22 einstaklingum aðstoð. Ég vil því, herra forseti, í von um það að hæstv. ráðherra hafi ekki gefist upp í glímunni við fjmrh. — maður á ekkert að gefast upp í glímu við fjmrh. Ég veit að það er oft erfitt og ég man að þegar greiðsluaðlögunin var á mínu borði þegar ég var félmrh. var ég komin ansi langt með hana. Ég var búin að láta undirbyggja og undirvinna hana með ítarlegri greinargerð og var komin að frumvarpssmíð í því máli þegar ég fór úr ráðuneytinu. Ég veit að það er erfitt að koma því í gegnum Sjálfstfl. sem vill greinilega enga sérstaka aðstoð við fólk í erfiðleikum. En ég vænti þess að hæstv. ráðherrann hafi ekki alveg gefist upp við þetta. En ég vil nefna þessa helstu kosti við að koma á greiðsluaðlögun sem ég hélt að ég þyrfti satt að segja ekki að kynna fyrir Framsfl. neitt sérstaklega vegna þess að það var það sem hann boðaði sérstaklega fyrir kosningar.

Hæstv. félmrh. hleypur alltaf úr hliðarsal þegar maður reynir að koma góðum ráðleggingum til hans en ég skal ekki láta kalla á hann. Ég sé að hv. þm. Magnús Stefánsson er hér og hlýðir á umræðuna með mikilli athygli. Hann var frsm. meiri hlutans og hefur verið formaður í húsnæðisnefndum hjá ráðherranum. Mig minnir að hann hafi verið formaður nefndarinnar um skuldbreytingu aldarinnar. Var ekki svo? Í einhverri nefnd var hv. þm. formaður í húsnæðismálum ef ég man rétt og ég sé að hv. þm. kinkar kolli.

Málið er það að greiðsluaðlögunin sem framsóknarmenn boðuðu fyrir kosningar hefur meiri hluta á þinginu. Öll stjórnarandstaðan er mér sammála og ef framsóknarmenn hafa ekki skipt um skoðun frá því fyrir kosningar, þá er mikill meiri hluti fyrir þessu. Það er heila málið. Það eru bara sjálfstæðismenn sem eru á móti.

Það sem þetta felur í sér er að hér er um að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algert og viðvarandi greiðsluþrot. Að óbreyttu blasir ekkert við nema gjaldþrot sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á. Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í 8 ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum. Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu. Hér er náttúrlega á ferðinni brýnt, sérstakt og nýtt úrræði sem ég vænti að hv. þingmenn heyri, hafi þeir ekki kynnt sér þetta mál, að er allrar athygli verð. Greiðsluaðlögunin felur í sér að greiðslu skulda eða hluta skulda er frestað og kröfuhafar gefi eftir kostnað eða hluta skuldar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.

Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.

Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.

Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði.

Eins og hér sést og ég hef lýst mundi þessi leið opna fólki nýja möguleika sem nú er í vonlausri stöðu og sér ekkert annað fram undan en gjaldþrot og missi íbúðarhúsnæðis. Þetta var sú leið sem framsóknarmennirnir boðuðu fyrir kosningar þó þeir hafi núna snúið við blaðinu og bjóði fólki upp á úrræði sem engu skila. Staðreyndirnar tala sínu máli í því. Svör bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sýna að þessi tvö frumvörp sem áttu að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögunina eru gersamlega gagnslaus. Þau voru sýndarmennskan ein til þess að friða framsóknarmenn. Þó að sýnt sé fram á að það eru einungis 22 einstaklingar sem hafa fengið aðstoð samkvæmt þessum lögum, þá virðast framsóknarmenn ekki ætla að gera nýja atlögu að sjálfstæðismönnum og fá þá til þess að samþykkja það að fara leið greiðsluaðlögunar.

Standi Framsfl. við þetta kosningaloforð sitt en láti Sjálfstfl. ekki beygja sig þá mun þetta frv. eiga greiða leið í gegnum þingið.

Herra forseti. Ég hef sýnt fram á að sú leið sem hæstv. ráðherra ætlar sér að fara er í fyrsta lagi ekki nauðsynleg. Ég hef farið yfir rökin sem hæstv. ráðherra teflir fram fyrir því að breyta þessu kerfi. Ég hef sýnt fram á að þar stendur ekki steinn yfir steini. Í stuttu máli hef ég sýnt fram á afleiðingar þess.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við skoðum hverjir fái félagslega íbúð í dag, hvernig þetta skiptist milli einstaklinga og einstæðra foreldra. Einstaklingar eru 18%, einstæðir foreldrar 42% og einstaklingar og einstæðir foreldrar 60%. Þetta fólk er með meðaltekjur upp á 72 þús. á mánuði og af þeim höfðu 32% tekjur undir 60 þús. á mánuði. Þar með vitum við að þriðji hver þeirra sem fengið hefur félagslega íbúð er með undir 60 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk spyr hvað taki við en ráðherrann hefur ekki getað svarað því. Því hefur ráðherrann ekki getað svarað en hlýtur að þurfa að gera það áður en umræðunni lýkur. — Ja, guð má vita hvenær það verður.

Við fórum í gegnum það varðandi frv. það sem hér liggur fyrir, herra forseti, að það er verið að markaðsvæða kerfið. Ætlunin er að markaðsvæða félagslega kerfið. Það er meginatriðið. Það hefur einnig vakið athygli, og ég hygg að þetta sé byrjunin á því, að margt bendir til að næsta skrefið verði að þessi Íbúðalánasjóður verði hlutafélagavæddur þar sem ýmis ákvæði í þessu frv. bera það alveg með sér. Ákvæði hlutafélagalaganna eru þar tekin upp með margvíslegum hætti, herra forseti.

Hæstv. ráðherra skipar m.a. einn fimm manna stjórn Íbúðalánasjóðs sem velur sér framkvæmdastjóra. Kjaradómur ákveður ekki lengur laun forstjóra heldur stjórnin. Þetta er alveg eins og hjá hlutafélögunum. Hér er verið að undirbúa jarðveginn og það næsta sem kemur á borðið er að hlutafélagavæða þetta. Það er orðin tíska að hlutafélagavæða allt saman, setja öll ríkisfyrirtæki á bak við leynd hlutafélagalaganna, þannig að aldrei sé hægt að fá upplýsingar um eitt eða neitt og er það gert m.a. til þess að hefta það að þingmenn geti sinnt sinni eftirlitsskyldu. Nú vilja allir hlaupa í skjól hlutafélagalaganna. Mér sýnist það verða næsti leikurinn að því er varðar þennan Íbúðalánasjóð. Hann ber í raun og veru öll einkenni nýrrar bankastofnunar, enda er það tiltekið að hann eigi að standa undir sér með tekjum og vöxtum án ríkisframlaga. Það er kjarnaatriði að hann á að standa undir sér með tekjum og vöxtum og án ríkisframlaga. Síðan er öllu starfsfólkinu sagt upp eða verður væntanlega. Ég geri ráð fyrir því og engin ákvæði eru um forgang þeirra til starfa eins og tíðkast þegar rekstrarformi ríkisfyrirtækja hefur verið breytt.

Herra forseti. Þó ég virði það að hæstv. félmrh. þurfi af og til að hlaupa úr salnum, þá er ég komin að mikilvægum kafla í ræðu minni sem ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra hlustaði á. Við erum komin að starfsfólki Húsnæðisstofnunar sem væntanlega verður öllu sagt upp. Ég get frestað þeim kafla ef hæstv. forseti óskar þess. Ég vil endilega að hæstv. ráðherra hlýði á mál mitt þegar ég fer yfir það hvernig farið hefur verið með aðrar stofnanir þar sem rekstrarformi hefur verið breytt. Þar hefur þó verið hugsað um starfsfólkið, að það hafi forgang til starfa í breyttu rekstrarumhverfi hjá ríkisfyrirtækjunum. Það hefur ekki verið skilið eftir í kuldanum. En ég skal bíða með það þar til hæstv. ráðherra þóknast að vera í salnum.

Ég hef sagt, herra forseti, að frv. virðist sniðið að þörfum nokkurra sveitarfélaga og nánast allar skyldur teknar af þeim eins og kaupskylda, forkaupsréttur, 3,5% óafturkræft framlag af heildarbyggingarkostnaði, 10% lán til BV af hverri íbúð. Ef sveitarfélag þarf að selja íbúð á lægra verði en innkaupsverði þá virðist það vera tryggt gegnum varasjóð en eigandi félagslegra íbúða, ef hann selur á almennum markaði, ber sjálfur ábyrgð á hugsanlegu tapi. Ég hef hér talið upp að t.d. er verið að fella niður þessi 3,5% óendurkræfu framlög, þetta lendir beint á lánþegunum. Þetta hafa sveitarfélögin tekið á sig en nú eru það þeir sem á annað borð fá fyrirgreiðslu í gegnum þennan nýja sjóð sem þurfa að taka á sig þessi 3,5%.

Allir útreikningar með frv. sýna að þó lánin verði einnig með markaðsvöxtum og nýi sjóðurinn nái að standa undir sér þá er í raun verið að taka upp húsbréfalán handa fólki sem hefur fengið aðstoð í félagslega kerfinu. Þau eru í engu frábrugðin almenna lánakerfinu að því undanskildu að í stað 65–70% láns úr húsbréfakerfinu er veitt 90% lán til þeirra hópa sem eru undir tekju- og eignarmörkum sem gilda í núverandi kerfi. Með öðrum orðum: Fólk sem hefur verið í félagslega kerfinu fær nú 65–70% húsbréfalán með þeim markaðsvöxtum sem þar gilda. Síðan kemur viðbótarlánið.

Ég hélt satt að segja að hugsunin varðandi viðbótarlánið væri að hafa lánskjörin þar með einhverjum öðrum hætti en með markaðskjörum. Í frv. eins og það var fyrst lagt fram stóð að vextir ættu að vera breytilegir. Í meðförum nefndarinnar er ekki annað að sjá, herra forseti, en að einnig eigi að taka upp markaðsvexti á þessi viðbótarlán til 40 ára. Mismunurinn núna varðandi þá sem hafa verið í félagslega kerfinu og á almenna markaðinum er því sá að sá sem er á almenna markaðnum fær 65–70% húsbréfalán en sá sem var í félagslega kerfinu, og fer inn í þennan nýja sjóð, fær raunverulega, má segja, 90% húsbréfalán. Það er allt og sumt. Síðan er aðstoðin veitt í gegnum vaxtabætur sem ég hef sýnt fram á að eru miklu verri fyrir einstæða foreldra og einstaklinga en var í gegnum niðurgreidda vexti.

Það er náttúrlega mjög alvarlegt, af því að við erum að tala um félagslega aðstoð, að sveitarfélögin sem ekki borga 5% í varasjóð geta komið í veg fyrir að íbúarnir í sveitarfélaginu fái fyrirgreiðslu. Íbúarnir fengju þá sem sagt engin félagsleg lán.

Við höfum farið í gegnum þetta með auðu íbúðirnar og útlánatöpin og hve margar fjölskyldur það verða sem búa munu við óöryggi í húsnæðismálum. Þá erum við að miða við greiðslumatið eins og það er í félagslega kerfinu núna, sem er 28% og 18% í húsbréfakerfinu. Síðan er enn mjög óljóst, og hæstv. ráðherra hefur ekki getað skýrt það, að hann er að láta útbúa eins konar neyslustaðal þar sem gert er ráð fyrir lágmarksframfærsluþörf hvers umsækjanda. Þá á að taka tillit til framfærslu, fjölskyldustærðar, eigna og skulda og mér sýnist, það eru margir sammála því, að þá muni þeim enn fækka sem fá aðgang að þessu nýja kerfi. Ég spyr ráðherrann hvort ekki sé hægt að fá frekari upplýsingar um þetta greiðslumat áður en málið kemur til 3. umr. Það verður þá tekið aftur milli 2. og 3. umr. Við hvað á að miða? Hvernig á þessi neyslustaðall að líta út? Á því veltur, hvernig greiðslumatið er og hvernig neyslustaðallinn er, hvað það verður á endanum stór hópur.

Hæstv. ráðherra býður fólkinu sem fer nú út í óvissuna og getur ekki snúið sér neitt, upp á að hann ætli að ganga til samninga við sveitarfélögin en niðurstaða þeirra á ekki að liggja fyrir fyrr en árið 2000. Ég spyr ráðherrann: Hvers vegna í ósköpum þarf að bíða svo lengi eftir því? Af hverju er ekki hægt að fá fyrr niðurstöðu í því hvernig tryggja eigi leiguíbúðir fyrir þetta fólk? Mér er gjörsamlega ómögulegt að skilja að það þurfi að bíða til ársins 2000. Í mörgum sveitarfélögum eru langir biðlistar af fólki sem bíður eftir leiguíbúðum. Hvers vegna í ósköpunum þarf að bíða til ársins 2000 til þess að fá einhverja lendingu í þessu máli? Er

boðlegt að skilja fólkið eftir með þessum hætti? Svo að við nefnum t.d. leiguíbúðir aldraðra þá eru það 422 umsækjendur sem bíða eftir þeim bara hér í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Hversu margir?) 422 umsækjendur.

Að því er varðar leiguíbúðir í Reykjavík þá get ég sýnt fram á að þeir umsækjendur eru 379. Ég sé ekki að neitt í þessum brtt. meiri hlutans sem hér hafa verið kynntar opni frekar fyrir að íbúðirnar verði fleiri en 50. Þess vegna hefði verið nauðsynlegt, herra forseti, að hafa hæstv. fjmrh. hér vegna þess að... (Gripið fram í.) Því hefur verið svarað að hann sé með fjarvistarleyfi. Ég tel það mjög miður að hann skuli vera með fjarvistarleyfi vegna þess að vaxtabæturnar, sem ég hef gert að umtalsefni, snúa að honum. Eins snýr 100% lánið að hæstv. fjmrh. og síðan veltur það ekki síst á hæstv. ráðherra hve mikið fjármagn verður veitt á næstu tveimur árum til leiguíbúða. Það sem breytt hefur verið í meðförum meiri hluta félmn. er að þar er fjallað um könnun á leigumarkaði. Hér stendur:

„Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár."

Það er það eina sem gera á fyrir láglaunafólkið, a.m.k. 600 fjölskyldur sem vísa á á leigumarkaðinn á hverju ári. Á næstu tveimur árum er ætlunin að vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár.

Það er náttúrlega mjög einfalt að afgreiða málið með þessum hætti, gera bara könnun þegar nú þegar liggur fyrir hve margar íbúðir vantar í Reykjavík. Það væri þá hægt að gera samninga á milli ríkis og sveitarfélaga hvernig hægt væri að leysa úr þeirri þörf sem þegar er, biðlistunum sem þegar eru. Hvernig á að koma til móts við þessa 379, hvernig og með hvaða hætti ætlar ríkið að láta fjármagn í það? Hér stendur jafnframt:

„Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum."

Það er sérstaklega tekið fram að um óbreytt lánskjör sé að ræða. Það þýðir auðvitað ekki annað en að það er stefnt að því að færa þessa vexti upp, herra forseti. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði.

Nú hefði, herra forseti, ef hægt hefði verið að taka mark á þessari brtt. sem hv. þm. Magnús Stefánsson mælti fyrir, þurft að fylgja ný og önnur kostnaðaráætlun frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sú sem fylgir með þessu frv., herra forseti, segir alveg ótvírætt að þar eigi að veita á næstu tveimur árum lán til 25 íbúða hvort árið um sig eða samtals 50. Ef eitthvað er að marka það að einhver stefnubreyting sé í þessu sem hér er boðað af hv. meiri hluta félmn., að það eigi að veita til þess framlag á fjárlögum hverju sinni, þá hefði þurft að fylgja með ný kostnaðaráætlun frá fjmrn. um að þetta væru ekki 50 íbúðir heldur eitthvað fleiri íbúðir. Að öðrum kosti er þessi brtt. ekki marktæk.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því að fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um að byggja þegar á þessu ári 100 leiguíbúðir þó einungis eigi að setja peninga í 50 á næstu tveimur árum: Verður gengið til þessara samninga, herra forseti? Ég spyr hæstv. félmrh. að því: Verður gengið til þessara samninga við Reykjavíkurborg? Verður samið þannig við Reykjavíkurborg að hún geti á þessu ári, eins og hún ætlar sér, komið upp 100 nýjum leiguíbúðum? Ég veit ekki til þess að Reykjavíkurborg hafi fengið svör við því. Það er mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það við þessa umræðu. Fyrir utan þá sem eru á biðlistunum þá gæti hér verið um að ræða um 1.200 fjölskyldur sem á næstu tveimur árum þurfi á leiguíbúðum að halda. Þær gætu jafnvel orðið fleiri. Það fer eftir því hvernig nýi neyslustaðallinn hjá hæstv. ráðherra verður.

Ég hef komið inn á það að áhrif þessara breytinga á verðbréfa- og fasteignamarkaðinn eru mjög óviss. Maður veltir fyrir sér hvaða áhrif það hafi til hækkunar eins og ég nefndi áðan, á verði 2–4 herbergja íbúða, ef nýr kaupendahópur kemur inn á almenna markaðinn vegna þess að flestir af þeim sem koma nýir inn og fá inn í þennan Íbúðalánasjóð eru á höttunum eftir 2–3 herbergja íbúðum. Þegar sá kaupendahópur stækkar sem vill fara inn í þær íbúðir sem í boði eru 2–3 herbergja íbúðum, þá mun það spenna upp verðið.

Af því að hæstv. ráðherra heiðrar okkur með nærveru sinni þá vil ég fara yfir það sem ég nefndi hér áðan. Réttindi starfsmannanna og það óöryggi sem starfsfólk Húsnæðisstofnunar er sett í. Mér finnst að ráðherrann skuldi bæði okkur og starfsfólkinu frekari skýringar á því hvernig með það verður farið. Það er verið að brjóta í blað að því er varðar starfsfólkið. Ég bið ráðherrann að segja mér það ef hann getur nefnt eitthvert dæmi um að sambærilega hafi verið tekið á réttindum starfsmanna og hér á að gera.

Ég vil fara yfir breytingar á rekstrarformi nokkurra ríkisstofnana gegnum árin. Ég mun sýna fram á að í öllum tilvikum var öryggi starfsmanna tryggt. Það var sett í forgang að starfsfólkið sem fyrir var í þessum ríkisstofnunum hefði forgang til starfa. Hægt væri að byrja árið 1997. Svo ég vitni í lög um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með leyfi forseta:

„Allir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum."

Þarna er manneskjulegar að staðið, herra forseti, en hæstv. félmrh. ætlar að gera. Hv. flokksbróðir hans, Finnur Ingólfsson, stendur manneskjulegar að hlutunum en hæstv. félmrh. Hér stendur alveg klárt og kvitt að þessir starfsmenn skuli eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands hf., við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Síðan segir:

„Nú tekur maður, sem gegnir starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf., og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands fellur niður er hann tekur við starfinu."

Í lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. segir:

„Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Nýsköpunarsjóði

atvinnulífsins, skulu eiga kost á starfi hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.“

Þetta alveg klárt og kvitt og frá þessu gengið í lögum. Hvað mikið sem minni hlutinn í félmn. reyndi að hafa vit fyrir meiri hlutanum, þá gekk það ekki, því miður. Mér finnst það eiga að vera mál, herra forseti, sem skoða á milli 2. og 3. umr. Ég spyr hv. þm. Magnús Stefánsson, frsm. meiri hlutans: Hvaða rök voru fyrir því að skilja svona við starfsfólk Húsnæðisstofnunar? Hvers á það að gjalda? Ég man ekki einu sinni setninguna sem stendur um þetta í nál. meiri hlutans. Mér fannst hún svo máttlaus og veik að hún breytti raunverulega engu um starfsöryggi þessa fólks.

„Meiri hlutinn leggur þunga áherslu á að starfsmönnunum verði gefinn kostur á störfum hjá hinni nýju stofnun eftir því sem frekast er unnt og þannig nýtt starfsreynsla þeirra og sérþekking.“

Þetta stendur nú bara í greinargerðinni. Starfsfólki Húsnæðisstofnunar er ekki gert hærra undir höfði en það að þetta er sett í greinargerðina. Þetta er ekki sett í lagaákvæði eins og hjá öðrum stofnunum sem breytt hefur verið og ég hef fjallað um.

Hér eru lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Þar stendur, herra forseti:

„Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.“

Síðan segir:

„Ef fastráðinn starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem 12. gr. greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.“

Þarna eru margar greinar sem kveða á um það hvernig eigi að fara með réttindi starfsfólks. Á það er ekki litið af vinnumálaráðherranum sjálfum. Það er hæstv. félmrh., ráðherrann sem fer með vinnumál í landinu, sem fer með lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fyrstur heldur þannig á málum gagnvart starfsmönnum fyrirtækis þess er verið er að breyta, eins og hér er verið að gera. Meira að segja fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hugsaði betur um starfsfólk sitt en nokkurn tíma vinnumálaráðherrann sjálfur, a.m.k. ef marka má það sem hann setti í lagatexta. Hjá honum er það sett niður í lagatexta að þeir skuli þó hafa forgang til starfa. Hér er ég að tala um Lyfjaverslunina.

„Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins.“ Að minnsta kosti er þeim tryggð sama staða og þeir höfðu áður.

Hér er Áburðarverksmiðjan á árinu 1993.

„Fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins skal boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins.“

Af hverju má þetta ekki vera svona afdráttarlaust í lögunum þegar er verið að breyta þessu um Húsnæðisstofnun? Hvað er það sem kemur í veg fyrir það? Þetta vekur auðvitað upp tortryggni, herra forseti, og hæstv. ráðherra kemst ekki fram hjá því í umræðunni að gera grein fyrir því af hverju hann ætlar að halda á málum gagnvart starfsfólki Húsnæðisstofnunar eins og hér á að gera.

Um Síldarverksmiðjur ríkisins árið 1992: „Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum.“

Þá komum við að Þvottahúsi Ríkisspítalanna. Stofnað var hlutafélag um Þvottahús Ríkisspítalanna árið 1992–1993 og þar kemur fram:

„Fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skulu hafa rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður.“

Það er alveg sama hvar maður ber niður, herra forseti, það virðist alls staðar horft til réttinda starfsfólks við slíka breytingu og hvernig með skuli fara.

Þetta á einnig við um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu: „Fastráðnir starfsmenn Íslenskrar endurtryggingar skulu hafa rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi við yfirtökuna og skal þeim boðin sambærileg staða og þeir gegndu áður.“

Hér er líka árið 1990 stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins: „Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins.“

Þetta var ekki samþykkt 1990 en síðan 1992 eða 1993 réttara sagt þá var þetta ákvæði inni. Ég spyr því: Á hvaða leið erum við að því er varðar meðferð á starfsfólki? Eru þetta einhver ný vinnubrögð sem er verið að taka upp hjá hæstv. ríkisstjórn að því er varðar meðferð á starfsfólki hjá hinu opinbera? Er það ný stefna sem verið er að boða að frá og með þessu frv., ef að lögum verður, skuli hætta að tryggja starfsfólkið þegar breyta á rekstrarumhverfi fyrirtækja, hætta að gefa því starfsfólki forgang til starfa hjá nýju fyrirtæki? Er þetta hin nýja starfsmannastefna sem ríkisstjórnin er að boða með þessu frv.? Ég held að það sé mjög mikilvægt að vita það. Að minnsta kosti er, herra forseti, alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því af hverju á að fara allt aðra leið en við höfum farið.

Ég held að margt sé óljóst um nýja Íbúðalánasjóðinn. Nú hljóta hæstv. ráðherra og ráðgjafar hans að hafa gert sér grein fyrir því hvað það er sem á að taka við, hvers slags banki þessi Íbúðalánasjóður á að vera, hvaða verkefni hann hefur. Það á að liggja ljóst fyrir samkvæmt frv. og þá hlýtur að vera hægt að áætla hvað rekstur á slíkri stofnun kostar og

hver er starfsmannafjöldinn, og ég er alls ekki sannfærð um það, herra forseti, að verði nokkuð ódýrari stofnun en við höfum í dag sem er Húsnæðisstofnun. Vel getur verið að hún verði fjármögnuð með öðrum hætti vegna þess að alls staðar stendur að þessi stofnun eigi að standa undir sér með tekjum og gjöldum en það hefur ekkert sannfært mig um það að við séum að búa til eitthvert fyrirbæri sem kostar eitthvað minna þegar upp er staðið eða að þar verði færri starfsmenn. Að minnsta kosti er allt óljóst um það og hefur lítið verið rætt um það þannig að mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi þá að fara í gegnum það.

Ég vil snúa mér aftur að sveitarfélögunum sem ég hef aðeins drepið á í máli mínu en viðbótarlánin eiga að ganga í gegnum þennan banka m.a. og standa undir sér. Það er það nýja sem kemur núna frá meiri hluta félmn. að viðbótarlánin bera markaðsvexti líka. Þar verður pólitísk skömmtun á þessum félagslegu lánum. Fjöldi viðbótarlána verður takmarkaður á hverju ári allt eftir því hve mikið verður veitt af viðbótarlánum. Að auki geta sveitarfélögin skilyrt viðbótarlánin til einstaklinga með að þeir kaupi þar íbúðir sem sveitarfélögin fá í endursölu sem hefur aðeins verið dregið úr núna og verður næstu tvö árin. Það er hæstv. ráðherra sem skipar alla fulltrúana inn í þessa stjórn. Það er sú stjórn sem á að ráða því hvaða sveitarfélög fá síðan þessi viðbótarlán.

Síðan þurfa húsnæðisnefndirnar að samþykkja viðbótarlánin og nú spyr ég hæstv. ráðherra, af því að mér hefur fundist það vera mjög óljóst í umræðunni, þegar fólk fær þetta frelsi til þess að velja á markaðnum, það sem á annað borð færi inn í kerfið, hvernig verður eftirliti þá háttað? Getur fólk bara farið og valið sér hvaða íbúð sem er? Segjum að það vildi gjarnan fá íbúð sem þarf að gera miklar lagfæringar á, við skulum segja að það sé íbúð sem kostar kannski 4–5 millj. en það þarf kannski að fara í viðhald eða breytingar á henni upp á 2–3 millj., fær það þá viðbótarlán fyrir viðhaldinu? Hver hefur eftirlit með því að íbúðirnar séu þannig að gæðum að ekki sé verið að draga úr því sem nú er? Verður eitthvert eftirlit með því? Eru það húsnæðisnefndirnar sem þurfa að vera eftirlitsaðilarnir? Ef sá sem hefur valið sér íbúð vill fá viðbótarlán þarf þá einhver eftirlitsaðili að koma og kíkja á íbúðina og hafa eftirlit með því hvort hún sé í lagi eða standist kröfur og staðla? Ég spyr hv. þm. Magnús Stefánsson, ef það vantar verulega upp á það og það þurfi að fara í viðhald að því er varðar þessar íbúðir, fá þeir þá viðbótarlán fyrir því?

Verið er að tala um að fólk geti farið út í að lagfæra þær íbúðir sem það kaupir. Það getur vel verið að fólk kjósi þá að kaupa íbúðir sem eru frekar ódýrar en lagfæra þær með einhverjum hætti sem kostar þó töluvert. Þá spyr ég hv. þm. að því: Ná viðbótarlánin til þess ef ég vil fara í viðhaldsframkvæmdir upp á 2–3 millj. á íbúð sem ég kaupi sem þarf að standsetja? Mér finnst mikilvægt að það sé ekki skilið eftir í óvissunni hvernig með það á að fara.

Síðan spyr ég hv. þm. að því líka, framsögumann nefndarinnar: Hefur verið skoðað hvaða áhrif það hefur á fjárhag sveitarfélaganna ef mikill fjöldi þeirra sem er í félagslegum íbúðum og kaupskylda hvílir á vilja að sveitarfélögin leysi til sín gömlu íbúðirnar svo þeir geti farið inn í nýja kerfið? Hafa verið könnuð áhrif af því? Ég held nefnilega að það sem vanti, herra forseti, í því óðagoti sem hér er að afgreiða þetta frv. sem á nú ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót, sé að skoða hvaða áhrif og afleiðingar frv. hefur á ýmsa þætti í þjóðfélaginu, ekki bara fasteignamarkaðinn eins og hér hefur verið talað um eða verðbréfamarkaðinn heldur líka hvaða áhrif þetta hefur á fjárhag sveitarfélaganna, t.d. ef margir óska eftir að sveitarfélög innleysi til sín íbúðir sem kaupskylda hvílir á. Ég lít svo á að þeir sem óska eftir því að íbúðir þeirra verði innleystar af sveitarfélögum og kaupskylda hvílir á að sveitarfélögin geti ekki neitað því þannig að ég dreg í efa að horft hafi verið til þess, herra forseti.

Ég spyr um það líka: Hefur verið skoðað hvað það þýðir í auknum útgjöldum fyrir sveitarfélögin í húsaleigubótum ef mikill þrýstingur skapast á aukningu leiguíbúða? Það er ekkert ef með það, það mun verða. Þetta þýðir líka þrýsting á almennan leigumarkað og þar með auknar húsaleigubætur. Hefur þetta verið skoðað? Ég er alveg hissa á því að sveitarfélögin skuli samþykkja það og fallast á að þetta frv. skuli afgreitt eins og hér á að gera með því að skilja þetta eftir í lausu lofti, þ.e. hvað þetta kallar á mikil aukin útgjöld í húsaleigubótum fyrir sveitarfélögin. Mér kæmi ekki á óvart að framlögin til húsaleigubóta þyrftu að tvöfaldast á allra næstu árum ef ekki þrefaldast. Ég spái því, herra forseti. Af hverju í ósköpunum ganga sveitarfélögin ekki frá svo mikilvægum þætti áður en verið er að vísa 600 fjölskyldum á ári til þeirra í leiguíbúðir. Síðan mun þrýstingurinn aukast á almennan leigumarkað. Það getur líka spennt upp leiguna á almenna leigumarkaðinum ef fjöldi fólks kemur sem hefur getað fengið aðstoð inni í félagslega kerfinu ef það þarf ekki að fara á almennan leigumarkað, neyðist til þess, hvernig í ósköpunum sem fólkið fer að því, ég botna ekki í því, fólk sem hefur kannski 70 þús. kr. í mánaðartekjur. Ef meira en helmingurinn fer í húsaleigu á almennum markaði fær það væntanlega núna húsaleigubætur í gegnum sveitarfélögin og það kallar á útgjöld frá sveitarfélögunum. Var þetta eitthvað skoðað í meðförum nefndarinnar eða þegar ráðherrann var að smíða frv.?

Ég spyr varðandi það að niðurgreiðslum á leiguíbúðum verði hætt, kannski eftir tvö ár, er hv. þm. sammála mér um að ákvæðin í frv. bendi til þess af því að það er eins talað um að niðurgreiðsla á leiguíbúðum muni vara árin 1999 og 2000? Er sveitarfélögunum kunnugt um að það standi til að hækka þessa vexti sem nú eru 1%, kannski upp í markaðsvexti? Ég sé fyrir mér hvaða afleiðingar það hefur. Ef sveitarfélögin hafa ekki getað byggt leiguíbúðir með 1% vöxtum er þá einhver ástæða til þess að ætla að þau muni frekar byggja þessar leiguíbúðir þegar vextirnir eru orðnir 5%? Ef þau gera það á annað borð hver mun þá borga brúsann af því? Verður þá ekki farið í vasa láglaunafólks og það verði að borga þessa niðurgreiðslu, það verði að borga það núna þegar verið er að færa þetta upp í markaðsverð?

Sem betur fer, herra forseti, sé ég að þeir hafa aðeins séð að sér í hv. félmn. vegna þess að sum ákvæðin til bráðabirgða í frv. voru með ólíkindum vegna þess að í ákvæðunum til bráðabirgða virtist svo vera að það væri hægt að breyta og jafnvel ógilda þegar gerða samninga. Hérna stóð t.d. í ákvæði V, sem meiri hlutinn hefur fallið frá, sem sýnir náttúrlega hvernig þetta frv. er unnið, að ætla sér að svipta fólkið rétti á íbúð sem það hafði undirskrifað að það mundi fá þó að ekki væri búið að afhenda því það. Hér stendur: „Samningar, sem einstaklingar hafa gert um félagslegar leiguíbúðir, halda gildi sínu.“ Síðan kemur aðeins síðar: „Einstaklingur sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu og hyggst nýta sér þann rétt skal hafa gert það fyrir 31. des. 1998.“ Vesgú, hann átti bara að ganga frá þessu þegar á þessu ári þó að hann væri búinn að undirrita samninga.

Auðvitað var það svo að meiri hlutinn varð að sjá að sér í þessu efni að það gekk ekki að hafa þetta með þessum hætti að hreinlega væri hægt að ógilda samningana. Ég spyr hv. framsögumann nefndarinnar hvort hann geti ekki verið sammála mér í því að brtt. félmn. snúa — að hverju? Þessar brtt. eru upp á nokkrar síður, það vantar ekki en þetta eru mest orðalagsbreytingar og leiðréttingar, tilfærsla á greinum, könnun á leigumarkaði, óljós opnun á kaupleigurétti, félagasamtök fá inni í húsbréfakerfinu og þarf að fara aðeins yfir það hvernig félagasamtök geti þá nýtt sér það og þetta er eiginlega upp að telja, og til viðbótar stimpilgjöldin tekin af viðbótarlánum. Að stærstum hluta eru þetta bara orðalagsbreytingar og leiðréttingar og tilfærslur á greinum sem hér er verið að gera sem þýðir það með öðrum orðum að það er ekkert hlustað á verkalýðshreyfinguna, kannski í fyrsta skipti í mörg herrans ár. Eins og ég segi eru þetta kaflaskipti í samskiptum verkalýðshreyfingar og stjórnvalda og ekkert hlustað á ábendingar og athugasemdir húsnæðisnefnda sem þekkja þó best til þessara mála.

Síðan er það með 5% framlag sveitarfélaga inn í varasjóð þannig að ég haldi öllu til haga á einum stað hvaða áhrif þetta hefur á sveitarfélögin. Félmrh. getur hækkað framlagið hvenær sem er að fenginni umsögn Seðlabankans. Það er ekki að umsögn Sambands sveitarfélaga heldur að umsögn Seðlabanka Íslands. Ég spyr: Hefur þessu verið breytt í meðförum nefndarinnar? Er það ekki enn þá bara Seðlabankinn sem á að vera umsagnaraðili um það hvort eigi að hækka framlagið? Ég sé að einn nefndarmanna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, kinkar kolli þannig að þetta virðist vera svo að það sé bara Seðlabankinn sem á að vera umsagnaraðili um það hvort eigi að hækka þetta varasjóðsgjald á sveitarfélögin. Ef það þarf að hækka það, þá hefur það þær afleiðingar um leið, herra forseti, að minni líkur eru á því að sveitarfélögin borgi þá þetta varasjóðsframlag sem þeim er frjálst að gera og ef þau gera það ekki svipta þau alla íbúana í viðkomandi sveitarfélagi rétti til þess að fá lán úr Íbúðalánasjóðnum.

Síðan á þessi sjóður að greiða niður skuldir þeirra sveitarfélaga eins og ég lýsti áðan sem byggt hafa umfram þörf félagslegar íbúðir í sveitarfélagi sínu. Þannig virðist ekki vera mikið í þeim brtt. sem hv. meiri hluti félmn. hefur gert.

Mig langar aðeins að fara yfir þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar hefur sett fram. Hér er verið að tala um að húsnæðisnefnd sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem hún veitir skv. 1. mgr. á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té.

Ég hef farið yfir það, herra forseti, að verið sé að setja á nýjan kostnað sem nemur kannski einhvers staðar á bilinu 80–100 þús. kr. þegar það fer inn í þennan nýja Íbúðalánasjóð og fær fyrirgreiðslu þar. Ég man að ég bað hæstv. félmrh. um það við 1. umr. málsins að hann legði til í félmn. yfirlit, herra forseti, yfir þann viðbótarkostnað sem nú á að fara að setja á lántakendur í Íbúðalánasjóðnum. Ég hafði lagt fram það sem ég tel að séu nýir kostnaðarþættir í þessu og ég bað um að ráðherrann legði sitt fram. Ég hef ekki séð þetta plagg og ég spyr: Var lagt fram í félmn. af hálfu félmrh. eða ráðgjafa hans útreikningur um það hvaða nýir kostnaðarliðir væru að leggjast á lántakendur? Ég man ekki eftir því og tel mig hafa safnað saman öllum þeim gögnum sem komu í félmn. vegna þess að mjög mikilvægt er að fá þetta fram.

Herra forseti. Í 15. gr., ef ég skil málið rétt, er verið að opna á að félagasamtök geti fengið lán. Er verið að opna það þannig að þau geti fengið viðbótarlán eða er verið að opna það þannig að þau geti fengið húsbréfalán? Ef verið er að opna þetta bara þannig að félagasamtök geti fengið húsbréfalán, ef ég skil málið rétt, sé ég ekki hvernig félagasamtök geti nýtt sér það. Við erum að tala um húsbréfalán með 5% vöxtum fyrir félagsmenn ýmissa félagasamtaka sem hafa sent óskir til Alþingis á heilsíðu í Morgunblaðinu í dag um að fresta málinu, það getur ekki boðið félagsmönnum sínum upp á að standa undir 5,1% vöxtum. Ég spyr: Geta félagasamtökin fengið viðbótarlánin? (**ÖJ:** Engin svör.) Engin svör. Nei, þetta er allt jafnóljóst. Við erum að afgreiða eitt stærsta málið í þinginu sem skiptir máli fyrir hag og velferð þúsunda fjölskyldna fyrir utan þetta virðulega Alþingishús. En þetta er skilið allt eftir í óvissunni. Ef þetta á að vera, eins og mér skilst, þessi opnun um það að félagasamtök geti fengið húsbréfalán, ef þetta á að vera til þess að fullnægja þeim þörfum og óskum sem hafa komið fram hjá Búseta er það auðvitað fjarri lagi vegna þess að verið er að kippa grundvellinum undan starfsemi Búseta sem hefur reist mörg hundruð íbúðir á umliðnum árum. Ég sé því ekki að þetta komi til móts við það.

Síðan er þetta furðulega ákvæði sem ég veit ekki hvort nefndarmenn hafa einhver svör við og hverjum á að þjóna, með leyfi forseta:

„Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta."

Fyrir hvern er þetta nú gert og hvernig á að framkvæma þetta? Hv. frsm. félmn. er horfinn úr salnum eins og hæstv. ráðherra sem virðist erfitt að halda inni í þessum sal þó verið sé að afgreiða veigamikla löggjöf sem skiptir miklu máli fyrir þúsundir fjölskyldna á komandi árum. (**Félmrh.:** Við heyrum hvert orð.) Þá held ég að hæstv. ráðherrann verði að skýra út hverjum þetta á að gagnast sem hér er lagt fram.

Ég veit að húsnæðisnefnd Reykjavíkur og Páll R. Magnússon framkvæmdastjóri svo ég nefni hann sem dæmi, hafði allt aðrar hugmyndir um þetta en hér er lagt fram. Ef þetta hefur verið til þess að fullnægja óskum hans sem hann lagði mikla áherslu á held ég að það sé ekki gert með þessu. Ég spyr ráðherrann: Ef þeir sem eru í leiguíbúðum geta eignast ákveðinn eignarhluta í íbúðunum, á leigan að geta gengið upp í þau kaup? Er það hugsunin á bak við þetta? Húsnæðisnefnd Reykjavíkur lagði fram hugmynd um að samhliða leigusamningi yrði gerður samningur um greiðslu á 10% útborgun sem dreifa ætti á fimm ár. Það er allt annað en við erum að tala um þannig að þetta er einhver dúsa sem engum mun gagnast og breytir engu um kjarna málsins, sem við höfum margfarið yfir, að verið er að vísa 600 fjölskyldum á leiguíbúðir sem eru ekki til. Sú útfærsla sem húsnæðisnefnd var með varðandi þetta ákvæði var að þegar 10% útborgun væri greidd gæti kaupandinn nýtt sér kauprétt sinn og fengið húsbréfalán auk viðbótarláns og afsals fyrir íbúðinni. Þetta er handónýtt ákvæði sem hér er. Ég spyr þá sem voru í félmn. hvaða skilning þeir leggja í þetta sem ég er hér að lesa og hverjum það muni gagnast.

Síðan spyr ég um það af því að hér er verið að tala um að draga eitthvað úr varðandi stimpilgjöldin, með leyfi forseta:

„Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns."

Einungis er um það að ræða að stimpilgjöld greiðast ekki af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns en það verður fullt stimpilgjald á húsbréfunum. Ég skil þetta ekki öðruvísi og ég spyr: Hvað með byggingar á heimilum fyrir aldraða og dagvistarstofnanir og lán til greiðsluerfiðleika og lán til félagasamtaka? Verða stimpilgjöld af því? Það er ekkert undanskilið hér. Verða stimpilgjöld á lán til fólks í greiðsluerfiðleikum? Hvað verður út af fyrir sig um þessi lán til fólks með sérþarfir og til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnanir? (**ÖJ:** Engin svör.) Engin svör. Þetta er það sama aftur og aftur. Engin svör, herra forseti, engin svör. Við erum þó að tala um mjög mikilvæga málaflokka sem hafa verið inni í Byggingarsjóði ríkisins. Nú fara þeir inn í þennan Íbúðalánasjóð. Það verður hugsanlega heimilt að veita lán til þeirra en það verður bara allt eftir geðþótta stjórnarinnar. Hún ræður því hvort og hvernig það verður gert. Það verður engin skylda að gera það ef ég skil málið rétt.

Við sjáum það líka að ef það á að fara að gera eitthvað fyrir félagasamtökin með því að opna fyrir húsbréfakerfið handa félagasamtökum þá eru þar líka stimpilgjöldin að fullu. Hver borgar það, ef við erum að tala um félagasamtök eins og við vorum að telja upp í morgun, þessi 26 sem eru að mótmæla þessu frv.? Það eru skjólstæðingar þeirra. Hvað eru margir á bak við þessi 26 félagasamtök og á bak við ASÍ og BSRB? Ætli það séu ekki nálægt 100 þúsund manns sem eru að biðja um að frv. verði stöðvað? Ég hygg að það sé ekki fjarri lagi. Stór hluti af því eru félagasamtök fatlaðra og aldraðra, einstæðra foreldra og fleiri sem hafa ekki efni á því að taka á sig svona viðbótarkostnað eins og hér er lagt til, ekki bara í gegnum einhver stimpilgjöld og annan kostnað heldur til fasteignasalanna sem eru kátastir allra þessa dagana þegar verið er að selja en miklu minni fyrirgreiðsla er í gegnum vaxtabótakerfið en í gegnum niðurgreiðsluna. Það þarf að hækka þakið verulega, sennilega upp undir 60 þúsund sem þarf að lyfta þakinu úr 180–230 hjá einstæðu foreldri ef það á að vera jafnsett á eftir eins og hæstv. ráðherra er að lofa þessu fólki.

Herra forseti. Ég held að það sé slíkt stórslys á ferðinni sem þetta frv. er að ég held að fólk utan við þetta hús sé ekki almennilega farið að átta sig á því hvað hér er á ferðinni. Þó þetta sé ekki stór hópur, herra forseti, þá er þetta þó fólk. Þetta eru þúsund manns á hverju ári, þúsund fjölskyldur, kannski 2–4 þúsund manns sem er verið að setja hér á kaldan klaka. Oft hef ég heyrt hæstv. forseta sem situr nú í þessum stól tala máli þessa fólks, fátæks fólks í þjóðfélaginu, þannig að ég hefði gjarnan viljað óska þess að ég ætti þennan hv. þm. og forseta sem nú situr í þessum stól sem bandamann í þingsölum, a.m.k. við atkvæðagreiðsluna þegar hún fer fram um þetta mál vegna þess að mér hefur fundist að þetta sé eini framsóknarmaðurinn sem eftir er í Framsfl. með einhverja félagslega hugsun. Þess vegna bíð ég eftir því við atkvæðagreiðsluna og við umræður hér að vita og fylgjast með hver afstaða hv. þm. verður.

Hæstv. forseti þekkir þessa setningu frá síðasta þingi þegar við vorum að tala um greiðsluaðlögun fyrir fólk sem er að missa íbúðir sínar sem mátti ekki bíða: „Já, líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna um land allt veltur á skjótum aðgerðum, skuldbreytingum aldarinnar og greiðsluaðlögun."

Þarna var maður sem vissi hvað hann var að segja. Hann var að tala fyrir fátækt fólk á Íslandi sem var að missa íbúðir sínar þó krafturinn hafi svolítið farið úr honum eftir að hann blandaði geði sínu við fhaldsöflin í þjóðfélaginu.

Það er ekki öll nótt úti enn þá. Þetta frv. er ekki orðið að lögum og víst að það er langt frá því að vera útrætt. Síðan kemur hér ein af brtt., sem eru allmargar, þær eru 38 talsins:

„Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs," — það eru alltaf gjaldtökur — „lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarrar sambærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn."

Herra forseti. Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir því hvað á að setja margar reglugerðir verði þetta frv. að lögum. Það er fullt af reglugerðarheimildum til ráðherrans um alls konar gjaldlagningu á fólk sem fær inni í þessum nýja banka. Alþingi framselur vald sitt með margvíslegum hætti — ég kem að því síðar í dag í máli mínu — í öllum þeim reglugerðum sem ráðherrann fær heimild frá Alþingi til að setja. Þegar ég les í gegn öll þessi reglugerðarákvæði sem hér eru heimiluð til ráðherrans, þá spyr ég: Þarf ekki þingið að staldra við, bara með tilliti til virðingar þingsins, og skoða hvernig það á umliðnum árum hefur sýknt og heilagt framselt vald sitt til ráðherranna, opið vald með alls konar heimildum um meðferð opinberra fjármuna o.s.frv.? Er nokkuð skrýtið þó að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu orðin óljós? Ég held að þetta frv. sem við ræðum hér sé einmitt dæmi um það reglugerðarfargan og framsal frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins sem er óeðlilegt.

Í þessum brtt. er ekki mikið bitastætt, herra forseti. Því miður hefur þetta frv. litlum breytingum tekið frá því að það kom fyrst inn á þingið. Það sem raunverulega er til skammar og ég hélt að væri hægt að breyta í meðförum þingsins, er meðferðin á starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ég hef farið yfir sennilega 10 lagasetningar sl. 10 ára þar sem verið er að breyta rekstrarumhverfi ríkisfyrirtækja, t.d. að hlutafélagavæða þau. Í hverri einustu þeirra er það sett að starfsfólk skuli hafa forgang til starfa í nýju fyrirtæki eða nýrri stofnun. Þingmenn ættu að reyna að átta sig á hvort hér sé verið að taka upp nýja starfsmannastefnu hjá ríkinu. Á þetta þarf að láta reyna í atkvæðagreiðslu, herra forseti, áður en yfir lýkur. Er það virkilega svo að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. hafi alla þingmenn Framsfl. með sér í taumi um að farið verði öðruvísi með starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins en gert hefur verið við aðra starfsmenn þar sem ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt.

Herra forseti. 1. maí var fyrir nokkrum dögum. Það var baráttudagur verkafólks. Hvaða krafa var hávær þar? Þar var áberandi að fólk mótmælti því að verið væri að leggja niður félagslega íbúðakerfið á Íslandi, loka félagslega íbúðakerfinu án þess að nokkuð kæmi í staðinn fyrir þetta fólk. Það hefur í 70 ár lagt allt sitt traust á þetta félagslega kerfi. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, hélt þar ræðu. Ég ætla að fara yfir örfáa kafla í þeirri ræðu, herra forseti. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sagði:

„Launafólk gerir þá sanngjörnu kröfu að njóta afrakstursins af starfi sínu. Verkalýðshreyfingin vill því að batnandi efnahagsástand verði nýtt til að skapa samfélag sem tekur í ríkari mæli mið af þörfum fólksins í landinu, fjölskyldu-

vænt samfélag þar sem komið er fram af virðingu gagnvart launafólki og áherslan lögð á lífsgæði í víðum skilningi.

Við höfum lýst okkur reiðubúin í þetta uppbyggingarstarf en hvaða svör höfum við fengið? Hver eru skilaboð stjórnvalda? Í stað umbunar á enn að herða að lífskjörum launafólks í landinu. Nýjasta dæmið er frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á félagslega húsnæðiskerfinu. Nái þær breytingar fram að ganga er einfaldlega verið að fórna einhverjum mikilvægustu hagsmunum þeirra sem verst eru settir í samfélaginu."

Hvert einasta þessara orða eiga erindi í þessa umræðu í dag. Það er verið að fórna einhverjum mikilvægustu hagsmunum þeirra sem verst eru settir í samfélaginu með þessu frv. félmrh. Ég skil þetta ekki, herra forseti. Ég fæ ekki botn í það hvernig þessi framsóknaríhaldsstjórn getur, án þess að hafa af því minnsta samviskubit, samþykkt löggjöf sem ýtir fjölskyldum, 600 manns ef ekki fleirum, út í algera óvissu í húsnæðismálum. Við erum þó að tala um veigamesta þáttinn í framfærslu fjölskyldna á Íslandi. Grétar Þorsteinsson heldur áfram og segir:

„Í stað þess að tryggja öllum fjölskyldum í landinu þau sjálfsögðu réttindi að hafa öruggt þak yfir höfuðið án þess að fórna til þess bestu árum ævinnar, heilsunni og fjölskyldulífinu, er verið að stefna húsnæðismálum láglaunafólks í algera óvissu. Í félagslega húsnæðiskerfinu í heild eru nú um 10 þúsund íbúðir. Á hverju einasta ári leysir þetta kerfi úr húsnæðisvanda allt að 1.000 fjölskyldna sem þurfa nýja íbúð vegna breyttra aðstæðna eða komast inn af biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Þessu kerfi á að loka um næstu áramót.

Áhersla er lögð á að tryggja hag húsnæðiskerfisins og sveitarfélaganna en þeir sem félagslega húsnæðiskerfið áttu að þjóna sitja eftir án nokkurrar tryggingar fyrir húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Með breytingunum er öllum borgið nema skjólstæðingunum. Á þeirra hag ber enginn ábyrgð."

Ég lýsi ábyrgðinni á þau stjórnvöld sem nú sitja. Þau bera ábyrgð á því ef 600 fjölskyldur árlega, hafa hér eftir hvergi höfði sínu að halla og hvergi húsaskjól. Stjórnvöld hafa tekið að sér að stjórna þessu landi og þá bera þau líka ábyrgð á fátæku fólki og því að það hafi húsaskjól. Ég spyr: Boðaði Framsfl. það fyrir kosningar að það ætti að loka félagslega húsnæðiskerfinu? Boðaði Framsfl. það fyrir kosningar að setja ætti 600 fjölskyldur út á götuna? Nei, hann boðaði það ekki. Það er eins og stjórnmálaflokkar geti bara, eins og að drekka vatn, svikið kjósendur og skipt um stefnu þegar þeim dettur í hug, í stórum og mikilvægum málaflokkum án þess að bera það undir kjósendur. Grétar Þorsteinsson heldur áfram:

„Frv. sem nú er til meðferðar á Alþingi er stutt fögrum útreikningum sem virðast byggðir á samfélagi sem hvergi er til nema í hugskoti frumvarpshöfunda."

Það er nokkuð til í þessu, herra forseti, miðað við þá útreikninga sem við höfum farið í gegnum. Ég mun á eftir koma að útreikningunum sem fylgja þessu frv. sem ég segi að standist ekki í mörgum tilvikum. Það sem er hagstæðast fyrir hæstv. félmrh. er dregið fram og hitt látið liggja á milli hluta. Þegar hæstv. ráðherra heldur því fram t.d. að greiðslubyrðin sé léttari hjá þeim sem á annað borð fá inni í þessum Íbúðalánasjóði: Er það þá rétt, herra forseti? Hvað ef fólk kaupir íbúð með áhvílandi lánum á almennum markaði, við skulum segja að það séu 40 ára lán sem búið er að borga helminginn af? Þá er greiðslubyrðin farin að þyngjast, þá rýkur greiðslubyrðin upp. Ég mun sýna fram á það hér á eftir. Engin slík dæmi eru sett fram í þessu frv. ráðherrans. Greiðslubyrðin þyngist eftir sem líður á. Ef menn yfirtaka lán sem 10, 15, 20 greiðslur hafa verið borgaðar af, þá er greiðslubyrðin miklu þyngri, miðað við að þeir fengju inni í félagslega kerfinu. Þegar Grétar Þorsteinsson hefur sagt að útreikningarnir byggist á samfélagi sem hvergi er til nema í hugskoti frumvarpshöfunda, þá segir hann:

„Í því samfélagi er engin verðbólga og kaupmáttur breytist ekki. Þar verða engar sveiflur í efnahagslífi og bústnir fiskistofnar synda til móts við veiðiflotann jafnreglulega og sjávarföllin. Fólk er einstæðir foreldrar í 40 ár samfellt og í húsnæðisviðskiptum yfirtekur enginn áhvílandi lán." Það er nefnilega það, enginn yfirtekur áhvílandi lán. Það er ekki gert ráð fyrir því.

Því næst segir Grétar: „Vaxtabótakerfið sem stjórnvöld hafa verið að hræra í nánast árlega frá því að það var sett á laggirnar á að standa óhreyft til frambúðar. Þekkið þið einhvern sem býr í þessu samfélagi?

Til að trufla nú örugglega ekki hugarsmíðarnar gæta stjórnvöld þess að hafa ekkert samráð við samtök launafólks sem þó höfðu byggt upp félagslega húsnæðiskerfið í upphafi og leyst með því úr mikilli neyð fjölda landsmanna. Verkalýðshreyfingin hefur verið einn helsti gerandi í uppbyggingu kerfisins en við hana var ekki talað. Stjórnvöld passa upp á að óþægileg atriði á borð við raunverulegar aðstæður og þarfir íslensks launafólks gári ekki slétt og fellt yfirborðið á kaffibollum ráðuneytanna eða trufli frumvarpshöfundana við lagasmíðar um mikilvægustu hagsmunamál okkar.

Við krefjumst þess að öllu íslensku launafólki sé sýnd meiri virðing en svo að fjöldi fjölskyldna eigi húsaskjól sitt undir slíku frumvarpi að lögum.

Við krefjumst þess að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað svo tími gefist til að smíða nýtt frumvarp sem tekur mið af hagsmunum launafólks."

Er hlustað á þetta, herra forseti? Mér heyrist ekki. Mér heyrist að ekki einu sinni á frídegi verkalýðsins, 1. maí, sé hlustað á ákall frá forustunni og frá verkalýðnum um tóm til þess að skoða betur þetta frv. og áhrifin af því.

Formaður húsnæðisnefndar ASÍ, það kemur fram 2. maí, telur frv. um húsnæðismál óviðunandi. Hann segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp félagsmálaráðherra um húsnæðismál er hroðvirknislega unnið og algerlega óásættanlegt. Þær 40 breytingartillögur sem ráðherra hefur sett fram gera fátt annað en staðfesta þetta mat, að sögn Kristjáns Gunnarssonar, formanns húsnæðisnefndar ASÍ." — Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Vinnunnar. — „Kristján ítrekar að draga verði frumvarpið til baka og býður fram aðstoð við gerð nýs frumvarps. Breytingartillögurnar snúa fyrst og fremst að orðalagi og tækniatriðum, segir Kristján."

Þetta var nákvæmlega það sem ég hélt fram áðan þegar ég fór yfir þessar greinar. Þær snúa nákvæmlega að orðalagi og tækniatriðum en ekkert er gert í að bæta úr fyrir þá sem aðstoð hafa fengið í þessu kerfi. Kristján heldur áfram og segir:

„Þær eru eins og dropi í hafið og sýna fyrst og fremst hversu illa unnið frumvarpið var. Kristján segir að frumvarpið hafi alvarlega galla sem snerti þá sem þurfa helst á félagslegum lánum að halda. Verði frv. að lögum munu um 1.000 fjölskyldur standa utan kerfisins."

Hér heldur hann því fram að 1.000 fjölskyldur muni standa utan húsnæðislánakerfisins. Ég sagði 600, herra for-

seti, og ég taldi að það gæti verið mikið meira. Hann segir hér 1.000 fjölskyldur. Ég held að þetta sé einhvers staðar á bilinu 600–1.000. Það fer allt eftir þessum neyslustaðli sem boðaður er hjá ráðherranum hvar á hundraðinu þetta lendir. Hér segir:

„Breytingartillögurnar taka ekki á þessum galla, segir Kristján. — Þessar fjölskyldur verða mjög illa settar og þær skiptir engu máli hver greiðslubyrði lánanna verður. Þær munu ekki geta fengið lán. Það er alveg ástæðulaust að loka núverandi kerfi. Hægt hefði verið að taka upp nýtt kerfi íbúðalána, eins og ASÍ og BSRB hafa lagt til, til hliðar við það.“ Í stað þess að setja fjölda fólks í uppnám.

„Kristján nefnir þó tvær breytingartillögur sem talist geta jákvæðar. Sveitarfélögin geti ekki skyldað skjólstæðinga sína til að kaupa þær íbúðir sem fyrir eru í kerfinu“ — ég vil skjóta því inn hér að þeir geta þó gert það fyrstu tvö árin — „og stofnuð verði nefnd með aðilum vinnumarkaðarins sem kanna á leigumarkaðinn. Þessar tillögur breyta þó í engu afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að sögn Kristjáns. — Frumvarpið er greinilega samið til bjargar kerfinu sjálfu og sveitarfélögunum fremur en fólkinu sem það á að þjóna.“

Ekkert samráð var haft við verkalýðshreyfinguna um gerð frv. þrátt fyrir að öðru hefði verið haldið fram opinberlega.

Kristján bendir á að nú sé tækifæri til samráðs og segir: „Draga verður frumvarpið til baka og hafa samvinnu við hreyfinguna um smíði nýs.“ Þetta kemur fram í Vinnunni, málgagni ASÍ.

Þessu vildi ég halda til haga, herra forseti, því það er auðvitað mikilvægt þegar hæstv. ráðherra hefur í engu haft samráð við verkalýðshreyfinguna í þessu efni hvort heldur er BSRB, ASÍ, eða nein heildarsamtök eða félagasamtök launafólks, og vill ekkert hlýða á þeirra skoðanir eða taka tillit til þeirra sjónarmiða þó að þetta sé náttúrlega fólk sem gerst og best þekkir til húsnæðismála láglaunafólks og hefur verið með í öllum breytingum frá upphafi, þá er auðvitað nauðsynlegt að sjónarmiðum þeirra verði a.m.k. haldið til haga í þessari umræðu, sjónarmiðum verkalýðshreyfinarinnar og talsmönnum félagasamtaka sem nú eru að berjast fyrir því, herra forseti, að fá ríkisstjórnina til að falla frá þeim áformum um að lögfesta þetta frv. á næstu dögum eða vikum. Mér finnst ekki til of mikils mælst að hlustað sé á félagasamtök og verkalýðshreyfinguna sem hafa á bak við sig 100 þús. manns um að þessu máli verði frestað. Það er ekki einu sinni verið að fara fram á það að hæstv. ráðherra hætti alveg við áform sín. Það er verið að biðja um eðlilega aðkomu verkalýðshreyfingarinnar og félagasamtaka að þessu máli. Verið er að rétta fram sáttarhönd til hæstv. félmrh. um að þessi félagasamtök og verkalýðshreyfingin eru tilbúin til að koma til móts við félmrh., ræða við hann um þessi mál og sýna honum fram á hvað betur mætti fara. Þau eru ekki endilega að kalla eftir auknum útgjöldum úr ríkissjóði. Þau eru að sýna fram á það sem betur má fara í þessu efni.

Á þær hendur er slegið eða svo virðist vera, herra forseti, af hæstv. félmrh. Er það ekki útgjaldalaust fyrir hæstv. félmrh. að verða við hinni sanngjörnu ósk þegar frv. á hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót? Er ekki hægt að nýta sumarið til að skipa milliþinganefnd í þetta mál með aðild verkalýðshreyfingarinnar og félagasamtaka sem fara yfir málið í heild sinni? Hverjum hefði dottið það í hug fyrir örfáum árum að félagslega íbúðakerfinu á Íslandi yrði lokað á árinu 1998 án þess að nokkuð kæmi í staðinn og án þess að nokkuð hafi verið rætt við verkalýðshreyfinguna eða félagasamtök, sem hafa komið upp íbúðum fyrir sína félagsmenn gegnum félagslega íbúðakerfið? Hefði þeim framsóknarmönnum á árinu 1929, sem ásamt Alþfl. komu á þessu félagslega íbúðakerfi og voru í forustu um að tala fyrir því að ná þessu máli í gegn í andstöðu við íhaldið, dottið í hug að það yrði Framsfl. sjálfur, 70 árum síðar, sem hefði forustu um að loka félagslega íbúðakerfinu á Íslandi, þótt vitað sé að fólk þúsundum saman geti ekki komið sér upp þaki yfir höfuðið nema með aðstoð félagslega kerfisins? Það virðist ekkert eiga að hugsa um það.

Nú legg ég til, herra forseti, að í næstu kosningum skipti Framsfl. um blað í stefnuskrá sinni þar sem fjallað er um húsnæðismál og kópíeri stefnu Sjálfstfl. og setji hana inn í sína stefnuskrá vegna þess að hér er auðvitað ekki verið að framkvæma neitt annað en stefnu íhaldsins. Hér stendur:

„Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir í eina sjálfstæða lánastofnun sem fjármagni íbúðalán.“

Síðan stendur hér og það er það sem maður óttast að verði næsta skref, enda bendir margt í frv. til þess, ákvæði hlutafélagalaganna tekin þar upp, en hér stendur frá landsfundi Sjálfstfl.:

„Hin nýja lánastofnun verði einkavædd fyrir aldamót.“

Er það þess vegna sem liggur svona á að lögfesta það, að þeir ætli að nota sitt síðasta þing til að einkavæða þennan nýja Íbúðalánasjóð? Ég legg því til, herra forseti, af því að engan mun er hægt að sjá á stefnu íhaldsins eða Framsfl. og ekki bara í þessum málaflokki heldur fleiri málaflokkum, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn setjist nú yfir það að samræma bara stefnu sína í þessum og öðrum málaflokkum og bjóði fram sameinaðir í næstu kosningum. Ég held að miklu skynsamlegra sé að gera það með þeim hætti heldur en að Framsfl. sé að fela sig á bak við það að vera eitthvert félagslegt andlit og hafi félagslega hugsun vegna þess að hann er það ekki. Það hefur sýnt sig og sannað gegnum söguna að mesta eignatilfærsla í sögunni, þar sem gjá hefur myndast milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu, er þegar Framsfl. og Sjálfstfl. eru við völd, enda er engan mun hægt að sjá á stefnu þessara flokka.

Það er út af fyrir sig rétt, herra forseti, að mikil og hröð uppbygging hefur verið í félagslegum íbúðum, sérstaklega á síðustu átta árum. Maður sér á þessu súluriti að ekki var mikið farið að hugsa um félagslegar íbúðir t.d. á árinu 1980. Þá voru veitt lán að upphæð 287 millj. til félagslegra íbúða. Síðan hefur þetta vaxið hröðum skrefum og árið 1991 voru veittir 5,2 milljarðar. Í gegnum árin hefur fjöldi félagslegra íbúða vaxið og það er nauðsynlegt, herra forseti, vegna þess að félagslegar íbúðir hafa verið of fáar hér á landi miðað við þörfina. Þær eru miklu miklu færri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Og auðvelt er að sýna fram á það hve nauðsynlegt er að stíga varlega til jarðar í að loka félagslega íbúðakerfinu.

Hér er taflan sem ég hefði viljað hafa við hendina áðan þegar ég var að sýna fram á hvernig greiðslubyrðin eykst alveg gífurlega, sem hvergi er gert ráð fyrir hjá hæstv. félmrh., ef fólk er að kaupa íbúðir með áhvílandi lánum. Hérna sér maður núverandi kerfi, herra forseti, þetta er kúrfan ef verið er að yfirtaka lán miðað við íbúð sem kostar 7 millj., eftir 20 ár og stendur þá eftir af því 4,6 millj. og viðkomandi fær síðan það sem upp á vantar með hinni nýju fyrirgreiðslu úr Íbúðalánasjóðnum, þá munar svo mikið ef verið er að taka yfir lán sem búið er að borga af, við skulum segja í 20 ár,

þá fer greiðslubyrðin upp úr öllu valdi. Hér er verið að miða við mánaðartekjur upp á 150 þús. á meðan greiðsla hjóna í núverandi kerfi fer á ári ekki yfir 250 þús., þá getur hún farið miðað við að verið sé að yfirtaka lán allt upp í 500 þús. kr. miðað við fast verðlag eða helmingi hærri fyrstu árin. Þetta er mjög nauðsynlegt að hafa í huga þegar menn eru að lesa gagnrýnislaust þær töflur sem eru í frv. ráðherrans. Það held ég að allt of margir hafi gert, að lesa þetta gagnrýnislaust.

Við getum líka horft á hjón með 150 þús. kr. í mánaðartekjur og fasteign upp á 7 millj. Það sama virðist vera uppi á borðinu að heildargreiðslur sem hlutfall af tekjum eru miklu hærri þegar svo er búið um hnútana, sem oft er þegar fólk er að kaupa eldri íbúðir á markaðnum. Þær eru oft með áhvílandi og yfirteknum lánum þannig að greiðslubyrðin verður miklu meiri.

Mér fannst líka athyglisvert það svar sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. á þessu þingi við fyrirspurn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um þjónustugjöld fjármálastofnana — af því að verið er nú að leggja af Húsnæðisstofnun. Í svarinu kom fram að lántökugjöld og ítrekunargjöld vegna vanskila og gjöld fyrir tilkynningar í tengslum við almenna innheimtu, t.d. þessir greiðsluseðlar, eru miklu lægri hjá Húsnæðisstofnun en í bönkunum. Hver trúir öðru en að þessi nýi húsbanki, Íbúðalánasjóður, beri sig saman við bankana og taki það sama í lántökugjöld og ítrekunargjöld vegna vanskila og gjöld fyrir tilkynningar í tengslum við almenna innheimtu, svo sem greiðsluseðla. Ég er alveg viss um að hann mun gera það. Miklu lægri gjaldtaka hefur verið hjá Húsnæðisstofnun. Við getum t.d. nefnt bara greiðsluseðlana. Veðdeild Landsbanka Íslands innheimtir 195 kr. gjald fyrir hvern greiðsluseðil vegna sérhvers láns frá Húsnæðisstofnun en bankar og sparisjóðir hafa tekið 320 til 355 kr. gjald fyrir hverja afborgun sem tilkynnt er með greiðsluseðli en 120–150 kr. gjald fyrir skuldfærslu. Við erum að tala um 70% a.m.k., 70–80% hærri gjaldtöku sem bankar og sparisjóðir taka fyrir greiðsuseðlana en Húsnæðisstofnun tekur.

Síðan er lántökugjaldið. Húsnæðisstofnun hefur aðeins tekið 1% af veittum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins í lántökugjald meðan bankarnir hafa tekið 2% lántökugjald. Í frv. stendur að þessi blessaði nýi Íbúðalánajsóður eigi að standa undir sér sjálfur með tekjum og vöxtum og það þarf enginn að segja mér annað en hann fari upp í það sem hann mögulega getur í lántökugjöldum til að geta staðið undir sér sjálfur vegna þess að það má ekki vera neitt sem heitir félagslegt í þessu, að aðstoða þurfi fólk í sambandi við húsnæðislánin.

Ef við tökum t.d. gjöld fyrir nauðungarsölubeiðni, þá hefur Húsnæðisstofnun tekið 2.000 kr. á hverja beiðni auk virðisaukaskatts en bankar og sparisjóðir taka gjald á bilinu 2.828–3.860 auk virðisaukaskatts. Lífeyrissjóðir eru með á bilinu 2.000–3.100 auk virðisaukaskatts. Við sjáum því að þar sem við berum niður í þessu svari, herra forseti, þá er alveg ljóst að Húsnæðisstofnun hefur verið með miklu lægri gjaldtöku hvernig sem á það er litið en bankar og sparisjóðir.

Það er ljóst af bréfi sem hefur komið frá fjmrn. 27. apríl, af því að við erum að tala um þessa gjaldtöku og stimpilgjaldið, að forskrift og leiðsögn hefur verið frá fjmrn. hvernig mætti standa að þessari gjaldtöku varðandi stimpilgjaldið. Það mátti ekki afnema stimpilgjaldið af húsbréfunum sjálfum þó að verið væri að afnema það af viðbótarláninu, því að í bréfi fjmrn. er það lagt til að þetta verði af viðbótarlánunum en ekki af húsbréfunum. Hæstv. félmrh. hlýðir alltaf í einu og öllu því sem fram kemur hjá fjmrn. og boðskap þess þannig að það hefur ekki mátt fara lengra í því.

Síðan held ég, herra forseti, að mjög mikilvægt sé að því sé haldið til haga, af því að ég er með umsögn fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar um húsnæðismálin en þar kemur einmitt fram þessi tala sem margoft hefur verið lesin úr ræðustól og mönnum hefur verið tíðrætt um, þ.e. þessar 25 íbúðir ári, að ég óska eftir því og fer reyndar fram á það — og af því að einn nefndarmaður í félmn. er hér í hliðarherbergi, þá hefði ég viljað beina því til félmn. að hún gerði ráðstafanir til þess milli 2. og 3. umr. að fá nýja umsögn frá fjmrn. og fjárlagaskrifstofunni þar sem fjárlagaskrifstofan legði mat á það hvort þær breytingar sem verið er að gera af hálfu meiri hlutans, þ.e. fara á út í einhverja könnun, og að fjöldi og upphæðir lána til leiguíbúða skuli taka mið af framlagi ríkissjóðs og fjárlögum, hvort þetta ákvæði breyti einhverju um umsögn fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar. Fjárlagaskrifstofan gefur umsögn um frv. eins og það lítur út þegar það er lagt fyrir þingið. Og þá þurfum við að vita hvort þessi brtt. meiri hlutans hafi einhverja þýðingu eða hvort þetta séu bara orð á pappír til að vera dúsa upp í einhvern af stjórnarliðum, sem hefur kannski fengið bakþanka um að hér væri á ferðinni mál sem menn þyrftu að hafa áhyggjur af þegar stór hluti fólks hefur hvergi öryggi í húsnæðismálum eftir að þetta hefur verið samþykkt. Er þetta bara dúsa upp í slíka stjórnarliða eða er eitthvað á bak við? Þessu vil ég beina til félmn., þ.e. að leitað verði að nýju umsagnar fjmrn. og fjárlagaskrifstofu um hvort þetta breyti umsögn fjárlagaskrifstofu um að einungis verði byggðar 50 leiguíbúðir á næstu tveimur árum. Það held ég að sé mjög nauðsynlegt, herra forseti.

Hérna hef ég fengið umsögn frá Húsnæðisnefnd Reykjavíkur og þá er maður að velta fyrir sér samanburði á greiðslubyrði í þessu nýja lánakerfi, en samkvæmt upplýsingum húsnæðisnefndar Reykjavíkur voru umsækjendur um félagslegar íbúðir á árinu 1997 samtals 999. Ekki er því að draga neitt úr umsóknum um félagslegar íbúðir. Í Reykjavík einni saman eru þær 999, en ef ég man töluna rétt, þá hefur hæstv. ráðherra fengið fjármagn til að úthluta 170 íbúðum, og er nú af sem áður var þegar íbúðirnar voru á bilinu 500–800. En ekkert virðist draga úr því jafnvel þó að hæstv. félmrh. hafi gert sitt á umliðnum tveim til þrem árum til að sverta félagslega kerfið og æpa úlfur, úlfur um allt land og að auðar íbúðir standi í hverju einasta sveitarfélagi o.s.frv., og allir séu að kikna undan greiðslubyrði þótt staðreyndin sé sú, sem við höfum farið hér yfir, að ekki nema örfáar íbúðir standa auðar, eða 32 í eitt ár á móti 10–11 þús. sem eru í kerfinu.

Af þessum 999 er mjög athyglisvert að sjá að 671 fengu úthlutað, þar af 313 einstæðir foreldrar og 121 einstaklingur. Af 313 einstæðu foreldri fengu 196 þeirra úthlutað íbúð yfir 6 millj. kr., af 121 einstaklingi fengu 69 úthlutað íbúð sem kostaði yfir 5,5 millj. Tveggja herbergja, 70 m , ný íbúð í Grafarvogi kostar um 6,5 millj. Þessir útreikningar eru tilkomnir vegna þess að við erum auðvitað að skoða hvað vaxtabótakerfið þýðir fyrir þessa einstaklinga. Þá er sýnt fram á að af 313 einstæðum foreldrum fengu 196 þeirra úthlutað íbúð sem var yfir 6 millj. Ef þetta frv. væri orðið að lögum í dag og við hefðum þennan hóp, herra forseti, sem væri að fá sér félagslega íbúð og við skulum gefa okkur að það kæmist inn í þetta nýja kerfi og hefði greiðslugetu til þess, þá væri annað tveggja sem þessir 196 einstæðu foreldrar ættu völ á, þ.e. að kaupa sér ekki 6 millj. kr. íbúð, eins og þeir gátu gert áður, heldur fara niður í íbúð sem

kostar 4,5–5 millj. kr. til þess að greiðslubyrðin yrði sú sama. Ef þessir einstæðu foreldar kaupa sér íbúð í nýju kerfi upp á 6 millj. kr. þá þyrftu þeir sjálfir að taka á sig meira í niðurgreiðslu en þeir gera í dag. Með öðrum orðum, reka sig upp í þakið á vaxtabótunum. Það er það sem við erum að segja með þessu varðandi vaxtabótakerfið sem ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., mun passa mjög vel upp á í hv. efh.- og viðskn. að skoða vaxtabótaþáttinn mjög vel af því að ljóst er að við erum með fjölda einstaklinga og einstæðra foreldra, svo skiptir hundruðum sem munu reka sig upp í þetta vaxtabótaþak. Þeir verða ekki jafnsettir í þessu nýja kerfi eins og í því sem nú á að fara að loka nema efh.- og viðskn. breyti þessu þaki og hækki það verulega og mér sýnist að þurft geti að hækka það upp hjá einstæðum foreldrum kannski um 60 þús. kr. ef þeir eiga að vera jafnsettir á eftir.

Ég er að sýna fram á það, herra forseti, af því að svo vel vill til að maður sem hefur mikil áhrif í efh.- og viðskn. er hér staddur. Ég er að sýna fram á að þeir 196 einstæðu foreldrar sem fengu úthlutað á árinu 1997 fengu allir úthlutað íbúð sem var yfir 6 millj. kr. en í nýja kerfinu sem nú á að taka upp þyrftu þeir að fara niður í verð á íbúð sem kostar 5 millj. til þess að vera jafnsettir í greiðslubyrði eða taka sjálfir á sig sennilega upp undir 60 þús. kr. sem þeir þyrftu að borga á ári úr eigin vasa til að vera jafnsettir eins og niðurgreiðslukerfið gaf miðað við þetta nýja vaxtabótakerfi. Þetta finnst mér vera stórmál. Ef það er sem mér sýnist af nál. meiri hluta efh.- og viðskn. þá eru bara engar athugasemdir gerðar, engar. (**SJS:** Þeir skoðuðu málið ekki neitt.) Þarna er það nú upplýst (**Gripið fram í:** Það var lítið.) að málið hafi verið lítið skoðað af hv. efh.- og viðskn. og í svona stóru máli. Þó að meiri hlutanum í efh.- og viðskn. þyki þetta vera eitthvert smámál, þá er þetta mál sem skiptir gífurlega miklu máli fyrir fjöldann allan af fátæku fólki sem hefur fengið aðstoð í félagslega kerfinu. Við erum að tala um kannski ein mánaðarlaun hjá þessu fólki þegar við erum að tala um 60 þús. kr.

Ég gæti líka farið svona yfir þetta hjá einstaklingunum og nefnt það t.d. að húsnæðisnefnd Reykjavíkur upplýsir að tveggja herbergja, 70 m ný íbúð í Grafarvogi kostar um 6,5 millj. kr. Þetta þýðir að fólk, einstæðir foreldrar til að mynda, sem ekki er með miklar tekjur mun ekki geta keypt sér tveggja herbergja íbúð í Grafarvogi. Það kemst hreinlega ekki inn í þetta kerfi og þarf að fara á hinn margumtalaða leigumarkað sem er svo ekki til.

Ég ætla næst að víkja aðeins að bótakerfinu, húsaleigubótum og vaxtabótum. Við fórum ítarlega yfir það þegar verið var að breyta húsaleigubótakerfinu fyrir jólin, hvaða afleiðingar það hefði þegar verið væri að færa leiguna á leiguhúsnæði upp í markaðsverð og síðan var sagt að húsaleigubætur ættu bara að koma í staðinn. Ég man eftir því að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson héldum þessu skjali nokkuð hátt á lofti og vorum að sýna fram á það, herra forseti, að við það að færa leiguna upp í markaðsverð og láta síðan niðurgreiðsluna koma gegnum húsaleigubætur, yrði stór hluti fólks að taka á sig miklu hærri leigu og nefndum þar dæmi sem voru algeng á bilinu 14–16 þús. kr. og þaðan af hærri.

Þetta nefni ég hér af því að nú hefur verið gerð úttekt af borgarstjórn eða félagmsálaráði hefur það sennilega verið um hvaða áhrif þetta hefur. Þá úttekt hef ég undir höndum og eins tillögu borgarstjórans í Reykjavík hvernig á þessu máli skuli tekið. Þar kemur náttúrlega í ljós að við hv. þm. Ögmundur Jónasson höfðum nokkuð rétt fyrir okkur, þó að svo sé í þessu máli að borgin ætli að halda þannig á málum að flestir verði jafnsettir á eftir nema þeir sem eru mjög tekjuháir og mun ég skýra það nánar. En þetta sýnir, herra forseti, að mér finnst að Samband ísl. sveitarfélaga hafi hlaupið á sig þegar það samdi við ríkisvaldið um að 280 millj. ættu að duga þegar húsaleigubætur fóru alfarið yfir til sveitarfélaganna. Við héldum því fram að þetta þyrfti að vera a.m.k. 500 millj. kr. En hér liggur sú úttekt fyrir sem gerð var á því hvernig þetta kom út fyrir þá sem eru núna í leiguíbúðum á vegum Félagsmálastofnunar og þar kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta, en verið er að tala um Félagsbústaði hf. Í 7. gr. samþykktar Félagsbústaða hf. segir:

„Við gerð rekstraráætlana vegna ákvörðunar á leigugjaldi skuli við það miðað að reksturinn sé sjálfbær. Í því felst að leigutekjur Félagsbústaða hf. þurfa að vera í samræmi við kostnað af eignarhaldi og rekstri á húsnæði félagsins. Tekjur félagsins af leigu sem innheimt verði hjá leigutökum eftir að nýir leigusamningar taka gildi eru verulega undir þeirri fjárhæð og verður borgarsjóður því að leggja Félagsbústöðum hf. til rekstrarframlag til að brúa mismuninn. Æskilegast hefði verið að brúa mismuninn með því að bæta við húsaleigubætur einstaklinga sem rétt eiga til þeirra. Því miður er sú leið ekki fær m.a. vegna þess að húsaleigubætur fengust ekki undanþegnar skattskyldu til ríkisins eins og sveitarfélögin þó höfðu lagt mikla áherslu á."

Eitt af því sem ekki er hægt að koma í gegnum þennan Sjálfstfl. er að húsaleigubætur séu skattfrjálsar eins og vaxtabætur. Það er með ólíkindum að húsaleigubætur skuli vera skattskyldar en ekki vaxtabætur og þetta verður auðvitað enn þá meira æpandi núna, herra forseti, þegar fjölda fólks er vísað á leigumarkaðinn. Það fær húsaleigubætur en þarf að borga skatta af þeim. Þeir sem eru svo heppnir að komast inn í Íbúðalánasjóðinn og fá fyrirgreiðslu til að kaupa sína eigin íbúð, fá sínar vaxtabætur skattfrjálsar. Þetta er aðstöðumunur sem ég held að standist ekki, herra forseti. Þetta eru tveir hópar og við erum að tala um húsaskjól fyrir báða þessa hópa. Annar hópurinn sem er svo heppinn að eiga það mikla peninga að geta keypt sína eigin íbúð fær skattfrelsi af niðurgreiðslunni en hinn sem er fátækur og er í leiguíbúð og fær húsaleigubætur þarf að borga skatta af þeim, herra forseti. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum.

Ég man þegar ég var að koma þessu húsaleigubótakerfi á, þá reyndi ég mikið til að fá þáv. fjmrh. til að fallast á skattfrelsi á húsaleigubæturnar. Það gekk ekki. En í staðinn varð samkomulag um það að hækka áformaðar húsaleigubætur upp í það sem skattinum næmi þannig að einstaklingar yrðu jafnsettir á eftir.

Þetta dugar ekki núna, herra forseti, og ekki síst þegar við erum að vísa stórum hópi fólks út á leigumarkaðinn. Þess vegna væri mjög gott að fá það fram hjá Framsfl. hvort þeir hafa gefist upp við það að herja á samstarfsaðilann, Sjálfstfl., með það að húsaleigubætur verði skattfrjálsar. Síðan kemur fram hjá Félagsbústöðum:

„Við ákvörðun húsaleigu telur starfshópurinn rétt að taka mið af viðmiðunarreglum Húsnæðisstofnunar sem gefnar eru út á grundvelli 70. gr. reglugerðar nr. 375/1996, um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna. Í þeim er gert ráð fyrir að tiltekið hlutfall stofnverðs íbúða sé grundvöllur leiguverðs. Í viðmiðunarreglum Húsnæðisstofnunar er ársleiguviðmiðun í félagslegum kaupleiguíbúðum 4,43%

stofnverðs. Má telja eðlilegt að sambærilegt þak eða hámarksviðmiðun sé einnig á leigu íbúða í eigu Félagsbústaða hf. þó engar viðmiðunarreglur séu í gildi um leigu á íbúðum sem keyptar eru án fjármögnunar frá Byggingarsjóði verkamanna. Því er lagt til að við útreikning leigu á íbúðum Félagsbústaða hf. verði ofangreindar viðmiðunarreglur hafðar til hliðsjónar hvað varðar hámark leigu, annars vegar að hlutfallið verði aldrei hærra en 4,43% og hins vegar að stofnverð verði skilgreint sem brunabótamat eignar, enda ekki fært að reikna út stofnverð á mörgum íbúðanna. Brunabótamat er endurstofnverð eigna og mikilvægt er að nota opinbert mat sem hafið er yfir ágreining og alltaf liggur fyrir. Allir útreikningar starfshópsins byggjast á ofangreindum forsendum. Hlutfall reiknaðrar leigu er á bilinu 3,2–3,4% af brunabótamati og er svo lágt til þess að lágmarka skattáhrif húsaleigubótanna."

Síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Lagt er til að við útreining húsaleigubóta úr borgarsjóði sé fylgt þeim leiðbeiningum sem fram koma í lögum og reglugerðum um húsaleigubætur. Greiðslur húsaleigubóta vegna félagslegs leiguhúsnæðis verði teknar upp í áföngum eftir því hvenær húsaleigusamningar renna út og leigufjárhæð breytist. Þessi útfærsla gerir aðeins ráð fyrir einu húsaleigubótakerfi. Þannig verður kynning á kerfinu og framkvæmd bótagreiðslna eins einföld og kostur er og dregið úr hættu á misskilningi í útfærslu. Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur reynslu á þessu sviði, enda hefur hún greitt húsaleigubætur í þrjú ár vegna íbúða á almennum leigumarkaði og hefur sú framkvæmd gengið vel. Hægt er að nýta kynningarefni sem félmrn. hefur útbúið vegna laga um húsaleigubætur."

Síðan kemur raunverulega greining á áhrifum nýs kerfis á húsnæðiskostnað leigjenda og þar kemur fram að leigjendur í 559 íbúðum eða 70,4% af heildinni verða jafnsettir. Sem sagt: 70,4% af heildinni eru jafnsettir á eftir, leigjendur í 559 íbúðum. Hvað er þá með restina, herra forseti? Hér stendur:

„Greiðslubyrði leigjenda í 212 íbúðum eða 26,7% af heildinni hækkar ef ekki verður tekið á þeim málum sérstaklega. Hækkunin stafar annaðhvort af því að leigutakar hafa tekjur yfir viðmiðunarmörkum eða búa í of dýru eða stóru húsnæði miðað við fjölskyldustærð. Stærsti hluti þessa hóps eru einstaklingar eða 139 leigjendur í íbúðum sem eru að meðaltali 76,4 m . Gæfist þessum leigjendum kostur á minni og ódýrari íbúðum sem henta fjölskyldustærð mundi greiðslubyrði þeirra ekki aukast."

Hér er raunverulega verið að segja að þessir 212 einstaklingar eða 26,7% af heildinni búi í of dýru eða stóru húsnæði miðað við fjölskyldustærð.

„Lagt er til að aðstæður hvers leigutaka í þessum 212 íbúðum verði skoðaðar og staða þeirra metin. Leitað verði leiða til að útvega leigutökum húsnæði sem hentar miðað við fjölskyldustærð og aðrar aðstæður. Þannig kæmist hreyfing á félagslega leiguíbúðakerfið og fjármunir mundu nýtast betur.

Þar til unnt verður að bjóða íbúðir af hentugri stærð leggur starfshópurinn til að leiga þeirra sem búa í of stóru húsnæði verði ekki hærri en leiga sem þeir þyrftu að greiða í húsnæði af réttri stærð."

Mér finnst, herra forseti, mjög skynsamlega á þessu tekið af hálfu Reykjavíkurborgar. Hér er þó leitast við að rétta hlut þeirra sem hefðu að öllu óbreyttu átt að hækka í leigu þannig að þeir verði jafnsettir á eftir, að vísu með því að þeir þurfa að sætta sig við að vera í eitthvað minna húsnæði. Síðan kemur:

„Í 23 íbúðum eða 2,9% af heildinni búa leigjendur sem eiga ekki rétt á húsaleigubótum. Útgjöld borgarsjóðs vegna þessara íbúða nema tæpum 3 millj. kr. á ári. Nauðsynlegt er að hugleiða hvort rétt er að veita þessum hópi aðgang að félagslegu leiguhúsnæði meðan á biðlistum er fólk sem ekki á í önnur hús að venda. Starfshópurinn leggur til að leiga hjá þessum hópum verði hækkuð í raunleigu en þó þarf að huga að því hvernig íbúðirnar voru fjármagnaðar. Til lengri tíma litið er eðlilegt að þessi hópur leysi húsnæðismál sín á annan hátt."

Hér er um 2,9% að ræða.

Það er náttúrlega alveg ljóst að með því að taka þetta á sig, fara þessa leið þannig að verulegur hluti þessa hóps eða tæplega 98% séu jafnsett, þá þarf Reykjavíkurborg að taka á sig ákveðnar skuldbindingar sem mér er til efs, herra forseti, að hafi verið gert ráð fyrir í því fjárhagslega uppgjöri sem fór fram milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubæturnar.

Hér er bréf undirskrifað af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem er tillaga og þar segir að borgarráð samþykki að fela félmrh. að semja reglur um húsaleigubætur í félagslegu leiguhúsnæði Félagsbústaða hf. á grundvelli tillagna starfshóps borgarstjóra og þá samþykkir borgarráð að hafnar verði viðræður við félmrh. og húsnæðisstjórn um félagslega fjármögnun á kaupum Félagsbústaða hf. á allt að 100 leiguíbúðum.

Herra forseti. Ég veit ekki betur en þessi tillaga hafi verið samþykkt og þetta er 24. mars. Hérna er samþykkt Félagsbústaða um að hefja viðræður við félmrh. um fjármögnun á kaupum á allt að 100 leiguíbúðum, m.a. til þess að geta mætt því, alveg greinilega, að þessi hópur sem er 26% af heildinni geti farið í minna húsnæði og verið þá fjárhagslega jafnsettur á eftir, því þarf greinilega að koma upp þessum leiguíbúðum.

Nú spyr ég: Stendur ekki á svari hjá hæstv. félmrh.? Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að leysa úr því þegar Reykjavíkurborg hefur áhuga á að byggja 100 félagslegar leiguíbúðir og það þegar á þessu ári? Hefur félmrh. fallist á að 100 leiguíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar verði fjármagnaðar á þessu ári? Félmrh. labbar bara í burtu vegna þess að hann hefur auðvitað engin svör við því og hefur væntanlega ekki fengið nein viðbrögð um það þó eftir því hafi verið leitað hjá hæstv. fjmrh. Ég spyr, herra forseti. Ég er að spyrja hæstv. félmrh. að því hvort Reykjavíkurborg megi eiga von á jákvæðum svörum við þeirri ósk að fjármagnaðar verði 100 leiguíbúðir á þessu ári. Enn þá hleypur hann úr salnum og breytir það svo sem engu, herra forseti, vegna þess að ég á ekki von á því að hæstv. ráðherra gefi okkur nokkur svör sem byggjandi sé á við því hvort Reykjavíkurborg fái fjármagn á þessu ári til að fara út í það brýna verkefni sem er 100 leiguíbúðir, fjármögnun á þeim. Enda veit ég ekki hvernig ráðherrann ætlar að fara að því ef það heldur sem stendur hjá fjmrn. að það megi aðeins byggja eða veita fjármagn til 25 íbúða á ári. Í greinargerð með tillögunni til borgarráðs segir svo, með leyfi forseta:

„Starfshópur borgarstjóra hefur lagt fram tillögu að útfærslu á því hvernig standa má að greiðslum á mismun sem verður milli raunleigu Félagsbústaða hf. og þeirrar leigu sem leigutökum félagsins verður gert að greiða þegar núgildandi leigusamningar renna út á miðju ári. Við tillögugerðina hefur eftirfarandi verið haft að leiðarljósi:

að auka ekki greiðslubyrði vegna húsaleigu hjá leigutökum innan skilgreindra tekjumarka frá því sem er samkvæmt gildandi leigusamningum,

að lágmarka kostnað Reykjavíkurborgar vegna breytinganna,

að ná fram betri nýtingu á leiguhúsnæði félagsins.

Í greinargerð frá starfshópnum kemur fram að greiðslubyrði leigjenda á 212 íbúðum hækkar ef ekki verður tekið á þeim málum sérstaklega. Hópurinn bendir á að gæfist þessum leigjendum kostur á minni og ódýrari íbúðum sem henta fjölskyldustærð mundi greiðslubyrði þeirra ekki aukast. Af þeim sökum er brýnt að fjölga einstaklingsíbúðum á vegum Félagsbústaða hf.

Stjórn Félagsbústaða hf. hefur nýverið samþykkt fyrir sitt leyti að félagið kaupi allt að 100 íbúðir til viðbótar við þær leiguíbúðir sem félagið hefur til ráðstöfunar. Með kaupum á 100 íbúðum er að mati félagsins hægt að bæta úr brýnustu þörfinni á félagslegu húsnæði í Reykjavík en samkvæmt greiningu á biðlistum mun það vera sá fjöldi aðila sem njóta ætti forgangs. Hlutur félagslegra lána Byggingarsjóðs verkamanna til kaupa á leiguíbúðum hefur sífellt farið minnkandi á liðnum árum og er nú svo komið að ekki standa nema að hámarki 30 lán til boða fyrir Reykvíkinga í ár að óbreyttu."

Svona hafa framsóknarmenn farið með kerfið. Það standa ekki til boða nema 30 lán fyrir Reykvíkinga í ár að óbreyttu. Síðan kemur hér:

„Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um húsnæðismál þar sem gert er ráð fyrir í viðauka að núverandi kerfi niðugreiddra vaxta verði við lýði út árið 2000. Ekkert liggur fyrir hvort breyting verði þar á að því er varðar félagslegar leiguíbúðir. Mikilvægt er að bæta sem fyrst úr brýnustu þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík. Því er lagt til að viðræður verði teknar upp við viðeigandi stjórnvöld í því skyni."

Fróðlegt væri að vita hvort eitthvað liggur fyrir um það hvort hægt er að verða við þessari ósk frá Reykjavíkurborg sem er auðvitað mikilvægt innlegg í það hvort eitthvað meira verði gert heldur en þessar 25 íbúðir á ári sem fjmrh. hefur náðarsamlegast sett fram í sínu fylgiskjali með þessu frv. að fjármagn verði veitt til á næsta ári og því þar næsta.

Ég ætla þá, herra forseti, að fara yfir nokkur atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir það mál sem við erum að ræða hér og snerta Byggingarsjóð verkamanna Þau atriði koma fram í skýrslu félagsíbúðadeildar og varpa nokkru ljósi á það mál sem við erum að ræða í dag og kannski líka spurninguna af hverju 32 íbúðir í sveitarfélögum úti á landi hafa staðið auðar lengur en eitt ár, sem eru náttúrlega engin rök og ekki skýring sem tekin er gild til að loka félagslega kerfinu. Það er ekki nokkur vegur, herra forseti.

Í þessari skýrslu frá félagsíbúðadeild, sem er frá 1996, kemur fram að á árinu 1996 samþykkti húsnæðismálastjórn fyrirheit um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna til 11 sveitarfélaga vegna 166 íbúða og til félagasamtaka vegna 118 íbúða. Rúmlega tvöföldun hefur orðið á hlutfalli notaðra íbúða milli ára í gerð framkvæmdalána til framkvæmdaraðila. Íbúðum í nýbyggingum hefur fækkað í samræmi við það. Það er auðvitað eitt af því sem mun hafa áhrif á íbúðaverð og það sem fólk þarf að taka á sig sem fer núna inn í þetta nýja kerfi. Framkvæmdaraðilar sem byggt hafa félagslegar íbúðir hafa fengið framkvæmdalán með niðurgreiddum vöxtum í ákveðna mánuði, ég held að það séu 18 mánuðir, og það hefur orðið til þess að lækka m.a. byggingarkostnaðinn á þessum íbúðum sem ekki verður til staðar þegar hætt verður að byggja félagslegar íbúðir og allir eru komnir út á markaðinn.

Á árinu 1996 veitti Byggingarsjóður verkamanna framkvæmdalán til bygginga og kaupa á 347 íbúðum. Þar af var 81 íbúð eða 23% keypt notuð á almennum markaði. Það er því greinilega vaxandi að keyptar séu notaðar íbúðir á almennum markaði, sem ég man að ég beitti mér nokkuð fyrir í tíð minni sem félmrh. að yrði farið út í af því að maður sá að stefnt gat í það, sem nú hefur orðið, að á sumum stöðum hefur verið byggt of mikið. Því var eindregið beint til sveitarfélaga úti á landi að þar sem nægjanlegt framboð væri á félagslegum íbúðum, þá yrðu keyptar notaðar íbúðir en ekki byggðar nýjar. Það er greinilegt að það hefur orðið nokkur aukning á því sem betur fer.

Hér kemur fram að í lokauppgjöri íbúða sem teknar voru í notkun á árinu hafi orðið tæplega tvöföldun á hlutfalli notaðra íbúða milli ára en nýbyggingum fækkað í samræmi við það. Meðallán vegna endursöluíbúða hafa lækkað úr 1.167 millj. á árinu 1990 í 611 þús. á árinu 1996. Þetta er fjöldi íbúða sem komu til innlausnar og endursölu og er það vegna þess að fleiri og fleiri íbúðir með fullverðtryggð áhvílandi lán eru leystar inn og endurseldar. Þetta er að koma fram núna. Áhvílandi lán eru náttúrlega á fleiri og fleiri íbúðum og það lækkar meðallánin sem veita þarf.

Stærð félagslegra íbúða hefur farið minnkandi undanfarin ár og íbúðirnar orðnar ódýrarari, lán sjóðsins lækkað og hönnun þeirra orðið hagkvæmari og betri. Meðalheildarstærð félagslegra íbúða sem veitt var framkvæmdalán til á árinu 1996 var 85 fermetrar. Meðalverð þeirra var 6,3 millj. og meðallán til þeirra var 5,6 millj. Þær aðgerðir sem gripið var til, mig minnir að það hafi verið á árinu 1992, eru greinilega að koma fram þegar því var beint til sveitarfélaganna að fara frekar í notaðar íbúðir en nýjar þar sem markaðurinn væri með þeim hætti að farið yrði í það að gera íbúðirnar og byggingu þeirra hagstæðari, meðallánin yrðu minni og að þau þyrftu ekki að vera eins há og áður, þ.e. meðalverð þeirra. Á árinu 1996 kemur síðan í ljós að allt þetta er að skila sér, en þá er brugðið á það ráð, herra forseti, að fara allt aðra leið og einfaldlega loka kerfinu frekar en að laga galla og annmarka á því. Hérna stendur:

„Húsnæðismálastjórn samþykkti á árinu 1992 reglur um hámarksstærðir félagslegra íbúða og hámarkslánshæfan byggingarkostnað. Hefur það leitt af sér talsverðar breytingar á hönnun félagslegra íbúða. Sameign hefur minnkað og séreign nýtist mun betur en áður. Þessar reglur virðast einnig hafa leitt til breytinga á hönnun og frágangi nýrra íbúða á almennum markaði."

Hér er yfirlit yfir lán Byggingarsjóðs verkamanna vegna 10% útborgunar við kaup á félagslegri eignaríbúð. Ráðgjafarstöð stofnunarinnar hefur tekið að sér fyrir Byggingarsjóð verkamanna að greiðslumeta og veita ráðgjöf þeim sem sækja um 10% lán vegna útborgunar við kaup á félagslegri eignaríbúð. Á árinu 1996 bárust 259 umsóknir um 10% viðbótarlán vegna útborgunar á félagslegum eignaríbúðum og samþykkt var að veita 180 umsækjendum lán en 66 var synjað. Á árinu 1995 voru það 218 umsóknir um 10% lán, þannig að íbúðirnar hafa verið lengst af á bilinu 200–250. Að vísu hefur það dottið verulega niður núna. Það er því alveg ljóst að þarna eru a.m.k. um og innan við 200 aðilar sem hafa fengið fyrirgreiðslu gegnum þessi 10% lán. Það er auðvitað bull og fjarstæða, sú mynd sem dregin er upp hér,

t.d. af hæstv. félmrh. að allir fari á hausinn sem fá 100% lán. Því að eins og ég hef sýnt fram á í máli mínu voru vanskilin ekki nema 17% af heildinni. Auðvitað eru það engin rök og ekkert innlegg inn í þetta mál að loka kerfinu út af því að vanskil séu hjá 17% af heildinni af þeim 600 sem hafa fengið þessi lán.

Síðan kemur listi yfir hinar margumtöluðu auðu íbúðir, herra forseti, og hvar þær eru. Það eru íbúðir sem eru auðar lengur en tvo mánuði, lengur en sex mánuði og lengur en eitt ár. Nú skulum við fara yfir það og taka hvert kjördæmi fyrir sig. Á höfuðborgarsvæðinu er mestur fjöldinn af félagslegum íbúðum, ætli það sé ekki upp undir helmingurinn af þessum 11 þús. eða nálægt því, kannski meira. Þar er ekki ein einasta íbúð sem hefur staðið auð lengur en eitt ár, engin. Það á að loka kerfinu af því að íbúðir standa auðar um allt land.

Reykjanes: Ekki ein einasta íbúð auð, herra forseti, lengur en eitt ár. Þar var ein íbúð sem var auð lengur en sex mánuði. Þetta er á Reykjanesi. Íbúðir standa auðar um allt land, segir hæstv. ráðherra. Engin íbúð hefur staðið auð á höfuðborgarsvæðinu lengur en eitt ár, engin, ekki ein einasta. Ekki ein einasta í Reykjanesi og ein staðið auð í sex mánuði eða lengur — og íbúðir standa auðar um allt land. Það er boðskapur ráðherra og hefur verið á sl. þremur árum meðan hann hefur verið að undirbyggja það að loka Húsnæðisstofnun og loka félagslega húsnæðiskerfinu. Þá hefur það verið boðskapurinn sem hljómað hefur um byggðina: Auðar íbúðir um allt land, lokum kerfinu. Lokum kerfinu. (**Gripið fram í:** Ráðherrann hefur staðið fyrir rógsherferð um kerfið.) Það má segja það svo. Hérna er bara núll á höfuðborgarsvæði og núll á Reykjanesi. Hve margar eru auðar á Vesturlandi (**Gripið fram í:** Er ekki núll á Framsfl. líka?) þar sem hv. þm. Gísli S. Einarsson er þingmaður? Þær eru ekki margar, enda veit ég að hv. þm. verður ekkert var við það. Það eru tvær sem hafa staðið auðar eitt ár eða lengur. Samt segir ráðherrann: Auðar íbúðir um allt land. Auðar íbúðir um allt land. Lokum kerfinu, lokum kerfinu. (**Gripið fram í:** Rógsherferð gegn kerfinu.) Þar hafa verið tvær sem hafa verið auðar sex mánuði eða lengur.

Svo komum við að Vestfjörðum þar sem ráðgjafi félmrh. í húsnæðismálum, aðalráðgjafinn við að loka félagslega kerfinu var bæjarstjóri um nokkurra ára skeið eða eitthvert tímaskeið, ég veit ekki hvað það var lengi. (**Gripið fram í:** Byggði eitthvað af íbúðum.) Byggði eitthvað af íbúðum sem urðu nokkuð dýrar, kostuðu 11–12 millj., þriggja herbergja íbúðir, og þetta er hans helsti ráðgjafi sem sat yfir félmn. nú þegar er verið að loka félagslega kerfinu. En þar eru 20 íbúðir auðar. Engin á höfuðborgarsvæðinu, engin á Reykjanesi en 20 íbúðir auðar lengur en eitt ár á Vestfjörðum og 44 lengur en sex mánuði. Þarna eru íbúðirnar, á Vestfjörðum, og ég á eftir að fara frekar yfir það í máli mínu síðar í dag eða kvöld, sérstaklega að því er varðar Vestfirðina, hvernig þar hefur verið staðið að málum.

Norðurland vestra: Íbúðir auðar lengur en eitt ár, engin íbúð auð, tvær lengur en sex mánuði, ekki einu sinni auð íbúð í kjördæmi ráðherrans. Samt æpir hann: Íbúðir auðar, íbúðir auðar, félagslegar íbúðir auðar um allt land. Lokum kerfinu.

Norðurland eystra: Engin íbúð hefur staðið auð lengur en eitt ár, þrjár íbúðir lengur en sex mánuði af 10 þús. íbúðum í félagslega kerfinu.

Austurland: Þar voru tvær íbúðir sem stóðu auðar lengur en eitt ár. (**SJS:** Þetta er bara allt lygi.) Þetta er bara allt haugalygi og á þessu er byggt þegar verið er að loka kerfinu. Sex íbúðir hafa staðið auðar lengur en sex mánuði, það er Austurland.

Síðan kemur Suðurland. Þar eru átta íbúðir, herra forseti, sem hafa staðið auðar lengur en eitt ár. Eigum við að loka kerfinu út af þessum átta íbúðum sem hafa staðið auðar lengur en eitt ár á Suðurlandi? Ég held ekki. Það er meira að segja tekið hér fram, að tveir til þrír mánuðir geti talist eðlilegur innlausnartími að teknu tilliti til ástands íbúða og vinnu við endursölu, þannig að þriggja mánaða tími þar sem íbúðir standa auðar er ekki hægt að setja í samhengi við auðar íbúðir eins og hæstv. ráðherra gerir. En það er þetta sem hann hefur notað þegar hann er að loka kerfinu. Það er þetta sem við hljótum að fara yfir sem eru veigamestu rökin fyrir að loka kerfinu, það eru auðu íbúðirnar og það hefur verið gert. Hann hefur farið yfir að það séu svo mikil útlánatöp og vanskil. Við höfum farið yfir það. Hvergi eins lítil útlánatöp eins og hjá sjóðum fólksins, Byggingarsjóði ríkisins og verkamanna, 65 millj. á fjórum árum meðan það voru 22 milljarðar hjá fyrirtækjum og bönkum. Vanskilin eru innan við 1%, 0,9% hjá þessum sjóði sem á að loka. Hver eru vanskilin í bankakerfinu? Þarf ekki að fara yfir það líka? Á að loka bönkunum ef vanskilin þar fara yfir 0,5% eða 0,9%? Nei, félagslega kerfi fólksins á að loka.

Hefur Húsnæðisstofnun staðið sig svona illa? Er hún svona dýr eins og verið er að tala um? Það er verið að tala um rúmar 400 millj. Hvað skyldi þessi nýi sjóður sem ráðherrann er að setja á fót kosta? Ekki er þar a.m.k. bruðlað í risnu. Þar var risnan um 700 þús. kr. á sl. ári. (**SJS:** Í Landsbankanum? Nei.) Í Húsnæðisstofnun. (**SJS:** Já.) Það er svo mikið bruðlað þar, þess vegna þarf að loka þar. Risnan var 700 þús. (**SJS:** Þetta er bærileg vikuferð hjá Sverri.) Þetta er hálfsmánaðar ferð hjá Sverri Hermannssyni. (**Gripið fram í:** Fimm daga ferð.) Fimm daga ferð, já, þá sjá menn það. Ég held og kannast vel við það frá því ég var félmrh. að í Húsnæðisstofnun var beitt ýtrasta aðhaldi og ýmislegt gert til að spara í þeirri stofnun. Því segi ég að þetta er bara rógur og einn liðurinn í því að hægt sé að loka kerfinu þegar verið er að segja að Húsnæðisstofnun sé illa rekin eða hún þjóni ekki hlutverki sínu. Þetta er stofnun sem hefur gert mikið fyrir fólkið gegnum árin og þar eru einstaklingar sem þekkja vel til verka sem nú fá ekki einu sinni það sem er þó hjá öðrum stofnunum sem verið er að leggja niður að þar er þó veittur í lögum forgangur til starfa. Þetta er umbunin, þetta eru launin fyrir vel unnin verk á liðnum árum og áratugum.

Í þessari samantekt er íbúðunum skipt á milli landshluta og eru 4.800 í Reykjavík og 2.000 á Reykjanesi. Á Vesturlandi eru 392 og 485 íbúðir á Vestfjörðum. Þar liggja aðalvandamálin og við þurfum að fara miklu betur yfir það á eftir. Við getum ekki lokað heilu félagslegu íbúðakerfi út af staðbundnum vandamálum á einstaka stöðum eins og Bolungarvík eða öðrum stöðum, það er bara ekki hægt.

Í megindráttum hefur kerfið reynst vel. Ég á eftir að fara yfir umsagnir um það þar sem því er haldið fram. Mér finnst hreinasta hneyksli á löggjafarsamkundunni að verið sé að bjóða upp á að loka félagslega húsnæðiskerfinu á Íslandi. Ég er ekki viss um að fólk fyrir utan húsið átti sig á því hvað er að gerast.

Síðan skulum við skoða nokkuð stærð félagslegra íbúða. Það er nokkuð fróðlegt að skoða hverjir byggja fjölbýlishús, hverjir byggja raðhús, hverjir byggja einbýlishús og stærðirnar á íbúðunum. Ég held að það sé alveg ljóst að Reykjavík

og Kópavogur svo ég bara byrji á byrjuninni hafa byggt mjög skynsamlega í heildina. Auðvitað eru þar til undantekningar. Ég nefni Veghús. Þar var ekki byggt af neinni fyrirhyggju. Það eru til einstaka verktakar sem hafa fengið að byggja félagslegar íbúðir sem hafa ekki hagað sér skynsamlega. En hérna er fyrirleitt í fermetrum verið að byggja um 55–77 fermetra íbúðir og sama gildir um Kópavog. Þegar komið er yfir 100 fermetra íbúðir er það ekki nema 3,2% af heildinni í Reykjavík og ekkert í Kópavogi. Þetta er svipað þegar maður fer yfir suðvesturhornið. Þetta eru 40, 55–77 fermetra íbúðir að megninu til þó þær séu til bæði minni og stærri.

Þegar kemur að Bolungarvík og Ísafirði breytist landslagið allt í einu. Vesturland virðist vera á svipuðu róli en þegar kemur að Ísafirði eru það 39% sem eru 109–139 fermetra íbúðir meðan 109–139 fermetra íbúðir eru á suðvesturhorninu um 3%. Undantekning er Njarðvík. Þar eru 25%. Síðan í Bolungarvík eru 78–108 fermetra íbúðir 44,1%. Þegar maður lítur á fjölbýlishús, raðhús og einbýlishús eru þetta yfirleitt fjölbýlishús nema í Garðabæ eru bara raðhús sem eru byggð í félagslega kerfinu. Þegar maður kemur í Njarðvík eru það líka einbýlishús að mestum hluta til og á Siglufirði eru það 24 einbýlishús og fjölbýli 72 og Sauðárkrókur 82 fjölbýli og 14 einbýli.

Mér sýnist á þessu yfirliti þó að auðvitað verði að skoða að á einstökum stöðum sé ekki hægt að byggja nema raðhús eða einbýli þá er töluvert mikið um að það hafi verið byggt með þeim hætti og eðlilega sérstaklega úti á landi.

Herra forseti. Ég er með hlutfallslega skiptingu íbúða eftir eignarhaldi í hinum ýmsu löndum. Þetta er heimild frá OECD og það er nokkuð merkilegt varðandi leiguíbúðirnar sem eru 10% hér á landi sem hlutfall af heildinni að í Sviss eru leiguíbúðirnar 70%, Ástralíu 25%, Kanada 36%, Finnland 38%, Frakklandi 40% af heildinni og munum að við erum einungis með 10% hér á landi. Þýskalandi 63%, Grikkland 28%, Japan 32%, Lúxemburg 35%, Holland 53%, Nýja-Sjáland 29%, Spánn 24%, Svíþjóð 58%, Bretland 40% og Bandaríkin 27%. Við að tala um að leiguíbúðir í þessum löndum sem ég hef nefnt sem eru ein 15, þar eru yfirleitt leiguíbúðir frá 27% og upp í 70% af heildinni. Þær eru 10% hér á landi.

Auðvitað eigum við að hafa fleiri leiguíbúðir, alveg burt séð frá þessu frv. vegna þess að fólk á að geta átt val um hvort það vill búa í leiguíbúðum eða eignaríbúðum og á að standa að því með þeim hætti að leiguíbúðir ættu að vera það margar að fólk ætti að geta byrjað meðan það er að safna peningum upp í útborgun á íbúðum o.s.frv., að geta verið í leiguíbúðum sem eru með hóflegum kjörum. Það er það sem ég er að tala um en ekki eins og hér er boðað upp á á almenna markaðnum á 35–50 þús. kr. Það er allt annað form á húsnæðismarkaðnum hér á landi en er í nágrannalöndum okkar. Ég geri ráð fyrir því að þessar leiguíbúðir hafi að stórum hluta til verið fjármagnaðar með aðstoð hins opinbera með einum eða öðrum hætti.

Hér er verið að tala um þróun byggingarstarfsemi og framvindu á fasteignamarkaði 1988–1994 en höfundur er Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur. Þetta er í október 1995. Þá hafði verið gripið til töluverðs átaks við uppbyggingu á félagslegum íbúðum. Ég hygg að helmingur af félagslegum íbúðum, af þessum 10–11 þús., hafi verið byggðar í tíð jafnaðarmanna frá því þeir tóku sæti í félmrn. árið 1987, að upp undir helmingur af félagslegum íbúðum á Íslandi hafi verið byggður á þeim tíma. Því þarf engan að undra þó að við stoppum aðeins við þegar verið er að loka þessu kerfi, ekki af því að við teljum að það sé gallalaust, síður en svo, heldur af því að við teljum þetta mjög óskynsamlegt og erum að bjóða fram krafta okkar og verkalýðshreyfingarinnar til þess að lagfæra. Við erum opin fyrir öllum breytingum sem þjóna kerfinu betur.

Ég held að kaupleigukerfið sem var komið á — og ég mun fara betur yfir hér á eftir — í tíð okkar jafnaðarmanna, ef það hefði verið framkvæmt eins og það var hugsað þá hefði það skilað mjög miklu. Það hefur reyndar þegar gert það og bjargað því að það var raunverulega eitthvað byggt á þessum tíma úti á landi. Það kemur aftur og aftur fram í þeim gögnum sem ég er með að engar íbúðabyggingar hefðu átt sér stað sl. 10 ár úti á landi ef ekki hefði verið félagslega íbúðakerfið. Það er alveg ljóst. En hér segir þessi höfundur, Jón Rúnar Sveinsson, um þróun og framvindu á fasteignamarkaði:

„Aukning félagslegra íbúðabygginga það tímabil sem hér hefur verið tekið til meðferðar hefur einkennst af verulegri aukningu á félagslegum íbúðabyggingum. Það má til að mynda telja fullljóst að íbúðabyggingar á landsbyggðinni hefðu orðið verulega umfangsminni en raunin er hefðu ekki komið til þessar aukningar í umsvifum félagslega kerfisins."

Þarna er það einu sinni enn staðfest. „Í gegnum félagslega kerfið er veitt tiltölulega ódýrt, niðurgreitt fjármagn í íbúðabyggingar og byggingariðnað sem samkvæmt viðteknum hagfræðikenningum leiðir af sér bæði aukið framboð og sömuleiðis aukna eftirspurn. Að hagfræðilegum forsendum slepptum má færa ákveðin rök í þá átt að félagslegar íbúðabyggingar hafi á undanförnum árum náð að fullnægja íbúðaþörf ýmissa hópa sem hefðu ekki getað orðið slíks aðnjótandi að óbreyttu markaðskerfi."

Þarna liggur fyrir dómur 1995 að það er stór hópur sem má færa rök fyrir því sem hafa fengið aðstoð í félagslegum íbúðum á undanförnum árum og náðst hefur að fullnægja íbúðaþörf ýmissa hópa sem hefðu ekki getað orðið slíks aðnjótandi að óbreyttu markaðskerfi.

Ég er alveg sannfærð um það, herra forseti, að sú aukning sem þó varð í tíð okkar jafnaðarmanna í félmrn. á leiguíbúðum og félagslegum íbúðum hefur skilað sér í lækkuðu verði á leigumarkaðnum, hinum almenna leigumarkaði þó að það sé vissulega allt of hátt.

Í þeirri skýrslu sem ég er með, sem eru félagslegar íbúðir 1988–1994 sem hlutfall af íbúðabyggingum í heild skipt eftir landshlutum, þar vekur heldur betur athygli ein tala að félagslegar íbúðir sem hlutfall af íbúðabyggingum í heild á þessu sex ára tímabili eru hvorki meira né minna en 95,9% á Vestfjörðum. Nær allar íbúðir sem þar hafa verið byggðar á sex árum eru félagslegar íbúðir.

Í Norðurl. v., kjördæmi ráðherrans sem vill nú loka félagslega kerfinu, hefur þetta verið 68,2% af heildaríbúðafjölda. Eins og ég las áðan stendur þar ekki ein einasta íbúð auð og 68,2% hefur verið komið þar upp af félagslegum íbúðum. Ég veit ekki hvað kjósendur hæstv. ráðherra segja núna þegar hann ætlar að fara að loka kerfinu. Ég trúi ekki að þeir séu ánægðir með það. Þannig má segja að þetta er um þriðjungur á höfuðborgarsvæðinu. Ég man eftir því að sjálfstæðismenn agnúuðust mikið út í það markmið sem var í löggjöf um félagslegar íbúðir að menn mundu setja sér það markmið að þriðjungur af íbúðum, sem byggðar yrðu, yrðu félagslegar íbúðir. Ég var að lesa skýrslu um 15 lönd þar sem 25–75% eru leiguíbúðir. Þeir býsnuðust mikið yfir þessu að þetta ætti

að vera þriðjungur. Það markmið náðist þegar við jafnaðarmenn fórum með stjórnina í félmrn. Þá í fyrsta skipti náðist það markmið og fór reyndar lengra en að ná því markmiði. Eitt árið voru þetta um 800 íbúðir. Hérna stendur:

„Ljóst er að það markmið sem á sínum tíma var lögfest í húsnæðislögunum þess efnis að stefnt skyldi að því að þriðjungur íbúðabygginga á landinu væri á félagslegum grundvelli hefur verið náð. Þetta á jafnt við þó miðað sé við tiltölulega langt tímabil. Á skoðunartímabilinu svara félagslegar íbúðabyggingar til um 47% allra íbúðabygginga á landsbyggðinni samanborið við 31% á höfuðborgarsvæðinu."

Mér sýnist, herra forseti, að í heildina tekið þó til séu undantekningar, hafi félagslega kerfið þjónað hlutverki sínu og á ekki skilið þá útreið sem Framsfl. ætlar að gefa því nú. Það á ekki skilið þá útreið eftir að hafa leyst úr vanda tugþúsunda fjölskyldna í gegnum árin. Það á skilið annað en það sem nú á að gera, að loka kerfinu án þess að nokkuð komi í staðinn fyrir fátækt fólk í landinu. Það er það sem ég harma, herra forseti.

Ég vil nú, þar sem ég er þar stödd í ræðu minni, víkja aðeins að kjörum þeirra og aðstöðu sem munu hvað verst fara út úr þeim breytingum sem eru boðaðar en það eru einstæðir foreldrar. Mér finnst að Framsfl. hafi heldur betur breytt um ásýnd ef hann er hættur að hafa áhyggjur af einstæðum foreldrum vegna þess að ég varð ekki vör við annað, herra forseti, þegar hv. þm. Framsfl. sátu á stjórnarandstöðubekkjunum en að þeir hefðu áhyggjur af kjörum einstæðra foreldra. Ég vil í því sambandi áður en ég fer yfir það minna á að til er nokkuð sem heitir Þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Sú tillaga var samþykkt á síðasta þingi og ég og aðrir sem töluðum töldum að þó að innihaldið væri mikilvægt væri þannig frá málum gengið í þeirri tillögu að hún væri ónýtt pappírsplagg í skúffu ráðherrans á meðan þessi ríkisstjórn væri í Stjórnarráðinu. Hér stendur í þessu fallega plaggi um mótun opinberrar fjölskyldustefnu, með leyfi forseta, og veitir ekki af að rifja það upp, og vona ég að hæstv. ráðherra hlýði á mál mitt, en ráðherrann hafði forustu um að þetta yrði samþykkt í þinginu:

„Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum."

Þetta er mótun opinberrar fjölskyldustefnu sem hæstv. ráðherra bar inn í húsið á síðasta þingi og var samþykkt sem tillaga Alþingis sem er ekkert að marka, herra forseti, vegna þess að næsta ár eftir að þessi opinbera fjölskyldustefna er samþykkt, sem á að tryggja öryggi fólks og fjölskyldunnar í húsnæðismálum, kemur ráðherrann askvaðandi inn á þing með frv. sem úthýsir hundruðum fjölskyldna sem hafa ekkert öryggi í húsnæðismálum. Það er ekkert í hendi í þeim málum. Þess vegna er ekki nokkurn skapaðan hlut að marka þetta plagg og ég lýsi þetta plagg bara dautt og ómerkt þegar svona er haldið á málum.

Ég vil, herra forseti, aðeins fara yfir stöðu einstæðra foreldra. Ég minnti áðan á að 60% þeirra sem hafa fengið aðstoð í félagslega kerfinu eru einstaklingar og einstæðir foreldrar. Hverjar eru nú aðstæður þessa fólks? Út af fyrir sig er rétt að minna á og halda því til haga meðan ég man að svo er búið að öldruðum og fötluðum í þjóðfélaginu að 40% þeirra er gert að lifa af lágmarkslaunum, 70 þús. kr. á mánuði. Það er ekki síst á þessum hópi, öldruðum og fötluðum ásamt einstæðum foreldrum sem þessar aðgerðir bitna á.

Ég held að almennt megi segja að kjör og aðstæður einstæðra foreldra séu þegar á heildina er litið mun verri en hjá öðrum. Einstæða foreldra er að stórum hluta til að finna í láglaunahópum í þjóðfélaginu. Framfærslan hjá fjölda þeirra er mun erfiðari en hjá öðrum þar sem tveir sjá um framfærsluna og húsnæðisaðstaða þeirra og möguleikar til að eignast eigið húsnæði eru miklu minni en hjá öðrum. Hlutfallslega er því langstærsti hluti þeirra sem búa í leiguhúsnæði og í félagslegum íbúðum einstæðir foreldrar. Þetta kemur heim og saman við úttekt sem ég sem ráðherra lét gera á stöðu einstæðra foreldra og það kemur fram í skýrslu sem heitir Barnafjölskyldur að staða barna sé ójöfn eftir fjölskyldugerðum og að börn einstæðra mæðra búi við lakari fjárhagsstöðu. Ein meginniðurstaðan varð sú að einstæðir foreldrar búa um margt við lakari aðstæður en giftir og skapar það börnum í þeim fjölskyldum þeim mun óhagstæðari stöðu. Ef teknar eru tekjur og fjárhagsstaða einstæðra foreldra árið 1994 — það er Þjóðhagsstofnun sem ég vitna til — voru samanlagðar meðaltekjur hjóna þá 2.730 þús. meðan samanlagðar meðaltekjur einstæðra foreldra voru 966 þús. þannig að við erum að tala um næstum þrisvar sinnum minni meðaltekjur hjá einstæðum foreldrum.

Síðan eru það meðaltekjur hjóna 21–25 ára. Þær voru 1.904 þús. en meðaltekjur einstæðra foreldra 21–25 ára voru 603 þús. og við erum enn að tala um þrisvar sinnum minni tekjur. Þar kom einnig fram að þriðjungur einhleypra og fráskilinna foreldra með forsjá barna eiga ekki bíl. Þó að það séu fyrst og fremst íbúðirnar sem eru mikilvægar geta bílarnir náttúrlega líka verið mikilvægir, ekki síst ef við erum að ræða einstæða foreldra með eitt, tvö eða þrjú börn sem þurfa kannski að þeysast bæjarhluta á milli til að koma börnum fyrir og koma sér í vinnu.

Auðvitað mætti taka á ýmsu varðandi einstæða foreldra en húsnæðismálin eru þau mál sem brenna heitast á fjölskyldum einstæðra foreldra. Hér er um lágtekjufólk að ræða sem hefur þörf fyrir félagslegt húsnæði eða leiguhúsnæði í eigu borgarinnar og þar eru tveggja eða þriggja ára biðlistar. Félag einstæðra foreldra rekur leiguíbúðir eða kannski frekar hægt að kalla það neyðarhúsnæði fyrir einstæða foreldra og þar eru 22 íbúðir og íbúðirnar eru mjög litlar með sameiginlegri eldunaraðstöðu enda er þetta hugsað sem íverustaður til skamms tíma meðan verið er að finna annað og vandamálið er að nokkur síðustu ár hefur verið erfitt að koma fólki út vegna þess að það hefur ekki í önnur hús að venda. Ekki lagast staðan, herra forseti, eftir þessa breytingu hjá þessum hópi fólks sem hefur fengið húsaskjól hjá Félagi einstæðra foreldra.

Þegar maður skoðar, herra forseti, fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana og hverjir það eru sem þurfa að leita þangað, hverjir eru skjólstæðingar félagsmálastofnunar og hverjir fá aðstoð þar, þá eru það í mörgum tilvikum, herra forseti, einstæðir foreldrar sem þurfa að leita þangað eftir fyrirgreiðslu auk ellilífeyrisþega og öryrkja. Við erum alltaf að reka okkur á sama hópinn sem á raunverulega að loka fyrir með þeim aðgerðum sem eru boðaðar.

Hérna kemur t.d. fram ef við tökum Akureyrarbæ að þar var í nóvembermánuði 1995 gerð könnun á því hverjir það væru sem leituðu helst eftir fjárhagsaðstoð. Þetta var ekki stór hópur. Þetta hefur sennilega verið um 125 manns og þarna eru einstæðir foreldrar 28, atvinnulausir 25 og einhleypir 20. Það eru einmitt 20 einhleypir og 28 einstæðir foreldrar sem þarna eru upp undir helmingur og það eru þeir

sem hafa notið aðstoðar félagslega kerfisins. Ég er alveg viss um það að þegar maður horfir á þessar tölur ef loka á félagslega kerfinu fyrir utan allt annað sem bætist á sveitarfélögin með þessari breytingu og ég hef farið í gegnum í dag að þetta mun auka þörfina fyrir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Ég held að ekki sé nokkur vafi að þar mun enn þá koma þrýstingur á útgjöld frá sveitarfélögunum. Ef það á að reka þetta fólk út á almennan markað og þó að það komist yfir einhverja íbúð á almennum markaði sem kostar 35 þús. kr. í leigu og er með 70 þús. kr. í tekjur er náttúrlega augljóst að það þarf að sækja eftir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Þetta er náttúrlega fyrir utan það sem ég hef farið í gegnum, sem ég held að sveitarfélögin séu ekkert farin að átta sig á, að auðvitað munu þau ekki komast hjá því með einum eða öðrum hætti, þau sem vilja á annað borð halda uppi félagslegri aðstoð, að koma upp félagslegum leiguíbúðum. En hvernig þau ætla að fara að því, eftir að hæstv. félmrh. hefur hækkað vextina á leiguíbúðunum upp í markaðsvexti, án þess að það komi í lokin niður á þeim sem þurfa á leiguíbúðum að halda fæ ég ekki séð, herra forseti. Sá fjöldi sem þarf að byggja af leiguíbúðum hygg ég að skipti einhverjum þúsundum á næstu árum því að ég hef sýnt fram á að bara á biðlista í Reykjavík eru 400 eftir leiguíbúðum og 400 aldraðir til viðbótar eftir leiguíbúðum og annað eins er úti á landi þannig að ég hygg að við séum að tala um einhverjar þúsundir sem þarf að byggja á allra næstu árum. Ég tala ekki um þegar verið er að loka þannig félagslega kerfinu.

Fyrir utan húsaleigubæturnar er alveg ljóst að það mun skapast mikill þrýstingur á þær. Ég hygg að þær 280 millj. sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson samdi um við fjmrh. fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga dugi ekki. Við vöruðum við því að þetta væri allt of lág fjárhæð, við töluðum um að þarna þyrfti a.m.k. 500 millj. og ég hygg að það sé enn þá meira. Þess vegna undrar mig mjög hvernig sveitarfélögin taka á þessu máli í umsögnum sínum.

Ef við förum í húsaleigubæturnar og reynsluna af því hverjir það eru sem helst hafa fengið þær kemur í ljós að 70% af þeim sem fengið hafa húsaleigubætur eru undir skattleysismörkum þannig að þær gagnast fyrst og fremst fólkinu sem hafa lægstar tekjur og einmitt því fólki er verið að vísa á leigumarkaðinn og húsaleigubæturnar.

Stærsti hluti bótaþega, sem eiga börn yngri en 18 ára, eru einstæðir foreldrar eða 58%. Aftur og aftur, herra forseti, erum við komin að því sama að þetta er sá hópur sem þetta frv. heggur svo mjög í sem kannski býr við bágustu stöðuna í þjóðfélaginu. Út af fyrir sig væri freistandi þar sem sérstaklega er verið að höggva í þennan hóp einstæðra foreldra ásamt námsmönnum, fötluðum og fátækum barnafjölskyldum að fara ítarlega yfir þá skýrslu sem ég hef undir höndum um kjör einstæðra foreldra. Ég ætla þó að láta mér nægja að fara yfir örfá atriði sem snerta húsnæðismál en þar stendur:

„Það hefur vakið töluverða athygli að meðal þátttakenda í greindri könnun telja langflestir að tryggt húsnæði sé eitt brýnasta mál einstæðra foreldra. Athuganir á húsnæðismálum einstæðra foreldra renna einnig stoð undir þá nauðsyn að tryggja möguleika á hæfilegu húsnæði til lengri tíma. Helmingur einstæðra foreldra býr í leiguhúsnæði en að jafnaði búa níu af hverjum tíu fjölskyldum í eigin húsnæði.“ — Þetta frv. er greinilega sérstök kveðja frá ríkisstjórninni, herra forseti, til einstæðra foreldra á Íslandi. — „Aðeins 6% einstæðra foreldra í leiguhúsnæði á almennum markaði hafa leigusamning meira en til eins árs og helmingur hefur engan leigusamning. Til samanburðar er bent á niðurstöðu könnunar sem gerð var í Svíþjóð árið 1980 en þar kemur fram að 90% einstæðra foreldra í leiguhúsnæði hafa langtímasamning og eru taldir búa í mjög tryggu húsnæði. Það verður einnig að teljast athyglisvert að 27% einstæðra foreldra, sem búa í eigin húsnæði, hafa eignast það á félagslegum grundvelli í gegnum verkamannabústaðakerfið.“ — 27% einstæðra foreldra sem búa í eigin húsnæði hafa eignast það á félagslegum grundvelli í gegnum verkamannabústaðakerfið.

Þetta er bara eitt dæmið um það sem við höfum lýst, herra forseti. Við höfum hér talað fyrir og varið félagslega húsnæðiskerfið. Við viðurkennum vel að það megi bæta það en hins vegar höfum við margbent á hvað þetta kerfi hefur þjónað mörgum í gegnum tíðina. Það hefur bjargað mörgum, herra forseti, frá sárri fátækt að hafa þó fengið aðstoð í gegnum félagslega íbúðakerfið. Síðan segir hér:

„Þar að auki hafa jafnmargir til viðbótar eða þriðjungur allra þátttakenda í könnuninni sóttu um íbúðir í verkamannabústöðum en ekki fengið. Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi að fjórðungur einstæðra foreldra sem leigja bjuggu áður í eigin húsnæði. Að lokum má geta þess að 35% einstæðra foreldra heldur ekki sjálfstætt heimili heldur býr hjá foreldrum, öðrum ættingjum eða vinum.“

Hér er síðan niðurstaða frá nefnd sem var að skoða hvaða tillögur væri hægt að gera og leiðir til að bæta stöðu einstæðra foreldra. Hver er niðurstaðan, herra forseti?

„Nefndin álítur því að eitt brýnasta hagsmunamál einstæðra foreldra sé að komast í tryggt húsnæði. Jafnframt verður að líta svo á að félagslegar íbúðabyggingar séu mikilvægur möguleiki til þess að einstæðir foreldrar geti eignast eigið húsnæði.“ — Þessu á bara að loka, herra forseti. — „Auk þess leggur nefndin áherslu á það með tilliti til þeirra einstæðu foreldra sem eru leigjendur að opnaðar verði allar leiðir til byggingar leiguhúsnæðis svo skapast megi eðlilegt ástand á leigumarkaði og leigutakar megi búa við meira húsnæðisöryggi.“

Þarna er aftur og aftur komið að því, herra forseti, hvað er mikilvægast og brýnast í að bæta almennt kjör og stöðu einstæðra foreldra. Það eru húsnæðismálin, leiguíbúðir og félagslegar íbúðir sem hér á að slá af. Ég veit ekki betur en að samkvæmt till. til þál. sem var samþykkt 13. maí 1997, eigi fjölskylduráð að vera hæstv. félmrh. til halds, trausts og ráðgjafar. Ég veit ekki betur en Alþingi hafi kosið þetta fjölskylduráð. Nú vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta fjölskylduráð hans, sem á að vera honum til ráðgjafar, hafi farið yfir þetta frv. og lagt mat á áhrif þess á fjölskyldur á Íslandi. Hvaða áhrif hefur þetta á stöðu einstæðra foreldra, námsmanna, fatlaðra og fátækra barnafjölskyldna?

„Hlutverk fjölskylduráðs“ — ég ætla að lesa það, herra forseti — „skal m.a. vera eftirfarandi:

1. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.

2. Að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

3. Að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.

4. Að hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu.

5. Að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna."

Þeir sem skipa fjölskylduráð, sem hefur það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar, eru tveir kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, einn tilnefndur af skólum á háskólastigi, einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga en félmrh. skipar þann fimmta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fulltrúar í fjölskylduráði skulu hafa víðtæka þekkingu eða reynslu í málefnum fjölskyldunnar.

Ég tel það brýnt að ef hér er komið ráðgefandi apparat, fjölskylduráð, sem vega á og meta stjórnvaldsaðgerðir, þá ætti þetta mál að fara þangað. Ég þykist næstum viss um að þetta fjölskylduráð hafi ekki fjallað um þetta frv. og þó það væri ekki nema vegna þess, þá ætti að fresta því. Ef við meinum eitthvað með þessu fjölskylduráði og þessari þáltill., þá á fjölskylduráðið að fara yfir það og meta áhrif þess. Ekki veit ég hvort hæstv. félmrh. hlýðir á mál mitt en ég tel það mjög mikilvægt, ekki síst vegna þess að í þessari þáltill., herra forseti, er einnig talað um að efnahagslegt grundvallaröryggi fjölskyldunnar sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Það hlýtur að leiða af sjálfu að fjölskylduráðið á ekki síst að skoða þetta frv., miðað við það sem kveðið er á um í þessari þáltill., til verndar fjölskyldunum í landinu og því er auðvitað eðlilegt að um sé spurt: Hefur hið opinbera fjölskylduráð farið yfir ákvæði þessa frv.?

Ég tel, herra forseti, jafnvel þó svo illa fari að þetta frv. verði að lögum, að óska ætti eftir því, þó það væri ekki nema af hálfu stjórnarandstöðunnar, að fjölskylduráðið legði mat sitt á það. Ég held að það væri ágætur prófsteinn á þetta fjölskylduráð. Stjórnarandstaðan mundi þá beina því til fjölskylduráðsins að það legði mat á þau áhrif sem þetta hefði á kjör og stöðu einstæðra foreldra í þjóðfélaginu og þeirra hópa sem ég hef hér nefnt. Við erum að fjalla um mjög alvarlegt mál, herra forseti, sem eru húsnæðismál þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Að því má ekki hrapa eins og hæstv. ráðherra ætlar hér að gera.

Ég hef sagt það, herra forseti, af því að nú fer ég hvað úr hverju að snúa mér að umsögnum á 200 síðum, sem fram hafa komið um þetta frv. að það hefur vakið mikla undrun mína, herra forseti, hvernig sveitarfélögin hafa brugðist við í þessu máli og með hvaða hætti umsagnir þeirra hafa verið. Ég hef vakið athygli á því hvað umsagnir húsnæðisnefndar sveitarfélaganna, stórra sveitarfélaga, ég nefni Reykjavík, Hafnarfjörð, Kópavog og Akureyri, eru allt öðruvísi. Þar eru sett fram rök og gagnrýnið og málefnalega er bent á áhrifin af þessu frv. Sjálfar sveitarstjórnirnar á þessum sömu stöðum virðast einfaldlega blessa þetta frv. án þess að skrifa mikið um þetta. Þetta eru bara örfáar línur hjá sumum sveitarfélögum og sagt: Vísað er til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Við afsölum okkur rétti til þess að segja nokkuð um þetta mál og tökum undir það sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur að segja um málið.

Ég hef áhyggjur af þessu, herra forseti, og ég held að það sé full ástæða til. Ég velti fyrir mér samhenginu þarna á milli. Maður hefði haldið að húsnæðisnefnd sveitarfélaga ætti að vera ráðgefandi apparat fyrir sveitarstjórnarráðið og sveitarstjórnina. Umsagnir þaðan eru með allt öðrum hætti. Það er greinilega ekki hlustað á húsnæðisnefndirnar heldur bara vísað í eitthvað sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir ... **(Gripið fram í:** En sveitarstjórnirnar?) Það er boðskapurinn. Það sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir í þessu máli blívur.

Vegna þessa vil ég fara nokkuð yfir 54. fund fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum 20.–21. mars 1998 sem er athugun á frv. til laga um húsnæðismál. Þar er greinilega messað yfir sveitarstjórnarmönnum og reynt að svara þeirri gagnrýni sem fram hafði verið sett á frv. félmrh. af hálfu þeirra sem stóðu þá að því frv. eða forsvarsmanna Sambands ísl. sveitarfélaga. Mér fannst svörin við þeirri gagnrýni vægast sagt afar léleg, herra forseti. Ég hef reyndar farið yfir sum þeirra í dag en ætla að fara yfir þau lið fyrir lið. **(Gripið fram í:** Það er ástæða til.) Já, ég held að það sé full ástæða, herra forseti, til að fara aðeins yfir það vegna þess að ég hef nokkrar áhyggjur af því hvað sveitarfélögin virðast skauta léttilega yfir þetta mál og telja það bara hið besta mál. Ég held að það sé slæmt bæði fyrir sveitarfélögin og fyrir íbúa þeirra. Ég tel að hér sé fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni ríkissjóðs og ekkert annað með því markaðsvæða allt íbúðakerfið á Íslandi. Það er stefnt að einkavæðingu á þessum Íbúðalánasjóði. Hér segir, herra forseti:

„Að beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hef ég tekið saman nokkur áhersluatriði, skýringu og athugasemdir við frumvarp til laga um húsnæðismál til að kynna á þessum fulltrúaráðsfundi."

Hér er ég að lesa ræðu Karls Björnssonar bæjarstjóra á Selfossi, ef ég fer rétt með málið. Mér sýnist þetta vera inngangur að henni ásamt því að farið er yfir helstu gagnrýnisatriði. Hann vísar til þess að hann sé „formaður vinnuhóps á vegum sambandsins sem settur var stofn í september 1996 og hafði það hlutverk að athuga skuldbindingar sveitarfélaga vegna félagslega húsnæðiskerfisins og gera tillögur um breytingar á kerfinu. Vinnuhópurinn skilaði nokkuð ítarlegri skýrslu til stjórnarinnar í febrúar 1997 og var ákveðið að gefa hana út sem fræðslurit nr. 18 á vegum sambandsins í mars 1997 undir heitinu Félagslega íbúðakerfið, úttekt og tillögur til úrbóta."

Síðan fer hann yfir helstu gagnrýni sem fram hafi komið vegna nýrra húsnæðislaga. Ég bið forláts á því, herra forseti, ef ég þarf að endurtaka eitthvað af því sem ég hef sagt hér í dag. Ég mun einfaldlega svara því sem fram kemur af hálfu talsmanns sveitarfélaganna á fulltrúaráðsfundi sem haldinn var á Egilsstöðum, þegar verið var að reyna að sýna sveitarstjórnarmönnum fram á að þetta væri allt gott og blessað. Hér er sagt:

„Hér á eftir fjalla ég um nokkrar athugasemdir og gagnrýni sem fram hefur komið í umræðunni síðustu daga um hin nýju húsnæðislög og set einstök atriði fram í fullyrðingarformi og leitast síðan við að svara gagnrýninni og skýra þau atriði sem um ræðir.

Í fyrsta lagi svarar hann fullyrðingunni: „Tekjulágu fólki verður vísað út á leigumarkaðinn í stórum stíl!"

Hvert er svarið sem sveitarstjórnirnar hafa svo keypt greinilega. Hann svarar því svona:

„Leiguíbúðir á Íslandi eru um 20.000 og þar af eru um 3.500–4.000 í eigu sveitarfélaga og félagasamtaka. Vænta má að þeim fjölgi með setningu nýrra húsnæðislaga þar sem mörg sveitarfélög munu breyta innleystum félagslegum íbúðum í leiguíbúðir."

Hvar liggur þetta fyrir, herra forseti? Það liggur ekkert fyrir um það, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég hef sýnt fram á að þeir eru að hækka vextina og ætla sér að hækka vextina á leiguíbúðum upp í markaðsvexti en breyta ekki kjörunum að öðru leyti. Sveitarfélögin hafa, þrátt fyrir að

vextirnir hafi verið niðurgreiddir, 1% vextir, ekki byggt fleiri leiguíbúðir heldur en raun ber vitni. Hvað segir okkur þá að sveitarstjórnir fari allt í einu að byggja einhvern fjölda af leiguíbúðum þegar vextirnir eru komnir upp í markaðsvexti? Hver fær að borga þann brúsa? Annaðhvort sveitarfélagið eða leigjandinn. Aðrir eru ekki til þess.

„Einhverjir af þeim sem nú leigja munu væntanlega leitast við að kaupa íbúðir samkvæmt hinu nýja kerfi vegna lægri greiðslubyrði í því miðað við hið eldra kerfi."

Hér er fullyrt að greiðslubyrðin í þessu nýja kerfi sé lægri en í eldra kerfinu. Ég hef margfarið í gegnum það í dag, herra forseti, að það er rangt fram sett upp af hálfu ráðherrans að hér sé um lægri greiðslubyrði að ræða. Ég tók dæmi um það að þegar um er að ræða áhvílandi lán og þegar nokkurra ára gamalt áhvílandi lán er yfirtekið. Það þarf ekki meira en það til þess að raska því og að greiðslubyrðin verði mun hærri, fyrir utan kostnaðinn sem er miklu hærri, bæði í lántökugjöldum og stimpilgjöldum sem verða t.d. af húsbréfalánunum. Allt þetta eykur kostnaðinn, fyrir utan það að vaxtabótakerfið sem nú á að taka við gerir það að verkum að einstæðir foreldrar og einstaklingar munu tiltölulega fljótlega, ef þeir kaupa íbúðir á 5,5 millj.kr., reka sig upp í þakið og þurfa því sjálfir að bera mismuninn á niðurgreiðslunni til þess að verða jafnsettir á eftir. Hér er því bara fullum fetum haldið fram, við allar sveitarstjórnir landsins á fulltrúaráðsfundi, að greiðslubyrðin verði lægri.

Og þetta er greinilega bara keypt hrátt, a.m.k. hafa þeir ekki haft fyrir því margir hverjir að skoða þá málefnalegu gagnrýni sem sett hefur verið fram af hálfu húsnæðisnefndanna í þessu máli. Síðan segir talsmaðurinn sem var að reyna að tala frv. inn á alla sveitarstjórnarfulltrúana sem þarna voru:

„Allar líkur eru á að sá fjöldi leiguíbúða sem bætist við markaðinn muni fullnægja þeirri auknu eftirspurn eftir leiguhúsnæði sem skapast getur vegna þess að ekki verði lengur veitt 100% lán."

Það er nú það. Þessi hv. talsmaður viðurkennir þó, sem hann gat náttúrlega ekki komist hjá, að með því að fella alveg niður 100% lán væru kannski einir 200 einstaklingar á ári hverju sem fengju ekki inni í nýja íbúðalánakerfinu. Hann viðurkennir þó þá þörf og telur að sá fjöldi sem bætist við á markaðinn, væntanlega út af innleystum félagslegum íbúðum, muni duga þessu fólki. Ég á eftir að sjá það að sveitarfélögin fari að leysa til sín íbúðir í stórum stíl og breyta þeim í leiguíbúðir. Ég hef að vísu sagt að sú hætta sé fyrir hendi, af því að ráðherrann er alltaf að ota þessari gulrót að nú geti fólk farið að velja sér íbúðir, farið úr Breiðholti, ef það svo kýs, í Vesturbæinn eða öfugt, að þá geti sveitarfélögin sagt: Þú getur ekki valið þér neina íbúð. Við erum hér með innleysta íbúð sem þú þarft að taka. Ég er ekki farin að sjá að þessum íbúðum verði endilega breytt í leiguíbúðir þó að vel megi vera að það verði að einhverju leyti. En mér finnst þarna skautað létt fram hjá því, herra forseti, hve stór hluti verður settur á götuna miðað við að þetta mál nái fram að ganga. Síðan segir hér, herra forseti:

„Í tengslum við framkvæmd laganna er nauðsynlegt að endurskoða reglur um greiðslumat. Ekki getur talist eðlilegt að miða við að tekjuhátt fólk geti einungis ráðstafað 18% af tekjum sínum til húsnæðiskaupa á sama tíma og tekjulágt fólk getur ráðstafað allt að 28% af sínum tekjum til húsnæðiskaupa. Á þessu sviði þarf að finna samræmi ..."

Hvaða samræmingu er hann að tala um, herra forseti? Ef hann er að tala um samræminguna niður í 18%, þ.e. eins og er núna í húsbréfakerfinu, þá erum við að tala um að stór hluti fólks muni ekki standast greiðslumatið. Það er svo einfalt. En það er ekkert sagt um það hér, herra forseti. Það eina sem sagt er um þetta er að finna þurfi samræmi „sem hugsanlega kunni að leiða til þess að íbúðaverðsviðmið hjá tekjulágum lækki sem leiði til þess að einhverjir þeirra telji það vænlegan kost að fara á leigumarkað. Þessi áhrif þarf að kanna vel við þessa endurskoðun." — Telji það vænlegan kost að fara á leigumarkað. Hvaða leigumarkað? Ég sé ekki að til séu neinar íbúðir á leigumarkaði. Síðan kemur hjá þessum talsmanni Sambands ísl. sveitarfélaga þegar verið var að fá allar sveitarstjórnir á landinu inn á þetta frv.:

„Frelsi fólks til að velja sér húsnæði á almennum markaði er ekki tryggt!" — Það er fullyrðingin sem hann segist vera að svara. Hann er að svara gagnrýni sem komið hefur fram á þessi nýju húsnæðislög og eitt af því sem er gagnrýnt er m.a. það sem ég hef sett fram: Frelsi fólks til að velja sér húsnæði á almennum markaði er ekki tryggt. — „Þetta er rétt og byggist á bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu um að sveitarstjórn geti meðan innlausnarskylda hvílir á sveitarfélaginu ákveðið að tiltekinn hluti viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði. Þetta er sett inn til að leitast við að tryggja endursölu þessara íbúða. Útfærsla þessa ákvæðis gæti orðið á þann veg að sá sem ekki sættir sig við ákveðnar innlausnaríbúðir fari í einhvers konar biðröð eftir óskilyrtum viðbótarlánum en eins og kunnugt er eru biðraðir ekki óþekkt fyrirbæri í kerfinu í dag."

Hér eru boðaðar biðraðir, langar biðraðir eftir viðbótarlánum og við skulum muna það og halda því þá til haga um leið. (**Gripið fram í:** Eru boðaðar biðraðir?) Það er verið að boða langar biðraðir eftir viðbótarlánum og við skulum þá halda því til haga um leið að ef sveitarfélögin borga ekki 5% inn í varasjóðinn er ekki um nein viðbótarlán að ræða. Þá fær íbúinn í sveitarfélaginu ekki viðbótarlán, fær ekki að velja sér íbúð á almennum markaði. Ef eitt sveitarfélag ákveður að húsnæðismálin skuli ekki vera í forgangi, þau skuli vera aftarlega, það skuli frekar malbika og fara í önnur brýn verkefni og ákveður því að setja ekki þetta 5% framlag í sjóðinn, þá fær íbúinn ekkert að velja. Hann fer þá bara í einhverja biðröð þangað til sveitarfélagið ákveður að setja húsnæðismálin í forgang.

Síðan kemur fullyrðing nr. 3, sem Karl Björnsson er að svara, sem er að lánveitingar verði háðar skömmtunarkerfi. Hann segir:

„Þetta er rétt. Samkvæmt 31. gr. er sveitarstjórn heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána ef fyrirséð er að víkja verður frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða ef þau raska í verulegum atriðum fjárhag þess. Þessi takmörkun er nauðsynleg til þess að sveitarfélög geti haft stjórn á útgjöldum sínum vegna viðbótarlána með sama hætti og þau geta takmarkað útgjöld sín til þess félagslega kerfis sem nú er við lýði. Með sama hætti getur Íbúðalánasjóður takmarkað heildarupphæð viðbótarlána á grundvelli fjárhagsgetu sjóðsins."

Um þetta er út af fyrir sig ekki neitt að segja. Það er vissulega rétt sem hér er sett fram að það er á valdi hvers sveitarfélags að takmarka þessi viðbótarlán en það er líka, við skulum muna að það, í valdi Íbúðalánasjóðsins sjálfs, hann hefur ekki óendanlega mörg viðbótarlán. Þar er skömmtun. Þar er ákveðinn hemill líka en sveitarfélögunum er auðvitað

í sjálfsvald sett hvort þau fara út í þessi viðbótarlán eða ekki, t.d. með því að greiða ekki í varasjóð.

Síðan talar Karl Björnsson um 5. fullyrðinguna eða gagnrýnina sem hafi komið fram og segir: „Ekkert samráð hefur verið haft við verkalýðsforustuna!" — Hann svarar því og segir: — „Lagafrumvarpið er samið á grundvelli ítarlegra athugana, tillagna og ályktana á vegum ýmissa aðila undanfarin ár. Ekki verður annað séð en verulegt tillit hafi verið tekið til þeirra við gerð frumvarpsins. Í því sambandi vísa ég til ályktunar sambandsstjórnarfundar Alþýðusambands Íslands frá 19.–20. nóv. 1996 þar sem m.a. er bent er á vanda þeirra sem fá 100% lán, nauðsyn á fjölgun leiguíbúða með því að breyta innleystum íbúðum sveitarfélaga í leiguíbúðir og síðast en ekki síst kosti þess að taka upp félagsleg lán til kaupa á íbúðum eftir eigin vali þeirra sem uppfylla skilyrði um slík lán enda nemi lánin að hámarki 90% af kaupverði íbúðar."

Herra forseti. Mér finnast þetta ansi ósvífnar fullyrðingar. Hér er raunverulega verið að segja að fullt tillit hafi verið tekið til tillagna sem ASÍ hafi sett fram og að fullt samráð hafi verið haft við ASÍ. Mér finnst þetta hálfgerð ósvífni að halda þessu fram vegna þess að það er ekki rétt að ASÍ hafi lagt fram þær tillögur sem þetta frv. byggir á, enda hefur ASÍ ásamt BSRB, Búseta og félagasamtökum gengið hart fram í að mótmæla því að þetta frv. verði að lögum og óskað eftir því að samráð verði haft um það hvernig þessum málum verður háttað. Þetta er í fyrsta sinn í hinni löngu sögu félagslegra íbúða á Íslandi að ekki er haft eðlilegt samráð við verkalýðshreyfinguna eða félagasamtök. (**Gripið fram í:** Það sést á auglýsingunni í dag.) Og sést á heilsíðuauglýsingunni í Morgunblaðinu í dag. Það er því rangt eins og reyndar hæstv. félmrh. reyndi að halda fram með sama hætti og þessi ágæti fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að þetta séu nánast tillögur Alþýðusambandsins. Þetta er bara ósvífni að halda slíku fram, enda man ég ekki betur en forseti ASÍ hafi mótmælt því harðlega þegar hæstv. félmrh. hélt því fram í ræðustól við 1. umr. þessa máls.

Síðan kemur 6. fullyrðingin sem Karl Björnsson er að svara og ég les fyrst fullyrðinguna og gagnrýnina sem hann síðan svarar þegar hann er að fá sveitarfélögin til liðs við frv.:

„Með frumvarpinu er fyrst og fremst verið að taka á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en ekki vanda þess fólks sem kerfið á að þjóna!" — Síðan svarar Karl: — „Gagnrýni sem þessi hefur komið fram og sætir undrun að mínu mati. Eins og flestir vita er húsnæðiskerfið ekki til vegna þess sjálfs eða sveitarfélaganna sérstaklega heldur er kerfið fyrir hendi til að þjóna fólkinu. Með breytingu á núverandi fyrirkomulagi er verið að leitast við að bæta kerfið í ljósi þess lærdóms sem menn hafa dregið af þeim göllum sem hindrað hafa eðlilega virkni hins félagslega íbúðakerfis." — Þetta er meira kraðakið. Það er erfitt að skilja þetta. „Með breytingu á núverandi fyrirkomulagið er verið að leitast við að bæta kerfið í ljósi þess lærdóms sem menn hafa dregið af þeim göllum sem hindrað hafa eðlilega virkni hins félagslega íbúðakerfis."

Þarna er heldur betur komin skýringin á breytingunni, að verið er að leitast við að bæta kerfið og draga úr þeim göllum sem hindrað hafa eðlilega virkni. Það er ekkert verið að draga úr neinum göllum, herra forseti. Ég hef sagt og fleiri hér að við erum tilbúin að skoða og draga úr göllunum sem fram hafa komið. (**KÁ:** Hvaða göllum? Um hvaða galla er verið að tala?) Það er ekki einu sinni rætt, það er ekki einu sinni talað um hverjir þeir eru. Það er ekki einu sinni rætt hér. Það er ekki einu sinni verið að gera það heldur er bara lokað, sjoppunni bara lokað. Öllu saman bara lokað. Þetta er auðvitað algerlega óskiljanlegt. Það sem verið er að gera er ekki að hugsa um fólkið sem þetta kerfi hefur þjónað. Það er fyrst og fremst verið að færa kostnað við félagslega kerfið yfir á sveitarfélögin og verið að losa ríkið undan kostnaði við að aðstoða fátækt fólk við að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Síðan er fullyrðing nr. 7 sem hefur verið haldið fram:

„Frumvarpið tryggir hvorki aukið framboð leiguhúsnæðis né aukið og nauðsynlegt réttaröryggi leigjenda!" — Karl Björnsson svarar því svo: — „Forsenda þess að fjölga eignar- og leiguíbúðum í þessu landi er að fleiri íbúðir verði byggðar." — Það er rökrétt. — „Íbúðaþörfin fer eftir fjölda landsmanna og þróunar í meðalfjölskyldustærð. Nú eru um 100.000 íbúðir eða heimili í landinu og er áætlað að leigumarkaðurinn nái til um 20.000 þeirra. Við það að efla húsaleigubótakerfið og gefa sveitarfélögunum kost á að breyta innleystum félagslegum eignaríbúðum í leiguíbúðir eru allar líkur á að hlutur leiguhúsnæðis stækki á kostnað eignaríbúða. Sveitarfélögunum ber á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að tryggja framboð leiguhúsnæðis handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna."

Við vitum að lítið þýðir að vísa í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga ef við erum að tala um að þau eigi að tryggja uppbyggingu á félagslegu húsnæði eða skyldu sveitarfélaganna til að koma upp félagslegu húsnæði. Ákvæðin eru þannig að þau eru mjög opin. Þetta er meira sett í vald sveitarfélaganna sjálfra sem er út af fyrir sig eðlilegt ef við á annað borð meinum eitthvað með sjálfstæði sveitarfélaganna, en að vísa í að það eigi að tryggja framboð leiguhúsnæðis, einhver ákvæði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, er bara marklaust, herra forseti, vegna þess að þetta er fyrst og fremst undir sveitarfélögunum sjálfum komið hvort byggt er mikið af leiguhúsnæði og hvort uppbyggingin verður þar eða ekki. Setningar eins og þessi að „við það að efla húsaleigubótakerfið og gefa sveitarfélögum kost á að breyta innleystum félagslegum eignaríbúðum í leiguíbúðir eru allar líkur á að hluti leiguhúsnæðis stækki á kostnað eignaríbúða".

Þetta er alveg út í vindinn, herra forseti. Það veit enginn hve mikið verður um þessar innleystu íbúðir sem hér er verið að tala um. Og hvernig er verið að efla húsaleigubótakerfið? Það hefur ekki verið eflt fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins. Það er alveg ljóst. Það hefur ekki verið gert. Það voru settir miklu minni peningar í það, herra forseti, heldur en nauðsynlegt var. Við margsýndum fram á það þegar við vorum að ræða um húsaleigubótakerfið. Þessi rök standast því engan veginn og ég trúi því ekki, herra forseti, að sveitarstjórnarmenn hafi bara á einum fulltrúaráðsfundi keypt svona rök án þess að fara gagnrýnið ofan í þau. Hvað er í húfi, hæstv. forseti? Það eru kjör og aðbúnaður þúsund fjölskyldna á hverju ári, kannski 2–4 þúsund manns og hér er líka undir afkoma sveitarfélaganna og fjárhagur þannig að menn hefðu átt að ýta ýmsu öðru til hliðar. Ég er þó ekki að segja að menn séu ekki að vinna þarfa hluti þó þeir fari ekki ofan í húsnæðismálin. En hér er bara svo mikilvægt mál á ferðinni að menn verða að gefa sér tíma til þess, ekki síst sveitarstjórnarmennirnir,

þar sem núna er verið að ýta öllum þessum stóra hóp yfir á sveitarfélögin og segja: Þið leysið þarfir þeirra. Því hefðu sveitarfélögin átt og hafa skyldur til að skoða þetta mál betur en ekki bara kokgleypa svona rökstuðning eins og hér er settur fram án þess að fara nokkuð frekar ofan í stöðuna.

Ég er alveg sannfærð um það, herra forseti, að ef sveitarstjórnarmenn hefðu lesið umsagnir húsnæðisnefndar sem ég á eftir að fara yfir síðar, þá hefðu umsagnir sveitarfélaganna sjálfra verið öðruvísi en í ljós hefur komið. Hér er farið yfir fullyrðingu átta:

„Mörg hundruð manns munu ekki hafa greiðslugetu til að fá fyrirgreiðslu í nýja húsnæðiskerfinu!

Þessi fullyrðing byggist á þeirri forsendu að núverandi greiðslumat í almenna húsnæðiskerfinu hefur verið tekið upp óbreytt í hinu nýja kerfi. Ljóst er að reglur um greiðslumat eru í endurskoðun með það að markmiði að það þjóni lágtekjufólki í hinu nýja kerfi með svipuðum hætti og það gerir í því eldra."

Hér er eitthvað nýtt sett fram og maður spyr: Hvaða innstæða er á bak við að það verði sett greiðslumat sem þjóni þessu fólki með sama hætti og það gerir núna? Þetta les maður hér. Ráðherrann segir síðan: „Við erum að útbúa neyslustaðal sem á að taka tillit til eigna-, skulda-, framfærslu- og fjölskyldustaðals" o.s.frv., sem margir telja að muni enn þrengja greiðslumatið. Á að vera mismunandi greiðslumat í húsbréfakerfinu, annars vegar 28% fyrir þá *sem eiga að fá viðbótarlán líka eða eiga rétt á því* og síðan 18% fyrir aðra? Ráðherrann treystir sér ekki til þess að svara þessu. Hann svarar engu um það. Allt sem þó hefur komið frá ráðherranum og maður hefur séð um þetta bendir til þess að verið sé að þrengja þetta enn meira en ég hef sagt varðandi þær 600 fjölskyldur sem hér eru úti. Síðan er svona fullyrðing bara lesin pent upp fyrir stóran fulltrúaráðsfund þegar verið er að tala um að mörg hundruð manns muni ekki hafa greiðslugetu til að fá fyrirgreiðslu í nýja húsnæðiskerfinu, þetta er fullyrðing sem ég og fleiri hafa haldið fram, og henni svarað þannig við stóra fulltrúaráðsfundinn.

„Þessi fullyrðing byggist á þeirri forsendu að núverandi greiðslumat í almenna húsnæðiskerfinu verði tekið upp óbreytt í hinu nýja kerfi. Ljóst er að reglur um greiðslumat eru í endurskoðun með það að markmiði að það þjóni lágtekjufólki í hinu nýja kerfi með svipuðum hætti og það gerir í því eldra."

Hvaða innstæða er á bak við þetta, herra forseti?

Hérna er einmitt verið að svara því með þessum litla ótrúverðuga hætti að það verði engum 600 fjölskyldum úthýst. Er það virkilega keypt með þessum tveim setningum frá þessum ágæta manni á stórum fulltrúaráðsfundi? Hann er að svara hér 16 fullyrðingum og ég er bara komin í þá níundu, herra forseti, svo að við verðum að halda áfram með þetta vegna þess að þetta er auðvitað mjög mikilvægt af því að sveitarfélögin í landinu hafa greinilega mjög mikið byggt á þessu varðandi sína afstöðu til málsins.

„Vaxtabætur verða óhagstæðari fyrir einstæða foreldra og einstaklinga!" Þetta er fullyrðing sem ég tek á mig og ég hef haldið fram, herra forseti, og því er svarað svona við fulltrúaráðsfundinn:

„Finna má dæmi þar sem fullyrðing þessi stenst og er þá miðað við mjög lágar tekjur og dýrar íbúðir. Slík dæmi eru ekki raunhæf samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið á samhengi milli tekna kaupenda og verðs á íbúðum. Þegar raunhæf dæmi eru skoðuð kemur í ljós að hið nýja kerfi kemur betur út fyrir tekjulága."

Herra forseti. Þetta fór ég mjög ítarlega yfir í dag og sýndi fram á það hvernig þetta hefur verið til þessa. Ég tók dæmi af raunverulegum úthlutunum, þ.e. hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur á sl. ári þar sem 196 einstæðir foreldrar fengu úthlutað íbúð sem var yfir 6 millj. kr. Ég hygg að ef við erum að tala um sæmilega tveggja herbergja íbúð þá kosti hún 6 millj. kr. Ætlum við að bjóða einstæðu foreldri með eitt eða tvö börn upp á það að vera í minni en tveggja herbergja íbúð? Nema það sé meiningin, herra forseti, að allir einstæðir *foreldrar eigi að fara í húsnæði sem varla er finnanlegt upp* á einhverjar 5 millj. kr. Ég hygg að ekki sé mikið til af sæmilegu húsnæði, þ.e. tveggja herbergja íbúðum sem eru undir 5,5–6 millj. kr. Hér er sagt að tveggja herbergja 70 m íbúð, hún gæti verið þriggja herbergja, 70 m , kosti um 6,5 millj. kr. Hér er því bara sagt að þetta séu allt of dýrar íbúðir fyrir þetta fólk. Það er bara afgreitt þannig.

Síðan er það aftur fullyrt sem ekki stenst, herra forseti:

„Þegar raunhæf dæmi eru skoðuð kemur í ljós að hið nýja kerfi kemur betur út fyrir tekjulága."

Þegar maður rekst á svona fullyrðingar, herra forseti, þá get ég orðið öskureið þegar ég heyri þetta. Það getur vel verið að ég endurtaki eina ferðina enn eins og ég er búin að gera í dag hvað þetta er hraksmánarleg lygi sem verið er að setja hér fram. Ég vil bara nota það orð. Við erum að tala um að vaxtabæturnar séu óhagstæðari fyrir þessa hópa. Við erum líka að tala um aukinn kostnað. Við erum að tala um greiðslubyrðina, að hún getur verið þyngri í mörgum tilvikum, m.a. þegar verið er að kaupa eldri íbúð eða notaða íbúð áhvílandi lánum.

Síðan er fullyrðing númer tíu:

„Nýjar íbúðir í Reykjavík eru 10% ódýrari í félagslega kerfinu en á almennum markaði!"

Þetta er fullyrðing sem ég hef m.a. haldið fram, herra forseti. Ég styðst þar við upplýsingar frá Húsnæðisstofnun og Fasteignamati ríkisins m.a. Þessu svarar fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, með leyfi forseta.

„Með ákveðnum reikningsaðferðum má fá þessa niðurstöðu og er þá miðað við meðalverð á öllu íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Ef á hinn bóginn er borið saman verð innan íbúðarhverfa fæst önnur niðurstaða þar sem mikill verðmunur getur verið á sambærilegum íbúðum milli hverfa, svo sem á milli Breiðholts og Vesturbæjar, en eins og menn vita þá er mikill fjöldi félagslegra íbúða staðsettur í ákveðnum hverfum í Reykjavík."

Þetta eru auðvitað engin ný sannindi, herra forseti. Það vita allir að verð á íbúðum er mismunandi milli hverfa og getur verið dýrari á vissum stöðum í Vesturbænum heldur en í Breiðholti o.s.frv. En við erum að bera saman sambærilega hluti. Þegar verið er að tala um að íbúðirnar séu 10% ódýrari þá er tekið meðalverð eins og algengt er að miða við, þ.e. meðalverð annars vegar á íbúðum á almennum markaði, tekið meðaltal af því hvort þær eru þá háar í Vesturbænum eða lágar og svo öfugt, tekið bara meðaltalið af íbúðum á almennum markaði og meðaltalið af íbúðum í félagslega kerfinu og þannig er þetta fundið út. Það að vera að rugla dæmið með því að segja að ekkert sé að marka þetta því íbúðirnar séu dýrari í einum bæjarhluta fremur en öðrum er málflutningur sem á ekki að vera boðlegur fulltrúum í sveitarstjórn, sem á ekki að vera boðlegur sem rök fyrir fulltrúa í sveitarstjórn. Síðan stendur, með leyfi forseta:

„Kostnaður fólks og ýmis ný gjaldtaka við að komast inn í nýja kerfið eykst verulega!"

Þetta er fullyrðing nr. 11 og mér heyrist, herra forseti, að sá ágæti maður, Karl Björnsson hafi eitthvað hlýtt á mitt mál þegar frv. kom fram og við 1. umr. vegna þess að meira og minna allt sem hann tekur upp eru fullyrðingar sem ég hef haldið fram. Það er alveg rétt. Þess vegna er mér auðvitað ljúft og skylt að svara þessu og lesa vandlega yfir hvaða rök þessi maður hefur á móti þeim fullyrðingum sem ég hef sett fram.

En um fullyrðinguna um að kostnaður fólks og ýmis ný gjaldtaka við að komast inn í nýja kerfið aukist verulega, segir Karl Björnsson, með leyfi forseta:

„Fulltrúar sveitarfélaga hafa gengið út frá því að álögur muni ekki aukast heldur þvert á móti minnka. Í því sambandi má nefna að 1,0% framlag íbúðarkaupanda í Tryggingasjóð fellur niður og 0,75% greiðsla til tæknideildar Húsnæðisstofnunar fellur niður vegna nýrra íbúða. Þóknun kaupanda til húsnæðisnefndar sveitarfélags sem nú er 0,5% mun væntanlega lækka. Þóknun seljanda til húsnæðisnefnda sem nú er 0,5% mun falla niður en í stað þess kemur þóknun til fasteignasala sem getur numið 1,5–2,0%. Þessar breytingar verður einnig að skoða í samhengi við neikvæð áhrif núverandi afskriftareglna í verðmyndun félagslegra íbúða en þau áhrif hverfa að sjálfsögðu íbúðareigendum til hagsbóta."

Þetta síðasta, herra forseti, varðandi verðmyndunina og eignarmyndun félagslegra íbúða þarf ég að fara rækilega yfir síðar og ætla reyndar að geyma mér að svara þessari fullyrðingu sem hér kemur fram um þetta atriði.

Varðandi kostnaðinn sem fólk verður fyrir þegar það kemur inn í kerfið miðað við það sem nú er erum við náttúrlega margbúin að fara yfir, herra forseti, og mig munar ekkert um að fara yfir það aftur. Það sem hefur raunverulega gerst er að félmn. boðaði — raunverulega var það boðað af hæstv. félmrh. líka — að stimpilgjöldin yrðu felld niður. Ég tók það þá sem svo að stimpilgjöld af húsbréfalánunum yrðu þá líka felld niður en niðurstaðan er sú að þau eru einungis felld niður af viðbótarlánunum. Það er það eina sem hefur breyst frá því að við bárum þetta saman við 1. umr. málsins þannig að það sem hér er tilgreint og ég hef sett fram og lagt fram kostnaðaryfirlit um vegur ekki á móti þeirri aukningu sem verður varðandi aukinn kostnað fólks vegna ýmissar nýrrar gjaldtöku. Munum eftir því, herra forseti, þegar ég segi þetta, að við erum að fjalla hér um nýjan sjóð sem er verið að opna, nýjan Íbúðalánasjóð sem starfa á eftir hverju? Þ.e. að hann skal standa undir sér sjálfur með gjaldtöku og vöxtum. Þar verður ekkert degið af, herra forseti, vegna þess að ekki nein ríkisframlög eiga að koma til þannig að ég spái því að ekki verði slegið þar af gjaldtökunni, herra forseti. Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Íbúðaverðið mun hækka vegna þess að sveitarfélög hætta að greiða 3,5% framlag til lækkunar á verði nýrra félagslegra íbúða!"

Þessu svarar Karl: „Á móti þessu 3,5% framlagi hafa sveitarfélögin lagt á umsýsluþóknun sem numið getur allt frá 2,0% upp í 6,0%. Slík umsýsluþóknun auk 3,5% niðurgreiðslunnar fellur nú niður þar sem sveitarfélög munu hætta nýbyggingum eða kaupum félagslegra eignaríbúða."

Það er alveg ljóst, herra forseti, að verið er að fella niður þessi 3,5% sem léttir þá á útgjöldum sveitarfélaga. Þetta lækkaði líka verð á íbúðunum sem þýðir auðvitað, herra forseti, að það eru kaupendurnir sem taka á sig þessi 3,5%. Varðandi þessi 2%–6% sem sveitarfélögin hafa lagt á í umsýsluþóknun, þá hefur þetta náttúrlega verið lagt á fyrir ýmislegt. Þegar farið er í framkvæmdir, t.d. í uppbyggingu á félagslegum íbúðum, þá held ég að umsýsluþóknunin, sem ég tel að sé of há, hafi frekar verið nær 2% heldur en 6% og hún er notuð til þess að leita alls konar hagræðingar, til þess að þjónusta fólkið í efniskaupum, útboðum o.s.frv. þannig að þó fólk hafi borgað einhvern umsýslukostnað, þessi prósent sem hér eru nefnd sem ég held að hafi verið mjög misjöfn eftir sveitarfélögum, þá hefur fólkið kannski fengið út úr því hagstæðari kjör á íbúðum, ódýrari íbúðir o.s.frv. þannig að ég kaupi þetta ekki mjög dýru verði.

Síðan segir:

„Kostnaður sveitarfélaga eykst mikið ef eigendur félagslegra íbúða nýta sér kaupskyldur sveitarfélaga til að losna við íbúðir sínar og fara síðan inn í nýja kerfið!"

Þetta er fullyrðingin og svarið er:

„Eftir er að semja og útfæra reglugerðir um viðbótarlán og varasjóð samkvæmt hinum nýju lögum. Við þá reglugerðarsmíði mun Samband ísl. sveitarfélaga væntanlega leitast við að tryggja að stórfelldir flutningar fólks milli þessara kerfa muni ekki eiga sér stað."

Þetta var svolítið athyglisvert. Hér er verið að tala um valfrelsi fólks til að innleysa íbúðir sínar. Sveitarfélög sem hafa kaupskyldu verða að kaupa íbúðirnar og svo á að tryggja það í reglugerð, eini af þessum 26 eða 28 sem ráðherrann á að setja, að stórfelldir flutningar fólks milli þessara kerfa munu ekki eiga sér stað. Það er samkvæmt reglugerð, einni af þeim sem á að setja. Í lögunum er talað um frelsi fólks til þess að geta valið, síðan er ráðherranum gefin einhver opin reglugerðarheimild og þar takmarkar hann bara allt saman. Það er allt valið og frelsið sem fólkið á að hafa til að velja sér íbúðir. Ef fólkið vill komast úr þeim íbúðum sem það er í núna, vill fara og geta valið sér íbúðir hvar sem er, þá á að setja einhverja tálma á það með reglugerð. Það á ekki að verða hægt í miklum mæli. Það sem sérkennilegast er við þetta, herra forseti, er að ef það er það sem selur raunverulega þetta kerfi ráðherrans, að fólk eigi að geta valið sér íbúðir. Menn segja að ekki sé verið að koma saman þeim sem þurfa á félagslegum íbúðum að halda, á einum stað í einni blokk, heldur sé frekar hægt að dreifa því og fólk geti valið sér íbúðir. Ég hygg, ef menn hefðu sest yfir það, að það hefði verið hægt án þess að breyta þessu kerfi.

ASÍ var t.d. með hugmyndir í þá áttina. Þeir vildu halda í þetta kerfi, halda í alla þá kosti sem þetta kerfi hefur en bjóða jafnframt upp á félagsleg lán. Ég held að ef menn hefðu sest yfir þá útfærslu sem ASÍ og BSRB voru með og það sem þeir boðuðu, þá hefði verið hægt að ná þeim kosti að fólk hefði meira val en það hefur í dag.

Fjórtánda fullyrðingin er svohljóðandi:

„Útgjöld sveitarfélaga munu aukast við það að fólk uppfylli ekki skilyrði hins nýja kerfis um kaup á íbúðum og fari á leigumarkað og fái þar húsaleigubætur sem sveitarfélög greiða!"

Þetta er fullyrðingin og Karl Björnsson svarar þessu:

„Allar líkur eru á að þessi fullyrðing standist. Með eflingu leigumarkaðarins munu útgjöld vegna húsaleigubóta væntanlega aukast. Eðlilegt verður að teljast að Samband ísl. sveitarfélaga og ríkið taki upp samningaviðræður um breytt fjárhagsleg samskipti aðila ef útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisstuðnings færist til milli ríkis og sveitarfélaga. Þannig mun hugsanlegur sparnaður ríkisins vegna

eignaríbúða í hinu nýja kerfi greiðast til sveitarfélaganna vegna aukinna útgjalda þeirra við húsaleigubætur."

Þetta er svolítið kraðak, herra forseti, og erfitt að átta sig á þessu. Mér finnst að sveitarfélögin hafi skipt um gír frá því að ég var félmrh. Þá þurfti að geirnegla allt varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það þurfti að geirnegla ýmislegt en þetta er skilið eftir alveg opið og bent á að það teljist eðlilegt, eftir að þetta er orðið að lögum, að ríki og sveitarfélög taki upp samningaviðræður um breytt fjárhagsleg samskipti aðila ef útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisstuðnings færist til milli ríkis og sveitarfélaga.

Meðan ég er að lesa þetta þá minnir það mig á að fletta því upp að það var gerður ákveðinn samningur milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubætur núna rétt fyrir jólin. Mig minnir að í honum sé einhver klásúla um að þetta sé endanleg niðurstaða, þessar 280 millj., varðandi þennan tilflutning á húsaleigubótunum. Þetta er eitthvað sem mig minnir. Ég þarf auðvitað að fletta upp og rifja upp hvort rétt sé með farið.

Þar var gengið frá þessum fjárhagslegu samskiptum að því er þetta varðar og 280 millj. voru það. Hér er hins vegar ýjað að því að það verði hægt að taka upp í samningaviðræðum um breytt fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga ef útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisstuðnings færist til milli ríkis og sveitarfélaga. Ég hélt að það hefði verið lokað fyrir það mál, herra forseti. Ég taldi endanlega frá því gengið fyrir áramót og mig minnir að klásúlurnar séu með þeim hætti. Ég hygg að hæstv. fjmrh. muni ekki taka þeim opnum örmum ef þeir vilja taka upp þann samning núna þegar þeir fara að átta sig á því að húsaleigubæturnar, eftir þessa breytingu, verða þeim miklu þyngri og útgjöldin miklu meiri vegna þeirra, þegar þetta frv. er orðið að lögum. Það var auðvitað liður í þeim leik sem leikinn hefur verið sl. 2–3 ár af þessari ríkisstjórn. Hann hefur gengið út á að sverta félagslega kerfið eins og hægt er með tali um auðar íbúðir, fólk sem ekki stendur undir lánum o.s.frv., til þess að geta markaðsvætt kerfið og komið allri félagslegri aðstoð yfir á sveitarfélögin. Liður í því var frv. um húsaleigubætur og það klóka samkomulag af hálfu ríkisins sem gert var við sveitarfélögin, ef maður hugsar um hag ríkissjóðs. Ef maður hugsar um það út frá því, herra forseti, þá held ég að þar hafi verið gert klókt samkomulag.

Samkomulagið er a.m.k. ekki hagstætt fyrir sveitarfélögin. Ég held að sveitarfélögin muni sjá það fyrr en seinna. Mér finnst afar sérstætt að segja við stóran fulltrúaráðsfund, þar sem verið er að selja þetta frv., að það sé einfaldlega hægt að taka upp samningaviðræður aftur varðandi húsaleigubætur af því að útgjöldin verða svo mikil. Ég bið þá sem hér eiga eftir að tala á eftir, af því að ég hafði ekki hugsun á því að finna það samkomulag sem ríki og sveitarfélög gerðu fyrir áramótin um húsaleigubætur, að grafa það upp. Ég held að sveitarfélögin hafi enga stöðu, eftir það samkomulag, til að segja: Jæja, nú verðið þið að borga okkur meira út af húsaleigubótunum af því að þær verða svo miklu meiri heldur en við gerðum ráð fyrir.

Fimmtánda fullyrðingin, herra forseti, hljóðar svo:

„Eftir tvö ár munu vextir á lánum til kaupa á leiguíbúðum hækka mikið frá því sem nú er með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélög og leigjendur!"

Við höfum haldið því fram að stefnt sé að því að hækka vextina á leiguíbúðunum. Það sem er svo sérstakt við þetta, herra forseti, er að það á bara að gera einhverja áætlun um þörf á leiguíbúðum. Ég er viss um að menn þurfa ekki tvö ár til þess að komast að einhverri niðurstöðu um þörf á leiguíbúðum. Þetta liggur þegar fyrir víða hjá sveitarfélögunum, hjá Byggðastofnun sem gerði áætlun á sínum tíma t.d. um kaupleiguíbúður, en það er fyrst árið 2000 sem þetta á að liggja fyrir. Þá verður þessi ríkisstjórn löngu farin frá. Það vonar maður alla vega, að hún verði löngu farin frá. Þá á að liggja fyrir hvernig gengið verði frá að því er varðar leiguíbúðirnar milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. hvort vextirnir eiga raunverulega að vera niðurgreiddir eða ekki. Því er bara vísað á aðra ríkisstjórn. Ég held, herra forseti, að það verði hlutskipti stjórnarandstöðuflokkanna, þegar þeir eru komnir í ríkisstjórn, að breyta þessari löggjöf ef svo fer sem horfir, að einhvern tíma á þessu sumri verði þetta að lögum.

Ég geri mér ekki miklar vonir um að hæstv. félmrh. eða ríkisstjórnin breyti um takt. Þeir ætla sér með þetta mál í gegnum þingið með góðu eða illu, alveg sama hvað verkalýðshreyfingin, félagasamtök eða aðrir segja um þetta. Þeim er sama hvaða rökum er teflt fram.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að ég skoði hér ákveðinn þátt sem var í brtt. meiri hlutans. Í þessum brtt. meiri hlutans er ekkert sagt frekar varðandi þessa könnun, hvenær henni á að vera lokið. Það eina sem maður hefur við að styðjast í því máli er frv. sjálft þar sem er talað um að á árunum 1999 og 2000 sé heimilt að veita lán til leiguíbúða með niðurgreiddum kjörum. Síðan eiga að fara fram viðræður milli ríkis og sveitarfélaga og þeim á þá væntanlega að vera lokið á árinu 2000. Karl Björnsson segir að þessar viðræður verði leiddar til lykta fyrir lok þessa árs. Það eru ný tíðindi fyrir mig ef það á að vera þannig. Ég spyr ráðherrann: Er rétt að leiða eigi þessar viðræður til lykta fyrir lok þessa árs? Við fáum þá væntanlega að sjá það á þessu þingi hvernig þessir samningar verða milli ríkis og sveitarfélaga og hvað verða þá byggðar margar leiguíbúðir á komandi árum. Eða var farið með rangt mál þegar verið var að selja sveitarstjórnunum frv.?

Sextánda fullyrðingin hljóðar svo:

„Sveitarfélög sem staðið hafa vel að uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins munu samkvæmt hinu nýja kerfi greiða niður skuldir hinna sem ekki standa sig jafn vel."

Karl Björnsson svarar þessu svona:

„Ekki er hægt að fullyrða að einhver sveitarfélag hafi staðið sig sérstaklega illa við framkvæmd núverandi húsnæðiskerfis. Á hinn bóginn hafa ýmsar ytri aðstæður valdið því að sveitarfélög eru misvel stödd í núverandi kerfi. Ef vilji manna stendur til að eyrnamerkja hin ýmsu framlög opinberra aðila til velferðarmála er slíkt mögulegt en í því tilviki sem hér um ræðir verður það að teljast nokkuð langsótt þar sem í þessu tilviki er um að ræða einungis brot af heildarstuðningi hins opinbera við landsmenn til öflunar íbúðarhúsnæðis. Þeir sem þessu halda fram hljóta að hafa það að markmiði að efna til óvinafagnaðar hjá sveitarfélögum en vonandi tekst þeim ekki að ná því leiða takmarki sínu."

Það er nefnilega það, herra forseti. Við sem segjum hvað felst í þessu frv. og skýrum frá því rétt og satt erum að efna til óvinafagnaðar. Við erum að efna til óvinafagnaðar hjá sveitarfélögunum. Við erum bara að segja það sem við lesum út úr þessu frv. og skýringum með því. Við erum ekkert að draga undan í því sem þar segir. Það er bara si svona, herra forseti, að þetta er sameiginlegur pottur, sameiginlegur varasjóður, sem á að greiða niður, m.a. skuldir þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa staðið sig vel. Það þýðir

ekkert að tala um að við efnum til óvinafagnaðar. Það eru þeir sem semja þetta frv. og vilja fara þessa leið sem efna til óvinafagnaðar milli sveitarfélaganna ef þeir vilja haga málum þannig að sveitarfélög sem hafa staðið sig vel fari að greiða niður skuldir sveitarfélaga sem hafa staðið sig illa.

Ég hef lokið við, herra forseti, að fara yfir þetta sem ég hélt að væri miklu bitastæðara frá talsmanni Sambands sveitarfélaga þegar hann var að kynna frv. félmrh. í marsmánuði á Egilsstöðum á fulltrúaráðsfundi sem mér skilst að hafi verið fjölmennur og menn hafi ekki gagnrýnt mikið. Þetta var kynnt með þessum hætti og ég verð bara að leyfa mér að segja það og það er mín hjartans meining að mér finnst sveitarstjórnarmenn hafa ekki farið mjög gagnrýnir yfir frv. eða áhrif þess ef þetta hafa verið rökin sem þeim voru seld til fylgis við þetta frv.

Herra forseti. Síðan kemur ályktun fulltrúaráðsfundsins um húsnæðismál og þar eru gerðar ákveðnar tillögur um breytingar og væri fróðlegt að vita hvort tekið hefði verið tillit til en það er ágætt að lesa þessa ályktun um húsnæðismál sem kom frá þessum fulltrúaráðsfundi:

„Fulltrúaráðið telur að með frumvarpi til laga um húsnæðismál, sem nú er til meðferðar á Alþingi, sé í meginatriðum komið til móts við óskir sveitarfélaganna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu, enda var frumvarpið samið í nánu samráði við fulltrúa sambandsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir gagngerri uppstokkun félagslega íbúðakerfisins. Ábyrgð sveitarfélaganna á framkvæmd þess verður áfram mikil en breytist jafnframt því sem möguleikar skapast til að koma til móts við þau sveitarfélög sem standa frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda vegna kaupskyldunnar og innlausna félagslegra íbúða, sem ekki hefur reynst unnt að endurselja. Þrátt fyrir grundvallaruppstokkun kerfisins hefur verið leitast við að draga úr snöggum áhrifum þess á núverandi kerfi, með óbreyttum réttindum og skyldum einstaklinga og sveitarfélaga í gamla kerfinu, sem breytast ekki fyrr en við endursölu íbúða út úr kerfinu. Nýtt húsnæðiskerfi verður í senn einfaldara og sveigjanlegra í umsýslu og framkvæmd bæði fyrir sveitarfélögin og einstaklinga."

Þær breytingar sem sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að komi til framkvæmda eru m.a. að sveitarfélögunum verður heimilt að selja innleystar íbúðir út úr kerfinu á frjálsum markaði; sveitarfélögunum verður gert mögulegt að lækka söluverð íbúða sem seldar verða út úr kerfinu; sveitarfélögunum verður heimilt að breyta innleystum íbúðum í leiguíbúðir; almennt er gert ráð fyrir 65–70% láni til íbúðarkaupa en þeir sem falla undir tiltekin ákvæði geta fengið viðbótarlán þannig að heildarlán geti numið allt að 90% kaupverðs; viðbótarlán verða veitt einstaklingum sem velja sér íbúðir til kaups, að jafnaði án afskipta húsnæðisnefnda; kaup- og innlausnarskylda sveitarfélaganna fellur niður; óafturkræft 3,5% framlag sveitarfélaganna á kostnaðarverði félagslegra íbúða fellur niður. Síðan er talað um Tryggingarsjóðinn, herra forseti, og kaupskyldu sveitarfélaga á skuldabréfum byggingarsjóðs og að varasjóður verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga og kröfu um breytilega vexti af tekjum einstaklinga verði mætt með samræmingu vaxta allra lána.

Síðan kemur fram hér: „Breytt húsnæðiskerfi kemur því með ýmsum beinum hætti til móts við þarfir þeirra sem áður fengu viðbótarlán til kaupa félagslegra íbúða. Enn fremur er líklegt að breytt húsaleigubótakerfi, þar sem öll sveitarfélög eru skylduð til greiðslu húsaleigubóta muni efla leigumarkað og draga úr þörf á byggingu félagslegra eignaríbúða."

„Í því sambandi leggur fulltrúaráðið þunga áherslu á VIII. kafli í ákvæðum til bráðabirgða falli brott en í staðinn komi viðbót við 1. mgr. 35. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Íbúðalánasjóður hefur heimild til að veita lán til leiguíbúða sveitarfélaga, til allt að 50 ára með niðurgreiddum vöxtum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta."

Fulltrúaráðið er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að afnema skattlagningu á húsaleigubætur til að jafnræðis sé gætt milli þeirra sem eiga rétt á opinberum húsnæðisstuðningi."

Þessu er ég alveg sammála, herra forseti, og hef farið yfir í dag. Það gengur raunverulega ekki að við séum með skattlagningu á húsaleigubótunum á þá verst settu í þjóðfélaginu meðan vaxtabæturnar eru skattfrjálsar. Fyrir breytingu á þessu er eins og í öðrum málum, eins og í greiðsluaðlögun, meiri hluti á hv. Alþingi en það er enn og aftur Sjálfstfl. sem kemur í veg fyrir það.

„Fulltrúaráðið ítrekar að í meginatriðum kemur frumvarpið til móts við kröfur sveitarfélaganna um heildaruppstokkun húsnæðiskerfisins í landinu og gerir það einfaldara og sveigjanlegra. Fulltrúaráðið leggur ríka áherslu á að framlög ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána til Byggingarsjóðs verkamanna mæti þörfum þeirra sveitarfélaga sem þurft hafa að innleysa íbúðir á verði sem er langt yfir markaðsverði, í samræmi við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um varasjóð. Um framlag ríkisins verði samið áður en frumvarpið verður afgreitt."

Hérna erum við komin að ákveðnum punkti sem við þurfum að staldra svolítið við, herra forseti: „Fulltrúaráðið leggur ríka áherslu á að framlög ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna mæti þörfum þeirra sveitarfélaga sem þurft hafa að innleysa íbúðir á verði sem er langt yfir markaðsverði, í samræmi við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um varasjóð. Um framlag ríkisins verði samið áður en frumarpið verður afgreitt."

Eftir þessu verður auðvitað að ganga. Er búið að semja um þetta framlag? Munu fulltrúaráðið og Samband sveitarfélaga sætta sig við að ekki verði samið um það framlag sem hér er verið að tala um, vegna þess að ef ég man rétt, og ég verð þá leiðrétt af því að ég finn ekki í augnablikinu yfirlitið frá fjárlagaskrifstofunni, en þar minnir mig að þeir hafi ekki gert ráð fyrir nema 75 millj. frá ríkissjóði í afskriftaframlag. Hér er fulltrúaráðið að fara fram á að samið verði um þetta áður en frv. verður afgreitt, og nú hefði verið gott að hafa hæstv. félmrh. og mundi mér nægja ef ég vissi að hann hlýddi á mitt mál, hvort samið verði við sveitarfélögin um þetta áður en frv. verður að lögum því að nóg finnst mér eiga að leggja á sveitarfélögin, herra forseti, þó að þetta liggi klárt og kvitt fyrir en hitt sé úti í óvissunni og skrifað inn í framtíðina hvernig samskipti ríkis og sveitarfélaga verða varðandi húsaleigubæturnar og uppbyggingu á félagslegum íbúðum.

Herra forseti. Af því að við höfum verið að fara aðeins yfir Húsnæðisstofnunina og hvort ástæða sé til þess að leggja þá stofnun niður, held ég, herra forseti, að ekki hafi farið fram nokkurt einasta hagkvæmnismat á því hvort rétt sé að leggja niður Húsnæðisstofnun og stofna Íbúðalánasjóðinn. Ég held að þegar menn eru að fara út í slíkar breytingar að leggja niður stofnanir og stofna síðan nýjar hljóti það að vera grundvallaratriði að fyrir liggi einhver hagkvæmnisúttekt á því að því er varðar rekstur og rekstrarlegar forsendur,

annars vegar á Húsnæðisstofnun eins og hún liggur nú fyrir og hins vegar hvernig Íbúðalánasjóður er hugsaður. En það liggur bara ekkert fyrir. Þetta kalla ég ekki vinnubrögð til fyrirmyndar, herra forseti, þegar þannig er haldið á málum. Það er bara fullyrt út í loftið að þetta sé dýrari stofnun án þess að við höfum nokkuð fyrir framan okkur um að Íbúðalánasjóðurinn verði með einhverjum hætti hagstæðari.

Ég er með samantekt úr niðurstöðum t.d. Ríkisendurskoðunar, þar sem Ríkisendurskoðun fór yfir starfsemi Húsnæðisstofnunar og þó að Ríkisendurskoðun hafi fundið ýmislegt sem betur má fara í starfi Húsnæðisstofnunar, eins og hún gerir varðandi ýmsar þær stofnanir sem hún gerir stjórnsýsluúttekt hjá, er þar alltaf eitthvað að finna sem betur má fara. En hver er almenni dómurinn? Hér segir, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Húsnæðisstofnun brugðist vel við þeim almennu breytingum sem átt hafa sér stað á skipan húsnæðismála undanfarin ár."

Mér finnst þetta allsæmilegur dómur og ég held að menn séu að hlaupa of fljótt til, án þess að ég ætli eitthvað að verja Húsnæðisstofnun, hún getur gert það alveg ágætlega sjálf, og dæma um að þarna sé dýr stofnun sem eigi að leggja niður o.s.frv. Ég held að það sé eins með þessa stofnun og t.d. félagslega kerfið. Menn áttu að setjast yfir það sem betur mátti fara í þeirri stofnun eins og menn áttu líka að setjast yfir hvað betur mátti fara að því er varðar félagslega húsnæðiskerfið almennt.

Herra forseti. Ég vil fara yfir það því að ég rekst núna á blað fyrir framan mig þar sem verið er að fara yfir heildarfjölda skuldabréfa sem félmn. bað um að fá til sín, þ.e. hve margir það eru sem óska eftir húsbréfum til 25 ára og hve margir óska eftir húsbréfum til 40 ára og þetta eru tölurnar. Ef við tökum bara árið 1997 því að 40 ára lánið er þá búið að vera eftir því sem ég best veit í gildi í heilt ár, þá eru þeir einungis 299 eða 5–6% sem hafa óskað eftir 40 ára láni en 4.588 eftir 25 ára láni. Það er ágætt að halda því enn og aftur til haga að þetta er það sem hæstv. félmrh. er að bjóða fátækasta fólkinu á Íslandi upp á, þ.e. að 40 ára húsbréfalán muni leysa vanda þeirra.

Herra forseti. Mig langar aðeins að fara líka yfir áætlanir sveitarfélaga um þörf á félagslegu húsnæði og upplýsingar um lánveitingar til félagasamtaka sem sýnir, herra forseti, hvað þetta kerfi sem nú á að loka hefur mikið gagnast og þjónað hinum ýmsu félagasamtökum. Í dag fórum við yfir auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu, m.a. þar sem beðið er um að þetta frv. verði stöðvað og þar mátti sjá nöfn ýmissa félagasamtaka sem hafa notið góðs af þessu kerfi. Þegar beðið er um svar við því eins og gert var af félmn. hvað félagasamtök hafa fengið mörg lán, til hve margra íbúða gegnum árin alveg frá 1988 kemur þar fram ansi fróðleg lesning. Þetta eru 10 ár aftur í tímann. Byrjað er á árinu 1989 og þá eru veitt lán til 87 íbúða á vegum félagasamtaka. Síðan er þetta tvöfaldað árið 1990, það eru 169 íbúðir, síðan 130, 165, 83, 112, 138, 116 og á síðasta ári fer þetta niður úr öllu valdi hjá hæstv. félmrh. eða 29 lán meðan þau hafa verið frá 80 upp í 170 lán á þessu tímabili. Þetta dettur niður í 29 lán til félagasamtaka í tíð þessa ráðherra húsnæðismála á síðasta ári. (**Gripið fram í:** Ég var aldrei húsnæðismálaráðherra.) Ég tel mig vita að hann sé einhvers staðar bak við hurð þarna, hinn eiginlegi félmrh. Við erum því að tala um að samtals hafi verið samþykkt — já, hann var bak við hurð eins og ég vissi — þannig að samtals á þessum 10 árum hafa verið veitt 1.029 lán til byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum til félagasamtaka á þessum árum. Þetta er ekkert smátt, herra forseti. 1.029 lán til félaga í félagasamtökum sem hafa sótt eftir félagslegum lánum og fengið fyrirgreiðslu í gegnum þetta kerfi sem á nú að loka. Hvað er þeim boðið upp á í staðinn, herra forseti? Þeim er ekki boðið upp á nokkurn skapaðan hlut. Það er opnað fyrir að þessi félagasamtök geti fengið 65% húsbréf og ekkert annað. Getum við ímyndað okkur að Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp eða námsmenn geti nýtt sér 65% húsbréf og ekkert annað? Þau hafa ekki þau 35% sem leggja þarf til fyrir utan að 5% vextir eru of háir til þess að námsmenn eða félagar hjá Öryrkjabandalaginu eða Þroskahjálp geti nýtt þetta þannig að það er út úr myndinni og það væri því útlátalaust fyrir félmrh. að leyfa meiri hlutanum í félmn. að bæta við orðinu „félagasamtök" sem gætu fengið viðbótarhúsbréfalán.

Geta félagasamtökin fengið viðbótarlán? Nei, þau geta ekki fengið viðbótarlán. Geta þau þá fengið leiguíbúðir í staðinn? Ja, við erum margbúin að fara í gegnum það að ekki komast allir inn í þær 25 leiguíbúðir sem veita á fjármagn til á næsta ári og á árinu 2000. Ekkert nýtt hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. þrátt fyrir einhverja breytingu í þá átt að gera eigi könnun á þörfinni fyrir að auka peninga inn í þetta á næsta ári. Ég segi, herra forseti, að það er líka verið að ýta þessum félagasamtökum út í kuldann þegar það er skoðað að þeir hafa fengið fyrirgreiðslu upp á 1.029 lán.

Einnig var spurt um hve stór hluti heildarlánveitinga til byggingar félagslegra íbúða hafi runnið til félagasamtaka. Það er bara ansi stór hluti, herra forseti, vegna þess að samtals hafa verið samþykkt lán til 5.102 íbúða á þessum árum. Lán til félagasamtaka voru 1.029 sem eru um 20% af heildarlánveitingum.

Síðan er það Búseti. Hve stór er hluti Búseta af lánveitingunum? Þá kemur einnig hið athyglisverða í ljós, að þeir fengu á árinu 1989 58 úthlutanir og 108 árið 1990. Það er næstum jafnmikið, eða slagar hátt upp í það, og veitt er til allra sem nú fá úthlutað í félagslega kerfinu á þessu ári sem eru 170. Búseti einn fékk 108 íbúðir árið 1990. Hefur einhver heyrt talað um að mikil vanskil eða vandræði sé hjá Búseta, að þeir hafi staðið sig illa? Ég held þvert á móti að þeir hafi staðið sig mjög vel í uppbyggingu á íbúðum sínum og þeir hafi rekið þær mjög hagkvæmt. Ég held að reksturinn hafi verið hagkvæmur, leigan í algeru lágmarki og þeir hafi alltaf verið undir þeim viðmiðunum sem Húsnæðisstofnunin hefur haft varðandi leiguverðið. Með þessu frv. er verið að kippa öllum grundvelli undan starfsemi þeirra. Enda sést að undirbúningurinn var hafinn þegar félmrh. tók við. Þetta byrjar strax að minnka árið 1996 úr 22, sem var árið þar á undan og 28, í 12 á árinu 1996 og 15 á árinu 1997.

Búseti hefur því staðið sig vel í þessu. Þau áform og sú árátta og ásetningur núv. hæstv. félmrh., að slá af þetta félagslega íbúðakerfi, sem hann hefur haft í undirbúningi frá því að hann settist í ráðherrastól, komast nú í framkvæmd. Með alls konar óhróðri á Húsnæðisstofnun og félagslega kerfið hefur hann smám saman komið því til leiðar, m.a. með því að minnka fjármagnið, fjárframlögin, ríkisframlögin inn í Byggingarsjóð verkamanna, sem hafa aldrei verið eins lítil og í tíð þessa ráðherra. Það hefur auðvitað komið niður á félagasamtökum eins og Búseta og öðrum.

Einnig er athyglisvert að líta á umsóknir um framkvæmdarlán fyrir árin 1997 og 1998. Þar eru félagslegar kaupleiguíbúðir og félagslegar leiguíbúðir efstar á blaði hjá sveit-

arfélögunum. Á árinu 1998 liggja t.d. fyrir umsóknir um framkvæmdarlán vegna 515 íbúða. Mig minnir að það séu ekki nema eitthvað um 170 á fjárlögunum, að veita eigi fjármagn til 170 nýrra íbúða.

Nú væri fróðlegt að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi ekki hugleitt það, í óðagoti sínu við að loka félagslega kerfinu, hvort ekki væri skynsamlegra að bíða þar til reynsla þeirra reynslusveitarfélaga sem fengið hafa til sín húsnæðismálin er komin í ljós. Ráðherra leiðrétti mig ef það er ekki rétt. Mig minnir að einhver sveitarfélaganna, t.d. á sveitarfélagið á Hornafirði séu með húsnæðismálin. Það má vera að ég hafi nefnt rangt sveitarfélag en það er einhvers staðar. Einhver sveitarfélaganna eru með húsnæðismálin til reynslu og hafa þau á sinni könnu. Hefði ekki verið ástæða til þess að bíða eftir því og fá niðurstöðuna, að því er varðar húsnæðismálin, fyrst þau eru hjá sumum reynslusveitarfélögunum, frekar en sækja fram með því offorsi sem hæstv. ráðherra gerir við að loka félagslega kerfinu. Ég held að það hefði verið skynsamlegra, herra forseti, að gera það.

Hérna er ég með nokkuð sem sýnir alveg svart á hvítu að hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur í árslok 1996, og gæti þá hafa bæst við það, eru 379 umsækjendur sem bíða eftir leiguíbúðum. Þá er það skjalfest. Það er fyrir utan þá sem bætast við þegar þessu kerfi verður lokað. Síðan segja þeir að umsækjendur um leiguíbúðir aldraða hjá Reykjavíkurborg séu alls 422 og í brýnni þörf eru um helmingur eða um 200. Þetta eru umsækjendur um leiguíbúðir. Þannig að ef við tökum bara þá sem eru í brýnni þörf hjá öldruðum, þeir eru 200 og síðan þessar 379 umsóknir, erum við að tala um nálægt 600 manns sem eru nú þegar á biðlista eftir leiguíbúðum hjá Reykjavík einni.

Mér hefur orðið tíðrætt um stúdentana og námsmennina og hvernig með þá á að fara og, það sem furðulegast er, að það skuli vera undir forustu framsóknarmanna sem alla tíð hafa talið sig merkisbera fyrir námsmenn í landinu, ekki síst hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson. Ágætt hefði verið að hafa hæstv. ráðherra viðstadda og ég spyr því einu sinni enn: Hefur þessum hæstv. ráðherrum sem ég talaði um í morgun að einhvern tíma yrðu viðstaddir þessa umræðu verið gert viðvart? Þeir hafa ekkert látið til sín heyra þó að þeir hafi verið beðnir um að vera í viðbragðsstöðu, þar sem þeir gætu verið kallaðir í þinghúsið. Ég hef oft og iðulega, í málflutningi mínum í dag, gjarnan vilja ræða bæði við menntmrh., viðskrh. svo að ég tali nú ekki um fjmrh. sem hefur fjarvistarleyfi.

Hérna eru upplýsingar um stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta. Hvað eru þeir með á áætlun sinni á næstu árum varðandi uppbyggingu á stúdentagörðunum? Þeir eru með á áætlun sinni 401 íbúð árið 1998. Þetta eru svona 400, 450, 495, 500 íbúðir til 2001. Við sjáum það, herra forseti, að þetta mun koma verulega við námsmenn. Þær breytingar sem hér eiga að verða munu koma verulega við þá, enda á ég eftir að fara ítarlega yfir umsögnina frá Félagsstofnun stúdenta, námsmönnum og húsnæðisnefndunum, sem er alveg rökrétt í þessari umræðu.

Hér er fróðlegt yfirlit líka yfir framlög ríkissjóðs til húsnæðiskerfisins og til Byggingarsjóðs verkamanna, herra forseti. Það er alveg ljóst að framlögin hafa breyst verulega þegar talað er um að Byggingarsjóður verkamanna stefni beint í gjaldþrot. Menn skulu þá halda til haga skýringunni á því. Ef það á að halda sjóðnum í jafnvægi þá gerist það á þrjá vegu sem menn geta valið annaðhvort eina leið eða tvær saman. Í fyrsta lagi er það hægt með því að ríkisframlögin séu nægjanleg til að halda jafnvægi á sjóðnum, að vextir séu með þeim hætti að það sé í jafnvægi eða sambland þá af hærri vöxtum og ríkisframlagi. Þá má og fækka verulega lánveitingum. Ráðherra valdi sérstaklega síðustu leiðina af þessum þremur. Hann fækkaði lánveitingum niður úr öllu valdi og minnkaði ríkisframlögin verulega. Það var leið ráðherrans. Við getum farið yfir ríkisframlögin. Þetta er í millj. kr. á verðlagi 1996.

Árið 1992 voru það 1.213 millj. Þá voru jafnaðarmenn við stjórn húsnæðismálanna. Árið 1993 1 milljarður 23 millj. Árið 1990 voru það 990 millj. Árið 1995 fóru framlögin niður í 558 millj. og ég hygg að skýringin á því hafi verið húsaleigubæturnar. Menn vildu draga úr meðan verið væri að koma af stað húsaleigubótum. Árið 1996, í tíð núv. félmrh., var framlagið 474 millj. Á fjórum árum hafði ríkisframlagið dottið úr 1.213 millj. niður í 474 og 1997 er það komið niður í 275 millj. 275 millj. 1997 samanborið við 1.213 millj. árið 1992. Ég man ekki hvað ríkisframlagið er í ár. Er það ekki eitthvað heldur minna, herra forseti? (Gripið fram í.) Það er eitthvað álíka.

Við sjáum að það er nokkur munur á 275 millj. eða 1.213 millj. Þannig að þegar það er notað sem röksemd af hálfu ráðherrans að Byggingarsjóður verkamanna sé að fara á hausinn þá er það af ásetningi ráðherrans sjálfs með því að draga jafnverulega úr ríkisframlögunum og gert hefur verið. (**Gripið fram í:** 275 millj.) 275, þau eru óbreytt frá árinu 1997. Þetta er því bara af ásetningi. Þetta er ekkert sem gerist af sjálfu sér, herra forseti, að þetta skuli fara svona. Það nægir ekki einu sinni, af því að ríkisframlagið hefur verið svona stórlega skorið niður, að fækka íbúðunum úr 500 niður í 170 eins og ráðherrann hefur gert. Ein af röksemdum ráðherrans, fyrir utan auðu íbúðirnar sem við fórum yfir í dag, er að Byggingarsjóður verkamanna sé að fara á hausinn. Hann stendur ekki vel, herra forseti, miðað við þetta. Ég held að það sé alveg ljóst. Þetta er því önnur meginástæðan sem við höfum sýnt fram á í dag að stenst ekki, nema það sé þá ásetningur ráðherrans og ríkisstjórnarinnar að setja sjóðinn á hausinn og búa þannig um hnútana að hægt sé að skapa andrúmsloft til þess að loka kerfinu eins og þeir eru nú að gera.

Þriðja röksemdafærslan, fyrir utan auðu íbúðirnar og ríkisframlögin, er að fólkið standi svo illa í skilum, útlánin, útlánatöpin og vanskilin séu svo mikil. Hver er niðurstaðan af því, herra forseti? Hver er niðurstaðan þar? Hér er samantekt um útlán, skil og vanskil 1. janúar 1998. Vanskil nema samtals 1 milljarði 282 millj. kr. Þetta er há tala, herra forseti, en þó aðeins 0,6% af útlánum af því að heildarútlán úr sjóðnum eru 212,3 milljarðar kr. Samt eru vanskilin ekki nema 0,6% af heildarútlánum.

Af því að Byggingarsjóður verkamanna er alltaf sérstaklega tekinn fyrir og því haldið fram að vanskil í honum séu svo mikil, hver eru þá vanskilin þar, herra forseti? Þau hafa frekar verið að dragast saman en hitt. Árið 1991 voru þau 0,8%, 0,7% næstu tvö ár á eftir, 0,9%, 1,2%, 1,2%, 0,9% og árið 1998 er talað um að þau séu 0,6%. Auðvitað er rugl að nota það sem röksemd að vanskilin séu svo mikil. Þetta er eins og við sögðum í dag, að ef vanskilin hjá einstaklingum eru mjög mikil í Búnaðarbanka, Landsbanka og Íslandsbanka, á þá bara að loka bönkunum? Þetta eru auðvitað engin rök í málinu.

Við höfum líka farið yfir útlánatöpin. Þau eru nánast engin samanborið við þau útlánatöp sem við sjáum hjá fyrirtækjasjóðum og bönkum vegna þess að fólk reynir að greiða skatta sína og skuldir og lán eins og það best getur þó að vissulega geti erfiðleikar komið fyrir á ýmsum heimilum sem auðvitað skýrist ekki síst af lágum og lélegum launakjörum margra í þjóðfélaginu, sem vinna engu að síður mikið.

Síðan er talað um, og ég ætla aðeins að fara út í það, „að heildarútlán úr öllum sjóðunum eru 212,3 milljarðar kr. sem er 17,6 milljarða kr. aukning á árinu 1997 eða 9%. Aukningin varð svipuð á árinu 1996 eða 17,9 milljarðar kr. Skil halda áfram að batna, bæði í krónum talið og hlutfallslega. Þau hafa ekki verið betri á þessum áratug sem hlutfall á heildarútlánum." — Það er á þessu herrans ári, þegar skilin hafa ekki verið betri á þessum áratug, að loka á félagslega íbúðakerfinu. „Þeim sem eru í vanskilum heldur áfram að fækka og hafa ekki verið færri síðan 1. janúar 1993. Fjöldi lántakenda í skilum...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill spyrja hv. þm., í ljósi þess að ræða hennar hefur nú staðið fimm og hálfa klukkustund, sem er samkvæmt upplýsingum skrifstofu þingsins lengsta samfellda ræða sem flutt hefur verið, hvort stefni í lok ræðunnar eða hvort heppilegt sé að gera á henni hlé nú þannig að áður áformað matarhlé verði gert til kl. 20.30 og ræðunni fram haldið eftir það.)

Ég hef hvergi nærri lokið máli mínu, en ég læt forseta auðvitað um að ákveða hvort ég haldi hér áfram eða byrji að loknu matarhléi. Stjórnin er í höndum forseta.

(**Forseti** (GÁS): Þá tekur forseti þá ákvörðun að nú verði gert hlé á þessum fundi og honum fram haldið kl. 20.30.)

[Fundarhlé. — 19:05]

[20:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** (frh.):

Herra forseti. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir það mál sem er á dagskrá en enn á ég töluvert ósagt. Fyrir matarhlé fór ég nokkuð ítarlega yfir ræðu sem var flutt á þingi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga fór yfir þau gagnrýnisatriði sem fram hafa komið á frv., m.a. varðandi það að þetta mundi auka verulega útgjöld sveitarfélaganna til húsaleigubóta. Ég vil rifja upp að þegar fulltrúi Sambands sveitarfélaga gerði sveitarstjórnarmönnum grein fyrir skoðun sinni á því hvort húsaleigubætur mundu aukast eða ekki við þetta nýja kerfi þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Eðlilegt verður að teljast að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið taki upp samningaviðræður um breytt fjárhagsleg samskipti aðila um útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisstuðnings ..." Þetta var í marsmánuði á þessu ári. Ég hélt því fram í ræðustóli að mig minnti að hæstv. félmrh. hefði sagt við umræðu um húsaleigubætur fyrir áramót að hér væri um endanlegt samkomulag að ræða og frekari útgjöld vegna húsaleigubóta færu alfarið á sveitarfélögin. Það væri það samkomulag sem gert hefði verið.

Nú hef ég m.a. notað matartímann til að skoða hvort þetta standist sem ég var að segja því að þetta skiptir verulegu máli í umræðunni og þeirri fullyrðingu sem haldið hefur verið að sveitarstjórnarmönnum að ef frekari útgjöld verði vegna húsaleigubóta verði það tekið upp í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þá er niðurstaða mín sú eftir þessa athugun í matarhléinu, ég vitna hér í ræðu félmrh. Páls Pétursson sem flutt var væntanlega í desembermánuði á síðasta ári, þ.e. þremur mánuðum áður en þessi yfirlýsing kemur frá fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar segir hæstv. ráðherra um frv. um húsaleigubætur: „Frumvarpið byggist á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga og er unnið í mjög nánu samráði við sveitarfélögin í landinu. Þar af leiðandi er örðugt að fara að breyta einhverjum grundvallaratriðum í því. Þá teldi ég að við værum að ganga á það samkomulag sem við gerðum."

Þetta eru orð hæstv. ráðherra eftir að hann er búinn að lýsa þessum fjárhagslegu samskiptum og hvernig þau voru til lykta leidd milli ríkis og sveitarfélaga varðandi húsaleigubætur. Af þessu má skilja að þetta samkomulag verði ekki tekið upp, jafnvel þótt húsaleigubætur aukist í kjölfar þessa kerfis. Ég athugaði það samkomulag sem ég hef vitnað til og sá þá að í ræðu minni á þeim tíma hafði ég vitnað í þetta samkomulag, og vitnað orðrétt til þess sem kemur fram í ræðu minni á þessum tíma, 1997, og vil ég vitna til þess, með leyfi forseta:

„En þegar maður skoðar þau gögn sem fylgja með frv. og borist hafa nefndinni [þ.e. félmn.], og eins þá skýrslu sem gerð var fyrr á þessu ári um framkvæmd húsaleigubótakerfisins, þá eru mjög skiptar skoðanir um það hver útgjöld sveitarfélaganna verða þegar húsaleigubótakerfið er að fullu komið til framkvæmda, þ.e. þegar skylt verður að öll sveitarfélög greiði húsaleigubætur og eins hvað húsaleigubæturnar munu kosta þegar sú kerfisbreyting gengur yfir sem sveitarfélögin munu hugsanlega öll taka upp, þ.e. að færa leiguna upp í raunkostnað. Nefndar hafa verið tölur á bilinu frá 390–650 millj. kr. Þjóðhagsstofnun hefur m.a. nefnt hærri töluna og kemur fram í skýrslunni frá því fyrr á þessu ári að Þjóðhagsstofnun áætlar á grundvelli skattframtala 1995 að ef allir leigjendur undir tekjumörkum ættu rétt á húsaleigubótum yrði heildarkostnaðurinn um 513 millj. kr. á ári. Þess vegna undrar mig nokkuð, herra forseti, að sveitarfélögin hafi samið við ríkið um einungis 280 millj. kr. þegar þau eru að yfirtaka þetta verkefni. Vil ég minna á það sem fram kemur í þessari skýrslu sem ég veit að vísu ekki hvort sveitarfélögin skrifa undir. Þar stendur, með leyfi herra forseta:" — og nú vitna ég beint í þessa skýrslu sem væntanlega er þá frá fjmrn. og félmrn. en þar kemur fram orðrétt: — „Þá er ítrekað að allar tillögur um breytingar á húsaleigubótakerfinu frá og með áramótum 1998 sem fela munu í sér aukin útgjöld til húsaleigubóta, eru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld sveitarfélaga."

Ég fæ ekki skilið annað af þessari tilvitnun og orðum ráðherra sem ég vitnaði til áðan en að hér hafi verið um endanlegt samkomulag að ræða þegar samið var um alls 305 millj. í þessum fjárhagslegu samskiptum, þar af 280 millj. vegna húsaleigubótanna því að ráðherra segir, með leyfi forseta: „Þar af leiðandi er örðugt að fara að breyta einhverjum grundvallaratriðum í því [þ.e. samkomulaginu]. Þá teldi ég að við værum að ganga á það samkomulag sem við gerðum." Nú finnst mér að hæstv. ráðherra þurfi að skýra út fyrir sveitarstjórnarmönnum, ég er ekkert að ætlast til þess að hann skýri það endilega út fyrir mér, en fyrir sveitarstjórnarmönnunum sem fengu þær upplýsingar þegar þetta var útskýrt fyrir fulltrúaráðsmönnum að eðlilegt væri að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið taki upp samningaviðræður um breytt fjárhagsleg samskipti aðila ef útgjöld hins opinbera vegna húsnæðisstuðnings færast til milli ríkis og sveitarfélaga af

því þessi orð eru sögð eftir að búið er að ganga frá þessu samkomulagi. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram.

Annað vildi ég líka nefna áður en ég held áfram ræðu minni þar sem frá var horfið. Ég hef orðið vör við það, og nú síðast á tölvupósti sem ég opnaði í matarhléinu, að margir í félagslegum íbúðum hafa áhyggjur af einu ákveðnu atriði og ég vil koma inn á það strax og halda því til haga til þess að það gleymist ekki í þessari umræðu. Þeir sem eru í félagslegum íbúðum í dag hafa áhyggjur af því, þ.e. þeir sem búa á þeim stöðum þar sem markaðsverð er lægra en þau lán sem hafa verið tekin, að sveitarfélögin geti hafnað að leysa þessar íbúðir til sín þannig að þeir sitji sjálfir uppi með það ef þeir þurfa að selja að lánin eru kannski margfalt hærri en söluverð þeirrar eignar þegar þeir selja hana á markaði.

Nú ætla ég ekki að fullyrða um þetta og hvort þetta hafi þá tekið einhverjum breytingum í meðförum nefndarinnar. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég á eftir að skoða nánar. Ég vil t.d. vitna í þann tölvupóst sem ég fékk áðan og hann er á þessa leið, herra forseti:

„Á mér brenna hins vegar nokkrar spurningar sem snerta mig og mína fjölskyldu. Við búum í félagslegu húsnæði í verkamannabústöðum. Það sem á mér brennur er eftirfarandi: Með nýjum húsnæðislögum eru áformaðar miklar breytingar og kemur þá eftirfarandi upp. Húsnæði það sem við búum í kostaði samkvæmt kaupsamningi u.þ.b. 11 millj. Við kaupin lögðum við 1 millj. kr. sem við áttum og tókum rúmlega hálfa milljón í bankalán. Ég er að velta fyrir mér hvað gerist ef nýju lögin taka gildi. Mér þykir sýnt að húsnæði það sem við búum í myndi aldrei verða selt á um 11 millj. á frjálsum markaði. Í dag eru eftirstöðvar áhvílandi láns, þ.e. 90% lánsins, 10 millj. kr. Við höfum greitt af láninu í ca 2 ár og hefur það hækkað í þessa upphæð. Afborgunarbyrði af láninu eru rúmlega 32 þús. kr. á mánuði. Ef lán af þessari stærðargráðu væri almennt húsnæðislán værum við að greiða u.þ.b. 80 þús. kr. á mánuði." — Þarna sést munurinn á greiðslubyrði í félagslega kerfinu og í húsbréfakerfinu. Síðan er sagt: — „Er það þetta sem við eigum e.t.v. von á?"

Það er þetta sem mér finnst að ráðherrann verði endilega að svara við umræðuna, þ.e. ef fólkið vill losna úr íbúðum sínum og sveitarfélögin hafna forkaupsrétti er það þá svo að íbúarnir sjálfir, af því að nú geta sveitarfélögin meira að segja flýtt því að hafna forkaupsrétti umfram það sem er í núgildandi lögum, standa uppi með þann mismun sem er á markaðsvöxtum og áhvílandi lánum? Þetta tvennt vildi ég að kæmi fram í upphafi máls míns.

Þegar matarhlé var gert var ég að fara yfir þriðja þáttinn í því sem ráðherrann teflir fram sem rökum fyrir því að loka kerfinu, þ.e. mikil vanskil í félagslega kerfinu og hjá Byggingarsjóði verkamanna, og tel ég mig hafa sýnt fram á að það eru engar forsendur þess að loka félagslega kerfinu þótt vanskil þar séu í heild 0,7 eða 0,8% eða hvað það nú var á árinu 1997 en það er alveg ljóst að vanskilin hafa minnkað verulega og reyndar svo að þau hafa ekki farið raunverulega yfir 1%. Vanskilin voru mest 1,2% árið 1995 og 1,2% árið 1996 hjá öllum sjóðunum og í Byggingarsjóði verkamanna hafa þau hæst farið í 1,4% á árinu 1995 og 1996. Hafa flest þessi ár frá 1991 legið í og um 1% en núna á árinu 1998 stefnir í að þau séu 0,9%. Ég tel mig því hafa hrakið það, herra forseti, að um svo mikil útlánatöp sé að ræða, eða vanskil réttara sagt, af útlánum að það réttlæti það að loka kerfinu. Útlánatöpin hef ég líka borið saman við útlánatöp í bönkum og er það smáræði sem er varla til að tala um þegar miðað er við heildarumfangið hjá öllum sjóðunum sem eru 212 milljarðar kr. að við skulum vera að tala um 65 millj. kr. á árunum 1990 til 1994.

Ég vil minna á að í nýlegum upplýsingum um útlánatöp í Landsbanka og Búnaðarbanka sem voru að mig minnir 14 milljarðar á sl. fimm árum kom fram að það væru um 2%, herra forseti, af heildarveltunni í bönkunum og þótti ekki mikið. Það væri bara eðlilegt að útlánatöpin væru um 1% og gert væri ráð fyrir því. Það er því mjög erfitt að bera það á borð, herra forseti, að þetta sé ástæðan fyrir því að nú þurfi að kúvenda og loka félagslega íbúðakerfinu.

Ég vil þá næst snúa mér að því, herra forseti, að fara yfir umsagnir sem fram hafa komið um þetta mál sem eru margar mjög ítarlegar og gagnrýnar, ekki síst frá félagasamtökum, ASÍ, BSRB og húsnæðisnefndum víðs vegar um landið.

Áður en ég geri það, herra forseti, tel ég þó tilhlýðilegt að vitna til þess að á árinu 1995 var flutt erindi um félagslega húsnæðiskerfið og erfiðleika þess sem Jón Rúnar Sveinsson hélt. Það var undir lok árs 1995. Þar kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Grundvallaratriði hugsunarinnar á bak við félagslega kerfið er það að fólk með tiltölulega lágar tekjur eigi kost á mannsæmandi húsnæði með þeirri fjárhagslegu þátttöku ríkis og sveitarfélaga sem menn telja til þess þurfa hverju sinni. Við skulum því gera okkur grein fyrir því og hafa það alveg skýrt að opinber niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði innan félagslega kerfisins er mjög mikil. Byggingarsjóður verkamanna er fjármagnaður með lánum sem eru tekin til 15–20 ára en lánar fjármagnið út til ýmist 43 eða jafnvel til 50 ára. Vextir af lánunum sem sjóðurinn tekur eru 6% til 7% en útlánavextirnir liggja einhvers staðar á milli 2% og 3%. Þeir lægstu aðeins 1% en þeir hæstu reyndar 4,9%.

Þá er vert að hafa í huga að íbúar í félagslegum eignaríbúðum njóta vaxtabóta sem gera það að verkum að hinn raunverulegi vaxtakostnaður er töluvert lægri en það sem ég sagði hér áðan. Þegar upp er staðið er það ekki ofsagt að þegar sá sem býr í félagslegri íbúð greiðir eina krónu af láninu af íbúðinni þá leggur hið opinbera tvær á móti þegar bæði er tekið tillit til niðurgreiðslu vegna vaxtamunar, lengingu á lánstíma og vaxtabóta. Í þessu sambandi skulum við þó ekki gleyma því að þeir sem búa í íbúðum á almennum markaði njóta einnig töluverðra niðurgreiðslna. Þannig lækkar vaxtabótakerfið meðalvexti á almenna markaðnum úr rúmum 5% niður í á að giska 3% að meðaltali eftir því hversu háar tekjur menn hafa."

Raunveruleg nettóvaxtabyrði í húsbréfakerfinu samkvæmt þessu er þá um 3% að teknu tilliti til vaxtabótanna og það er það sem á að fara að láta láglaunafólkið greiða að teknu tilliti til vaxtabóta. Þá verður vaxtakostnaðurinn hjá því um 3% á meðan það er 2,4% í félagslega kerfinu.

„Þá er stór hluti íbúða á almennum markaði með lán til 40 ára, þ.e. lánin sem veitt voru á árunum 1986 til 1991 samkvæmt svonefndu 86-kerfi sem auðvitað felur í sér verulega miklar niðurgreiðslur á húsnæðiskostnaði. Vitanlega fela niðurgreiðslur ríkisins á húsnæðiskostnaði einnig það í sér að greiðslan á þessum kostnaði færist til, þ.e. í stað þess að borga beint af láninu þá erum við einfaldlega að borga hluta af húsnæðiskostnaðinum okkar þegar við borgum skattana, þ.e. lækkun húsnæðiskostnaðar birtist í hærri sköttum.

Í ljósi þessara staðreynda að hið félagslega húsnæðiskerfi er í mjög ríkum mæli styrkt fjárhagslega af opinberum aðilum virðist það vera mikil þversögn að þeir sem búa í

félagslegum íbúðum upplifa sína stöðu ærið oft þannig að þeir borgi mjög háan húsnæðiskostnað og mér hefur heyrst á sumum að þeim finnist jafnvel að verið sé að féfletta þá, ekki síst í gegnum þær reglur sem gilda um fyrningu og eignamyndun í félagslega eignaríbúðakerfinu. Þarna nefndi ég hluti sem vert er að gaumgæfa svolítið nánar, þ.e. fyrningarnar og eignamyndunina. En áður en ég geri það ætla ég aðeins að velta fyrir mér húsnæðiskostnaðinum sem ég kom inn á dálítið áðan. Það er ekki alltaf sem fólk leiðir nógu mikið hugann að því hversu margir hlutir felast í húsnæðiskostnaði aðrir en beinlínis kostnaðurinn við að greiða niður lán og borga vextina af lánunum."

Síðan er farið að lýsa því hvernig það er og réttilega komið inn á að allir íbúðareigendur þurfa að greiða fasteignagjöld og fleiri þætti sem fylgja því að eiga húsnæði.

Síðan fer hann í smávegis prósentureikning sem hann segir að geti verið svolítið hrollvekjandi hugsun fyrir suma en það sé eigi að síður nauðsynlegt. Hann miðar við 8 millj. kr. íbúð og hvert prósent sem bætist við kostnaðinn á ári er því 80 þús. sem er um 6.700 á mánuði fyrir hvert prósent.

„Þeir sem það þekkja telja að eðlilegur viðhaldskostnaður á íbúðarhúsnæði sé a.m.k. 1% á ári. Þessa tölu má hugsanlega lækka eitthvað með mjög góðu fyrirbyggjandi viðhaldi, en ef við höldum okkur við 1% þá er ég þar kominn með kostnað upp á næstum 7 þús. kr. á mánuði. Það kostar sömuleiðis talsverða peninga að standa undir lögbundnum brunatryggingum húsnæðis þó flestir íbúðareigendur kjósi sömuleiðis að kaupa sér húseigendatryggingu. Þarna bætast við einhverjir þúsundkrónaseðlar á mánuði í aukinn húsnæðiskostnað.

Þá verður einnig að reikna með rýrnun eða fyrningu húsnæðis til húsnæðiskostnaðar. Þetta er gert samkvæmt föstum stuðli í félagslega eignaríbúðakerfinu sem nemur 1% á ári. Þetta 1% er þá aftur tæpar 7 þús. kr. á mánuði í húsnæðiskostnað."

Það er alveg ástæða til að nefna það af því við erum að tala um fyrningu húsnæðis og sumum finnst það mikið, þetta 1% sem er í félagslega kerfinu og menn tala þar gjarnan um hæga eignamyndun, að auðvitað er það svo að eignamyndun og fyrning er líka á hinum almenna markaði og ég hygg að ýmsir geti séð það á sínu eigin húsnæði að fyrningin er þar veruleg og íbúðirnar hafa nú ekki hækkað mikið í verði, frekar staðið í stað í langan tíma. (**RG:** Fasteignasalarnir hlakka til.) Já, það er alveg rétt að fasteignasalarnir kætast þessa dagana. Við sáum það í sjónvarpi í gær og þeir upplýstu okkur meira að segja um það að þeir væru mjög fegnir að fá inn þennan nýja kaupendahóp og upplýstu einnig að þetta mundi væntanlega líka leiða til hækkunar íbúðaverðs, það eru þá helst minni íbúðirnar, 2–3 herbergja íbúðir, sem kemur þá niður á kaupendunum. En þeir fá þá líka hærri sölulaun þegar íbúðirnar hækka þannig að þetta fylgdi allt þessari sögu.

Jón Rúnar Sveinsson segist ekki ætla að leggja þessar tölur neitt nákvæmlega saman, en honum sýnist „að til viðbótar við lánakostnaðinn sem var um 23 þús. kr. á mánuði þá hækki húsnæðiskostnaðurinn léttilega upp í a.m.k. 35 þús. kr. á mánuði þegar farið er að taka tillit til viðhalds, trygginga og fasteignagjalda.

Ef við síðan förum að reikna inn fyrningarkostnaðinn þá nálgumst við 45 þús. kr. á mánuði. Þannig hækkar húsnæðiskostnaðurinn um nálægt helming þrátt fyrir að sá kostnaður sem borinn er gegnum opinbera niðurgreiðslukerfið, eru kannski önnur 45 þús. kr. á mánuði.

Síðan segir Jón Rúnar Sveinsson, með leyfi forseta:

„Öll meginstefnan í húsnæðismálum á Íslandi sl. 50 ár hefur snúist um eitt atriði, að sem flestir geti eignast húsnæði. Lengi vel var þetta tekið með áhlaupi með mikilli vinnu og að einhverju leyti með lánum sem ekki þurfti að greiða til baka. Á þessum tíma var ekki óalgengt að svona 10 árum eftir að menn helltu sér í slaginn ættu þeir húsnæðið mikið til skuldlaust. Þetta breyttist svo allt gjörsamlega eftir tilkomu langtímalána eins og nú eru orðin ríkjandi, því nú fer málið að snúast um það hversu ör svonefnd eignamyndun er yfir þann tíma sem verið er að greiða þetta langa lán niður."

Síðan lýsir hann því nokkuð og fer í gegnum það hvernig kjörin eru til félagslegra eignaríbúða sem greiðast niður á 42 árum og ef engir væru vextirnir væri árleg eignamyndun u.þ.b. 2,4%, en þetta gerist ekki þegar vextirnir koma inn í dæmið. Ég mun fara náttúrlega ítarlega yfir það á eftir þegar við skoðum eignamyndunina sem menn hafa verið að tala um að sé mjög hæg í félagslega kerfinu og hæstv. ráðherra hefur haldið fram að muni gjörbreytast með þessu nýja lánakerfi hans. En það hefur heldur betur verið hrakið af ASÍ.

Síðan heldur Jón Rúnar því réttilega fram í lokin um eignamyndunina, en hann segir:

„Nú er reyndar rétt að hafa í huga að þessi hæga eignamyndun er alls ekki bundin við félagslega húsnæðiskerfið. Íbúðir á hinum almenna markaði rýrna að sjálfsögðu líka með tímanum, bæði að verðgildi og gæðum. Þessi rýrnun á almenna markaðnum getur reyndar stundum dulist sjónum manna tímabundið, t.d. þegar þensla er á fasteignamarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu eða þegar verðbólga er ör. En í rauninni er eignamyndun á almenna markaðnum einnig mjög hæg, sérstaklega þegar um er að ræða löng lán eins og t.d. 40 ára lánin samkvæmt 86-kerfinu og sem yrði raunin í húsbréfakerfinu ef að þau lán verða lengd í 40 ár eins og nú er á döfinni."

Læt ég tilvitnunum í þetta ágæta erindi lokið, herra forseti.

Herra forseti. Ég mun nú snúa mér að umsögnum ýmissa aðila um þetta mál en vildi áður vekja athygli á því sem er mjög sérstakt við þessa löggjöf, þ.e. heimildir ráðherra til að setja reglur og reglugerðir samkvæmt frv. til laga um húsnæðismál. Þetta hefur verið tekið saman og það er hreint með ólíkindum hvað þetta er mikið valdaframsal frá Alþingi til ráðherrans því samkvæmt þessu frv. er honum heimilað að setja hvorki meira né minna en 28 reglugerðir. Hann setur reglugerðir um verkefni Íbúðalánasjóðs. Hann setur reglugerð um styrki vegna tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Hann setur reglugerð um önnur verkefni Íbúðalánasjóðs og um skipulag Íbúðalánasjóðs og skilyrði lánveitinga samkvæmt öðrum lánaflokkum, heimild til að fela sérstökum trúnaðarmönnum mat o.s.frv.

Ég ætla aðeins að stoppa við þetta um skilyrði lánveitinga samkvæmt öðrum lánaflokkum. Það er einmitt mjög óvíst, eins og ég fór inn á í dag, að það sem hefur verið raunverulega skylda áður, þ.e. að veita sérstök lán vegna sérþarfa eins og ég nefndi. Þrír lánaflokkar hafa verið í gildi sem Byggingarsjóður ríkisins hefur veitt lán til, m.a. vegna sérþarfa fatlaðra. Það virðist vera að það sé alveg skilið eftir opið og það verði bara í höndum Íbúðalánasjóðs hvort þessi sérstaka lánafyrirgreiðsla verði veitt sem var samkvæmt þremur sérstökum lánaflokkum í Byggingarsjóði ríkisins.

Ráðherrann setur reglugerð nr. 7, þ.e. hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem húsbréfadeild kaupir, um matsverð fasteigna, um hámarksfjárhæð einstakra lánaflokka, um framkvæmd hlutkestis, um frestun afborgana á fasteignaveðbréfum, um greiðslukjör húsbréfa, um ákvörðun vaxtaálags og um greiðslukjör húsbréfa — það verður alveg í hendi ráðherrans — og um ákvörðun vaxtaálags, um frekari fyrirmæli og tilhögun húsbréfaviðskipta og um skilyrði viðbótarlánveitinga. Þarna er ráðherranum afhent það vald að setja skilyrði um viðbótarlánveitingar. Síðan um samspil almennra lána og viðbótarlána, hvernig því verði fyrir komið. Og hér er sagt að þessi grein sé nýmæli og rétt að hafa í reglugerð ákvæði um það hvernig framkvæmd verði háttað við afgreiðslu á almennum lánum og viðbótarlánum. Síðan um hámarkslánstíma og viðbótarlán, um efni samþykkta félaga sem sækja um lán til leiguíbúða, skilyrði lánveitinga til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, um rétt til leiguhúsnæðis, skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag til reksturs leiguíbúða, heimild til að ákveða mánaðarlegt leigugjald og um hundraðshluta framlaga og nánari ákvæði sbr. 47. gr., skilyrði afskrifta, um gjaldtöku, um erindisbréf nefndar og um nánari reglur um störf varasjóðs.

Það er því ekkert smávegis sem sett er í hendur ráðherrans að ákveða með reglugerð og hlýtur að vera til umhugsunar fyrir Alþingi að afhenda svo mikið vald til ráðherrans.

Ég ætla þá að fara í umsögn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem þeir hafa sett fram sameiginlega. Þeir vísa í fyrsta lagi til ályktunar sambandsstjórnar ASÍ frá 20. nóvember og ályktun 38. þings BSRB en þar eru þau aðalatriði og úrræði sem þeir benda á. Í umsögninni segir:

„Vandinn í húsnæðismálum er vandi þess fólks, sem ekki býr við öryggi í húsnæðismálum; þeirra sem ekki geta staðið undir greiðslubyrði vegna félagslegra eignaríbúða og ekki eiga kost á leiguíbúðum á viðráðanlegum kjörum."

Síðan segja þeir:

„Veitt verði „félagsleg lán" til kaupa á íbúðum á almennum markaði. Lánin verði til allt að 43 ára og allt að 90% af kaupverði. Lánin verði með breytilegum lágum vöxtum, sem taki mið af tekjum. Þau verði flytjanleg milli viðurkenndra íbúða við íbúðaskipti og greiðsluskilmálar að öðru leyti hagkvæmir."

Af því að hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að hann væri raunverulega að taka upp stefnu ASÍ í húsnæðismálum sýnir þetta bara eitt og sér að ráðherrann fer með rangt mál vegna þess að hér er lagt til að lánið verði með breytilegum vöxtum sem taki mið af tekjum. Þeir voru ekki að biðja um að yfirfæra húsbréfakerfið yfir á láglaunafólk sem þau sjá auðvitað í hendi sér, þó ráðherrann sjái það ekki, að það gengur ekki upp að flytja markaðskerfi eins og húsbréfakerfið yfir á fátækasta fólkið og halda að það geti staðið undir því með þeim kjörum og lánum sem því eru búin.

Síðan segja þeir:

„Viðfangsefni Byggingarsjóðs verkamanna verði ekki fjármögnun nýbygginga heldur að leysa sértækan vanda efnalítilla einstaklinga.

Vandi þeirra sveitarfélaga sem sitja uppi með innleystar félagslegar eignaríbúðir verði leystur með því að breyta auðum íbúðum og íbúðum sem koma til innlausnar og ekki er hægt að endurúthluta í félagslegar leiguíbúðir.

Komið verði á samtímagreiðslu vaxtabóta en fyrir því eru loforð tveggja ríkisstjórna.

Húsaleigubætur verði hækkaðar verulega og ekki skattlagðar."

Ég ætla aðeins að koma inn á þetta með samtímagreiðslu vaxtabóta sem er verið að nefna. Ég held að menn verði aðeins að átta sig á hvert þeir eru að fara með þessu. Ég fagna því mjög að taka á upp samtímagreiðslu vaxtabóta og tel það mjög til bóta. En þeir einir munu fá samtímagreiðslu vaxtabóta sem koma inn í þetta nýja kerfi frá og með næstu áramótum. Þetta segir okkur að þeir sem eru inni í húsbréfakerfinu núna og þeir sem fara inn í það fram til áramóta fá ekki samtímagreiðslu vaxtabóta. Sá sem kaupir íbúð núna í nóvember eða desember í húsbréfakerfinu mun ekki njóta samtímagreiðslu vaxtabóta heldur fær hann ekki vaxtabæturnar fyrr en ári seinna eða raunverulega einu og hálfu ári seinna. En sá sem kaupir íbúðina í janúar, tveimur mánuðum seinna, mun fá vaxtabæturnar sem samtímagreiðslu. Hann mun því fá þær strax í marsmánuði meðan hinn sem kaupir í nóvember fær þær ekki fyrr en einu og hálfu ári seinna.

Hvað getur þetta nú þýtt, herra forseti? Þeir sem átta sig á þessu — af því það er náttúrlega mikið hagræði fyrir fólk að fá vaxtabætur strax sem samtímagreiðslu og það sem eftir lifir lánstímans, en sá sem kaupir í nóvember, október eða september býr við það allan tímann, nema einhver önnur ríkisstjórn breyti því, að fá ekki vaxtabæturnar fyrr en eftir á. Þetta þýðir að ef fólk áttar sig almennt á þessu þá mun það fresta íbúðakaupunum til áramóta.

Hvað þýðir það fyrir húsbréfakerfið ef menn fara að bíða með fasteignaviðskipti sín og ætla öll að setja þau á kannski fyrstu tvo, þrjá mánuðina á næsta ári? Þetta getur þýtt aukin afföll. Þetta getur komið fram í auknum afföllum þegar skapast mikill þrýstingur á húsbréfakerfið. Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hefur gert sér grein fyrir að veruleg hætta er fólgin í þessu. Fyrir utan það, herra forseti, að hann er líka — fyrir utan þetta eitt og sér — að vísa fólki á húsbréfakerfið vegna þess að það á bæði að fá húsbréf og viðbótarlán, og þar er einhver hópur fólks sem kemur þá nýr inn í húsbréfakerfið og maður veltir fyrir sér hversu stór hann er. Þó að ég hafi ekki trú á að hann verði mjög stór getur verið að það hefði einhver áhrif á markaðinn og það er það sem ég hef haldið fram hér í dag að það vantar alla skoðun, allar athuganir, allar grundvallarforsendur fyrir svona breytingu. Hvaða áhrif hefur þetta á fasteignamarkaðinn, hvaða áhrif hefur þetta á verðbréfamarkaðinn, hvaða áhrif hefur þetta á útgáfu húsbréfa o.s.frv.? Þessar grundvallarforsendur og stærðir sem þurfa að liggja fyrir, herra forseti, áður en farið er í slíkar breytingar liggja ekki fyrir.

Ég vil í þessu sambandi sýna fram á, herra forseti, að með þeim breytingum sem ég gerði á félagslega húsnæðiskerfinu, sem voru t.d. kaupleiguíbúðirnar, var ég ekkert að rasa þar um ráð fram heldur fór ég mjög vandlega ofan í það. Ég lét fyrst undirbúa ítarlega skýrslu til þess að leggja mat á þær breytingar sem ég var að gera, reynsluna af því kerfi sem við bjuggum við og hvað áhrif það þýddi að fara út í þessar breytingar sem ég hafði áhuga á. Síðan var farið út í það og allt í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

Tveimur, þremur árum seinna, t.d. eftir að félagslega íbúðakerfið komst á, fór ég út í það á árinu 1993 að láta vinna skýrslu um mat á reynslunni af lögum um félagslegar íbúðir og hvernig það var unnið. Við sjáum því mismuninn á vinnubrögðunum.

Ég sendi fólk úr ráðuneytinu ásamt fólki úr húsnæðisnefndum af stað til þess að heimsækja húsnæðisnefndir

um allt land, til þess að fara ofan í það og leggja mat á þá reynslu. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann sem á að hlusta á þetta?) Ég geri ekki ráð fyrir því, herra forseti, — mér fannst þetta gott frammíkall — að ég breyti nokkru um vinnubrögð ráðherrans að því er varðar húsnæðismálin og hvernig að þeim eigi að standa þó að ég sýni honum fram á að fara eigi öðruvísi að en ráðherrann er að gera núna. Ég var þó ekki að loka félagslega íbúðakerfinu og þó hafði ég alla þessa forvinnu, þessa undirbúningsvinnu áður. Ég var ekki að fara út í svo róttækar breytingar heldur var ég einungis að bæta við viðbótarmöguleikum, viðbótarvalkostum fyrir fólk þegar þetta var gert.

Ég ætla aðeins að lesa þetta, ég held að þetta sé ágætt til upprifjunar til þess að menn sjái það að vinnubrögð hæstv. ráðherra ganga auðvitað ekki í þessu efni. Hér segir, með leyfi forseta:

„Tilefni þessarar skýrslu er að varpa ljósi á það hver sé reynslan af því fyrirkomulagi félagslegra íbúða sem tekin var upp með lögum nr. 70/1990, og koma með tillögu til úrbóta ef þurfa þykir. Er hér bæði átt við hvernig lögin hafa reynst svo og framkvæmd þeirra."

Og hvað var gert? Hér segir:

„Því lagði nefnd sú sem skipuð var til verksins land undir fót og hélt fundi með 27 húsnæðisnefndum til þess að leggja mat á reynsluna. Niðurstöður af starfi nefndarinnar eru í hnotskurn þær að núgildandi fyrirkomulag félagslegra íbúða hafi orðið til góðs og miðað hafi í rétta átt. Má þar helst nefna að sveitarfélög bera meira ábyrgð á málaflokknum og hafa betri yfirsýn en áður og að mikil fjölgun íbúða hefur leyst vanda margra." — Hefur leyst vanda margra. Fyrirkomulagið hafi orðið til góðs og fjölgun íbúða hafi leyst vanda margra.

„Á það ekki síst við um landsbyggðina en þar var víða rætt um lyftistöng í húsnæðismálum einstakra sveitarfélaga."

Ég held að það sé ágætt að það komist hér til skila og sé haldið til haga í þingtíðindum þegar verið er að reyna að jarðsetja félagslega íbúðakerfið og loka því, að á þeim 27 fundum sem voru haldnir með húsnæðisnefndum kom fram að þetta hefði orðið lyftistöng í húsnæðismálum margra sveitarfélaga. Það var reynslan af kaupleigukerfinu og kaupleiguíbúðunum.

Síðan er vitnað til þeirra breytinga sem voru gerðar og þingmenn þekkja væntanlega. Það voru líka haldnir fundir með sveitarstjórnum en nefndin setti sér það markmið að halda fundi með a.m.k. þriðjungi húsnæðisnefnda en þær eru rúmlega 60 talsins. Síðan er bent á hvað hafi komið fram hjá húsnæðisnefndum og þar segir:

„Segja má að flestir hafi verið ánægðir með efni laganna og þá stefnu sem þar er fylgt. Fram kom að víða hefðu lögin gert landsbyggðinni mikið gagn, sveitarfélögin notið góðs af þeim og byggt mikið. Nefnt var dæmi að nú væri úr sögunni að barnafjölskyldur byggju í hreysum."

Þetta var nú dómurinn eftir að komið hafði verið á félagslegum íbúðum. Ég leyfi mér að draga í efa, herra forseti, að hæstv. félmrh. hafi nokkuð haft fyrir því að lesa þessar skýrslur, dóminn um félagslega íbúðakerfið fyrir þremur árum, áður en hann fór út í það að reyna að knýja í gegnum þingið að loka því.

Síðan voru settar fram ýmsar tillögur til úrbóta til þess að bæta ýmislegt að því er varðar félagslega kerfið og því var síðan fylgt eftir af hv. þm., páv. félmrh. Rannveigu Guðmundsdóttur sem kom inn með ýmsar breytingar sem á var bent. Árið 1989 var settur á vinnuhópur um félagslega kerfið, t.d. að því er varðar það að skoða vel félagslega húsnæðislánakerfið, hvernig það hefði reynst, hverju ætti að breyta. Allt var þetta unnið skipulega og í samráði við verkalýðshreyfinguna. Stjórnarflokkarnir þá komu að því verki og ég get nefnt t.d. hverjir komu að því verki að skoða breytingarnar sem voru gerðar á kerfinu 1990. Það var Ingi Valur Jóhannsson úr ráðuneytinu, Percy Stefánsson úr Húsnæðisstofnun, Grétar Þorsteinsson, núv. forseti ASÍ, Arna Antonsdóttir, sem mig minnir að hafi komið frá BSRB, Jón Karlsson, Reynir Ingibergsson frá Búseta, Dan J. Brynjarsson, Karl Steinar Guðnason, Guðni A. Jóhannesson frá Búseta, og Jón Kristjánsson framsóknarþingmaður.

Þar var kafli um leigjendur og stöðu þeirra og þar kom fram að hér á landi hafi húsnæðismál einkum snúist um eignaríbúðir. Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins segir að markmið laganna sé m.a. að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til þess að eignast húsnæði. Hvað eftir annað hefur húsnæðiskerfið verið endurskoðað og endurbætt í þeim tilgangi að bæta kjör þeirra sem verða að kaupa sér húsnæði. Leigjendum hefur hins vegar lítið verið sinnt þrátt fyrir það að í hópi þeirra séu margir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu svo og hópar fólks sem verða að leigja sér húsnæði tímabundið eða í lengri tíma. Opinberar aðgerðir í húsnæðismálum hér á landi hafa lengst af beinst aðallega að byggingu eignarhúsnæðis enda er hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði líklega hvergi hærra meðal vestrænna ríkja en á Íslandi. Síðan er vísað í könnun því til stuðnings.

Meginþunginn á þessum tíma var því sá að reyna að jafna húsnæðisaðstöðu og húsnæðiskostnað leigjenda til jafns við það eða færa sig eitthvað í áttina til þess sem íbúðareigendur höfðu vegna þess að leigjendur voru sá hópur sem hafði raunverulega verið settur hjá garði og við það miðuðust raunverulega allar breytingar sem voru gerðar á þessum tíma. Einmitt í skýrslunni frá 1990 eru lögð drög að þeim húsaleigubótum og því húsaleigubótafyrirkomulagi sem við búum við í dag.

Það er því full ástæða til að halda því til haga hvernig unnið var í ráðuneytinu að breytingum á húsnæðiskerfinu áður en framsóknarmenn tóku þar völdin.

Ég var að lesa stefnu launþegasamtakanna þegar ég hóf þetta innskot mitt að sýna fram á hvernig vinnubrögðin voru áður fyrr og hvernig þau eru nú.

Að húsaleigubætur verði hækkaðar verulega en ekki skattlagðar, það er stefna verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil bara enn og aftur segja, herra forseti, að ég tel það algjörlega til skammar og ófært að bjóða upp á það og það gengur gegn öllu því sem menn vilja vinna að, sem er jafnrétti, er að vaxtabætur séu skattfrjálsar en húsaleigubætur sem lægst launaða fólkið fær séu skattskyldar. Því skyldi enn og aftur haldið hér til haga. Ég tel að það séu fyrst og fremst sjálfstæðimenn sem koma í veg fyrir að húsaleigubætur séu ekki skattskyldar og því skal þá mótmælt af sjálfstæðismönnum ef þeir svo kjósa. Þeir vilja hafa húsaleigubætur skattskyldar, húsaleigubætur sem fátækasta fólkið fær. En vaxtabætur að þær eru ekki skattskyldar.

Þetta hlýtur að verða það fyrsta sem stjórnarandstaðan breytir þegar hún kemst til valda hér eftir kosningar, þ.e. að breyta því þannig að jafnræði verði milli vaxtabóta og húsaleigubóta og að húsaleigubætur verði ekki skattskyldar.

Ég held að það verði núna enn meira áberandi, enn sýnilegra, að húsaleigubætur eru skattskyldar en ekki vaxtabætur þegar svo mörgum verður vísað á leigumarkaðinn þar sem íbúðir eru ekki til.

ASÍ og BSRB segja um núverandi félagslega íbúðakerfið að það hafi tryggt fjölda fólks gott, öruggt og viðunandi íbúðarhúsnæði. Það fær hæstv. félmrh. ekki skilið, þ.e. hvað félagslega kerfið hefur gert fyrir þá verst settu hér í þjóðfélaginu. Hann vill endilega fara í einhverjar breytingar sem hann ... (**SvG:** Setja alla í fjárhús.) Setja alla í fjárhús, ja hérna. Það skyldi þó ekki vera? (**SvG:** Já, koma öllum í fjárhús.) (**SJóh:** Á jötuna.)

En þetta finnst mér hæstv. núv. félmrh. ekki skilja þegar hann leyfir sér að bera það á borð í frv. og hér úr ræðustól að þetta frv. tryggi betur hag láglaunafólksins. Hvílík þversögn er í þessu fólgin. Um leið getur hann ekki svarað eðlilegum og sjálfsögðum spurningum frá okkur hér um það hvernig hann ætlar þá að tryggja hag þeirra verst settu. Eftir því hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson verið að kalla eftir í allan morgun. Sýndu okkur fram á það, ágæti ráðherra, hvernig á að tryggja að lægst launaða fólkið verði ekki á götunni eftir að þessari löggjöf hefur verið þröngvað í gegnum þingið. Ef hæstv. ráðherra sýndi okkur fram á það gæti það greitt götu málsins hér á þinginu. En ég hef líka kallað eftir því og bið um að félmn. skoði það milli 2. og 3. umr. hvort fjárlagaskrifstofan sé tilbúin að breyta áliti sínu sem hún gaf varðandi frv. þar sem hún sagði að veitt yrði fjárframlag til 25 íbúða — eða 50 samtals á næstu tveim árum — og hvort þær breytingar sem félmn. hefur gert á frv. varðandi það að gera einhverja könnun á leigumarkaðnum og að framlög verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni, hvort þetta ákvæði breyti einhverju um það sem fjárlagaskrifstofan sagði um þessar 50 íbúðir. Við þurfum að fá nýtt álit frá fjárlagaskrifstofunni um það hvort þessar breytingar á frv. breyti einhverju um það að félagslegum íbúðum verði fjölgað.

Ég skora á hv. nefndarmenn í félmn. að beita sér fyrir því milli 2. og 3. umr. að fá það fram að fjmrn. gefi álit sitt á þessu, af því gerðar hafa verið ákveðnar breytingar á frv. sem stjórnarliðar vísa óspart í að þýði einhverja fjölgun á félagslegum íbúðum en við þurfum þá bara að fá það staðfest. Við þurfum að fá það staðfest. Það er ekki hægt að taka orð ráðherrans góð og gild í því efni miðað við forsögu þessa máls.

Síðan segir ASÍ að auk þess sem núverandi kerfi hafi tryggt fjölda fólks gott, öruggt og viðunandi íbúðarhúsnæði þá hafi það skapað lágtekjufjölskyldum möguleika til eignamyndunar í eigin íbúðarhúsnæði sem ekki hefði verið mögulegt hefðu þær verið upp á leiguhúsnæði komnar.

Hér er sagt að kerfið þjóni árlega allt að 800 lágtekjufjölskyldum með endursölu innan kerfisins og með endursölu til þeirra sem eru á biðlistum. Kjarninn í stefnu ASÍ og BSRB er því sá að þeim sem eru innan félagslega eignaríbúðakerfisins verði veitt aðstoð til að eignast eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum og að þörf þeirra sem utan kerfisins standa verði mætt með fjölgun félagslegra leiguíbúða.

Síðan kemur álit verkalýðshreyfingarinnar sem núna á að hunsa í fyrsta skipti í sögu félagslegra íbúða frá 1929. Þeir segja um frv. félmrh. eftirfarandi:

„Frumvarp félagsmálaráðherra tekur fyrst og fremst á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en leysir ekki vanda þeirra sem húsnæðiskerfinu er ætlað að þjóna. Það er ekki í anda stefnu ASÍ og BSRB og ekkert samráð haft við þau um samningu þess. Að óbreyttu leggur frumvarpið í rúst félagslega íbúðarkerfið án þess að komið sé á fót félagslegu lána- eða leiguíbúðakerfi eða annarri félagslegri húsnæðisfyrirgreiðslu til þeirra sem þörf hafa á.“

Síðan fara þeir í skoðun á frv., tína fram allar þversagnirnar sem þar er að finna og segja, með leyfi forseta:

„Í inngangi að athugasemdum með frumvarpinu á bls. 17 kemur fram að frumvarpshöfundunum hafi verið falið að „vinna að útfærslu tillagna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi.“ Á bls. 19 í athugasemdum með frumvarpinu kemur enn fremur fram að með frumvarpinu sé stefnt að því að „skapa nýtt og einfaldara kerfi sem þjónar betur lágtekjufólki og öldruðum, er ódýrara í rekstri og hentar betur sveitarfélögum.“

Nýtt og einfaldara kerfi sem þjónar betur lágtekjufólki og öldruðum. Okkur hefur hreint ekki verið sýnt fram á það, herra forseti, að þetta kerfi geri það. Og hví þá að vera að halda svona rugli fram í greinargerð með frv.? Hæstv. ráðherra segir alveg án þess að blána eða blikna hér í ræðustól (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) og við fjölmiðla að þetta kerfi tryggi betur hag lágtekjufólksins. (**Gripið fram í:** Það þarf að kalla á ráðherrann.) (**SvG:** Hvar er þessi ráðherra eiginlega?) (**SJS:** Hvar er hann, já?) (**SvG:** Það þarf bara að ræsa hann út. Er hann farinn norður?)

Í umsögn þessari er athugað hvort frv. nái þeim markmiðum að þjóna betur lágtekjufólki og þar er heldur betur komið upp um þversagnirnar í frv., (Gripið fram í.) þar sem hvað rekur sig á annars horn. Ráðherrann þolir ekki staðreyndirnar í þessu máli og er aftur og aftur að snautast hér úr þingsalnum og ég skil hann vel. (**SvG:** Hvar er hann?) (**SJS:** Hann er að stúdera atvinnuástandið á Norðurl. v.)

Síðan er það tekið fyrir hvort rétt sé að verið sé að einfalda kerfið. Og þar er sagt, með leyfi forseta:

„Ekki er útskýrt hvað í vaxtabótakerfinu verði einfaldara. Vaxtabætur reiknast skv. skattskilum hverju sinni og það sama á við ef vextir eru hækkaðir í núverandi kerfi vegna hækkunar tekna. Bent er á í greinargerðinni þann ósveigjanleika að einungis megi hækka vexti en ekki lækka. Einfaldast er að taka á þessum vanda með því að heimila lækkun vaxta vegna breytinga á tekjum, rétt eins og hækkun þeirra. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað krafist, að þessi háttur verði hafður á.

Í sambandi við þá tillögu að færa alla aðstoð vegna húsnæðiskaupa yfir í vaxtabótakerfið, er rétt að benda á, að við það aukast jaðaráhrif hjá lágtekjufólki verulega þar sem vaxtabætur eru tekjutengdar. Varhugavert hlýtur að teljast að auka jaðaráhrif á þennan hóp nema að vandlega athuguðu máli.“

Ég spyr hvort það hafi verið skoðað hvort verið sé að auka jaðaráhrifin hjá lágtekjufólki verulega þar sem vaxtabætur eru tekjutengdar.

Ég ætla nú aðeins, herra forseti, fyrst hæstv. viðskrh. heiðrar okkur með nærveru sinni hér, að hvíla mig á því að fara yfir umsögn ASÍ og BSRB og rifja upp ýmislegt frá deginum í dag sem mér finnst að hæstv. viðskrh. hefði mjög gott af að hlusta á (**SvG:** Já, það er rétt.) vegna þess að hæstv. viðskrh. var hér í broddi fylkingar fyrir Framsfl. og fór mikinn undir flagginu „Skuldbreyting aldarinnar. Greiðsluaðlögun fyrir alla.“ Það var á síðasta kjörtímabili. Hann sagði að þetta mál mætti ekki bíða og krafðist þess að málið færi þegar í gegnum þingið fyrir kosningar. (**SJS:** Gleymdu ekki kosningaloforðunum.) Þetta var auðvitað aðalkosningaloforðið,

aðalflaggið, þ.e. greiðsluaðlögun fyrir alla, greiðsluaðlögun og skuldbreyting fyrir alla. Menn komu aftur og aftur í ræðustól og heimtuðu að þáv. ríkisstjórn kæmi málinu í gegn. Þetta var nú notað.

Fyrsta verk okkar í stjórnarandstöðunni eftir að þing kom saman og þessi ágæti þingmaður var orðinn viðskrh. og kominn í ríkisstjórn með Sjálfstfl., var að láta á þetta reyna þegar við sáum að ekkert bólaði á frv. um greiðsluaðlögun. Ég man ekki betur en að frv. um greiðsluaðlögun hafi verið flutt undir forustu þáv. þingmanns og núv. forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Meira að segja var tekið upp, held ég, óbreytt frv. Finns Ingólfssonar, núv. ráðherra.

En allt kom fyrir ekki. Hæstv. ráðherrann sá enga ástæðu til þess, eftir að kosningum var lokið, að standa við það kosningaloforð. Og flokksbróðir hans Guðni Ágústsson hafði þau orð fyrir kosningar að líf og heilsa þjóðarinnar og fólksins lægi við að samþykkja þetta frv. um greiðsluaðlögun. Nú eru liðin þrjú ár síðan og hvað hefur þessi hæstv. ráðherra gert? (**Gripið fram í:** Hvað dvelur orminn langa?) Hvað hefur hann gert?

Í staðinn fyrir skuldbreytingu aldarinnar tefldu þeir fram tveimur frumvörpum og það voru nú ljótu krílin. Annað var um réttaraðstoð fyrir fólk í erfiðleikum og hitt var að fella niður skattskuldir hjá einstaklingum í erfiðleikum.

Það fer náttúrlega alveg eins með þennan ráðherra og hæstv. félmrh., um leið og farið er að tala um sannleikann og staðreyndir máls og þau loforð sem þeir hafa gefið út um borg og bý og út um allt landið fyrir kosningar, þá fara þeir alltaf í felur, ýmist bak við hurð eða inn í næsta hliðarherbergi þannig að aldrei er hægt að tala við þessa hæstv. ráðherra hér eitt aukatekið orð.

Ég ætla að endurtaka það hér að greiðsluaðlögun breyttist í þessi tvö frumvörp og síðan þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fer nú að spyrjast fyrir um hvað margir hafi fengið aðstoð samkvæmt þessum tveimur frumvörpum, þessum litlu krílum sem komu inn í þingið og áttu að vera í staðinn fyrir greiðsluaðlögun, þá voru það 22. Það voru 22 einstaklingar sem höfðu á einu ári fengið aðstoð gegnum þessi tvö frumvörp sem áttu að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun. Og nú verður hæstv. viðskrh. — ég skora á hann, að setja sig á mælendaskrá — að svara fyrir það sem hann lofaði fólki um greiðsluaðlögun. Ráðherrann sleppur ekki svo vel í umræðum um húsnæðismál að láta svo lítið að gera þjóðinni grein fyrir því hvers vegna frv. um greiðsluaðlögun kemur ekki nú. Ég hef engar skýringar á því vegna þess að við höfum sýnt fram á að gjaldþrotunum hefur ekkert fækkað í tíð þessarar ríkisstjórnir og skuldir heimilanna því síður. Ekki hafa þær lækkað. Framsóknarmenn voru ávallt að tala um skuldir heimilanna fyrir síðustu kosningar. Þær hafa aukist um 35 milljarða á hverju ári síðan þessi ríkisstjórn tók við. Og nú er þessi hv. þáv. þm. orðinn ráðherra banka- og viðskiptamála og getur haft veruleg áhrif á það með því að koma með frv. um greiðsluaðlögun. Hann þarf ekkert að vísa því á félmrh. vegna þess að málið er þannig vaxið að það gæti vel fallið í hendur hæstv. viðskrh. að flytja slíkt frv. eða hæstv. dómsmrh. Ég skora á hæstv. ráðherra að standa við það sem hann lofaði.

Ég hygg að hv. þm. Magnús Stefánsson, sem situr við hliðina á honum, geti m.a. þakkað hinum sviknu loforðum framsóknarmanna það að hann er kominn hér inn á þing. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Já, er það ekki rétt? Ég hygg það, herra forseti. Þannig að þessir tveir þingmenn sem sitja í einu horninu í hliðarsalnum og skammast sín greinilega mjög verða auðvitað að svara fyrir þetta, svo ekki sé nú talað um skuldbreytingu aldarinnar og snautlega komu félmrh. inn í þingið með það mál sem hann var rekinn aftur með vegna þess að hann var að leggja til miklu verri aðgerðir fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum en var við lýði tvö ár á undan. Þetta er afrekaskráin hjá Framsfl. og hún verður rifjuð upp. Hún verður rifjuð upp áfram, herra forseti.

Ég ætla að spyrja hæstv. bankamálaráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af þessu frv. sem við erum að ræða. Við erum að ræða um það og stjórnarandstaðan og verkalýðshreyfingin hafa sýnt fram á það með fullum rökum að verið er setja hundruð fjölskyldna út í óvissuna að því er varðar húsaskjól. Það er ekkert gert til að byggja félagslegar leiguíbúðir um leið og á að fara að loka félagslega kerfinu. Ég man eftir því og man þá daga hér í þingsölum, þegar hv. þm., þá þingmaður, nú ráðherra, barði sér á brjóst og fór mikinn að því er varðaði húsnæðismálin, að því er varðaði kjör verst setta fólksins í þjóðfélaginu. Nú situr ráðherrann bara hér í hliðarherbergi og brosir og hefur ekkert til málanna að leggja þó að eigi að fara að loka félagslega kerfinu. (Gripið fram í.) Ja, það væri bara mjög freistandi, herra forseti, að fara að ljúka máli sínu ef hæstv. ráðherra lofar að koma í ræðustól og fara yfir afrekaskrá Framsfl. í húsnæðismálum og hvernig hann hafi staðið við það. (Gripið fram í.) En ég treysti þessum hæstv. ráðherra ekki til að gera það með sómasamlegum hætti þannig að ég fórni ræðutíma mínum fyrir það. En ég skora á hæstv. ráðherra að vera hér til svona klukkan tvö, þrjú í nótt þegar hæstv. ráðherra kemst að og mér finnst hann ekkert of góður til þess að bíða, svo lengi hefur hann látið láglaunafólk bíða eftir þeim úrbótum sem hann lofaði þeim í þrjú, fjögur ár. Hæstv. ráðherra getur því beðið hér til klukkan tvö í nótt til að standa nú reikningsskil gjörða sinna fyrir lágtekjufólkið. (**Gripið fram í:** Hann er svo kvöldsvæfur.) Ja, ef hann lofar að gera það hér strax hálfellefu í fyrramálið þá skulum við hleypa honum heim um tólf- eða eittleytið, ef hann stendur við það loforð.

En ég skora, og mér er full alvara í því, á hæstv. ráðherra Finn Ingólfsson sem ber ábyrgð á því ásamt ríkisstjórninni og félmrh. hvað hér er að gerast varðandi fátækt fólk á Íslandi og varðandi tekjulægsta fólkið. Ég skora á hann, af því að hann ber ábyrgð á því, að koma í ræðustól og lýsa því yfir hvort hann er sammála þeirri leið sem ráðherra er að fara og hvort hann geti þá rökstutt það, af því að hæstv. félmrh. getur það ekki, með hvaða hætti þetta frv. og ákvæði þess eiga að tryggja hag og kjör láglaunafólks, og jafnvel betur, eins og hæstv. félmrh. segir.

Ég ætla að spyrja hæstv. bankamálaráðherra líka um annað, af því að hæstv. félmrh. ber það fyrir sig sem hluta af rökunum fyrir að loka félagslega kerfinu að vanskil séu svo mikil í byggingarsjóðunum. Nú hef ég sýnt fram á að vanskil á síðasta ári í Byggingarsjóði verkamanna voru 0,7 eða 0,8%. Eru það svo mikil vanskil að það réttlæti að loka kerfinu? Útlánatöp á fjórum árum hjá báðum byggingarsjóðunum voru 65 millj. kr. af veltu upp á 100–200 milljarða. Ég bið hæstv. ráðherra að bera það saman við útlánatöpin og vanskilin í bankakerfinu og segja hér í ræðustólnum hvort þessar tölur gefi tilefni til að loka félagslega íbúðakerfinu. Þetta eru allt einfaldar spurningar sem ég ber fram og skal ekki hafa þær fleiri til ráðherrans en ítreka það, herra forseti, að ég mun ekki sætta mig við að hæstv. ráðherra hverfi svo héðan úr húsi að hann komi ekki í ræðustól áður en umræðu

lýkur til að — ég er ekki endilega að gera kröfu til þess í kvöld — svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann.

En ég vil þakka ráðherranum, það er alveg ástæða til þess, herra forseti, því að ég kallaði í nokkra ráðherra í morgun þegar ég hóf mitt mál sem ég taldi að ég þyrfti að ræða við, m.a. menntmrh., heilbrrh., dómsmrh. og formann Framsfl., hæstv. utanrrh., og þetta er eini ráðherrann, herra forseti, eini hæstv. ráðherrann sem hefur látið sjá sig hér þó eftir því væri kallað. Ég kallaði líka í hæstv. fjmrh. sem ég þurfti endilega að eiga orðastað við. En ég þakka ráðherranum fyrir að mæta hér í salinn en ítreka að það nægir mér ekki bara að sjá hann, hann verður auðvitað að segja skoðun sína hér í ræðustól.

Ég varð auðvitað að bregða aðeins frá máli mínu áðan og nota tækifærið þegar hæstv. ráðherra birtist í salnum og truflaði mig því, og maður verður að nota slíkt tækifæri þegar svona sjaldgæft er að ráðherrarnir birtist hér og heiðri okkur með nærveru sinni.

Síðan er farið í það sem launþegahreyfingin kallar kafla undir fyrirsögninni: „Þeir sem njóta munu vaxtabóta og niðurgreiðslna. ... Í þessum kafla segir m.a. að 50% greiddra vaxtabóta fari til einstaklinga með árstekjur undir 2 millj. Þar sé að hluta til um sama hóp að ræða og fær niðurgreidda vexti í gegnum félagslega íbúðakerfið. Stuðningur til sömu einstaklinga sé með tvennum hætti, annars vegar niðurgreiddir vextir og hins vegar vaxtabætur. Nefndin tekur raunar fram að hún hafi ekki haft handbærar tölur um fjölda hjóna sem fengu vaxtabætur og ekki heldur sambærilegar upplýsingar um fjölda hjóna og einstaklinga sem eru lántakendur í félagslega íbúðakerfinu en þar eru hjón talin sem einn lántakandi. Af þessum tölum draga frumvarpshöfundar þá ályktun að hér sé „að hluta um sama hóp að ræða" og „af þessu má ætla að stór hluti þeirra, sem fá félagslega aðstoð í formi niðurgreiddra vaxta, fái einnig vaxtabætur." Þessar ályktanir nefndarinnar eru því ágiskanir og lítt notanlegar sem forsendur við lagasmíð."

Þetta er niðurstaða ASÍ og hagfræðinga þeirra, að þessar tölur og ályktanir nefndarinnar séu ágiskanir og lítt notanlegar sem forsendur við lagasmíð. Og það verður að taka undir það, herra forseti. Síðan segir:

„Rétt er að benda á í þessu sambandi að samspil niðurgreiddra vaxta og vaxtabótakerfisins var verulega aukið árið 1993, en þá tók ríkisstjórnin ákvörðun um að hækka vexti í félagslega íbúðakerfinu úr 1% í 2,4% í stað þess að auka framlög í ríkissjóð til niðurgreiðslu vaxta. Helstu rökin þá voru að greiðslubyrði þeirra lægst launuðu yrði nánast óbreytt þar sem vaxtabætur til þeirra mundu hækka.

Mikilvægt er að félagsleg aðstoð ríkisins, hvort heldur hún er veitt með vaxtabótum eða niðurgreiddum vöxtum, sé beint að þeim hópi sem mesta þörf hefur og nauðsynlegt er að sá markhópur sé vel skilgreindur svo aðgerðir ríkisins beri tilætlaðan árangur. ... Á þennan undirbúning skorti verulega í vinnu og gögnum frumvarpshöfunda."

Síðan fara þeir yfir fullyrðingarnar um að félagslega kerfið sé dýrt í rekstri og segja: „Í almennum inngangi að greinargerð frumvarpsins á bls. 19 er þess getið að kostnaður við rekstur félagslega eignaríbúðakerfisins hafi sætt gagnrýni. Í kafla 3.3 er kostnaður af rekstri Byggingarsjóðs verkamanna sagður vera 138,2 millj. eða 10,5% af 1.320 millj. vaxtaniðurgreiðslu hans. Til samanburðar er nefnt að rekstur allra skattstofa ríkisins kosti 505 millj. eða 15% af greiddum vaxtabótum, sem nema 3,3 milljörðum. Þessi samanburður, sem öllu heldur ætti að kalla talnahnoð, varpar engu ljósi á rekstrarkostnað þessara tveggja kerfa." — Það alveg hárrétt. Samt er verið að leggja af kerfið og koma á nýju, sem enginn veit hvað kostar. Menn þurfa auðvitað að hafa samanburðarhæfar tölur þegar menn eru að fara út í svo viðamiklar breytingar. Og þeir segja:

„Í fyrsta lagi vegna þess að rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar er skipt upp milli Byggingarsjóðs verkamanna, Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar samkvæmt reglugerð. Í reglugerðinni er kveðið á um að launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna skuli skipt á milli sjóða eftir fjölda starfsmanna. Öðrum rekstrarkostnaði skal skipt upp eftir heildareignum hvers sjóðs, að frádregnum lánveitingum þeirra. Í samræmi við þessa reglugerð var hlutdeild Byggingarsjóðs verkamanna 138,2 millj. árið 1996. Þetta hefur í för með sér að hluti af kostnaði sem færður er sem rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna getur t.d. stafað af verkefnum sem félagsmálaráðherra setur á stofnunina og lúta ekki beint rekstri Byggingarsjóðs verkamanna." — Og samt er því haldið fram að þetta sé rekstrarkostnaður stofnunarinnar þó að um sé að ræða verkefni sem félmrh. setur á stofnunina. — „Þá er þess að geta að hluti af umsýslukostnaði Byggingarsjóðs verkamanna er vegna lánafyrirgreiðslu sjóðsins; innheimtukostnaður, lögfræðikostnaður og kostnaður við að veita lán. Þessi kostnaður verður til staðar þó að félagslegur stuðningur fari í gegnum vaxtabótakerfið." — Það er alveg hárrétt sem hér er nefnt. — „Áfram þarf að annast um eldri lán og jafnframt um þau viðbótarlán sem veitt verða.

Í öðru lagi stenst samanburður þessi ekki vegna þess að útreikningur vaxtabóta, sem gerist við álagningu á skattstofum, er ekki nema óverulegur hluti þess ferlis sem hefst með áætlun vaxtabóta, heldur áfram með álagningu og endanlegri álagningu að loknum kærum og leiðréttingu áætlana og lýkur með greiðslu til viðtakanda ef hann hefur þá ekki fengið ofgreitt."

Þeir draga síðan ályktanir af þessu og segja:

„Samanburður frumvarpshöfunda á kostnaði við rekstur núverandi kerfis niðurgreiddra vaxta annars vegar og vaxtabótakerfið hins vegar er því beinlínis rangur og því ekki haldbær rök fyrir því að hverfa frá einfaldri niðurgreisðlu vaxta yfir í kerfi sem endurskoðar vaxtabætur reglulega við álagningu skatta, greiðir þær reglulega út eða ráðstafar þeim til greiðslu vanskila á húsnæðislánum."

Varðandi greiðslubyrðina er sagt:

„Útreikningar hagdeilda ASÍ og BSRB sýna að við samanburð þá skipta forsendur verulegu máli. Einnig sýna útreikningar hagdeildanna að þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast. Hér á eftir verða tekin nokkur dæmi til að rökstyðja þetta."

Þetta var einmitt það sem ég hélt fram í dag að það væri verra fyrirkomulag fyrir láglaunafólk að fá niðurgreiðslurnar gegnum vaxtabæturnar en í formi hinnar venjulegu niðurgreiðslu. Það er staðfest hér í útreikningum ASÍ og BSRB að hækka þurfi þakið á vaxtabótunum. Þeir sýna dæmi um þetta sem ég ætla ekki að rekja enda fór ég yfir nokkur dæmi í dag og mér sýnist að þau séu hliðstæð því eins og ég hélt fram að þarna er iðulega um það að ræða að einstæðir foreldrar og einstaklingar reka sig upp í vaxtabótaþakið sem þarf að hækka um allt að 60 þúsund kr. ef fólk á að vera jafnsett eftir.

Síðan sýna þeir, herra forseti, athyglisverð dæmi um hvað gerist ef verðbólgan fer eitthvað verulega á hreyfingu. Þá er þetta nú allt komið úr skorðum hjá hæstv. félmrh. vegna þess hann heldur því fram að greiðslubyrðin verði léttari í hinu nýja kerfi hans.

Ég vil síðan fara aðeins í gegnum það sem varðar eignamyndunina því það hefur verið gagnrýnt mjög að eignamyndunin í félagslega kerfinu sé miklu hægari en æskilegt væri og talað um að nú verði eignamyndunin miklu hraðari í þessu nýja kerfi ráðherrans. ASÍ og BSRB segja þetta um eignamyndunina:

„Í þessum kafla greinargerðarinnar er þess getið að óbreytanlegar reikniforsendur, óháðar markaðsverði eignanna, hafi hægt á eignamyndun í félagslega íbúðakerfinu og því sé eignamyndun í félagslega kerfinu hægari en ef keyptar eru íbúðir á almennum markaði. Um þessa staðhæfingu er rétt að taka eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi er enginn samanburður gerður á þeirri eignamyndun sem verður í hinu nýja húsnæðiskerfi sem frumvarpið boðar, þ.e. þegar lánað er venjulegt húsbréfalán og að auki sérstakt viðbótarlán allt að 90%. Í frumvarpinu er einungis borið saman núverandi almennt kerfi og núverandi félagslegt kerfi. Með hærri vöxtum í nýja kerfinu verða afborganir af höfuðstól mun minni og eignamyndun því hægari en í núverandi félagslega íbúðalánakerfi eins og sést á eftirfarandi töflu."

Það er sýnt raunverulega fram á það, herra forseti, í þessari töflu að með hærri vöxtum, þessum markaðsvöxtum sem fólk á núna að fara að greiða í nýja kerfinu, þá verði afborganir af höfuðstól mun minni, vextirnir meiri og eignamyndunin því hægari en í núverandi félagslega kerfi. Þannig að ef menn hafa haft áhyggjur af eignamynduninni í því kerfi sem við búum við í dag er full ástæða til að hafa áhyggjur af henni í því kerfi sem hæstv. ráðherra boðar.

Hér eru forsendurnar, 7 millj. kr. íbúð, og sýnd eignamyndun eftir tiltekinn árafjölda. Eftir fimm ár er eignamyndunin í núverandi kerfi 501 þús., en í nýja lánakerfinu 281 þús. Eftir 15 ár er eignamyndun af þessari íbúð 1.700 þús. í núverandi kerfi, meðan hún er 1.160 þús. í nýju lánakerfi. Þetta eru útreikningar ASÍ.

Ég man ekki betur en að hæstv. ráðherra notaði þetta líka einhvern tíma sem rök fyrir því að það þyrfti að breyta, að það væri óánægja með það hve hæg eignamyndunin væri í félagslega kerfinu. Hérna hafa hagfræðingar ASÍ og BSRB sýnt fram á hið gagnstæða, þegar borið er saman nýtt lánakerfi og núverandi félagslegt íbúðakerfi.

Síðan er sagt:

„Í öðru lagi miðast útreikningar með frumvarpinu við Reykjavík en þar er fasteignamarkaður með nokkuð öðrum hætti en víðast hvar annars staðar á landinu. Í Reykjavík er 47% af öllu félagslegu íbúðarhúsnæði og því skortir samanburð í þessu tilliti fyrir 53% af félagslega íbúðakerfinu.

Í þriðja lagi er ekki getið þeirrar eignaupptöku sem orðið hefur í almenna íbúðakerfinu víða um land þar sem markaðsverð fasteigna hefur hrunið meðan reiknireglur félagslega kerfisins hafa varið einstaklinga tapi."

Einmitt það hefur verið nokkuð mikilvægt í þessu kerfi. Menn hafa þorað að fjárfesta í félagslegum íbúðum úti á landi af því að þeir hafa verið baktryggðir fyrir áföllum með kaupskyldu sveitarfélaga og innlausn sveitarfélaga. Ég nefndi í upphafi ræðu minnar hér eftir kvöldmat, það sem margir hafa áhyggjur af og fólk hefur hringt til mín út af. Ég las upp hér, að fólk sem er með lán kannski upp á 8 millj. kr. en markaðsverð á staðnum þar sem viðkomandi býr er kannski 3–4 millj. hefur áhyggjur af því. Ef sveitarfélögin hafa engar skyldur gagnvart þessum íbúðum þá situr þetta fólk uppi með lán kannski upp á 7–8 millj. Í því dæmi sem ég nefndi hér áðan þá voru það 11 milljónir. Síðan getur það ekki selt íbúðina á markaði nema á kannski 3–4 millj. Það er auðvitað ástæðan fyrir því að lítið hefur verið byggt úti á landi, eins og ég greindi frá fyrr í dag, annað en félagslegar íbúðir. Menn þora ekki að taka þá áhættu sem víða úti á landi fylgir því að koma sér upp húsnæði. Það á ekkert skylt við það að það sé húsnæðiskerfinu að kenna með einum eða öðrum hætti. Fyrst og fremst er það ótryggt atvinnuástand og einhæfni atvinnulífsins á þessum stöðum sem veldur því að markaðsverð er lágt og menn hafa ekki treyst sér til að byggja á almennum markaði. Nú er fólkið í þessum íbúðum hrætt við að breyting á félagslega kerfinu þýði að það sitji uppi með mismuninn á teknu láni. Hann er kannski helmingi hærri en markaðsverð á íbúðunum. Það þýðir að fólk situr uppi með miklar skuldir ef það selur þessar íbúðir.

Þetta er skiljanlegur ótti, herra forseti, og væri áhugavert að skoða hvort félagsmálanefnd hefur farið yfir þennan þátt málsins. Ég ætla að skoða það nákvæmlega þannig að við göngum ekki frá þessu máli nema þetta liggi fyrir. Þetta er óttinn sem ég heyri hjá fólki. Ég ætla að grennslast fyrir um það hvort þetta hafi verið skoðað sérstaklega í félmn.

Í fjórða lagi er í samanburðinum ekki tekið tillit til viðhaldskostnaðar.

„Viðhald íbúða á almennum markaði hefur veruleg áhrif á söluverðmæti eigna og kemur því fram í þeim tölum sem birtar eru í frv. um eignamyndun á almennum markaði. Annað sem viðkemur þessum samanburði er að mikill misbrestur er víða um land á viðhaldi félagslegs húsnæðis. Bæði er það vegna andvaraleysis eigenda en einnig og ekki síður vegna vanrækslu sveitarfélaganna."

Ekki er mér kunnugt um hvernig þetta er en það má vel vera og þessu er allt haldið hér fram.

„Við útreikning og samanburð á eignamyndun er nauðsynlegt að taka tillit til þessara þátt og afla nauðsynlegra gagna til þess að samanburður verði sanngjarn og marktækur.

Í fimmta lagi eru forsendur þessar gagnrýnanlegar þar sem þeim, sem almennt gæti ekki myndað eignir í hinu almenna kerfi sökum lágra launa og mikillar framfærslubyrði er gefinn kostur á því að eignast eigið húsnæði í núverandi félagslega íbúðalánakerfinu í stað þess að greiða leigu á almennum eða félagslegum leigumarkaði."

Það er nú nokkuð til í því sem hér er sagt vegna þess að félagslega íbúðakerfið hefur gert fólki kleift, miðað við það að greiða kannski 20, 25, 30 þús. á mánuði, að eignast húsnæði. Segjum að það eigi þessi 10% sem þarf í útborgun þá hefur það gert fólki, miðað við kannski 20, 25 þús. kr. mánaðargreiðslu, kleift að eignast húsnæði. Ef félagslega kerfið hefði ekki verið til, hvaða möguleika hefði þetta fólk þá átt? Það hefði bara átt möguleika á almenna markaðnum sem er mjög þröngur og óskipulagður, og hefur verið lengst af þó að nokkuð hafi það breyst, og greiða þar húsaleigu upp á 35–50 þús. kr. í staðinn fyrir að eignast íbúð og borga á mánuði 20, 25, 30 þús. eftir stærð íbúðarinnar.

Þegar félagslega kerfið er ekki lengur til og því hefur verið lokað, þá er þessu fólki gert ókleift að eignast íbúð með þeim kjörum sem hafa verið í boði, mismunandi gegnum

árin. Því er vísað á almennan leigumarkað þar sem það þarf að borga miklu hærra, bara í leigu á almennum markaði, en við kaup á eigin íbúð í félagslega kerfinu.

Mér finnst ekki boðlegt, herra forseti, að menn verði ofurseldir hinum almenna leigumarkaði. Þegar eftirspurnin eykst svo á almenna markaðnum, sem væntanlega verður, hvað þýðir það? Ef eftirspurn eftir leiguíbúðum verður mikil á almennum markaði og framboðið kannski ekki mjög mikið, þá hækkar það upp leiguna. Það er ekkert hugsað fyrir þessu. Áhrifin á þennan hóp eru ekki metin. Það á bara að senda hann út á almennan leigumarkað, í stað þess að bjóða upp á kerfi sem gerir þeim að greiða 20, 25 þús. kr. á mánuði og eignast húsnæðið smám saman og búa við öryggi, herra forseti, í húsnæðismálum. Öryggið er alls ekki á almenna leigumarkaðnum. Þar er fólk alltaf í ótta við að verða sagt upp húsnæði og greiða himinháa leigu.

Hér er síðan nefnt, í umsögn ASÍ:

„Í sjötta og síðasta lagi hefur engin rannsókn verið gerð á eignamyndun í félagslega eignaríbúðakerfinu frá upphafi til dagsins í dag. Ætla má að hún sé veruleg og hafi haft mikil áhrif á eignamyndun og félagslega stöðu lágtekjufólks og afkomenda þeirra hér á landi."

Ég held að þetta sé ágæt ábending, þ.e. að láta fara fram könnun á því hver eignamyndun hafi orðið í félagslega eignaríbúðakerfinu frá upphafi og til dagsins í dag. Þar með væri hægt að sjá hvernig láglaunafólkinu, lægst launaða fólkinu, fátæku fólki, hefur verið gert kleift að eignast með þessu móti sjálft í staðinn fyrir að vera ofurselt leigumarkaði.

Nú ætla ég ekki að bera stöðuna í dag við stöðuna árið 1929 í húsnæðismálum íslensku þjóðarinnar. Auðvitað hefur orðið gjörbreyting þar á. En það eru til fjölskyldur sem búa við mjög bága aðstöðu í húsnæðismálum. (**SJóh:** Ótrúlega margir.) Ótrúlega margir, segir hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn., sem er mikill áhugamaður um að þessari atlögu að fátæku fólki verði hrundið, að þeim sem hafa enga aðstöðu til að koma sér upp húsnæði nema gegnum félagslega íbúðakerfið.

Ég ætla að taka það til rækilegrar skoðunar hvort við eigum ekki að flytja tillögu um að gerð verði rannsókn á þeirri eignamyndun sem orðið hefur í félagslega eignaríbúðakerfinu frá upphafi og til dagsins í dag. Ef það á að fara að jarðsetja þetta kerfi, leggja það af, þá er ágætt að hafa það til minningar um kerfið hve margir hafa þó getað eignast hlut í íbúðum með aðstoð þess. Eitt er víst, herra forseti, að þetta verður skoðað þegar stjórnarandstaðan kemst til valda, það sem nú er að gerast í húsnæðismálum. Ég hygg að það muni koma í ljós fyrr en seinna, þegar þetta kerfi fer að vinna á næsta ári, hvaða glappaskot — ég ætla að leyfa mér að orða það svo, herra forseti, — þingið er að gera með því að samþykkja þetta frv.

Í umsögn ASÍ er einnig farið ofan í fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna. Ég þarf ekki að fara yfir það sem hér er sagt um það í mjög ítarlegu máli. Ég hef sjálf farið yfir hvernig ríkisframlögin hafa verið skorin niður en ráðherrar nota sem ein rök fyrir því að loka þessu kerfi, að sjóðurinn stefni í gjaldþrot. Það er ekki vegna neins annars en þess að verulega hefur verið dregið úr ríkisframlögum. Það er meginskýringin og undir það tekur verkalýðshreyfingin og segir í lokin, þegar búið er að fara yfir það eins og ég gerði hér í dag:

„„Vandi" Byggingarsjóðs verkamanna hefur alla tíð verið ljós og liggur í vaxtamun útlána og innlána. Í raun var ætlast til þess frá upphafi, að sjóðurinn gæti aldrei staðið við skuldbindingar sínar án aðstoðar framlaga úr ríkissjóði, sem á hinn bóginn hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um árabil. „Vandi" sjóðsins er því enginn en sannarlega á hann við að glíma „vanefndir" fjárveitingarvaldsins. Þetta er orsök „vandans" og ef á að leysa þann vanda liggur næst að ráðast á orsökina og gera tillögur um, að Alþingi standi við loforð sín við almenning í landinu."

Og síðan fara þeir yfir, undir fyrirsögninni Staða félagslega kerfisins, tölur um fjölda kröfuyfirlýsinga sem teflt er fram í frv. sem rökum fyrir því að loka þessu kerfi. Þeir segja:

„Allar upplýsingar frumvarpshöfunda um fjölda kröfulýsinga eru einnig óáreiðanlegar vegna þess að kröfulýsingar eru sendar vegna allra uppboða, sem auglýst eru, hvort heldur vanskilum er til að dreifa hjá viðkomandi byggingarsjóði eða ekki. Breytt verklag við innheimtu og breytt löggjöf um uppboð hafa einnig haft hér veruleg áhrif.

Af þeim tölum og töflum sem birtar eru í 6. kafla greinargerðarinnar og af samanburði þeim, sem gerður er um þróun vanskila og fjölda kröfulýsinga má þó draga ýmsar ályktanir og skal nokkurra þeirra getið:

Í fyrsta lagi þá gefur fjöldi kröfulýsinga litla eða enga vísbendingu um vandræði þau, sem landsmenn eiga við að stríða í húsnæðismálum. Kröfulýsingum fækkar í Byggingarsjóði ríkisins um 35% meðan fjöldi lántakenda í vanskilum vex um 94%.

Í öðru lagi þá hafa vanskil sem hlutfall af heildarútlánum sjóðanna vaxið minnst í félagslega kerfinu.

Í þriðja lagi vex fjöldi lántakenda í vanskilum mun hraðar innan húsbréfakerfisins heldur en innan þess félagslega.

Í fjórða lagi virðist félagslega íbúðakerfið vera að ná jafnvægi þar sem umsóknum fækkar meðan veruleg aukning verður í endursölunni, sem bendir til þess að núverandi kerfi og fjöldi þeirra íbúða sem innan þess er, þjóni vel stórum hópi.

Í fimmta lagi má draga þá ályktun að notkun frumvarpshöfunda á þessum upplýsingum, til þess að sýna fram á „verulega galla á félagslega húsnæðiskerfinu" eins og það er orðað í almennum inngangi í 2. kafla greinargerðarinnar, sé röng og villandi."

Þá er farið yfir það sem ég fór yfir hér áðan, og get því flett fram hjá því, stöðu sjóðanna, vanskilin og þróun þeirra. Ég hef sýnt fram á að það eru engin rök fyrir því að loka félagslega íbúðakerfinu.

Síðan er fjallað um 100% lánin. Hæstv. ráðherra heldur því fram að 100% lánin séu alveg ómöguleg vegna þess að þeir sem þau fái fari bara lóðbeint á höfuðið. Það hefur auðvitað verið sýnt fram á það með rökum að þessi lán hafi hjálpað mörgum. Þar eru ekki margir sem hafa lent í vanskilum.

Síðan er hrakið hér af verkalýðshreyfingunni hvernig fyrirslátturinn er notaður hjá hæstv. ráðherra þegar auðum íbúðum er teflt fram sem rökum fyrir að loka kerfinu sem er auðvitað fjarstæða og einnig er sýnt fram á hvernig þetta kerfi hefur þjónað ýmsum félagasamtökum og skjólstæðingum þeirra og hvernig dregið hefur saman í fjölda félagslegra íbúða í tíð þessarar ríkisstjórnar. Fjöldi þeirra var á árunum 1995 460, 1996 250, 1997 180 og 1998 170. Þær voru sennilega flestar 1990–91, um 800. Þeir segja:

„Hér kemur fram að samdrátturinn hefur verið mikill. Það sem hins vegar verður ljóst er, að samdrátturinn stafar

ekki af því að sveitarfélögin hafi talið minni þörf á íbúðum heldur af því, að meira fjármagni hefur ekki verið veitt til þessa málaflokks á fjárlögum undanfarinna ára."

Síðan kemur ályktun um forsendur og þar segir:

„Í köflum III-1 til III-10 hefur verið farið yfir nokkrar helstu forsendur sem frumvarpshöfundar og félagsmálaráðherra gefa sér fyrir því að brýna nauðsyn beri til þess nú þegar að leggja núverandi félagslega húsnæðiskerfið niður. Það er mat ASÍ og BSRB að þær forsendur ráðherrans og starfsmanna hans sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni og flestar verið hraktar séu ekki haldbær rök fyrir niðurstöðum þeirra."

Þetta er nákvæmlega sama niðurstaða og ég hef komist að, herra forseti, þegar ég fer yfir þetta eins og verklýðshreyfingin tekur undir. Það eru ekki nokkur haldbær rök sem ráðherra hefur sett fram fyrir því að loka félagslega kerfinu.

Síðan er spurt. Þjónar frv. þeim markmiðum sem það setur?

Um það segja höfundar þessarar umsagnar:

„Með frumvarpinu verður núverandi félagslegu eignaríbúðakerfi lokað. Á þessu síðasta ári einu saman gátu 800 fjölskyldur keypt eða skipt um íbúðir í endursölu innan félagslega kerfisins. Undanfarin ár hafa því hundruð fjölskyldna þess getað skipt um íbúðir innan kerfisins eftir því sem félagslegar aðstæður þeirra breytast. Eftir lokun kerfisins verður þessum hóp vísað á almennan húsnæðismarkað, á leigumarkað eða þá að hluti hans lokast inni í núv. kerfi, í húsnæði sem ekki hentar fjölskyldugerð eða fjárhag hans.

Eftir gildistöku laganna skulu veitt húsbréfalán í stað félagslegra húsnæðislána. Augljóst er að vegna strangari skilyrða fyrir lánveitingum mun verulega fækka þeim sem eiga kost á að eignast íbúð. Þetta kallar á mikla fjölgun leiguíbúða. Þessar leiguíbúðir þurfa ekki aðeins að vera á viðráðanlegum kjörum, heldur verður leigumarkaðurinn einnig að tryggja búsetuöryggi til frambúðar. Í frumvarpinu er enga tryggingu að finna fyrir því að framboð leiguhúsnæðis verði nægjanlegt. Það eina sem tryggt er í frumvarpinu er að teknar verði upp viðræður milli ríkis og Sambands sveitarfélaga um að sveitarfélögin komi nánar að fjármögnun lána til leiguíbúða. Þar til þær viðræður hafa verið til lykta leiddar er einungis gert ráð fyrir fjárveitingum til 25 leiguíbúða á ári, næstu tvö árin. Nú þegar er framboð á leiguhúsnæði langt frá því að vera nægjanlegt og hundruð fjölskyldna standa í biðröð eftir félagslegu íbúðarhúsnæði. Verði frumvarpið að lögum verður enn fleirum vísað í þá biðröð. Úrbætur á leigumarkaði eru því algjör forsenda þess að kerfisbreytingin skilji ekki stóran hóp lágtekjufólks, aldraðra og öryrkja eftir án úrræða í húsnæðismálum."

Það er einmitt mjög athyglisvert, herra forseti, af því nú skákar ráðherrann í því skjóli að könnun þurfi að fara fram á þörf fyrir leiguíbúir. Úr því ráðherrann er búinn að undirbúa þessar breytingar með því að svelta kerfið í þrjú ár, af hverju í ósköpunum undirbjó hann þetta ekki með því að gera könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði þá? Niðurstöðurnar eiga ekki að liggja fyrir fyrr en árið 2000.

Síðan er talað um jafnrétti í húsnæðismálum, þ.e. um jafnrétti til búsetuöryggis og jafnrétti til eignamyndunar. Þeir segja:

„Hvað hið síðara varðar þá er ljóst að með því að loka og leggja niður hið félagslega eignaríbúðakerfi er tekið fyrir möguleika stórs hóps lágtekjufólks til þess að mynda eign í eigin íbúðarhúsnæði. Þessum hópi er vísað á almennan leigumarkað þar sem hann mun með leigutöku sinni afla leigusölum verulegra eigna í tímans rás.

Ef átt er við með jafnrétti að lögin tryggi jafnrétti í þeim hópi sem hefur þörf fyrir sérstaka fyrirgreiðslu í húsnæðismálum til eignar eða leigu þá er ljóst að það gera þau ekki. Aðallega vegna þess að í frumvarpinu eru stórir kaflar óskrifaðir og bíða reglugerða eða ákvarðana ráðherra en einnig vegna þess að lögin færa aukið hlutverk til sveitarfélaganna en þau eru mörg hver ekki í stakk búin til þess að yfirtaka það hlutverk og lítið eða ekkert í frumvarpinu eða lögum sem leggur þeim fastar og ákveðnar skyldur á herðar."

Síðan segja þeir:

„Ljóst er að þörfin fyrir gott, ódýrt leiguhúsnæði mun aukast stórkostlega verði frumvarpið að lögum þó ekki sé annað nefnt en að lokað verði fyrir möguleika til að fá 100% lán til kaupa á félagslegri eignaríbúð. Félagsmálaráðherra telur að með frumvarpinu sé verið að gera það meira freistandi fyrir sveitarfélögin að bæta við leiguhúsnæði."

Það er náttúrlega aldeilis út í hött að halda þessu fram vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki byggt mjög mikið af leiguhúsnæði, þó þessi kjör hafi verið fyrir hendi í nokkur ár, þ.e. 1% vextir og lán til 50 ára, vegna þess að það stefnir allt í að ráðherrann sé að flytja þessi lágu kjör, 1% vexti upp í markaðsvexti, og þá er engin ástæða til að ætla að sveitarfélögin fari allt í einu að byggja leiguíbúðir. Samt er því haldið fram að verið sé að gera meira freistandi fyrir sveitarfélögin að bæta við leiguhúsnæði.

Enda segja þeir í verkalýðshreyfingunni:

„Ekki liggur í augum uppi hvað í frumvarpinu freistar sveitarfélaganna til að fjárfesta í fleiri félagslegum leiguíbúðum. Í greinargerð með VIII. kafla er bent á að gert sé „ráð fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig sveitarfélögin komi nánar að fjármögnun lána til leiguíbúða og meðferð kaupleiguíbúða.""

Og það er auðvitað verið að gagnrýna það að þetta eigi ekki að liggja fyrir fyrr en árið 2000.

„Hér er því ekki um neitt það að ræða sem skuldbindur sveitarfélögin til að auka framboð á leiguíbúðum ..." — og því er auðvitað ekki mark á þessu takandi.

Síðan eru dregnar þær ályktanir að:

„Verði frumvarpið að lögum, minnkar jafnrétti varðandi búsetu- og almennt félagslegt öryggi. Ekkert í frumvarpinu bendir til að sveitarfélögin muni auka framboð sitt af leiguhúsnæði ef undanskildar eru þær 25 íbúðir á ári, næstu tvö árin sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eftir gildistöku laganna mun fjölga í hópi þeirra sem ekki geta fjárfest í eigin húsnæði og aðstöðumunur manna til að eignast eigið húsnæði eykst verulega og djúp staðfest milli þeirra „sem geta" og þeirra „ sem ekki geta" í þessu þjóðfélagi."

Þetta er allítarleg umsögn, herra forseti, og hef ég einungis stiklað á því stærsta en hér er af nógu að taka.

Eitt af því sem kemur fram í inngangi í greinargerð hjá ráðherranum er að svo lítill sveigjanleiki sé í núverandi kerfi, sem er auðvitað fjarstæða. Það er mikill sveigjanleiki í kerfinu ef menn nýttu sér hann til fulls. Vegna þessa frv. sem við ræðum nú segja einmitt ASÍ og BSRB með réttu:

„Sveigjanleiki er ekki aukinn með frumvarpi félagsmálaráðherra." Það er auðvitað staðreynd málsins því félagslega eignaríbúðakerfið og kaupleigukerfið eru einfaldlega lögð af. Þess vegna er ekki verið að auka neitt sveigjanleikann í

þessu kerfi. Þvert á móti er verið að þrengja þá kosti sem fólk hefur og það val sem fólk hefur varðandi húsnæði.

Síðan segir:

„Frelsi fólks til að velja sér húsnæði á almennum markaði er ekki tryggt. Með frumvarpinu er ekki tryggt að fólk sem uppfyllir skilyrði til að fá félagsleg húsnæðislán hafi frelsi til að velja sér húsnæði á almennum markaði. Í frumvarpinu er bráðabirgðaákvæði sem heimilar sveitarfélögum að setja það sem skilyrði fyrir veitingu viðbótarlána að þau verði nýtt til kaupa á félagslegum eignaríbúðum sveitarfélagsins sjálfs. Þess misskilnings gætir einnig að allir þeir sem nú séu á biðlista eftir félagslegum eignaríbúðum geti fengið fyrirgreiðslu strax og keypt sér íbúð á almennum markaði."

Það er einmitt mjög mikilvægt að leiðrétta þetta, að allir geti bara fengið fyrirgreiðslu strax varðandi viðbótarlán, heldur er sýnt að hér geti skapast biðraðir, vonandi ekki eins og í 86-kerfinu en biðraðir eftir viðbótalánum.

Ýmislegt fleira er í þessu en ég ætla að láta staðar numið, herra forseti, að því er varðar umsögn ASÍ að mestu, því í lokin er verið að fara yfir gjaldtökuna, þessa auknu gjaldtöku. Og til að hæstv. ráðherra haldi nú ekki að ég hafi bara setið heima við eldhúsborðið og reiknað það út að kostnaður fólks muni aukast um 70 til 100 þús. kr. við að fara inn í þetta nýja kerfi, þá kemur auðvitað í ljós það sem ég hef verið að halda fram varðandi þennan kostnað. En hér stendur, með leyfi forseta:

„Augljóst er að gjaldtaka af fólki sem fær fyrirgreiðslu í húsnæðismálum mun aukast þegar umsýsla og innheimta verður boðin út. Innheimta félagslegra lána, hvort heldur þau eru í skilum eða vanskilum er nú gerð því sem næst á kostnaðarverði". Og halda einhverjir, herra forseti, að Íbúðalánasjóður sem á að vera sjálfbær og standa undir sér sjálfur með vöxtum og gjaldtöku fari að láta fólk hafa eitthvað á kostnaðarverði? Nei, herra forseti, ég er ansi hrædd um að við munum sigla inn í sömu gjaldtökuna og er í bankakerfinu sem er miklu hærri varðandi lántökugjöld og ýmsan umsýslukostnað en er hjá Húsnæðisstofnun. Ég held að það sé alveg ljóst og verði að vera skýrt að þessi Íbúðalánasjóður, því hann á að standa undir sér sjálfur, mun ekki láta neitt á kostnaðarverði. Síðan segir:

„Verði vanskilainnheimta falin fjármálastofnunum og innheimtulögfræðingum þeirra þýðir það margfalda hækkun innheimtukostnaðar. Fyrir lágtekjufólk eru þetta upphæðir sem geta skipt sköpum.

Stimpil-, lántökugjöld og sölulaun munu hækka og ekki er tekið tillit til þessara kostnaðarliða í þeim dæmum sem fylgja í greinargerð frumvarpsins."

Er það nú ekki dæmalaust, herra forseti, að þegar verið er að hækka gjaldtöku á fólki verulega, við erum að tala um verulegar fjárhæðir, þá tekur ekki einu sinni að nefna það í greinargerð með forsendum frv. þótt verið sé að auka kostnað á fólki sem er að koma sér upp íbúð um kannski 70 til 100 þús. Það er engin tilraun gerð til að meta þetta, hvað þá heldur að greina frá því í frv.

Síðan segir:

„Í frumvarpinu eru heimildir til gjaldtöku vegna verkefna sem Húsnæðisstofnun sinnir endurgjaldslaust í dag."

Halda menn að Íbúðalánasjóðurinn sem á að vera sjálfbær, standa undir sér sjálfur, fari að hafa einhverja vinnu eða þjónustu hjá sér endurgjaldslausa? Auðvitað ekki, herra forseti. Auðvitað ekki. Það verður tekið endurgjald á toppverði á þessu öllu í hinum nýja Íbúðalánasjóði. Það verður alveg örugglega ekkert gefins af því að þessar breytingar eru ekki gerðar til að þjóna fólkinu, þær eru ekki gerðar til að þjóna láglaunafólkinu eins og hæstv. ráðherra heldur fram, heldur er þetta allt í stíl við markaðsvæðingu og einkavæðingu sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir og það er ekki verið að gera þetta með hag láglaunafólks fyrir brjósti. Nei, sko aldeilis ekki, herra forseti. Aldeilis ekki. Ætli það sé ekki fyrst og fremst verið að gera þetta til að spara fyrir ríkissjóð, spara á láglaunafólki og til að Framsfl. og Sjálfstfl. geti komið gæðingum sínum fyrir í þessum nýja Íbúðalánasjóði og þeir geti sest aftur yfir þær stöður sem þar eru með helmingaskiptaregluna í forgrunni.

Sem dæmi má nefna gjaldtöku fyrir þjónustu Íbúðalánasjóðs og heimild til húsnæðisnefnda til að taka greiðslu fyrir þjónustu sína. Þarna er bent á tvo nýja pósta sem eru ekki fyrir hendi í dag: „Að öllu virtu er ljóst að kostnaði af félagslegri fyrirgreiðslu í húsnæðismálum verður velt út á notendur þjónustunnar." — Við skulum athuga að Húsnæðisstofnun hefur starfað að verulegum hluta til náttúrlega á félagslegum grunni með lægra lántökugjaldi og kostnaði en bankakerfið gerir en hér á að velta kostnaðinum á notendur þjónustunnar. — „Það þýðir ekki að nýja kerfið verði ódýrara í reksti en það gamla heldur einungis að skipt er um greiðendur." — Þarna komum við að ákveðnum kjarnapunkti. Þegar verið er að tala um að Húsnæðisstofnun sé dýr hefur enginn sýnt fram á að Íbúðalánasjóðurinn verði eitthvað ódýrari, heldur geti verið um að ræða tilfærslu á því hver standi undir greiðslunum á rekstrinum. Það verða notendurnir sem gera það í miklu meira mæli.

Síðan draga þeir ályktun og segja: „Enga nauðsyn ber til þess að loka og leggja niður núverandi kerfi jafnvel þó hætt verði að byggja eða kaupa inn nýjar íbúðir í það."

Mér finnst sú umsögn sem þeir skrifa undir, Kristján Gunnarsson, formaður húsnæðisnefndar ASÍ, og Guðmundur Vignir Óskarsson, formaður húsnæðisnefndar BSRB, mjög athyglisverð. Mikil vinna hefur verið lögð í að fara yfir málið, meta áhrifin, kosti og galla, og hvaða áhrif breytingarnar hafa og auðvitað er skylda verkalýðshreyfingarinnar að gera það og hún hefur gert það með prýði í umsögn sinni en því miður virðist sú mikla vinna sem verkalýðshreyfingin hefur lagt í þessa umsögn ekki ætla að skila þeim árangri eða hagga ráðherranum á nokkurn þann hátt að hann fari eftir þeirri sanngjörnu og eðlilegu ósk sem verkalýðshreyfingin ber fram og 26 félagasamtök í Morgunblaðinu í dag, að frv. verði frestað. Við erum þó enn og aftur og skal ég nefna það nú, að tala um gildistöku sem á ekki að vera fyrr en um næstu áramót. Af hverju í ósköpunum má ekki nýta sumarið í milliþinganefnd til að skoða málið nánar en tök hafa verið á?

Hér eru fjölmenn samtök sem hafa sent inn umsögn. Samtökin kallast Þak yfir höfuðið og í þeim er fjöldinn allur af félagasamtökum og þau gera athugasemdir við frv., að þau hafi ekki getað komið að samningu frv. þótt eftir því væri leitað og meira að segja á það bent að eftir því var leitað strax á árinu 1995 að koma að verkinu en því verið hafnað. Það eru algjör kaflaskipti sem við erum að tala um í samskiptum við frjáls félagasamtök sem hér eiga sér stað. Þar sem Þak yfir höfuðið átti ekki þess kost að koma að samningu þessara frv. er lagt til að skipuð verði fagnefnd til að fjalla um það frekar með tilliti til hagsmuna þeirra mörgu félaga og félagasamtaka sem eru innan Þaks yfir höfuðið. Síðan er lagt til að nefndin skili tímanlega áliti fyrir haustið. Það sem þeir

nefna að þurfi að skoða sérstaklega eru hugsanleg vaxtakjör hjá Íbúðalánasjóðnum, lánsfjármagn sem félögum og félagasamtökum stæði til boða á næstu árum hjá Íbúðalánasjóði, sem ég sé nú ekki að sé mikið, herra forseti, og möguleikar á að opna húsbréfakerfið fyrir félög og félagasamtök, afnám skattlagningar á húsaleigubætur, útvíkkun vaxtabótakerfisins og hugsanlega sameiningu við húsaleigubótakerfið. Nokkur fleiri atriði nefna þeir í þessu sambandi, t.d. aðild félaga og félagasamtaka að ákvörðunum og umsögn um það sem snýr að húsnæðismálum og hagsmunum í því sambandi.

Ég ætla að halda áfram með umsagnirnar og við komum þá að Kennaraháskóla Íslands en þeir segja:

„Í dag er heimavist við skólann sem rúmar 58 nemendur en þá eru tveir nemendur í sama herbergi. Margir núverandi nemendur skólans eru mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag og vilja búa einir. Næsta vetur verða 72 nemendur í íþróttaskor KHÍ og það verður erfitt að finna viðunandi húsnæði fyrir alla þessa nemendur á Laugarvatni. Þess má einnig geta að nýnemar sem byrja í íþróttaskor í haust fara í þriggja ára B.Ed.-nám.

Fyrir Alþingi liggur nú nýtt frumvarp til laga um húsnæðismál. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna verði lagður niður í núverandi mynd. Lán úr þessum sjóði hafa m.a. verið notuð til að fjármagna byggingar námsmannagarða, þar á meðal fjölbýlishús sem Byggingarfélag námsmanna tók nýlega í notkun á lóð Kennaraháskólans við Stakkahlíð.“ — (Gripið fram í.) Ég beini því bara til hv. þm. að þessar umsagnir liggja fyrir í stórum bunka á borðinu. Þetta er Kennaraháskóli Íslands og ég á mikið eftir, þannig að ég má ekki vera að því að endurtaka þetta fyrir hv. þm. Hann verður því að fara yfir þetta sjálfur. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er illa læs. Hann nennir ekki að lesa þetta.) —

„Þeirri spurningu er beint til félmn. Alþingis hvort unnt verði samkvæmt fyrrgreindu lagafrumvarpi að fá lán úr hinu nýja félagslega húsnæðiskerfi til byggingar námsmannagarða á hliðstæðum kjörum og er úr Byggingarsjóði verkamanna.“ Ég er hrædd um, herra forseti, að þeir hafi ekki erindi sem erfiði ef þeir fara að leita eftir því því að það verður mikil ásókn í þær 25 leiguíbúðir sem á að byggja á næsta ári og hæstv. fjmrh. hefur náðarsamlegast veitt leyfi til 25 íbúða á næsta ári. Það verða margir í biðröð eftir þeim íbúðum.

Síðan er það Þroskahjálp. Þau samtök leggjast gegn því að frv. verði afgreitt og færa fyrir því margvísleg rök og segja hér, sem ég hef margsinnis varað við, herra forseti:

„Ef taka á upp markaðstengda vexti á lánum til félagslegra leiguíbúða og ákvarða þá af stjórn Íbúðalánasjóðs fyrir eitt ár í senn verður að gera alla leigusamninga með ákvæðum um að húsaleiga hækki/lækki með tilliti til vaxtakjara eða að aðeins er hægt að gera leigusamning til eins árs í senn.“ Þarna er það staðfest að ef vaxtakjörin hækka, sem náttúrlega var viðbúið, þá er þessu velt yfir á leigjendurna og þar með yfir á skjólstæðinga Þroskahjálpar, það eru þeir sem verða að bera þetta. Þeir segja það einfaldlega að ef vextirnir verði færðir upp í markaðsvexti hafi þeir ekki aðra leið en láta skjólstæðinga sína borga það, og af hverju? Af örorkubótum sem eru hvað? Eða örorkulífeyri sem er um 40–50 þús. kr. Það er alveg sama hvar maður lítur á þetta mál, herra forseti, þetta bitnar allt á þeim hópum sem lökust hafa kjörin í þjóðfélaginu.

Hér er umsögn frá Félagi ábyrgra feðra sem segir í lok umsagnar sinnar: „Oft og tíðum hefur það foreldri sem ekki býr með börn sín að staðaldri ekki mannsæmandi aðstöðu til að taka á móti börnum sínum. Þetta skapar þessum foreldrum óþægilegar aðstæður sem mörg börn líða fyrir.“ — Og ekki verður staða ábyrgra feðra betri eftir þessa breytingu sem hér er verið að leggja til. Það er alveg ljóst, herra forseti.

Síðan kemur hver umsögnin á fætur annarri, eins og frá Samvinnuháskólanum á Bifröst, þar sem segir: „Stjórn nemendagarða Samvinnuháskólans telur að þetta frumvarp feli í sér svo miklar breytingar á öllu starfsumhverfi þeirra aðila sem hafa fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna að frumvarpið verði að fá meiri og almennari kynningu og umræðu en nú hefur farið fram til að hægt sé að afgreiða það á yfirstandandi þingi.“

Þá kemur stúdentaráð Háskóla Íslands en eins og öllum er kunnugt hafa framsóknarmenn sérstaklega borið hag stúdenta fyrir brjósti, gera það a.m.k. þegar þeir eru í stjórnarandstöðu og kosningabaráttu þótt það sé ekki eins sýnilegt, herra forseti, í þingsölunum eða af þeim málum sem þeir flytja. „Stjórn stúdentaráðs Háskóla Íslands mótmælir harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðiskerfinu og hafa það í för með sér að illa er vegið að framtíðaráformum um öfluga uppbyggingu stúdentagarða.“ Hvorki meira né minna. Ég held að hv. framsóknarmenn ættu að taka niður það flagg sem þeir stundum reisa fyrir kosningar að þeir séu einhverjir sérstakir merkisberar fyrir námsmenn. Það er illa vegið að framtíðaráformum um uppbyggingu stúdentagarða. Það verður ekki tekið nokkurn skapaðan hlut mark á framsóknarmönnum í næstu kosningum, það er alveg ljóst, í þessu máli eins og öðrum. Ég hef lagt til í dag að þeir settust bara yfir það saman að samræma stefnuskrár sínar því að stefnuskrá sjálfstæðismanna í húsnæðismálum getur alveg gengið inn í stefnuskrá Framsfl. og ég hygg að þeir kæmust að þeirri niðurstöðu að þeir gætu bara haft eina sameiginlega stefnuskrá (Gripið fram í.) og hún mundi alveg örugglega bera svipmót Sjálfstfl. því að þeir ráða ferðinni í hverju málinu á fætur öðru. Nei, takk, herra forseti, ég hef sko lítinn áhuga á að flækjast í þeim vagni sem enginn veit hvert fer með þjóðina en margir óttast. (**Gripið fram í:** Og Hannes Hólmsteinn ...) Já, Hannes Hólmsteinn lestarstjóri.

Síðan er sagt í umsögn stúdentana: „Margt bendir til að stefna stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu stúdentagarðanna sé algjörlega afskipt. Árið 1997 fékkst engin úthlutun til lána til uppbyggingar garðanna úr Byggingarsjóði verkamanna og stefnir allt í það sama í ár.“ — Þegar jafnaðarmenn stjórnuðu ráðuneytinu fengu stúdentarnir lán. Þá kvörtuðu þeir ekki en hér er lýst tveimur árum þegar framsóknarmenn stjórna, þá eru engin lán til námsmanna. Engin lán til að byggja upp íbúðir fyrir námsmenn. Síðan segir: — „Fyrirætlanir um útlán árið 1999 og 2000 benda síður en svo til þess að úrbóta megi vænta og eftir það er framtíðin óskrifað blað. Margt í nýgerðu frumvarpi bendir auk þess til aukins kostnaðar og óhagstæðari lána sem gera framtíðarhorfur síður en svo góðar. Stjórn stúdentaráðs beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að tryggt verði að áfram geti átt sér stað öflug uppbygging á félagslegum leiguíbúðum eins og stúdentagörðum og komið verði í veg fyrir að stoðunum verði kippt undan rekstrargrundvelli garðanna.“

Ég verð bara að segja þeim hjá stjórn stúdentaráðs að ekkert þýðir að beina neinum eindregnum tilmælum til stjórnvalda um það efni. Þeir hlusta ekkert á það. Þeir eru alltaf með tappa í eyrunum þegar félagasamtök og verka-

lýðshreyfingin talar. Þessi tilmæli er einungis hægt að biðja um þegar ný stjórn hefur tekið við völdum í landinu. Þá fyrst er sú ósk skoðuð sem hér kemur fram. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég nefndi í dag að ég held þær hafi verið fjórar þessar auðu íbúðir á Suðurlandi sem ráðherra húsnæðismála notar til að loka kerfinu. Ætlar hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl., að leggja mér lið í því og okkur í stjórnarandstöðunni að koma vitinu fyrir hæstv. félmrh. og fá hann til að verða við þeirri sanngjörnu ósk verkalýðshreyfingarinnar og 26 félagasamtaka að fresta frv.? Við getum þá tekið til við næsta lið á dagskrá, það eru reyndar ekki fleiri á þessum fundi en þá á morgun, og sest yfir það í sátt í sumar að reyna að finna lausn á þessu deilumáli. Ég fel hv. þm. að athuga hvort hann getur ekki verið sáttasemjari í því máli og ræða við félmrh. um hvort ekki sé hægt að verða við þessari sanngjörnu ósk.

Stúdentaráð háskólans segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið var ekki sent stúdentaráði til umsagnar en viljum við engu að síður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Þar [þ.e. í frv.] kemur fram að illa er vegið að áætlunum um framtíðaruppbyggingu stúdentagarðanna. Breytingarnar geta leitt til mikillar hækkunar á leigu og gera allar framtíðaráætlanir erfiðar. Þetta leiðir til þess að uppbygging námsmannaíbúða kemur til með að dragast stórlega saman.“ — Dragast stórlega saman — „Stúdentaráð lítur það mál alvarlegum augum þar sem augljóslega eru miklir hagsmunir í húfi.“

Það er náttúrlega ljóst ef stefnir í það, þegar svona er haldið á málum, að þetta komi fram í hækkun á leigu á námsmannaíbúðum þá getur það leitt til þess að við búum ekki við jafnrétti til náms. Það getur haft þær afleiðingar enda hef ég, herra forseti, margkallað eftir því að fá hæstv. menntmrh. hér við þessa umræðu til þess að athuga hvort hann hafi nokkuð hugleitt þær afleiðingar sem þetta frv. hefur.

Síðan segja stúdentarnir, með leyfi forseta:

„Það sem athygli vekur í stefnu stjórnvalda og helst veldur okkur áhyggjum er eftirfarandi:

1. Engin úthlutun fékkst úr (Gripið fram í.) Byggingarsjóði verkamanna á síðasta ári til uppbyggingar garðanna og stefnir allt í að úthlutunin verði engin aftur í ár.“

Svo vísa þeir í umsögn fjmrn. og til þess að lagt er til að: „fellt verði niður 3,5% framlag sveitarfélaga, lögð verði á stimpilgjöld og veitt dýrari framkvæmdalán en þetta kemur til með að leiða til aukins byggingarkostnaðar og þar af leiðandi hækkunar á leiguverði til stúdenta.

4. Mikil óvissa er um vaxtakjör á lánum í framtíðinni og ekki óvarlegt að ætla að markaðsverð verði staðreyndin. Sú staðreynd kemur til með að leiða af sér hækkun á leigu um 30%.“

Takið eftir því. Ef það á að fara með vextina upp í markaðsvexti þá leiðir þetta af sér hækkun á leigu, segir stúdentaráð hér, um 30%. Og hvað þýðir það? Leiðir þetta ekki til þess að hækka þurfi námslánin, herra forseti? Hæstv. menntmrh., herra forseti, sér enga ástæðu til að vera við þessa umræðu þó við séum að ræða hér um breytingar sem geta haft áhrif, ekki bara á jafnrétti til náms heldur áhrif á námslánakerfið sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á. (**LB:** Hann er að kynna sér mexíkóska menntastefnu.) (**SvG:** Hvar er Ísólfur?) Ja, ég veit ekki hvað er hægt að treysta, herra forseti, á hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason. Þeir eru ekki margir framsóknarmennirnir sem hafa látið sjá sig í þingsölum í dag, fyrir utan félmrh. sem skyldu sinnar vegna verður að sitja hér, og maður sér á honum að honum leiðist mikið. (**Gripið fram í:** Er það?) Ja, mér hefur sýnst það, herra forseti, að honum hafi leiðst hér mikið. Aðrir þingmenn hafa varla sést hér í dag nema sá forseti sem nú situr í stólnum og ég veit að hefur ekki liðið mjög vel, a.m.k. stundum, undir þeim lestri sem hér hefur verið vegna þess að hæstv. forseti veit, eftir að hafa hlýtt á mitt mál í dag og núna þegar ég er að fara yfir umsagnirnar, að þeim ber alveg saman. Þannig að hafi hann ekki haft trú á mínum málflutningi þá hefur þó þessi hv. þm. og forseti sem nú er í forsetastól, ávallt tekið mikið mark á verkalýðshreyfingunni og þess vegna geri ég ráð fyrir að hann sé orðinn svolítið hugsi yfir þessu.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Mikil uppbygging hefur átt sér stað á stúdentagörðunum á undanförnum árum. Þeirri uppbyggingu er ekki lokið en stefnt er að því að um 15% stúdenta við Háskóla Íslands eigi þess kost að búa á görðum meðan á námi stendur. Ljóst er að tilvist stúdentagarðanna er ekki einungis hagræði fyrir stúdenta heldur eru stúdentagarðarnir nauðsynleg forsenda náms hjá stórum hópi fólks. Er þar helst að nefna landsbyggðarfólk, einstæða foreldra og aðra sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Framboðið í dag fullnægir ekki eftirspurn og verður því að forgangsraða umsækjendum. Eins og fram kemur hér að ofan geta þær breytingar sem um ræðir leitt til allt að 30% hækkunar á leiguverði sem engan veginn getur talist ásættanlegt.

Tvær af meginforsendum uppbyggingar stúdentagarðanna eins og rekstri þeirra hefur verið háttað á undanförnum árum er:

a. lágt verð og

b. stöðugleiki.“

Það eru meginforsendurnar sem þeir hafa getað treyst á meðan jafnaðarmenn fóru með stjórn húsnæðismálanna, þ.e. lágt verð og stöðugleiki. Og það er fyrir bí núna, herra forseti. Síðan segir:

„Ekki þarf að tíunda mikilvægi þess að hægt sé að bjóða stúdentum húsnæði á eins lágu verði og mögulegt er. Húsnæðiskostur á lágu verði fyrir stúdenta er eitt af meginmarkmiðum stúdentagarðanna. Óhætt er að fullyrða að ef rekstrargrundvöllur garðanna býður ekki upp á að hægt sé að halda leiguverði í lágmarki er forsendan fyrir frekari uppbyggingu og framgangi orðin veik.

Annað það helsta sem stúdentar sækja í á görðunum er sá stöðugleiki sem tryggður hefur verið. Yfirburðir stúdentagarðanna á þessu sviði gagnvart hinum almenna leigumarkaði eru ótvíræðir. Bæði hefur verið kappkostað að auka framboð til að svara aukinni eftirspurn auk þess sem einstaklingar búa við það öryggi að fá leigt til lengri tíma án þess að eiga það á hættu að missa húsnæðið.

Ljóst er að hinn almenni leigumarkaður er engan veginn samkeppnisfær hvað varðar lágt verð og stöðugleika. Framtíðartrygging fyrir því að boðið verði upp á húsnæði á eins hagkvæmu verði og mögulegt er og stöðugleika fyrir stúdenta er engin á hinum almenna markaði.“

„Ítrekað er talað um það í frumvarpinu að uppbygging leigumarkaðarins sé eitt af meginmarkmiðunum. Það kemur því á óvart að eins illa sé vegið að uppbyggingu stúdentagarðanna og raun virðist bera vitni. Stúdentaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til félagsmálanefndar Alþingis að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda og gerðar verði þær

breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggt verði að öflug uppbygging stúdentagarðanna verði möguleg í framtíðinni."

Mér þótti nauðsynlegt, herra forseti, að fara nokkuð ítarlega yfir þetta varðandi námsmennina, sérstaklega með tilliti til forsögu framsóknarmanna í því máli. En það er líka hægt, herra forseti, að fara hér yfir umsögn Byggingafélags námsmanna þar sem frv. er mjög gagnrýnt og yfir umsögn Félagsstofnunar stúdenta og ætla ég að lesa niðurlagið bara í umsögn Félagasstofnunar stúdenta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu frumvarpi má gera ráð fyrir að uppbygging námsmannaíbúða dragist stórlega saman á næstu árum. Niðurfelling 3,5% framlags sveitarfélaga, álag stimpilgjalda og dýrari framkvæmdalán hafa áhrif til hækkunar byggingarkostnaðar og þar af leiðandi til hækkunar leiguverðs til stúdenta. Vaxtakjör er sú breyta sem mestu máli skiptir og óvissa um þau gerir alla áætlanagerð erfiða en eins og komið hefur fram hefur hækkun vaxta úr 1% í 5% áhrif á hækkun leigu sem nemur tæplega 30%." — Þ.e. ef þeir verða að treysta eingöngu á húsbréfakerfið þá hækkar það leiguna verulega. — „Óvissa um lánafyrirgreiðslu er að sama skapi allri langtímaáætlanagerð og stefnumótun fjötur um fót.

Félagsstofnun stúdenta hefur litið á uppbyggingu stúdentagarða og rekstur þeirra sem hluta af lausn þess húsnæðisvanda sem almennt steðjar að. Húsnæðisvandi stúdenta er enn fyrir hendi og þarf að leysa hann á annan hátt ef Félagsstofnun stúdenta er ekki gert kleift að sinna því hlutverki."

Í lokin segir:

„Félagsstofnun stúdenta hefur fullan hug á að halda uppbyggingunni áfram en lýsir yfir áhyggjum sínum ef frumvarpið verður samþykkt í óbreyttri mynd og vonast til að hæstv. félagsmálanefnd skoði vandlega þau atriði sem hér hefur verið minnst á."

Hjá Byggingafélagi námsmanna eru margar athugasemdirnar þær sömu og ég ætla því ekki að fara yfir þær. Þeir hafa áhyggjur af hækkun vaxta sem þýðir einfaldlega hækkun á leigu og benda á hvað gerist ef færa á vextina upp í markaðsvexti. Þeir benda á stimpilgjöldin sem verða á húsbréfalánunum og síðan segja þeir, með leyfi forseta:

„Það er hægt að reikna það beint til hækkunar að 1,5% stimpilgjald hefur í för með sér 1,3% hækkun á byggingakostnaði miðað við 86,5% lán eins og tíðkast hafa hingað til."

Þeir hafa auðvitað líka rekið augun í þessa nýju gjaldtöku sem er í frv. þó það sé ekki minnst einu orði á hana í greinargerð, og segja:

„Samkvæmt þessu frumvarpi mun gjaldtaka á lánum til okkar hækka töluvert en á sama tíma er það lagt til að framlag sveitarfélaga verði fellt niður en það hefur hingað til verið 3,5% af byggingakostnaði."

Þeir hafa einnig áhyggjur af Tryggingarsjóðnum sem ég hef nú lítið komið inn á en full ástæða er til þess að gera það. Þeir hafa áhyggjur af því að:

„... ef búið verður að nota varasjóðinn til greiðslu á tjóni vegna útlánatapa, þá verður ekkert eftir til greiðslu á tjóni vegna byggingargalla. Hér stangast eitthvað á sem ekki getur farið saman."

Síðan taka þeir þetta saman í fimm punktum:

„Við leggjum til að frv. verði frestað til haustsins.

Við mælum með að Þak yfir höfuðið fá aðila inn í stjórn Íbúðalánasjóðs.

Vextir af lánum til félagslegra leiguíbúða verði hafðir lægri en almennir húsnæðislánavextir eða að þar komi á móti einhver önnur aðstoð frá hinu opinbera í gegnum skattkerfið eða eftir öðrum leiðum.

Stimpilgjöld og lántökugjöld verði ekki sett á lán til félagslegra leiguíbúða.

Tryggingarsjóður nýtist félagasamtökum sem slíkur eða sem varasjóður."

Hér er einnig ítarleg umsögn frá Búseta, herra forseti. Hún er, herra forseti, í 42 liðum. Athugasemdirnar frá Búseta eru 42 liðum. Ég er alveg sannfærð, eftir að hafa lesið þá umsögn, um að Búseti hefur farið mjög ítarlega yfir þetta frv. Þeir eiga auðvitað mikið undir því komið og þeirra félagar að grundvellinum verði ekki kippt undan þeirra starfsemi eins og gera á með þessu frv. Mér finnst þeir gera hér mjög skynsamlegar athugasemdir hvað varðar frv. til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög sem mér skilst að eigi að fresta, en það gerir þeirra stöðu enn ótryggari. Síðan gera þeir miklar athugasemdir við það hvernig starfsgrundvellinum er kippt undan Búseta. Þeir benda á að viðbótarlán þurfi að vera til staðar fyrir félagasamtök eins og Búseta og að ekki sé nóg að opna húsbréfakerfið fyrir félagasamtök heldur þurfi þau einnig að geta fengið viðbótarlán ef þetta á að gagnast þeim.

Þeir benda réttilega á að það er allt of langt gengið í að fela félmrh. að gera fyrirmyndir að samþykktum fyrir einstök félög og félagasamtök, til að öðlast rétt á lánum út úr Íbúðalánasjóði eða setja slíkt í reglugerð og vafasamt að taka það sérstaklega fram að vextir af lánum til leiguíbúða skuli vera breytilegir sem mér skilst að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af. Ég held það sé stefnt bara einn veg í þessu efni, þ.e. að koma á markaðsvöxtum. Þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Félög og félagasamtök svo sem Búseti ættu að hafa sérstakan rétt til að stofna félög um rekstur leiguíbúða til samræmis við hliðstæðan rétt til sveitarfélaga.

Út í hött að fela félagsmálaráðherra með reglugerð hver skuli vera leiga í leiguíbúðum með lánum úr Íbúðalánasjóði. Eðlilegt að miða leigu við raunkostnað hverrar íbúðar."

Ég man ekki betur en að einmitt Búseti hafi verið með leigu á sínum íbúðum undir þeim kostnaðargrundvelli sem meira að segja Húsnæðisstofnun hefur verið með.

Þeir hafa gert alvarlegar athugasemdir við varasjóð sem koma á í stað núverandi Tryggingarsjóðs, en með honum: „... á að færa sveitarfélögunum til eignar, öll framlög í Tryggingarsjóð til þessa frá fjölmörgum félögum og félagasamtökum. Um er að ræða 1% af hverju láni úr Byggingarsjóði verkamanna frá árinu 1990." Þetta hafa félagasamtök m.a. lagt í Tryggingarsjóðinn.

„Þetta getur ekki kallast annað en eignarupptaka", segja þeir með réttu.

Ég hvet hv. þm. til þess að fara ofan í þessa 42 töluliði hjá Búseta. Mér gefst ekki tími til þess að klára þá yfirferð, svo mikið á ég eftir. Ég vænti þess að hv. þm., sem hafa áhuga á málinu, kynni sér vel umsögnina hér er lögð fram. Og þeir enda á því að segja að annað sé tæplega verjandi en að núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins verði tryggð áframhaldandi vinna samkvæmt þessu frv. Í dag fjallaði ég um, herra forseti, mörg opinber fyrirtæki sem breytt hefur verið rekstrarformi á, og hvernig að alls staðar, alltaf gegnumgangandi er ákvæði um forgang starfsmanna til starfa í nýju fyrirtæki.

Öryrkjabandalagið gerir einnig miklar athugasemdir og er það á sama veg og hjá Þaki yfir höfuðið, sömuleiðis Sjálfsbjörg. Þeir benda á það sem þeir með réttu eiga að gera, að þeir hafa áhyggjur af sérlánum fyrir fatlaða. Í Byggingarsjóði ríkisins hefur verið ákveðinn lánaflokkur sem eru sérlán til fatlaðra. Sá lánaflokkur er bara í vindinum, herra forseti. Það verður stjórn Íbúðalánasjóðs framsóknar- og íhaldsmanna sem á að ákveða það hvort þessi sérlán fyrir fatlaða, til breytinga á húsnæði, verði áfram til staðar. Sama áhyggjuefni kemur auðvitað fram í umsögn Öryrkjabandalagsins. Þeir leggja mikla áherslu á að áfram verði kostur á sérstökum lánum til einstaklinga með sérþarfir tryggður með beinni lagatilvísun, svo sem verið hefur í meira en tvo áratugi.

Leigjendasamtökin segja að helst sé að sjá að markaðsstefnu eigi að efla enn meira en verið hefur. Það getur stjórn Leigjendasamtakanna ekki samþykkt enda gengur það þvert á stefnu samtakanna varðandi öruggt húsnæði og leysir engan vanda.

Bandalag háskólamanna gerir að umtalsefni réttarstöðu starfsmanna og fara yfir áhrif frv., sem sem þeir telja að leiða muni til aukinnar gjaldtöku, og fleira mætti nefna í þeirra umsögn.

Og síðan komum við að Félagi einstæðra foreldra en þar segir: „Félag einstæðra foreldra leggur eindregið til að afgreiðslu umræddsfrumvarps verði frestað til haustsins svo tími gefist til þess að fara betur ofan í fjölmörg atriði sem augljóslega þurfa lagfæringar við. Félag einstæðra foreldra leggur á það áherslu að tíminn til haustsins verði notaður til ítarlegrar yfirferðar frumvarpsins og að höfð verði fyllsta samvinna við þau fjölmörgu félagasamtök sem málið varðar."

Herra forseti. Ég hef nefnt hér í dag hve athyglisverðar umsagnirnar eru frá húsnæðisnefndum hinna ýmsu sveitarfélaga og það að þær segja allt aðra sögu en umsagnir sveitarfélaga. Húsnæðisnefndirnar eru gagnrýnar á þetta frv. meðan sveitarfélögin eru það ekki. Það kemur mjög á óvart. Fyrst ætla ég að lesa hér, sem ég held að sé nauðsynlegt að komi inn í þingtíðindi, ósk frá Starfsmannafélagi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana hér orðrétt. Það er áskorun starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins til félmrh. frá 18. mars 1998:

„Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins skorar hér með á hæstvirtan félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að við frumvarp til laga um stofnun Íbúðalánasjóðs verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði.

Í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförnu hefur verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Nægir hér að nefna ... stofnun hlutafélaga um rekstur Póst- og símamálastofnunar, ... um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, ... um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og loks um Lánasjóð landbúnaðarins.

Í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs."

Ég held að mikil ástæða sé til þess að lesa þessa áskorun upp orðrétta. Það markar ákveðin tímamót ef raunin verður sú, herra forseti, að ekki eigi að taka tillit til þess að starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi forgang til starfa, eins og hefur verið nær undantekningarlaust þegar breytt hefur verið um rekstrarform á fyrirtækjum eða breytt þar um umhverfi. Við erum því að fara inn í nýja starfsmannastefnu hjá þessari ríkisstjórn.

Áður en ég hleyp á umsögnum húsnæðisnefnda, herra forseti, vil ég minna á ársfund Landssamtaka húsnæðisnefnda 1997, þar sem húsnæðisnefndirnar eða landssamtök þeirra fella dóm sinn um kerfið sem nú á að loka. Og hver er nú þeirra dómur? Ég fullyrði að húsnæðisnefndirnar í þessu landi þekki mest og best til félagslega kerfisins og framkvæmdar á kerfinu. Og hver er dómurinn, herra forseti?

„Núverandi löggjöf um félagslegt eignaríbúðarhúsnæði hefur reynst allvel í stærstu þéttbýlisstöðum landsins, þó svo að á einstökum stöðum á landsbyggðinni hafi reynst erfitt að selja félagslegt íbúðarhúsnæði. Ársfundurinn vekur athygli á að á milli 85% og 90% af öllum félagslegum eignaríbúðum ganga eðlilega kaupum og sölu og hafa reynst aðgengilegur íbúðarkostur."

Þar höfum við það. Ég held að þetta séu samtök sem taka eigi mark á, herra forseti. Þetta er fólk sem dags daglega hrærist í framkvæmdinni á félagslega kerfinu og á að hafa mesta vitneskju og þekkingu á því hvernig þetta kerfi virkar.

Og ef við förum t.d. í umsögnina frá Kópavogsbæ, herra forseti, þá er hún mjög góð. Ég ætla bara að grípa niður í örfáa þætti hennar. Þeir segja:

„Rætt hefur verið um ör eigendaskipti í félagsíbúðakerfinu og það talið einn af ókostum þess. Öfugt við gagnrýnendur teljum við það jákvæða þróun ef fólk efnast það vel að það sjái sér fært að fara á frjálsa markaðinn og sýni að kerfið sé þess virði og skili því sem ætlast var til. Einnig má benda á að mikið er um að fjölskyldur í félagslegum íbúðum óski eftir stækkun þegar fjölskyldan hefur stækkað.

Ef keypt hefur verið ný íbúð í upphafi þá er nokkuð víst að við sölu hennar verða töluverð afföll af eigninni auk þess sem greiða verður söluþóknun til fasteignasalans auk auglýsingakostnaðar. Enn fremur er rétt að benda á að við þessa kerfisbreytingu verður eignamyndun miklum mun hægari en í núverandi kerfi. Þessi atriði gera því fjölskyldunum erfiðara fyrir að stækka við sig þó full þörf sé fyrir slíkt.

Vegna ákvæða 18. gr. um greiðslumat gerði húsnæðisnefnd Kópavogs könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem höfðu keypt sér íbúðir hjá nefndinni að undanförnu og höfðu staðist greiðslumat miðað við greiðslubyrði 28% af brúttólaunum. Þessar sömu fjölskyldur voru greiðslumetnar miðað við 18% greiðslubyrði af brúttólaunum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Kom þá í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af þessum 122, eða 9%, hefðu staðist greiðslumat samkvæmt frumvarpinu ..."

Herra forseti. Mér finnst mjög athyglisvert að þegar könnun er gerð hjá 122 fjölskyldum sem fengið hafa félagslega íbúð og greiðslumatið er miðað við það sem er í húsbréfakerfinu, þá hefðu einungis 9% eða 11 fjölskyldur af þessum 122 staðist greiðslumat samkvæmt frv.

„Þegar skoðaðar voru 186 umsóknir sem borist höfðu undanfarna 14 mánuði kom í ljós að aðeins 6 fjölskyldur hefðu staðist greiðslumat eða 3,3% af umsækjendum. Þessi breyting ein" — þessi breyting ein, herra forseti, og bið ég nú að tekið sé eftir því orði sem hér er notað — „mundi

valda sprengingu á leigumarkaðnum og afleiðingarnar ekki fyrirsjáanlegar því augljóst er að sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem þyrfti að verða en í frumvarpinu er ákvæði í 5. gr. þar sem sveitarstjórnir bera ábyrgð á og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun."

Hér er, herra forseti, talað um, hvorki meira né minna en sprengingu á leigumarkaðnum. Og síðan er sagt:

„Á síðastliðnum fimm árum hefur húsnæðisnefnd Kópavogs afhent að jafnaði 49 nýjar íbúðir til umsækjenda auk 56 innlausnaríbúða á ári sem er meðaltal síðustu þriggja ára eða samtals 105 íbúðir á ári."

Húsnæðisnefndin metur síðan kostnaðinn fyrir Kópavog, ef þetta frv. verður að lögum, og segir:

„Miðað við að frumvarpið verði samþykkt óbreytt þá er varlega áætluð þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári, næstu 4 árin" — eitt sveitarfélag, Kópavogur, segir þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári meðan einungis er gert ráð fyrir 25 leiguíbúðum hjá fjmrh. — „og mun það kosta bæjarfélagið 76 milljónir auk húsaleigubóta sem mundu nema u.þ.b. 4 milljónum. Heildarkostnaður yrði því samtals 80 milljónir á ári."

Það er gert ráð fyrir 80 milljónum á ári fyrir þetta sveitarfélag miðað við þessa auknu þörf á leiguíbúðum. Ég hefði nú gjarnan viljað sjá, ég man bara ekki hvort til er einhver umsögn frá Kópavogsbæ, þ.e. sérstaka umsögn frá þeim og sér frá húsnæðisnefndinni, eins og víða er. Í umsögunum sveitarfélaganna er gjarnan gengið í þveröfuga átt.

Ef við tökum hér húsnæðisnefnd Hafnarfjarðar þá segja þeir:

„Kostnaður við þessa breytingu lendir hins vegar þungt á sveitarfélögunum og því þyngra sem viðkomandi sveitarfélag hefur tekið meiri þátt í uppbyggingu félagslegs húsnæðis fyrir." — Þarna er því blákalt haldið fram að þetta muni lenda mjög þungt á sveitarfélögunum. — „Má leiða að því líkur að dýrar íbúðir muni fyrst og fremst koma til innlausnar, hinar ódýrari muni verða seldar á frjálsum markaði."

Í umsögninni er spurt hvaða tilgangi ábyrgð sveitarfélaga á viðbótarlánum þjóni og að langstærsti hluti skjólstæðinga húsnæðisnefndar muni verða leigjendur.

„Að öllu framansögðu virðist ljóst að sveitarfélögunum, og þá helst þeim sem flestar íbúðir hafa fyrir í félagslegu kerfi í dag, er ætlað að borga brúsann við breytingar á núverandi kerfi um félagslegar íbúðir. Húsnæðisnefnd Hafnarfjarðar getur ekki tekið undir slíkar tillögur."

Það er því varla hægt að segja að varðandi þetta mál sé eintóm gleði hjá sveitarfélögunum.

Hjá húsnæðisnefndinni á Akureyri kemur margt mjög athyglisvert fram, herra forseti. Þeir segja að erfitt sé að meta ýmsa þætti frv. en jafnframt ljóst að útgjöld Akureyrarbæjar til húsnæðismála muni aukast verulega verði frv. samþykkt óbreytt. Þeir segja:

„Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að 10% eigið framlag íbúðarkaupanda sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðgangi að lánafyrirgreiðslu til félagslegrar eignaíbúðar og þeim sem ekki eiga sparnað til íbúðarkaupa er ætlað að fara áleigumarkað. Félagslegri jöfnun verður hætt annarri en með vaxtabótakerfinu."

Þeir meta hér áhrif breytinganna, herra forseti, og segja um áhrifin á kaupendur og seljendur:

„Hvaða áhrif hefur breytingin á hag notenda, sem eru kaupendur og seljendur félagslegra íbúða? Ljóst er að kaupskylda sveitarfélaga er mikil trygging fyrir þá sem kaupa sér félagslegar íbúðir ekki síst fyrir þá sem búa úti á landi þar sem markaðsverð hefur farið lækkandi og er undir byggingarkostnaði. Hægt er í dag að selja félagslegar íbúðir með litlum fyrirvara. Verðlækkunin á nýbyggingu á almennum markaði er hröðust fyrstu árin. Verðlag á íbúðum á almennum markaði hefur ekki haldið í við lánskjaravísitölu á síðustu árum."

Síðan segir í sömu umsögn:

„Ekki má líta fram hjá því að þeir sem kaupa félagslegar íbúðir eru eignalitlir og tekjulágir og hafa ekki efni á að axla þá áhættu sem fylgir sveiflum á markaðsverði á íbúðum. Þegar lánshlutfall er orðið 90% þá þarf ekki mikið út af að bera til þess að aleigan og oft margra ára sparnaður sé horfinn og jafnvel að höfuðstóllinn sé orðinn negatífur.

Ef allt verður sett á frjálsan markað er líklegt að verð á ódýrari íbúðunum hækki vegna aukinnar eftirspurnar. Oft eru það íbúðirnar sem eru í verstu ástandi. Fjölskyldurnar sem eru að kaupa þessar íbúðir eru oftast með minnstu greiðslugetuna og hafa því ekki efni á að gera nauðsynlegar endurbætur. Til þess að ráðst í endurbætur þarf að taka bankalán. Við það eykst greiðslubyrðin verulega og það sem verra er oftast eykst verðgildi íbúðarinnar í litlu hlutfalli við þá fjármuni sem eytt er í endurbætur og því getur þurft að greiða með íbúðinni í sölu."

Þeir segja að yfir 60% umsækjenda hjá húsnæðisnefnd Akureyrar eigi lítið upp í útborgun. Á mannamáli þýðir það einfaldlega, herra forseti, að 60% umsækjenda hjá Akureyrarbæ fá ekki inni í þessu kerfi. Þeim er vísað á leigumarkaðinn og Akureyrarbæ sem á að sjá um að útvega þeim leiguhúsnæði. Síðan er farið yfir áhrif breytingarinnar á greiðslugetu og eignamyndun, þar segir:

„Ljóst er að hér er verið að þrengja verulega möguleika fjölskyldna og einstaklinga á að kaupa sína eigin íbúð og tryggja sér þannig öryggi í húsnæðismálum. Þegar vextir hækka minnkar afborgunarhluti í greiðslu fyrstu árin og vaxtahluturinn verður meiri, sem þýðir að eignamyndunin verður hægari."

Þarna kemur það aftur, þvert á það sem hæstv. ráðherra heldur fram, að talað er um að eignamyndunin verði hægari.

„Fyrning í félagslega kerfinu í dag er 1% og ætla má að það sé lágt miðað við raunveruleikann hér á Akureyri."

Og síðan segja þeir:

„Ef vextir verða hækkaðir í 5,1% og vaxtabætur verða óbreyttar kallar það í flestum tilvikum á lægra greiðslumat og meiri greiðslubyrði hjá einstaklingum og fjölskyldum. Það sem gerist er að vaxtagreiðslur tvöfaldast og kaupendur þurfa að borga alla vexti umfram hámarkið í vaxtabótum."

Þarna kemur kjarni málsins. Kaupendur þurfa að borga alla vexti umfram hámarkið í vaxtabótum.

„Í dæmunum hér á eftir sést að mestu munar í greiðslubyrði fyrsta árið þó að munurinn sé í flestum tilfellum allan lánstímann mikill, ef litið er á hann sem hlutfall af tekjum viðkomandi. Enn meiru munar ef reiknað er með að taka þarf lán fyrir 10% útborgun, sem meiri hlutinn af kaupendum þarf að gera að einhverju marki."

Því næst er fjallað um um kostnaðinn og þar segir:

„Ljóst er að lántöku- og stimpilkostnaður fæst sjaldan endurgreiddur í vaxtabótum, þar sem hámarksendurgreiðslu er náð."

Menn eru það fljótir upp í þakið að vaxtabæturnar taka ekki við þeim kostnaði sem er af lántöku og stimpilgjaldi.

Hér er síðan athyglisverð tafla frá húsnæðisnefnd Akureyrar sem full ástæða væri, herra forseti, til þess að fara svolítið ítarlega yfir hér. Þar er það útskýrt hvernig greiðslubyrðin kemur út, fyrir og eftir breytingu. Hér kemur fram allt önnur mynd heldur en dregin er fram í frv. ráðherrans, herra forseti. Hér er talað um kaupverð íbúðar upp á 5 millj. og launin séu 70 þús. kr. Við getum bara tekið fyrsta árið. Fyrir breytingu er greiðslubyrðin 50.400 kr. og eftir breytingu 124.900 kr. Ef við tökum þriðja árið þá er hún 115 þús. að teknu tilliti til vaxtabóta fyrir breytingu, og eftir breytingu 124 þúsund. Þannig mætti áfram rekja þetta, herra forseti. Það getur munað 20, 30, 40 og upp í 50 þús. kr. í greiðslubyrði. Síðan er því haldið fram af hæstv. ráðherra að hér sé verið að lækka greiðslubyrði fólks. Það er auðvitað fjarstæða.

Þá er sagt, herra forseti:

„Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða hámark leigugjalda. Í dag eru í gildi reglur um hámark leigugjalds á félagslegum íbúðum. Inn í það leigugjald má ekki reikna álag vegna leigutaps. Væri ekki réttara að framlag sveitarfélaga inn í varasjóð sé ætlað til að standa undir hugsanlegu leigutapi vegna leiguíbúða sveitarfélaga?"

Þarna koma fram efasemdir um það til hvers á að nýta þennan varasjóð. Því næst skoða þeir hve mikið þurfi að fjölga leiguíbúðunum miðað við áhrifin af þessu frv. Niðurstaða þess liggur fyrir. Við töluðum um að í Kópavogi væri þörf fyrir 75 íbúðir á ári og hér er sagt:

„Um 100 fjölskyldur og einstaklingar kaupa íbúðir á ári í félagslega kerfinu á Akureyri. Um þriðjungur á eitthvað upp í útborgun eða að meðaltali 450 þúsund. Ef við gerum ráð fyrir að þeir sem ekkert eiga upp í útborgun þyrftu á leiguíbúð að halda eftir breytinguna þá þyrfti Akureyrarbær að fjölga leiguíbúðum um 60 á ári."

Það eru 60 leiguíbúðir á ári á Akureyri. Þær voru 75 í Kópavogi. Hins vegar eru aðeins 25 íbúðir til ráðstöfunar.

„Næstu árin kostar það um 42 milljónir í útborgun og um kr. 9 milljónir í lántökukostnað miðað við að íbúðarverð sé að meðaltali kr. 7 milljónir. [Þ.e. þessar 60 leiguíbúðir sem þeir þurfa að byggja.] Síðan þarf að greiða leigutap. Ætla má að leigutap geti numið 5–10% af leigutekjum. Þar getur verið um að ræða háar fjárhæðir á ári. Mörg sveitarfélög eru að greiða verulegar fjárhæðir með íbúðum sem eru í leigu í félagslega kaupleigukerfinu bæði vegna afskrifta á húsaleigu hjá þeim sem ekki borga og viðhaldsþáttar sem reikna má inn í leiguverð."

Þannig að þetta er nú allt á sömu bókina lært. Ég held að það verði varla annað sagt en að þessar athugasemdir frá húsnæðisnefndum Akureyrar, Kópavogs og Hafnarfjarðar, að viðbættri athugasemd frá húsnæðisnefnd Reykjavíkur, séu mjög alvarlegar, herra forseti. Og mér finnst nokkuð merkilegt að ekki skuli vera tekið meira tillit til þeirra athugasemda sem hér koma fram, herra forseti.

Þegar húsnæðisnefnd Reykjavíkur er búnin að skoða hve mörg lán hafi verið afgreidd að undanförnu þá segja þeir:

„Ætla má að þessir viðskiptavinir stofnunarinnar hefðu ekki átt aðgang að því lánafyrirkomulagi sem frumvarpið kveður á um."

En þeir segja að árið 1997 hafi húsnæðisnefnd Reykjavíkur afgreitt 111 íbúðir með viðbótarláni eða 100% láninu og þeir segja:

„Af þessum tölum má áætla að í Reykjavík þurfi að fjölga leiguíbúðum um a.m.k. 180 árið 1999."

Þá erum við komin með 180 íbúðir í Reykjavík, 75 íbúðir í Kópavogi, og voru þær ekki 60 á Akureyri? Við erum komin hér með 300 leiguíbúðir, herra forseti, í þremur sveitarfélögum, sem þeir segja að þurfi á næsta ári — til viðbótar biðlistunum. Til viðbótar biðlistunum er við þessa breytingu talað um 300 íbúðir, í Reykjavík, Akureyri og Kópavogi.

Þær eru ekki til, herra forseti. Þær eru ekki til, þessar 300 íbúðir sem Kópavogur, Akureyri og Reykjavík eru að biðja um. Þeir segja að að það vanti 300 íbúðir eftir þessa breytingu. Þær eru ekki til. Er þá eitthvað skrýtið þó að við í stjórnarandstöðunni segjum að það sé verið að vísa láglaunafólki hérna út í kuldann? (**Gripið fram í:** Það eru til 25.) Já, 25 standa til boða en í þrem sveitarfélögum er beðið um 300 á næsta ári, bara út af breytingunum á þessu kerfi, fyrir utan biðlistana sem alls staðar eru.

Félmrh. hefur engar áhyggjur af málinu. Hann heldur því bara sífellt fram að þetta sé betra kerfi, lægri greiðslubyrði og betra fyrir láglaunafólk á Íslandi.

En það er auðvitað fjarstæða. Hérna er kallað eftir 180 íbúðum árið 1999 bara í Reykjavík einni saman út af þessu frv. hér. Ég veit ekki hvað eru margir í Vestmannaeyjum. Akureyri bað um 60. (**Gripið fram í:** Þessu gæti ég trúað.) Kópavogur bað um 75. Það eru 25 til skiptanna. Ekki veit ég hvernig á að fara að því að skipta 25 íbúðum, þó ekki væri nema bara milli þessara þriggja sveitarfélaga þegar þörfin er 300, bara út af frv.

Það er eins gott að lesa það hér skýrt af því að sveitarfélögin voru öll svo ánægð með þetta frv. á fulltrúaráðsfundinum á Egilsstöðum. Hér segir, í umsögn húsnæðisnefndar Reykjavíkur:

„Þá vill húsnæðisnefndin benda á að eins og frumvarpið er úr garði gert í dag er hætta á stórauknum útgjöldum sveitarfélaga í væntanlegan varasjóð vegna fjölgunar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga."

Þá er ekki verið að tala um aukninguna sem verður vegna húsaleigubótanna. Það er annar þáttur í þessu máli. Sveitarfélögin eru bara afskaplega ánægð. Ég held að þeim hafi verið seld svikin vara. (**EKG:** Ekki húsnæðisnefndirnar. Þær vita hvað þetta þýðir.) Þær vita hvað þetta þýðir. Ég held nefnilega að félmrh. sé að selja sveitarfélögunum svikna vöru sem þau standi uppi með þegar þau átta sig á málinu. (**Gripið fram í:** Hvernig taka þeir þessu á Blönduósi?)

(**Forseti**(GÁ)**:** Þetta er samtal í þingsal.)

Ja, ég er ekki hér með neina umsögn frá húsnæðisnefndinni á Blönduósi en það væri fróðlegt að vita hvað þeir segðu um þeta mál.

Og hér koma fulltrúarnir frá verkalýðshreyfingunni fram á völlinn í kringum 1. maí og spyrja: „Á að rústa félagslega húsnæðiskerfið?" Þeir færa fram rök fyrir því. Þeir sem skrifa undir þessa ítarlegu umsögn sem ég fór yfir áðan eru Guðmundur Vignir Óskarsson og Kristján Gunnarsson og síðan Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, sem talar um að stórum hópi láglaunafólks verði úthýst og segir:

„Þrátt fyrir fögur orð er ekkert sem tryggir að ríki og sveitarfélög muni taka á sig kostnað við niðurgreiðslu húsaleigu." Það er viss hætta á því að kostnaðurinn lendi bara beinustu leið á leigjendunum og hækki leiguna.

Síðan segja fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar að fyrst og fremst sé verið að taka á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en ekki á vanda þess fólks sem kerfið

á að þjóna. Þannig er það í hnotskurn. Auðvitað er freistandi að lesa upp þessar greinar. Það er freistandi að lesa upp þessar greinar vegna þess að þeir hafa mikið til síns máls. Ég hef farið yfir umsögn verkalýðshreyfingarinnar þannig að ég ætla ekki að gera það hér að sinni.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að nauðsynlegt væri, ef í það stefndi að fara ætti að jarðsetja félagslega húsnæðiskerfið og loka því, að fara aðeins yfir þegar félagslega kerfinu var komið á 1929. Ég ætlaði einnig að ræða hér og fara yfir það þegar húsnæðislöggjöfinni var breytt 1990 og 1993 og hvað framsóknarmenn höfðu þá að segja um þetta mál, en það má vera að ég biði með það vegna þess að ég má tala tvisvar en ætla aðeins að víkja að umræðum sem urðu á Alþingi 1929. Áður en ég byrja þá yfirferð er rétt að halda til haga hvernig framsóknarmaðurinn og félmrh. Páll Pétursson talar til verkalýðshreyfingarinnar sem var meira virt af framsóknarmönnum áður fyrr. Hæstv. ráðherra félagsmála segir:

„Það er náttúrlega spurning hvar eðlilegt er að verkalýðshreyfing komi að húsnæðismálum.“ Hann hefur sem sagt lítinn áhuga á því að verkalýðshreyfingin sé með nokkrum hætti að koma að húsnæðismálunum.

Eins og allir vita var það fyrst og fremst Héðinn Valdimarsson sem beitti sér fyrir stofnun á félagslegum íbúðum og færði fram fyrir því margvísleg rök, herra forseti. Hverjir voru það sem börðust þá gegn því kerfi á sínum tíma? Það var auðvitað Sjálfstfl. Í frv. til laga um verkamannabústaði frá 1928 segir:

„Samkvæmt ákvæðum þessara laga styrkir ríkissjóður, með fjárframlagi og með ábyrgðum fyrir lánum, kaupstaði landsins til að koma upp húsnæði fyrir verkamenn sína.“ Þar var lagt til að ríkissjóður leggi fram $^{1}/_{10}$ hluta kostnaðar sem styrk til íbúðarhúsabygginga með ákveðnum skilyrðum sem þar voru upp talin.

Í greinargerð, sem er ekki löng, segir svo:

„Frumvarp þetta var borið fram í neðri deild Alþingis í fyrra vetur, en varð ekki útrætt þá. Það er að mestu leyti óbreytt nú og vísast til greinargerðarinnar að fyrra frumvarpinu að öðru leyti en því, sem á eftir fer.

Mesta nauðsynjamálið fyrir verkalýðinn í bæjunum er að fá hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans, í stað hinna lélegu og dýru húsakynna sem alþýðan verður nú að hafast við í. Eins og efnum fjöldans er háttað mun það seint takast og erfitt vera að koma skipulagi á þau mál nema hið opinbera, ríki og bæjarfélög, gangist fyrir því að veita aðstoð sína á svipaðan hátt og gert er víðast hvar annars staðar í menningarlöndum. Það er víðast viðurkennd skylda bæjarfélaganna að sjá um að húsnæði í bænum sé sómasamlegt og hjálpi þeim stéttum sem verst eru staddar til þess að fá viðunandi húsakynni. En engu að síður er þetta mikilsvert fyrir allt þjóðfélagið í heild og taka ríkin því venjulega nokkurn hluta kostnaðarins á sig. Eftir að hið opinbera hefur lagt eins mikið í sölurnar fyrir viðreisn sveitanna, ræktun þeirra og nýbyggingar, eins og gert hefur verið á síðustu þingum og ætlast er til að gert verði á þessu þingi, verður erfitt að mæla í gegn hinni almennu kröfu alþýðunnar í bæjunum um opinbera aðstoð til þess að koma upp heilnæmum og ódýrum verkamannabústöðum. Kostnaður sá, sem ætlast er til að ríki og bæjarsjóðir hafi af þessum byggingum, er lítill í samanburði við þau feikna áhrif sem þær mundu hafa á vellíðan og heilbrigði alþýðunnar.“

Síðan segir: „... kemur fram að yfirleitt sé flest fólkið í minnstu íbúðunum, og þær eru að öllu leyti verst úr garði gerðar.“

Síðan segir:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur nýlega látið fara fram húsnæðisrannsókn í bænum. Endanlegar skýrslur eru ekki tilbúnar en þó má sjá af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að húsnæði verkalýðsins er yfirleitt bæði lélegt, óheilnæmt og dýrt og vantar flestöll þau þægindi sem bæirnir hafa veitt öðrum stéttum.

Í þessum skýrslum er tilgreint að af 4.600 íbúðum voru 646 ekki með eldhúsi, með aðgang að eldhúsi 770 og með eldhúsi 3.200. Og af frekari upplýsingum um þessar 4.600 íbúðir má geta að af þeim voru 843 í kjallara og 929 undir súð.

Því miður eru skýrslur enn ekki tilbúnar um þéttbýlið í íbúðunum en þar kemur fram að yfirleitt er flest fólk í minnstu íbúðunum og þær eru að öllu leyti verst úr garði gerðar. Af þessu litla yfirliti sést þó að af um 4.600 íbúðum eru um 2.500 minni en þriggja herbergja en í nágrannalöndunum þykja minni íbúðir en þriggja herbergja íbúðir fyrir barnafjölskyldur vera með öllu óviðunandi. Af þessum 2.500 íbúðum eru um 1.300 eða rúmur helmingur sem annaðhvort aðeins hafa aðgang að eldhúsi eða vantar algjörlega eldhús. Af íbúðunum eru alls um 1.800 í kjöllurum eða undir súð og munu þær flestallar vera með öllu óviðunandi ...“

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að lesa allar þær umræður sem urðu nokkuð langar þegar var verið að koma félagslega íbúðakerfinu á sem komið var á í mikilli andstöðu við Sjálfstfl. en í góðu samkomulagi Alþfl. og Framsfl. Flutningsmaður, Héðinn Valdimarsson, sagði:

„Það er óhætt að fullyrða að það er fátt hægt að gera verkamönnum meira til hagsbóta heldur en að hjálpa þeim til að eignast gott og ódýrt húsnæði. Sú stefna er nú að hjálpa sveitabændum með að rækta jörðina og byggja bæina upp. En hliðstætt því er að hjálpa verkamönnum í kaupstöðum til að eignast hæfileg húsakynni. Og þótt húsakynnin séu víða léleg til sveita, þá eru þó ýms þau húsakynni, sérstaklega kjallara- og þakherbergin, sem verkafólk í kaupstöðum verður að notast við, bæði fullorðnir og börn, mjög léleg. Og ef tryggja skal nokkurn veginn þroska og heilsu kynslóðarinnar, er nauðsynlegt að bætt sé úr þessu.

Nú er það víst að verkamenn eru ekki svo efnum búnir að þeir geti byggt yfir sig af eigin rammleik. Er því með frv. þessu farið fram á að ríkissjóður og bæjarfélög styðji þá til þess. Ætlast er til að bæjarfélögin láti gera sambyggingar í þessu skyni og selji síðan verkafólki þær fyrir það verð sem þær kosta uppkomnar, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum eða 10%.“

Í frv. er ætlast til að hver fjölskylda fái tveggja til þriggja herbergja íbúð auk eldhúss. Það var nú stefnan 1929. En mér sýnist, herra forseti, á því sem hér er boðað, að einstæðir foreldrar með tekjur upp á kannski 70–80 þúsund megi ekki kaupa sér þriggja herbergja íbúðir. Hérna var samt stefnan sú 1929 að það er ætlast til að hver fjölskylda fái tveggja til þriggja herbergja íbúðir en samkvæmt þeim útreikningum sem eru í frv. og vaxtabótakerfinu og þeim hugmyndum sem uppi eru er verið að færa einstæða foreldra, t.d. með tvö, þrjú börn niður í tveggja herberja íbúðir. Íbúðirnar geta ekki verið stærri ef einstæðir foreldrar eiga að eignast þessar íbúðir. Við erum því kannski svolítið að hverfa til fortíðar, herra forseti, í ljósi þess.

Síðan segir:

„En við nánari athugun tel ég að lágmarkskröfur fjölskyldu þurfi að vera þrjú herbergi auk eldhúss.“

Og síðan segir hér:

„En nú hefur allmikið verið byggt hin síðari ár svo nú mun svo komið að efnamenn og millistétt hafi viðunandi húsnæði. En þessar byggingar hafa ekki verið gerðar með þörf verkafólksins fyrir augum. Jafnframt munu betri íbúðir hafa lækkað nokkuð, en aftur íbúðir þær, kjallarar og þakherbergi, sem fjöldi verkamanna verður að sætta sig við, eða aðrar lélegri íbúðir hafa ekki lækkað — jafnvel hækkað. Og lítil von er um að það lagist af sjálfu sér því ávallt fjölgar fólki hér, bæði af mannfjölgun bæjarins sjálfs og innflutningi.“

Og hér hefur tekið til máls undir þessari umræðu forsætis- og atvinnumálaráðherra Tryggvi Þórhallsson. Og hann hafði það til málanna að leggja að hann segir:

„Ég verð þegar að geta þess, að hér er um stórt mál að ræða og það er þess vegna fyllilega vert að gera grein fyrir því með ítarlegri ræðu.“

Og hann segir: „Ekki verður því neitað að bæði í þessum bæ og sennilega í nokkrum fleiri bæjum er svo mikil þörf að hjálpa þeim eru minni máttar til þess að fá viðunandi húsaskjól.“

Tryggvi Þórhallsson mælti eindregið með þessu. Forsætis- og atvinnumálaráðherrann taldi málið það stórt að hann taldi ástæðu til að taka þátt í því þegar verið var að koma hér upp félagslegu húsnæðiskerfi þó forsrh. á Íslandi sé ekki viðstaddur þegar verið er að loka félagslega húsnæðiskerfinu og sjái enga ástæðu til að leggja orð í belg. Það var aftur á móti allt annað 1929 þegar Tryggvi Þórhallsson forsrh. sá ástæðu til þess að taka þátt í þeim umræðum þegar var verið að koma félagslega íbúðakerfinu á undir forustu Alþfl. Hann vísar í 1. gr.:

„Með 1. gr., eins og ég legg til að hún verði, er tvennu slegið föstu sem er ólíkt því er frv. gerir ráð fyrir. Fyrst því að ekki skuli eingöngu lánað óbreyttum verkamönnum heldur skuli ákvæði greinarinnar líka ná til starfsmanna ríkis og bæjar. Vil ég í þessu sambandi minna á það að auk þess sem þessar tillögur um að styrkja verkamenn til bygginga hafa komið fram þá hafa starfsmenn ríkisins einnig óskað þess að ríkið veitti þeim aðstoð sína til þess að byggja yfir sig.“

Þarna var um það að ræða hversu víðtækt þetta frv. ætti að vera. Síðan komu íhaldsmenn hver á fætur öðrum. Hákon Kristófersson, sem var frsm. minni hlutans, sagði:

„Ég hef eiginlega litlu við nál. okkar á þskj. 480 að bæta. Held ég að mér sé óhætt að fullyrða það að hvorugur okkar, sem erum í minni hluta, sé á móti því að æskilegt væri að hægt væri að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum sem eru í kaupstöðunum og þá kauptúnum líka. En einhvers staðar hljóta að vera takmörk fyrir getu ríkissjóðs. Og ef það á að afla þess fjár, er þarf til þessara bygginga á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, eða samkvæmt till. hæstv. atvmrh., sem sjá má á þskj. 429, þá hlýtur það að hafa í för með sér stóraukin útgjöld ríkissjóðs. Efumst við því stórlega um það, að gjaldamöguleiki hans sé svo mikill að hann geti þolað þetta.“

Það er ávallt það sama sem íhaldið grípur til, eins og þeir gera 1929 þegar verið er að ræða einhverja aðstoð við þá verst settu í þjóðfélaginu þá er alltaf talað um að ekki séu til peningar vegna þess að málefni þessa fólks hafa engan forgang hjá íhaldinu. Þess vegna er hæstv. félmrh. náttúrlega nokkur vorkunn, ég viðurkenni það. En hann á bara að standa betur í ístaðinu gegn íhaldinu. (**Gripið fram í:** Er félmrh. farinn að ganga erinda íhaldsins?) Ja, mér sýnist það þegar ég les stefnu Sjálfstfl. að þeir séu bara búnir að taka hana upp algjörlega hráa. (**Gripið fram í:** Þeir töluðu nú um „fólk í fyrirrúmi“.) Já, sú var tíðin að talað var um „fólk í fyrirrúmi“.

Síðan heldur Hákon Kristófersson áfram og segir:

„Það eru gullvæg sannindi að gott væri að hjálpa sem flestum kaupstaðarbúum til þess að eignast bletti umhverfis hús sín. En mér er spurn á því hve margir grænir blettir muni koma í ljós þó þetta frv. verði samþykkt.“

Þeir höfðu það fram að færa, íhaldsmennirnir á þeim tíma, að þetta mundi leiða til þess að fólk úr sveitum færi að flykkjast hingað til Reykjavíkur ef það ætti að fara að veita þessa fyrirgreiðslu.

Hér er Halldór Stefánsson, væntanlega úr Framsfl. ef ég hef það rétt, sem segir:

„Ég skal fúslega játa að það er athugunarvert mál, sem frv. þetta fjallar um. Það er mál sem hefur bæði menningarlega, heilbrigðislega og mannúðlega þýðingu, að allir íbúar landsins eigi kost á að búa í góðum híbýlum.“

Þetta er nefnilega alveg hárrétt hjá honum. Það hefur bæði heilbrigðislega og mannúðlega þýðingu að allir íbúar landsins eigi kost á að búa í góðum híbýlum. Það er það sem við erum að hverfa frá núna með þessu frv. (**Gripið fram í:** Nú brosir félmrh.) Já, mér er ekki hlátur í huga, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra telji ástæðu til þess að hlæja eða brosa yfir þessum ósköpum sem eru að dynja yfir. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því hvað er á ferðinni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann farið yfir allar þær umsagnir sem hér hafa komið fram, t.d. frá húsnæðisnefndnunum? (**Félmrh.:** Já, já, já.) Ég hef enga trú á því að hæstv. ráðherra, þó hann segi já, já, já, hafi farið yfir það. Og það sem ég á hér eftir, ég man það allt í einu þegar ég heyrði í ráðherranum, er að fara yfir röngu svörin hans frá síðasta þingi sem ég hefði sennilega gleymt ef ég hefði ekki heyrt í ráðherranum hérna fyrir aftan mig um leið og ég sagði að ég tryði ekki því sem hann er að segja.

Herra forseti. Margir tóku hér til máls, t.d. Gunnar Sigurðsson. Var hann ekki framsóknarmaður, er það ekki rétt, frá Selalæk? Síðan kom hér Pétur Ottesen frá íhaldinu. Og hann segir, með leyfi forseta:

„Engum dettur í hug að neita því að æskilegt væri að hagur landsmanna stæði þannig að þeir gætu notið góðra húsakynna og enn fremur að sem flestir ættu kost á að hafa hina grænu og lifandi náttúru umhverfis sig, en það verður að gæta þess að spenna ekki bogann svo hátt í þessu efni að einmitt þeir sem hafa þess mesta þörf að greitt sé fyrir í þessu efni séu ekki útilokaðir frá þessum atbeina með því að gera byggingarnar svo kostnaðarsamar að þeir fái ekki rönd við reist.“

Íhaldið hafði sem sagt allt á hornum sér þegar þessu var komið á. (**Gripið fram í:** Íhaldið hefur ekkert breyst.) Ekkert breyst.

Magnús Guðmundsson held ég að hafi verið fjmrh. þá hjá íhaldinu. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Þetta er þýðingarmikið mál og stórt mál — það verður að viðurkenna — hin fjárhagslega hlið þess stórfellt atriði og athugavert. Það er beinlínis grettistak fyrir þjóðina ef hún ætlar að taka að sér að byggja upp í kaupstöðum á þann hátt sem ætlast er til með þessu frv. Enda er ég viss um það að þegar ekki verður hægt að fara lengra en þessi lög heimila

þá verður fitjað upp á nýju og heimtað meira af því opinbera til framhalds í sömu átt."

Tónninn var því sá sami hjá íhaldinu að því er þetta varðar. Þeir tala um útgjöldin sem þá voru í þessu sambandi, með leyfi forseta:

„70–100 þúsund króna föst, árleg útgjöld úr ríkissjóði til bygginga í kaupstöðum; en ég er svo þröngsýnn að ég álít að þó að unnt sé að veita slíka fjárhæð í því góðæri sem nú er þá getur það komið fyrir að erfitt verði fyrir ríkissjóð að inna af hendi lögákveðnar greiðslur og einhvers staðar verður að stöðva hinar föstu útgjaldakvaðir í fjárlögum."

Þetta er gamalkunnugt. Við heyrum hið sama hér í þingsal enn í dag þegar rætt er um að bæta stöðu láglaunafólksins. Ólafur Thors sá ástæðu til þess að taka þátt í þessari umræðu. Mér finnst það athyglisvert hve mikið af forustumönnum þessara flokka hefur séð ástæðu til þess. En hér segir, með leyfi forseta:

„Það hefur mikið verið talað um þetta fv. í þessari hv. deild og mér hefur heyrst að menn séu sammála um að hér sé stórmál á ferðinni. En ég lít talsvert öðrum augum á það.

Að menn tala um þetta frv. sem stórmál kemur líklega til af því að flestir játa að margar íbúðir hér í bæ eru með öllu óboðlegar. En hér er ólíku blandað saman. Það er tvímælalaust að margar íbúðir eru ónothæfar en hitt er jafntvímælalaust að þetta frumvarpskríli hv. 2. þm. Reykv. ræður enga bót á því meini. Þvert á móti er líklegt og jafnvel víst að afleiðingarnar verða gagnstæðar því sem til er ætlast."

Og áfram segir Ólafur Thors, með leyfi forseta:

„En þó að ég játi að hér í bæ sé búið í þeim íbúðum sem ekki eru mannabústaðir" — hann viðurkennir þó að það séu ekki mannabústaðir — „og viðurkenni að sjálfsagt sé að greiða úr því máli þá er hitt víst að frv. þetta sem hér liggur fyrir er dvergvaxið og vita gagnslaust ..."

Og síðan segir Ólafur, með leyfi forseta:

„Að vísu fá væntanlegir kaupendur húsanna gefins $^1/_3$ byggingarkostnaðar en það eru aðeins fáir menn og ekki þeir fátækustu. Þeir eru útilokaðir frá þessum vildarkjörum með því fyrirmæli frv. að kaupandi greiði í peningum 15% af byggingarkostnaði. Hins vegar er hætta á því að slík afskipti hins opinbera dragi úr framtaki einstaklingsins til bygginga og verður þá niðurstaðan af slíkri löggjöf almenningi til skaða. Ef miðað er við byggingar síðari ára er gagnsemi slíkrar löggjafar að engu orðin ef framtak einstaklingsins minnkar um $^1/_{100}$ hluta. Af þessu sést að það er a.m.k. líklegt að óhætt sé að fullyrða að afleiðingar þessa frv. séu þær að nokkrir einstaklingar — þó ekki þeir fátækustu — fái gefins $^1/_3$ hluta byggingarkostnaðar húsanna en aðrir bæjarbúar gjalda þess með því að verða að greiða hærri húsaleigu."

Nokkru síðar segir Ólafur:

„Ég býst ekki við að hæstv. ráðherra hafi séð að hann batt ríkissjóði með þessu fimmfalt þyngri bagga en flm. ætlaðist til en sveitamannshjarta hans fékk kaupstaðarsting er hann sá þessi mörgu fátæku börn ganga fram hjá eins og hann lýsti í svo skáldlegri ræðu. ... Eina ráðið sem dugir er að útvega góð lán handa þeim sem vilja byggja því að þá mundi verða meira um byggingar en húsaleiga lækka að sama skapi."

Hérna kemur stefna íhaldsins fram. Það eru byggingar, það eigi bara að byggja og enga sérstaka aðstoð á að þurfa fyrir þá sem eru verst settir.

Frsm. meiri hlutans, Héðinn Valdimarsson sagði, með leyfi forseta:

„Það frv. sem ég flutti er að mestu sniðið eftir sams konar löggjöf í nágrannalöndunum og gengur í þá átt að ríkið og bæirnir leggi fram fé til þess að styrkja fátæka verkamenn til að koma upp bústöðum handa sér. ... Ég hef verið því hlynntur að ríkið hlaupi undir bagga við þessar byggingar en það er alger misskilningur að það eigi að styrkja efnaða menn heldur er tilætlunin einungis sú að koma á eins konar veðdeild sem styrki hina fátækustu að hjálpa sér sjálfir og eignast íbúðir sínar. Með hverju ári verður hægara fyrir millistéttina, sem getur borgað 150–200 kr. mánaðarleigu, að fá sér íbúðir, en íbúðum handa öreigunum sem ekki geta borgað meira en 50–60 kr. á mánuði fjölgar ekki. Það er líka svo hér í Reykjavík, eftir húsnæðisskýrslunum að dæma, að fjöldi fjölskyldna býr í þvílíkum íbúðum að þær eru ekki einu sinni nothæfar fyrir harðgerða karlmenn á besta skeiði, hvað þá heldur fyrir konur og börn. Hvað sem hv. þm. vill segja um kjör verkamanna þá hygg ég að það byggist ekki á nánum kynnum sem hann hefur af þeim enda mun hann ekki þekkja frekar til þeirra en það að hann mætir þeim á götu og kann að hafa lánað einhverjum fáum útvöldum peninga í bili."

Herra forseti. Það mætti hafa mörg orð um þessar ræður og fara ítarlega yfir þær. Það voru ansi margir þingmenn sem á sínum tíma töldu ástæðu til þess að fara ítarlega yfir þetta frv. sem Héðinn Valdimarsson lagði fram, m.a. Haraldur Guðmundsson Alþfl. Hann svaraði raunverulega þeim rökum sem fram komu hjá íhaldsmönnum og sagði, með leyfi forseta:

„Þau eru allbrosleg rökin íhaldsmannanna gegn frv. þessu. Allir fullvissa þeir þingheim um að þeir vilji allt gera til að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en það er sama á hvaða umbætur er bent, allt á það að vera ómögulegt. Af þessu verða þær ályktanir einar dregnar að fagurmælin séu yfirskyn eitt og þeir séu ráðnir í því að leggjast á móti málinu. En forsendur þeirra eru sín úr hverri áttinni að vanda og ósamrýmanlegar."

Og síðan segir Haraldur, með leyfi forseta:

„Það er því alveg víst að frv. þetta bætir verulega úr fyrir bæjarbúum þótt hins vegar engin hætta sé á að fólk streymi til kaupstaðanna og sveitirnar tæmist af þeim sökum."

Og hann bætir við, með leyfi forseta:

„Sú röksemd, að fátæklingarnir sem búa í heilsuspillandi híbýlum í bæjunum eigi rólegir að sætta sig við þau af því að einhvers staðar uppi í sveitum sé enn hægt að finna jafnvel verri hreysi, er engum siðuðum manni samboðin. Það er furðulegt blygðunarleysi að ætla að réttlæta sig með þessu. Eins og verkamenn og sjómenn sem búa við okurleigu í rökum, dimmum, köldum og heilsuspillandi kjallaraholum með fjölda barna sé nokkur bót í því þótt léleg húsakynni séu til enn þá einhvers staðar í sveitum landsins. Það er til vansæmdar þessari hv. deild að slíkt skuli hér fram borið sem rök."

Og hann bætir við síðar í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Fátæklingarnir verða að sætta sig við að hírast í þeim skotum sem eigendurnir nota ekki eða vilja ekki nota. Þetta er bæjarskömm og bæjarvoði og úr þessu er skylda ríkis og bæjar að bæta."

Haraldur hefur greinilega haldið mjög langa ræðu því enn heldur hann áfram og segir, með leyfi forseta:

„Ef þessir menn hefðu ekki hugsað um að hafa kjallara og súðarherbergi til að leigja öðrum þá hefðu þeir getað dregið

mikið úr byggingarkostnaði, haft húsin við sitt hæfi en ekki byggt þau til að græða á leigjendum."

Ólafur Thors hélt því mjög stíft fram að þetta frumvarpskríli, eins og hann nefndi það gegnumgangandi í sinni ræðu, mundi draga fólk úr sveitunum til Reykjavíkur. Menn greindi mikið á um það á þeim tíma, hvort þetta mundi draga fólk úr sveitunum. Ólafur Thors sagði, með leyfi forseta:

„Annars rugla formælendur þessa frv. saman þörfinni á auknu og bættu húsnæði og því að frumvarpskríli þetta ráði bót á þeirri þörf. Það er hægt að þenja sig og grenja um dimmu, köldu, röku kjallaraholurnar. Það hefur enginn mótmælt því að húsnæði hér í bænum sé ábótavant að ýmsu leyti, en hinu hefur verið haldið fram með góðum og gildum rökum að ráðið til að bæta úr því væri ekki í frv. eða brtt. þess.

Annars er um þetta tilfinningavæl jafnaðarmanna eins og sníkjurnar, að þeir eru sjaldan fyrstir til að grípa beiningastafinn sem þörfin sverfur brýnast að. Það getur vel verið að íhaldsmenn finni eins til umbótaþarfar á þessu sviði og jafnaðarmenn sem hæst æpa um málið.

Það er með öllu rangt að Íhaldsflokkurinn vilji ekkert gera í málinu. Íhaldsflokkurinn átti góðan þátt í frv. um lánsfélög og ég mundi kjósa að lengra yrði gengið á þeirri braut."

Þarna koma auðvitað berlega í ljós miklar andstæður að því er varðar uppbyggingu félagslegra íbúða og ljóst að Framsóknarflokkurinn, herra forseti, hefur gjörbreytt um stefnu. Hann berst hart fyrir því með jafnaðarmönnum, með alþýðuflokksmönnum á sínum tíma, að koma þessu kerfi á og nú ganga þeir harðast fram í að rústa kerfinu og loka því. (**Gripið fram í:** Þetta er ný framsókn.) Þetta er greinilega nýi Framsfl., hinn nútímalegi Framsfl. sem hefur það sem aðalmál á sinni stefnuskrá að skrúfa fyrir félagslega aðstoð til fátæks fólks á Íslandi. (**Gripið fram í:** Með Hannes Hólmstein fyrir leiðtoga lífs síns.) Það gæti orðið svo, ef þessir flokkar sameinuðust, að hann yrði það. Ég er viss um að margir af frumherjunum sem sáu til þess að koma á þessu verkamannabústaðakerfi, framsóknarmennirnir Jörundur Brynjólfsson og Halldór Stefánsson — ég hef ræður þeirra hér fyrir framan mig — hefðu eitthvað um málið að segja ef þeir væru hér ofar moldu, (**SvG:** Já. Það er rétt.) nú þegar fara á að jarðsetja þetta kerfi. Ég er alveg viss um það og mér er alveg full alvara í því að þeir hefðu þurft að hafa um það nokkur orð, nokkrar setningar. (**SvG:** Nú er Halldór Ásgrímsson orðinn varaformaður Sjálfstæðisflokksins.)

Já, það minnir mig á það, herra forseti, að ég hef verið að kalla eftir því hvar formaður Framsfl. væri. Ég bað um það fyrir bráðum 12 klst. síðan að honum yrði gert viðvart um að ég gæti þurft að tala til hans hér í þingsölum (**Gripið fram í:** Hann er í Valhöll.) þegar á að fara að loka félagslega kerfinu.

Maður eins og — ef ég fer rétt með — afi Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, Bjarni Ásgeirsson, Framsfl., hefði þurft að láta til sín taka hér. Það er maður sem ég er viss um að væri ekki samþykkur því, væri hann ofar moldu, sem hans félagar í Framsfl. eru nú að gera. Það er ég alveg viss um. (**SvG:** Hvað segir Guðni við þessu?)

Ég hef margtalað til hæstv. forseta Guðna Ágústssonar hér í dag en geri mér auðvitað ljóst að hann er í þeirri stöðu að geta ekki svarað fyrir sig úr forsetastóli. Ég vænti þess þó auðvitað að hann taki þátt í þessari umræðu. Ég á enn veika von um þennan hv. þm., Guðna Ágústsson, að hann komi til liðs við okkur í þessu máli. Hann hefur þurft að vera hér í forsetastólnum og neyðist þá til þess að hlýða á þennan málflutning. Ég er að vonast til að það geti þá verið árangur dagsins, að ég hafi sannfært einn framsóknarmann sem neyddist til þess stöðu sinnar vegna að sitja hér í forsetastól tímum saman í dag. Ég vona að ég hafi sannfært hann og hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason um að leggja því lið í Framsfl. að þessu máli verði frestað. Það er fyllsta ástæða til að sett verði á milliþinganefnd með aðild verkalýðshreyfingarinnar sem skóp þetta kerfi. Enginn hefur dirfst að breyta kerfinu án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Hér hefur verið farið ítarlega í gegnum það.

Ég er að leyfa mér að vona að með dyggri aðstoð forseta sem nú er í forsetastól, og hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, muni stjórnarandstöðunni takast að fá málinu frestað og leita sátta í málinu. Það er ekki hægt að loka félagslega kerfinu í ósátt við verkalýðshreyfinguna, í ósátt við stjórnarandstöðuna og í ósátt við 26 félagasamtök sem hafa á þessum degi mótmælt að það verði gert. Það liggur ekkert á að loka þessu kerfi. Það liggur ekkert á. (**LB:** Hvar er gullhjartað?) Gullhjartað í hverjum? (**LB:** Í hæstv. forseta.) Það er það sem ég er að reyna að höfða til. Það er mín von að það skili einhverjum árangri. (**SvG:** Nú hýrnaði yfir honum.) Var það ekki bara af því hann sá hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.? (**ÖS:** Er verið að hallmæla mér, forseti?)

Hér hefur Sveinn Ólafsson tekið til máls og mér sýnist á öllu að sé íhaldsmaður (**Gripið fram í:** Össur?) en hann segir:

„En frv. get ég ekki stutt, hve feginsamlega sem ég hefði viljað bæta kjör þeirra sem við erfiðust húsnæðiskjör eiga að búa í bæjunum". Hversu feginsamlega sem hann hefði viljað. Það var af því þetta kostaði allt saman peninga og ef um er að ræða fátækt fólk má ekki hjálpa því af því það kostar peninga. Þetta fólk getur ekki sjálft komið sér upp þaki yfir höfuðið, við vitum það vegna þess að því eru búin kjör sem gerir því það óviðráðanlegt þótt það vinni myrkranna á milli, og það má ekki hjálpa því.

Hér kemur Sigurjón A. Ólafsson, mikill stórkrati á sínum tíma. Hann hafði þetta um málið að segja:

„Ég hafði hugsað mér að leggja ekkert til þessa máls þar sem flokksmenn mínir hér í hv. deild hafa með rökum sýnt fram á nauðsyn á framgangi þess. En umræðurnar hafa gert það að verkum að ég get ekki komist hjá því að mæla nokkur orð. Ég hef um 20 ára skeið átt kost á að kynnast kjörum verkafólksins, bæði hér í borginni og víðar, og er því vel kunnugt um híbýli þau er það á við að búa, auk þess sem ég hef einnig rannsakað fyrir hönd bæjarstjórnar ástandið í húsnæðismálum bæjarins.

Mér hefur þótt kenna nokkurs ókunnugleika hjá ýmsum þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls við umræðu þessa frv., um þau kjör sem mikill hluti almennings á við að búa í Reykjavík og víðar og finnst mér því skylt að lýsa nokkuð því ástandi sem hér ríkir á þessu sviði. Ég þekki mörg þau tilvik, þar sem 8–10 manna fjölskylda verður að hírast í einu herbergi þar sem verður að elda, þvo þvott o.s.frv. Getur hver maður séð hvílík hollusta er fyrir börn að alast upp í slíkum íbúðum, sem ofan á allt þetta eru oft í kjallara, þar sem allt rennur út í raka og sjaldan sér sólu. Slíkar íbúðir hafa verið í tuga- ef ekki hundraðatali hér í Reykjavík. Það ber ósjaldan við þegar einhver veikist í slíkum íbúðum að læknis er vitjað að hann skipar fjölskyldunni að flytja í betra húsnæði. En hvert á að flytja? Fyrst og fremst eru hentugar íbúðir ekki fyrir hendi og í öðru lagi eru þær, ef til eru, allt

of dýrar til þess að bláfátækt fólk hafi efni á að taka það sem í boði er."

Þarna talar maður sem greinilega hefur þekkt töluvert til þessa máls og hafði ýmislegt fram að færa í því efni. Hann segir jafnframt:

„Það hefur verið lagt talsvert upp úr því við umræðu þessa máls að aðstreymi fólks til bæjanna mundi aukast ef eitthvað yrði gert til að bæta úr húsnæðisvandræðunum. En þetta held ég að sé gryla og ekkert annað. Það eru ekki húsakynni sem lokka menn til bæjanna, heldur er það sú atvinna sem bæirnir hafa upp á að bjóða. Ég hefi orðið var við að fólki sem til bæjarins flytur gengur best að fá sér húsnæði."

Síðan segir: „Getur verið á meðan ekki er búið að pína út úr því hvern eyri í okurleigu fyrir lélegt húsnæði. Það á víst við málshátturinn um þetta fólk að „úti sé vináttan þá ölið er af könnunni". Margt aðkomufólk hefur nokkur peningaráð fyrst í stað, þá er það góður leigjendur. En þegar peningarnir eru þrotnir, þá er þetta fólk komið í sama foraðið og það sem fyrir var.

Ég geri því ekki ráð fyrir, þó að húsakynnin skáni eitthvað, að sterkari hvöt vakni hjá fólki um að flytja til bæjanna ef þangað er enga eða litla atvinnu að sækja ... A.m.k. virðist hún [nefndin] ógjarnan vilja að þeim mönnum sem til bæjanna skreppa í atvinnuleit verði veitt nein forgangsfríðindi.

Á síðasta þingi var samþykkt ágreiningslítið og með atkvæðum okkar jafnaðarmanna að endurbyggja sveitirnar. Á ég þar við lögin um byggingar- og landnámssjóð. Ég held að allir hafi verið sammála um að nauðsyn bæri til þess að byggja upp húsakynnin í sveitunum því mjög víða væri ábótavant í því efni. Mér dettur heldur ekki í hug að mótmæla því að húsakynnum kunni að vera ábótavant í hinum ýmsu héruðum. En þrátt fyrir hin lélegu mannahýbýli í sumum sveitum tærist þó fólkið miklu fljótar upp í kaupstöðunum. Það er venjulega hraustari kynslóð sem vex upp í sveitunum en í bæjunum. Bæði er það nú að fæðið í sveitunum er fólki hollara; þar er venjulega nóg um mjólk handa börnum og unglingum en ég þekki fjölda af barnafjölskyldum hér í Reykjavík sem ekki hefir ráð á því að kaupa mjólk handa börnum sínum og lifir við mjög skarðan kost að öðru leyti. Ekki liggur svo annað fyrir mörgum þessara barna en að fara út á götuna undir eins og þau geta vafrað til þess að anda að sér sóttkveikjunum og öðrum óheilindum úr forugum götunum o.s.frv. En börnin í sveitunum teiga að sér hreint fjallaloftið og leika sér í grænu grasi þá sumra tekur. Aðstöðumunur æskunnar í sveitum landsins og kaupstöðum er mikill; það finna þeir best sem hvort tveggja þekkja. Ég er alinn upp í sveit og þekki því þennan mun."

*Herra forseti. Ég held að þetta sé ágæt yfirferð, ef það á nú að fara að loka þessu kerfi, og ætla að vitna hér til Bjarna Ásgeirssonar, afa hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur,* sem liði ekki vel ef hann væri ofar moldu meðan verið er að loka þessu kerfi. Bjarni segir:

„En hitt er mest um vert að frv. veitir mönnum kost þess að eignast hús og þak yfir höfuðið, enda mun það sýna sig í framtíðinni að það hefur betri og hollari áhrif að einstaklingar geti átt hús sín sjálfir í stað þess að leigja þau af öðrum.

Þá mun það ekki síður vera á misskilningi byggt að frv. verði til þess að draga fólkið úr sveitunum til kaupstaðanna. Þar eru önnur öfl að starfi sem ekkert láta sig varða auknar byggingar kaupstaðanna. Það er af tveim höfuðástæðum sem menn leita burt úr sveitunum. Nokkur hluti fólksins leitar út í kaupstaðarlífið af því hann þráir glaum og ævintýr eða auðæfi sem það hyggst munu fremur finna í bæjunum en sveitunum. Það fólk er ekki að spyrja um það hvort til séu byggingarsjóðir sem geri því auðvelt að koma upp skýli yfir sig. Reynslan hefur sýnt að fólkið flykkist út í óvissuna með það eitt fyrir augum að komast til kaupstaðanna." (**Gripið fram í:** Var þetta framsóknarmaður?) Ég vona að ég fari ekki rangt með það ... (Gripið fram í.)

Ég held, herra forseti, að ég fari nú að ljúka yfirferð minni um ræður þingmanna frá árinu 1929. Þeir börðust fyrir því að koma á hinu félagslega íbúðakerfi, verkamannabústaðakerfinu eins og það gjarnan var nefnt þá, í harðri andstöðu við íhaldið. Eins og ég segi, herra forseti, var það ekki bara félmrh. þess tíma eða atvinnumálaráðherra sem tók þátt í þessu, heldur voru það forsrh. og dómsmrh., Jónas Jónsson, sem tók einnig þátt í þessari umræðu og hann sagði:

„Ég vildi segja nokkur orð um málið við þessa umræðu af því ég álít þetta eitt af þeim merkari málum sem fyrir þinginu liggja." Hvorki meira né minna, þegar verið var að koma upp verkamannabústaðakerfinu. Þar held ég að honum hafi ratast satt orð á munn, því þetta kerfi hefur þjónað mörgum og veitt mörgum aðstoð gegnum tíðina, herra forseti. Því er slík söguleg upprifjun, þótt stutt sé, nauðsynleg þegar jarðsetja á hér hið félagslega íbúðakerfi. Það er nauðsynlegt að rifjað sé upp hvað frumherjarnir, sem komu af stað hinu félagslega íbúðakerfi, höfðu um málið að segja á sínum tíma þegar því var ýtt úr vör, kerfi sem þjónað hefur þúsundum og aftur þúsundum af fátæku fólki gegnum þessi ár, allt fram til dagsins í dag. Hæstv. ríkisstjórn með hæstv. félmrh. Pál Pétursson í broddi fylkingar er ákveðin í því að loka þessu kerfi.

Það hefði auðvitað verið ástæða til að rifja upp árið 1965 en þá var gerð mikilvæg breyting á húsnæðislöggjöfinni. Það var í samræmi við yfirlýsingu þá um húsnæðismál sem ríkisstjórnin gaf í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna um kjaramál. Ég held ég fari rétt með það að þetta hafi verið yfirlýsing sem hratt af stað held ég 1.250 félagslegum íbúðum á sínum tíma. Þá gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu eftir að hafa átt samráð við verkalýðshreyfinguna þegar húsnæðisslöggjöfinni var breytt eins og allar ríkisstjórnir hafa gert, fram til þess að helmingaskiptastjórn íhalds og Framsfl. tekur við og fer með húsnæðismálin, þá þarf ekkert að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Þar var um að ræða yfirlýsingu *ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál* sem sagði, með leyfi forseta:

„Í tilefni af lokun samninga við verkalýðsfélögin og að undangengnum viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands varðandi húsnæðismál lýsir ríkisstjórnin yfir því að hún muni beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Lánsupphæð til þeirra umsækjenda um íbúðalán, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 1964, hækki úr 150 í 200 þús. kr. út á hverja íbúð. Ríkisstjórnin tryggi viðbótarfjáröflun til húsnæðismálastjórnar á þessu ári er nemi til viðbótar fjármagni sem hækkun þessi krefst."

Síðan kom eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg í samvinnu við verkalýðsfélögin hefjist handa um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum. Stefnt verði að því að nota fjöldaframleiðsluaðferðir og byggja ekki færri en 250 íbúðir á ári er byrjað verði á frá og með árinu 1996 og fram til ársins 1970. Ég hygg að þarna hafi verið, í samræmi við

þetta samkomulag, byggðar 1.250 íbúðir sem breyttu verulega húsnæðisaðstöðu láglaunafólks. Þessu, sem kallað var júnísamkomulagið 1964, var fylgt úr hlaði af þáv. félmrh., Eggert G. Þorsteinssyni á árinu 1965 þar sem hann mælti fyrir ákvörðun þeirri sem þarna var tekin.

Ég held að þetta tvennt, þetta svokallaða júnísamkomulag, þar sem byggðar voru 1.250 íbúðir, og síðan lögin um verkamannabústaði 1929, þegar því var komið af stað, sé kannski það merkasta í sögu verkamannabústaðakerfisins frá því það var sett á fót. Síðan hafa vitaskuld, herra forseti, verið gerðar ýmsar breytingar á þessu félagslega kerfi í gegnum tíðina. Þar eru nokkrar sem ég hef átt þátt í. Ég ítreka, herra forseti, að ég er ekki þeirrar skoðunar að engu megi breyta í þessu kerfi. Ég væri fyrst til að setjast niður með þeim sem það vill skoða af einhverju raunsæi og skynsemi, hvernig sníða megi af því agnúa og galla. Ég er hins vegar ósammála því, herra forseti, að rústa algerlega félagslega kerfinu, hreinlega loka því.

Ég er ekki tilbúin, herra forseti, að fara út í slíkar æfingar. Ég held að þær séu of dýrkeyptar, herra forseti, og þess vegna vil ég ekki vera með í slíkum æfingum sem hér eru lagðar til og reyndar er stjórnarandstaðan öll mótfallin því í að fara í þessar breytingar sem við sjáum enga skynsemi í.

Herra forseti. Ég hefði hreinlega gleymt því og farið að ljúka máli mínu ef ég hefði ekki heyrt í félmrh. áðan semýjaði eitthvað í þá áttina að það væri vel hægt að treysta honum. Þá rifjuðust upp fyrir mér þessi röngu svör sem hann flutti Alþingi á síðasta vetri um félagslega íbúðakerfið og 86-kerfið og afföllin í 86-kerfinu. Vil ég því, herra forseti, í þessum kafla ræðu minnar, fara yfir þau röngu svör sem hæstv. félmrh. gaf þinginu. Bar vel í veiði því ég sá að hæstv. forsrh. var allt í einu kominn í dyragættina þegar ég fór að tala um röng svör sem hæstv. félmrh. hafði gefið þinginu.

Það var liður í því að félmrh. var lengi búinn að undirbúa það að loka kerfinu. Honum leist því ekkert á upplýsingar sem var beðið um frá þinginu um ýmsa framkvæmdaþætti í félagslega íbúðakerfinu og sá að svörin við því voru mjög jákvæð sem komu frá undirstofnun hans í því máli og því ákvað hann bara hreinlega að fá sér nýjan ráðgjafa til þess að svara fsp. frá Alþingi. Sá ráðgjafi var bæjarstjórinn kunni frá Ísafirði sem hefur nú átt þátt í að byggja nokkrar félagslegar íbúðir á Ísafirði sem hafa verið helst til dýrar að mínu viti. Það var ráðgjafinn sem svaraði fyrirspurnunum eða gaf ráðherranum efnivið í þær fyrirspurnir þegar hann gaf þinginu rangar upplýsingar.

Í fyrsta lagi var spurt um greiðslubyrði á félagslegum íbúðum og hæstv. ráðherra sá að greiðslubyrðin var þarna mjög hagstæð og þess vegna voru bara veitt önnur svör en um var beðið.

Við getum farið yfir það. Þetta var síðan sent til Ríkisendurskoðunar til staðfestingar hvað væri rétt og hvað væri rangt í því. Ríkisendurskoðun bar saman við upplýsingar sem komu fram hjá Húsnæðisstofnun um þetta efni. (Gripið fram í.) Ekki finnst mér Páll Pétursson beint ólíkur Sverri Hermannssyni enda gasprar hann fram í það sama eins og glymur úr kjaftinum, eða munninum — fyrirgefðu, herra forseti — á Sverri Hermannssyni í hvert sinn sem hann opnar munninn að þá er Lalli mágur hengdur aftan við. Það er ekki skrýtið þó að maður eins og Páll Pétursson fari að taka hann sér til fyrirmyndar í því efni.

En hér kemur fyrsta staðhæfing félmrh. Félmrh. sagði að alls staðar þar sem gerðir voru útreikningar voru félagslegar íbúðir dýrari en íbúðir á almenna markaðnum. Síðan nefndi hann tölur um 22–108% hærra verð á félagslegum íbúðum en á almennum markaði. Ráðherra sagði að ekki lægju fyrir samanburðarhæf gögn fyrir Reykjavík. Síðan þegar málið er skoðað kemur fram bæði hjá Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun að verð félagslegra íbúða væri að meðaltali 10–15% lægra en sambærilegar íbúðir á almennum markaði á höfuðborgarsvæðinu. Á landinu öllu er byggingarkostnaður að meðaltali um 3% lægri samanborið við almennan markað.

Síðan kom staðhæfing félmrh. númer tvö, að greiðslubyrði af félagslegri íbúð eftir fimm fyrstu árin væri 85 þús. kr. hærri á ári en af íbúð á almennum markaði með húsbréfum. Þá var ráðherrann byrjaður að undirbúa að færa félagslega kerfið yfir í húsbréfakerfið sem hann skammaðist hvað mest út af þegar verið var að koma því á. Þetta var einn liður í undirbúningnum þegar hann var að undirbúa jarðveginn fyrir það að loka kerfinu. Þá var m.a. liður í því að færa Alþingi rangar og villandi upplýsingar um félagslega húsnæðiskerfið. Það varð auðvitað til þess að ég greip til gamals frumvarps sem hæstv. ráðherra hafði flutt sjálfur þegar honum fannst einhver ráðherra einhvern tíma segja Alþingi ekki satt og rétt frá og þá flutti hæstv. félmrh. frv. um breytingar á lögum um ráðherraábyrgð þar sem hann lagði til að í það yrði bætt ákvæði um það að þegar ráðherrar gefi Alþingi rangar eða villandi upplýsingar þá skuli þeir sæta ábyrgð lögum um ráðherraábyrgð. Þegar hann mælti fyrir frv. var það sisona, sem mér er nú nokkuð minnisstætt, en er ekki með orðrétt hér fyrir framan mig, að það væri allt í lagi að ráðherrar lygju að fjölmiðlum og út í frá, í útlöndum og hvar sem væri, en þeir mættu ekki ljúga úr þessum ræðustól. Þetta var hluti af ræðunni hjá hv. þáv. þm., núv. ráðherra, þegar hann mælti fyrir þessu frv. (**Gripið fram í:** Ég er alveg sammála.) Já, alveg sammála, herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forseti hafi tekið eftir því að hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar samþykkir að það sé allt í lagi að ljúga t.d. að fjölmiðlum. Héðan í frá geta fjölmiðlar náttúrlega ekki treyst því sem hæstv. ráðherra segir ef hann segir að það sé allt í lagi að ljúga að fjölmiðlum en bara ekki að ljúga úr ræðustólnum. Þá vita fjölmiðlar ekki hvort hægt er að treysta því sem hæstv. ráðherra segir vegna þess að hann er alveg sammála því að það megi ljúga að fjölmiðlum. Mig minnir að hann hafi sagt líka á fundum, má ekki ljúga að fólki á kosningafundum? Framsóknarmenn hafa verið berir að því, herra forseti, og það höfum við farið í gegnum í húsnæðismálunum og ætla ég ekki að hvekkja hæstv. forseta að rifja það upp eina ferðina enn í dag þó mér sé nákvæmlega sama um það þó að hæstv. félmrh. hlusti á það eina ferðina enn vegna þess að hæstv. ráðherra hefur bara gott af því að hlusta á það eina ferðina enn. Ekki síst um hina snautlegu för ráðherrans með skuldbreytingu aldarinnar inn á þing. (**SJS:** Nefndu það nú ekki.) Nei, ég ætla ekki að gera það því að það er farið að halla hér kvöldi og komið fram yfir miðnætti þannig að ég ætla ekki að rifja upp þessa sögu, þessi saga á betur heima líka í dagsbirtu.

Þessi staðhæfing var um að eftir fyrstu fimm árin væri greiðslubyrðin 85 þús. kr. hærri á ári en af íbúð á almennum markaði með húsbréf. Hið rétta í málinu var það að greiðslubyrði eftir fimm fyrstu árin er 308 þús. kr. lægri á ári en sambærileg íbúð á almennum markaði, jafnvel þó að vaxtabætur séu teknar með vegna íbúðarinnar á almennum markaði er greiðslubyrði 178 þús. kr. minni í félagslega kerf-

inu. En það hentaði bara ráðherranum að fara með villandi og rangar upplýsingar inn í þingið af því hann var að undirbúa það að loka félagslega íbúðakerfinu. Það eru staðreyndir málsins.

Staðhæfing félmrh. númer þrjú um greiðslubyrði af félagslegri kaupleiguíbúð þar sem kaupendur eigi ekkert eigið fé en sveitarfélögin láni 10% en Byggingarsjóður verkamanna 90%, sem er hagstæðasti kosturinn í félagslega kerfinu í samanburði við 65% húsbréfalán, er þessi:

„Með tilliti til þess hversu óhagstæður þessi samanburður er fyrir félagslega íbúðakerfið er ekki talin ástæða til þess að setja hér upp dæmi."

Þetta var svo óhagstæður kostur sem hér var nefndur fyrir félagslega íbúðakerfið að ráðherrann taldi ekki ástæðu til þess að setja upp dæmið fyrir þingið. En þegar dæmið er reiknað út kemur fram að á fyrsta ári er greiðslubyrði í þessum valkosti 600 þús. kr. minni á ári en í húsbréfakerfinu. Það er 18.900 kr. á mánuði af félagslegri íbúð en 65 þúsund á mánuði af íbúð á almennum markaði. Ráðherran bauð þinginu upp á að segja að þessi kostur væri svo óhagstæður fyrir félagslega kerfið að það tæki því ekki að reikna hann út. En í ljós kom að hann var svo svakalega hagstæður fyrir félagslega kerfið að ráðherrann vildi ekki af því að það þjónaði ekki hagsmunum hans að loka hér félagslega íbúðakerfinu. Þess vegna taldi hann ekki ástæðu til þess að setja fram dæmi um þennan kost hér inn í þingið.

Herra forseti. Mér finnst það svo alvarlegt þegar ráðherra gerir svona að auðvitað hefði á sínum tíma átt að taka þetta mál miklu fastari tökum af forsetum þingsins og þinginu þegar ráðherra ber fram svona villandi upplýsingar. Mér finnst ráðherrann bara hafa sloppið vel miðað við það að matreiða rangar og villandi upplýsingar inn í þingið sem þjónaði hagsmunum ráðherrans að undirbúa það að loka félagslega íbúðakerfinu.

Síðan komum við að hinu svarinu sem ráðherrann gaf þinginu sem var ekkert skárra þegar var spurt um samanburð á húsnæðislánakerfinu frá '86, biðraðakerfinu svokallaða sem ráðherra ríghélt í og Framsfl. og beðið um samanburð á afföllum í því kerfi og í húsbréfakerfinu. Hvað kom þá í ljós? Þess vegna er ekki ofsögum sagt þegar ég segi að ráðherrann hafi sloppið bara mjög vel á sínum tíma. Forsetar þingsins hefðu auðvitað átt að setja ofan í við ráðherrann þó ekki sé meira sagt fyrir að gefa Alþingi slíkar upplýsingar.

Þá kemur fram í svari hæstv. félmrh. til Alþingis við spurningu minni um samanburð á afföllum í húsbréfakerfinu og afföllum í 86-kerfinu og um hvað ætla mætti um biðtíma eftir lánum í 86-kerfinu, auknar lántökur í bankastofnunum, sölu á lánsloforðum og kostnað því samfara að félmrn. teldi að ekki væri mögulegt að gefa neinar viðhlítandi skýringar eða svör við þessum spurningum, að bera saman afföllin í 86-kerfinu og húsbréfakerfinu.

En Húsnæðisstofnun gat gert það. Hún gat borið það saman. Þegar svarið kemur frá Húsnæðisstofnun, sem félmrh. taldi ekki mögulegt að gefa nein viðhlítandi svör við af því að það þjónaði ekki þessum áformum hans, kemur þetta fram um húsnæðislánakerfið frá 1986:

Hækkun á raunverði íbúðarhúsnæðis milli áranna 1985 til 1988 nam um 23%. Það er hækkun á raunverði sem verður í 86-kerfinu af því að það var óstöðugleiki í því kerfi sem kallaði fram slíka hækkun á íbúðaverði.

„Ætla má að lánsþörf íbúðakaupenda hafi hækkað um allt að því sem nemur hækkun á raunverði íbúðarhúsnæðis á árunum 1986–87, þ.e. um 14% á fyrsta ári og um 23% á öðru ári."

Herra forseti. Hækkun á raunverði íbúðarhúsnæðis. Hvað ætli sú hækkun sem verður á raunverði íbúðarhúsnæðis í kjölfar 86-kerfisins, hvað haldið þið að þær lánahækkanir, sem þó var verið að veita með 86-kerfinu hjá þeim sem komust að, hafi verið fljótar að étast upp í þeim hækkunum sem urðu á verði íbúðar sem fólk þurfti að borga meira fyrir íbúðirnar af því að þær hækkuðu vegna þessa kerfis?

Síðan kemur fram að miðað við 6 millj. kr. íbúðarverð á árinu 1985 var aukin lántökuþörf þá um 800 þús. kr. á árinu 1987. Fólk þurfti þá að fara í bankana og fá 800 þús. kr. því að þetta kallaði á aukna lántökuþörf upp á 800 þús. kr. miðað við 6 millj. kr. íbúð.

Hér kemur fram:

„Miðað við 6 millj. kr. íbúðarverð á árinu 1985 var aukin lántökuþörf þá um 800 þús. kr. á árinu 1987 samanborið við árið 1985, og um 1,4 millj. kr. á árinu 1988 samanborið við árið 1985."

Þarna sjáum við ljóslega muninn á þessum tveimur kerfum sem Framsfl. ríghélt í. Síðan kemur um húsbréfakerfið, með leyfi forseta:

„Frá því að húsbréfakerfið kom til, 15. nóvember 1989, hefur raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á fermetra haldist svo til stöðugt."

Þarna er munurinn. Raunverð á íbúðum hefur haldist svo til stöðugt. Við vorum að tala um allt að 23% hækkun á íbúðarverði meðan 86-kerfið var við lýði sem framsóknarmenn vörðu með kjafti og klóm í þingsölum. Þeir vildu hafa tvö kerfi í gangi. „Tilraun, tilraun", sögðu þeir um húsbréfakerfið sem hæstv. félmrh. kallaði naglasúpu — það var húsbréfakerfið — og vildi viðhalda 86-kerfinu. Og þessi naglasúpa hæstv. félmrh. leysir nú alla þörf í félagslega íbúðakerfinu á Íslandi. Naglasúpa kratanna leysir nú þörfina fyrir félagslegar íbúðir á Íslandi. Svona er heimurinn skrýtinn, herra forseti. Nú bjargar þetta öllu og þegar hæstv. ráðherra hefur tækifæri til að leggja af húsbréfakerfið þá dettur honum það ekki í hug. Nú er hann farinn að hrósa því. Það bjargar öllu. Þetta er það besta sem komið hefur, þ.e. húsbréfakerfið. Við því skal ekki haggað. Naglasúpan lifi! Félagslega kerfið inn í húsbréfakerfið, svo góð var þessi naglasúpa.

Þá komum við að afföllunum sem ekki máttu heyrast í þingsölunum, afföllunum í 86-kerfinu sem ráðherrann sagði við þingið að hann teldi ekki mögulegt að gefa viðhlítandi svör við spurningunni. Húsnæðisstofnun segir um lánakerfið frá 1986:

„Ef miðað er við 6 millj. kr. kaupverð íbúðar á árinu 1985 má ætla að kostnaður lántakenda á árunum 1986–1990 á höfuðborgarsvæðinu hafi getað verið á bilinu 0,8 til 1,4 millj. kr., mismunandi eftir aðstæðum fólks og eftir því hvenær fest var kaup á íbúð. Það samsvarar því að afföllin hafi verið ..." — Nú komum við að afföllunum í 86-kerfinu. Sumir héldu nefnilega að það væri verið að uppgötva afföll með húsbréfakerfinu, að ekki hefði verið til neitt sem héti afföll í 86-kerfinu eða yfirleitt í húsnæðiskerfinu. (**Félmrh.:** ... afföllin á húsbréfunum hjá þér.) Þetta er það eina sem framsóknarmenn hafa, að þegar þeir píndu það að tvö kerfi yrðu keyrð samhliða, 86-kerfið og húsbréfakerfið, í nokkra mánuði, þá fóru afföllin yfir 20%. Það var í nokkra mánuði vegna þess að framsóknarmenn píndu það að til hliðar við þetta kerfi yrði haldið áfram með 86-kerfið sem kallaði á

mikla lánsfjárþörf á lánamarkaðnum og (Gripið fram í.) lánamarkaðurinn þoldi ekki þessi tvö kerfi. Svo einfalt var það. Það eina sem framsóknarmenn gátu bent á í kosningunum — þegar þeir sögðu: „Skuldbreyting aldarinnar!" — var að afföllin hefðu á einhverjum smátíma farið yfir 20% og þeir eru að nota það enn þann dag í dag þótt þeir kalli nú á þetta kerfi til bjargar félagslega íbúðakerfinu á Íslandi. (**Félmrh.:** Hver voru afföllin árin 1992–1993?) Ráðherrann þolir ekki að hlusta, herra forseti, af því ég er alltaf að reyna að komast að afföllunum 1986. (Gripið fram í.) Hann er að reyna að komast hjá því að hlusta á þá tölu. Nú er hæstv. ráðherra orðinn órólegur og ég vænti þess að hann geri það sama og hann hefur gert í allan dag, að fara öðru hverju bak við hurðina í hliðarherberginu af því hann þolir ekki að heyra þessar tölur sem hér á að nefna um afföllin í 86-kerfinu. En hæstv. ráðherrann verður bara að hlýða á þau, enda sest ráðherrann og það er gott, herra forseti. Ég ætla þá að reyna að gera eina tilraun enn til að koma þessu frá mér, með leyfi forseta:

„Ef miðað er við 6 millj. kr. kaupverð íbúðar á árinu 1985 má ætla að kostnaður lántakenda á árunum 1986–1990 á höfuðborgarsvæðinu hafi getað verið á bilinu 0,8 til 1,4 millj. kr., mismunandi eftir aðstæðum fólks og eftir því hvenær fest var kaup á íbúð. Það samsvarar því að afföllin hafi verið í 86-kerfinu 13–23% miðað við meðalíbúðarverð um 6 millj. kr."

Og menn töldu sig aldrei hafa heyrt talað um afföll fyrr en húsbréfakerfið kom. En afföllin voru líka til staðar í 86-kerfinu, meðal annars út af biðröðunum og meðal annars út af þessum miklu skammtímalánum sem fólk þurfti að taka. Biðröðin kostaði auðvitað peninga. Fólk þurfti að bera lántökukostnað, lögfræðikostnað og annað vegna skammtímalána í bankakerfinu. Og síðan kemur:

„Ef hins vegar er tekinn með sá kostnaður sem það fólk þurfti að bera sem réðist í framkvæmdir í 86-kerfinu án þess að fyrir lægi skuldbindandi lánsloforð frá Húsnæðisstofnun þá var heildarkostnaður þessa fólks nálægt helmingi af íbúðarverði eða allt að 2,9 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu miðað við 6 millj. kr. íbúðarverð."

Hefði nokkur trúað þessu, herra forseti? Við munum eftir því að fólk var að selja lánsloforð á sínum tíma í 86-kerfinu á verðbréfamörkuðum með miklum afföllum. Hér er þessu lýst, herra forseti, og sagt að ef hins vegar sé tekinn með sá kostnaður sem það fólk þurfti að bera sem réðst í framkvæmdir án þess að fyrir lægi skuldbindandi lánsloforð frá Húsnæðisstofnun — og það voru nefnilega mjög margir sem gerðu það af því þeir voru í biðröðinni í tvö til þrjú ár og gátu ekki beðið. Ungt fólk gat ekki beðið eftir því að koma sér þaki yfir höfuðið og réðst því í framkvæmdir án þess að hafa þessi lánsloforð, með skammtímalánum í bönkum — að ef fólk hafi gert þetta í 86-kerfinu, þá hafi heildarkostnaður þess verið nálægt helmingi af íbúðarverði eða allt að 2,9 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu miðað við 6 millj. kr. íbúðarverð.

Síðan leyfa framsóknarmenn sér að bera það á borð að 86-kerfið á sínum tíma hafi verið alveg gallalaust. En þarna var dulinn kostnaður og dulin afföll sem fólk þurfti að bera, m.a. gegnum þetta langa biðraðakerfi. Þetta er sannleikur málsins og síðan segir hér:

„Kostnaður íbúðarkaupenda og húsbyggjenda vegna skammtímalána var að jafnaði a.m.k. tvöfalt hærri hjá þeim sem voru í lánakerfinu frá 1986 en hjá þeim sem hafa notfært sér húsbréfakerfið."

Við vitum að það eru helst skammtímalánin sem hafa gegnum tíðina farið illa með fólk, sett fólk á hausinn og oft hafa skammtímalánin gert það að verkum að fólk hefur misst íbúðir sínar vegna þess að skammtímalánin hafa undið upp á sig, sífellt verið að falla. Lánin eru endurnýjuð með tilheyrandi lögfræðikostnaði og hér er talað um það, herra forseti, að skammtímalánin voru að jafnaði a.m.k. tvöfalt hærri hjá þeim sem voru í lánakerfinu frá 1986 en hjá þeim sem notfært hafa sér húsbréfakerfið.

Ég held að það sé mjög gott, herra forseti, að þessu sé haldið til haga, þ.e. annars vegar hvernig ráðherrann leynir Alþingi upplýsingum og kemur hér með rangar og villandi upplýsingar til þingsins og hins vegar að bera saman húsbréfakerfið og það lánakerfi sem Framsfl. vildi verja, vildi halda í og viðhalda til frambúðar, þ.e. biðraðakerfið sem gerði ungu fólki að þurfa að bíða í biðröð í tvö til þrú ár eftir því að fá lánafyrirgreiðslu. Það var ekki þegar því hentaði eins og er núna í húsbréfakerfinu. Þegar fólki hentar að kaupa sér íbúð getur það með stuttum fyrirvara, kannski tveggja til þriggja vikna fyrirvara, fengið húsbréf.

Ég held það sé mjög gott að rifja þetta upp hér og forsögu framsóknarmanna í húsnæðismálum almennt, eins og ég hef gert í dag, sérstaklega nú þegar þeir hafa farið með félmrn. í þrjú ár. Þá veltir maður þessu upp, herra forseti, og spyr: Er þessum mönnum treystandi til að fara í þær miklu breytingar sem hér er verið að boða, þ.e. að loka félagslega húsnæðiskerfinu? Er þessum mönnum treystandi til að fara í þessar breytingar með íhaldinu sem ég treysti ekki hænufet í húsnæðismálunum, án nokkurrar handleiðslu eða samráðs við verkalýðshreyfinguna? Ég segi: Nei, herra forseti. Ég segi að þeim sé ekki treystandi til þess, enda hef ég, herra forseti, í nokkuð ítarlegu máli farið yfir félagslega húsnæðiskerfið, farið yfir áhrifin af þeim breytingum sem hér er verið að gera. Ég ein hef ekki sett þetta fram heldur hafa verkalýðshreyfingin og húsnæðisnefndir hver á fætur annarri sett fram alvarlega gagnrýni og alvarlegar athugasemdir við þetta frv. Því taldi ég nauðsynlegt, herra forseti, að fara ítarlega yfir það og kannski ítarlega líka yfir þau kaflaskipti sem hafa orðið í tíð þessarar ríkisstjórnar í samskiptum við verkalýðshreyfinguna. Mér finnst ágætt að hæstv. forsrh. sem hér situr í hliðarsal, hlusti á það að ég held ákveðin kaflaskipti séu að verða í samskiptum verkalýðshreyfingunnar og ríkisstjórnarinnar. Svo er ekki bara í húsnæðismálum, herra forseti, heldur líka varðandi vinnulöggjöfina sem við fjölluðum um á þessu kjörtímabili. Ég held það boði ekki gott, herra forseti, að þannig sé staðið að málum að verið sé að breyta stórri löggjöf eins og húsnæðislöggjöfinni á Íslandi og hunsa allar óskir verkalýðshreyfingarinnar um samráð og það að fresta málinu til haustsins, hvað þá heldur að tekið sé tillit til þeirra ábendinga og gagnrýni sem sett er fram með fullum rökum af hálfu hreyfingarinnar.

Samskiptin við félagasamtök marka líka ákveðin kaflaskipti. Á þau er ekki hlustað. Ég fór í gegnum það að bara á undanförnum tíu árum, að mig minnir, hafa félagasamtök byggt 1.100 íbúðir í gegnum þetta félagslega kerfi. Og þar með eru félagasamtökin að gera hvað? Þau eru að leysa úr þörf sem sveitarfélögin eiga raunverulega að leysa úr með aðstoð félagslega kerfisins. Þetta eru um 1.000–1.100 íbúðir. En það þarf ekkert, frekar en verkalýðshreyfinguna, að hlusta á þessi félagasamtök sem hafa lyft grettistaki í því að koma upp félagslegum íbúðum fyrir sína félagsmenn.

Það sem er líka athyglisvert og stendur upp úr er að stefna íhaldsins hefur ráðið hér ferðinni. Auðvitað reyndu íhaldsmenn þegar við vorum í stjórn með þeim, að koma á svona markaðsvæðingu í félagslega kerfinu. Þeir sáu auðvitað strax að þeir gátu það ekki. Það var alveg þýðingarlaust. (**Gripið fram í:** Náði hún nokkrum árangri ...) Ekki að því er varðar það, herra forseti, að breyta félagslega húsnæðiskerfinu. Og ég veit ekki til þess að það hafi verið í andstöðu við Alþb. að koma á húsbréfakerfinu eða að Alþb. hafi einhver áform um að leggja það niður. (**Gripið fram í:** ... breytt vöxtunum ...) Já, ég skal alveg viðurkenna það. Við gerðum það og breyttum líka vaxtabótakerfinu í leiðinni og útreikningar sýndu fram á að þótt vöxtum hefði verið breytt þá kom það ekki við þennan lægst launaða hóp sem við erum að tala um í dag. Ég bið hv. þm., ef hann er að reyna að koma að einhverri gagnrýni á störf mín sem félmrh., af því við erum að tala um Byggingarsjóð verkamanna, að bera saman framlög til Byggingarsjóðs verkamanna í minni tíð sem félmrh. og þau snautlegu framlög sem núna eru til sjóðsins hjá hæstv. félmrh. Ég held það sé nokkuð langt saman að jafna.

Þau voru um 1.200 millj. árið 1992 en við erum að tala um 250 millj. í dag og þar er nokkuð langur vegur frá og einmitt það að hafa ríkisframlögin með þessum hætti kemur í veg bæði fyrir þrot sjóðsins og kemur í veg fyrir að að hækka þurfi vextina óheyrilega. En við hlífðum þó leiguíbúðum og vextir eru enn þann dag í dag 1% þó að vissulega stefni í það hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra að færa vextina þar að markaðsvöxtum. Mér sýnist margt benda til þess að það verði gert, það verði niðurstaðan.

Herra forseti. Ég hef beint ýmsum spurningum til hæstv. ráðherra sem ég vænti að hann svari áður en umræðunni lýkur. Ég vil t.d. að ráðherrann svari því sem ég var að lesa núna og fara yfir núna eftir kvöldmatarhléð að það samkomulag sem gert var við verkalýðshreyfinguna í tengslum við húsaleigubæturnar núna fyrir jólin sé endanlegt og jafnvel þó að um auknar húsaleigubætur verði að ræða hjá sveitarfélögunum vegna þessa frv. sé það endanlegt að allar breytingar sem kalla á aukin útgjöld í húsaleigubótum sé hjá sveitarfélögum. Það las ég upp úr því sem fram kom í þinginu í desember og gerði það af því gefna tilefni að talsmaður Sambands ísl. sveitarfélaga hélt því fram í mars á Egilsstöðum þegar hann var að tala fyrir þessu kerfi að ef um yrði að ræða aukningu á húsaleigubótum, þá væri bara hægt að taka það upp í samskiptum ríkis og sveitarfélaga en þetta var endanlegt samkomulag að því er varðar húsaleigubætur sem gert var fyrir jólin. Auðvitað þarf hæstv. ráðherra að svara því ef sveitarfélögin hafa einhverjar væntingar um það þegar húsaleigubótakerfið fer að blása út út af þessu frv., þá þarf ráðherra að svara því hvort sveitarfélögin geti haft þessar væntingar áfram um að hægt sé að taka þetta upp í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og það sé til einhver inneign hjá sveitarfélögunum fyrir því að fjármagn til húsaleigubóta verði aukið ef raunin reynist sú að þær munu aukast verulega, herra forseti, þegar áhrifin af þessu frv. fara að koma fram. Ég held að nauðsynlegt sé að fá svör við þessu.

Síðan spyr ég líka um það hvers vegna þurfi að dragast svo lengi, herra forseti, að fá niðurstöðu í þessa áætlun sem á að fara í um þörfina á leiguíbúðum, hvers vegna þarf að bíða til ársins 2000 um það hver verður niðurstaðan af samskiptum ríkis og sveitarfélaga að því er þennan þátt varðar? Ég held, herra forseti, að fólk geti ekki beðið allt fram til ársins 2000 eftir því hver niðurstaðan verður. Við höfum farið yfir það hér, herra forseti, að þegar eru í Reykjavík 400 manns á biðlista eftir leiguíbúðum. Það liggur fyrir að sótt er um 100 leiguíbúðir hjá Reykjavíkurborg núna á þessu ári. Það liggur fyrir þörf í Reykjavík upp á 180 íbúðir á næsta ári einungis vegna þessara breytinga sem hér eru gerðar. Það liggur fyrir þörf í Kópavogi upp á 75 leiguíbúðir á næsta ári verði þessar breytingar gerðar og það liggur fyrir þörf upp á 60 leiguíbúðir á Akureyri verði þetta gert þannig að við erum að tala um fleiri hundruð leiguíbúðir og ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki fært fram nein sanngjörn eða eðlileg rök fyrir því að það þurfi að bíða í tvö ár eftir að fá niðurstöðu í það mál.

Ég vænti þess, herra forseti, að áður en 2. umr. lýkur um málið svari hæstv. ráðherra þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint.

Ég spyr ráðherrann líka að því: Hvers vegna voru ekki lagðar fyrir félmn. þær breytingar sem ég tel að verði, þ.e. aukinn kostnaður fólks við að koma inn í kerfið sem hæstv. ráðherra hélt fram að yrði allt annar og lofaði við 1. umr. málsins að yrði afhentur félmn.? Það hefur ekki verið gert. Ég spyr ráðherrann líka að því: Hvers vegna var ekki farið í það að meta áhrifin af þessum breytingum á fasteignamarkaðinn sérstaklega, hvort það gæti leitt til verðhækkana á fasteignamarkaði eins og fasteignasalar halda fram? Það er ýmislegt sem hæstv. ráðherra á eftir ósvarað.

Hæstv. forseti. Ég á þó nokkuð eftir sem ég þarf að ræða frekar við þessa umræðu sem ég tel alveg rétt að bíði þar til ég get tekið til máls í næstu umferð. Enn er töluvert margt órætt af minni hálfu en það er nokkuð liðið á nóttu og má vera að fleiri þurfi að komast að áður en yfir lýkur þannig að ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég vona að hæstv. forseti hafi skilið hvers vegna ég hafi þurft að fara í löngu og ítarlegu máli yfir það þegar verið er að loka félagslega íbúðakerfinu á Íslandi, þegar verið er að ráðast að þeim verst settu, fátæka fólkinu á Íslandi eins og hér er gert án þess að sýnt sé fram á að það muni á næstu árum og missirum hafa nokkurt öryggi í húsnæðismálum. Við eigum þessu fólki ákveðna skuld að gjalda. Við og þeir sem stjórna landinu berum ákveðna ábyrgð á velferð þessa fólks. Stjórnarliðar bera ábyrgð á velferð þessa fólks og ég vísa allri ábyrgð á þessa ríkisstjórn að því er varðar afkomu og húsnæðisöryggi þessa fólks. Við erum að tala um fólk sem er með tekjur á bilinu 60–80 þús. kr. Þetta er fólk sem gæti ekki, þó að það vildi komið sér upp íbúð á almenna markaðnum. Stjórnvöld eiga að hafa skilning á því að þetta fólk þarf aðstoðar við.

Herra forseti. Það skulu vera lokaorð mín að ég lýsi allri ábyrgð á hendur þessari ríkisstjórn verði þetta frv. að lögum eins og hér er stefnt að.

[00:37]

**Útbýting þingskjala:**

Framkvæmd vegáætlunar 1997, 716. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1402.

Tekjuskattur og eignarskattur, 524. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1398.

[00:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að leyfa mér að spyrja virðulegan forseta hvað er fyrirhugað með fundahald, hvort ekki er nóg að gert eins og þar stendur. Fundur hefur staðið linnulaust síðan hálfellefu í morgun og reyndar lengur því a.m.k. ein og líklega frekar þó tvær þingnefndir hófu störf klukkan átta.

Miðað við hvíldartímaskipan þá sem upp hefur verið tekin hér, m.a. að evrópskum sið og staðfest á Íslandi, og ég veit að sá ráðherra sem hér á mál á dagskrá er mjög annt um að sé virt, hæstv. félmrh., sýnist mér að ekki sé fært að halda lengur áfram fundinum miðað við að hann eigi að hefjast aftur á svipuðum tíma í fyrramálið og fundir hafa hafist undanfarna daga, þ.e. um hálfellefu. Ef ég kann rétt að reikna veitir ekki af að hætta störfum nú og þó fyrr hefði verið ef menn eiga að ná lágmarkshvíld samkvæmt þeim reglum sem nú eru gengnar í gildi. Ég vil því leyfa mér að koma þessari ábendingu á framfæri við hæstv. forseta og vænti þess að forseti sjái að það er eðlilegast úr því sem komið er að fresta fundinum að svo stöddu.

[00:39]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Eins og öllum má ljóst vera verður að nýta hverja stund í sólarhringnum svo ljúka megi umræðunni. Gert hafði verið ráð fyrir að halda fundinum áfram nokkra stund enn.

[00:39]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ósk sem hefur komið fram og hvetja hæstv. forseta til þess að við hér sem höfum verið að setja lög á grundvelli þar til gerðra samþykkta um hvíldartíma, virðum a.m.k. þær reglur og bjóðum ekki okkur sjálfum upp á það sem við erum að binda í lög að ekki megi bjóða öðrum upp á. Ég held að það sé lágmark að þessi samkunda hér, hið háa Alþingi, virði sjálft þau lög sem það er að setja. Ég vil því hvetja til þess, herra forseti, að tekið sé tillit til þessarar óskar. Þetta hefur verið langur og strangur fundur í dag og þinghaldið verður að gera ráð fyrir því að menn geti talað lengi og það hefur verið tekið tillit til þess hér en ég vil hvetja til þess að við fáum tóm til þess að hvíla okkur í a.m.k. einhverja klukkutíma áður en að næsti fundur hefst.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur hlýtt á eðlilegar óskir hv. þm.)

[00:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á ákefð forseta að halda áfram umræðunni. Hún hefur nú staðið frá kl. 10.30 í morgun en eins og fram hefur komið hófust nefndafundir kl. 8.15 í morgun og nokkrir þeirra sem eru í húsinu sátu þá nefndafundi. Ég minni á að fyrir tveimur kvöldum um þetta leyti var vakin athygli forseta á því að næsta morgun væri búið að boða fund í félmn. kl. 8.15 og það gæti ekki gengið að halda áfram fram eftir nóttu við þær aðstæður. Það var engu að síður gert og lýst yfir af forsetastóli að fundi í félmn. yrði aflýst. Það var ekki gert og við sem vorum hér mættum til fundar næsta morgun klukkan átta. Það er ekkert hægt að leika sér með þessi ákveðnu mörk. Það er búið að setja lög á Alþingi, reyndar um ellefu tíma hvíldartíma, fyrir alla landsmenn, átta stundir við sérstakar aðstæður ef á að bjarga verðmætum, ef ég man rétt. Við höfum fylgt þeim mörkum. Við erum komin að þeim. Við vorum á fundi klukkan átta í morgun og það er mál að linni, virðulegi forseti.

[00:43]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að jagast um þetta mál við herra forseta. Ég vil aðeins leggja frekari áherslu á það sem ég var að segja. Hér hafa staðið langir og miklir fundir, fyrst í þingnefndum og síðan á þingi. Ég tek eftir því að ýmsir eru orðnir þreytulegir, að til að mynda er hæstv. félmrh. orðinn þreytulegur, og ég leyfi mér að fullyrða að hæstv. ráðherra hefði gott af því að fara að komast heim og hvíla sig og halla sér hjá sinni góðu konu. Ég vil einnig beina því til hæstv. forseta að við erum hér í miðjum klíðum og það er ljóst að það er heilmikil vinna fram undan á Alþingi þannig að það hefur ekkert upp á sig að keyra sig út á hverjum degi. Mönnum vinnst best með því að hafa vinnudaginn jafnan, sígandi lukka er best í þessum efnum. Ég held því að það sé ekki skynsamlegt að vera að keyra hér á löngum næturfundum þannig að mannskapurinn sé þeim mun dasaðri daginn eftir. Það liggur þannig að verði næturfundur frekar en orðið er er augljóslega ekki hægt að endurtaka það á morgun. Það er ekki til siðs á Alþingi að halda kvöld- eða a.m.k. næturfundi marga daga í röð þannig að mér sýnist að ósköp lítið vinnist með því að halda miklu lengur áfram og ef það yrði gert þá mundi það fyrst og fremst leiða til þess að það yrði ekki hægt að byrja á sama tíma aftur í fyrramálið. Ég vil því í allri vinsemd biðja forseta að hugleiða það betur en hann hefur þó gert hingað til, hvort ekki sé skynsamlegt að fresta fundi nú eða a.m.k. halda honum ekki áfram nema í mjög skamma hríð í viðbót.

[00:44]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur góðan skilning á þeim óskum sem fram hafa komið hjá hv. þm. og með þeim orðum gefur hann hv. 8. þm. Reykn. orðið.

[00:45]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Byggingar félagslegs húsnæðis eiga sér sjö áratuga sögu hér á landi og voru á sínum tíma einhver mikilvægasta kjarabót sem íslenskur verkalýður hafði fengið fram. Það er nefnilega fleira sem gefur lífinu gildi en aurar í vasa. Það skildi blásnautt launafólk á fyrri hluta aldarinnar. Það samdi því í kjarasamningum um umbætur í húsnæðismálum sem hafa, eftir því sem árin hafa liðið, gefið tugum þúsunda fátækra launamanna möguleika á að búa í mannsæmandi húsnæði, þó auðvitað þætti okkur nútímamönnum þröngt um okkur með stóra fjölskyldu í litlum tveggja og þriggja herbergja íbúðum eins og fyrstu verkamannabústaðirnir voru. Fyrir þeirrar tíðar launafólk var þetta eins og að flytja í höll, þvílík voru þau hreysi sem það hafði áður hírst í.

Ekki voru allir jafnbjartsýnir á að þetta fátæka fólk gæti haldið eignarhaldi á þessum íbúðum. Ég minnist þess að þegar byrjað var að úthluta verkamannabústöðum við Lönguhlíð, það mun hafa verið laust eftir 1950, og fátækt fólk fékk þar úthlutað glæsilegum íbúðum, varð einum gömlum manni mér nákomnum sem aldrei hafði veitt sér neinn munað um dagana að orði: „Aumingja fólkið. Það er að reisa sér þvílíkan hurðarás um öxl sem það getur aldrei staðið undir.“ Auðvitað rættist þessi hrakspá ekki, sem betur fer. Fólk átti þarna öruggt húsaskjól, það sem það átti eftir ólifað á mjög viðráðanlegum kjörum.

Á seinni árum hefur það ánægjulega gerst að í hópi þeirra sem með þessum hætti hafa getað eignast húsnæði hafa verið margir okkar minnstu bræður, fatlað fólk, öryrkjar og einnig

aldrað fólk sem að öðrum kosti hefði alls ekki getað komist í eigið húsnæði. Félagasamtök þessa fólks hafa þungar áhyggjur af frv. sem við erum að ræða um í dag við 2. umr. Ég vil, með leyfi forseta, lesa tilvitnanir í umsagnir frá t.d. Landssamtökunum Þroskahjálp, sem um margra ára skeið hafa rekið húsbyggingasjóð sem hefur byggt og keypt félagslegar leigu- og kaupleiguíbúðir handa umbjóðendum sínum. Í umsögn þeirra til hv. félmn. segir m.a.:

„Landssamtökin Þroskahjálp leggjast gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum í vor heldur verði sumarið notað til að sníða af því augljósa vankanta og það síðan lagt fyrir á Alþingi í haust.

Óbreytt frumvarp er ekki líklegt til að ná þeim tilgangi sem um er getið í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum."

Áfram í sömu umsögn:

„Um fjölda íbúða og vaxtakjör á að semja við sveitarfélög. Félagasamtök eins og Landssamtökin Þroskahjálp sem hafa mörg hver verið fyrst og fremst í að byggja leiguhúsnæði fyrir tekjulægstu hópana virðast því algerlega ofurseld einhverju samkomulagi þessara aðila. Í dag er ekkert hægt að ráða í hvað út úr slíkum viðræðum kemur."

Með leyfi hæstv. forseta hyggst ég lesa umsögn Öryrkjabandalags Íslands sem gengur mjög í sömu átt:

„Öryrkjabandalag Íslands gengur út frá þeirri staðreynd að skjólstæðingar þess eru upp til hópa láglaunafólk, allt yfir í tekjulægsta fólkið í landinu.

Húsnæðisfrumvarp þetta sýnist ekki koma til móts við þetta fólk þar sem ekki er unnt að sjá annað en enn fleirum sé vísað á leigumarkað. Ekki er séð að með frumvarpinu sé þessum auknu þörfum fyrir leiguhúsnæði mætt ... Á móti munu menn segja að viðbótarlán hins nýja kerfis komi í stað félagslegra íbúðalána í dag. Þá ber þess að geta að enn strangari tekjuskilyrði eru fyrir húsbréfalánum en lánum úr félagslega kerfinu. Það þýðir að fleiri verða útilokaðir frá eignaríbúðakerfinu, sem eðlilega bitnar harðar á þeim tekjulægstu, svo sem öryrkjum.

Ekki verður af frumvarpinu ráðið hversu þörfum þessa fólks verður mætt þar sem beinlínis er aflétt ákveðnum skyldum sem sveitarfélögin hafa í dag.

Öryrkjabandalag Íslands leggur höfuðáherslu á að gætt sé í hvívetna hagsmuna hinna tekjulægstu í húsnæðiskerfinu."

Ekki má gleyma húsnæðissamvinnufélögum eins og Búseta sem með samspili við núverandi kerfi hefur getað útvegað félagsmönnum sínum úr hópi lágtekjufólks öruggt húsnæði á mjög viðráðanlegum kjörum. Búseti segir einmitt í umsögn til hv. félmn. Alþingis að ljóst sé að staða húsnæðissamvinnufélaga verði mun veikari en nú er með samþykkt þessa frv. og biður um að frv. verði frestað til haustsins svo tími gefist til að breyta því þannig að það verði ásættanlegt fyrir húsnæðissamvinnufélögin. Eins og kunnugt er kærir ríkisstjórnin sig hins vegar ekki um að koma til móts við réttmætar óskir Búseta eða annarra sem hafa á undanförnum vikum sent ákall um vandaðri vinnubrögð til hv. félmn. Minna má á að allmörg félagasamtök voru með heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu í dag þar sem þau skora á alþingismenn og ríkisstjórnina að fresta afgreiðslu þessa frv. og hægt verði að vinna það betur í samvinnu við þessi félagasamtök sem í eru tugir þúsunda félagsmanna ef ekki yfir 100 þús. Hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands telja sig ekkert þurfa að tala við þetta fólk og það þykir mér mjög alvarlegt, herra forseti.

Ríkisstjórnin hefur gert það alveg ljóst að hún muni fara sínu fram í þessum málum, þótt það sé almenningi í landinu til bölvunar. Auðvitað þurfti að gera breytingar á húsnæðiskerfinu. Um það voru allir sammála, en engin þau vandamál voru svo erfið að það kallaði á að þetta mikilvæga öryggisnet launafólks, sem það hafði fengið með kjarasamningum á undanförnum árum og í staðinn fórnað launahækkunum æ ofan í æ, yrði rifið eins og hér er gert.

Við 1. umr. kom fram hversu þröngur sá hópur var sem kom að samningu þessa frv. Það er sniðið að helstu áhugamálum Sjálfstfl. til margra ára. Sjálfstfl. gerð m.a. samþykkt um það á síðasta landsfundi flokksins að leggja byggingarsjóðina niður, sameina þá í eina stofnun sem síðan yrði einkavædd fyrir aldamót. Einnig yrði Húsnæðisstofnun lögð niður í núverandi mynd. Að vísu er ekki minnst á að einkavæða lánasjóðina fyrir árið 2000 í þessu frv. Því miður hefur svo margt gerst sem bendir í þá áttina. Sporin hræða, herra forseti. Það gæti alveg eins legið hér einhvers staðar undir steini. Allt hitt er inni.

Það er svo merkilegt hvað hjörtunum svipar saman hjá framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum þessa dagana. Framsóknarmenn kynntu sig sem félagshyggjuflokk fyrir síðustu alþingiskosningar en bera nú fram þetta makalausa húsnæðisfrv. sem er eins og tekið beint út úr villtustu draumum þeirra frjálshyggjumanna sem sátu flokksþing Sjálfstfl. það síðasta og versta. E.t.v. kynni fleirum en mér að detta í hug að annarlegar orsakir liggi að baki, t.d. að hæstv. forsrh., sem er valdamikill maður eins og við höfum sannarlega fengið að reyna í þinginu undanfarnar vikur og eigum eftir að fá að kenna enn þá betur á ef marka má yfirlýsingar, hafi hótað þessum fyrrv. félagshyggjumanni, hæstv. félmrh., búsifjum ef hann keyrði ekki í gegn þetta endemisfrv. fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Í raun er það óskiljanlegt þeim sem hafa fylgst með hæstv. félmrh. á undanförnum árum, áður en hann var gerður að ráðherra, e.t.v. til að lækka í honum rostann, að hann skuli beita sér af hörku fyrir lagasetningu sem þessari. Auðvitað er hæstv. forsrh. ekki hér staddur, ekki í þingsalnum í það minnsta. Kannski hann sé einhvers staðar bak við hurð. Hann ætlar ekki að taka ábyrgð á þessu máli þótt það sé eftir uppskrift frá hans flokksmönnum.

Hér er verið að taka möguleikann á að komast yfir eigið húsnæði frá tekjulægsta fólkinu í þjóðfélaginu. Það er hæstv. félmrh. þjóðarinnar sem beitir sér fyrir þann vagn. Að vísu segir hann að það sé þessu fólki fyrir bestu að búa í leiguhúsnæði og um það gæti ég að vissu leyti verið sammála hæstv. ráðherranum, ef slíkur valkostur væri í stöðunni. Því miður, hæstv. forseti, er slíkt húsnæði aðeins til í mjög litlum mæli í þessu þjóðfélagi og ekkert útlit fyrir að það muni lagast í bráð. Öll sveitarfélög sem ég þekki til í draga á eftir sér miklar skuldir sem þau eru nú hundskömmuð fyrir við hverjar kosningar. Þau hafa örugglega fæst í huga, a.m.k. þar sem ríkisstjórnarflokkarnir ráða nokkru um gang mála, að bæta við langtímalánum til að byggja húsnæði fyrir fátækasta fólkið.

Það eru öðruvísi íbúar sem teljast eftirsóknarverðir í þeim bæjum, hjá því fólki ef ég má „sítera" þá frægu bók „Þegar Tröllin stal jólunum". Í þeirri ágætu bók bræddi það tröllið um síðir að jólin urðu þrátt fyrir að búið væri að stela öllum jólagjöfunum. Því miður er það þó svo að ef þetta frv. sem hér liggur fyrir verður samþykkt, þá er mjög erfitt að sjá

hvernig unnt verður að vernda hagsmuni þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Húsnæðisnefnd Kópavogs gerði mjög eftirtektarverða úttekt á því hvernig þeir sem þar hafa fengið úthlutað íbúðum að undanförnu eða eru á biðlista eftir slíku húsnæði mundu standast hinar nýju reglur um greiðslumat sem felast í þessu frv. Þá kom eftirfarandi í ljós, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ákvæða 18. gr. um greiðslumat gerði húsnæðisnefnd Kópavogs könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem höfðu keypt íbúðir hjá nefndinni að undanförnu og höfðu staðist greiðslumat miðað við greiðslubyrði 28% af bruttólaunum. Þessar sömu fjölskyldur voru greiðslumetnar miðað við 18% greiðslubyrði af bruttólaunum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Kom þá í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af þessum 122, eða 9% hefðu staðist greiðslumat skv. frumvarpinu. 111 fjölskyldur, eða 91% hefðu ekki staðist matið og þurft á leiguíbúðum að halda.

Þegar skoðaðar voru 186 umsóknir sem borist höfðu undanfarna 14 mánuði kom í ljós að aðeins 6 fjölskyldur hefðu staðist greiðslumat, eða 3,30% af umsækjendum. Þessi breyting ein mundi valda sprengingu á leigumarkaðnum og afleiðingarnar ekki fyrirsjáanlegar því augljóst er að sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem þyrfti að verða ...“

Það er ljóst að það verður erfiður biti í háls fyrir skuldug sveitarfélög að sjá öllum þessum hópi fyrir leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaganna. Þau eru mörg ákaflega skuldug fyrir. Svo dæmi sé tekið, t.d. af Kópavogi, og er erfitt að ímynda sér annað en að þeir mundu reyna að laða íbúa í öðrum tekjuflokkum á það land sem þeir hafa til úthlutunar, fremur en það fólk sem ekki stenst lágmarksákvæði um greiðslumat í lánakerfinu. Er nema von að þeir sem bera þetta fólk fyrir brjósti hafi nokkrar áhyggjur af fyrirsjáanlegri þróun mála?

Þetta frv. er auðvitað ekki alvont. Það eru atriði í því sem horfa til framfara. Ég fagna t.d. samtímagreiðslu vaxtabóta. Ég verð þó að taka undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er nokkuð sérkennilegt hvernig kerfin eiga að mætast, þannig að þeir sem kaupa íbúð eftir áramót fara í samtímagreiðslur vaxtabóta en þeir sem kaupa fyrir áramót eiga að bíða í ár, eða kannski hátt á annað ár eftir sínum vaxtabótum. Ég held að þetta verði að athuga eitthvað nánar ef ekki á að setja þarna einhvern sérstakan tappa í fasteignaviðskiptin í þessu kerfi.

Ég fagna því líka að hér er talað um ákveðið valfrelsi í kerfinu og hefði löngu viljað að búið væri að taka það upp að einhverju leyti í kerfinu sem verið hefur við lýði. Það er þó ekki svo, herra forseti, að það eigi að gera, heldur á alfarið að setja viðskiptin í þessu kerfi yfir á hinn almenna húsnæðismarkað. Ég er nú ansi hrædd um að þá muni þetta, ef svo er í pottinn búið, leiða til mikilla hækkana á fasteignum.

Hvað sem hæstv. ráðherrann segir, sem margoft hefur reynt í blaðaviðtölum, útvarpsviðtölum, sjónvarpsviðtölum og hér á hinu háa Alþingi að telja fólki trú um að í þessu frv. séu alls konar góðir kostir fyrir láglaunafólk og betri kostir en núna bjóðast, þá verður bara að segjast að ef það er, þá er þetta frv. á dulmáli. Þó maður hafi lesið það aftur á bak og áfram og reynt að fara yfir allar umsagnir frá færustu aðilum í landinu þá kemur maður ekki auga á þessa kosti. Þeir eru ekki þarna, nema þeir komi í þessum ótal reglugerðum sem ráðherrann hæstv. ætlar að setja í kjölfar þessa frv. Um það er maður náttúrlega alveg blankur eins og maður stendur hér í ræðustólnum og á að fara að samþykkja þessi lög. (**Gripið fram í:** 28 reglugerðir.) 28 reglugerðir ætlar hæstv. ráðherrann að gefa út í kjölfar þessa frv. og við eigum að samþykkja lögin en við vitum ekkert.

Við höfum ekki grænan grun um það sem standa á í þessum reglugerðum. Þetta getur náttúrlega ekki gengið svona. Það liggur alveg fyrir að í útfærslunni sem hér blasir við hafa hagsmunir tekjulægsta fólksins, sem helst þarf að gæta að þegar slík löggjöf er samin, því miður verið fyrir borð bornir. Hjá meiri hlutanum hefur ekki verið áhugi á því að draga í land með verstu ákvæðin milli 1. og 2. umr. Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á þessu frv. en þær snúa allar eiginlega að orðalagi eða tæknilegum atriðum. Milli umræðna hafa nánast engar breytingar sem máli skipta verið gerðar, t.d. varðandi tekjulægsta fólkið. Það er að vísu komin einhver ný yfirlýsing frá fjmrn., sem ætlaði að leyfa byggingu 25 leiguíbúða á ári næstu tvö árin. Þegar þær staðreyndir lágu fyrir að það væru fleiri hundruð manns sem þyrftu á slíkum valkosti að halda var orðalaginu aðeins breytt frá hæstv. ráðuneyti. Nú er þessi fjöldi ekki takmarkaður við 25 heldur á að takmarka við væntanlegar fjárveitingar frá ráðuneytinu. Það kemur mér mikið á óvart ef þær verða eitthvað sérstaklega til að hrópa húrra fyrir þegar þar að kemur.

Það er einnig mjög ámælisvert og það kom glöggt fram á hinu háa Alþingi við 1. umr. að í engu var leitað eftir samráði við samtök launafólks í landinu þegar þetta frv. var samið. Þó hefur þetta frv. afdrifarík áhrif á kjaralega stöðu félagsmanna þeirra og felur í sér skerðingu á réttindum sem hafa áunnist í kjarasamningum í liðnum árum og fórnir verið færðar fyrir. Þetta er bara eins og í Kardimommubænum. Þetta er nokkurs konar ránsferð. Þarna er bótalaust tekið frá launþegum í landinu atriði sem þeir hafa samið um í kjarasamningum og fært fórnir fyrir.

Hæstv. félmrh. upplýsti að hann hefði tekið tillit til samþykkta frá þingi ASÍ um málið og hefði álitið það duga. En þar fór nú í verra því ef ráðherrann hæstv. hefur haldið sig vera að framfylgja þingsamþykktum frá ASÍ við samningu frv., þá hefur hann misskilið innihald þeirra hrapallega. Hefði ekki verið öruggara fyrir hæstv. ráðherrann að bjóða fulltrúum launþegasamtaka, Öryrkjabandalagsins og annarra þeirra samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, að þessu verki þannig að ekkert færi milli mála um vilja manna og meiningar? Eins og ég hef áður sagt: Ekkert lætur hæstv. ríkisstjórn verr en samráð. Þeir telja sig ævinlega vita hvað landslýð er fyrir bestu, betur en samtök hinna vinnandi manna í landinu. Þeir vilja því helst ekki þurfa að spyrja þau hvar Davíð eigi að kaupa ölið. En ég vil vitna í umsögn sem ASÍ og BSRB unnu sameiginlega um málið, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp félagsmálaráðherra tekur fyrst og fremst á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en leysir ekki vanda þeirra sem húsnæðiskerfinu er ætlað að þjóna. Það er ekki í anda stefnu ASÍ og BSRB og ekkert samráð haft við þau um samningu þess. Að óbreyttu leggur frumvarpið í rúst félagslega íbúðakerfið án þess að komið sé á fót félagslegu lána- eða leiguíbúðakerfi eða annarri félagslegri húsnæðisfyrirgreiðslu til þeirra sem þörf hafa á.“ Svo mörg voru þau orð.

Ég er hér einnig með útdrátt úr grein sem birtist í Morgunblaðinu 30. apríl sl. Greinin er eftir Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing ASÍ. Ég hygg að dómur allra sem starfa í verkalýðshreyfingunni og meðal viðsemjenda þeirra sé sá

að Rannveig Sigurðardóttir sé afar hæfur hagfræðingur, afar varfærin í dómum og vinni öll sín mál af stakri kostgæfni. Rannveig Sigurðardóttir, sem mikið mark er tekið á, kemst að þessari niðurstöðu í grein sinni:

„Vegna hertra skilyrða [þ.e. í greiðslumatskerfinu] verður einnig fjölda fólks vísað út á leigumarkað án þess að gengið hafi verið frá því að nægilegt framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé tryggt. ASÍ og BSRB hafa bent á að eitt helsta einkenni frumvarpsins sé hversu margt sé óljóst um það húsnæðiskerfi sem verið er að koma á." — Hún tekur undir það með mér að frv. sé á dulmáli. — „Einnig hafa samtökin bent á að þættir sem hafa afgerandi áhrif á kjör þeirra sem húsnæðiskerfið á að þjóna séu afar ótryggir."

Varðandi leigumarkaðinn kemst Rannveig Sigurðardóttir að eftirfarandi niðurstöðu:

„Ljóst er að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður stórum hluta þeirra, sem hingað til hafa getað keypt félagslega eignaríbúð, vísað út á leigumarkað. Ástæðan er í fyrsta lagi sú að ekki verða lengur veitt 100% lán sem heimilt hefur verið að veita til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður og umsækjandi sýni fram á greiðslugetu. Rök ráðherra fyrir þessari breytingu eru að margir hafi lent í fjárhagserfiðleikum vegna þessara lána. Ef litið er til reynslu undanfarinna ára sést að milli 67 og 75% þeirra sem fengið hafa slík lán ráða við að kaupa íbúð einmitt vegna þessa möguleika. Þessi hópur verður nú að leita út á leigumarkað en undanfarin ár hafa um 170 manns fengið slík viðbótarlán.

Hin ástæðan fyrir því að vænta má fjölgunar á leigumarkaði er að allt bendir til að forsendur greiðslumats verði þrengdar. Greiðslumat í félagslega eignaríbúðakerfinu byggist nú á því að greiðslubyrði vegna húsnæðislána fari ekki yfir 28% af tekjum. Samkvæmt frumvarpinu á að setja um þetta nýjar reglur með hliðsjón af tillögum starfshóps um nýtt greiðslumat. Þessi reglugerð verður ekki sett fyrir afgreiðslu laganna en ef tillögur starfshópsins eiga að liggja þeim til grundvallar er ljóst að kröfur um greiðslubyrði verða hertar. Færri munu þá eiga þess kost að kaupa íbúð og verður leigumarkaðurinn þeirra eina úrræði.

Eins og er er mikill skortur á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Verði frumvarpið að lögum mun því nýr og fjölmennur hópur leita út á leigumarkaðinn en hvergi er í frumvarpinu gengið frá því hver eigi að standa undir niðurgreiðslu á leigukostnaði hans."

Eitt atriði hefur vakið undrun mína en það er hve lítið hefur verið rætt um, í sambandi við þessa fyrirhuguðu kerfisbreytingu, að oft var mikil hagræðing fólgin í því að húsnæðisnefndir stóðu fyrir þessum byggingum. Þar var komin mikil verkkunnátta og reynsla sem birtist í því að þessar íbúðir voru oft ódýrari en íbúðir sem byggðar voru fyrir almennan markað. Ég vil t.d. minna á að í Reykjanesbæ hafa á undanförnum árum verið byggðar félagslegar íbúðir, mjög glæsilegt húsnæði, langt undir almennum byggingarkostnaði. Það kom auðvitað til góða þeim sem keyptu. Í umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í allri þessari umræðu hefur ekki verið minnst á það hagræði og sparnað sem falist hefur í því að húsnæðisnefndirnar hafa boðið út þær byggingaframkvæmdir sem eru á þeirra vegum og er óhætt að fullyrða að það hefur fram til þessa skilað sér í miklum mun lægri húsnæðiskostnaði á þéttbýlissvæðunum en markaðurinn býður þessum fjölskyldum upp á."

Það hefur oft verið fært fram sem rök fyrir nauðsyn þess að gera þá breytingu á húsnæðiskerfinu sem nú stendur fyrir dyrum samkvæmt þessu frv. að úti um land standi íbúðir auðar sem höfðu verið byggðar í félagslega kerfinu, en tilflutningur á atvinnutækifærum og í nokkrum tilfellum rangar forsendur fyrir ákvörðunum viðkomandi bæjarstjórna um þörf fyrir húsnæði hafa óneitanlega valdið nokkrum erfiðleikum hjá viðkomandi sveitarfélögum. Þessu vandamáli þurfti auðvitað að taka á og var leikur einn ef viljinn hefði verið til þess. Það þurfti ekki að afnema kerfið þess vegna. En í stað þess var málið látið dankast og blásið upp til að nota það sem fallbyssufóður í þeirri aðför að húsnæðiskerfinu sem hér stendur yfir og eftir umræðunni hefði mátt ætla að um væri að ræða flestar íbúðir í félagslega kerfinu. En þetta voru þó aldrei nema 34 íbúðir af 11 þús. sem höfðu staðið auðar í eitt ár eða lengur árið 1996 og vandamálið var mjög staðbundið.

Einnig hefur verið gert mikið úr því í umræðunni að vanskil í kerfinu væru mikil. En þær 65 millj. kr. sem töpuðust í þessu kerfi á árunum 1990 til 1994 sýnast nú harla léttvægar á þessum síðustu og verstu tímum þegar það hefur verið upplýst að útlánatap ríkisbanka og fjárfestingarsjóða var á sama tíma um 22 milljarðar og voru það þó ekki fátækir launamenn sem áttu þar hlut að máli.

Einn er sá hópur sem málið snertir sem hefur ekki verið mikið í umræðunni en það er sá hópur æskumanna sem stundar framhaldsnám og þarfnast ódýrs og hentugs húsnæðis meðan á því stendur. En námslánin leyfa, svo sem kunnugt er, ekki neinn lúxus. Það hefur verið svo að aðeins lítill hluti þeirra sem þarfnast hafa slíkra námsmannaíbúða á undanförnum árum hefur getað fengið slíka úrlausn þótt vissulega hafi mikið áunnist fyrir tilstuðlan félagslega húsnæðiskerfisins á undanförnum árum. En hvað skyldu nú námsmenn, æskan sem á að erfa landið, segja um þetta frv. sem hér liggur fyrir? Ég vil vitna, með leyfi forseta, í umsögn frá Félagsstofnun stúdenta sem send var hv. félmn.:

„Að óbreyttu frumvarpi má gera ráð fyrir að uppbygging námsmannaíbúða dragist stórlega saman á næstu árum. Niðurfelling 3,5% framlags sveitarfélaga, álag stimpilgjalda og dýrari framkvæmdalán hafa áhrif til hækkunar byggingarkostnaðar og þar af leiðandi til hækkunar leiguverðs til stúdenta. Vaxtakjör er sú breyta sem mestu máli skiptir og óvissa um þau gerir alla áætlanagerð erfiða en eins og komið hefur fram hefur hækkun vaxta úr 1% í 5% áhrif á hækkun leigu sem nemur tæplega 30%. Óvissa um lánafyrirgreiðslu er að sama skapi allri langtímaáætlanagerð og stefnumótun fjötur um fót.

Félagsstofnun stúdenta hefur litið á uppbyggingu stúdentagarða og rekstur þeirra sem hluta af lausn þess húsnæðisvanda sem almennt steðjar að. Húsnæðisvandi stúdenta er enn fyrir hendi og þarf að leysa hann á annan hátt ef Félagsstofnun stúdenta er ekki gert kleift að sinna því hlutverki. Eftirspurn eftir heppilegu húsnæði fyrir stúdenta er langt umfram framboð og hafa á undanförnum árum ríkt erfiðleikar á leigumarkaðnum seinni part sumars og á haustin. Tekjulitlir stúdentar, flestir utan af landi, njóta leiguhúsnæðis hjá Félagsstofnun stúdenta í 1–6 ár meðan á námi stendur. Um er að ræða fyrirkomulag sem stúdentar og stjórnvöld hafa ítrekað lýst yfir ánægju sinni með. Félagsstofnun stúdenta hefur fullan hug á að halda uppbyggingunni áfram en lýsir yfir

áhyggjum sínum ef frumvarpið verður samþykkt í óbreyttri mynd ..."

Svo mörg eru þau orð, hæstv. forseti.

Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd
þá ert þú á framtíðarvegi

orti þjóðskáldið Þorsteinn Erlingsson á sínum tíma og er oft til þessa vitnað á hátíðarstundum. En samkvæmt því er ekki mikil framtíð í hæstv. félmrh. og þessu frv. hans sem samið var í þröngum hópi. Og því miður hefur ekki tekist að ná fram neinum umtalsverðum breytingum á þessu frv. í meðförum félmn. milli umræðna. Ég mun því gráta þurrum tárum eins og Þökk forðum ef þetta frv. nær að verða að steini í meðförum hv. Alþingis.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 01:21.

---

## 128. FUNDUR

föstudaginn 15. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — Frh. 2. umr.

2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

### *Húsnæðismál, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

[10:31]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Við lifum dálítið einkennilega tíma hérna á Alþingi og það er ýmislegt sem við þingmenn verðum að láta yfir okkur ganga. Það hafa orðið örlög þeirrar sem hér stendur ýmist að tala í mikilvægum málum um miðja nótt þegar flestir eru orðnir svo þreyttir að þeir geta varla fylgst með eða þá eins og núna, að hefja umræðuna að morgni þegar ýmsir eru væntanlega ekki enn búnir að ná sér eftir langa umræðu frá síðasta þingfundi. En það gleður mig að sjá Íslandsmeistarann í ræðuhöldum á Alþingi mættan og sýnir það nú hvert þrek hún hefur til fundahalda svo og fagna ég sérstaklega þreki hæstv. félmrh. og talsmanns framsóknarmanna eða meirihlutamanna í félmn. og met það mikils að þeir skuli vera viðstaddir umræðuna sem er auðvitað sjálfsagt mál og það ætti kannski ekki að þurfa að fagna því.

Herra forseti. Það er ekki einleikið með þessa ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. vegna þess að enn einu sinni á þessu vori erum við að ræða illa grundað, illa undirbúið mál sem hefur valdið gríðarlegum óróa, óvissu og áhyggjum úti í þjóðfélaginu. Þetta mál, frv. til laga um húsnæðismál sem hér er til 2. umr., hefur vakið slíka andspyrnu og áhyggjur félaga og félagasamtaka að 26 þeirra með tugþúsundir félagsmanna á bak við sig hafa séð ástæðu til þess að fá birta heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu — hún birtist í Morgunblaðinu í gær — með áskorun til alþingismanna að fresta þessu frv. Þetta eru allt saman félög og félagasamtök sem eðlis síns vegna hafa gríðarlegra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína. Þau hafa ástæðu til þess að láta til sín taka í þessu máli og þau hafa sannarlega gert það. Það fer að verða spurningin hvort það sé meginmarkmið hæstv. núv. ríkisstjórnar að egna sem flesta upp á móti sér, stjórna eingöngu fyrir sjálfa sig en ekki fyrir fólkið í landinu, stjórna sem herrar fólksins en ekki þjónar þess, þjónar almennings og gæslumenn almannahagsmuna.

Þetta er vond þróun, herra forseti. Við höfum auðvitað séð vinnubrögð af þessu tagi áður, illa undirbúin mál, skort á samráði o.s.frv. En nú á þessu vori keyrir um þverbak. Hvert stórmálið af öðru sem vekur þessi sterku viðbrögð ber að höndum. Ég nefni gagnagrunnsfrumvarpið sem góðu heilli var frestað til næsta þings a.m.k. Þar var farið að óskum fjölmennra hópa manna sem eru vel kunnugir þeim málum og það er vel. Ég nefni hálendisfrumvörpin sem svo hafa verið kölluð. Þó að vissulega séu engin frumvörp skráð þannig hjá þinginu, þá hefur almenningur gefið þessum frumvörpum, og sérstaklega frv. til sveitarstjórnarlaga, þetta nafn vegna þess vægis sem 1. gr. þess frv. og ákvæði til bráðabirgða hafa í hugum fólks. Einnig er frv. um nýtingu auðlinda í jörðu ekki síður mikilvægt og mun reynast afdrifaríkt. Ég er sannfærð um það. Það hefur ekki farið fram sú grundvallarumræða sem þarf til þess að við getum sett lög um þau efni, það er langt frá því.

Þessi tvö frumvörp eru þannig vaxin að fólk hefur óskað eftir því að þeim verði frestað svo að fram geti farið ítarlegri umræða og stjórnarandstaðan hefur lagt til að þeim verði vísað til ríkisstjórnarinnar, vísað til frekari umræðu. Og svo er það frv. sem við ræðum nú.

Þetta er auðvitað ekki einleikið. Ég get ekki fallist á að þetta séu skynsamleg vinnubrögð og þetta eru ekki skynsamlegir stjórnarhættir, enda hafa menn nýleg fordæmi fyrir ólíkt skynsamlegri vinnubrögðum. Það væri hægt að nefna ýmis dæmi en ég nefni t.d. löggjöf um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem var afgreitt héðan í sátt og samlyndi eftir markvisst og víðtækt samráð sem sýnir kannski að menn hafa þó hugmynd um að slík vinnubrögð eru möguleg og hvaða árangri er hægt að ná með slíkum vinnubrögðum. Þannig vinnubrögð eru einmitt í anda lýðræðis.

Mér finnst þetta mál sem við ræðum nú fyllilega sambærilegt þar sem húsnæðismál hafa árum saman verið forgangsatriði í baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir kjörum síns fólks. Þau hafa verið forgangsatriði og launamenn hafa jafnvel selt launahækkanir fyrir úrbætur í húsnæðiskerfinu.

Það er staðreynd. Þær hafa reyndar ekki allar reynst jafn vel, en það er önnur saga.

Þess vegna er alveg furðulegt og ávísun á gagnrýni og andóf þegar mál eru undirbúin eins og hér hefur verið gert. Það er léleg stjórnviska, herra forseti, og það veldur vonbrigðum að heyra og lesa það í fjölmiðlum að hæstv. félmrh. og hv. talsmaður meiri hlutans í félmn. hafa algjörlega hafnað því að taka tillit til óska, ekki bara stjórnarandstöðunnar, heldur fjölmargra félaga og félagasamtaka sem málið varðar, um að fresta málinu og gefa aukið ráðrúm til að fjalla um það. Mér þykir afar slæmt að svona skuli vera brugðist við og ég hlýt enn einu sinni að skora á hæstv. ráðherra að taka tillit til þessara óska. Ég held að hann yrði talinn maður að meiri ef hann gerði það og ég held að það væri til mikilla bóta fyrir það mál sem hér er til umræðu og varðar svo miklu fyrir fjölskyldurnar í landinu. Ég held líka, af því að hér er einmitt um að ræða fulltrúa Framsfl., að það væri meira í anda við það sem talsmenn hans hafa sagt og viljað láta kenna sig við í málum eins og þessum.

Auðvitað á að hlusta á þetta fólk, þessi félagasamtök sem hafa sýnt hug sinn á mjög sterkan hátt, bæði í ítarlegum umsögnum til hv. félmn. og í fyrrnefndri blaðaauglýsingu. Álit þessara samtaka er samhljóða. Þau telja að með þessu frv. sé stefnt markvisst að því að færri fjölskyldum láglaunafólks sé gert kleift að eignast eigið íbúðarhúsnæði á sanngjörnum og viðráðanlegum kjörum og þetta sé gert án þess að settar séu tryggingar fyrir nægilegu framboði leiguhúsnæðis í staðinn vegna þess að það sem hér er verið að leggja til er auðvitað ávísun á leigumarkaðinn, og að þetta sé gert án þess að réttarstaða og öryggi leigjenda sé bætt og tryggð. Þessi samtök telja að með þessu frv. sé fyrst og fremst verið að taka á vanda húsnæðiskerfisins sjálfs og nokkurra sveitarfélaga en ekki á vanda þess fólks sem kerfið á að þjóna. Það er ekki nein ágætiseinkunn sem frumvarpshöfundar fá. Það sér á að fulltrúar þessa fólks hafa ekki komið að samningu þessa frv. Og þó að þeir hafi komið að vinnunni í hv. félmn. er það þeirra niðurstaða, eftir þær breytingar sem lagðar hafa verið til á frv., að ekki sé nóg að gert, það verði að skoða málið betur.

Það skortir vissulega ekkert á að a.m.k. stærstu og öflugustu félagasamtökin hafi komið skoðunum sínum á framfæri við hv. félmn. sem hafði reyndar ekki nema u.þ.b. mánuð frá lokum umsagnarfrests til þess að fjalla um málið. Samtímis var hv. félmn. að fjalla um annað stórmál sem líka hefur verið mikið ágreiningsefni þannig að tíminn varð sannast sagna afar lítill.

Við getum kynnt okkur umsagnir í fskj. með nál. minni hluta félmn. og ég vil nota tækifærið til að þakka minni hluta félmn. fyrir afar skilmerkilegt og greinargott nál. og fyrir framlagningu þessara umsagna sem eru mjög nauðsynlegar þeim sem hafa ekki að öðru leyti aðgang að störfum hv. félmn. eins og til háttar með þingkonur Kvennalistans. Þessi gögn eru ómetanleg fyrir alla hv. þm. og skýra mjög vel það sem við er að fást. Ég vona að hv. þm. meiri hluta Alþingis lesi vel þau gögn sem hér hafa verið lögð fram. Þar kemur mjög vel fram hvílíka áherslu þessi félagasamtök leggja á húsnæðismálin vegna þess að þau eru órjúfanlegur hluti af lífskjörum almennings og sú aðstoð sem veitt er gegnum húsnæðiskerfið og skattkerfið skiptir hreinlega sköpum fyrir þá sem á einhvern hátt standa höllum fæti, láglaunafólk, einstæða foreldra, fatlaða, aldraða og námsfólk. Það er auðvitað tilgangur og markmið félagslega húsnæðiskerfisins að tryggja öllum sómasamlega úrlausn, öruggt, ódýrt og gott húsnæði, sem allir eiga rétt á án tillits til efnahags eða annarra aðstæðna.

Þetta ætti ekki að vera þjóðinni ofviða. Er hún ekki skilgreind sem tíunda ríkasta þjóðin meðal OECD-ríkja? Það er eins og mig minni það. Enda eru áratugir síðan Alþingi Íslendinga komst að þeirri niðurstöðu að svo skyldi gert. Ég ætla nú ekki að fara yfir söguna, það hafa aðrir gert á undan mér og ekki ástæða til að endurtaka hana. Hér hafa verið fluttar mjög efnismiklar og fróðlegar ræður í þessari umræðu. En nú eru liðin tæp 70 ár síðan fyrstu lögin um byggingu félagslegs húsnæðis voru sett, lög sem gjörbreyttu möguleikum láglaunafólks til mannsæmandi lífs og sómasamlegra aðstæðna.

Róm var ekki byggð á einum degi og hún er ekki fullbyggð enn. Auðvitað eru kröfurnar sífellt að breytast. Það sem þótti gott á þeim tíma þegar fyrstu lögin voru sett um byggingu félagslegra íbúða þykir nú harla fátæklegt. Við þekkjum það vafalaust flest hér inni, a.m.k. við sem erum orðin svo fullorðin sem á grönum má sjá, hvað þótti boðlegt á árum áður. Nú er það til marks um fátækt ef ungt fólk hefur ekki sérherbergi sem okkur þótti hreinn lúxus í mínu ungdæmi. Það var alvanalegt í þá daga að margir deildu saman herbergi á svipaðan hátt og nú er gert í sumarbústöðum eða útilegum og margt fleira má nefna sem þótti gott þá en þykir léttvægt nú eða ekki nógu gott.

Þegar lögin um byggingu félagslegs húsnæðis voru sett árið 1929 var enn langt í það að heilsuspillandi húsnæði væri að mestu útrýmt, eins og raunin er nú víðast hvar á landinu í dag. Félagslega húsnæðiskerfið hefur auðvitað þróast og breyst mikið á þessum tæplega 70 árum og m.a. hafa sveitarfélögin komið æ meira þar við sögu og nú teljast 10.600 íbúðir til félagslegs húsnæðis. Ekki þarf ekki að fara um það mörgum orðum hvers virði þetta kerfi hefur verið þeim fjölda einstaklinga og fjölskyldna sem þar hafa fengið fyrirgreiðslu.

Nú vita láglaunafólk og aðrir sem sett hafa traust sitt á þetta kerfi, námsmenn, einstæðir foreldrar, fatlaðir og aldraðir ekki sitt rjúkandi ráð vegna þess að flest er óljóst um það sem við tekur þegar þessu kerfi hefur verið gjörbylt eins og ætlunin er með þessu frv.

Það er auðvitað ekki alvont og ég ætla ekki að halda því fram að þetta frv. sé handónýtt, að það séu alvondar hugmyndir sem þar koma fram og flestir eru þeirrar skoðunar að húsnæðiskerfið þurfi endurskoðunar við. Það hefur lengi staðið til. En út af fyrir sig er markmiðið að stefna að íbúðalánasjóði, eins og hér er gert, sem standi undir sér sjálfur en við verðum að gera okkur grein fyrir því að um leið er verið að taka ákvörðun um að leggja minna af almannafé til að styrkja þá sem standa höllum fæti að þessu leyti. Það er ekkert annað hægt að lesa út úr þessu en það vegna þess að ekki er sýnilegt hvað kemur í staðinn. Sagt er að það verði gert í gegnum skattkerfið en það er ekkert tryggt í því efni. Það er af mörgum talið mun óóruggara en niðurgreiðsla vaxta eins og verið hefur.

Það má líka nefna að sameining byggingarsjóðanna er eðlileg. Það er raunar sjálfsagt og eðlilegt að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna vegna þess að Byggingarsjóður ríkisins hefur í rauninni lokið hlutverki sínu eftir að húsbréfakerfið hefur fest sig í sessi.

Það er líka jákvætt að breyta um stefnu að því leyti að félagslegum íbúðum verði ekki lengur hrúgað saman eins og

tilhneigingin hefur verið, heldur tekin upp sú stefna að menn geti fest kaup á íbúð eftir vali, bara þar sem þeir finna slíka við hæfi og þannig sé frjálsræði aukið í vali á íbúðum. Það er einn meginkostur þeirra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir, að tekin verði upp lán til einstaklinga sem fái ákveðið frelsi til að velja sér íbúð í stað þess að fá úthlutað ákveðinni íbúð á ákveðnum stað. Það fylgir að vísu böggull skammrifi eða kann að fylgja vegna þess að því fylgir sú hætta að það valdi þenslu á húsnæðismarkaðnum, að það geti leitt til hækkunar íbúðaverðs.

En það er eitt af því sem er ókannað. Það er eitt af því sem skortir við undirbúning þessa frv. En ég tel að það sé af hinu góða að færa íbúðakaup í félagslega kerfinu út á hinn almenna markað. Það verður þó ekki hægt strax þar sem það tekur sinn tíma að sveifla sér á milli kerfa. En ég segi það aftur að ekki er allt vont í þessu frv. og allir eru sammála um að húsnæðiskerfið þarf endurskoðunar við. En hér hefur að mínum dómi tekist illa til, forsendurnar eru rangar og niðurstöður að mestu leyti rangar og tryggingar eru nánast engar. Það gengur ekki að setja löggjöf af þessu tagi sem setur fjölda manns í óvissu og öryggisleysi, einmitt það fólk sem síst má við því.

Gefnar forsendur eru þær að félagslega húsnæðiskerfið sé komið í þrot. Það sé að ríða einstökum sveitarfélögum á slig þar sem þau sitji uppi með auðar íbúðir sem þau koma ekki í verð, þau hafi orðið að leysa þær til sín vegna lagaákvæða um slíkt. Sagt er að lánaskilmálar séu einfaldlega þannig að fólk reisi sér hurðarás um öxl í þessu kerfi og margsinnis hefur verið bent á það fólk sem lendir á milli kerfa, eins og sagt er, fólk sem hefur of miklar tekjur til þess að fá fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðiskerfinu en of litlar tekjur til þess að fá greiðslumat og húsbréfalán í framhaldi af því.

Út af fyrir sig er rétt að Byggingarsjóður verkamanna á í miklum vanda og stefnir í þrot á næstu árum. Það er rétt. Það mun gerast ef ekkert verður að gert. En hver er vandinn í raun og veru? Hver er orsök þessa vanda? — Ég sakna nú hæstv. ráðherra. Ég fagnaði því í upphafi fundar að hafa báða viðstadda, talsmann meiri hlutans í hv. félmn. og hæstv. félmrh. en þrekið er ekki meira en svo að nú sé ég hvorugan og finnst mér þó mikilvægt og raunar sjálfsagt að þeir sýni þá kurteisi að vera hér við vegna þess að talsmaður Kvennalistans hefur ekki fyrr talað í umræðunni. Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að fara fram á það við a.m.k. annan hvorn þessara aðila eða einstaklinga að vera hérna við.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að óskir þingmannsins verði uppfylltar að þessu leyti.)

Ég þakka forseta fyrir og tel að ekki sé til of mikils mælst að fá að sjá framan í a.m.k. annan hvorn þeirra sem ég hef nefnt, hv. talsmann meiri hlutans í félmn. — sem er nú kominn í dyrnar en heldur sér fast í stólbakið og sleppir vonandi ekki því að þá verð ég dauðhrædd um að hann sé að fara — eða þá hæstv. ráðherra. Ég skal ekki tefja tímann með því að bíða eftir hæstv. ráðherra og geri mig ánægða með að sjá hv. þm. Magnús Stefánsson, þó að ég verði að segja það aftur að það olli mér miklum vonbrigðum að heyra yfirlýsingar hans í þætti sem hann mun hafa tekið þátt í á Rás 2 í gær, hygg ég. Það var endurflutt í nótt þegar ég var á heimleið því að ég heyrði það í útvarpinu og þar var engin miskunn hjá Magnúsi eins og nú tíðkast að segja.

Hann túlkaði þá niðurstöðu þeirra sem mestu ráða um framgang þessa frv. að því verði ekki frestað. En útskýringar voru ekki mjög gildar að mínu mati.

Ég var að fjalla um ástæður þess að Byggingarsjóður verkamanna er svo staddur sem hann er nú. Sökin er ríkisvaldsins. Ástæðan er auðvitað sú að framlög ríkisins hafa verið skorin niður jafnt og þétt á undanförnum árum og sjóðurinn hefur orðið að taka lán á miklu hærri vöxtum en þeim sem hann hefur síðan tekið fyrir útlán sín. Þetta er alveg sama klemman og Lánasjóður ísl. námsmanna var settur í. Hann fékk ekki þann tíma, ráðrúm og svigrúm sem ætlunin var við upphaflega lagasetningu um Lánasjóð ísl. námsmanna, einmitt mjög mikilvægt málefni sem Framsfl. kom mikið að. Hann fékk ekki svigrúm til að eflast og leggja þann grunn sem þurfti til að geta síðar að mestu staðið undir sjálfum sér. Ég minnist mikilla, árlegra, langvinnra umræðna um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna þar sem þingmenn Framsfl. höfðu mikið að segja og létu a.m.k. sem svo að þeir vildu leggja honum lið. Þegar staðan var orðin óbærileg var lögum og reglum um lánsjóðinn umbylt svo að hann þjónar ekki lengur sama tilgangi og upphaflega var ætlunin, heldur setur námsmönnum slíkar skorður að þeir hafa ekki sömu möguleika og áður. Það er ekki svo. Þá á ég fyrst og fremst við þá sem eru bundnir vegna barna eða vegna einhverra annarra aðstæðna, vegna annarra skyldna sem koma í veg fyrir að viðkomandi geti sinnt náminu á fullu og uppfyllt þannig skilyrði um námsárangur innan ákveðinna tímamarka.

Niðurstaðan er að sjóðurinn stendur betur en áður. Sjóðnum hefur batnað. Sjóðnum hefur batnað heilmikið. En þeir sem helst þurfa á fyrirgreiðslu að halda standa verr. Þessi niðurstaða hefur t.d. haft áhrif á möguleika kvenna til þess að stunda nám og njóta lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna vegna þess að þær eru margar þannig settar að geta ekki stundað nám á fullu, eins og maður segir, og eiga erfitt með að uppfylla skilyrði um árangur innan vissra tímamarka. Það er býsna alvarlegt mál. En ekki er nú bjartara yfir þessu sem við erum hér að ræða.

Það er út af fyrir sig rétt að þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög standi uppi með félagslegt húsnæði sem ekki er þörf á. En í raun er þarna aðeins um að ræða u.þ.b. 1% allra félagslegra íbúða. Það geta auðvitað ekki verið rök fyrir umbyltingu kerfisins eins og hér er áformað. Það geta ekki verið rök þó að 1% allra þeirra íbúða, sem eru 10.600 talsins í landinu, standi auðar. Þó þær standi auðar um lengri eða skemmri tíma þá er sá tími yfirleitt ekki svo langur. Vandinn er stærstur á ákveðnum svæðum og á þeim vanda er hægt að taka sértækt. Það er t.d. hægt með því að breyta þessum íbúðum í leiguíbúðir eða hugsanlega með einhverjum aðgerðum til þess að lækka söluverð þeirra svo að þær gangi út og fólk treysti sér til að kaupa.

Á þessu er vissulega reynt að taka í frv., að auðvelda sveitarfélögunum að breyta þeim eignaríbúðum sem þau hafa leyst til sín, í leiguíbúðir og selja þær. Fjármögnun þess verkefnis er sérkennileg ef ég hef skilið það rétt. Ég fæ ekki betur séð en að þeim sveitarfélögum sem auðveldara eiga með að breyta eignarfyrirkomulagi þeirra íbúða og endurnýja þær eins og þarf, til að gera þær söluhæfari o.s.frv. og taki til þess viðbótarlán, sé ætlað að mynda sérstakan sjóð og sá sjóður eigi að vera til aðstoðar í þeim sveitarfélögum þar sem þetta gengur miður. Ég sé ekki betur en þetta sé svona, að ákveðnum sveitarfélögum sé gert að greiða niður vandann í öðrum sveitarfélögum í stað þess að framlagið komi beint úr ríkissjóði. Þetta kemur fram í frv. um þennan varasjóð

sem á að bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum, vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán o.s.frv. Ég ætla ekki að fara ítarlegar út í þetta. Ég er það nýlega komin að þessu máli með því að grafa mig virkilega niður og ofan í öll þess gögn að ég ætla ekki að fara ítarlegar út í þetta. Þetta er þó niðurstaða mín eftir tiltölulega fljótlega athugun að vandanum sé í rauninni velt yfir á sveitarfélögin sjálf og þeim gert að greiða niður hvert fyrir annað.

Vandinn er ekki allur af sama toga. Sums staðar hefur orðið fólksfækkun eða breytingar í atvinnulífi sem valda því að þörfin fyrir íbúðir í félagslega kerfinu er ekki lengur fyrir hendi. Sums staðar hafa menn þó óneitanlega notað þennan möguleika til þess að efla atvinnu við byggingarframkvæmdir — það er staðreynd — og reyna að laða að fólk, hafa upp á eitthvað að bjóða. Svo situr sveitarfélagið uppi með íbúðir sem er ekki lengur þörf fyrir og ofan í kaupið kannski of dýrar. Of mikið kann að vera í þær lagt, þær ganga ekki út í sveitarfélaginu vegna þess að þær eru of dýrar. Í þeim tilvikum má segja að um hreint sjálfskaparvíti sé að ræða. Þetta eru aðeins örfáar íbúðir af þeim 10.600 sem taldar eru í þessum flokki íbúða. Þetta er sértækur vandi sem ríkið á að taka á.

Annars staðar vantar stórlega félagslegar íbúðir. Það vantar t.d. húsnæði af félagslegum toga alls staðar í þéttbýlinu suðvestan lands, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og víðar. Það vantar sárlega húsnæði af þessum toga á Akureyri. Það vantar félagslegt húsnæði fyrst og fremst á stærstu stöðunum hér á landi. Það er athyglisvert að lesa umsögn frá húsnæðisskrifstofunni á Akureyri. Þar hafa menn þungar áhyggjur af því hvað taki við ef þetta frv. nær fram að ganga. Þeir segja ljóst að stór hluti þeirra sem gætu keypt sér félagslega íbúð nú geti það ekki eftir þær breytingar sem frv. boðar. Þar eru þeir samhljóða mjög mörgum sem hafa tjáð sig um þær breytingar, vegna þess að þeir muni ekki uppfylla skilyrði um greiðslumat. Hvar á svo þetta fólk að búa? Því svarar þetta frv. ekki.

Nú er mikil eftirspurn eftir leiguhúsnæði á Akureyri. Sú eftirspurn mun aukast stórlega ef frv. nær fram að ganga. U.þ.b. 100 fjölskyldur og einstaklingar kaupa nú íbúðir í félagslega kerfinu á Akureyri á hverju ári. Aðeins um þriðjungur þeirra á eitthvað upp í útborgun. Ef gert er ráð fyrir að þeir sem ekkert eiga upp í útborgun þurfi á leiguhúsnæði að halda, eftir þær breytingar sem hér eru áformaðar, þá þyrfti Akureyrarbær að fjölga leiguíbúðum um 60 á ári. Auðvitað er ljóst að bæjarfélagið mun ekki aðeins hafa kostnað af fjárfestingu í slíkum íbúðum heldur verður það að gera ráð fyrir taprekstri slíkra íbúða, það leiðir af sjálfu. Allt í allt er því hér um verulegar fjárhæðir að ræða, tugi milljóna sem það mun kosta þetta sveitarfélag. Von er að forsvarsmenn þess spyrji: Hvar eiga tekjur að koma á móti?

Ég spyr: Er enginn endir á þessum tilflutningi byrða yfir á sveitarfélögin í landinu án þess að gert sé ráð fyrir tekjum á móti?

Í umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs kemur fram að húsnæðisnefndin gerði könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem keypt höfðu íbúðir hjá nefndinni að undanförnu og höfðu staðist greiðslumat, miðað við greiðslubyrði 28% af brúttólaunum. Þessar sömu fjölskyldur voru svo greiðslumetnar miðað við 18% greiðslubyrði af brúttólaunum, sem er viðmiðunin sem stuðst er við í húsbréfakerfinu. Þá kom í ljós að aðeins ellefu fjölskyldur af þessum 122, eða 9%, höfðu staðist greiðslumat samkvæmt frv. 111 fjölskyldur eða 91% stæðust ekki matið og mundu þurfa á leiguíbúðum að halda. Þegar skoðaðar eru 186 umsóknir sem borist höfðu undanfarna 14 mánuði kom í ljós að aðeins sex fjölskyldur höfðu staðist greiðslumat eða 3,30% af umsækjendum.

Húsnæðisnefnd Kópavogs fullyrðir þar af leiðandi að þessi breyting ein mundi valda sprengingu á leigumarkaðnum og afleiðingarnar séu engan veginn fyrirsjáanlegar því augljóst sé að sveitarfélögin hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem þyrfti að verða. Skv. 5. gr. frv. bera sveitarstjórnir ábyrgð á og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

Í þessari umsögn er upplýst að húsnæðisnefnd Kópavogs hafi á sl. fimm árum afhent að jafnaði 49 nýjar íbúðir til umsækjenda auk 56 innlausnaríbúða á ári. Það er meðaltal síðustu þriggja ára, eða samtals 105 íbúðir á ári. Niðurstaða húsnæðisnefndar Kópavogs er sú að eftir þær breytingar á kerfinu sem frv. gerir ráð fyrir er varlega áætlað að þörf verði fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin og að það muni kosta bæjarfélagið rúmar 76 milljónir auk húsaleigubóta sem mundu nema u.þ.b. 4 milljónum. Heildarkostnaður yrði því samtals um 80 milljónir á ári. Þessar tölur tala sínu máli og segja meira en mörg orð.

Ég býð hæstv. ráðherra velkominn í þingsalinn. Það virðist sem hæstv. ráðherra og hv. talsmaður meiri hlutans í félmn. skipti bróðurlega með sér verkum því að um leið og hæstv. ráðherra gekk í salinn spratt sá Magnús sem enga miskunn sýnir á fætur og hvarf. Ég treysti því að þeir beri saman bækur sínar og fari vel og vandlega yfir allt sem þeir heyra í þessari löngu og fróðlegu umræðu sem hér fer fram. (**Félmrh.:** Það gerum við.) Því treysti ég.

Þetta er auðvitað megingalli, hæstv. forseti, megingalli og megingagnrýnisefni þessa frv. að fjöldi fólks skuli sviptur möguleikanum á íbúðarkaupum í félagslega kerfinu án þess að nokkuð öruggt komi í staðinn. Vandanum er vísað til sveitarfélaganna og ætlast til þess að þau leysi vandann án nokkurrar tryggingar fyrir það fólk sem hér um ræðir. Þetta gengur auðvitað ekki. Það gengur ekki að vekja þessar áhyggjur og óróa og hafa ekkert til þess að róa þetta fólk, ekkert til þess að sanna fyrir því að hér sé um betri kosti að ræða, eða a.m.k. ekki verri. Það hefur ekki verið gert, ekki í þessu frv., ekki í grg., ekki í nál. meiri hlutans né brtt. og það hefur ekki tekist í þessari umræðu. Reyndar hafa talsmenn meiri hluta Alþingis verið afskaplega hljóðir og ekki talið sig þurfa að rökstyðja gjörðir sínar. Það er því miður svo í hverju málinu á fætur öðru að það eru stjórnarandstæðingar sem færa fram rök fyrir máli sínu en talsmenn meiri hlutans telja sig ekki þurfa að rökstyðja gjörðir sínar.

Þetta er alvarlegt umhugsunarefni og þetta er að mínum dómi atlaga við lýðræðið. Það er ekki a.m.k. til marks um lýðræðislega hugsun eða lýðræðislega umræðu að hún skuli ekki fara fram í þingsölum. Ég held að þetta sé verra en víða annars staðar þar sem fram fer mjög mikil málefnaleg umræða á rökstuddum nótum og ekki bara umræða sem byggist á málefnalegum rökum heldur vil ég leggja áherslu á að það sé líka hlustað á tilfinningaleg rök og tekið tillit til þeirra. En því miður eru það örlög þingmanna, og þá fyrst og fremst stjórnarandstöðuþingmanna, að berjast um á hæl og hnakka við að koma á framfæri skoðunum og rökum og áliti en fá ekki andsvör, að meiri hlutinn lítur svo á að hann geti

farið sínu fram án þess að skýra það ítarlega. Það er miður og gengur ekki að mínu mati.

Öll hugsun þessa frv. gengur út á að sú nýja ríkisstofnun sem hér er verið að setja á stofn, Íbúðalánasjóðurinn, standi undir rekstri sínum. En vandinn sem við það skapast er óleystur. Honum er vísað til blámóðu framtíðar.

Það er harla athyglisvert að sjá brtt. meiri hluta félmn. um enn eitt ákvæði til bráðabirgða sem þar er. Þau eru ef ég man rétt 8 og ætli þetta sé ekki hið 9. sem þarna er að bætast við samkvæmt breytingartillögunum. Þetta er ákvæði sem kveður á um könnun á leigumarkaði. Það er býsna merkilegt að ranka við sér á elleftu stundu og láta sér hugkvæmast að rétt sé nú að kanna hvernig leigumarkaðurinn sé undir þá innrás búinn sem fyrirsjáanleg er ef þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir verða að veruleika. Einhvern tíma hefði nú þess konar verið orðað svo að seint væri í rassinn gripið og vona ég að slíkt orðbragð sé ekki of gróft fyrir þennan ræðustól sem hefur orðið vitni að ýmsu um dagana. Héðan hafa jafnvel heyrst orð eins og „kjaftæði" um það sem stjórnarandstæðingar hafa haft fram að færa og við munum mörg orð sem hér féllu eitt sinn um „skítlegt eðli" og voru ekki átalin héðan úr forsetastóli þannig að ég vona að þetta sé ekki of gróft orðbragð. Ég held að ástæða sé til að kynna þessa tillögu vel því ekki heyrði ég að mikið væri um hana fjallað í máli hv. talsmanns meiri hlutans. Í brtt. stendur, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða VIII er verði IX. Ákvæðið orðist svo:

Könnun á leigumarkaði.

Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði."

Þannig hljóðar þessi brtt. En hefði nú ekki verið snjallt að gera þessa úttekt á leigumarkaði hér á landi og könnun og þörf fyrir leiguíbúðir næstu árin að einum þætti í undirbúningi þessa frv.? Hefði það ekki verið ráð, hæstv. ráðherra, í stað þess að hrökkva upp af værum blundi þegar málið er komið til umfjöllunar í nefnd? Þetta eru nú aldeilis vinnubrögð í lagi, en svo sem engin nýjung heldur kannski dæmigerð fyrir þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn lætur sér sæma samanber öll þau stórmál sem fólk sárbænir okkur hópum saman um að fresta og gefa ráðrúm til athugunar.

Ekki skal vanmeta þetta lífsmark meiri hlutans sem þarna hefur séð ástæðu til að bregðast við viðvörunum stjórnarandstöðunnar og fjölmargra félagasamtaka þess efnis að fyrirheitin um framlag til byggingar 50 leiguíbúða á næstu árum væru ekki fjarskalega metnaðarfull svo ekki sé sterkar til orða tekið vegna þess að þetta ástand er verulegt áhyggjuefni vegna aðstæðna þeirra hópa sem þessi breytta stefna mun hafa mest áhrif á. Ég nefni t.d. einstæða foreldra, en í hópi þeirra eru margir sem eru verst staddir fjárhagslega hér á landi, að langmestu leyti ungar, einstæðar mæður, lítt menntaðar. Það er sá hópur í þjóðfélaginu sem er einna verst staddur og það er staðfest í skýrslum að þessar ungu konur eru hvað verst staddar og þurfa virkilega á stuðningi að halda ef þær eiga að koma börnum sínum á legg og geta veitt þeim sómasamlegt atlæti og aðbúnað. Ég tel ekki einungis mannúðlegt að koma til liðs við þennan hóp í þjóðfélaginu heldur beinlínis skynsamlegt og þjóðhagslega hagkvæmt, vegna þess að menn vilja helst alltaf meta hlutina út frá fjárhagslegum forsendum.

Ég hef oft tekið þetta upp á Alþingi og m.a. reynt að leggja lið því gagnmerka starfi sem unnið er á vegum Félags einstæðra foreldra. Þar er margt gert til þess að reyna að styrkja og aðstoða þennan hóp. Reynt er að styrkja konur til náms og þar er t.d. boðið upp á húsnæði tímabundið meðan viðkomandi eru að koma undir sig fótunum, oft eftir erfiðan skilnað og flutning. Margir einstæðir foreldrar koma utan af landi til Reykjavíkur þar sem þessa aðstoð er að fá og þá er stærsta hjálpin sem þetta fólk fær, að langmestu leyti konur, húsaskjól, tímabundin vist í húsnæði, leiguhúsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra.

En reyndin er því miður sú nú síðustu mánuði og ár að húsnæði Félags einstæðra foreldra sem er á tveimur stöðum í Reykjavík, er gjörsamlega sprungið. Það er löngu sprungið. Þar spilar ástandið á leigumarkaðnum auðvitað inn í. Það er þannig að það teygist úr þeim tímamörkum sem sett hafa verið hversu lengi hægt er að dveljast í þessu bráðabirgðahúsnæði sem Félag einstæðra foreldra býður upp á. Biðlistinn lengist sífellt, biðlisti þeirra sem óska eftir stundarfriði í húsakynnum Félags einstæðra foreldra.

Sama má segja um þann vanda sem blasir við námsmönnum á hverju einasta hausti. Vissulega hafa námsmannasamtökin lyft — eru mannaskipti núna? (**Félmrh.:** Aðeins að heyra í símanum. Ég hlusta líka.) Já. Hæstv. félmrh. er hæfileikaríkur maður og getur bæði talað í símann við einhvern úti í bæ og hlustað á það sem ég hef að segja. Þetta er mjög mikilvægur hæfileiki fyrir svo önnum kafinn mann. En hann veit sjálfsagt allt um aðstæður námsmanna svo ég ætla vegna tímans, sem ég ætlaði nú ekki að teygja allt of mikið, (**Gripið fram í:** Það er nógur tími.) að halda hérna áfram í trausti þess að hæstv. ráðherra, sem er einmitt búsettur, það ég best veit, úti á landi, úti á landsbyggðinni, á sinni kæru landsbyggð og ætti að vita um aðstæður námsmanna utan af landsbyggðinni sem koma hingað til Reykjavíkur eða á þetta svæði á hverju einasta hausti, þyrpist hingað til náms í framhaldsskólum, til náms sem er ekki að hafa annars staðar en í Reykjavík. Hann þekkir vafalaust mætavel þann vanda sem blasir við námsmönnum á hverju einasta hausti, námsmönnum utan af landsbyggðinni, m.a. úr kjördæmi hæstv. félmrh.

Vissulega hafa námsmannasamtökin lyft grettistaki á undanförnum árum við byggingu húsnæðis fyrir námsmenn. Þau hafa gert það og notið til þess styrks og aðstoðar, félagslegra lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Þau hafa byggt talsvert húsnæði. Þær breytingar hafa orðið á síðustu árum. En þegar við hæstv. félmrh. vorum ung og leituðum til náms hingað á þetta svæði var ekki um auðugan garð að gresja og ýmislegt hefur breyst í því efni. En þörfin hefur líka aukist gífurlega og enn þá er mjög langt í land með að tekist hafi að uppfylla lágmarksþörf fyrir námsmannaíbúðir.

Það er því alvarlegt mál ef nú dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis sem margir óttast ef þetta frv. verður að lögum — sá ótti kemur fram í umsögnum, m.a. frá námsmannasamtökunum — því að leigumarkaðurinn getur ekki tekið við og hvað þá mætt vaxandi þörfum, auk þess sem þessar breytingar eru líklegar til að valda hækkun húsaleigu.

Ekki má gleyma því að fari svo að húsaleiga hækki almennt þá hefur það áhrif til hækkunar á þeim grunni sem gengið er út frá við ákvörðun námslána. Þannig bítur hvað í annars skott.

Hið sama á auðvitað við um aðstæður aldraðra, fatlaðra og fleiri sem þurfa að reiða sig á leigumarkaðinn. Hver einasta hækkun húsaleigu hittir þetta fólk illa fyrir og þannig ber allt að sama brunni. Hér er ekki gengið til góðs.

Ein breytingin sem hér á að verða er að þenja út vaxtabótakerfið en hætta að niðurgreiða vexti. Það á sem sagt að láta markaðinn um ákvörðun vaxta á öllum húsnæðislánum, hverjir sem eiga í hlut. Í stað þess er stefnan að veita aðstoð gegnum vaxtabótakerfið og þá útfærslu höfum við séð í öðru þingmáli, 524. máli þessa þings sem þegar hefur verið afgreitt frá efh.- og viðskn. og er reyndar á dagskrá þessa fundar. Meginbreytingin er sú að vaxtabætur verði greiddar fyrir fram ársfjórðungslega og það er hið besta mál. Fyrir því hafa menn barist og gert tillögur um. En það á að greiða þær þeim sem taka lán eftir lögfestingu þessa frv. og því hefur verið mótmælt. Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa t.d. sett fram þá skoðun að ef þetta fyrirkomulag verði tekið upp þá eigi fyrirframgreiðslur vaxtabóta að renna til allra sem rétt eiga á vaxtabótum en ekki einungis til þeirra sem kaupa húsnæði eftir löggildingu frv. ef það verður að lögum.

Minni hluti hv. efh.- og viðskn. hefur lagt til að frv. um breytingar á vaxtabótum eða breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar vaxtabætur, verði frestað og bæði það og frv. sem við nú ræðum verði tekin til gagngerðar endurskoðunar. Það er meginkrafan í þeirri von að betri útkoma verði hér til umfjöllunar en við höfum nú.

Menn óttast þessar breytingar vegna þess að niðurgreiddir vextir á húsnæðislánum virðast líklegri til að halda betur en vaxtabæturnar sem sífellt er verið að krukka í. Frá því að kerfið var tekið upp fyrir áratug hefur fjórum sinnum verið krukkað í vaxtabótakerfið þannig að það hefur augljóslega reynst mun ótryggara en sú aðstoð sem veitt hefur verið með því að halda niðri vöxtum, greiða niður vexti.

Nú fara umtalsverðar upphæðir í vaxtabætur, eða um 3,8 milljarðar á þessu ári samkvæmt fjárlögum. Og að mati hæstv. fjmrh. mun sú upphæð hækka um 120 milljónir á ári á næstu tíu árum við það að margir þeirra sem nutu áður niðurgreiddra vaxta koma inn í vaxtabótakerfið, ef þetta frv. verður að lögum. Það er mikill ótti meðal fólks um að það kerfi, þessi stefna, haldi ekki, það verði krukkað í þetta kerfi og reynt að halda þessum lið, útþenslu vaxtabótakerfisins, í skefjum og það komi alls ekki að því gagni sem stjórnvöld vilji vera láta. Það er mikill uggur í fólki gagnvart þessum áformum og fyrir því hafa verið færð rök að við þessar breytingar þyngist greiðslubyrði láglaunafólks frá því sem nú er.

Nú er það svo, herra forseti, að mönnum ber engan veginn saman í þessu efni og gefa sér e.t.v. ekki sömu forsendur. Aðstandendur frv. fá allt aðrar tölur út. En fulltrúar þessara félagasamtaka, þessara 26 félagasamtaka sem skoruðu á alþingismenn að fresta umfjöllun um þetta mál, fá allt aðrar niðurstöður. Þeir hafa lagt fram aðrar tölur og þetta er einmitt einn þeirra þátta sem menn þurfa að setjast yfir og ná saman um niðurstöður, komast a.m.k. að sameiginlegri niðurstöðu um afleiðingar þessara breytinga.

Ýmsir hafa t.d. bent á þann veikleika í útreikningunum sem lagðir hafa verið fram í tengslum við frv., að þar sé gengið út frá algjörum stöðugleika, engri verðbólgu, engum sveiflum í atvinnulífi eða í hagkerfinu. Er það nú líklegt? Og jafnvel virðist gengið út frá því að fólk eldist ekki heldur verði einstæð móðir með börn jafnsett eftir 40 ár, að aðstæður hennar breytist ekkert á 40 árum, hún sé bara jafngömul og eigi jafngömul börn eftir 40 ár og sé nákvæmlega jafnsett í þjóðfélaginu. Það er nú ekki mjög líklegt, herra forseti. Þannig virðast forsendur aðstandenda frv. dálítið út úr takti við raunveruleikann.

Ýmislegt fleira væri ástæða til að ræða, t.d. það reglugerðarvald sem hæstv. ráðherra veitir sjálfum sér með þessu frv. En það er ljóst að hann fær nóg að gera við setningu reglugerða, eingöngu vegna þessa eina máls. Ég hef ekki talið saman reglugerðarheimildirnar í frv., en samkvæmt nál. minni hlutans eru þær 28.

Svo er það, herra forseti, meðferðin á starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins, en þá stofnun á að leggja niður og setja nýja ríkisstofnun á fót. Annað eins hefur gerst. Ríkisstofnanir hafa verið lagðar niður og nýjar tekið við. Rekstrarformi ríkisstofnana hefur verið breytt. Við þekkjum mörg dæmi þess og mörg nýleg dæmi. Og við allar slíkar breytingar hefur verið leitast við að taka tillit til starfsfólks, reynt að tryggja því rétt til svipaðra starfa eftir því sem hægt hefur verið, tryggja því forgang til starfa hjá nýrri stofnun, eins og sjálfsagt er þegar um starfsemi á vegum ríkisins er að ræða.

Meiri hluti félmn. viðurkennir reyndar réttmæti ábendinga og áskorana starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins þess efnis að þeim verði tryggður réttur til sambærilegra starfa hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði. En meiri hlutinn hikstar á því að festa þennan rétt í lögum. Hann treystir sér ekki til þess en fer um málið nokkrum orðum í nál. Starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa svo sannarlega látið í sér heyra. Þeir hafa barist fyrir rétti sínum til vinnu. Þeir hafa sent áskorun til félmrh. og skora þar á hann að hann beiti sér fyrir því að við frv. þetta verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði. Ég þykist alveg vita að hæstv. félmrh. hefur ekki látið undir höfuð leggjast að lesa þessa áskorun og hugsa það mál. Og starfsmennirnir, Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins bendir á í sinni áskorun að í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförnu hafi verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Þau minna t.d. á stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar þar sem tekið er á þessu í 8. gr. laga nr. 103/1996. Það er svo aftur spurning hvernig sú útfærsla reyndist. Þau minna á 8. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þau minna á 10. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og loks 13. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Allt eru þetta nýleg dæmi og í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra. Því er ekki að undra að Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem vinna nú hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, nýta þá starfsreynslu í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs.

Meiri hluti félmn. treysti sér ekki til þess að verða við

þessu. En meiri hlutinn hefur greinilega svolitlar áhyggjur af málinu því í nál. meiri hluta félmn. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi sérstaklega stöðu þeirra starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að það er hlutverk undirbúningsnefndar, skv. 56. gr. frumvarpsins, að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt frumvarpinu, þar á meðal að taka á réttindum og málefnum starfsmannanna. Meiri hlutinn leggur þunga áherslu á að starfsmönnunum verði gefinn kostur á störfum hjá hinni nýju stofnun eftir því sem frekast er unnt og þannig nýtt starfsreynsla þeirra og sérþekking."

Í þessari grein er hins vegar ekkert sem tryggir eitt né neitt í þessu efni og mér er óskiljanlegt, herra forseti, hvers vegna meiri hlutinn treystir sér ekki til þess að taka á þessu í lögunum og reyna að tryggja rétt starfsmannanna sem eru haldnir öryggisleysi og sjá fram á óvissu í sínum málum.

Herra forseti. Orðið „húsnæði" er afskaplega fallegt orð. Það er eitt af þessum fallegu gagnsæju orðum íslenskrar tungu. Það vísar til náðar og næðis, kyrrðar og skjóls. Ekki veitir nú af í þessum heimshluta þar sem vandað og skjólgott húsnæði telst til nauðþurfta. Víða annars staðar á jarðkringlunni komast menn af með ódýrt og óvandað húsaskjól. En hér er raunverulegt húsnæði ekki bara æskilegt heldur beinlínis lífsnauðsynlegt. Því er ekki að undra þótt húsnæðismál séu veigamikill þáttur í stefnumörkun allra stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka hér á landi. Ef ég man rétt, þó ég sé ekki mjög vel lesin í stefnu Framsfl., þá þykist ég muna að Framsfl. hafi ávallt lagt talsverða áherslu á húsnæðismál.

Húsnæðisstefna undanfarinna áratuga hefur fyrst og fremst einkennst af aðgerðum stjórnvalda til að gera einstaklingum og fjölskyldum kleift að eignast sitt eigið húsnæði. Séreignarstefnan hefur verið ríkjandi langt umfram það sem þekkist víðast annars staðar og eiginlega langt umfram það sem eðlilegt hefði verið. Hlutskipti leigjenda hefur verið erfitt, húsaleiga há og skortur á leiguíbúðum. Kvennalistinn hefur alveg frá upphafi haft þá stefnu að allir ættu að eiga möguleika á að velja á milli kosta, velja á milli þess að búa í eignarhúsnæði eða leiguíbúð, en þar hefur raunverulega hallað á. Kostirnir hafa ekki verið raunverulegir heldur hefur fólki beinlínis verið þrýst inn í eignaríbúðakerfið og ofan af slíkri stefnu er ekki einfalt að vinda.

Ég minni á að Kvennalistinn hefur oftar en einu sinni á ferli sínum lagt fram tillögur um átak í byggingu leiguhúsnæðis til að fjölga kostum fyrir fólk í þessu efni og þeim tillögum hefur ekki verið tekið betur en svo að þær hafa ekki fengið afgreiðslu hér. Forgöngu um þær tillögur hefur hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir haft meðan hún var í Kvennalistanum. Þetta hefur verið okkar stefna alveg frá upphafi, að það þyrfti að bjóða upp á fleiri kosti í húsnæðismálum, sérstaklega að tryggja þeim fleiri möguleika sem kjósa það fyrirkomulag að búa í leiguhúsnæði.

Með þessu er auðvitað ekki verið að segja að ekki hafi ýmislegt verið gert gott í húsnæðismálum enda hefur þessi málaflokkur verið mjög ofarlega á forgangslista verkalýðshreyfingarinnar eins og kom fram í upphafi. Hann hefur verið það sennilega um áratugi og flest í þeim efnum raunar verið gert að frumkvæði og vegna þrýstings frá verkalýðshreyfingunni. Þannig hafa húsnæðismál ítrekað verið liður í samningum verkalýðshreyfingarinnar eða verkalýðsfélaga og jafnvel að þeir hafi fórnað launahækkunum fyrir aðgerðir í húsnæðismálum.

Þetta frv. sem við ræðum nú hér er ekki unnið í samráði við samtök launafólks, námsmannasamtökin, samtök fatlaðra né annarra sem lengi hafa haft þessi mál í fyrirrúmi. Þessi samtök hafa mikið við frv. að athuga. Þau óska frestunar og ráðrúms til að kanna afleiðingar þess betur og leggja endurskoðun lið. Mjög athyglisverðar eru umsagnirnar og þær beinu tillögur frá verkalýðshreyfingunni sem lesa má um í þeim umsögnum sem hér hafa verið lagðar á borðin að forgöngu minni hlutans í hv. félmn.

Í frv. eru allt of margir þættir óljósir, allt of margir lausir endar. Það er ekkert sem vísar veginn til öryggis í framtíðinni fyrir þá sem fyrst og fremst þurfa á því að halda. Ekki er tekið á ýmsum vandamálum sem einkenna núgildandi kerfi svo sem reglur um endursölu. Þær breytingar sem frv. boðar hafa í för með sér stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Ég legg áherslu á að þær munu hafa í för með sér stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Þær munu kannski bjarga einhverjum, fáum þeirra, taka á vanda þeirra en í heildina munu þessar breytingar hafa í för með sér stóraukinn kostnað sveitarfélaganna og vísa reyndar hundruðum fjölskyldna út á leigumarkað sem er lítill og vanþróaður og mun kosta hundruð milljóna að byggja upp. Breytingarnar munu leiða til þess að dýrara verður fyrir láglaunafjölskyldur að eignast eigið húsnæði, bæði vegna breyttra reglna, svo og vegna þess að búast má við hækkun íbúðarverðs þegar fleiri koma á markaðinn.

Það er, herra forseti, verið að skekja, jafnvel brjóta grunninn undir öryggi hundraða fjölskyldna sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda til að njóta þeirra mannréttinda sem eru sjálfsögð í velferðarþjóðfélagi að hafa öruggt og mannsæmandi húsnæði. Við kvennalistakonur tökum heils hugar undir með þeim fjölmörgu félögum og félagasamtökum sem telja að þessu frv. þurfi að fresta og vísa því til ríkisstjórnarinnar, það þurfi að endurvinna það í samráði við öll þessi félög, 26 félagasamtök sem hafa skorað á Alþingi að fresta frv.

Herra forseti. Þessi ríkisstjórn þarf að bæta vinnubrögð sín og jafnvel læra sitt af hverju um lýðræði. En fyrst og fremst þyrftu núverandi stjórnarflokkar að taka sér langa og góða hvíld og leita sér endurhæfingar í hvíldarbúðum stjórnmálamanna. Eftir allar þessar uppákomur síðustu vikurnar hlýtur fólki að fara að skiljast nauðsyn þess að gefa þessum flokkum frí.

[11:51]

**Útbýting þingskjals:**

Framleiðsla og sala á búvörum, 559. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1403.

[11:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Mig langar til að grípa inn í þessa umræðu á þessu stigi. Hún hefur staðið býsna lengi og á sjálfsagt eftir að standa lengi enn.

Ég held að við 1. umr. hafi ég svarað flestum þeim spurningum eða öllum sem fram hafa verið bornar nú í 2. umr. Ég sé eiginlega ekki ástæðu til að endurtaka það hér og vísa til þess sem ég sagði þá. En þó eru nokkur atriði sem mig langar til að velta nánar fyrir mér.

Það er þá í fyrsta lagi hvort ástæða sé til að breyta húsnæðislöggjöfinni. Ég met það svo. Hvers vegna? Er það vegna ríkissjóðs? Nei, þetta nýja fyrirkomulag sem við erum að leggja út í verður ekki ódýrara fyrir ríkissjóð. Ég hygg að það geti jafnvel orðið fjárfrekara eða krefjist meiri framlaga og meiri aðstoðar ríkissjóðs til félagslegra húsnæðismála en

það kerfi sem við búum við í dag. Er það vegna Byggingarsjóðs verkamanna sem menn hafa fjölyrt mikið um? Það er ekki sérstaklega vegna Byggingarsjóðs verkamanna. Ég gæti gert eins og fyrirrennari minn einn, hv. 13. þm. Reykv., að hækka bara vextina með einu pennastriki, einni undirskrift og þar með rétt nokkuð hag Byggingarsjóðs verkamanna. Ég held hins vegar að það sé mjög skynsamleg hugmynd að sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins og gera úr Íbúðalánasjóð sem verður sterkur sjóður og á kost á bestu lánskjörum.

Þarf að breyta húsnæðislöggjöfinni vegna sveitarfélaganna? Ekki endilega. Það eru að vísu mörg sveitarfélög í töluverðum vandræðum vegna húsnæðismála en það er ekki aðalhvatinn í mínum huga. Ég fer í þetta vegna þeirrar reynslu íbúa í núverandi félagslegu kerfi og hafa allmargir komið að máli við mig og sagt mér reynslu sína af kerfinu. Það var það sem ýtti mér af stað framan öðru en allt verkar þetta að vísu saman. Ég vil líka gjarnan leysa vanda sveitarfélaga og Byggingarsjóðs verkamanna í leiðinni. Þar að auki tel ég að hægt sé að leysa þau verkefni sem Húsnæðisstofnun ríkisins vinnur nú að á annan og hagfelldari hátt en reynslan sýnir í dag.

Hér hafa menn talað mikið um hvort rétt væri að fresta þessu frv. eða jafnvel hætta við það. Annaðhvort er að hætta við breytingarnar og búa áfram við sama skipulag eða breyta skipulaginu núna. Skipulagsbreytingin tekur tíma og okkur veitir ekkert af þessu hálfa ári frá gildistöku laganna til áramóta til að undirbúa þá skiplagsbreytingu og eðlilegt er að skipulagsbreytingin taki gildi á áramótum. Það væri svo sem hægt að hugsa sér að hún tæki gildi um einhver önnur áramót. En það er algjörlega útilokað að ætla sér að geyma það til haustþings og afgreiða málið þá og hugsa sér að láta skipulagsbreytinguna taka gildi um áramótin 1998/1999, það yrði þá a.m.k. að fresta því til ársins 2000. Skipa þarf stjórn og hún þarf að taka til starfa, stjórn Íbúðalánasjóðs, og verkefni hennar eru mörg í undirbúningnum. Í fyrsta lagi þarf hún að ráða framkvæmdastjóra og starfsfólk, undirbúa reglugerðir og reglugerðirnar eru nú sérmál. (**Gripið fram í:** Tuttugu og átta.) Það er verkefni væntanlegrar stjórnar Íbúðalánasjóðs að undirbúa þær reglugerðir. Ég hef verið rukkaður um reglugerðir, að reglugerðir vanti um hitt og þetta. Það er því rétt að renna aðeins yfir hinar 28 reglugerðarheimildir sem þarna eru settar upp, með leyfi forseta:

1. Um verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 4. gr. Fyrirmyndin að þessu er sótt til ákvæðis 2. gr. núgildandi laga. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og þær reglugerðir sem settar verða.

2. Um styrki vegna tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði, sbr. 6. tölul. 9. gr. Fyrirmynd heimildarinnar er sótt í 14. gr. núgildandi laga. Í stað þess að heimila lánveitingar er heimild til þess að veita styrki.

3. Um önnur verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 7. tölul. 9. gr. Þarna er um nýmæli að ræða. Tilgangur hennar er að tryggja að félmrh. geti falið Íbúðalánasjóði önnur verkefni sem snerta t.d. framkvæmd fjöleignarhúsalaga, húsaleigulaga og laga um húsaleigubætur. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að hafa þarna inni.

4. Um skipulag Íbúðalánasjóðs, sbr. 12. gr. Það er sambærileg heimild í 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

5. Um skilyrði lánveitinga samkvæmt öðrum lánaflokkum, sbr. 2. mgr. 16. gr. Sambærileg heimild er núna í 15. gr. gildandi laga.

6. Heimild til að fela sérstökum trúnaðarmönnum mat, sbr. 18. gr. Sama heimild er núna í 20. gr. gildandi laga.

7. Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir, sbr. 19. gr. Sambærileg heimild er nú í 26. gr.

8. Um matsverð fasteigna, sbr. 20. gr. Sama heimild er nú í 2. mgr. 27. gr.

9. Hámarksfjárhæð einstakra lánaflokka, sbr. 21. gr. Sama heimild er nú í 1. mgr. 27. gr.

10. Um framkvæmd hlutkestis, sbr. 22. gr. Sama heimild er nú í 23. gr.

11. Um frestun afborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 24. gr. Sama heimild er nú í 27. gr. a.

12. Um greiðslukjör húsbréfa, sbr. 25. gr. Sama heimild er nú í 28. gr.

13. Um ákvörðun vaxtaálags, sbr. 29. gr. Sama heimild er nú í 21. gr.

14. Frekari fyrirmæli um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, sbr. 30. gr. Þessi grein er nýmæli. Veitt er heimild til þess að setja ákvæði í reglugerð um þau atriði sem núna eru í 33. gr. og um önnur atriði sem snerta húsbréfaviðskipti. Þetta er aðeins víðtækara en í gildandi lögum.

15. Um skilyrði viðbótarlánveitinga, sbr. 2. mgr. 31. gr. Þessi grein er nýmæli en vakin er athygli á sambærilegri heimild í 64. gr. núgildandi laga, um mat á umsækjendum um kaup á félagslegu íbúðarhúsnæði.

16. Um samspil almennra lána og viðbótarlána, sbr. 3. mgr. 31. gr. Greinin er nýmæli. Rétt er að hafa í reglugerð ákvæði um það hvernig framkvæmd verður háttað við afgreiðslu á almennum lánum og viðbótarlánum og að tryggt verði fullt samræmi þar á milli. Það er óhjákvæmilegt að hafa þarna reglugerðarheimild til að fyllsta samræmis verði gætt.

17. Um hámarkslánstíma viðbótarlána, sbr. 32. gr. Þessi grein tekur mið af efni 21. gr. frv. sem á sér fyrirmynd í 1. mgr. 27. gr. núgildandi laga sem veitir sambærilega heimild.

18. Um efni samþykkta félaga sem sækja um lán til leiguíbúða, sbr. 36. gr. Greinin tekur mið af 37. gr. gildandi laga og þeirri framkvæmd sem byggt hefur verið á.

19. Skilyrði lánveitinga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, sbr. 37. gr. Sambærileg ákvæði eru nú í 37. gr.

20. Um rétt til leigu húsnæðis, sbr. 40. gr. Það er stuðst við sambærilegar reglugerðarheimildir og eru í 64. gr. gildandi laga.

21. Skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag til reksturs leiguíbúða, sbr. 41. gr. Greinin er nýmæli. Í greininni eru talin upp þau efnisatriði sem ekki verður vikið frá, eigi sveitarfélag að fá að stofna félag. Í samræmi við þau meginsjónarmið sem þar eru rakin er ráðherra heimilt að setja reglugerð.

22. Heimild til þess að ákveða mánaðarlegt leigugjald, sbr. 42. gr. Sambærilegt ákvæði er nú í 77. gr., sbr. 73. gr. gildandi laga.

23. Heimild til að kveða nánar á um störf og starfshætti kærunefndar húsnæðismála, sbr. 44. gr. Kærunefnd er nýmæli og þar af leiðandi þessi reglugerðarheimild líka.

24. Um hundraðshluta framlaga og nánari ákvæði, sbr. 47. gr. Hún er nýmæli og veitir heimild til þess að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um varasjóð viðbótarlána. Hún skal sett í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

25. Skilyrði afskrifta, sbr. 49. gr. Þessi heimild er nýmæli og fjallar um það hvernig skuli nánar staðið að framkvæmd afskriftakrafna sem glatað hafa verðtryggingu sinni.

26. Um gjaldtöku, sbr. 50. gr. Hún er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

27. Um erindisbréf nefnda, sbr. 56. og 57. gr. Þetta er nýmæli.

28. Um nánari reglur um störf varasjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII. Þetta er nýmæli en vakin er athygli á því að í 81. gr. laga nr. 97/1993 er veitt heimild til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um Tryggingarsjóð vegna byggingargalla.

Það dugir ekki að skoða hvar vitnað er til reglugerðarheimilda í frv. og telja það saman. Þetta er langflest í gildandi lögum. Þarna eru líklega sex eða átta reglugerðaratriði sem eru nýmæli en þau eru nauðsynleg vegna breytingar á skipulagi. Allt hitt púkkið er nú þegar í reglugerð.

Ég geri ekki ráð fyrir því að þetta verði bútað niður í margar reglugerðir. Ég geri ráð fyrir því að þessu verði safnað saman í tvær til þrjár reglugerðir. Sumar á að undirbúa í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðrar á stjórn Íbúðalánasjóðs að undirbúa. Ég held að sú gagnrýni sem fram hefur komið á fjölda þessara reglugerðarheimilda sé út af fyrir sig réttmæt, þ.e. talan er rétt. Út af fyrir sig er ágætt að ganga svo frá lagatexta að hann sé það skýr og ítarlegur að ekki þurfi að setja reglugerðir við hann. En þetta er þó eftir fyrirmynd gildandi laga að langmestu leyti.

Menn hafa fárast yfir greiðslumatinu. Gert er ráð fyrir því, við greiðslumatið, að stjórn Íbúðalánasjóðs setji viðmiðunarreglur. Ég get alveg fullyrt að greiðslumatið mun breytast. Það er fásinna að halda því fram, eins og t.d. þessi sérstaka húsnæðisnefnd í Kópavogi gerir, að það sé 18% greiðslubyrði eins og af 25 ára húsbréfunum. Í fyrsta lagi verður miðað við 40 ára endurgreiðslutíma. Hugmyndin er að reyna að taka eitthvert tillit til fjölskyldustærðar. Það er vandasamt verk og ég veit að það kemur til með að vefjast fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs en 18% verða ekki látin gilda, það get ég fullyrt.

Hugmyndin er alls ekki að úthýsa fólki eða eyðileggja möguleika þeirra sem á annað borð eiga þess nokkurn kost að komast í eigið húsnæði. Einstætt foreldri á atvinnuleysisbótum mun geta keypt litla íbúð í þessu kerfi, enda eigi það 500 eða 550 þús. kr. til íbúðakaupanna, þ.e. þessi 10%. Það getur verið brekka fyrir ýmsa. Ég efa það ekki. En það þarf ekki meiri tekjur til þess að komast þarna inn. (**KÁ:** Þrátt fyrir aukinn kostnað við kerfið?) Þar er samkomulag.

Það var gott að fá þetta frammíkall. Ég var búinn að gleyma þessu. Það er samkomulag við fjmrn. um að kostnaður aukist ekki. Það verði ekki meiri kostnaður af því að komast inn í nýja kerfið en var af því að komast inn í gamla kerfið. Það á eftir að finna form á því að svolitum hluta.

Til meðferðar fyrir þinginu er frv. um stimpilgjald. Sem betur fer dagaði það uppi því ákvæði þess voru ómöguleg eins og þau voru vegna þess að þau ganga ekki upp. Það er hægt að bera þennan viðbótarkostnað af húsbréfinu uppi í vaxtabótum. Hægt væri að hugsa sér þau tilvik — það er óleyst í málinu — að sá sem fer inn í félagslegt kerfi og hefur dregið á vaxtabótakvótann sinn frá fyrri tíð, þ.e. hann kemur úr eignaríbúð sem hann seldi og fer inn í félagslega kerfið og er búinn að nota vaxtabótakvótann sinn að einhverju leyti, fari upp í þakið áður en hann fær þetta uppi borið. Það er heldur ekki alveg sama hvar stendur á ári í þessu sambandi. Þetta eru atriði sem við munum leysa. Meginatriðið er að það liggur fyrir samkomulag á milli ráðuneytanna um að ekki verði dýrara að fara inn í nýja kerfið en var að fara inn í gamla kerfið.

Greiðslubyrði einstæðs foreldris á atvinnuleysisbótum, sem kaupir litla íbúð og á til þess 500 eða 550 þús. kr., verður rúmar 10 þús. kr. á mánuði fyrstu árin ef er um að ræða t.d. 5 millj. kr. íbúð.

Hér hefur komið fram mikil gagnrýni á að verkalýðshreyfingin skuli ekki hafa verið látin skrifa þetta frv. Ég skal segja hv. þm. hvers vegna það var ekki gert. Ég verð að játa að ég get ekki beðið hv. stjórnarandstöðu að skrifa frumvörp fyrir mig því það gæti farið svo, og langlíklegast færi svo, að ég vildi þá bara ekki bera þau fram. (**JóhS:** Er verkalýðshreyfingin stjórnarandstaða?) Að mínu mati er verkalýðshreyfingin í stjórnarandstöðu. (**Gripið fram í:** Hún á að vera það.) Það getur vel verið að hún eigi að vera það en þeir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sem ég hef helst samband við eru ekki flokksbræður mínir. (**Gripið fram í:** En Björn Snæbjörnsson?) Jú, jú, sem betur fer á Framsfl. ágæta fulltrúa innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég nefni t.d. hv. þm. Alþb. og óháðra, Ögmund Jónasson, sem okkur er nú næstur og kærastur af fyrirsvarsmönnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég flokka hann alveg hiklaust með stjórnarandstöðunni og dettur ekki annað í hug. (Gripið fram í.) Sama geri ég við ágætan formann ASÍ, Grétar Þorsteinsson, ég veit ekki betur en að hann sé alþýðubandalagsmaður. Ég tel að formaður Verkamannasambands Íslands sé alveg tvímælalaust alþýðubandalagsmaður. Svona getum við talið upp. (**SJS:** Er verið að segja að þeir gangi bara flokkspólitískra erinda með störfum sínum fyrir verkalýðshreyfinguna?) (**JóhS:** Hann var að segja það.) (**SJS:** Hvers konar málflutningur er þetta?)

Þessir góðu fulltrúar sem eru að vinna fyrir sínar hreyfingar, breyta að sjálfsögðu ekki sínum pólitísku viðhorfum. Halda ekki hv. þm. að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi svipuð pólitísk viðhorf þegar hann er hér í salnum og þegar hann er inni á kontórum BSRB? Ég ætla honum ekki að verða neinn umskiptingur á leiðinni inn á Grensásveg eða Grettisgötu eða hvar það nú er. (**SJS:** Þetta eru alveg óvenjuleg ummæli af innanlandsmálaráðherra.)

Tengsl verkalýðshreyfingarinnar við Húsnæðisstofnun hafa breyst í seinni tíð. Hún er hætt að fjármagna Húsnæðisstofnun eins og hún gerði í gamla daga. Þá stóðum við við gerð lánsfjáráætlunar frammi fyrir því að knýja fé frá verkalýðshreyfingunni eða lífeyrissjóðunum til Húsnæðisstofnunar. Nú eru að vísu gömul lán frá lífeyrissjóðunum, eða lán sem Byggingarsjóður verkamanna hefur tekið hjá lífeyrissjóðunum, sem sum hver eru ákaflega óhagstæð, jafnvel á okurvöxtum. Einn þátturinn í að gera Íbúðalánasjóð sjálfbæran er að skuldbreyta þessum lánum.

Það er rétt að það komi fram einu sinni enn að ég vil taka tillit til ASÍ. (**Gripið fram í:** Nú?) Það vil ég gera og það hef ég gert. Ég skal segja hv. þm. hvernig. 20. nóvember 1996 samþykkti sambandsstjórn ASÍ ályktun um félagslega húsnæðiskerfið og ég ætla að fara yfir hana, með leyfi forseta:

„Sambandsstjórnarfundur leggur til eftirfarandi breytingar á félagslegum íbúðalánum," og bið ég hv. þm. að taka eftir og bera saman við frv. „Veitt verði sérstök lán til þeirra sem uppfylla skilyrði Byggingarsjóðs verkamanna um lán úr sjóðnum." — Þetta var gert. — „Lánin verði með jöfnun afborgunum eða jafngreiðslu til allt að 43 ára." Það er að vísu ekki farið alveg svona langt, það eru ekki nema 40 ár sem eru í frv. „Lánin verði að hámarki 90%. Að lántaki velji sér íbúð

sem uppfyllir lágmarksskilyrði lánveitanda um gæði íbúðar." Þetta er nákvæmlega eins í frv. „Ekki verði gert út um kaup nema lánveitandi samþykki veðhæfi." Að sjálfsögðu er þetta í frv. „Lántaki beri sömu ábyrgð og skyldur og sá sem er á almennum markaði." Þetta er líka nákvæmlega eins í frv. „Eins og lántaki velur sér íbúð velur hann sér kaupanda þegar hann selur fasteignina enda er ekki kaupskylda sveitarfélags." Það er alveg farið eftir þessu. „Lántaki flytji lán sitt á aðra viðurkennda íbúð eða greiði það upp við sölu fasteignar." Þetta er nákvæmlega það sem við gerum í frv.

Forskriftin að þessari lagasetningu, grundvöllurinn að þessari lagasetningu er þessi ályktun frá sambandsstjórn ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996. (**JóhS:** Stóð þar að það ætti að loka kerfinu?) Það stóð ekki. (**JóhS:** Stóð þar ekki eitthvað um markaðsvexti?) (**SJS:** Hver er afstaða ASÍ í dag? Vill ráðherra ekki ræða hana?)

Ég vil ræða afstöðu ASÍ eins og hún var 20. nóv. 1996. Kannski hefur það verið af pólitískum ástæðum, kannski hefur það verið fyrir áhrif frá hv. stjórnarandstæðingum að afstaða ASÍ hefur breyst til málsins. (**SJS:** Það er bara samsæri.) Ja, ég veit það ekki. Það kann að vera rannsóknarefni.

En mér þykir sannarlega hafa skipt um hljóð í ASÍ frá því að þeir samþykktu þessa ályktun, sem ég í góðri trú var að reyna að vinna eftir.

Hér hefur verið talað mikið um leiguíbúðaþörfina sem vonlegt er. Því að það liggur fyrir að þeir sem koma nýir inn á markaðinn og eiga ekkert fé til að leggja til íbúðarkaupa eiga erfitt öðruvísi en að fara í leiguhúsnæði meðan þeir eru að komast í þær álnir að þeir geti eignast 10% af íbúðarverði. Ég held að það sé miklu farsælla en verið sé að ginna menn til að reisa sér hurðarás um öxl. Og það ber að skoða þetta með leiguíbúðirnar í ljósi þess að nú er búið að breyta húsaleigubótum og þær eru greiddar um allt land á allt leiguhúsnæði. Þær eru einn þátturinn í þessari endurskipulagningu.

Það er rétt að við rennum dálítið blint í sjóinn með hvað þörfin verður mikil á leiguíbúðum. Nú er ekki hægt að tala um að húsnæðisvandræði séu í þjóðfélaginu. Við eigum út af fyrir sig, sem betur fer, nóg af íbúðarhúsnæði yfir þjóðina. Hins vegar hafa þjóðflutningar verið innan lands þannig að sums staðar búa menn óþarflega rúmt og sums staðar kannski of þröngt. Það er alveg ljóst að fjölga þarf leiguíbúðum, og Reykjavíkurborg hefur t.d. uppi áform um að kaupa litlar íbúðir, 100 að tölu, til þess að nota sem leiguíbúðir og verið er að skoða það hvernig það muni verða fjármagnað.

Til að fá vandaða mynd af þessu, þá verður tekið á málinu þannig að sett verður á fót nefnd með fulltrúum frá félmrn., fjmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga, Öryrkjabandalagi og námsmannasamtökum. Þessi nefnd á að kanna þörf í fyrsta lagi fyrir leiguhúsnæði. Í öðru lagi á hún að gera áætlun um úrbætur og taka þátt í samningum um fjárframlög frá hinu opinbera til að fullnægja þeirri þörf sem kann að vera, og að endingu að endurskoða húsaleigulögin. Ég held að það þurfi að gera bæði í því skyni að auka öryggi leigjenda, og síðan hafa menn misskilið húsaleigulögin, þ.e. í húsaleigulögunum er heimildarákvæði til að vísitölubinda húsaleigu. Og þessu heimildarákvæði hefur verið beitt í a.m.k. ýmsum tilfellum. En ég legg áherslu á að þarna er einungis um heimildarákvæði að ræða og það er samningsatriði á milli leigjanda og húseiganda hvernig verðbreytingar eru gerðar eða hvort yfirleitt er gert ráð fyrir verðbreytingum. Það er því alls ekki hægt að túlka það þannig að húsaleigulögin mæli fyrir um að vísitöluhækkanir komi á húsaleigu.

Einhvern veginn hefur þessi umræða skapast, sem er mjög óheppileg, að húsaleigulögunum sé um að kenna að leigufjárhæðir hækka og húseigendur hafa í einhverjum og kannski allt of mörgum tilfellum notað sér þetta ákvæði til að hækka leiguna, sem leigjendurnir voru út af fyrir sig ekkert skyldugir að hlíta, nema þeir vildu það sjálfir.

Það er rétt að geta þess að líka er verið að endurskoða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í félagsþjónustulögunum tel ég að styrkja þurfi ákvæðið, sem er reyndar skýlaust, að sveitarfélaginu ber skylda til að sjá þeim sem lakar eru settir í sveitarfélaginu fyrir húsnæði. Það er bara skylda sveitarfélagsins. (**KÁ:** Ef kostur er og þörf er á.) Menn hafa vitnað í það hér að Garðabær, Seltjarnarnes og einhver fleiri sveitarfélög hafi reynt að koma sér undan þessari skyldu, en hún er þarna. — Ef þörf er á, já. Ef kostur er og þörf er á. Það getur vel verið að rétt sé að styrkja þetta orðalag, (**KÁ:** Bráðnauðsynlegt.) ég er ekkert frá því. Af því að við höfum dæmi þess að sveitarfélög hafi reynt að koma sér hjá því. Ég tel að Garðabær sé það vel efnum búinn og Seltjarnes líka að þeir bæir geti alveg fullnægt þeirri þörf sem fyrir er í sveitarfélaginu í þessu efni. (**JóhS:** Hverjir stjórna þar?)

Hv. 13. þm. Reykv. er áreiðanlega jafn vel kunnugt um það og mér. (**SJS:** Eru það ekki samstarfsaðilar ráðherrans?)

Rétt er að taka það líka fram að næstu tvö árin ákveður Alþingi hvaða fjárhæð verður varið til að stuðla að byggingu leiguíbúða. Og það er náttúrlega alveg fásinna sem hér gengur aftur og aftur og aftur í umræðunni að hugmyndin sé að byggja 25 leiguíbúðir á ári. Það er aldeilis, aldeilis ekki rétt. (Gripið fram í.)

Ég man þá tíð þegar hv. 13. þm. Reykv. var félmrh., þá tók hún það ekki alltaf eins og guð segði það þó að þeir settu eitthvað á blað í fjmrn. Það er hins vegar bara verið að snúa út úr þessu. Það er verið að tala um 25 innlausnaríbúðir til að breyta þeim í leiguíbúðir, sem er annað mál.

Eins og kom hér fram, og var reyndar staðfest af hæstv. forsrh. við 1. umr., þá gildir lagatextinn en ekki einhver umsögn frá fjmrn. Það er Alþingi sem hefur í hendi sér hve hárri fjárhæð verður varið til þess arna.

En þetta er gert vegna þess að fyrir árslok árið 2000 á þessi nefnd sem sett er á fót að vera búin að ná niðurstöðu. Samningum á þá að vera lokið á milli ríkisins, sveitarfélaganna og þessara byggingaraðila sem ég tilgreindi, Öryrkjabandalags og námsmannasamtaka.

Sú hugmynd hefur komið upp í fjmrn. að hverfa frá því að niðurgreiða vexti og veita heldur styrki út á hverja leiguíbúð. Mér finnst að hægt sé að skoða vel þá hugmynd. Ég hef ekki séð útfærslu á henni en ég tel að fullkomin rök séu til að skoða hana.

Það er rétt að taka það enn einu sinni fram vegna athugasemdar, sem hér féll í einhverri smáræðu í gær, að allir þeir sem eru í núverandi kerfi halda réttindum sínum, ekki er tekinn réttur af nokkrum. Og með endursölu eða við skil á íbúðinni til sveitarfélags verður farið eftir gömlu lögunum. (**JóhS:** En ef kaupskyldan er fallin?) Það er ekki hróflað við því. Með þeim frestum sem eru í gildandi lögum er sveitarfélaginu skylt að innleysa íbúðina með þeim reglum sem gilt hafa. Hins vegar ef viðkomandi sveitarfélag eða viðkomandi vill losna við íbúðina og ekki nota kaupskylduna og sveitarfélagið gengur ekki eftir því að nota sinn forkaupsrétt, þá getur hann selt íbúðina á frjálsum markaði, borgað upp hið félagslega lán og fengið lán með nýjum kjörum. (**JóhS:** Og setið uppi með mismuninn á markaðsverði og áhvílandi

lánum?) Setið uppi með? (**JóhS:** Setið uppi með mismuninn á markaðsverði íbúðarinnar og áhvílandi lánum.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Ekki samtöl.)

Nú á að vera samræmi á milli markaðsverðs og áhvílandi lána. (**JóhS:** Samræmi?) Annars er búið að yfirveðsetja. En allir þeir sem eru í gamla kerfinu halda réttindum sínum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég vísa til þess sem ég sagði við 1. umr. málsins og ég held að ég sé búinn að svara þeim spurningum sem fyrir mig hafa verið lagðar. Ég hef útskýrt og leiðrétt, eftir því sem ég hef getað, missagnir sem hafa komið fram í umræðunum. Ég geri hins vegar ekkert ráð fyrir því að það haldi eða það hafi nokkra þýðingu því að ég á alveg von á því að hlusta áfram á sömu gömlu tugguna sem hér hefur verið tuggin um alllanga stund. (**Gripið fram í:** Er það ekki nema von.)

[12:29]

**Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það voru mörg atriði í ræðu hæstv. félmrh. sem þörf hefði verið á að svara. Ég ætla bara að taka eitt atriði af því að tíminn er naumur. Ég skildi ræðu hæstv. ráðherra svo að hann væri að breyta húsnæðiskerfinu, ekki vegna sveitarfélaganna, ekki vegna ríkissjóðs heldur vegna íbúanna sem hefðu kvartað.

Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að skýra fyrir okkur hvílíkar og hvaða óskaplegar kvartanir þetta eru og hvers eðlis sem leiða til þess að honum finnst nauðsyn á að gjörbreyta félagslega húsnæðiskerfinu. Ég minni á að verkalýðshreyfingin, nánast öll sem ein, og aðrir aðilar sem eru að byggja á félagslegum kjörum úti í samfélaginu hafa mótmælt þessum breytingum. Maður hlýtur að spyrja sig hverjir eru þeir gífurlegu gallar sem íbúarnir hafa kvartað yfir sem leiða til þessara miklu breytinga. Þetta kemur mér vægast sagt mjög á óvart og ég held að ýmislegt annað búi þarna að baki en síðan verður ráðherrann að þola að fólk geri athugasemdir sínar við þetta mál því að þetta er stórt og alvarlegt mál sem mikil andstaða er við.

[12:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Á hverjum miðvikudegi eða hér um bil alla miðvikudaga hef ég viðtalstíma frá kl. níu til tólf. Þá kemur fólk, eitthvað á annan tug á hverjum morgni til að eiga orðastað við mig og bera upp erindi sín. Afar margir af þeim sem hafa komið þessi þrjú ár sem ég er búinn að vera í ráðuneytinu, fólk sem býr í félagslega kerfinu er beinlínis til að kvarta yfir því. Fólki finnst það vera fangar í því og hefur orðið fyrir vonbrigðum með það.

[12:31]

**Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þetta skýrir ekki mikið fyrir mér. Eins og ég hef látið koma fram hef ég sjálf reynslu af að vinna í þessu kerfi og ég spyr: Er það kostnaðurinn? Er það það atriði að geta ekki valið sér íbúð þar sem fólk vill helst vera sem er náttúrlega erfitt t.d. á höfuðborgarsvæðinu vegna þess hve lóðaframboð er takmarkað og hve félagslegum íbúðum hefur verið vísað mikið í úthverfin? Er það eignamyndunin eða hvað er það? Og er þá ekki nær að reyna að taka á þeim atriðum, það má kannski segja að með því að koma á ákveðnu frelsi verður þó hægt að velja ef íbúðir eru til staðar, eða hvað er þetta? Ég vil leyfa mér að draga mjög í efa að slíkar kvartanir séu nægilegt efni til þessara miklu breytinga sem munu leiða til þess að ákveðinn hópur sem nú á þess kost að vera í kerfinu verður óhjákvæmilega úti og mér finnst þetta ekki nægjanlegar skýringar hjá ráðherranum.

[12:33]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Til að taka af öll tvímæli út af talsmáta hv. þm. merkir „að verða úti" í mínum huga að verða úti en ég geri ráð fyrir að hún hafi átt við eitthvað annað, þ.e. ættu ekki aðgöngu að félagslega kerfinu. En nóg um það. Til að öllu sé sanngjarnlega til skila haldið geri ég ráð fyrir að þeir sem koma og leita eftir viðtali við mig sé fólk sem á erfiðara eða það sé sá hópur í kerfinu sem á fremur í erfiðleikum en að það sé eitthvert meðaltal þeirra sem búa í félagslega kerfinu en það er margt sem menn kvarta yfir. Það er bæði þetta með val íbúða, menn eru sendir í íbúðir þar sem þeir vilja ekki búa. Allt of stórar, allt of dýrar í einhverjum tilfellum. Líka er mjög mikið kvartað yfir endursölunni eða fyrningareglunum. Fólk verður fyrir vonbrigðum þegar það skilar íbúðinni og stendur uppi með stórar skuldir.

[12:34]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst málflutningur hæstv. ráðherra vera með algerum endemum. Í fyrsta lagi segir hæstv. ráðherra að ástæðan fyrir því að hann leggi í þessar miklu breytingar á kerfinu séu þær að nokkrir og svo endurtók hann sig reyndar og sagði allmargir hafi komið til sín í ráðuneytið og sagt reynslusögur sínar og borið sig illa. Dettur hæstv. ráðherra virkilega í hug að það sé dæmigert úrtak allra þeirra sem búa í öllu félagslegu íbúðarhúsnæði í landinu? Auðvitað koma til ráðherrans þeir sem eru af einhverjum ástæðum óánægðir með kerfið og eru að reka mál sín þar en hæstv. ráðherra heyrir ekkert frá hinum þúsundunum sem búa sæmilega sáttir við kerfið og fengu út á það húsnæði sem þeir hefðu ekki fengið ella.

Í öðru lagi stillir ráðherrann málum þannig upp að spurningin sé um að þröngva þessari breytingu í gegn svona, og núna eða ekkert. Þetta er fráleitur málflutningur. Fyrir liggur ríkur vilji að lagfæra kerfið en menn vilja ekki leggja það niður og þar greinir verkalýðshreyfinguna á við hæstv. ráðherra. Í þriðja lagi var áburður ráðherrans á verkalýðsforustuna með ólíkindum þegar hæstv. ráðherra sakaði verkalýðshreyfinguna um að vera í stjórnarandstöðu og í raun ganga flokkspólitískra erinda stjórnarandstöðunnar. Það var með endemum að heyra sjálfan vinnumarkaðsmálaráðherrann tala svona.

[12:35]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það gæti alveg eins verið hægt að halda því fram að hv. stjórnarandstæðingar væru að ganga erinda verkalýðshreyfingarinnar en sums staðar sameinast þetta í einum og sama manninum eins og hinum hv. þm. Alþb. og óháðra. Þeir sem eru ánægðir í félagslega kerfinu geta bara búið áfram ánægðir í sínu félagslega kerfi og það verður ekkert af þeim tekið. Þeir halda öllum réttindum sínum. Við erum að reyna að skapa betri kost fyrir þá sem koma nýir inn í kerfið.

[12:36]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það vill svo vel til að ég er næstur á mælendaskrá og mun geta farið betur yfir þessi dæmalausu

ummæli hæstv. félmrh. um verkalýðshreyfinguna sérstaklega, sem ég mun gera, varðandi það fólk sem er ánægt í kerfinu. Það getur búið þar áfram, segir ráðherrann og þar með er vandinn leystur. En það fólk sem hæstv. félmrh. er fyrst og fremst að svipta réttindum eru þær þúsundir sem hefðu á komandi árum fengið úrlausn sinna húsnæðismála í þessu kerfi en fá ekki út á það sem hér á að fara að gera. Það fólk mun ekki geta búið áfram ánægt í þessu kerfi en hæstv. ráðherra viðurkennir að hann hlaupi eftir nokkrum óánægjuröddum sem hafi komið inn í ráðuneyti til hans. Er þetta þá þannig að hægt sé að rægja niður eitthvert fyrirkomulag í þjóðfélaginu og senda nokkra óánægða menn á fund hæstv. ráðherra og þá rjúki hann upp til handa og fóta og beri fyrir borð hagsmuni þúsunda til að bregðast við kalli þessara gesta sinna? Er það nú málflutningur, herra forseti.

[12:37]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg dæmalaust þegar menn eru að fullyrða um mörg hundruð, sex hundruð, ég held sex hundruð á ári eða sex hundruð á missiri sem ekki fái úrlausn og séu á götunni og nota um þetta stór orð. Ég tel að lágtekjufólk fái betri og farsælli úrlausn í nýju kerfi en það hefur fengið í þessu.

[12:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða ráðherrans áðan var hnefahögg framan í það láglaunafólk sem hvergi fær úrlausn eftir að frv. ráðherrans er orðið að lögum. Það voru engin skilaboð í ræðu ráðherrans til námsmanna, til fátækra barnafjölskyldna, til einstæðra foreldra sem fá nú enga lausn mála sinna. Þetta er stór hópur, þetta eru nokkur hundruð fjölskyldur og það voru engin skilaboð hvað ætti að gera fyrir þetta fólk. Sá ráðherra sem talar nú um hækkun á vöxtum sem varð 1992 um 1,4% en er sjálfur að hækka vexti um 2,6% eða í 5% talar úr glerhúsi. Sá ráðherra sem talar um stöðu byggingarsjóðsins með þeim hætti sem ráðherrann gerir kastar líka steinum úr glerhúsi vegna þess að framlög í sjóðinn voru 1.275 millj. 1992 en 275 millj. þegar ráðherrann tók við. Þeim húsnæðismálaráðherra sem þekkir ekki að það er mismunur á markaðsverði og áhvílandi lánum á íbúðum og segir að þá sé íbúðin yfirveðsett er ekki treystandi til að breyta húsnæðiskerfinu. Þekkir ráðherrann virkilega ekki að það getur verið mismunur á markaðsverði íbúða og áhvílandi lán?

[12:39]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil helst ekki fara að sleppa mér út í umræður í öfga- og ofstopatón. Mér finnst ekki prýði að því og ég er stilltur maður og mun ekki rökræða það frekar á þeim nótum. Ég hef kvatt námsmenn til samstarfs um hvernig best verði staðið að fjármögnun og hver sé þörf fyrir leiguíbúðir á næstunni. Ég lét þess getið í ræðu minni áðan að einstætt foreldri á atvinnuleysisbótum, eigandi 500 þús. getur komist inn í litla íbúð og greiðslubyrðin í kringum 10 þús. á mán.

[12:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað heldur hæstv. ráðherra að til séu margar fjölskyldur hér á Íslandi sem eiga ekki 500 þús. kr. til að leggja fram? Ráðherrann er að afnema 100% lánin. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Af hverju er ekki hægt að bíða til ársins 2000 þegar það liggur fyrir hvað verður um það fólk sem nú er sett á götuna? Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að bíða eftir því? Síðan er það fráleitt sem hæstv. ráðherra heldur fram að viðbótarkostnaðurinn sem fólk verður fyrir þegar það fer inn í þetta kerfi, sem getur verið á bilinu frá 70 til 100 þús., að það fái hann bætt í gegnum vaxtabótakerfið vegna þess að það er ákveðið þak á þessu vaxtabótakerfi sem hæstv. ráðherra neitar að breyta, sem er nauðsynlegt ef fólk á að vera jafnsett í þessu nýja kerfi og því gamla, bara að því er varðar greiðslubyrðina þótt við tökum ekki þann viðbótarkostnað sem á að koma á. Og að hæstv. ráðherra beri það á borð fyrir okkur að þetta kerfi kosti meira og það muni koma meiri framlög úr ríkissjóði en nú er gert ráð fyrir, það trúir því enginn miðað við reynsluna sl. þrjú ár þar sem Byggingarsjóður verkamanna hefur verið sveltur.

[12:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef reynslu af því að það þýðir eiginlega ekkert að tala við hv. 13. þm. Reykv. um húsnæðismál. Það er best hún tali bara ein um húsnæðismál og ég skal hlusta og hlusta en það þýðir ekkert að vera að andmæla henni því hún veit allt best og tekur engum rökum. Það þýðir ekkert. En afnámið á 100% lánunum er bara beinlínis samkvæmt þeirri tillögu sem ASÍ gerði.

[12:42]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa undrun minni yfir því að hæstv. ráðherra vinnumarkaðsmála hefur lýst því yfir í ræðu sinni að verkalýðshreyfingin sé í stjórnarandstöðu. En af hverju er hún í stjórnarandstöðu? Jú, vegna þess að helstu forustumenn hreyfingarinnar eru ekki flokksbundnir framsóknarmenn eins og hæstv. ráðherrann. Mér finnst þetta alveg ótrúleg ummæli og þau sýna best skilningsleysi hæstv. ráðherra Páls Péturssonar á starfsemi og eðli verkalýðshreyfingarinnar sem er þverpólitísk hreyfing sem hefur áratugalanga hefð fyrir að starfa sem slík. Þetta sýnir best eigið viðhorf hans til þess hver máttur flokksskírteinisins er. Hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, talar ekki við verkalýðshreyfinguna vegna þess að þar eru ekki í forustu genetískir framsóknarmenn eins og hæstv. ráðherra en það er greinilega eini lykillinn að hjarta hæstv. ráðherrans. Ég vil kannski spyrja ráðherrann í tilefni þessara orða hans: Mundi verkalýðshreyfingin hætta að vera í stjórnarandstöðu ef Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, gengi í Framsóknarflokkinn? Ég verð þó að lýsa yfir í leiðinni að það verður að teljast harla ólíklegt af svo skynsömum manni eins og Grétar Þorsteinsson er.

[12:43]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enda þótt eitthvert los sé á hv. þm. Ögmundi Jónassyni nú um stundir og hann sé að verða meira og meira óháður á ég ekki von á að hann gangi í Framsóknarflokkinn, ekki heldur Grétar Þorsteinsson, og eru þó báðir vel viti bornir menn. Það er ekkert skilyrði að menn séu í Framsfl. Það er mikill misskilningur. (**BH:** Það mátti skilja það svo.) Við Framsóknarmenn eigum í verkalýðshreyfingunni ágæta fulltrúa. En ég hef átt ágætt samstarf um ýmsa hluti við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og ég met skoðanir þeirra mjög mikils en það breytir ekki því að flestir af toppunum eru alþýðubandalagsmenn, einstöku toppur er alþýðuflokksmaður.

[12:44]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í verkalýðshreyfingunni sem er þverpólitísk hreyfing sem hefur starfað sem slík í áratugi er það ekki flokksskírteini sem stjórnar gerðum manna. Það er þetta grundvallaratriði sem hæstv. félmrh. virðist ekki hafa áttað sig á og er sorglegt vegna þess að innan félmrn. eru vinnumarkaðsmálin.

Mér fannst þetta merkileg yfirlýsing hjá ráðherranum áðan vegna þess að allt frá því hann tók við störfum sem félmrh. hefur hann verið í stöðugum útistöðum við verkalýðshreyfinguna. Það er ekki bara í þessu eina máli. Í hverju stórmálinu á fætur öðru á þessu kjörtímabili hefur hæstv. félmrh. sýnt það og sannað að hann hefur engan skilning á starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og vill beinlínis ekki starfa í samstarfi við hana.

Ég held, herra forseti, að skýringin hafi kannski verið að koma í ljós hér í umræðunum áðan. Hæstv. ráðherra opinberaði að verkalýðshreyfingin væri í stjórnarandstöðu vegna þess að þar séu menn ekki með rétt flokksskírteini.

[12:45]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Til forustu í hinni þverpólitísku verkalýðshreyfingu hafa valist menn sem einhverra hluta vegna eru í flokkum sem nú eru í stjórnarandstöðu. Ég hef átt gott samstarf bæði við Alþb. og Alþfl. á undanförnum árum og átt samskipti við þessa sömu menn. Ég tel að það sé prýði á hverjum manni að hann sé með eindregnar stjórnmálaskoðanir. Ég hef passað það í mannaráðningum í ráðuneyti mínu að einskorða mig ekki við að ráða einhverja flokksbræður mína. Ég held ég megi segja að ég hafi ráðið þar fólk úr öllum flokkum. Ég leita frekar eftir fólki sem hefur sýnt af sér pólitíska áhuga. (Forseti hringir.) Og nóg um það.

[12:47]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma í ræðustól þar sem fátt hefur verið um viðbrögð og svör af hálfu meiri hlutans í þinginu. (**Félmrh.**: Ég gat nú ekki farið að taka fram í fyrir 13. þm. Reykv.) Ræða hæstv. ráðherra var reyndar einn samfelldur rökstuðningur fyrir því að þessu frv. þurfi að fresta. Hann nefndi hvert atriðið á fætur öðru sem væri ófrágengið, ótal lausa enda sem ætti eftir að hnýta. Það er einmitt megingagnrýnisefnið, hversu margir lausir endar eru, hversu margt er óljóst og hversu mörgu á eftir að ganga frá. Það er ekki nóg að segja úr þessum ræðustól að ætlunin sé ekki að gera þetta eða hitt heldur eigi að gera það svona eða hinsegin, eða stefnt sé að og alls ekki meiningin að sverfa að þeim sem eiga sitt undir góðu íbúðarlánakerfi.

Megingagnrýnisatriðið er einmitt öryggisleysið og óvissan um hvað taki við. Og hæstv. ráðherra hefur viðurkennt það og margendurtók að hitt og þetta væri eftir að gera.

Ég spyr t.d. hæstv. ráðherra: Treystir hann sér til að nefna hvaða prósentutölu af bráttólaunum verði miðað við við greiðslumat í nýju kerfi?

[12:48]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Prósentuna skal ég nefna þegar ég hef fengið tillögur frá stjórn Íbúðalánasjóðs. Hún á að bera ábyrgð á Íbúðalánasjóði og á að leggja verklagsreglur um greiðslumat.

Ég sagði frá því í tölu minni áðan, nokkuð ítarlega, hvar, hvernig og hvenær endarnir mundu verða hnýttir. Það er að vísu alveg rétt hjá hv. þm. að það eru lausir endar. Við erum bara ekki fær um að binda þá vegna þess að það þarf að koma ... — eggið og hænan, já — ákveðnir hlutir þurfa að gerast, t.d. að stjórn komi fyrir Íbúðalánasjóð áður en hægt er að hnýta þessa enda. (Gripið fram í.) Það er ekki á færi mínu og samkvæmt þessu frv. er mér ekki veitt heimild til að ákveða einstök atriði nema að fengnum tillögum stjórnar sem ekki er búið að skipa.

[Fundarhlé. — 12:49]

[14:00]

**Steingrímur J. Sigfússon**:

Herra forseti. Ég óska eftir að hæstv. félmrh. verði gert aðvart um að umræðan sé að hefjast á nýjan leik. Við hljótum að gefa okkur að hæstv. ráðherra sé eitthvað seinn fyrir því ekki getur hæstv. ráðherra ætlast til að umræðan fari fram án viðveru hans. Mér er kunnugt um að talsmaður meiri hluta félmn. er tepptur um hríð og ég geri ekki athugasemdir við það þar sem sá ágæti maður kom að máli við mig og útskýrði forföll sín eða ástæður þeirra og ég tek það gilt af því hv. þm. Magnús Stefánsson hefur öðrum skyldum að gegna um sinn en ég óska eftir að hæstv. félmrh. verði viðstaddur (**Félmrh.**: Mættur.) og ég býð hann velkominn. Ég tel einnig, herra forseti, að ekki sé við hæfi að þessi umræða fari fram klukkustundum saman án þess að hér sé nokkur fulltrúi hins stjórnarflokksins, Sjálfstfl. Ég óska eftir að gerð verði gangskör að því að talsmaður þess flokks í húsnæðismálum eða formaður þess þingflokks eða einhver af ráðherrum flokksins verði viðstaddur umræðuna. Það er algert svarta lágmark að það sjáist a.m.k. einn sjálfstæðismaður í salnum undir umræðunni. Auðvitað er ekki við hæfi annað en einhver sé til svara fyrir hinn stjórnarflokkinn í þessu máli.

Reyndar er það svo, herra forseti, að auðvitað ætti hæstv. fjmrh. að vera við umræðuna ekkert síður en hæstv. félmrh. því að þau málefni sem við ræðum eru náttúrlega að verulegu leyti eins og þau snúa að ríkinu fjármálalegs eðlis, varða útgjöld ríkissjóðs til húsnæðismála og þessi tvo mál tvö, frv. til laga um húsnæðismál og frv. til laga um vaxtabætur, um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, hanga algerlega saman, eru flutt hvort af sínum ráðherranum þannig að ég tel að það sé fullkomlega eðlileg og sjálfsögð ósk að hæstv. fjmrh. sé hafður til staðar. Ég kem þessum ábendingum á framfæri við hæstv. forseta og vona að hæstv. forseti geri gangskör að því að hlutast til um að þessir ágætu menn komi til umræðunnar.

(**Forseti** (GÁS): Þannig að forseti átti sig á tilmælum hv. þm. eru það einhverjir tilteknir þingmenn Sjálfstfl. sem hann óskar að kallað verði eftir?)

Ég geri ráð fyrir að Sjálfstfl. eigi sér einhvern talsmann í húsnæðismálum eða að einhver fari sérstaklega með forsvar fyrir Sjálfstfl. í félmn. og mér finnst eðlilegt að sá ágæti þingmaður væri hér. Í öðru lagi væri ekki óeðlilegt að nýskipaður formaður þess þingflokks léti sjá sig hér. Í þriðja lagi tel ég fullkomlega sjálfsagðan hlut að hæstv. fjmrh. sé einnig við umræðuna. Ég vona að þetta sé skýrt, herra forseti.

Í fyrsta lagi, herra forseti, kemst ég ekki hjá því af því svo háttar til að ég er fyrsti maður á mælendaskrá eftir ræðu hæstv. félmrh. áðan að fara um nokkrum orðum um þá dæmalausu ræðu sem hæstv. félmrh. flutti. Hæstv. ráðherra

kom inn á ýmsa hluti og m.a. eyddi hann löngum tíma í að þylja upp úr sér að reglugerðarheimildir þær sem vakið hafa mikla athygli í frv. þessu væru að stórum hluta til sambærilegar við heimildir í gildandi lögum og það má auðvitað kalla það rökstuðning í sjálfu sér en breytir ekki hinu að það er eðlilegt að menn staldri við svo víðtækt framsal á reglugerðarvaldi og þar er á ferðinni. Það sem vakti mesta undrun mína í ræðu hæstv. ráðherra var þó þrennt, herra forseti.

Það var í fyrsta lagi það sem hæstv. ráðherra sagði um tilurð þessa frv. sem var með miklum ólíkindum. Ég kom aðeins inn á það í stuttu andsvari en hafði ekki tíma til að fylgja því betur eftir. Ég vil aðeins drepa á það aftur að hæstv. félmrh. sagði að ekki væri nein nauðsyn að breyta lögunum um húsnæðismál vegna ríkissjóðs, ekki heldur vegna sveitarfélaganna og ekki heldur vegna verkalýðshreyfingarinnar eða hvað það nú var, nei, það væri fyrst og fremst það sem hefði sett þetta mál af stað að á fund sinn í ráðuneytinu hefðu komið nokkrir menn, síðan leiðrétti ráðherrann sig og sagði nú reyndar allmargir menn og sagt reynslusögur af viðskiptum sínum við þetta kerfi og þær hefðu verið svoleiðis að hæstv. ráðherra hefði ákveðið að leggja fram frv. um að slá það af. (**Gripið fram í:** Þetta er riðuaðferðin.) Þetta er í raun og veru svipað og niðurskurður ef upp kemur grunur um riðu, þá skal öll hjörðin skorin niður og það er greinilegt að hæstv. ráðherra tekur mið af slíkum aðferðum. (**SvG:** Hann þekkir það langbest líka.) Ég vil leyfa mér að halda því fram, herra forseti, að það sé alveg ljóst að sá hópur sem gengur á fund félmrh. sem er nú væntanlega þrautaúrræði hjá fólki vegna vandræða sinna í húsnæðismálum sé ekki dæmigerður fyrir þær þúsundir sem hafa fengið úrlausn sinna mála innan félagslega húsnæðiskerfisins. Auðvitað eru það fyrst og fremst þeir sem telja sig af einhverjum ástæðum hafa farið illa út úr hlutunum, verið grátt leikna og hafa frá einhverju misjöfnu að segja að eigin mati. Ég held því hiklaust fram að hinar þúsundirnar sem hafa fengið farsæla úrlausn mála sinna í þessu kerfi séu ekki að plaga hæstv. félmrh. Þetta er með öðrum orðum ekki dæmigert úrtak, eins og það heitir á máli skoðanakönnunarfræðinga og mikið eru rædd um þessar mundir, þessa dagana, herra forseti. Ég veit að hæstv. félmrh. skilur þetta þegar hann hugsar um það en það hefur hann greinilega ekki gert, heldur anað áfram hugsunarlaust út frá einhverjum nokkrum einstaklingum sem koma til hans með miklar draugasögur um viðskipti sín við félagslega húsnæðiskerfið. Þetta er alveg dæmalaus málflutningur hjá einum hæstv. ráðherra að bera hlutina þannig fram.

Í öðru lagi, herra forseti, var það þessi uppstilling hæstv. ráðherra að ekki væri um að gera annað en annaðhvort afgreiða þetta frv. óbreytt og nú, troða því í gegn, lemja það í gegn, troða því ofan í kokin á mönnum eða gera ekkert. Eða búa við óbreytt fyrirkomulag í húsnæðismálum, mér skilst bara um aldur og ævi. Það var eins og þetta væri síðasta tækifærið í sögu Alþingis til að gera breytingar í húsnæðismálum. Þetta er svo fjarstæðukenndur málflutningur sem nokkuð getur verið þegar fyrir liggur og hefur legið lengi að það er víðtækur vilji til að endurbæta kerfið og margvíslegar hugmyndir hafa verið unnar og settar fram um það á undanförnum árum, mánuðum og árum, af t.d. aðilum eins og verkalýðshreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins, en það er hins vegar rangtúlkun á afstöðu verkalýðshreyfingarinnar sem hæstv. ráðherra fór með áðan að hann sé að flytja tillögur hennar í frumvarpsformi hér. Það er alveg yfirgengilegt að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að fara með slíkar falsanir vegna þess að ég fullyrði að verkalýðshreyfingin hefur aldrei í áherslum sínum verið að tala um það að leggja niður félagslega íbúðakerfið. Þvert á móti hefur verkalýðshreyfingin mótað þá stefnu að lagfæra það (**Félmrh.:** Taka upp félagslegt lánakerfi.) Gera lagfæringar innan þess kerfis. Þegar talað er um félagslegt lánakerfi eru menn að tala um aðgreind úrræði í húsnæðismálum fyrir lágtekjuhópana, það er alveg augljóst mál, en ekki að drekkja því öllu saman í einu markaðskerfi og hækka eitthvað pínulítið vaxtabætur á móti. Það er út í hött að halda því fram að það séu efndir á þeim áherslum sem verkalýðshreyfingin hefur verið með undanfarin ár. Auðvitað blasir það við, herra forseti, að það langskynsamlegasta í stöðunni væri að boða til samstarfs um að endurskoða þessi mál í sumar með verkalýðshreyfingunni, með húsnæðisnefndum sveitarfélaganna, með félagasamtökum sem hafa sameinast um að biðja um að málinu sé frestað þannig að uppstilling hæstv. ráðherra er auðvitað með miklum endemum. Maður veltir því fyrir sér hverra erinda hæstv. ráðherra er eiginlega að ganga. Eða er virkilega búið að snúa svoleiðis við tengjunum hjá hæstv. ráðherra að hann trúi því sjálfur að það sé eitthvert nauðsynjamál og framfaraspor í húsnæðismálum að afgreiða þetta mál?

Í þriðja lagi, herra forseti, er náttúrlega óhjákvæmilegt að gera mjög alvarlegar athugasemdir við þau orð hæstv. ráðherra sem voru í sjálfu sér svakalegust en það voru hinar yfirgengilegu ásakanir á hendur verkalýðshreyfingunni þegar hæstv. ráðherra sagði áðan úr þessum ræðustóli að verkalýðshreyfingin væri í stjórnarandstöðu. (**Félmrh.:** Er það ásökun?) Þegar hann var beðinn um skýringar á þessum orðum kom fram að hann teldi að vegna þess að ýmsir nafngreindir menn í verkalýðshreyfingunni tilheyrðu þeim stjórnmálaflokkum sem skipa nú stjórnarandstöðuna á Alþingi væri þar með hægt að draga þá ályktun að verkalýðshreyfingin væri sem slík í stjórnarandstöðu.

Hvað er hæstv. ráðherra að segja með þessu? Hann er í fyrsta lagi að segja að þessir menn misnoti aðstöðu sína til að beita verkalýðshreyfingunni í slíkum tilgangi og hann er í öðru lagi að segja að ekki sé hægt að halda aðgreindum stjórnmálaskoðunum manna annars vegar og störfum þeirra á faglegum vettvangi hins vegar þó í verkalýðshreyfingunni sé. Þetta er ekkert annað en gróf aðdróttun og ásökun um að þessir menn misfari með stöðu sína og auðvitað er mjög alvarlegt þegar stjórnmálaskoðanir manna hvar sem þeir eru að störfum eru dregnar inn í umræðuna eins og hæstv. ráðherra gerði. Það er mjög alvarlegt. Svo má líka spyrja sig: Hefur verkalýðshreyfingin starfað þannig á undanförnum missirum að það bendi til þess sérstaklega að hún hafi verið í stjórnarandstöðu? Eru það þakkirnar frá hæstv. ríkisstjórn, hæstv. félmrh., t.d. fyrir síðustu kjarasamninga, og koma svo og ásaka verkalýðshreyfinguna um að hún sé í stjórnarandstöðu, út af hverju? Af því hún leyfir sér að hafa sjálfstæða skoðun í húsnæðismálum og vera ekki á sama máli og ráðherrann í þeim efnum? Er það þá þannig að ef félagasamtök, hvort heldur er verkalýðshreyfingin eða samtök aldraðra eða Öryrkjabandalagið eða aðrir slíkir skrifa ekki upp á pólitík ríkisstjórnar í hverju einasta máli séu þeir í stjórnarandstöðu? Er það það? Þetta er alveg hreint yfirgengilegur málflutningur, herra forseti, og það þarf a.m.k. annan eins snilling og hæstv. ráðherra, Pál Pétursson til að láta sér detta svona formúleringar í hug. Hugsanagangurinn sem er þarna á ferðinni, hugarfarið sem er þarna á ferðinni,

lýðræðislegi skilningurinn sem er þarna á ferðinni og virðingin fyrir rétti manna til að hafa skoðanir annars vegar og berjast fyrir rétti umbjóðenda sinna hins vegar er mikil. Það er mikið lán, herra forseti, fyrir Ísland að sitja uppi með ráðherra vinnumarkaðsmála sem er svona þenkjandi. Það verð ég að segja.

Ég trúi því, herra forseti, að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og einkum þeir sem eiga í hlut og voru nafngreindir muni lesa ummæli hæstv. ráðherra og þau verði geymd en ekki gleymd því að ég held það sé orðið alllangt síðan þetta hugarfar hefur verið afhjúpað þannig í ræðustóli á Alþingi. Ég læt mér detta í hug þótt það sé fyrir mitt minni að svona ummæli hafi kannski getað fallið hér þegar harkan var hvað mest í samskiptum aðila, upp úr kreppunni og jafnvel fram að miðbiki aldarinnar en á síðustu tveimur, þremur áratugum held ég það sé sjaldgæft að menn afhjúpi sig eins og hæstv. félmrh. gerði. Það held ég sé sjaldgæft. Í rauninni var erfitt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en þannig að það sem væri að væri að þessir menn skyldu ekki vera í Framsfl. Glæpurinn væri sá að öll forusta verkalýðshreyfingarinnar skyldi ekki vera a.m.k. annaðhvort í Framsfl. eða Sjálfstfl., kannski helst í báðum, samanber að það er meira og minna búið að sameina þessa flokka og þeir gegna nú formennsku hvor fyrir annan á víxl, höfðingjarnir, höfuðin. Auðvitað er það löngu þekkt, herra forseti, að framsóknarmönnum hefur fundist það jafngilda hlutleysi að vera í Framsfl. Þá hafa menn verið óháðir og það hefur ekki verið pólitík þegar framsóknarmenn hafa troðið sínum eigin mönnum alls staðar að þar sem þeir hafa getað vegna þess að framsóknarmenn eru hlutlausir og það er ekki flokkspólitík þótt framsóknarmenn troði hver öðrum í stjórnir, nefndir og ráð eins og fara gerist. Það er sennilega þannig að í hæstv. ríkisstjórn er það eina óreglan í hinni sléttu mynd sem annars ríkir í þjóðfélaginu í dag að nokkrir forustumenn í verkalýðshreyfingunni skuli leyfa sér að vera flokksbundnir í öðrum stjórnmálaflokkum. Það er sennilega það eina sem þeim finnst vera eftir að laga.

Ætli þeir komi ekki næst með lög um það þegar búið verður að vængstýfa verkalýðshreyfinguna með breytingum á lögum um vinnumarkaðsmál og þegar búið verður að rústa niður félagslega íbúðalánakerfið að þá verði sett eitthvert „Berufsverbot" á forustumenn í verkalýðshreyfingunni, þeir skuli sko ekki leyfa sér að vera í öðrum flokkum en þeim sem ráða landinu og sitja í ríkisstjórn, þ.e. Framsfl. og Sjálfstfl. sem er hálfa leiðina búið að sameina. Svo þarf auðvitað að banna stjórnarandstöðuna, taka af henni málfrelsi, a.m.k. svona að mestu leyti, þannig að ekki þurfi að vera að hlusta á hana og þá er þetta bara alveg komið, þá er bara paradís á jörð komin þar sem Framsfl. og Sjálfstfl. eru endanlega búnir að taka völdin í sínar hendur.

Þá skil ég loksins tilganginn með því hjá hæstv. utanrrh. að fara til Indónesíu því að þar veit hann að hann getur farið í góðan skóla um það hvernig á að halda landi í heljargreipum í 30 ár. Það væri gaman að hæstv. utanrrh. kæmi til umræðunnar, herra forseti, og upplýsti okkur á nýjan leik um ferðaplön sín til Indónesíu en spurt var um það á þinginu í haust og það þótti einstök ósvífni af þeim sem hér talar að vera að agnúast út í það að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. og varaformaður Sjálfstfl., færi til Indónesíu að læra af þarlendum. Það væri gaman að heyra hvernig ferðaundirbúningurinn stendur núna. Við vitum að Suharto er heima því að hann flýtti sér heim frá Kaíró í fyrradag þannig að það er ekki nema það væri bara rétt af hæstv. utanrrh. að skreppa núna og kíkja á ástandið og hafa kannski hæstv. forsrh. með sér og þá gætu þeir lært ýmislegt af því hvernig á að stinga upp í stjórnarandstöðuna, hvernig á að þagga niður í henni og hvernig á að fara með verkalýðshreyfinguna því að þeir kunna það nefnilega í Indónesíu að stinga upp í verkalýðshreyfinguna. Verkalýðshreyfingin í Indónesíu reyndi að halda ársþing sitt í fyrrahaust og bauð forustumönnum úr verkalýðshreyfingunni frá Ástralíu og frá Norðurlöndunum. Sá fundur var leystur upp af því hann var ólöglegur að sögn yfirvalda og svo mikið lá við að stór hluti fundarmanna var fangelsaður og hinir erlendu gestir með og það var heldur snautlegt þegar Indónesíustjórn varð að leysa þá úr fangelsi vegna krafna sem voru reistar af Alþjóðavinnumálastofnuninni, ríkisstjórn Ástralíu og fleiri aðilum. Það er kannski í þetta sæluríki sem ríkisstjórnin vill sækja sér fordæmi núna. Maður gæti látið sér detta það í hug þegar lýðræðislegur þankagangur, eða hitt þó heldur, af því tagi sem kom fram hjá hæstv. félmrh. áðan er afhjúpaður. Nei, herra forseti, það eru mikil endemi.

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur algerlega ofmetnast með einhverjum hætti og fyllst valdhroka sem á sér fáa líka. Það birtist í því að það er ekki á dagskrá hjá hæstv. ríkisstjórn frekar en ég veit ekki hvað að gera nokkurn skapaðan hlut með vilja eins eða neins aðila úti í þjóðfélaginu eða inni á þingi, það skiptir ekki máli. Ríkisstjórnin er svo sannfærð um eigið ágæti og höfuðin tvö á henni að þótt verkalýðshreyfingin og öll stærstu félagasamtök í landinu, stjórnarandstaðan og jafnvel einstakir stjórnarþingmenn leyfi sér að hafa einhverjar sjálfstæðar skoðanir er ekki hlustað á það. Ef höfuðin hafa ákveðið að þetta skuli vera svona eða hinsegin þá skal það gert og það skal lemja þessi mál óbreytt í gegnum þingið hvað sem það kostar þrátt fyrir alla ágallana sem á þeim eru, þrátt fyrir vel rökstuddar beiðnir um að skoða hlutina betur, fresta afgreiðslu þeirra o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er nú staðan. Þá er það hæstv. félmrh. Páll Pétursson, fyrrum bóndi norðan úr landi, sem braust til áhrifa í Framsfl. undir þeim formerkjum að hann væri heldur á vinstri kantinum í þeim flokki og boðberi félagslegra sjónarmiða á þeim bæ, sem er þannig kominn, hefur hlotið slík pólitísk örlög að hann gengur í flórnum miðjum í skítverkum íhaldsins og er að láta áratuga draum íhaldsins um að rústa niður félagslega húsnæðiskerfinu á Íslandi rætast. Svo rækilega að hann ætlar að loka því, bara leggja það niður og ég er alveg viss um að jafnvel í sínum villtustu draumum á landsfundarfögnuðum Sjálfstfl. hefur þeim varla dottið í hug að þessi draumur mundi rætast svona glæsilega, að það væri ekki bara hægt að skrúfa niður í kerfinu og klippa af því fjaðrirnar, heldur yrði því bara beinlínis lokað. Þvílík frammistaða hjá hæstv. félmrh., hann hlýtur að verða kosinn næsti maður ársins hjá Heimdalli. Það er aðeins einn maður sem getur keppt núna um þann titil. Það er félmrh. Þeir blikna, hv. þm. Pétur Blöndal, sem fékk medalíuna í fyrra, og Halldór Blöndal, hæstv. samgrh., sem fékk medalíuna þegar hann lagði niður Ríkisskip. Það eru smámunir hjá því afreki félmrh. að leggja niður og loka félagslega íbúðakerfinu á Íslandi. Ég held hann hljóti bara að verða maður ársins þrjú ár í röð hjá Heimdalli, þetta er svo glæsileg frammistaða. (**Gripið fram í:** Og fái bikarinn til eignar.) Já, svo eru svona bikarar stundum unnir til eignar ef menn vinna þá þrjú ár í röð, þá er bara grafið í eitt skipti fyrir öll á skjöldinn: Afreksmaðurinn hæstv. félmrh. Páll Pétursson, með ævar-

andi þökk og kveðjum, Heimdallur. Og bikarinn fluttur með viðhöfn norður að Höllustöðum og borinn þar til stofu. Það verður glæsilegt. Það mundu Húnvetningum þykja tíðindi. Ætli verði ekki hópreið frá Blönduósi fram að Höllustöðum, það mætti segja mér það. Þvílíkt og annað eins, herra forseti.

Herra forseti. Það væri freistandi að fara svolítið yfir stöðuna í þessum málum og ræða þetta t.d. frá árinu 1986 og til og með nú og það kann vel að vera að ræðumaður láti eftir sér að gera það, seinna í þessum umræðum eða við 3. umr., og þá sérstaklega m.a. út frá því að það er auðvitað athyglisverð staðreynd, og mér kom það stundum í hug bæði í dag og í gær í glímu hæstv. félmrh. og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fyrrv. félmrh. að sömu tveir flokkarnir hafa farið með húsnæðismál á Íslandi í 15 ár ef minni mitt er ekki farið að ryðga eitthvað, þ.e. Framsfl. síðan Alþfl. og svo aftur Framsfl. Þeir tveir flokkar sameiginlega bera því höfuðábyrgð á því ástandi sem ríkir í dag og sögunni í þessi 15 ár. Það er því ekkert skrýtið þótt teknar séu rispur í þessum efnum milli þessara flokka. Nú ber svo vel í veiði að ræðumaður man þessa tíð á Alþingi allt frá því hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir stóð í nokkru stroggli við fyrrv. hæstv. félmrh., Alexander Stefánsson og síðan urðu það örlög hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að verða sjálf félmrh. og búa meira að segja við Framsfl. í stjórnarandstöðu hluta af þeim tíma. Þá tóku þeir upp fyrra hlutverk hennar, hv. þm. Finnur Ingólfsson og Páll Pétursson, og svo hefur þetta snúist við aftur og má segja að hringnum sé lokað með því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er aftur komin í stjórnarandstöðu og hefur aftur framsóknarmann sem félmrh. Auðvitað gefur þetta ýmis tilefni til að — ég segi nú ekki skemmta sér því að þetta er ekki allt skemmtilegt — að fara yfir þessa sögu síðustu 15 ára og þá væri hægt að ræða þetta út frá ýmsum forsendum en ég er að hugsa um að geyma þann kafla aðallega til betri tíma vegna þess að kannski eru aðrir hlutir meira knýjandi í umræðunni nú og frekar tilefni til að nota takmarkaðan tíma til að fara yfir.

Það sem mér finnst kannski aðalatriðið, herra forseti, er að menn nálgist þetta mál ekki út frá þeim ömurlega sjónarhóli sem hæstv. félmrh. hefur af einhverjum ástæðum reist sér til að standa á og kíkja af og það er að horfa eingöngu á ágallana á þessu kerfi. Hæstv. félmrh. rekur málið algerlega og einhliða á þeim forsendum að ýmislegt sé að í kerfinu, hann fái til sín í ráðuneytið fólk sem sé að kvarta og þess vegna hafi hæstv. ráðherra ákveðið að breyta því og henda því. Hæstv. ráðherra hefur í umræðum um málið aldrei minnst á að það sé neitt gott við þetta kerfi, aldrei. Hann hefur algerlega sleppt þeirri hlið málsins að þúsundir og aftur þúsundir Íslendinga, lágtekjufólk, einstæðir foreldrar, hafa fengið inni í tryggu og öruggu húsnæði út á þetta kerfi. Er það einskis virði? Getur hæstv. ráðherra ekki harkað af sér þótt einn og einn maður komi og kvarti ef hann veit að á móti eru hundruð og þúsundir ánægðir sem hafa fengið mikilsverða og góða úrlausn sinna mála í kerfinu? Auðvitað er það aldrei þannig að allt sé gallalaust og allir ánægðir og ef málið snýst um það að leitin standi að hinu fullkomna kerfi sem gerir alla hamingjusama held ég að hæstv. félmrh. Páll Pétursson megi lifa lengi til að finna það.

Nei, staðreyndin er sú, herra forseti, að staðan í dag hjá ungu fólki, lágtekjufólki sem er að koma út úr skólum eða hefja göngu sína á vinnumarkaði með skuldir á bakinu, námslán eða í besta falli eignalaust, er ekki hótinu betri en hún hefur verið um langt árabil til að komast inn í húsnæði. Hún er að sumu leyti verri og hún verður augljóslega verri ef þeirri leið verður lokað sem hefur veitt flestum úrlausn og þá er ég að tala um varanlega úrlausn, húsnæði sem menn hafa sjálfir ráð á, ráðstöfunarrétt á en er ekki á leigumarkaði. Um það snýst málið.

Við skulum hugleiða hvernig staðan er hjá ungu fólki með eitt til tvö börn og námslán á bakinu, u.þ.b. eignalaust í grófum dráttum sem er held ég oftar reglan en hitt þegar menn eru að koma út úr skóla eða hefja búskap, og það hafa í raun ekki verið neinar forsendur fyrir eignamyndun hjá fólki sem ekki hefur átt þær fyrir, fengið með arfi eða öðrum hætti. Staðan er þannig að greiðslubyrði námslána hefur verið stórþyngd. Staðan er þannig að ríkisstjórnin er búin að tekjutengja barnabætur til fulls þannig að þær eru skertar um leið og launin hækka einhvern skapaðan hlut, og staðan er þannig að eigi þetta fólk yfir höfuð möguleika á því að komast inn í íbúðarholu er eitt nokkurn veginn alveg öruggt og það er að það situr fast í henni næstu tíu, tuttugu árin, á sáralitla möguleika og í raun og veru enga til að stækka við sig nema þá að tekjur þess stóraukist og staðan batni af einhverjum öðrum ástæðum. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir að jafnvel einstæð móðir eigi að geta fengið inni í íbúð ef hún eigi hálfa milljón. Ég bið hæstv. félmrh. að leiða fram þær einstæðu mæður sem upp til hópa eiga hálfa milljón. Voru þær í Reykjavík í fyrra þegar fjórða hver einstæð móðir leitaði til félagsmálastofnunar? Er það líklegt að þær væru að leita til félagsmálastofnunar ef þær ættu almennt hálfa milljón inni á bók? Nei, ég held ekki. Staðreyndin er sú, veruleikinn er sá hjá þeim sem þekkja ungt, eignalítið eða eignalaust fólk með lágar tekjur að það á engan minnsta möguleika á því að komast inn í mannsæmandi íbúð. Engan. Algengasta staðan er sú að þetta fólk situr fast í kjallaraholum og það borgar um 40 þús. kr. á mánuði í leigu og hefur engan möguleika til neinnar eignamyndunar við þær aðstæður. Engan.

Hvað hefur það þýtt fyrir svona fólk að komast inn í sæmilega hagstæða verkamannabústaðaíbúð? Ég skal taka raunverulegt dæmi af fólki sem hóf sambúð á árinu 1992 og leigði í eitt ár lélega kjallaraíbúð fyrir 37 þús. kr. á mánuði. Það var ekki mikill afgangur af efnahagnum hjá því fólki og ekki á fyrsta árinu þegar fyrsta barnið fæddist og aðeins var ein fyrirvinna í verkamannavinnu til að sjá fyrir fjölskyldunni en þetta fólk komst inn í litla tveggja herbergja íbúð í Hólunum í Breiðholti og hvað gerðist þá? Húsnæðiskostnaðurinn lækkaði úr 37 þús. kr. á mánuði, að vísu með áskrift á Stöð 2 innifalið, niður í 9 þús. kr. Hækkaði svo í milli 13 og 15 þús. kr. eftir fyrsta árið þegar afborganir komu til og fasteignagjöld og annað slíkt. Húsnæðiskostnaðurinn lækkaði sem sagt um meira en 20 þús. kr. á mánuði hjá þessu fólki við það að fara úr lélegri kjallaraholu inn í bjarta og ágæta íbúð í blokk í Breiðholtinu.

Hvað þýðir þetta síðan ef við tökum fjögur ár fyrir þessa fjölskyldu? Jú, það þýðir um 240 þús. kr. á ári í lægri húsnæðiskostnað, og með vöxtum á þá upphæð fast að millj. kr. sem þetta fólk er betur sett í dag heldur en ef það hefði spólað úti á leigumarkaðnum þessi fjögur ár. Fyrir utan það býr það í betri íbúð og hefur verið öruggt með sitt húsnæði. Það á reyndar þá upphæð sem það lagði inn í hana í formi útborgunar, 350 þús. kr.

Inn í þetta dæmi vantar að vísu tvennt. Það vantar húsaleigubæturnar á aðra hliðina og/eða vaxtabæturnar á hina hliðina. Tökum nú það dæmi og reiknum þessu unga fólki,

ef það hefði verið á leigumarkaðnum þessi fjögur ár, meðaltals húsaleigubætur í Reykjavík eins og þær voru í fyrra, 10.200 kr. á mánuði. Af þeirri upphæð er tekinn skattur þannig að eftir standa um 7 þús. kr., skulum við segja, og þá eru samt eftir um 14 þús. kr. á mánuði og meira ef við tökum tillit til þess að á vaxtakostnaðinn að hinu leytinu hefur það fengið vaxtabætur. Þannig er alveg örugglega, herra forseti, hægt að fullyrða að að meðaltali í svona dæmi, ef menn hafa komist inn í verkamannabústaði og fengið sæmilega hagstæða íbúð, hefur húsnæðiskostnaður slíkrar fjölskyldu lækkað a.m.k. um 15 þús. kr. á mánuði. Ég er að tala um svona 15 ára gamla íbúð, t.d. tveggja herbergja íbúð í Hólunum sem metin er á 3,5 til 4 millj. kr. Vissulega er það hagstætt verð, mun hagstæðara verð en maður ætti kost á á almennum markaði.

Nú er enn eitt að segja af þessari fjölskyldu. Það eru tímamót í lífi hennar um þessar mundir og það hefur bæst við barn. Og hvað gerist þá? Í staðinn fyrir að þurfa að setja upp viðbótarbarnarúm í eina herberginu í kjallaraholunni, þá sækir þessi fjölskylda um til verkamannabústaða og fær stærri íbúð, fær sjálfkrafa stærri íbúð út á breyttar fjölskylduaðstæður. Það sem meira er og betra er að kostnaðurinn við þau íbúðaskipti er hverfandi fyrir fjölskylduna. Það kostar kannski um 180 þús. kr. en síðan dregst frá þeirri fjárhæð uppgjör á eftirstöðvum við fyrri íbúðina. Þegar upp er staðið er þarna lagt út fyrir upphæðum af stærðargráðunni 100 til 120 þús. kr. og fjölskyldan kemst inn í góða þriggja herbergja íbúð. Húsnæðiskostnaðurinn er þá kannski um 11 þús. kr. á mánuði og hækkar í um 15 til 18 þús. eftir fyrsta árið. Enn er sparnaðurinn þannig, þótt komið sé í talsvert stærri íbúð hjá stærri fjölskyldu, að það munar um 12 til 15 þús. kr. á mánuði eftir sem áður frá því sem væri ef harkað væri úti á leigumarkaðnum.

Hæstv. félmrh. geispar og finnst þetta óáhugavert. Ég trúi því vel. Þetta er ekki „fiction", herra forseti. Þetta er ekki tilbúningur, þetta er raunverulegt dæmi af lifandi fólki sem ætlar að flytja inn í nýju íbúðina sína á sunnudaginn kemur og ræðumaður hefur hugsað sér að hjálpa þeim. Ég held, herra forseti, að hæstv. félmrh. væri stundum nær að skoða veruleikann eins og hann er, frekar en að grafa sig niður með þeim hætti sem hann hefur gert, í skotgrafirnar í þessu máli.

Á undanförnum árum hef ég margreynt að reikna dæmi fyrir ungt fólk sem hefur verið að reyna að sjá fram úr sínum húsnæðismálum. Ég fullyrði að það er síst betra í dag fyrir lágtekjufólk, fyrir ungt námsfólk og aðra slíka, að koma sér fyrir í húsnæðismálum en verið hefur mörg undanfarin ár. Þar af leiðandi eru engin rök til þess að halda því fram að ekki sé jafnmikil þörf fyrir þann möguleika sem félagslega húsnæðisformið hefur verið hingað til. Það, herra forseti, er bara bull. Það er tilbúningur. Það eru málamyndarök til að selja mönnum þetta frv. og leggja niður félagslega húsnæðiskerfið í landinu. Ég segi að það leggst lítið fyrir þann félmrh. sem lætur nota sig í svoleiðis skítverk, að láta áratuga drauma hægri aflanna í landinu rætast að þessu leyti.

Framsfl. reið til kosninga í síðast með frasanum „Fólk í fyrirrúmi". Fólk í fyrirrúmi. Hvar er nú fólkið sem er fyrirrúmi í þessu máli, herra forseti? (**BH:** Það er fyrir í rúminu.) Eru það lágtekjufjölskyldurnar, þúsundum saman, sem hafa fengið úrlausn og mundu bera þessu kerfi óöruvísi söguna ef það fengi að úttala sig um þau mál eða er það fólkið sem á næstu árum hefði fengið úrlausn ef kerfið hefði fengið að starfa áfram? Er það fólk í fyrirrúmi? Nei, það sem hér er í fyrirrúmi er kerfið. Kerfið er í fyrirrúmi og þetta mál nálgast menn algerlega út frá forsendum kerfisins. Menn segja: Jú, þarna er Byggingarsjóður verkamanna, hann er í vanda og hálfblankur. Við verðum að taka á því máli. Menn segja: Það eru sveitarfélög hér og þar í landinu sem hafa byggt, kannski dálítið glannalega og tekið á sig miklar skuldbindingar. Við verðum að taka á því máli. Svo er lagt af stað og frv. af þessu tagi samið. Hvar eru rökin frá sjónarhóli fólksins í fyrirrúmi? Þau eru ekki með. Þeirri hlið málsins er algerlega sleppt.

Hvað segir okkur að hér uppi á Íslandi muni takast það sem ekki hefur tekist í öðrum löndum, að leysa þannig húsnæðismál að ekki séu nein félagsleg úrræði til staðar? Ég þekki ekki þau lönd hér í kringum okkur. (**LB:** Indónesía.) Það getur vel verið að það sé ekki merkilegt verkamannabústaðakerfi í Brasilíu eða Indónesíu. Er það þá fyrirmyndin sem hæstv. ríkisstjórn sækir sér? Ég held að þeir telji það engan sérstakan sósíalisma í sjálfu sér hér í ýmsum nálægum löndum þó þeir starfræki húsnæðisfyrirkomulag sem er sérstaklega sniðið að því að mæta þörfum fólks með lágar tekjur. Það er bara ósköp einfaldlega áratuga og alda veruleiki að þar þarf sérstök úrræði til. Það liggur í hlutarins eðli.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að hér er í raun og veru verið að reka smiðshöggið á það verk að markaðsvæða til fulls íbúðalánakerfið á Íslandi. Segja má að menn hafi haldið út á þá braut í talsverðu mæli þegar húsbréfakerfið var tekið upp. Ég vil láta það koma fram hér, herra forseti, þótt það sé orðin kannski sagnfræði meira en hitt, að ég var og hef allan tímann verið á móti því að loka Byggingarsjóði ríkisins. Ég taldi það mistök og er sannfærður um að menn muni ekki geta byggt húsnæðisstefnuna á Íslandi á 100% markaðslánum, ekki hvað varðar t.d. grunnfjármögnun nýs húsnæðis. Það mun ekki ganga upp. Allt of stór hluti almennra launamanna ræður ekki við þá greiðslubyrði á fyrstu árunum sem því er samfara að ráðast í jafnstóra fjárfestingu, í langflestum tilvikum stærstu fjárfestingu lífsins hjá viðkomandi fjölskyldu sem nemur margföldum árslaunum. Menn ráða ekki við það ef full markaðskjör eru á grunnlánunum í fjármögnun dæmisins. Það hefur ekki gengið upp hjá nokkurri þjóð. Auðvitað var fráleitt að slíkt gæti gerst á Íslandi, við þær aðstæður að verðbólgan hafði afskrifað öll lán sem hvíldu á húsnæði á landinu. Á Íslandi voru þær ótrúlegu aðstæður, þegar verðtrygging var tekin upp, að íbúðarhúsnæði í landinu eins og það lagði sig var nánast skuldlaust.

Ég er algerlega sannfærður um að mistökin sem menn gerðu, þegar Byggingarsjóði ríkisins var lokað, voru að setja þessi kerfi ekki upp saman þannig að almennur byggingarsjóður, með hagstæðri lánsfjármögnun til langs tíma á föstum hófsamlegum vaxtakjörum, tryggði grunnfjármögnunina og síðan gætu markaðsbréf eins og húsbréfin verið viðbótin og verið fjármögnunin hvað snerti viðskipti með notað húsnæði. Þar til hliðar og algerlega aðskilið var, er og á að vera fyrirkomulagið sem varðar félagslegt íbúðarhúsnæði. Það er ekki hægt að framkvæma félagslega stefnu í húsnæðismálum nema sá hluti sé aðskilinn og hægt sé að sníða lánskjörin og reglurnar þar að þörfum þess fólks sem kerfið á að þjóna. Það mun ekki takast hér með því að drekkja þessu öllu saman í 100% markaðsvætt bréfakerfi. Það er ekki hægt. Þar með missirðu úr höndunum stýritækin sem þú þarft að hafa í sjálfstæðu, félagslegu húsnæðislánakerfi. Það er auðvitað það sem verkalýðshreyfingin var að tala um, hæstv. félmrh., en ekki hitt að leggja kerfið niður. (**LB:** Er þá ekki rétt að

skrifa háeff á það?) Það er auðvitað það sem er verið að undirbúa. (**Gripið fram í:** Hvað segir Guðni um þetta?) Ég veit nú ekki hvað þeir segja um það, hv. þm. Guðni Ágústsson og Fjalla-Eyvindur. Þeir hafa kannski rætt það nýlega á fundum hjá Sálarrannsóknafélaginu en ég veit nú ekki hvort við getum mikið lært af blessuðum karlinum Fjalla-Eyvindi í húsnæðismálum. Það gekk nú alla vega hjá honum í þeim efnum eins og kunnugt er.

Nei, herra forseti. Ég blæs á þessa tilburði hæstv. félmrh. til að reyna að sannfæra menn um það að þetta sé nokkuð annað en afturför í málefnum tekjulægstu hópanna, ungs námsfólks, einstæðra foreldra og annarra slíkra. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að fara yfir umsagnir húsnæðisnefndanna (**Félmrh.:** Búinn að því.) sem er það fólk sem vandinn brennur á, þar brennur á. Það er fólkið sem á í húsnæðiserfiðleikum í sveitarfélögunum. Það sláandi sá munur á þeim tóni sem fram kemur í umsögnunum frá annars vegar oddvitunum í sveitarstjórnunum sem horfa á þetta þröngt út frá hagsmunum sveitarsjóðs, og hins vegar fólkinu í húsnæðisnefndunum sem glímir við málin niðri í grasrótinni. Þar eru fulltrúar frá verkalýðshreyfingu, félagsmálastofnanirnar o.s.frv.

Ég segi, herra forseti: Að mínu mati er þetta frv. hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar tekið í nefið í þessum umsögnum. Frv. er tekið í nefið í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB og í umsögnum húsnæðisnefndanna. Það stendur ekki steinn yfir steini eftir. Það er sýnt fram á að staðan verður verri fyrir fólk með lág laun að komast yfir húsnæði í nýja kerfinu en í því gamla. Það er augljóst mál og dæmin úr raunveruleikanum segja það sama. Ég vísa aftur til þess raunverulega dæmis sem ég var með áðan um fólk sem er svo heppið að komast inn í góða ódýra blokkaríbúð í Breiðholtinu í verkamannabústaðakerfinu. Ég bar saman þann kostnað vegna húsnæðis sem það hefur á mánuði hverjum við það sem það mundi hafa ef það væri úti á leigumarkaðnum. Það er algerlega óhrekjandi að það sparar þessu fólki a.m.k. 15 þús. kr. í hverjum mánuði að vera inni í þessu kerfi, borið saman við hitt, að velkjast um á leigumarkaðnum, hrekjast úr einni kjallaraholunni í aðra o.s.frv. Þannig er það og þá eiga menn að ræða þá hluti eins og þeir eru en ekki reyna að dulbúa og fela þær staðreyndir í einhverju blaðri eins og hæstv. ráðherra hefur reynt að gera.

Svo er annað, herra forseti, sem menn skulu átta sig á og það er að það verða stórfelldar afleiðingar af þessum breytingum úti á markaðnum. Ég fullyrði það. Þess mun sjá stað, bæði í hærri leigu og í hækkandi fasteignaverði. Ég er viss um það. Fasteignaverð í Reykjavík mun hækka og litlu íbúðirnar mest. Litlu íbúðirnar verða einu úrræði þessa fólks. Það liggur í augum uppi. Einstæða móðirin sem á hálfu milljónina, þetta eintak sem félmrh. þekkir, með hálfa milljón inni á bók. Þrátt fyrir þessa hálfu milljón er einasta vonin ódýr kjallaraíbúð vegna þess að greiðslubyrðin og greiðslumatið verða þannig að annars gengur dæmið ekki upp.

Það væri sennilega einhver besta fjárfesting sem menn gætu ráðist í nú um stundir að fara um bæinn og leita uppi allar kjallaraíbúðir sem eru á lausu og til sölu og kaupa þær í hvelli. Ég spái því að leigan muni hækka verulega á næstu mánuðum verði þessar breytingar að veruleika og fasteignaverðið mun auðvitað stíga í kjölfarið.

Það er ekki bara vegna kerfisbreytingarinnar sem slíkrar og þeirra beinu áhrifa sem af henni leiðir heldur vegna hins að menn munu gefa sér minnkandi framboð á húsnæði af þessu tagi á næstu árum. Auðvitað. Það er eiginlega algjörlega útilokað annað en að afleiðingin af þessari breytingu verði líka sú að það dregur úr framboði á nýju húsnæði, sérstaklega nýju húsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir þetta fólk vegna þess að þrátt fyrir allt hefur það verið félagslega kerfið sem hefur verið að bæta því húsnæði við. Svo tala menn um það sem vandamál í sjálfu sér. Af hverju er það vandamál? Fyrir hverja er það vandamál? Jú, á pappírunum eru þetta skuldbindingar sveitarfélaga og í bókhaldinu hjá fjmrh. er Byggingarsjóður verkamanna eðlilega orðinn tæpur af því hann hefur ekki fengið neitt fé undanfarin ár. En ég sé ekki að það sé mikið vandamál fyrir það unga fólk og það lágtekjufólk og fyrir þá einstæðu foreldra sem hafa hundruðum saman fengið úrlausn húsnæðismála sinna vegna tilkomu þessa nýja húsnæðis.

Munurinn er líka sá, herra forseti, og það eru beittustu svörin við róginum um að kerfið sé dýrt, að þetta fólk hefur flutt inn í gott húsnæði, fullfrágengnar íbúðir, bjartar og hlýlegar og rúmgóðar en ekki kjallaraholur. Er það þá einskis virði? Er það einskis virði?

Ég held, herra forseti, að menn eigi nefnilega ekki að komast upp með það, hvort sem þeir eru félmrh. eða eitthvað annað, að ræða eingöngu aðra hliðina á málinu, eingöngu aðra hliðina á peningnum. Bara vandamálin, kostnaðinn, vesenið, óþægindin fyrir fjmrh., sveitarsjóðina og fyrir aumingja hæstv. félmrh. sem finnst baks að standa í því að vera með þetta kerfi og fá fólk í viðtöl sem er að klaga út af þessu og kvarta. Það verður einföld tilveran þegar hæstv. félmrh. getur sagt: Nei, engin viðtöl við mig um þetta mál. Mér koma þessi mál ekki við, það er markaðurinn sem leysir úr vanda þínum, góði minn. Farðu út á markaðinn og finndu þér þar íbúð. Það eru svörin.

Auðvitað er það þannig, herra forseti, að það er sjálfsögð krafa sem komin er fram og rökstudd af miklu meira en nægjanlegum þunga til þess að allir sómakærir menn mundu fresta afgreiðslu þessa máls, þeir mundu gera það. Hæstv. félmrh. á að mínu mati þann eina kost að reisa sig pínulítið í stöðunni, það er að vera maður til þess að bjóða upp á það, þrátt fyrir að við vitum að hæstv. forsrh. hefur bannað það. Hann hefur bannað allar breytingar, hann hefur bannað að fresta afgreiðslu á nokkrum sköpuðum hlut af því að þá væri ríkisstjórnin farin að brjóta odd af oflæti sínu er okkur sagt.

Herra forseti. Það er og hefur alltaf verið þannig og mun verða þannig að til þess að ná farsællega tökum á lausn þessara mál verður að vera samstarf um þau því að húsnæðismál eru ekki eitthvað sem menn leysa með fyrirskipunum að ofan þannig að það gangi upp. Það gerist ekki. Það er ekki þannig. (**Gripið fram í:** Hvað á forsrh. að gera það þá?) Hvernig hafa húsnæðismálin gengið fyrir sig meira og minna alla þessa öld? Þau hafa verið eitthvert dæmigerðasta samstarfsverkefni stjórnvalda, þ.e. Alþingis og ríkisstjórna, fjárveitingavaldsins, löggjafans og framkvæmdarvaldsins, sveitarfélaganna í landinu, verkalýðshreyfingarinnar og fjölmennra félagasamtaka. Þau hafa verið það. Allir þessir aðilar hafa verið tengdir málunum. Er það ekki það sem við búum að? Er það ekki þess vegna sem húsnæðismál lágtekjufólks eru í sæmilegu horfi eða hafa víða orðið það? Að verkalýðshreyfingin hefur beitt sér, jafnvel notað afl sitt í kjarasamningum til þess að knýja fram átak í byggingu íbúða, eignaríbúða, leiguíbúða o.s.frv. Hvers vegna eru húsnæðismál öryrkja í Reykjavík þó þrátt fyrir allt í jafngóðu horfi og þau eru, eða a.m.k. ekki

verra en þau eru? Er það ekki vegna þess að öflug félagasamtök með harðduglega brautryðjendur og hugsjónamenn stofnuðu Öryrkjabandalagið og fleiri slík samtök sem starfa þar saman og lyftu grettistaki í húsnæðismálum þessa fólks? Byggðu heilar blokkir, veðsettu sjálfir persónulegar eignir sínar til að koma þeim upp. Er það í þeim anda sem hér er verið að afgreiða lagafrv. þegar öllum óskum þessara samtaka sem hafa lyft grettistaki í húsnæðismálum aftur og aftur á öldinni er hafnað og ríkisstjórnin neitar því að eiga nokkurt samstarf við verkalýðshreyfinguna, við Öryrkjabandalagið, við Leigjendasamtökin, við stúdentahreyfingarnar o.s.frv. um þessi mál svo ekki sé minnst á stjórnarandstöðuna? Það er gáfulegt eða hitt þó heldur segi ég bara. Það er gáfulegt eða hitt þó heldur að standa þannig að málum.

Hverjir komu til og tryggðu fjármögnun á húsnæðislánakerfinu á fyrstu árum verðtryggingarinnar þegar kerfið var algjörlega strand af því að ekkert fé var á lausu í landinu? Hverjir voru það? Var það Framsfl.? Voru það bændur í Húnaþingi? Nei, það var verkalýðshreyfingin sem batt fé lífeyrissjóðanna inn í húsnæðislánakerfið um langt árabil og tryggði þannig að hægt var að bæta við nýju íbúðarhúsnæði. Það er ekkert verið að hugsa um það núna að verkalýðshreyfingin tók í raun og veru á sig ábyrgðina af því að reka kerfið árum saman og fjármagna það úr sjóðum launamanna. Þannig hefur það í raun og veru alltaf verið að allar helstu breytingar í húsnæðismálum okkar sem hafa horft til framfara á öldinni, hafa verið meira og minna knúnar áfram af verkalýðshreyfingunni og félagasamtökum eða hugsjónamönnum sem hafa verið brautryðjendur á einhverjum einstökum sviðum, eins og forustumenn Öryrkjabandalagsins.

Ríkisstjórnin Davíðs Oddssonar með hæstv. félmrh. Pál Pétursson í flórmokstrinum er að hafna öllu þessu, öllu slíku samstarfi og slá striki yfir alla þessa sögu, samvinnu um húsnæðismál á Íslandi á öldinni. Ég segi að það er von að hæstv. félmrh. sé í uppáhaldi hjá íhaldinu. Annan eins vinnumann hafa þeir ekki haft svo árum skiptir, ef þá nokkurn tíma. Ég veit að það verður grátur og gnístran tanna ef þeir fardagar koma einhvern tíma að hæstv. félmrh. segir upp vistinni. Þvílík ósköp.

Síðan, herra forseti, er það eitt enn sem ég ætla að taka í leiðinni af því að það snýr að hæstv. félmrh. og embættisfylgju hans sérstaklega og það er vegna þess að hæstv. félmrh. fer líka með vinnumarkaðsmál. Hvað heyrir undir vinnumarkaðsmál? Jú, það heyra undir hann réttindi starfsfólks, alþjóðlegir sáttmálar um öryggi starfsfólks gagnvart vinnu sinni. ILO-samþykktir heyra undir þennan hæstv. félmrh. Sáttmáli Evrópu á þessu sviði heyrir undir þennan hæstv. félmrh. Maður skyldi því ætla að þar færi maður sem stæði á vaktinni hvað varðar réttindi launamanna, réttindi starfsfólks, er það ekki? Það væri eðlilegt. Það er þessi hæstv. ráðherra sem fyrir hönd framkvæmdarvaldsins og í umboði löggjafans á að gæta að réttindum launamanna.

En það er sami hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sem leggur fram fyrsta einkavæðingarfrv., og höfum við þó séð þau mörg ljót hérna, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, en það er félmrh. sem leggur fram fyrsta einkavæðingarfrv. þar sem starfsfólkinu er hent út. (**Félmrh.:** Þetta er ekki einkavæðing.) Og ekki eitt einasta orð um það hvernig staða þess skuli vera í kjölfar breytinganna. Það er eins háðulegt og nokkuð getur verið að það skuli vera félmrh. sem flytur það mál. Fyrrv. hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, sem þótti hálfgerður haukur yngri árum sínum og var frammámaður í stuttbuxnahreyfingu Heimdallar og íhaldsins hefur þó haft það vit að hafa einhverjar klásúlur um að það skyldi reyna að tryggja starfsfólkinu störf í nýjum fyrirtækjum sem verið var að háeffa eða breyta eða selja eða einkavæða eða einkavinavæða eins og þetta hefur nú oftast verið. Þetta er ekkert annað en einkavæðing, hæstv. félmrh. Það er augljóst mál og ég spái því að fáein ár verði liðin áður en þetta kerfi verður algjörlega horfið úr umsjá ríkisins, algjörlega. Komið í hendur fjárplógsaflanna, það er alveg augljóst mál. Það er sú framtíð sem verið er að undirbúa hér enda í sjálfu sér ekki mikil breyting þegar búið er að markaðsvæða þetta 100%. Þetta er hvort sem er markaðurinn með fullum vöxtum og afföllum og hverju sem vera skal. Þetta má svo sem mín vegna vera hvar sem er, úti hjá bönkunum eða kaupleigufyrirtækjunum eða hvar sem er í þeim sjoppum sem þetta verður. Ég segi það alla vega, herra forseti, að það verður þá ekki mikill munur á því út frá því að þetta er orðið markaðskerfi.

Nei, herra forseti, þessi framkoma við starfsfólkið og að það skuli vera hæstv. félmrh. sem stendur þannig að hlutunum er náttúrlega honum til mikillar háðungar og vissi maður þó ekki að það yrði miklu við bætt eins og sá maður hefur málað sig inn á spjöld sögunnar í sambandi við vinnulöggjöfina og fleira því um líkt. En ég segi alveg eins og er að ég hefði ekki viljað vera félmrh. og fá á mig áskorun, neyðaróp af því tagi sem birtist í umsögn starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins. En þar kemur skýrt fram að skorað er á ráðherra og Alþingi að inn í frv. verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði.

Herra forseti. Finnst forseta ekki kostulegt að það skuli einmitt vera í frv. félmrh. sem þetta ákvæði vantar? Fyrsta frumvarpið sem er svo forstokkað að þessu leyti, er svo fullt af lítilsvirðingu í garð starfsfólksins að það er ekki nefnt á nafn. Jafnvel þau ræfilslegu ákvæði sem voru í fyrri einkavæðingarfrumvörpum eru ekki einu sinni höfð hér með.

Herra forseti. Það er tímanna tákn að frv. af þessu tagi skuli vera til umfjöllunar og að inn í það skuli vanta allt sem heitir félagsleg hugsun því að það er nákvæmlega það sem það er. Það að vísa á það vaxtabótakerfi sem hefur verið við lýði í skattkerfinu og er hluti af skattkerfinu er náttúrlega ekkert svar, því að það eru himinn og haf á milli slíks fyrirkomulags annars vegar og þess að starfrækja sjálfstætt félagslegt húsnæðiskerfi sem gerir hvorttveggja í senn að tryggja greiðslukjör og skilmála sem tekjulægsta fólkið í landinu ræður við og sjá um framboð á húsnæði handa fólkinu. Það eru himinn og haf á milli þess og hins að vísa á að þeir sem hafi komist inn í eitthvert húsnæði, hafi það þá verið til, og þeir sem hafa ráðið við það að kaupa það, fái einhverjar vaxtabætur. Ég veit að allir hugsandi menn sem velta málinu betur fyrir sér sjá að þetta er blekkingarleikur. Ég segi bara að skárra væri það þó það ætti ekki að afnema það líka. En hluturinn er auðvitað sá, eins og allir vita, að þessi aðstoð er á allt öðrum grunni, hún er auðsæranleg, henni er hægt að svipta burtu með einu pennastriki, einni handauppréttingu á Alþingi í desembermánuði áður en afgreidd eru fjárlög, og er af allt öðrum toga en sjálfstætt kerfi sem byggt hefur verið upp með samstarfi aðila þar sem verkalýðshreyfing hefur átt aðild. Eitt er þó í öllu falli algjörlega ljóst og það er að íbúðir sem eru byggðar á hagstæðan hátt og eru í boði fyrir þetta fólk, eru efnisleg staðreynd en svona „gimmick" eins og hæstv. ráðherra er hér með, er það ekki. Það eru hugarvísindi, svo vægt sé til orða tekið.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, bæði út frá kostulegum ummælum í greinargerð með frv. og eins því sem hæstv. ráðherra hefur sagt, hvort Framsfl. sé búinn að móta þá stefnu að þjóðin eigi að hætta að fjölga sér. Ég fæ ekki botn í röksemdafærsluna annars, öðruvísi en að annað tveggja sé orðin flokksstefna hjá Framsókn, að fólk hætti að eiga börn og þjóðinni hætti að fjölga eða að landflótti verði svo mikill að það bætist sáralítið við af fólki á næstum árum og áratugum, vegna þess að því er blákalt haldið fram við okkur að þörfin fyrir nýtt húsnæði sé nánast hverfandi eða jafnvel engin. Menn hafa verið með rosalegar draugasögur um það að svo og svo mikið af húsnæði væri tómt. En þegar farið er yfir þá hluti kemur í ljós að það er allt saman meira og minna rugl. Það finnast engar tómar íbúðir nema á einum stað á Vestfjörðum. Það eru engin ný tíðindi að í nokkrum sveitarfélögum á Vestfjörðum sem orðið hafa fyrir mikilli fólksfækkun standi nokkrar tómar íbúðir, bæði húsnæði í einkaeigu og félagslegt húsnæði. Það eru engin ný sannindi.

Ég held að eitt af því sem ekki síst sé ástæða til að hafa áhyggjur af, herra forseti, í sambandi við þetta kerfi er að yfirgnæfandi líkur séu á því að draga muni verulega úr nýbyggingum, úr framboði á þessu húsnæði á komandi árum. Enda segja aðstandendur málsins að einn kosturinn sé sá að nú geti menn bara farið út á almenna markaðinn og keypt íbúðirnar þar eins og þar sé endalaust framboð á íbúðum og það þurfi ekkert að byggja félagslegar íbúðir og þetta dásamlega val og frelsi sem að nafninu til er sagt að menn eigi í þessu, byggi á því að menn geti bara farið út á markaðinn og keypt íbúðir hvar sem er. Það kemur að vísu í ljós þegar betur er skoðað að það er allt í skötulíki. Það er allt skilyrt og sveitarfélögin fá þarna í rauninni vald sem er að mörgu leyti heldur ógeðfellt til að ákveða hvar menn megi kaupa íbúðir og hvar ekki. Þau geta því skikkað þennan tekjulága hóp ef þeim svo sýnist til að kaupa húsnæði í ákveðnum hverfum, þess vegna af ákveðinni gerð, í ákveðnum blokkum eða guð má vita hvað. Þetta finnst mér heldur ógeðfelld hugsun og ég velti því fyrir mér: Er ekki verið að undirbúa hér m.a. þá hluti sem menn hafa í sívaxandi mæli áhyggjur af á hinum Norðurlöndunum, þ.e. ósköp einfaldlega gettó-myndun eða aðskilnað íbúanna, að lágtekjufólkið flytur allt saman í sömu hverfin þar sem lélegasta og ódýrasta húsnæðið er, fasteignaverðið lægst og hátekjufólkið dregur sig saman upp í hæðirnar í fín hverfi? Er það ekki framtíðin sem í raun og veru er verið að búa til hér? Einn af kostunum við það kerfi sem verið hefur er að menn hafa gegnum skipulag getað blandað hverfunum og markaðurinn hefur ekki einn stýrt því hvernig fólkið velur sér búsetu eftir kostnaði húsnæðis. Það liggur alveg fyrir.

Ég vitna, herra forseti, í upphafssetningu á bls. 27 í grg. með frv. Þar er þessi kostulega setning:

„Nægjanlegt íbúðarhúsnæði er til í landinu og í mörgum sveitarfélögum er framboð meira en eftirspurn."

Þetta stendur þarna. Hæstv. ráðherra hefur verið að tönnlast á því sama aftur og aftur í ræðum sínum. Hann talar eins og engin þörf sé fyrir nýtt húsnæði, að þjóðinni sé hætt að fjölga, menn muni hætta að eiga börn eða flytjast úr landi í svo stórum stíl að engin þörf sé á nýju húsnæði. Ég býst við að að því leyti til sé þetta réttur málflutningur hjá hæstv. ráðherra því að í kjölfar þessara breytinga muni draga úr framboði á húsnæði um skeið. Ég er nokkuð viss um að það verður niðurstaðan og verð mun hækka. Fyrst mun leiguverðið hækka og síðan fasteignaverðið. Og þá skulum við nú tala saman, herra forseti, eftir kannski tvö til fimm ár af slíkri þróun og reyna að átta okkur á því hversu vel einstæðu mæðurnar eru þá settar. Ég tala nú ekki um þessar sem engan fimmhundruðþúsundkallinn eiga, en hæstv. ráðherra veit um mikið af slíkum einstæðum mæðrum sem bíða með 500 þús. kr. inni á bankabók eftir að kaupa sína fyrstu íbúð. Það er nú svo merkilegt sem það er.

Ég hef verið að velta því svolítið fyrir mér, herra forseti, líka undir þessum umræðum hvaða þjóðfélagshóp hæstv. ráðherra umgengst. Einhvern veginn tekst hæstv. ráðherra að því er virðist að umgangast og þekkja allt annan hluta þjóðfélagsins en a.m.k. mér. Það er alveg á hreinu því hæstv. ráðherra talar eingöngu við fólk sem er óánægt með félagslega húsnæðiskerfið. Hann hefur ekki heyrt í neinum öðrum og svo þekkir hann helling af einstæðum mæðrum sem bíða með 500 þús. kr. inni á bankabók eftir því að kaupa sína fyrstu íbúð. Þetta er annar veruleiki en við mér blasir. Ég þekki ekki þetta fólk í kringum mig. Í þeim blandaða kunningja- og ættingjahópi sem ég á er þessu yfirleitt alveg þveröfugt farið. Obbinn af því fólki sem hefur fengið úrlausn sinna mála í félagslega húsnæðiskerfinu er mjög ánægður. Ég þekki mjög margt hamingjusamt fólk, t.d. eldri verkamannafjölskyldur sem hafa kannski um miðjan aldur eignast sitt fyrsta eiginlega húsnæði, það sem fólk kallar í daglegu tali þak yfir höfuðið, því það að velkjast um á leigumarkaðnum hefur ekki verið það í bókstaflegum skilningi þess orðs í hugum slíks fólks. Og ég þekki alveg helling af einstæðum mæðrum og einstæðum foreldrum sem hafa einmitt fengið úrlausn sinna húsnæðismála vegna tilvistar félagslega íbúðakerfisins sem það hefði enga möguleika átt á annars, einnig vegna þess að það kerfi er þannig úr garði gert að þar hefur fólk með slíkar fjölskylduaðstæður forgang. Það hefur forgang, er það ekki? Jú, hæstv. félmrh. veit af því. Það er gott. En hvar verður forgangur þess í nýja kerfinu hjá hæstv. ráðherra? Ætlar markaðurinn að láta einstæða foreldra hafa forgang? Hefur markaðurinn lofað hæstv. félmrh. því að hann muni velja úr þegar farið verður að selja íbúðirnar, að þá muni einstæðir foreldrar hafa forkaupsrétt að hagstæðustu og bestu íbúðunum? Nei, það held ég ekki, hæstv. félmrh. Ég veit ekki til þess að „herra markaður" hafi hugsað sér það. Auðvitað er það þannig, herra forseti, og það ætti hæstv. félmrh. að reyna að skilja, að það að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið er meira en bara reikningsdæmi. Með því er verið að loka ákveðnu fyrirkomulagi og með því er verið að leggja úr höndum stjórnvalda ákveðið tæki sem menn hafa m.a. getað beitt til þess að leysa fyrst vanda þeirra sem eru í mestum vanda og hafa mestu þörfina fyrir úrlausn, eins og einstæðra foreldra. Þess vegna hafa þeir haft forgang á listunum. Þess vegna hafa barnmargar fjölskyldur forgang þegar kemur að því að skipta um íbúð og fá stærri íbúð innan kerfisins. Allir þessir möguleikar hverfa með því að kerfinu verður drekkt í einu markaðskerfi, 100% markaðsvæddu kerfi. Ég veit að þetta hlýtur hæstv. félmrh. að skilja og ég er sannfærður, herra forseti, um að það verður eitt fyrsta verk félagslega þenkjandi manna þegar þeir komast til valda aftur — þess verður vonandi ekki langt að bíða að þeir komist að landstjórninni á nýjan leik — að búa til á nýjan leik eitthvert slíkt tæki. Ég er alveg viss um það. Ef menn standa frammi fyrir uppsprengdum leigumarkaði og rokhækkunum á fasteignaverði og skorti á íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir lágtekjufólk og menn standa frammi fyrir þeirri köldu staðreynd að markaðurinn gerir engan greinarmun á

einstæðum foreldrum og öðrum, engan greinarmun á barnmörgum fjölskyldum og barnlausum, munu menn byggja sér nýtt tæki til að stýra stuðningi opinberra aðila við fólk hvað húsnæðisöflun varðar þannig að hægt sé að beina honum til þeirra sem mesta hafa þörfina. Það liggur alveg í augum uppi. Til þess er svona kerfi og það er megin kosturinn við það að það er nothæft í þeim tilgangi. Þannig að verði það ógæfuskref stigið, sem ég er nú satt best að segja ekki farinn að trúa enn þá að verði úr, að kerfið verði slegið af með lagasetningu af þessu tagi þá verður það tímabundið ástand. Það er alveg öruggt mál. Ég er sannfærður um að þá verður aðeins tímaspursmál sem vonandi verður frekar mælt í missirum en árum hvenær ný stjórnvöld, verkalýðshreyfingin og félagasamtök í landinu taka á nýjan leik höndum saman um að gera átak í húsnæðismálum.

Herra forseti. Ég ætla þá undir lokin að koma aðeins aftur að því sama sem ég hóf mál mitt á að ræða og það voru m.a. samskipti hæstv. ríkisstjórnar við stjórnarandstöðuna, verkalýðshreyfinguna og fleiri slíka aðila.

Þegar maður veltir fyrir sér ummælum hæstv. félmrh. áðan um verkalýðshreyfinguna og nafngreinda forustumenn í verkalýðshreyfingunni sem var auðvitað einhver svakalegasti óhróður sem ég hef í langan tíma heyrt einn mann fara með, þar sem því var beinlínis haldið fram að verkalýðshreyfingin væri misnotuð af forustu hennar í pólitískum tilgangi, væntanlega þá vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur leyft sér að hafa aðra skoðun í húsnæðismálum en hæstv. ráðherra og væntanlega vegna þess að ýmsir af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar eru ekki flokksbundnir í Framsfl. eða Sjálfstfl., systurflokki hans, þá fór ég að velta því fyrir mér hvort það gæti verið að bæði þessi ummæli og þetta frv. væru flutt núna af hæstv. ríkisstjórn í skjóli þess að verkalýðshreyfingin er með bundna samninga. Getur það verið? Ég er alveg viss um það, herra forseti, að ef samningar væru lausir 1. júní þá væri ekki þessi derringur og gorgeir í hæstv. ríkisstjórn. Þá mundu allsherjarmótmæli verkalýðshreyfingarinnar gegn því að þessi frv. væru afgreidd skipta máli. Þarna á því bara að sæta færis. Af því að verkalýðshreyfingin er með bundnar hendur og nær ekki vopnum sínum, þá er tækifæri til að rægja hana, þá kemur ráðherra vinnumarkaðsmála í ræðustól á Alþingi og rægir forustumenn hennar og þá er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar nógu borubrött til þess að gera ekkert með vel rökstudd tilmæli hennar um að fresta afgreiðslu þessa máls.

Þetta er nú hetjuskapurinn. Og það er hæstv. félmrh., Páll Pétursson frá Höllustöðum, sem lætur nota sig í þessa hluti. Það leggst lítið fyrir hann, herra forseti og hefur þó rykti hans verið heldur á niðurleið hér um nokkuð langt skeið satt best að segja. Það er nefnilega ekki bara nóg að fá ráðherrastól eftir langþráða bið síðla á stjórnmálaferli eins og hæstv. ráðherra fékk eftir síðustu kosningar. Menn þurfa að nota hann þannig að einhver manndómsbragur sé að því til þess að eftirmælin eftir það verði í sjálfu sér pósitíf. Það er alveg eins hægt að niðurlægja sig á því að vera ráðherra eins og að gera hvað annað ef störfin eru slík. Það er alveg nákvæmlega eins hægt að gera það, herra forseti, og mér sýnist hæstv. félmrh. vera á mjög góðri leið með það að reisa sér heldur snautlegan bautastein í verkum sínum, í skítverkum sínum fyrir íhaldið þar sem hann er að láta drauma þess um að vængstífa verkalýðshreyfinguna, um að rústa félagslega húsnæðiskerfinu á Íslandi, um að skerða atvinnuleysisbætur o.s.frv. ganga fram. En það eru afreksverkin sem ríkisstjórnin hefur staðið í undir forustu hæstv. félmrh. að þessu leyti.

Að vísu verður að segjast að á einu sviði eru sjálfstæðismenn ekki alveg fullkomlega ánægðir með árangurinn. Þeir hefðu viljað ná meiri árangri í að lækka atvinnuleysisbæturnar. Það liggur fyrir. Það voru viss vonbrigði fyrir hæstv. fyrrv. fjmrh. Friðrik Sophusson þegar hann vár um það bil að láta af embætti sínu eftir rúmlega sex ára skeið að honum fannst að þar hefði ekki náðst nógur árangur og hann lét það koma fram að hann teldi að atvinnuleysisbæturnar þyrftu að lækka meira. En það er engin óánægja með árangurinn hvað vinnulöggjöfina snertir og mikil hamingja er ríkjandi í Sjálfstfl. með árangurinn núna sem er að verða í húsnæðismálunum. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur dansað síðustu vikurnar eftir að þetta frv. kom fram. Hann flýgur um, tiplar á tánum eins og ballettdansmær. Hann er svo hamingjusamur með þetta frv.

Já, herra forseti, það er óhjákvæmilegt að koma því hér inn í þingtíðindin hvernig þessi mál hafa verið að þróast hjá Framsfl. Það er vísu nokkuð þreytandi að ekki skuli vera hægt að eiga orðastað við aðra af forustumönnum þess flokks en hæstv. félmrh. Hann er svoleiðis úti í móum og mýrum í sínum málflutningi í þessum efnum að það hefur ekki mikið upp á sig að ég tel að reyna að eiga við hann mikið frekari orðastað, hvorki pólitískt né faglega. Mér fannst hæstv. ráðherra skripla dálítið á skötunni þegar hann reyndi áðan að fara yfir þessi mál og svara. Hann hafði greinilega ekki sett sig nægjanlega vel inn í þessi mál að öllu leyti. Það er auðvitað fyrirgefanlegt. Það er í mörg horn að líta. Margs þarf búið við frændi, eins og segir í gamalli bók.

Maður hefði þá a.m.k. gjarnan viljað, herra forseti, að oddvitar stjórnarflokkanna hefðu sýnt sóma sinn í því að koma hér til þessarar umræðu og taka þátt í hinum pólitíska hluta hennar. Ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, hvernig það er með hæstv. utanrrh., formann Framsfl. og varaformann Sjálfstfl., hvort að það sé yfirleitt von á því að við fáum þann hæstv. ráðherra til að koma hér til þings einhvern tíma á næstu dögum eða vikum þannig að við getum þó ekki væri nema í eitt skipti átt við hann orðastað um pólitísk mál á þessum vetri.

Við vitum að sönnu að hæstv. ráðherra er mikið í útlöndum. Það er verið að undirbúa Indónesíuferðina og allt tekur þetta tíma. Mér finnst það vera nokkur ágalli á stöðu mála að formaður annars stjórnarflokksins skuli vera svo stanslaust í burtu að hann skuli aldrei vera tiltækur. Hann er aldrei tiltækur í nokkru máli. Í stórmálum hér hverju á fætur öðru er aldrei hægt að eiga orðastað við þann mann. Hann er aldrei hér, aldrei við. (**SvG:** Davíð gegnir fyrir hann.) Sendir lágt setta skutulsveina sína hér til þess að tafsa eitthvað í umræðunni. Svo kemur hæstv. forsrh. og gegnir fyrir hann.

Þó að við séum ekkert að gagnrýna það eða setja út á það að þeir gegni hver fyrir annan og þetta séu orðnir systurflokkar sem meira og minna sé búið að sameina. Þó er það ekki alveg á jafnræðisgrundvelli eins og kunnugt er því að Framsfl. er í vinnukonuhlutverkinu, svoleiðis að hann fer upp bakstigann. Þetta er svona eins og heldrimannahús fyrr á öldinni. Það eru aðalinngangur með breiðum og fínum stiga og svo bakdyrainngangur fyrir vinnufólkið. Þar gengur Framsfl. um. Út af fyrir sig er þetta verkaskipting sem við getum alveg tekið gilda hér, svo lengi sem það er ljóst og skýrt. Ef við eigum bara að tala við hæstv. forsrh. og spyrja hann einnig um hvað Framsfl. finnist þá verðum við náttúr-

lega að láta okkur hafa það. Þá er a.m.k. nauðsynlegt að sá hinn sami hæstv. forsrh. sé til staðar.

Ég spái því, herra forseti, að þetta mál muni verða stjórnarflokkunum til lítils sóma og lítils frama ef þeir halda við þau áform sína að troða þessu hér í gegn með góðu eða illu. Það verður auðvitað með illu því að þetta mál sætir mjög harðri andstöðu. Ég spái því að það eigi fyrr eða síðar eftir að koma til kasta Alþingis á nýjan leik að taka upp þau mistök sem hér stendur til að gera. Ég hef enga trú á því, í þjóðfélagi eins og því íslenska þar sem fólk er mikið að flytja búferlum og tekjudreifing því miður orðin það misjöfn að þrátt fyrir mikla velmegun ákveðinna hópa eru fjölmennir hópar fólks með mjög lágar tekjur og berjast í bökkum við að ná endum saman dag frá degi, að hægt verði að byggja hér upp húsnæðiskerfi sem skeri sig úr frá því sem er hjá nálægum þjóðum, að þar séu engin sérstök aðgreind félagsleg úrræði fyrir hendi. Það er í mínum huga algjörlega fráleitt nema þá sé hægt að vísa á leigumarkað. Ég held að það muni ekki ganga.

Ég endurtek, herra forseti, það sem ég sagði fyrr að það hlýtur að verða eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og félagasamtaka að taka höndum saman á nýjan leik um samstarf í húsnæðismálum eins og hefur reyndar lengst af verið á þessari öld.

Allra síðast, herra forseti, aðeins þetta um stöðu mála hér á þinginu og í umræðunni um þetta mál. Mér sýnast málin vera komin í mikið óefni. Þá ég ekki við að umræður taki sinn tíma eins og gengur. Ég á fyrst og fremst við það að mér sýnist það vera orðin staðreynd sem verði ekki umflúin og þýði ekkert að fara neitt í felur með, að mál eru ekki lengur rædd hér eða meðhöndluð á efnislegum forsendum. Með einhverjum hætti hefur andrúmsloftið þróast yfir á það stig að það skiptir ekki lengur máli hvort málin eru vel eða illa úr garði gerð, hvort um þau er samkomulag eða grenjandi ágreiningur. Það er best að segja það hér úr þessum ræðustóli sem er sagt við mann trekk í trekk núna hérna í hliðarsölum: Það breytir engu úr þessu hvað sagt verður eða gert í þessu máli, það skal afgreitt óbreytt.

Það er orðið markmið í sjálfu sér hjá ríkisstjórninni að lemja málin í gegn óbreytt, hvað sem það kostar. Það er orðið þannig. Þetta er sjúkt, herra forseti. Það er algjörlega sjúkt ef málin komast á það stig að efni þeirra og innihald skipti ekki lengur máli. Þetta er orðin einhvers konar valdabarátta eða styrkleikaprufa, einhvers konar „magtkamp" hjá ríkisstjórninni að lemja allt sitt óbreytt í gegn, hvort sem það er hálendið, eignarhald á auðlindum í jörðu — að gefa einstaklingum auðlindirnar — eða að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Þetta er auðvitað skelfilegt, herra forseti.

Þetta er hin hliðin á því að dást að því að eiga sterka foringja. Það er mikið talað um það að íslenska þjóðin sé svo gæfusöm að eiga mjög sterkan foringja eða sterka foringja. Það er stundum haft í fleirtölu með hliðjón af varaformanni Sjálfstfl., hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni en jafnframt stundum haft í eintölu. M.a. kveður svo rammt að þessu að rússneski sendiherrann fór úr landi með þau orð að það væri nú ekki lítil gæfa Íslendingum að eiga svona gífurlegan leiðtoga sem Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. Það er sami sendiherrann og hefur verið að kvarta undan því að Dagblaðið skrifi óvirðulega um Boris Jeltsín.

Hin hliðin, herra forseti, á því að eiga svona sterka foringja er líka vel þekkt víða að úr mannkynssögunni. Skýrt en dapurlegt dæmi um hana er einmitt hér á ferðinni um þessar mundir. Það er orðið markmið í sjálfu sér hjá stjórnarflokkunum að troða tilteknum málum sínum óbreyttum í gegn, óbreyttum í gegn, hvað sem tautar og raular, þrátt fyrir andstöðu þjóðarinnar, félagasamtaka, stjórnarandstöðunnar og þrátt fyrir alla ágalla sem bent er á í þessum málum. Það er auðvitað, herra forseti, ekkert annað en mjög dapurleg, svo ekki sé sagt sjúkleg hlið, á þessu vandamáli sem það er að eiga sterka foringja, eða hitt þó heldur.

Fyrir mér eru þetta ekki sterkir foringjar, herra forseti, þetta eru litlir kallar, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh.

[15:24]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Sú staða sem við okkur blasir hér í dag er að mörgu leyti kunnugleg. Við horfum á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Það er ekkert nýtt. Það hefur oft gerst áður á þessu kjörtímabili. Til þess að glöggva okkur aðeins þá getum við rifjað það upp að fyrir u.þ.b. tveimur árum stormaði hingað niður á Austurvöll heilt alþýðusambandsþing til þess að mótmæla frumvörpum sem þá lágu fyrir hinu háa Alþingi. Í skýrslu forseta Alþýðusambands Íslands fyrir árið 1996 segir um þetta, með leyfi forseta:

„38. þing ASÍ var haldið í Íþróttahúsinu í Digranesi, Kópavogi, dagana 20.–24. maí. Daginn eftir að þingið var sett var 2. umræðu um breytingar á vinnulöggjöfinni fram haldið á Alþingi. Þetta mál setti því sterkan svip á þing ASÍ. Í ávörpum gestanna, Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, og Elnu Katrínar Jónsdóttur, varaformanns BHM, var lögð mikil áhersla á samstöðu gervallrar verkalýðshreyfingarinnar.

Þriðjudadginn 21. maí, þegar Alþingi var að hefja umræður um vinnulöggjöfina, risu allir þingflulltrúar á 38. þingi ASÍ úr sætum og samþykktu með lófataki harðorða mótmælaályktun gegn skerðingum á réttindum launafólks. Þar var skorað á þingmenn að stöðva framgang frumvarpsins.

Að lokinni afgreiðslu ályktunarinnar hélt þingheimur ASÍ niður á Austurvöll og þingfundi fram haldið fyrir utan Alþingishúsið. Þar var Páli Péturssyni félmrh. afhent ályktunin og Jón Karlsson, þingforseti alþýðusambandsþingsins, afhenti Ólafi G. Einarssyni, starfsbróður sínum á Alþingi, persónulegt bréf til allra þingmanna með áskorun um að taka ekki þátt í að skerða réttindi launafólks."

Tvö ár eru liðin síðan þetta gerðist, herra forseti, og ýmislegt hefur gerst síðan þá. Enn stöndum við frammi fyrir því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er í andstöðu við verkalýðshreyfinguna um stórt grundvallarmál, herra forseti, sem mun hafa miklar afleiðingar sem ekki eru allar fyrirséðar.

Til vitnist um þessa tvo andstæðu póla í samfélaginu, annars vegar hæstv. ríkisstjórn og hins vegar verkalýðshreyfinguna, þá vil ég benda á viðtal frá því í gær, 14. maí, þar sem Ævar Örn Jósepsson, dagskrárgerðarmaður á Rás 2, ræddi við nafnana Magnús Norðdahl, lögfræðing Alþýðusambands Íslands, og Magnús Stefánsson, hv. framsóknarþingmann, sem reyndar var frsm. þessa frv. Þar kemur fram vægast sagt undarleg afstaða þykir mér til þeirra mótmæla sem hér hafa komið fram. Ég vil taka það fram að mér hefur borist það til eyrna að hv. þm. Magnús Stefánsson er ekki hér í húsinu og að er ekki hægt að ná í hann vegna þess að hann er á fundi í Hveragerði. Ég geri mér grein fyrir því að hann er ekki hér til að gera grein fyrir þessu viðtali eða til að svara fyrir sig. Ég vil samt sem áður koma því hér á

framfæri að í þessu viðtali kom fram alveg ótrúleg afstaða í garð þeirra mótmæla orðið hafa vegna þessa frv. Svipuð afstaða hefur reyndar birst hjá hæstv. félmrh. oft og mörgum sinnum í þessari umræðu.

Í viðtalinu er bent á að fram hafi komið mikil mótmæli frá öllum helstu félagasamtökum sem starfa á vettvangi launafólks og víðar í samfélaginu. Ævar spyr hvernig standi á því að þrátt fyrir þessa auglýsingu frá Alþýðusambandinu, BSRB og fleiri stórum samtökum, og þrátt fyrir mikinn og öflugan málflutning stjórnarandstöðunnar gegn þessu frv., þá eigi að ljúka þessu máli eins og hverju öðru þingmáli. Það er það sem hér liggur fyrir. Þá segir hv. þm. Magnús Stefánsson að meiningin sé einfaldlega að ljúka þessu máli eins og hverju öðru þingmáli sem fer bara hér í gegnum þingið eins og hvert annað mál, sama hvað tautar og raular. Hann bendir á það að menn geti nú haft ýmsar skoðanir á þessum málum og það sé ekki að gerast í fyrsta skipti núna að einstakir aðilar skori á þingið að fresta málum.

Hæstv. ríkisstjórn tekur því eins og hverju öðru hundsbiti að það hafi komið fram heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu frá fjölda samtaka: Alþýðusambandinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Kennarasambandinu, Leigjendasamtökunum, Geðhjálp, Þroskahjálp, Byggingarfélagi námsmanna, Nemendagarði Samvinnuháskólans — ég ætla ekki að telja þetta allt upp. Þetta hefur verið talið upp hér í umræðunum áður. Hæstv. ríkisstjórn lítur á þetta sem hvert annað hundsbit sem eigi ekki einu sinni að hlusta á, herra forseti.

Það er ekki með öllu ólík afstaða sem hæstv. ríkisstjórn sýnir gagnvart þessum mótmælum og hún sýndi gagnvart hálendisfrv. svokölluðu, þrennunni sem hefur verið að fara í gegnum þingið á undanförnum dögum, við mikil mótmæli ekki aðeins stjórnarandstöðunnar heldur ekki síður fjölda félagasamtaka og einstaklinga sem telja sig eiga hagsmuna að gæta um þau mál. Það birtust líka heilsíðuauglýsingar um þau mál þar sem skorað var á hæstv. ríkisstjórn að fresta málunum. En hæstv. ríkisstjórn kýs að hlusta ekki á þau mótmæli, eins og þau skipti hana ekki nokkru einasta máli vegna þess að hér sé á ferðinni ákveðin pólitík sem ríkisstjórnin ætlar að koma í gegn hvað sem tautar og raular. Ég verð að segja það, herra forseti, að þessi afstaða einkennist að mínu mati af valdhroka, ég get ekki skýrt þetta með öðru en að þarna sé um að ræða hreinan og kláran valdhroka. Það er sorglegt að horfa á það þegar verið er að gera slíkar breytingar á íslensku samfélagi sem eru að fara í gegn með þessu frv. og þeim frv. sem fóru í gegnum þingið á vikunum á undan.

Það er ekki aðeins verkalýðshreyfingin, það eru ekki aðeins samtök fatlaðra og Neytendasamtökin og ýmis samtök önnur sem mótmæla heldur er námsmannahreyfingin líka enn einu sinni að mótmæla. Námsmannahreyfingin hefur oftar en einu sinni stormað niður á Austurvöll á þessu kjörtímabili og mótmælt aðgerðum þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Um þau mótmæli hefur í flestum tilvikum, herra forseti, farið eins og um mótmæli þeirra félagasamtaka sem ég hef minnst á hér áður, á þau er ekki hlustað.

Frumvarpið sem við erum að fjalla um hér er um mjög mikilvæg félagsleg málefni. Það er unnið í flaustri og með þó nokkrum hraða. Ekki aðeins er það unnið í flaustri heldur er það unnið án samráðs við verkalýðshreyfinguna eða aðra sem hafa komið nálægt húsnæðismálum um áratuga skeið. Vil ég þar nefna t.d. Búseta sem hefur vakið athygli á því í umsögn sinni að við þá var ekki haft samráð og það hefur ekki verið tekið tillit til mótmæla þeirra þrátt fyrir að þeir hafi unnið töluvert starf að því að reyna að greiða úr vanda fólks á húsnæðismarkaðnum hér á landi.

Það er ekki hlustað á þau mótmæli sem fram koma, það er ekki tekið mark á aðvörunum um afleiðingarnar, og það sem einkennir þetta frv. líka er að gæðingar flokkanna tveggja eru settir í að semja frv. án þess að um leið séu nokkur tengsl höfð við samfélagið að öðru leyti. Það er sem sagt einn frá mér og einn frá þér og svo búum við til frumvarp.

Þetta minnir um margt á það ástand sem var fyrir u.þ.b. tveimur árum þegar vinnumarkaðsfrumvarpið fór í gegn og var af mörgum nefnt leiftursóknarherferð ríkisstjórnarinnar. Það er sami þjösnagangurinn í því máli og í þeim málum, það er sama skilningsleysið sem birtist gagnvart viðfangsefninu sjálfu og ekki síst kom það skilningsleysi mjög skýrlega fram í ræðu hæstv. félmrh. áðan. Ráðherra vinnumarkaðsmála sýndi sjálfur í ræðu sinni alveg ótrúlegt skilningsleysi að mínu mati á málefnum verkalýðshreyfingarinnar og þeirri vinnu sem þar fer fram þegar hann gaf það nánast í skyn að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sem hafa vogað sér að gerast aðilar að stjórnmálasamtökum öðrum en Framsfl. eða Sjálfstfl. eða eru í samstarfi við stjórnarandstöðuflokkana á einhvern hátt væru handbendi þeirra stjórnmálaflokka sem þeir ynnu með. Þetta segir hæstv. ráðherra vinnumarkaðsmála þrátt fyrir að af flestum sé vitað mál að verkalýðshreyfingin hér á landi hefur unnið þverpólitískt um áratuga skeið og þar hafa menn komið að úr öllum stjórnmálaflokkum og getað unnið saman að verkalýðspólitík án þess að flokksskírteinin skipti þar öllu máli. En mér þótti þessi ummæli hæstv. félmrh. um margt lýsa skilningsleysi hans á starfi verkalýðshreyfingarinnar og innviðum hennar. Það hefur reyndar komið fram oft áður í umræðum um ýmis mál sem tengjast verkalýðshreyfingunni.

Í frv. birtist ákveðinn valdhroki og ég vil segja nánast valdagræðgi ráðherra sem er vissulega á kostnað lýðræðisins. Það birtist í mörgu eins og því hvernig stjórn húsnæðissjóðsins, Íbúðalánasjóðsins, er skipuð, það birtist í fjölda reglugerðarheimilda sem eru 28, ef ég man rétt. Í frv. sem telur 57 ákvæði eru 28 reglugerðarheimildir þar sem ábyrgð er vísað frá löggjafarvaldinu yfir á framkvæmdarvaldið og það á að greiða nánar og ítarlegar úr málum þar. Þetta held ég að kunni ekki góðri lukku að stýra, herra forseti, og sé yfir höfuð mjög slæm lagasetningaraðferð og ekki sæmandi hinu háa Alþingi að standa að.

Ég verð líka að segja það, herra forseti, að mér hugnast ekki þessar 28 reglugerðarheimildir vegna þess að ríkisstjórnin hefur sýnt það og sannað að henni er ekkert um verkalýðshreyfinguna gefið eða þau málefni sem hún stendur fyrir. Ríkisstjórnin vill ekkert samráð við verkalýðshreyfinguna, hún trúir ekki ráðleggingum verkalýðshreyfingarinnar og hún vill veg verkalýðshreyfingarinnar yfir höfuð sem minnstan enda hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. að menn sem eru ekki þar í forustu hafa ekki rétt flokksskírteini að mati hæstv. ráðherrans.

En eftir að hin hæstv. ríkisstjórn er búin að hafna öllu samráði við verkalýðshreyfinguna um þennan málaflokk sem hún hefur þó haldið utan um, félagslega húsnæðiskerfið, um áratuga skeið finnst mér skjóta svolítið skökku við eins og fram kemur í áðurnefndu viðtali við hv. þm. Magnús Stefánsson að þegar spyrillinn spyr hann að því hvort það sé satt sem á ríkisstjórnina hefur verið borið að þeir séu að hjálpa

hinum ríku að gera sér hina efnaminni að féþúfu, þá segir þingmaðurinn nei. Málið sé það að gert sé ráð fyrir því í brtt. félmn. að komið verði á markvissu samstarfi aðila launþegahreyfinganna og sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um það að fara yfir leigumarkaðinn og móta þar línurnar með það að markmiði að byggja upp leigumarkaðinn á eðlilegan hátt og síðan varðandi fjárframlög og lánveitingar til leiguíbúða að þá sé auðvitað gert ráð fyrir því eftir sem áður eins og verið hefur að það verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni hvernig fjárveitingum verði háttað til þeirra mála.

Það á sem sagt að taka upp samstarf við verkalýðshreyfinguna eftir á, eftir að búið er að djöfla þessu frv. og þjösna því í gegn í fullri andstöðu við alla verkalýðshreyfinguna. Þá á að bjóða henni upp á samstarf um einhver smáatriði og einhver útfærsluatriði sem ráðherranum þóknast að hafa samstarf um við hreyfinguna.

Ég verð bara að spyrja hæstv. félmrh.: Trúir hann því virkilega að einhver vilji hafa samstarf við hann um þetta mál eftir það sem á undan er gengið? Hver ætti það svo sem að vera? Félmrh. er búinn að snúa baki við öllum nema Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli og öll þau samtök sem hæstv. ráðherra gæti hugsanlega haft samstarf við um þessi mál hafa farið fram á það að málinu verði frestað og þau koma fram í auglýsingunni sem birtist í Morgunblaðinu fyrir u.þ.b. tveimur dögum. Ég hef því ekki nokkra trú á því, herra forseti, að nokkur úr þeim samtökum sem þarna koma til greina hafi áhuga á því að hafa samstarf við hæstv. ráðherra um þessi mál eftir það sem á undan er gengið.

Það má spyrja sig að því, og ég hef gert það mjög oft, af hverju ákveðið sé af þessari ríkisstjórn að leggja niður félagslega kerfið og af hverju það sé gert án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Við fyrstu sýn virðist manni sem þar sé bara um hreinan og kláran yfirgang og þjösnaskap að ræða og að vísvitandi sé gengið fram hjá verkalýðshreyfingunni. En það má líka gera ráð fyrir því að ráðherra treysti einfaldlega öðrum betur til þessa verks en verkalýðshreyfingunni og það er í raun og veru eina niðurstaðan sem ég get fengið við spurningunni og eina svarið. Bent hefur verið á það að félagslega kerfið sé komið í þrot. Það má segja með réttu að félagslega kerfið, húsnæðiskerfið, hefur átt við töluverð vandamál að stríða en það eru ástæður fyrir því, herra forseti. Margir hafa tekið undir það með hæstv. félmrh. að þörf sé á því að endurskoða kerfið og gera á því ýmsar bragarbætur. En það hefur hins vegar enginn, ekki einn einasti maður, eftir því sem ég best veit annar en þeir sem eru í herbúðum stjórnarinnar lagt það til að kerfið sé beinlínis lagt niður án þess að nokkur einustu úrræði komi í staðinn fyrir láglaunahópana. Ég mun reyndar fara nánar yfir það síðar í ræðu minni út af hverju félagslega kerfið er komið í þrot, fyrir því eru margar ástæður.

En ég held að það sé einsýnt af því frv. sem hér hefur verið lagt fram, og ekki síður af því sem á undan hefur gengið á þessu kjörtímabili, að hæstv. ráðherra vinnumarkaðsmála vill ekkert samstarf við verkalýðshreyfinguna. Ég held að það sé einsýnt að hann vill hana út úr húsnæðiskerfinu og treystir öðrum betur til þess verks og það má með réttu taka undir það sem bent var á af hv. þm. Steingrími Sigfússyni, sem talaði hér áðan að þar gengur hæstv. félmrh. svo sannarlega erinda Sjálfstfl. sem hafa átt þann draum um margra ára skeið að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið.

Margir hafa bent á það í umsögnum, herra forseti, að frv. sé flaustурslega unnið og að það þurfi að vanda það mun betur áður en það sé tekt til lagasetningar. Þetta kemur fram í ýmsum umsögnum og ég vil benda á nokkrar þeirra. Til dæmis liggur fyrir umsögn, reyndar greinargerð frá lögmönnum, Gylfa Thorlacius, Svölu Thorlacius o.fl., sem húsnæðisnefnd Reykjavíkur var gefin um frv. Þar er m.a. bent á að það sé megingalli á frv. að ekki skuli vera samin heildarlöggjöf um húsnæðismál og hér hafi verið kjörið tækifæri til að setja einfaldar, auðskiljanlegar og aðgengilegar reglur varðandi þau atriði sem var vissulega orðið tímabært að gera og komast hjá kostnaðarsömum málaferlum sem er óhjákvæmilegt að framhald verði á, segja lögmennirnir.

Þá er líka bent á það í þeirri umsögn að mjög óeðlilegt sé hve mikill hluti þessara reglna á að fara eftir reglugerðarákvæðum en samkvæmt athugasemdum með þeirri grein, 51. gr. frv., þarf að setja reglugerð um a.m.k. 28 atriði. Þetta er náttúrlega engin hemja, herra forseti, að semja þurfi 28 reglugerðir um frv. sem er u.þ.b. 50 lagagreinar. Það er alveg greinilegt að það er ýmislegt óunnið í slíku frv.

Samtökin Þak yfir höfuðið hvetja eindregið til að afgreiðslu frv. verði frestað til haustsins, ekki síst svo tími gefist til að fara betur ofan í þau fjölmörgu atriði sem gerðar hafa verið athugasemdir við. Það er ekki síður það sem fólk er að fara fram á, að því gefist kostur á að fara ítarlegar ofan í frv. til að reyna að átta sig á afleiðingum þess vegna þess að það virðist alveg ljóst að þær eru ekki allar fyrirséðar.

Það hafa verið nefnd þau félagasamtök sem mótmæltu í Morgunblaðinu. Þau hafa öll krafist þess að frumvörpunum verði frestað. Í umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er þess krafist að frv. verði frestað vegna þess að frv. sé illa unnið og að það þurfi að vanda frumvarpssmíðina mun betur en nú hefur verið gert.

Til marks um það hversu illa frv. er úr garði gert þegar það kemur fyrir Alþingi er ekki aðeins það að vísað skuli til framkvæmdarvaldsins 28 atriðum sem þarf að semja reglugerðir um heldur hefur hv. félmn. þurft að gera á því 40 brtt. til þess að sníða stærstu agnúana af. En enn eru eftir inni í frv. svolítið skrýtin ákvæði og vil ég þar nefna sem dæmi 9. gr. sem fjallar um verkefni Íbúðalánasjóðs.

Þar segir m.a. að verkefni Íbúðalánasjóðs sé að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Íbúðalánasjóðs og gæta þess að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Herra forseti. Ég skil þetta þannig að Íbúðalánasjóður eigi að hafa umsjón með sjálfum sér. Í fyrsta lagi held ég að slíkt eftirlit sé ekki mjög virkt en í öðru lagi held ég að það hljóti að liggja í eðli málsins að hlutverk sjóðsins sé að hafa umsjón með fjárhag sínum og rekstri og sennilega á þarna að standa: „Verkefni stjórnar Íbúðalánasjóðs eru“, en eftir því sem ég gat best séð er þetta ekki eitt af þeim atriðum sem hæstv. félmn. gerir tillögu um að verði breytt, sem þó hefði þurft að gera til að þessi frumvarpsgrein eða þessi liður hennar sé ekki hrein og klár markleysa.

Minnst hefur verið á starfsöryggi starfsfólks Húsnæðisstofnunar og það verður að segjast eins og er að það er algerlega óskiljanlegt hvers vegna ekki er farin sama leið og farin hefur verið í öðrum ámóta tilvikum þegar stofnanir hafa verið lagðar niður eða grundvelli þeirra breytt, þ.e. að ekki skuli vera hægt að reyna einhvern veginn með þessari lagasmíð að tryggja starfsöryggi þessa fólks. Það er hreint og klár til skammar að hæstv. félmrh., ráðherra vinnumarkaðsmála, skuli ekki gæta að þessu í sínu frv. þegar þó eru

fordæmi fyrir því eins og hér hefur verið bent á að aðrir ráðherrar hafa í sínum frv. tekið tillit til þessara hluta.

Borist hefur áskorun til félmrh. frá starfsfólki Húsnæðisstofnunar og þar segir m.a., með leyfi herra forseta:

„Í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförnu hefur verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Nægir hér að nefna 8. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 8. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutfélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, og loks 13. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

Í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs."

Af hverju er það ekki hægt, herra forseti, eins og í þeim frv. sem hér hefur verið bent á, að tryggja starfsöryggi þess fólks sem vinnur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins? Þetta er að mínu mati fullkomin vanvirðing við þetta fólk og það er fullkomin vanvirðing á þeirri sérþekkingu og skilningisskortur á þeirri sérþekkingu sem skapast hefur innan þessarar stofnunar um húsnæðismál og það er reyndar með ólíkindum, fyrir utan þetta, að hæstv. ráðherra félagsmála og þar með talið vinnumarkaðsmála skuli ekki gæta að því svona fyrir siðasakir að tryggja að þessi mál séu þó í þokkalegu lagi. Og hefur hæstv. ráðherra þó lýst því yfir hér úr þessum stól, þótt ekki hafi hann enn komið því í verk að framkvæma það, að hann sé opinn fyrir því að beita sér fyrir því að hér verði fullgild samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn af hálfu atvinnurekanda. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir fyrir nokkrum árum síðan að hann vildi líta á það með opnum hug að staðfesta þessa samþykkt. Það hefur ekki enn þá gerst. Hins vegar væri fróðlegt að vita í tengslum við þetta mál hvort hæstv. ráðherra hafi gert eitthvað í þeim málum eða hvort hann hyggist gera eitthvað í þeim málum áður en kjörtímabilinu lýkur því að ekki er alveg útséð um að hæstv. ráðherrann verði áfram í þessu ráðuneyti vinnumarkaðsmála á næsta kjörtímabili. Ég vildi því gjarnan heyra hér á eftir hvort hæstv. félmrh. hafi eitthvað gert til að koma því við að fullgilda þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsagnir af hálfu atvinnurekenda, áður en kjörtímabilinu lýkur.

Það má spyrja sig, herra forseti: Hagsmunum hvers þjónar þetta frv.? Jú, það þjónar hagsmunum húsnæðiskerfisins að einhverju leyti. Það þjónar hagsmunum sveitarfélaga að einhverju leyti. En það þjónar ekki hagsmunum neytenda kerfisins, herra forseti. Það eru þeir sem eru settir út á guð og gaddinn, a.m.k. þeir tekjulægstu og þótt einhverjir hafi verið óánægðir með kerfið, eins og hæstv. félmrh. hefur margbent á, og hafi lagt leið sína niður í Hafnarhús til að koma mótmælum sínum á framfæri við félmrh., þá er það sorglega við þetta að engin önnur úrræði koma í staðinn fyrir ákveðna hópa, herra forseti. Ég efast um að þeir sem hafa komið og kvartað við hæstv. félmrh. um að félagslega íbúðakerfið væri gallað hafi lagt til að hæstv. ráðherra legði það niður án þess að nokkur úrræði kæmu í staðinn fyrir þá hina sömu. Mér þætti gaman að sjá framan í þá sem hafa mælt með því við hæstv. ráðherra. Þetta er grundvallaratriði í málinu. Það er grundvallaratriði í þessu máli að það hefur verið ákveðin óánægja með kerfið, en þar með er ekki sagt að réttlætanlegt sé að leggja kerfið niður án þess að nokkur önnur félagsleg úrræði komi í staðinn fyrir tekjulægstu hópana. Það er algerlega ófyrirgefanlegt.

Ekki liggur fyrir hverjar afleiðingar þessa frv. eru. Þær eru margar hverjar ófyrirséðar enda hefur varla unnist tími til þess fyrir þá sem hafa viljað skoða málið ítarlega ofan í kjölinn, að átta sig á því hverjar afleiðingarnar eru auk þess sem ég trúi því að margar þeirra komi ekki fram fyrr en eftir að kerfið fer að virka að einhverju marki.

Félagsstofnun stúdenta hefur lagt fram umsögn ásamt fjölmörgum öðrum og þar kemur fram að gera megi ráð fyrir því að óbreyttu frv. að uppbygging námsmannaíbúða dragist stórlega saman á næstu árum. Niðurfelling 3,5% framlags sveitarfélaga, álag stimpilgjalda og dýrari framkvæmdalán hafa áhrif til hækkunar byggingarkostnaðar og þar af leiðandi til hækkunar leiguverðs til stúdenta. Á þetta er bent í umsögn Félagsstofnunar. Þar segir líka að vaxtakjör sé sú breyta sem mestu máli skiptir og óvissa um þau geri alla áætlanagerð erfiða en eins og komið hefur fram hefur hækkun vaxta úr 1% í 5% áhrif á hækkun leigu sem nemur tæplega 30% og þessu gera þeir nánar grein fyrir reyndar í umsögn sinni hjá Félagsstofnun stúdenta. Þá benda þeir á að óvissa um lánafyrirgreiðslu er að sama skapi allri langtímaáætlanagerð og stefnumótun fjötur um fót.

Félagsstofnun stúdenta leggur til að í lögum um húsnæðismál komi fram valkvæði sveitarfélaga til að styrkja aðila sem byggja félagslegt húsnæði um sem nemur gatnagerðargjöldum. Félagslegir aðilar fái undanþágu frá stimpilgjöldum og að vextir af lánum verði fastir og nemi 1%. Tryggingarsjóði verði skipt upp og endurgreiddur hlutfallslega til þeirra aðila sem greitt hafa í hann á undanförnum árum. Þá verði úthlutunum lána á árunum 1999 og 2000 fjölgað úr 50 íbúðum í 500 íbúðir til að koma á móts við aukna þörf á leiguhúsnæði og til að leysa brýnan vanda félagslegra aðila.

Síðan segir í umsögn Félagsstofnunar stúdenta, með leyfi forseta:

„Félagsstofnun stúdenta hefur litið á uppbyggingu stúdentagarða og rekstur þeirra sem hluta af lausn þess húsnæðisvanda sem almennt steðjar að. Húsnæðisvandi stúdenta er enn fyrir hendi og þarf að leysa hann á annan hátt ef Félagsstofnun stúdenta er ekki gert kleift að sinna því hlutverki. Eftirspurn eftir heppilegu húsnæði fyrir stúdenta er langt umfram framboð og hafa á undanförnum árum ríkt erfiðleikar á leigumarkaðnum seinni part sumars og á haustin. Tekjulitlir stúdentar, flestir utan af landi, njóta leiguhúsnæðis hjá Félagsstofnun stúdenta í 1–6 ár meðan á námi stendur. Um er að ræða fyrirkomulag sem stúdentar og stjórnvöld hafa ítrekað lýst yfir ánægju sinni með. Félagsstofnun stúdenta hefur fullan hug á að halda uppbyggingunni áfram en lýsir yfir áhyggjum sínum ef frumvarpið verður samþykkt í óbreyttri mynd og vonast til að hæstvirt félagsmálanefnd skoði vandlega þau atriði sem hér hefur verið minnst á."

Þetta frv. hæstv. félmrh. snertir því vissulega mjög marga þætti samfélags okkar og getur leitt til þess og mun líklega leiða til þess ef það verður samþykkt í óbreyttri mynd, að jafnrétti til náms er enn skert, eina ferðina enn af þessari hæstv. ríkisstjórn.

Fleiri umsagnir eru í svipaða veru. Öryrkjabandalag Íslands segir um þetta frv. að hér sé alveg ljóst að um gerbreytingu húsnæðiskerfisins sé að ræða og mörgum spurningum sé ósvarað um framkvæmd þess eftir lagabreytingu. Öryrkjabandalag Íslands telur því að allt of skammur tími gefist til vandlegrar athugunar allra þátta þessara mála sem varða almenning í landinu svo miklu ekki síst það fólk sem Öryrkjabandalagið er fulltrúi fyrir. Bandalagið telur því réttast að frumvarpið verði ekki afgreitt fyrr en á næsta þingi svo að allir sem hagsmuna eiga að gæta komi eðlilega að málsmeðferðinni.

Öryrkjabandalag Íslands gengur líka út frá þeirri staðreynd í umsögn sinni að skjólstæðingar þess eru upp til hópa láglaunafólk, allt yfir í tekjulægsta fólkið í landinu.

„Húsnæðisfrumvarp þetta sýnist ekki koma til móts við þetta fólk" — segir í umsögn Öryrkjabandalagsins — „þar sem ekki er unnt að sjá annað en enn fleirum sé vísað á leigumarkað. Ekki er séð að með frumvarpinu sé þessum auku þörfum fyrir leiguhúsnæði mætt þar sem ekki er gert ráð fyrir nema 50 lánum til leiguíbúða á næstu tveimur árum. Á móti munu menn segja að viðbótarlán hins nýja kerfis komi í stað félagslegra íbúðarlána í dag. Þá ber þess að geta að enn strangari tekjuskilyrði eru fyrir húsbréfalánum en lánum úr félagslega kerfinu. Það þýðir að fleiri verða útilokaðir frá eignaríbúðakerfinu, sem eðlilega bitnar harðar á þeim tekjulægstu svo sem öryrkjum.

Ekki verður af frumvarpinu ráðið hversu þörfum þessa fólks verður mætt þar sem beinlínis er aflétt ákveðnum skyldum sem sveitarfélögin hafa í dag.

Öryrkjabandalag Íslands leggur höfuðáherslu á að gætt sé í hvívetna hagsmuna hinna tekjulægstu í húsnæðiskerfinu.

Með tilliti til óska okkar um að málinu verði frestað í ljósi framangreindra áherslna þá sjáum við ekki ástæðu til að gera nema örfáar viðbótarathugasemdir:" — sem síðan eru tilgreindar nánar í umsögn Öryrkjabandalagsins.

En því miður mun hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki taka tillit til þessara félagasamtaka, Öryrkjabandalags Íslands, frekar en einhverra annarra radda úti í samfélaginu sem eru að kvaka og eru á móti þessu frv. Það skal í gegn, herra forseti.

Það má líka velta fyrir sér undirbúningi þessa máls, hvernig staðið var að skipan þeirra hópa sem áttu að undirbúa frv. Frá því er greint í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er samið sameiginlega af samráðshópi ríkis og sveitarfélaga, sem félagsmálaráðherra skipaði 15. október 1997, og starfshópi til að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem félagsmálaráðherra skipaði 22. október 1997. Verkefni samráðshópsins var að vinna að útfærslu tillagna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi. Markmiðið skyldi vera að auka sveigjanleika félagslega lánakerfisins og færa umsýslu þess í auknum mæli til sveitarfélaga. Jafnframt var samráðshópnum falið að annast viðræður við sveitarfélög um að félagsleg aðstoð húsnæðiskerfisins fari í gegnum húsnæðisnefndir sveitarfélaga og um uppgjör vegna fortíðarvanda í félagslega húsnæðiskerfinu." — Þetta er hið pólitíska markmið, herra forseti. — „Samráðshópnum var falið að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna og nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk Húsnæðisstofnunar." — Og svo skulum við gæta að einu. Hverjir voru skipaði í þessar nefndir og þessa hópa? — „Í samráðshópinn voru skipaðir Karl Björnsson bæjarstjóri, Páll R. Magnússon, formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, Gunnar S. Björnsson, varaformaður húsnæðismálastjórnar, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður samráðshópsins."

Í hinn starfshópinn voru skipaðir Hákon Hákonarson, Gunnar S. Björnsson, Páll Gunnar Pálsson, Steingrímur Ari Arason og Árni Gunnarsson.

Ég vil bara minna á það hér að það er hæstv. félmrh., sem jafnframt er ráðherra jafnréttismála á Íslandi, sem skipaði þessa tvo hópa. Hann velur þann kost að skipa í hópana eintóma karla. Í þessum hópum er ekki ein einasta kona. Það virðist líka sem hæstv. félmrh. hafi viljað gæta þess og tryggja að engin kona kæmist að starfinu yfir höfuð vegna þess að starfsmenn hópanna og þeir sem unnu með hópunum að gerð frv. voru líka allir karlar, sennilega ágætismenn en allir voru þeir karlmenn.

Ég get nú ekki annað en spurt hæstv. félmrh. — Er hæstv. félmrh. einhvers staðar nálægur? Getur forseti kallað á ráðherrann? Hæstv. félmrh. er hér. — Ég get ekki annað, eftir að ég hef bent hæstv. ráðherranum á það hvernig samsetning þessa hóps er og minnt hæstv. félmrh. á það að hann er jafnframt ráðherra jafnréttismála, en spurt hæstv. ráðherrann að því hvort honum þyki þetta ásættanlegt. (**Félmrh.:** Nei.) Nei, segir hæstv. ráðherra. En þá vil ég minna hæstv. ráðherrann á það (**Félmrh.:** Þetta voru mistök.) að hans er valdið.

Ég fagna því að ráðherrann kallar hér fram í að þetta hafi verið mistök og hann skuli viðurkenna það. Ég ætla rétt að vona það að hann tryggi að þetta gerist ekki aftur. Það hefur margoft verið bent á það í þessum ræðustól að það sé algjört grundvallaratriði að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir að 90% þeirra séu karlmenn, leitist a.m.k. við og reyni að virða þau jafnréttislög sem gilda hér í landinu. Skipan svona hópa sem í eru eintómir karlar, þar sem algjörlega er horft fram hjá því að helmingur mannkyns og helmingur þessarar þjóðar eru konur, er algjörlega óásættanlegt. Það bara gengur ekki, herra forseti. Og þessi skipan er því miður ekki til mikils sóma fyrir hæstv. félmrh., þó ég vilji á engan hátt vega að þeim einstaklingum sem þarna eiga hlut að máli en þarna hefur ekki verið gætt eðlilegra sjónarmiða með tilliti til þess að konur komi líka að frumvarpsgerðinni.

Þegar frv. sjálft og efni þess er skoðað, er ýmislegt að athuga. Það má segja að frumvarpshöfundar gefi sér ákveðnar forsendur fyrir þessari smíði sinni en því miður hefur verið sýnt fram á það mjög rækilega, í sameiginlegri umsögn sem hér liggur fyrir frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, að þær forsendur sem frumvarpshöfundar gefa sér standast ekki nema e.t.v. í einhverjum örfáum, einstökum atriðum.

Í þessu frv., eða öllu heldur í athugasemdum með því, er gerður samanburður á núverandi félagslegu eignaríbúðakerfi og nýju kerfi viðbótarlána. Á öðrum stöðum er síðan fjallað um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna og stöðu félagslega íbúðakerfisins. Fjallað er um stöðu íbúðareigenda innan þess kerfis, auðar íbúðir og kaupskyldu sveitarfélaganna. Þá er vísað til fjölda athugana og skýrslna sem ýmist eru birtar í heild eða að hluta. Af þessum skýrslum og þessum umsögnum eru síðan dregnar ákveðnar ályktanir.

Í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB er síðan, á mjög ítarlegan hátt og með mjög sterkum rökstuðningi, sýnt fram á að þessar forsendur standast hreinlega ekki.

Fyrsta forsendan sem menn gefa sér er sú að vaxtabótakerfið sé einfaldara en kerfi niðurgreiddra vaxta og það sé auðveldara að aðlaga það aðstæðum fólks hverju sinni, meðan í núverandi kerfi sé bara heimilt að hækka vexti en ekki lækka þá. Það er hins vegar ekkert útskýrt frekar í þessu frv. hvað verði einfaldara í vaxtabótakerfinu. Í umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja segir, með leyfi forseta:

„Bent er á í greinargerðinni þann ósveigjanleika að einungis megi hækka vexti en ekki lækka. Einfaldast er að taka á þessum vanda með því að heimila lækkun vaxta vegna breytinga á tekjum, rétt eins og hækkun þeirra. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað krafist, að þessi háttur verði hafður á. Þannig yrði vaxtaniðurgreiðslan ætíð í samræmi við aðstæður fólks hverju sinni.

Í sambandi við þá tillögu að færa alla aðstoð vegna húsnæðiskaupa yfir í vaxtabótakerfið er rétt að benda á að við það aukast jaðaráhrif hjá lágtekjufólki verulega þar sem vaxtabætur eru tekjutengdar. Varhugavert hlýtur að teljast að auka jaðaráhrif á þennan hóp nema að vandlega athuguðu máli."

Eiginlega þarf ekki frekari skýringa við. Það getur varla talist æskilegt að auka jaðaráhrifin frá því sem nú er. Síst mega tekjulægstu hóparnir við því.

Þá er í athugasemdum með frv. einnig fjallað um vaxtabætur og niðurgreiðslur. Þar er m.a. sagt að 50% greiddra vaxtabóta fari til einstaklinga með árstekjur undir tveimur milljónum og þar sé að hluta um sama hóp að ræða og fær niðurgreidda vexti í gegnum félagslega íbúðakerfið. Stuðningur til sömu einstaklinga er með tvennum hætti, annars vegar niðurgreiddir vextir og hins vegar vaxtabætur.

Í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB segir um þetta, með leyfi forseta:

„Nefndin tekur raunar fram að hún hafi ekki haft handbærar tölur um fjölda hjóna sem fengu vaxtabætur og ekki heldur sambærilegar upplýsingar um fjölda hjóna og einstaklinga sem eru lántakendur í félagslega íbúðakerfinu en þar eru hjón talin sem einn lántakandi. Af þessum tölum draga frumvarpshöfundar þá ályktun að hér sé „að hluta um sama hóp að ræða" og „Af þessu má ætla að stór hluti þeirra sem fá félagslega aðstoð í formi niðurgreiddra vaxtabóta fái einnig vaxtabætur"."

Þessar ályktanir nefndarinnar eru því ekkert annað en ágiskanir, herra forseti. Það er meira að segja viðurkennt að þær séu ekkert annað en ágiskanir. Þessar tölur hafi ekki legið fyrir. (**KÁ:** Það er einkenni á öllu þessu verki.) Það er rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, formanni hv. félmn., að það er með sönnu einkenni á öllu þessu verki að forsendur þess eru allar meira og minna ágiskanir. Það er algjörlega óþolandi, herra forseti, að búa við það að fram sé sett frv. um að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið og byggja það eingöngu á ágiskunum, og engu öðru en einhverjum sögusögnum og því að einhverjir einstaklingar hafi komið til hæstv. félmrh. og kvartað.

Í umsögn BSRB og Alþýðusambandsins segir líka, herra forseti, um þetta atriði:

„Mikilvægt er að félagslegri aðstoð ríkisins, hvort heldur hún er veitt með vaxtabótum eða niðurgreiddum vöxtum, sé beint að þeim hópi sem mesta þörf hefur og nauðsynlegt er að sá markhópur sé vel skilgreindur svo aðgerðir ríkisins beri tilætlaðan árangur. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar úr takmörkuðu fé er að spila. Á þennan undirbúning skortir verulega í vinnu og gögnum frumvarpshöfunda. ASÍ og BSRB leggja þunga áherslu á að sérstaklega sé horft til fjölskyldustærðar, framfærslubyrði og félagslegrar stöðu þeirra sem njóta eiga félagslegrar húsnæðisaðstoðar með vaxtabótum og/eða niðurgreiddum vöxtum. Þannig finnist sá hópur sem mesta þörf hefur og jafnframt sá hópur sem verst getur orðið úti við vanhugsaðar kerfisbreytingar."

Það er einmitt það sem við erum að fjalla um hér, herra forseti, vanhugsaðar kerfisbreytingar.

Ein klisjan sem er gegnumgangandi í þessu frv. er sú að félagslega kerfið sé svo dýrt í rekstri. Það er tekið fram í athugasemdum með frv. að kostnaður af rekstri Byggingarsjóðs verkamanna sé 138,2 milljónir eða 10,5% af 1.320 milljóna vaxtaniðurgreiðslu hans. Til samanburðar er það nefnt að rekstur allra skattstofa ríkisins kosti 505 milljónir eða 15% af greiddum vaxtabótum, sem nema 3,3 milljörðum.

En varpar þessi samanburður einhverju ljósi á rekstrarkostnað þessara tveggja kerfa? ASÍ og BSRB hafa komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Í fyrsta lagi vegna þess að rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar sé skipt upp milli Byggingarsjóðs verkamanna, Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar samkvæmt ákveðinni reglugerð. Þar er kveðið á um að launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna skuli skipt á milli sjóða eftir fjölda starfsmanna. Þar segir að öðrum rekstrarkostnaði skuli skipta eftir heildareignum hvers sjóðs að frádregnum lánveitingum hans. Í samræmi við þessa reglugerð var hlutdeild Byggingarsjóðs verkamanna 138,2 millj. árið 1996. Þetta hefur það í för með sér að hluti af kostnaði, sem færður er sem rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna, getur stafað t.d. af verkefnum sem félmrh. setur á stofnunina og lúta ekki beint að rekstri Byggingarsjóðs verkamanna.

Þá segir í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB að þess sé að geta að hluti af umsýslukostnaði Byggingarsjóðs verkamanna sé vegna lánafyrirgreiðslu sjóðsins, innheimtukostnaður, lögfræðikostnaður og kostnaður við að veita lán.

Í öðru lagi er bent á það að samanburðurinn standist ekki vegna þess að útreikningur vaxtabóta, sem gerist við álagningu á skattstofum, sé ekki nema óverulegur hluti þess ferlis sem hefst með áætlun vaxtabóta, heldur áfram með álagningu og endanlegri álagningu, kærum og leiðréttingu áætlana og lýkur með greiðslum til viðtakanda ef hann hefur þá ekki fengið ofgreitt. Rekstur á skattstofum ríkisins er því ekki nema brot af heildarkostnaði ríkisins vegna skattálagningar og innheimtu.

Í umsögninni er bent á það að fjölmargar stofnanir ríkisins komi að álagningu, endurskoðun og greiðslu aukinna vaxtabóta. Þess vegna er í raun og veru verið að bera hér saman epli og appelsínur og byggja á því löggjöf sem á að rústa heilu kerfi, herra forseti.

Um þetta eins og svo margt annað í frv. er einnig tekið fram að frumvarpshöfundar hafi nú enga könnun gert á þessu og auðvitað hlýtur það að teljast til baga. En þeir láta það ekki stoppa sig þó að þeir hafi enga könnun gert. Þeir draga ekki þá ályktun af því að þeir þurfi hugsanlega að skoða málið eitthvað betur. Nei, þeir ætla sér að koma frv. í gegn og það skal gert hvernig svo sem það kann að verða.

Í umsögn ASÍ og BSRB er einnig bent á samanburð á greiðslubyrði. Niðurstaða frumvarpshöfunda er að tilteknir útreikningar sýni að nýtt kerfi standist fyllilega samanburð

við greiðslubyrði af lánum eins og þau eru í núverandi félagslegu eignaríbúðakerfi. Þessir útreikningar sýna einnig, með einni undantekningu, að greiðslubyrðin í nýja kerfinu sé lægri í upphafi lánstímans en í núverandi lánakerfi en meiri á seinni hluta hans. Um þetta segir í umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, með leyfi forseta:

„Útreikningar hagdeilda ASÍ og BSRB sýna að við samanburð þá skipta forsendur verulegu máli. Einnig sýna útreikningar hagdeildanna að þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast."

Síðan eru í umsögninni tekin nokkur dæmi um þetta, herra forseti, sem ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að rekja en þau eru nokkur mjög ítarleg og sannfærandi en þó greinilega ekki nóg til þess að hæstv. félmrh. og hæstv. stjórnarmeirihluti hafi séð ástæðu til þess að taka tillit til þeirra ábendinga.

Í frv. er ákveðinn samanburður gerður á eignamyndun og þess er getið að óbreytanlegar reikniforsendur óháðar markaðsverði eignanna hafi hægt á eignamyndun í félagslega íbúðakerfinu og því sé eignamyndunin í félagslega kerfinu hægari en ef keyptar eru íbúðir á almennum markaði. Um þetta segir í umsögn samtaka launafólks, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er enginn samanburður gerður á þeirri eignamyndun sem verður í hinu nýja húsnæðiskerfi sem frumvarpið boðar, þ.e. þegar lánað er venjulegt húsbréfalán og að auki sérstakt viðbótarlán allt að 90%. Í frumvarpinu er einungis borið saman núverandi almennt kerfi og núverandi félagslegt kerfi. Með hærri vöxtum í nýja kerfinu verða afborganir af höfuðstól mun minni og eignamyndun því hægari en í núverandi félagslegu íbúðalánakerfi."

Og þetta er sýnt hér í töflu í umsögninni.

„Í öðru lagi miðast útreikningur með frumvarpinu við Reykjavík en þar er fasteignamarkaður með nokkuð öðrum hætti en víðast hvar annars staðar á landinu. Í Reykjavík er 47% af öllu félagslegu íbúðarhúsnæði og því skortir samanburð í þessu tillitit fyrir 53% af félagslega húsnæðiskerfinu."

Og það er ekkert lítið, herra forseti.

„Í þriðja lagi er ekki er getið þeirrar eignaupptöku, sem orðið hefur í almenna íbúðakerfinu víða um land þar sem markaðsverð fasteigna hefur hrunið meðan reiknireglur félagslega kerfisins hafa varið einstaklinga tapi."

Í fjórða lagi er í samanburðinum ekki tekið tillit til viðhaldskostnaðar.

Í fimmta lagi er bent á að forsendur þessa séu gagnrýnanlegar þar sem þeim sem almennt gætu ekki myndað eignir í almenna kerfinu sökum lágra launa og mikillar framfærslubyrði er gefinn kostur á því að eignast eigið húsnæði í núverandi félagslegu íbúðalánakerfi í stað þess að greiða leigu á almennum eða félagslegum markaði. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við samanburðinn. Skipting eigna og sparnaðar í samfélaginu, hvort heldur er í föstu eða lausu, hefur mikil áhrif á heildarsvip samfélagsins og félagslega samsetningu þess.

Í sjötta og síðasta lagi hefur engin rannsókn verið gerð á eignamyndun í félagslega eignaríbúðakerfinu frá upphafi og til dagsins í dag.

Bent er á það í þessari ítarlegu umsögn ASÍ og BSRB að vísað sé til ákveðinna gagna og skýrslna sem var aflað og athugana og nál., m.a. um Húsnæðisstofnun, vanda sveitarfélaganna og fleiri atriða. Hins vegar er ekki tekið fram á hvern hátt þessi álit og þessar niðurstöður byggja undir þær tillögur og þá leið sem hér er lagt til að verði farin. Alþýðusambandið og BSRB benda á í umsögn sinni að í flestum niðurstöðum þeirra gagna sem frumvarpshöfundar öfluðu er mælt með upptöku félagslegra lána í stað félagslegs íbúðakerfis og að þau lán verði með breytilegum, lágum vöxtum. Í frv. er ekki gert ráð fyrir félagslegum lánum í þessum skilningi. Hin félagslega fyrirgreiðsla verður samkvæmt tillögum nefndarinnar fólgin í hækkun veðmarka við veitingu viðbótarlána í húsnæðiskerfinu og hún verður fólgin í því að dreifa áhættu af þeirri hækkun á sveitarfélögin. Það er þá sá skilningur sem hægt er að kalla félagslegan í þessu frv.

Þessi röksemdafærsla minnir um margt, herra forseti, á það þegar hæstv. ríkisstjórn gekk til svokallaðs samráðs við verkalýðshreyfinguna um vinnumarkaðsfrumvörpin á sínum tíma. Skilningur hæstv. ríkisstjórnar á samráði fólst í því að fá menn til þess að vinna saman í nefnd en taka í engu tillit til þeirra óska og þeirra tillagna sem þar komu fram frá sömu aðilum en flagga því síðan í hvert skipti sem vinnumarkaðsmálin báru á góma, að það hafi verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna. Þetta minnir um margt á þá röksemdafærslu sem hér er lögð til grundvallar, vitnað er í hinar og þessar skýrslur og því er öllu tjaldað sem til er. En það er ekki tekið fram að engin niðurstaða í þeim skýrslum sem um er rætt leggur til að sú leið sé farin sem er farin í frv. Þetta er alveg ótrúleg röksemdafærsla, herra forseti.

Eitt af því sem hefur gjarnan verið bent á sem rök fyrir nauðsyn þess að endurskoða félagslega kerfið er fjárhagsstaða Byggingarsjóðs verkamanna. Í greinargerð frv. segir um þetta:

„Að síðustu er rétt að minna á þá staðreynd að félagslega íbúðalánakerfið stefnir í þrot og að óbreyttu hefði þurft að koma til veruleg hækkun vaxta af félagslegum lánum."

Á undanförnum árum hefur margoft verið fjallað um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna í ýmsum nefndum og ýmsum úttektum. Það hefur einu sinni verið gerð tilraun til þess, eins og bent er á í umsögn samtaka launafólks, að taka á vanda sjóðsins. Árið 1992 var gert átak í að styrkja fjárhagsstöðu hans með fjárveitingu á fjárlögum. Þá var sett það markmið að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins og treysta uppbyggingu hans og framboð félagslegra íbúða. Miðað var við að útlánaáætlun sjóðsins fengi staðist til lengri tíma á grundvelli stefnunnar um árlegt ríkisframlag samtímis því sem byggja átti upp og varðveita eiginfjárstöðu sjóðsins. Síðan var gert ráð fyrir ákveðnu framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna árlega.

Hins vegar er öllum ljóst sem hafa kynnt sér þessi mál að þessi ásetningur stóðst ekki því að strax árið eftir er farið að draga úr fjárveitingum til sjóðsins og það hefur verið gert æ síðan. Engan skal undra að hann eigi í fjárhagserfiðleikum á meðan ekki er staðið við framlög til sjóðsins af hálfu ríkisins.

Ríkisendurskoðun gerði á sínum tíma stjórnsýslulega endurskoðun á Húsnæðisstofnun sem var birt 1996. Þar kemur fram að Byggingarsjóð verkamanna vanti um 4–5 milljarða kr. til þess að standa undir skuldbindingum sínum og að eigið fé sjóðsins verði uppurið skömmu eftir næstu aldamót miðað við að útlánum sjóðsins yrði hætt. Jafnframt er bent á það í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar að framlög til sjóðsins hafi ekki verið í samræmi við áætlanir og þær forsendur sem lagt var af stað með um lækkun meðallána til félagslegra eignaríbúða og hlutdeild almennra kaupleiguíbúða í

heildarútlánum hafi ekki náð fram að ganga og ríkissjóður hafi auk þess ekki staðið nema að hluta við fyrirheit sín um ríkisframlagið sem hefur farið ört lækkandi ár frá ári. Bent er á að vanda sjóðsins sé í raun og veru velt fram á næsta ár eða frá ári til árs.

Ríkisendurskoðun lagði á það áherslu að stjórnvöld grípi tafarlaust til aðgerða til lausnar yfirvofandi fjárhagsvanda Byggingarsjóðs verkamanna og horfist í augu við þann kostnað sem fylgir því að veita lán til félagslegra íbúða.

Þetta er ein af þeim skýrslum sem hafa verið notaðar til þess að réttlæta það að sjóðurinn hefur verið lagður niður. En allt að einu er ljóst að í þessari skýrslu er á engan hátt lagt til að félagslega íbúðalánakerfið verði algjörlega lagt niður, herra forseti, ekki frekar en í öðrum skýrslum sem hafa verið lagðar til grundvallar.

Það er því mjög mikilvægt að því sé haldið til haga í umræðunni þegar við erum að leggja niður þetta áratuga gamla félagslega íbúðakerfi og án þess að nokkuð annað eigi að koma í staðinn fyrir tekjulægstu hópana að fjárhagsvandi sjóðsins er að miklu leyti kominn til vegna meðvitaðra ákvarðana ríkissjóðs um að veita ekki fé til sjóðsins. Það var vitað að ef ekki yrði staðið við þessi fjárframlög mundi sjóðurinn fara í þrot.

Eitt af því sem hefur verið bent á í frv. og hefur verið notað til þess að réttlæta þessar breytingar er staða félagslega íbúðakerfisins á árunum 1990–1996.

Í greinargerð með frv. eru raktar ýmsar stærðir sem eiga að gefa til kynna hver þróun kerfisins hefur verið á þessum árum. Í lok kaflans er þó engin ályktun dregin. En sé það haft í huga að frumvarpshöfundar leggja það til að kerfið verði lagt af má ætla að dregin hafi verið sú ályktun að núverandi kerfi hafi þjónað illa hlutverki sínu. Það hlýtur að vera tilgangurinn með því að draga þetta fram.

Um þann samanburð sem þar er lagður til grundvallar segir í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB, með leyfi forseta:

„Erfiðleikum er bundið að bera þessar tölur saman af ýmsum ástæðum. T.d. gekk Byggingarsjóður ríkisins í gegnum mikla hrinu vanskila og uppboða á síðasta áratug þegar misgengi kaups og verðlags var hvað mest en virðist hafa jafnað sig. Félagslegt íbúðarhúsnæði hefur aukist hröðum skrefum eða um 51% frá 1990 til 1996 og endursala innan kerfisins um 158% á sama tíma. Fjöldi nýrra fjölskyldna hefur vaxið að sama skapi innan kerfisins en ekki liggur fyrir greining þess hóps. Þess ber því að gæta í þessu tilliti, bæði þegar litið er til Byggingarsjóðs verkamanna og húsbréfadeildar, að ætla má, að þeir einstaklingar sem verst eru í stakk búnir til þess að standa sig lendi fyrst í erfiðleikum og er þá horft til reynslunnar af Byggingarsjóði ríkisins. Allar upplýsingar frumvarpshöfunda um fjölda kröfulýsingar eru einnig óáreiðanlegar vegna þess að kröfulýsingar eru sendar vegna allra uppboða, sem auglýst eru, hvort heldur vanskilum er til að dreifa hjá viðkomandi byggingarsjóði eða ekki. Breytt verklag við innheimtu og breytt löggjöf um uppboð hafa einnig hér veruleg áhrif."

Þá segir líka í umsögn samtaka launafólks, með leyfi forseta, um þetta:

„Alvarlegu tíðindin sem sögð eru í 6. kafla greinargerðarinnar eru þau að vanskil hafa aukist í öllum byggingarsjóðunum og mest í húsbréfadeild. ASÍ og BSRB hafa ítrekað bent á þennan vaxandi vanda og gera ekki lítið úr honum. Ef hins vegar á að nota töflur og tölur frumvarpshöfunda sem forsendu aðgerða þá benda þær sterklega til þess að tafarlausra aðgerða sé þörf innan húsbréfakerfisins vegna greiðsluvanda. Þar hefur hlutfall lántakenda í vanskilum og hlutfall vanskila af útlánum vaxið hröðum skrefum og virðist kerfið þjóna ill hagsmunum landsmanna í húsnæðismálum. Þróunin í félagslega kerfinu er slæm en þó langt í frá eins slæm og þróunin í húsbréfakerfinu. Það bendir til þess að varhugavert sé eins og lagt er til í frumvarpinu að auka hlutverk húsbréfakerfisins á kostnað þess félagslega."

Á mörgum stöðum í frv. er vikið að greiðsluvandræðum lántakenda í Byggingarsjóði verkamanna og það er borið saman m.a. við almenna kerfið. Bent er á það í umsögn samtaka launafólks að inn í þessa mynd vanti þróun vanskila innan bankakerfisins á þessu tímabili til þess að heildstæð mynd fáist. Sýnt er fram á það með mjög ítarlegri röksemdafærslu og töflum í umsögnum Alþýðusambandsins og BSRB. Um þetta atriði segir, með leyfi forseta:

„Þegar haft er í huga að lántakendur í Byggingarsjóði verkamanna eru að jafnaði úr hópi láglaunafólks má ætla að þessi hópur sé viðkvæmari fyrir breytingum í efnahagslífinu en lántakendur í öðrum sjóðum. Síðan ber að hafa í huga að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna hækkuðu á árinu 1993 úr 1% í 2,4% en það hefur haft talsverð áhrif á greiðslubyrði þeirra.

Afmörkuð vandamál hefur sjóðurinn þó átt við að glíma og gera frumvarpshöfundar eitt þeirra að umtalsefni í kafla 2.2 í greinargerð á bls. 20. Þar segir að „100% hafa í mjög mörgum tilfellum leitt einstaklinga í fjárhagserfiðleika sem þeir eiga erfitt með að komast út úr". Þessi vandi er ekki sérstaklega skoðaður af frumvarpshöfundum en út frá því gengið, að því er virðist, að hann sé dæmi um hve illa hafi tekist til með lánveitingar sjóðsins til þeirra tekjulægstu."

Þessi forsenda er skoðuð sérstaklega og sýnt fram á að hún standist ekki frekar en aðrar forsendur sem byggt er á í athugasemdum með frv. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þessi ítarlega umfjöllun samtaka launafólks um þetta mál og þessar forsendur bendir ótvírætt til þess að það stendur nánast ekki steinn yfir steini í frv. þegar grannt er skoðað.

Einnig er byggt á því í frv. að svo margar auðar íbúðir séu í kerfinu að kaupskyldan sé til vandræða fyrir mörg sveitarfélög og síðan er fjallað um íbúðaþörfina. Í umsögn ASÍ og BSRB er bent á að það sé ljóst að vandamál þeirra sveitarfélaga, sem stafar af auðum, innleystum íbúðum sé að mestu bundið við eitt kjördæmi. Bent er á að ein ástæða þess að félagslegt húsnæði stendur autt geti verið sú að eftirspurn sé ekki næg. Það er staðreynd að í nokkrum byggðarlögum hefur sérstakur vandi skapast vegna ástands félagslegs húsnæðis og því ekki tekist að selja það. Sums staðar hefur viðhald verið vanrækt árum saman og ekki verið tekið tillit til þess við innlausn og endursölu.

Sérstaklega er tekið fram í greinargerð að engar sérstakar athuganir eða kannanir hafi verið gerðar á umfangi þessa vanda. Það er eins og með annað, herra forseti, að frumvarpshöfundar hafa ekki séð ástæðu til að gera könnun á þessu frekar en öðrum fullyrðingum sem hér eru lagðar til grundvallar, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason.

Af þessum ástæðum er vandséð hvernig frumvarpshöfundar telja sig geta talið auðar íbúðir innan félagslega kerfisins með forsendum í rökstuðningi sínum fyrir því að kerfið verði í heild sinni lagt af.

Í þessari umsögn samtaka launafólks er sýnt fram á þetta í ítarlegu máli. Þar segir líka, herra forseti:

„Ljóst er að vandi þessara sveitarfélaga er staðbundinn og til kominn vegna samdráttar í atvinnu- og byggðarþróun. Einnig hefur verið bent á að nýbygging félagslegra íbúða hafi ekki í öllum tilvikum verið í takt við íbúðaþörf. „Ríkisendurskoðun telur“ — þarna er verið að vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar — „að gera þurfi ríkari kröfur til þess að húsnæðisnefndir leggi fram raunhæfar áætlanir um íbúðaþörf í sveitarfélögum. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að víða sitja sveitarfélög uppi með félagslegt íbúðarhúsnæði vegna þess að engir umsækjendur eru til staðar. Þá telur Ríkisendurskoðun fulla ástæðu til að krefjast betri upplýsinga frá húsnæðisnefndunum um það hvort mæta megi félagslegri íbúðaþörf í meira mæli með kaupum á notuðu húsnæði á hverjum stað í stað nýbygginga. Að mörgu leyti er skiljanlegt að lögð hafi verið áhersla á atvinnuskapandi nýbyggingar en á móti má segja að það sé varla hlutverk hins félagslega húsnæðiskerfis að halda uppi atvinnustarfsemi í byggingariðnaði.““

Þarna, í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar og eins í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB, er því haldið fram að vandi a.m.k. sumra sveitarfélaga vegna íbúðanna sé hluti af stærra vandamáli. Það má alla vega halda því fram, herra forseti, að það gæti verið ein skýringin, og þess vegna kannski varlegt að byggja á henni umbyltingu og leggja niður kerfi á svo hæpinni forsendu.

Þetta var um forsendurnar. Ég tel að miðað við það sem hér hefur verið vitnað í, í þessari óvenju ítarlegu umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, það er ekki oft sem nefndir þingsins fá svona ítarlegar úttektir á einstöku máli, verði að segjast eins og er að þessar forsendur frumvarpshöfunda standist því miður fæstar.

Þá væri kannski ekki úr vegi að skoða markmið frv. Það verður að segjast eins og er um tilgang frv. að ég get ekki séð að honum sé náð með þeirri efnislegu útfærslu sem lögð er til í frv. Í 1. gr. frv. er tilgreint að tilgangur laganna sé að stuðla að því, með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála, að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum skal það vera.

Eftir að þær umsagnir hafa verið raktar sem hér hefur verið gert, ekki aðeins í mínu máli heldur í máli þeirra fjölmörgu stjórnarandstöðuþingmanna annarra sem hér hafa talað, þá er það svolítið ankannalegt að þetta skuli hafa verið tilgangur og markmið þessa frv. Það hefur margoft verið bent á að búsetuöryggi á leigumarkaði í dag er algjörlega óásættanlegt, það er fullkomið villta-vesturs-ástand á leigumarkaðnum á Íslandi í dag. Því miður verður ekki séð að það séu raunhæf úrræði í þessu frv., þrátt fyrir fögur fyrirheit, sem geti tryggt það að hér verði viðunandi ástand og fýsilegt fyrir einhvern að búa á þeim markaði, hvað þá tekjulægstu hópana. Þeim er jú að hluta vísað út á leigumarkaðinn.

Það má vel vera, það hefur svo sem komið fram hjá a.m.k. öðrum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., að hann telur að lögmál náttúrunnar, frumskógalögmálið, sé best til þess fallið að tryggja jafnrétti og aðeins þurfi örlitla viðhorfsbreytingu. Það má kannski segja að hér sé angi af þeirri stefnu Sjálfstfl. að sem minnst félagslegt öryggi þýði í raun og veru jafnrétti. Ef við skoðum t.d. leigumarkaðinn sem slíkan og berum hann saman við leigumarkaðinn á Norðurlöndunum, þar sem hann er að mörgu leyti til fyrirmyndar og þá er ég fyrst og fremst að horfa á búsetuöryggi og hagsmuni neytendanna, þá vantar kannski fyrst og fremst ásættanlegar reglur hér á landi. Það hefði þá kannski verið svolítill manndómsbragur ef hæstv. félmrh. hefði lagt fram, um leið og hann leggur fram þessi ósköp, frv. til laga um leigumiðlun og sett utan um það þokkalegar reglur sem gerðu leigumarkaðinn kannski eitthvað nálægt því sem tíðkast hjá siðmenntuðum þjóðum. Búsetuöryggi þeirra sem eru á leigumarkaði, t.d. víða á Norðurlöndum, felst m.a. í því að ekki er hægt að henda fólki umyrðalaust út úr leiguhúsnæði eins og hægt er hér á landi. Um leigufjárhæðir og annað gilda ákveðnar reglur meðan á Íslandi getur sá sem á leiguhúsnæðið níðst á fólki endalaust. Við vitum dæmi þess að það er níðst á fólki sem þarf að búa í leiguhúsnæði sem væri ekki svo óæskilegt ef svolítið meira öryggi væri á leigumarkaðnum. Það væri ekkert óæskilegt fyrir suma hópa að búa í leiguhúsnæði frekar en að eignast íbúðir. Það ekki endilega hagsmunum allra að eignast íbúðir.

Ef hæstv. ráðherra hefði bara viljað skoða þennan þátt örlítið og treyst sér til þess að smíða hér svolitla löggjöf um leigumiðlanir, t.d. um að ekki megi hver sem er leigja út íbúðarhúsnæði. Um aðra starfsemi, svipað eðlis eins og t.d. fasteignasölur og nú í seinni tíð um bílasölur, hafa verið sett ákveðin skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að mega vera í slíkri miðlun. Í lögfræði, t.d. Norðurlandanna, er heil grein lögfræðinnar sem fjallar um miðlanir og þau lög sem gilda þar um, hvort sem það eru leigumiðlanir, fasteignamiðlanir eða önnur hlutverk miðlara.

Hérna er það hins vegar þannig að hinir og þessir braskarar hafa í gegnum tíðina getað byggt íbúðarhúsnæði og leigt síðan út þeim sem hæst býður. Sá sem býr í íbúðinni hverju sinni hefur nánast enga tryggingu fyrir því að einhver annar bjóði ekki betur og þá er mjög fátt að gera annað en að fara, taka saman föggur sínar og fara. Það er alveg ljóst að svona umhverfi er ekki fjölskylduvænt umhverfi. Nú hefur hæstv. félmrh. þó a.m.k. verið að reyna að búa til einhvers konar fjölskyldustefnu sem þessi ríkisstjórn á að standa fyrir. Ég mundi segja að tillögurnar í þessu frv. væru á engan hátt til þess að bæta eða gera samfélag okkar fjölskylduvænna.

Í umsögnum, ég ætla ekkert að fara að lesa það upp hér, er einnig rakið hvernig þessi tilgangur og hvernig þessi markmiðsgrein laganna stendur hreinlega ekki undir sjálfri sér. Ég vil segja að hafi þetta verið einlægur tilgangur frumvarpshöfunda, þá hefðu þeir átt að gefa sér betri tíma til þess að útfæra hugmyndir sínar. Þær eru því miður ekki tryggðar í frv. Þetta markmið verður hreint og klárt hjáræna legt þegar maður les yfir greinar frv. og skoðar á hvern hátt eigi að koma markmiðunum í framkvæmd.

Það hefur verið bent á að rjúfa eigi algjörlega tengslin við verkalýðshreyfinguna inn í húsnæðiskerfið. Ég ætla ekkert að hafa mörg orð um það hér. Ég tel mjög misráðið að gera það. Ráðherravaldið er mjög mikið og svo sem í anda þess sem hefur birst í öðrum frumvörpum þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Allt gengur út á að færa vald frá löggjafarvaldinu og frá stofnunum eða félagasamtökum úti í samfélaginu yfir til ráðherra, herra forseti. Í þessu frv. er það gert þannig, og birtist m.a. í stjórn Íbúðalánasjóðs, að félmrh. einn skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn og hana skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Félmrh. skipar síðan formann og

varaformann úr hópi stjórnarmanna. Stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Félmrh. ætlar sér ekki að lúta tilnefningum annarra í þessa stjórn. Hann ætlar sér að ráða því sjálfur hvernig þessi stjórn verður skipuð. Það er einnig tekið fram hér, til að taka af allan vafa um ráðherravaldið, að ráðherra ákveður að sjálfsögðu þóknun stjórnarmanna einn og sér. Þarna er um algjört einræðisvald ráðherra að ræða og ég tel að það sé mjög óæskilegt. Ég tel að það sé beinlínis gamaldags og hallærislegt, fyrir utan það að einkennast af ákveðinni valdagræðgi, að mæla svo fyrir um að ráðherra einn, pólitískur ráðherra, stýri því algjörlega og þurfi ekki að leita álits eins eða neins á því hverjir eru skipaðir í stjórn stofnunar á borð við Íbúðalánasjóð. Samkvæmt þessu frv., eins og svo mörgum öðrum frv. sem hér hafa verið rædd á þessu kjörtímabili, er valdið hans.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er engum öðrum háð en hæstv. félmrh. Páli Pétursyni. Það skal líka liggja ljóst fyrir. Það er þá ljóst að sá hinn sami hæstv. félmrh. Páll Pétursson ræður líka framkvæmdastjórann vegna þess að stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdarstjórann og þessi framkvæmdarstjóri ræður síðan annað starfsfólk þannig að væntanlega verður það líka Páll sem ræður því hverjir starfa hjá Íbúðalánasjóði.

Ég vakti á því athygli áður að í 9. gr. er fjallað um að verkefni Íbúðalánasjóðs sé m.a. að hafa umsjón og eftirlit með sjálfum sér eins og 3. tölul. 9. gr. bendir til. Ég tel að þarna þurfi eitthvað að laga til vegna þess að væntanlega á þetta að vera verkefni stjórnar Íbúðalánasjóðs en ég sá a.m.k. ekki þegar ég renndi yfir þessar 40 brtt. meiri hluta félmn. að gerð væri breyting við þetta en ég teldi að það væri mjög til skýringar fyrir þá sem eiga eftir að glíma við þessi lög í framtíðinni og reyna að skýra þau ef að lögum verður sem ég vona að sjálfsögðu að verði ekki.

Gert er ráð fyrir því að Íbúðalánasjóðurinn eigi að vera sjálfbær og bent hefur verið á það í umræðunni að það þýðir væntanlega það að hann eigi ekki að standa í félagslegum úrræðum og má segja að félagslegu úrræðin séu nánast alfarið tekin út úr húsnæðiskerfinu með þessu frv. fyrir utan þá viðbótarlánin ef hægt er að kalla þau félagsleg úrræði. Mér þykir reyndar mjög óljóst við lestur frv. og greinargerðar hvað það þýði í raun og veru, hvaða skilyrði það séu sem við er átt að menn þurfi að uppfylla til þess að fá svokölluð viðbótarlán.

Það má líka halda því fram að þessi staðreynd í frv. reki okkur til þeirrar niðurstöðu að því sé hafnað af ríkisstjórninni að húsnæðisvandamál séu á nokkurn hátt félagsleg vandamál. Þau séu í raun og veru félagsleg vandamál sem skuli leysa með úrræðum samfélagsins. Eins og hérna hefur líka verið dregið fram eru þessi félagslegu úrræði dregin út úr lögunum án þess að leigumarkaðurinn sé gerður þannig að það sé í raun og veru búandi á honum. Ég vil spyrja hæstv. félrmh. ef hann er að hlýða á mál mitt og kannski gæti hv. þm. Magnús Stefánsson, sem þekkir þessi mál vel og er kominn í þingsalinn, svarað því hvort eitthvað hafi komið til tals í undirbúningsnefndunum að tekið yrði til skoðunar hvort ekki þyrfti að setja löggjöf um húsaleigumiðlanir og hvort menn hafi haft þar einhverjar tillögur uppi um að gera leigumarkaðinn svolítið fýsilegri hér á landi sem ég held að sé í raun og veru algör lykill að því að hægt sé að vísa fólki út á leigumarkaðinn. Það gengur ekki að vísa fólki þangað án þess að því fylgi einhver umgjörð sem tryggi að fólk sé meðhöndlað þar á sómasamlegan hátt. Ég vildi gjarnan fá að heyra það annaðhvort frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni eða frá hæstv. félmrh. hvort þetta hafi eitthvað komið til tals og þá hvort það standi kannski til af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að koma slíkum lögum í framkvæmd.

Svolítið hefur verið fjallað um húsnæðisnefndir sveitarfélaga og bent hefur verið á það í umræðunni að mikil ábyrgð er lögð á hendur sveitarfélögunum í tengslum við húsnæðismálin. Húsnæðisnefndir sveitarfélaganna eiga að gera árlegar áætlanir fyrir sveitarfélög um þörf á íbúðarhúsnæði sem er kannski allt í lagi í sjálfu sér en þær eiga líka að leggja mat á þörf einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður og viðbótarlán hvort þeir uppfylli skilyrði í því efni. Þarna getur verið svolítið vandasamt að meta en þetta er húsnæðisnefndum sveitarfélaganna ætlað að gera. Þeim er ætlað að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga og þeim er ætlað að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga og að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis með ráðgjöf við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð og fleira. Þarna er mikil ábyrgð lögð er á herðar sveitarfélögum og má segja að þessi samfélagslega ábyrgð sem áður var í höndum ríkisins er lögð yfir til sveitarfélaganna en hins vegar má spyrja hvað hæstv. ráðherra hyggist gera, hvernig meiningin sé að bregðast við því ef sveitarfélögin, eitt eða fleiri, vanrækja þessar skyldur sínar. Eru einhver úrræði í frv. um það á hvern hátt skuli bregðast við því ef sveitarfélög einhverra hluta vegna, e.t.v. af fjárhagslegum ástæðum kjósa að verja fjármunum sínum í einhverja aðra hluti, ef svo er, eru einhver úrræði í frv.? Er á einhvern hátt gert ráð fyrir því að taka á slíkum málum?

Ég hef verið að segja það, herra forseti, að ég óttast að sveitarfélögin geti ekki öll sinnt þessum miklu skyldum sínum sem skyldi og ætla þá ekki að draga eitt sveitarfélag eða eina tegund sveitarfélaga út öðrum fremur en ég held að þarna hljóti þau að vera mjög misjafnlega í stakk búin til þess að sinna þessum skyldum sínum.

Það er líka gert ráð fyrir því að húsnæðisnefndum sé heimilt að taka gjald fyrir kostnað við þjónustu sem þær hafa veitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn staðfestir. Þegar upp er staðið held ég að þetta sé eitt af þeim atriðum sem er óljóst í frv. á hvern hátt muni koma út og ég held að það liggi alls ekki nógu ítarleg úttekt á því fyrir á hvern hátt þetta muni koma út fyrir einstaklinga og sérstaklega ef við tökum þennan lið að leggja mat á þörf einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður á viðbótarlánum, hvort uppfyllt eru skilyrði í því efni.

Herra forseti. Ég fór áðan yfir að forsendurnar fyrir þessari lagasmíð sem sýnt er fram á í umsögn Alþýðusambandsins og BSRB að standast ekki og það er auk þess rakið í umsögn þessara sömu samtaka að það er a.m.k. mjög á reiki að frv. þjóni þeim markmiðum sem að setur sjálfu sér. Bent er á að í 34 greinum frv. sé að finna heimildir til ráðherra fyrir setningu reglugerðar, reglna og töku ákvarðana um öll helstu atriði frv. og bent er á fjölmörg atriði sem benda til þess að alls ekki sé hægt að sjá að þessum háleitu markmiðum verði þjónað með þessu frv. þannig að í raun og veru ætti það að þjóna markmiðsgrein þessa frv. líka að frv. yrði frestað og það væri þá alla vega hægt að reyna að koma því þannig við að frv. sjálft þjónaði sínum eigin markmiðum. Það skyldi maður ætla að væri lágmarkið.

Enda þótt Alþýðusambandið og BSRB hafi bent á það og samið gríðarlega mikla og vel rökstudda umsögn til höfuðs þessu frv. heldur hæstv. félmrh. Páll Pétursson því fram í ræðu sinni í dag að forskriftin að lagasetningunni, grundvöllurinn að lagasetningunni sé ályktun frá sambandsstjórn ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996.

Herra forseti. Það verður náttúrlega að segjast eins og er að það er engin hemja að hæstv. félmrh. sem er ekki hér sjáanlegur a.m.k., skuli voga sér að beita svona fyrir sig heilu samtökunum sem forskrift að þessari lagasetningu þrátt fyrir það að þau sömu samtök hafi lagt á það sérstaka áherslu hvar sem þau hafa komið því við í umsögnum og víðar annars staðar að þau eru í öllum meginatriðum andvíg þessari lagasetningu. Segja má að vott af sömu tilrauninni til þess að eigna verkalýðshreyfingunni frv. megi finna í viðtali sem ég vitnaði í áðan við hv. þm. Magnús Stefánsson sem var á Rás 2 í gær þar sem hann segir að það hafi verið lagt til í frv. þrjár hugmyndir um breytingar á félagslega kerfinu, þar á meðal þá breytingu sem þetta frv. fjallar um sem komi frá Alþýðusambandinu og það eru hugmyndir um viðbótarlánin. Það er allt rétt, herra forseti, sem hv. þm. segir en það er bara svo margt annað sem hann segir ekki og það er það sama sem hæstv. félmrh. kýs að gera ekki. Hann kýs að segja ekki frá mótmælunum, frá því fjölmarga sem hefur verið bent á að er beinlínis rangt frá öllum þeim röngu forsendum kýs hæstv. félmrh. að segja ekki frá. Hann vogar sér síðan að halda því fram í ræðu úr þessum stól að forskriftin af lagasetningunni, grundvöllurinn að henni sé ályktun sambandstjórnar ASÍ um félagslega húsnæðiskerfið frá 20. nóv. 1996.

Hann vogar sér líka að segja í ræðu í dag, herra forseti, að kannski hafi það verið af pólitískum ástæðum, kannski hafi það verið af áhrifum frá hv. stjórnarandstæðingum að afstaða ASÍ hefur breyst til málsins. Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, að hæstv. félmrh. skuli leyfa sér að halda svona hlutum fram vegna þess að staðreyndin er sú að Alþýðusambandið hefur vissulega lagt það til og bent á það að félagslega íbúðakerfið þyrfti ákveðinnar lagfæringar við en það hefur ekki verið lagt til að félagslega húsnæðiskerfið sé lagt niður með manni og mús án þess að nokkur skapaður hlutur komi í staðinn, nokkur félagsleg úrræði fyrir tekjulægstu hópana. Það hefur aldrei verið lagt til af neinum samtökum launafólks á Íslandi, herra forseti. Það er bara beinlínis rangt að vera að eigna þeim á einhvern hátt þá lagasmíð sem hér er á ferðinni.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka það einu sinni enn að verið er að leggja niður félagsleg úrræði húsnæðiskerfisins án þess að nokkur úrræði séu úthugsuð í staðinn fyrir tekjulægstu hópana. Frv. er óvönduð smíð og það mun hafa ýmsar afleiðingar í för með sér sem eru ekki enn allar fyrirséðar þrátt fyrir 40 brtt. Þær eru ekki allar fyrirséðar m.a. vegna þess að það er gert ráð fyrir 28 eða 34 reglugerðum. Menn eru ekki á einu máli um það hvað þær eru margar, ég hef ekki nennt að telja þær. En frv. með tugum reglugerðarheimilda sem nálgast það fljótlega að vera jafnmargar og sjálfar greinar frv. sem þarf 40 brtt. við til þess að það sé skiljanlegt. Slík smíði er slæm í sjálfu sér að ekki sé talað um hin pólitísku markmið að leggja niður hin félagslegu úrræði í húsnæðiskerfinu.

Ég vil því að lokum, herra forseti, lýsa allri ábyrgð á þessum ósköpum á hendur hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og lýk hér með máli mínu.

[17:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Við erum stödd í miðri 2. umræðu um húsnæðisfrv. ríkisstjórnarinnar. Þetta frv. er hið fjórða í röðinni af þeim svokölluðu stóru frumvörpum sem ríkisstjórnin hefur sett á oddinn að afgreiða á þessu vori og að baki þessari fernu, eins og við segjum stundum, liggja yfir 40 frumvörp og bíða afgreiðslu. Við þessar kringumstæður finnst mér hollt að við ræðum örlítið vinnubrögð og samskipti.

Það er hollt að bera sig saman við önnur þjóðþing. Við gerum nokkuð af því í þessum sal en fyrst og fremst gerum við það þegar stjórnarliðum finnst að ástæða sé til að setja ofan í við stjórnarandstöðuna og benda henni á að svona eða hinsegin sé ekki gert í öðrum löndum. Við viljum vera fremst meðal þinga og þess vegna höfum við tekið upp ný og betri vinnubrögð á mörgum sviðum. Þess vegna er það þinghald sem ég tek þátt í í dag allt öðruvísi þinghald en ég tók þátt í fyrir níu árum þegar ég settist á þing og þá er ég ekki að vísa til þess að þá hafi þingið verið í tveimur málstofum, nei, ég er að vísa til vinnubragða og samskipta við stjórn þingsins.

Við höfum líka tekið upp nýjungar. Stjórnarandstaðan á þrjá formenn í nefndum. Í öðrum þingum á Norðurlöndunum hefur það gerst að viðtæk samvinna er milli stjórnar og stjórnarandstöðu um stjórn þingsins. Stjórnarandstæðingur getur verið 1. forseti þingsins í nágrannalöndunum og nýtur þar mikillar virðingar. Og það er ekki puntuembætti. Það er virðulegt stjórnunarembætti þingsins og forseti stjórnarandstöðu nýtur nákvæmlega sömu virðingar og þingmenn lúta þeim lögmálum sem sett eru í samskiptum stjórnar og þings að fullu þó forsetinn komi frá stjórnarandstöðu.

Í nágrannalöndunum eru formenn frá stjórnarandstöðu í nefndum þingsins og þess vegna höfum við, til viðbótar því að eiga varaforseta þingsins í einhverju mæli, fallist á að einn stjórnarandstæðingur úr hverjum flokki hefur tekið að sér formennsku í nefndum. Þetta er með þeim formerkjum að við viljum breyta þinginu okkar í takt við það sem gerist annars staðar og halda áfram að færa það inn í framtíðina í virðingu og reisn. Þetta þýðir af okkar hálfu að okkar formenn nefnda njóti sömu virðingar af hálfu þingmanna í viðkomandi nefnd eins og þar væri um formann úr stjórnarliðinu að ræða. Þegar þannig er haldið á málum í nágrannalöndunum þá þýðir það að það eru samningar milli stjórnar og stjórnarandstöðu um hvaða mál eru afgreidd úr nefnd og hvenær og hversu mörg mál á að taka fyrir á yfirstandandi þingi. Þegar mál er afgreitt úr nefnd þá er jafnvel ákveðið hversu langan tíma það mál skuli taka í umræðu, við 2. umr., hverjir tali og hversu lengi hver.

Formennirnir í okkar nefndum stýra fundum. Þeir gera það afbragðsvel. Þeir kalla fólk á fund nefndanna eftir óskum okkar og sjá um skipulag þingfunda. En svo gerist eitt hjá okkur sem ég fullyrði að gerist ekki í öðrum þjóðþingum. Þegar meiri hlutinn telur að nú sé nóg rætt og nóg skoðað í nefndinni þá tekur hann fram fyrir hönd formanns frá minni hlutanum og afgreiðir málið út úr nefnd. Þarna byrjum við að hegða okkur öðruvísi heldur en önnur þjóðþing.

Þannig gerðist það að sveitarstjórnarfrv. umdeilt sem við höfum rætt í heila viku við 2. umr., var rifið út fyrir páska í ágreiningi og nú, á milli 2. og 3. umr., höfum við þingmenn í félmn. setið þrjá fundi félmn. til að fara yfir þá þætti sem enn voru óræddir í nefnd og átti að sjálfsögðu að ljúka umræðu um áður en málið væri afgreitt úr nefndinni. Meðal þess sem við höfum rætt þar er álit allshn. sem átti að liggja fyrir áður

en málið væri afgreitt frá nefnd. Og enn er verið að skoða orðalag á greinum og brtt. sem að sjálfsögðu er mál meiri hlutans miðað við afgreiðslu okkar hér við 2. umr. þegar við höfum ákveðið að sitja hjá um þetta stóra og þýðingarmikla frv. vegna vinnubragða.

Í öðrum þjóðþingum er líka starfsáætlun eins og hjá okkur. Þar segir hvenær þing hefjist að hausti. Þar segir líka hvenær þingi ljúki að vori. Mál þingsins eru skipulögð þannig og miðað við ákveðið vinnuálag og ákveðið er hvenær mál komi fyrir, hvenær umfjöllun um þau ljúki úr nefndum og, eins og ég sagði áðan, þegar það kemur úr nefnd hversu langan tíma það taki, hversu margir tali og hversu lengi.

Herra forseti. Ég þori að fullyrða að í öðrum þingum kæmu ekki 40 stjórnarfrv. inn í þingið um það leyti sem störfum þingnefnda á að ljúka samkvæmt starfsáætlun, a.m.k. ekki með því veganesti að það eigi að ljúka lagasetningu um þau frumvörp líka fyrir starfslok ásamt öllu því sem þingmenn hafa unnið með að vetrinum.

Þess vegna gerist það, herra forseti, að ef stjórnarliðar á þingi eins og okkar rífa öll frumvörpin úr nefndunum, mismunandi vel rædd, bæði þau sem fyrir eru og þau 40 sem bæst hafa við ásamt þeim stóru fjóru sem ég hef hér nefnt, þá er eini möguleiki stjórnarandstöðu í þingi eins og okkar öflugur málflutningur, öflugur málflutningur til að koma því til skila til stjórnarliðanna hvað felist í þessum málum og til að koma því til skila til þjóðarinnar hvaða stórar ákvarðanir er verið að taka hér innan um ýmis smærri mál.

En við skulum líka á sama tíma vera þess mjög meðvituð og halda því vel til haga að í lok umræðu fer fram atkvæðagreiðsla þar sem valdið er meiri hlutans.

Í öðrum þjóðþingum er starfsáætlun og þingið hefst á ákveðnum degi og þinginu lýkur á ákveðnum degi í fullri sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Í fullri sátt hefur það verið ákveðið í nefndum þingsins hvaða frumvörp skuli afgreidd og hvernig og í fullri sátt eru þau tekin fyrir á þingfundi eins og þar segir.

Í þingi eins og okkar heldur starfsáætlun ekki. Fyrst ákveða menn að ef stjórnarandstaðan verði góð og taki bara öll málin í gegn án þess að tala þá megi jafnvel hætta þinginu 22. apríl. Þegar það gengur ekki er ákveðið um sinn að láta starfsáætlun standa. Þegar það gengur ekki í þingi eins og okkar þá er starfsáætlunin sett til hliðar og lokum þingsins, Alþingis Íslendinga, er frestað viku eftir viku, frá degi til dags, í þingi eins og okkar.

Virðulegi forseti. Þannig er það og þess vegna, þegar við berum okkur saman við önnur þjóðþing nágrannalandanna, Norðurlöndin sem við eigum svo mikil samskipti við, þá skulum við halda því til haga frá öllum hliðum hvað er öðruvísi hjá viðkomandi stjórn í viðkomandi þingi og hvaða tæki stjórnarandstaða hefur í öðrum þjóðþingum.

Virðulegi forseti. Þessi litli pistill var inngangur minn að því að fjalla um fjórða stóra málið sem hefur verið til umræðu hér á hæstv. Alþingi og sem skiptir þjóðina svo miklu máli. Við erum búin að ræða sveitarstjórnarlög sem er biblía sveitarstjórnarmanna og innanborðs þar eru þessar litlu greinar sem ráða svo miklu um afstöðu fólks til miðhálendisins. Við erum búin að ræða um auðlindir í jörðu sem nú á að færa á fárra hendur en eiga ekki að vera almenningseign og er það hið nýja kvótakerfi þessara tveggja flokka, Framsfl. og Sjálfstfl. sem ávallt í samstarfi sínu færa bæði völd og auðlindir af höndum þeirra sem eiga þær yfir á hendur fárra. Við erum búin að ræða frv. um þjóðlendur sem er eina frv. af þessum fjórum sem nokkur sátt er um og er afgreitt í sátt með fáeinar brtt. Það frv. hefði við venjulegar aðstæður staðið upp úr á þessu þingi. Afgreiðsla þess hefði verið til sóma, ekki bara fyrir Alþingi heldur líka forsrh. sem lagði það fram.

En við ætlum að ræða hér frv. um húsnæðismál sem ríkisstjórnin leggur svo mikið kapp á að ná fram og afgreiða á þessu vori. Hvað felst í því? Það er sitt af hverju eins og hér hefur komið fram og sem þingmenn hafa lagt mikla áherslu á í löngu máli.

Það er svolítið sérstök pólitík í þessu máli fyrir utan breytingarnar á húsnæðislöggjöfinni sjálfri og hún er að leggja á Húsnæðisstofnun niður. Það á að leggja Húsnæðisstofnun niður, þessa stofnun sem hefur gegnt svo veigamiklu hlutverki um áratuga skeið og það á að stofna nýja. Hún á að heita Íbúðalánasjóður. Við höfum spurt: Hvers vegna? Hefði ekki verið hægt að koma þessari nýju húsnæðislöggjöf fyrir í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins? Af hverju þarf að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður og stofna nýja stofnun sem heitir Íbúðalánasjóður og til hvers er það gert?

Við þessari áleitnu spurningu hafa ekki fengist svör. Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt vegna þess að þetta er flokkspólitík. Það er flokkspólitík að mínu mati af hálfu Framsfl. að leggja niður þessa merkilegu stofnun, opna nýja og raða þangað inn fólki því það hefur líka komið fram að enginn vilji er til þess að vera með nokkur ákvæði í þessum lögum um að því starfsfólki sem í dag vinnur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins séu tryggð sambærileg störf við hina nýju stofnun.

Innan veggja Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur farið fram öflug starfsemi og á vegum hennar hefur átt sér stað, í samvinnu við sveitarfélögin í landinu og verkalýðshreyfinguna, áratuga uppbygging félagslega húsnæðiskerfisins. Sú áratuga uppbygging er nú á enda. Það er líka flokkspólitík. Áratuga uppbygging félagslega húsnæðiskerfisins á Íslandi er á enda. Þetta kerfi, sem nú telur rúmlega 11 þús. íbúðir og hefur verið einhver stærsti þáttur velferðarkerfisins okkar, er á enda.

Félagslega húsnæðiskerfið hefur verið hluti þess umhverfis sem skapar öryggi láglaunafólks. Þetta kerfi ásamt almannatryggingakerfinu hefur tryggt að enginn verði undir í lífsbaráttunni sökum alvarlegra veikinda, sökum fötlunar, sökum aldurs, ásamt félagsþjónustu sveitarfélaga sem voru öflug rammalög sem tóku við gömlum, úreltum lögum um framfærsluskyldu sveitarfélaga, þar sem fylgdi sveitfestið gamla þegar hægt var að senda fólk hreppaflutningum heim til byggðarlagsins þar sem það hafði búið ef erfiðleikar, sjúkdómar eða annað brast á í fjölskyldunni.

Þessi lög sem ég hef nefnt hér hafa verið stóru og sterku þættirnir í velferðarkerfinu og nú á að fella einn þennan þátt út úr þessu öfluga öryggisneti sem ég hef getið um.

Í þessum sal erum við alltaf að tala um stóru málin, um atvinnumálin, um heilbrigðismálin og um fjárhagslega afkomu fólks. Þetta sem ég nefni er það sem allir vilja þegar þeir eru ungir. Þegar fólk er ungt spyr það sjálft sig: Hvað ætla ég að verða þegar ég verð stór? Hvernig atvinnu vil ég stunda? Ungt fólk sem er heilbrigt á líkama og sál tekur því sem sjálfsögðum hlut að heilsan sé eitthvað sem það eigi rétt á áfram. Og svo það að vera sjálfstæður, ekki sjálfstæðismaður þó ég telji að sá flokkur hafi kannski svolítið notið nafnsins, heldur að vera sjálfstæður, sjálfstæður einstaklingur, engum háður, partur af þeirri heild sem öflugt samfélag er, samfélag

þar sem velferðarkerfið er haft að leiðarljósi. Þetta allt: Að vera heilbrigður, að vera sjálfstæður, stunda atvinnuna sem mann dreymdi um og að komast af fjárhagslega er það sem allir vilja og það sem allir ætla sér þegar þeir eru ungir.

En þá er lífið svo sérkennilegt að það er ekki öllum leikur og tækifærin eru ekki endilega jöfn þó við óskum að þannig sé það. Sumir búa þess vegna við lágar tekjur, við bága heilsu, við ekki nógu góða fjárhagslega afkomu og þá gerist það að sjálfstæðið, þessi sterka tilfinning í brjóstinu, að standa fyrir sínu og sínum, fer að guggna. Maður er nefnilega ekki sjálfstæður ef atvinnan er ekki örugg, ef heilsan er bág og fjárhagslega afkoman ekki eins og hún átti að vera. Og ef það hefur orðið upplausn á heimilunum, veikindi hafa sótt að, örkuml fyrirvinnunnar eða foreldranna eða áföll af öðru tagi þá gerist það að einstaklingurinn, sem ætlaði sér svo stóra hluti og vera engum háður og gera allt sjálfur eins og allir gera, á ekki möguleika á því. Og það er einmitt þá, þegar fólk býr við lágar tekjur, afkoman verður öðruvísi en draumurinn var, skilnaður og upplausn heimila hefur dunið yfir eða veikindi foreldra og framfærenda, að eini kosturinn til að tryggja fjölskyldunni öryggi og húsaskjól er oft sá að komast inn í félagslega íbúð.

Það hefur verið reisn yfir því að geta, þrátt fyrir lágar tekjur, fengið góða fyrirgreiðslu lána á lágum vöxtum með lítilli eða jafnvel engri útborgun þegar svo hefur borið undir, skapað sér heimili til framtíðar og sagt við börnin sín: Þetta er heimilið okkar. Þetta er íbúðin okkar. Hér verðum við og héðan förum við ekki nema við kjósum svo.

Það er þetta kerfi, þessi þáttur í öryggisneti velferðarkerfisins okkar, sem ríkisstjórnin er að leggja af. Þetta frv. er í raun og veru viðbót við nokkur önnur frá sama ráðherra sem öll eiga það sameiginlegt að draga úr réttindum launafólks og þegar dregið er úr réttindum launafólks þá er verið að veikja réttarstöðu fjölskyldunnar. Ég nefni vinnulöggjöfina eða lögin sem heita stéttarfélög og vinnudeilur. Það var 1. maí gjöfin árið 1996. Ég nefni lög um Atvinnuleysistryggingasjóð sem reyndar tókst með mikilli hörku og ábyrgð stjórnarandstöðunnar að afstýra að færu óbreytt í gegn. Það tókst að koma á þeim veigamiklu breytingum að þau eru þannig að hægt er að búa við þau. Reyndar minnist ég þess og hlýt að geta þess að í þeim hóp frv. sem bíða hér afgreiðslu eru einmitt breytingar á Atvinnuleysistryggingasjóðnum þar sem verið er að færa til baka nokkur ákvæði sem félmrh. vildi ekki hlusta á vorið 1997. En breytingin á Atvinnuleysistryggingasjóðnum var einmitt vorið 1997 þannig að það var það sem menn stóðu frammi fyrir þegar þeir ræddu stöðu launþega 1. maí 1997, þ.e. hvort það hefði tekist nægilega að afstýra slysi með breytingum á Atvinnuleysistryggingasjóðnum. Nýverið höfum við verið með sjö daga umræðu um sveitarstjórnarlögin og miðhálendið og í tengslum við 1. maí blasti við afgreiðsla á félagslega húsnæðiskerfinu sem á að loka og það var líka 1. maí efni þessa árs.

Þetta er saga félmrh., sveitarstjórnarráðherrans, vinnumálaráðherrans í hnotskurn. Svona eru sendingarnar til launafólks og fjölskyldnanna í landinu og oft er sérstök áhersla lögð á að þessi mál séu um það bil að verða að lögum í kringum 1. maí. Reyndar er það, herra forseti, umhugsunarefni hver stjórnunarstíll þessarar ríkisstjórnar er. Hvert átakamálið á fætur öðru er lagt fram og þegar stjórnarandstaðan leggur til að reynt verði að ná sátt um vinnuna við þessi frumvörp og afgreiðsluna á þessum frv. og að einhver þeirra verði látin bíða vegna þess hversu stór þau eru og hversu umdeild þau eru, þá er aldrei hlustað á þau sjónarmið. Herra forseti. Það er líka, eins og ég sagði áðan, eitt af því sem er öðruvísi á Alþingi Íslendinga en í öðrum þjóðþingum. Við höfum verið með harða gagnrýni, réttmæta gagnrýni. Við höfum verið með ósk um fresti, en engu er sinnt. Þó eigin flokksmenn bendi á það að lögfesting sumra þessara frv. sé slys, slysaspor, þá skiptir það engu máli.

Ef til vill er þetta vegna þess að menn treysta á stöðu samkvæmt skoðanakönnunum og telja þá stöðu og veldi sitt ófallvalt. En slík staða getur breyst á einni nóttu, ekki síst þegar þjóðinni er ögrað æ ofan í æ.

Virðulagi forseti. Af hverju á að loka þessu kerfi? Ég ætla að koma að því síðar en staldra aðeins við Húsnæðisstofnun ríkisins sem ég hóf mál mitt á. Hún verður lögð niður og hin nýja stofnun sem tekur við verður í grundvallaratriðum öðruvísi vegna þess að hún á að byggja á lögmálum markaðarins. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur verið með fyrirgreiðslu til allra fjölskyldna í landinu, ýmist með húsbréfum sem lúta lögmálum markaðarins og félagslegum lánum sem lúta allt annarri hugsun, en nýja stofnunin á eingöngu að lúta lögmálum markaðarins. Og þegar við spyrjum: Af hverju ekki að breyta lögunum en halda okkur við stofnunina og halda reynslu og þekkingu sem er finna innan Húsnæðisstofnunar ríkisins til bjarga því sem bjargað verður við svo mikla grundvallarbreytingu eins og hér fer fram? — þá eru engin svör. Og þá vaknar sú tilfinning að ein hlið þessarar breytingar sé að losa sig við starfsfólk, að það sé mikilvægara en að nýta sér reynslu og þekkingu. Og e.t.v. er það markmið að ráða nýja gæðinga í stjórnunarstörfin. Að minnsta kosti er það ljóst að starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins er í mikilli óvissu um þessar mundir. Það hefur reyndar fengið loforð um að það sitji við sama borð og starfsfólk þeirra stofnana sem breytt hefur verið á liðnum missirum. En það loforð hélt ekki. Ég nefni sérstaklega lög um Örnefnastofnun vegna þess að þar var sett alveg sérstakt ákvæði inn í ákvæði til bráðabirgða. Það er eðlilegt að benda á Örnefnastofnun vegna þess að sú stofnun er hefðbundin ríkisstofnun og breytingin og lagabreytingin varðandi hana er ekki eins og hjá sumum öðrum stofnunum, þ.e. að hún sé byggð á því að verið sé að gera stofnunina að hlutafélagi. Í ákvæði til bráðabirgða við lagasetninguna um Örnefnastofnun var sett inn, herra forseti, eftirfarandi ákvæði:

„Þeim starfsmönnum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, er starfa þar við gildistöku laga þessara í heimiluðum stöðugildum, skal gefinn kostur á sambærilegum störfum við Örnefnastofnun Íslands."

Þetta eru vinnubrögð eins og við viljum sjá. Þetta eru vinnubrögð og virðing gagnvart starfsmönnum sem við teljum eðlileg og sjálfsögð, ekki síst gagnvart þeim starfsmönnum sem hafa lagt sitt af mörkum til að byggja upp þessa öflugu stofnun. Við í félmn. höfum auðvitað fengið umsagnir frá Húsnæðisstofnun og starfsmenn og fulltrúa starfsmannafélagsins á okkar fund. Þau hafa lagt höfuðáherslu á þetta. Þegar fulltrúar starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins komu á fund félmn. lögðu þeir einmitt áherslu á það að í nýju frv. yrði kveðið skýrt á um stöðu starfsmannanna. Það eru 49 starfsmenn í færri stöðugildum og reyndar hafa þegar nokkrir sagt upp. Það hefur verið hreyfing í þessari stofnun þannig að það hefði verið hægur leikur að tryggja starfsfólki sambærileg störf, a.m.k. í þeim stöðugildum sem eru til ráðstöfunar.

Á fundi með fulltrúum starfsmanna kom fram að á fundi með félmrh. og formanni stéttarfélaga starfsfólks var leitað eftir þessu en þá var svarið að starfsmenn mundu njóta þess sama og gert hefur verið í öðrum stofnunum. Eðlilega leit starfsfólkið svo á að þar með yrði slíkt tryggt í bráðabirgaákvæði í lögunum eins og hefur verið gert varðandi aðrar stofnanir. Aðstoðarmaður ráðherra kom á fund starfsmannanna og sagði að það yrði auðsótt mál að tryggja stöðu starfsmannanna.

Þó var það svo, þegar við leituðum eftir því á síðasta fundi í félmn. að frv. yrði ekki tekið út úr nefndinni öðruvísi en að leitað yrði eftir því við ráðherrann hvort ekki mætti setja ákvæði inn í frv. um að starfsfólki yrðu tryggð sambærileg störf að því marki sem stöðugildi hinnar nýju stofnunar gerðu kleift, að svarið var að ekkert slíkt ákvæði yrði sett í þessi lög. Þetta er mikið umhugsunarefni, virðulegi forseti, að við skulum í þeim tilfellum sem stofnunum hefur verið breytt í hlutafélag, í þeim tilfellum sem stofnun hefur verið breytt eins og Örnefnastofnun, hafa tryggt stöðu starfsmannanna í lögum, en hér í húsnæðisfrv. eigi ekkert að gera sem létti starfsfólkinu óvissuna og geri þeim ljóst hvort það á möguleika á starfi hjá þessari nýju stofnun eða ekki. Ráðherrann féllst ekki á að setja orð um þessa stöðu í lögin.

Þegar við ræddum við starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins þá bar auðvitað á undrun á því að stofnunin væri lögð niður. Af hverju væri ekki lögum innan stofnunarinnar breytt? Það var bent á að fagþekking mundi vissulega glatast.

Virðulegi forseti. Í Húsnæðisstofnun ríkisins starfar nokkuð af eldri konum sem þar hafa lengi starfað. Flestir vita að það er erfiðara fyrir konur á miðjum aldri að leita að störfum, heldur en fyrir nokkurn annan. Þessar eldri konur, sem dyggilega hafa starfað hjá sinni stofnun, vita ekkert um stöðu sína í nýju kerfi. Að sjálfsögðu hljótum við að líta svo á að þannig hafi menn viljað að óróleikinn sem skapaðist yrði til þess að starfsfólkið mundi leita að nýju starfi, hverfa á braut og helst vera farið um það bil sem hinn nýi sjóður tekur við verkefnum sem þessi lög ætlast til.

Í vangaveltum um ástæður þess að breyta eigi bæði Húsnæðisstofnuninni og lögunum í stað þess að gera þær breytingar sem allir hefðu verið tilbúnir að skoða á kerfinu eins og það er í dag, þá hefur verið bent á fjárhag sjóðanna m.a. Það kom vel fram, í vinnu okkar í félmn., að Byggingarsjóður ríkisins mun ná fullum bata um aldamót og ástæðan fyrir því að Byggingarsjóður verkamanna stendur illa er að hann hefur verið sveltur og hefur ekki fengið þau ríkisframlög sem honum voru ætluð og áttu að fylgja hverju einasta verkefni sem honum var ætlað að sinna. Ríkisframlögin hafa alltaf verið lægri en það sem áformað var að Byggingarsjóður verkamanna sinnti.

Hið nýja lánakerfi, herra forseti, er nokkuð sérstakt og deila má um hvers vegna það er tekið upp. Það sem blasir við núna, eftir umfjöllun um frv. og ekki síst eftir meiri hlutinn hefur ákveðið hvaða brtt. hann setur fram, er að nýja lánakerfið er húsbréf upp á 65–70% og viðbótarlán upp á 20–25% og á öllu heildarláninu verða markaðsvextir. Í upphaflegu grein frv. stóð að á viðbótarláninu yrðu breytilegir vextir. Sú lagagrein gaf vísbendingu um að e.t.v. yrðu að einhverju leyti niðurgreiddir vextir á viðbótarlánunum. Í umræðunni við 1. umr. málsins var það gefið fyllilega til kynna að skoðað yrði hverjir vextirnir yrðu á viðbótarláninu. Viðbótarlánið var það sem átti að gera þetta nýja húsnæðiskerfi félagslegt.

Núna er það eina félagslega það að þeir sem eru að sækja um þetta lán geta fengið 90% lán. Hið eina félagslega er að á einum og sama staðnum er hægt að fá 90% lán, vel að merkja, ef fólk stenst greiðslumat sem eftir á að setja.

Það er svo merkilegt að mjög margir komu á fund félmn. út af þessu máli. Miklar umsagnir sem bárust félmn. út af þessu máli. Viðauki sá, við nál. félmn., sem liggur á borðum þingmanna er ekki allar umsagnirnar heldur einungis hluti þeirra, sá hluti sem minni hlutinn taldi brýnt að kæmi fyrir augu þingmanna. Það var sáralítið tillit tekið til þessara umsagna og sáralítið tillit tekið til ábendinga allra þeirra sem komu á fund nefndarinnar.

Í einu tilfelli var tekið fullt tillit til ábendinga. Það var brugðist við ábendingu frá Seðlabanka Íslands. Þannig var að bæði í umsögn Seðlabankans og í orðum fulltrúa Seðlabankans, sem kom á okkar fund, kom fram að að mati Seðlabankans væri þetta frv. til bóta. Einnig var talið til mikilla bóta að flytja stuðning yfir í skattakerfið að mati Seðlabanka Íslands. Þær athugasemdir sem Seðlabanki Íslands var með voru að ekki ættu að vera breytilegir vextir á viðbótarláninu af því að Íbúðalánasjóður ætti að verða sjálfstæð stofnun og óháð eins og banki. Þess vegna yrði Íbúðalánasjóður að vera með útlán á sömu vöxtum og væru á þeim lánum sem hann tæki. Ef Íbúðalánasjóður þarf að taka lán með 5% vöxtum til að fjármagna útlán sín þá á Íbúðalánasjóður ekki að lána nein lán á undir 5% vöxtum.

Þetta er afar einfalt peningadæmi hjá Seðlabanka Íslands. Ef þú tekur lán með 6% vöxtum til að fjármagna útlán þá átt þú ekki að lána á undir 6% vöxtum. Fulltrúi Seðlabanka Íslands benti á eitt, og sagði það bara hispurslaust. Hann sagði: Það eru stjórnmálaleg vandkvæði að erfitt er að hreyfa félagslega vexti. Það eru stjórnmálaleg vandkvæði og erfitt að hreyfa félagslega vexti. Þess vegna er miklu betra að hafa þá eins og aðra vexti og hafa síðan vaxtabætur.

Í máli fulltrúa Seðlabankans kom það fram að þó halli væri á Byggingarsjóði verkamanna þá stæðist hann á móti Byggingarsjóði ríkisins, þannig að hinn nýi sjóður væri í góðri stöðu. Þarna væri áhættugrunnur kannski 90 milljarðar. 200 milljarðar væru í útlánum, 20 milljarðar hjá sveitarfélögunum, þar sem áhættan væri lág, og 180 milljarðar í lánum til einstaklinga. Þetta þýddi að hið fræga BIS væri nálægt 20% og það væri góð staða. Það er mjög mikilvægt að láta það koma fram hér, þegar svo oft er talað um bága stöðu Byggingarsjóðs verkamanna og m.a. vegna þess sé nauðsynlegt að gera miklar breytingar á kerfinu. Ég minni á það, herra forseti, að það kom mjög vel fram við 1. umr. málsins að það var ekki mikil andstaða gegn því að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, þar sem verkefnum Byggingarsjóðs ríkisins er að mestu lokið, miðað við lagabreytingar síðari ára, og það hefði verið full ástæða til að skoða það að sameina þessa sjóði til þess að veita áfram öflug félagsleg lán. Hér kom það skýrt fram að þessi nýi sjóður, með Byggingarsjóð ríkisins innanborðs og Byggingarsjóð verkamanna, þó halli væri á honum, væri með BIS nálægt 20% sem teldist góð staða.

Ef það yrði hins vegar ekki vaxtahækkun í Byggingarsjóði verkamanna þá gæti staðan farið úr 18 milljörðum niður í 12 milljarða og þá færi að versna í því. Þess vegna var lögð höfuðáhersla á það að sjóðurinn mundi ekki lána með niðurgreiddum vöxtum, heldur lána á markaðsvöxtum og vaxtabæturnar hafðar á móti.

Við þetta, virðulegi forseti, til viðbótar við annað í frv. og brtt. aðrar sem ég á eftir að koma inn á, er allt félagslegt farið út úr þessu kerfi. Það eina félagslega er að fólk getur fengið 90% lán, svo fremi að það standist greiðslumat. Hins vegar er það svo merkilegt að það greiðslumat sem fólkið á að standast er óþekkt. Í dag, þegar fara á að afgreiða frv. á næstu dögum, veit enginn hvort greiðslumatið verður miðað við 18% eða hvort það verði miðað við 28%. Nei, það veit enginn. Stjórn hins nýja Íbúðalánasjóðs, stjórn hinnar nýju stofnunar, á líka að ákveða hver mörk greiðslumatsins verði.

Við höfum bent á það, það er hárrétt hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvað gerðist ef viðmiðin í greiðslumati væru of há. Við höfum fært fyrir því rök hversu margir muni falla utan við kerfið, til viðbótar við alla þá sem ekki eiga möguleika á að komast inn í eigin íbúð vegna þess að nú eiga allir að eiga 10% og enginn möguleiki lengur að fá 100% lán — nema ef sveitarfélögin taka upp á því að lána 10% sín til einhvers lengri tíma og leyfa fólki þannig hægt og sígandi að eignast 10% hlut. Það er auðvitað allt annar hlutur. Þess vegna munu hundruð fjölskyldna falla utan við þetta kerfi. Þeim er vísað til sveitarfélaganna. Þetta eru ekki sleggjudómar vegna þess að þetta hefur skýrt komið fram í umsögnum húsnæðisnefndanna. Ég mun hér síðar vísa í umsagnir húsnæðisnefndanna og sérstaklega kom þetta vel fram í skýrri framsetningu húsnæðisnefndar Kópavogs.

Fleira er afskaplega undarlegt í þessu máli. Við höfum upplifað það á liðnum árum að þegar ríkisstjórnir setja starfshópa til að vinna frv., þá er óskað eftir fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Og þegar frv. koma til umfjöllunar í nefndum þingsins þá eru þessi frv. m.a. send til Sambands ísl. sveitarfélaga. Í æ ríkari mæli hefur nákvæmlega sama fólkið sest í starfshópana hjá ráðuneytunum. Það tekur þátt í að smíða frv. og þar með stimpla viðkomandi frv. fyrir viðkomandi ráðherra. Sama fólkið sem kemur síðan á fund nefnda þingsins og lýsir yfir að þetta sé hið besta mál.

Það er umhugsunarefni, af því að mér finnst Samband sveitarfélaga svo mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, að í dag virðist einhver fámennishópur stjórna því, hvaða mál fá náð hjá sambandinu og hver ekki. Þar virðast sömu einstaklingarnir hafa ráðin. Þetta þurfum við líka að skoða ekki síst þegar við komum að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þess vegna gerist það líka að þegar farið er yfir stór mál á einhverjum stærri fundum hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga eru það þeir einstkalingar sem hafa átt mjög ríkan þátt í að smíða viðkomandi frv. sem fara yfir málið frá sínum sjónarhóli og leggja eflaust mikla áherslu á að vera sannfærandi við þann hóp sem er mættur til leiks um það að þetta sé gott frv. Þannig gerðist það að fulltrúaráð Sambands sveitarfélaga á Egilsstöðum lýsti yfir stuðningi við það frv. sem við ræðum hér, felldi að vísu út að leggja áherslu á að frv. yrði afgreitt á þessu þingi vegna þess að eitthvað náði það í gegn að kannski væri viturlegt að skoða það ögn betur. En það gerði það að verkum að þegar við fengum umsagnir frá sveitarfélögum, sem við óskuðum eftir að fjölluðu um frv., var mjög algengt að frá sveitarstjórnunum sjálfum kæmi umsögn á þá leið að sveitarstjórnin hefði ekkert við frv. að athuga en hún vísaði til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ekkert skrýtið því að þeirra mati var það fagaðilinn sem þau mundu styðja sig við. En í þessu máli vísuðum við húsnæðisfrv. líka til umsagnar húsnæðisnefnda sveitarfélaganna þar sem fagþekkingin er. Til þeirra sem vinna með fólkið sem er að bíða eftir íbúðum. Til fólksins sem þekkir kerfið út og inn sem viðgengst í dag, galla þess og kosti og sem gerir sér mjög vel grein fyrir hvað það þýðir að breyta um kerfi og hefur til þess öll tæki að skoða hvernig nýtt kerfi virkar fyrir hópana sem þeir eru að vinna fyrir.

Þá kemur í ljós að húsnæðisnefndir sömu sveitarfélaga hafa gífurlega mikið við málið að athuga. Fram kemur í umsögnunum að allrar húsnæðisnefndirnar í stóru sveitarfélögunum á Íslandi hafa mörg varnaðarorð um málið. Í sumum tilfellunum hefur sveitarstjórn viðkomandi húsnæðisnefndar sagt „vísum til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga." Það hlýtur að vera okkur öllum umhugsunarefni af hverju beiðni um umsögn er ekki sjálfkrafa vísað úr bæjarráðunum til þeirra sem hafa gersta þekkingu, nefnilega húsnæðisnefndanna sem eru skipaðar af fulltrúum þeirra flokka sem stjórna í bæjarfélögunum. Það er mikið umhugsunarefni.

En fyrir okkur var fróðlegt að sjá hversu húsnæðisnefndirnar tóku málið alvarlega og hversu gjörla þær áttuðu sig á breytingunum sem þetta hefði í för með sér og hvað það hefði að segja fyrir hópana sem eru á biðlistum hjá þeim og ég mun koma að því síðar.

Ég spurði áðan af hverju félagslega íbúðakerfið væri lagt af. Af hverju er Húsnæðisstofnun lokað og ný stofnun, Íbúðalánasjóður, látinn taka við þessum veigamikla þætti í félagslega öryggisnetinu sem núna er rifinn upp með rótum? Ástæðan hefur oft verið tíunduð af hæstv. félmrh. Það sem hann leggur mikla áherslu á er vandi sveitarfélaganna, vandi sveitarfélaganna sem séu sum hver að sligast undan félagslega kerfinu, undan íbúðum sem standi auðar, undan íbúðum sem seljast ekki, undan íbúðum sem þarf að innleysa.

Þessi vandi er af tvennum toga. Í sumum tilfellum er hann af fólksfækkun. Þá er hægt að ræða það mjög ítarlega hvort það hafi verið fyrirsjáanlegt á einhverjum tíma að fólksfækkun yrði í viðkomandi sveitarfélagi og menn flotið að feigðarósi eða hvort það var alls ekki fyrirsjáanlegt og það hafi verið eðlileg uppbygging sem átti sér stað miðað við ríkjandi aðstæður í sveitarfélaginu. En í öðru lagi er um að ræða ógætni og það er vægt til orða tekið.

Ég ætla að rifja upp hér, úr ræðustól Alþingis, hvernig það var að vera formaður í Húsnæðisstofnun ríkisins, fullur af ákefð eftir að gera vel þegar ný lög voru sett af Alþingi um kaupleiguíbúðir. Nú skyldi skoða málin ítarlega og nota þennan nýja kost til uppbyggingar. Í fyrsta sinn var leitað eftir samvinnu við Byggðastofnun í tengslum við húsnæðislán. Kallað var eftir skoðun á því hvar væri vaxtarbroddur í sveitarfélögum og hvort úthlutun kaupleiguíbúða sem gat verið geysilega fínn kostur ef fólk vildi koma í byggðarlag þar sem næg atvinna var og kanna hvort að þarna væri staður sem það kysi að búa á án þess að þurfa að vera í ótryggu leiguhúsnæði eða fara að kaupa húsnæði án þess að vita hvert stefndi.

Það var líka merkilegt að upplifa hvernig á sama tíma og beðið var um heimildir til að úthluta fólki sem væri með tekjur yfir tekjumörkum, af því aðrir væru ekki fyrir hendi, lágu fyrir umsóknir frá sömu sveitarfélögum um að fá fleiri íbúðir til úthlutunar. Það var merkilegt að gera sér grein fyrir hvernig sum sveitarfélög ákváðu opinskátt að það að byggja upp félagslegar íbúðir væri hluti af að viðhalda byggingariðnaði í sveitarfélagi og hvernig sums staðar var hreinlega gert út á félagslega kerfið. Það átti ekki að verða hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna að vera atvinnuskapandi nema

að sjálfsögðu þegar það færi saman með því að það væri þörf fyrir íbúðir.

Sum sveitarfélög sýndu mikla ásókn í úthlutun. Það sem er sárt í umræðunni í dag er að sum þeirra eru þau sömu og kveina nú og kenna öðrum um, kenna félagslega kerfinu um stöðuna.

Á að kenna þessu félagslega kerfi og Byggingarsjóði verkamanna um? Ég segi nei. Ég segi nei, alls ekki. En ég viðurkenni hins vegar að vandinn, hvernig svo sem hann varð til er til staðar og þann vanda verður að leysa. Margar hugmyndir hafa komið fram um hvernig á að leysa hann en það er fráleitt að sá vandi sé leystur með því að leggja kerfið af.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir hversu Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðir eru stór hluti velferðarkerfis okkar og okkar félagslega öryggisnets. Margir hafa í þessari umræðu lagt áherslu á það hvað það voru merkileg lög sem voru sett 1929 um byggingu félagslegs húsnæðis og hversu dýrmæt þau lög voru fyrir fátækt fólk og láglaunafólk sem kúrði í kjöllurum og seinna meir í bröggum, og ég ætla ekkert að endurtaka það. Ég ætla bara að taka undir hversu þessi kostur, félagslegar íbúðabyggingar, hafa haft mikil áhrif á kjör fjölskyldna og möguleikann á að eiga þak yfir höfuðið. Þetta var eitt af baráttumálum Alþfl. og baráttumálum verkalýðshreyfingar og á þeim tíma var það sameiginlegt afl sem lagði mikið á vogarskálarnar til að ná fram öflugu velferðarkerfi. Þess vegna breyttu þessi lög lífi tuga fjölskyldna eins og segir í nál. okkar.

Á þeim tíma sem liðinn er höfum við náð því að vera með 10.600 íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu. Á tímabili í stjórn Sjálfstfl. og Alþfl. var hvergi hvikað frá því viðmiði að byggja í kringum 500 félagslegar íbúðir á ári. Samstaða var um það í þessari ríkisstjórn. Það var samstaða um það í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. að leggja áherslu á að geta byggt u.þ.b. 500 íbúðir á ári.

Það voru mjög erfiðir tímar hjá þjóðinni, mikið atvinnuleysi og það var aflabrestur og það voru því skrambi erfiðir tímar í ríkisstjórninni. Það var samdráttur og það þurfti að draga saman seglin alls staðar. En það voru þættir sem sú ríkisstjórn stóð vörð um. Hún stóð vörð um félagslegar íbúðabyggingar og hún stóð vörð um málaflokk fatlaðra. Ég upplifði það þannig að á þessu væri skilningur og samstaða. Það eru ekki allir sömu einstaklingar í ríkisstjórninni núna af hálfu Sjálfstfl. og voru þá. En það er líka alveg ljóst að ríkisstjórnin sem hefur birst okkur síðustu þrjú árin er allt öðruvísi ríkisstjórn. Engin áhersla hefur verið á málaflokk fatlaðra, engin áhersla á félagslegar íbúðabyggingar. Þar hefur verið dregið svo saman að öll námsmannasamtök kveinka sér, öll félagasamtök kveinka sér og langir biðlistar eru í sveitarfélögunum.

Því er svo undarlegt að nú bregður svo við að ríkisstjórnin ákveður að gjörbylta húsnæðiskerfinu. Þegar við spyrjum hvað verði um fólkið sem ekki fær lán þá er sagt: Það á að fara í leiguíbúðir. Þegar við bendum á að samkvæmt frv. eigi eingöngu að byggja 50 leiguíbúðir á tveimur árum er vísað til þess að það eigi að gera samninga, fyrst við sveitarfélögin, seinna er í brtt. sagt að það eigi að gera samninga við sveitarfélögin og verkalýðshreyfinguna og reyna að búa til áætlun um hvað þurfi að byggja og hvernig eigi að fjármagna.

Auðvitað fengum við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga á fund okkar. Og þó að þeir styðji frv. í einu og öllu þá vilja þeir ekki ákveði um 50 íbúðir á tveimur árum. Þeir vilja opið ákvæði þar sem settir eru peningar á fjárlögum í að byggja og að lána sveitarfélögum til að byggja íbúðir. Því var lýst yfir í nefndinni að enginn áhugi væri á að ganga til samninga við ríkisvaldið um fjármögnun leiguíbúða. Þetta var margítrekað á fundi félmn., enginn áhugi á að ganga til samninga um fjármögnun leiguíbúða, við viljum óbreytt fyrirkomulag lánveitinga til leiguíbúða og við höfnum bráðabirgðaákvæði VIII skýrt og skorinort af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Samt sem áður er ítrekað vísað til þess að ganga eigi til samninga við þessa aðila til þess að reyna að leysa vandann um leiguíbúðir því að það er alveg ljóst að það verður gífurlegur fjöldi sem kemur til með að leita eftir leiguíbúðum verði þessi lög að veruleika eins og áformað er.

Það er fróðlegt að skoða hver viðbrögð námsmannasamtakanna eru varðandi þessi lög. Alls staðar vantar íbúðir. Hjá Félagsstofnun stúdenta kom fram að þeir hefðu 368 íbúðir til útleigu og að uppbygging hjá þeim væri algjörlega grundvölluð á lánum frá Byggingarsjóði verkamanna, 50 ára lánum með 1% vöxtum. Einnig kom fram að þeir fengu ekki úthlutun síðast, þrátt fyrir þá miklu uppbyggingu sem þeir hafa bent á að þörf sé fyrir. Miðað við umfjöllunina um hve með margar íbúðir teljist eðlilegt að hafa fyrir námsmenn þá er mjög langt í land með að við séum komin með það hlutfall af námsmannaíbúðum sem er að finna í nágrannalöndunum, sem okkur finnst oft svo geysilega gott að miða okkur við.

Einnig hefur verið bent á að það af námsmannasamtökunum, fyrir utan það hversu miklu það breytir um uppbyggingu námsmannaíbúða að félagsleg lán með 1% vöxtum verða felld út, að ef stimpilgjöld verða tekin upp þá gjörbreytir það stöðunni. Þá komum við líka að öðrum þætti sem er mjög merkilegur í meðferð félmn.

Þegar við vorum að fjalla um þetta frv. vantaði algjörlega ákvæði um stimpilgjöld. Sagt var að ákvæði um stimpilgjöld yrði í öðrum lögum um stimpilgjöld sem væru til meðhöndlunar hjá þinginu. Þegar við afgreiddum frv. út úr nefnd var búið að leggja fram brtt. meiri hlutans. Þá var komið inn eitt gott ákvæði. Það átti ekki að vera stimpilgjald af viðbótarlánunum, af þessum svokölluðu félagslegu lánum, sem eru félagsleg fyrir að vera 90%, og það áttu heldur ekki að vera stimpilgjöld af almennum lánum, þ.e. húsbréfalánum, ef þau voru veitt samhliða viðbótarláni. Þetta var góð breyting ein jákvæð breyting, a.m.k. eitthvað sem spornaði gegn þeim miklu hækkunum sem yrðu hjá því fólki sem fer yfir í nýtt kerfi.

Ég taldi ekki þörf á því, eftir að hafa fengið að sjá breytingar meiri hlutans og fara yfir þær í félmn., að taka síðan þingskjalið með brtt., saumfara það og gá hvort brtt. meiri hlutans væru ekki örugglega alveg eins og brtt. sem lagðar voru fram í nefndinni. Ég var svo heppin að hjá mér var þingmaður sem var að undirbúa sig undir langa ræðu. Sá fer vendilega ofan í öll mál. Ég hafði látið þingmanninn hafa brtt. svo hann gæti farið mjög vel yfir það hvað þær þýddu. Þingmaðurinn skoðaði þingskjalið en þá kom annað í ljós. Þá var búið að breyta tillögunum. Það á auðvitað ekkert að sleppa stimpilgjaldi af almenna láninu. Það á bara að sleppa stimpilgjaldi af 20–25% láninu. Menn áttuðu sig á því að það væri stór hætta á því að þeir væru að verða of félagslegir svo þessu var snarbreytt frá því að meiri hluti nefndarinnar kynnti tillögur sínar í nefndinni, þar til frv. var prentað hér í þskj. Það er mjög mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir þessu, sérstaklega þeir þingmenn sem hafa e.t.v. ekki skoðað þessar breytingar.

Það er mjög mikið atriði fyrir okkur, til viðbótar öflugum lánasjóði og því að ungt fjölskyldufólk geti fengið barnagæslu, að við séum með gott framboð af námsmannaíbúðum og þær séu á viðunandi verði. Það hafa þær verið. Þær hafa verið á viðunandi verði. En nú mun það breytast. Í umsögn Félagsstofnunar stúdenta kemur fram að skv. 38. gr. frv. verði lán til leiguíbúða allt að 90% af byggingarkostnaði til 50 ára. Það er jákvætt en miðað við að vaxtakjör séu breytileg — ég tek það fram að síðan þessi umsögn kom er búið að fella „breytileg" út, þannig að markaðsvextir verða á lánunum — þá hafa breytingar á vöxtum gríðarleg áhrif á rekstur stúdentagarða og leiguverð.

Ég vil benda þingmönnum á þau áhrif sem vextirnir hafa. Þeir nota verð í mars 1998 á 36 m einstaklingsíbúð á stúdentagörðum. Miðað við 1% vexti er leiguverðið 21.581. Miðað við 2% vexti hækkar leiguverðið um nærri 7,5% og fer í yfir 23 þúsund. Miðað við 3% vexti fer leigan í nærri 25 þúsund, miðað við 4% vexti yfir 26 þúsund og miðað við 5% vexti 28.042 kr. Þá hefur leigan hækkað um tæp 30%.

Þetta frv. segir að það skuli vera almennir vextir á lánunum og þeir eru ekki undir 5% í dag. Það þýðir, herra forseti, að leigan á 35 m einstaklingsíbúð hækkar um 30%. Auðvitað er prósentan hlutfallsleg þannig að stærri íbúðir og hjónaíbúðir hækka að sama skapi. Þetta er því bara dæmi til að fólk átti sig á tölum og prósentum og hvað leiðir af því að hinn nýi Íbúðalánasjóður, sem á að bera sig, verði ekki með niðurgreidda vexti.

Umsagnir allra sjóðanna, Kennaraháskólans, Samvinnuháskólans á Bifröst, Byggingarfélags námsmanna, Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Félagsstofnunar stúdenta, hníga í sömu átt. Athugasemdir eru gerðar við hve miklu þetta breyti um kostnaðinn við að byggja, um leiguna og um möguleikana fyrir námsfólk.

Virðulegi forseti. Námsmennirnir eru bara einn hópur þeirra sem eru uggandi um breytta stöðu núna. Það er klárt að áhrif á kjör bæði kaupenda og væntanlegra leigjenda í þessu nýja kerfi eru algjörlega óljós. Töluvert mikið greinir á milli þeirra útreikninga á greiðslubyrði sem liggja fyrir hjá félmrn. annars vegar og hjá ASÍ og BSRB hins vegar. Svo mikið liggur á að afgreiða þetta frv. að frv. um húsnæðissamvinnufélög liggur eftir. Það þýðir að lagaleg staða þeirra sem byggt hafa samkvæmt þeim lögum, eins og t.d. Búseta, er mjög óljós í dag og alls ekki ljós við afgreiðslu þessa frv.

Við höfum nefnt hvað það þýðir að vísa fólki sem áður átti kost á 100% lánum algjörlega frá. Mér finnst mjög mikilvægt að halda því til haga að það eru aðeins 17% vanskil hjá hópnum sem hefur fengið 100% lán. Það hefur oft verið nefnt í umfjölluninni að það væri bjarnargreiði að lána þessu fólki en staðan er sú, og það er skjalfestí gögnum sem hafa verið lögð fram við okkur, að það eru bara 17% vanskil.

Margir hafa vísað til þess að í umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs kemur fram að þar var gerð könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem hafa keypt íbúðir í félagslega kerfinu. Þessar fjölskyldur voru metnar miðað við greiðslubyrði sem notuð er í húsbréfakerfinu. Þá kom í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af 122, eða 9% þeirra sem bíða, mundu standast greiðslumat samkvæmt frv. Það er útilokað annað en að nota þessa staðreynd sem vísbendingu um hvað felst í þessu frv.

Þá segja menn: Það er skylda sveitarfélaganna að aðstoða fólk í húsnæðismálum. Og það er alveg rétt að í rammalögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir, með leyfi forseta: „Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna." Þetta er þáttur sem kom inn í rammalöggjöf um félagslega þjónustu þegar þau lög voru sett og urðu einn hluti þess velferðarkerfis og öryggisnets sem ég hóf mál mitt á að fjalla um.

En hver verður staða sveitarfélaganna miðað við þessi lög? Hver verður fyrirgreiðsla þessarar nýju stofnunar til sveitarfélaganna til að gera þeim kleift að byggja upp á einhvern hátt? Það hef ég líka farið yfir.

Þegar við skoðum stóru bæina sem sinnt hafa þessum málum þá eru alls staðar hörð viðbrögð frá húsnæðisnefndunum. Ég grípur hér niður í umsögn Húsnæðisnefndar Mosfellsbæjar, sem er mjög andvíg að frv. verði lögfest í vor. Hún bendir á hvað þessi lög skipti fjölskyldur í landinu miklu máli og hversu erfitt sé að þessi lög verði sett án nánari útfærslu á aðalatriðum. Þeim finnst það mjög óábyrgt. Húsnæðisnefnd Mosfellsbæjar tekur undir með þeim fjölmörgu samtökum sem leggja til að málinu verði frestað til haustsins og samráð verði haft við launþegasamtök og Húsnæðisstofnun.

Sama er að segja um stóru bæina, Kópavog og Akureyri. Frá þeim koma mjög miklar viðvaranir, ekki bara varðandi það sem ég hef nefnt, að einungis fáir mundu standast matið og fá inni í nýja kerfinu, heldur hafa þau líka skoðað hvernig það verði fyrir sveitarfélögin að byggja upp leigumarkað miðað við stöðuna í þessum nýja Íbúðalánasjóði. Húsnæðisnefnd Kópavogs fer yfir það. Þar segir að sem dæmi um áætlaðan kostnað Kópavogsbæjar vegna leiguíbúða samfara því að þetta frv. verði að lögum, og þau skoða dæmi um íbúð og miða við meðalverð íbúðar upp á 8 millj. kr., þá yrði 10% framlag sveitarfélags 800 þús., lántökugjald 72 þús. Stimpilgjald — nú er það óljóst, við héldum að fella ætti stimpilgjaldið út, því er haldið inni á almennu lánunum og óljóst hvernig farið verður með leiguíbúðirnar — þar eru 100 þúsund. Við getum svo sem tekið það út fyrir sviga ef svo kynni að fara að því yrði breytt. Þinglýsingargjald er 2.400. Samtals verða það 1 milljón í kostnað við hverja þá félagslegu leiguíbúð sem sveitarfélagið hugsanlega fengi lán fyrir, við þær aðstæður að frv. kveður á um 50 íbúðir á tveimur árum.

Í útreikningi segir að gengið sé út frá því að sveitarfélög þurfi ekki að greiða 5% framlag í tryggingarsjóð sem mundi nema 100 þús. kr. í viðbót á hverja íbúð. Það sé heldur ekki reiknað með fjármagnskostnaði í dæminu og þeir benda á að á síðustu fimm árum hefur húsnæðisnefnd Kópavogs afhent að jafnaði 49 íbúðir til umsækjenda, auk 56 innlausnaríbúða á ári sem er meðaltal síðustu þriggja ára en þetta þýðir um 105 íbúðir samanlagt á ári og þeir segja:

„Miðað við að frv. verði samþykkt óbreytt er varlega áætluð þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin og mun það kosta bæjarfélagið 76 millj. kr. auk húsaleigubóta sem mundu nema um 4 millj. kr."

Nú getum við spurt hvort þetta sé ekki allt í lagi? Við viljum öflug sveitarfélög og öfluga velferðarþjónustu, það er bara gott mál að sveitarfélögin í landinu sjái um leigumarkaðinn, að sveitarfélögin í landinu kosti því til sem þarf til að í boði séu í öllum sveitarfélögum landsins leiguíbúðir fyrir þá sem hafa of lágar tekjur, eiga ekki heima í eignaríbúð að mati stjórnarflokkanna og er vísað inn í leiguíbúðakerfið. Ég ætla að svara: Má vera. Við höfum sett lög um að

sveitarfélög skuli sjá til þess að hafa húsnæði á boðstólum, m.a. fyrir þessa fjölskyldu sem ég hef þegar tilgreint. En ef við erum þeirrar skoðunar að svo stór pakki eigi að fara til sveitarfélaganna sem hér blasir við og er langt umfram það sem hefur verið inni í útreikningum um félagslegan kostnað sveitarfélaga þá verðum við að fara að skoða það að gera þeim mögulegt að vera með alla þessa félagslegu þjónustu hjá sér. Ekki er hægt að veifa lögum og góðum áformum, segja að menn vilji hafa velferðarþjóðfélag en draga úr alls staðar, draga úr tryggingabótum, veikja almannatryggingakerfið, veikja atvinnuleysistryggingakerfið, vera ekki með neina stefnu gagnvart láglaunafólki þannig að launin í landinu eru allt of lág og segja svo: Þið hafið ekkert að gera með að fara inn í eigin íbúir, þið skuluð fara á leigumarkaðinn og sveitarfélagið skal sjá um það. Þá verður að sjá til þess að sveitarfélögin í landinu hafi til þess burði, að þeim séu færðir þeir tekjumöguleikar að þau eigi möguleika á þessu. Þá verðum við að horfast í augu við að Alþingi Íslendinga hefur nýlega flutt skólamálin eins og þau leggja sig yfir til sveitarfélaganna í fullri sátt og reiknað var út af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga og framkvæmdarvaldsins hvað sá tilflutningur mundi kosta og hvað þau ættu að fá í tekjur. Alls staðar blasir það við núna að bæði er örari þróun, kallað er eftir meiri þróun í skólamálum hjá sveitarfélögunum og kostnaður sveitarfélaganna af skólunum verður meiri en áformað var og ríkisvaldið og Alþingi verður þá að fara að horfast í augu við það ef stöðugt á að vísa yfir á sveitarfélögin. Þetta er gott mál að mörgu leyti vegna þess að sveitarfélögin hafa nándina, þekkinguna á umhverfi sínu en þau eru ekki til þess bær ef þau fá ekki til þess tekjur. Það er það sem skortir líka á hjá þessari ríkisstjórn.

Á fundi okkar með fulltrúum bæði frá Akureyri og Kópavogi var aðalmálið hve mörgum spurningum var ósvarað. Það voru spurningar eins og: Ef afskrifa á íbúðir á landbyggðinni hver á að borga inn í varasjóðinn af því kostnaðurinn er talinn samkvæmt frv. aðeins 10 millj. kr.? En það á auðvitað að taka þá inneign sem er í varasjóðnum og nota hana í þessar greiðslur og það hefur komi fram í nefndinni, hvort sem það hefur komið fram hér. Það hvað lögin voru óljós, og hver staðan yrði var mjög mikið áhyggjuefni þeirra sem komu á fund okkar. Það kom líka fram að tekjur upp á 150 þús. væru mjög algengar hjá láglaunafólki. Það borgaði jafnvel 40 til 50 þús. kr. í leigu, getur alls ekki lagt fyrir fyrir 10%, það á stundum eitthvað upp í. Flestir spjara sig við að kaupa og þeir segja að það séu mjög fáar nauðungarsölur á ári og hafi eingöngu verið um 2 til 3 af þeim 600 íbúðum sem lánað var 100% lán út á. Þetta er mjög athyglisvert miðað við málflutninginn sem hefur átt sér stað hér af hálfu félmrh.

Það var líka bent á hvað það muni hafa mikil áhrif á leiguverð ef vextirnir fara úr 1% í 5,1% sem lá ekki fyrir þá en lá fyrir þegar breytingartillögurnar voru gerðar. Að vísu hafa menn kosið að setja visst spurningarmerki við það hvað verði gert í sambandi við leiguíbúir og fjármögnun þeirra en það segir í skýringum við breytingartillögur að með því að fella út varðandi húsbréfalánin að þau skuli eingöngu vera til einstaklinga, opnist þar m.a. möguleiki fyrir félagasamtök og sveitarfélög að fá þannig í gegnum húsbréfakerfið lán fyrir leiguíbúðunum og allir vita hvaða kjör eru á húsbréfunum. Bent var á hvað fyrirgreiðslan hefur mikið að segja varðandi leigufjárhæðina.

Virðulegi forseti. Mjög margar merkilegar ábendingar komu fram í umfjöllun nefndarinnar og því miður var mjög fátt af því sem fram kom tekið gilt. Mörg sveitarfélög gagnrýndu það t.d. að þau ættu að greiða 5% af viðbótarláninu fyrir hverja íbúð sem íbúi í bæjarfélaginu fengi að kaupa inn í varasjóðinn sem á síðan að fara til þess að greiða niður mismuninn á markaðsverði á stöðunum og því verði sem er uppfært á íbúðinni í félagslega kerfinu. Það kom líka fram og það höfum við vissulega rætt ef sveitarfélag neytir ekki forkaupsréttar á stað þar sem er mikið framboð á íbúðum og einstaklingur stendur með íbúðina sína í þessu verði er það einstaklingurinn sem tekur á sig afföllin og áföllin við að selja íbúðina á markaðsverðinu en ekki uppfærða verðinu sem sveitarfélagið er að kveinka sér undan og ákvæðið um 5% í varasjóð til þess að greiða niður mismuninn kemur alls ekki til einstaklinganna. Þarna er því verið að búa til lagfæringu gagnvart sveitarfélögum um leið og búin er til mismunun milli sveitarfélaganna og þess sem þau selja og einstaklinganna á staðnum þegar þeir selja. Þetta er gífurlega stórt atriði sem hefur verið blásið á og ekkert gert með. Það var líka ýmislegt óklárt í frv. sem átti að vera svo óskaplega gott. Eitt var það hvort sveitarfélag yrði krafið um framlag til varasjóðsins oftar en einu sinni vegna sömu íbúðarinnar. Það er eitt af því sem menn verða að horfa á. Það er mjög eðlilegt að reikna með því að þegar fram líða stundir sé einstaklingur með nýtt viðbótarlán að fara inn í íbúð sem annar einstaklingur er að fara úr og þá spyrja sveitarfélögin: Hversu oft eigum við að greiða 5% út á viðbótarlánin?

Herra forseti. Það var frekar merkilegt að sjá hve mörgum spurningum var í raun ósvarað miðað við yfirlýsingarnar sem hafa komið fram í þessum stól. Það er líka alveg ljóst að það er skylda að setja húsnæðisnefndir á laggirnar og húsnæðisnefndirnar benda á að staða þeirra og verkefni gjörbreytist með þessum nýju lögum vegna þess að það eru svo stór verkefni sem fara frá þeim. Margar húsnæðisnefndir hafa staðið fyrir miklum byggingarframkvæmdum og hafa áorkað því að vera með miklu lægra íbúðarverð en gerist á almenna markaðnum og þetta hefur haft að segja fyrir fólkið sem hefur farið inn í íbúðirnar. Það er ekki af engu að fasteignasalar eru í hópi þeirra sem fagna mjög þessu frv. og formaður Félags fasteignasala lýsti því yfir að það væri mikill ávinningur að fá þennan stokk íbúða upp á 10.600 inn í sölukerfi þeirra og það mundi vissulega hafa einhver áhrif á íbúðaverð. Það hefur komið fram að íbúðaverð þeirra félagslegu íbúða sem hafa verið byggðar af húsnæðisnefndunum er lægra og væntanlega mun það þá gerast að íbúðaverðið hækkar til jafns við það sem er á markaðnum. Það er líka mjög stór spurning hjá húsnæðisnefndunum hvernig þær fara með biðlistana og það er ein af breytingartillögunum sem settar voru fram við þetta frv. að þar er kveðið á um hvernig á að fara með þá sem eru búnir að fá úthlutað íbúðum en munu ekki fá þær afhentar strax, hvort á að rifta samningum við viðkomandi eða taka þá út úr listanum þar sem sagt er: Þið munuð fá í næstu úthlutun og svo þeirra sem eru u.þ.b. að fá íbúðirnar sínar. Búið er að setja mörkin á mitt árið og kveða upp úr með það að þeir sem eru komnir með viðurkenndar úthlutanir fyrir mitt ár skuli fá í gamla kerfinu. Þeir sem eru ekki með úthlutanir fyrr en eftir mitt ár skuli bíða og samningar stöðvaðir og þeir fái í nýja kerfinu.

Ég ætla líka að benda á það, virðulegi forseti, af því ég er að drepa á þá þætti sem merkilegir voru í umsögnunum sem lagðar voru fyrir félmn. að Samband íslenskra sveitarfélaga lagði mikla áherslu á að það yrði að skýra núna verkefni húsnæðisnefndanna. Þeirra er getið í 14. gr. og hvað þær

eigi að sjá um og vakin er athygli á að í 1. mgr. er talað um að húsnæðisnefndirnar eigi frumkvæði að því að afla húsnæðis til að aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun og menn skilja ekki hvað átt er við með þessu ákvæði. Þeir vita ekki hvort í því felist heimild húsnæðisnefndar til að byggja eða kaupa fasteignir til endursölu eða hvort þetta sé eingöngu milliganga gagnvart þeim sem eru að fara í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Það hefur komið vel og skýrt fram í umræðunni að verið er að klippa endanlega á áratuga tengsl aðila vinnumarkaðarins við húsnæðismálin. Þeir hafa haft einhverja bestu yfirsýn yfir þarfir félagsmanna sinna. Hvorki verkalýðshreyfingin né þau félagasamtök sem eiga hvað mestra hagsmuna að gæta komu að samningu frv. enda hafa þau mótmælt innihaldi þess harðlega. Það tóku allir eftir því, herra forseti, að heilsíðuauglýsing birtist í Morgunblaðinu í gær, skuggaleg og dökk, þar sem óskað er eftir því af öllum þessum félagasamtökum og stéttarfélögum að frv. bíði, því verði frestað og skoðað ögn betur hvort ekki megi bjarga meiru. Margir hafa farið yfir viðhorf verkalýðshreyfingarinnar og þess vegna ætla ég, virðulegi forseti, ekki að víkja að þeim þætti í ræðu minni. Ég mun skoða hvort ég muni koma að þessu máli aftur síðar í umræðunni og þá má vera að ég skerpi þar á því sem mér fannst athyglisvert í gagnrýni þeirra en ég ætla að nefna, virðulegi forseti, að það er feikilega margt óútfært í þessu frv.

Setja á 28 reglugerðir og við höfum verið að fá athugasemdir um það á síðustu árum að reglugerðarvald ráðherra sé of mikið. Talið er mikilvægt að Alþingi kveði í lagagreinum skýrt á um útfærslu á því sem lögin kveða á um. Oft og tíðum koma frv. hingað inn af því að menn hafa sett reglugerðir sem eiga sér ekki næga lagastoð og þess vegna höfum við í félmn. tekið það sérstaklega fyrir, í nokkrum af þeim lögum sem við höfum unnið með á þessu kjörtímabili, að reyna eins og unnt er að fækka reglugerðum. Hér á að setja 28 reglugerðir og ráðherrann hefur tíundað það rækilega í dag hverjar af þeim áttu sér tilsvarandi lagastoð í núverandi kerfi en það eru ekki rök. Það eru ekki rök vegna þeirra breytinga sem Alþingi hefur verið að gera, að reyna að komast fram hjá því, að vera með svo margar reglugerðir í lögum og taka frekar inn í lögin sumt af því sem áformað er að taka í reglugerð. Ég hefði talið að það væri mjög mikilvægt að fara yfir það og reyna að fækka reglugerðunum.

Við fórum fram á að sá háttur yrði skoður en það eina sem við fengum var listi yfir hvað fælist í reglugerðunum og hvaða reglugerðir hefðu áður verið tengdar núgildandi lögum. Mér finnst það frekar veikur málflutningur, herra forseti, að segja: Það er allt í lagi hjá mér, að vera með þessar reglugerðir, af því að í lögunum sem voru sett áður voru reglugerðirnar svo margar.

Virðulegi forseti. Ég hóf mál mitt á því að fjalla um öryggisnetið sem við höfum verið að smíða alla þessa öld og varð svo öflugt upp úr 1939. Það merkilega er að öflug lög sem mynda þetta öryggisnet hafa verið sett í samstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. Þess vegna er ég undrandi á því hve mikil afturhaldslög það eru sem koma inn í þingið þegar Framsfl. og Sjálfstfl. starfa saman. Það verður mér til ævarandi umhugsunar. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á ein lög í langri ræðu sinni í gær sem ég ætla að leyfa mér að koma örlítið inn á í lok máls míns. Þó að það sé mjög margt sem ég hefði viljað koma inn á í frv. og umsögnunum þá hef ég einsett mér að stikla á stóru í umfjöllun minni um það hér og fjalla aðeins um greiðsluaðlögun og greiðsluerfiðleika og erfiðleika fólks.

Við höfum öll gert okkur grein fyrir því að þrátt fyrir þetta öryggisnet, sem ég hef talað um, þá skortir á þegar miklir erfiðleikar verða hjá fólki. Á samdráttartímanum urðu þeir erfiðleikar sýnilegir. Það var líka nokkuð mikið um að fólk skrifaði upp á, ungt fólk fyrir foreldra, foreldrar fyrir börn, vinir fyrir vini sína, af því að þeir litu svo á að þeir væru fyrst og fremst að lána nafnið sitt en menn hugsuðu dæmið ekki þannig að þeir væru að bjóðast til að greiða skuldirnar fyrir viðkomandi. Því varð það mjög ljóst á síðasta kjörtímabili að mikill fjöldi fólks átti í miklum greiðsluerfiðleikum og var með gífurlegar skuldir. Það þurfti aðstoð til að komast út úr þeim erfiðleikum. Í sumum tilfellum dugði að einstaklingar seldu eignir sínar og minnkuðu við sig. Þeir sem áttu hús minnkuðu við sig í litla íbúð, þeir sem áttu íbúð seldu hana og fóru í leiguhúsnæði. Í mörgum tilfellum hefur þetta ekki dugað til.

Þess vegna var það á síðasta kjörtímabili að mönnum var umhugað um að setja lög um greiðsluaðlögun. Þá var starfshópur á vegum þáv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, að störfum við að reyna að ná sátt um slíka lagasetningu. Það var rekið mjög eftir henni og miklar fyrirspurnir um hvað liði þeirri lagasetningu. Ég minnist þess að á meðan sú sem hér stendur sat í stóli félmrh., þá var gerð hörð hríð að því að nú skyldi setja lög um greiðsluaðlögun. Á þessum tíma voru lögð fram þingmannafrv. um þetta mál. Þar fóru fremstir í flokki framsóknarmennirnir sem nú eru ráðherrar, hæstv. núv. félmrh., Páll Pétursson, og hæstv. núv. viðskrh., Finnur Ingólfsson.

Auðvitað var kallað eftir því að þeir stæðu við þessa miklu stefnumörkun þegar þeir komust í ríkisstjórn, að ég tali nú ekki um þegar hagurinn vænkaðist hjá ríkissjóði og allt varð með þeim brag sem menn hafa haldið á lofti þegar þeir eru uppteknir af því vel gengur. Þá, virðulegi forseti, fundu menn lausnina. Menn fundu lausnina á því hvernig þeir kæmust hjá því að setja lög um greiðsluaðlögun. Þeir gerðu breytingar á lögum og settu lagaákvæði um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Þeir settu lög um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þeir settu lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga, um það að menn gætu óskað eftir niðurfellingu á meðlagsskuldum.

Á þessum vetri hef ég kallað eftir því hversu margir hafi leitað eftir þessari aðstoð og hversu margir hafi fengið. Ég hef talið alveg víst að þetta ákvæði, sem átti að bjarga öllu, í staðinn fyrir greiðsluaðlögun, yrði lítið nýtt og mundi ekki nýtast fólki í erfiðleikum til jafns við greiðsluaðlögun. Þá kom í ljós að aðeins ein af þessum breytingum hefur komið mönnum til góðs og það er ákvæðið um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Alls 560 eintaklingar leituðu eftir samningum á grundvelli þessara nýju laga, um að fá niðurfellingu á meðlagsskuldum, og 355 umsóknir hafa verið samþykktar. Aðeins 160 umsóknum hefur verið synjað og 45 hefur verið frestað vegna ófullnægjandi upplýsinga. Þegar spurt er um þá félagslegu erfiðleika umsækjenda sem áhrif höfðu á samþykkt framangreindra umsókna þá var svarið að þarna tvinnuðust gjarnan saman félagslegir og fjárhagslegir erfiðleikar og oft væru fleiri en ein ástæða fyrir því að umsóknir væru ekki samþykktar. Síðan var gerð grein fyrir því hverjar ástæðurnar væru. Þær voru t.d. lágar tekjur, skert starfsorka, barnamergð, mikil greiðslubyrði og aðrar ástæður svo sem frestun skuldar á meðan á námi stendur, allt það sem

menn hafa bent á varðandi þá sem þyrftu að fá aðstoð og greiðsluaðlögun.

En þegar spurt var um hve margir hefðu óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögunum þá kom í ljós að dómsmrn. höfðu aðeins borist tíu umsóknir á þessu tímabili og réttaraðstoð var veitt alls átta sinnum.

Í svari við fyrri spurningunni, um hversu margir hafi leitað heimilda til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts samkvæmt lögunum og hversu margir hafi leitað nauðasamnings við skuldheimtumenn, kom í ljós að á umræddu tímabili, þ.e. frá setningu laganna, uppfyllti engin af þeim beiðnum sem fram komu ákvæði framangreindra laga og því var ekki hægt að fallast á neina. Beiðnirnar voru, virðulegi forseti, fimm erindi, skráð í málaskrá ráðuneytisins, tvö af þeim enn þá óafgreidd, og hinum þremur hafnað. Þetta er ótrúleg einkunn, herra forseti, fyrir leið sem átti að koma á móti þeim sem kölluðu eftir lögum um greiðsluaðlögun.

Virðulegi forseti. Ég hef farið á mikilli hraðferð yfir þetta stóra mál. Ég hef velt því fyrir mér hvort ég ætti að einhverju marki að fylgja úr hlaði þeim brtt. sem komu fram í meðferð nefndarinnar. Ég hef kosið að gera það ekki. Ég hef valið að benda mönnum á hvaða brtt. draga úr stöðu frv., eins og þetta með stimpilgjöldin. Ég hef bent á að menn kusu að verða við ábendingum Seðlabankans af því að þeir töldu að vextir ættu alls ekki að vera breytilegir, það væri svo erfitt fyrir stjórnmálamenn að hreyfa breytilega vexti en miklu auðveldara að hreyfa vaxtabætur. Mér finnst mikilvægt að koma því á framfæri við þingmenn, hvaða umsagnir hlutu hljómgrunn og til hvers tekið var tillit í yfirferð meiri hlutans í þessu stóra máli.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, að það bárust mjög ítarlegar og áhugaverðar ábendingar frá Ríkisendurskoðun þó lítið tillit væri tekið til þeirra. Ég hefði einmitt talið að til að forðast mistök, þegar Ríkisendurskoðun kemur með ábendingar um bæði orðalag og ákvæði, þá ættum við að taka tillit til þess.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið að fara ekki í ríkari mæli yfir þetta frv., brtt. og umsagnirnar, í þessari fyrri ræðu minni um húsnæðisfrv. félmrh. Ég vek athygli á því hversu alvarlegir þættir það eru sem fram hafa komið í máli mínu og hversu rík ástæða er til að verða við óskum þeirra fjölmörgu sem leggja til að þessu máli verði frestað.

[18:43]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. sem ég býst við að mjög margir hafi um mjög langan tíma beðið eftir. Það eru annars vegar þeir sem búa við félagslega íbúðakerfið, nýta það, og hins vegar sveitarfélögin sem hafa séð um félagslega húsnæðiskerfið. Eins hafa beðið þessa frv. þeir stjórnmálamenn sem láta sig húsnæðismálin einhverju varða og hafa skipt sér af þeim í gegnum tíðina. Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil umræða um að taka þyrfti á ýmsum vanda sem upp hefur komið innan félagslega húsnæðiskerfisins og þá kannski fyrst og fremst á landsbyggðinni.

Í þessari umræðu hafa hv. stjórnarliðar ítrekað nefnt hér vanda ráðherra gagnvart húsnæðiskerfinu, þ.e. vanda Byggingarsjóðs verkamanna sem sé alveg að komast í þrot. Síðast í gær sagði hv. frsm. meiri hluta félmn, hv. þm. Magnús Stefánsson, á Rás 2 að öllum væri ljóst að vandi Byggingarsjóðs verkamanna væri mikill og að hann væri að komast í þrot. Það hafa allir verið sammála um en það eru líka allir sammála um og vita hvers vegna sá vandi varð til. Hann varð til vegna þess að framlög í þennan byggingarsjóð hafa verið dregin saman, skorin niður, á undanförnum árum og ekki við öðru að búast en að þar sköpuðust mikil vandamál.

Síðan er talað um vanda sveitarfélaganna og gjarnan haft hátt um vanda nokkurra sveitarfélaga sem sitja uppi með margar óseljanlegar íbúðir, eða illseljanlegar íbúir á háu verði.

Svo er það vandinn varðandi Húsnæðisstofnun, en oft hefur verið látið í það skína að nú sé það helst að breyta Húsnæðisstofnun, sem hefur þjónað miklu hlutverki í mjög langan tíma, leggja hana niður, hún sé til óþurftar og allt sem hún gerir sé til óþurftar.

Því er eðlilegt að mjög margir hafi beðið eftir því að á þessum málum yrði tekið og búist við því að heildstætt frv. um húsnæðismálin kæmi fram, a.m.k. sem lyti félagslega húsnæðiskerfinu. Ég held að allir hafi reiknað með því að þeir sem hafa komið að þessum málaflokkum um langan tíma, eins og verkalýðshreyfingin, kæmu að því að semja frv. og það yrði a.m.k. haft samráð við verkalýðshreyfinguna um þá niðurstöðu sem birtist síðan í sölum þingsins. En svo var ekki og ítrekað hefur komið fram af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, ASÍ, BSRB og fleiri aðila sem hafa látið sig húsnæðismál þeirra sem minnst hafa í þjóðfélaginu miklu varða á undanförnum árum, að ekkert samráð var haft við þessa aðila.

Virðulegi forseti. Nú hefur verið farið ítarlega í umsagnir og öll atriði þessa frv. í mjög langri og ítarlegri ræðu þess þingmanns sem kannski þekkir húsnæðismálin hvað best, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En þó eru ýmsir þættir sem ég vildi gjarnan fara í og byrja þá kannski á þeim vanda sem við blasir hjá sveitarfélögunum, þ.e. landsbyggðarsveitarfélögunum því ítrekað hefur komið fram að það er ekki nákvæmlega sama ástandið á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þess vegna hefði mátt reikna með því að tekið yrði á mismunandi hátt á málum, með t.d. sértækum ráðstöfunum og úrlausnum vegna félagslega húsnæðiskerfisins á landsbyggðinni og í ýmsum sveitarfélögum þar sem vandamálin hafa hrannast upp, að tekið yrði sérstaklega á því. Ég vænti þess reyndar þegar lögð var fram tillaga til þingsályktunar um sértækar ráðstafanir í byggðamálum að þá fylgdu því sértækar ráðstafanir í húsnæðismálum. En svo varð ekki og þetta frv. felur ekki í sér neinar sértækar úrbætur fyrir landsbyggðina í húsnæðismálum þrátt fyrir það að í nóvember 1997 hafi á vegum Byggðastofnunar verið unnin rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi. Við tölum gjarnan um og höfum talað um það á undanförnum árum hve stór hluti þjóðarinnar hefur flutt af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið og það er auðvitað mikið áhyggjuefni fyrir okkur hve stór hluti þjóðarinnar er að safnast saman á höfuðborgarsvæðið.

Í þessari rannsókn sem unnin er af Stefáni Ólafssyni fyrir Byggðastofnun kemur berlega fram að húsnæðisþátturinn, húsnæðismálin eiga mjög stóran þátt í því hvar fólk velur sér búsetu og þetta atriði er eitt af þremur sem fyrst og fremst eru nefnd í því sambandi.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra bendir mér hér á bls. 3 í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum. Þar segir í lið 14 á bls. 3, með leyfi forseta:

„Þar sem félagslegt íbúðarhúsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, og það veldur erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, verði heimilt að selja þetta húsnæði í áföng-

um á almennum markaði. Ríkissjóður og sveitarfélög beri sameiginlega þann kostnað sem af þessu kann að hljótast."

Þetta er markmið. En hér er verið að setja af hálfu ríkisstjórnarinnar lög um félagslega húsnæðiskerfið. Þetta er hins vegar tillaga til þingsályktunar og í henni eru mjög góð markmið en hugur þarf að fylgja máli. Ég verð að segja að ég hef séð samþykktir á vegum hæstv. ríkisstjórnarinnar nokkrar þingsályktunartillögur, m.a. um stefnu í fjölskyldumálum, þar sem sett eru mjög háleit markmið en í raun og veru ekki gert ráð fyrir að fylgja þeim eftir. Ég hefði viljað sjá í þessu frv. sem nú er til 2. umr. að tekið væri alveg sérstaklega á húsnæðismálunum á landsbyggðinni og sértækar aðgerðir, ekki bara hvað varðar félagslegt húsnæði heldur yrðu það almennar sértækar ráðstafanir varðandi húsnæðismálin. Það kemur m.a. fram í þessari skýrslu Byggðastofnunar að þeir sem flytja búferlum til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni, sem er mjög stór hópur ár hvert, eru einmitt úr lágtekjuhópunum, þeir sem þar fara fyrst, það er verkafólkið. Það er auðvitað umhugsunarvert fyrir okkur þegar þetta fólk er síðan spurt að því hvaða þættir valdi því að það flytur af landsbygginni á höfuðborgarsvæðið, að svarið er að það sé m.a. húsnæðismálin. Við þurfum að huga alveg sérstaklega að þessum þætti því að í skýrslu Byggðastofnunar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Af þessum gögnum má sjá að mun minni hluti íslensku þjóðarinnar býr í dreifbýli, með minna en 200 íbúa, en tíðkast meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum, eða um 8,5% á móti 15–26%. Hlutfall þjóðarinnar sem býr í smærri þorpum (með 200–500 íbúa) er rétt í meðallagi, og hið sama á við um smærri bæi sem eru með 500–1.000 íbúa. Hlutur bæja með 1.000–2.000 íbúum er frekar stór hér á landi, en hlutur 2.000–10.000 manna bæja er hins vegar lítill, samanborið við hin löndin. Þá eru engir þéttbýlisstaðir hér á landi sem eru á bilinu 20.000 til 50.000, en í hinum löndunum eru þeir nálægt 12%."

En það sem stingur kannski hvað mest í augu í þessu er að í dreifbýli með minna en 200 íbúa er hlutfall okkar miklu lægra en það sem gerist á Norðurlöndunum. Og núna hefur verið um mjög langan tíma, líklega í ein 4–5 ár eða 6 ár reyndar, rætt um að það þyrfti orðið sértækar ráðstafanir varðandi húsnæði fyrir bændur vegna þess að þar er vaxandi fátækt sem áður var tiltölulega óþekkt meðal bændastéttarinnar og sveitarfélögin sem höfðu félagslega húsnæðiskerfið treystu sér ekki til að gangast í ábyrgðir fyrir félagslegu húsnæði í dreifbýlinu sem þó tilheyrir sveitarfélaginu. Síðan var gerð breyting á félagslega húsnæðiskerfinu fyrir líklega 5–6 árum sem var þó ekki marktækari en svo að sveitarfélögin töldu sig ekki bundin af því að gangast í ábyrgðir fyrir húsnæði í dreifbýlinu, þ.e. að bændur gætu notið félagslega kerfisins.

Mjög stór hluti þeirra sem flytur búferlum ár hvert flytur til höfuðborgarinnar og ef farið er yfir það í tölum þá eru þeir sem flytja til höfuðborgarinnar: Af Suðurlandi um 54,5% þeirra sem flytja búferlum til höfuðborgarsvæðisins, af Austurlandi 45,8%, Norðurlandi eystra 41,1%, Norðurlandi vestra 43,4%, af Vestfjörðum, þar sem ástandið virðist vera hvað verst, 54,2%, Vesturlandi 56,9% og síðan er Reykjanesið þar sem er mun minni tilflutningur en í hinum kjördæmunum.

Ef tekið er frá heildartölunni hlutfall þeirra sem flytja búferlum innan kjördæmisins, þeir teknir út úr, þá lítur dæmið þannig út að yfirleitt flytja til höfuðborgarsvæðisins um 60–70% þeirra landsbyggðarmanna sem á annað borð flytja milli landsvæða.

Þeir þættir sem virðast ráða ákvörðun fólks um að flytja búferlum eru m.a. húsnæðismálin, þ.e. framboð á hentugu húsnæði, fasteignaverð og upphæð húsaleigu. Þrjú svið skera sig úr fyrir það hve margir segja að þar hafi orðið afturför á því tímabili sem er verið að skoða í skýrslu Byggðastofnunar og þeir þess vegna tekið ákvörðun um að flytja búferlum, en það eru atvinnumálin, húsnæðismálin og reyndar umhverfisaðstæður allar. Atvinnumálin í sumum kjördæmum. Þegar fjallað er í skýrslunni sérstaklega um húsnæðismál er það tekið til að markaðsverðið hafi versnað úti á landsbyggðinni og húsaleiga þróast neikvætt. Á bls. 51 í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Hvað húsnæðismál varðar þá er mjög afgerandi að kvartað sé undan neikvæðri þróun húsaleigu og síðan kemur versnandi þróun fasteignaverðs. Þetta getur auðvitað komið misjafnlega út fyrir menn eftir því hvort þeir eru kaupendur eða seljendur, en sem mat á þróun húsnæðisaðstæðna stendur niðurstaðan almennt, þ.e. að undan fæti hafi hallað á þessu sviði. Mat þessara atriða er þó mjög ólíkt eftir því hvar á landinu er. Hins vegar er einn þáttur húsnæðismálanna sem flestir segja að hafi batnað, en það er framboð hentugs húsnæðis."

En fasteignaverðið er mjög óhentugt og þótt framboð húsnæðis á mörgum stöðum úti á landsbyggðinni sé til staðar er markaðsverð slíkt að menn telja ekki borga sig að fjárfesta í húsnæði á landsbyggðinni.

Þá er einnig athygli vert að þróun fasteignaverðs hefur verið sett upp í súlurit. Það er gerð víðtæk skoðanakönnun meðal íbúa á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og mjög athygli verð niðurstaða um þróun fasteignaverðs kemur þar fram. Þar er annars vegar tilgreindur fjöldi þeirra sem telja að þróun fasteignaverðs hafi batnað og hins vegar versnað. Á höfuðborgarsvæðinu telja 39,8% aðspurðra að þróun fasteignaverðs hafi batnað verulega en aðeins 25,9% segja að það hafi versnað. Á Norðurlandi vestra sem er kjördæmi hæstv. ráðherra telja 58,8% að þróun fasteignaverðs hafi versnað en aðeins 15,8% að hún hafi batnað. Á Vestfjörðum segja 50,9% að ástandið hafi versnað en 10% segja að það hafi batnað.

Það sama kemur ljós þegar skoðuð er þróun upphæðar húsaleigu, en þar hins vegar ber svo við að á höfuðborgarsvæðinu telja 46,7% að þróun húsaleigu hafi versnað og að húsaleigugreiðslur séu orðnar miklu hærri en áður hafi verið. Það er umhugsunarvert að á þeim tíma sem þetta er skoðað þá eru húsaleigubæturnar komnar inn í þessa tölu engu að síður. Aðeins 7,4% telja að þróun upphæðar húsaleigu hafi batnað á höfuðborgarsvæðinu. Ef við förum á Vestfirðina þá telja 43,2% að þróun upphæðar húsaleigu hafi versnað en 13,3% batnað og á Norðurlandi eystra telja 53,2% að þróun upphæðar húsaleigu hafi versnað en 12,7 að hún hafi batnað. Í öllum tilvikum eru þeir fleiri sem telja að húsaleigan hafi hækkað verulega og langt umfram það sem eðlilegt mætti teljast miðað við þróun verðlags.

Ef við skoðum höfuðborgarsvæðið og landið allt út frá þróun búsetuskilyrða varðandi húsnæðismálin þá er niðurstaða þessarar skýrslu, sem birtist á bls. 87, þar sem tekin er út ánægja með einstaka þætti búsetuskilyrða á höfuðborgarsvæðinu samanborið við meðaltal landsins alls, þá stingur það í augu að 35% höfuðborgarbúa telja að húsnæðismálin

séu í lagi en aðeins 8% telja að húsnæðismálin séu í lagi þegar landsbyggðin öll er tekin.

Þess vegna er enn frekar ástæða til þess að skoða, þegar komið er fram með tillögur um úrbætur í húsnæðismálum, sérstaklega stöðuna á landsbyggðinni. Ég efast ekkert um að vandi mjög margra sveitarfélaga úti á landsbyggðinni er verulegur. Hann sést kannski í hnotskurn í litlu sveitarfélagi, þar sem ég þekki mjög vel til, en þar eru rétt rúmlega 500 íbúar. Þar eru nokkrar íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu. Í kaupleiguíbúðakerfinu eru sex íbúðir. Leiguíbúðir, þ.e. íbúðir sem hafa verið teknar úr félagslega eignaíbúðakerfinu og sveitarfélagið hefur ekki selt heldur tekið ákvörðun um að setja inn á leigumarkaðinn vegna þess að leiguhúsnæði vantar, eru þrjár en félagslegar eignaríbúðir með kaupskyldu eru sex.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega um og það sem stingur í augu, ef við skoðum fyrir það fyrsta kaupleiguíbúðakerfið, þá erum við í fyrsta lagi með íbúð sem eru 126,2 m , byggð 1982. Áhvílandi lán á þessu húsnæði eru 9,3 millj. kr. Lánahlutfallið er er 90% til 43 ára miðað við 2,4% vexti. Ársafborgun er 217.875 kr. — þetta er með vöxtum — húsaleiga á mánuði í þessu kaupleigukerfi er 37.686 kr., sem verður að teljast tiltölulega há húsaleiga á stað þar sem fasteignaverð er mjög lágt. Leigutekjurnar eru á ári 452.232 kr. Það sem kannski skiptir mestu máli er að áhvílandi lán á þessari íbúð eru 9,3 milljónir, þ.e. 9.321.861. Fasteignamat húss og lóðar 1. janúar 1998 eru 4.129.000 kr. Mismunurinn á áhvílandi láni og staðgreiðsluverði, því verði sem ætla má að fáist fyrir þetta íbúðarhús, eru því 5.192.861.

Á annarri íbúð, sem er 100 m að stærð, þær eru reyndar þrjár af þeirri stærð, allar byggðar 1991, eru um 8,1 millj. kr. áhvílandi lán. Þar er 100% lánshlutfall til 50 ára miðað við 1% vexti. Þar er fasteignamatið, hús og lóð 1. janúar 1998, 4 milljónir, þ.e. 4.004.000. Mismunurinn á áhvílandi láni og áætluðu staðgreiðsluverði er því 4,1 millj., og þetta eru þrjár íbúðir.

Hér er síðan íbúð, byggð 1984. Hún er 108,4 m að stærð, áhvílandi lán er 6.077.900 en fasteignamat er 3.997.000. Mismunurinn er rúmar 2 milljónir.

Að lokum er, í kaupleiguíbúðakerfinu, íbúð sem byggð er 1978. Hún er 90,5 m og áhvílandi lán eru 6,6 millj. kr. Fasteignamat húss og lóðar er 3,2 millj., mismunurinn er 3,3 milljónir. Alls er af þessum sex íbúðum í kaupleigukerfinu, mismunur á áhvílandi láni og staðgreiðsluverði upp á 29,9 milljónir. Það er 30 millj. kr. munur á þessum sex íbúðum, þ.e. á áhvílandi láni og fasteignamati húss og lóðar.

Í frv. er kveðið á um að hækka megi veðhlutfall þessara íbúða upp í 90% þegar þær eru komnar inn í þetta nýja kerfi. Í öllum tilvikum er lánshlutfallið 100%, nema 90% í einu. Í öllum tilvikum nema einu eru lánin til 50 ára til 43 ára og lán, áhvílandi lán, eru meira en helmingi hærri en fasteignamat húss og lóðar. Það er nálægt því verði sem áætla mætti að fengist fyrir þessar íbúðir allar í endursölu ef þær færu út á frjálsan markað. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með þennan mismun? Þetta eru aðeins sex íbúðir í litlu sveitarfélagi þar sem mismunurinn er 30 millj. kr. Það er ekki nokkur vegur að þessar íbúðir seljist fyrir hærra verð en það sem þarna er gert ráð fyrir, samkvæmt fasteignamati húss og lóðar.

Síðan er sveitarfélagið með þrjár leiguíbúðir.

Það sem stingur kannski fyrst í augu er það að á einni þeirra íbúða sem ég nefndi áðan, sem er 90,5 m að stærð og byggð 1997, hvíla 6,6 milljónir. Það er í kaupleigukerfinu, 6,6 milljónir áhvílandi lán og 100% lánshlutfall til 50 ára miðað við 1% vexti.

Önnur íbúð — þetta er parhús — er 90,5 m . Áhvílandi lán á þeirri leiguíbúð, byggðri á sama tíma, nákvæmlega eins íbúð, en er í leigukerfinu, eru 2 milljónir. Það munar 4,6 milljónum á áhvílandi lánum, annars vegar á íbúðinni sem búið er að færa í kaupleiguíbúðakerfið og hins vegar leiguíbúðinni sem sveitarfélagið á, rekur og leigir út. Það munar 4,6 millj. kr. Fasteignamat húss og lóðar er hins vegar hið sama. Í staðinn fyrir að mismunurinn á fasteignamati húss og lóðar sé eins og í fyrra tilvikinu, rúmar 3,3 millj. kr., þá er um að ræða mismun á áhvílandi láni og áætluðu staðgreiðsluverði 1,2 millj. í plús. Þetta eru nákvæmlega eins íbúðir, byggðar á nákvæmlega sama tíma og þær eru spegilmynd hvor af annarri. Þessi mismunur er alveg með ólíkindum.

Þriðja íbúðin er byggð 1978, á sama tíma, alveg eins 90,5 m , íbúð sem stendur við sömu götu. Það er nefnilega ekki þannig að sumar göturnar séu dýrari á Stokkseyri en aðrar, það er sama verðlag á öllum íbúðarhúsum við allar götur. Þessi hús eru í númeraröð við sömu götuna, sama stærð, byggð sama ár. Þetta er hins vegar félagsleg eignaríbúð með kaupskyldu. Kaupskyldan að þessari íbúð er til 2004 fyrir sveitarfélagið. Hvert skyldi nú vera innlausnarverð hennar áætlað í dag? Það er 7,4 millj. kr.

Þarna höfum við þrjár íbúðir, jafnstórar og allar nákvæmlega eins, allar byggðar sama árið, allar við sömu götuna, allar á mismunandi verði. Mismunurinn er frá því að vera með áhvílandi lán upp á 2 millj. og fasteignamat upp á 3,3 í það að áhvílandi lán á sams konar íbúð eru 6,6 millj. Það er með ólíkindum að þetta skuli geta gerst innan kerfisins. Á þessu þurfti að taka. Þetta er sá vandi í hnotskurn sem hefur verið talað um að yrði að taka á í gegnum árin.

Þá ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar lendir þessi mismunur? Ef við höldum áfram að skoða þessar leiguíbúðir í Stokkseyrarhreppi þá erum við hér með tvær sem báðar eru byggðar 1994, 71,2 m að stærð. Þar eru áhvílandi lán nákvæmlega eins, þ.e. lán til 50 ára miðað við 1% vexti, 4,9 millj. kr. Fasteignamat húss og lóðar er 3,1 millj. í báðum tilvikum. Mismunurinn er mínus 1,8 millj. Þarna bætast við þennan 30 millj. kr. mismun sem ég nefndi áðan, 2,3 millj. til viðbótar, af þessum nýju húseignum sem eru í félagslega kerfinu á Stokkseyri. Við höfum þarna mismun upp á rúmlega 32 millj. kr. af níu íbúðum. Ég átta mig ekki alveg á hvernig eigi að dekka þann mismun, enda ég tel það algjörlega útilokað að sá sjóður sem sveitarfélögin eigi að greiða í geti staðið undir þessu, ef við tökum þetta svona allan hringinn í kringum landið.

Síðan erum við með þessar félagslegu eignaríbúðir og þar er innlausnarverð miðað við 1. janúar 1998, 43 millj.. Þetta eru íbúðir þar sem við gætum reiknað með að innlausnarverðið sé u.þ.b. helmingi hærra en fasteignamatið. Hvernig er áætlað að mæta þessum mismun í hinu nýja kerfi? Ég hef farið í gegnum umsagnirnar og farið í gegnum áætlanir. Ég hef farið í gegnum þær hugmyndir sem fyrir eru og ég get ekki séð að þessi vandi sé leystur. Ég fullyrði að þegar við erum að bjóða upp á, t.d. eins og hérna, 100 m íbúð í kaupleigukerfinu þar sem húsaleigan á mánuði er miðuð við það að sveitarfélagið eigi fyrir afborgunum, þ.e. standi nákvæmlega undir afborgunum og gjöldum af eigninni, þar er húsaleigan 32.330.

Ef við skoðum leigu á 90,5 m íbúð, íbúð sem er 10 m minni þá er húsaleigan á mánuði, í þessu félagslega kerfi, 16.900 kr. og þessar íbúðir standa allar við sömu götuna. Þennan mismun varð að leiðrétta. Í sveitarfélagi þar sem fasteignaverðið er mjög lágt og tekið hefur upp kaupleigukerfi, félagslegt kerfi, þar sem húsaleigan er upp á rúmlega 32 þús. kr. á mánuði, þá er mjög hæpið að segja að þar séum við að þjóna þeim sem hafa lægst launin. Þannig er það.

Eigendaskipti eða leigutakaskipti eru ör og kannski er það þess vegna sem verðið hefur farið svona upp og áhvílandi lán eru svo há. Alltaf fer fram nýtt mat á viðkomandi húseign í hvert skipti sem einhver flytur út. Það að húseignin Íragerði 8, sem er 90,5 m , byggð 1978, þar sem áhvílandi lán eru aðeins 2 millj. og fasteignamat húss og lóðar er upp á 3,3 þannig að mismunur áhvílandi lána og staðgreiðsluverðs er í plús upp á 1,2 millj. kr., er kannski vegna þess að hún hefur verið í eign sveitarfélagsins frá upphafi, þar hefur eigandinn verið sá sami. Það hefur tekist að greiða niður lánin og þau eru orðin þetta lág og þá íbúðin veruleg eign.

Hins vegar erum við með aðra íbúð sem stendur við hliðina, byggða á sama tíma, 90,5 m upp á 6,6 milljónir og fasteignamat húss og lóðar er 3,2 og mismunurinn á áhvílandi láni og staðgreiðsluverði er í mínus, 3,3. Þegar við erum með fasteignamatið 3,2 og áhvílandi lán upp á 6,6 þá er eitthvað mikið að. Þetta eru sams konar íbúðir, byggðar sama árið. Ég sé ekki að þetta sé leyst svo vel fari í þessu kerfi sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt á tiltölulega mjög stuttum tíma.

Með þessari gagnrýni er ég ekki að segja að félagslega kerfið sé alvont. Það hefur um langan tíma þjónað hlutverki sínu, þ.e. að til sé húsnæði fyrir þá sem hafa lökust kjörin. Þegar það hins vegar fer að sýna sig að íbúðarhúsnæði í félagslega kerfinu er orðið mjög dýrt og húsaleigan orðin mjög há þá fara menn að hafa efasemdir um að það þjóni lengur því hlutverki sem það átti að gera í upphafi. Þá er ekki leiðin að fara í kerfi sem mun koma miklu harðar niður og verða dýrara fyrir notendur en það kerfi sem við búum við. Það er niðustaða þeirra sem hafa skoðað þessar hugmyndir sem hér er verið að ræða, það er niðurstaða húsnæðisnefnda sveitarfélaganna og það er niðurstaða verkalýðshreyfingarinnar að þetta kerfi verði mun dýrara fyrir notendurna en við búum við í dag og þetta muni líka verða miklu dýrara og erfiðara fyrir sveitarfélögin.

Þá spyr maður hvert markmiðið sé. Er markmiðið að laga stöðu sveitarfélaganna, sem mörg eru illa sett vegna þess að þau þurfa að innleysa svo margar íbúðir sem þau og hafa ekki getað selt? En niðurstaðan hins vegar af athugun sveitarfélaganna er sú að þetta kerfi verði miklu dýrara vegna þess að þarna sé fyrst og fremst verið að ýta fólki út á leigumarkaðinn og að í áætluninni um byggingu á félagslegu leiguhúsnæði sem gerð er samkvæmt frv. sé aðeins um að ræða 50 lán eða 50 íbúðir á næstu tveimur árum, að mig minnir. Það eru allt of fáar íbúðir. Og ef við tökum inn í dæmið þá hópa sem hafa verið með sér úthlutanir, eins og t.d. Öryrkjabandalagið, Þorskahjálp og að ég tala nú ekki um námsmenn sem ég mun koma betur að síðar, þá er þörfin á félagslegu leiguhúsnæði miklu meiri en gert er ráð fyrir samkvæmt frv. Það þýðir að sveitarfélögin verða að mæta þörfinni því að samkvæmt núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga — að vísu stendur til að breyta þeim — ber þeim ákveðin skylda til að sjá til þess að fólk hafi þak yfir höfuðið. Þau munu þurfa að mæta þessari auknu þörf þegar búið er að ýta þeim sem áður höfðu átt möguleika á því að ná í hagkvæmt og ódýrt húsnæði miðað við fjölskyldustærð, inn í kerfi sem samdóma álit — það hefur komið fram hjá þeim fulltrúum félmn. sem hér hafa talað fyrir utan talsmann meiri hluta — að mikill meiri hluti þeirra sem skiluðu inn umsögnum var sammála um að yrði miklu dýrara kerfi fyrir fólk sem ekki býr við öryggi í húsnæðismálum í dag og hefur mjög lágar tekjur. Og það er því miður allt of stór hópur sem býr við lágar tekjur.

Það er líka umhugsunarvert að á ráðstefnu ASÍ, að mig minnir, um stöðu fjölskyldunnar fyrir örstuttu þá var nefnt dæmi um einstakling með 60 þús. kr. mánaðarlaun sem ekki hefði möguleika á því að fara í félagslegt kerfi miðað við þær breytingar sem væru gerðar. Einstaklingur með 60–70 þús. kr. hefði ekki möguleika á því að fara í félagslega kerfið. Tæpar 60 þús. hefur það líklega verið. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á í svari sínu hefur verið miðað við einstakling sem væri á atvinnuleysisbótum. Hann hefði enga möguleika á því að fara inn í félagslegt kerfi. Hæstv. ráðherra sagði að það væri auðvitað skylda sveitarfélaganna að sjá til þess að einstaklingar, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, hefðu þak yfir höfuðið. Þau yrðu sem sagt að leysa málið.

Þá veltir maður því líka fyrir sér hversu stór hópur sem áður hafði möguleika á því að nýta félagslega húsnæðiskerfið muni ekki hafa það eftir þessar breytingar og miðað við þann kostnaðarauka sem lendir á einstaklingunum og fjölskyldunum sem ætla að nýta sér þetta húsnæðiskerfi. Hversu stór hópur fellur fyrir utan þetta úrræði þannig að sveitarfélögin verða að mæta þessari þörf langt umfram það sem er í dag? Þá liggur fyrir, eftir því sem maður les í umsögnum, að fjöldi umsókna um leiguhúsnæði er hjá stærstu sveitarfélögunum. Hjá minni sveitarfélögunum eru auðvitað umsóknir sem ekki hefur verið sinnt. Mér sýnist því að það sé nokkuð samdóma álit þeirra sem hafa sent inn umsagnir um þetta mál sérstaklega, að þeir telja að kostnaður sveitarfélaganna aukist verulega. Það er verr af stað farið en heima setið ef það er svo að vandi sveitarfélaganna verði meiri en hann er og vandi einstaklinganna sem hafa verið í félagslega kerfinu verður meiri en hann hefur verið.

Annað sem stakk mig óneitanlega við það að fara yfir og hlusta á umræðu um þetta mál sem ég tel vera eitthvert það stærsta sem hefur verið tekið fyrir á þessu þingi er að ekki skuli hafa verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna eins og áður hefur þó verið gert. Um áratuga skeið hefur verkalýðshreyfingin haft veruleg afskipti af hinu félagslega húsnæðiskerfi enda var þetta kallað um langan tíma verkamannabústaðir. Og verkalýðshreyfingin hefur ekki bara komið að því að semja lagafrumvörp um kerfið heldur einnig átt sæti í húsnæðisnefndum um land allt. Þetta nýja frv. gerir auðvitað ráð fyrir því að ýta verkalýðshreyfingunni út. Þó að ýmislegt hafi nú gengið á í samskiptum hæstv. ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar á þessu kjörtímabili, þá verð ég að segja að ég bjóst ekki við því að ekki yrði haft samráð við verkalýðshreyfinguna um þennan þátt húsnæðismálanna, þ.e. úrræði fyrir þá sem hafa lökust kjörin í landinu. Það kom mér verulega á óvart því að þarna liggur þekkingin, hjá þeim einstkalingum sem hafa unnið fyrir verkalýðshreyfinguna í húsnæðisnefndum vítt og breitt um landið og innan verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. innan BSRB og innan ASÍ, eru ár hvert starfandi hópar sem hafa tekið húsnæðismálin alveg sérstaklega fyrir og þá sérstaklega félagslega húsnæðiskerf-

ið. Og af hverju skyldi það nú vera? Það er vegna þess að það er auðvitað sérstakt baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að til séu úrræði fyrir þá sem búa við lökust kjör. Mér finnst stundum í þessari umræðu eins og menn séu hættir að tala um þá hópa sem eru enn þann dag í dag með mánaðarlaun frá svona 65 þús. upp í 80–90 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að þegar húsnæðiskostnaður þessa fólks er kominn yfir 30–40 þús. á hverjum mánuði þá eru hefur það ekki nóg til að framfleyta sér og sínum.

Ég hef stundum sagt frá því að á síðasta rúmu ári ég hef tekið á móti um 800 einstaklingum í viðtöl. Einstaklingar hafa komið einir og sér og síðan hafa komið hópar í viðtöl. Langflestir þessara einstaklinga og hópa koma vegna erfiðleika vegna húsnæðismála, bæði innan félagslega kerfisins að sjálfsögðu og almenna kerfisins. Það er alveg sama í báðum tilvikum. Ég hef notið aðstoðar lögfræðinga sem hafa skoðað það fyrir mig hvort það sé þannig að hjá þeim einstaklingum sem hafa komið að um sé að ræða einhverja sérstaka óráðasíu, að menn hafi ekki skipulagt fjármál sín nægjanlega vel og að fyrst og fremst sé um umframeyðslu að ræða, óráðsíu. Niðurstaðan er sú af þeim stikkprufum sem við höfum tekið að hjá 87% þeirra sem hafa leitað eftir aðstoð er það ekki vegna óráðsíu heldur vegna þess að aðstæður hafa breyst frá því að greiðslumat viðkomandi einstaklinga vegna húsnæðis fór fram, þ.e. þeir hafa misst atvinnuna, eru atvinnulausir, eða veikindi hafa komið upp í fjölskyldunni. Það þarf ekkert endilega að vera sá sem sér um framfærsluna heldur spila t.d. veikindi barna þarna inn í. 87% reyndust koma vegna þess að vandamálin voru til komin vegna breyttra aðstæðna. Þegar skoðað er hvort þessir einstaklingar gætu hugsanlega farið í ódýrara húsnæði þá er niðurstaðan í flestum tilvikum sú að sá tími, þ.e. frá því að viðkomandi lendir í vandræðum, annaðhvort vegna veikinda eða vegna þess að hann tapar vinnu, og þar til að úr rætist hefur reynst svo erfiður að skuldabagginn sem þá hefur hlaðist upp er óyfirstíganlegur. Hann vindur svo fljótt upp á sig. Þetta fólk býr síðan við ýmsa erfiðleika, það eru tekin lögtök og jafnvel fær það þau svör að fyrir það sé því miður ekkert hægt að gera því miðað við þær tekjur sem það hafi þá geti það ekki búið í því húsnæði sem það hefur búið í um langan tíma og það verði bara að gjöra svo vel að fara út. Það er ráðgjöfin. Það er ráðgjöf. Þetta er auðvitað gífurlega alvarlegur hlutur.

Ég lét skoða fyrir mig níu svona dæmi, einstaklinga eða fjölskyldna, sem ég hafði fengið til mín og hvort að þetta kerfi mundi breyta einhverju. Skuldastaða þessara einstaklinga og fjölskyldna er þannig að þetta nýja kerfi mun í sjálfu sér engu breyta. En hefði sá möguleiki verið gefinn að bjóða í helmingi tilvikanna ódýrara húsnæði þannig að afborgun húsnæðis væri í réttu hlutfalli við breyttar tekjur þannig að það sem áður var 30% af innkomu heimilisins héldi áfram að vera 30% miðað við breyttar tekjur, þá hefði kannski verið hægt að hjálpa. En þá hefði þurft að grípa inn í strax, þ.e. ef hægt hefði verið að breyta þessu svona. En ég skil það svo miðað við þær athuganir á þessu frv. sem hafa verið gerðar fyrir mig og þeim hugmyndum sem þarna eru að þá muni aðstæður þessa fólks ekkert breytast.

ASÍ og BSRB hafa sent frá sér ályktanir sem sumar hverjar er búið að fara hér yfir og búið er að vitna í það að á síðum dagblaðs, Morgunblaðsins að ég held, er áskorun frá mjög mörgum félagasamtökum til þingsins um að fresta afgreiðslu þessa máls til hausts. Undir þá áskorun hafa mjög margir tekið. Ekki bara þau félagasamtök sem birta nafn sitt í Morgunblaðinu í gær eða fyrradag heldur einnig þeir sem hafa sent inn umsagnir til félmn. og þar á meðal eru húsnæðisnefndir sveitarfélaga og samtök eins og Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið. Þau hafa beðið um frestun. Með því er ekki verið að segja að þetta frv. sé kolómögulegt, að allt saman sem í því er sé kolómögulegt. Það er eingöngu verið að fara fram á að málinu verði frestað til hausts og að eðlilegt samráð sé haft við þau samtök sem nýta þetta kerfi fyrst og fremst, þ.e. launþega innan ASÍ og BSRB og þá sem eru í Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp og, eins og hér hefur komið mjög skýrt fram, námsmannasamtökin.

Ég veit að í frv. er heimild fyrir að búa til sérstakan lánaflokk sem hugsanlega gæti að einhverju leyti mætt þörfum námsmanna um lán. Engu að síður er, samkvæmt niðurstöðu þeirra aðila sem hafa skoðað málið, ekkert tryggt. Það liggur ekkert afgerandi fyrir, þetta er allt saman svona: hér um bil og kannski. Enda er niðurstaða lögfræðinga sem skoðað hafa frv. sú að lagalega sé það ekki nógu vel unnið. Hér þarf hins vegar vandað frv. sem við gætum náð sæmilegri sátt um hér á Alþingi. Það hlýtur að vera markmið í svo mikilvægu máli eins og húsnæðismálum. Þau snerta alla og eiga svo stóran þátt í kjörum fólks og ákvörðun um búsetu. Ég veit að hæstv. ráðherra hlýtur að hugsa mikið um þann þátt, sem landsbyggðarþingmaður. Húsnæðismál eiga svo stóran þátt í því hvar fólk velur sér búsetu. Þetta er hluti af kjörum fólks og það verður aldrei hægt að ræða það öðruvísi.

Þegar farið er fram á það, af stærstu launaþegahreyfingum landins sem og samtökum þess fólks sem á kannski hvað erfiðast, þ.e. aldraða og öryrkja og þeirra sem falla inn í samtök Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar, að fresta frv. til hausts þá get ég ekki skilið hvers vegna ákveðið er að keyra málið í gegn eins og raun ber vitni.

Virðulegi forseti. Ég á jafnframt erfitt með að skilja hvernig þingmenn ríkisstjórnarinnar geta í raun og veru leyft sér að vera ekki í sölum þingsins til þess að fylgjast með þeirri umræðu sem hér á sér stað, heldur hrópa málþóf, málþóf, málþóf. Flestir þingmenn sem hér tala leggja mikla vinnu í sínar ræður og fara í ræðustól vegna þess að þeir vilja fara yfir þau mál og ná fram sem allra bestri útkomu í því máli sem til umræðu er hverju sinni benda á það sem betur má fara. Flestir gera það. Í því tilviki er verið að fjalla um þetta stórpólitíska mál — ég tel að ef það verður samþykkt óbreytt, þá sé það slys. Ég hefði búist við að hér væru skörp skoðanaskipti. Ég hefði haldið að a.m.k. þeir þingmenn sem styðja frv. væru viljugri en þeir eru, til að koma og segja okkur hvers vegna. Mér nægir ekki sú ástæða að þeir séu búnir að ákveða það. Það bara nægir ekki. Það nægir ekki að segja: Það er bara vegna þess að við höfum ákveðið það í okkar þingflokkum að þetta mál skuli í gegn. Ég vil heyra rökin fyrir því. Ég vil heyra hvernig þeir ætla að mæta þessum vanda sem ég nefndi áðan varðandi félagslega húsnæðið innan sveitarfélaganna. Ég vil fá að heyra hvernig þeir ætla að mæta honum og hvernig þeir rökstyðja það. Það er ekki nóg að segja: Það mun verða betra fyrir þá sem hafa lægstar tekjurnar að eignast húsnæði í dag heldur en það hefur verið. Það er ekki nóg að segja það. Það verður að rökstyðja það.

Ég gef afskaplega lítið fyrir þær fullyrðingar þegar ég er komin hér með umsagnir frá ASÍ og BSRB, þeim sem þekkja miklu betur til kjara þeirra sem lægst hafa launin í landinu en hv. stjórnarþingmenn. Ég ætla ekki að leggja það að líku hversu miklu meiri þekkingu ég tel saman komna um kjör

þessa fólks innan ASÍ og BSRB heldur en í þingflokkum ríkisstjórnarinnar hæstv. Það legg ég bara ekki að líku. Ég legg heldur ekki að líku, þá þekkingu á kjörum námsmanna og þörf þeirra fyrir húsnæði sem er innan raða námsmanna sjálfra og hins vegar þá þekkingu sem er innan raða hv. þingflokka stjórnarflokkanna, virðulegi forseti.

Mér finnst nánast óskiljanlegt að umsagnir og beiðnir allra þessara aðila skuli bara hunsaðar með því að koma hér og segja: Víst verður þetta betra. Rökin eru bara engin önnur. Ríkisstjórnin segir að þetta verði betra og eigum við þá bara að trúa því? Það er alveg sama hvað ASÍ segir, það er alveg sama hvað BSRB segir, það er alveg sama hvað Stúdentaráð Háskóla Íslands segir. Það er alveg nákvæmlega sama hvað samtök námsmanna sem sent hafa inn til okkar umsagnir segja, ríkisstjórnin hæstv. veit þetta bara miklu betur. (Gripið fram í.) Það er málið, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Mikil er trú þín, hv. þm., að þessir hæstv. rúmlega miðaldra einstaklingar sem sitja í hæstv. ríkisstjórn viti betur um þarfir námsmanna en þeir sjálfir.

Það er nákvæmlega það fólk, námsmenn, sem situr t.d. í Stúdentaráði Háskóla Íslands sem hefur látið álit sitt í ljós. Við erum með umsagnir Félagsstofnunar stúdenta og Bandalags ísl. sérskólanema. Við erum líka með umsögn og beiðni frá Kennaraháskóla Íslands, þar sem sérstaklega er tekin fyrir þörfin, sem ég veit að hæstv. forseti þekkir, fyrir húsnæði, fyrir hjónagarða, fyrir að byggja upp húsnæði fyrir námsmenn við Íþróttakennaraháskólann á Laugarvatni. Ef sá skóli á að standa undir nafni þá verða að vera til íbúðir þar sem hægt er að bjóða upp á það að námsmenn í Íþróttakennaraháskóla Íslands geti komið með fjölskyldur sínar en þeim sé ekki boðið upp á þessar örfáu kytrur sem þar eru. Þar er varla hægt að bjóða upp á einstaklingsherbergi. Menn segja: Við viljum hafa Íþróttakennaraháskóla Íslands þarna en við ætlum ekki að búa til neitt háskólasamfélag. Það ætlum við ekkert að gera. Það á ekki að sjá til þess að nemendur geti sótt Íþróttakennaraháskóla Íslands að Laugarvatni. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. forseti sé mér sammála um að það er mikil nauðsyn á því að byggja þar upp. Ég er sannfærð um að hæstv. forseti þekkir, betur en þessir rúmlega miðaldra aðilar sem sitja í hæstv. ríkisstjórn, þörfina á Laugarvatni.

En ég er jafnsannfærð um að námsmannasamtökin þekkja þörfina miklu betur en hæstv. forseti, betur en ég og betur en við sem hér sitjum. Þess vegna eigum við að hlusta á þetta en ekki segja: Af því bara, þetta er betra. Þetta hefur verið ákveðið í þingflokkunum okkar þá fer þetta í gegn.

Við erum með ályktun, dags. 8. apríl, frá Stúdentaráði Háskóla Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Stúdentaráðs mótmælir harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðiskerfinu og hafa í för með sér að illa er vegið að framtíðaráformum um öfluga uppbyggingu stúdentagarðanna. Margt bendir til þess að stefna stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu stúdentagarðanna sé algjört afskiptaleysi. Árið 1997 fékkst engin úthlutun lána til uppbyggingar garðanna úr Byggingarsjóði verkamanna og stefnir allt í það sama í ár. Fyrirætlanir um útlán árið 1999 og 2000 benda síður en svo til þess að úrbóta megi vænta og eftir það er framtíðin óskrifað blað. Margt í nýgerðu frumvarpi bendir auk þess til aukins kostnaðar og óhagstæðari lána sem gera framtíðarhorfur síður en svo góðar.

Stjórn Stúdentaráðs beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að tryggt verði að áfram geti átt sér stað öflug uppbygging á félagslegum leiguíbúðum eins og stúdentagörðunum og komið verði í veg fyrir að stoðunum verði kippt undan rekstrargrundvelli garðanna."

Þetta var einróma samþykkt á fundi stjórnar Stúdentaráðs Háskóla Íslands 8. apríl 1998.

Hér eru fleiri blöð sem hægt væri að fara yfir, m.a. frá Félagsstofnun stúdenta, og umsagnir sem ég hef áðan getið um frá Kennaraháskólanum. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað beina því til hæstv. ráðherra og til þeirra þingmanna sem koma til með að greiða atkvæði að þeir taki tillit til þessarar beiðni að viðbættu því sem kemur frá verkalýðshreyfingunni, frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp.

Það eru mörg önnur atriði, virðulegi forseti, sem ég hefði viljað fara í, þó það sem ég tel að skipti kannski mestu máli hafi komið hér fram. Ég hef áður nefnt það að ég er dálítið hissa á þeim viðhorfum sem ríkja gagnvart verkalýðshreyfingunni, þrátt fyrir þá reynslu sem við höfum af hæstv. ríkisstjórn og samskiptum hennar við verkalýðshreyfinguna. Þar er svo sem af nógu að taka og nægir að nefna vinnulöggjöfina og atvinnuleysistryggingarnar. Samráðið sem fullyrt hefur verið um af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að alltaf og ævinlega sé haft við verkalýðshreyfinguna reynist ekki vera til staðar.

Ég hlustaði á hv. þm. Magnús Stefánsson, sem jafnframt er framsögumaður meiri hluta félmn., í Dægurmálaútvarpi Rásar 2 í gær, þar sem hann ræddi þessi mál ásamt Magnúsi Norðdahl, lögfræðingi Alþýðusambandsins. Þar var talað um það hvers virði samstarf verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins, og reyndar aðila vinnumarkaðirns, væri í þessum mikilvæga þætti hvað varðar húsnæðismálin. Og þá segir hv. þm. Magnús Stefánsson að nú sé gert ráð fyrir því í brtt. félmn. að hér verði komið á markvissu samstarfi aðila launþegahreyfinganna, sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um það að fara yfir leigumarkaðinn og móta þar línurnar með það að markmiði að byggja upp leigumarkaðinn á eðlilegan hátt og síðan varðandi fjárframlög til lánveitinga til leiguíbúða.

Nú á sem sagt að byggja upp markvisst samstarf milli launaþegahreyfinganna, sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Hver haldið þið að trúi þessu? Það trúir ekki nokkur einasti maður, miðað við það sem á undan er gengið, að eitthvað verði byggt upp sem heitir markvisst samstarf við launþegahreyfinguna. Það trúir því bara ekki nokkur maður.

Reynslan 1995, 1996, 1997 og það sem af er þessa árs segir okkur að treysta því ekki. Það verður ekkert samstarf við launþegahreyfinguna, það verður ekkert samstarf haft við samtök t.d. öryrkja eða eldri borgara, og það verður ekkert samstarf við námsmannahreyfinguna. Reynslan segir okkur þetta.

Ég trúi þessu öllu á þingflokk Sjálfstfl. og hv. þm. Pétur Blöndal, þessum sjónarmiðum, ég trúi því öllu. Ég tel að þetta sé nefnilega hans lífsskoðun og þess vegna sé hann í Sjálfstfl. og hafi farið fram undir merkjum hægri stefnunnar. Ég á afar erfitt með að trúa því að niðurstaða þessa frv. og þetta samráðsleysi við verkalýðshreyfinguna, við launaþegana í landinu, sé hinn raunverulegi vilji þeirra tveggja hv. þm. Framsfl., og þar af annar hæstv. ráðherra, sem sitja hér í salnum. Ég á afar erfitt með að trúa því eftir að hafa hlustað á málflutning þeirra í nokkur ár. Upp á annan þeirra, samþingmann minn, hv. þm. Guðna Ágústsson á Suðurlandi, á ég afar erfitt með að trúa því að þetta sé niðurstaðan. Þess vegna hlýtur maður að álykta að samskiptin við verkalýðshreyfinguna, samskiptin við launþegahreyfingarnar í landinu, samskiptin við samtök eldri borgara, samtök öryrkja og námsmanna,

séu sprottin úr tillögum frá Sjálfstfl. og Framsfl. hafi verið gert að kokgleypa þær. Þetta er ekki í neinu samræmi við flokksstefnu Framsfl., ekki miðað við það hvernig hún var kynnt fyrir síðustu kosningar. Hafi því verið breytt þá hefur verið passað upp á að fara mjög hljóðlega með þá breytingu.

Í sjálfu sér kemur þetta viðhorf kannski fram þegar horft er til þess hvernig fara á með réttarstöðu starfsmanna við Húsnæðisstofnun ríkisins. Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins sendi hæstv. félmrh. 18. eða 19. mars áskorun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hjálagt sendist yður afrit af áskorun starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins til félmrh. vegna fyrirhugaðrar niðurlagningar stofnunarinnar. Áskorun þessi var einróma samþykkt á almennum starfsmannafundi í stofnuninni í gær þann 18. mars.

Þess er farið á leit við yður að þér leggið áskorun þessa fram á fundi nefndarinnar þegar frv. til laga um húsnæðismál verður til umræðu.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Starfsmannafélags Húsnæðisstofnunar ríkisins, Gunnhildur Gunnarsdóttir formaður."

Í áskoruninni til félmrh. segir, með leyfi forseta:

„Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins skorar hér með á hæstv. félmrh. að hann beiti sér fyrir því að við frv. til laga um stofnun Íbúðalánasjóðs verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði.

Í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförnu hefur verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Nægir hér að nefna 8. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 8. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutfélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, og loks 13. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

Í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs.

Virðingarfyllst, starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Við þessu hefur ekki verið orðið, ekki heldur í hv. félmn., ef ég skil rétt. Þetta þykir afskaplega einkennilegt og sýnir virðingarleysi gagnvart starfsfólki, gagnvart launþegum og þessi háttur hefur ekki verið hafður á áður. Ég er hér með samantekt um þau fruvmörp og lög sem hafa verið samþykkt frá Alþingi að undanförnu þar sem um er að ræða breytingar á viðkomandi rekstri þar sem réttindi starfsmanna hafa verið tryggð. Þar er fyrst til að nefna lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, en þar segir í 8. gr. um réttindi starfsmanna, með leyfi forseta:

„Allir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands ísl. bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Nú tekur maður, sem gegnir starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf., og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands fellur niður er hann tekur við starfinu."

Í lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins frá 26. maí 1997 segir í 10. gr., með leyfi forseta:

„Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, skulu eiga kost á starfi hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf."

Þann 14. júní 1996 voru samþykkt lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Þar segir í 8. gr., með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara."

Síðan eru hér lög um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins. Þar segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Síðan er hér um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins, með leyfi forseta.

„Fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins skal boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hér er hlutafélag um Síldarverksmiðjur ríkisins, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Síðan er hér stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins:

„Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins."

Svo er það frv. til laga um Þvottahús Ríkisspítalanna sem ekki var samþykkt, en þar var þó gert ráð fyrir þessum réttindum starfsmannanna. Og hér er frv. til laga um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu sem eru lög nr. 45/1993. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Íslenskrar endurtryggingar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi við yfirtökuna og skal þeim boðin sambærileg staða og þeir gegndu áður."

Þegar frv. til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða var lagt fram var jafnframt gert ráð fyrir réttindum starfsmanna.

Þá er spurningin, hæstv. ráðherra: Hver er munurinn? Hvers á þetta fólk, starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins, að gjalda? Hvers á það að gjalda, þegar það liggur fyrir eins og hér hefur verið talið upp að í hvert einasta skipti sem rekstrarformi hefur verið breytt eða stofnun lögð niður, önnur tekið til starfa eða tekið við hlutverki hennar, þá hefur starfsfólkinu verið boðin staða á sambærilegum kjörum? Hvers á starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins að gjalda? Er það að mati hæstv. ráðherra miklu verra starfsfólk en það sem gegndi störfum sínum hjá hinum þeim stofnunum sem hér hafa verið taldar upp? Hefur það sinnt verkum sínum eitthvað verr? Er nokkuð minni ástæða til þess að tryggja þeim áframhaldandi störf? Er réttur þeirra eitthvað minni eða hefur viðhorf ríkisstjórnarinnar til launafólks breyst svona mikið?

Það er eðlilegt, virðulegi forseti, að beina þessari spurningu, ekki bara til hæstv. ráðherra, heldur einnig til þeirra þingmanna stjórnarflokkanna sem ætla sér að standa að samþykkt þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum fara yfir ályktun sem Alþb. gerði á landsfundi sínum í nóvember 1997 um húsnæðismál. Þar segir:

Húsnæðiskaup eru oftast ein stærsta fjárfesting sem einstaklingur tekst á hendur. Öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegu verði hlýtur að teljast til grundvallarmannréttinda fólks. Kostnaður við húsnæði getur riðið baggamuninn í afkomu fjölskyldna og einstaklinga. Því er nauðsynlegt að öllum þegnum sé gert kleift að kaupa eða leigja húsnæði á verði sem er viðráðanlegt og setur ekki afkomu fjölskyldna í hættu.

Höfuðáherslu þarf að leggja á það á allra næstu árum að efla leigumarkaðinn með markvissum aðgerðum þannig að það verði raunverulegur kostur að leigja í stað þess að kaupa.

Einn vandinn í opinbera húsnæðiskerfinu er félagslega íbúðakerfið. Illa gengur að selja íbúðir í mörgum sveitarfélögum en einnig eru þessar íbúðir of dýrar, mun dýrari en aðrar íbúðir á sama svæði. Á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi og víðar á þéttbýlissvæðum eru þær þó talsvert undir markaðsverði.

Íbúðir í félagslega kerfinu eru rúmlega tíu þúsund talsins og má segja að einhver vandræði séu í kringum u.þ.b. 200 íbúðir. Um er að ræða staðbundinn vanda sem aðstæður í ýmsum sveitarfélögum hafa valdið. Þann sérstaka vanda verður að leysa.

Seljanleiki íbúðanna virðist að miklu leyti haldast í hendur við atvinnustig í sveitarfélögunum eins og eðlilegt er. Þá virðist að verð á íbúðum valdi því að hinir tekjulægstu hafa ekki tök á að kaupa í kerfinu. Þrátt fyrir 90% lán með lágum vöxtum til 40 ára reynist þessum hópi ofviða að reiða fram þau 10% sem einstaklingarnir þurfa sjálfir að leggja fram. Þessi hópur hefur fá úrræði á leigumarkaðnum ef hann kemst ekki inn í félagslegar leiguíbúðir sem ekki liggja á lausu eins og kunnugt er. Hann á heldur enga kosti í húsbréfakerfinu. Því er nauðsynlegt að fjölga verulega félagslegum leiguíbúðum á vegum sveitarfélaganna og að leigan sé þá á viðráðanlegu verði.

Húsaleigumarkaðurinn í landinu er mjög vanþróaður og um hann vantar skýrari reglur. Lögmál frumskógarins ráða þar. Endurskoða þarf húsaleigulög með réttindi bæði eigenda og leigjenda í huga. Endurskoða þarf starfshætti Húsnæðisstofnunar með það í huga að bæta þjónustu við lántakendur og færa hana nær íbúum landsins.

Félagslegar íbúðir. Sveitarfélög breyti félagslegum eignaríbúðum í félagslegar leiguíbúðir þegar ekki tekst að selja þær. Þar sem þær aðgerðir duga ekki þarf að grípa til sértækra aðgerða, þ.e. íbúðirnar verði settar á markað í áföngum og seldar hæstbjóðandendum. Sveitarfélög og ríki skipti með sér tapinu vegna þess að söluverð íbúðar mundi ekki duga fyrir skuldum sem á henni hvíla.

Aðgangur að félagslegum leiguíbúðum verði rýmkaður og verði ekki nauðsynlega bundinn við allra lægstu tekjuhópana. Einnig verði tekið tillit til skulda.

Íbúar félagslegra leiguíbúða, þar sem sértækra aðgerða er þörf, fái tækifæri til að kaupa þær á húsbréfalánum ef aðstæður þeirra leyfa og þeir þess óska.

Vextir verði endurskoðaðir á þriggja ára fresti, taki mið af tekjum og geti bæði hækkað og lækkað eftir atvikum.

Leigumarkaðurinn. Aðgerðir verði hafnar til að auka framboð á leiguhúsnæði, t.d. með því að stuðla að því að sveitarfélög, einstaklingar, samvinnufélög, hlutafélög eða félagasamtök byggi eða kaupi húsnæði gagngert til þess að leigja það út.

Húsaleigubætur verði hækkaðar og tryggt að allir leigjendur eigi kost á bótum. Húsaleigubætur verði skattfrjálsar.

Setja verður lög um leiguíbúðir og leigumiðlanir að norrænni fyrirmynd.

Forsendur fyrir ákvörðun húsaleigu í félagslegum leiguíbúðum verði endurskoðaðar reglulega.

Húsbréfakerfið. Lán í húsbréfakerfinu verði persónubundin þannig að einstaklingur geti flutt þau með sér milli íbúða.

Stimpilgjöld vegna lána á íbúðarhúsnæði verði felld niður.

Afföll verði meðhöndluð eins og vaxtagreiðslur við ákvörðun vaxtabóta.

Vaxtabætur verði greiddar mánaðarlega.

Leitað verði leiða til að auka sveigjanleika kerfisins.

Lánstími verði sveigjanlegur og miðist við að greitt verði ákveðið hlutfall af tekjum.

Virðulegi forseti. Hér er aðeins um að ræða upptalningu á áherslupunktum sem lagðir voru fram en ekki greinargerðin sem fylgdi með hverjum áherslupunkti. Þar sem ég tel að það sé jafnvel skynsamlegra að koma hér aftur og fara nánar yfir stefnu Alþb. en að eyða of löngum tíma hverju sinni í stólnum þá læt ég máli mínu lokið að þessu sinni.

[19:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti þetta ágæt ályktun hjá Alþb. og ég sé ekki betur en að mörgu leyti samræmist frv. þessari ályktun.

Þau fyrirtæki sem hv. þm. nefndi, þar sem sérstök klásúla var um starfsmennina, voru öll einkavædd. Þau voru öll háeffuð. Nú erum við ekki að einkavæða. Við erum ekki að háeffa. Því miður er ekki pláss fyrir alla starfsmenn. Það verða ekki verkefni hjá Íbúðalánasjóði fyrir alla núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar og þess vegna var ekki hægt

að slá því föstu í lagatexta. En eins og margoft hefur komið fram þá mun ég fara þess á leit við væntanlega stjórn Íbúðalánasjóðs að þeir starfsmenn sem hún telur að þurfi til Íbúðalánasjóðs verði valdir úr hópi núverandi starfsmanna, ágætra starfsmanna Húsnæðisstofnunar.

Ég stóð sérstaklega upp til þess að þakka skýrsluna um Stokkseyri úr upphafi ræðu hv. þm. Þarna kom nefnilega fram þingmaður sem vissi hvað hann var að segja. Hv. þm. hefur verið sveitarstjórnarmaður og þekkir málið. Það hefur brunnið á henni sjálfri. Ég dreg ekki í efa að nákvæmlega rétt hefur verið greint frá öllu saman.

Því þá verð ég að viðurkenna að það er rétt hjá henni að þetta frv. leysir ekki nema hluta af þeim vanda og kannski ekki nema lítinn hluta af vandanum. Auðvitað þarf þarna sértækar aðgerðir til að bjarga vandanum endanlega. Það er svolítið tilhlaup í bráðabirgðaákvæðinu um varasjóðinn, að nota hagnað af innleystum íbúðum til að greiða niður en það dugir ekki langt. Ég bind nokkrar vonir við 14. liðinn í byggðaáætluninni sem ég tel að geti komið þarna við. Að endingu þetta: Reglurnar sem hið félagslega kerfi er bundið eftir eru kolvitlausar.

[20:01]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið samdóma álit allra þeirra sem hafa komið að þessu að á þeim reglum sem við höfum búið við í félagslega húsnæðiskerfinu þyrfti að taka alveg sérstaklega. En það sem ég var að vekja athygli á með upptalningu á þessum íbúðum — vegna þess að þetta er tæmandi upptalning á öllum íbúðum í einu sveitarfélagi og ég veit að vandamálin eru sambærileg hjá mjög mörgum sveitarfélögum vítt um landsbyggðina — er að ég tel að í frv. sé ekki tekið á þessum vanda og í raun hafi félmn. kannski ekki skoðað málið nákvæmlega út frá þessu, þ.e. að fá frá sveitarfélögunum uppsetningu á kaupleiguíbúðunum, leiguíbúðum og félagslegum eignaríbúðum og þeirri kaupskyldu sem hvílir á sveitarfélögunum, að fá niðurstöðutölurnar og skoða þetta þannig að hægt væri að gera breytingar og taka á öllum þeim þáttum og vandamálum sem blasa þarna við. Ég spyr hæstv. ráðherra enn og aftur á hverjum lenda þessar 30 millj. kr. sem þarna virðist vera mismunur, og meira en 30, það eru líklega yfir 50 millj. sem er mismunurinn á fasteignamati og áhvílandi lánum á þessum íbúðum sem þarna ræðir um.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði um starfsmenn þeirra stofnana sem ég taldi upp að í flestum tilvikum var verið að einkavæða eða setja hf. eða háeffa eins og virðulegur forseti kallar það gjarnan, þær stofnanir og þau fyrirtæki sem ég taldi upp en er eitthvað minni ástæða til að tryggja réttindi starfsmanna hjá stofnun sem heyrir áfram undir ríkið? Ég tel það ekki vera. Það er alveg jafneðlilegt og sjálfsagt að tryggja réttindi starfsmanna ríkisstofnana og þeirra sem verða áfram starfsmenn ríkisins eins og þeirra sem fara inn í þessi einkafyrirtæki.

[20:03]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem áfram koma til með að starfa hjá Íbúðalánasjóði verða áfram ríkisstarfsmenn og kringumstæður þeirra verða ekkert líkar þeim sem fara til einkavæddra fyrirtækja og missa hinn góða vinnuveitanda, ríkið. Það verður auðvitað að skipta þessum vanda af félagslegum íbúðum. Það er engin önnur leið. Ríkið verður að taka þátt í því, það er ekki hægt að búast við því að sveitarfélögin geri það. Nú geri ég ráð fyrir að Stokkseyri flokkist ekki með þeim sveitarfélögum sem hv. 13. þm. Reykv. kallaði hundrað sinnum í gær „sveitarfélög sem hefðu staðið sig illa" í félagslegum málum. Vandinn á Stokkseyri, jafnvel þótt hann sé nokkuð stór fyrir Stokkseyri, er smáræði hjá því sem ég þekki til sums staðar annars staðar. Ég hef dæmi um sveitarfélag sem er líklega búið að tapa eða er með bagga upp á 800 millj. fyrir félagslegt húsnæði. Það sveitarfélag kemst aldrei út úr því að greiða þann bagga eitt.

Það eru mörg atriði í ræðu hv. þm. sem ástæða væri til að fara yfir. Það er ekki rétt að nýja kerfið verði dýrara. Það er bara ekki rétt. Það er þvert á móti og ef við stjórnarsinnar hefðum grun um að þetta yrði dýrara hefðum við ekki farið með málið fram. Við sannfærðumst um það að þetta væri ódýrara og betra fyrirkomulag en við búum við í dag og mér finnst að það hafi komið ágætlega fram hjá hv. þm. að núverandi kerfi er gallað.

[20:05]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gögn hafa komið fram, m.a. frá húsnæðisnefndum frá Akureyri, frá Hafnarfirði, að mig minnir, og Kópavogi, sem sýndu útreikninga miðað við kerfið eins og það er í dag, og þær breytingar sem eru áætlaðar. Í öllum tilvikum var um að ræða meiri greiðslubyrði, meiri kostnað, ekki bara fyrir einstaklingana heldur ekki síður fyrir sveitarfélögin. Þau gögn sem liggja fyrir eru samt sem áður frá þessum einstaklingum eða frá þeim nefndum sem eru með þessi vandamál, eru að skoða þetta. Að vísu má segja að fyrir þessi stóru sveitarfélög er félagslega húsnæðiskerfið eins og það er í dag ekki vandamál, ekki það sama og það er í þessum litlu sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Ég veit að vandinn er mjög stór hjá sumum sveitarfélögunum en það verður að horfa á þetta út frá því að leysa þennan vanda sem við blasir hjá sveitarfélögunum sem er nokkur en ekki síst verður alltaf að standa að afgreiðslu þessa kerfis sem sérstaks, félagslegs úrræðis fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Út frá því verður að ganga. Það hefur verið markmiðið og verður að vera markmiðið áfram. Miðað við þær umsagnir sem við höfum séð reikna menn með því að kerfið verði dýrara. Þar stendur orð gegn orði og ég hef enn ekki heyrt eða fengið þau rök sem styðja annað. Í þinginu hafa ekki verið lagðir fram útreikningar hlið við hlið eins og hefur verið gert gagnvart hinu, sem sagt að kostnaðurinn verði meiri. Þar erum við þó með tölur í höndunum.

Virðulegi forseti. Þér gleymið ævinlega að kveikja á ljósinu.

(**Forseti** (GÁ): Því miður, hv. þm. hefur forseti ekkert vald yfir ljósinu þótt hann gjarnan vildi. Það virðist vera bilað um þessar mundir og biður forseti hv. þm. að fylgjast með tíma sínum.)

[20:07]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Mér finnst iðulega að hv. þm. gleymi því að allar bætur eru greiddar af einhverjum. Þær eru greiddar af skattgreiðendum og það er mjög mikilvægt að kerfið sem við byggjum upp sé hagkvæmt. Nú er það þannig að það kerfi sem við erum með hefur bæði hækkað verð á fasteignum og er stórgallað eins og hv. þm. gat um. Það hefur hækkað verð á félagslegum íbúðum, lækkað verð á öðrum eignum annarra borgara í sveitarfélögum úti um allt land og það hefur oft veitt ómaklegum styrki, þeim sem ekki þurfa styrkja við. En það sem breytingin felst aðallega í er að nú

á að fara að borga þeim sem á að fá styrkinn beina greiðslu með húsaleigubótum og vaxtabótum. Það skýrir viðbrögð þeirra aðila sem hafa haft tekjur frá kerfinu og haft umsjón með íbúðunum, þ.e. millilíðina, sem hafa verið að byggja íbúðir með vaxtaniðurgreiðslu og leigja þær út með lágri leigu sem nú verður gert óþarft. Samkeppnin mun nefnilega stóraukast á húsaleigumarkaðinum þegar leigjandinn sjálfur fær styrkinn og getur farið að velja sér íbúðir úti um allt. Þetta er aðalástæðan fyrir því að ég styð þetta kerfi, að það eykur samkeppnina, það mun lækka verðið í heild sinni á markaðnum og gera fólki kleift að velja sér íbúðir þar sem það vill búa en ekki að það verði að búa á ákveðnum stöðum.

[20:09]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fólk, sem þarf á félagslegu kerfi að halda, mun alls ekki geta valið sér með þessu nýja kerfi hvar það vill búa, alls ekki. Í skýrslu sem ég fór yfir um búsetuþróun á Íslandi, rannsóknir á orsökum búferlaflutninga, kom það fram og ég get farið yfir það aftur, hvaða þættir það eru sem hafa lækkað fasteignaverðið, hv. þm. Pétur Blöndal. Það eru stjórnvaldsaðgerðir sem hafa orðið til þess að fasteignaverðið hefur lækkað, ekki að boðið hafi verið upp á svo og svo mikinn fjölda félagslegra íbúða sem hafi dregið niður annað fasteignaverð. Það er ekki þannig. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar á atvinnuháttum. Það kemur t.d. fram í þessari skoðanakönnun sem var gerð meðal fólks úti á landsbyggðinni, sem við þurfum að horfa til alveg sérstaklega, og það eru sértækar aðgerðir og þær munu ekki duga. Það er kominn tími til að menn horfi út fyrir höfuðborgina þegar talað er um hagkvæmt félagslegt kerfi. Það er kominn tími til þess. Hér segir hverjir það eru sem flytja milli, fara nú aðallega hingað til höfuðborgarinnar og það eru þeir sem hafa lægst launin. Það er fiskverkunarfólkið og það eru bændur. Heldur þú að þetta fólk sé að flytja búferlum og fara til Reykjavíkur vegna þess að verð á fasteignum hafi lækkað svo rosalega út af félagslegu húsnæði? Nei, það er að fara vegna þess að búið er að setja á arfavitlaust kvótakerfi þar sem m.a. er verið að flytja alla vinnslu úr landi út á sjó og vegna þess að við erum að leggja landbúnaðinn niður. Allt í ljósi hvers, virðulegi hv. þm. Pétur Blöndal? Samkeppninar. Það er vegna þess að þetta orð, samkeppnin, ræður ferðinni í öllu og það er þetta orð og þessi stefna harðrar samkeppni sem er að gera það að verkum að landsbyggðin er að leggjast af og það hefur ekkert með það að gera hvort félagslega kerfið hafi þróast á þennan eða hinn háttinn. Það er bara búið að flæma fólk úr félagslega kerfinu til Reykjavíkur vegna þess að það er ekki atvinna handa því.

[20:11]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var bara ekkert að ræða um búferlaflutninga utan af landi. Ég var bara ekkert að ræða um það (**MF:** Fólk veldi sér búsetu.) Hef ég orðið? Ég var ekkert að ræða um búferlaflutninga, ég var að tala um það að þegar fólki úti á landi býðst íbúð sem er miklu ódýrari í leigu með endurkaupsrétti sveitarfélagsins miðað við að kaupa sér íbúð og vera bundið af henni alla tíð. Þetta hefur lækkað verð á fasteignum. Fólk hefur ekki getað losnað við íbúðir sínar á Blönduósi og Vestfjörðum og víðar úti um allt land. Þetta hefur lækkað verð á öllum íbúðum og þetta hefur gert það að verkum að fólk hefur ekki þorað að fara út á land og fjárfesta þannig að félagslega kerfið hefur virkilega valdið því að borgarar þessara svæða eru verr settir. En það sem ég var að geta um er að þegar neytandinn sjálfur, þ.e. leigjandinn, fær húsaleigubætur eða vaxtabætur ræður hann hvort hann leigir hjá Félagsstofnun stúdenta sem er með mjög dýra leigu og hefur safnað miklum auð, það er um 1 milljarður sem Félagsstofnun stúdenta hefur safnað, 200 þús. kr. á hvern einasta stúdent. Þegar stúdentinn getur valið um hvort hann leigi á almennum markaði sem er bara ekkert dýrari en Félagsstofnun stúdenta og fær húsaleigubætur myndast samkeppni. Félagsstofnun stúdenta verður þá að reka íbúðir sínar ódýrar og keppa við almennan markað en það vantar að sjálfsögðu bæði tekjuskatt og eignarskatt inn í dæmið hjá þessum aðilum sem eru með niðurgreidd lán og geta boðið niðurgreidda leigu en það er verið að breyta því.

[20:13]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Viðhorf og niðurstaða hv. þm., stjórnarliða sem hugsa eins og hv. þm. Pétur Blöndal, skýrir ansi margt fyrir mér þegar búið er að finna út að það sé fyrst og fremst verðlagningu félagslega húsnæðiskerfisins að kenna, offramboði á félagslegu húsnæði hlýtur þá að vera, að markaðsverð hefur farið niður á landsbyggðinni, haldið því niðri. Ég er svo gáttuð og mér finnst þetta sýna svo mikla vanþekkingu á því sem er að gerast á landsbyggðinni vegna þess að markaðsverð helst í hendur við atvinnustig og það sem hefur fyrst og fremst lækkað og orðið til þess að markaðsverð íbúða á landsbyggðinni hefur lækkað er kvótakerfið, sú breyting sem hefur orðið á sjávarútvegi og sú breyting sem hefur orðið á landbúnaði. Þetta veit hv. þm. og það eru fráleit rökin og enn fráleitari þegar við hugsum til þess að þið eruð að segja hér, hv. þm., að þið ætlið að fara að bjóða fólki með lág laun gott húsnæði á sambærilegum kjörum og jafnvel betri. Hæstv. ráðherra sagði: Það mun verða betra fyrir láglaunamanninn að eignast húsnæði, þetta verður ódýrara og minni kostnaður. Hvað þá? Hvað þá? Hvað verður þá um markaðsverðið? Hvað verður þá um markaðsverðið ef þið eruð að fara niður? (**Gripið fram í:** Það er hliðarverkun.) Hvers lags rökleysa er þetta orðin hjá hv. þm.?

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 20:15]

## *Um fundarstjórn.*

Ummæli forsætisráðherra í fréttatíma sjónvarps.

[20:30]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það urðu mikil tíðindi og ill í kvöldfréttum sjónvarpsins þar sem viðtal við hæstv. forsrh. Íslands. Þar lýsti hann því yfir að það þyrfti að breyta þingsköpunum. Það þyrfti að gera nú í vor eða eftir kosningar. Hann réðst að þinginu, hann réðst að stjórnarandstöðunni, hann talaði um að stjórnarandstaðan væri þinginu til skammar. Hann taldi að stjórnarandstaðan hagaði sér þannig að vinnubrögð hennar væru ekki nægilega þroskuð. Hann sagði að stjórnarandstaðan skaðaði orðstír Alþingis. Hann sagði að stjórnarandstaðan væri óskammfeilin og fyrir neðan allar hellur. Og sagði svo:

„Þetta verður auðvitað ekki vandamál því á þessu verður tekið. Á þessu verður tekið hvort sem það er gert nú í vor eða eftir kosningar.“

Þessi valdhroki er auðvitað með þeim hætti að það er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forseta Alþingis: Er hæstv. forsrh. í hótunum sínum gagnvart þingræðinu að tala fyrir hönd forseta Alþingis? Eru uppi áform um það af hálfu hæstv. forseta Alþingis að knýja fram breytingar á þingsköpum einhliða af hálfu meiri hlutans nú á næstunni? Eða er hér um að ræða almenna geðvonsku forsrh. sem birtist svo að segja á hverju vori eftir að hann tók við þessu embætti að þá birtast skapbrigði hans Alþingi með þessum hætti? Er með öðrum orðum um að ræða svo að segja klassíska geðvonsku hæstv. forsrh. eða er eitthvað annað á ferðinni? Eru stjórnarflokkarnir að boða að það standi til að knýja fram breytingu á þingsköpum á næstunni?

Ég tel að áður en lengra er haldið, herra forseti, og með hliðsjón af því að þingstörfin hafa verið hér í óefni sé nauðsynlegt að hæstv. forseti geri grein fyrir því hvort hann stendur að baki hótunum hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

[20:33]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir spurningar hv. þm. Svavars Gestssonar. Það er mikilvægt fyrir okkur þingflokksformenn að vita hug forseta í þessu efni. Forsrh. sendir stjórnarandstöðunni tóninn aftur og aftur í fjölmiðlum og hann talar gjarnan um að vinnulag sé óviðunandi og það er vinnulag sem er óviðunandi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hann ber það gjarnan saman við önnur þing og ég fullyrði, herra forseti, að á öðrum þingum mundi það ekki gerast að forustumenn í þinginu hlusti á það æ ofan í æ að sjálfur forsrh. landsins mæli fyrir um það í fjölmiðlum hvernig skuli nú gera í þinginu og hvernig þinghaldið skuli verða, af því að hann hefur ákveðið að það verði svo og lætur okkur hlusta á slíkt í fjölmiðlum.

Herra forseti. Það var jákvætt að við áttum fund með forseta í kvöld. Það er annar fundurinn á tæpum tveimur vikum, hinn var í gær. Ég lít svo á að þetta boði áform forseta að eiga á ný samráð við þingflokksformenn og það er nauðsynlegt. Ég lít svo á að ef yfirlýsing forsrh. er ekki í samræmi við samtöl hans og forseta sé brýnna en nokkru sinni að stjórn þingsins, forsetar og þingflokksformenn, taki upp þar sem frá er horfið og reyni að koma þinghaldinu í sæmilegt lag. Þá er ég ekki að tala um vinnulag stjórnarandstöðu. Þá er ég að tala um vinnulag eins og það hefur blasað við af hálfu stjórnar þingsins.

[20:35]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ef það er vilji meiri hluta þingsins að þingstörfum ljúki fljótlega og að mál gangi sæmilega fram verð ég að segja að þessi ummæli hæstv. forsrh. í kvöld eru ekki til þess fallin að greiða fyrir þingstörfum eða að leiða til þess að sátt náist um framvindu þingstarfa.

Það kann að vera að menn séu farnir að þreytast á þessu vori og mörgum finnist slæmt að komast ekki út í kosningabaráttuna til að styðja sitt fólk en það vill svo til að við erum að ræða mjög stór mál hvert á fætur öðru og það hefur komið greinilega fram í umræðunni að mörgum liggur mjög mikið á hjarta. Það hefur verið eitt af einkennum íslenska þingsins að ræðutími hefur ekki verið takmarkaður fyrr en fyrir örfáum árum að ákveðið var að takmarka umræðu við 1. umr. Ég held að menn eigi að hugsa sig ákaflega vel um áður en þeir fara að hugleiða frekari breytingar því að menn skiptast á og flokkar skiptast á um að vera í stjórn og stjórnarandstöðu. Það er einu sinni svo að það að tala og láta skoðun sína í ljós er sú lýðræðislega aðferð sem stjórnarandstaðan hefur til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Vænlegasta leiðin til þess að greiða hér fyrir þingstörfum er auðvitað að leita sátta og að fólk tali saman og sýni einhvern samningsvilja. Ég hef ekki orðið vör við það að innan dyra væri nokkur einasti vilji meiri hlutans til þess að semja um nokkurn skapaðan hlut. Ég hef ekki orðið vör við það að menn hafi sest yfir þetta. Við höfum bara fengið þau skilaboð að það eigi að keyra í gegn þessi fjögur stórmál hvað sem tautar og raular. Það er í það minnsta lágmark, hæstv. forseti, að menn setjist yfir þessi mál og reyni að ræða hvort ekki er einhver flötur á því að ná samkomulagi um það hvernig þingstörfum skuli háttað á næstu dögum og hugsanlega vikum og sjá hvort við getum ekki komist að samkomulagi áður en menn fara að taka svona sterkt til orða og auðvitað fleygja fram hótunum því að þetta eru ekkert annað en hótanir í garð okkar.

[20:38]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég gat því miður ekki hlustað á hæstv. forsrh. enda stóð þingfundur þegar útvarpað var. Það er dálítið merkilegt með hliðsjón af því að það er lagaskylda að sækja þingfundi að einhverjir hv. þm. gátu hlustað á hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** En forsrh. sjálfur?) Já, hann líka.

En einmitt þetta atriði bendir til þess að það er mjög brýnt að endurskoða þingsköpin. Það að þingmenn skuli ekki fara að eigin lögum alla daga, og ég ekki undanskilinn, gerir það mjög nauðsynlegt að endurskoða þingsköpin og ég hef margoft bent á það í þessari umræðu að það er mjög mikilvægt að við endurskoðum þingsköpin, t.d. frá og með næstu kosningum. Ég vildi gjarnan að allir hv. þm. ynnu saman að því að finna skynsamlegar reglur sem leiða til þess að vinnubrögðin á Alþingi geti orðið þannig að maður geti staðið upprétturr frammi fyrir kjósendum og vinnubrögðin séu þannig að við skilum góðum lögum og þörfum eftir málefnalega umræðu sem er mjög mikilvægt. Þetta er allt saman háð þingsköpunum.

Ég skora á hv. þm. að vinna nú allir saman vel að því að breyta þingsköpum þannig að þau leiði til skipulegra vinnubragða á Alþingi.

[20:39]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson kom fram í sjónvarpi í kvöld. Hann sagði að tryggja þyrfti eðlileg þingstörf en þar stæði stjórnarandstaðan í vegi. Hún kæmi í veg fyrir að Alþingi Íslendinga næði eðlilegum þroska.

Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson telur sig eflaust vera mjög þroskaðan mann og Sjálfstfl. telur hann eflaust líka vera mjög þroskaðan, og sama gildir sennilega um Framsfl. og hæstv. ráðherra úr þeim flokki. Hæstv. félmrh. telur Davíð Oddsson eflaust vera mjög þroskaðan ráðherra. Og hæstv. iðnrh. telur Davíð Oddsson hæstv. forsrh. eflaust vera mjög þroskaðan ráðherra vegna þess að mælikvarði Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. Íslands, á þroska stjórnmálamanna og þroska stofnana lýðræðisþjóðfélagsins er að farið sé að hans vilja í einu og öllu.

Þetta eru vanstilltar yfirlýsingar og þetta eru andlýðræðislegar yfirlýsingar. Á Alþingi eru þingmenn stjórnarandstöðunnar að reyna að forða stórslysum í lagasmíð. Við erum að reyna að koma í veg fyrir að lög verði samþykkt sem hefðu það í för með sér að þúsundum láglaunafólks yrði vísað út á

götuna. Við erum að reyna að koma í veg fyrir að auðlindir þjóðarinnar verði teknar af henni. Hæstv. forsrh. mun ekki slökkva á okkur með hótunum af þessu tagi, hvorki hér innan dyra né í þjóðfélaginu almennt. Við munum tala máli okkar af vaxandi þunga fram að næstu kosningum þegar kjósendum gefst tækifæri til að skipta um áhöfn í Stjórnarráðinu og hér innan dyra.

[20:41]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég læt mér í léttu rúmi liggja hótanir hæstv. forsrh. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann hefur talað svona um hið háa Alþingi. Ég minnist þess að hann hefur líkt því við óþægan krakkabekk í gagnfræðaskóla. Við þurfum að hafa ákveðna samúð með sálarlífi hæstv. forsrh. Dagarnir eru honum erfiðir, það eru kosningar fram undan og í kjördæmi hans blasir það við að Sjálfstfl. er að tapa heldur illilega. Ég hef fyllstu samúð þess vegna með því að hæstv. forsrh. er dálítið vanstilltur þessa daga.

Lýðræðið er auðvitað vandmeðfarið. Stjórnarandstaðan hefur haft rétt sinn til þess að ræða í þaula og mjög ítarlega þau mál sem fyrir liggja. Það vill svo til að þau frumvörp sem hafa hlotið mesta umræðu síðustu dægur og vikur eru öll gríðarlega viðamikil, þau skipta mjög miklu máli. Þar er tekist á um grundvallarafstöðu til mjög mikilvægra mála og þess vegna er ekkert skrýtið að stjórnarandstaðan notfæri sér þennan rétt. Hann er auðvitað af hennar hálfu vandmeðfarinn. En það er líka vandmeðfarið af stjórnarliðinu hvernig þeir nota ofurtök sín hér. Það hefur aldrei gerst frá því að ég kom hingað upp úr 1990 að stjórnarliðið hefur ekki einu sinni virt stjórnarandstöðuna viðlits. Ekki er tekið tillit til einnar einustu ábendingar sem varðar þau mikilvægu frumvörp sem hérna liggja fyrir og það er ekki einu sinni rætt við stjórnarandstöðuna hennar frómu og hógværu óskir um að fresta tilteknum málum. Það eru engar viðræður í gangi. Það er nýlunda í þessum sölum og ég verð því að segja, herra forseti, að það er ekkert skrýtið þó að stjórnarandstaðan taki sér þennan rétt sem hún hefur. Ég held að það væri mjög erfitt og rangt af hæstv. forsrh. að reyna að beita sér fyrir þessari breytingu vegna þess að þar er vegið að einum grundvallarrétti lýðræðisins.

En ég vek hins vegar eftirtekt á því að það skiptir engu máli hverju hæstv. forsrh. hótar. Hann hefur einfaldlega ekki þingstyrk til þess að koma þessu í gegnum þingið. Sé slíkt frv. sem hann er að tala um komið fram eftir 1. apríl þyrfti afbrigði og ég, a.m.k. fyrir mitt leyti og væntanlega öll stjórnarandstaðan, mundi greiða atkvæði gegn því að veita slíkt afbrigði. Hann getur því ekki komið þessu frv. í gegn núna og ekki heldur þó hann framlengi þingið eitthvað fram á sumar.

Ég held þess vegna, herra forseti, að æskilegast væri að hið háa embætti forseta reyndi með einhverjum hætti að ná niðurstöðu í samræðum milli stjórnar og stjórnarliða. Hins vegar hefur ekki tekist einu sinni að ná þeim viðræðum í gang og ég harma það alveg eins og ég harma þessar vanstilltu yfirlýsingar hæstv. forsrh.

[20:44]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort honum finnist eðlilegt að þessi umræða fari fram með þessum hætti. Hér tala formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar til hæstv. forsrh. eða öllu heldur í tóman stól hæstv. forsrh., sem kemur með yfirlýsingar sínar fram í fjölmiðlum en lætur ekki svo lítið að koma hingað á Alþingi og bera þær þungu ásakanir sem hann bar fram í ríkissjónvarpinu í kvöld á Alþingi þannig að við gætum rætt við hann augliti til auglitis. Ég hef beint spurningu til hæstv. forseta Alþingis og óska eftir svörum við henni.

[20:45]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hugðist svara og vill gera það nú. Í fyrsta lagi þykir forseta ekki eðlilegt að þessi umræða fari fram að hæstv. forsrh. fjarstöddum, en hann er ekki viðstaddur hér í kvöld af ástæðum sem forseti hélt að ýmsum væru kunnar og vonandi allir skilja. (**ÖJ:** ... komið fram með svona gróf-ar yfirlýsingar.) Þá getur forseti upplýst að hæstv. forsrh. er upptekinn vegna heimsóknar Margrétar Danadrottningar hingað til lands. Það er ástæðan.

Forseti vill taka fram, vegna orða sem hér hafa fallið, að það hefur lengi legið fyrir að þessi fjögur mál sem verið hafa til umræðu í þinginu síðustu 14 daga hefur ríkisstjórnin sett í forgangsröð. Út af fyrir sig á það ekki að koma neinum á óvart nú.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort hæstv. forsrh. væri að tala fyrir hönd forseta Alþingis. Það er hann ekki að gera, það talar enginn annar fyrir hönd forseta Alþingis. Forseti talar fyrir sínar skoðanir sjálfur. Forseti vill geta þess að hæstv. forsrh. bar þá hugmynd sína, sem hann kom fram með í sjónvarpsviðtali núna, ekkert sérstaklega undir forseta, enda þarf hann ekki að gera það fremur en aðrir og hæstv. forsrh. svarar að sjálfsögðu sjálfur fyrir sínar skoðanir. Forseti getur ekki svarað því hvort knýja eigi fram slíkar breytingar, sem spurt var um, á þessu þingi. Það hefur ekkert sérstaklega verið rætt.

Forseti vill leiðrétta þann misskilning sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. að það þurfi tvo þriðju til þess að taka slíkt mál til umræðu. Slíkt þarf ekki. Það eru ákvæði í þingsköpum þess efnis að einfaldur meiri hluti nægi til þess að taka á dagskrá mál sem lögð hafa verið fram eftir 1. apríl, þannig að sá misskilningur sé leiðréttur. Forseti telur sig ekki þurfa að taka fleira fram og vonar að hann hafi svarað beinum spurningum sem til hans var beint.

[20:48]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Nokkuð lengi hefur legið fyrir hver forgangsröð ríkisstjórnarinnar er. Okkur alþingismönnum er það fullkomlega ljóst hvaða mál ríkisstjórnin ætlar að setja á oddinn og jafnframt að hún hyggst afgreiða öll önnur mál sem hér komu inn yfir veturinn og áformað var að afgreiða. Þessi áform þekkjum við en það breytir því ekki hversu mikilvægt það er að stjórn þingsins ræði saman.

Herra forseti. Við vitum af hvaða ástæðum forsrh. er ekki hér og hefur ekki tök á að koma í kvöld, en ég vil láta það í ljós að honum var það fullkunnugt þegar hann ákvað að senda okkur í stjórnarandstöðunni tóninn, enn á ný í gegnum fjölmiðla, að hann mundi ekki verða hér ef viðbrögð yrðu við orðum hans nú í kvöld. Það er líka nokkuð sem ástæða er til að ræða við hæstv. forsrh.

Forsrh. er ekki forseti þingsins. Stundum held ég þó að forsrh. haldi að hann sé allt, líka forseti þingsins. Hann talaði um það í kvöld að sómi þingsins væri að veði. Ég held, virðulegi forseti, að það þurfi að leiða forsrh. í sannleikann um sóma þingsins. Ég fagna því að það hefur verið skýrt hér í kvöld að forseti þingsins á engan hlut í þessari yfirlýsingu sem barst okkur í sjónvarpinu í kvöld.

[20:50]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tek undir þessi síðustu orð hv. 5. þm. Reykn. að það er mikilvægt að hæstv. forseti Alþingis hefur lýst því yfir að hann eigi engan hlut að þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. Hann hefur þannig lýst því yfir að þar sé um að ræða ómagaorð sem ástæðulaust sé að taka sérstaklega mikið mark á, af hvaða ástæðum sem það nú er. Hins vegar held ég að það sé óhjákvæmilegt að þessi ummæli forsrh. verði rædd í forsn. sérstaklega, hvort sem það verður gert í kvöld eða síðar. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að þessar yfirlýsingar forsrh. verði sérstaklega teknar fyrir í forsn. og þar með hvernig fara á með þau drög að frv. um breytingar á þingsköpum sem lengi hafa legið fyrir í tilbúnu vinnuskjali.

Ég vil í annan stað segja, herra forseti, að það er nokkuð umhugsunarvert hvernig staða þingsins er orðin. Það er auðvitað rétt að að undanförnu hefur forsrh. landsins og ríkisstjórnin reynt að gera allt sem hún getur til að brjóta af sér andstöðu í þjóðfélaginu. Hún hefur reynt að gera eins lítið úr verkalýðshreyfingunni og mögulegt er og reynt að skerða starfsgrundvöll hennar verulega. Hún hefur spillt lífskjörum almennings og sérstaklega atvinnulausra í landinu. Hún er nú að eyðileggja félagslega íbúðalánakerfið og það er greinilegt að hæstv. forsrh. þráir fátt meira en að leggja stjórnarandstöðuna niður.

Yfirlýsing forsrh. í kvöld hafði bara einn tilgang. Tilgangurinn var sá að koma því út til þjóðarinnar að stjórnarandstaðan á Alþingi væri til óþurftar. Það var það sem hæstv. forsrh. vildi koma út til þjóðarinnar í kvöld. Hinar pólitísku árásir hans á stjórnarandstöðuna lýsa auðvitað óvenjulegum valdahroka. Ég segi, herra forseti, að það er að verða svo að ekkert er brýnna fyrir þjóðina en að þingið taki sjálfstætt á sínum málum og til verði ný sátt um störf Alþingis. Mér liggur við að segja menningarsáttmáli um störf Alþingis, sem allir eiga aðild að, þannig að hér sé hægt að vinna eðlilega að málum. Orð hv. þm. Péturs Blöndals áðan, sem kemur þó úr stjórnarliðinu, lýsa því kannski einna best að það er víðar en í stjórnarandstöðunni sem menn kalla á að tekið verði á þessum málum á ný.

Ég vil að lokum láta það koma fram af minni hálfu, herra forseti, að skoðun okkar er sú að það sé eðlilegt að sveitarstjórnirnar í landinu og sveitarstjórnarframboðin fái frið til að koma sínum málum á framfæri í næstu viku. Mín skoðun er sú að það sé eðlilegt að við gerðum á meðan hlé á störfum þingsins og kæmum svo saman eftir sveitarstjórnarkosningarnar. Við höfum, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, komið þessum sjónarmiðum á framfæri við hæstv. forseta og mér finnst að þessi lota megi ekki taka enda án þess að þessar upplýsingar komi fram. Við viljum sýna sveitarfélögunum í landinu þá virðingu að þau fái að fjalla eðlilega um sín mál í aðdraganda kosninga.

[20:53]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill vegna orða hv. þm. að það sé ljóst að það voru hans orð en ekki forseta að þetta væru ómagaorð sem ekki þurfi að taka mark á. Það voru ekki orð forseta. Hv. þm. á að vera kunnugt um það, a.m.k. formönnum þingflokka, að umræðum um ræðutíma í endurskoðunarstarfinu varðandi þingsköpin er ekki lokið. Það mál höfum við rætt en ekki komist að niðurstöðu í því.

Forseti vill aðeins í lok þessarar umræðu taka undir það að auðvitað þarf að verða sátt um þingstörfin. Forseti mun leggja sig fram um að svo geti orðið þrátt fyrir verulegan ágreining sem hér er uppi þessa daga.

[20:54]

**Útbýting þingskjals:**

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 655. mál, brtt. KÁ, þskj. 1404.

## *Húsnæðismál, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

[20:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er ómögulegt að hefja þessa umræðu án þess að ræða örlítið frekar framvindu þingstarfa á hinu háa Alþingi. Ég minni á það, herra forseti, að það var einmitt hæstv. forseti sem fyrir hönd forsn. reifaði það við stjórnarandstöðuna snemma í apríl hvort ekki væri hægt að finna samkomulagsflöt fyrir því að flýta þinglokum. Samkvæmt starfsskrá þingsins áttu þau að vera 8. maí en það var óskað eftir samstarfi við það að flýta þeim fram til 22. apríl ef ég man rétt.

Rökin sem gefin voru fyrir þessari ósk voru fyrst og fremst þau að nauðsynlegt væri að gefa þeim sem nú eru að heyja kosningabaráttu í sveitarstjórnum og bera sín mál fyrir kjósendum, tóm til að rökræða stefnu sína við kjósendur í sveitarfélögunum. Ég minnist þess að undirtektir við þetta voru býsna góðar innan stjórnarandstöðunnar en eðlilega var það sanngjörn ósk stjórnarandstöðunnar, þegar svona umleitun kom fram af hálfu stjórnarliðsins í gegnum forsn., að stjórnarliðið hnikaði til einhverjum sinna mála, frestaði einhverjum málum.

Það hefur í engu verið komið til móts við eina eða neina ósk stjórnarandstöðunnar í þessum málum. Hæstv. forseti hefur getið þess að þau fjögur stóru mál sem liggja fyrir þurfi auðvitað að komast í gegn. Hvers vegna? Vegna þess að ríkisstjórnin óskar þess. Eigi að síður er það þannig, held ég, að ekkert þessara mála er þess eðlis að það kalli beinlínis á samþykkt á Alþingi. Ég minni t.d. á það að það ágæta mál sem nýtur þó mestrar hylli af þessum fjórum í þinginu, þjóðlendufrv., er búið að vera í samningu í 14 ár. Ekki var héraðsbrestur vegna þess að það færi ekki í gegnum þingið.

Ég minni líka á að húsnæðisfrv. sem við erum að ræða í kvöld felur ekki í sér nein sérstök ákvæði sem beinlínis kalla á að málinu verði hraðað í gegnum þingið. Vel kann að vera að hæstv. félmrh. þyki sem einstök atriði séu þess eðlis að æskilegt væri að ná þeim fram. Ég get vel skilið það sjónarmið hjá kappsfullum ráðherra. Ég sé hins vegar ekki að það sé nokkuð sem reki beinlínis á eftir því að frv. verði tekið með offorsi og kappi gegnum þingið, nema ef vera skyldi hvöt hæstv. ráðherra til að raða fleiri framsóknarmönnum á jötuna í ýmsum stjórnum sem tengjast því vonda frv. sem nú er til umræðu.

Sama má auðvitað segja um frv. hæstv. iðnrh. um auðlindir í jörðu. Þar er ekkert sem rekur á eftir því að það verði samþykkt endilega núna. Enda mátti heyra á mörgum stjórnarliðum að það var ekkert sem þeim þótti beinlínis kalla á að það færi með líka. Það sem við sjáum gerast hér, herra forseti, er einfaldlega í fyrsta lagi taugaveiklun innan stjórnarliðsins vegna þess að kosningar eru í nánd og við

vitum það, eins og kom fram í máli mínu áðan, að hæstv. forsrh. þarf að þola að það vígi sem hann byggði upp í gegnum áratuginn er að hrynja. Það er bókstaflega að hrynja í Reykjavík og alveg sama hversu óvönduðum meðulum sjálfstæðismenn beita, það hrín ekkert á skynsemi kjósenda sem ekki vilja láta telja sér í trú um þá hluti sem þar hafa verið bornir á borð.

Sömuleiðis sjáum við það líka, herra forseti, að Framsfl. hefur fulla ástæðu til að vera heldur dapur þegar hann gengur núna til kosninga. Það má heita að ekkert kjördæmi sé þar sem Framsfl. stendur með bærilega, þar sem hann býður fram einn og sér, nema ef vera skyldi í kjördæmi þess vaska hv. frsm. fyrir áliti meiri hluta félmn., Magnúsar Stefánssonar. Það er einkum og sér í lagi þar sem segja má að Framsókn geri aðeins betur en að halda haus.

Hæstv. félmrh. má hins vegar horfa upp á að vígið sem hann hefur byggt upp með þrautseigju og elju gegnum áratugi er ekki jafnrammgirt og áður. Hæstv. félmrh. var áður hinn óskoraði foringi í sínu kjördæmi en nú sjáum við að sjálfstæðismenn eru búnir að slá í klárinn og eru komnir meira en upp að síðunni hjá hæstv. félmrh.

Þetta, herra forseti, tengist auðvitað á vissan hátt þessum fjórum málum. Hvers vegna? Vegna þess að mörg þeirra og sér í lagi þetta frv. sem við erum að ræða í kvöld eru þess eðlis ... — Herra forseti, er þetta ljósmerki einhver sérstök tilmæli?

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið að klukkan er ekki eins og hún á að sér.)

Allt í lagi, ég tek það gott og gilt.

En í kjördæmi hæstv. félmrh. eins og víðar hjá framsóknarmönnum er fylgið hjá Framsfl. ekki jafnsterkt og áður. Ég var, herra forseti, að velta fyrir mér hvernig á því stæði og ég tel að eina af orsökunum megi auðvitað rekja til frv. sem ég hef verið að nefna. Það er nefnilega þannig að Sjálfstfl. hefur tekið upp þann hátt að láta Framsfl. beita sér fyrir erfiðustu málunum. Það sem við sjáum t.d. í þessu frv. til húsnæðismála, sem hæstv. félmrh. hefur lagt svo mikið kapp á að koma í gegnum þingið, er ekki stefna Framsfl. og það er ekki stefna nokkurs flokks sem tengist stjórnarandstöðunni. Það er stefna þess flokks sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fylgt, illu heilli, að málum allt of lengi og gerir sennilega allt of lengi úr þessu líka. Það sem við sjáum er stefna Sjálfstfl. eins nakin og hún getur gerst. Hér er verið að ná því langþráða marki, a.m.k. margra talsmanna þess flokks að rústa félagslega íbúðakerfinu, því kerfi sem við getum sagt að hafi verið sátt um meðal margra flokka um áratuga skeið, því kerfi sem einmitt flokkur hæstv. félmrh. tók þátt í að byggja upp, stundum með semingi en stundum af kappsfullri ákefð þegar sá gállinn var á honum. Hér er verið að taka aftur áratuga ávinning harðrar verkalýðsbaráttu fátækrar alþýðu meðan hún var fjölmenn á fyrri hluta aldarinnar og það er ekkert við því að segja, herra forseti, þegar pólitíkin snýst þannig að meiri hluti liggur með slíku máli. Það gildir um þetta mál eins og öll önnur að auðvitað á meiri hlutinn að ráða þótt stjórnarandstaðan eigi að fá sinn fulla rétt og verður að fara vel með þann rétt til þess að segja álit sitt og jafnvel stundum í ítarlegu máli eins og einn af hæstv. forverum hæstv. félmrh. beitti sér með drjúgum árangri fyrir í gær. Hins vegar er þrautin þyngri fyrir mann eins og mig sem hér stendur og hef um langan aldur alið með mér leynilega aðdáun á a.m.k. fortíð Framsfl. sem naut vissulega þeirrar gæfu að aðstoða fjölda fátækra Íslendinga til bjargálna fyrr á öldinni með þrautseigju framsýnna manna sem höfðu sanngirni og réttlæti að leiðarljósi. Mér er heldur engin launung á því, herra forseti, að á þeim árum, sem ég var e.t.v. ekki kominn til þess pólitíska vits og þroska sem ég hef nú, yljaði það mér oft um hjartarætur að hlýða á mál hæstv. félmrh. sem þá var vaskur gæðingur sem var að brjótast í framvarðarsveit Framsfl. og leyfði sér oft þann munað að vera á annarri skoðun en Framsfl. eða forusta þess flokks. Það var hæstv. félmrh. sem oft og tíðum fyrir 15–20 árum setti upp heldur geðfelldan vinstri vanga Framsfl. Það er engin launung á því, herra forseti að ég tel að það hafi ekki síst verið slík afstaða, þegar fulltrúar róttækra bænda sem höfðu íslenska bændamenningu í hjartastað eins og hæstv. ráðherra hafði þegar hann reið hrossum sínum út frá Höllustöðum, sem gerði að verkum að Framsfl. naut virðingar fyrir staðfestu.

Hæstv. félmrh. breytti um skoðanir á mörgu eins og til að mynda ég. Ég minnist þess líka, herra forseti, þótt ég sé örlítið farinn út fyrir efnið, að við vorum á sínum tíma bærilega sammála til að mynda um ákveðinn þátt íslenskra utanríkismála og hæstv. félmrh. hefur fallið frá því og ég sömuleiðis líka en mér sýnist sem hæstv. félmrh. hafi hvergi látið stöðvast í ferð sinni frá þeim hugsjónum sem knúðu hann til góðra verka í æsku og vel yfir á miðjan aldur því hann er enn á svo hraðri leið til hægri að það má eiginlega segja að hann beri svo hratt yfir að menn eigi erfitt með að fylgjast með honum. (**Gripið fram í:** Hvað gerði ráðherrann í æsku?) Ég held, herra forseti, að þetta frv. sem hér liggur fyrir sýni það svart á hvítu. Frv. er í flestum meginatriðum í andstöðu við það sem Framsfl. hefur sagt, t.d. bara fyrir þremur árum í aðdraganda síðustu kosninga og það er í andstöðu við flest það sem ég þekki til sem forustumenn Framsfl. hafa rætt um húsnæðismál um ansi margra ára skeið og maður veltir því fyrir sér hvernig standi á þessari umbreytingu, herra forseti. Hvernig stendur á því að menn geta orðið þannig að pólitískum umskiptingum?

Ég held, herra forseti, að þetta sé eitt af því sem Framsfl. þarf að greiða fyrir þátttöku sína í ríkisstjórn. Það hefur orðið hlutskipti hans allar götur frá því stefnuskrá ríkisstjórnarinnar var færð í letur að beita sér fyrir afar óvinsælum málum. Við sjáum hvernig hæstv. heilbrrh. hefur hvað eftir annað þurft að taka upp mál, sem hún mælti gegn meðan hún var stjórnarandstæðingur, og bera þau fram til samþykktar í Alþingi að öllum líkindum oft þvert á samvisku Framsfl. Þetta mál er eitt af þeim málum sem Framsfl. hefur með sama hætti verið knúinn til að tosa yfir dýið. Ég minnist þess hversu undrandi ég varð þegar ég las stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem nú situr, mér voru þá í fersku minni þeir bleðlingar sem Framsfl. hafði gefið út í kosningabaráttu sinni og þau loforð sem einstakir forustumenn Framsfl. höfðu gefið út og einstakir þingmenn. Vissulega get ég þess, herra forseti, að í samræðum sem ég átti við hæstv. félmrh. um hástemmdustu loforðin í þeim lista gat hann þess að hann sjálfur hefði aldrei tekið undir það og ég tel að ég geti meira að segja af stakri hógværð mælt þau orð að sennilega sé enginn maður í þessum þingsölum sem er jafn vel að sér í kosningastefnuskrá Framsfl. og ég og ég verð að hryggja þingheim með því að hæstv. félmrh. hafði rétt fyrir sér. Hann var sennilega hófstilltastur þeirra manna innan raða Framsfl. sem ræddu húsnæðismálin og gáfu hástemmdar yfirlýsingar um þau mál en hann er eigi að síður partur af flokki og hann er ábyrgur fyrir stefnu flokksins og hann er auðvitað ábyrgur fyrir að efna þau loforð sem flokkurinn hefur gefið

kjósendum fyrir hans hönd og það voru einmitt þessi orð og loforð sem urðu þess valdandi að mjög mikill fjöldi íslensks almúga fylkti sér um Framsfl. Þegar stefnuyfirlýsing flokksins sá hins vegar dagsins ljós blasti við sú nöturlega staðreynd, sem vakti undrun mína og nokkra depurð, að ekkert af þessum orðum var skráð, ekki einu sinni á dulmáli, í þann texta sem hæstv. félmrh. lét hafa sig í að setja um húsnæðismálin inn í stefnuyfirlýsinguna og það er auðvitað mjög dapurlegt. Þetta, virðulegi forseti, er eitt með mörgu sem gerir að verkum að það er að heita má sama hvar maður horfir yfir hið pólitíska svið í dag að hvarvetna geldur Framsfl. þess að honum hefur verið beitt eins og þreyttum klárhest fyrir illa hjólvætt æki og látinn tosa þessu áfram, látinn vinna skítverkin fyrir Sjálfstfl. Það er ekki hægt að kalla það annað. Þetta er eins og að moka út úr illa hirtu fjósi.

Herra forseti. Ég held að þetta skipti talsvert miklu máli. Mig langar líka áður en ég held lengra, herra forseti, að geta þess að ég tel að þinghaldið eins og það er orðið, ræðuhöld um þessi frv. hafi sett ákveðinn dapurlegan blæ á þetta þing. Ýmsir hæstv. ráðherrar og síðast forsrh. hæstv. nú í kvöld skella skuldinni af þessu öllu á stjórnarandstöðuna en við erum við alveg sérstakar aðstæður og fyrir því liggja tvenns konar rök. Í fyrsta lagi er hér um að ræða þrjú frv. sérstaklega, sem eru gríðarlega umdeild, og þau eru öll þess eðlis að þar er í rauninni tekist á um dýpstu átakalínur í innanríkispólitískum málum á Íslandi í dag og það þarf engan að undra að menn kjósi að setja á talsverðar ræður til að koma fram sjónarmiðum sínum. Það er eðli lýðræðisins að menn vegast á með rökum. Það er eðli lýðræðisins að þegar menn hafa sett rök sín ítarlega fram og telja að mál hafi verið til þrautar rædd, þá ræður meiri hlutinn. Hann á að gera það. Það er skoðun mín, herra forseti.

En sömuleiðis er engin lýðræðisleg regla sem segir að það eigi að skjóta skildi fyrir allt það sem fulltrúar upp undir 40% og jafnvel meira af þjóðinni hafa að segja á hinu háa Alþingi. Ég sé, herra forseti, að hæstv. félmrh. geispar undir þessum lestri. Það er sennilega vegna þess að honum er ekki notalegt að hlusta á þetta en staðreyndin er einfaldlega sú að við erum að ræða gríðarlega djúp mál hérna. Hitt sem gerir þessar kringumstæður dálítið öðruvísi en endranær, herra forseti, er sú staðreynd að stjórnarliðið hefur í engu viljað taka til greina athugasemdir eða ábendingar frá stjórnarandstöðunni. Þá skiptir engu máli þótt í sumum efnum sé um að ræða athugasemdir sem koma frá húsnæðisnefndum í sveitarfélögum þar sem stjórnarliðið fer með meiri hluta. Ég bendi sérstaklega á, herra forseti, að í Kópavogi er Framsfl. að vísu að tapa en hann nær því sennilega að skrölta á einum manni og það dugir til að halda þeim meiri hluta sem þar er í dag og hvers konar meiri hluti er það? Það er meiri hluti Sjálfstfl. og Framsfl. Það er sami meiri hluti og fer með ríkisstjórn Íslands í dag. Húsnæðisnefnd sem situr í umboði þess meiri hluta hefur orðið til þess að setja fram afskaplega meitlaða gagnrýni á mjög umdeild atriði í þessu frv. eins og þau sem varða framboð og þörf fyrir leiguíbúðir. Þar er samhljómur milli þess sem stjórnarandstaðan segir hér, maður á mann ofan, og þess sem húsnæðisnefndin sem starfar í umboði Sjálfstfl. og Framsfl. í Kópavogi hefur að segja. Maður skyldi ætla, herra forseti, að þetta mundi duga til að þeir háu herrar sem sitja nú við kjötkatla valdsins mundu a.m.k. ljá andmælunum eyru en þeir skirrast við því. Þetta er í fyrsta skipti frá því ég settist fyrir sjö árum á hið háa Alþingi sem stjórnarliðið tekur ekki einu sinni í mál að ræða breytingar á málum. Það tekur heldur ekki einu sinni í mál að velta því fyrir sér í anda lýðræðisins að fresta þótt ekki væri nema umdeildustu atriðum þessa frv. í ljósi þess að ekki aðeins stærstu sameinuðu verkalýðssamtökin hafa óskað þess, heldur fjölmörg smærri verkalýðsfélög. Það er hins vegar í anda þeirrar stefnu sem kemur fram í frv., herra forseti, að hlusta ekki á verkalýðshreyfinguna. Ég er að vísu á meðal þeirra sem tel að verkalýðshreyfingin eigi ekki að ráða landinu beinlínis, en það er sjálfsagt þegar menn eru að setja svona gríðarlega mikilvæg lög, að hlustað sé á ábendingar þeirra sem eru á leikvanginum sjálfum og hafa farið með vissum hætti t.d. í gegnum húsnæðisnefndir sveitarfélaganna sem kunna þessi mál þar af leiðandi. Að sjálfsögðu á að hlusta á þau. Er það gert? Nei, herra forseti. Ekkert af því sem verkalýðshreyfingin hefur látið frá sér fara í þessu máli hefur fengið minnsta hljómgrunn hjá hæstv. ríkisstjórn og þeim meiri hluta sem fer með völd. Nú er það svo, herra forseti, að í báðum þessum flokkum er að finna grandvart og gott fólk sem samkvæmt eðli þessara flokka sem eru auðvitað, miðað við þá stöðu sem uppi er í stjórnmálum á Íslandi, hálfsósíaldemókratískir að hluta, auðvitað er fullt af þingmönnum í stjórnarliðinu sem hafa þannig hjartalag, þannig réttlætiskennd og þannig augu sanngirninnar að þeir sjá að í þessum frv., þótt þeir fylgi meginstefnu þeirra, er margt sem er þeygi gott og maður veltir fyrir sér hvort ekki sé erfitt hlutskipti fyrir þessa ágætu starfsbræður mína og systur að þurfa að vera reknir til réttar eins og vel tamin trippi og greiða atkvæði, alltaf á sama vegu, aftur og aftur gegn sannfæringu sinni. Ég held, herra forseti, að þessu ágæta fólki væri þarft að velta fyrir sér því ákvæði stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi að láta samvisku sína ráða þegar kemur að því að greiða atkvæði.

Herra forseti. Ég gat þess áðan að mig langaði að reifa það sem Framsókn hefur sagt um þessi mál vegna þess að ég tel að nú sé kominn tími til að minna þessa háu herra á það hvað þeir sögðu á sínum tíma. Ég ætla nefnilega ekki, herra forseti, að eyða þeim stutta ræðutíma sem ég tel að ég hafi til umráða til þess að fara með mikil minningarorð yfir hinum látna enda var flutt að mér skilst, tíu og hálfs tíma ræða í gær þar sem æviferli hins látna, þ.e. húsnæðiskerfis Íslendinga sem sett var á stofn 1929, var fylgt frá vöggu til grafar.

Nú má heita að við stöndum yfir moldum þessa volduga kerfis sem er ein af fjárveitunum í hinu íslenska velferðarkerfi. Það er auðvitað dapurlegt að þar eigi í hlut flokkurinn sem einu sinni hafði að forustumanni, manninn sem skráði eigin hendi stefnuskrár tveggja flokka sem í upphafi þessarar aldar höfðu jafnaðarhugsjónina að leiðarljósi, hinn ágæti forustumaður, Jónas Jónsson frá Hriflu. Sá maður, sem ýtti Alþfl. úr vör og stofnaði Framsfl., hafði þá hugsjón í brjósti að þessir tveir flokkar mundu gegnum öldina móta þjóðfélag þar sem samvinnuhugsjónin, félagslega hugsjónin og jafnaðarmennskan sætu í öndvegi. (**HG:** Og báðir villst af leið.) Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kallar fram í að a.m.k. annar þeirra hafi villst af leið, heyrðist mér. Ég get verið honum sammála um það og get svo sem bætt því við, herra forseti, að fleiri hafa villst af leið þótt sumir séu að vísu fastir í sinni gömlu slóð og sjái ekki að hún liggur fram af hengifluginu, en ekki meira um það.

En ég ætlaði, herra forseti, að rifja það aðeins upp að Framsfl. hefur fortíð í þessu máli. Hann kemur ekki eins og nýfætt barn til þessara mála. Framsfl. háði hér nokkuð

harðvítuga stjórnarandstöðu seinni hluta síðara kjörtímabils. Hún gekk að stórum hluta út á tvennt. Hún gekk út á það að gagnrýna það sem páv. ríkisstjórn, undir forustu Alþfl. í málaflokki heilbrigðismála, var að gera á þeim leikvangi. Þegar að lokum kjörtímabilsins leið var eitt sem stóð upp úr ræðum framsóknarmanna. Það var andóf gegn húsnæðiskerfinu, framferði síðustu ríkisstjórnar í þeim efnum og sér í lagi gegn húsbréfakerfinu.

Framsfl. vissi ekkert eins vont og húsbréfakerfið sem Alþfl. kom á fót árið 1986 þótt þetta frv. sé auðvitað staðfestingin á því að þar var þó farið á rétta leið vegna þess að frv. skýtur frekari stoðum undir húsbréfakerfið en fellir hins vegar burt þær stoðir sem áður báru uppi hina félagslegu samhjálp innan kerfisins. Hin hástemmdu loforð sem Framsfl. sóaði út og suður eins og glópagulli hvar sem hann kom, um allar þorpagrundir, gengu að verulegu leyti út á húsnæðismálin. Hin hástemmdu loforð Framsfl. í kosningabaráttunni gengu hvergi jafnhátt og gengu eins og eldflaugar upp á himingeiminn, einmitt í húsnæðismálunum. Ég minnist þess að hv. þm. flokksins lofuðu því auðvitað að leysa á einu augabragði öll þau vandamál sem þeim tengdust.

Af því hér eru í salnum nokkrir þingmenn, herra forseti, sem ég veit að hafa ákveðna sögulega skynjan tel ég rétt að rifja dálítið upp, sérstaklega þá gagnrýni sem Framsfl. beindi að Alþfl. meðan á þessu skeiði stóð. Það var ekki síst sagt að koma þyrfti með björgunaraðgerðir, sem við sjáum nú í þessu skelfilega frv. og vitum hvernig þær ganga, og bregðast þyrfti með við neyðarástandi á þúsundum heimila. Framsfl. sagði að Alþfl. hefði staðið fyrir aðgerðum sem urðu til þess að skuldir vegna húsnæðiskaupa hefðu aukist stórkostlega. Nú er það svo, herra forseti, að ég gæti auðvitað kryddað mál mitt með nokkrum góðum tilvitnunum í margar hástemmdar ræður sem fluttar voru af hálfu Framsfl. í þeim efnum á síðasta kjörtímabili. Hv. þm. Magnús Stefánsson var að vísu ekki kominn í þann hóp þá, þannig að ég vil ekki fara að gera honum upp þær skoðanir, því hann hefur enn ákveðna von til að sjá að sér. Þó get ég sagt um hann eins og sagt var um annan mann: Ill var þín gangan fyrsta.

Á þessum árum voru auðvitað uppi margvíslegir erfiðleikar og ég ætla ekki að gera lítið úr því en umræðan sem Framsfl. stóð fyrir var nú um margt á afskaplega dapurlegum villigötum. Ég tel rétt að rifja það upp að hún spannst vegna frægrar skýrslu Þjóðhagsstofnunar, þar sem kom vissulega fram að skuldir heimilanna hefðu vaxið hratt. Niðurstöðurnar reyndi Framsfl., um tveggja ára skeið minnir mig, að nota til að sýna fram á að Alþfl., ríkisstjórnin, og raunar Alþfl. sérstaklega, vegna þess að hann fór þá með húsnæðismálin, *hefði mistekist í þessum málaflokki og hefði séð til þess* að afkoma heimilanna hefði rýrnað. Að því er forustumenn Framsfl. sögðu þá, þá römbuðu þúsund heimila á barmi gjaldþrots. Auðvitað var sú túlkun, herra forseti, víðs fjarri.

Það kom aldrei fram í þeirri umræðu að Þjóðhagsstofnun sjálf, í þessari margfrægu skýrslu, benti á að skýringanna væri að leita í verðtryggingunni. Í kjölfar hennar þurfti að endurfjármagna næstum allt húsnæði í landinu og lánstími húsnæðislána var lengdur þannig að skuldirnar greiddust hægar en áður. Horfið var frá því skömmtunarkerfi á lánsfé en sú aðgerð auðveldaði að sjálfsögðu aðgang manna að lánsfé og fjármagni til húsnæðiskaupa. Þetta voru auðvitað að stórum hluta skýringarnar á auknum skuldum vegna húsnæðiskaupa og menn gleyma því alltaf, eða eigum við að segja að hv. þm. Framsfl. létu vera að geta þess, að á móti þessum auknu skuldum sköpuðust vitaskuld mjög miklar eignir.

Núna, herra forseti, hegg ég eftir því í því frv. sem liggur fyrir, að enn er sú leið farin að setja upp biðlista. Viðbótarlánin sem að vísu er alfarið í valdi sveitarfélaganna að veita, og verða ekki veitt nema sveitarfélögin standi skil á 5% framlagi í varasjóðinn, eru auðvitað veitt þannig að óhjákvæmilegt er að einhvers konar biðlisti skapist. Ef það er eitthvað sem hefur einkennt það sem kallað er framsóknaráratugirnir í sögu íslenskra stjórnmála eru það einmitt biðlistar.

Þegar sá þingmaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem í gær talaði lengst mál, ítarlegast og skörulegast um húsnæðismálin, settist í stól félmrh. 1987 að loknum kosningum, voru 8.000 Íslendingar á biðlistum eftir lánum úr skömmtunarkerfi framsóknaráratuganna. Ég sé að hinn ungi hv. þm. Magnús Stefánsson lyftir brúnum í forundran. Ég gæti sagt honum margt fleira og jafnvel verra úr sögu hans flokks, sem einu sinni var ágætur. Ég vil þó hlífa hv. þm. vegna þess að hann er ungur að árum og á ekki skilið af mér að ég helli yfir hann úr fötum fortíðarinnar sökum þessa. Hann ber ekki ábyrgð á þessum fortíðarvanda. Staðreyndin var sú að þegar Alþfl. kom að húsnæðismálunum 1986 voru 8.000 manns á biðlistum eftir lánum úr skömmtunarkerfinu. Þetta skömmtunarkerfi, herra forseti, var hluti þess spillta umhverfis í efnahagsmálum sem fyrir síðustu kosningar var lýst svo að það væri skilgetið afkvæmi Framsóknar og að rétt flokksskírteini hefði jafngilt boðsmiða í veisluna.

Herra forseti. Hver er það sem tekur svona skáldlega til orða? Það er ekki sá þingmaður sem hér stendur sem á höfundarrétt að þessum lýríska áfellistexta. Það voru ekki vinir Framsóknar í Alþfl. sem orðuðu þetta svona fagurlega. Það var gert í bæklingi sem hæstv. núv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. bar ábyrgð á. Sá maður sem situr nú í ríkisstjórn *með Framsfl. orðaði það svo, eða bæklingurinn sem hann bar* ábyrgð á og var sendur út í þessu kjördæmi á hans ábyrgð, að kerfið sem Framsfl. byggði upp á sínum tíma væri spillt, pólitískt fyrirgreiðslukerfi þar sem rétt flokksskírteini þyrfti til að fá boðsmiða í veisluna.

Herra forseti. Nú er aftur verið að búa til svona kerfi. Nú er til að mynda verið að draga fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar úr húsnæðisnefndunum. Það er aftur verið að setja þetta mál alfarið undir pólitískt vald og setja upp kerfi þar sem óhjákvæmilegt er að biðlistar myndist aftur, sérstaklega þeirra sem fátækastir eru. Það er alveg ljóst hverjir það eru sem ætla að standa við dyrnar og skoða flokksskírteinin þegar boðið verður til veislunnar, herra forseti. Það er auðvitað Framsfl. *Það sem við sjáum hér í uppsiglingu er því* auðvitað partur af því valdakerfi sem þessir tveir helmingaskiptaflokkar eru sameiginlega að byggja upp, þ.e. kerfi þar sem þeir ráða hverjir komast að jötunni. Ég er viss um það að þetta er í andstöðu við flest það sem t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal vill. Hann horfir horfir hins vegar upp á það að Framsfl. er aftur að búa til þetta kerfi. — Hv. þm. lyftir höndum til himins og hristir höfuðið. — Það er einfaldlega staðreynd, herra forseti, að svona er það kerfi sem búa á til með viðbótarlánin núna. Ég skal að vísu ekki fullyrða um það hvort það gangi sér svo gjörsamlega til húðar þegar í upphafi að myndist biðlisti upp á þúsundir manna en það er alveg klárt að í sveitarfélögunum munu auðvitað verða til biðlistar. Hverjum heldur hv. þm. Pétur Blöndal að verði hleypt inn í veisluna?

Herra forseti. Hv. þm. er það skyni væddur að ég veit ég þarf ekki að útskýra þetta fyrir honum. Ég vísa honum bara á þann pólitíska bækling sem borinn var í hús, m.a. til að tryggja kjör þessa þingmanns. Það var hv. þm. Pétur H. Blöndal sem háði sína kosningabaráttu á grundvelli þessara orða m.a. Auðvitað kostaði tugi milljarða að eyða biðlistum Framsfl. en á móti gerðist það, herra forseti, að þúsundir fjölskyldna eignuðust þak yfir höfuðið. Um leið stórjukust skuldir landsmanna. Það varð til þess að það varð stórkostleg fjölgun í félagslega húsnæðiskerfinu. Það fjölgaði verulega í hópi þeirra sem eignuðust sínar eigin íbúðir. Það sem auðvitað skiptir mestu máli fyrir þá sem fylgja jafnaðarhugsjónninni er sú staðreynd að stórátak var gert til að hjálpa þeim sem bjuggu við greiðsluerfiðleika og stórátak var gert til að hjálpa þeim sem voru það illa bjargálna að það var erfitt fyrir þá, af eigin rammleik, að reisa sér þak yfir höfuð. Það er auðvitað þetta sem skiptir mjög miklu máli og menn verða að gera sér grein fyrir því að skuldaaukningin segir ekki alla söguna.

Vegna þess að því var jafnan haldið fram að hlutfall húsnæðisskulda af skuldum heimilanna hefði aukist, þá tel ég rétt að nefna það nokkuð. Þetta kom m.a. fram í ræðum manna sem nú eru ráðherrar Framsfl. Þeir sögðu ekki frá því, þegar þeir voru á fundum með kjósendum sínum, að ef skýrsla Þjóðhagsstofnunar er lesin þá kemur í ljós að þar er vakin sérstök athygli á því að húsnæðisskuldirnar sem hlutfall af heildarskuldum heimilanna hefðu farið lækkandi í tíð Alþfl. Heimilin skulduðu hlutfallslega minna vegna húsnæðiskaupa en áður. Þetta var niðurstaða Þjóðhagsstofnunar. Svona gekk nú þetta kerfi sem Alþfl. setti upp og Framsfl. hefur sagt að sé óalandi og óferjandi og nú sé nauðsynlegt, sökum þessarar fortíðar, að ráðast á með oddi og sleggju og keyra yfir eins og þegar bryndreki valtar yfir strákofa.

Ég gæti komið með ýmsar fleiri tölur, herra forseti, en ég ætla ekki að gera það. Ég held að þetta nægi til að sýna fram á að ýmsar þeirra forsendna sem framsóknarmenn hafa gefið sér fyrir því að núverandi kerfi uppfylli ekki sitt hlutverk og það hafi steypt mönnum í ógöngur, eru ekki réttar. Það var líka athyglisvert, herra forseti, að sjá það á úttektum sem gerðar voru, m.a. að ósk framsóknarmanna á þeim tímum, hvaða fólk var í vanskilum. Við þurftum langar stundir að hlusta á sönginn hjá Framsfl. um að þessi stefna, þetta kerfi sem nú á að svipta burt eins og feysknum stoðum, hefði steypt láglaunafólkinu, lítilmagnanum í íslensku samfélagi, í efnahagsleg vandræði. Hins vegar kemur í ljós þegar kannanir á því hverjir það voru sem hafa lent í vanskilum eru skoðaðar, að þá er það ekki maðurinn, sem Albert Guðmundsson, sá ágæti fyrrum kollegi okkar, kallaði „litla manninn", sem varð fyrir fjárhagslegum þrengingum vegna húsnæðiskaupa.

Að obbanum voru það þeir sem voru yfir landsmeðaltali í tekjum sem lentu í hinum fjárhagslegu þrengingum. Það var því ekki litla fólkið sem sætti einhverjum hörmungum eins og Framsfl. sagði. Hins vegar er svo undarlegt að þegar maður skoðar húsnæðisfrv. sem nú liggur fyrir er það alveg ljóst að þeir sem koma verst út úr því eru þeir sem Albert Guðmundsson hefði kallað „litla manninn", fólkið sem á erfiðast. Það eru einstæðu foreldrarnir, aldraðir og öryrkjar. Mér er ekki tamt, herra forseti, að fara með dramatískan söng um þá sem eiga erfitt í þjóðfélaginu en það er samt sem áður staðreynd að hér er verið að svipta burtu einum mikilvægasta hlutanum í hinu íslenska velferðarkerfi.

Framsfl. lofaði því að kjósendur gætu tínt af jörðunni manna sem félli af himnum og gylliboðin voru raunar ótrúleg. Ég er viss um að jafnskynsömum manni í fjármálum og hv. þm. Pétri H. Blöndal þætti það með ólíkindum ef ég færi með öll þessi loforð. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla, herra forseti, að rifja upp örfá loforð.

Ég ætla að rifja það upp að Framsfl. lofaði í stjórnmálaályktun frá flokksþingi sínu að láta Húsnæðisstofnun grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna. Ég efa ekki góðan vilja hæstv. félmrh. og ég veit hann heldur því fram að hann hafi lagt sitt litla lóð á vogarskálar réttlætisins í þessum tilgangi en staðreyndirnar tala öðru máli.

Framsfl. lofaði líka að setja sérstakt frv. um greiðsluaðlögun. Ég minnist þess að ég varð glaður við þegar Framsfl. flutti frv. um greiðsluaðlögun. Ástæðan var sú að ég hafði ásamt fyrrv. þingmanni, Sigbirni Gunnarssyni, flutt þáltill. sem gekk þó miklu skemmra. Þegar þetta frv. framsóknarmanna var flutt, svo að segja orðrétt, þegar kom fram á þetta kjörtímabil, hlaut það engan stuðning. Þá gerðist það, eins og í því frv. sem hæstv. umhvrh. flutti um skipulagsmál á dögunum, að þeir brugðu fæti fyrir sína eigin hugarsmíð og það hlýtur að mega kallast, herra forseti, nöturleg kaldhæðni og mætti eiginlega orða það svo að þar komi menn aftan að sjálfum sér eins og segir í góðu ljóði eftir Stein Steinarr.

Framsfl. lofaði m.a. að frysta skuldir meðan lausna væri leitað fyrir fólk í tímabundnum greiðsluörðugleikum. Herra forseti. Hvar sjáum við það að skuldir hafi verið frystar? Ætli hv. þm. Magnús Stefánsson geti bent mér á einhver dæmi þess að Framsfl. hafi beitt sér fyrir því að skuldir hafi verið frystar? Að sjálfsögðu ekki. Þetta voru orðin tóm. Þetta voru loforð, sett fram til að ginna fólk, til að gylla Framsfl. fyrir fólki. og kaupa sér atkvæði. Greiðslan er komin á gjalddaga, herra forseti, og dráttarvextirnir hlaðast upp. Þrátt fyrir greiðsluáskoranir kjósenda stendur enn á því að Framsfl. inni þessa greiðslu af höndum.

Ég minnist þess einnig að í blaði, sem gefið er út hér í borg og heitir DV, birtist auglýsing 3. apríl 1995. Auglýsandinn var Framsfl., eins og kom fram í auglýsingunni, og þar var beinlínis lofað að lækka skuldir þeirra sem ættu í húsnæðiserfiðleikum. Enginn hefur síðan heyrt um þessar fyrirætlanir. Hæstv. núv. iðnrh. endurtók þetta loforð í blaðagrein sem birtist í blaði sem þá var gefið út og hét Tíminn. Hann er líka gersamlega búinn að tapa minninu. Það bólar ekkert á þeirri lækkun skulda sem Framsfl. lofaði.

Framsfl. lofaði, svo ég rifji það upp, herra forseti, að lækka skuldir, lækka vextina, frysta skuldir, koma á greiðsluaðlögun, koma á björgunaraðgerðum og ég spyr auðvitað, herra forseti: Hvar eru efndir þessara loforða sem hæstv. félmrh. á fyrir hönd síns flokks að beita sér fyrir að hrint verði í framkvæmd? Það hefur ekki gerst enn þá, herra forseti.

Frv. sem við erum að ræða er að flestu leyti ekki nægilega gott. Auðvitað er þar ýmislegt til bóta. Ég nefni til að mynda fækkun lánaflokka, það er til bóta. Ég held líka það sé til bóta að auka valfrelsi í kerfinu eins og fram kemur í þessu frv. Ég rifja jafnframt upp, herra forseti, að árum saman hefur til að mynda verkalýðshreyfingin óskað eftir umbótum á kerfinu sem einmitt leiddu til aukins valfrelsis, en það hefur ekki verið gert. Ég held að flest annað sem kalla má burðarása í þessu frv. sé óheillavænlegt.

Þá þurfum við auðvitað að koma að prinsippspurningunni, sem við höfum áður, hið íslenska þjóðfélag, svarað sameiginlega játandi: Eigum við að halda uppi því velferð-

arkerfi sem við höfum byggt sameiginlega upp? Það er rétt að rifja upp að íslenskt samfélag er dálítið sérstakt. Við erum eyþjóð, fámenn í stóru og dreifbýlu landi og það er dýrt að vera Íslendingur. Fjarlægðin frá umheiminum hefur reynst okkur dýr, og það hefur verið erfitt að vera Íslendingur. Í gegnum aldanna rás höfum við farið gegnum þrengingar en eitt hefur orðið til úr þessari löngu göngu kynslóðanna og það er ákveðin samkennd, samhjálp sem hefur orðið hinn rauði þráður í starfi félagasamtaka sem kalla má undanfara núverandi stjórnmálaflokka. Löngum var það líka einn af þráðunum sem héldu saman flokkum sem í dag eru bæði í stjórnarandstöðu og stjórn á hinu háa Alþingi.

Það hefur verið eins konar samstaða um það að byggja upp þetta velferðarkerfi og viðhalda því. Þær breytingar sem á því hafa verið gerðar, jafnvel á tímum djúprar efnahagskreppu eins og í byrjun þessa áratugar, er í besta falli hægt að kalla kompásleiðréttingar. Þar er verið að leiðrétta ákveðnar kompásskekkjur sem segja má að hafi verið komnar í kerfið. Það var hins vegar hvergi vegið að grundvallaratriðum velferðarinnar.

Við höfum verið sammála um það Íslendingar, hvar í flokki sem við stöndum, að við viljum að skólakerfið sé ókeypis. Við viljum að heilsugæslan sé ókeypis og við viljum hjálpa þeim sem lenda í nauð. Við viljum bæði hjálpa þeim til að fleyta sér áfram í lífsbaráttunni en einnig hjálpa þeim til að koma sér upp húsnæði. Um þetta hefur í sjálfu sér ekki verið neinn stórágreiningur. Þegar menn tóku að deila á þetta kerfi var það í kjölfar ákveðinnar stjórnmálstefnu sem illu heilli barst hingað frá ströndum Bretlands og kölluð var nýfrjálshyggja. Nú er það að vísu svo að það er enginn merkisberi hennar lengur í Sjálfstfl. sem fyrstur ruddi henni braut. Það er kannski helst að hv. þm. Pétur H. Blöndal geti kallast fulltrúi hinnar geðfelldu hliðar nýfrjálshyggjunnar. Það er enginn þingmaður sem lengur treystir sér til að koma upp og verja hana. Hæstv. forsrh. byrjaði feril sinn á þingi sem einn slíkra manna. Hann er auðvitað orðinn eins og hver annar félagslegur framsóknarmaður að því leyti, ef maður ber saman stöðu hans í dag við afstöðu hans þá.

Þannig er það, herra forseti, að menn hafa staðið vörð um þetta félagslega velferðarkerfi og um það hefur ágreiningurinn kannski verið nú á allra síðustu missirum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er í tíð þessarar ríkisstjórnar sem menn hafa í fullri alvöru talað um að einkavæða heilbrigðiskerfið. Menn hafa jafnvel talað um að einkavæða skólakerfið. Það var að vísu tilraun sem hófst hér og er strand. Sú stefna hefur ekki lengur neinn forgöngumann nema stöku þingmann innan Sjálfstfl., herra forseti. Í þessu kerfi hafa verið það sem ég kalla tvær fjárveitur, þ.e. almannatryggingakerfið og húsnæðiskerfið. Þetta eru burðarstoðir velferðarinnar. Þetta eru stofnanirnar sem Alþingi hefur orðið sammála um í fortíðinni að setja á laggir til að jafna aðstöðuna og flytja fjármagn frá þeim sem hafa úr miklu að spila til hinna sem verjast í vök og hafa ekki náð því nema rétt tæplega að verða bjargálna.

Nú stöndum við frammi fyrir því að það er verið að vega að rótum þess kerfis sem tengist húsnæðismálunum. Ég tel að þar sé mjög illa af stað farið, herra forseti. Ég tel að það sem hér er að gerast skaði frekar þá sem eiga um sárt að binda, einstæða foreldra sem eiga erfitt með að fleyta sér í gegnum lífið, ýmsa þá sem hafa lent í erfiðleikum sökum sjúkdóma eða slysa eða vegna þess að þeir eru orðnir gamlir og geta því ekki otað sér áfram í lífsbaráttunni jafnkappsamlega og þegar þeir voru frískari og yngri, eða eins og við sem enn erum á góðum aldri og lifum góðu lífi. Ég tel, herra forseti, að þetta fólk muni fara mjög illa út úr þessu kerfi. Það get ég ekki sætt mig við. Ég held að hægt væri að samþykkja margt af því sem hér er, ef betur væri tekið á þessu fólki. Ég er þeirrar skoðunar að ein af grundvallarspurningunum í íslensku samfélagi sé: Eigum við að halda þessu félagslega velferðarkerfi? Eigum við að halda áfram að taka fjármagn frá þeim sem betur mega sín til þess að styrkja, með beinum greiðslum í einu eða öðru formi, þetta fólk til að geta lifað því sem við höfum sjálf skilgreint sem mannsæmandi líf?

Eitt af því sem við höfum gert er að gefa þessu fólki kost á lánum til húsnæðiskaupa innan félagslega kerfisins með einungis 1% vöxtum. Þetta kostar mikið fé og ég skil, herra forseti, að þeir sem eru þeirrar skoðunar að hver eigi að vera smiður sinnar eigin gæfu og menn eigi ekki að reiða sig á samhjálp hins íslenska samfélags, finnist það of mikill peningur. Um þetta eru grundvallarátökin í stjórnmálunum og ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki verjandi. Þess vegna er ég jafnaðarmaður. Þess vegna fylgi ég ekki hv. þm. Pétri H. Blöndal, og öðrum þeim sem í hans flokki eru, að málum. Þetta eru grundvallarspurningar.

Ég tel sem sagt að samfélagið eigi að taka þátt í lífsbaráttu þessa fólks, það eigi að reiða fé af höndum. Það er grundvallarsannfæring mín í stjórnmálunum. Hún ræður því hvorum megin víglínunnar ég er. Ég skil það alveg og virði að aðrir hafi aðrar skoðanir en mér þykir það dapurlegt og ég á erfitt með að fella mig við það. Ég sé að það getur leitt menn út í svo miklar ógöngur, þá er ég ekki að tala um þá sem hafa þessar skoðanir, heldur það fólk sem hefur orðið þessa kerfis aðnjótandi, sem hefur getað lifað lífi sem við a.m.k. getum kallað mannsæmandi vegna þess að samfélagið hefur komið til hjálpar.

Í dag er verið að svipta þessu burtu. Því finnst mér það svo sárgrætilegt, jafnvel þyngra en tárum taki, herra forseti, að það skuli vera Framsfl., afsprengi Jónasar frá Hriflu, sem studdi og jafnvel ýtti verkalýðshreyfingunni úr vör, sem tekur þátt í þessu óhæfuverki. (Gripið fram í.) Ég er klár á því.

Herra forseti. Af því hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr um það hvort ég hafi áður farið yfir þetta. Ég hef farið örlitlum minningarorðum um þá veru sem við erum í rauninni að husla með heldur ókræsilegum hætti, sem er þetta félagslega húsnæðiskerfi sem ég er stoltur af að hafa átt þátt í a.m.k. að viðhalda. Ég minnist þess, herra forseti, af því að fyrir framan mig situr hinn skeleggi þingmaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að mér hlotnaðist sú gæfa á síðasta kjörtímabili að styðja hana í nokkrum átökum sem einmitt urðu um það mál, árið 1992 ef ég man rétt, og urðu til þess að a.m.k. eina dagstund var sú ríkisstjórn í háalofti og lá við hún lenti í tætlum á gólfinu. Þá sætti hæstv. forsrh. og það lið sem honum fylgdi að málum í ríkisstjórninni — látum liggja milli hluta í hvaða flokki það var allt saman — sig ekki við þær tillögur sem hv. þm. lagði fyrir.

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir, svo ég snúi mér nú aðeins að nokkrum efnisatriðum í þessu frv. sem ég tel auðvitað að sé nauðsynlegt að ræða. Ég vil þó taka fram, til að skapa ekki óróa hjá þingmönnum, að ég ætla mér ekki að lesa upp úr þeim fjölmörgu álitsgerðum sem þinginu hafa borist um þetta. Mig langar að fara nokkrum orðum um einstaka þætti í þessu frv. og ef tími gefst til, að ræða ákveðna hluti út frá sjónarmiðum húsnæðissamvinnufélaga

sem ég hef alltaf stutt mjög dyggilega. Ég tek hins vegar eftir því mér til óblandinnar óánægju að þau éta það sem úti frýs í þessu frv. Það er alveg sama hvar borið er niður í þessu frv., það er nánast ekkert sem tryggir rétt þeirra áfram.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, af því menn eru að tala um valfrelsi og það er eitt af því sem er kallað hið góða í þessu frv., að menn eigi að hafa valfrelsi. Menn eiga t.d. að ráða því, ef þeir vilja búa í leiguíbúðum eiga þeir að eiga kost á að búa í leiguíbúðum. Ef þeir vilja koma sér upp þaki yfir höfuð og eiga sínar íbúðir, þá tel ég rétt að við reynum það einhvern veginn eins og við höfum reynt í gegnum hið félagslega húsnæðiskerfi. Það er bara fullt af fólki sem vill hvorki vera í leiguíbúð né eignast sína eigin íbúð. Margir vilja búa í íbúðum þar sem menn kaupa búseturétt. Það er bara alveg sjálfsagt að menn hafi þann rétt. Sá réttur sýnist mér fyrir borð borinn þegar kemur að þessu frv. hæstv. félmrh. um húsnæðismál.

Eitt mál, herra forseti, langar mig að reifa strax í upphafi og það er meðferðin á starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta frv. var auðvitað samið með leynd og í skyndingu. Enginn fékk að koma að því. Verkalýðshreyfingin fékk ekki að koma að því, stjórnarandstaðan fékk að sjálfsögðu ekki að heyra af því, en óbeit hæstv. félmrh. á Húsnæðisstofnun, sem hvergi dylst, varð þess valdandi að hann fór með vélum og lævi og lét búa þetta til á bak við. Starfsmenn stofnunarinnar fengu ekkert að vita um þetta. Þeir fengu hvergi að ræða þetta frv. Það sem meira var er að segja má að þeir hafi verið settir naktir og klæðlitlir út í kuldann.

Ég hef nú tekið þátt í því, herra forseti, nokkrum sinnum frá því mér auðnaðist kjör til hins háa Alþingis, að gera ríkisstofnanir að hlutafélögum. Í hvert einasta skipti hefur með einhverjum hætti verið tekið á málefnum starfsmanna. Ég minni á að ég var formaður iðnn. þegar frv. um hlutafélagavæðingu Sementsverksmiðjunnar var tekið gegnum þingið. Ég stýrði þeirri för. Ég stýrði sömuleiðis för frv. um hlutafélagavæðingu Síldarverksmiðja ríkisins í gegnum þetta þing sem starfandi formaður sjútvn. í fjarveru páv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Ekki nokkrum lifandi manni datt í hug að sýna þau frv. öðruvísi en búið væri að taka á rétti starfsmannanna. Í þessu frv. er ekkert gert í því. Ég er viss um að sumir hv. þm. Framsfl., sem geisuðu mjög yfir því að sá réttur sem við þó gáfum, í þeim frv. sem ég nefndi áðan, væri starfsmönnum viðkomandi fyrirtækja fullkomlega ónógur, hljóta í hjarta sínu að sjá eitthvað athugavert við það sem þarna er verið að gera á hlut starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort verið geti að hin kaldranalegu samskipti Húsnæðisstofnunar og félmrh. og sú staðreynd að Húsnæðisstofnun ríkisins, sem lýtur þingkjörinni stjórn, hefur ekki farið í einu og öllu að valdi og vilja hæstv. félmrh., geri það að verkum að starfsmennirnir fá þessa útreið. Herra forseti. Getur það verið að það séu einhverjar slíkar hvatir sem ráða því? Ég neita að trúa því, herra forseti. Ég neita að trúa því að það valdi því hvernig farið er með starfsfólk Húsnæðisstofnunar. Hitt verð ég að segja að mér blöskrar. Mér bókstaflega blöskrar að öllu starfsfólki stofnunarinnar er sagt upp og engin ákvæði eru um forgang þeirra til starfa eins og verið hefur þegar rekstrarformi ríkisfyrirtækja hefur verið breytt. Það hefur aldrei tíðkast þegar Alþfl. hefur komið að því máli.

Ég minni líka á það að árið 1989 kom Alþb. að slíkum breytingum á þremur ríkisfyrirtækjum, herra forseti. Þar var glögglega tekið á því hvernig fara ætti með rétt starfsmannanna.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur skorað á ráðherrann að beita sér fyrir því að bætt verði við ákvæði sem tryggi starfsmönnum stofnunarinnar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði. Við skulum sjá hvernig það verður, herra forseti. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að farið verði með stofnunina eins og í þessu frv. Það verður ekki skilið við þetta mál öðruvísi en að einhvers konar trygging verði gefin fyrir þessum forgangi. Ég held líka, þrátt fyrir þau pólitísku átök sem orðið hafa milli hæstv. félmrh. og stofnunarinnar, að samt sem áður hljóti að mega finna, meðal þeirra 50 starfsmanna sem sumir hafa um áratugi farið nærfærnum höndum um þennan viðkvæma þátt hins íslenska velferðarkerfis, sjóð þekkingar og reynslu sem komið gæti hinum nýja Íbúðalánasjóði til góða.

Herra forseti. Ég ætlaði að ræða lítillega hvort það geti verið að það sé verið að blekkja sveitarfélögin. Getur verið að sveitarfélögin hafi ekki gert sér grein fyrir því hvernig þau þurfa að koma að málunum, að þessu frv. samþykktu? Ég ætla, herra forseti að geyma mér það þar til seinna í ræðu minni. Það sem mig langar að gera, herra forseti, er eins og ég sagði áðan, að drepa lítillega á þær greinar í þessu frv. sem varða byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Sérstaklega ætla ég að gera það út frá sjónarhóli samtaka sem nefnast Búseti. Þeir hafa tekið að sér að vera forgöngumenn búseturéttar hér á Íslandi og hafa í því efni fylgt frumkvæði nágranna okkar á Norðurlöndum. Að vísu er reynt að sefa andmæli þeirra með því að segja að í haust eigi að samþykkja annað frv. sem fjalli sérstaklega um málefni þeirra. Það vill svo til að það frv. hefur líka verð lagt fram og er að mörgu leyti alveg stórkostlega gallað að því er varðar þeirra hlut. Ég harma auðvitað að Búseta og húsnæðissamvinnufélögunum, sem Framsfl. á svo mikinn frumburðarrétt að hér á Íslandi, skuli ekki að neinu leyti hafa verið gefinn kostur á að koma að samningu bæði þess frv. sem ég nefndi áðan og líka þess frv. sem nú er í umræðunni.

Þegar unnið var að þeim lögum sem gilda núna um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt áttu fulltrúar Búseta sæti í nefndinni sem samdi frv. Þeim gafst góður kostur á að koma sjónarmiðum þessarar nýju hreyfingar að við samningu frv., sem fjallar um félagslegar íbúðir og varð að lögum árið 1990. Mig minnir að við höfum breytt þeim tvisvar sinnum á síðasta kjörtímabili. Það er auðvitað merkilegt, herra forseti, að þegar framsóknarmaðurinn Páll Pétursson, hæstv. ráðherra, er orðinn valdsmaður í félmrn., þá kannast hann ekki við frumburðarrétt Framsfl. að þessu máli. Þá er hann búinn að gleyma því hve oft hann, fyrir 1990, tók upp mál sem tengdust einmitt búseturéttarhreyfingunni. Hann gerðist málsvari þeirra hér. Þó þessi félög, sem nú eru nokkuð á þriðja tuginn og dreifð um landið, hafi oftar en einu sinni leitað eftir því við félmrn. að koma að breytingum á núgildandi lögum, ef um heildarendurskoðun laganna yrði að ræða eins og liggur nú fyrir í því frv. sem verður rætt næsta haust, þá hefur ráðherrann hæstv. daufheyrst við öllum óskum þeirra. Þess vegna skil ég mætavel að fjölmörg félög innan landssambands Búseta hafi sent frá sér ályktanir þar sem er skorað á hæstv. ríkisstjórn að fresta afgreiðslu þessara frv. á þessu þingi til að tóm gefist til að fara ofan í þær fjölmörgu ábendingar sem tengjast auðvitað skorti á varðgæslu um rétt búseturéttarhreyfingarinnar í þessu frv.

Mig langar, herra forseti, af því ég hef drepið lítillega á það hversu skelfilega er hugað að málum þeirra sem þurfa að búa að leigumarkaðnum í framtíðinni, að benda á hversu hraksmánarlega nöturlegt er að lesa í 1. gr. frv. þar sem segir, herra forseti, um tilgang laganna að hann eigi m.a. að vera til þess, með leyfi forseta: „... að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum".

Nú er margsinnis búið að sýna fram á það í þessari umræðu, og ég ætla ekki að tefja tíma hins háa þings með því að endurtaka það, að hundruð fjölskyldna, sem ná viðmiðunum sem núgildandi félagslega kerfið setur, munu ekki komast inn í hið nýja kerfi. Þau munu ekki ná þeim greiðsluviðmiðunum, þótt þær séu óljósar í frv., sem þarf til þess að hljóta lán úr hinum nýja Íbúðalánasjóði.

Hvert leita þau, herra forseti? Þau leita á náðir leigumarkaðarins. Og það eru aðrir sem sækja að leigumarkaðnum. Það eru búferlaflutningar hingað til höfuðborgarsvæðisins, á suðvesturhornið, og góðu heilli er þessari þjóð að fjölga.

Góðu heilli tekst okkur að draga okkar unga, vaska fólk aftur frá útlöndum þegar það hefur lokið námi. Við erum ekki enn komin í þá stöðu eins og ýmsar aðrar þjóðir að tapa blóma kynslóðanna í burtu. Þetta unga fólk, herra forseti, þarf á leigumarkaðnum að halda. Í framtíðinni mun ungt menntafólk, sem snýr heim frá námi, falla milli skips og bryggju. Það mun ekki, miðað við þá launastefnu sem tíðkast í ýmsum greinum háskólamenntaðra manna, ná þeim viðmiðunum sem þarf til að komast inn í kerfið. Það verður því einnig að leita á náðir leigumarkaðarins. Hver verður þá staða þessa leigumarkaðar? Hvernig er því marki, sem lýst er í 1. gr. þessara laga, um að auka möguleika fólks til að leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum, sinnt? Það hefur komið fram að frv. er að öllu leyti óljóst að þessu leyti.

Það hefur komið fram að fjármagnið sem á að verja til að fjölga leiguíbúðum nægir ekki nema fyrir 50 íbúðir. Það hefur komið fram að bara í Reykjavík muni á næstu árum þurfa hundruð svona íbúða. Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á þessu því það er eins og hæstv. ríkisstjórn sé bókstaflega að gera grín að þingheimi. Hún er að gera grín að fátæku fólki, gera grín að þjóðinni allri með því að leyfa sér að segja í 1. gr. frv. að það eigi að hjálpa fólki, auka möguleika fólks á því að leigja húsnæði þegar það liggur alveg fyrir að stefnan í þessu frv. er þveröfug. Hún gengur út á það að fækka leiguíbúðunum. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Þær leiguíbúðir sem eiga að vera aðgengilegar á markaðnum verða færri vegna þess að fólkinu sem slæst um þær fjölgar. Þetta er auðvitað alveg skelfilegt að lesa, herra forseti.

Í 2. gr. eru ýmsar skilgreiningar og margt sem ég gæti sagt að væri ekki nægjanlega skýrt. Mér finnst að í 2. gr. þurfi til að mynda að skilgreina miklu betur það þegar talað er um félög. Þar segir að félög merki auðvitað þau félög sem eru rekin að hætti samvinnufélaga, hlutafélaga, einkahlutafélaga eða sjálfseignarstofnana sem hafa að markmiði að byggja, eiga og reka leiguhúsnæði.

En, herra forseti, ég tel mjög nauðsynlegt að þarna sé einhvern veginn hnykkt á því hvort búseturéttarhreyfingin eigi ekki líka sinn rétt. Af hverju er hún ekki felld undir þessa skilgreiningu? Ég tel líka að á sama hátt þurfi að koma breiðari skilgreining á lánum til leiguíbúða, eins og vegna búseturéttar og hlutareignar, sem skortir algjörlega í orðskýringunum í 2. gr.

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að mér finnst afskaplega vafasamt að í 4. gr. þessa frv., þar sem verið er að ræða um Íbúðalánasjóðinn, kemur fram að hann á að lúta sérstakri stjórn. Og hérna erum við aftur komin að því sem er að verða eins konar karaktereinkenni þessarar ríkisstjórnar, þ.e. að það er einmitt verið að fara sömu leið og með Póst og síma og með bankakerfið. Það er verið að hlutafélagavæða, gott og vel. En hverjir eru settir þar yfir? Það eru auðvitað einhverjir gæðingar sem hæstv. ráðherrar velja. Það er alveg ljóst að eitt af því sem knýr hæstv. félmrh. til að koma þessu frv. í gegn er að honum hefur auðvitað verið mál að koma einhverjum gæðingum Framsfl. á garðann.

Ég er algjörlega á móti þessu, herra forseti. Mér finnst í fyrsta lagi vafasamt að fella allt vald og öll umsvif hins væntanlega Íbúðalánasjóðs undir vald félmrh., bæði með endalausum reglugerðum og sérstakri reglugerð sem talað er um í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. frv. og síðan með því að skipa stjórnina beint. Ég velti því fyrir mér, af því að ríkisstjórnin talar um lýðræði og við búum í lýðræðisþjóðfélagi, hvort ekki hefði verið bragur á því að helstu hagsmunaaðilar að sjóðnum, eins og t.d. sveitarfélögin og félagasamtök á borð við Þak yfir höfuðið, ættu aðild að stjórn þessa sjóðs. Ég er viss um að ungtyrkir Framsfl. sem sitja hér í afkimum og afherbergjum eru í hjarta sínu sammála því vegna þess að þeir eru lýðræðissinnar. Ég trúi því. Ég treysti því.

Þetta finnst mér vera mjög ankannalegt, herra forseti, og ég er á móti þessu. Ég tel að það hefði átt að gefa þeim sem eiga að njóta þessa sjóðs einhvern þátt að því að koma á einhvern hátt að stjórn hans. Ég bendi á að ég hef ásamt ágætum þingmanni, hv. þm. Ágústi Einarssyni, einmitt með sömu röksemdafærslu flutt frv. til að breyta lögum um almannatryggingar þar sem við hv. þm. Ágúst Einarsson gerum því skóna að rétt væri — nákvæmlega með þessum sömu röksemdum og ég var að flytja hérna áðan — að t.d. fulltrúar öryrkja, aldraða og fleiri slíkra hópa kæmu að tryggingaráði. Af hverju? Vegna þess að Tryggingaráð vélar um þeirra mál. Íbúðalánasjóðurinn og stjórn hans vélar um mál þessara félagasamtaka eins og Þaks yfir höfuðið. Og hvers vegna fá þau þá ekki að koma þar að? Það mætti kannski spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson hvort hann teldi það ekki a.m.k. einnar messu virði að íhuga hvort ekki væri rétt að leyfa þessum félagasamtökum að hafa a.m.k. áheyrnaraðild þarna. Eða er það sem á að gerast í þessari stjórn með þeim hætti að það þoli ekki utanaðkomandi augu? Er það kannski þannig að þetta sé einn parturinn af þeirri veislu sem flokkur hæstv. forsrh. lýsti fyrir nokkrum árum þegar hann sagði að það þyrfti rétt flokksskírteini til þess að komast í veisluna? Maður veltir því auðvitað fyrir sér.

Ég segi líka, herra forseti, að í 9. gr. þykir mér aftur skorta á að hæstv. félmrh. minnist fortíðar sinnar og gamallar samhyggju með búseturéttarhreyfingunni. Þar segir í 2. tölul. um verkefni Íbúðalánasjóðs að hann skuli annast lánveitingar til sveitarfélaga og félagasamtaka til að byggja eða kaupa leiguhúsnæði. Herra forseti. Ég er viss um það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, skeleggur liðsmaður búseturéttarhreyfingarinnar eins og kom margsinnis fram á ferli hennar í félmrn., tekur undir með mér að því leyti til að hér ætti auðvitað líka að tala um búseturéttaríbúðir. (**JóhS:** Að sjálfsögðu.) „Að sjálfsögðu," segir hv. þm. og sannast það nú enn að að þessu leyti erum við kannski ekki svo ýkja fjarri hvort öðru eins og í mörgu öðru.

Mér finnst líka skjóta skökku við þegar verið er að tala um í 14. gr. að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna eigi að

gera árlegar áætlanir fyrir viðkomandi sveitarfélag um þörf á íbúðarhúsnæði, að þá skuli ekki vera gert ráð fyrir því að meðal verkefna húsnæðisnefndanna skuli vera samráð við einmitt þau félagasamtök og félög innan sveitarfélagsins sem standa að rekstri og byggingu íbúðarhúsnæðis og ég tala nú ekki um leiguíbúða.

Ég vek líka athygli á því, þegar við komum yfir í 15. gr. um húsnæðislánin, að þá segir í 3. tölulð að Íbúðalánasjóðurinn skuli annast lánveitingar, m.a. til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga samkvæmt tilteknum kafla þessara laga. Og hvað þýðir þetta, herra forseti? Getur það verið að hér sé hæstv. félmrh. enn einn ganginn að gleyma hreyfingunni sem hefur unnið sér þegnrétt í hinu íslenska velferðarkerfi og búið til ákveðið val í kerfinu, þ.e. búseturéttarhreyfingunni? Það skýrist nú þegar maður les greinargerðina með þessari 15. gr. frv. Og þar er það alveg skýrt, það er ekki hægt að sjá eitt einasta orð sem gerir ráð fyrir því að lánveitingar varðandi húsnæðislán tengist þessum búseturéttaríbúðum.

Í 17. gr. þar sem verið er að tala um hlutverk húsbréfadeildar finnst mér að einhvers konar opnun á húsbréfakerfið vanti fyrir félög og félagasamtök og mér finnst þurfa að taka það fram í sambandi við þau verkefni sem talin eru upp varðandi framtíðarverkefni þeirrar deildar og eins og kemur fram í VI. kafla um húsbréfin. Þar er að vísu reglugerðarheimild, ein af 28 eða 34. Það fer eftir því hvernig maður telur það. En ég spyr: Er það reglugerðin og reglugerðarheimild ráðherra sem á að opna fyrir Búseta þarna? Eða hvar? Hvar á með einhverjum hætti að opna fyrir þá merku hreyfingu? Það er auðvitað hvergi gert.

Ég hef fyrr í ræðu minni rætt um viðbótarlánin sem ég tel náttúrlega vera veikasta part þessa frv. Ég tel, herra forseti, að í VII. kaflanum, sem fjallar um viðbótarlánin þurfi að vera alveg ljóst að viðbótarlánin séu líka til staðar fyrir félög og félagasamtök eins og Búseta ef þau eiga að geta nýtt sér þetta kerfi. Ég vek máls á þessu, herra forseti, vegna þess að í þessari umræðu hefur enginn fjallað ítarlega um þær breytingar sem þarf að gera á frv. með tilliti til þeirrar hreyfingar.

Í VIII. kafla sem fjallar um lán til leiguíbúða er önnur grein sem ég geri sterkar athugasemdir við. Þar segir að Íbúðalánasjóðurinn veiti sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til að byggja eða kaupa slíkt leiguhúsnæði. Það er ekkert talað um búseturéttinn, ekki neitt. Hann er sérstakur. Hann er hvorki leiga né heldur bein eign og þar af leiðandi er ekki hægt, finnst mér, að ljúka þessu máli óðruvísi en að einhvern veginn sé kveðið á um hina réttarlegu stöðu þessarar hreyfingar. Hún býr við algjöra óvissu og það finnst mér vera afar slæmt. Það sama gildir auðvitað, herra forseti, um ýmsar fleiri greinar í þessu frv.

Svo er eitt sem ég á erfitt með að sætta mig við og það er undarleg miðstýringarárátta sem kemur fram í þessu frv. Maður les t.d. í kaflanum um lánin til leiguíbúða, greinina sem fjallar um samþykktir. Það er aldeilis með ólíkindum. Það er ekki nóg, herra forseti, að hæstv. félmrh. fyrirskipi þar hvaða ákvæði og hvers konar ákvæði eigi að vera í samþykktum félaga og félagasamtaka um eigið fé og fjárhagslega ábyrgð og alla skapaða hluti, heldur segir þar bókstaflega að félmrh. lætur gera fyrirmyndir að samþykktunum. Það er að vísu ekki gengið svo langt að segja að hæstv. félmrh. eigi að gera samþykktirnar og undirrita þær fyrir viðkomandi félagasamtök, en það er sagt að hann eigi að gera fyrirmyndir af þeim. Ég verð nú að segja, herra forseti: Er ekki einum of langt gengið á þessari öld sem hefur hafnað hinu sovéska miðstýringarkerfi að fela félmrh. að gera fyrirmyndir af samþykktum fyrir einstök félög og samtök sem í flestum tilvikum eru frjáls félög og félagasamtök? Er það ekki einum of langt gengið? Ég sé að hv. þm. Magnús Stefánsson gefur til kynna með höfuðhneigingu sinni að hann er mér sammála um þetta. Ég vænti þess þá að hann beiti sér fyrir því á einhvern hátt að þessu ákvæði sem er að finna í 36. gr. verði hnekkt.

Ég tel sömuleiðis að í 38. gr. sé ýmislegt vafasamt þar sem verið er að ræða um lánskjörin. Ég tel t.d. út af fyrir sig vafasamt að taka það fram alveg sérstaklega að vextir af lánum til leiguíbúða skuli vera breytilegir. (**Gripið fram í:** Það er búið að breyta þessu.) Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir að benda mér á það. (Gripið fram í.) Þrátt fyrir ítarlegan lestur minn, herra forseti, á þessu frv. og þeim brtt. sem hér liggja fyrir hefur mér skjöplast þarna. Ég hef sennilega farið línuvillt þegar ég var að fara yfir þetta. Ég gerði mér ekki algjörlega grein fyrir þessu, herra forseti.

Í 41. gr. er fjallað um leiguíbúðir sveitarfélaga. Þar er talað um hvernig eigi að haga t.d. þeim félögum sem fara með leigubúðir innan sveitarfélags en ég verð að segja, herra forseti, að þarna finnst mér líka að félög og félagasamtök eins og Búseti ættu að hafa sérstakan rétt til að stofna félög um rekstur leiguíbúða til samræmis við hliðstæðan rétt til sveitarfélaganna. Mér finnst það eiginlega liggja í augum uppi og sér í lagi með hliðsjón af þeirri reynslu sem við höfum af því hversu vel búseturéttarhreyfingunni hefur gengið einmitt að annast slíkan rekstur. Ég minni á að í nokkrum sveitarfélögum hefur hreyfingunni einmitt verið falinn rekstur slíkra leiguíbúða með sérstökum samningi við viðkomandi búsetufélag.

Þá kem ég að atriði sem ég gæti haft afar langt mál um, herra forseti, og það er ákvæði um varasjóðinn. Mér sýnist alveg ljóst, herra forseti, ef maður les saman 45. gr. og ég held að það sé VII. ákvæði til bráðabirgða, að þarna sé verið að færa sveitarfélögunum, í gegnum sérstakan varasjóð sem kemur í staðinn fyrir núverandi Tryggingasjóð, til eignar öll framlög í Tryggingarsjóð til þessa frá fjölmörgum félögum og félagasamtökum. Ég fæ ekki annað séð en að hér sé hreinlega um hreina eignaupptöku að ræða. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi. (**Gripið fram í:** Það er breytingartillaga um þetta líka.) Og hún er væntanlega ekki heldur til bóta? (**Gripið fram í:** Jú, ...) Jæja.

Herra forseti. Mér er bent á það sem ég gleðst yfir, að í einhverjum atriðum hefur hv. þm. Magnúsi Stefánssyni tekist að breyta þessu frv. nokkuð því þarna var satt að segja um að ræða það ákvæði sem ég átti langerfiðast með að sætta mig við. (**Gripið fram í:** Það gekk engan veginn.) Það var einfaldlega þannig. Og af því að ég hef eytt talsverðum hluta af minni ræðu til þess að ræða einmitt um það hvernig þetta frv. varðar rétt, eða eigum við að segja réttaróvissu, búseturéttarhreyfingarinnar, þá var það nú beinlínis þannig að ég gat ekki betur séð en að með hinu upphaflega ákvæði væri verið að taka 50 millj. kr. úr varasjóði hennar. Þetta er náttúrlega alveg skelfilegt og ég þakka fyrir að það er búið að breyta því.

Ég vakti athygli á því áðan, herra forseti, að þrátt fyrir það sem segir í 1. gr. um tilgang frv. þar sem segir að fjölga

eigi leiguíbúðum er ekkert í frv. sem sýnir fram á að það sé eitthvað annað en orðin tóm. Þrátt fyrir þessar almennu yfirlýsingar um að fjölga leiguíbúðum sem valkosti fyrir það fólk sem ræður ekki við kaup á íbúðum er hvergi að finna nein markmið í frv. sem sýna fram á það. Engin ákvæði sýna fram á að það sé raunverulega ætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. félmrh. að fjölga leiguíbúðum. Þvert á móti tel ég að ég hafi fært ákveðin rök að því að þetta fyrirkomulag, sem hrindir fjölda fjölskyldna út á leigumarkaðinn, leiði til þess vegna þess að það á ekki samkvæmt þeim peningum sem koma fram í frv. að byggja nema 50 leiguíbúðir til viðbótar við þær sem nú eru þegar, þá er það alveg ljóst að þeim sem verða um þessar íbúðir fjölgar allverulega. Þar með er líka ljóst að eftirspurnin verður meiri en framboðið og eigum við kannski eftir að lifa það hér á Íslandi, í hinu íslenska velferðarkerfi, að horfa upp á fólk sem er án húsnæðis? Sú sátt sem hefur áratugum saman ríkt um þetta félagslega velferðarkerfi er rofin fyrir atbeina Sjálfstfl. og með atgervi Framsfl. og fólki bókstaflega hrint út á gaddinn.

Auðvitað er ég sannfærður um það að þegar á hólminn er komið mun það ekki ganga vegna þess að fólk mun rísa upp til að andmæla. En ég óttast ef frv. verður að veruleika muni skapast vísir að því ástandi. Ég er raunar að segja, herra forseti, að ég trúi ekki þeirri mannvonsku, sem ég les út úr þessu frv., upp á hæstv. ríkisstjórn. Ég held miklu frekar að þarna séu menn að vinna verk sem þeir vita ekki alveg hvað felur í sér. Ég held að þarna séu menn að troða slóða sem þeir vita ekki að leiðir þá fram af brún hengiflugsins. En það eru ekki þeir sem hrapa fram af heldur er það fátækt fólk í þjóðfélaginu sem nær ekki að stöðva sig. Það er það sem fer fyrir björgin. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þegar fram í sækir muni ný ríkisstjórn breyta þessu hvort sem hún er með aðild stjórnarandstöðunnar eða annars þeirra flokka sem situr nú í ríkisstjórn. Ég er algjörlega sannfærður um það. En þessi yfirsjón, þetta glapræði sem er að finna í frv., er hins vegar til marks um vinnubrögðin öll. Hví segi ég það, herra forseti? Þetta er frv. sem hefur 50 lagagreinar og sjö bráðabirgðaákvæði, eitthvað svoleiðis, og við það eru gerðar milli 40 og 50 brtt. Ef ég man rétt þá taldi ég fast að 30 heimildir til ráðherra um að stjórna hlutunum með reglugerðum. (**Gripið fram í:** 28.) Nú, er það svo? Sá hæstv. forseti, sem situr nú á forsetastóli og gegnir með miklum ágætum embætti í ríkisstjórn Íslands veit auðvitað að þó að ráðherrar þurfi að hafa ákveðið svigrúm þá er það auðvitað með eindæmum að með 50 lagagreina frv. skuli vera 28 eða 29 heimildir til reglugerðar. Er ég nú viss um það að það væri miklu betra, fyrst menn þurfa á annað borð að vera að fara þessa leið, væri miklu betra að fara þá leið sem menn hafa t.d. beitt sér fyrir í heilbr.- og trn. þingsins, að safna þessu nú saman í eina grein. Það væri fallegra, herra forseti. (**KÁ:** Það er ekki vilji fyrir því hjá meiri hlutanum.) Það er greinilegt að hv. formanni félmn. hefur ekki tekist að beita fortölum á meiri hluta nefndarinnar jafnskilvirkt og formanni í heilbr.- og trn. sem hefur gert þetta að stefnu í starfi nefndarinnar. Þar af leiðir að í þau lagafrv. sem fara um hendur nefndarinnar, vandvirknisleg mjög, er þetta í gadda slegið.

Ég harma auðvitað, herra forseti, eins og ég hef sagt áður, að ekki var leitað neins samráðs. Það sem ég sé líka í þessu frv., er að ekki var leitað samráðs við verkalýðshreyfinguna í aðdraganda frumvarpsgerðarinnar og það virðist sem það eigi alls staðar að ýta burt fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar. Auðvitað er það svo að þarna er um að ræða ákveðinn pólitískan ágreining millum þeirra sem véla um þetta frv., um frumvarpsgerðina og okkar hinna. Það verður svo að vera. Ég tel þetta ekki einn af megingöllunum en það sýnir ákveðið viðhorf. Ég tel, herra forseti, að þetta séu ekki miklar þakkir fyrir það hlutverk sem verkalýðshreyfingin lék fyrir bara örfáum árum við að koma á þeim stöðugleika sem er nú undirstaða þeirrar velsældar sem við búum við í þjóðfélaginu í dag.

Það er jafnan sagt á tyllidögum, og ég minnist þess að m.a forsætisráðherrar úr þeim flokki, sem fer nú með forsrn., sögðu það á sínum tíma að ef ekki hefði verið fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar hefði sá stöðugleiki, sem hefur núna einkennt íslenskt þjóðfélag, aldrei orðið að veruleika. Hvernig er verkalýðshreyfingunni þakkað? Henni er hrint út í snjóinn eins og klæðlitlu barni, hún fær hvergi að koma að, hvergi. Ég held að varðandi breytingar, herra forseti, á þessu frv. þyrftu menn sérstaklega í framtíðinni að líta til þessa.

Ég tek eftir því í greinargerð með frv. að menn sjá bersýnilega ofsjónum yfir þeim peningum sem hefur verið varið til þess að greiða niður vexti í félagslega íbúðakerfinu. Það er hins vegar svo skrýtið að höfundar þessa frv. sjá ekkert athugavert við það þó að ríkissjóður greiði niður vexti 3–4 milljarða á hverju ári í formi vaxtabóta en samanlögð greiðsla, niðurgreiðsla vaxta á öllum félagslegum lánum á árinu 1996 voru tæpar 500 millj. kr. vegna leiguíbúða og kaupleiguíbúða. Þarna kristallast ágreiningurinn, sá hluti þess ágreinings sem er uppi um velmegunarkerfið á Íslandi. Eigum við að taka fjármagn frá hinum betur stæða hluta þjóðfélagsins og afhenda með einum eða öðrum hætti þeim sem eru miður stæðir? Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að svo sé, ég taldi að hæstv. félmrh. hefði obbann af sinni pólitísku ævi verið það líka en hæstv. ráðherrann er genginn í þau björg sem ég óttast að hann eigi ekki afturkvæmt úr. Þó vil ég, herra forseti, að hæstv. félmrh. viti að ég er að sönnu reiðubúinn til þess að draga hann aftur til mannabyggða. Í þeim heimi á hann miklu betur heima en meðal trölla í björgum, og segi ég þetta þó með fullri virðingu fyrir flokki hæstv. forseta.

Af því að hæstv. félmrh. hefur hlýtt á mál mitt, ég er sannfærður um það, veit hann að ég hef verið í nokkurri ræðu um búseturéttaríbúðir. Ég rifjaði það upp að hæstv. félmrh. gekk á árum fyrr, það eru ekki nema tíu ár síðan sem ég minnist þess, undir högg til verndar húsnæðissamvinnufélögunum og búseturéttarhreyfingunni. Kannski er við hæfi að til skamms tíma og kannski enn þá voru höfuðstöðvar þessarar hreyfingar í húsi þess látna leiðtoga Framsfl., sem menn af pólitísku sauðahúsi hæstv. félmrh. höfðu jafnan mest dálæti á, í höllu Jónasar frá Hriflu. Ég veit að hæstv. ráðherra rennur blóðið til skyldunnar og þau unglömb í flokki sínum sem hann er að burðast við að ala upp ætti hann auðvitað að taka undir verndarvæng sinn og kenna þeim örlítið af glæsilegri sögu og fortíð Framsfl. til þess að þau viti þetta líka. Ég segi þetta í fullri vinsemd vegna þess að ég vil að Framsfl. glati ekki þeim parti í sögu síðustu áratuga sem tengist stuðningi hans við búseturéttarhreyfinguna. Ég veit auðvitað að þessir karlar, herra forseti, ég bið afsökunar, ég veit auðvitað að þessir hv. þm. munu væntanlega koma hér á eftir og segja að ég þurfi ekki að óttast afdrif búseturéttarhreyfingarinnar vegna þess að frv. komi fram í haust sem tryggi það. Það vill svo til, herra forseti, að ég hef varið svolitlum tíma til þess að hlaupa yfir það frv. sem hér eins og ýmis önnur merk frv. Framsfl. eru ekki lögð fyrir til afgreiðslu, og ég var þeygi

glaður, og ef hv. þm. Magnús Stefánsson og kollegi hans hæstv. ráðherrann óska eftir því get ég farið yfir það í nokkru máli, ef þeir geta gefið mér það til kynna að þeir vilji það. (Gripið fram í.) Það er nú ekki svo.

Herra forseti. Ég hef lokið við að fara yfir þau atriði í frv. til laga um húsnæðismál sem varða einmitt búseturéttarhreyfinguna og það er sitt hvað annað sem ég hefði gjarnan viljað segja, herra forseti. En ég hét því í upphafi ræðu minnar að ég ætlaði ekki að fara að tyggja upp úr alls konar umsögnum sem fjöldi manna hefur, í kappi sínu við að reyna að telja hæstv. ráðherra hughvarf þegar lesið upp. Ég ætla ekki að feta þá slóð, herra forseti. Ég held að á máli mínu sjáist að að ýmsu leyti get ég fallist á ýmsar breytingar sem þarna eru. En mér finnst að þarna sé brotið gegn grunnviðhorfi sem við höfum verið sammála um. Mér finnst að þarna sé verið að vega að rótum annarrar þeirra tveggja stofnana sem við höfum byggt upp sameiginlega til þess að verja lítilmagnann í þjóðfélaginu. Almannatryggingakerfið hefur verið önnur stoðin og hins vegar hefur félagslega húsnæðiskerfið verið hin. Ég held að engum blöðum sé um það að fletta að þó að þarna megi finna ákvæði eins og um valfrelsi, sem eru prýðileg og sem maður fylgir í sjálfu sér, er ekki hægt að samþykkja það eða ég get ekki samþykkt frv. út á það vegna þess að ég tek gild þau rök sem mér hafa verið færð og hér hafa verið flutt sem sýna mér a.m.k. fram á að fjölda fólks, sem hefur átt framtíð sína og lífsgæfu undir því að geta skotið þaki yfir sitt höfuð gegnum þátttöku félagslega húsnæðiskerfisins, er ýtt út á gaddinn.

Ég held því fram, herra forseti, þó ég geti ekki slegið tölu á það og veit ekkert hvort það sé rétt, að það séu 600 fjölskyldur sem er verið að ýta út á leigumarkað. Meira eða minna, það skiptir ekki máli, það er prinsippið, verið er að ýta fátæku fólki út á leigumarkað sem við gerum ekkert með þessu frv. hæstv. félmrh. til þess að styrkja þrátt fyrir það göfuga markmið sem kemur fram í 1. gr. Vel getur verið að þegar á hólminn er komið verði reyndin önnur, það kann að vera. Það kann vel að vera vegna þess að ég veit að í brjósti hæstv. félmrh. blundar ekkert fól í þessum efnum. Þess vegna getur vel verið að þegar reynslan fer að koma á frv. þá sjái hæstv. ráðherra margvíslega galla á því og þá reyni hann á einhvern hátt að skjóta byttu undir þá leka sem þá koma í ljós. Vel má að hann sé m.a. að gera það með duldum hætti með öllu því reglugerðafargani sem er að finna, og hann er að taka sér þar ákveðið vald til þess mjög víða að breyta hlutum. Ég tek t.d. eftir því að á einum stað í frv. sýnist mér að hann sé að taka sér vald til þess að ákveða leigu af þessum íbúðum og mér sýnist að þar sé um að ræða vísi sem ég, ef ég væri til að mynda félmrh., mundi þróa mjög mikið í þá veru til þess að hjálpa þessu fólki. Ég hvet hæstv. ráðherra til að íhuga það þegar hann er lentur í ógöngum með frv., sem ég veit að verður nú skammt til, hvort hann eigi ekki einmitt að notfæra sér það ákvæði, sem ég man ekki lengur hvar er að finna í lögunum, en ég sé á svipbrigðum hæstv. félmrh. að hann þekkir þetta frv. út og inn og man hvar það er, til þess einmitt að hjálpa því fólki sem lendir í því að þetta sjálfbæra íbúðalánakerfi, sem á að standa undir sjálfu sér og knýr þar af leiðandi upp leigu vegna þess að hún á að standa undir kostnaði af íbúðunum. Það er í sjálfu sér skiljanlegt markmið en er ekki göfugt, herra forseti, ef um er að ræða fólk sem á verulega erfitt.

Við vitum það líka að fólk sem er komið inn í þessar íbúðir í gegnum þetta kerfi getur lent í margvíslegum ógöngum. Það getur lent í sjúkdómum, það getur lent í harmi eins og að missa maka sinn, það getur jafnvel lent í þeirri gleði að eignast fullt af börnum og um leið takmarkast svigrúm þess til þess að greiða þessa kostnaðarleigu, þá leigu sem á að standa undir. Þá er það lífsskoðun mín að við eigum með einhverjum hætti að koma slíku fólki til hjálpar og við höfum gert það í gegnum það kerfi sem er núna. En þarna eygi ég þó, svo ég gefi hæstv. félmrh. og skutilsveini hans, hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, svolitla plúsa líka, vísbendingar um það að í gegnum þetta ákvæði er hægt að hjálpa þessu fólki. Auðvitað er hægt að finna hálmstrá víðar í þessu frv.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra, herra forseti, af því ég lofaði áðan að fara ekki að tyggja upp það sem aðrir hafa lesið áður úr þessum álitsgerðum. Mig langaði að vísu til þess að ræða lítillega um hvernig vaxtabótakerfið, eins og það er sett upp í tengslum við þetta frv., fer með fólk sem býr við mjög litlar tekjur og er t.d. einstætt og á eitt eða tvö eða jafnvel þrjú börn.

Ég held að samspil þessara tveggja kerfa geri það að verkum að kjör þessa fólks — þetta er fólkið sem ég ber fyrir brjósti — verði, í krafti þessa frv. og vaxtabótabreytinga, miklu verri en áður. Þegar ég segi miklu verri þá er ég kannski ekki að tala um upphæðir sem hlaupa á mörgum hundruðum þúsunda. Þær eru mögulega upp á annað hundrað þúsunda en það skiptir verulegu máli fyrir þann sem er einstætt foreldri og á kannski tvö, þrjú börn. Það eru einfaldlega upphæðir sem skipta máli.

Herra forseti. Í þessu frv. er margt sem ég hef svo sem ekki haft fyrir að reifa í mjög ítarlegu máli af því að ég er að gera veikburða tilraun til þess að telja um fyrir hæstv. ráðherra og stjórnarliðinu og því er ég ekkert að eyða tíma mínum í að fara í það sem ég er sammála. Það er ýmislegt sem horfir til bóta og ýmsar vísbendingar um það sem er jákvætt. Grunntónninn og burðarásar í frv. vega að grundvallarskoðunum mínum sem jafnaðarmanns. Þess vegna get ég ekki fallist á þetta frv. og þess vegna, herra forseti, verð ég að biðja hæstv. forseta afsökunar á því hvað ég hef tekið mikinn tíma. Það er af einskærri tillitssemi við hæstv. forseta. Ég fullvissa hann um það að ég tek ekki meiri tíma en ég þarf.

Ég vildi gjarnan ræða þetta í miklu ítarlegra máli vegna þess að frv., eins og ég hef sagt fyrr í ræðu minni, er eins og önnur frv. sem við höfum verið að deila um hérna síðustu daga, þau snerta grundvallaratriði. Þetta snertir grundvallarsannfæringu mína og varðar þau atriði sem ráða því hvar ég hef skipað mér í flokk í stjórnmálum. Þess vegna er þetta prinsippmál og allt í lagi þó að þingmenn gefi sér tíma til þess að ræða þetta af nokkrum þrótti, áfergju og jafnvel af harðfylgi.

Þetta eru hlutirnir sem deila mönnum í flokka, skipta máli og ráða úrslitum um það hvar menn skipa sér. Ég hef ákveðið að skipa mér með þeim sem þurfa liðsinnis við. Þess vegna er ég jafnaðarmaður og þess vegna er ég á móti þessu frv. Ég er jafnframt svolítið sorgbitinn yfir þessu skelfilega hlutskipti hæstv. félmrh. sem hóf sinn stjórnmálaferil með skoðanir sem voru mér sem jafnaðarmanni hugnanlegar. Hann hefur síðan horfið inn í björg og ég segi það að endingu, herra forseti, að ég vil mikið til vinna til þess að bjarga hæstv. félmrh. úr þessum tröllahöndum og leiða hann aftur til byggða meðal þeirra manna þar sem hann á heima. Hann á ekki heima þar sem hann er í dag.

Hins vegar er hann kannski svo brenndur af vistinni að hann sé hættur að finna þetta á eigin skinni. Við sem höfum einhvern tíma fundið samhljóm með skoðunum hæstv. félmrh., vegna þess að á sínum tíma, þegar ég var að komast til pólitísks vits og þroska, þá var hann þrátt fyrir allt eitt af þeim átrúnaðargoðum sem ég og fleiri félagar mínir höfðu. Mér rennur það til rifja að sjá hæstv. félmrh. búinn að skipta um skoðun á öllu því sem mér fannst þá prýða manninn.

Herra forseti. Þó að margt hafi prýtt þann ágæta mann fyrrum ætla ég ekki að vera stofuprýði hér fram á sumar. Ég ætla að ljúka máli mínu, en með nokkrum trega. Ég ítreka það fyrir herra forseta að það væri svo sannarlega tilefni fyrir mig til að ræða þetta mál af áfergju og kappi vegna þess að þetta brýtur í bága við lífsskoðanir mínar og grundvallaratriði þau sem ráða því hvar ég er staddur í mínu pólitíska lífi.

[22:34]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við höfum nokkuð lengi rætt þetta frv. um húsnæðismál og segja má að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. félmrh., hafi farið mjög vel yfir málið allt, enda þekkir hún það best af þeim þingmönnum sem nú sitja á Alþingi. Það var mjög fróðlegt fyrir þá sem ekki þekkja þessi mál eins og vel og hún að fylgjast með hennar ítarlega málflutningi. Sérstaklega þótti mér athyglisvert þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti tilurð félagslega húsnæðiskerfisins og umræður um það frá árinu 1929. Þar kom fram hvað framsóknarmenn sem þá sátu á þingi voru hlynntir því að koma á þessu kerfi. Þess vegna er það átakanlegt að nú, árið 1998, skuli það vera framsóknarmenn sem ætla að rústa kerfinu eftir allan þann tíma sem það hefur verið láglaunafólki stoð og kjarabót.

Ég efast ekki um að það er Sjálfstfl. sem ræður þarna ferðinni. Eins og málum hefur verið háttað hjá þessari ríkisstjórn þá hefur Framsfl. látið Sjálfstfl. teyma sig út í ótrúlegustu hluti. Við þurfum ekki annað en að líta á heilbrigðiskerfið, hvernig þar hefur verið staðið að málum, tryggingakerfið, núna er það félagslega kerfið o.s.frv. Hægt væri að telja ýmislegt til sem Framsókn hefur látið fhaldið teyma sig út í á undanförnum þingum.

Það var mjög fróðlegt að fylgjast með sögu þess hvernig félagslega húsnæðiskerfið var sett á laggirnar 1929 og hvernig það hefur þróast, hvernig húsnæðismálin hafa verið meðal helstu baráttumála verkalýðshreyfingarinnar. Þegar maður hugsar um það þá er náttúrlega ömurlegt til þess að hugsa, herra forseti, að nú þegar á að fara að kollvarpa öllu þessi kerfi, þá sjái menn ekki sóma sinn í því að kalla til verkalýðshreyfinguna og fá hana til að koma að málinu.

Það kom vel fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún fór yfir sögu félagslega húsnæðiskerfisins hversu mikill stuðningur þetta kerfi hefur verið lítilmagnanum. Þetta hefur verið stór hluti af velferðarkerfinu. (**KÁ:** Ekki síst konum.) Já, og ekki síst konum. Það er rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að þetta hefur verið einstaklega mikill stuðningur við konur, sem hafa verið margar hverjar láglaunakonur og hafa fengið ómetanlegan stuðning frá félagslega húsnæðiskerfinu.

Ég minni á það þegar byggðir voru verkamannabústaðirnir í Vesturbænum. Einnig má nefna árið 1965, þegar mörg hundruð íbúðir voru byggðar í Breiðholtinu. Það var gert til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði í höfuðborginni. Það má segja að félagslega húsnæðiskerfið hafi tekið breytingum með vaxandi þátttöku sveitarfélaganna. Nú eru félagslegar íbúðir 10.600 og þessar íbúðir hafa auðvitað tryggt fjölda fjölskyldna bæði öryggi og stórbætt kjör.

Það er því átakanlegt, herra forseti, að núna skuli ríkisstjórnin ákveða að rústa þessu kerfi með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot. Ég verð að segja það ... (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Það er ekki rétt, hv. þm. Á borðinu mínu er ég með fylgiskjöl með nál. minni hluta félmn. sem eru umsagnirnar um þetta frv. Ég get ekki séð það á þeim umsögnum að þetta kerfi sé komið í þrot. Það er reyndar rétt að Byggingarsjóður verkamanna hefur verið í vanda. Það er auðvitað vegna þess að framlög til hans hafa verið skorin niður og hann hefur þurft að taka lán á mun hærri vöxtum en hann lánar á. Það er auðvitað skiljanlegt að sjóðir sem standa í því lendi í fjárhagslegum vanda.

Mér finnst ótrúlegt að sá hæstv. ráðherra sem er í forsvari fyrir þetta mál skuli beita sér fyrir þessum breytingum, sem lagðar eru til í frv. Sú var tíðin að sá hv. þm., sem nú er hæstv. félmrh., var einn helsti félagshyggjumaðurinn í Framsfl. Helsti baráttumaður félagshyggjunnar í Framsfl. var þá hv. þm. Páll Pétursson. Það er því ótrúlegt að menn skuli geta látið teyma sig út í annað eins og þessar breytingar.

Rökin eru þau að kerfið sé komið í þrot. Það er alls ekki rétt. Það er reyndar svo að dæmi eru til þess að sveitarfélög standi uppi með félagslegt húsnæði sem ekki er þörf fyrir. Ein ástæða þess er að búferlaflutningar eru miklir utan af landi og hingað á þéttbýlissvæðið í kringum höfuðborgina, til höfuðborgarinnar. Það mega ekki vera rök og réttlætir alls ekki að kerfinu sé umbylt.

Í þeim fskj. sem koma hér frá hv. félmn. hefur komið fram að það séu aðeins um 1% þeirra félagslegu íbúða, sem standa auðar. Það dugir auðvitað ekki til til þess að gjörbreyta því kerfi sem við búum hér við og tekið hefur fjölda ára að byggja upp.

Það er full ástæða til þess að spyrja: Hverju er hér verið að breyta? Hverju er hér verið að breyta, hv. þm. Magnús Stefánsson? Það er verið að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og í staðinn á að setja á laggirnar nýja opinbera stofnun, Íbúðalánasjóð. Það á sameina byggingarsjóðina, Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. En hvað með starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins? Hvað verður um það starfsfólk þegar stofnunin verður lögð niður? Menn hafa ekki tryggt að það fái störf hjá hinni nýju stofnun.

Það var nú nokkuð annað þegar var verið að breyta bönkunum í hlutafélag. Þá var tryggt að starfsmenn Landsbanka og Búnaðarbanka skyldu eiga rétt á sambærilegum störfum hjá hlutafélagabönkunum, bæði Búnaðarbankanum hf. og Landsbankanum hf. Sama er um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þegar sú lagabreyting var gerð hér í þinginu var tryggt að starfsmenn þeirra sjóða sem urðu hluti af þeim banka gengju fyrir þegar ráðið yrði í störf hjá þeim banka.

Ég spyr: Hvers vegna var ekki tekið á þessu máli? Hvers vegna var ekki tryggt að starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins gengju fyrir um störf, hjá hinni nýju stofnun sem tekur við af Húsnæðisstofnuninni?

Ég er ekkert frá því að þurft hafi að stokka ýmislegt upp hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég tel að það hafi verið löngu tímabært. Ég er þó ekki viss um að það hefði þurft að leggja hana alveg niður. En úr því að það varð niðurstaðan hjá hæstv. ríkisstjórn þá hefði það verið lágmark að tryggja starfsmönnum stofnunarinnar starf hjá þeirri stofnun sem við tekur.

Vissulega hefur starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins áhyggjur af þessu og hefur sent áskorun til félmrh. vegna þess að ekki er tekið á því hver framtíð þeirra verður þegar Húsnæðisstofnun verður lögð niður. Í áskorun til félmrh. segir, með leyfi forseta:

„Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins skorar hér með á hæstv. félmrh. að hann beiti sér fyrir því að við frv. til laga um stofnun Íbúðalánasjóðs verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði.

Í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförnu hefur verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Nægir hér að nefna 8. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 8. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutfélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, og loks 13. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

Í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs."

Þetta er áskorun, herra forseti, til félmrh. frá starfsfólki Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það er ekki óeðlilegt að þeir komi með slíka áskorun eins og staðið er að þeirra málum og vegna þess hve ótrygg þeirra framtíð er miðað við þetta frv. sem hér er til umræðu. Þar er ekkert tekið á framtíð þessa fólks.

Ég get líka tekið undir fjöldann allan af þeim umsögnum sem hér liggja fyrir frá fjölmörgum félagasamtökum, stéttarfélögum og öðrum sem fengu heimild til að vera með umsagnir um þetta mál, að ekkert knýr á um það að þetta húsnæðisfrv. fari í gegnum þingið á þessu vori. Það er greinilegt að fjölda atriða þarf að skoða. Þetta er mál sem snertir hagsmuni þúsunda fjölskyldna og mál sem greinilega þarf nánari athugunar við.

Það er líka áhyggjuefni að lítið er vitað um hvaða áhrif þær boðuðu breytingar sem frv. felur í sér munu hafa á húsnæðismarkaðinn og einnig hvaða áhrif þær munu hafa á verðbréfamarkaðinn því að breytingar eins og þessar geta haft bæði mikil og snögg áhrif á þennan markað. Það liggur heldur ekkert raunverulegt mat fyrir um það hvaða kostnað þetta frv. hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin ef þau bregðast nú við þeirri vaxandi þörf íbúa fyrir leiguhúsnæði sem mun verða þegar þetta frv. verður að lögum.

Það er alveg ljóst að ef frv. nær fram að ganga þá mun það kalla á bæði byggingu og kaup á leiguhúsnæði vegna þess hóps sem ekki mun ráða við þau kjör sem boðið verður upp á í nýju kerfi. Menn þekkja hvernig ástandið er. Stöðugir búferlaflutningar eru utan af landi til höfuðborgarsvæðisins. Einnig vil ég nefna þörf frekara leiguhúsnæðis fyrir námsmenn og hafa námsmenn sent hingað umsagnir þar sem þeir lýsa yfir áhyggjum af því hvernig fara muni fyrir þeim fjölda námsmanna sem er á biðlistum eftir leiguhúsnæði. Í umsögn frá Félagsstofnun stúdenta segir t.d. að eftir úthlutun íbúða til stúdenta á árinu 1997 reyndust um 230 námsmenn vera á biðlista og er Félagsstofnun stúdenta fjarri því að uppfylla þá eftirspurn sem er eftir leiguhúsnæði frá stúdentum.

Öðruvísi mér áður brá, verð ég nú að segja, því að ég man þá tíð þegar Framsfl. biðlaði til námsmanna öllum stundum, lofaði út og suður bæði hvað varðar námslánin og einnig húsnæðismálin. Og ég minnist þess þegar hv. þáv. þm., núv. hæstv. viðsk.- og iðnrh., Finnur Ingólfsson, fór margar ferðirnar til að bjóða námsmönnum gull og græna skóga.

Hverjar voru efndirnar? Á nú að fara að leika sama leikinn? Ég veit ekki hvort mönnum er það í fersku minni hvernig framsóknarmenn komu fram við stúdenta og hv. þáv. þm. og núv. hæstv. ráðherra, Finnur Ingólfsson. Það er nú frægt í sögunni hvernig hann kom fram við stúdenta í eina tíð.

Nú á sem sagt að fara að veitast að stúdentum eina ferðina enn og þeir segja í umsögn, með leyfi forseta:

„Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er einungis gert ráð fyrir veitingu 50 lána á þessu tveggja ára tímabili, þ.e. 25 íbúðir á ári. Á árunum 1994–1996 voru umsóknir eftir leiguíbúðum á bilinu 269 til 293 á ári og er því einungis verið að veita lán til tæplega 10% af þeim fjölda. Félagsstofnun stúdenta hefur á undanförnum 7 árum fengið úthlutað á bilinu 20 til 40 íbúðum á ári og er enn full þörf á slíkum fjölda árlega. Ljóst er því að umræddur fjöldi úthlutana gengur mjög skammt til að fjölga leiguíbúðum sem rætt er um sem eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins."

Herra forseti. Þetta segir í umsögn frá Félagsstofnun stúdenta. Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu frumvarpi má gera ráð fyrir að uppbygging námsmannaíbúða dragist stórlega saman á næstu árum. Niðurfelling 3,5% framlags sveitarfélaga, álag stimpilgjalda og dýrari framkvæmdalán hafa áhrif til hækkunar byggingarkostnaðar og þar af leiðandi til hækkunar leiguverðs til stúdenta. Vaxtakjör er sú breyta sem mestu máli skiptir og óvissa um þau gerir alla áætlanagerð erfiða en eins og komið hefur fram hefur hækkun vaxta úr 1% í 5% áhrif á hækkun leigu sem nemur tæplega 30%. Óvissa um lánafyrirgreiðslu er að sama skapi allri langtímaáætlanagerð og stefnumótun fjötur um fót."

Þetta segir í umsögn frá Félagsstofnun stúdenta. Hvaða áhrif mun þetta hafa á framfærslu stúdenta? Ekki hefur hæstv. menntmrh. komið inn í þessa umræðu til að svara ýmsum spurningum sem vakna við það hvaða áhrif þetta hefur á námsmennina og aukinn framfærslukostnað þeirra. Stendur til að hækka námslánin sem þessu nemur? Ekki hafa fengist nein svör við því. Þessar breytingar á húsnæðiskerfinu sem eru á döfinni hjá hæstv. ríkisstjórn. hafa nefnilega áhrif mjög víða.

Félagsstofnun stúdenta bendir einnig á að hún hafi litið á uppbyggingu stúdentagarða og rekstur þeirra sem hluta af lausn þess húsnæðisvanda sem almennt steðjar að. Þeir benda einnig á að húsnæðisvandi stúdenta sé enn fyrir hendi og að það þurfi að leysa hann á annan hátt ef Félagsstofnun stúdenta verður ekki gert kleift að sinna því hlutverki.

Eftirspurn eftir heppilegu húsnæði fyrir stúdenta er langt umfram framboð og hafa á undanförnum árum ríkt erfiðleikar á leigumarkaðnum seinni part sumars og á haustin. Tekjulitlir stúdentar, flestir utan af landi, njóta leiguhúsnæðis hjá Félagsstofnun stúdenta í 1–6 ár á meðan á námi stendur.

Þetta er fyrirkomulag sem stúdentar og stjórnvöld hafa ítrekað lýst yfir ánægju sinni með. Og það er sérkennilegt að ráðherra af landsbyggðinni, sem kjörinn er af landsbyggðinni, skuli beita sér fyrir þessu, að vega svona á þennan

hátt að húsnæðismálum stúdenta, stúdenta utan af landi sem þurfa að koma hingað til að sækja nám.

Já, herra forseti, það er ótrúlegt og ég hefði seint trúað því að ég ætti eftir að sjá slíkt sem þetta frá hæstv. ráðherra, Páli Pétursyni, landsbyggðarmanninum sjálfum.

Fleiri gagnrýna þetta frv. harðlega og þar ber að nefna verkalýðshreyfinguna. BSRB og ASÍ eru með sameiginlegt álit og það kemur í ljós þegar umsögn þeirra er lesin að það greinir þó nokkuð á hvað varðar útreikninga ASÍ og BSRB um þá greiðslubyrði sem þetta mun hafa í för með sér og það stangast nokkuð á við þá útreikninga sem liggja frammi frá félmrn.

Búseti hefur líka með langri umsögn gagnrýnt frv. harðlega og þar kemur fram að lagaleg staða og réttur félaga eins og Búseta sé mjög óljós í frv. Bent hefur verið á að frv. sé atlaga að kjörum láglaunafólks og það muni fyrst og fremst bitna á tekjulitlu fólki, einstæðum mæðrum, barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Það var þá fólkið sem á að bera byrðarnar í þessu samfélagi í góðærinu. Það eru námsmenn, barnmargar fjölskyldur, fatlaðir og einstæðar mæður ásamt tekjulitlu fólki.

Ég bendi á og vil leggja áherslu á umsögn Þroskahjálpar sem hefur verulegar áhyggjur af þessu frv. og telur að það muni ekki ná þeim tilgangi sem því er ætlað, þ.e. að landmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum.

Ég velti því fyrir mér hvernig eigi að koma til móts við þau auknu útgjöld sem fatlaðir og lífeyrisþegar munu standa frammi fyrir þegar leiga hækkar á þeim íbúðum sem þeim eru ætlaðar samkvæmt félagslega kerfinu. Stendur til að hækka lífeyrisgreiðslurnar? Fróðlegt væri að fá einhver svör við því. Stendur það til? Eru það lífeyrisþegarnir og fatlaðir sem eru sérstaklega aflögufærir í aukinni og hækkaðri húsaleigu? Fólk sem er undir lágmarkslaunum í tekjum? Þeim sem eru í sambúð er ætlað að lifa á 43 þús. kr. á mánuði. Telja ríkisstjórnarþingmennirnir að þetta fólk sé aflögufært í hærri húsaleigu? Þessir þingmenn vita greinilega ekki á hverju þessu fólki er ætlað að framfleyta sér. Hæstu greiðslur sem lífeyrisþegi getur fengið, hæstu tekjur sem hann getur fengið ef hann býr einn eru 63 þús. kr. Telja menn að þetta fólk sé aflögufært til þess að greiða hærri húsaleigu í kjölfar þessa frv.? Ég segi nei. Ég segi nei, herra forseti, þetta fólk er ekki aflögufært.

Þroskahjálp segir í umsögn sinni að samtökin hafi haft það sem markmið að vinna að nýjungum í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar gerð húsnæðis og staðsetningu. Þannig hafi samtökin að leiðarljósi að fötluðum skuli tryggð búseta í heimabyggð sinni í húsnæði sem er sambærilegt að gerð og gæðum og í öðrum sveitarfélögum. Þess vegna leggur Þroskahjálp til að frv. verði ekki að lögum í vor heldur verði sumarið notað til þess að sníða af því augljósa vankanta og það verði síðan tekið fyrir á þinginu aftur í haust. Það er alveg ljóst af þeim umsögnum sem liggja fyrir að það margir og miklir vankantar og agnúar eru á frv. að full ástæða er til þess að menn leggist yfir það í sumar og vinni betur vinnuna sína þannig að það séu ekki þeir sem verst eru settir í samfélaginu sem þurfi að fá auknar byrðar vegna þessa frv.

Þroskahjálp gerir athugasemdir við ýmsar greinar frv. sem ég ætla kannski ekki að fara að lesa hverja og einastu því það hafa sjálfsagt einhverjir á undan mér nefnt þessi atriði. Það má líka nefna Öryrkjabandalagið sem eru hagsmunasamtök sama hóps sem ég hef verið að gera að umtalsefni sem hefur verulegar áhyggjur af þessu máli og Öryrkjabandalagið telur réttast að frv. verði ekki afgreitt fyrr en á næsta þingi þannig að allir sem hagsmuna eigi að gæta komi eðlilega að málsmeðferðinni. Í umsögn Öryrkjabandalags Íslands segir, með leyfi forseta:

„Húsnæðisfrumvarp þetta sýnist ekki koma til móts við þetta fólk ...“ — þ.e. tekjulægsta fólkið í landinu en Öryrkjabandalagið bendir á það að skjólstæðingar þess eru upp til hópa láglaunafólk allt yfir í tekjulægsta fólkið í landinu og segir að húsnæðisfrv. sýnist ekki koma til móts við þetta fólk þar sem er ekki unnt að sjá annað en að enn fleirum sé vísað á leigumarkað. — „Ekki er séð að með frumvarpinu sé þessum auknu þörfum fyrir leiguhúsnæði mætt þar sem ekki er gert ráð fyrir nema 50 lánum til leiguíbúða á næstu tveimur árum. Á móti munu menn segja að viðbótarlán hins nýja kerfis komi í stað félagslegra íbúðalána í dag. Þá ber þess að geta að enn strangari tekjuskilyrði eru fyrir húsbréfalánunum en lánum úr félagslega kerfinu. Það þýðir að fleiri eru útilokaðir frá eignaríbúðakerfinu sem eðlilega bitnar harðar á þeim tekjulægstu svo sem öryrkjum.“

Öryrkjabandalagið bendir einnig á það í umsögn sinni að leggja verði „höfuðáherslu á að gætt sé í hvívetna hagsmuna hinna tekjulægstu í húsnæðiskerfinu“. Það kemur einnig fram í þessari umsögn frá Öryrkjabandalagi Íslands að: „Hússjóður Öryrkjabandalagsins hefur á undanförnum árum fengið lán í félagslega íbúðakerfinu sem hefur auðveldað kaup á fleiri leiguíbúðum fyrir öryrkja. Þrátt fyrir það að hússjóðurinn eigi á sjötta hundrað íbúða þá er biðlisti öryrkja eftir húsnæði hjá sjóðnum á þriðja hundrað manns.“ Það er á þriðja hundrað manns sem bíður eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu. Menn ætla að lána til 50 íbúða á næstu tveimur árum. Ég get ekki hugsað mér að horfa fram á hvernig biðlistarnir verða að ári, hvað þá eftir tvö ár.

Öryrkjabandalagið hefur einnig sent inn viðbótarathugasemd þar sem þeir bera hag þeirra fyrir brjósti sem þurfa sérstök lán vegna þess að þeir eru með sérþarfir. Stór hópur innan Öryrkjabandalagsins þarf viðbótarlán til þess að laga íbúðir sínar að sérþörfum, það er náttúrlega stór hópur fatlaðra og þeir hafa verulegar áhyggjur af þessum hópi. Ég get því ekki séð annað eftir að hafa lesið athugasemdirnar frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp að vissulega sé ástæða til þess að þetta mál fari aftur til félmn. og þetta verði skoðað betur því að þarna er stór hópur þeirra sem minnst mega sín, þeir verst settu í samfélaginu sem verða úti í kuldanum og í góðærinu hjá ríkisstjórninni. Það eru fatlaðir, lífeyrisþegar, námsmenn og tekjulitlir einstaklingar, einstæðar mæður, barnmargar fjölskyldur o.s.frv. Þetta eru þeir sem eru aflögufærir hjá ríkisstjórninni.

Það mátti svo sem búast við því hjá íhaldinu. Svo hlustar maður á fagurgalann hjá sveitarstjórnarfólkinu í fjölmiðlum þessa dagana eins og í Reykjavík. Það er eins og þeir viti ekki einu sinni af því hvað ríkisstjórnin undir forustu Sjálfstfl. er að gera á þinginu á sama tíma og sjálfstæðismennirnir eru með fögur orð og fagurgala, lofa öllu fögru í allar áttir í sveitarstjórnunum. Á sama tíma eru þeir að skera niður í velferðarkerfinu, félagslega húsnæðiskerfið. Hvers konar tvískinnungsháttur er þetta eiginlega, herra forseti? Það þyrfti einhver að koma þessum skilaboðum til sveitarstjórnarmanna Sjálfstfl. þannig að þeir viti hvað menn eru að gera hér. Svo hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera. (**Gripið fram í:** Það er verið að styrkja stöðu þessa fólks.) Styrkja stöðu hverra? Styrkja stöðu fatlaðra? (**KPál:**

Þeirra sem minna mega sín.) Hv. þm. Kristján Pálsson, er verið að styrkja stöðu þeirra sem minnst mega sín? Það er greinilegt að hv. þm. veður í villu og svíma um þessi mál og ætti að kynna sér þetta betur. Ef þekking annarra þingmanna Sjálfstfl. er álíka og þekking hv. þm. á þessum málum þá held ég að menn verði nú aldeilis að hysja upp um sig og fara að kynna sér málin. (**KPál:** Ég er í félmn.) Ég veit ekki hvað hv. þm. hefur verið að gera í vetur í félmn. ef hann veit ekki betur en það sem kemur fram hjá honum í frammíkalli, herra forseti. (**KPál:** Ég er búinn að vera í sveitarstjórn í 20 ár.) Hvað þá heldur, herra forseti, eftir að hv. þm. er búinn að vera í sveitarstjórn í 20 ár. Hann fer að verða eins og leigubílstjórinn í Spaugstofunni.

Það er ótrúlegt að menn skuli ekki gera sér grein fyrir hvað hér er á ferðinni. Hvernig verið er að veitast að lítilmagnanum í þessu máli, verið að breyta félagslega húsnæðiskerfinu þannig að verið er að vísa æ fleira fólki á leigumarkaðinn og auk þess er skortur á leiguhúsnæði í þéttbýlinu og hv. þm. ætti að þekkja hvernig ástandið er í hans eigin kjördæmi á leigumarkaðnum. Og þá eru menn að breyta lögunum eins og þeir eru að gera hér. Sjá menn ekki samhengið í hlutunum? Er furða að maður spyrji?

Þetta er enn ein atlaga ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu. Maður er búinn að horfa á hvernig þeir hafa tekið á heilbrigðismálunum, hvernig skorið hefur verið niður í tryggingakerfinu og nú er það húsnæðiskerfið. Meðan verið er að ræða þetta og reyna að gera fólki og almenningi grein fyrir því hvað hér er á ferðinni eru ekki nema tveir, þrír stjórnarþingmenn sem láta svo lítið að sýna sig í þingsölum þegar þetta mál er til umræðu. Þeir ættu þó að geta komið skilaboðum til félaga sinna um það hvað er gagnrýnivert við þetta þingmál.

Ég vil benda á umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs. Bent hefur verið á það að ef þetta frv. verður að lögum þá sé verið að vísa því fólki sem áður átti kost á 100% lánum út á leigumarkaðinn. Eins og ég nefndi er mikill skortur á leiguhúsnæði um land allt. (**Gripið fram í:** Hver er umsögn bæjarstjórnar Kópavogs?) Ég er að fjalla um umsögn húsnæðisnefndar, sem ætti nú að vera fullkunnugt um það hvernig húsnæðismálum er háttað í kjördæmi hv. þm. í Kópavogi. (**Gripið fram í:** Hvað segir bæjarstjórnin?) Húsnæðisnefndin í Kópavogi bendir á að þar hafi verið gerð könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem hafa keypt íbúðir í félagslega kerfinu að undanförnu. Þessar fjölskyldur voru metnar miðað við 18% greiðslubyrði en það er sú viðmiðun sem stuðst er við í húsbréfakerfinu og þá kom í ljós að það voru aðeins 11 fjölskyldur af 122 eða 9% sem hafa staðist greiðslumat samkvæmt frv. Þessar tölur frá húsnæðisnefnd Kópavogs tala sínu máli.

Það er skylda sveitarfélaganna að aðstoða fólk í húsnæðismálum. Það er skylda þeirra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það á að tryggja framboð af leiguhúsnæði samkvæmt þeim lögum og maður veltir því fyrir sér hvernig þessum sveitarfélögum á að vera það kleift eftir þessa lagabreytingu.

Það verður að segja að núverandi kerfi hefur verið í ágætu formi en því miður hefur það ekki getað annað eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur líka verið bent á að félagslega kerfið hefur haldið niðri verði á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að það hafa verið byggðar hér ódýrari íbúðir en almennt gerist. En eftir að þessi breyting hefur verið gerð mun markaðsverðið ráða.

Auðvitað er líka gagnrýnivert í því sem snýr að frv. að ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins. Þarna er verið að klippa endanlega á áratuga tengsl aðila vinnumarkaðarins við húsnæðismálin. Menn vita það að verkalýðsfélögin hafa haft mjög góða yfirsýn yfir þarfir félagsmanna sinna.

Það er ótrúlegt að hvorki verkalýðshreyfingin né þau félagasamtök sem hafa mestra hagsmuna að gæta skuli ekki hafa komið að samningu frv. enda hafa þau mótmælt frv. harðlega, félög eins og þau sem ég hef verið að benda á: Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp, námsmenn og ýmis byggingarfélög, Búseti, Þak yfir höfuðið o.s.frv.

Annað er líka full ástæða til að gagnrýna og furða sig á og kemur glögglega fram í umsögn BSRB og ASÍ en það eru reglugerðarheimildirnar í frv. Það er ótrúlegt hvernig valdi er vísað til framkvæmdarvaldsins endalaust, það er verið að framselja vald til framkvæmdarvaldsins og það er fullkomlega óeðlilegt. Þessar reglugerðarheimildir segja ekkert um það hvernig þessum málum verður háttað þegar búið er að vísa endalaust til reglugerða. Það er sjálfsagt mál og ætti að vera krafa þegar lagasetning eins og þessi sem hér er á ferðinni kemur inn í þingið að það komi drög að þeim reglugerðum sem menn ætla að setja í kjölfarið ef setja þarf reglugerðir. Það hefur stundum verið þannig að með frv. hafa fylgt drög að þeim reglugerðum sem verið er að heimila í lagatextanum og það er til fyrirmyndar. Hvað vita menn um það hvað hér er á ferðinni þegar verið er að veita einar 28 reglugerðarheimildir í frv. fyrir utan allar aðrar heimildir ráðherra í gegnum lagatextann? Að fengnu samþykki félmrh., að fengnu samþykki ráðherra o.s.frv. í gegnum allan lagatextann. Það er gagnrýnivert, herra forseti. (Gripið fram í.) Já, já, hver ráðherra getur skipað stjórn sína, það er ráðherrann einn sem mun skipa stjórn sjóðsins sem síðan á að vera sjálfstæð stofnun. Auðvitað er ekki boðlegt að setja þetta mál upp eins og gert er hér.

Það er líka bent á það í nál. minni hlutans að það er ekkert í frv. sem tryggir að sveitarfélögin muni svara vaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði. Í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin. Þetta mun þýða aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið. Sama saga er á Akureyri. Þar búast þeir við að 60 nýjar leiguíbúðir þurfi á ári miðað við þann hóp sem ekki mun standast greiðslumat og mun ekki eiga fyrir 10% útborgun. Ef við lítum á Reykjavík segir í minnihlutaálitinu að fyrir liggi 381 umsókn um húsnæði hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur og forgangshópurinn eru 197. Samkvæmt nýjustu tölum bíða 422 eftir leiguíbúðum í Reykjavík og svo er aðeins gert ráð fyrir að lána til 50 íbúða miðað við þetta frv. og það á landinu öllu. (**JóhS:** Á tveimur árum.) Á tveimur árum, það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Til 50 íbúða á tveimur árum, þ.e. 25 íbúða á ári á meðan á fimmta hundrað manns bíða í Reykjavík, á meðan 75 leiguíbúðir þarf að reisa í Kópavogi á ári, á meðan 60 nýjar leiguíbúðir þarf að reisa á Akureyri o.s.frv. Bara nokkur dæmi tekin hér. Hvernig er með námsmennina? Ég er búin að minnast á umsagnir frá Félagsstofnun stúdenta og sama er með umsagnir frá Stúdentaráði, og það kemur alltaf upp í huga minn þegar framsóknarmenn voru sífellt að reyna að ná hylli námsmanna og síðan þegar þeir eru komnir í stjórn er vegið að námsmönnum eins og gert er með þessu frv. og sem þeir telja hjá Stúdentaráði að sé „illa vegið að áætlunum um framtíðaruppbyggingu stúdentagarðanna“ með þessu frv. og

að breytingarnar geti leitt til mikillar hækkunar á leigu og geri allar framtíðaráætlanir erfiðari. „Þetta leiðir til þess að uppbygging námsmannaíbúða kemur til með að dragast stórlega saman. Stúdentaráð lítur það mál alvarlegum augum þar sem augljóslega eru miklir hagsmunir í húfi.“ Svo segir í ályktun og athugasemdum frá stúdentaráði Háskóla Íslands, með leyfi forseta. Það má því segja að nánast hver einasta umsögn, bæði frá námsmönnum, stúdentaráði, félagasamtökum, fötluðum, Öryrkjabandalaginu sé svipuð. Það er sagt hér, með leyfi forseta, í umsögninni frá stúdentaráði: „Ítrekað er talað um það í frumvarpinu að uppbygging leigumarkaðarins sé eitt af meginmarkmiðunum. Það kemur því á óvart að eins illa sé vegið að uppbyggingu stúdentagarðanna og raun virðist bera vitni. Stúdentaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til félagsmálanefndar Alþingis að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda og gerðar verði þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggt verði að öflug uppbygging stúdentagarðanna verði möguleg í framtíðinni.“ Undir þetta skrifar Ásdís Magnúsdóttir, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands. Afrit af þessari umsögn er sent bæði til félmrh. og menntmrh. Eins og ég hef áður nefnt hefur hæstv. menntmrh. ekki séð sóma sinn í að koma í ræðustól og svara þeim fyrirspurnum sem lagðar hafa verið fyrir hann í umræðum um þetta stóra mál sem varðar námsmenn svona miklu.

Það er alveg ljóst að verið er að vísa þarna byggingaraðilum út á almennan lánamarkað og ljóst er að það mun leiða af sér hærri leigu og námsmenn hafa takmarkaða möguleika til að greiða hærri leigu en þeir gera nú. Eins og ég hef bent á mun þetta örugglega hafa áhrif á þann kostnaðargrunn sem gengið er út frá hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og munu auðvitað koma kröfur um hærri námslán í kjölfarið. Því er mjög mikilvægt að hæstv. menntmrh. komi og svari fyrir það hvort það muni verða í kjölfarið hærri námslán til námsmanna. Auðvitað gildir það sama um íbúðir fatlaðra sem flestir búa við mjög kröpp kjör og mega alls ekki við hækkun leigu.

Það er ýmislegt sem full ástæða væri til að nefna frekar sem snýr að málinu. Hér hafa talað á undan mér aðrir þingmenn sem þekkja húsnæðiskerfið mun betur og hafa rakið galla þessa frv. Reyndar hafa komið nokkur atriði sem menn hafa talið vera til bóta en þau eru hverfandi miðað við öll þau atriði sem menn telja vera til skaða.

Breytingar verða á húsnæðisnefndum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar fari út úr nefndunum og menn hafa áhyggjur af því að verkefni húsnæðisnefnda og félagsmálanefnda sveitarfélaganna muni skarast meira en verið hefur við þessa breytingu og þetta mun kalla á uppstokkun í starfi nefnda sveitarfélaganna. Ég er kannski ekki að halda því fram að það sé endilega af hinu slæma en það er eitthvað sem kemur í kjölfar lagasetningarinnar.

Það sem maður rekur sig á aftur og aftur í þeim umsögnum sem bárust vegna málsins eru þær 50 leiguíbúðir sem gert er ráð fyrir að byggðar verði eða lánað verði til á tveimur árum sem valda verulegum áhyggjum þeirra sem senda inn umsagnir og menn hafa bent á það hvað eftir annað að þörfin sé mun meiri en það.

En ég vil áður en ég lýk máli mínu ítreka þörfina fyrir að tryggja framtíð starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins og þeir fái sömu meðferð í lagasetningunni og aðrir starfsmenn ríkisstofnana sem hefur verið breytt, eins og bankanna, Pósts og síma, og fleiri stofnana sem ég hef nú þegar nefnt í máli mínu. Ég tel nauðsynlegt að málið fari aftur til félmn. áður en málið fer til 3. umr. og þar verði þessi mál skoðuð og tekið verði á þessu, gerðar verði breytingar á þessum lögum þannig að framtíð þessa fólks verði tryggð og gerðar verði breytingar þannig að þeir sem verst eru settir í samfélaginu, fatlaðir, öryrkjar, námsmenn og efnalítið fólk, einstæðar mæður og aðrir þeir sem hafa lítið milli handanna verði ekki svona illa settir eins og ljóst er að verður, verði frv. að lögum óbreytt. Það verður að endurskoða frv. og vinna það betur í sumar og það þarf að gera með þátttöku þeirra sem málið snertir, svo sem samtaka launafólks, fulltrúa frá sveitarfélögunum, frá námsmannasamtökunum, frá félögum eins og Búseta, frá félögum fatlaðra og hagsmunasamtökum þeirra, frá Öryrkjabandalaginu og svona gæti ég lengi talið. Fulltrúar þessara hópa verða að koma að vinnslu frv. áður en það fer í gegnum þingið. Ég held að fólk verði að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif þetta mun hafa á þessa hópa.

Við í minni hlutanum, þ.e. fulltrúar okkar í félmn. hafa lagt til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það síðan unnið betur. Ég tek heils hugar undir það. Það er ekki þolandi og ekki hægt að líða að þetta mál fari í gegnum þingið með öllum þeim annmörkum sem ég hef þegar nefnt. Ég hef þó ekki komið að öllu því sem ástæða væri til að nefna.

Ég hef merkt hér við fjöldann allan af umsögnum sem full ástæða væri til að lesa upp, það á fullt erindi inn í þessa umfjöllun, fullt erindi í þingtíðindin svo menn geti lesið um það þegar Framsfl. og Sjálfstfl. lögðu hluta velferðarkerfisins í rúst með því að leggja niður þá aðstoð sem félagslega húsnæðiskerfið hefur verið þeim launalægstu. En þar sem langt er liðið á kvöld og farið að líða að miðnætti þá ætla ég, herra forseti, að láta máli mínu lokið að sinni en mun þá geta komið að því síðar.

[23:31]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Málið sem hér er á ferðinni er í raun og veru mikið tímamótamál. Þannig er að til hefur verið félagslegt húsnæðiskerfi á Íslandi, að vísu í litlum mæli til að byrja með, alveg frá því um 1920, ég hygg 1919. Nú er verið að leggja það niður. Ég spái því að í næstu kjarasamningum á Íslandi muni ein aðalkrafa verkalýðshreyfingarinnar vera sú að taka aftur upp félagslegt húsnæðiskerfi. Ég er eiginlega sannfærður um að launafólk í landinu mun gera uppreisn gegn þessari markaðsvæðingu hins félagslega kerfis.

Herra forseti. Mér finnst engin ástæða til að hlífa hæstv. félmrh. við að vera hér, þannig að ég óska eftir að hann verði kallaður hingað. Það mætti svo sem kalla í fleiri menn, fjmrh. t.d. og forsrh., hvar eru þeir? Af hverju eru þeir ekki að gegna þingskyldum sínum eins og við hin? Það er alveg lágmark að félmrh. sé hérna meðan verið er að tala um þetta mál, úr því hann leggur svona mikla áherslu á að rótast á þessu í gegnum þingið, nótt eftir nótt.

Það var á árinu 1919 sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík beitti sér fyrir stofnun samvinnufélags um byggingu leiguíbúða er hlaut nafnið Byggingarfélag Reykjavíkur. Þetta var fyrsti vísirinn að félagslegum íbúðabyggingum í Reykjavík en lögin um verkamannabústaði voru hins vegar sett 10 árum síðar, 1929, þar sem mælt var fyrir um opinberan stuðning við byggingu verkamannabústaða fyrsta sinn. Lögin gerðu ráð fyrir stofnun byggingarsjóðs í hverju bæjarfélagi. Í stjórninni skyldu vera þrír menn kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn og einn úr atvinnu- og samgönguráðuneyti sem jafnframt væri formaður stjórnar.

Segja má að það sé ánægjulegt fyrir félmrh. Framsfl. að nota næturnar á þessum fallegu vordögum 1998 til að brjóta sögulega í blað eins og hann er að gera. Hann er að eyðileggja félagslega íbúðabyggingarkerfið, leggja það niður, afnema það sem hefur þó verið til á Íslandi frá 1919 eða 1929. Ég spái því að í kjarasamningum á næstu árum verði eitt aðalviðfangsefni samtaka launafólks að berjast fyrir lagfæringum á hinu félagslega umhverfi í þjóðfélaginu, lagfæringum á því sem hæstv. núv. félmrh. hefur beitt sér fyrir því að eyðileggja undir forustu Davíðs Oddssonar. Það má segja að hæstv. félmrh. hafi komist yfir ótrúlega mikið að þessu leyti. Í fyrsta lagi var það vinnulöggjöfin sem sett var á launafólk undir gífurlegum mótmælum Alþýðusambandsins úti á Austurvelli. Það voru verulegar breytingar á atvinnuleysistryggingum og loks eru það húsnæðismálin sem nú er verið að breyta í grundvallaratriðum með því að leggja niður félagslega íbúðakerfið.

Þetta er auðvitað þeim mun sorglegra sem það liggur fyrir að í gegnum alla þessa tíð eða allt frá 1920–1929 hefur Framsfl. verið réttum megin við strikið. Hann hefur stutt þau átök sem efnt hefur verið til til að treysta félagslegar íbúðabyggingar í landinu, stundum við gríðarlega mikla andstöðu Sjálfstfl. Þegar lögin um verkamannabústaði voru sett var andstaða við það af hálfu Sjálfstfl. mikil og Sjálfstfl. taldi að það væri nægilegt að hafa þær byggingar sem þá höfðu verið reistar af bæjarstjórn Reykjavíkur, Pólana sem höfðu verið reistir í Reykjavík undir forystu Knúts Zimsens, þáv. borgarstjóra Reykjavíkur. Þá voru lögin um verkamannabústaðina sett.

Í greinargerð með frv. því er varð að lögum 1929 kemur fram að þegar litið væri til efnahags fjöldans yrði seint komið á slíkri skipan mála, að verkalýðurinn fengi hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans, nema ríki og sveitarfélög gengjust fyrir því og veittu aðstoð sína. Þetta var niðurstaðan þá. Þetta hygg ég að sé veruleikinn í dag, enn þá. Það er mikill fjöldi sem ekki ræður við að kaupa sér íbúðir á almennum markaði. Það er alveg ljóst að það viðbótarlánakerfi sem hæstv. félmrh. er að boða mun ekki duga til að koma til móts við þetta fólk. Það er alveg augljóst mál.

Hæstv. félmrh. hefur verið býsna iðinn við að tala illa um verkamannabústaðakerfið. Mér finnst á þeim ræðuhöldum sem hann hefur stundum verið með hér, að hann geri sér ekki grein fyrir því að þetta íbúðabyggingakerfi hefur ráðið úrslitum um lífshamingju fjölskyldna, ekki síst barnafjölskyldna í landinu og ekki síst hér í þéttbýlinu, í marga áratugi. Ég þekki ótal dæmi um þetta. Ég þekki ótal dæmi um að það að komast inn í félagslega íbúðakerfið hafi gjörbreytt lífi fólksins sem þar hefur átt hlut að máli. Ég þekki dæmi um fólk sem á fullorðinsárum hefur ráðist í kaup á verkamannabústaðaíbúð með 100% láni og staðið undir því og staðið við það. Af þeim töflum sem liggja fyrir sem gögn málsins er ljóst að milli 70 og 80% þeirra sem hafa fengið 100% lán standa alveg við það.

Veruleikinn er sá að það er verið að svipta þetta fólk þessum möguleikum. Það er ekkert í þessu frv. sem tryggir þessu fólki eitt eða neitt, ekkert. Út af fyrir sig má segja að ég ætti kannski ekkert að vera að ónáða hæstv. félmrh. og kvelja með því að sitja undir ræðu minni, því hann er búinn að sitja undir svo löngum ræðum. (**Félmrh.:** Mín er ánægjan.) Ég veit ég breyti engu. Hæstv. ráðherra lætur inn um annað og út um hitt það sem ég segi. Þrátt fyrir 100 athugasemdir og ábendingar frá alls konar aðilum um lagfæringar á þessu kerfi og frv. virðist það vera steinrunnin ákvörðun stjórnarflokkanna að róta þessu í gegn, líka því sem augljóslega eru mistök.

Það er nú einu sinni skylda mín sem þingmanns að reyna að hafa áhrif, hvort sem ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það kann vel að vera að mér muni mistakast það. Ég reikna svo sem alveg eins með því að mér muni mistakast að leiða hæstv. félmrh. fyrir sjónir að hér er ýmislegt sem mætti betur fara. Samt sem áður er skylda mín sú að reyna það.

Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru fyrst sett 1956 og hétu, ef ég man rétt, Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og um skyldusparnað. Ég man ekki betur en þetta hafi allt verið í einum og sama pakkanum. Það er dálítið gaman að því að það var þáv. formaður Alþb., Hannibal Valdimarsson félmrh., sem flutti framsögu fyrir því frv. Það var afskaplega góð framsöguræða. Ég las hana fyrir fáeinum dögum. Hann fór yfir húsnæðisþróunina hjá alþýðu manna í landinu, næstu ár og áratugi þar á undan. Hann var félmrh. í vinstri stjórn. Forsrh. í þeirri stjórn var Hermann Jónasson. Hermann Jónasson var framsóknarmaður. Í þeirri stjórn var fjmrh. Eysteinn Jónsson sem var líka framsóknarmaður. Það var greinilegt af þeim ræðum sem fluttar voru um veturinn að félmrh. vildi ekki aðeins lýsa yfir og tryggja að hans hlutur kæmi fram í tengslum við málið, þessi fyrsti formaður Alþb., Hannibal Valdimarsson, heldur voru framsóknarmennirnir líka stoltir af frv. Í þeim ræðum sem fluttar voru voru margir framsóknarmenn sem lögðu margt gott til mála. Ég nefni einkar fallega ræðu eftir Karl Kristjánsson sem var þingmaður fyrir Suður-Þingeyinga og var frá Húsavík eins og kannski einhverjir þekkja deili á sem hér eru í salnum.

Staðreyndin er sú að þessi lög voru sett á þeim einfalda grundvelli að það væru mannréttindi að hafa húsnæði. Þau voru sett á þeim einfalda grundvelli að þá var mjög mikið til af svokölluðu heilsuspillandi húsnæði, ekki síst á þéttbýlissvæðinu. Margir bjuggu í herskálaíbúðum sem voru sumar slæmar en aðrar góðar eins og gengur. Þessi lög voru sett á þeim grundvelli að bæjaríbúðirnar, sem svo voru kallaðar, eins og Pólarnir, væru varla mönnum bjóðandi, ekki einu sinni dýrum, og nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða, enda varla við því að búast, eins og segir í greinargerð frv. frá 1929 sem enn var í fullu gildi 1956:

„Það er varla við því að búast að verkalýðurinn fengi hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans, nema ríki og sveitarfélög gengjust fyrir því og veittu aðstoð sína“.

Þetta frv. sem flutt var af Hannibal Valdimarssyni félmrh. 1956 var afurð af samningum stéttarfélaganna. Stéttarfélögin höfðu, í kjarasamningunum 1955, orðið fyrir miklum skakkaföllum. Þá voru verkföll sem stóðu í fimm eða sex vikur og niðurstaðan úr þeim verkföllum varð 12% launahækkun. Hún var tekin af fólki í nóvember þá um haustið, öll með gengislækkun, og það eina sem stóð eftir af þeim samningum voru samningsákvæði um Atvinnuleysistryggingasjóð sem einnig hefur verið spillt af núv. hæstv. ríkisstjórn.

Um sama leyti tók verkalýðshreyfingin sérstaklega á húsnæðismálunum og húsnæðismálastofnunar-hugmyndin varð til. Hún þróaðist upp úr því vegna þess að þau lög sem áður höfðu verið í gildi og fjölluðu um veðlán til íbúðakaupa dugðu ekki. Það var vegna þess að þá var eingöngu um að ræða veðlán í veðdeild Landsbankans og í raun og veru ekki um neina félagslega aðstoð að ræða á bak við lánveitingarnar. Þær byggðu ekki á neinum félagslegum forsendum og því var

talið nauðsynlegt að búa til þessi nýju lög. Það var því verkalýðshreyfingin og ekki síst Alþb. sem átti talsvert mikinn hlut að máli í þessu efni. Það var með þeirri lagasetningunni árið 1956 þegar Hannibal Valdimarsson félmrh., fyrsti formaður Alþb. og forseti Alþýðusambands Íslands, beitti sér fyrir þessari lagasetningu. (ÖS: Fyrrverandi formaður Alþfl.) Þar áður var hann formaður Alþfl.

Með öðrum orðum, það er kannski ekki skrýtið að þeir sem hafa gefið sig eitthvað að stjórnmálum á vettvangi vinstri hreyfingarinnar á Íslandi séu nokkuð hugsi yfir þessum niðurstöðum og örlögum Framsfl. sem birtast okkur í frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Lögin frá 1956 héldu sér í grófum dráttum en 1974 voru gerðir kjarasamningar þar sem gert var ráð fyrir verulegu átaki í félagslegu húsnæði. Þau lög voru sett í framhaldi af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar sem beitti sér fyrir byggingu 1.250 íbúða í Breiðholti en framkvæmdanefndin var stofnuð í kjölfar kjarasamninga, að mig minnir 1965, og þeir sem komu helst að þeim samningum voru Bjarni Benediktsson, Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson. Í framhaldi af því átaki voru gerðir kjarasamningar 1974 sem byggðu á þeirri forsendu að nauðsynlegt væri að þriðja hver íbúð sem byggð yrði á vegum Húsnæðisstofnunar yrði á félagslegum grunni. Það var ansi mikið en menn töldu að óhjákvæmilegt væri að halda þannig á málum.

Ekki var staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í kjarasamningunum 1974 af ríkisstjórn þeirri sem sat á árunum 1974 til 1978. En þegar ríkisstjórn Framsfl., Alþfl. og Alþb. var mynduð haustið 1978 var ákveðið að efna þessi fyrirheit. Þá var Magnús Magnússon, varaformaður Alþfl., félmrh. Í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, sem tók við í febrúar 1980, var verkinu síðan haldið áfram og við náðum því þá fram vorið 1980 að setja lög sem höfðu þann tilgang að tryggja að þriðjungur þeirra íbúða sem byggðar yrðu í tengslum við Húsnæðisstofnun ríkisins yrðu á vegum hins félagslega kerfis. Um það var mjög víðtæk sátt og það er alveg augljóst mál að á þessum tíma náðist verulegur árangur á ýmsum sviðum húsnæðismála. M.a. voru sett fyrstu húsaleigulögin sem eru auðvitað barn síns tíma og þessi lagasetning fékk að standa í grófum dráttum fram yfir það að ríkisstjórn var mynduð í landinu 1987 þar sem um var að ræða allmiklar breytingar sem voru gerðar á hinu félagslega kerfi undir forustu hæstv. þáv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við sem vorum þá í stjórnarandstöðu vorum ekki allt of hrifin af þeim breytingum og hið sama átti við um húsnæðismálin í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þar beittu framsóknarmenn sér mjög hart gegn félmrh. og það er dálítið umhugsunarvert, sem er kannski allt annað mál en má kannski nefna hér, að þeir framsóknarmenn voru satt að segja oft ótrúlega harðir af sér í stjórnarandstöðunni við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún var félmrh. Framsóknarmenn höfðu ekki verið í stjórnarandstöðu svo lengi sem elstu menn mundu í þingflokki Framsóknar, nema einn maður hygg ég að hafi verið þar á síðasta kjörtímabili sem hafði einu sinni verið í stjórnarandstöðu og það var eiginlega litið á hann eins og forngrip þar og horft á hann og hann skoðaður alveg sérstaklega í krók og kring af því hann hafði einu sinni verið í stjórnarandstöðu á 20 ára ferli þingflokksins eins og þá var. Ég hygg að það hafi verið Steingrímur Hermannsson sem rétt tyllti tánum í stjórnarandstöðu skamma stund. Þessi umræða á síðasta kjörtímabili var gífurlega óvægin í garð Alþfl. af hálfu framsóknarmanna og þær umræður sem fara oft fram milli framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna, bæði um heilbrigðismál og húsnæðismál eru að nokkru leyti upprifjun á þessum sárindum sem þarna var um að ræða í málflutningi af hálfu framsóknarmanna sem voru að einhverju leyti að hefna harma sinna vegna þess að þeim þótti að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefði verið óvægin í stjórnarandstöðu, sem var út af fyrir sig rétt hjá þeim, og hún getur verið það.

Það sem gjörbreytti hins vegar myndinni í húsnæðismálum á þessum árum var sú ákvörðun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1983 að höggva á tengsl verðlags og launa sem þýddi að verulegur fjöldi fólks missti húsnæðið ofan af sér og til varð misgengishópurinn sem svo var nefndur sem varð þekktur hér. Þá kom fyrst við sögu, má segja, á opinberan félagsmálavettvang maður sem heitir Ögmundur Jónasson og menn kannast við úr þessum sal í seinni tíð. Þarna varð um að ræða mikil pólitísk átök og ég hygg í rauninni að þessi atlaga að kjörum launafólks hafi verið ein sú versta sem átt hefur sér stað á liðnum áratugum því að staðreyndin er sú, herra forseti, að þúsundir Íslendinga voru sviptir ævisparnaðinum þegar vísitalan var tekin af launanum en hún spann upp lánin. Það var í rauninni ekki fyrr en í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1988 til 1991 að það tókst með atbeina verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusambandsins og BSRB, að keyra verðbólguna niður þannig að fólk gat á nýjan leik ef það hefði búið við sæmilega öruggt húsnæðiskerfi, farið að gera sér vonir um að það gæti eignast íbúðir. Þetta átti ekki bara við launafólk með venjulegar tekjur, miðlungstekjur og hærri. Þetta átti líka við láglaunafólk sem kom sér fyrir þegar best gekk í verkamannabústaðakerfinu og tryggði sér þessa frumþörf, húsnæði.

Veruleikinn er sá að það er atlaga að allri þessari félagslegu hugsun sem á sér stað og kannski þarf ekki að undra að Alþb. sem hefur tvisvar á ferli sínum 1956 til 1958 og 1980 til 1983, farið með félmrn. og beitt sér fyrir miklum breytingum í húsnæðiskerfinu. — það var Alþb. sem beitti sér fyrir setningu laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins á sínum tíma sem hér er verið að afnema — það er ekki að undra að Alþb. skuli beita sér eins hart og við getum gegn þessari fyrirhuguðu lagasetningu sem sviptir fátækt fólk í landinu, fólk með lítil efni, þeirri von að geta tryggt sér húsnæði. Það er satt að segja alveg ótrúleg ósvífni. Er ekki góðæri? Er ekki verið að tala um góðæri og hagvöxt? Einmitt þegar það er góðæri og hagvöxtur telja menn vera tíma til þess að eyðileggja félagslega íbúðalánakerfið í stað þess að bæta og styrkja stöðu þess fólks sem býr við lélegan efnahag. Einmitt í góðærinu telja menn ástæðu til að skemma atvinnuleysistryggingarnar þannig að það er svo furðulegt að á sama tíma og það er blómstrandi góðæri og talað um 5% hagvöxt, er alls staðar verið að pilla í réttindi þeirra sem eiga mest undir því að félagsleg löggjöf sé sæmilega traust, og ekki bara mest undir því heldur geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér og eiga erfitt með að verjast. Það á við það fólk sem hér er um að ræða og er verið að svipta voninni um að geta eignast húsnæði skikkanlega.

En kannski er þetta algerlega tilgangslaust og maður spyr um lýðræðið: Til hvers er þingræðið, herra forseti? Við erum kosin inn í þessa stofnun. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson var ekki kosinn til að vera í stjórn með íhaldinu. Hann var ekki kosinn til þess. Hann sagði engum frá því fyrir kosningar. Hv. þm. Magnús Stefánsson var ekki kosinn hingað inn til að vera í stjórn með íhaldinu. Þeir voru kosnir hingað inn vegna þess að Framsfl. gaf ákveðin fyrirheit, m.a. í húsnæð-

ismálum, um skuldbreytingu aldarinnar, og hvað hét það allt saman fyrir síðustu kosningar. En þeir fóru samt í stjórn með íhaldinu og það hefði svo sem alveg getað blessast þannig. Þeir semja við íhaldið og hver er niðurstaðan? Maður skyldi kannski ætla að það hefði verið ekkert sérkennilegt eða hægt að verja sig með því að þessir höfðingjar hefðu verið í stjórn með íhaldinu að skera niður alla félagslega þjónustu á krepputíma þegar allt væri á niðurleið efnahagslega. En það er ekki þannig. Það er uppsveifla. Það er hagvöxtur, blómstrandi góðæri þar sem verið er að pilla helst af því fólki sem getur eiginlega enga björg sér veitt og síst má við áföllum af neinu tagi. Svo koma þeir framsóknarmenn með þetta og eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti vel í dag er þetta stefna Sjálfstfl., ekkert annað. Það er verið að fara með hana í gegn og Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja senda frá sér einhverja vönduðustu greinargerð sem ég hef nokkurn tímann séð í þingskjölum á mínum langa þingferli. Ég hugsa hún sé ekki einu sinni lesin. Það er ekkert tekið tillit til hennar. Í þessari greinargerð tæta þessi samtök í sig það sem þeir ríkisstjórnarmenn halda fram í greinargerðum sínum. Það kemur í ljós í greinargerð ASÍ og BSRB að greinargerð ríkisstjórnarinnar er ótrúlegt fúsk. Það er engu lagi líkt og í rauninni er það svo, herra forseti, að ekki stendur steinn yfir steini í greinargerð ríkisstjórnarinnar þegar umsögn ASÍ og BSRB er lesin og borin saman við greinargerðina, ekki steinn yfir steini.

Þessari greinargerð hafa verið gerð ágæt skil í dag. Ég ætla ekkert að vera að rifja það upp enda erum við ekki hér í því sem stjórnarliðið kallar málþóf. Við erum að ræða málin og ég er að gera grein fyrir viðhorfum mínum, ekki síst vegna þess að ég sýslaði við þennan málaflokk sem félmrh. í þrjú ár einu sinni. En það er sláandi að allar röksemdirnar sem eru alltaf hafðar uppi af ríkisstjórninni, t.d. um að verið sé að gera kerfið einfaldara. Það er hrakið. Það sé verið að gera kerfið ódýrara í rekstri og að félagslega kerfið sé dýrt í rekstri. Það er hrakið. Talsmenn ríkisstjórnarinnar fullyrða að eignamyndunin sé svo hæg í verkamannabústaðakerfinu og þess vegna þurfi að breyta þessu. Samt er enginn samanburður gerður á eignamynduninni í þessu kerfi sem verið er að gera tillögu um og í verkamannabústaðakerfinu.

Fúskið er óendanlegt. Þegar eignamyndunin í íbúðakerfinu er reiknuð út þá eru aðeins reiknaðir út verkamannabústaðir í Reykjavík, þar sem eignamyndunin er allt öðruvísi en t.d. í Stykkishólmi, á Grundarfirði eða Blönduósi.

Í greinargerðinni er fjallað um fjármál Byggingarsjóðs verkamanna. Þar er rakið að það er alveg greinilegt, herra forseti, að hægt hefði verið að bjarga Byggingarsjóðnum frá þroti. Það hefði verið hægt. Best er þó, herra forseti, þegar Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja flettir ofan af því hve mikið kjaftæði, með leyfi forseta, það er sem haldið er fram í greinargerð frv. varðandi það hvort frv. þjóni þeim markmiðum sem það setur.

Í frv. er talað um að þetta muni bæta öryggi í húsnæðismálum. Þvílík öfugmælavísa, vitleysa. Það bætir ekki réttaröryggi lágtekjufólks, aldraðra og annarra sem hafa notið hins félagslega húsnæðiskerfis. Öryggi þessa fólks er minna en verið hefur í áratugi. Í frv. er fullyrt að eitt af markmiðum þess sé jafnrétti í húsnæðismálum. Það er tóm vitleysa. Ef frv. verður að lögum þá minnkar jafnrétti í húsnæðismálum ef eitthvað er. Ekkert í frv. bendir til að sveitarfélögin muni auka framboð sitt á leiguhúsnæði. Eftir gildistöku laganna mun fjölga í hópi þeirra sem ekki geta fjárfest í eigin húsnæði. Þjóðfélagið sem menn töldu að ætti að vera til á Íslandi, þar sem menn ættu sínar íbúðir, verður þrengra en það hefur áður verið. Það verða bara við, hin efnameiri, sem getum tryggt okkur íbúðir.

Ein klisjan er sú að þetta muni auka sveigjanleika húsnæðislánakerfisins. Það er vitleysa. Greinargerð Alþýðusambandsins og BSRB gjörsamlega lemur niður þá fullyrðingu og sýnir fram á að það er rangt. Til þess að menn komist inn í þessi viðbótarlán, sem í raun eru það eina sem eftir er af einhverri félagslegri hugsun, þá þurfa einstaklingarnir og sveitarfélögin að uppfylla sex skilyrði. Þetta þarf að gerast áður en fólk getur hugsanlega fengið þessi viðbótarlán.

Talað er um að eitt af markmiðunum sé trygging á rétti þeirra sem þurfa félagslega aðstoð til öflunar húsnæðis. Ekkert er fjarstæðukenndara vegna þess að eins og allir vita þá standa þau orð, að verið sé að tryggja rétt til félagsþjónustu í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga, ekki nema sveitarfélögin fjármagni það.

Eitt af markmiðunum á að vera að skapa einfaldara kerfi sem þjóni betur tekjulágu fólki og öldruðum. Heyr á endemi, herra forseti. Þegar hin tíu markmið sem rakin eru í greinargerð frv. eru talin upp, þá kemur því í ljós, herra forseti, að ekkert af þeim stenst. Núll.

Það er hins vegar alveg sama þó þetta sé sagt hérna. Maður hlýtur að velta því fyrir sér til hvers þetta kerfi eiginlega er hér. Heitir það ekki þingræði? Þingsköp Alþingis, umræður, reglur, kosið, kjörbréf á fjögurra ára fresti, ríkisstjórnir, Stjórnarráð, til hvers er þetta? Til hvers eru þessi skoðanaskipti hér? Til hvers eru þau? Svo kemur hæstv. forsrh. landsins í sjónvarpið á kvöldin og segir að við séum óskammfeilin og vanþroska. Það er af því hann er svo sérstaklega þroskaður eins og alþjóð veit. Hann er svo þroskaður að hann hefur séð að það þyrfti helst að losna við stjórnarandstöðuna og þingræðið, flytja um það frv. og hespa því í gegn að afnema þingræðið. Þá væri allt mikið fljótlegra. Þetta sáu menn austar í Evrópu fyrr á öldinni. Lýðræðið er vesen, tekur ótrúlegan tíma. Alls konar menn eru alltaf að tala og jafnvel að halda ræður, kannski bara í klukkutíma eða tvo. (**RG:** Þvælast fyrir.) Þvælast fyrir.

Það er því auðvitað miklu virkara í markaðsþjóðfélaginu, að afnema þetta vesen. Það segir sig alveg sjálft. Eða hvað? Til hvers er myndin af þessum manni hérna uppi á vegg? Til hvers er hún? Til hvers er stytta af þessum manni hérna úti á Austurvelli? Til hvers er hún? Ætli hún sé ekki til að minna okkur á að við börðumst fyrir frelsi og lýðræði fyrir þessa þjóð. Hve oft ætli menn velti því fyrir sér til hvers hún er þessi mynd hér eða styttan sem þarna er frammi af Jóni Sigurðssyni? Ég held að það sé sárasjaldan sem menn velta fyrir sér: „Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur?“ og fleiri.

Veruleikinn er sá að ekkert er gert með það sem við erum að segja. Hroki stjórnarliðsins andspænis okkur í stjórnarandstöðunni hefur í 20 ár ekki verið annar eins og núna. Aldrei. Ekki aðeins hér í salnum heldur í fjölmiðlunum þegar forsrh. ræðst á okkur með ruddaskap eins og hann gerði í kvöld. Staðan er sú að maður veltir því fyrir sér hvort stjórnarflokkarir séu núna að komast langleiðina með að afnema þingræðið í raun, þó það sé til á pappír.

Í ár og í fyrra lögðum við í það vinnu að gera tillögur um breytingar á þingsköpum Alþingis. Þegar við notuðum rétt okkar til að stöðva afbrigði í vetur, tefja fyrirtekt máls í tvo daga, varð það til þess að þeirri vinnu var hent. Síðan vill

hann breyta þingsköpunum og tilkynnir það í sjónvarpinu í kvöld að það eigi að gera í vor, einhliða.

Herra forseti. Þegar ríkisstjórnin í landinu gengur yfir þingræðið á skítugum skónum, þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvað gera þurfi til að tryggja líf þingræðisins og lýðræðisins. Ríkisstjórnin er ekki að því. Hún er að eyðileggja það og henni má ekki takast það, herra forseti.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 00:08.

---

## 129. FUNDUR

laugardaginn 16. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — Frh. 2. umr.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Beiðni um úttekt Ríkisendurskoðunar á málefnum Búnaðarbankans.

[10:31]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Eins og kunnugt er er kannski ekki mjög margt að segja um störf þingsins. Þau eru í tómri vitleysu og svo er ríkisstjórninni fyrir að þakka. En ég ætla að nefna eitt annað atriði sem er það að fyrir nokkru skrifaði þingflokkur Alþb. og óháðra forsn. Alþingis og óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sams konar eða hliðstæða úttekt á Búnaðarbankanum og Seðlabankanum og gerð hafði verið á Landsbankanum. Forsn. Alþingis féllst þegar í stað á þessa ósk og tilkynnti okkur það og erindi var sent til Ríkisendurskoðunar. Nú er ljóst að eitthvað mun eftir af þessu þingi og með hliðsjón af því held ég að æskilegt sé að fá um það upplýsingar hvenær skýrslan kemur hugsanlega frá Ríkisendurskoðun þannig að hún geti komið til umræðu. Ég vil inna forseta eftir því hvort honum er kunnugt um hvenær skýrslan kemur frá Ríkisendurskoðun með hliðsjón af því að við getum þá skipulagt þingstörfin þannig að skýrsla Ríkisendurskoðunar komi á dagskrá.

[10:32]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv. vill forseti geta þess að honum er ekki kunnugt um hvenær umrædd skýrsla berst en mun leita eftir upplýsingum um það í ljósi þess sem fram kom hjá hv. þm.

[10:33]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ástæða er til að taka undir þessa beiðni. Fyrir þinginu liggja fjölmörg mál og fjölmörg atriði sem hefur verið lagt upp með sem er ástæða til að hreinsa upp og klára. M.a. var í blöðum í fyrradag grein eftir Sverri nokkurn Hermannsson þar sem alþingismenn allir bornir þeim sökum að vera skattsvikarar. Ég held, forseti, að það gangi ekki að svona lagað sé borið upp og þetta mál verður að taka fyrir og ræða meðal annarra ásamt því sem hv. þm. Svavar Gestsson minntist á. Ég spyr hvað forsn. hyggst gera í málinu. Á að gefa tækifæri til að ræða þetta mál eða verður lagt upp með sérstaka greinargerð frá forsn. um það og alþingismenn hreinsaðir af því að vera bornir þeim sökum að vera skattsvikarar?

(**Forseti** (StB): Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og mun taka þær athugasemdir til skoðunar en forsn. hefur ekki fjallað sérstaklega um það sem hv. þm. vitnaði til.)

### *Húsnæðismál, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

[10:35]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er verið að ræða í 2. umr. frv. til laga um húsnæðismál. Ég velti því fyrir mér í upphafi hverjar eru grunnþarfir mannsins. Grunnþarfir mannsins eru metnar vera að hafa í sig og á og eitthvert þak yfir höfuðið.

Hver er, herra forseti, grundvöllurinn til þess að fólk geti svarað þessum grunnþörfum eða fólk geti sinnt þessum grunnþörfum? Það er að hafa laun sem duga til þess að eiga í sig og á og geta komið sér þaki yfir höfuðið. Þetta eru grundvallaratriðin. En skyldi það frv. vera skoðað í réttu samhengi sem við ræðum og þau laun sem þurfa að vera til staðar hjá fjölskyldunni til þess að geta komið sér upp þaki yfir höfuðið? Ég held ekki. Meðan laun eru svo lág sem hér um ræðir að það er ekki hægt á lægstu launum að fara í greiðslumat og fá til þess að vilyrði að fara og koma þaki yfir höfuðið, þá er rangur grunnur undir þessum frumþörfum sem ég var að ræða í upphafi.

Ég vil nefna, herra forseti, að fyrir 50 árum bað George Stigler hagfræðinga að vera hreinskilna og bera fullkomlega saman að hækkun lágmarkslauna leiddi t.d. til minnkandi atvinnu. Röksemdafærslan að baki þessari spá er einföld og sannfærandi. Samkvæmt því líkani sem sett er fram í nánast öllum inngangsverkum um hagfræði veldur hækkun lögboðinna lágmarkslauna því að atvinna minnkar meðal verkamanna á lágmarkslaunum. Skyldi þetta vera rétt? Ætli þetta sé rétt fullyrðing? Það dreg ég í efa. Þessi röksemdafærsla hefur þó sannfært flesta hagfræðinga og í skoðanakönnun er ljóst að þessi röksemdafærsla hefur sannfært flesta hagfræðinga, þ.e. 90% atvinnuhagfræðinga eru sammála um þá

spá að hækkuð lágmarkslaun leiði til minnkandi atvinnu. Þessi einhugur er sérlega athyglisverður í starfsgrein sem er alkunn fyrir hatrammar deilur. En það er einn galli á þessu öllu saman.

Sönnunargögnum ber ekki saman um að hækkun lágmarkslauna leiði til minnkandi atvinnu. Ég hef leyft mér, herra forseti, að vitna til bókarinnar Myth and Measurement sem í lauslegri þýðingu gæti þýtt: Spásögn og staðreyndir. Í þeirri bók eru sett fram ný gögn sem sýna dæmi um hækkun lögboðinna lágmarkslauna hafi ekki haft þau neikvæðu áhrif sem skólabókardæmið sem hefur ekki verið rannsakað segir til um. Sum þessara nýju gagna benda til jákvæðra áhrifa af hækkun lágmarkslauna á atvinnustigið. Þetta er mjög athyglisvert og hefði kannski átt að vera búið að skoða á Íslandi þó að menn fái sig ekki til þess.

Þegar eldri rannsóknir á lágmarkslaunum eru skoðaðar að nýju kemur ekkert í ljós sem styður þá kenningu að lögboðin lágmarkslaun minnki atvinnu. Ef fallist er á niðurstöðu þeirra aðila sem gera þessa rannsókn í þeirri bók sem ég vitna til, Myth and Measurement, þannig að sett yrðu spurningarmerki við hið hefðbundna líkan, þá væri kannski ástæða til þess að þvinga hagfræðinga til þess að setjast niður og skoða það sem menn hafa verið að athuga á sl. hálfri öld.

Helstu niðurstöður athugana sem koma fyrir, í þeirri bók sem ég vitna til, sýnir að rannsókn t.d. á skyndibitastöðum í New York og New Jersey eftir að boðuð var hækkun lögboðinna lágmarkslauna 1992 að atvinna minnkaði alls ekki í kjölfar þessarar lagasetningar. Rannsóknir á meira en 400 matstöðum í New Jersey og austurhluta Pennsylvaníuríkis, sem gerð var eftir hækkun lágmarkslauna í New Jersey, sýndi að það hafði engin áhrif nema jákvæð og ég bið hv. þm. Jón Kristjánsson velkominn í salinn. Honum er alveg frjálst að koma og líta í gögnin eins og hann vill hér við stólinn. (**JónK:** Ég þakka þér fyrir.)

Ef borið er saman við matstaði í Pennsylvaníuríki þar sem lágmarkslaun héldust óbreytt kemur í ljós að í raun varð aukning á atvinnu í New Jersey í kjölfar hækkunar lágmarkslauna. Þetta er athyglisvert fyrir hv. formann fjárln. að lesa þá bók sem ég hef verið að vitna til og sjá hvað ætti í rauninni að vera að kljást við í hv. fjárln. þessa dagana. Það ætti að vera að kanna þær niðurstöður sem hækkun lágmarkslauna hefur leitt til alls staðar þar sem þetta hefur verið rannsakað. Nei, það er ekki svo. Það er verið að basla við allt annað. Það er verið að basla við ýmsar athuganir á gömlum reikningum sem breytast ekki nokkurn skapaðan hlut þó að farið sé yfir þau dæmi.

Það kom í ljós þegar matstaðir í New Jersey voru skoðaðir að atvinnuaukning varð meiri meðal þeirra matstaða sem neyddust til að hækka laun hjá sér vegna laganna en þeim matstöðum sem greiddu hærri laun en nýju lögin kváðu á um. Hvers vegna, herra forseti, er ég að fara yfir þessar athugasemdir? Vegna þess sem ég sagði í upphafi að grunnurinn að því að við Íslendingar getum sinnt frumþörfum okkar varðandi fæði, klæði og húsnæði er að laun séu mannsæmandi. Niðurstöður þeirra kannana sem fyrir liggja sýna að ef ekki er afgangur af launum umfram það að framfleyta sjálfum sér leggur einstaklingurinn ekkert inn til hagkerfisins. Grunnurinn að því að hagkerfi þjóðarinnar geti þróast eðlilega er að það sé í rauninni afgangur þegar einstaklingurinn hefur sinnt frumþörfum sínum. Annars er einstaklingurinn neikvæður fyrir hagkerfið og það er það sem er um að vera í íslensku þjóðfélagi að það eru a.m.k. 15–20 þúsund manns sem bera það ekki úr býtum að geta lagt til hagkerfisins. Það er athyglisvert að það er ekki gert neitt í að skoða það mál.

Það er líka athyglisvert að í því frv. sem við erum að ræða skoða menn ekki þessa hluti þegar er verið að leggja fram grunninn undir greiðslumatið sem allir verða að ganga í gegnum. Allir verða að ganga í gegnum greiðslumat ef þeir ætla að fá fyrirgreiðslu hjá þessum nýja sjóði sem er verið að setja á laggirnar sem er ekkert annað en nýtt húsnæðismálakerfi. Þegar ég segi nýtt húsnæðismálakerfi þá er ég ekki að segja að ekki hafi þurft að laga til. Svo sannarlega var ýmislegt athugavert og það hefði mátt breyta mörgu við núverandi stofnun og ná með því fullum árangri en í staðinn er félagslega kerfinu hent fyrir róða og eftir sitja a.m.k. 600–800 manns sem eiga enga fyrirgreiðsluvon í kerfinu.

Rannsóknir í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að hækkanir á lágmarkslaunum með alríkislögum frá árunum 1990 og 1991 höfðu ekki neikvæð áhrif á atvinnu unglinga. Það er athyglisvert. Lögboðin lágmarkslaun, sem hækkuðu úr 3,35 dollurum á tímann í 3,80 dollara 1. apríl 1990 og aftur í 4,25 dollara á tímann 1. apríl 1991, sýndu þetta. Þá voru ríkin flokkuð eftir hlutfalli unglinga sem tóku í laun 3,35 dollara upp í 4,25 dollara á tímann rétt fyrir hækkunina. Í hálaunaríkjum, sem eru t.d. Kalifornía og Massachusetts, voru tiltölulega fáir unglingar á því launabili þar sem hækkun lágmarkslauna hafði áhrif en í láglaunaríkjum eins og Mississippi og Alabama var allt að 50% unglinga á því launabili sem höfðu neikvæð áhrif á atvinnu þeirra.

Ef við miðum enn við kennslubókarlíkanið sem ég talaði um í upphafi þá hefði mátt ætla að atvinna unglinga hefði minnkað í láglaunaríkjunum þar sem nýju lögin hækkuðu laun miðað við hálaunaríkin. En gagnstætt því sem búast mátti við sýndu rannsóknir að engan marktækan mun var að finna í atvinnuaukningu milli hálaunaríkja og láglaunaríkja. Ef eitthvað var, þá voru það ríkin þar sem flestir verkamenn voru undir lágmarkslaunum sem nutu mestu aukningar í atvinnu unglinga. Þetta eru merkilegar niðurstöður og væri svo sannarlega ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að láta skoða niðurstöður þessarar rannsóknar og hvaða áhrif setning laga um lágmarkslaun gæti haft á íslenska hagkerfið.

Í þriðja lagi var tímahraðagreining á atvinnu unglinga uppfærð og endurskoðuð, sú greining sem mest er vitnað í í spánni um að hærri lágmarkslaun minnki atvinnu. Þegar hagtölur þær sem notaðar voru á 8. áratugnum eru áætlaðar upp á nýtt með gögnum frá síðari árum verður hið sögulega samhengi milli lágmarkslauna og atvinnustigs meðal unglinga lausara og raunar tölfræðilega ómarkhæft.

Einnig er verið að ræða og endurmeta nokkrar fyrri kannanir á áhrifum lágmarkslauna sem studdust við þversniðsgögn eða langtímagögn. Niðurstaðan er sú að rökin fyrir því að lágmarkslaun hafi engin áhrif eða jákvæð áhrif á atvinnustig eru a.m.k. jafnsett og þau sem hafa verið í gildi, órannsökuð á milli hagfræðinga sem eru þó frægir fyrir endalausar deilur.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé ástæða til að rannsaka þessa þætti sem grunn að því kerfi sem við ætlum að nota til þess að hjálpa fjölskyldunum á Íslandi og til þess að hjálpa einstaklingunum á Íslandi við að koma þaki yfir höfuðið. Ég held að sú nefnd sem setti þetta frv. saman hafi gert reginmistök í því að láta ekki skoða eða skoða ekki sjálf grunninn sem þarf til þess að allir eigi a.m.k. lágmarksrétt á að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ég nefni það við talsmann stjórnarliða í hv. félmn. hvort ekki sé rétt

hjá mér að þessi grunnur — og ég spyr um það — hvort þessi grunnur hafi verið skoðaður á nokkurn hátt. Mér finnst ástæða til þess að menn geri grein fyrir því: Var það skoðað að öllum Íslendingum yrði gert kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið miðað við það að þeir hafi fulla atvinnu yfir árið? Þetta eru grundvallaratriðin. Ég held nefnilega að þarna vanti mikið á. Það er meira að segja svo að verið er að tala um að það þurfi að byggja félagslegar íbúðir til leigu. Hver er staðan þar? Staðan þar er að sennilega vantar íbúðir fyrir um það bil 1.500 manns á landinu, þar af um 1.000 manns á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst ástæða til að fjalla um þau atriði sem snúa að félagslegum íbúðum í 13. gr. þessa frv. þar sem gert er ráð fyrir því að húsnæðisnefndir hætti allri umsýslu með eignaríbúðir fyrir láglaunafólk. Í stað þessa, samkvæmt 31. gr., eiga einstaklingar sem fylla þann láglaunahóp sem húsnæðisnefndir aðstoðuðu áður að fá beina fyrirgreiðslu frá Íbúðalánasjóði í formi húsbréfa og viðbótarlán eftir umsögn húsnæðisnefnda og geta þeir þá valið íbúð á markaðnum eftir smekk, þó með fyrirvara, samanber ákvæði III til bráðabirgða. Hvað er verið að segja okkur þarna, herra forseti? Það er verið að segja okkur að nú hafi nýir aðilar fengið nýtt hlutverk til að fjalla um þessi mál. Hvað skyldi þetta raska mikið högum fólks sem þekkir núverandi kerfi, sem veit nokkurn veginn að hverju er gengið? Og þrátt fyrir að ýmsu sé ábótavant í því kerfi sem við búum nú við hefur flestum einstaklingum verið kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Nú er það alveg á hreinu að ef ekki verður gripið til sértækra aðgerða þá er stór hópur undanskilinn í þessu efni.

Við þessa breytingu sem ég er að lýsa er starfssvið húsnæðisnefnda orðið það lítið og starf þeirra og félagsmálanefnda farið að skarast svo mikið að það væri auðvitað athugandi að fela félagsmálanefndum sveitarfélaga þennan þátt og þar með fækka nefndum um eina hjá sveitarstjórnunum og ekki veitir af sums staðar þar sem of margar nefndir eru svo sannarlega í gangi.

Um bein lán og frjálsræðið sem þeim fylgja er auðvitað ekkert nema gott eitt að segja. En vandi mun samt fylgja þessu frjálsræði því reynslan sýnir að þegar fjárfest er í íbúðarhúsnæði er íbúðarstærð valin við hæfi hverrar fjölskyldu og þörf fyrir stækkun kemur áður en varir. Þá er farið til fasteignasala og íbúðin sett á sölu. Af reynslu undanfarinna ára getur sala íbúða á frjálsum markaði tekið allt frá nokkrum mánuðum upp í tvö ár.

Herra forseti. Ég leyfi mér að grípa til þess að vitna frjálslega til umsagnar húsnæðisnefndar Kópavogs öðru hverju í mínu máli, með leyfi forseta, og fjalla síðan um einstök atriði sem þar eru sett fram. Svo ég grípi aðeins í athugasemdir frá húsnæðisnefnd Kópavogs, þá segir hér:

„Vegna ákvæða 18. gr. um greiðslumat gerði húsnæðisnefnd Kópavogs könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem höfðu keypt sér íbúðir hjá nefndinni að undanförnu og höfðu staðist greiðslumat miðað við greiðslubyrði 28% af brúttólaunum. Þessar sömu fjölskyldur voru greiðslumetnar miðað við 18% greiðslubyrði af brúttólaunum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Kom þá í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af þessum 122, eða 9%, hefðu staðist greiðslumat samkvæmt frumvarpinu. 111 fjölskyldur, eða 91% hefðu ekki staðist matið og þurft á leiguíbúðum að halda."

Þetta staðfestir það, herra forseti, sem ég sagði áðan, að það munu vera hátt í 1.500 manns sem þurfa á leiguíbúðum að halda sem er ekki verið að byggja. Það er ekki heimild til að byggja fyrir þann biðlista, enda er ég kannski ekki að gera mér vonir um að það mál verði leyst í einu vetfangi. Ég er ekki að vonast til þess. En ég sakna þess að ekki er gripið til raunverulegra aðgerða til þess, um leið og þetta frv. liggur fyrir, að sýna fram á að það sé verið að reyna að klóra í bakkann. Það er bara ekki gert. Þess vegna er verr af stað farið en heima setið með það kerfi sem við erum með nú.

Þegar skoðaðar voru 186 umsóknir sem höfðu borist undanfarna 14 mánuði kom í ljós að aðeins sex fjölskyldur af 186 hefðu staðist greiðslumat eða um það bil 3,3% af umsækjendum.

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Þetta þýðir að þessi breyting mundi valda sprengingu á leigumarkaði og afleiðingarnar eru auðvitað engan veginn fyrirsjáanlegar því að augljóst er að sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem til þarf.

Sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem þyrfti að verða en í frv. eru ákvæði, einmitt í 5. gr., þar sem sveitarstjórnir bera ábyrgð á og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þessa fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Hvað þýða þessi atriði fyrir landsbyggðina? Hvað þýða þessi atriði sem ég er hér að ræða fyrir byggðastefnuna? Okkur var kynnt í gærkvöldi í fréttum að ef fram heldur sem horfir, eins og stjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hefur stjórnað, þá liggur það fyrir að landsbyggðin er að leggjast í auðn. Síðan ætla menn að grípa til björgunarráða. Rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar er skutlað hér fram miklu plaggi sem lýtur að nýrri stefnu í byggðamálum. Hve höfum við oft heyrt um nýja stefnu í byggðamálum? Hvað höfum við oft heyrt það?

Síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum hefur alltaf verið lögð fram ný og ný og ný stefna í byggðamálum. Hverjar eru niðurstöðurnar? Niðurstöðurnar eru þær að sífellt hefur fækkað á landsbyggðinni. Af hverju? Af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess, að mínu mati, að stefnan í fiskveiðistjórninni er röng t.d. Það er eitt atriðið. Það er verið að safna kvótanum sem er grunnurinn að því öllu saman sem við erum að tala um, a.m.k. að 60%, það er verið að safna þeim auðæfum á æ færri hendur og þjappa þeim meira saman, en það leiðir til þess að fólkið á landsbyggðinni er að missa frá sér björgina að miklu leyti eins og sannast hefur því að kvótinn hefur flust frá smærri stöðum til stærri staða og það leiðir til þessa ástands sem ég hef verið að lýsa í húsnæðismálum og að ekkert horfir til breytinga í því. Það hefur ekkert að gera með þetta frv. og frv. tekur ekkert á þeim málum hvernig á að leysa þau atriði.

Það er rétt að vitna til þess, herra forseti, að á sl. fimm árum hefur t.d. húsnæðisnefnd Kópavogs afhent að jafnaði 49 nýjar íbúðir til umsækjenda auk 56 innlausnaríbúða á ári sem er meðaltal síðustu þriggja ára eða samtals 105 íbúðir á ári. Það er óhætt að nefna það sem dæmi um áætlaðan kostnað Kópavogsbæjar vegna leiguíbúða samfara því að þetta frv. verði að lögum, að kostnaður á hverja leiguíbúð miðað við meðalverð er 8 millj. kr. Hvað þýðir þetta dæmi? Þetta þýðir að 10% framlag sveitarfélagsins er um 800 þús. kr., 1% lántökugjald af 7,2 millj. er 72 þús. kr., 1,5% stimpilgjald af 7,2 millj. er 108 þús. kr., 0,4% stimpilgjald af afsali af 8 millj. kr. er 32 þús. kr. og síðan er þinglýsingargjald af skuldabréfi 2.400 kr. Hvað skyldi þetta nú vera mikið samtals? Hvað ætli þetta sé mikil upphæð samtals? Þetta er 1.014.400 kr.

Það er gengið frá því í útreikningi að sveitarfélög þurfi ekki að greiða 5% framlag í Tryggingarsjóð sem mundi nema 100 þús. kr. í viðbót af hverri íbúð. Það er heldur ekki reiknað með fjármagnskostnaði í þessu dæmi.

Miðað við að frv. sem hér liggur fyrir verði samþykkt óbreytt þá er samkvæmt þessari umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs áætlað að þörf verði fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári, næstu fjögur árin. Hvað mun það kosta Kópavog, þetta stækkandi bæjarfélag? Það mun kosta 76 millj. auk húsaleigubóta sem nema munu um 4 millj. kr. Heildarkostnaður þessa bæjar er því 80 millj. og 80 þús.

Hér segir enn fremur, herra forseti, að með þessu frv. sé boðuð stefnubreyting í húsnæðismálum þjóðarinnar þar sem meginákersla sé lögð á eflingu leigumarkaðarins á kostnað eignaríbúða. Ég bið menn að velta því fyrir sér hvað þessi orð þýða. Hvað þýða þessi orð? Er verið að reikna með því að fátæku fólki eigi sífellt að fjölga í landinu? Eru það sífellt fleiri sem eiga að fara í leiguíbúðir og sífellt færri í eignaríbúðir? Ég get ekki lesið, herra forseti, annað út úr þessum orðum.

Í þessari umsögn segir enn fremur að í umfjöllun um frv. hafi gleymst að skoða þær auknu byrðar sem lagðar eru á þessa láglaunahópa strax í upphafi við kaup á húsnæði. Tökum dæmi af íbúð sem kostar 5 millj. á markaðnum og það er ekki merkileg íbúð, herra forseti, sem kostar 5 millj. Ætli það sé ekki einhvers staðar nálægt því að vera kjallaraíbúð eða íbúð í lyftublokk á slæmum stað. Kaupandi með viðbótarlán þyrfti að standa skil á 634.900 kr. við kaupin sem skiptast í eftirtalda liði: 10% á útborgun af 5 millj. eru 500 þús. kr. 1% lántökugjald af 4,5 millj. væri 45 þús. kr. 1,5% stimpilgjald af láninu plús þinglýsingargjald sem er 1.200 kr. eru 68.700 kr. og 0,4% stimpilgjald af afsali plús þinglýsingargjald sem er 1.200 kr., alls 21.200. Samtals eru þetta 634.900 kr. Nú skulum við velta fyrir okkur lægstu launum í því samhengi að eiga að fjármagna kaup á þessari 5 millj. íbúð

Ég spyr og beini máli mínu til talsmanns stjórnarmeirihlutans: Var þetta dæmi skoðað? Var athugað hve mikil laun þurfi til þess að geta staðið undir þessari greiðslu? Ég spyr: Hafi það verið skoðað, hve há þurfa þá launin að vera til að standa undir nákvæmlega þessari greiðslu? Hver þurfa laun fjölskyldu með þrjú börn að vera til þess að standa undir greiðslunni sem ég tók dæmi um, þar sem miðað er við íbúð sem kostar 5 millj., þar sem kaupandi með viðbótarlán þyrfti að standa skil á 634.900 kr. Hver þurfa laun fjölskyldunnar að vera við þá liði sem ég rakti? Við skulum tengja þessa umræðu lágmarkslaunum og lögbindingu lágmarkslauna.

Ef sama dæmi er tekið, miðað við lögin sem í gildi eru, þá þarf kaupandi að standa skil á 506.613 kr. Í þessu tilviki munar verulega, miðað við það kerfi sem við búum við, á því hve álagið hækkar í því kerfi sem frv. mun innleiða.

Mismunur á greiðslum við kaup íbúðarinnar samkvæmt þessu frv. er samtals 128.287 kr. hærri en samkvæmt gildandi lögum. Auk þessa er skuldin 157.500 kr. hærri. Þetta gerir samtals 285.787 kr. sem þarf að greiða meira, fyrir þessa umræddu íbúð samkvæmt frv. Þetta er niðurstaða sem ég átti ekki von á, hæstv. félmrh. Ég var satt að segja þess alveg fullviss að menn ætluðu sér að sníða þessa ágalla af, gagnvart þeim sem lakast eru settir. Ég tók undir það að ástæða væri til að gera breytingar, einmitt vegna þess að ég treysti því að menn væru að reyna að laga þá galla sem á hafa verið. Það er ekki svo heldur versnar staðan hjá þeim fjölskyldum sem lakast eru settar í íslensku þjóðfélagi.

Það má líka taka dæmi af íbúð sem kostar 7 millj. Þá þarf greiðslan við kaup að vera 887.900 kr. samkvæmt frv. Herra forseti. Ég er að tala um íbúð sem er 2 millj. kr. dýrari en íbúðin sem ég ræddi um áðan. Greiðsla við kaup þarf að vera 887.900 kr. samkvæmt frv. En samkvæmt núgildandi lögum þarf greiðslan að vera 708.298. Kostnaður við kaup þessarar íbúðar, samkvæmt frumvarpinu, er því 179.602 kr. hærri en í gildandi lögum. Auk þess er skuldin 220.500 kr. hærri. Þetta gera samtals 400.102 kr. sem greiða þarf meira fyrir þessa íbúð samkvæmt frv.

Ég beini þeirri spurningu til talsmanns meiri hlutans og vona að hann sjái ástæðu til þess að svara því: Voru þessi dæmi skoðuð nákvæmlega þegar þessar umsagnir komu inn til hv. félmn.? Var það skoðað að greiðslubyrðin væri að aukast, í þessu dæmi varðandi 7 millj. kr. íbúðina, um 400.102 kr.? Voru þessi dæmi skoðuð eða er verið að setja fram rangar fullyrðingar? (**Félmrh.:** Það er verið að setja fram rangar fullyrðingar.) Við skoðum það. Ég vil gjarnan heyra hvort verið er að setja fram rangar fullyrðingar og vildi gjarnan fá útlistað hvar feillinn er hjá húsnæðisnefnd Kópavogs í þessum dæmum, bæði varðandi kaup á 5 millj. kr. íbúðinni og 7 millj. kr. íbúðinni. Ég veit að þessar umsagnir sem ég er hér að vitna til liggja fyrir hjá hæstv. félmrh. Ég trúi því og treysti að þetta atriði kunni talsmaður félmn. utan að og fari létt með að útskýra fyrir fákunnandi mönnum eins og þeim sem hér vitnar í þessi dæmi.

Ég tek þriðja dæmið sem kannski væri ágætt að fá svör við. Það hlýtur þá að vera rangt eins og hin. Dæmi er tekið af íbúð sem kostar 9 millj. Þar er um að ræða íbúð sem sennilega er við hæfi fimm manna fjölskyldu, hjóna með þrjú börn. Greiðsla við kaup er þá 1.140.900 kr. samkvæmt frv. Samkvæmt núgildandi lögum þarf greiðsla við kaup að vera 909 þús. Mismunur á greiðslum við kaup íbúðar samkvæmt frv. eru samkvæmt þessu 230.918 kr. hærri en er samkvæmt gildandi lögum, auk þess sem skuldin hækkar um 283.500 kr. Samtals þarf að greiða 514.418 kr. meira fyrir íbúðina samkvæmt frv. Ég velti fyrir mér stöðu þessarar fimm manna fjölskyldu. Hver þurfa launin að vera til þess að geta staðið undir því að kaupa 9 millj. kr. íbúð?

Ég held að rétt sé að vitna áfram til umsagnar húsnæðisnefndar Kópavogs. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af þessu er rétt og skylt að fram komi að þær fjölskyldur sem keypt hafa íbúðir hjá húsnæðisnefnd Kópavogs hafa í örfáum tilvikum átt fyrir útborguninni og oftast eru það þá eldri borgarar. Í flestum tilvikum hafa þær þurft að fá lán fyrir hluta eða jafnvel allri útborguninni enda hafa launakjör ekki gefið svigrúm til sparnaðar. Það er því mjög alvarlegt mál fyrir þennan láglaunahóp ef fram fer sem horfir og breytingar verða ekki gerðar á frv."

Hér kem ég enn og aftur að því, herra forseti, og ágætt að hæstv. félmrh. heyri, að ég tengi saman lágmarkslaun í þessu landi og grunninn sem þarf að vera til staðar til þess að kleift sé, á grundvelli greiðslumats, að koma sér þaki yfir höfuðið. Ég tel það vera eina af frumþörfunum ásamt því að eiga í sig og á eins og sagt er og hefur verið sagt um langan tíma.

Ég segi að ástæða sé til þess að tengja þetta saman og reyna að vekja áhuga hagfræðinga á lágmarkslaunum. Sá áhugi ætti ekki síst að snúast um þá kenningu sem hér hefur verið í gangi um að hækkun lágmarkslauna mundi leiða til fækkunar starfa. Það er alrangt að hækkun lágmarkslauna fækki störfum. Grundvallaratriðið er að menn finni hinn

rétta takt. Samkvæmt öllu því sem ég hef skoðað eru lægstu umsamin laun á Íslandi of lág.

Ég hef lagt fram frv. til laga um að heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 85 þús. kr. fyrir fulla dagvinnu. Hvað þýðir þessi framsetning? Hún þýðir, samkvæmt því sem ég hef sett fram sem gögn og skoðað, að þetta er lægsta mögulega launaupphæð til þess að einstaklingur geti framfleytt sér miðað við þær þarfir sem ég ræddi um í upphafi máls míns. Ég vonast til að menn fáist til þess að skoða þetta. Ekki er ljóst hvort 85 þús. kr. talan er rétt eða röng, eða hvort hún þarf að vera 100 þús. kr. eins og fjölmargir telja að lægstu laun þurfi að vera, ég get hvorki sannað það né afsannað. Það eina sem ég er að koma fram er að menn skoði þennan grunn. Hvað þarf einstaklingurinn að bera úr býtum? Þetta á jafnt við fatlaða, aldraða og þá sem eru úti á vinnumarkaði.

Hvað þarf einstaklingurinn að hafa til þess að geta framfleytt sér sómasamlega og jafnframt lagt inn til samfélagsins þá upphæð, eða haft afgangs þá upphæð, að hann geti lagt til hagkerfisins eðlilega fjármuni í gegnum einkaneyslu til þess að viðhalda hagkerfinu? Þeir sem eru undir þessum launum eru í rauninni nokkurs konar baggi að ósekju. Það er vegna þess að launin eru of lág eða þá að grunnurinn fyrir útreikningunum er rangur.

Hver er niðurstaðan af því að launin eru of lág? Niðurstaðan er sú að það hefur leitt til fólksflótta frá landinu. Niðurstaðan er sú að fólk hefur með aukinni vinnu náð því að framfleyta sér með því að vinna dag og nótt.

Það er ástæða til þess að nefna að það eru 28 lönd a.m.k. sem hafa lögleitt lögbindingu lágmarkslauna. 28 þjóðlönd í heiminum hafa lögbundið lágmarkslaun. Í 23 af þessum 28 löndum hefur komið í ljós að lögbinding lágmarkslauna hefur leitt til meiri hagvaxtar en ef ekkert hefði verið að gert.

Það er rétt að nefna það að breska ríkisstjórnin boðar mjög mikla uppstokkun í skatta- og velferðarkerfinu. Til hvers? Til að auka kaupmátt heimilanna og gera það að vænlegum kosti fyrir breska þegna að vinna fyrir sér. Lágmarkslaun fjölskyldu með eina fyrirvinnu eiga að lágmarki að vera 90 þús. kr. á mánuði, segir hér í fréttatilkynningu frá 18. mars 1998. Þar segir að Gordon Brown fjármálaráðherra hafi kynnt fjárlagafrumvarp stjórnarinnar á þingi og boðað að ætlunin væri að umbylta skatta- og velferðarkerfinu. Hann sagði þar að breytingarnar ættu að styrkja stöðu fyrirtækja og ekki síður að hvetja fólk til að fara út á vinnumarkaðinn í stað þess að vera heima á bótum. Þetta ættum við að skoða, herra forseti, í okkar hagkerfi. Meðal annars á að taka upp sérstakan skattafslátt vinnandi fjölskyldna frá október á næsta ári sem á að létta undir með þeim launalægstu í Bretlandi. Hann á að vega upp á móti kostnaði við barnagæslu. Skattafsláttinn á að fjármagna með því að koma í veg fyrir möguleika fólks að sleppa við fjármagnstekjuskatt með því að fjárfesta á Ermasundseyjunum og víðar þar sem hægt er að ávaxta sparifé á hagkvæman hátt.

Í þessu fjárlagafrumvarpi kemur m.a. fram að lágmarkslaun á viku eigi að vera a.m.k. 22 þús. kr. eða um það bil 90 þús. kr. á mánuði. Skattleysismörk verða við 27 þús. kr. vikulaun eða um það bil 110 þús. kr. á mánuði. Skattleysismörk eiga að vera um það bil 110 þús. kr. á mánuði. Ég hygg að ef þau atriði sem ég er hér að rekja væru skoðuð og borin væru saman kjör fólks á lágmarkslaunum á Íslandi og í Bretlandi, þá kæmi í ljós að kostnaðarmismunur fjölskyldu á Íslandi og í Bretlandi er nánast enginn. Það er mjög svipað verðlag orðið á Íslandi og í Bretlandi, ef allt er tekið með í dæmið. Mismunurinn er sá að lægstu laun á Íslandi, herra formaður fjárln., virðulegur þm. Jón Kristjánsson, eru 20 þús. kr. lægri en þau laun sem áformað er að verði lágmarkslaun á Bretlandi.

Þetta er mjög alvarlegt. Það hlýtur að vera alvarlegt fyrir okkur á hv. Alþingi að vita um þessar staðreyndir og gera ekkert í málinu. Menn snúa sér nánast undan þegar rætt er um að lögbinda lágmarkslaun. Hægt væri að skoða hvaða áhrif menn telja að hljótist af hækkun lágmarkslauna í 90 þús. kr. á mánuði. Það hefur verið talað um að í tengingu við vísitölu hækki verð á bjór og léttum vínum lítillega og sígarettupakkinn hækki um 25 kr. Ætli okkur fyndist nokkuð mikið til um það? Ætli mætti ekki bara hækka sígarettupakkann verulega á Íslandi umfram það sem er án þess að um það yrðu nokkrar deilur. Verð á bifreiðaeldsneyti hækkar reyndar örlítið en það er talað um að vegaskattur verði settur fastur. Hjá þeim sem aka sparneytnum bílum lækkar kostnaðurinn. Hvað er verið að gera þarna? Það er verið að hvetja fólk til þess að aka léttum, sparneytnum bílum. Hvar er hvatinn til þess á Íslandi. Hvar er sá hvati? Hvergi nokkurs staðar. Það er hvergi nokkurs staðar hvati til þess að menn aki á sparneytnum bílum.

Verð á bifreiðaeldsneyti hækkaði eins og ég sagði en 60 milljarðar verða veittir til viðbótar til heilsugæslu, 30 milljarðar til aukinnar menntunar og 60 milljarðar á þremur árum til að bæta almenningssamgöngur.

William Hague, leiðtogi Íhaldsflokksins, sagði á þingi í gær um fjárlagafrumvarpið að það væri svik við fólk sem ynni mikið og sparaði mikið. Paddy Ashdown, leiðtogi frjálslyndra, fagnaði ýmsu í frumvarpinu en taldi að ríkisstjórnin treysti um of á vexti til að stýra efnahagsmálum. Þetta eru atriði sem ég tel að menn hefðu átt að skoða enn frekar. Ég hef hvatt til þess og náði í rauninni, og rétt að gera grein fyrir því, samkomulagi við hæstv. forsrh. um að skipuð yrði nefnd hagfræðinga til að kanna hvað sé hæft í því sem ég hef verið að leggja fram ár eftir ár. Þrjú ár í röð hef ég rökstutt og lagt fram frv. til laga um lögbindingu lágmarkslauna.

Það er auðvitað rétt að velta fyrir sér af hverju launin á Íslandi eru svona lág. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að laun eru svo lág á Íslandi, sem raun ber vitni? Er það ekki vegna þess að menn hafi ekki komið sér saman um þann grunn sem þarf að vera fyrir því að fjölskyldan, einstaklingurinn, þjóðfélagið geti haft milli handanna, að geta brauðfætt sig, klætt sig og haft þak yfir höfuðið. Þessi grunnur hefur ekki verið skoðaður í allt of langan tíma og ég geri þá kröfu, herra forseti, að úr því verði bætt.

Í þessum orðum mínum felst að ég ásaki aðila vinnumarkaðarins um að hafa ekki staðið sig sem skyldi. Ég ásaka aðila vinnumarkaðarins og ekkert síður þá sem ég á að félögum í Alþýðusambandi Íslands. Ég tel að þeir hafi ekki staðið sig sem skyldi. En hvernig víkur því við? Því víkur þannig við að meiri hluti þjóðarinnar hefur kosið yfir sig þá aðila sem mynda helmingaskiptastjórn á Íslandi, Sjálfstfl. og Framsfl. Þar liggja síðan endarnir. Það er þar sem ákvörðunarvaldið liggur. Inni á Alþingi er ákvörðunarvaldið. Þar mynda 40 þingmenn meiri hluta gegn 23 og undir það beygja menn sig að lokum því að það er lýðræði. Mín orð um lýðræði eru eftirfarandi að lýðræðiskenndin er næstum því dauð og ég gæti lokið máli mínu og sagt þetta svona:

Ég læt þessu lokið, mín lýsing er snauð
lýðræðiskenndin er næstum því dauð.

Áfram er vaðið með ógnarvaldi
öllu hér stýrir hann Davíð kaldi.

Ég get auðvitað lokið mínu máli með þessu, herra forseti, en mér þykir það dapurt að þurfa að segja að sá meiri hluti sem ríkir er gersneyddur tengslum við þjóðina. Hann áttar sig ekki á því að meiri hluti þjóðarinnar stendur gegn því að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Þegar búið er að kanna það mál er fyllilega ljóst að meiri hluti landsmanna mundi vilja stöðva málið og skoða það í sumar. Þar með er ekki sagt að ekki sé fullt af atriðum sem eru til bóta en það eru allt of mörg vafaatriði. Þegar það kemur beinlínis í ljós, eins og ég las upp áðan samkvæmt umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs, að það eru atriði sem fara til verri vegar, þá er ástæða til þess að skoða málið.

Það er gaman að velta fyrir sér launum og ástæðum þess að laun duga ekki fyrir framfærslu. Ef við veltum fyrir okkur framleiðni og launum í íslenskum fiskiðnaði er auðvitað athyglisvert að skoða upplýsingar um hæstu laun sem íslensk fyrirtæki greiða. T.d. þær tölur sem tímaritið Frjáls verslun birtir ár hvert. Hvernig skyldi það nú vera?

Á toppnum tróna útgerðarfyrirtæki sem flest hver gera út fyrstiskip og eru meðallaun 30 efstu fyrirtækja á listanum á bilinu 3,6–6,5 millj. Það væri þokkalegt að vera í vinnu þar og ágætt ef ég væri að tala um þá staðreynd að þetta væru meðallaun. Nei, af og frá. Þetta gildir aðeins um þau fyrirtæki sem gera út frystiskipin. En hvað bera síðan hinir úr býtum? 1.100–1.200 þús. kr. á ári. 1.100–1.200 þús. kr. á ári fær verkamaðurinn fyrir fulla vinnu allt árið.

Fyrirtæki sem eru með blandaðan rekstur, þar sem landvinnsla er stór hluti rekstrarins, fyrirtæki eins og Grandi, Útgerðarfélag Akureyringa og Haraldur Böðvarsson, greiða lægri meðallaun. Þetta var ekki á síðasta ári heldur á árinu 1996. Þá greiddu þau laun á bilinu 2,5 til 2,7 millj. kr. Hvernig stendur á þessu? Auðvitað má velta því fyrir sér hvort sjómenn séu að taka of stóran hluta af kökunni. Eru einhver önnur atriði sem skýra þennan mun?

Það er auðvitað ekki hægt að standa hér og leggja dóm á það hvort hlutur sjómanna er of stór. Ég held þó að það megi vera ljóst að nýting fjárfestingar í frystitogurum er meiri en í landvinnslu og þar með er meiri geta til að greiða hærri laun. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það, herra forseti, að þetta munstur þurfum við að skoða mikið betur. Ég vil segja að ef fiskvinnsla í landi á að geta greitt sambærileg laun og í nágrannalöndum og verða samkeppnisfær við sjóvinnslu, þá er nauðsynlegt að nýting fjárfestingar verði aukin verulega. En hvað er gert? Það er skipt um tæknibúnað ár eftir ár. Tæknibúnaðurinn er ekki búinn að skila sér þegar skipt er út. Af hverju er verið að þessu? Menn ætla sér augljóslega að auka nýtingu og gera fyrirtækið betur samkeppnishæft. Samt eru til fyrirtæki sem aðeins eru rekin á handaflinu einu saman og ég get nefnt það hér, Bylgjan í Ólafsvík. Þar er allur fiskur handflakaður, allur fiskur keyptur á markaði. Fyrirtækið er rekið með hagnaði, borgar góð laun, mikið hærri meðallaun en ég var að nefna áðan sem voru lægstu laun verkafólks. (**Gripið fram í:** En er þar tryggt félagslegt húsnæði?) Jú, það er vandamál varðandi félagslegt húsnæði í Ólafsvík og það þekkir hv. þm. sem hér kemur til mín alveg upp að stól og getur fengið pláss hjá mér ef hann vill, hv. þm. Kristján Pálsson, þannig að við gætum talað báðir til þess að spara tíma ef því er að skipta. (**Gripið fram í:** Það er bannað samkvæmt þingsköpum.)

Ef íslensk fiskvinnsla á að geta greitt sambærileg laun og í nágrannalöndunum og verða samkeppnisfær á við sjóvinnslu, þá er nauðsynlegt að nýting fjárfestingar verði aukin verulega, fiskvinnsluhúsin verði rekin eins og verksmiðjur og starfi öðruvísi en gert er. Í frystihúsum erum við með fjárfestingu sem víða er nýtt aðeins 8 tíma á sólarhring. Þar er skekkja. Þar er um að ræða skekkju. Það þyrfti að vera þannig að húsin þar sem við erum með fiskvinnsluna séu rekin í 14–16 tíma. Til þess að það geti orðið verðum við auðvitað að ná samningum og samkomulagi um að fólk fái greidd mannsæmandi laun fyrir að vinna vaktavinnu. Þetta þýðir, herra forseti, samkvæmt orðum mínum, að það verði að setja á vaktavinnu. Þá verður að gera nýja kjarasamninga og það er ekki hægt að ná þeim kjarasamningum fram nema fólk fái verulega bætt laun.

Herra forseti. Ég hef oft staðið í þessum stól og rætt um sjávarútveg. Flestir þeir sem til mín heyra vita um skoðun mína sem er sú að það kvótakerfi sem sett var á með lögum nr. 38/1990 eigi verulega sök á því að fólki hefur fækkað á landsbyggðinni og fjölgað í þéttbýlinu vegna þess að fjármagn hefur verið flutt frá almenningi til einstaklinga, því miður. Ég veit að fjölmargir þekkja dæmin sem hlotist hafa af því.

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnenda íslenskra fyrirtækja ætti auðvitað að vera og er að þeir eiga að stuðla að því að íslensk fyrirtæki geti borgað góð laun þannig að lífskjör séu jafngóð og best gerist í nágrannalöndunum. Ef ekki stöndum við í eilífu stríði um þau mál sem ég hef verið að nefna og ég tel að einfaldast væri að lagfæra þessi mál með einu pennastriki og miða lágmarkslaun við 85 þús. kr. eða þá þannig, svo ég nefni engar tölur, að það sé öruggt að einstaklingurinn hafi afgang umfram frumþarfir til að leggja til hagkerfisins.

Nauðsynlegt er að góð samvinna náist um þessi atriði milli launþega og atvinnulífsins og þau samtök sem fjalla um kjarasamninga verða að átta sig á að það getur verið nauðsyn að gera breytingar á ýmsum atriðum sem lúta að kjarasamningum til þess að auka sveigjanleika. Ég held að því miður sitji samtök launþega og vinnuveitenda allt of föst í sama fari og ástæða sé til þess að auka sveigjanleika.

Til þess að ná árangri í svona verkefni er að sjálfsögðu mikilvægt að stöðugleiki ríki á vinnumarkaði og ekki geri ég annað en fagna þeim hugmyndum sem hafa komið fram hjá mörgum forustumönnum launþega um að það eigi að gera kjarasamning eins og gerður var síðast til aldamóta. Ég tel að það hafi verið rétt skref. En það sem um var samið voru of lág laun. Ég viðurkenni þó, herra forseti, að kjörum launþega verður ekki breytt á einni nóttu með einhverju heljarstökki. En það er einungis hægt að vænta þess að hægt sé að bæta kjörin með aðgerðum til lengri tíma. Ég vona að menn grípi til þess þó að ég segi að það eigi að setja strik við og setja lágmarkslaun 85 þús. kr. Þá er aðeins byggt á athugunum mínum. Ég treysti því ef það mál er skoðað finni menn þá tölu sem er rétt að miða við.

Auðvitað get ég nefnt fjölmörg atriði um þetta mál sem hér hefur verið rætt. Í 1. umr. setti ég fram spurningar, fékk svör við þeim og vonaðist síðan til að málið fengi jákvæðari umfjöllun af hálfu stjórnarmeirihlutans. Niðurstaðan er sú sem við sitjum með og hv. formaður félmn. hefur gert grein fyrir þeim atriðum sem stjórnarandstaðan telur að þurfi helst að laga. Því miður hefur það ekki náðst fram. En ég get auðvitað sagt það að í upphafi sagði hæstv. félmrh. að hann sæi ástæðu til að gera brtt. á þessu máli í upphafi en því miður eru þær breytingar sem boðaðar eru milli umræðna

allt of litlar til þess að ég geti a.m.k. sætt mig við að málið sé afgreitt núna.

Ég held að það þurfi að vera þannig að kaupendur í húsnæðiskerfinu þurfi að hafa val um það t.d. á fyrstu fimm árunum hvort þeir leigi í upphafi og í framhaldi af því geti þeir keypt og valið á fimm ára tímabili. Þetta liggur því miður ekki fyrir núna og m.a. þess vegna er ég mjög óhress með að afgreiða málið og mun ekki gera það. Ég mun sitja hjá við ýmsar greinar og greiða atkvæði á móti sumum ef frv. kemur til atkvæðagreiðslu. Best væri, herra forseti, að sátt næðist um að ákveðin atriði úr þessu frv. væru tekin og geymd til haustsins og skoðuð nákvæmlega í sumar. Það gerist nákvæmlega ekki neitt. Ég spyr: Hvað er búið að gera gagnvart því fólki sem starfar hjá núverandi Húsnæðisstofnun? Hvað er búið að bjóða því fólki? (**Gripið fram í:** Ekkert.) Ekkert. Ég veit ekki til að því fólki hafi verið boðinn nokkur skapaður hlutur formlega. Vissulega veit ég að hæstv. félmrh. hefur sagt að hann hugsi sér að því fólki sem starfar á þessari stofnun verði boðið starf á nýju peningastofnuninni. En það er ekki búið að gera það formlega. Þetta fólk á allt yfir höfði sér að það fær annaðhvort vinnu eða ekki. Engum hefur formlega verið boðin vinna þannig að þetta fólk er allt í lausu lofti og þetta er eitt af þeim atriðum sem ég geri alvarlega athugasemd við.

Herra forseti. Það getur verið að í seinni ræðu minni um þetta mál komi ég inn á nákvæmt dæmi og nákvæmari dæmi en ég hef farið yfir hvaða afleiðingar frv. hefur einmitt gagnvart þeim hópum sem ég tel að hafi fallið fyrir borð að hugsa um. Ég er að sjálfsögðu með efni til þess að sýna fram á með ýmsum rökum að hér er rangt farið að. En í trausti þess að menn nái samkomulagi um að þetta mál verði geymt á einhvern hátt eða menn nái samkomulagi um það hvernig þetta mál verði afgreitt ætla ég að láta staðar numið í málflutningi mínum. Ég minni á það sem ég sagði áðan um lýðræðið og kom því saman í vísukorni og ég lýsi miklum áhyggjum yfir því sem er að gerast á landinu. Ég minni á hálendisfrv. og ég minni á þetta frv. um sveitarstjórnarmál, ég minni á þetta frv. um húsnæðismál þar sem á að knýja með ofurvaldi fram meiri hluta sem er að öllum líkindum gegn meirihlutavilja þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið í bili en ég skora á virðulegan forseta að hann beiti áhrifum sínum til þess að reyna að ná samkomulagi um afgreiðslu þeirra mála sem fyrir liggja því að það horfir mjög alvarlega hjá mörgum einstaklingum sem eiga allt sitt undir þeim málum sem við erum að ræða.

[11:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Frá því að frv. til laga um húsnæðismál kom fram um mánaðamótin febrúar/mars hefur nokkur umræða orðið um það í þjóðfélaginu en þó ekki eins mikil og efni standa til. Um leið og frv. kom fram settu stærstu samtök launafólks, ASÍ og BSRB, í gang mikla vinnu, efndu til fundar með fréttamönnum og í kjölfarið birtu kjörnir fulltrúar samtakanna og starfsmenn fjölda greina í blöðum bæði til þess að leggja staðreyndir á borðið og til þess að kveikja umræðu í þjóðfélaginu. Menn gera sér grein fyrir því hversu alvarlegt mál er á ferðinni.

Umræðan á Alþingi hefur einnig haft þetta tvennt að markmiði. Að vekja athygli á ýmsum staðreyndum máls og að kveikja umræðu um málið. Lýðræðisleg umræða um flókin álitamál er alltaf til góðs. Hún er til þess fallin að varpa ljósi á málin og leiða fram sitthvað sem var áður hulið.

Nú er það að gerast að í þjóðfélaginu er að kvikna umræða um húsnæðismálin og þessa hefur hæstv. forsrh. landsins, Davíð Oddsson, orðið áskynja. Hann er farinn að gera sér grein fyrir því að umræðan um þetta frv. er farin að skila sér út í þjóðfélagið og hvað gerir hæstv. forsrh. þá? Þá kemur Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., fram í sjónvarpi, ekki í þingsal, ekki á Alþingi, hann kom fram í fréttatíma ríkissjónvarpsins í gærkvöldi og sagði að nú væri mál að linni. Þingið væri farið að sýna skelfileg merki um vanþroska. Menn leyfðu sér að ræða stjórnarfrv., þeir leyfðu sér að gagnrýna stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Stjórnarandstaðan væri að koma í veg fyrir eðlileg vinnubrögð og væri sorglegt til þess að vita að Alþingi Íslendinga væri ekki búið að ná meiri þroska en þetta.

Þetta sagði forsrh. landsins í fréttatíma ríkissjónvarpsins í gær. Við vitum það öll að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson telur sig vera mjög þroskaðan mann og Sjálfstfl. mjög þroskaðan stjórnmálaflokk. Nú telur Davíð Oddsson að sér hafi tekist að koma Framsfl. einnig til nokkurs þroska og þá ekki síst hæstv. félmrh. Páli Péturssyni sem hann telur eflaust vera mjög efnilegan mann á uppleið. En okkur sem þekkjum hinar félagslegu taugar hæstv. félmrh. er hins vegar ekki skemmt því að við vitum að mælikvarði forsrh. á þroska er undirgefni, að menn gangist undir leiðsögn hans í einu og öllu, gangist undir stefnu hans, fylgi stefnu Sjálfstfl.

Hvernig birtist stefna Sjálfstfl. í því máli sem er til umræðu? Í stuttu máli, aðeins fáum setningum, er verið að markaðsvæða húsnæðiskerfið. Kerfi sem byggði á aðstoð í gegnum lága vexti, í gegnum margvíslega þætti af því tagi. Þessi aðstoð á öll að fara yfir í vaxtabætur en lánin eiga að taka mið af markaði. Þetta er fyrsta skrefið af stærri skrefum sem á eftir að stíga vegna þess að þó ráð sé gert fyrir því að hinn nýi sjóður, Íbúðalánasjóður, verði stofnun rekin á vegum samfélagsins, er það aðeins til bráðabirgða. Nú brosir hæstv. félmrh. En hefur hæstv. félmrh. lesið skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál 1998 þar sem m.a. er fjallað um gerðir hans og hvað vakir fyrir ríkisstjórninni? Hefur hæstv. félmrh. lesið það? Ef ekki, þá ætla ég að gera það, þá ætla ég að spara honum ómakið. Hér segir, með leyfi forseta, m.a. um húsnæðismál:

„Ríkisstjórnin er einnig að endurskoða hlutverk hins opinbera í fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Húsnæðislánasjóðir í eigu ríkisins er helsta uppspretta fjármagns til húsnæðisöflunar og eru þeir miklu stærri en þeir fjárfestingarlánasjóðir sem þjóna atvinnulífinu. Ríkið tekur enn lán fyrir hönd sumra þessara sjóða eða ábyrgist skuldabréf sem þeir gefa út. Enda þótt þessi aðferð lækki kostnað lántakenda leggur hún einnig byrðar á skattgreiðendur. Í samræmi við þróun í átt að auknu gagnsæi opinberra fjármála á Íslandi liggur nú fyrir Alþingi frv. þess efnis að hætt skuli að veita húsnæðislán með lágum vöxtum en nýta í sama tilgangi vaxtabætur sem tengdar eru skattkerfinu. Þá eru uppi áform um að húsnæðislánasjóðir verði sameinaðir í eina stofnun.

Þegar allt þetta hefur komið til framkvæmda verður væntanlega lítil ástæða til að halda þessari nýju stofnun í ríkiseign. Henni mætti breyta í húsnæðislánabanka sem hægt væri að selja einkalífeyrissjóðum yrði slíkur banki í aðstöðu til að afla fjár á fjármagnsmörkuðunum og þyrfti ekki að reiða sig á ríkisábyrgðir."

Hér er þetta sagt. Skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál

1998 þar sem verið er að kortleggja hvað það er sem vakir fyrir íslenskum stjórnvöldum. Verið er að markaðsvæða húsnæðiskerfið og það er engin tilviljun að í álitsgerð Ríkisendurskoðunar var talað um hið nýja hlutafélag. Maður spyr sig: Höfðu menn vitlaus drög í höndunum? Auðvitað er það þetta sem vakir fyrir Sjálfstfl., eins og menn þekki það ekki og viti. Það er þetta sem vakir fyrir þeim. Hér kemur fram í skýrslu OECD að þetta sé fyrsta skrefið. Fyrst eigi að búa til þennan sjóð og síðan eigi að selja hann fjármagninu. Það er það sem vakir fyrir mönnum. Að sjálfsögðu hafa menn alltaf gert sér grein fyrir þessu. Það er sorglegt til þess að vita að í þessu máli og flestum þeim öðrum málum sem Framsfl. gengur erinda Sjálfstfl. gerir Framsfl. sér afar takmarkaða grein fyrir hlutverki sínu, fyrir hinu sorglega hlutverki sínu hvernig hann vinnur skítverkin fyrir íhaldið, hvernig hann vinnur skítverkin fyrir Sjálfstfl. og peningafrjálshyggjuna.

Hverjir eru það sem eru ánægðir með þetta frv.? Hv. þm. Pétur H. Blöndal ljómar eins og sól í heiði. Það lýsir af honum langar leiðir, hann er svo glaður. Hann er svo hrifinn. Hann er svo ánægður með hvað sínir menn standa sig vel. En þetta er sem sagt að gerast, það er verið að markaðsvæða alla hugsun sem býr að baki þessu kerfi og allt það sem þessi húsnæðisaðstoð er reist á. Það er verið að gera það.

Hvaða afleiðingar mun það hafa í för með sér? Það mun hafa þær afleiðingar að færra fólk getur eignast húsnæði. Fólk sem gat áður eignast húsnæði í gegnum félagslega kerfið getur það ekki lengur. Um þetta er ekki deilt. Menn hafa vitnað í útreikninga sem hafa komið fram. Menn hafa t.d. vitnað í útreikninga sem komu frá Kópavogsbæ þar sem gert var greiðslumat á 122 einstaklingum eða fjölskyldum í félagslega kerfinu og kannað hve margir af þessum aðilum mundu geta eignast íbúð við hinar nýju aðstæður. Af þessum 122 voru aðeins 11 sem gætu eignast nýja íbúð. Um þetta deilir enginn. Enginn deilir um það að kerfisbreytingin mun hafa það í för með sér að færra fólk getur eignast íbúðir. Þetta þýðir að þeim fjölgar sífellt sem þurfa að leita úrræða á leigumarkaði. Þar er vandinn sá að ekki er nægilegt framboð á leiguhúsnæði. Þetta er vandinn.

Hvað ætla menn þá að gera til þess að stuðla að því að auka framboðið? Hvað segir um það í þessu frv.? Talað er um 50 íbúðir á tveimur árum, 25 á ári. Bara í Reykjavík einni eru hátt í 400 á biðlista hjá Félagsmálastofnun um húsnæði, þar af tæplega 200 sem eru í forgangi vegna þess að þörfin er svo brýn en menn eru að tala um 50 íbúðir á tveimur árum. Það er náttúrlega ekki hlæjandi að þessu en þetta hljómar eins og slæmur brandari þótt auðvitað sé þetta ekkert gamanmál.

Síðan má spyrja: Hvað þá með þá aðila í þjóðfélaginu sem hafa sýslað með félagslegt húsnæði? Þá er í tvö horn að líta. Annars vegar ýmis samtök og síðan sveitarfélög. Hvað mun gerast hjá samtökum sem hafa sinnt þessu hlutverki, samtökum eins og Búseta og öðrum þeim sem hafa sinnt þessu hlutverki? Þar mun þyngjast róðurinn. Hvers vegna? Vegna þess að lánsfjármagn sem þau fá til að fjármagna smíði íbúða verður á erfiðari kjörum. Það hefur verið með 1% vöxtum og fer upp í miklu hærri vexti og það er mikill munur á því að taka lán á 1% vöxtum eða 5% vöxtum. Alls konar önnur gjöld koma á þessa aðila, t.d. stimpilgjöld.

Hvað þýðir þetta? Jú, þetta þýðir að leigan verður hærri. Ef þessir aðilar geta á annað borð reist húsnæði verða leigukjörin erfiðari, þyngri, kemur niður á einstaklingunum sem skipta við þessi fyrirtæki eða þessi félög. Þetta er eitt. Það er ekkert frágengið hver framtíðin verður í þessu efni. Talað er um tveggja ára aðlögunartíma. Síðan veit enginn hvað gerist eftir þann tíma. Ef ekkert gerist þá er sýnt að þetta verður atburðarásin. Þessir aðilar þurfa að leita eftir fjármagni á dýrari kjörum. Það mun hækka húsaleiguna. Þetta mun t.d. gerast hjá námsmannahreyfingunni eða þeim sem sinna félagslegu húsnæði þar á bæ. Þar mun einnig þyngjast róðurinn og leigan hjá námsfólki að sama skapi.

En sveitarfélögin? Maður leitar logandi ljósi að því hverjir hagnast hugsanlega á þessu aðrir en fasteignasalarnir og frjálshyggjan sem fagna bæði af peningalegum og hugmyndafræðilegum ástæðum. En hverjir eru það aðrir sem kunna að hagnast? Þeir eru ekki margir. Sveitarfélögin munu ekki hagnast á þessu. Sveitarfélögin munu að vísu losna undan ýmsum kvöðum og skyldum sem hvíla á þeim þegar fram líða stundir, losna t.d. við kaupskyldu. En sú skylda og þær kvaðir munu verða fluttar yfir á einstaklingana í nýju formi. Það mun gerast.

Hvað mun annað gerast hjá sveitarfélögunum? Þau munu fá auknar byrðar. Hvernig? Í gegnum auknar húsaleigubætur. Það eru þau sem eiga að standa straum af kostnaði við húsaleigubætur. Það fjölgar á leigumarkaði, sveitarfélögin þurfa að sjá fólki fyrir húsnæði, þurfa að reisa leiguhúsnæði ef enginn annar gerir það. Kveðið er á um það í öðrum lagabálki að þau eigi að sjá fólki fyrir húsnæði. Það er reyndar mjög óljóst orðað „eftir því sem kostur er" eða eitthvað í þá veruna. Þau þurfa sem sagt að ráðast í byggingu á leiguhúsnæði á dýrari kjörum en áður. Sama gildir um þau og félagasamtökin, dýrari kjörum en áður og að auki munu þau þurfa að standa straum af kostnaði við húsaleigubætur þannig að þeirra byrðar munu einnig aukast og þyngjast.

Síðan má spyrja: Er þá öll nótt úti? Er allt svart fram undan? Ég held að ef það er vilji hæstv. félmrh. að fara inn á þessa braut til þess að ná því jákvæða sem er að finna í þessu frv., það eru sett mjög háleit markmið í 1. gr. frv. sem ég efast því miður um að nái fram að ganga með þessu kerfi, þá ætti að stíga þessi skref í áföngum. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um valfrelsi í félagslega kerfinu, valfrelsi lána. Stíga það í áföngum. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi leggja áherslu á. Ef það verður hins vegar farið út í þetta núna með þessum hætti, sem ég teldi mjög óráðlegt, þarf að tryggja peninga. Þá þarf að tryggja stóraukið fjármagn því að þótt ég leggi áherslu á að hugsun frjálshyggjunnar í þessu máli er sú þegar talað er um að sjóðurinn verði sjálfbær, að lánsfjármagn stjórni kjörum á því sem fer út úr sjóðnum til lána, það standist á á fjármagnsmarkaði, þá er að sjálfsögðu hægt að tryggja sjálfbæran sjóð með framlagi úr ríkissjóði. Það er hægt að gera og allir hljóta að horfa til þess. Félagasamtökin hljóta að horfa til þessa, sveitarfélögin hljóta að horfa til þessa. Þeir aðilar sem sinna fólki með sérþarfir hljóta að horfa til þessa líka. Í frv. er talað um að heimilt sé að stofna sérstaka lánaflokka fyrir það fólk. Þetta er nokkuð sem við vitum ekkert um hvernig á að sýsla með. En auðvitað er hægt að tryggja þetta með fjármagni úr ríkissjóði í þessum sjálfbæra sjóði.

Þess vegna finnst mér lykilatriði að áður en frá þessum málum er gengið liggi eitthvað handfast í peningamálunum. Þetta snýst um peninga. Þetta snýst náttúrlega um kerfisbreytingu sem ég hef miklar efasemdir um og er gagnrýninn á eins og ég hef gert grein fyrir en fyrst og fremst snýst þetta náttúrlega um fjármagn. Það er hlutur sem við þurfum að fá alveg hreinar línur í áður en gengið er frá þessum málum.

Ég vildi aðeins segja örfá orð um starfsmenn Húsnæðisstofnunar. Ég veit að raunverulegur ótti er á meðal starfsmanna um framtíð sína. Ég hef tekið eftir því að hæstv. félmrh. hefur margoft sagt bæði hér og annars staðar að hann muni gera það sem í sínu valdi stendur til að tryggja starfsöryggi starfsfólksins. Ég vildi sjá það gerast í þessu frv. áður en það verður að lögum að skýrt verði kveðið á um að þeir starfsmenn sem vinna við Húsnæðisstofnun hafi forgang til starfa. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt atriði sem ég leyfi mér að biðja hæstv. félmrh. að íhuga mjög rækilega.

Hæstv. félmrh. kvaddi sér hljóðs í gær og vék nokkrum orðum að verkalýðshreyfingunni, talaði þar um pólitík. Hann harmaði að í samtökum launafólks eða meðal talsmanna samtaka launafólks væru ekki margir menn úr stjórnmálaflokki sínum. Þar væru menn úr öðrum stjórnmálaflokkum og þeir létu stjórnast af stjórnmálaskoðunum sínum. Að því leyti sem húsnæðismál eru pólitísk, sem má vissulega til sanns vegar færa, það er stórpólitískt mál að markaðsvæða húsnæðiskerfið, hefur hæstv. félmrh. rétt fyrir sér. En það vil ég segja því fólki sem starfar innan samtaka launafólks til hróss og þar með talið flokksfélögum hæstv. félmrh., sem eru margir innan verkalýðshreyfingarinnar og samtaka launafólks að í afstöðu manna eru það málefnin ein sem ráða en ekki fylgispekt við stjórnmálaflokka. Það er svo. Við lítum svo á þegar við fjöllum um húsnæðismálin og önnur þau málefni sem snerta launafólk í landinu, þá er spurt hvernig launafólki og þá einkum láglaunafólki reiði af við hugsanlegar breytingar. Það er þetta sem stýrir ferðinni en mér finnst að það hljóti að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. félmrh. þegar samtök launafólks tala einum rómi og stjórnarandstaðan á Alþingi hvort ekki sé kominn tími fyrir hann sjálfan að endurskoða afstöðu sína í stað þess að hnýta í aðra.

Undir lokin vil ég segja að húsnæðiskerfið á Íslandi hefur hjálpað mörgum. Það kerfi sem hefur verið smíðað á síðustu áratugum hefur hjálpað mörgu fólki en það er þó ekki til að hrópa ferfalt húrra fyrir. Margir eiga í mjög miklum erfiðleikum á húsnæðismarkaðnum og það veit ég að hæstv. félmrh. hlýtur að þekkja úr starfi sínu. Það er fólk sem lendir á milli kerfa, það er fólk sem býr í sveitarfélögum sem hafa ekki verið reiðubúin að axla sína félagslegu ábyrgð. Ég hef nefnt sveitarfélög sem gefa lítið fyrir félagsleg úrræði. Ég hef nefnt t.d. Garðabæ og Vestmannaeyjar. Seltjarnarnes er ekkert mjög fíkið í félagslegar lausnir. (**KPál:** Er þetta ekki pólitískt hjá þér?) Er þetta ekki pólitískt hjá mér, segir einn þingmaður Sjálfstfl. hér í salnum þegar verið er að tala um raunveruleikann hjá fólki, þegar verið er að tala um staðreyndir máls, þær staðreyndir að tiltekin sveitarfélög hafa ekki byggt félagslegt leiguhúsnæði og hafa engar óskir um það. Það eru staðreyndir, ég er að vekja máls á staðreyndum. Er hv. þm. Kristján Pálsson að taka undir með forsrh. frá því í gær að þetta séu mál sem megi ekki ræða? (**KPál:** Ég er að meina að þú sért blindur á staðreyndir málsins.) Hv. þm. Kristján Pálsson telur mig vera blindan á staðreyndir málsins. Ég þekki þessi mál nokkuð vel, hv. þm. Kristján Pálsson, og er alveg tilbúinn að fara í ítarlega umræðu um þessi efni og ræða þau sveitarfélög sem ég hef nefnt. Við skulum bara skoða hverjar staðreyndir málsins eru.

Ég er að segja að það er mjög misjöfn áhersla sem einstök sveitarfélög leggja á félagslegar lausnir. Þegar byrðarnar og skyldurnar eru auknar á sveitarfélög og fólkið á meira undir því komið að sveitarfélögin sinni félagslegum skyldum sínum, þá fer þetta að skipta miklu meira máli. (**KPál:** Sveitarfélögin sem hafa misnotað kerfið.) Það er best að hæstv. félmrh. ræði um þau sveitarfélög sem hv. þm. Sjálfstfl. telur vera að misnota kerfið. Við skulum fara út í þá umræðu. En ég vil þó segja það að í tengslum við byggingar á félagslegu íbúðarhúsnæði á verkamannabústöðum þar sem sums staðar hefur verið byggt of mikið, það hefur gerst, þá megum við ekki láta þetta villa okkur sýn því að þegar á heildina er litið hefur kerfið gengið bærilega upp. Engu að síður legg ég áherslu á að mjög víða og fyrir margt fólk hefur það ekki verið svo. Margir hafa átt í miklum erfiðleikum. Þess vegna segi ég og ég nefni þessi sveitarfélög af reynslu. Ég veit það, ég þekki þetta. Ég er að leggja áherslu á það að þegar ráðist er í breytingar á kerfinu verði það ekki gert nema til að bæta það, ekki til að gera það verra heldur til að bæta það. Það er þetta sem ég er að leggja áherslu á í máli mínu og við höfum verið að sýna fram á það í málflutningi okkar. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hv. þm. talar síðar í dag.)

Annars hef ég bara gaman af því, þetta er upplífgandi að fá þessi frammíköll frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Hann telur að kerfið sé orðið það bætt, það sé búið að bæta það svo mikið að nú sé mál að linni, það sé orðið stagbætt, segir hann.

Ég held að við ættum að sameinast um það á Alþingi að hætta ofurlítið að hugsa í kerfum en hugsa um það hvernig við látum þau markmið sem við setjum okkur rætast. Hér segir um markmið þessara laga í 1. gr.:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum."

Þetta gengur ekki upp með þessum lögum. Það samþykkja það allir, ég veit að hæstv. félmrh. viðurkennir það, hann veit að það markmið sem hér er lýst nær ekki fram að ganga. Hér er talað um að auka eigi möguleika fólks til að eignast húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Það er samdóma álit allra að það muni ekki ganga eftir, það deilir enginn um það. Það á líka að auka möguleika til að leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Það gerir það ekki heldur. Það er verið að þrengja að þeim samtökum og aðilum, sveitarfélögum og félagasamtökum sem reisa félagslegt húsnæði með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að leigan mun hækka. Hún mun ekki lækka, hún mun hækka.

Hvernig mætti bæta úr þessu? Með fjármagni, með því að láta stóraukið fjármagn inn í kerfið. Þótt það verði gallað að mínum dómi, þótt hér sé verið að stíga skref aftur á bak þá mætti bæta úr þessu með stórauknu fjármagni til þessara mála og þá peninga þurfum við að sjá. Það eru peningar sem við þurfum að sjá og við þurfum að hafa þá hér á borði áður en frá þessu er gengið.

Það er líka grundvallaratriði að öll yfirfærsla frá einu kerfi til annars verði rækilega yfirfarin til að tryggja hagsmuni allra þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í hlut en það er margt óljóst í þeim efnum. Allt þetta kallar á vinnu, þetta kallar á yfirvegaða vinnu og yfir þá vinnu eiga menn að leggjast í sumar og koma vonandi í haust með betra og vandaðra lagafrv. og leggja það fyrir þingið.

[12:14]

**Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Þessi umræða um húsnæðismál hefur nú staðið á fjórða dag, fjórða sólarhring ætti ég kannski að segja

því að hér hafa fundir verið fram á nótt og ég hygg að þó að mér finnst að þingið sé lítt þroskað, þá sé þessi umræða að verða nokkuð þroskuð og nokkuð ljóst hvert stefnir.

Mér finnst rétt að fara yfir nokkur efnisatriði málsins, ekki síst í ljósi þeirrar ræðu sem hæstv. félmrh. flutti í gær en ýmislegt í ræðu hans er vert að skoða nánar og ræða betur og spyrja hann reyndar út í.

Í greinargerð með frv. til húsnæðismála sem hér liggur fyrir er komið inn á ýmis atriði sem höfundum frv. finnst ástæða til að tíunda sem orsakir þess að verið er að gera þessar miklu breytingar. Hér kom svo ráðherrann upp í gær og sagði að meginástæðan fyrir því að hann væri að beita sér fyrir breytingum á húsnæðiskerfinu væru kvartanir íbúa í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég geri ekki lítið úr því að það er ýmislegt sem þarf að breyta í félagslega húsnæðiskerfinu eins og hefur margoft komið fram í umræðunni. Ég held að hægt hefði verið að koma þeim breytingum á án þess að fara í leiðinni í þá kollsteypu sem hér er boðuð sem mun fela í sér að færri munu eiga þess kost að fá fyrirgreiðslu innan þessa kerfis sem ég vil ekki kalla lengur félagslegt því að það verður ekkert félagslegt lengur í því. Ég tek ekki lengur undir þá skilgreiningu að þessi viðbótarlán séu einhver félagsleg úrræði ef lánakjörin verða þannig að þar ráði markaðsvextir. Ég ætla að koma betur að því á eftir.

Í svari hæstv. ráðherra í umræðunni í gær kom fram að þessar kvartanir væru fyrst og fremst af tvennum toga, þ.e. annars vegar vegna þess hve hæg eignamyndunin er í kerfinu og hvernig fyrningarreglurnar eru og hins vegar vegna þess að fólk fær ekki að velja sér bústað. Það er þannig að þegar fólk sækir um félagslegt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Reykjavík, er því gefinn kostur á að raða í forgangsröð. Fólk merkir við hvar það vill helst vera og síðan kost nr. 2 og kost nr. 3 ef ég man þetta rétt. Þetta kann þó að hafa breyst síðan ég kom þarna að málum.

Þetta er gert vegna þess að takmarkaður fjöldi íbúða er í framboði í hverju hverfi. Það ræðst af því að Verkamannabústaðirnir í Reykjavík og síðan húsnæðisnefnd Reykjavíkur sem hefur staðið í miklum byggingum hefur fengið úthlutað lóðum og þær lóðir hafa fyrst og fremst verið í þeim hverfum sem verið er að byggja upp. Þar af leiðandi má segja að félagslegt húsnæði í Reykjavík hafi fyrst og fremst verið byggt upp í úthverfunum, fyrst ef maður rekur þróunina í Breiðholtinu, í Árbæjarhverfinu og síðan eftir að Grandasvæðið var tekið til byggingar var byggt töluvert þar og síðan hefur Grafarvogurinn bæst við. Auðvitað eru margir ekki ánægðir með að búa svona í úthverfum og vilja komast í Vesturbæinn, nær vinnustað sínum en því miður hefur framboðið þar verið afar takmarkað og það er meira að segja svo að gömlu félagslegu íbúðirnar, verkamannabústaðirnir við Hringbrautina hafa verið afar vinsælir enda eru þar mjög skemmtilegar litlar íbúðir í boði sem hafa gengið fjótt og vel út þegar þær hafa komið til innlausnar. Reyndar mega eigendur margra þeirra íbúða selja þær vegna aldurs þeirra en Verkamannabústaðirnir og húsnæðisnefnd Reykjavíkur hefur gert sitt til að reyna að halda þeim íbúðum inni í kerfinu.

Auðvitað er skiljanlegt að fólk kvarti undan því hversu erfitt er að velja sér hverfi. Ég veit ekki hvort hér verður svo mikil breyting á. Ég þekki dæmi um fólk sem hefur verið að leita sér að húsnæði í Vesturbænum, vesturborg Reykjavíkur. Í gamla bænum er bara ekki mikið framboð á húsnæði. Þetta eru eftirsótt hverfi. Þar er reyndar mikið af gömlum húsum sem kostar mikið að gera upp og þetta lánakerfi er ekki þannig að það gefi kost á því að gera upp húsnæði, enda hafa félagslegar íbúðir verið þannig að fólk gengur inn í þær tilbúnar. Ég vil draga það mjög í efa, hæstv. forseti, að með þeim breytingum sem verið er að gera leysist sá vandi fólks sem skapast vegna þess að fólk vill vera í ákveðnum hverfum, t.d. að vera ekki mjög langt frá vinnustað sínum.

Það félagslega húsnæði sem er til staðar t.d. hér í borginni verður það áfram, verður það lengi. Það mundi taka langan tíma að endurnýja eða koma öllum þessum þúsundum íbúða út á almennan markað. Ég fæ engan veginn séð að verið sé að koma til móts við þær kvartanir sem hæstv. ráðherra tíundaði hér í gær sem meginástæðu þessara grundvallarbreytinga. Þetta verður harla erfitt mál.

Hæstv. forseti. Ég held að afar auðvelt hefði verið að breyta kerfinu, laga það eins og auðvitað þarf að gera eftir því sem gallar koma í ljós. Ég held að hægt hefði verið að gera það án þess að gera þessa byltingu. Þar kemur að því að við hljótum að spyrja hvað býr að baki. Af hverju er verið að gera þessar breytingar. Það er auðvitað bara pólitík, það er ekkert annað en pólitík, pólitísk stefna sem þar býr að baki, sú stefna að það eigi að draga úr félagslegri aðstoð, það er ekki hægt að draga neinar aðrar ályktanir af þessu. Það er verið að því. Það er verið að flytja ábyrgðina frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er verið að stórauka ábyrgð sveitarfélaganna á þessum málum en ríkið dregur sig að sama skapi út úr.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði áðan að því hvort hugsanlegt væri að einhver græddi á þessum breytingum fyrir utan fasteignasalana. Ég held þrátt fyrir ummæli hæstv. félmrh. í gær að til lengri tíma litið muni verða létt af ríkissjóði töluvert miklum bagga. Það verður miklu létt af honum og hér er verið að draga úr „ríkisafskiptum". Það verður auðvitað þannig að verulega dregur úr þeim. Ábyrgðin er að færast í æ ríkara mæli til sveitarfélaganna.

Ég ætla aðeins að renna yfir þau markmið sem menn hafa sett sér með þessu frv. vegna þess að þar kemur þetta mjög skýrt í ljós hvað er verið að gera. Á bls. 19 í greinargerð frv. segir, með leyfi forseta:

„ Meginmarkmið frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Að einfalda og samræma meðferð og lánveitingar til húsnæðismála til lengri tíma litið."

Ég rakti það í fyrri ræðu minni að ég sé harla litla einföldun, þetta er einföldun gagnvart ríkinu en þetta er sáralítil einföldun á kerfinu í heild og sérstaklega á meðan menn sitja uppi með félagslega húsnæðiskerfið eða núverandi kerfi sem er að fjara út, þá er þetta náttúrlega engin einföldun. Einföldunin felst kannski fyrst og fremst í því að sameina byggingarsjóðina. Það er ákveðin einföldun. En það verður líka mikið verk að gera þá upp á meðan þetta er allt að renna í gegn og það mun taka áratugi að gera það dæmi upp.

Í öðru lagi og hér er meginatriði málsins, í öðru lagi, með leyfi forseta, segir hér:

„2. Að stofna sjálfstæðan sjóð, Íbúðalánasjóð, sem ætlast er til að verði fjárhagslega sjálfstæður til framtíðar og standi undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum."

Þetta er algerlega ljóst. Það stendur til að þessi sjóður verði algerlega sjálfstæður þannig að ríkið þurfi ekki að leggja neitt til nema væntanlega í vaxtabótunum hvað sem það kerfi stendur lengi. Ég ætla að vona að enn þá sé til það sjónarmið og það sé ríkjandi sjónarmið meðal íslenskra stjórnmálaflokka að nauðsynlegt sé að styðja fólk til öflunar

húsnæðis og til þess að búa í leiguhúsnæði. Það hefur loksins tekist eftir mikla mæðu að koma upp húsaleigubótakerfi en ég ætla svo sannarlega að vona að menn séu ekki að hverfa alfarið frá stuðningi við fólk í húsnæðismálum en þetta er vissulega skref í þá átt. Það er ekki hægt að segja annað, hæstv. forseti. Síðan segir um markmiðin:

„3. Að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna."

Við höfum farið rækilega í það hvers vegna er verið að gera það þó að ég ítreki að það liggur ekki fyrir neitt mat eða neinar niðurstöður hvað það varðar hvað þessi sameining þýði. Mér finnst alveg furðulegt að menn skulu ekki hafa lagst yfir þá útreikninga og að leggja það fyrir okkur hvað tekur langan tíma að ná þarna jafnvægi. Dugir sameiningin til þess að rétta Byggingarsjóð verkamanna af o.s.frv.? Síðan segir í fjórða lagi, hæstv. forseti, um fjórða markið þessa frv. Það er að loka félagslega eignaríbúðakerfinu í núverandi mynd.

Í þessu samhengi, hæstv. forseti, get ég ekki annað en vakið athygli á bréfi frá Sigurði E. Guðmundssyni, forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem sendi bréf, væntanlega til Byggðastofnunar. Húsnæðisstofnun fékk tillöguna um stefnu í byggðamálum til umsagnar. Bréf Sigurðar E. Guðmundssonar er mjög athyglisvert og þar kemur fram — ég hafði bara ekki séð þetta fyrr en ég fór að fletta þessu núna. Þar segir Sigurður E. Guðmundsson, með leyfi forseta:

„Sem kunnugt er standa nú fyrir dyrum umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi og yfirstjórn húsnæðismála. Breytingarnar beinast fyrsta kastið að félagslega íbúðakerfinu en stefnt mun vera að því að leggja það niður í núverandi mynd sinni. Síðan kann röðin að koma að almenna lánakerfinu. Slíkar breytingar á báðum þessum lánakerfum hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér mjög víðtæk byggðapólitískt áhrif sem nauðsynlegt er að taka sem fyrst til gaumgæfilegrar yfirvegunar."

Það fer sem sagt ekkert á milli mála í huga forstjóra Húsnæðisstofnunar að það er verið að leggja félagslega kerfið niður í núverandi mynd. Hvað hann á hins vegar við þegar hann segir:

„Síðar kann röðin að koma að almenna lánakerfinu." Það væri fróðlegt að vita hvað forstjóri Húsnæðisstofnunar veit um breytingar sem þar eru fyrirhugaðar, breytingar sem við vitum ekki um. En það er líka athyglisvert sem hann er að vekja athygli á í bréfi sínu að búið er að leggja fram þetta mikla plagg, tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fór rækilega yfir í 2. umr. en þetta kemur væntanlega til umræðu síðar, en Sigurður E. Guðmundsson, forstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins vekur athygli á því að í þessu mikla plaggi eru húsnæðismálin ekkert skoðuð. Þau eru ekki skoðuð sem hluti af byggðamálum og byggðaþróun og áhrifum á byggð í landinu. En það sem hann vekur hins vegar athygli á er að þær breytingar þar sem er verið að leggja til í frv. til húsnæðismála muni að sjálfsögðu hafa víðtæk byggðapólitísk áhrif eins og hann segir. Þetta er atriði sem ég verð bara að viðurkenna, hæstv. forseti, að okkur láðist að skoða í hv. félmn. Við höfum beint sjónum að erfiðleikum einstakra sveitarfélaga. Þar hefur Bolungarvík oft verið nefnd og ég minnist þess að þegar hv. félmn. fór í heimsókn vestur á firði sl. haust vöktu Bolvíkingar athygli okkar sérstaklega á því hvað félagslega kerfið væri þeim þungt í skauti, m.a. vegna búferlaflutninga en í raun og veru hefði verið nauðsynlegt að fá fram mat á því hver hin byggðapólitísku áhrif þessara breytinga verða.

Þar kemur að atriði sem ég ætla að nefna sérstaklega og hefur komið nokkuð inn í umræðuna. Í það minnsta hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir nefndu það í ræðum sínum. Annars vegar snýst það um hvað muni gerast þegar sveitarfélög leysa til sín íbúðir og selja þær á lægra verði en innlausnarverðinu. Hvað mun þá gerast? Hver ber þann skell?

Það kemur kannski ekki nógu vel fram í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu en við fengum þær skýringar í hv. félmn. að í tilviki sveitarfélaganna verði það varasjóðurinn sem taka muni að sér að reyna að bæta það tjón sem sveitarfélögin verða fyrir. Í umfjöllun nefndarinnar kom skýrt fram að varasjóðnum verður skipt í þrjár deildir. Í fyrsta lagi deild sem fjalla mun um eldri íbúðir. Í öðru lagi verður áfram starfandi deild sem fylgir eftir hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla, þ.e. ef eitthvað slíkt kemur upp á á næstu árum. Þriðja hlutverkið sem varasjóðurinn fær er að leysa vanda þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir tapi við innlausn íbúða.

Mér var tjáð, og þess vegna fletti ég upp í þessari byggðaáætlun, að í sambandi við umræðuna um byggðamál og byggðaáætlun hefðu menn rætt að hugsanlega þyrfti að setja peninga í að mæta þeim vanda sem kann að koma upp úti á landi út af þessum málum. Ég finn þetta ekki í tillögunni. Ég sé sáralítið þar um húsnæðismál. Stóri vandinn í þessu dæmi, hæstv. forseti, er hlutskipti þeirra einstaklinga sem búa við það að kaupskyldutími sveitarfélaga er útrunninn. Sveitarfélögin hafa ekki lengur skyldu til þess að leysa til sín íbúðirnar, fólk reynir að selja og fær lægra verð en nemur áhvílandi lánum á íbúðunum. Fólk gengur frá íbúðum sínum í töluverðri skuld. Hvað á að gera varðandi þau mál?

Ég hygg að þessi vandi kunni að koma upp að einhverju marki í framtíðinni. Þess vegna vaknar einmitt spurning um að ef menn taka ekki á nákvæmlega þessum vanda með einhvers konar sértækum aðgerðum eða sérstökum lánum, eða ég veit ekki hvernig ætti að gera þetta, þá sitja íbúar landsbyggðarinnar í sömu súpunni og nú. Þetta eru hreinlega átthagafjötrar. Fólk getur ekki farið í burtu vegna þess að það tapar svo miklu á því að selja eignir sínar. Þessi vandi er ekki leystur hér. Það er ekki stafkrókur um þetta.

Menn hugsa um sveitarfélögin, reyna að leysa vanda þeirra í gegnum þennan varasjóð en það er ekki stafkrókur um vanda þess fólks sem getur lent í þessu. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var með mjög skýr dæmi um þetta úr sínu eigin sveitarfélagi. Hún býr þó svo vel að vera hér í nágrenni Reykjavíkur. Mér segir svo hugur að markaðsverð íbúða á Suðurlandi gæti farið hækkandi eftir því sem suðvesturhornið verður meira og meira eitt atvinnusvæði. Vandinn er því ekki stærstur þar. Hann er meiri því lengra sem dregur frá Reykjavík og Reykjavíkursvæðinu. Hann er auðvitað mestur á Vestfjörðum eins og við vitum. Þar hafa íbúðir einmitt staðið auðar. Þar er stöðug fólksfækkun og fólk á í verulegum vanda. Ég vil því vekja sérstaklega athygli á því að sumir þingmenn virtust ekki hafa áttað sig á hlutverki varasjóðsins.

Ég vil bara koma þessu að í upplýsingaskyni af því að þetta kemur ekkert fram í textanum. Þetta var bara skýrt fyrir nefndinni og kemur ekki fram í nefndaráliti meiri hlutans. Við fjölluðum ekkert um varasjóðinn í nefndaráliti okkar vegna þess að þær breytingar sem lagðar eru til, leysa þann meginvanda sem við í minni hlutanum höfðum áhyggjur af.

Það var staða samtaka eins og Búseta sem hefur borgað stórfé inn í varasjóðinn. Þeir sögðu bara: Ef þetta gengur fram eins og ráð er fyrir gert í frv., þá er þetta bara hrein og klár eignarupptaka á okkar fé. Auðvitað sá ráðuneytið um leið, og menn fóru að skoða þetta, að þetta stóðst ekki. Þetta mundi kalla á málaferli og læti. Því var gerð breyting á og það fjármagn sem þessi félagasamtök eiga í sjóðnum er varðveitt sérstaklega. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Starfræktur skal sérstakur varasjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga."

Meiningin var að hann væri í eigu sveitarfélaga og inn í hann átti allt fé úr Tryggingarsjóði vegna byggingargalla að renna. Allir þeir sem hafa borgað í þann sjóð hefðu hreinlega misst sitt fé til sveitarfélaganna en þessu er breytt með brtt.

Síðan kemur það atriði sem minnir okkur á þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir í byggðamálum. Það verður fyrst og fremst höfuðborgarsvæðið sem leggur grunnfjármagnið inn í sjóðinn og mun greiða sín 5% af viðbótarlánum inn í sjóðinn. Það verða sem sagt íbúar höfuðborgarsvæðisins sem munu borga upp tap sem verður fyrst og fremst úti á landsbyggðinni.

Nú ætla ég ekki að setja mig í mikinn ham út af þessu. Ég held að við eigum að búa við samábyrgð í samfélagi okkar. Við eigum að aðstoða hvert annað og við eigum að hjálpa til þar sem þess gerist þörf. Þetta vekur hins vegar upp spurningar, sem menn hafa örlítið komið inn á, um það hvernig menn hafi hagað sér gagnvart þessu kerfi. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því að þess eru dæmi að byggt hafi verið félagslegt húsnæði umfram þörf. Ég tek þó skýrt fram að byggða- og atvinnuþróun hefur haft mikil áhrif á það hvernig kerfið hefur þróast úti á landi. Síðan eru það þeir aðilar sem hafa lent í vandræðum sem fyrst og fremst knýja á um þessar breytingar.

Ég vitnaði áðan, hæstv. forseti, í markmiðin. Menn hafa sett stórt spurningarmerki við það hvort markmiðin náist með þessum breytingum. Ég var búin að rekja fjögur fyrstu markmiðin. Fimmta markmiðið er, með leyfi forseta:

„Að félagsleg jöfnun við öflun eigin húsnæðis sé í formi sértækra viðbótarlána og að fjárhagsleg aðstoð til einstaklinga fari í gegnum vaxtabótakerfi."

Mér finnst hæstv. félmrh. skulda okkur skýringu á því hvernig hægt er að kalla sértæk viðbótarlán félagslegt úrræði ef þau lán verða á markaðsvöxtum. Það kemur skýrt og greinilega fram að sjóðurinn eigi að standa undir sér. Það er eitt markmiðið og hafi eigin tekjur af lánveitingum. Hann á að afla sér fjár með sömu vöxtum og hann lánar út á, þó að það kunni að koma til að ríkissjóður leggi eitthvað í púkkið af sérstökum ástæðum. Ef viðbótarlánin verða á markaðsvöxtum, þá er þetta auðvitað engin félagsleg aðgerð. Það hlýtur að vera ljóst.

Við getum kallað vaxtabæturnar félagslega aðgerð en við höfum reynt að vekja athygli á því í þessari umræðu að vaxtabótakerfið er bara miklu ótryggara kerfi en það fyrirkomulag sem verið hefur við lýði í áratugi. Fólk hefur getað verið tryggt með því að vextir hafa örsjaldan verið hækkaðir. Í lögin árið 1990 var sett að það mætti hækka vexti á lánunum ef sannanlega hefði orðið breyting á kjörum fólks undanfarin þrjú ár, ef ég man rétt, þó þannig að greinilegt væri að fólk gæti staðið undir meiri afborgunum og þar með auðvitað greitt lánin sín hraðar niður.

Hins vegar átti sér stað vaxtahækkun fyrir nokkrum árum. Það var í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur, þáv. hæstv. félmrh., þegar vextir voru hækkaðir upp í 2,4% og það var þegar menn sáu að það stefndi í vandræði hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þá voru vextirnir hækkaðir og það var mjög alvarleg aðgerð sem hafði sín áhrif á kjör þess fólks sem fengið hafði fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu. Hér segir í 6. lið, varðandi markmiðin, með leyfi forseta:

„6. Að breyta þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar."

Hér kemur að því sem ég nefndi rétt áðan: Það er verið að færa ábyrgðina frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. Ég verð, hæstv. forseti, að setja stórt spurningarmerki við það hvort réttlætanlegt sé að færa húsnæðismálin að svona miklu leyti yfir á sveitarfélögin. Hvers eru þau megnug? Það kemur inn á þá umræðu sem átt hefur sér stað um leiguhúsnæði. Reynslan kennir okkur að hingað til hefur verið afar lítill áhugi á því að byggja leiguhúsnæði. Ég spyr: Hvað ætti að breyta því? Það eina sem getur breytt því er að sveitarfélögin standi frammi fyrir stækkandi hópi fólks sem hvergi fær úrlausn sinna mála og verður að leita út á leigumarkaðinn, þ.e. að það ástand komi upp að hér verði slík vandræði að sveitarfélögin sjái sig hreinlega knúin til þess að grípa inn í.

Það kemur skýrt fram í nefndaráliti okkar, í minni hluta félmn., að lagabókstafurinn sem er til staðar er afar veikur. Skyldur sveitarfélaganna eru að mínum dómi of veikar í lögum og þar af leiðandi held ég að hér eftir sem hingað til geti sveitarfélögin komið sér hjá því að sinna þessari skyldu sinni. Þau geta það þó að ég voni svo sannarlega að þau bregðist betur við.

Ég ætla ekki að rekja þessi markmið nánar en eins og ég hef sagt þá dreg ég það mjög í efa að þau nái fram að ganga.

Hér eru áformaðar aðrar breytingar sem ekki eru tíundaðar í þessum markmiðum. Við rekjum þær breytingar ítarlega í nefndaráliti okkar. Ég ætla ekki að fara yfir það aftur. Flestar þær breytingar ganga í sömu átt og eru auðvitað í samræmi við það að þessi nýja stofnun á að standa undir sér og það þýðir auðvitað að lán verða á markaðsvöxtum.

Þá hlýt ég að koma að atriði sem ég gleymdi áðan, hæstv. forseti, að ég vildi gjarnan fá yfirlýsingu hæstv. félmrh. eða skýringu hans á því hvernig viðbótarlánin geti talist félagsleg aðgerð og hvort hann sjái það fyrir sér að vextir á viðbótarlánum verði eitthvað lægri. Mér var sagt að aðstoðarmaður ráðherrans hefði látið þau orð falla að vextir yrðu niðurgreiddir á viðbótarlánum. Þetta hefur hvergi nokkurs staðar komið fram og er alls ekki í samræmi við markmið frv., hvað þá þær brtt. sem búið er að gera við frv. Ég get ekki túlkað þetta mál öðruvísi en að markaðsvextir munu ráða, hvort sem það verður á almennu lánunum eða viðbótarlánunum. Hið sama gildir um lán til byggingar og öflunar leiguhúsnæðis nema eitthvað annað verði ákveðið sérstaklega. Það verður þá að koma fram í umræðunni. Stendur það til að ríkið leggi eitthvað fram til niðurgreiðslu á vöxtum eða ekki? Þetta þarf að koma fram.

Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni í gær, þegar hann var að rekja ástæðurnar fyrir þeim kvörtunum sem hann hefði fengið inn á sitt borð — ég dreg ekkert í efa að margir hafði kvartað — að hann hefði getað farið sömu leið og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði á sínum tíma sem félmrh., þ.e. að hækka vexti. Hann hefði getað ... En hvað er hann að gera, hæstv. forseti? Hvað er hann að gera? Hann er að hækka vexti. Það er verið að hækka vexti á lánum til húsnæðismála.

Það er nákvæmlega það sem er gert. Það mun auðvitað hafa sínar afleiðingar.

Í þessu samhengi verð ég líka að minna á að það er auðvitað ótrúlegt kæruleysi stjórnvalda að reyna ekki að gera sér grein fyrir því hver áhrifin, bæði af þessum vaxtahækkunum og öðru því sem verið er að gera með þessum breytingum, muni hafa á fjármagnsmarkaðinn. Hvaða áhrif mun þetta hafa á íbúðamarkaðinn? Það eru auðvitað alveg ótrúlegir stjórnarhættir að menn leggi fram svona viðamikil frumvörp, svona stór mál, án þess að skoða áhrifin. Þetta er alltaf sama sagan. Menn ætla bara að redda þessu þegar þar að kemur. Það er hinn íslenski hugsunarháttur. En hver verða áhrifin?

Ég sé það þannig fyrir mér, hæstv. forseti, að ef spá fjárlagaskrifstofu fjmrn. gengur eftir og um það bil þúsund nýir einstaklingar komi árlega inn í húsnæðiskerfið vegna þessarar opnunar, þá mun það þýða aukna eftirspurn eftir íbúðum. Það mun hafa þær afleiðingar að íbúðaverð hækkar. Því fleiri sem viðbótarlánin verða þeim mun meiri peninga þarf hinn nýi Íbúðalánasjóður að afla sér. Hvaða áhrif hefur það á verðbréfamarkaðinn? Hefur það áhrif til hækkunar eða lækkunar á vöxtum? Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. félmrh. hefur um þetta að segja. Auðvitað er verulegt áhyggjuefni að vita ekki hver áhrifin verða. Hæstv. félmrh. rennir því blint í sjóinn. Hann hækkar vexti og er auðvitað að feta í fótspor ýmissa sinna forvera þó að hann hafi reynt að láta líta svo út sem hann væri ekki að því.

Varðandi ýmis vandkvæði á félagslega húsnæðiskerfinu þá hefði auðvitað bæði verið hægt að breyta ákvæðum um fyrningar, um kaupskyldu sveitarfélaganna og jafnframt að sameina byggingarsjóðina án þess að gera allar þær breytingar sem hér eru boðaðar. Eins og ég segi, þá býr hér þrælpólitískur tilgangur að baki og menn láta sér í léttu rúmi liggja hverjar afleiðingarnar verða.

Ég ætla að koma inn á nokkur atriði til viðbótar, hæstv. forseti, áður en ég lýk máli mínu. Þar er fyrst að nefna að hæstv. ráðherra gerði í máli sínu nokkuð mikið úr umræðunni um reglugerðirnar og reglugerðarveldið eins og við höfum kallað það. Það er auðvitað alveg rétt sem fram kom í máli hans, að af þessum 28 reglugerðum eru allmargar sem eru af sama toga og þær sem nú eru í gildi. Það er ekki endilega fjöldinn sem skiptir máli. Fjöldinn endurspeglar auðvitað það hvað frv. er óljóst.

Stóra spurningin í mínum huga er — og ég ætla að endurtaka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu — um stefnu í lagasetningu. Eiga lög að vera skýr? Eiga þau að kveða skýrt á um markmið, réttindi og skyldur o.s.frv. eða á að fela ráðherra að útfæra lögin? Á undanförnum árum hefur hvert skrefið á fætur öðru verið stigið í því að auka vald ráðherra og færa þeim valdið með setningu reglugerðar. Þetta er grundvallarspurning varðandi lagasetningu og líka um þann ramma sem löggjafarvaldið setur framkvæmdarvaldinu. Það er mjög mikilsvert atriði. Það breytir því ekki hvort reglugerðirnar hefðu verið 16 eða 20 frekar en 28. Þetta er bara grundvallarspurning í lagasetningu. Ég held að í þessu frv. sé gengið allt of langt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á það í ræðu sinni í gærkvöldi að í hv. heilbr.- og trn. hefði verið mörkuð sú stefna, og við höfum reyndar gert það líka í félmn., að reyna að koma þessum reglugerðarheimildum öllum í eina grein. Í þessu tilviki var ekki vilji til þess. Það verður náttúrlega að viðurkennast að það stafar af því að málið er býsna flókið. Það hefði þá þurft að skýra það býsna náið. Mér finnst þetta ekki góð aðferð við lagasetningu.

Hvað varðar greiðslumatið þá vil ég vekja alveg sérstaka athygli á því sem fram kom í máli ráðherrans í gær um að meiningin væri alls ekki að fara niður í 18% greiðslumat, þ.e. að sömu reglurnar giltu í húsbréfakerfinu og almennu lánunum. Mér finnst þetta mjög mikilvæg yfirlýsing sem þarna kom fram. Þegar hann var að lýsa furðu sinni á umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs þá verð ég að koma þeim til varnar og segja að menn gátu auðvitað ekki skilið frv. öðruvísi en svo að þarna ætti að samræma greiðslumatið. Húsnæðisnefnd Kópavogs var einfaldlega að sýna hvað mundi gerast ef þessari 18% reglu væri beitt. Við skulum segja að við færum upp í 22–24% greiðslumat eða eitthvað slíkt, að þá hefði það svipuð áhrif. Það yrðu kannski ekki eins margir sem féllu út en samt ákveðinn hópur.

Þegar rætt var um kostnað við þetta húsnæðiskerfi og það að við höfum haldið því fram að kostnaður þeirra sem munu taka almennt lán og viðbótarlán muni stóraukast, þá sagði hæstv. félmrh. að það hefði verið gert samkomulag við fjmrh. um að kostnaður yrði ekki meiri í nýja kerfinu en því gamla. Þetta vildi ég fá betur skýrt, hæstv. forseti.

Ég spyr: Hvernig á að bæta fólki upp þennan aukna kostnað? Það væri fróðlegt að fá það upplýst. Ég spyr: Hvað um gjöld Íbúðalánasjóðsins? Hvað um gjöld húsnæðisnefndanna og hvað um hlut fasteignasalanna? Ætlar fjmrn., hið opinbera, að bæta fólki upp þennan kostnað? Hvað átti hæstv. félmrh. við með þessum orðum sínum? Var hann bara að tala um stimpilgjöldin? Ég hygg að hann hafi aðeins verið að tala um stimpilgjöldin en ekki aðra kostnaðarliði sem hér bætast við.

Þá vil ég að lokum ítreka, hæstv. forseti, að ég held að sveitarfélögin hafi alls ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þessa frv. fyrir þau og ég harma það. Ég harma það að menn setji sig ekki nægilega vel inn í málin. Sú krafa Sambands ísl. sveitarfélaga, að haldið verði áfram að veita lán á niðurgreiddum vöxtum til byggingar leiguíbúða, ber það auðvitað með sér að það er eins og menn átti sig ekki á því hvað hér er verið að gera.

Þessi stofnun, Íbúðalánasjóður, á að standa undir eigin rekstri. Þar af leiðandi getur hún ekki veitt lán á niðurgreiddum vöxtum. Hins vegar kann að verða samið milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkið komi með einhver framlög til leiguíbúða. Það er algerlega óljóst hvað koma mun út úr þeim samningum og ekki er hægt að skilja það sem fram hefur komið um þessar fyrirhuguðu viðræður öðruvísi en að meiningin sé að fá sveitarfélögin til að leggja sitt af mörkum til byggingar leiguíbúða, væntanlega umfram þessi 10% sem þau þurfa að afla sér einhvern veginn.

Ég vil líka enn og aftur ítreka það, hæstv. forseti, að framkoman við starfsfólk Húsnæðisstofnunar er algerlega óþolandi. Það er algerlega óþolandi að ganga þannig frá málinu, að réttur þeirra sé ekki tryggður í lögunum. Það er auðvitað algert lágmark að hæstv. félmrh. gefi skýra og skilmerkilega yfirlýsingu um það hvernig hann sjái framtíð starfsfólksins. Ég missti því miður af þeim ummælum sem hann lét falla í gær, í andsvari við hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, og vona að þar hafi verið skýrt kveðið að orði. Ég þarf einfaldlega að láta prenta það út fyrir mig til þess að átta mig á því hvað hann sagði varðandi starfsfólkið. Þetta er auðvitað stórmál. Það er búið að valda miklum óróa með þessu frv. hjá stofnuninni. Það hefur reyndar einnig valdið

miklum óróa hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur og margir hafa rokið upp til handa og fóta og óttast að ekki yrði staðið við úthlutanir á næsta ári, fólk yrði að fara að taka lán á allt öðrum kjörum o.s.frv. En við hljótum að skilja að það fólk sem lengi hefur unnið hjá stofnuninni og er kannski komið á þann aldur sem erfitt reynist að fá vinnu, óttast auðvitað um sinn hag. Síðan er það einnig, hæstv. forseti, eins og ég vakti athygli á í fyrri ræðu minni að hópur af starfsfólki Húsnæðisstofnunar hefur verið ráðinn eftir að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt. Hann hefur þar af leiðandi ekki sama rétt og þeir sem ráðnir voru fyrir þann tíma og hafa biðlaunarétt. Það er því afar brýnt að við göngum ekki frá þessu máli öðruvísi en að hagsmunir starfsfólksins verði tryggðir.

Allra síðast, hæstv. forseti, þá lét ráðherrann þau orð falla að gera yrði þessar breytingar núna en ekki síðar. Ég varð ekki vör við að hann kæmi fram með nein rök um það hvers vegna nauðsynlegt sé að gera þetta núna. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ekki hægt að bíða. Ég get skilið að erfitt er fyrir starfsfólk og erfitt fyrir starfsemi stofnunar að búa mánuðum saman við óvissu um það sem verður. Hér er hins vegar um svo stórt mál að ræða að ég ítreka þá skoðun mína að þessu máli eigi að fresta. Það á að fara betur ofan í einstaka liði.

Menn verða að átta sig betur á því hvaða áhrif þetta frv., ef að lögum verður, muni hafa á húsnæðismarkaðinn, á verðbréfamarkaðinn, en þó fyrst og fremst á kjör láglaunafólks sem hingað til hefur átt þess kost að fá úrlausn sinna mála innan félagslega kerfisins en verður nú úthýst. Hvert er verið að vísa því fólki, hæstv. forseti? Út á leigumarkaðinn, er svarið. En leigumarkaðurinn er ekki til. Það eru ekki til úrlausnir fyrir þetta fólk. Ég þori ekki að fullyrða hversu stór þessi hópur er og hversu stór hann verður. Þeir eru svo margir óvissuþættirnir. Það er svo margt sem getur haft áhrif á það. Það er hins vegar verið að loka leið sem hingað til hefur verið fær og ég mótmæli því, hæstv. forseti, að það sé ráðist á kjör fólks með þessum hætti. Þetta er ríkisstjórninni til skammar.

[13:03]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Við höfum hér hlýtt á ræður stjórnarandstöðunnar nú í nokkra daga og jafnvel farið að telja það í vikum, tvö mál sem verið hafa til umræðu hér í Alþingi og hefur málatilbúnaður allur verið að margra mati með endemum. Það segir svo í Hávamálum um málgleði, með leyfi forseta:

Ærna mælir
sá er æva þegir
staðlausu stafi.
Hraðmælt tunga,
nema haldendur eigi,
oft sér ógott um gelur.

Þetta þýðir með öðrum orðum, herra forseti, að mikið mælir sá sem aldrei þegir, staðlausa stafi. Málugur maður gætir ekki tungu sinnar og getur bakað sjálfum sér skaða.

Spurningin er sú, herra forseti, hvort sú hraðmælta tunga sem hér um ræðir — og ein þeirra hefur talað hér í tíu klukkustundir og tólf mínútur í einu og sama málinu — hafi orðið sjálfum sér til skaða eða hafi orðið virðingu Alþingis til skaða. (**Gripið fram í:** Það er hægt að gera meiri skaða með stuttum yfirlýsingum í sjónvarpi en tíu klukkustunda ræðu.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Ekki samtal úr sal.)

Hv. þm. sem hér um ræðir hefur að mínu áliti orðið Alþingi meira til skaða en sjálfum sér. Það hefur oft verið þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað tamara í munni að ræða um virðingu Alþingis þegar það hefur passað þeim. En þegar það passar þeim ekki þá virðist virðing Alþingis engu skipta. Þegar hv. þm. leyfa sér að tala í yfir tíu klukkustundir um sama málið þá er engin virðing í því fyrir neinn. Ég vil, herra forseti, láta þetta koma hér fram vegna þess að það er sama hvar er í þjóðfélaginu og hittir fólk, að alls staðar ber þetta á góma og öllum ofbýður. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.)

Hvers vegna er þá þessi ærna mælgi, herra forseti, af hverju? Og hvers vegna byrjaði þetta? Ég lít svo á að þetta sé vegna þriggja mála, þ.e. náttúrlega þeirra tveggja sem ég minntist á hér áðan — umræður um þau hafa staðið hér yfir í nærri hálfan mánuð — þ.e. sveitarstjórnarlög og húsnæðismál, og svo var í upphafi fjallað um miðlægan gagnagrunn sem var hugsaður fyrir Íslenska erfðagreiningu. En það tókst á ótrúlegan hátt að ýta því máli út af borðinu þannig að öll þjóðin mun tapa á því hvernig farið var með það. Allir eru sammála því sem það mál skoðuðu að ef einhver vilji hefði verið til staðar — auðvitað kom málið snöggt inn — til að ná því í gegn þá hefði það verið hægt í samkomulagi við þær starfsstéttir sem áttu um það að fjalla og vinna með það í heilbrigðiskerfinu. Þetta er eitt málið. Þetta er fyrsta málið.

Annað málið er að sjálfsögðu upplegg stjórnarandstöðunnar varðandi sveitarstjórnarlögin. Þar hefur tekist á ótrúlegan hátt að telja stórum hluta þjóðarinnar trú um að verið sé að færa hálendið 4% þjóðarinnar. Staðreyndin er náttúrlega allt önnur. Staðreyndin er nefnilega sú að þjóðinni var fært hálendið með þjóðlendufrv. en ekki öfugt. En það hefur tekist á alveg undraverðan hátt að telja fólkinu trú um að þessu sé alveg öfugt farið, að það sé búið að taka þetta frá henni.

Ég segi að svona málflutningur skaði virðingu Alþingis því að fyrr eða síðar hlýtur hið rétta í málinu að koma í ljós.

Herra forseti. Nú er til umræðu frv. til laga um húsnæðismál. Hvað er verið að gera hér? Það er verið að gera það eitt, herra forseti, að verið er að leggja niður kerfi sem flestir landsmenn þekkja orðið sem misnotað, ósanngjarnt og stagbætt kerfi, félagslegt íbúðakerfi þar sem réttur þeirra sem það hafa notað hefur verið fótum troðinn. Ég er ekki að kenna því um að fólkið sem vinnur við kerfið eins og hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eða húsnæðisnefndum hafi ekki sinnt starfi sínu. Ég held því fram, herra forseti, að miðstýrt kerfi af þeim toga sem hér hefur verið ríkjandi um árabil, áraraðir, geti aldrei virkað öðruvísi og niðurstaðan hlýtur alltaf að verða sú að það verði misnotað.

Hver þekkir ekki, ágæti forseti, hvernig fólk hefur farið út úr sölu íbúða sinna, fólk sem hefur sinnt eðlilegu viðhaldi og farið út í umbætur sem hafa verið kostnaðarsamar en ekki fengist metnar að neinu leyti þegar til sölu hefur komið? En trassaskapur sumra hefur verið látinn óátalinn. Hver þekkir ekki misnotkun sveitarfélaga á þessu kerfi þar sem listar og byggingar eftir þeim hafa ekki verið í neinum takt við þarfirnar eða stöðuna í sveitarfélaginu? Hver þekkir ekki hvernig fólk sem hefur farið inn í slíkt húsnæðiskerfi en þó komist í álnir sem betur fer síðar meir, hefur haldið áfram að sitja í því kerfi með niðurgreiddum vöxtum, kerfi sem var hugsað fyrir fólk sem hafði ekki möguleika á að byggja sjálft? Þessi misnotkun hefur tíðkast áratugum saman og fólk hefur þurft

að horfa upp á slíkt sem hefur í hugum flestra verið fleinn í þessu kerfi.

Hver þekkir ekki það hvað fólk hefur oft farið illa út úr sölu í þessu kerfi og hver þekkir ekki vanda sveitarfélaganna sjálfra sem hafa með innlausnarskyldu sinni nánast kollvarpað fjárhag sínum og sitja uppi í dag með fullt af slíku húsnæði sem er langt yfir markaðsverði en óseljanlegt?

Herra forseti. Þetta er stutt upptalning á þeim mörgu göllum sem hafa komið í ljós í kerfinu í gegnum árin og hefur aldrei verið hægt að laga almennilega og er ástæðan fyrir því hversu þetta kerfi er orðið stagbætt og illa nothæft.

Hvað er svo verið að gera til þess að bæta þetta, herra forseti? Það er verið að færa niðurgreidda vexti yfir í svokallað vaxtabótakerfi. Það er verið að færa fólki vaxtaniðurgreiðslurnar í skattkerfinu en það er ekki verið að útvega lán á föstum vöxtum sem greiddir eru niður af ríkinu óháð aðstöðu fólks á hverjum tíma. Þeir vextir sem eru í þessu vaxtabótakerfi eru ekki markaðsvextir heldur húsbréfavextir, en það hefur komið fram hér í máli sumra að um sé að ræða kerfi sem sé með frjálsum vöxtum. En hér er um húsbréfavexti að ræða sem eru í dag um 5% og þessi lán verða með ríkisábyrgð sem þýðir í rauninni að hægt er að halda vöxtunum niðri.

Í öðru lagi er verið að gera það, herra forseti, að sala íbúðanna verður á frjálsum markaði í stað þess að vera í gegnum húsnæðisnefndir og þá nýtur að sjálfsögðu sá þess sem í slíku kerfi er að hafa haldið sínu húsnæði vel við. Hann nýtur þeirra endurbóta sem það hefur fengið og hann fær sanngjarnt eða það markaðsverð fyrir íbúð sína sem er á hverjum tíma.

Það 90% lán sem fylgir þessu kerfi er það sama og verið hefur fram að þessu og ... (**Gripið fram í:** Á 1% vöxtum?) Nei, nei. Þetta 90% lán er annars vegar lán Húsnæðisstofnunar og svo viðbótarlán með húsbréfavöxtum sem eru í dag 5,1% Lánin eru þar að auki með ríkisábyrgð sem leiðir til þess að þau eru hagkvæmari en lán á markaðsvöxtum. Það er ekki verið að setja þessi bréf inn á markaðsvexti eins og komið hefur fram hér í máli hv. þingmanna sumra þannig að að því leyti er að mínu áliti ... (**KÁ:** Hvað þýðir þá brtt. sem meiri hlutinn leggur fram?) (**Gripið fram í:** Eru ekki markaðsvextir ...?)

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í sal.)

Markaðsvextir þýða að þessu leyti til vextir húsbréfakerfisins. Húsbréfakerfið hefur verið með breytilegum vöxtum sem hafa farið (Gripið fram í.) eftir ávöxtunarkröfunni og að því leyti til hafa menn verið að kaupa inn ákveðna flokka, húsbréfaflokka, og þannig hefur kerfið eða vextirnir breyst.

Innlausnarskylda sveitarfélaganna, herra forseti, fellur niður. Það er gríðarlega mikilvægt atriði fyrir sveitarfélögin. Þá mun félagslegt húsnæði flytjast yfir í svokallað leiguhúsnæðiskerfi, þ.e. að leiguhúsnæði mun taka við því fólki sem ekki getur af einhverjum ástæðum keypt sitt eigið húsnæði sjálft í félagsíbúðakerfinu. Leiguíbúðakerfið býður upp á lán sem verða 90% af byggingarkostnaði. Þessi lán verða með 1% vöxtum. 90% lán með 1% vöxtum og slíkar leiguíbúðir geta hvaða félagasamtök sem er byggt, ekki einungis sveitarfélög heldur geta einnig félagasamtök fatlaðra, félagasamtök aldraðra, Búseti og aðrir sem áhuga hafa á að byggja leiguhúsnæði og fengið lán með þessum kjörum. Þeir aðilar verða þó að leggja til þau 10% sem upp á vantar þannig að 100% fjármögnun sé tryggð. 10%, sem geta verið í eigu sveitarfélags eða annarra eins og komið hefur hér fram, eru seljanleg í hendur leigjandans þannig að leigjandinn telst þá eigandi um leið og nýtur þess ef hann bætir sitt húsnæði. Hann getur gert það sem honum líkar best og hann getur verið óhræddur um það að húsnæðið verði ekki af honum tekið, með öðrum orðum, herra forseti, þá er hann eigandi húsnæðisins og getur hagað sér þar eins og eigandi húsnæðisins.

Þetta finnst mér, herra forseti, opna mikla möguleika fyrir þá sem hingað til hafa ekki haft möguleika á eigin húsnæði, ekki í því kerfi sem hefur verið notað fram að þessu. Ef ekki reynist möguleiki fyrir viðkomandi að borga leigu með 1% vöxtum, ef hann getur ekki staðið undir slíkri leigu og kaupum á 10% framlaginu, þá er ljóst, herra forseti, að sá aðili verður að fara í húsnæði á vegum félagsmálastofnunar. Því miður kemur það fyrir suma að lenda í slíku en sem betur fer fáa.

Í leiguhúsnæðiskerfinu mun ekki þurfa greiðslumat. Það tel ég einnig mjög mikilvægt því að þetta fólk, þó það sé að eignast húsnæðið, þarf sannanlega á öðrum félagslegum úrræðum að halda en þeir sem fá viðbótarlánin og uppfylla þá að sjálfsögðu ekki þær kröfur, en getur þá óháð stöðu sinni komist inn í slíkt húsnæði ef það nær samningum við þann sem byggt hefur leiguhúsnæðið. Í þessu tel ég, eins og ég sagði áðan, herra forseti, felast gríðarlega réttarbót fyrir þá sem eru illa efnum búnir.

Kostirnir við þetta, herra forseti, eru þeir að fólk reisir sér ekki hurðarás um öxl, eins og oft hefur verið í því kerfi sem við höfum búið við. Fólk hefur m.a.s. átt mjög erfitt með að fjármagna þau 10% sem í þessu tilfelli er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða félagasamtök fjármagni. Margir hafa ekki fengið það öðruvísi en með mjög dýrum bankalánum sem þeim hefur reynst ókleift að greiða af þegar upp er staðið. Þessir 1% vextir hljóta því að skipta sköpum.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að staða sveitarfélaganna á að vera nokkuð vel tryggð með þessari breytingu, þ.e. að hugsanlegu innlausnartapi sveitarfélaga verður mætt í fyrsta lagi samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII, um varasjóð. Í þeim sjóði eru um 300 millj. kr. sem eiga að fara til að greiða innlausnartap sveitarfélaganna af innlausnum íbúða sem seljast á lægra verði en innlausnin var og á þeim hvíla hærri lán. Í þessu tilfelli er gert ráð fyrir slíkum aðgerðum. Aftur á móti gera menn sér fyllilega ljóst að ekki er víst að þetta dugi. Þess vegna verður sérstakt samráð haft og sérstök nefnd sett á laggirnar til þess að átta sig á því hvað þetta vandamál verður stórt og því verði mætt sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Það sem ég vildi segja að öðru leyti í lokin, herra forseti, er um starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Fulltrúar starfsmanna komu á fund félmn. auk aðstoðarmanns félmrh. Fulltrúar í félmn. fengu þau skilaboð að starfsmenn Húsnæðisstofnunar væru í forgangi að störfum í nýja kerfinu að öðru jöfnu og að ekki væri ástæða fyrir starfsmenn Húsnæðisstofnunar að óttast að gengið yrði fram hjá þeim. Fyrir þessu liggur loforð bæði frá aðstoðarmanni félmrh. og félmrh. sjálfum og sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að vefengja slík orð, herra forseti, og mér finnst miður að gert sé lítið úr þessu sérstaka atriði sem skiptir þetta fólk svo miklu máli.

Að endingu, herra forseti, vil ég nefna þær misvísandi umsagnir sem borist hafa um þetta mál. Annars vegar hafa umsagnir sveitarfélaganna verið mjög jákvæðar en svo hafa allt annars konar umsagnir komið frá húsnæðisnefndum þeirra sömu sveitarfélaga. Húsnæðisnefndirnar hafa verið mjög neikvæðar og þeirra forsendur allt aðrar heldur en

sveitarstjórnanna sjálfra. Þetta lítur dálítið einkennilega út en ég held að það sé ósköp einföld skýring á þessu. Auðvitað hafa sveitarstjórnirnar aðra yfirsýn yfir kerfið, yfir þörfina og stöðu sveitarfélaganna hvað þetta varðar heldur en húsnæðisnefndirnar sjálfar. Það verður líka að segjast eins og er að innan húsnæðisnefndanna hefur skapast önnur pólitík. Það hefur verið önnur pólitísk samsetning innan nefndanna en í bæjarstjórninni þannig að þar kristallast ágreiningur milli sveitarstjórnanna og húsnæðisnefndanna vegna þessarar mismunandi samsetningar nefndanna og sveitarstjórnanna. Síðan má segja að ein af hugsanlegum skýringum á þessari neikvæðni húsnæðisnefndanna sjálfra sé að þar er að sjálfsögðu fólk sem hefur áhyggjur af stöðu sinni og ég get ekki sagt að það sé annað en eðlilegt þegar svo miklar breytingar eru í vændum og raun ber vitni, herra forseti.

Ég vil að lokum segja það eitt, herra forseti, að ég vona að það málþóf sem verið hefur í kringum þetta mál og önnur í þinginu verði til þess að menn opni augu sín fyrir því að við svo búið má ekki standa. Lýðræðið byggist ekki á því að misnota aðstöðu sína heldur byggist það á eðlilegum skoðanaskiptum og snörpum orðræðum en ekki málþófi eins manns upp á tíu klukkustundir eða meira um sama málið.

[13:23]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að minna á, bæði vegna upphafs ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar og einnig lokaorða, að sá sem stýrir störfum þingsins er forsn. Alþingis. Það er ekki stjórnarandstaðan heldur forsn. undir forsæti hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem þingmenn kusu hér velflestir samhljóða forseta þingsins, gott ef ekki allir utan einn. Þessir aðilar bera ábyrgð á stjórn þingsins. Sú ábyrgð verður ekkert frá þeim tekin. Ef hv. þm. er óánægður með það hvernig þingstörfunum vindur fram þá er eðlilegt að hann snúi sér til þessara aðila með kvartanir sínar því það eru þeir sem stýra þinginu. (**KPál:** Hvernig á forseti að stoppa málgleðina?)

Herra forseti. Vegna þessara orðaskipta og vegna frammíkalls hv. þm. þá ég beina einni spurningu til hæstv. forseta. Hún er þessi: Hverjir skipuleggja störf þingsins? Ég vil fá svar við henni núna. Það er nauðsynlegt vegna þess hvaða orðaskipti hér hafa farið fram.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forsn. skipuleggur störf þingsins í hverri viku og ég hélt að það væri öllum þingmönnum ljóst.)

Það hélt ég líka, herra forseti. Það er gott að forseti sker úr um þetta hér og það er þá væntanlega hv. þm. Kristjáni Pálssyni einnig ljóst.

(**Forseti** (GÁ)**:** En það er líka ljóst að þingmenn starfa hér eftir þingsköpum sem þeir hafa sett sem lög og vinna eftir þeim.)

Það er alveg rétt, herra forseti. Þingmenn gera það einnig. En ef menn eru að kvarta undan verklagi á Alþingi þá verða menn að eiga það við forsn. vegna þess að menn hljóta að horfa til þess, þegar menn horfa á verklag hér á Alþingi, hvernig það hefur verið, hvernig það var fyrri hluta vetrar og hvernig það hefur verið að breytast. Svo geta menn spurt sjálfa sig núna: Er yfir höfuð einhver stjórn á þessu núna? (**KPál:** Forseti ræður ...) Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Kristján Pálsson beinir máli sínu til forseta, en ég er að reyna að gera það. Ég veit ekki hvort menn átta sig endilega á því hvernig þessi mál standa nákvæmlega núna. Hins vegar er alveg ljóst að tilfinning býsna margra stjórnarandstöðuþingmanna er sú að hér hafi menn gjörsasmlega misst öll tök og reyni ekki einu sinni að stýra störfum þingsins. Þannig liggur það nú fyrir.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill mótmæla þessu. Auðvitað er það reynt í samráði við þingflokksformenn og með skipulagi þingstarfa. En málum er þannig háttað að þingmál koma frá nefndum, koma hér til 2. og 3. umræðu. Síðan ræðst framvindan af því hversu langar ræður eru haldnar og hversu margir taka til máls. Og þar hefur forsn. engin tök á að stjórna lengd umræðna.)

Herra forseti. Þetta var mér allt ljóst. Hins vegar finnst mér ástæða til þess að ítreka að sá sem skipuleggur störf þingsins og ber á þeim ábyrgð, vegna þess að það er ekki bara hægt að láta kjósa sig í forsn. ef menn ekki líka ætla að axla ábyrgðina af því hvernig störfum þingsins vindur fram, er forsn. og ég vænti þess að hún geri það. Því vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan: Menn skulu einfaldlega horfa til þess hvernig störfum hefur verið háttað hér á þinginu lengst af vetrar og hvernig þeim er síðan háttað núna. Menn geta svo spurt sig: Af hverju? Að einhverju leyti er það vegna þess, herra forseti, að mér sýnist að það sé ákveðið annars staðar en af hæstv. forsn. og þeir sem fylgjast með fjölmiðlaumræðu komast ekki hjá því að álykta sem svo að það sé e.t.v. þess vegna sem þingstörfum vindur fram eins og raun ber vitni.

Ég kom ekki í ræðustól til þess að fjalla um þessi mál. Þau eru alla jafna rædd undir dagskrárliðnum Um störf þingsins. Þingflokksformenn hafa ítrekað komið hér upp og rætt um störf þingsins undir þeim lið. Hér hafa því miður farið fram þær umræður sem hefðu átt að eiga sér stað annars staðar og menn geta líka spurt sig: Af hverju hefur það þurft að gerast svo? Af hverju hafa þær umræður farið fram hér?

Þetta var nauðsynlegt, herra forseti, vegna þess hvernig hv. þm. Kristján Pálsson hagaði hér máli sínu því það er fullkomlega óþolandi fyrir þá sem eru algjörir þolendur í þessari óstjórn hér að þurfa að sitja undir því að þeir eigi líka að bera ábyrgð á henni. Það er fullkomlega óþolandi og verður ekki þolað.

En það er alveg rétt sem forseti segir að hér eru auðvitað að koma inn mál til 2. og 3. umræðu og mörg þessara mála eru mjög mikilvæg vegna þess að efni þeirra, ef að lögum verður, getur orðið mjög afdrifaríkt (Gripið fram í.) bæði fyrir einstaklinga — Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað komast til þess að flytja þá ræðu sem ég hugðist hér flytja um húsnæðismál en ég velti því fyrir mér hvort ástæða sé til þess að ég geri hlé á máli mínu til þess að hv. þm. Kristján Pálsson geti talað héðan úr ræðustóli Alþingis í stað þess að vera með gjamm úr salnum. Getur það gengið þannig, herra forseti?

(**Forseti** (GÁ)**:** Hv. þm. verður að meta þá stöðu hvort hún vill gera hlé og hleypa hv. þm. að. En ég hef margsagt bæði meðan hv. þm. Kristján Pálsson talaði hér og segi enn nú þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir talar hér, að hún á að fá fullt frelsi til að halda sína ræðu.)

Þakka þér fyrir, forseti, ég mun þá reyna að halda áfram ræðu minni. Eins og ég var að segja hér áðan eru mörg þessara mála, reyndar öll þau fimm mál sem hafa verið til umræðu á hv. Alþingi á undanförnum vikum, stór og innihald þeirra og efni, ef að lögum verða, — og eitt þeirra er nú orðið að lögum, frv. um veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum — tekur til verulega mikilla hagsmuna ýmist einstaklinga, hagsmunahópa, fyrirtækja eða þjóðarinnar allrar. Því er fullkomlega eðliegt að menn telji sig þurfa að ræða þessi mál nokkuð hér á Alþingi, ekki síst í ljósi þess að

um sum þeirra verður það því miður sagt og að mínu mati með nokkrum sanni, að þau koma illa unnin og vanreifuð inn í þingið. Það á ekki bara við um sveitarstjórnarfrv. hæstv. félmrh. eða frv. um veiðar á norsk-íslensku síldinni, sem nú er orðið að lögum. Það á svo sannarlega einnig við um það frv. sem við ræðum hér í dag, frv. til laga um húsnæðismál. Því er ætlað að kollvarpa kerfi sem hefur verið hluti af því öryggisneti sem landsmenn hafa talið sig eiga rétt á og hafa búið við á undanförnum áratugum.

Enginn þarf að vera undrandi þó mönnum þyki ástæða til þess að ræða það nokkuð að málum skuli svo komið að kerfi eins og húsnæðiskerfinu, sem byggt er upp í samstarfi við verkalýðshreyfinguna í landinu og að frumkvæði hennar, á að breyta með þeirri litlu umræðu sem í raun er leyfð og farið hefur fram í þjóðfélaginu. Það er svo fullkomlega eðlilegt.

Ef hæstv. félmrh. hefði farið að þeim óskum sem strax voru settar fram, ekki síst af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, um að þetta frv. yrði skoðað nánar með verkalýðshreyfingunni í sumar og kæmi síðan aftur inn í þingið í haust, þá hefði frv. verið betur unnið og búið að skoða þau álitamál sem reifuð hafa verið í þessari umræðu og komu inn til nefndarinnar í formi athugasemda. Þá hefði staðan til að taka á þessu máli auðvitað verið allt önnur. Þegar staðreyndin er sú að mjög margir aðilar í þjóðfélaginu eru sammála um að hér sé verið að flýta sér um of við mál sem er of mikilvægt til að þola vinnubrögð af því tagi, þá er eðlilegt að þingmenn sem um málin fjalla og kjörnir eru til þess á hv. Alþingi geri það sem í þeirra valdi stendur til að koma því til leiðar að málið verði skoðað frekar.

Ég gat þess, herra forseti, að verkalýðshreyfingin hefði hér átt hlut að máli. Í því sambandi, af því hún er nú hunsuð við undirbúning þessa frv., vil gjarnan, með leyfi forseta, lesa þá yfirlýsingu sem kemur frá húsnæðisnefnd ASÍ vegna þessa frv. en þar segir:

„Alþýðusamband Íslands hefur lagt mikla áherslu á húsnæðismál og mótaði þá stefnu árið 1996 að fjölga þyrfti félagslegum leiguíbúðum og að veitt skyldu félagsleg lán til einstaklinga til kaupa á húsnæði á almennum markaði. Í frv. félmrh. er gert ráð fyrir lánum til einstaklinga en megintilgangur frv. er að leysa úr vanda Byggingarsjóðs verkamanna og sveitarfélaganna. Vandi þess fólks sem nú á í greiðsluerfiðleikum vegna félagslegra eignaríbúða og þeirra sem hvorki fá inni í almenna né félagslega húsnæðiskerfinu virðist hins vegar óleystur."

Það er svolítið merkilegt, herra forseti, að þetta skuli liggja svona, að það skuli vera farið út í það að kollvarpa hér kerfi til þess að leysa úr vanda tiltekinna sjóða sem ríkissjóður hefur ekki fjármagnað eins og hann átti að gera annars vegar, og hins vegar sveitarfélaga sem af ýmsum ástæðum hafa lent í vandræðum með félagslega húsnæðiskerfið. Það er að hluta til, herra forseti, eins og heimamenn segja sjálfir, vegna þess að kerfið hefur á stöku stað þróast yfir í það að vera félagslega verktakakerfið. Þessu á sem sé að bjarga með því að girða fyrir það að hægt sé að leysa vanda fjölda manns í þjóðfélaginu. Það á sem sagt að fórna fjölskyldunum og einstaklingunum til þess að bjarga þessum tveimur stjórnkerfum. Síðan er það álitamál, herra forseti, hvaða björgun t.d. sveitarfélögunum er í þessu frv. Það er allt annað mál. En Byggingarsjóður verkamanna verður samkvæmt þessu frv. látinn ljúka verkefni sínu með tilteknum hætti. Menn tala um erfiða stöðu hans. En þeir sem tala mest um hana þeir gleyma jafnan að geta þess af hverju hún er orðin svo erfið sem raun ber vitni.

En Alþýðusambandið heldur hér áfram:

„ASÍ var ekki haft með í ráðum við samningu þessa frv."

Það er, herra forseti, mjög alvarlegt. Það er mjög alvarlegt vegna þess að það hefur löngum staðið styr um húsnæðismálin í þessu landi. Ég býð ekki í það ef því samkomulagi og þeirri einingu sem þó hefur verið um ákveðna hluta húsnæðiskerfisins, verður einnig kastað fyrir róða.

Alþýðusambandið tekur hér til fjögur atriði um vanda félagslega húsnæðiskerfisins. Í fyrsta lagi þann sem snýr að fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna og yfirvofandi greiðsluþroti hans vegna vanefnda ríkisins á framlögum í sjóðinn. Í öðru lagi vanda nokkurra sveitarfélaga vegna innleystra en óráðstafaðra félagslegra íbúða, þetta atriði mun ég ræða nánar. Í þriðja lagi vanda þess fólks sem á í greiðsluerfiðleikum vegna félagslegra eignaríbúða, sem er atriði sem hefði þurft að taka á hvort eð var. Í fjórða lagi vanda þess fólks sem kemst ekki inn í félagslega húsnæðiskerfið vegna lágra tekna. Það er einnig atriði, herra forseti, sem ég held að sé ástæða til þess að gaumgæfa mjög vel.

„Frumvarpinu er ætlað að leysa vanda Byggingarsjóðs verkamanna með því að hætta veitingu framkvæmdalána og sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þá á að taka á vanda sveitarfélaganna með því að leysa þau undan kaupskyldu og heimila þeim að selja núverandi eignaríbúðir á almennum markaði eða breyta þeim í leiguíbúðir til frambúðar.

Vandi þess fólks sem nú á í greiðsluerfiðleikum vegna félagslegra eignaríbúða virðist óleystur. Ekki er heldur tekið á lítilli eignamyndun. Í frv. eru engin bein fyrirheit gefin um hvernig tekið skuli á þessu.

Einna alvarlegast er að vandi þeirra sem ekki fá inni í núverandi húsnæðiskerfi vegna lágra tekna er enn óleystur. Hópur fólks uppfyllir hvorki skilyrði greiðslumats í almenna né félagslega íbúðakerfinu. ASÍ hefur lagt áherslu á að vandi þessa fólks verði aðeins leystur með nægjanlegu framboði leiguhúsnæðis á viðráðanlegu verði þar sem varanlegt búsetuöryggi er tryggt.

Eigi kerfi vaxta- og húsaleigubóta að leysa úr brýnum húsnæðisvanda láglaunafólks er það grundvallarkrafa að upplýst verði hve miklum fjármunum eigi að verja til þess. Ekkert hefur komið fram um það hvernig þeim fjármunum verði stýrt til þeirra sem helst þurfa á þeim að halda né hvernig tryggja megi nægilegt framboð leiguhúsnæðis og búsetuöryggi á leigumarkaði.

Með frv. er núverandi félagslegt eignaríbúðakerfi lagt af án þess að stofnað sé til annars í þess stað. Það óvissuástand sem skapast er óviðunandi."

Þetta segir Alþýðusamband Íslands í yfirlýsingu húsnæðisnefndar sinnar um húsnæðismál vegna þessa frv. í lok febrúar sl. Ályktun sem þessi, herra forseti, ætti að stugga við hæstv. félmrh. og hún hefði auðvitað átt að verða til þess að hann hikaði við að keyra þetta frv. áfram eins og hann gerir. Hér talar aðili sem gerst má vita hvernig þessir hlutir eru og hverjir möguleikar fólksins, sem þarfnast félagslegrar aðstoðar við húsnæðisöflun, eru.

Það er alveg ljóst að kjör fjölskyldna og einstaklinga og jafnvel byggðaþróunin í landinu á nokkuð undir því hvernig búið er að möguleikum fólks til að eignast þak yfir höfuðið. Hjá okkur hefur þróast eignaríbúðakerfi, fram yfir leiguíbúðakerfi. Eitt af því sem menn hafa talið skipta máli hefur

verið að tryggja með einhverju móti að allir geti eignast þak yfir höfuðið. Nú hefur verið ákveðið að hverfa frá eignaríbúðastefnunni og hefðu nú einhvern tíma þótt tíðindi að Sjálfstfl. samþykkti slíkt. Vandinn við það hvernig horfið er frá stefnunni er sá að það sem við á að taka er tiltölulega óljóst gagnvart þeim hópi sem helst þarf á því að halda að nokkurt öryggi ríki um þær aðstæður sem honum eru búnar.

Frá upphafi hafa húsnæðismálin verið meðal helstu baráttumála verkalýðshreyfingarinnar. Þess vegna er auðvitað eðlilegt að hefja mál sitt á því að vitna í ályktun ASÍ. Það má minnast á byggingu verkamannabústaðanna í vesturbæ Reykjavíkur þar sem styttan af Héðni stendur fyrir framan af eðlilegum ástæðum. Það má benda á íbúðir og hús sem byggð voru undir lögum um verkamannabústaði áratugum saman, víða um landið, sem hafa gert fólki kleift að setjast að á þessum stöðum, e.t.v. mun meira en hæstv. félmrh. og þeir sem honum eru sammála gera sér grein fyrir.

Verkalýðshreyfingin hefur haft mikil áhrif á byggingu félagslegs húsnæðis og það hefur iðulega verið samið um ný verkefni til að afla húsnæðis fyrir hina lægstlaunuðu þegar kjarasamningar hafa staðið yfir. Það hefur og verið þannig, herra forseti, að verkalýðshreyfingin þurfti oft og einatt í kjarasamningum að eyða orku sinni í að semja um að ríkisstjórnin setti peninga inn í félagslega íbúðakerfið. Þannig hefur verkalýðshreyfingin keyrt kerfið áfram. Menn hafa verið alveg klárir á því að kjör fjölskyldnanna eru ekki aðeins það sem kemur í launaumslaginu heldur engu síður sú umgjörð sem búin er um húsnæðismál þeirra. Sem dæmi um stórkostlegan árangur í kjarasamningum, sem gjörbreytti aðstæðum ýmissa, voru samningarnir sem gerðir voru árið 1965 þegar samið var um byggingu hundraða íbúða uppi í Breiðholti til þess að útrýma braggabyggð og heilsuspillandi húsnæði í höfuðborginni. Sá tilgangur var auðvitað efstur, að tryggja öllu verkafólki góðar íbúðir og viðunandi húsnæði.

Nú er það auðvitað svo að félagslega húsnæðiskerfið hefur tekið töluverðum breytingum í áranna rás, m.a. með vaxandi þátttöku sveitarfélaganna. Hátt í 11 þúsund íbúðir eru taldar til félagslega húsnæðiskerfisins. Ég þarf ekki að endurtaka það, herra forseti, hversu geysileg umskipti það voru fyrir alþýðu manna að geta leitað í þetta kerfi til þess að tryggja sér húsnæði. Þetta kerfi hefur auðvitað þróast og tekið breytingum. Það þarf að þróast og taka breytingum áfram en enginn bað um kollsteypu eins og þá sem hér er verið að bjóða upp á. Alla vega voru þeir fáir og ekki voru það talsmenn launafólks í landinu.

Það sem skortir í þessu frv. er nefnilega það að í rauninni vantar það upphaflega markmið sem sett var, það grundvallaratriði sem litið hefur verið til, að útvega ætti fólki húsnæði á viðráðanlegum kjörum, því fólki sem mest þarf á að halda og að það ætti að líta á slíka aðgerð sem hluta af aðgerðum samfélagsins til að jafna launa- og aðstöðumun.

Herra forseti. Í rauninni vantar þetta grundvallaratriði eða þessa forsendu sem menn gáfu sér þegar þeir settu sér upphaflega markmiðið og nú á að gjörbylta hinum félagslega hluta húsnæðiskerfisins og það á kannski ekki einu sinni að segja að það eigi að gjörbylta hinum félagslega hluta, það væri kannski nær að segja að nú eigi að svipta honum í burtu. Það er gert, eins og kom fram í ályktun Alþýðusambandsins, með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot, að það hafi valdið sveitarfélögunum miklum vanda og húsnæði standi autt og að Byggingarsjóður verkamanna eigi í svo miklum vanda. Ég hef vikið að vanda Byggingarsjóðs verkamanna, herra forseti, en ég ætla aðeins að fara frekari orðum um hinn meinta vanda sveitarfélaganna.

Nú er það svo að þegar talað er um félagslega húsnæðiskerfið og sveitarfélögin og meintan vanda þeirra að þar eru allir settir undir einn hatt. Í þeirri umræðu skiptir engu að því er virðist þó að mikill meiri hluti sveitarfélaganna eigi ekki í vanda og þó að mikill meiri hluti þessara íbúða sé í eigu fjölskyldna sem hafa ekkert undan þessu kerfi að kvarta. Nei, einhverra hluta vegna hefur verið einblínt á það sem aflaga hefur farið og síðan á að henda kerfinu vegna þeirra dæma.

Dæmi eru um að sveitarfélög standi uppi með félagslegt húsnæði sem ekki er þörf fyrir, m.a. vegna búferlaflutninga og vegna þess að áætlanir sem gerðar voru stóðust ekki, og e.t.v. vegna þess að það voru ekki gerðar áætlanir. En ég velti því fyrir mér, herra forseti, með þau sveitarfélög sem standa frammi fyrir þessum vanda, hvar í þessu frv. grillir í lausn á þeim vanda? Hvar í frv. grillir í lausn fyrir þau sveitarfélög sem standa með auðar íbúðar og eiga enga von um hvorki að selja þær né leigja? Sú lausn fyrir sveitarfélögin er ekki til og verður ekki til nema ríkið sé tilbúið til þess að taka þátt í vanda þeirra og horfa þá á hann sem vanda, sem hluta af byggðarvanda eða byggðaþróunarerfiðleikum. En þetta frv. tekur ekki á þeim vanda.

Það er merkilegt miðað við hversu mikið hefur verið rætt um þennan vanda sveitarfélaganna hve fáar þessar íbúðir eru í raun ef skoðað er. Þeir sem gerst þekkja segja að um sé að ræða um 1% íbúðanna. Það hefðu einhvern tíma þótt ómerkileg rök í máli að henda kerfi af því að 1% gengur ekki. Það hefði verið nær, segja þeir hinir sömu, að taka á þeim vanda sem blasir við og var m.a. talinn upp í ályktun Alþýðusambandsins, en að henda kerfinu og halda út í óvissuna með þeim hætti sem nú á að gera.

Þær breytingar sem ríkisstjórnin er að leggja til eru í megindráttum þær að Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður og að settur verði á fót nýr opinber sjóður, Íbúðalánasjóður. Ekki er gott að átta sig á því hvaða munur á að vera á stofnun og sjóði nema menn gaumgæfi þær samþykktir sem eiga að gilda fyrir nýja sjóðinn. Þá sjá menn að hann ber ýmis merki hlutafélagavæðingar og því er síðan haldið fram að starfsfóki muni fækka nokkuð. Það muni ekki þurfa jafnmarga til að vinna hjá Íbúðalánasjóðnum og hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta er auðvitað nokkuð sem við eigum alveg eftir að sjá gerast. Við eigum alveg eftir að sjá hvernig þessi þróun mála verður vegna þess að mér segir svo hugur að Íbúðalánasjóðurinn verði ekki stöðugt viðfangsefni heldur muni hann taka ákveðnum breytingum fyrr en síðar, einfaldlega vegna þess að ég er nokkuð viss um, herra forseti, að þegar þetta frv. verður orðið að lögum, ef það gengur fram eins og manni sýnist nú, muni ýmis mál koma upp sem þurfi nánari skoðunar við og menn muni þurfa að grípa til ýmiss konar ráðstafana. Ég vona að ég reynist ekki sannspá en ég óttast að svo sé.

Það er ekki aðeins sagt að starfsfólki muni fækka nokkuð heldur er framtíð starfsfólksins í algjörri óvissu eins og kunnugt er. Fram kemur að byggingarsjóðirnir tveir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, eiga að sameinast og að í stað 90–100% lána á 1–2,4% vöxtum til kaupa á félagslegu húsnæði verði veitt húsbréfalán eða almenn lán, sambærileg lán og allir fá sem eru að kaupa sér íbúðir, fyrir 65–70% af upphæð íbúðarverðs. Síðan eiga að koma 20–25% viðbótarlán sem verða á ábyrgð sveitarfélaganna.

Það er sérstakt umfjöllunarefni, herra forseti, af hverju þessi viðbótarlán eiga að vera á ábyrgð sveitarfélaganna. Það er svolítið merkilegt að vera að blanda þeim inn í þetta mál þegar kemur að viðbótarlánunum. Það er alveg ljóst þegar viðbótarlánin eru annars vegar að um er ræða mun ótryggara veð og mun meiri líkur á tapi og það er þess vegna merkilegt að slík ábyrgð skuli þá lögð á sveitarfélögin á sama tíma og mér heyrist að hæstv. ráðherra og talsmenn hans séu að lofa sveitarfélögunum því, a.m.k. vilja þau trúa því, að verið sé að taka af þeim ákveðna ábyrgð sem þau hafa haft.

Þessum lánum á síðan að verja til kaupa á íbúðum hvar sem er á markaðnum. Þetta er agnið, þetta er beitan, að menn geti fengið lán, húsbréfalán, og síðan viðbótarlán á ábyrgð sveitarfélaga og svo geti menn farið og keypt hvar sem er á markaðnum. Menn geta velt því enn og aftur fyrir sér af hverju á ábyrgð sveitarfélaganna þá að vera á viðbótarláninu ef þau hafa ekkert um þetta húsnæði að segja að öðru leyti og menn fara bara út á markaðinn og kaupa. En það er líka annað sem þeir sem hafa horft á þetta sem sérstakan kost í frv. virðast hafa litið fram hjá og það er að sveitarfélögin mega skylda þá sem fá viðbótarlán til að kaupa íbúðir innan félagslega kerfisins næstu tvö árin, þ.e. sveitarfélag sem situr uppi með óseldar íbúðir í félagslega kerfinu getur neitað að lána einstaklingi eða fjölskyldu viðbótarlán nema þessir aðilar séu tilbúnir að taka þær íbúðir sem sveitarfélagið situr uppi með. Kemur þá fyrir lítið þó að markaðurinn bjóði upp á ódýrari íbúðir eins og víða er úti á landi þar sem annað lögmál hefur gilt um markaðinn en félagslega íbúðakerfið. Það munu ugglaust verða mikil átök þegar þessi tvö kerfi fara að leikast á með þessum hætti en þetta er einmitt eitt af því, herra forseti, sem ég sé fyrir mér að muni geta orðið að vandræðamáli á ýmsum stöðum, þ.e. fólk ætlar sér út á markaðinn, eins og búið er að lofa því, með húsbréfalánið sitt og viðbótarlánið frá sveitarfélaginu og kemst svo að raun um að það stendur ekki til, það verður að kaupa þá íbúð sem sveitarfélagið bendir á, annars fær það ekki viðbótarlánið. Menn geta líka velt fyrir sér hvers lags kerfi það er sem með þessum hætti er verið að búa til. Jú, hér er einfaldlega verið að búa til nýtt skömmtunarkerfi.

Það stendur líka til, herra forseti, að veitt verði allt að 90% lán til öflunar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og ekki bara sveitarfélaga heldur líka félaga og félagasamtaka. En það er allt óljóst um þessi lán enn þá. Við getum hins vegar gert okkur í hugarlund ýmsa þætti þess máls vegna þess að gengið er út frá því að hin nýja ríkisstofnun, hinn nýi sjóður, Íbúðalánasjóður, standi undir rekstri sínum og þar af leiðandi hljóti markaðsvextir að ráða för og vaxtabætur eigi síðan að koma í stað niðurgreiddra vaxta. Ég hjó eftir því áðan, herra forseti, þegar hv. þm. Kristján Pálsson hafði orðið að hann talaði nokkuð um markaðsvexti og ef ég skildi hann rétt var hann að reyna að segja okkur að það væri ekki um markaðsvexti að ræða en skilningur minn hefur verið sá að þeir vextir sem hreyfast eftir þeim aðstæðum sem eru á markaðnum séu markaðsvextir og gildir þá einu hvort um er að ræða ríkistryggð lán eða ekki, húsbréfalán eða önnur. Þeir vextir einir eru ekki markaðsvextir sem eru ákvarðaðir með opinberri ákvörðun eins og vextirnir hafa verið í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég held að við þurfum því ekki að deila um það að auðvitað er um markaðsvexti að ræða, þeir eru lágir í bili en menn þekkja líka dæmi þess að þeir hafa farið upp í miklar hæðir og gerðu það á meðan verið var að hreinsa upp gamla húsnæðiskerfið frá 1986 sem kostaði þjóðina mikla peninga og þá sem þurftu að leggja í púkkið með þeim sem keyptu þessar íbúðir seinna meir með því að taka á sig mikil afföll og mikla vexti.

Vaxtabæturnar sem eiga að koma inn sem hinn félagslegi þáttur þessa máls og vera greiddar út fjórum sinnum á ári eru góðra gjalda verðar. Það hefði verið hægt að hugsa sér kerfi svipað því sem verkalýðshreyfingin leggur til með niðurgreiddum vöxtum þó og menn hefðu gjarnan viljað sjá ríkið taka þátt með auknum vaxtabótum, einkum til þess hóps sem lendir nánast á milli vita. Hins vegar eru menn fullir tortryggni gagnvart vaxtabótum sem allsherjarlausn einfaldlega vegna þess að við höfum horft á það allt frá því að vaxtabætur voru settar á að menn hafa dansað með þær út og suður við fjárlagagerðina þegar ákvörðun hefur verið tekin um það hversu miklum peningum ætti að verja til þessa kerfis. Við þekkjum auðvitað fleiri slík velferðarkerfi sem hafa ekki staðist einfaldlega vegna þess að menn hafa farið langt frá upphaflegu markmiði og greiðslur eru orðnar allt aðrar en upphaflega var gert ráð fyrir. Þar eru barnabæturnar kannski stærsta dæmið og það sem hrópar helst á í dag, sem tóku við af gömlu fjölskyldubótunum en eru nú orðnar sértækar bætur fyrir mjög afmarkaðan hóp en stærsti hluti barnafjölskyldna fær hins vegar engan stuðning eftir þessum leiðum frá hinu opinbera við barnauppeldi sitt eða það sem fjölskyldubætur áttu einu sinni að gera, þ.e. að styðja barnafjölskyldur til þess að geta einbeitt sér að uppeldi barna.

Ég talaði um það í upphafi máls míns, herra forseti, að það væri í rauninni ósvinna af hæstv. ríkisstjórn að ætla að knýja húsnæðisfrv. í gegnum þingið á þessu vori. Það hefði þurft betri skoðun á mjög mörgum hlutum, mjög mörgum atriðum þessa máls, sem hafa reyndar verið ræddir og reifaðir og menn hafa hér látið í ljósi áhyggjur sínar vegna þess að um er að ræða mál sem snerta hagsmuni þúsunda fjölskyldna. Ég get alveg verið hreinskilin með það, herra forseti, að áhyggjur mínar vegna Byggingarsjóðs verkamanna eða einstöku sveitarfélaga, sem hafa lent í félagslega verktakakerfinu, eru til muna minni og það hefði verið mun auðveldara að mæta þeim sérstaklega en fara þá leið sem hér er valin og að mínu mati mun minni en vandi þess fólks og þeirra fjölskyldna sem eiga í ekkert annað hús að venda með húsnæðismál sín en hinn félagslega hluta þess.

Menn hafa líka áhyggjur af því að ekki er vitað um áhrif boðaðra breytinga á húsnæðismarkaðinn eða verðbréfamarkaðinn og auðvitað verða menn að vanda sig óskaplega þegar þeir fara af stað með þetta kerfi til að ekki verði um kúvendingar að ræða eða snögg áhrif. Ég fór yfir það áðan hvaða áhrif það hafði í húsbréfakerfinu þegar það var að taka við af gamla kerfinu og þessir hlutir virkuðu báðir í senn. Það dæmi ætti að segja mönnum hversu varlega þarf að fara í miklar breytingar af þessu tagi og reynslan á ekki að verða til þess að mönnum sé nuddað upp úr henni endalaust á Alþingi eins og mér heyrist vera gert, einkum af hálfu framsóknarmanna, heldur á reynslan að vera þannig að framsóknarmennirnir læri af henni og reyni þá að koma í veg fyrir að hún endurtaki sig í þeim verkum sem þeir eru að óska eftir að meiri hluti Alþingis samþykki í formi lagabreytinga eða nýrra laga.

Það er líka ljóst að ekkert mat hefur farið fram af hálfu sveitarfélaganna á því hvaða áhrif þessi nýju lög munu hafa á stöðu þeirra. Ég talaði um það áðan að út af fyrir sig væri merkilegt að horfa til þess að sveitarfélögin þyrftu að taka viðbótarlánið, þ.e. þann hluta lánsins sem veruleg áhætta fylgir, án þess að geta eftir tvö ár nokkur áhrif haft á það

hvaða íbúðarhúsnæði er verið að kaupa. Það er sérkennileg ráðstöfun. En það liggur heldur ekki fyrir mat á því, herra forseti, hversu mikið af leiguhúsnæði sveitarfélögin þurfa þá að eiga.

Sveitarfélögin eiga nokkuð af leiguhúsnæði. Langflest þeirra, ef ekki öll, hafa þurft að koma sér upp leiguhúsnæði til þess bæði að geta boðið ýmsum fjölskyldum sem hafa ekki getað eða kosið að eignast íbúð í félagslega kerfinu og einnig hafa sveitarfélögin víða úti um land þurft að eiga dálítið af leiguíbúðum til að geta boðið kennurum og ýmsum embættismönnum sem þau þurfa að ráða til starfa.

Sú mikla þörf fyrir aukið leiguhúsnæði sem mun verða við samþykkt þessa frv. hefur ekki verið metin. Það er hugsanlegt, herra forseti, að í ýmsum sveitarfélögin verði staðan þannig að sveitarfélögin þurfi sjálf að eignast flestar þær íbúðir sem fólk vill innleysa einfaldlega vegna þess að ef það er mat hæstv. félmrh. og þeirra sem standa að þessu frv. að ekki sé rétt að fólkið eigi íbúðirnar og ekki rétt að hjálpa því til að eiga þær, þá breytist þetta auðvitað yfir í það að sveitarfélögin þurfa að eiga íbúðirnar. Þetta ásamt hinu gerir það að verkum, herra forseti, að ég held að forsvarsmenn sveitarfélaganna hafi alls ekki skoðað þetta mál til hlítar og hafi engan veginn áttað sig á því hvaða nýju kröfur, og ég ætla að nota orðið byrðar, það eru sem hér er verið að leggja á þau.

Stjórnarandstaðan hefur haft af því áhyggjur að sveitarfélögin muni ekki standa undir þessum kröfum af ýmsum ástæðum, þ.e. þau muni vísa þeim frá sér og þau muni reyna að komast undan því að fjölga leiguíbúðum sínum jafnmikið og raun ber vitni og þá var það sem hæstv. félmrh. gat þess í máli sínu þegar hann fjallaði um þetta að hægt væri að styrkja frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að skylda sveitarfélaganna yrði ríkari í þessum efnum.

Þetta segi ég, herra forseti, vegna þess að, eins og ég sagði áðan, ég held að sveitarfélögin séu alls ekki búin að átta sig á þessari ríku skyldu sinni, að þarna er kannski verið að flytja eigandahlutverkið til, þ.e. það er verið að flytja eigandahlutverkið frá fólkinu og til hins opinbera. Persónulega er ég ekki viss um að það sé verra fyrir fólkið en ég er að nefna þetta hér vegna þess að ég óttast að nokkurs konar þórðargleði ríki gagnvart þessu máli og menn eigi eftir að reka sig á að þetta var ekki jafneinfalt og það virtist þegar það var útskýrt fyrir þeim upphaflega.

Svo geta menn líka velt því fyrir sér hvaða áhrif frv. muni að öðru leyti hafa á leigumarkaðinn almennt séð en það er ein af þessum stóru spurningum sem hrannast upp þegar menn fara að skoða þetta mál.

Hins vegar er alveg ljóst og það er ekki hluti af hinum stóru spurningum, að ef þetta frv. nær fram að ganga þá mun það fyrst og fremst bitna á tekjulitlum fjölskyldum. Það liggur alveg fyrir. Það liggur alveg fyrir að stór hópur fólks mun ekki fá greiðslumat og þarf þess vegna á leiguhúsnæði að halda og það verða sveitarfélögin sem verða að hafa það leiguhúsnæði til reiðu.

Menn hafa líka áhyggjur af því að lagaleg staða húsnæðissamvinnufélaga og félagasamtaka sé ekki nógu ljós og menn hafa áhyggjur af því að þó að það eigi að byggja leiguíbúðir, þá verði settir til þess svo litlir peningar að nánast sé marklaust að tala um slíkt.

Þess hefur verið getið að húsnæðisnefnd Kópavogs gerði ákveðna könnun sem leiddi í ljós mun verri stöðu eða allt annað landslag, skulum við kannski orða það, í þessum efnum en það landslag sem hæstv. félmrh. virtist hafa stutt sig við og aðallega ratað í, en ég mun gera það að frekari umræðuefni síðar í mínu máli.

Herra forseti. Félagslega aðgerðin í þessum efnum eru vaxtabæturnar. Þar hafa menn ekkert fast í hendi. Viðbótarlánið hlýtur að vera jafnslæmt nú og það var í fyrra kerfi. Það hlýtur að vera jafnerfitt fyrir fólk að vera með mikil lán nú eins og þá og erfiðara e.t.v. ef vaxtabætur hrökkva ekki til vegna þess að nú verða vextirnir mun hærri en þeir voru.

Herra forseti. Ég held að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna hafi verið mun glöggskyggnari á þessi mál heldur en sveitarstjórnirnar sjálfar. Ég held að munurinn á afstöðu einstakra sveitarstjórna og síðan húsnæðisnefndarinnar skýrist af því að í húsnæðisnefndinni situr fólk sem gjörþekkir þessi mál og starfsmaður húsnæðisnefndanna er venjulega húsnæðisfulltrúi sveitarfélaganna, sá aðili sem þekkir virkilega þann vanda sem á ferðinni er og þarf að leysa úr ýmsum vandamálum fólks og fjölskyldna vegna húsnæðisöflunar og einnig vanda sem upp kemur eftir að fólk er búið að eignast húsnæði. Ég er þess vegna á þeirri skoðun að það sem húsnæðisnefndirnar eru að segja sé í rauninni það marktækasta sem fram kemur í umsögnum um frv. og það séu þær auk verkalýðshreyfingarinnar sem á að taka mark á, sem á að hlusta á og sem á að fara eftir.

Ég gerði það að umræðuefni áðan, herra forseti, að það væri áhyggjuefni ef menn ætluðu með þessu frv. að klippa á tengslin við aðila vinnumarkaðarins sem hafa, eins og hér hefur verið rakið, verið samstarfsaðilar ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um uppbyggingu húsnæðis fyrir alþýðu manna í þessu landi. Ég held að það sé mjög alvarlegt að klippt skuli vera endanlega á þessi tengsl. Ég held að það sé mjög alvarlegt að verkalýðshreyfingunni er á þennan hátt ýtt frá þessum mikilvæga málaflokki sem snýr að kjörum fólks og ég held að þetta sé ávísun á meira ósamkomulag um þessa hluti en verið hefur og mér finnst ótrúlegt að menn séu að óska eftir slíku.

Það má líka segja, herra forseti, að því miður einkennist þetta frv. eins og mörg fleiri sem við höfum fjallað um í vetur, af miklu ráðherravaldi. Það virðist vera að hin nýja lína núna í ýmsum málum að allir hlutir endi hjá ráðherra, að það sé ráðherra sem endanlega taki ákvörðun, það sé ráðherra sem geti sett reglur um hina ýmsu hluti og að ráðherrar skipi menn í nefndir og ráð í ríkari mæli en nokkru sinni hefur áður verið. Þetta væri til bóta, herra forseti, að mínu mati, ef ég hefði fyrir því einhverja tryggingu að þessir ráðherrar ætluðu síðan að axla þessa ábyrgð sem þeir eru að taka sér. En því miður bendir ekkert til þess. Í störfum Alþingis í vetur hefur því miður oftar en einu sinni komið fram að ráðherrar hafa farið hér með hluti sem annars staðar hefðu þýtt afsögn. En hér hrín ekkert á hæstv. ráðherrum og meðan þannig er hef ég áhyggjur af því að slíkum aðilum séu falin meiri völd en þeir hafa nú þegar. Það er óheillaráð, herra forseti, að fela þeim sem tæpast valda því sem þeir hafa enn meiri völd.

Í þessu frv. hljómar það þannig að ráðherra mun einn skipa stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar. Hann mun skipa einn alla þessa fulltrúa. Það er býsna afdrifarík breyting frá því sem verið hefur en undirstrikar það sem ég var að tala um áðan, að tengslin við aðila vinnumarkaðarins eru þar með búin.

Ég gat þess líka áðan, herra forseti, að engin trygging er í þessu frv. fyrir byggingu leiguhúsnæðis. Það er heldur engin trygging fyrir því að sveitarfélögin þurfi ekki að

breyta öllum þeim félagslegu íbúðum sem þau eru núna með í leiguhúsnæði og eins og ég gat um þá finnst mér líklegast að sums staðar muni það gerast. Þar sem húsnæðisnefndir hafa lagt mat á þörfina að svo miklu leyti sem það er hægt þá virðist koma í ljós að menn reikna með þörf fyrir nýjar leiguíbúðir langt umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. Ég endurtek það enn og aftur að húsnæðisnefndirnar eru sá aðili auk verkalýðshreyfingarinnar sem hæstv. ríkisstjórn verður að taka mark á þegar fjallað er um þessi mál því þarna er verið að tala um þá aðila sem gerst mega vita hver þörfin er og hvar skórinn kreppir.

Fleiri hópar hafa áhyggjur af sinni framtíð. Námsmannahreyfingarnar hafa áhyggjur af því hvað verður um byggingu námsmannaíbúða og benda réttilega á að mikill munur er á því að greiða 1% vexti eða 5% vexti og að auðvitað muni miklar breytingar í þessum efnum eingöngu þýða að erfiðara verður að reka námsmannaíbúðirnar og þær verða dýrari í leigu. Bæði í Reykjavík og eins norður á Akureyri er mikil þörf fyrir námsmannahúsnæði til þess að uppfylla lágmarksþörf. Hins vegar er ljóst að nýtt frv. eins og þetta mun gera það að verkum að menn kippa að sér hendinni eða hika og þar með raskast í rauninni sú áætlun eða sá vilji sem menn hafa haft til þess að byggja slíkar íbúðir upp og gera þannig aðgengilegra fyrir fólk, líka fjölskyldufólk, að taka sig upp og fara til náms.

Það má líka velta fyrir sér í framhaldi af þessu og í tengslum við það hvaða áhrif hærra leiguverð hefur á þau lán sem þarf að veita frá Lánasjóði ísl. námsmanna og hversu stór hluti þess kostnaðar sem bætist við vegna hækkaðra vaxta verður tekinn í gegnum lánasjóðinn og þann veginn út úr ríkissjóði. Það hefði verið æskilegt, herra forseti, að það mál hefði verið reifað betur en gert hefur verið og sumarið þá tekið í það líka. En miðað við þá stöðu sem uppi er núna þá sýnist okkur a.m.k. að hæstv. ráðherra ætli sér að keyra frv. í gegn þannig að okkur er nauðugur sá einn kostur að ræða frv. hér og nú fyrst ekki má ræða það utan þings í sumar og koma síðan að því betur búnu á haustdögum.

Það er einnig ljóst, herra forseti, að kostnaður sem fylgir þessu kerfi hefur verið vanmetinn og fólki virðist ekki hafa verið gerð grein fyrir honum þegar verið er að segja því hvað það sé nú sniðugt að fara með lánsloforðið sitt út á markaðinn og svo viðbótarlánið frá sveitarfélaginu sem það fær ef það er tilbúið til þess að kaupa þá íbúð sem sveitarfélagið vill að það kaupi, þ.e. ef um óseldar íbúðir er að ræða. Þetta eru ýmis þau gjöld sem fólk á almenna markaðnum hefur þurft að greiða hingað til. Ég tek eftir því að fasteignasalar eru ánægðir með þetta frv. Það er auðvitað vegna þess að þeir reikna með því að viðskiptin hjá þeim muni aukast og það eru ekkert viðskipti sem verða síðan greidd af hinu opinbera til stuðnings þessum hópum eða þjónusta sem verður veitt ókeypis. Það er langt í frá, herra forseti. Þarna bætist við umtalsverður kostnaður sem menn hafa ekki tíundað mikið í þessari umræðu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur komið í hlut stjórnarandstöðunnar að benda á þessa hluti. *Stjórnarandstaðan hefur mótmælt því að aukinn kostnaður* skuli vera lagður á þá sem fá viðbótarlánin vegna þess að þar er auðvitað um enn eitt skrefið að ræða í þá átt að gera alla jafnsetta og stækka þann hóp sem á enga möguleika í þessu kerfi en verður að leita eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögunum og þau verða síðan að bregðast við og við eigum eftir að sjá hvernig þau munu gera það.

Ég gat um það áðan, herra forseti, að það er mat húsnæðisnefndanna þar sem þær hafa reynt að leggja mat á þetta, að það þurfi að byggja mun fleiri leiguíbúðir en sem nemur þeim 50 sem frv. gerir ráð fyrir að verði byggðar á næstu tveimur árum. Í ljósi þeirra upplýsinga má kannski segja að þetta sé nánast hlægilegt, það sé nánast hlægilegt að horfa á þessa tölu, 50, í frv.

Eitt af því sem menn hafa líka rætt og það býsna mikið í tengslum við framlagningu þessa frv. er framtíð starfsfólks Húsnæðisstofnunar. Ég gat um það áðan að hinn nýi Íbúðalánasjóður á að þurfa færra starfsfólk miðað við frv. Hann á að þurfa færra starfsfólk. Af þeirri ástæðu, ef menn eru sannfærðir um það, þá er alveg ljóst að ekki verður vinna fyrir alla þá sem hafa sérstaka þekkingu í þessum efnum, eins og það fók sem hefur unnið á Húsnæðisstofnun.

En það hefur kannski ekki bara velkst fyrir mönnum að ekki fengju allir vinnu heldur kannski miklu frekar að framtíð starfsfólksins alls er í uppnámi og enginn veit hverjir verða endurráðnir. Ég vil, herra forseti, í þessu sambandi geta um áskorun sem Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar sendi til hæstv. félmrh. Þar skorar félagið á hæstv. ráðherrann að hann beiti sér fyrir því að inn í þetta frv. verði bætt ákvæði sem tryggi núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði. Menn hafa velt því dálítið fyrir sér hvernig á því stendur að ekki er tekið á málum þessa fólks vegna þess að það hefur verið svo þegar hæstv. ríkisstjórn hefur verið að breyta ýmist formi eða eignarhaldi á þeim stofnunum sem áður hafa verið ríkisins, að séð hefur verið fyrir framtíð starfsfólksins á tiltekinn hátt en því ekki bara vísað út í bláinn. Þess vegna er það óskiljanlegra fyrir starfsfólk Húsnæðisstofnunar að það skuli fá allt aðra meðhöndlun en aðrir sem hafa lent í svipuðum aðstæðum, þ.e. að breytt hefur verið eignarhaldi eða umgjörð þeirra stofnana sem þeir hafa starfað hjá.

Fram hefur komið í þinginu að stjórnarandstaðan sé sammála verkalýðshreyfingunni í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið og í því mati að það þurfi að skoða þetta frv. betur. Ég hef vikið, herra forseti, að nokkrum þáttum sem eru mikilli ósvissu háðir og menn sjá ekki fyrir hvernig muni verða þegar frv. verður orðið að lögum og lögin eiga að fara að taka til þessara mikilvægu kjaramála fjölskyldnanna. Ég hef varað við ýmsum þeirra og ég hef bent á hluti þar sem mér hefur fundist að beinlínis væri verið að gylla það sem menn ekki vita hvernig muni verða í framkvæmd. Ég er nokkuð viss um að ýmislegt af því sem hinir bjarstýnu hafa verið að segja um þessi mál muni ekki standast og ég verð að segja það, herra forseti, að ég vona fjölskyldnanna í landinu vegna að það muni heldur ekki allt rætast sem gagnrýnendur frv. hafa sett fram. Í rauninni er það svo að þó að einungis hluti af þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram mundi rætast þá væri það nóg til þess að setja húsnæðismálin og það öryggisnet sem þau hafa verið fyrir fjölskylduna í slíkt uppnám að menn hlytu að minnast hæstv. félmrh. með alveg ákveðinni tilfinningu allt þaðan í frá.

[14:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Undir þessari umræðu sem staðið hefur nokkuð lengi hefur hæstv. félmrh. haldið ræðu þar sem hann hefur svarað þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. Mér gafst einungis tækifæri til þess að svara hér í stuttu andsvari þannig að ástæða er nú við lok þessarar umræðu að fara yfir nokkuð af því sem hæstv. ráðherra hélt fram í ræðu sinni.

Öllum er náttúrlega ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér með góðu eða illu að ná fram fjórum mjög stórum málum á þessu þingi. Að því er varðar þrjú þeirra þá höfum við í stjórnarandstöðunni talið ástæðu til þess að fylgja málflutningi okkar ítarlega eftir úr þessum ræðustól vegna þess að málin eru þess eðlis að þau munu skipta verulegu máli í framtíðinni fyrir þjóðina og við teljum nauðsynlegt að nota okkur þann lýðræðislega rétt sem við höfum úr þessum ræðustól til þess að koma til skila eins og við best getum til þjóðarinnar hvaða áhrif þessi mál muni hafa.

Við höfum, herra forseti, verið að fjalla um miðhálendið og hvernig stjórnsýslu þess verður háttað í framtíðinni nái tillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga í því efni, þar sem litlum hluta þjóðarinnar, örfáum prósentum, er falið það vald að taka ákvarðanir um það hvernig hagnýtingu miðhálendisins verður háttað í framtíðinni. En stærsti hluti þjóðarinnar, 90–95%, hefur mjög litla aðkomu að því máli þannig að auðvitað var eðlilegt að það mál þyrfti að ræða ítarlega.

Eins höfum við rætt hér mjög mikið um frv. hæstv. iðnrh. um auðlindir í jörðu. En það er ljóst, herra forseti, að með ákvæðum þess frv., ef að lögum verður, geta jarðeigendur rakað til sín miklum peningum skattgreiðenda ef nýta þarf í almannaþágu verðmæti sem finnast í jörðum þeirra. Bara þessi tvö mál sýna, herra forseti, að þarna eru sérhagsmunir enn eina ferðina settir langt ofar almannahagsmunum.

Ég átti þess ekki kost, herra forseti, að hlýða á boðskap hæstv. forsrh. í gær. Mér skilst að hæstv. ráðherra hafi verið í gærkvöldi í sjónvarpi þar sem hann lýsti sinni sýn á lýðræðið og þingræðið í þjóðfélaginu. Ég átti þess heldur ekki kost að vera við upphaf kvöldfundar í gær þegar stjórnarandstaðan gerði þessa sýn forsrh. að umtalsefni. En ég átti þess kost í morgun, herra forseti, að hlýða á umfjöllun í sjónvarpinu í þættinum Þingsjá og þar heyrði ég viðtal við hæstv. forsrh. um sýn hans á þingræðið og lýðræðið í þjóðfélaginu. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég varð fyrst undrandi þegar ég hlýddi á þetta viðtal. En, herra forseti, það er ekki hægt annað en að hneykslast á því hvernig hæstv. forsrh. lítur á þingræðið í landinu.

Hæstv. forsrh. gerir það sem í hans valdi stendur til að stilla því upp sem málþófi þegar við stjórnarandstæðingar höfum verið að ræða ítarlega þau þrjú mál sem ég nefndi, þessi tvö og síðan húsnæðismálin þar sem, eins og við höfum margoft farið inn á, verið er að loka félagslega íbúðakerfinu og skilja eftir í óvissu hundruð fjölskyldna, án þess að nokkuð liggi fyrir um hvert þetta fólk getur leitað verði frv. hæstv. félmrh. að lögum.

Hæstv. forsrh. sagði í þessu viðtali í morgun að lýðræðið eigi að fá að virka. Þá er hæstv. forsrh. væntanlega að vísa til þess að meiri hlutinn eigi að geta náð fram sínum málum hér á þingi. Það er út af fyrir sig ekki hægt að gera athugasemdir við það að meiri hlutinn nái sínum málum fram. Hitt er annað mál að ef lýðræðið á að virka, eins og hæstv. forsrh. segir, þá er það auðvitað þannig að stjórnarandstaðan hafi þann lýðræðislega rétt að koma sínum málflutningi á framfæri, sínum rökum fyrir því að hún gagnrýnir þau frv. sem hér eru sett fram og hún geti gert það eðlilega, án þess að þurfa að taka því að forsrh. haldi því fram opinberlega fyrir þjóð sinni að stjórnarandstaðan sé þinginu til skammar, eins og hæstv. ráðherra sagði í þessu viðtali í morgun.

Hæstv. forsrh. landsins sagði við þjóðina að þingmenn séu hér að tala við sjálfa sig, umræðurnar séu þinginu til skammar og þeir séu að lesa hér upp úr skýrslum og afmælisritum sem margsinnis hafi verið lesnar hér upp. Það var boðskapurinn. (**Forsrh.:** Er þetta ekki rétt?) Það var boðskapurinn, herra forseti, sem forsrh. boðaði þjóðinni. (**Forsrh.:** Er þetta ekki rétt?)

Nú ætla ég að vekja athygli á því út af frammíkalli hæstv. forsrh. að ég hef ekki orðið mikið vör við hæstv. forsrh. undir þeim ítarlegu umræðum sem hér hafa farið fram um húsnæðismál. Ég vísa því á bug, af því að ég hef tekið þátt í þessum umræðum, að hér sé í fyrsta lagi um málþóf að ræða og að í annan stað sé um það að ræða að við gerum ekkert annað en að tala hér upp úr skýrslum og afmælisritum. Herra forseti. Þetta er ekki boðlegur málflutningur af forsrh. Íslands. Þetta er ekki boðlegur málflutningur af honum.

Það er vanvirða, herra forseti, við þingið að hæstv. forsrh. haldi því fram að þetta þing sé ekki nægjanlega þroskað, en það sagði hæstv. forsrh. við þjóðina í morgun. Ég vil lýsa undrun minni og hneykslun á þessu, að forsrh. haldi því fram að þingið sé ekki nægjanlega þroskað. Hér talar sá sem valdið hefur, hans heilagleiki, hæstv. forsrh. Íslands.

Forsrh. boðar svo þjóðinni að hann, framkvæmdarvaldið, ætli að breyta þingsköpum til að svona hlutir geti ekki gerst sem séu þinginu til skammar. Þessi boðskapur kom ekki héðan frá forsn. eða forseta þingsins. Nei. Þetta kom frá æðsta manni framkvæmdarvaldsins, forsrh. sjálfum. Hann boðar þjóðinni í morgun í sjónvarpi að hann ætli og telji rétt að breyta þingsköpum til að svona hlutir geti ekki gerst. „Það er skylda meiri hlutans“, sagði hæstv. forsrh., „að sjá til þess að breyta þingsköpum“, sem, herra forseti, hæstv. forsrh. segir að sé ekkert vandamál. Hér talar nú aldeilis maður með völd. Þetta segir framkvæmdarvaldið: „Það er ekkert mál að breyta hér þingsköpum. Ég hef meiri hluta hér á þinginu og ég get breytt þingsköpum ef ég vil.“

Það er ekki bara það, herra forseti, að forsrh. hafi valdið til þess að knýja í gegn með sínum meiri hluta — sem ég hef ekki mótmælt, svo fremi að minni hlutinn hafi sinn lýðræðislega rétt — að ná í gegn þessum stóru málum sem ríkisstjórnin ætlar sér og öðrum, heldur nær vald hans, herra forseti, og á því vek ég athygli, til þess að hann, að hann geti breytt þingsköpum. Ég spyr, herra forseti: Er hægt að líta á þessi orð öðruvísi en sem vanvirðu við þingið af hæstv. forsrh.?

Forsrh. mælir líka þingræðið í peningum. Hann mælir lýðræðið líka í peningum. Hæstv. forsrh. hefur setið yfir því, í stað þess að hlýða á málefnalegar ræður okkar þingmanna, sjálfsagt í Stjórnarráðshúsinu, að reikna út hvað tíu klukkustunda ræða þeirrar sem hér stendur kosti lýðræðið í landinu. Og hæstv. forsrh. hefur komist að niðurstöðu um þann kostnað. Sú sem hér stendur hefur kostað þingið, herra forseti, eina milljón króna. Það hefur kostað eina milljón kr. að tala hér í tíu klst. Og það setur forsrh. svo snyrtilega í samhengi við ferðalög bankastjóra.

Ég get sagt þingheimi það og ég get sagt herra forseta það að mér ofbýður þessi málflutningur. Ég hef verið alllengi á þingi og það hafa verið fleiri forsætisráðherrar en þessi sem ég geri hér að umræðuefni. En ég hef aldrei orðið vitni að svona hroka hjá þeim sem valdið hefur. Aldrei. Og af því ég hef nú starfað töluvert með þessum hæstv. forsrh., þá er margt gott sem ég kann að virða í fari hans. Ég hef um margt átt góð samskipti við þennan ráðherra, hæstv. forsrh. En hér, herra forseti, gengur sá sem valdið hefur of langt.

Herra forseti. Ég á heimtingu á því að hæstv. forsrh. leggi fram þessa útreikninga þó það sé aukaatriði og það eigi ekki

að mæla í peningum lýðræðislegan rétt minni hlutans til þess að koma fram sínum skoðunum. Hvað var tekið með í þessa útreikninga sem forsrh. sat yfir að reikna á meðan við vorum að ræða ítarlega þetta mál? Var það fastakostnaður Alþingis? Hvernig fær forsrh. út þessa tölu?

En þetta, herra forseti, er auðvitað allt saman aukaatriði. Það sem er aðalaatriðið, herra forseti, er hvernig forsrh. landsins lítur á lýðræðið og þingræðið í því landi sem hann stjórnar. Og það hlýtur að vera okkur þingmönnum umhugsunarefni.

Hæstv. forsrh. boðar ekki aðeins að hann muni flytja hér breytingar á þingsköpum og koma því í gegn með sínum meiri hluta. Hann boðar einnig, herra forseti, hvenær þessu þingi eigi að ljúka, hvernig það eigi að starfa þessa daga eða vikur sem eftir eru. Hæstv. forsrh. boðar það í sjónvarpinu. Hann boðar það að þingið eigi að starfa fram á fimmtudag eða föstudag í næstu viku. Og hæstv. forsrh. boðar það að þingið komi svo saman strax eftir kosningarnar.

Herra forseti. Ég bið herra forseta að virða mér það til betri vegar þó að upp í minn huga komi: Hver stjórnar þinginu? Nær vald forsrh. á Íslandi líka til þess að stjórna löggjafarsamkundu þjóðarinnar? Er svo komið fyrir þingræðinu og lýðræðinu að það sé orðið í verkahring og á valdi forsrh. að stjórna þinginu, hvenær og hvernig eigi að breyta þingsköpum, hvenær þinginu eigi að ljúka, með hvaða hætti o.s.frv.?

Þetta hefur mér orðið nokkurt umhugsunarefni, herra forseti, á þessum degi og þess vegna geri ég þetta að umtalsefni nú í lokaræðu minni við 2. umr. um húsnæðismál. Ég tel að við í minni hlutanum eigum rétt á því að spyrja forseta þingsins að því og óska eftir því að forseti þingsins svari því hvort það eigi að breyta út frá þeirri hefð sem verið hefur allt svo lengi sem ég man, að þingsköpunum eigi að breyta án þess að um það sé sátt hjá þingheimi öllum. Það væru ákveðin kaflaskipti í sögu þessarar virðulegu stofnunar ef svo væri. (Gripið fram í.)

Þess vegna tel ég, herra forseti, mjög mikilvægt, ekki bara fyrir okkur stjórnarandstæðinga heldur fyrir lýðræðið og þingræðið í landinu, fyrir þingræðið, að forseti lýsi því yfir að þingsköpum verði ekki breytt nema um það náist sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu, (**Gripið fram í:** Að minni hlutinn ráði?) að forseti sýni okkur það hér að hann er forseti okkar allra. Það vil ég undirstrika og ég undirstrika það hér að ég hef aldrei þurft að kvarta yfir samskiptum mínum við forseta — og hann lýsi því hér yfir að þingsköpum verði ekki breytt nema í sátt við þingheim allan. Það tel ég mjög mikilvægt. Ég tel líka afar mikilvægt að þjóðin fái að sjá það og skynja að það er forseti þingsins sem fer hér með valdið innan þessarar stofnunar en ekki forsrh.

Áður en ég vík frá þessum kafla mínum get ég ekki látið hjá líða, herra forseti, að segja eitt.

Forsrh. landsins segir að stjórnarandstaðan sé þinginu til skammar þegar hún ræðir ítarlega stórmál sem ekki bara stjórnarandstöðunni hér inni liggur á hjarta, heldur stórum hluta þjóðarinnar. Við erum að tala um miðhálendið og að lítill hluti þjóðarinnar á að stjórna því hvernig miðhálendið verður hagnýtt. Við erum að ræða um auðlindir í jörðu, hvernig landeigendur geta rakað til sín peningum frá skattborgurum ef þar finnast auðlindir sem almenningur þarf að nota. Við erum að ræða um það, herra forseti, að verið er að loka félagslega húsnæðiskerfinu á Íslandi, þar sem hundruð fjölskyldna eru skildar eftir í óöryggi. Og forsrh. landsins lýsir því sem vanvirðu við þingið að við þurfum að hafa ítarlegar skoðanir á þessu. Hann gerir lítið úr stjórnarandstöðunni, talar niður til stjórnarandstöðunnar og segir að hún sé að lesa upp úr skýrslum og gögnum.

Herra forseti. Skyldi það vera svo á öðrum þjóðþingum? Það hefur stundum hvarflað að mér að forsrh. sýni Alþingi og lýðræðinu hér vanvirðingu — sem hann iðulega gerir — því hvað er það oft — og læt ég nú hugann reika — sem forsrh. sýnir okkur og þinginu þá virðingu að vera hér við umræðu um stórmál eða taka eðlilegan þátt í þeim umræðum? Ég las yfir það þegar verið var að opna félagslega húsnæðiskerfið 1929, hvernig þáverandi forsrh., Tryggvi Þórhallsson, tók virkan þátt í þeirri umræðu. Herra forseti. Ég hef hvorki orðið vör við að hæstv. ráðherra hafi setið undir þessari umræðu, hvað þá að hann hafi tekið þátt í henni. Og það má nefna fleiri umræður um stór mál.

Það er umhugsunarvert og maður veltir því fyrir sér: Hvers vegna telur forsrh. landsins ekki nauðsynlegt að taka þátt í umræðum sem fram fara hér um stór mál? Þar held ég að að forsrh. eigi líka að líta í eigin barm þegar hann talar um virðingu þingsins. Hans hlutverk er ekki bara það, a.m.k. lít ég ekki svo á þó að hann geri það, að hann eigi bara að koma hér til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og lítið meira.

Herra forseti. Ég skal ljúka þessum kafla ræðu minnar. En ég ítreka spurningar mínar til forseta, til forseta þingsins sem hér á að stjórna.

Vil ég víkja máli mínu að ræðu hæstv. félmrh. í gær. Við hana hafði ég allmargt að athuga sem ég gat ekki komið að í stuttum andsvörum. Hæstv. ráðherra nefndi það sem ein rök fyrir því að loka félagslega húsnæðiskerfinu, að allmargir hefðu sagt sér reynslu af kerfinu, slæma reynslu. Fyrst voru það nokkrir og síðan voru það allmargir. Ef hæstv. ráðherra hefði ætlað að koma til móts við þetta fólk þá hefði hann auðvitað átt að breyta þeirri húsnæðislöggjöf sem við búum við í dag. Ég bið hæstv. ráðherra að skoða hvort hann telji að þeir einstaklingar sem til hans hafa komið verði betur settir eftir en áður við þessa breytingu.

Hæstv. ráðherra hélt því hér fram að einstæðir foreldrar sem hann kallaði til, jafnvel þó þeir væru atvinnulausir, ef þeir ættu 500 þús. krónur þá gætu þeir keypt íbúð í nýja kerfinu hans. Ég bið hæstv. ráðherra að segja okkur hvað hann telji að það sé stór hópur einstæðra foreldra sem á 500 þús. kr. útborgun. Það er varla sá hópur sem þarf að leita til félagsmálastofnunar, sem þarf að leita til félagsmálastofnunar eftir fjárhagsaðstoð til að eiga fyrir mat fyrir fjölskyldu sína. Þessi hópur á ekki 500 þús. kr. í banka, herra forseti. Hæstv. ráðherra getur ekki teflt fram svona rökum.

Hæstv. ráðherra sagði okkur hér hvert væri valið að því er þetta frv. í heildina varðar. Hæstv. ráðherra sagði: „Hætta við þessar breytingar eða búa við sama skipulag áfram." Þetta voru þeir tveir kostir sem hann nefndi og auðvitað er þetta ekki boðlegur málflutningur.

Við erum að vísu að biðja um að málinu verði frestað til haustsins. En við erum ekki að biðja um að engar breytingar verði á félagslega húsnæðiskerfinu. Við erum að biðja um sátt um þetta stóra mál við verkalýðshreyfinguna þar sem það eru að verða kaflaskipti og hafa orðið á þessu þingi, þessu kjörtímabili, í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar við stjórnvöld. Tökum vinnulöggjöfina. Henni var þröngvað hér í gegn í ósátt við verkalýðshreyfinguna. Tökum atvinnuleysistryggingarnar og hvernig með það mál var farið. Var það gert í samráði við verkalýðshreyfinguna? Og nú er það

húsnæðislöggjöfin. Næst verða það væntanlega þingsköpin, að hæstv. forsrh. komi því í gegn að breyta þingsköpunum. Það væru líka kaflaskipti ef ekki á að gera það í samkomulagi við allan þingheim.

Mér fannst líka athyglisvert í ræðu ráðherrans að hann taldi að hann gæti komist hjá því í sinni ræðu að tala við fólkið sem hvergi mun hafa öryggi, láglaunafólkið, fátæka fólkið, verst setta fólkið, eftir að þetta frv. verður samþykkt. Hann hafði engin skilaboð fram að færa til þessa fólks. Ekkert. Engum björgunarhring var kastað til þessa fólks, engum, hvernig það ætti að bjarga sér þegar búið er að loka félagslega húsnæðiskerfinu. Einstæðir foreldrar, námsmenn, fatlaðir, fátækar barnafjölskyldur, engum björgunarhring var kastað til þessa fólks.

Hann hafði ekki heldur nein skilaboð, herra forseti, til þeirra fjölmörgu starfsmanna sem vinna hjá Húsnæðisstofnun varðandi starfsöryggi þeirra, engin skilaboð. Samt heldur hæstv. ráðherra því fram að mikill órói sé hjá starfsmönnum og þess vegna þurfi að keyra frv. í gegn núna, sem á að taka gildi um næstu áramót. En hvað er starfsfólkið að biðja um? Órói þess stafar ekki vegna þess að það vilji endilega að frv. verði lögfest á þessu þingi og það sé það sem það er að biðja um. Auðvitað er það ekki svo. Órói starfsfólks stafar af því að ráðherrann er að tefla starfsöryggi þeirra í tvísýnu. Í fyrsta skipti er það að gerast að verið er að breyta ríkisstofnun og starfsumhverfi ríkisstofnunar án þess að ákvæði sé í frv. sjálfu, í lögunum sjálfum, um að starfsfólkið hafi forgang til starfa. Þar eru líka kaflaskipti, herra forseti. Þar eru kaflaskipti.

Herra forseti. Það verður að upplýsa það líka að hæstv. ráðherra fór ekki með rétt mál. Hann fór ekki með rétt mál þegar hann var að tala um vaxtabótakerfið og viðbótarkostnaðinn sem þetta fólk verður fyrir í hinu nýja kerfi. Hæstv. ráðherrann hélt því fram að fólk fengi þinglýsingargjöld og stimpilgjöld bætt í gegnum vaxtabætur. Fólki sem hefur hlýtt á mál ráðherrans hefur örugglega létt talsvert við að heyra þetta. En er þetta nú sannleikurinn í málinu? Nei, herra forseti. Þetta er ekki sannleikurinn í málinu. Þó að við höldum algjörlega til hliðar stimpilgjöldunum og þinglýsingargjöldunum sem ráðherrann segir að fólk fái bætt í gegnum vaxtabótakerfið og horfum einungis til vaxtanna sjálfra þá er það svo, og við höfum sýnt fram á það, að einkum einstæðir foreldrar og einstaklingar verða verr settir að því er niðurgreiðsluna varðar, einfaldlega af því að þeir reka sig upp í vaxtabótaþakið. Þeir reka sig upp í vaxtabótaþakið. Og hluta af vöxtunum, sem þeir hafa fengið niðurgreidda í gegnum þetta kerfi sem á að leggja af, verða þeir að bera sjálfir úr eigin vasa þannig að svigrúmið til að taka stimpilgjöldin líka og þinglýsingargjöldin og bæta fólki það upp í vaxtabótakerfinu stenst ekki. Það stenst ekki.

Sérstaklega má á þetta benda þar sem hæstv. ráðherrann hefur væntanlega lítið gert — hann leiðréttir það þá ef ég fer ekki með rétt mál — til þess að hafa áhrif á að breyta frv. sem liggur fyrir þinginu og efh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar, þ.e. frv. um breytingar á vaxtabótakerfinu sem er fylgifiskur þessa frv., vegna þess að við *sýndum* fram á það við 1. umr. þess máls að einstæðir foreldrar mundu reka sig upp í þetta vaxtabótaþak og einstaklingar líka. Ég lagði fram útreikninga máli mínu til stuðnings. Og hvað segir í nál. meiri hluta efh.- og viðskn., skyldi einhverjum detta í hug að draga í efa að þessir útreikningar væru réttir? Kannski hæstv. félmrh.? Í áliti meiri hluta efh.- og viðskn. stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt útreikningum Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns, sem voru staðfestir í efnahags- og viðskiptanefnd af hálfu starfsmanna fjármálaráðuneytisins, ...“

Fjmrn. hefur staðfest útreikninga mína. Þeir eru réttir. Ég var því ekki að búa til einhverja útreikninga sem ekki standast til þess að styðja mitt mál. Þeir voru einfaldlega réttir. En það þýðir að einstæðir foreldrar þurfa að láta úr eigin vasa, vegna þessarar breytingar á niðurgreiðsluforminu, allt að 60 þúsund kr. meira á ári með þessu nýja kerfi. Og það slagar nú upp í það að vera (**Gripið fram í:** Mánaðarlaun.) mánaðarlaun láglaunafólks, hvorki meira né minna.

Hæstv. forsrh. sagði líka við þessa umræðu í gær að samkomulag væri við fjmrn. um að kostnaði sem fólk yrði fyrir í nýju kerfi yrði þannig háttað að hann yrði ekki meiri en í núverandi kerfi. Það voru orð hæstv. ráðherra. En hvernig eigum við að treysta því? Hvar er, herra forseti, fjmrh. sem hefur verið kallað eftir til þessarar umræðu? Getur hann staðfest þessi orð ráðherrans um að kostnaðurinn fyrir fólk að koma inn í þetta kerfi verði ekki meiri en hann var áður? *Hæstv. ráðherrann getur alla vega ekki, jafnvel þó að hæstv.* fjmrh. staðfesti að kostnaðurinn verði ekki meiri, borið það á borð fyrir okkur þegar fólk fer úr þessu nýja kerfi og þarf að borga fasteignasölunum kannski 2% sölulaun eða það af meira, af því að sölulaun fasteignasala hafa nú verið gefin frjáls enda kætast þeir mjög við þessa breytingu þar sem þeir fá nýjan hóp inn á fasteignamarkaðinn sem þarf að versla við þá og greiða þeim sölulaun, sem verða hærri hjá þessu fólki.

Enn og aftur skal það sagt, herra forseti, að formaður Félags fasteignasala taldi að þegar nýr hópur kæmi inn á þennan markað þá mundi það leiða til hærra íbúðarverðs. Væntanlega þá í þessum tveggja til þriggja herbergja íbúðum, a.m.k. fyrst í stað. Það er bara eðlileg túlkun á framboði og eftirspurn að þetta getur leitt til þess.

En ég verð að segja það, herra forseti, að mér brá nokkuð þegar forsrh. — forsrh. er mér nokkuð ofarlega í huga núna, herra forseti, þannig að ég bið um að menn skilji það. Ég er auðvitað að tala við hæstv. félmrh. — mér brá nokkuð þegar hann var spurður um það sem margir í félagslega kerfinu hafa áhyggjur: Hvað verður um heimili okkar sem erum á stöðum þar sem markaðsverð er lágt og er miklu lægra en áhvílandi lán á íbúðunum? Þar getur kannski munað 3–4 milljónum. Hvað bar hæstv. ráðherra á borð fyrir okkur? Hann sagði að það væri bara ein skýring á þessu, þ.e. að þessar íbúðir væru bara yfirveðsettar. Það voru engin svör til þessa fólks sem hefur eðlilega áhyggjur af þessu enda er hér verið að breyta kaupskylduákvæðum, að vísu ekki gagnvart íbúðum sem eru í kerfinu heldur héðan í frá, og það er verið að gera sveitarfélögunum auðveldara að hafna forkaupsrétti.

Hæstv. félmrh. sagði að þetta frv. hans, ef að lögum yrði, þýddi meiri útgjöld fyrir ríkissjóð. Að vísu færði hann engin rök fyrir sínu máli, herra forseti. Við höfum sagt að þetta feli í sér mikil útgjöld fyrir sveitarfélögin, og höfum sýnt fram á það, sem þurfa nú að fara í stórkostlega uppbyggingu á leiguíbúðum og þurfa að bera verulega aukningu í *húsaleigubótum þar sem nú á að vísa stórum hluta þeirra* sem hafa verið í félagslega kerfinu yfir á leigumarkaðinn. Ráðherrann þarf auðvitað að skýra sitt mál betur þegar hann talar um aukin útgjöld. Er hann að boða það að sveitarfélögin fái meiri peninga til uppbyggingar á félagslegum íbúðum frá ríkissjóði? Það væru þá ný tíðindi inn í umræðuna sem breyttu nokkuð stöðunni.

Hæstv. ráðherra hefur heldur ekki svarað því sem ég fór inn á í máli mínu, þ.e. þeim fjárhagslegu samskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi húsaleigubæturnar sem var frágengið hér fyrir jólin með einhverjum 280 millj. kr. Það var ekki hægt að skilja það samkomulag öðruvísi en ég greindi frá, að þar með teldi ríkið að afskiptum ríkisins af því máli væri lokið og öll frekari útgjöld varðandi húsaleigubætur væru ríkinu óviðkomandi. Þessu hefur hæstv. ráðherra ekki heldur svarað.

Hæstv. ráðherra var á ansi veikum ís þegar hann sagði að sú sem hér stendur hafi hækkað vextina í félagslega kerfinu úr 1% í 2,4% á sínum tíma 1992 vegna þess að hvað er ráðherrann hér að gera núna? Hann er að hækka vextina úr 2,4% í 5% eða prósentu meira en var á þeim tíma. Og ekki er hægt að jafna saman þeim framlögum sem voru á þeim tíma, 1.200 millj., inn í Byggingarsjóð verkamanna og þeim 275 millj. sem þau eru komin niður í í tíð ráðherrans. Eða þá að á þeim tíma var veitt fjármagn til 500 félagslegra íbúða sem eru komnar niður í 170 í tíð þessa ráðherra. Ráðherrann skyldi því vara sig, herra forseti, að tefla svona sjónarmiðum fram. Þá var það líka tryggt, frá því var gengið og yfir það farið með rækilegum útreikningum sem voru lagðir fram fyrir þingið að sú hækkun var bætt í gegnum vaxtabótakerfið. Hæstv. ráðherra var því á ansi tæpu vaði þegar hann byrjaði að tefla þessum rökum sínum fram.

Hæstv. ráðherra hefur heldur ekki sett fram nein rök fyrir því af hverju ekki megi bíða með þessar breytingar þar til fyrir liggur niðurstaðan í samtölum sem nú eiga að fara fram, eftir að frv. þetta hefur orðið að lögum, milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um það hvernig standa eigi að uppbyggingu leiguíbúða. Herra forseti. Væri ekki eðlilegra að fara í þessar breytingar þegar það liggur fyrir hvernig leysa eigi úr vanda þeirra hundruð fjölskyldna sem nú verða settar á götuna og búa við óöryggi, þegar það liggur fyrir, þegar sú niðurstaða liggur fyrir hvernig eigi að tryggja þessu fólki öryggi í húsnæðismálum?

Nei, nei, það þarf strax að fara í þær. Og hvers vegna? „Af því að þarf að koma Íbúðalánasjóðnum til verka", segir ráðherrann. Það skyldi þó ekki vaka þar í þegar hæstv. ráðherra nefnir þetta, og honum liggur á, að koma sínum mönnum og íhaldsins fyrir í Íbúðalánasjóðnum? Er það ekki það sem þar býr að baki? Alla vega er það ekki, herra forseti, umhyggja fyrir lægst launaða fólkinu. Það er alla vega ekki umhyggja fyrir lægst launaða fólkinu.

Hæstv. félmrh. ber það enn og aftur á borð fyrir okkur þingmenn að við förum með fjarstæðu þegar við tölum um að 600 fjölskyldur, verði þetta frv. samþykkt, hafi ekki öryggi í húsnæðismálum og vísar þar til greiðslumatsins og segir að verið sé að skoða það og að þau 18% sem nú eru í húsbréfakerfinu verði ekki látin gilda. Hann vísar til þess að nefnd sé að störfum sem sé að skoða nýjan neyslustaðal. Nefndin á að taka tillit til framfærslukostnaðar fjölskyldna, skulda og eigna. Við höfum mörg spáð því að það þýði að jafnvel verði farið enn neðar með greiðslumatið. Síðan ber hæstv. félmrh. það líka á borð fyrir okkur að það eigi ekki að horfa á málið svona eins og við gerum, heldur eigi að líta á það að lánin til þessa fólks verði til 40 ára og það breyti eitthvað greiðslumatinu. Það er auðvitað fjarstæða, herra forseti, að halda slíku fram vegna þess að við erum einungis að tala um að það munar 1.000 kr. á mánuði á 3 milljón kr. láni. Það breytir litlu að því er varðar greiðslubyrðina, greiðslugetuna eða greiðslumat þannig að hæstv. ráðherra þvælir hér saman óskyldum hlutum sem hafa ekki mikið að segja varðandi greiðslugetuna og greiðslumatið.

Það er einmitt athyglisvert þegar hæstv. félmrh. er nú að setja allt láglaunafólk inn í húsbréfakerfið sem ráðherrann kallaði naglasúpu á sínum tíma, að hann vísar til þess að það fái nú 40 ára lán. En ég hef farið yfir þetta. Hvað hafa margir, herra forseti, nýtt sér lög um lengingu á húsbréfunum í 40 ár? Það voru 299 á síðasta ári á móti tæplega 4.000 sem nýttu sér 25 ára lánin. Fólk sér að þetta er enginn kostur, enda eru heildarvaxtagreiðslur sem fólk þarf að bera í þessi 40 ár, miðað við 3 millj. kr. lán, meðallán, um 4 millj. kr., meðan það eru 2,4 millj. kr. ef fólk tekur 25 ára lán. En hæstv. ráðherrann gefur sér að allir velji þennan kost sem ég held fram að sé verri fyrir fólk, þ.e. 40 ára lán. En hann heldur því fram, herra forseti, að það sé besti kosturinn fyrir láglaunafólkið. Ég held að það muni koma fljótlega í ljós, herra forseti, alveg burt séð frá þeim sem nú eru settir út á leigumarkaðinn, að þeir sem á annað borð gagnast þetta frv. muni fljótlega komast að því að 40 ára lánin eru enginn kostur.

Það væri freistandi, herra forseti, að fara aftur yfir hvernig greiðslubyrðin er í nýja kerfinu og gamla kerfinu. Við höfum sýnt fram á að ráðherrann velur sér dæmi í frv. sínu til að sýna fram á að greiðslubyrðin sé hagstæðari. Hann tekur engin dæmi um hvað það þýðir ef fólk kaupir gamalt húsnæði með áhvílandi láni þar sem greiðslubyrðin á því láni hefur þyngst. Það væri freistandi að fara aftur yfir áhrif þetta á verðlagningu á íbúðamarkaðnum, þ.e. meiri kostnað fyrir fólk til að komast inn og út úr kerfinu. Vaxtabæturnar eru miklu óhagstæðari. Eins væri freistandi að fara yfir umsagnirnar frá Akureyri, Kópavogi og Hafnarfirði sem segja að þegar á næsta ári muni frv. hafa þau áhrif að bara á þessum þremur stöðum verði þörf fyrir þrjú til fjögur hundruð nýjar leiguíbúðir. Það er fyrir utan biðlistana, sem eru t.d. í Reykjavík um 379 manns.

Herra forseti. Ég held að það væri allt saman gagnslaust. Ég held að ráðherrann skipti ekki um skoðun. Við höfum ítrekað reynt það. Ég hef orðið vör við að ýmsir þingmenn í stjórnarliðinu eru orðnir ansi hugsi yfir þessu máli. Auðvitað væri freistandi að fara yfir hvernig verið er að plata sveitarfélögin og setja á þau miklu meiri byrðar — ef menn vilja nota orðið „byrðar" um félagslega aðstoð við fátækt fólk — í framtíðinni en er í núverandi kerfi. Væntanlega er ekki hægt að breyta ákvörðun forsrh. sem ætlar ekki að verða við óskum verkalýðshreyfingarinnar og 26 félagasamtaka sem 100 þúsund félagar standa á bak við með ósk og beiðni til ráðherrans um að fresta málinu til haustins. Ég minni enn og aftur á að frv. á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót.

Það skulu vera lokaorð mín, herra forseti, nú við umræðuna að ég lýsi allri ábyrgð á málinu á hendur ríkisstjórninni. Hún ber alla ábyrgð á því að skilja hundruð fjölskyldna fátæks fólks, námsmanna, einstæðra foreldra og fátækra barnafjölskyldna eftir í því óöryggi sem þær munu lenda í verði þetta frv. að lögum. Herra forseti. Sú ábyrgð er þung. Hana vildi ég ekki bera.

[15:18]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. sagði síðast þá hefur ríkisstjórnin eindregið óskað eftir því að mega axla þessa ábyrgð. Það þarf því ekki að hafa neinn hávaða eða barsmíðar í ræðustól út af því. Ríkisstjórnin hefur eindregið óskað eftir því að mega axla þá ábyrgð og mega sýna hana í

atkvæðagreiðslu. Það er akkúrat það sem hv. þm. hefur verið að reyna að koma í veg fyrir að mætti gerast, að ríkisstjórnin fengi að axla þá ábyrgð.

Hv. þm. vék aðeins að mér í upphafi máls síns. Í því sambandi nefndi hv. þm. sérstaklega að fullyrðingar mínar um að hér væri málþóf á ferðinni væru úr lausu lofti gripnar. Ég tel að íslenskir kjósendur, íslenskur almenningur, eigi heimtingu á því að fá útskýrt af þaulvönum þingmönnum, öðrum en hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hvenær málþóf hefjist fyrst að tíu tíma ræða hennar í þingsalnum féll ekki undir málþóf. Ég er viss um að mikil forvitni ríkir meðal þjóðarinnar að vita hvernig hv. þm. mundi haga sér ef þingmaðurinn hv. hæfi virkilegt málþóf fyrst þetta var aðeins eðlilegur hluti af þingstörfum að mati hennar.

Ég get nefnt við þingmanninn hvers vegna mér þykir þetta vera málþóf. Ég get útskýrt það. Á síðasta þingi, 121. löggjafarþingi, talaði ég, sá sem hér stendur, samtals í 4 klukkutíma og 45 mínútur allt þinghaldið. Ég býst þó við að hv. þm. þyki að ég hafi fengið að koma nægjanlega að skoðunum mínum. Mér þykir það. Mér þykir að ég hafi fengið nægjanlega að koma skoðunum mínum að. Ég talaði í 4 klukkutíma og 45 mínútur allt þinghaldið.

Hv. þm. talaði á einum degi meira en helmingi lengur en ég allt þinghaldið á 121. löggjafarþingi. Samt segir hv. þm. við almenning í landinu, sem hún vill væntanlega að taki mark á sér, að ekki hafi verið um málþóf að ræða. Þjóðin hlýtur að bíða í ofvæni eftir því að þingmaðurinn hv. útskýri fyrir henni hvenær málþóf hefjist og hversu lengi hv. þm. muni þá tala.

Nú er ég bara að tala um eina ræðu hv. þm. í þessari löngu lotu meðan þingið hefur ekki fengið að ganga til atkvæða. Ég er aðeins að tala um eina ræðu, sem var meira en helmingi lengri en allar þær ræður sem ég flutti á 121. löggjafarþingi og þykir mér þó að ég hafi haft nægan tíma til að koma skoðunum mínum á framfæri. (**ÖJ:** Er þetta ræða um húsnæðismál?) Það getur vel verið að einhver annar hafi tekið meira af tíma þingsins hér en ég hér, hv. þm. Hann hefur þá mjög góða samvisku, sá þingmaður ef hann telur að ég hafi tekið hér meiri tíma í þessari umræðu en hann. Ef hann hefur alltaf haldið sig á réttri línu um þau málefni sem hér hafa verið rædd, þá þykist þingmaðurinn hv. góður. (**SvG:** Forsrh. hefur nú tekið ... tíma Alþingis.)

Ég ætla aðeins að víkja frekar að þessum þáttum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að hún hefði ekki verið með neitt málþóf og ég hefði ekki fylgst með umræðunni. Hvernig veit hv. þm. það? Ég kom áðan í þingsalinn í gættina þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., var að tala. Það var enginn þingmaður í salnum, fyrir utan hæstv. forseta. Ég er þó ekki að gera því skóna að enginn hafi verið að fylgjast með ræðu hv. þm. Ég held að ýmsir hafi verið að gera það. Ég fylgdist til að mynda með drjúgum hluta af ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þó að ég sæti ekki í þingsalnum. Þannig er aðstaðan sem nú er sköpuð að við erum fær um það.

Ég heyrði m.a. hv. þm. lesa hér upp úr 50 ára gömlum ræðum. Hún fjallaði þar um menn eins og Ólaf Thors, Pétur Ottesen, Magnús Guðmundsson, sneri út úr orðum þeirra, skensaði þá á alla lund og uppnefndi flokk þeirra og stefnu hér slag í slag. Hún fjallaði um 50 ára gamlar ræður slag í slag og þótti sennilega allt í lagi. Það tengdist ekki neinu málþófi.

Ég fylgdist með því, þjóðin fylgdist með því og aðrir fylgdust með því. En sem sagt, þetta var ekki málþóf af hálfu hv. þm.

Það var áðan kallað fram í fyrir mér af þingmanni sem stendur hér til hliðar hvort ég væri að ræða um húsnæðismál. Þingmaðurinn var sennilega ekki í salnum þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallaði, sennilega í 20 mínútur, nákvæmlega um þessa þætti, um viðbrögð mín og orð mín annars staðar. Er það virkilega skoðun þingmannsins að ég eigi ekki að hafa leyfi til að svara því? Er það skoðun hans á lýðræðinu og þingræðinu að ég eigi ekki að hafa leyfi til þess að svara því sem hv. þm. vék að mér í löngu máli hér áðan? Það segir manni heilmikið um lýðræðisvitund þessa hv. þm. sem þykist þó iðulega tala í nafni þjóðarinnar sem hann hefur reyndar ekki á bak við sig.

Hv. þm. sagði að ég hefði nefnt hér tölur yfir það hver kostnaðurinn hafi orðið af ræðu þingmannsins hér og krafðist þess að ég gæfi skýringar á því. Það er sennilegt að ég þurfi að biðjast afsökunar þar en þá á því að ég hafi reiknað heldur lágt. Veit hv. þm. til að mynda hvað það eitt kostaði að vélrita ræðu hennar og ganga frá henni? Vill þingmaðurinn kalla það fram í hvað það kostaði? Veit þingmaðurinn það? Hugsaði þingmaðurinn út í það? Það kostar 300 þúsund krónur samkvæmt upplýsingum þingsins, 300 þúsund krónur að vélrita ræðu þingmannsins sem var ekki síst upplestur úr 50 ára gömlum ræðum í þinginu, ekki síst. (**JóhS:** Þetta er rangt. Forsrh. hefur ekki hlýtt á mál mitt ... Þetta er rangt.) Ég hlustaði á mál þitt. Og a.m.k. einhver hluti þjóðarinnar hlustaði á mál þitt líka. (**SvanJ:** Er dýrara að vélrita ræður hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en annarra?) Ef þær eru lengri, hv. þm., sem því nemur, ef þær eru lengri. Það vita allir menn.

Þó er aðeins þessi kostnaður tekinn, en þó annar kostnaður bættist við, sem væri jafnvel umfram venjulegan kostnað (**JóhS:** Og fastan kostnað ... ) þá væri þessi tala sem ég var að nefna sennilega allt of lág.

Út af fyrir sig segi ég ekki að það eigi að ráða ferðinni. En það er hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að fólkið í landinu viti um slíkan kostnað. Þeim hv. þm. sem talaði áðan er meira í mun en flestum öðrum að þjóðinni sé ljóst um ýmsan kostnað í þjóðfélaginu. Hún getur ekki haft á móti því að kostnaður af hennar athöfnum og starfsháttum liggi líka ljós fyrir. Meginmálið er að dögum saman hefur þessi hv. þm. og fleiri með framgöngu sinni komið í veg fyrir að þingviljinn nái fram að ganga.

Vegna þess að hv. þm. hefur setið alllanga hríð á þinginu vakti það mikla athygli mína þegar hv. þm. bað um að forseti þingsins gæfi yfirlýsingu um að þingsköpum yrði ekki breytt nema allur þingheimur væri sammála. Þetta er ótrúlegur skilningur á þingræðinu og þinghaldinu. Þingsköp eru, eins og hv. þm. veit, löggjafarstarfsemi. (Gripið fram í.) Löggjafarstarfsemi. Hvað yrði sagt ef forseti þingsins tilkynnti, um hin eða þessi lög, að hann mundi ekki leyfa — og gæfi um það yfirlýsingu — að lögum yrði breytt nema allur þingheimur væri um það sammála? Hvað yrði sagt um það?

Hv. þm. Svavar Gestsson hristir höfuðið og segir uss. Hann hefur bersýnilega skilning á því að auðvitað væri fráleitt að lýsa þessu yfir. Þetta er lagasetning. (Gripið fram í.) Þetta er lagasetning um starfshætti þingsins. Að segja að einhver lagasetning eigi að lúta þeim lögmálum að hver og einn þingmaður eigi að hafa neitunarvald um slíka lagasetn-

ingu, hvers konar hugmyndir eru þetta? Það sagði hv. þm. úr ræðustólnum.

Síðan sagði hv. þm. að þegar ég talaði um að breyta þingsköpum væri framkvæmdarvaldið að gefa þinginu fyrirskipanir. Hvers konar ruglingur er þetta? Þegar forsrh. talar um lög eða löggjafarstarfsemi er hann að tala sem þingmaður, sem talsmaður þingmeirihlutans á hverjum tíma. Það gerist í öllum löndum, þessu landi eins og öðrum. Þá er forsrh. í stjórnarsamstarfi að tala fyrir hönd þingmeirihlutans á hverjum tíma. Það gefur auga leið. Fyrir hönd þingmeirihlutans á hverjum tíma.

Með sama hætti talar formaður þingflokks Alþb. fyrir hönd þingmanna þess flokks — og óháðra — að ég gleymi ekki óháðum sem eru í þeim þingflokki, líka fyrir hönd þeirra. Þeir eru alltaf nefndir sérstaklega, hinir óháðu í þingflokknum, þegar þessar yfirlýsingar eru gefnar. Það gleður mig alltaf sérstaklega að hinir óháðu eru hafðir með. En nú eru óháðir að stofna alveg sérstakan flokk óháðra. Það verður sérstaklega gaman þegar það allt saman gerist. (Gripið fram í.)

Síðan tekur nú steininn úr þegar hv. þm. segir: Svo fer forsrh.að skipta sér af því hversu lengi þingið sitji. Það finnst þingmanninum hv. algjörlega svakalegt, hræðilegt. En á hverju skyldi það byggjast, hv. þm.? Það byggist, hv. þm., á stjórnarskránni. Við eigum auðvitað að fara eftir þingsköpunum, þau eru lög, en framar öllum öðrum lögum förum við eftir stjórnarskránni. Í stjórnarskránni er tekið fram að forsrh. hafi með það að gera hversu lengi þingið situr og hversu lengi það situr ekki. Ef hann skiptir sér ekki af því er hann að víkjast undan þeim skyldum sem stjórnarskráin setur honum. Það kemur ekki til greina af minni hálfu að ég bregðist þeim skyldum sem stjórnarskráin setur mér á herðar.

Þó að þingmenn komi í þennan ræðustól eftir áralanga setu og afhjúpi þannig þekkingarleysi getur það ekki breytt þeim skyldum sem hvíla á mér. Ég mun auðvitað sinna þeim.

Ég hef sagt, og tel það vera eðlilegt, að augljóst sé að þingmenn vilji tala, tala mikið og tala lengi. Þá hef ég sagt að þá skuli einnig vera augljóst að þingmönnum sé skaffaður tími til að tala. Er eitthvert ofríki fólgið í því? Ekki til, vottar ekki fyrir því. Þingmenn tala eins lengi og þeir kjósa. Jafnvel þó þeir segi beint framan í þjóðina að þeir séu ekki með málþóf þegar þeir tala tíu klukkutíma einn daginn þannig að enginn annar þingmaður komist að þann dag eru þeir ekki með málþóf, þá er ekki amast við því að þingmenn fái þann tíma til að tala sem þeir þurfa.

Þá tekur það sinn tíma. Það er eingöngu verið að lýsa staðreyndum máls, ekki neinu öðru. Hins vegar er algjörlega ljóst og kristalsklárt að það er mjög ofarlega í huga þjóðarinnar núna eftir alla þessa framgöngu að á þingmeirihlutanum hvílir sú skylda að breyta þingsköpum sem með þessum hætti eru misnotuð. Það er kristalsklárt. Menn þurfa ekki lengi að ganga hér milli húsa til að finna og skynja þann skilning þjóðarinnar. Nema þeir þingmenn sem eru algjörlega úr tengslum og takti við þjóðina en eru þó alltaf að tala eins og þeir hafi hana alla á bak við sig. (**ÖJ:** Hefur þetta verið rætt í þingflokknum?) Þeir tala ætíð eins og þeir hafi þjóðina á bak við sig sem er fjarri öllu lagi.

Að sjálfsögðu þarf að ræða öll mál í þingflokknum og það verður að sjálfsögðu gert. (**Gripið fram í:** Eftir á?) Nei, það er ekki hægt, hv. þm. Það ræðir enginn lagabreytignar eftir á. Ja, það er kannski hjá Alþb. Við gerum það ekki þannig í mínum flokki.

[15:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var allsérstæð ræða hjá hæstv. forsrh. Hann endaði mál sitt með því að segja að þjóðin vildi breyta þingsköpum. Ja, mikið veit hæstv. ráðherra, að hann kallar þjóðina alla til vitnis um að hún vilji að þingsköpum sé breytt og að dregið sé úr lýðræðinu og þingræðinu. Það er alveg sérstakt.

Og það var alveg sérstakt þegar hæstv. ráðherrann dró fram ræður sínar á síðasta þingi, 4:45, sem einhvern mælikvarða á það hvað sé eðlileg ræðulengd. (**Forsrh.:** Ekki ræðuheild kannski ...)

Herra forseti. Mér finnst hæstv. forsrh. ekki hafa bætt málstað sinn frá því sem ég hlustaði á í morgun þar sem hann taldi að minni hlutinn, sem hefur verið að skýra ítarlega mál sitt, en ekki lesa upp úr afmælisritum og skýrslum, væri þingræðinu til skammar.

Herra forseti. Mér fannst fremur að forsrh. væri sér til skammar í morgun með þessum yfirlýsingum og út frá hvaða sjónarhóli hann lítur á lýðræðið og þingræðið í landinu. Það er hann sem ræður, það er hann sem hefur valdið innan þings og utan. Hvenær og hvort eigi að breyta þingsköpum, hvenær þinginu á að ljúka, hvað á að taka á dagskrá og nákvæmlega hvenær á að fresta því. Hans heilagleiki, hann hefur valdið. „Það er ég sem hef valdið", er það sem skín í gegnum þetta.

Og að sjálfur forsrh. yfir Íslandi skuli segja þessi orð, niðrandi orð um þingið og halda því að þjóðinni að hann ráði bæði innan þings og utan, herra forseti, það er til skammar.

[15:34]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemst ekkert út úr því að fullyrðingar hennar um það að hún stundi ekki málþóf fá ekki hljómgrunn með þjóðinni. Þingið hefur tekið saman hversu lengi hefur verið rætt um þessi mál hér. Um sveitarstjórnarfrumvarpið hefur verið rætt í 65 klst. og 57 mínútur, um þjóðlendufrumvarpið í 5 klst. og 38 mínútur. Þjóðlendufrumvarpið er að mati flestra afar mikilvægt mál. Allir þingmenn, allur þingheimur hefur þó aðeins tekið sér rúmar 5 klst. til að tala um það mikilvæga mál meðan hv. þm. tekur 10 klst. frá öðrum þingmönnum til þess að fjalla um eitt tiltekið mál og bara í einni umræðu. Það er ekki búið að bæta við viðbótinni, bara í einni umræðu. Og hv. þm. hefur í hótunum við þingið, við fólkið og þjóðina, hefur í hótunum að halda áfram í þessum skollaleik gagnvart þjóðinni.

Um eignarhaldsfrv. er þegar búið að tala 16 klst. Og um húsnæðismálin, eins og mælingar eru komnar, í 27 tíma. Samtals 120 klukkutíma. Samt ætlar þessi þingmaður að horfa beint framan í þjóðina og segja: Ég er ekki í málþófi.

Dettur þingmanninum í hug að þjóðin trúi þingmanninum? Ég skal segja henni það milli okkar að það gerir þjóðin ekki.

[15:35]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, verk forsrh. er að sitja hér og telja mínúturnar og klukkutímana sem þingmenn þurfa að ræða mikilvæg mál. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að átta sig á því um hvað við erum að fjalla. Hann hefur ekki þurft að segja eitt einasta orð við þessa umræðu um það hvað verður um það fólk sem er sett út á kaldan klakann. Þær hundruð

fjölskyldna sem búa ekki við neitt öryggi eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Hann hefur ekkert við það fólk að segja. Hæstv. forsrh. eyðir sínum fáu mínútum sem hann kemur í ræðustól til að býsnast yfir því að við þurfum mikið að tala um þetta mál.

En hvaða skilaboð hefur forsrh. íslensku þjóðarinnar til þess fólks sem hundruðum saman verður án öryggis í húsnæðismálum þegar frv. hefur verið samþykkt? Það er til skammar, herra forseti, að forsrh. hafi engin skilaboð til þjóðarinnar önnur en að býsnast yfir því að við sem viljum verja málstað þessa fólks höfum eitthvað um það að tala úr ræðustól.

Við höfum vissulega eitthvað um það að segja þegar þessi helmingaskiptastjórn er að fara í enn eina eignatilfærsluna sem hún gerði með gjafakvótanum og er nú að gera varðandi auðlindir í jörðu. Ég harma að svo sé komið fyrir þingræðinu að forsrh. landsins hafi ekkert annað um þau mál að segja en að sitja yfir og telja mínúturnar hjá stjórnarandstöðunni sem liggur mikið á hjarta í þessu máli fyrir hönd þjóðarinnar, fyrir hönd fátæks fólks á Íslandi sem hefur ekki húsaskjól eftir að frv. hefur verið samþykkt. Mér finnst málflutningur forsrh. til skammar, herra forseti.

[15:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt galdurinn og það er einmitt lýsingin á málþófinu hins vegar. Hæstv. félmrh. hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar gert grein fyrir málinu og staðið fyrir svörum. Það liggur fyrir og felst í framgöngu okkar að við erum sammála þeim skýringum sem hæstv. félmrh. gefur. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin stendur á bak við félmrh. í málinu og er sammála þeim skýringum sem hæstv. félmrh. gefur.

Það er einmitt hluti af málþófinu hér, eins og við sáum í dag þegar ég kom hér inn í þinghúsið, að þá var enginn að hlusta á hv. þm., 6. þm. Norðurl. e. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Ég kom hér inn í þingsalinn, (**Gripið fram í:** Það sitja allir á skrifstofunum.) það var enginn inni í salnum. Af hverju ekki? Ekki vegna þess að þingmaðurinn sé ekki áheyrilegur, greindur og góður þingmaður, heldur vegna þess að allir vissu að hún var að segja það nákvæmlega sama sem allir aðrir höfðu sagt á undan henni. Og það er einmitt galdurinn gagnvart mér og félmrh. Ég er sammála skýringum félmrh., ég þarf ekki að koma og endurtaka þær. Ríkisstjórnin stendur á bak við þær skýringar sem gefnar eru og það þarf ekkert að vera að fara í einhverja hringferð eins og gert er hér af hálfu stjórnarandstöðunnar (Gripið fram í.) þar sem hver maðurinn kemur á fætur öðrum hlustar ekki á félaga sína og fer síðan með sömu rulluna framan í alþjóð, sömu rulluna stund eftir stund eftir stund. (**Gripið fram í:** Er stjórnarandstaðan óþörf?)

Nei, stjórnarandstaðan, hv. þm., er afskaplega mikilvæg en hún mætti vera aðeins markvissari en hún er núna. Það væri miklu betra ef hún væri heldur markvissari en hún er núna. Það er nú skoðun mín á málinu. (Gripið fram í.)

Ég veit ekki hvort hv. þm., sem er í kappræðu við mig hér í salnum, þó ég eigi nú að hafa orðið, er sammála mér um að stjórnarandstaðan mætti vera heldur markvissari en hún er í dag. (Gripið fram í.)

[15:39]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það mjög lærdómsrík umræða sem hér fer fram og mjög umhugsunarvert á hvaða plan við erum komin. Hæstv. forsrh. beindi því til mín eftir frammíkall frá mér hvort ekki væri eðlilegt að hann gæti svarað fyrir sig, borið hönd fyrir höfuð sér vegna þeirra ásakana sem fram hefðu komið í þingsal. Jú. Og ég hefði kosið að hæstv. forsrh. hefði sýnt Alþingi þá kurteisi að setja fram sjónarmið sín í þingsal en ekki í fréttatímum fjölmiðla og ræða þær hugmyndir sem hann hefur um þinghaldið og lyktir þess hér.

Mér finnst menn leggjast mjög lágt þegar menn eru farnir að reikna út hvað kosti að skrifa upp ræður þingmanna og gera lítið úr málflutningi þeirra sem eru að reyna að forðast stórslys. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., fyrst hann vill ræða tilkostnað: Hver er tilkostnaðurinn af því að eyðileggja húsnæðiskerfið á Íslandi? Hver er tilkostnaður þjóðarinnar af því að sitja uppi með ríkisstjórn sem klúðrar hverri lagasetningunni á fætur annarri? Þennan tilkostnað mun þjóðin geta rætt í næstu alþingiskosningum. Og ég hlakka til þess tíma.

[15:41]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlakka fleiri en hv. þm. til næstu kosninga, það skal ég segja hv. þm. Eftir framgöngu stjórnarandstöðunnar núna verð ég að viðurkenna að tilhlökkun mín að hitta stjórnarandstöðuna í kosningabaráttu fyrir næstu þingkosningar er mikil. Ég fæ ekki séð að neinar mælingar bendi til þess að framganga stjórnarandstöðunnar sé að ná eyrum þjóðarinnar nema síður sé.

Hv. þm., hinn gamli fréttamaður, finnur að því að verið sé að ræða við fréttamenn úti í bæ en ekki þingið. Einhvern tíma hefði honum þótt það vera vel til fallið að rætt sé við hina merku menn, fréttamennina. Nú má það ekki lengur að forsrh. tali við fréttamennina. Ég hef ekki orðið var við annað en að hv. þm. sé nokkuð sleipur við það sjálfur að ræða við sína gömlu kollega þegar honum hentar.

Ég áskil mér rétt til þess, ef ég er um það spurður, að lýsa skoðunum mínum. Ég hef ekki beðið neinn fréttamann um að ræða við mig. Ég hef ekki haft samband við neinn fréttamiðil og beðið um að ræða við mig. En hér hefur fréttamaður, sem fylgist náið með þingstörfum, talið ástæðu til að spyrja forsrh. spurninga um afstöðu hans og ég varð við því að svara því í þinghúsinu. Finnst það reyndar sjálfsögð skylda mín að gera það þegar fréttamaðurinn víkur að mér með þessa hluti. Og geri það sannfærður og hvert það orð sem ég sagði þar stend ég við enda hefur ekkert af því sem ég sagði þar verið hrakið í þessum umræðum nú, nema síður sé.

Hv. þm. munu væntanlega í dag og á mánudaginn og á þriðjudaginn og á miðvikudaginn með framgöngu sinni undirstrika hvert einasta orð sem ég hef sagt. Þeir munu nota tíma sinn með framgöngu sinni til að undirstrika við þjóðina að hvert orð sem ég sagði var satt. Ég þarf ekki einu sinni að gera. Þið, háttvirtir vinir mínir í stjórnarandstöðunni, munuð sjá um það.

[15:43]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. segist vera reiðubúinn að veita svör en svarar þó engum. Ég spurði hæstv. forsrh. hvern hann teldi vera tilkostnað þjóðarinnar við að sitja uppi með ríkisstjórn sem er að eyðileggja félagslega húsnæðiskerfið. Ég fæ engin svör við þessu. Ég vil líka benda á það að af hálfu ríkisstjórnar hans hefur verið haldið fram fullyrðingum, blekkingum sem eru mjög alvarlegs eðlis, án þess að við því fáist nokkrar skýringar. Hér kemur t.d. fram í

skýrslu OECD, sem hefur verið dreift til þingheims, að þessar fyrirhuguðu breytingar á húsnæðiskerfinu séu fyrsta skref til að fela kerfið einkaaðilum, til að selja það einkaaðilum á markaði. Þessu hefur staðfastlega verið neitað af hæstv. félmrh. Halda menn að alþingismenn og stjórnarandstaðan vilji ekki ræða þessi mál? Halda menn að menn vilji ekki ræða þann alvarlega vanda sem blasir við láglaunafólki þegar kostur þess er þrengdur í húsnæðismálum og fyrirsjáanlegt er að þúsundum láglaunafjölskyldna verður vísað út á götuna? Þetta eru staðreyndir máls. Nema til komi meira fjármagn inn í kerfið. Og við fáum engin svör við þessu. Halda menn að ábyrg stjórnarandstaða vilji ekki fá svör við spurningum af þessu tagi? Hvers konar ábyrgðarleysi er þetta eiginlega?

Það er þetta sem vakir fyrir stjórnarandstæðingum í umræðunni um húsnæðismál og önnur frumvörp sem hafa komið fram; að ekki sé þröngvað í gegnum þingið lagasmíð sem hefur jafnslæmar afleiðingar og fyrirsjáanlegt er með þessa. Þetta er ástæðan fyrir því að við viljum fá botn í þessi mál. Það gengur ekki fyrir forsrh. landsins að svara út úr og vera með skæting af því tagi sem hann leyfir sér gagnvart þinginu.

[15:46]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur hvergi fært þessu síðasta stað. Það var reyndar óheppilegt að hann skyldi í tiltölulega málefnalegu andsvari enda með svo ósmekklegum hætti. (**ÖJ:** Með hverju?) Vegna þess sem hv. þm. nefndi, um skort á svörum, þá hefur svörin ekki skort. (**ÖJ:** Hvað var ósmekklegt í mínu máli?) Að segja að ég hafi farið með skæting hér, hv. þm., ef þú vilt endilega heyra það aftur, sem þú ættir nú ekki að biðja um.

En varðandi sem hv. þm. sagði, svo ég fái að klára það, um að það vantaði svör þá hefur hæstv. félmrh. veitt svör. Hann hefur veitt svör. (**ÖJ:** Ekki við þessu. Ekki við þessari spurningu.) Hv. þm. segir að svörin séu blekkingar og trúir þeim ekki. Auðvitað geta menn staðið þannig (Gripið fram í.) að taka ekki mark á þeim svörum sem gefin eru. Við því er ekkert að segja. Menn gefa sín svör af samviskusemi og einurð og festu og ef menn vilja ekki trúa þeim þá þeir um það. Hv. þm. vitnaði í orð höfð eftir hæstv. félmrh. sem gengu þvert á OECD-skýrsluna. Ég tek heils hugar undir með hæstv. félmrh. Hans svör eru hin réttu. Skýrsla OECD er röng í þessum efnum. Ég trúi félmrh. og það ætti hv. þm. að gera líka.

[15:47]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta vegna þess að hér í lok húsnæðisumræðu hefur farið fram umræða um störf þingsins. Forsrh. Íslands hefur hafið umræðu um störf þingsins og reyndar gott betur. Hann hefur hafið hér umræðu sem snýr að lýðræðinu og þingræðinu í landinu. Auðvitað vekur það athygli okkar, virðulegi forseti, hvernig forsrh. leggur áherslu á að það sé nægilegt fyrir þingmann að tala í 4 klst. og 45 mín., og allt annað sé málþóf.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið nefnt hversu góður í reikningi forsrh. sé. Það væri fróðlegt að fá hann til að reikna það út hversu langt þingið á hverju ári eigi að standa. Mér sýnist að það verði þá um það bil rúmlega einn mánuður, kannski einn og hálfur.

Reyndar er það svo, herra forseti, og því full ástæða til að bregðast við hér undir liðnum um fundarstjórn, að ég heyri ekki betur en að hreinlega eigi að leggja niður þingið, a.m.k. að leggja niður stjórnarandstöðuna. Það er dapurt, herra forseti, að vera hér á laugardegi og hlusta á umræður forsrh. landsins við þingmenn sína. Forsrh. hefur mikil völd. Sá forsrh. sem nú ríkir hefur seilst í völd sem honum ber ekki. Forsrh. sá sem nú situr hefur fyrir löngu farið inn á verksvið þingsins. Herra forseti. Skoðun á hlutunum er eitt, tilskipun er allt annað. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að á 4 klst. og 45 mín. má koma með hæfilegan slatta af tilskipunum, kjósi menn svo.

Það sem við höfum hlustað á er ekki skoðun í fjölmiðlum. Það sem við höfum hlustað á eru tilskipanir um hvað eigi að gerast á löggjafarsamkomunni varðandi þingsköp. Og forsrh. hefur sjálfur nú í ræðustól leiðrétt einn þingmann með það að enginn geti ákveðið að þingsköpum skuli breytt. Það hefur forsrh. hins vegar gert.

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að sum okkar sitja í þingflokksherbergjum og hlýða á ræður en forsrh. kemur hér, ekki veit ég hvaðan, og les þingheimi pistilinn í umræðu um þingmál á þann hátt sem ekki verður við unað ... ( Forseti hringir.) (Gripið fram í.) virðulegi forseti, sem ekki verður við unað vegna þess að það sem hér gerðist var að forsrh. landsins sem á að hafa yfir sér mikla reisn og virðuleik, kom og las þingmönnum pistilinn á mjög lágkúrulegan hátt.

[15:51]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er einmitt mjög viðeigandi að ég noti tækifærið og greini frá því að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa nú um nokkurra sólarhringa skeið reynt að ná sambandi við forseta Alþingis, hæstv. forseta Alþingis, Ólaf G. Einarsson. Í gærkvöldi tókust með okkur í raun og veru ágætar viðræður. En forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson og hæstv. félmrh. þorðu ekki að ganga frá samkomulagi við okkur vegna þess að hæstv. forsrh. var í burtu. Og ég vil þakka honum fyrir að segja frá því hvað hann vill. Hann vill hafa fund á mánudag og þriðjudag og miðvikudag. Hann vill ekki sýna sveitarstjórnarkosningunum lágmarkstillitssemi, heldur vaða uppi með dónaskap og óskammfeilni í þeirra garð eins og hans er von og vísa.

Af þessu tilefni, því tilefni að við höfum ekki getað náð sambandi við forseta Alþingis, höfum við skrifað honum bréf. Það er alveg nýtt í sögu Alþingi, og ég les það hér með upp, með leyfi forseta:

„Forseti Alþingis Ólafur G. Einarsson.

Herra forseti!

Við undirrituð formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar höfum að undanförnu reynt að koma á samtölum um vinnutilhögun í þinginu. Það hefur ekki tekist. Þá höfum við reynt að skapa samstöðu um að sýna sveitarstjórnum og sveitarfélögum þá virðingu að þinghald falli niður í næstu viku en hefjist á ný að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þessum málaleitunum okkar hefur ekki verið svarað. Við lýsum því fullri ábyrgð á hendur forseta Alþingis og stjórnarmeirihlutanum ef Alþingi neitar að sýna sveitarfélögunum lágmarkstillitsemi að þessu leyti.

Ítrekuð íhlutun forsætisráðherra í þinghaldið er óviðeigandi og óþolandi með öllu. Sérstaklega mótmælum við og lýsum furðu okkar á hótunum hans utan þings um einhliða breytingu á þingsköpunum í vor eða í haust. Af þessu tilefni viljum við fá það staðfest að stjórn þingsins er í höndum forseta en ekki í höndum forsætisráðherra.

Það ástand sem nú er í þingstörfum er algerlega óvenjulegt. Alltaf hefur tekist — þar til nú — að koma á samtölum um lok þingsins. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur sem formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að snúa okkur til forsetans bréflega og að óska eftir samtölum um tilhögun þingstarfa hið allra fyrsta.

Fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra
Svavar Gestsson.
Fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna
Rannveig Guðmundsdóttir.
Fyrir hönd þingflokks Samtaka um kvennalista
Guðný Guðbjörnsdóttir."

Ég taldi rétt, herra forseti, að lesa þetta bréf hér upp að gefnu tilefni. Það er auðvitað mikilvægt að hæstv. forsrh. hefur tekið að sér að svara fyrir forseta Alþingis. Það er þakkarvert að hann skuli hafa gengið fram og tekið algjörlega af skarið um það að hann, hann hæstvirtur, ætlar að halda hér þing í næstu viku og sagði hér áðan: „Þið skuluð sjá það. Þið skuluð sjá það", sagði hann, „að það verður þingfundur alla næstu viku." Hann — hann ræður. Ég þakka hæstv. forseta, hæstv. forsrh. afsakið, fyrir einkar athyglisverðar upplýsingar og framgöngu og framkomu í þessu máli.

[15:54]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég leiði hjá mér öll stóryrði hv. þm. í minn garð. Vek hins vegar athygli á því að í fyrstu starfsáætlun þingsins var við það miðað að þingið færi heim 8. maí. Ég beitti mér fyrir því að athugað yrði hvort ekki væri hægt að sjá til þess að þingið gæti farið heim 22. apríl, til þess sérstaklega að skapa sveitarfélögunum — og því lýsti ég hér margoft yfir í ræðustól — að skapa sveitarstjórnarmönnum, frambjóðendum, svigrúm til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er ekki við mig að sakast að það tókst ekki.

Það er ekki við mig að sakast að það tókst heldur ekki að halda sér við næsta áfanga, 8. maí. Það er við þá að sakast sem hafa hér haldið uppi málþófi og hafa komið í veg fyrir það að þingið, að þingviljinn, vilji meiri hluta þingsins, hornsteinn þingræðisins mætti ná fram að ganga. Það er nefnilega ekki við mig að sakast. Þess vegna er þetta bréf sem hv. þm. las alveg í rauninni fádæma ósvífið ... (**ÖJ:** En nú er forsrh. ...) fádæma ósvífið af hálfu þeirra aðila sem hafa komið í veg fyrir að þingið gæti klárað sín mál. Svo segja þessir sömu menn — það er alveg hápunktur ósvífninnar, finnst mér — þá koma þessir menn og skrifa bréf og segja: „Það eru hér einhverjir aðilar sem halda mönnum frá því að gefa sveitarfélögunum svigrúm." Þetta er fádæma ósvífni. Það sjá allir menn. (**SvG:** Sannleikanum verður ...) Já, það hef ég orðið var við. Menn eru mjög reiðir yfir þessum sannleika sem á borð hefur verið borinn og fundið að því að hann sé borinn á borð við fjölmiðla úti í bæ þannig að þjóðin fái að sjá hann, fái að fylgjast með. Menn eru sárreiðir þeim sannleika sem þannig var borinn á borð.

Eins og ég segi þá munu þingmenn stjórnarandstöðunnar hér á næstu vikum, næstu dögum, mánudag, þriðjudag og miðvikudag, (**Gripið fram í:** Viku.) sjá til þess að þessar skoðanir mínar sem ég hef lýst fyrir þjóðinni verða undirstrikaðar. Þessir þingmenn hv. munu með málþófi sínu undirstrika réttmæti orða minna sem ég við hafði í sjónvarpinu. (**Gripið fram í:** Viku.) Og jafnvel lengur.

[15:57]

**Margrét Frímannsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég aðeins víkja að þeim orðum sem komu frá hæstv. forsrh. um að hér hefði verið áætlun um að störfum þingsins ætti að ljúka 8. maí og það væri rétt að þjóðin fengi að vita sannleikann um málþóf hv. stjórnarandstöðunnar. Það hefði verið rétt að hafa nokkur önnur sannleikskorn með í þeirri umræðu eins og það að hæstv. ríkisstjórn ákvað að leggja fram hér 40 mál sem átti að afgreiða á mjög stuttum tíma, allt of stuttum miðað við það að þarna er um mjög stór og viðamikil mál og stórpólitísk mál að ræða.

Hér var farið yfir þær klukkustundir sem hefðu farið í að ræða ýmis málefni og mismuninn þar á. Hæstv. forsrh. nefndi t.d. málið þjóðlendur sem hefur ekki fengið nema rúmar fimm klukkustundir. Þar var um mál að ræða sem nokkuð góð samstaða var um í vinnu nefndarinnar. Hin málin sem hér voru nefnd voru hins vegar stórpólitísk mál og stór ágreiningsmál.

Ég vil nú beina spurningu til hæstv. forseta: Á það að verða venja í þinginu að reikna út kostnað á hvern þingmann, ræðuhöld sem og annað? Ég óska þá eftir því að forsn. skoði um leið alla aðra kostnaðarþætti, svo sem hvað kosti að vinna hvert mál í nefnd, hvað störf nefndaritara kosti, sem vinna kannski fyrst og fremst — því það er ákveðinn aðstöðumunur eins og allir þekkja — fyrir stjórnarmeirihlutann og hvað sérfræðingarnir og starfsmenn ráðuneyta kosti, sem sitja að beiðni stjórnarmeirihluta marga, ef ekki flesta, fundi ýmissa nefnda til þess að svara þeim spurningum sem fram koma. Hvað kostar undirbúningurinn að frv. áður en það er lagt fram? Hvað kostar að semja framsöguræðuna og prenta hana og hvað kosta sérfræðingarnir sem sitja hér í hliðarherbergjum fyrir ráðuneytin á meðan málin eru rædd til þess að vinna fyrir hæstv. ráðherra? Hvað kosta allir þessir þættir? Og er þá ekki rétt að sundurliða það niður á hvern þann einstakling sem hlut á að máli?

Mér finnst það alveg með ólíkindum ef það á að fara að verða venja hér að reikna út kostnaðinn við ræðutíma þingmanna, án þess þó kannski að láta það fylgja með hver vinnan er á bak við hjá þeim þingmönnum sem hlut eiga að máli. Og það vita allir sem hér eru inni að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur líklega þekkingu á húsnæðismálunum langt umfram okkur mörg hin. (**Gripið fram í:** Er eðlilegt að tala í tíu tíma?) Það er eðlilegt að tala í tíu tíma ef viðkomandi hv. þm. telur að hún þurfi það langan tíma til þess að koma öllum sínum athugasemdum á framfæri. Við skulum þá reikna út fyrir þjóðina hvað það hefur kostað hana í heild, alveg frá því að byrjað var að semja frv., að leggja niður félagsleg úrræði í húsnæðiskerfinu.

[16:00]

**Kristín Halldórsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þingstörf hafa verið mjög sérstök á þessu vori. Ríkisstjórnin krefst afgreiðslu á óvenjulega mörgum stórpólitískum átakamálum svo sem stjórnsýslu á miðhálendinu, nýtingu auðlinda í jörðu og gjörbyltingu á húsnæðiskerfinu sem við viljum segja að sé afnám félagslega húsnæðiskerfisins. Þessi stórmál hafa að sjálfsögðu kallað á hörð viðbrögð stjórnarandstöðu og ekki bara stjórnarandstöðunnar heldur líka einstaklinga utan þings, félaga og félagasamtaka sem hafa hópum saman krafist þess, skorað á þingmenn að fresta afgreiðslu þessara mála svo þau geti

fengið víðtæka umfjöllun í þjóðfélaginu. Það er ekkert að undra.

En meiri hluti Alþingis hafnar þessum kröfum. Það finnst mér vera atlaga að lýðræðinu, óeðlileg afskipti forsrh. af stjórn þinghaldsins. Yfirlýsingar hans í fjölmiðlum og hótanir í garð þingmanna greiða ekki fyrir lausn mála. Þau greiða ekki fyrir þingstörfum.

Þrátt fyrir þetta hefur stjórnarandstaðan reynt að leggja sitt af mörkum, reynt að koma á samtölum milli þingflokksformanna og stjórnar þingsins vegna þess að það eru fjölmörg önnur mál en hér hafa verið nefnd sem bíða afgreiðslu þingsins, ætlunin er að afgreiða fyrir þinglok, þó að þau hafi komið mörg hver mjög seint frá hæstv. ríkisstjórn. Þá er samt sem áður ætlast til þess að þau séu afgreidd fyrir þinglok. Við horfum nú fram á aðeins viku til sveitarstjórnarkosninga sem skipta vitanlega miklu máli. Það er álit stjórnarandstöðu að gera eigi hlé á þinghaldi síðustu viku fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, það sé virðing við kosningabaráttuna sem fer fram í sveitarfélögum um allt land. (**Gripið fram í:** Af hverju ekki 8. maí?)

Það er vegna þessa, af tillitssemi við frambjóðendur til sveitarstjórnarkosninga sem við höfum sett fram þessa hugmynd. (**Gripið fram í:** Væri ekki meiri tillitssemi að ...?) Þess vegna rituðu formenn þingflokka stjórnarandstöðu það bréf sem var lesið upp úr ræðustóli áðan til forseta Alþingis og honum hefur verið afhent. Þetta er framlag stjórnarandstöðunnar til þess að leysa þann vanda sem þinghaldið er komið í. (**Gripið fram í:** Og núna viljið þið hætta.) Ég skora á hæstv. forseta að taka tillögu stjórnarandstöðunnar til meðferðar og ræða hana og að við reynum að komast að sómasamlegri niðurstöðu til þess að leysa vandann.

[16:03]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta er sérkennilegur tími. Það eru nokkuð mörg stór mál sem er nú verið að afgreiða. Á undanförnum þingum hefur okkur tekist heldur vel að greiða fram úr störfum þingsins á vorin. Núna gengur það ekki. Hæstv. forsrh. hafði verið að tala um það að ljúka þinginu 22. apríl. Það voru allir sammála um að það væri ekki hægt. Heldur ekki 8. maí vegna þess að það er það mikið eftir af málum, og þó að aðstoðarmaður forsrh., hv. þm. Kristján Pálsson sem hefur verið að gjamma fram í í dag, leggi það til að við ljúkum þinginu 8. maí 1998 þá er það því miður ekki hægt úr þessu. (**KPál:** Ég gjamma helmingi minna en þú.) Hv. þm. má gjarnan gjamma eins mikið og hann vill vegna þess að það er vandamál hans.

Hvað leggur forsrh. landsins til málanna í þessari stöðu? Það er hann sem er að tefja þinghaldið, það er hann sem kemur illu af stað. Það er hann sem neitar að efna til viðræðna við stjórnarandstöðuna um eðlileg þingleg vinnubrögð hér að lokum. Það er hann sem heldur þannig á málum að hlutirnir eru í uppnámi og ég gruna hann um að vilja það. Ég gruna hann um að hann vilji skemma fyrir þingræðinu. Ég gruna hann um að vilja skapa jarðveg úti í þjóðfélaginu sem skapar honum möguleika til að knýja fram fjötra á þingræðið, m.a. með breytingum á ræðutíma. Ég held að alvara málsins sé að hann sé með rógi sínum um þinghaldið að búa til jarðveg þannig að hægt sé að segja: Það verður að stytta ræðurnar og koma í veg fyrir það að menn séu að halda þessar löngu ræður.

Hæstv. forsrh. lagðist áðan svo lágt að ég hef satt að segja aldrei séð mann í hans stöðu hér í salnum leggjast eins lágt. Hann fór að reikna út kostnaðinn við að skrifa upp eina ræðu, mjög langa, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hvert leiðir svona umræða okkur? Hún leiðir okkur þangað að það eigi helst ekki að tala í stofnuninni nema það sem forsrh. líkar. Hún leiðir okkur að því að þingræðið sé dýrt. Hæstv. forsrh. hefur oft verið mjög neikvæður gagnvart lagfæringum á þingræðinu á undanförnum árum. Ég hef þó aldrei séð hann leggjast eins lágt og í þetta skipti.

Ég vil segja það fyrir mína hönd í málinu, að ég vil standa með þingmanninum Jóhönnu Sigurðardóttur í þessari deilu en ekki forsrh. Vegna þess að þessi deila snýst um innsta kjarna þingræðis og lýðræðis í landinu. Að láta forsrh. ekki beygja sig, að setja ekki sig út af sporinu, heldur að halda sínu striki í þágu þingræðis og lýðræðis í landinu.

Hæstv. forsrh. hefur aftur og aftur verið að reyna að koma illu af stað. Ég vil segja fyrir hönd mína og þingflokks míns: Við munum ekki láta honum takast það. Það mun sannast í þessu máli í viðskiptum stjórnarandstöðunnar og forsrh. að sá vægir sem vitið hefur meira. Hann getur haldið áfram að reyna að gera lítið úr okkur í fjölmiðlum, það er vandi hans en ekki okkar.

[16:07]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. upplýsti áðan og réttilega að hann hefði í aprílmánuði sl. haft hugmyndir um að e.t.v. væri unnt að ljúka þinghaldinu strax um 20. apríl. Einnig er rétt að láta það koma fram að það var að frumkvæði hæstv. forsrh. sem janúarhlé Alþingis var lengt um eina viku. Samt er þetta sami hæstv. forsrh. og fer fyrir ríkisstjórn sem ætlast til afgreiðslu á á milli 40 og 60 þingmála, frumvarpa og tillagna. Mörg af þessum málum voru lögð fram á síðasta degi fyrir þann frest sem kveðið er á um í þingsköpunum.

Þessar staðreyndir málsins segja mjög mikið um viðhorf hæstv. forsrh. til Alþingis og hlutverks þess. Það er greinilega þannig að hæstv. forsrh. finnst að hlutverk Alþingis eigi að vera það og það eitt að afgreiða þegjandi og hljóðalaust allt sem hæstv. forsrh. sjálfum þóknast að leggja til.

Nú er staðan sú að hér eru til umfjöllunar á þingi óvenjumörg og stór deilumál. Við þær aðstæður að hæstv. ríkisstjórn ljær ekki máls á neinum breytingum, lagfæringum, samkomulagi eða frestun af einum eða neinum toga, er þá nokkuð að undra þó upp séu komnar sérstakar og afbrigðilegar aðstæður um þinghaldið? Ég verð að segja, herra forseti, að málflutningur hæstv. forsrh. — ég var að reyna að leita í huga mér að einhverjum hliðstæðum eða dæmum sem maður gæti borið þetta saman við og mér datt aðeins eitt í hug. Loðvík XIV. og viðhorf hans til stöðu sjálfs sín í stjórnkerfinu og þess valds sem hann færi með. En hann mun hafa orðið eina frægastur fyrir setninguna: Ríkið, það er ég.

Þetta er hugarheimur af þessu tagi, herra forseti, sem verið er að lýsa inn í.

Ég segi, og ég meina það: Ég tel að við stöndum frammi fyrir því, herra forseti, að það sem við erum að upplifa þessa daga sé einstakur valdhroki manns sem ekki þolir að eitt eða neitt trufli það sem hann hefur ákveðið eða hann vill. Þannig birtist þetta mér. Ég held að þjóðin sé alveg fullfær um að átta sig á þessum hlutum og dæma. Tilraunir hæstv. forsrh. til að lemja niður stjórnarandstöðuna jafnómerkilega og ómaklega og hann er að reyna að gera í krafti stöðu sinnar og aðgangs að fjölmiðlum munu ekki heppnast.

[16:10]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Uppákoman í þinginu núna í dag er alveg með ólíkindum og er samt sem áður skiljanleg í ljósi þess sem á undan er gengið. Ég benti á það í ræðu minni um daginn um annað mál að í íslensku virðist orðið „ráðherra" hafa aðra merkingu, meiri valdbjóðandi merkingu en sambærilegt orð í nágrannalöndunum eins og „minister" og „secretary". Erlendu orðin hafa meiri auðmýkt gagnvart þjóðinni en hið íslenska. Mér finnst athafnir hæstv. forsrh. endurspegla akkúrat þennan mun. Þarna talar sá sem valdið hefur.

Um daginn lýsti ég yfir mikilli vanþóknun á því þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir að þinghald yrði langt fram á sumar án þess að það hefði verið rætt í forsn. þingsins. Síðan kemur fram yfirlýsing að það er farið að telja hvað þingmenn flytja langar ræður þó að það sé fyllilega í samræmi við þingsköp og það eru svo aldeilis alvarleg mál sem hér eru til umræðu. Nú er nýjasta hótunin sú að það eigi að breyta þingsköpum einhliða að ósk forsrh.

Herra forseti. Ég benti á í þessari sömu ræðu minni um daginn að stjórnarhættir af þessu tagi tíðkuðust yfirleitt ekki í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Og ég nefndi þá einmitt Loðvík þann XIV., þann sama og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi áðan, og bar saman þessa stjórnartilburði. Ég benti einnig á Jeltsín, forseta Rússlands, hvernig hann hefur núna með tilskipunum rekið alla stjórn sína. Ég velti því fyrir mér hvort það yrði næsta skrefið sem búast mætti við af hæstv. forsrh. Mér virðist vera komið upp allískyggilegt ástand og ég óttast þingræðið við þessar aðstæður.

Ég verð að koma því að, herra forseti, að þau mál sem hér hafa verið til umræðu eru svo stór og umfangsmikil að það er löngu, löngu ljóst að stjórnarandstaðan getur ekki látið þau fara fram hjá sér nema með því að sýna mjög mikla andstöðu og beita rökum. Því miður kemur í ljós að ekki er hlustað á þessi rök, eins og t.d. kom fram um daginn þegar við vorum að ræða eignarhaldsfrv., að á milli 2. og 3. umr. hafði ekki verið tekið mið af röngum skilgreiningum. (Forseti hringir.) Nú verður að breyta þessu ástandi og ég skrifaði því af heilum hug undir það bréf sem hv. þm. Svavar Gestsson las upp áðan og ég vona svo sannarlega að hæstv. forsrh. fari að því sem þar stendur. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að auglýsa þetta í Mogganum?)

[16:13]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta því við vegna þeirrar alvarlegu umræðu sem hefur farið fram að ég held að óhjákvæmilegt sé að það takist með einhverjum hætti þegar Alþingi heldur áfram störfum, hvort sem það verður nú eftir helgina eins og hæstv. forsrh. hefur ákveðið eða hyggst láta verða, eða síðar, að þá verði af hálfu forseta skapaðar aðstæður til að unnt sé að ræða stöðu Alþingis og löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að hér séu á ferðinni svo alvarlegir og stórir atburðir sem varði Alþingi sjálft, þingræðið og í raun og veru kjarnann í lýðræðinu í landinu svo miklu að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki sér tíma til að ræða þetta sjálft.

Ég fer þess vegna fram á það, herra forseti, að forseti hugleiði hvort ekki sé hægt að koma þessu við. Í trausti þess að það verði mögulegt á næstu dögum bið ég forseta um að strika mig út af mælendaskrá í dagskrármálinu sem er til umfjöllunar vegna þess að þær athugasemdir sem ég ætlaði að gera þar voru fyrst og fremst tengdar því viðfangsefni sem við höfum verið að ræða. Ég vil frekar, verði þess kostur, fá að ræða þær undir formlegum dagskrárlið sem Alþingi ákveður til þess að taka þetta mál fyrir.

[16:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég átti það eitt erindi í stólinn að óska eftir því að ég yrði tekinn út af mælendaskrá í dagskrármálinu vegna þess að nauðsynlegt er að ræða rækilega hina alvarlegu stöðu milli þingsins og framkvæmdarvaldsins sem nú er komin upp og finna flöt á því máli. Ég held að mjög lítið annað sé hægt að ræða eins og sakir standa. Þegar hæstv. forsrh. er búinn að lýsa því yfir að hrammur hans stýri þinginu í smáatriðum hlýtur maður að haga sér í samræmi við það.

Samt sem áður vil ég nota tækifærið til að spyrja hæstv. forsrh., úr því að hann hefur ákveðið að hafa þingfund á mánudaginn, hvaða mál verður tekið fyrir, hvenær þingfundur hefst á mánudagsmorguninn, hvort hann geri ráð fyrir kvöldfundi á mánudag, þriðjudag og miðvikudag og hvaða mál hann vill afgreiða í næstu viku. Það er æskilegt fyrir okkur að hann skýri okkur frá því hvað þingviljinn, sem hann er kjarninn í eins og hann hefur sagt nokkrum sinnum, hugsar sér að gera í þessu máli.

[16:17]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á að beina þeim spurningum sem þarna komu fram til forsn. þingsins, ekki til mín, eins og hv. þm. veit.

Varðandi hitt atriðið sem menn hafa nefnt um umræður um framkvæmdarvaldið og þingið þá vil ég taka undir það. Ég held að það væri þarft og gott að eiga slíkar umræður, vandaðar umræður um það efni. Ég held að það sé góð hugmynd og tek undir það.

[16:17]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar undirtektir. Ég held að það sé þar með nauðsynlegt að við þróum það áfram og knýjum það fram og sköpum aðstæður fyrir það í fundarhaldinu að sem fyrst geti farið fram umræður um þingræðið andspænis framkvæmdarvaldinu. Ég legg þá ósk hér með fyrir hönd þingflokks míns til hæstv. forseta að það verði kannað hvenær sú umræða getur farið fram. Ég tel nauðsynlegt að hún fari fram hið allra fyrsta. Þá er ég að tala um á næstu þingdögum, vegna þess að ég tel útilokað að halda umræðunni áfram í þeirri sjálfheldu sem verið hefur án þess að umræðan um þingræðið sjálft og stöðu þess andspænis framkvæmdarvaldinu hafi farið fram.

Ég harma að hæstv. forsrh. skuli ekki vera tilbúinn með starfsáætlun næstu viku og viti ekki hvenær þingfundir eigi að hefjast á mánudaginn, þriðjudaginn og miðvikudaginn — það er þægilegra fyrir okkur — og eins hvenær hann hugsar sér að hafa atkvæðagreiðslu um húsnæðismálin. Það er miklu þægilegra fyrir þingmennina, okkur þessa óbreyttu hjörð, að vita hvenær við eigum að mæta á svæðið. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli ekki vera með starfsáætlun sína um þingið sitt tilbúna. En stjórnarandstaðan hefur skrifað forseta Alþingis bréf og kannski svarar hann með vorskipunum og lætur okkur vita hvað við eigum að gera.

[16:19]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú uppákoma sem hófst með komu forsrh. í sal Alþingis hefur verið dapurlegur vitnisburður um samskipti forsrh., framkvæmdarvaldsins, við stjórnarandstöðu. Þau orð sem hafa fallið í lok umræðunnar þar sem undirtektir eru af hans hálfu um að fram fari vönduð umræða, vönduð umræða um samskipti þings og framkvæmdarvalds, trúi ég að sé vísbending um það að meira að segja forsrh. gerir sér grein fyrir því hvað þessi umræða hefur sett okkur öll í slæmt ljós.

Ég spyr forseta að því hvort ekki sé svo komið að full ástæða sé til að þessi vandaða umræða um samskipti eigi sér stað áður en tekið verði til við hefðbundin þingmál sem fyrirhugað er að viðhafa á mánudagsmorgni, hvort hér hafi ekki orðið sá brestur í samskiptum að nauðsynlegt sé fyrir okkur öll að hreinsa loftið með vönduðum umræðum áður en tekið verður til við að afgreiða þau 40 mál sem bíða.

[16:20]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Vegna spurningar hv. þm. vill forseti einungis segja að hann hefur hlýtt á þær ábendingar sem hafa komið fram og efast ekki um að þær verða teknar til nánari athugunar í forsn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

# 130. FUNDUR

mánudaginn 18. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 1396. — 3. umr.
3. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 1399, brtt. 1405. — 3. umr.
4. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 1388, brtt. 1406. — 3. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[Fundarhlé. — 10:30]

[10:30]

**Útbýting þingskjala:**

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1405.

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, brtt. MS, þskj. 1406.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Samráð um þingstörfin.

[11:02]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fundarins gagnrýna aðdraganda hans. Við höfum lagt á það mikla áherslu við forseta að fram færu samtöl, að ekki væri boðuð atkvæðagreiðsla án samráðs milli forseta og þingflokksformanna. Nú gerðist það enn á ný að til þessa fundar og atkvæðagreiðslu var boðað með símtali frá skiptiborði í morgun.

Það var fremur vondur svipur á þessu, herra forseti, í kjölfar dæmalauss málflutnings forsrh. á laugardaginn. Hins vegar er það jákvætt að forseti hefur boðað á þessum morgni til fundar með þingflokksformönnum. Ég les úr þeim fundi að meiri hluti á Alþingi vilji greinilega samtöl og umræðu um þinghaldið fram undan og í ljósi þess hefur verið fallist á það af okkar hálfu að ganga til atkvæðagreiðslu og þrátt fyrir vondan svip á umræðu hér fyrir helgi, sem er mál sem við þurfum að ræða sérstaklega og ég minni á umræðu á laugardag um nauðsyn þess að hér verði tekin fagleg umræða um þingræðið gagnvart framkvæmdarvaldinu, treysti ég því að slík umræða fari fram áður en þinginu lýkur nú næstu daga en við munum ganga til þessarar atkvæðagreiðslu m.a. í ljósi þess að hér verði viðræður um framhald þingstarfa.

[11:04]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þau orð sem hv. 5. þm. Reykn. sagði áðan. Það bréf sem stjórnarandstaðan skrifaði forseta fyrir helgi er vissulega óvenjulegt en það hefur þó borið þann árangur að haldinn hefur verið fundur þingflokksformanna stjórnarandstöðu og stjórnarflokka þar sem farið hefur verið yfir málin. (Gripið fram í.) Það liggur að vísu ekki fyrir, svo ég svari frammíkallinu, hvað sá fundur kostaði en það var mjög gagnlegur fundur.

Ég tel að það sé eðlilegt með hliðsjón af þeim umræðum að menn haldi áfram samtölum um starfstilhögun eins og gert var ráð fyrir og farið fram á í bréfi okkar og ég hvet þingheim til þess að láta ekki vanstillingu hæstv. forsrh. valda úlfúð og óþarfa ósamkomulagi hér heldur reyni þingið að sýna stillingu þrátt fyrir stöðug, óheppileg inngrip hans og íhlutun í störf Alþingis.

[11:05]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég tek undir orð þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og Svavars Gestssonar, og ég túlka þann fund sem við áttum með forseta þingsins í morgun sem ákveðna viðleitni til þess að leysa það farsællega sem fram undan er en ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég varð mjög hissa á því að þessi

atkvæðagreiðsla skyldi hafa verið boðuð kl. 10.30 í morgun eftir það sem gerðist á laugardaginn og þar vil ég sérstaklega nefna orð þau sem féllu frá hæstv. forsrh.

Ég fagna því að nú er eitthvað að rofa til í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu og vona að þetta verði farsællega til lykta leitt.

## *Húsnæðismál, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 877, nál. 1349 og 1389, brtt. 1350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

Till. í nál. 1389 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:07]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem er komið til atkvæða er flutt í fullkominni ósátt við verkalýðshreyfinguna í landinu en hún hefur innan vébanda sinna flest það fólk sem þarf á félagslegri aðstoð í húsnæðismálum að halda. Með þessu frv. er verið að auka kostnað þeirra sem eiga rétt á viðbótarlánum og einnig er verið að auka kostnað sveitarfélaganna í landinu.

Verði þetta frv. samþykkt er verið að vísa fjölda fjölskyldna út á leigumarkað sem er ekki til. Þetta frv. er í mörgum atriðum afar óljóst og mikil óvissa er um hvaða afleiðingar það muni hafa eða hvernig því verður fylgt eftir. Því tel ég rétt, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það unnið betur í sátt við þá aðila sem eiga mest undir því hvernig aðstoð í húsnæðismálum er háttað.

[11:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Frumvarpið felur í sér alvarlegustu atlögu sem sést hefur síðustu áratugina á láglaunafjölskyldur í landinu en hundruð fátæks fólks verða skildir eftir án nokkurs öryggis í húsnæðismálum en því er nú hreinlega úthýst úr húsnæðiskerfinu. Það verður þessari ríkisstjórn til ævarandi skammar hvernig hún ræðst grimmilega að kjörum þeirra verst settu í þjóðfélaginu og hunsar vilja verkalýðshreyfingarinnar og 26 félagasamtaka um að fresta málinu.

Frv. mun sérstaklega draga niður lífksjör og bitna með fullum þunga á námsmönnum, einstæðum foreldrum, öldruðum og fátækum barnafjölskyldum. Ég segi að sjálfsögðu já við því að vísa frá þessari grimmilegu aðför á þessa hópa.

[11:09]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Stærstu samtök launafólks á Íslandi, ASÍ, BSRB, Kennarasamband Íslands, nær öll almannasamtök í landinu sem hafa með félagslegt húsnæði að gera, Búseti, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg, námsmannahreyfingin, húsnæðisnefndir allra stærstu sveitarfélaga landsins, allir þessir aðilar hafa óskað eftir því að frv. verði ekki samþykkt sem lög frá Alþingi í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir heldur gefist mönnum tóm í sumar til að ígrunda málin betur enda er ljóst að margt er mjög óljóst í frv. Hins vegar er ljóst að þessi lög munu rýra kjör láglaunafólks, koma í veg fyrir að lágtekjufólk á Íslandi eignist eigið húsnæði sem er nokkuð sem fáir hefðu trúað fyrir fáeinum árum, að Sjálfstfl. mundi leggjast gegn sjálfseignarstefnunni en það gerir hann og það gerir hann án þess að tryggja valkosti á leigumarkaði í staðinn.

Við viljum að menn setjist yfir málin og reyni að komast að skynsamlegri niðurstöðu og réttlátari en hér er boðið upp á. Þess vegna leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. [11:10]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Að sjálfsögðu á að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar. Þetta er illa unnið og illa frágengið frv. og engan veginn ljóst hvað tekur við og þannig er enn til óvissa og öryggisleysi ótölulegs fjölda einstaklinga og fjölskyldna í landinu enda hefur hæstv. félmrh. viðurkennt í þessum ræðustóli að enn séu fjölmargir endar lausir í málinu. Ég leyfi mér að efast um að svona væri staðið að málum í nokkru öðru þjóðríki sem vill láta telja sig siðmenntað.

26 félög og félagasamtök hafa skorað á þingmenn að fresta málinu vegna þess, herra forseti, að hér er verið að brjóta grunninn undan öryggi hundruða fjölskyldna sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda til að njóta þeirra mannréttinda í velferðarþjóðfélagi að hafa öruggt og mannsæmandi húsnæði. Ég segi já. [11:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Virðulegur forseti. Ég tel að með þessu frv. til laga um húsnæðismál sé verið að stefna að því að því er virðist markvisst að færri fjölskyldum láglaunafólks sé gert kleift að eignast eigið húsnæði á sanngjörnum og viðráðanlegum kjörum. Þetta er gert án þess að nægilegt framboð sé á leiguhúsnæði og án þess að réttarstaða og öryggi leigjenda sé bætt. Af þessari ástæðu styð ég tillögu minni hluta félmn. og tek undir mótmæli stéttarfélaganna og ég segi já við þessari tillögu. [11:12]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Fyrir hartnær 70 árum voru sett mikilvæg lög á Alþingi um félagslegar íbúðir. Í alla þessa áratugi hafa félagslegar íbúðir verið ríkur þáttur í velferðarkerfi okkar. Þær hafa verið hluti af því öryggisneti sem hefur verið mikilvægt fyrir fjölskyldur í landinu og launafólk allt. Þúsundir fjölskyldna hafa eignast íbúð í gegnum þetta kerfi með öryggi og reisn. Nú er það aflagt með þessum lögum og það eru svartir dagar á Alþingi um þessar mundir, fullkomið ósætti um þetta frv. á Alþingi, af hálfu félagasamtaka og allra sem hafa komið að vinnu við félagslegar íbúðir og húsnæði láglaunafólks. Ég vísa ábyrgð á hendur meiri hlutans á Alþingi þegar þessi lög fara að bitna á fjölskyldunum sem vísað verður frá. Ég segi að sjálfsögðu já við frávísun.

[11:13]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það gerist nú í annað sinn í atkvæðagreiðslu um stórmál sem átök eru um á Alþingi Íslendinga að stjórnarliðið, þessir öflugu flokkar sem sitja saman í ríkisstjórn, eru ekki með nægilega marga þingmenn til að tryggja framgang málsins ef stjórnarandstaðan sinnti ekki betur þingskyldu sinni en þeir stuðningsmenn stjórnarinnar sem eru fjarverandi í atkvæðagreiðslunni. 40 þingmenn styðja ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Ellefu þeirra eru fjarverandi í þessari mikilvægu atkvæðagreiðslu. Í annað sinn á stuttum tíma þegar fjallað er um stórmál ræður ríkisstjórnarmeirihlutinn ekki við að koma málinu fyrir eigin frumkvæði í gegnum Alþingi.

Þetta er til skammar fyrir þessa flokka, virðulegi forseti. Það nær engri átt að tilboði stjórnarandstöðunnar um samkomulag sem gangi í þá veru að halda ekki fram fundum Alþingis í síðustu vikunni fyrir kosningar sé hafnað af forsrh. sem heldur ekki betur utan um sitt eigið lið en dæmin sanna.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:15]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er auðvitað mjög slæmt að þessi atkvæðagreiðsla skuli hafin um frv. Það hefði verið eðlilegt að fresta henni áður en atkvæðagreiðslan hófst um 1. gr. með hliðsjón af orðum hv. 4. þm. Vestf. Það er augljóst mál að staðan er núna þannig að ríkisstjórnin hefur ekki vald á stöðunni hér í salnum. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar og bón til stjórnarandstöðunnar að við hjálpum þessu máli í gegn af öllum málum sem er þannig að það er verið að afnema félagslega íbúðarkerfið? Fyrir utan það hvað málið er slæmt gagnvart láglaunafólki í landinu þá er málatilbúnaðurinn allur hneyksli og tök stjórnarforustunnar hér inni eru ótrúlega slöpp og lydduleg að öllu leyti þannig að ég hefði talið að langeðlilegast væri að fresta núna þessari atkvæðagreiðslu í einn eða tvo klukkutíma til þess að stjórnarliðið geti a.m.k. reynt að telja hér inn fleiri í atkvæðagreiðsluna þannig að málið liggi ekki þannig að stjórnarandstaðan sé að hjálpa málinu í gegn.

[11:17]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þessari lagabreytingu eru gerðar veigamiklar endurbætur á félagslega húsnæðiskerfinu. Ekki er dregið úr hinni félagslegu aðstoð en valfrelsi einstaklinga er aukið verulega með því að taka upp félagslegt lánakerfi í staðinn fyrir félagslegt íbúðakerfi. Hið félagslega íbúðakerfi sem nú er verið að loka var barn síns tíma.

Þeir einstaklingar sem nú eru í félagslega kerfinu halda öllum réttindum sínum samkvæmt gildandi lögum. Átak verður gert til að fullnægja þörf fyrir leiguíbúðir. Húsaleigubætur eru nú greiddar í öllum sveitarfélögum á allt leiguhúsnæði til lágtekjufólks.

[11:18]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Lagagreinin sem við erum að greiða atkvæði um er svohljóðandi:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum."

Þetta eru eftirsóknarverð markmið og upp á þau gæti ég skrifað. En þegar þessi grein er skoðuð með hliðsjón af frv. í heild sinni kemur í ljós að lagagreinin er gróf öfugmæli og blekking gagnvart almenningi. Það er ekki verið að tryggja öryggi í húsnæðismálum eins og segir. Það er ekki gert ráð fyrir því að verja fjármunum sérstaklega til að auka — takið eftir — til að auka frá því sem nú er möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Þetta er blekking og blekkingar á ekki að samþykkja. Það á ekki að lögfesta blekkingar. Við eigum að lögfesta þessa lagagrein þegar fyrir henni er innstæða.

[11:19]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Það var sýnt fram á það hér við 2. umr. um þetta mál að frv. er ekki til þess fallið að auka öryggi landsmanna í húsnæðismálum. Frv. er ekki til þess fallið að auka jafnrétti landsmanna í húsnæðismálum. Þvert á móti er lægst launuðu hópunum vísað út á guð og gaddinn. Félagslega samhjálpin í húsnæðiskerfinu lögð niður án þess að nokkuð tryggt komi í staðinn. Tilgangur frv. er því ekki í samræmi við efni þess og vísa ég því allri ábyrgð á þessu frv. á hendur ríkisstjórninni og greiði ekki atkvæði.

[11:19]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég tek undir það að eðlilegast hefði verið að fresta þessari atkvæðagreiðslu þannig að fleiri óbreyttir stjórnarþingmenn gætu komið til starfa sinna hér.

Að öðru leyti er það mitt mat á 1. gr. frv. að hún sé eða verði í besta falli gagnslaus en í versta falli, lesin saman við önnur ákvæði frv., boði hún það upphaf að endalokum félagslegra áherslna í húsnæðismálum sem þetta frv. auðvitað stendur fyrir.

Það er alveg ljóst að með því að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna og félagslegt íbúðalánakerfi, húsnæðiskerfi, eru stjórnvöld að missa úr höndum sér það tæki sem hægt hefur verið að beita á undanförnum árum og áratugum til þess að veita þeim forgang sem mesta þörfina hafa fyrir aðstoð. Það verður ekki hægt í hinu markaðsvædda kerfi ríkisstjórnarinnar þar sem „herra markaður" leggur alla að jöfnu.

Það er því alveg ljóst, herra forseti, að þetta frv. er fyrst og fremst árás á tekjulægsta fólkið í landinu, einstæðar mæður, námsmenn og aðra slíka sem hingað til hafa fengið forgang í hinu félagslega kerfi.

[11:21]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um atkvæðagreiðsluna. Það voru viðbrögð okkar við fundi forseta í morgun og vilja hans til að hafa samráð um þinghaldið að við féllumst á að ganga til þessarar atkvæðagreiðslu. Í þeirri ákvörðun okkar á þingflokksfundum fólst ekki að með því að sýna

þennan góða vilja þá værum það við sem gerðum atkvæðagreiðslu á þessum morgni mögulega. Ef það er þannig eins og virðist við atkvæðagreiðslu um 1. gr. frv. að meiri hluti þingsins hafi ekki atkvæðamagn til að halda áfram með sitt eigið frv., þá hljótum við, herra forseti, að óska eftir hléi á atkvæðagreiðslunni til þess að halda þingflokksfundi. Ég hef ekki umboð til þess að ganga til þessarar atkvæðagreiðslu og hleypa í gegn þessu frv. félmrh. sem við erum svo andvíg í gegn á þessum morgni. Hins vegar hef ég umboð til að sýna góðan vilja og mæta til atkvæðagreiðslu.

Þetta er alvarlegt mál, herra forseti.

[11:22]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Yfirlýstur tilgangur þessa frv. er að taka upp félagslegt lánakerfi í staðinn fyrir félagslegt íbúðalánakerfi. Ég verð að segja að ef það er falið í þessu frv. og einnig það valfrelsi sem hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan, þá er frv. á dulmáli.

Ég hef lesið frv. aftur á bak og áfram og það er ekkert í því sem tryggir framhaldið. Með því að samþykkja þetta frv. er verið að stefna öllum þessum málum út í óvissuna og miklar líkur eru á að stór hluti þeirra sem áður hafa fengið fyrirgreiðslu á félagslega íbúðalánamarkaðnum fái ekki fyrirgreiðslu vegna þröngs greiðslumats. Þar að auki eru ekki neinar leiguíbúðir til reiðu í þjóðfélaginu til að vísa þeim hópi þá á.

Ég er mjög andvíg þessu frv. og greiði ekki atkvæði.

[11:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Markmiðssetning þessarar greinar um öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum er í engu samræmi við efni frv. sem úthýsa mun úr húsnæðiskerfinu hundruðum láglaunafólks. Þetta er frv. um óöryggi og ójafnrétti í húsnæðismálum láglaunafólks. Ákvæðið er því öfugmæli og stenst ekki.

Ég vil mótmæla því, herra forseti, að stjórnarandstaðan þurfi að hjálpa þessu frv. í gegn á þessum fundi þegar meiri hlutinn hefur ekki þingstyrk til að koma því í gegn. Ég tek því undir að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og greiði þessari grein ekki atkvæði.

[11:25]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill aðeins segja, vegna þeirra óska sem hér hafa komið fram um að fresta atkvæðagreiðslunni, að hún er hafin. Forseta er ljóst að það vantar þingmenn í salinn sem ekki eru með fjarvistarleyfi og forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kanna hvort þeir eru langt í burtu og gerir auðvitað kröfu til að menn mæti á þingfundi. (**SJS:** Getur forseti lesið upp hvaða menn það eru sem vantar í salinn og ekki eru með fjarvistaleyfi?) Það er kannski eðlilegt að forseti lesi þá upp fjarvistaskrána og hún er svohljóðandi:

Eftirtaldir þingmenn biðja um fjarvistarleyfi í dag:
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.

Síðar hafa borist boð um að Sturla Böðvarsson óski eftir fjarvistarleyfi.

Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv., boðar veikindaforföll.

Forseti vonar að hv. þingmenn, þrátt fyrir þetta, taki þátt í atkvæðagreiðslunni.

[11:26]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er ekki viðunandi að halda áfram með atkvæðagreiðsluna við þessar aðstæður vegna þess að staðreyndin er einfaldlega sú að ef stjórnarandstæðingar ekki hjálpuðu til með viðveru sinni, þá mundi ríkisstjórnin með þennan mikla þingmeirihluta ekki hafa vald á málinu og framgangur þess mundi því frestast.

Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt, herra forseti, að þingflokkar stjórnarandstöðunnar fái ráðrúm til þess að ræða þessa stöðu og taka ákvörðun um það hvort þeir í annað sinn í átökum um stórmál ætla að hlaupa í skarðið fyrir þingmenn stjórnarflokkanna sem eru fjarverandi, ekki til þess að greiða atkvæði með málinu heldur til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu þannig að hægt sé að halda áfram með afgreiðslu málsins.

Menn hljóta, virðulegi forseti, að taka tillit til óska stjórnarandstöðunnar um þingflokksfundi því að hún hefur það auðvitað alltaf í hendi sér að ákveða sjálf að nauðsynlegt sé að gera hlé á atkvæðagreiðslunni og hún hefur fullt vald á því að taka þá ákvörðun eins og málin standa í dag svo ég fer þess vinsamlega á leit við hæstv. forseta að hann taki þá ákvörðun fyrir þingið svo að stjórnarandstaðan þurfi ekki að taka ákvörðun um það ein og sjálf.

[11:27]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessar óskir sem hér hafa komið fram og mælast til þess að gert verði hlé á fundinum meðan smalað er í stjórnarliðinu og kannað hvort þessi stóri meiri hluti er til eða a.m.k. einhver partur af honum. Því spyr ég: Er ekki skynsamlegt með hliðsjón af stöðu mála að gera hlé á fundinum í hálftíma eða svo þannig að hægt sé að gera út lið til að smala og tína saman stjórnarliðið?

Það er greinilegt að atkvæðagreiðslan var ótímabær. Það var ótímabært að ákveða þessa atkvæðagreiðslu. Stjórnarflokkarnir hafa ekki vald á sínum málum, halda það illa utan um sitt lið að það er greinilegt að ekki er hægt að halda áfram störfum þingsins. Það er nú búið að kvarta mikið um að ekki sé hægt að halda þeim áfram af því að stjórnarandstaðan tali. Það er greinilegt að aðalvandi þinghaldsins er sá að stjórnarliðar nenna ekki einu sinni að mæta í atkvæðagreiðslurnar. Ég held að það sé algert lágmark, herra forseti, að það verði knúið á um að stjórnarliðið sýni sig hér á staðnum.

[11:28]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill af þessu tilefni, sem á nú að vera óþarfi, benda hv. þingmönnum á skyldu þeirra til að sækja alla þingfundi. Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að kanna hvort þeir, sem ekki eru hér á fundi og hafa ekki fjarvistarleyfi, eru hér nærri og boðar þá til þess að mæta á fundinn.

Hitt er út af fyrir sig athugunarefni að fresta fundi að beiðni stjórnarandstöðunnar þó að forseta sé ekki alveg ljóst hvað stjórnarandstaðan ætlar að ræða. Forseti vill spyrja hvort stjórnarandstaðan ætlar sér að ræða það að taka þá ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Það kann að vera svo. En þá bendir forseti líka á þingskapaákvæði um skyldu þingmanna til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Forseti vill freista þess að halda atkvæðagreiðslunni áfram þrátt fyrir þá augljósu staðreynd sem hér hefur verið dregin fram að stjórnarflokkarnir hafa ekki meiri hluta þingheims á fundinum. En það kemur ekki í veg fyrir að atkvæðagreiðslunni verði haldið áfram.

[11:30]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við þingmenn erum alltaf þakklátir virðulegum forseta fyrir að minna okkur á skyldur okkar. Ég verð þó að segja alveg eins og er að mér fannst þessi ádrepa virðulegs forseta minna helst á það sem stundum er sagt, að það hendi prestana að skamma þá fáu sem mæta í messurnar vegna hinna sem ekki koma.

Ég held að ádrepa hæstv. forseta eigi að beinast að öðrum, við þetta tilefni, heldur en stjórnarandstöðunni. Ég held að það sé líka nauðsynlegt, herra forseti, að við fáum nafnakall í næstu atkvæðagreiðslu þannig að ljóst verði hverjir það eru sem hafa þá átt þetta skilið.

[11:31]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við gerum okkur mjög vel ljóst hverjar skyldur okkar eru til að mæta á þingfundi. Stjórnarandstaðan hefur svo sannarlega axlað skyldur sínar á liðnum vikum. Hins vegar er líka ljóst að þessi atkvæðagreiðsla var að beiðni stjórnarmeirihlutans og það sem ég benti á þegar ég kom upp, og tjáði mig um atkvæðagreiðsluna, var að ég var ekki viss nema að þingflokkur minn hefði sóst eftir því að þessari atkvæðagreiðslu yrði frestað, ef hann hefði gert sér grein fyrir því að með viðveru sinni hér er hann að gera stjórnarmeirihlutanum kleift að fara í gegnum aðra atkvæðagreiðslu þess frv., sem við erum mjög andvíg. Sú er staðan í málinu.

Ég vil tilkynna herra forseta að ég muni ekki leggja það til við þingflokk minn að við tökum valdið í okkar hendur og göngum héðan úr atkvæðagreiðslu ef einhver heldur það. Mér finnst hins vegar ekki óeðlilegt að sú ósk sé borin fram að meiri hlutinn sjálfur axli ábyrgð á því að taka frv. af þessu tagi í gegnum þingið í kjölfar þeirrar umræðu og þess þunga sem verið hefur í málinu og öðrum stórum málum stjórnarmeirihlutans að undanförnu. Þetta segi ég, virðulegi forseti, í fullri alvöru.

[11:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti vill upplýsa að hann hefur fengið upplýsingar um að tvö nöfn hafi fallið niður af fjarvistarskrá, þ.e. hv. 2. þm. Austurl. Jón Kristjánsson og hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sem er erlendis. Enn vantar skýringar á fjarvist þriggja stjórnarliða og það er sjálfsagt að telja þá upp ef það mætti verða til þess að ekki yrði krafist nafnakalls um næstu grein. Þeir eru Árni Johnsen, Einar Oddur Kristjánsson og Stefán Guðmundsson.

[11:33]

**Sighvatur Björgvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að spyrja formenn þingflokka stjórnarflokkanna: Eru þeir ekki hér?

(**Forseti** (ÓE): Þeir hafa verið á fundi en eru sjálfsagt að reyna að hafa uppi á þeim sem fjarverandi eru. Forseta dettur það í hug.)

Þá er ástæða til þess að spyrja, áður en lengra er haldið, hvort það sé von á því að nægilega margir stjórnarþingmenn komi til leiks í dag og hvort búast megi við því að meiri hluti ríkisstjórnarinnar standi í dag.

Í öðru lagi væri ástæða til að spyrja: Var hæstv. forseta kunnugt um það, þegar hann tók ákvörðun um að hefja atkvæðagreiðslu í þessu umdeilda máli, að stjórnarþingmenn mundu ekki mæta nægilega margir til þess að hafa tök á málinu?

Í þriðja lagi finnst mér full ástæða til að beina þeirri ósk til hæstv. forseta að áður en gengið verði til atkvæða um svo mikið átakamál eins og hér er um að ræða, þá sé gengið úr skugga um það að hæstv. ríkisstjórn hafi vald á málinu. Það gengur ekki, virðulegi forseti, að á sama tíma og hæstv. forsrh. sýnir okkur alþingismönnum og stjórnarandstöðuþingmönnum dónaskap, eins og hann gerði á laugardaginn, þá þurfi hæstv. ríkisstjórn ávallt að treysta á viðveru okkar og sanngirni í þingstörfum til að koma fram málum sem við erum algerlega á móti.

(**Forseti** (ÓE): Forseta var ekki kunnugt um fjarvistir þeirra sem ekki höfðu gert viðvart um að þeir yrðu ekki viðstaddir fundinn.)

[11:35]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Mjög eindregnar óskir hafa komið fram með mjög gildum rökum um að þessari atkvæðagreiðslu sé frestað.

(**Forseti** (ÓE): Hver eru rökin?)

Að hér vanti stjórnarliða og stjórnarandstaðan sem algerlega er andvíg þessu frv. sé sett í þá stöðu að þurfa að hjálpa til við að atkvæðagreiðslan geti gengið fram af því að stjórnarliðar hafa ekki þingstyrk til þess. Ég vil nefna það hér að ég var ein þeirra sem mælti gegn því við þingflokksformann minn, á þingflokksfundi hér áðan, að við mundum fara í þessa atkvæðagreiðslu. Það var ekki síst í ljósi þeirrar uppákomu sem varð hér á laugardaginn. Ég féllst þó á það í trausti þess að þingliðið hefði meiri hluta til þess að koma í gegn þessu frv. sem við erum algerlega andvíg. Ég ítreka mótmæli mín við því, herra forseti, að ég skuli þvinguð í atkvæðagreiðsluna undir þessum kringumstæðum. Enn og aftur spyr ég um það, herra forseti, hvort ekki sé hægt að fresta þessari atkvæðagreiðslu þar til fyrir liggur hvort þessir þrír stjórnarliðar, sem ekki hafa boðað fjarvist, geti verið við þessa atkvæðagreiðslu. Það er óviðunandi fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að þurfa að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu við þessar aðstæður.

[11:36]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Málið snýst ekki um þingtækni eða þingsköp. Það snýst um efni málsins. Það er verið að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Margir þingmenn hafa tekið til máls af því tilefni og geta menn ekki skilið það, herra forseti, að það sé erfitt fyrir þá sem hafa talað gegn þessu, sumir lengi, að það skuli í raun og veru vera þeir sem hjálpi málinu í gegn? Það hlýtur að liggja í augum uppi að það er erfitt. Ég vil því bara skírskota til sanngirni hæstv. forseta og biðja hann að velta því fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að frestað þessari atkvæðagreiðslu um sinn og reyna að átta sig á stöðunni.

Greinilegt er að ríkisstjórnin heldur ekki nægilega vel utan um sín mál. Það er illa á málum haldið af hennar hálfu. Það er boðaður atkvæðagreiðslufundur undir mótmælum okkar og sagt: Eins og líf liggi við. Svo kemur í ljós að stjórnin getur ekki haldið þeirri atkvæðagreiðslu áfram. Frammistaða stjórnarliðsins í þessum máli er auðvitað algerlega með endemum, herra forseti.

Þess vegna vil ég spyrja hvort ekki sé skynsamlegt að hinkra í hálftíma eða svo til þess að kanna hvort ríkisstjórninni eða stjórnarliðinu tekst þá að ná vopnum sínum.

Hitt vil ég segja af minni hálfu og af hálfu þingflokks Alþb. og óháðra, að við munum gegna þingskyldum okkar samkvæmt þingsköpum og lögum landsins og hvergi víkjast undan í þeim efnum. Ég bið hæstv. forseta að skilja að vandi okkar er mikill og hann er efnislegur í málinu sem hér er á dagskrá.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hefur heyrt þessar óskir og það hefur verið óskað eftir að stjórnarandstaðan fái tækifæri til þess að ráða ráðum sínum. Forseti ætlar að verða við þeirri ósk og fresta fundi til kl. 12.)

[Fundarhlé. — 11:39]

[12:02]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur rætt þá alvarlegu stöðu í þinghléi að ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafa ekki bolmagn til að afgreiða þetta frv. vegna fjarveru þingmanna, sumra án fjarvistarleyfis. Þrátt fyrir harða andstöðu þingflokks okkar gagnvart þessu frv. og afgreiðslu þess munu þingmenn jafnaðarmanna axla skyldur sínar skv. 64. gr. þingskapa þar sem segir:

„Skylt er þingmanni að vera viðstaddur og taka þátt í atkvæðagreiðslu nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Við munum þess vegna, herra forseti, ekki vera með frekari andmæli við því að atkvæðagreiðslu verði fram haldið.

[12:03]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan munum við þingmenn Alþb. og óháðra lúta þeim lögum sem gilda í landinu og í þingsköpum og að sjálfsögðu taka þátt í atkvæðagreiðslu eins og efni standa til.

Hins vegar vil ég láta það koma fram að það breytir auðvitað engu um mjög harða andstöðu okkar við húsnæðisfrv. sem er aðalatriði þessa máls að menn átti sig á að andstaða okkar við það mál er með þeim hætti að við viljum á engan hátt láta bendla okkur við afgreiðslu þess eins og stefndi í fyrir nokkrum mínútum.

Ég vil einnig þakka hæstv. forseta fyrir að gefa það hlé sem gefið var vegna þess að það skiptir máli að samið sé eðlilega um þingstörfin á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og menn geti lagt niður bréfaskriftir umfram það sem er þegar orðið.

Brtt. 1350,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að búa til nýja stofnun og leggja aðra niður. Í þessu sambandi vil ég nefna tvennt: Starfsöryggi núverandi starfsfólks er ekki tryggt í samræmi við yfirlýsingar hæstv. félmrh. um að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja starfsöryggið. Það getur hann gert með því að setja forgangsréttarákvæði í lagatextann og þessu verður að breyta áður en frv. er endanlega afgreitt frá Alþingi.

Hitt atriðið sem ég vildi leggja áherslu á er að hætta er á því að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið til að taka húsnæðismálin algerlega undan forræði lýðræðislega kjörinna fulltrúa og fela þau fjármagnsmarkaðnum í samráði við OECD-skýrsluna sem var dreift í síðustu viku en í henni segir að ríkisstjórnin íslenska sé að gera breytingar á húsnæðiskerfinu í þá átt að einkavæða það. Í OECD-skýrslunni segir að væntanlega sé lítil ástæða til að halda þessari nýju stofnun í ríkiseign. Henni mætti breyta í húsnæðislánabanka sem væri hægt að selja einkageiranum.

Hér er verið að stíga skref sem betur væru óstigin.

[12:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Með stofnun svonefnds Íbúðalánasjóðs samkvæmt þessari grein er í reynd verið að leggja Byggingarsjóð verkamanna niður og þar með leggja niður það tæki sem stjórnvöld hafa haft til þess að aðstoða þá sem í mestri þörf eru fyrir stuðning við húsnæðisöflun með hagstæðum lánskjörum og með reglum um forgang þeirra. Þar með er verið að markaðsvæða algerlega húsnæðislánafyrirkomulagið og menn tapa þeim möguleika að beina aðstoðinni til sérstakra hópa sem hafa erfiðastar aðstæður til að leysa úr málum sínum sjálfir.

Það er þó viðbótarhneyksli, herra forseti, að þetta frv. sem flutt er af hæstv. félmrh. og þar með yfirmanni vinnumarkaðsmála í landinu skuli vera fyrsta einkavæðingarfrv. eða einkavinavæðingarfrv. af hálfu nokkurrar ríkisstjórnar þar sem ekki er minnst einu orði á réttindi starfsmanna við þá opinberu stofnun sem á í reynd að fara að leggja niður. Það er hæstv. félmrh. til alveg sérstakrar háðungar og er þá langt til jafnað.

[12:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Stofnun þessa nýja banka felur í sér markaðsvæðingu á félagslega íbúðalánakerfinu og að allri félagslegri aðstoð verði vikið til hliðar sem veitt hefur láglaunafjölskyldum tugþúsundum saman í 70 ára sögu félagslega íbúðalánakerfisins öryggi í húsnæðismálum.

[12:08]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þessari grein er verið að stofna nýja ríkisstofnun en Húsnæðisstofnun ríkisins er þar með lögð niður. Þetta gerist án þess að réttindi starfsfólks séu tryggð á nokkurn hátt í lögunum. Ekki er einu sinni vilji til þess að kveða á um forgang starfsfólks að störfum. Þetta er algerlega óviðunandi og ég greiði atkvæði gegn þessari grein.

[12:09]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á fundi í félmn. með fulltrúum starfsfólks kom fram að starfsfólk hefði átt fund með félmrh. og formanni stéttarfélaga og á þeim fundi hefði komið skýrt fram að starfsmenn mundu njóta þess sama og í öðrum stofnunum þar sem eins er ástatt með varðandi breytingar.

Sömuleiðis hefði það komið fram á fundi starfsmanna með aðstoðarmanni ráðherra að auðsótt yrði að tryggja stöðu starfsfólks. Þetta var gert, herra forseti, í lögum um Örnefnastofnun þar sem sérstakt ákvæði var sett um að tryggja starfsfólki sambærilega stöðu. Við óskuðum eftir því að slíkt ákvæði yrði sett inn í lögin að starfsfólki yrði tryggð sambærileg staða að því marki sem stöðugildi gerðu kleift. Það var ekki orðið við þessu. Húsnæðisstofnun er lögð niður. Þetta er markaðsvæðing. Öll lán verða á markaðsvöxtum. Nýja stofnunin verður sjálfbær. Ekkert félagslegt verður lengur að finna.

5.–6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi grein felur það í sér að ráðherra hefur einn vald til þess að skipa stjórn Íbúðalánasjóðsins til fjögurra ára í senn. Hér með er verið að taka út og breyta því að Alþingi kjósi stjórn yfir húsnæðismálum án þess að það hafi verið rætt efnislega á þingi eða úti í þjóðfélaginu hvað sé rétt í þeim efnum, hvar Alþingi eigi að koma að eftirlitshlutverki sínu með því að kjósa menn í stjórn og hvar ekki. Þetta er algerlega óásættanlegt, hæstv. forseti, bæði það mikla vald sem ráðherrann hefur og einnig það hvernig menn ganga fram í því að taka fulltrúa Alþingis í burtu án þess að við höfum rætt það í þaula hvernig þeim málum skuli háttað. Því greiði ég atkvæði gegn þessari grein.

[12:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Í raun er það svo að þetta frv. gerir ráð fyrir nánast algeru einveldi hæstv. félmrh. Í því felast m.a. þær breytingar að félmrh. á nú að skipa einn fríhendis alla stjórn hins nýja Íbúðalánasjóðs en Alþingi kaus áður stjórn Húsnæðisstofnunar eins og kunnugt er.

Í viðbót við þetta hefur hæstv. ráðherra gífurlega rúmt reglugerðarvald samkvæmt þessu frv. þannig að annað eins hefur sennilega ekki sést í annan tíma og í þriðja lagi er svo í frv. hent út fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar þar sem þeir hafa átt aðild að málum í gegnum húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Þegar allt er samanlagt, herra forseti, er hér á ferðinni ákaflega ólýðræðislegt fyrirkomulag, mikil valdasamþjöppun undir einum og sama manninum, hæstv. félmrh. Þetta er í stíl við það sem einkavæðingin hefur yfirleitt falið í sér á undanförnum árum að allt vald er fært í hendur eins pólitísks ráðherra.

Þessu mótmæli ég, herra forseti, og greiði atkvæði gegn þessari grein.

[12:14]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að skerða lýðræðið. Í stað þess að stjórn hinnar nýju stofnunar sé skipuð af Alþingi verður það á valdi félmrh. eins hver situr í stjórninni og það er óneitanlega erfitt að skilja hvers vegna ríkisstjórnin og fylgismenn hennar á Alþingi, hinn sívökuli og gagnrýni meiri hluti að baki ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vilji draga úr lýðræðinu nema hann vilji búa í haginn fyrir sölu Íbúðalánasjóðs í anda OECD-skýrslunnar því að svo er farið að

þegar stofnanir eru gerðar að hlutafélögum eða þær einkavæddar er fyrsta skrefið að taka þær undan stjórn Alþingis og færa þær undir viðkomandi hluthafa, fyrst einn ráðherra, síðan nýja eigendur. Þetta get ég ekki samþykkt.

[12:15]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Í þessari grein er ráðherravaldið fest í sessi í anda þess sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert í öðrum málum. Í þessari grein er kveðið á um að félmrh. skipi tíu menn í stjórn Íbúðalánasjóðs án nokkurra tilnefninga og án þess að hann þurfi að hafa samráð um það við nokkurn einasta mann nema sjálfan sig. Félmrh. skal auk þess, í samráði við sjálfan sig væntanlega, skipa formann og varaformann úr þeim hópi. Ég get ekki fallist á slíkt einræði ráðherra eins og kveðið er á um í þessari grein. Hún er andvíg lýðræðislegum stjórnarháttum. Ég greiði því atkvæði gegn greininni.

Brtt. 1350,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er kveðið á um að framkvæmdastjóri ráði starfsfólk Íbúðalánasjóðs. Ávallt þegar breytt hefur verið um rekstrarform á opinberum stofnunum eða starfsumhverfi þeirra hefur starfsfólki með lögum verið tryggður forgangur til starfa. Ráðherra atvinnumála breytir nú þessari hefð og neitar að tryggja starfsfólkinu forgang.

Hér er um að ræða nýja stefnu í starfsmannamálum undir forustu atvinnumálaráðherrans. Hér er níðst á starfsfólki og rétti þess. Skömmin og ábyrgðin á því er atvinnumálaráðherrans.

Brtt. 1350,4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,5 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:19]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. er undirstrikað að hinn nýi Íbúðalánasjóður á að vera sjálfbær stofnun og að ekki er reiknað með framlögum úr ríkissjóði til hans. Þar með er stigið eitt skrefið í þá átt að afnema félagslega aðstoð í húsnæðiskerfinu. Ekkert liggur fyrir um hvaða áhrif þessi breyting muni hafa á fjármagnsmarkaðinn og verðbréfamarkaðinn og m.a. vakti Vinnuveitendasambandið sérstaka athygli á því að ekkert slíkt mat liggur fyrir. Á þessu verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð, herra forseti, og ég greiði ekki atkvæði.

10. gr., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** JóhS.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:20]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í þessari grein er kveðið á um að kerfið skuli markaðsvætt. Fjármagns skal aflað í gegnum markað, ekki með framlögum úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins og enda þótt slíkt kunni að verða gert með tilvísun til annarra greina og með bráðabirgðaákvæðum, þá kemur hér fram hver hin raunverulega hugsun er sem að baki býr.

Í markaðsvæðingu kerfisins felst ekki sparnaður fyrir samfélagið og þetta er ávísun á auknar byrðar á þá sem koma til með að nýta sér kerfið. Þeir hins vegar fagna sem hagnast á fjármagni, háum vöxtum og viðskiptum með verðbréf og húsnæði enda er smám saman verið að færa valdið til þeirra.

Það er verið að færa skattheimtuvaldið út á fjármagnsmarkaðinn. Þar bíður sveit manna fagnandi. Sérstaklega gleðst hún yfir að eiga svona góða ríkisstjórn, ríkisstjórn sem aldrei velkist í vafa um hvaða fólk það er sem á að vera í fyrirrúmi.

[12:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þessu ákvæði er staðfest að félagsleg aðstoð í húsnæðismálum láglaunafólks á Íslandi er liðin tíð. Sjóðurinn skal standa undir sér sjálfur með markaðsvöxtum og gjaldtöku af láglaunafólki. Hér er hátt reitt til höggs gagnvart fátæku fólki á Íslandi. Þetta sýnir skilningsleysi ráðherranna gagnvart þeim verst settu og verður svartur blettur á þessari ríkisstjórn um alla framtíð. Ég segi nei.

11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:22]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þessi nýja húsnæðisstofnun, Íbúðalánasjóður, á að verða afskaplega sjálfstæð stofnun eins og hefur komið fram. Þar á ekki að vera neitt ríkisframlag, engin afskipti félmrh. öðruvísi en að kalla eftir upplýsingum o.s.frv. eins og mun koma fram í atkvæðaskýringum hér.

Þrátt fyrir þetta er á bls. 70 getið um þær reglugerðir sem á að setja um þennan sjóð og þær, herra forseti, eru hvorki fleiri né færri en 28. Í þeirri grein sem við greiðum atkvæði um er getið um fyrstu reglugerðina.

Alþingi hefur verið að þoka sér frá þessum vinnubrögðum, reyna eins og unnt er að setja skýringar í lagagreinarnar sjálfar og komast fram hjá því að vera með mikið reglugerðafargan og það er skelfilegt að sjá það í lok þings 1998 að setja eigi 28 reglugerðir við lög um stofnun sem sagt er um að eigi að vera algjörlega sjálfstæð.

13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:24]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að skera á þau tengsl sem verkalýðshreyfingin átti inn í húsnæðiskerfið. Ekki er nóg með að dregið sé úr valdsviði og umsvifum húsnæðisnefndanna heldur er fulltrúum launafólks ýtt þaðan út. Húsnæðisnefndirnar eiga að sinna eftirlits- og aðhaldshlutverki og ég spyr: Hver er sá aðili í þjóðfélaginu sem er líklegastur til að sinna þessu hlutverki? Það er verkalýðshreyfingin. Þess vegna á að efla tengsl hennar við þetta kerfi, ekki draga úr þeim tengslum eins og hér er lagt til.

Brtt. 1350,6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni enn eitt ákvæðið í frv. sem felur í sér aukin útgjöld frá því sem nú er fyrir láglaunafólk með gjaldtöku sem er 70–100 þús. kr. hærri en í dag fyrir að komast inn í kerfið og 100–200 þús. kr. meira vegna sölulauna til fasteignasala sem fitna nú verulega á kostnað láglaunafólks. Ábyrgðina af þessari ósvífni verður ríkisstjórnin sjálf að bera. Ég greiði ekki atkvæði.

[12:26]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að draga úr kvöðum og ábyrgð sveitarfélaga til að aðstoða fólk í húsnæðisvanda. Á það hefur ítrekað verið bent við umræðuna um frv. að sum sveitarfélög hafa ekki sinnt félagslegum skyldum sínum og væri nær að herða ákvæði hvað þetta varðar, ekki draga úr þeim.

Hér er verið að opna fyrir gjaldtöku sveitarfélaga. Hér er opinn tékki, óhnýttir endar og óvönduð vinnubrögð, í stuttu máli: Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að störfum.

14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:27]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í umfjöllun um þetta mál hefur verið harðlega gagnrýnt, m.a. af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að frv. tryggir engan veginn að sveitarfélögin komi til móts við það fólk sem þarf á húsnæði að halda. Það er engin slík trygging og það þýðir ekki að vísa til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er orðalagið einnig mjög veikt. Algjörlega skortir á að tryggt sé að þeim breytingum sem hér er verið að boða verði fylgt eftir.

Þetta er skref aftur á bak, hæstv. forseti, og ríkisstjórnin verður að bera ábyrgð á þessu máli.

Brtt. 1350,7 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að tilvísun til einstaklinga er felld brott er sú að almennu lánin sem fjallað er um í þessari lagagrein eiga að ná til lána á vegum félagasamtaka einnig, Búseta, Öryrkjabandalagsins og námsmannaíbúða. Þetta mun hafa í för með sér stórauknar byrðar á þessa aðila og þar af leiðandi þyngja kjör námsmanna, öryrkja og annarra þeirra sem fá húsnæði í gegnum þessa aðila. Hér er komin ein meginskýringin á mótmælum Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar, Búseta og annarra þeirra sem sýsla með félagslegt húsnæði í landinu, en þeir krefjast þess m.a. vegna þessrar lagagreinar að frv. verði frestað.

[12:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þetta ákvæði um að félagasamtök eigi kost á húsbréfum mun hvorki nýtast búsetahreyfingunni, námsmönnum, fötluðum né öðrum félagasamtökum meðan ekki er opnað á 25% viðbótarlán til þeirra einnig. Svona sýndarmennskuákvæði er ekki hægt að styðja.

15. gr., 1. tölul., svo breyttur, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr., 2. tölul., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:30]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Í 2. tölulið 15. gr. frv. er kveðið á um viðbótarlán til einstaklinga til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði. Það er það eina sem stendur eftir og getur af hálfu stjórnarmeirihlutans kallast félagsleg aðgerð, að fólk fær viðbótarlán þannig að lánið verði 90% af kaupverði. Samkvæmt frv. áttu vextir af þessum viðbótarlánum að vera breytilegir og gefið var til kynna að þar með yrðu vextir af viðbótarlánum niðurgreiddir. Ljóst er að svo verður ekki því í meðförum stjórnarmeirihlutans var ákveðið að þarna yrðu einnig almennir vextir. Þetta ákvæði er um að fólk geti fengið meira lán á almennum markaðsvöxtum og vaxtabætur. Það er það félagslega sem nú finnst fyrir láglaunafólk.

[12:31]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Viðbótarlánin eiga að bera markaðsvexti. Einstaklingar eru sviptir rétti til viðbótarlána ef sveitarfélögin greiða ekki 5% framlag í varasjóð. Viðbótarlánin munu skapa nýtt biðraðakerfi. Hægt er að skilyrða þau næstu tvö árin, því að fólk hafi ekki frelsi til að kaupa sér íbúð heldur verði að kaupa innlausnaríbúðir hjá sveitarfélögum.

Ég óska sjálfstæðismönnum til hamingju með það að hafa dregið Framsfl. á asnaeyrunum inn á stefnu sína í húsnæðismálum.

15. gr., 3. tölul., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,8 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, KPál, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Sérlán á sérkjörum til bygginga fyrir aldraða, til dagvistarstofnana fyrir börn, til einstaklinga með sérþarfir og greiðsluerfiðleikalán eru sett út í kuldann og verða hér eftir háð geðþóttaákvörðun Íbúðalánasjóðs. Verði heimildin á annað borð nýtt verða lánin líklega á markaðskjörum. Þetta er köld kveðja frá ríkisstjórninni til fatlaðra, aldraðra og fólks í greiðsluerfiðleikum.

[12:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er kveðið á um að stjórn Íbúðalánasjóðs sé heimilt að stofna til nýrra lánaflokka og þá væntanlega fyrir fatlaða og ýmsa hópa með sérþarfir. Það veit hins vegar enginn hvað þetta þýðir í raun. Það sem verra er er að sjóðstjórnin kemur til með að ákveða þetta. Það verður ekki Alþingi, ekki lýðræðislega kjörnir fulltrúar. Þetta er algerlega óaðgengilegt og fráleitt að skilja þessi mál eftir í lausu lofti.

[12:34]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í núgildandi lögum um húsnæðismál eru tilteknir sérstakir lánaflokkar sem m.a. snúa að því fólki sem hefur sérþarfir. Þar er einnig fjallað um aldraða og fleiri. Með þeirri breytingu sem hér er gerð verður eingöngu heimilt að stofna slíka lánaflokka. Í ljósi þess að hinn nýi Íbúðalánasjóður á að vera sjálfbær stofnun hljótum við auðvitað að spyrja: Á hvaða kjörum verða þau lán sem þessir hópar eiga kost á ef þeir eiga þess kost yfir höfuð?

Þetta er ekki hægt að samþykkja, herra forseti. Enn einu sinni er óvissan í þessu frv. alger og ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1350,9 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

18.–23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,10 (24. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

20 þm. (BH, GE, GÁ*, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

25. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,11 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,12 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

27. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

28.–30. gr. (verða 27.–29. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,13 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

31. gr. (verður 30. gr.), 1. mgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er að finna ákvæði um að 10% útborgun einstaklinga sé skilyrði lánveitingar. Rök ráðherrans eru að þeir sem fái 100% lán fari annaðhvort á hausinn eða séu í bullandi vanskilum. Staðreyndin er sú að aðeins 17% af þeim 600 sem fengið hafa 100% lán hafa lent í vanskilum. Einungis með þessu ákvæði vísar ráðherra félags-, húsnæðis- og atvinnumála um 200 manns á guð og gaddinn og í leiguíbúðir sem ekki eru til. Ég á ekki von á að það raski svefni ráðherrans en skömm hans er mikil, herra forseti.

[12:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er verið að fella niður 100% lán. Hér er Sjálfstfl að draga úr möguleikum láglaunafólks til þess að eignast húsnæði. Sjálfstfl. vill heldur að fólk leigi, þ.e. allir hinir. Sjálfir vilja þeir eiga sitt en þeir vilja að hinir leigi.

Húsaleigustefnan er virðingarverð stefna, eða getur verið það ef fólki er tryggt leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum þannig að einstaklingar og fjölskyldur búi við öryggi. Það er ekki gert með þessu frv. Þvert á móti eru kjörin skert og dregið úr öryggi nu.

Í þessari lagagrein er einnig mjög hamlandi ákvæði varðandi viðbótarlán. Því fer fjarri að einstaklingar komi til með að eiga rétt á viðbótarláni eins og látið hefur verið í veði vaka. Það verður komið undir vilja sveitarfélaga og undir hælinn lagt hvort þau sjá hag sinn í því að veita viðbótarlán. Þeir vita hvað ég á við í Garðabæ og víðar.

[12:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það sem felst í þessari grein er sennilega það alvarlegasta sem í þessu frv. felst varðandi tekjulægsta fólkið og stöðu þess í húsnæðismálum. Þessi grein þýðir að láglaunafólk þarf í öllum tilvikum að reiða fram sem nemur a.m.k. 10% af kaupverði þeirrar íbúðar sem það er að reyna að komast yfir. Það þýðir að þröskuldur er settur í veg fyrir það að þúsundir lágtekjufjölskyldna geti nokkurn tíma eignast sitt eigið húsnæði.

Það kann að vísu að vera að í einhverjum tilvikum eigi einstæðir foreldrar 500 þús. kr. á bankabók og bíði eftir því að kaupa sína fyrstu íbúð eins og hæstv. félmrh. orðaði það svo fallega á föstudaginn var. Mér er þó ekki grunlaust um það, herra forseti, að þeir séu fleiri einstæðu foreldrarnir sem ekki sjá fram úr því að yfirstíga þann þröskuld sem ríkisstjórnin er með þessum breytingum að setja í veg fyrir að slíkt fólk komist í eigið húsnæði.

31. gr. (verður 30. gr.), 2.–4. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Hér segir að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns þegar veita á það til einstaklinga sem hyggjast taka bæði almennt lán og viðbótarlán. Viðbótarlán er hin svokallaða félagslega aðgerð þessa frv. Það er alveg ljóst að enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er ekki ljóst hvert greiðslumatið verður fyrir viðbótarláni auk þess að, samkvæmt þessari

grein, sveitarstjórn verður heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána ef fyrirséð er að víkja verði frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins o.s.frv.

Herra forseti. Hið eina félagslega sem vera á í þessu frv. er veiklað mjög með reglugerðarheimild ráðherrans samkvæmt þessari grein.

Brtt. 1350,14.a samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, SighB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

32. gr. (verður 31. gr.), 1. mgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, SighB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

32. gr. (verður 31. gr.), 2.–5. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, SighB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,14.b samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:49]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er hæstv. félmrh. Páll Pétursson kominn á verulegt flug í frjálshyggjunni því hér vill hann láta lögfesta að vextir af viðbótarlánum, sem eru lán til hinna tekjulægri, taki mið af lánskjörum sem bjóðast á markaði hverju sinni þannig að ef Fjárfestingarfélaginu, Kaupþingi og lífeyrissjóðunum, sem nú eru skuldbundin samkvæmt nýjum lögum frá þessari sömu ríkisstjórn til að okra sem frekast þeir mega, tekst að keyra vaxtastigið upp þá er verið að tryggja að þau skuli fá í kaupbæti nokkrar krónur frá tekjulitlu fólki, fólki sem fyrir náð og miskunn er veitt viðbótarlán til að freista þess að koma þaki yfir höfuðið því vextirnir af viðbótarlánunum eiga samkvæmt þessari lagagrein að taka mið af lánskjörum á markaði.

[12:50]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hlýt að óska meiri hluta félmn. til hamingju með það að hafa fundið orðalag sem í raun og veru gerir vont frv. enn þá verra. Staðreyndin er sú að 6. mgr. eins og hún var í frumvarpstextanum gat falið í sér möguleg fyrirheit um að lánskjör á viðbótarlánum yrðu hagstæðari en önnur lánskjör hjá sjóðnum eftir því sem fjárhagur sjóðsins þó leyfði. En þessi brtt. meiri hluta félmn. geirneglir það að markaðslánskjörin skuli einnig taka til viðbótarlánanna að fullu, með öðrum orðum að um engan breytileika geti þar orðið að ræða, ekki að neinu leyti hagstæðari lánskjör á viðbótarlánum til tekjulægsta fólksins. Þetta og þessi breyting meiri hlutans segir allt um það hugarfar sem að baki afgreiðslu þessa frv. býr af hálfu meiri hlutans.

Ég óska meiri hlutanum sérstaklega til hamingju með þessa snilld og greiði atkvæði gegn þessari brtt. því að þó að frv. sé vont þá finnast í því einstök atriði sem greinilega er hægt að gera verri.

[12:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er verið að hækka vexti á láglaunafólki úr 2,4% í 5%. Þakið á vaxtabótum þýðir að einstæðir foreldrar og einstaklingar þurfa að greiða úr eigin vasa allt að 60 þús. kr. meira en nú er. Er hægt að leggjast lægra í árás á kjör þeirra verst settu í þjóðfélaginu en að kippa burtu á þennan hátt sem svarar einum mánaðarlaunum verst settu hópanna? Ég segi nei.

[12:52]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari brtt. en vil auk þess vekja athygli meiri hlutans í félmn. á því að hér er gert ráð fyrir því, herra forseti, að viðbótarlánin verði að fullu verðtryggð. Ég tel að andi þessarar lagagreinar stríði gegn öðru frv. sem liggur hér fyrir um dráttarvexti og fleira og hefur verið til meðferðar í hv. efh.- og viðskn.

Í allri vinsemd, þó að ég eigi ekki von á að því verði vel tekið, þá fer ég fram á það við þingmenn meiri hlutans í félmn. að þeir athugi milli 2. og 3. umr. hvort þeirri verðtryggingarkeyrslu sem er í 1. mgr. verði ekki breytt. Við erum eins og kunnugt er að reyna að feta okkur út úr þessum verðtryggingarmálum hægt og bítandi og það er algerlega óeðlilegt að negla greinina eins og hér er gert.

[12:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi brtt. sem við erum að greiða atkvæði um er tilkomin vegna ábendinga frá Seðlabanka Íslands sem eðlilega spurði hvernig það gengi upp að gera ráð fyrir breytilegum vöxtum eða jafnvel lægri vöxtum þar sem stofnunin á að vera sjálfbær. Það liggur algerlega ljóst fyrir. En hér er hugmyndafræðin auðvitað skýr og klár. Þessi lán sem eitt sinn voru kölluð félagsleg aðgerð þau verða á markaðsvöxtum og það verður fróðlegt að sjá hversu margir það verða sem munu ráða við þau kjör sem boðið verður upp á og hversu margir munu yfir höfuð fá viðbótarlán en það er auðvitað algerlega á valdi sveitarfélaganna hvort þau vilja

ábyrgjast slík lán og enn er hér anað út í óvissuna.

32. gr. (verður 31. gr.), 6. mgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:55]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég leyfi mér aðeins að vekja athygli á því að með þeirri brtt. sem samþykkt var áðan af meiri hlutanum samkvæmt tillögu meiri hluta félmn. var í raun og veru leyst niður um hæstv. félmrh. Það var gert eins skýrt og nokkuð getur verið að í þessu frv. er ekki lengur að finna neitt sem heitir félagsleg hugsun í húsnæðismálum.

Brtt. 1350,14.c samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

32. gr. (verður 31. gr.), 7. mgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RG, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,15 (34. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

35. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þessi kafli um lán til leiguíbúða er einskis virði meðan ekki verður veitt fjármagn til leiguíbúða og er svartasti bletturinn á þessu frv. Þetta frv. mun þýða verulega aukningu á nýjum útgjöldum fyrir sveitarfélögin vegna stóraukinna þarfa á leiguhúsnæði og a.m.k. tvöföldunar á fjármagni til húsaleigubóta. Ábyrgðin á því er alfarið ríkisstjórnarinnar. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1350,16 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

36. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, SJóh, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

37. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,17 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

38. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,18 (39. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,19, 1. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,19, 2. mgr., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:02]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er um að ræða heimild til að selja leigutaka eignarhlut í íbúð. Engin viðhlítandi skýring hefur fengist á því hvernig á að framkvæma þessa grein eða hvort og hverjum hún muni gagnast. Þetta ákvæði er því dautt og ómerkt nema framkvæmdir verði með þeim hætti að leigugreiðslur geti gengið upp í kaupin og samhliða leigusamningi verði gerður samningur um greiðslu 10% útborgunar sem dreifa má á 5–10 ár eins og húsnæðisnefnd Reykjavíkur leggur til. Svipað ákvæði var í húsnæðislöggjöfinni 1983 og gagnaðist það fáum. Ef þetta á að vera ákvæði sem á að friða samvisku þeirra sem hafa hana slæma vegna þessa frv. er þetta ákvæði lítils virði.

Brtt. 1350,19, 3. mgr., samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, IP, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

40. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
17 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

41. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:06]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að menn skuli ætla að gefa sér tíma til að greiða sérstaklega atkvæði um þessa lagagrein því að í henni birtist árangur af langvarandi andheitum bænum um að gera félagslegar leiguíbúðir að hlutafélögum og þessar bænir hafa hér með skilað sér inn í lagasmíð sem lögð er fram á vegum Framsfl. en að fyrirmælum Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Reyndar þarf ekki þessa flokka til, það er rétt, reyndar þarf ekki þessa flokka eina til að hlýða kalli tímans um fjármagnsgróða og arðsemi en það er umhugsunarefni að svo skuli vera komið þegar fjallað er um félagslegar lausnir í húsnæðismálum að helst sé litið til löggjafar um hlutafélög.

Þessi lagagrein og þessi lög munu vekja athygli sagnfræðinga framtíðarinnar þegar fjallað verður um frumstæðar leiðir til að sinna hinum félagslega þætti húsnæðismála.

42. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,20 (ný grein, verður 40. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,21 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

43. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,22 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

44. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

45.–46. gr. (verða 43.–44. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, LB, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,23 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

47. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** JóhS.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:11]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi grein felur það í sér að verið er að leggja aukinn kostnað á sveitarfélögin með 5% viðbótarláni sem enginn veit reyndar hversu mörg verða en það alvarlega í þessu máli er það sem felst í 2. mgr. greinarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands."

Ráðherra er sem sagt heimilt að hækka eða lækka framlög sveitarfélaganna eftir því sem honum hentar. Þetta eru vinnubrögð sem er ekki hægt að sætta sig við, herra forseti.

[13:12]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hæstv. félmrh. fær hér opna heimild til að hækka framlög sveitarfélaga í varasjóð að vild að fenginni umsögn Seðlabanka en ekki sveitarfélaganna sjálfra. Framlag í varasjóð á m.a. að nota til þess að greiða niður

skuldir sveitarfélaga þannig að sveitarfélög sem staðið hafa sig vel í uppbyggingu félagslegra íbúða greiða niður skuldir sveitarfélaga sem hafa staðið sig illa. Ég spái því að þetta ákvæði verði í nánustu framtíð bitbein í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

[13:12]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er þessi 2. mgr. með heimildina til að hækka eða lækka hlutfallið sem er 5% í upphafi laganna. Það er alveg ljóst að sveitarfélög sem verða með mikla félagslega fyrirgreiðslu í húsnæðismálum og borga mikið inn í þennan sjóð munu standa að miklu leyti undir niðurgreiðslu á íbúðum sem seldar verða á markaðsverði út um land þar sem markaðsverð er miklu lægra en íbúðarverðið af félagslegu íbúðunum eins og félmrh. hefur haft svo mörg orð um.

Það að hann skuli hafa heimild til að hækka og lækka hlutfallið að vild þýðir að sveitarfélögin eru ofurseld vilja hans til þess að fjármagna niðurgreiðslu slíkra íbúða. Ég vara við þessu ákvæði og við höfðum reyndar hugsað okkur að biðja um sérstaka atkvæðagreiðslu um það en við höfðum vakið athygli á ákvæðinu þannig að ég geri ekki athugasemd við að atkvæðagreiðsla fari fram í einu lagi um greinina.

Brtt. 1350,24 (ný 48. gr., verður 46. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þessu ákvæði þarf fólk að greiða stimpilgjald af 65–70% lánshlutfalls sem það hefur ekki greitt áður. Einnig verða stimpilgjöld sett á lán til félagasamtaka eins og til fatlaðra, námsmanna og Búseta-hreyfingarinnar og auk þess á greiðsluerfiðleikalán. Eftir því sem lengra líður, herra forseti, á þessa atkvæðagreiðslu slær ríkisstjórnin hvert metið á fætur öðru í ósvífni í garð lágtekjuhópa.

[13:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ástæða til að vekja sérstaka athygli á því að þótt viðbótarlán séu undanþegin stimpilgjaldi, þá koma þau gjöld af fullum þunga á almenna lánið. Það þýðir auknar byrðar og auknar álögur á þá sem hafa lægstu tekjurnar.

49. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,25 (ný grein, verður 48. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, HjálmJ, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,26 (ný 50. gr., verður 49. gr.) samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** BH, GE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

4 þm. (HG, RG*, SJS, ÖS*) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:17]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér skýtur aftur upp kollinum enn ein gjaldtakan. Enn er kostnaður fólks aukinn í formi ýmiss konar gjaldtöku sem þessi stjórn Íbúðalánasjóðs á að ákveða. Þessi sjóður á að standa undir sér sjálfur með kostnaði, vöxtum og gjaldtöku. Hér getur verið um að ræða 70–100 þús. kr. meiri kostnað en kaupendur hafa þurft að bera og ég segi auðvitað nei við því.

[13:17]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Með þessari grein er verið að afhenda hæstv. félmrh. stórfellt skattlagningarvald. Í greininni er ekki tiltekið við hvað þessi gjöld eigi að miðast, við hvaða kostnað þau eigi að miðast og undir hverju þau eigi að standa. Hér er gert ráð fyrir því að hann hafi heimild til þess að ákveða lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem er í vanskilum, gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og vegna annarrar sambærilegrar þjónustu.

Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að ég stórefa að þetta standist. Ég fer enn fram á það við hv. meiri hluta félmn. að þetta mál verði kannað milli 2. og 3. umr. Ég er sannfærður um að hér er allt of langt gengið í gjaldtökuheimildum, að hafa þetta jafnopið og hér er gert ráð fyrir.

51. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,27 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

52. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,28 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,29 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

54. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

55. gr. (verður 54. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:22]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er kveðið á um að stjórn Íbúðalánasjóðs skuli skipuð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1999. Helmingaskiptastjórn íhalds og Framsfl. fær bitlinga til að deila á milli sín. Það er hluti þess hráskinnaleiks sem hér fer fram á kostnað láglaunafólks.

Brtt. 1350,30 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

56. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HÁs, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

57. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,31 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,32 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,33.a samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:26]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á þessu ákvæði. Með því er næstu tvö árin verið að takmarka frelsi fólks til þess að velja sér sjálft íbúð á markaði. Það átti þó að vera ein helsta gulrót ráðherrans.

Brtt. 1350,33.b samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Eitt það jákvæðasta í lögunum er að einstaklingar sem ella hefðu farið í félagslegt húsnæði skuli fá aukið frelsi frá því sem nú er. Því miður eru greiðslubyrðarnar þannig að þetta er blekking og síðan geta sveitarfélögin svipt einstaklinginn valfrelsi eins og gert er í þessu lagaákvæði og skipað honum að kaupa tiltekna íbúð. Á þessu kunna að vera skýringar en hitt er illskiljanlegt hvernig reynt er að blekkja fólk með því að segja að verið sé að gera annað en það sem blasir við í raunveruleikanum þegar að er gáð.

Ákvæði til brb. III, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. IV samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
18 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1350,34 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.
19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:29]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með ákvæði í frv. ætlaði félmrh. að svipta fólk áunnum kauprétti á kaupleiguíbúðum. Hér er meiri hluti félmn. að forða ráðherranum frá því að fá á sig dómsúrskurð. Ég greiði ekki atkvæði.

Ákvæði til brb. V, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,35 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. VI, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,36 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. VII) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,37 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. VII (verður ákv. til brb. VIII), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1350,38 (nýtt ákv. til brb. VIII, verður ákv. til brb. IX) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

19 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þeirri brtt. sem hér er lögð til er kveðið á um að fram skuli fara viðræður milli aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaganna og ríkisins og einnig komi þar að máli aðrir þeir aðilar sem hingað til hafa byggt félagslegt húsnæði. Á grundvelli þessara viðræðna á að fara fram könnun á leigumarkaðnum. Það er allt saman gott og blessað en þetta ákvæði undirstrikar það að hér er verið að halda út í algera óvissu. Við erum að samþykkja lög sem fela það í sér að hluta fólks verður vísað út á leigumarkaðinn án þess að við vitum nokkuð um það hvernig þessi leigumarkaður verður. Hvað á að koma út úr þessum viðræðum? Hvað er sveitarfélögunum ætla að gera? Hvað eiga þau að leggja fram mikið fé til þess að hér verði byggt leiguhúsnæði og hvernig eiga aðrir að koma að þessum málum?

Þetta er allt saman svo óljóst að við það verður ekki unað, hæstv. forseti, og þar sem hér er um síðustu atkvæðagreiðsluna að ræða áður en málinu verður vísað til 3. umr. þá get ég ekki sagt annað en að ég harma hvernig þetta mál hefur þróast. Hér er því miður verið að stíga stórt skref aftur á bak.

[13:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Formaður og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga komu á fund félmn. Þar kom skýrt fram að þeir vilja ekki ákvæði um að 50 íbúðir verði byggðar 1999–2000. Þeir vilja hafa opið ákvæði þarna.

Það kom líka fram að þeir hafa engan áhuga á að ganga til samninga um fjármögnun leiguíbúða. Þeir óska eftir óbreyttu fyrirkomulagi lánveitinga til leiguíbúða og hafna áttunda bráðabirgðaákvæðinu sem kveður á um hver verði þáttur sveitarfélaga til fjármögnunar félagslegra íbúða.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að verkalýðshreyfingin hefur lagst gegn þessu frv. Hún hefur óskað eftir frestun á því

en hér er verið að gefa til kynna að úrræði finnist varðandi leigumarkaðinn með samstarfi við þessa aðila sem tekið hafa svo ákveðið og fast til orða.

[13:35]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er gott að ráðist skuli í úttekt á þessum málaflokki. Það er gott og jákvætt. Hins vegar á að gera það áður en lögin eru samþykkt, ekki eftir að lögin eru samþykkt. Þú tryggir ekki eftir á, segja tryggingafélögin. Auðvitað geta slys átt sér stað. En þegar menn sjá hætturnar hafa menn sér fátt til málsbóta reyni þeir ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegt slys.

Í þessu sambandi vil ég segja þetta: Það er lágmarkskrafa að áður en þetta frv. fær afgreiðslu og verður lögleitt komi fram skýlaus yfirlýsing og skuldbinding fest inn í sjálfan lagatextann um það fjármagn sem þarf að koma til sögunnar eigi 1. gr. frv. um aukið öryggi í húsnæðismálum, aukna möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum að vera annað og meira en blekking og brandari, annaðhvort eða hvort tveggja í senn þessari ríkisstjórn til lítils sóma og almenningi í landinu til óþurftar.

[13:37]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Þetta ákvæði til bráðabirgða VIII sem við erum að greiða atkvæði um er ákvæði um samráð. Það verður að segja að það er betra seint en aldrei að tekið skuli til þess bragðs núna eftir að lögin eru samþykkt að ætla að hafa samráð við ASÍ og BSRB og aðra félagslega aðila um könnun á leigumarkaðinum. Með því að samþykkja frv. erum við búin að vísa stórum hluta þess launafólks sem áður fékk úrlausn innan félagslega kerfisins út á þennan leigumarkað sem hugsanlega er ekki til, en hér á að fara að kanna það eftir að frv. hefur verið samþykkt.

[13:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hér er aðeins gert ráð fyrir því að næstu tvö árin verði vextir á leiguíbúðum niðurgreiddir. Í það stefnir að eftir það muni vextir af leiguíbúðum verða markaðsvextir og þá er auðvitað sýnt að lítið verður um að sveitarfélögin geti yfirleitt byggt leiguíbúðir. Áætla má að núna séu 1.000–1.500 manns á biðlista eftir leiguíbúðum. Þetta frv. felur í sér að á hverju ári muni 600 manns bætast við þá biðlista og einungis er gert ráð fyrir framlagi til 50 leiguíbúða á næstu tveimur árum og niðurstaðan hvað verður um framhaldið á ekki að ráðast fyrr en árið 2000. Það öryggisleysi sem fátæku fólki er nú búið í húsnæðismálum er óþolandi og óverjandi og ríkisstjórninni til háborinnar skammar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29:19 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE.

**nei:** BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, EgJ, EOK, FrS, GÁS, GMS, HÁs, HBl, JónK, LMR, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég er andvígur því að þetta mál fari til frekari meðferðar þingsins.

Stundum er kvartað undan því að hér á Alþingi sé ekki tekist á um pólítísk grundvallaratriði og stjórnmálaumræða snúist um tækni en ekki innihald. Ég held að menn hljóti að sjá það á þessu frv. og meðferð þess að hér er verið að takast á um pólítísk grundvallaratriði. Hér er uppi tillaga um að hækka vexti. Hér er uppi tillaga um að markaðsvæða allt húsnæðiskerfið, líka það félagslega. Hér er uppi tillaga um að leggja niður félagslegt íbúðakerfi og hér er uppi tillaga um að gera þetta þrátt fyrir hörð andmæli verkalýðshreyfingarinnar í landinu.

Því er alveg augljóst mál að í þessari málsmeðferð og niðurstöðu hennar liggja pólitísk vatnaskil og ég er sannfærður um að í framhaldi af þessu mun þjóðin ekki una við það að búa við ástand þar sem ekki verður til félagslegt íbúðakerfi.

Ég er sannfærður um að í næstu kjarasamningum eða næstu pólitísku átökum í landinu munu menn berjast fyrir því að til verði félagslegt íbúðakerfi á Íslandi á ný.

[Fundarhlé. — 13:41]

[15:01]

**Útbýting þingskjals:**

Launaþróun hjá ríkinu, 257. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 1408.

## *Þjóðlendur, 3. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 1396.

[15:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem er eitt af þeim fjórum frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn leggur mikla áherslu á að fá afgreitt nú á þessu þingi. Það frv. sem við ræðum hér, eitt af þeim fjórum ...

**(Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar á að trufla hana svona í upphafi ræðunnar, en þau tilmæli hafa komið frá þingflokksformönnum um að þessum fundi verði frestað í hálftíma. Því spyr forseti hvort hv. þm. vilji fresta ræðu sinni.)

Já, það held ég að ég geri.

**(Forseti** (GÁ)**:** Ég þakka fyrir.)

[Fundarhlé. — 15:02]

[15:35]

**Jóhanna Sigurðardóttir** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég hafði rétt hafið mál mitt áðan þegar hæstv. forseti óskaði eftir því að ég frestaði ræðu minni en í inngangi hennar nefndi ég að það frv. sem hefur verið tekið á dagskrá til 3. umr. um þjóðlendur er eitt af þeim fjórum málum sem þessi ríkisstjórn óskar eftir að fá afgreidd áður en þingi lýkur.

Hér er um að ræða það frv. af þessum fjórum sem ekki er ágreiningur um, þ.e. meginefni þess um að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þetta er mikil, góð og breið samstaða á þinginu. Hitt er engu að

síður staðreynd að við í minni hluta allshn. fluttum nokkrar brtt. við 2. umr. málsins í fjórum töluliðum sem lutu að ýmsum þáttum sem við töldum brýnt að færa til betri vegar í þessu frv. Í fyrsta lagi höfum við gagnrýnt hið mikla vald sem hæstv. forsrh. fær með þessu frv. og raunverulega framsal Alþingis til framkvæmdarvaldsins að því er varðar ákvörðum um gjaldtöku og ráðstöfun hennar sem við teljum nokkuð stóran galla á frv., herra forseti. Auk þess töldum við að í þessu frv. sem og reyndar í öðru frv. um auðlindir í jörðu, sem hæstv. iðnrh. flytur, sé umhverfismálunum ekki gert eins hátt undir höfði og nauðsyn ber til.

Því miður, herra forseti, voru tillögur okkar, sem ég flutti ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur, felldar við 2. umr. málsins, þ.e. um að fullt tillit verði tekið til umhverfisverndar og alþjóðlegra skuldbindinga í því efni og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Eins það sem við töldum mjög mikilvægt að ná fram, þ.e. að í leyfum sem forsrh. á að veita til þess að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna þá skuli greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.

Ég held, herra forseti, að meiri hlutinn hafi ekki fært nein rök, a.m.k. sem ég samþykki, fyrir því að ekki sé nauðsynlegt að hafa þessi ákvæði inni enda var það mjög gegnumgangandi í umsögnum um þetta frv. frá ýmsum umhverfis- og náttúruverndarsamtökum að bent var á að þeim þáttum í frv. sem lúta að umhverfismálum væri mjög ábótavant. Það kom m.a. mjög sterkt fram hjá Náttúruverndarstofnun, Náttúruverndarráði og Landgræðslu ríkisins og skal ég ekki tefja tíma þingsins með því að fara ítarlega yfir þær umsagnir aftur.

Ég vil líka nefna að Skógrækt ríkisins gerði sínar athugasemdir við þetta mál og lagði til brtt. einnig sem við töldum mjög mikilvæga sem lýtur að beitarfriðun og felur í sér að þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skuli sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. En slíkri leyfisbeiðni skal fylgja mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar.

Mér fannst í umræðum sem urðu um þetta sérstaka atriði varðandi beitarfriðunina að meiri hlutinn hefði ákveðinn skilning á því máli og að á því þyrfti að taka, en benti jafnframt á um leið að þá ætti að gera það í öðrum lögum. Ég studdi mál mitt mjög mikið með grein þar sem fram kemur í hvert stefni með beitarfriðun miðhálendis Íslands. Greinin er eftir Ólaf Arnalds náttúrufræðing og Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing og í henni lýsa þeir því ítarlega hve alger beitarfriðun hálendisins sé nauðsynleg og leggja til að það verði til loka ársins 2000 og segja með réttu að menn eigi að sýna þann stórhug að styðja tillögu um að gefa miðhálendinu hvíld fyrir beit í hálfan annan áratug eftir nær 1100 ára óslitna beitarnotkun.

Þegar þetta mál var til 2. umr. óskaði ég eftir því við formann allshn. að einmitt þetta ákvæði yrði tekið til skoðunar milli 2. og 3. umr. ef vera mætti að það gæti leitt til samkomulags að hægt væri að flytja frhnál. þar sem lögð yrði áhersla á það að þegar á næsta þingi yrði lögum breytt sem tryggðu betur beitarfriðun en lögin gera nú. Ekki náðist samkomulag um að halda slíkan fund og því verður að vænta þess, herra forseti, að stjórnarliðar eða eftir atvikum stjórnarandstaða leggi á það áherslu á næsta þingi að inn komi frv. sem tryggi það sem hér hefur verið kallað eftir, þ.e. beitarfriðun miðhálendis Íslands til ársins 2015.

Ég skal láta það mál útrætt, herra forseti, en get ekki látið hjá líða nú þegar þetta mál er til lokaumræðu að draga enn og aftur athyglina að því mikla valdi sem forsrh. fær með frv. sem ég tel að sé alveg einstætt. Við reyndum mjög að fá fram brtt. og samkomulag við meiri hlutann um að Alþingi kæmi á ákveðinn hátt þarna að þessu máli að því er varðar gjaldtökuna sjálfa og að því er varðar ráðstöfun á henni. Við lögðum til að sú samráðsnefnd sem hæstv. ráðherra hefur sér til halds og trausts og m.a. á að gera tillögur um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendu, skyldi gera tillögu til fjárln. Alþingis. Alþingi hefur nú einu sinni fjárveitingavaldið og við töldum að það væri eðlilegri farvegur að fjárln. kæmi þannig inn í þetta mál, þ.e. að nefndin gerði árlega tillögu til fjárln. Alþingis um ráðstöfun tekna á réttindum innan þjóðlendna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Ekki eins og mér sýnist af þessu frv. að eigi að gera, þ.e. að hæstv. forsrh. ákvarði sjálfur þessa gjaldtöku, ákvarði sjálfur hvernig eigi að nýta það fé sem raunverulega enginn veit hvað er mikið og síðan komi hann eftir á til þingsins og gefi Alþingi skýrslu um þessa gjaldtöku og hvernig henni hefur verið ráðstafað.

Raunverulega er ekki skilgreint við hvað eigi að miða þessa gjaldtöku. Við vildum bæta þar úr og setja skýrari málsmeðferðarreglur eins og þær að gjaldið sem ráðherrar ákvarða skuli taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á og að nánari ákvörðun um gjaldtöku skuli setja í lög um aukatekjur ríkissjóðs. Loks töldum við það mjög mikilvægt, sem núna er í lausu lofti, þ.e. við hvaða aðstæður á að bjóða út þegar um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu. Þar vildum við að fram kæmi að ráðherra skyldi láta bjóða út nýtingu lands og landgæða í þjóðlendum þegar ætla mætti að um verðmæta nýtingarkosti væri að ræða og þá ætti að fara fram útboð samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða. Meira að segja varðandi þessa tillögu sem ég hefði haldið að væri sjálfsögð og hægt að fallast á, að þegar um væri að ræða verðmæta nýtingarkosti væri í öllu falli skylda að láta fara fram útboð, þá var ekki hægt að ná samkomulagi við meiri hlutann um slíkar málsmeðferðarreglur.

Við lögðum einnig til, til þess að draga úr þessu valdi hæstv. forsrh., að óbyggðanefndin sem er mjög mikilvæg nefnd í þessu ferli öllu saman, sem á að fara af stað varðandi miðhálendið, yrði skipuð af dómsmrh. en ekki forsrh.

Um þetta náðist ekki samkomulag, herra forseti, og ég held að það sé alveg full ástæða til þess að vekja athygli á því hvaða rök voru notuð við því þegar við spurðum hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um að ráðstöfun tekna af leyfum vegna nýtingar lands væri hjá Alþingi í stað forsrh. Þá fengum við þau svör, sem voru sett niður á blað af fulltrúa forsrh., að ráðstöfun teknanna sé þannig bundin með lögum að þær renni í ríkissjóð eða viðkomandi sveitarsjóð eins og annars mundi vera. Með þessu móti gengju tekjurnar til að sinna ákveðnum verkefnum eða þörf innan þjóðlendnanna sjálfra og þannig héldu þær að nokkru sögulegri sérstöðu sinni sem um margt kemur þá til með að svipa til nokkurs konar sjálfseignarstofnunar. Okkur fannst það afar furðuleg samlíking að bera hæstv. forsrh. saman við það vald sem

sjálfseignarstofnanir hafa og setja samasemmerki á milli þeirra.

Um þetta, herra forseti, þýðir ekki að deila. Tilraunin var vissulega gerð til þess að ná fram þessum endurbótum á frv. sem við töldum mjög gott mál. Við í minni hluta höfum rætt það og sjáum ekki ástæðu til þess að fylgja þessum brtt. frekar eftir eða öðru sem gæti náð því markmiði sem við settum okkur og ég hef áður lýst. Svo virðist sem meiri hlutinn sé staðráðinn í að ná málinu fram eins og það var afgreitt við 2. umr. Ég vil halda því til haga að við í minni hlutanum studdum þær brtt. sem allshn. gerði, sem voru vissulega til bóta í þessu máli og nefndi ég sérstaklega ákvæðið varðandi gjafsókn, þ.e. það voru lagðar til breytingar á 17. gr. frv. sem fjallaði um málskostnað í málum sem rekin eru fyrir óbyggðanefnd. Rökin fyrir því að breyta þessu ákvæði við 2. umr. voru að telja yrði líklegt að málarekstur fyrir nefndinni gæti orðið kostnaðarsamur fyrir aðila, m.a. vegna gagnaöflunar, gerð uppdráttar og kaupa á sérfræðilegri aðstoð. Í starfi nefndarinnar verður ráðið til lykta í álitaefnum sem hafa mikla almenna þýðingu og varða mikilsverða hagsmuni einstaklinga og lögaðila.

Enda þótt almennt sé ekki gert ráð fyrir að menn hafi gjafsókn þegar mál eru til meðferðar í stjórnsýslunefndum verður að líta til þess að frumkvæði að því að mál verði tekið til meðferðar kemur frá ríkisvaldinu og því starfi er markaður ákveðinn tími. Þess vegna tel ég að brtt. sem við studdum hafi verið mjög til bóta.

Ég þarf, herra forseti, út af fyrir sig ekki að hafa lengra mál um þetta ágæta frv. sem er hér til lokaafgreiðslu í þinginu. Ég vil þó nefna mjög sérstaka umsögn stjórnar SSH sem kom um þetta mál og mér gafst ekki tækifæri til að ræða við 2. umr. málsins. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tekur með mjög sérstæðum hætti á þessu frv. til laga um þjóðlendur og segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn SSH telur þörf á að færa hálendið undir stjórnsýslu aðliggjandi sveitarfélaga. Einnig er nauðsynlegt, að mati stjórnar, að skilgreina eignarrétt á hálendinu, með því að greina á milli eignarlanda og annarra svæða þ.e. þjóðlendna."

Síðan er rætt um þetta ágæta frv. sem ég held að sé mjög góð sátt um í þinginu, þessi grundvallaratriði. Þar telur SSH ástæðu til þess að lýsa því yfir að í þessu frv. sé um mestu eignatilfærslu Íslandssögunnar að ræða. Þeir telja ekki rétt, eins og frv. kveður á um, að skipa sérstaka nefnd á vegum forsrn. til að kanna eignarhald og úrskurða í kjölfarið um eignarrétt einstaklinga, félaga eða annarra á hálendinu og telur rétt að þetta falli undir sveitarfélögin. Mér fannst þetta afar sérstök umsögn og hún skar sig nokkuð úr öðrum umsögnum sem fram komu um þetta mál.

Herra forseti. Aðallega er það frv. félmrh. sem vissulega tengist þessu frv. sem deilur hafa staðið um á þessu þingi. Mér gefst væntanlega tækifæri til þess að ræða það við 3. umr. um það mál. Ég vil þó vekja athygli á því að það eru enn að berast mjög miklar athugasemdir, herra forseti, varðandi það mál og 3. gr. þess frv. sem við ræðum hér tengist því á vissan hátt. Ég mun því fara yfir það sem nýtt hefur komið fram í því máli þegar það mál fer á dagskrá, eins og grein sem birtist í Morgunblaðinu á sunnudaginn, um miðhálendið og stjórnsýslu og skipulag þess, sem mér finnst mjög áhugaverð grein og ákveðið innlegg inn í þessa umræðu. Hún gæti vel átt heima við þessa umræðu, en það er grein Páls Sigurðssonar prófessors sem ber heitið „Þessi vængjaða auðn". Ég tel hana mjög athyglisverða og það hvernig Páll tekur á þessu máli. En ég get út af fyrir sig, herra forseti, beðið með að fara í það mál þar til við komum að sveitarstjórnarlögunum.

Eins og af þessu má sjá eru enn uppi mjög háværar raddir um að miðhálendisfrv. verði frestað. Enn telur sá stór hópur í þjóðfélaginu að von sé til þess að Alþingi fallist á að fresta þessu máli til haustsins. Þar sem við erum að tala um frestun á því máli þá vakti leiðari Morgunblaðsins sunnudaginn 17. maí athygli mína. Hann var undir fyrirsögninni Eitt af hjartans málum þjóðarinnar. Ég held að þjóðin sé farin að skynja hve mikilvægt mál er hér á ferðinni og geri það meira og meira með hverjum degi sem líður.

Morgunblaðið telur ástæðu til þess í leiðara sínum á sunnudag að taka þetta mál upp. Ég vil þá líka halda til haga í leiðinni þeirri skoðanakönnun sem fram hefur farið um þetta mál, þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar er andvígur því hvernig stjórnsýsla og hagnýtinguna á hálendinu á að vera og tengist lítillega því frv. sem við ræðum, sérstaklega að því er varðar 3. gr. þess. Ef ég gríp aðeins niður í þennan leiðara þá segir, með leyfi forseta:

„Við þjóðlendufrumvarp forsætisráðherra er ekkert efnislegt að athuga. Það stuðlar að varðveislu hálendisins. Öðru máli gegnir um þær hugmyndir, að einstaka sveitarfélög hafi skipulagsrétt á sumum hálendissvæðum. Þótt sagt sé að í því felist ekki eignarréttur, felst yfirráðaréttur í rétti til skipulags. Það er staðfest í lögum, að íslenska þjóðin eigi fiskimiðin en öðrum hefur tekist að ná yfirráðum yfir þeirri auðlind.

Þess vegna er misráðið að afhenda einstökum sveitarfélögum skipulagsrétt á hálendissvæðum. Það fer best á því, að hálendissvæðið sé undir einni stjórn og að mikil íhaldssemi ríki um allar framkvæmdir á því svæði. Óbyggðir Íslands eru auðlind, sem á að varðveita. Umræður utan þings síðustu vikur ættu að hafa sannfært alþingismenn og stjórnvöld um að hér er á ferðinni eitt af hjartans málum íslensku þjóðarinnar."

Síðan segir orðrétt í lokin, með leyfi forseta: „Þegar um slíkt mál er að ræða eiga þingmenn og ráðherrar að láta misskilinn metnað um skjóta afgreiðslu mála lönd og leið. Þjóðin á lýðræðislegan rétt á því að ræða framtíð hálendisins ofan í kjölinn. Það liggur ekki svo mikið á. Hinar miklu umræður valda því, að engum kemur til hugar að grípa tækifærið og hefja framkvæmdir, sem engin samstaða verður um. Þess vegna ættu meirihlutaflokkarnir á Alþingi og ríkisstjórn að sýna þau hyggindi að slaka á og gefa tíma og svigrúm til frekari umræðna."

Nú er meira að segja Morgunblaðið, herra forseti, gengið til liðs við þann stóra hóp í þjóðfélaginu sem kallar eftir því að þingmenn og ráðherrar í meiri hlutanum láti misskilinn metnað um skjóta afgreiðslu máls lönd og leið og þau sýni þau hyggindi að slaka á og gefa tíma og svigrúm til frekari umræðna. (**Gripið fram í:** Þeir lesa ekki Moggann.) Nei, þeir lesa ekki Moggann. Ég held að það sé ákveðinn styrkur í því að stærsta málgagn þjóðarinnar sé gengið til liðs við þennan meiri hluta sem biður um frest á málinu svo hægt sé að ná meiri sátt um svo stórt mál sem hér um ræðir.

Herra forseti. Aðalerindi mitt í þennan ræðustól við lokaafgreiðslu þessa máls var að lýsa vonbrigðum mínum með það að tillögum okkar í minni hlutanum skyldi hafa verið hafnað, sérstaklega er varðar umhverfisþáttinn í þessu máli og það mikla vald sem forsrh. er fengið, raunverulega framsal á valdi Alþingis varðandi gjaldtökuna og ráðstöfun á því. Ég spái því, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að

þetta mikla vald og framsal Alþingis til forsrh. muni verða deiluefni milli þings og framkvæmdarvalds þegar fram í sækir.

[15:59]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfum stutt þetta frv. í meginatriðum. Við höfum gert ýmsar athugasemdir við það en teljum að það sé mjög mikilvægt að slá því föstu að landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, séu þjóðlendur. Ég tel að það séu heilmikil tíðindi að þetta mál verði afgreitt eins og hér er gert ráð fyrir þó á því séu ýmsir gallar.

Ég tel reyndar að í þeirri umræðu sem í gangi hefur verið um frv. þrjú að undanförnu, hafi kannski ekki að öllu leyti verið gefin sú mynd af málunum sem skyldi. Meðal annars finnst mér að það hafi ekki komið nægilega skýrt fram hve mikil samstaða er um grundvallaratriði í þessu frv., þrátt fyrir ýmsa galla sem hv. 13. þm. Reykv. rakti m.a. hér áðan.

Gallarnir sem ég tel að séu á þessu eru auðvitað stjórnarfarsþátturinn, þar sem gert er ráð fyrir því að þessi lönd séu lögð til forsrh., eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 2. gr. Ég viðurkenni þó að það er vandi að finna út hvernig hefði verið rétt að taka á þessum málum. Mér segir svo hugur að það sé rétt athugað hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, að þessi mál eigi oft eftir að koma inn aftur. Ég geri ráð fyrir því að þau ákvæði sem eru í 2. mgr. 2. gr. og sömuleiðis í síðari hluta 3. gr. og 4. gr. séu eins konar rammaákvæði sem eftir eigi að fylla út með mikið ítarlegri lagaákvæðum og það verði gert í framtíðinni. Ég held að við eigum bara að segja eins og viðurkenna að við erum ekki að ljúka þessu máli. Við erum í raun og veru að byrja en það er mikilvægt skref sem hefur verið stigið með því að fjalla um þjóðlendurnar eins og gert er í 1. gr. og víðar í frv.

Ég tel hins vegar að hin málin sem hér eru til meðferðar og einnig kölluð hálendismál, þ.e. sveitarstjórnarlagafrv. og auðlindafrv., séu annars eðlis. Þar höfum við haft mikið fleiri spurningar uppi. Við alþýðubandalagsmenn höfum lýst mjög harðri andstöðu við frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu. Þar er verið að stíga mjög örlagaríkt skref við að afhenda landeigendum sennilega dýrmætustu auðlindir sem þjóðin á. Allt sem verður neðan jarðar verður afhent landeigendum. Það er í raun ægilegur gerningur og satt að segja, mér liggur við að segja því miður, ekki hægt að ná yfirliti yfir það hvaða afleiðingar það mun hafa að afhenda landeigendum allt sem er undir yfirborði jarðar. Það er alveg sama hvort það er steinarða upp undir yfirborðinu eða demantar og gull sem kynnu að finnast á margra, margra kílómetra dýpi.

Ég tel hins vegar að sú ákvörðun, að setja lög um þjóðlendur eins og hér er gert ráð fyrir, vegi nokkuð upp á móti þessum vanda þó ekki sé það nærri því eins og best væri á kosið. Þess vegna er ánægja okkar með þessa niðurstöðu blendin, þó að við séum tiltölulega sátt við þetta frv. eins og fram hefur komið í afstöðu fulltrúa okkar í allshn., hv. 12. þm. Reykv. Bryndísar Hlöðversdóttur.

Ég tel ekki ástæðu til þess af okkar hálfu, herra forseti, að fjölyrða um þetta mál frekar á þessu stigi og við munum haga afstöðu okkar til málsins í atkvæðagreiðslu við 3. umr. á sama hátt og við 2. umr.

[16:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Í lok umræðunnar sé ég ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þetta mál til viðbótar því sem talsmaður þingflokks jafnaðarmanna, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur gert. Hún hefur farið mjög vel yfir það hvað steytti á skeri varðandi þetta mál sem er þó í meginatriðum sáttamál á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Auðvitað er alveg ljóst að það er mjög mikilvægt að ganga frá eignarrétti yfir öræfasvæðum og öðrum svæðum á landinu sem teljast ekki til viðurkenndra eignarlanda einstaklinga eða lögaðila og fá úr því skorið hvað eru eignarlönd og hins vegar almannaeign sem eru svæði utan eignarlanda. Það er það sem verið er að gera með því frv. sem hefur verið kallað eftir í áratugi. Ég lét þess alveg sérstaklega getið í ræðu minni um frv. til sveitarstjórnarlaga undir ákvæðinu um að skipa miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga en þá tók ég einmitt sérstakan kafla um það og hvað það væri mikilvægt og lengi búið að kalla eftir því að ganga frá lögum um eign á okkar sameiginlega landi. Það hefur verið baráttumál okkar í áratugi og eiginlega alveg ótrúlegt hve seint hefur gengið að fá Alþingi til að viðurkenna þá stefnu að landið sé þjóðareign.

Það sem er auðvitað erfitt þegar við förum að skoða þessi mál, eignarlöndin og almenningseignina — og margoft hefur verið komið inn á það í umræðunni — er að með saklausu frv. sem var sett fyrir nærri 30 árum skuli það hafa gerst að afrétturinn, eins og það er kallað, hafi verið lagður til sveitarfélaganna þannig að þrátt fyrir að lög síðan hafi kveðið á um að byggðin skiptist í sveitarfélög er sífelldur ágreiningur um hver sé réttur sveitarfélaganna og jafnvel hver sé hefð viðkomandi jarðar.

Einnig hefur verið bent á það í umræðunni að í mörgum tilfellum er verið að tala um mörk afrétta langt upp fyrir eyðifláka og sandsvæði þar sem ekki er stingandi strá og þar af leiðandi engum búfénaði beitt. Engu að síður er þetta mjög mikilvægt þrátt fyrir að ágreiningur hafi verið um einstök útfærsluatriði.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst að í málinu um þjóðlendur og ákvörðun um mörk eignarlanda, þjóðlendna og afrétta hefðum við þingmenn á Alþingi Íslendinga átt að ná fullri samstöðu um málið. Ég er alveg sannfærð að umfjöllun um málið hefði verið vandaðri ef það hefði komið inn í þingið eitt sér og ótruflað og er þá að vísa til þess að allan tímann í umræðunni skuli tvö önnur frumvörp hafa fylgt því í afgreiðslunni. Það hefur sett mark sitt á umræðuna og verið til trafala fyrir vandaða umfjöllun málsins og þá umfjöllun og afgreiðslu sem ég tel að hefði getað orðið ef hin tvö málin, sem hafa sett miðhálendið í og umræðuna um það í uppnám, hefðu ekki verið á sama tíma. Mér finnst erfiðast í þessu máli að verið sé að afgreiða það með meirihlutavaldi á Alþingi og ekki skuli hafa verið hlustað á sjónarmið stjórnarandstöðunnar sem hafa verið mjög réttmæt.

Ég ætla líka að nefna það af því að eitt af því sem við höfum gagnrýnt hefur verið vald forsrh. sem hann fær með þessu frv. Ég býst við, varðandi þau ákvæði sem fjallað er um að svo mikið vald liggi hjá forsrh. í málefnum þjóðlendna, að ekki hefðu verið svo miklar áhyggjur með það ef það hefði verið ljóst hvernig menn ætluðu síðan að nýta sér þessa verkaskiptingu og valdið. Líka það að t.d. skv. 4. gr. er ákvæði um að forsrh. sé heimilt að setja reglugerð, nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum og þar með um skilyrði fyrir leyfum sveitarstjórna til afnota af þjóðlendum.

Þarna sjáum við einnig enn á ný að það er dálítið viðkvæmt að setja málefni sem mikill ágreiningur er um í reglugerð. Það er óljóst hvað á eftir að verða til þegar slík

reglugerð er sett. Það er mjög mikilvægt þegar við afgreiðum mál af þessum toga frá Alþingi Íslendinga að reynt sé svo sem unnt er að setja öll ákvæðin í lagabúning.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór svo rækilega yfir eru önnur atriði, gjaldtakan og stjórnsýslan, sem hafa vissulega líka áhrif á það hvernig viðbrögð okkar eru gagnvart auðlindafrv. Síðast en ekki síst er eignarréttur landeigenda mjög ríkur með þessu frv. Þegar við erum að skoða þetta frv. og skiptinguna, heimildirnar til sveitarfélaganna um nýtingarrétt innan ákveðins tíma og síðan hvernig fara skuli með auðlindir í jörðu fer ekki hjá því að við höfum litið á öll þessi mál í samhengi. Ég á við það þegar ég legg áherslu á, og hef gert allan tímann í þeim ræðum sem ég hef flutt um hvert af þessum þremur málum, að við hefðum átt að gera samkomulag um hvernig við göngum frá lögum um þjóðlendur og vinna síðan önnur frumvörp út frá því.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vísaði m.a. í ræðu sinni til greinar um miðhálendi, stjórnsýslu og skipulag í Morgunblaðinu nú um helgina og af því að því hefur verið hafnað svo rækilega að alvarlegt sé hvar stjórnsýslan liggur varðandi nýtingu t.d. á eignarlöndum, þá ætla ég að grípa niður í lítinn kafla úr þessari grein. Þar finnst mér það sagt mjög skýrt sem við höfum aftur og aftur reynt að hafa áhrif á stjórnarmeiri hlutann með. Virðulegi forseti, ég ætla að leyfa mér að vísa í greinina sem hljóðar svo:

„Eitt af því sem stuðningsmenn Páls" — þá er vísað til hæstv. félmrh. — „beita í málinu er að þjóðlendufrumvarp forsætisráðherra, sem tryggir eign þjóðarinnar á meiri hluta hálendisins, tryggi að þjóðin, eða hann í umboði hennar, fari með nánast allt ákvarðanavald er tekur til miðhálendisins. Að þetta eru blekkingar skal skýrt með dæmi frá Reykjavík. Í borgarlandinu eiga bæði ríki og einstaklingar margar lóðir og eignarlönd. Þrátt fyrir þetta hafa þessir aðilar nær engin áhrif á hvernig borgin er skipulögð og þeir verða alfarið að beygja sig undir það hvað borgin ákveður í sínu skipulagi; hvað leyft verður að gera. Þannig verður þetta líka á miðhálendinu ..."

Þetta er vissulega rétt. Þetta þekkjum við allir þeir þingmenn sem höfum átt sæti í sveitarstjórnum, höfum unnið með skipulagsmál, bæði aðalskipulag og deiliskipulag og vitum að innan þeirra aðalskipulagsmarka sem við vinnum með verða allir að lúta skipulagsákvæðunum hvort heldur þar er um eignarlóðir, eignarlönd eða leigulóðir viðkomandi bæjarfélags að ræða.

Herra forseti. Um þetta hefur farið fram mjög undarleg umræða og ekki verið nokkur leið að fá menn til að horfast í augu við að þannig er það. Ég vil líka vísa til þess af því að félmn. þurfti að halda nokkra fundi um frv. sem er ekki hér á dagskrá en tengist þessu máli, þ.e. sveitarstjórnarlögin, með ákvæði um að skipta landinu og miðhálendinu þar með upp í sveitarfélög. Þar komu fjölmargir aðilar á fund nefndarinnar milli 2. og 3. umr. og þar kom það greinilega fram frá skipulagsarkitekt sem hefur haft mikið frumkvæði að því að reyna að fá sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu til þess að vinna svæðisskipulag saman að öllu höfuðborgarsvæðinu, og líta á það heildstætt og skoða hvað er skynsamlegt í skipulagi þess. Það var athyglisvert að hann orðaði það svo að sennilega hefði enginn sýnt meiri áhuga á slíku máli en hann sem starfaði þar að auki við það um nokkurra ára skeið. Það segir líka sína sögu um það hve vonlaus staða það er að reyna að vera með einhvers konar yfirvald yfir sveitarfélögunum þegar ekki er stjórnsýsluvald þar að baki að hann hafi gefist upp á því verkefni.

Herra forseti. Við eigum eftir að ræða um miðhálendið og stjórnsýsluna og þess vegna ætla ég að láta mér nægja að koma með þessa þörfu ábendingu um stöðu eignarlanda innan skipulagssvæða sveitarfélaganna en ég legg mikla áherslu á að um leið og við höfum gengið frá mikilvægum málum eins og hvað er eignarréttur landeiganda og hvað er almenningseignin þá fer ekki hjá því að með þeim þremur frumvörpum sem samanlagt verða afgreidd á þessu vori, sum í miklum ágreiningi innan þingsins, sé verið að fara með mjög alvarlega eignatilfærslu frá almenningi á fárra hendur.

Ég tek undir þau varnaðarorð sem hafa fallið að hætt er við að þessi mál eigi aftur eftir að koma til kasta þingsins. Frekari útfærsla eða breytingar á lagaákvæðum eiga eftir að koma til þegar menn ætla að fara að vinna eftir þessum lögum og einnig hitt að það eigi eftir að verða mjög alvarleg eftirköst af því að setja þessi þrjú frumvörp í lög sem sett verður með þessum þremur frumvörpum þegar farið verður að vinna út frá þeim lögum sem þá hafa verið sett.

[16:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum okkar kvennalistakvenna um þetta mál og um hálendisþrennuna svokölluðu þá erum við í meginatriðum sáttar við þetta frv. og teljum að það sé það langskásta af þessari þrennu. Þar á ég ekki síst við 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti."

Strax þarna kemur fram ákveðinn fyrirvari sem er: „... ekki eru háð einkaeignarrétti." Ef litið er svo til annars frv. þessarar þrennu, þ.e. frv. sem upphaflega hét frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu en mun nú vera kallað frv. til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þá segir þar í 3. gr.:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Það mætti ætla að hugmyndin sé að íslenska ríkið eigi að eiga þjóðlendurnar og hálendið en það er alls ekki nægilega skýrt og við vitum í raun og veru ekki á þessari stundum hvað þetta verða stór svæði. Þess vegna finnst mér, herra forseti, að það sé verið að nokkru leyti að leika hér sama leikinn og gagnvart fiskinum í sjónum. Það er sagt í einni lagagrein að þetta sé sameign þjóðarinnar en í annarri grein er nýtingarrétturinn fenginn einstaklingum. Ég hefði, herra forseti, gjarnan viljað sjá þetta orðað dálítið öðruvísi, þ.e. að miðhálendi Íslands sé eign íslensku þjóðarinnar og að það komi í hennar hlut að nýta þar auðlindir og skipuleggja það sem eina heild því að það er ekki bara frv. um nýtingu á auðlindum í jörðu sem kemur til með að trufla þessa mynd sem fram kemur í þjóðlendufrv. heldur er einnig frv. um sveitarstjórnarlögin þar sem til stendur að skipta miðhálendinu í svokallaðar sneiðar og því mun ekki vera hægt að líta á hálendið sem eina heild skipulagslega eða stjórnsýslulega séð. Þess vegna er ég ekki alveg sátt við þetta þó góða markmið sem kemur fram þarna í 3. gr.

Ég ræddi í fyrri ræðu minni um þessi mál um þau átök sem voru á fyrri hluta aldarinnar í hinni svokölluðu fossanefnd þar sem tekist var á um tvær grundvallarstefnur, svokallaða

allsherjarstefnu annars vegar og séreignarstefnu hins vegar. Það er mjög athyglisvert að þá voru einmitt fulltrúar Sjálfstfl. hlynntir allsherjarstefnunni og vildu að þetta væri allt saman í eigu ríkisins. Hins vegar varð minnihlutaálit nefndarinnar ofan á og lögfest með vatnalögunum frá 1923. Síðan hafa fallið ýmsir dómar og þar sem ríkt hefur réttaróvissa í raun um það hver eigi miðhálendið þá hafa þessir dómar líklega stutt hver annan og ég vil túlka það svo að það hafi ef eitthvað sigið á þá hlið að séreignarréttur inn hafi styrkst á þessari öld vegna þess að Alþingi hefur ekki borið gæfu til að lögfesta fyrr frv. af því tagi sem hér er til umræðu. Þess vegna er ég ánægð með að þetta frv. skuli vera til umræðu og komið þetta langt en hins vegar ber að líta á að þeir fyrirvarar sem koma fram í 2. gr. þessa frv. og 3. gr. frv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu benda til að í raun og veru vitum við hvorki hve stórt svæði kemur til með að teljast þjóðlendur né hverjir koma til með að stýra þeim og nýta þær auðlindir sem þar eru, hvort sem það á við auðnina sjálfa og umhverfishliðina sem er auðvitað mjög mikilvæg og við kvennalistakonur leggjum megináherslu á, en líka allar hugsanlegar auðlindir sem þarna eru, m.a. virkjanamöguleika.

Ég vil að það komi fram, herra forseti, að þó að við séum ánægðar með meginmarkmið þessa frv. þá er ekki ljóst að markmið þess muni nást vegna tengslanna við hin frv. tvö sem eru að okkar mati algerlega óásættanleg bæði tvö.

Ég sé ekki, herra forseti, mikla ástæðu til þess að orðlengja mikið um þessi mál núna. Ég vil þó ítreka það sem kom einnig fram í fyrri ræðu minni um þetta mál að ég tel að það vald sem fengið er hæstv. forsrh. með frv. sé allt of mikið og í raun óásættanlegt. Það hefði verið mun vænlegra af fallist hefði verið á tillögu okkar stjórnarandstæðinga um að dómsmrh. skipaði fulltrúa í óbyggðanefnd í staðinn fyrir forsrh. Það hefði verið mun vænlegri leið. Það er mjög vandmeðfarið að hafa svo mikið vald eins og hér er lagt til og ég verð að segja, hæstv. forseti, að reynslan undanfarna daga, og allt að því valdhroki hæstv. forsrh. gagnvart þinginu, gerir mig ekki bjartsýna á að það sé rétt að láta svona mikið vald í hendur eins manns. Þess vegna vil ég ítreka þá andstöðu mína að ég tel að þarna væri mun eðlilegra að verki staðið ef fleiri aðilar kæmu þarna að og vald væri dreifðara.

Ég vil að lokum fagna því, herra forseti, að samkomulag virðist vera að nást hér um gang mála og vona að þingið eigi eftir að bera þess blæ á næstu dögum og að þetta frv. fái framgang. En vonandi verður hinum frumvörpunum breytt. Ég er ekki enn búin að sætta mig við að þau fari fram eins og þau eru núna.

[16:25]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Frv. sem við hér ræðum og er til 3. og síðustu umræðu er eitt af hinum stóru forgangsmálum á þinginu og hefur verið flokkað til frumvarpaþrennu ríkisstjórnarinnar eða jafnvel fernu ef menn hafa viljað telja húsnæðismálin með sem fer heldur afkáralega að mínu mati því þar er auðvitað um allt annars konar mál að ræða. Frv. sem við hér ræðum inniheldur efni sem menn hafa beðið eftir mjög lengi. Í rauninni hafa ekki gilt þær reglur um það efni sem þar er fjallað um eins og ásættanlegt væri og menn hafa leyst úr málum fyrir dómstólum til þess að skýra út eignarrétt á hálendinu. Það hefur raunar verið þannig að drjúgur hlutur miðhálendisins hefur talist eigendalaus með öllu.

Þannig var fyrr á öldinni að til voru fræðimenn sem töldu að ríkið væri eigandi þeirra svæða sem enginn gerði annars með réttu tilkall til og það er kannski svipað og hefur tíðkast í öðrum löndum. Segja má, herra forseti, að með þjóðlendufrv. sé verið að leitast við að skýra línurnar í þessu efni og eins og ég sagði þá þótti ýmsum tími kominn til. Þar er innleitt þetta nýja hugtak, þjóðlendur, sem tekur til þeirra svæða sem ekki lúta fullkomnum eignarrétti. Í frv. er samkvæmt 2. gr. mælt fyrir um að ríkið fari með eignarráð þessara svæða. Jafnframt kemur fram að þeir sem hafa nýtt landið innan þjóðlendunnar sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skuli halda þeim rétti þó ríkið fari með grunneignarréttinn.

Í 2. gr. er einnig fjallað um það hver fari með stjórnsýsluna og menn hafa talað um að það væri eins og til að undirstrika sérstöðu þessara réttinda, þ.e. þess að íslenska ríkið sé eigandi lands og þó að ekki sé um hefðbundnar eignir ríkisins að ræða að gert er ráð fyrir því að forsrh. en ekki fjmrh. fari með málefni þjóðlendna.

Í frv. eru, herra forseti, reglur um leyfisveitingar til landnýtingar og þær eru mismunandi eftir því um hvers konar nýtingu er um að ræða. Þar segir að forsrh. einn veiti leyfi til að nýta ýmis réttindi innan þjóðlendna. Síðan kemur auðvitað fram að til að nýta land og landsréttindi þarf að öðru leyti leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þar komum við kannski að því að hlutirnir byrja að skarast vegna þess að rétt eins og áður hefur komið fram í umræðu um þessi frumvörp, sérhvert þeirra þriggja eða öll, þá er það svo að sá sem hefur skipulagsréttinn hefur býsna mikið vald og fram hjá honum verður ekki gengið. Það er nákvæmlega þar, herra forseti, sem menn tala um að þessi frumvörp, það frv. sem við ræðum hér um um þjóðlendur og hins vegar frv. félmrh. um sveitarstjórnir, skarist og stangist jafnvel á.

Þessi frumvarpaþrenna, inniheldur eins og ég gat um áðan þetta frv. um þjóðlendur þar sem er efni sem menn hafa beðið eftir og með því á að skýra í rauninni hverjir eru eigendur stórs hluta landsins þar sem verður gert klárt á ákveðinn hátt hvað af landinu sé í þjóðareign og hvað sé í einkaeigu. Síðan erum við jafnframt að fjalla um það hvaða réttindi einkaeignin veitir þeim sem teljast vera eigendur lands þar sem þeim er í rauninni falin eignarráð eða afhent eignarhald á öllum auðlindum á sínu landi og í jörðu.

Þar er um dálítið sérkennilegt eignarhald að ræða, herra forseti, vegna þess að í frv. kemur fram að þar er ekki um forgangsrétt til afnota af þeim gæðum að ræða heldur er fyrst og fremst um forgang til þess að fá greiðslur fyrir afnotin, forgang til þess að t.d. ef almannaheill krefst þess að auðlindirnar séu nýttar sé alveg klárt að einhver fái borgað fyrir það. Þetta er frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu.

Svo er þriðja frv. sem er sveitarstjórnarfrv., þ.e. 1. gr. þess og bráðabirgðaákvæðið, sem fjallar um það hverjir ráði skipulagi og nýtingu þar með.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði áðan í grein sem Trausti Valsson skipulagsfræðingur skrifar í Morgunblaðið um helgina þar sem hann fjallar nokkuð um hvaða möguleika menn eiga til nýtingar á landi, jafnvel eigandi þess eftir að skipulag er komið á. Hann tekur þar dæmi af möguleikum þeirra sem hafa átt land, ríkis eða einstaklinga, t.d. í Reykjavík, sem hafa orðið að lúta í gras fyrir skipulagsvaldinu. Hann telur að sama muni að sjálfsögðu eiga við þó við séum komin upp á hálendið sakir þess að skipulagsvald sveitarfélaganna sé svo sterkt. Þetta finnst mér vera atriði sem menn hafa tekið allt of létt á í umræðunni en virðist því miður ekki eiga að taka tillit til. Ég óttast að við munum

þurfa að horfa framan í ýmis útbrot á næstu árum vegna þess hvernig á að skilja við málið.

Menn eru almennt sammála um að frv. sem við erum nú að ræða við 3. umr. sé mikilvægast þessara frumvarpa vegna þeirrar skilgreiningar sem þar kemur fram eða á að verða á því hvað sé þjóðareign. Ég vil leyfa mér, herra forseti, vitna í það sem Páll Sigurðsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hefur sagt um þetta mál en hann hefur skrifað margar ágætar greinar, bæði um þjóðlendufrv. og frv. til sveitarstjórnarlaga, eða þann þátt þess sem lýtur að miðhálendinu. Hann segir um þetta þjóðlendufrv.:

„Með því er leitast við að bera fram hæfilega lausn á þeim vandamálum, sem óneitanlega hafa tengst meintum eignarrétti (eða eigendaleysi) að hálendissvæðunum og öðrum óbyggðum landsvæðum og sem stundum hefur staðið nokkur styr um. Fer ekki á milli mála að þar er stefnt að færsælli skipan mála, að því marki sem á annað borð er unnt með lagasetningu.

Eins og margir minnast hafa gengið allmörg dómsmál varðandi kröfur um eignarrétt yfir ýmsum afmörkuðum hálendissvæðum og eru sumar dómsúrlausnirnar bæði merkar og eftirminnilegar. Oftast hefur niðurstaðan orðið sú, að kröfur þeirra aðila — einstaklinga, upprekstrarfélaga eða sveitarfélaga — sem gerðu tilkall til eignarréttar voru ekki viðurkenndar. Eru röksemdir þær, sem að baki þeim dómsúrlausnum liggja, afar merkar, margar hverjar, og lærdómsríkar. Alls ekki fer á milli mála, að dómar þessir, sem eru tvímælalaust mjög áhugaverðir af lögfræðilegum sjónarhóli séð, eru um margt stefnumarkandi. Hafa þeir flestir mikið fordæmisgildi — stundum beint en eigi síður óbeint — varðandi síðari dómsúrlausnir um önnur öræfasvæði og mætti þar rita um í löngu máli þótt ekki séu tök á því á þessum vettvangi. Þar koma m.a. fram ýmsar merkar athugasemdir um sönnunargildi fornra heimilda, sem gjarna er vísað til í dómsmálum af þessu tagi, og fer ekki á milli mála, hvað sem öðru líður, að Hæstiréttur hefur markað skýra stefnu um það að gera verði mjög strangar kröfur til sönnunargildis ýmissa fornra og kunnra heimilda (bóklegra heimilda jafnt sem löggerninga), þótt gildi þeirra hafi hins vegar síður en svo verið hafnað með öllu. Allur óskýrleiki í þeim gögnum hefur verið túlkaður þeim aðila í óhag, sem hefur byggt á þeim til stuðnings kröfu sinni um viðurkenningu þess að hann eigi tiltekið óbyggðasvæði."

Herra forseti. Í stuttu máli er það svo að almannarétturinn, ef má orða það þannig, virðist hafa haft yfirhöndina. Það hefur reynst einstaklingum mjög erfitt að sanna eignarhald á þessum svæðum. Þá hefur hvað eftir annað verið staðfest að enginn getur afhent öðrum annað og meira en hann á sjálfur með fullum rétti. Þetta þykir okkur auðvitað merkilegt sem höfum gagnrýnt mjög hvernig fiskveiðistjórnarkerfið á Íslandi leyfir framsal veiðiheimilda, þ.e. það leyfir að selt sé og afhent það sem aðrir eiga án þess að bætur og greiðsla komi fyrir. E.t.v. verður umfjöllun þessara mála og ekki síður framkvæmd þeirra til þess að skýra betur fyrir mönnum ýmsar hliðar sem snúa að sjávarútveginum og eignarhaldi þjóðarinnar á þeirri auðlind. En hér segir Páll Sigurðsson áfram:

„Í þjóðlendufrumvarpinu er m.a. lagt til að staðfest verði með skýru og ótvíræðu lagaákvæði að allt það land, sem aðrir geta eigi sannað eignarrétt sinn yfir, sé ríkiseign (í reynd sameign þjóðarinnar), en svo sem kunnugt er hefur Hæstiréttur a.m.k. einu sinni komist að þeirri niðurstöðu, að tiltekið óbyggðasvæði, sem ekki var talið vera í eigu bænda, lyti heldur ekki eignarráðum íslenska ríkisins. Sökum þess að niðurstaðan getur að því leyti hæglega orðið hin sama um mörg önnur landsvæði, ef látið yrði á reyna, er afar mikilvægt að meginregla af því tagi, sem frumvarpið felur í sér, verði lögfest hið fyrsta. Annað virðist ekki fá samrýmst nútímalegum hugmyndum um almannarétt. Lögbundin regla af því tagi, sem felst í frumvarpinu, mun tvímælalaust koma í veg fyrir ýmis vandamál, sem nú er við að glíma og sem að öllu óbreyttu kynnu að leiða til þess að eðlilegar úrlausnir fáist ekki á ýmsum þeim álitamálum sem ófært er að ágreiningur ríki um til frambúðar."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. En ég vil endurtaka að sá sem þetta ritar hefur einnig skrifað margt um galla þess frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur jafnframt fyrir og hefur gagnrýnt harðlega að það skuli eiga að skipta landinu upp með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. Mér sýnist að gagnrýni hans falli þar saman við gagnrýni annarra þeirra sem hafa af því áhyggjur að skipulagsvald 42 sveitarfélaga muni í rauninni taka réttinn af býsna mörgum sem telja sig eiga ýmsan rétt á því svæði sem er í dag kallað miðhálendið.

Ég held, herra forseti, að farsælast væri fyrir okkur að samþykkja þjóðlendufrv. og huga betur að því sem hin frumvörpin tvö innihalda, þ.e. sveitarstjórnarfrv. og frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu. Ég held að það væri afar farsælt ef við leyfðum örlitlu lofti að leika um lagasmíð af því tagi sem hér liggur fyrir í þessu frv. um þjóðlendur, að óbyggðanefndin gæti starfað, skorið úr og sett mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna. Menn gætu þá aðeins áttað sig betur á því hvernig þeir vilja í raun að skipulagsmálum hálendisins sé fyrir komið.

Ég óttast, herra forseti, að þeir sem eru að gleðjast svo mjög yfir þjóðlendufrv. hafi kannski ekki alveg áttað sig á því að sá skipulagsréttur sem ákvarðar í raun nýtingu möguleikanna tekur að líkindum býsna mikið af því almannavaldi sem menn telja sig fá með þessu frv. ef það verður að lögum.

[16:40]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umræður og stuðning við þetta mikilvæga mál. Ég tel ekki þörf á að ræða það frekar. Það gerðum við við 2. umr. málsins og allítarlega.

Verið er að stíga sögulegt skref með þessu frv., þ.e. frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. En vegna ýmissa athugasemda hv. þingmanna sem fram hafa komið þykir mér þó rétt að ítreka enn og aftur orð hæstv. forsrh. er fram komu í lok framsögu hans með málinu, en þá sagði hann, með leyfi virðulegs forseta:

„Við höfum ekki áður búið að slíkum eignarheimildum yfir þessum svæðum og varsla þeirra verður vandmeðfarin. Ekki verður fyrir fram séð við öllum þeim vandamálum sem kunna upp að koma og úr þeim verður ekki leyst á einu bretti. Ég legg þess vegna áherslu á að með samþykkt þessa frv. er aðeins fyrsta skref á lengri leið tekið og með því er ekki svarað hvernig framtíðarskipan ýmissa þeirra málaflokka sem nefndir hafa verið til sögunnar, verði háttað. Um það hljótum við að fjalla sérstaklega og ekki í sömu andrá og þetta skref er tekið."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–5. mál.

Fundi slitið kl. 16:42.

---

# 131. FUNDUR

þriðjudaginn 19. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 1409, brtt. 1410 og 1413. — 3. umr.
2. Almannatryggingar, stjfrv., 459. mál, þskj. 1235. — 3. umr.
3. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325. — 2. umr.
4. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386. — 2. umr.
5. Búfjárhald, stjfrv., 543. mál, þskj. 928, nál. 1258. — 2. umr.
6. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298. — 2. umr.
7. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 578. mál, þskj. 983, nál. 1281. — 2. umr.
8. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 625. mál, þskj. 1072, nál. 1256. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga.
Erindi frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.

[10:34]

**Útbýting þingskjala:**

Húsnæðismál, 507. mál, þskj. 1409; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1410; brtt. JóhS o.fl., þskj. 1413.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Samkomulag um þingstörfin og þinghlé.

[10:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur það gerst nokkuð oft að við höfum komið hér í ræðustól til að tala um störf þingsins eða fundarstjórn forseta. Því miður hafa verið slæm tilefni að þeim umræðum hjá okkur, fyrirliðum stjórnarandstöðunnar og þingmönnum.

Í gær voru haldnir þeir fundir sem við höfum verið að kalla eftir. Við höfum sest niður til þess að ræða með hvaða hætti megi farsællega ljúka þingstörfum hér og reyna að leggja mat á það hversu langan tíma það taki að ljúka nauðsynlegustu málum sem menn munu koma sér saman um. Fyrir liggur samkomulag á milli formanna þingflokka og forseta þar sem fjallað er um hvaða mál verða tekin fyrir í dag. Samkomulagið er um að ljúka umræðum um húsnæðismál og frv. um almannatryggingar og endurgreiðslu sérfræðikostnaðar, hugsanlega að taka einhver landbúnaðarfrv., ef tími vinnst til, og taka atkvæðagreiðslur um heilbrigðismálin og hugsanlega landbúnaðarmál. Síðan munum við gera hlé á þingstörfum til mánudagsins 25. maí og við höfum komið okkur saman um það hvernig umræðan verði tekin upp um þau stóru mál sem þá bíða.

Mér finnst það mikilvægt, herra forseti, að á sama hátt og við höfum komið hér og talað um nauðsyn samkomulags um störf þingsins og um mikilvægi þess að ræða saman, þó að ósamkomulag sé um einstök mál og gífurlegur pólitískur ágreiningur um sum þeirra stóru mála sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka hér í gegnum þingið þá er afar mikilvægt jafnframt að koma hér og greina frá því þegar samkomulag hefur náðst og sátt er um hvernig þinghaldinu muni vinda fram. Þetta vildi ég láta koma fram hér úr ræðustól, herra forseti.

[10:37]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Satt að segja held ég að býsna langt sé orðið síðan það jafnilla hefur litið út með þinglokin og í ár. Það hefur verið þannig að ekki hefur verið um að ræða nein samtöl að heitið geti á milli stjórnarandstöðu og þingforustu um hálfs mánaðar skeið. Það er algjör nýlunda á mínum þingferli að svo illa takist til, og í raun og veru leit mjög illa út á laugardaginn var þegar einn af þingmönnunum kastaði sprengju hér inn í salinn. Flestir hvöttu þó til þess, þó að hann gegni hárri stöðu sá maður, að þingið reyndi engu að síður að halda virðingu sinni og ljúka störfum með eðlilegum hætti.

Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því sérstaklega, að þannig geti litið út að þingið ljúki störfum á þessu vori með þeim sóma sem Alþingi ber. Okkur ber að gæta að sóma þingsins og þingskapanna. Ég vil láta það í ljós, herra forseti, að ég fagna því að sú niðurstaða liggi fyrir. Þó að í sjálfu sér hafi ekki verið gengið frá tilhögun mála í einstökum atriðum þá tel ég þetta ánægjuefni fyrir stöðu Alþingis, líka stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég vil hins vegar undirstrika, af hálfu þingflokks Alþb. og óháðra, að sum þeirra mála sem eftir standa, aðallega húsnæðismálið og auðlindafrv., eru þannig að um þau er djúpstæður pólitískur ágreiningur. Við munum halda okkar sjónarmiðum til haga í umræðunum um þau mál þrátt fyrir þetta samkomulag, innan þess ramma sem okkur er markaður í þingsköpum og öðrum vinnureglum Alþingis.

[10:39]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill staðfesta að gott samkomulag hefur tekist um framvindu þinghaldsins nú næstu daga og vonandi fram að þingfrestun.

Forseti vill jafnframt nota tækifærið til þess að þakka þingflokksformönnum og ráðherrum þeirra þátt í lausn á þeim deilum sem staðið hafa að undanförnu.

***Húsnæðismál, 3. umr.***

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 1409, brtt. 1410 og 1413.

[10:39]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson):**

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að nú liggur fyrir samkomulag um framgang mála á Alþingi og fyrir liggur að frv. til laga um húsnæðismál verður ekki að lögum í þessari viku, þá leggur meiri hluti félmn. til að gerðar verði smávægilegar breytingar á tveimur greinum í frv.

Í fyrsta lagi er um að ræða 52. gr. þar sem fram kemur að ákvæði um skipan húsnæðisnefnda sveitarfélaga öðlist gildi þegar í stað og komi fyrst til framkvæmda eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, þ.e. gert var ráð fyrir því að þetta kæmi til framkvæmda eftir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara um næstu helgi. Meiri hlutinn leggur til að þetta verði fellt niður, þ.e. að gert verði ráð fyrir því að þessi ákvæði öðlist gildi þegar í stað, eða þegar þetta frv. verður gert að lögum eftir sveitarstjórnarkosningar.

Í öðru lagi, varðandi ákvæði VII til bráðabirgða, þá kemur fram í frv., eins og það liggur fyrir eftir 2. umr., að úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem hafa verið gerðir við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir, sem keyptar hafi verið eða eru á byggingarstigi fyrir 1. júní 1998, skuli halda gildi sínu. Hér er lögð til sú breyting að í stað orðanna „sem keyptar hafa verið eða eru á byggingarstigi fyrir 1. júní 1998", komi: „sem keyptar hafa verið eða eru á byggingarstigi fyrir fyrir 15. júní 1998."

Í öðru lagi, varðandi þetta bráðabirgðaákvæði, er á öðrum stað í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins dagsetningin „1. júní 1998". Þar leggur meiri hlutinn til breytingu sem miðar að því að þar komi fram dagsetningin „15. júní 1998".

Herra forseti. Þetta eru brtt. sem meiri hluti félmn. leggur til við 3. umr. og snúa fyrst og fremst að dagsetningum þeim sem fram koma í frv.

[10:42]

**Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Þetta mikla deilumál, frv. til laga um húsnæðismál, er nú komið til 3. umr. Ég verð að harma það, hæstv. forseti, að meiri hlutinn skuli ekki leggja til meiri breytingar á frv. en hér má sjá. Ég hafði svo sannarlega vonast til þess að sú gagnrýni sem kom fram við 2. umr., ekki síst það sem snýr að starfsfólki Húsnæðisstofnunar, mundi hafa áhrif á meiri hlutann og að það yrði sett í lög að starfsfólk stofnunarinnar hefði forgang að störfum eftir breytinguna. Því miður er því ekki að heilsa en við í minni hlutanum ætlum að reyna að kippa því í liðinn.

Frá því að 2. umr. lauk hefur borist áskorun frá sambandsstjórnarfundi Verkamannasambands Íslands sem, eins og aðrir hlutar verkalýðshreyfingarinnar, skora á félmrh. að draga til baka frv. um húsnæðismál sem nú er til meðferðar á Alþingi og taka boði verkalýðshreyfingarinnar um viðræður þannig að sátt megi nást um málið.

Það má ljóst vera að við erum hér að hefja 3. umr. án nokkurrar sáttar um þetta mál. Mér finnst allt benda til þess að það eigi að afgreiða málið hvað sem tautar og raular, hvað sem þingheimur og aðrir, sem láta sig málið varða, segja um afleiðingar þess.

Við 2. umr. kom fram að það eru einkum kvartanir íbúa í félagslega kerfinu sem valda því að lagt er út í þá miklu byltingu sem hér er á ferð. Ég hygg að þær kvartanir eigi eftir að aukast eftir að þessi breyting er fram gengin. Ég óttast að þetta frv. muni því miður hafa mjög alvarlegar afleiðingar á stöðu þess hóps eða hluta þess hóps sem hingað til hefur átt inni í félagslega kerfinu.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta hér, hæstv. forseti. Ég ætla fyrst og fremst að reyna að draga saman hvað verið er að gera í þessu máli, hvaða breytingar þetta eru og hvaða afleiðingar ég tel að þær muni hafa. Í fyrsta lagi er verið að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður án þess að framtíð starfsfólksins sé tryggð. Eins og ég nefndi áðan þá finnst mér þetta algjörlega óviðunandi framkoma við starfsfólkið og ég skora enn og aftur á hæstv. félmrh. að gefa hér skýrt og skorinort til kynna hvers vænta megi varðandi framtíð starfsfólksins.

Í öðru lagi er verið að gera grundvallarbreytingar á stöðu þessarar stofnunar í ríkiskerfinu. Hinn nýi Íbúðalánasjóður verður mun sjálfstæðari en Húsnæðisstofnun ríkisins er nú. Stjórn stofnunarinnar er skipuð af ráðherranum og vald ráðherrans er gríðarlega mikið vegna þess hve margar reglugerðir á að setja og hvernig hægt er að stýra í gegnum reglugerðirnar. Þar að auki hefur ráðherrann mikið vald til að setja reglur um gjaldtöku og á það var bent í umræðunni í gær, m.a. af hv. þm. Svavari Gestssyni, að þetta vald næði ekki nokkurri átt. Þetta mál hefur ekkert verið skoðað milli 2. og 3. umr. og því stendur væntanlega sú tillaga sem samþykkt var í gær.

Með þessari breytingu á stofnuninni fara fulltrúar Alþingis út úr stjórn Húsnæðisstofnunar og ég segi enn og aftur að umræðan um það, um verkaskiptingu ríkisins, þ.e. framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, hvað varðar hinar ýmsu stofnanir ríkisins, á einfaldlega eftir að fara fram. Gerðar hafa verið einhliða breytingar á nánast öllum þeim stofnunum og stjórnum sem við höfum verið að fjalla um í lagasetningu á undanförnum árum og ég verð að segja að ég er mjög ósátt við þetta. Ég er mjög ósátt við hvað þetta er óljós stefna og að við skulum ekki ræða það í mikilli alvöru hvernig þessi verkaskipting skuli vera og hvar hinir kjörnu fulltrúar eiga að koma að eftirlitshlutverki sínu í ríkisstofnunum.

Hinn nýi Íbúðalánasjóður á að vera sjálfbær. Það er skýrt og skorinort og það var samþykkt í gær að það ættu ekki að vera breytilegir vextir hvað varðar viðbótarlánin heldur eigi vextirnir að fylgja þeim kjörum sem sjóðurinn fær við öflun fjár úti á markaði. Þetta þýðir auðvitað að greiðslubyrði þeirra sem taka lánin verður meiri. Þarna er sjóðurinn orðinn eins og hver önnur lánastofnun. Að vísu er gefinn kostur á þessum viðbótarlánum en þar sem þau verða á markaðsvöxtum er auðvitað ljóst að það eitt þrengir þann hóp sem mun ráða við þau kjör sem verða í boði.

Töluverðar breytingar verða varðandi húsnæðisnefndir sveitarfélaganna og þar fara fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar út. Hlutverk húsnæðisnefndanna mun breytast. Töluverð vinna verður við það að ganga frá gamla kerfinu, vinna við það að taka inn endursöluíbúðir og að koma þeim út á markaðinn. (**Gripið fram í:** Geta ekki fasteignasalar séð um það?) Það getur vel verið að sveitarfélögin ákveði að fela fasteignasölum að sjá um það verk. En það skal þó tekið fram að þetta er gríðarlega flókið verk. Það er flókið verk að reikna upp eignarhlut fólks og fyrningu og fleira og hefur verið bent á það í umsögnum að allt of illa sé frá þeim málum gengið. Kannski er ástæðan sú að slík mál eru fyrir dómstólum, þau eru einfaldlega fyrir dómstólum, og verið er

að bíða niðurstöðu dómstóla hvað varðar slík útreikningamál ef svo má að orði komast.

Við bentum á það í nál. minni hlutans að töluverð skörun verður milli verksviða húsnæðisnefnda og félagsmálanefnda sveitarfélaganna og ýmis sveitarfélög munu lenda í því að þurfa að skoða verkaskiptingu sína hvað þessi mál varðar því hér er það að gerast að lögð verður mun meiri áhersla en áður á leiguhúsnæði, hvort sem það gengur eftir eða ekki. Það á algjörlega eftir að koma í ljós og er einn af hinum óljósu þáttum. Ég held að sveitarfélögin hljóti að þurfa að stokka nokkuð upp störf sín í húsnæðismálum í kjölfar þessara breytinga en ég hef ekki heyrt minnst á það einu orði í þessari umræðu hvað þá úti í þjóðfélaginu þar sem sveitarstjórnarmenn eru að keppa eftir endurkjöri eða eru að bjóða sig fram. Því miður held ég að sú staðreynd að sveitarstjórnarmenn eru í kosningabaráttu hafi valdið því að þeir hafi ekki getað sinnt þessu máli og sett sig almennilega inn í hvað er verið að gera því að ég ætla að fullyrða að það er fjöldi sveitarstjórnarmanna sem átta sig ekkert á því hvaða afleiðingar þessar breytingar muni hafa fyrir sveitarfélögin í landinu. (**Gripið fram í:** Hárrétt.)

Í stað þess að í gamla kerfinu voru veitt félagsleg lán, 90–100%, eftir því hvernig á stóð, verða nú veitt almenn lán, 65–70%, og viðbótarlán, 25–30%, á markaðsvöxtum, almennu lánin með stimpilgjöldum en viðbótarlánin verða án stimpilgjalda. Allt þetta þýðir aukinn kostnað fyrir þá sem ætla að taka þessi lán.

Síðan eru það lánin til leiguíbúða og eins og ég gat um rétt áðan er allt mjög óljóst hvað þau varðar. Þar mun velta mjög mikið á sveitarfélögunum hvernig þau bregðast við, hversu viljug þau verða til þess að sinna því fólki sem er verið að vísa út á leigumarkaðinn og hvaða afl þau hafa til þess að byggja upp leigumarkaðinn. Við vitum að staða sveitarfélaganna er afskaplega mismunandi, skuldastaða þeirra misjöfn, ég held að þau séu flest nokkuð skuldug en hér erum við bara að ana út í algjöra óvissu. Það er algjör óvissa sem blasir við hvað varðar leigumarkaðinn en það kerfi sem við höfum búið við hefur þó lagt til ákveðinn fjölda nýrra íbúða á hverju einasta ári auk þess sem hundruð íbúða koma í endursölu á hverju einasta ári. Og þó að mikið til séu það breytingar innan kerfisins þá kemur líka töluverður hluti til úthlutunar til umsækjenda. Það er grundvallarbreyting að verið er að vísa hluta fólks út á leigumarkaðinn.

Nú skal ég ítreka það enn og aftur að ekki ráða allir við að kaupa húsnæði og mér hefur fundist í þessari umræðu að menn séu oft að ætlast til þess að fólk sem hefur mjög lágar tekjur ráði við að kaupa húsnæði. Auðvitað þarf að skoða það dæmi vandlega. En sannleikurinn er sá að kjörin í núverandi félagslegu kerfi hafa verið þannig að margar einstæðar mæður, barnmargar, fátækar fjölskyldur, fatlaðir og jafnvel fólk komið upp undir eftirlaunaaldur hafa haft ráð á því að kaupa þessar íbúðir, jafnvel þó að tekjurnar væru lágar. En hér verða auðvitað miklar breytingar á kjörum. Maður spyr sig hver verði áhrifin á íbúðamarkaðinn. Hver verða áhrifin á leigumarkaðinn? Mun þetta ekki líka valda hækkun á leigu fyrir utan það að valda hækkun á íbúðaverði, a.m.k. tímabundið á meðan þessi breyting er að ganga yfir?

Það er tvennt sem mér finnst vera meginþáttur þessa máls og veldur mér mestum áhyggjum. Það er annars vegar ef veruleg fækkun verður á starfsfólki hinnar nýju stofnunar og að við séum með þessum breytingum að vísa fólki út á vinnumarkaðinn þar sem kjörin gerast harla misjöfn. Ég hef ekki síst áhyggjur af þeim sem eru í hópi hinna eldri meðal starfsmanna og þá ekki síst konunum. Því miður er ekkert auðvelt fyrir konur sem komnar eru yfir fimmtugt að fá vinnu úti á vinnumarkaðnum og það er sérstakt viðfangsefni að fara að taka á því hvernig vinnumarkaðurinn bregst við reyndu og góðu starfsfólki. Hins vegar, og það sem vegur miklu þyngra í mínum huga, eru þær afleiðingar sem þessar breytingar munu hafa á þann hóp sem hefur hingað til átt inni í þessu kerfi en mun ekki ráða við kjörin eftir breytingarnar, það fólk sem vísað er út á leigumarkaðinn sem er ekki til. Það er alveg ljóst og það þarf ekki að fara langt til þess að átta sig á því að mikil samkeppni er um leiguhúsnæði, m.a. á Reykjavíkursvæðinu vegna skorts á því. Það er líka alveg ljóst, hæstv. forseti, að það mun taka sveitarfélögin töluverðan tíma að koma sér upp leiguhúsnæði. Hæstv. ráðherra ætlar sér tvö ár til þess að ræða við sveitarfélögin, til þess að ræða við verkalýðshreyfinguna, til þess að kanna leigumarkaðinn, kanna þörfina og væntanlega að gera einhverja áætlun til úrbóta. Hvað gerist á þessum tveimur árum? Hvað gerist eftir þessi tvö ár? Mun nást samkomulag við sveitarfélögin?

Ég minni á það enn og aftur að Samband ísl. sveitarfélaga gerði þá kröfu í samþykkt sinni að áfram yrðu veitt lán á niðurgreiddum vöxtum til byggingar leiguhúsnæðis meðan það er algjörlega ljóst að öll hugmyndafræði þessa frv. gengur út á það að stofnunin sé sjálfbær. Eigi að vera mögulegt að veita lán á niðurgreiddum vöxtum getur það ekki gerst með öðrum hætti en þeim að annaðhvort afli stofnunin sér meiri tekna eða að framlög komi úr ríkissjóði. Ég hef ekki heyrt það í þessari umræðu að sérstaklega væri talað um að framlög kæmu úr ríkissjóði nema þau tvö ár sem ætluð eru í þessar breytingar.

En við skulum ekki gleyma því, hæstv. forseti, og það er kjarni málsins, að þeir hópar sem við erum að ræða um og verður úthýst úr félagslega húsnæðiskerfinu eru einstæðar mæður, það eru barnmargar, fátækar fjölskyldur, það eru fatlaðir og það eru námsmenn og eflaust kunna að vera fleiri hópar inni í þessu en það er alveg ljóst að einstæðar mæður hafa verið aðalforgangshópurinn í félagslega kerfinu. Nú minni ég á það, hæstv. forseti, að nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur fylgst með framkvæmd barnasáttmálans, gerði þær athugasemdir varðandi Ísland að ekki væri réttlætanlegt hvernig börunum einstæðra mæðra væri mismunað hér á landi. Þessu er hægt að fletta upp í gögnum nefndarinnar, það væri alvarlegt ástand hér hvað varðar stöðu barna einstæðra mæðra sem eru eins og við vitum að miklum hluta til í láglaunahópum þessa lands sem eru nú reyndar býsna stórir. Aðstaða þessara barna er ekki nógu góð.

Hvað gerist, hæstv. forseti, ef þessum hópi, forgangshópnum verður vísað út á leigumarkaðinn? (**Gripið fram í:** Sem honum verður.) Sem honum verður að töluverðum hluta. Sem betur fer eru líka til konur sem hafa það þokkaleg laun að þær munu vonandi ráða við kjörin en ég óttast að þær verði ekki margar. Ég skal segja það enn og aftur að ég tala af reynslu. Ég minnist þess þegar ég sat í stjórn Verkamannabústaðanna í Reykjavík að við sátum uppi með tugi umsókna, ef ekki hundruð umsókna frá einstæðum mæðrum þar sem aðstæðurnar voru nánast allar eins. Ekki var nokkur leið að forgangsraða því að hópurinn var allur eins. Mjög lágar tekjur og eitt, tvö og jafnvel þrjú börn. Það er miklu stærri og viðameiri spurning hvernig hægt er að taka á kjörum þessa hóps sérstaklega. Þetta tengist svo mörgu, þetta tengist afstöðu til barneigna hér á landi og svo mikið er víst

að ekki er það félagslega kerfið sem ýtir undir barneignir hér á landi eins og talið er að gerist í ýmsum öðrum löndum. Þá vísa ég t.d. til Bandaríkjanna, af því hv. þm. Svanfríður Jónadóttir brosir við, en þar er fullyrt að sú bylgja ungmæðra sem þar hefur komið upp, og ég las reyndar í blöðunum að einnig hefur komið fram í Bretlandi, sé sú staðreynd að í Bandaríkjunum hafa verið gerðar miklar úrbætur í félagslega kerfinu hvað varðar þennan hóp og þetta hefur hreinlega verið flóttaleið margra ungra stúlkna til þess einfaldlega að sjá sér farborða. Þetta hefur verið rannsakað ítarlega. Það er nú annað mál.

Það sem ég er að koma að, hæstv. forseti, er að ég hef miklar áhyggjur af þessum hópi og óttast að honum verði að stórum hluta til ýtt út á þennan leigumarkað sem er ekki til og mun taka allmörg ár að byggja upp ef yfir höfuð er vilji til þess. Þarna held ég að við séum að búa til nýtt og mjög alvarlegt vandamál í samfélagi okkar.

Ég vil líka minnast sérstaklega á námsmenn áður en ég lýk máli mínu. Ég held það sé líka mjög alvarlegt ef enn meir dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis. Þeir óttast að þau lánakjör sem boðið verður upp á muni hafa í för með sér hækkun á leigu og það verður einfaldlega meira en námsmenn ráða við því að þeir eru flestir á námslánum og þau eru ekki svo vel úr garði gerð nema barnafjöldinn bæti það upp. Við vitum að þörfinni fyrir námsmannahúsnæði er engan veginn fullnægt, þar er mjög langt í land og því lýsi ég ábyrgð á hendur ríkisstjórninni ef nú dregur úr byggingu námsmannaíbúða.

Þessar breytingar munu hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Það er alveg ljóst ef þau bregðast við þeirri breytingu sem á sér stað. Þetta mun hafa í för með sér töluverðan kostnað fyrir þau í húsaleigubótum, í lántökum og í fleiri liðum þar sem kostnaður leggst á þau og þetta mun hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir þá sem ráða við þau kjör sem boðið verður upp á.

Hæstv. forseti. Því miður er verið að gjörbreyta gamalgrónu kerfi sem hefur um margt reynst vel og á sér langa sögu. Ég held að miklu nær hefði verið að setjast niður við það verk að sníða af helstu agnúana, laga það sem þurfti að laga, taka á vanda þeirra sveitarfélaga sem hafa reist sér hurðarás um öxl en halda að öðru leyti í meginkosti þessa kerfis sem eru skipulagt framboð á íbúðum. Það mætti vera skipulagðara og þær íbúðir mættu vera dreifðari, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Niðurgreiddir vextir og skipulagt framboð á íbúðum eru meginkostirnir. Ég held það hefði átt að halda í þetta en reyna að sníða af ýmsa aðra agnúa og vinna þær breytingar í sátt. Ég held það sé alltaf mjög slæmt að gera breytingar eins og þessar á kerfi sem snertir nánast hverja einustu fjölskyldu í landinu í slíkri ósátt við verkalýðshreyfinguna og ég efast ekkert um að verkalýðshreyfingin mun taka þessi mál upp í kjarasamningum þegar þar að kemur. Þá verður væntanlega komið í ljós hvernig kerfið virkar og hvernig sveitarfélögin hyggjast bregðast við. En því miður óttast ég mjög að verið sé að stíga óheillaspor og að það sé spor sem bitni á þeim sem verst eru staddir, einstæðum mæðrum og börnunum þeirra, fötluðum, námsmönnum og barnmörgum, fátækum fjölskyldum. Þetta er nokkuð sem ætti ekki að gerast á því herrans ári 1998.

[11:05]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að lesa upp áskorun frá sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands. Sambandsstjórnin hélt fund í Reykholti dagana 15. til 17. maí. Hún hefur sent frá sér eftirfarandi áskorun:

„Sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands skorar á félmrh. að draga til baka frv. um húsnæðismál sem nú er til meðferðar á Alþingi og taka boði verkalýðshreyfingarinnar um viðræður þannig að sátt megi nást um málið."

Þetta er áskorun frá Verkamannasambandi Íslands en innan raða þess eru þúsundir þeirra einstaklinga sem eru líklegir til að finna fyrir þeim breytingum sem verið er að gera á húsnæðiskerfinu. Það segir sína sögu að eftir að málið hefur fengið þessa umfjöllun á þingi og eftir að sýnt er að ríkisstjórnin er ákveðin í að reyna að keyra frv. í gegnum þingið og fá það afgreitt nú sér Verkamannasambandið ástæðu til að biðja eina ferðina enn um að það verði endurskoðað og þeirri áskorun er beint til hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar allrar. Fróðlegt væri að heyra viðbrögð hæstv. félmrh. á eftir við þessari ósk sem kemur frá Verkamannasambandi Íslands.

Þau viðbrögð sem hafa hins vegar komið frá ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum birtust okkur hér eða komu í ljós í máli talsmanns meiri hluta félmn. þegar hann kynnti breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við frv. Hann sagði að gera þyrfti smávægilegar breytingar á frv. Þrátt fyrir þá gagnrýni sem fram hefur komið á Alþingi, þrátt fyrir áskoranir sem fram hafa komið frá verkalýðshreyfingunni og nær öllum almannasamtökum þessa lands sér ríkisstjórnin ekki ástæðu til að gera annað en smávægilegar tæknilegar breytingar á frv. sem lúta flestar að dagsetningum sem er hnikað lítillega til. Þetta eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeim þrýstingi sem komið hefur víðs vegar að úr þjóðfélaginu um að gerðar verði miklar og gagngerar breytingar á frv. og þær verði undirbúnar með nefndarstarfi í sumar.

Við í minni hlutanum á Alþingi höfum rætt hvernig skuli brugðist við. Við ræddum um það í gær hvort rétt væri að gera tillögur um umfangsmiklar breytingar á frv. á þessu stigi og niðurstaðan varð sú að við létum það bíða til síðari tíma en hins vegar legðum áherslu á tvennt á þessu stigi máls eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, formanns félmn. Það tvennt sem við leggjum áherslu á snýr að starfsfólki Húsnæðisstofnunar, að starfsöryggi þess verði tryggt í samræmi við þær yfirlýsingar sem hæstv. félmrh. hefur þegar gefið, að þeim yfirlýsingum verði fundinn staður í lögum.

Hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir við starfsfólkið að hann muni gera allt sem í hans valdi standi til að tryggja starfsöryggi þess. Hann hefur ekki staðið við yfirlýsingar sínar að því leyti að það er í hans valdi að beita sér fyrir því að ásetningur hans verði lögfestur og við gerum svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Við 52. gr. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins skal hafa forgang um sambærileg störf hjá Íbúðalánasjóði."

Það eru mörg dæmi þess að slíkt hafi verið gert við breytingar á stofnunum, bæði þegar ríkisstofnunum er breytt á einhvern hátt og má þar t.d. nefna Örnefnastofnun. Þar var sett inn í lagatextann að öllu starfsfólki skyldi tryggt starf við hina nýju stofnun. Þetta var gert þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag og má nefna fleiri dæmi um slíkt. Það var reyndar svolítið blendið vegna þess að að hluta til var verið að svipta starfsfólkið réttindum með þeim ákvæðum sem voru sett inn í lögin þannig að það var ekki allt til góðs í því efni. Engu að síður er ég að vekja athygli á því að hægt er með lögum að tryggja starfsréttindi starfsfólksins og

það hefur verið gert. Ég spyr því: Hvers vegna vill hæstv. félmrh. ekki beita sér fyrir því að lagagrein af þessu tagi verði samþykkt? Nú má vel vera að hann muni koma til móts við okkur og beita sér fyrir því að þetta verði samþykkt og væri það hið besta mál.

Hin lagabreytingin sem við leggjum til lýtur að ákvæði til bráðabirgða þar sem fjallað er um vinnuna fram undan. Bráðabirgðaákvæðið er svohljóðandi, reyndar er það nú IX. bráðabirgðaákvæði nýprentaðs frv. eftir atkvæðagreiðslu sem fram fór í gær, og er svohljóðandi:

„Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði."

Það er þessi tenging við fjárlög sem veldur því að við erum með dagsetningar inni í tillögu okkar um þetta ákvæði. Við segjum í breytingartillögu okkar, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða IX. 2., 3. og 4. málsl. orðist svo: Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni og skal hún liggja fyrir 1. okt. 1998. Fjöldi lána og upphæð þeirra, sem og framlög ríkisins, skulu taka mið af þeirri áætlun. Lánskjör til leiguíbúða skulu vera samkvæmt gildandi lögum."

Við teljum mikilvægt að þessari vinnu verði hraðað og erum þess vegna með tillögu um að starfi skuli verða lokið í október árið 1998 þannig að menn fái hér eitthvað handfast vegna þess að mesti og stærsti skammtímaveikleiki þessa frv. — þegar til lengri tíma er litið eru veikleikarnir stærri og meiri — er sá að allt of margir endar eru lausir og þar er ég ekki aðeins að tala um reglugerðirnar 28. Ég er að tala um þá óvissu sem sveitarfélögin og félagasamtök sem sinna félagslegu húsnæði búa við. Það er mjög mikilvægt að þetta verði skýrt hið fyrsta. Síðan er náttúrlega ljóst vegna þess að hér er á ferðinni hápólitískt mál, að menn þurfa að hafa vitneskju um hvað ríkisstjórnin, stjórnmálaflokkar og einstakir stjórnmálamenn vilja gera fyrir næstu þingkosningar. Þetta er stórmál sem verður að sjálfsögðu til umræðu í næstu kosningum. Það segir sig sjálft og þá þarf að hafa eitthvað handfast. Hver er vilji ríkisstjórnarinnar? Hver er vilji og ásetningur Framsfl. og hver er vilji einstakra stjórnmálamanna? Öll rök hníga því að því að rétt sé að hraða þessari vinnu og þess vegna gerum við kröfu um að þessi dagsetning verði fest í lög.

Áður en ég skil við þessa þætti, þessar tillögur okkar, vil ég leggja mjög ríka áherslu á að ríkisstjórnin og meiri hlutinn íhugi mjög vel hvort hann vill ekki þrátt fyrir allt og sín sjónarmið í þessum málum koma til móts við okkur í þessum efnum. Ég veit það beint og millilíðalaust að starfsfólk í Húsnæðisstofnun hefur mjög þungar áhyggjur af framtíð sinni og það er mjög mikilvægt að taka þær áhyggjur og þær óskir sem þaðan hafa komið mjög alvarlega.

Það má spyrja hvort menn geri sér almennt grein fyrir afleiðingum þeirra breytinga sem verið er að gera. Hvort alþingismenn geri sér t.d. almennt grein fyrir afleiðingum þessara breytinga sem verið er að gera í húsnæðiskerfinu. Ég hafði það á tilfinningunni í gær þegar verið var að greiða atkvæði eftir 2. umr. um einstakar greinar frv. og menn voru að gera grein fyrir því hvað lægi að baki hverri einstakri grein og sá ekki betur en það kæmi svolítið á suma. Ég sá ekki betur en að þegar menn fengju yfirsýn yfir málið í þessu samhengi þá hafi það runnið upp fyrir mörgum manninum að hér væri hugsanlega á ferðinni lagafrv. og breytingar sem væru kannski pínulítið meira en umdeilanlegar, sem væru mjög vafasamar og sem hefðu kannski ekki verið hugsaðar alveg í þaula. Ég er því ekki viss um að allir þingmenn stjórnarliðsins hafi gert sér fulla grein fyrir því hve alvarlegt frv. er hér á ferðinni.

En hvað með aðra aðila? Skyldu aðrir aðilar hafa gert sér og gera sér grein fyrir þessum breytingum og hversu alvarlegar þær eru? (Gripið fram í.) Nei, segir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og ég held það sé rétt að í þjóðfélaginu almennt séu margir sem ekki geri sér grein fyrir því, en þeir gera sér grein fyrir því hjá OECD. Hjá OECD gera þeir sér vel grein fyrir því hve góða liðsmenn menn hafa á Alþingi Íslendinga. Hjá OECD sem vinnur sínar skýrslur í nánu samstarfi við fjmrn. viðkomandi landa, gera menn sér grein fyrir því hvað verið er að gera með þessum breytingum.

Í skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál 1998 sem ég hef áður vitnað í úr þessum ræðustóli, segir á bls. 5 og menn eru þar að tala undir fyrirsögnum sem eru svohljóðandi:

„Enda þótt fagna beri einkavæðingaráformum í þessu samhengi þá þyrftu þau að vera metnaðarfyllri og ná til húsnæðislánakerfisins."

En svo segir að þetta sé ekki verra en svo að ýmislegt jákvætt sé að gerast í þessum efnum, að menn séu að stíga ýmis jákvæð skref, því hér segir í skýrslu OECD, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin er einnig að endurskoða hlutverk hins opinbera í fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Húsnæðislánasjóðir í eigu ríkisins eru helsta uppspretta fjármagns til húsnæðisöflunar og eru þeir miklu stærri en þeir fjárfestingarlánasjóðir sem þjóna atvinnulífinu. Ríkið tekur enn lán fyrir hönd sumra þessara sjóða eða ábyrgist skuldabréf sem þeir gefa út. Enda þótt þessi aðferð lækki kostnað lántakenda leggur hún einnig byrðar á skattgreiðendur."

Síðan segir að nú eigi að reyna að ná sama markmiði gegnum vaxtabótakerfið og það eigi að sameina þessa sjóði í eina stofnun og svo er haldið áfram, með leyfi forseta:

„Þegar allt þetta hefur komið til framkvæmda verður væntanlega lítil ástæða til að halda þessari nýju stofnun í ríkiseign. Henni mætti breyta í húsnæðislánabanka sem hægt væri að selja einkageiranum."

Þetta eru þau áform sem við höfum löngum vitað að væru uppi og ég minnti á það hér á sínum tíma að í umsögn sem félmn. barst um þetta frv. — ég held hún hafi verið frá Ríkisendurskoðun — var ekki talað um Íbúðalánasjóð. Þar var talað um hið nýja hlutafélag. Og við veltum því fyrir okkur hvort Ríkisendurskoðun hafi fengið rangt plagg eða einhver fyrri drög til umfjöllunar, en við nánari athugun hafi menn viljað fara hægar í sakirnar og ekki upplýsa þingið á þessu stigi um hvað raunverulega vakir fyrir mönnum. Reyndar held ég að það vaki ekki fyrir hæstv. félmrh. að breyta Íbúðalánasjóði í hlutafélag eða selja. Það held ég ekki. Ég held að honum hafi fundist hann hafa unnið mikinn og frækinn sigur gagnvart liðsmönnum fjmrn., Sjálfstfl., sem

vildu í einu vetfangi færa þetta kerfi allt saman inn á verðbréfamarkaði — ég skal gera hlé á máli mínu þangað til þessari samræðu er lokið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Henni er lokið. Þessari umræðu er lokið.)

(**SvG:** Hver sendi Ríkisendurskoðun þetta?) Það væri ástæða til að fá það upplýst hver hafi sent Ríkisendurskoðun drög til umfjöllunar þar sem vitnað er í hið nýja hlutafélag því að þannig fór það ekki frá félmn. sem hefur sent Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum sem leitað var umsagnar um, frv. þegar það var komið fram. En ég er að vekja athygli á þessu samhengi og ég er að vekja athygli á því líka að Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að húsnæðismálin og öll fyrirgreiðsla í tengslum við húsnæðismál verði færð inn í banka og fjármálastofnanir.

Hæstv. félmrh. hefur streist gegn þessum áformum og finnst hann þess vegna hafa unnið mikinn sigur og það er rétt að þessu leyti. En tapið er því miður enn þá meira og stærra og alvarlegra og það er það sem er að renna upp fyrir mönnum, að tapið er meira en ávinningurinn, því það sem gerist samhliða þessu er að allt kerfið er markaðsvætt. Það er allt markaðsvætt. Það er farið með alla fyrirgreiðslu sem áður var í formi lágra vaxta inn í markaðsvexti, inn í háa vexti markaðarins, þótt niðurgreiðslur eða stuðningur eigi að koma í gegnum vaxtabæturnar sem er að flestra dómi nauðsynleg aðferð fyrir stóran hluta samfélagsins en mjög varhugaverð og hættuleg þegar til lengri tíma er litið og mjög vafasöm vægast sagt fyrir þá sem verst standa að vígi í þjóðfélaginu og vissulega fyrir þá aðila sem sinna félagslegum þörfum húsnæðiskerfisins. Er ég þar að vísa til húsnæðissamvinnufélaga, námsmannahreyfinga, Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar og allra þeirra sem hafa sent okkur ályktanir og áskoranir með varnaðarorðum af þessu tagi.

Þeir skilja þetta mjög vel hjá OECD, hvað er að gerast, og fagna þessu og telja þetta allt vera til mikilla bóta. Þeir gera sér líka grein fyrir því hjá Félagi fasteignasala. Þeir gera sér grein fyrir því hver ávinningur það er fyrir fasteignasala og þá sem höndla með húsnæði hér á markaði að fá allan mannskapinn, allt það fólk sem var í félagslega húsnæðiskerfinu og fékk fyrirgreiðslu þar, til sinnar skattheimtu. Því það er það sem er að gerast. Það verður ekki gert að kostnaðarlausu. Það er verið að afhenda þessum aðilum fólk til skattheimtu. Það er það sem er að gerast. Og þetta er umhugsunarefni fyrir Sjálfstfl. sem á sínum tíma vildi vera flokkur allra Íslendinga. Við bjuggum í stéttlausu þjóðfélagi, sagði Sjálfstfl. og Sjálfstfl. vildi tryggja hag hvers manns og einn hornsteinninn í þeirri stefnu var sjálfseignarstefna í húsnæðismálum, þ.e. að fólk gæti eignast sitt húsnæði og átt sitt húsnæði. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) En nú hefur þetta snúist við. Það var sagt svo í orði. Auðvitað var fylgt allt annarri stefnu. Það var alltaf fylgt allt annarri stefnu. Sjálfstfl. hefur alltaf verið sama um þá sem standa lakast að vígi. Þannig hefur það verið í reynd þótt annað hafi verið talað. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þannig er það og hefur alltaf verið í reynd. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Hann hefur þjónað fjármagninu og það er hann að gera í þessu frv. Það er hann að gera með þeim lagabreytingum sem hér er verið að leggja til. Enda er fagnað ákaft úr þeirri átt. Frjálshyggjumenn í þingsölum, fasteignasalar og aðrir slíkir eru yfir sig hrifnir en verkalýðshreyfingin og almannasamtök í landinu mótmæla.

En það sem ég er að segja um Sjálfstfl. sem áður sagði að hann vildi að allir gætu eignast sitt húsnæði — hann sagði það — er það að núna er hann að leggja til, og það deilir enginn um það að frv. sem Sjálfstfl. stendur hér að verður þess valdandi, að færri geta eignast sitt húsnæði. Það er ekkert umdeilt. Það vita það allir. Það er ekki umdeilt að færra fólk getur eignast sitt húsnæði. En hvar koma þá einstaklingar Sjálfstfl. inn í dæmið? Hvar skyldu þeir koma? Jú, það eru þeir sem fá fólkið til skattlagningar, til að græða á því, sem geta gert sér fátækt fólk á Íslandi að féþúfu. Það er það sem er að gerast. Sjálfstfl. er að stilla sér þannig upp. Hann stillir sér upp með fjármagnsöflunum, með þeim sem núna fá aukið tækifæri til að græða á alþýðu manna.

Og það er búið að samþykkja hér önnur lög sem gera þetta auðveldara. Á síðasta ári voru samþykkt gegn mótmælum stjórnarandstöðunnar, lög sem tóku þak, sem sviptu á brott þaki, sem hefur verið á þeim þóknunum sem fasteignasalar geta tekið fyrir viðskipti með húsnæði. Það var þak þar á. Mig minnir að það hafi verið 2%. Þetta þak var tekið til þess að gefa fasteignasölum skotleyfi út á húsnæðismarkaðinn. Það var tilgangurinn.

Þegar menn voru að réttlæta þetta, þá sögðu menn: Ja, það mun ekkert hækka. Markaðurinn mun sjá um það. En ef sú var raunin, hvers vegna þá að taka þakið brott? Af hverju kepptu menn ekki fyrir neðan tvö prósentin?

Nei, í því tilefni var farið að körfum sem komu úr þessari átt. Ég vek athygli á þessu vegna þess að ég er að benda á stórt púsluspil, stóra mynd sem er smám saman verið að fylla inn í. Þeir aðilar sem gera sér grein fyrir þessu, sérfræðingarnir hjá OECD, vita alveg hvað hæstv. félmrh. er að gera. Ég er ekkert viss um að hann geri sér grein fyrir því sjálfur.

Ég segi þetta ekki til að vera móðgandi við þann ágæta mann. En ég held að það eigi við um hann og mjög marga aðra sem hafa komið að lagasetningu, og ekki bara núna heldur á síðustu árum, og breytt hafa öllum kjörum og skipulagningu samfélagsins til að auðvelda fjármagninu eftirleikinn.

Þetta á við um þann hluta samfélagsins sem gerir sér grein fyrir því hvað er að gerast. Fasteignamarkaðurinn, sérfræðingar OECD, frjálshyggjan í heild sinni, er mjög meðvituð um hvað er að gerast.

Hvað með aðra aðila, t.d. sveitarfélögin? Þar komu misvísandi yfirlýsingar. Annars vegar komu yfirlýsingar frá aðilum sem hafa með húsnæðismál að gera í sinni daglegu önn, þ.e. húsnæðisnefndir sveitarfélaganna. Þær eru allar gagnrýnar á það sem er að gerast. Það er rauður þráður í umsögnum þeirra, mjög hörð gagnrýni. Þar er tónninn þessi: Frestið samþykkt þessa frv. Síðan eru reidd fram dæmi sem sýna fram á þann vanda sem skapast verði þetta gert að lögum. Þetta á við um húsnæðisnefnd Reykjavíkur, þetta á við um húsnæðisnefnd Kópavogs, Akureyrar, Hafnarfjarðar og þannig mætti áfram telja. Þessir aðilar gera sér grein fyrir því.

Hjá sveitarstjórnunum, Sambandi ísl. sveitarfélaga, hefur verið annar tónn. Þar áttu þau fulltrúa sem gætu hugsanlega verið að verja hendur sínar. (Gripið fram í.) Ég er ekki viss um að menn hafi gert sér fyllilega grein fyrir því hvað er að gerast. Ég held að það sé að renna smám saman upp fyrir mönnum hvað þetta muni þýða í reynd. Ég held að t.d. sveitarfélögin hafi talið það mjög til bóta og mikinn ávinning af því að losna við kaupskyldu. Ég held að það sé kerfi sem sé af hinu góða. Ég held líka að það eigi mjög almennan hljómgrunn í þjóðfélaginu að hafa aukið valfrelsi í þessu kerfi. Ég hef t.d. verið fylgjandi því. Verkalýðshreyfingin hefur almennt verið á því máli. Alþýðusambandið hefur

samþykkt ályktun í þá veru, BSRB hefur gert það, gerði það fyrir mörgum árum. En það er ekki þar með að allir vilji gangast inn á aðrar breytingar sem gerðar eru.

Þannig held ég að þetta hafi verið hjá mörgum sveitarstjórnarmönnum að menn eru samþykkir ýmsum prinsippum, ýmsum grunnatriðum í hugmyndafræði frv., t.d. um valfrelsi, án þess að menn skrifi upp á annað. Þegar það rennur síðan upp fyrir mönnum þegar sérfræðingar sveitarfélaganna setjast yfir málin og sýna fram á niðurstöðuna með útreikningum þá held ég að annað hljóð komi í strokkinn og það held ég að hafi víða gerst. Þetta held ég að skýri misræmið sem þarna er á milli að einhverju leyti. Þó að sveitarfélögin losni við kaupskylduna eru þau að fá aukna bagga á öðrum sviðum. Það sem gerist er að þau munu þurfa að reiða fram miklu hærri upphæðir í húsaleigubótum. Húsaleigubætur eru á ábyrgð sveitarfélaganna, þær eru á ábyrgð sveitarfélaganna þannig að þar verður stóraukinn baggi sem kemur til með að hvíla á sveitarfélögunum. Í annan stað verða lánskjör sveitarfélaganna við að reisa félagslegt húsnæði miklu þyngri, þau verða erfiðari. Þegar þetta kemur saman og einnig aðrir þættir þá held ég að sveitarfélögin muni almennt séð fara illa út úr þessum breytingum.

Þeir sem fara hins vegar vel út úr þessum breytingum eru þeir sem sýsla með þessi mál á almennum markaði. Það er staðreynd. (**Gripið fram í:** Ríkissjóður.) Hugsanlega ríkissjóður. En við eigum eftir að sjá þegar upp er staðið hvernig það verður gert. Fjármagnsmarkaðurinn mun t.d. fara vel út úr þessu, hann mun gera það. Stærri upphæðir verða í vaxtagreiðslur. Greiðslur í þessu kerfi munu allar taka mið af því sem gerist á markaði. Peningar sem komu áður beint frá ríkissjóði munu núna fara í gegnum fjármagnskerfið allt saman sem tekur sinn toll. Fyrir samfélagið allt er þetta því miklu dýrara kerfi.

Síðan hafa menn gerst slíkar agnar smásálir að þeir hafa reynt að finna út einhvern kostnað hjá þeirri stofnun sem sinnir þessu og blása hann út úr öllu samhengi. Sá kostnaður er ekki mikill. Húsnæðisstofnun hefur verið látin gjalda þess hve ríkið hefur vanrækt þennan málaflokk iðulega, t.d. Byggingarsjóð verkamanna. Hann hefur ekki fengið það fjármagn sem hann hefði þurft að fá til að geta staðið við skuldbindingar sínar og stefnir þess vegna í þrot upp úr næstu aldamótum, bara vegna þess að hann hefur verið vanræktur. En eftir þetta verður öllum þessum fjármunum velt í gegnum fjármagnskerfið sem kemur til með að taka sinn toll. Þetta kerfi verður þess vegna miklu dýrara fyrir einstaklingana og fyrir samfélagið þegar upp er staðið.

Gerir fólk sér almennt grein fyrir því sem hér er að gerast? Gera einstaklingar og fjölskyldur sér almennt grein fyrir því sem hér er að gerast? Ég er ekki viss um að það hafi komist alveg nógu vel til skila og ég held að það eigi því miður eftir að gerast seinna. Menn einblína á hið jákvæða í þessu, einblína á að nú verði aukið valfrelsi til að ákveða hvar menn búa. Njótirðu félagslegrar aðstoðar í gegnum húsnæðiskerfið getur þú sjálfur tekið um það ákvörðun hvar þú býrð, sem er hið besta mál. Um leið er verið að reisa ýmsa þröskulda. Verið er að gera það erfiðara að eignast húsnæði, það verður miklu erfiðara og um það deilir ekki nokkur maður. Um það er ekki deilt. Allir eru sammála því að niðurstaðan verði sú. Menn eru einfaldlega að deila um það hvernig þessari þörf á leigumarkaði skuli mætt en ekki hitt að Framsfl. og Sjálfstfl. séu að draga úr möguleikum fólks, einstaklinga og fjölskyldna til að eignast húsnæði. Um það deilir enginn. Það er verið að gera þetta.

Fólk á leigumarkaði kemur til með að þurfa að borga hærri leigu. Einhvers staðar þarf að mæta þessum kostnaði. Einhvers staðar þarf að mæta þeim aukna kostnaði sem kemur til með að leggjast á Búseta, á Öryrkjabandalagið, á Sjálfsbjörg, á námsmannabústaðina, á íbúðarhúsnæði námsmanna. Þaðan hafa komið miklar ályktanir með áhyggjum manna, bæði af Reykjavíkursvæðinu og víðs vegar að af landinu, t.d. Laugarvatni þar sem menn hafa verið að reyna að byggja upp heimavist. Þar þykir sýnt að verði ekki eitthvað að gert þá muni kostnaður þeirra aðila sem hafa sinnt þessari þörf stóraukast og þar af leiðandi muni húsaleigan hækka.

Ég ætla síðan að ljúka máli mínu á því að vitna í þær áskoranir sem hafa komið fram frá verkalýðshreyfingunni og almannasamtökum sem sinna félagslegu húsnæði. Ég ætla ekki að fara nánar út í einstakar greinar frv., það hefur verið gert. Ég er búinn að gera það og aðrir þingmenn hafa gert það í ræðum sínum. Við gerðum þetta einnig við atkvæðagreiðsluna í gær. Þar komum við fram með skýringar við einstakar lagagreinar. Hér er samanheftaður bunki með yfirlýsingum og álitsgerðum sem félmn. barst. Mikill meiri hluta þeirra blaða sem hér eru saman heftuð hefur að geyma gagnrýni og varnaðarorð. Ég ætla ekkert að fara nánar í það. Það hefur verið gert í þingræðum en þess í stað ítreka ég þá ályktun sem birtist í dagblaði fyrir nokkrum dögum, 12. maí í Morgunblaðinu, og ætti að vera enn í gildi í dag, því að enn er ekki búið að samþykkja frv. Hér er þeirri áskorun beint til alþingismanna, að fresta húsnæðisfrv. Það er mikil bjartsýni sem einkennir þessa áskorun og þessa auglýsingu. Hvers vegna segir ég það? Jú, vegna þess að henni er beint til alþingismanna. Henni er ekki beint til ríkisstjórnarinnar, henni er ekki beint til hæstv. félmrh., henni er beint til alþingismanna. Menn trúa því að alþingismenn ætli að standa í fæturna í þessu máli.

Gæti það verið? Gæti það verið að alþingismenn ætli að sýna sjálfstæði í þessu máli? Gæti verið að alþingismenn ætluðu að sýna sjálfstæði sitt í þessu máli en hrekjast ekki undan svipuhöggum úr Stjórnarráðinu í þessu máli eins og reyndar ýmsum öðrum? Hér er verið að kalla úti í sal og tala um svipuhögg minni hlutans. Sennilega er það tilraun til að lengja umræðuna, það er alveg guðvelkomið. Það er alveg guðvelkomið að tala um hvaðan svipuhöggin koma í þessu máli eins og reyndar ýmsum öðrum.

Það sem alþingismenn hafa verið að gera í umræðunni, sumir í löngu og ítarlegu máli, er að gera tvennt. Það er að vekja athygli þjóðfélagsins á því sem hér er að gerast. Það gerum við í gegnum ræður okkar og fjölmiðla sem fylgjast með umræðunni og að hluta til er umræðunni sjónvarpað beint. Við erum að koma skýringum til fólks á því sem er á ferðinni og reyna að hafa áhrif á þingmenn.

Staðreyndin er hins vegar sú að stjórnarþingmenn eru ekki viðstaddir umræður með örfáum undantekningum, hér eru hv. þm. Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal, menn sem eru mjög oft við umræður um þessi mál og ýmis önnur, það er rétt. Það gildir því miður ekki um alla félaga þeirra. Alþingismenn koma almennt til þess að greiða atkvæði. Vissulega geta menn setið á skrifstofum sínum og fylgst með sjónvarpsútsendingum en þeir koma til að greiða atkvæði. Þá á það við um þetta mál eins og mörg önnur að ef menn hafa ekki sett sig rækilega inn í málin hlýða menn fyrirskipunum úr Stjórnarráðinu eða frá flokkum sínum. Það er því miður þetta sem gerist. Ég er að segja að í því felist

ákveðin bjartsýni, það felst í því bjartsýni hjá þeim sem standa að þessari auglýsingu og hvetja alþingismenn til að verða við óskum um að fresta frv. því að þeir sem greiða atkvæði þegar á hólminn kemur.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að lesa upp þau samtök sem standa að þessari áskorun. (**PHB:** Einu sinni enn.) Einu sinni enn, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Á aftur að fara að tala um þessi samtök? Á aftur að fara að tala um stærstu samtök launafólks í landinu? Á aftur að fara að tala um Öryrkjabandalagið? (Gripið fram í.) Á aftur að fara að tala um Sjálfsbjörg? Á aftur að fara að tala um Landssamband eldri borgara? Á að fara að blanda þessu fólki inn í þessi húsnæðismál? Eða gerir hv. þingmaðurinn sér ekki grein fyrir því að með þessu frv. er verið að vísa fátæku fólki út á götuna? Það er það sem er að gerast. Það er þess vegna, án þess að þingmaðurinn sé að reyna að gera lítið úr samtökum launafólks eða Öryrkjabandalaginu eða Sjálfsbjörg eða Félagi eldri borgara, eða Verkamannasambandi Íslands, sem sendi frá sér ályktun í gær þar sem það biður um að þessu máli verði frestað, þá vara ég menn við því að vera annaðhvort með hótfyndni eða vera að gera lítið úr þessum samtökum, verkalýðshreyfingunni eða þessum samtökum hinum því að ég minni menn á það að málinu er ekki lokið. Því er ekki lokið. Því lýkur ekki við þessa umræðu á þingi og því mun ekki ljúka heldur við atkvæðagreiðslu sem kann að fara fram í næstu viku eða síðar. Þetta mál verður til umræðu á næstu mánuðum og missirum. Að sjálfsögðu verður rætt um húsnæðismál í komandi kosningabaráttu. Þá munu þeir aðilar sem hafa skrifað nöfn sín undir fjölmargar ásakanir af þessu tagi láta þessi mál til sín taka. Þá mun Pétur H. Blöndal og félagar hans á Alþingi, fá tækifæri til að gera grein fyrir þessum málum milliliðalaust við þessa aðila.

Undir áskorunina skrifa eftirtaldir: ASÍ; BSRB; Neytendasamtökin; Kennarasamband Íslands; Leigjendasamtökin; Landssamtökin Þorskahjálp; Geðhjálp; Félagsstofnun stúdenta; Búseti; Öryrkjabandalag Íslands; Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra; Byggingarfélag námsmanna; Nemendagarðar Samvinnuháskólans; Félag einstæðra foreldra; Sjálfsbjörg, Félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu; Landssambandið Þak yfir höfuðið; Hússjóður Öryrkjabandalagsins; Blindrafélagið; Húsnæðisfélagið SEM; Sólheimar; Félagsstofnun stúdenta á Akureyri; Bandalag ísl. sérskólanema; Nemendagarðar Bændaskólans á Hólum; Styrktarfélag vangefinna; Félag ábyrgra feðra; Landssamband eldri borgara.

Þetta eru lokaorð mín. Ég legg til að við förum að óskum og kröfum þeirra aðila sem ég las upp.

[11:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt skörulega ræðu eins og honum er einum lagið. En hann fer náttúrlega frjálslega með eins og mér finnst minni hlutinn gera í þessu máli sem öðrum þegar verið er að reyna að túlka frv. fyrir alþjóð og heldur því fram úr ræðustóli að verið sé að vísa fátæku fólki á götuna. Þetta er alveg makalaus áburður og ég hef heyrt hann frá fleirum en hv. þm. Ögmundi Jónassyni, það hefur komið frá hv. þingkonu Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum.

Ekkert hefur komið fram í málflutningi þeirra sem rökstyður þessa makalausu fullyrðingu. (**JóhS:** Hvers slags bull er þetta?) Þetta er ekkert bull, frú Jóhanna. Það sem ég vil bara benda á í þessum ræðustóli er það að með þessu frv. er verið að tryggja leigumarkaðinn fyrir þá sem hafa ekki fram að þessu í rauninni staðið undir félagslegu eignarhúsnæði. Verið er að gera ráð fyrir því að félagshúsnæði, félagsíbúðir taki við þessu fólki.

Það er gert með þeim hætti að samtök, ekki bara sveitarfélög, heldur verið að gera samtökum eins og samtökum fatlaðra, aldraðra og allra þeirra sem taldir eru upp í auglýsingunni, sem Ögmundur las upp með svo miklum ákafa, kleift að byggja leiguíbúðir með 1% vöxtum. Einstaklingarnir sem verða í þessum leiguíbúðum geta keypt þær og haft þær á sínu nafni, þeir geta það ef þeir kæra sig um, og verið áfram með 1% vexti af lánum, vexti af lánum sem ríkissjóður mun tryggja til að hægt sé að byggja leiguíbúðir af þessu tagi. Ég held því, herra forseti, að stjórnarandstaðan hafi lesið þetta frv. öfugt eins og svo margt annað undanfarnar vikur, hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

[11:53]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef við höfum lesið þetta frv. öfugt þá hefur húsnæðisnefnd Reykjavíkur gert það líka, húsnæðisnefnd Kópavogs hefur gert það líka, húsnæðisnefnd Hafnarfjarðar hefur þá gert það líka, húsnæðisnefnd Akureyrar hefur gert það þá líka, ASÍ hefur gert það þá líka, BSRB hefur þá lesið það líka öfugt, Öryrkjabandalagið hefur lesið það öfugt. Búseti hefur misskilið allt málið. Leigjendasamtökin hafa misskilið allt málið Skyldi félmrh. hafa misskilið nokkuð? Skyldi ríkisstjórnin hafa misskilið nokkuð? Gæti verið að hv. þm. Kristján Pálsson hafi misskilið nokkuð?

Hvað hafa menn meint með því að gera ráð fyrir 50 nýjum leiguíbúðum á tveimur árum, eins og menn hafa gert, á sama tíma og verið er að samþykkja frv. sem enginn deilir um að vísar fleira fólki inn á leigumarkað en verið hefur þar áður? Bara í Reykjavík einni er hátt á fjórða hundrað manns á biðlista hjá Húsnæðisstofnun eftir húsnæði. Hátt í tvö hundruð af þessum fjölda eru í forgangsröð, í brýnni þörf, og nú er verið að samþykkja lagabreytingar sem gera ráð fyrir því að það muni fjölga í þessum hópi.

Mér finnst ábyrgðarhluti að koma upp og saka okkur í minni hlutanum á Alþingi um útúrsnúninga eða blekkingar, sem höfum haldið uppi málefnalegri umræðu, fært rök fyrir máli okkar í ítarlegu máli og vitnað í tölur í því sambandi. Menn verða þá að færa haldgóð rök fyrir máli sínu og ég vænti þess að hv. þm. Kristján Pálsson eigi eftir að koma upp og gera grein fyrir því í máli sínu á eftir hvað hann á nákvæmlega við.

Ég gæti haldið áfram lengur en hér er komið rautt ljós og læt ég nú máli mínu lokið.

[11:55]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Skyldu öll þau félagasamtök sem auglýstu í Morgunblaðinu hafa misskilið eitthvað? Þau eru reyndar ekki að tala um að þetta frv. eigi ekki að fara í gegn heldur að biðja um frestun á viðkomandi frv. fram á haustið. Það er mikill munur á því tvennu.

Síðan vil ég bara segja það um þær húsnæðisnefndir sem hafa skilað áliti þvert á skoðanir sveitarstjórnanna að það er að sjálfsögðu eitthvað sem liggur þar að baki. En ekki er endilega víst að það sé vegna þess að þær treysti ekki sveitarfélögunum til þess að gera þetta með sama hætti og ríkinu heldur eru margs konar hagsmunir sem þar koma að, m.a. þeir að þessar húsnæðisnefndir munu missa töluvert af þeim störfum sem þar hafa verið á undanförnum árum og

áratugum. Auðvitað er það ein ástæðan. Sveitarstjórnirnar sjá náttúrlega málið öðruvísi og líta það öðrum augum.

Varðandi þetta mál almennt þá hef ég lýst skoðun minni hér í þinginu og gerði það á laugardaginn og hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls. En maður getur ekki orða bundist þegar þessi hrynjandi ríður yfir salinn dag eftir dag að verið sé að vísa fátæku fólki út á götuna.

Auðvitað eru einhverjir biðlistar í Reykjavík eins og alltaf hefur verið. Fólk streymir hingað alls staðar að af landinu og auðvitað eru einhverjir biðlistar en aftur á móti er verið að vinna á þeim. Það á að setja upp nefnd sveitarfélaga, ríkis og hagsmunasamtaka sem á að reyna að leysa úr brýnni þörf á leigumarkaðnum hér á svæðinu og á landinu öllu. Ég treysti því að út úr þeirri nefnd komi niðurstaða sem allir geta sætt sig við. Þessar 50 leiguíbúðir voru hugmynd sem kom frá fjmrn. Í félmn. gerðum við okkur strax grein fyrir því að þetta var óraunhæf tala. Þess vegna hefur í störfum nefndarinnar hvergi verið talað um einhverja ákveðna tölu upp á 50 íbúðir.

[11:57]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv.forseti. Það er alveg rétt sem kemur fram í máli hv. þm. Kristján Pálssonar að fólk streymir til þeirra sveitarfélaga sem veita skárri félagslega þjónustu en gerist sums staðar annars staðar. Þetta mun að mínum dómi aukast. Eftir því sem auknar byrðar verða settar á sveitarfélög mun það gerast að þar sem íhaldssöm öfl ráða ferðinni og sinna ekki félagslegu hlutverki mun fólk hrekjast brott og vera hrakið brott. Ég hef talað um að það séu sum sveitarfélög, t.d. í nágrenni Reykjavíkur, sem ekki sinna skyldum sínum í þessum efnum. Ég hef talað t.d. um Garðabæ í þeim efnum og ég hef nefnt önnur sveitarfélög. (Gripið fram í.) Nú er verið að leggja auknar byrðar á sveitarfélögin þannig að þetta mun aukast.

En mér fannst það kaldar kveðjur sem húsnæðisnefndum sveitarfélaganna voru sendar. Hv. þm. spurði hvað gæti legið að baki álitsgerðum þeirra. Það sem liggur að baki eru tölur og útreikningar og rökstuðningur og á þeim rökstuðningi tökum við mark.

Varðandi félagasamtökin sem hv. þm. gat um áðan ... (**Gripið fram í:** Tekurðu ekki mark á sveitarfélögunum?) Jú, ég geri það. En ég var að reyna að skýra misvísandi upplýsingar sem þaðan kæmu og hvernig gæti staðið á þeim. Ég var að reyna að skýra það. Ég var að skýra sjónarmið mín í þeim efnum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði áðan um félagasamtök, Öryrkjabandalagið, Búseta og önnur slík, er staðreyndin sú að verið er að þyngja lánin sem þau koma til með að fá. Það er verið að fara með þetta inn í markaðsvaxtakerfi og mikill munur er á 1% vöxtum og 5% vöxtum. Bráðabirgðaákvæði sem kunna að vera þar inni eru til bráðabirgða og allt óljóst í þeim efnum.

[11:59]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. varðandi nýja frv. að aðalatriðið í því er að fólk getur valið sér íbúð og hann er a.m.k. ánægður með það í frv. En það leiðir líka strax af sér samkeppni því ef fólk getur valið sér íbúð er það ekki háð því að fá íbúðina hjá alveg sérstökum samtökum.

Ég hef fylgst nokkuð með umræðunni og ég er búinn að hlusta á upplestur á þessari ágætu auglýsingu, ég held a.m.k. tvisvar eða þrisvar. Nú er ég ekki svo treggáfaður að ég geti ekki munað þetta deginum lengur og ég las meira að segja auglýsinguna sjálfur þannig að mér finnst fulllangt gengið að lesa þessa auglýsingu aftur og aftur. Það er eins og menn reikni ekki með því að þingmenn fylgist með umræðu yfirleitt.

Hv. þm. talaði af miklu viti um fjármálamarkaðinn og var tíðrætt um völd kapítalsins. Aðalkapítal á Íslandi er kapítal lífeyrissjóðanna. Nú vill svo til að hv. þm. er í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins undir styrkri stjórn formannsins, sem er Indriði Þorláksson, skrifstofustjóri í fjmrn. Nú langar mig til að spyrja hann, sem þátttakanda í þessu mikla kapítali, hvað ráðstafaði hann mörgum milljörðum á síðasta ári sem stjórnarmaður í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins? Hvaða ávöxtun náði hann á þetta fé fyrir umbjóðendur sína?

[12:01]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt af því sem þessi ríkisstjórn hefur gert er að setja lífeyrissjóðunum mjög strangar skorður og þvinga þá til þess að leita eftir hæstu ávöxtun sem þeim gefst hverju sinni. Ég var einn þingmanna sem greiddi atkvæði gegn þessu. Inni í lífeyrissjóðnum hef ég lagst gegn þessu. Ég hef alla tíð gert það og aldrei viljað ljá mitt nafn við þessari ákvörðun vegna þess að ég hef viljað að lífeyrissjóðir væru að hluta notaðir til félagslegra átaksverkefna af ýmsu tagi, t.d. að fjármagna húsnæðiskerfi. Mér hefur fundist það vera heppilegt og æskilegt og að það kæmi launafólki almennt til góða.

Varðandi valið sem fólk á að hafa og standur frammi fyrir þá er ég fylgjandi því. Reyndar skal ég trúa þingmanni og öðrum fyrir því að þótt ég standi hér í pólitíkinni þá hef ég iðulega verið fylgjandi sjálfeignarstefnu. Ég hef verið það. Ég hef viljað það fyrir sjálfan mig. Og það sem ég vil fyrir sjálfan mig það vil ég líka fyrir aðra, að þeir eigi alla vega kost á slíku.

Hins vegar er það að gerast í þjóðfélaginu að meiri vilji er að verða fyrir því almennt að taka upp leigufyrirkomulag ef þeim sem leigja húsnæði er búið öryggi. Ég er heldur ekki fylgjandi því sjálfseignarfyrirkomulagi sem menn ekki ráða við, þar sem fólk rís ekki undir byrðunum. Það sem er hins vegar að gerast hérna er að það er verið að vísa fólki út úr sjálfseignarfyrirkomulaginu án þess að því sé búið það öryggi sem nauðsynlegt er að tryggja fólki á leigumarkaði. Þetta er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir og við erum að hvetja til þess að sá vandi verði leystur og botn fenginn í málið áður en gengið verður frá frv. Þess vegna höfum við lagt til að því verði frestað.

[12:03]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni um það hvað hann ráðstafaði mörgum milljörðum á síðasta ári sem þátttakandi í þessu mikla kapítali sem honum verður svo tíðrætt um, þ.e. lífeyrissjóðakapítalinu og verkalýðs- og Vinnuveitendasambandskapítalinu. Og það er meginkapítalið á Íslandi því allt annað kapítal bliknar við hliðina á þessu kapítali.

Hann lýsti því yfir áðan að hann fylgdi þeirri stefnu sem stjórnamaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að gefa peninga og hann veit hver borgar þá peninga vegna þess að ríkissjóður ber beint og óbeint ábyrgð á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það hækkar nefnilega iðgjaldið sem ríkið þarf að borga ef sjóðurinn skilar ekki ávöxtun. Hann er sem

sagt að segja að hann ætli að taka peninga skattgreiðenda og gefa einhverjum samtökum peningana og hann ákveður hver fái. Hann ætlar að gefa peninga skattgreiðenda.

Nú leitar á mann sú hugsun að hann í rauninni óttist samkeppni, bæði á fjármagnsmarkaðnum af því að hann hefur ekki náð þeim vöxtum sem honum ber sem vörslumanns ríkissjóðs alla vegana og eins óttist hann samkeppni á húsnæðismarkaðnum. Öll þau samtök sem skrifuðu undir þessa auglýsingu, eða flest þeirra, reka stór batterí með fjölda íbúða sem þau leigja út. Enginn getur sagt hvort sú leiga er of há eða lág, hvort þau reka þetta vel eða illa, vegna þess að það er engin samkeppni. Þau hafa hingað til fengið neikvæða eða lága vexti og getað keppt á þeim grundvelli, auk þess sem þau njóta skattfrelsis. Þau borga ekkert í tekjuskatt og þau njóta líka eignarskattfrelsis. Þau borga ekki eignarskatt.

Hvernig á hinn almenni markaður að keppa við þetta kerfi á þessum forsendum? Þess vegna óttast þessir aðilar samkeppni. Leigan hjá þessum aðilum, t.d. Félagsstofnun stúdenta, er alls ekkert lág. Hún er ekki eins lág og bæði lágir vextir og skattfrelsi gefa tilefni til.

[12:05]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum mínútum voru einhverjir sjálfstæðismenn hér í salnum og í hliðarherbergi var hæstv. félmrh. Eftir að hv. þm. Pétur Blöndal hóf mál sitt hér þá hurfu allir sjálfstæðismenn á brott og félmrh. fór til hliðar. Mönnum finnst nefnilega pínulítið óþægilegt þegar Pétur H. Blöndal fer að tala um samkeppnina, þegar Pétur H. Blöndal fer að tala um fjármagnsmarkaðinn, vextina og fjármagnsgróðann og þegar Pétur H. Blöndal fer að gagnrýna Verkamannasamband Íslands og Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg, BSRB, ASÍ og Landssamband eldri borgara fyrir að óttast samkeppni.

Hann talar um að gefa peninga og ég sé fylgjandi því að peningar verði gefnir, að lífeyrissjóðir gefi peninga. Ég vil upplýsa hv. þm. um að ég ætla ekki að standa fyrir neinum slíkum gjöfum. En ég ætla að leggja mitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir að peningum almennings verði stolið af þeim sem hafa komist yfir mikinn gróða í krafti aðstöðu sinnar og auðs, tugi milljóna, hundruð milljóna, að fjármagnsmarkaðurinn sogi ekki þessa peninga til sín og níðist ekki á fátæku fólki.

Við erum að segja að með þessu frv. sem verið er að samþykkja sé verið að gefa bröskurunum aukið svigrúm. (**PHB:** Lífeyrissjóðunum.) Lífeyrissjóðunum, segir hv. þm. Ég legg áherslu á að sá rammi sem lífeyrissjóðunum hefur verið gefinn, sú lögþvingun sem þeir eru núna beittir til þess að leita jafnframt eftir hæstu vöxtum er mjög vafasöm og óheillaspor að mínum dómi.

Ég minnist þess að í byrjun síðasta áratugar (Forseti hringir.) þegar Pétur H. Blöndal, þá ungur eigandi Kaupþings var að hefja sinn feril á fjármagnsmarkaði, þá sagði hann að (Forseti hringir.) boðleg hámarksraunávöxtun að sínu viti væri tveggja prósenta. Nú liggur hún í mörgum prósentum fyrir ofan. En ég vildi, hæstv. forseti, fá seinna tækifæri (Forseti hringir.) til að ræða mjög ítarlega við ...

(**Forseti** (GÁS): Það kemur tími til þess, en nú er þessu andsvari lokið.)

Pétur H. Blöndal um fjármagnsmarkaðinn.

[12:08]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þetta mál, frv. til laga um húsnæðismál, er nú tekið til 3. umr. en það var til atkvæðagreiðslu við 2. umr. í gær. Ég tel, herra forseti, varhugavert að taka þetta mál til 3. umr. svo skömmu eftir að 2. umr. og atkvæðagreiðslu um það lýkur einfaldlega vegna þess að ég tel að þeim sem hafa sent inn miklar athugasemdir, sem hér hefur verið farið yfir, eins og verkalýðshreyfingunni, húsnæðisnefndum og félagasamtökum, hefði átt að gefast tækifæri til þess að fara yfir málið eins og það liggur fyrir með þeim breytingum sem hafa verið við það samþykktar við 2. umr.

Ég vil líka minna á að þetta mál er mjög sérstaks eðlis að því leyti að verið er að loka húsnæðiskerfinu. Hér eru ein níu ákvæði til bráðabirgða sem er mjög sjaldgæft að sjá í frv. eða lögum, þar sem kveðið er á um gildistöku áfram á ýmsum ákvæðum sem eru í núverandi húsnæðislögjöf, svo sem innlausn eldri íbúða, ráðstöfun innleystra íbúða, sölu og ráðstöfun eignaríbúða, leigu á kaupleiguíbúðir, framkvæmdaíbúðir, meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, varasjóðinn og könnun á leigumarkaði. Ég held að öll þessi ákvæði séu mjög mikið torf. Ég óttast að hugsanlega sé verið að setja fram löggjöf sem menn munu fljótlega komast að raun um að geti falið í sér ákveðna galla sem mönnum hefur yfirsést í þeirri hröðu afgreiðslu sem þetta mál fær í gegnum þingið. Við skulum muna að þetta stóra mál hefur ekki verið mjög lengi fyrir þinginu og ekkert svigrúm er gefið milli 2. og 3. umr. til þess aðskoða það.

Við því er í sjálfu sér lítið að segja. Ég vildi þó hafa sagt þessi aðvörunarorð. Ég geri mér grein fyrir því að hér hefur náðst ákveðið samkomulag um þinghaldið og í því samkomulagi fólst að ljúka umræðu um húsnæðismálin í dag.

Í gær fór fram atkvæðagreiðsla sem stóð yfir mjög langan tíma, ég held í tvær til tvær og hálfa klukkustund, vegna þess að það var auðvitað nauðsynlegt af hálfu stjórnarandstöðunnar að draga fram þá stóru galla sem eru á frv., bæði þeim sem snúa að íbúum og þeim sem aðstoð hafa fengið í félagslega íbúðakerfinu í 70 ár. Eins þurfti að huga að ýmsum annmörkum sem snúa að sveitarfélögunum og auknum byrðum á sveitarfélögin og síðan að sýna fram á hvað þetta gagnast lítið félagasamtökum sem núverandi húsnæðislöggjöf hefur gagnast mjög vel.

Ég held núna við 3. umr. þessa máls að nauðsynlegt sé að fara yfir nokkra þessa þætti aftur og ýmsa þá sem mér gafst ekki tími til þess að ræða í við 2. umr. Sumum þótti það að vísu nokkuð löng umræða. Sumir lögðust það lágt að mæla umræðuna þannig að setja mælistiku kostnaðar á hana og voru með því að mæla tjáningarfrelsi sem þingmönnum er tryggt samkvæmt stjórnarskránni og ótakmarkaðan ræðutíma sem þingmönnum er tryggður samkvæmt þingsköpum við 2. umr. máls.

Ég tel, herra forseti, afar ósmekklegt að leggja til grundvallar mælistiku kostnaðar fyrir Alþingi þegar um er að ræða stór mál sem hafa verulega þýðingu í framtíðinni eins og við höfum verið að ræða hér á síðustu dögum og vikum. Ekki bara að því er varðar húsnæðismálin heldur líka um auðlindir í jörðu. Í því frv. felst mikil eignatilfærsla og þar er jarðeigendum veittur sérréttur að skattgreiðendur þurfa að greiða þeim verulegar fjárhæðir ef almannahagsmunir þurfa á að halda að nýta gæði sem kunna að finnast á jörðum þeirra.

Allir þekkja hálendisumræðuna og hvernig verið er að færa 4% þjóðarinnar ákvörðun um nýtingarrétt á hálendinu. Þess vegna er afar ósmekklegt, herra forseti, og ástæða til þess að minnast á það hér, að forsrh. skuli leggjast svo lágt að leggja mælistiku kostnaðar á þá umræðu. Auðvitað er ljóst að um þessi mál þurfti að fara fram mjög ítarleg umræða. Það er umhugsunarefni hvort að það sé ekki viðfangsefni forsn., herra forseti, að fjalla um þessi makalausu orð hæstv. forsrh. og hvernig hann lítur til þingsins, hvernig hann raunverulega segir að þingið eigi bara að vera afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnina.

Það er auðvitað athyglisvert líka og nokkur nýlunda að sjá, herra forseti, það sem var í Morgunblaðinu í morgun, að ráðherra boðar takmarkanir á ræðutíma þingmanna og hér er átt við forsrh. Þaðan kemur valdið, úr Stjórnarráðinu, sem boðar það að takmarka hér ræðutíma þingmanna. Þetta var afar sérkennileg uppákoma sem við fórum í gegnum á laugardaginn og skal ég ekki endurtaka það nú. Þó vil ég segja, herra forseti, að ég tel fulla ástæðu til þess að huga að því að óska eftir því að forsn. taki upp þau ósmekklegu ummæli sem forsrh. hefur viðhaft um málfrelsi þingmanna sem þeim er tryggt bæði í stjórnarskránni og í þingsköpum.

Þótt ýmislegt hafi verið sagt um þetta mál þá er ýmislegt enn ósagt og nauðsynlegt þegar stefnir í lok þessarar umræðu að fara yfir helstu atriði þess.

Ég tók eftir því í andsvari að hv. þm. Kristján Pálsson sagði að þau fjölmörgu félagasamtök, 26 talsins auk verkalýðshreyfingarinnar, væru bara að biðja um frestun. Hann lét að því liggja að þessir aðilar væru ekki að biðja um breytingar. En auðvitað eru þessir aðilar að biðja um það að reyna að ná sátt um málið og að það náist fram breytingar á frv. Þess vegna er verið að biðja um frest. Ég minni líka á að húsnæðisnefndirnar sem gerst þekkja til þessara mála hafa lagt fram mjög alvarlegar athugasemdir og í því felst frestunin þannig að mér finnst mjög lítið gert úr þessum samtökum að stilla málinu þannig upp að hér sé einungis verið að biðja um frest frestsins vegna en ekki að nýta eigi hann til að reyna að ná sáttum um málið.

Við þingmenn erum enn að fá áskoranir frá verkalýðshreyfingunni um að fresta þessu máli, t.d. hvorki meira né minna en frá sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands. Hana lásu hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson hér upp í morgun. Hún var gerð á síðustu dögum eða á sambandsstjórnarfundi í Reykholti 15.–17. maí, en þar er skorað á félmrh. að draga til baka frv. um húsnæðismál sem nú er til meðferðar á Alþingi og taka boði verkalýðshreyfingarinnar um viðræður þannig að sátt megi nást um málið.

Hér er, herra forseti, gerð úrslitatilraun til þess að fá félmrh. til að fresta þessu máli þannig að það skuli ekki verða hans saga í stóli félmrh. að slíta friðinn við verkalýðshreyfinguna í landinu eins og gert hefur verið með þessu frv. um húsnæðismál. Ég óttast, herra forseti, að gangi þetta mál fram sem nú horfir þá munum við hugsanlega í næstu viku sjá frv. gert að lögum óbreytt og að þá muni þetta mál kannski verða meginviðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar í næstu kjarasamningum árið 2000, þ.e. að hrinda þessari atlögu sem nú er hafin að láglaunafólki á Íslandi. Það gæti farið svo, herra forseti, að það gæti kostað fólk í næstu kjarasamningum einhverjar kjarabætur — þá er ég að tala um launahækkanir – ef verkalýðshreyfingin verður nauðbeygð til þess að setja þetta mál sem aðalmál í næstu kjarasamningum til að hrinda þessari atlögu.

Eina leiðin, herra forseti, vegna þess að ég spái því að þetta verði svona, til þess að verkalýðshreyfingin þurfi ekki að kaupa þetta með launahækkunum hjá launþegum þessa lands í næstu kjarasamningum, er að við taki ný ríkisstjórn að ári sem hafi það sem sitt verkefni að breyta þeirri atlögu sem hér er gerð að félagslega íbúðakerfinu. Við erum að upplifa nokkuð sögulega stund hér, að vísu mjög sorglega, þar sem verið er að loka félagslega íbúðakerfinu á Íslandi og loka þeirri bók, 70 ára sögu þess, sem hefur að geyma mjög merkilegt efni um það hvernig íslenska þjóðin vill búa að þeim sem verst standa í þjóðfélaginu, hvernig hún vill í verki og framkvæmd sýna þessu fólki, sínum minnstu meðbræðrum, að það geti líka átt öryggi í húsnæðismálum eins og aðrir sem betur eru settir og meira hafa á milli handanna. Herra forseti. Við erum ekki að tala um fólk sem ekki vinnur sína vinnu og á þess vegna ekki fyrir því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Nei, við erum að tala um fólk sem vinnur hörðum höndum myrkranna á milli en á varla fyrir sinni framfærslu þrátt fyrir það. Það er með laun kannski einhvers staðar á milli 60–70 þús. kr. Þess vegna er verið að skrifa hér lokakaflann, herra forseti, í mjög merkilega sögu um félagslega aðstoð við fátækt fólk á Íslandi sem við mörg hver hér inni, og stjórnarandstaðan í heild sinni, lítum á að sé skilið eftir úti í kuldanum í miklu öryggisleysi með sín húsnæðismál í framtíðinni.

Við í stjórnarandstöðunni erum raunverulega að gera úrslitatilraun við 3. umr. til að taka m.a. á því máli. Við flytjum tvær brtt. Önnur lýtur að starfsöryggi starfsfólks Húsnæðisstofnunar sem ég ætla aðeins að koma inn á hér á eftir. Hin lýtur að því að skilja þetta fólk ekki eftir í fullkomnu öryggisleysi um það hvernig því verði tryggt húsaskjól í framtíðinni því að ríkisstjórnin ætlar að taka sér tíma til ársloka 2000 þar til sú niðurstaða liggur fyrir. Reyndar veit enginn hvort eða hvernig verður tekið á þessum málum á árinu 2000.

Allar líkur eru á því sem við í stjórnarandstöðunni höfum bent á, og fyrir því eru margar vísbendingar sem fram hafa komið hér, að færa eigi vextina á leiguíbúðunum sem nú eru 1% upp í markaðsvexti. Þá sjá allir í hendi sér — og af þeim sem hér eru inni kannski helst, herra forseti, sá sem situr í forsetastóli því hann gjörþekkir sveitarstjórnarmálin og hefur verið bæjarstjóri — að ekki felst mikil hvatning í því fyrir sveitarfélögin sem ekki hafa byggt ýkja mikið af leiguíbúðum þrátt fyrir að vextirnir hafi verið 1%, að fara nú í mikið átak og uppbyggingu á leiguíbúðum sem full þörf er á, ef sú verður niðurstaðan að færa vextina á leiguíbúðum upp í markaðsvexti. Ég held að það sé alveg deginum ljósara og það óttumst við.

Við gerum því raunverulega tvennt með þeirri brtt. sem við flytjum. Við gerum ekki athugasemd við að gerð verði úttekt á leigumarkaðnum og könnuð þörf fyrir leiguíbúðir á næstu árum í samráði við fulltrúa sveitarfélaga og ASÍ og BSRB, þó að vissulega bendum við á að til eru áætlanir í þessum stærstu kaupstöðum um það hver þörfin verður. Meira að segja liggja núna fyrir, að ég best man, t.d. frá Akureyri, Reykjavík, Kópavogi, gott ef ekki Hafnarfirði líka, áætlanir um hver þörfin fyrir leiguíbúðir verður á næsta ári, herra forseti, verði frv. þetta að lögum. En á það skal hér minnt að þegar liggja fyrir biðlistar, einkum í Reykjavík eðli málsins samkvæmt, stærsta bæjarfélaginu, þar sem

eru einhvers staðar á bilinu 1.000–1.500 manns á biðlista þegar við tökum félagasamtökin með, bæði sveitarfélög og félagasamtök eins og t.d. Öryrkjabandalagið.

En við segjum: Það á ekki að bíða með það til ársloka 2000 að finna út niðurstöðuna í því efni. Við óttumst þessa setningu sem nú hefur verið samþykkt við 2. umr., að heimilt sé til ársloka 2000 að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum. Af einhverjum ástæðum telja menn ástæðu til þess að nefna hér óbreytt lánskjör og það teljum við að boði að þessi ríkisstjórn vilji fara að hækka vextina á leiguíbúðum upp í markaðsvexti, enda er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með Íbúðalánasjóðnum, að hann á að vera sjálfbær og standa undir sér með gjaldtöku og vöxtum. Og ef hann á að geta staðið undir sér með gjaldtöku og vöxtum og veita lán til leiguíbúða þá gerist það auðvitað ekki öðruvísi en með vaxtahækkunum af því það á að þurrka út öll ríkisframlög.

Ég flyt þessa breytingartillögu ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli samstarfs þessara aðila [þ.e. verkalýðshreyfingarinnar og sveitarfélaganna] skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni og skal hún liggja fyrir 1. október 1998.“

Þarna hefði réttara átt að segja eigi síðar en 1. október 1998 en engu að síður stendur hér 1. október 1998. Við teljum að það sé fullnægur tími til þess á þeim mánuðum sem eru til stefnu, til 1. október 1998, að kortleggja þessa þörf, gera þessa framkvæmdaáætlun og að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga setjist niður yfir fjármögnunina, en að þessu fólki sé ekki gert að bíða í tvö til þrjú ár eftir því að fá þessa niðurstöðu.

Hvað verður, herra forseti, um allar þessar fjölskyldur á þessum tíma? Biðlisti eftir leiguíbúðum í Reykjavík er sennilega um tvö ár og Reykjavíkurborg hefur sótt um 100 leiguíbúðir. Þær voru nú aðeins til umræðu, ég held það hafi verið á Hótel Borg í gær, þar sem tekinn var upp þáttur með fulltrúum Reykjavíkurlistans og D-listans þar sem fulltrúi Reykjavíkurlistans var einmitt að nefna þessar 100 leiguíbúðir sem Reykjavíkurlistinn vill byggja á næsta ári og fulltrúi D-listans sagði: „Af hverju hefur það ekki verið gert áður?“ Og auðvitað er svarið við því — og líka þá hvort Reykjavíkurlistinn geti byggt þessar leiguíbúðir á þessu ári eins og hann áformar verði hann áfram við völd — að fjmrh. veiti þá stuðning til þess og legði fram fé í, ekki bara í 50 íbúðir á næstu tveim árum, þ.e. 25 á ári, heldur hundruð leiguíbúða. Það þyrfti hann þá að gera. Á því stendur t.d. núna að Reykjavíkurborg geti farið í þessi áform sín.

Þess vegna viljum við, herra forseti, að þetta liggi fyrir í október 1998. Þessi lög eiga að taka gildi um næstu áramót og það er auðvitað það eina rétta að við vitum eitthvað hvað verður um þetta fólk áður en lögin taka gildi.

Síðan segjum við, sem er mjög mikilvægt, að fjöldi lána og upphæð þeirra sem og framlög ríkisins skulu taka mið af þeirri áætlun, þ.e. að ef menn eru að gera framkvæmdaáætlun sem á að byggja á þá þarf auðvitað, ef menn meina eitthvað með því sem þeir eru að segja, að tryggja öryggi þessa fólks og að það verði ekki skilið eftir á götunni að veita ríkisframlög eða framlög í samræmi við þá áætlun bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Við erum sérstaklega að tryggja hér það sem snýr að ríkisvaldinu, þ.e. að framlög ríkisins verði þá í samræmi við þessa áætlun sem liggur fyrir í október 1998.

Þriðja atriðið í 2. tölulið brtt. er að lánskjör til leiguíbúða skulu vera samkvæmt gildandi lögum. Þetta er efni brtt. Við teljum mjög mikilvægt að tryggja þetta vegna þess að ef það verður ekki, herra forseti, þá getum við bara gleymt því að sveitarfélögin treysti sér í uppbyggingu á félagslegum íbúðum, þ.e. á leiguíbúðum. Það er ekki svo að þessi kjör sem meiri hlutinn segir að eigi að vera óbreytt í tvö ár, þ.e. lán til 50 ára og 1% vextir sé eitthvað nýtt, að það sé verið að létta sveitarfélögunum að fara í þessar leiguíbúðir frá því sem nú er, vegna þess að þessi kjör hafa verið til staðar.

Þrátt fyrir allt er fjöldi leiguíbúða með lánum úr Byggingasjóði verkamanna, þ.e. leiguíbúðir sveitarfélaga, ekki nema 450 gegnum öll þessi ár. Til fæstra þeirra hefur verið veitt lán í tíð núv. hæstv. félmrh., það eru örfá lán vegna þess að lánin sem veitt hefur verið til úr Byggingarsjóði verkamanna, bæði til félagslegra íbúða og leiguíbúða, hafa snarhrapað niður, herra forseti. Þau voru flest á árunum 1991–92 um 800. Þau eru nú komin niður í 170. Af sjálfu leiðir að þess vegna hafa verið veitt lán til miklu færri leiguíbúða en á árunum á undan.

Lán hafa verið veitt til 450 leiguíbúða sveitarfélaga, 350 leiguíbúða námsmanna, 160 leiguíbúða aldraðra og 220 leiguíbúða öryrkja. Þetta er allnokkur fjöldi, um 1.200 leiguíbúðir, herra forseti. Heildarfjöldi leiguíbúða í eigu sveitarfélaga er 610 íbúðir og fjöldi kaupleiguíbúða í leigu, þ.e. kaupleiguíbúðir í eigu sveitarfélaga eru 900. Við sjáum að kaupleigukerfið, sem hefur ekki fengið að vera mjög lengi við lýði, hefur skilað mjög verulegu að því er varðar það að bæta hag íbúa í sveitarfélögum sem hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að koma sér sjálf þaki yfir höfuðið.

Búsetasamtökin, sem virðast vera skilin eftir úti í kuldanum, það á ekkert að afgreiða lögin um þau, hafa komið sér upp í gegnum þetta kerfi um 240 íbúðum, herra forseti.

Það sem við erum líka að gera í þeirri brtt. sem ég mæli fyrir er að við leggjum til að við 52. gr. frv. við 6. gr. bætist nýr málsliður:

„Starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins skal hafa forgang um sambærileg störf hjá Íbúðalánasjóði.“

Hér er ekkert nýtt á ferðinni þegar verið er að breyta starfsumhverfi opinberrar stofnunar. Hér er bara verið að fylgja því fordæmi sem verið hefur gegnum árin. Ávallt hefur verið hugað að forgangi þess starfsfólks sem er í viðkomandi stofnun þar sem verið er að breyta starfsumhverfinu, að þetta fólk hafi forgang til sambærilegra starfa þegar verið er að breyta opinberri stofnun. Það vill svo merkilega til að það er ráðherra atvinnumála, vinnumarkaðsmála sem er að skrifa nýjan kafla í samskiptum við opinbera starfsmenn, þ.e. að þeir hafi í fyrsta sinn ekki forgang til starfa þegar verið er að leggja niður stofnun og búa til nýja. Það er mjög merkilegt að það komi í hlut hæstv. félmrh., vinnumarkaðsráðherra, að skrifa þennan kafla í samskiptum við opinbera starfsmenn.

Herra forseti. Því er gerð tilraun til þess með þessari brtt., að sami háttur verði hafður á og þegar verið er að breyta öðrum opinberum stofnunum. Það hefur náttúrlega gerst af og til gegnum árin en þarna er tekin upp ný starfsmannastefna gagnvart opinberum starfsmönnum sem lengi, vel og dyggilega hafa þjónað, eins og í þessu tilviki, í Húsnæðisstofnun, stofnun sem á nú að leggja niður.

Áskorun hefur komið fram frá starfsfólki um að það verði tryggt með þessum hætti. Við gerum tilraun til þess í minni

hlutanum, þó að ég verði að segja, herra forseti, að harla lítil von virðist til þess miðað við það sem á undan hefur gengið í þessu máli, að meiri hlutinn ætli nokkuð að hlýða á athugasemdir og ábendingar stjórnarandstöðunnar, verkalýðshreyfingarinnar, félagasamtaka, húsnæðisnefnda eða starfsfólks Húsnæðisstofnunar.

Ég velti raunverulega fyrir mér, herra forseti, hvað sé að gerast á þessum vinnumarkaði undir forustu þessarar helmingaskiptastjórnar. Þá er ég að tala bæði um samskipti verkalýðshreyfingarinnar og samskiptin við launþega og starfsfólk Húsnæðisstofnunar í þessu tilviki. Hvort hér er verið að skrifa nýjan kafla, hvort með þessu frv. sé upphafið að nýrri starfsmannastefnu, nýjum viðhorfum ríkisvaldsins til opinberra starfsmanna. En þessi tilraun er gerð.

Nú kann einhver að spyrja, herra forseti: Stjórnarandstaðan sem hefur talað ítarlega undir þessum umræðum til þess að flytja mál sitt og skýra sjónarmið sín og hefur haft ótal athugasemdir við þetta frv., margar greinar þess, nálægt því hverja eina og einustu nema hugsanlega það sem snertir ákvæði húsbréfa, sem við höfum búið við um nokkurra ára skeið, — af hverju í ósköpunum gerir stjórnarandstaðan ekki fleiri tillögur en þessar tvær? Því er til að svara að þetta frv. á að verða að lögum um næstu áramót. Því hefði verið nægjanlegur tími til þess að leita sátta í málinu, það vil ég að komi fram. En það liggur á þessum tveimur ákvæðum sem ég hef hér nefnt, þ.e. forgangi starfsfólks Húsnæðisstofnunar til sambærilegar starfa hjá Íbúðalánasjóði, og að hraða því að gerð verði framkvæmdaáætlun sem byggð verði á ríkisframlög og það liggi fyrir 1. okt. 1998, þ.e. þremur mánuðum áður en lögin taka gildi þannig að um leið og lögin taka gildi sé hægt að hefja uppbyggingu á þessum leiguíbúðum með nýjum fjárlögum sem við afgreiðum á haustþingi þannig að ríkisstjórnin hafi tækifæri til þess að sýna á fjárlögum hvað hún vill gera fyrir þessa láglaunahópa. Því er nauðsynlegt að þessi framkvæmdaáætlun liggi fyrir við næstu fjárlagaafgreiðslu í haust.

Við höfum einnig gagnrýnt mjög mörg önnur atriði sem snerta viðbótarlánin, kostnað sem fólk verður fyrir þegar það fer inn í kerfið, kostnað sem fólk verður fyrir þegar það fer út úr kerfinu, vaxtabæturnar, forkaupsréttarákvæði o.s.frv., og ég mun stikla á stóru í máli mínu hér á eftir. Þau geta hugsanlega beðið þangað til við komum til næsta þings. Ég hygg að stjórnarandstaðan muni þá hugleiða hvort ekki sé ástæða til þess að fara yfir það ítarlega með verkalýðshreyfingunni að reyna að betrumbæta þessa löggjöf.

Út af fyrir sig, miðað við þá reynslu sem við höfum af þessum stjórnarflokkum, ætla þeir sér með góðu og illu að ná þessu máli svo til óbreyttu í gegn og hlusta ekki á ítarlegan rökstuðning um breytingar á þessu frv. Þess vegna erum við að gera þessa tilraun með einungis tvær brtt. núna sem liggur á að lögfesta þannig að hægt sé að vinna í því máli, aflétta því óöryggi sem starfsfólk Húsnæðisstofnunar býr við og fara að vinna í þeirri framkvæmdaáætlun sem á að liggja fyrir í haust, og munum þá skoða síðan aðrar breytingar þegar þing kemur saman hugsanlega að hausti. Þetta held ég að sé mikilvægt að komi fram.

Í gær fórum við yfir brtt. í atkvæðagreiðslu og þær brtt. voru nokkuð margar. Mig minnir að þær hafi skipt einhverjum tugum frá stjórnarliðum. Þær voru ekki ýkja merkilegar. Þetta voru mest ýmiss konar orðalagsbreytingar og örfáar efnisbreytingar, m.a. til þess að forða því að félmrh. þyrfti að fara að greiða fólki skaðabætur vegna þess að það átti að svipta fólk, með ákvæðum frv., ákveðnum rétti sem það hafði þegar áunnið sér, t.d. varðandi kaupleiguíbúðir. Þeir sem gert höfðu samninga og greitt inn á samninga en ekki verið afhentar íbúðir sem tæki mið af núverandi kerfi. Þessu átti bara að svipta fólki, herra forseti. Meiri hlutinn bjargaði ráðherranum fyrir horn í því máli og er það út af fyrir sig vel. Að öðru leyti voru breytingarnar ekki merkilegar.

Ég verð t.d. vör við það varðandi breytingu við 40. gr. að þeir sem var farið að líða illa að þurfa að samþykkja þetta frv., töldu sig geta hangið í því haldreipi að meiri hlutinn fékk félmrh. greinilega til þess að fallast á að setja inn ákvæði sem var samþykkt við 2. umr., og hljóðar svo, herra forseti:

„Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð."

Þetta fundu þeir upp, herra forseti, af sinni alkunnu snilld, stjórnarliðar og ráðgjafar félmrh., til þess að róa nokkra stjórnarliða sem voru orðnir órólegir út af því sem þeir væru að taka þátt í með því að loka félagslegu íbúðakerfi. Stjórnarliðar hafa mjög bent á að þetta sé nú hið besta ákvæði og þetta muni sveitarstjórnirnar nýta sér, að heimila aðilum sem byggja eða kaupa leiguíbúðir að selja leigutaka eignarhlut í íbúðinni.

Þetta var engin ný uppfinning, herra forseti, þetta var engin ný uppfinning. Minnir mig að hv. þm. Kristján Pálsson hafi stundum bent á þetta ákvæði sem var verið að taka upp hjá nefndinni að þetta væri hið besta mál og þarna væri búið að leysa allan vanda. Það var varla hægt að skilja annað. En þetta var bara alls ekki ný uppfinning, herra forseti, vegna þess að ráðgjafar ráðherrans fundu að það væri bara mjög sniðugt að taka upp gamalt ákvæði úr húsnæðislöggjöfinni frá 1983–1984 sem er næstum orðrétt það sama og nú er tekið inn í löggjöfina 1998. Þannig hljóðar það í löggjöfinni 1983:

„Heimilt er aðilum er byggja leiguíbúðir, samkvæmt c-lið 33. gr., að selja eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiði síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu auk vaxta."

Ég held að eina breytingin sé sú að hér stendur „lánskjaravísitölu" en í þessum nýja texta sem var samþykktur í gær er talað um vísitölu neysluverðs. Síðan segir:

„Nánari reglur um eignarhluta leigutaka skulu settar í reglugerð."

Ég reyndi að athuga hverjum þetta hefði gagnast á sínum tíma, 1983–84 af því þetta er megindúsan, herra forseti, sem verið er að stinga upp í þá stjórnarliða sem hafa einhvern snefil af samviskubiti yfir því að fara svona með láglaunafólk. Samkvæmt því sem ég kemst næst hafði ekki eitt einasta sveitarfélag nýtt sér þetta ákvæði sem var inni í lögunum 1983–84 og þá allar götur sennilega þangað til kaupleigukerfið tók við 1988, eða í fjögur ár. Enginn sá ástæðu til þess að nýta sér þetta, herra forseti. Ég hef ekki haft tíma til að skoða það nákvæmlega hve mikið félagasamtök hafa nýtt sér þetta, svo mikið liggur á að keyra frv. í gegn. Eitthvað var það, en alls ekki mjög mikið, er mér tjáð. Búseti, sem hafði enga möguleika á þeim tíma, það var ekki komin nein

lagastoð undir búseturéttaríbúðir, gat nýtt þetta ákvæði og byggt á grundvelli þess örfáar íbúðir.

Nú spyr maður: Er einhver ástæða til þess að ætla, þegar þessi opnun verður, að sveitarfélögin fari nú að nota þetta ákvæði mikið og selji leigutökum eignarhlut í íbúðum með þeim kvöðum að eignarhlutur kaupenda standi óhreyfður á meðan hann hefur afnot af íbúðinni?

Ég hef bent á það, herra forseti, reyndar við umræðuna í gær, að ég teldi að þetta ákvæði yrði haldlítið. Ég tel, eftir þann stutta tíma sem ég hef haft til að skoða það milli 2. og 3. umr., að það muni ekki skila miklu. Ég held því að þetta ákvæði muni gagnast ákaflega fáum og vil í því sambandi benda á að húsnæðisnefnd Reykjavíkur, undir forustu Páls Magnússonar að því er ég best veit, lagði til ákveðna leið að því er þetta ákvæði varðar. Hefði sú leið verið farin og sú tillaga verið samþykkt, þá er ég sannfærð um að hún hefði skilað miklu meira fyrir láglaunafólk en ætla má að raunin verði varðandi þetta ákvæði.

Húsnæðisnefnd Reykjavíkur lagði til að ákvæðið yrði útfært þannig að samhliða leigusamningi yrði gerður samningur um greiðslu 10% útborgunar sem dreifa mætti á tiltekinn árafjölda. Mig minnir að þar hafi verið nefnd fimm ár. Ég held reyndar að það þyrfti að dreifa honum á lengri árafjölda eða á 5–10 ár, en ekki það að fólk sé að borga leigugreiðslur og þurfi síðan að greiða tiltekinn hluta í kaupverðinu á sama tíma.

Þeir lögðu til að þegar 10% útborgun væri greidd, sem leigan gengur upp í, þá gæti kaupandi nýtt sér kauprétt sinn og fengið húsbréfalán auk viðbótarláns ásamt afsali fyrir íbúðinni. Ég held að ef sú leið væri valin mundi þetta gagnast betur.

Nú á að vísu eftir að setja reglugerð um útfærslu á þessum eignarhluta. En miðað við hvernig þessi ríkisstjórn er innstillt gagnvart láglaunafólki, sem hún virðist engar áhyggjur hafa af, geri mér litlar vonir um, herra forseti, að það verði gerður samningur við láglaunafólk um að það geti greitt 10% útborgun á tilteknum árafjölda, eins og húsnæðisnefnd Reykjavíkur lagði til, eða á 5–10 árum. Þá fyrst mundi það gagnast.

En við skulum sjá til. Ég á ekki von á að svo verði og bendi á að þetta ákvæði var í gildi árin 1983 og 1984. Það var í gildi í fjögur ár og fáir nýttu sér það. Eftir því sem ég best veit — annað verður þá að koma í ljós — þá nýtti ekkert sveitarfélag á þessum árum þetta ákvæði.

Ég sagði, herra forseti, að það sem ég þyrfti raunverulega að gera væri að fara í mjög grófum dráttum yfir helstu atriðin sem hvað verst koma niður á sveitarfélögunum og láglaunafólki. Mér gafst lítill tími til þess þó að ég hafi flutt langa ræðu sem hæstv. forsrh. sat yfir á skrifstofu sinni og tímamældi. Það er ekki mikið að gera hjá hæstv. forsrh. að sitja yfir tíu klukkustunda ræðu minni uppi í Stjórnarráði með klukku og samlagningarvél, til þess að athuga hvað hún væri löng og hvað hún kostaði. Ég hafði ekki einu sinni tíma til þess, þó að ég hefði verið sögð lesandi upp úr skýrslum og afmælisritum, að fara ítarlega yfir meginatriðin í þessum fjórum umsögnum, sem eru hvað gagnrýnastar á þetta frv., þ.e. húsnæðisnefndanna fjögurra sem ég nefndi. Ég að vísu stiklaði á þeim, ég fór ítarlega yfir umsögn ASÍ.

Það sem liggur fyrir, eins og hefur komið fram, er markaðsvæðing á þessu kerfi og lokun á félagslega íbúðakerfinu. Það sem raunverulega er að gerast er að þegar þetta frv. tekur gildi, þá hækka hér vextir á láglaunafólki, úr 2,4% í 5%. Húsbréfalánin bera núna 5% vexti, þá mun láglaunafólk þurfa að taka á sig. Þær vonir sem við gerðum okkur um það að viðbótarlánin mundu ekki bera meira en 2,4% vexti brugðust við 2. umr. þessa máls.

Meiri hlutinn fékk ábendingu, hvort sem það var frá Seðlabankanum eða fjmrn. eða báðum, um að það samræmdist ekki því að þessi sjóður ætti að standa undir sér með vöxtum og tekjum, að hafa þessi viðbótarlán ekki á markaðsvöxtum. Þannig mun 90% lán sem þetta fólk fær ekki verða með 2,4% vöxtum, eins og það hefur í dag, heldur með 5% vöxtum. Hér erum við því að ganga í gegnum það, þegar menn eru að tala um jafnvægi á markaðnum o.s.frv., að vextir á einn hóp í landinu verða hækkaðir úr 2,4% í 5%. Mér finnst hafa farið ansi hljótt um það þó að menn hafi talað mikið í þessu máli. Það er verið að hækka vexti á láglaunafólki um 2,6%.

Hæstv. samgrh. Halldór Blöndal hefði nú þurft að hafa einhver orð um það, þegar hann var hér í stjórnarandstöðunni, ef ég hefði þá beitt mér fyrir því að hækka vexti á láglaunafólk. Svo mjög þurfti hæstv. ráðherra að ræða um þau mál á sínum tíma að hann hefði örugglega, herra forseti, þurft að hafa um það mörg orð. Forsrh. hefði örugglega þurft að grípa til reikningsvélarinnar og tímamælingarinnar á þann mann, herra forseti, ef vaxtahækkunin á láglaunafólk hefði orðið það mikil á þeim tíma. Þetta er eini hópurinn í landinu sem er verið að hækka vexti á þessa dagana að því ég best veit.

Þá segja menn: En vaxtabætur, við erum að flytja niðurgreiðsluna yfir í vaxtabætur. Það höfum við náttúrlega farið í gegnum, herra forseti, og lítil ástæða til þess að nefna það. Ég skal ekki gera það nema bara í örfáum setningum af því að við eigum eftir að ræða hér frv. um vaxtabætur.

Það liggur fyrir að 60% af því fólki sem notið hefur aðstoðar í félagslega kerfinu, þ.e. einstæðir foreldrar og einstaklingar, munu verða verr settir þegar niðurgreiðslan verður tekin í gegnum vaxtabótakerfið en ekki með niðurgreiðslu á vöxtunum. Það höfum við reiknað út, og lagði ég fram þann útreikning, að hér gæti munað allt að 63 þús. kr., eða sem samsvarar nálægt einum mánaðarlaunum á ári, eða sem nemur einum mánaðarlaunum t.d. einstæðrar móður. Þetta á þessi einstæða móðir að taka upp úr vasa sínum án þess að fá bætt. Það hefði hún þó fengið í gegnum félagslega kerfið. Hún á sjálf að leggja þessa upphæð á borðið og greiða með þessu láni.

Nú vil ég bara halda því til haga, af því að við eigum eftir að ræða hér vaxtabætur og skal ég því ekki eyða mörgum orðum í það, að minni hluti efh.- og viðskn. hefur sent útreikninga mína, sem ég hér nefni og er hér að vitna í, til fjmrn. og fengið það staðfest af fjmrn. að þeir útreikningar séu réttir. Ef einhver skyldi ekki trúa því að ég hefði sett fram rétta útreikninga þá hafa þeir verið staðfestir af fjmrn. Það liggur því fyrir að ef einstæðir foreldrar fara í sambærilegar íbúðir, eins og þeir hafa getað gert í félagslega kerfinu, íbúðir sem kosta kannski 6 milljónir kr. og einstætt foreldri þarf oft á því að halda, við skulum segja að viðkomandi sé með tvö börn, ég tali nú ekki um þrjú, þá er niðurgreiðslan með þeim hætti að þessir einstæðu foreldrar þurfa að leggja meira úr vasa sínum með þessu láni.

Ekki nóg með það heldur höfum við líka farið yfir kostnaðinn við að komast inn í kerfið og þar er ljóst að nýjar gjaldtökur hafa bæst við sem fólk í félagslega kerfinu hefur ekki þekkt áður.

Þá ætla ég aðeins að fara yfir stimpilgjöldin, herra forseti. Við í minni hlutanum bundum lengi vonir við það, og töldum að það yrði reyndar ofan á hjá meiri hlutanum einnig, að stimpilgjöldin yrðu felld niður, ekki bara af viðbótarláninu heldur af húsbréfunum einnig. Niðurstaðan, eftir að hafa fengið fyrirmæli úr fjmrn., sem hæstv. félmrh. hlýðir mjög gjarnan, var að einungis mátti fella niður stimpilgjöldin af viðbótarláninu, þessum 20–25%.

Eftir stendur, varðandi stimpilgjöldin, að fólk þarf að greiða þau af húsbréfalánunum. Ekki nóg með það heldur er opnað fyrir að félagasamtök geti fengið húsbréfalán, sem er gott og gilt út af fyrir sig. Félagasamtök sem hafa ekki áður þurft að greiða stimpilgjöld þurfa nú allt í einu að fara að greiða stimpilgjöld af húsbréfaláni. Þ.e. félagasamtök, Búsetahreyfingin o.s.frv.

Það sem er enn nýtt í þessu, og ég skal rétt ljúka máli mínu með þann þáttinn, er að þeir sem fá greiðsluerfiðleikalán þurfa nú að greiða stimpilgjöld af greiðsluerfiðleikalánum.

(**Forseti** (GÁS): Nú vill forseti ekki grípa inn í ræðu hv. þm., en hann hafði áformað að gera matarhlé í 30 mínútur og spyr því hvort hv. þm. sé nokkuð að ljúka ræðu sinni eða hvort að hún vilji gera hlé á henni.)

Nei, ég á nokkuð eftir og vildi gjarnan gera hlé.

(**Forseti** (GÁS): Þá verður forseti við því og gerir nú hlé í 30 mínútur.)

[Fundarhlé. — 12:58]

[13:32]

**Jóhanna Sigurðardóttir** (frh.):

Herra forseti. Fyrir matarhlé fór ég í gegnum þær brtt. sem við í minni hlutanum flytjum við 3. umr. um húsnæðismál. Ég flyt þær tillögur ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Brtt. fela í sér í fyrsta lagi að fela starfsfólki Húsnæðisstofnunar forgang um sambærileg störf hjá Íbúðalánasjóði.

Í staðinn fyrir að fólk muni, eftir að þetta frv. verður að lögum, búa við mikið óöryggi í húsnæðismálum allt fram til ársloka 2000, þá áformar ríkisstjórnin að liggi fyrir áætlun milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna um hvernig hátt-að verði uppbyggingu á félagslegum íbúðum og hvernig þær verði fjármagnaðar, þá höfum við lagt til að slík áætlun liggi fyrir 1. október 1998 svo taka megi tillit til þeirrar framkvæmdaráætlunar við gerð næstu fjárlaga. Einnig er mjög mikilvægt að framlög ríkisins taki mið af þeirri áætlun sem á ráðast í og lánskjör til leiguíbúða verði með sama hætti og er í gildandi lögum, þ.e. að vextir verði 1%. Sú hætta vofir hins vegar yfir yfir og allt bendir til þess að vextir á leiguíbúðum hækki líka upp í 5%. Nóg er nú að gert hjá þessari ríkisstjórn, eins og ég fór yfir áðan hækkar hún vexti á félagslegum íbúðum úr 2,4% í 5%, ekki bara að því er varðar húsbréfahlutann heldur einnig á viðbótarlánunum. Ég hef sýnt fram á að vaxtabótakerfið muni ekki koma til móts við fólk til þess að það verði jafnsett eftir sem áður, þ.e. að það þurfi ekki að bera meiri greiðslubyrði en er í núverandi kerfi. Þvert á móti munu það einkum vera einstæðir foreldrar og einstaklingar sem munu þurfa að taka á sig þyngri greiðslubyrði vegna þessarar vaxtahækkunar.

Ég var komin þar í sögunni að ég var að ræða annan aukinn kostnað sem fólk verður fyrir við þessa breytingu, þ.e. stimpilgjöldin. Auðvitað er þar ýmis annar nýr kostnaður sem á að taka upp samkvæmt þessu frv. og eitthvað hefur verið farið yfir í 2. umræðu. Stimpilgjöldin eru kapítuli út af fyrir sig af því þau vega þyngst í þessum aukna kostnaði. Áform ríkisstjórnarinnar er að fella niður stimpilgjöld af viðbótarlánum en ekki af húsbréfalánum. Það er nýtt, þ.e. stimpilgjöld af húsbréfalánum, sem fólk í félagslega kerfinu þarf að bera.

Eins er það athyglisvert að nú þurfa greiðsluerfiðleikalánin að bera stimpilgjöld ásamt sérlánum til dagvistarstofnana og fatlaðra, sem hafa verið við lýði í Byggingarsjóði ríkisins.

Ekki er nóg með það, herra forseti, heldur er ljóst að þessi sérlán sem verið hafa til staðar hjá Byggingarsjóði ríkisins eru í óvissu. Einungis verður heimilt að veita slík lán ef Íbúðalánasjóður svo kýs þannig að ekkert er fast í hendi um að þessi lán sem ýmis félagasamtök, eins og Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp, sem hafa nýtt sér þennan möguleika varðandi sérlán til fatlaðra, eigi kost á slíku áfram. Þannig er eitt með öðru í þessu frv. og óvissan virðist vera víða þegar þessi lög hafa verið samþykkt.

Eitt tel ég brýnt að koma inn á nú við 3. umr. Ég hygg að fljótlega eftir að þessi lög hafa tekið gildi um næstu áramót muni það renna upp fyrir mönnum. Nú veit ég ekki hvort ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafi augun opin varðandi það hvað komið geti fyrir þá sem eru í félagslegum íbúðum. Þá er ég að tala um staði þar sem markaðsverð er lágt en áhvílandi lán kannski mjög há. Átta stjórnarflokkarnir sig á því hvaða áhrif þetta frv. getur haft að því er varðar stöðu þessara hópa? Ég hef orðið vör við það, meðan þetta mál hefur verið til umfjöllunar hjá þinginu, að þeir sem búa við þær aðstæður að hafa farið inn í félagslega kerfið hafi keypt sér þar íbúðir með þá tryggingu í huga, að sveitarfélögin kaupi þá af þeim íbúðirnar og innleysi þær síðan þannig að viðkomandi fjölskyldur og einstaklingar þurfi ekki að bera mismuninn á markaðsverði og áhvílandi lánum. Þá var það auðvitað með þeirri kvöð sem fólkið keypti íbúðirnar, að sveitarfélögin mundu leysa þessar íbúðir til sín.

Ég fór nokkuð í gegnum það við 2. umr., að lítið hefur verið byggt á almennum markaði úti á landsbyggðinni af því að fólk hefur hreinlega ekki treyst sér til þess að byggja þar á almennum markaði. Markaðsverð er lágt og byggingarkostnaðurinn er kannski sambærilegur um land allt. Þó þar geti munað einhverju þá gerir fólk sér grein fyrir því að það situr kannski í ákveðnum átthagafjötrum ef það er að kaupa á almenna markaðnum en ekki í félagslega kerfinu. Þess vegna hefur öll uppbygging úti á landsbyggðinni á undanförnum 10–15 árum verið í gegnum félagslega íbúðakerfið.

Hverju er raunverulega verið að breyta núna? Það er ekki verið að breyta kaupskyldunni, hún helst, þannig að fólk sem er í þessum íbúðum og kaupskyldan hvílir enn á, getur verið öruggt svo lengi sem kaupskyldan hvílir á íbúðinni. Þar er ekkert breytt. En þegar komið er fram yfir þessa kaupskyldu og forgangsréttarákvæðin taka við, í staðinn fyrir kaupskyldu, þá er það fólk í nokkurri óvissu. Það er það fólk sem hefur haft samband við okkur.

Í þessu frv. er verið að gera sveitarfélögunum auðveldara en áður, varðandi forgangsréttarákvæðin, að stytta þann tíma sem er til 30 ára að mig minnir. Það hefur verið ákveðinn hemill í núgildandi löggjöf sem hefur komið í veg fyrir að sveitarfélög hafi hafnað forkaupsrétti hingað til. Ég man ekki eftir því að sveitarfélög hafi hafnað forkaupsrétti þannig að íbúar í sveitarfélögum, þar sem markaðsverð er lágt, hafi síðan staðið uppi með miklu hærri áhvílandi lán.

Þessi ventill, öryggisventill fyrir fólk sem hefur verið inni í núgildandi kerfi, hverfur. Hann hefur verið þannig, herra

forseti, að sveitarfélög sem hafna forkaupsrétti í núgildandi kerfi fá ekki lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú árin. Það hefur verið hvati og reyndar nægjanlegt, herra forseti, til þess að sveitarfélögin hafni ekki forkaupsréttinum.

Ef þau fara nú í miklum mæli að hafna forkaupsréttinum, sem líklegt er að þau geri — þau hafa raunverulega engan ávinning af því að halda í þessi forkaupsréttarákvæði, það er búið að loka kerfinu — þá getum við staðið uppi með það að fólk með íbúðir, komið fram yfir kaupskyldu, standi frammi fyrir því að sveitarfélögin hafni forkaupsréttinum. Þá stendur það frammi fyrir því að geta selt íbúðina á kannski á helmingi lægra verði en áhvílandi lán eru. Þetta, herra forseti, óttast ég að við munum fara að sjá strax á næsta ári. Þá hygg ég að það fari að renna tvær grímur á landsbyggðarþingmenn sem standa fyrir þessum breytingum hér, ef einhver hópur fólks stendur frammi fyrir þessu. Ég hef orðið mjög vör við að fólk hefur þessar áhyggjur.

Ég hef verið að spyrja hæstv. félmrh. hvort ekki sé ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessu. Svör ráðherrans, herra forseti, hafa vægast sagt verið mjög sérkennileg. Hann segir um þetta ákvæði að ef svo sé komið að markaðsverð sé lægra en áhvílandi lán þá hafi íbúðin bara verið yfirveðsett. Þetta ber hæstv. ráðherra á borð fyrir okkur hér. Það segir mér að annaðhvort viti ráðherrann ekki betur — sem ég held að ég verði nú frekar að trúa, þ.e. að hann viti ekki betur — eða þá að hann hafi ekki skilning á þessu. Þetta getur orðið stórt vandamál.

Ég vildi a.m.k. hafa varað menn við í þessu máli. Ég hygg að við verðum að skoða það, áður en þessi lög taka gildi um nk. áramót og gera það þá á næsta þingi, hvort stjórn og stjórnarandstaða gætu ekki sameinast um að búa svo um hnútana að íbúðirnar sem eru í núverandi kerfi og íbúar þess hafi áfram sömu tryggingu og þeir hafa haft varðandi sölu á íbúðum sínum og að þessi eignaupptaka geti ekki átt sér stað hjá fjölda fólks úti á landsbyggðinni. Ég tel mjög brýnt að halda þessu til haga, herra forseti.

Í ræðu minni við 2. umr. málsins fór ég lítið yfir mjög vandað álit minni hlutans, nánast ekkert, herra forseti. Vafalaust hefur verið farið í gegnum það af fulltrúum minni hlutans þannig að ég staldra nú ekki lengi við það.

Ég hlýt þó að vekja athygli á því hvernig þessi lög snúa að námsmönnum. Fyrir því er mjög skilmerkilega gert grein fyrir í tiltölulega stuttum kafla í áliti minni hlutans, hvaða áhrif frv. muni hafa á húsnæðismál námsmanna. Þeir sjálfir, námsmenn og forustumenn þeirra, hafa vissulega gert Alþingi og félmn. grein fyrir því í ítarlegu áliti sínum og umsögnum um frv. Það er vissulega svartur lestur, herra forseti, og fór ég nokkuð yfir það við 2. umr. málsins.

Það er svolítið hlálegt í þessu öllu saman að þeir sem standa þannig að árás á húsnæðisaðstöðu námsmanna, þeir sem þar eru í fararbroddi, skuli vera framsóknarmenn. Framsóknarmenn alltaf talið sig reisa flaggið nokkuð hátt til varnar námsmönnum. Því velti ég t.d. fyrir mér hvort mikill baráttumaður fyrir miðhálendinu, Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv. sem ég man ekki betur en að hafi í kosningunum sýnt málefnum námsmanna skilning, hafi farið yfir umsagnir námsmanna um það hvernig fara á með þá möguleika sem námsmenn hafa haft í núgildandi löggjöf.

Í svona stóru máli, þar sem við erum að fjalla um fjöregg þúsunda fjölskyldna, þá hljóta menn sem greiða þessu atkvæði að hafa haft fyrir því að fara yfir áhrif frv. á einstaka hópa. Það verður hins vegar að draga í efa að svo hafi verið gert.

Hér er sagt í áliti minni hlutans:

„Algjör óvissa ríkir um kjör lántakenda þegar til lengri tíma er litið.“

Sagt er að hætta sé á því að þetta geti þróast úr 1% vöxtum í 5% vexti að því er varðar námsmannaíbúðirnar en einungis er gert ráð fyrir niðurgreiddum vöxtum næstu tvö árin og þá hafa menn ítrekað nefnt þessar 50 íbúðir á tveimur árum sem fram hefur komið í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Ég held að ekki þurfi mikinn spámann til þess að sjá að námsmannahreyfingin og Félagsstofnun stúdenta, sem hafa séð um uppbyggingu á þessum íbúðum, hafa gert mikið átak við erfiðar aðstæður og þó hafa kjörin verið 1% vextir. Ef fara á með vextina upp í 5% er alveg ljóst að annað tveggja gerist, stöðvuð verði uppbygging á íbúðum námsmanna með því ójafnrétti til náms sem því fylgir eða að kostnaðinum verði velt yfir á námsmennina, þ.e. kostnaðinum af þessari vaxtahækkun. Eins og segir hér:

„Gagnvart þeim félagasamtökum sem t.d. hafa byggt námsmannaíbúðir þýðir það verulega hækkun á leigu eigi þau nú að fara að standa undir markaðsvöxtum og bankalánum til framkvæmda af því að nú verða ekki lengur veitt framkvæmdalán.“

Það er einmitt þetta framkvæmdalán sem ég ætla að stoppa við, sem hefur gert þeim leiðina greiðari sem standa í uppbyggingu á félagslegum íbúðum, þ.e. framkvæmdalánin sem falla nú alveg brott hafa verið með hagstæðari kjörum og gert það mögulegt að byggja t.d. námsmannaíbúðirnar ódýrari en verið hefur en framkvæmdalánin eru til skamms tíma áður en lánin sem eru síðan til 50 ára eru yfirtekin.

Námsmenn hafa sýnt fram á að mikill skortur er á námsmannaíbúðum á höfuðborgarsvæðinu og benda á að Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands eigi langt í land með að uppfylla lágmarkskröfur fyrir námsmannaíbúðir.

Þarna erum við aftur að reka okkur á að það er langt í land fyrir stúdenta eða námsmenn að byggja upp þessar námsmannaíbúðir til þess að fullnægja þörf. Sama sagan er hjá Reykjavíkurborg þar sem biðlistarnir geta verið kannski tvö ár að meðaltali og núna eru bara 300 eða tæplega 400 á biðlista eftir leiguíbúðum, fyrir utan langa biðlista, sennilega álíka, að því er varðar aldraða. Við rekum okkur enn á það að þeir sem fá ekki aðgang nú í félagslega kerfinu koma ekki að málum þannig að þeir verði fyrstir í biðröð eftir leiguíbúðum þegar þær á annað borð verða byggðar heldur eru langar biðraðir þegar fyrir hendi. Ég hef bent á að um 1.000–1.500 manns bíða eftir leiguíbúðum enda þekki ég ekkert land, a.m.k. af þeim löndum sem við berum okkur saman við, sem er með eins fáar leiguíbúðir og félagslegar íbúðir hlutfallslega miðað við heildina og Ísland.

Vissulega er bent á það að ef dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis hafi námsmenn afar takmarkaða möguleika til að greiða hærri leigu en þeir gera nú. Síðan er sagt:

„Verði hækkun á leigu námsmannaíbúða hefur það áhrif á þann kostnaðargrunn sem gengið er út frá hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og þar með kröfur um hærri námslán.“

Ég minni á í því sambandi, herra forseti, að ég hef gert tilraunir til þess, t.d. við 2. umr., að fá fram álit hæstv. menntmrh. að því er varðar námsmannaíbúðirnar og hvaða afleiðingar þetta hefur á námslánin og þörfina á hærri námslánum nái þetta fram að ganga en það hefur reynst árangurslaust, herra forseti.

En hæstv. menntmrh. verður sjálfsagt kallaður fram á völlinn af námsmönnunum sjálfum þegar við í stjórnarandstöðunni fáum engu um þokað að leiða menn til betri vegar í þessu máli.

Síðan er náttúrlega bent á að: „Það sem kann að sparast á einum stað í ríkiskerfinu verður tekið aftur á öðrum, nema ætlunin sé að skerða kjör námsmanna. Hið sama gildir að sjálfsögðu um íbúðir fatlaðra sem flestir búa við afar kröpp kjör. Þeir mega engan veginn við hækkun leigu."

Það er nefnilega svo sem við höfum verið að ræða í stjórnarandstöðunni að hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin hefur ekki farið út í þá grunnvinnu sem þarf þegar verið er að loka félagslega kerfinu sem starfað hefur í 70 ár. Ekkert hefur verið farið út í það, herra forseti, að kanna áhrif þeirra breytinga, að leggja niður félagslega kerfið, á einstaka þjóðfélagshópa, eins og námsmenn, fatlaða, aldraða eða einstæða foreldra. Ekkert hefur verið farið í þá grunnvinnu, sem er auðvitað nauðsynlegt, ef menn vilja á annað borð viðhafa skynsamleg vinnubrögð sem þarf auðvitað að vera, að kanna áhrifin á fasteignamarkaðinn eða verðbréfamarkaðinn svo dæmi sé nefnt. Ég minnist þess að þótt ekki væri margt bitastætt í umsögn frá Vinnuveitendasambandinu þá benda þeir einmitt á þetta og mig minnir að Samtök iðnaðarins hafi einnig gert það. Allir renna blint í sjóinn með það hvaða áhrif þetta frv., ef að lögum verður, mun hafa á fasteignamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn og á húsbréfin. Nýr hópur er að bætast inn á húsbréfamarkaðinn sem þarf að fá húsbréf, og hvaða áhrif mun það hafa, herra forseti? Hvaða áhrif mun þetta frv. og ákvæði þess hafa t.d. á fasteignamarkaðinn og íbúðaverð?

Við höfum farið yfir það hve fasteignasalar kætast að fá nú sölulaun hjá nýju fólki sem er að koma inn á almenna markaðinn sem hefur ekki verið þar áður. En þarna er að koma nýr kaupendahópur sem mun sækja í þá stærð af íbúð, sem er tveggja til þriggja herbergja íbúð, og fasteignasalar hafa þegar gefið vink út í þjóðfélagið því að formaður Félags fasteignasala segir að þetta geti haft einhver áhrif til hækkunar á verði þessara íbúða því að ekki er einasta verið að fara þá leið að það þarf skilyrðislaust að vera þannig að fólk geti reitt fram 10% útborgun af íbúð heldur getur verið að íbúð sem kostar 6 milljónir í dag, tveggja herbergja til þriggja herbergja íbúð, verði eftir að þessi nýi kaupendahópur kemur inn á markaðinn kannski komin í 6,2 eða 6,3 milljónir, og að 10% útborgunin, sem væri í dag 600 þús. kr. hjá þessu fólki sem hafði áður möguleika á 100% láni gæti því orðið enn hærri.

Þetta er því allt með öðru, herra forseti, mjög óvandað, svo ég taki ekki dýpra í árinni hvernig að þessum breytingum er staðið. Ég hygg að það verði lengi í minnum haft, herra forseti, og við munum lengi vera að súpa seyðið af þessari löggjöf, það muni aftur og aftur verða flutt inn í þingið frv. um endurbætur á því en það sem stendur þó upp úr, herra forseti, er það sem verður aldrei of oft sagt í þessum ræðustól að á Alþingi Íslendinga 1998 er stór hluti fólks, hundruð fjölskyldna skildar eftir í miklu óöryggi í húsnæðismálum.

Það sem hefur komið okkur mjög mörgum á óvart er afstaða sveitarfélaganna til þessa frv., herra forseti, og það hvernig þau afgreiða málið hingað til þingsins í umsögnum sínum. Þau vísa bara á Samband ísl. sveitarfélaga og afstöðu þeirra til þessa máls. Ég held að það sé eitt af því sem við munum verða mjög vör við þegar á næsta ári þegar þetta frv. kemur til framkvæmda og kannski fyrr ef sveitarfélögin fara virkilega ofan í málið og þurfa ekki út af fyrir sig að gera meira en að fara yfir umsagnir eigin húsnæðisnefnda sem ég verð að segja að líklegt sé að mörg þeirra hafi ekki gert, þá munu þau vakna upp við það að verið er að setja töluverðar byrðar á þessi sveitarfélög ef menn vilja nota „byrðar" í sambandi við félagslega aðstoð og kannski mun meiri en nú er. Ég segi ekki „kannski" vegna þess að ég held að það sé miklu meira en er miðað við núgildandi lög.

Hér er vikið að því í áliti minni hlutans og sagt:

„Aukinn kostnaður felst í því að sveitarfélögin munu þurfa að fjármagna byggingu eða kaup á leiguhúsnæði að hluta til á markaðsvöxtum eða á þeim vöxtum sem verða á húsbréfum hverju sinni ... Þá verður sveitarfélögunum gert að greiða 5% af hverju viðbótarláni í sérstakan varasjóð sem einnig getur numið verulegum fjárhæðum. Þá hefur aukinn fjöldi leigjenda í för með sér aukin útgjöld sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta. Ekkert mat liggur fyrir á þessum aukna kostnaði sveitarfélaganna."

Auðvitað þarf að liggja mjög markvisst fyrir að sveitarfélögin hafi verið vöruð við þessu við umræðuna og að þau hafi haft tækifæri til þess að bregðast við í þessu máli sem þau hafa ekki gert nema húsnæðisnefndirnar sem hafa staðið virkilega í stöðu sinni og bent á hvaða áhrif þetta hefur haft fyrir sveitarfélögin þannig að, herra forseti, ég hygg að ekki sé við húsnæðisnefndirnar að sakast sem hafa sinnt mjög vel skyldum sínum í þessu máli eins og fram kemur í vönduðum umsögnum þeirra.

Þó að ég sé nú búin að tala í þessari umræðu í einn eða einn og hálfan tíma — forsrh. hefur örugglega tölu á því uppi í Stjórnarráði — hef ég ekki verið að þreyta hæstv. félmrh. með því að kalla á viðveru hans við umræðuna vegna þess að einhver er búinn að taka það saman að hæstv. ráðherra hefur þurft að sitja við umræður um þetta frv. og miðhálendismálið í einhverja tugi klukkustunda. Það er það sem menn gera, að reikna það bara út, en ekki að ræða innihaldið í þessu máli. Ég hefði gjarnan viljað leggja fyrir hann eina spurningu sem snýr að sveitarfélögunum og get ég út af fyrir sig beðið með það ef hæstv. ráðherra er vant við látinn þó æskilegt hefði verið að hann væri í kallfæri þegar við þurfum að ónáða hæstv. ráðherra með fyrirspurn. Það væri a.m.k. æskilegt að vita, herra forseti, hvort ráðherrann sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. ráðherra er í húsinu.)

Það væri kannski gott að vita að hann vissi það að ég hefði áhuga á að ræða aðeins við hann.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti gerir ráðstafanir til þess að hann fái þá beiðni.)

Samband íslenskra sveitarfélaga, þótt það hafi almennt verið jákvætt fyrir þessum breytingum sem félmrh. er að leggja til af ástæðum sem ég skil hreinlega ekki, hefur þó gert ákveðnar athugasemdir. Mig langar að beina til hæstv. félmrh. sem er mættur í salinn því sem þeir segja í erindi sínu 24. apríl, í ályktun um húsnæðismál, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið leggur ríka áherslu á að framlög ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna mæti þörfum þeirra sveitarfélaga sem þurft hafa að innleysa íbúðir á verði sem er langt yfir markaðsverði í samræmi við bráðabirgðaákvæði frv. um varasjóð. Um framlag ríkisins verði samið áður en frv. verður afgreitt."

Hafi það farið fram hjá mér þá biðst ég velvirðingar á því en mér nægir að hæstv. ráðherra segi já eða nei úr sæti sínu, hefur verið samið? (**Félmrh.:** Ekki enn.) Það hefur ekki enn

verið samið við Samband sveitarfélaga um framlag ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna. Þeir leggja áherslu á að samið verði um framlag ríkisins áður en frv. verður samþykkt. Það má vera að hæstv. ráðherra sé svo heppinn að allir sveitarstjórnarmenn séu á bólakafi í sveitarstjórnarkosningum og það hafi farið fram hjá þeim að það sé verið að afgreiða þetta frv. við 3. umr., að þeir átti sig ekki á því að ganga til þeirra verka og krefjast þess að samið verði við ríkisvaldið um framlag til þessara afskrifta og niðurgreiðslna.

Þá liggur það fyrir, herra forseti, og á því er vakin athygli af þeirri sem hér stendur í ræðustól, að þessi ósk sveitarfélaga hefur ekki gengið eftir, að samið sé við þau um þetta framlag áður en frv. verður afgreitt. Nú spyr ég hæstv. ráðherra, þar sem ekki á nú að ganga til atkvæða um þetta mál í dag, heldur eftir helgi. Má vænta þess að búið verði að semja um þetta áður en þetta mál verður tekið til atkvæða? Það er ekki bara þetta sem er óljóst gagnvart sveitarfélögunum heldur er það líka skilið eftir hvernig fara eigi með uppbyggingu á leiguíbúðum og hvernig sveitarfélögin og ríkið eigi að koma því máli. Ég hefði talið ástæðu, m.a. út af þessu máli, að taka málið aftur inn í nefnd milli 2. og 3. umr. Það verður ekki gert úr þessu, herra forseti.

Ég vakti athygli á því í upphafi máls míns um hádegið að ég tel það ekki hafa verið skynsamleg vinnubrögð að taka þetta mál svo fljótt til 3. umr. Það er m.a. að koma í ljós út af þessu að það vantar þann samning sem kallað var eftir. Eins hefði ég viljað fá skýringu á því sem ég nefndi við 2. umr. og held að hæstv. ráðherra hafi ekki komið inn á og vil þá halda því til haga ef hæstv. ráðherra tekur þátt í lokaumræðunni um þessi mál. Það eru útgjöldin til húsaleigubóta. Er þetta framlag sem samið var um fyrir jólin til sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta endanlegt? Hæstv. ráðherra hélt því fram fyrir jólin að það hefði endanlega verið gengið frá samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubætur og öll aukning sem kemur fram út af húsaleigubótum væri þá útjöld sveitarfélaganna einna. Sé það rétt, þá hefur til að mynda Karl Björnsson, sem fyrir hönd Sambands sveitarfélaga kynnti sveitarstjórnarmönnum þann þátt málsins á fulltrúaráðsfundi á Egilsstöðum fyrr á árinu, ekki sagt satt og rétt frá þegar hann heldur því fram að hægt sé að fara með það til ríkisins ef útgjöld sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta aukast.

Síðan spyr ég ráðherrann að því hvort hann hafi beitt sér fyrir því sem sveitarfélögin leggja mikla áherslu á, þ.e. hvort við megum eiga von á því á næsta þingi að ráðherrann fái Sjálfstfl. til liðs við sig í því að skattlagningu húsaleigubóta verði hætt. Hefur hæstv. ráðherra gefist upp við að ná því fram að skattlagningu húsaleigubóta verði hætt? Hafi hæstv. ráðherra reynt það veit ég að fyrrv. fjmrh. Friðrik Sophusson var mjög erfiður í því máli. Ég reyndi það sjálf, í lok tíma míns í ráðuneytinu þegar verið var að koma húsaleigubótum á, að fá sjálfstæðismenn til að falla frá því að skattleggja húsaleigubætur. Nú er nýr fjmrh. kominn til sögunnar og því spyr ég: Mun hæstv. félmrh. reyna til þrautar á næsta þingi að fá samstarfsflokkinn til liðs um það að hætta skattlagningu húsaleigubóta? Er ráðherrann kannski bara sammála því að húsaleigubætur eigi að skattleggja? Það er auðvitað mjög sérstætt ef svo er og þyrfti þá að koma fram því auðvitað er argasta óréttlæti í því fólgið, herra forseti, ef vaxtabæturnar eru skattfrjálsar en þeir sem verst hafa það í þjóðfélaginu, sem minnst hafa milli handanna, fá húsaleigubætur og hafa ekki annan kost en vera á leigumarkaði, þurfa að fullu að greiða skatta af húsaleigubótunum.

Nú minnist ég þess, af því ég er að vísa á nýjan fjmrh. og höfða til hans og skilnings hans á kjörum þeirra lægst launuðu, að sá hv. þm. hafði mikinn skilning á t.d. 100% láninu sem er nú verið að leggja af, þ.e. þessi 10% sem vantar upp á 100% lánin, og fylgdi því nokkuð fast eftir man ég hér á þingi fyrir örfáum árum og hæstv. núv. fjmrh. sagði svo: „Undirritaður hefur staðið í þeirri meiningu að félagslega íbúðakerfinu væri einmitt ætlað að hjálpa því fólki sem lakast er sett til að koma þaki yfir höfuðið. Það er undarleg félagshyggja hjá ábyrgðarmönnum þessa frv. og ríkisstjórninni að vilja draga úr aðstoð við þetta fólk og vísa því á leigumarkaðinn." Hæstv. fjmrh., þá þingmaður, hélt því mjög á lofti að þessi 100% lán yrðu að vera til staðar. Vera má, herra forseti, að hæstv. núv. fjmrh. hafi þá meiri skilning á því því að þetta er argasta óréttlæti. Ég hygg að jafnaðarmenn hljóti að skoða það, komist þeir til valda, að hafa jafnræði þarna á milli að því er varðar skattlagninguna á húsaleigubótum og vaxtabótum.

Síðan vil ég spyrja, af því ég er að tala um vaxtabæturnar og samtímagreiðslur á vaxtabótunum sem á að taka upp frá næstu áramótum. Mér finnst það mjög gott og ég fagna því en vil þó rifja upp að samtímagreiðslurnar verða bara til þeirra, ef ég skil málið rétt, sem taka húsbréfalán eftir áramótin. Hefur hæstv. ráðherra látið skoða hvaða áhrif það hefur á húsbréfin og afföllin þegar fólk, sem ætlar að gera ráðstafanir á þessu ári að því er varðar húsnæðiskaup, hefur fengið spurnir af því að ef það bíður með sín fasteignakaup fram í janúar á næsta ári fái það samtímavaxtabætur en geri það sín íbúðakaup fyrir áramót fái það ekki vaxtabætur fyrr en einu og hálfu ári seinna? Hvað þýðir það, herra forseti, fyrir húsnæðismarkaðinn og afföllin ef fólk fer, tugum og hundruðum saman að bíða eftir því að geta fengið samtímavaxtabætur og frestar þá húsnæðiskaupum sínum? Það er skynsamlegra að gera þau ekki í október, nóvember og desember heldur bíða með þau fram í janúar, út frá þeim sjónarhóli sem vaxtabæturnar eru, að fá þá samtímavaxtabætur fremur en að gera kaupin fyrir áramót og fá þá ekki vaxtabæturnar fyrr en einu og hálfu ári síðar. Hefur ráðherra látið kanna það hvaða áhrif þetta hefur á afföll í húsbréfakerfinu? Hefur hann látið Seðlabankann skoða þann þátt og hvað það þýðir að hleypa nýjum hópi inn í húsbréfakerfið, naglasúpuna sem hæstv. ráðherra kallaði svo fyrir nokkrum árum? Hvaða áhrif hefur þetta á markaðinn?

Um þetta átti ég erindi við hæstv. félmrh. í augnablikinu og vil spyrja hann líka, meðan ég hef hann, um afstöðu hans til þeirra tveggja tillagna sem minni hlutinn flytur. Í fyrsta lagi er það um starfsmennina og forgang þeirra til starfa sem við flytjum hér. Í öðru lagi um að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að þessi framkvæmdaáætlun um leigumarkaðinn geti legið fyrir 1. okt. þannig að hægt sé að taka tillit til framlaga ríkisins til leiguíbúða samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun við næstu fjárlagagerð.

Þetta eru spurningarnar sem ég hef til ráðherrans og hvort ráðherrann telji það forsvaranlegt að láta láglaunafólk bíða eftir þessari framkvæmdaáætlun og nauðsynlegu fjármagni til að hrinda henni í framkvæmd, til ársins 2000. Þótt ég reyni, herra forseti, þá næ ég ekki að átta mig á því af hverju það tekur yfir tvö ár að gera þessa framkvæmdaáætlun. Ég man að ég lét gera áætlun um íbúðaþörf til einhverra ára, mig minnir að það hafi verið til fjögurra ára, þegar kaupleigukerf-

inu var komið á og ég man ekki eftir að það hafi tekið nema tiltölulega stuttan tíma, herra forseti. A.m.k. tók það ekki þau tvö ár sem hæstv. ráðherra ætlar nú þessu láglaunafólki að bíða eftir að fá úrlausn mála sinna.

Þetta finnst mér að þurfi að draga saman núna við lokayfirferð þessa máls, herra forseti, og hæstv. ráðherra ætti þá að gera okkur grein fyrir. Ég hef alveg gefist upp við það, herra forseti, og ætla ekkert að gera frekari tilraun til þess, þó við séum komin að þessari lokaumræðu, að fara í gegnum það sem máli skiptir. Hér vantar nægjanlegt framboð af leiguíbúðum og hægt væri að fjalla um greiðslumatið. Ég rek mig alltaf á vegg, herra forseti, þegar ég er að reyna að spyrja hæstv. ráðherra um greiðslumatið og hvernig því verði breytt. Hæstv. ráðherra vísar í tvennt. Hann vísar í það að lánin sem þessu fólki standi til boða séu til 40 ára og það hafi áhrif á greiðslumatið. Hann vísar til þess að verið sé að undirbúa, sem mér skilst að Íbúðalánasjóðurinn eigi að gera ef ég skil málið rétt, neyslustaðal sem taki mið af framfærsluþörf, eignum og tekjum fólks og væntanlega fjölskyldustærð. Við höfum bara mismunandi mat á því. Ég segi að það breyti litlu þótt það séu 40 ára lán og það hafi lítil áhrif á greiðslumatið. Við erum að tala um einhverjar 1.000 kr. á mánuði að því er varðar 3 millj. kr. lán. Ég segi að ef þessi nýi greiðslustaðall á að sýna framfærslukostnað hjá fólki, þá muni það frekar þrengja greiðslumatið og verða til þess að færri fái fyrirgreiðslu í hinum nýja Íbúðalánasjóði.

Úr þessu, herra forseti, verður bara reynslan og framtíðin að skera, þegar þetta liggur fyrir. Það er mjög slæmt að það skuli ekki geta legið fyrir núna, því það hefur veruleg áhrif á mat okkar á þessu frv. Síðan finnst mér það líka mjög sérstakt, af því að hæstv. ráðherra talar mjög mikið um 40 ára lánin, að það eru mjög fáir sem hafa talið sér hagstætt að nýta þau eins og við höfum farið yfir. Ég skal ekki endurtaka það. Þá spyr maður: Hvers vegna í ósköpunum ættu þá þeir sem eru verst settir, lægst launaða fólkið, fremur að geta nýtt sér það en þeir sem betur eru settir? Það er erfitt að fá það til að koma heim og saman, herra forseti.

Síðan hefur hæstv. ráðherra algerlega láðst, þegar hann er að fullyrða, m.a. í frv. sjálfu, að greiðslubyrðin sé miklu lægri fyrstu árin í þessu nýja kerfi, að taka með útreikninga þar sem um það er að ræða að fólk kaupir gamlar íbúðir með gömlum lánum sem greitt hefur verið af um einhvern tíma. Hann tekur ekki með hvaða áhrif það hefur á greiðslubyrðina. Það hafa fulltrúar BSRB sett hér fram og tekið dæmi um yfirtekin lán eftir 20 ár, þ.e. 4,6 millj. kr. lán, þar sem greiðslubyrðin fer hátt í það að vera helmingi meiri og rúmlega það fyrstu árin ef gömul lán eru yfirtekin. Það getur alltaf gerst og gerist örugglega oftar en ekki þegar keyptar eru gamlar og notaðar íbúðir með gömlum lánum sem eitthvað hefur verið greitt af, frekar en ef nýjar íbúðir eru keyptar.

Síðan finnst mér, af því ég er svo heppin að hafa ráðherrann hér inni, að ég hafi aldrei fengið fullkomin svör við því hjá hæstv. ráðherra hvort þetta nýja lánakerfi bjóði upp á að kaupa gamlar íbúðir sem þurfa mikilla endurbóta við. Við skulum segja að kaupverðið sé tiltölulega lágt af því að fara þarf í miklar endurbætur á íbúðinni. Endurbæturnar gætu kostað — við getum nefnt tölu — 1 eða 2 millj. Gæti þetta fólk þá fengið lán í þessum nýja Íbúðalánasjóði fyrir endurbótunum um leið og það fær lán fyrir 90% kaupverðs af íbúðinni sjálfri? Ég man að ég spurði eftir þessu á fundi sem ég sat í félmn. og mér sýndist að ráðgjafar ráðherrans sem þar voru til svara hefðu þá ekkert áttað sig á svörunum við því þannig að það hefur greinilega ekki verið skoðað fremur en ýmislegt annað sem hér hefur verið dregið fram, eins og áhrifin á einstaka hópa, á verðbréfamarkaðinn og fasteignamarkaðinn.

Herra forseti. Þegar ég hélt ræðu mína við 2. umr. málsins fór ég aðallega yfir umsögn ASÍ og BSRB en minna yfir það sem húsnæðisnefndirnar höfðu fram að færa. Það er þó með því athyglisverðasta sem kemur fram í umsögnum sem eru upp á, ætli það séu ekki 100–200 bls. Þar hafa húsnæðisnefndirnar gert sér far um að skoða það sem hæstv. ráðherra hefur ekki gert, þ.e. áhrif breytinganna fyrir kaupendur og seljendur. Ég vil því, herra forseti, aðeins fara yfir það. Hér kemur fram um áhrif breytinganna á kaupendur og seljendur, með leyfi forseta:

„Ekki má líta fram hjá því að þeir sem kaupa félagslegar íbúðir eru eignalitlir og tekjulágir og hafa ekki efni á að axla þá áhættu sem fylgir sveiflum í markaðsverði á íbúðum. Þegar lánshlutfall er orðið 90% þá þarf ekki mikið út af að bera til þess að leigan og oft margra ára sparnaður sé horfinn og jafnvel að höfuðstóllinn sé orðinn negatífur."

Á þetta er bent og síðan sagt, með leyfi forseta:

„Ef allt verður sett á frjálsan markað er líklegt að verð á ódýrari íbúðunum hækki vegna aukinnar eftirspurnar."

Þetta er einmitt það sem við höfum bent á. En af því hæstv. ráðherra var ekki í salnum þegar ég fór yfir það sem svo margir hafa áhyggjur af, vil ég meðan það kemur upp í hugann ... (**Félmrh.:** Ég hlustaði á það.) Hæstv. ráðherra getur bara orðið lesið hugsanir mínar. Það er nú mjög gott. (**Félmrh.:** Þetta er í sjónvarpsútsendingu.)

Ég hef náttúrlega farið inn á mörg atriði, en hæstv. ráðherra þykist þá vita hvað ég ætlaði að taka fyrir en það var um það ef sveitarfélögin hafna forkaupsrétti hjá einstaklingum. Ég var að nefna það atriði þannig að hæstv. ráðherra sé alveg klár á því. Það eru margir sem hafa áhyggjur af þessu að því er varðar markaðsverðið og áhvílandi lán og að sveitarfélögin hafni forkaupsrétti af því þessi hvati er ekki lengur inni sem áður var, um það að þau fái ekki lán í þrjú ár ef þau hafna forkaupsréttinum. Af því hér er einmitt, hjá fulltrúaráði Sambands sveitarfélaganna, lögð áhersla á að sveitarfélögin séu dekkuð fyrir þessu gegnum þennan sjóð og framlög ríkisins, þá spyr ég fyrir hönd þessa fólks: Er þessi hætta fyrir hendi? Mér finnst að ráðherrann skuldi þessu fólki, sem óttast þetta nokkuð, svar við því hvort það komi til með að standa frammi fyrir slíkri eignaupptöku. Því er þá komið til skila, herra forseti, og þá vænti ég að ráðherra svari þeim sem hafa áhyggjur af þessu.

Hér hafa verið könnuð áhrifin af þessari breytingu og það verið sett fram að þetta geti haft áhrif á það að verð á ódýrari íbúðum hækki. Þetta kemur fram hjá húsnæðisnefndinni á Akureyri. Það er mjög merkilegt þegar hún fer inn á það sem við höfum verið að nefna hér stundum, sem er eignarmyndunin, og dregur upp alveg sömu mynd, með sama hætti og húsnæðisnefnd Reykjavíkur nefnir, að það verði minni eignarmyndun í þessu nýja kerfi vegna þess að vextirnir komi til með að hækka. Þá er sett hér upp línurit um eignarmyndun þar sem vextir eru 2,4% og hins vegar 5,1% og notuð 1% fyrning í báðum tilvikum.

Mér finnst nokkuð athyglisvert, af því það er einmitt það sem menn hafa svolítið haft út á þetta kerfi að setja, varðandi eignarmyndunina, hve hún sé hæg í félagslega kerfinu. Svo

virðist vera að í nýja kerfinu verði hún enn hægari og er sett upp ákveðið línurit sem sýnir það.

Síðan segir í minnispunktum um frv. til laga um húsnæðismál frá húsnæðisnefnd Akureyrar, með leyfi forseta:

„Ef vextir verða hækkaðir í 5,1% og vaxtabætur verða óbreyttar kallar það í flestum tilvikum á lægra greiðslumat og meiri greiðslubyrði hjá einstaklingum og fjölskyldum. Það sem gerist er að vaxtagreiðslur tvöfaldast og að kaupendur þurfa að borga alla vexti umfram hámarkið á vaxtabótum."

Þetta er akkúrat það sem við höfum verið að segja og svo virðst sem hæstv. ráðherra hafi ekki haft erindi sem erfiði, ef hann á annað borð hefur gengið eftir því, við að hækka þakið á vaxtabótum.

Af því ráðherrann hélt því fram um daginn í sinni svarræðu að fólk fengi lántöku- og stimpilkostnað bætt í vaxtabótunum og ég hélt því fram að svo væri alls ekki í öllum tilvikum, þá kemur það fram hjá húsnæðisnefnd Akureyrar ef hæstv. ráðherra trúir mér ekki. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Ljóst er að lántöku- og stimpilkostnaður fæst sjaldan endurgreiddur í vaxtabótum þar sem hámarksendurgreiðslu er náð."

Það er aðallega hjá einstæðum foreldrum og einstaklingum eins og við höfum farið hér í gegnum. Þannig er niðurstaðan, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Þannig má vera ljóst að í flestum tilvikum er kostnaður hjá kaupendum mun meiri á fyrsta ári." — Herra forseti. Það sem hér segir er þvert á það sem ráðherrann heldur fram: — „Hér gæti verið um að ræða 150 til 300 þús. kr."

Þetta er nú miklu hærri tala en ég hef dirfst að nefna úr þessum ræðustól. Hér er því haldið fram, hjá húsnæðisnefndinni á Akureyri, að kostnaðurinn geti beinlínis orðið 150 til 300 þús. kr. meiri. Það er nú ekkert smátt. Við erum að tala um að láglaunahóparnir eigi að taka það á sig.

Ég hef ekki farið ofan í þá útreikninga sem húsnæðisnefnd Akureyrar setur fram, um 5 millj. kr. íbúð og laun 70 þús. á mánuði. Þar er sýnd staðan fyrir og eftir breytingu, bæði hjá einstæðum foreldrum og einstaklingum. Ég hef haldið því fram að greiðslubyrðin væri miklu hærri og þessir hópar yrðu ekki jafnsettir í vaxtabótakerfinu og með niðurgreiðslunum. Ég hef nefnt tölur. Ég hef sagt að þar geti munað 63 þús. kr. Hér er farið miklu hærra í mismun, hvað greiðslubyrðin er meiri í þessu nýja kerfi. Hér er tekið einstætt foreldri og sagt að á fyrsta ári séu vextir að frádregnum vaxtabótum í núverandi kerfi 57.600 en verði 190.981 fyrir einstætt foreldri í nýja kerfinu. Ég hef ekki stúderað þessa útreikninga. Þeir eru þó alltént settir á blað af ekki ómerkari aðila en húsnæðisnefnd Akureyrar. Algengt er að nefndur sé 50 til 100 þús. kr. mismunur. Það er því ekki skrýtið þótt við stöldrum við þetta. Síðan fer húsnæðisnefndin yfir það hvaða áhrif þetta hefur á sveitarfélögin. Í stuttu máli, án þess ég fari að lesa það upp, herra forseti, er tekið hér undir það sem við höfum sagt um áhrifin á sveitarfélögin.

Hér er nefnt t.d. hve mikið þurfi að fjölga leiguíbúðum. Án þess að fara yfir það sem sagt er á undan, ætla ég þó að lesa það sem hér er sagt:

„Ljóst er að stór hluti þeirra sem kaupir sér félagslega íbúð í dag uppfyllir ekki skilyrði um greiðslumat eftir breytingu. Einhvers staðar verða þeir að búa. Mikil ásókn er í leiguíbúðir á vegum Akureyrarbæjar í dag. Mun sú eftirspurn aukast verulega ef frv. nær fram að ganga í óbreyttri mynd. Brýnar skyldur eru lagðar á sveitarfélög um að útvega íbúum sveitarfélagsins, sem eru í neyð, leiguíbúð á vegum sveitarfélagsins. Ætla má að stór hluti þeirra sem keypt hafa eignaríbúðir hjá húsnæðisnefnd þurfi á leiguhúsnæði að halda. Um 100 fjölskyldur og einstaklingar kaupa íbúð á ári í félagslega kerfinu hér á Akureyri. Um þriðjungur á eitthvað upp í útborgun, eða að meðaltali um 450 þús. kr. Ef við gerum ráð fyrir að þeir sem ekkert eiga upp í útborgun þyrftu á leiguíbúð að halda eftir breytinguna þá þyrfti Akureyrarbær að fjölga íbúðum um 60 á ári. Næstu árin kostar það um 42 millj. kr. í útborgun (10% af verði) og um 9 millj. kr. í lántökukostnað miðað við að íbúðarverð sé að meðaltali 7 millj. kr. Síðan þarf að greiða leigutap. Ætla má að leigutap geti numið 5% til 10% af leigutekjum."

Því næst fara þeir í það hvað húsaleigubætur aukast mikið miðað við fjölgun leiguíbúða á vegum sveitarfélaga ef meðaltal útgreiddra húsaleigubóta er um 120 þús. kr. á ári og bótaþegum fjölgar um 300. Þá eru það um 36 millj. kr. og hluti af því fer í skattgreiðslur til ríkisins. Við erum því að tala um hátt í 100 millj. kr. í útgjöld fyrir bæjarsjóðinn á Akureyri, eingöngu vegna þessara breytinga og það á ári, herra forseti.

Ég ætla ekki að fara neitt ítarlegar yfir þessar umsagnir þó mér finnist það freistandi. Ég hef gert það að litlu leyti. Ég hef alls ekki farið yfir öll þau gagnrýnisatriði sem húsnæðisnefndirnar hafa sett fram. Mér finnast þau svo alvarleg að ég hygg að í mörgum tilvikum, ef ekki væri um að ræða þessa stífni hæstv. ráðherra sem virðist mjög mikil, að undir eðlilegum kringumstæðum hefði verið tekið tillit til jafnalvarlegra athugasemda og hér koma fram.

Eins og ég nefndi við 2. umr. nefnir Kópavogur að breytingin sem þetta mun fela í sér, þ.e. að vísa fólkinu svona hundruðum saman á leigumarkaðinn, þýði sprengingu á leigumarkaðnum og afleiðingarnar séu ekki fyrirsjáanlegar því augljóst sé að sveitarfélögin hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeirri gífurlegu aukningu á leiguhúsnæði sem þyrfti að verða. Þeir nefna líka verulega aukningu á kostnaði bæjarsjóðs Kópavogs og nefna þann kostnað, 80 millj. kr. Það er kostnaður sem mun leggjast aukalega á bæjarsjóð Kópavogs. Það er því ekki skrýtið þótt það veki mann til umhugsunar að umsagnir sveitarfélaganna skuli vera allt öðruvísi en húsnæðisnefndunum. Þeir telja líka til þennan kostnað sem ég hef verið að nefna og fólk þarf að greiða meira en er í dag. Mér sýnist að tölurnar séu þar nálægt því sem ég hef verið að halda fram.

Húsnæðisnefnd Reykjavíkur telur að fjölga þurfi leiguíbúðum um 180. Ég nefndi að þegar væru 400 á biðlista. Þá er bara verið að tala um aukningu á ári, herra forseti, og ekki búið að telja til sögunnar þá aukningu á útgjöldum sem verður vegna húsaleigubótanna. Þau útgjöld sem frv. kallar á virðast því vera mjög alvarleg fyrir sveitarfélögin og hefur þó ekki verið farið yfir allt, herra forseti, að því er þetta varðar.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara miklu ítarlegar yfir þetta mál en ég hef gert. En ég taldi þó ástæðu til þess við 3. umr. að vekja athygli aftur og enn og draga saman helstu áhrifin fyrir sveitarfélögin og einstaklingana sem hafa fengið félagslega aðstoð í þessu kerfi. Ég held mjög brýnt sé að halda því til haga. Þó hefði verið full ástæða til að fara miklu ítarlegar yfir þetta og raunverulega enginn, ekki húsnæðisnefndir sveitarfélaga, ekki verkalýðshreyfingin, ekki félagasamtök — þetta eru þó þeir sem mest hafa haft með þetta félagslega kerfi að gera — fellst á eða samþykkir þær breytingar sem ráðherrann leggur

til. Þvert á móti er því haldið fram og vakin athygli á því að félagslega húsnæðiskerfið hafi reynst vel en á því hafi komið fram nokkrir gallar sem þurfi að sníða af. Ég fór yfir þá í máli mínu við 2. umr. og skal ekki endurtaka það, herra forseti, þar sem ég hrakti lið fyrir lið þau rök sem hæstv. ráðherra teflir fram fyrir nauðsyn þess að loka húsnæðiskerfinu, þ.e. auðu íbúðirnar, framlögin í Byggingarsjóð verkamanna sem hann hefur skorið grimmt niður, vanskilin í félagslega kerfinu hjá Byggingarsjóði verkamanna sem eru innan við 1%, miklu minni en í bankakerfinu. Það er hneisa og þetta kerfi á betra skilið en svona handónýtum rökum sé teflt fram fyrir því að loka þessu kerfi.

Niðurstaða minni hlutans í félmn. var sú að leggja til að frv. verði endurskoðað með þátttöku þeirra aðila sem málið snertir, svo sem samtaka launafólks, sveitarfélaganna, námsmannasamtaka, Búseta og fleiri. Minni hlutinn nefnir það sem enn og aftur skal haldið til haga að þetta kallar á stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin og verið er að vísa fjölda fjölskyldna út á leigumarkað sem er ekki til. Áhrifin á verðbréfamarkaðinn og húsnæðismarkaðinn eru óljós. Búast má við að íbúðaverð hækki, í það minnsta fyrst um sinn vegna aukinnar eftirspurnar á almennum markaði. Þarna er þetta dregið saman að því er varðar fjölskyldurnar og sveitarfélögin og auðvitað má hafa um það miklu stærri orð og fleiri en hér hefur verið gert.

Ég vil, herra forseti, í lok míns máls mótmæla því sem hæstv. ráðherra heldur hér aftur og aftur fram, að hann sé bara að taka upp tillögur ASÍ og BSRB í húsnæðismálum, aðallega ASÍ. Þeir hafa mótmælt því mjög harkalega hvernig hæstv. ráðherra fer með sannleikann í því efni og auðvitað væri ástæða til að fara yfir tillögur ASÍ í þessu máli. Ég sé hvergi, þótt ráðherrann telji sig sjá það, að verið sé að leggja til hjá ASÍ að félagslega húsnæðiskerfinu verði lokað. Ég sé það hvergi í tillögum ASÍ að hækka eigi vexti úr 2,4% í 5%. Það er hvergi í tillögum ASÍ. ASÍ leggur mikla áherslu á að gert verði raunverulegt átak í því og fjármagn í það sett að byggja upp leigumarkaðinn. Það sést hvergi í tillögum ráðherrans. Að halda því fram, herra forseti, að hér sé verið að fara eftir tillögum verkalýðshreyfingarinnar og ASÍ er því auðvitað fjarstæða. Þvert á móti er hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin að slíta friðinn við verkalýðshreyfinguna í landinu.

Ég óttast að hér sé ekki bara verið að vísa hundruðum fjölskyldna á leigumarkað sem ekki er til og setja þær í algera óvissu. Það sem er þyngst í framfærslu heimilanna er húsnæðiskostnaðurinn. Fólk veit ekkert hvar það stendur eftir að þetta hefur verið sett í lög. Ég spái því, herra forseti, eins og ég sagði í upphafi míns máls að þetta verði eitt af þeim stóru málum sem verkalýðshreyfingin þurfi að taka upp í næstu kjarasamningum, það muni verða eitt af þeim stóru málum sem hún þarf að taka upp til að endurheimta félagslega aðstoð við fátækt fólk sem hefur verið við lýði í marga áratugi, miklu lengur en ráðherrann núv. hefur lifað sem ber þetta á borð fyrir láglaunafólkið í landinu. Ég spái því, herra forseti, að breytingarnar gætu orðið til þess að láglaunafólk þurfi að kosta þær að einhverju leyti með kjarabótum í næstu samningum. A.m.k. er ljóst að þegar áhrifin af þessu koma í ljós og menn fara að átta sig betur á þessu, þá mun mörgum bregða við og þá verður krafan mjög hörð úti í þjóðfélaginu, herra forseti, um að breyta þeirri löggjöf sem hér er verið að setja og sem gengur gegn hagsmunum þúsunda láglaunafólks og fátæks fólks hér á landi. Það er fyrst og fremst verið að ráðast að námsmönnum, einstæðum foreldrum, fátæku barnafólki, fötluðum og félagasamtökum sem hafa byggt um 1.100 íbúðir á nokkurra ára tímabili frá 1988 gegnum þetta kerfi. Þessi félagasamtök sjá ekkert ljós í frv. ráðherrans sem hér á að fara að samþykkja.

Ég held, herra forseti, að frv. sem hér er verið að leiða í lög muni gera fátækar fjölskyldur fátækari en þær eru. Ég spyr: Er það boðlegt fyrir Framsfl. að bjóða fólki upp á þetta, fólki sem er með 60–80 þús. kr. í laun, að svipta það öllu öryggi í húsnæðismálum?

Ég held, herra forseti, að þessi löggjöf, þótt fleira mætti tína til, verði ævarandi minnisvarði um skömm Framsfl. og hvernig hann fer með fátækt fólk á Íslandi, hvernig þessi flokkur hefur misst allt frá sér sem heitir félagsleg hugsun. Þegar flokkar hafa aðstöðu til þess þá þarf að hugsa ekki síst um þá verst settu í þjóðfélaginu. Eitt er víst, herra forseti, að ég lýsi hér dautt og ómerkt slagorð framsóknarmanna um fólk í fyrirrúmi. Í þessari löggjöf er fólk ekki haft í fyrirrúmi, herra forseti, svo langt í frá. Ég held því, herra forseti, að þetta frv. muni verða Framsfl. til ævarandi skammar. Það mun verða honum til ævarandi skammar að hafa staðið að því og fyrsta verk okkar jafnaðarmanna þegar við komumst til valda, vonandi ekki síðar en á næsta ári, verður að breyta þessu ósvífna frv., þessari blautu tusku sem hér er verið að setja framan í láglaunafólk á Íslandi. Það verður höfuðviðfangsefni okkar jafnaðarmanna þegar framsóknarmenn sem vegna ósvífni og atlögu að fátæku fólki á Íslandi verða komnir á stjórnarandstöðubekkinn.

[14:41]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég hafði vonað að ekki kæmi til þessarar umræðu, þ.e. 3. umr. um þetta frv., að ekki kæmi til hennar á þessu vori. En það er nú svo að enginn má við margnum og því stöndum við nú hér og ræðum þetta frv. í 3. umr. Ég verð að segja, herra forseti, í upphafi máls míns að það er að mínum dómi alvarleg staða að við skulum ítrekað standa frammi fyrir því að við séum neydd til að afgreiða mál í svo alvarlegum ágreiningi sem hér um ræðir og sem hefur mætt svo mikilli andspyrnu þeirra sem málið varðar fyrst og fremst og sem hafa lagt fram svo eindregnar óskir um að fá aukið ráðrúm til að fjalla um málið.

Það er mikið umhugsunarefni hvernig þessir hlutir hafa gengið fyrir sig, hvernig atburðarásin hefur verið á hv. Alþingi undanfarna daga. Ég er mjög ósátt við þá mynd sem reynt hefur verið að draga upp af því sem hér hefur verið að gerast, þar sem stjórnarandstaðan hefur verið sett á bekk hinna óábyrgu sökudólga sem eyði tíma þingsins og jafnvel fjármunum í tilgangslaus ræðuhöld og að því er manni skilst til þess eins að þrasa og tefja. Þetta eru þau skilaboð sem reynt er að senda út í þjóðfélagið. Það er ómaklegt að mínum dómi.

Staðreyndin er auðvitað sú að Alþingi afgreiðir fjölda mála í sátt og samlyndi á hverju einasta þingi og mætti nefna mörg dæmi um góð vinnubrögð í nefndum og á þingfundum og um gott samstarf þar sem hv. þm., bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, leggja saman krafta sína af fullum heilindum og vinna saman að lausn mála og ná sameiginlegri niðurstöðu. En það þykir einfaldlega ekki fréttnæmt og þess vegna berast ekki fréttir af því þegar samkomulag er gott heldur er fyrst og fremst sagt frá því sem miður fer eins og gjarnan er í fréttum fjölmiðla. Samkomulag á að vera það venjulega, ósamkomu-

lag það óvenjulega og það er einfaldlega eðli fjölmiðla að segja frá því sem er óvenjulegt.

Ég fullyrði það, herra forseti, að miklu fleiri mál eru afgreidd á hverjum vetri í sátt en í sundurþykki en auðvitað greinir menn á og það er hlutverk og skylda stjórnarandstöðunnar að gagnrýna og veita ríkisstjórn og meiri hluta aðhald. Það er hlutverk hennar, það er skylda stjórnarandstöðunnar og þá skyldu rækir stjórnarandstaðan vel og er ekki vanþörf á oft og tíðum. Hér er vitaskuld tekist á um mál og það er skylda okkar að takast á um þau mál sem koma til meðferðar okkar. Nú á þessu vori hafa verið óvenjustór og mikil átakamál sem reka hér hvað annað. Þetta eru grundvallarmál og grundvallarágreiningur um lausn þeirra. Þau eru því miður illa unnin, ekki síst það sem hér er til umræðu og því hafa þau vakið svo hörð og mikil viðbrögð þeirra sem málið varðar og okkar sem skipum stjórnarandstöðuna og rækjum það hlutverk okkar að veita ríkisstjórn og meiri hluta Alþingis aðhald. Ég fullyrði, herra forseti, að það er fyrst og fremst undirbúningur þessara þingmála sem ræður þeirri atburðarás sem orðið hefur á hv. Alþingi. Það er það sem ræður því ástandi sem hefur ríkt hér innan dyra undanfarna daga og vikur og veldur því að hér stöndum við enn og sitjum yfir málum í stað þess að hafa lokið þinghaldi eins og til stóð og upphafleg starfsáætlun þingsins gerði ráð fyrir.

Það mál sem við erum enn að ræða er geysilega stórt og geysilega afdrifaríkt, og ég hlýt að taka undir þau orð sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég held að menn eigi eftir að sjá og sannreyna hvaða áhrif það muni hafa á kjör fjölda manna í þjóðfélaginu og þess vegna höfum við reynt að beita öllum þeim ráðum sem stjórnarandstaðan kann til að opna augu meiri hlutans og hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar fyrir því hvað er að gerast og hvaða afleiðingar það kann að hafa. En hæstv. félmrh. er væntanlega orðinn þreyttur á að hlusta á þessi varnaðarorð og þau hrína ekki á honum og þar sem ég hef ekki mikla von um að hann skipti um skoðun þótt ég reyni enn að leggja orð í þennan belg ætla ég ekki að krefjast þess að hann komi til að vera við umræðuna. Ég býst við að hann sé einhvers staðar nálægt og heyri það sem hann vill heyra.

Þetta mál er einfaldlega þannig vaxið að hér er verið að gerbylta húsnæðiskerfinu og í raun er verið að afnema félagslega íbúðakerfið eða húsnæðiskerfið. Það er mjög alvarlegur hlutur enda hefur fjöldi félaga og félagasamtaka mótmælt harðlega og eindregið skorað á hv. þm. að fresta afgreiðslu málsins og gefa ráðrúm til að skoða það og reyna að fá breytingar á þessu þingmáli. Það er ekki bara verið að fara fram á frestun til að fá frestun heldur til þess að reyna að opna augu manna fyrir því hvaða afleiðingar þessar breytingar hafa sem hér eru boðaðar og reyna að fá menn til að skoða betur, hafa opnari augu fyrir því hvað hér er verið að gera og væntanlega að breyta einhverju í málinu sem gæti gert það bærilegra. Skyldi engan undra þótt þessir aðilar ákalli þingmenn og skori á þá þegar litið er til þess hvað á að gera.

Félagslega húsnæðiskerfið hefur að flestu leyti reynst vel og tryggt hundruðum einstaklinga og fjölskyldna öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Það er einföld lýsing á því sem þetta kerfi hefur verið. Ekki er þar með sagt að það sé óumbreytanlegt og ekki þurfi að endurskoða það en fyrr má nú rota en dauðrota eins og sagt var og hér er allt of langt gengið og alls ekki farið rétt að.

Þeir sem muna ástandið fyrr á árum, sumir hv. þm. hafa í rauninni aðeins lesið um það, ekki reynt það á sjálfum sér og þekkja það aðeins af afspurn en það þætti ekki boðlegt nú á tímum sem fólk varð að sætta sig við áður fyrr, þrengslin og aðbúnaðurinn hreint með ólíkindum. Á þeim hartnær 70 árum sem liðin eru síðan fyrst voru sett lög um félagslegt húsnæði hefur orðið slík bylting á öllum aðstæðum fólks að þessu leyti að það er engan veginn sambærilegt. 10.600 félagslegar íbúðir eru til í landinu og það eru því ekki neitt fáir einstaklingar og fjölskyldur sem notið hafa þeirra gæða sem þetta kerfi í raun hefur boðið upp á. Nú á að afnema þetta kerfi og rökin eru fyrst og fremst þau að þetta kerfi sé komið í þrot. Allir viðurkenna að það þarf að breyta kerfinu en hverju skyldi nú vera um að kenna að þetta kerfi skuli vera á leiðinni í þrot ef ekki er að gert? Jú, þar er því vitaskuld um að kenna að ríkisvaldið hefur ekki lagt það til þessa kerfis sem það hefur þurft til að standa undir sér. Það hefur skorið niður fjármagn til félagslega húsnæðiskerfisins á hverju ári og þannig þrengt stöðugt að kerfinu svo að það er vitaskuld lasið, hæstv. forseti.

Ríkisvaldið hefur heldur ekki sinnt tillögum og áskorunum um að auka byggingu leiguíbúða og þannig má áfram telja að ríkisvaldið hefur í rauninni verið andvaralaust um í hvað stefnir. Það hefur gert Byggingarsjóði verkamanna að taka lán á miklu hærri vöxtum en þeim sem síðan eru á útlánum byggingarsjóðsins og við það verður ekki búið. Ég minnti á það í ræðu minni við 2. umr. málsins að þarna er um svipað ástand að ræða, svipaða klemmu að ræða og Lánasjóður ísl. námsmanna var settur í með því að gera honum sífellt að taka lán á háum vöxtum og lána það síðan að sjálfsögðu út á miklu lægri vöxtum og þannig var smám saman þrengt svo að sjóðnum að hann gat ekki gegnt hlutverki sínu. Þetta er sama staðan og Byggingarsjóður verkamanna hefur verið settur í. Fjárframlög hafa verið skorin niður og þannig smám saman þrengt þannig að sjóðnum að hann er að komast í þrot. Önnur ástæða sem hefur verið lögð til grundvallar þessum stórfelldu breytingum er að íbúðir í félagslega lánakerfinu standi auðar vítt og breitt um land. Það er margbúið að fara yfir það mál í umræðum um þetta þingmál. Það er fjarri því að um stórtækt vandamál sé að ræða í þessu efni heldur er hér aðeins um að ræða u.þ.b. 1% af þeim fjölda félagslegra íbúða sem hafa verið byggðar og ekki hægt að segja að það vandamál geti verið rök fyrir því að umbylta og afnema félagslega húsnæðiskerfið eins og hér er lagt til. Það er sértækt vandamál sem verður að taka á með sértækum hætti og hlýtur að skoðast sem slíkt.

Meginástæðan fyrir því að svo er gengið fram sem hér liggur á borðinu hefur reyndar lítið verið til umræðu nema af einum hv. þm., þ.e. hv. 17. þm. Reykv., a.m.k. hafa hv. þm. Framsfl. ekki haft það mjög á orði svo ég hafi heyrt og hef ég þó reynt að fylgjast með þessari umræðu. Hún er vitaskuld sú stefna að einkavæða þetta kerfi og eins og hv. 17. þm. Reykv. hefur vitnað, er þessu lýst í nýlegri skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál 1998, sem er athyglisverð skýrsla og kom í hólfin okkar fyrir örfáum dögum. Þar er einmitt minnst á þetta atriði og því að sjálfsögðu fagnað að ríkisstjórnin sé að endurskoða hlutverk hins opinbera í fjármögnun íbúðakerfisins. Minnt er á að húsnæðislánasjóðir í eigu ríkisins séu helsta uppspretta fjármagns til húsnæðisöflunar og minnt á að þeir séu miklu stærri en þeir fjárfestingarlánasjóðir sem þjóna atvinnulífinu. Í samræmi við þróun í átt að auknu gagnsæi opinberra fjármála á Íslandi liggi fyrir Alþingi frv. þess

efnis að hætt skuli að veita húsnæðislán með lágum vöxtum en nýta í sama tilgangi vaxtabætur sem tengdar eru skattkerfinu. Og að þessa húsnæðislánasjóði eigi að sameina í eina stofnun og þegar þetta verður nú allt komið til framkvæmda verði væntanlega lítil ástæða til að halda þessari nýju stofnun í ríkiseign, henni mætti breyta í húsnæðislánabanka sem væri hægt að selja einkageiranum og vegna hinnar hröðu þróunar á fjármagnsmarkaði og vaxtar almennra lífeyrissjóða yrði slíkur banki í aðstöðu til að afla fjár á fjármagnsmörkuðum og þyrfti ekki að reiða sig á ríkisábyrgðir. Þetta er stefnan sem liggur til grundvallar þessu frv. til laga um húsnæðismál að einkavæða þetta kerfi. Vel má vera að það megi takast að búa svo um hnútana að einhverjir verði a.m.k. jafn vel settir eftir en ég er ekki viss um að þetta verði mjög félagslegt, ef við skiljum það orð rétt.

Verið er að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og setja nýja, opinbera stofnun á fót, hversu lengi sem hún verður opinber, þ.e. Íbúðalánasjóð. Í þessu sambandi er rétt að minna á að því er ekkert að leyna að starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins er sett í mikla óvissu og því finnst að sér vegið þegar það er meðhöndlað öðruvísi en gert hefur verið í sambærilegum tilvikum því að nú hefur verið unnið að ýmsum breytingum innan opinbera geirans, hlutafélagavæðingin í algleymi. Ég minni t.d. á formbreytingu á rekstri Pósts og síma og fleira. Þar var reynt að gera þær breytingar bærilegar fyrir viðkomandi starfsfólk og er svo önnur saga hvernig til hefur tekist en það var þó reynt að taka á þeim vanda sem blasir við fólki þegar það er skyndilega svipt því starfsöryggi sem það hefur talið sig búa við.

Þótt verið sé að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins er ég ekki þar með að segja að það sé fullkomlega að ástæðulausu. Það er ekki rétt stefna að mínu mati að leggja áherslu á það að viðhalda einhverju um aldur og ævi sem einu sinni hefur verið sett á stofn. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að hvers konar starfsemi á vegum hins opinbera, stofnanir og verkefni, beri að endurskoða með jöfnu millibili, skoða hvort sömu forsendur eigi við og þegar efnt var til slíkra verkefna og kanna hvort ástæða sé til að halda því áfram. Og það er út af fyrir sig rétt að skoða vel hvort fyrirkomulag geti ekki verið annað á því verkefni sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur haft með höndum. Það sama er að segja um Byggingarsjóð ríkisins sem nú á að sameina Byggingarsjóði verkamanna og gera að íbúðalánastofnun. Byggingarsjóður ríkisins er búinn að ljúka sínu hlutverki eftir að húsbréfakerfið hefur tekið við. En það er rangt að Byggingarsjóður verkamanna hafi gert það. Hann átti að sjálfsögðu að verja og efla og gera honum raunverulega kleift að gegna sínu hlutverki. Það hefði átt að fara yfir það mál allt saman, sníða agnúa af því kerfi og efla sjóðinn svo hann gæti staðið undir sínum verkefnum og því hlutverki sem hann hefur þjónað frá upphafi.

Menn verða auðvitað að gera sér fulla grein fyrir því hvað slíkar breytingar hafa í för með sér sem hér er verið að gera, hvernig verið er að breyta þjónustunni við það fólk sem þessi stofnun á að þjóna. Það er satt að segja æðimargt óljóst í þessu efni. Það sem blasir við er að í staðinn fyrir 90%–100% lán á 1%–2,4% vöxtum til kaupa á félagslegu húsnæði er fólki nú vísað á almenna húsnæðiskerfið eða almenn lán fyrir allt að 65%–70% af íbúðaverðinu og síðan allt að 20%–25% viðbótarlán sem eiga að vera á ábyrgð sveitarfélaganna. Félagslega aðstoðin á að vera í gegnum vaxtabótakerfið. En það er margra trú og margir hafa áhyggjur af því að það muni ekki reynast jafnmikil félagsleg aðstoð og niðurgreiðsla vaxta hefur reynst. Þetta er auðvitað aðalatriðið og meginbreytingin auk þess sem nú eru lántakendur ekki bundnir af því að kaupa einhverjar tilteknar íbúðir á einhverjum tilteknum stað heldur er þeim beint út á markaðinn og geta varið lánunum til kaupa á íbúðum þar sem þeir kjósa sjálfir, að því frátöldu raunar að sveitarfélögin geta næstu tvö árin skyldað þá sem fá viðbótarlán til að kaupa íbúðir innan núverandi félagslegs kerfis.

Það er reyndar kostur og ég hef lýst því áður að það er kostur fyrir fólk og hefur lengi verið til athugunar að hafa aukið val, að það sé ekki bundið við ákveðnar íbúðir og ákveðna staði. En það hefur líka vissa hættu í för með sér. Ég sé ákveðna hættu í þessu fyrirkomulagi, t.d. að mikil þensla verði á íbúðamarkaðnum þegar mönnum er vísað út á almenna markaðinn á þennan hátt auk þess sem viss hætta er á því að hlutskipti margra verði lélegra húsnæði en boðist hefur í félagslega kerfinu þegar það er ekki lengur framleitt eða byggt samkvæmt ákveðnum stöðlum eins og gilt hafa og samkvæmt kröfum um ákveðin gæði heldur verði tilhneigingin hugsanlega sú að kaupa sem ódýrast og e.t.v. ekki nógu vandað. Þetta er viss hætta.

Það er líka mikil hætta vegna þess að nú breytist greiðslumatið. Greiðslumatið sem beitt verður við ákvörðun þess t.d. hverjir hljóta viðbótarlán mun hafa mikil áhrif á fjölda lánanna og það hverjir verða skildir eftir utan dyra. Allt er í óvissu um áhrif greiðslumatsins og ástæða er til að minna á að hæstv. ráðherra gat engu svarað við 2. umr. málsins um það við hvaða hlutfall af bráttótekjum yrði miðað í greiðslumati hjá þeim sem nú er vísað á húsbréfakerfið. Rétt er að minna á í þessu samhengi að þeir sem fá viðbótarlán og fara út á almenna íbúðamarkaðinn til kaupa á íbúð verða að leggja fram 10% íbúðarverðsins. Það er búið að margfara yfir það í þessum ræðustóli og vitna til umsagna frá fjölda aðila um það að fjöldi manna ræður ekki við að leggja fram 10% íbúðarverðsins. Svo þarf ekki að minna á ýmiss konar annan kostnað sem bætist við eins og stimpilgjöld, gjaldtöku húsnæðisnefndarinnar og sölulaun til fasteignasala. Þetta þýðir að sjálfsögðu að kjör þeirra sem hingað til hafa átt inni í félagslega kerfinu munu versna. ASÍ og BSRB hafa bent á að þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast. Margt láglaunafólk mun því fljótlega reka sig upp í þak vaxtabótakerfisins og mun því eingöngu geta keypt sér litlar og ódýrar íbúðir sem við hljótum að efast um að búi þeim jafngóðar aðstæður og hingað til hefur verið.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er mikil hætta fólgin í þeirri breytingu að hætta niðurgreiðslu vaxta eins og verið hefur og vísa á vaxtabótakerfið. Vissulega er til bóta að breyta fyrirkomulagi vaxtabótagreiðslna í þá átt að greiða þær fjórum sinnum á ári og fyrir fram og það hefur lengi verið baráttumál. En það hefur vitanlega í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkið og alltaf er sú hætta fyrir hendi að ríkið kippi að sér hendinni, að ríkisvaldið kippi að sér hendinni þegar illa árar, einmitt þegar fólk má síst af öllu við því. Þegar illa árar hjá ríkissjóði þá árar yfirleitt ekki betur og jafnvel miklu verr hjá almenningi. Niðurgreiddir vextir eru mun öruggari aðstoð fyrir láglaunafólk.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af þeim sem eiga félagslegar íbúðir á svæðum þar sem markaðsverð íbúða er undir kostnaðarverði. Þetta fólk hefur fjárfest í félagslegum

íbúðum af sínum litlu efnum vegna þeirra tryggínga sem felast í kaupskyldu sveitarfélaganna. Fólk spyr eðlilega um tryggingar og sjálfsagt segja markaðshyggjumenn að það sé ekki annað en menn búi við í almenna kerfinu að þeir hætta á lækkun markaðsvirðis íbúða sinna. En menn eru bara einfaldlega misjafnlega í stakk búnir til að mæta slíku. Sumir geta það alls ekki og þess vegna höfum við haft þetta félagslega kerfi.

Herra forseti. Niðurstaðan er auðvitað sú að allt of margir þættir eru óljósir í þessu máli, allt of margir endar eru lausir til að forsvaranlegt sé að afgreiða málið í þessum búningi frá þinginu. Það eru engar tryggingar fyrir það fólk sem hefur átt skjól í félagslega húsnæðiskerfinu. Fólki er í raun og veru í hundraðatali vísað á leigumarkaðinn og það missir þá möguleika sem það hefur haft til þess að eignast mannsæmandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum og það mun ekki eiga annars kost en að leigja húsnæði. Þar liggur stærsti vandinn og stærsti gallinn í þessu máli öllu. Leigumarkaðurinn er einfaldlega vanbúinn og það er ekkert ljóst um þróun hans. Meiri hlutinn hefur áttað sig á þessu, þ.e. meiri hluti hv. félmn., og varnaðarorð og hávær gagnrýni bæði stjórnarandstöðu og fjölmargra félaga og félagasamtaka, húsnæðisnefnda sveitarfélaganna og fleiri sem hafa gefið umsagnir um þetta frv., hefur ekki síst snúið að þessum þætti, að verið sé að vísa fólki á þennan vanbúna, vanþróaða og litla leigumarkað. Sá þáttur virðist hafa sloppið inn fyrir glufurnar á heyrnartólum meiri hlutans. Lögð var fram brtt. um könnun á leigumarkaðnum og samþykkt við 2. umr. og var nú vonum seinna að láta sér detta í hug að kanna ástandið á leigumarkaðnum sem verið er að vísa fólki á. Þetta er auðvitað gleggsta dæmið um óvandaðan undirbúning þessa frv. vegna þess að vitanlega átti að kanna aðstæður á leigumarkaði vítt og breitt um landið áður en menn tóku þá ákvörðun að leggja til þær breytingar á húsnæðiskerfinu sem þetta frv. boðar.

Ég skil hreinlega ekki það ábyrgðarleysi að standa svona að verki. Það er mikið umhugsunarefni hvernig undirbúningi er iðulega og allt of oft háttað undir stórmál og þetta endurspeglast t.d. í miklum fjölda brtt. í meðförum þingsins. Það gerðist í þessu máli og það hefur gerst í fjölda tilvika. Ég minnist ýmissa dæma um slíkt þar sem brtt. hafa jafnvel verið fleiri en greinar viðkomandi frv. og segir það nú sitt um undirbúninginn. Og hefur það þó kannski ekki dugað til eins og í sambandi við afgreiðslu skipulags- og byggingarlaga þar sem brtt. voru umfangsmeiri en frv. sjálft heldur þurfti síðan að hefja þetta þing á að leggja fram tillögur um breytingar á þessum nýsamþykktu lögum. Það er ekkert einsdæmi og þetta er náttúrlega hvorki til marks um vandaðan undirbúning né nægilega umfjöllun í þinginu. Þekki ég þó mætavel það mál og veit hversu mikla umfjöllun það fékk og hversu mikil vinna var lögð í það í þinginu en þetta er því miður nokkuð algengt og það er afar gagnrýnivert.

Frumvarpshöfundar í þessu máli hafa stefnuna algerlega á hreinu. Hún felst í því að afnema félagslega húsnæðiskerfið, vísa þeim sem bolmagn hafa inn í almenna húsbréfakerfið, breyta félagslegri aðstoð í húsnæðismálum frá takmörkun vaxtaprósentu í vaxtabætur sem margir óttast að skapi miklu meira öryggisleysi vegna þess að frá því vaxtabótakerfið var tekið upp fyrir u.þ.b. áratug hefur ítrekað verið krukkað í það. Fjórum sinnum hefur verið krukkað í þetta kerfi og engar tryggingar fyrir því að svo verði ekki gert eftir geðþótta þeirra sem ráða hverju sinni. Verið er að skerða stórlega möguleika láglaunafólks til að eignast eigið húsnæði og vísa því út á vanbúinn og óöruggan leigumarkað. Margir óttast eða spá því að íbúðaverð muni hækka við þessar breytingar, sömuleiðis að húsaleiga muni hækka og þar veldur að sjálfsögðu lögmálið um framboð og eftirspurn, áhrifin á verðbréfamarkaðinn og húsnæðismarkaðinn eru algerlega óljós og ókönnuð, vaxtabótakerfið mun þenjast út og mikil hætta á að stöðugt verði höggvið að því. Miklum byrðum er velt yfir á sveitarfélögin sem eiga að sjá um byggingu leiguíbúða sem taki við af þeim kostum sem hafa verið í boði. Að sjálfsögðu gera sveitarfélögin kröfu um að áfram verði boðið upp á lán með niðurgreiddum vöxtum til að standa undir því verkefni og er vandséð hvernig hægt er að verða við slíkri kröfu, hvernig slík krafa komi heim og saman við þær breytingar sem verið er að gera með því að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins, sameina byggingarsjóðina og stofna nýjan sjóð, Íbúðalánasjóð sem á að vera sjálfbær, standa undir sjálfum sér, sem þýðir auðvitað að tekjur og gjöld eiga að standast á. Þessum þætti frv. og flestum öðrum þáttum þess er einfaldlega vísað út í óvissuna, vísað í einhvern viðræðuferil eða athuganir, reglugerðasetningu og fleira sem enginn veit hverju skilar. Því miður virðist ljóst að meiri hluti Alþingis ætlar að láta sig hafa það að þrýsta þessu frv. í gegn á næstu dögum, hvað sem tautar og raular. Það er engin miskunn hjá Magnúsi.

Herra forseti. Að öllu samanlögðu eru fáir kostir í þessu frv. en margir stórir gallar og þeirra stærstur er sú óvissa sem þeim er boðið upp á sem áttu áður skjól í félagslega húsnæðislánakerfinu. Ég harma að meiri hluti Alþingis skuli hafna því að gefa ráðrúm til að skoða þetta mál betur eins og fjöldi félaga og félagasamtaka með tugþúsundir manna á bak við sig hafa farið fram á, kanna alla þætti þess og draga skýrt fram hvaða afleiðingar þessar breytingar hafa í för með sér. Ég harma það.

[15:20]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla um aðdraganda eða sögu þessa máls sem við erum að ræða, húsnæðismálin eða húsnæðiskerfið, ekki þær einkavæðingartilhneigingar sem í frv. eru og ekki heldur þá galla sem hér hafa verið reifaðir, m.a. þá óvissu sem ýmsir mega búa við ef það verður að lögum. Ég ætla fyrst og fremst í lok umræðunnar að fara yfir það sem hafa verið helstir vonarpeningar þeirra sem binda vonir við þetta frv., þá vonarpeninga sem sýndir hafa verið. Ég ætla rétt að fara yfir þær væntingar sem einstaklingar og sveitarfélög hafa bundið við frv., væntingar sem að mínu mati eru því miður byggðar á sandi. Mér finnst ekki hægt að ljúka umræðunni öðruvísi en farið sé yfir hvað það er sem menn eru að vonast eftir og benda á það að í þessu frv. er því miður harla fátt sem vísar til þess að þær væntingar verði að staðreynd þótt frv. verði að lögum. Mig langar fyrst, herra forseti, að fjalla um það sem á bls. 23 í frv. er kallað „Félagsleg aðstoð til einstaklinga".

Margoft hefur verið farið yfir það að félagsleg aðstoð til einstaklinga muni gjörbreytast. Það sem við þekkjum sem félagslegt íbúðalánakerfi verður ekki lengur til en það hlýtur að vekja athygli þegar fjallað er um félagslega aðstoð við einstaklinga að hér stendur, með leyfi forseta:

„Félagsleg aðstoð (jöfnun) verður annars vegar í formi húsbréfaláns, 65–70% láns, og hins vegar í formi 20–25% viðbótarláns."

Hin félagslega aðstoð, eða jöfnun eins og það er kallað innan sviga, felst sem sagt í því að þetta fólk má fá húsbréfalán, þ.e. ef það stenst greiðslumat. Hin félagslega aðstoð felst í því að þessir einstaklingar verða að búa við sömu kjör og allir aðrir. Það er e.t.v. einhver nýr skilningur sem kemur hér fram á því hvað felst í félagslegri aðstoð en mér finnst rétt að draga þetta fram, herra forseti, vegna þess að hér er verið að fjalla um hluti sem skipta verulegu máli. En það er sem sagt annars vegar þetta 65–70% lán sem menn eiga rétt á, sem er það sem allir eiga rétt á, og síðan viðbótarlánið, 20–25%, þ.e. lán sem fólk getur fengið sem verður á markaðsvöxtum og vísitölutryggt. Hér liggur því fyrir, herra forseti, hin félagslega aðstoð.

Annað sem lýtur að frelsinu góða sem menn hafa horft nokkuð til sem ég vildi líka fara yfir en það stendur á sömu blaðsíðu í frv., með leyfi forseta:

„Einstaklingar geta valið úr öllum íbúðum á markaði, en ekki fyrir fram ákveðnum fjölda íbúða."

Herra forseti. Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um þetta mál öðruvísi en að fara nokkrum orðum um það loforð sem hér er gefið, loforðið um það að einstaklingar geti valið úr öllum íbúðum á markaði því að ekkert er fjær sanni ef menn skoða síðan texta frv. Við skulum byrja við veitingu viðbótarlána: „Við veitingu viðbótarlána" — en viðbótalánið er þá forsenda þess að þeir einstaklingar sem lítið eiga geti farið út á markaðinn og keypt — „skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis." Það er sem sagt ekki hægt að velja hvað sem er, það þarf að líta til ýmissa þátta og það er ekki eins og einstaklingurinn geti komið og tilkynnt að nú ætli hann að fara út á markaðinn og kaupa sér hvaða íbúð sem er og velja. Nei, hann þarf að fá samþykki sveitarfélags síns og síðan þarf hann að undirgangast rannsókn á því hver fjölskyldustærð hans er, hverjar eru eignir, tekjur og síðan verður litið til þess hvernig húsnæðið er. Það verður nefnilega ekki sama hvaða húsnæði það er sem viðkomandi ætlar að fara að kaupa. Ekki nóg með það, herra forseti, ekki er nú frelsið komið þegar viðkomandi er búinn að uppfylla þau skilyrði sem hér eru upp talin, því að á næstu tveimur árum eftir gildistöku þessara laga geta sveitarfélögin skilyrt viðbótarlánið, sem þessi einstaklingur þarf að fá, því að hann taki einhverja af þeim íbúðum sem áður höfðu verið inni í félagslega kerfinu en sveitarfélagið hefur leyst til sín.

Þetta er allt frelsið, herra forseti. Viðkomandi verður að lúta því að um sé að ræða tiltekna gerð húsnæðis ef hann á annað borð fær grænt ljós á viðbótarlán hjá sveitarfélagi sínu og hann gæti á næstu tveimur árum þurft að sæta því að velja íbúð sína eða taka íbúð úr hópi þeirra íbúða sem sveitarfélagið hefur leyst til sín. Mér hefur fundist það vera alveg ótrúleg blekking sem hefur verið viðhöfð gagnvart fólkinu í landinu þegar umfjöllun um þessi mál hefur verið höfð í frammi. Mig langar til að styðja mál mitt með tilvitnun í lögfræðiálit Gylfa Thorlacius, sem hann vann fyrir Reykjavíkurborg, en þar segir, herra forseti:

„Það er rétt að benda á að á sumum íbúðum hvíla ekki einungis lán frá Byggingarsjóði verkamanna heldur einnig lán frá Byggingarsjóði ríkisins og því nauðsynlegt að bæta Byggingarsjóði ríkisins inn í greinina." — Það er rétt að það komi fram, herra forseti, að þetta hefur þegar verið gert. Til þessa hefur verið tekið tillit. — „Síðar, í 3. gr., er ákvæði um að sveitarfélagi sé heimilt að skilyrða veitingu tiltekins fjölda viðbótarlána við að lántakendur kaupi íbúðir sem sveitarfélagið hefur leyst til sín." — Og Gylfi heldur áfram: — „Ég vil leggja sérstaka áherslu á að nauðsynlegt er að hafa mjög skýrar reglur varðandi þetta." — Nú talar hann fyrir hönd sveitarfélags en ekki fyrir hönd þeirra einstaklinga sem búið er að lofa hinu mikla og víðtæka frelsi en hann segir fyrir hönd sveitarfélagsins sem er Reykjavík: — „Í sveitarfélagi eins og Reykjavík geta innleystar íbúðir orðið stór fjárhagslegur baggi á sveitarfélaginu ef ekki er fullkomlega tryggt að hægt sé að skilyrða lántöku úr Íbúðalánasjóði á þann hátt að áður en handhafar viðbótarlána fari á frjálsan markað losni sveitarfélagið við þær íbúðir sem innlausnarskyldan hvílir á." Með öðrum orðum, herra forseti, að fólkið þurfi fyrst að hreinsa upp þær íbúðir sem sveitarfélagið hefur leyst til sín áður en það hefur frelsi til að fara út á markaðinn, en áður en það getur farið út á markaðinn þarf það að undirgangast skoðun á fjölskyldustærð, eignum, tekjum og gerð húsnæðis. Svo mikið um frelsið, svo mikið um þann vonarpening sem hefur verið settur í loftið og einhverra hluta vegna hefur virst girnilegur fyrir ýmsa þá sem hafa verið inni í félagslega húsnæðiskerfinu og er allt eins víst að biðji um innlausn á íbúð sinni þegar frv. verður orðið að lögum til að geta nú nýtt frelsið sem felst í því að fara út á markaðinn með viðbótarlánin. Það er hætt við að ýmsum bregði þá í brún, herra forseti.

En þá er það hinn aðilinn sem er með væntingar. Ég veit, herra forseti, að ýmis sveitarfélög eru með væntingar og ég ætla að fjalla aðeins um það.

Menn hafa velt því dálítið fyrir sér hér af hverju svo mikill munur er annars vegar á umsögnum sveitarfélaganna og hins vegar húsnæðisnefndanna. Húsnæðisnefndirnar eru sá faglegi aðili sem fjallar um húsnæðismálin fyrir hönd sveitarfélaganna en það er líka annað í þessu. Fyrir örfáum árum fóru endurskoðendur að gera þá kröfu að í reikningum sveitarfélaganna væru birtar þær skuldbindingar sem eru annars vegar lífeyrissjóðsskuldbindingar og hins vegar þær skuldbindingar sem hvíla á sveitarfélögunum vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Það verður að segjast eins og er að ýmsum brá í brún þegar þeir sáu þessar tölur og við höfum séð viðbrögð við hvoru tveggja. Viðbrögðin við lífeyrissjóðunum voru t.d. þau að Vestmannaeyjabær ákvað að stöðva aðild starfsmanna sinna að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og stofna annan lífeyrissjóð. Viðbrögð annarra sveitarfélaga í landinu, margra hverra, hafa verið þau að menn hafa verið að skoða möguleika á stofnun sérstaks lífeyrissjóðs fyrir sveitarfélögin. Með þeim hætti eru sveitarfélögin að reyna að uppfylla skyldur sínar ódýrarar en þau hafa gert hingað til, einfaldlega vegna þess að þeim brá í brún þegar þau sáu hve háar tölur þessar skuldbindingar sýndu í reikningunum. Sama á við um félagslega húsnæðiskerfið. Þegar menn sáu þær skuldbindingar sem sveitarfélögin höfðu undirgengist í reikningum sínum, og rétt er að taka fram, herra forseti, að þær skuldbindingar eða sú tala er auðvitað miðuð við að menn þurfi að innleysa allar íbúðirnar á einum og sama deginum sem gerist auðvitað ekki, hrukku menn í kút. Þegar menn fá svo tilboð um að ýmsum kröfum sem hafa fylgt félagslega húsnæðiskerfinu verði af þeim létt, sjá menn auðvitað fyrir sér eða láta sig dreyma um það að þessi tala muni snöggtum lækka í reikningunum og staða sveitarfélagsins verði öll önnur. Þetta held ég að sé skýringin á því af hverju sveitarfélögin hafa verið í besta falli hlutlaus eða dregið sig í hlé eða ekki haft sig mjög í frammi þegar húsnæðisfrv. er annars vegar. Þau hafa látið Samband sveitarfélaga tala

fyrir sig og bíða síðan átekta en ég óttast, herra forseti, að staðreyndin verði ekki ósvipuð þeirri sem einstaklingarnir munu horfa framan í þegar kemur að raunveruleikanum.

Ef við lítum á frv. eins og það liggur fyrir er hlutverk sveitarfélaganna skilgreint í 5. og 6. gr. þar sem segir í fyrsta lagi:

„Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu."

Þetta er býsna víðtækt hlutverk, herra forseti, og má ugglaust beita með ýmsum hætti en þó er alveg ljóst að það er sveitarstjórnin sem ber héðan í frá ábyrgð á og ekki bara ábyrgð, heldur á að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Kvöðunum er því ekki alfarið aflétt, en segja má að þær séu óljósari að ýmsu leyti og ómótaðri en áður og af því skapast það óöryggi sem mikið hefur verið fjallað um.

Í öðru lagi, herra forseti, skulu sveitarstjórnir skipa húsnæðisnefndir til að fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélaganna. Húsnæðisnefndirnar eiga síðan að hafa ýmis og fjölbreytileg hlutverk og að hluta til er hlutverk þeirra nokkuð opið. Þær hafa þó þann sess að kjósa á formann þeirra sérstaklega, sem er óvenjulegt, en hlutverk þeirra eða verkefni eru, sbr. 5. gr., að hafa milligöngu um og að þær geti átt, eins og greinin hljóðar núna, frumkvæði að því að aflað verði húsnæðis í því skyni að aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun. Mér er ekki ljóst, herra forseti, hvort því hefur verið svarað hvort í þessu felst heimild sveitarfélags eða húsnæðisnefndar til að kaupa eða byggja fasteignir en það er ljóst að ákvæðið er mjög opið.

Einnig eiga sveitarfélögin í gegnum húsnæðisnefndir sínar að leggja mat á þörf einstaklinga á viðbótarláni. Það þarf að leggja mat á þörf einstaklinga á viðbótarláni og slíkt mat þurfa húsnæðisnefndir og sveitarstjórnir greinilega að leggja áður en fjárhagsáætlun er gerð á hverju ári því að auðvitað þarf að áætla fyrir þeim fjármunum sem fara á hverju ári í að greiða í varasjóðinn þau 5% af þeim viðbótarlánum sem viðkomandi sveitarfélag reiknar með að þurfa að hafa milligöngu um.

Síðan er hlutverk húsnæðisnefndar í þriðja lagi að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga. Hér er stórmál á ferðinni sem ég mun fjalla betur um á eftir, þ.e. aðkomuna að möguleikum þess fyrir sveitarfélögin að viðhalda og eignast leiguhúsnæði, viðhalda því leiguhúsnæði sem þau hafa í dag og eignast frekara húsnæði. Síðan eru ákveðnir þættir sem eru nokkuð opnir eins og aðstoð við aldraða og fatlaða, almennar upplýsingar og fleira. Í lokin í síðustu málsgrein er síðan tekið fram að heimilt sé að taka gjald fyrir kostnað við þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn staðfestir.

Þarna kemur sem sagt inn kostnaðarliður þar sem húsnæðisnefndin getur orðið sjálfbær eins og vinsælt er að tala um í dag, heyrist mér, þ.e. hún lætur þá sem þurfa á aðstoð hennar að halda, þá einstaklinga sem þurfa slíka aðstoð, leigjendur og þá sem þurfa að fá viðbótarlán, þá sem lakast eru staddir, greiða kostnað við störf nefndarinnar en athyglisvert er að komin er brtt., viðbót í þá veru að þessi gjöld megi þó ekki nema hærri upphæð en þeirri sem nemur kostnaði við þjónustuna. Þetta er athyglisvert, herra forseti, í ljósi þess að á milli umræðna breytti hv. félmn. ekki frv. til sveitarstjórnarlaga hvað varðaði hið nýja ákvæði, brtt. sem félmrh. kom með um að sveitarstjórnir mættu setja ákveðin hagnaðarmarkmið af stofnunum sínum og rekstri. En það er tekið sérstaklega fram, herra forseti, að sveitarstjórnirnar mega ekki reka húsnæðisnefndirnar með hagnað í huga. Þær mega ekki taka til þess bragðs að reyna að auka tekjur sínar með því að láta þetta fólk borga meira en nemur þeirri þjónustu sem fólk fær. Maður veltir því fyrir sér, ef fólk þarf að greiða fyrir þá þjónustu sem það fær frá húsnæðisnefndunum hvað sé eftir af hinu félagslega í þessu dæmi öllu. Það er harla erfitt að koma auga á það og það hefur ekki verið útskýrt fyrir mér þannig að ég átti mig á því.

En ég var að fjalla um hlutverk sveitarfélaganna sem menn eru ekki sammála um hvert muni verða. Í upphafi máls míns talaði ég um og gat þess að mörg þeirra binda vonir við að þetta frv., ef að lögum verður, verði til þess að létta af þeim bæði fjárhagsbyrði og ýmsum þeim skyldum sem sveitarfélögin hafa haft gagnvart félagslegu húsnæði, en ef horft er á það hvað hinir faglegu aðilar sveitarfélaganna, þ.e. húsnæðisnefndirnar hafa um það mál að segja, vil ég, herra forseti, fá að vitna í umsögn húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar um þetta mál, en sú húsnæðisnefnd segir, með leyfi forseta:

„Kostnaður við þessa breytingu lendir hins vegar þungt á sveitarfélögunum og því þyngra sem viðkomandi sveitarfélag hefur tekið meiri þátt í uppbyggingu félagslegs húsnæðis." — Hefur tekið meiri þátt, ég sé ástæðu til að endurtaka það. — „Við innlausn íbúða samkvæmt eldri lögum er varasjóði ætlað að mæta tapi vegna sölu íbúðanna að því marki að greiða upp áhvílandi lán Byggingarsjóðs verkamanna, en 10% eignarhluti fyrri eiganda lendir alfarið á sveitarfélaginu, við söluhagnað hirðir varasjóðurinn mismuninn. Má leiða að því líkur að dýrari íbúðir muni fyrst og fremst koma til innlausnar, hinar ódýrari muni verða seldar á frjálsum markaði. Tap sveitarfélags með margar íbúðir byggðar á því tímabili þegar húsnæði var í hámarksverði mun verða tilfinnanlegast. Fyrir utan framangreint er sveitarfélögum ætlað að byggja upp, að hluta til, umræddan varasjóð með 5% framlagi af hverju viðbótarláni sem veitt er í sveitarfélaginu."

Frá húsnæðisnefnd Reykjavíkur koma tilskrif varðandi þetta efni þar sem segir að húsnæðisnefndin vilji benda á að eins og frv. er úr garði gert í dag sé hætta á stórauknum útgjöldum sveitarfélaga í væntanlegan varasjóð og vegna fjölgunar leiguíbúða á vegum sveitarfélaganna.

Ég vil líka nefna það sem kemur fram í ágætri umsögn frá húsnæðisnefnd Akureyrar en þar segir að það verði að tryggja að vextir til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga hækki ekki — og ég mun koma að því nánar á eftir, herra forseti, af hverju þessi varnaðarorð eru sögð. Að sveitarfélögunum verði tryggt fjármagn til að fjölga leiguíbúðum — og er nú ekki að undra þótt menn hafi áhyggjur af því að eiga að láta sér nægja 50 íbúðir á næstu tveimur árum miðað við þá þörf sem auðsjáanlega er fyrir hendi. Að tekin verði út ábyrgð sveitarfélaga á viðbótarláni og að lánveitingin verði áfram á ábyrgð ríkisins — þetta er athyglisverður punktur og hefur nokkuð verið ræddur. Að tryggja að framlag ríkisins í varasjóð til afskrifta á íbúðum yfir markaðsverði dugi fyrir allri afskriftinni — og er síðan bent á að í umsögn frá fjmrn. sé gert ráð fyrir að afskriftir eldri lána séu óverulegar, geti orðið allt að 10 millj. kr. á ári en telja að þetta sé stórlega vanmetið, og ég tek undir það.

Ástæða er til, herra forseti, að tíunda þetta vegna þess að eins og ég sagði, sveitarfélögin hafa verið látin standa í þeirri trú að hér væri um þá breytingu að ræða fyrir þau að

fjárhagslegar skuldbindingar þeirra yrðu minni á eftir en á undan.

Í 40. gr. á bls. 10 í frv. er fjallað um ráðstöfun leiguhúsnæðis en þangað verður öllum þeim vísað sem geta ekki fengið viðbótarlán og sem ekki eiga 10% af kaupverðinu en eins og fram hefur komið þurfa menn að eiga 10% af kaupverði héðan í frá og skyldi engan undra að fólk þurfi að eiga 10% af kaupverði þegar vextirnir verða markaðsvextir. Það var þó sök sér að menn gætu fengið 100% lán á meðan vextirnir voru niðurgreiddir svo mjög sem verið hefur en nú er allt annað uppi á teningnum.

En í 40. gr. segir:

„Um rétt til leiguhúsnæðis fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir hans séu innan tekju- og eignamarka, sem nánar skulu ákveðin í reglugerð er félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga."

Hér er um hliðstæð ákvæði að ræða og voru til þeirra sem fengu áður lán til að kaupa íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu. Nú eru þær settar gagnvart leiguíbúðunum og skyldi engan undra þótt leggja mætti það að jöfnu, vegna þess, herra forseti, að ótti minn er sá að þær íbúðir, margar hverjar, sem eru í sveitarfélögunum í dag sem félagslegar eignaríbúðir og eru í eigu fólks úti í bæ, muni einfaldlega skipta um eigendur en ekkert endilega um íbúa, þ.e. að þessar íbúðir muni koma til innlausnar og ef á þeim hvílir kaupskylda þá muni sveitarfélögin leysa þær til sín. Ef ekki, ef á þeim er eingöngu forkaupsréttarákvæði, þá muni því verða hafnað og íbúarnir ekki geta selt þær á frjálsum markaði vegna þess misgengis sem orðið hefur á markaðsverði og uppreiknuðu verði eða eignarhlut en ef um kaupskyldu er að ræða að þá muni sveitarfélagið leysa íbúðina til sín en síðan muni sá sem seldi einfaldlega sitja uppi með íbúðina, annaðhvort að kaupa hana aftur eða að leigja hana. Þetta, herra forseti, er auðvitað dæmi sem við eigum eftir að sjá og fólk mun eiga eftir að kvarta undan.

Vegna leiguíbúðanna langar mig að benda á, annars vegar það sem segir í áliti húsnæðisnefndar Kópavogs, en þeir segja að sú breyting, sem verður á greiðslumati og það hversu fáir í rauninni komast inn í kerfið eins og það er núna, muni valda sprengingu á leigumarkaðnum og afleiðingarnar séu ekki fyrirsjáanlegar því augljóst sé að sveitarfélögin hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeirri gífurlegu aukningu leiguhúsnæðis sem þyrfti að verða. Í 5. gr. frv. er ákvæði um að sveitarstjórnir beri ábyrgð á og hafi frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

Í umsögn frá húsnæðisnefnd Akureyrar segir, herra forseti:

„Ljóst er að hér er verið að þrengja verulega möguleika fjölskyldna og einstaklinga á að kaupa sína eigin íbúð og tryggja sér þannig öryggi í húsnæðismálum."

Ef ætlunin með frv. er að draga úr því að fólk geti keypt sér íbúð þarf að koma til aukning í niðurgreiddum lánum til leiguíbúða. Í frv. er enga tryggingu að finna fyrir því.

Þá vil ég koma að því, herra forseti, sem lýtur að möguleikum sveitarfélaganna til að fjölga leiguíbúðum og fjölga þeim þannig að skaplegt geti talist. Það er talað um þessar 50 leiguíbúðir á næstu tveimur árum en miðað við þær áætlanir að bara Reykjavíkurborg þurfi 180, þá hrekkur þetta skammt. Hins vegar er það spá mín að íbúðirnar sem nú eru inni í félagslega kerfinu muni sumar hverjar skipta um eigendur þó þær skipti ekki um íbúa.

Það er ákvæði hér í frv. sem ég vil endilega vekja athygli á, ekki síst vegna þess að hv. þm. Kristján Pálsson kom hér upp áðan og talaði eins og það væri sjálfsagt mál að sveitarfélögin gætu byggt leiguíbúðir með 90% lánum til 50 ára á 1% vöxtum. Þess sér hvergi stað í frv. Hins vegar er ljóst að ýmis sveitarfélög hafa skuldbreytt lánum og hafa gert það í gegnum Byggingarsjóð verkamanna, á félagslegum íbúðum sem þau hafa innleyst. Þau hafa skuldbreytt þessum lánum og eru nú með lán sem einmitt eru eins og hv. þm. Kristján Pálsson lýsti, lán til 50 ára á 1% vöxtum. En í frv. stendur hins vegar — og við eigum væntanlega að trúa því sem þar stendur — í 2. tölulið bráðabirgðaákvæðis III, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út." — Nú er gert ráð fyrir því að um sé að ræða íbúð sem sveitarstjórnin hefur leyst til sín. — „ Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Við þær aðstæður skal sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara."

Sveitarfélagið skal eiga rétt nýju láni úr Íbúðalánasjóði. Hvernig lán eru það? Jú, það eru húsbréfalán. Hvernig eru vextirnir á þeim? Jú, þeir eru klárlega ekki 1%.

Herra forseti. Ég er ansi hrædd um að ýmis sveitarfélög sem bundu vonir við að þetta frv. létti þeim byrðarnar verði fyrir vonbrigðum. Ég tel að þau muni verða nokkur ramakveinin sem upp verða rekin. Það væri ákjósanlegt að hæstv. félmrh. tæki nú mark á því sem húsnæðisnefndirnar eru að segja. Ekki bara vegna einstaklinganna, þó að það út af fyrir sig nægi. Ekki bara vegna þeirra blekkinga sem bornar hafa verið fram gagnvart einstaklingunum, heldur og ekki síður vegna þess hvernig mörg þeirra sveitarfélaga, sem verst hafa farið með sig á núverandi kerfi þar sem hið félagslega verktakakerfi hefur á tímabili náð að grassera, hafa bundið vonir við að þessar breytingar á lögunum geti a.m.k. orðið að veruleika í einhverju tilliti. Eins og ég hef hér rakið, herra forseti, þá eru hins vegar litlar vonir til þess.

Staða sveitarfélaganna er þannig að þau mega breyta íbúðum sem þau leysa til sín í leiguíbúðir en þá verða vextirnir hærri. Þau þurfa að fjölga leiguíbúðunum og þess vegna þurfa þau að setja umtalsverða fjármuni til þessara hluta. Þau þurfa að annast viðbótarlán eða milligöngu um viðbótarlán og þá þurfa þau að greiða í varasjóðinn. Þau mega selja íbúðirnar sem þau leysa til sín, en þá þurfa þau að gera upp áhvílandi lán. Hver á að taka á sig það sem í milli ber? Það hefur hingað til verið akkilesarhællinn. Ég sé ekki, herra forseti, að þetta frv. leysi það með neinum þeim hætti sem um munar. Þau mega breyta félagslegum eignaríbúðum í leiguíbúðir en ég er búin að fara yfir vankantana sem á því eru, a.m.k. verður það dýrara en það kerfi sem er í dag.

Herra forseti. Ekki hefur verið hlustað á verkalýðshreyfinguna í þessu máli. Ekki hefur verið hlustað á húsnæðisnefndirnar. Það virðist ekki eiga að hlusta á stjórnarandstöðuna. Það hefur verið hlustað á sveitarfélögin. Ég hef verið að reyna hér, herra forseti, að útskýra af hverju staða þeirra hefur verið svo hlédræg sem hún hefur verið. Ég óttast, herra forseti, að ég hafi rétt fyrir mér. Ég vona að ég hafi það ekki en við skulum sjá. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn skynji hversu stórt þetta mál er og taki það til frekari skoðunar áður en það verður að lögum.

[15:53]

**Útbýting þingskjala:**

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 376. mál, nál. félmn., þskj. 1414; brtt. félmn., þskj. 1415.

Sérleyfi til fólksflutninga, 419. mál, svar samgrh., þskj. 1407.

[15:53]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta verða aðeins nokkur orð af minni hálfu hér undir lok þessarar umræðu, enda nánast komið að þeim tímamörkum sem mér skilst að samið hafi verið um fyrir fundahaldið í dag. Ég vil að sjálfsögðu virða það samkomulag. Ég fagna því að það hafi tekist og ekki síst að það skyldi takast þrátt fyrir tilraunir hæstv. forsrh. til að spilla því endanlega að eðlilegt ástand gæti ríkt hér milli stjórnar og stjórnarandstöðu um fundahald, með frammistöðu sinni með miklum endemum á laugardaginn var.

Það er þrennt, herra forseti, sem stendur upp úr við lokaafgreiðslu þessa máls. Það fyrsta er að með þessu frv. og framgöngu hæstv. ríkisstjórnar er slitið áratuga samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, félagasamtaka, heildarsamtaka ýmissa og stjórnvalda um húsnæðismál. Hér verður einhliða rofið það samstarf sem um þessi mál og þennan málaflokk hafa verið um áratuga skeið. Mörgum stærstu grettistökunum í húsnæðismálum á undanförnum árum og áratugum hefur einmitt verið lyft með slíku samstarfi. Þessu samstarfi hafnar nú hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. gengur fram fyrir skjöldu í þeim efnum, bæði með því að undirbúa þetta mál án samstarfs við verkalýðshreyfinguna og önnur slík heildarsamtök og með því að gera ekkert með tilmæli heildarsamtaka launafólks og félagasamtaka, eins og Öryrkjabandalagsins, Leigjendasamtakanna og fleiri slíkra, um að fresta afgreiðslu frv.

Í öðru lagi, herra forseti, stendur það upp úr að með frv. er verið að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið í landinu. Í þriðja lagi stendur það upp úr, herra forseti, að með þessu frv., eins og það er úr garði gert, sýnir hæstv. félmrh. opinberum starfsmönnum hjá opinberri stofnun sem hér á undir einstaka fyrirlitningu þannig að leitun er á öðru eins.

Varðandi það að hér sé verið að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið, herra forseti, þá held ég að ástæða sé til að nefna nokkur lykilatriði í því sambandi. Hæstv. félmrh. og fleiri talsmenn stjórnarflokkanna hafa með ótrúlegri leikfimi í röksemdafærslu reynt að halda hinu gagnstæða fram. Það er að mínu mati eins kristalstært og nokkuð getur verið að hér er verið að jarðsyngja félagslega húsnæðiskerfið í landinu. Það er verið að því.

Það er verið að því í fyrsta lagi, herra forseti, með því að leggja niður Byggingarsjóð verkamanna, leggja niður aðgreindan sjóð sem fjármagnar húsnæðiskerfi lágtekjufólks. Í öðru lagi, herra forseti, er það gert með því að ákveða og beinlínis banna að fjárframlög komi til frá ríkinu til að mæta hagstæðari lánakjörum í slíkum aðgreindum sjóði. Í þriðja lagi stuðlar að þessu ákvæði um að sjóðurinn skuli standa undir sér.

Ég vil helst ekki, herra forseti, nota það orðskrípi sem menn hafa í þessu samhengi notað, að sjóðurinn eigi að vera sjálfbær. Ég held að það sé misskilningur á því hugtaki, sem tengist umhverfismálunum og er grundað í þeirri hugsun sem tengist sjálfbærri nýtingu og varðveislu auðlinda, að fara að færa það yfir á fyrirbæri eins og lánasjóð.

Sjóðurinn á að standa undir sér eins og það heitir á íslensku. Með öðrum orðum: Hann á ekki að fá stuðning af einum eða neinum toga til þess að gera honum kleift að bjóða upp á hagstæðari lánskjör en markaðsvexti.

Í fjórða lagi er síðan yfirlýsing um að félagslegt húsnæðiskerfi sé liðið undir lok, að öll lánskjör skuli vera markaðskjör.

Í fimmta lagi, herra forseti, er verið að jarðsyngja félagslegt húsnæðislánakerfi í gegnum það að tækið sem menn hafa haft til þess að veita lágtekjufólki, einstæðum forseldrum, námsmönnum, öldruðum eða öðrum slíkum forgang, er lagt niður og markaðurinn einn verður eftir. Markaðurinn, herra forseti, gerir ekki greinarmun á einstæðum foreldrum og öðrum foreldrum. Hann er blindur, grimmur og miskunnarlaus. Það er alveg sama hvernig hæstv. félmrh. reynir að halda öðru fram, þetta er grundvallarbreyting sem menn komast ekki fram hjá. Tækið er þar með er úr höndum stjórnvalda, til velja úr þá hópa sem mesta þörf hafa fyrir stuðning og búa um þeirra mál samkvæmt sérstökum reglum í sérstökum aðgreindum sjóðum.

Í sjötta lagi og ekki síst, herra forseti, er hið félagslega húsnæðiskerfi jarðsungið með því að afnema 10% lán, til viðbótar handa þeim sem ekki ráða við útborgun eins og það hefur verið í félagslega húsnæðiskerfinu. Með því er verið að ákveða að hámarksfyrirgreiðsla úr hinu opinbera húsnæðislánakerfi geti mest orðið 90%. Með öðrum orðum verða menn að eiga fyrir tíu prósentunum vegna þess að það er augljóst að það fólk sem þegar á í erfiðleikum með að uppfylla hinar ströngu greiðslumatskröfur fyrir 90% lánveitingunum, almenna láninu og plús viðbótarláninu, hefur ekki möguleika til þess að taka þar á ofan að láni 10% sem á vantar. Enda sagði hæstv. félmrh. hér sjálfur að dæmið væri þannig að til þess að einstæð móðir gæti keypt sér íbúð þá þyrfti hún að eiga 500 þúsund á bók. „Og þá er allt í lagi", sagði hæstv. ráðherra, eins og að hér gangi um þjóðfélagið þúsundum saman einstæðar mæður með 500 þúsund krónur á bankabók og bíði eftir því að kaupa sína fyrstu íbúð. Þannig er það og síðan 600 þúsund ef það er 6 milljóna íbúð o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er eins skýrt og nokkuð getur verið að þarna er verið að leggja niður það fyrirkomulag sem hefur sérstaklega verið sniðið að raunverulegum aðstæðum lágtekjufólksins sem á almennt ekki 500 þúsund kr. í handraðanum til þess að kaupa fyrstu íbúð sína. Það er þvert á móti þannig, því miður, herra forseti, sem hæstv. félmrh. ætti að vita manna best, að þúsundum saman eru þessar fjölskyldur að berjast við að ná endum saman og þær skulda matarúttektirnar sínar og Visa-reikningana og velta jafnvel neyslunni mánuðum saman þannig á undan sér. Það er þar af leiðandi út í hafsauga, því miður, hjá mörgum þessum fjölskyldum að komast nokkurn tíma í þær aðstæður að eiga 500 þús. kr. í peningum til að leggja inn í dæmi af þessum toga enda er reynslan sú að einhver mikilvægasta hjálpin við lágtekjufjölskyldurnar er sá möguleiki sem hefur verið fyrir hendi í félagslega kerfinu.

Í sjöunda og síðasta lagi en ekki síst, herra forseti, er það auðvitað skýr yfirlýsing um það að félagslegt húsnæðiskerfi er lagt niður á Íslandi að þetta fyrirkomulag gengur ekki út á að tryggja að framboð sé fyrir hendi af húsnæði sem þetta fólk ræður við að komast inn í. Það gerir það ekki og ég vísa þar til umræðunnar um það að menn eru að fleipra með að 50 leiguíbúðir eða eitthvað því um líkt komi í staðinn fyrir félagslega kerfið sem var að bæta hér við á markaðinn frá

300 og upp í 500–600 íbúðum á hverju ári þegar best lét í því kerfi.

Þetta framboð á húsnæði, sem var sérstaklega frátekið fyrir það fólk sem hafði lægstu tekjurnar, gjörbreytti stöðunni á húsnæðismarkaðnum hvað þetta varðar. Ekki verður um neitt slíkt að ræða í hinu nýja kerfi vegna þess að engin aðgreining verður á því húsnæði sem kann að bætast við á markaðskjörum fyrir hverja það er ætlað sérstaklega.

Herra forseti. Þeir sjö liðir sem ég hef hér talið upp eru allir, hver og einn og til samans, mjög skýr yfirlýsing um það að með þessu frv. er hinni félagslegu hugsun útrýmt úr kerfinu. Það er þannig.

Herra forseti. Eins og ég sagði í þriðja lagi stendur það upp úr við þetta mál, þessi dæmalausa framkoma hæstv. félmrh. við starfsfólk Húsnæðisstofnunar. Það er með hreinum ólíkindum að það skuli vera hæstv. félmrh. sem foraktar þannig atvinnuöryggi og tilfinningar þessa starfsfólks sem undir hann heyrir, að hann skuli ganga lengra og miklu lengra hvað varðar fólsku í þessum efnum en samráðherrar hans í þessari ríkisstjórn og ráðherrar í fyrri ríkisstjórn gerðu. En í heilli kippu af einkavæðingarfrumvörpum sem hafa litið dagsins ljós á undanförnum árum, hvort sem það voru síldarbræðslurnar eða bankarnir eða fjárfestingarsjóðirnir eða aðrir slíkir hlutir, voru þar inni ákvæði um að tryggja skyldi starfsfólki hinna opinberu stofnana eða sjóða eftir því sem kostur væri og möguleikar væru, sambærileg störf í hinum nýju fyrirtækjum. Í sumum tilvikum var beinlínis kveðið á um að fólkið skyldi njóta sambærilegra kjara og ganga inn í sömu störf. Í sumum tilvikum var meira að segja gert alveg skýrt að það tæki til allra, þar með talið yfirmannanna, og ég bendi t.d. á þegar fjárfestingarlánasjóðurinn var stofnaður, þegar Fjárfestingarbankinn var stofnaður við sameiningu sjóða sem voru opinberir og hálfopinberir, og í tengslum við hann var settur á fót svonefndur Nýsköpunarsjóður. Þá var þannig frá því gengið að það fólk sem fékk ekki vinnu við Fjárfestingarbankann átti forgang að vinnu hjá Nýsköpunarsjóðnum. Það var því reynt að koma fólkinu fyrir samkvæmt öllum úrræðum sem fólust í málinu. Það er alveg yfirgengilegt að hæstv. félmrh. og vinnumarkaðsmálaráðherra skuli merkja sig með þessum hætti og þessari framgöngu.

Herra forseti. Ég tel að áhrif þessara breytinga verði víðtæk. Þær munu lýsa sér í öryggisleysi lágtekjufjölskyldna á komandi árum hvað varðar það að eiga aðgang að húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Ég óttast mjög að þær muni leiða til minna framboðs á nýju húsnæði sem er viðráðanlegt fyrir þetta fólk. Það mun gerast.

Þetta mun í öðru lagi þýða hækkandi leiguverð. Það er eiginlega algjörlega borðleggjandi að leiguverðið á markaðnum mun hækka. Ekki er það nein blessun fyrir lágtekjufólkið. Þetta mun í þriðja lagi væntanlega leiða til hækkandi fasteignaverðs vegna þess að hugsunin er sú að það þurfi í raun og veru ekki að beita neinum sérstökum úrræðum til að tryggja að húsnæði bætist við og sé ávallt til reiðu sem mæti þörfum þessa fólks. Hver var grunnhugsunin í kerfinu sem nú er verið að taka af lífi? Hún var sú að framkvæma mat á húsnæðisþörfinni í sveitarfélögunum og síðan tryggja á grundvelli þess mats, eftir því sem kostur var og fjármagn leyfði á hverjum tíma, að þeirri þörf væri mætt með nýju húsnæði.

Þar af leiðandi, herra forseti, verða áhrifin að mínu mati einnig þau að tekjulægsta fólkið, það fólk sem hefur erfiðastar aðstæðurnar í þessum efnum, eignalaust fólk, verður dæmt á leigumarkaðinn og/eða í kjallaraholurnar. Það verður þannig. (**Gripið fram í:** Það verður engar leiguíbúðir að fá.) Að svo miklu leyti sem þær verða fyrir hendi. Menn munu sjá stéttaskiptingu fara í gang í húsnæðislegu tilliti sem við höfum að verulegu leyti verið blessunarlega laus við á Íslandi á undanförnum áratugum, menn munu sjá það, þar sem þetta fólk dæmist í lélegasta og ódýrasta húsnæðið, í kjallaraholurnar. Mér kæmi ekki á óvart þótt farið yrði í að innrétta ýmislegt sem hingað til hefur ekki þótt boðlegt upp á síðkastið og það yrði einhver mestur gróðavegur á Íslandi á komandi missirum, undir sérstökum verndarvæng félmrh., að kaupa sér kjallaraholur og leigja þær fátæku fólki á okurverði. Það eru þá tímar sem við viljum snúa aftur til eða hitt þó heldur.

Herra forseti. Það er alveg ljóst hvað er í fyrirrúmi hjá hæstv. ríkisstjórn, það er ekki fólk. Það er a.m.k. ekki lágtekjufólk, það er ekki almenningur í landinu. Það kann að vera að þeir menn sem hæstv. ríkisstjórn telji vera Fólkið með stórum staf og eigi að hafa í fyrirrúmi séu þeir sem eiga húsnæði og ætla sér að græða á því að leigja það og það sé kerfið og það séu fasteignasalar. Þannig að það sé fjármagnið og kerfið sem sé í fyrirrúmi en ekki fólkið hjá Framsfl. um þessar mundir. Skyldi það nú ekki geta verið svo?

Ég tel, herra forseti, að útkoma hæstv. félmrh., útreið hans í þessu máli sé hraksmánarleg. Ég lýsi því þannig að hæstv. félmrh. sé með allt á hælunum. Ég velti því fyrir mér hér í gær ... (Gripið fram í.) einmitt, þegar atkvæðagreiðsla var um þetta mál, hvort ég ætti að hlaupa út í nærliggjandi búð og kaupa axlabönd og fara með þau í ræðustólinn, halda þeim á lofti og færa síðan hæstv. félmrh. þau að gjöf. Hann er að vísu með einhver slitur á sér, hæstv. ráðherrann, sé ég, en svo komst ég að þeirri niðurstöðu, og hún er endanleg af minni hálfu, að það er ekki hlutverk mitt að halda buxunum uppi um hæstv. félmrh. Þær mega vera á hælum hans mín vegna.

[16:09]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð við lok þessarar löngu umræðu. Að vísu er næstum liðinn sá tími sem við höfum samið um að hún skyldi taka.

Ég bendi á það að ég held að það sé bara einn af þeim þingmönnum sem talað hafa stríttt á móti þessu máli sem telur núverandi kerfi gallalaust. Allir hinir líta svo á að ýmislegt þurfi að laga í kerfinu. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Ágreiningurinn er um það hvenær eigi að gera það og hvernig eigi að gera það.

Varðandi framtíð hins ágæta starfsfólks hjá Húsnæðisstofnun vil ég taka fram að ekkert þýðir að vitna í háeffun á bönkum eða síldarverksmiðjum því að hér er ekki um einkavæðingu að ræða. Ekki er verið að einkavæða þessa stofnun og það er alveg sama hvað umsagnaraðilar hafa látið í sér heyra um það að þeir telji ráðlegt að gera það, það ætlum við ekki að gera. Ég er ekki að einkavæða þessa stofnun og það verður ekki gert í minni tíð.

Það er verið að gera grundvallarbreytingu á húsnæðislöggjöfinni og ég tel að verið sé að taka upp skynsamlegra og ódýrara fyrirkomulag. Reglugerðarvaldið sem menn hafa verið að gagnrýna er eins og ég fór yfir áður mjög hliðstætt því sem er í gildandi lögum.

Menn hafa vitnað mikið í umsagnir. Sumpart eru þessar umsagnir úreltar að því leyti til að komið hefur verið til móts við athugasemdir sem hafa komið fram í þessum umsögnum

og margar brtt. voru samþykktar í gær, og ég tel að menn eigi að ræða frv. eins og það er núna. Ég undirstrika enn og aftur að greiðslumatið verður ekki óbreytt, þ.e. miðað við 18% tekna. Ég leyfi mér að fullyrða það en það er alveg rétt að greiðslumatið er ekki tilbúið, enda ekki hægt að láta það fæðast af því að stjórn Íbúðalánasjóðs er ekki komin til starfa.

Komið hefur verið til móts við ábendingar eins og að valfrelsið væri skert með því að hægt væri að vísa á innlausnaríbúðir. Það var komið til móts við það, tíminn sem hægt er að vísa á innlausnaríbúðirnar takmarkaður við tvö ár og sett hefur verið í gang könnun út af leiguíbúðaþörfinni.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að húsnæðisnefndir verði alfarið kjörnar af sveitarstjórn. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð fari ætíð saman og það er í samræmi við frv. sem hv. 5. þm. Reykn. flutti þegar hún var félmrh. Það er nokkuð athyglisvert að sjá mismuninn á umsögnum sveitarstjórnanna og húsnæðisnefndanna. Þær eru bara ekki á sömu línu, sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi og húsnæðisnefnd, í einhverjum tilfellum. Það hefur komið í ljós og ég vil láta það koma fram hér, jafnvel þó að ég sé ekki að taka gilda útreikninga hv. 13. þm. Reykv. og síður en svo að samsinna þeim, að þá trúi ég henni þó betur en framkvæmdastjóra húsnæðisnefndarinnar á Akureyri.

Varðandi félagslega þáttinn er alls ekki verið að hverfa frá félagslegri aðstoð í húsnæðismálum og það er bara rangfærsla. Félagsleg aðstoð er flutt frá niðurgreiddum vöxtum í fyrir fram greiddar skattfrjálsar vaxtabætur. Það er eðlilegra fyrirkomulag og hagkvæmara fyrir fátækt fólk. Sveitarfélögin hafa auðvitað ríkar skyldur í húsnæðismálum að sjá til þess að húsnæði sé fyrir hendi í sveitarfélaginu og sú kvöð verður styrkt í félagsþjónustulögum sem eru til endurskoðunar.

Núverandi íbúar félagslega kerfisins, og það er mjög mikilvægt að svara því afdráttarlaust, halda öllum sínum réttindum samkvæmt núgildandi lögum. Aðstaða þeirra breytist ekkert. Meðan kaupskylda sveitarfélaganna varir á íbúðunum samkvæmt gildandi lögum gildir hún fyrir viðkomandi einstaklinga og þeir geta skilað íbúðum sínum. Það er alls ekki hugmyndin að úthýsa fólki og eins og fram hefur komið þá getur einstæð móðir með atvinnuleysisbætur keypt litla íbúð ef hún á 10% af verðinu. (Gripið fram í.) Já. Rétt er að taka það fram að húsaleigubætur eru komnar á allt leiguhúsnæði í öllum sveitarfélögum og það er samkomulag við fjmrh. um að ekki verði dýrara að komast inn í nýja kerfið en er í gildandi kerfi.

Varðandi útgjöldin til húsaleigubóta sem hér var spurt um, þá var það staðfest í lögum að það skyldu vera 280 milljónir á ári með samningi sem gerður var í fyrravetur. Nú hafa kringumstæður breyst nokkuð. Ég tel eðlilegt að ef forsendur breytast þá verði skoðað hver þörf sveitarfélaganna kynni að verða fyrir viðbótarframlag vegna húsaleigubóta. Það kemur inn í önnur fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Á hverju hausti er gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti. Sem betur fer hefur það tekist í miklu bróðerni þann tíma sem ég hef verið í félmrn.

Spurt var hvort margir biðu eftir því að komast inn í nýtt kerfi. Það er rétt að ekki hefur farið fram nein könnun á því. Ég veit að margir bíða eftir því að komast inn í nýtt kerfi og það finnst mér vera viðurkenning á því að fólki geðjist að því. En talning á þeim hefur ekki farið fram.

Varðandi þá sem kaupa gamalt húsnæði eða húsnæði með lánum, þá þarf enginn að yfirtaka gömul lán með íbúð sinni ef hann ekki svo kýs. Hann getur fengið húsbréf og viðbótarlán fyrir allri upphæðinni og borgað gömlu lánin ef honum sýnist að greiðslubyrði verði lakari með því að halda í gömlu lánin. Fólk á rétt á endurbótalánum. Það er tvímælalaust að það á rétt á endurbótalánum ef það endurbyggir íbúð, enda sé náttúrlega veð fyrir framkvæmdinni. (**JóhS:** Þá fær það lán til endurbóta?) Þá fær það lán fyrir endurbótum.

Ég ætla að stytta mál mitt. Ekki hefur skort hrakspár um þetta nýja kerfi úr munni stjórnarandstæðinga. Ég vil fullyrða að það eru engir fantar í ríkisstjórninni, í stjórnarliðinu eða í sveitarstjórnum landsins og þeir hafa ekki neina löngun til að fara illa með fátækt fólk. Það er síður en svo. Það er okkar sannfæring að hér sé verið að létta undir og aðstoða tekjulitla einstaklinga við það að lifa farsælu lífi.

Nú kann að vera, og ég veit það að hér er ekki verið að byggja neitt þúsund ára ríki, að menn sjái einhverja ágalla á þessum lögum í ljósi reynslunnar. Það er ekkert við því að segja og þá er bara að vinda sér í að laga þá ef þeir koma fram alveg eins og þegar í ljós komu ágallar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem samþykkt voru hér á síðasta vori. Ég bar fram frv. um breytingar sem sníða af þá annmarka sem á þeim lögum voru. Ég tel einboðið að í ljósi reynslunnar, ef eitthvað lukkast ekki í þessu kerfi, að þá sé auðvitað hægt að laga það síðar.

[16:19]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel út af fyrir sig að það sé eðlilegt miðað við allar aðstæður að líta þannig á að búið sé að halda til haga öllum meginatriðum þessa máls. En ég vil segja að þó að umræðunni ljúki hér og atkvæðagreiðsla fari einhvern tíma fram þá er þetta mál ekki búið. Ég er sannfærður um að í næstu kosningnum verði barist fyrir nýju fyrirkomulagi félagslegra íbúða í landinu. Í næstu kjarasamningnum hlýtur að verða barist fyrir nýju kerfi félagslegra íbúða í landinu fyrst og fremst vegna þess að þeir sem standa að verkalýðshreyfingunni og róttækri vinstri stefnu í þessu landi geta ekki liðið það að fólk sé borið út eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og að þetta félagslega íbúðakerfi sé eyðilagt.

Þess vegna nota ég þetta andsvar til að segja við hæstv. félmrh.: Það er engin hætta á því að þetta sé þúsund ára ríki. Það er spurning hvort það nær einu sinni þúsund dögum, herra forseti.

[16:20]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af þessu vil ég láta það koma fram að ég ber ekki nokkurn kvíðboga fyrir því að þessi húsnæðislöggjöf komi mér í koll í næstu kosningnum.

[16:20]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sannfærður um að það er rétt hjá hæstv. ráðherra vegna þess að hann hefur þessa skoðun og hann lagar allar sínar niðurstöður að því hvað kemur honum vel eða illa í næstu kosningum. Ég þekki alveg nógu vel til hans til þess. Það breytir ekki því að veruleikinn er þessi. Hann verður örugglega boðinn velkominn í félagsskap þess fólks sem eftir næstu kosningar vill breyta þessu kerfi á nýjan leik og ég er alveg viss um að hann hefur aðlögunarhæfileika til þess að skipta um skoðun.

[16:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur enginn þingmaður haldið því fram hér að núverandi löggjöf væri gallalaus heldur að við viljum öll ná sátt um hana við verkalýðshreyfinguna, en ekki sparka í hana. Það á að leiðrétta á henni annmarka en ekki loka kerfinu eins og ráðherra er hér að gera.

Ég spurði ráðherrann um afstöðu hans til skattskyldu á húsaleigubótum og hvort hann mundi beita sér fyrir því að hún yrði afnumin. Ég óska eftir að hann svari því.

Ég spurði um afstöðu hans til tillögu okkar í minni hlutanum um að þessi framkvæmdaáætlun um leiguhúsnæði liggi fyrir 1. október 1998 þannig að fólk þyrfti ekki að bíða í óvissu, hundruðum saman, til ársloka 2000. Ég spyr um afstöðu til þess.

Ég spyr ráðherrann líka um það þegar hann segir að hægt sé að endurmeta framlög ríkisins til húsaleigubóta: Er hann að gera dauð og ómerk orð fjmrh. sem sagði hér fyrir áramót að það væru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld til sveitarfélaganna ef tilefni gæfist til þess, vegna þess að ráðherrann er hér að opna á það? Og hvað með ósk fulltrúaráðsins um að samið verði um framlag ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna á eldri lánum áður en frv. verður afgreitt? Það hefur ekki verið gert. Ég spyr hvort það liggi fyrir, af því að þetta er lokaumræða um þetta mál, þ.e. hvort samið verði um það áður en gengið verði frá frv. eins og nú er stefnt að.

Mér finnst afstaða hæstv. ráðherra mjög óljós til starfsmannanna og til tillögu okkar sem liggur hér fyrir um það, einnig varðandi forkaupsréttarákvæðið og það að fólk þurfi ekki að bera mismuninn á markaðsverði íbúðar og áhvílandi lánum. Ráðherrann hefur sagt það og verður að standa við það ef síðar kemur í ljós að fólk þurfi að gera það.

[16:22]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti gott að heyra að hv. 13. þm. Reykv. sér einhverja galla á húsnæðislöggjöfinni. Þá erum við öll orðin pínulítið sammála þó mikið beri enn í milli.

En varðandi þetta með skattskylduna á húsaleigubæturnar, þá var gengið frá því við lagasetningu í vetur að þær bæru skatt. Mér finnst að það sé álitamál hvort að þær eigi að bera skatt eða ekki. Sumt mælir með því að þær séu skattaðar vegna þess að það er einfaldara kerfi og það er líka einungis hjálp við hina tekjuhærri ef þær eru skattlausar. Þeir sem eru undir skattleysismörkum og taka húsaleigubætur hagnast ekkert á því þó þær séu skattlausar.

Ekki liggur fyrir samkomulag við sveitarfélögin og það er ekki hægt að gera það. Það tekur lengri tíma en ætlast er til í þessari brtt. frá minni hlutanum.

[16:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða á afstöðu hæstv. ráðherra til þess hvort að húsaleigubætur eigi að vera skattskyldar. Hann taldi að raunverulega væri allt í lagi að húsaleigubætur væru skattskyldar þó að vaxtabætur væru það ekki. Þó erum við að tala hér um lægst launaða fólkið.

Hver er afstaða ráðherrans til tillögu okkar í minni hlutanum um að aflétta því öryggisleysi sem fólk þarf að búa við næstu tvö árin ef tillögur ráðherrans ná fram að ganga? Tillagan er um að þessu verði flýtt og að niðurstaða liggi fyrir 1. október 1998 þannig að framlög ríkissjóðs á næstu fjárlögum geti tekið mið af öllum þeim fjölda leiguíbúða sem þarf að byggja hér á næstu árum. Um það spyr ég hæstv. ráðherra og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá svar við því, herra forseti.

Afstaða hans til þess að lægst launaða fólkið eigi að bera skatt af húsaleigubótum var athyglisverð og það er athyglisverð kveðja til láglaunafólks að það sé allt í lagi að húsaleigubætur séu skattskyldar meðan vaxtabætur eru það ekki. Það er athyglisverð niðurstaða hér við þessa umræðu.

[16:25]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt í afstöðu minni til skattalegrar meðferðar húsaleigubóta. Ég veit ekki betur en að ég hafi borið hér fram frv. um húsaleigubætur fyrir jól og fengið það samþykkt þar sem gengið var út frá því að þær væru skattaðar. Ég held mig við þá afstöðu og ég hef ekkert snúist í því.

Það er Alþingis að ákveða við fjárlagagerð á næsta hausti eða á næsta vetri hve miklu fé verður varið til niðurgreiðslu á lánum til leiguíbúða. (**JóhS:** Hver er afstaðan til till. minni hlutans?). Ég ætla ekki að samþykkja tillögu minni hlutans.

[16:26]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni áðan sagði hæstv. félmrh. að sitthvað þyrfti að skoða í þessu frv. Það þyrfti að ganga frá reglugerðum og skoða leigumarkaðinn og það þyrfti að skoða hitt og annað. Hvers vegna ekki, höfum við spurt, að gefa sér tíma til að ganga frá málum, ekki bara skoða þau heldur ganga frá málum og forða okkur frá stórslysum í húsnæðismálum?

Hæstv. félmrh. sagði að varðandi framtíðaröryggi starfsfólks, þá dygði ekki að vísa í stofnanir sem gerðar hefðu verið að hlutafélögum eða aðrar stofnanir sem breytt hefði verið að formi til. Við erum ekki að gera það. Við höfum gert það í málflutningi okkar að vísu að draga upp hliðstæður. En við höfum vitnað í orð hæstv. félmrh., Páls Pétursonar, sem gaf starfsfólki Húsnæðisstofnunar fyrirheit um að hann mundi gera allt sem í hans valdi stæði til að tryggja starfsöryggi starfsfólksins. Ef félmrh. er alvara með að standa við gefin fyrirheit þá samþykkir hann og styður þá tillögu sem við höfum lagt fram og talað fyrir í morgun um að starfsöryggið verði tryggt með lögum.

[16:27]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að binda alla enda fyrr en lögin hafa verið samþykkt. Það er nú svo einfalt. Fyrst er að ákveða hvort við förum þessa leið. Þegar við erum búin að ákveða að fara þessa leið, þá er hægt að binda endana.

Varðandi starfsfólkið þá endurtek ég það sem ég hef margoft sagt að ég mun beina því til stjórnar eða forráðamanna Íbúðalánasjóðs að þeir láti núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar ganga fyrir í þau störf sem þarf hjá Íbúðalánasjóði. Þetta er svolítið öðruvísi en með Örnefnastofnun vegna þess að Íbúðalánasjóður þarf ekki á jafnmörgu starfsfólki að halda og Húsnæðisstofnun og það er vandinn í málinu.

[16:28]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Spurningin er þessi: Hafa menn vilja til að leysa málin? Ef menn hafa vilja til að leysa málin þá er enginn vandi fyrir hendi.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram við umræðuna að þessu máli er engan veginn lokið. Hér verður reist krafa á pólitískum vettvangi og á vettvangi samtaka launafólks og á þeim vettvangi sem birtist í heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum og er undirrituð af öllum helstu almannasamtökum þessa lands: ASÍ, BSRB, Búseta, Öryrkjabandalaginu, Sjálfsbjörg, gervallri námsmannahreyfingunni, Félagi eldri borgara og þannig mætti áfram telja. Þessu máli er ekki lokið. Við munum hefja þessa baráttu að nýju.

[16:30]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti því þegar þessari hríð linnir að þá takist okkur að ná góðu samstarfi við öll þau merkilegu og ágætu samtök sem stóðu að þessari auglýsingu og þau megi sæmilega við una. Það er alls ekki hugmynd okkar að fara að traðka á rétti námsmanna, öryrkja eða annarra sem áttu fulltrúa þarna.

[16:30]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði beint máli mínu til hæstv. félmrh. við 1. umr. til þess að leita eftir sjónarmiðum hans á því með hvaða hætti hann teldi að málefni láglaunafólks, námsmanna, fatlaðra og annarra með tekjur undir 80 þús. kr. á mánuði yrðu leyst í þessu nýja kerfi. Hvaða hugmyndir hefur hæstv. félmrh. um það? Ekkert hefur komið fram síðan 1. umr. fór fram sem fær mann til að trúa því að hugsað sé fyrir þessu fólki í þessu kerfi. Hvernig sér hæstv. félmrh. t.d. að búsetumálum fatlaðra verði borgið í nýju kerfi? Telur hann að það fólk sem hefur rétt rúmlega 60 þús. kr. í tekjur á mánuði ráði við það að greiða húsaleigu sem er byggð á markaðsvöxtum á hverjum tíma?

[16:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi talað dálítið um málefni láglaunafólks í þessari umræðu eða síðan 1. umr. fór fram og þarf ekki að endurtaka það. Það er möguleiki fyrir láglaunafólk að komast í eigið húsnæði samkvæmt þessu kerfi eins og ég hef margoft farið yfir.

Varðandi búsetumál fatlaðra þá þarf auðvitað að skoða þau. Það er alls ekki meining okkar að fara að skerða þeirra hlut að einu eða neinu leyti. Einmitt með tilliti til búsetumála fatlaðra kvaddi ég til fulltrúa frá Öryrkjabandalaginu í þá nefnd sem á að gera úttekt á leigumarkaðnum, ásamt með fulltrúum námsmanna, verkalýðshreyfingar, sveitarfélaga og ráðuneyta.

[16:33]

**Ásta B. Þorsteinsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fólk sem hefur þær tekjur sem öryrkjar hafa almennt, og ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. þekki þær tekjur, hefur ekki möguleika á því að standa undir dýrari húsaleigu en það greiðir í dag. Segja má að bylting hafi orðið í húsnæðismálum fatlaðra þegar þeir fengu heimild til þess að byggja mannsæmandi íbúðir í félagslega kerfinu fyrir sitt fólk. Ég tel að með þessu kerfi þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru en markaðsvöxtum, verði veruleg hækkun á húsaleigu, það er hætt að niðurgreiða vexti, og verið sé að stefna þessu kerfi í voða. Telur hæstv. félmrh. að fatlaðir og öryrkjar geti staðið undir þeim kjörum sem þarna verða í boði?

[16:34]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Starf Öryrkjabandalagsins að húsnæðismálum hefur verið stórmerkilegt og það hefur gjörbreytt lífi fjölda öryrkja. (**Gripið fram í:** Er hugmyndin að hætta öllu samstarfi við þá?) Það er ekki hugmyndin að hætta neinu samstarfi við þá.

Auðvitað er rétt að yfirleitt er það svo að þetta fólk er með lágar tekjur og það hefur ekki mikla greiðslugetu og það verður að koma til móts við það og það er hugmyndin að gera það. Varðandi leiguíbúðirnar er uppi hugmynd, sem mér finnst eðlilegt að skoða, að í staðinn fyrir niðurgreidda vexti verði styrkur út á hverja íbúð, einhver ákveðin upphæð sem eftir er að semja um, sem gæti fært byggingarkostnað það niður að húsaleiga yrði lág, a.m.k. ekki hærri en hún hefur verið núna. (**ÖJ:** En af hverju þarf að fara með alla peningana í gegnum fjármagnskerfið?) (**Gripið fram í:** Af því Sjálfstfl. vill það.)

[16:35]

**Útbýting þingskjals:**

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, brtt. HG o.fl., þskj. 1416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1413. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 3. umr.*

Stjfrv., 459. mál (endurgreiðsla sérfræðikostnaðar). — Þskj. 1235.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GÁS, HÁs, HjÁ, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, SighB, SJóh, StG, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1417).

### *Búfjárhald, 2. umr.*

Stjfrv., 543. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 928, nál. 1258.

[16:39]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. og grip niður í nál. Þar segir:

„Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á V. kafla laga um búfjárhald sem fjallar um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár og er með breytingunum stefnt að því að auka við heimildir og auðvelda störf búfjáreftirlitsmanna og að auðvelda sveitarstjórnum að sinna skyldum sínum. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra verði heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 2. gr. frumvarpsins um að lögreglu sé skylt að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits og hversu langt sú heimild ætti að ná. Í samræmi við ákvæði laga um dýravernd leggur nefndin til að málið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr. Orðin „eða um land jarðar“ í 5. málsl. 2. efnismgr. falli brott.“

Undir þetta rita allir nefndarmenn í landbn., samstaða um málið. (**Gripið fram í:** Hvaða dag var þetta gjört?) Þetta var gjört hinn 27. apríl 1998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1258 samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Lax- og silungsveiði, 2. umr.*

Stjfrv., 578. mál (stjórnsýsluverkefni, Fiskræktarsjóður o.fl.). — Þskj. 983, nál. 1281.

[16:43]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. Ef ég grip niður í kjarna þessa nál. þá segir þar:

„Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um lax- og silungsveiði. Markmið breytinganna er í fyrsta lagi að færa stjórnsýsluverkefni frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra, í öðru lagi að treysta lagaákvæði er varða verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska og í þriðja lagi að efla Fiskræktarsjóð.

Nefndin ræddi meðal annars ákvæði 27. gr. frumvarpsins en samkvæmt þeirri grein mun veiðimálanefnd nú ein fara með stjórn Fiskræktarsjóðs. Með þessu er sjálfstæði nefndarinnar aukið. Með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið og lagðar eru til í frumvarpinu á verksviði veiðimálastjóra er lagt til að hann eigi ekki lengur sæti í stjórn sjóðsins. Þá ræddi nefndin nauðsyn þess að setja reglur sem kveða nánar á um það í hvaða tilvikum megi veita undanþágur til flutnings milli vatna eða til að setja nýja stofna í vötn.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.“

Þetta mál er afgreitt frá landbn. 27. apríl sl. og undirritað án fyrirvara af öllum nefndarmönnum.

[16:45]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hv. frsm. nefndarinnar að því hvort mál þetta hafi jafnhliða fengið umfjöllun í efh.- og viðskn., hvort það gæti ekki verið ráð frekar að leggja málið undir hæstv. viðskrh. heldur en umhvrh. og veiðimálastjóra með tilliti til þess sem mest hefur verið rætt í þjóðfélaginu að undanförnu.

[16:45]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Það léttir stundina að eiga hér húmorista.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:46]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GÁS, HÁs, KH, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–29. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GÁS, HÁs, LMR, LB, MF, PP, SighB, SJóh, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Í ræðu við 1. umr. gerði ég fjölmargar athugasemdir við þetta lagafrv. og mér sýnist að engin þeirra hafi verið tekin til greina. Ég vek sérstaklega athygli á því, herra forseti, að ég færði rök fyrir breytingu á b-lið 4. gr. þar sem segir að hægt sé að friða tiltekin svæði í sjó til verndunar villtra laxastofna. Ég greindi frá því að ég teldi mörg rök hníga að því að þessu ákvæði yrði breytt þannig að það tæki ekki einungis til verndunar villtra laxastofna heldur þyrfti að orða það með þannig að hér yrði rætt um villta stofna laxfiska því að undir það falla líka fiskar á borð við sjóbirting. Ég tel að nauðsynlegt sé að þessi grein nái líka til þeirra. Þess vegna ætla ég núna að greiða atkvæði með því að þetta mál fari til 3. umr., en ég áskil mér allan rétt, herra forseti, til þess að ræða þetta lítillega síðar við 3. umr. og leggja fram brtt. við þetta.

## *Lánasjóður landbúnaðarins, 2. umr.*

Stjfrv., 625. mál (lánstími). — Þskj. 1072, nál. 1256.

[16:48]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. Í nál. segir:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánstími lána frá Lánasjóði landbúnaðarins lengist úr 25 árum í 40 ár þegar lánað er til nýrra bygginga, jarðakaupa, ræktunar og þeirra framkvæmda sem teljast varanlegar. Þetta er lagt til þar sem það er talið skipta miklu að greiðslubyrði verði viðráðanleg.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Þetta mál var afgreitt frá landbn. 22. apríl 1998 og tveir hv. nefndarmenn landbn., þeir Ágúst Einarsson og Lúðvík Bergvinsson, skrifa undir með fyrirvara. Allir hinir eru án fyrirvara og styðja þetta mál.

[16:50]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum. Það er í raun ein lína og u.þ.b. 14 orð. Þess vegna þarf svo sem ekki vegna stærðar þess að hafa um það mörg orð. En þannig er málum háttað að fulltrúar jafnaðarmanna í landbn. hafa skrifað undir álit þetta með fyrirvara og þeir eru báðir með fjarvist í dag. Hins vegar hef ég fallist á það að við ljúkum 2. umr. um þetta mál og vek á því athygli og áskil þeim rétt til að koma ábendingum sínum um þetta litla frv. á framfæri við 3. umr. sem mér skilst að verði ekki tekin í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 3., 4. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:53.

# 132. FUNDUR

mánudaginn 25. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 1388, brtt. 1406 og 1416. — 3. umr.
2. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325. — 2. umr.
3. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386. — 2. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298. — 2. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

## *Varamenn taka þingsæti.*

[13:32]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafía Ingólfsdóttir bóndi, Vorsabæ, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir,
formaður þingflokks Framsfl."

Ólafía Ingólfsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi í næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Guðlaugur Þór Þórðarson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[13:33]

**Útbýting þingskjala:**

Búfjárhald, 543. mál, þskj. 1418.
Seðlabanki Íslands, 581. mál, brtt. VE, þskj. 1419.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afgreiðsla frumvarpa um skipan mála á hálendinu.

[13:34]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju með að Alþingi skyldi ekki ljúka þeim miklu málum, sem hér eru til meðferðar í dag, fyrir helgina eins og ríkisstjórnin þrýsti á um. Það er sérstaklega vegna þess að ástæða er til að gera sér vonir um að það hafi orðið ákveðin skoðanaskipti í stjórnarliðinu í sambandi við frv. til sveitarstjórnarlaga, hálendisfrv.

Tilefni þess að ég segi þetta, herra forseti, er að frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík, en í þeirra hópi var hæstv. forsrh. samkvæmt auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu fyrir helgi — auk þess er sérstaklega boðinn velkominn hér hv. varaþm. Guðlaugur Þór — skoruðu á ríkisstjórnina og Alþingi að fresta meðferð þessa máls sem nú á að fara að taka á dagskrá.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð nokkuð undrandi á því, herra forseti, þegar ég sá dagskrána. Það var ekki vegna þess að við stjórnarandstæðingar, a.m.k. við í þingflokki Alþb. og óháðra, höfum áhuga á því að bregðast því samkomulagi sem við gerðum heldur vegna þess að ég hélt að hæstv. forsrh. gæti orðið við áskorun á sjálfan sig. Ég vil þess vegna spyrja hann hvort hann hafi hugsað sér að standa undir því trausti sem hann auglýsti sérstaklega í Morgunblaðinu, að Sjálfstfl. væri búinn í sambandi við þessi mál. Sjálfstfl. og frambjóðendum hans er sko hægt að treysta. Ég treysti þeim út af fyrir sig ekkert sérstaklega en ég hugsa að það geri margir Reykvíkingar og ég spyr hann: Ætlar hann að standa við þessa yfirlýsingu, fyrsta og kannski síðasta kosningaloforð Sjálfstfl. í Reykjavík í þeim borgarstjórnarkosningum sem eru nýlega afstaðnar?

[13:36]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég er ekki viss um að R-listinn hafi haft samráð við Gylfa Þ. Gíslason, fyrrv. ráðherra, um allar sínar helstu yfirlýsingar. Það væri a.m.k. fróðlegt að vita það en hann skipaði sama sæti og ég. Við vorum í 30. sæti hvor á sínum listanum, þannig að um yfirlýsingar frambjóðenda var yfirleitt ekki haft samráð við mig sérstaklega frekar en að vænta megi þess að R-listinn hafi fundað mikið með Gylfa Þ. Gíslasyni um sumar þær yfirlýsingar sem þaðan komu. Það væri a.m.k. fróðlegt að fá upplýst hvort svo hafi verið.

Á hinn bóginn hefur það legið fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin stefndi að því að afgreiða þessi mál. Sá vilji ríkisstjórnarinnar hefur ekki breyst. Það stendur til af hennar hálfu að afgreiða þessi mál.

Hitt er annað mál og það hefur komið fram í umræðum, m.a. í þessum sveitarstjórnarumræðum, að það eru misvísandi upplýsingar í gangi um hvað í þessum frv. öllum felst. Ég tel því afar þýðingarmikið að þegar þessi löggjöf, svo mikilvæg sem hún er, liggur fyrir, þá verði af hálfu ríkisstjórnarinnar gefnar út ítarlegar upplýsingar og upplýsingarit um það sem í öllum þessum frv. felst. Þannig mundu ruglandi upplýsingar sem fram hafa komið, m.a. úr þessum ræðustól, ekki fá að gera fólkið í landinu órólegt. Til þess eru engin tilefni að mínu áliti.

[13:37]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Þá er það ljóst að frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjavík er ekki hægt að treysta, a.m.k. ekki öllum, a.m.k. ekki þeim sem situr í heiðurssætinu, 30. sæti. Hve oft höfum við hlustað á að það sé misskilningur hjá öllum sem eru á öndverðri skoðun við stjórnarflokkana í þessu máli. Fyrst birtu 90 virtir einstaklingar áskorun til stjórnarmeirihlutans og ríkisstjórnar, virtir einstaklingar, fagaðilar, sérfræðingar, prófessorar. Misskilningur.

Síðan var það stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík sem lýsti yfir eindregnum stuðningi við baráttu Ólafs Arnar Haraldssonar og málflutning hans í hálendismálunum á Alþingi. Misskilningur. Öll náttúruverndarsamtökin hafa ályktað í þessu máli og skorað á ríkisstjórnina og hver er áskorunin? Fresta. Leyfa frekari skoðun á þessu. Misskilningur. Nú er það borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna og þá er ekki haft samband við alla, ekki þann sem situr í neðsta sætinu, kannski ekki 10 neðstu. Hve margir ætli þeir séu úr borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna sem lofuðu því og stóðu með flokk sínum? Ætli þeir hafi ekki misskilið málið líka, enda skilur ekki fólk með meðalgreind þetta frv., miðað við málflutning stjórnarmeirihlutans.

Herra forseti, í tveimur leiðurum í Morgunblaðinu er lögð er áhersla á misskilinn metnað þingmanna og ráðherra, hann skuli lönd og leið, og talað um að það eigi að taka mið af vilja borgarstjórnarflokksins hjá Sjálfstfl. og Alþingi og ríkisstjórn er bent á að sýna hyggindi í þessu stóra máli. Allir með misskilning.

[13:40]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist, fyrst þetta mál er komið á dagskrá, þ.e. yfirlýsingar frá borgarstjórnarminnihlutanum í Reykjavík. Þegar ég las leiðara Morgunblaðsins 24. maí, þ.e. daginn eftir kjördag, og skoðaði aftur yfirlýsingar þeirra, þá velti ég fyrir mér, hver var eiginlega tilgangur borgarstjórnarminnihlutans, að koma með svona yfirlýsingu á kjördag. Þar segir m.a.:

„Við heitum því að beita okkur fyrir því af alefli — náum við meirihluta í borgarstjórn — að þjóðarsátt verði um þetta mikla hagsmunamál allra landsmanna."

Er verið að segja og má skilja orð hæstv. forsrh. hér svo að fyrst að sigur vannst ekki í Reykjavík, þá sé ekki hlustað á þetta? Þeir hefðu gert það að öðrum kosti? Svona málflutningur er alveg með ólíkindum.

[13:41]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hæstv. forsrh. er einn af frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjavík. Frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík tóku þá ákvörðun að skora á ríkisstjórn hans og hann sjálfan um að fresta afgreiðslu málsins. Er hann að segja okkur að það hafi ekkert samráð verið haft við hann, forsrh., um þá samþykkt sem gerð er í hans nafni sem frambjóðanda? Mér fyndist það nú harla ólíklegt, ef frambjóðendur Reykjavíkurlistans hefðu tekið upp á því að senda frá sér einhverja áskorun sem varðaði fyrrv. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason og skorað væri á þann fyrrv. þm. að gera eitthvað, grípa til einhverra aðgerða, að þá hefði ekki verið leitað samráðs við hann um það. Ég tel ólíklegt að Reykjavíkurlistinn hefði ekki spurt doktor Gylfa Þ. Gíslason ef Reykjavíkurlistinn hefði gert samþykkt um að skora á hann að gera eitthvað. (**RG:** En ef hann hefði verið formaður flokksins?) Hvað þá heldur ef hann hefði verið formaður flokksins.

Ég spyr hæstv. forsrh. mjög einfaldlega: Var ekkert samráð haft við hann þegar ákveðið var að senda fjölmiðlum, í hans nafni sem frambjóðanda Sjálfstfl. í Reykjavík, áskorun á hann sjálfan um að grípa til tiltekinna aðgerða? Vissi hann ekkert af því? Hafði borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. ekkert samráð við hann um það? Kom honum það eitthvað á óvart, hæstv. forsrh. og frambjóðanda til borgarstjórnar í Reykjavík.? (**SJS:** Er þetta örugglega sami maðurinn?) Ja, ég held að þetta hljóti að vera sami maðurinn, a.m.k. eru þeir skráðir til heimilis á sama stað samkvæmt auglýsingu. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Var honum ekkert gert viðvart um það hvaða áskorun var verið að beina til hans í nafni hans sjálfs?

[13:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög undarleg umræða. Þetta snýst ekkert um það hvað skrifað er í Morgunblaðið og snýst ekkert um það hvað einstakir frambjóðendur hafa sagt í sveitarstjórnarkosningum sem er lokið.

Auðvitað verður hver og einn að hafa sína skoðun á þessu máli eins og öðrum. Það kemur mér á óvart að stjórnarandstaðan á Alþingi vilji framkvæma í einu og öllu það sem stendur í Morgunblaðinu. Það er alveg nýtt. En málið snýst um að meiri hluti Alþingis óskar eftir því að ljúka þessu máli með lýðræðislegum hætti. Ég hafði haldið fram að þessu að það væri þessi meiri hluti sem skipti máli. Stjórnarandstaðan vill koma í veg fyrir það að lýðræðið virki hér á Alþingi og það dugir ekki að beita Morgunblaðinu eða einstökum frambjóðendum Sjálfstfl. fyrir sig í þeim efnum.

Stjórnarandstaðan á bara að viðurkenna að hún vill koma í veg fyrir að lýðræðið virki hér á Alþingi og hefur gert sitt ýtrasta til þess að koma því í framkvæmd, en nú er ekki nóg að búið sé að ræða þetta í eina 10 daga eða hálfan mánuð, stjórnarandstaðan telur það ekki nóg, lýðræðið hafi ekki sagt sitt. En, í guðanna bænum, verið ekki að beita Mogganum og frambjóðendum einstakra flokka í borgarstjórnarkosningum fyrir ykkur í þeim efnum. Viðurkennið þetta bara eins og þetta er.

[13:45]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég held að það sé ekki nema eðlilegt að við reynum að fá úr því skorið hvort sá Davíð Oddsson sem skrifaði undir áskorunina sem hér er til umræðu ... (**Forsrh.:** Sem skrifaði undir hvað?) Áskorunina. (**Gripið fram í:** Hún var í hans nafni.) Í hans nafni. Við þurfum að fá úr því skorið hvort a.m.k. einn af þeim sem bendlaður er við þessa yfirlýsingu, áskorun sem við erum að ræða um hér, sé sammála þeim hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni sem lagði frv. fram á þingi.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir áðan að það væri svo landlægur misskilningur hjá allri þjóðinni um hálendisfrv. að gefa

þyrfti út sérstakar leiðbeiningar með frv. til þess að koma efni þeirra til skila. Ég vil velta því upp hér hvort það geti ekki verið að hæstv. forsrh. hafi sjálfur misskilið þessi mál en afgangur þjóðarinnar hafi rétt fyrir sér. Er ekki ástæða til þess að draga þessi frv. til baka og skoða þau betur, ef þau eru svo óskýr og svo illa úr garði gerð að það þarf að gefa út sérstakar leiðbeiningar með þeim til þess að fólk skilji þau?

Ég held að sú staðreynd að gefa þurfi út sérstakar leiðbeiningar með frv. til þess að fólk átti sig á því, hljóti að vera til vitnis um að ástæða sé til að draga það til baka og reyna þá a.m.k. að vinna það betur, þannig að fólk skilji frv. áður en það verður lagt fram fyrir þingið.

[13:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Það er misskilningur að við höfum nokkurn áhuga á því, miðað við aðstæður, að gera tilraun til þess að stöðva þetta mál. Vandinn er sá að meiri hlutinn vill knýja málið fram og við höfum samið um það. Við munum standa við þann samning, a.m.k. minn þingflokkur. Það er alveg á hreinu, og stendur ekkert annað til.

Það sem vakti fyrir okkur var það að einn af frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjavík situr jafnframt hér, hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Tveir.) Og reyndar tveir í dag, þeim hefur fjölgað um 100%. Hann skoraði á sjálfan sig fyrir helgina að stoppa þetta frv. Ég var að spyrja um það. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að taka mark á þessari áskorun á sjálfan sig og þar við situr út af fyrir sig, en það er umhugsunarvert að í sama blaði Morgunblaðsins birtist heilsíðuauglýsing frá Sjálfstfl. í Reykjavík þar sem stóð: „Kosningar snúast um traust." Hver treystir mönnum sem halda á málum þannig að þeir eru augljóslega ekki að gera neitt annað en reyna að blekkja kjósendur eins og hér kemur á daginn í þessari umræðu?

Hæstv. forsrh. lýsir því jafnframt yfir að Sjálfstfl. hafi tekið ákvörðun um að svíkja eina kosningaloforðið sem hann gat efnt í Reykjavík úr því að hann lenti í minni hluta. Það var að stoppa þetta mál. Auðvitað hefði hæstv. forsrh. getað beitt sér fyrir því að fresta þessu máli, auðvitað gat hann það. En veruleikinn er sá að það var vísvitandi verið að reyna að blekkja kjósendur. Það er ekkert annað sem fyrir þeim vakti. Ég spyr hæstv. forsrh. að lokum: Úr því að þetta er þannig að málið var ekki borið undir hann, hafði hann samband við frambjóðendur Sjálfstfl. og sagði þeim skoðun sína strax og fréttatilkynningin birtist? Reyndi hann að leiða þá í sannleika um hver var afstaða hans í þessu máli eða hvað? Eða sat hann og þagði og tók þannig ábyrgð á alvarlegri tilraun til að blekkja kjósendur undir auglýsingu — um hvað? Um traust.

[13:48]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Það hefur verið rætt um borgarstjórnarflokk Sjálfstfl. Eins og menn þekkja er hann skipaður af borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum, jafnmörgum. Þeir gefa út yfirlýsingar í nafni flokksins, ekki í nafni allra frambjóðenda sem eru í sætum og eru aftarlega á listum eins og menn þekkja. Það er ekki haft samráð við þá um slík atriði.

Umræðan snýst um þessa hluti með mjög skrýtnum formerkjum. Við skulum ekki gleyma því að Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem R-listinn er þungavigtaraðili, styður þessa málsmeðferð.

Borgarstjórinn í Reykjavík reyndi nokkrum dögum fyrir kosningar að tala um frestun á tilteknu ákvæði sem fulltrúar R-listans í stjórn höfuðborgarsvæðisins höfðu hins vegar stutt. Þar eru hrein óheilindi á ferðinni, ekki hjá mér.

Hv. 12. þm. Reykv. kom hér upp og fór reyndar rangt með allt. Hún byrjaði að fullyrða að ég hefði skrifað undir einhverja yfirlýsingu. Tóm vitleysa. Byrjaði að fullyrða að ég hefði sagt að þjóðin hefði rangt fyrir sér og ég rétt, öll þjóðin hefði misskilið hlutina. Hvar sagði ég það? Það er jafnrangt og fyrsta fullyrðing þingmannsins. Ég sagði ekki neitt um það.

Hins vegar er meginefnið í yfirlýsingu frambjóðenda Sjálfstfl. í borgarstjórnarhópnum sú að vilja ná þjóðarsátt um málið. Þar er ekkert fullyrt. Við vitum það að meira að segja fulltrúar Alþb. munu reynast sáttir við málið þegar frv. það sem við höfum lagt fram í ríkisstjórninni verður afgreitt næsta haust. Það var frv. sem hefði nægt hv. þm. Alþb. Það mun verða afgreitt næsta haust og þá er náttúrlega komin þjóðarsátt, a.m.k. ætti stór hluti þjóðarinnar að vera sáttur við málið.

En það er ekki vanþörf á því að kynna þetta mál mjög rækilega. Því miður hafa einstakir þingmenn reynt að auka ruglandann í málinu, ekki hitt.

[13:51]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta er auðvitað alveg einstaklega neyðarleg uppákoma fyrir hæstv. forsrh. sem hér er afhjúpuð. Það er ekki síður vegna þess að hæstv. forsrh. blandaði sér með afar sérstæðum hætti í sveitarstjórnarkosningabaráttuna á síðustu sólarhringum. Það fór ekki fram hjá neinum, sem fylgdist með fjölmiðlum, að hátíðarsettið var sett í gang og það var eins og Bessastaðaávarp þar sem hæstv. forsrh., alvarleikinn uppmálaður, kom og talaði alvarleg orð til þjóðar sinnar og ekki síst íbúanna í Reykjavík, enda hann sjálfur í framboði.

Það hefur einnig verið upplýst, út frá orðum hæstv. utanrrh., að þetta er ekki bara einhver frambjóðandi og Mogginn sem dæmið snýst um. Þessi „einhverji frambjóðandi" er óvart hæstv. forsrh. Þetta mun vera sami maðurinn. Samkvæmt símaskránni eru að vísu tveir sem eru skráðir fyrir síma í Reykjavík með þessu nafni, Davíð Oddsson. Annar býr á Lynghaga 5 og hinn á Hrefnugötu 4. Ég vænti þess að þetta sé sem sagt hvor tveggja sami maðurinn, frambjóðandinn til sveitarstjórnar í Reykjavík, Davíð Oddsson, Lynghaga 5, og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, Lynghaga 5. Sé svo er þessi uppákoma auðvitað einstaklega neyðarleg.

Að öðru leyti, herra forseti. er óhjákvæmilegt að mótmæla orðum hæstv. utanrrh. um að stjórnarandstaðan vilji koma í veg fyrir að lýðræðið hafi sinn gang hér á þingi. Þetta mál snýst ekki um það. Hæstv. utanrrh. verður að skilja, eins og hæstv. forsrh. þarf að skilja, að það er ekki nóg að það berist tilkynning frá ríkisstjórninni um að mál eigi að afgreiða og að þá sé það gert tafarlaust og þegjandi og hljóðalaust. Þingræðið verkar ekki þannig. Um það snýst þetta mál. Því miður virðast þessir háu herrar, hæstv. ráðherrar, hafa tileinkað sér þá verstu þætti úr austrænum stjórnsýsluháttum að þetta eigi að gerast í formi tilskipana og tilkynninga um að þeirra vilji nái fram að ganga þegjandi, hljóðalaust og tafarlaust. Þetta er ekki þannig, a.m.k. ekki enn þá, á Alþingi Íslendinga.

[13:53]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. „Einstakir þingmenn hafa reynt að auka ruglandann í málinu", sagði hæstv. forsrh. Ég tel nú að við þingmenn stjórnarandstöðunnar í félagi við hv. þm. Ólaf Örn

Haraldsson höfum náð miklum árangri í þessum málflutningi okkar. Ég átti hins vegar ekki von á því að við næðum þeim árangri að frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík gengju í lið með okkur en það hefur tekist.

Við ætlum ekki að vinna gegn því samkomulagi sem við gerðum en þau tíðindi hafa orðið, frá því að samkomulagið var gert, að frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík hafa gengið í lið með stjórnarandstöðunni og skorað á ríkisstjórnina að fresta málinu. Það er mjög eðlilegt að við spyrjum, ekki síst þegar einn af þessum frambjóðendum er jafnframt forsrh. Íslands, hvort þessi afstaða hafi ekki nein áhrif.

Hæstv. utanrrh. sagði að menn væru með þessu móti að vinna gegn lýðræðinu. Er það þá hans álit að afstaða sjálfstæðismanna í Reykjavík, frambjóðenda Sjálfstfl. í Reykjavík, í málinu sé til þess fallin að vinna gegn lýðræðinu? Afstaða Morgunblaðsins sé til þess fallin að vinna gegn lýðræðinu? Þetta er auðvitað alveg fráleitt.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, aðeins færa hæstv. utanrrh. og flokksbræðrum hans hamingjuóskir, með okkur hinum, fyrir hinn glæsilega sigur sem við unnum saman í Reykjavík.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Hv. 12. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[13:55]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að fá að bera af mér sakir hér vegna þess að hæstv. forsrh. hélt því fram áðan að ég hefði haft rangt eftir í máli mínu áðan. Ég lagði það reyndar ekki á mig að punkta orðrétt niður eftir hæstv. ráðherra í upphafi þegar hann tók til máls en kjarni málsins var sá að það væri það mikill misskilningur í gangi um þessi frv. að það þyrfti að gefa út sérstakar leiðbeiningar um þau. Ég var fyrst og fremst að benda á það í ræðu minni, hvort sem ég hafði orðrétt eftir hæstv. forsrh. eða ekki.

Varðandi það hvort hann hafi skrifað undir einhverja yfirlýsingu eða ekki, þá er það staðreynd og hér er sérstök fréttatilkynning frá frambjóðendum Sjálfstfl. til borgarstjórnar í Reykjavík um að þeir samþykki að skora á ríkisstjórnina, að ljúka ekki afgreiðslu frv. um skipan mála á miðhálendinu þegar þing komi saman að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur fresta þeim til haustsins. Það er talað um frambjóðendur Sjálfstfl., herra forseti, og enginn þeirra frambjóðenda sem voru á listanum er undanskilinn. Það er því ekki óeðlilegt að fólk spyrji hver afstaða hæstv. forsrh. sé til þessara mála.

## *Um fundarstjórn.*

Afgreiðsla frumvarpa um skipan mála á hálendinu.

[13:56]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er alveg grafalvarlegt mál, jafnvel þó það sé grátbroslegt hvernig formenn stjórnarflokkanna, ekki síst forsrh. sem er ekki frambjóðandi í Reykjavík, bregðast við. Það er satt best að segja farið að verða frekar vandræðalegt að hlusta á að allir sem eru á öndverðri skoðun séu með misvísandi upplýsingar eða misskilning.

Herra forseti, (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn?) — já, þetta er um fundarstjórn — það er nefnilega þannig að frambjóðandi í 2. sæti hjá borgarstjórnarflokknum í Reykjavík er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og hann er formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga hefur í raun og veru haft lykilhlutverk í afgreiðslu þessa máls. Þegar formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst því yfir, með þeim hætti sem hér hefur komið fram, að hann vilji beita sér af öllum mætti fyrir því að þessu máli verði frestað, þá hlýt ég að benda hæstv. forseta á að það er fremur óeðlilegt að taka til við afgreiðslu málsins, sem er fyrst á dagskrá, vegna þess að félmn. hefur hlustað á formann Sambands ísl. sveitarfélaga í þessu máli. Það að hann skuli hafa tekið þátt í þessari áskorun til forustu síns flokks er stórt mál og afdrifaríkt fyrir afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég er aðeins búin að vera hér í níu ár en ég hélt að meiri hluti á Alþingi ætti sér bakland. Ég hélt að bakland meiri hlutans væru flokkarnir. Ég hef aldrei vitað að Sjálfstfl. væri ekki bakland meiri hluta Sjálfstfl. á Alþingi og þess vegna hefði það ekkert að segja hvað Sjálfstfl. sem slíkur ályktaði.

Ég vissi ekki að meiri hlutinn á Alþingi væri einhvers konar sérflokkur. En ég hef lýðræðið nokkuð á hreinu og geri mér grein fyrir því að það er lýðræðislegur réttur þingmanna að láta í ljós skoðun sína og flytja mál sitt á Alþingi. Síðan er það lýðræðislegur réttur meiri hlutans á Alþingi að beita atkvæðamætti sínum og afgreiða mál í fyllingu tímans.

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir þau orð sem féllu í öðrum af tveimur leiðurum Morgunblaðsins, þótt það fari í taugarnar á hæstv. utanrrh., að það er misskilinn metnaður ráðherra og þingmanna að reyna fremur að knýja mál hratt í gegnum þingið, fremur en að hlusta á raddir allra þeirra sem eru áhyggjufullir og óska eftir því að þessum hluta sveitarstjórnarlaganna verði frestað til haustsins.

[13:59]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill nú vekja athygli hv. þingmanna á því að fara varlega með þann möguleika sem gefinn er til þess að ræða fundarstjórn forseta og hefja ekki efnislegar umræður um mál.

[14:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Mér finnst skipta máli að vita hvort neðsti maður á lista minni hlutans í Reykjavík er sammála efsta manni á lista Sjálfstfl. í Reykjavík þegar gengið er til þingkosninga, ekki síst þegar haft er í huga að þetta er einn og sami maðurinn og þetta er forsrh. þjóðarinnar. Auðvitað skiptir okkur máli að vita hvort sá maður er sjálfum sér samkvæmur. En ástæða þess að ég vildi leggja orð í belg er að mér finnst þetta mál öðru fremur snúast um lýðræði og virðingu fyrir lýðræðinu.

Ég hef aldrei efast um að meiri hluti Alþingis geti knúið mál fram í krafti meiri hluta síns ef hann er staðráðinn í því. En við höfum verið að vekja athygli á því af hálfu minni hlutans að í þjóðfélaginu er mjög mikil andstaða gegn því að þau frumvörp sem nú eru til afgreiðslu verði knúin í gegn í vor. Því frv. sem verður rætt síðar í dag er 73% þjóðarinnar andvígt samkvæmt skoðanakönnun sem birt var í DV ekki alls fyrir löngu. Það má ályktа að enn stærri meiri hluti sé fylgjandi því að þessu máli verði frestað til haustsins. Þetta finnst mér vera mergurinn málsins, ekki síst í ljósi þess að ekkert knýr á um að þau frumvörp sem kennd hafa verið við hálendið — ég vildi frekar kenna þau við auðlindirnar vegna þess að það frv. sem kemur til umræðu á morgun er

miklu mikilvægara og afdrifaríkara að mínum dómi en sveitarstjórnarlögin — það er ekkert sem knýr á um að afgreiðslu þessara mála verði ekki frestað til haustsins. Mér finnst það vera áhyggjuefni, hæstv. forseti, ef þing og þjóð geta ekki átt samleið í þessu máli sem öðrum.

[14:02]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég vil bara undir þessum lið taka fram að ég geri engar athugasemdir við fundarstjórn forseta.

## *Sveitarstjórnarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 1388, brtt. 1406 og 1416.

[14:03]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson):**

Herra forseti. Félmn. kom saman nokkrum sinnum eftir 2. umr. um málið og skoðaði sérstaklega nokkrar greinar frv. Þar ber fyrst að geta 7. gr. varðandi þá brtt. sem samþykkt var við 2. umr. þar sem fram kemur að sveitarfélög skuli setja sér arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni ...

(**Forseti** (StB): Forseti sér ástæðu til að vekja athygli hv. þingmanna á því að það ber nauðsyn til þess að leita afbrigða og verður þeirra leitað að lokinni ræðu hv. þm. sem heldur áfram ræðu sinni.)

Ég var að segja frá því að fjallað var um ákvæði og brtt. við 7. gr. Síðan var fjallað um ákvæði 68. gr. um endurskoðendur sveitarfélaga en í frv. kemur fram að sveitarfélögum sé heimilt að fela sérstökum endurskoðunarstofnunum á vegum sveitarfélaga að annast endurskoðun sveitarsjóða, stofnana og fyrirtækja þeirra. En það kom einmitt fram gagnrýni eða athugasemd við þetta ákvæði m.a. frá Félagi löggiltra endurskoðenda fyrir 2. umr.

Síðan fjallaði félmn. um ákvæði 1. gr. og í því sambandi voru boðaðir til fundar einir tíu aðilar sem ræddu um þá grein sérstaklega.

Félmn. ræddi einnig 11. gr. þar sem kveðið er á um heiti sveitarstjórna, um 12. gr. þar sem fjallað er um fjölda fulltrúa í sveitarstjórnum og loks 91. gr. þar sem kveðið er á um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga.

Eftir þessa umfjöllun hefur meiri hlutinn ákveðið að leggja fram eina brtt. sem fjallar reyndar um annað en ég kannski hef komið að. Hún er við 11. gr. þar sem í 2. mgr. kemur fram í frv. að í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn. En ég vil rifja það upp að við afgreiðslu frv. til laga um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps fyrr í vor þurfti að gera breytingu samhljóða þessari vegna þess að Reykjavíkurborg er ekki heiti á því sveitarfélagi heldur heitir það sveitarfélag Reykjavík. Þess vegna er þessi brtt. til komin.

Svo ég nefni aðeins þær greinar sem hér hefur verið tæpt á þá var það sérstaklega rætt varðandi 7. gr. um arð og það að sveitarfélög geti sett sér arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið, hvað skuli teljast eðlilegur arður eins og kemur fram í frv. og er það svona almennur skilningur að þarna sé um að ræða hlutfall sem er nálægt því að vera innlánsvextir. Og um arðgreiðslugrunn. Í brtt. er sagt að það sé fjármagn sem bundið er í rekstri viðkomandi fyrirtækja. Sérstaklega var um þetta rætt í nefndinni út frá Hitaveitu Reykjavíkur og það hefur almennt verið gert í þessari umræðu, þ.e. tekið dæmi af því fyrirtæki og það kom fram í umræðum í nefndinni að ekki væri eðlilegt að miða eignir sem bundnar eru t.d. í veitingahúsinu Perlunni við arðgreiðslugrunn.

Fjölmargt fleira kom fram í umræðunni um þetta ákvæði og eitt af því var það álit að þetta ákvæði virki ekki síður sem skorður við óhóflegum arði sveitarfélaga af fyrirtækjum sínum, en alþekkt er að sveitarfélög úti um landið láta tekjuafgang af fyrirtækjum sínum, kannski fyrst og fremst veitufyrirtækjum, renna í sveitarsjóði.

Einnig kom fram í skjalinu með þessari brtt. á sínum tíma að gert er ráð fyrir að fram fari endurskoðun á lögum um vatnsveitur og á orkulögum sem er auðvitað mjög mikilvægt og er lykilatriði í þessu sambandi og gert er ráð fyrir því að þau mál komi til umræðu á næsta þingi.

Eins og komið hefur fram hafa verið skiptar skoðanir um þetta en meiri hluti félmn. gerir ekki tillögu um frekari breytingar á þessu atriði.

Aðeins varðandi 68. gr. Nefndin ræddi sérstaklega um fyrirkomulag endurskoðunar hjá sveitarfélögum en ljóst er samkvæmt frv. að meginreglan er sú að allar sveitarstjórnir ráði til sín löggilta endurskoðendur sem vinna að endurskoðun hjá viðkomandi sveitarfélögum og í frv. er gert ráð fyrir strangari ákvæðum en eru í gildandi lögum þar sem einungis sveitarfélög með fleiri en 500 íbúa voru skyldug til þess að hafa löggilta endurskoðendur. En hér er gert ráð fyrir að öll sveitarfélög skuli hafa þann háttinn á.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að sveitarstjórn hafi heimild til þess að fela sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum viðkomandi sveitarfélags að endurskoða reikninga sveitarsjóðs, stofnana þess og fyrirtækja. Það er mikilvægt að fram komi að samkvæmt frv. skal slík stofnun heyra beint undir sveitarstjórn og vera óháð nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum frv. Þetta er gert sérstaklega til að tryggja sem best sjálfstæði endurskoðunar sem fram fer á vettvangi slíkra endurskoðunarstofnana. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á gildandi lögum um endurskoðendur sem voru samþykkt á Alþingi árið 1997 en þar er mörkuð sú meginstefna að endurskoðendur séu sem óháðastir þeim sem þeim er falið að endurskoða. Meiri hluti félmn. bendir sérstaklega á að í þeim lögum er kveðið á um hæfi endurskoðenda og sveitarfélög verða því að sjálfsögðu að hlíta þeirri leiðsögn sem þar er gefin þegar þau taka ákvörðun um hvernig staðið skuli að fyrirkomulagi endurskoðunar í sveitarfélagi.

Herra forseti. Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi koma á framfæri við þessa umræðu. Að lokum hvet ég til þess að frv. verði afgreitt hið fyrsta sem lög frá Alþingi.

[14:10]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fyrri umræður um þetta frv. gerði ég og reyndar fleiri þingmenn stríðar athugasemdir við síðustu mgr. 7. gr. þar sem fjallað er um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Ég gagnrýndi sérstaklega að enga leiðbeiningu var að finna í greinargerð eða í máli frsm. við 2. umr. um það hvernig bæri að túlka orðin „eðlilegur afrakstur“. Auðvitað má segja að hv. þm. og frsm. nefndarinnar, Magnús Stefánsson, hafi sett undir þennan leka. Það kemur fram í máli hv. þm. að nefndin telur að eðlilegur afrakstur sé sem svarar innlánsvöxtum.

Ég vík hins vegar að því, herra forseti, af því að hér hafa menn verið að vísa í ritstjórnargreinar Morgunblaðsins. Það hefur að vísu komið fram hjá stjórnarliðinu að lítið sé að marka þær. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að gaumgæfa vel það sem í þeim stendur. Ég vek sérstaka athygli á því að þar var einmitt vísað í orð Ingimundar Sigurpálssonar sem mun vera bæjarstjóri í einu stóru sveitarfélagi nálægt Reykjavík þar sem Ingimundur bæjarstjóri gerði athugasemdir við að það ætti að reikna sér arðinn af því fjármagni sem er bundið í rekstri fyrirtækjanna. Hann var þeirrar skoðunar, eins og ég er, að miklu heppilegra og vænlegra væri fyrir íbúa sveitarfélaganna að miðað yrði við það fjármagn sem viðkomandi sveitarfélag hefði beinlínis lagt til þessara fyrirtækja. Ég tel að það væri miklu æskilegra að hafa þetta líka vegna þess að í því er fólgin meiri vernd fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélags. Ég veit vitaskuld að þetta leiðir til þess að pyngja sveitarsjóðsins verður digrari. En ef farið væri að ráðum mínum og Ingimundar Sigurpálssonar mundi það koma sér miklu betur fyrir pyngjur neytendanna.

[14:12]

**Frsm. meiri hluta félmn. (Magnús Stefánsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru einmitt sjónarmið sem eru þekkt úr umræðunni undanfarið. En ég vil ítreka það sem ég sagði í framsögu minni að gert er ráð fyrir endurskoðun orkulaga og laga um vatnsveitur og það er auðvitað lykilatriði í þessu máli því að við þá endurskoðun verður nánar kveðið á um þessi atriði og þar munu skýrari línur koma fram um þessi mál.

[14:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að það sé talsvert framfaraspor hjá nefndinni eða meiri hluta nefndarinnar að hafa markað leiðbeiningar. Ræða hv. þm. Magnúsar Stefánssonar sem hér liggur fyrir er lögskýringargagn af því að hann er frsm. En ég tel að niðurstaðan hefði getað orðið farsælli. Þetta er hins vegar fyrir mér enn eitt dæmi um að þetta frv. tekur fyrst og fremst mið af þörfum og óskum sveitarstjórnarmanna en ekki endilega þeirra sem búa í sveitarfélögum samanber hina óskaplegu 1. gr. og bráðabirgðaákvæði frv. Þess vegna ítreka ég þetta, herra forseti, og áskil mér allan rétt til þess undir þessari umræðu að leggja fram brtt. við þessa síðustu mgr. 7. gr.

[14:13]

**Útbýting þingskjals:**

Sveitarstjórnarlög, 288. mál, brtt. RG o.fl., þskj. 1423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1423. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

[14:16]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, 3. þm. Vesturl. og talsmanns meiri hlutans við þessa umræðu, hittist hv. félmn. á milli umræðna og fór yfir nokkrar greinar þessa frv. Það var gert vegna þess að komið höfðu fram athugasemdir við 2. umr. og okkur höfðu borist bréf og athugasemdir sem snertu nokkrar greinar þannig að okkur fannst rétt að skoða þær nánar. Ég ætla að láta 1. gr. aðeins bíða sem er eitt stærsta deilumál þessa frv. en mig langar aðeins að ræða um aðrar þær greinar sem við ræddum.

Þar er fyrst að nefna 7. gr. en eins og þingmenn eflaust minnast var lögð fram brtt. varðandi hana. Sú brtt. kom til nefndarinnar þegar vinnsla málins var nokkuð langt komin og að mínum dómi hefði þurft að gefast góður tími til að skoða þetta mál sérstaklega vegna þess að það er alveg ljóst að um það eru skiptar skoðanir hversu ríkar heimildir sveitarfélögin hafa til þess að taka sér arð, hvernig eigi að reikna hann út og að hve miklu leyti það stenst stjórnarskrána að opinber fyrirtæki geti tekið arð af starfsemi sinni. Segja má að hér sé málið í raun og veru skilið eftir þannig að það verður tekið á skilgreiningum í einstökum lögum en því er ekki að neita að sú heimild er býsna víð sem er verið að veita eins og hún hljóðar í frv.

Ég vil láta það koma skýrt fram, hæstv. forseti, að ég hef miklar efasemdir um hvort það sé nægilega gott og hvort það sé rétt að skilja málið eftir jafnopið og það er. Þess vegna er sú skilgreining sem hv. þm. Magnús Stefánsson kom áðan með í máli sínu mjög mikilvæg. Hún byggist m.a. á því sem fram kom í máli borgarlögmanns í Reykjavík og einnig kom það fram í máli þeirra bæjarstjóra sem komu á fund nefndarinnar að skilningur þeirra var svipaður að heimild til þess að taka arð eða greiðslur og miða gjaldskrár við það að fyrirtækin skili einhverjum arði, þær hljóta að miðast við það að fyrirtækin standi undir rekstri sínum, standi undir skuldbindingum, standi undir nauðsynlegum fjárfestingum og öðrum þeim kostnaði sem kann að falla til. Þessar skilgreiningar þurfa að vera mjög skýrar. Þetta þarf að vera mjög skýrt. Þó að sveitarstjórnarmenn segi hátt og skýrt að þeir þurfi að hafa heimildir til þess að taka einhvern arð af fyrirtækjum sínum, menn séu að safna í sjóði til framtíðarinnar eða til væntanlegra breytinga, þá er alveg ljóst að stjórnarskráin takmarkar heimildir sveitarstjórna til þess að taka greiðslur sem eru umfram kostnað.

Þar liggja að baki þær athugasemdir sem umboðsmaður Alþingis hefur gert enda hefur hann fengið fjölmörg slík mál til sín. Við í félmn. fengum m.a. sendan nýjan dóm. Það var bæjarstjórinn í Garðabæ, Ingimundur Sigurpálsson, sem sendi okkur nýjasta dóminn sem varðar þessi mál og þar er Hæstiréttur að ítreka að í þessu tilviki, Skeggjastaðahreppi, var ekki heimilt að taka þau gjöld sem hann hafði tekið. Fyrirtæki sem fór í mál vann það fyrir Hæstarétti. Þetta er mál sem ég held að hljóti að koma mjög til kasta sveitarfélaganna á næstu árum, hvernig þau geta miðað tekjuöflun sína við þær þröngu heimildir sem þau hafa.

Því er ekki að leyna, hæstv. forseti, að þetta er stórmál fyrir Reykjavíkurborg þar sem t.d. fyrirtækið Hitaveita Reykjavíkur hefur verið mjög mikilvægt í tekjuöflun borgarinnar. Þess vegna þarf að finna ásættanlegan milliveg en það róaði mig töluvert þegar borgarlögmaður Reykjavíkur upplýsti að sá arður eða þær tekjur sem höfðu runnið í borgarsjóð frá Hitaveitu Reykjavíkur hefðu miðast við 5–6% vaxtagreiðslur eða miðað við eðlilega vexti af eignum og skuldum.

Ég hygg, hæstv. forseti, að þó að við skiljum við þetta svona hér og ég ítreka efasemdir mínar um hvort ekki hefði verið nauðsynlegt að skilgreina þetta betur og ítreka þann skilning minn að verið sé að setja sveitarfélögunum ákveðin takmörk, þá er ég viss um að þessi mál eiga eftir að koma upp aftur og menn munu lenda í því strax í haust. Ég vona að staðið verði við það að nauðsynlegar lagabreytingar eins og

varðandi orkulög og fleira komi strax í haust þannig að þetta verði alveg skýrt og einstaklingar séu ekki að standa í kærumálum og fara jafnvel í mál við sveitarfélögin. Þetta þarf einfaldlega allt að vera mjög skýrt hvað sveitarfélögunum leyfist í þessu efni.

Þá vil ég nefna að það kom í ljós í umræðum nefndarinnar að ekki var vilji til þess að gera breytingar á 11. gr. frv. en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur þegar lagt fram brtt. hvað það mál varðar og hann mun væntanlega gera grein fyrir henni annaðhvort í þessari umræðu eða þegar hún kemur til atkvæða en ég get tekið undir það með honum að orðalag hefði mátt vera skýrara og hefði mátt sleppa þessari upptalningu þó að ljóst sé að sveitarstjórnir geti valið að kjósa hvort þær kalla sig sveitarstjórn, hreppsnefnd eða hvað þær vilja.

Það var líka ljóst og við ræddum það reyndar afar lítið varðandi 12. gr. þar sem bent hefur verið á það við 2. umr. hvort sú takmörkun sem þar er að finna í a-lið þar sem talað er um að fjöldi sveitarstjórnarmanna skuli vera þrír til fimm, hvort það að leyfa að ekki séu nema þrír í sveitarstjórn sé ekki fulllág tala. Það var ákveðið að gera ekkert í þessu, láta þetta standa og sveitarstjórnirnar verða að ákveða það sjálfar við hvað þær miða en þriggja manna sveitarstjórn er afar lítil og hætt við að lítil umræða verði í slíkri stjórn.

Þá var töluvert rætt um endurskoðendur og nefndin velti því fyrir sér hvort rétt væri að gera breytingar varðandi þá grein í þá veru að það væri alveg ljóst að sveitarstjórnir verði að ráða sér óháða endurskoðendur, endurskoðendur sem væru ekki starfsmenn sveitarfélagsins. Því miður ákvað meiri hlutinn að gera ekki breytingar á þessari grein. Skoðun mín er sú að öll sveitarfélög eigi að ráða sér óháða endurskoðendur, sama hvort það er Reykjavíkurborg eða einhverjir aðrir og Reykjavíkurborg verður þá að breyta fyrirkomulagi sínu og fela endurskoðendum sínum fyrst og fremst það verk að annast innri endurskoðun fyrir borgina.

Það kom fram hjá borgarlögmanni, Hjörleifi Kvaran, að stigin hafi verið stór skref í þá veru að fjarlægja endurskoðanda borgarinnar stjórnsýslunni eins og hægt væri, flytja hann í annað hús og reyna að sjá til þess að hann væri ekki í daglegum samvistum við aðra starfsmenn. Að mínum dómi dugar ekki að treysta á það að endurskoðandi, ef hann er ráðinn af viðkomandi sveitarfélagi og er starfsmaður þess, teljist fullkomlega óháður. Það er einfaldast og hreinast að hafa þetta algerlega skýrt. Endurskoðendur eiga að vera algerlega óháðir. Í þessari umræðu hefur verið vísað til og staða endurskoðenda borgarinnar borin saman við Ríkisendurskoðun. Þetta er ekki á nokkurn hátt sambærilegt. Þegar Ríkisendurskoðun er að endurskoða stofnanir ríkisins úti í bæ verður að hafa það í huga að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Henni er stjórnað af Alþingi. Þetta er bara eitt af þeim málum sem er brýnt að hafa sem allra skýrast og ég held að menn munu verða að breyta þessu og það kom reyndar fram í bréfi sem hv. félmn. barst frá stjórn endurskoðenda. Þeir munu láta málið til sín taka og það gæti leitt til þess að starfsmenn Endurskoðunar Reykjavíkurborgar gætu hreinlega lent í vandræðum vegna þess að það er álit félagsins að það fyrirkomulag sem er hjá Reykjavíkurborg standist ekki lögin um endurskoðendur. Ég held að menn muni neyðast til að breyta þessu þó að það sé ekki vilji til þess nú.

Þá var því einnig beint til nefndarinnar að skoða ákvæði sem snýr að sameiningu sveitarfélaga. Við ræddum það afar lítið enda ljóst að ekki var vilji hjá meiri hlutanum til þess að gera breytingar en ég tek enn og aftur undir þau sjónarmið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur sett fram um að eðlilegt sé að kjósendur í sveitarfélögum fái að kjósa aftur ef niðurstaðan verður einhver allt önnur en stefnt var að í upphaflegum kosningum. Í sjálfu sér er ekkert sem bannar þetta. Mér finnst þetta eðlileg lýðræðisleg krafa því að það sem kemur út úr fyrstu kosningum ef sameining er felld í einu sveitarfélagi þá gæti sameining hinna þriggja, ef um fjóra væri að ræða, orðið þannig að hún breytti það mikið myndinni að ekki væri lengur meiri hluti fyrir þeirri sameiningu. Ég held að það væri eðlilegt að þá væri kosið aftur eins og menn hafa gert hingað til.

Þetta voru þær greinar frv. sem við skoðuðum misjafnlega ítarlega. Það var fyrst og fremst 7. gr. og greinin um endurskoðendur sem voru ræddar ítarlega en eins og ljóst má vera þá leggur meiri hlutinn aðeins til eina breytingu við 3. umr. og það er fyrst og fremst leiðrétting á orðalagi.

Ég ætla þá aðeins að víkja að 1. gr. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, hæstv. forseti. Eins og við heyrðum við upphaf þingfundar virðist alveg ljóst að það er enginn vilji til þess að setjast yfir málið að nýju og skoða það rækilega í ljósi allra þeirra mótmæla og þeirra funda sem hafa verið haldnir til þess að reyna að knýja á um frestun málsins. Hér er meiningin að afgreiða málið á þessu vori þrátt fyrir að mjög margir og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu beri ugg í brjósti varðandi framtíðarskipan þessara mála og að það skuli eiga að skipta landinu upp á milli sveitarfélaganna eins og lagt er til í frv. Okkur þingmönnum hefur borist fjöldi bréfa og ályktana eftir að 2. umr. lauk og aðeins blönduðust þessi mál inn í kosningabaráttuna í Reykjavík eins og áðan kom fram.

Ég harma auðvitað, hæstv. forseti, að menn skuli ekki gefa sér tíma til þess að skoða þetta mál betur og reyna að komast að niðurstöðu sem fleiri geti sætt sig við. Ég ítreka það varðandi það frv. sem hér kom fram, varðandi breytingar á skipulags- og byggingarlögum, að mér finnst það koma nokkuð til móts við sjónarmið mín í þessu máli. Þó ég hefði kosið að þetta svæði væri ein stjórnsýslueining undir sameiginlegri stjórn landsmanna, þá tengdist stuðningur minn við að fara þá leið að gera breytingar á skipulags- og byggingarlögunum fyrst og fremst því að ég sá möguleika á að sætta sjónarmið sem mjög langt er á milli. Mér finnst að við verðum að halda því mjög til haga að frv. til breytingar á skipulags- og byggingarlögum verði lagt fram næsta haust og ég vona að það fái mjög skjóta meðferð þannig að það dagi ekki uppi.

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að skoðanir fólks eru mjög skiptar um þetta mál. Á undanförnum vikum hefur maður varla hitt manneskju innan bæjar sem utan sem ekki hefur rætt þetta mál og haft miklar áhyggjur af því hvað verið væri að gera. Þetta tengist því að fólk hefur áhyggjur af því hvernig landið muni verða nýtt í framtíðinni, hvort hömlur kunni að verða settar á ferðir fólks um landið, hvort sveitarfélög fari að taka gjald fyrir umferð eða þjónustu á hinum ýmsu svæðum og hvernig þessum málum verði yfirleitt háttað. Að ekki sé talað um það hvort öll þessi fjölmörgu sveitarfélög sem þarna eiga hlut að máli eru þess megnug að skipuleggja og stjórna þessum svæðum, svo gott megi teljast. Það er mjög eðlilegt að fólk hafi miklar áhyggjur af þessu, fyrir utan þá sterku tilfinningu sem mjög margir hafa gagnvart hálendi Íslands, að það sé sameign þjóðarinnar eins og það hefur verið um aldir.

Hálendið hefur að mestu leyti verið almenningur sem fólk hefur farið um fyrr á öldum í ferðum milli Suðurlands og Norðurlands t.d. þegar menn riðu til Alþingis. Það hefur auðvitað verið nýtt til beitar og til einstakra hluta annarra, fyrir utan útilegumenn sem þar hafa búið tímabundið. Ég held að það sé afar sterk tilfinning hjá mjög mörgum að þetta svæði sé sameign þjóðarinnar og reyndar kemur þjóðlendufrv. nokkuð á móts við þá skoðun. Þjóðlendurnar verða skilgreindar sem eign þjóðarinnar í heild. Það er því mjög brýnt að fylgjast grannt með því hvernig farið verður með þær og hvernig þær muni tengjast skipulagsmálum að öðru leyti.

Ég fæ ekki séð, hæstv. forseti, að miklu verði breytt úr þessu með þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir í frv. til sveitarstjórnarlaga eins og það liggur frammi eftir 2. umr. Mér sýnist ekki að miklu verði breytt. Það er ekki einu sinni hlustað á borgarstjórnarflokk Sjálfstfl. frekar en aðra sem fara þess á leit að þessum málum verði frestað og þau verði skoðuð betur. Þeim mun mikilvægara er, hæstv. forseti, að fylgjast vel með því hvernig þessum málum verður framfylgt, hvernig sveitarfélögin munu koma að skipulagsmálunum í framtíðinni, hvernig auðlindanýtingu verður háttað og hvernig hagsmunir almennings í landinu verða tryggðir, bæði í lögum og í nýtingu á þessu landi okkar sem er svo miklu meiri auðlind en menn vilja viðurkenna í dag.

[14:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki alveg fallist á það sem hv. þm. sagði um afstöðu manna til ákvæða, þess frv. sem hér liggur fyrir, um miðhálendið. Hv. þm. sagði að skoðanir væru mjög skiptar. Ég er ekki viss um að þær séu mjög skiptar nema innan þessara veggja. Þegar þetta mál var að byrja í umræðu var gerð skoðanakönnun í DV. Þar kom fram að 73% þjóðarinnar voru alfarið á móti þeim ákvæðum. Það er þó ekki það sem ég ætlaði að ræða um heldur afstaða hv. þm. til 5. mgr. 7. gr., þ.e. arðgjafarákvæðisins.

Mér finnst það vera viðurhlutamikið þegar formaður félmn. kemur hingað og lætur eiginlega að því liggja að ákvæðið, eins og það liggi fyrir, sé brot á stjórnarskránni. Mér var ekki kunnugt um það. Ég sit ekki í þessari nefnd en ég er áhugamaður um þetta ákvæði. Ég er á móti því og ég tel að það sé jákvætt að það komi fram hjá formanni nefndarinnar að hún telji að þetta sé ekki nægilega skýrt nú þegar, það þurfi að slá þetta frekar í gadda. Ég er þeirrar skoðunar.

Ég er hins vegar alfarið þeirrar skoðunar og vil að það komi fram, herra forseti, að ég er á móti framsetningu þessa ákvæðis. Ég tel að þegar sveitarfélög eru búin að greiða niður stofnkostnað við fyrirtæki sem þau eiga, með gjaldtöku fyrir þjónustu sem þau selja, þá eigi auðvitað gjaldskráin að lækka. Það á ekki að nota þetta endalaust til þess að taka skatt af íbúum sveitarfélaganna.

Með ákvæðinu eins og það liggur fyrir núna og þeirri leiðbeiningu sem kemur frá meiri hluta nefndinnar liggur fyrir að hægt er að taka sem svarar innlánsvöxtum af fjármagni sem er bundið í rekstrinum. Ég er á móti því. Þegar búið er að greiða niður kostnaðinn af þessum þjónustufyrirtækjum, þá á gjaldskráin að taka mið af því og lækka. Það á ekki að nota þetta til þess að taka fjármagn sem eins konar skatt og nota til annars konar uppbyggingar. Ég er alfarið á móti því.

[14:38]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. skildi mál mitt rétt. Ég hef miklar efasemdir um að þetta standist eins og orðalagið er hér og ætlunin virðist að gera þetta. Ég er ekki ein um þá skoðun.

Við kölluðum m.a. á okkar fund Kristján Andra Stefánsson, lögfræðing í forsrn., sem setti líka fram efasemdir um að þetta standist. Rökin sem menn koma með á móti eru hins vegar þau að þessi ákvæði verði skilgreind í einstökum lögum. En í raun og veru má skilja þetta mjög vítt þar sem talað er um „rekstur fyrirtækja sinna“ — hvað eru fyrirtæki sveitarfélaganna? Það er býsna vítt hugtak. Er t.d. átt við dagvistarstofnanir, grunnskóla? Það byggist auðvitað á því hvar gjöld eru tekin. Eins og þetta er þá er þetta býsna vítt.

Hins vegar held ég að við getum verið sammála um það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og ég, að þær tekjur sem t.d. borgarsjóður Reykjavíkur hefur haft af Hitaveitunni skipta borgina gríðarlega miklu máli. Hér snýst málið um það að reyna að finna leið sem tryggir að t.d. Reykjavíkurborg verði ekki fyrir miklu tekjutapi. Sú löggjöf sem við erum að setja verður að standast stjórnarskrána og við verðum að hafa í huga þær athugasemdir sem umboðsmaður Alþingis hefur hvað eftir annað gert við gjaldtöku sveitarfélaga. Þetta verður allt að standast.

Þar á móti kemur að hér er praxís sem hefur verið í gildi og hefur verið við lýði í mörg ár. Ég ítreka það að ég lít þannig á að hér sé verið að þrengja, miðað við það sem verið hefur, en ég er samt ekki viss um að þetta standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

[14:40]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar sem hún færði inn í þessa umræðu. Hún segir að á fund nefndarinnar hafi komið lögfræðingur í forsrn., trúnaðarmaður hæstv. forsrh., og hann hafi dregið það í efa að frv., eins og það liggur fyrir af hendi ríkisstjórnarinnar, þar á meðal yfirmanns þessa lögfræðings, hæstv. forsrh., standist stjórnarskrá. Getur það verið, herra forseti, að hér sé ríkisstjórnin virkilega að reyna að knýja í gegn mjög umdeilt ákvæði, sem kemur ekkert við þeim deilum sem hafa að öðru leyti staðið um þetta frv., sem brýtur í bága við stjórnarskrána?

Ég skal ekki taka svo djúpt í árinni að ég fullyrði það en það hefur komið fram að lögfræðingur forsrn. telur mögulegt að þetta brjóti stjórnarskrána. Til þess að reyna að sneiða fram hjá því á að útfæra þetta ákvæði eitthvað frekar í öðrum lögum.

Herra forseti. Þetta kalla ég vinnubrögð sem hægt er að kenna við handarbak. Hér er verið að leggja til lög sem standast bersýnilega ekki þær kröfur sem verður að gera til lagasetningar. Við hljótum að gera þá kröfu til vinnubragða hins háa Alþingis að ljóst sé að lögin sem við erum að setja standist stjórnarskrána. Það liggur ekki fyrir.

Það skiptir mig ekki hætishót máli þó að það eigi að fara einhverja fjallabaksleið í einhverjum öðrum lagasetningum. Ég vil að þetta liggi alveg skýrt fyrir og ég er ósammála því að það megi nota þessi fyrirtæki, eins og hitaveitur og vatnsveitur, til þess að skapa endalaust arð fyrir sveitarsjóðina. Ég tel að það eigi frekar að láta íbúa sveitarfélaganna njóta þessa í lægri gjaldskrá. Það má auðvitað finna þarna einhvern meðalveg eins og hv. þm. sagði en ég tel að við séum að fara þarna á ranga braut. Mestu máli skiptir þó að ekki er hægt að bjóða þinginu upp á að samþykkja frv. að

lögum nema algerlega sé ljóst að það stangist ekki á við stjórnarskrána.

[14:43]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvorki hv. þm. Össur Skarphéðinsson né ég erum löglærð en eins og hann veit gengur lögfræði mikið út á að túlka og teygja í ýmsar áttir. Ég treysti mér ekki til þess að fullyrða að þetta ákvæði standist ekki stjórnarskrá. En ég tel töluverðar líkur á því.

Ég vil ekki leggja embættismanninum Kristjáni Andra Stefánssyni orð í munn en hann hafði efasemdir um að þetta stæðist, ekki síst út frá þeirri skilgreiningu að það væri ekki eðlilegt að þjónustustofnanir, af því tagi sem við erum að tala um, taki arð af starfsemi sinni. Það væri einfaldlega ekki eðlilegt.

Ég get í rauninni tekið undir allt það sem hv. þm. sagði. Auðvitað eiga íbúarnir að njóta þess þegar búið er að borga niður fjárfestingar, að því tilskildu að allt viðhald sé eðlilegt og reksturinn gangi. Þá eiga íbúarnir auðvitað að njóta þess í lækkandi gjaldskrá. En þingmaðurinn veit, eins og ég, að það er líka viðkvæmt mál ef gjaldskrár eru mun lægri á suðvesturhorninu en annars staðar á landinu.

Það kom fram hjá hinum mikla sigurvegara á Seltjarnarnesi, bæjarstjóranum Sigurgeiri Sigurðssyni, að þeir eru þar með einhverja lægstu gjaldskrá á landinu, hjá hitaveitum, og reka samt sitt eigið fyrirtæki. Aðrir eru að kaupa heitt vatn af Reykvíkingum, þeir sem eru í kring, og það eru ekki síst þeir sem hafa gagnrýnt þetta ákvæði og telja mjög óeðlilegt að Reykjavíkurborg taki í sinn hlut þann arð sem Hitaveitan skilar meðan íbúar annarra sveitarfélaga borga drjúgan hlut í sjóðinn.

Þetta er flókið mál, hv. þm., en auðvitað eigum við, og það er grundvallaratriði, að virða stjórnarskrá lýðveldis okkar.

[14:45]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)**:

Virðulegi forseti. Það eru sérstök skilaboð mjög dapurleg sem berast úr þingsölum í dag og þau eru þessi: Sjálfstfl. er ekki traustsins verður. Þegar ég segi dapurleg þá er það fyrir þann flokk sem hefur notað þessi orð alveg sérstaklega í kosningabaráttu liðinna vikna.

Af hverju segi ég þetta, herra forseti? Það er vegna þeirra orðaskipta sem hafa orðið hér í umræðu um störf þingsins áður en þessi umræða hófst en tengist þessu frv. svo afdráttarlaust. Þetta er líka alvarlegt fyrir okkur vegna þess að einstaklingur sem situr í öðru sæti á borgarstjórnarlista Sjálfstfl. í Reykjavík er jafnframt formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sem er stofnun sem hefur mikið að segja, bæði um vinnslu stjfrv. sem hingað koma inn og jafnframt er Samband ísl. sveitarfélaga kallað til viðtals við nefndir þingsins, ekki síst í málum sem snúa að sveitarstjórnum í landinu og afdráttarlaus skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga um mál eins og það sem hér liggur fyrir hefur mikið að segja um afgreiðslu þess.

Herra forseti. Ég bendi á að í yfirlýsingu borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. segir, með leyfi forseta:

„Við heitum því að beita okkur fyrir því af alefli, náum við meiri hluta í borgarstjórn, að þjóðarsátt verði um þetta mikla hagsmunamál allra landsmanna.“

Það fer ekki hjá því, herra forseti, að þegar maður lítur á þessa innskotssetningu „náum við meiri hluta í borgarstjórn“, þá hafi borgarstjórnarmeirihlutinn litið svo á að hann væri laus allra mála þegar kosningarnar féllu ekki honum í hag og það er þar sem mér sýnist að þessi stóri og mikli flokkur sé búinn að sýna fyrir hvað hann stendur. Þetta var gulrót sem átti að nota til að reyna að fá það fólk sem er áhyggjufullt, sem er með sterkar tilfinningar gagnvart þeim breytingum sem hér eru að verða í lagasetningu á Alþingi, að reyna að lokka fólk til stuðnings við sig, lokka atkvæði til fylgis án þess að ætla að gera nokkurn hlut með það á eftir. Þetta finnst mér, herra forseti, mjög alvarlegt mál þó svo að uppákoman fyrr í dag væri í raun grátbrosleg fyrir þennan stóra og mikla flokk.

Það fer ekki hjá því, eftir að við höfum kynnst vinnubrögðum þessa flokks að undanförnu, að búið sé að leiða okkur í allan sannleik um að þegar slíkur flokkur fær mikil völd, þá fer lítið fyrir lýðræðinu, bæði í flokknum og í stofnunum flokksins og það er umhugsunarefni fyrir okkur sem hér höfum átt samskipti við flokk sem hefur mikil völd og vill hafa mikil völd bæði í landsmálunum og í sveitarstjórnum. En ég mun koma betur að þessu síðar í máli mínu en ætla í upphafi umfjöllunar við 3. umr. sveitarstjórnarfrv. að koma aðeins inn á störfin í félmn.

Herra forseti. Félmn. kom saman á milli 2. og 3. umr. Hún kom saman vegna þess að þetta mál var afgreitt úr félmn. fyrir páska þrátt fyrir mótmæli og að þá höfðu nefndinni ekki borist umsagnir allshn. um bráðabirgðaákvæði frv. sem eftir hafði verið leitað og þau vinnubrögð voru samkvæmt forskrift forseta þingsins sem taldi að það væri sú leið sem ætti að fara í stað þess að hálendisfrv., eins og við höfum kallað þau öll, skyldu fara í sérnefnd í þinginu. En það var full ástæða til að félmn. kæmi saman vegna þeirra tveggja greina sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, 7. gr. og 68. gr. og þeirrar umræðu sem fram fór bæði á þinginu og eins í nefndinni um þessar umdeildu greinar. Ég ætla að taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hef gert það bæði í máli mínu hér í ræðustól Alþingis og líka í nefndinni og bent á hvað þarna er verið að gera með brtt. við 7. gr.

Ég hlýt að rifja það upp að í félmn. leit ég svo á að með 7. gr. frv. eins og hún var í upphaflega frv. þá væri í raun verið að draga úr möguleikum sveitarfélags til þess að vera með opna gjaldskrá og taka meira gjald fyrir selda þjónustu en útgjöld og stofnkostnaður gáfu tilefni til. Þegar brtt. meiri hlutans við 7. gr. kom til félmn. þá leit ég svo á að með henni hefði verið opnað fyrir miklu meiri gjaldtöku og það sem hér hefur verið nefnt skattheimta í þjónustugjöldum hjá sveitarfélagi.

Ég viðurkenni það að eftir að við höfðum fengið á fund nefndarinnar fulltrúa úr forsrn. sem tók afdráttarlausa afstöðu til 7. gr. eins og hér hefur komið fram þá átti ég von á því að meiri hlutinn mundi gera brtt. á 7. gr. Ég kallaði ekkert sérstaklega eftir því hvort 7. gr. og 68. gr. yrði breytt vegna þess að við tókum þá ákvörðun við atkvæðagreiðslu við 2. umr. að sitja hjá við allar almennar greinar frv. vegna þess samskiptaskorts sem sýndur var af hálfu stjórnarmeirihlutans. Ég verð hins vegar að viðurkenna að það kom mér mjög á óvart að sjá að engar brtt. voru gerðar við hvoruga greinina.

Fyrir utan þá sem kallaðir voru til nefndarinnar, þá var líka fjallað um bréf sem kom frá einstaklingi sem leitað hefur réttar síns varðandi þjónustugjöld og sölu hitaveitunnar á

vatni. Hann hefur kært það til umboðsmanns Alþingis. Það er umhugsunarefni fyrir okkur að einstaklingar skuli þurfa að leita til Alþingis til þess að biðja um úrskurði um það hvort heimildir séu til þeirrar gjaldtöku sem þeir telja að á sér bitni.

Það hefur komið fram hér að að breyta eigi vatns- og orkulögum í haust og með þeirri breytingu sem þá verður gerð á vatns- og orkulögum verði þessi 7. gr. útfærð og þar með verði það alveg ljóst að sveitarfélagi verði ekki heimilt að innheimta skatt í þjónustugjöldum sínum. Það er svo, herra forseti, að nú á eftir að setja tvenn lög sem ekki munu koma fyrir augu þingmanna fyrr en næsta haust og þau hafa munu áhrif á túlkun lagaákvæða í þessu frv., lagaákvæða sem hafa verið afar umdeild og er þá vægt til orða tekið, þ.e. 7. gr., 1. gr. um hálendið og bráðabirgðaákvæðið sem varðar stjórnsýslu á hálendinu, 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið. Það er umhugsunarefni, herra forseti, að við skulum afgreiða frv. og frumvarpsgreinar sem svo mikil átök hafa orðið um, ekki bara á Alþingi heldur úti í þjóðfélaginu jafnframt og að þegar menn gagnrýna hvað felst í þessum lagaákvæðum, þá er bara sagt: „Það á að breyta vatns- og orkulögum í haust og þá kemur nánari skýring á þessu og það á að breyta skipulagslögum í haust og þá verður það tryggt að skipulag miðhálendisins verði allt að því á einni hendi." Þetta eru vinnubrögð sem Alþingi getur ekki sæst á. Alþingi á ekki að sættast á að setja lög þar sem greinar laganna eru opinn víxill þar sem slíkar greinar eru ávísun á eitthvað sem enginn veit hvað er og að lögin verði orðin staðreynd eða um það bil þegar þau frv. koma inn í þingið sem hafa afgerandi áhrif á útfærslu frv. Þetta finnst mér afar mikilvægt og ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Og af því að ég þekki það harla vel eftir að hafa unnið með þetta frv. í nefnd, þá kallar ekkert á það að sveitarstjórnarfrv. sem slíkt verði afgreitt frá Alþingi nú í vor. Ég veit að því hefur verið haldið fram að af því að við erum búin að taka út lagabálkinn um kosningar til sveitarstjórna, þá hafi verið æskilegt að afgreiða frv. En það eina sem hefði gerst og hefur gerst er að þar sem þetta var ekki afgreitt tímanlega, þá hefði sveitarstjórnarfrv. staðið án kosningalaganna og gömlu sveitarstjórnarlögin hefðu verið með kosningaákvæðum innan borðs sem úr gildi væru fallin af því að búið væri að setja ný lög. Þetta er alveg ljóst þannig að allt þetta offors með að keyra þetta umdeilda frv. í gegnum þingið, ekki bara hvað varðar hálendið og uppskiptingu hálendisins í sveitarfélög heldur líka hvað varðar mikilvægar greinar sem snúa að íbúunum í landinu og rétti þeirra, eru vinnubrögð sem ekki er hægt að sættast á og sem Alþingi á ekki að temja sér.

Herra forseti. Fjölmargir voru kallaðir á þá þrjá fundi félmn. sem haldnir voru milli 2. og 3. umr. og satt best að segja átti ég von á því að stjórnarmeirihlutinn mundi skila af sér frhnál. þar sem fram kæmi hverjir voru kallaðir á fund nefndarinnar, hvers vegna og um hvað var fjallað á fundum vegna þess að við vorum að fjalla um álit allshn. á bráðabirgðaákvæði frv. Við vorum að fjalla um 7. gr. sem varðar gjaldtökuheimildir sveitarfélaga og er mjög opin eftir brtt. Við vorum að fjalla um 68. gr. sem er um innri endurskoðun sveitarfélaga, en samtök endurskoðenda lögðust harkalega gegn ákvæðinu. Og við vorum að fjalla um hálendið og uppskiptingu þess og í tilefni af því voru fjölmargir aðilar kallaðir til.

Ef þessi vinnubrögð á milli 2. og 3. umr. hefðu ekki kallað á frhnál. þá veit ég eiginlega ekki í hvaða tilfellum slík nál. eru send inn í þingið. Hins vegar höfðum við, stjórnarandstaðan, engin afskipti af því hvaða tillögur yrðu settar fram af hálfu stjórnarmeirihlutans enda ekki ástæða til þess eftir þau vinnubrögð sem á undan höfðu gengið. En þar sem ekki var lagt fram frhnál. þá kýs ég, herra forseti, að geta þess sérstaklega hvaða einstaklingar voru kallaðir fyrir félmn. til þess að fjalla um hálendið og uppskiptingu þess í sveitarfélög. Það voru, með leyfi forseta:

Sigmar B. Hauksson frá Skotvís, Gestur Ólafsson frá Félagi skipulagsfræðinga, Júlíus Sólnes frá Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, Haukur Jóhannesson frá Ferðafélagi Íslands, Hilmar Malmquist frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Freysteinn Sigurðsson frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Ólafur Arnalds frá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Birgir Sigurðsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Andrés Arnalds frá Landgræðslunni, Gunnar H. Hjálmarsson frá Útivist — það var reyndar út af öðru. Þeir sem hér á eftir eru taldir komu reyndar út af 7. gr. — Allir sem ég hef nú talið upp eru fulltrúar virtra samtaka, þ.e. hópa fólks sem þekkja hálendið, sem þekkja stjórnsýslu hálendisins og gera sér mjög vel grein fyrir því hvað gerist þegar búið verður að skipta miðhálendinu upp á sveitarfélög eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Allir þessar einstaklingar, hver og einn einasti, hafði um það alvarleg orð, fylgdi máli sínu vel úr hlaði, var með alvarlegar viðvaranir um það að skipta miðhálendinu upp og óskuðu allir eindregið eftir því að því ákvæði yrði frestað, allir sem einn.

Ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir því að ekki er við meiri hlutann í félmn. að sakast í þessu máli. Meiri hlutinn í félmn. hefði eflaust fyrir löngu tekið þá ákvörðun að fresta 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu og koma með tillögur um orðalag þessara tveggja lagaákvæða í haust samhliða því skipulagsfrv. sem verður væntanlega lagt fram nema fyrir óbilgirni ríkisstjórnarinnar, forráðamanna stjórnarflokkanna, sem eins og segir í leiðara Morgunblaðsins eru uppteknari af því að fullnægja metnaði sínum um að afgreiða mál hratt og þegar þeir vilja en gera það sem skynsamlegt er og fara að vilja fólksins, hlusta á raddir fólksins í landinu.

Herra forseti. Þrátt fyrir það að ekki hefur verið hlustað á áskorun 90 virtra einstaklinga sem voru þeir fyrstu til þess að láta í sér heyra um það stóra mál sem hér eru áform uppi um að afgreiða, þrátt fyrir að ekki hefur verið hlustað á stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík, þrátt fyrir að hingað til hefur ekki hefur verið hlustað á öll náttúruverndarsamtökin sem hafa ályktað í þessu máli, þrátt fyrir að ekki var hlustað á borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna, sem héldu reyndar allir að væri traustsins verður, a.m.k. innan flokksins, að eigin flokkur sýndi borgarstjórnarflokknum það traust að taka tillit til ályktana og loforða hans, og þrátt fyrir að leiðarar Morgunblaðsins hafa ekki getað hrært formann Sjálfstfl. og dregið hann af braut metnaðar og óbilgirni, þá ætlum við samt, þingflokkur jafnaðarmanna, að freista þess að setja fram tillögu við þetta frv. um að 1. mgr. 1. gr. falli brott og að ákvæði til bráðabirgða falli brott. Enn er möguleiki á því með samþykkt slíkrar tillögu að afstýra því að hér verði sett lög sem eru klúður. Enn þá er möguleiki á því fyrir stjórnarflokkana að setja þetta mál, 1. gr. og bráðabirgðaákvæðið, í frest og skoða það með bæði þeim hagsmunaaðilum og fagaðilum sem hafa látið í sér heyra um þetta mál vegna þess að það er ekki þannig að í þessu máli hafi áhugaaðilar fyrst og fremst látið heyra frá sér sem hafa ekki sett sig inn í nákvæmlega hvað þarna er á ferð heldur eru þetta fagaðilar,

einstaklingar sem hafa mikla þekkingu á bæði stjórnsýslu og því hver auðlind miðhálendið er og hve alvarlegir hlutir eru að gerast.

Herra forseti. Á sama hátt og við þingflokkur jafnaðarmanna munum freista þess með þessari tillögu að stjórnarmeirihlutinn sýni t.d. borgarstjórnarflokknum í Reykjavík, borgarstjórnarflokki Sjálfstfl. og svo hinn hluti stjórnarmeirihlutans sýni stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík þá virðingu að fresta þessu frv. jafnvel þó þeim finnist ástæðulaust að hlusta á varnaðarorð okkar, þá ætlum við að reyna að freista þess að hafa þarna áhrif og á sama hátt ætla ég að rifja upp það sem menn hafa verið að álykta að undanförnu eftir að við höfum tekið umræðu um þetta mál og hlé í þinginu þannig að það sé alveg ljóst að þeir sem valdið hafa hafi fylgst með því sem hefur verið að gerast. Þá vil ég fyrst nefna áskorunina frá öllum náttúruverndarsamtökunum o.fl., m.a. Sambandi ísl. myndlistarmanna, Félagi leiðsögumanna, Skotveiðifélagi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landvarðafélagi Íslands, Félagi ísl. ferðaskrifstofa, Arkitektafélagi Íslands, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Félagi nýlistasafnsins, Landssambandi ísl. vélsleðamanna, Ferðafélagi Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands. Allir þessir aðilar hafa komið og afhent Davíð Oddssyni sérstaka áskorun þar sem þeir hvetja til frestunar afgreiðslu frv. til sveitarstjórnarlaga. Allir þessir aðilar hafa vit á málunum og útilokað er að segja um þennan hóp að einhver rangur málflutningur stjórnarandstöðunnar á Alþingi hafi blekkt hann. Þetta er allt fólk sem veit nákvæmlega hvað felst í þessu frv. og það er yfirgengilegt að ekki sé hlustað á slíka áskorun, það sé tekið við henni og það eina sem er sagt sé: Við munum samt knýja fram afgreiðslu á þessu frv., við höfum ákveðið það og við munum ekki breyta þeirri afstöðu okkar.

Herra forseti. Hérna hafa menn farið yfir það hvað felist í þessu máli og skorað á ríkisstjórnina að fresta afgreiðslu breytinganna sem skiptir jöklum og öræfum milli 42 lítilla sveitarfélaga og sviptir yfir 90% þjóðarinnar þeim rétti til miðhálendisins sem hún hefur haft fram til þessa, samanber forn lög og dóma. Sumarið verði notað til að finna málamiðlun er þjóðin öll geti sætt sig við og hún kynnt rækilega. Við vörum eindregið við því að keyra málið í gegnum þingið á síðustu dögum þess í ljósi þeirrar gífurlegu andstöðu sem er að skapast í þjóðfélaginu en almenningur er fyrst nú að átta sig á því hvað er að gerast.

Herra forseti. Það er að bera í bakkafullan lækinn að fara yfir tillögu eða yfirlýsingu frambjóðenda Sjálfstfl. sem við erum búin að minnast á svo oft í dag en þó vil ég enn á ný nefna það að þeir skora á ríkisstjórnina að ljúka ekki afgreiðslu frv. um skipan mála á miðhálendinu þegar þing kemur saman að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur fresta henni til haustsins. „Við teljum almenn viðbrögð sýna, að þörf er á auknu ráðrúmi og víðtækari umræðu utan þingsins um þetta mikla hagsmunamál", segir borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl., sem við héldum að væru 30 einstaklingar með Davíð Oddsson í 30. sæti, og ég hef vakið athygli á að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga situr í 2. sæti í þessum hugsandi flokki sem gerir sér grein fyrir því að þessum málum á að fresta þrátt fyrir önnur áform. Þessi borgarstjórnarflokkur segir enn fremur, herra forseti: „Við teljum mikilvægt að hagsmunir þeirra landsvæða sem ekki liggja að hálendinu, þar á meðal Reykjavíkur, verði vel tryggðir."

Þetta voru orð sem komu fram fyrir örfáum dögum þegar menn voru uppteknir af því að fá Reykvíkinga til að kjósa sig og óttuðust að það sem hér væri að gerast gæti orðið til þess að menn gerðu það ekki. Auðvitað vitum við að einhverjir hafa glapist af þessu glæsilega loforði af því að það var búið að segja fólki frá því að Sjálfstfl. væri traustsins verður.

Herra forseti. Ég ætla líka að rifja upp að það var stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík sem sendi frá sér ályktun til stuðnings Ólafi Erni Haraldssyni framsóknarmanni vegna þess að hann hefur lagst gegn samþykkt um að miðhálendinu verði deilt upp í ræmur á milli jökla.

Herra forseti. Það er athyglisvert fyrir okkur að þegar stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík ályktar með þessum hætti, þá eru þau að leggjast gegn flokksbróður sínum, félmrh., og því frv. sem hann ætlar að keyra í gegn enda gera þau sér grein fyrir því að hann er upptekinn af hagsmunum annarra. Það eru ekki hagsmunir þéttbýlisins, Reykvíkinga og þeirra sem á suðvesturhorninu búa. Það eru hagsmunir annarra sem ráðherrann úr Norðurl. v. ber fyrir brjósti.

Enn á ný, herra forseti, vil ég vísa í skoðanakönnun sem gerð var í DV 11. maí nokkrum dögum áður en þing tók hlé vegna yfirvofandi sveitarstjórnarkosninga. Á þeim tíma sem sú skoðanakönnun var gerð var alveg ljóst að með öflugum málflutningi sínum hafði stjórnarandstaðan náð því að þjóðin gerði sér grein fyrir hvað átti að gera á Alþingi. Allir voru orðnir meðvitaðir um hvað fælist í sveitarstjórnarfrv. sem við erum að ræða. Það er því ekki um það að ræða að þjóðin hafi verið spurð um eitthvað sem hún vissi ekki um. Svo öflugur fréttaflutningur var búinn að vera af málflutningnum að allir vissu hvað fælist í þessu frv. og þá gerist það að það eru 72% þjóðarinnar sem eru andvíg því að skipta miðhálendinu upp í sveitarfélög og að þeir sem helst eru stuðningsmenn þess er fólk í dreifbýlinu, þ.e. einmitt þeir sem munu fá yfirráð á þessu svæði þegar búið er að skipta miðhálendinu upp.

Þrátt fyrir málefnalega baráttu stjórnarandstöðu á Alþingi sem hefur stutt mál sitt gildum rökum hyggst stjórnin þvinga fram skiptingu miðhálendisins upp á milli aðliggjandi sveitarfélaga. Með þessu er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að afhenda sameign þjóðarinnar, miðhálendið og auðlindir þess til fárra sveitarfélaga þar sem búa aðeins um 4% þjóðarinnar. Það er sama hvað þessi staðreynd fer í taugarnar á valdhöfunum hér, þetta er staðreynd. Þannig er það. Ríkisstjórnin lætur það ekkert aftra sér að sú skoðanakönnun, sem ég hef hér vísað til, segir okkur að sjöundi hver Íslendingur er andvígur því að stjórnsýslan og þar með talið skipulags- og byggingarvald verði falið 4% þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan hefur beitt aðhaldsaðgerðum við afgreiðslu málsins á þingi og látið mikið að sér kveða. Málið er flókið en með vönduðum málflutningi hefur verið varpað ljósi á ýmis atriði sem áður voru óljós og vakin hefur verið athygli þjóðarinnar á eðli þess máls sem hér liggur fyrir og á að afgreiða. Að sjálfsögðu, herra forseti, er það ekki sjöundi hver heldur sjö af hverjum tíu sem hefur þessa afstöðu.

Það eru mjög margir sem hafa verið að láta til sín taka í skrifum og í umræðuþáttum að undanförnu. Ég grípniður í Dag fyrir nokkrum vikum þar sem verið er að fjalla um þetta mál og þá vakningu sem hefur orðið í samfélaginu og þar segir að í öllum stjórnmálaflokkum sé fólk sem sé í mjög harðri og tilfinningaþrunginni og rökvissri andstöðu við þann hluta frv. til sveitarstjórnarlaga sem varðar hálendið. Á síðustu stundu virðist sem tekist hafi að koma í veg fyrir að þetta mál yrði knúið í gegn segir í þessari ritstjórnargrein í Degi en því miður er það ekki rétt. Það sem okkur tókst var

að afstýra því að þetta frv. væri knúið í gegn á þeim dögum sem þetta er skrifað. Okkur hefur tekist að ná fram fresti á afgreiðslu þessa máls en það er alveg sama hve margir ganga til liðs við okkur, meira að segja þó þeir séu flokksfélagar forráðamanna ríkisstjórnarinnar, þá er það svo að þeir virðast heillum horfnir í þessu máli.

Það segir líka í greininni: „Krafan um að hálendið verði ein skipulagsheild er fullkomlega rökrétt. Krafa alls almennings í landinu um jafnan rétt til að ráða málum þess jafngildir engan veginn vantrausti á þau sveitarfélög sem um er að tefla. Þessi krafa er jafnréttiskrafa, krafa um að fólk verði í fyrirrúmi." Þetta er hárrétt. Þetta er það sem við höfum bent á. Aftur og aftur hefur verið talað þannig að við værum með vantraust á þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Því fer fjarri. Við viljum efla sveitarfélög til að ráða málum sínum til þess að þau séu í stakk búin til að taka við verkefnum. Þetta mál er þess eðlis að það á að ganga frá því þannig að hagsmunir landsins alls séu í fyrirrúmi með alla ákvörðunartöku í þessari stjórnsýslu.

Í þessari ritstjórnargrein, herra forseti, er spurt um þingmenn þéttbýlisins. Spurt er um hvernig þeir hugsi, hvernig þeir bregðist við og hvar þeir séu. Stjórnarmeirihlutinn hefur lagt mjög mikla áherslu á það hvað lýðræði sé, hvað felist í lýðræðinu. Þegar þeir tala um lýðræðið, þá eru þeir að tala um að þeir eigi að ráða af því að þeir séu með stjórnarmeirihluta hér á Alþingi og að við stjórnarandstaðan höfum móðgað þá freklega með því að vera með allt of langar ræður, allt of mikinn málflutning í þessu máli sem þeir vilja ráða lyktum á.

Það hefur kveðið svo rammt að þessu, herra forseti, að forsrh. sjálfur hefur leyft sér að fara að verðleggja ræður okkar þingmannanna. Það er farið að verðleggja hvað ræðurnar okkar kosti, hvað kosti að skrifa ræðurnar. Það verður fróðlegt fyrir okkur, þegar við lítum um öxl á ræður kjörtímabilsins, hvað hver þingmaður hefur kostað miðað við þennan málflutning forsrh. Ég verð að viðurkenna það að mér finnst ekki reisn yfir svona málflutningi hjá þeim sem hæst á að bera af stjórnmálamönnum, þeim sem situr í öndvegi í ríkisstjórn.

Lýðræðið er sem sé, frá sjónarhóli þeirra, að stjórnarandstaðan sitji í nefndum þingsins og vinni verkin, komi síðan inn í þingsal, segi lítið og þegi helst, meðan stjórnarliðarnir afgreiða málin með meiri hlutanum sínum. Ég er ekki sammála þessu lýðræði. Það lýðræði sem ég aðhyllist og hefur fengið mig til að veita svo miklu af mínum kröftum í stjórnmálastarf er einmitt lýðræðið, að raddir allra séu mikilvægar, að raddir fjöldans eiga að hafa afdráttarlaus áhrif.

Ég tel að það að hlusta á sjónarmið annarra og bregðast við út frá því sé þýðingarmikið og ef það er ekki mjög brýnt að mál, sem deilur rísa um, sé afgreitt nákvæmlega á þeim punkti sem menn ætla sér, þá sé hlustað, hikað og málið skoðað betur. Þar með yrði styrkur þeirra sem valdið hafa meiri. Þá gætu þeir sagt: Við skoðum þetta betur. Við skoðum þetta með þeim sem voru áhyggjufullir. Ef málið væri eins vaxið og þeir sem valdið hafa segðu, þá mundi það væntanlega verða þannig að þeir mundu, á þeim mánuðum sem fram undan væru, geta sannfært alla þá hópa um að í lagi væri að ganga frá frv. með þeim hætti.

Ef það er þannig að misvísandi málflutningur hafi valdið misskilningi hjá öllu þessu fólki, sem ég hélt að væri vel gefið, jafnvel fyrir ofan meðallag, öllum þessum háskólaborgurum, öllum þessum öflugu frambjóðendum, m.a. á borgarstjórnarlistanum, þessu fólki sem skipar stjórnir flokksfélaganna í höfuðborginni hjá flokkum eins og Framsfl., ef þetta allt fólk misskilur málið frá upphafi til enda, þá væri það svo farsælt fyrir þessa stjórnarflokka að fara að óskum þeirra og fresta málinu yfir sumarið, jafnvel þessum tveimur greinum sem ég hef sett fram tillögur um, hitta þetta fólk, fara yfir málin með því og sýna því fram á að óttinn sé ástæðulaus. Ef það væri þannig, þá kæmu þeir í haust, með sitt litla frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögunum, með stuðning allra þessara í farteskinu.

Af hverju gera þeir það ekki? Auðvitað vegna þess að þeir vita að hver einasti af þessum hópum gerir sér grein fyrir því sem felst í þessu frv. og er andvígur því. Auðvitað óttast þeir að með því að fresta málinu muni það ekki koma inn í óbreyttum búningi. Það er þetta sem er þversögnin í umræðunni hér á Alþingi sem staðið hefur í marga daga og hefur haft víðtæk áhrif í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Þessa hefur líka gætt í ritstjórnargreinum blaðanna. Ég ætla að grípa niður í þrjár ritstjórnargreinar. Líka þar er að finna fólk sem hefur ekki bara tekið þátt í þjóðmálaumræðunni á liðnum árum, ekki bara skrifað um mikilvæg mál sem hafa verið í þjóðmálaumræðunni á liðnum árum heldur jafnvel, með öflugum skrifum í ritstjórnargreinum, haft mótandi áhrif á viðhorf margra í þjóðfélaginu. Það er umhugsunarefni þegar sagt er að þeir aðilar sem skrifa ritstjórnargreinarnar fyrir stóru blöðin hvort heldur þau heita óháð blöð eða eru skoðuð sem málgögn hægri flokks, þá er sömu hugsunina að finna í ritstjórnargreinum þessara blaða. Ég ætla að grípa, herra forseti, niður í ritstjórnargrein frá 7. maí í DV, frjálsu óháðu dagblaði. Þar segir:

„Sveitarstjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra verður sífellt umdeildara eftir því sem fleiri kynna sér það. Á fjölmennum fundum ýmissa samtaka er samþykkt að biðja Alþingi um að rasa ekki um ráð fram í vor og leyfa málinu heldur að malla í umræðunni fram til hausts.

Það fer fyrir brjóstið á fólki að 40 hreppum skuli vera afhent stjórnsýsluvald yfir öllu miðhálendi landsins. Þetta er enda augljóslega ekki sanngjörn skipan mála því að miklu fjölbreyttari hagsmunir eru í húfi en þeirra einna sem hafa fé sitt á fjalli á sumrin."

Síðar í þessari ritstjórnargrein segir:

„Í öðru lagi varðar stjórnsýslan og skipulag miðhálendisins margvíslega hagsmuni sem síður en svo er sérstaklega gætt af hreppunum 40. Þetta eru m.a. hagsmunir orkuvinnslu, ferðaþjónustu, náttúruverndar, útivistar og almennra lífsgæða í landinu.

Allir þessir mismunandi hagsmunir eru ótengdir mismunandi hagsmunum sveitarfélaga. Tilvist þeirra sýnir að réttlát skipting valds milli sveitarfélaga dugir ekki einu sinni til að ná skynsamlegri niðurstöðu. Hin óstaðbundnu sjónarmið þurfa einnig að hafa vægi.

Af þessari ástæðu er heppilegra að miðhálendið sé ein stjórnsýslueining fremur en 40 og að ríkisvaldið skipi því stjórn með aðild fulltrúa orkuvinnslu, ferðaþjónustu, náttúruverndar, útivistar og almennra lífsgæða auk aðildar fulltrúa samtaka sveitarfélaga."

Þá minni ég, herra forseti, á breytta afstöðu formanns Sambands ísl. sveitarfélaga í þessu máli. Síðar í ritstjórnargreininni segir:

„Furðulegast við þetta er að þingmenn sem beinlínis eru kjörnir á svæðum er frv. gerir áhrifalaus, skuli ekki gæta betur hagsmuna umbjóðenda sinna en þeir hafa reynst gera.

Þeir verða vafalaust minntir á eymd sína þegar dregur að næstu þingkosningum.“

Það eru fleiri en hið óháða DV sem hafa skrifað um þetta mál og ég ætla, herra forseti, að grípa niður í tvær ritstjórnargreinar Morgunblaðsins. Morgunblaðið hefur, bæði í ritstjórnargreinum og í Reykjavíkurbréfi, sett fram skoðanir á ýmsum pólitískum málum. Þau fara ekki alltaf saman við viðhorf Sjálfstfl. og fer það fyrir brjóstið á þeim stóra flokki sem ekki er lengur traustsins verður. Það er líka oft að skoðun Morgunblaðsins styður við stefnu og sjónarmið Sjálfstfl. Önnur ritstjórnargreinin heitir Eitt af hjartans málum þjóðarinnar og þar er vísað í að á undanförnum vikum hafi farið fram maraþonumræður á Alþingi um hálendið og framtíð þess. Síðan segir, herra forseti:

„Jafnframt hafa miklar umræður farið fram utan veggja Alþingis, bæði í blöðum og á fundum sem áhugafólk um framtíð hálendisins hefur efnt til.“ Hér segir að á ferðinni *sé eitt af þeim málum sem snerta hug og hjarta þjóðarinnar* allrar og það þurfi engum að koma á óvart af því að óbyggðir Íslands, hvort sem um er að ræða miðhálendið, Hornstrandir eða önnur óbyggð svæði, séu ein af mestu auðæfum þjóðarinnar. Síðan segir að óbyggðirnar hafi opnast öllum almenningi, betri bílar hafi stuðlað að því en jafnframt hafi sá lífsstíll rutt sér til rúms að ferðast um hálendið, bæði á hestum og fótgangandi. Kannski er þó merkilegasta breytingin á seinni árum sú að hálendið og jöklarnir hafa opnast að vetri til. Hálendissvæðið er heillandi að sumri en það er ævintýralegt að vetri. Þetta vitum við öll sem höfum ferðast um hálendið, þetta fagra land okkar.

Í leiðaranum segir jafnframt að það hafi verið uppi mismunandi skoðanir um hvernig eigi að umgangast hálendið, um viðamiklar framkvæmdir og hvort auðvelda eigi samgöngur um þetta svæði. *Morgunblaðið segist hafa hallast að* síðara sjónarmiðinu, að framkvæmdum á hálendinu eigi að halda í algeru lágmarki. Morgunblaðið segir líka:

„Nú er svo komið, að ekki þykir sjálfsagt að virkja í óbyggðum eins og kostur er. Þvert á móti verði að vega og meta kosti þess og galla. Þótt þjóðin geti haft miklar tekjur af því að byggja stórvirkjanir og selja orkuna geti hún líka haft miklar tekjur af því að varðveita mestu óbyggðir í allri Vestur- og Mið-Evrópu.“

Þarna er leiðarahöfundur Morgunblaðsins að koma inn á þá sýn, sem hefur verið rædd í þessum sal, að alls staðar *séu menn að endurskoða afstöðuna til stórfelldra virkjana* og stóriðju, ekki síst eftir að við höfum gerst aðilar að alþjóðasamningum um andrúmsloftið og mengun þess. Morgunblaðið segir að það sé misráðið að afhenda einstökum sveitarfélögum skipulagsrétt á hálendissvæðum. Morgunblaðið segir að þegar um slíkt mál sé að ræða eigi þingmenn og ráðherrar að láta misskilinn metnað um skjóta afgreiðslu mála lönd og leið. Þjóðin á lýðræðislegan rétt á því að ræða framtíð hálendisins ofan í kjölinn. Það liggur ekki svona mikið á. Síðan segir Morgunblaðið í lokin: „Þess vegna ættu meirihlutaflokkarnir á Alþingi og ríkisstjórn að sýna þau hyggindi að slaka á og gefa tíma og svigrúm til frekari umræðna.“

Er þetta stjórnarandstaðan á Alþingi? Nei. Eru þetta einstaklingar sem hafa hlustað á misvísandi skilaboð stjórnarandstöðunnar og hafa misskilið hvað felst í þessu frv. Ég segi nei. Þeir sem skrifa leiðara Morgunblaðsins eru ekki þannig fólk að það viti ekki hvað felst í frumvörpum. Þarna er nákvæmlega sama afstaðan og við í stjórnarandstöðunni höfum sett fram, sömu varnaðarorðin, sama óskin og áskorunin og hefur komið fram hjá öllum félagasamtökunum sem hafa sent forsrh., fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík, áskorun um að staldra nú við og láta ekki misskilinn metnað stjórna sér.

Herra forseti. Það kom annar leiðari og hann kom sunnudaginn 24. maí, í gær. Sá leiðari heitir Hálendisfrumvörpum verði frestað. Þar segir:

„Þeim fjölgar nú mjög, sem hvetja til þess að afgreiðslu hálendisfrumvarpanna verði frestað. Í athyglisverðri grein eftir Svend-Aage Malmberg, haffræðing, einn helsta vísindamann þjóðarinnar, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, segir m.a.: „Þetta sama land — víðáttan, fjöll og firnindi, jöklar, hraun, sandar, ár og vötn, ásamt strönd og hafi úti fyrir og himni — hefur þó einnig sína sál, sinn anda tilfinninga. Öll sár sem landinu eru veitt eru eins og mein í okkar eigin holdi og hjarta. Þannig snúast rökin um varúð í meðferð ekki að mati bréfritara um ferðamennsku og veraldlegan arð, heldur um þjóðarsálina, það að vera Íslendingur í eigin landi ósnortinnar víðáttu, ástina til landsins og meðvitundar um sameiginlega þjóðareign, sem er annað en ríkiseign.““

Þessi tilfinningaþrungni pistill sem leiðarahöfundur Morgunblaðsins tekur inn í leiðara sinn er skrifaður af einum helsta vísindamanni þjóðarinnar, eins og leiðarahöfundur Morgunblaðsins orðar það. Getur verið að einn helsti vísindamaður þjóðarinnar hafi misskilið málið af því að við höfum sent frá okkur misvísandi skilaboð? Ég segi nei. Að sjálfsögu getur það ekki verið. Hins vegar er það að gerast að fleiri og fleiri prófessorar, vísindamenn og fagaðilar á ýmsum sviðum hafa lagt okkur lið í málflutningi okkar á Alþingi. Það er að gerast. Í stað þess að þeir sem valdið hafa sýni traust, hlusti, virði og ákveði að þessar tvær greinar úr sveitarstjórnarfrv. skuli geyma í sumar og ræða við þá sem þurfa að fylgja okkur í þessu stóra máli, þá er sagt: „Nei. Þetta mál skal í gegn. Ljúkið þið umræðu um það svo við getum komist í atkvæðagreiðsluna.“

Herra forseti. Að vísu leikur nokkur vafi á því hvernig takast mun til með atkvæðagreiðsluna og að fá nægilega marga einstaklinga í hana en það er síðari tíma mál.

Ég er enn að skoða þennan nýja leiðara Morgunblaðsins frá í gær. Þar er líka vísað til þess, fyrir utan að það er vitnað í þessa góðu grein Svend-Aages Malmbergs, að sjónarmið þessa virta vísindamanns fékk stuðning úr óvæntri átt og er þar vísað til yfirlýsingar frambjóðenda Sjálfstfl. til borgarstjórnar í fyrradag. Þarna er þessi yfirlýsing borgarstjórnarflokksins birt í sjálfum leiðara Morgunblaðsins til að árétta hana og undirstrika hana. Síðar segir í leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Ekki fer á milli mála, að þessi yfirlýsing er gefin vegna þess, að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hafa orðið þess varir í kosningabaráttunni, að mikill fjöldi fólks hefur þungar áhyggjur af því að þau frumvörp, sem nú liggja fyrir Alþingi og þá sérstaklega frumvarp að sveitarstjórnarlögum verði samþykkt. Það er mikil og djúpstæð andstaða við þær hugmyndir, að sveitarfélögin, sem land eiga að hálendinu, hafi skipulagsrétt yfir ákveðnum svæðum. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hafa bersýnilega fundið að það er varasamt, svo að ekki sé sterkar til orða tekið, að samþykkja þessi ákvæði óbreytt.“

Þetta segir leiðarahöfundur Morgunblaðsins. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þessi yfirlýsing verðandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er mikilvægt framlag til þeirrar baráttu, sem nú

er háð um málefni miðhálendisins. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er ekki lítið afl innan flokksins, hvort sem hann er í meiri hluta eða minni hluta í borgarstjórn. Vonandi taka þingmenn Sjálfstæðisflokksins mið af því, sem flokksfélagar þeirra í borgarstjórn hafa um þetta að segja.

Kjarni málsins er þó sá, að andstaðan við afgreiðslu hálendisfrumvarpanna er svo mikil, að það er ekkert vit í því fyrir stjórnarflokkana að knýja á um, að þau verði samþykkt að óbreyttu."

Ég segi: Er eitthvert vit í þessari umræðu inni á Alþingi Íslendinga? Allir gera sér grein fyrir því að þetta frv. og ákvörðunin sem felst í því er svo umdeild að það er ekki vit í því að ljúka þessu máli hér og gera frv. að lögum með 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu.

Hér hefur stjórnarandstaðan fengið þennan sterka bandamann, Morgnblaðið, í tveimur leiðurum með tilvísun til virtra vísindamanna og með tilvísun í borgarstjórnarflokk Sjálfstfl. Leiðarahöfundur segir að borgarstjórnarflokkurinn sé ekki lítið afl innan flokksins hvort sem hann er í meiri hluta eða minni hluta í borgarstjórn. Við hljótum því að spyrja: Ætlar borgarstjórnarflokkurinn að hlaupa frá yfirlýsingu sinni? Ætlar borgarstjórnarflokkurinn að láta kyrrt liggja núna af því að þeir unnu ekki meiri hlutann í borginni og þurfa þess vegna að eigin mati e.t.v. ekki að berjast fyrir málinu? Þetta hlýtur að vera sú spurning sem allir spyrja nú: Hvað ætlar borgarstjórnarflokkurinn að gera?

Hvað ætlar formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sem situr í öðru sæti á borgarstjórnarlista Sjálfstfl. að gera? Er hægt að setja fram slíkar yfirlýsingar í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, slík loforð til umbjóðenda sinna til sækja atkvæði til Reykvíkinga og horfa svo bara í hina áttina? Fyrir vestan yrði sagt: „Er þetta hægt, Matthías?" Í þessu tilfelli er það ekki hægt. Það er ekki hægt. Ég hvet þingmenn sem hér eiga eftir að tala í þessu stóra máli að fylgja fordæmi mínu og kalla eftir því að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. svari fyrir það í fjölmiðlum hvort hann ætli að standa við orð sín, hvort hann beiti sér við forsrh. og að gengið verði eftir því af fjölmiðlum að tala við formann Sambands ísl. sveitarfélaga sem situr í öðru sæti á borgarstjórnarlista Sjálfstfl. og spyrja: Hvað meintirðu? Því hann hefur vitkast frá því að við kölluðum hann síðast á fund félmn.

Um þetta snúast stjórnmál. Um þetta snýst það hvort maður er traustsins verður. Er það bara svo, ef það er heilt ár í næstu kosningar, að nóg er að hafa sagt „Sjálfstfl. er traustsins verður" í fyrradag en éta það ofan í sig í dag á mánudag? Er það svo? Ég segi nei. Annaðhvort er flokkur traustsins verður eða ekki. Ekki mundi ég vilja sjá svona flokk. Ef ég væri Reykvíkingur sem hefði gengið til liðs við hann í þessum kosningum út á þessar yfirlýsingar, (**Gripið fram í:** Þá hefðir þú óbragð í munninum.) þá mundi ég kalla eftir því að menn fylgdu sannfæringunni hinni nýju eftir.

Herra forseti. Ég vísaði til þess í upphafi máls míns að fjölmargir fulltrúar hefðu komið á fund félmn. og það var áhrifaríkt að hlusta á þá alla lýsa því yfir að þeir teldu að fresta ætti þessu máli. Þeir hafa sent frá sér yfirlýsingar og þeir hafa sent frá sér áskoranir sem auðvitað er ekkert gert með enn þá. En það er líka bent á það í erindi sem hefur borist til okkar þingmannanna um skipulagsmálin, af því að við höfum verið að tala um hvort svæðisskipulag hafi eitthvert vald.

Ég sat í bæjarstjórn Kópavogs þegar Skipulagsskrifstofa höfuðborgarsvæðisins var sett á laggirnar og sá skipulagsfræðingur sem þar starfaði árum saman við að reyna að koma á svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið viðurkenndi á fundi í félmn. að hann hefði gefist upp. Það er vegna þess að slíkt svæðisskipulag hefur ekki bakhjarl. Það hefur ekki stjórnsýsluvald á bak við sig. Það eru sveitarfélögin sem hafa stjórnsýsluvaldið. Það eru sveitarfélögin sem hafa aðalskipulagsvaldið, deiliskipulagsvaldið og ekkert fær hnekkt þessu.

Hann setti líka fram spurningar. Hvernig má það vera að umhvrn. eigi að fylgja eftir svæðisskipulagi, umhvrn. sem ekki hefur einn skipulagsfræðing innan veggja ráðuneytisins? Þetta er bara eins og að tannlæknir eigi að bera faglega ábyrgð á heilaskurðlækningum eða eitthvað annað slíkt. Það fer því ekki hjá því að stjórnarmeirihlutinn hafi fengið að heyra mörg alvarleg orð í allri þeirri umfjöllun sem við höfum staðið fyrir, sem við, stjórnarandstaðan á Alþingi, höfum staðið fyrir. Það erum við sem höfum óskað eftir því að það væru kallaðir til aðilar. Það erum við sem höfum bent á hvað hér er að gerast og allir þeir aðilar sem vit hafa á hafa látið í sér heyra og reynt að hafa vit fyrir stjórnarmeirihluta sem er uppteknari af valdinu en traustinu. Frammi fyrir því stöndum við í dag, stjórnarmeirihluta sem er uppteknari af valdinu en traustinu. Við skulum muna það því að þegar stjórnarmeirihluti hefur berað sig á þennan hátt, þá verður mjög torsótt að sækja sér aðra ímynd. Að vera uppteknari af valdinu en traustinu er svo sérstakt og í raun og veru þannig að við eigum aldrei að gleyma því. Allt það ár sem á eftir að líða fram að næstu alþingiskosningum á að halda því á lofti að hér er stjórnarmeirihluti sem er uppteknari af valdinu en traustinu. Hér er stjórnarmeirihluti sem er uppteknari af atkvæðamagninu og valdinu sem það gefur en hinu eiginlega lýðræði. Þannig stjórnarmeirihluti er á Alþingi Íslendinga. Þessu skulum við halda á lofti.

Mig langar líka, herra forseti, þó að ég fari nú að ljúka máli mínu innan tíðar að koma inn á þetta sem hefur verið félmrh. svo hugstætt. Hann hefur aftur og aftur haldið því fram að það sé eiginlega fyrir löngu búið að skipta miðhálendinu upp á milli sveitarfélaga, það sé bara einhver ræma í kringum jökla sem átt hafi eftir að skipta og þess vegna séum við með einhvern vindblástur. Auðvitað er þetta rangt.

Í fyrsta lagi segir í lögunum sem við erum að breyta að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög. Við vitum náttúrlega hvert byggðin nær. Í öðru lagi gerði ég tilraun til þess í félmn. að fá kort sem sýndi þau mörk þar sem sagt hefur verið að sveitarfélögin væru farin að ná inn á hálendið. Það er engin leið að fá slíkt kort. Hefðu verið faglegri vinnubrögð fyrir utan allt sem hér hefur komið fram, hefði félmrh. látið vinna slíkt kort máli sínu til stuðnings. Ekki er nokkur leið að fá að sjá slíkt kort.

Ekki bara ráðherrann heldur aðrir þingmenn hafa étið þetta upp, þ.e. að búið sé að skipta nær öllu miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna, það hafi verið gert þegar afréttir landsins voru settir undir sveitarfélögin með breytingu á sveitarstjórnarlögum. Ég gerði því skilmerkilega skil við 2. umr. hvernig það gerðist. Slíkar blekkingar eru settar fram í skjóli þess að ekki er til kort sem afmarkar afrétti frá almenningum eins og ég hef líka bent á. Þess vegna er það alrangt að búið sé að skipta hálendinu upp. Hið rétta er að hér er um að ræða víðfeðm svæði sem flokkast undir almenninga. Í því sambandi má nefna allt Ódáðahraun, svæðið norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðin

fyrir norðan Tungnaárjökul. Þessir hlutar landsins opnuðust mönnum ekki fyrr en um miðbik þessarar aldar og þá fyrir tilstilli útivistarmanna.

Fræðimenn telja, og ég vísa til Ólafs Siggeirssonar hæstaréttarlögmanns, að miklar líkur séu á því að landamerki sem greina að afrétti landsins og almenninga séu ekki rétt dregin, að í mörgum tilvikum séu mörkin dregin út á almenninga og þá miðhálendið og með því eru sveitarfélögin talin stærri en þau í raun eru. Mörkin hafi þannig verið dregin lengra til heiða sem sjá má af fyrri afsölum þar sem landamerkja er getið. Takið eftir þessu. Hann telur einnig að þessar línur muni ekki standast fyrir rétti því að menn geti ekki fært mörk sveitarfélags út með einhliða yfirlýsingu eins og gert var hér á landi þegar skipað var með lögum frá 1882, um landamerki, að ákveða þyrfti mörk landa. Þess vegna er mjög líklegt að miðhálendið sem er utan sveitarfélaga sé í raun miklu stærra en talið hefur verið, fyrir utan það sem við höfum sagt. Það er talið að skipanin sem við höfum búið við hafi komist á um 930.

Það væri freistandi að fjalla um það hvernig jarðirnar voru stofnaðar og hvernig kveðið var á um almenninga í Jónsbók. En ég ætla ekki að gera það vegna þess að þó að það væri fróðlegt fyrir þá sem eru að taka þátt í þessari umræðu þá veit ég að ef ræða mín fer mikið yfir eina klukkustund þá verður því haldið fram að við séum hér með málþóf og við sem hér erum vitum að svo er ekki. Við ætlum að vera með öfluga umræðu við 3. umr. málsins eins og við höfum gert. En við höfnum því að það sé nefnt einhverjum ónefnum.

Ég hef nefnt svæðisskipulagið, herra forseti, og að það haldi ekki og ég held því fram að skipulagning miðhálendisins verði að byggjast á heildarsýn svo gætt verði samræmis og um þetta eru flestir sammála. Þetta er það sem alls staðar er kveðið á um hjá öllum sem senda okkur tölvubréf, frá öllum sem hafa sent áskoranir til stjórnvalda, öllum þeim sem eru að fjalla um þessi mál.

Menn greinir á um leiðir til að tryggja að nauðsynlegt samræmi verði í skipulags- og byggingarmálum. Stjórnarliðarnir hafa bent á heimild í skipulagslögunum til skipunar samvinnunefndar til að fara með svæðisskipulag og að hægt væri að skipuleggja miðhálendið á grundvelli þessarar heimildar, þ.e. svæðisskipuleggja það. En þetta er blekking. Ég fór í gegnum það við 2. umr. hvernig hvernig annars vegar væri hægt að svæðisskipuleggja á grundvelli 1. mgr. 12. gr. og svo hins vegar 6. mgr. 12. gr. og færði fyrir því þau rök að þetta gengur ekki upp. Annars vegar eru það sveitarfélögin sem gera svæðisskipulag og það verður að vera eining. Ef eitt sveitarfélag er ekki sátt og vill hafa aðalskipulag sitt öðruvísi þá næst ekki svæðisskipulag. Hins vegar getur umhvrh. ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi og það er hægt að gera þetta ef það er ágreiningur milli sveitarfélaga. En með slíku frumkvæði er hann bara bundinn af því að sátt náist um skipulagið hjá öllum. Þessi umræða um að lagfæra þetta í skipulagslögunum er svo götótt. Ef menn halda að það að vilja ekki taka frv. til skipulagslaga á dagskrá með sáttatillögu um hvernig skuli fara með svæðisskipulag miðhálendisins bara af því að frv. var svo seint fram komið að menn þurftu að fella afbrigði fyrir stjórnarandstöðunni um að taka það á dagskrá, ef menn halda að svo hafi verið bara út af prinsippinu um seint fram komið mál, þá er það misskilningur. Það er vegna þess að menn vita veikleikann sem verður í þessu skipulagsfrv. þegar það kemur.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að jafnvel þó þessi skipulagstillaga komi fram, ef hún gerir það, með þeim 12 sem eiga að koma frá svæðunum og hinum sex sem eiga að koma annars staðar frá, þá er það auðvitað þannig að þessir 12 verða væntanlega þeir aðilar sem hafa verið að vinna með svæðisskipulagið. Bæði verður það svo að fulltrúarnir hérna úr þéttbýlinu verða í miklum minni hluta og auk þess komum við alltaf að því sama. Það er ekkert stjórnvald á bak við hópinn. Það er ekki eins og þessi samvinnunefnd um svæðisskipulag sé eins konar sveitarstjórn sem hefur vald til að gera hlutina. Hún sækir umboðið til sveitarstjórnanna og það eru sveitarstjórnirnar með aðalskipulagsvaldið sem ráða. Þess vegna er alveg ljóst að slíkri tillögu verður aldrei hrint í framkvæmd án samþykkis sveitarfélaganna af því að aðalskipulagið er svo sterkt og ef það ætti að hafa það öðruvísi þá verður að taka aðalskipulagsvaldið af sveitarfélögunum. Ég vil sjá að það sé gert að aðalskipulagsvaldið og aðalskipulagsrétturinn verði tekinn af 40 sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu á meðan önnur sveitarfélög landsins halda aðalskipulagsréttinum. Hvers konar mismunun væri það? Ætli það væri ekki talið brot á stjórnarskránni þannig að menn eru í sjálfheldu og það er ástæðan fyrir því að þetta frv. kom ekki fram.

Þess vegna er alveg ljóst að ólík sjónarmið og mismunandi hagsmunir einstakra sveitarfélaga munu ráða ferðinni á miðhálendinu í framtíðinni ef þessi leið verður farin og það er hætta á hagsmunaárekstrum þegar t.d. tíu sveitarstjórnir þurfa að fjalla um málefni á svæði sem í reynd er ein skipulagsleg heild, t.d. vegna virkjunarframkvæmda. Við höfum bent á að hún getur tilheyrt mörgum hreppum, stíflugerð og lón í einu sveitarfélagi, línur í öðru og stöðvarhús í því þriðja og átök geta orðið um hver eigi að fá tekjurnar, fasteignagjöldin o.s.frv. Það er mjög erfitt að sjá, eins og ég hef þegar sagt, að heimild til að bæta svæðisskipulagsmeðferð verði beitt við slíkar aðstæður. Svo er aldrei hægt að komast hjá því heldur að sveitarstjórn sér um útgáfu byggingarleyfa og það er bæði einfalt að koma í veg fyrir byggingu mannvirkis og líka að ákveða að mannvirki skuli verða öðruvísi ef manni líkar ekki áformin sem koma fram í svæðisskipulagi.

Herra forseti. Það er afskaplega alvarlegt hvernig haldið hefur verið á þessu máli af hálfu stjórnarmeirihlutans. Það er alvarlegt, það er rangt og það er í grundvallaratriðum að mínu mati brot á öllu lýðræði. Komið hefur í ljós að sjálfstæðismeirihlutinn eða sá hluti meiri hlutans á Alþingi sem kemur frá Sjálfstfl. hefur ekki bakland í sínum flokki. Það hefur komið í ljós að sá hluti meiri hlutans á Alþingi sem kemur frá Framsfl. nýtur ekki stuðnings framsóknarfélaganna í Reykjavík. Það hefur komið í ljós að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi nýtur ekki stuðnings allra þeirra samtaka sem gerst þekkja málefni hálendisins eins og ljóst er af öllum ályktunum sem hér hafa komið fram. Stjórnarmeirihlutinn nýtur ekki stuðnings þeirra sem eru mótandi í þjóðfélagsumræðunni eins og ég hef þegar bent á með því að vitna í leiðara bæði Morgunblaðsins og DV og maður hlýtur að spyrja sig: Hefur ríkisstjórnin bakland í stjórnarmeirihlutanum? Er það kannski svo að bara örfáir eins og Ólafur Örn Haraldsson hafi þorað að standa upp og segja: „Ég vil þetta ekki"? Er það e.t.v. svo að ríkisstjórnin í metnaði sínum við að keyra fram mál, bara af því að hún var búin að setja það svona niður á blað, að það sé metnaðurinn einn sem stendur eftir en baklandið sé ekkert, hvorki utan þings né innan? Það held ég.

[15:52]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd þingmanna þakka þennan mikla upplestur úr Morgunblaðinu.

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur verið að færa nokkur rök að því að það sé eðlilegt að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild. Ég hef fylgst með röksemdafærslu hv. þm. og annarra þeirra sem hafa talað fyrir þessu og þó ég sé ekki sammála þessu skil ég auðvitað að það er ákveðið rökrænt samhengi í þessum sjónarmiðum út af fyrir sig ef maður skoðar þetta út frá sjónarhóli hv. þm. Það sem hins vegar er athyglisvert er að hv. þm. talar eingöngu um að það sem kallað hefur verið miðhálendi Íslands eigi að vera sérstök stjórnsýsluleg heild.

En þá standa eftir ýmis önnur landsvæði. Við skulum taka t.d. hálendi á Austurlandi. Við skulum taka Glámuhálendið. Við skulum taka svæðið austan Eyjafjarðar. Við skulum taka ýmis önnur svæði, kannski í Reykjanesfólkvangi, Bláfjallasvæðið og ég vil spyrja hv. þm.: Hvers vegna talar hv. þm. fyrst og fremst fyrir þessu varðandi miðhálendið? Og ef maður les nefndarálit minni hluta félmn., af hverju er þá eingöngu talað um miðhálendið í þessu sambandi? Af hverju er ekki líka rætt um að gera þessi svæði sem ég hef nefnt að sams konar stjórnsýslulegri heild?

Mér finnst alveg augljóst mál að ef menn fylgja þeim rökum sem hv. þm. hefur flutt hér og fylgja þessum sjónarmiðum að þá leiðir það óhjákvæmilega til þess, ef maður vill vera sjálfum sér samkvæmur á annað borð, að krafan um að gera þetta svæði að sérstakri stjórnsýslulegri heild hljóti líka að eiga við um þessi landsvæði og kannski fleiri ef maður fær að rifja upp sína gömlu landafræði. Kannski á þetta við fleiri landsvæði. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvers vegna er ekki talað um stærri landsvæði í þessu sambandi í nefndaráliti minni hlutans og mætti kannski búast við því að þessi hv. þm. vildi fylgja því eftir með því að flytja rök fyrir því sérstaklega síðar í umræðunni?

[15:55]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef reyndar svarað þessu áður og það veit þingmaðurinn. En það er skemmtilegt að hann nefndi ekki eitt svæði sem stendur hjarta mínu næst og e.t.v. hans líka, þ.e. Sléttuhrepp og Hornstrandir. Það vill svo til að ég beitti mér mjög í því máli á sínum tíma og var reyndar þá í stjórnarmeirihlutanum. Ekki var búið að ganga frá því á þeim tíma hvort Ísafjörður eða þetta svæði allt yrði eitt sveitarfélag þegar fyrst átti að koma með tillögu hingað inn um að það svæði félli undir Ísafjörð þó að væri verið að leggja það til að það lægi undir einu sveitarfélagi. Þegar það var hins vegar orðið — ég held að sú tillaga hafi komið þrisvar fram — þá var ég raunsæ og samkvæm mér nú því ég féllst á að slíkt óbyggðavæði væri undir einu sveitarfélagi.

Ég viðurkenni að ég átti við ofurefli að etja þá líka í þrjá vetur á þingi. En það var a.m.k. ljóst að eitt sveitarfélag mundi sjá um svæðið. Ég væri alveg tilbúin til þess að skoða Glámu, svæðið austan Eyjafjarðar og Bláfjallasvæðið með þingmanninum ef hann vildi skoða miðhálendið með mér. „Af hverju miðhálendið?“ spyr hann. Það er vegna þess að frv. er um það. Frv. er um að deila því upp á milli sveitarfélaga. Ég hef líka komið inn á Bláfjallasvæðið. Kópavogur er ekki að deiliskipuleggja þar eða gera aðra hluti þó að langstærstur hluti Bláfjallasvæðisins komi úr landi Kópavogs.

[15:57]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki alveg rétt hjá hv. þm. að þetta frv. fjalli um að skipta miðhálendinu milli sveitarfélaganna. Frv. fjallar um það að skipta landinu milli sveitarfélaga. Það er grunnforsenda þessa frv., þessa ákvæðis frv. sem mest hefur verið rætt hér, að landið allt eigi að skiptast á milli sveitarfélaga. Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að mér finnst engin sérstök rök fyrir því að minni hlutinn í félmn. skuli leggja til að gera sérstaklega það sem menn hafa kallað miðhálendið að einni stjórnsýslulegri einingu eða einni stjórnsýslulegri heild.

Ef hv. þingmenn eru þessarar skoðunar ... (Gripið fram í.) Ég er að tala um 1. gr. frv. sem er auðvitað meginefni þessa frv. (Gripið fram í.) Fyrirgefðu hv. frammíkallari. Ég hef orðið hérna. Ég er að segja að ef hv. þm. vilja vera sjálfum sér samkvæmir og fylgja eftir sínum eigin rökum þá hljóta hv. þm. eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem talað hefur af mikilli reynslu, að fylgja eftir sínum eigin málflutningi með því að leggja fram hugmyndir um að gera þau landsvæði, sem líkt er á komið og með miðhálendinu, líka að einni stjórnsýslulegri heild. Annars eru þessir þingmenn ekki sjálfum sér samkvæmir og þora ekki að fylgja eftir sinni eigin sannfæringu. Þess vegna kalla ég eftir því, virðulegi forseti, að hv. þm. útlisti nú á þessum tveimur mínútum þau helstu landsvæði sem hv. þm. vill að verði gerð að stjórnsýslulegri heild. Ég heyrði að hv. þm. nefndi sérstaklega Bláfjallasvæðið sem hv. þm. er þar með búinn að segja að eigi að gera að sérstakri stjórnsýslulegri heild. Ég spyr líka um það sem kallað hefur verið Reykjanesfólkvangurinn og ýmis önnur landsvæði sem ég held að nauðsynlegt sé að við höfum uppi á borðinu. Heyrum sjónarmið hv. þm. sem svo mjög hefur beitt sér í þessu máli.

[15:59]

**Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þingmanninn vel. Hann er orðinn mjög svekktur eins og aðrir sjálfstæðismenn. Ég ætla bara að segja um Bláfjallafólkvanginn að hann lýtur einni stjórn, stjórn Bláfjallafólkvangs. Það er ekki lengur þannig að Kópavogur eigi Drottningargilið og sé þar t.d. með aðstöðu sína. Það var unnið nýtt skipulag að þessu svæði. Það er algerlega á vegum þessarar stjórnar. Þetta lýtur sérstakri stjórn eins og við erum að gera tillögu um á miðhálendinu. Svæðin eru samtengd hvert öðru þannig að allar lyftur eru samreknar. (**EKG:** Skipt upp milli sveitarfélaganna.) Sveitarfélögin fengu bara úthlutaðan stað undir bústaði sína. Þetta er nákvæmlega eins og við erum að tala um með hálendið.

Ég bendi hv. þm. líka á frv. sem liggur fyrir um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Það er verið að víkka mjög út það svæði sem stjórn Þingvallavæðisins á að sjá um sem er náttúrlega þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Það á að víkka það mjög út. Þeir eiga líka að hafa afskipti af beitarmálum, hvað þá heldur öðru.

Við höfum talað einni röddu. Að sjálfsögðu mundum við vera til í að skoða önnur svæði. En það er miðhálendið sem hefur ekki verið undir sveitarfélögum sem á núna að skipta upp til jökla og þess vegna höfum við barist fyrir því að það gerist ekki. Ef það þarf að taka einhver önnur svæði frá sveitarfélögunum þá er ég tilbúin að skoða það með þing-

manninum. En þar sem ekki tekst einu sinni að afstýra því að landi sem ekki tilheyrir sveitarfélagi verði skipt upp þá tel ég varla að auðsótt verði að taka svæði frá öðrum. En þau sem hann hefur nefnt eru öll undir einni stjórn eins og ég hef getið um, Bláfjallafólkvangurinn, Sléttuhreppurinn o.s.frv.

[16:01]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er komið til 3. umr. eins og fram hefur komið hið umdeilda frv. ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga þar sem m.a. á að skipta hálendinu á milli 40 sveitarfélaga, svokallað tertusneiðafrv. Um er að ræða um það bil 40% af Íslandi og í þeim sveitarfélögum sem eiga að fara með stjórn svæðisins búa í kringum 5% þjóðarinnar. Allir aðrir, þ.e. íbúar höfuðborgarsvæðisins og þeirra svæða sem liggja ekki að þessu svæði eiga að hafa hverfandi áhrif þar á en það er kannski ekki meginmálið heldur hitt að með þessu á að kljúfa miðhálendið upp í mismunandi stjórnsýslueiningar og mismunandi skipulagssvæði þannig að það verður enginn einn aðili sem mun hafa þar heildarstjórn.

Herra forseti. Við kvennalistakonur eigum ekki fulltrúa í félmn. en ég ræddi þetta frv. og þessi sérstöku ákvæði sérstaklega í allshn. í tengslum við þjóðlendufrv. og skyldleika þessara frv. eins og fram kom í 1. og 2. umr. um þetta mál í ræðum mínum. Þegar ég ræddi þetta mál óskaði ég eftir því að heyra álit sveitarstjórnarmanna af höfuðborgarsvæðinu á bráðabirgðaákvæði þessa frv. (**KÁ:** Hér er einn slíkur.) Hér er einn slíkur, já, hann er reyndar ekki í salnum, einn varaþm. en þá var upplýst að Samband ísl. sveitarfélaga gerði ekki athugasemdir við þetta frv. Rökin voru einhvers konar samningur sem væri í bígerð um skipulagslög samanber frv. sem var síðan dreift á Alþingi en fékkst ekki að ræða. Mér fannst þessi afstaða mjög sérkennileg af hálfu sveitarstjórnarmanna ekki síst af höfuðborgarsvæðinu þó að skiljanlegra væri að Samband ísl. sveitarfélaga væri hálfklofið í málinu þar sem hagsmunir hinna mismunandi sveitarfélaga fara ekki saman. Þess vegna gladdist ég mjög þegar fram kom nokkru fyrir kosningaryfirlýsing frá Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem mælt var með því að málinu yrði frestað til hausts og skoðað betur vegna mikillar andstöðu við málið á meðal borgarbúa, þ.e. það var mælt með að fresta málinu til hausts, það þyrfti mun meiri kynningar við.

Mér kom því nokkuð á óvart að heyra yfirlýsingu frá borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna á kjördag. Þó að Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefði mælt með því að þessu yrði frestað og ég sem þingmaður Reykvíkinga hefði vissulega fundið þann þunga tón og þær sterku skoðanir sem Reykvíkingar bera til þessa frv. þá kom yfirlýsing þessi á óvart um að nauðsynlegt sé að fresta þessu máli.

Á kjördag kemur svo yfirlýsing frá borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna og ég hugsa með mér: Loksins, loksins. Rök borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. og Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru að mínu mati góð og gild samanber málflutning okkar kvennalistakvenna og jafnaðarmanna í þinginu en pólitískt er mjög umhugsunarvert hvað þarna var að gerast.

Ég lít svo á og ekki síst eftir þá umræðu sem átti sér stað í upphafi þingfundar í dag að þarna hafi verið í gangi ábyrgðarlaus blekkingartilraun við kjósendur, blekkingartilraun þar sem upplýst hefur verið að sá frambjóðandi sem valdið hefur til að fresta frv. kannast ekkert við að hafa staðið að yfirlýsingunni og ætlar ekki að verða við því að fresta málinu. Þeir sem biðja um traust hafa ekki einungis verið uppvísir að leðjuslag og persónuníði í kosningabaráttunni heldur hafa þeir komið á sjálfan kosningadaginn með yfirlýsingu sem engin innstæða er fyrir.

Hvers vegna var gripið til þessa ráðs af hálfu borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna? Jú, vegna þess að kjarni málsins er sá að þetta mál mætir þvílíkri andstöðu meðal borgarbúa að fólk getur ekki sætt sig við að það eigi að kljúfa miðhálendið upp í sneiðar og þá ætlaði þessi borgarstjórnarflokkur að nýta sér málið sér til framdráttar og lofa breytingu. En, nota bene, bara ef þeir vinna. Þetta tekur leiðarahöfundur Morgunblaðsins skýrt upp í blaðinu í gær. Nú hefur forsrh. upplýst að hann sem frambjóðandi hafi aldrei ætlað að verða við því að standa við þetta loforð hvort sem Sjálfstfl. hefði unnið eða ekki. Þjóðin átti sem sagt að sitja uppi með það að hugsanlega verði þessu frv. ekki frestað vegna þess að borgin vannst ekki af sjálfstæðismönnum. En forsrh. upplýsti áðan að það var alls ekki málið og hæstv. utanrrh. tók undir að það hefði aldrei komið til tals að fresta þessu máli.

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara nánar út í þennan leiðara Morgunblaðsins frá því 24. maí, frá því í gær, en það var gert ítarlega áðan af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Þar er réttilega vitnað í góðan vísindamann um þessi mál þar sem talað er um hversu tilfinningabundin afstaða landsmanna er til hálendisins. Mörgum finnst frelsi þeirra verulega skert ef á að fara að bítast um það af 40 sveitarfélögum og Morgunblaðið tekur réttilega þá afstöðu að kjarni málsins sé sá að það verði að skoða þetta mál mun betur og þess vegna beri að fresta því til haustsins. Ég tek heils hugar undir þessa afstöðu Morgunblaðsins og vona að það verði fleiri sem vitkist og þar á ég að sjálfsögðu við stjórnarmeirihlutann á Alþingi.

Herra forseti. Ég hef sjaldan fundið fyrir jafnmiklum tilfinningahita hjá fólki út af nokkru máli. Það heftir frelsistilfinningu fólks að hugsa um að hálendinu verði skipt niður í 40 sneiðar og í fyrri ræðum mínum um þessi mál vitnaði ég bæði í málflutning Steinunnar Sigurðardóttur skáldkonu og Illuga Jökulssonar pistlahöfundar hjá Ríkisútvarpinu og ég ætla að leyfa mér aðeins að koma aftur inn á örfá orð sem Illugi Jökulsson sagði í einum sinna pistla og vitna beint í hann, með leyfi forseta:

„Ef tekst að varðveita hálendi Íslands mun það verða okkar stærsta og mesta auðlind í framtíðinni og þá er ég sem sagt að tala um næstu þúsund ár og þegar ég segi auðlind á ég ekki við gróðalind. Ég á ekki við að við getum lifað eins og blómi í eggi hér niðri á láglendinu, á höfuðborgarsvæðinu, og grætt á tá og fingri á að selja einhverjum útlenskum bjánum aðgang að óbrúuðum ám og hrikalegum fjöllum þótt nú þegar séu innibyrgðir Evrópubúar og Ameríkumenn og Japanar tilbúnir að borga stórfé fyrir að sleppa stundarkorn úr stórborgum sínum og tilbúna umhverfi. Nei, ég er ekki að tala um gróðann sem við getum haft af hálendinu heldur er ég hreint og beint að tala um okkur sjálf, um geðheilbrigði íslensku þjóðarinnar sem mun velta á því eftir þúsund ár að við getum komist út undir bert loft, sloppið undan múrum okkar sjálfra og eygt undankomuleið þótt við höfum svo sem ekkert að flýja.

En skipulagsþrá mannsins er líka sterk, sú hvöt að rotta sig saman og byggja eitthvað til að fela sig inni í, sú þrá sem varð til þess að hinir fyrstu múrar voru reistir í Jeríkó og hefur allar götur síðan togast á við þörfina fyrir víðáttuna. Nú hefur skipulagsþrá mannsins teygt sig inn í hálendi Íslands

og þar er stórkostleg hætta á ferðum ef skipulagt verður um of, ef reistar verða virkjanir, vegir, hús og brýr, háspennulínur og hótel, sem sé einir múrarnir enn. Eftir þúsund ár verða ósnortin eða lítt snortin svæði ansi fá eftir í veröldinni, og núna stendur okkur til boða að varðveita eitt slíkt svæði sem getur ekki einungis orðið börnunum okkar tekjulind í ferðamennsku heldur getur líka og miklu frekar orðið barnabarnabarnabarnabarnabörnum okkar undankomuleið í ofskipulögðum heimi."

Síðar segir pistlahöfundur: „Mikið væri nú gaman ef það kæmi í ljós að víðernið á Íslandi gerði mönnum kleift að hugsa stórt og langt fram í tímann, þúsund ár eða jafnvel 10 þúsund ár og að menn gætu þá hugsað hlýlega til þeirra Íslendinga sem sáu út fyrir múrana og áttuðu sig á þörf sálarinnar fyrir ósnortinn sjóndeildarhring og víðernið í sjálfu sér."

Ég ætla að láta þetta nægja, herra forseti, til að tjá þann ugg sem ég hef vegna þess frv. sem nú á að fara að samþykkja.

Við þingmenn höfum undanfarna daga fengið mörg skeyti frá almenningi, m.a. frá náttúruverndarsamtökum, sem hafa barist af miklum krafti gegn því að þetta frv. verði lögfest. Ég vil nefna eitt bréf sem er til ríkisstjórnarinnar og er áskorun um frestun á afgreiðslu frv. til sveitarstjórnarlaga en þar segir m.a.:

„Við undirritaðir fulltrúar ýmissa félaga og félagasamtaka skorum því á ríkisstjórnina að fresta afgreiðslu þeirrar breytingar á sveitarstjórnarlögunum sem skiptir jöklum og öræfum milli 42 lítilla sveitarfélaga og sviptir yfir 90% þjóðarinnar þeim rétti til miðhálendisins sem hún hefur haft fram til þessa, samanber forn lög og dóma. Sumarið verði notað til að finna málamiðlun er þjóðin öll geti sætt sig við og hún kynnt rækilega. Við vörum eindregið við því að keyra málið í gegnum þingið nú á síðustu dögum þess í ljósi þeirrar gífurlegu andstöðu sem er að skapast í þjóðfélaginu en almenningur er fyrst nú að átta sig á því hvað er að gerast."

Þetta er undirritað af fulltrúum frá Sambandi ísl. myndlistarmanna, Félagi leiðsögumanna, Skotveiðifélagi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landvarðafélagi Íslands, Félagi ísl. ferðaskrifstofa, Arkitektafélagi Íslands, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Félagi nýlistasafnsins, Landssambandi ísl. vélsleðamanna og Ferðafélagi Íslands.

Hér eru mörg almannasamtök að fara fram á að hlustað verði á þau á sama hátt og borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna er að biðja um það en allt kemur fyrir ekki. Það á að keyra málið í gegn. Það er greinilega mikið kappsmál hjá ríkisstjórninni að koma þessu máli í gegn.

Annað bréf er hérna frá Ásgeiri Þ. Kristjánssyni sem óar við því að það eigi að skipta hálendinu upp á milli ýmissa yfirvalda í fleirtölu og segir m.a. í sínu bréfi:

„Það er því nauðsynlegt að frumvarp það til breytinga á skipulagslögum sem boðað hefur verið með haustinu miði að því að tryggja heildstætt skipulag hálendisins og að einn málsaðili fari með aðalskipulagsvald fyrir það allt. Hálendið er perla og við megum ekki glata töfrum þess með vanhugsuðum aðgerðum."

Herra forseti. Ég ætla ekki að vitna í fleiri bréf en það er alveg ljóst að ég bjóst við að nú væri kominn sá dagur að boðuð yrði frestun á þessu frv. Ég varð því fyrir miklum vonbrigðum í dag að heyra að svo er ekki. Reyndar liggur fyrir brtt. sem því miður er ekki frá meiri hlutanum heldur frá minni hlutanum, brtt. sem Rannveig Guðmundsdóttir og fleiri leggja fram og ég og við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu styðja. Þar er lagt til að 1. mgr. 1. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða, þ.e. umdeildustu greinar þessa frv., verði felldar brott. Ég styð það heils hugar eða að þessu máli verði frestað.

Auðvitað væri affarasælast að fresta frv. ekki bara til haustsins heldur breyta því þannig að miðhálendið verði eitt skipulagssvæði eða stjórnsýslusvæði. Það virðist ekki eiga að vera reyndin hér. Ég tel mikilvægt að miðhálendið verði ein stjórnskipuleg heild, ekki síst vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu, þannig að ekki verði ráðist í framkvæmdir án heildaryfirsýnar. Með slíku háttalagi er mjög mikil hætta á að hin ósnortnu víðerni hálendisins hverfi eða verði ekki ósnortin um aldur og ævi eins og annars væri hægt að tryggja.

Herra forseti. Eins og fram kom áðan sit ég ekki í félmn. og við kvennalistakonur eigum ekki fulltrúa þar nú. Mér fannst hins vegar mjög athyglisvert að fylgjast með umræðunni áðan, um 7. gr. frv. og þá umræðu sem hefur átt sér stað á milli 2. og 3. umr. um það mál. Mér finnst mjög athyglisvert að heyra frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að það sé ekki alveg ljóst hvort þessi grein standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég hef því verið að skoða stjórnarskrána núna, áður en ég kom í ræðustól. Af því virðist mér ljóst að þarna sé um að ræða 77. eða 78. gr. stjórnarskrárinnar. Í 77. gr. segir:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Í 78. gr. segir:

„Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir."

Herra forseti. Mér virðist að hér sé hugsunin sú að koma lagastoð t.d. undir arðgreiðslur Reykjavíkurborgar vegna Landsvirkjunar en mér sýnist alls ekki ljóst af þessum stjórnarskrárgreinum hvort þetta form sem hér er lagt til gengur. Þó að málefnið sjálft sé vissulega umdeilanlegt, þ.e. hvort heimila eigi sveitarfélögum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra, þá tel ég hitt mun alvarlegra, ef hér á að fara að lögfesta ákvæði sem hugsanlega brýtur gegn 77. eða 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég vil þó segja eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að við kvennalistakonur munum væntanlega sitja hjá við langflestar greinar þessa frv. fyrir utan þær sem við erum alfarið á móti. Þessi ákvörðun mun því að sjálfsögðu verða alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. (**KÁ:** Þetta er 3. umr. um málið.) Já, já, 2. umr. er lokið, en lögfestingin er eftir. (Gripið fram í.) Já, já, lögfestingin er eftir og mér finnst það mjög alvarlegt ef við ætlum að lögfesta mál sem hugsanlega brýtur í bága við stjórnarskrána. Þótt 2. umr. sé búin og búið að samþykkja þessa grein, þá á eftir að lögfesta málið. Mér var ekki kunnugt um það að þessi álitamál væru uppi. Það er það sem ég er að segja, hv. þm. Mér finnst mjög alvarlegt ef hér á að fara að lögfesta þetta frv. eftir að fram hafa komið, á milli umræðna, efasemdir um að þetta standist stjórnarskrána.

Mér finnst fróðlegt að heyra að það sé búið að vinna töluvert í málinu á milli 2. og 3. umr., en samt orkar það enn

tvímælis hvort þessi grein standist stjórnarskrána. Það er því alveg ljóst að þetta frv. á að fara í gegnum þingið óbreytt eða lítið breytt þrátt fyrir mótmæli okkar stjórnarandstæðinga og fjölmargra frjálsra félagasamtaka og einstaklinga sem mótmæla því af heilum hug. Það á ekki einu sinni að taka mark á borgarstjórnarflokki Sjálfstfl. í þessum efnum, jafnvel þó að hæstv. forsrh. sé samtímis í þeirra flokki og sjálfskipaður 1. flm. þessa ríkisstjórnarfrv.

Hæstv. forsrh. getur auðvitað orðið við þessari bón, þ.e. að fresta málinu til haustsins, en ætlar sér ekki að gera það. Á sama tíma biður hæstv. forsrh. um traust. Þessi málflutningur, herra forseti, er ekki trúverðugur, svo ég grípi ekki til stóryrða sem mér fyndist í raun viðeigandi í þessu máli.

Herra forseti. Við kvennalistakonur höfum reynt að koma því á framfæri í þessari umræðu að miðhálendi Íslands eigi að vera ein skipulagsleg og stjórnsýsluleg heild. Við munum beita okkur fyrir því á næsta þingi og fyrir næstu kosningar, að breyta þessum ákvæðum ef þau verða lögfest nú.

[16:27]

**Útbýting þingskjala:**

Lax- og silungsveiði, 578. mál, brtt. GÁ, þskj. 1421.

Skipan héraðsdómara, sýslumanna og forstöðumanna, 608. mál, svar dómsmrh., þskj. 1411.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 547. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1420.

[16:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um frv. það sem hér er til umræðu, frv. til sveitarstjórnarlaga. Ég hef áður gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum mínum. Hins vegar er ljóst að það eru mörg álitamál sem tengjast þessari umdeildu lagasmíð og í þjóðfélaginu hljóma raddir og kröfur um að málinu verði frestað, að Alþingi setjist yfir deilumálin í sumar, hagsmunaaðilum gefist tóm til að koma ábendingum sínu á framfæri og málið verði síðan tekið á dagskrá að nýju í haust.

Skoðanakönnun, sem ekki alls fyrir löngu var birt í DV, sýndi að yfir 70% þjóðarinnar eru andvíg því að þetta frv. verði gert að lögum. Það má ætla að enn fleiri séu á þeirri skoðun að æskilegt sé að fresta málinu. Með öðrum orðum: Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er á því máli að Alþingi fresti þessum lögum. Þetta hefur verið tíundað mjög rækilega í máli þeirra hv. þm. sem þegar hafa tekið til máls um frv. við 3. umr.

Hæstv. forsrh. segir að í umræðunni um sveitarstjórnarlögin sem fram fer í þjóðfélaginu sé að finna mikinn misskilning og hann boðar að gefin verði út upplýsingarit í sumar til þess að skýra fyrir fólki um hvað þessi mál snúast. Sannast sagna finnst mér felast mikill hroki í þessari afstöðu. Hér er verið að tala til fólks sem hefur kynnt sér þessi mál og hefur áhyggjur af þeirri lagasmíð eftir að hafa skoðað málin og lagst yfir þau. Það getur hins vegar vel verið rétt að það sé misskilningur á ferðinni í þessari umræðu og ég segi það fyrir mitt leyti að mér finnst, hæstv. forseti, ákvæði í þessum lögum orka tvímælis. Það er nokkuð sem ég tel að þurfi að skýra betur. Ég mun síðar koma að því hvað ég á við.

Ég ætla í máli mínu fyrst og fremst að fjalla um þrjár lagagreinar. Ég ætla fyrst að fjalla um skiptingu landsins í sveitarfélög. Ég ætla síðan að víkja að 7. gr. frv. um arðsemisgreiðslur og í síðasta lagi ætla ég að koma lítillega að ákvæði sem fjallar um endurskoðun reikninga sveitarfélaganna.

Varðandi fyrstu lagagreinina sem er umdeildasta grein laganna og kveður á um að landinu öllu skuli skipt á milli sveitarfélaga í stjórnsýslueiningar, hefur skoðun mín verið sú alla tíð að æskilegast sé að miðhálendið verði skilgreint sem ein heildstæð stjórnsýslueining. Það sem ræður þessari afstöðu er sú skoðun að það markmið sem eigi að stjórna okkur í öllu og eigi að vega þyngst sé umhverfisþátturinn, að búið verði svo um hnúta að við verndum miðhálendið út frá umhverfisforsendum. Forsenda þess að hægt sé að gera þetta er að miðhálendið sé skipulagt sem ein heild. Þetta er það sjónarmið og sú afstaða sem hefur einkennt alla framgöngu þingflokks Alþb. og óháðra í þessu máli, þ.e. að miðhálendið sé skipulagt sem ein eining.

Hvers vegna tel ég mikilvægt að miðhálendið sé skipulagt sem ein eining en það verði ekki á færi einstakra sveitarfélaga að skipuleggja þann hluta hálendisins sem kæmi til með að heyra til þeirra? Hvers vegna vil ég takmarka þann rétt? Vegna þess að ég held að það sé óæskilegt að fjárhagslega vanmegna aðilar fái of miklu um ráðið þegar kemur að skipulaginu. Ég held að það sé ekki rétt þegar kemur að hálendinu að tengja saman fjárhagslega hagsmuni og þau langtímasjónarmið sem eiga að mínum dómi að ráða ferðinni, þ.e. umhverfisþáttinn. Þetta finnst mér skipta miklu máli.

Við vorum engu að síður tilbúin að gera ákveðna málamiðlun í þessu máli. Og hver skyldi sú málamiðlun hafa verið? Jú. Færi svo að landinu yrði skipt öllu á milli sveitarfélaga þá vildum við búa svo um hnútana að miðhálendið yrði eftir sem áður skipulagt sem ein heild. Þegar ríkisstjórnin lét þau boð út ganga að í smíðum væri frv. þar sem kveðið yrði á um að miðhálendið yrði skipulagt sem eitt svæði, skipulagt sem heildstætt svæði og ekki nóg með það heldur yrði það jafnframt lagaskylda að færa þetta svæðisskipulag inn í aðalskipulag einstakra sveitarfélaga, þá þótti okkur sýnt að við kynnum að ná því markmiði sem við leggjum höfuðkapp á að ná, þ.e. að tryggja heildstætt skipulag þar sem umhverfisþátturinn mundi vega þyngst.

Hins vegar eru ekki allir á eitt sáttir um aðkomuna að þessari stjórnsýslu og margir vilja að forræðið sé í þingsölum, sé á valdi ríkisstjórnar og þings en sveitarfélögin komi ekki að málum eins og gert er ráð fyrir í málamiðlunartillögu ríkisstjórnarinnar sem fékkst reyndar aldrei rædd. Hverjir skyldu helst gagnrýna þetta? Gagnrýnin kemur úr tveimur áttum. Hún kemur frá umhverfissinnum sem vilja fá betri vissu fyrir því að sveitarfélögin hafi ekki neitunarvald gagnvart svæðisskipulagi enda þótt að í frv. ríkisstjórnarinnar væri mjög skýrt kveðið á um að það yrði gert að lagalegri skyldu að skipuleggja svæðið í heild sinni og að sveitarfélögum yrði jafnframt gert að skyldu að færa þetta svæðisskipulag inn í aðalskipulag sitt. Menn vildu því fá það alveg geirneglt niður að svæðisskipulagið mundi gilda.

Svo kom gagnrýni líka úr hinni áttinni. Og hvaðan skyldi hún koma? Hún kemur frá virkjunarsinnum. Hún kemur frá orkugeiranum. Hún kemur frá Orkustofnun og hún kemur frá Rarik. Það eru þeir sem gagnrýna frá hinni hliðinni.

Samkvæmt skipulagslögum frá árinu 1993 hefur verið starfandi nefnd sem hefur unnið að skipulagi fyrir miðhálendið og þegar þau lög voru endurskoðuð í fyrra var staðfest framhald á þeirri vinnu sem á að ljúka núna 1. desember. Það er athyglisvert að lesa álitsgerð Orkustofnunar um þessa vinnu. Þar segir m.a., með leyfi forseta, í niðurlagi:

„Enda þótt það sé ekki efni sem beina beri til samvinnunefndarinnar, verður að nota þetta tækifæri til að lýsa

efasemdum um framhald skipulagsmála miðhálendisins, ef svo fer sem horfir að stjórnsýsla og þar með talin skipulagsmál verði í umsjá þeirra 50 hreppa sem eru taldir liggja að miðhálendinu (enda þótt þeim kunni að fækka eitthvað vegna sameiningar sveitarfélaga).

Þá er viðbúið að sama virkjanamannvirkið tilheyri mismunandi hreppum; stöðvarhús í einum hrepp, stíflur og lón í öðrum og línulagnir og aðkomuvegir í enn öðrum hreppum. Hagsmunir þessara sveitarfélaga munu rekast á, m.a. þar sem opinber gjöld, einkum fasteignaskattar, miðast við hrepp þann þar sem stöðvarhúsið liggur. Það býður því þeirri hættu heim að virkjunaraðili hljóti mjög misjafnar undirtektir í viðkomandi hreppum, með tilheyrandi deilum og tilkostnaði við sættir, eins og dæmin reyndar sanna."

Menn hafa áhyggjur af því með öðrum orðum að erfiðara verði að koma fram áformum um virkjanir á miðhálendinu með þessu fyrirkomulagi sem verið er að leggja til, en ef málið væri á forræði Alþingis, ég tala nú ekki um ef það væri beintengt inn í iðnrn. eitt. Þetta er gagnrýni sem þarna hefur komið fram. Hér segir enn í þessari umsögn Orkustofnunar, með leyfi forseta:

„Kjarninn í umsögn Orkustofnunar er því sá að heildartillaga um skipulag miðhálendisins sé ótímabær þar sem enn skorti verulega forvinnu áður en unnt er að ganga jafnlangt í skipulagningu miðhálendisins og nefndin leggur nú til."

Hér er með öðrum orðum verið að gagnrýna heildstætt skipulag á miðhálendinu og ég hef áhyggjur af því að málin verði látin danka áfram vegna þess að ef ekki er komið böndum á skipulag miðhálendisins þá mun sú þróun halda áfram sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum að menn, einstaklingar og félög reisa mannvirki að eigin vild og alveg skipulagslaust.

Hvers vegna þá ekki að drífa sig í að búa til eina stjórnsýslueiningu? Þetta er sú skoðun sem ég teldi æskilegustu niðurstöðuna. Hvers vegna að halda sig þá ekki fast við það og hvika hvergi frá því að búin verði til ein stjórnsýslueining, eitt stjórnsýslusvæði? Hvers vegna að ljá því máls að gera málamiðlun?

Þegar unnið er að svæðisskipulagi þá er það gert samkvæmt línu sem er dregin á milli heimalanda og afrétta. Það markar skipulagsheildina. Þetta er nokkuð sem ég tel að sveitarfélögin muni láta yfir sig ganga. Ef hins vegar við ætlum að láta þessa línu gilda jafnframt sem stjórnsýsluafmarkandi línu þá er ekki nokkur vafi á því að það mundi leiða til mikilla deilna um málið og skjóta því á frest, hugsanlega um langan tíma. Þess vegna sögðum við sem viljum ofar öllu öðru verja umhverfisþáttinn, viljum ofar öllu öðru stuðla að því að landið verði skipulagt sem ein heild og að umhverfismálin vegi þar þyngst: Við erum tilbúin að skoða málamiðlun sem tryggir að þetta gerist, að það verði skipulagt, skipulaginu verði komið í framkvæmd og umhverfisþátturinn vegi þar þyngst. Með fullri virðingu fyrir Orkustofnun og Rarik og þeim sem vilja koma fram virkjunum þá tel ég að það eigi að vera tiltölulega erfitt að taka ákvarðanir af því tagi. Þótt ég geti að mörgu leyti skrifað undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að auðvitað á það alltaf að vera háð lýðræðislegum vilja hvað við gerum á hálendinu sem annars staðar, hvort við virkjum á Hveravöllum eða ekki eins og hann komst að orði — hann taldi að ákvörðun um það ætti að liggja inni í Alþingi, að við ættum að geta tekið ákvörðun um það í þessari stjórnsýslueiningu hvað við gerðum á hálendinu, þar með talið velti hann þessari spurningu upp með virkjanir þar — þá finnst mér að þetta eigi að vera ákvarðanir sem séu talsvert seigfljótandi. Þannig viljum við líta á þessi mál.

Ég held að það sé sannleikskorn til í því sem hæstv. forsrh. sagði áðan um misskilninginn, að stundum einblínum við um of á afmörkuð frumvörp. Ef við ætlum að taka á þessum málum og ná fram þeim markmiðum sem við setjum í öndvegi, þ.e að verja umhverfið sem er að mínum dómi mál málanna, þá verðum við að skoða marga lagabálka í senn og við þurfum að treysta öll þessi lög. Við þurfum t.d. að skoða skipulagslög. Við þurfum að skoða lög um náttúruvernd. Við þurfum að skoða lög um þjóðlendur. Við þurfum t.d. að skoða lög um þjóðgarða sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram og við þurfum að þéttríða net í allri þessari lagasetningu umhverfinu til varnar. Þess vegna finnst mér það vera pínulítið afvegaleiðandi að einblína á 1. gr. þessara laga. Við eigum að ræða þessi mál í ljósi markmiða, hvernig við förum að því að tryggja heildstætt skipulag á miðhálendinu og síðan þau pólitísku markmið sem við setjum okkur sem eru þá umhverfismálin.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því hver hin pólitíska skipting er í þessu máli. Ég gef t.d. lítið fyrir þau sjónarmið sem oft hafa verið sett fram um prósentuhlutfall þeirra sem koma að þessum málum, 4 eða 5% þjóðarinnar eða 40 eða 50% þjóðarinnar. Ég hef bent á að þjóð sem á sæti við hliðina á Indlandi hjá Sameinuðu þjóðunum eigi að fara varlega í slík mál. Mér finnst skipta meginmáli í þessu hvaða sjónarmiðum er gert hæst undir höfði, það finnst mér vera meginmálið, orkugeiranum eða umhverfisþættinum. Það er hér sem menn skiptast. Hér eru hinar mikilvægu línur í þessum málum.

Í umsögn sinni um svæðisskipulagið, sem við viljum mörg ofar öllu öðru fá framkvæmt og erum þess vegna tilbúin að skoða málamiðlanir til að ná því markmiði, segir Landsvirkjun, með leyfi forseta:

„Nægjanlegt tillit er ekki tekið til stefnumörkunar stjórnvalda í orkumálum, þar á meðal Landsvirkjunar, en fyrirtækinu er að lögum fengið skýrt hlutverk í þessu efni. Að óbreyttum lögum er það ekki í verkahring samvinnunefndarinnar að samræma mismunandi stefnu og sjónarmið ólíkra hagsmunahópa."

Úr þessari átt, úr orkugeiranum, frá Landsvirkjun, eru miklar efasemdir um það fyrirkomulag sem menn hafa verið að festa í sessi, þ.e. að það takmarki þeirra völd, bindi hendur þeirra. Þetta finnst mér nokkuð sem við þurfum að leiða hugann að vegna þess að þetta finnst mér vera meginmálið.

Maður heyrir það líka oft í þessari umræðu að margir telja að með þessum lögum, frv. til sveitarstjórnarlaga, sé verið að taka á málum sem eru óskyld, t.d. eignarhaldi. Þetta frv. snýst ekkert um eignarhald. Það er tekið á eignarhaldi í þjóðlendufrv. og það er tekið á eignarhaldi í því frv. sem hér verður væntanlega til umræðu á morgun, um eignarhald á auðlindum sem ég tel vera alvarlegasta frv., alvarlegasta lagasmíðin sem liggur fyrir Alþingi og nokkuð sem er miklu alvarlegra en það frv. sem er til umræðu núna. Það er mín skoðun.

Menn halda líka margir að þetta frv. taki á spurningunni um aðgengi. Þetta kemur því máli ekkert við. Það er kveðið á um það í lögum um náttúruvernd. Í lögum um náttúruvernd er fjallað um aðgengi þar sem segir í 14. gr., með leyfi forseta:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmæltum tilgangi.“

Hér er ekki tekið á spurningunni um aðgengi. Það er hins vegar tekið á spurningunni um stjórnsýslu. Svo ég segi það eina ferðina enn og skal ekki segja það mikið oftar, þá finnst mér þetta skipta meginmáli: Hverjum svo sem falið er að framfylgja stjórnsýslunni eða því sem ákveðið er, þá þarf að spyrja: Hver hefur valdið til skipulagningar? Hvar liggur valdið til skipulagningar? Samkvæmt þeirri tillögu sem kom frá ríkisstjórninni en fékkst ekki rædd í þinginu þá átti að taka á þeim þætti. Þar var að mínum dómi kominn flötur til að skoða hvort menn gætu komist að málamiðlun.

Hins vegar er margt óljóst í þessu efni og ég mundi aldrei fyrir mitt leyti fallast á neina málamiðlun nema þá sem tryggði algerlega óyggjandi að sveitarfélög yrðu að lúta svæðisskipulagi. Svo sagði reyndar í þessari tillögu sem okkur var sýnd. En ég mundi vilja fá rækilega rætt og skoðað fá öllum hliðum hvort það standist á alla lund. Hér er komin ein ástæðan enn fyrir því að fresta þessu máli.

*Ég mundi ekki vilja fresta þessu máli um mjög langan* tíma vegna þess að ég held að mjög brýnt sé að fá niðurstöðu í það. Við höfum um árabil búið við ófremdarástand. Skipulagsleysi ríkir á miðhálendinu og það er mjög mikilvægt að koma böndum á það að koma skipulagi þess í framkvæmd. Það er mjög mikilvægt. En við getum auðveldlega frestað þessu máli til haustsins, lagst yfir það í sumar og frestað því til haustsins. Ekkert mælir gegn því að svo verði gert annað en þrjóska og þvergirðingsháttur í ríkisstjórninni. Annars ætti ekkert að koma í veg fyrir að farið verði að vilja yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar og nánast allra samtaka í landinu sem láta sig þessi mál varða. Mér finnst þau hafa lýðræðislegan rétt á því að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða í þessu efni.

Ég árétta það að mér finnst við þurfa að skoða þessi mál í heild sinni og ég ætla að láta það fljóta með, hæstv. forseti, að ég man eftir því að við vorum að ræða lög, ég held að það hafi verið lögin um náttúruvernd, rétt fyrir þinglok einhverju sinni. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var í ræðustól og var talsvert mikið niðri fyrir en mönnum lá mjög á að slíta þingi. Þar var verið að taka á málum sem ekki eru síður mikilvæg en þau sem við erum með til umfjöllunar nú. Í reynd má segja að sumt af því sem þar var til umfjöllunar hafi verið miklu mikilvægara og gæti orðið afdrifaríkara.

Það sem ég vildi síðan koma að í örfáum setningum var þessi spurning um endurskoðendur. Félag löggiltra endurskoðenda, held ég að það heiti, kvartaði yfir því við félmn. að ekki væri tekið tillit til ábendinga sem frá félaginu kæmu. Ábendingar þess gengu í stuttu máli út á það að óeðlilegt væri að endurskoðun á reikningum sveitarfélaga væri á forræði sveitarfélagsins og unnin innan stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags. Þeir töldu eðlilegt að þetta væri aðgreint og þeir vildu að sjálfsögðu að þetta yrði aðkeypt vinna. Menn sögðu sem svo í rökstuðningi sínum fyrir þessu að hagsmunatengsl mættu ekki vera þarna á ferðinni, menn yrðu að vera algerlega óháðir sínum vinnuveitanda og það gæti aldrei gerst innan stjórnsýslunnar.

Ég held hins vegar að það sé hægt að búa svo um hnútana og það sé t.d. gert hjá Reykjavíkurborg og unnið í því máli, að gera endurskoðunina óháða sjálfri stjórnsýslunni. Ég held að hægt sé að kljúfa það mál og bendi líka á að einkafyrirtæki sem tekur að sér endurskoðun reikninga er að sjálfsögðu háð sínum vinnuveitanda um greiðslurnar. Það þarf að reiða sig á þessar greiðslur þannig að ekkert er unnið endilega með því að koma þessari starfsemi og vinnu út úr sveitarfélaginu. Reyndar má segja að starfsmenn sveitarfélagsins væru miklu óháðari og öruggari um sinn hag sem fastir starfsmenn viðkomandi sveitarfélags en fyrirtækis sem á allt sitt undir því að haldið sé áfram viðskiptum við það. Það er hægt að skera á þau tengsl, segja þeim tengslum upp þannig að fyrirtækið er að mörgu leyti miklu háðara þeim sem það á að skoða heldur en fastir starfsmenn innan viðkomandi sveitarfélags yrðu. Það má hæglega færa rök fyrir því.

Að lokum, varðandi 7. gr. frv. sem lýtur að arðgreiðslum. Ég hef áður gert grein fyrir því að ég hef verið afskaplega lítið hrifinn af þessu arðgreiðslutali öllu sem dúkkar upp í hverri lagasetningu sem frá ríkisstjórninni kemur. Mér finnst þetta orðalag vafasamt í 7. gr. frv., með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana ...“

Þetta er víðtækt orðalag. Sveitarfélag rekur skóla og margvíslegar stofnanir en hér er það bundið í lagatexta að öllum þessum stofnunum skuli sett stefna um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið. Stefnan getur náttúrlega verið sú að það eigi ekki að vera. Þá er það orðin stefna. Það má til sanns vegar færa. Hitt finnst mér álitamál, hvort það þurfi að hleypa þessari hugsun inn í hvert einasta paragraf sem frá Alþingi kemur og lýtur að stjórnsýslu opinberra aðila.

Ég hefði kosið að jafnvel tveimur síðustu málsgreinunum væri hreinlega sleppt og síðan mundi stjórnarskráin sjá um hitt að koma í veg fyrir að sveitarfélög færu fram úr sjálfum sér, tækju til við skattlagningu sem mér skilst að sé bannað samkvæmt stjórnarskrá landsins. Hins vegar verð ég að segja að þar sem menn voru staðráðnir í því að setja þessa klásúlu í *lögin þá er ég því fylgjandi að hún yrði ekki of takmarkandi.* Þess vegna hef ég ekki sett mig mjög harkalega upp á móti breytingunni sem þarna var gerð. Ég get ekki tekið undir það sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í andsvari fyrr í dag, að það sé óeðlilegt að sveitarfélag geti ákveðið hvernig það fer með arð af fyrirtækjum sínum. Vatnsveitur, t.d. vatnsveitan á Seltjarnarnesi svo að dæmi sé tekið gefur sveitarfélaginu góðan arð sem er síðan notaður til annarra hluta, hugsanlega til félagslegra verkefna. Mér finnst að það eigi ekki að þrengja um of að lýðræðinu með því að skylda það í sífellu til að liggja í bókhaldinu og láta alla hluti standast á. Mér finnst ekkert óeðlilegt að hægt sé að færa á milli verkefna, á milli stofnana ef því er að skipta.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni. Ég vil að lokum leggja enn og aftur áherslu á að ég teldi eðlilegast að þessu máli yrði frestað. Mér finnst þetta snúast um virðingu gagnvart þjóðinni og virðingu fyrir lýðræðinu. Ég veit og geri mér grein fyrir því að hér er þingmeirihluti til þess að fara fram með málið og gera það að lögum núna á næstu dögum. Mér finnst hins vegar að taka eigi tillit til þeirra óska sem berast hvaðanæva að. Ég minnist þess á sínum tíma þegar þjóðinni var meinað um að greiða atkvæði um EES-samninginn. Þá var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar andvígur því að hann yrði keyrður í gegnum þingið. Það staðfestu fjölmargar skoðanakannanir og samtök, þar á meðal samtök launafólks sem auglýstu undir kjörorðinu: „Hlustum á rödd þjóðarinnar.“ Ég legg til að við gerum það líka í þessu máli.

[17:02]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er að koma að lokum umræðu um þetta stóra mál sem hefur verið lengi á dagskrá Alþingis. Óhjákvæmilegt er í lok umræðunnar að teknir séu saman ýmsir þeir punktar eða þau aðalatriði sem ýmist einstaka þingmenn, þingflokkar eða aðrir aðilar utan þings, svokallaðir hagsmunaaðilar, hafa haft uppi í umræðunni.

Það eru nokkur atriði, herra forseti, sem ég vildi gjarnan fara yfir þegar ljóst er að hv. félmn. hyggst ekki gera frekari breytingar á því frv. sem liggur fyrir. Ég ætla að geyma það sem lýtur að 1. gr. og bráðabirgðaákvæðinu og snúa mér að öðrum greinum þessa frv. sem eru eins konar eðlilegt framhald eða hliðstæða þeirra laga sem sveitarfélögin búa við í dag og ætla fyrst að nefna að ég hefði talið eðlilegt að tekið væri tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á lágmarksíbúatöluna. Mér sýnist að á ferðinni sé stefna hæstv. ríkisstjórnar sem lýtur að því að sveitarfélögin geti verið með 50 íbúa og gert sé einfaldlega ráð fyrir því að íbúar landsins búi við mjög mismunandi þjónustu og aðstöðu. Ég er mjög ósátt við þetta, herra forseti. Ég hef alltaf verið ósátt við þá lágmarksíbúatölu sem hefur verið í sveitarstjórnarlögum. Ég var líka ósátt við það að sú tala skyldi vera 100 í lögunum sem giltu fyrir 1986 og það var merkilegt að þegar þau lög voru sett, sem við höfum búið við síðan, skyldu menn lækka töluna niður í 50. Mér finnst þetta ekki boðleg stefna ef menn hafa áhuga á því að efla landsbyggðina. Ef menn hafa hins vegar lítinn áhuga á því eða hirða ekki um þá stjórnsýslulegu möguleika sem hún þarf að hafa til að taka á verkefnum get ég skilið pólitíkina en ég er alfarið á móti henni.

Ég vil sömuleiðis fara inn í 7. gr. Ég er fegin því að nefndin tók málið til umfjöllunar á milli 2. og 3. umr. Nauðsynlegt var að fjalla betur um það nýja ákvæði sem kom inn með brtt. en ég er samt sem áður á þeirri skoðun að þetta ákvæði verði illframkvæmanlegt og ég er ósátt við það sem fram kom hjá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, að íbúarnir gætu þá leyst ágreining sinn við viðkomandi sveitarstjórn fyrir dómstólum. Mér finnst það heldur ekki boðlegt þegar verið er að setja ákvæði eins og þetta inn sem getur leitt til þess að gjaldskrár fyrirtækja sem eru með einokunaraðstöðu hækki þannig að íbúarnir kveinki sér undan, að benda þeim á að leysa sín mál fyrir dómstólum vegna þess að sumir geta ekki leyst þessi mál í kosningum. Þeim er einfaldlega ekki þannig háttað.

Ég hef líka tekið eftir því að menn vilja líta svo á að hér sé eingöngu verið að tala um það sem lýtur að veitum og menn vísa til þess að á þessu verði tekið í löggjöf í orkulögum, í lögum um vatnsveitur. Greinin sjálf er hins vegar mjög opin og ekkert er í henni í sjálfu sér sem takmarkar að fleiri þættir í þjónustu sveitarfélagsins séu settir upp með arðgjafar- eða arðgreiðslumarkmið í huga.

Bent hefur verið á að þegar sveitarfélög eða aðrir aðilar setja sér fyrir fram arðgreiðslumarkmið gerist það í gegnum hækkun gjaldskrár sem þýðir það að vegna þeirra gjalda sem ríkið fær, m.a. af virðisaukaskatti, þurfi sú gjaldskrá að vera umtalsvert hærri en ella væri ef um væri að ræða það sem mér fannst hv. þm. Ögmundur Jónasson vera að tala um áðan, eðlilegan arð af þeirri starfsemi sem fram fer og vel er rekin. Fyrirframarðgreiðslumarkmið kallar á hærri gjaldskrá og þar með á auknar skattgreiðslur sveitarfélaganna til ríkisins. Ef til vill hefur þetta atriði verið skoðað en hér er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.

Herra forseti. Ég er sem sagt ekki sátt við ákvæðið eins og það er. Ég tel að það hefði þurft betri tíma til þess að skoða það, jafnvel að hér lægju fyrir eins konar forúrskurðir varðandi það hvernig á málum yrði tekið vegna þess að ég er nokkuð viss um að mjög fljótlega verður látið á þetta ákvæði reyna með einum eða öðrum hætti og þá mun ráðuneytið þurfa að úrskurða. Ég vænti að dómstólaleiðin verði ekki allra heldur muni einhverjir láta ráðuneytið úrskurða.

Ég vil jafnframt, herra forseti, fara inn á 11. gr. frv. Það er eina greinin sem hlaut náð fyrir augum meiri hluta nefndarinnar hvað varðaði breytingu þar sem orðið Reykjavík kemur í staðinn fyrir Reykjavíkurborg. Það gerist vegna mistaka að orðið Reykjavíkurborg kemur þarna inn en það verður að segjast eins og er, herra forseti, að orðalag greinarinnar er einkar klúðurslegt og ástæða hefði verið til þess að umskrifa hana og ég hef þess vegna gerst meðflm. að brtt. Það er brtt. á þskj. 1416 við 1. mgr. 11. gr. þar sem lagt er til að í stað þess texta sem þar er orðist 1. mgr. svo, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Byggðarráð skv. 38. gr. má á sama hátt nefnast bæjarráð eða hreppsráð og sveitarstjóra má kalla bæjarstjóra."

Síðan er næsta málsgrein um Reykjavík sérstaklega og ekki er hreyft við henni eða því sem þar stendur utan þess sem meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um og hér hefur áður verið rætt að í stað orðsins Reykjavíkurborg komi Reykjavík.

Það orðalag sem hér er lagt til er skýrara og einfaldara en það sem fyrir er. Hér er um nokkurs konar snyrtingu að ræða á greininni sem mér finnst eðlilegt að meiri hlutinn taki tillit til. Ekki er verið að skipta um pólitík nema hvað varðar það ákvæði hér inni sem segir: „enda byggi slík málnotkun á hefð". Hér gætir svolítillar íhaldssemi hvað varðar notkun á þessum heitum og ég vil útskýra í stuttu máli af hverju mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að við höfum svolitla íhaldssemi í þessum efnum.

Orðið hreppur er gamalt orð í tungunni og er upphaflega notað um stjórnsýslueiningar sem veittu íbúum, þ.e. íbúum hreppanna sem er elsta stjórnsýslueiningin á Íslandi, ákveðin réttindi, gaf þeim ákveðinn rétt eins og varðandi framfærslu og voru út af fyrir sig mjög merkilegir og einstakir á þeim tíma, þ.e. við upphaf Íslandsbyggðar. Orðið hreppur er talið komið af orðinu að hreppa, þ.e. þú hreppir eitthvað ef þú ert íbúi í hreppi. Þannig vísar orðið beint til þess hlutverks hreppsins að sjá íbúum sínum fyrir tiltekinni þjónustu og framfærslu ef á þarf að halda. Ég held að tungan yrði fátækari ef þetta orð hyrfi eins og mér sýnist því miður að geti verið í farvatninu og að jafnframt misstum við út svo ágæta sögulega skírskotun eins og þá sem felst í þessu nafni. Á þessu byggir sú íhaldssemi, herra forseti, sem ég vil setja inn með þessari aukasetningu í brtt. við 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaganna. Þetta er auðvitað brtt. sem breytir engu hvað varðar megintilgang þeirrar lagasetningar sem er á ferðinni en hefur það tvennt sér til ágætis, sem ég gat áðan um, annars vegar þessa sjálfsögðu þjóðlegu íhaldssemi og hins vegar mun betra og skýrara orðalag og ég bið hæstv. félmrh. að veita því athygli.

Ég vil þá víkja að 81. gr. þessa frv. Í málflutningi mínum við 2. umr. málsins fjallaði ég nokkuð um hlutverk héraðsnefnda og samvinnu sveitarfélaga. Ég vakti á því athygli að orðið héraðsnefnd kemur fyrir einu sinni í þessu frv.

og þá einungis sem upptalning en hvergi er gerð tilraun til þess að skilgreina hver verkefni héraðsnefnda skuli vera. Þó er það svo í gildandi lögum vegna þess að við setningu þeirra laga sem við búum við núna voru héraðsnefndum falin tiltekin verkefni, m.a. þau að taka við verkefnum gömlu sýslunefndanna. Víða er það svo að héraðsnefndirnar hafa tekið að sér mikilvæg hlutverk, m.a. rekstrarverkefni, fyrir sveitarstjórnir á tilteknum svæðum og það svæðisskipulag sem hefur verið unnið fyrir miðhálendið er unnið af fulltrúum héraðsnefndanna samkvæmt því bráðabirgðaákvæði við byggingar- og skipulagslög sem gilti um það. Það kom enda fram í umræðu um þetta frv., þegar frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum var lagt fram til kynningar, að menn spurðu strax hverjir eigi að skipa þá 12 fulltrúa frá þeim sveitarfélögum sem liggi að miðhálendinu sem tilgreint er að eigi að skipa í hina nýju samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins. Bæði hv. þm. Jón Kristjánsson sem og flokksbróðir hans, hæstv. umhvrh., sögðu að það væru héraðsnefndirnar. En þess sér ekki stað, herra forseti, ef lesið er frv. sem lagt var fram um breytingar á skipulags- og byggingarlögum að svo skuli vera, og þess sér ekki heldur stað í frv. til sveitarstjórnarlaga, hvorki fyrir né eftir skoðun hv. félmn. Þetta finnst mér miður og gerir í rauninni enn þá erfiðara að átta sig á því hvernig á að leysa skipulagsmál miðhálendisins verði þetta frv. að lögum nú eins og það liggur fyrir.

Málflutningur ríkisstjórnarflokkanna hefur verið á þann veg að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af málinu vegna þess að í fyrsta lagi yrði um að ræða svæðisskipulag og í öðru lagi væri um að ræða svo lítil svæði að manni skildist að það tæki því varla að tala um þau.

Fyrst um svæðisskipulag. Það er alveg ljóst að svæðisskipulag er mun veikara en aðalskipulag og deiliskipulag. Það er tiltölulega einfalt vegna þess að á bak við aðalskipulag er stjórnsýsluaðili, sveitarstjórn og hún tekur ákvarðanir og ver sitt skipulag og fylgir því eftir. Ekkert slíkt er á bak við svæðisskipulag. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér miðað við þennan málflutning sem hér er hafður uppi um gildi svæðisskipulags fyrir miðhálendið og ég vildi gjarnan fá svar við þeirri spurningu: Stendur þá til að taka aðalskipulagsréttinn af þeim sveitarfélögum sem munu fara með stjórnsýsluna á miðhálendinu? Ég get ekki skilið hvernig þessi málflutningur ríkisstjórnarflokkanna á að ganga upp ef aðalskipulagsréttur sveitarfélaganna á að vera óskertur. Ég vil því fá svar við þessari spurningu: Á að taka aðalskipulagsréttinn af sveitarfélögunum sem liggja að miðhálendinu eftir að þau eru komin með aðalskipulagsvald inn að miðju lands? (**Félmrh.:** Nei.) Nei, segir hæstv. félmrh. að bragði. En ég hlýt samt að halda áfram að velta því fyrir mér, herra forseti, hvernig þetta eigi að ganga upp. Ekkert bendir til þess að þetta geti gengið upp.

Ég hef líka heyrt þau rök hæstv. forsrh. að menn þurfi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því að fyrir þinginu liggi líka hið ágæta frv. um þjóðlendur. Það er vissulega rétt að í þjóðlendufrv. er tekið fram að allt það land sem ekki er í einkaeigu verði í eigu þjóðarinnar, það verði svokallaðar þjóðlendur. En þetta nægir bara ekki, herra forseti. Það er gott að hafa það skilgreint í lögum og að úr því verði skorið með óbyggðanefndinni hvaða land er land í einkaeigu og hvaða land er þjóðlenda. Það er hins vegar þannig að nýting þessa lands ræðst af því skipulagi sem um það verður samþykkt. Þess vegna skiptir öllu máli hvernig staðið er að skipulagsmálunum og ef það á að vera um heildstætt skipulag að ræða fyrir miðhálendið þá sé klárlega á bak við það stjórnsýsluvald sem geti fylgt því eftir og séð um að það sé haldið. Vandi minn, herra forseti, er því hinn sami og vandi þjóðarinnar. Það vefst fyrir okkur að skilja hvernig þessir hlutir geti gengið upp sameiginlega ef sveitarfélögin eiga áfram að hafa óskert aðalskipulagsvald og þannig verði örlögum miðhálendisins ráðið af 42 hagsmunaaðilum sem þurfa ekki að taka tillit hverjir til annarra umfram það sem hentar hagsmunum þeirra á hverjum tíma.

Það var gott að fá ákvæðið inn í lögin um stjórn fiskveiða að fiskimiðin í kringum landið væru í eigu þjóðarinnar. Það hefur hins vegar komið fyrir lítið einfaldlega vegna þess að nýting þeirra er ákvörðuð á annan hátt er. Hið sama óttast ég að muni eiga við um þjóðlendurnar. Það er gott, og það höfum við öll verið sammála um, að skilgreint sé í lögunum hvað af landinu er í eigu þjóðarinnar en ég óttast jafnframt, herra forseti, að það komi fyrir lítið þegar annars staðar verður ákvarðað hvernig það verður nýtt. Þetta eru stærstu áhyggjur mínar um það frv. til sveitarstjórnarlaga sem hér liggur fyrir.

Það er alveg ljóst, herra forseti, vitað hér og margbúið að fara yfir að þær áhyggjur sem við mörg hver höfum hér, þingmenn bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, eru bergmál af áhyggjum stórs hluta þjóðarinnar. Menn hafa áhyggjur af þessu máli af því að þeir skilja það, af því að þeir átta sig svo vel á því hvað er hér á ferðinni. Málið er nefnilega ekkert sérstaklega flókið. Það er tiltölulega einfalt og það þarf ekki þess vegna að gefa út skýringar eftir að búið er að samþykkja málið sem lög frá Alþingi.

Þeir eru ýmsir sem hafa reynt að velta upp möguleikum til að ná utan um skipulagsmál miðhálendisins og ég vil, herra forseti, leyfa mér að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær um landsskipulag, um heildarhugsun sem næði jafnt til hálendis og láglendis. Í þessari grein, sem er eftir Trausta Valsson skipulagsfræðing, er velt vöngum yfir því hvernig hægt væri að tryggja heildarhugsun í skipulagi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Slík heildarhugsun yrði að fela í sér að fulltrúar heildarhagsmuna ríkis og þjóðar yrðu að koma að málum á þann veg að hreppasjónarmið yrðu látin víkja fyrir hagsmunum heildarinnar þegar í odda skerst. Þetta gerist að sjálfsögðu ekki þegar einn hagsmunahópurinn, bændur, hefur yfirgnæfandi meiri hluta í skipulagsnefndinni eins og er nú og reyndar líka í fyrirliggjandi tillögu Guðmundar Bjarnasonar um breytingu í skipan nefndarinnar."

Þarna er verið að vísa í frv. sem ekki mátti taka til umræðu. Þetta er einn angi af þessari hugsun, þeirri gagnrýni, þeim áhyggjum sem fram hafa komið.

Ég vil líka, herra forseti, víkja að þeim leiðurum Morgunblaðsins sem skrifaðir eru nú með viku millibili, þar sem reynt er að brýna hæstv. forsrh. og ríkisstjórnina til þess að gefa það tóm sem beðið er um til að málið megi skoðast betur til þess að ná sáttum um þetta stóra mál sem skiptir svo marga miklu. Undir þetta hefur einnig tekið, eins og hér er orðið kunnugt og alræmt, borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. sem telur að almenn viðbrögð sýni að þörf sé á auknu ráðrúmi og víðtækari umræðu utan þingsins um þetta mikla hagsmunamál og skorar þess vegna á ríkisstjórnina að ljúka ekki afgreiðslu frumvarpa um skipan mála á miðhálendinu þegar þing kemur saman að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur fresta henni til haustsins. Má því segja að maður gangi undir manns

hönd til að reyna að hafa vit fyrir ríkisstjórninni í þessu máli. Mér þykir orðið örvænt um að svo megi verða, a.m.k. heyrðist mér á hæstv. forsrh. við umræðuna fyrr í dag að honum þætti lítið til áskorunar borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. koma og fulltrúi þess borgarstjórnarflokks sem nú situr á Alþingi sem varaþingmaður hefur ekki svo ég viti beðið um orðið í þessari umræðu til þess þá að skýra betur hver raunveruleg staða mála er þar á bæ.

Ég vil, herra forseti, vitna í grein eftir Pál Sigurðsson prófessor sem birtist í Morgunblaðinu 15. maí sl. þar sem hann fjallar enn á ný um frv. sem við ræðum hér, en Páll hefur verið mjög ötull bæði við greinaskrif og einnig við að útskýra málið, fara yfir það og skýra ýmsar lögfræðilegar hliðar þess. Hann segir, herra forseti:

„Að undanförnu hefur staðið mikill styr um þessi mál í þingsölum, svo sem öllum er kunnugt um, og er enn ekki séð fyrir endann á þeirri umræðu. Sannast sagna verðskulda óbyggðir okkar alla þessa umræðu og þó lengri væri" — hér er ekki verið að mæla ræður þingmanna í krónum og aurum eins og sumum hefur hentað að gera — „því að slík eru verðmætin, sem þar eru í húfi, bæði tilfinningaleg verðmæti og fjárhagsleg. Þessi umræða er einnig þeim mun þarfari sem minna hefur farið fyrir opinberum skoðanaskiptum um hálendismálefnin á undanförnum árum."

Ég vitna áfram í grein Páls Sigurðssonar þar sem hann er að reyna að átta sig á því og svara því af hverju málið er keyrt af því harðfylgi sem raun ber vitni innan þingsins. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Það er sammæli margra, sem vel þekkja til, að ásókn hlutaðeigandi sveitarfélaga í „tertusneiðarnar", ásamt skipulagsvaldi, sem stjórnunarráðunum mun fylgja, stafi síst af öllu af einlægri löngun sveitarstjórnarmanna til að skipa málum hálendisins til frambúðar með almannaþarfir í huga heldur muni fégirnd ein ráða för. Fyrst og fremst kemur þar til von hreppstjórnenda um að ná háum fjárhæðum í skaðabætur vegna virkjanaframkvæmda („Blöndubæturnar" til Svínavatnshrepps í Austur-Húnavatnssýslu eru þeim að vonum hugstæð fyrirmynd) ..."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Hér skrifar sá maður sem mikið hefur skoðað þessi mál og reynir að lýsa áhyggjum sínum og annarra, reynir að skýra hvernig það má vera að málið er keyrt af slíku offorsi í gegnum þingið þrátt fyrir augljósan vilja meiri hluta þjóðarinnar til að fresta málinu og gefa svigrúm til að gaumgæfa betur ýmsar hliðar þess sem hreint ekki blasir við hvernig á að leysa.

Herra forseti. Ég vil rétt víkja að þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og einstakir þingmenn hafa staðið fyrir, um málflutning þann sem gengur gegn því að afgreiða frv. núna, að þeir sem vilja fresta afgreiðslu þess til haustsins geri það vegna vantrúar á getu sveitarstjórna eða sveitarstjórnarmanna. Því er haldið fram að frestun málsins fram til haustsins snúist um vantrú á getu sveitarstjórna eða sveitarstjórnarmanna.

Fyrst þegar ég heyrði þennan málflutning, herra forseti, hélt ég að um væri að ræða brandara. Síðan varð mér ljóst að mönnum var full alvara, a.m.k. settu þeir mál sitt fram af þeim þunga að þeim hlaut að vera nokkur alvara. Ég ætla hins vegar að fullyrða, herra forseti, að vilji þeirra sem biðja um að frv. sé frestað snýst ekki um þetta. Hann hefur nákvæmlega ekkert með trú á sveitarstjórnum eða sveitarstjórnarmönnum að gera. Hann gengur út á að þau ákvæði frv., sem og ákvæði annarra frv. sem vísað er til eins og þjóðlendufrv., ganga einfaldlega ekki upp eins og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar vilja vera láta. Menn vilja fá tíma til þess að skoða þessi ákvæði betur, fá það svigrúm sem þarf til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru svo þessir hlutir geti gengið eðlilega upp.

Menn eru að biðja um þennan frest af því að þeim er annt um það hvernig þessi mál æxlast, hvernig þetta muni ganga fyrir sig. Þeim er annt um að skipulagsmál miðhálendisins gangi þannig fyrir sig að engin slys verði vegna þess að þessum aðilum er flestum jafnljóst að við þurfum að vinda okkur í það fyrr en seinna að ganga frá skipulagsmálum miðhálendisins. Það má ekki miklu lengur við svo búið standa að miðhálendið sé án stjórnsýslu og án skipulags. Þess vegna vilja menn að þessir hlutir séu settir í eðlilegt samhengi, að um stjórnsýslu og skipulag verði að ræða. Menn vilja jafnframt að það sé gert þannig að ekki hljótist af slys. Málið þarf því að skoða betur en verið hefur og ríkisstjórnin þarf að hlusta á fleiri en hún hefur hlustað á til þessa vegna þess að þetta mál á ekki að snúast um sérhagsmuni heldur almannahag.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, benda á að hér hefur hópur þingmanna lagt til brtt. á þskj. 1423 við frv. á þann veg að 1. mgr. 1. gr. falli brott og að ákvæði til bráðabirgða falli brott. Við mundum þannig samþykkja þetta frv. núna, hversu sátt eða ósátt sem við kunnum að vera við ýmsar aðrar greinar þess, þannig að þær sveitarstjórnir sem taka við í byrjun næsta mánaðar geti strax farið að vinna eftir þeim almennu ákvæðum sem eru í eðlilegu framhaldi af þeim almennu sveitarstjórnarlögum sem nú er unnið eftir. Þau ákvæði sem snúa að miðhálendinu mundu hins vegar falla brott. Sú umræða gæti haldið áfram og í fyllingu tímans, þegar náðst hefur eðlileg sátt um þetta mál, þá tökum við þau atriði til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

[17:35]

**Útbýting þingskjals:**

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, 717. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1424.

[17:35]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Stjórnarandstaðan heldur áfram að ræða um skipulagsmál miðhálendisins í sama misskilningi og verið hefur frá því að þetta frv. kom til afgreiðslu í þinginu. Það er reyndar þannig, herra forseti, að upphaflega voru stjórnarandstæðingar ekki svo mjög á móti þessu frv. Stjórnarandstæðingar áttuðu sig hins vegar á því, þegar aðeins fór að líða á umræðuna, að það voru ýmis sérhagsmunafélög á höfuðborgarsvæðinu sem höfðu horn í síðu þess og höfðu áhuga á því að koma sínum sérstöku sjónarmiðum að. Því var talið nauðsynlegt að stoppa þetta frv. ellegar koma því til einhverrar sérstakrar skoðunar sem taka mundi ótilgreindan tíma.

Þessu hafa hv. þm. klifað á eins og hv. þm. jafnaðarmanna, Svanfríður Jónasdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir. Þær hafa talað um að forða slysi, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði áðan, og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að stjórnarmeirihlutinn væri uppteknari af valdinu heldur en traustinu.

Það virðist aldrei vera of oft rifjað upp að þegar stjórnarmeirihlutinn er að tala um skipulag á miðhálendinu, þá eru þeir að tala um að ákveðið stjórnskipulegt kerfi sem er við

lýði og er þrautreynt hjá sveitarfélögum, í sýslum og á heilbrigðissvæðum, sem í sjálfu sér gefur enga ástæðu til þess að efast um að geti virkað á miðhálendinu eins og í þéttbýlinu eða í byggð, þar sem völd þeirra eru í dag. Ég sé því ekki nokkra ástæðu til þess að vantreysta þessum aðilum til þess að sjá um miðhálendið frekar en sjá um það land sem þeir sjá um í dag. Þess vegna spyr ég hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur hvort hún vantreysti eða telji að Skagfirðingar, sem telja 3.000 manns og eiga land að miðhálendinu, gætu orðið valdir að slysi. (**SvanJ:** Í andsvari?) Ég spyr hana einnig að því, og hún gæti hugsanlega svarað því síðar, ef hún kærir sig um í andsvari, en ég bara spyr hv. þm. jafnaðarmanna yfirleitt að því hvort þeir telji að Skagfirðingum, Hornfirðingum, Egilsstaðabúum, Borgarbyggðar- eða Húnavatnssýslufólkinu sé ekki treystandi til þess að sjá um skipulag miðhálendisins.

Þetta eru nokkuð alvarlegar ásakanir sem stjórnarandstaðan hefur uppi á þessi sveitarfélög. Auðvitað eru til sveitarfélög sem eru fámenn en flest sveitarfélögin, sem eiga langstærsta landið að þessu miðhálendi, eru með íbúafjölda sem telja hundruð og jafnvel þúsundir eins og Skagafjörður með 3.000 íbúa. Hornafjörður er með 2.500, Egilsstaðir 2.000 og svo mætti lengi áfram telja.

Stjórnsýslukraðakið sem sífellt hefur verið klifað á hér, yrði ekki til þess að koma í veg fyrir eðlilega nýtingu hálendisins eða eðlilegt eftirlit. Það byggir á því að heilbrigðissvæðin eru 5 en sveitarfélögin eru 35. Löggæslusvæðin eru 9 og byggingarfulltrúar eru mun færri en sveitarfélögin. Svokallað stjórnsýslukraðak, sem hefur verið haldið hátt á lofti af hv. stjórnarandstöðu, er byggt á mjög léttvægum rökum og *í raun til þess eins notuð að slá ryki í augun á* almenningi á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og ég hef áður sagt í umræðunni hefur tekist býsna vel að telja fólki trú um að hér sé verið að taka völdin af fólkinu, taka landið af fólkinu á höfuðborgarsvæðinu og ræna því einhverjum rétti en allt þetta eru bein rangindi og það mun síðar koma í ljós, þegar ríkisstjórnin fer að kynna þetta mál, sem ég vænti að verði gert með þeim hætti að hægt sé að sjá þetta auðveldlega og að erfitt verði að snúa út úr því með þeim falsrökum sem hér hafa verið viðhöfð af hv. stjórnarandstöðu. Þá mun hið sanna koma í ljós, herra forseti.

Ég ætla ekki að tefja meira við þetta sérstaka atriði, þ.e. skipulag miðhálendisins og hina ótrúlegu umræðu stjórnarandstöðunnar, heldur vil ég með örfáum orðum minnast á fáein atriði sem komu til sérstakrar umræðu í félmn. Annars vegar eru það arðgreiðslur, sbr. 7. gr., og endurskoðun á 68. gr. sveitarstjórnarfrv.

Það var tekið sérstaklega til umfjöllunar í nefndinni, hvaða skilning menn legðu í orðalagið „eðlilegar arðgreiðslur". Eins og komið hefur fram var haft samband við yfirmenn Reykjavíkurborgar og þeir fengnir á fund til að ræða þetta og átta sig á þeirra skilningi á þessu hugtaki. Eftir því sem fram kom hjá þeim eru eðlilegar arðgreiðslur af þeirra hálfu taldar vera um það bil 6% eins og skilgreint er eða samkvæmt þeim skilgreiningum sem koma fram í vatnalögum, nr. 15/1923. Í 62. gr. þeirra laga, 3. tölul., stendur svo, með leyfi forseta:

„Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð héraðsins."

Hinn hlutinn af því máli, herra forseti, sem við erum að ræða um er tekjuafgangur:

„Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhéraðs þá rétt til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta."

Arðurinn er talinn eðlilegur á bilinu 6–7% og hefur aldrei verið hærri en rúmlega 6%. Ég persónulega og meiri hluti nefndarinnar, telur eðlilegt að fyrirtæki sveitarfélaga geti greitt arð inn í sveitarsjóðina nákvæmlega eins og fyrirtæki greiða arð til félagsmanna sinna og þess vegna sé ekkert óeðlilegt við það að þetta ákvæði sé þarna inni. Spurningin er aftur hvernig skilgreina eigi ákvæðið og hvort það sé nægjanlega sterkt til þess að ekki sé hægt að rengja það eða telja að brotinn sé réttur í stjórnarskrá.

Til þess að styrkja ákvæðin enn er meiningin að orkulög og lög um vatnsveitu verði styrkt þannig að enginn vafi sé á því að það fullnægi ákvæðum stjórnarskrár. Ég minni á að arður hefur verið greiddur úr fyrirtækjum borgarinnar og sveitarfélaga áratugum saman án þess að nokkrar efasemdir hafi verið um réttmæti þess fyrr en á allra síðustu árum.

Varðandi þetta atriði vil ég segja að það upplýstist í hv. félmn. að Reykjavíkurborg eða Hitaveita Reykjavíkur og rafmagnsveitur eru í sérstökum samningaviðræðum við Hafnfirðinga um hlut þeirra í arði þessara stofnana, í samræmi við söluna til Hafnfirðinga, og þeirra hlut í þeim arði sem hingað til hefur runnið óskiptur til Reykjavíkurborgar. Hér er u.þ.b. 10 millj. kr. á ári eftir því sem upplýst hefur verið. Einnig er það hugmynd Reykjavíkurborgar að semja við Garðbæinga um sambærilegan hlut í arðgreiðslum hitaveitna og rafmagnsveitna til Reykjavíkurborgar. Að að þessu leyti yrði farið eftir 62. gr. vatnalaga og er það í mjög eðlilegum farvegi.

Kópavogur hefur ekki verið inni í þessari umræðu. Kópavogsbúar áttu eignarhlut í hitaveitunni en seldu hann. Ég lít svo á að það hafi ekki áhrif á rétt þeirra til þess að fá hlut af þessum arðgreiðslum. Hinir bæirnir eiga í sjálfu sér ekki hlut í hitaveitunni. Þeir eru einungis viðskiptavinir og samkvæmt 62. gr. eiga þeir rétt á hlut af arðgreiðslum og Kópavogsbúar ættu að eiga það einnig, þó að þeir hafi selt eignarhlut sinn í hitaveitunni fyrir nokkrum árum síðan. Ég vildi því að það *kæmi skýrt fram, herra forseti, að Kópavogsbúar fái sama* rétt í arðgreiðslum sem önnur sveitarfélög í viðskiptum við hitaveituna.

Það sem ég vildi svo að lokum nefna, herra forseti, er endurskoðunin samkvæmt 68. gr. Sérstaklega var skoðað hvort hægt væri eða eðlilegt að banna endurskoðun sem væri á ábyrgð sveitarfélagsins sjálfs. Það eru tvö sveitarfélög, stærstu sveitarfélögin, Reykjavíkurborg og Hafnarfjörður, sem reka sínar eigin endurskoðunarskrifstofur og endurskoða ársreikninga sveitarfélaganna. Það hefur verið gagnrýnt en hafa ber í huga að endurskoðunardeildir þessara stærstu bæja landsins heyra samkvæmt skipuriti beint undir annars vegar borgarstjórn, en ekki borgarráð eða borgarstjóra, og í Hafnarfirði heyrir þetta beint undir bæjarstjórn Hafnarfjarðar en ekki bæjarráð eða bæjarstjóra. Þetta er því slitið alveg frá embættismannakerfinu þó það heyri undir bæjarstjórnina í heild sinni.

Út af fyrir sig má því segja að þarna hafi náðst að einangra þetta nokkuð vel, enda hafa ekki, eftir því sem upplýst hefur verið, verið neinar efasemdir um að endurskoðun þessara bæja hafi verið heiðarleg. Auðvitað er þetta veikt, að bæjarfélögin reki sína eigin endurskoðendur og endurskoði sína

reikninga. Eigi að síður getum við séð að þetta hefur gengið þokkalega. Athugasemdirnar, herra forseti, þóttu fullseint fram komnar til að hægt væri að breyta þessu því að þessar endurskoðunardeildir eru stórar í rekstri sveitarfélaganna, hafa verið að byggjast meira og meira upp og það þarf langan tíma til að aðlaga þá starfsemi breyttum aðstæðum svo vel fari. Menn voru því ekki tilbúnir til þess að breyta þessu með svo skömmum fyrirvara.

Ég vil að lokum segja það um þetta mál, herra forseti, að auðvitað væri eðlilegast í framtíðinni að þessi endurskoðun yrði hjá óháðum aðila úti í bæ eins og gengur og tíðkast hjá öllum öðrum sveitarfélögum landsins.

[17:48]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gerir ruglingslegum málflutningi og málstað hv. þm. Kristjáns Pálssonar lítið gagn að tíunda íbúatölu einstakra sveitarfélaga. Ef hv. þm. hefði hlýtt á ræðu mína hefði hann auðvitað heyrt að ég lauk henni á því að fjalla sérstaklega um að þetta mál snerist hvorki um traust eða vantraust á sveitarstjórnum eða sveitarstjórnarmönnum.

Vandinn í málinu er hins vegar sá að menn hlusta ekki. Þegar hv. þm. kemur eina ferðina enn og talar um að það sé málflutningur jafnaðarmanna sem hafi ruglað einhverja í ríminu kemst maður ekki hjá að velta því fyrir sér hvernig hv. þm. lítur yfir höfuð á almannasamtök, vilja þeirra og hugmyndir þeirra um það hvernig málum sé skipað. Það er svo fráleitt að halda því fram og liggur við að það sé hneisa að málflutningur einstakra þingflokka, þó merkilegir séu, ráði úrslitum. Það má undrum sæta að menn leyfi sér slíkt.

Við erum að tala um samtök þeirra sem gerst þekkja til á hálendinu, samtök um ferðalög og útivist. Við erum að tala um marga lögfræðinga, m.a. prófessora í umhverfisrétti. Við erum að tala um sérfræðinga á ýmsum sviðum, m.a. skipulagsfræðinga. Við erum að tala um listamenn. Við erum að tala um ritstjóra Morgunblaðsins. Við erum að tala um borgarstjórnarflokk Sjálfstfl. Er þingflokkur jafnaðarmanna búinn að rugla alla þessa aðila og yfir 70% þjóðarinnar svo í ríminu að hinn stóri meiri hluti á Alþingi getur ekki leiðrétt það þannig að menn séu rólegir? Þetta er ekki boðlegur málflutningur, herra forseti.

[17:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti erfitt með að átta mig á þessu andsvari hv. þm. en það var að heyra á henni að helst væru það hagsmunasamtök sem hefðu vit á því að skipuleggja hálendið. Ég ætla ekki að draga úr því að ýmis samtök, sérhagsmunasamtök eins og hún talar um, hafa vit á ýmsum sérstökum þáttum sem snúa að nýtingu hálendisins en það eru sérstakir aðilar sem hafa sérhæft sig í að sjá yfir sérhagsmunina og taka á heildarhagsmunum en ekki sérhagsmunum. Auðvitað standa þessi sérstöku samtök fyrir sérhagsmuni sína.

Er hv. þm. að leggja til að ritstjórnarfulltrúi Morgunblaðsins sitji í einhverri hreppsnefnd þarna uppi á miðhálendinu og kannski einhver úr Sjálfstfl., minni hlutanum í Reykjavík, jafnvel frá Skotvís eða Ferðafélagi Íslands? Ég átta mig ekki almennilega á því hvaða hugmyndir jafnaðarmenn hafa um miðhálendið. Þeir hafa talað um að gera þetta að einhverju sérstöku sveitarfélagi. Hvað þýðir það? Þýðir það að það eigi að vera sérstök hreppsnefnd, sérstakur sýslumaður, heilbrigðisfulltrúi, byggingarfulltrúi, væntanlega lögregla?

Hvað er hv. þm. að tala um ruglingslegan málflutning? Ekki hefur komið eitt einasta atriði fram í málflutningi þeirra sem bendir til að þau viti sjálf, í þessum hv. þingflokki, hvernig þau vilji stjórna miðhálendinu nema þá bara hafa þetta eitthvert sérstakt svæði. Útfærslan er engin önnur en sú að segja bara: Það þarf að fresta málinu. Það er alveg bráðnauðsynlegt að fresta málinu. En í sjálfu sér er engin ástæða fyrir því hvers vegna þarf að fresta. Þetta mál hefur verið til umræðu síðan í desember í fyrra og hefur verið þrautrætt. Það er alveg furðulegt að vel gefnir þingmenn skuli ekki enn þá getað skilið um hvað þetta snýst.

[17:53]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra. Nú eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar búnar að rugla meiri hluta þjóðarinnar svo í ríminu að meiri hluti þjóðarinnar er á móti því sem ríkisstjórnin vill gera. Nú eru þær hv. þm. ekki handgengnari en svo að hann veit ekki hverjar þær eru. Svo er hann undrandi á því að ég skuli tala um ruglingslegan málflutning. Það er ekki gott að átta sig á því hvað snýr upp og hvað snýr niður.

Ég hef ekki, herra forseti, verið með ákveðnar tillögur um það hverjir ættu að skipuleggja hálendið. Ég hef hins vegar eytt löngu máli í að ræða hvaða ramma við þyrftum að hafa utan um þau mál til þess að tryggja að almannahagsmunir væru virtir en ekki bara sérhagsmunir. Til að tryggja almannahagsmuni þurfa margir að koma að málinu og það þarf að vera ákveðin sátt um það. Til að ná þessari sátt er æskilegt að fresta málinu svo að hægt sé að ræða það frekar og menn geti náð saman. Um það snýst málflutningur minn og út á það hefur beiðni þeirra aðila gengið sem ég hef talið upp. Menn vilja einfaldlega fá betra svigrúm til þess að kanna hvort ekki sé hægt að ná saman um leið sem gengur upp og sátt getur verið um. Menn óttast að hér gæti orðið ákveðið slys ef málið gengur fram eins og hér virðist eiga að gera.

[17:55]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur engin önnur rök í málinu en að fresta. Það þarf sem sagt að leita að einhverjum frambærilegum rökum svo að hægt sé að segja að málið hafi ekki verið nægjanlega vel undirbúið.

Almannahagsmunir hafa fram að þessu verið tryggðir með því að kjósa í sveitarstjórnir og kjósa á þing. Sveitarstjórnir hafa séð um almannahagsmuni og hv. þm. hefur setið í sveitarstjórnum. Ég furða mig dálítið á þeim málflutningi sem kemur frá sveitarstjórnarmönnum hér, sumum hverjum, að vera sífellt að klifa á því að hagsmuna þjóðarinnar sé ekki gætt, almannahagsmunir verði ekki virtir og einungis sé verið að hugsa um einhverja sérhagsmuni. Það er einmitt ekki verið að því. Það er verið að tryggja að almannarétturinn verði virtur og að fulltrúar sem kjörnir eru af fólkinu verði gerðir ábyrgir fyrir því að þessi mál séu höfð þannig að allir geti vel við unað.

Ég vil svo einnig minna hv. þm. á það eina ferðina enn að skipulag almennt eins og um er talað í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, að sérstök breyting á því ákvæði hefur verið lögð fram í þinginu sem á að ræðast nánar í haust. Það ákvæði á að styrkja grunninn varðandi svæðaskipulagið þannig að það sé ekki aðeins heimild fyrir því, eða heimild-

arákvæði ráðherra, að skipa svæðisskipulagsnefnd heldur er það skylda.

Það er líka hægt að setja inn í þetta ákvæði hverjir sitji í þeirri nefnd sem skipuð verður af ráðherra nk. haust. Í mínum huga hefur það verið opið hverjir það væru. Það geta verið fleiri en um er talað í þeirri tillögu sem liggur frammi en það verður rætt nánar í haust. Ég sit í þeirri nefnd og vænti þess að við reynum að gæta þeirra almannahagsmuna sem skipta máli.

[17:57]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það sem fram kom í dag hjá hv. 17. þm. Reykv. varðandi meginsjónarmið í þingflokki okkar í þessum málum. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Ég ætlaði þó að koma á framfæri sjónarmiðum sem mér finnst að þurfi kannski að vera í þingtíðindum áður en þessu máli lýkur af minni hálfu. Það er þá fyrst sá ótrúlegi loddaraleikur sem leikinn hefur verið af hálfu forustumanna Sjálfstfl. í Reykjavík á undanförnum dögum.

Í Morgunblaðinu á kjördag birtist eftirfarandi frétt, með leyfi forseta:

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar í Reykjavík samþykktu á fundi sínum í gær að skora á ríkisstjórnina að ljúka ekki afgreiðslu frumvarpa um skipan mála á miðhálendinu þegar þing kemur saman að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur fresta henni til haustsins. Frambjóðendurnir sendu svohljóðandi tilkynningu á ritstjórn Morgunblaðsins í gærkvöldi:

„Á fundi sínum í dag samþykktu frambjóðendur Sjálfstfl. til borgarstjórnar Reykjavíkur eftirfarandi:

„Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar í Reykjavík skora á ríkisstjórnina að ljúka ekki afgreiðslu frumvarpa um skipan mála á miðhálendinu, þegar þing kemur saman að loknum sveitarstjórnarkosningum, heldur fresta henni til haustsins. Við teljum almenn viðbrögð sýna, að þörf er á auknu ráðrúmi og víðtækari umræðu utan þingsins um þetta mikla hagsmunamál. Við teljum mikilvægt að hagsmunir þeirra landsvæða, sem ekki liggja að hálendinu, þar á meðal Reykjavík, verði vel tryggðir. Við heitum því að beita okkur fyrir því af alefli — náum við meiri hluta í borgarstjórn — að þjóðarsátt verði um þetta mikla hagsmunamál allra landsmanna.““

Með öðrum orðum, herra forseti, sagði þessi hópur að hann mundi beita sér fyrir því, ef hann næði meiri hluta, að málinu yrði alveg örugglega frestað. Hann reyndi með öðrum orðum að beita fyrir þessa litlu hagsmunahópa sem hv. þm. Kristján Pálsson var að lýsa áðan fyrir kosningarnar með því að segja: Ef við náum meiri hluta getið þið treyst því að við stoppum málið.

Þetta er satt að segja ómerkilegasta samþykkt sem nokkru sinni hefur verið gerð því að það er svo augljóst að á bak við hana er hræsnin einber og ekkert annað eins og fram kom í skoðanaskiptum við hæstv. forsrh. í dag.

Herra forseti. Það var ekki nóg með það heldur var talin ástæða til þess, af ritstjórum Morgunblaðsins, að fagna sérstaklega þessari samþykkt. Í leiðara Morgunblaðsins í gær, sunnudaginn 24. maí, segir t.d., með leyfi forseta:

„Þetta sjónarmið hins virta vísindamanns [þ.e. Svend-Aages Malmbergs hagfræðings] fékk stuðning úr óvæntri átt eins og sjá mátti hér í blaðinu í gær. Á fundi frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar í fyrradag samþykktu þeir svohljóðandi yfirlýsingu, sem birt var í Morgunblaðinu í gær:“

Síðan er yfirlýsingin birt í heild í leiðaranum. Það er mjög sjaldgæft. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ekki fer á milli mála, að þessi yfirlýsing er gefin vegna þess, að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hafa orðið þess varir í kosningabaráttunni, að mikill fjöldi fólks hefur þungar áhyggjur af því að þau frumvörp, sem nú liggja fyrir Alþingi, og þá sérstaklega frumvarp að sveitarstjórnarlögum, verði samþykkt. Það er mikil og djúpstæð andstaða við þær hugmyndir, að sveitarfélögin, sem land eiga að hálendinu, hafi skipulagsrétt yfir ákveðnum svæðum. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hafa bersýnilega fundið að það er varasamt, svo að ekki sé sterkar til orða tekið, að samþykkja þessi ákvæði óbreytt.

Þessi yfirlýsing verðandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er mikilvægt framlag til þeirrar baráttu, sem nú er háð um málefni miðhálendisins. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er ekki lítið afl innan flokksins,“ — takið eftir því, herra forseti. Það er að vísu ekki með stórum staf, flokksins, en það liggur við — „hvort sem hann er í meiri hluta eða minni hluta í borgarstjórn. Vonandi taka þingmenn Sjálfstæðisflokksins mið af því, sem flokksfélagar þeirra í borgarstjórn hafa um þetta að segja.

Kjarni málsins er þó sá að andstaðan við afgreiðslu hálendisfrumvarpanna er svo mikil að það er ekkert vit í því, fyrir stjórnarflokkana, að knýja á um að þau verði samþykkt að óbreyttu. Miðhálendið og varðveisla þess er mikið tilfinningamál fyrir þjóðina, eins og Svend-Aage Malmberg réttilega segir. Það er hyggilegt fyrir meiri hluta Alþingis að fara sér hægt í þessu máli, enda skiptir engu um framtíð þessa landsvæðis, þótt frekara svigrúm gefist til umræðna um málið á meðal þjóðarinnar.“

Í dag, herra forseti, spurði ég hæstv. forsrh. að því hvort hann hefði verið aðili að þessari áskorun og hvort hann mundi ekki verða við áskoruninni frá frambjóðendum Sjálfstfl. Hann vísaði því algerlega á bug. Hann sagði að hann væri álíka áhrifalítill í Sjálfstfl. og Gylfi Þ. Gíslason, með mikilli virðingu fyrir honum, á Reykjavíkurlistanum. Mér finnast það athyglisverðar upplýsingar um stöðu formanns Sjálfstfl. ef þetta væri rétt sem það er auðvitað ekki.

Daginn áður en þessi frétt birtist, um frambjóðendur Sjálfstfl., birtist gul heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu. Yfir henni stendur einhvers staðar: Traust. Þar er stór mynd af þeim ágæta manni Árna Sigfússyni og hverjir skyldu nú skrifa undir þessa tilkynningu? Það eru allir frambjóðendur Sjálfstfl., „frambjóðendur sem þú getur treyst“ stendur hér, herra forseti. Það eru Árni Sigfússon, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Ólafur F. Magnússon, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kjartan Magnússon, Guðrún Pétursdóttir, Eyþór Arnalds, Kristján Guðmundsson, Bryndís Þórðardóttir, Snorri Hjaltason, Baltasar K. Baltasarsson, Helga Jóhannsdóttir, Ágústa Þ. Johnson, Pétur Friðriksson, Svanhildur Hólm Valsdóttir, Orri Vigfússon, Unnur Arngrímsdóttir, Jóhann Hjartarson, Margrét Theódórsdóttir, Magnús Óskarsson, fyrrv. borgarlögmaður og landskunnur húmoristi eins og þjóðin þekkir, Lárus Sigurðsson, Björg Einarsdóttir, og vöndur réttlætisins í seinni tíð líka, Páll Gíslason, Þuríður Pálsdóttir, Hilmar Guðlaugsson, Auður Auðuns og hver, herra forseti? Hver mundi það vera? Það er Davíð Oddsson.

(**Gripið fram í:** Ha.) Davíð Oddsson, Davíð Oddsson, Lynghaga 33 eða hvað það nú var. (**Gripið fram í:** Lynghaga 5.) 5, en ekki Hrefnugötu 4. (**Gripið fram í:** Í Reykjavík?) Í Reykjavík.

Yfir þessu stendur svo: „Traust. Þú getur treyst því að sjálfstæðismenn í Reykjavík lækki skatta, efli grunnskólana, bjóði nýjar leiðir í fjölskyldumálum, stuðli að öflugri uppbyggingu og stundi ábyrga fjármálastjórn. Þú getur treyst því að sjálfstæðismenn standi við loforð sín og vinni fyrir alla Reykvíkinga."

Fyrsta loforðið sem var gefið var þetta, að reyna að stöðva þetta frv. Þegar rætt var við hæstv. forsrh. í dag kemur í ljós að hann neitar þessu. Hann segir: Það er ekkert að marka þetta. Við höldum áfram okkar striki. Hæstv. ráðherra segir í raun og veru: Afstaða manna, m.a. borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. í þessu máli er misskilningur. Þess vegna er engin ástæða til þess að hlusta á þennan hóp.

Staðreyndin er sú að örlögin höguðu því svo að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. fær ekki tækifæri til þess að láta reyna á það hvort hann stendur við sín kosningaloforð á þessu kjörtímabili sem nú er nýhafið. Það er þó eitt fyrirheit sem hann gaf. Hann gaf eitt fyrirheit fyrir kjörtímabilið 1998–2002. Það var að reyna að fá hálendisfrv. stöðvað og þetta fyrsta loforð, og eina sem hann gat í raun og veru efnt, sveik hann. Satt að segja hef ég sjaldan séð stjórnmálaflokk leyfa sér eins ómerkileg vinnubrögð gagnvart kjósendum og í þetta skiptið. Ég er viss um það, af því að ég þekki til þess, að einn og einn maður lét blekkjast af þessum fyrirheitum. Einn og einn maður hugsaði sem svo, einn og einn maður sem tekur þetta hálendismál að hjarta sínu eins og margir gera hugsaði sem svo: Já, ég get kosið flokkinn minn einu sinni enn þrátt fyrir allt. Ég þekki dæmi um þetta sem ég get ekki nefnt úr þessum stól né annars staðar. En það er ljóst að það tókst að telja nokkrum kjósendum trú um að Flokkurinn, með stórum staf og greini, mundi standa við þetta fyrirheit. Það er ofboðslegt að sjá hræsni og ómerkilegheit af þessu tagi af þessum stóra og mikla stjórnmálaflokki. (**SighB:** Stóra, ekki mikla.) Stóra og mikla eftir því hvernig það er skoðað, jú, jú.

Því miður bætti hann heldur við sig í þessum kosningum eins og kunnugt er, þ.e. sums staðar úti um landið. En í heildina ekki mjög miklu og í Reykjavík varð hann minni sem betur fer.

Ég vil skýra frá því einnig, herra forseti, að mér barst núna á dögunum bréf frá manni sem hefur sýslað um stjórnsýslu á hálendinu um margra ára ef ekki áratuga skeið. Hann er sennilega sá lögfræðingur landsins sem þekkir þau mál einna best, með fullri virðingu fyrir öllum hinum. Hann skrifar þetta bréf sem kunningi minn og einstaklingur en ég nafngreini hann engu að síður. Hann heitir Gunnar Eydal og er hæstaréttarlögmaður. Hann setti saman nokkra minnispunkta um þetta hálendismál til skoðunar og mér finnst þeir það merkir að þeir eigi skilið að komast inn í þingtíðindin þó að lítið meira sé gert með þá úr því sem komið er. Minnispunktarnir hljóða svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélögin í landinu hafa á undanförnum árum og áratugum fengið aukin viðfangsefni með flutningi verkefna frá ríkisvaldinu. Unnið er að enn frekari flutningi verkefna svo sem varðandi málefni fatlaðra. Þessi þróun er jákvæð [segir Gunnar]. Auðvelt er að leiða að því rök að þjónusta við íbúa verði betri og persónulegri í höndum sveitarfélaga vegna meiri nálægðar og tengsla við fólkið heima í héraði heldur en ef þjónustan væri í höndum ríkisvaldsins. Reyndar er hætt við að þjónustan verði dýrari með þessum hætti en það er önnur saga.

Hingað til hefur það viðhorf hins vegar verið ríkjandi að málefni, sem varða þjóðina í heild, eigi að vera í höndum ríkisvaldsins en ekki sveitarfélaga. Engum ætti að blandast hugur um að málefni miðhálendisins þar sem einskis manns réttur hefur að nokkru verið ríkjandi er mál sem varðar þjóðina í heild. Einstök sveitarfélög eiga ítök á svæðum sem liggja að miðhálendinu, á afréttum og upprekstrarlöndum.

Á undanförnum árum hafa fallið nokkrir dómar Hæstaréttar um einstök svæði þar sem ekki hefur verið fallist á kröfur viðkomandi sveitarfélaga um eignarrétt. Frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála var lagt fyrir Alþingi 1991–1992. Þar var gert ráð fyrir að fimm manna hálendisnefnd færi með þennan málaflokk, þar af tveir fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Minni hluti nefndarinnar sem samdi frv., þ.e. sá sem þetta skrifar, lagði til að Samband ísl. sveitarfélaga ætti þar meiri hluta en ekki náði það fram að ganga því miður.

Samkvæmt frv. að sveitarstjórnarlögum sem nú liggur fyrir Alþingi er sú breyting gerð á 1. gr. laganna að landinu öllu skal skipt í staðbundin sveitarfélög sem ráða málefnum sínum sjálf á eigin ábyrgð. Í gildandi lögum er byggðinni í landinu skipt í staðbundin sveitarfélög. Í frv. er þannig gert ráð fyrir að hálendinu, að jöklum meðtöldum, verði skipt í landskika þar sem hvert sveitarfélag fari með stjórnsýslu mála sem undir sveitarstjórnir heyra.

Í allri umræðunni um stjórnsýslu sveitarfélaga yfir hálendinu hefur kannski gleymst að skilgreina hvað í stjórnsýslunni felst. Í 6. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga eru talin upp í 13 liðum helstu verkefni sveitarfélaganna á sviði stjórnsýslunnar auk þess sem fleiri málaflokkar hafa bæst við, svo sem skólamál.

Strax má slá því föstu að eftirtaldir málaflokkar séu hálendinu hins vegar óviðkomandi:

1. Félagsmál, þar á meðal framfærslumál.
2. Atvinnumál og atvinnumiðlun.
3. Menntamál, bygging og rekstur skóla.
4. Húsnæðismál, verkamannabústaðir.
5. Heilsugæsla og rekstur heilsugæslustöðva.
6. Menningarmál, þ.e. rekstur bókasafna og annarra safna.
7. Bygging og viðhald mannvirkja, veitukerfa og hafna.
8. Ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
9. Íþróttir og útivera, bygging íþróttavalla o.fl.
10. Skólamál, þ.e. rekstur grunnskóla.

Hvaða málaflokkar standa þá eftir sem geta fallið undir stjórnsýslu sveitarfélaganna á hálendinu? Tekið skal fram að löggæsla, vegagerð og fleira eru verkefni ríkisins.

a. Í fyrsta lagi er þar um að ræða skipulags- og byggingarmál, gerð aðal- og svæðisskipulags, gerð deiliskipulags og framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit. Í þeim tillögum sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að gert verði sameiginlegt svæðisskipulag. Réttarstaða þess mundi hins vegar mega sín lítils þar sem aðalskipulag og deiliskipulag yrði í höndum heimamanna þar sem hver fer með sína ræmu á hálendinu samkvæmt fyrirliggjandi tillögum.

Ekki er hér gert lítið úr frv. forsrh. um þjóðlendur sem auðvitað kemur nokkuð til móts við þau sjónarmið sem hér eru til umræðu. Enn eru ótaldir eftirtaldir þættir á sviði stjórnsýslu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

b. Almannavarnir og öryggismál. Þessi málaflokkur er háður samvinnu björgunarsveita að aðliggjandi sveitarfélagi og sveitarstjórna og eðli málsins samkvæmt í höndum Almannavarna ríkisins eftir því sem við á.

c. Hreinlætismál, sorpeyðing, heilbrigðiseftirlit. Eðlilegt er og ekkert er því til fyrirstöðu að sameiginleg hálendisnefnd mundi fela viðkomandi heilbrigðiseftirliti, því sem næst liggur, að fara með hreinlætismál á viðkomandi svæði.

d. Landbúnaðarmál, umsjón með forðagæslu, eyðingu refa og minka, fjallskilamál. Mál þessi hafa verið í höndum sveitarfélaganna og engin ástæða er til að þar verði breyting á þótt ein hálendisnefnd færi með stjórnsýsluna.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru það fyrst og fremst skipulags- og byggingarmál sem yrðu í höndum aðliggjandi sveitarfélaga samkvæmt frv. Hálendið er hins vegar ein órjúfanleg heild og þess vegna gengur sú hugsun tæpast upp að ætla að skipta þessum málaflokki milli fjölmargra aðila. Þá kröfu verður að sjálfsögðu að gera að hálendisnefnd mundi vinna í nánu samráði við heimamenn þar sem því er að skipta.

Jafna má því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir á hálendinu til þess að skipulagsmál í Reykjavík væru með þeim hætti að ein skipulagsnefnd væri fyrir Vesturbæinn, önnur fyrir Austurbæinn, þriðja fyrir Grafarvog o.s.frv. Verði frv. samþykkt eins og það liggur fyrir er hætt við að því muni fylgja umrót og óeining sem ekki sér fyrir endann á. *Skipulag Svínvetninga á Hveravöllum er dæmi um viðhorf* sveitarfélaga sem að hálendinu liggja.

Ljóst má vera að fimm manna skipulagsnefnd í aðliggjandi hreppi mundu bíða mikil verkefni hvað varðar gerð aðal- og deiliskipulags. Skipulagsmál hálendisins er viðkvæmt og vandasamt verk, ekki síst þegar skipt hefur verið upp í skipulagsreiti. Þetta er mjög kostnaðarsamt verk þar sem ljóst er að aðkeypt sérfræðiþjónusta skipulagsfræðinga, arkitekta, verkfræðinga og lögfræðinga gæti orðið býsna kostnaðarsöm fyrir lítið sveitarfélag. Sé hins vegar vilji til sátta í þessu máli mætti e.t.v. hugsa sér að hálendisnefnd fimm manna, skipuð af meiri hluta fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga, færi með svæðis- og aðalskipulag innan tiltekinnar markalínu milli heimalanda og afrétta og upprekstrarlanda en aðliggjandi sveitarfélög færu með gerð deiliskipulags hvert á sínu svæði sem 1. mgr. 1. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga gerir ráð fyrir."

Undir þetta ritar Gunnar Eydal, hæstaréttarlögmaður.

Eins og ég gat um, herra forseti, þá hefur Gunnar Eydal um nokkurra ára skeið, 20 ára skeið eða svo, sinnt þessum málum fyrir Reykjavíkurborg og reyndar einnig fyrir Samband ísl. sveitarfélaga. Þess vegna er full ástæða til að leggja eyrun við því að hann telur fært að gera hálendið að einni skipulagseiningu. Hann telur að það sé praktískur möguleiki. Út af fyrir sig viðurkenni ég að það er býsna flókið að mörgu leyti að ganga þannig frá málum að sá veruleiki rekist ekki á við skipulag sveitarfélaganna. Mér finnst að sjónarmið Gunnars Eydals séu svo athyglisverð og orð hans svo þung að í rauninni þurfi býsna alvarleg rök til þess að hafna þeim sjónarmiðum sem hann gerir hér ráð fyrir.

Til viðbótar við þetta mál, herra forseti, er svo að lokum það að það er ekki bara hæstv. forsrh. sem skoraði á okkur, sem einn af frambjóðendum Sjálfstfl., að fresta málinu. Það gerði líka Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á í dag, það gerði líka Vilhjálmur Þ. Vilhálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Það vegur þungt. Við erum ekki, herra forseti, að tala fyrir því að þetta mál verði stöðvað. Það væri rangt að setja það þannig upp. Við erum að tala um að málinu verði frestað og tími gefist til að fara betur yfir það í sumar. Við erum að taka undir það með forsrh. að málið er flókið og þarf tíma, umræður og upplýsingar manna á meðal. Í okkar hópi eru skiptar skoðanir um þetta og sennilega meira og minna í öllum flokkunum. Þess vegna væri líka skynsamlegt, frá sjónarmiði stjórnmálaflokkanna, að málið fengi aðeins betri tíma. Ég ítreka því óskir okkar og vil lýsa því yfir, fyrir hönd okkar þingflokks, að við munum ekki taka þátt í því að gera þetta mál að lögum á þessu vori. Við teljum það óskynsamlegt og skynsamlegra að bíða haustsins, vanda sig betur og fara yfir málið í sumar.

[18:16]

**Útbýting þingskjals:**

Tekjuskattur og eignarskattur, 524. mál, brtt. VE, þskj. 1425.

[18:17]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði fyrr í dag orð sem eru kjarnaatriði í þessari umræðu. Hv. þm. líkti þeirri afgreiðslu sem hér er að fara fram við þá afgreiðslu sem á sínum tíma fór fram á lögunum um stjórn fiskveiða. Þar sagði í 1. gr. að nytjastofnar við Ísland séu sameign íslensku þjóðarinnar en í framkvæmdinni var síðan örfáum aðilum afhentur umráðarétturinn, ráðstöfunarétturinn, á þessari sameign þjóðarinnar þannig að 1. gr. hefur nánast ekkert innihald annað en að væntanlega er hægt að breyta stjórnkerfinu án þess að bætur komi fyrir. Nákvæmlega það sama er að gerast hér.

Í þjóðlendufrv. eru þjóðinni færð afdráttarlaus eignarráð á því landi sem enginn einstaklingur telst eiga. Það er gott. Í því frv. sem hér er verið að ræða er verið að afhenda stóran hluta ráðstöfunarréttarins í hendur örfárra sveitarfélaga. Menn hafa áhyggjur af því hvernig þessi sveitarfélög muni fara með þau mál. Það er eðlilegt. Það er ekki vegna þess að þessi sveitarfélög séu skipuð íbúum sem séu á einhvern hátt vanhæfari en íbúar þéttbýlisins. Það er ekki ástæðan.

Ég segi bara einfaldlega sem svo að í þeirri götu sem ég bý eru svona 130–150 íbúar. Ég treysti þeim íbúum, 150 íbúum, ekki til þess að sjá um löggæslu, gróðureftirlit, byggingareftirlit, skipulagsmál og almannavarnir á einhverri sneið af hálendinu sem næði upp á miðjan Vatnajökul. Hið nákvæmlega sama gildir um 150 íbúa sveitarfélags. Þetta er allt of lítil stjórnsýslueining til þess að hægt sé að fela viðkomandi aðilum slíkt vald. Menn ráða ekkert við þetta og skiptir þá engu máli hvort þeir búa í Reykjavík, í Reykjaneskjördæmi eða einhvers staðar annars staðar. Þetta er ekki vantraust á viðkomandi íbúa. Þetta eru bara einfaldlega staðreyndir. Menn mundu ekki leggja slíkt verk, svo yfirgripsmikið verk, á herðar 150 Reykvíkinga fremur en menn ættu að leggja slík verk á herðar 150 íbúa lítils sveitarfélags úti á landi.

Það er ýmislegt annað sem kemur upp, virðulegi forseti, og verður til þess að menn eru tortryggnir á þessa lausn mála, m.a. hagsmunatengsl sem þarna koma upp. Nú langar mig til þess að gera grein fyrir einu slíku máli, virðulegi forseti, í lok umræðunnar. Máli sem hefur rekið á fjörur nokkurra þingmanna nú þegar. Ég veit að nokkrir þingmenn hafa fengið fréttir af því máli. Mér finnst full ástæða til þess að rekja það í lokin til þess að sýna um hvað við erum að tala, sem erum hrædd um að óeðlileg hagsmunatengsl geti

skapast þegar fámennum sveitarfélögum er fenginn í hendur jafnmikill réttur og hér er um að ræða.

Öll munum við eftir því að fyrir nokkrum árum síðan kom upp svokallað Geitlandsmál. Skotveiðimaður var á ferð á hálendissvæði þar sem hreppar höfðu auglýst bann við skotveiði. Hann var tekinn og af honum tekin byssan og veiðin. Maðurinn fór með málið fyrir Hæstarétt. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú í þessu máli að umrædd sveitarfélög, sem höfðu bannað viðkomandi veiðimanni að stunda þar sitt sport, gætu ekki sannað eignarrétt sinn á Geitlandi og því bæri manninum frjáls umferð um þetta land. Afstaða Hæstaréttar liggur fyrir. Þeir aðlægu hreppar sem um ræðir eiga ekki landið. Engu að síður gerðu þessir hreppar, þann 24. ágúst 1993, þ.e. Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur, samning við ferðaþjónustufyrirtæki sem heitir Langjökull hf. 1. gr. samningsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Leigusalar [þ.e. hrepparnir tveir] leigja Langjökli hf. þann hluta Geitlands sem afmarkast af Hafursfelli að norðan og með hugsaðri línu úr Hafursfelli þaðan sem styst er úr því í Geitlandsgíg og beint vestan við gíginn 100 metrum neðan við brú á Geitá sem Langjökull hf. lét byggja sumarið 1973. Þaðan ræður Geitá til upptaka sinna. Þá ráðast vatnaskil af Langjökli á Hafursfelli."

Með öðrum orðum: Sveitarfélögin eru að leigja þarna land til ferðaþjónustu sem Hæstiréttur segir að þau eigi ekki. Engu að síður gera þau þennan gerning. Síðan er tekið fram, þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í máli sem um það fjallar, í 4. gr. að meðferð skotvopna sé bönnuð innan hins leigða svæðis þó að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að hrepparnir geti ekki bannað það. Engu að síður er það tekið fram í leigusamningnum. Það er hins vegar aukaatriði en í 3. gr. segir um leigugjaldið að leigutaki skuli ekki greiða leigugjald fyrstu 10 árin en að þeim tíma liðnum verði það endurskoðað og síðan segir:

„Leigusalar lofa að veita ekki öðrum aðilum heimild til reksturs skyldrar starfsemi á eða við hlið hins leigða svæðis sem leigusalar hafa umráð yfir."

Það er sem sagt verið að afhenda leigutökunum, ferðaþjónustuaðilunum, einkarétt á að nýta landsvæði sem viðkomandi hreppar eiga ekki samkvæmt dómi Hæstaréttar. Viðkomandi aðila, sem vill svo til að er einn af íbúum í þessum tveimur hreppum, er veittur einkaréttur á því að stunda ferðaþjónustu á þessu landi og reisa þau mannvirki sem honum þóknast, enda sé að sjálfsögðu farið að kröfum náttúruverndaraðila í þeim efnum.

Hvernig nýtir svo leigutakinn þau réttindi sem honum er afhent? Í kynningarbæklingi frá ferðaþjónustuaðilanum er staðháttum lýst, m.a. að Langjökull sé einn stærsti jökull Evrópu, 950 ferkílómetrar, 1.400 metra hár, íshellan er allt að 700 metra þykk. Tekið er fram að aðeins 97 km séu frá jaðri hans til Reykjavíkur, fært öllum farartækjum að jöklinum yfir sumartímann. Hvað segir svo í kynningarritinu? Það segir, með leyfi forseta:

„Þess má geta að Langjökull ehf. er eina fyrirtækið sem hefur heimild til að starfrækja ferðaþjónustu við jökuljaðarinn Borgarfjarðarmegin."

Í kynningarbæklingnum er tekið fram að þetta fyrirtæki hafi fengið einkarétt á að reka ferðaþjónustu við Langjökul, Borgarfjarðarmegin, samkvæmt samningi við hreppa um afnot á landi sem Hæstiréttur hefur komist að niðurstöðu um að sé ekki eign þeirra. Síðan er bætt um betur og segir, með leyfi forseta, orðrétt í kynningarbæklingnum:

„Ekki er hægt að fara á jökulinn án þess að fara um einkalóð fyrirtækisins."

Með öðrum orðum, allt það landsvæði sem leigusamningurinn fjallar um í 1. gr. sem ég las hér áðan, allur sá hluti Geitlands sem þar er lýst og Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að enginn eigi, er meðhöndlaður sem einkalóð fyrirtækis sem hafi einkarétt á ferðaþjónustu á þessu svæði. Með setningunni „ekki er hægt að fara á jökulinn án þess að fara um einkalóð fyrirtækisins" er látið í það skína að þetta fyrirtæki geti lokað veginum sem liggur um þessa einkalóð og meinað þannig öðrum en þeim sem skipta við fyrirtækið að fara á einn af jöklum Íslands.

Herra forseti. Þetta er dæmi um það sem ekki má. Þetta er dæmi um það sem er óeðlilegt, að sveitarfélög nýti sér rétt sem þau hafa ekki þar sem þau hafa ekki eignarhald á þessu svæði, samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Það er óeðlilegt að þau skuli nýta sér slík réttindi til þess að semja við einn aðila um einkarétt til ferðaþjónustu og sá hinn sami skuli eftir þann samning kalla allt þetta stóra landsvæði Borgarfjarðarmegin Langjökuls, allt upp að vatnaskilum á jöklinum, einkalóð sína. Hér er um að ræða allt land upp úr Borgarfirði inn á miðja bungu Langjökuls. Um það er fjallað sem einkalóð tiltekins fyrirtækis sem hafi einkarétt á allri ferðamannaþjónustu á þessu svæði.

Sjá menn ekki í hendi sér, virðulegi forseti, hvað hér er að gerast? Sjá menn ekki í hendi sér hvað það þýðir, þegar viðkomandi sveitarfélög hafa með frv. hæstv. sveitarstjórnarmálaráðherra, fengið leyfi til þess — þá er ekki lengur spurningin um eignarréttinn eins og núna — að leigja eitthvað sem enginn á, leyfi til þess að gera samning, svipaðan þessum, til eins árs í senn, við slíkan aðila. Þetta er að sjálfsögðu hreint hneyksli, virðulegi forseti, en þetta er það sem menn óttast að muni gerast. Það eru fleiri dæmi til, virðulegi forseti, um að menn haldi svona á málum.

Með samningi eins og þessum og umfjöllun eins og þeirri sem leigutakar leyfa sér, er verið að gera nákvæmlega það sem menn eru hræddir við. Það er verið að meðhöndla hálendi Íslands þannig að einhverjir tilteknir ferðaþjónustuaðilar telja sig geta kastað eign sinni á það, eigi einkarétt á allri þjónustu þar. Það er meira að segja látið í veðri vaka að þeir geti lokað vegum sem byggðir hafa verið fyrir opinbert fé og liggja um, með leyfi forseta, „einkalóðir þeirra", einkalóðir upp að miðju Langjökuls. Auðvitað er það lagabrot að ætla að loka fyrir umferð með þessum hætti. Þeir sem að samþykktinni standa telja með þessum gerningi að þeim sé það leyfilegt. Slíkum aðilum er hreinlega ekki treystandi fyrir því, virðulegi forseti, að gæta almannahagsmuna á miðhálendinu.

Ég vildi aðeins geta um þetta mál sem fleiri þingmenn hafa fengið í hendur til þess að varpa ljósi á að það er ekki að ástæðulausu að forsvarsmenn ferðamálasamtaka, náttúruverndarsamtaka, gróðurverndarsamtaka, umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka hafa sameinast um að mótmæla þeim gerningi sem hér stendur til og óska eftir því að afgreiðslunni verði frestað. Það er ekki að ástæðulausu að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. hefur skorað á neðsta mann á listanum, hæstv. forsrh., að fresta meðferð málsins. Það er ekki að ástæðulausu að Morgunblaðið hefur tekið undir þær áskoranir. Það er ekki að ástæðulausu að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur fengið stuðning frá fulltrúaráði framsóknarmanna í Reykjavík við málflutning sinn. Það er yfirlýsing um það að fulltrúaráð Framsfl. í Reykjavík sé

andvígt málflutningi annarra framsóknarmanna, þar á meðal hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar.

Hvernig skyldi standa á því að menn hafa með þessu móti náð vopnum sínum? Að menn hafa með þessu móti getað áttað sig á því hvað um var að vera í afgreiðslum ríkisstjórnarinnar? Hver er ástæðan fyrir því? Það er málflutningur stjórnarandstæðinga og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar hér á Alþingi. Við náðum því markmiði sem við settum okkur með málflutningi okkar, þ.e. að kynna þetta mál fyrir fólkinu í landinu þannig að þeir sem hagsmuna eiga að gæta og almannahagsmuna eiga að gæta geri sér grein fyrir því hvað hér stendur til og geti gripið til viðeigandi úrræða. Það hafa menn gert. Hvers vegna halda menn, virðulegi forseti, að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. hafi örfáum dögum fyrir kosningar tekið þetta mál sérstaklega upp á arma sína? (**Gripið fram í:** Daginn fyrir kosningar.) Daginn fyrir kosningar. Af hverju halda menn að þeir hafi gert það? Halda menn að það hafi verið vegna þess að þeir hafi viljað styðja sérstaklega við stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu? Nei. Þetta var örvæntingartilraun til að fá þá íbúa höfuðborgarinnar sem hafa gert sér ljóst hvert ríkisstjórnin er að stefna til þess engu að síður að greiða Sjálfstfl. atkvæði í borgarstjórnarkosningunum. Þetta var örvæntingarfull tilraun á síðasta degi fyrir kosningar, svo örvæntingarfull að eins og kom í ljós í morgun þá báru frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavíkurborg þessa afstöðu sína ekki undir manninn í heiðurssæti listans, sjálfan forsrh. en létu sér engu að síður sæma að koma með svona yfirlýsingu og áskorun daginn fyrir kosningar á formann flokksins og formaðurinn lét sér það sæma í dag að láta þá áskorun flokksbræðra sinna og samframbjóðenda sem vind um eyru þjóta. Þetta er árangur af málflutningi stjórnarandstöðunnar. Árangurinn er sá að samtök stjórnarflokkanna í höfuðborginni sjálfri eru komin á skoðun okkar. Framsóknarmenn í höfuðborginni, samtök þeirra og fulltrúaráð þeirra, lýsa yfir stuðningi við þau viðhorf sem stjórnarandstaðan og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hafa haft uppi á Alþingi. Og kosningamaskína Sjálfstfl. í borgarstjórnarkosningum telur það vera úrslita- eða örþrifaráð þegar flokkurinn er að tapa borginni að ganga til liðs við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Það segir hver áhrif af málflutningi okkar hafa verið.

Hæstv. forsrh. hefur látið sér það sæma að reyna að hengja verðmiða á það sem við höfum sagt hér, hvað hvert orð kosti sem stjórnarandstaðan lætur sér af munni fara á Alþingi. Hvað hafa þessi orð kostað? Þau hafa kostað hann það að standa í dag í sporum manns sem er að skora á sjálfan sig og kemst að þeirri niðurstöðu að áskorun hans á sjálfan sig sé ekki einu sinni þess virði að á hana sé hlustað. (**RG:** Vantraust á sjálfan sig.) Það er ekki oft sem menn standa í því að skrifa sjálfum sér bréf og gera síðan bréfaskriftina að slíku umræðuefni sem hæstv. forsrh. gerði í dag þegar hann lýsti meðframbjóðendum sínum á borgarstjórnarlista Sjálfstfl. sem hálfgerðum ómerkingum, að ekkert mark bæri að taka á áskorun þeirra.

Virðulegi forseti. Ég tel að við stjórnarandstæðingar megum mjög vel við það una, þann árangur sem við höfum náð með málflutningi okkar. Við höfum ekki þingstyrk til að koma í veg fyrir afgreiðslu þessa máls en afgreiðslan fer fram með þingmeirihluta Sjálfstfl. og Framsfl. en eins og ítrekað hefur komið fram í skoðanakönnunum gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar. Um þessa afgreiðslu verður síðan kosið eftir eitt ár. Ég óttast ekki um viðtökur almennings við kosningamáli okkar stjórnarandstæðinga hvað þetta mál varðar, ekki neitt, þó ég eigi hins vegar varla von á því að fyrir þær kosningar komi yfirlýsing frá frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjavík þar sem þeir hvetja formann sinn til að skipta um skoðun og komast aftur á þá skoðun sem hann hafði sem frambjóðandi til borgarstjórnarkjörs Sjálfstfl. við borgarstjórnarkosningarnar 1998 um vorið en stóð því miður ekki lengur en eina nótt í það skiptið.

[18:35]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var staðinn að því að fara rangt með í þessu viðkvæma og mikla máli og finnst mér hv. þingmenn jafnaðarmanna hafa leyft sér það á undanförnum vikum í umræðunni. Hann segir að hann treysti alls ekki 150 manna sveitarfélagi til að fara með löggæslu á hálendinu. Hver hefur haldið því fram að 150 manna sveitarfélag ætti að fara með löggæsluna? Hv. þm. virðist ekki hafa hugmynd um það nema þá hann fari rangt með vísvitandi, en löggæslan er í höndum sýslumanna. Það eru níu sýslumannsumdæmi sem koma til með að hafa löggæslu á hálendinu, ekki 35 sveitarfélög. Það eru sýslumannsembætti sem eru greidd af ríkinu, hv. þm.

Þetta er ein af þeim röksemdum sem hv. þingmenn hafa síendurtekið og fólk er farið að trúa. Hv. þm. treystir ekki heldur sveitarfélögunum eða 150 manna sveitarfélagi, eins og hann orðaði það, til að fara með heilbrigðiseftirlit. Það er ekkert 150 manna sveitarfélag sem fer með heilbrigðiseftirlit. Það eru fimm heilbrigðiseftirlitssvæði sem liggja að miðhálendinu og ætli það sé ekki um það bil 17–20 þúsund manns sem eru á bak við hvert heilbrigðiseftirlitssvæði. *Að greindir þingmenn skuli halda þessu fram fyrir* framan þjóðina dag eftir dag, viku eftir viku er alveg með ólíkindum. Svo eru sömu þingmenn að tala um sóma, rangfærslur og ómerkilegheit annarra og allt mögulegt er sagt í þessum ræðustóli til að gera andstæðinga sína ómerkilega. Svona nakið er nú þetta fyrir framan fólk, málflutningur hv. þingmanna jafnaðarmanna.

[18:37]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Það má segja, virðulegi forseti, að það sé eiginlega nokkurs konar regla að þau mál sem enginn þingmanna Sjálfstfl. treystir sér til að verja tekur hv. þm. Kristján Pálsson í fóstur og getur sér jafnan orð fyrir það að tala í málum sem aðrir þingmenn Sjálfstfl. kjósa helst að þegja í. Auðvitað segir það sig sjálft að þær skyldur sem þessi aðliggjandi sveitarfélög, sem við höfum verið að tala um, þurfa að rækja eru almannavarnir og þar með að hluta til löggæsla, byggingareftirlit, skipulagsmál, gróðureftirlit. Þetta eru viðfangsefni sem eru á ábyrgð þeirra og gert er ráð fyrir að þau leysi.

Hæstv. umhvrh. hefur sagt að hann geri ráð fyrir því að sveitarfélögin hafi um þetta samstarf. En það er bara ekkert sem tryggir að slíkt samstarf verði. Ég vil benda á í hvað miklum erfiðleikum menn hafa lent í einstökum sveitarfélögum í ná sátt um svæðaskipulag, hvað þá heldur þegar að því koma 40 lítil sveitarfélög og þurfa að leysa úr vandamálum sem eru *kannski þannig að aðeins eitt sveitarfélagið hefur tekjur af* þeirri framkvæmd sem til stendur en hin sveitarfélögin þurfa að taka á sig meiri eða minni landspjöll eða skaða. Það segir sig alveg sjálft. Við Íslendingar þekkjum það úr sögu okkar að erfiðustu deilur manna á milli eru landamerkjaþræturnar og deilurnar um það hvernig megi nýta einstakar auðlindir á landi. Það hjálpar ekki til að ætla að fara þessa leið. En ég spyr hv. þm. fyrst hann fór að koma upp og taka til máls,

finnst honum þau samskipti eðlileg sem ég var að kynna áðan milli ferðaþjónustuaðila og lítilla sveitarfélaga? Finnst honum þau eðlileg og telur hann að framhald eigi að vera á slíku samstarfi?

[18:40]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hafði orð á því að ég talaði í ýmsum málum sem aðrir gerðu ekki. Það er dálítið merkilegt að tína það til. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég var einn af örfáum þingmönnum sem var á móti veðsetningu aflaheimilda til að mynda og talaði lengi í þeim málum. Ég sit einnig í hv. félmn. sem er með öll þessi stórmerkilegu mál og margir af félagsmálanefndarmönnum hafa rætt þau í þinginu og hafa á þeim mismunandi skoðanir.

Skipulagsmálin á hálendinu eru þannig, eins og alþjóð ætti að vita í dag, að þau verða sameiginleg fyrir allt svæðið. Öll sveitarfélögin sem eiga land upp að miðhálendinu koma til með að skipuleggja þetta sameiginlega. Það verður samkvæmt lögum skylda að gera það þannig.

Það verður einnig samkvæmt lögum ákveðið hverjir sitji í þessari nefnd og hvernig sveitarfélög eiga að skipuleggja land sitt í aðalskipulagi og er ekkert sem sveitarfélög geta gert til að koma í veg fyrir það. Tortryggni eins og að menn séu eilíflega að reyna að koma í veg fyrir eðlilega nýtingu eða eðlilega verndun landsvæða er nánast ómerkileg gagnvart sveitarfélögum og landeigendum almennt. Þó að hægt sé að setja margt út á hvernig menn hafa nýtt ýmis landsvæði og jafnvel eytt þeim, er það ekki alfarið sök þeirra og sem betur fer hafa sumir hverjir áttað sig á villu síns vegar þegar kemur að gróðurverndinni en ég hef fulla ástæðu til að trúa því að hægt sé að ná sátt um slíkt.

Varðandi önnur samskipti held ég að í 99% tilvika hafi samskipti sveitarfélaga og hagsmunasamtaka verið í mjög góðu lagi. Það er eitt dæmi sem hægt er að benda á sem hefur verið erfitt. Það er uppi á Kili en ég á ekki von á öðru en það verði leyst í sátt og samlyndi.

[18:42]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikil er trú hv. þm. Hann heldur að hægt sé að setja í lög að samkomulag skuli verða. Það sé hægt að setja í lög skyldu manna um að koma sér saman. Það hefur verið ansi erfitt að fá Íslendinga til að ná sáttum með því að mæla fyrir í lögum að svo skuli gert. Ég held að það breyti engu um ágreining milli sveitarfélaga um hagnýtingu miðhálendisins þó að sagt sé í lögum að ætlast sé til að þau nái samkomulagi. Það breytir því ekki að deilurnar verða áfram. Það breytir því ekki heldur að sú sáttanefnd sem hæstv. umhvrh. hefur talað fyrir að skipa eigi breytir engu í þeim efnum því að hún er valdalaus. Hún er bara einn umsagnaraðilinn til viðbótar sem fær ekki einu sinni nema nokkrar vikur til að fjalla um þetta stóra og mikla mál áður en hæstv. ráðherra staðfestir skipulagið.

Hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu sem ég beindi til hans sem var hvort honum fyndist þau samskipti sem ég var að lýsa áðan milli ferðaþjónustuaðila og aðliggjandi hreppa eðlileg sem virðast eiga að þjóna því markmiði að tryggja ferðaþjónustuaðilanum einkarétt til að flytja ferðafólk upp á Langjökul og gefur honum færi á því að kalla stóran hluta af hálendinu í uppsveitum Borgarfjarðar og upp að miðbungu Langjökuls einkalóð sína. (**KPál:** Þetta er útúrsnúningur.) Hv. þm. svaraði ekki þessari spurningu minni en sagðist treysta því að menn næðu samkomulagi á Kili. Ég vona að menn nái samkomulagi á Kili en ég spurði ekki um það, virðulegi forseti. Ég spurði um afstöðu þingmannsins til þessara samskipta. Hann passaði sig á að ræða þau ekki.

[18:44]

**Útbýting þingskjala:**

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 359. mál, frhnál. minni hluta iðnn., þskj. 1426; brtt. minni hluta iðnn., þskj. 1427.

Vaxtatekjur Ferðamálasjóðs, 718. mál, fsp. JóhS, þskj. 1428.

[18:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en vegna ræðu eða atriðis í ræðu hv. 4. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, langar mig til að segja nokkur orð. Hafi hv. þm. farið rétt með, sem ég verð að treysta, í þeim upplestri sem hann fór með úr ræðustólnum er þetta prýðilegt dæmi um þá vitleysu sem viðgengst sums staðar á hálendinu. Félög eða einstaklingar hernema landsvæði eða koma sér upp aðstöðu utan við lög og rétt. Ég reikna með að Geitlandið hljóti að falla undir þjóðlendur. Nú er ég ekki nógu kunnugur þarna uppi til að vita hvort allt Geitlandið muni gera það eða ekki. En gefum okkur að þar sé um þjóðlendu að ræða. Þá er það að sjálfsögðu undir ráðstöfunarrétti forsrh. og enginn einstaklingur hvað þá sveitarfélag getur staðið í svona samningagerð. Engin mannvirki sem eiga að standa árinu lengur verða reist á þjóðlendu öðruvísi en með sérstöku leyfi forsrh. Ég tel að sá samningur sem hv. þm. vitnaði til sé marklaust plagg og sú auglýsing sem hann las upp náttúrlega dæmalaust skrum og fjarstæða og ekki takandi neitt mark á því. Svona samning er ekki hægt að gera að samþykktum nýjum sveitarstjórnarlögum og þjóðlendufrv.

[18:46]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að taka svona afdráttarlaust á málinu, þ.e. að lýsa þeirri skoðun sinni að ef þetta er rétt sem hermt er, þá sé þetta ólögmætur gerningur og fráleitur, enda er hann það. Það sem ég er að segja er einfaldlega þetta: Þessi gerningur er gerður vegna þess að aðliggjandi sveitarfélög telja það henta að gera samning á þennan hátt (**KPál:** Það er verið að breyta þessu.) og það er verið að afhenda þessum sveitarfélögum skipulagsvald á hálendismálum, þar á meðal á þeim þjóðlendum sem (Gripið fram í.) þarna kann að vera um að ræða. Sveitarfélögin, virðulegi forseti, hafa samkvæmt frv. fullan rétt til þess að gera svona samning standi hann ekki lengur en til eins árs í senn, (**KPál:** Þau eiga engan rétt.) fullan rétt til að gera slíkan samning sé tekið fram í samningnum að hann standi bara til eins árs í senn. Það er hættan í þessu og ég segi: Aðilar sem misbrúka á þennan hátt sinn rétt ... (**KPál:** Rétturinn er ...) Virðulegi forseti. Er nokkur möguleiki til að fá þennan ágæta sjálfstæðismann sem hefur talað (Forseti hringir.) hér í dag til þess að þegja rétt á meðan ræðumaður stendur í ræðustól. Finnst mönnum eðlilegt að fela aðilum sem svona hafa tekið á málum aukinn rétt miðað við það sem þeir hafa í dag? Það er verið að gera með frv. ráðherra, því miður. (**KPál:** Það er rangt.) Ég óttast að viðkomandi sveitarfélög eða allt of mörg sveitarfélög muni fara út á hið gráa svæði á þann hátt sem ég hef gert að umtalsefni, virðulegi forseti, því fyrst sveitarstjórnir voga sér að gera svona gerning eftir að hafa fengið úrskurð Hæstaréttar um að óheimilt sé að

ráðstafa landi með einum eða öðrum hætti því að landið sé ekki í eign viðkomandi sveitarfélaga, úr því að sveitarfélögin voga sér að gera þannig gerning eftir niðurstöðu Hæstaréttar, hvað halda menn þá að þau muni geta gert ef þau fá aukið vald í sínar hendur?

[18:49]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi gerningur er gerður áður en lög um þjóðlendur og ný sveitarstjórnarlög taka gildi og hann samrýmist alls ekki með nokkru móti því skipulagi sem við erum að koma upp, bara ekki með nokkru móti. Forsrh. fer með hlutverk eiganda að þjóðlendum og mannvirkjagerð verður engin leyfð eða leigusamningar eða því um líkt fyrir utan kannski hefðbundin beitarafnot — ég skal ekki segja um það — öðruvísi en með vitund forsrh.

Það hefur enginn rétt til að gera svona samning um þjóðlendur. Náttúruverndarlög tryggja frjálsa för fólks, umferðarréttur og almannaréttur á að vera tryggður í þeim lögum. Það er náttúrlega fjarri lagi að telja það einkalóð ef þarna er um þjóðlendu að ræða.

[18:50]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir sem átt hafa lóðir og lendur t.d. innan marka sveitarfélaga vita að eignaryfirráðum þeirra eru mikil takmörk sett hvað varðar þau áhrif sem sveitarfélögin hafa við skipulag. Með skipulagsákvæðum sem sveitarfélög ráða er nánast hægt að gera einkaeignarlóð verðlausa eða a.m.k. verðlitla og setja lóðareigendum hvaða skilmála sem er þannig að þó að ríkið teljist eiga þjóðlendurnar þá er sú eign mjög takmörkuð þegar litið er á vald þeirra sem hafa skipulagsmálin með höndum.

Það er heldur ekki rétt að frv. hæstv. ráðherra komi í veg fyrir að hægt sé að gera samning áþekkan þeim sem ég hef lýst. Það er hægt að gera slíkan samning ef hann miðast við að afnotin séu ekki heimiluð lengur en eitt ár í senn. Ef gerður er samningur innan eins árs, þá er hægt að gera svona samning eins og ég hef nefnt hérna. Síðan þurfa menn einfaldlega að endurnýja hann árlega. Það sem ég er að segja með þessu er að hættan er sú, þar sem hagsmunir eru jafnsamtvinnaðir og í þessu dæmi, að sveitarfélögin falli í þá freistni að mismuna fólki, ferðamönnum og fyrirtækjum eins og þarna hefur verið gert. Þetta er ástæðan fyrir því að fjölmargir óttast áhrifin af þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að knýja hér í gegn og vilja fá meiri tíma til þess að skoða þau mál og gera sér grein fyrir afleiðingunum. Hæstv. forsrh. segir: „Við ætlum að skjóta fyrst og spyrja svo. Við ætlum fyrst að fá frumvörpin samþykkt og kynna þau svo eftir að búið er að samþykkja þau.“ En þá er litlu hægt að breyta, virðulegi forseti. Þess vegna er miklu skynsamlegra að gera það sem óskað er eftir, þ.e. að ríkisstjórnin fallist á að fresta afgreiðslu málanna fram á næsta haust svo að mönnum gefist betri tími til þess að skoða þau.

[18:52]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ með engu móti séð að hægt sé að gera samning í líkingu við þennan sem hv. þm. hefur þráfaldlega verið að vitna til.

Ég vil að endingu láta þess getið að mér finnst þreytandi og hef áhyggjur af því að hlusta á allt það vantraust sem hér hefur komið fram í garð sveitarstjórnarmanna, að ætla sveitarstjórnarmönnum alltaf það versta. Ég held að þarna sé um ágætisfólk að ræða og ég ber fyllsta traust til íslenskra sveitarstjórnarmanna, bæði á suðvesturhorninu og annars staðar á landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–5. mál.

Fundi slitið kl. 18:54.

---

## 133. FUNDUR

þriðjudaginn 26. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Búfjárhald, stjfrv., 543. mál, þskj. 1418. — 3. umr.
2. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 578. mál, þskj. 983, brtt. 1421. — 3. umr.
3. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 625. mál, þskj. 1072. — 3. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298. — 2. umr.
5. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325. — 2. umr.
6. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386. — 2. umr.
7. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 1399, frhnál. 1426, brtt. 1405 og 1427. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[10:30]

**Útbýting þingskjals:**

Málefni Landsbanka Íslands og Lindar hf., 694. mál, svar viðskrh., þskj. 1422.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Svar við fyrirspurn um málefni Landsbankans og Lindar hf.

[10:31]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. forseta er verið að dreifa svörum við fyrirspurn minni um málefni Landsbanka Íslands og fjármögnunarfyrirtækisins Lindar. Í svörunum felst stór áfellisdómur yfir bankastjórn og bankaráði Landsbankans og einnig stjórn og framkvæmdastjóra fyrirtækisins og jafnvel yfirstjórn bankamála í landinu og ýmsar spurningar vakna vegna þessara svara.

Í svari frá hæstv. ráðherra sem hér hefur verið dreift segir að mikið hafi verið fjallað um málefni Lindar í bankaráði Landsbankans og í janúar 1996 hafi verið lögð fyrir bankaráðið ítarleg greinargerð um málið. Síðan hafi Ríkisendurskoðun skilað greinargerð sem bankaráðið fjallaði ítarlega um og kynnt var viðskrh., eins og segir í svarinu.

Þann 3. júní 1996, fyrir u.þ.b. tveimur árum, spurði ég hæstv. viðskrh. hér í þinginu um tap Landsbankans vegna Lindar. Þá svaraði hann, með leyfi forseta:

„Þær upplýsingar sem hv. þm. hefur um tap Landsbankans á einstökum eignarfyrirtækjum bankans þekki ég ekki." Síðar í svarinu segist hann hafa heyrt um tap fyrirtækisins í fjölmiðlum en treysti sér ekki til að fullyrða hvort þær upplýsingar séu réttar.

Engu að síður kemur fram í svari hæstv. ráðherra að hann hafi haft undir höndum upplýsingar frá Ríkisendurskoðun, greinargerð um málið. Sú skýrsla Ríkisendurskoðunar er dagsett 29. mars 1996 en fyrirspurn mín er 3. júní 1996. Ég spyr: Var hæstv. ráðherra ekki með skýrsluna í höndum þegar hann svaraði mér? Ef svo var, þá var hann að fara með rangt mál í þinginu þegar hann svaraði mér að hann vissi ekkert um málið. Eftir því sem ég best veit, var hann með skýrslu um málið á borðinu hjá sér á þessum tíma og ég kalla eftir því, herra forseti: Hvað er hér á ferðinni?

[10:33]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Áður en ég svara spurningu hv. þm. ætla ég fyrst að leiðrétta það sem fram hefur komið í máli hv. þm. í fjölmiðlum undanfarnar klukkustundir þegar hv. þm. heldur því fram að tap Lindar hafi verið allt að 1.000 millj. kr. Það er nóg samt þó að menn séu ekki að gera meira úr en efni standa til. Það kemur skýrt fram í svari Landsbankans, sem ég hef dreift til þingmanna, að tapið er 707 millj. kr. plús 16 millj. vegna eignarleigustarfseminnar. (**SJS:** Hvað með hlutaféð?) Þessar upplýsingar hef ég fengið staðfestar hjá Landsbankanum í morgun. Inni í þeirri upphæð, af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr úr sal, er tapað hlutafé bankans og þau framlög sem bankinn setti til Lindar í upphafi þegar fyrirtækið var keypt.

Til að horfa á svar mitt er rétt af hv. þm. að bera líka fram þá spurningu sem hv. þm. lagði fram í óundirbúnum fyrirspurnatíma, sem er hárrétt hjá hv. þm. að var 3. júní 1996, en hv. þm. spyr þá: Er það rétt að tap Landsbankans vegna Lindar hafi verið milli 600 og 700 millj. kr.? Svar mitt við þeirri spurningu var eins og hv. þm. sagði áðan. Þær upplýsingar, þ.e. 600–700 millj. kr. sem hv. þm. var með um tap Landsbankans á einstökum eignarfyrirtækjum bankans eða einstökum viðskiptamönnum bankans, þekki ég ekki. Ég kannaðist ekki við þessa tölu, 600–700 millj. kr. Ég var þá með skýrslu Ríkisendurskoðunar undir höndum sem mér var send frá Landsbankanum. Í þeirri skýrslu kemur skýrt fram að bankinn hafi gengið í ábyrgðir fyrir eignarleigufyrirtækið Lind upp á 400 millj. kr. Hefði ég við þessa umræðu við óundirbúna fyrirspurn frá hv. þm. farið að staðfesta eða hafna því að þær upplýsingar væru réttar, þá hefði ég ekki verið að fara með rétt mál og það hefði verið óábyrgt af mér við óundirbúna fyrirspurn með engin gögn í höndum að taka undir með hv. þm. eða staðfesta að þær upplýsingar sem hv. þm. var með úr fjölmiðlum væru annaðhvort réttar eða rangar.

[10:36]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég held að hér sé á ferðinni mjög alvarlegt dæmi um það að hæstv. ráðherrar taka ekki eða hafa a.m.k. ekki á umliðnum árum tekið þá skyldu sína alvarlega að svara Alþingi eins ítarlega og eins rétt og þeir eiga kost á. Það vekur athygli að í þessu svari er engin tilraun gerð til þess af hálfu hæstv. ráðherra að svara sjálfur. Hæstv. ráðherra skrifar Landsbankanum, fær svör frá Landsbankanum og birtir þau orðrétt en gerir ekki minnstu tilraun til að leggja mat á þær upplýsingar sem þar koma fram, afla frekari gagna eða svara í eigin nafni á einn eða neinn hátt. Þetta er auðvitað engin frammistaða, herra forseti. Það er hæstv. ráðherra sem er spurður en ekki Landsbankinn. Það er hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann leggur fyrir Alþingi en ekki Landsbankinn þannig að hæstv. ráðherrar verða að fara að skilja það hver ráðherraábyrgð þeirra er í þessu sambandi. Ég held að það þurfi að taka hæstv. ríkisstjórn á námskeið í þessum efnum og ekki síst hæstv. forsrh.

Það er ljóst að fyrri svör hæstv. ráðherra í þessu máli eru grafalvarleg. Hafi ráðherra ekki vísvitandi logið að Alþingi þá hefur hann a.m.k. að því er virðist leynt Alþingi upplýsingum. Hvort tveggja er í raun og veru jafnalvarlegt.

Herra forseti. Að lokum fæ ég ekki sömu tölur út úr tapi Landsbankans og hæstv. ráðherra því það segir í svarinu frá hæstv. ráðherra sjálfum að samtals hafi Landsbankinn tapað eða muni tapa fjárhæð sem nemur 707 millj. kr. vegna afskrifta og afskriftaframlaga bankans en til viðbótar liggur fyrir að kaupverðið var 53 millj. kr. og hlutafjáraukning samtals 140 millj. kr. Tap á sölu eigna var 16 millj. og ef svarið hér er rétt, að 707 millj. séu eingöngu vegna afskrifta og afskriftaframlaga, þá er heildartalan að nálgast milljarð. (**Viðskrh.:** Afskrift af hlutafé.) Þá er þetta, herra forseti, ekki sett fram með þeim hætti sem eðlilegt væri og ég held að þá sé enn frekari ástæða til að fá betri svör en hér hafa verið af hendi reidd.

[10:39]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Í svari því sem þingmönnum hefur verið sent kemur m.a. fram, orðrétt tilvitnun, með leyfi forseta:

„Í skýrslu Löggiltra endurskoðenda hf. frá 7. febrúar 1995 segir að þótt vinnubrögð við lánveitingar hafi breyst mikið til batnaðar á sl. tveimur árum beri tölur með sér að alvarlegir misbrestir hafi verið í útlánaferli og eftirfylgni félagsins með útlánum um langt skeið. Verulegan hluta af ábyrgðinni höfðu skýrsluhöfundar getað rakið til ákvarðana fyrrum framkvæmdastjóra félagsins."

Nokkru síðar eða í janúar 1996 óskar bankaráð eftir greinargerð Ríkisendurskoðunar og tekið fram, með leyfi forseta: „Sérstaklega var kannað hvort ástæður væru til frekari aðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála." — Síðan kemur fram að Ríkisendurskoðun leggur skýrslu sína

fyrir bankaráð og segir: — „Niðurstaða umfjöllunar bankaráðs um greinargerð Ríkisendurskoðunar var að ekki væri ástæða til frekari aðgerða.“ Þetta er niðurstaða bankaráðsins en þetta er ekki niðurstaða Ríkisendurskoðunar vegna þess að í framhaldinu er ríkisendurskoðanda gerð grein fyrir afstöðu bankaráðsins og þá kemur fram að í framhaldi af ákvörðun sem þegar hafi verið tekin af bankaráðinu muni Ríkisendurskoðun ekki aðhafast frekar.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Voru einhverjar tillögur um aðgerðir í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hæstv. ráðherra fékk? Var þar bent á einhverja aðra málsmeðferð en bankaráðið samþykkti og er hæstv. ráðherra ekki reiðubúinn til þess að senda alþingismönnum skýrsluna sem Ríkisendurskoðun lagði fyrir hann og bankaráðið um málið?

[10:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir því á hv. Alþingi á þessu þingi að gróflega og alvarlega hefur verið misfarið með opinbert fé hjá Landsbankanum. Himinháar fjárhæðir eða a.m.k. 700 millj. hafa glatast af fé skattborgaranna og ég spyr: Hver ber ábyrgð? Hver er ábyrgð bankaráðsins í þessu efni? Hver er ábyrgð stjórnenda Lindar? Hver er ábyrgð bankamálaráðherrans?

Ég kalla eftir því, herra forseti, og fer fram á það við ráðherra að fyrir Alþingi verði lögð greinargerð frá janúar 1996 sem lögð var fyrir bankaráð þar sem reynt var að varpa ljósi á atburðarásina sem leiddi til þessa gífurlega taps sem við stöndum frammi fyrir. Ég fer fram á það við hæstv. ráðherra að greinargerð Ríkisendurskoðunar, sem lá fyrir um málið í lok árs 1996, verði lögð fyrir Alþingi og ég spyr ráðherra: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því?

Einnig þarf líka fá fram, og ég spyr ráðherra um það, tap á verulegum fjármunum á rekstrarleigustarfsemi með vinnuvélar sem virðist hefjast eftir að bankinn er orðinn einn eigandi félagsins. Hana þarf líka að skoða sérstaklega og ég spyr um það. (**Viðskrh.:** Það kemur fram í svarinu.) Það kemur ekki fram. Það vantar sundurliðun á því, herra forseti, og ég fer fram á að ítarlegar verði gerð grein fyrir því á Alþingi heldur en gert hefur verið.

Mér sýnist, herra forseti, að þetta mál sé þannig vaxið að fyrir löngu hefði átt að fara fram opinber rannsókn á því. Hér er á ferðinni svo mikill skandall að Alþingi verður að taka þetta mál föstum tökum og það er skiljanlegt að í svari við fyrirspurn minni á dögunum hafi ráðherra reynt að koma sér hjá því að tilgreina tap bankans í hverju einstöku tilfelli hjá tíu fyrirtækjum og einstaklingum sem mest var afskrifað hjá í bankanum. Ráðherrann hefur ekki viljað svara því hingað til. Ég hef ítrekað farið fram á það. Ég krefst þess að það verði lagt fram sundurliðað áður en þing fer heim. En hér stöndum við frammi fyrir einum stærsta skandal, miklu bankahneyksli hjá einu fyrirtæki, þar sem bankinn og bankaráð hafa tekið af fullkomnu ábyrgðarleysi á málefnum Lindar sem hefur leitt til þess að tapast hafa a.m.k. 700 millj. sem skattgreiðendur borga brúsann af.

[10:43]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég held að menn séu ekki að ræða aðalatriði málsins sem ætti að vera að ræða. Ég held að það skipti minna máli í þessari umræðu hver bar ábyrgðina, hvort komið hafi fram tillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um að einhver sæti ákæru eða hvort tapið var 700 eða 1.000 millj. Ég held að það sem skipti máli í þessari umræðu sé trúverðugleiki hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra sagði rétt áðan að tapið hefði verið 707 millj. kr. Í spurningu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur 3. júní 1996 spyr hún einmitt, með leyfi forseta: „Er það rétt að tap Landsbankans vegna Lindar hafi verið milli 600 og 700 millj. kr.?“ Með leyfi forseta svarar hæstv. ráðherra svohljóðandi:

„Herra forseti. Þær upplýsingar sem hv. þm. var með um tap Landsbankans á einstökum eignarfyrirtækjum bankans eða einstökum viðskiptamönnum bankans þekki ég ekki.“ — Síðar segir ráðherrann líka, með leyfi forseta:

„Ég hef reyndar heyrt eins og hv. þm. í fjölmiðlum að tap bankans hafi verið mikið vegna tiltekins fyrirtækis en ég treysti mér ekki til að fullyrða að þær upplýsingar séu réttar.“

Herra forseti. Á þessum tíma, 3. júní, segir hæstv. ráðherra í svarinu að hann treysti sér ekki til að fullyrða að þessar upplýsingar séu réttar sem hann hefur nú staðfest að hafi verið í þessari skýrslu. Hvenær hafði hann þessa skýrslu í höndunum? Hann hafði hana tveimur mánuðum áður en hann gaf þetta svar.

Herra forseti. Það getur komið fyrir alla að verða á mistök. Það getur líka komið fyrir ráðherra að gleyma. Ég veit það sjálfur sem fyrrv. ráðherra að það er oft erfitt að lenda með engum undirbúningi í óundirbúinni fyrirspurn af þessu tagi, en ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra betur og sýna þingheimi fram á það að hann hafi verið að segja satt þegar hann gaf þetta svar, þegar hann gaf það til kynna að hann hefði engar upplýsingar undir höndum en sagðist hafa heyrt það, reyndar eins og þingmaðurinn, í fjölmiðlum. Með þessu er hann að gefa það til kynna að hann hafi ekki haft þessa greinargerð með þessum upplýsingum undir höndum og hann skuldar þinginu einhverja skýringu á þessu.

[10:46]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að það hafa orðið alvarlegir misbrestir sem varða þetta fyrirtæki, Lind, og miklir fjármunir hafa tapast sem er óþolandi. Svar hæstv. ráðherra gengur út á að tapast hafi 700 millj. og síðan samkvæmt fjölmiðlum gefur fyrirspyrjandi, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, út annað svar sem gengur út að tapast hafi 1.000 millj. þannig að hv. þm. virðist vita þetta allt saman miklu betur en ráðherrann. Engu að síður bar hún upp þessa fyrirspurn til hans. Síðan er þetta svar hv. þm. gert að aðalatriði í svörum og fréttaflutningi ýmissa fjölmiðla.

En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að koma inn á er að hér er gert mikið úr svari hæstv. viðskrh. við óundirbúinni fyrirspurn. Ég endurtek, við óundirbúinni fyrirspurn. Við höfum alltaf talað þannig á hv. Alþingi síðan við tókum upp þetta form að þegar ráðherra svarar óundirbúinni fyrirspurn er ekki hægt að ætlast til að hann hafi nákvæm svör við öllum hlutum. Mér finnst það rétt svar hæstv. viðskrh. í því tilfelli þegar hann er að svara óundirbúinni fyrirspurn og segist ekki þekkja málið til hlítar og segist ekki treysta sér til þess að fullyrða að þær staðhæfingar sem hv. fyrirspyrjandi kom þá fram með séu réttar. Það er ekki hægt að ætlast til þess að hæstv. ráðherrar hafi tölur nákvæmlega í höfðinu í sambandi við öll mál og ekki er hægt að gera lítið úr trúverðugleika ráðherrans sem tengist því máli þegar hann svarar óundirbú-

inni fyrirspurn. Hv. stjórnarandstæðingar verði að kunna sér hóf í málflutningi hvað þetta varðar.

[10:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta mál snýst svo sannarlega um trúverðugleika hæstv. ráðherra. Það er ekki hægt að gera greinarmun á orðum sem ráðherrar láta falla úr ræðustól á Alþingi eftir því hvort þeir geri það í óundirbúnum fyrirspurnatíma eftir kl. 8.30 að kvöldi eða á mánudegi eða á fimmtudegi. Þeir eru ráðherrar, bera ábyrgð sína og það verður að vera hægt að treysta orðum þeirra, ekki síst þegar þeir eru að veita Alþingi upplýsingar. Það er allt í lagi að ráðherrar skjóti sér á bak við það að þeir hafi ekki gögn undir höndum eða upplýsingar tiltækar. En að svo miklu leyti sem þeir tjá sig efnislega um mál skiptir engu máli undir hvaða dagskrárlið á þingi það er.

Í öðru lagi, herra forseti, verður að reyna að koma því á hreint að það eru hæstv. ráðherrar sem eru spurðir. Upplýsingarétturinn sem Alþingi á í gegnum fyrirspurnir á Alþingi er einn allra mikilvægasti lýðræðislegi réttur í landinu. Hann er helsta tæki stjórnarandstöðunnar til að veita aðhald og til að draga fram upplýsingar og það er stórkostlegt alvörumál hvernig hæstv. ráðherrar eru farnir að umgangast þennan rétt.

Ég tek eftir því að það færist í vöxt að hæstv. ráðherrar svari ekki einu orði frá eigin brjósti heldur sendi fyrirspurnirnar áfram til stofnana og birti síðan orðrétt svörin þaðan og bæti engu við, leggi ekkert mat á þær upplýsingar sem þeir reiða þar fram. Vegna hvers? Vegna þess að hæstv. ráðherrar eru síðan að reyna að leika það að séu upplýsingarnar rangar eða einhverju sé leynt sé þeim ekki að kenna og þeir beri enga ábyrgð. Dæmi: Svör hæstv. ráðherra um laxveiðikostnað Landsbankans í fyrra svari. Þetta mál liggur ekki svona. Hæstv. ráðherrar bera ábyrgðina og það er ekki nóg að finna að einhver embættismaður einhvers staðar í kerfinu eða einhver stofnun hafi gert mistökin. Ráðherra er ábyrgur eftir sem áður fyrir þeim svörum sem hann leggur fram á þingi hvar sem vitleysurnar hafa verið gerðar.

Ég fer fram á það, herra forseti, að forseti eða forsætisnefnd taki þessi mál til umfjöllunar. Það er óhjákvæmilegt að taka samskipti Alþingis og framkvæmdarvaldsins á þessu sviði til endurskoðunar.

[10:50]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að menn eiga að gæta hófs í umræðum um þessi mál vegna þess að hér er mikið undir, hér er undir trúverðugleiki ráðherra og hér gætu verið undir lífdagar í ráðherrastóli. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur einu sinni verið vélaður til þess að koma með rangar upplýsingar inn í þingið. Ég sagði í umræðum af því tilefni að ég teldi að ekki væri hægt að sakast við hann í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.)

Hér liggur hins vegar fyrir að hæstv. ráðherra hefur gefið svar við mjög einfaldri spurningu sem kom fram 3. júní 1996. Hann var spurður um það hvort tap Landsbankans vegna Lindar væri 600–700 millj. kr. Hæstv. ráðherra treysti sér ekki til þess að segja af eða á um það en hann segir og gefur til kynna að hann hafi reyndar heyrt í fjölmiðlum eins og hv. þm. að slíkar tölur hafi verið nefndar en hann treysti sér ekki til þess að fullyrða hvort þær séu réttar. Það er mjög erfitt fyrir mig að skilja þetta öðruvísi en þannig að hæstv. ráðherra sé að gefa til kynna að hann hafi engar upplýsingar undir höndum. Það er erfitt að lesa úr þessu svari annað en að það sé fráleitt að þessi hæstv. ráðherra hafi á þeim tíma sem svarið kemur greinargerð undir höndum. En nú liggur það fyrir staðfest í svari frá hæstv. ráðherra sem barst inn á þingið rétt í þessu að hann hafði þessar upplýsingar, hann hafði þær í greinargerð og þess vegna segi ég: Hæstv. ráðherra verður að gefa fullnægjandi skýringu á þessu misræmi í svörunum til þess að trúverðugleiki hans sem ráðherra sé heill eftir.

Eins og staðan er núna eftir þau svör sem hæstv. ráðherra gaf áðan er trúverðugleikinn vissulega laskaður. En hæstv. ráðherra hefur tækifæri til þess að gera þinginu grein fyrir því hvað er á ferðinni.

[10:53]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það er ótrúlegt að bankamálaráðherra skuli ekki hafa brugðist við þegar hann heyrði tölur eins og 600–700 millj. fyrir tveimur árum í fjölmiðlum. En það er ljóst að hann hefur leynt upplýsingum. Hann var með skýrsluna á borðinu hjá sér og hann telur ástæðu til þess að leiðrétta orð mín í fjölmiðlum í ræðustóli Alþingis þegar ég nefni 1.000 millj. kr. tap en hann sá ekki ástæðu til þess að leiðrétta hæstv. forsrh. þegar hann nefndi sömu tölu í fréttum Stöðvar 2 10. apríl sl. Þá var ekki ástæða til þess að leiðrétta. Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. hafi greiðan aðgang að bankaráðsmönnum Landsbankans um upplýsingar um þessi mál.

Ég spyr hæstv. ráðherra vegna ummæla hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem Ríkisendurskoðun er falið að kanna hvort ástæða væri til aðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, hvort hér sé um sakhæft athæfi að ræða sem varðar Lind. Ég spyr: Hverjar voru tillögur ríkisendurskoðanda um það mál? Hvað sagði ríkisendurskoðandi í skýrslunni? Ég hef heimild fyrir því að ríkisendurskoðandi segi í skýrslunni að brýnt sé fyrir bankaráðið að rannsaka ýmsa þætti nánar og hvort draga eigi menn til ábyrgðar. Hvers vegna varð ekki hæstv. ráðherra við þessari kröfu ef hún er rétt? Hvers vegna varð hann ekki við þessari kröfu þegar skýrslan var lögð fyrir hjá honum 1996? Var verið að fela eitthvað? Ég vitna í viðtal við fyrrverandi landsbankastjóra, Sverri Hermannsson, í Morgunblaðinu. Hann kallar þetta mál skelfilegt spillingarmál eins og þau gerast verst og kallar sá maður ekki allt ömmu sína í þessum efnum.

Ég kalla á upplýsingar um þetta og þessa skýrslu upp á borðið. Við eigum heimtingu á því að fá þessar upplýsingar fram í þinginu, skýrslu Ríkisendurskoðunar og þær upplýsingar sem liggja fyrir um samskipti Lindar og Landsbankans því hér er greinilega einhver maðkur í mysunni.

[10:55]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég vil taka það fram að það var þannig að áður en ég tók við embætti viðskrh. hafði eignarleigufyrirtækið Lind hætt störfum og það var í tíð forvera míns sem sú heimild var veitt í nóvember 1994 að sameina Lind Landsbankanum. Deila má um þá aðgerð. Ég ætla ekki að gera það hér á þessum skamma tíma.

Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að mikilvægt er að ráðherrar svari eins ítarlega og rétt og nokkur kostur er. Það er hins vegar mjög erfitt að svara mjög ítarlega í óundirbúnum fyrirspurnum ef menn ætla að verða mjög nákvæmir á tölum. Hv. þm. kom inn á að tapið væri 600–700 millj. kr. og mig rámaði í það eftir að hafa lesið skýrslur

Ríkisendurskoðunar að þær upphæðir gæti ég hvergi fundið í skýrslunni. Ég mundi að ábyrgðir sem Landsbankinn hafði gengið í fyrir Lind voru 400 millj. kr.

Ég treysti mér heldur ekki á grundvelli skýrslunnar til þess að staðfesta að sú tala væri rétt. Hefði ég gert það hefði ég hugsanlega verið að gefa rangar upplýsingar. Hins vegar, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur beðið um, að fá skýrslu Ríkisendurskoðunar birta, þá er hún opinbert plagg því hún liggur fyrir í ráðuneytinu og í henni kemur skýrt fram að ábyrgðir sem Landsbankinn hafði gengið í fyrir Lind voru 400 millj. kr. á þessum tíma þannig að það verður opinbert plagg og þá kemur það í ljóst hvernig þessum málum er háttað.

Af því að hv. þingmenn hafa gert nokkuð mikið úr því hver ábyrgð ráðherrans er í þessu máli og líka var rætt hér við umræðuna um ranga upplýsingagjöf Landsbankans þá hef ég fengið bankaeftirlit Seðlabankans til þess að segja til um hvert sé annars vegar hlutverk bankaráðs viðkomandi viðskiptabanka og hvert sé hlutverk viðskrh. í þessu tilfelli. Þar er byggt á 27. gr. laga nr. 113/1996, sem segir, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Síðan er þessi verkaskipting alveg skýr í lögunum og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í niðurstöður bankaeftirlits Seðlabankans:

„Samkvæmt framansögðu er meginniðurstaða bankaeftirlitsins sú að viðskrh. ber almenna stjórnarfarslega ábyrgð á framkvæmd laga nr. 113/1996. Hins vegar hlýtur ábyrgð hans að takmarkast af því að bankaráð ber ekki ábyrgð gagnvart honum þar sem það er þingkjörið og ráðherra hefur ekki boðvald yfir því auk þess sem viðskrh. í 1. mgr. 27. gr. laga er falin tiltekin verkefni að mati bankaeftirlitsins sem helgast fyrst og fremst af því að ríkisviðskiptabankar eru sérstakar ríkisstofnanir og viðskrh. fer með málefni þeirra fyrir hönd ríkisins.

Hvað einstaka rekstrarþætti ríkisviðskiptabanka áhrærir hefur viðskrh. ekkert með þá að gera. Reksturinn er í höndum bankaráðs og bankastjórnar. Heimildarákvæði er í 28. gr. um að ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi banka er til ítrekunar á þeim rétti hans sem áður var ólögfestur, samanber það sem greinir frá hér að framan og gefur honum ekki sjálfstæðan íhlutunarrétt í skjóli þessa ákvæðis. Þannig er þessi verkaskipting alveg skýr og menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um hver ábyrgðin er í þessu tilfelli." (**Gripið fram í:** Kanntu að segja satt?)

***Um fundarstjórn.***

Greinargerðir um málefni Landsbankans og Lindar hf.

[10:59]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem var að ljúka um störf þingsins kallaði ég eftir því að lagðar yrðu fyrir Alþingi tvær greinargerðir. Í fyrsta lagi greinargerð frá janúar 1996 sem var lögð fyrir bankaráð þar sem reynt var að varpa ljósi á þá atburðarás sem leiddi til þessa mikla taps. Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því við umræðuna hvort þessi greinargerð verður lögð fram og veit ég reyndar ekki af hverjum sú greinargerð var unnin. En ég fer fram á það, herra forseti, að sú greinargerð verði lögð fram. Það er alveg nauðsynlegt.

Hæstv. ráðherra nefndi að greinargerð Ríkisendurskoðunar sem birtist í lok árs 1996 væri opinbert plagg og lægi fyrir í ráðuneytinu. Ég fer fram á það, herra forseti, að greinargerð Ríkisendurskoðunar verði einnig lögð formlega fyrir Alþingi. Það er nauðsynlegt til að varpa ljósi á þetta mál að þessar tvær greinargerðir verði lagðar fyrir þingið þannig að þinginu gefist færi á að kanna málið til hlítar. Hér er svo stórt og alvarlegt mál á ferðinni, herra forseti, að því getur ekki lokið með einhverri stuttri umræðu um störf þingsins. Þess vegna fer ég fram á það, herra forseti, að annaðhvort svari ráðherra því hvort hann leggi þessar greinargerðir fyrir þingið nú eða að hæstv. forseti beiti sér þá fyrir því að þessar greinargerðir verði lagðar fyrir þingið.

[11:00]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Fimm hv. þingmenn hafa óskað eftir að taka til máls ásamt ráðherra. Ég bið hv. þm. að gæta hófs hvað varðar umræður um fundarstjórn forseta ef þeir eiga ekki beinlínis sökótt við forseta. Það er mjög slæmur siður að framlengja umræður sem í gangi eru með því að upphefja umræður um fundarstjórn forseta. (**GÁ:** Það er bara dónaskapur.) Ég fer því fram á að menn hafi það í huga þegar þeir kveðja sér hljóðs.

[11:01]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að gera forseta viðvart um það að eftir að Alþingi hefur borist skýrsla Ríkisendurskoðunar — ég tel að hæstv. ráðherra hafi úr ræðustól áðan verið að tilkynna okkur að hann muni senda Alþingi slíka skýrslu — þá reikna ég með því að óskað verði eftir utandagskrárumræðu um málið á þeim fáu dögum sem eftir eru af þinginu. Ég tek undir ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að ef ráðherra hefur á því vald að senda þinginu einnig greinargerðina sem lögð var fyrir bankaráðið, þá geri hann það eða a.m.k. óski eftir því við bankaráðið að sú greinargerð berist viðskrh. þannig að hún sé opinbert plagg.

Hins vegar sýnir sú umræða sem hér hefur farið fram hve rík nauðsyn er á því að skoða þessi mál betur en gert hefur verið. Þess vegna höfum við þingmenn jafnaðarmanna tekið ákvörðun um að leggja fram í dag frv. um skipun sérstakrar nefndar með rannsóknarvaldi til að skoða þetta mál og önnur því tengd og leita svara við ýmsum spurningum, fullyrðingum og sakarefnum sem komið hafa fram í opinberri umræðu um þessi mál og önnur þeim tengd frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Landsbanka Íslands var gefin út á sínum tíma og tekin til umræðu hér. Svo margar fullyrðingar, virðulegi forseti, og bókstaflega ákærur hafa komið fram í opinberri umræðu síðan, að nauðsynlegt er að skoða þessi mál betur en gert hefur verið. Eina úrræðið sem Alþingi hefur er að gera það þannig að fela sérstakri nefnd þá skoðun og veita henni vald umfram það sem gert er ráð fyrir í þingsköpum og stjórnarskrá. Við munum leggja til að svo verði gert og ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að leitað verði afbrigða fyrir því frv. þegar því hefur verið dreift eins og lög standa til þá væntanlega seinna í dag þannig að hægt verði að taka málið til umræðu og afgreiðslu áður en þingfundum lýkur í vor.

[11:03]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég á ekkert sökótt við forseta. En mál mitt gæti orðið til að stytta umræðuna og er til skýringar. Af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir óskaði eftir greinargerð Ríkisendurskoðunar og greinargerð Landsbankans frá því í janúar 1996, þá segi ég: Skýrsla Ríkisendurskoðunar er opinbert plagg. Hún liggur fyrir í ráðuneytinu og þingmenn hafa aðgang að henni sem og aðrir.

Varðandi greinargerðina frá janúar 1996 þá er hún ekki til í ráðuneytinu og hefur ekki verið send ráðuneytinu.

[11:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það má segja um mig að ég á svo sem ekkert sökótt við forseta en ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurn minni áðan þar sem ég vitna í þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er opinbert plagg að sögn ráðherrans. En þar segir að brýnt tilefni sé til þess að bankaráðið rannsaki ýmsa þætti nánar sem tilteknir eru í skýrslunni og athugi hvort draga eigi menn til ábyrgðar. Og ég spyr: Hvers vegna varð ráðherra ekki við þessari kröfu Ríkisendurskoðunar 1996? (**SJS:** Ráðherrann getur ekki svarað.) Hvers vegna varð hann ekki við þessari kröfu? Í svarinu frá ráðherra kemur fram að ekki hafi þótt ástæða til þess að fara frekar í þetta mál nema frekari upplýsingar komi fram. Ég spyr: Hvað var verið að fela með því að fara ekki að ráðum Ríkisendurskoðunar í þessu máli? Og ég spyr hvort hér hafi einhver verið að hylma yfir eitthvað. Vonandi kemur í ljós hvað hér var á ferðinni þegar við fáum greinargerðina sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur kallað eftir því að hún er greinilega nauðsynleg til þess að við getum farið út í efnislega umræðu um þetta stóra spillingarmál í sögu Landsbankans.

[11:06]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti ítrekar ósk sína um að hér haldi ekki áfram efnislegar umræður um málið en gerir auðvitað ekki athugasemdir við að komið sé á framfæri einhverjum þeim formlegum athugasemdum sem snúa að efnismeðferð málsins í þinginu á næstu dögum.

[11:06]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég tel að þeirri umræðu sem fór fram áðan hafi ekki lokið með fullnægjandi svörum við þeim spurningum sem ég bar fram. Ég tel að aðalatriði þessa máls núna snúist ekki um hversu hátt mikið Landsbankans var, hvort lögsækja eigi menn eða hver beri ábyrgðina á því. Það sem mér finnst að þingið þurfi að komast til botns í í þessari umræðu er: Hvernig stendur á misræminu milli svara hæstv. ráðherra 3. júní 1996 og þeirrar staðreyndar að hann hafði þá upplýsingar undir höndum sem hefðu getað veitt fullnægjandi svör við fyrirspurn hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur sama dag?

Í því svari sem hæstv. ráðherra veitir gefur hann klárlega til kynna í fyrsta lagi að þær upplýsingar sem hann hafi undir höndum hafi hann úr fjölmiðlum og í öðru lagi er ekki hægt að lesa annað út úr svarinu en að hann hafi engar aðrar upplýsingar undir höndum.

Nú liggur fyrir í svari hans sjálfs sem kom fram í gær að hann hafði greinargerð undir höndum, hafði fengið hana um það bil tveimur mánuðum fyrr. Ég tel að hæstv. ráðherra geti ekki lokið þessari umræðu öðruvísi en svara einhvern veginn og skýra hvernig á þessu misræmi standi. Annars hvílir áfram skuggi ótrúverðugleikans yfir hæstv. ráðherra og ég tel að hann eigi að nota þetta tækifæri til þess að svipta þeim skugga burt með því að skýra þetta í einföldu og skýru máli eins og ég veit að hann hlýtur að geta.

[11:08]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég á kannski ekki beint sökótt við forseta, en þó. Ég tel að forseti verði að grípa inn í þegar hv. þingmenn koma hér hver á fætur öðrum og brjóta þingskapalög.

Við komum okkur saman um þegar við breyttum þingskapalögum að í upphafi fundar mættu fara 20 mínútur í umræðu um störf þingsins. Nú er orðinn hálftími síðan sú umræða hófst og þó svo tímanum sé lokið og forseti hafi tilkynnt það, þá halda þingmenn áfram að koma upp og þykjast ætla að tala um fundarstjórn forseta en halda áfram umræðu um það umræðuefni sem áðan var til umræðu. Þetta gengur ekki. Þetta er búið að ganga svona til í allt vor nánast á hverjum einasta degi og ég mótmæli þessu. Við erum algjörlega að eyðileggja ásýnd Alþingis út á við með þessu háttalagi og ég skora á hæstv. forseta að stöðva þessa umræðu núna.

[11:09]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti hefur þegar margítrekað óskað eftir því við hv. þingmenn að þeir ljúki þessari umræðu og haldi ekki áfram efnislegri umræðu um mál sem hér átti einungis að fá 20 mínútna tíma. Annað kemur hér inn í og veldur því að svona viðbætur við umræður eru heldur óviðfelldnar og það er að þegar menn kveðja sér hljóðs um störf þingsins þá fá menn tveggja mínútna ræðutíma en þegar þeir kveðja sér svo hljóðs um fundarstjórn forseta þá fá þeir aukinn ræðutíma, þ.e. þrjár mínútur, og sést auðvitað af því hversu fráleitt það er að hægt sé að halda svona umræðum áfram sem hreinni viðbót við þá umræðu sem átti að vera lokið.

En svo er með okkur sem stjórnum hér fundum að við reynum í lengstu lög að sýna sanngirni og gefa þingmönnum kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Menn vita auðvitað ekki fyrir fram hvað ræðumenn ætla að segja og ekki minnist ég þess að nokkur ræðumaður hafi beinlínis verið rekinn úr ræðustóli þannig að hér verður að treysta á samvinnu og sanngirni. Ég ítreka því tilmæli mín sem ég hef þegar sett fram.

[11:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Innlegg mitt í þetta mál í þessum ræðustól skiptir máli um störf þingsins og stjórn fundarins á næstu dögum vegna þess að hér hefur verið kallað eftir upplýsingum sem skipta máli um framhald þessa máls sem ekki er lokið á þessu þingi.

Hæstv. ráðherra upplýsir það að skýrsla Ríkisendurskoðunar sé opinber og ég skil það svo að hann muni leggja hana formlega fyrir þingið á allra næstu dögum.

Hæstv. ráðherra segir að greinargerð bankaráðsins frá því í janúar 1996 sé ekki til í ráðuneytinu. Þess vegna er brýnt, herra forseti, að það komi fram hjá hæstv. ráðherra, sem skiptir máli um störf þingsins á næstu dögum, hvort ráðherra sé þá tilbúinn, af því að hann hefur boðvald yfir bankaráðinu, að beita sér fyrir því, leggja það til og óska eftir því við bankaráð að þessi margumtalaða greinargerð frá janúar 1996 verði lögð fyrir þingið. Mér finnst það innlegg í

þetta mál sem skiptir máli um störf þingsins á næstu dögum. Þess vegna er formlega um það spurt, herra forseti.

[11:12]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Hér kemur hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður þingflokks Framsfl., upp og telur þingmenn vera að brjóta þingsköp. Alvarlegasta brot á þingsköpum sem hér hefur verið til umræðu er auðvitað það að hæstv. ráðherra hefur leynt þingið upplýsingum og hefur gefið nánast rangar upplýsingar, ef einhverjar voru, við fyrirspurn minni 3. júní 1996. Það er alvarlegt brot á þingsköpum og lögum og þó svo þetta hafi verið í óundirbúnum fyrirspurnatíma þá kemur það fram hér og hefur verið ítrekað að hæstv. ráðherra var með upplýsingarnar fyrir framan sig, allar upplýsingar um viðskipti Lindar og Landsbankans þannig að hann var að leyna þingið upplýsingum og þær litlu upplýsingar sem hann gaf voru rangar. Það er alvarlegt brot á þingsköpum og áfellisdómur yfir trúverðugleika hæstv. viðskrh.

[11:13]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Ég vil eindregið mælast til þess við hv. þm. að þeir falli frá frekari umræðum um þetta mál. Þegar hafa sjö þingmenn tekið til máls um fundarstjórn forseta án þess að þeir hafi mikið haft út á hana að setja og einhvers staðar verður að setja punktinn aftan við svona umræðu. Ég spyr hv. 13. þm. Reykv., vegna þess að nú hafði ég sagt að þessum umræðum væri lokið og hv. þm. hefur þegar átt þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessari umræðu um fundarstjórn forseta, hvort hún geti ekki fallist á að taka þetta mál aftur upp við síðara tækifæri á öðrum ... (**JóhS:** Ég þarf að beina máli mínu til forseta.)

Forseti treystir sér ekki til að andmæla þeim tilmælum ef það sem hv. þm. liggur á hjarta beinist alveg sérstaklega að forseta.

[11:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því, herra forseti, að forseti getur ekki óskað eftir því að ráðherra svari spurningum sem til hans er beint úr ræðustól eins og ég gerði og sem ráðherrann kaus að svara ekki. Því beini ég því formlega til forseta þingsins að forsn. óski eftir því við hæstv. viðskrh. að hann beiti sér fyrir því að greinargerð sú sem bankaráð hefur undir höndum frá því í janúar 1996 verði lögð fyrir þingið.

[11:15]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti hefur hlýtt á tilmæli hv. þm. og það mál verður tekið til nánari athugunar.

### *Búfjárhald, 3. umr.*

Stjfrv., 543. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 1418.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lax- og silungsveiði, 3. umr.*

Stjfrv., 578. mál (stjórnsýsluverkefni, Fiskræktarsjóður o.fl.). — Þskj. 983, brtt. 1421.

[11:16]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Í síðustu viku þegar mælt var fyrir þessu máli við 2. umr. gerði hv. 9. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, athugasemd með þeim tilmælum til formanns og nefndarinnar að það yrði skoðað hvort ekki mætti breyta ákvæði 4. gr. þannig að í stað þess að aðeins sé minnst á lax, þá yrði líka möguleiki að Fiskræktarsjóður kæmi inn í að styrkja sjóbirting og sjóbleikju.

Formaður hefur í framhaldi af þessum athugasemdum og eftir að hafa grandskoðað málið lagt fram breytingu í nokkrum liðum og 1. gr. er sú eina sem er efnisleg breyting. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. Í stað orðsins „laxastofna“ í b-lið komi: stofna laxfiska.“

Þar með er tilgangi þeirra athugasemda sem fram komu náð og málið gert breiðara.

Ég vil svo ekki rekja hinar breytingarnar. Þær eru snyrting á frv. og ná hvergi til efnisatriða.

Þar með hef ég lokið ræðu minni, hæstv. forseti.

[11:18]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég er þakklátur hv. þm. Guðna Ágústssyni og formanni landbn. og reyndar landbn. allri fyrir að hafa tekið tillit til þessarar breytingar. Hún er að vísu ekki veigamikil en kann, í tilteknum atriðum, að skipta verulega miklu máli. Þannig, eins og hv. þm. gerði grein fyrir, er ekki lengur verið að takmarka þá verndun sem um greinir í b-lið 4. gr. einungis við laxastofna heldur eru aðrir teknir laxfiskar undir. Það skiptir máli varðandi gengi sjóbleikju og sjóbirtings, tveggja tegunda sem njóta aukinnar athygli bæði veiðimanna og einnig veiðibænda. Ég held að þetta sé mjög farsæl breyting og ítreka þakklæti mitt, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lánasjóður landbúnaðarins, 3. umr.*

Stjfrv., 625. mál (lánstími). — Þskj. 1072.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298.

Umræðu frestað.

## *Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 2. umr.*

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386.

[11:20]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og legg fram brtt. meiri hluta nefndarinnar með því.

Ef ég grip ofan í nefndarálitið þá segir fyrst frá því hverjir komu á fund nefndarinnar og frá hverjum bárust umsagnir. Síðar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um dýralækna en gildandi lög um dýralækna eru að stofni til frá árinu 1981. Í frumvarpinu eru meðal annars lagðar til breytingar á skipan umdæma héraðsdýralækna og mælt er fyrir um skiptingu landsins í vaktsvæði dýralækna. Þá er lagt til að komið verði á fót sérstöku dýralæknaráði, skipuðu fjórum mönnum, sem á m.a. að fjalla um innflutning búfjár sé hans óskað, að sú meginregla gildi að eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar megi framkvæma læknisaðgerðir á dýrum og í samræmi við ákvæði lyfjalaga er einnig lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að dýralækni sé einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

Nefndin ræddi sérstaklega síðastnefnda atriðið en með því er ætlunin að skapa meira aðhald og árvekni í meðferð lyfja. Í flestum tilvikum verður að reikna með að sjúkdómsgreining byggist á skoðun, en greining á rannsóknastofu eftir heimsókn dýralæknis eða eftir símaviðtal, þar sem dýralæknir hefur farið yfir einkenni og gang sjúkdóms með eiganda eða umráðamanni, er einnig talin fullnægjandi sé ekki um nokkurn vafa að ræða af hálfu dýralæknis.

Þá var rætt ákvæði 13. gr. um heimild landbúnaðarráðherra til þess að semja við dýralækna við sérstakar aðstæður um greiðsluhluta ferðakostnaðar. Ljóst er að þær reglur sem þörf er á að setja um greiðslu ferðakostnaðar verður að móta í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af nýja kerfinu. Þar verður meðal annars að horfa til þess hver verður þróunin í búsetumálum dýralækna eftir gildistöku laganna.

Þá var einnig rætt ákvæði 15. gr. vegna athugasemda Tilraunastöðvar Háskólans á Keldum og er lögð til breyting á þeirri grein. Nefndin telur rétt að taka það fram að með ákvæði 15. gr. er ekki ætlunin að breyta verkaskiptingu og samstarfi yfirdýralæknis og Tilraunastöðvarinnar á Keldum frá því sem nú er.

Loks var rætt sérstaklega hvort breytingar á störfum dýralækna samkvæmt frumvarpinu hefðu í för með sér aukinn kostnað fyrir bændur. Í minnisblaði frá landbúnaðarráðuneytinu um áætlun um breytingar á kostnaði vegna frumvarpsins, sem er fylgiskjal með nefndaráliti þessu, kemur meðal annars fram að kostnaður bænda breytist ekki með samþykkt frumvarpsins að öðru leyti en því sem kann að leiða af ákvæðum samkeppnislaga, þar sem reiknað er með að gjaldskrá verði óbreytt. Kjötskoðunardýralæknar eru taldir verða sjö og kostnaður við þá áætlaður miðað við almenn laun núna fyrir fullt starf. Heildarkostnaður við þau störf sem áætlað er fyrir er talinn fara lækkandi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.“

Ég gat um þær hér áðan og liggja þær hér frammi á borðum þingmanna.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn landbn. Sigríður Jóhannesdóttir er ein um að skrifa undir málið með fyrirvara og gerir grein fyrir sínu máli á eftir.

Þessu nefndaráliti fylgir, eins og sagði, minnisblað um áætlun um breytingar á kostnaði vegna frv. um dýralækna. Kostnaðurinn á ekki að aukast hjá bændum við þetta frv.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi þá gert grein fyrir þessu nefndaráliti og legg til að þetta frv. verði gert að lögum.

[11:25]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur frammi til 2. umr. kom fyrst fram á síðasta þingi og hefur nú sem betur fer tekið miklum jákvæðum breytingum síðan. Þær breytingar urðu m.a. til þess að ég ákvað að skrifa undir frv., þó með fyrirvara sé.

Frv. er flutt að beiðni sjálfstætt starfandi dýralækna. Það eru sérstaklega þeir sem sjá sér hag í samþykkt þessara nýju laga. Þeir hafa knúið mjög á um afgreiðslu þessa máls. Það hefur komið fram í meðförum nefndarinnar að héraðsdýralæknar ýmsir hafa af þessu miklar áhyggjur. Mörg búnaðarsambönd í dreifbýlinu hafa einnig áhyggjur af að kostnaður við dýralækningar muni aukast. Að vísu hefur komið fram yfirlýsing um að svo verði ekki en það hefur þó ekki breytt því að fólk hefur þessar áhyggjur áfram.

Vaktsvæði eru í ýmsum tilvikum stækkuð mjög mikið og þess vegna er mjög bagalegt að 13. gr. frv., þar sem segir að við sérstakar aðstæður megi semja við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar í því skyni að tryggja bændum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu samkvæmt reglum gerðum í samráði við yfirdýralækni Dýralæknafélags Íslands og Bændasamtök Íslands, skuli því miður ekki hafa skýrst frekar í meðförum nefndarinnar.

Gefið var í skyn, við meðferð málsins, að þarna ætti að hafa hliðsjón af norsku reglunni sem er þannig að bændur þurfa aldrei að borga meira en 30 km af aksturskostnaði sjálfir. Restina greiðir hið opinbera. Í nefndinni kom fram að þeir treysta sér hvorki til að taka þessa reglu upp né heldur aðra reglu sem væri þá mildari. En fram kom að það mun verða fylgst með því hver þessi kostnaður verður næstu tvö árin og þá verða gerðar einhverjar ráðstafanir. Mér finnst þetta mjög ófullnægjandi og hefði kosið að í tengslum við samþykkt þessa frv. lægi mjög skýrt fyrir hve mikið ætti að koma til móts við bændur í aksturskostnaði. Þetta er ekki bara hagsmunamál bænda. Þetta er líka dýraverndarmál vegna þess að það er skelfilegt ef gríðarlegur tilkostnaður við að ná í dýralækni verður þess valdandi að dýralæknir sé ekki sóttur í mörgum tilfellum, að gripum verði lógað ef þeir veikjast. Þetta er annað atriði sem ég hef fyrirvara við.

Seinna atriðið er varðandi það að í frv. er gert ráð fyrir því að sérgreinadýralæknar skuli hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við héraðsdýralækna, rannsóknarstofnanir og afurðastöðvar og hafa eftirlit með framkvæmd sóttvarnaraðgerða. Í 15. gr. er svo tekið fram að yfirdýralæknir skuli hafa til ráðstöfunar viðunandi aðstöðu, búnað og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómavarna og forvarnastarfa.

Mér og mörgum fleirum finnst þessar greinar frv. ganga á snið við lög um Tilraunastöðina á Keldum þar sem gert er ráð fyrir að patológ (líffærameinafræðingur) sem þar starfar

framkvæmi alfarið krufningar. Ég vil þess vegna koma með þær brtt. sem ég hef lagt fram á sérstöku skjali við 14. og 15. gr. um að við 14. gr. bætist nýr málsliður, við 3. mgr. en 3. mgr. er svohljóðandi:

„Sérgreinadýralæknum skal eftir því sem við verður komið gert kleift að taka þátt í krufningum á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum."

Í framhaldi af þessu legg ég svo til að 15. gr. falli brott. Ég tel hana algerlega óþarfa. Þessi aðstaða er fyrir hendi á Keldum og undir yfirumsjón forstöðumanns þar og hefur það fyrirkomulag reynst ákaflega vel. Það er sama fyrirkomulag og er alls staðar í þeim löndum þar sem við þekkjum til í kringum okkur og engin ástæða til að breyta því hér og veita sérgreinadýralæknum eitthverja sérstaka aðstöðu til að gera krufningar á dýrum jafnvel þó gert sé ráð fyrir að lokagreiningin fari fram á Keldum.

Það er við þessi atriði frv. sem ég gerði athugasemdir og brtt. og þeim fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Varðandi breytingu á 14. gr. þykir rétt að benda á að í 2. gr. laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eru ákvæði um hlutverk hennar. Samkvæmt þeim hefur tilraunastöðin þær skyldur að annast sjúkdómsgreiningar og mikilvægur þáttur í því er líffærameinafræði sem samkvæmt hefð felst í krufningum og smásjárskoðun. Það að fela sérgreinadýralæknum að annast krufningar en fela Tilraunastöðinni að Keldum að annast smásjárrannsóknir vefjasýna eins og ákvæði frumvarpsins virðast gera ráð fyrir er ekki þekkt annars staðar og virðist stangast á við lögboðið hlutverk stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að sérgreinadýralæknar hafi neina sérmenntun í líffærameinafræði. Það skal þó tekið fram að æskilegt er að þeir geti tekið þátt í krufningum með líffærameinafræðingi eftir því sem við verður komið.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins og skýringar við hana eru í mótsögn við gildandi lagaákvæði um Tilraunastöðina að Keldum. Ákvæði 15. gr. er ekki til þess fallið að gera veg þeirrar stofnunar meiri í sjúkdómsgreiningu dýra heldur minnka tengsl þjónustu við sjúkdómsgreiningar og grunnrannsóknir á dýrasjúkdómum. Þá orkar einnig mjög tvímælis út frá stjórnsýslulegum sjónarmiðum að sami aðili, í þessu tilviki yfirdýralæknir, sem á að fyrirskipa og sjá um sóttvarnaraðgerðir, hafi einnig með höndum rannsóknaþjónustu sem slíkar aðgerðir byggjast á. Því er lagt til að greinin falli brott."

[11:34]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Í rauninni var eitt atriði sem ég gleymdi að segja frá við umræðuna áðan. Við höfum verið í samstarfi við Austurlandsumdæmi nyrðra og syðra um hvernig mörk lægju þar á milli dýralæknisumdæmanna og ég vil boða að við 3. umr. kemur brtt. við það sem lagt er til þar sem ég vona að við höfum náð samstöðu með heimamönnum um það atriði.

Ég ætla að lýsa því yfir vegna orða hv. 8. þm. Reykn. Sigríðar Jóhannesdóttur að þetta frv. verður ekki bara til vegna kröfu frá sjálfstætt starfandi dýralæknum. Það eru tvær aðrar ástæður sem eru meginástæðan fyrir því að það varð að fara í að endurskoða lögin. Það er í fyrsta lagi það sem hún minntist á. Það eru samkeppnislög og stjórnsýslulög, sem sett hafa verið, og þau gera í dag kröfu um að eftirlit og þjónusta verði aðskilin, að þeir menn sem eru að praktísera séu ekki báðum megin við borðið. Þetta er skýr krafa sem er uppi á öllum sviðum í þjóðfélaginu og er erfitt að víkjast undan.

Svo má líka minna á ályktun sem aðalfundur Dýralæknafélagsins, þar sem allir dýralæknar, einnig héraðsdýralæknar, eiga aðild að, hefur sent frá sér og skorað á landbrh. að endurskoða þessi lög.

Ég gat áðan um það í sambandi við kostnað af starfi dýralækna og þær breytingar sem hér verða að ég hygg að bændur muni almennt ekki finna fyrir miklum breytingum við þetta frv. Þó er það skýrt mál að marka þarf skýra stefnu, sem ég veit að verður gerð og ég gat um í nál., hvernig farið verður með ferðakostnað og fleiri atriði og að menn tryggi þessa þjónustu um allt land samkvæmt dýraverndunarlögum.

Síðan vil ég segja varðandi ummæli hv. þm. um Keldur að þau eru öll á misskilningi byggð. Ég gat um það áðan og vil fara yfir það aftur en við segjum í nál.:

„Þá var einnig rætt ákvæði 15. gr. vegna athugasemda Tilraunastöðvar Háskólans á Keldum og er lögð til breyting á þeirri grein. Nefndin telur rétt að taka það fram að með ákvæði 15. gr. er ekki ætlunin að breyta verkaskiptingu og samstarfi yfirdýralæknis og Tilraunastöðvarinnar á Keldum frá því sem nú er."

Við erum fyrst og fremst að tryggja landbúnaðinum að þeir hafi þessa aðstöðu klára á Keldum og vonumst til að það samstarf sem þar hefur verið haldi áfram og verði í góðum farvegi. Í rauninni efast ég ekki um það en þykir rétt að tryggja það í lögunum að þessi aðstaða sé fyrir hendi þannig að þar er engin breyting að verða heldur er verið að negla það enn skýrar að landbúnaðurinn hefur þar aðgang að þessari tilraunastöð til að kryfja dýr og fleira.

Ég held að ég þurfi þá ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, hæstv. forseti.

[11:39]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að játa að það leita á mig vissar efasemdir um ágæti þessara breytinga að öllu leyti sem eiga í hlut. Mér sýnist einnig að hv. landbn. hafi ekki tekist að ljúka þannig umfjöllun um málið að allir endar séu tryggilega festir. Sérstaklega finnst mér vera mikið misræmi í því að leggja annars vegar til þá stækkun umdæma sem hér er verið að gera, á mannamáli að í vissum tilvikum eru einmenningsdýralæknahéruð slegin af og þau lögð undir stærri svæði og dýralæknum þess vegna fjölgað í leiðinni þar eða þeir eru jafnmargir þegar upp er staðið. Stækkun svæðanna mun óhjákvæmilega leiða til þess að þjónustusvæðið verður mun stærra og þær vegalengdir sem dýralæknarnir þurfa að fara yfir í störfum sínum miklu meiri en áður var. Ekki þarf mikla speki til að sjá að þetta er býsna viðkvæmt atriði varðandi þá þjónustu sem í hlut á og alveg sérstaklega ef ekki er gengið tryggilega frá því að notendurnir á t.d. fjarlægustu endum í stórum umdæmum verði ekki fyrir barðinu á þessum breytingum með auknum kostnaði. Það er ekki gert hér og ég segi alveg eins og er að mér finnst menn vera býsna brattir að afgreiða það mál með því að þetta þurfi að skoða. Það þarf ekkert að skoða þetta. Þetta liggur alveg gersamlega í augum uppi. Ef ekki verða lagðir á móti auknir fjármunir til að halda niðri ferðakostnaðinum veltur hann út í verðlagið og veldur því að þetta verður dýrara fyrir bændur en þó sennilega í miklu fleiri tilvikum hinu að þeir verða af þjónustunni. Það er alveg augljóst mál.

Hvaðan eiga peningarnir að koma í þetta? Af himnum? Ég sé það ekki. Ég sé ekki að það verði mikil uppspretta

verðmæta með því að setja málið í athugun. Það verða varla til peningar við það að leggjast í einhverja skýrslugerð í eitt eða tvö ár. Þetta á kannski að koma að ofan, frá himnum, en þá held ég að menn megi verða bænheitir því að það er langt síðan ég heyrði um það að slík kraftaverk gerðust, að menn fengju fjármuni af himnum ofan, manna eða matvæli. Meira að segja hefur mönnum gengið illa á seinni árum að breyta vatni í vín og fjölga fiskum og metta menn með fáum brauðum þannig að ég held að þetta sé afar ótryggt og ekki í hendi.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að við erum að sjá hluta af þróun sem hefur allt of víða verið að læðast aftan að mönnum hvað varðar opinbera þjónustu á landsbyggðinni og í hinum afskekktu byggðarlögum. Það er einn biti í einu. Það var gaman að sjá formann stjórnar Byggðastofnunar í gættinni, sem nýlega hefur pródúserað mikla skýrslu, og ég óska eftir því að hv. þm. Egill Jónsson verði viðstaddur umræðuna vegna þess að hér er ágætisdæmi til að taka fyrir og ræða varðandi þróun sem er alls staðar að læðast aftan að mönnum í þessum byggðarlögum að það er hægt og hljóðlega, þvert gegn því sem menn eru gjarnan að tala um, verið að draga úr hinni opinberu þjónustu á landsbyggðinni og í hinum afskekktu byggðarlögum. Það gerist m.a. með svona breytingum að í nafni hagræðingar eða kerfisbreytinga eða vegna þess að hin háu samkeppnisyfirvöld hafa hóstað eða stunið er farið út í breytingar sem í reynd þýða skerta þjónustu og lakari aðstöðu, sérstaklega hinna afskekktu byggðarlaga og það er það sem hér er að gerast.

Maður spyr sig á móti: Hvernig samrýmist það fallegum áætlunum og þykkum skýrslum um að gera hið gagnstæða eða fallegum þáltill. stjórnarþingmanna um að efla byggð og atvinnu um landið sem eru lagðar fram af og til, marklaus plögg gagnvart því að breytingarnar eru hins vegar allar á hinn veginn? — Nú held ég að hv. þm. ættu að slökkva á farsímum sínum því að þó að það sé gott að þeir séu í nánu sambandi við kjósendur sína er betra að hafa það samband með öðrum hætti en þessum að ræða við þá í síma úr þingsalnum.

Herra forseti. Ég held að það sé stórkostlegt áhyggjuefni og ástæða til þess að staldra við í þessu tilviki eins og mörgum öðrum sambærilegum þegar verið er að nafninu til að endurskipuleggja opinbera þjónustu af hvaða toga sem er að það virðist reglan að þær breytingar eru allar á þá leið að skerða þjónustuna, sérstaklega í afskekktari landshlutum og byggðarlögum, og færa hana saman á færri staði. Það veldur auðvitað því að í raun er verið að gera aðstæður fólksins lakari til þess að búa í þeim byggðarlögum sem fyrir barðinu verða á þessari þjónustu. Það er hægt að nefna dæmi bæði af stórum skala og smáum í þessum efnum. Hér er um að ræða mjög smátt mál í þeim skilningi að þetta eru fáein opinber embætti og nokkur héruð sem verða fyrir barðinu á þessari breytingu en það er stórt fyrir það fólk sem í hlut á. Það mætti t.d. taka hliðstæður varðandi rekstur á heilbrigðissviðinu þar sem dæmin eru víða miklu stærri þegar í hlut eiga heilar sjúkrastofnanir eða sjúkrahús í einstökum byggðarlögum en þróunin af nákvæmlega sama toga; það er verið að færa þjónustuna saman, skerða hana og að lokum virðist hún öll ætla að lenda í Reykjavík. Það er þannig.

Ég held að þetta sé kolvitlaus áhersla vegna þess að ég held að einhver ódýrasta aðgerðin til að snúa vörn í sókn í byggðamálum sé að efla þjónustuna úti í hinum einstöku byggðarlögum, það sé beinlínis ódýrast fyrir hið opinbera að gera það þannig. Í staðinn fyrir að búa til sjóði og útdeila styrkjum og vera með hundruð millj. kr. á ferðinni í einhverjum slíkum aðgerðum sem ganga misvel eins og við vitum, þá held ég að pínulítið meira í dýralæknaþjónustu, svolítið meira í heilbrigðisþjónustu, svolítill stuðningur við skólahald, svolítill stuðningur við félagslega þjónustu í afskekktum og fámennum sveitarfélögum o.s.frv., fáeinar millj. í hverjum málaflokki sem yrðu markvisst settar inn til þess að bæta þjónustuna mundu skila miklu betri árangri og kosta minna.

Ég get tekið dæmi af einu sviði sem mönnum finnst kannski þægilegt en þó ekki. Mér datt það í hug þegar ég sá hv. þm. Hjálmar Jónsson slökkva á farsímanum sínum. Ég held að það væri mjög skynsamleg ráðstöfun t.d. af hálfu hins opinbera að hafa prest þjónandi í Grímsey, að sjá til þess að eitt af prestsembættum landsins, fjármagnað úr opinberum sjóðum, væri í Grímsey. Af hverju? Vegna þess að þá væri opinber starfsmaður í því byggðarlagi sem gæti sinnt fjölþættum verkefnum og stutt búsetuna þar, verið miklu meira en bara sálusorgari og prestur. Hann gæti kennt við skólann. Hann gæti verið með félagsmál á staðnum og auðvitað hlaupið undir bagga þegar vel aflaðist, skroppið í aðgerð o.s.frv. Ég held að við ættum að þora að prófa stundum að hugsa þessa hluti á alveg nýjum forsendum.

Það sama á við um dýralækna í fámennum héruðum. Ég þekki það vel af eigin raun að ef þar er á ferðinni öflugur maður sem hefur áhuga á samfélagi sínu og er tilbúinn til að leggja eitthvað af mörkum, þá getur hann verið einn af máttarstólpunum á fjölmörgum sviðum fyrir utan það að sjá fyrir þessari þjónustu. Ég þekki dæmi um dýralækna sem hafa jafnframt verið oddvitar sveitarstjórna sinna, hafa kennt í skólunum, hafa séð um heilbrigðiseftirlitið og jafnvel gert ýmislegt fleira. (**Gripið fram í:** Og kennarar.) Já. Þannig á að hugsa þetta að mínu mati.

Ég verð að segja alveg eins og er að þó ég hafi staðið að setningu samkeppnislaganna á sínum tíma og fylgst með framgangi þeirra síðan og þar hafi margt vel tekist þá mega þau heldur ekki verða svo heilög að við í þessu litla landi getum ekki leyst hlutina í afskekktum byggðarlögum praktískt. Ég blæs á það. Það var ekki tilgangurinn og hugsun samkeppnislaganna að koma í veg fyrir slíkt ef það er ekki varhugavert út frá samkeppnissjónarmiðum í neinu tilliti. Auðvitað er ekki svo þó einn opinber embættismaður annist fleiri skyldur en eina þegar ljóst er að hann er ekki að keppa þar við einn eða neinn. Þá þarf að aðlaga þá löggjöf að því að hún passi fyrir aðstæður í landinu.

Herra forseti. Ég harma að menn skulu vera svo kjarklitlir og máttlausir í þessum efnum að þeir þori ekki að hugsa sjálfstæðar hugsanir og velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að leysa hlutina öðruvísi og praktískar en hér er verið að gera. Ég held að mjög mikilvægt sé að þessir embættismenn séu til staðar t.d. í þeim afskekktu byggðarlögum sem ella verða meira og minna án þessarar þjónustu því að það verður þannig. Ég fullyrði að þeir verða ekki margir sauðfjárbændurnir í Þistilfirði eða á Vopnafirði sem senda eftir dýralækni inn á Húsavík þegar t.d. ein sauðkind á í hlut. Af hverju ekki? Af því að það dæmi gengur augljóslega ekki upp. Gripurinn sem í hlut á eða afurðirnar af honum standast ekki mál til þess að bera uppi þann kostnað sem slíkri heimsókn er samfara ef það á að senda mann mörg hundruð kílómetra vegalengd í slíku tilviki. Það þarf þá að vera verðmætur kynbótagripur eða einhver afburðaskepna ef það dæmi á að ganga upp.

Niðurstaðan verður sú að menn verða af þjónustunni og það verður í miklu færri tilvikum sem menn velja þann kostinn að leita sér aðstoðar sérfræðings á þessu sviði. Þá er líka komið að þeirri spurningu hvort ekki sé um dýraverndunarmál að ræða að dæma heila landshluta nánast til þess að verða án þjónustu í þessum efnum. Ég held að það sé afturför í þessu tilliti að gera þá breytingu sem hér er verið að leggja til.

Einu rökin sem ég sé fyrir því og eru held, að mínu mati, eru að það kann að reynast auðveldara að manna störfin með þessu skipulagi vegna þess að við vitum að starf einyrkjans í svona tilvikum er erfitt. Þó er þar nokkuð ólíku saman að jafna þegar í hlut á dýralæknaþjónusta eða t.d. læknisþjónusta því að vissulega er sú ábyrgð sem læknar bera enn þá meiri og enn þá erfiðari skyldur eru lagðar á þeirra herðar oft og tíðum, að vera einir í héruðum sínum við þær aðstæður að það er nánast sama hvernig á stendur og hvort er að nóttu eða degi, að þeir á grundvelli læknaeiða sinna verða að gera það sem þeir geta til að bjarga málum og það eru auðvitað aðstæður sem við sjáum í hendi okkar að eru erfiðar. Þar er staða dýralæknanna óneitanlega betri og sjaldan um eins bráð eða alvarleg tilvik að ræða þegar þeirra þjónustu er þörf.

Herra forseti. Ég verð að láta það í ljós án þess að ég hafi kannski haft aðstöðu til þess að fara ítarlega ofan í saumana á þessu máli að við fljóta yfirferð á því og út frá þeirri staðarþekkingu sem ég tel mig hafa sé ég ekki þessa breytingu að öllu leyti sem framför. Það er alveg ljóst mál að sjálfstætt starfandi dýralæknar, sem eiga að byggja afkomu sína eingöngu á þeim tekjum sem þeir fá vegna starfa sinna, munu ekki taka sér bólfestu í fámennum og afskekktum héruðum. Það liggur alveg gjörsamlega í hlutarins eðli. Þeir verða á þéttbýlissvæðinu og í kannski nokkrum stærstu kaupstöðunum þar fyrir utan og allra stærstu landbúnaðarhéruðum en ekki í afskekktu héruðunum þar sem einmenningshéraðsdýralæknarnir hafa haldið uppi þjónustunni hingað til. Þau héruð eru dæmd til að nýta sér þjónustu frá hinum stóru umdæmum, frá héraðsdýralæknum eða starfandi dýralæknum á einum stað í hinum stóru umdæmum og þá er verið að búa til þær aðstæður sem hérna verða augljóslega til.

Að öðru leyti, herra forseti, hef ég ekki miklu við þetta að bæta. Mér er ljóst að þessar athugasemdir falla sjálfsagt dauðar niður og enginn gerir neitt með þær. Svo tökum við umræður um skýrslu Byggðastofnunar eftir nokkra daga og þá stendur eldurinn upp af hverjum manni af einlægum áhuga til þess að bæta aðstæður fólksins í byggðarlögunum og efla búsetu þar. En menn hika ekkert við að afgreiða svona mál hvert á fætur öðru. Menn skera niður heilbrigðisþjónustuna. Menn skera niður dýralæknisþjónustuna með málum af þessu tagi og koma svo og halda heilagar ræður um vilja sinn til þess að efla byggð í landinu og bæta aðstæður fólksins í hinum einstöku byggðarlögum. Svona til þess að friðþægja sálu sinni og þvo hendur sínar er gjarnan búinn til sjóður eða gusað 50 eða 100 millj. í Byggðastofnun sem fara svo eins og gengur hingað og þangað og ekki verður allt of mikil uppskeran eftir. Ég held að við séum á kolrangri braut í þessum efnum. Við erum að draga úr þjónustu sem er lífsnauðsynleg undirstaða byggðanna. Við erum að gera aðstæðurnar lakari með þessum breytingum á fjölmörgum sviðum og það er alveg sama hvort átt er við heilbrigðismál, skólamál, dýralæknaþjónustu, hvort við erum að tala um t.d. aðra opinbera þjónustu á sviði samgöngumála, skattyfirvöld eða annað því um líkt þar sem þróunin er öll á einn veg og ætti hæstv. landbrh. að þekkja t.d. ágætlega hvernig heimastaður hans, Húsavík, hefur verið að fara út úr ýmsum slíkum breytingum á undanförnum árum þar sem svona „hægt og hljótt“ eins og segir í textanum, þjónustan bara gufar upp af staðnum. Ágætt dæmi eru örlög skattstofunnar á Húsavík sem var sex eða sjö manna vinnustaður fyrir ekki mörgum árum og svo var byrjað að tappa af henni og það fjaraði undan henni á nokkrum árum. Eftir voru þrír menn, tveir menn, einn maður og síðast þegar ég vissi var þar bréfalúga og kannski maður í hálfu starfi. Það er alveg klassískt dæmi um það hvernig þessir hlutir eru að gerast þvert á það sem menn tala um, hægt og hljótt þannig að nánast enginn tekur eftir því eða a.m.k. vilja menn ekki mikið um það tala.

Við erum mjög stoltir af því þingmenn Norðurl. e. sem sórum það og sárt við lögðum allir á framboðsfundum fyrir bæði tveimur og hálfu ári, eða þremur er það víst að verða, og svo líka fyrir sjö árum að við mundum standa vörð um skattstofuna á Húsavík. Það vantaði ekki viljann og síðan hafa menn meira og minna verið allir í ríkisstjórnum og útkoman er þessi.

Aðeins eitt enn, herra forseti, og það er að mér sýnist í frv. hvað varðar þessa þjónustu vera ákveðinn einkavæðingarblær sem mér finnst ekki geðfelldur. Ég er í sjálfu sér ekkert að amast við því að þar sem meira en nóg verkefni eru fyrir sérhæfða sjálfstætt starfandi dýralækna, t.d. í því að gera við gæludýr Reykvíkinga, að þá sé þjónustan á þeim grunni. Það er allt í lagi af minni hálfu. Ég er ekkert að amast við því. En ég vara við því að menn haldi út á þá braut að einkavæða þessa þjónustu almennt hvað varðar almenna þjónustu í landinu og sitji svo uppi með það að hún verði þar af leiðandi í vaxandi mæli eingöngu bundin við nokkra stærstu þéttbýliskjarna landsins og að sama skapi óhentug, dýr eða ekki fyrir hendi fyrir þá sem búa annars staðar. En í þann farveg gætu þessi mál þróast, sýnist mér, miðað við það sem þetta frv. teiknar til og boðið er upp á samkvæmt því skipulagi. Því fyrirkomulagi er ég andvígur, herra forseti, og get því miður ekki annað en lýst afar takmarkaðri hrifningu með þetta frv. í heild sinni.

[11:56]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir starf hennar að frv. sem er til umræðu og lýsa ánægju minni með að þrátt fyrir allt er þó sameiginleg niðurstaða frá landbn. um afgreiðslu málsins og brtt. sem lagðar eru til við frv. með þó einum fyrirvara sem hér hefur komið fram og verið gerð grein fyrir.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að endurtaka þá umræðu sem fór fram við 1. umr. um málið þegar ég mælti fyrir því en það kom að hluta til fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, að sannleikurinn er sá að ástæðurnar fyrir þessu frv. og þeim breytingum sem hér eru lagðar til og þeirri þróun sem menn horfa upp á að án allra lagabreytinga og þrátt fyrir að við værum ekki að gera neinar breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þá búum við við þær erfiðu aðstæður sem hann var að lýsa. Við búum við það ástand í dag að erfitt er að manna svæðin. Það er erfitt að manna afskekktar byggðir með þessari þjónustu þó svo við vildum gera það sem hægt er í því sambandi jafnvel þó settir væru í það fjármunir. Það kann að hafa einhver áhrif og kynni að leiða til þess að tímabundið væri hægt að veita þjónustu. En þróunin er þrátt fyrir allt sú að erfiðara er að fá menn til að sitja þessi embætti. Við þekkjum væntanlega báðir vel til þess hvernig staðan er einmitt nú um

þessar mundir í kjördæmi okkar á norðausturhorninu þar sem ekki hefur tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir yfirdýralæknisembættisins sem hefur fylgst með því og reynt að sjá til þess að héruð og embætti séu setin og þrátt fyrir aðstoð landbrn. í því efni hefur ekki tekist að manna sum héruðin. Ég veit ekki hvort við eigum að kalla þetta illviðráðanlega þróun. Þetta er a.m.k. þróun sem er að gerast og skattstofusagan sem hv. þm. tók í ræðu sinni er kannski gott dæmi um það að þrátt fyrir fyrirheit, loforð og vilja til þess að hafa hlutina með öðrum hætti þá gerist það ekki. Að hluta til er það vegna breyttrar tækni, vegna gjörbreyttra aðstæðna. Það á a.m.k. að einhverju leyti við í því dæmi sem hv. þm. tók en það á kannski líka að einhverju leyti við í sambandi við þá þróun sem hefur orðið á undanförnum árum varðandi dýralæknaþjónustuna.

Ég er ekki að lýsa sérstakri ánægju minni með þá þróun en ég tel að frv. sem er lagt fram og þær tillögur sem þar eru settar fram séu þó í raun til komnar vegna þess að meira og minna er verið að taka mið af staðreyndum í þessu efni. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi reyndar í ræðu sinni er hluti af því það að með því að stækka umdæmin telja þeir sem unnu að þessari frumvarpssmíði að mestu að það geti leitt til þess að auðvelda mönnun héraðanna, að það verði eitthvað auðveldara að fá menn til þess að sitja í Þingeyjarumdæmi þar sem kannski þrír dýralæknar starfi saman en í tveimur eða þremur smærri héraðsdýralæknisumdæmum að óbreyttu og það hefur ekki leyst vandann. Tveir héraðsdýralæknar skulu skipa þetta umdæmi svo það sé bara tekið sem dæmi samkvæmt frv. Þó eru væntingar um að þar starfi þrír læknar áfram og kannski væri auðveldara að fá þá til að starfa þannig saman. Það segir þó ekki að þeir skuli vera á einum stað hvort heldur það yrði Húsavík, Þórshöfn eða einhverjum öðrum stað í héraði. Þeir gætu auðvitað verið á tveimur stöðum eða þremur. Það er ekkert sem skikkar í því efni. En viðbúið er að tilhneigingin verði sú að þeir búi saman m.a. til þess að auðvelda starfið, fá faglega þjónustu eða stuðning hver af öðrum o.s.frv. sem við þekkjum úr öðrum þáttum svipaðs eðlis. Við getum tekið heilbrigðisþjónustuna og heilsugæslustöðvarnar í því sambandi. Ég þekki vel þá sögu frá því að ég sat í heilbrrn. að erfitt var að manna þessi svæði og tókst þó reyndar í það minnsta tímabundið með staðaruppbót og það er kannski það sem hv. þm. er aðýja að þegar hann talar um að það mætti kannski fara aðrar leiðir í þessu efni. En okkur hefur ekki tekist að ná því fram.

Þar sem þetta kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og einnig í ræðu hv. 8. þm. Reykn., þegar hún gerði grein fyrir fyrirvara sínum, langar mig aðeins að minna á áhyggjur vegna greiðslu hluta ferðakostnaðar sem kveðið er á um í 13. gr. frv. Í greinargerð frv. er gerð athugasemd við einstakar greinar þar sem m.a. er bent á að þetta eigi sér hliðstæðu, t.d. í Noregi en þar er reynt að taka þátt í greiðslu við hluta ferðakostnaðar þar sem farið er um langan veg. Vissulega er ætlunin með þessari grein að taka þátt í slíkum kostnaði og Bændasamtök Íslands hafa bent sérstaklega á það í ályktunum sínum um málið sem hafa reyndar stutt frv., framlagningu þess og lögfestingu en hafa ítrekað að hugað verði sérstaklega að þessum þætti. Ég minni á að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem fylgir frv., er einnig gert ráð fyrir að þar þurfi að koma til viðbótarkostnaður til að framfylgja þessu ákvæði.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins láta örfá orð falla um þetta að ég get út af fyrir sig deilt áhyggjum mínum með hv. þingmönnum sem hafa velt vöngum yfir því hvernig takist að veita þessa þjónustu og manna svæðin. Ef eitthvað er verður gert ráð fyrir því að þessi nýja lagasetning muni auðvelda það frekar en hitt því að við búum við þetta vandamál í dag. Það er sem sagt ekki að skapast nú og það er alls ekki að skapast með þessu frv.

Aðeins til að undirstrika það sem kom fram hjá hv. frsm. og formanni landbn. að frv. er flutt af minni hálfu m.a. að beiðni Dýralæknafélagsins eins og kemur reyndar fram í greinargerðinni þar sem sagt er frá því hverjir hafa unnið að gerð þessa frv. og hvernig tilurðin er. Þar er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands haldinn á Egilsstöðum 26. ágúst 1995“ — það er þó nokkuð mörgum mánuðum áður en ég skipa nefndina 1. febr. 1996. Þar segir áfram — „samþykkti samhljóða áskorun til landbrn. og Alþingis um að taka til endurskoðunar lög um dýralækna, nr. 77/1981, og breyta þeim í samræmi við breytt starfsumhverfi dýralækna og þjóðfélagið í heild.“

Það er auðvitað það sem er verið að reyna að gera, þ.e. að taka mið af þeim aðstæðum sem fyrir eru og hafa verið að skapast í þjóðfélaginu. Samkeppnislög og stjórnsýslulög eiga kannski líka sinn þátt í því að farið er í þessa vinnu. Þó er samt ekki hægt að fullnægja eða framfylgja að fullu þeim skilyrðum sem þar eru þó sett og er ekki gert með þessu frv. Þvert á móti þó að við reynum að teygja okkur í þá átt og verða við þeim kröfum er eftir sem áður gert ráð fyrir því að í sumum héraðsdýralæknisumdæmunum þurfi dýralæknarnir að gegna í raun tvöfaldri skyldu sem er auðvitað erfitt en sýnir bara að það er ekki auðvelt fyrir okkur að fara að öllum þessum leikreglum sem við erum stundum að setja okkur miðað við þær þjóðfélagsaðstæður sem við búum við.

Varðandi brtt. hv. 8. þm. Reykn. vísa ég aðeins til þess sem fram kom í máli hv. formanns og frsm. nefndarinnar og þarf ekki að endurtaka það sem kom fram í máli hans.

[12:06]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni það vissulega og tók það fram í ræðu minni að einu rökin sem fyrir þessu gætu staðið að mínu mati og væru held eru þau að hugsanlega kynni að ganga betur að manna embættin ef þau væru færð saman fleiri á færri staði. Ég held þó að það sé hlutur sem menn þurfa ekkert að gefast upp við fyrir fram. Ég nefni þann árangur sem menn hafa náð í því að manna einmenningshéruð, bæði lækna og dýralækna með því að taka upp staðaruppbætur og bæta starfsaðstæður í héruðunum. Ég er alveg sannfærður um að sé það gert myndarlega getur það verið freistandi og ágætisbyrjun fyrir unga dýralækna að hefja starfsferil sinn með nokkurra ára þjónustu í slíkum héruðum og það hefur iðulega verið reyndin.

Í öðru lagi, herra forseti, getur svona endurskipulagning á þjónustunni vissulega komið til greina þegar búið er að bæta samgöngur þannig að forsendur séu fyrir henni. En hér eru menn að byrja á öfugum enda. Hér er t.d. verið að leggja niður héraðslæknisembættið á norðausturhorninu áður en samgöngurnar eru bættar þannig að verið er að gera nákvæmlega það sama og með Ríkisskip að verið er að leggja þetta af 10–12 árum of snemma ef við tökum mark á nýju vegáætluninni. Menn verða líka að hafa aðstæðurnar og vegina í huga. Ekki er nóg með að þetta séu mörg hundr-

uð kílómetrar heldur eru það bráðónýtir vegir sem þessir dýralæknar eiga að aka eftir.

Auðvitað er sjálfsagt að dýralæknarnir starfi saman á ákveðnum svæðum. Það væri hægt að koma á þessu skipulagi hvað varðar vaktir og afleysingar, það er ekkert vandamál, en að þeir sitji á staðnum, t.d. á álagstímum um sauðburð, á haustin þegar verið er að taka líflömb o.s.frv. er úrslitaatriði hvað það varðar að menn geti nýtt sér þjónustuna.

Að öðru leyti, herra forseti, skal ég ekki orðlengja um þetta. Einhverjum kann að finnast að sjónarmið mín eigi betur heima undir umræðum undir liðnum byggðamál en það sem ég er líka að benda á með því að taka upp þessa umræðu er að þetta eru allt byggðamál. Einmitt þetta eru byggðamál en ekki einhverjar umræður um gagnslausa skýrslu.

[12:08]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reyndar ekki miklu við það að bæta sem ég nefndi áðan en undirstrika að við höfum á undanförnum vikum verið að reyna með ýmsum ráðum, ég þori kannski ekki að segja öllum tiltækum ráðum því að e.t.v. er hægt að kaupa menn til setu á ákveðnum stöðum með viðbótargreiðslum, ég skal ekki fullyrða það, að leita eftir því að fá dýralækna til þess að sitja þá staði sem eru ekki setnir. Það er mjög erfitt að búa við að ekki sé þjónustu að fá einmitt yfir sauðburðinn eins og hv. þm. nefndi og við þekkjum báðir og getum nefnt Þistilfjörðinn sem dæmi eða norðausturhornið þar sem við höfum á undanförnum dögum og vikum verið að reyna að leita allra leiða til þess að fá því svæði þjónað. Í fyrravor tókst að leysa það mál tímabundið en það hefur bara alls ekki tekist núna. Þó svo hér séu nefndar staðaruppbætur eða bætt starfsaðstaða, held ég að það sé því miður form sem dugir okkur ekki til lengdar nema það gæti leyst mál tímabundið. Starfsaðstaðan þarf auðvitað að vera fyrir hendi. Ég tel að það gæti verið hluti af því sem er nauðsynlegt að gera fyrir miðstöðvar af því tagi sem gert er ráð fyrir að séu þó til í héruðunum þegar þau hafa stækkað svo mikið og ráðnir eru fleiri en einn læknir. Svo að við höldum áfram að tala um Þingeyjarumdæmið, þar sem gert er ráð fyrir þremur dýralæknum, er reynt að sjá til þess að þeir hafi starfsaðstöðu.

Samgöngurnar er svo mál sem er kannski of langt að taka upp frekar hér en vissulega er rétt að þær mættu vera betri, ekki síst í kjördæmi okkar. Erum við þá að vísa til þess aftur að líklega hafa þessir ágætu þingmenn Norðurl. e. sem hafa verið að skiptast á skoðunum ekki staðið sig nógu vel í að byggja upp vegakerfið en það stendur til bóta núna með nýjum áætlunum.

[12:10]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég er á margan hátt sammála því sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og margt af því er talað í þeim dúr sem vissulega er mikil ástæða að gefa gaum. Það er hárrétt sem fram kom í ræðu hans að margar þær ákvarðanir sem menn hafa verið að taka veikja hinar dreifðari byggðir og veikja sérstaklega sveitarsamfélagið. Ég nefni í þessu sambandi sameiningu sveitarfélaga sem eitt dæmi í þessum efnum. Ekki er nokkur einasti vafi á því að sameining sveitarfélaga veikir þær byggðir sem eru fjarri miðkjörnunum og með því eru menn að færa áherslur til, draga úr skólahaldi og öðru þess háttar svo dæmi sé bara tekið af stóru málunum sem slíkum. Ég er sammála hv. þm. að mjög mörgu leyti.

Þeir sem voru með mér í landbn. og unnu með mér að endurskoðun á dýralæknafrv. hafa heyrt þessar ræður áður og þarf ég ekki að endurtaka þær hér. Þetta frv. er fyrir embættismennina en ekki bændurna. Málið er ekki margbrotnara en það. Ég hef stórlega athugasemdir við það hvað verið er að setja upp af embættismönnum í Reykjavík í sambandi við dýralæknaþjónustuna, búgreinadýralæknum svo að dæmi séu nefnd og ekki er um það að tala. Þeir eru settir niður hér flestir þannig að þetta mál í heild sinni hefur ýmsar hliðar.

Það er svo annað mál að ég hef undirritað nefndarálitið og gert það á grundvelli þess sem hefur reyndar komið fram í umræðunni að þetta kynni að leiða til þess að auðveldara yrði að halda dýralækna. Ég vil þó benda á að til eru fordæmi sem ganga alveg gegn þessu. Núna eru t.d. tveir dýralæknar sem hafa búsetu í Austur-Skaftafellssýslu. Annar er héraðsdýralæknir og hinn er praktíserandi dýralæknir en þeir hafa báðir önnur störf. Annar fer fyrir í sláturhúsinu og hinn er heilbrigðisfulltrúi að því er ég best veit þannig að auðvitað er ýmislegt hægt að gera til þess að gera þessi störf lífvænleg ef góður vilji er fyrir hendi.

*Því er svo ekki að neita að komið hafa fram við meðferð* þessa máls miklar athugasemdir úr kjördæmi mínu, Austurlandskjördæmi. Hv. formaður landbn. hefur boðað brtt. við 3. umr. Eini staðurinn eða eina byggðarlagið sem sendir ekki frá sér athugasemdir er Austur-Skaftafellssýsla sem er með tvo prýðisgóða dýralækna en þeirri breytingu sem var sérstaklega lögð til var harðlega andmælt og líka því að Vopnafjörður og Bakkafjörður flyttust til Húsavíkur í þessum efnum. Þessu hefur hvoru tveggja verið mjög harðlega mótmælt og ályktanir og athugasemdir liggja fyrir frá Vopnfirðingum, frá suðurfjarðarbúum og frá Búnaðarsambandi Austurlands. Það er um þetta sem verið er að leitast við ná niðurstöðu og bærilegri sátt.

Það er svo annað mál að út af stendur, eftir sem áður, norðausturhornið. Upphaflegu tillögurnar sem fram komu voru þess efnis að Norðfjarðarumdæmi yrði lagt af, — það stendur raunar enn þá — Austurland yrði gert að einu umdæmi með tveimur dýralæknum á Egilsstöðum og að norðausturhornið færi til Vopnafjarðar. Í stað þriggja umdæma á þessu svæði áður, þ.e. suðurfjarða eða Austurlandsumdæmis syðra, Norðfjarðar og svo Austurlandsumdæmis nyrðra, yrði þannig aðeins eitt umdæmi á Austurlandi með búsetu tveggja dýralækna á Egilsstöðum og Vopnafjörður færi svo til Húsavíkur. Við þessa skipan mála hafa menn ekki treyst sér að búa á Austurlandi. Þetta held ég að hafi verið langróttækasta aðgerðin, fyrir utan norðausturhluta landsins, þ.e. sérstaklega Þistilfjörðinn.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að, eins og hv. framsögumaður boðaði hér, er þessari afgreiðslu ekki lokið að því leyti að það mun koma fram tillaga við 3. umr. Það er spurning hvort hægt væri með einhverjum hætti að treysta stöðu norðausturhluta landsins með þeim tilöguflutningi.

Það er fjarri því að ég sé mótfallinn frv. og ég skil þau rök sem hér hafa komið fram um það hvað það þýðir fyrir bændur sem eru nú satt að segja ekki í sérstaklega góðum málum um þessar mundir að því er varðar tekjur, afkomu og framtíðarhorfur, þá sérstaklega sauðfjárbændurnir. Ég skil áhugann fyrir þeim áhrifum sem þessar ákvarðanir koma til með að hafa á stöðu þeirra og framtíðarsýn.

Hins vegar, eins og kom fram hjá hæstv. landbrh., hefur vandinn verið sá að manna þessi héruð. Það hefur verið stóri vandinn og dauð umdæmi leysa auðvitað ekki vandamál.

[12:19]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gagnrýna ræðu hv. þm., enda sammála honum í mörgu og sama má segja um hv. 4. þm. Norðurlandskjördæmis eystra. Þegar margar breytingar ganga yfir kvíða menn framtíðinni. Það er ekkert nýtt fyrirbæri en auðvitað þurfum við að vinna úr málunum. Ég vil segja, vegna orða hv. þm., að sérgreinadýralæknar eiga ekkert allir sæti á höfuðborgarsvæðinu. Ég minni á sérgreinadýralækni í hrossasjúkdómum sem situr á Hólum, í júgurbólgurannsóknum á Hvanneyri o.s.frv., þannig að þeir geta nú víða verið staðsettir og þannig þarf það að vera.

Ég tek undir með hv. þm. að landsbyggðarmenn þurfa auðvitað að fara yfir það hvernig þeir geta gert ýmis embætti lífvænleg til að þessir menntuðu, mikilvægu menn vilji sitja í byggðarlögunum. Sums staðar hafa menn verið með heilbrigðiseftirlit eins og hv. þm. nefndi, verið með sæðingar o.s.frv. og þannig styrkt þetta. Ég held að þessi lög verði ekki fyrir embættismenn. Ég vona að þau verði ekki bændum til bölvunar og vona frekar að þessi þróun styrki þá. Þetta er til að svara kröfum stjórnsýslu- og samkeppnislaga og einnig því sem við verðum að horfa á, kröfunni um heilnæma vöru, bæði hér innan lands og ég tala nú ekki um í útflutningi.

Það er ekki æskilegt að sami maðurinn sé praktíserandi dýralæknir og jafnframt með kjötskoðunina á sinni hendi, að hann sé ekki báðum megin við borðið. Þetta er skýr krafa í þessari nýju baráttu um vistvæna og lífræna afurð. Ég treysti því auðvitað að yfirdýralæknir, svo ég tali nú ekki um hæstv. landbrh., skoði þessi lög vel og móti þau þannig að þau verði fyrst og fremst fyrir bændur og dýrin í landinu sem þurfa á dýralæknum að halda, þannig að þjónustu verði víða haldið uppi.

[12:22]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur náttúrlega fram í þessari umræðu að menn eru meira og minna sammála. Það kemur líka fram, að því er ég hygg, að viss ótti læðist að mörgum okkar í sambandi við þessar breytingar. Það er vert að fallast á að í ýmsu af því sem hv. form. landbn. gat um felast góð rök, en tilefnið að þessari lagagerð er auðvitað þessi staða dýralækna í landinu, þar sem er mikill fjöldi manna. Ekki verður betur séð en hér sé offramleiðsla á dýralæknum og það sem ég kalla „frjálsir dýralæknar" hafa verið að finna sér þarfir til að komast inn á þetta þróunarsvið. Fyrir því hafa menn verið að finna leiðir og finna rök eins og frv. ber með sér. Ég stend nú býsna fastur á því að frv. sem slíkt sé til komið á grundvelli þessara mismunandi sjónarmiða dýralækna. Við heyrðum það reyndar nokkuð skýrlega í viðtölum við dýralækna, eftir því hvar þeir störfuðu, að það er auðvelt að finna rök fyrir þessari fullyrðingu.

[12:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Mér þykir að sönnu vænt um hjartnæmar undirtektir við mörgu af því sem ég kom inn á í ræðu minni, frá hæstv. ráðherra og hv. nefndarmönnum í landbn. Miklu vænna þætti mér þó um að tekið yrði mark á þeim og þær leiddu til einhvers. Ég vil því leyfa mér að leggja það til, af því að upplýst er að hv. nefnd ætlar að taka málið til umfjöllunar hvort sem er milli 2. og 3. umr., m.a. vegna óska heiman úr héraði á Austurlandi um breytingar á mörkum þar og annað slíkt, að einnig þeir þættir sem ég var að nefna verði teknir til skoðunar. Þar má t.d. nefna þetta sem varðar aksturinn og hvort hægt er að treysta stöðu afskekktari landshlutanna innan þessa skipulags án þess að ég sé þó að fara fram á að því sé endilega kollvarpað.

Nú þekki ég ekki eins vel til vestan til á landinu þar sem einnig eru einhverjar breytingar en varðandi norðausturssvæðið, nefni ég sem möguleika þá lausn að þótt hið nýja og geysivíðlenda Þingeyjarumdæmi verði látið halda sér sem eining í þessum efnum, þá verði sett inn það ákvæði að annar af tveimur héraðsdýralæknum í því umdæmi skuli sitja t.d. á Þórshöfn þar sem dýralæknisembætti hefur verið. Þannig þyrfti það að vera a.m.k. þar til samgöngur hafa verið bættar stórlega frá því sem nú er.

Menn verða að taka mið af þeim aðstæðum sem blasa við mönnum á svæðinu og ég held að menn mundu sætta sig prýðilega við það að fyrirkomulagið yrði tekið til endurskoðunar innan einhverra ára, ef bættar samgöngur og aðrar aðstæður gæfu tilefni til. Meðan aðstæðurnar eru eins og þær eru, blasa við hverjum manni, eru ekkert túlkunaratriði, vegalengdirnar í kílómetrum liggja fyrir og ástand veganna og væntanlega verður það nú landleiðina sem menn fara í flestum tilvikum, þá ættu menn að láta það ráða og leysa málin með einhverri tímabundinni skipan. Ég vildi leyfa mér að vona að þetta verði gert. Vaktafyrirkomulag, afleysingar og annað því um líkt mætti eftir sem áður leysa innan svæðisins og þá væri ekki endilega nein krafa um að menn væru þarna allt árið. Þjónustan væri til staðar á svæðunum, a.m.k. á álagstímum á árinu, og gengið væri frá því með einhverjum tryggilegum hætti. Ég er alveg sannfærður um að hægt væri að leysa málið ef vilji væri fyrir hendi. Kosti það einhverja aura, þá það, það sparast þá akstur á móti. Það sem mest er um vert er að menn fái þjónustu. Hún þarf að vera fyrir hendi, mönnum og dýrum til blessunar vonandi.

Ég skora á hv. landbn. að taka þetta til rækilegrar skoðunar milli umræðna og síðan getum við skipst á skoðunum um það hvernig til hafi tekist við 3. umr., ef menn ná farsælli lausn á málinu sem ég veit að mun auðvitað greiða fyrir afgreiðslu þess.

[12:27]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það skal nú ekki miklu bæta við. Vitanlega, eins og fram hefur komið í umræðunum, hafa menn nokkrar áhyggjur af þessari þjónustu. Ég vil frekar leyfa mér að segja að menn hafi áhyggjur af þjónustunni eins og hún er og þeirri stöðu sem er í þessum málum í dag. Ég held að menn ofgeri í að telja þetta frv. eða þær breytingar sem þar eru gerðar muni leiða til verra ástands. Staðan í dag hefur m.a. leitt til þess að farið var í að endurskoða lögin sem í gildi eru og reyna að leita nýrri leiða. Þar eru m.a. inni ákvæðin í 13. gr., um greiðslu ferðakostnaðar, sem út af fyrir sig má kannski skoða hvort framkvæma megi öðruvísi en hér er gert ráð fyrir. Ég sé þó ekki hvernig tekið verði á því öðruvísi en að heimildin sé þar fyrir hendi. Það kemur fram í frv. og það kemur fram í athugasemdum frá fjmrn. að þetta verði gert og kosti fjármuni. Það liggur í raun allt fyrir. Það er þá aðeins spurningin um að móta reglurnar, sem ekki hefur enn verið gert, og er talað um að það verði skoðað, í nál. frá hv. landbn.

Varðandi hugmyndina um búsetu á Þórshöfn, af því að hv. þm. nefndi það í ræðu sinni áðan, um að annar héraðsdýralæknir skuli búsettur þar, þá segir ekkert í frv. að þeir skuli vera búsettir á einhverjum ákveðnum stað. Það segir ekki að þeir skuli vera búsettir á Húsavík, sem maður getur þó kannski gefið sér sem stærsta byggðarkjarnanum í þessu umdæmi, eða hvort þeir eigi að vera á Vopnafirði. Þeir gætu þess vegna verið, annar á Vopnafirði, hinn á Þórshöfn. Þá væri vesturhlutanum kannski illa þjónað. Ég er ekki að segja að líklegt sé að það verði þannig. Ég vildi aðeins benda á að hvergi er kveðið á um búsetuna, þannig að hún er læknunum auðvitað frjáls.

[12:30]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta með ferðakostnaðinn og reglurnar þar, þá leiðist manni auðvitað að vera að tortryggja að slíkt gangi eftir. En maður er bara svo hundsvekktur á því að svona fyrirheit eru gefin í tengslum við afgreiðslu mála til að sætta menn við að hlutirnir séu látnir fara í gegn og svo reynast efndirnar takmarkaðar og framkvæmdin meira og minna öll í skötulíki. Og þá er við hið háa fjmrn. að eiga, að kvelja út úr því aura í svona hluti og það er yfirleitt eins og verið sé að kreista undan nöglunum á þeim síðasta blóðdropann þegar verið er að fá einhverja aura í þjónustu af þessu tagi, eins og við þekkjum. Ég verð bara því miður, í ljósi reynslunnar, að lýsa því að ég hef ákveðna fyrirvara á þangað til ég sé að frá þessu sé gengið og það sé í höfn. Þarna þyrfti auðvitað að vera hreinn og klár fjárlagaliður eða ótvíræð heimild, t.d. í 6. gr. fjárlaga, til að stofna til útgjalda vegna samninga af þessu tagi. Mér finnst einhvern veginn að umbúnaðurinn um málið sé ekki nægjanlega traustur. Það er ekki vegna þess að ég treysti ekki hæstv. landrh. til að hafa vilja til að leysa þetta vel en ég veit við hvað er að glíma í þeim efnum. Ég þekki það af eigin raun.

Í öðru lagi, herra forseti, í sambandi við búsetuna, þá bendir hæstv. ráðherra á að hún sé ekki bundin í sjálfu sér innan héraðsdýralæknaumdæmanna, og það er rétt en það liggur nokkuð í hlutarins eðli og andi frv. er sá að það verði kannski höfuðstöðvarnar í þessum umdæmum og þar sitji þeir allir. Þess vegna finnst mér það vera hugmynd sem sé fullkomlega eðlilegt að skoða, hvort í þeim tilvikum t.d. að héraðsdýralæknarnir eru fleiri en einn, þá verði ákveðinn áskilnaður um búsetu þeirra því að í þeim tilvikum geta yfirvöld haft íhlutunarrétt þegar um embætti héraðsdýralækna er að ræða þar sem þeir eru opinberir embættismenn. Ekkert er því til fyrirstöðu að hafa ákveðinn áskilnað um búsetuna í þeim tilvikum og ef það má verða til að leysa málin á einstökum svæðum finnst mér að það eigi að skoða.

[12:32]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar hefur komið fram að hv. landbn. ætlar að líta á einmitt þessa þætti máls milli umræðna. Ekkert hef ég á móti því að það verði skoðað og fleiri þættir. Ég hef hins vegar svolitlar efasemdir um að það leysi málin. Ég hef aðallega áhyggjur af því, ekki því að ég geti ekki deilt þessum viðhorfum og sjónarmiðum með hv. þm. flestum eða öllum sem hér hafa talað um áhyggjur sínar um hvort hægt sé að veita þessa þjónustu á viðunandi hátt. Við höfum bara ekki í dag fundið hina réttu og auðveldu leið til að leysa það en hér er verið að reyna að taka á því. Eitt af því held ég einmitt að sé undirtónninn í því að hafa tvo eða þrjá lækna starfandi í stórum umdæmum er að auðveldara verður að fá þá til búsetu með því að þeir geti búið saman og haft styrk og stuðning hver af öðrum. Ég hef ekkert á móti því að þetta verði skoðað einu sinni enn, óska þó eindregið eftir því að það leiði ekki til þess að málum verði frestað og frv. ekki afgreitt. Þetta er eitthvað sem menn hafa þá alltaf möguleika á að velta fyrir sér eða skoða. Vandamálið er til staðar í dag. Í dag eru héraðslæknisumdæmin eins og við höfum verið að lýsa og það hefur ekki tekist því miður að manna þau þannig að ég óttast að ef við búum til eitt stórt héraðslæknisumdæmi — hvort sem það er Þingeyjarumdæmi eða eitthvert annað, þau eru fleiri stór samkvæmt frv. — og segjum síðan að innan þess skuli búsetan vera á þennan veginn eða hinn þá takist okkur ekkert frekar að leysa það en er í dag. Ég vildi láta þessar efasemdir eða fyrirvara koma hér fram, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búnaðarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 368. mál (heildarlög). — Þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325.

[12:34]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til búnaðarlaga frá landbn. Í upphafi rekur nefndin hverjir komu á fund hennar og frá hverjum bárust umsagnir um málið en síðar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný lög sem leysi af hólmi jarðræktarlög og lög um búfjárrækt. Ákvæði jarðræktarlaga eru undirstaða þess skipulags sem gilt hefur hér á landi á meginhluta þessarar aldar um stuðning ríkisins við jarða- og húsabætur í sveitum. Á sama hátt eru búfjárræktarlögin undirstaða þeirra framfara í búfjárrækt sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina. Þessi lög eru einnig meginundirstaða þeirrar ráðunautaþjónustu sem rekin hefur verið á vegum landbúnaðarins og er þar að finna ákvæði um stuðning ríkisvaldsins við þá starfsemi. Þessi nýju búnaðarlög verða rammalög sem gera ráð fyrir samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeininga og hagræðingar sem notið geta fjárstuðnings ríkisvaldsins.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 3. gr. frumvarpsins með hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Nefndin telur rétt að taka það sérstaklega fram að við gerð samninga skv. 3. gr. frumvarpsins þarf að gæta að ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, en þar segir meðal annars að einkaaðila verði ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Af þessu ákvæði leiðir að við framkvæmd valds síns samkvæmt búnaðarlögum eru Bændasamtök Íslands bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennum meginreglum stjórnsýsluréttarins að því er varðar þá stjórnsýslu sem Bændasamtökin taka að sér að annast fyrir ríkisvaldið á grundvelli samninga skv. 3. gr. frumvarpsins.“

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali og mun ég ekki hér lesa þær breytingar upp. Þær eru á borðum hv. þingmanna. En ég vil aðeins koma að einu ákvæði, þ.e. bráðabirgðaákvæði frv. og ef ég hleyp yfir um hvað það snýst, þá segir, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, enda verði fylgt eftirfarandi reglum:

a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra."

Eftir að nefndin hafði farið yfir þetta mál kom í ljós að þarna stóðu út af ekki einungis 300–350 millj. eins og talið var þegar hæstv. landbrh. og fjmrh. gerðu með sér samning um þessar skuldir sem hafa legið óuppgerðar á haustdögum heldur var um mun hærri upphæð að ræða. Því mun fyrir 3. umr. koma breyting á þessu bráðabirgðaákvæði sem staðfestir að hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. hafa náð með sér nýjum samningi sem hljóðar svo að næstu tvö ár þar á eftir, eða 2001 og 2002, komi til viðbótar 35 millj. á hvort ár til að gera upp þessar gömlu skuldir.

Hæstv. forseti. Ég hef þá farið yfir nál. sem hér liggur fyrir og lýk máli mínu.

[12:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem til að lýsa megnri óánægju minni með það hvernig verið er að ganga frá þessu máli. Ég gerði þetta nokkuð ítarlega að umtalsefni við 1. umr. og get þar af leiðandi stytt mál mitt og vísað til þess sem ég sagði þar. Mér finnst það heldur snautlegt svo ekki sé fastar að orði kveðið að gera ekki upp þessa fortíð á sæmilega myndarlegan hátt þannig að þar séu gerð full skil á þeim stuðningi sem bændur eiga mjög sennilega ótvíræðan rétt á og hefðu getað sótt sér fyrir dómstólum. Og þó ekki væri þá er það líka spurning um pólitík, hvort menn vilja eða vilja ekki standa þannig að málum. Það er ódýrt að skríða bak við það að hugsanlega hefði ríkið getað haft þetta fé af bændum í málaferlum. Spurningin hér snýst um pólitík. Vilja menn gera þetta upp eðlilega eða ekki? Ég kann þeirri aðferð ákaflega illa að stilla bændum upp við vegg og segja við þá: Hirðið helminginn og afsalið ykkur kröfu til þess sem eftir er eða fáið ekki neitt nema með málaferlum og illindum og leiðindum. Þetta er ákaflega óskemmtileg aðferðafræði og ég tala nú ekki um að þegar í ljós kemur að hér eru útistandandi mun meiri fjármunir en áður var gert ráð fyrir því þá á að gaufa við að gera upp þennan helming langt fram á næstu öld. Þetta er léleg frammistaða og ég tel að menn vaxi ekki af þessum verkum sínum, þeir sem bera ábyrgð á að ljúka þessu máli svona.

[12:41]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að þessi mál hafa tekið sorglega langan tíma. Skuldirnar ná langt aftur í tímann. Það verður ekki sakast við þann sem hér stendur. Hann hefur gengið hvert einasta ár á fund fjárln. og reynt að berjast fyrir því að gerð yrðu skil í þessum málum og hæstv. landbrh. hygg ég að hafi barist hart fyrir því í ríkisstjórninni. En þetta uppgjör við fortíðna hefur ekki náð fram, því miður, nema með þessum hætti og ég verð að segja það sem mína skoðun, hæstv. forseti, að ég held að þessar deilur hafi háð landbúnaðinum. Við þurftum að sjá ný búnaðarlög, nýja framtíð, og þess vegna verður að sætta sig við þessi málalok og það hitt að vonandi mun ríkisvaldið standa við þau lög og þar með koma nýir og meiri peningar inn á þetta nýja svið um leið og menn gera fortíðina upp eins og hér hefur verið lýst.

[12:43]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er léleg frammistaða og ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Það er athyglisvert að þetta er verið að gera í tíð stjórnarsamstarfs sömu flokka og söfnuðu upp sambærilegum og reyndar mikið lengri skuldahala á kostnað bænda á árunum frá 1983 til 1988. Þá var þessi uppsafnaði vandi kominn vel yfir hálfan milljarð króna á þágildandi verðlagi og það voru nú bændavinirnir sjálfir í Framsfl. og Sjálfstf. sem stóðu þannig að málum, stóðu þannig að framkvæmd jarðræktarlaganna á árabilinu fyrir 1988. Og hvað gerist þegar þessir hinir sömu að hluta til og síðan báðir eru komnir aftur við völd? Þá er frammistaðan þessi. Ég vek athygli bænda um allt land á þessari frammistöðu hinna miklu bændavina í Framsfl. og Sjálfstfl.

[12:43]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að deila um afrek hv. þm. sem gegndi landbúnaðarráðherrastörfum um langt skeið. Eitt veit ég og það finna bændur að þeir flokkar sem nú stjórna þessu landi hafa verið að skapa landbúnaðinum nýja framtíð og staðan í sveitunum fer sem betur fer batnandi. Það er ekki Alþb. að þakka. Þeir geta nöldrað hér dag og nótt í stjórnarandstöðu en verkin verða aðrir að vinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:45]

[14:01]

**Útbýting þingskjals:**

Nefnd til að rannsaka málefni tengd Landsbanka Íslands, 719. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 1429.

## *Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298.

[14:02]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta landbn. Eftir að tekið hefur verið fram hverjir komu á fund nefndarinnar og hvaðan umsagnir bárust segir svo:

„Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og

sölu á búvörum vegna ákvæða í samningi frá 17. desember 1997, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, milli landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu mjólkur.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 14. gr. frumvarpsins um að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra. Nefndin leggur til að felld verði brott skilyrðislaus ákvæði um að viðskipti með greiðslumark mjólkur skuli fara um einn markað. Í stað þess verði landbúnaðarráðherra heimilt með reglugerð að ákveða markaðsfyrirkomulag sem skal gilda um viðskipti með greiðslumark mjólkur.

Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember sl. eru ákvæði um að samningsaðilar muni standa að könnun og mati á mögulegum leiðum til að auka sveigjanleika núverandi kvótakerfis, auðvelda tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda, auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki. Í áliti sjömannanefndar er á sama hátt lagt til að gerð verði úttekt á áhrifum fyrirkomulags sem leiddi til sveigjanlegra framleiðslustjórnunarkerfis á afkomu mjólkurframleiðenda, tilkostnað við mjólkurframleiðslu hjá framleiðendum og afurðastöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn mjólkurafurða. Nefnd sú sem standa skal að framangreindri könnun geri meðal annars tillögur til landbúnaðarráðherra um markaðsfyrirkomulag á viðskiptum með greiðslumark í mjólk sem fullnægi þeim skilyrðum um hagræðingu og hagkvæmni sem rakin er að framan.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 2. gr. frumvarpsins.

2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 14. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði í 1. mgr. þess efnis að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað, sbr. umfjöllun hér að framan. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um í 3. mgr. að leiguliða sé heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda, en jarðareigandi skuli þó eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða og að í 2. mgr. verði vísað til þessa ákvæðis 3. mgr. Með þessu er verið að undirstrika að ákvæði síðari málsliðar 2. mgr. eigi ekki við um sölu á sérskráðu greiðslumarki og hins vegar að forkaupsréttarákvæði jarðareiganda eigi aðeins við þegar um ábúendaskipti er að ræða. Þá er í þriðja lagi lagt til að landbúnaðarráðherra skuli setja nánari ákvæði í reglugerð um markaðsfyrirkomulag en ekki markaðssetningu."

Undir þetta meirihlutaálit skrifa sá er hér stendur, Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen, Magnús Stefánsson, Hjálmar Jónsson, Guðjón Guðmundsson og Sigríður Jóhannesdóttir með fyrirvara.

Fulltrúar jafnaðarmanna eru með minnihlutaálit. Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um málið hér í upphafi við þessa umræðu. Það er skýrt og liggur hreint fyrir.

[14:07]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta það koma fram að ég tel landbn. hafa gert skynsamlega breytingu, að fella burtu ákvæði, eins og var í hinu upphaflega frv., um að viðskipti með greiðslumark í mjólkurframleiðslu skuli fara fram um einn kvótamarkað. Ég treysti því og vil spyrja hæstv. landbrh., þar sem honum er falið reglugerðarvald samkvæmt brtt. meiri hlutans, hvort ekki sé öruggt að hann muni beita því þannig að þessi viðskipti geti orðið sem eðlilegust og frjálsust og án þess að reynt sé að einoka þau í gegnum einn markað eða einn leyfishafa sem milligönguaðila í þeim viðskiptum.

Hér er um að ræða að framlengja hluta búvörusamnings sem gerður var á sínum tíma. Þess vegna er mjög eðlilegt, herra forseti, þegar menn fjalla um það mál, að menn reyni að átta sig á árangrinum sem náðst hefur með þeim samningi. Í nál. minni hlutans kemur það glögglega fram, en þar segir m.a.:

„Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997, um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Í álitinu er að finna ýmsar gagnmerkar upplýsingar. Meðal annars kemur fram að Hagþjónusta landbúnaðarins hafi gert samanburð á afkomu kúabænda árin 1992–96, þ.e. á gildistíma þess samnings sem hinum nýja er ætlað að leysa af hólmi. Í þeirri könnun kemur fram að á umræddu tímabili hafi greiðslumark í mjólk aukist að meðaltali úr 89.871 lítra í 98.171 lítra eða um 8.700 lítra sem er 9,2% aukning. Á þessu sama tímabili hækkuðu meðalskuldir í þessari grein úr 5,7 millj. kr. í 6,9 millj. kr. eða um 22,1%. Á sama tíma jukust eignir búanna aðeins um 0,4%. Eigið fé búanna lækkaði því á gildistíma samningsins að meðaltali um 20,8% og var á árinu 1992 50,5% en var orðið aðeins 39,8% árið 1996. Lækkandi eiginfjárhlutfall undirstrikar úttekt eigenda úr rekstrinum umfram það sem búin skila í hagnað fyrir laun eigenda. Ýmis fleiri dæmi má rekja úr áliti sjömannanefndarinnar sem öll ber að sama brunni, þ.e. að sú stefna sem mörkuð var með samningum 1991 hafi ekki reynst kúabændum sem skyldi."

Þrátt fyrir samninginn, eins og ég las hér, hefur aðeins orðið óveruleg aukning í greininni. Skuldir mjólkurframleiðenda hafa hins vegar aukist stórkostlega og þeir hafa í miklum mæli étið upp það eigið fé sem þeir áttu áður í búum sínum og eru komnir niður í rúmlega 39% árið 1996.

Það er full ástæða til þess, þegar menn skoða þessa þróun, ef þróun skal kalla því þetta er ekki þróun heldur öfugþróun, þá er full ástæða til þess að menn endurskoði það kerfi sem byggt hefur verið á í sambandi við þennan búvörusamning. Það er alveg ljóst að með honum hefur ekki tekist að ná því sem átti að ná, þ.e. að tryggja bættan hag framleiðenda og neytenda í senn. Það hefur ekki skilað tilætluðum árangri eins og fram kom í þessum tölum.

„Með hinum nýja samningi er stefnt að eftirfarandi markmiðum:

1. Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.

2. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg fjárfesting geti orðið.

3. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir innanlandsmarkað og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir ..."

Því miður þá má lesa það af þeirri úttekt sem gerð hefur verið á reynslunni af framkvæmd búvörusamningsins að markmið um hagræðingu hefur ekki náðst nema að mjög litlu leyti. Afkomutölurnar sem ég rakti hér áðan og fram

koma í áliti sjömannanefndarinnar benda eindregið til þess að sú leið sem valin var 1991 hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Þess vegna er a.m.k. ástæða til þess að óttast það að með því að að framlengja samninginn á svipuðum grundvelli og með svipuðum hugsunarhætti og samningurinn frá 1991 var byggður á, þá séu menn að feta enn lengra út á þessa óheillabraut.

Þrátt fyrir þann stuðning sem kemur fram í búvörusamningnum er það því miður staðreynd að landbúnaðurinn stendur nú hallari fæti, mjólkurframleiðslan, en hún gerði þegar búvörusamningurinn var gerður. Matvæli eru enn mun dýrari fyrir neytendur á Íslandi en í þeim löndum sem við skiptum við. Þess vegna er mjög eðlilegt að menn spyrji sig hvort ekki sé ástæða til þess að láta af þessari miðstjórn í landbúnaðarkerfinu, láta af þessari ríkisforsjá og forsjárhyggju, en leyfa bændum þess í stað að ráða í meira mæli framleiðslu sinni og verðlagningu, og búa sig þannig undir þá samkeppni sem óhjákvæmilega verður innan fárra ára í þessari framleiðslugrein. Við jafnaðarmenn teljum að fremur eigi að stíga skref í þá átt en að reyna að halda áfram á svipaðri braut og menn hafa verið með búvörusamningnum, þegar niðurstaðan er sú að samningnum hefur ekki einu sinni tekist að hamla á móti rýrnandi eiginfjárstöðu mjólkurframleiðenda. Hún hefur haldið áfram að rýrna þrátt fyrir samninginn og þess vegna er spurning hvort menn ættu ekki að venda sínu kvæði í kross og taka upp þá starfshætti sem gefist hafa vel í öllum öðrum atvinnugreinum, þ.e. innleiða í meira mæli frelsi til ákvarðana um eigin framleiðslu og lögmál markaðarins í sambandi við verðlagningu og samkeppni.

Nú vil ég taka fram að ég er alls ekki með þessum orðum að gera lítið úr því sem gerst hefur í mjólkurframleiðslu á Íslandi því að vöruvöndun er þar mikil, fjölbreytni í framleiðslu sömuleiðis og íslenskur mjólkuriðnaður hefur brugðist vel við hvað slíka hluti varðar. En það breytir ekki hinu að verðið á framleiðsluvörunum er enn of hátt, þótt nokkur lækkun hafi átt sér stað ef litið er yfir lengri tímabil og afkoma bænda í núverandi kerfi er gersamlega óviðunandi. Þetta kynni að breytast til batnaðar ef menn notuðu aðrar aðferðir til stjórnunar en notaðar hafa verið til þessa og treystu bændum sjálfum betur til þess að sjá fótum sínum forráð og dragi úr þeirri miklu miðstýringu sem menn hafa viðhaft í þessari atvinnugrein um margra ára og áratuga skeið, flestum eða öllum til óþurftar og ófarnaðar.

Virðulegi forseti. Með tilvísan til þeirra röksemda sem hér hafa komið fram og eru finnanlegar í nál. minni hluta landbn. á þskj. 1403 er lagt til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar þannig að ríkisstjórnin gefi sér tíma til þess að gaumgæfa aðra möguleika og leggi síðan fyrir Alþingi á komandi hausti aðra og ásættanlegri lausn en þá sem ekki hefur skilað meiri árangri en ég var hér áðan að lýsa.

[14:15]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um búvörusamning, þ.e. eiginlega mjólkurhluta hans. Það er að mestum hluta framlenging á samningi sem áður var í gildi. Sjálf hefði ég nú kosið að reynt yrði að fara nýjar leiðir í þessu máli að einhverju leyti og taka upp kerfi sem væri að einhverju leyti sveigjanlegra. Þetta er hins vegar sú leið sem bændur á Íslandi völdu að fara og sömdu um við stjórnvöld.

Þessi samningur var svo borinn undir atkvæði þeirra sem hafa mjólkurkvóta á Íslandi. Þátttaka í þeirri atkvæðagreiðslu var reyndar ekki mjög góð en af þeim sem greiddu atkvæði samþykktu yfir 90%, ef ég man rétt, samninginn.

Síðan kemur samningurinn til umfjöllunar í hv. landbn. og þá gerist það að í nefndinni rís mikil andstaða gegn einu ákvæði í samningnum sem búið er að fara til atkvæðagreiðslu. Það er kannski það atriði í þessum samningi sem var mest nýlunda, var tilraun til að setja bremsu á kvótabraskið í landinu að einhverju leyti, taka upp sérstakan markað sem öll kvótaviðskipti færu um. Það átti að vera blindur markaður og var talað um það í nefndinni að slíkt uppboð á kvóta yrði kannski fjórum sinnum á ári.

Mér þótti þetta geta horft til mikilla framfara og orðið til þess að verð á kvóta í landbúnaðinum mundi lækka. Það hefur eins og allir vita verið erfitt að byrja og erfitt að bæta við sig í þessari grein vegna þess hve verðið á kvótanum hefur verið óraunhæft.

Þessi mikla andstaða, sérstaklega sjálfstæðismanna í landbn., varð til þess að þessum samningi sem borinn hafði verið upp í atkvæðagreiðslu, þó hún geti verið umdeilanleg, — ég kem að því síðar — og verið samþykktur þar, er breytt í meðförum hv. landbn. Nú er hann hér kominn til 2. umr. breyttur og virðist ekki talin þörf á að setja hann í aðra atkvæðagreiðslu. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum. Ég lít svo á að gerður hafi verið samningur milli ríkisvaldsins og bænda og í sjálfu sér sé það ekki á valdi landbn. að breyta samningnum einhliða heldur verði að setja samninginn í aðra atkvæðagreiðslu eftir að honum hefur verið breytt. Það er mitt mat.

Að öðru leyti vil ég ræða aðeins um þessa atkvæðagreiðslu. Mér finnst í sjálfu sér réttlátt að þeir greiði atkvæði um samninginn sem varðar hvað mest um það sem í honum er. Mér hefði fundist óréttlátt ef loðdýra- og svínabændur hefðu hugsanlega getað fellt samning fyrir mjólkurbændum.

Nú er það svo að skipulag Bændasamtakanna er þannig að þau eru í rauninni ein deild, þetta eru ódeildaskipt samtök. Mér finnst það athugunarefni fyrir bændasamtökin, ef þau ætla ekki að láta alla sína félagsmenn greiða atkvæði um hvert einstakt atriði, að þau deildaskipti sínum félögum þannig að ekki sé hægt að vefengja gildi slíkrar atkvæðagreiðslu.

Þetta voru þær athugasemdir sem ég hafði helstar við þennan samning, herra forseti, og hef ég því ekki þessa ræðu lengri.

[14:21]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sérstakt fagnaðarefni að ákvæði um einn kvótamarkað, uppboðstilboðsmarkað í mjólk skuli vera afnumið í meðförum þingsins og hv. landbn. áður en gengið er frá lagasetningu um þennan búvörusamning í mjólk. Ég er sérstaklega glaður yfir því að það tókst að fella út ákvæði um tilboðsmarkað og að greiðslumark í mjólk skuli ekki fara allt um einn tilboðsmarkað. Ég er því alveg á öndverðum meiði við hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um það áðan að forræðishyggja væri of mikil í landbúnaði. Með einum tilboðsmarkaði stefndi í að forræðishyggja yrði aukin. Það viljum við ekki og eins og hv. þm. sagði þá stóðu sjálfstæðismenn sérstaklega gegn þessu ákvæði. Ég fagna því að niðurstaða náðist um að tilboðsmarkaðurinn verði ekki tekinn upp heldur verður annarra leiða leitað í eðlilegum viðskiptum með greiðslumark í mjólk.

[14:22]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér nú í sjálfu sér ekki á óvart að hv. þm. Hjálmar Jónsson skuli taka til máls í andsvari og verja afstöðu sína í kvótamarkaðsmálum. Það fór ekkert á milli mála í vinnu í nefndinni að við vorum þar mjög ósammála.

Ég tel að þeir sem þrýstu mest á okkur í landbn. um að taka þetta ákvæði út séu fyrst og fremst þeir sem telja sig hafa hag af kvótasölu og kvótabraski. Það er alla vega mín reynsla. Það er líka þekkt að sum héruð í landinu hafa sankað að sér meiri kvóta en önnur og töldu sig mundu bera skarðan hlut frá borði ef þessi kvótamarkaður yrði samþykktur.

Slíkur kvótamarkaður er starfræktur víða, t.d. í Kanada, og hefur gefist mjög vel. Mér fannst það mjög merk tilraun sem átti að fara að gera þarna og harma mjög að svo skyldi fara í meðförum nefndarinnar að þetta ákvæði yrði tekið út og ég efast líka um lögmæti þess.

[14:23]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um að sum héruð hafi sankað að sér kvóta meira en önnur. Það hafa verið frjáls viðskipti með greiðslumark í mjólk og engin sérstök undirmál í því. Menn hafa keypt á því verði sem aðilar hafa komið sér saman um. Það hefur auðveldað viðskipti með greiðslumark, auðveldað nýliðun í landbúnaði og mætti þannig lengi telja.

Í ræðu sinni nefndi hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir að um 90% bænda hefðu samþykkt búvörusamninginn eins og hann var lagður fyrir þingið. Það er vissulega rétt en þeir höfðu ekkert val. Þeir urðu að gjöra svo vel og samþykkja eða hafna. Stóri kosturinn við þennan samning er sá að nú er samið til langs tíma. Það er hagur fyrir báða aðila, ríkið og bændur og skapar ákveðið öryggi í greininni. Ég er viss um að mjög margir bændur treystu því að Alþingi mundi lagfæra þetta atriði samningsins enda ekki hægt að ganga frá lögfestingu hans öðruvísi en Alþingi samþykki þau lög sem við erum hér að véla um.

[14:25]

**Sigríður Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, við deilum auðvitað ekki um að samningurinn tekur ekki gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt hann sem lög. Það er hins vegar spurning hvort þetta er sami samningurinn og borinn var upp í atkvæðagreiðslu. Ég lít alla vega þannig á að þetta atriði, í 14. gr. um opna kvótamarkaðinn, hafi verið eitt af því sem hagstæðast var í þessum samningi og horfði til mestra framfara, að fá kvótaviðskiptin upp á borðið í eitt skipti fyrir öll. Mér finnst að samningurinn hafi mjög breytt um eðli við að fella þessa grein út og ég hygg að það kunni fleiri bændum að finnast.

[14:26]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ekki verður um það deilt að Alþingi fer með löggjafarvald í landinu. Ekkert á að geta truflað það. Hins vegar byggir Alþingi stundum á samkomulagi sem gert er í samfélaginu, byggir á samkomulagi sem gert er við samtök launafólks, byggir á samkomulagi sem gert er við bændur og þeirra samtök. Um þetta þekkjum við að sjálfsögðu mörg dæmi. Nú nýlega voru samþykkt lög um breytingar á löggjöf um lífeyrisréttindi sem byggðu á slíku samkomulagi, bæði almenn rammalöggjöf sem sett var í landinu um alla lífeyrissjóði og hins vegar löggjöf um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fjölmörg önnur lög má nefna í þessu sambandi. Í sumum tilvikum finnst svokölluðum aðilum vinnumarkaðar Alþingi ekki ganga nógu langt í þessu efni. Það risu t.d. miklar deilur um það á sínum tíma á milli opinberra starfsmanna og ríkisstjórnarinnar þegar breytingar voru gerðar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá töldu samtök launafólks að ríkisstjórnin hefði átt að ganga til samninga við viðkomandi samtök. Ríkisstjórnin var ekki reiðubúin að gera slíkt.

Hér, í þessu tilviki, var hins vegar ákveðið að byggja lagasetningu á samkomulagi sem gert var við bændur. Þetta samkomulag á sér alllangan aðdraganda. Svokölluð sjömannanefnd vann að undirbúningi málsins í nokkuð langan tíma. Aðild að þeirri nefnd eiga fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka. Þegar þessi sjömannanefnd hafði skilað af sér þá gengu Bændasamtökin og ríkisstjórnin, landbrh. fyrir hennar hönd, að samningaborði og undirrituðu samning. Frv. sem hér er til umræðu er til að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna þessa framangreinda samnings.

Nú er þeirri spurningu beint til hæstv. landbrh.: Hvað veldur því að hann ætlar ekki að virða þann samning sem hann gerði við Bændasamtökin í þessu efni? Mér finnst það vera grundvallaratriði að fá það fram. Síðan þarf að ræða þá efnisbreytingu sem hér er gerð, en samkvæmt 14. gr. frv., eins og það var upphaflega lagt fram, er gert ráð fyrir því, svo vitnað sé í frv., að:

„Öll viðskipti með greiðslumark skulu fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra."

Að mati þeirra sem um þessi mál hafa fjallað er hugsunin að baki þessari lagagrein sú að með almennum markaði sem komið yrði á fót megi ná verðlagi á kvótanum niður. Almennt er talið að þetta sé til hagsbóta og auðveldi nauðsynleg viðskipti á þessu sviði. Ég leyfi mér því að gera efnislega athugasemd við þetta en jafnframt mjög alvarlega athugasemd við þessa framkomu gagnvart bændum og þeirra samtökum. Mér finnst hún óskiljanleg og óafsakanleg með öllu.

[14:31]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú gott að fram kom hjá hv. þm. að löggjafarvaldið liggur hjá þinginu. Mig langar að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvaða kosti hann sér helsta við einn tilboðsmarkað í mjólk. Hann nefndi hér að með því hefði verið hægt að ná niður verði á kvótanum. Mig langar að spyrja hvernig hægt hefði verið að ná niður verðinu á kvóta með því að setja honum einn ákveðinn tilboðsmarkað öðruvísi en þannig að handstýra verðinu, hafa áhrif með handafli á verðið, festa það einhvern veginn. Núna eru viðskiptin frjáls og á því verði sem báðir aðilar koma sér saman um, kaupandi og seljandi. Þeir hljóta báðir að velta fyrir sér sínum hagsmunum og hvernig þeim er best borgið.

Líka má benda á að sauðfjárhluta búvörusamningsins var einnig breytt af hálfu löggjafarvaldsins, hv. Alþingis, fyrir tveimur árum og gerðar voru lagfæringar að flestra dómi þar á. Ég hafna því algerlega að þær breytingar sem hv. Alþingi kemur væntanlega til með að gera á búvörusamningnum í mjólk spilli í einhverju fyrir þessum samningi eða upphefji hann. Það er öðru nær. Það er verið að staðfesta samninginn og ég er alveg óhræddur við dóm þeirra sem eiga að búa við

hann eftir að þessar lagfæringar hafa verið gerðar á honum.

[14:33]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vísa í rök þeirra sem um véluðu á sínum tíma eins og ég gerði áðan en eftir því sem mér skilst er almennt litið svo á að ef menn eru komnir með verðlagninguna á einn stað, inn á blindan markað, þá sé það líklegra til að ná verðlagi niður en ef það er gert eins og gert er ráð fyrir í brtt. ríkisstjórnarinnar — ef til vill ætti ég að orða þetta öðruvísi — í brtt. Sjálfstfl. sem hefur knúið fram þessar breytingar á frv. því eins og hér hefur komið fram og kom fram í máli hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur þá eru það fulltrúar Sjálfstfl. sem knýja á um þessar breytingar. Það væri æskilegt ef hv. þm. Hjálmar Jónsson kemur upp aftur, sem ég sé að hann ætlar að gera, að hann skýri fyrir okkur hvers vegna Sjálfstfl. sýnir Bændasamtökunum þá vanvirðu sem gerð er með því að ganga á gefin fyrirheit og brjóta samkomulag sem gert var við Bændasamtökin. Auðvitað átti ég að beina orðum mínum til Sjálfstfl. sem hefur knúið fram þessar breytingar.

[14:34]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi það verið sjálfstæðismenn í landbn. sem einir sáu um að gera breytinguna þá er ég stoltur af því, en svo er ekki. Um þetta varð nokkuð almenn sátt í meiri hluta landbn. og vel það þannig að ég get ekki verið annað en glaður yfir þessari breytingu. Frjáls viðskipti með greiðslumark hefðu að öðrum kosti verið afnumin. Einn tilboðsmarkaður hefði lokað á bein tengsl kaupenda og seljenda greiðslumarks í mjólk. Það hefði verið það eina sem breyttist. Í raun og veru hefðu allir ókostirnir sem menn finna núna að viðskiptum með greiðslumark lifað af þennan samning. Eftir sem áður hefðu aðilar getað samræmt og haft samræmd afskipti af kvótamarkaðnum og ráðið verðinu. Ég veit reyndar að mikill hluti kúabænda var mótfallinn þessari fyrirhuguðu miðstýringu og því segi ég enn og aftur að ég hef engar áhyggjur af því að þeim falli ekki vel að lifa við samninginn með þessari breytingu og endurtek að Landssamband kúabænda samþykkti tilboðsmarkaðinn með naumum meiri hluta, með naumasta meiri hluta sem hægt var.

[14:36]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sættir í anda Sjálfstfl. eru mjög sérkennilegt fyrirbrigði en Sjálfstfl. hefur sérhæft sig í því á Alþingi að knýja fram sættir. Það má vel vera að Sjálfstfl. og fulltrúum hans í landbn. hafi tekist að knýja fram sátt í þessu máli en það eru þeir sem stóðu fyrir þessum breytingum. Hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur ekki svarað því enn hvers vegna — ég sakna þess af því ég innti hann sérstaklega eftir því — Sjálfstfl. vill ekki virða samkomulag sem gert er við Bændasamtökin, (**HjálmJ:** Ég svaraði því.) en frv. er reist á því samkomulagi sem gert var við Bændasamtökin. „Ég svaraði", segir hv. þm. Það gerði hann ekki. Hann vísar í minni hluta úr atkvæðagreiðslu á meðal bænda. Ég hefði haldið að eðlileg vinnubrögð í þessu máli hefðu verið þau að ganga að nýju á fund Bændasamtakanna og freista þess að ná raunverulegri sátt um málið en ekki sátt í anda Sjálfstfl. sem menn eru senn að fá sig fullsadda á, bæði á Alþingi og held ég líka almennt í þjóðfélaginu.

[14:38]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Það gengur stundum undir heitinu búvörusamningurinn eða mjólkursamningurinn.

Herra forseti. Ástæðan fyrir að ég stíg í pontu er fyrst og fremst sú að ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð þegar landbúnaðarmálin eru annars vegar — nú er ég sérstaklega að tala um þetta mál — þ.e. að ráðherra semur einhliða við Bændasamtökin og síðan er komið með þann samning hingað til lögfestingar. Núna, ári fyrir alþingiskosningar, á að festa ríkjandi stefnu eða þá stefnu sem nú hefur verið samið um til ársins 2005, þ.e. frá árinu 1998 til 2005. Er nokkur furða, herra forseti, að hægt gangi að breyta þessum málum á meðan vinnubrögðin eru af þessu tagi?

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég er sammála þeim markmiðum sem sett eru fram á bls. 7 í þessu þskj. Þar er upptalning í þremur liðum, með leyfi forseta:

„1. Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.

2. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.

3. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar."

Ég tel að þetta séu allt saman góð og gild markmið en ég er alls ekki sannfærð um að sú leið sem hér er lögð til sé sú eina rétta eða sú sem er best. Ég tel fullkomlega óeðlilegt að þinginu sé núna stillt upp við vegg og ætlað að semja um ástand þessara mála til ársins 2005. Við kvennalistakonur viljum að sjálfsögðu að hér sé blómlegur landbúnaður og öflug mjólkurframleiðsla en teljum að almennt verði að vinna markvissar að því að landbúnaðurinn verði rekinn eins og hver önnur atvinnugrein sem taki mið af þörfum markaðarins og óskum neytenda án þess að kjör bænda verði eins léleg og þau eru nú. Ég er sannfærð um að það ástand sem nú á að fara að lögfesta muni ekki tryggja þetta nægjanlega vel. Ég spyr, herra forseti: Hvers vegna? Væri ekki eðlilegra að farið yrði með þetta mál í kosningar, að þjóðin fengi að kjósa um það hvernig landbúnaðarmálunum verður skipað hér næstu árin? Þessi aðferð er til þess eins fallin að festa í sessi styrkjakerfi og milliliði og það ástand sem hér varir í landbúnaði, festa það varanlega í sessi og það er einmitt gert svona. Ári fyrir kosningar eru málin lögfest sjö ár, í þessu tilfelli, fram í tímann.

Ég tel, herra forseti, að þetta séu ekki boðleg vinnubrögð fyrir Alþingi. Við kvennalistakonur eigum ekki aðild að landbn. þannig að ég ætla mér ekki að fara út í ítarlega efnislega umræðu um þennan samning, en vildi gjarnan að þetta sjónarmið kæmi fram.

[14:42]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði að framkvæmdarvaldið, þ.e. hæstv. landbrh., gerir samning við samtök bænda sem kemur síðan til löggjafarvaldsins til þess að hann hljóti staðfestingu. Þannig hefur þetta gengið og

það er fullkomlega eðlilegt. Alþingi þarf að staðfesta slíka samninga.

Að samið sé til langs tíma, í þessu tilviki til 2005, hefur afgerandi kosti í för með sér. Það tryggir einmitt það sem hv. þm. var að segja, að landbúnaðurinn verði rekinn sem arðbær atvinnuvegur og sem hver annar atvinnuvegur, ef ég man þetta rétt, og tryggir líka að kjör bænda verði ekki léleg heldur fari batnandi og hægt sé að byggja greinina upp til lengri tíma með meiri hagkvæmni að leiðarljósi. Þess vegna er mikilvægt að gera samning til langs tíma.

[14:43]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Samninginn þarf að gera til langs tíma vegna þess að hérna er ríkisstyrkjakerfi og mikið kerfi sem ríkið þarf að vera aðili að. Ef þetta væri frjáls atvinnuvegur væri samningurinn fullkomlega óþarfur þannig að með því að festa þetta til sjö ára er verið að segja að ástand mála eigi að vera í sama farvegi og það hefur verið nú. Því er ég að mótmæla og einnig því að þjóðin fái aldrei að segja sína skoðun í kosningum um þessi mál.

[14:44]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur að landbúnaður sé rekinn með meira styrktarkerfi hér en í öðrum löndum. Það er alger misskilningur. Landbúnaður í Evrópu sérstaklega er rekinn á verulegum styrkjum en það er óvíða, ef nokkurs staðar, sem ríkisframlög hafa minnkað jafnmikið á undanförnum árum og á Íslandi. Þetta viðurkenndi meira að segja og skýrði hv. þm. Ágúst Einarsson við 1. umr. um þetta frv.

[14:45]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að mótmæla því. Mér er fyllilega ljóst að bændur hafa tekið á sig þann skell sem fylgir því að niðurgreiðslur til þeirra hafa verið lækkaðar verulega. Ég ætla ekki að bera það saman við útlönd, ég veit líka að miklir styrkir eru í Evrópu til landbúnaðarins. Það sem ég er að segja er að mér finnast það vera ólýðræðisleg vinnubrögð að Bændasamtökin semji einhliða við ráðherra og síðan hafi þingið engan annan kost en samþykkja þann samning. Þjóðin er aldrei spurð hvort hún vilji þetta kerfið eða hitt í landbúnaðarmálum. Ég held það sé kominn tími til þess í kosningum.

[14:46]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Um langt skeið, sennilega svo lengi sem þessi stofnun sem við erum stödd í hefur staðið, hafa ýmsir aðilar í þjóðfélaginu komið sér saman um tilteknar pólitískar niðurstöður og Alþingi litið þannig á að eðlilegt væri að staðfesta þær niðurstöður. Það þýðir ekki að Alþingi hafi afsalað sér neinu valdi, í rauninni er það þvert á móti. Alþingi hefur sýnt það sjálfstæði og þann myndugleik að fallast á niðurstöður annarra í þjóðfélaginu. Alþingi hefur ekki verið svo smátt í sniðum að því hafi fundist að það þyrfti endilega að breyta því sem menn kæmust að niðurstöðu um í þjóðfélaginu.

Alþingi hefur sem sagt nálgast þessi mál af reisn en ekki þannig að það teldi sig þurfa að breyta öllu sem aðrir ákveða því annars væri vegur og sómi Alþingis í voða. Mér finnst stundum, í umræðan um það sem gerist í samfélaginu, ekki síst hjá hv. þm. Sjálfstfl. t.d. hv. þm. Pétri Blöndal, að eiginlega sé talað um það eins og hámarkið á niðurlægingu þingræðisins þegar Alþingi hefur vit á að fallast á það sem viðtæk þjóðfélagsleg sátt er um.

Mér finnst dálítið skrýtið þegar þingmenn gleyma því að Alþingi er niðurstaða samfélagsins. Við erum kosnir af þjóðinni og það getur verið sama þjóðin sem kemst að niðurstöðu um tiltekið mál eins og t.d. lífeyrismálin fyrir nokkrum missirum eða mánuðum. Þá var afstaða okkar sú að við féllumst á það og vegur Alþingis varð meiri fyrir en ekki minni, af því Alþingi hafði vit á því að taka þannig á málum.

Hún er undarleg minnimáttarkenndin sem virðist hríslast um þingmenn stundum þegar menn komast að einhverri niðurstöðu í samfélaginu. Þá virðast sumir menn endilega vera á móti því af því að þeir eru orðnir Alþingismenn, jafnvel með stórum staf. Þessi minnimáttarkennd er auðvitað alveg óskaplega leiðinleg, herra forseti. Hún á í raun og veru ekki heima hér í þessari stofnun og hefur ekki átt. Alþingi hefur alltaf haft vit á því í að sýna reisn að þessu leyti. Það þarf nefnilega reisn og styrk til að fallast á það sem aðrir leggja til. Það þarf fyrst og fremst reisn og styrk til þess fremur en til þess að rísa einlægt upp á móti öllu því sem aðrir kunna að hafa komist að niðurstöðu um og þykjast endilega vera betri sjálfir í að fjalla um mál, hver sem þau eru.

Mér finnst að í afstöðu Sjálfstfl. í því máli sem hér er á dagskrá komi fram alveg ótrúleg forræðishyggja og ekkert annað. Mér virðist gefið í skyn að hann viti betur, Sjálfstfl. viti betur og hann eigi því að ákveða að það sem bændur og samtök launafólks og stjórnvöld hafa komið sér saman um sé vitleysa. Það á að reka þessa aðila í burtu með það af því Sjálfstfl. veit betur. Nú er hann auðvitað, því miður eftir þessar kosningar, herra forseti, annars vegar að springa af hroka og hins vegar af geðvonsku. Hroka vegna dreifbýlisins en geðvonsku út af Reykjavík. Auk þess er hann að springa af stærð og það getur nú vel verið að það gerist, öllum til ánægju áður en langur tími líður.

Veruleikinn er sá að Sjálfstfl. finnur alveg sérstaka þörf fyrir að ráðast að bændum, bændum af öllum þjóðfélagshópum. Það er alveg ótrúlegt vegna þess að þeir samningar sem hér er verið að tala um eru samningar sem bændur fengu að hlutast til um. Af hverju eiga bændur að hafa eitthvað minni rétt en aðrir þjóðfélagshópar sem við höfum svo að segja stimplað fyrir, á færibandi aftur og aftur, hagsmunamálin, hér í þessari stofnun? Af hverju má endilega taka bændur út úr og segja: Þeir skulu sko fá að finna til tevatnsins af því Sjálfstæðisflokkurinn með stórum staf og greini er þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera öðruvísi. Þessi hroki gagnvart bændastéttinni af hálfu Sjálfstfl. sem kemur fram í þessu máli, er auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Menn gætu haldið ræður um að það hafi verið undarlegt af Framsfl. að beygja sig undir þetta. Auðvitað get ég sagt það. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það og leiðist að Framsfl. virðist láta beygja sig í þessum efnum. Ég ætla ekkert að fara að setja á einhverjar ræður um það núna. Því miður er það þannig að Framsfl. er í þessu stjórnarsamstarfi og vonandi fer hann úr því sem fyrst. Veruleikinn er hins vegar sá að Sjálfstfl. hefur haft þessa forustu og hreykir sér af því hér í ræðustólnum. Ég man nú ekki eftir því fyrr að annar flokkurinn í stjórnarsamstarfi hafi hreykt sér af því að hafa hinn undir. Hv. 2. þm. Norðurl. vestra hefur með kristilegu hugarfari lýst því hvernig hann nálgast þetta mál. Hann hefur haft Framsókn undir og talar heldur digurbarkalega um að hann sé montinn af því að hafa komið Framsókn á knén

í þessu máli. Hann má svo sem vera montinn af því mín vegna. Ég get ekki hrósað hv. þm. fyrir það.

Aðallega finnst mér, herra forseti, málið snúast um að hér er verið að sýna hópi í þjóðfélaginu, sem í rauninni býr við gífurlega erfiða stöðu, vald. Ég dreg stórlega í efa, herra forseti, að aðrir hópar í þjóðfélaginu hafi orðið fyrir meiri kjaraskelli á undanförnum árum og bændur. Hið merkilega er að þeir hafa samþykkt það sjálfir. Þeir hafa sjálfir tekið þátt í því að taka niður kjör sín í þágu þjóðarheildarinnar. Það er ekki þannig að þjóðarheildin hafi staðið undir þessu með bændum þannig að hún geti litið svo á að bændur hafi sloppið og skattgreiðendur aðrir hafi tekið á sig byrðar. Það er ekki þannig. Veruleikinn er sá að bændurnir hafa tekið á sig þennan skell, langt umfram það sem að mörgu leyti hefði verið eðlilegt, af því að kjör bænda eins og þau voru, framleiðsla landbúnaðarvara eins og hún var var ákveðin af þjóðinni sem hluti af byggðastefnu sem menn mikluðust af, einkum í Framsfl. og Sjálfstfl. um langt árabil.

Það eru ekki mörg ár síðan menn voru að keppast um það, Framsfl. og Sjálfstfl. í dreifðum byggðum landsins, hvor flokkurinn hefði stuðlað að meiri jarðræktarframkvæmdum. Sá flokkurinn sem gat sýnt fleiri hektara á sínu landbúnaðarráðherraskeiði var betri flokkur. Sá sem gat bent á fleiri súrheysturna var betri flokkur. Sá sem gat bent á fleira sauðfé var betri flokkur. Síðan má ekki gleyma skurðunum. Svona voru þessir flokkar fyrir nokkrum árum. Þetta hefur auðvitað breyst.

Ég man eftir því þegar hv. þm. Egill Jónsson flutti ræðu fyrir allmörgum árum um að ákveðin ríkisstjórn væri verri en allar aðrar ríkisstjórnir af því að sauðfé hefði fækkað svo mikið í hennar tíð og skurðir styst, ekki lengst sem skyldi. Vandinn með sauðféð var aðallega sá að því hafði fækkað gífurlega og hv. þm. Egill Jónsson fór yfir þetta kjördæmi fyrir kjördæmi og þá sagði einn af þm. Sjálfstfl.: Það er greinilegt að ekki hefur sauðunum fækkað í Sjálfstfl., af þessu tilefni og varð af mjög fleyg saga.

Þetta er ég að rifja upp, herra forseti, vegna þess að það er örstutt síðan þjóðarsátt varð um, þetta var ekki bara Framsfl. og Sjálfstfl. að kenna, að það yrði að auka framleiðsluna á landbúnaðarvörum verulega af því menn vildu ekki vera háðir innflutningi á smjöri frá Danmörku eða Júgóslavíu eins og fyrir 40 árum eða svo. Það er nú ekki lengra síðan, þannig að það var samstaða um þetta. Svo spanast þessi framleiðsla upp, langt umfram það sem nokkur glóra er í.

Rannsóknarráð ríkisins gaf út skýrslu um að það eðlilegt væri að hér í landinu væri sauðfé, ein og hálf milljón á vetrarfóðrum. Það væri eðlilegt að stefna að því. Menn sjá af þessu hvurslags glórulaus vitleysa þetta hefur verið. Ég ætla ekkert að rifja upp hver var þá framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins, það var mætur maður. En svona var þetta.

Er það þá þannig að bændur einir ættu að taka á sig kjaftshöggið af þessari vitlausu offramleiðslustefnu sem þjóðin í heild með fulltrúum sínum í þessum stólum hafði tekið ákvörðun um? Svar mitt er nei. Bændur áttu ekki einir að taka það á sig, en þeir hafa í rauninni að verulegu leyti tekið þetta á sig (**GÁ:** Hver var fjmrh. þegar þetta var?) og kjaraskerðing bænda hefur verið meiri en annarra.

Það sem hv. þm. er þá væntanlega að tala um er ... (**GÁ:** Hver var fjmrh. þegar skellurinn kom?) Þegar skellurinn kom? Skellurinn kom vegna þess, herra forseti, að það var ekki hægt að fá þjóðina til að torga meiru af dilkakjöti. (**GÁ:** Það féllu markaðir.) Og það féllu markaðir. Það hafði ekkert með fjmrh. að gera en frammíkallið lýsir þessari ómerkilegu þúfnapólitík sem Framsfl. hefur rekið í landbúnaðarmálum. Veruleikinn snerist ekki um þetta. Veruleikinn snerist um það, herra forseti, ... (**Gripið fram í:** Hver var landbrh. á þessum árum?) Það var Steingrímur Hermannsson. (**Gripið fram í:** Nei!) Veruleikinn snerist um það, herra forseti, að það var samstaða um það með meiri hluta þjóðarinnar að spana upp með landbúnaðarframleiðsluna þangað til menn ákváðu að semja sig út úr því. Og hverjir voru þá ráðherrar í ríkisstjórn Íslands? Steingrímur J. Sigfússon var landbrh., Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. og forsrh. var þá Steingrímur Hermannsson.

Framsfl. var aðili að þeirri niðurstöðu og sú niðurstaða var algerlega óhjákvæmileg vegna þess að það var ekkert annað að gera. Það var hvorki hægt að fá þjóðina til að torga meiru dilkakjöti né heldur útlendinga, jafnvel þótt þeim væri gefið það dilkakjöt. Þetta er veruleikinn og að ætla sér svo núna, þegar verið er að gera samning um mjólkina, að koma eins og Sjálfstfl. er að gera og segja: Við viljum hafa vit fyrir bændum í þessu máli. Forsjárhyggja Sjálfstfl. gagnvart bændastéttinni í þessu máli er hneyksli, herra forseti, og hef ég lokið máli mínu.

[14:57]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sýndi hér að það er bæði hroki og geðillska sem stendur upp úr honum eftir kosningarnar. Ég veit ekki af hvoru er meira en þetta er í einum og sama manninum. Við erum vissulega glaðir, sjálfstæðismenn úti um land, hvernig til hefur tekist og engin ástæða til að rifja það öllu frekar upp. Ég vil benda hv. þm. á að helmingurinn af Framsfl. í hv. landbn. var algerlega á sama máli og sjálfstæðismennirnir um að afnema þennan kvótamarkað. Við vorum einfaldlega í sambandi við bændur vítt og breitt um landið og heyrðum það á hverjum fundinum með bændum eftir annan að eini þyrnirinn í þeirra augum var þessi uppboðsmarkaður með greiðslumark á mjólk. Það er fyrst og fremst vegna þess að við erum í nánum tengslum við okkar kjósendur sem við gerum þetta og leggjum þetta til, fyrir utan það að þetta á hver heilvita maður að sjá sjálfur sem athugar málið.

Hv. þm. talaði um forræðishyggju í málflutningi sjálfstæðismanna. Það er nú öðru nær. Í þessu máli er forræðishyggjan minnkandi, hún hefði vaxið að mun ef kvótamarkaðurinn hefði verið tekinn upp, það er alveg gefið mál. Ég hef ekki sé meiri forræðishyggju í nokkru máli eða heyrt af, síðan Sovétríkin liðu undir lok. Hugmyndin að reyna að koma þessum kvótamarkaði inn var sprottin af einhverjum slíkum kenndum og það er von að hv. þm. Svavar Gestsson sé á móti slíku.

[14:59]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er von að hv. þm. Svavar Gestsson skuli vilja koma á þessu sovétkerfi, eins og Ari Teitsson, Guðmundur Lárusson, Guðmundur Þorsteinsson, Hjörtur Hjartarson, Pétur Helgason, Guðmundur Bjarnason og Friðrik Sophusson. Það er von að hv. þm. Svavar Gestsson skuli vilja koma á þessu sovétkerfi. Þetta blaður er hv. þm. Hjálmari Jónssyni ekki sæmandi og er þá langt til jafnað.

Veruleikinn er sá að fjöldinn allur af bændum, aðallega minni mjólkurbændur í þessu landi, sjá vonir um að auka við sinn bústofn hverfa með þeirri aðferð sem verið er að koma á

með tillögum Sjálfstfl., sem helmingurinn af Framsfl. í landbn. stendur að. Nú er hér í salnum helmingurinn af Framsfl. í landbn., hv. þm. Guðni Ágústsson. Hann liggur undir grun um að vera sá sem stendur að þessu með íhaldinu nema hann þvoi það af sér.

[15:00]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. skipaði sér í virðulegan hóp með þessari ræðu og tilgreindi skoðanabræður sína. Gott og vel. En ég vil segja um þá bændur sem eru með litla framleiðslu í greininni að þeir hafa þó alltaf möguleika á því núna að hætta með þokkalegri reisn með því að selja sinn kvóta á því verði sem aðrir vilja kaupa hann, í stað þess að verða að afhenda hann fyrir ekkert eða lítið og ganga slyppir og snauðir frá ævistarfinu í sveitum.

Ég vil hins vegar einnig taka það fram að það er afleiðing, eins og hv. þm. sagði áðan, af landbúnaðarstefnu sem var rekin. Margt vitlaust hefur verið gert í landbúnaði af stjórnvöldum og af samtökum bænda á undanförnum áratugum. Það veit hins vegar hv. þm. Svavar Getsson miklu betur en ég, hann er búinn að standa hér og stjórna í það langan tíma.

Ég vil hins vegar líka gleðjast yfir því og er alveg sérstaklega ánægður með að landbúnaðurinn stefnir þó rétta leið til betri hags fyrir bændur og neytendur á allra síðustu árum.

[15:01]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir þetta svar því að það afhjúpaði málið algjörlega. Frumvarpsbreytingin mun auðvelda það fyrir menn, þá sem standa höllum fæti, að hætta og fá fyrir það eitthvert verð. Út af fyrir sig getur það verið. Það þýðir auðvitað að þeir sem eftir sitja og eru stórir og sterkir verða enn þá stærri og sterkari. Það er veruleikinn. Þeir sem eiga peninga og góða stöðu geta styrkt sig, hinir hætt.

Það getur vel verið að það sé markmiðið hjá Sjálfstfl. að leggja niður landbúnað á tilteknum svæðum þar sem um er að ræða bændur sem búa við tiltölulega lítil bú. (**Gripið fram í:** Hver var að tala um ...) Ég segi, herra forseti, í framhaldi af þessu frammíkalli, að þeir bændur sem ég þekki til, t.d. á vesturhluta landsins, séu nema fáir þeirra sérstaklega ánægðir með þessar tillögur hv. þm.

[15:02]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hv. landbn. fyrir vinnu hennar við afgreiðslu þessa frv. í nefndinni. Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart þó að tveir hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna hafi skilað séráliti og skipað sér í minni hluta við afgreiðslu málsins. Þeir hafa löngum haft nokkra sérstöðu varðandi stefnumörkun og aðgerðir sem varða stefnumótun í landbúnaði. Út af fyrir sig þarf ekki að fara mörgum orðum um það sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem mælti fyrir því nál. í fjarveru hv. þm. sem skipa sæti í hv. landbn. og höfðu skrifað undir minnihlutaálitið.

Það verður að koma fram að þó að talað hafi verið um það lengi að mikil miðstýring og ríkisafskipti væru í landbúnaði, þá er þetta þó stjórnkerfi sem bændastéttin og stjórnvöld hafa komið sér saman um. Um það hefur verið nokkur sátt þó að vafalaust megi finna eitt og annað í gegnum tíðina og segja að það hafi ekki gengið eftir eins og menn höfðu ætlað sér.

Þessi atvinnugrein er eins og svo margar aðrar, kannski allar aðrar í þjóðfélaginu, að þróast og breytast. Við búum við breytt rekstrarumhverfi og við þurfum auðvitað, í landbúnaði eins og annars staðar, að taka mið af því. Við höfum gjörbreytt mörgum þáttum í sambandi við stjórnun landbúnaðarmála og stærsta breytingin var auðvitað gerð með búvörusamningnum 1990–1991, sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni og hverjir að honum stóðu. Auðvitað var algjörlega óhjákvæmilegt að taka á málum þá, ég er sammála hv. þm. um það.

Hitt er svo annað mál að við hefðum kannski viljað sjá aðra þróun en orðið hefur síðan og ég hygg að búvörusamningurinn sem þá var gerður hafi að mörgu leyti tekið mið af því. Menn væntu þess að þróunin yrði önnur. Menn væntu þess að það yrði t.d. ekki svo mikill samdráttur í neyslu innan lands eins og raun ber vitni, á sauðfjárafurðum og dilkakjöti. Við það brast í raun sá búvörusamningur og því hefur afkoma sauðfjárbænda orðið miklu slakari og erfiðari en menn gerðu ráð fyrir þegar þeir gengu til þess samnings.

Því var það líka niðurstaða núverandi ríkisstjórnar að ganga í það mál sem fyrsta verk í landbúnaðarmálum að endurskoða þann samning og reyna að ná nýjum samningi varðandi sauðfjárframleiðsluna. Það tókst og hefur nú þegar breytt nokkru um afkomu og aðstöðu manna í þeirri grein. Sjálfsagt má þó gera betur og um það geta alltaf verið skiptar skoðanir.

Ég leyfi mér að fullyrða að sá samningur sem nú liggur fyrir um framleiðslu og vinnslu mjólkur sé stórt skref í rétta átt, verði til þess að styrkja stöðu þeirra bænda sem þá atvinnugrein stunda og renna styrkari stoðum undir landbúnaðinn þó auðvitað megi gera það með einhverjum öðrum hætti.

Það sem ég ætlaði að nefna og tengja ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er að í þessum samningum báðum er stigið stórt skref til þess að draga úr hvers konar stjórnvaldsstýringu, styrkja atvinnugreinina sem sjálfstæða atvinnugrein og draga úr ríkisafskiptum, m.a. með gjörbreytingu á verðlagsmálum, sem er kannski stærsti þátturinn bæði í sauðfjársamningnum og þessum samningi um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Róttækar breytingar eru gerðar á verðlags- eða verðmyndunarmálunum og það er kannski mesta breytingin og færir samninginn í átt til nútímalegri stjórnarhátta.

Hitt er svo annað, sem ég tel að sé afar mikilvægt líka, að það tókst í báðum þessum samningum að ná samkomulagi um hinn opinbera stuðning stjórnvalda við þessar atvinnugreinar. Þrátt fyrir ummæli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur vil ég segja að ég tel eitt það mikilvægasta í þessum samningi að hann er til langs tíma og það sé mikilvægt að við gátum náð samstöðu sem gerir það að verkum að atvinnugreinin býr nú við meiri vissu til lengri tíma en hún hefði gert annars.

Af því hv. þm. sagði líka eitthvað á þá leið að aðrar atvinnugreinar byggju ekki við að þurfa slík afskipti og búa við löggjöf til lengri tíma, þá held ég að hv. þm. hljóti að hafa gleymt því að einmitt okkar undirstöðuatvinnugrein, sjávarútvegurinn, býr við að um hann gildir mjög stíf og ákveðin löggjöf. Menn hafa stundum gagnrýnt það að sú löggjöf væri ekki til nógu langs tíma og henni væri breytt af og til þannig að þar ríkti óvissa. Ég held að hér sé gott dæmi um nauðsyn þess að menn búi við rekstrarumhverfi og umhverfi af hálfu stjórnvalda sem geti ríkt til nokkuð langs tíma þannig að ljóst sé í hvaða umhverfi atvinnugreinar komi til með að starfa.

Mig langar líka að minna á það að samningurinn, sem þetta frv. tekur mið af, er gerður með stuðningi við álit svokallaðrar sjömannanefndar, af því að einnig hefur verið spurt um það og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir velti því einmitt fyrir sér hvernig aðkoma annarra en ráðherrans, og líklega einhverrar fámennrar forustu bændastéttarinnar, væri að þessu máli. Samningurinn byggir auðvitað á áliti sjömannanefndarinnar, þar sem fulltrúar bæði launþega og atvinnurekenda eiga aðild. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim fyrir þeirra samstöðu í þessu máli og undirbúning þeirra á þessu frumvarpi. Fulltrúar BSRB tóku virkan þátt í þessu allan tímann og gera enn svo orð sé haft á aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þessum málaflokki. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir það. Ég hefði gjarnan viljað að Alþýðusambandið hefði staðið að málum eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur gert. Því er nú ekki að heilsa, a.m.k. ekki eins og sakir standa, en frv. þetta gerir ráð fyrir því, verði það að lögum, að þeir komi að málinu aftur og ég leyfi mér að vona að svo geti orðið.

Nóg um það, hæstv. forseti. Ég vil að vísu líka minna á og taka undir það sem hér hefur komið fram í umræðunum, að í kjölfar þessa búvörusamnings frá 1990–91, hefur líklega engin stétt í landinu lagt meira á sig og meira af mörkum en einmitt bændastéttin, við að halda efnahagslegum stöðugleika, halda niðri vöruverði og verða við þeim framleiðnikröfum sem samningurinn gerði til þeirra. Það er a.m.k. rétt að hafa það í huga, þegar samþykkja á þennan samning hér og nú, hvernig bændastéttin hefur komið að þeim málum. Hún á vissulega þakkir skildar fyrir það. Mér finnst að hún hafi ekki alltaf notið þess í umræðunni eins og hún hefur oft og tíðum verið. Hér væri annað útlit á ýmsum hlutum ef t.d. framleiðsluvörur íslensks landbúnaðar hefðu hækkað til jafns við meðalverðlag í landinu á þessum árum síðan samið var. Það væri ekki lítil breyting sem við stæðum þá frammi fyrir, bæði varðandi verðbólgu og annan efnhagslegan stöðugleika og vafalaust ástand á vinnumarkaði. Ég held að þarft sé að menn leiði hugann að þessu.

Fyrir vikið hafa menn kannski litið á þessa samninga nokkuð öðrum augum en áður hefur verið gert. Þess vegna er nauðsynlegt að treysta í sessi þann stuðning sem hið opinbera veitir þessari atvinnugrein áfram sem þó er orðinn minni en í mörgum löndum í kringum okkur. Það er alltaf talað um að íslenskur landbúnaður sé mest ríkisstyrktur af öllum en það er ekki rétt.

Hér hafa einnig orðið miklar breytingar í vöruþróun og markaðsmálum í landbúnaðinum. Þar hefur bændastéttin og úrvinnslugreinarnar, afurðastöðvarnar, lagt mikið á sig til þess að bæta stöðu atvinnugreinarinnar og þar með, vonandi og væntanlega, afkomu bændanna til lengri tíma litið. Ég er sannfærður um að það á eftir að sanna sig.

Ég sé að hér gengur í salinn hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og mig langar þá að nota tækifærið og svara spurningu sem hann beindi til mín um hugsanlegt reglugerðarvald ráðherrans í tengslum samninginn sem við erum hér að fjalla um, og koma þá inn á það ákvæði sem virðist a.m.k. hafa borið mest á í umræðunni í dag og reyndar nokkuð í störfum hv. landbn. við undirbúning og vinnslu samningsins, þ.e. ákvæði um hvort setja ætti öll viðskipti með greiðslumark í mjólkinni á einn sameiginlegan markað eða ekki.

Það er vissulega rétt að í áliti sjömannanefndar var sú stefna mótuð að skynsamlegt væri að hafa þann hátt á og taka upp slíkt form. Síðan er frá því greint í samningnum sem gerður er við bændastéttina af hálfu tveggja ráðherra, vissulega með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis og reyndar undirskrifað af bændaforustunni með fyrirvara um samþykki í almennri atkvæðagreiðslu mjólkurframleiðenda eins og fram hefur komið hér í umræðunum. Þetta ákvæði um einn markað með öll viðskipti tel ég alls ekki endanlega fyrir bí og ég vil undirstrika að það mál verður áfram til skoðunar.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um skráningu og viðskipti með greiðslumark. Þar er í grein 5.3, sem er undirgrein, kveðið á um þetta ákvæði. Það segir, með leyfi forseta:

„Viðskipti með greiðslumark eru heimil. Sé ábúandi annar en eigandi, þarf samþykki hans fyrir sölu. Öll viðskipti með greiðslumark skulu fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins, eða annar aðili sem landbúnaðarráðherra ákveður, annast."

Þetta ákvæði, síðasti málsliðurinn sem ég las upp, er síðan færður inn í frv. eins og það var lagt hér fyrir, í 14. gr. þess.

Í næstu málsgrein 5. gr. samningsins, sem er grein nr. 5.4 segir svo, með leyfi forseta:

„Í þeim tilgangi að auka sveigjanleika núverandi kvótakerfis, auðvelda tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda, auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki, munu samningsaðilar standa að könnun og mati á leiðum til að ná þessum markmiðum. Könnun þessi skal m.a. ná til mats á áhrifum hugsanlegra breytinga á hag mjólkurframleiðenda, tilkostnað mjólkurframleiðslunnar hjá framleiðendum og afurðastöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar eftir mjólkurafurðum. Stefnt skal að því að könnuninni ljúki fyrir 1. júní 1998." — Sem er nokkuð sýnt nú þegar, vegna þess hve dregist hefur að afgreiða frv. á hv. Alþingi, að vart muni standast. Niðurlag þessarar málsgreinar, hæstv. forseti er síðan, með leyfi:

„Verði niðurstaða könnunarinnar sú að einhver eða einhverjar tillögur á grunni hennar þjóni þeim markmiðum sem fram koma í 1. grein samningsins og þeim sem nefnd eru hér að ofan, mun Framkvæmdanefnd búvörusamninga, í samráði við stjórn Landssambands kúabænda, beita sér fyrir að efni þeirra verði fellt inn í samninginn eða tengt framkvæmd hans."

Út af þessu vil ég segja það, hæstv. forseti, að ég tel ekki að það sé brot á samningnum eða honum bylt á neinn hátt þó svo að þessi eini málsliður um að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað, sé felldur niður úr frv. enda er gert ráð fyrir því að fram fari ítarleg könnun á öllum þeim þáttum sem varða skráningu á viðskiptum með greiðslumark skv. 5. gr. búvörusamningsins.

Þessi athugun, sem því miður verður ekki afstaðin fyrir 1. júní 1998 eins og segir í samningnum en verður vonandi þó á sumrinu, fyrir haustið, getur leitt til þess að menn komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé vegna afkomu stéttarinnar og afkomu í greininni að setja á einhvers konar markaðsform. Ég ætla ekkert að gefa mér neitt fyrir fram í því. Það getur líka vel verið að út úr því komi að óskynsamlegt væri að setja slíkan markað á. Hefði það orðið niðurstaða nefndarinnar að það hefði verið óskynsamlegt þá hefði Framkvæmdanefnd búvörusamninga og stjórn Landssambands kúabænda orðið að beita sér fyrir því að slíkur markaður yrði felldur niður aftur, lögunum þá væntanlega breytt. Ég tel því að skynsamlegra sé að standa að þessu eins og hér er gert og hef þess vegna fallist á tillögu meiri

hluta landbn. fyrir mitt leyti um að greinin um viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað verði felld niður á þessu stigi vegna þess að ég tel eðlilegra að það mál fari inn í þá könnun sem á að vinna í sumar með aðilum málsins skv. 5. gr. samningsins. Mér finnst það eðlilegt af því að þar er beinlínis talað um sveigjanleika núverandi kvótakerfis og að auðvelda tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda. Það er nákvæmlega það sem við erum að tala um í sambandi við þennan svokallaða kvótamarkað.

Ég tel því að hér sé ekki um brot á samningnum að ræða. Ég hef skýrt það viðhorf mitt fyrir forustumönnum Bændasamtakanna. Þeir hafa út af fyrir sig haft á þessu allan fyrirvara og kann að vera að þeir telji, ef löggjafinn samþykkir þetta svona eins og hér liggur fyrir frá meiri hluta landbn., að ekki sé staðið við ákvæði hans en þá verður það að koma í ljós. Ég geri mér hins vegar vonir um að þeir muni bíða eftir þessari úttekt og niðurstöðu hennar og ég segi aftur: Leiði sú niðurstaða til þess að menn telji að skynsamlegt sé að taka upp slíkan markað, það þjóni hagsmunum greinarinnar og þjóni bændastéttinni og bæti afkomu í greininni, þá gef ég mér það að menn geti orðið sammála um að leggja til á nýjan leik að slík breyting verði gerð. Alveg eins og menn hefðu getað komist að hinni niðurstöðunni, að hefðum við sett þennan markað á nú skv. lögum og komist að þeirri niðurstöðu í nefndarstarfinu að það væri óskynsamlegt, þá hefðu menn væntanlega einnig beitt sér fyrir því eða lagt til að því yrði breytt. Ég tel að þetta sé skynsamlegri niðurstaða sem hér er lögð til, hæstv. forseti, og þarf kannski ekki að hafa mikið mál um það frekar. Ég minni þó á það, af því að menn hafa hér spurt um lögmæti slíkra aðgerða, að við bjuggum við svipaða stöðu þegar hér var fjallað um sauðfjársamninginn á sínum tíma. Þá breytti löggjafinn samningnum og við urðum síðan í framhaldi af því að gera breytingar á samningnum líka með viðauka sem bændastéttin og fulltrúar ríkisstjórnarinnar skrifuðu undir af því að það var slík breyting að hún breytti raunverulega samningnum og var að frumkvæði löggjafans. Það er auðvitað ekki einsdæmi að slíkt kunni að koma upp.

Ég tel að ég sé ekki með þessu að brjóta samninginn á nokkurn hátt eða meiri hluti nefndarinnar að gera tillögu um það þó að við samþykkjum þá tillögu sem liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar, af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði af hverju ekki ætti að virða samninginn sem slíkan. Ég tel að við gerum það og efnisákvæði hans í 5. gr. eins og hún hljóðar í heild sinni.

Ég hljóp frá því að svara hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um reglugerðarvaldið af því að í títtnefndri 14. gr. segir m.a., með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um markaðssetningu og aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess."

Það er í framhaldi af ákvörðuninni um markaðinn og annað sem kveðið er á um í þessari grein. Ég vil lýsa því yfir að ég tel ekki koma til greina að setja með reglugerð ákvæði um einn kvótamarkað. Þegar og ef löggjafinn fellir það niður úr 14. gr. þá er það mál sem þarf að taka upp aftur eftir þessa könnun sem fara mun fram nú á næstunni og þá í ljósi þess hver verður niðurstaðan þar, hvort fallist verður á kvótamarkað eða endanlega fallið frá honum.

Þetta voru þeir þættir, hæstv. forseti, sem mér fannst nauðsynlegt að tjá mig um og láta í ljós skoðun mína og afstöðu til í þessari umræðu af því að það hefur beinlínis verið spurt eftir því. Ég vonast síðan til þess að að öðru leyti fái þetta mál héðan af skjóta og farsæla framgöngu í gegnum þingið á síðustu dögum. Auðvitað hefði þurft að vera búið að afgreiða það fyrr en út af fyrir sig er ekkert um það að segja verði það afgreitt nú á seinustu dögum þingsins.

Ég er sannfærður um það og reyndar veit það nú þegar að afkoma í þessari atvinnugrein fer batnandi. Hún er sem betur fer að styrkjast. Ég er sannfærður um það að samningur til langs tíma, eins og hér er gert ráð fyrir, með vissu um það hvernig rekstrarumhverfið verður, mun gefa bændastéttinni, bændum sem stunda landbúnað eða þessa grein landbúnaðarins, betri möguleika á því að bæta afkomu sína og gera öll rekstrarskilyrði í greininni betri. Við þurfum að halda áfram að aðlaga greinina að nútímaháttum. Við stöndum frammi fyrir því að á næstu missirum þarf að hefja á ný samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur á alþjóðlegum vettvangi og einnig á því sviði þarf bændastéttin og landbúnaðurinn í heild að halda vöku sinni og vera tilbúinn til þess að takast á við nýtt umhverfi sem þá mun vafalaust blasa við.

[15:23]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir ræðu hans og málflutning. Það er rétt að sjálfsögðu að við í hv. landbn. leggjum til að könnun og mat á öllum þáttum viðskipta með greiðslumark eigi sér stað og meiningin var að þeirri könnun lyki fyrir 1. júní. „Fyrir haustið", segir hæstv. landbrh., og ég vonast til að þeirri könnun verði lokið fyrir haustið.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki réttur skilningur að þar sem þingið hafi tekið út ákvæði um einn tilboðsmarkað þá sé hann þar með fyrir bí komi ekki til lagabreyting aftur. Ég vildi gjarnan fá það aðeins skýrar hvort ekki sé rétt að þegar þingið verður búið að taka þetta út og hafna tilboðsmarkaðnum, ef það kemur svo út sem ég hef reyndar ekki rök fyrir enn að kostir séu einhverjir við það að öll þessi viðskipti fari í gegnum einn tilboðsmarkað, þá þurfi að gera lagabreytingu til þess að svo megi verða.

[15:24]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gerði ég reyndar áðan. Það hefur farið fram hjá hv. þm. Ég tók það fram þegar ég kom inn á spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um það hvernig ráðherra hygðist beita reglugerðarvaldi sem fram kemur í 14. gr. frv., að ég liti svo á að þó að þar sé kveðið á um, eins og seinasti málsliður 14. gr. hljóðar, með leyfi forseta, að: „Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um markaðsfyrirkomulag og aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess." Þá verður ekki með slíkri reglugerðarheimild settur á ný kvótamarkaður með greiðslumark. Það yrði ekki gert öðruvísi en með lagabreytingu. Ef nefndin sem fjallar um efni málsins skv. 5. gr. samningsins kemst að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt þá munu menn taka það mál upp aftur af því að þá hafi sú afstaða verið tekin til málsins í heild. Alveg eins þá álít ég að ef nefndin hefði komist að gagnstæðri afstöðu, ef við hefðum ákveðið það með lagasetningu núna að setja kvótamarkað með greiðslumark á og nefndin síðan komist að þeirri niðurstöðu að það væri óskynsamlegt, þá hlyti hún samkvæmt samningnum að beita sér fyrir því að slíkur markaður yrði aftur lagður af.

[15:26]

**Ragnar Arnalds:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið í umræðunni af hálfu talsmanna Alþb. að ég tel að rangt hafi verið af hálfu hv. landbn. að gera tillögu um það að breyta búvörusamningnum. Ég held að eðlilegra hefði verið að staðfesta hann eins og hann er og að það væri meiri virðing við þá málsaðila sem þarna eiga hlut að máli.

En það er önnur hlið á þessu máli sem ég vil rétt aðeins fá að vekja athygli á og það er tilhögun atkvæðagreiðslunnar sem fram fór um hinn nýja búvörusamning og samstarfssamninginn milli Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda. Ákveðið var þegar atkvæðagreiðsla þessi fór fram að einungis þeir sem hefðu greiðslumark skyldu hafa atkvæðisrétt. Þetta þótti ýmsum bændum sérkennilegt og vil ég leyfa mér að vitna til bréfs sem Þorsteinn H. Gunnarsson ritaði stjórn Bændasamtakanna hinn 30. janúar sl. þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég undirritaður, Þorsteinn H. Gunnarsson, Reykjum Blönduósi, félagsmaður í Bændasamtökum Íslands, kæri hér með þá tilhögun sem uppi er varðandi atkvæðagreiðslu um nýjan búvörusamning og samstarfssamning milli Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda.

Í 5. tölulið í II. kafla þessa samnings segir að hann skuli borinn undir atkvæði hjá greiðslumarkshöfum í mjólk í almennri atkvæðagreiðslu sem Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands annist sameiginlega. Ég tel að þetta fyrirkomulag stangist alvarlega á við 7. gr. samþykktar Bændasamtaka Íslands þar sem kveðið er á um verkaskiptingu á milli hlutaðeigandi búgreinasamtaka og Bændasamtakanna. Í þeirri grein segir um framsal á forræði af þessu tagi að það skuli því aðeins taka gildi að það hafi hlotið samþykki $^{2}/_{3}$ hluta bænda í búgreininni í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt búvörulögum fara Bændasamtök Íslands með fyrirsvar framleiðenda búvara. Ég tel að þar sem Bændasamtök Íslands séu að framselja forræðið til Landssambands kúabænda sé það eðlileg málsmeðferð að félagsmenn Bændasamtaka Íslands greiði atkvæði um framsalið en ekki þeir sem við forræðinu eiga að taka. Þar að auki segir ekkert um það í samþykktum Bændasamtaka Íslands að það séu einungis greiðslumarkshafar sem hafi atkvæðisrétt, hvorki um samstarfssamninginn né um búvörusamninginn. Reyndar segir svo í 4. gr. samþykktar Bændasamtaka Íslands að innan aðildarsamtaka Bændasamtaka Íslands skuli allir bændur hafa sömu réttindi óháð formi á félagsaðild.

Undirritaður vill benda stjórninni á að ef Bændasamtök Íslands vilja varpa frá sér lögvörðum samningsrétti verði það að gerast með formlegum og skýrum hætti.

1. Annaðhvort í allsherjaratkvæðagreiðslu allra bænda sem eru félagar í Bændasamtökum Íslands líkt og tíðkast innan samtaka launafólks,

2. eða með skriflegu umboði jarðeigenda sem eiga bújarðir, lögbýli, til Bændasamtaka Íslands um afsal á nýtingarrétti jarðanna.

Annað samrýmist ekki lögum, venjum eða hefðum um góða félagsstarfsemi auk þess sem önnur málsmeðferð samrýmist ekki aldagömlum venjum og gildum um forræði á eignum og atvinnurétti.

Eins og áður segir leyfi ég mér að kæra þetta fyrirkomulag um atkvæðagreiðslu og óska þess að kæran verði tekin fyrir innan stjórnar Bændasamtaka Íslands."

Þessu bréfi svöruðu síðan Bændasamtök Íslands með allítarlegu bréfi og þar var kærunni hafnað. Ætla ég ekki að lesa það bréf hér en í bréfinu vitna Bændasamtök Íslands fyrst og fremst til búvörulaganna þar sem Bændasamtökin fá fullt vald á því hvernig með skuli farið í slíkum tilvikum og má það vafalaust til sanns vegar færa að lögin eru á þann veg að þau fela stjórn Bændasamtakanna æðsta vald en engu að síður er þetta athyglisvert mál. Í kjölfar þessarar kæru sem Bændasamtökin höfnuðu sendi viðkomandi bóndi kæru til hæstv. landbrh. þar sem hann benti á að kæruefni sínu hefði verið hafnað en jafnframt hefðu Bændasamtökin tekið þá ákvörðun að útvíkka kjörskrána og hefði hún verið útvíkkuð þannig að nú megi þeir greiða atkvæði sem eru með kálfaeldi. Þetta sýnir að stjórn Bændasamtakanna virtist geta tekið ákvörðun um hvaða aðili það væri sem greiddi atkvæði um búvörusamninginn. Þar gátu fjöldamargir aðilar komið til greina, það var hugsanlegt að það væru allir þeir bændur sem eru í samtökunum, það gátu líka verið allir þeir bændur sem stunda með einhverjum hætti kúabúskap, það gátu verið allir þeir bændur sem selja mjólk og það gátu líka verið allir þeir bændur sem hafa greiðslumark. Þetta eru ekki alveg nákvæmlega sömu hóparnir í hverju tilviki fyrir sig, en þarna átti sem sagt stjórn Bændasamtakanna að taka ákvörðun um þetta upp á sitt eindæmi. Það er þetta sem menn hafa kannski gagnrýnt, að mönnum finnst að stjórn Bændasamtakanna sé falið ansi mikið vald með því að hún geti ákveðið án þess að þurfa að bera það undir einn eða neinn hvernig kjörskráin skuli útbúin.

Vegna þess að ég vil nú reyna að hraða þingstörfum sem mest, þá vil ég ekki fjölyrða um of um þetta mál en ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort honum finnist ekki að þetta atvik á liðnum vetri bendi eindregið til þess að kveða þurfi skýrar á um atriði af þessu tagi. Núverandi stjórnarflokkar hafa nýlega haft frumkvæði að því að hér hefur verið samþykkt ný vinnulöggjöf. Þar eru ákaflega ströng fyrirmæli um það með hvaða hætti samningar skuli gerðir og ef atkvæðagreiðsla fer fram, með hvaða hætti hún skuli fara fram. Meira að segja eru þar tilgreind nákvæmlega hversu margir skuli hafa greitt atkvæði og tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og hversu stór meiri hlutinn þurfi að vera og annað í þeim dúr. Það eru mjög smáatriðakennd fyrirmæli til hinna almennu stéttarfélaga um gerð kjarasamninga. Þegar svo aftur á móti kemur að bændum og samtökum þeirra virðist stjórn Bændasamtakanna geta haft þetta eins og henni sýnist án þess að þurfa að bera það undir bændur almennt hvaða línur skuli taka í þessum efnum og þá enn síður undir stjórnvöld, eða fara þar eftir einhverjum tilteknum lagaákvæðum.

Ég hef vakið máls á þessu vegna þess að tilefni gafst. Við erum að fjalla um þennan samning sem gerður var um mjólkurframleiðsluna. Ég spyr ráðherrann um það hvort honum finnist ekki að kveða þyrfti skýrar á í lögum og reglum um hvernig að þessu skuli staðið þannig að ekki komi upp óánægja, illindi eða deilur um það hvort rétt hafi verið að málum staðið.

[15:36]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé fyllilega ástæða til að hv. þm. minni á þetta ágreiningsatriði í umræðunum um þetta frv. sem verið er að fjalla um og þær breytingar sem gerðar hafa verið á búvörusamningnum og hvernig staðið var að því af hálfu bændastéttarinnar. Ég minni á það í upphafi

að þegar greidd voru atkvæði um sauðfjársamninginn, sem samið var um um áramótin 1995–1996, þá fór það mál ekki í neina almenna atkvæðagreiðslu. Þá var það bara forusta Bændasamtakanna sem fjallaði um málið og afgreiddi það. Ég hygg hins vegar að það hafi verið, ef ég man rétt, ég hef það nú ekki fyrir framan mig, hæstv. forseti, en ég held ég muni það rétt að það hafi verið Landssamband kúabænda sem óskaði eindregið eftir því eða ályktaði um að fram færi almenn atkvæðagreiðsla um þessa breytingu, breytinguna sem varðaði framleiðslu og samning um mjólkina. Jafnframt held ég að einnig hafi verið kveðið á um að það væru mjólkurframleiðendur einir sem þar greiddu atkvæði. Mig minnir að það hafi komið fram í ályktun hjá þeim eða hafi verið þeirra ósk í upphafi en segi þetta með fyrirvara samt þar sem ég hef þessa ályktun ekki fyrir framan mig, hæstv. forseti. Ég er líka sammála því sem ég held að hafi komið fram hjá hv. 8. þm. Reykn. *í máli hennar áðan að mér fyndist í raun óeðlilegt að loðdýrabóndi eða svínabóndi væri að fjalla um samninginn um mjólkina en ég er sammála hv. þm. um að þessi saga, reynsla og þau ágreiningsefni sem komu upp eigi að leiða eða leiði til þess að taka þurfi á þessu, hvernig að þessu máli skuli staðið í framtíðinni og setja um það skýrari ákvæði.* Svar mitt við spurningu hv. þm. er þess eðlis að ég tel að það þurfi að gera. Hins vegar var ekki tekið á því nú í *þessum samningum eða þessu frv. því ágreiningsefni koma* kannski upp að einhverju leyti eftir á. Fyrst og fremst var verið að fjalla um breytingar sem tilheyrðu mjólkursamningnum en vafalaust þarf á einhverju stigi að taka lögin í *heild sinni til endurskoðunar og þá gæti þetta atriði komið* sérstaklega til athugunar.

[15:38]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. *Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans.* Hann staðfesti það sem er augljóst í þessu máli að atkvæðagreiðslur af þessu tagi meðal bænda hafa verið mjög upp og ofan. Í vissum tilvikum hafa engar atkvæðagreiðslur farið fram eins og hann nefndi í sambandi við sauðfjársamninginn en í öðrum tilvikum fara þær fram og um þessi efni þarf auðvitað að setja reglur og ákvæði, annaðhvort af bændum sjálfum ellegar þá með lagasetningu þannig að ekki þurfi að koma upp deilur eða *misklíð um hverjir eigi að greiða* atkvæði í hverju tilviki.

[15:39]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson)**:

Hæstv. forseti. Örfá orð vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og um margt verið bæði málefnaleg og skemmtileg. Fyrir það vil ég þakka. Það var hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, sem fyrstur talaði og sannleikurinn er nú sá að það er eins og Alþfl. sé heldur að mildast í garð landbúnaðarins og fagna ég því. Þetta kemur kannski til af því að þessir flokkar verða svolítið að breyta um klæðaburð og haga sér öðruvísi á þeim tíma sem formaður Alþb. er að gefa honum undir fótinn og kyssa hann í laumi og stíga við hann eitt og eitt dansspor og tala um sameiningu, sem ég hef auðvitað enga trú á að geti orðið. Ég skil vin minn, hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, vel þótt hann sé svolítið skapvondur um þessar mundir. Auðvitað er hann eins og gamli klárinn að hann kvíðir vetrinum þegar hann verður að klæðast nýjum búningi og verða kallaður krati um allt land. Það verða þung spor og erfið ef svo fer.

En það var svo með hv. þm. Sighvat Björgvinsson að hann hélt um margt málefnalega ræðu. Hann fagnaði því að markaðurinn færi út en hann sagði að það kerfi sem hefði verið við lýði hefði hvorki skilað bændum né neytendum betri kjörum á síðustu árum. Það er rétt hjá hv. þm. að því miður hafa kjör bænda versnað fram undir þetta en eru þó heldur að batna á nýjan leik, vissulega með þeim hætti sem er öfugt við marga aðra þjóðfélagsþegna að bændur hafa verið að bæta á sig vinnu, stækka búin og bæta á sig vinnu. Þeir hafa orðið að fara þá leið og auðvitað að hagræða á búum sínum og draga úr öllum tilkostnaði þannig að þeirra hagur hefur ekki batnað. En er það rétt hjá hv. þm. að halda því fram að hagur neytenda hafi ekki batnað á þessum tíma? Ég er með tölur um þróun vöruverðs frá því ... (Gripið fram í.) Ég er hér, hv. þm., að ræða um það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í ræðu sinni, ég minntist á hv. þm. örlítið áðan og kem aftur að máli hans síðar. Ég fagna því að Svavar Gestsson skuli genginn í salinn og ekki enn kominn í kratafötin.

Ég er hér með töflu um þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma og osta frá 1991 til 1997. Hvað hefur verið að gerast í landinu á þeim tíma? Það er sá tími sem búvörusamningarnir hafa staðið og það er sá tími sem ekki hefur bara dregið úr niðurgreiðslum heldur útflutningsuppbætur felldar með einu pennastriki og Bændasamtökin tekið á sig mikla kjaraskerðingu í frjálsum samningum sem mér finnst því miður að ýmsir ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu virði ekki og minnist ekki á og ætli aftur og aftur að sækja kjarabætur til launþega eftir þessari leið. Því miður. Það eru kannski fyrst og fremst hagfræðingar sem þar ganga fyrir liði. En hér eru þessar upplýsingar og ef ég aðeins, með leyfi forseta, rýni í tölur þá hafa matvörur hækkað í verði frá 1991 til 1997 um 9,3%. Þetta er almenn hækkun en ef ég sérgreini nokkrar tegundir, við skulum taka mjöl, grjón og bakaðar vörur. Þær hafa hækkað um 14,6%. Kjöt og kjötvörur hafa hækkað um 5,7%. Fiskur og fiskvörur um 4,1%. Mjólk, rjómi og ostar um 0,7%. Það hefur sem sé engin hækkun orðið á slíkum vörum á þessu tímabili og auðvitað er ekki hægt að segja annað en að það sé mikill hagur fyrir neytendur að svo hafi verið. Við getum tekið grænmeti, ávexti og ber sem hafa hækkað um 23%, kartöflur og vörur úr þeim, sem eru nú innfluttar í stórum stíl, 26%, sykurinn hefur hækkað um 159% á þessu tímabili, kaffi, te, kakó og súkkulaði hefur hækkað um 32% og aðrar matvörur um 7,3%.

Þessar upplýsingar liggja kristalstærar fyrir, að það sem Bændasamtökin og bændurnir í landinu hafa gefið eftir hefur komið í lækkuðu vöruverði inn á hvert einasta heimili á Íslandi. Auðvitað hefur þetta kallað á það að margir bændur búa því miður um þessar mundir við léleg kjör.

Það leikur enginn vafi á því að menn hafa stigið skref til frelsis og ég er sannfærður um að nú, með batnandi hag meðal bændastéttarinnar, þá er það ungt, stórhuga fólk sem ætlar að duga í þessari atvinnugrein á næstu öld. Það verður að hugsa um gæðastjórnun og gæðastjórnun aftur og vera í sátt við þjóð sína og land. Þannig vinnur landbúnaðurinn í dag og hefur snúið umræðunni á betri veg. Ég hygg að enn séu flestir Íslendingar þeirrar skoðunar að þeir vilji sjá hér sterkan og öflugan landbúnað, enda ræddi hv. þm. um vöruvöndun og gæði afurðanna, sem eru einstakar og á heimsmælikvarða í kjöti og ekki síður í mjólk og mjólkurafurðum. Það ber enginn ost heim með sér frá útlöndum lengur, slík eru gæðin. Um þetta er nú samstaða og meira að segja Alþfl. vitnar um þetta.

En ég vil segja við þá sem þrá nú ganga inn í Evrópusambandið, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson: Hvaða kerfi er þar í gangi? Þar er það bótakerfið. Það heldur enn uppi útflutningsbótum til sinna bænda. Þær voru klipptar af íslenskum bændum sem eru einu bændurnir í Evrópu sem ekki hafa útflutningsbætur. Ef við skoðum fjárlög Evrópusambandsins þá renna yfir 50% af fjárlögum þeirra til landbúnaðarins. Það er því mikið styrkjakerfi sem íslenskir bændur eru þegar farnir að keppa við í Evrópu og er sjaldan minnst á. Eigi að síður vil ég þakka hv. þm. fyrir mildari tón en oft hefur verið hjá Alþfl.

Hér hafa bæði hv. 8. þm. Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir, sem situr í landbn., og fleiri alþýðubandalagsmenn, gagnrýnt það mjög hart að markaðurinn fór út úr frv. og það fyrirkomulag um sölu á greiðslumarki sem verið hefur, verði áfram a.m.k. um sinn. Það var ljóst — ég veit ekki hvort einhver þrýstingur hefur náð þessu fram — þegar í upphafi í báðum stjórnarflokkum að það var ekki samstaða um þetta mál. Það var ágreiningsatriði. Það lá líka fyrir að á meðal bænda var talsverður ágreiningur um þetta.

Ég segi fyrir mig að ég gat vel fallist á þetta kerfi, miðað við þá hugsun að framleiðsluréttirnir er ekki eign eins og bíllinn eða húsið. Hann er réttur til að framleiða. Þess vegna gat ég fallist á annað kerfi til að minna menn á að þeir ættu þetta ekki, og kannski yrði það skoðað hvort þessi leið mundi ná því fram að verð á kvóta lækkaði.

Ég hef mestar áhyggjur af því í íslenskum landbúnaði að það fólk sem ég minntist á áðan og ætlar að duga fyrir þessa atvinnugrein á næstu öld, er að skuldsetja sig. Það verður að kaupa sér framleiðsluréttinn dýrum dómum og af því hef ég áhyggjur. Um hitt má svo segja að það er kannski ekki rökrétt að hafa svona framkvæmdaratriði inni í samningi sem fer í almenna atkvæðagreiðslu á meðal bænda. Ég er ekkert viss um hvernig sú atkvæðagreiðsla hefði farið á meðal bænda varðandi þetta atriði eitt og sér. Bændur greinir á um þetta atriði. Þess vegna tek ég undir orð hæstv. landbrh., að það er sjálfsagður hlutur að fara enn og aftur yfir þetta kerfi og reyna að grandskoða hvað hentar best í þeim efnum.

Hv. 19. þm. Reykv., annar af tveimur fulltrúum Kvennalistans hér í þinginu, Guðný Guðbjörnsdóttir, hélt nokkuð merkilega ræðu sem mér fannst ekki vera beint í anda Kvennalistans. Það er nú svo varðandi atvinnuvegina að fyrst og fremst þurfa menn á því að halda að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Þess vegna eru langtímasamningar, ekki síst við atvinnugrein eins og landbúnaðinn, sem er að þróa sig og byggja sig upp til sóknar á nýjan leik, mjög mikilvægir og eitt besta atriðið í þessum samningi er að hann skuli ná til 2005. Ég skildi að vísu ekki hugmyndafræði hv. þm. Mér fannst eins og hún væri að boða það að þjóðin öll ætti að koma saman, bændurnir í einni fylkingu, verkalýðurinn í annarri, svo við stjórnmálamennirnir og síðan yrði bara glímt um þetta atriði. Ég skildi ekki alveg málflutninginn hjá hv. þm. en það skiptir nú ekki máli. Hitt finnst mér aðalatriðið að menn hafa náð fram langtímasamningi sem skiptir landbúnaðinn mjög miklu máli.

Hv. þm. Svavar Gestsson gagnrýndi hart þetta með markaðinn. Ég skil Alþb., það er enn þessarar skoðunar. Ég hef farið yfir það atriði og vil segja til viðbótar um það að auðvitað er engin fullvissa um að miðstýring af þessu tagi, markaður í Reykjavík sem eftir á að þróa, hefði náð að lækka verðið. Ég ætla ekkert að fullyrða um það. En það sem hv. þm. sagði, að þingið væri smátt í sniðum og bændum væri ekki sýnd virðing með því að breyta samningnum, ég er ekki sammála þessum orðum.

Ég hef margsagt að landbn. er ekki ljósritunarvél og þar verða menn auðvitað að fylgja nokkuð sinni sannfæringu. Þetta er framkvæmdaratriði sem þarna er breytt. Ég minni á sauðfjársamninginn. Ég tel að það hafi verið til heilla fyrir sauðfjárræktina og landbúnaðinn í heild að landbn. breytti þar tveimur ákvæðum fyrir tveimur, þremur árum, þegar það mál var hér í þinginu. Ég hygg að flestir viðurkenni það nú. Menn verða að búa við að ýmis mál geta tekið breytingum.

Ég held að ég fjalli þá ekki frekar um þetta, hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. 4. þm. Norðurl. v. um að þegar mál fara í atkvæðagreiðslu þá þarf náttúrlega að vera alveg skýrt hver kjörskráin er og hverjir megi koma að slíkri atkvæðagreiðslu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að skýra það vel.

Ég vona að sá langtímasamningur sem hér er að fara í gegnum þingið verði til að styrkja bændur í þeirri trú að menn standi með landbúnaðinum, að Íslendingar vilji eiga hér öflugan landbúnað, og þeir setji sig í þá stöðu að undirbúa sig undir þá samkeppni sem er. Ég vona að bændur nái að halda innanlandsmarkaðinum sem mest og ekki síður hitt að samningurinn færi þeim þau sóknarfæri sem mér finnst að íslenskir bændur eigi í gegnum vörugæðin, bæði í mjólkinni og kjötinu, miðað við þær kröfur sem neytendur gera um hollustu afurðanna um víða veröld. Ég trúi því að landbúnaðurinn sé að rétta við eftir þá sáru kreppu sem hann hefur gengið gegnum á þessum áratug.

[15:55]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að gera athugasemd við ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég sætti mig alls ekki við þá fullyrðingu hans að málflutningur minn hafi ekki verið kvennalistalegur. Ég vil því spyrja hvað hann á nákvæmlega við. Ef hann á við það að ég hafi talið það óeðlilegt að gera samning við bændur sjö ár fram í tímann, að það sé eitthvað óeðlilegt við þá kröfu, þá skil ég ekki hvað er svona kvennalistalegt við að sætta sig við það.

Ég vil líka, vegna þessara orða hans, taka fram að í stefnuskrá Kvennalistans stendur t.d. þessi setning: Landbúnaður verði rekinn eins og hver önnur atvinnugrein sem taki mið af þörfum markaðarins og óskum neytenda. Þetta er m.a. eitt af markmiðunum eða nálgast eitt af markmiðunum sem eru með núverandi búvörusamningi. Þannig að ég mótmæli þessum málflutningi og get alls ekki séð hvar ég fór út fyrir stefnuskrá Kvennalistans. Það er náttúrlega hugsanlegt að hugmyndir hv. þm. um kvennalistakonur séu mjög óraunhæfar og þá vil ég að það komi fram hvaða hugmyndir hann á þar nákvæmlega við.

[15:57]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ber hlýjan hug til Kvennalistans og kvenna yfirleitt, enda fæddur af móður, á konu fyrir eiginkonu og þrjár dætur. Mér er því hlýtt til kvenna. Það sem ég átti við í mínum málflutningi var þessi undarlega hugsun að ekki mætti semja til langs tíma og þar með marka stefnu. Mér hefur oft fundist að Kvennalistinn, a.m.k. það sem ég hef hlustað á og fundist að þar væru skynsemisraddir gagnvart sveitunum, hafi talað í þá veru.

Ég finn hins vegar að hv. þm. telur að hér sé landbúnaður ekki rekinn eins og atvinnuvegur, sem er auðvitað

alrangt. Landbúnaðurinn er rekinn sem drifmikill atvinnuvegur. Hann er að ná miklum árangri og stendur nágrönnum sínum í Evrópu ekkert að baki. Hann skaffar neytendum vörur þannig að hann tekur í hvívetna tillit til þeirra og samræmist þar með þeirri stefnu Kvennalistans sem hv. þm. hér las upp. Þetta eru mín viðhorf til þessara mála. Sá rómur sem mér hefur fundist ég heyra hjá Kvennalistanum fannst mér verða eins og holhljómur hjá hv. þm., sú skoðun sem hún setti fram og sú harða gagnrýni sem hv. þm. ein allra setur hér fram á að samningurinn standi til langs tíma.

[15:58]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög gott að heyra það að hv. þm. er fæddur af konu og á konu og elskar konur. Það er mikil upplýsing fyrir mig sem aðra væntanlega. Mér finnst hins vegar óásættanlegt að heyra — mér skilst eiginlega helst á þingmanninum að ég sé ekki nógu mild — að það sé það sem hann á við. Það eina sem ég fer fram á er að kjósendur fái að koma að landbúnaðarstefnunni í kosningum eins og öðrum stefnumálum. Hvers vegna er aldrei kosið um landbúnaðarmál? Af því að þau hafa alltaf verið fest með svona samningum fleiri, fleiri ár fram í tímann.

Auðvitað þarf að vera festa í þessari atvinnugrein eins og öðrum en margir bændur eru ekkert sáttir við þessa leið. Það fullyrði ég. Ég þekki marga bændur sem ekki eru sáttir við þetta ástand. Það er algjörlega óviðunandi finnst mér að þjóðin fái aldrei að kjósa um þessi mál. Hún fær ekkert að kjósa um þessi mál þegar búið er að lögfesta allt sjö ár fram í tímann.

[16:00]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil þetta ekki almennilega. Það má eiginlega segja að nú skilji ég ekkert, þegar ég kem hér upp aftur af málflutningi hv. þm. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að hv. þm. er sæmilega mild. Kjósendur koma að stefnumálum flokkanna. Þeir kjósa til Alþingis þannig að þeir koma að þessum málum. Stefnuskrá Framsfl. til landbúnaðarmála og stefnuskrá Sjálfstfl. til þeirra mála einnig eru nokkuð skýrar. Og þessir tveir flokkar hrepptu í síðustu kosningum yfir 60% kjósenda sem stóðu með þeim. Ég vil því að hv. þm. útskýri hvernig þjóðin á að taka þessi mál ein út úr og kjósa um þau? Þau eru alveg eins og sjávarútvegsmálin, iðnaðarmálin, Evrópumálin, atvinnumálin yfirleitt í stefnuskrá flokkanna. Og auðvitað er kosið um þau.

En það sem er mikilvægast, hæstv. forseti, er að sem betur fer er að takast bæði með löggjöf og aðgerðum að styrkja landbúnaðinn verulega í sessi á þessu kjörtímabili þannig að hann er mun sterkari nú en hann var í upphafi kjörtímabilsins. Fyrir það vil ég þakka og ég held að það skipti miklu í byggðastefnu þessa lands. Þó að landbúnaðurinn eigi ekki að borga hana þá er mikilvægt til að nýta auðlindirnar að styrkur bændanna og sveitabýlanna eflist.

[16:02]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. fyrir að hafa svarað spurningu minni. Ég bar upp þá spurningu hvort hv. þm. væri sá framsóknarmaður í landbn. sem hefði staðið að því að beita sér fyrir breytingum á kvótaþingsákvæðinu við hliðina á Sjálfstfl. Hv. þm. sór það af sér og ég fagna því.

[16:02]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér sór ég það ekki af mér því að sem formaður landbn. varð ég alla vega að láta það yfir mig ganga. Ég gat þess áðan að það var ljóst við upphaf þessa máls þegar frv. kom inn í þingflokkana, að þetta ákvæði var gagnrýnt í báðum stjórnarflokkum. Ég sagði áðan að ég hefði vel getað hugsað mér að þetta hefði verið reynt vegna þess að kvótinn er ekki eign eins og bíllinn eða húsið heldur réttur til að framleiða. Ég vil sjá leiðir til að lækka kvótann í verði því að ég hef áhyggjur af því hvernig unga fólkið sem er að taka við sveitunum og ætlar að duga þar vel skuldsetur sig, ég vil segja með hryllilegum hætti. Þetta er það atriði sem ég hef mestar áhyggjur af.

En ég trúi því að við náum nýju samkomulagi og við finnum leiðir til þess að gera þetta kerfi sveigjanlegra og aðrar leiðir en þær að unga fólkið þurfi að skuldsetja sig eins og ég hef getið um.

En sem formaður nefndarinnar stóð ég að þessu og það var ekkert um annað að ræða í báðum þessum flokkum en að þessi breyting ætti sér stað.

[16:04]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mér er mikill harmur kveðinn að hv. þm. skuli láta það um sig spyrjast að hann skuli hafa gengið í björgin með íhaldinu í þessu máli. Ég hélt satt að segja að það væri öðruvísi og ég harma það. Þessi eyðibýlastefna sem hér er verið að gera tillögu um byggist fyrst og fremst á því, eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði, að með þessu móti er verið að auðvelda bændum að hætta, litlum bændum að hætta, til að þeir stóru geti þrifist. Ég hélt að Framsfl. hefði þann skilning á stöðu landbúnaðarins að hann stæði ekki að þeirri eyðibýlastefnu sem hér er verið að innleiða, a.m.k. hv. þm. Guðni Ágústsson. Ég endurtek því, herra forseti, að mér þykir leitt til þess að vita að hann skuli hafa gengið í hendurnar á þessum tröllum eins og fleiri framsóknarmenn. En við ræðum það kannski síðar hvernig mætti hugsa sér að frelsa þingmanninn úr þeim ánauðarklóm sem hann finnur sig í.

Það er leitt til þess að vita að hann skuli ekki beita styrkri stöðu sinni sem formaður landbn. til að standa sjálfstætt og í lappirnar í þessu máli.

[16:05]

**Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram smámisskilningur hjá hv. þm. Ég hygg að þetta sé engin aðför eða eyðibýlastefna. Það má segja að ákveðin eyðibýlastefna hafi verið í gangi frá því að menn hjuggu hér stórt um 1990 á útflutningsbætur og fleira sem varðar landbúnaðinn. En þetta snýr ekkert að litlum eða stórum bændum. Sannleikurinn er sá að viðskiptin hafa farið þannig fram í dag að litli Jón kaupir af stóra eða stóri af litla. Ég kann ekkert að lýsa því. Þetta hafa verið frjáls viðskipti manna á milli og þannig hafa þessi viðskipti farið fram í mörg ár. Ég er ekkert viss um að sá litli eða bóndinn sem er með lítið bú fari verr út úr því kerfi þó að þessi viðskipti haldi áfram á þennan hátt. Hann er ekkert sterkari þó við taki einn markaður í henni Reykjavík.

Íhaldið hefur nú ekkert yfir mig valtað í þessu máli, hæstv. forseti. (**SvG:** Jú.) Hins vegar var það sameiginleg niðurstaða í báðum þessum flokkum (Gripið fram í.) að fresta

þessari ákvörðun og grandskoða hana betur á því sumri sem er fram undan og það verður gert. Og þá sjáum við til hvaða stefna verður tekin upp. Það er nú stundum betra, hv. þm., að víkja til hliðar og leiða strauminn en að brotna í iðukastinu. Og hlakka ég nú til að sjá hv. þm. í krataslagnum sem fram undan er í sameiningu A-flokkanna, hvernig hann byltist þá í rótinu og hvernig klæðum hann þá klæðist (Gripið fram í.) á þeim jólum sem nú eru fram undan í tilveru þessara A-flokka. (**SvG:** Reyndi ekki þingmaðurinn að kasta sér í Ölfusá?) (**JóhS:** ... klæddur íhaldsklæðum eins og þú ert í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 3. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 1399, frhnál. 1426, brtt. 1405 og 1427.

[16:08]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta eru brtt. frá meiri hluta iðnn., eftirtöldum hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, Guðjóni Guðmundssyni, Árna Ragnari Árnasyni, Sigríði Önnu Þórðardóttur, Hjálmari Árnasyni og Pétri H. Blöndal.

Herra forseti. Iðnn. hefur lagt mikla vinnu í þetta mál allt frá því það kom fyrst til hennar. Þá hefur og verið lífleg og mikil umræða í sölum þingsins. Margir gestir komu á fund nefndarinnar og umsagnir nokkuð margar enda gerði iðnn. tillögur um nokkrar breytingar sem voru samþykktar eftir 1. umr.

Í 2. umr. komu fram ýmsar athugasemdir, m.a. þær að ýmsir lýstu áhyggjum sínum af því að frv. fæli í sér yfirtöku á ýmsum gildandi lögum svo sem náttúruverndarlögum. Sú skoðun meiri hluta iðnn. hefur ítrekað komið fram að svo er ekki. En til þess að taka af allan vafa og lýsa vilja meiri hluta iðnn. þá gerir nefndin að tillögu sinni þær breytingar sem um getur á þskj. 1405. Flestar lúta þær að því í rauninni að vísa til annarra laga. Eru þær þessar, herra forseti:

„1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða."

Með þessu er verið að taka af allan vafa, eins og ég gat um áðan, og ætti í rauninni að vera óþarfi. En vegna þess uggs sem fram kom bæði í ræðum manna og ýmissa gesta nefndarinnar vildi meiri hluti iðnn. sýna þessa hugsun sína á þennan hátt.

2. töluliður þessara brtt. snýr meira að orðalagi og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir orðunum „frumkvæði að og" í fyrri málslið 1. mgr. 4. gr. komi: /eða."

Þetta skýrir sig sjálft og þarf ekki frekari útlistunar við.

3. og 4. töluliður brtt. taka til þess hver eigi að vera umsagnaraðili. Í frv. eins og það er núna eftir 1. umr. er þess getið í 5. og 6. gr. að leita skuli álits Orkustofnunar. En í þessum tölulíðum er bætt við umhvrn., þ.e. í 3. tölulið hér, með leyfi forseta:

„Á eftir orðinu „Orkustofnunar" í 3. mgr. 5. gr. komi: og umhverfisráðuneytis."

Hið sama er í 4. tölulið, með leyfi forseta:

„Á eftir orðinu „Orkustofnunar" í 3. mgr. 6. gr. komi: umhverfisráðuneytis."

Með þessu er í rauninni einkum verið að skírskota til náttúruverndarlaga og umhverfissjónarmiða og í því felst að undirstofnanir umhvrn. hafi aðgang að málinu, en um það kom fram nokkur uggur hjá einstökum gestum.

5. töluliður er einfaldur, með leyfi forseta:

„Við 16. gr. 2. mgr. falli brott."

Er það í rauninni rökrétt miðað við 1. tölulið því að efni þessa liðar hefur verið tekið inn í 1. gr.

6. töluliður hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 21. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um vernd og eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum gilda einnig lög um náttúruvernd."

Þetta er, herra forseti, af sama toga og um getur í 1. tölulið, þ.e. til að taka af allan vafa. Í sjálfu sér ætti slíkt að vera óþarfi en með þessu kemur þó auðvitað fram hugsun og eindreginn vilji nefndarmanna.

Síðasti töluliðurinn, herra forseti, 7. töluliður:

„3. og 4. málsl. 1. mgr. 34. gr. orðist svo: Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein."

Hér er, herra forseti, verið að taka af allan vafa um hvert sé hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi eftirlit og rannsóknarþáttinn á sviði sem þessu.

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Þessi atriði skýra sig í rauninni sjálf en snúa fyrst og fremst að því frá meiri hluta iðnn. að um frv., verði það að lögum, gilda að sjálfsögðu einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur þau lög sem við eiga enda felst það eiginlega í orðanna hljóðan að ein lög upphefja tæpast önnur.

Hitt kann svo að verða afleiðing af þessu að gera þurfi breytingu á einstökum öðrum lögum svo sem náttúruverndarlögum og það er þá vettvangur þingsins á síðari tímum. Ég læt þetta duga, herra forseti.

[16:14]

**Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):**

Herra forseti. Varðandi það frv. sem hér liggur nú til 3. umr. þá er það skoðun okkar í þingflokki Alþb. og óháðra að þetta sé stærsta mál þingsins. Það er stundum talað um það af stjórnarandstöðu eða stjórn eftir atvikum að einstök mál séu stærstu mál þingsins og um það eru oft deilur hvað er stærst í þessum efnum og ég átta mig út af fyrir sig á því, herra forseti, að um hvort þetta sé stærsta mál þingsins eða einhver önnur er kannski ekki endilega samstaða. En af okkar hálfu lítum við þannig á að þetta sé langsamlega alvarlegasta mál þessa þings. Það er vegna þess, herra forseti, að við teljum að með þessu móti sé verið að flytja landeigendum milljarða verðmæti. Með öðrum orðum að öll þau verðmæti sem eru neðan jarðar, inn að miðju jarðarinnar séu eign landeigandans hver sem hann er og hver sem verðmætin kunna að vera.

Í öðrum löndum OECD eru alls staðar reglur sem takmarka þessa möguleika landeigendanna í þágu viðkomandi þjóða. Jafnvel í því landi, Nýja-Sjálandi, sem talið er lengst til hægri flestra ríkja í efnahgsmálum, eru gamlar reglur í gildi um að það sé almenningur sem eigi verðmætin í jörðu, þar á meðal jarðhita. Hér er í sjálfu sér um að ræða tillögu

sem gengur ótrúlega langt í þá veru að breyta í grundvallaratriðum eignasamsetningu og efnahagslegri samsetningu íslenska þjóðfélagsins.

Þess vegna var það sem við þingmenn Alþb. og óháðra héldum sérstakan blaðamannafund í Elliðaárdal í dag við eina af borholum Hitaveitu Reykjavíkur. Þar lögðum við fram eftirfarandi fréttatilkynningu, herra forseti:

„Alþýðubandalagið hefur um árabil barist fyrir því að auðlindir í jörðu neðan 100 metra yrðu lýstar sameign þjóðarinnar. Nú er hins vegar verið að afgreiða stjórnarfrv. um eignarhald á auðlindum í jörðu sem gengur í allt aðra átt þannig að landeigendur eignist öll auðæfi í jörðu undir löndum þeirra inn að jarðarmiðju ef ekki vill betur til. Hér er um að ræða milljarða tilflutning eigna frá þjóðinni í heild til einstakra landeigenda.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í iðnn. Alþingis hafa lagt fram á Alþingi brtt. við stjórnarfrv. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Mikilvægustu brtt. felast í því að gert er ráð fyrir að takmarka eignarréttindi á auðlindum í jörðu við nýtingu sem þekkt er til þessa. Þannig er í raun farin sama leið og í hinum nýju þjóðlendulögum sem við studdum. Þá er gert ráð fyrir því að málið verði endurskoðað í sumar í sérstakri nefnd svo unnt verði að skýra takmörkunarákvæðin enn frekar í löggjöf á næsta þingi.

Annar aðalgalli stjórnarfrv.," segir í fréttatilkynningunni, „er sá að þar er ekki gert ráð fyrir samráði við umhverfismálastofnanir sem skyldi. Flytur stjórnarandstaðan tillögur um róttækar breytingar á umhverfisþætti frv. Ljóst er að verðmæti lands þar sem auðlindir er að finna getur verið umtalsvert, einkum ef auðlindirnar eru skilgreindar sem eign landeigenda. Sem dæmi má nefna að árið 1976 féll gerðardómur í svokölluð Svartsengismáli þar sem landeigendum voru úrskurðaðar bætur vegna Hitaveitu Suðurnesja. Þá fengust um 90 millj. kr. fyrir land- og jarðhitaréttindi en það jafngildir um 600 millj. kr. á verðlagi dagsins í dag. Þessi gerðardómsúrskurður hefur síðan verið notaður sem fyrirmynd í öðrum sambærilegum málum.

Meginástæður fyrir því að okkar mati að takmarka eignarréttinn ofan í jörðina eins og gerð er tillaga um eru þessar:

1. Þeim mun dýpra sem kemur ofan í jörðina er fráleitara að miða auðlindanýtingu við eignarhald á yfirborði landsins. Ástæðan er m.a. sú að þá er komið ofan í sameiginlega uppsprettur grunnvatns, hvort sem um er að ræða heitt vatn eða kalt.

2. Tekin hefur verið ákvörðun um það með lögum að öll auðæfi undir hafsbotninum inn að netlögum séu eign þjóðarinnar. Það er því óeðlilegt að byrja við netlagamörk nýja eignarviðmiðun á auðlindum í jörðu.

3. Þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar er unnt að takmarka eignaréttinn enda séu fyrir því almenn og málefnaleg rök.

Þetta hafa sérfræðingar sem komið hafa á fund iðnn. Alþingis staðfest, eins og Sigurður Líndal og Allan V. Magnússon, og er því vísað á bug málflutningi iðnrh., sem telur slíkar takmarkanir fara í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Alþb. getur ekki tekið þátt í því að flytja ómæld auðæfi úr þjóðareign í einkaeign og telur áform ríkisstjórnarinnar fara í bága við hagsmuni þjóðarinnar. Það mun freista þess strax og tækifæri er til að breyta þeim ákvæðum frv. sem fela í sér eignatilfærslu en þar með væri ekki um að ræða varanlegt afsal eigna frá þjóðinni til einstakra landeigenda."

Hér er um að ræða pólitíska yfirlýsingu, herra forseti, í lok þessarar fréttatilkynningar um það að við munum beita okkur fyrir því að breyta þessari eignatilfærslu strax og við fáum möguleika til. Við lýsum því hér með yfir að við munum ekki una þessum tillögum eins og þær liggja fyrir í afstöðu ríkisstjórnarinnar og í frv. hennar.

Á þessum blaðamannafundi, herra forseti, sem við héldum í Elliðaárdal í dag vorum við stödd við eina af minnstu borholunum í dalnum. Þar koma upp 19,7 lítrar á sekúndu af heitu vatni, 86° heitu vatni. Ef það er skoðað aðeins nánar kemur í ljós að verðmæti það sem hér er um að ræða upp úr þessari einu holu á ári, lítilli holu í raun og veru, minnstu holunni í Elliðaárdal, sennilega þeirri minnstu af sex eða sjö, mundi samkvæmt því verðlagi í dag sem Hitaveita Reykjavíkur mundi vera tilbúin til að kaupa þetta vatn á og framselja síðan notendum gefa eiganda holunnar 567.648.000 kr. fyrir 621.259.200 lítra af 86° stiga heitu vatni. Þetta dæmi er auðvitað svo sláandi að það þarf ekki að ræða málið í rauninni neitt frekar vegna þess að það sýnir hvað hér er um að ræða hrikalegan hlut: að tekjurnar af þessari einu litlu holu gætu verið í kringum hálfur milljarður kr. á ári — af þessari einu litlu borholu.

Núna væri það náttúrlega þannig að ef við ættum þessa holu þyrftum við sjálf að bora og sjálf að leggja lagnir frá henni. Engu að síður væri hér um að ræða ótrúlega fjárfestingu, ótrúlegar tekjur, sem við værum og erum með þessu frv. að færa landeigendum. Það er alveg sama hvað kæmi upp úr jörðinni samkvæmt þessu frv., hvort um er að ræða heitt vatn á háhitasvæðum, hvort um er að ræða olíu, hvort um er að ræða málma, allt er eign landeigandans. Síðan eru engin ákvæði um það með hvaða hætti landeigandinn skilgreinir það hvað það er að bora beint niður í jörðina. Hann getur auðvitað sótt sér verðmæti á ská og alla vega undir landareign annarra þannig að af þessu sjá menn auðvitað líka hvað það er mikil vitleysa og heimskulegt að ætla sér að afhenda landeigandanum allar auðlindir langt ofan í jörðina eins og gerð er tillaga um í frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Minni hluti iðnn. hefur gefið út nál. um þetta mál og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Minni hluti iðnaðarnefndar flytur fjölmargar breytingartillögur við 3. umræðu um frumvarpið. Flestar tillögurnar lúta að því að tengja rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu við stofnanir umhverfisráðuneytisins. Minni hlutinn telur breytingartillögur meiri hlutans að þessu leyti ófullnægjandi þar sem ekki er gert ráð fyrir samstarfi við stofnanirnar heldur við ráðuneytið sjálft sem er óeðlilegt. Það er þó vissulega betra en ekki. Þó er fráleitt að tengja stofnun eins ráðuneytis við annað ráðuneyti eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hlutans.

Mikilvægustu breytingartillögur minni hlutans felast í því að lagt er til að takmarka eignarrétt á auðlindum í jörðu við nýtingu sem þekkt er til þessa. Þannig er í raun farin sama leið og í frumvarpi til laga um þjóðlendur."

Og þannig er farin sama leið og farin var í lögum í Noregi áður en olíuboranir hófust þar á sínum tíma.

„Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að farið verði yfir málið í sérstakri nefnd í sumar svo að unnt verði að skýra takmörkunarákvæði enn frekar í löggjöf á næsta þingi.

Rökin fyrir tillögum um takmörkun á eignarrétti í jörðu eru þessi:

1. Þeim mun dýpra sem kemur ofan í jörðina er fráleitara að miða auðlindanýtingu við eignarhald á yfirborði lands.

Ástæðan er meðal annars sú að þá er komið ofan í sameiginlegar uppsprettur grunnvatns hvort sem það er heitt eða kalt. Sá sem borar ofan í jörðina gæti þar með verið að ganga á eign granna sinna. Takmörkun á eignarrétti í jörðu er því sjálfsögð tillitsemi við rétt nágrannans.

2. Tekin hefur verið ákvörðun um það með lögum frá Alþingi að öll auðæfi undir hafsbotninum inn að netlögum séu eign þjóðarinnar. Það er því óeðlilegt að byrja við netlagamörk nýja eignarviðmiðun á auðlindum í jörðu.

3. Þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar er unnt að takmarka eignarréttinn, enda séu fyrir því almenn og málefnaleg rök. Þetta kom skýrt fram á fundi iðnaðarnefndar þar sem mættir voru Sigurður Líndal prófessor og Allan Vagn Magnússon dómari. Þar með er að mati minni hlutans hafnað þeim sjónarmiðum sem iðnaðarráðherra hefur byggt málflutning sinn á, þ.e. að frumvörp stjórnarandstöðunnar séu andstæð stjórnarskrárákvæðunum um verndun einkaeignarréttarins. Slíkt er fjarri öllu lagi.

Minni hlutinn lagði til við 2. umr. að málinu yrði frestað og það unnið betur. Sú tillaga var því miður felld, en það væri eðlilegasta málsmeðferðin. Erfitt er að flytja breytingartillögur við frumvarp sem er í grundvallarmótsögn við afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna en engu að síður reynt. Minni hlutinn tekur fram að þeir þingflokkar sem standa að minni hlutanum munu freista þess strax og þeir fá tækifæri til að breyta þeim ákvæðum frumvarpsins sem fela í sér mesta eignatilfærslu; þar með væri ekki um varanlegt afsal eigna að ræða frá þjóðinni til einstakra landeigenda.

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur tekið þátt í umfjöllun nefndarinnar um málið sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk nefndaráliti þessu."

Undir nál. rita Svavar Gestsson, Gísli S. Einarsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Eins og fram kom í áliti minni hlutans, herra forseti, þá flytjum við allmargar tillögur um breytingar á frv. eins og það lítur út eftir 2. umr. Ég mun nú, herra forseti, fara yfir þessar brtt. eins og þær líta út. Vík ég þá að fyrstu brtt. en hún er við 3. gr. frv. og orðast svo:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu, enda séu auðlindirnar þekktar og vinnanlegar þegar lög þessi eru samþykkt. Í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra þegar lög þessi eru sett."

Við gerum sem sagt ráð fyrir því að þessi setning bætist við til skýringar á greininni en greinin orðast svo í frv. eftir 2. umr. frá hæstv. ríkisstjórn:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Í rauninni er aðalatriðið í þessu máli, herra forseti, að við hverfum frá þeirri hugmynd, m.a. vegna þess að margir hafa talið hana ónákvæma að takmarka eignarrétt á auðlindum í jörðu við tiltekinn metrafjölda, t.d. 100 metra eða 200 metra eða eitthvað því um líkt. En við gerum tillögu um að eignarrétturinn verði takmarkaður við það að auðlindirnar séu þekktar og vinnanlegar þegar lög þessi eru samþykkt. Það má segja að annars vegar gangi þessi tillaga lengra en tillögur um 100 metra takmörkun ofan í jörðu, vegna þess að þess væru dæmi og það er hugsanlegt að auðlindirnar fyndust innan við 100 metra og eignarrétturinn á þeim yrði þannig í rauninni í höndum ríkisins þó svo væri, samkvæmt þessu orðalagi.

En hér er hins vegar verið að fara leið sem hefur verið reynd annars staðar og við teljum að sé að mörgu leyti eðlileg og við teljum að hún sé í samræmi við þjóðlendufrv. En til þess hins vegar að fjalla um þessi mál áfram, og má segja að það sé framhald af og gæti út af fyrir sig átt við jafnvel þótt ekki yrði fallist á tillögur okkar, þá gerum við tillögu um að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Alþingi kýs fimm manna nefnd sem skili fyrir haustið 1998 tillögum um breytingar á lögum þessum um takmarkanir á auðlindarétti í jörðu skv. 3. gr. þessara laga. Ríkisstjórnin ákveður þá hvort og í hvaða formi málið verður lagt fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi."

Hér er með öðrum orðum um að ræða samhangandi tillögur, þ.e. fyrstu tillöguna og síðustu tillöguna, en engu að síður tel ég að málið sé þannig að ef svo illa færi, sem mér býður reyndar í grun, að fyrsta tillagan yrði felld, þá tel ég að síðasta tillagan gæti eftir sem áður staðist, jafnvel miðað við frv. eins og það lítur út að öðru leyti því að það þarf auðvitað að vinna í þessum takmörkunarmálum miklu betur en ríkisstjórnin hefur þegar gert. Ég tel að hún hafi kastað höndunum til þessa máls og það þurfi að vinna það miklu betur.

Í öðru lagi, herra forseti, flytjum við brtt. á þskj. 1427 um að ákveðin breyting verði á 4. gr. frv. Við gerum ráð fyrir því að 1. málsliður 1. mgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að höfðu samráði við stjórnvöld umhverfismála að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu enda sé ekki með því gengið gegn staðfestu skipulagi eða ráðstöfun lands samkvæmt náttúruverndarlögum og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum."

Það sem breytist með þessari tillögu okkar er að við bætum hér inn stjórnvöldum umhverfismála sem iðnrh. eigi að hafa samráð við um þessi mál og við bætum hér inn líka skipulags- og byggingaryfirvöldum og við skírskotum líka til náttúruverndarlaga. Við teljum að hér sé tekið miklu betur af skarið en í tillögu hæstv. ríkisstjórnar á þskj. 1405 þar sem segir svo í 1. brtt. frá meiri hlutanum, með leyfi forseta:

„Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða."

Ég tel að þessi brtt. sé til bóta. Hins vegar tel ég skýrara að mæla fyrir um þetta samstarf í hverri grein fyrir sig og á því byggist þessi a-liður 2. brtt. okkar.

Í öðru lagi gerum við þá brtt. við 2. málslið 2. mgr. að á eftir orðinu „Orkustofnun" komi: og Náttúruvernd ríkisins. Og þá hljóðar liðurinn þannig, með leyfi forseta:

„Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun og Náttúruvernd ríkisins áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni."

Síðan gerum við ráð fyrir því að við þessa grein bætist í þriðja lagi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Þá skal iðnaðarráðuneytið tryggja að Náttúruvernd ríkisins fái nauðsynlegar upp lýsingar um áætlanir samkvæmt þessari grein og að stofnunin geti komið athugasemdum á framfæri og sett skilyrði sem iðnaðarráðuneytið tryggir að

farið verði eftir á sama hátt og þau skilyrði sem Orkustofnun kann að setja.

Náttúrufræðistofnun ríkisins þarf ekki rannsóknarleyfi samkvæmt þessari grein."

Þessi brtt. kann að virðast sérkennileg en rökin fyrir henni eru þau að ef þessi ákvæði væru ekki í lögunum þá mætti ætla að Náttúrufræðistofnun ríkisins þyrfti rannsóknarleyfi samkvæmt þessari grein. Þess vegna er nauðsynlegt að mati okkar að undanþiggja hana með sérstöku jákvæðu ákvæði.

Í þriðja lagi gerum við, herra forseti, brtt. við 5. gr. frv. um að á eftir orðinu „Orkustofnunar" í 3. mgr. komi: Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar.

Þá orðaðist málsgreinin þannig svo breytt:

„Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar."

Í fjórða lagi gerum við brtt. við 6. gr. um að fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Nýting auðlinda úr jörðu er háð því að hún sé heimil samkvæmt lögum um skipulags- og byggingamál og að fyrir liggi leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum."

Það nýja í þessari brtt. frá því sem er í tillögu ríkisstjórnarinnar er að við gerum ráð fyrir því að sérstaklega verði skírskotað til skipulags- og byggingarlaga um leið og fjallað er um málin eins og greint er frá í greininni að öðru leyti.

Síðan gerum við ráð fyrir því, herra forseti, að við 8. gr. bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

„Áður en efnistaka hefst samkvæmt þessari grein skal landeigandi eða sá sem hann hefur fengið til verksins tilkynna áform sín til Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarráðs og hefjist framkvæmdir ekki fyrr en þessar stofnanir hafa gefið samþykki sitt."

Þetta kann að virðast nokkuð bratt ákvæði af hálfu okkar. En svo er ekki ef menn skoða samhengið því að í greininni eins og hún lítur út núna segir svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand."

Og punktur. Það er auðvitað algjörlega fráleitt að ganga svona frá greininni eins og gert er í tillögu ríkisstjórnarinnar enda greiddum við stjórnarandstæðingar atkvæði gegn henni við 2. umr. En þar sem greinilegt er að ríkisstjórnin ætlar að reyna að knýja þessa grein í gegn þá flytjum við hér tillögu um breytingu um sérstaka viðbót við greinina, þ.e. þá sem ég las upp áðan.

Í sjötta lagi gerum við brtt. við 10. gr. en 10. gr. er fyrsta greinin í kaflanum um jarðhita. Þeirri grein hefur þegar verið breytt nokkuð en við gerum ráð fyrir því að við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Landeigandi eða Orkustofnun tilkynni Náttúruvernd ríkisins um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir með hliðsjón af eftirlitshlutverki Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins."

Við teljum sem sagt að það eigi að kalla Náttúruverndarráð til áður en tekin er ákvörðun um hagnýtingu jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 mw. miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands.

Þetta teljum við að sé eðlilegt að hafa þó um jarðhita til eigin nota sé að ræða.

Í 7. lagi gerum við brtt., herra forseti, við 14. gr. frv. Þar gerum við ráð fyrir því að við bætist ný málsgrein svohljóðandi, en þetta er greinin sem fjallar um grunnvatn, með leyfi forseta:

„Landeigandi eða Orkustofnun tilkynni Náttúruvernd ríkisins um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir með hliðsjón af eftirlitshlutverki Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins."

Þessi grein er í raun og veru samhljóða þeirri sem áður var getið og flutt er í tengslum við breytingar á greininni sem fjallar um hagnýtingu jarðhita.

Í áttunda lagi, herra forseti, flytjum við brtt. við 17. gr. frv. um að þar verði kveðið svo á að við veitingu nýtingarleyfa sé þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé í samræmi við staðfest skipulag og umhverfissjónarmið o.s.frv., þannig að hér er gert ráð fyrir því að staðfestu skipulagi viðkomandi svæði sé komið inn í lögin.

Í níunda lagi, herra forseti, gerum við tillögur um breytingar á 21. gr. en kaflinn fjallar um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Þar gerum við ráð fyrir því að við 2. málsl. bætist: sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins. Þá mundi málsliðurinn hljóða svo, með leyfi forseta:

„Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð, sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins."

Í tíunda lagi flytjum við brtt. við 23. gr. frv. og leggjum til að þar bætist við ný málsgrein sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun getur fengið aðgang að þeim rannsóknargögnum sem Orkustofnun hefur með höndum samkvæmt þessum kafla laganna."

Það er alveg óhjákvæmilegt að kveða á um að Náttúrufræðistofnun geti fengið aðgang að þessum gögnum þannig að þessar tvær rannsóknar- og ríkisstofnanir geti haft og tryggt eðlilega samvinnu og komið verði í veg fyrir tvíverknað eins og mögulegt er.

Í ellefta lagi leggjum við til að 2. málsliður 28. gr. falli brott. Þetta er kaflinn um eignarnáms- og bótaákvæði og 28. gr. hljóðar svo í heild, herra forseti:

„Nú veitir iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati."

Ástæða þess að við leggjum til að þessi málsliður verði felldur niður er fyrst og fremst sú að við teljum að þær forsendur sem byggt er á í greinargerð frv. í þessu efni mundu knýja ríkið eða aðra aðila til þess að greiða landeigandanum óhóflegar bætur og þess vegna leggjum við til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Þá gerum við tillögu um það í tólfta lagi, herra forseti, að breyting verði á 30. gr. og hún breytist í heild, og greinin orðist svo samkvæmt tillögu okkar. Þessi breyting er í beinu framhaldi af brtt. við 28. gr.

„Við ákvörðun bóta skv. 28. gr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign

eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því."

Hér gerum við ráð fyrir mjög veigamikilli breytingu en ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa upp greinina eins og hún hljóðar nú samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar:

„Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðshluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu."

Með þessu ákvæði eins og það er í tillögu hæstv. ríkisstjórnar er gengið ótrúlega langt í því að tryggja landeigandanum bætur við þær aðstæður sem hér er um að ræða og þess vegna flytjum við þá brtt. sem er nr. 12 á þskj. okkar og er orðrétt, ef ég man rétt, upp úr frv. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fleiri, sem hér hefur verið til meðferðar í vetur líka um sama efni.

Í þrettánda lagi flytjum við brtt. við 34. gr. frv. þar sem við gerum ráð fyrir því að í stað orðanna „fenginni umsögn" í 3. málsl. 1. mgr. komi: fengnu samþykki. Hér er verið að undirstrika vald umhvrn. þegar kemur að nýtingu á örverum, sérstaklega erfðaefnum úr hitakærum örverum. Þessi grein er ein sú skrýtnasta í frv. og á auðvitað ekkert heima hérna. En úr því að búið er að setja hana hér inn þá gerum við þessa tilraun um breytingu á henni. Greinin hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis."

Það má segja að það eina góða við þessa grein séu orðin „eður ei" sem eru ekki algeng í lagatextum. En að öllu gamni slepptu þá leggjum við til að samþykki umhvrh. þurfi fyrir því að flytja úr landinu eða nýta örverur og erfðaefni úr hitakærum örverum.

Herra forseti. Í fjórtánda lagi flytjum við þá brtt. að í staðinn fyrir síðustu grein frv. sem er núna svona, með leyfi forseta: „Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna" — þ.e. um örverurnar — „fyrir 1. janúar 2001" — komi að greinin falli úr gildi 31. des. árið 2000. Það þýðir að hún falli úr gildi og stjórnvöld, bæði Alþingi og ríkisstjórn, verða þá að tryggja að komin verði ný lög sem fjalli um hina lifandi náttúru og þar með verði þessi grein komin í eðlilegt lagasamhengi í stað þess sem hér er sem við í stjórnarandstöðuflokkunum teljum óeðlilegt eins og það liggur fyrir.

Loks leggjum við svo til, herra forseti, að:

„Alþingi kýs fimm manna nefnd sem skili fyrir haustið 1998 tillögum um breytingar á lögum þessum um takmarkanir á auðlindarétti í jörðu skv. 3. gr. þessara laga. Ríkisstjórnin ákveður þá hvort og í hvaða formi málið verður lagt fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi."

Hér er sem sagt um að ræða tillögu um að nefnd verði sett til að fara yfir þessi deilumál í sumar og geri tillögu um lagfæringar á lögunum fyrir haustið þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til þess þá á nýjan leik hvernig með þessi mál verði farið. Með öðrum orðum erum við að undirstrika, herra forseti, að í raun og veru séu þær ákvarðanir sem hér er verið að taka, til bráðabirgða. Þær eru tæknilega til bráðabirgða vegna þess að þær standast ekki. Þær standast ekki tæknilega, ég fullyrði það, herra forseti. Í öðru lagi segjum við að pólitískt séu þessar ákvarðanir um eignarhald á auðlindum í jörðu til bráðabirgða.

Ég vil að lokum, herra forseti, nota tækifærið og fara nokkrum orðum um brtt. meiri hlutans og segja að þær eru algerlega fráleitar. Þar er gert ráð fyrir því að stofnanir iðnrn., eins og Orkustofnun, hafi samráð við umhvrn. Það kemur fram í 2. og 3. brtt. Ég tel að þessar tillögur sýni ekkert annað en vantraust umhvrn. á sínum eigin stofnunum. Þarna hefði auðvitað átt að standa Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands og jafnvel Skipulag ríkisins, en ekki umhverfisráðuneyti. Ég fullyrði að þessi búnaður um lagatexta, í lögum þeim er hér er gert ráð fyrir, er algerlega einsdæmi og felur að mínu mati í sér mikið og alvarlegt vantraust á stofnunum umhvrn. Í rauninni er fráleitt að gera ráð fyrir því að stofnun eins ráðuneytis hafi samráð eða samvinnu við annað ráðuneyti en ekki stofnun annars ráðuneytis. Það er algerlega fráleit uppsetning sem hér er gert ráð fyrir, herra forseti, og ég tel hana út í hött eins og hún lítur út.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er það okkar skoðun í þingflokki Alþb. og óháðra að þetta sé stærsta mál þessa þings. Hér er verið að afhenda landeigendum milljarða- og aftur milljarðatuga verðmæti. Við mótmælum því og lýsum því jafnframt yfir, herra forseti, að við munum strax og við fáum tækifæri til að beita okkur fyrir breytingum á þessu frv., ef það verður að lögum. Við teljum að það sé tæknilega illframkvæmanlegt og að pólitískt sé það ranglátt.

[16:49]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög margt í þessum brtt. sem hér eru fluttar af minni hluta iðnn., hv. þm. Svavari Gestssyni, Gísla Einarssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er keimlíkt þeim brtt. sem snúa að umhverfismálum og eru í brtt. meiri hlutans.

Eitt finnst mér vera athyglisvert í brtt. þeirri sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur mælt hér fyrir. Ég tel að það sýni kannski umfram allt annað að þessi umræða hér hafi skilað okkur nokkuð fram á veg. Ég hugsa að það sé ekki ofmælt þó að fullyrt sé að Alþb. hafi í tíu ár flutt hér lagafrv. sem snúa að því að takmarka eignarrétt á jarðhita við 100 metra dýpi

í jörðu. Það hefur verið lagt hér fram á mörgum þingum. Ég hugsa að það sé a.m.k. í tíunda skipti sem það er lagt fram núna.

Í brtt. þeirri sem hér er gerð tillaga um er fallið frá þessum hugmyndum um takmörkunina við 100 metra og sagt: „Eignarlandi fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu, enda séu auðlindirnar þekktar og vinnanlegar þegar lög þessi eru samþykkt. Í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra þegar lög þessi eru sett."

Þarna á að fara að takmarka eignarréttinn við það sem þekkt er í dag. Mér finnst það vera mikill áfangi hjá Alþb. sem hér hefur náðst og hjá þeim sem að þessari brtt. standa og hafa áður viljað takmarka þetta við miklu þrengri mörk. Ég held að menn séu því á réttri leið að nálgast þessa hluti. Ég ítreka þó að ég held að um þá takmörkun sem þarna um ræðir gildi sama og um 100 metrana, að ekki sé hægt að takmarka þetta við tiltekin mörk þar sem eignarréttur sé þekktur og nýtanlegur.

[16:51]

**Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að við alþýðubandalagsmenn höfum miðað við 100 metra og á bak við þá tillögu hefur fremst verið það að við höfum talið okkur styðjast þar við ágætar forsendur lögspekinga sem hafa fjallað um þessi mál í gegnum tíðina. Við töldum okkur þar m.a. styðjast við niðurstöður stjórnarfrv. sem unnið var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–79. Við höfum hins vegar alltaf gert okkur grein fyrir því að á bak við þessa tölu, 100 metra, sem slíka væru í sjálfu sér ekki mikil vísindi. Talan gæti alveg eins kannski verið 150 eða 99 metrar.

Það varð hins vegar niðurstaða okkar við meðferð þessa máls, að kanna hvort hægt væri að finna aðra takmörkun en þarna var um að ræða sem kannski gæti frekar náðst samstaða um. Ég held að af orðum hæstv. iðnrh. áðan þá hafi komið fram að kannski gæti náðst samstaða um þá takmörkun sem hér er um að ræða, þó að hæstv. ráðherra sjái sig kannski ekki í færum með að fallast á brtt. stjórnarandstöðunnar við þær aðstæður sem nú eru.

Ég bendi á að til viðbótar við tillöguna eins og við flytjum hana, sem ég held að sé tæknilega mjög snjöll vegna þess að hún nálgast málið nákvæmlega eins og í þjóðlendurfrv. — þjóðlendulögunum núna — þá erum við með tillögu að ákvæði til bráðabirgða um að unnið verði í þessum takmörkunarmálum áfram. Ég skora á hæstv. iðnrh. að velta því fyrir sér hvort hann geti ekki samþykkt þá tillögu. Þar er lagt til að Alþingi kjósi nefnd sem vinni í þessum takmörkunarmálum af því að ég held að ákvæðin, eins og þau eru í stjórnarfrv., dugi ekki. Þess vegna þurfum við að vinna í málinu áfram.

[16:53]

**Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það voru ekki mikil vísindi sem lágu að baki því þegar menn fundu út 100 metrana 1956. Ef ég man það rétt, af þeim gögnum sem ég hef lesið um sögu þessa máls, var ástæða þess að markið var sett við 100 metra sú að einungis tveir aðilar í landinu höfðu á því ári náð að nýta jarðhita niður á 100 metra dýpi. Menn töldu þess vegna eðlilegt að miða við þessi mörk.

Þetta hefur allt breyst í tímans rás. Þetta segir mér og fleirum að þær takmarkanir sem þarna er verið að setja séu ekki raunhæfar sem viðmiðun í þessu. Ég fagna því að með þessari tillögu sem hér er flutt þá horfa fulltrúar flokkanna, sem áður hafa verið að einskorða sig við miklu þrengri mörk í þessu, miklu víðar á málið. Ég er eftir sem áður tilbúinn til þess, þegar þessari umræðu lýkur og fer í atkvæðagreiðslu, að láta sérstaklega skoða það af hálfu lögfræðinga hvort það sé mat manna að þær takmarkanir sem þarna eru settar, eins og þessi brtt. gerir ráð fyrir, standist stjórnarskrána. Ég veit hins vegar að það er líka deilt um það milli lögmanna hvort hægt sé að takmarka þetta eins og brtt. gera ráð fyrir.

[16:55]

**Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bara rangt sem haldið hefur verið fram hér af hálfu hæstv. iðnrh. í þessum umræðum. Samkvæmt venjum og samkvæmt stjórnarskrá, samkvæmt hefðum í lagasetningu, samkvæmt dómum og reynslu, þá getur Alþingi sett takmarkanir á eignarréttinum, enda liggi fyrir því almennar og málefnalegar ástæður. Það er algerlega skýrt. Í gögnum sem voru m.a. reidd fram í hv. iðnn. um þessi mál, þar sem kallaðir voru sérstaklega til fundar út af þessu máli Sigurður Líndal og Allan Vagn Magnússon, þá kom það skýrt fram. Á þeim grundvelli treysta allir stjórnarandstöðuflokkarnir sér til að segja: Við munum, ef við fáum aðstæður til, breyta þessu ákvæði á ný, frá því sem það er í stjórnarfrv. núna. Við teljum að það verði að setja ríkari takmarkanir inn í málið. Þessir flokkar segja: Við teljum okkur geta það og hafa stjórnarskrárbundinn rétt til að gera það.

Þess vegna verð ég að segja það að ég hafna mjög eindregið því sjónarmiði hæstv. ráðherra að þessi tillaga standist ekki stjórnaskrána. Hvort hún er hins vegar tæknilega fullkomin skal ég ekkert um segja, frekar en um önnur mannanna verk. Hún er það örugglega frekar en tillaga ríkisstjórnarinnar sem gengur út á að afhenda landeigendum öll auðæfi ofan í jörðinni, inn að miðju jarðar. Það er bara tóm vitleysa.

[16:57]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér erum við komin að 3. umr. um umdeilt frv., um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, eitt af þeim þremur frv. þessarar ríkisstjórnar sem mest hefur verið deilt um á þessu þingi, bæði innan þings og utan. Það er athyglisvert að þessi umdeildu frv., um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, hálendisfrv. eða breyting á sveitarstjórnarlögunum og húsnæðisfrv., eru öll flutt undir forustu ráðherra Framsfl. Það er athyglisvert út af fyrir sig, herra forseti.

Það er einnig athyglisvert að skoða þetta frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, en með því geta landeigendur rakað til sín stórkostlegum fjármunum ef þjóðin þarf að nýta auðlindir sem finnast í jarðeign þeirra, og bera saman við hitt frv. sem framsóknarráðherrarnir bera hér fram, um húsnæðismálin, þar sem verið er að draga niður lífskjör þeirra sem verst standa í þjóðfélaginu. Þær fjölskyldur eru settar í algjört öryggisleysi að því er varðar húsnæðismálin og raunverulega úthýst frá húsnæðiskerfinu svo hundruðum skiptir. Þannig að þetta er út af fyrir sig athyglisverður kafli í sögu Framsfl.

Við 2. umr. þessa máls lagði minni hlutinn til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Því hefur minni hlutinn lagt fram frhnál. og brtt. sem

síðasti ræðumaður, hv. þm. Svavar Gestsson, hefur hér gert grein fyrir.

Herra forseti. Svo virðist sem allar auðlindir þjóðarinnar séu smátt og smátt, fyrir forgöngu þessarar ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl., að komast í hendur fárra, þar sem hyglað er að sérhagsmunum á kostnað almannahagsmuna. Við í stjórnarandstöðunni höfum reynt, eins og við höfum getað, að hindra það en það er komið að 3. umr. þessa máls. Það er auðvitað rétt sem meiri hlutinn heldur hér fram að hann hefur sinn rétt til þess að koma fram þeim frv. sem hann hefur meiri hluta fyrir. Ég er hins vegar sannfærð um að fyrir þeim þremur umdeildu málum sem ég nefndi áðan er ekki meiri hluti hjá þjóðinni.

Minni hlutinn kom inn á það við 2. umr. sem ég ætla ekki að gera mikið að umtalsefni að það væru nokkur grundvallaratriði í frv. sem við í minni hlutanum gagnrýndum sérstaklega. Við gagnrýndum mjög hve metnaðarlausar áherslur væru lagðar í umhverfismálin, herra forseti, og virðist svo vera sem meiri hlutinn hafi í brtt. sínum við 3. umr. og að einhverju leyti við 2. umr. tekið tillit til þess.

Eitt ágreiningsefnið varðaði útleigu og gjaldtöku fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar og við vildum setja skýrari málsmeðferðarreglur um leigu afnotaréttar þar sem m.a. fulls jafnræðis væri gætt og skýrar reglur um afnotagjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs eða lögum um útboð. Auk þess bentum við á ýmislegt sem vantaði í frv. og nefndum þar að ekki væri fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda, að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem hafa ekki verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni og óljóst sé kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða og ekki væru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms. Í frv. vantar enn skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsóknar og nýtingar á þeim auðlindum sem frv. tekur til, svo og ákvæða um gjaldtöku fyrir réttinn til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir og ekki væru í frv. nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram það sem er í gildandi lögum.

Við 3. umr., herra forseti, úr því að því var hafnað að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar þá reynum við að bæta nokkuð úr miðað við þau gagnrýnisatriði sem við settum fram við 2. umr. þessa máls. Við höfnum þessu máli fyrst og fremst af því að hér er um gífurlega eignatilfærslu að ræða í hendur fárra á kostnað almannahagsmuna eins og ég hef getið í máli mínu, herra forseti. En auðvitað er það kjarnaatriðið sem við erum að hafna, eins og ég sagði, þ.e. þessi eignatilfærsla og sá ótakmarkaði réttur sem landeigendur eiga að fá með þessu frv. ef að lögum verður, t.d. varðandi jarðhita og hversu djúpt í jörðu sem jarðhitinn er, varðandi olíu sem kann að finnast á landareign þeirra og fleira mætti nefna. Það er alveg ljóst að einkaréttarsjónarmiðin hafa allan forgang hjá þessari ríkisstjórn en ekki almannahagsmunir og það er það sem við mótmælum mjög harðlega.

Ég þarf út af fyrir sig, herra forseti, ekki að fara yfir brtt. Þeim voru gerð góð skil af hv. þm. Svavari Gestssyni. En það er mjög mikilvægt að benda á það sem mér fannst hæstv. ráðherra koma inn á áðan og mótmæla eða a.m.k. gera athugasemdir við varðandi tillögur okkar. Það er um takmarkanir á eignarréttinum. Við fórum ítarlega yfir það við 2. umr. að við teljum það ekki brjóta gegn stjórnarskránni og vísum líka til dóma í því sambandi að setja takmarkanir á eignarréttinn þegar verið er að gera það til þess að verja almannahagsmuni. Í frhnál. minni hlutans, herra forseti, þar sem vísað er til þess segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar er unnt að takmarka eignarréttinn, enda séu fyrir því almenn og málefnaleg rök. Þetta kom skýrt fram á fundi iðnaðarnefndar þar sem mættir voru Sigurður Líndal prófessor og Allan Vagn Magnússon dómari. Þar með er að mati minni hlutans hafnað þeim sjónarmiðum sem iðnaðarráðherra hefur byggt málflutning sinn á, þ.e. að frumvörp stjórnarandstöðunnar séu andstæð stjórnarskrárákvæðunum um verndun einkaeignarréttarins. Slíkt er fjarri öllu lagi."

Við 2. umr. málsins var ítarlega farið yfir þetta af ýmsum stjórnarandstæðingum að það stæðist að takmarka einkaeignarréttinn með þeim hætti sem við viljum gera. Við nefndum þar til og fór ég m.a. yfir skjal sem kom fram á sameiginlegum fundi allsherjar-, félags-, iðnaðar- og umhverfisnefndar sem Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður hefur get um hálendið og auðlindir í jörðu innan eignarlanda þar sem var m.a. vísað til frv. sem Bjarni Benediktsson flutti árið 1945, en þá var lagt til að leyfi ráðherra þurfi til jarðborana dýpra en 10 metra og tekið fram að þetta væri lagt til vegna þess að hætta gæti verið á því að jarðboranir spilltu hagnýtingu jarðhitans. Ekki síst vitnuðum við til frv. um rétt ríkisins til jarðhita neðan við 100 metra, en í þeirri nefnd sem lagði það til — en þetta frv. var flutt á Alþingi 1956 — var m.a. Ólafur Jóhannesson. Það var einmitt í þeirri nefnd og greinargerð hennar sem það var hrakið sem ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn er að halda fram. Nægir þar að vitna til örfárra setninga, herra forseti, þar sem segir að „löggjafarvaldið gæti þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar sett almenn takmörk fyrir því hversu djúpt niður í jörðu eða hátt upp í loft eignarráð landeigenda skuli ná, enda væri gengið óeðlilega nærri rétti landeigenda. Hér væri ekki hægt að segja að gengið væri nærri rétti landeigenda þar sem hann geti eftir sem áður haft öll venjuleg not fasteigna sinna bæði þau er hann þegar hefur og þau sem menn almennt reikna með."

Samkvæmt frv. áttu landeigendur sem þegar höfðu sótt jarðhita dýpra en 100 metra og virkjað hann eða tekið í notkun að halda eignarráðum á þeim jarðhita.

Þessu til viðbótar má vitna í erindi sem Sigurður Líndal flutti 1983 og heitir Eignarréttur á landi og orkulindum. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ef rétt þætti að setja reglu um að landareign hverri í einkaeign fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar á jarðhita eða undir yfirborði jarðar á allt að 100 metra dýpi er álitamál hvort hún samrýmdist 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Miðað við dómavenju má þó ætla að slíkt ákvæði stæðist." Ég tel þetta því alveg nægjanlegt til að vísa til þess að mér finnst ekki að orð ráðherrans standist í þessu efni eða það sem meiri hlutinn heldur fram um það mál. Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, svo ítarlega fór ég yfir það við 2. umr. þessa máls, að rekja þann þáttinn eitthvað frekar.

Ég vil þó aðeins koma inn á tvær brtt. sem minni hlutinn flytur en mikilvægustu brtt. minni hlutans felast í því að lagt er til að takmarka eignarrétt á auðlindum í jörðu við nýtingu sem þekkt er til þessa. Í raun er því farin sama leið og í frv. til laga um þjóðlendur og við viljum, herra forseti, svo ég fari aðeins inn á það atriði sem ég tel hvað veigamest í þessum

brtt., geta tveggja þeirra. Það er við 3. gr. en samkvæmt tillögum okkar í minni hlutanum á greinin að orðast svo:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu, enda séu auðlindirnar þekktar og vinnanlegar þegar lög þessi eru samþykkt. Í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra þegar lög þessi eru sett."

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, vekja athygli á hvernig þingflokkur jafnaðarmanna tók á þessu atriði í frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra sem er 425. mál þessa þings en þar segjum við í 3. gr. og er það reyndar fyllra ákvæði en hér er lagt til en engu að síður er markmiðið það sama, en þar segir:

„Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur yfir grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi.

Hafi önnur jarðefni en getið er í 1. mgr. sannanlega verið hagnýtt innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti áður en lög þessi tóku gildi fylgir réttur yfir þeim landareigninni áfram. Gildir þetta jafnt hvort sem þau efni eru á yfirborði jarðar eða í jörðu.

Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign."

Þetta vildi ég láta koma fram og draga fram það ákvæði sem er einmitt að finna um þennan þátt í frv. sem þingflokkur jafnaðarmanna flytur.

Hitt ákvæðið sem ég nefni sem er við 30. gr. og ég tel mjög mikilvægt er hvernig standa eigi að ákvörðun bóta til landeigenda ef nýta þarf að einhverju leyti landareign þeirra eða auðlind sem þar finnst í þágu almannahagsmuna. Þar er auðvitað um að ræða gerólíkt ákvæði sem við leggjum til í minni hlutanum á móti því ákvæði sem er að finna í stjfrv. ríkisstjórnarinnar og sem sýnir raunverulega fram á þann grundvallarágreining sem er milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Við leggjum til breytingu við 30. gr. þar sem við viljum að greinin orðist svo:

„Við ákvörðun bóta skv. 28. gr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því."

Hér er því um það að ræða að fyrst og fremst, herra forseti, er við ákvörðun bóta tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni og afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. En skv. 30. gr. í frv. ríkisstjórnarflokkanna á að fara með ákvörðun um bætur þannig að þegar ákvörðun um eignarnám „liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðshluti eða önnur fastákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. ... Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu."

Herra forseti. Hér er um algerlega opinn tékka að ræða á skattgreiðendur. Enginn veit hvað þetta kemur til með að kosta skattgreiðendur þegar þarf að fara að greiða landeigendum eignarnámsbætur ef almannahagsmunir krefjast þess að nýta þurfi auðlind sem finnst á landareign þeirra. Það væri því fróðlegt að vita hvað það ákvæði, sem ég nefndi í 30. gr., muni kosta skattgreiðendur að nokkrum árum eða áratugum liðnum ef það fær að standa sem slíkt. Mér finnst nauðsynlegt að draga fram hvernig við teljum rétt að standa að málum, þ.e. að takmarka ákvörðun bóta eins og ég lýsti áðan, þannig að aðeins sé tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Það sést alveg greinilega að hér er um verulegan mun að ræða. Við leggjum til sanngjarnar og eðlilegar bætur. En í 30. gr. virðist vera opinn tékki á ríkissjóð ef tillögu ríkisstjórnarinnar verður framfylgt.

Þessa tvo meginþætti vildi ég draga fram í brtt. okkar í minni hlutanum og tel út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fara yfir aðrar brtt. Þær tengjast mikið áherslum okkar sem við viljum að fram komi í þessu frv. varðandi umhverfismálin og umhverfisþáttinn. Þar höfum við mikið horft til þess sem fram hefur komið m.a. frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem mikla þekkingu hefur á þessum umhverfismálum, og því sem fram hefur komið hjá ýmsum öðrum sem fjalla um umhverfismál eins og Náttúruvernd ríkisins. Ég fór ítarlega yfir þær umsagnir við 2. umr. þessa máls, herra forseti, og sé ekki ástæðu til að fara yfir þær frekar. Sjónarmið okkar koma fram í þessum brtt. og út af fyrir sig er ástæða til þess að fagna því að þau rök okkar hafa að einhverju leyti náð eyrum meiri hlutans vegna þess að þeirra má sjá stað í brtt. sem meiri hlutinn flytur við þessa lokaumræðu um málið.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja mál mitt. Ég tel að það hafi lítil áhrif á þessa ríkisstjórn þótt reynt sé að leiða henni fyrir sjónir skynsamlegri leiðir í þessu máli hvort sem það er gert innan þings eða utan. Hún er ákveðin í því að skella skollaeyrum við öllum skynsamlegum tillögum sem koma fram. Ég vil þó í lok míns máls lesa nokkuð sem mér finnst mjög athyglisvert og fram kom hjá Félagi landfræðinga í umsögn um þetta mál um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Brýnt er að vanda vel til hvers konar lagasetningar um meðferð á auðlindum landsins, og á það jafnt við um eignarhald og nýtingu. Spurningar um eignarhald verða ekki leiddar til lykta nema með ítarlegri umræðu í samfélaginu, enda skoðanir skiptar. Félag landfræðinga telur orka tvímælis að skilgreina allar auðlindir í jörðu sem einkaeign með jafnfortakslausum hætti og gert er í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. á landi sem ekki er skilgreint sem þjóðlendur. Þetta á einkum við um jarðhita djúpt í jörðu, sem og auðlindir sem ekki hafa fundist í neinu magni hérlendis og engin hefð er fyrir nýtingu á, hvað sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þar má nefna olíu og gas. Um þetta hefur of lítil umræða farið fram til að verjandi sé að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu."

Ég vil einnig, herra forseti, vitna til umsagnar Alþýðusambands Íslands um þetta mál. Það eru örfáar setningar og þar segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið leggur áherslu á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnytjum eða náttúruauðlindum, verður að setja eðlileg mörk. Óeðlilegt er að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildir til nýtingar eða afnota.

Þetta viðhorf hefur raunar ævinlega verið viðurkennt almennt viðmið í íslensku samfélagi. Þannig eru eignarráðum einstaklinga ýmis takmörk sett sem byggja að nokkru leyti á náttúruverndarsjónarmiðum, að nokkru á tilliti til almannahagsmuna og varða skipulega og skynsamlega nýtingu landgæða. Um takmörkun eignarráða á forsendum sem þessum hefur ekki verið deilt í grundvallaratriðum á liðnum áratugum. Í ljósi þessa telur ASÍ sæta furðu sú fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að áskilja landeigendum svo ríkan og ótakmarkaðan eignarrétt að auðlindum í jörðu sem raun ber vitni."

Það er auðvitað meginatriðið og kjarnaatriðið sem við höfum verið að gagnrýna að landeigendum skuli áskilinn í þessu frv., sem nú á að gera að lögum, svo ríkur og ótakmarkaður eignarréttur á auðlindum í jörðu sem raun ber vitni. Það er alveg ljóst, herra forseti, að með frv. er fyrst og fremst gætt sérhagsmuna sem eru ær og kýr þessarar ríkisstjórnar, en ekki almannahagsmuna.

Það skulu verða mín lokaorð að þetta verður eitt þeirra mála sem stjórnarandstaðan, komist hún í meiri hluta eftir næstu kosningar að ári liðnu, mun taka sérstaklega fyrir og beita sér fyrir breytingum á.

[17:21]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Það er svo sannarlega ástæða til að hafa hér langa tölu miðað við mikilvægi þessa máls og þá andstöðu sem ég og við kvennalistakonur viljum sýna því. Við erum algerlega andvígar lögfestingu þess eins og það liggur hér fyrir.

Þetta er eitt af þessum umdeildu hálendisfrv. sem ríkisstjórnin hefur komið með inn í þingið og því miður er búið að semja um að það eigi að verða að lögum einhvern næstu daga og því er ekki til mikils að standa hér eins og hróp-andinn í eyðimörkinni því að ljóst er að ekki er ætlunin að breyta því þrátt fyrir mjög mikilvægar upplýsingar sem fram komu á milli 2. og 3. umr. í hv. iðnn. sem hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerðu grein fyrir áðan í máli sínu. Tilgangur minn hér er því fyrst og fremst að mótmæla enn einu sinni þessu frv. og taka undir fyrri málflutning minn og málflutning áðurnefndra þingmanna.

Þó verð ég að segja, herra forseti, að það gladdi mig mjög að heyra undirtektir hæstv. iðnrh. við þær brtt. sem hér hafa verið lagðar fram af minni hluta iðnn. og ég styð að sjálfsögðu. Ég tel að yfirlýsing hans sé mikilvæg í ljósi framtíðar.

Eins og fram kom áðan hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þá fundaði iðnn. á milli 2. og 3. umr. m.a. vegna þess að við 2. umr. kom ýmislegt fram sem sýndi að skýra þurfti betur ýmis lögfræðileg atriði málsins, m.a. vegna hæstaréttardóms sem féll árið 1996. Á fundi iðnn. mættu eins og hér hefur komið fram Allan V. Magnússon héraðsdómari og prófessor Sigurður Líndal sem skýrðu að mínu mati ágætlega þau deilumál sem til umræðu voru. Í fyrsta lagi var útskýrt hvers vegna Hæstiréttur breytti dómi árið 1996. Þar var sá sem dæmdur hafði verið í undirrétti sýknaður í Hæstarétti. Hann var látinn njóta vafans. Hér var um refsimál að ræða. Upp kom ágreiningur um skilgreiningu á netlögum, þ.e. hvort rétt væri að miða við 60 faðma frá stórstraumsfjöru eða 115 metra eins og er miðað við í þessu frv. og kom í ljós að munur er á þessum skilgreiningum um einn til þrjá metra og þar sem um refsimál var að ræða þá var viðkomandi látinn njóta vafans. En það er ekki víst að það hefði orðið niðurstaðan ef um eignarréttarmál hefði verið að ræða.

Í öðru lagi, sem er meginmál fyrir umræðuna og þetta frv., kom það skýrt fram hjá prófessor Sigurði Líndal og þeim báðum að ekki bryti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að miða við t.d. ákveðna dýpt ef það væri vilji löggjafans. Bent var á að þannig væri þetta t.d. í Noregi og á Nýja-Sjálandi. Þar eru verulegar takmarkanir settar á heimildir eignaraðila til þess að nýta auðlindir í jörðu.

Reyndar kom fram hjá prófessor Sigurði Líndal að oft væri miðað við „allt frá hel til himins", svo notuð séu hans orð, „en löggjafanum væri fullkomlega heimilt að takmarka það", eins og lagt er til í tillögum minni hluta iðnn.

Ég benti á það, herra forseti, við 2. umr. að alls staðar í þessu frv. eru landeigendur látnir njóta vafans, t.d. er réttlætt í frv. að landeigendur eigi að eiga land allt niður að jarðarmiðju með því að tæknilega sé það mun auðveldara nú en áður fyrir einstaklinga að ráðast í þann kostnað sem það hefður í för með sér að nýta auðlindir djúpt í jörðu. Það er réttlætingin fyrir því að eigendum er núna færðar þessar auðlindir á silfurfati. Ég vil því ítreka þau sjónarmið sem komu fram í iðnn. Í fyrsta lagi að jafnvel þó þetta frv. verði lögfest nú þá verði hægt að breyta lögunum aftur til þess horfs sem fram kemur í brtt. minni hlutans, þ.e. að eignarrétturinn verði takmarkaður við að auðlindir séu þekktar og vinnanlegar þegar lögin eru samþykkt. Ég vil fagna þeim undirtektum sem hæstv. iðnrh. í raun sýndi þessari framsetningu. Það er rétt að hér er ekki miðað við ákveðna dýpt. Hér er miðað við annað orðalag og þetta er orðalag sem er nær því sem er hugsunin í þjóðlendufrv. og í frv. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lagt fram ásamt þingflokki jafnaðarmanna og þingflokki okkar kvennalistakvenna.

Í öðru lagi brýtur ofannefnd leið ekki í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og hægt er að breyta þessu bótalaust. Þetta sjónarmið kom mjög skýrt fram hjá þeim Sigurði Líndal og Allani V. Magnússyni, einkum hjá hinum fyrrnefnda.

Ég vil ítreka hér stuðning minn við brtt. minni hluta iðnn. en þar hef ég áheyrnaraðild eins og fram kemur í frhnál. minni hlutans sem ég styð.

Þá vil ég láta í ljós ánægju mína með þær brtt. meiri hlutans sem styrkja stöðu umhvrn. og eftirlit út frá sjónarmiðum umhverfis- og náttúruverndar. Ég tel að þarna hafi meiri hlutinn komið að nokkru til móts við þá gífurlegu gagnrýni sem kom fram á þetta frv. frá sjónarmiði náttúruverndar og umhverfisverndar og er það vel. Ég styð mikið af þeim brtt. Hins vegar tel ég að þær gangi ekki nægjanlega langt og að brtt. minni hlutans séu verulega til bóta.

Herra forseti. Umræðan um þetta mál minnir um margt á umræðuna um auðlindir sjávar. Það er notað sem svipa á þá sem vilja breyta kerfinu að erfitt sé að gera það bótalaust vegna eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Sú umræða kom upp þegar frv. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem ég nefndi áðan, var til umræðu, þ.e. þingmenn sáu því allt til foráttu. Ekki var hægt að gera þetta svona vegna þess

að það stríddi gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Nú tel ég alveg ljóst að það frv. er fyllilega í samræmi við íslensku stjórnarskrána og reyndar var ég viss um það sjálf þar sem ég er meðflutningsmaður að því frv. en nú hafa þær efasemdir sem ég heyrði við umræðu um það mál fyllilega horfið úr huga mínum. Ég vil taka undir þá skoðun hv. þm. Svavars Gestssonar að fyrir næstu kosningar erum við kvennalistakonur sem og aðrir í stjórnarandstöðunni tilbúnar til að beita okkur fyrir því að þessum ákvæðum verði breytt eins og að framan greinir, þ.e. með almannahag í huga gegn sérhagsmunum.

Ekki er alveg ljóst, herra forseti, að mínu mati hve mikil verðmæti eru í húfi en það litla dæmi sem tekið var áðan af hv. þm. Svavari Gestssyni vegna einnar borholu segir nokkuð um þá stærðargráðu sem um ræðir. Hér er við völd ríkisstjórn sérhagsmuna og landeigenda, stjórn sem í þessu máli sem og fleirum vinnur gegn almannahagsmunum. Þetta frv. eins og hin hálendisfrumvörpin hefur yfirbragð þess að nú sé verið að vinna að sameign þjóðarinnar en í raun er verið að hygla sérhagsmunum. Þó að þjóðlendufrv. geri ráð fyrir að ríkið eigi þjóðlendurnar er valdið til skipulagningar og stjórnsýslu fært til sveitarfélaga með frv. til sveitarstjórnarlaga. Þó að þjóðlendufrv. geri ráð fyrir að ríkið eigi þjóðlendurnar er eingöngu gert ráð fyrir því að ríkið eigi auðlindirnar þar í jörðu ef aðrir geta ekki sannað að þeir eigi þær auðlindir.

Í þriðja lagi birtast sérhagsmunasjónarmiðin í því að á eignarlandi á landeigandi að eiga auðinn í jörðu allt niður að jarðarmiðju og mér skilst að þeir geti allt að því krafist lofthelgi allt upp í 33 km samkvæmt strangasta skilningi á þessum eignarrétti þó að það sé t.d. ekki í Noregi og víðar þar sem eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eru mjög sambærileg við það sem tíðkast hér. Hér er því í raun einn allsherjarblekkingarvefur í gangi eins og gerist með fiskimiðin. Fyrst er sagt: Íslenska ríkið á auðlindirnar en síðar koma önnur ákvæði sem heimila öðrum að nýta þær, þ.e. í þessu tilviki sveitarstjórnum eða landeigendum. Þetta er skýr pólitísk stefna hjá núverandi ríkisstjórn sérhagsmunanna, stefna sem ég er mótfallin og við kvennalistakonur þar sem ég vil styrkja almannahagsmuni og líta á hálendið hvort sem er hin ósnortnu víðerni þar eða auðlindirnar í jörðu sem sameign þjóðarinnar og það eiga að vera þjóðarhagsmunir sem ráða bæði vernd þeirra og nýtingu í þágu almannaheilla.

Að lokum, herra forseti, ítreka ég að ég fagna þeim undirtektum sem hæstv. iðnrh. sýndi áðan við þá leið sem hér er lögð til við að takmarka eignarréttinn til einkaaðila. Ég er viss um að minnt verður á þau orð hans fyrir næstu kosningar þegar þeir flokkar sem eru nú í stjórnarandstöðu munu svo sannarlega taka þessi mál upp aftur og breyta þeim til þess horfs að þessar auðlindir verði í raun almannaeign.

[17:37]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Ég mun ekki lengja umræðuna en við erum komin að lokum umræðu um fernuna umdeildu. Það er það sem þessi fjögur frumvörp hafa verið nefnd, fernan. Sveitarstjórnarlögin með umdeildum ákvæðum varðandi uppskiptingu hálendisins, þjóðlendufrv. sem nokkur sátt var um en var umdeilt fyrir það að vera fest við hin málin og það frv. sem hér er komið að lokum umræðu um um auðlindir í jörðu þar sem verið er að færa miklar auðlindir á fárra hendur og svo húsnæðisfrv. Samanlagt hafa þessi frumvörp verið kölluð fernan og hafa verið heft saman og engu um þokað að þeim yrði öllum lokið á þessu vori þrátt fyrir öflug mótmæli, ekki bara í þingsal heldur úti í þjóðfélaginu.

Ljóst er, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur fengið sitt fram. Það var líka ljóst í allri þeirri löngu umræðu sem farið hefur fram um þessi frumvörp að það var eingöngu spurning um tíma hvenær umræðu lyki. Hér hefur það áþreifanlega gilt að hagsmunir fárra hafa verið í fyrirúmi, ekki almennings.

Lýðræði okkar í stjórnarandstöðu er umræðan. Þann lýðræðislega rétt höfum við tekið okkur. Lýðræðislegur réttur meiri hlutans er að nýta atkvæðamagn sitt og vald á Alþingi í fyllingu tímans og það er komið að þeirri stund.

Við eigum mörg mál óafgreidd en stór hluti þeirra 40 þingmála sem á eftir að afgreiða frá Alþingi er samkomulagsmál. Þannig er það með störf Alþingis og það er algengara en fólk heldur að það er verið að afgreiða málin frá Alþingi í sátt, sátt stjórnar og stjórnarandstöðu, þau mál sem ríkisstjórnin ber fram. Það er sjaldgæfara að mál þingmannanna fái náð fyrir augum stjórnarliðanna þó nokkur slík verði afgreidd á þessu vori. En þessi fjögur mál voru óvanalega þung og erfið en vöktu jafnframt svo sterkar tilfinningar og bylgjur í þjóðfélaginu, og það hefur, herra forseti, verið hefðbundið í gegnum árin að reyna að ná sátt tímanlega þegar nálgast afgreiðslu þingmála undir vor.

Það hefur oft gerst að umdeild mál hafa verið látin hvíla til hausts af því að auðvitað veit ríkisstjórnin það að þegar hún kemur með slíkt mál, sem er þegar búið að vinna nokkuð mikið á Alþingi, í upphafi þings að hausti er það alveg ljóst að slík mál eru afgreidd á ekki mjög löngum tíma á haustþingi. En hjá þessari ríkisstjórn var enginn vilji til nokkurs samkomulags. Hjá þessari ríkisstjórn var fullkomin óbilgirni með þessi stóru mál. Þinglok voru áformuð 8. maí. Reynt var að þreifa fyrir sér um það hvort við gætum lokið þingstörfum 22. apríl og nú þegar ljóst er að þinglok verða líklega ekki fyrr en 6. júní virka þær umleitanir fremur hlálegar.

Herra forseti. Ég óttast að harka ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans setji mark sitt á samskiptin þar sem eftir lifir þessa kjörtímabils. Þetta er reynsla sem setur spor. Ég lýsi allri ábyrgð varðandi þau frumvörp sem hér verða afgreidd á hendur ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta. Það eru afdrifaríkar ákvarðanir teknar með þeim frumvörpum sem hér á að lögfesta og verða greidd atkvæði um næstu daga þegar stjórnarmeirihlutinn hefur endurheimt þinglið sitt til að eiga nægilegt atkvæðamagn til að ljúka þessum málum frá Alþingi næstu daga.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:42]

**Útbýting þingskjals:**

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 620. mál, brtt. VE, þskj. 1431.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:43.

# 134. FUNDUR

miðvikudaginn 27. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 544. mál, þskj. 929, nál. 1278, brtt. 1279. — 2. umr.
2. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, stjfrv., 558. mál, þskj. 947, nál. 1277. — 2. umr.
3. Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 639. mál, þskj. 1095, nál. 1280. — 2. umr.
4. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27, nál. 1285. — Síðari umr.
5. Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, þáltill., 269. mál, þskj. 337, nál. 1219. — Síðari umr.
6. Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þáltill., 402. mál, þskj. 723, nál. 1379. — Síðari umr.
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 654. mál, þskj. 1127, nál. 1366. — 2. umr.
8. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 655. mál, þskj. 1128, nál. 1365, brtt. 1404. — 2. umr.
9. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 82. mál, þskj. 82, nál. 1372. — 2. umr.
10. Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, þáltill., 250. mál, þskj. 295, nál. 1373. — Síðari umr.
11. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, þáltill., 251. mál, þskj. 296, nál. 1357. — Síðari umr.
12. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 376. mál, þskj. 649, nál. 1414, brtt. 1415. — Síðari umr.
13. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381. — 3. umr.
14. Dánarvottorð ofl., stjfrv., 464. mál, þskj. 795, nál. 1241, brtt. 1242. — 2. umr.
15. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011, nál. 1290. — 2. umr.
16. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1340. — Síðari umr.
17. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374, nál. 1341. — Síðari umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

[10:31]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþm. Framsfl. í Austurl., Kristjana Bergsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans og forföllum 1. varaþm. flokksins í kjördæminu.

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Valgerður Sverrisdóttir,
formaður þingflokks Framsfl."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Vegna anna á næstunni sé ég mér ekki fært að sækja þingfundi og óska því eftir að 2. varaþm. Framsfl. í Austurl., Kristjana Bergsdóttir kennari, taki sæti Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. kjördæmisins, í minn stað.

Seyðisfirði, 27. maí 1998.
Jónas Hallgrímsson."

Kristjana Bergsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli viðskiptaráðherra á blaðamannafundi.

[10:33]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Í upphafi þingfundar í gær voru málefni Lindar og Landsbanka Íslands til umræðu vegna svara við fyrirspurnum mínum um málið hér á þingi. Síðan eru komin fram frekari gögn í þessu alvarlega máli í kjölfar blaðamannafundar hæstv. ráðherra, svo sem skýrsla Ríkisendurskoðunar þar sem koma fram mjög alvarlegar upplýsingar og krafa um rannsókn í málinu. Auk þess er komið fram bréf formanns bankaráðs þar sem fram kemur að tap bankans sé mun meira en 400 millj. Þetta eru allt upplýsingar sem ráðherra hafði undir höndum í margar vikur fyrir 3. júní 1996 þegar ég spurðist fyrir um tapið.

Ráðherrann segir á blaðamannafundi í gær, herra forseti, að það hafi verið skylda Alþingis að bregðast við á sínum tíma þar sem bankaráðið var kjörið af Alþingi. Það var reynt að bregðast við hér á þingi. Ég spurðist fyrir um þetta mál og kallaði eftir upplýsingum en hæstv. ráðherra kaus að leyna Alþingi upplýsingunum. Hann sagði þinginu ósatt þegar hann sagði um tapið í Landsbankanum, í svari við fyrirspurn minni, með leyfi forseta:

„Þessar heildarupplýsingar liggja fyrir og ég ítreka að ég þekki þær ekki nákvæmlega. Ég hef reyndar heyrt eins og hv. þm. í fjölmiðlum að tap bankans hafi verið mikið vegna tiltekins fyrirtækis en ég treysti mér ekki til að fullyrða að þær upplýsingar séu réttar."

Hann leyndi þingið upplýsingunum. Hvernig gat þá Alþingi brugðist við? Hann leyndi þingið upplýsingunum þegar hann var með upplýsingar sem fyrrv. formaður bankaráðsins telur nú að þurfi opinbera sakarrannsókn á. Hæstv. ráðherra brást upplýsingaskyldu sinni gagnvart Alþingi fyrir tveimur árum. Trúnaðarbresturinn milli þings og ráðherrans er orðinn algjör og það er álitamál, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra er sætt áfram á ráðherrastóli. Svo mikill er trúnaðarbresturinn.

[10:35]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Þetta er í annað skipti sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir tekur til máls um störf þingsins í upphafi þingfundar um nákvæmlega sama mál. Hið nýja sem hins vegar hefur komið fram í málinu er staðfesting á orðum mínum frá því í gær. Þá hélt ég því fram að ég hefði haft upplýsingar um það, þegar ég svaraði þessari fyrirspurn, að tapið væri ekki 600–700 millj. kr. eins og hv. þm. fullyrti í sinni spurningu 3. júní 1996 þar sem hv. þm. orðaði þetta svo: „Er það rétt að tap Landsbankans vegna Lindar hafi verið 600–700 millj. kr.?“

Ég sagði það í gær að í skýrslu Ríkisendurskoðunar hefði ekkert komið fram um hvert tap Landsbankans væri. Hins vegar hefði verið upplýst að það væru 400 millj. kr. ábyrgðir sem væru í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sú skýrsla sem lögð var fyrir blaðamenn í gær á blaðamannafundi og lögð fyrir þingið í gær staðfestir að þessar upplýsingar mínar voru réttar. (**ÁRJ:** Það kom ekki fram fyrir tveimur árum.) Nei, það kom ekki fram fyrir tveimur árum, það er hárrétt, hv. þm. Ef ég hefði sagt það fyrir tveimur árum að tapið væri 400 millj. kr. eða ábyrgðirnar væru 400 millj. kr. þá býst ég við að hv. þm., eins og hún gerir sér að leik hvað eftir annað, hefði reynt að snúa út úr því og nú sagt að sá sem hér stendur hefði farið með rangar upplýsingar gagnvart þinginu. Þess vegna passaði ég mig á því að fullyrða ekkert um það hvert tapið væri vegna þess að ég hafði ekki greinargóðar upplýsingar um það, en sagði þá í sama svari:

„Nú veit ég, hv. þm., að bankaráð Landsbankans er að fjalla um útlánatöp bankans á undanförnum árum. Ég býst fastlega við að málefni Lindar sem og töp annarra aðila sem Landsbankanum tengjast verði skoðuð í því samhengi.“ Eða með öðrum orðum ég vissi, og það kom fram í mínu svari, að þessi mál voru til umfjöllunar í bankaráði Landsbankans.

[10:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það sem ég vil ræða undir liðnum störf þingsins eru samskipti hæstv. viðskrh. við Alþingi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að horfast í augu við það að hæstv. viðskrh. er í vondum málum, eins og sagt er nú til dags. Sami hæstv. ráðherra bar í vetur ábyrgð á því að rangar upplýsingar voru lagðar fyrir Alþingi.

Nú kemur í ljós að hæstv. ráðherra hefur einnig algerlega brugðist upplýsingaskyldu sinni gagnvart Alþingi. Engu að síður vísar hæstv. ráðherra á Alþingi og reynir að velta ábyrgðinni af sjálfum sér og sínum herðum yfir á Alþingi. Hann vísar til þess að það hafi verið Alþingi sem hafi kosið bankaráð Landsbankans á sínum tíma. Samt bregst hæstv. ráðherra þeirri skyldu sinni að upplýsa Alþingi um þá alvarlegu hluti sem ráðherrann hefur haft vitneskju um árum saman, án þess að aðhafast.

Hér, herra forseti, er á ferðinni mjög alvarlegur trúnaðarbrestur, eins og sagt hefur verið, í samskiptum þessa hæstv. ráðherra og Alþingis. Það hefur gerst endurtekið. Það er hugsanlega hægt að reyna að horfa fram hjá því að hæstv. ráðherra bæri ábyrgð á hinum röngu upplýsingum í vetur, með því að túlka lögin um ráðherraábyrgð þannig að ráðherra sé ekki ábyrgur fyrir mistökum undirmanna sinna. Það er þó mjög hæpið og langsótt að mínu mati. Hitt er öllu verra, ef sami ráðherra reynir endurtekið að velta ábyrgðinni yfir á annarra herðar.

Ég tók eftir því að á blaðamannafundi í gær nefndi hæstv. ráðherra ýmist bankaráð Landsbankans, bankaeftirlitið, Ríkisendurskoðun eða Alþingi. Það báru sem sagt allir aðrir ábyrgð en hæstv. ráðherra. Hann ber aldrei neina ábyrgð og er ævinlega saklaus þegar hæstv. ráðherra tjáir sig sjálfur um málin. Svona gengur þetta ekki, herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að skapa hér skilyrði til þess að fara yfir þessar embættisfærslur ráðherrans og samskipti hans við Alþingi.

[10:39]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í annað sinn á nokkrum vikum er kominn upp alvarlegur trúnaðarbrestur milli þingsins og hæstv. viðskrh. Fyrst gaf hann rangar upplýsingar um laxveiðikostnað Landsbankans sem ég tel að ráðherra hafi enn ekki tekist að gefa Alþingi fullnægjandi skýringu á, og nú augljóslega rangar upplýsingar um tap Landsbankans vegna Lindar. Ráðherrann hafði skýrslu Ríkisendurskoðunar í höndum og bréf formanns bankaráðs. Þar sagði að tap bankans væri enn meira en 400 millj. en samt segir ráðherrann við Alþingi 1996 að hann hafi aðeins heyrt í fjölmiðlum hve tap bankans hefði verið mikið.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar í mars 1996 gaf tvímælalaust tilefni til tafarlausra óska um opinbera rannsókn í málinu. Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra og bankaráðs. Ráðherra gat því ekki vísað ábyrgðinni alfarið á bankaráðið sem leitaði eftir samráði um framhald málsins, m.a. hvort farið yrði fram á opinbera rannsókn.

Enn fráleitara er það sem haft er eftir ráðherra í Morgunblaðinu í dag, að viðskrn. hafi ekki fylgst með málinu eftir að ráðherra varpaði ákvörðun í málinu á bankaráðið. Ótrúverðugleiki ráðherrans er æpandi í þessu máli og hann getur ekki fríað sig ábyrgð í málinu frekar en bankaráðið, frekar en bankastjórnin eða framkvæmdastjóri eða stjórn Lindar. Hann ber ábyrgð á því að gera Alþingi ekki grein fyrir stöðu málsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir tveimur árum síðan. Það átti ráðherra að gera þegar eftir því hafði verið leitað, af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, hver staða Lindar væri.

Ég segi, herra forseti: Ráðherrann hefur brugðist löggjafarsamkomunni og á skilið vantraust af hálfu þingsins.

[10:42]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er eitt alvarlegasta málið sem komið hefur upp í samskiptum þings og framkvæmdarvalds. Hér gerist það 3. júní 1996 að þingmaður kemur í ræðustól og spyr ráðherra bankamála hvort það sé rétt sem sagt hafði verið í fjölmiðlum að tap einstaks fyrirtækis á vegum bankans væri orðið 600–700 millj. kr. Hvert var svar ráðherrans? Hann þekkir það ekki. Hann svarar því til að hann þekki ekki upplýsingar um tap Landsbankans á einstökum eign-

arfyrirtækjum en bankinn muni væntanlega fara yfir þær upplýsingar á næstunni. Hann kveðst aðeins hafa heyrt þetta í fjölmiðlum eins og þingmaðurinn.

Staðreyndin er hins vegar sú að 19. apríl, tæpum tveimur mánuðum áður, hefur ráðherrann fengið bréf frá formanni bankaráðs með beiðni um samráð um aðgerðir. Hvað stendur í þessu bréfi, herra forseti? Ég ætla ekki inn í efnisatriði þessa máls. Þar stendur að það hafi verið ljóst að Landsbankinn þyrfti að taka á sig a.m.k. 400 millj. kr. tap, vegna afskrifta af útistandandi kröfum Lindar hf. Nú hefur komið í ljós að um enn hærri upplýsingar upphæðir er að ræða, stendur í bréfi formanns bankaráðs og enn fremur að hann óski eftir samráði við ráðherra um framhald málsins.

Getur ráðherra bankamála gleymt því að hann hafi fengið bréf frá formanni bankaráðs með þessum alvarlegu upplýsingum? Getur hann gleymt því að með bréfinu fylgi skýrsla Ríkisendurskoðunar með alvarlegum upplýsingum, ósk um að skoðað verði hvort aðgerða sé þörf og hvort þarna sé um saknæm athæfi að ræða. Þetta er vanvirða við Alþingi. Ráðherrann vísar á aðra en nú er komið að skuldadögum. Nú viljum við heiðarlegar upplýsingar, herra forseti.

[10:44]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Þegar hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurði um málefni Lindar vorið 1996, þá spurði hún ekki einungis um þá fjármuni sem ráðherrann forðast að ræða um og fer undan með í flæmingi. Nei, hún spurði einnig, með leyfi forseta:

„Telur hæstv. ráðherra ástæðu til þess að láta utanaðkomandi aðila skoða eða kanna hina ýmsu þætti þessa máls ...?"

Hún spurði líka þessarar spurningar. Við henni kom ekkert svar á þeim tíma en þar hefði verið kjörið tækifæri fyrir hæstv. ráðherra að segja þingheimi að einmitt það væri verið að gera. Hann hefði getað tilkynnt að einmitt þá lægi fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar þar sem segði m.a., herra forseti:

„Í ljósi þeirra hagsmuna sem glatast hafa og hvernig haldið var á málum sýnist tilefni til að kanna ýmsa þætti nánar og hvort rétt er að draga menn til ábyrgðar með einhverjum hætti. Ríkisendurskoðun telur því brýnt að bankaráð Landsbankans láti rannsaka nánar þá þætti sem minnst hefur verið á hér að framan."

Þetta liggur fyrir, herra forseti, og samt gerir hæstv. ráðherra sér leik að því að varpa ábyrgð á Alþingi. Hann varpar ábyrgðinni á Alþingi þegar hann sjálfur var sá eini sem vissi að þessar upplýsingar lágu fyrir. Hann svaraði ekki fyrirspurn hv. þm. en kemur fram núna og varpar ábyrgð á Alþingi.

Herra forseti. Það er auðvitað fullkomlega óþolandi fyrir Alþingi að þurfa að sitja undir þessu og það er rétt sem hér hefur komið fram. Þetta hlýtur að þýða fullkominn trúnaðarbrest á milli löggjafarsamkomunnar og hæstv. ráðherra.

[10:46]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er á ferðinni stórmál sem á sér langan aðdraganda en kristallaðist síðast árið 1996 í tíð þessarar ríkisstjórnar og þessa Alþingis sem nú situr eða þessara alþingismanna. Almenningur eða Landsbankinn, banki allra landsmanna, hefur tapað a.m.k. 800 millj. og enn einu sinni er spurt: Hver er ábyrgur og hvers vegna var ekki gert neitt í málinu fyrr samanber öll þau gögn sem hafa legið fyrir í málinu?

Hæstv. bankamálaráðherra fór augljóslega með rangt mál í þinginu vorið 1996 þegar hann svaraði hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um þessi mál og málsvörn hans að aðeins hafi verið um óundirbúna fyrirspurn að ræða er alls ekki nógu sterk í ljósi þess að hann hafði öll tiltæk gögn tveimur mánuðum fyrr eins og nú hefur verð skjalfest. Nú eru það ríkisstjórnarflokkarnir sem eru að hengja hvor annan og karpa um hvor sé sekari, Kjartan Gunnarsson, formaður bankaráðsins og skjólstæðingur Sjálfstfl., eða Finnur Ingólfsson, bankamálaráðherra Framsfl., og það dylst engum að fjármögnunarfyrirtækið Lind hefur starfað í skjóli Framsfl. og framkvæmdastjóri þess er vel þekktur framsóknarmaður. Ég sakna þess að hafa ekki formenn stjórnarflokkanna hér en vonandi verða þeir hér síðar þegar málið verður tekið upp utan dagskrár. En núna er meginmálið það að orðið hefur alvarlegur trúnaðarbrestur á milli Alþingis og hæstv. bankamálaráðherra og á því þarf að taka með viðeigandi hætti. Ég sé sjálf ekki margar færar leiðir í því efni en það gengur alls ekki að varpa ábyrgðinni á hendur Alþingis.

[10:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að týna ekki aðalatriðum þessa máls í deilum um tölur eða aðra slíka hluti sem eru hverfandi í þessu samhengi. Það sem hér er aðalatriðið er að sami hæstv. ráðherra og hefur þegar orðið uppvís að því að leggja rangar upplýsingar fyrir Alþingi gerir nú tilraun til þess opinberlega og í fjölmiðlum að varpa ábyrgð af eigin herðum yfir á Alþingi. Það hafi þá verið Alþingi sem átti að hlutast til um málið sökum þess hve alvarlegt það var. En engu að síður liggur fyrir að sami hæstv. ráðherra brást upplýsingaskyldu sinni til Alþingis. Ráðherra stóð í bréfaskriftum við formann bankaráðs Landsbankans. Ráðherrann hafði undir höndum skýrslu Ríkisendurskoðunar og ráðherra tekur störf sín ekki mjög alvarlega ef hann áttar sig ekki á því að hér var um alvarlega og stóra hluti að ræða.

Herra forseti. Því miður lyktar málið af því að hæstv. ráðherra hafi verið að gera á þessum tíma tilraun til að þagga málið niður, að málið hafi verið óþægilegt fyrir hæstv. ráðherra og flokk hans. En það sem snýr að Alþingi í þessu máli og er óhjákvæmilegt að tekið sé á eru þessi samskipti og það er eðlilegt, herra forseti, að þau séu rædd undir þessum lið. Ég fór fram á það í gær að hæstv. forseti hlutaðist til um að þetta mál yrði tekið fyrir í forsætisnefnd. Það er tvöföld ástæða til þess að bera þá ósk fram nú. Það verður einhvern veginn að koma þessum málum í farveg, að fara yfir þessi samskipti hæstv. ráðherra við Alþingi og embættisfærslu hans í því sambandi. Forsætisnefnd verður í kjölfar þess að ráðherra hefur reynt að varpa ábyrgðinni á Alþingi að taka þetta mál fyrir.

[10:51]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég vil ekki skjóta mér undan því að ræða um hver ábyrgð hvers og eins sé í þessum efnum og ég held að ekki sé ágreiningur um það milli mín og stjórnarandstöðunnar að bankaráðið sem sat árið 1996 var bankaráð sem kjörið var af Alþingi og þar af leiðandi starfi það bankaráð á ábyrgð Alþingis. Þessi viðhorf mín eru rækilega undirstrikuð í þeirri greinargerð sem kemur frá bankaeftirliti Seðlabankans dags. 25. maí sl. eða sl. mánudag og ég fékk gerða í ljósi

þeirrar umræðu sem hefur verið um ábyrgð annars vegar bankaráðsins og hins vegar viðskrh.

Þegar þetta er haft í huga og sú greinargerð skoðuð er ljóst hvar ábyrgðin liggur. Um leið og ábyrgðin er skýr, þ.e. bankaráðið sem þá starfaði á vegum ríkisviðskiptabankans heyrði undir Alþingi, þá var það líka alveg klárt að upplýsingaskylda bankaráðsins er sú sama gagnvart Alþingi.

Ég held að þá væri rétt að skoða hvernig bankaráðið var skipað á þessum tíma þegar þessi deila öllsömul stendur. Stjórnarandstaðan á meiri hluta í bankaráðinu á þessum tíma. Stjórnarandstaðan á Alþingi á meiri hlutann í bankaráði Landsbanka Íslands á þessum tíma. Ef þær fullyrðingar standast sem haldið er fram af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að menn hafi ætlað að reyna að leyna einhverjum hlutum fyrir stjórnarandstöðunni, (**SJS:** Ráðherrann?) af hverju ráðherrann? — stjórnarandstaðan átti meiri hlutann í bankaráðinu, bankaráðið var með þessa upplýsingaskýrslu Ríkisendurskoðunar í höndum og í bréfi mínu 14. júní vísa ég þessu máli til ákvörðunar og ábyrgðar bankaráðs Landsbankans. (Forseti hringir.) Í bankaráðinu sitja þá þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar, Anna Margrét Guðmundsdóttir alþýðuflokksmanneskja, Hafsteinn Friðjónsson, kjörinn sem fulltrúi Alþfl. og Jóhann Ársælsson kjörinn sem fulltrúi Alþb. Þrír fulltrúar, meiri hlutinn í bankaráði Landsbankans á þessum tíma, var á ábyrgð stjórnarandstöðunnar. (Gripið fram í.)

[10:53]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Hljóð í þingsal. Þá er umræðu um stjórn þingsins lokið. Tíminn er liðinn. (**ÁRJ:** Ég var búin að biðja um orðið á undan ráðherranum.) Ekki tók ég eftir því. (**ÁRJ:** Jú.) Það þýðir ekkert að láta svona. Forseti stjórnar þessum fundi og fer með valdið hér hvað það varðar. Hann skrifaði hjá sér tímann þegar umræðan byrjaði og hún byrjar kl. 10.32. Hún má standa í 20 mínútur og hér hafa 3–4 kvatt sér hljóðs í viðbót þannig að umræðunni samkvæmt þingsköpum sem eru lög Alþingis er lokið. (**SighB:** Um fundarstjórn.)

Hv. þm. Ragnar Arnalds, einn af forsetum Alþingis, fór vel yfir það í gær að það gengi náttúrlega ekki upp þegar menn hafa notað þann tíma sem þingflokkarnir hafa verð ásáttir um að ræða störf þingsins að ganga þá inn í umræður um fundarstjórn forseta. Forseti hefur reynt í morgun að gefa þeim orðið sem kvöddu sér hljóðs og komust að á þeim tíma, enda heyrist mér hvað þessa umræðu varðar að hún eigi eftir að koma á ný inn í þingið til umræðu í lengri umræðu. (**SighB:** Hvernig stendur á því?) Mér heyrist að hv. þingmenn boði það. En það er hv. 4. þm. Vestf. sem gerir kröfu um það að tala um fundarstjórn forseta og tekur nú til máls.

***Um fundarstjórn.***

Fyrirkomulag umræðu um störf þingsins.

[10:55]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Eins og við vitum allir er vaninn á Alþingi að frummælandinn í máli eins og þessu taki aftur til máls undir lok umræðunnar. Ég sá það ásamt fleiri þingmönnum að frummælandinn í þessu máli, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, bað um orðið og bað um orðið á undan ráðherranum og átti að sjálfsögðu von á því að fá að ljúka umræðunni með hefðbundnum hætti þannig að sá sem vakti umræðuna fengi að komast að undir lokin.

Ég ítreka þá ósk, virðulegi forseti, og þá er ég að tala um fundarstjórn forseta, að hann taki tillit til þess að frummælandinn hafði beðið um orðið áður en ráðherrann kvaddi sér hljóðs.

[10:55]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti hefur rætt við þann mann sem sér situr til aðstoðar og við höfum hvorugur tekið eftir því að hv. þm. bæði um orðið. Ég tók hins vegar eftir því að þegar hæstv. ráðherra var að tala þá bað hv. þm. um orðið. Hins vegar hvort það er venja eða ekki þekki ég það ekki nákvæmlega og mun fara yfir það í forsætisnefnd. En því miður, tímanum sem var til þessarar umræðu er lokið.

[10:56]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta að ég bað um orðið þegar hæstv. ráðherra var að ljúka máli sínu í fyrsta sinn vegna þess að ég taldi mig þurfa að svara ýmsu sem hann sagði. Aftur á móti tók ég eftir því að hæstv. forseti gaf ýmsum öðrum orðið á undan mér og mér fannst það eðlilegt þar sem ég taldi að hann mundi bíða með að gefa mér orðið þangað til komið væri að lokum umræðunnar þannig að ég fengi þó a.m.k. að svara. Það er alveg ljóst að ég bað um orðið í lok fyrri ræðu hæstv. ráðherra. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni.

Ég verð að segja það að hér hefur málum verið heldur betur drepið á dreif hjá hæstv. ráðherra. Ég verð því miður, herra forseti, að biðjast undan þeim dylgjum sem komu fram í máli hæstv. ráðherra fyrr í umræðunni.

Eitt er ljóst: Ráðherrann getur ekki vikist undan ábyrgð sinni gagnvart Alþingi. Hann hefur brugðist skyldu sinni. Hann leyndi upplýsingum, hann brást upplýsingaskyldu sinni þegar hann svaraði ekki fyrirspurn og hann hefur gert það áður. Hann brást einnig skyldu sinni að mínu mati þegar hann lét ekki kanna Lindarmálið betur í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem ríkisendurskoðandi fer fram á að hann þurfi að skoða betur þessi mál, mál sem fyrrverandi formaður bankaráðs telur nú að þurfi opinbera sakarrannsókn. Ég velti því fyrir mér hvort hér sé um yfirhylmingu að ræða og ef svo er, þá er það mjög alvarlegt. En því miður, það er satt og rétt sem komið hefur fram í umræðunni og ég sagði í máli mínu áðan. Það er orðinn alger trúnaðarbrestur milli Alþingis og hæstv. ráðherra. Þess vegna er álitamál hvort þessum ráðherra er sætt á ráðherrastóli eftir þessi mál.

[10:58]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill ítreka það sem hann sagði áðan. Hvorki forseti sem nú starfar eða starfsmaður hans hér höfðu tekið eftir því að hv. þm. bæði um orðið. Forseti hefur reynt að vera réttlátur í því og allir þingmenn njóti jafnræðis.

## *Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.*

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 929, nál. 1278, brtt. 1279.

[10:59]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti sjútvn. í máli nr. 544 á þskj. 929, þ.e. frv. til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund, reyndar ítrekað, þá sem helst hafa með það unnið, þ.e. Halldór Pétur Þorsteinsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjútvrn. Umsagnir bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Íslenskum sjávarafurðum hf. og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Í þessu frv. er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um þetta efni, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sem leysi af hólmi eldri lög, nr. 93/1992, um sama efni. Með þessum breytingum er íslenskum stjórnvöldum einnig gert kleift að fullgilda fyrir sitt leyti tilskipanir Evrópubandalagsins nr. 91/493, 92/48 og 91/492 og fella það inn í íslenska löggjöf.

Vegna þeirra breytinga sem frv. felur í sér varðandi uppboðs- og heildsölumarkaði, að þeir þurfi ekki lengur starfsleyfi sem vinnslustöð heldur einungis venjulegt starfsleyfi aðila í sjávarútvegi vill sjútvn. taka það skýrt fram að ekki er ætlunin með þessu að slaka á kröfum um hreinlæti og meðferð sjávarafurða á þessum mörkuðum. Einnig er rétt að menn hafi í huga að ef eitthvað er verði gerðar strangari kröfur til uppboðs- og heildsölumarkaða en verið hafa þrátt fyrir það að þeir hafi hingað til þurft vinnsluleyfi til að rekja megi feril þess sjávarfangs sem þar er til sölu, þ.e. að þessar breytingar eiga alls ekki að fela í sér hvorki tilslökun á kröfum almennt né heldur að uppruni vörunnar verði ekki rekjanlegur eins og áður hefur verið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að orðunum „til sölu“ verði bætt í 1. mgr. 7. gr. frv. Þetta felur í sér að taka það fram eða gera það skýrt að átt sé við íslenskar sjávarafurðir en ekki sé um að ræða að íslensk stjórnvöld geti ákveðið hvaða aukaefni verði notuð í sjávarvörum almennt á Evrópska efnahagssvæðinu. Að sjálfsögðu var ekki ætlunin að seilast svo langt til valda fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Hér er um það að ræða að tryggja að íslenskar sjávarafurðir uppfylli þessi skilyrði.

Í öðru lagi er lagt til, herra forseti, að felld verði út orðin „eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð“ í 8. gr. frv. og styttist þá greinin og verður eingöngu fyrri hluti málsl.:

„Nota skal neysluvatn eða hreinan sjó til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við vinnslu sjávarafurða.“

Í þessu felst að sjálfsögðu ekki efnisbreyting. Þar sem einungis skal nota neysluvatn eða hreinan sjó er ekki þörf á neinum reglugerðarheimildum í því sambandi. Nefndin vill taka fram að rangt er farið með í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu en þær gáfu til kynna að heimilt væri í vissum tilvikum að nota annan vökva en neysluvatn eða hreinan sjó.

Í þriðja lagi er lagt til að orðið „búlkuð“ í 11. gr. falli brott en ákvæðinu er ætlað að taka til allrar vöru sem send er ópökkuð óháð því hvort hún er búlkuð eða ekki. Hér er átt við þau undanþáguákvæði sem síðari málsl. 11. gr. felur í sér, þ.e., með leyfi forseta, að:

„Sé afurðin send ópökkuð,“ — síðan stóð — „búlkuð, skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.“

Þetta felur í sér heimild til þess að víkja frá almennu ákvæðunum um merkingar þegar vara er send ópökkuð. Til þess að taka af öll tvímæli leggur nefndin til að fella niður orðið „búlkuð“ þannig að ljóst sé að þetta taki til allrar vöru sem send er óháð því hvort hún sé búlkuð eða ekki.

Þá er lagt til að orðið „aðeins“ í 4. mgr. 26. gr. falli brott. Þessi grein fjallar um meðferð vöru í tollvörugeymslum og í frv. stendur, með leyfi forseta:

„Í tollvörugeymslu skal aðeins fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.“

Þessu ákvæði er einungis ætlað að leggja ákveðnar skyldur á eftirlitsaðila en ekki að takmarka athugun og meðferð sjávarafurða í tollvörugeymslu. Um slíkt eiga að gilda almennar reglur, meðal annars ákvæði tollalaga og þær verklags- og vinnureglur sem gilda um meðferð vara í tollvörugeymslum almennt. Þess vegna er nauðsynlegt til að gera textann skýrari og taka af tvímæli í þessum efnum að fella þetta orð brott.

Þá er í fimmta lagi, herra forseti, lagt til að 4. mgr. 28. gr. laganna falli brott. Hér var á ferðinni heimildarákvæði til handa ráðherra um að hækka gjöld þau sem kveðið er á um í 28. gr. og standa eiga straum af kostnaði vegna landamæraeftirlits. Í fyrri málsgreinum eru hinar almennu reglur um gjöldin settar fram og upphæðir þeirra og það var niðurstaða sjútvn. að þegar reynsla væri komin á framkvæmd laganna og fyrir liggur hver kostnaður vegna landamæraeftirlitsins raunverulega er væri eðlilegra að taka gjaldtökuheimildir laganna til endurskoðunar en að afgreiða frv. með opinni heimild af því tagi sem 4. mgr. 28. gr. felur í sér. Þar var að vísu sá varnagli sleginn að gjaldið mætti aldrei verða hærra en sem næmi raunverulegum kostnaði við eftirlitið og því má segja að þessi heimild hafi náð máli eða staðist í þeim skilningi að hún er ekki ótakmörkuð. En það varð niðurstaða nefndarinnar eftir allmiklar umræður og skoðun á þessu atriði að ekki færi vel á því eftir sem áður að ganga þannig frá málinu. Eðlilegra væri að láta hinar almennu reglur um gjaldtöku gilda fyrst um sinn og endurskoða þá gjaldtökuheimildir laganna í heild sinni þegar nokkur reynsla væri komin á framkvæmd þeirra og þann kostnað sem af þessu hlýst, en ljóst er að það getur farið talsvert eftir framkvæmdinni og því hvernig til tekst hver hann verður.

Þá er í sjötta lagi lagt til að 1. mgr. 31. gr. verði gerð skýrari svo að ljóst megi vera að um þjónustugjöld sé að ræða. Þá er lagt til að 3. mgr. þeirrar greinar verði felld brott. Hún felur í sér eins og hún stendur í frv. að ráðherra hafði heimild til að hækka gjaldið. Þetta er gjald vegna viðurkenningar á skoðunarstofu sem á að vera 200 þús. kr. en ráðherra átti að hafa heimild til að hækka gjaldið sem næmi hlutfallslegri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, og átti þá grunntaxti gjaldsins að miðast við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

Það var eindregin afstaða sjútvn. að vísitölubinding af því tagi sem þarna kemur fram ætti ekki rétt á sér. Almennt hafa menn verið að hverfa frá vísitölubindingum af þessu tagi og það verkar hálfforneskjulegt að ætla að fara að binda upphæð gjalds af þessu tagi sem er vegna tiltekinnar þjónustu eða tiltekins kostnaðar við þjónustu hjá Fiskistofu við

byggingarvísitölu og liggur ekki alveg í augum uppi að það sé þá heppilegasti mælikvarðinn á það hvernig þetta skuli breytast hvort sem er. Það sama á að sjálfsögðu við um þetta atriði eins og gjaldtökuákvæðin skv. 28. gr. að eftir því sem ástæða getur þótt til á komandi tímum má að sjálfsögðu endurskoða þessa upphæð. En það er ekki síst grundvallarafstaðan til þess hvað það varðar að menn vilja hverfa frá *vísitölubindingu af þessu tagi sem hér ræður ferðinni.*

Herra forseti. Það er síðan rétt að vekja athygli á því að á brtt. sem prentuð hefur verið upp á þskj. 1279 er nýr liður sem ekki kemur fram í nefndarálitinu eða ekki er fjallað um í nefndarálitinu og kom í ljós við frekari skoðun á málinu eftir að gengið hafði verið frá nefndarálitinu til prentunar að þarf að lagfæra. Það er 6. liður brtt. við 30. gr. Það eru einföld tilvísunaratriði, að í stað orðanna „þessari málsgrein" í 2. mgr. 30. gr. komi: 1. mgr. 6. tölul. brtt. í nefndarálitinu á þá við 7. á breytingartillöguskjalinu o.s.frv.

Þá er lagt til í áttunda lagi sem þá verður, að í 32. gr. komi orðið „fangelsi" í stað orðsins „varðhaldi". Þetta mun vera í samræmi við lagahreinsun sem hefur farið fram á réttarfarssviðinu á undanförnum missirum að verið er að festa í sessi orðið „fangelsi" í staðinn fyrir orðið „varðhald."

Loks er það 9. tölul. brtt. sem fjallað er um í 8. tölul. í nefndarálitinu. Þar leggur sjútvn. til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða. Bráðabirgðaákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1992. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og að um leið falli niður áðurnefnd lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Fjórða og fimmta kafla frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. nóvember 1998 og því er nauðsynlegt að bæta bráðabirgðaákvæðinu við lögin.

*Rétt er að vekja athygli á því að þessi dagsetning er enn* óljós, þ.e. ekki er enn fullljóst hvort þessar breytingar taki þá endanlega gildi. Þeim hefur ítrekað verið frestað eins og kunnugt er. En ekki eru fyrir hendi eða voru ekki a.m.k. þegar sjútvn. lauk umfjöllun um þetta mál fyrir nokkrum vikum, í raun og veru upplýsingar um réttari dagsetningu en þessa þannig að sem stendur höfum við ekki betri tillögu að gera en þá að gildistaka IV. og V. kafla frv., sem eru ákvæðin sem tengjast viðkomandi atriðum í evrópsku tilskipununum, taki gildi 1. nóvember. Reynist enn verða um töf að ræða eða komi nýjar upplýsingar fram þá gefst Alþingi væntanlega tóm til að meta þá stöðu í ljósi þess sem fyrir liggur þegar þing hefur störf á næsta hausti nokkru áður en gildistakan er þá fyrirhuguð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég hef gert grein fyrir umfjöllun sjútvn. um málið og þeim brtt. sem nefndin gerir og við leggjum til að þær verði samþykktar og frv. svo afgreitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 2. umr.*

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 947, nál. 1277.

[11:14]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti sjútvn. í máli 558, þ.e. frv. til laga um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins. Nefndarálitið er á þskj. 1277.

Nefndin fjallaði um mál og fékk á sinn fund Árna Kolbeinsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjútvrn. og Gunnar Jóakimsson frá síldarútvegsnefnd. Umsagnir bárust nefndinni frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag, Íslandssíld hf., sem taki við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar auk þess sem stofnaðir verði tveir sjóðir, annar með síldarrannsóknir að markmiði og hinn í þeim tilgangi að efla vöruþróun síldarafurða og afla markaða fyrir síldarafurðir.

Sjútvn. leggur til tvær breytingar á frv. Í fyrra lagi er það mat nefndarinnar að ákvæði um gildistöku og brottfall laga eigi að vera skýr og það eigi að vera í öllum tilvikum í höndum Alþingis að ákveða hvenær og hvort lög falli úr gildi. Þetta vísar til 11. gr. frv. en þar er þannig gengið frá málum að lögin eigi að öðlast þegar gildi en frá og með stofnun Íslandssíldar hf. skuli síldarútvegsnefnd lögð niður og þá falli úr gildi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd. Gildistakan er sem sagt seld í hendur þeirra sem mundu standa að eða standa fyrir stofnun Íslandssíldar hf. og gæti því orðið eftir atvikum innan eins, tveggja mánaða eða þess vegna eftir eitt ár eða svo lengi sem það drægist að stofna fyrirtækið. Þetta finnst okkur ekki góður frágangur, herra forseti, á málinu og við leggjum því til að tekið verði af skarið og ákveðið að lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltsíldar, falli úr gildi 1. júlí 1998. Það gefur þann tíma frá og með gildistöku laganna, sem vonandi verður *á næstu sólarhringum og fram að 1. júlí, til* að ljúka því verkefni sem þarna þarf að vinna, setur mönnum þá ákveðnar skorður og ákveðinn tímaramma í þeim efnum.

Í öðru lagi leggur nefndin til að eignarhlutur Íslandssíldar hf. í sjálfri sér, sem kveðið er á um í 5. gr. frv., verði lækkaður úr 15% hlutafjár í 10% hlutafjár og þau 5% sem þarna verða færð til verði eign lífeyrissjóða sjómanna í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna. Um þetta atriði komu fram eindregnar kröfur af hálfu forustumanna sjómannasamtakanna og eftir allmiklar umræður og skoðun í nefndinni var ákveðið að koma nokkuð til móts við þau sjónarmið með þessu móti. Í þessu sambandi er verið að vísa til margra fordæma frá umliðnum árum að þegar skipt hefur verið upp verðmætum sem til hafa orðið með einum eða öðrum hætti í skjóli opinbers valds, ef svo má að orði komast, vegna lögbundinnar innheimtu á tekjum til verðjöfnunar í sjávarútvegi eða með öðrum slíkum hætti og þegar síðan hefur komið til uppskipta á slíkum verðmætum hefur Lífeyrissjóður sjómanna gjarnan verið látinn njóta góðs af í einhverjum mæli á móti öðrum aðilum. Það er ekki endilega um það að ræða að reiknanlegur sé með beinum hætti sá hlutur sem sjómenn gætu talist hafa lagt af mörkum í þessu sambandi. Ég vil taka það skýrt fram að það er í raun og veru ekki á slíkum grundvelli fyrst og fremst eða eingöngu sem við leggjum þetta til, heldur einnig vegna þess að mörg *fordæmi eru fyrir því á umliðnum árum* að hið opinbera hafi styrkt Lífeyrissjóð sjómanna enda var það svo að sérstök lög um þann sjóð og sérstakar reglur um lífeyrisréttindi sjómanna lögðu kvaðir á þann sjóð sem ljóst var að hann átti erfitt með að standa undir og hefur í raun og veru ekki getað

gert og hefur neyðst til að skerða réttindi. Um það var talað á sínum tíma að ríkissjóður mundi leggja af mörkum til að standa undir lífeyrisréttindum sjómanna, og það er einnig með vísan til þess og með hliðsjón af þeim fordæmum sem áður eru orðin sem við leggjum þetta til. Það má því allt eins líta á þetta sem ákvörðun ríkisins sem að sjálfsögðu hefur með því að veita einkarétt á þessari starfsemi átt aðild að eða stuðlað að því að þau verðmæti yrðu til í skjóli opinbers valds eða einkaréttar frá hinu opinbera sem þarna er að koma til skipta. Það er einnig okkar skoðun að Lífeyrissjóður sjómanna eigi að geta orðið góður samstarfsaðili þeirra sem þarna koma til með að standa að rekstri hins nýja fyrirtækis, þó að sjálfsögðu verði það í höndum eigenda að ráðstafa sínum eignarhlut án nokkurra skilyrða.

Þessar tvær breytingar, herra forseti, leggjum við til og flytjum um það tillögur á sérstöku þingskjali sem eru á þá leið að 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

„Þeir síldarsaltendur sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útfluttri síld skv. 2. gr. laga nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 til 31. desember 1997 eru eigendur 85% hlutafjár félagsins við stofnun þess, [þetta er óbreytt] Íslandssíld hf. skal eiga 10% hlutafjár félagsins og lífeyrissjóðir sjómanna, í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna, skulu eiga 5% hlutafjár félagsins."

Og í öðru lagi, að 2. málsl. 11. gr. orðist svo:

„Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, falla úr gildi 1. júlí 1998."

Með þessum breytingum, herra forseti, leggjum við til að frv. verði afgreitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.*

Frv. ÁRÁ, 639. mál (krókaveiðar). — Þskj. 1095, nál. 1280.

[11:22]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá sjútvn. í 639. máli. Nefndarálitið er á þskj. 1280. Þetta er nál. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Hér er sem sagt á ferðinni bandormur, herra forseti, en eitt nál., sem eðlilegt er þótt um tvö lagafrv. sé að ræða.

Nefndin fjallaði um þetta frv. og fékk á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjútvrh., sem farið hefur sérstaklega með þessi mál er varða málefni smábáta og hér eiga í hlut.

Frumvarpinu er ætlað að sníða ákveðinn agnúa af laga-ákvæðum um veiðar smábáta eins og nánar er rakið í grg. með frv. og varðar möguleika til tilfærslu milli flokka sem ekki var ætlunin að væri möguleg en ástæða sýnist til að taka betur af skarið um með tiltekinni breytingu. Einnig felst í frv., þ.e. þeim hluta þess sem lýtur að breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, að framlengja heimild Þróunarsjóðs til úreldingar á sóknardagabátum um hálft ár eða til 1. nóvember næstkomandi í stað þess að sú heimild rann í raun og veru út 1. apríl sl.

Það er rétt að fram komi, herra forseti, að undir nál. skrifa þrír nefndarmenn með fyrirvara, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í sjútvn., Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir og Lúðvík Bergvinsson. Þau taka undir það markmið frv. að sníða agnúa af lagaákvæðum um veiðar smábáta en vísa að öðru leyti í afstöðu sína til þessara mála í heild og til nefndarálita minni hluta sjútvn. vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á fiskveiðistjórnun krókabáta á þessu kjörtímabili og fyrir liggur að stjórnarandstaðan hefur ekki stutt. En sjútvn. er sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt með svofelldri breytingu og þar er eingöngu um tilvísunarlagfæringu að ræða, að í stað orðanna „5. málsl. 5. mgr." í 2. gr. í a-lið komi: 6. málsl. 5. mgr. Því miður er það orðið svo, herra forseti, að hin margfræga 2. gr. þessa frv., sem lýtur að breytingum á 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða, er orðin svo löng og í henni svo margar málsgreinar að mönnum verður fótaskortur af og til við að telja út úr þeim öllum og hér hafa greinilega orðið þau mistök að menn hafa ætlað að vísa í 6. málsl. en óvart lent í 5. málsl. Það er alveg hárrétt sem hér kemur fram úti í salnum að mikil þörf er á því að endurskoða uppsetningu þeirra laga og skipta lagagreinum upp og koma í veg fyrir að þær verði óhóflega langar en sú tíska ríður nú mjög húsum að heilu lagafrv. upp á margar blaðsíður eru gjarnan sett upp í einni lagagrein og er nú ekki allt komið enn í þeim efnum, því síðar hér á fundinum er á dagskrá mál sem einmitt — nei, það er reyndar ekki rétt, herra forseti, sennilega er búið að afgreiða það mál, en sjútvn. fékk til meðferðar í vetur frv. sem var nánast aðeins ein lagagrein á mörgum blaðsíðum og lagfærði það að sjálfsögðu. Þeirri góðfúslegu ábendingu er því hér með komið á framfæri að ástæða gæti verið til að endurskoða uppbyggingu þessara laga og framsetningu og síðan væri auðvitað full þörf á að endurútgefa þau eins og málum er háttað og mætti þá m.a. hreinsa út nokkurn veginn óteljandi bráðabirgðaákvæði sem lengi hafa fylgt í þeim pakka.

Með þessari breytingu, herra forseti, leggur sjútvn. til að frv. þetta um breytingar á tvennum lögum um málefni sjávarútvegsins verði afgreitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umgengni um nytjastofna sjávar, síðari umr.*

Þáltill. PHB og ÁRÁ, 27. mál. — Þskj. 27, nál. 1285.

[11:28]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Þetta er 27. mál þessa þings og á þskj. 27.

Flutningsmenn tillögunnar eru hv. þm. Pétur H. Blöndal og Árni R. Árnason.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 57/1996. Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla

skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknarstofnana sjávarútvegsins.

Nefndin tekur undir það markmið tillögunnar að leitað sé allra leiða til að freista þess að draga úr brottkasti afla og auka þar með nýtingu á verðmætum auðlindarinnar. Að öðru leyti vísar nefndin til greinargerðar sem fylgdi tillögunni.

Nú er það svo, herra forseti, að lög nr. 57/1996 eru næsta ný af nálinni eins og ártalið bendir til og það var lögð mikil vinna í það á sínum tíma að setja þessa löggjöf. Deildar meiningar voru að vísu uppi um það hversu miklar úrbætur hún mundi fela í sér hvað varðar umgengni um auðlindina og þá ekki síst þetta tiltekna atriði, hvort hún sem slík gæti orðið einhver liður í að draga úr hættunni á brottkasti afla, en óþarft er að rekja fyrir hv. þm. þá miklu umræðu sem uppi er um það af og til að allt of algengt sé að afla sé hent og hann berist ekki að landi. Ljóst er með vísan til þess að þessi löggjöf er jafnný af nálinni og raun ber vitni og einnig hins að upplýst var í nefndinni að allmikið starf væri í gangi á vegum ráðuneytis og ýmissa stofnana, svo sem Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunarinnar og fleiri aðila, sem lýtur að þessu máli eða tengist því, þá væri rétt að leggja til að þáltill. væri vísað til ríkisstjórnarinnar en það er gert undir þeim formerkjum að sjútvn. tekur undir markmið tillögunnar og er þess auðvitað mjög fýsandi að allt sé gert sem hægt er til að draga úr hættunni á brottkasti afla. En tillaga nefndarinnar er sem sagt sú, herra forseti, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta rita allir nefndarmenn í sjútvn. að Lúðvíki Bergvinssyni frátöldum sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, síðari umr.*

Þáltill. HG, 269. mál. — Þskj. 337, nál. 1219.

[11:32]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Þá er það nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, nefndarálit frá sjútvn. í máli 269 á þskj. 1219. Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og tekur undir efni þess, telur nauðsynlegt að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega hafa verið til umræðu áhrif þeirra veiðarfæra sem dregin eru eftir botni hafsins, dragnótar og botnvörpu o.fl., t.d. mætti nefna plóga og annað slíkt. Telja verður líklegt að dragnót og botnvarpa hafi töluverð áhrif á hafsbotninn og lífríkið þar. Til að afmarka frekar rannsóknina er lögð til breyting á orðalagi tillögugreinarinnar og jafnframt ákvað sjútvn. að sameina þessa tillögu þeirri tillögu til þingsályktunar sem lögð er til á þskj. 383 í 308. máli. Nefndin mun ekki skila sérstöku áliti um þá tillögu en lítur svo á að tekið sé undir efni hennar með samþykkt þessarar tillögu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með svofelldri breytingu:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.“

Það er eindregin afstaða sjútvn. að ekki sé svigrúm fyrir hendi innan núgildandi fjárlaga eða fjárveitingaramma Hafrannsóknastofnunar til að bæta þessu verkefni við og því verði að koma til viðbótarfjármagn. Sjútvn. hefur þvert á móti mörg undanfarin ár lagt til nokkra aukningu á fjárveitingum til Hafrannsóknastofnunar til sérstakra og skilgreindra verkefna. Þar má t.d. nefna fjölstofnarannsóknir, haustrall, netarall og rannsóknir á djúpslóðinni suður og suðvestur af landinu. Nú hillir undir að Hafrannsóknastofnun fái nýtt rannsóknaskip og geti færst aukið í fang í sambandi við rannsóknir, ekki síst á djúpmiðum með stærra og öflugra skipi. Það mun væntanlega kalla á aukningu í fjárveitingum ef eitthvað er, þannig að ljóst má vera að eigi jafnframt að verða mögulegt að bæta við brýnum verkefnum af því tagi sem þessi tillaga felur í sér, þá þurfa að koma til auknar fjárveitingar.

Um þetta mál, herra forseti, hafa verið og eru miklar umræður meðal starfandi sjómanna og ýmsar kenningar á lofti, allt frá því að því sé haldið fram að upprót á botninum með hreyfanlegum veiðarfærum sé af hinu góða, róti upp næringarefnum og plægi jafnvel akurinn þannig að hann sé frjórri eftir, yfir í hitt að menn segja tröllasögur af því að verið sé að slétta út allar ójöfnur á hafsbotninum og hann verði smátt og smátt eins og hefluð fjöl eftir að öflug skip hafa dregið veiðarfæri sín þar yfir, fram og til baka og þannig versni lífsskilyrðin stórlega. Í því sambandi er sérstaklega ástæða til að athuga uppvaxtarskilyrði ungviðis, að svo miklu leyti sem það er botnlægt, og almenn áhrif þeirrar röskunar, sem þarna er óneitanlega á ferðinni, á vistkerfi hafsbotnsins og lífríki við hafsbotninn á miðunum.

Þær tillögur, herra forseti, sem hér er verið að sameina í eina og leggja til afgreiðslu á eru í fyrsta lagi fluttar af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, tillaga til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Sjútvn. hefur valið að ljúka málinu með afgreiðslu þeirrar tillögu en jafnframt felur breytingin í sér að tekið er undir efni tillögu til þingsályktunar, um rannsókn á áhrifum dragnótaveiða, sem var afmarkaðri tillaga, flutt af hv. þm. Gísla S. Einarssyni, Magnúsi Stefánssyni og Guðjóni Guðmundssyni.

Með þeirri tillögu sem sjútvn. leggur til að verði samþykkt og ég hef gert grein fyrir lítur sjútvn. svo á að báðar tillögurnar hljóti jákvæða afgreiðslu. Undir þetta nefndarálit rita allir þingmenn í sjútvn. Þetta var gjört á Alþingi 21. apríl 1998, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, síðari umr.*

Þáltill. SF o.fl., 402. mál. — Þskj. 723, nál. 1379.

[11:38]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um aukið samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum. Þingsályktunartillagan er flutt af hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, Stefáni Guðmundssyni, Magnúsi Stefánssyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni og er hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að kanna möguleika aukins samstarfs Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þar á meðal á sviði veiðarfæranotkunar, vísindarannsókna, markaðssetningar og málflutnings um umhverfismál og fiskveiðar á alþjóðavettvangi."

Utanrmn. hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanrrh., Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanrrn., Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjútvrn., Jóhann Sigurjónsson sendiherra, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanrrn. og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanrrn. Þess ber að geta að utanrmn. óskaði eftir umsögn sjútvn. og kemur fram í umsögn sjútvn. að nefndin er efnislega sammála mikilvægi þess að bæta samskipti við næstu nágrannana í sjávarútvegsmálum og tekur fram að ekki síst sé mikilvægt að vestnorrænu þjóðirnar þrjár, Ísland, Færeyjar og Grænland, eigi með sér mikið og öflugt samstarf. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu í umsögn sinni að hún geti ekki tekið afstöðu til þess hvort réttast sé að samþykkja framangreinda þingsályktunartillögu óbreytta, með breytingum eða á hvern hátt annan sé heppilegt að utanrmn. og Alþingi í heild taki á málinu.

Utanrmn. leggur fyrir sitt leyti áherslu á gott samstarf við nágrannaríki Íslands, og á það ekki síst við í fiskveiðimálum. Fiskveiðisamningar hafa verið gerðir við flest nágrannaríki og unnið er að lausn deilumála. Slíkir samningar byggjast m.a. á rannsóknarstarfi og samstarfi vísindamanna. Með tilliti til þessa og umsagnar sjútvn. leggur utanrmn. til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[11:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti tekið undir tillögu utanrmn. um afgreiðslu á þessu máli. Ég tel rétt að upplýsa að í sjútvn. urðu nokkrar umræður sem umsögn okkar til utanrmn. endurspeglar vissulega, þó þar sé ekki allt sagt sem rætt var í nefndinni af vissum ástæðum. Að hluta til er hér um viðkvæm mál að ræða sem lúta að utanríkispólitískum hagsmunum þjóðarinnar og er ekki endilega rétt að fjalla mikið um á opinberum vettvangi. Um það þarf ekki að hafa frekari orð. Það skilja hv. þm. Samstarf okkar við nágrannaríkin, ekki síst ef um deilumál er að ræða og viðkvæma samninga, er oft vandmeðfarið og þarf að skoða af yfirvegun.

Ég tel þó rétt að láta koma fram að í sjútvn. komu fram þau sjónarmið að ekki væri endilega rétt að leggja að jöfnu samskipti Íslands við vestnorrænu þjóðirnar tvær og svo önnur nágrannaríki, þótt vissulega væru þau jafnframt mikilvæg. Þá væri einnig vandasamt að velja í þeim efnum og hvort skynsamlegt væri að tilgreina eitt slíkt ríki frekar en önnur. Þess vegna er það nú að í umsögn sjútvn. eru nefnd lönd eins og Noregur, Rússland, Kanada og aðildarríki Evrópusambandsins. Í raun má færa fyrir því gild rök að það sé jafngilt og mikilvægt að efla samskiptin við allar þessar þjóðir og bæta þau þótt Noregur skipti þar vissulega miklu máli og sé kannski sú þjóð, fyrir utan vestnorrænu þjóðirnar tvær, sem að ýmsu leyti tengist hagsmunum Íslands mest.

Ég vil einnig láta það koma fram, herra forseti, við þetta tækifæri að sjútvn. hefur fyrir sitt leyti reynt að vinna að þessu máli, þ.e. að efla samskiptin við okkar næstu nágranna í sjávarútvegsmálum. Sjútvn. heimsótti Færeyjar á síðasta ári og fyrirhugar heimsókn til Grænlands á þessu ári. Það er liður í því að auka samskipti og bæta tengsl á þessu sviði. Ég leyfi mér að fullyrða að þau fari batnandi, séu vaxandi og að það sé mjög af hinu góða. Það er enginn vafi á því að eitt af mikilvægustu verkefnunum sem fram undan eru í þessum efnum er t.d. að ná betur utan um óleyst mál í samskiptum Íslands og Grænlands varðandi nýtingu sameiginlegra stofna og sameiginlega hagsmunagæslu þessara landa út á við.

[11:44]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil taka undir málflutning hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er mjög mikilsvert að Íslendingar vinni almennt að auknu samstarfi við nágrannaþjóðir okkar allar, það á ekki síst við um Rússland, Kanada og aðildarríki ESB eins og fram kemur í umsögn sjútvn. Þetta er sagt án þess að ég vilji á nokkurn hátt kasta rýrð á þá ágætu þingsályktunartillögu sem hér er sett fram og beinist fyrst og fremst að Færeyjum, Grænlandi og Noregi.

Ég tek heils hugar undir það að við þurfum að efla tengsl okkar við nágrannaþjóðirnar allar og þá ekki síst tengsl þinganna og þingmanna sem fjalla um þessi mál. Ég hef sjálfur, á vettvangi Evrópuráðsins, leitast við að styrkja tengsl Íslendinga við Rússa á sviði sjávarútvegsmála og það er alveg ljóst að þeir fylgjast grannt með þeim málum og hafa mikinn áhuga á samstarfi við Íslendinga á sviði menntamála, tæknimála og sjávarútvegsmála.

Í þessu sambandi má geta þess að í sumar kemur hingað í heimsókn formaður menntmn. dúmunnar, Ívan Melníkov, í boði þingsins. Hann hefur sérstakan áhuga á þessum tveimur málaflokkum, sjávarútvegsmálum og orkumálum. Á vegum Evrópuráðsins, en þar gegnir þessi ágæti maður mikilli trúnaðarstöðu sem formaður vísinda- og tækninefndarinnar, er verið að vinna að skýrslugerð í orkumálum og í sjávarútvegsmálum. Heimsókn hans hingað tengist einmitt þessu aukna samstarfi á sviði sjávarútvegsmála sem við erum sammála um, ég og hv. síðasti ræðumaður, að skipti okkur miklu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.*

Stjfrv., 654. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1127, nál. 1366.

[11:46]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti, Ingvar Sverrisson og

Gunnar E. Sigurðsson frá Vinnumálastofnun og Margréti Tómasdóttur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til félagsmálaráðherra. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Helstu breytingar á gildandi lögum sem felast í frumvarpinu eru þær að í fyrsta lagi er kveðið á um rétt manna til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Þá er lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist einnig rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði og mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Kveðið er á um rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf en í gildandi lögum er ekki kveðið á um þennan rétt og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Þá er lagt til að jafnaður verði réttur fiskvinnslufólks sem ekki á rétt að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS og þeirra sem eiga þann rétt og að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Í máli gesta kom fram að verði frumvarpið samþykkt á yfirstandandi þingi þurfi að breyta gildistökuákvæði þess þar sem aðlaga þarf tölvukerfi Vinnumálastofnunar að breytingunum.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

7. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Undir nál. rita allir nefndarmenn en Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 2. umr.*

Stjfrv., 655. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1128, nál. 1365, brtt. 1404.

[11:49]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

Þetta frv. er að mestu samhljóða því frv. sem var til umræðu á undan þessu og kallaði nefndin sömu aðila á fund sinn vegna þessa máls, þau Elínu Blöndal frá félmrn., Ingvar Sverrisson og Gunnar E. Sigurðsson frá Vinnumálastofnun og Margréti Tómasdóttur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Á sama hátt og fyrra frv. er þetta frv. samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til félmrh.

Breytingar samkvæmt frv. eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa. Breytingar sem verið er að gera á lögunum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga felast í því að í fyrsta lagi er kveðið á um rétt manna til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Þá er lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði og mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Kveðið er á um rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um þennan rétt og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Eins og heyra má, hæstv. forseti, eru þessar breytingar samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til við lögin um atvinnuleysistryggingar. Hið sama kom fram í máli gesta varðandi þetta frv. að breyta þurfi gildistökuákvæðinu til þess að Vinnumálastofnun hafi tíma til þess að laga tölvukerfi sitt að breytingunum.

Því leggjum við til að 6. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera á lögunum þarf einnig að gera aðrar breytingar sem lagðar eru til á sérstöku þskj. 1404. Þar er lögð til breyting við 1. gr., þ.e. breyting á fyrirsögn sem við leggjum til að verði: Geymdur bótaréttur.

Við 3. gr. frv. leggjum við til að fyrirsögnin breytist einnig og hljóði þannig: Bótaréttur með hlutastarfi.

Í þriðja lagi leggjum við til breytingu við 5. gr. sem er eingöngu breyting á tilvísun í málsgrein og að í stað orðanna „6. mgr." í b-lið komi: 5. mgr.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn. en hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir með fyrirvara.

[11:53]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég stend einungis upp til þess að þakka hv. félmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessum tveimur málum. Þau komu tiltölulega seint til nefndarinnar og ég harma það en nefndin hefur brugðist vel við og afgreitt málin myndarlega og ég er að sjálfsögðu fylgjandi þeim brtt. sem þarna eru lagðar til. Enn og aftur kærar þakkir, hv. formaður félmn.

[11:53]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Ég vel að koma í ræðustól út af síðara málinu af þessum tveimur, um atvinnuleysistryggingar og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, vegna þeirra fyrirvara sem ég er með í báðum þessum frv. og til að skýra það.

Ég tek undir það með félmrh. að félmn. vann mjög vel í þeim málum sem hún var með til umfjöllunar hjá sér, sérstaklega miðað við þær aðstæður sem voru í nefndinni, að hún var með mjög erfið mál til umfjöllunar, stór pólitísk deilumál sem mjög mikil óbilgirni var í að taka nokkurt tillit til sjónarmiða stjórnarandstöðunnar. Mikilvægt er að það komi fram að þrátt fyrir að þau fylltu að mestu tíma nefndarinnar og þrátt fyrir það að það var þungur pólitískur róður að leita réttar síns í þeim málum vann félmn. með öll málin sem hún var með af fullri einlægni og meira að segja það mál sem félmrh. setti á engan hátt í forgang, framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna sem var mjög naumur tími til að vinna að. Meira að segja það mál tókst félmn. að vinna og skila af sér til 2. umr. í þinginu. Þetta er afar mikilvægt og ég lít svo á að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess

að þetta er trúnaður þeirra einstaklinga sem þarna starfa við þau mál sem þeir leggja áherslu á að fái umfjöllun í þinginu og fái þann forgang sem ráðherra málaflokksins setur ekki á málin.

Þetta vildi ég segja sem inngang að umfjöllun um mál félmn. en mun náttúrlega koma nánar inn á þessa tímaþröng okkar í umfjöllun um framkvæmdaáætlunina síðar.

En það sem lýtur að þessum málum, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, þá er verið að lagfæra mál sem eru til bóta fyrir fólkið sem þarf á þessum tryggingum að halda. Það að þessi frv. koma inn núna og eru afgreidd frá Alþingi og úrbætur eru gerðar á lögunum er vegna þess að á sínum tíma fyrir tveimur árum var komið með inn í þingið breytingar á atvinnuleysistryggingalögunum sem voru mjög umdeildar og það var vont frv., herra forseti, með miklum breytingum og skerðingum varðandi launafólk og við gagnrýndum það mjög harkalega. Það var þó þannig að nokkur breyting náðist á því frv. þannig að verstu breytingum laganna til verri vegar var afstýrt. Engu að síður spáðum við því þá að það mundi þurfa að gera breytingar á þessum lögum vegna þess að þarna hefði verið allt of hart fram gengið. Þess vegna var það líka jákvætt að geta breytt þessum lögum á betri veg og að því stóð félmn. alveg fullskipuð.

Samt eru ákvæði í 4. gr. atvinnuleysistryggingafrv. og 3. gr. laganna um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga þar sem segir:

„Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 11. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er."

Ástæða er til að benda á að þarna er verið að draga úr og skerða rétt sem hingað til hefur verið, þ.e. að lögin hafa verið framkvæmd þannig að þeir sem hafa verið í hlutastarfi og fengið atvinnuleysisbætur samhliða hafa ekki orðið fyrir skerðingum. Það sem mun gerast þegar þetta frv. verður að lögum er að skerðing verður hjá ákveðnum hópi sem hefur ekki getað fengið nema hlutastarf þó að hann hafi sótt um annað og leiti eftir að fá fullt starf í fagi sínu.

Þrátt fyrir það stóðum við öll að afgreiðslu frv. af því að við vildum tryggja þær úrbætur sem er að finna í frv. en ástæða er til að vekja athygli á því að nokkur hópur einstaklinga mun lenda í skerðingum þegar um það er að ræða að fólk missir starf, fær ekki annað en hlutastarf og samanlagðar bætur eru með þessum hætti.

Hins vegar er líka litið til þess að þeir sem eru atvinnulausir fá ekki nema ákveðnar bætur, þeir fá þær bætur sem eru í boði, og því miður er það svo að þær eru í allflestum tilfellum nokkuð lægri en þau laun sem fólk er á meðan það hefur störf. Þrátt fyrir að félmrh., og ef ég man rétt fjmrh. fyrrv., hafi haldið því fram að atvinnuleysisbætur séu svo háar að það sé kannski vísbending um að það séu fleiri á atvinnuleysisbótum en þyrftu að vera, þá er það skoðun sem ég hafna fullkomlega vegna þess að hver sá sem skoðar þessa upphæð sem er í boði fyrir atvinnulausa gerir sér grein fyrir að afar erfitt er að lifa af þeirri fjárhæð. Það hvarflar því ekki að mér að nokkur velji það.

Ég vildi koma þessari ábendingu á framfæri, herra forseti, vegna þess að þetta er það atriði sem er umdeilt fyrir marga en ég stend að afgreiðslu frv. og finnst mikilvægt að þær úrbætur sem er að finna í þessum frv. báðum nái fram.

[12:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu lagabreytingar sem áður hafa verið til umræðu og ég hef gert grein fyrir mínum sjónarmiðum og ætla ekki að hafa mörg orð um þau núna. En almennt horfa þessar breytingar til bóta og er mikilvægt að fá þær lögfestar fyrir sumarið. Ég vil sérstaklega fagna því að hæstv. félmrh. skuli hafa beitt sér fyrir því að frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti ásamt öðrum þingmönnum, fyrr á þessu ári mun það hafa verið, þess efnis að makabætur skerðist ekki hjá fólki sem fer á atvinnuleysisbætur. Það kom fram í máli hæstv. félmrh. þegar hann ræddi þessi mál við fyrri umræðu, að þar hefðu átt sér stað mistök við lagasmíð, og ég fagna því sérstaklega að hann skuli hafa fellt þessar tillögur hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur inn í þetta frv.

Að öðru leyti er að finna ýmis nýmæli sem horfa til bóta og þá fyrst og fremst varðandi geymdan rétt. Fólk sem er í fæðingarorlofi eða situr í fangelsi gat ekki geymt sinn ... (**KÁ:** Nema hvort tveggja sé.) Nema hvort tveggja sé, segir hv. formaður félmn. Þetta fólk gat ekki geymt rétt sinn til atvinnuleysisbóta og hér er ráðin bót á því með þessu frv.

Ég skrifaði undir álit félmn. með fyrirvara og fyrirvari minn lýtur að 3. gr. lagafrv. þar sem gert er ráð fyrir því að unnt sé að skerða atvinnuleysisbætur hjá því fólki sem er í hlutavinnustarfi. Er þar um óásættanlegan hlut að ræða frá mínum sjónarhóli og er þar á ferðinni lagagrein sem ég mun að sjálfsögðu ekki samþykkja. Fólk er iðulega í hlutavinnustarfi vegna þess að því er þröngvað til að draga úr vinnu sinni. Ég þekki þess mörg dæmi, t.d. hjá sjúkrastofnunum þegar skorið hefur verið niður við þær eða þrengt að þeim fjárhagslega, þá hefur starfsfólkið iðulega staðið frammi fyrir tveimur valkostum. Annaðhvort fellst fólk á það sameiginlega að skera niður vinnuna eða horfir upp á að einhverjum hluta starfsfólksins verði sagt upp störfum. Þetta eru hlutir sem ég þekki úr starfi á vettvangi samtaka launafólks. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að séu tekjur umfram tiltekið mark, sem mun vera í kringum 78 þúsund kr. ef ég man rétt, þá skerðast atvinnuleysisbæturnar. Að þessu lýtur fyrirvari minn en að öðru leyti tel ég þetta frv. og tengt frv. sem mælt var fyrir hér áðan vera til bóta og mæli mjög eindregið með því að þingið samþykki það fyrir sumarið.

[12:05]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Bara til að halda því til haga og hafa það í þessari umræðu þá hef ég aldrei haldið því fram að atvinnuleysisbætur væru of háar. Ég hef hins vegar talað um að ekki væri óeðlilegt að menn nytu einhverrar umbunar fyrir það að vinna, fremur en að vera á atvinnuleysisbótum. Ég vil að það sé freisting fyrir menn að vinna fremur en að kjósa það að vera á bótum eða una því að vera á bótum ef þeir eiga kost á að fá vinnu. Atvinnuleysisbætur hafa hækkað fyllilega til samræmis við launaþróun í landinu og atvinnuleysisbætur eiga að vera og eru ákaflega mikilvægt öryggisnet fyrir fólk á vinnumarkaði og samfélaginu ber auðvitað skylda til að sjá til þess að þær séu fyrir hendi.

[12:06]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein örstutt athugasemd. Ég fagna því að heyra það úr munni hæstv. félmrh. að hann telji að atvinnu-

leysisbætur eigi ekki að vera lágar og væntanlega duga til framfæris, sem er mjög fjarri lagi. Fyrir fáeinum vikum vakti það athygli að annar hæstv. ráðherra úr þeirri ríkisstjórn sem hæstv. félmrh. situr í hafði uppi orð sem mátti túlka á annan veg, þ.e. að atvinnuleysisbætur mættu ekki vera of háar og það sem slíkt ætti að vera hvatning til vinnu. Þetta eru mjög forneskjuleg viðhorf og þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum.

En hinu vil ég mótmæla að atvinnuleysisbætur hafi hækkað í samræmi við launaþróun. Þar mega menn ekki horfa á meðaltalsprósentureikninginn einan, menn verða að horfa á hvernig lægstu laun hafa hækkað og þau hafa hækkað umtalsvert en atvinnuleysisbætur hafa ekki hækkað í samræmi við það og var því ekki lítið mótmælt á sínum tíma þegar ríkisstjórnin ákvað að taka atvinnuleysisbætur úr tengslum eða rjúfa tengslin við lægstu eða lága launataxta. Það er því ekki rétt sem kemur fram í máli hæstv. félmrh. að sýnt sé að atvinnuleysisbætur hækki í samræmi við launaþróun.

[12:08]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. síðasta ræðumanni. Atvinnuleysisbæturnar hafa hækkað fyllilega í samræmi við launaþróunina í landinu. Ég er ekki samþykkur því að þær eigi að fylgja einhverjum ákveðnum launataxta. Sem betur fór voru samningar með þeim hætti á vinnumarkaði að lægstu taxtar hækkuðu mjög myndarlega. Það tel ég hafi verið ákaflega gott og mjög tímabært og nauðsynlegt. En ég tel hins vegar að atvinnuleysisbætur eigi ekki að bindast eingöngu við þann takt.

[12:09]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fólk lifir að sjálfsögðu ekki á meðaltölum og það er afvegaleiðandi og misvísandi að tala um þessi mál með hliðsjón af meðaltölum, með hliðsjón af prósentu- eða hlutfallshækkun launa almennt, heldur verður að líta á lægstu laun í því sambandi. Staðreyndin er sú að fólk hefur iðulega framfæri sitt á Íslandi, í þessu mikla yfirvinnuþjóðfélagi okkar og í þjóðfélagi þar sem fólk býr víða við launakerfi sem byggir á öðrum þáttum en grunntaxtanum einum, margvíslegum bónusgreiðslum í fiskvinnslu og þar fram eftir götunum, að þá verður tekjutapið sem fólk verður fyrir við að fara á atvinnuleysisbætur miklu meira en nemur þessum mismuni sem er að verða á milli lægstu taxta og atvinnuleysisbóta. Hann er að verða fyrir hendi. Það er að verða mismunur á lágum launatöxtum og atvinnuleysisbótum. Þær hafa ekki fylgt lægstu töxtum, þær hafa ekki gert það. Og þetta er hægt að sjá bara með skírskotun til tölulegra upplýsinga, þetta er staðreynd.

En hitt er náttúrlega alvarlegast að fólk er að verða fyrir miklu meiri tekjuskerðingu en þessu nemur þegar það lendir á atvinnuleysisbótum og atvinnuleysisbætur eru það lágar að það lifir ekki nokkur maður af þeim einum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umboðsmaður jafnréttismála, 2. umr.*

Frv. HG o.fl., 82. mál. — Þskj. 82, nál. 1372.

[12:11]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um umboðsmann jafnréttismála.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir m.a. frá félagsmálaráðuneyti og Bandalagi háskólamanna. En þessi tillaga hafði verið lögð fram áður og þá bárust einnig nokkrar umsagnir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns jafnréttismála frá ársbyrjun 1999. Meginverkefni umboðsmanns væru að fylgjast með því að hvarvetna í þjóðfélaginu væru höfð í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Jafnframt skuli umboðsmaður bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið sé gegn þessum ákvæðum. Þá væri fræðsla og kynning einnig mikilvægur þáttur slíks embættis og gerð tillagna um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda um jafnrétti kynjanna. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir samstarfi embættis umboðsmanns jafnréttismála við aðra aðila stjórnsýslunnar sem vinna að jafnrétti kynjanna auk þess sem skrifstofa jafnréttismála verði styrkt til að geta þjónað embættinu. Flutningsmenn frumvarpsins telja að nauðsyn góðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála sé nú almennt viðurkennd og að stofnun embættis jafnréttismála geti vegið þungt til að því markmiði verði náð.

Í umsögn félagsmálaráðuneytisins, dags. 1. desember sl., kemur fram að lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, séu nú til endurskoðunar í ráðuneytinu. Við þá endurskoðun eigi m.a. að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að stofna embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þessa tillögu skrifar allir nefndarmenn í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, síðari umr.*

Þáltill. KÁ o.fl., 250. mál. — Þskj. 295, nál. 1373.

[12:13]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um tillögu til þál. um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Kvenréttindafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandinu.

Í tillögugreininni er kveðið á um að Alþingi álykti að félagsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem hafi það verkefni að rannsaka orsakir atvinnuleysis meðal kvenna hér á landi og koma með tillögur um aðgerðir til að draga úr því. Jafnframt skoði nefndin líklega þróun íslensks vinnumarkaðar á næstu árum með sérstöku tilliti til kvenna, þ.e.

hvar störfum muni fækka eða fjölga og hvaða aðgerðir verði nauðsynlegar af hálfu stjórnvalda og vinnumarkaðar vegna þeirra breytinga.

Í umsögn Vinnumálastofnunar kom fram að á síðasta ári tóku gildi ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, sem hafa það að meginmarkmiði að gera vinnumiðlun og baráttuna gegn atvinnuleysi samhæfðari og markvissari. Í umsögninni kom jafnframt fram að opnaðar hafa verið átta svæðisvinnumiðlanir um landið og til þeirra hefur verið ráðið fagfólk sem nú er að skipuleggja starfsemina. Með hverri svæðisvinnumiðlun starfar svæðisráð skipað fulltrúum launafólks, vinnuveitenda, sveitarfélaga og framhaldsskóla í hverju umdæmi. Stjórn Vinnumálastofnunar telur það vera eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar og hverrar svæðisvinnumiðlunar að hafa skýra yfirsýn yfir atvinnuástandið í umdæminu, þar með talið atvinnuleysi kvenna. Af þessum ástæðum telur stjórnin ekki þörf á að sérstakri nefnd verði falið að vinna verk sem er lögskipað verkefni Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Hins vegar tekur hún undir með flutningsmönnum tillögunnar um að þörf sé á að rannsaka atvinnuleysi kvenna til að tryggja að aðgerðir og úrræði til varnar því verði árangursríkari og markvissari.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, síðari umr.*

Þáltill. RG o.fl., 251. mál. — Þskj. 296, nál. 1357.

[12:16]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1357 frá hv. efh.- og viðskn. Nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá fjármálaráðuneytinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þau sjónarmið að þörf sé á slíkum reglum og mælir með því að tillagan verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. Vilhjálmur Egilsson, Ágúst Einarsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Vslgerður Sverrisdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

[12:18]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með það að efh.- og viðskn. hafi verið sammála um að mikilvægt sé að setja reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum og fagna því að þessi niðurstaða hefur orðið. Ég vil líka þakka meðflm. mínum fyrir að flytja með mér þessa tillögu, en það voru Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Svo vill til að fjögur okkar eru núv. þingflokksformenn og við erum greinilega sammála um að um þessa hluti eigi að vera reglur þannig að einstaklingar lendi ekki í einhverju óréttlæti varðandi starfskjör sín.

Í tillögugreininni sagði að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Í reglunum verði m.a. tekið fram hvenær starfsmenn eigi rétt til þess að fá ólaunað leyfi frá störfum, hvernig reikna skuli leyfistímann til starfsaldurs, annarra réttinda og mats á starfshæfni og hver sé réttur starfsmanns til fyrra starfs eftir að leyfi lýkur.

Það er alveg ljóst og flestir þekkja það að þessi tillaga var flutt að gefnu tilefni. Það er óviðunandi að einstaklingur sem hefur unnið á alþjóðavettvangi komi heim og uppgötvi að kominn er köttur í ból bjarnar, að starfið hans bíður ekki eins og hann átti von á, að honum sé skákað til hliðar tímabundið eða varanlega af því að það hentar að annar fái starfið.

En nú hafa menn sameinast um það að um þetta séu settar reglur þannig að í framtíðinni muni enginn velkjast í vafa um rétt sinn þegar hann tekur að sér störf á erlendri grund, væntanlega á vegum ríkisins eða vegna einhvers sem skiptir máli að við tökum þátt í og mun skila sér í betri og hæfari einstaklingi.

En því kem ég hér upp að í grg. með tillögunni þegar hún var flutt segir að lagt sé til að reglur verði settar sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og er eðlilegt að um þær reglur verði haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna. Ég veit ekki hvað kom fram í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þegar hún var send nefndinni en mér mundi finnast mjög mikilvægt og nefni það hér þannig að það geti fylgt þessari afgreiðslu, að haft sé samráð við samtök ríkisstarfsmanna um hvernig reglurnar verði þegar þær verða settar og þegar ríkisstjórnin lætur framfylgja þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, síðari umr.*

Stjtill., 376. mál. — Þskj. 649, nál. 1414, brtt. 1415.

[12:21]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Mér er það mikil ánægja að mæla fyrir nál. um tillögu til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég lýsi ánægju minni vegna þess að nefndin hafði afar nauman tíma vegna hinna stóru mála sem við höfum til umfjöllunar. Mér hefði þótt afar sárt að skilja svo við þetta þing að sjálf jafnréttisáætlunin yrði skilin eftir því að mér er mjög annt um að stjórnvöld geri það sem í þeirra valdi stendur og lög kveða á um til þess að framfylgja og auka jafnrétti kynjanna.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti en einnig bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum þannig að ekki verður annað sagt en að mjög margir hafi sýnt málinu áhuga og komið á framfæri fjölmörgum hugmyndum. Það er nokkuð óvenjulegt að í þessu nál. ákváðum við að koma á framfæri flestum

þeim ábendingum sem okkur bárust. Að sumu leyti er orðið við þeim og lagðar til breytingar á ályktuninni. Sumar þessara tillagna eru í framkvæmdaáætluninni, kannski óðruvísi orðaðar en aðrar tillögur og hugmyndir sem hér koma fram eru einfaldlega það góðar að rétt er að koma þeim á framfæri þó að þær komist ekki inn í áætlunina að þessu sinni.

Til að mynda benti Seltjarnarnesbær á að kveða þyrfti nánar á um skyldur fjölmiðla í jafnréttismálum. Á þetta er lítillega minnst í sjálfri áætluninni í kaflanum um menntmrn. en það mætti gjarnan skoða miklu betur hvernig hægt væri að bæta hlut fjölmiðla og að gera þeim skylt að gæta jafnréttissjónarmiða eins og þeim ber auðvitað lögum samkvæmt.

Þá benti Seltjarnarnesbær einnig á nauðsyn þess að efla íþróttauppeldi stúlkna og auka fræðslu til æðstu ráðamanna um jafnréttismál. Þessi tillaga um aukna fræðslu á ýmsum sviðum kemur mjög víða við sögu en í kaflanum um félmrn. er kveðið á um fræðslu til hinna ýmsu stofnana ríkisins þannig að ég tel að sú tillaga sé í rauninni hér inni.

Egilsstaðabær vildi að fastar yrði tekið á tilnefningum í ráð og nefndir þannig að öllum væri gert skylt að tilnefna tvo einstaklinga, bæði karl og konu þannig að hægt yrði að velja á milli. Þeir bentu einnig á að starfsmannahald á stofnunum fyrir aldraða þyrfti að kanna út frá skiptingu milli kynja og launa og jafnframt að halda þyrfti jafnréttisnámskeið fyrir kennara og skólastjórnendur. En slíkar tillögur eru hér á borði.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vildi að í hvert sinn sem ný framkvæmdaáætlun væri lögð fram fylgdi með úttekt á hinni fyrri. Þetta er svo sannarlega hægt að taka undir og það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að hefði nefndin haft betri tíma til þess að fjalla um framkvæmdaáætlunina þá hefðum við að sjálfsögðu viljað fara rækilega ofan í það hvernig gengið hefur að framkvæma þá áætlun sem var í gildi en er nú runnin út. Ég vil koma þeirri ábendingu til hæstv. ráðherra að næst þegar slík framkvæmdaáætlun verður lögð fram, þegar sú sem hér er til umræðu rennur út, þá væri mjög til bóta að fyrir lægi úttekt á því hvernig framkvæmd hefur gengið.

Þá telur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja orðalag í framkvæmdaáætluninni víða of máttlaust. Það bendir á að tryggja þurfi hlutleysi í starfslýsingum, sjá til þess að sveigjanlegur vinnutími komi ekki niður á launum og tryggja að hlutlægt, mælanlegt og skýrt mat liggi fyrir við launaákvarðanir. Að mati Kennarasambands Íslands þarf að vinna að því að fjölga körlum í kennarastétt, flétta þurfi jafnréttissjónarmið og jafnréttisfræðslu inn í kennaramenntunina og endurskoða námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. UNIFEM á Íslandi taldi að orðalag í framkvæmdaáætluninni væri víða of almennt, að skylda þurfi ofbeldismenn í meðferð, taka rækilega á íþróttauppeldi stúlkna, hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunarinnar og halda jafnréttisnámskeið fyrir fólk sem fer til starfa í þróunarlöndum eða vinnur að slíkum verkefnum. Karlanefnd Jafnréttisráðs taldi að Hagstofan ætti að gera könnun á því hvernig konur og karlar verji tíma sínum en menntamálaráðuneytið ætti að kanna framkvæmd og reynslu annarra þjóða af sérstökum umhyggjunámskeiðum í skólum.

Þá taldi karlanefndin að fylgja þyrfti eftir könnun á heimilisofbeldi og það þyrfti að endurtaka hana innan þriggja til fjögurra ára til að meta árangur aðgerða.

Þá segja þeir einnig eða koma með þá tillögu að haldinn verði sjónvarpsfundur um framkvæmdaáætlunina á miðju tímabilinu þar sem ráðamenn sætu fyrir svörum og mat yrði lagt á árangur. Ég vek athygli hæstv. félmrh. á þessari hugmynd sem ég held að gæti vakið heilmikla athygli á stöðu jafnréttismála.

Þá lagði karlanefndin einnig til að ríkisskattstjóri eða Hagstofan gerði skýrslu um hlutföll milli fjölskyldna þar sem heildartekjur karla eru hærri en kvenna eða öfugt, að haldin yrðu sérstök námskeið fyrir dómara og lögmenn um orsakir, eðli og birtingarmyndir heimilisofbeldis og að lokum taldi karlanefndin að stofna þyrfti stöðu prófessors í kynjafræðum eða gender studies. Þetta er nú ekki gott orð en ekki hefur neitt betra fundist yfir þessa fræðigrein.

Samtökin Kynjaverur voru þeirrar skoðunar að breyta þyrfti hugtakinu „fórnarlömb" í þolendur, að feður utan hjónabands ættu að fá fæðingarorlof, að útbúa þurfi kennsluefni fyrir kennara og skólastjórnendur, gera samanburð á launum kvenna og karla í fiskvinnslu með tilliti til menntunar og að banna ætti vinnuveitendum að spyrja fólk um áætlanir um barneignir eða fæðingarorlof. Að mati Jafnréttisráðs þarf að endurskoða og styrkja 12. gr. jafnréttislaganna, gera athugun á starfsmannahaldi ráðuneyta og ríkisstofnana með 25 starfsmenn eða fleiri, þ.e. kanna ráðningar, launamun o.fl., semja leiðbeinandi reglur um ráðningu starfsmanna ríkisstofnana og um beitingu 9. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem fjallað er um viðbótargreiðslur.

Þá lagði Jafnréttisráð til að samdar yrðu starfslýsingar fyrir opinberar stofnanir, jafnréttisfræðsla yrði skipulögð fyrir yfirmenn stofnana, öll eyðublöð ríkisstofnana yrðu endurskoðuð með tilliti til kynjanna og gerð könnun á vaxandi launamun verkakvenna og verkakarla og bent yrði á tillögur til úrbóta. Stígamót telja að hrinda þurfi í framkvæmd tillögum nefnda dómsmálaráðuneytisins um ofbeldismál, skoða umgengnisrétt „ofbeldisfeðra" við börn sín með tilliti til öryggis barnanna, efna til skipulagðrar fræðslu um kynferðisofbeldi og að öll ráðuneyti þurfi að stuðla að afnámi alls kynferðisofbeldis í samfélaginu. Að mati Skólastjórafélags Íslands þarf að bæta menntun kennaraefna hvað varðar jafnréttismál. Jafnréttisfulltrúi Akureyrar telur vanta tímasetningar í aðgerðaráætlunina, einnig skorti ákvæði um skipanir í ráð og nefndir hjá nokkrum ráðuneytum og að benda mætti nokkrum ráðuneytum á að efna til átaks til að fá konur til að sækja um hefðbundin karlastörf, t.d. á sviði samgönguráðuneytisins. Bandalag háskólamanna telur að endurmeta þurfi hefðbundin kvennastörf hjá ríkinu, launakerfisbreytingar megi ekki verða til þess að auka launamun kynjanna, efla þurfi kerfisbundnar kjararannsóknir og fræðslu til ráðamanna um jafnréttismál, hafa jafnréttissjónarmið í huga við allar túlkanir á lögum og reglum sem snerta réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lögleiða tilskipanir ESB sem bæta stöðu vinnandi fólks og fjölskyldna, bæta vinnuvernd (sbr. ESB), t.d. hvað varðar aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, kanna þurfi orsakir atvinnuleysis meðal kvenna, einkum hvort hefðbundin sjónarmið varðandi ráðningu starfsmanna með fagmenntun ráði þar um of og breyta þurfi hefðbundnu starfs- og námsvali pilta og stúlkna.

Félmn. leggur til nokkrar breytingar á framkvæmdaáætluninni og nokkrar þær tillögur taka mið af þessum ábendinum sem ég hef hér rakið. En nefndin tekur undir það sjónarmið Jafnréttisráðs að ráðuneytin verði að vera tilbúin til að fylgja áætluninni eftir og því miðast tillögur okkar við það að trúa

því að ráðuneytin séu sátt við tillögurnar og muni fylgja þeim eftir.

Nefndin leggur áherslu á að kannað verði sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Niðurstöður verði notaðar til að styrkja stöðu kvenna. Þá leggur nefndin til að kveðið verði á um skipan í ráð og nefndir í öllum ráðuneytum og að þeim verði gert skylt að gera úttekt á stöðu jafnréttismála innan sinna veggja og hjá þeim stofnunum sem undir þau heyra. Einnig verði kveðið skýrar á um fræðslu til ráðamanna og yfirmanna stofnana.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali og ætla ég að víkja að einstökum brtt.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á III. kafla framkvæmdaáætlunarinnar. Í a-lið er orðalagsbreyting, leiðrétting, þar sem fjallað er um endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum, en þar er lagt til að á eftir orðinu „kosningakerfa" í fyrri málslið komi: þar á meðal.

Við leggjum til að við lið 1. Forsætisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi: Staða kvenna á landsbyggðinni.

Þarna er komin sú tillaga sem ég gerði grein fyrir áðan og getið er í nál. um úttekt á stöðu kvenna á landsbyggðinni og því hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu þeirra.

Við leggjum til að við lið 2.6 þar sem fjallað er um ofbeldi, verði gerð sú breyting að í stað orðsins „fórnarlömb" í 2. málsl. komi: þolendur.

Við lið 4. Fjármálaráðuneyti eru lagðar til nokkrar breytingar, fimm talsins, og eru þessar tillögur komnar frá ráðuneytinu sjálfu. Ég vek athygli á því að í þessum breytingum er einmitt verið að bregðast við ýmsum þeim tillögum sem Jafnréttisráð lagði til á sínum tíma. Í tillögunum er m.a. fjallað um feðraorlof, úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna, reglur um starfslýsingar, fræðslu til yfirmanna stofnana ráðuneytisins og að hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins verði aukinn. Og síðan er reyndar einn liður til viðbótar, hæstv. forseti, endurskoðun á eyðublöðum.

Síðan leggur félmn. til að við lið 1, 6, 10, 11 og 13 bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn svohljóðandi: Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Og tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Hér er verið að leggja til að þessi liður verði hjá öllum ráðuneytunum. Hann var hjá einstökum ráðuneytum en við leggjum til að kveðið verði á um þetta, sem reyndar er að finna í 12. gr. jafnréttislaganna, að öll ráðuneytin setji sér það markmið að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum.

Síðan leggjum við einnig til að við lið 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11 og 13 bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi: Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Og tillögugreinin orðist svo:

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu til yfirmanna og annarra starfsmanna.

Þarna er einnig verið að samræma því að mjög góða tillögu var að finna í kaflanum um umhverfisráðuneytið og við leggjum til að öll ráðuneytin geri slíka úttekt innan dyra hjá sér og í þeim stofnunum sem undir þau heyra og að sjálfsögðu nái sú úttekt til beggja kynja. Því að það þarf auðvitað margt að kanna í sambandi við stöðu karla, vinnutíma þeirra og hvers þeir óska í þeim efnum.

Að lokum leggjum við til brtt. við 13. lið, Utanríkisráðuneyti. Þar bætist við nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi: Jafnréttisnámskeið.

Tillögugreinin orðist svo:

Ráðuneytið mun standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

Hér er fyrst og fremst átt við það, hæstv. forseti, að starfsmönnum sé gerð rækileg grein fyrir stöðu jafnréttismála karla og kvenna í þeim löndum sem þeir eru að fara til, því að aðstæður eru oft og tíðum mjög ólíkar því sem við þekkjum og auðvitað grundvallaratriði að átta sig á því hvað sérstakt er fyrir konur og hvað sérstakt er fyrir karla, en það er einmitt þekkt úr þróunarstarfi undanfarinna áratuga að Vesturlandabúar voru að flytja sitt gildismat yfir á þessi þjóðfélög og tóku oft og tíðum ekki tillit til stöðu kvenna sem höfðu yfirleitt séð um alla framleiðslu í þessum ríkjum, sérstaklega í Afríku, og því varð þróunaraðstoðin til þess að raska stöðu þeirra verulega.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til. Þær hefðu hugsanlega orðið fleiri ef meiri tími hefði gefist til að vinna í málinu en ég ítreka að mjög margar góðar tillögur er að finna í upphaflegri tillögu og ég vona svo sannarlega að því verði fylgt eftir, því að síðasta skýrsla sem við fengum í hendur um þessi mál sýndi að nokkur ráðuneytanna höfðu lítið gert og við svo búið má ekki standa. Það þarf að fylgja því betur eftir hér eftir en hingað til að ráðuneytin standi við lög, eins og þeim að sjálfsögðu ber, og vinni að því að bæta þjóðfélagið og rétta hlut kvenna jafnframt því að koma til móts við þær breytingar sem eru að verða á stöðu fjölskyldnanna og óskum karlmanna um styttri vinnutíma, fæðingarorlof og fleira sem nú er á döfinni.

[12:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Við erum að ræða till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Það fer ekki svo að þegar maður enn á ný fjallar um þessa tillögu, sem er líklega númer fimm frá því við fórum að setja slíkar framkvæmdaáætlanir, að hverju sinni höfum við, áhugafólk um jafnrétti kynjanna, verið bjartsýn á að með þessari framkvæmdaáætlun næðist árangur og að innan næstu ára mundum við sjá í hendi okkar úrbætur í framhaldi af hinum góðu orðum.

En því miður í þessu eins og svo oft stöndum við frammi fyrir að orðin eru annars vegar og athafnirnar hins vegar. Og þegar farið er í gegnum framkvæmdaáætlunina, áður en ég vík að störfum nefndarinnar, eru hér afskaplega góð áform, flest kunnugleg, þó hverju sinni bætist einhver ný við og í raun og veru er umfjöllun okkar meira eða minna sú að benda á að þrátt fyrir hin góðu áform í framkvæmdaáætlunum liðinna ára, þá er allt of lítið gert, allt of hægt miðar. Það stóð upp úr hjá þeim sem ræddu framkvæmdaáætlunina við 1. umr. að ekki bara miðaði of hægt heldur væri það svo að á mörgum sviðum hefði orðið bakslag í jafnréttisbaráttunni.

Það má minna á að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna var verið að ræða hvort fækkun yrði meðal kvenna í sveitarstjórnum og hvort niðurstaðan yrði sú að ekki yrði fækkun, en að það sé bullandi framgangur og aukin þátttaka kvenna í stjórnmálum á sveitarstjórnarvæng eða í landsmálunum er eitthvað sem enn þá er langt í land með.

En, herra forseti, af því að ég tala um orð annars vegar og athafnir hins vegar ætla ég að minna á tillögu sem samþykkt var á Alþingi fyrir tveimur árum. Það var tillaga um opinbera fjölskyldustefnu sem sú er hér stendur og ráðherrann höfðu átt talsvert orðaskipti um áður en hann að lokum lagði fram tillögu sem sú er hér stendur var eðlilega fullkomlega sátt við og tók þess vegna mjög góðan þátt í afgreiðslunni og umfjöllun um tillöguna bæði í þinginu og í félmn.

En það kom líka mjög vel fram þá, bæði þegar tillagan var lögð fram fyrst af undirritaðri og þegar hún var lögð fram aftur af núv. félmrh., að þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu er skilaboð Alþingis og fyrirmæli til ríkisvaldsins að setja í gang vinnu og framkvæmd á áformunum sem er að finna í slíkri tillögu að opinberri fjölskyldustefnu. Og því nefni ég að þar hafa orð og athafnir ekki farið saman. Orðin voru hin góða tillaga sem við á Alþingi samþykktum og beindum þar með máli okkar til ríkisvaldsins og ráðherrans. En framkvæmdina skortir. Framkvæmdina skortir, á henni bólar ekkert og nú fer að styttast í þeim tíma sem ráðherrann hefur til umráða því nú er innan við eitt ár eftir af setu hans á stóli félmrh.

Ég nefni þetta hér vegna þess að það er bjargföst trú mín að öflug fjölskyldustefna sé einhver ríkasti þáttur jafnréttismála, þ.e. framkvæmd öflugrar jafnréttisstefnu þar sem gengið er til framkvæmda á öllum þeim liðum sem tilteknir voru í þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu. Lagasetningar í framhaldi af þeirri tillögu munu skapa það umhverfi ungrar fjölskyldu sem gerir henni kleift að blómstra og ungu pari að njóta fullkomins jafnréttis bæði í sinni sambúð og eins á vinnumarkaði. Til þess að svo megi verða þarf, eins og ég hef svo oft sagt, umhverfi fjölskyldunnar að vera í lagi, bæði tilboðin og úrræðin fyrir ungu börnin, úrræði og framkvæmd skólastefnu þarf að vera á þann veg að vinnutími skólabarnanna sé í einhverjum takt við vinnutíma foreldra, að völ sé á máltíðum í skólanum og völ sé á aðstöðu til heimanáms, sé um það að ræða að vinnutími barnanna sé í lengra lagi, að atvinnumál séu í lagi og einnig umönnunarþáttur þeirra sem orðnir eru aldraðir, þreyttir eða sjúkir og aðbúnaður fatlaðra, að fjölskylda þar sem um er að ræða lítil börn, skólabörn, börn á framhaldsskólaaldri, fötluð börn, fatlaðir fullorðnir einstaklingar, aldraðir, haustir eða sjúkir, í öllum tilfellum sé umhverfi þessarar stórfjölskyldu á þann veg að þó eitthvað sé í ólagi einhvers staðar þá séu úrræðin slík að það falli aldrei á annan aðilann að sjá til þess að fjölskyldan virki. Þannig er það enn þá í dag að það er fyrst og fremst annar aðilinn í sambúð sem ber þungann af því að sjá til þess að allt rekist saman þannig að fólk geti sinnt skyldum sínum, verið á vinnumarkaði. Ef það gengur ekki upp þá er það fyrst og fremst annar aðilinn sem fer heim til að sinna skyldunum, hvort sem það er vegna sjúkdóms, erfiðleika, áfalla eða barnaómegðar. Þannig er það í dag. Við vitum að það er fyrst og fremst konan sem fer heim, hennar möguleikar á vinnumarkaði stöðvast um sinn og sjálfsöryggi hennar á vinnumarkaði skerðist einnig jafnvel á þeim tíma sem hún velur að vera heima til þess að sjá um lítil börn eða gera það sem í hjarta hennar er hið eina rétta val þegar hún stendur frammi fyrir því.

Þannig er það og þess vegna nota ég tækifærið að rifja það upp að orð og athafnir verða að fara saman. Orð og athafnir hafa ekki farið saman í opinberri fjölskyldustefnu. Ég kalla eftir aðgerðum. Ég kalla eftir framkvæmdum á þessari stefnu. En ég lofa því líka að þegar stjórnarskipti verða og það fólk sem nú er að hefja samstarf á vinstri væng stjórnmála kemst hér til áhrifa þá verður tekið á þessum málum. Þá verða þessi mál sett í forgang, fjölskyldumálin og jafnréttismálin. Því lofa ég hér. (**Gripið fram í:** Það gæti orðið dálítið langt að bíða eftir því samt.) Það verður ekki langt að bíða. Það er aðeins ár eftir af þessu kjörtímabili og við skulum sjá til.

Herra forseti. Ég ætla að víkja örlítið að stöðu okkar í félmn. í þessu máli sem hér er til umræðu. Þetta stóra mál sem lýtur að jafnrétti kynjanna og er annar hluti þess sem ég hef hér nefnt, þ.e. jafnréttismála og fjölskyldumála. Hvort tveggja er samtvinnað, hvort tveggja þarf að vera í góðu lagi og hvort tveggja þarf að vera í fullkomnu jafnvægi til þess að bæði kynin blómstri.

En hvernig fórst félmrh. þegar hann bar þetta mál hingað inn á þing og lagði þá áherslu á góða umfjöllun og afgreiðslu þessa máls? Það var þá. Seinna komu önnur mál sem ráðherranum voru hugstæðari. Þess vegna gerðist það að þegar félmn. hafði fengið inn á sitt borð stór og þung mál þannig að þrátt fyrir góð áform formanns félmn. og góðan vilja nefndarmanna til að mæta á ólíkum og öllum mögulegum tímum til starfa og reyna að gera það sem nefndarmenn gætu í þessum þungu verkefnum þá stóð eitt upp úr sem við munum halda til haga, minnast og koma að aftur og aftur á því ári sem eftir lifir af starfstíma félmrh. Og það er að þessi mál voru ekki sett í forgang.

Þessi mál eru ekki í forgangi hjá þessum félmrh. Þess vegna hefur hann ekki framkvæmt stefnu í fjölskyldumálum. Þegar honum lá á að afgreiða sveitarstjórnarmál, þegar hann kaus að nú skyldi hálendinu skipt upp á milli aðliggjandi sveitarfélaga, ekki að geyma það, ekki að fresta því, þó að sótt væri eftir því að nú skyldi það afgreitt hvað sem á gengi og þegar hann ákvað að nú skyldi leggja af félagslega íbúðakerfið þannig að engu yrði eirt og sama hversu þungt málið væri og tæki mikinn tíma, þá skyldu þessi mál hafa forgang í félmn. og ef nefndin hefði ekki tíma til að fara í minni háttar mál eins og framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna, þá yrði svo að vera.

Herra forseti. Þetta hagsmunamál ýttist aftar og aftar í forgangsröðuninni við pressuna á þessi stóru mál og úrbótamál eins og atvinnuleysistryggingarnar sem við fjölluðum um í morgun og önnur sem hafa verið á vettvangi nefndarinnar. Og þetta mál, herra forseti, hefði ýst út af borðinu og ekki komið hingað inn til Alþingis nema vegna þess að í félmn. eru konur sem leggja ofurkapp á að þessi mál séu virt, að þetta séu stóru málin í okkar pólitík og að þessi mál eigi rétt á að vera sett í forgang. Þessar konur ákváðu það að þetta mál yrði ekki látið liggja til haustsins þó full ástæða hefði verið til miðað við forgang félmrh. og miðað við þá stöðu sem nefndin var í þegar komið var að lokum nefndarstarfs. (**ÖJ:** Við karlarnir létum nú okkar ekki eftir liggja.)

Og ég verð að segja það körlunum í félmn. til hróss að þeir fylgdu okkur í þessu máli. Ég þori ekki að fullyrða það fyrir þeirra hönd að þeir hefðu sett þetta mál jafnkröftuglega á oddinn og við konurnar en þeir fylgdu okkur fast eftir. Og sá litli tími sem við höfðum til umræðu var nýttur á

sérstaklega áhugaverðan hátt og öflugan og tillögurnar sem koma hingað inn bera þess vott þó fáar séu.

Herra forseti. Af því að við höfðum svo nauman tíma til að skoða þetta mál þá er ég sannfærð um að ef sá tími hefði verið lengri og við getað kallað fólk á fund nefndarinnar þá hefðu komið fleiri ábendingar og fleiri tillögur frá nefndinni inn í þessa framkvæmdaáætlun. Það er slæm tilfinning sem situr í mér að vita að ef við hefðum unnið eðlilega með þetta mál á þeim forsendum sem ég tel að eigi að vinna svona áætlun þá hefðu komið fleiri góðar ábendingar og fleiri sterkar, öflugar og mikilvægar tillögur. Þess vegna áskil ég mér allan rétt til þess og hvet til þess að við hvert um sig skoðum í framhaldi af afgreiðslunni hér á þinginu hvaða mál við hefðum viljað sjá meiri umfjöllun um í þessari áætlun og að við munum flytja slík mál í haust í jafnréttismálum og minnast þess þegar við flytjum þau að við eigum inni hjá félmrh. Við eigum inni hjá félmrh. vegna þess að við gengum langt yfir þau mörk sem hægt var að ætlast til í vinnu nefndarinnar og vinnu nefndarmanna í félmn. til þess að tryggja að þetta mál kæmist hér á dagskrá og yrði afgreitt í vor. Ég kalla eftir því að við hvert um sig skoðum málin sem við viljum sjá hér inni.

Herra forseti. Ég nefndi að við hefðum komið með sérstakar tillögur út frá góðri umræðu og þar ætla ég sérstaklega að benda á fyrstu tillöguna í b-lið brtt. sem er um stöðu kvenna á landsbyggðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni."

Auðvitað flytjum við svona tillögu þegar við erum búin að taka umræðu um það hversu alvarleg staðan er á landsbyggðinni og hversu vonlaus staðan er fyrir konur á landsbyggðinni sem hafa menntað sig til sérstakra starfa þegar störf þar fara þverrandi. En það er auðvitað umhugsunaratriði af hverju félmn. flytur slíka tillögu við framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna. Ég spyr, herra forseti: Hvers vegna í ósköpunum er Byggðastofnun ekki fyrir löngu síðan búin að láta gera slíka könnun þannig að hún lægi fyrir? Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka þessa spurningu þegar formaður stjórnar Byggðastofnunar kemur aftur í salinn vegna þess að ég hlýt að kalla eftir þessu úr því við erum með þessa dýru stofnun sem fær svo mikla fjármuni til að reyna að gera það besta úr veikri stöðu úti á landi.

Ég ætla líka að nefna það hér að við höfum oft rætt skýrslu Byggðastofnunar og þá er það „rapport" um það hvað menn gera. Aldrei nokkurn tíma er gerð tilraun til þess að leggja mat á hvort aðgerðir og fjármagn veitt til hinna ýmsu ólíku aðgerða hafi borið árangur. Ég hef kallað eftir því og spurt um slíkt en ekki fengið svör. Ég mun koma að þessu örlítið síðar, herra forseti.

Annað sem ég vil nefna er að við ákváðum að gerð yrði úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna og það er d-liður brtt. um nýjan lið 4.2. í þáltill. undir fjmrn. Ég hlýt að nefna það hér, herra forseti, að á kvennadaginn 8. mars árið 1995, var sérstök nefnd sett á laggirnar — einmitt á þeim degi, 8. mars — til að skoða hvort starfsmat gæti verið leiðin til að breyta launamun kynjanna. Sem betur fer bar núv. félmrh. gæfu til þess að fylgja þessu starfi eftir. Við fengum skýrslu um starfsmat og sett voru í gang tilraunaverkefni um starfsmat. Síðan eru liðin rúm þrjú ár og þegar við spyrjum: Hvað líður aðgerðum vegna launamunar karla og kvenna? Þá er svarið að tekin hafi verið nokkur tilraunverkefni í tengslum við starfsmatið. Hvenær munum við ná landi í þessum málum? Ekki einu sinni verkefnið varðandi starfsmat er að verða komið á enda eftir rúm þrjú ár, þrjú ár, tvo mánuði og einhverja daga. Hvað þá heldur þegar eftir á að vinna úr verkefninu til að komast að því hvort þetta sé leiðin til að ná jafnrétti í launum hjá öllum. Hvað ætli við megum reikna með að það taki mörg ár? Og hvað ef niðurstaðan verður: „Nei, þetta var ekki nógu gott. Starfsmatið er sennilega ekki leiðin." Setjum við þá nýja nefnd og förum í nýtt verkefni til að kanna og skoða?

Það er mjög gott að við ákváðum að það gera úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna. Það liggur þá fyrir samhliða niðurstöðum úr tilraunaverkefnum um starfsmat vegna þess, herra forseti, að okkur liggur á. Okkur liggur á í þessu máli. Það er nógu langur tími liðinn og jafnréttisstaðan versnar, launamunur eykst og staða kvenna er verri en staða karla, bæði í launamálum og almennt á vinnumarkaði.

Ég ætla líka að benda á lið 4.5. í d-lið brtt. okkar.

(**Forseti:** Forseti vildi spyrja hv. þm. hvort hann ætti mikið eftir af ræðu sinni. Ástæðan er sú að gert var ráð fyrir því að gera hálftíma matarhlé núna klukkan eitt.)

Ég á ekkert mjög mikið eftir af ræðu minni. Ég gæti ímyndað mér að ég ætti svona kortér eftir og þess vegna kýs ég að gera hlé á ræðu minni og fá að ljúka henni að loknu matarhléi.

(**Forseti** (StB)**:** Já, forseti getur fallist á að gera nú hlé en hv. þm. haldi þá áfram að loknu matarhléi. Þakkar forseti þingmanninum fyrir það.)

Ég geri þá hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (StB)**:** Þingmaðurinn hefur gert hlé á ræðu sinni og er fundinum frestað til klukkan 13:30.)

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:32]

**Rannveig Guðmundsdóttir** (frh.)**:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir að mér var gefinn kostur á því að gera hlé á ræðu minni og fresta henni. Ég vænti þess að félmrh. birtist hér vegna þess að við erum m.a. að tala til hans þó að auðvitað sé það þannig við 2. umr. að þá eru mál komin til þingisins. Þá er þingið að afgreiða málin og þingmenn ræða saman um það hvernig nefndin leggur málið til afgreiðslu. Þetta mál er þess eðlis að það skiptir mjög miklu máli hvernig sá er á heldur framkvæmir hlutina, hvort þetta verða bara enn á ný góð markmið sem ráðherrann setur fram eins og fjölskyldustefnuna eða hvort gert verður átak til að sýna fram á að jafnréttismálin skipti máli.

Ég minni á, herra forseti, og gat þess sérstaklega í upphafi máls míns hversu dapurt það hafi verið að þetta mál fékk ekki neinn forgang af hálfu ráðherrans þegar hann var að kalla eftir afgreiðslu mála úr félmn. Ég endurtek að það var mikill og góður vilji nefndarinnar til þess að þessi mál yrðu afgreidd.

Ég vík þá aftur að því sem frá var horfið. Ég var að fara nokkrum orðum um sumar þeirra brtt. sem félmn. setti fram. Ég minntist á það líka, áður en ég vék að þeim, að það væri mjög mikilvægt að við þingmenn skoðuðum hvar við vildum taka á í þessum málum ef okkur gæfist betri tími og mundum

flytja um það tillögur á hausti komanda til að tryggja að nást megi einhver sá árangur sem við getum verið sátt við.

Ég var að fara yfir þessar tillögur og ég vek athygli á lið 4.5, en þar var ég stödd þegar ég gerði hlé á ræðu minni. Sá liður heitir „Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn“ og á við fjmrn.:

„Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.“

*Þó að þessi liður, 4.5, eigi að gefnu tilefni fyrst og fremst* við fjmrn. er mjög mikilvægt að við stöldrum við þetta. Það hefur verið pottur brotinn í því þegar nefndir eru settar á laggirnar á vegum ráðuneytanna að kallað sé eftir tilnefningum og vísað í ákvæði jafnréttislaga um að leita eigi jafnræðis í nefndarskipan. Það hefur verið rætt, þó það hafi ekki enn þá verið sett in í lögin, hvort alltaf eigi að kalla eftir tilnefningum beggja. Ég er þegar búin að bera fram spurningar til ráðherrans og þetta er þá næsta spurning mín: Mun hann taka upp þann sið að óska eftir tilnefningu bæði um konu og karl frá hverjum tilnefningaraðila þannig að hann geti betur tryggt að jöfnuður sé í samsetningu þeirra starfsnefnda sem hann setur á og þeirra fastanefnda sem honum er áskipað að láta tilnefna í? Það er mjög áhugavert að vita hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum.

Síðasta tillagan er um endurskoðun á eyðublöðum og það er ágætt að þau verði endurskoðuð út frá jafnréttissjónarmiðum. Við vitum að oft endurspeglast ákveðin viðhorf í bæði eyðublöðum, auglýsingum o.s.frv. og verða til þess að hafa áhrif þannig að fólki finnist að þetta eigi við það sjálft. Það er ósköp gott en hins vegar ætla ég að vekja athygli á því að mörg ráðuneyti fá nýjan lið. Það eru forsætis-, heilbrigðis- og tryggingamála, samgöngu-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneyti, sem fá nýjan lið með viðeigandi númeri *sem er um átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á* vegum ráðuneytisins. Þarna er sérstaklega áréttað það sama og ég sagði áðan, að þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Það er mjög erfitt að gera það. Við þekkjum að það að kannski er óskað eftir tilnefningum frá einhverjum aðilum, svo sem aðilum vinnumarkaðarins, og ef þeir tilnefna allir sama kynið og ráðherra hefur ekki svigrúm til þess að rétta af þá mynd er dálítið erfitt að segja: Ég vil ekki þennan. Ef það er hins vegar kallað eftir tveimur nöfnum þá lendir ráðherrann í því að vera sá sem tekur ákvörðun um það hvor aðilinn er valinn. Það er ekki auðveld staða en þetta er eitt af því sem þarf að skoða til að koma betra skikki á þetta.

Síðan er hér mjög stór liður sem kemur eiginlega við öll ráðuneytin. Hann á við forsætis-, dóms- og kirkjumála-, félagsmála- og fjármálaráðuneyti, Hagstofu Íslands, heilbr.- og trmrn., iðn.- og viðskrn., landbrn., menntmrn., samgrn., sjútvrn, og utanrrn. Það er um að kanna skuli stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu til yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ég spyr ráðherrann: Hvað þýðir þetta? Þýðir það að hann sé að taka upp það sem gilti hér áður fyrr, að stofnunum og ráðuneytum var uppálagt að gera jafnréttisáætlanir og kynna þær ráðherra þannig að það kæmi í ljós hvernig ráðuneyti og stofnun áformaði að koma á meira jafnrétti í sínum hópi? Af einhverjum ástæðum datt þetta niður hin síðustu ár og var ekki, held ég, í síðustu framkvæmdaáætlun eða hvort það var í þeim öllum þar til þessari, ég man það ekki. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt því að segja má að í því að gera áætlun um hvernig skuli rétta hlut kynjanna felist það að gera jafnréttisáætlun.

Síðasta tillaga okkar er varðandi utanrrn. og hún er um jafnréttisnámskeið og að utanrrn. muni standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

Þetta er mjög mikilvægt. Þetta er ekki bara mikilvægt *jafnréttismál fyrir okkur og það fólk sem vinnur í ráðuneyt*unum heldur er þetta mjög mikilvægt líka út frá sjónarmiði þeirra sem vinna að þróunarverkefnum. Það hefur mjög oft komið fram í utanríkismálaumræðu hjá okkur að konur eru enn í öðrum hlutverkum í þróunarlöndunum. Það er mat mjög margra sem unnið hafa að þróunarverkefnum að leiðin til að bæta þjóðfélagsstöðu í ólíkum löndum, sem skammt eru á veg komin og þurfa aðstoð Vesturlanda, sé í gegnum konurnar á þessu svæði. Verkefni þeirra eru þannig og staða þeirra þannig að í gegnum stuðning við þær, gegnum menntun þeirra og fjárhagsstuðning til verkefna sem þær geta séð um er hægt að ná árangri í þróunarstörfum. Það hefur verið mjög áhugavert oft bæði að lesa skýrslur um slíkt og ýmislegt sem komið hefur fram í umræðu um utanríkismál hér á Alþingi varðandi þetta. Ég minni líka á að á félagsmálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum veittu einmitt Bandaríkin mjög stóra fjárhæð til menntunar kvenna. Forsenda þess framlags var einmitt sú að lykillinn að uppbyggingu í þessum löndum lægi í menntun kvennanna.

Auðvitað er það ekki svo að við, í framkvæmdaáætlun okkar í jafnréttismálum, séum beinlínis að taka mið af því hvernig við störfum í utanríkisþjónustu okkar eða varðandi þróunarhjálp okkar. Þó er full ástæða til að hafa í huga að samhliða því að við erum að efla fólk okkar sem fer til starfa í þróunarlöndunum vitum við að það getur leitt til þess að hugurinn opnist og það verði víðtækari afrakstur af þeirri ákvörðun en bara það sem snýr að okkar eigin fólki.

En ég óska eftir því, herra forseti, að formaður stjórnar Byggðastofnunar staldri við vegna tillögunnar sem ég gat um fyrst af brtt. okkar, sem er b-liðurinn. Sú tillaga er um að *við forsætisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri* ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

„Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998.“ — Þ.e. hún fari fram á þessu ári. — „Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni.“

Þetta er mjög sérstök tillaga. Við ræddum, eins og ég sagði í upphafi máls míns, í nefndinni hvort þetta væri á verksviði félmn. og ætti heima í framkvæmdaáætlun. Hvers vegna vorum við að ræða það? Vegna þess að okkur fannst að þetta væri verkefni sem í raun ætti heima hjá Byggðastofnun en að við yrðum að horfast í augu við það að þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi fengið mikla fjármuni til þess að gera kannanir, láta vinna skýrslur og veita fjármuni til verkefna á landsbyggðinni, þá virðist samt svo komið að staða kvenna á

landsbyggðinni er svo miklu verri en karla og t.d. á þetta við um ástandið í kjördæmi hæstv. félmrh. Það hefur verið mjög erfið staða í atvinnumálum kvenna í því kjördæmi. En þetta snýst ekki bara um almenna atvinnu heldur snýst þetta um það að fjölmargar konur hafa verið að leita sér menntunar á liðnum árum, ýmist ungar konur eða konur sem eru búnar að koma börnum sínum upp og fara og leita sér menntunar, mennta sig til ákveðinna starfa, jafnvel starfa sem útlit var fyrir að væri þörf fyrir á heimaslóð, en breytingar hafa orðið til þess að enginn er möguleikinn. Það er mjög mikil hætta á að þessi staða kvenna á landsbyggðinni hafi mikil áhrif á það hvort fjölskyldur flosna í enn ríkari mæli upp. Það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur og það er gagnrýnivert að Byggðastofnun skuli ekki hafa gefið þessu nægilegan gaum fyrir löngu síðan og farið í þetta sem sértækt, mikilvægt verkefni, fyrst og fremst til að skoða og kanna og svo til þess að vita hvort einhvers staðar þyrfti að veita fé. Ég gagnrýni það harðlega að þetta hafi ekki gerst og finnst það á sama hátt mjög gott og til fyrirmyndar að eftir umræður um þetta þá skuli félmn. hafa sameinast um að setja þennan lið undir forsrn. til að tryggja að þetta verði gert. Ég á svo sem von á því að leið forsrh. verði sú að beina þessari tillögu beint yfir til Byggðastofnunar og stjórnar Byggðastofnunar þegar Alþingi hefur afgreitt framkvæmdaáætlunina og verkefnunum verður beint út til ráðuneytanna þar sem þau eiga heima hvert og eitt, bæði því sem er að finna í frv. og þeim viðbótartillögum sem við höfum komið með. Það er mjög fróðlegt fyrir okkur og sérstaklega þá sem eiga eftir að koma inn í umræðuna hér á eftir mér að fá að heyra sjónarmið formanns stjórnar Byggðastofnunar um þetta mál og skýringar á því af hverju svona er komið og af hverju það er svo að það þarf að koma í gegnum framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum að reyna að taka á þessu viðkvæma vandamáli.

Herra forseti. Í nál. okkar er vikið að því í upphafi og reyndar farið yfir það hvað fólst í umsögnum og hvaða tillögur voru teknar upp í þessari hraðferð sem vinna okkar í nefndinni var. Með því fyrsta sem nefnt er er að kveða þyrfti nánar á um skyldur fjölmiðla í jafnréttismálum, leggja áherslu á nauðsyn þess að efla íþróttauppeldi stúlkna og auka fræðslu til æðstu ráðamanna um jafnréttismál. Og þó þetta sé bara ein setning í upphafi nál. sem nær yfir tvær síður þá get ég ekki annað en nefnt hvað þessi setning spannar stórt svið. Í fyrsta lagi er það lykilatriði að æðstu ráðamenn geri sér grein fyrir um hvað jafnrétti kynjanna snýst, hvað það er sem þarf að vera í lagi í þjóðfélaginu og hvaða aðgerða er þörf og að settir séu peningar þar sem þarf til þess að þetta megi nást.

Þegar við lítum á íþróttauppeldi stúlkna og íþróttaþátttöku stúlkna sem oft er engu minni á uppvaxtarárum en drengjanna, þá er það þannig að hvatinn er svo lítill fyrir stúlkurnar. Strákarnir eru eins og þeir séu alltaf í meistaraflokki. Það er svo gaman að æfa litlu strákana í öllu sem lýtur að íþróttum. Það eru eingöngu hefðbundnar stúlknaíþróttir sem fá sérstaka faglega keyrslu, getur maður sagt. Auðvitað er fullt af góðu fólki, og ég tek það alveg sérstaklega fram, sem lyftir grettistaki í því að reyna að koma íþróttamálum stúlknanna jafn vel upp á yfirborðið og drengjanna. En þegar við erum alhæfum, tökum breiddina og skoðum hvernig málum er háttað hjá stúlkum og drengjum þá er mjög mikill munur á. Ég tala nú ekki um ef við nefnum fullorðinsíþróttirnar að þá er það svo að karlahliðin sem fær mikla athygli og þar að auki líka mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Það er þannig. Það eru fyrst og fremst karlaíþróttirnar sem fá athyglina og þar af leiðandi eru það líka karlaíþróttirnar sem fyrst og fremst er sinnt af fjölmiðlum.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að ekkert þýðir alltaf að skamma fjölmiðla. Þeir endurspegla stöðu sem er mjög algeng. Ég tel hins vegar að það ætti að vera þannig að forráðamenn allra fjölmiðla gerðu sér grein fyrir því að mjög mikilvægt er að sýna að fjölmiðlarnir taki þátt í umbreytingunni sem þarf að vera og þess vegna þyrfti það að vera boðskapur til allra á hverjum fjölmiðli að gæta að því að reyna að rétta þennan hlut. En það er auðvitað að mestu leyti þannig að fjölmiðlar endurspegla ríkjandi stöðu og í ríkjandi stöðu, hvert sem litið er, felst að þáttur karla er víðtækari. Fleiri karlar eru í yfirmannsstöðum. Fleiri karlar eru frammámenn í íþróttum, af því að íþróttasviðið leggur mikla áherslu á karlaíþróttir. Fleiri karlar eru í stjórnmálum, og ekki bara það, þeir eru yfirleitt í feitu póstunum, þeir eru í oddvitastöðunum o.s.frv. og ætla ég ekki að rekja það hér. Það höfum við oft gert. Þess vegna endurspegla fjölmiðlarnir þetta óvægi sem er á milli kynjanna og væri gaman ef einhver miðillinn tæki upp hjá sér að gjörbreyta um stíl að gera hreinlega í því að taka meira fyrir af kvennamálum á öllum sviðum.

Herra forseti. Ég hef komið með nokkrar spurningar. Ég spurði ráðherrann hvað hann hygðist gera og ég árétta það varðandi opinbera fjölskyldustefnu: Hvenær má búast við lagabreytingum hingað inn á þing varðandi þær breytingar sem þarf að gera á lögum í framhaldi af stefnumörkuninni? Er hann þegar farinn að áforma hvert hann beinir athygli sinni í fjárveitingum síðasta ár sitt á ráðherrastóli til þess að úrbætur megi nást?

Varðandi starfsmat og aðgerðir í launamálum kynjanna. Hversu langt er í að niðurstaða fáist úr verkefnunum í starfsmatinu? Hvaða aðgerðir aðrar sér hann fyrir sér að geti orðið til þess að breytingar verði fljótlega?

Og síðan það sem ég bætti við: Eru áætlanirnar samkvæmt staflið f í lið 4.6. nokkuð líkar jafnréttisáætlununum sem stofnanirnar voru hvattar til að gera fyrr á árum? Loks er fyrirspurn til formanns stjórnar Byggðastofnunar um konur á landsbyggðinni.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, ætla ég að leyfa mér að fara inn á þrjú atriði í tillögunni sjálfri af því að mér finnst þau mikilvæg. Það fyrsta er meðferð heimilisofbeldismála. Nú hefur dómsmrh. skilað skýrslum hingað inn á þingið um ofbeldismálin og það hefði verið mjög mikilvægt að við hefðum getað verið búin að skoða þær skýrslur mjög vel áður en við afgreiddum þessa framkvæmdaáætlun. Það gátum við ekki. En það kemur reyndar fram hér að dómsmrh. hefur skipað — þetta eru væntanlega skýrslurnar sem koma frá þessum nefndum þannig að ég hvet til þess að ráðherrann láti skoða mjög vel þessar skýrslur og láti fylgjast með því sem þar kemur fram og hvort jafnréttisráðuneyti hans þurfi einhvern veginn að hafa puttana í því hvernig á málum verður haldið í framhaldinu hjá dómsmrn.

Annað atriði sem ég kýs að koma inn á í tillögunni sjálfri er liður 3.6. á bls. 5 og heitir Konur í hlutastörfum. Búist er við því að á gildistíma áætlunarinnar, sem reyndar er fjögur ár og ég hvet til þess að það verði þá gert fyrr en seinna, verði unnin könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verði flokkaðar eftir atvinnugreinum og

starfsgreinum og athugað verður hvort framkvæmd könnunarinnar geti verið samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands.

Vegna þessa liðar bendi ég á afgreiðslu okkar frá því í morgun á atvinnuleysistryggingunum þar sem fyrirvari bæði minn og hv. þm. Ögmundar Jónassonar var einmitt við breytingu sem gerð var varðandi hlutastörf og atvinnuleysisbætur, að við erum alltaf að sjá betur hvernig við komum að hlutunum í öfugri röð. Haldið þið að það hefði ekki verið munur ef búið hefði verið að skoða mál eins og þau sem tilgreind eru í lið 3.6. og menn hefðu vitað svolítið meira um vægi hlutastarfa og skiptingu þeirra á milli karla og kvenna, áður en gripið var til þess að breyta atvinnuleysistryggingalögunum á þann hátt sem gert var? En ég er svo sem ekkert hissa á þessu. Því miður er þetta oft þannig. En ég bendi á þetta og bið ráðherrann að vera meðvitaðan um það.

Þriðja atriðið sem ég ætla að víkja að um leið og ég lýk máli mínu er liður 6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, á bls. 8. Þar er fjallað um allt mögulegt, framtíðarstefnu í heilbrigðismálum, reglur um rannsóknir á lyfjum, fæðingarorlof, feðrafræðslu og allt mögulegt. En eitt mál hefur komið upp á yfirborðið eftir að félmn. afgreiddi þessa framkvæmdaáætlun frá sér. Herra forseti. Ég ætla að biðja ráðherra sérstaklega að gefa orðum mínum gaum. Þetta er síðasta atriðið sem ég ætla að benda á áður en ég lýk máli mínu. Mér finnst það mjög mikilvægt. Það er í lið 6 á bls. 8. Þar er fjallað um heilbr.- og trmrn. og ýmislegt er þar undir. En eitt hefur komið fram eftir að félmn. afgreiddi þessa framkvæmdaáætlun úr nefnd og það er að stór hluti kvenna leitar fóstureyðingar. Þetta mál var talsvert til umfjöllunar eftir að þingmaður hafði borið fram fyrirspurn og fengið upplýsingar um að fimmta hver kona eða þar um bil neyddist til þess að fara í fóstureyðingu, fleiri munu væntanlega leita eftir því en þetta var hópurinn sem fer í fóstureyðingu.

Þetta segir mér að eitthvað mikið er að í okkar félagskerfi sem gerir það að verkum að konur grípa í svo ríkum mæli til þessa neyðarúrræðis. Umfjöllun um þetta hefur fyrst og fremst verið í fjölmiðlum í kjölfar þessarar fyrirspurnar og svars. Ég kalla eftir því og óska eftir því við ráðherrann að þar sem við vorum búin að afgreiða þetta út og komum ekkert að því, að hann taki það til umræðu við flokksfélaga sinn, heilbrrh., hvort ekki verði að skoða þetta líka í tengslum við þá framtíðarsýn sem við höfum í slíkri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, þ.e. hvar sé pottur brotinn í þessu máli að svo margar konur grípi til þessa óyndisúrræðis. Það verða lokaorð mín til ráðherrans, herra forseti, að hann hugi að þessu máli og þeim félagslegu aðstæðum sem hljóta að liggja þarna að baki og að orð mín hér, þó að þau eigi ekki stoð í ályktuninni eða brtt., verði ekki eitthvað sem bara týnist um leið og ég geng úr ræðustólnum.

[13:58]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þessi framkvæmdaáætlun er um margt mjög jákvæð. Hún byggir á einni grundvallarhugsun sem er mjög mikilvæg og jákvæð og hún er sú að jafnréttismál séu mannréttindamál, þau sé ekki afmarkaður málaflokkur sem eigi að skoða afmarkað og þröngt heldur séum við að fjalla um mannréttindi sem snerta allt okkar líf. Í framkvæmdaáætluninni segir, hvað þetta snertir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum."

Ég vil sérstaklega fagna þessu ákvæði og þeirri hugsun sem fram kemur í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna þess að ég tel hana mjög mikilvæga. Hitt er svo annað mál að plaggið er um margt óljóst og byggir fremur á ásetningi, að mörgu leyti góðum ásetningi, fremur en raunhæfum aðgerðum. Það sem gert hefur verið í félmn. við úrvinnslu og vinnu við þetta mál er að reyna að skerpa á orðalagi og koma með tillögur sem tryggi að gripið verði til raunhæfra aðgerða.

Staðreyndin er sú að allt of oft fara ekki saman orð og athafnir og það á svo sannarlega við í þessum efnum. Ríkisstjórnin er staðráðin í að gera ítarlegar kannanir á gjörðum sínum og ýmsum lagabreytingum í stað þess að hafa hinn háttinn á, að kanna og íhuga málin áður en gripið er til aðgerða eða ráðist í breytingar.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði í ræðu sinni að það hefði verið fyrir tilstilli kvennanna í félmn. að málið fékk þann framgang og unnið var að því eins og gert var en karlarnir hafi síðan fylgt á eftir. Ég held að mikið sé til í því, að það eigi við um starf félmn. sem annarra nefnda að það séu fremur konurnar sem hafa frumkvæði í þessum málum þótt karlarnir hafi góðan vilja og góðan ásetning. Alla vega þykist ég sem þingmaður í félmn. hafa þann ásetning. En hitt er staðreynd. Við eigum það að þakka góðri framgöngu formanns nefndarinnar, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að málið fékk þá vinnu og forgangsröðun í okkar starfi sem raun ber vitni.

Einmitt vegna þess að sjónarmiðin eru iðulega ólík eftir því hvort karlar eða konur eiga í hlut þarf að tryggja jafnræði með kynjum í nefndum og allri ákvarðanatöku á vegum hins opinbera og í atvinnulífinu almennt. Okkar tillögur lúta mjög að þessu, að tryggja jafnræði með kynjunum í allri ákvarðanatöku og öllu starfi á vegum ráðuneyta.

Ég sakna að vísu þeirrar áherslu sem kvennahreyfingin hafði uppi fyrir fáeinum árum, sérstaklega þegar hún var að hefja sig til flugs. Þá lagði kvennahreyfingin áherslu á mjög róttæk sjónarmið. Kvennahreyfingin sagði: Veltum valdastólunum. Búum til ný viðhorf í þjóðfélaginu, þau munu gagnast öllum þegnum samfélagsins, ekki síst konum og kannski fyrst og fremst konum vegna þess að konur eru í láglaunastörfum. Þær eru ekki í stjórnunarstörfum í sama mæli og karlar.

Síðan breyttust áherslurnar og kvótakerfið hélt innreið sína í kvennabaráttuna sem víðar. Áherslan varð fremur á að tryggja að jafnmargar konur sætu á þessum sömu valdastólum og karlar, sem menn hirtu svo síður um að velta. Þannig gerðist þessi barátta að mínum dómi íhaldssamari.

Ég legg áherslu á að hitt skiptir líka máli að við ákvarðanatöku á þeim valdastólum, í nefndum og stefnumótandi starfi sé þess gætt að jafnræði sé með kynjunum.

Hitt langar mig til að fara fáeinum orðum um sem ég nefndi hér áðan að það væri óskandi að meira samræmi væri á milli orða og athafna. Hér er t.d. í tillögum okkar kveðið á um að gerðar verði kannanir á launakerfinu, hinu nýja launakerfi hins opinbera og hvaða áhrif það muni hafa á jafnrétti kynjanna. Þetta nýja launakerfi, sem mjög hefur verið til umræðu, á rætur í hugmyndabanka OECD. Það

byggir á þeim ásetningi að reyna að ná niður launakostnaði hjá hinu opinbera og innleiða ný viðmið og gera markaðssjónarmiðum hærra undir höfði en verið hefur. Hvað á ég við með því? Jú, dregið skuli úr ýmsum sjálfkrafa breytingum sem eru byggðar inn í launakerfið en láta markaðsþætti vega þyngra. Þannig er gert ráð fyrir því að starfsaldurs- og lífaldurshækkanir, nokkuð sem allir starfsmenn njóta góðs af, vegi minna en verið hefur en aðrir þættir vegi meira, hafi meira og aukið vægi. Starfsaldurs- og lífaldurshækkanir hafa hjá hinu opinbera gefið launahækkun frá því að fólk byrjar í starfi þar til það er komið á enda í sinni starfsævi, á bilinu 15–25%. Nú er hugsunin sú að draga úr þessu og færa það á annan hátt inn í launakerfið.

Það er búið svo um hnúta fyrir tilstilli samtaka launafólks sem hafa lagt mjög ríka áherslu á þetta að enginn komi til með að lækka beinlínis í launum við þessa breytingu. Menn munu því ekki finna fyrir henni, einstaklingarnir munu ekki finna fyrir henni. Kerfið byggir hins vegar á þessari grundvallarbreytingu. Staðreyndin er sú, og hefur fylgt öllum þeim viðræðum sem fram hafa farið um hið nýja launakerfi alveg frá upphafi vega, að ekki stæði til að meira fjármagni, meira fé verði varið til launa en nú er heldur verður því ráðstafað á annan veg. Ef stofnanir gætu hins vegar aflað peninga með sjálfsaflafé eða einhvers konar gjaldtöku, þá er það byggt inn í þessa hugsun að það geti gagnast mönnum í launum.

Þeir fyrirvarar sem við, efasemdarmenn um þessar breytingar höfðum voru þeir að þetta gæti reynst skaðlegt og varasamt fyrir stofnanir sem hafa mjög takmarkaða fjármuni og þetta mundi líka geta reynst varasamt fyrir mjög stóra, breiða starfshópa. Þetta mundi hugsanlega gagnast betur þeim sem sinntu stjórnunarstörfum eða heyrðu til fámennari hópa.

Við sögðum sem svo að þær stofnanir sem búa við góðan hag, eins og t.d. stofnanir sem tengjast raforkumálum eða slíkri starfsemi, mundu að öllum líkindum fara betur út úr þessum breytingum en hinar sem sinna heilbrigðismálum eða uppeldismálum. Þar er tvennt í senn á að líta. Þær hafa takmarkaða fjármuni, hafa verið fjársveltar og þar eru stórir, breiðir hópar. Og hvaða hópar skyldu það einkum vera? Það eru kvennastéttirnar.

Þess vegna lögðum við mjög ríka áherslu á það, sem höfum komið að málum hjá samtökum launafólks, að ekki yrði farið í slíkar breytingar nema rækilega yrði tryggt að hagur þessara hópa yrði ekki fyrir borð borinn. Þetta var okkar hugsun. Við vildum heldur ekki sjá kerfi þar sem það yrði ekki einvörðungu Verslunarráðið eða Vinnuveitendasambandið sem krefðist aukinnar gjaldtöku, að við byggjum ekki til kerfi þar sem starfsfólkið sjálft ætti persónulegan hag sinn undir því kominn að fé aflaðist með sértekjum. Það er byggt inn í þetta kerfi sem verið er að búa til núna.

Við vildum tryggja það að við samningsgerð yrði búið svo um hnútana að samið yrði um öll kjör á félagslegum grunni. Til hvers? Til þess að tryggja að ekki yrði óhóflegur munur á milli hins efsta og hins lægsta, að fjöldinn kæmi þar að málum og það væri ekki á borði toppanna að ráðstafa þessum málum, og til að tryggja jafnrétti kynjanna, þá töldum við eðlilegt og mikilvægt að samið yrði um þetta á félagslegum grunni.

Við náðum að þoka málum til betri vegar hjá ríkinu. Við mættum mikilli andstöðu við þessa hugsun bæði hjá fjmrn. og því miður einnig hjá Reykjavíkurborg. Þar var ekki mikill munur á sjónarmiðum. Reyndar fóru sjónarmiðin alveg saman. Við munum ekki láta okkar eftir liggja að reyna að færa þessi mál til betri vegar og búa svo um hnútana að þegar gengið er frá kjarasamningum þegar fram líða stundir séu félagslegir þættir af þessu tagi virtir. Það verður áfram að sjálfsögðu þrýst á að svo verði gert.

Við skulum ekki gleyma því að inn í þessa hugsun er múrað það sjónarmið að í rauninni sé æskilegt að fækka störfum. Hafi fjársvelt stofnun tök á því að fækka fólki er meira til skiptanna fyrir hina sem eftir eru. Þannig er þetta í reynd. Það er búið að byggja inn í kerfið kröfu um mannfækkun. Það er búið að búa til launakerfi sem byggir á þeim sjónarmiðum að fækka fólki. Það er ekki verið að búa til launakerfi sem tryggir meiri peninga í kerfið heldur kerfi sem byggir á annars konar ráðstöfun fjármunanna, annarri skiptingu þar sem markaðssjónarmiðin vega þyngra en áður.

Þetta segi ég til að ítreka þá skoðun sem ég er að halda fram að betra væri að saman færu orð og athafnir. Nú ætlar sama ríkisstjórnin og staðið hefur fyrir þessum breytingum, sem rök hafa verið sett fram um að muni leiða til aukinnar mismununar, þar á meðal milli kynja, að heita því að ráðast í miklar kannanir til að sjá hvort svo gerist ekki örugglega.

Engu að síður vil ég að sjálfsögðu að slík könnun fari fram og tek undir það. Þótt ég hafi haft uppi mikil varnaðarorð á sínum tíma þegar ráðist var í þessar breytingar mun ég að sjálfsögðu ekki láta mitt eftir liggja að því leyti sem við getum haft áhrif á lagasetningu eða komið fram málum af því tagi sem hér eru til umræðu, að þrýsta á um aukið jafnrétti kynjanna. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja í að leggja mitt af mörkum til þess að færa hluti betri vegar.

Á það vildi ég leggja áherslu að það er umhugsunarefni að menn setji fram skýrslur, veiti loforð og ætli að kanna hitt og þetta en geri síðan allt annað í reynd. Framkvæmi síðan eða innleiði lög sem búa til kerfi sem byggir á auknu misrétti en ekki auknu jafnrétti eins og þessi framkvæmdaáætlun sem hér er til umræðu á að tryggja.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara nánar í þær tillögur sem hér eru til umfjöllunar, það gerði ég við 2. umr. málsins. Ég vil einnig gera þau orð að mínum sem hér hafa verið látin falla af öðrum alþingismönnum í minni hlutanum sem hafa tjáð sig um þetta mál.

[14:17]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er komin til síðari umræðu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Eins og fram kom í máli mínu við fyrri umræðu málsins tel ég að hér séu mörg fögur og góð markmið enda er áætlunin unnin af ýmsum embættismönnum í jafnréttismálum sem hafa góð þekkingu á þessum málum. Ég tel að þessi áætlun endurspegli vel að embættismenn, hvort heldur í félmrn. eða Jafnréttisráði, þekkja þessi mál orðið nokkuð vel.

Ef þessi tillaga kæmist í framkvæmd þá tel ég að töluverð breyting yrði til batnaðar í samfélaginu, breyting sem yrði til þess að á öllu væri mun meira jafnréttisyfirbragð. Ég tel að það yrði öllum til heilla, konum, körlum og börnum. Því miður sýnir reynsla undanfarinna ára og undanfarinna jafnréttisáætlana að það er ekki nóg að setja fram áætlanir. Þeim þarf að fylgja pólitískur vilji. Því miður hefur þessi vilji ekki verið til staðar. Þá vil ég ekki aðeins tiltaka þessa ríkisstjórn heldur benda á að það eru yfir 20 ár, 22 ár, síðan fyrstu jafnréttislögin voru sett. Ég held þó að langflestir séu sammála um að allt of hægt miði.

Við kvennalistakonur höfum flutt fjölmörg mál á þinginu sem nú starfar og undanfarin ár þar sem við mælum með svokallaðri samþættingaraðferð. Sú stefna hefur verið samþykkt hjá Norðurlandaráði og hjá Evrópusambandinu. Ég fagna því að í þessari áætlun er gefið til kynna að styðjast eigi að einhverju leyti við þá aðferðafræði, samanber bækling sem Jafnréttisráð hefur gefið út um þessa aðferð.

Samþætting er aðferðin kölluð á íslensku en á ensku heitir hún mainstreaming. Ég vil gera greinarmun á þessari íslensku þýðingu og erlenda heitinu. Erlenda heitið nær að mínu mati mun betur yfir það markmið að setja eigi jafnréttismálefni inn í meginstraum stjórnmálanna. Það er ekki bara að þetta eigi að samþættast inn í öll svið heldur eigi þetta að vera meginmál. Ég tel að til þess að það geti orðið þá þurfi sterkan pólitískan vilja. Ég fagna því að það virðist vera ætlun ríkisstjórnarinnar að taka mið af alþjóðasamþykktum hennar sjálfrar, í Norðurlandaráði og þeim skyldum sem við höfum í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið.

En til þess að þessi stefna komist í framkvæmd þá þarf ýmislegt að vera til staðar, m.a. þarf góð þekking ráðamanna að vera til staðar og við kvennalistakonur höfum lagt mikla áherslu á að til þess þurfi að fræða æðstu ráðamenn. Einnig þarf viðeigandi tæki eins og góða jafnréttislöggjöf. Ég tel alveg ljóst að sú löggjöf sem við búum við nú sé alls ekki nógu góð, enda hefur ríkisstjórnin boðað að til standi að endurskoða hana. Meginveikleikinn í okkar löggjöf — þeir eru reyndar mjög margir — er ekki síst eftirlitshlutverkið og sú veika staða sem Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála hefur. Einnig er mjög lítið fjármagn veitt í þennan málaflokk svo ég beri það t.d. saman við Samkeppnisstofnun. Það er yfirlýst pólitískt markmið ríkisstjórnarinnar að koma á virkri samkeppni og þess vegna fær sú stofnun bæði töluvert vald og töluverða fjármuni til þess að fylgja sínum störfum eftir.

Það þarf fjármagn. Það þarf breytta löggjöf. Það þarf fræðslu fyrir ráðamenn og það þarf pólitískan vilja. Hann hefur skort hingað til. Ég vil, varðandi fjármagnið, benda á að samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að það kosti 7–10 milljónir að framkvæma fjölmargar rannsóknir sem á að gera frá árinu 1998 til 2001. Allar þessar framkvæmdir eiga að kosta 7–10 milljónir á tímabilinu, á meðan Samkeppnisstofnun fær mun hærri fjárhæðir árlega, tugi milljóna til þess að fylgja eftir sínu starfi.

Í þessari áætlun er komið inn á mörg þau mál sem við kvennalistakonur höfum lagt áherslu á á sviði jafnréttismála undanfarin ár og jafnframt í ágætu nál. félmn. sem ég mun koma að hér á eftir. Þar vil ég sérstaklega nefna atriði eins og fræðslu til æðstu ráðamanna sem hérna liggur fyrir í þáltill. Mjög margir af þeim sem veittu umsagnir til félmn. um þessa tillögu mæla með henni. Það tel ég mjög mikilvægt atriði. Þá höfum við lagt áherslu á að styrkja þurfi 12. gr. jafnréttislaganna sem kveður á um jafnan fjölda kvenna og karla í ráðum og nefndum. Ég tel reyndar að greinin sé nægilegt skýrt orðuð núna og að þessu væri komið í framkvæmd ef til staðar væri pólitískur vilji. Reyndin sýnir að ráðherrar eða yfirmenn stofnana sem biðja um tilnefningar minna ekki á þessa grein eins og lögbundið er.

Þá vil ég nefna frv. okkar um breytingu á jafnréttislögum um kynferðislega áreitni, um bann við kynferðislegri áreitni, sem enn einu sinni hafa borist miklar og góðar umsagnir um. Það virðist þó ekki eiga að taka hér inn í þingið og breyta, eins og langflestir umsagnaraðilar mæla með. Mig langar í því sambandi að segja þingheimi frá því að þó nokkrir aðilar, samtök og stofnanir, hafa haft samband við mig síðan ég flutti þetta mál fyrst og eru nú að koma á markvissum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni innan sinna stofnana. Þar má nefna Kaupmannasamtökin. Þau vinna markvisst að aðgerðum, m.a. með því að búa til bæklinga og hengja upp veggspjöld á vinnustöðum. Það er ýmislegt að gerast í þessu máli nú þegar. Ég harma að félmn. skuli ekki hafa tekið þetta mál til afgreiðslu, þ.e. þessa breytingu á jafnréttislögunum sem liggur fyrir í þeirri nefnd.

Þá vil ég nefna það mál okkar kvennalistakvenna sem er breyting á þingskapalögum. 1. flm. er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Það er beint samþættingarfrumvarp og gerir ráð fyrir að öll stjórnarfrumvörp verði greind með tilliti til þess hvernig þau koma við stöðu kynjanna. Þá, alveg eins og við höfum kostnaðaráætlun núna, kemur fram að hvaða leyti frumvarpið eða lögin koma mismunandi við kynin, t.d. ef um væri að ræða atvinnumál, að það væri um það bil ljóst hvort þarna væru störf við hæfi beggja kynja o.s.frv.

Þetta frv. teljum við mjög mikilvægt. Það hefur ekki hlotið mikla umræðu í þingnefnd þar sem um er að ræða breytingu á þingskapalögum. Það hefur verið tekið fyrir í allshn. en væntanlega fer það inn í þann farveg sem hér er til staðar fyrir breytingar á þingskapalögum, þ.e. inn í þá nefnd sem er að endurskoða þau. Ég tel sérstaklega mikilvægt að fjárlagafrv. verði greint með tilliti til kynja. Það er reyndar mjög athyglisvert, svo ég komi inn á það, með kostnaðaráætlanir ráðuneytanna hvað þær eru oft ófullkomnar. Ég vil t.d. í því sambandi nefna búvörusamninginn sem hér var til umræðu í gær. Þar er talað um að kostnaðaraukinn verði upp á örfáar milljónir næstu árin. Þar er hins vegar hvergi tekið fram að búvörusamningurinn mun kosta okkur um 21 milljarð, um það bil 25 kr. á mjólkurlítra, á 102 milljónir lítra á ári. Þetta kemur ekkert fram í kostnaðaráætlun frumvarpsins. Mjög víða kemur það alls ekki fram, þrátt fyrir þessar umsagnir fjmrn., hvað hlutirnir kosta og við getum velt því fyrir okkur hvers vegna svo er. Ég vil gjarnan sjá að öll frumvörp í þinginu verði greind með tilliti til kynjasjónarmiða þannig að fólk átti sig á því að við getum ekki endalaust rekið atvinnustefnu þar sem flest ný atvinnutækifæri eru slík að þau virðast frekar höfða til karla en kvenna, þá á ég t.d. við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Þá vil ég nefna það frv. sem er ekki enn búið að mæla fyrir, þ.e. að taka upp kynhlutlaust orð fyrir „ráðherra". Ég tel mjög tímabært að konur þurfi ekki að sitja uppi með það að vera kallaðar herrar. Ég er ekkert viss um það, herra forseti, að þú kynnir vel við það að þú værir stöðugt kallaður frú. Ég er hrædd um að það þætti dálítið sérstakt. (**Gripið fram í:** Ekki þúa forsetann.) Herra forseti, að þér væruð kallaðir frú — eða kölluð frú. Þannig að þetta er að mínu mati háalvarlegt mál. (**Gripið fram í:** ... yðar hágöfgi.)

Það er mikill munur á þessu og því að konur séu kallaðar menn, eins og mér finnst margir ruglast í og segja: Hafið þið eitthvað á móti því, konur, að vera menn? Nei, að sjálfsögðu viljum við vera menn og erum menn. Við getum verið forsetar og við getum verið kennarar og sætt okkur við alls konar karlkyns starfsheiti. Við getum hins vegar ekki verið herrar, það er bara svo einfalt mál. Þetta er löngu tímabært og það er mjög athyglisvert að síðan þetta mál kom fram hefur þetta verið rætt við fjölmarga aðila og fyrstu viðbrögð hafa verið: Jesús minn, þetta er nú eitthvað sem er bundið í stjórnarskránni og er óskaplega erfitt að fara að breyta. En um leið og er farið að rökræða málin finnst flestum sem við

höfum rætt við þetta æ sjálfsagðara þó að ég ætli ekkert að fullyrða um vilja þingsins í þessu máli.

Ég held að ekkert af þeim málum sem við kvennalistakonur höfum verið að brydda upp á, og á mörgum þeirra er tekið í þessari jafnréttisáætlun, muni komast í framkvæmd nema að fyrir sé pólitískur vilji. Ég vil í því sambandi minna á þá aðferð sem Svíar notuðu 1994 þegar Mona Sahlin var jafnréttisráðherra. Hún var jafnréttisráðherra og varaformaður flokks síns og pólitísk framtíð hennar stóð og féll með því að hún stæði sig vel í embætti jafnréttisráðherra. Hún kom þessari samþættingarhugmyndafræði í framkvæmd. Hún kom á námskeiðum. Ingvar Carlson forsætisráðherra var fyrsti ráðherrann sem fór á námskeiðið. Hún hafði mjög öfluga stýringu inn í öll ráðuneytin í gegnum aðstoðarmenn ráðherranna og það bar árangur. (**Gripið fram í:** Og svo fór hún í sumarfrí.) Vissulega fór hún síðan í sumarfrí og við getum velt því fyrir okkur hvers vegna það er. Því að sterkar konur geta líka verið mjög hættulegar pólitískt.

Ég vil næst, herra forseti, koma nánar að nál. félmn. Við kvennalistakonur eigum ekki fulltrúa í félmn. og þess vegna fannst mér mjög upplýsandi að lesa nál. Ég tel að þar sé farin mjög góð leið, sérstaklega fyrir þá sem ekki hafa aðgang að gögnunum, að talin eru upp í nál. þau meginatriði sem hinir ýmsu aðilar kom inn á í umsögn sinni. Mér finnst óskaplega gleðilegt að sjá að þarna er komið inn á mörg af mínum hjartans málum, t.d. fræðslumál, eins og ég nefndi áðan. Mjög margir taka undir þörfina á því að koma á jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn og fyrir ýmsa fleiri aðila í ríkiskerfinu.

Þá finnst mér einnig mjög áhugavert hve margir taka undir að þörf sé á fræðslu til kennara í þessum málum, þá er bæði talað um grunn- og endurmenntun kennara. Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég hef fylgst vel með þeim málum undanfarin tíu ár. Það er bundið í jafnréttislögum að jafnréttisfræðsla eigi að vera í skólum og því þarf að kenna kennurum um þessi mál. Því miður er ástandið þannig í kennaramenntunarstofnunum að það virðist fara eftir áhuga kennara í viðkomandi stofnunum hvort þessu máli er yfir höfuð sinnt. Við höfum tekið þátt í samnorrænu verkefni, Nordlilja, um kennaramenntun og jafnréttismál. Það var blómlegt starf í nokkur ár á meðan það var en svo segir fólk mér núna að það sé meira og minna dottið niður. Þess vegna er mjög þarft að taka á jafnréttismálum innan kennaramenntunarinnar. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna tillögu sem verður vonandi samþykkt næstu daga um þörf fyrir að taka mið af mismunandi þörfum stúlkna og drengja í skólum sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir er 1. flm. að. Menntmn. leggur til að tillagan verði samþykkt og þar er m.a. brtt. þar sem sérstök áhersla er lögð á kennaramenntunina. Ég tel að þetta sé algjört grundvallaratriði þó ekki sé nema til þess að ungt fólk viti um rétt sinn. Sem betur fer kemur fólk út í skólana og út í atvinnulífið fullt bjartsýni. Það er ekki fyrr en það situr í súpunni og áttar sig að það er brotið á þeim að áhuginn vaknar á þessum málum.

Ég vil einnig sérstaklega fagna tillögu sem kemur fram frá karlanefndinni og kemur fram í nál. félmn. um að komið verði á stöðu prófessors í kynjafræðum við Háskóla Íslands. Ég tel að það sé löngu tímabært. Það hefur verið unnið mjög markvisst að því að styrkja stöðu kvenna og kynjafræða innan háskólans undanfarin ár, fyrst með stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum árið 1990 og síðan með því að taka upp kennslu í kvenna- og kynjafræðum árið 1995. Ég tel því að það sé mjög tímabært að stofna stöðu í þessum fræðum. Eins og er þá er engin sérstök staða heldur skiptast kennarar í mismunandi greinum sem kenna aðrar fræðigreinar á að sinna ábyrgð á þessari kennslugrein.

Ýmislegt fleira, t.d. ýmis þau atriði sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom áðan inn á varðandi launastefnu og fram kemur í athugasemdum frá BSRB vildi ég gjarnan taka undir.

Ég tel að þetta nál. sé upplýsandi og gagnlegt fyrir ríkisstjórnina til að átta sig á hvar skórinn kreppir helst að mati hinna ýmsu stofnana í þjóðfélaginu. Ég tel að það sé gott leiðbeinandi plagg með þessari ályktun sem er mjög ítarleg.

Varðandi brtt. nefndarinnar finnast mér þær flestar til bóta en ég sakna þess að sjá ekki ráðherrann hér. Ég vildi gjarnan spyrja hann um tvö atriði. Er ráðherrann ekki í húsinu?

(**Forseti** (RA)**:** Forseti mun láta kanna hvort ráðherrann er í húsinu.)

Ef ráðherrann er ekki í húsinu geri ég nú ráð fyrir að formaður félmn. eða aðrir aðilar í félmn. geti svarað en það er sem sagt fyrst og fremst brtt. í a-lið, þ.e. við lið 1.1. í áætluninni, sem ég velti fyrir mér, en það varðar endurskoðun á kjördæmaskipun og kosningareglum. Þar stendur:

„Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa."

Lagt er til að inn komi „þar á meðal á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna". Mig langar að velta þeirri spurningu upp hvers vegna þessi breyting er gerð. Hver er ástæðan fyrir þessari breytingu? Mér finnst þetta gera málið óskýrara og vil gjarnan fá skýringu á þessari brtt.

Þá vil ég einnig spyrja út í brtt. — og ég sé að hæstv. ráðherra er kominn í salinn — sem gerð er við lið 4.4. en það er fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins en áður bar hún almennara heiti, fræðsla til yfirmanna opinberra stofnana. Mér sýnist því eins og þarna sé verið að þrengja töluvert verksvið eða hverjir eigi að fá þessa fræðslu. (Gripið fram í.) Þetta á bara við fjmrn. en titillinn var það opinn fyrst þannig að ég vil spyrja hvers vegna þessi breyting er gerð. Er það til að ítreka að þetta eigi bara við fjmrn.? Þá vil ég spyrja: Ef svo er, er það þá ekki vilji hæstv. ráðherra jafnréttismála, félmrh., að fræðslan nái til fleiri ráðuneyta?

Ég tel að flestar þessar brtt. séu að öðru leyti til bóta þó að það fé sem ætlað er til að koma áætluninni í framkvæmd sé æðitakmarkað og því hafi ég verulegar efasemdir um að þær komist í framkvæmd. Þess vegna tek ég undir þá skoðun BSRB, sem kemur fram í nál., að það hefði verið rétt að þegar ný áætlun væri lögð fram, að þá fylgdi með mat á því hvernig fyrri áætlun hefði gengið. Það er nefnilega það, hæstv. ráðherra, að því miður hefur þetta verið dálítill skrípaleikur. Fögur markmið eru lögð fram, jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Síðan gerist lítið og eftir fjögur ár kemur önnur áætlun, að hluta til með því sama í en að hluta til með nýrra tungutaki og áherslum í takt við það sem nýjast er að gerast.

Herra forseti. Ég er sannfærð um það að hægt væri að gera mun betur í jafnréttismálum en nú er gert ef pólitískur vilji væri fyrir hendi. Aðferðafræði samþættingarinnar sem hér hefur aðeins verið rædd lofar góðu en til að koma henni í framkvæmd þarf að vera fyrir hendi vilji. Það þarf að vera öflug stofnun, öflug jafnréttisstofnun þannig að hægt sé að taka og fylgja þessum málum eftir. Það er umhugsunarvert

hvort ekki ætti að setja á laggirnar jafnréttisráðuneyti til að þessi mál fái þann forgang sem ég tel þau eiga skilið. Ég tel að það sé raunverulegur vilji þjóðarinnar að tekið verði alvarlega á þessum málum. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé tímabært um leið og snúið er frá þessari skúffureglu að þessi mál séu í útjaðrinum, sem mér sýnist að ætlunin sé að gera með jafnréttisáætluninni, að annaðhvort verði myndað jafnréttisráðuneyti eða að þessum málum verði komið fyrir í forsrn. með öflugum tengslum inn í öll hin ráðuneytin, t.d. í gegnum aðstoðarmenn ráðherra þannig að því verði vel fylgt eftir sem á að gera á hverjum stað.

Ég vil að lokum, herra forseti, fagna því sérstaklega sem kemur fram í nál. félmn. að þar er lagt til að gera eigi könnun á málefnum kvenna á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst að ef ekki verður tekið verulega á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni mun byggðaþróunin bara vera í eina átt. Atvinnuuppbyggingin úti á landsbyggðinni hefur verið allt of hæg og sjávarútvegsstörfin sem konur hafa hingað til haft eru óðum að leggjast af. Því miður, fyrir utan kennslu og störf í þjónustu, bönkum og dagvistarstofnunum, er allt of lítið um störf fyrir konur. Við þessar aðstæður flytja þær þangað sem atvinnutækifærin eru betri. Þá á ég t.d. við Akureyri og höfuðborgarsvæðið, eða stærri staði yfirleitt sem bjóða upp á fjölbreytt störf. Ef ekki verður unnið markvisst í því að breyta þessu, efla atvinnusköpun fyrir konur á landsbyggðinni mun byggðaþróunin verða í sömu átt og hún hefur verið. Þess vegna fagna ég því að gerð verði könnun á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni.

Ég vil nefna sem dæmi að fyrir skömmu, herra forseti, lauk hér í Reykjavík tveggja ára námskeiði, svokölluðu brautargengisnámskeiði sem atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar stóð fyrir, reyndar með stuðningi félmrn. og Iðntæknistofnunar. Þar var um að ræða tveggja ára námskeið þar sem konur voru fræddar um það hvernig koma eigi viðskiptahugmynd í framkvæmd. Nýlega var mikil ráðstefna þar sem konurnar sýndu afrakstur sinna starfa og það er ljóst að fjölmörg ný fyrirtæki eru að spretta upp í kjölfar þessa námskeiðs. Ég tel að þetta framtak hafi gengið mjög vel og að mikilvægt sé að slíkt námskeið verði haldið fyrir konur á landsbyggðinni.

Það er mjög langur vegur, eins og flestir sem koma að nýsköpun vita, frá því að fá góða hugmynd þar til henni er komið í framkvæmd. Það kostar oft mjög mikið fé, mikinn stuðning og síðast en ekki síst þá þarf mat á því hvort að reksturinn muni á endanum ganga upp. Það sem mér fannst ekki síst athyglisvert við að kynnast hugmyndum þessara kvenna var að þær eru nú orðnar nettengdar og styðja hver aðra. Þær vísa hver á aðra, ein er með snyrtistofu, önnur býr til búninga og sú þriðja er með eitthvað þessu tengt. Konur verða þannig að læra að treysta hver á aðra. Við þekkjum mikið af svokölluð karltryggingarsamtökum og ég held að þetta net sem þarna er að myndast verði mjög mikilvægt fyrir þá vaxtarbrodda sem eru að koma þarna fram í atvinnulífinu. Ég vona svo sannarlega að konur úti á landsbyggðinni fái tækifæri til þess að gera svipaða hluti og tengjast svona neti.

Ég vil, herra forseti, einnig ítreka að það gengur ekki að veita styrki, eins og kannski hefur um of verið gert á undanförnum árum, til að gera konum kleift jú að koma sér upp aðstöðu til að búa til minjagripi eða annað slíkt í einhverjum bílskúr, eins og oft er. Það gengur ekki nema konurnar geti fengið mannsæmandi laun. Oft er markið sett allt of lágt. Markmiðið er jú kannski að hlutirnir seljist en konur eiga ekki að þurfa að stunda neina atvinnubótavinnu. Þær eiga auðvitað að fá vinnu og koma á atvinnu sem gefur af sér. Þess vegna verðum við að gera þá kröfu, sjálfsvirðingar okkar vegna, að þarna spretti upp lífvænleg fyrirtæki þar sem konur geti fengið mannsæmandi laun. Ég held að í þessu sambandi sé mjög mikilvægt að endurskoða þá styrki sem hægt er að fá víða í þessu þjóðfélagi til nýsköpunar.

Oft er vandi kvenna sá að það er ekki hægt að fá nógu lága styrki. Við getum velt því fyrir okkur hvað margar konur mundu sækja um styrki ef lágmarkslánsfjárhæð væri tíu milljónir, og af því þyrfti viðkomandi að leggja fram helming. Það eru ekkert margar konur sem eiga fimm milljónir til þess að setja inn í fyrirtæki. Það er því augljóst að það þarf að stokka upp þessa hugsun í sambandi við það hvernig styðja á við atvinnu kvenna, hvort sem er á landsbyggðinni, hér á höfuðborgarsvæðinu eða í þéttbýli yfirleitt.

Konur sækja nú stíft bæði í Háskóla Íslands og inn á háskólastigið almennt og eru um 60% þeirra sem útskrifast þar. Konur eru 60% þeirra sem útskrifast með stúdentspróf og þær eru yfir 60% af þeim sem útskrifast frá sérskólum á háskólastigi. Það er alveg ljóst að þær eru að koma inn sem mjög sterkt afl á vinnumarkaðinn. Þjóðfélagið verður að taka mið af því. Það gengur ekki að setja allt fjármagnið, tuttugu og eitthvað milljarða í styrki til landbúnaðar, annað eins í styrki til sjávarútvegs, sem reyndar er nú á undanhaldi. Það þarf að skoða þetta styrkjakerfi allt saman með tilliti til þess að vinnumarkaðurinn er að breytast og verður að breytast ef við ætlum ekki að halda áfram að lifa á einni auðlind og vera hráefnisframleiðendur.

Ég vil að lokum, herra forseti, segja nokkur orð, í tilefni af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér áðan, um höfðatöluna. Það er vissulega rétt hjá honum að auðvitað er ekki endilega tryggt að kvennabaráttan og jafnréttisbaráttan fái brautargengi þó margar konur komist að. Það eru auðvitað til konur sem ekki hafa áhuga á jafnréttismálum, eru ekki femínistar, eins og við mundum segja. Á sama hátt eru til karlmenn sem hafa áhuga á jafnréttismálum og vilja gjarnan láta kalla sig femínista. Ég held að það sé alveg rétt og mikilvægt að við gerum greinarmun á þessu tvennu. Þess vegna tel ég mikilvægast eins og við kvennalistakonur höfum ávallt lagt áherslu á að það séu femínisk sjónarmið sem heyrist. Við höfum hingað til treyst okkur í Kvennalistanum best fyrir að þau sjónarmið heyrist.

Jafnréttismálin eru nú ofarlega á baugi í öðrum stjórnmálaflokkum, eru komin misofarlega á blað þó. Ég er alveg sannfærð um að nú má finna samherja í jafnréttismálum í mörgum flokkum. Ég hef sannreynt það í því samstarfi sem ég hef átt við stjórnarandstöðuna hér á þingi að það er vilji fyrir því að taka á þessum málum. Þess vegna vil ég taka undir það að ég tel að það sé krafa ungs fólks í dag, og ekki bara ungs fólks heldur okkar allra, allra femínista í þessu landi, að konur og karlar taki sig saman og breyti þjóðfélaginu þannig að jafnréttismálin komist inn í meginstraum stjórnmálanna en verði ekki í einhverri lítilli skúffu í félmrn.

[14:53]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Vegna lítils háttar misskilnings sem hér kom upp áðan um það hvort ávarpa skuli forseta með persónufornafninu þú eða þér vill forseti minna á, sem hann hélt nú að allir hv. þm. vissu, að hvort tveggja er rangt. Einungis ber að nota þriðju persónu fornöfn nema vísað sé beint til forseta eða

þingmanna með viðeigandi nafnorðum. Ég vona að þetta sé á hreinu.

[14:54]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru fjögur atriði í ræðu hv. þm. sem ég ætlaði að koma inn á. Það er í fyrsta lagi út af því sem þingmaðurinn sagði varðandi fræðslu til ráðamanna. Hún nefndi fræðslu til æðstu ráðamanna. Ég vil ítreka að í brtt. nefndarinnar er það reyndar tengt saman könnun á stöðu jafnréttismála innan stofnana og áætlanir um hvernig skuli rétta hlut kynjanna, fræðsla til yfirmanna.

Ég vildi koma því til þingmannsins að í umsögnum um tillögu um fræðslu til æðstu ráðamanna þá kom m.a. upp spurningin um það hver rétturinn er, t.d. varðandi forseta Íslands. Er hægt að skikka forseta Íslands á jafnréttisnámskeið? Er það eðlilegt? Þannig að það er spurning hvort það þyrfti ekki að skilgreina þar betur hvað átt er við með „æðstu ráðamenn". Ég lít svo á að þessi áætlun breyti því ekki að hægt væri að samþykkja slíka tillögu sem áskorun Alþingis til ríkisvaldsins. Hins vegar skal bent á að það er spurning hvort ekki þyrfti að athuga þessa skilgreiningu og hverja er hægt að skikka til fræðslu.

Varðandi það sem þingmaðurinn nefndi um tillöguna um kynferðislega áreitni, þá ræddi félmn. það mál nokkuð ítarlega. Hún ætlaði sér að fara mun dýpra ofan í þau mál, kalla til aðila og kynna sér það hvernig þessum málum væri háttað en vegna hinna stóru mála sem við fengum þá gafst ekki tími til þess. Ég vona að það verði síðar.

Og varðandi þá tvo liði í brtt. sem þingmaðurinn spurði um og eru að sjálfsögðu á ábyrgð félmn. Ef ég má aðeins syndga upp á náðina, forseti, þá er í fyrsta liðnum, einfaldlega verið að skýra það að nefndin, sem er að fjalla um kjördæmaskipan og þingmaðurinn á sæti í, ætlar ekki eingöngu að leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum á möguleika kvenna og karla heldur væntanlega um ýmis önnur möguleg áhrif.

Varðandi lið 4.4. þá á hann eingöngu við fjmrn. en það er félmrn. sem fer með jafnréttismál hér í landinu og á þannig að hafa yfirumsjón með fræðslunni. Í brtt. okkar erum við einmitt að reyna að koma fræðslunni inn alls staðar.

[14:57]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni félmn. fyrir þessi svör. Varðandi brtt. á lið 1.1. þá er það samt óskýrt að þar skuli standa „þar á meðal". Þá hljóðar liðurinn svona:

„Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa, þar á meðal" — þar á meðal — „á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna." (**KÁ:** Það eru tveir eða nokkrir fleiri möguleikar.) Mismunandi kosningakerfa á hvað þá annað? (**KÁ:** Það getur verið eftir landshlutum.) Þetta er mjög óskýrt enn þá að mínu mati en ég þakka þó fyrir þessi svör.

Varðandi „æðstu ráðamenn" vil ég segja að ég tel að sjálfsögðu að ef forseti Íslands óskar eftir að sækja slíkt námskeið þá geti hann það. En hæstv. félmrh. hefur sjálfur lýst því yfir að hann sé mótfallinn því að fólk verði skikkað á slík námskeið. Ef forsetinn vill sækja þessi námskeið, eins og t.d. gerðist í Svíþjóð, þetta var eftirsóknarvert og þótti hreinlega fínt, fólk sagði: Ja, ég er einn af æðstu ráðamönnum, á ég ekki að fara á svona námskeið? Ég held að það hljóti því að vera best að hafa þetta bara skilgreiningu hvers og eins, hver vill sækja svona námskeið.

[14:59]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man nú ekki nákvæmlega hvernig tillaga þingmannsins er orðuð varðandi fræðslu til æðstu ráðamanna. En ég hef þó skilið það þannig að það væri meiningin að skikka ráðamenn á námskeið og ekki veitir nú af. Þá var spurningin, og ég er hér að vísa til þess sem fram kom í umsögnum, við hverja væri átt og hvort slíkt gæti náð, m.a. til forseta Íslands. Að sjálfsögðu, ef hann óskaði eftir slíku, hlyti hann auðvitað að geta orðið sér úti um slíkt námskeið. Spurningin snýst um það hvort og hverja er hægt að skikka. Ég held að í raun og veru sé það eingöngu spurning um forseta Íslands. Ég held að það væri ekkert vandamál varðandi aðra æðstu ráðamenn, t.d. biskup Íslands og fleiri slíka.

Varðandi lið a, þá hef ég skilið það þannig — nú þekki ég ekki til starfa þessarar nefndar sem hér um ræðir — að áhrif mismunandi kosningakerfa geta auðvitað verið margvísleg. Það er ekki bara spurningin um karl og konu, þetta getur verið spurningin um þéttbýli/dreifbýli o.s.frv. Ég reikna með að nefndin sé að skoða ýmislegt í þessu sambandi. Þetta er nú kannski það tvennt sem er svona augljósast en það kann að vera fleira þó að það komi ekki upp í hugann við fyrstu sýn.

[15:01]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir ræðir mikið um að skapa þurfi sérstök störf fyrir konur og gerir það að sérstöku áhyggjuefni sínu að einungis sé verið að skapa störf fyrir karla með uppbyggingu á stóriðju. Ég hef alltaf undrast að konur skuli útiloka sjálfar sig sem starfsmenn í fyrirtækjum eins og álverum, eins og við þekkjum þau. Þar eru vel launuð störf, tiltölulega þrifaleg miðað við margt annað og heppileg að mörgu leyti. Ég spyr mig því, herra forseti: Hvers vegna að útiloka konur frá störfum eins og í stóriðju?

Ég vil engin hornkerling vera, sagði Hallgerður og taldi sig eiga að vera meðal karla. Hún taldi sig vera jafningja allra og eiga að geta tekist á við þau mál sem almennt tíðkuðust í samfélaginu. Ég hef alltaf haldið því fram að konur eigi að geta unnið flest störf í samfélaginu og þar á meðal við stóriðju.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. að því hvort Kvennalistinn geti ekki litið svo á að hann eigi fulltrúa í félmn., formann nefndarinnar, Kristínu Ástgeirsdóttur. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. hefur ítrekað tekið fram að Kvennalistinn eigi engan fulltrúa í félmn. Ég held að konur eigi yfirleitt ekki betri fulltrúa í nefndum en þær eiga í formanni félmn., Kristínu Ástgeirsdóttur.

[15:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessi andsvör. Það er rétt hjá honum að það mætti túlka orð mín þannig að ég væri á móti því að konur ynnu í álverinu. Það er bara ekki málið. Málið er að það eru mjög fáar konur sem sækjast eftir að vinna þar. Ég var áðan að tala um konur sem hafa menntað sig til hinna ýmsu starfa. Þetta eru kannski tiltölulega einhæf störf sem þarna eru. Þau eru mjög dýr þessi atvinnutækifæri sem ekki höfða til kvenna. Alveg eins mætti spyrja: Hvers

vegna sækja karlmenn ekki inn í leikskólana? Við erum ábyggilega alveg sammála um það að við viljum að konur og karlar sinni sem flestum störfum. Hvers vegna eru svona fáir karlar í leikskólastarfi? Okkur vantar karla þangað inn. Hvers vegna eru svona fáir karlar hjúkrunarfræðingar? Þetta er ekki spurningin um að ég vilji ekki að konur séu hér eða þar. Konur sækja auðvitað um þau störf sem þær hafa áhuga á og þær virðast ekki sækja mikið í þessi störf. Það sama er um togara- eða skipsplássin. Þau gefa vel af sér og konur reyna að sækja um þessi störf en það er heldur ekkert auðvelt að fá þau.

Varðandi spurninguna um fulltrúa Kvennalistans í félmn. þá er alveg ljóst að Kvennalistinn, þingflokkur Kvennalistans, á ekki fulltrúa þar núna. Við fáum engar upplýsingar frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem er utan flokka, inn í okkar þingflokk um hvað þar gerist. Hún starfar ekki með þingflokknum þannig að við fáum ekki upplýsingar um það sem gerist á fundum félmn. í gegnum hv. þm. Kristján Pálsson sem fulltrúa eða hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Það er óháð því hversu vel hún eða aðrir þingmenn starfa í félmn., sem ég hef engar efasemdir um.

[15:05]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra þessa yfirlýsingu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Hún hefur ekki efasemdir um heilindi formannsins í nefndinni og ég held að það sé einmitt rétt. Þar er unnið af fullum heilindum til þess að ná fram fullu jafnrétti milli karla og kvenna af hálfu formannsins þó hún sé ekki í þingflokki Kvennalistans sem stendur.

Það er einmitt þetta atriði, herra forseti, sem snýr að því „að höfða til". Þetta starf höfðar ekki til kvenna, það höfðar ekki til karla. Ég hélt að það væri einmitt markmiðið með öllum þessum aðgerðum, að reyna að jafna þetta svo störfin höfði til allra. Uppeldisstörf, sem hingað til hafa helst höfðað til kvenna, leiða síðan til þess að þær fara í störf sem eru þjónustustörf eða uppeldisstörf eins og í leikskólum. Það höfðar mjög til kvenna að starfa á hjúkrunarstofnunum og vera í umönnunarstörfum alls konar. Þetta er kynbundið, þetta er uppeldislegt atriði og því þarf að breyta, þannig að konur byggi upp áhugasvið sitt á flestum sviðum mannlífsins. (**ÖS:** Í þingflokki Sjálfstfl.?) Eins og t.d. í þingflokki Sjálfstfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og í öðrum flokkum.

Ég held að flestir flokkar hafi tekið upp þau markmið að reyna að auka áhuga kvenna á pólitík. Konur hafa því miður ekki sýnt mikinn áhuga á pólitík. Það hefur ekki beinlínis höfðað til þeirra en þegar konur hafa sýnt áhuga á pólitík þá hafa þær virkilega náð árangri. Það eru mörg dæmi sem sanna það. Það hefur ekki þurft að borga neitt sérstaklega fyrir þær til þess eða stofna sérstaka sjóði þeim til hjálpar, þær hafa gert það á eigin spýtur, á eigin forsendum.

[15:08]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessi orð. Ég held að við séum alveg sammála í þessu máli. Ég lagði mikla áherslu á þörf fyrir fræðslu í skólum um jafnréttismál, þörf fyrir að taka á þessum málum í kennaramenntun. Ég hef sjálf metið jafnréttishugmyndir átta ára barna. Það var sérstakt jafnréttisátak í gangi, reyndar í heimabyggð hv. þm. og á æskuslóðum mínum í Reykjanesbæ. Þar kemur í ljós að fyrir nokkrum árum höfðu átta ára börn mjög kynbundnar hugmyndir um hvað henti konum og körlum. Þess vegna er svo mikilvægt að um þessi mál sé fræðsla til þess að konur og karlar sjái að kynhlutverkin skorða þau ekkert niður, þau geti farið í hvaða störf sem er. Ég held því að við séum alveg sammála um það grundvallaratriði.

Reyndin er sú að núna sækja konur í sum störf og karlar í önnur og það er ekki hægt að neyða þau til annars.

[15:09]

**Útbýting þingskjals:**

Flutningur Landmælinga Íslands, 720. mál, fsp. JóhS, þskj. 1432.

[15:10]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég skildi ekki almennilega málflutning hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur hér áðan. Þingmaðurinn var að tala um 21 milljarð, held ég, í sambandi við búvörusamning. Af orðum hennar mátti helst ráða að þeim peningum væri betur varið með öðrum hætti, kannski til jafnréttismála. Ég gekk hér á milli þingmanna til þess að leitast við að fá eitthvert samhengi í þessa framsetningu hjá þingmanninum en það tókst ekki.

Það fór reyndar ekki á milli mála að þingmaðurinn taldi að þessum fjármunum mætti verja betur, þeim væri illa varið. Þá minni ég á það sem reyndar er afar mikilvægt að komi hér fram, að þar eiga í hlut bæði karlar og konur, þ.e. sveitafólkið. Það á líka sinn rétt og þar eiga konurnar líka sinn rétt. Það er auðvitað mjög gagnleg niðurstaða, sem fæst af þessum ummælum fulltrúa Kvennalistans í þessari umræðu, að þegar hagsmunir sveitakvenna eru annars vegar þá varðar Kvennalistann ekki svo mjög mikið um þær.

Það var mér að sjálfsögðu mikill heiður að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skyldi leggja hér fyrir mig spurningar. Því fer fjarri að ég telji það eftir mér að leitast við að svara þeim, þó að ég bendi hins vegar á að skýrari og betri svör hefðu fengist ef fulltrúi Byggðastofnunar hefði verið kallaður til yfirheyrslu hjá þeirri nefnd sem hér á í hlut. (**RG:** Kannski félmrh. að kenna.) Mín svör verða að því leyti ófullkomnari en ella hefði verið. Auðvitað tókst mér ekki að afla mér nægilega nákvæmra upplýsinga til þess að geta skýrt málið svo sem hægt er. Að því leyti verð ég að biðja hv. þm. að taka viljann fyrir verkið, að vissu leyti.

Eitt má ég til með að minnast á hér í upphafi, sem kemur ekki beinlínis þessari fyrirspurn við en ég minni á að hv. þm. hefur fyrr látið sér slíkt um munn fara, en þess var sérstaklega getið að Byggðastofnun hefði haft mikla fjármuni undir höndum og kannski varið þeim með misjöfnum hætti. Ég tel fullkomlega eðlilegt að meta hvernig Byggðastofnun ver sínum fjármunum. Hún á ekki undir nokkrum kringumstæðum að vera hafin yfir gagnrýni í þeim efnum, enda skil ég þingmanninn ekki svo. Ég vildi hins vegar leiðrétta hitt að Byggðastofnun hefur ekki mikla fjármuni undir höndum.

Ég minni sérstaklega á skýrslu sem hefur verið gefin út á þessum vetri og dreift til þingmanna. Þar er farið nokkuð yfir það. Höfundur þessarar skýrslu er Haraldur Líndal Haraldsson hagfræðingur. Þar er m.a. fjallað um hvernig opinberu styrkjafé er úthlutað í landinu og þar kemur það fram betur en nokkru sinni áður hve lítill hluti af styrkja- og þróunarfé gengur til verkefna hjá Byggðastofnun. Þetta eigum við eftir að rifja upp betur síðar. Ég endurtek að Byggðastofnun er ekki hafin yfir gagnrýni en það verður að liggja ljóst fyrir að það fjármagn sem hún sýslar um er afskaplega takmarkað.

Ég lít svo á að meginspurningin frá hv. þm. sé sú hvort Byggðastofnun hafi leitast sérstaklega við að greina atvinnuvandamál kvenna og þá trúlega helst á landsbyggðinni. Ég met það svo að þetta sé megintakturinn í fyrirspurninni. Þá hygg ég að eðlilegt svar við því sé að svo sé ekki. Ég hygg að Byggðastofnun hafi ekki tekið sér það fyrir hendur sem sérstakt verkefni að greina atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Allt er þetta sagt með nokkrum fyrirvara.

Hins vegar hefur Byggðastofnun tekið þátt í margháttuðu starfi, m.a. nefndarstörfum, þar sem hefur verið fjallað um þessi mál. Ég trúi því að Byggðastofnun hafi þannig verið þátttakandi í þeim tillögum sem leggja grunn að þessum tillöguflutningi á vissum sviðum. Ég treysti mér ekki til að tilgreina sérstaklega þessi verkefni og vísa þá til þess fyrirvara sem ég hef um þau mál en einum af sérfræðingum Byggðastofnunar var sérstaklega falið að sýsla um þau. Auk þess hefur Byggðastofnun verið þátttakandi í ýmissi annarri starfsemi sem lýtur sérstaklega að málefnum sem snerta konur frekar en karla. Ég minni í því sambandi á Lánatryggingasjóð kvenna sem ég hygg að starfsmenn Byggðastofnunar hafi veitt góða leiðsögn með að vinna texta að. Ég hef verið þátttakandi í þeirri umræðu í Byggðastofnun með konum sem fóru fyrir í þeim málum hvernig hægt væri að koma fyrir aðstoð Byggðastofnunar við starfsemi þess sjóðs.

Ég minni enn fremur á atburð sem gerðist nýlega, og er afskaplega ánægjulegur, þar sem Háskólinn á Akureyri og forustumenn á Vestfjörðum hafa gert samning um menntun á hjúkrunarbraut kvenna þar fyrir vestan og þótt Byggðastofnun sé ekki aðili að þeim samningi hefur hún þó með vissum hætti gert það mögulegt að hægt er að taka til við fjarkennslu með þeim hætti sem þar er til stofnað. Byggðastofnun hefur því verið, svo ég nefni þessi tvö dæmi, virkur aðili í því að koma upp því umhverfi sem verður konum mikilvægt að þessu leyti. En ég undirstrika að Byggðastofnun hefur ekki verið ein á ferð, síður en svo, heldur þátttakandi. Þannig er það miklu víðar.

Þá vildi ég líka minna á að Byggðastofnun hefur breytt áherslum að því er varðar þróunarverkefni og komið víða á öflugri atvinnuráðgjöf í hverju kjördæmi úti á landi, þrefaldað atvinnuráðgjöfina frá því sem áður var, og þar hafa verið ráðnar til verka margar ágætar konur og atvinnuráðgjafarstarfið þannig fært heim í hérað. Ég held að þetta sé afar mikilvæg ráðstöfun þar sem ráðgjafarstarfið er þá komið í bein tengsl við fólkið úti á landi sem á þá að sjálfsögðu miklu auðveldara með að koma áherslumálum sínum og vandamálum á framfæri.

Þá vildi ég líka geta þess alveg sérstaklega að af því fjármagni sem Byggðastofnun hefur haft til úthlutunar, þ.e. styrkjafé, hefur þess verið alveg sérstaklega gætt að verkefni sem snerta konur hafi þar forgang. Þannig hefur Byggðastofnun styrkt fjölmörg handverksverkefni, sérstaka starfshópa sem konur hafa stofnað til og ég hygg að það sé ekki mjög algengt að erindum frá konum af þessum toga sé synjað inni í Byggðastofnun.

Að því er varðar frekari atvinnumál er vert að geta þess að Byggðastofnun hefur á þessu ári og síðasta orðið þátttakandi eða styrkt sérstaklega, svo ég bara fari í mitt eigið minni, fjórar saumastofur, tvær sem eru í rekstri og tvær sem hafa verið settar í gang að nýju. Að vísu komu þarna aðrir að málum og alltaf má deila um hverjir eigi frumkvæði og hverjir eigi ekki frumkvæði en Byggðastofnun var afar mikill þátttakandi í þessum verkefnum og reyndar hluthafi í tveimur þeirra. Ég hygg að þegar fram líða stundir geti kannski einhverjir tugir kvenna fengið atvinnu við þessa starfsemi.

Ég minni sérstaklega á að margir aðilar sækja um stuðning við uppbyggingu á ferðaþjónustu og í mörgum tilvikum eru konur þar í forsvari. Ég hef t.d. orðið æðimikið var við að konur hafa farið á námskeið eða jafnvel í skóla til þess að afla sér þekkingar í þeim efnum. Þetta eru þýðingarmikil kvennastörf á landsbyggðinni sem Byggðastofnun hefur sem sérstakt verkefni til að efla starfsemi á landsbyggðinni. Ég tek þetta sem dæmi um það að atvinnumál sem snerta konur hafa, ef eitthvað er, forgang hjá Byggðastofnun. Ég hygg að hægt sé að sanna þetta en bendi á í þessum efnum að Byggðastofnun gefur árlega út skýrslur þar sem allir styrkir og allar lánveitingar eru tilgreindar og þar má að sjálfsögðu nokkuð lesa úr hvernig fjármagni er dreift.

Þá vil ég enn fremur geta þess að innan fárra vikna verður þróunarsvið Byggðastofnunar fært til Sauðárkróks og þar verður starfsemi þess endurskipulögð. Ég vona að þar verði m.a. ráðnar konur til starfa. Það verður áreiðanlega ekki spurt um það hvaða flokk þær kjósa. (**Gripið fram í:** Sjálfstfl.) Þær eru vísar til þess, Sjálfstfl. á mikið fylgi meðal kvenna og stórlega vaxandi, hv. þm. (**Gripið fram í:** Af hverju lyftir hann þeim ekki, af hverju felur hann þær?) Við höfum ekki enn þá birt lista yfir það hverjir verða starfsmenn Byggðastofnunar á Sauðárkróki enda hefur þeim málum ekki verið ráðið til lykta. En þar vona ég að konur verði ráðnar til starfa og að sjónarmið kvenna komist þannig vel til skila ekki síður en karla.

Í því sambandi er vert að geta þess að í því bréfi sem forsrh. skrifaði Byggðastofnun í ágústmánuði sl., ef ég man rétt, var sérstaklega óskað eftir því að Byggðastofnun greindi hin svokölluðu jaðarsvæði í byggðinni. Það vill svo til að þau eru víða viðkvæm, ekki síst að því er varðar atvinnumálefni kvenna og það hefur verið ákveðið að einn starfsmaður norður á Sauðárkróki hafi sérstaklega þann málefnavettvang til umsýslu, og frá mínum bæjardyrum séð færi vel á því að það væri kona. Það er svo fjarri því að einhver karlrembupólitík sé rekin í Byggðastofnun ef yfir það er farið á annað borð.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þá málsgrein sem hér er sennilega tilefni að þessari fyrirspurn, að gerð verði könnun á því hver staða og atvinnuhorfur kvenna á landsbyggðinni eru. Ég minni á í því sambandi að Byggðastofnun hefur látið gera úttekt á margvíslegum viðhorfum sem lýsa þeirri hugsun sem afstaða og aðstaða fólks á landsbyggðinni býr við. Vísa ég þá sérstaklega í rit Stefáns Ólafssonar í þessum efnum. Það er auðvitað af hinu góða að bæta þar við ef þessi afstaða liggur ekki þegar fyrir sem ég treysti mér ekki að fullyrða um í þessu ófullkomna svari mínu, virðulegi þingmaður.

Ég vitna svo til þess sem ég sagði áðan að svör mín byggjast á því sem ég ber með mér eftir hina daglegu umfjöllun um þessi mál og hefðu auðvitað verið miklu skýrari ef ég hefði haft möguleika á því að undirbúa svarið betur

[15:29]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla orðum hv. þm., síðasta ræðumanns, um að ég sæi eftir peningum til bændakvenna. Í ræðu minni mælti ég þvert á móti með því að nýsköpunarnámskeiðum yrði komið á laggirnar fyrir

konur á landsbyggðinni og að sjóðir væru gerðir þeim aðgengilegri og að atvinnuuppbygging á landsbyggðinni færði konum mannsæmandi laun.

Varðandi 21 milljarðinn sem ég gat um þá skal ég skýra það fyrir þingmanninum að hann kom til tals vegna þess að ég var að mæla með því að í öllum stjórnarfrv. kæmi fram mat á jafnréttismálum, svipað mat og kemur fram núna varðandi kostnað við stjórnarfrv. Þá var ég að mæla með því að það mat væri þó betra en kostnaðaráætlun er oft núna. Ég nefndi í því sambandi einmitt það frv. sem liggur fyrir og er til umræðu, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Samantekið má ætla að áhrif frumvarpsins á ríkissjóð, verði það að lögum, nemi um 5,8 millj. kr. árið 1999, allt að 3,3 millj. kr. árið 2000 og 0,8 millj. kr. árið 2001."

Þarna er sem sagt ekkert getið um þann 21 milljarð sem þetta frv. kostar í raun. Ég tel að þeim peningum sé reyndar og verði betur varið öðruvísi, jafnvel þó að hluti af því fari til landbúnaðarins og það væri betur komið, ekki síst til þess að styrkja landbúnaðinn, til menntamála, til heilbrigðismála eða til jafnréttismála.

Ég vil að lokum benda þingmanninum á að við kvennalistakonur erum mjög hlynntar því að betur verði hugað að málefnum bændakvenna, og ég vil segja að fyrsti punkturinn í stefnuskrá okkar um landbúnaðarmál segir:

„Kvennalistinn vill að áhrif kvenna á mótun og stjórnun landbúnaðarins aukist og verði í samræmi við mikilvægi þeirra fyrir þessa atvinnugrein."

[15:32]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gleðiefni að hv. þm. skuli farin að tala aðeins skýrar. Hér kom það betur fram hjá hv. þm. að því fjármagni sem bundið er í búvörusamningnum, sem hefur náttúrlega tvíþætt gildi, bæði að treysta stöðu landbúnaðarins og að draga úr verði til neytenda, væri betur ráðstafað með öðrum hætti, í námskeið, atvinnuráðgjöf og annað slíkt. Ég verð nú að segja alveg eins og er: Ég sé ekki hvaða erindi hv. þm. átti hér í ræðupontuna aftur því að þingmaðurinn staðfesti það sem kom hér fram í ræðu minni áðan, að þetta hefði verið illskiljanlegur málflutningur. Nú hefur þingmaðurinn skýrt þetta betur og segja má að með því hafi þingmaðurinn metið sjálfa sig að verðleikum, að því er varðar afstöðu til sveitakvenna.

[15:33]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð hv. þm. eru nú varla svaraverð. Ég nefndi það í ræðu minni að ég vildi meiri og betri atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Í fyrri ræðu minni ræddi ég ekki um 21 milljarðinn sem leið til þess að fjármagna þetta. Það er þó ágætt að hér er formaður stjórnar Byggðastofnunar og hann kannski hlustar á það. En 21 milljarðurinn kom svona bara í viðbót hérna áðan. Fyrst hann var að gera athugasemdir við þá fjármuni þá tel ég að þeim fjármunum verði betur varið öðruvísi. Þá var ég ekki að tala um að verja þeim í þessi námskeið. Ég tel að fjármunir frá Byggðastofnun gætu t.d. farið í þau. Ég vildi gjarnan koma því á framfæri við formann stjórnarinnar.

[15:34]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði gaman af því þegar þingmaðurinn talaði um Lánatryggingasjóð kvenna. Ég þekki hann. Ég stofnaði hann ásamt viðskrh. og borgarstjóranum í Reykjavík í ársbyrjun 1995. Það er svo önnur saga að sitjandi félmrh. stofnaði hann aftur ári síðar, en þannig er nú pólitíkin.

Mál mitt, sem ég beindi til þingmannsins, var að það er félmn. sem setur það inn í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára að kannað verði af hálfu forsrn. hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Ég beindi því til þingmannsins að þetta væri verkefni sem ég hefði talið að Byggðastofnun hefði átt að vera búin að sinna fyrir löngu.

Mér fannst gott, herra forseti, að hlusta á hv. þm., sem situr í forsæti í stjórn Byggðastofnunar, lýsa því hvað þeir hafa verið að reyna að gera í málefnum kvenna. Hann lýsti mörgum smáverkefnum, eins og hann orðaði það, sem beinast að konum. Það er út af fyrir sig ágætt að það mál er tekið fyrir hér vegna þess að það hverfur yfirleitt í fjöldann í umræðunni um skýrslu Byggðastofnunar. En það var ekki það sem málið snerist um heldur úttektin.

Herra forseti. Ég hef gagnrýnt það að þegar við fjöllum um skýrslu Byggðastofnunar þá kemur ekkert fram um það hvort úrræðið sem gripið var til, fjármögnun verkefna eða annað sem Byggðastofnun er gera, skilaði árangri. Það vantar gæðaúttekt á því hvort að þeim fjármunum, smáum eða stórum, sem Byggðastofnun hefur haft með höndum til þess að veita hinum ólíku stöðum á landinu, hafi verið varið á þann hátt að menn geti sagt: Þennan árangur bar það.

Núna, árið 1998, leggjum við í félmn. Alþingis það til að kannað verði sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni. Það er vel.

[15:36]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt, til að það misskiljist ekki, að taka það fram að ég var ekki að eigna Byggðastofnun frumkvæðið í sambandi við Lánatryggingasjóð kvenna. Ég var einungis að segja að Byggðastofnun hefði verið þátttakandi að ganga frá texta og reyndar í annarri umsýslan í þeim efnum líka, sem ég hef ekki svör um. Það var fjarri því að ég væri að eigna Byggðastofnun þennan sjóð sérstaklega.

Annað í orðum hv. þm. gefur nú ekki sérstakt tilefni til svara hér. Það væri þá helst ábending þingmannsins um að ekki hefðu farið fram sérstakar athuganir á því hvernig fjármunum væri dreift hjá Byggðastofnun. Það eru ekki nein sérstök vandamál við að fá upplýsingar um það. Þar verður þó að vera betri tími og ráðrúm heldur en ég hefi hér til umráða.

Að öðru leyti minni ég á það sem ég sagði áðan að það hafa verið gerðar mjög mikilvægar kannanir á viðhorfum fólksins, einmitt á þessum svæðum sem veikust eru. Ég endurtek það.

[15:38]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með þingmanninum að það hefur lítinn tilgang hjá okkur að vera með skoðanaskipti. Staðreyndin er sú að hér er komin fram tillaga og hún er mikilvæg. Mér finnst þó að það hefði átt að gera þessa úttekt á vegum Byggðastofnunar fyrr, miðað við mínar hugmyndir um Byggðastofnun og að ég ætlast til að hún sé allan tímann á vaktinni varðandi samfélagsþróun og hvaða áhrif samfélagsþróunin hefur fyrir karla og konur.

Hið mikilvæga í þessari tillögu er að þessari könnun á að ljúka fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar á að leggja fram tillögur til úrbóta sem miða munu að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni. Það er jafnframt mikilvægt að í árslok, þegar þessar tillögur liggja fyrir, þá munum við vonandi ræða þær aðgerðir sem grípa á til og hvaða framtíðarsýn við getum búist við í kjölfarið á þessari könnun og vegna þeirra tillagna sem Byggðastofnun leggur til. Það er gott að þingmaðurinn, sem er í forsæti stjórnar Byggðastofnunar, hefur verið hér í dag og tekið þátt í umræðunni, skuli nú þegar vita hvað bíður Byggðastofnunar og geti jafnvel strax látið vita að það þurfi að undirbúa það sem fyrir liggur, þannig að það sé alveg ljóst að tillögurnar liggi fyrir í árslok 1998.

[15:40]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú skýrt það hvernig tekið yrði á þessu máli ef það bærist til stjórnar Byggðastofnunar. Það, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, yrði unnið þannig að þróunarsviðið, sem tekur til starfa eftir einn mánuð norður á Sauðárkróki, kæmi til með að fjalla um þetta mál. Því hafði ég nú reyndar lýst og þarf ekki að endurtaka það sem slíkt.

Vegna þeirra orða þingmannsins að Byggðastofnun hafi ekki unnið þetta verk þó það væri að áliti þingmannsins í hennar verkahring, þá gilda um Byggðastofnun sérstök lög. Það er á grundvelli þeirra laga sem Byggðastofnun starfar en ekki sérstaklega á grundvelli skoðana einstakra þingmanna, þó að þær geti verið hinar bestu og verðmætustu. Þannig ganga málin fyrir sig. Það er kannski vert að geta þess í þessu samhengi að með jafnskýrum rökum mætti spyrja hvers vegna í ósköpunum þingmaðurinn, meðan hún átti sæti í ríkisstjórn Íslands, lét þessi verk ekki ganga fram?

Ég hef mikið og gott álit á hv. þm. og ég verð að segja að mér finnst það afar þægilegt, sem stjórnarformaður Byggðastofnunar, að þingmaðurinn skuli gera meiri kröfur til stofnunarinnar í þessum efnum en til ráðuneytis síns, meðan völdin voru í höndum hennar.

[15:43]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns ítreka að ég styð að sjálfsögðu þá þáltill. sem hér liggur frammi, enda einn af nefndarmönnum. Ég hef undirritað nál. og unnið að því. Ég vara samt við því að gera of miklar væntingar til áætlunar sem þessarar. Ég minni á margar aðrar áætlanir sem gerðar hafa verið af hálfu stjórnvalda, bæði ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta og sveitarstjórna einnig. Þar er skemmst að minnast þess að Reykjavíkurborg, undir forustu Reykjavíkurlistans, gerði sérstaka áætlun um launajafnrétti á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í ljós hefur komið að ekki hefur tekist að ná því jafnrétti fram þrátt fyrir góðan vilja, að ég tel. Það ótrúlega gerðist, að launamunurinn virtist aukast milli kynjanna ef eitthvað var. Það var ekki vegna þess að fólk hefði ekki sömu laun fyrir sömu vinnu heldur er það þannig að karlarnir taka á sig fleiri aukatíma en konurnar og virðast með þeim hætti geta náð betri launum en konur.

Þá komum við náttúrlega að því sem mestu skiptir og við minntumst á hér áðan, þ.e. uppeldisaðstæðum og því hvernig heimilin og fjölskyldan elur börn sín upp til framtíðarstarfa innan þjóðfélagsins. Til hvers er ætlast af bæði drengjum og stúlkum þegar kemur að því að fara út á hinn almenna vinnumarkað? Hvernig velja konur sér vettvang í námi? Hvernig velja karlar sé vettvang í starfi og námi? Allt byrjar þetta á heimilunum og hefur gert alla tíð. Að sjálfsögðu er jafnréttisumræðan ekki mjög gömul sem slík, enda hefur jafnréttið einvörðungu byggst upp á því að framfleyta heimilinu þannig að sá sem þurfti að vera utan heimilis var í flestum tilfellum karlmaðurinn. Konan sneri sér hins vegar að því að ala upp börnin og sinna þeim hlutverkum sem fylgt hafa konum æ síðan.

Sem betur fer hefur þetta breyst mjög mikið á undanförnum árum og er ekki á neinn hátt hægt að segja annað en að konur hafi tekið fulla ábyrgð á öllum þeim störfum sem til falla og reynt með ýmsu móti að koma sér áfram í því kerfi sem við lýði er. Þar má kannski sérstaklega benda á, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, að hlutfall menntaðra kvenna í atvinnulífi Íslendinga hefur aukist, og í skólakerfinu útskrifast miklu fleiri konur í dag en karlar, sem beinir huga okkar kannski ekki að því að konur séu að ná körlum heldur eru konur að fara langt fram úr körlum að þessu leyti og við þurfum kannski líka að hafa áhyggjur af þeirri þróun, hvert sá þáttur mannlífsins stefnir.

Ég held, herra forseti, að þegar við lítum á þær aðgerðir sem hafa verið gerðar hafi þær sýnt okkur að það er fyrst og fremst hugarfarið, viljinn og áhuginn á breytingum sem skiptir máli og þá innan fjölskyldnanna sjálfra.

Herra forseti. Varðandi hugmyndir eins og komið hafa fram mjög víða t.d. í sambandi við jafnrétti í pólitík og jafnrétti í atvinnulífinu, eins og mér heyrist hafa komið fram hjá kvennalistakonum um að nauðsynlega þurfi að skapa einhver sérstök störf sem falla að áhugasviði kvenna. Hvað er það sem fellur sérstaklega að áhugasviði kvenna? Og ég spyr: Er það að áhugasviði kvenna á Íslandi? Víða erlendis þekkist það að konur stunda sjóinn nánast alveg jafnt og karlar. Við þekkjum að erlendis stunda konur atvinnu sem kallast ekki kvennastörf hér, eins og að gerast múrarar, vélsmiðir eða iðnaðarmenn á öllum mögulegum sviðum. Það hefur tíðkast í mörgum löndum að konur sinni þessum störfum engu síður en karlar. En á Íslandi er einhvern veginn önnur áhersla á störf kvenna og það hefur ekki náðst, að mér finnst, að skapa áhuga kvenna á störfum t.d. í stóriðju, sem ég held að geti fallið vel að þörfum þeirra og það þurfi einungis að breyta hugarfarinu.

Mér hefur alltaf fundist að konur beini öllum sínum þunga í að ná jafnrétti í pólitík eða jafnrétti í stjórnun fyrirtækja eða mjög fámennum geirum þar sem í raun er ekki hægt með neinum rétti með því að þvinga inn konur og henda um leið út karlmönnum. Það er nefnilega engin aðferð, slíkt handafl gengur ekki. Því að á bak við hvern karl er kona og á bak við hverja konu er karl þannig að allir þurfa að endingu að standa saman. Þess vegna segi ég, herra forseti, að það þurfi að beina huga okkar miklu frekar að því að efla sjálfsvitund kvenna að þessu leyti eins og mér hefur fundist takast ágætlega í pólitík á Íslandi án þess að vera með einhverjar sérstakar aðgerðir til að koma þeim á framfæri umfram karlana.

Það eimir heilmikið eftir af því enn þá að sérstakar aðgerðir þurfi til að koma konum að í pólitík. Ég samþykkti í félmn. að sérstakt fé yrði lagt til svo hægt væri að gera konur sýnilegri í pólitík fyrir næstu kosningar og kosningar yfirleitt, væntanlega þá til að koma þeim eitthvað framar en körlum. En þegar við lítum á sviðið og áttum okkur á hvernig konum hefur gengið í pólitík þar sem þær hafa á annað borð haft áhuga, þá hefur sem betur fer komið í ljós að þær hafa sannarlega sýnt það að þær ná að verma efstu

sæti lista í flokkum sínum, þó um hefðbundna karlaflokka sé að ræða, eins og talað er um. Við getum tekið Framsfl. og hæstv. heilbrrh., sem er kona eins og allir vita, og hefur náð æðstu metorðum í flokki sínum án þess að þurfa neinar sérstakar aðgerðir til eða sérstaka hjálp aðra en hæfileika sína og áhuga á því að vera stjórnmálamaður.

Þess vegna vil ég vara, herra forseti, dálítið við því að verið sé að stofna sérstaka sjóði fyrir konur í pólitík eða fyrir konur í atvinnulífinu því að mér finnst að verið sé að gera lítið úr möguleikum og krafti kvenna og mér finnst jafnvel að verið sé að skerða ímynd kvenna í augum almennings með slíkum séraðgerðum.

Herra forseti. Að öðru leyti get ég að sjálfsögðu samþykkt allt sem kemur fram í þessari áætlun. Að sjálfsögðu vilja allir, og það er bundið í stjórnarskrá, að allir hafi jafnan rétt til náms, jafnan rétt til vinnu og til menntunar og enginn, ekki einn einasti maður vill horfa upp á ofbeldi eða misnotkun af neinu tagi á fólki eða öðru, þannig að að því leytinu til erum við öll sammála. Ég held að Íslendingar séu almennt mjög jafnréttislega sinnaðir og það hefur að mínu viti komið fram í sögunni og sést í Íslendingasögunum að alls staðar er mikil virðing gagnvart konum og þeirra hlutur yfirleitt gerður mikill, sem betur fer, auðvitað misjafnlega mikill en í flestum tilfellum mikill, og þess vegna held ég að þegar konur og fjölskyldur þeirra hafa ákveðið að hlutverk þeirra eigi að vera annað en hið hefðbundna sem tíðkast hefur verði þátttaka þeirra í jöfnum hlutföllum við karla þegar upp er staðið.

[15:54]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á orð hv. þm. Hann nefndi áðan að víða erlendis stæðu konur jafnfætis körlum í sjávarútvegi. Ég vil gjarnan fá að vita í hvaða landi það er. Mér er kunnugt um að konur stunduðu sjóinn líklega í meira mæli hér á landi en þær gera nú. En t.d. í Noregi þar sem gjafakvótakerfi tíðkast eins og hér hefur þetta verið gert að sérstöku pólitísku máli, bæði að stuðla að því að konur fái stöður á frystitogurum sem eru mjög vel launuð störf fyrir utan það að komið hefur í ljós að það breytir verulega andrúmsloftinu og umgengni um borð. Einnig hefur verið gert sérstakt átak í því að konur eignist kvóta og það þykir bara sjálfsagt réttlætismál að þau 50% þjóðarinnar fái íhlutunarrétt í kvótagjöf. Því miður hefur ekki náðst upp slík umræða hér en ég mundi svo sannarlega fagna því.

En varðandi það að konur leiti í pólitík og stjórnunarstörf þá er ég sammála hv. þm. að því leyti að það er auðvitað allt of einhliða. En vissulega er hugsunin sú að ef konur kæmust þar inn opni þær brautina fyrir konur í nefndir og ráð og inn í atvinnulífið almennt, m.a. að stjórnir sjóða verði þannig að þeir höfði jafnt til kvenna og karla.

Að síðustu vil ég ítreka að ég er sammála þingmanninum um að auðvitað væri æskilegt að kynskipting vinnumarkaðarins hyrfi. En því miður er það ekki enn þá þannig, og við erum líklega sammála um að til þess að svo verði þurfi verulega að jafna launamun kynjanna og taka upp fræðslu um jafnréttismál í skólum.

[15:56]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sem sjómaður oft þvælst um í höfnum erlendis og hef séð að það er dálítið misjafnt eftir löndum hve mikið af konum er um borð í skipum. Mér hefur fundist áberandi mikið af konum um borð í rússnenskum skipum og skipum frá austantjaldslöndunum og ég er þá fyrst og fremst með það í huga. Ég hef reyndar enga könnun á bak við það en ég veit að það er töluverður hópur kvenna um borð í slíkum skipum. Ég ætla ekki að segja að það sé nákvæmlega jafnstór hluti og karla en það sýnir samt að þetta er allt saman hægt.

En auðvitað er það oft erfitt fyrir konur að vera um borð í skipum, sérstaklega ef fjölskylda eða börn eru með í spilinu. Það getur að sjálfsögðu verið erfitt, en það getur nú svo sem alveg eins verið jafnerfitt fyrir karla að vera um borð. Auðvitað gæti það líka verið staðan að konan væri á sjó en karlinn í landi að hugsa um barnið. En vilja konur það? Ég hugsa að margir karlar mundu vilja það.

Ég minni bara á það, af því að við erum að ræða á þessum nótum, að mörgum körlum finnst í dag að hlutur þeirra hvað varðar jafnrétti um yfirráð yfir börnum sínum sé mjög skertur. Ég held reyndar að það sé almennur skilningur á því í þjóðfélaginu að það sé því miður orðið þannig, en menn reyna að sameinast um að breyta því.

Konur munu eignast kvóta og hafa margar eignast kvóta, ekki af því að þær hafi verið á sjó heldur vegna þess að þær hafa verið giftar sjómönnum eða skipstjórnarmönnum sem hafa átt aflaheimildir og þær hafi síðan skipst á milli þeirra t.d. við skilnað. En ég hef ekki lengri tíma til að ræða það, herra forseti.

[15:59]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mjög gaman að ræða þessi mál og fara út í skilnaðarkvótann og þau mál. En það er vissulega rétt og er alvarlegt umhugsunarefni hvernig farið er að binda gjafakvótakerfið, þ.e. kona þarf að vera gift eða dóttir sægreifa til þess að eiga möguleika að eignast kvóta. Ég nefni þetta ekki síst vegna þess að ég hlustaði nýlega á mjög fróðlegt erindi Sæunnar frá Ólafsfirði þar sem hún var að lýsa því hvernig hún og fjölskylda hennar komust yfir þau — ég veit ekki hvað ég á að segja — auðæfi eða komust inn í sjávarútveginn í kringum 1980. Það var vissulega mjög fróðleg og skemmtileg saga. En því miður er þetta ekki mögulegt fyrir konur í dag og ég tel það ekki viðunandi að eina leiðin fyrir konur eða ungt fólk og nýliða yfirleitt til að komast inn í sjávarútveginn sé í gegnum erfðatengsl eða giftingar. Þessi grein þarf auðvitað að vera opnari fyrir nýliða.

[16:00]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki mikið um þetta að segja. Að sjálfsögðu eru allir jafnir í dag til þess að eignast kvóta og kaupa hlut í fyrirtækjum sem stunda sjávarútveg. Það er fullt af fyrirtækjum á markaði í dag sem eru með hlutabréf til sölu.

Að sjálfsögðu hefur þetta verið meira í höndum karla fram að þessu vegna þess að upphafleg skipting var miðuð við skip sem voru í eigu eða undir stjórn karla. Eins og við höfum rætt hér hafa konur ekki haft áhuga á sjávarútvegi. Þær hafa ekki talið henta sér að vera um borð í skipum yfirleitt. Reyndar hafa konur verið um borð í farskipum á Íslandi en mjög sjaldan um borð í fiskiskipum. Þó hefur það oft sést að sjálfsögðu og ég hef verið á skipum þar sem konur hafa verið um borð og sinnt ýmsum störfum, þó aðallega sem kokkar.

En ég held að ekki sé hægt að ásaka karlmenn um hvernig þessum málum er komið í dag. Að sjálfsögðu var þetta tíðarandinn og þær aðstæður sem menn höfðu búið við alla tíð. En ég sé ekki annað en að þetta sé að breytast og ef

við ræðum um sjávarútvegskerfið sem slíkt er það jafnopið fyrir karla sem konur. En hvort það sé orðið mögulegt fyrir einhverja að koma inn nýja til þess að byrja í útgerð þá er það náttúrlega erfitt og þá sérstaklega þegar um er að ræða skömmtunarkerfi, sama í hvaða formi það er, hvort um væri að ræða sóknarkerfi eða aflastýringarkerfi eins og við nýtum. Ég reikna með því, herra forseti, að við getum rætt aflastýringarkerfi og kvóta almennt síðar.

[16:02]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Undir lok umræðunnar vil ég fá að leggja nokkur orð í belg. Fyrst vil ég þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu á tillögunni.

Það er náttúrlega mikil fjarstæða sem hefur verið haldið fram að þessi tillaga hafi ekki verið eitthvert forgangsmál frá hendi ráðuneytisins. Hún var lögð fram fyrir jól og hefur verið alllengi í hv. félmn., sem hafði að vísu líka önnur forgangsmál, bæði sveitarstjórnarlög og húsnæðismál sem þurfti að afgreiða fyrir vorið og í þau fór mikill tími. En ég vænti þess að tillagan sé það vel unnin að mikill fengur sé að henni og samþykkt hennar.

Mjög mikil vinna var lögð í undirbúning tillögunnar. Í öllum kjördæmum landsins voru ákaflega fróðlegir og góðir fundir til þess að undirbúa tillögugerðina, til að leita að hugmyndum og til að reyna að örva jafnréttisumræðu um land allt. Mér finnst að það hafi verið ljóður á jafnréttisumræðunni að hún hefur verið einangruð við tiltölulega þröngan hóp. Hún hefur ekki orðið nógu almenn og á þessum fundum úti um land eða í hinum ýmsu kjördæmum þar fengum við ýmsar af þeim hugmyndum sem hér eru að birtast.

Síðan var tillagan tekin til mjög nákvæmrar skoðunar í ríkisstjórn og ráðuneytum áður en hún var lögð fram. Sumir ráðherrarnir lögðu mikla vinnu í að endurskoða kafla um ráðuneyti sín og bæta við og breyta. Gildi tillögunnar er fyrst og fremst það að allir núv. ráðherrar eru fúsir til að vinna að þeim verkefnum sem eru tilgreind í tillögunni. Nú veit ég ekki hvort svo er um þau verkefni sem félmn. bætti við, þ.e. þær brtt. sem nefndin gerði, a.m.k. hef ég ekki borið þær undir hina ráðherrana. En fyrir mitt leyti get ég ágætlega fallist á þær hugmyndir sem þar er hreyft.

Ég tek það fram vegna þess sem hér hefur verið sagt að jafnréttismál eru alls ekki á nokkurn hátt á neinum útjaðri í félmrn. eða nein hornreka að neinu leyti. Þar er unnið að jafnréttismálum af miklum þrótti og við höfum gott fólk til þess að vinna að því með víðtæka þekkingu á jafnréttismálum, reynslu og frjóar hugmyndir. Ég tel að jafnréttismálum sé vel fyrir komið í félmrn. og vil hafa þau í félmrn. og tími ekki að sjá af þeim til forsrh. meðan ég gegni þessu starfi.

Varðandi einstaka þætti sem hefur verið minnst á vil ég minna á, vegna orðaskipta sem urðu áðan um jafnréttisnámskeið eða jafnréttisfræðslu í fjmrn., að eitt af verkefnum sem tiltekin eru á verkefnasviði félmrn., verkefni nr. 3.2, er fræðsla um jafnréttismál:

„Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög."

Það er sem sagt ekki verið að einangra þessa fræðslu við fjmrn. eins og mér fannst koma fram hjá einum ræðumanni í dag.

Líka er rétt að benda á, og það finnst mér mjög spennandi verkefni sem er á vegum félmrn. og merkt 3.3, þar segir:

„Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku í almennu stjórnmálastarfi."

Þetta tel ég að sé mjög mikilvægt lykilatriði, að fá fleiri konur til að gefa sig að stjórnmálastarfi. Allt of fáar konur gefa sig að hinu venjulega stjórnmálastarfi. Þegar maður boðar til stjórnmálafunda, hvar sem er á landinu, er það segin saga að þorri fundarmanna eru karlar. Þeir sem taka þátt í grasrótarstarfinu, þeir sem sýna pólitíkinni áhuga, verða náttúrlega að öðru jöfnu þeir sem standa best að vígi að taka við trúnaðarstörfum þegar þarf að skipa í þau.

Ég hef því miklu meiri trú á að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í stjórnmálum með því að örva þær til að taka þátt í hinu almenna starfi frekar en að þær geti ætlast til þess að hoppa inn á toppinn einn góðan veðurdag án þess að hafa unnið að grasrótarstarfinu áður.

Þessi verkefnaáætlun er fyrst og fremst fyrir ríkisstjórnina og ráðuneytin. Hlutur sveitarfélaganna liggur eftir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þau sinni að sínu leytinu jafnréttismálum með sama hætti eða hliðstæðum hætti og ríkisstjórnin ætlar að gera. Raunar er rétt að geta þess að sum ráðuneytin hafa þegar komið sér upp ágætum jafnréttisáætlunum sem ég vænti að verði til góðs. Það hafa reyndar sum bæjarfélög gert líka.

Ég nefni utanrrn. sem hefur gengið frá mjög metnaðarfullri jafnréttisáætlun og ég nefni Ísafjarðarbæ. Eitt af síðustu verkum síðustu bæjarstjórnar á Ísafirði var að ganga frá jafnréttisáætlun.

Rétt er að það komi fram að fyrir þinglok mun ég leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd síðustu jafnréttisáætlunar. Ég harma að hafa ekki verið búinn að því áður en umræðan fór fram en það hafa orðið á því tafir, m.a. vegna fjarvista starfsmanna sem hafa verið útlöndum og þess vegna seinkaði því um einhverja daga að ég gæti lagt skýrsluna fram en þar er farið yfir hvernig síðasta jafnréttisáætlun hefur verið framkvæmd.

Ég vil líka segja frá því að næsta haust á ég von á því að geta lagt fyrir Alþingi endurskoðuð jafnréttislög og vænti þess að það verði eitt af aðalmálunum sem ég hyggst beita mér fyrir á næsta vetri.

Enn fremur er ástæða til að taka fram að farið er að vinna af fullum krafti eftir ályktun Alþingis um fjölskyldustefnu og fjölskylduráð hefur verið skipað og það er tekið til starfa. Ég vil líka láta þess getið að alltaf þegar óskað er tilnefninga í nefndir eða ráð þá er í bréfinu minnt á 12. gr. jafnréttislaga. Það er alveg fastur liður. Ég hef farið fram á það við samráðherra mína að þeir geri slíkt hið sama. Raunar er félmrn. eina ráðuneytið sem hefur náð því að hafa 40% hlutfall kvenna í nefndum og ráðum en við rétt fljótum yfir 40%. Ég þarf ekki að taka fram að hlutur kvenna í félmrn. er mjög góður og tveir þriðju hlutar starfsmanna eru konur. Ég var í huganum að fara yfir nýráðningar sem hafa verið þar í minni tíð og eftir því sem mér telst til hef ég staðið fyrir ráðningu sex kvenna og þriggja karla í ráðuneytið. Hlutfallið hefur því a.m.k. ekki versnað síðan ég kom í ráðuneytið.

Hér var rætt um fóstureyðingar og ég get alveg tekið undir að þær upplýsingar sem fram komu um tíðni fóstureyðinga fyrir skömmu vekja manni beinlínis ugg. Ég held að fullkomin ástæða sé til þess að kanna það kannski fyrst og fremst á vettvangi heilbrrn. hvað hægt er að gera til þess

að draga úr þessari miklu tíðni. Ég hef ekki trú á því að félagslegar ástæður séu þarna yfirgnæfandi. Ég held að þorri fóstureyðinga sé ekki fyrst og fremst til kominn út af fátækt eða bágum kringumstæðum. En þetta er sannarlega atriði sem er ástæða til þess að staldra við og athuga hvort ekki er hægt að gera eitthvað til úrbóta því að þetta er ekki gott til afspurnar.

Varðandi atvinnumál kvenna hefur verið beitt nokkrum sértækum úrræðum til að lagfæra þau mál. Búið er að setja á fót Lánatryggingasjóð kvenna. Hann er tekinn til starfa sem samvinnuverkefni félmrn., iðnrn., viðskrn. og Reykjavíkurborgar. Við höfum ofurlitla fjármuni á fjárlögum á ári hverju til að veita til atvinnumála kvenna, til að styrkja þær til að koma á fót atvinnustarfsemi. Á þessum vetri var stofnað embætti jafnréttisfulltrúa sem á líka að sinna atvinnumálum kvenna og fyrir tæpri viku ákvað ríkisstjórnin að tillögu minni að setja nefnd fimm ráðuneyta á fót til að leita úrbóta vegna atvinnuleysis á Norðurlandi vestra. Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra er að miklum meiri hluta atvinnuleysi kvenna.

Ég þakka sem sagt fyrir. Ég fagna því mjög að þessi framkvæmdaáætlun hlýtur afgreiðslu á þessu þingi, ég var orðinn nokkuð óttasleginn um að hún dagaði uppi. Ég vissi hins vegar um góðan vilja formannsins til þess að klára þetta mál líka og ég er mjög þakklátur fyrir að þetta skuli hafa tekist svo vel.

Ég tek einnig fram að ég tel að það sé of snemmt fyrir hv. 5. þm. Reykjaness að hlakka yfir því að þetta sé síðasta árið mitt á ráðherrastóli. Það er ekki hennar að ákveða það. Það getur vel svo farið að ár mín á ráðherrastóli verði eitthvað fleiri en þetta sem nú er nýbyrjað. En það er síðasta ár á þessu kjörtímabili, á það get ég fallist.

[16:17]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það sé þess vert að þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa áætlun. Ég vil láta það koma í ljós að ég er í grófum atriðum mjög ánægð með hana og fagna því að til standi að endurskoða jafnréttislögin. Meðal þess sem hann hefur gert vel er ágætis rit, Peking-áætlunin á Íslandi, sem félmrn. hefur gefið út.

Eitt í ræðu hans minnti mig á að ákvæðin um að ráðuneyti og ríkisstofnanir gerðu jafnréttisáætlanir eru núna fallin út og það voru aðal vonbrigði mín þegar ég las þessa áætlun. Ég veit að ýmsar stofnanir tóku þetta alvarlega, t.d., eins og hæstv. félmrh. nefndi, Ísafjarðarbær og utanrrn. Ég held að það hefði orðið verulega til bóta ef þetta ákvæði hefði verið inni. Ég veit um ríkisstofnanir, þ.e. Háskóla Íslands og fleiri, sem urðu fyrir vonbrigðum með að þetta væri ekki eins skýrt orðað í þessari áætlun eins og það var í þeirri fyrri. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna þetta var tekið út.

[16:18]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Satt að segja er ég ekki maður til að upplýsa það, þ.e. af hverju þetta er ekki í áætluninni. Mér fyndist að það hefði átt þar heima. Það er a.m.k. alls ekki gert að neinni kröfu minni að taka þetta út. Ég tel að það sé vel íhugandi fyrir ráðuneytin að gera jafnréttisáætlanir. Ég er alveg tilbúinn að nefna það við samráðherra mína.

[16:19]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessi mikilvægu svör. Það kom fram í máli ráðherra hér áðan að Ísafjarðarbær hefði gert jafnréttisáætlun. Ég vil í því sambandi benda á að þar hafa m.a. kvennalistakonur verið við stjórn bæjarins. Í könnun Jafnréttisráðs hefur komið fram að þar sem kvennalistakonur koma að stjórnun bæjarfélaga þá hefur gengið betur í jafnréttismálum en annars staðar, m.a. með því að gera jafnréttisáætlanir.

Ég fagna aftur orðum hæstv. ráðherra og vona að ráðuneytin svo og stofnanir ríkisins verði hvött til þess að gera jafnréttisáætlanir.

[16:19]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður félmn. benti mér á að það væri sinn skilningur að þetta væri dekkað í brtt. nefndarinnar, þ.e. í f-lið þar sem ráðuneytin eru talin upp. Síðan segir í niðurlagi brtt.:

„Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu til yfirmanna og annarra starfsmanna."

Þarna er ég sammála formanni félmn., hv. 14. þm. Reykv., um að sett sé undir þennan leka.

[16:20]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met það að ráðherrann gerir sér grein fyrir því að það var ekki sjálfgefið að þetta mál væri afgreitt úr félmn., hef rakið það og endurtek það ekki. Það er mjög margt gott í þessari áætlun enda byggir hún á fyrri áætlunum. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hafa verið haldnir fundir í öllum kjördæmum og margt af okkar fólki tekið þátt í því og þverpólitísk vinna þarna að baki.

Ég spurði ráðherrann um þennan f-lið í tillögu 4.6, hvort ekki mætti líta svo á að hann mundi láta vinna jafnréttisáætlanir út frá þessari tillögu. Hann svaraði því ekki en ég tel að það svar sem hann gaf hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur sé þess eðlis að ég geng út frá því sem vísu.

Að öðru leyti varðandi gagnrýni mína á vinnubrögð og ýmislegt sem ég gagnrýndi ráðherrann fyrir í dag þá er ekkert í máli hans sem breytir henni, hún var réttmæt. Ég þakka samt fyrir góða umræðu hér og tek undir það með þeim sem fjallað hafa um ályktunina sem slíka. Hún verður vonandi mikilvægt gagn, þó að fyrst og fremst skipti máli að orð verði að athöfnum.

[16:22]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að vinnubrögðin við gerð þessarar framkvæmdaáætlunar hafi verið til fyrirmyndar. Ég tel að vinnubrögð nefndarinnar hafi líka verið góð. Að vísu gafst henni kannski ekki allur sá tími sem hún hefði e.t.v. viljað taka í yfirferð á þessu máli þar sem annað mál, þ.e. sveitarstjórnarlögin, tók ótrúlega langan tíma í meðferð nefndarinnar. Hv. 5. þm. Reykjaness lét ekki sinn hlut eftir liggja í þeirri umræðu. En það er orsökin fyrir því að hv. félmn. lenti í tímaþröng við þessa afgreiðslu.

[16:23]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að reyna að vera málefnaleg í andsvari mínu og ætla ekki að lengja þessa umræðu. Að vanda valdi hæstv. félmrh. að reyna að koma höggi undir beltisstað.

Ég vil upplýsa að ekkert í mínum vinnubrögðum í félmn. tafði þetta stóra mál, sem tók ásamt húsnæðismálunum allan tíma nefndarinnar ásamt fleiru. Það var hann sem réð forganginum.

Hitt er svo annað mál að þegar málið var afgreitt, þá var enn þá eftir að fá álit allshn. Við urðum því, herra forseti, að halda þrjá fundi á milli 2. og 3. umræðu til þess að fara yfir það sem ekki hafði unnist tími til að ganga frá og afgreiða úr nefndinni þegar málið var tekið þaðan. Á því, herra forseti, bar formaður nefndarinnar alls ekki ábyrgð. Hennar framganga í málinu var til sóma.

Ég harma að þurfa að enda orð mín um framkvæmdaáætlun með þessum hætti en það er félmrh. sem kallar það fram.

[16:24]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt er gott sem endar vel. Öll þessi mikilvægu mál eru nú afgreidd úr hv. félmn. og ná afgreiðslu hér á þinginu. Það er nú það sem mér finnst standa upp úr.

[16:25]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu umræður sem fram hafa farið hér í dag og ekki síst að takast skyldi að beina athyglinni að atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Það er stórt og mikið mál og mikil þörf á að skoða hvað gerst hefur þar á undanförnum árum og hvað kann að vera fram undan.

Ég vildi koma hingað í ræðustólinn við lok þessarar umræðu vegna þeirra ummæla sem hér féllu áðan varðandi jafnréttisáætlanir ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ég vil að það komi skýrt fram að sú tillaga sem finna má í f-lið brtt. frá félmn. felur í sér að hvert einasta ráðuneyti skal hafa jafnréttisnefnd innan sinna vébanda og jafnframt þær stofnanir sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Verkefni þessara nefnda er að kanna stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna.

Slík áætlun getur ekki þýtt annað en jafnréttisáætlun. Síðan er bent á að það verði m.a. gert með markvissri fræðslu til yfirmanna og annarra starfsmanna. Það má auðvitað hugsa sér ýmsar aðrar leiðir, beinar ákvarðanir ef viljinn er fyrir hendi. Ég lít því svo á að þetta mál sé í höfn. Það er auðvitað verið að gera kannanir á stöðunni til þess að grípa til einhverra úrbóta. Samkvæmt þessu þá ber þeim skylda til þess, öllum ráðuneytum og þeim stofnunum sem undir þau heyra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almannatryggingar, 3. umr.*

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381.

[16:27]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra er genginn í salinn. Eins þeir þekkja, sem hafa fjallað um það frv. sem hér er til 3. umr., þá eru hér lagðar til ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar frá árinu 1993 til að leiðrétta ýmsa agnúa og vankanta sem í ljós kom að voru á lögunum og ástæða þótti til þess að sníða af.

Eins og menn þekkja eru almannatryggingalögin að grunninum frá 1971. Ekki hefur farið fram heildarendurskoðun á þeim lögum síðan þá og oft hefur verið vakin athygli á því að víða eru reglur almannatrygginganna mjög ósanngjarnar og óréttlátar.

Það er ánægjuefni að svo gott samkomulag skuli hafa náðst um þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. Margar af þeim tillögum að breytingum á lögunum og frv. sem mælt hefur verið fyrir hér í þinginu, hafa því miður stöðvast í nefndinni og ekki orðið að lögum. Þess vegna vil ég vekja athygli á því að það er löngu tímabært að þessi lög, almannatryggingalögin og lögin um félagslega aðstoð, verði endurskoðuð í heild.

En, herra forseti, ég kveð mér hér hljóðs vegna brtt. á þskj. 1381, 348. máli, sem er brtt. við almannatryggingalögin, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Brtt. er auk mín lögð fram af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við leggjum til að á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðast svo:

„Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega."

Þessi brtt. er komin fram vegna þess að hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni og mikið óréttlæti. Nokkrum sinnum hefur verið vakin athygli á því við þingmenn og Alþingi að taka verði á þessu máli og kveða skýrt að orði um það hvernig þessum málum er háttað, síðast í áliti frá umboðsmanni Alþingis upp á 27 síður sem hann sendi frá sér þann 13. apríl sl.

Eiginlega má segja að með framkvæmdinni á þessari grein almannatryggingalaganna, um það hvernig tekjutryggingin skerðist, sé verið að troða fótum mannréttindi öryrkja. Þegar maður talar um mannréttindabrot koma yfirleitt upp í hugann fjarlæg lönd þar sem menn búa við frumstætt réttarfar. Það hvarflar ekki að manni að það geti verið að mannréttindi séu brotin í landi eins og okkar, landi sem býr við velferðarkerfi samhjálpar og jafnaðar en því miður virðist svo vera.

Það er fjöldi fólks sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, sem nýtur ekki mannréttinda sem það ætti að njóta samkvæmt alþjóðasamningum og þeim sáttmálum sem við Íslendingar höfum undirgengist sem lýðræðisþjóð í samfélagi þjóða. Þetta eru lífeyrisþegar sem búa við þá ómannúðlegu reglu að tekjur maka skerði tekjutryggingu þeirra í almannatryggingakerfinu. Eins og reglurnar eru nú í framkvæmd er greiðslum til öryrkja þannig háttað að þeim er nánast gert ómögulegt að stofna til fjölskyldu eða hefja sambúð með heilbrigðu fólki. Í sambúð getur öryrki eða lífeyrisþegi aðeins fengið að hámarki rúmar 43 þús. kr. úr tryggingakerfinu og það að því tilskildu að maki hans fái ekki yfir rúmar 38 þús. kr. í laun. Ef laun makans fara yfir 38 þús. kr. byrja tekjur lífeyrisþegans að skerðast, þá byrja þær 43 þús. kr., sem lífeyrisþeginn fær úr almannatryggingakerfinu, að skerðast.

Það sér hver sem sjá vill að fjölskylda með þessar tekjur getur ekki framfleytt sér. Fjölskylda í þessari stöðu getur ekki séð sér farborða og það kallar á það að makinn, sem er vinnufær, verður að afla meiri tekna.

Reglurnar eru einnig þannig að fari tekjur makans yfir tæplega 166 þús. kr. á mánuði fær öryrkinn enga tekjutrygg-

ingu frá velferðarkerfinu. Það verður að segja það, herra forseti, að þetta gengur þvert á þær réttarhugmyndir sem gilda um ýmsar aðrar bætur í velferðarkerfinu eins og atvinnuleysistryggingabætur, eins og lífeyrissjóðsgreiðslur og ýmsar aðrar tryggingabætur. Þessar bætur miðast allar við einstakling og eru greiddar óháð tekjum maka þess sem á í hlut. Ef menn missa atvinnuna fá menn atvinnuleysisbæturnar óháð tekjum maka. En séu menn svo óheppnir að missa heilsuna og starfsþrekið eru bæturnar tengdar tekjum makans eða sambýlings og framfærslunni, tryggingaskyldunni, er varpað yfir á makann.

Ég spyr, herra forseti, er það réttlæti að aðrar reglur gildi um stuðning samfélagsins við þann sem missir vinnuna en þann sem missir starfsorkuna? Er það réttlæti? Auðvitað er það óréttlæti sem allir geta verið sammála um. Það er alveg ljóst.

Lengi hefur verið vitað að þetta skerðingarákvæði sem hér er til umræðu er andstætt lögum, og hvorki Tryggingastofnun ríkisins né heilbrm. hafa getað rökstutt þetta ákvæði eða þessa reglu með vísan til laga. Þann 13. apríl sl. sendi umboðsmaður Alþingis frá sér álit í tilefni af kvörtun Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrennis, frá 1. júní 1996. Þar er kvartað yfir skerðingarákvæðunum í 4. gr. reglugerðar frá 1995 um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. En félagið, Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri, telur þessa reglugerð ekki eiga sér stoð í lögum.

Í tæp tvö ár hefur þessi kvörtun verið hjá umboðsmanni og nú er álitið komið upp á heilar 27 blaðsíður. Ekki gefst tími til þess að rekja álit umboðsmanns í stuttri umræðu á þinginu en í stuttu máli má segja að umboðsmaður Alþingis vefengir ekki þann skilning Sjálfsbjargar að í gildandi lögum skorti heimild til þeirrar reglugerðar sem um ræðir. (Gripið fram í.) Það á að gera hlé klukkan fimm, hv. þm.

Í þessu áliti umboðsmanns Alþingis kemur fram að reglugerðarheimildina sé ekki lengur að finna í almannatryggingalögum. Það er ekki lengur stoð í lögum fyrir þessari skerðingarreglu sem er í framkvæmd í almannatryggingunum. Í raun má segja að þetta 27 síðna álit umboðsmanns Alþingis sé ákall til Alþingis um skýrari lagasetningu í þessu efni. Segja má að við, þingmennirnir sem leggja fram þessa brtt., séum í raun að verða við því ákalli úr því að yfirvöld heilbrigðismála hafa ekki séð sóma sinn í því. Þau hafa ekki séð sóma sinn í að koma með þessa breytingu þannig að ekki sé verið að brjóta mannréttindi á lífeyrisþegum eins og er miðað við þessa reglu eins og hún er í framkvæmd.

Umboðsmaður segir í álitinu að lagaákvæði séu ekki nógu skýr, ekki nógu aðgengileg og endurtekur álit sitt frá 1988 — en umboðsmaður var með álit um sama efni 1988 — þar sem hann segir að ástæða væri til að taka þessar reglur til athugunar og taka á ný afstöðu til þess hvort þessar reglur eigi að haldast óbreyttar. Það er eðlilegt að umboðsmaður Alþingis komist að þessari niðurstöðu því hann hefur áður, fyrir tíu árum, beint því til Alþingis að skoða þessa framkvæmd á greiðslum almannatrygginga á tekjutryggingunni.

Sú skerðingarregla sem er til umræðu vinnur gegn hjónaböndum öryrkja. Ofan á það að öryrkjar missa starfsgetuna er þeim nánast gert ómögulegt að njóta fjölskyldulífs. Ég tók eftir því í fréttatíma í gær að þá var verið að ræða við fulltrúa frá skrifstofu fjárhagsaðstoðar heimilanna þar sem verið var að ræða hvernig ýmsar reglur þar vinna gegn fjölskyldunni og hjónabandi. Þetta mál er ekki síður slæmt en það sem var til umræðu í fjölmiðlum í gærkvöldi.

Margoft hefur verið bent á óréttlæti þessarar reglu. Búið er að benda á að þessar reglur brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, en í þeim lögum segir að óheimilt sé að mismuna þegnum þjóðfélagsins og þetta er greinilega brot á þeirri reglu. Skerðingarreglan er einnig brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar en hún segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda, m.a. án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Það er alveg greinilegt að það er brot á þeirri reglu því verið er að mismuna fólki. Það er verið að mismuna fólki eftir því hvort það er atvinnulaust eða heilsulaust, hvort það hafi starfsþrek eða ekki. Það er verið að mismuna fólki að öðru leyti og það er verið að brjóta 65. gr. stjórnarskrárinnar með þessari framkvæmd á skerðingarreglu tekjutryggingar eins og hún er framkvæmd í dag.

Líka hefur verið bent á að þessar skerðingarreglur koma í veg fyrir að lífeyrisþegar geti uppfyllt ákvæði gildandi hjúskaparlaga um að hjón sjái fjölskyldu sinni sameiginlega farborða. Ef menn horfa á þær upplýsingar sem ég kom áðan með um það á hve háum upphæðum fjölskyldum lífeyrisþega er ætlað að framfleyta sér er það gjörsamlega ómögulegt, og þeir eru lentir í þeirri fátæktargildru, sem hefur margoft verið bent á hér á þingi, sem þessi skerðingarregla er. Öryrki í sambúð fær ekki meira en 43 þús. kr. á mánuði ef hann er með fullar bætur og að því tilskildu að maki hans fái ekki yfir 38 þús. kr. Um leið og makinn fer að fá yfir 38 þús. kr. í laun byrja þessar greiðslur til lífeyrisþegans að skerðast og skerðast um 45%. Þessu fólki er nánast gert útilokað að auka tekjur sínar, hvað þá að framfleyta sér.

Ég benti á að athygli hefur verið vakin á því að lífeyrisþegum sé nánast gert ókleift að uppfylla ákvæði gildandi hjúskaparlaga vegna þessarar reglu og ég minni á að á síðustu prestastefnu var skorað á Alþingi að leiðrétta þetta ranglæti sem er vissulega alvarleg atlaga að hjónaböndum öryrkja.

Líka má benda á að þessi skerðingarregla stangast á við mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til að uppfylla. Við höfum gengist undir það í samfélagi þjóðanna að uppfylla þessa mannréttindasáttmála og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, og þarna erum við að brjóta þessa reglu, við erum ekki að standa við það sem við höfum skrifað undir.

Síðast en ekki síst minni ég á að við erum aðilar að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra en þar segir að tryggja skuli öryrkjum að þeim sé ekki mismunað á möguleikum til hjónabands og fjölskyldulífs, auk þess sem aðildarríkin tryggi sérhverjum fötluðum einstaklingi félagslegt öryggi og fullnægjandi tekjutryggingu. Þetta er 8. reglan í meginreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hæstv. heilbr.- og trmrh. að við séum að tryggja fötluðum einstaklingum fullnægjandi tekjutryggingu? Telur hann að þetta sé fullnægjandi tekjutrygging sem eru í mesta lagi 43 þús. kr., ef makinn fer ekki yfir 38 þús. kr. á mánuði? Hvað segja hv. þm. um þetta? Erum við að standa við þessa skuldbindingu okkar?

Umboðsmaður málefna fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum Bengt Lindqvist gagnrýndi íslensk stjórnvöld opinberlega í vetur fyrir það hvernig þessi skerðingarregla, skerðingarreglan á tekjutryggingunni takmarkar möguleika fatlaðra til hjónabands og fjölskyldulífs. Og núna síðast, 13. apríl sl.

hefur umboðsmaður Alþingis kallað eftir skýrri lagasetningu um þetta efni í áliti sínu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra hefur ekki brugðist við og komið með skýra lagasetningu? Er ekki orðið brýnt að leiðrétta þetta misrétti?

Ég veit það persónulega að þessar reglur hafa sundrað fjölda fjölskyldna og þetta hefur valdið öryrkjum og ástvinum þeirra ómældri sorg. Þetta hefur gert það að verkum að fólk hefur neyðst til að skilja á pappírunum til að geta séð sér farborða, neyðst til að skilja á pappírunum, og síðan þegar út í það er komið hafa slíkir skilnaðir endað með raunverulegum skilnaði, sem er mjög sorglegt — það er auðvitað alltaf sorglegt þegar slíkt gerist — þegar í hlut eiga einstaklingar sem eiga erfitt með að sjá sér farborða, eru að einhverju leyti veikir eða fatlaðir eða þurfa á samfélagsaðstoðinni að halda.

Við sem flytjum þessa brtt. teljum að Alþingi verði að taka af skarið og breyta þessum ómannúðlegu reglum þannig að öryrkjar fái búið við þau mannréttindi sem alþjóðlegir samningar og íslensk lög kveða á um.

Ég benti á það áðan í máli mínu að í áliti umboðsmanns frá því fyrir tíu árum komu fram skilaboð frá umboðsmanni um að ráða þyrfti bót á þessari lagasetningu. Það hefur ekki verið gert. Það eru tíu ár síðan. Sams konar skilaboð koma aftur í áliti frá umboðsmanni um að okkur beri að taka á þessu máli. Alþingi þarf að gera það upp við sig hvort við eigum að búa við þessa skerðingarreglu eða ekki. Það verða auðvitað að koma mjög skýr skilaboð frá Alþingi um það hvernig við viljum hafa þessar reglur.

Brtt. sú sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 1381 tekur af öll tvímæli um að tekjur maka skerði ekki lífeyrisgreiðslur. Og þá gilda um þetta mál sömu reglur og um atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur þannig að einstaklingurinn eigi réttinn óháð tekjum maka.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort hæstv. ráðherra treysti sér til þess að hafa skerðingarregluna svona áfram í lögum eins og hún er, eða í reglugerð? Því eins og margoft hefur komið fram er ekki lagastoð fyrir þeirri reglugerð sem er í framkvæmd. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra svari því hvort hún ætlar sér að hafa regluna óbreytta áfram, sérstaklega í ljósi þess hvaða afleiðingar hún hefur fyrir öryrkja, fyrir lífeyrisþega og fjölskyldur þeirra, í ljósi þeirra athugasemda sem komið hafa frá umboðsmanni fatlaðara hjá Sameinuðu þjóðunum og ég vitnaði í hér áðan, í ljósi álits umboðsmanns Alþingis í 27 síðna áliti frá 13. apríl sl. og í ljósi þess að samkvæmt öllum þeim lögum sem ég nefndi áðan í máli mínu er hér verið að brjóta lög og verið er að brjóta alþjóðlega samninga um mannréttindi sem við erum aðilar að.

Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum á eftir. Ég efast nú um að þessi umræða verði kláruð vegna þess að gera á fundarhlé klukkan fimm, en ég tel mjög mikilvægt að svör fáist við þessum spurningum mínum til hæstv. ráðherra. Því að það er allstór hópur sem býr við þessa ósanngjörnu reglu. Það er stór hópur fólks sem getur ekki verið samvistum við sína nánustu vegna þess að þeir geta ekki séð sér farborða ef þeir eru í sambúð og hafa því neyðst til þess að búa einir.

Það kom bréf frá Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalaginu og fulltrúar Öryrkjabandalagsins komu á fund heilbr.- og trn. ekki alls fyrir löngu og vöktu athygli á þessu máli, og heilbr.- og trn. ræddi þetta mál nokkuð á fundi sínum. Einn af gestunum var ung kona sem lýsti því fyrir okkur að hún gæti ekki hafið sambúð með kærasta sínum vegna þess að þá gæti hún ekki séð sér farborða. Hún neyddist til þess að búa ein. Því ef hún færi í sambúð væri hún algjörlega fjárhagslega háð þeim einstaklingi sem hún færi að búa með.

Það er alveg greinilegt að ef sambýlismaðurinn fær yfir 38 þús. kr. skerðast bæturnar. Þetta er algjör fátæktargildra sem ekki er hægt að komast út úr nema þessum reglum verði breytt. Það verður að breyta þessum skerðingarreglum. Við erum að brjóta lög, við erum að brjóta samninga og sáttmála, við erum að (**ÁÞ:** Mismuna fólki.) mismuna fólki, það er rétt, hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir, það er verið að mismuna fólki gróflega með þessari óréttlátu reglu. Það má segja að mannréttindi lífeyrisþega séu fótum troðin á meðan þessi regla er í gildi, fótum troðin. Við verðum að taka á þessu máli. Ég veit að margir eru mér sammála hér í þessum þingsal, að taka verði á þessu máli. Það er ekki síður brýnt en þær breytingar sem eru á þessu þskj., herra forseti, í þessu frv. til laga þar sem verið er að gera ýmsar réttarbætur með breytingum á lögunum um almannatryggingarnar. Það er ekki minni ástæða til þess að leiðrétta þessa reglu og færa hana til mannúðlegra horfs.

Hvers vegna er ekki hægt að taka á þessu máli? (**MF:** Í góðærinu.) Í góðærinu, rétt, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, í bullandi góðærinu þegar virðist vera hægt að nota peninga almennings í ýmislegt annað en kannski ætti, þar sem ýmislegt bruðl er á ferðinni, þá er hægt að brjóta á lífeyrisþegum á þennan hátt. Ég er nefnilega ekki viss um að það sé mikill kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, herra forseti, að breyta þessari reglu, ég er ekki viss um það. Þegar maður hugsar um öll útgjöldin sem þessi regla hefur í för með sér þegar fólki er stíað í sundur og allar þær afleiðingar sem það getur leitt af sér, það getur verið kostnaðarsamt fyrir samfélagið.

Það hefur verið farið fram á það í heilbr.- og trn. að reiknað verði út hversu mikið þetta muni kosta. Og það kom fram hjá fulltrúum Öryrkjabandalagsins sem komu á fund nefndarinnar að líklega yrðu það ekki aukin útgjöld fyrir ríkissjóð að leiðrétta þetta óréttlæti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hæstv. ráðherra kannað það í kjölfar þessa álits umboðsmanns, í kjölfar þess að margsinnis hefur verið bent á hversu óréttlát þessi regla er og brot á öllum þessum lögum sem ég nefndi, stjórnarskránni, stjórnsýslulögum o.s.frv., hvort það er útgjaldaauki fyrir ríkissjóð að breyta þessum reglum? Hefur það verið skoðað í ráðuneytinu og í fjmrn.? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Þá þarf auðvitað að taka inn í þá útreikninga öll möguleg önnur útgjöld sem hið opinbera verður fyrir vegna þess að þessi regla er við lýði. Því hún kallar á alls kyns útgjöld og vanlíðan víða í samfélaginu. Það væri fróðlegt, herra forseti, að fá upplýsingar um hvort þetta hafi verið kannað því að þetta er stórt réttlætismál og sanngirnismál að þessum reglum verði breytt.

Ég er hér með alllangt bréf sem kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands sendi heilbr.- og trn. um þetta mál, sem auðvitað væri full ástæða til að rekja hér. En ég sé að því miður hef ég varla tíma til þess, a.m.k. áður en gert verður hlé á þingfundinum, (**MF:** Á þessari ræðu.) á þessari ræðu. En ég vil vekja athygli á því að árið 1997 á 121. löggjafarþingi var lagt fram frv. á þinginu til að fá þessu breytt. En það var dregið til baka vegna þess að þetta mál var til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis. Og það var mat manna að það mundi trufla þá umfjöllun. Nú er þetta mál komið frá um-

boðsmanni og hann kallar eftir því að Alþingi taki af skarið í málinu. Umboðsmaður kallar eftir því.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru á döfinni einhverjar lagabreytingar frá ráðuneytinu um þetta mál og hefur verið rætt í ráðuneytinu um það hvernig eigi að bregðast við þessu áliti frá umboðsmanni, athugasemdum frá umboðsmanni Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra? Hefur þetta verið skoðað með tilliti til þeirra laga sem ég hef talið upp og tel að séu brotin á þeim hópi, sem á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, sem eru lífeyrisþegar og/eða öryrkjar sem búa með heilbrigðum einstaklingum eða vilja hefja sambúð með heilbrigðu fólki sem er í fullri vinnu?

Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að fá svör við öllum þessum spurningum mínum. Þar sem ég sé að þingflokksfundir eiga að vera hafnir mun ég síðar í umræðu um þetta mál kveðja mér hljóðs aftur og kalla eftir svörum frá hæstv. ráðherra um málið nema hæstv. ráðherra treysti sér til að svara öllum spurningum mínum í framhaldi af þessari ræðu minni.

[17:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um frv. til laga sem varða verulegar réttarbætur fyrir fólk sem býr erlendis, Íslendinga sem búsettir eru erlendis og þurfa á læknisþjónustu að halda. Þeir hafa hingað til þurft að greiða fyrir hana. Við erum að afnema það með þessum lögum. Þetta eru réttarbætur fyrir nemendur sem eru í námi erlendis og þurfa að koma heim vegna veikinda eða vegna barnsfæðinga þannig að það er mjög mikilvægt að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi.

Hv. þm. er hér með viðamikla brtt. sem ég hef lagt til umfjöllunar í Tryggingastofnun og álitsgerðar. Ef þessi brtt. yrði samþykkt svona, án þess að fjármagn kæmi með og við ætluðum að nota sömu fjárupphæð og við notum í dag, þá væri þessi hópur að tapa 50–60 millj. kr. Fleiri einstaklingar fengju meira ef þetta kæmi svona óbreytt og ekkert fjármagn með. Til þess að reikna nákvæmlega út hvað við erum að tala um, þá þurfa að koma fram nákvæmari útlistanir og það er mjög mikilvægt að það verði gert. Mér finnst ekki skynsamlegt að þessum réttarbótamálum sem hér eru til umfjöllunar verði frestað eða að flýta máli sem greinilega er ekki fullbúið. Menn fara eftir lögum sem samþykkt voru á Alþingi 1993. (Forseti hringir.) Til þess að breyta þessu þarf lengri tíma og miklu betri athugun.

[17:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli mínu kom fram að ég er fullkomlega sátt við og sammála þessu frv. til laga sem hér er. Í nál. skrifa ég undir það án þess að vera með nokkurn fyrirvara. Þetta eru réttarbætur fyrir fólk sem býr erlendis. Það þarf líka réttarbætur fyrir fólk sem býr hér á landi. Brtt. sem við höfum lagt fram stuðlar að réttarbótum til fjölda fólks sem ekki getur séð sér farborða.

Það er rangt hjá hæstv. ráðherra þegar hún segir að fólk muni fá minna. Það er alveg ljóst að þessi skerðingarregla gerir það að verkum að öryrkjar sem búa með heilbrigðum einstaklingi í fullri vinnu geta ekki séð sér farborða. Skerðingarreglan er slík. Þeir fá 43 þúsund kr. sem byrja að skerðast ef makinn fær 38 þúsund kr. á mánuði.

Herra forseti. Við erum ekki að tala um framkvæmd á lögum frá 1993. Við erum að tala um framkvæmd á reglugerð sem á sér ekki stoð í þeim lögum. Þetta er reglugerð frá 1995 sem á sér ekki stoð í lögunum og er í framkvæmd. Þetta er rangt. Það er ekki verið að fara að þessum lögum. Skerðingarreglan sem er í framkvæmd á sér ekki stoð í þessum lögum. Þess vegna er ekki síður mikilvægt að við breytum þessari grein laganna en hinum sem við erum að breyta hér í þessu frv. Þær eru allar réttarbót, það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég tek undir hvert einasta orð um það og var sammála því í nefndinni að það ætti að breyta þessu. Ég þekki þetta og þessi framkvæmd á lögunum var meingölluð. Ég tek undir hvert einasta orð sem sagt er hérna um að það þurfi að breyta því.

En það kemur ekki í veg fyrir það að við verðum að breyta greininni sem brtt. snýst um, um skerðingarreglurnar á tekjutryggingu öryrkja í hjónabandi eða sambúð.

[17:05]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vera sammála því frv. sem hér liggur fyrir og fyrir að afgreiða það með okkur innan tíðar. Það er mjög mikilvægt og í því eru miklar réttarbætur fólgnar.

Varðandi þetta lagaatriði sem hv. þm. hefur gert að umtalsefni þá byggir sú lagastoð á gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna sem er gamalgróin í okkar lögum. Ég get tekið undir það að í mörgum tilvikum er reglan ósanngjörn en í öðrum tilvikum, þar sem um háar tekjur maka er að ræða, tel ég þetta ekki eins ósanngjarnt. Þetta er því ekki jafneinfalt mál og hv. þm. ber hér á borð fyrir okkur.

[17:06]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að þetta sé í lagi hjá þeim sem eiga maka með háar tekjur. Það er alrangt. Það gerir það að verkum að einstaklingurinn fær ekki þá tryggingu sem hann hefur greitt fyrir með sköttunum sínum, eins og hann fær þegar hann er atvinnulaus. Það skiptir ekki nokkru máli hverjar tekjur maka eru ef maður er atvinnulaus, þá fær maður fullar atvinnuleysisbætur. Af hverju á öryrki, í hjónabandi með karli eða konu með háar tekjur, ekki að fá sínar bætur eins og atvinnuleysinginn? Ég er ekki sammála þessu.

Ekki hafa komið nokkur svör, herra forseti, við þeim fjölmörgu spurningum sem ég hef varpað hér til hæstv. ráðherra um þetta alvarlega mál sem snýr að svona stórum hópi fólks.

Varðandi það frv. sem hér er til umræðu þá verður þetta frv. vissulega að lögum í vor. Og ég ætla að vona, hæstv. forseti, að ráðherrann sjái til þess að brtt. verði líka að lögum þannig að réttindi þessa stóra hóps verði leiðrétt. Reglugerðin sem nú er í framkvæmd á sér ekki lagastoð. Það stenst ekki að vera með reglugerð í framkvæmd sem á enga stoð í lögum. Því verður auðvitað að breyta.

Ég mun svo sannarlega styðja þetta frv. en ég skora á hæstv. ráðherra að ganga nú fram og viðurkenna óréttlætið sem er í framkvæmd þessarar reglugerðar og breyti lögunum í þá veru sem brtt. okkar fimmmenninganna gerir ráð fyrir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 17:08.

## 135. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
kl. 9.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Þjóðlendur, stjfrv., 367. mál, þskj. 1396. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Húsnæðismál, stjfrv., 507. mál, þskj. 1409, brtt. 1410 og 1413. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 288. mál, þskj. 1388, brtt. 1406, 1416 og 1423. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 359. mál, þskj. 1399, frhnál. 1426, brtt. 1405 og 1427. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Búfjárhald, stjfrv., 543. mál, þskj. 1418. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 578. mál, þskj. 983, brtt. 1421. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 625. mál, þskj. 1072. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 544. mál, þskj. 929, nál. 1278, brtt. 1279. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, stjfrv., 558. mál, þskj. 947, nál. 1277. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 639. mál, þskj. 1095, nál. 1280. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 27. mál, þskj. 27, nál. 1285. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
15. Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, þáltill., 269. mál, þskj. 337, nál. 1219. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
16. Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þáltill., 402. mál, þskj. 723, nál. 1379. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
17. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 654. mál, þskj. 1127, nál. 1366. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 655. mál, þskj. 1128, nál. 1365, brtt. 1404. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 82. mál, þskj. 82, nál. 1372. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
20. Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, þáltill., 250. mál, þskj. 295, nál. 1373. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
21. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, þáltill., 251. mál, þskj. 296, nál. 1357. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
22. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 376. mál, þskj. 649, nál. 1414, brtt. 1415. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
23. Vegáætlun 1998–2002, stjtill., 378. mál, þskj. 676, nál. 1243, brtt. 1244. — Síðari umr.
24. Langtímaáætlun í vegagerð, stjtill., 379. mál, þskj. 677, nál. 1245, brtt. 1246. — Síðari umr.
25. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — 3. umr.
26. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 880, nál. 1239, brtt. 1240. — 2. umr.
27. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138. — 2. umr.
28. Skipulag ferðamála, stjfrv., 546. mál, þskj. 931, nál. 1321, brtt. 1322. — 2. umr.
29. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1005, nál. 1323. — 2. umr.
30. Vegtenging milli lands og Eyja, þáltill., 448. mál, þskj. 775, nál. 1320. — Síðari umr.
31. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100. — Frh. 3. umr.
32. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
33. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041, 1212 og 1253. — 2. umr.
34. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 311. mál, þskj. 391, nál. 1270, brtt. 1271. — 2. umr.
35. Almenn hegningarlög, stjfrv., 521. mál, þskj. 892, nál. 1295, brtt. 1346. — 2. umr.
36. Almenn hegningarlög, stjfrv., 522. mál, þskj. 893, nál. 1254, brtt. 1255. — 2. umr.
37. Söfnunarkassar, frv., 156. mál, þskj. 156, nál. 1293. — 2. umr.
38. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 174. mál, þskj. 174, nál. 1293. — 2. umr.
39. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 483. mál, þskj. 819, nál. 1294. — 2. umr.
40. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173, nál. 1385. — Síðari umr.
41. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328. — 2. umr.
42. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, nál. 1331. — 2. umr.
43. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260. — 2. umr.
44. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715, nál. 1355. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

### *Varamaður tekur þingsæti.*

[09:33]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 28. maí 1998:

„Þar sem Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., er erlendis í einkaerindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp

Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykv., Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins."

Katrín Fjeldsted hefur áður setið á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Forseti las bréf þess efnis að Katrín Fjeldsted tæki sæti Friðriks Sophussonar, 2. þm. Reykv.

### *Þjóðlendur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 367. mál. — Þskj. 1396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:38]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖJ.

1 þm. (GÞÞ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EOK, GB, GÁS, GGuðbj, HG, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:35]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er út af fyrir sig mikið fagnaðarefni að nú skuli lögfest að landsvæði utan eignarlanda skuli eiga að flokkast sem þjóðlendur í eigu íslenska ríkisins og að nú skuli skorið úr um hvar þau mörk eigi að vera. Jafnaðarmenn hafa lengi hvatt til að þetta yrði gert og styðja því að þetta frv. verði að lögum.

Eigi að síður er það áhyggjuefni að þessi réttarbót skuli hengd á ákvarðanir um stjórnsýslu á hálendinu sem ætla má að leiði til nýtingar þessa svæðis í þágu sérhagsmuna fremur en almannahagsmuna.

[09:36]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Í þessu frv. er staðfest sú grundvallarhugsun að þjóðlendur, þ.e. almenningar og afréttir utan eignarlanda, skuli vera eign íslenska ríkisins. Þingflokkur Alþb. og óháðra styður þá grundvallarhugsun sem birtist í frv. og telur eðlilegt að verðmæti á borð við þjóðlendur séu eign íslensku þjóðarinnar. Þess vegna styðjum við þetta frv. þótt vissulega séu á því margir ágallar sem stjórnarandstaðan reyndi að bæta úr við 2. umr. málsins en án árangurs, en þeir ágallar felast einkum í því að þar er einum aðila, forsrh., falið að okkar mati fullmikið vald um meðferð þessara landa. Allt að einu er staðfest sú grundvallarhugsun að þjóðlendurnar skuli vera eign íslenska ríkisins og þess vegna styðjum við þetta frv.

[09:37]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Við í þingflokki Kvennalistans erum í meginatriðum sáttar við þetta frv. sem gengur út á að miðhálendi Íslands eða svokallaðar þjóðlendur séu í eigu þjóðarinnar eða íslenska ríkisins. Það hvílir því miður skuggi yfir frv. þar sem alls ekki er tryggt að þetta svæði verði nýtt sem ein heild þar sem stjórnsýsla og skipulag verður á margra hendi. Það er þó ákveðið með öðrum lögum svo að við munum styðja þetta frv.

[09:38]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir óska að geta þess að þeim láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætluðu að segja já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1435).

### *Húsnæðismál, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 507. mál. — Þskj. 1409, brtt. 1410 og 1413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:41]

Brtt. 1410,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, GB, GÁS, HG, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SP, SJS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:40]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er gengið til atkvæða í lokaatkvæðagreiðslu um frv. um húsnæðismál. Ríkisstjórnin hefur ekki viljað verða við kröfum samtaka launafólks og nær allra almannasamtaka landsins sem hafa með félagslegt húsnæði að gera og fresta þessu máli fram á haust og reyna á þeim tíma að gera tvennt: Tryggja fjármagn til þess að 1. gr. laganna, þar sem segir að lögunum sé ætlað að auka möguleika fólks að eignast húsnæði eða leigja á viðráðanlegum kjörum, verði annað en öfugmæli og háð gagnvart almenningi í landinu. Í öðru lagi nota tímann til að gera þær grundvallarbreytingar á frv. að um það gæti ríkt sátt í þjóðfélaginu. Þessu hafnar ríkisstjórnin og leggur fram breytingar sem flestar eru smávægilegar og tæknilegs eðlis og breyta engu í grundvallaratriðum.

Við munum sitja hjá við flestar þessar breytingar og leggjum þar með áherslu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

[09:41]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Ögmundur Jónasson óskar að geta þess að honum láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætlaði að sitja hjá.

Brtt. 1413,1 felld með 33:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, HG, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:41]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með þessari brtt. er gerð lokatilraun til að tryggja starfsöryggi starfsfólks Húsnæðisstofnunar og koma í veg fyrir þá nýju starfsmannastefnu atvinnumálaráðherrans og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að tryggja ekki starfsfólki ríkisstofnana forgang þegar breytt er rekstrarformi eða rekstrarumhverfi opinberrar stofnunar. Hér er ómaklega vegið að rétti starfsfólks Húsnæðisstofnunar sem skilað hefur góðu verki um langt árabil við uppbyggingu og þjónustu við landsmenn í húsnæðismálum þjóðarinnar. Þessi meðferð á starfsfólkinu er ríkisstjórninni og sérstaklega atvinnumálaráðherranum til skammar.

[09:42]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. hét því á sínum tíma að gera allt það sem í hans valdi stæði til þess að tryggja starfsmönnum Húsnæðisstofnunar forgang til starfa hjá hinni nýju stofnun. Hér ganga menn til atkvæða um hvort Alþingi sé reiðubúið að lögfesta loforð hæstv. félmrh. Páls Pétursson. Það er fróðlegt að fylgjast með því hverjir úr stjórnarliðinu treysta sér til þess að ljá fyrirheitum og loforðum ríkisstjórnarinnar og félmrh. lagagildi.

[09:43]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Framsfl. leggur til að leggja félagslega húsnæðiskerfið niður með dyggilegum stuðningi Sjálfstfl. Í 70 ár hefur félagslega húsnæðiskerfið veitt láglaunafólki möguleika á að eignast þak yfir höfuðið, möguleika á eignaríbúð, möguleika á öryggi og skjóli fyrir fjölskyldu sína. Nú er þessu fólki vísað út á leigumarkað, leigumarkað sem ekki er til.

Ég greiði atkvæði gegn þessu frv.

Brtt. 1410,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, HG, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1413,2 felld með 33:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, HG, JónK, KHG, KH, LB, MF, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. 1.000–1.500 fjölskyldur bíða í dag eftir leiguhúsnæði og algengt er að biðtími sé tvö til þrjú ár. Með þessu frv. getur þessi hópur tvöfaldast á næstu tveimur árum. Ríkisstjórnin ætlar að gera þetta frv. að lögum án þess að fyrir liggi úrlausnir og öryggi í húsnæðismálum fyrir þann fjölmenna hóp sem nú þarf á leiguhúsnæði að halda. Stjórnarandstaðan gerir kröfu til þess að þegar í haust liggi fyrir hvernig taka á á húsnæðismálum þess fólks sem verst er statt í þjóðfélaginu þannig að fátækar barnafjölskyldur, námsmenn og einstæðir foreldrar verði ekki hundruðum saman sent út á guð og gaddinn. Út á það gengur sú brtt. sem við greiðum hér atkvæði um. Falli þessi tillaga verða kjörorð framsóknarmanna frá síðustu kosningum, um fólk í fyrirrúmi, endanlega dæmd dauð og ómerk.

[09:46]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að samtök launafólks, ASÍ, BSRB, fulltrúar sveitarfélaga og félagslegir byggingaraðilar vinni að úttekt á leigumarkaði og á grundvelli þeirrar úttektar verði lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkis og sveitarfélaga taki mið af. Þetta er góðra gjalda vert en með brtt. viljum við setja þessu starfi tímaskorður þannig að unnt sé að vinna næstu fjárlög í samræmi við þessa áætlun. Þess vegna lögðum við til þessa brtt. við bráðabirgðaákvæðið sem við hljótum einnig að styðja í heild sinni.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, KF, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, KB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÓI, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, RA.

15 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, HG, JónK, KHG, KH, LB, PHB, SP, SJS, VE, ÖS, ÓE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með atkvæðagreiðslunni sem hér fer fram er innsigluð ósvífnasta og grimmilegasta atlagan sem við höfum séð um áratuga skeið að kjörum fátæks fólks á Íslandi. Þetta er svartur dagur í sögu félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum fátæks fólks á Íslandi sem 40 verkalýðs- og félagasamtök hafa ítrekað mótmælt. Þetta er ljótur minnisvarði um Framsfl., flokk sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju.

Orrustan er töpuð en stríðið ekki. Þó flagg félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum láglaunafólks verði nú fellt í þessari atkvæðagreiðslu mun það rísa á nýjan leik þegar jafnaðarmenn komast til valda. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem með svo ómannúðlegum, grimmum og miskunnarlausum hætti ræðst á húsnæðisöryggi þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Ég segi nei.

[09:50]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er komið til lokaafgreiðslu felur sér atlögu að kjörum hinna lægst launuðu í landinu. Með þessu frv. er verið að gjörbylta félagslega húsnæðiskerfinu og vísa hundruðum fjölskyldna út á leigumarkað sem ekki er til. Allt er í óvissu um viðbrögð sveitarfélaganna sem ætlast er til að afli leiguhúsnæðis en hingað til hefur verið afar

takmarkaður vilji meðal þeirra til að byggja upp eðlilegan leigumarkað.

Í frv. er engin trygging fyrir því að boðið verði upp á húsnæði sem láglaunafólk ræður við að kaupa eða leigja. Þær breytingar sem hér eru boðaðar munu hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir leigjendur, aukinn kostnað fyrir þá sem ráða við að kaupa sér húsnæði og aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Síðast en ekki síst er starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins skilið eftir í algerri óvissu um framtíð sína. Þetta er vont frv., hæstv. forseti. Það er verið að kippa grunninum undan fjölda einstæðra mæðra, barnmargra fjölskyldna, fatlaðra og námsmanna.

Hæstv. forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv. og segi nei.

[09:52]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Hér er um stórbætt skipulag húsnæðismála að ræða og vænlegri úrræði í húsnæðismálum fyrir tekjulitlar fjölskyldur í landinu, svo og sveitarfélögin í landinu.

Ég segi já.

[09:53]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er komið að því að leggja félagslega húsnæðiskerfið á Íslandi niður í þeirri mynd sem við höfum þekkt það. Það hefur þjónað íslensku launafólki vel þegar á heildina er litið. Á því hafa vissulega verið ýmsir vankantar og niðurskurður undangenginna ára hefur leikið það grátt.

Verkalýðshreyfingin hefur lagt til ýmsar róttækar breytingar á kerfinu, að valfrelsi einstaklinganna yrði aukið og kerfið gert sveigjanlegra á alla lund. Í stað þess að taka í útrétta hönd verkalýðshreyfingarinnar og ganga til samstarfs um breytingar á kerfinu ákvað Sjálfstfl. að láta Framsfl. taka í hönd fjármagnsins og umbylta húsnæðiskerfinu með því að tengja það markaðsvöxtum. Framsfl. á eftir að átta sig á því að hann hvílir ekki í vinarfaðmi heldur í vinarklóm.

Ég óska frjálshyggjudeild Sjálfstfl. til hamingju, og þá einnig Félagi fasteignasala, með árangurinn. Að sjálfsögðu verður reynt að lappa upp á það kerfi sem nú verður til og skapa því félagslegar undirstöður. Samtök launafólks munu ekki láta sitt eftir liggja í því efni. Við þessu frv. segi ég hins vegar nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1436).

## *Sveitarstjórnarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 288. mál (heildarlög). — Þskj. 1388, brtt. 1406, 1416 og 1423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:00]

Brtt. 1423,1 felld með 32:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (BH, HG, KÁ, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:56]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Að mínum dómi hefði ríkisstjórnin hæglega getað náð sátt í þessu máli. Meginágreiningurinn um þetta frv. er vegna 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um skiptingu landsins á milli sveitarfélaga. Alþb. og óháðir hafa lagt áherslu á að ekki komi til greina að gera slíkt nema gulltryggt sé að miðhálendið sé ein skipulagsheild þar sem umhverfisvernd sé í algeru fyrirrúmi. Almannasamtök hafa krafist þess að málinu verði frestað en óbilgirni og þrjóska ríkisstjórnarinnar hefur gert það að verkum að hún hefur ekki andlega burði til þess að verða við þeim kröfum. Einu sinni kvað Stefán Ögmundsson prentari:

Ef að okkur innra með
æsist skap og hiti,
þá skal láta þrútið geð
þoka fyrir viti.

Því miður er stjórnviska af þessu tagi ekki til staðar hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Við getum ekki stutt þetta frv. og munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

[09:57]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Við jafnaðarmenn leggjum hér til að 1. mgr. 1. gr. frv. verði felld niður svo hægt verði að afgreiða málið í heild sinni en fresta ákvörðun um hina umdeildu gjörð til haustsins. Með því erum við þingmenn í takt við meirihlutavilja þjóðarinnar sem speglast hefur í skoðanakönnun, fjölmörgum blaðagreinum, áskorunum til Alþingis og ályktunum, m.a. borgarstjórnar Reykjavíkur. Við jafnaðarmenn gerum hér lokatilraun og leggjum að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að fresta því að miðhálendinu verði skipt upp í ræmur og erum með því samstiga borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna og stjórn framsóknarfélaganna í Reykjavík.

Með brtt. þessari gera jafnaðarmenn lokatilraun til að afstýra því að Alþingi Íslendinga taki afdrifaríka ákvörðun um að skipta miðhálendinu í örmjóar ræmur á milli 40 sveitarfélaga þannig að aðeins 4% þjóðarinnar koma til með að fara með stjórnsýslu á því svæði. Þetta gerir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þrátt fyrir það að sú ákvörðun sé í andstöðu við 70% þjóðarinnar.

[09:59]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við jafnaðarmenn leggjum enn fram brtt. til þess að reyna að afstýra slysi. Ég tel að með 1. gr. frv. þessa sé Alþingi Íslendinga að stíga mjög afdrifaríkt skref sem erfitt verði að leiðrétta. Það er óverjandi að nú í upphafi 21. aldar skuli ekki vera meiri framsýni ríkjandi á hinu háa Alþingi en þessi gerningur sýnir.

Að skipta miðhálendi Íslendinga upp á milli 40 sveitarfélaga og færa 4% þjóðarinnar völd í veigamestu málefnum hennar, eins og þessi gerningur sýnir, ákvörðun yfir nýtingu auðlinda, ferðamennsku, mannvirkjagerð, verndunarsvæðum, þjóðgörðum og fleiru, er skref til baka. Ég segi: Þetta er mesta atlaga fulltrúa dreifbýlisins að almannarétti.

Brtt. 1416 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, MS, MF, ÓI, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

17 þm. (ÁE, EgJ, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:00]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Þessi brtt. felur í sér skýrara orðalag á 1. mgr. 11. gr. en í frv. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 1406 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (BH, GE, GGuðbj, JóhS, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, EgJ, EOK, GB, GÁS, GÁ, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1423,2 kölluð aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 32:8 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ.

9 þm. (BH, HG, KÁ, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:02]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er komið til lokaafgreiðslu er mikill lagabálkur í 105 greinum sem fjallar um þann ramma sem sveitarfélögunum í landinu ber að starfa innan. Í umræðum um frv. hefur athyglin einkum beinst að 1. gr. frv. sem felur í sér að miðhálendi Íslands verði skipt upp milli þeirra 42 sveitarfélaga sem eiga nú land að miðhálendinu. (**MS:** 35.) Talan kann að hafa breyst, já. Í mínum huga er brýnast að miðhálendi Íslands verði skipulagt sem ein heild og samkomulag náist um það meðal landsmanna hvernig það skipulag skuli vera og hvaða reglur skuli gilda um nýtingu hálendisins í þágu allra landsmanna.

Ég treysti því að frv. til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem kynnt var nú í vor verði lagt fram strax í byrjun þings í haust og þar verði kveðið á um að hálendið verði skipulagt sem ein heild og fulltrúar sem flestra landsmanna komi þar að verki.

Ég kýs að sitja hjá við endanlega afgreiðslu frv. og ítreka efasemdir mínar varðandi 7. og 68. gr., enda er ég sannfærð um að þau atriði sem lúta að arðgreiðslum stofnana sveitarfélaga og ákvæði um endurskoðendur hljóti að koma til nánari skoðunar og það heldur fyrr en síðar.

[10:04]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Við kvennalistakonur erum alfarið á móti 1. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Við viljum að hálendi Íslands verði ein skipulagsleg og stjórnsýsluleg heild. Það er mikið ógæfuverk að okkar mati að lögfesta stjórnsýslurétt yfir 40 sveitarfélaga á miðhálendi Íslands. (**MS:** 35.) Ég er það ósátt við þessar greinar að ég greiði atkvæði gegn frv. í heild þó að vissulega sé ýmislegt gott í því að öðru leyti, en ég vil einnig ítreka fyrirvara minn sérstaklega við 7. gr. En ég greiði atkvæði gegn frv. í heild.

[10:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Hér hefur það gerst sem leiðarahöfundur Morgunblaðsins varaði við, að ráðherrar og þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sett misskilinn metnað sinn í að knýja mál gegnum þingið ofar vilja þjóðarinnar. Ekkert getur réttlætt þá ákvörðun að færa yfirráð yfir hálendinu til fámennra sveitarfélaga. Hagsmunir fárra eru settir framar hagsmunum fjöldans eins og alltaf þegar Sjálfstfl. og Framsfl. eru saman við völd. Þessi ákvörðun er þó mesta framsóknarmennska sem Sjálfstfl. hefur tekið þátt í á ferli sínum. Ég vísa allri ábyrgð á afleiðingum þessa á hendur stjórnarmeirihlutanum. Þessi stjórnarmeirihluti hefur hunsað vilja 70% þjóðarinnar og glatar trausti.

Herra forseti. Þetta frv. er mikill lagabálkur en vegna hálendisákvæða frv. greiðir þingflokkur jafnaðarmanna atkvæði gegn því.

[10:06]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Hér erum við að ganga til atkvæða um grundvallarlagasetningu um sjálft sveitarstjórnarstigið í landinu. Í þessari lagasetningu er tekið á fjölmörgum þáttum er þessi mál varðar og horfa til bóta fyrir sveitarstjórnarstigið og stjórnskipunina í landinu. Því miður hafa umræðurnar að langmestu leyti snúist um annað en þau fjölmörgu atriði sem þetta viðurhlutamikla frv. hefur að geyma. Meginatriði í íslenskri stjórnskipan er skipting í tvö stjórnsýslustig, ríkisvald og sveitarstjórnarstig sem hvoru um sig er markað skýrt hlutverk. Með þessu frv. sú grundvallarhugsun innsigluð og því segi ég já.

[10:07]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. og óháðra sitjum hjá við lokaafgreiðslu þessa máls. Við hefðum talið eðlilegra að fresta málinu í heild til haustsins eins og við fluttum tillögu um og reyndar var gefinn ádráttur um skeið um að málinu yrði látið fylgja sérstakt frv. til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, en síðan hafnaði ríkisstjórnin því að taka það mál til umræðu.

Ég harma það hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu máli og raunar spillt þeim friði sem hefði þurft að nást um þetta alvarlega mál og af þeim ástæðum getum við ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslunni á þann hátt sem eðlilegast hefði verið, þ.e. ef málið hefði verið lagt fullbúið fyrir þingið og menn hefðu getað greitt atkvæði um efnisatriði þess í einstökum atriðum.

Ég vil líka nota þetta tækifæri, herra forseti, til að gagnrýna það hvernig þetta mál hefur verið notað m.a. fyrir sveitarstjórnarkosningar til að reyna að blekkja þjóðina og kjósendur til fylgis við Sjálfstfl. alveg sérstaklega og vek athygli á því að einn af borgarfulltrúum Sjálfstfl. greiðir

atkvæði með þessu máli sem hann lagði til að yrði frestað fyrir nokkrum dögum.

[10:08]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Í gær var hæstv. forsrh. afhent áskorun frá félagasamtökum sem telja samtals 120 þús. Íslendinga. Áskorunin var á þá leið að hálendisákvæðum þessa frv. yrði frestað. Því hefur hæstv. forsrh., ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafnað.

Í grein í Morgunblaðinu í dag þegar fjallað er um þetta mál er sagt að þá sé ekki um annað að gera fyrir þá 120 þús. landsmenn sem ekki er hlustað á en að láta skoðun sína í ljósi við atkvæðagreiðslu til næstu alþingiskosninga. Undir það tek ég.

[10:09]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Hæstv. forseti. Á það hefur verið minnst að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. bað um frestun á þessu máli og það er nákvæmlega það sem gerðist. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. skoraði á ríkisstjórnina að fresta málinu sökum þess að mikil umræða hefur verið um það og kannski ekki eining í þjóðfélaginu en af því varð ekki og þá er ekkert annað fyrir mig en aðra þingmenn en að taka efnislega afstöðu til málsins.

Það liggur hins vegar alveg fyrir hvað varðar umdeildasta atriði málsins, skipulag miðhálendis, að búið er að boða að tekið verði á því í haust í lögum um skipulags- og byggingarmál og þannig snýr málið að mér. Mér þykir hins vegar athyglisvert að heyra talsmenn stjórnarandstöðunnar vitna reglulega í skoðanakannanir og telja að þingið eigi að fara eftir þeim. Ég minni á að gerð var skoðanakönnun ekki alls fyrir löngu þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði lögð niður og gaman væri að heyra þessa sömu stjórnarandstöðuþingmenn tala um það mál.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1437).

## *Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 1399, frhnál. 1426, brtt. 1405 og 1427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:13]

Brtt. 1405,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, EOK, GE, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:11]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða stærsta mál þessa þings sem er frv. til laga um að afhenda einstaklingum eignarráð yfir öllum auðlindum í jörðu. Við teljum að hér sé um að ræða mjög alvarlega aðför að efnahagsgerð þjóðfélagsins og höfum beitt okkur í þingflokki Alþb. og óháðra mjög hart gegn þessu máli.

Við teljum að þær brtt. sem fluttar eru af meiri hlutanum á þskj. 1405 séu út af fyrir sig skref í rétta átt en þær eru meingallaðar, m.a. 2., 3. og 4. brtt. sem kveða á um samráð við ráðuneyti en ekki stofnanir ráðuneytis eins og eðlilegra hefði verið. Þess vegna sitjum við hjá um þær brtt. en greiðum að sjálfsögðu atkvæði með þeim brtt. sem við flytjum sjálf sem eru allmargar á þskj. 1427 og við munum gera grein fyrir jafnóðum og þær koma til atkvæða.

[10:12]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er um að ræða hugsanlega mestu eignatilfærslu í Íslandssögunni frá almenningi til einkaaðila. Stjórnarandstaðan hefur ítrekað flutt tillögur um takmörkun þessarar tilfærslu vegna þess að við þekkjum engan veginn mörk þeirra laga sem er verið að setja. Ég fullyrði, herra forseti, að enginn á hinu virðulega Alþingi þekkir þessi mörk sem ég er að ræða um.

Ég harma afgreiðslu ríkisstjórnar og meiri hluta á þessu máli. Ég styð að sjálfsögðu tillögu minni hlutans en hafna frv. eins og það er lagt fram.

[10:13]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Gísli S. Einarsson óskar að geta þess að honum láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætlaði að sitja hjá.

Brtt. 1427,1 felld með 33:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:14]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við gerum tillögu um að eignarréttur á auðlindum í jörðu verði takmarkaður með tilteknum hætti en ekki ótakmarkaður eins og ríkisstjórnin leggur til. Hér er um að ræða tilraun til þess að setja og orða takmörkin á annan hátt en reynt hefur verið til þessa. Þar með erum við m.a. að reyna að koma til móts við sjónarmið sem sett hafa verið fram við afgreiðslu málsins.

Mér sýnist hins vegar því miður að ríkisstjórnarliðið hugsi sér að fella þessa tillögu. Vil ég af því tilefni láta það koma strax fram fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að við munum við fyrsta tækifæri beita okkur fyrir breytingum á þessum lögum þannig að þessi eignarréttur á auðlindum í jörðu verði takmarkaður með tilteknum hætti sem er unnt samkvæmt stjórnarskránni miðað við þau samtöl sem við áttum við fjölda sérfræðinga í hv. iðnn. um málið.

[10:15]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Í samræmi við ríkjandi sjónarmið um inntak eignarréttar er í frv. fylgt þeirri skipan sem viðurkennd hefur verið í löggjöf og réttarframkvæmd að eignarréttur á

auðlindum í jörðu eignarlanda og innan netlaga í vötnum og sjó fylgi landareign. Þessi brtt. stjórnarandstöðunnar gengur þvert á núverandi skipan þessara mála og felur í sér stórkostlega takmörkun á eignarrétti. Slík afmörkun sem tillagan felur í sér er þar að auki illframkvæmanleg og óskýr. Ég segi nei.

Brtt. 1427,2 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:16]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Þessi brtt. gengur út á það að iðnrh. sé við meðferð þessa máls ætlað að hafa samráð við þær umhverfisstofnanir sem til eru í landinu, þ.e. Náttúruvernd ríkisins og stjórnvöld umhverfismála yfirleitt. Við teljum mjög mikilvægt að þau ákvæði séu sett inn og í rauninni stórhættulegt að ganga frá þessum lögum án þess að kveða skýrt á um það að stofnanir umhvrn. komi nálægt málinu, bæði á rannsóknar-, undirbúnings- og nýtingarstigi. Þess vegna er þessi tillaga flutt, herra forseti, á þskj. 1427.

Brtt. 1405,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁE, DO, EKG, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,3 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1405,3 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,4 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1405,4 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,5 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,6 felld með 32:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

[10:21]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir óskar að geta þess að henni láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætlaði að segja já.

Brtt. 1427,7 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1405,5 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,8 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,9 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1405,6 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, DO, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,10 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,11 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,12 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,13 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1405,7 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,14 felld með 32:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1427,15 felld með 33:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MS, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, KF, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, KB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÓI, KPál, LMR.
**nei:** MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, RA.
14 þm. (PHB, SP, SJS, VE, ÖS, ÓE, ÁE, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:28]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Við jafnaðarmenn erum andvígir þessu frv. af þremur ástæðum: Í fyrsta lagi er verið að leiða í lög að öll auðæfi í jörðu á einkalandi skuli teljast einkaeign, þar á meðal olía, kol, gas, málmar og önnur auðæfi sem enn kunna að vera ófundin. Í öðru lagi er verið að veita ráðherra heimild án nokkurra málsmeðferðarreglna til þess að leigja hverjum sem er hvað sem er af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar fyrir hvaða fjárhæð sem er. Þetta er gegn réttarfarsþróun í landinu. Í þriðja lagi er umhverfismálum mjög ábótavant í frv. og ekki gætt þeirra umgengnisreglna við landið sem við

teljum að þurfi að gæta. Af þessum þremur ástæðum segi ég nei.

[10:29]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. og óháðra höfum lýst harðri andstöðu við það frv. sem kemur nú til lokaafgreiðslu í þinginu. Í fyrsta lagi vegna þess að verið er að afhenda landeigendum öll auðæfi í jörðu hver svo sem þau eru inn að miðju jarðar ef svo vill verkast. Í öðru lagi vegna þess að umhverfissjónarmiðum er hafnað í frv. eins og það lítur út og það er mjög alvarlegur hlutur og ég bendi á að hafnað hefur verið tillögum um lagfæringu á umhverfisþættinum af hálfu minni hlutans þar sem afstaða stjórnarliðsins sýnir ótrúlega ósanngirni og skilningsleysi á mikilvægi umhverfis- og skipulagsmála að því er þessa hluti varðar. Við teljum að með þessu frv., ef það verður að lögum sem allt bendir til, sé verið að afhenda landeigendum verðmæti upp á milljarðatugi og við áskiljum okkur allan rétt til að koma aftur að málinu strax á næsta þingi til að knýja á um að sett verði lög og reglur í þessu landi eins og öllum öðrum löndum um takmarkanir á eignarrétti á auðæfum ofan í jörðinni. Það er algerlega fráleitt að ganga þannig frá máli af þessu tagi. Við teljum þetta eitt versta mál þingsins, einn versta gjörning stjórnarmeirihlutans. Ég segi nei, herra forseti.

[10:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta er að mínum dómi alvarlegasta mál sem hefur komið til kasta Alþingis í langan tíma. Hér er verið að færa einkaaðilum eignarhald yfir sameign þjóðarinnar í ríkari mæli en gerist nokkurs staðar í heiminum. Auk þess eru umhverfisverndarsjónarmið og náttúruvernd fótum troðin.

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er verið að lögleiða þjófnað. Það er verið að lögfesta þjófnað og auðvitað mun þjóðin ekki sætta sig við að eignum hennar sé stolið. Þetta verður að leiðrétta á næsta kjörtímabili en til þess að svo megi verða þarf þjóðin að láta þessa ríkisstjórn sæta ábyrgð í næstu alþingiskosningum. Ég segi nei.

[10:33]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er verið að færa landeigendum gífurlega fjármuni sem eiga að mínu mati að vera sameign þjóðarinnar. Hér er sérhagsmunastefna ríkisstjórnarinnar skýr en almannahagur virtur að vettugi. Þessu erum við kvennalistakonur mótfallnar svo og því virðingarleysi sem umhverfismálum er sýnt í þessu frv.

Það fyrirkomulag sem kemur fram í brtt. minni hlutans við 3. gr. er mun eðlilegra að mínu mati og stríðir ekki gegn stjórnarskránni né að breyta þessu frv. síðar í þá veru og slíkt má gera bótalaust. Þetta vil ég segja vegna orða hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur áðan og vitna þá í orð Sigurðar Líndals og Allans V. Magnússonar í iðnn. milli 2. og 3. umr. og vitna einnig í fyrirkomulagið í Noregi og víðar. Ég tel því mikilvægt að frv. verði breytt aftur við fyrsta tækifæri og greiði nú atkvæði gegn lögfestingu þessa frv.

[10:35]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér fer fram mjög söguleg atkvæðagreiðsla í stóru máli. Hér eru að verða ofan á við afgreiðslu málsins afar íhaldssöm sjónarmið, sjónarmið sem ekki hafa fengið brautargengi í ríkjum eins og Bandaríkjum Norður-Ameríku, Nýja-Sjálandi og fleiri slíkum ríkjum m.a. að því er varðar jarðhita. Hér er gengið gegn eðlilegri skynsemi varðandi eðli þeirra auðlinda sem við eigum bestar eins og jarðhitann og grunnvatn sem fylgja ekki mörkum eignarlanda. Hér er á ferðinni mjög afdrifarík og slæm lagasetning sem er enn þá afdrifaríkari eftir að við höfum innleitt réttarkerfi Evrópusambandsins og allir íbúar á hinu Evrópska efnahagssvæði geta boðið í landareignir á Íslandi. Þetta er í rauninni mjög hættulegt mál sem verið er að lögfesta og við hljótum að áskilja okkur rétt til þess að reyna að færa þessa löggjöf til baka og setja eðlileg lög um þetta við fyrsta tækifæri. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1438).

### *Búfjárhald, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 543. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 1418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1439).

### *Lax- og silungsveiði, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 578. mál (stjórnsýsluverkefni, Fiskræktarsjóður o.fl.). — Þskj. 983, brtt. 1421.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Brtt. 1421 samþ. með 47 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

17 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1440).

***Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 625. mál (lánstími). — Þskj. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

16 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1441).

***Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 950, nál. 1297 og 1403, brtt. 1298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]

Till. í nál. 1403 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:7 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, RG, SighB, SvanJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, VS, ÞorstP.

7 þm. (HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GÞÞ, GB, GÁS, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:41]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hér er um það að ræða að framlengja búvörusamning í mjólkurframleiðslu. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans var það rækilega rökstutt að búvörusamningur sá sem í gildi hefur verið fram að þessu hefur hvorki reynst hagstæður framleiðendum né neytendum. Það er skoðun okkar jafnaðarmanna að menn eigi að leita nýrri leiða sem séu hagfelldari bæði framleiðendum og neytendum en farnar hafa verið til þessa. Þess vegna leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði sú tillaga ekki samþykkt munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1298,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÞÞ, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3.–13. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GB, GÁS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, RG, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1298,2.a samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

**nei:** HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:45]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða samning milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnar Íslands sem var lagður í atkvæðagreiðslu meðal þeirra sem hafa greiðslumark í mjólk og samþykktur með 90% atkvæða. Eftir það fer hann til meðferðar hjá Alþingi og þá er veigamiklu atriði í samningnum breytt, þ.e. því atriði sem til hvað mestra framfara horfði, að það yrði settur á kvótamarkaður og m.a. voru bundnar vonir við að það mundi lækka verð á mjólkurkvóta. Þetta atriði er tekið út úr samningnum í meðferð þingsins og ég tel að við þetta hafi samningurinn tekið veigamiklum breytingum. Ég greiði atkvæði gegn þessari breytingu.

[10:46]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta frv. og þá ekki síst þessi lagagrein er byggð á samningi sem bændur gerðu við ríkisstjórnina.

Um þennan samning höfðu bændur greitt atkvæði. Nú er ekki alltaf samkomulag á milli meiri hluta á Alþingi og almannasamtaka um að semja um breytingar sem snerta kjör viðkomandi. En þegar slík fyrirheit eru gefin þá er lúalegt að hlaupa frá samningum og svíkja þá. Það er gert með þessari lagabreytingu og það er algerlega óásættanlegt.

Brtt. 1298,2.b–d samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

12 þm. (GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RA, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1298,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

18. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GGuðbj, JóhS, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, BH, EKG, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:50]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég sé ekki betur en hér sé tillaga um afturvirkt lagaákvæði sem gengur ekki. Það er um að þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna skal tilnefningu í nýja verðlagsnefnd búvara lokið 15. maí 1998 — sem ég held að sé örugglega liðinn — og nefndin fullskipuð 1. júní 1998. Ég legg til að hv. landbn. skoði þetta mál milli 2. og 3. umr. Þetta gengur ekki, herra forseti, svona. Það mætti auðvitað fresta atkvæðagreiðslu um málið líka.

[10:51]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill taka fram að nú fer fram atkvæðagreiðsla um ákvæði til bráðabirgða.

[10:51]

**Svavar Gestsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hélt að verið væri að greiða atkvæði um tillögu um nýtt ákvæði til bráðabirgða og það var það sem athugasemd mín laut að, nýtt ákvæði til bráðabirgða, það sé í raun og veru ótækt til atkvæða eins og það liggur fyrir núna. Ef það er annað bráðabirgðaákvæði gengur það náttúrlega í gegnum atkvæðagreiðslu eins og venjulega.

[10:52]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Þingstörf hafa nú tafist og eru komin langt fram á sumar en þetta er hárrétt sem hv. 8. þm. Reykv. segir og hér áðan var verið að dreifa fundarboði. Landbn. kemur saman á þriðjudaginn og heldur fund. Þá verðum við að fara yfir þetta. Þarna verður að breyta dagsetningunni.

[10:52]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið, eiga reyndar ekki við það ákvæði til bráðabirgða sem nú er verið að greiða atkvæði um þannig að við ljúkum þeirri atkvæðagreiðslu fyrst.

Brtt. 1298,4 kölluð aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP,

RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (ÁÞ, GGuðbj, RG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

### *Formsatriði í atkvæðagreiðslum.*

[10:54]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill láta þess getið áður en næsta atkvæðagreiðsla fer fram, vegna athugasemda sem heyrðust í miðri atkvæðagreiðslu áðan, að forseta hefði láðst að segja „háttvirtur þingmaður" *í vissum tilvikum að sú athugasemd átti ekki* rétt á sér vegna þess að það er löng þingvenja fyrir því að í atkvæðagreiðslu eru menn nefndir á nafn en ekki titlaðir með þessum hætti (**GÁS:** Og er sama hver þingmaðurinn er?) og er sama hver þingmaðurinn er. (**Gripið fram í:** Líka ráðherrar?) Ráðherrar eru nefndir með nafni eins og þeir þekkja sem hér hafa verið og menn eru ekki titlaðir sem háttvirtir þannig að hér var smámisskilningur á ferð.

### *Búnaðarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 368. mál (heildarlög). — Þskj. 599, nál. 1324, brtt. 1325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Brtt. 1325,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1325,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PP, RG, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
6 þm. (HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, BH, EOK, GÞÞ, GB, GÁS, IP, JónK, KF, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt þessari grein er ekki lengur gert ráð fyrir að stuðningur við landbúnaðinn á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi og atvinnuuppbyggingar í sveitum sé lögbundinn heldur verður hann háður samningum sem eru gerðir til fimm ára í senn og endurskoðanlegir annað hvert ár. Ég tel að þetta stefni stuðningi hins opinbera við landbúnaðinn og þær framkvæmdir sem til framfara horfa í þeirri grein í mikla tvísýnu og vil því ekki greiða þessari grein atkvæði mitt.

Brtt. 1325,3 samþ. með 43 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1325,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1325,5 samþ. með 43 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,6 samþ. með 46 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,7 samþ. með 46 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1325,8 samþ. með 46 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,9 samþ. með 46 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
14–15. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1325,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,11 samþ. með 47 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,12 samþ. með 46 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
19 gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1325,13 samþ. með 42 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1325,14 samþ. með 40 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 39:5 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
**nei:** MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.
19 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:06]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem áður giltu um jarðræktarframlög áttu bændur, samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis frá 10. mars 1995, fullan og óskoraðan rétt til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum. Samkvæmt þessu ákvæði eru bændur neyddir til að samþykkja að þeir fái á næstu fimm árum greiddan helming þeirrar fjárhæðar sem þeir áttu fullan og óskoraðan rétt á eða ekkert ella. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og greiði atkvæði gegn ákvæðinu.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 762, nál. 1299, brtt. 1300 og 1386.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

23 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GÁS, GÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:08]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Við erum að greiða atkvæði um frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu fyrir dýr. Ég gerði grein fyrir ýmsum viðhorfum mínum varðandi þetta mál við 1. umr. og taldi þá að málið væri mjög illa búið í hendur þingsins. Ég er enn þeirrar skoðunar og finnst að ýmislegt í brtt. og vinnu hv. landbn. hafi ekki fært málið í þá stöðu sem ástæða væri til.

Ég vil við atkvæðagreiðslu um 1. gr. benda á eitt sem ég tel verulegan ljóð á þessu máli en það er að hér er verið að lögfesta umdæmaskipan sem byggir á sýsluskipan. Sýsluskipan í landinu liggur ekki fyrir í afmörkuðum einingum lengur. Þær byggja á hefðum og umdæmi sýslumanna fara engan veginn saman við sýslumörk. Ég vísa, virðulegur forseti, á svar frá hæstv. dómsmrh. um þetta mál á þskj. 1251, fyrir þá sem vilja lesa sér til um stöðu sýslna. [11:10]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég minni á yfirlýsingu hv. formanns landbn. sem kom fram við 2. umr., um að málið yrði tekið aftur til meðferðar í landbn. Sá fundur hefur verið ákveðinn á þriðjudagsmorgun. Ég vona að þá takist að lagfæra ýmsa mjög alvarlega annmarka á þessu frv.

2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1300,1 samþ. með 40 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EOK, GE, GB, GHall, GÁS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:12]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég tel að ýmislegt í 4. gr. frv., sem við erum að greiða atkvæði um, orki verulega tvímælis, sérstaklega það sem kemur fram í næstsíðustu efnisgrein sem hljóðar svo:

„Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknisþjónustu til ráðsins."

Hér er búin til eins konar úrskurðarnefnd, að því er virðist, en þannig er um hnútana búið, eins og fram kemur í nál., að mér er mjög til efs að þessi nefnd geti starfað sem slík. Þetta er einn af ágöllum þessa máls og ég treysti mér ekki til að styðja þessa lagagrein.

Brtt. 1300,2 samþ. með 40 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

6.–8. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1300,3 samþ. með 42 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1300,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddur.

11. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1300,5 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

8 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tók þátt í afgreiðslu þessa máls í landbn. og fannst að með því að framfylgja þeim ákvæðum sem hér eru skýr í 13. gr. og koma fram með reglurnar sem ættu að fylgja, þá gæti það orðið til mikilla bóta þegar rætt er um að stækka vaktsvæðin eins og hér er gert ráð fyrir. Það tókst ekki að fá það fram. Lokayfirlýsing ráðuneytisins var sú að það ætti að sjá til í eitt til tvö ár og fá reglur um aksturskostnað. Þess vegna get ég ekki samþykkt þessa grein eins og hún liggur hér fyrir.

Brtt. 1300,6 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1386,1 felld með 30:6 atkv. og sögðu

**já:** HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

5 þm. (ÁRJ, GE, KÁ, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, EOK, GB, GÁS, GGuðbj, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, EOK, GB, GÁS, GGuðbj, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1386,2 felld með 31:6 atkv. og sögðu

**já:** HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

8 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, KÁ, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EOK, GB, GÁS, GGuðbj, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Þessi grein, 15. gr., er því miður ekki til þess fallin að gera veg Tilraunastöðvarinnar að Keldum meiri í sjúkdómsgreiningu dýra. Hún er fremur til að minnka tengsl þjónustu við sjúkdómsgreiningar og grunnrannsóknir á dýrasjúkdómum. Þá orkar einnig mjög tvímælis, út frá stjórnsýslulegum sjónarmiðum, að sami aðili, í þessu tilviki yfirdýralæknir, og á að fyrirskipa og sjá um sóttvarnaraðgerðir, hafi einnig með höndum rannsóknarþjónustu sem slíkar aðgerðir byggjast á. Því er lagt til að greinin falli brott.

Brtt. 1300,7 (ný 15. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

16.–18. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1300,8 samþ. með 40 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EOK, GB, GÁS, GGuðbj, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, RG, SP, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddur.

20. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

## *Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 929, nál. 1278, brtt. 1279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:23]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1279,1–8 samþ. með 45 shlj. atkv.

7.–34. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1279,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

## *Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 947, nál. 1277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, BH, EgJ, EOK, GE, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, EOK, GE, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SF, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 1277 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

6.–10. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 1277 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GE, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, SighB, SF, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

***Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.***

Frv. ÁRÁ, 639. mál (krókaveiðar). — Þskj. 1095, nál. 1280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1280 samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

***Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. síðari umr.***

Þáltill. PHB og ÁRÁ, 27. mál. — Þskj. 27, nál. 1285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Till. í nál. 1285 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv.

***Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins, frh. síðari umr.***

Þáltill. HG, 269. mál. — Þskj. 337, nál. 1219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]

Brtt. í nál. 1219 (ný tillgr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁE, BH, EgJ, EOK, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Hér er um að ræða tillögu sem er ákaflega merkileg og ég fagna henni og þeim afdrifum sem hún fær. Fyrir lá önnur tillaga um ámóta efni sem laut sérstaklega að áhrifum dragnótar í Faxaflóa. Tekið var fram af sjútvn. í viðræðum við mig að það mál yrði skoðað sérstaklega og fellt inn í þessa tillögu og getið um það. Ég harma að það skuli ekki koma fram í nefndarálitinu, sem ég hef ekki séð fyrr en núna, en ég samþykki að sjálfsögðu þessa tillögu og ég reikna með að hafin verði rannsókn á áhrifum dragnótar í Faxaflóa nú þegar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JóhS, KÁ, KB, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EKG, EOK, GB, GÁS, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SP, SJS, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1448).

## *Samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, frh. síðari umr.*

Þáltill. SF o.fl., 402. mál. — Þskj. 723, nál. 1379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:32]

Till. í nál. 1379 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

## *Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 654. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1127, nál. 1366.

[11:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta frv. og reyndar einnig það frv. sem kemur til atkvæðagreiðslu næst á eftir og er nátengt er að flestu leyti mjög til bóta. Hér er fólki gert kleift að geyma áunninn rétt til atvinnuleysisbóta vegna fæðingarorlofs eða fangelsisvistar nema hvort tveggja sé. Þá er inn í þessar lagabreytingar fléttað frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti til að koma í veg fyrir að atvinnulaust fólk sem fær bætur eftir látinn maka sinn verði fyrir kjaraskerðingu. Það er þakkarvert að meiri hlutinn skuli hafa fallist á þessa annars sjálfsögðu réttarbót sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir beitti sér fyrir fyrr á þessu þingi. Við munum styðja frv. en ekki þá lagagrein sem m.a. gerir ráð fyrir því að fólk í hlutastarfi verði fyrir skerðingu á atvinnuleysisbótum, þ.e. fólk sem er fyrir ofan tiltekin tekjumörk. Að öðru leyti er þetta frv. mjög til bóta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁÞ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, BH, DO, EOK, FI, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SighB, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1366 (ný 7. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁJ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, BH, DO, EOK, FI, GB, GÁS, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SighB, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

## *Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 655. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1128, nál. 1365, brtt. 1404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]

Brtt. 1404,1 samþ. með 45 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1404,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG*, JóhS, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (MF, RA, RG, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, BH, DO, EOK, GB, GÁS, GÁ, IP, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1404,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1365, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

***Umboðsmaður jafnréttismála, frh. 2. umr.***

Frv. HG o.fl., 82. mál. — Þskj. 82, nál. 1372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:41]
Till. í nál. 1372 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 42 shlj. atkv.

***Rannsókn á atvinnuleysi kvenna, frh. síðari umr.***

Þáltill. KÁ o.fl., 250. mál. — Þskj. 295, nál. 1373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:42]
Till. í nál. 1373 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

***Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, frh. síðari umr.***

Þáltill. RG o.fl., 251. mál. — Þskj. 296, nál. 1357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:42]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
21 þm. (ÁE, ÁJ, BH, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SF, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1451).

***Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, frh. síðari umr.***

Stjtill., 376. mál. — Þskj. 649, nál. 1414, brtt. 1415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:44]
Brtt. 1415 samþ. með 45 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
21 þm. (ÁE, BH, DO, EOK, GB, GÁS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LB, ÓE, PHB, RG, SighB, SF, SP, SJS, TIO, VE) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1452).

[Fundarhlé. — 11:46]

[12:45]

**Útbýting þingskjala:**
Áfengislög, 478. mál, brtt. JóhS og BH, þskj. 1434.
Loftferðir, 201. mál, brtt. EKG, þskj. 1433.
Ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000, 692. mál, svar samgrh., þskj. 1430.
Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 558. mál, brtt. SJS, þskj. 1453.

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:48]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1433, 1434 og 1453. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 23.–44. mál.

Fundi slitið kl. 12:49.

---

## 136. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
að loknum 135. fundi.

**Dagskrá:**
1. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 599 (með áorðn. breyt. á þskj. 1325). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 544. mál, þskj. 929 (með áorðn. breyt. á þskj. 1279). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, stjfrv., 558. mál, þskj. 947 (með áorðn. breyt. á þskj. 1277), brtt. 1453. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 639. mál, þskj. 1095 (með áorðn. breyt. á þskj. 1280). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 654. mál, þskj. 1127 (með áorðn. breyt. á þskj. 1366). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 655. mál, þskj. 1128 (með áorðn. breyt. á þskj. 1365, 1404). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Vegáætlun 1998–2002, stjtill., 378. mál, þskj. 676, nál. 1243, brtt. 1244. — Síðari umr.

8. Langtímaáætlun í vegagerð, stjtill., 379. mál, þskj. 677, nál. 1245, brtt. 1246. — Síðari umr.

9. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — 3. umr.

10. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 880, nál. 1239, brtt. 1240. — 2. umr.

11. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138. — 2. umr.

12. Skipulag ferðamála, stjfrv., 546. mál, þskj. 931, nál. 1321, brtt. 1322. — 2. umr.

13. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1005, nál. 1323. — 2. umr.

14. Vegtenging milli lands og Eyja, þáltill., 448. mál, þskj. 775, nál. 1320. — Síðari umr.

15. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100 og 1433. — Frh. 3. umr.

16. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

17. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041, 1212 og 1253. — 2. umr.

18. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 311. mál, þskj. 391, nál. 1270, brtt. 1271. — 2. umr.

19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 521. mál, þskj. 892, nál. 1295, brtt. 1346. — 2. umr.

20. Almenn hegningarlög, stjfrv., 522. mál, þskj. 893, nál. 1254, brtt. 1255. — 2. umr.

21. Söfnunarkassar, frv., 156. mál, þskj. 156, nál. 1293. — 2. umr.

22. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 174. mál, þskj. 174, nál. 1293. — 2. umr.

23. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 483. mál, þskj. 819, nál. 1294. — 2. umr.

24. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173, nál. 1385. — Síðari umr.

25. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434. — 2. umr.

26. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, nál. 1331. — 2. umr.

27. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260. — 2. umr.

28. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715, nál. 1355. — 2. umr.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:52]

Of skammt var liðið frá umr. 1.–6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Skipting aukinna aflaheimilda.

[12:53]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Í þessari viku bárust þau gleðilegu tíðindi að Hafrannsóknastofnun mælir með aukningu á veiðum úr helstu nytjastofnum. Fylgir sögunni að aukningin muni skila þjóðinni milljörðum króna í auknum tekjum.

Ég get ekki séð af áætlun þingsins fram að sumarhléi að til standi að ræða hvernig á að skipta þessari aukningu í veiðiheimildum. Er það meiningin, virðulegi forseti, að þingi ljúki í vor án þess að það sé rætt? Mér er ljóst að ef á að taka upp aðra skiptingu á heimildum en nú er við lýði þarf til þess lagabreytingar. Ég hef orðið vör við það á ferðum mínum um landið að menn hafa bundið miklar vonir við að auknum aflaheimildum kynni að verða skipt öðruvísi en með sjálfkrafa útdeilingu til þeirra sem nú eiga heimildirnar. Til dæmis verði hluta þeirra dreift til þeirra byggða sem hafa farið illa út úr kvótaflóttanum á undanförnum árum þegar misvitrir útgerðarmenn hafa svipt heilu byggðarlögin lífsviðurværi sínu.

Ég trúi því vart að þetta þing fari í sumarhlé að ekki fari fram umræða um þetta mikilvæga mál á hinu háa Alþingi. Ég vil fyrir mitt leyti leggja til að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að umræða fari fram um þetta mál áður en vorþingi lýkur. Annað væri fullkomið skeytingarleysi við fólk í þeim byggðum sem hafa farið illa út úr núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi.

[12:55]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ósk sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir bar fram um að þessi mál verði með *einhverjum hætti tekin upp á Alþingi.*

Það var athyglisvert, herra forseti, þegar fregnir bárust af hinni miklu aflaaukningu að allt var það reiknað til peninga umsvifalaust. Það sýnir okkur hversu meðvituð þjóðin er orðin um þau gífurlegu verðmæti sem verið er að deila út og að þeir fá mest sem mest höfðu fyrir. Í tillögu jafnaðarmanna um veiðileyfagjald er bent á þá aðferð að viðbótarkvótar verði seldir. Það væri meira í takt við réttlætiskennd þjóðarinnar en það gjafakvótakerfi sem hér er viðhaldið og stutt af ríkisstjórninni. Ég segi því aftur, herra forseti, að ég styð þá tillögu sem hér hefur komið fram frá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um að við skoðum þetta mál, þess er full þörf.

[12:56]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. 8. þm. Reykn. að nauðsynlegt sé að ræða þessi mál áður en þinginu lýkur. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er í salnum og vil spyrja hann hvort hann geti ekki hugsað sér að beita sér fyrir umræðu um þetta mál áður en þinginu lýkur.

[12:56]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað og fagna þeirri aukningu sem blasir við samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi velt fyrir sér stöðu þeirra aðila sem hafa haft lífsafkomu sína af grásleppuveiðum þar sem verðfall er um helming og veiðihrun má nánast segja er

við Faxaflóann. Eru einhverjar hugmyndir komnar um það hvernig mæta eigi þeim erfiðleikum sem þeir aðilar hafa orðið fyrir og eru fyrirsjáanlegir vegna þessa atriðis? Þetta er í þriðja skipti sem ég nefni þetta mál úr þessum ræðustóli en ég hef ekki orðið var við neinar aðgerðir eða að nokkuð hafi verið skoðað til að koma á móti þessum aðilum. Það er kjörið tækifæri nú til að velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að koma til móts við þá aðila sem eiga afkomu sína undir þessum veiðum m.a.

Einnig er rétt að nefna að þeir sem eru á bátum með aflamarki undir 6 tonnum voru skertir með lögunum frá því í desember. Þetta eru aðilar sem hafa gengið í gegnum það að fá skerðingu á aflaúthlutun sína en fengu síðan ekki uppbótina, 1.500 kg uppbótina sem bátar með 6 og upp í 10 tonna afla og þar yfir fengu við síðustu úthlutun. Þarna er gat í kerfinu. Þarna eru menn sem eru búnir að ganga í gegnum skerðingu en hafa síðan ekki fengið bætur á móti. Ég spyr hvort eitthvað sé í farvatninu.

[12:58]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 8. þm. Reykn. vil ég taka fram að ekki stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar að flytja á þessu þingi frv. til breytinga á fiskveiðistjórnarlögunum um þær grundvallarbreytingar sem hv. þm. var að inna eftir.

Af minni hálfu er hins vegar sjálfgefið að ef þessi mál koma til umræðu í þinginu samkvæmt þingsköpum er ég reiðubúinn að taka þátt í þeim umræðum.

[12:59]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að mér fundust þetta nokkuð snautleg svör hjá hæstv. sjútvrh. þegar við erum að fjalla um gjörbreytta stöðu varðandi aflaheimildir þjóðarinnar og fréttir sem hafa verið að berast af auknum veiðimöguleikum sem allir hafa fagnað. Það er þannig að ákveðin svæði á landinu hafa farið mjög illa út úr kvótakerfinu á undanförnum árum þar sem aflaheimildir hafa verið seldar miskunnarlaust burt og sums staðar horfir svo við að nánast er ekki neinn frumburðarréttur eftir á staðnum. Menn vinna við að veiða leigukvóta.

Ég verð að játa að það yrðu mér mikil vonbrigði, þegar við blasir að veiðiheimildir verði auknar, ef ekki á að veita þessum svæðum neina úrbót samkvæmt þeim svörum eða því litla sem ég gat lesið út úr því sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan. Ég harma það, hæstv. forseti, og hefði viljað að við tækjum þessi mál til umræðu og reynt yrði að úthluta þessum veiðiheimildum sem umfram eru núna á nýjan hátt en ekki mest til þeirra sem mest hafa fyrir.

[13:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Þetta voru skýr svör. Það kemur ekkert frv. frá ríkisstjórninni um breytingu á fiskveiðilögunum en sjútvrh. er alveg til í að ræða þingmálið ef það kemur fram með þinglegum hætti, sem væntanlega þýðir að ef stjórnarandstaðan vill setja eitthvað fram þá er hann til í að tala við hana, en við vitum hvernig það er að taka undir okkar hugmyndir, það er svo annað mál.

Það er gleðilegt, herra forseti, að svona góður tími skuli vera orðinn hjá okkur að nytjastofnarnir eru farnir að rétta sig af þannig að hægt er að auka veiðarnar. En spurningin er, ekki bara hér í þessum sal heldur í þjóðfélaginu: Hverjir fá veiðiheimildir? Á að útdeila þeim ókeypis til þeirra sem eru heimildarhafar fyrir? Það er gott og blessað. Er það þannig sem ríkisstjórnin ætlar að hafa það? Þessi ríkisstjórn sem vill að allt sé á fárra höndum. Spurningin í þjóðfélaginu verður: Hve lengi ætlar ríkisstjórnin að gefa frá sér veiðiheimildirnar, óveidda fiskinn sem þjóðin á, og úthluta þeim til fárra? Það verður spurningin, ekki bara í þessum sal — enda erum við að fara heim eftir viku — heldur um allt þjóðfélagið.

[13:02]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegur forseti. Ég held að það sé rétt að menn hafi hlutina í réttu samhengi. Árum og áratugum saman byggði þessi þjóð afkomu sína á því að hér væri hægt að draga úr sjónum 300–400 þús. tonn af þorski árlega. Þær útgerðir og þeir útgerðarstaðir sem urðu fyrir mestri skerðingu þegar ákvörðun var tekin um að færa leyfilegt aflamark niður fyrir 200 þús. tonn, niður í 150 þús. tonn, eru nú að sjá fram á örlítið skárri tíð með því að tekin er ákvörðun um að fara upp undir 250 þús. tonn af fiski. Þá fara menn að tala um það sem sérstakt réttlætismál að koma í veg fyrir að þær útgerðir, útgerðarstaðir og þessir sjómenn fái þær aflaheimildir til að vinna með heldur eigi í nafni réttlætisins að bjóða þetta allt saman upp. Það er alveg rétt sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði áðan að ýmsir útgerðarflokkar eins og t.d. kvótabátarnir undir 6 tonnum hafa farið mjög illa út úr þessu. Halda menn virkilega að þeir ættu auðvelt með að keppa á einhverjum uppboðsmarkaði ef ætti að fara að bjóða þetta upp? Ég verð að játa að mér finnst þetta afar sérkennileg réttlætiskennd sem kemur fram hjá sumum talsmönnum sem hér hafa talað, en ég tek skýrt fram — ekki frá hv. 5. þm. Vesturl. sem að sjálfsögðu þekkir vel til aðstæðna í kjördæmi sínu sem m.a. hefur orðið mjög illa fyrir barðinu á þessari miklu skerðingu sem orðið hefur á undanförnum árum.

## *Búnaðarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 368. mál (heildarlög). — Þskj. 1443.

[13:04]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Fyrir misskilning datt ég út af mælendaskrá við 2. umr. málsins og hef þess vegna valið að koma hér til að gera grein fyrir í hverju sá fyrirvari, sem ég gerði við málið í umfjöllun nefndarinnar, var fólginn.

Með þessu frv. er lagt til að sett verði ný lög sem leysi af hólmi jarðræktarlög og lög um búfjárrækt. Ákvæði jarðaræktarlaga eru undirstaða þess skipulags sem gilt hefur hér á landi um stuðning ríkisins við jarða- og húsabætur í sveitum og á sama hátt eru búfjárræktarlögin undirstaða þeirra framfara í búfjárrækt sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina. Þessi nýju búnaðarlög verða rammalög sem gera ráð fyrir samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeininga og hagræðingar sem notið geta fjárstuðnings ríkisvaldsins.

Fyrirvari minn tók aðallega til tveggja atriða, þ.e. 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að styrkir til fyrrnefndra verkefna verði ekki lengur lögbundnir heldur verði þeir samkvæmt samningum hverju sinni, samningum sem eru gerðir til fimm ára í senn en eru uppsegjanlegir og endurskoðanlegir annað hvert ár. Mér finnst að með samþykkt slíks ákvæðis — að í staðinn fyrir að stuðningur við jarðrækt og það sem

til framfara horfir í búskap á landinu sé lögbundinn, þá sé hann samningsbundinn — sé þessu stefnt í mikla óvissu og ég óttast að þegar harðnar í ári verði dregið úr stuðningi við bændur samkvæmt þessu ákvæði eins og einmitt átti að gera þegar flutt var frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 þar sem slíkir styrkir voru teknir af með því frv. En samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis 10. mars 1995, vegna kvörtunar sem hafði borist til hans frá einum þeirra bænda sem ekki hafði getað fengið greidd framlög vegna framkvæmda á árinu 1991, þá hljóðaði sá úrskurður upp á það að bóndinn ætti fullan og óskoraðan rétt til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum vegna þess að þetta var lögbundið. Vegna þessa úrskurðar fylgir þessu frv. ákvæði til bráðabirgða um að gert skuli upp við þá bændur sem eiga uppsafnaðan rétt á jarðræktarframlögum með því að þeim skuli borgaður út rúmlega eða um það bil helmingurinn á fimm ára tímabili, helmingurinn af þeim rétti sem þeir eiga uppsafnaðan. Þar með er sagt að ef þeir sætti sig ekki við að fá þennan helming, þá fái þeir ekki neitt. Ég er sérstaklega andvíg þessu ákvæði til bráðabirgða. Mér finnst þetta vera kúgunaraðgerð og ekki sæmandi að traktera bændastéttina með slíku nú þegar allir vita að engin stétt í landinu hefur átt jafnerfitt á undangengnum árum eins og hluti bændastéttarinnar. Þeir sem voru að reyna að framkvæma og gera einhverjar styrkhæfar úrbætur samkvæmt jarðræktarlögum voru þó að reyna að búa í haginn fyrir framtíðina og gera bú sín þannig úr garði að þau skiluðu betri arði.

Ég hef hér með gert grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði við frv. til búnaðarlaga sem ég að öðru leyti styð.

Umræðu frestað.

### *Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.*

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 1445.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, MS, ÓI, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP.
31 þm. (ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EOK, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1459).

### *Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 3. umr.*

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 1446, brtt. 1453.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:13]
Brtt. 1453,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1453,2 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, MS, ÓI, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP.
30 þm. (ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EOK, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1460).

### *Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.*

Frv. ÁRÁ, 639. mál (krókaveiðar). — Þskj. 1447.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:14]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, MS, ÓI, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP.
29 þm. (ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EOK, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SF, SP, SJS, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1461).

### *Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.*

Stjfrv., 654. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1449.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:15]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP.
27 þm. (ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EOK, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, PHB, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1462).

***Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 3. umr.***

Stjfrv., 655. mál (geymsla áunnins réttar o.fl.). — Þskj. 1450.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:16]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KB, KPál, MS, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (ÁE, ÁÞ, BBj, BH, EOK, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, PHB, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1463).

***Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 3. umr.***

Stjfrv., 509. mál (gjald af flugvélabensíni). — Þskj. 879.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Póstþjónusta, 2. umr.***

Stjfrv., 510. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 880, nál. 1239, brtt. 1240.

[13:17]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 1239 ásamt breytingartillögum á þskj. 1240, um frv. til laga um breytingu á lögum frá 1996, um póstþjónustu. Þetta frv. fjallar um skilgreiningu á einkarétti í póstþjónustu sem er ákaflega mikilvægt, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á rekstrarumhverfi póstþjónustunnar í landinu og raunar í löndunum í kringum okkur. Samgn. er samhljóða í efnislegri niðurstöðu en nokkrir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara. Nefndin telur að í frv. felist ákvæði sem skýri betur einkaréttarsvið póstþjónustunnar. Það er nauðsynlegt m.a. með hliðsjón af afskiptum Samkeppnisstofnunar af þessum málefnum.

Frá því frv. var lagt fram á síðasta þingi hafa þær breytingar orðið að tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/67 hefur verið samþykkt en hún mun verða gildandi réttur á Evrópska efnahagssvæðinu. Nokkuð hefur verið á reiki hvað teljast megi lokaðar bréfapóstsendingar og hverjar séu opnar. Sú hugtakanotkun er mjög mikilvæg í sambandi við þetta mál allt saman og er nauðsynlegt að fara um það nokkrum orðum. Ég hygg að fæstir geri sér nákvæmlega grein fyrir því hvað hér er átt við.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur túlkað núgildandi ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna þannig að hugtakið „lokaðar bréfapóstsendingar" taki til hvers konar bréfa sem lokað væri aftur, hvort sem þau væru límd eða þeim lokað með öðrum hætti. Opnar bréfapóstsendingar séu því einungis þau umslög sem hvorki eru límd aftur né lokað á annan máta. Samkvæmt því falla nánast eingöngu póstkort utan einkaréttarins. Nefndin telur með hliðsjón af framangreindu að frumvarpið feli í sér þrengingu á einkaréttarsviðinu þar sem ekki sé lengur miðað við frágang bréfapóstsendingar heldur þyngd og verðmæti.

Með frumvarpinu er lagt til að skilgreiningu á einkarétti til póstmeðferðar innan lands verði breytt til samræmis við þá skilgreiningu sem fram kemur í tilskipun ESB nr. 97/67, um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að einkaréttur til póstmeðferðar taki til bréfa í umslögum og sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd, og annarra ritaðra orðsendinga og prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, sem eru innan fyrrgreindra þyngdarmarka. Í tilskipuninni og raunar líka frumvarpinu er miðað við bréf allt að 350 g að þyngd en þar er um að ræða hámarksþyngd sem heimilt er að víkja frá til lækkunar. Nefndin taldi nauðsynlegt að þrengja einkaréttarsviðið enn frekar og lækka mörkin niður í 250 g til samræmis meðal annars við þau mörk sem gilda í Danmörku.

Nefndin taldi mikilvægt að ekki væri um að ræða útvíkkun á einkaréttarhlutverkinu heldur væri það einungis gert skýrara. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér er ljóst að einkaréttarsviðið verður í raun þrengra eftir gildistöku þessa frumvarps en það var áður og samkeppnissvið póstþjónustu mun því stækka. Með þessu telur nefndin að komið hafi verið til móts við sjónarmið um aukna samkeppni á sviði póstþjónustu án þess að raska skuldbindingum þeim sem felast í einkaréttarþjónustu, m.a. um póstdreifingu um land allt.

Þá vill nefndin taka fram að með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laganna sem taka til póstsendinga á milli landa að öðru leyti en því sem þau ákvæði eru háð einkaréttarskilgreiningunni. Þar með er einnig um að ræða þrengingu á einkaréttarhlutverkinu á því sviði.

Í nefndarálitinu er síðan gerð grein fyrir þeim tveimur efnisbreytingum sem gerðar eru á frv., með leyfi forseta:

1. Lagt er til að þyngdarmörkum verði breytt úr 350 g í 250 g í 1. gr frumvarpsins.

2. Þá er lagt til að orðalagi 2. gr. verði breytt. Við meðferð málsins komu fram athugasemdir frá Póst- og fjarskiptastofnun þar sem stofnunin taldi sig ekki geta unnið eftir ákvæðinu óbreyttu. Til þess væri ákvæðið of óljóst og mat stjórnvaldsins yrði erfiðleikum háð. Fellt er út úr ákvæðinu tilvísun til „sérstakra ástæðna" og „starfsemi til almannaheilla" en í stað þess er skilgreint nánar hverjum verði veitt slík undanþága. Markmiðið er að hér falli undir þau félög og samtök sem vinna að góðgerðarmálum. Við setningu reglugerðarinnar skal samgönguráðherra gæta þess að undanþáguheimildin verði ekki of rúm.

Undir þetta nefndarálit rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Ragnar Arnalds, Egill Jónsson og Jónas Hallgrímsson. Með fyrirvara undirrita þetta nefndarálit hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Kristján Pálsson.

[13:22]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Hv. formaður samgn. hefur hér gert grein fyrir nefndaráliti frá samgn. sem ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, fulltrúar jafnaðarmanna í nefndinni, höfum skrifað undir með fyrirvara. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara mínum í þessu máli.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu fékk samgn. upplýsingar um það frá Íslandspósti að einkaréttarsvið yrði þrengra, eftir gildistöku þessa frv. og samkeppnissvið póstþjónustu muni því stækka. Við fengum einnig upplýsingar um það hjá samkeppnisaðila Íslandspósts, fyrirtækinu Póstdreifingu hf., að svo væri ekki, þetta væri alveg öndvert. Ég treysti mér ekki til að meta þetta og þess vegna skrifa ég undir nefndarálitið með fyrirvara.

Ég óttast að með þessari breytingu verði samkeppni á þessu sviði illmöguleg en málið verður að njóta vafans. Ef það kemur síðan í ljós, við framkvæmd laganna, að einkarétturinn víkkar frekar en þrengist og samkeppni verði illmöguleg, þá verðum við að taka lögin upp og breyta þeim í kjölfarið. Það er alveg ljóst. Ég skrifa sem sagt undir þetta nefndarálit með fyrirvara en legg áherslu á að skoða verði þessi mál betur ef í ljós kemur að markmiðin sem við settum okkur þegar við samþykkjum þessa breytingu á lögunum munu ekki nást.

[13:24]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Frv. til laga um póstþjónustu sem hér er til umræðu felur í sér minni háttar breytingar ef orða mætti það svo. Eftir því sem þeim sýnist, sem í samkeppnisumhverfinu starfa, fela þessar minni háttar breytingar þó í sér að einkaréttarsviðið verður enn víðtækara en áður og aðstæður samkeppninnar því verri. Það eru fullyrðingar sem í sjálfu sér hefur verið erfitt að andmæla en þó hefur sú staða komið upp að þeir, sem ætla sér af stað í slíka samkeppni sem er í póstþjónustu, hafa þrátt fyrir leyfi ekki komist af stað af einhverjum ástæðum. Rökin fyrir því að fara alla leið til frjálsræðis hafa því kannski ekki verið nógu sterk af þeim ástæðum.

Að minnka þyngd bréfa úr 350 g í 250 g hefur sáralítil áhrif á það magn pósts sem fer til samkeppnisaðila. Meiri hluti bréfa er undir 100 g þannig að að þessu leyti skiptir þetta engu máli. Annars staðar á Norðurlöndum hafa þau skref verið stigin að gefa póstdreifinguna alveg frjálsa. Rétt er að minna á að það hefur gerst í Svíþjóð og Finnlandi og mælst vel fyrir eftir því sem við best vitum.

Maður heyrir líka þær raddir frá Íslandspósti að þeir aðilar sem þar stjórna séu tilbúnir að fara út í algert frjálsræði hvað þetta varðar. Eini óttinn sem hvílir á mönnum varðandi algert frjálsræði er að hinar dreifðu byggðir landsins mundu verða út undan í samkeppninni og auðvitað þarf að tryggja að svo verði ekki. Ég get því í sjálfu sér samþykkt þetta frv. eins og það kemur fyrir en vildi að það sjónarmið mitt kæmi fram að eðlilegt skref hlýtur að vera að gefa póstþjónustuna frjálsa á Íslandi eins og víða á Norðurlöndum og það fyrr en síðar. Þar sem það hefur verið gert hefur það reynst vel og ekki ástæða til að ætla annað en svo verði hér einnig. Við getum séð það á öðrum sviðum starfsemi pósts- og símafyrirtækisins sem nú er orðið hlutafélag, að íslenska póst- og símaþjónustan hefur náð því stigi að vera ein sú fullkomnasta í heiminum. Hún hefur náð því að verða ein sú ódýrasta og reyndar sú allra ódýrasta með tilliti til símanotkunar í heiminum. Aðstæður fyrirtækja Pósts og síma fyrrv. eru því mjög góðar til að takast á við samkeppni á öllum sviðum. Ég held að við höfum engu að kvíða en treysti því að á næsta þingi eða mjög fljótlega a.m.k. verði þetta mál tekið til rækilegrar endurskoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Leigubifreiðar, 2. umr.*

Stjfrv., 519. mál (vöru- og sendibílar). — Þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138.

[13:28]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 1137 ásamt breytingartillögum á þskj. 1138 um frv. til laga um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995. Tilgangur þessa frv. var fyrst og fremst sá að setja reglur um sendi- og vörubifreiðastjóra sem stunda leiguakstur með vörur og enn fremur að setja lagaramma varðandi leiguakstur á fólksbifreiðum.

Ég vil vekja athygli á því að í umfjöllun nefndarinnar var gerð nokkur breyting á frv. Við nánari skoðun nefndarinnar á málinu taldi hún rétt að fella brott ákvæði 2. og 3. gr. frv. um leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða þar sem mörg atriði í því sambandi séu enn óljós og þurfi frekari skoðunar við. Nefndin vill hins vegar vekja athygli á því að með þessu frv. er ekki stefnt að neinni heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar heldur tekur þessi endurskoðun einungis til mjög afmarkaðra þátta. Nefndin er hins vegar þeirrar skoðunar að vegna breyttra aðstæðna í umferðinni og krafna um aukið öryggi sé nauðsynlegt að fram fari frekari endurskoðun á lögunum, svo sem varðandi útgáfu starfsleyfa og verkefni umsjónarnefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar er til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að orðin „óflekkað mannorð“ í b-lið 1. gr. frumvarpsins falli brott og að greinin verði umorðuð þannig að hún falli að upptalningu 3. gr. laganna. Ekki felst í þessu efnisbreyting. Þetta er gert þar sem ríkari kröfur eru gerðar til mannorðs þeirra sem aka fólksbifreiðum í leiguakstri en að það sé óflekkað í skilningi kosningalaga. Skilyrði til þess að fá heimild til leiguaksturs fólksbifreiða eru á hinn bóginn rakin í greininni. Auk þess vill nefndin benda á að í 2. tölul. 2. efnismgr. 2. gr. er vísað til hugtaksins „óflekkað mannorð“ í þeirri merkingu sem lögð er í það samkvæmt kosningalögum. Meiri kröfur eru gerðar til aksturs fólksbifreiða í leiguakstri en aksturs vöru- og sendibifreiða. Breytingunni er ætlað að koma í veg fyrir misskilning og hugtakabrengl. Varhugavert er að hafa tvær merkingar á sama hugtakinu í einum lögum.

Þá er lagt til að í stað orðsins „skírlífisbrot“ í b-lið 1. gr. komi „kynferðisbrot“. Þetta er í samræmi við breytta hugtakanotkun í almennum hegningarlögum, sbr. lög nr. 40/1992.

Og síðan eins og áður er rakið er lagt til að 2. og 3. gr. falli brott.

Undir þetta nál. rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson,

Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skipulag ferðamála, 2. umr.*

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 931, nál. 1321, brtt. 1322.

[13:32]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1321 ásamt brtt. á þskj. 1322, við frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um rekstur ferðaskrifstofa hér á landi, svo sem um ferðaskrifstofuleyfi og fjárhæð tryggingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að a-liður a-liðar 1. gr. falli brott og er skilgreiningu á hugtakinu ferðaskrifstofa þar með breytt. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á sviði upplýsingamiðlunar leggur nefndin til að ekki þurfi ferðaskrifstofuleyfi til að gefa upplýsingar um ferðir innan lands og erlendis. Samhliða þessu er b-lið a-liðar 1. gr. breytt á þann veg að ef upplýsingagjöfinni fylgir umboðssala með farmiða sé um ferðaskrifstofu að ræða.

2. Lagt er til að felld verði brott orðin „a- og b-lið“ úr h- og i-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem ætlunin er að vísa einnig til c-liðar 19. gr. á báðum stöðum og því nægjanlegt að vísa einungis til 19. gr.

3. Þá er lagt til að lágmark tryggingar skv. h-lið 1. gr. verði lækkað í 1 millj. kr. Nefndin telur að með því sé komið til móts við sjónarmið ýmissa smærri aðila sem standa í ferðaskrifstofurekstri. Í dag er lágmarkstrygging smærri aðila 1 millj. kr. þannig að með því að breyta lágmarkinu eins og samgöngunefnd leggur til verður ekki um röskun að ræða hjá neinum aðilum.

4. Þá er lögð til orðalagsbreyting á c-lið k-liðar 1. gr. svo að skýrar komi fram að um ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátryggingu hjá vátryggingafélagi er að ræða.

Undir þetta nál. rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Eftirlit með skipum, 2. umr.*

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1005, nál. 1323.

[13:34]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1323 ásamt meðfylgjandi frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingarlögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að farþegaflutningar með skipum verði háðir sérstöku leyfi og að lögfest verði skyldutrygging í farþegaflutningum með skipum. Með breytingunum er ætlunin að stuðla að auknu öryggi í farþegaflutningum með skipum og bátum á sjó, ám eða vötnum. Samgöngunefnd tekur undir markmið frv. en leggur til þá breytingu að vátryggingarskyldunni verði flýtt svo að ákvæðið komi til framkvæmda á sumri komanda. Það er mat nefndarinnar að frestur til 1. ágúst sé nægjanlegur undirbúningstími fyrir þá sem að málinu koma, tryggingafélög og tryggingartaka.

Brtt. er svohljóðandi:

„Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „1. janúar 1999“ í 2. mgr. komi: 1. ágúst 1998.“

Undir þetta nál. rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson.

[13:35]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Hér er vissulega nauðsynjamál á ferðinni sem löngu var tímabært að fram kæmi og tengist minni bátum sem notaðir hafa verið til farþegaflutninga við strendur landsins.

Það sem hins vegar vekur athygli mína er að í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi leyfisins.“

Það þýðir að skipstjóri á að geyma þetta plagg nánast ofan í skúffu. Ef menn setjast upp í leigubíl þá er leyfið á áberandi stað ef það er í gildi. Það er sett á áberandi stað svo farþeginn sjái að viðkomandi aðili hafi þetta leyfi. Ég spyr: Hvers vegna er ekki sama krafa gerð til fólkflutningabáta, að þetta leyfi sé sett upp á áberandi stað fyrir farþegana þannig að þeir geti glögglega séð að bæði leyfi og öryggiskröfum varðandi farþega er fullnægt?

Í annan stað er það nokkuð athyglisvert þegar talað er um að Siglingastofnun skuli ákveða fjölda í áhöfn. Nú eru til lög og reglugerðir sem kveða á um fjölda aðila, bæði skipsstjórnendur og þá sem stjórna vél. Þar eru þekkt lög og reglur um það hvernig með skuli fara. Nú spyr ég: Er verið að færa þetta úr höndum löggjafans þannig að Siglingastofnun hafi ótakmarkað vald til þess að ákveða mönnun þessara báta?

Hér segir svo, með leyfi forseta, í umsögninni með 1. gr.:

„Þá er lagt til að í lög um eftirlit með skipum verði sett ákvæði um að farþegaflutningar með skipum séu háðir leyfi. Af slíku ákvæði leiðir að farþegaflutningar með skipum yrðu óheimilir án slíks leyfis. Tilgangurinn með ákvæðinu er að lögfesta skýran grundvöll fyrir samræmdu eftirliti með smíði og búnaði skipa í farþegaflutningum, aðbúnaði og öryggi farþega, mönnun skipanna, atvinnuréttindum og þjálfun skipverja og öðrum öryggisþáttum í starfseminni. Lagt er til að sækja þurfi um leyfi til farþegaflutninga með skipi og að Siglingastofnun Íslands gefi út slíkt leyfi þegar sýnt hefur verið fram á að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða sem um skipið og starfsemi þessa gilda. Átt er við lög um eftirlit með skipum og reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum, en einnig önnur lög og reglugerðir sem gilda

um skip í farþegaflutningum. Sem dæmi um slík lög má nefna siglingalög og atvinnuréttindalög."

Í ákvæðum Siglingastofnunar varðandi úttekt á bol skips og reisn þess hefur eingöngu verið miðað við skip sem væru í siglingum á sjó. Nú sá ég í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi að þeir sem hafa hug á því að kaupa nokkuð stórt skemmtiferðaskip, til þess að sigla á vatni, kvörtuðu yfir því að það væri gerð sama krafa til bols þess skips og skipa sem sigla á opnu úthafinu. Ég hlýt að spyrja formann samgöngunefndar: Var þetta eitthvað rætt og gert ráð fyrir að þarna yrði breyting gerð á, þannig að ekki væri sama krafa á þykkt stáls í skrokki skips sem siglir á stöðuvötnum og gerð er til þeirra skipa sem sigla á úthafinu?

Þá vekur tryggingarskylda eigenda gagnvart farþegum einnig athygli. Segja má að hér sé gerð krafa um að farþeginn sé betur tryggður en hin eiginlega áhöfn. Það er sérkapítuli út af fyrir sig sem síðar mun koma fram á öðrum vettvangi.

Fyrst og fremst kom ég hér inn á ákvæði um mönnunarreglur þessara skipa svo og líka til að spyrja hvort menn ætli virkilega að gera sömu kröfur til þeirra skipa sem sigla á ám og vötnum og gerðar eru til farþegaskipa sem sigla fyrir opnu hafi.

[13:40]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi froseti. Ég vil nú aðeins koma inn í þessa umræðu í framhaldi af því sem hv. 10. þm. Reykv. vék að. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að þetta mál hlaut allmikla umræðu áður en það kom hér inn í þingið, sérstaklega hjá hagsmunaaðilum. Eftir því sem ég best man fékk þetta mál m.a. ítarlega umfjöllun í siglingaráði þar sem bæði útgerðarmenn og sjómenn eiga fulltrúa. Enn fremur eru þar fulltrúar Siglingastofnunar sem hafa með það að gera hvaða kröfur eru gerðar til búnaðar skipa og þeirra þátta, þannig að ég tel ástæðu til að ætla að um þessi mál hafi verið fjallað af þeim mönnum sem gleggst mega um þetta vita og þekkja þetta mál langsamlega best.

Hv. þm. spurði hér nokkurra spurninga sem sjálfsagt er að reyna að svara. Í fyrsta lagi varðandi staðsetningu leyfisins, þá er það auðvitað svo að við töldum nú ekki ástæðu til þess að segja það í lögunum nákvæmlega hvar þetta leyfi ætti að vera staðsett að öðru leyti en því að það ætti að vera um borð í skipinu, þannig að það væri aðgengilegt. Það sem hér er auðvitað fyrst og fremst verið að leiða í lög er að tryggja að fólk, sem ferðast með slíkum skipum og nýtir sér þessa þjónustu, geti gengið út frá því sem gefnu að þessi skip uppfylli lágmarksreglur, m.a. um mönnun, um þekkingu skipstjórnarmanna, um aðbúnað um borð. Það hefur komið fram gagnrýni, m.a. frá ferðaþjónustuaðilum í þessari grein, á að aðbúnaðurinn sé mjög misjafn. Þeir telja að sums staðar séu gerðar miklar kröfur, annars staðar séu þær sömu kröfur ekki gerðar. Hérna er eingöngu verið að jafna þessi samkeppnisskilyrði og tryggja öryggi og réttindi þess fólks bæði sem vinnur á þessum skipum og enn fremur auðvitað farþeganna sjálfra.

Það var ekki gert ráð fyrir því að verið væri að fella úr gildi ákvæði annarra laga varðandi mönnun skipa, gerð skipa eða fyrirkomulags varðandi búnað og þess háttar. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að Siglingastofnun beri að hafa til hliðsjónar lög sem eru í gildi varðandi þessa þætti. Eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Fyrir slík skip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af Siglingastofnun Íslands með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips."

Ég held nú, virðulegi forseti, að þegar maður les þetta í þessu samhengi þá sé ljóst að í lagasetningunni er ekki reynt að búa til nýjar réttarvenju nema síður sé. Þar er eingöngu verið að vísa til og gera þá leiðsögn fyrir Siglingastofnun Íslands að hún byggi á þeim lögum sem eru í gildi.

Varðandi þá spurningu sem hv. þm. spurði um körfur um búnað skips þá voru þau mál ekki rædd sérstaklega í nefndinni umfram það sem kemur fram í sjálfum frumvarpstextanum. En það verður að segjast eins og er, að þeir umsagnaraðilar sem við leituðum til, sem ég hygg að hafi verið allmargir, þó nokkrir skiluðu til okkar áliti og þar á meðal Siglingastofnun Íslands þar sem þessi mál höfðu verið rædd faglega af öllum hlutaðeigandi aðilum, komust allir að þeirri niðurstöðu að þetta frv. væri mjög til bóta og við værum hér að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem efst væru á baugi í þessari grein. Við töldum því ekki ástæðu til þess, á grundvelli þeirra upplýsinga sem við höfðum þegar nefndin fór yfir þetta mál, að gera frekari efnisbreytingar en þessar. Eina efnisbreytingin sem við í rauninni gerum er sú að færa tryggingarákvæði frv. fram til 1. ágúst þannig að það geti tekið gildi fyrr. Við höfðum kynnt okkur það að tryggingafélög t.d. væru tilbúin að standa að þessu máli og hefja þessar tryggingar strax um mitt árið.

Hér er fyrst og fremst um að ræða frv. sem á að tryggja öryggi ferðamanna og þeirra sem vinna við þessa útgerð. Þess vegna töldum við að hér væri eingöngu um að ræða framfaramál sem mikilvægt væri að kæmust í gildi sem fyrst.

[13:44]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Herra forseti. Ég tók þeim rökum sem hérna komu fram að öllu leyti nema því sem snýr að skírteininu sem útgefið skal af hálfu Siglingastofnunar og á að staðfesta að skip og búnaður sé í lagi. Við setjumst ekki í leigubifreið öðruvísi en að þar liggi skírteini í mælaborði eða í glugga, sem sýnir að viðkomandi aðili hafi tilskilin réttindi og leyfi og við séum að fullu tryggð. Við förum ekki upp í lyftu öðruvísi en þar hangi skírteini sem segir til um að lyftan sé í lagi og hafi verið tekin út nýlega. Þess vegna kemur það mér ákaflega spánskt fyrir sjónir að sjá að um borð í bát sem flytja á 60–100 manns, megi hafa skírteinið, sem allt segir um búnað og öryggi skipsins, réttindi manna, einhvers staðar ofan í skúffu. Farþegarnir um borð vita því ekki hvort þarna sé rétt eða rangt farið með. Það var aðeins þetta sem ég vildi vekja athygli nefndarinnar á. Að öðru leyti hef ég ekki meira við þetta að athuga.

[13:45]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 10. þm. Reykv. vil ég aðeins segja að ég get út af fyrir sig tekið undir það með honum að eðlilegast væri að þetta skjal væri staðsett þannig að farþegum og öðrum þeim sem ganga um skipið væri ljóst hvort það uppfyllti þau skilyrði sem gerð eru varðandi slík skip. Ég get tekið undir það og get sagt sem frsm. nefndarinnar að ég tel eðlilegast að það sé gert þannig að ekkert fari milli mála.

En ég vil hins vegar í þessu sambandi aðeins vekja athygli á því að auðvitað hefur Siglingastofnun þarna miklu eftirlitshlutverki að gegna. Eftirlitið er í þessum efnum, eins og öðrum sem snúa að slíkum öryggisþáttum, lagt á herðar Siglingastofnunar. Maður verður að ætlast til þess að stofnunin sjálf sinni því að tryggja að þau skip sem stundi farþegaflutninga — og það er alveg rétt að þetta mun verða vaxandi atvinnugrein — uppfylli þau skilyrði sem hér er verið að leggja til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Vegtenging milli lands og Eyja, síðari umr.*

Þáltill. ÁJ o.fl., 448. mál. — Þskj. 775, nál. 1320.

[13:47]

**Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1320 um till. til þál. um forkönnun á vegtengingu milli lands og Eyja.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Vegagerðinni, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæ.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta gera forkönnun á gerð vegtengingar milli Vestmannaeyja og lands. Framangreind vegtenging hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu án þess að unnt hafi verið að byggja hana á neinum teljandi gögnum varðandi tæknileg eða fjárhagsleg atriði. Nefndin telur skynsamlegt að bæta hér úr og að gerð verði sú könnun sem lögð er til. Samkvæmt greinargerð sem fylgir tillögunni er gert ráð fyrir að kostnaður við fyrri hluta forkönnunar verði 1,5 millj. kr. og við síðari hluta 5 millj. kr.

Nefndin telur æskilegt að könnunin verði gerð í tveimur áföngum eins og lagt er til í greinargerð með tillögunni og að ekki verði ráðist í síðari áfangann nema sá fyrri gefi tilefni til þess. Í fyrri áfanga þyrfti að huga að áhættumati fyrir þær lausnir sem nefndar hafa verið. Þessari hugmynd er ekki ætlað að hafa áhrif á áform um jarðgöng á Íslandi.

Samgöngunefnd leggur til í ljósi þessa að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Árni Johnsen, Egill Jónsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Stefán Guðmundsson og Guðmundur Árni Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Loftferðir, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100 og 1433.

[13:50]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Það hefur orðið aðeins opinber umræða um eitt atriði í 140. gr. þessa mikla frv. sem senn verður nú að lögum, þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Í flugmálahandbók skulu birtar þær ákvarðanir Flugmálastjórnar sem teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Skulu þær vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á.“

Til þess að taka af öll tvímæli um þetta hef ég leyft mér að flytja eftirfarandi breytingartillögu við 140. gr. þar sem bætist við síðustu setninguna eftirfarandi málsliður:

„Samgönguráðherra er heimilt að höfðu samráði við Íslenska málnefnd að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.“

Ég held að hin opinbera umræða hafi skýrt það að hér er ekki um að ræða ásetning um að taka almennt upp að hafa Stjórnartíðindi á ensku eða erlendum tungumálum heldur er eingöngu verið að tala um mál sem eðli málsins samkvæmt eiga ekki erindi eða þjóna ekki tilgangi að koma fyrir margra augu eða fáir hafi mikinn áhuga á að lesa skulum við öllu heldur segja, og ekki sé sérstök ástæða til að leggja út í mjög mikinn kostnað við að þýða þessar tilskipanir eða þessi plögg. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að flugmálin eru í eðli sínu alþjóðleg starfsemi og flugrekstraraðilarnir hafa orðið að þýða á ensku þessi mál sem hér er fjallað um þannig að hér er eingöngu um að ræða fullkominn tvíverknað sem þjónar engum tilgangi fyrir málvöndun eða verndun íslenskrar tungu. Ég held því að mikilvægt sé að eyða þeim misskilningi. En við höfum kosið að leggja fram þessa brtt. til að taka af öll tvímæli um að ekki er verið að opna neinar almennar heimildir um að birta alla skapaða hluti á ensku sem lýtur að loftferðalögunum í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lögmenn, 2. umr.*

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041, 1212 og 1253.

[13:55]

**Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 1040 og 1041 um frv. til laga um lögmenn.

Nefndin fjallaði mjög ítarlega um málið og fékk fjölmarga aðila á sinn fund til viðræðna. Þá bárust nefndinni margar umsagnir um málið.

Meðal helstu nýmæla frv. voru ákvæði um afnám skylduaðildar að Lögmannafélaginu en allshn. leggur til breytingar á þeim ákvæðum frv. Sem dæmi um önnur nýmæli má nefna að lagt er til nýtt heiti á lögunum þannig að þau heiti lög um lögmenn í stað þess að gildandi reglur um lögmenn er að finna í lögum um málflytjendur. Önnur nýmæli frumvarpsins lúta m.a. að því að lagt er til að reglum um öflun réttinda til flutnings mála fyrir héraðsdómi verði breytt þannig að í stað prófmálaflutnings fyrir dómi komi sérstök prófraun. Þá er lagt til að gerðar verði auknar kröfur um starfsreynslu áður en unnt er að sækja um rétt til málflutningsstarfa fyrir Hæstarétti. Einnig er lagt til að einkaréttur lögmanna taki til alls landsins, en ekki þykja lengur rök fyrir að binda hann

við stærstu kaupstaði landsins. Einnig er lagt til í frumvarpinu að reglur um sviptingu lögmannsréttinda verði gerðar markvissari en nú er.

Allshn. ræddi sérstaklega nokkur atriði frv., einkum nýjar reglur um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi en í frv. er gert ráð fyrir sérstakri prófraun í stað flutnings prófmála. Komu fram í máli viðmælenda og umsögnum sem nefndinni bárust nokkrar áhyggjur af þessu fyrirkomulagi og að það mundi leiða til erfiðleika við öflun þessara réttinda. Ákvæði frumvarpsins eru nokkuð opin hvað þetta varðar og telur nefndin ekki eðlilegt að nákvæmar reglur varðandi framkvæmd prófraunar verði festar í lög, en leggur áherslu á að ítarlegar reglur um námskeiðið verði settar í reglugerð. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að þess verði gætt að slíkt námskeið verði ekki óþarflega yfirgripsmikið. Þannig tekur nefndin undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Orators, félags laganema, að miðað verði við að námskeiðið standi ekki yfir lengur en eina önn á skólaári og yrði fyrirkomulag þannig að unnt verði að sækja slíkt námskeið meðfram vinnu. Þá telur nefndin mikilvægt að á námskeiðinu verði ekki kenndar greinar sem lögfræðingar hafa þegar tekið próf í í lagadeild Háskóla Íslands. Slíkt námskeið á einungis að snúa að þeim atriðum sem reynir á í starfi lögmanna og er ekki sérstaklega farið yfir í laganáminu, svo sem siðareglum lögmanna, samningu og flutningi málflutningsræðu fyrir dómstólum og reglum sem gilda um samskipti lögmanna og skjólstæðinga þeirra. Einnig er mikilvægt að kostnaði við námskeiðið verði haldið í lágmarki og að umsækjendum verði ekki gert að greiða gjald sem er hærra en kostnaður við námskeiðið og prófraunina. Þá hafa nefndinni borist ábendingar um að erfitt gæti orðið fyrir lögfræðinga er búa fjarri höfuðborgarsvæðinu að sækja slíkt námskeið og leggur nefndin áherslu á að reynt verði að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar að þessu leyti. Einnig hvetur allsherjarnefnd til þess að reynt verði að halda slíkt námskeið á hverju ári, en í frumvarpinu er kveðið á um að það skuli haldið eigi sjaldnar en annað hvert ár. Þannig telur nefndin að heppilegt væri að sett yrði í reglugerð ákvæði um að námskeið verði haldið á hverju ári ef að minnsta kosti 10 manns óska eftir því. Loks telur nefndin eðlilegt að dómsmálaráðherra leiti umsagnar Orators, félags laganema, áður en reglugerð um tilhögun námskeiðs og prófraunar verður sett.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar við frv. og verða helstu efnisatriði breytinganna nú rakin. Fyrst ber að telja að í tillögum nefndarinnar eru lagðar til víðtækar breytingar á frumvarpinu hvað varðar aðild að Lögmannafélaginu og ákvæðum er leiða af þeim breytingum, svo sem um eftirlit með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga gagnvart þeim og ýmsum málsmeðferðarreglum. Þannig er lagt til að heiti II. kafla frumvarpsins verði „Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna“ og eru grundvallarbreytingar gerðar á kaflanum. Þannig er lagt til að í 3. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að lögmenn skuli hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands, sem þeim er skylt að vera félagsmenn í. Félaginu er, ólíkt því sem nú er, aðeins ætlað að hafa með höndum starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum. Þó er gert ráð fyrir að félaginu verði heimilt að starfrækja sérstakar félagsdeildir sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eigi aðild að. Verði fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

Þá gera breytingartillögurnar ráð fyrir að í tengslum við lögmannafélagið starfi úrskurðarnefnd lögmanna sem leysa á úr málum eftir ákvæðum lögmannalaga. Lagt er til að í nefndinni eigi sæti fimm menn, hver þeirra til fimm ára í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Skulu tveir nefndarmanna kosnir af Lögmannafélagi Íslands, einn tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti og skal hann vera úr röðum lögmanna og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Gert er ráð fyrir að nefndin kjósi sér sjálf formann til eins árs í senn. Lögmannafélaginu er ætlað að bera kostnað af þeim verkefnum sem því eru falin í lögunum og af störfum úrskurðarnefndarinnar og getur félagið lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þessum kostnaði. Þessar breytingar sem nefndin leggur til eru í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 259/1997 er kveðinn var upp 19. febrúar 1998, en þar segir að skylduaðild að Lögmannafélaginu, sem er viðurkennd, heimili ekki stjórn félagsins að krefja félagsmenn um önnur gjöld en þau sem þarf til að sinna hinu lögboðna hlutverki þess.

Nefndin leggur til breytingar á 4. gr. sem leiðir af breytingum á 3. gr. frumvarpsins, en í ákvæðinu er kveðið á um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. að ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar sæti hvorki stjórnsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um verkefni Lögmannafélags Íslands og eru lagðar til breytingar á ákvæðinu til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Á 7. gr. eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi leggur nefndin til breytingu á ákvæðum um skipan prófnefndar þess efnis að fulltrúi sá sem ráðherra skipar í nefndina skuli ekki vera starfandi lögmaður. Á tillagan að tryggja það að þeir sem sitji í prófnefnd hafi sem fjölbreyttasta starfsreynslu og komi ekki allir úr lögmannastétt en nefndin tekur undir athugasemdir sem bárust um að slíkt væri óeðlilegt. Í öðru lagi er um að ræða leiðréttingu á 7. gr. og í þriðja lagi er lagt til að prófnefnd geri tillögu til dómsmálaráðherra um gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun í stað þess að samkvæmt frumvarpinu skal dómsmálaráðherra ákveða gjaldið án samráðs.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um öflun réttinda til að vera hæstaréttarlögmaður. Hefur það verið gagnrýnt nokkuð að lagt sé til að viðhalda flutningi prófmála fyrir Hæstarétti. Þó gerir frumvarpið ráð fyrir að prófmálum verði fækkað úr þremur í tvö. Hefur nefndin rætt nokkuð um fyrirkomulag á öflun hæstaréttarlögmannsréttinda og er niðurstaðan sú að erfitt yrði um vik að hafa prófraunina með öðrum hætti en verið hefur. Þó leggur nefndin til breytingar á ákvæðinu. Lúta þær að því að umsókn um að þreyta prófraun skuli beint til sérstakrar prófnefndar sem í sitji þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Lagt er til að tveir nefndarmenn verði tilnefndir af Hæstarétti en einn af Lögmannafélagi Íslands. Nefndinni er ætlað að setja almennar reglur um framkvæmd prófraunarinnar, en gert er ráð fyrir að dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meti hvort umsækjandi hafi staðist prófraunina. Telur nefndin að með breytingartillögunni sé komið nokkuð til móts við framkomna gagnrýni og ætti breytingin ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu að

stuðla að því að auðveldara verði fyrir lögmenn að afla sér málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti en verið hefur.

Lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar á 11. og 12. gr. þannig að lagt er til að við 2. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður þar sem heimiluð er sérstök undantekning frá meginreglunni um að lögmanni sé skylt að hafa skrifstofu opna almenningi. Lýtur undanþágan að lögmönnum sem gegna föstu starfi hjá félagasamtökum og er það skilyrði fyrir undanþágunni að þeir veiti engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu. Einnig er lagt til að það verði skilyrði fyrir því að slík undanþága verði veitt að umrædd þjónusta falli innan starfssviðs samtakanna. Gert er ráð fyrir að þeir sem sækja um undanþágu láti fylgja umsókn yfirlýsingu um að þeir muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Breyting þessi er í samræmi við ákvæði danskra laga um lögmenn, en héraðsdómslögmönnum hérlendis hefur hingað til verið heimilt að veita slíka þjónustu. Bárust nefndinni ábendingar um það að nauðsynlegt væri fyrir félagasamtök sem búa yfir sérþekkingu á ákveðnum sviðum að slík undanþága yrði veitt og tekur nefndin undir þau sjónarmið en sem dæmi um slík samtök má nefna ASÍ og VSÍ.

Á 13. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar er leiðir af breytingum á II. kafla frumvarpsins, en í ákvæðinu er fjallað um eftirlit Lögmannafélagsins með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum. Gert er ráð fyrir að lögmanni verði skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda sem félagið tilnefnir allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að meta hvort hann uppfyllir skilyrði laganna. Einnig er lagt til að mælt verði fyrir um það í ákvæðinu að ef í ljós komi að lögmaður fullnægi ekki umræddum skilyrðum beri Lögmannafélaginu að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld úr gildi. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til tillögunnar innan tveggja mánaða.

Á 14.,16. og 26. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar er leiðir af öðrum breytingum sem lagðar eru til á frumvarpinu.

Á 15. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar þannig að í stað þess að mælt verði fyrir um að lögmannsréttindi skuli felld úr gildi þegar lögmaður tekur við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda er lagt til að notað verði orðalagið „felld niður". Er það orðalag í samræmi við 16. gr. frumvarpsins. Með orðalagsbreytingunni vill nefndin leggja áherslu á að ekki er verið að svipta menn réttindum sem þeir hafa unnið sér inn, heldur falla þau tímabundið niður á meðan viðkomandi gegnir starfi sem er ósamrýmanlegt handhöfn réttindanna. Getur viðkomandi sótt um að þau verði veitt honum á ný án endurgjalds eða prófraunar. Þannig væri viðkomandi rétt að taka fram að hann hefði öðlast lögmannsréttindi en þau fallið niður meðan þannig stæði á. Með frumvarpinu er því í raun ekki um að ræða breytingu frá gildandi fyrirkomulagi en nú er heimilt að leggja lögmannsréttindi inn til dómsmálaráðuneytisins.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 19. gr. frumvarpsins. Snúa þær að eignarhaldi á lögmannsstofum. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði á um það að lögmanni beri sjálfum að starfa á skrifstofu sinni, en honum að jafnaði heimilt að reka útibú frá skrifstofunni og skal hann þá fela öðrum lögmanni í sinni þjónustu að veita útibúinu forstöðu. Í öðru lagi er lagt til að lögmaður geti leitað undanþágu frá skyldu til að hafa opna skrifstofu til Lögmannafélags Íslands ef hann telur sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars að hafa opna skrifstofu. Lagt er til að ákvæði 2. mgr. um að lögmönnum sé heimilt að stofna félag um rekstur sinn haldist óbreytt. Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að öðrum en lögmönnum sé óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Þó er gert ráð fyrir að við andlát lögmanns geti Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Gert er ráð fyrir að veita megi þrotabúi lögmanns sams konar heimild ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta. Loks leggur nefndin til að ráðherra geti í einstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðinu og heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en lögmenn og þeir sem nefndir eru í nýrri 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns ef sérstakar ástæður mæla með því. Sams konar undanþáguheimild er að finna í 7. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997.

Á 24. gr. eru lagðar til breytingar í kjölfar ábendinga sem nefndinni bárust. Lýtur tillaga nefndarinnar að því að í stað þess að Lögmannafélagið geti gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu verði dómsmálaráðherra heimilt að gefa út slíkar leiðbeiningar að fenginni umsögn Lögmannafélagsins. Þannig er tryggt að leiðbeiningarnar séu gefnar út af óháðum aðila og telur nefndin það samræmast samkeppnissjónarmiðum betur. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um þetta ákvæði í ljósi þess að frumvarp til innheimtulaga hefur nú verið lagt fram á Alþingi og er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Telur allsherjarnefnd að ef það frumvarp verður að lögum sé nauðsynlegt að fella ákvæði 3. mgr. 24. gr. brott úr lögmannalögum, þar sem það verður þá orðið óþarft.

Á 27. og 28. gr. eru lagðar til breytingar til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til á öðrum ákvæðum í frumvarpinu. Lúta þær að kvörtunum á hendur lögmönnum fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi einstakra lögmanna eða veitt þeim viðvörun eða áminningu. Þegar slíku máli er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði nefndarinnar eða sátt sem gerð var fyrir henni eða leita breytingar á niðurstöðu sem fengist hefur fyrir nefndinni.

Þá leggur nefndin til breytingu á 27. gr. varðandi það hver hefur aðild til að leggja kvörtun fyrir úrskurðarnefndina. Í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir að umbjóðandi lögmanns hafi kvörtunarrétt, en eðlilegt þykir að víkka heimildina út, þannig að um greiða kæruleið verði að ræða. Því er lagt til að ef einhver telur að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum geti hann lagt kvörtun fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Er þetta í samræmi við gildandi rétt.

Lagt er til að 30. gr. falli brott, en í henni er kveðið á um málagjald sem innheimta átti við þingfestingu hvers einkamáls. Leiðir breytingu þessa af breytingum sem lagðar eru til á II. kafla frumvarpsins.

Þá er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 1999 til að nægur tími gefist til undirbúnings og aðlögunar að ákvæðum þess.

Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á lagaskilareglum sem fram koma í 32. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að þeir sem þegar hafa byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmenn en ekki

lokið henni eigi kost á að ljúka öflun réttindanna samkvæmt eldri reglum til 1. júlí 2000. Telur nefndin nauðsynlegt að lengja frestinn nokkuð frá því sem lagt er til í frumvarpinu þar sem erfitt getur reynst að afla sér prófmála eða það dregist að ljúka prófrauninni af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á öðrum frestum ákvæðisins til samræmis við breytingu sem lögð er til á gildistökuákvæði frumvarpsins. Þá eru lagðar til breytingar á lagaskilareglum varðandi þá sem við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 14. gr. eldri laga til að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr., en hafa ekki náð 30 ára aldri, eins og áskilið er. Lagt er til að þeim megi veita málflutningsréttindi þegar í stað enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999. Einnig er lagt til að kveðið verði á um rétt þeirra sem þegar hafa starfað hluta þess þriggja ára tímabils sem krafist er í núgildandi lögum til að unnt sé að sækja héraðsdómslögmannsréttindi án þess að þreyta prófraun. Þar er um að ræða þá sem hafa setið á Alþingi, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga. Einnig gildir ákvæðið um þá sem gegnt hafa fleiri en einu af framantöldum störfum og gildir þá samanlagður starfstími. Í tillögum allsherjarnefndar er gert ráð fyrir að veita megi þeim sem stundað hafa slík störf í sex mánuði að lágmarki héraðsdómslögmannsréttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

Þá er lagt til að 33. gr. frumvarpsins falli brott og leiðir þá breytingu af breytingum sem lagðar eru til á II. kafla frumvarpsins.

Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um hvernig staðið skuli að skipun úrskurðarnefndar lögmanna í fyrsta skipti. Gert er ráð fyrir að einn aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Lagt er til að skipunartími hvers verði ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast til setu í nefndinni.

Allir nefndarmenn skrifa undir álitið en hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir með fyrirvara.

[14:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Eins og fram kemur í brtt. allshn. um frv. til laga um lögmenn, og í ræðu frsm. nefndarinnar, sem var að ljúka sínu máli, eru hér fluttar allviðamiklar brtt. af hálfu nefndarinnar við frv. eða 23 brtt. með ýmsum undirliðum. Ég held að segja megi að eftir meðferð allshn. hafi frv. því tekið miklum breytingum og allar til verulegra bóta og frv. raunverulega gjörbreytt frá því það var lagt fram.

Það kom fram mikil gagnrýni á einstakar greinar frv. frá ýmsum aðilum en ég tel, herra forseti, að nefndinni í heild sinni hafi tekist í bærilegri sátt að ná niðurstöðu í þessu máli og ber að þakka það. Verður að segjast eins og er að af hálfu stjórnarliða var verulega tekið tillit til sjónarmiða okkar í minni hlutanum. Eins og álitið ber með sér er því um það góð sátt, nema að við í minni hlutanum flytjum brtt. sem ég vil gera grein fyrir en minni hlutann, sem flytur þessar brtt., skipa ásamt mér hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Ásamt því að gera grein fyrir þessari brtt., ástæðum og tilurð hennar vil ég einnig fjalla nokkuð um umsögn Orators, félags laganema við Háskóla Íslands sem hafði verulegar áhyggjur af nýjum og breyttum skilyrðum til að öðlast lögmannsréttindi. Það er þetta tvennt sem ég vil ræða við 2. umr. en tel, þó að efni máls sé með þeim hætti að það sé út af fyrir sig ástæða til að fjalla ítarlega um það, að frsm. nefndarinnar hafi gert brtt. ágæt skil þannig að ég vil staðnæmast við þessi tvö atriði sem ég nefndi.

Hvað varðar brtt. við 24. gr. er alveg ljóst að eins og hún var sett fram í frv. hæstv. ráðherra þá stóðst hún ekki og hafði m.a. Samkeppnisstofnun gert athugasemdir við ákvæðið eins og það var lagt fram. Í 24. gr., því ákvæði sem við ræðum hér, segir svo í frv. sjálfu, herra forseti:

„Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi."

Samkeppnisstofnun hafði gert athugasemdir við þetta mál fyrir þó nokkru síðan. En í áliti Samkeppnisstofnunar, dags. 6. nóv. 1997, kemur fram:

„Ef Alþingi telur þrátt fyrir fyrrgreind samkeppnishamlandi áhrif þörf á að setja leiðbeinandi reglur um gjaldskrá í því skyni að gæta hagsmuna neytenda, þ.e. skuldara í þessu tilfelli, telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að það sé óháður aðili sem það geri." — En ekki Lögmannafélag Íslands, eins og gert var ráð fyrir í frv. — innskot mitt.

Og síðan segir í umsögn Samkeppnisstofnunar:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er með öllu óeðlilegt að hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, gefi út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna. Þeim reglum er ætlað að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum en telja verður að lögmenn sjálfir eigi annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum."

Ég vil láta þess getið varðandi þetta ákvæði að í frv. sem ég hef nú flutt í þrígang á þessu þingi, sem fjallar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þá hef ég einmitt komið inn á þessi rök Samkeppnisstofnunar. En í þeirri tillögu sem ég vísa hér til vildi ég að opinber gjaldskrá yrði sett fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Ég vísaði til þess í dæmum með þeirri þáltill. hvað um gífurlegan kostnað fyrir skuldara væri að ræða þegar skuld þeirra lendir í vanskilum og í höndum lögmanna og fær á sig lögfræðikostnað. Nefndi ég dæmi um mjög hátt hlutfall lögfræðikostnaðar af kröfu. Þess vegna taldi ég og tel enn að mjög brýnt sé að setja þak á innheimtuþóknun lögmanna.

Nú nær þetta ákvæði sem við fjöllum hér um út af fyrir sig ekki til þess að sett sé þak á innheimtukostnað lögmanna. En engu að síður benti ég á það í þeirri tillögu að ekki væri eðlilegt að Lögmannafélagið setti slíkar leiðbeinandi gjaldskrár eða slíkar gjaldskrár og vitnaði einmitt til Samkeppnisstofnunar í því efni. Meiri hluti nefndarinnar hefur tekið tillit til þess að ekki sé eðlilegt að það sé Lögmannafélag Íslands sem það geri heldur dómsmrh. sem geti að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands sett slíka gjaldskrá og það er í fullu samræmi við það sem Samkeppnisstofnun bendir á.

Það sem nefndin fór nokkuð inn á og hv. frsm. nefndarinnar gerði grein fyrir hér áðan er annað frv. sem liggur fyrir þinginu og er til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. og stangast mjög á við þetta ákvæði sem við fjöllum um. Þar er um að

ræða frv. til innheimtulaga. Í því ákvæði stendur, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist."

Ég tel að í frv. um innheimtulög sé á ferðinni ákvæði sem er miklu nær því sem ég tel rétt að setja að því er þennan þátt varðar. Því taldi ég og við í minni hlutanum óeðlilegt að verið væri að festa í lög um lögmenn að dómsmrh. — eftir brtt. verði hún samþykkt — gefi út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu, og töldum miklu eðlilegra að þetta ákvæði, sem er í innheimtulögunum yrði lögfest í því frv. sem við hér fjöllum um, þ.e. í frv. um lögmenn.

Nú liggur fyrir, ef ég skil málið rétt, að innheimtulögunum verður frestað fram á næsta þing. Og fram kemur í álitinu að verði þetta frv. að lögum sé nauðsynlegt að fella ákvæði 3. mgr. brott úr lögmannalögunum, þ.e. ef innheimtulögin verða að lögum, þar sem það verður þá orðið óþarft. Við erum því að festa í lög til bráðabirgða í örfáar vikur eða mánuði ákvæði í þessu frv. til laga um lögmenn. Það ákvæði sem á þá að standa til frambúðar og nær þá líka yfir lögmenn er ákvæðið í frv. viðskrh. sem bíður næsta þings. Þess vegna teljum við það afar óeðlilegt að núna verði farið að gefa út slíka leiðbeinandi gjaldskrá af dómsmrh. sem síðan verður raunverulega tekin af með frv. viðskrh. verði það að lögum á næsta þingi. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, á þskj. 1212 að ákvæðið í innheimtulögunum verði fært yfir í frv. um lögmenn, þ.e. 24. gr. og í stað þess ákvæðis sem ég las upp áðan í 3. mgr. 24. gr. komi nýtt ákvæði sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist."

Þetta er miklu eðlilegri málsmeðferð af hálfu þingsins, sérstaklega þegar það liggur fyrir af hálfu meiri hlutans að breyta eigi þessu ákvæði þegar frv. um innheimtulög nær fram að ganga. Ég held að það rugli bara málin að hafa ákvæðið með þessum hætti.

Ég held, herra forseti, að viðskrh. sé sammála okkur í þessu máli og hefði gjarnan viljað hafa hann við þessa umræðu og það hefði verið eðlilegt að fá afstöðu hans til þeirrar brtt. sem við ræðum. En ég ætla nú ekki að gera kröfu til þess, herra forseti, ef hæstv. viðskrh. er ekki í húsinu, gæti trúað að hann hefði kannski öðrum hnöppum að hneppa. En afstaða hans hlýtur þá að koma fram við atkvæðagreiðslu um þessa brtt. og ég vona að hann hafi tíma við 3. umr. til að fjalla nokkuð um þetta mál. Og það má vera, herra forseti, og mun ég auðvitað hugleiða það að þessi brtt. komi þá ekki til atkvæða fyrr en við 3. umr. málsins ef vera má að viðskrh. hafi þá tíma til að fjalla um þessa brtt.

En nóg um það, herra forseti. Vil ég þá víkja að seinna atriðinu sem ég nefndi og það er umsögn Orators sem ég tel allrar athygli verða og tel að þau ákvæði sem Orator nefnir í umsögn sinni séu með þeim hætti að það hefði í raun og sanni átt að lögfesta ýmsar þær tillögur og ábendingar sem þar koma fram. En sú leið var valin að leggja áherslur á ýmsar þær hugmyndir og tillögur sem komu fram í umsögn Orators, í nál. allshn. Höfum við fallist á það í stjórnarandstöðunni að gera það á þann hátt og flytja þá ekki brtt. í trausti þess að hæstv. dómsmrh. sjái til þess að farið verði að þeim ábendingum og áherslum sem allshn. leggur í þessu efni.

Ég vil aðeins vitna í umsögn Orators en þeir segja, með leyfi forseta:

„Ljóst má vera að ný og breytt skilyrði til að öðlast lögmannsréttindi varða laganema afar miklu, sem og lögfræðinga sem eru án lögmannsréttinda. Ákvarðanir löggjafans um þennan þátt frv. munu varða atvinnuréttindi og atvinnufrelsi þessa hóps miklu og verður seint of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að reglur um öflun lögmannsréttinda verði bæði gagnsæjar og til þess fallnar að standa vörð um jafnrétti og atvinnufrelsi lögfræðinga. Nauðsynlegt er að löggjafinn girði ákveðið fyrir alla möguleika á að stéttarlegir hagsmunir hafi áhrif á val nýliða í lögmannastéttina. Enn fremur ber löggjafanum að gæta þess að aðgangur manna að lögmannsréttindum þrengist ekki frá því sem verið hefur, nema það sé byggt á vel ígrunduðum og málefnalegum sjónarmiðum."

Þeir leggja til ýmsar breytingar, m.a. á 6. gr. þessa frv. sem fjallar um lögmannsréttindi og það er sá kafli í 6. og 7. gr. sem þeir gerðu sínar athugasemdir við, m.a. að við 1. mgr. 6. gr. verði bætt við í 5. tölulið orðinu „eða" og enn fremur verði við 1. mgr. 6. gr. bætt við nýjum tölulið sem orðist svo:

„... hefur sýnt það með flutningi fjögurra munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður."

Í umsögninni segir enn fremur: „Orator vill vekja athygli á að ekki hefur verið kannað með neinum fullnægjandi hætti hver þörfin er fyrir breyttu fyrirkomulagi. Enga umfjöllun er að finna í athugasemdum frumvarpsins um hvers vegna núverandi kerfi er „gengið sér til húðar" og engan samanburð er að finna í núverandi kerfi og því sem lagt er til að tekið verði upp. Mikilvægast hlýtur að teljast að málið sé skoðað vel frá öllum hliðum áður en ráðist er í svo viðurhlutamiklar breytingar og hér um ræðir."

Þeir nefna að sú tillaga sem frumvarpshöfundar geri til úrbóta sé að komið verði á nefndu námskeiði og jafnframt að núverandi kerfi prófmála verði lagt niður. Orator telur að sú skipan sem gert er ráð fyrir í frv. geti ekki bætt úr þeim aðstöðumun sem fyrir er og réttilega er gagnrýndur í athugasemdum frv. Til þess liggja fyrst og fremst tvær ástæður. Í fyrsta lagi verður um að ræða fjárhagslegan mismun og í öðru lagi búsetumismun og það er það sem þeir leggja aðaláhersluna á.

Varðandi þá tillögu sem ég las áðan segja þeir að það sé „augljóslega auðveldara fyrir lögfræðinga sem búa og starfa fjarri höfuðborgarsvæðinu að flytja fjögur prófmál, jafnvel þó þeir þurfi í sumum tilvikum að koma til Reykjavíkur til þess, en að sækja til Reykjavíkur námskeið, sem stendur væntanlega yfir í nokkra mánuði, um langan veg. Yrðu þeir lögfræðingar óhjákvæmilega fyrir töluverðu vinnutapi og þyrftu að bera umtalsverðan kostnað vegna uppihalds á meðan námskeiðið stæði. Er í raun óforsvaranlegt annað en að löggjafinn leiði hugann að þeirri aðstöðu sem nýútskrifaður lögfræðingur sem starfar á landsbyggðinni væri í ef hann hefði hug á að öðlast lögmannsréttindi."

Þeir leggja til breytingu á 7. gr. sem lýtur að prófnefndarmönnum en samkvæmt frv. á dómsmrh. að skipa þriggja manna prófnefnd til fjögurra ára. Þeir leggja áherslu á að

einungis einn prófnefndarmaður megi vera starfandi lögfræðingur og telja ótækt að lögmenn geti haft úrslitaáhrif á það hversu margir lögfræðingar öðlist lögmannsréttindi. Samkvæmt frumvarpstextanum er mögulegt að allir nefndarmenn séu starfandi lögmenn og telur Orator mikilvægt öryggisatriði að þessu verði breytt.

Það er einmitt þetta ákvæði sem allshn. tók sérstaklega tillit til og gerir að tillögu sinni að breyting verði á þessari grein í lagatextanum sjálfum, þ.e. að aðeins einn prófnefndarmaður sem verði starfandi lögfræðingur.

Þeir leggja jafnframt áherslu á að dómsmrh. skuli leita umsagnar eftirtalinna aðila um tillögur prófnefndar: Dómarafélags Íslands, Lagadeildar Háskóla Íslands, Lögfræðingafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Orators, félags laganema við háskólann.

Síðan leggja þeir áherslu á að við 7. gr. verði bætt nýrri málsgrein sem hljóði á þessa leið:

„Lögfræðingum er heimilt að þreyta próf samkvæmt þessari grein, án þess að hafa sótt námskeið."

Þeir leggja til að í athugasemdum með frv. komi fram að námskeið verði haldið a.m.k. annað hvert ár en þó á hverju ári ef a.m.k. tíu manns óski eftir því. Þeir vilja að námskeiðið verði að hámarki 50 klst. og standi ekki lengur en eina önn í skólaári.

Þetta eru, herra forseti, megintillögur þeirra. Mér finnst þeir færa fyrir því mjög ítarlegan og góðan rökstuðning sem ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með að lesa upp eða fara nánar út í en ég hef gert. Ég ætla einungis að vitna til þess að fyrir utan það að nefndin hafi tekið tillit til einnar brtt. frá Orator, þá tekur nefndin í nál. sínu undir ýmis þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Orators, félags laganema, og hér er sagt í nál.:

„... miðað verði við að námskeiðið standi ekki yfir lengur en eina önn á skólaári og yrði fyrirkomulag þannig að unnt verði að sækja slíkt námskeið meðfram vinnu. Þá telur nefndin mikilvægt að á námskeiðinu verði ekki kenndar greinar sem lögfræðingar hafa þegar tekið próf í í lagadeild Háskóla Íslands. Slíkt námskeið á einungis að snúa að þeim atriðum sem reynir á í starfi lögmanna og er ekki sérstaklega farið yfir í laganáminu, svo sem siðareglum lögmanna, samningu og flutningi málflutningsræðu fyrir dómstólum og reglum sem gilda um samskipti lögmanna og skjólstæðinga þeirra. Einnig er mikilvægt að kostnaði við námskeiðið verði haldið í lágmarki og að umsækjendum verði ekki gert að greiða gjald sem er hærra en kostnaður við námskeiðið og prófraunina."

Þetta er mjög mikilvægt áhersluatriði sem allshn. leggur til að því er varðar þessa umsögn Orators. Og síðan segir í álitinu:

„Þá hafa nefndinni borist ábendingar um að erfitt gæti orðið fyrir lögfræðinga er búa fjarri höfuðborgarsvæðinu að sækja slíkt námskeið og leggur nefndin áherslu á að reynt verði að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar að þessu leyti. Einnig hvetur allsherjarnefnd til þess að reynt verði að halda slíkt námskeið á hverju ári, en í frumvarpinu er kveðið á um að það skuli haldið eigi sjaldnar en annað hvert ár."

Allshn. telur að heppilegt væri að sett yrði í reglugerð ákvæði um að námskeið verði haldið á hverju ári ef a.m.k. 10 manns óska eftir því, en það er alveg í samræmi við álit Orators. Loks telur nefndin eðlilegt að dómsmrh. leiti umsagnar Orators, félags laganema, áður en reglugerð um tilhögun námskeiðs og prófraunar verður sett.

Eins og hér má sjá hefur verið tekið verulegt tillit, að vísu í nál. sjálfu að undanskilinni þeirri einu brtt. sem ég nefndi, til umsagnar Orators sem við sem á þetta höfum lagt áherslu metum mjög mikils. Um þetta var góð sátt í nefndinni og allir sammála um að þessu máli yrði staðið með þessum hætti.

Herra forseti. Í trausti þess að eftir þessum ábendingum og áherslum allshn. verði farið af hálfu dómsmrh. þá flytjum við í minni hlutanum ekki brtt. í kjölfar umsagnar Orators en munum að sjálfsögðu fylgjast mjög vandlega með því, herra forseti, þegar þetta kemur til framkvæmda, að þeim ábendingum sem fram koma af hálfu allshn. í þessu efni verði fylgt.

[14:37]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um lögmenn hefur fengið mjög ítarlega umræðu í hv. allshn. og það ekki á einu þingi heldur fleirum. Frv. hefur tekið verulegum breytingum. Allt hefur þetta verið í mjög góðu samkomulagi við þá sem eftir því þurfa að starfa sem eðlilegt er en innan eðlilegra marka að sjálfsögðu. Fyrir liggur þetta frv. sem ég hef samþykkt en hef þó lagt verulega áherslu á eitt atriði varðandi þá grein í frv. sem snýr að eignaraðild í lögmannastofum. Það er c-liður 14. brtt., sem er við 19. gr., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en þeir sem nefndir eru í 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns svo fremi að sérstakar ástæður mæli með því."

Í nál. er sagt um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Loks leggur nefndin til að ráðherra geti í einstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðinu og heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en lögmenn og þeir sem nefndir eru í nýrri 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns ef sérstakar ástæður mæla með því. Sams konar undanþáguheimild er að finna í 7. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997."

Þetta ákvæði, um að sérstakar aðstæður geti leitt til þess að aðrir en lögmenn eigi hlut í lögmannstofum, hefur valdið verulegum ágreiningi innan Lögmannafélagsins. Lögmenn hafa talið að það geti leitt til þess að rýra álit lögmanna og stöðu gagnvart skjólstæðingum sínum og gert þá háða vinnuveitendum sem séu orðnir eignaraðilar í þeirra málflutningsstofu.

Ég leyfa mér að vitna hér í minnisblað frá Lögmannafélaginu, sem fjallar sérstaklega um þetta atriði, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er talin hætta á trúnaðarbroti en hlutverk lögmanna innan réttarkerfisins, þar á meðal störf þeirra í einkamálum og opinberum málum fyrir dómstólum, byggist m.a. á þeirri forsendu að þeir geti sinnt störfum sínum án utanaðkomandi afskipta eða þrýstings. Með öðrum orðum: Lögmenn verða að vera sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Þetta ákvæði, um að heimila öðrum en lögmönnum að eiga lögmannsstofur, mundi veikja mjög réttaröryggi í landinu ef lögmaður þyrfti að þola að eiga á hættu afskipti eða þrýsting af hálfu gagnaðila, yfirvalda eða ólöglærðs vinnuveitanda sem ekki bæri sömu trúnaðarskyldur og ábyrgð og sjálfstætt starfandi lögmaður.

Það ógnar sjálfstæði lögmannastéttarinnar í heild sinni og þar með réttaröryggi í landinu ef aðrir en lögmenn mega eiga og reka lögmannastofur. Almenningur og fyrirtæki í landinu geta ekki treyst því að fyllsta trúnaðar sé gætt í málum þeirra

þar sem lögmenn á slíkum stofum eru jafnframt bundnir vinnuréttarreglu, trúnaðarsambandi við vinnuveitanda sinn og forsvarsmenn fyrirtækisins. Lögmenn á slíkum stofum hafa jafnframt ekki fullt forræði um geymslu trúnaðargagna og meðferð fjármuna skjólstæðinganna. Slíkt er í höndum eigenda eða forsvarsmanna fyrirtækisins."

Síðan er fjallað um vandkvæði við eftirlit, með leyfi forseta:

„Eftir að fjárvörslureikningar voru teknir upp hér á landi, með reglum nr. 626/1995, hafa komið upp vandamál í sambandi við eftirlit. Þannig hefur verið talið að fyrirtæki sem ekki eru í eigu lögmanns eða lögmanna, en hefur lögmann í þjónustu sinni, geti ekki stofnað til fjárvörslureikninga samkvæmt reglunum. Lögmaður í þjónustu slíks fyrirtækis hefur ekki forræði á varðveislu peninga viðskiptamannanna."

Í þriðja lagi er rætt um framsal löggjafarvalds:

„Vísað hefur verið til lokamálsgreinar 6. gr. laga nr. 18/1997, um löggilta endurskoðendur, t.d. um hvernig hægt sé að heimila öðrum en löggiltum endurskoðendum að eiga hlut í endurskoðunarskrifstofum, þ.e. með sérstöku leyfi ráðherra svo fremi að ástæður mæli með því. Ákvæði þetta hefur þann mikla ókost að ráðherra eru ekki settar neinar leiðbeiningar um hvað eigi að miða við þegar vikið er frá þeirri meginreglu sem löggjafinn hefur sett í 6. gr. Hefur því verið haldið fram að ákvæði þetta feli í sér of mikið framsal löggjafans til framkvæmdarvaldsins."

Herra forseti. Þessu vildi ég koma hér á framfæri við þessa umræðu til íhugunar upp á seinni tíma. Reynsluna af þessu nýja ákvæði í lögum um lögmenn mætti þá skoða með tilliti til þeirra aðvörunarorða sem hér hafa fallið eða breyta lögum, þó síðar verði, til að mæta þeim efasemdum sem fram koma í minnispunktum þeim sem ég hef hér lesið upp.

[14:43]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Þetta frv. um lögmenn hefur tekið nokkuð miklum breytingum í meðförum hv. allshn. Meðferð málsins í nefndinni var öll hin vandaðasta. Margir voru kallaðir til og veigamestu athugasemdirnar sem fram komu voru teknar til greina, enda má sjá það í nál. að það eru fjölmargar brtt. sem nefndin leggur til við frv. Ég held að þær séu allar til bóta.

Ég ætla að gera nokkur efnisatriði þessa frv. að umfjöllunarefni. Í fyrsta lagi vil ég koma aðeins inn á það að upphaflega var kveðið á um það í frv. að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands skyldi afnumin. Þetta tók hins vegar breytingum í meðförum nefndarinnar, sem betur fer, og m.a. voru færð fyrir því rök af hálfu Lögmannafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands, svo dæmi séu tekin, að nauðsynlegt væri að gera þarna breytingar á.

Af hverju skyldi það nú hafa verið nauðsynlegt? Jú, bent er á það t.d. í umsögn Lögmannafélags Íslands að að uppfylltum vissum skilyrðum væri skylduaðild að Lögmannafélaginu fyllilega samrýmanleg félagafrelsisákvæði mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, en efast hefur verið um að svo væri. Lögmannafélagið telur þetta vera fyllilega samrýmanlegt og bendir á að með skylduaðild sé hægt að tryggja samræmt aga- og eftirlitsvald með lögmönnum án þess þó að veikja stöðu og sjálfstæði stéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu.

Af hálfu Lögmannafélagsins er því líka mótmælt sem fram kom í frv. að því hafi verið haldið fram með vaxandi þunga á undanförnum árum að óhjákvæmilegt væri að afnema skylduaðild að félaginu vegna breyttra viðhorfa hérlendis og erlendis. Þessu mótmælir Lögmannafélag Íslands og ég tek undir það og tek einnig undir það með Lögmannafélaginu sem þeir benda á að í nánast öllum löndum Evrópu og víðar er skylduaðild lögmanna að lögmannafélögum og að viðhorf lögmanna hérlendis séu líka þannig að mikill meiri hluti þeirra er fylgjandi skylduaðild.

Lögmannafélagið bendir á að þrátt fyrir að frv. hafi gert ráð fyrir afnámi skylduaðildar virðist lögmönnum gert skylt samkvæmt frv. að hafa með sér félag. En þannig var það í upprunalegri gerð frv. Gert var ráð fyrir því að lögmönnum væri skylt að hafa með sér félag sem nefndist Lögmannafélag Íslands, en síðan kom skylduaðildin ekki á móti. Þannig að í raun og veru var þarna ákveðið lögbundið hlutverk þessa félags tryggt í frv. svo sem að koma fram út á við gagnvart stjórnvöldum og dómstólum fyrir hönd stéttarinnar. Einnig skyldi félagið setja sér siðareglur sem ráðherra staðfestir. Afnám skylduaðildar hefði hins vegar þýtt að Lögmannafélagið gæti neitað einstaka lögmönnum um félagsaðild eða vikið einstaka félagsmönnum úr því. Þessir lögmenn og aðrir sem kysu að standa utan félagsins þyrftu samt sem áður að hlíta forræði félagsins í framangreindum samskiptum og við mótun siðareglna, án þess að hafa sjálfir möguleika til áhrifa, hvort sem þar væri um að ræða einstaklinga eða hóp manna í nýju lögmannafélagi.

Og Lögmannafélagið bendir á að slíkt fyrirkomulag hefði í sjálfu sér skoðast sem brot á jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar og bendir á að þarna hefði verið um miklar þversagnir að ræða ef þetta hefði orðið niðurstaðan.

Til viðbótar rökstuðningi fyrir því að mikilvægt sé að hafa skylduaðild um leið og það er lögbundin skylda til að starfrækja félag, þá bendir Lögmannafélagið líka á að ábyrgðasjóður Lögmannafélagsins mundi ekki bæta tjón skjólstæðinga lögmanna sem kynnu að vilja standa utan félagsins eða yrði neitað um inngöngu í það. Og þannig væru skjólstæðingar slíkra lögmanna augljóslega verr settir en þeir sem væru í félaginu sem nytu þá þeirrar baktryggingar sem ábyrgðasjóður Lögmannafélagsins er.

Í umsögn Lögmannafélagsins er einnig bent á að skylduaðild manna að félögum í núgildandi íslenskri löggjöf sé ekki óþekkt fyrirbæri. Og nokkur dæmi eru nefnd um það, svo sem aðild íbúðareigenda að húsfélögum í fjöleignarhúsum, aðild landeigenda að veiðifélögum og skylduaðild að lífeyrissjóðum.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þessi sjónarmið Lögmannafélagsins í sinni umsögn og bendir á að óæskilegt sé að ekki hangi saman annars vegar félagsskylda og hins vegar skylduaðild. Í umsögn Alþýðusambandsins segir að Alþýðusambandið telji að megintilgangur og meginréttlæting þess að hafa sérstök lög um lögmenn séu sjónarmið neytendaverndar en í frv. því sem fyrir liggur sé að finna fjölmörg ákvæði sem varða þetta, og fagnar Alþýðusambandið því sérstaklega að með frv. skuli vera stefnt að aukinni réttarvernd gagnvart neytendum. Alþýðusambandið telur á hinn bóginn að afnám skylduaðildar að Lögmannafélagi Íslands fari ekki saman við þessi markmið neytendaverndar og ítrekar að svo virðist sem í þessu felist nokkur þversögn. Og má segja að þarna sé tekið undir það sem fram kom í umsögn Lögmannafélagsins að neytendaverndin er í raun og veru ekki jafngóð, þeir skjólstæðingar lögmanna sem standa utan félagsins njóta í raun og veru ekki sömu tryggingar fyrir

hugsanlegu tjóni eins og þeir sem eru í félaginu. Og þess vegna er þetta fyrirkomulag ekki nógu gott eins og gert var ráð fyrir í upphafi frv.

Þessu er síðan breytt í frv. með tillögum hv. allshn. og tel ég þá breytingu vera mjög til bóta. Þannig er lagt til að í 3. gr. frv. verði kveðið á um að lögmenn skuli hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands, sem þeim er skylt að vera félagsmenn í. Félaginu er aðeins ætlað að hafa með höndum starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum en félaginu er þó heimilt að starfrækja sérstakar félagsdeildir sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eigi aðild að. Gert er ráð fyrir að fjárhagur slíkra félagsdeilda sé aðgreindur frá fjárhag félagsins.

Þarna er í rauninni verið að hugsa um að skyldan til aðildar tengist bara þessari lögbundnu skyldu um starfsemi félagsins sem kveðið er á um í frv. og þetta tvennt hangir saman.

Annað atriði mundi ég vilja nefna sem eru breytingar á 12. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir að lögmanni sé skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, öðruvísi megi hann ekki veita þjónustu. Töluverð mótmæli við þessu komu frá nokkrum samtökum. Vil ég þar nefna fyrst Vinnuveitendasamband Íslands sem gerir athugasemd við 12. gr. frv. um skyldu lögmanna til að hafa skrifstofu opna almenningi. Ástæða þess er sú að grundvallarbreyting sem þar er lögð til skerði mjög möguleika samtaka á borð við Vinnuveitendasambandið til að láta félagsmönnum sínum í té lögfræðilega þjónustu, en slík aðstoð er eitt af þeim verkefnum sem sambandinu er ætlað að sinna. Vinnuveitendasambandið bendir á að sambandið hafi löngum haft lögmenn í sinni þjónustu sem eðlilega bera sömu skyldur og fylgja sömu reglum í störfum sínum og almennt gildir um lögmenn svo sem varðandi starfsábyrgðartryggingu og því sé í rauninni ekki verið að fara fram á neinar undanþágur eða sérákvæði hvað það varðar heldur snúist vandinn einvörðungu um kröfu frv. að lögmenn hafi skrifstofu opna almenningi.

Síðan eru færð þau rök fyrir því í sambandi við dómsmál sem hafa almenna þýðingu fyrir aðildarfyrirtæki Vinnuveitendasambandsins að eðlilegt þyki að Vinnuveitendasambandið sjái um rekstur slíkra mála. Og síðan er bent á að hvorki norsk, sænsk né dönsk lög hindri að samtök á borð við Vinnuveitendasamband Íslands veiti félagsmönnum sínum lögmannsþjónustu og að slík þjónusta sé hluti af starfsemi slíkra samtaka í þessum löndum, en starfsmenn þeirra reka reglulega mál fyrir hönd félagsmanna samtakanna fyrir dómstólum.

Svipaðar athugasemdir komu fram hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem lýstu sig algjörlega mótfallin því að þeim sem og öðrum samtökum á borð við þau verði gert ókleift að fela fastráðnum lögfræðingum í þjónustu sinni að fara með mál um ágreining um ákvæði kjarasamninga fyrir Félagsdómi, en þetta hefði einnig náð til Félagsdóms. Og það er tekið undir þessar röksemdir hjá Alþýðusambandi Íslands líka.

Hv. allshn. varð við því að gera breytingar á frv. í þessa veru, sem ég tel einnig hafa verið verulega til bóta, en þar er lagt til að heimiluð verði sérstök undantekning frá meginreglunni um að lögmanni sé skylt að hafa skrifstofu opna almenningi og lýtur undanþágan að lögmönnum sem gegna föstu starfi hjá félagasamtökum. En það er jafnframt sett sem skilyrði fyrir undanþágunni að félagið veiti engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu. Einnig er lagt til að það verði skilyrði fyrir því að slík undanþága verði veitt að umrædd þjónusta falli innan starfssviðs samtakanna. Gert er ráð fyrir að þeir sem sækja um undanþágu láti fylgja umsókn yfirlýsingu um að þeir muni ekki hagnýta sér réttindi sín í frekara mæli en þar greinir.

Það er bent á það í nál. hv. allshn. að breyting þessi sé í samræmi við ákvæði danskra laga um lögmenn en héraðsdómslögmönnum hérlendis hefur hingað til verið heimilt að veita slíka þjónustu.

Síðan var eitt atriði mikið rætt í hv. allshn. sem komið hefur verið inn á hér bæði í framsögu hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og einnig hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og það lýtur að breytingunum sem gerðar eru á prófraun sem verðandi lögmenn þurfa að þreyta. Það komu fram mjög veigamiklar athugasemdir frá Orator, félagi laganema, sem óttuðust að námskeiðin sem gert er ráð fyrir í frv. að lögfræðingar þurfi að taka til að geta öðlast lögmannsréttindi yrðu of viðamikil með tímanum. Þau gætu orðið allt of dýr þannig að þá væri mönnum mismunað eftir fjárhag. Þá var bent á að það gæti reynst erfitt fyrir landsbyggðarfólk að sækja slík námskeið ef haft væri í huga að þau yrðu líklega jafnan starfrækt héðan af höfuðborgarsvæðinu í flestum tilvikum. Og einnig var bent á að skipan prófanefndar, eins og gert var ráð fyrir í frv. að hún yrði, væri of einhæf og þar gætu sjónarmið lögmannastéttarinnar verið of ráðandi.

Hv. allshn. leitaðist við að koma til móts við þau sjónarmið og gerðar eru tillögur af hálfu nefndarinanr til breytinga á 7. gr. frv. í þessu skyni.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á ákvæðum um skipan prófanefndar þess efnis að sá fulltrúi sem ráðherra skipi í nefndina skuli ekki vera starfandi lögmaður. Það er til þess að tryggja að ekki séu allir nefndarmenn starfandi lögmenn.

Síðan er um að ræða leiðréttingu og í þriðja lagi er lagt til að prófnefnd geri tillögur til dómsmrh. um gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun í stað þess að samkvæmt frv. skal dómsmrh. ákveða gjaldið án samráðs.

Ég tel að þarna hafi nefndin leitast nokkuð við að koma til móts við þau sjónarmið sem bent var á. En sennilega verður erfitt að meta þetta fyrirkomulag prófraunarinnar fyrr en það hefur fengið einhverja reynslu. Því segja má að núverandi fyrirkomulag sé ekki nógu gott og þess vegna hafi verið æskilegt í sjálfu sér að gera á því einhverjar breytingar, en síðan getur verið að sníða þurfi einhverja agnúa af þessu fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir í framtíðinni. En a.m.k. var þarna reynt að koma til móts við sjónarmið Orators, félags laganema.

Þá er það 24. gr. sem hér var líka gerð að umfjöllunarefni af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Í 3. mgr. 24. gr. segir:

„Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi."

Það var töluvert rætt um þetta ákvæði út frá ýmsum sjónarmiðum má segja. Í fyrsta lagi vil ég nefna að gagnrýni kom fram á þetta frv. frá Samkeppnisstofnun. Í umsögn Samkeppnisstofnunar segir þetta, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Lögmannafélag Íslands, sem er í reynd félagsskapur keppinauta, gefi út hina leiðbeinandi gjaldskrá. Ef Alþingi telur þrátt fyrir fyrrgreind samkeppnishamlandi áhrif þörf á að setja leiðbeinandi reglur eða gjaldskrá í því skyni að gæta hagsmuna neytenda, þ.e.

skuldara í þessu tilfelli, telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að það sé óháður aðili sem það geri. Að mati Samkeppnisstofnunar er með öllu óeðlilegt að hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, gefi út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna. Þeim reglum er ætlað að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum en telja verður að lögmenn sjálfir eigi annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum. Verði þetta fyrirkomulag að lögum eykur það til muna hættuna á alvarlegum samkeppnishömlum á markaðnum fyrir þjónustu lögmanna."

Svo mörg voru þau orð um þetta í umsögn Samkeppnisstofnunar.

Allshn. leggur til breytingar á þessu ákvæði í kjölfar ábendinga sem nefndinni bárust og það er gerð tillaga um að „... í stað þess að Lögmannafélagið geti gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu verði dómsmálaráðherra heimilt að gefa út slíkar leiðbeiningar að fenginni umsögn Lögmannafélagsins. Þannig er tryggt að leiðbeiningarnar séu gefnar út af óháðum aðila og telur nefndin það samræmast samkeppnissjónarmiðum betur."

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur bent á teljum við sem sitjum í hv. allshn. fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að þarna hefði verið eðlilegra að miða við ákvæði í frv. til innheimtulaga, sem þegar hefur verið lagt fram. Við gerum brtt. á þessu ákvæði þar sem segir:

„Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist."

Þessi tvö ákvæði stangast á innbyrðis. Við töldum óeðlilegt að svo væri og eðlilegt að frv. til laga um lögmenn miðaði við sömu reglu og frv. til innheimtulaga, sem verður væntanlega einhvern tíma að lögum. Við töldum eðlilegt væri að þarna væru sams konar reglur en að ekki lægju fyrir þinginu tvö frv., hvort með sinni reglunni hvað þetta varðar.

Að lokum vil ég gera það að umtalsefni að töluverðar breytingar voru gerðar á frv. í meðförum nefndarinnar varðandi lagaskilareglurnar sem voru kannski ekki nógu ítarlegar eins og frv. kom fyrir. Komið er til móts við sjónarmið þeirra fjölmörgu sem eru þegar byrjaðir að þreyta prófraun til lögmannsréttinda samkvæmt gamla kerfinu en hafa ekki lokið henni þegar frv. tekur gildi. Það er komið nokkuð verulega til móts við sjónarmið þessara hópa og eins þeirra sem eru farnir að vinna sér inn tíma en í kerfinu sem nú er í gildi er gert ráð fyrir því að ákveðnir opinberir starfsmenn, sem hafa lögfræðipróf og hafa unnið í þrjú ár, geti öðlast lögmannsréttindi. Það er líka komið til móts við þá sem hafa byrjað að vinna sér inn slíkan tíma en ekki lokið honum þegar frv. tekur gildi. Þessar lagaskilareglur eru því einnig til bóta, eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. allshn.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nokkrum efnisatriðum þessa frv. en vil ítreka það að málið hefur fengið að mínu mati mjög farsæla lendingu og verið gerðar á því breytingar sem eru til verulegra bóta frá því sem var þegar frv. var fyrst lagt hér fyrir Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íslenskur ríkisborgararéttur, 2. umr.*

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 391, nál. 1270, brtt. 1271.

[15:03]

**Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 1270 og 1271, um frv. til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Nefndin fjallaði um málið og fékk gesti á sinn fund frá dómsmrn., Jafnréttisráði, Útlendingaeftirlitinu og umboðsmanni barna.

Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt frá árinu 1952. Helsta breytingin sem felst í frv. er sú að lagt er til að dómsmálaráðherra geti veitt þeim útlendingum, sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt og uppfylla nánar tiltekin skilyrði, ríkisborgararétt án þess að umsóknin fari fyrir Alþingi. Þá er lagt til í frumvarpinu að íslenskur karlmaður sem eignast barn með erlendri konu veiti barninu íslenskan ríkisborgararétt að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Einnig er lögð til breyting á reglum um það hvernig ættleitt barn öðlast íslenskan ríkisborgararétt og um að útlendingur sem haft hefur íslenskan ríkisborgararétt en tekið erlent ríkisfang geti öðlast íslenskt ríkisfang að nýju án þess að afsala sér hinu erlenda ríkisfangi. Þá er lagt til að íslenskur ríkisborgari sem fæddur er erlendis og hefur ekki haft tengsl við landið missi ekki íslenskt ríkisfang við 22 ára aldur ef hann verður við það ríkisfangslaus. Loks er lagt til með ákvæði til bráðabirgða að endurvakin verði heimild til handa íslenskum konum sem eiga eða áttu erlenda eiginmenn til að gefa yfirlýsingu um að börn þeirra sem fædd voru fyrir lagabreytinguna árið 1982 skuli fá íslenskan ríkisborgararétt.

Allshn. leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. Þær eru eftirfarandi:

1. Á 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting þess efnis að ef barn hefur náð 12 ára aldri skuli faðir þess hafa samráð við það áður en hann óskar þess við dómsmálaráðuneytið að barnið öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Bárust nefndinni ábendingar um að æskilegt væri að setja slíkt ákvæði í lögin, en breytingartillagan er í samræmi við ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2. Lagt er til að við bætist ný grein sem breyti 5. gr. laganna þannig að jafnræðis sé gætt hvort sem karl eða kona fær ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum 3., 4. eða nýrrar 5. gr. a eða samkvæmt sérstökum lögum frá Alþingi. Samkvæmt gildandi ákvæði geta aðeins skilgetin börn karls fengið ríkisborgararétt með honum, en þegar kona fær ríkisborgararétt skiptir ekki máli hvort barnið er skilgetið eða óskilgetið. Með breytingunni er lagt til að þessi mismunun verði felld brott og einungis miðað við að foreldrið hafi forsjá barnsins en hjúskaparstaða skipti ekki máli. Eftir sem áður er miðað við að barnið sé ógift, undir 18 ára aldri og búsett hér á landi.

3. Lögð er til leiðrétting á 5. gr.

4. Lagt er til að við bætist tvær nýjar greinar sem breyti 7. og 10. gr. laganna þannig að orðið forráð verði fellt brott úr lögunum en í staðinn notað orðið forsjá eins og almennt er nú í íslenskum lögum.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með áðurnefndum breytingum og rita allir nefndarmenn undir álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Almenn hegningarlög, 2. umr.***

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892, nál. 1295, brtt. 1346.

[15:07]

**Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 1295, um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Allshn. hefur fjallað um málið og fékk Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Hallgrím Ásgeirsson lögfræðing og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, á sinn fund til viðræðna um málið. Þá bárust nokkrar umsagnir um málið sem stuðst var við við yfirferð nefndarinnar.

Í frv. eru lagðar til breytingar á IX. kafla almennra hegningarlaga, um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Helstu nýmælin í frv. eru tillaga þess efnis að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum, skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga, teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Tilefni frv. má m.a. rekja til ábendinga umboðsmanns barna. Breytingunni er ætlað að aðlaga fyrningarreglur hegningarlaga að þeim aðstæðum sem upp geta komið þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum. Þótti rétt að miða aldursmarkið við 14 ár en það þýðir að fresturinn byrjar aldrei að líða fyrr en við það aldursmark. Getur fyrningarfrestur verið allt frá 5 til 15 ára. Þannig má nefna sem dæmi að ef 5 ára fyrningarfrestur er ekki rofinn, fyrnist sök þegar brotaþoli nær 19 ára aldri. En ef fyrningarfrestur er lengri, t.d. 10 ár, fyrnist brot þegar brotaþoli nær 24 ára aldri og brot fyrnist við 29 ára aldur brotaþola ef fyrningarfrestur er 15 ár.

Ætla má að brotaþoli hafi almennt, innan frestsins, náð nægilegum þroska til að gera sér grein fyrir afbrotinu og haft möguleika til að kæra það. Þá verður einnig að líta til þess við ákvörðun fyrningarfrests að ýmis lagarök fyrir fyrningu sakar eru viðurkennd í refsirétti, t.d. að erfitt er að rannsaka mál og afla sönnunargagna ef mjög langt er síðan afbrot var framið.

Í frv. er einnig lögð til breyting þess efnis að undangengin rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef opinberu máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði ákæruvaldsins innan sex mánaða frá þeim degi. Einnig er lagt til að fyrningarfrestur fésektar lengist um tvö ár ef greiðsla sektar hefur verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan frestsins.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Kristján Pálsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Hjálmar Jónsson en Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[15:10]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í frv. er lagt til að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Við sem skipum minni hlutann, sem eru ásamt mér hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, leggjum til að ekki verði miðað við 14 ára aldur, heldur sjálfræðisaldurinn 18 ár. Það er í samræmi við frv. sem við höfum flutt fyrr á þessu þingi. Þar voru flm. ásamt mér hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Þar lögðum við til að miðað yrði við sjálfræðisaldurinn. Í því frv. lögðum við einnig til að það mælt yrði fyrir um eins árs lágmarksrefsingu vegna kynferðisafbrota gegn börnum.

Í samræmi við þetta frv. leggjum við til að miðað verði við sjálfræðisaldurinn og færum þau rök fyrir því að kynferðisbrot gegn börnum eru í augum þjóðarinnar einn alvarlegasti glæpur sem framinn er, enda ljóst að sá glæpur getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Við leggjum til að fyrning sakar hefjist ekki fyrr þolandi brots hefur öðlast sjálfræði, þ.e. náð 18 ára aldri. Rökin fyrir þessari breytingu lúta að eðli kynferðisbrota gegn börnum en algengt er að ekki sé upplýst um slík brot fyrr en löngu eftir að þau voru framin. Þannig fyrnast mörg kynferðisbrot gegn börnum löngu áður en börn verða fullorðin og sjálfstæð og líkleg til að tjá sig um brot sem framin hafa verið gegn þeim í æsku. Þetta er í samræmi við ákvæði 194. gr. hegningarlaga um nauðgun en þar er fyrningarfrestur 15 ár og þolandinn a.m.k. 14 ára þegar brotið er framið. Í þeim lögum eru yngstu brotaþolarnir farnir að nálgast þrítugt þegar brotið fyrnist.

Ég vil í lokin benda á það, herra forseti, að þeir sem skilað hafa áliti um þetta mál eða umsögn til nefndarinnar, mæla með þeirri tillögu sem við flytjum, þ.e. að miðað sé við sjálfræðisaldurinn. Þar nefni ég umboðsmann barna, Barnaheill, Félagsmálastofnun Reykjavíkur og Barnaverndarstofu.

Vissulega er sú leið sem lögð er til í þessu stjórnarfrv. skref í rétta átt en við teljum rétt að ganga lengra í samræmi við það frv. sem við höfum áður flutt á þessu þingi. Í brtt. okkar leggjum við til að fyrning sakar hefjist ekki fyrr en við sjálfræðisaldurinn, við 18 ára aldur.

[15:13]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir ástæðum þess að ég var með fyrirvara við þetta annars ágæta mál. Ákvæði frv. eru vissulega til bóta en ástæðu fyrirvarans má kannski fyrst og fremst finna í þeirri brtt. sem Jóhanna Sigurðardóttir hv. þm. hefur þegar gert grein fyrir og stjórnarandstöðuþingmennirnir í hv. allshn. stöndum allir að.

Í frv. er, eins og hér hefur verið rakið, verið að breyta fyrningarreglum varðandi kynferðisbrot að því leyti að fyrningarfrestur í kynferðisbrotamálum gegn börnum byrji í raun veru aldrei að líða fyrr en við 14 ára aldur. Fyrningarfresturinn getur síðan verið langur, ef ég man rétt allt að 15 árum, þannig að fyrningarfrestur er kannski útrunninn við 29 ára aldur í alvarlegustu brotunum og fyrr í þeim sem eru með skemmri fyrningarfresti.

Aðalrökin fyrir því að vilja ganga lengra en gert er í þessu frv. eru þau að við teljum að í slíkum brotum, sem kynferðisafbrot gegn börnum eru, sé mjög óeðlilegt að gera ráð fyrir því að börn sem verða fyrir slíku broti séu yfirleitt hæf til þess að hugsa um að sækja til saka þann sem braut á þeim fyrr en við sjálfræðisaldur. Við teljum því í raun og veru engin sérstök rök liggja fyrir þessu 14 ára aldurstakmarki. Það er vissulega til bóta að fresturinn byrji ekki að líða strax en í raun og veru eru engin efnisleg rök fyrir því að miða við 14 ára aldur en ekki 18 ára aldur. A.m.k. eru það ekki rök sem við teljum hægt að fallast á. Við viljum líka, máli okkar til stuðnings, benda á umsagnir frá nánast öllum þeim sem hafa með málefni barna að gera í samfélaginu. Barnaheill, Barnaverndarstofa, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og fleiri taka undir þetta og telja æskilegt að ganga alla leið og miða við 18 ára aldursmarkið. Það er

talið eðlilegt aldursmark að miða við vegna þess að það er sjálfræðisaldurinn.

Þetta er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að við skrifum undir nál. með fyrirvara. Brtt. hefur verið lögð hér fram og verið mælt fyrir henni. Við leggjum eindregið til að hún verði samþykkt og að þannig getum við komist til móts við kröfur m.a. af hálfu umboðsmanns barna og fleiri sem starfa á vettvangi barna hér í samfélaginu.

[15:17]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mér er tjáð að hér sé ákveðið samkomulag um að hafa ekki langt mál núna. Ég ætla mér að halda það. Ég vil ítreka það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, sem skipa ásamt mér minni hlutann í allshn., hafa sagt um þá brtt. sem hér liggur fyrir. Ég tel ekki viðunandi annað en að miða við þann aldur sem lagt er til í stjfrv. Við viljum miða við 18 ár í stað 14 ára, þ.e. að fyrning hefjist við sjálfræðisaldur.

Það var farið í gegnum þessi rök í nefndinni og það liggur fyrir ítarleg skýrsla frá umboðsmanni barna. Ég verð þó að segja að ég er ánægð með að tekið sé á þessu máli í frv., en það er ekki nægilega langt gengið að mínu mati og þess vegna flytjum við þessa brtt. Að okkar tillögu felldri mun ég þó styðja stjfrv. því það er bót frá því sem nú er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Almenn hegningarlög, 2. umr.*

Stjfrv., 522. mál (afnám varðhaldsrefsingar). — Þskj. 893, nál. 1254, brtt. 1255.

[15:18]

**Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 1254 og 1255, um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og um breytingar á öðrum lögum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk gesti á sinn fund vegna málsins og bárust um það umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að varðhald verði fellt niður sem refsing fyrir afbrot, en einnig eru lagðar til ýmsar minni háttar lagfæringar á lagaákvæðum um refsingar.

Í frv. eru lagðar til breytingar bæði við almenn hegningarlög og ýmis önnur lög þar sem kveðið er á um varðhald sem refsingu.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga má dæma menn í fangelsi ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár. Í varðhald má hins vegar dæma menn í tiltekinn tíma, sem er ekki skemmri en fimm dagar og ekki lengri en tvö ár, nema annað sé ákveðið í lögum. Auk mismunandi tímalengdar gerðu hegningarlög allt til ársins 1988 ráð fyrir nokkrum mun á inntaki þessara tveggja tegunda refsivistar.

Varðhaldsvist átti að jafnaði að taka út í einrúmi, en meginreglan um fangelsisvist var sú að hana skyldi afplána í félagi við aðra fanga. Varðhaldsfangar þurftu ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi og máttu þeir einnig útvega sér vinnu. Þannig taldist varðhaldsvist mildari tegund refsivistar en fangelsi. Aldrei kom þó til þess í framkvæmd að refsivist væri fullnustuð í samræmi við þessi ákvæði og árið 1988 var lögfest sama réttarstaða fyrir varðhaldsfanga og þá sem afplána fangelsisrefsingu, enda samræmist slík regla nútímaviðhorfum. Sú tillaga frumvarpsins að varðhald verði afnumið sem viðurlög við refsiverðri háttsemi er því afleiðing lagabreytinga og breyttra viðhorfa og hefur í raun ekki í för með sér neina breytingu á því hvernig fullnusta refsidóma fer fram.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. en þær eru nauðsynlegar vegna lagabreytinga sem gerðar hafa verið eftir að frumvarpið var lagt fram.

Þannig leggur nefndin til að 151. gr. falli brott. Um er að ræða ákvæði í lögum um þjóðfána Íslendinga en Alþingi hefur nú til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á þeim lögum og hefur allshn. lagt til að breyting sú sem mælt er fyrir um í 151. gr. verði gerð á lögunum í tengslum við aðrar breytingar sem lagðar eru til í áðurnefndu frv.

Í öðru lagi er lagt til að 152. gr. frv. falli brott. Í greininni er kveðið á um breytingu á lögum um stjórn flugmála, nr. 119/1950, en lagt hefur verið til að lögin verði felld brott með nýjum loftferðalögum sem nú eru til lokaafgreiðslu á Alþingi.

Þá er lagt til að 162. gr. frv. verði felld brott en í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum um loftferðir, nr. 34/1964. Eins og áður segir er frv. til nýrra loftferðalaga nú til lokaafgreiðslu á Alþingi en þar er lagt til að eldri lög um loftferðir verði felld úr gildi.

Þá er lagt til að 169. gr. frv. falli brott. Þar er kveðið á um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands en Alþingi hefur samþykkt að þau lög verði felld úr gildi við gildistöku dómstólalaga 1. júlí næstkomandi.

Einnig er lögð til brtt. við 174. gr. frv. Í því ákvæði er lögð til breyting á lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977. Alþingi afgreiddi nú á vorþingi ný vopnalög þar sem mælt er fyrir um að eldri skotavopnalög falli úr gildi við gildistöku þeirra. Því eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á vopnalögum og ákvæði um varðhald felld þar út.

Þá er lagt til að 200. gr. frv. falli brott, en lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, voru felld úr gildi við gildistöku laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Nefndin leggur einnig til breytingu á nýsamþykktum lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, í samræmi við ákvæði frv. Þannig yrði ákvæði um varðhald fellt brott og aðeins kveðið á um fangelsisrefsingu í lögunum.

Loks er lögð til breyting á 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laga um verslunaratvinnu, sem samþykkt voru fyrr á þessu þingi. Í stað þess að kveðið verði á um varðhald sem viðurlög, verði kveðið á um fangelsi allt að tveimur árum.

Nefndin skrifar öll undir nál. að undanskildum Hjálmari Jónssyni sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[15:24]

**Útbýting þingskjala:**

Áfengis- og vímuvarnaráð, 479. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1456.

Langtímaáætlun í vegagerð, 379. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1455.

Vegáætlun 1998–2002, 378. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1454.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Vegáætlun 1998–2002, síðari umr.***

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 676, nál. 1243 og 1454, brtt. 1244.

***og***

***Langtímaáætlun í vegagerð, síðari umr.***

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 677, nál. 1245 og 1455, brtt. 1246.

[15:25]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1245, um tillögu til þál. um langtímaáætlun í vegagerð, og síðan nál. á þskj. 1243, um tillögu til þál. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002, ásamt meðfylgjandi brtt. við bæði þessi mál.

Eins og menn vita var gerð veruleg breyting á uppsetningu vegáætlunar með tillögu til þál. um nýja vegáætlun, sem lögð var fram fyrr á þessu þingi. Í stað þess að byggja á hefðbundinni skiptingu sem var orðin allflókin var lagt til að hverfa frá því í grundvallaratriðum. Þess í stað eru skilgreind framkvæmdamarkmið á vegakerfinu og verkefni sem falla að markmiðunum sem verða þá viðfangsefni langtímaáætlunarinnar. Gert er ráð fyrir því að nokkrum hluta vegafjárins verði varið til almennrar uppbyggingar í vegamálum í kjördæmunum. Auðvitað er síðan um að ræða framkvæmdir sem falla undir aðrar skilgreiningar en stærsta breytingin er sú sem ég hef hér rakið að framkvæmdamarkmið eru skilgreind og síðan er verkefnunum raðað niður í samræmi við það.

Það er líka nauðsynlegt að minna á að í þessari áætlun er ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Það er gert ráð fyrir því í textanum sem fylgir með þessum tillögum að ef til slíkra framkvæmda komi á áætlunartímabilinu þá verði það gert samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem verði líka tekin afstaða til fjármögnunarinnar. Hins vegar er gert ráð fyrir því að veita nokkurt fé til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum, 120 millj. kr. alls, á áætlunartímabilinu í þessi skyni.

Með afgreiðslu langtímaáætlunar yrði náð þeim merka og mikilvæga áfanga að Alþingi markaði í fyrsta sinn stefnu í vegagerð til langs tíma. Þetta er ákaflega mikilvægt þar sem fátt er þýðingarmeira varðandi framkvæmdaáætlanir en að menn geti séð svolítið fram á veginn. Við þekkjum það varðandi hafnaráætlunina sem í fyrsta skipti tókst að samþykkja á þessu þingi, að hún hefur veitt mjög mikilvæga leiðsögn og gert starfsumhverfi sveitarfélaganna miklu tryggara en áður var. Við vitum að vísu að það kann að fara svo að ríkisstjórnir síðari tíma breyti þessum framkvæmdaáætlunum. Engu að síður veita þær mjög mikilvæga leiðsögn fyrir framtíðina í þessum efnum.

Í tillögunni er gerð grein fyrir skiptingu fjár á helstu framkvæmdaliði. Þar er mjög aukið fé til stórverkefna og jafnframt er gerð tillaga um skiptingu þess fjár milli verkefna eftir tímabilum. Þá er boðað að skipting fjár til verkefna á höfuðborgarsvæðinu verði einnig tekin fyrir við meðferð málsins á Alþingi. Það hefur verið gert. Í þeim brtt. sem hér liggja fyrir er þetta nánar útfært varðandi höfuðborgarsvæðið. Þær útfærslur lágu ekki fyrir varðandi landsbyggðina þegar tillagan var lögð fram upphaflega.

Samhliða tillögu um langtímaáætlun hefur tillaga um vegáætlun verið til afgreiðslu. Vegáætlunartillagan tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunar og því verður að líta á þessar tillögur báðar í heild. Jafnframt því sem þingmenn kjördæma unnu að tillögugerð vegna vegáætlana fóru þeir yfir langtímaáætlunina. Fram komu nokkrar hugmyndir um breytingar og hefur meiri hluti nefndarinnar tekið þær til skoðunar, ásamt hugmyndum sem fram hafa komið innan nefndarinnar.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum sem breytingartillögur meiri hlutans fela í sér.

Tölur í breytingartillögunum eru miðaðar við verðlag ársins 1999 í stað 1998 og er þetta gert til samræmis við vegáætlun. Hækkun milli áranna 1998 og 1999 er áætluð 3,2% og er það í samræmi við mat Þjóðhagsstofnunar.

Aðrar breytingar á fjáröflun eru þær að endurgreiðslur á þungaskatti, þ.e. styrkir, til sérleyfishafa, sem eru 20 millj. kr. á ári, eru teknar inn bæði tekju- og gjaldamegin, en þessi liður hefur ekki áður verið í vegáætlun. Þá eru tekjur hækkaðar um 80 millj. kr. á ári frá og með árinu 1999. Með hliðsjón af góðum horfum í atvinnu- og efnahagslífi landsins þykir óhætt að reikna með þessari hækkun tekna.

Í skiptingu útgjalda eru endurgreiðslurnar til sérleyfishafa felldar undir stjórn og undirbúning. Tekjuaukningin, 80 millj. kr. á ári, er sett í nýjan lið 2.3.4. Ferðamannaleiðir. Þá hefur afborgunartími lána vegna Hvalfjarðartenginga verið lengdur úr fimm árum í tíu og hefur það breytingu í för með sér í liðnum Endurgreiðsla lánsfjár.

Nokkrar breytingar verða á tillögum um skiptingu fjár til nýframkvæmda samkvæmt langtímaáætluninni sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á.

Lenging lána vegna Hvalfjarðartenginga hefur þau áhrif að fjárþörf þess verkefnis minnkar á fyrsta tímabili en eykst á öðru og þriðja tímabili. Það svigrúm sem þannig skapast á fyrri hluta áætlunartímans kemur einkum Kerlingarskarðsvegi, Vatnaheiði og Vestfjarðavegi, þ.e. Brattabrekka — Svínadalur, til góða, svo og Reykjanesbraut í lítlum mæli.

Í skilgreiningum verkefna í tillögunni er við það miðað að hringvegurinn á Austurlandi liggi ekki um Skriðdal og Breiðdal eins og hann gerir í þjóðvegaskrá heldur um Suðurfjarðaveg. Meiri hlutinn leggur til að þessu verði breytt þannig að hringvegurinn sé skilgreindur í samræmi við þjóðvegaskrá. Suðurfjarðavegur verður þá skilgreindur sem nýtt verkefni, þó einungis til Stöðvarfjarðar að norðan, en niður fellur kaflinn milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Er þetta í samræmi við meginregluna sem fylgt er við skilgreiningu verkefna undir a-lið í framkvæmdamarkmiðum eins og ég vék að í upphafi máls míns.

Með þessari breytingu fær hringvegurinn sama sess og önnur verkefni innan stórverkefnaflokksins og á að ljúka á sama tíma og þau. Breytingin veldur því að heildarkostnaður við stórverkefnin eykst um 550 millj. kr. Heildartölum er þó ekki breytt að sinni en meiri hlutinn lítur svo á að það verði gert við næstu endurskoðun langtímaáætlunar. Fjárveitingum til hringvegar á Austurlandi er hins vegar skipt upp og fær Suðurfjarðavegur hluta þeirra.

Óvissa er um val leiða og lausna á nokkrum stöðum sem fá fjárveitingar á seinni tímabilum áætlunarinnar. Sem dæmi um þetta má nefna tengingu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en þar er veitt fé til Lágheiðar á öðru og þriðja tímabili. Unnið er að skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og

bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert. Miðað er við að þeirri skoðun verði lokið það snemma að taka megi ákvörðun um val lausna við næstu endurskoðun langtímaáætlunar.

Svipað er ástatt um Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi og Gufufjörð í Barðastrandarsýslu. Í báðum tilvikum var í eldri áætlunum miðað við að þvera þessa firði, en kostnaðartölur í stórverkefnalistanum nú miðast við að farið sé fyrir botn fjarðanna eins og getið er um í athugasemdum með tillögunni. Fyrir næstu endurskoðun langtímaáætlunar þarf að liggja fyrir úttekt á þessum kostum þannig að taka megi ákvörðun um lausn til útfærslu.

Hér eru einungis nefndir þeir staðir sem sérstaklega hafa verið til umræðu. Í raun munu þó miklu víðar koma til skoðunar aðrar útfærslur en miðað er við í kostnaðartölum stórverkefnalistans. Verður það meðal annars verkefni næstu endurskoðunar að taka ákvarðanir í slíkum tilvikum.

Menn geta vissulega gefið sér og sjá það í sjálfu sér að verkefni af þessu tagi eru undirorpin talsverðri óvissu. Það mun auðvitað ýmislegt koma í ljós á þessu langa tímabili sem gefur okkur tilefni og ástæðu til að taka þessi mál upp að nýju og það verður þá að sjálfsögðu að gerast í fyllingu tímans. Menn verða því að hafa það í huga að hér er verið að ræða um áætlun til nokkuð langs tíma sem í eðli sínu gerir það að verkum að um talsverða óvissu er að ræða.

Vík ég nú sögunni að vegáætluninni sjálfri en hverf frá langtímaáætluninni að sinni.

Þar var unnið með svipuðum hætti og unnið var að langtímaáætluninni. Þingmenn kjördæmisins unnu að skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna á stofnbrautum svo og til tengivega, auk þess sem þeir hafa yfirfarið tillögur um stórverkefni sem snerta viðkomandi kjördæmi.

Skipting fjár til tengivega milli kjördæma er óbreytt frá því sem var, en fé til almennra verkefna á stofnvegum skiptist jafnt á öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins.

Verðlag í breytingartillögum er óbreytt fyrir árið 1998. Síðari árin er áætlað verðlag ársins 1999 lagt til grundvallar eins og varðandi langtímaáætlunina.

Þrjár breytingar eru gerðar á tekjuhlið vegáætlunarinnar fyrir árin 1998–2002. Endurgreiðslur á þungaskatti, sem eru styrkir til sérleyfishafa, eru færðar inn í vegáætlunina alveg eins og varðandi langtímaáætlunina. Tekjur og gjöld hækka af þessum sökum um 20 millj. kr. á ári. Þessi liður hlýtur að koma til endurskoðunar þegar kemur að upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, ef að því kemur. Þá eru tekjur hækkaðar um 80 millj. kr. árið 1999 og helst sú hækkun út tímabilið. Það þykir óhætt að hækka tekjuáætlunina sem þessu nemur miðað við horfur í atvinnu- og efnahagslífi landsins. Loks er afborgunartími lána vegna Hvalfjarðartenginga lengdur úr fimm árum í tíu.

Gjaldahliðin tekur eðlilega einnig breytingum sem af þessu leiðir eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Dæmi eru um að veitt sé fé til stórverkefna af fjárveitingum almennra verkefna og sömuleiðis í hina áttina. Þetta eru fá dæmi og langt innan þeirra marka sem tiltekin voru í tillögu til langtímaáætlunar. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þetta. Hér byggjum við eingöngu á þeim tillögum sem hafa borist frá þingmannahópum kjördæmanna sem farið hefur verið eftir.

Enn fremur eru dæmi um að fyrirhugað sé að færa fjárveitingar tímabundið milli verkefna. Þetta á einkum við árið 1998 sem bundið er af fyrri áætlun. Með því móti má fá betra samspil við næstu ár á eftir. Meiri hlutinn gerir ekki heldur athugasemdir við þetta.

Árið 1998 hefur sérstöðu í þessari vegáætlun. Því ræður að nú er í gildi vegáætlun sem nær m.a. til yfirstandandi árs. Einstöku tilfærslur eru þó gerðar í sundurliðun ársins. Kerfisbreytingin sjálf sem ég gerði grein fyrir í uppafi hefst árið 1999, þ.e. á næsta ári. Hún setur mark sitt á tekju- og gjaldahlið áætlunarinnar svo og sundurliðunin. Þar með verður sundurliðunin mun einfaldari, verkefnaflokkunum fækkar og áætlunin verður þar með miklu betri til að átta sig á fyrir þá sem hana lesa eða kynna sér.

Með afgreiðslu langtímaáætlunar og þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í vegáætlun er stefnt að því að ná stærri áföngum á aðalleiðum en verið hefur og þetta er auðvitað mjög mikilvægt mál. Meira verður um stærri verkefni sem standa yfir í tvö ár eða lengur. Nauðsynlegt er að skapa sveigjanleika í slíkar framkvæmdir og stuðla þar með að hagstæðari tilboðum en ella væri. Ráðuneyti fjármála og samgangna og Vegagerðin hafa komið sér saman um reglur sem heimila töku lána upp að vissu marki í þessu skyni. Í þessum reglum er miðað við að hámark lána hvers árs sé 15% af fjárveitingum til vega og brúa í vegáætlun næsta árs á eftir. Tilboðum um peningalán umfram 5 millj. kr. verður ekki tekið og fjalla reglurnar því fyrst og fremst um verktakalán. Slík lán má einungis taka til verka sem fjármögnuð eru í vegáætlun eða með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun Alþingis. Heimilt er að greiða vexti af verktakalánum í samræmi við vaxtakjör ríkisins á innlendum lánamarkaði. Vegagerðinni ber að gera grein fyrir áætlaðri heildarupphæð lána í ágúst/september ár hvert. Miðað við reglurnar og þá tillögu að vegáætlun sem fyrir liggur ætti hámark lána að vera um 600 millj. kr. og virðist það nægja til þess að hægt sé að skapa þann nauðsynlega sveigjanleika sem öllum er ljóst að verður að vera í vegáætlun af þessu tagi.

Þetta allt saman sýnir okkur mikilvægi þess að við festum niður vegáætlanir bæði til skemmri tíma og eins til lengri tíma vegna þess að það gefur færi á því að bjóða út verk, stærri verk í einu, og ná þannig stærri áföngum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að okkur takist að ljúka meðferð málsins á Alþingi, eins og allt bendir til á þessum degi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali sem hér fylgir með.

Undir þetta nál. og reyndar líka nál. varðandi langtímaáætlunina rita auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Jón Kristjánsson, Kristján Pálsson og Guðjón Guðmundsson.

[15:37]

**Frsm. minni hluta samgn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hluta samgn. vegna vegáætlunar fyrir árin 1998–2002 á þskj. 1454, og þetta er 378. mál þingsins.

Minni hlutinn getur ekki fallist á vinnubrögð meiri hlutans við undirbúning og afgreiðslu þessa máls. Fjölmörg brýn verkefni eru undanskilin og jafnræðis ekki gætt á milli landshluta.

Að þessu sinni eru tvær áætlanir til afgreiðslu samhliða, þ.e. tillaga um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og tillaga um langtímaáætlun í vegagerð 1999–2010. Vegáætlunin tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunarinnar auk ársins 1998. Eðli málsins samkvæmt er skörun á tillögunum á fyrsta

tímabili langtímaáætlunarinnar. Gagnrýni minni hlutans á því jöfnum höndum við um vegáætlun og langtímaáætlun.

Skilgreind eru ný markmið við skiptingu fjármuna til vegaframkvæmda og eru stærstu markmiðin þar að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með fleiri en 200 íbúa. Þrátt fyrir fögur markmið og nýjar skilgreiningar er ljóst að ríkisstjórnin setur þau einungis fram sem fögur fyrirheit því að markmiðin eru þverbrotin strax í upphafi. Má í því sambandi nefna að til stóð að færa hluta af hringveginum á Austurlandi í sparnaðarskyni en við meðferð málsins var fallið frá því og ákveðið að bundið slitlag yrði lagt á núverandi hringveg í samræmi við markmið áætlunarinnar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að fjármagn renni til þessara slitlagsframkvæmda á tímabili áætlunarinnar og óvíst hvort af þeim verði nokkurn tíma. Þá má benda á að hróplegt misvægi er í því eftir kjördæmum hversu mikið er dregið úr hófi fram eða skilið eftir ógert til að fullnægja nýjum markmiðum áætlunarinnar. Austfirðir og norðausturhorn landsins verða þar verst úti.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gerðu tillögu um framkvæmdir við þjóðvegi á svæðinu fyrir u.þ.b. 1.400 millj. kr. á ári. Samgönguáætlunin gerir ráð fyrir 639 millj. kr. á þessu ári til svæðisins, 865 millj. kr. á næsta ári 1999, 1.050 millj. kr. árið 2000 og 1.070 millj. kr. árin 2001 og 2002. Þá er ljóst að aðeins brot af þeim framkvæmdum sem eru nauðsynlegar á höfuðborgarsvæðinu kemst til framkvæmda. Þetta mun bitna mjög á nauðsynlegum endurbótum á fjölförnum stöðum þar sem umferðartafir eru nú verulegar, t.d. á Vesturlandsvegi um Mosfellsbæ og inn í Reykjavík. Áform um Sundabraut og fjármögnun hennar eru óljós í áætluninni og fé til undirbúnings verksins af skornum skammti, sem auk þess dreifist á allt of langan tíma.

Nauðsynlegt hefði verið að tryggja í þessari vegáætlun undirbúning og framkvæmd við gerð Sundabrautar, auk nauðsynlegra endurbóta á fjölförnustu stöðum í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Það er áhyggjuefni ef dráttur á þessum framkvæmdum verður til að auka slysahættu í umferðinni og valda enn meiri umferðartöfum á fjölförnum leiðum en nú er.

Minni hlutinn vill einnig vekja athygli á því að eitt af allra brýnustu verkefnum í vegamálum er að tengja betur þéttbýlisstaði á landsbyggðinni til að stækka atvinnusvæði og þétta dreifðar byggðir landsins. Þessum verkefnum er lítt sinnt í þeim áætlunum sem liggja fyrir. Sem dæmi má nefna að brýnt er að mynda samfellt atvinnusvæði frá Seyðisfirði til Fáskrúðsfjarðar með góðri tengingu við Egilsstaði. Það sama gildir um tengingu Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Á Vestfjörðum má benda á að nauðsynlegt er að tengja saman norðurfirðina og suðurfirðina. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að þessum vegtengingum sé ekki sinnt.

Minni hlutinn gerir þrátt fyrir framangreint ekki athugasemdir við skiptingu fjármuna til einstakra verkefna, að öðru leyti en því sem fyrr greinir, enda hafa kjördæmahópar þingmanna fjallað um það mál og náð um það samkomulagi. Í því ljósi munu undirritaðir nefndarmenn greiða þingsályktunartillögunni um skiptingu fjármuna á einstök verkefni atkvæði sitt en vísa að öðru leyti allri ábyrgð á hendur meiri hluta þingsins.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Ragnar Arnalds.

Herra forseti. Ég mun einnig mæla hér fyrir nál. minni hluta samgn. um þáltill. um langtímaáætlun í vegagerð. Hún er á þskj. 1455 og er það 379. mál þingsins.

Í fyrsta skipti er nú til afgreiðslu langtímaáætlun í vegagerð. Slík vinnubrögð væru mjög til fyrirmyndar ef hægt væri að treysta því að ríkisstjórnin tæki fullt mark á sínum áætlunum. Minni hlutinn hefur hins vegar horft upp á það ítrekað að fé til vegamála sé skorið niður og grundvelli vegáætlunar raskað. Markaðar tekjur Vegasjóðs hafa í stríðum straumum runnið beint í ríkissjóð en ekki til vegagerðar. Þegar ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni virt áætlanir í vegamálum til fjögurra ára hefur minni hlutinn enga ástæðu til að ætla að langtímaáætlun til tólf ára komi til með að standast. Langtímaáætlunin er einungis óskalisti, jafnvel vinsældalisti, til að afla mönnum fylgis, enda skammt í kosningar. Í því sambandi má benda á að ekki er víst að næsta ríkisstjórn fallist á óskalistann og setji önnur mál í forgang þegar þar að kemur.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að ekki sé gert ráð fyrir meiri sveigjanleika í áætluninni. Henni er ætlað að taka til vegaframkvæmda næstu tólf árin og á þeim tíma kann margt að breytast. Í sundurliðunum á áætluninni sem fram koma í breytingartillögum meiri hlutans er ekki gert ráð fyrir þessu svigrúmi. Til að nefna dæmi bendir minni hlutinn á að eðlilegra hefði verið að tala um vegtengingu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í stað þess að tala um vegagerð á Lágheiði. Í nefndaráliti meiri hlutans er þess getið að eftir sé „skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert“. Því er það harla undarlegt að meiri hlutinn skuli ekki fást til að halda öllum möguleikum opnum með breyttu orðalagi. Í plaggi eins og langtímaáætlun í vegagerð er ekki hægt að binda sig við eina aðferð í vegagerð á ákveðnum leiðum þar sem fleiri möguleikar koma til greina. Þeir verða að vera opnir svo unnt sé að skoða alla möguleika þegar kemur að ákvörðun.

Gagnrýni minni hlutans sem fram kemur í nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um vegaáætlun fyrir árin 1998–2002 eiga einnig við um áætlun þessa að breyttu breytanda.

Minni hlutinn leggst ekki gegn samþykkt tillögunnar vegna þess að þrátt fyrir allt er hún ákveðið framfaraspor. Minni hlutinn ítrekar hins vegar gagnrýni sína á vinnubrögð við undirbúning hennar og munu nefndarmenn ef þeir telja ástæðu til gera athugasemdir við þessa umræðu málsins.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og Ragnar Arnalds, ásamt þeirri sem hér stendur.

[15:47]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég lét umræðuna hér á undan, um þær tillögur sem liggja fyrir, fram hjá mér fara. Ástæðan fyrir því er sú að ég á sem kunnugt er sæti í samgn. Alþingis og hafði þar aðstöðu til að koma mínum skoðunum á framfæri um þessar tillögur báðar. Þar af leiðandi fannst mér, sem reyndar hlýtur að teljast eðlilegur kostur, það eðlileg vinnubrögð af minni hálfu að láta á það reyna hver niðurstaða samgn. yrði.

Nú hafa mál skipast þannig að ég skrifa ekki undir meirihlutaálit og styð því ekki þá tillögugerð sem hér liggur fyrir. Fyrir því eru reyndar fleiri en ein ástæða og út af fyrir sig hefði ég kannski getað lifað við að láta eitthvað fram hjá mér fara í þeim efnum. En þar sem í mörgum atriðum hallar sér-

staklega á mitt kjördæmi hef ég við afgreiðslu þessara mála ákveðið að bregðast ekki skyldum mínum gagnvart þeim sem hafa treyst mér fyrir þingsetu. Af þessari ástæðu styð ég ekki þessa tillögugerð. Ég tók hins vegar þátt í tillögugerð um skiptingu fjármagns með öðrum þingmönnum Austurlands. Það gerist að sjálfsögðu jafnan að þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu leitast við að ná niðurstöðu um þau efni. Ég ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á þeirri niðurstöðu eins og aðrir þingmenn Austurlands.

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla þá að víkja hér að í fyrstu er sú ákvörðun að ekki verði fjallað um jarðgöng í þessari áætlun. Ég fór fram á það, í starfi mínu í samgn., að þar yrði farið yfir stöðu þeirra mála, miðað við fortíðina. Þetta var auðvitað ekki gert. Í nefndinni fékkst engin umræða um þau mál almennt. Það kann að hafa verið viðkvæmt mál, miðað við yfirlýsingar hæstv. samgrh. á síðustu árum, þar sem hann hefur haft á orði að ekki bæri að gera jarðgöng á Austurlandi og haft aðrar áherslur í þeim efnum.

Austfirðingar eiga nokkra forsögu í þessum málum. Það má vel vera að þeir hafi tekið rangar ákvarðanir á þeim tímum sem bæði Vestfirðingar og Austfirðingar voru að þoka málum sínum áfram á þessum vettvangi. Þeir féllust á að láta baráttu fyrir jarðgöngum á Austurlandi víkja fyrir því að jarðgöng yrðu byggð á Vestfjörðum. Það má vel vera að ef Austfirðingar hefðu selt sig eitthvað dýrara þá hefði fremur verið hægt, á ýmsum skeiðum þeirrar umræðu, að treysta betur stöðu Austurlands. Hins vegar virðist sem Vestfirðingar tækju eftir þessari afstöðu, enda var hún umtöluð milli forustumanna í sveitarstjórnum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fyrir lágu nokkuð skýrar yfirlýsingar um að Vestfirðingar mundu verða miklir stuðningsmenn Austurlands þegar kæmi til jarðgangagerðar þar.

Nú vill svo til að um þessi efni eru til býsna mikil gögn, meira að segja þingskjöl. Hægt væri að rekja efni þeirra í víðtæku máli en það sem skýrir þessa afstöðu einna best er till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fram á 113. löggjafarþingi árin 1990–1991. Þá var lögð fram langtímaáætlun í vegagerð og um hana fjallað á þinginu. Sú áætlun byggðist á tillögu sem auðvitað styrkir þessa áætlun mikið og er náttúrlega grundvallaratriði þar sem allir stjórnmálaflokkar áttu hlut að. Málið komst reyndar það langt að kjördæmahópar afgreiddu skiptitillögur. Fjárlaganefnd — sem þá hét fjárveitinganefnd og fjallaði m.a. um vegáætlanir — fjallaði um málið síðast á þinginu 1991.

Í þessari nefnd áttu margir heiðursmenn sæti, m.a. sá sem stýrir hér fundi og hæstv. núv. samgrh., sem reyndar hefur nú lengst af neitað að hafa átt hlut að þessum fyrri ákvörðunum. Í tillögunni er komist að ákveðinni niðurstöðu um þessi efni sem auðvitað skýrir þetta mál býsna vel. En þar segir, með leyfi virðulegs forseta, undir kaflaheitinu Stórverkefni:

„Stórverkefni taka til jarðganga auk stórbrúa og fjarðaþverana.“ — Eins og nafnið bendir til er hér um fá og stór verkefni að ræða.

Jarðgangaverkefni sem tekin eru með eru þessi: Ólafsfjarðarmúli, lúkning; Strákagöng við Siglufjörð, endurbætur; Vestfjarðagöng, jarðgöng sem tengja saman Skutulfjörð, Súgandafjörð og Önundarfjörð; Austfjarðagöng, jarðgöng sem leysi vetrarsamgöngur Norðfjarðar og Seyðisfjarðar.

Í framhaldi af þessu er sett upp skipting á þessi þrjú tímabil frá árinu 1991 til 2002. Þar eru tillögurnar þær að jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla verði fjármögnuð á fyrsta tímabili, Vestfjarðagöngum verði lokið á öðru tímabili og Austfjarðagöngum á hinu þriðja. Það vill svo til að það er einmitt á þessu ári sem fyrstu framkvæmdirnar við jarðgöng á Austurlandi áttu að hefjast. Í túlkun á niðurstöðu þessarar skiptingar, virðulegi forseti, segir að stuðst sé við þá stefnu sem þegar hafi verið mörkuð í vegáætlun og sérstaka samþykkt Alþingis um Vestfjarðagöng.

Eins og ég sagði áðan fjallaði fjárveitinganefnd um málið og afgreiddi það með sérstöku áliti þar sem ekki var tekin afstaða um hina einstöku verkþætti vegáætlunar en eigi að síður liggur fyrir afar skýr stefnumótun. Hafa ber í huga að langtímaáætlanir hafa haft gríðarmikil áhrif. Eftir þeim hefur verið unnið þrátt fyrir að þær hafi ekki verið samþykktar á Alþingi og á því byggir þetta samkomulag sem hér liggur fyrir og þessi dýra setning:

„Hér er stuðst við þá stefnu sem þegar hefur verið mótuð í vegáætlun og sérstakri samþykkt um Vestfjarðagöng.“

Það tókst nú ekki betur til en svo að vinnulagið í samgn. bauð ekki upp á að yfir þessi mál yrði farið, heldur er settur punktur aftan við þessa fyrrum samkomulagsvinnu og sagt að nú skuli Austurland bíða betri tíma.

Það vekur auðvitað óneitanlega æðimikla eftirtekt og skýtur nokkuð skökku við miðað við framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf. að samt sem áður er verið að fjalla um jarðgöng í nál. meiri hlutans. Það hefði nú reyndar ekki verið mjög óeðlilegt þótt það hefði þá jafnframt verið tekið fram hver efnisleg staða jarðganga á Austurlandi væri. Það vill svo til að í þessum fyrri áherslum um jarðgöng er ekki minnst einu einasta orði á þau jarðgöng sem meiri hluti samgn. ýjar að, að undirbúningur skuli hefjast að. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa þessa tilvitnun. Þar segir:

„Óvissa er um val leiða og lausna á nokkrum stöðum sem fá fjárveitingar á seinni tímabilum áætlunarinnar. Á þetta meðal annars við um tengingu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en þar er veitt fé til Lágheiðar á öðru og þriðja tímabili. Unnið er að skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert. Miðað er við að þeirri skoðun verði lokið það snemma að taka megi ákvörðun um val lausna við næstu endurskoðun langtímaáætlunar.“

Það er auðvitað hægt að óska hæstv. samgrh. til hamingju með þessa niðurstöðu miðað við málflutning hans gagnvart Austurlandi og hvar Austurland ætti að raðast í þessum efnum og heils hugar óska ég því góða fólki sem byggir þessa tvo norðlægu firði, Siglufjörð og Ólafsfjörð þann ávinning sem það hefur af þessari bókun sem ég vil meta nokkuð til jafns við þær bókanir sem fyrir lágu um jarðgöng á Austurlandi og ýmsir góðir menn höfðu heitið stuðningi. Þegar yfir þetta mál er farið eru jarðgöng ekki sett hjá í þessu nefndaráliti og afgreiðslu. Það sem hins vegar er gert er að áherslum er breytt. Áherslum sem voru í þingskjölum, áætlunum sem höfðu hlotið gott samkomulag innan Alþingis, áætlunum sem heilt kjördæmi a.m.k., Vestfjarðakjördæmi ætlaði að styðja. Í staðinn fyrir það eru teknar upp áherslur um önnur jarðgöng sem hvergi er minnst á í fyrri tillögum. Og svo koma menn og segja að ekkert sé minnst á jarðgöng. Það á að setja sérstök lög og taka sérstakar ákvarðanir um byggingu jarðganga. En hvað lá mönnum þá svona mikið á og hvers vegna mátti ekki orða einu einasta orði jarðgöng á Austurlandi? Þannig hefði þó málið litið mun betur út ef tekið hefði verið upp í þessa umræðu viðhorf samgn. Alþingis eins og það er um þessar mundir og ákveðið var að því er

varðar jarðgöng á Austurlandi. Mér finnst satt að segja þetta ekki vera neitt sérstaklega drengileg vinnubrögð.

Það er reyndar að ýmsu fleiru að víkja sem snertir Austurland sérstaklega í þessari umræðu. Þá er þar fyrst til að taka að í þáltill. um langtímaáætlun eru sett fram sérstök markmið. A-liðurinn, fyrsti liður þeirra markmiða er að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri. Raunar koma fleiri markmið á eftir, allt upp í g-lið, sem ég ætla ekki að tefja við að ræða sérstaklega.

Í þessum tillöguflutningi eða málsskjölum með honum var hvergi tekið fram hvernig þessi árangur skyldi nást. Hvergi var tekið fram hvað þetta kostaði eða þessu deilt niður á ár. Ég fór því fram á það í samgn. að þessi mál yrðu skýrð og í þeim efnum var samgn. afhent plagg frá Vegagerð ríkisins á sl. vetri með yfirskriftinni Yfirlit kostnaðar. Þar kemur fram að til þess að ná þessum markmiðum á Austurlandi þurfi tæplega 9,5 milljarða, og þá kemur að því að fá skýringu á hvernig þessi a-liður hljómi miðað við það: „Ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri." Hvernig skyldi það takast að því er varðar Austurland? Það er auðvitað ljóst og þarf ekki neinn að undra að mest er ógunnið á Austurlandi af öllum kjördæmum og eru þá engin jarðgöng meðtalin en fjárveitingin er hins vegar 3,8 milljarðar. Það er afskaplega athyglisvert að Norðurland eystra, sem er með 5,4 milljarða framkvæmdaþörf, er í þessum tillögum með svo að segja sömu upphæð og Austurland þótt 4 milljarðar — og nú bið ég þingheim að taka vel eftir, þótt 4 milljarðar skilji á milli í framkvæmdaþörf milli þessara tveggja kjördæma, þá eru fjárveitingarnar til 2010 jafnháar. Það hlaut náttúrlega að vera að hugað væri að því hvaða skýringar væru á þessari gríðarlegu breytingu. Austurland vantar til að ná þessum markmiðum árið 2010 tæpa 5 milljarða, Norðurland eystra vantar rúman 1 milljarð.

Það er auðvitað vert að taka það fram að hluti af þessum mismun skýrist af því að miklu meiri þörf er á brúarbyggingum í Austurlandskjördæmi en í Norðurlandskjördæmi eystra og samkvæmt skilgreiningu, svo öllu sé nú rétt til skila haldið, eru fyrirvarar að því er varðar breikkun brúa þar sem lítil umferð er. En jafnvel þótt þetta sé tekið inn í dæmið er um að ræða hróplegt misræmi og ég kalla þetta valdníðslu. Ég hélt að hæstv. samgrh. mundi nægja að geta staðið við öll stóru orðin og yfirlýsingarnar gagnvart jarðgöngum á Austurlandi þótt ekki þyrfti að ganga frá vegamálum þar með þeim hætti sem þessar tölur sýna. En það má vel vera að hæstv. samgrh. hafi ekki séð þessar tölur. Þær lágu ekki fyrir fyrr en þessar upplýsingar komu fram við störf nefndarinnar, en það vekur þá jafnframt furðu að á þær skuli ekki hafa verið litið og tekið tillit til þessara niðurstaðna við störfin í samgn. Það er náttúrlega að verða áhyggjuefni, hvort störfum í nefndum sé fyrst og fremst háttað þannig að menn séu þar sérstakir fulltrúar framkvæmdarvaldsins og ekki sé einu sinni hægt að ná fram leiðréttingum eins og þeim sem ég hef verið að minnast á. Og skal ég reyndar víkja nánar að þeim efnum.

Í nál. meiri hlutans segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skilgreiningum verkefna í tillögunni er við það miðað að hringvegurinn á Austurlandi liggi ekki um Skriðdal og Breiðdal eins og hann gerir í þjóðvegaskrá, heldur um Suðurfjarðaveg."

Þetta er mjög sérstök tilvitnun. Þetta er meira að segja afskaplega sérstök tilvitnun. Af hverju átti ekki að miða við það sama á Austurlandi og annars staðar? Af hverju átti ekki að miða við hringveg á Austurlandi eins og annars staðar? Og það vill nú svo til að í öðru þingskjali, þingskjalinu um vegáætlun til 2002 eru birtir listar yfir flokkun vega, stofn- og tengibrautir, og í því þingskjali sem er rætt nú líka undir þessum sama dagskrárlið segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hringvegur. Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, ..." o.s.frv.

Í þessum plöggum, reyndar í öðru þingskjali, er flokkunin sett fram og hún er auðvitað það sem miðað er við alls staðar á landinu. Ekki ætla ég það að þetta hafi verið aðferð til að lækka hlut Austurlands um 600 millj. í þessari áætlun en það eru alveg furðuleg mistök ef menn kunna ekki það mál hvar hringvegurinn liggur um landið, og þess vegna þurfi að vera með sérstaka skilgreiningu á Austurlandi til að þrengja kosti Austurlands í vegaframkvæmdum. Ég hlýt að mótmæla þessum vinnubrögðum harðlega. Og það eru vissulega rasshandarvinnubrögð sem koma fram í nál. og eiga að vera til málsbóta í þessum efnum, svo ég vitni, með leyfi forseta, í nál.:

„Í skilgreiningum verkefna í tillögunni er við það miðað að hringvegurinn á Austurlandi liggi ekki um Skriðdal og Breiðdal eins og hann gerir í þjóðvegaskrá, heldur um Suðurfjarðaveg. Meiri hlutinn leggur til að þessu verði breytt þannig að hringvegurinn sé skilgreindur í samræmi við þjóðvegaskrá."

Þarf eitthvað að skilgreina þjóðvegaskrána? Hvaða skilgreiningu þarf á þjóðvegaskránni? Hefði ekki verið nær að segja, eins og gildir um alla aðra vegarkafla í þessum efnum, að hann verði samkvæmt þjóðvegaskrá? Þarf einhverja sérstaka skilgreiningu á því? Auðvitað ekki. Og ef menn hefðu eitthvað meint með þessu á annað borð hefði átt að geta þess að sú skipting væri með þessu leiðrétt og menn færu ekki eins og hvolpar í kringum heitt soð. Suðurfjarðavegur verður þá skilgreindur sem nýtt verkefni. Það er ekkert að skilgreina, á þéttbýlisstöðunum við Suðurfjarðaveginn eru yfir 200 manns og það er ekkert að skilgreina í þeim efnum, eða á kannski að fara að taka nýtt manntal á Fáskrúðsfirði eða Stöðvarfirði? Það þarf auðvitað ekkert að skilgreina það sem liggur fyrir. Þessar skilgreiningar eru því bókstaflega út í hött, þær eru bara gjörsamlega út í hött. Hér er plagg úr þingskjalinu um vegáætlunina til 2002 og þar segir hvernig þetta er. Það er því ekkert að skilgreina upp á nýtt í þessum efnum. Allar þessar stærðir liggja fyrir.

Það sem vekur athygli í þessum efnum er sú yfirlýsing sem hér kemur fram að bæta eigi í hlut Austurlands einhvern tímann á tímabilinu, eins og það er orðað, eftir fimm ár að því er manni skilst helst, um 550 millj. þannig að hlutur Austurlands í lok tímabilsins gæti orðið eðlilegur. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni þegar menn hafa nú fallist á að viðurkenna að tveir tígulkóngar séu í spilinu í vegamálum á Austurlandi að því er þetta varðar, þá er það alveg furðulegt að menn skuli ekki leiðrétta það fyrir allt tímabilið. Það voru gerðar breytingar að því er varðaði önnur kjördæmi, og af því að hv. varaformaður samgn. sýnir mér þá virðingu að hlusta á mál mitt, þá er t.d. gerð breyting að því er varðar Vesturland. Ég segi bara til hamingju með það. Við eigum auðvitað að hjálpast að þar sem við sjáum færi á og það er síður en svo að ég telji það eftir. En það er harðleikið að ekki geti gilt það sama fyrir Austurland og önnur kjördæmi.

Ég er ekki í vafa um að skekkja af þessum toga hefði verið leiðrétt bæði á Norðurlandi og Vestfjörðum. Ég fullyrði það.

Það ruglaði nokkuð þessa umræðu í samgn. að menn áttuðu sig ekki á því hvað hér var á ferðinni og meginröksemdir gegn því máli sem ég var að setja fram byggðust á tilvísan til tveggja vegkafla. Annar er á Vestfjörðum, Gufufjörður, og hinn er á Snæfellsnesi, Kolgrafarfjörður. Þeir eru, svo sem ljóst er, í kjördæmum formanns og varaformanns og þar er skýrt frá því sagt að þar sem ekki er búið að breyta veglínum eins og þær eru í gildandi áætlunum séu þær látnar halda sér. Þarna er sérstaklega minnst á þessa tvo firði. En það vill nú svo til að það eru til nákvæmlega eins aðstæður sem skipta miklum og stórum tölum og þar á ég við vegagerð um norðanverða Vopnafjarðarheiði þar sem gert er ráð fyrir að enda bundna slitlagið samhliða vegagerðinni um Hárekksstaði við Brunahvammsháls, að í áætluninni er lögð til grundvallar fyrri áætlun um kostnað við að byggja þann veg upp með bundnu slitlagi og tengja hann þannig slitlagi niður á Hofsárdal. Fróðir menn segja mér að miðað við þann ásetning sem uppi er í þessu máli, þ.e. að leggja veginn niður Hofsárdalinn frá Brunahvammshálsinum, þá muni vanta inn í þessa tölu 300 eða jafnvel 400 millj. Og þetta er á því vegsvæði sem er viðkvæmast á Austurlandi.

Menn hafa væntanlega heyrt talað um það hvaða vandi kom upp þegar Vegagerðin takmarkaði þungaflutninga til Vopnafjarðar í vor og þeir sem þurftu við það að búa þurftu að skipta flutningum af stærri bílum á tvo eða fleiri bíla, allt ofan frá Möðrudal og niður á Vopnafjörð. Við þetta þurfa þeir að búa sem áður höfðu skipaferðir með ströndinni og þótti eins og það var mikið mál til hagræðingar þegar skipaútgerðin var lögð af og jafnframt frá því sagt að með öðrum hætti yrði lagað til fyrir þeim sem byggju á norðausturhorni landsins. Sjóflutningarnir eru komnir upp á land þar eins og annars staðar og algerlega útilokað að búa við þær aðstæður sem þarna eru uppi, og ég hlýt að mótmæla því harðlega að aðstæður skuli ekki vera virtar eins og þær þegar skipaferðir með ströndinni eru lagðar af og ekki er gengið til móts við slíkan gjörning með því að bæta samgöngur til þessara staða. En samgn. sem undirskrifar þennan gjörning, þetta nefndarálit, lætur sér duga að tala sérstaklega um veginn eða vegarkaflana meðfram þessum tveimur fjörðum á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Ég lagði fram tillögu í samgn. um það að réttur og skiptireglur mundu vera eins gildandi á Austurlandi og í öðrum kjördæmum, eins og samgn. hefur reyndar sett inn og viðurkennt í sínu nefndaráliti þótt bögglingur sé í orðalagi. En hvar var þá munurinn? Munurinn var sá að samkvæmt tillögum mínum átti að framkvæma þessa niðurstöðu sem meiri hlutinn sjálfur er búinn að stimpla inn í þingskjalið strax, en ekki árið 2002. Þessi var nú munurinn en aldrei nokkurn tímann heyrði ég rök fyrir því hvers vegna þetta jafnræði ætti að bíða ákvörðunar þar til eftir aldamót. Það voru aldrei — og ég sé hvergi færð fram rök fyrir því. Það var sérstaklega reiknað út hvað þessi breyting mundi kosta og hvaða áhrif hún hefði á þær áætlanir sem hér liggja fyrir. Og hverju skyldi það nú hafa numið? Hvaða upphæðir skyldi hafa verið miðað við í þeim efnum? Hálft prósent. Ég varð ekki mikið var við það hvað varðar þær breytingar sem gerðar voru til hækkunar í sambandi við ferðamannavegi. Þá varð ég ekki mikið var við umræðu um að sú ákvörðun mundi færa þessa áætlun úr böndunum. Það er auðvitað mikið íhugunarefni hve óskaplega nákvæmni þurfti við í þessum efnum þegar markmiðin eru ekki nákvæmari en svo að í sumum kjördæmum ná þau ekki hálfa leið eins og í Austurlandskjördæmi. Markmiðin sem gengið er út frá í þessum efnum ná ekki einu sinni hálfa leið í sumum kjördæmum eins og á Austurlandi. Þeim skilar reyndar miklu drýgra annars staðar, eins og ég hef hér rakið.

Nei, hálft prósent sem á að koma á árabilinu til 2010, eftir aldamót þó eins og hér er sagt, gat ekki tekið gildi um leið og þessi vegáætlun að öðru leyti. Þetta eru auðvitað algerlega óforsvaranleg vinnubrögð. Ég man satt að segja ekki til þess að gengið hafi verið fram með slíkum ójöfnuði í öðrum tilvikum þar sem ég hef komið að starfi á Alþingi. Enda var það reyndar svo að það munaði ekki nema einu atkvæði í samgn. að tillaga mín yrði samþykkt og ég hlýt að þakka fyrir þann stuðning sem ég fékk þar og það hefur nú reyndar, að því er ég helst man, ekki oft gerst að annar formannanna þyrfti að standa í smölun á nefndarfund eins og þar gerðist, og til atkvæðagreiðslunnar voru kallaðir menn sem höfðu ekki á nokkurn hátt fylgst með störfum nefndarinnar, bara til þess að greiða atkvæði á móti því að eins yrði farið með málefni Austurlands og annarra kjördæma við gerð þessarar vegáætlunar. Ég er hræddur um að mönnum mundi finnast þetta einkennileg vinnubrögð ef þeir væru í einhverju öðru húsi í borginni. Ég hugsa nú til Engjateigs 3 í þeim efnum.

Ég hef nú farið yfir þessi mál og ég held að hverjum megi vera fullljóst að það væri ekki góður kostur gagnvart því fólki sem hefur stutt mig á Austurlandi að vera með þá sýndargerð að styðja þessa samgönguáætlun, sem reyndar er í heild sinni gersamlega óviðunandi. Vegakerfið í hinum strjálbýlli héruðum er gersamlega óviðunandi og það verður ekki séð að á nokkurn hátt sé tekið tillit til þess hver staða fólksins er í mörgum þeim byggðum sem hér á sérstaklega undir högg að sækja, a.m.k. á Norðausturlandi að því leyti sem það tekur til Austfjarðakjördæmis.

Það er eins og mönnum vefjist tunga um tönn þegar að því kemur að taka ákvarðanir í samgöngumálum. Þar á milli er þó um það talað að sjóflutningar séu komnir upp á ströndina og að álagið á vegina þurfi að hafa sömu staðla hér og í öðrum löndum, eins og Íslendingar hafa reyndar skuldbundið sig til, en þegar kemur að framkvæmdinni eru menn nú ekki borubrattari en þessi áætlunargerð segir frá. Það verður helst metið þannig að a.m.k. í sumum kjördæmum yrðu ekki komnir nothæfir vegir fyrr en árið 2020, ef menn t.d. taka mið af því hvað á að gera til ársins 2010 og hvernig þau verkefni skila sér fram og þegar menn líta á að ekki er enn þá hálfbúið að vinna verkin sem nú þykja brýnust. Undirstrika verður það sérstaklega að stór hluti þeirra vega sem nú er farið um og hafa þjónað góðum tilgangi á síðustu árum eru hreinir slóðavegir. Það eru vegir sem voru lagðir yfir götuslóð. Ég nefni Hamarsfjörðinn í þeim efnum og slíkir vegir sumir hverjir eru hreinar slysagildrur. Hún er því ekki þykk í roðinu þessi vegáætlun og þó að hún skili afar mikilvægum árangri sums staðar og það eitt hefði auðvitað nægt til þess að ég hefði fyrirvara um afgreiðslu á vegáætluninni. En með því að hlutur Austurlands er gerður hér með þeim hætti sem ég hef nú lýst er það miklu meira en nægjanlegt tilefni til þess að ég styð ekki þessa áætlun við afgreiðslu hennar í þinginu.

[16:42]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var flutt mjög góð og athyglisverð ræða af hálfu hv. þm. Egils Jónssonar. En ber að líta á ræðu hans sem viðvörun til kjósenda á Austurlandi um að kjósa

Sjálfstfl. í næstu kosningum vegna þess að Sjálfstfl. á þá tvo ráðherra í þessari ríkisstjórn sem ráða mestu um þennan málaflokk, fjmrh. og samgrh.?

[16:43]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég gjarnan taka fram að það er ekki aðalatriðið hvernig maður lítur út í kosningum. Það skiptir mig meginmáli að skila þeim verkefnum sem ég tók að mér í síðustu kosningum að samrýmanlegar séu þeim áherslum sem bæði ég og Sjálfstfl. hafði uppi í þeim kosningum. Austfirðingar taka svo ákvarðanir sínar eins og þeir meta störf og stefnur við næstu alþingiskosningar.

[16:44]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Agli Jónssyni en ræða hans er vitnisburður um að það skiptir kjósendur höfuðmáli hverju þeir skila inn til Stjórnarráðs Íslands að loknum hverjum kosningum.

[16:44]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki hafa langt mál í þessu andsvari enda greinir okkur hv. 3. þm. Austurl. á í þessu máli eins og fram hefur komið bæði í máli hans og raunar í nefndarstarfinu fyrr. Það eru nokkur atriði sem ég vil þó aðeins nefna. Í fyrsta lagi er ekki verið að taka afstöðu til jarðganga í þessum ályktunum, langtímaáætluninni og vegáætlunni. Það kemur mjög skýrt fram í tillögukaflanum sjálfum og þótt vikið sé að þessu máli í nefndarálitinu varðandi langtímaáætlunina þá er ekki verið að taka neina efnislega afstöðu til málsins. Þvert á móti hlýt ég að vekja athygli á því að fram kemur í þingskjalinu eins og það var lagt fram að leggja ætti fram um 120 millj. kr. á áætlunartímabilinu til að fara í rannsóknir á þremur stöðum á landinu. Það eru engar aðrar ákvarðanir sem hafa verið teknar. Eitt þeirra svæða er svæðið milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og þess vegna er alveg ástæða til að nefna það þarna, en það er ekki með nokkru móti hægt að segja að nefndarálitið gefi til kynna að verið sé að taka þann jarðgangakost fram yfir einhverja aðra jarðgangakosti, nema síður sé. Það er einfaldlega ekki verið að taka neina efnislega ákvörðun um röðum framkvæmda í þeim efnum í þessum plöggum. Flóknara er það mál ekki.

Varðandi það sem hv. þm. talaði um skilgreiningar á Austurlandi þá er það alveg rétt hjá hv. þm. að í þjóðvegaskrá er hringvegur á Austurlandi skilgreindur eins og hv. þm. sagði hér. Hins vegar var í tillögunni, sem lögð var fram upphaflega, gengið út frá annarri leið og hér er einfaldlega verið að leiðrétta það, það er verið að ganga til baka, ganga í þá átt sem hv. þm. segir að sé eðlilegt og kemur fram í þjóðvegaskránni og því er eðlilegt að um það séu höfð nokkur orð í nefndaráliti meiri hluta samgn.

[16:47]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á nú reyndar ekki mjög mikið erindi hingað til að svara hv. formanni samgn. Alþingis. Hann vill láta líta svo út sem þessi umræða um jarðgöngin hafi ekki neitt gildi sem slík. Þá er spurningin: Til hvers eru menn þá að setja þetta inn í nál. ef það á ekki að þjóna neinum tilgangi? Ég hef aldrei vitað til að ekki væri einhver merking í þeim orðum sem fjallað væri um í nál.

Að því er varðar skiptingu vegafjár á Austurlandi var það góður kostur að formaðurinn skyldi staðfesta að þarna hefðu orðið mistök og ég tók það skýrt fram að svo væri. Það sem okkur greinir á um, og eins og hann segir þá erum við aðeins ósammála um eitt. Af hverju eru mistökin ekki leiðrétt yfir allt áætlunartímabilið? Af hverju eru aðeins fyrirheit um að leiðrétta hluta af áætluninni? Um það og ekkert annað erum við þá ósammála. Frsm. hefur hins vegar ekki sagt frá því, fyrst hann vill leiðrétta þessi mál frá árinu 2002, hvers vegna hann vill ekki leiðrétta þau frá árinu 1999.

[16:49]

**Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu varðandi þessi mál sem við erum að ræða hér, ítreka að það felst engin áherslubreyting varðandi röðun framkvæmda á jarðgangasviðinu í tillögunni sem við erum að fjalla um. Alls ekki. Það sem við höfum einfaldlega sagt hér er að það er verið að skoða þrjá kosti í þessu sambandi. Þeir eru á Austfjörðum, á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Það sem hér er einfaldlega gert í þessu nál. meiri hluta nefndarinnar er að vakin er athygli á því að þetta sé einn af þeim kostum sem er verið að skoða þegar fjallað er um tenginguna milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Hins vegar er engu slegið föstu um það frekar.

Hitt, varðandi skilgreininguna á Austfjörðum, vil ég ítreka með því að lesa hér upp úr meirihlutaálitinu þar sem segir í fyrsta lagi, virðulegi forseti, og þar er átt við tillögu sem hæstv. samgrh. lagði fram fyrr á þinginu:

„Í skilgreiningum verkefna í tillögunni er við það miðað að hringvegurinn á Austurlandi liggi ekki um Skriðdal og Breiðdal eins og hann gerir í þjóðvegaskrá heldur um Suðurfjarðaveg."

Það er síðan niðurstaða meiri hluta samgn. að fallast ekki á það sem kemur fram í tillögu hæstv. samgrh. og þess vegna leggur meiri hlutinn til að tillögunni verði breytt, þ.e. þannig að hringvegurinn sé skilgreindur í samræmi við þjóðvegaskrá. Það er þetta sem ég held að sé mikilvægt að liggi alveg fyrir.

[16:51]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki öðru sinni séð veikari málflutning af hendi hv. 1. þm. Vestf. en einmitt núna. Hann lýsir því yfir að tilvitnanir í sambandi við jarðgangagerð fyrir norðan séu marklausar.

Í öðru lagi lýsir hann því yfir að markmið tillögunnar hafi verið að fara með fjörðum. Hvar segir það? Hvar er það markmið sett upp? Hvergi nokkurs staðar. Kaflanum um Breiðdal og Skriðdal og Breiðdalsheiði er einfaldlega sleppt og ég segi enn: Hvað er það sem stendur út af í tillöguflutningnum, ef hægt er að taka mark á því sem kemur fram í nál. hjá meiri hlutanum? Það stendur út af, ef sá ásetningur nær fram, að í staðinn fyrir að þessi kostnaðarhlutdeild verði tekin upp á sama ári, eins og gildir með allar aðrar vegaframkvæmdir, verði hún látin taka gildi eftir aldamót. Í þeim ágreiningi sem frsm. segir að sé milli mín og hans skortir á að hann skýri hvers vegna menn leiðrétta ekki þessar viðmiðanir frá upphafi tímabilsins. Um það er ágreiningurinn og þrátt fyrir að frsm. hafi komið tvisvar upp hefur hann ekki minnst á það.

[16:53]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um tvær samgönguáætlanir samtímis og samhliða. Annars vegar tillögu um vegáætlun fyrir árin 1998 til 2002 og hins vegar um langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999 til 2010. Vegáætlunin tekur sem sagt til fyrsta tímabils seinni áætlunarinnar auk ársins 1998, þ.e. til fimm ára. Ég vil nota þetta tækifæri í upphafi máls míns til að gagnrýna harðlega hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa máls.

Eins og ég hef þegar tekið fram snýst málið um skipulagningu vegamála til næstu 12 ára og hún á að ná til þriggja kjörtímabila. Þegar þannig hefur verið staðið að málum, að undirbúnar væru langtímaáætlanir í vegamálum, hefur hingað til ævinlega verið haldið svo á að fulltrúar allra flokka ættu aðild að þeim undirbúningi. Ég minnist þess t.d. þegar langtímaáætlunin var til meðferðar á seinasta áratug. Þá var að sjálfsögðu um að ræða undirbúningsnefnd sem allir flokkar áttu sæti í.

Hér er því þannig háttað að tveir flokkar, stjórnarflokkarnir með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar, koma sér saman um efni þessarar langtímaáætlunar sem á þó að ná miklu lengur en sem nemur því kjörtímabili sem nú er að líða. Hún á að ná þrjú kjörtímabil fram í tímann þegar allt aðrir flokkar verða hugsanlega við stjórn. Þessar ákvarðanir eru teknar án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuflokkana eða án þess að gefa þeim nokkurt tækifæri til þess við undibúning málsins, áður en málið kemur inn í þingið, að eiga hlut að máli.

Ég vil taka það skýrt fram að samgn. kom hvergi nærri undirbúningi þessarar tillögu. Ég fékk ekkert að vita um efni hennar fyrr en hún var lögð fram í þinginu. Menn voru reyndar að fá fréttir af einhverjum umræðum um áætlun í þingflokkum stjórnarflokkanna. Það var helst að menn gætu tínt til fréttir í blöðum og fjölmiðlum á stangli en að einhver minnsta tilraun væri gerð til að hafa stjórnarandstöðuflokkana með í ráðum um mál sem spannar 12 ár fram í tímann, því var ekki að heilsa.

Í raun og veru tók svo ekkert betra við þegar málið kom hér inn í þingið og til samgn. Sáralitlar breytingar hafa verið gerðar á langtímaáætluninni og í stuttu máli má eiginlega segja að allar ábendingar stjórnarandstæðinga hafi verið hunsaðar og ekkert á þær hlustað. (**EgJ:** Og fleiri.) Raunar á það ekki aðeins við um stjórnarandstæðinga eins og hér var bent á í frammíkalli af hv. þm. Agli Jónssyni. Það var heldur ekkert hlustað á ábendingar hans og tillögur og má eiginlega segja að hann hafi skipað sér í hóp stjórnarandstæðinga við meðferð málsins í nefnd, eins og glöggt kom fram í atkvæðagreiðslu innan nefndarinnar og hann hefur sjálfur rakið hér á undan mér.

Hann hefur gert svo ágæta grein fyrir vanda þeirra Austfirðinga og hvernig með þá er farið að ég tel ekki ástæðu til að orðlengja um þann þátt málsins, auk þess sem hér mun hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, vera á mælendaskrá og mun vafalaust koma inn á þann þátt málsins einnig. Ég vil þó láta þess getið og láta það koma skýrt fram að við stjórnarandstæðingar studdum mjög eindregið málstað þeirra Austfirðinga þegar málið var til umræðu og atkvæðagreiðslu innan nefndarinnar.

Annað dæmi um það hversu lítið er hlustað á athugasemdir og ábendingar stjórnarandstöðunnar er það sem snýr að vegtengingu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Í nál. meiri hlutans er þess sérstaklega getið, svo ég vitni til nál., með leyfi forseta, að eftir sé „... skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert". Þetta stendur í nál. meiri hlutans. Við stjórnarandstæðingar bentum á að úr því svona væri tekið til orða í nefndaráliti meiri hlutans og allir væru sammála um það að ekki væri hægt að taka neina ákvörðun um það á þessu stigi hvort byggð yrðu jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar eða hvort Lágheiði yrði byggð upp í staðinn, og öllum er auðvitað fullljóst að hvort tveggja verður ekki gert, í öllu falli ekki samtímis, það hljóta sennilega að líða einhverjir áratugir á milli þar sem stór verk er að ræða í báðum tilvikum, þá hlyti að vera eðlilegast að slá engu föstu í sjálfri áætluninni heldur taka þá þannig til orða um þennan þátt málsins að öllum leiðum væri haldið opnum eins og reyndar meiri hlutinn er að ýja að í nál. sínu en framkvæmir svo þveröfugan hlut í tillögum sínum, því í tillögunum er því slegið föstu af hálfu meiri hlutans að um verði að ræða vegagerð á Lágheiði, það er sérstaklega tekið fram í tillögum meiri hlutans í langtímavegáætlun, þótt sagt sé í greinargerðinni að öllum leiðum eigi að halda opnum og hin leiðin geti komið til greina. Ég get að sjálfsögðu ekki talið þetta neitt annað en rauða veifu sem veifað er framan í kjósendur norður í landi. Það er verið að reyna að gefa þeim undir fótinn með að þessi möguleiki sé áframhaldandi fyrir hendi en þegar á reynir að halda þeim möguleika opnum, þá ætla hv. þm. meiri hlutans með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar að loka þessari leið með því að taka það ótvírætt og skýrt fram að um sé að ræða byggingu vegar yfir Lágheiði.

Ég vil sérstaklega taka fram að allir hv. þm. Norðurlandskjördæmis vestra voru á einu máli um að orða yrði þennan þátt í langtímaáætluninni á þann hátt sem ég hef gert að umtalsefni en samstaða okkar hvað þetta varðar breytti engu. Langtímaáætlunin kemur hingað í þingið á ný með nákvæmlega sama orðalagi hvað þetta varðar og reyndar flest allt annað eins og var þegar tillagan kom í þingið. Sem sagt, það er haldið áfram beint af augum, hvorki litið til hægri né vinstri, ekki hlustað á neinar ábendingar eða athugasemdir frá stjórnarandstöðunni og raunar engum öðrum en þeim sem þetta plagg hafa undirbúið. Þessi vinnubrögð tel ég mjög ámælisverð og get satt að segja ekki skilið af hverju slík einstefna er uppi höfð.

Annar þáttur þess vanda sem við blasir er að mjög víða er eftir að tengja þéttbýlisstaði þar sem menn verða enn að notast við mjög ófullkomna malarvegi og enn er eftir að framkvæma ýmsar styttingar í vegakerfinu milli þéttbýlisstaða til að stækka atvinnusvæði og þétta dreifðar byggðir. Af þessu tagi blasa við fjöldamörg verkefni víðs vegar um land, bæði á Austurlandi, Norðurlandi og á Vestfjörðum en þeim er lítt sinnt í þeim áætlunum sem hér liggja fyrir. Ég hef þegar lýst vonbrigðum Austfirðinga en þar er augljóst stórverkefni sem þarf að ráðast í, þ.e. að mynda samfellt atvinnusvæði frá Seyðisfirði til Fáskrúðsfjarðar með góðri tengingu við Egilsstaði og alveg ljóst að því verkefni verður ekki sinnt á næstum 12 árum samkvæmt þeirri áætlun sem hér liggur fyrir. Og það er líka ljóst að tenging Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur með jarðgöngum og vegi um Héðinsfjörð er alls ekkert á dagskrá á næstu 12 árum.

Ég hef orðið var við það að í máli stjórnarsinna eru gerðar tilraunir til að vekja tálvonir hjá fólki með því að segja sem svo að í þessari vegáætlun og langtímaáætlun sé engu slegið

föstu um hvort jarðgöng verði byggð á næstu árum eða ekki, en það er auðvitað alveg eins ljóst og tvisvar tveir eru fjórir að samkvæmt þeim áætlunum, sem lagðar hafa verið fram og eru einu áætlanirnar sem núverandi stjórnarflokkar hafa uppi, er ekki gert ráð fyrir neinum jarðgöngum á næstu 12 árum. Menn geta ekkert fært það í neinn felubúning að ætlunin sé að koma með það sér á parti seinna, því ef það væri ætlunin hefði verið allt öðruvísi að málum staðið. Þá væri gert ráð fyrir einhverri fjáröflun til slíkra hluta á næstu árum og einhver tilraun gerð til að setja upp eitthvert plan í þá áttina, en þessi tvö plögg hér, vegáætlunin annars vegar og langtímaáætlunin hins vegar eru einu áætlanirnar sem Alþingi mun samþykkja um framkvæmdir í vegamálum á næstu árum. Það er því hrein blekking þegar reynt er að telja fólki trú um að síðan sé eitthvað allt annað og miklu meira í pokahorninu. Þetta eru ekki aðeins vonbrigði fyrir Austfirðinga og Norðlendinga, þetta eru líka mikil vonbrigði fyrir Vestfirðinga því að þar eru ótvírætt enn mjög brýn verkefni á sviði jarðgangagerðar sem er að tengja saman norðurfirðina og suðurfirðina með göngum um Dýrafjörð og Arnarfjörð, undir Hrafnseyrarheiði en síðan gæti bílferja gengið milli Bíldudals og Hrafnseyrar nokkrum sinnum á dag og skapað góðar samgöngur á því svæði.

Það eru sem sagt fjöldamörg byggðarlög sem eru nánast skilin eftir úti í kuldanum við gerð þessarar samgönguáætlunar og enn einn landshluti sem ég hef hér lítið vikið að skal nú nefndur en það er Norðausturlandið. Norðausturlandið er þannig sett að ekki er gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum á því svæði fyrr en á seinasta áætlunartímabilinu, þ.e. eftir átta ár. Þarna erum við að sjálfsögðu að tala um veginn frá Húsavík til Þórshafnar en þetta er ein allra brýnasta vegaframkvæmdin sem við stöndum frammi fyrir.

Í Morgunblaðinu hinn 20. maí sl. var vikið að vegamálum íbúa á Norðausturlandi en þar skrifar fréttaritari blaðsins á Þórshöfn eftirfarandi í blaðið, með leyfi forseta:

„Íbúar hér á norðausturhorninu eru ýmsu vanir í vegamálum og kalla ekki allt ömmu sína, þó hingað til hafi versta ástandið einkum verið bundið við heiðavegi sem aðeins eru færir á sumrin. Vegurinn um Tjörnes er hins vegar heilsársvegur með mikilli umferð allan ársins hring en hann hefur verið illfær fólksbílum síðustu vikur og allt slitlag á honum uppurið.

Veginum var lokað fyrir 7 tonna öxulþunga á mándagskvöld en viðgerð er hafin. Af því leiðir að flutningskostnaður eykst til muna því vöruflutningabílar þurfa að keyra Kísilveg um Mývatn, fara Fjöllin til Vopnafjarðar og áfram til Þórshafnar. Frá Þórshöfn þurfa bílarnir síðan að keyra til Kópaskers og Ásbyrgis. Með þessu lengist flutningsleiðin, sem venjulegast er 320 km milli Akureyrar og Þórshafnar, í 460 km til að komast til Ásbyrgis.

Á þessum grófa vegi er grjótbarningur slíkur að fólk leggur ógjarnan bíla sína í slíka hrakninga nema af brýnni nauðsyn og má nærri geta hvert slit á bílum þetta þýðir fyrir þá sem oft fara þarna um.

Verstur er vegarkafli rétt austan við Húsavík og allt að Mánárbakka en þar hefur vegurinn látið undan á mörgum stöðum og eru í hann djúp hvörf, varasöm fólksbifreiðum. Á þeim kafla standa yfir grjótflutningar frá Mánárbakka í höfnina á Húsavík og fara þar um stórir bílar, fulllestaðir af stórgrýti."

Og síðar segir seinna í þessari ítarlegu greinargerð í Morgunblaðinu um vegamál í kjördæmi hæstv. samgrh.:

„Umferð er mikil um Tjörnes enda hafa landflutningar aukist mikið síðustu árin en flutningur með skipum svo til enginn orðinn. Hjá Flutningamiðstöð Norðurlands á Þórshöfn fengust þær upplýsingar að fastar ferðir vöruflutningabíla milli Þórshafnar og Akureyrar væru 20–30 bílar á viku en gæti farið yfir það, auk þess eru póstferðir alla virka daga.

Vöruflutningabílstjórar á þessari leið eru langþreyttir á þessu ástandi og sætta sig sífellt verr við það að greiða til ríkisins sama vegagjald og þeir sem búa við betra ástand í vegamálum og benda á margfalt slit og viðhald á tækjum sínum við þessar aðstæður. Krafa um úrbætur verður sífellt háværari því fólk unir því ekki öllu lengur að vera svo afskipt þegar kemur að úthlutun fjár til vegagerðar."

Svo mörg eru þau orð og hér er lýst af heimamönnum hversu hroðalegt ástandið er á þessum slóðum og þetta er það ástand sem menn eiga meira eða minna að búa við í langan tíma héðan í frá ef engin bragarbót verður gerð á þeirri langtímaáætlun sem fyrir liggur. Ég vil í þessu samhengi vekja sérstaka athygli á till. til þál. sem við fimm þingmenn Alþb. fluttum fyrr í vetur undir forustu hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, þar sem gerð var tillaga um ályktun þess efnis að sérstakt átak yrði gert til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2000 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að eftir því sem meginhluti vegakerfisins batnar og akstur á bundnu slitlagi verður regla frekar en undantekning, verður erfiðara hlutskipti þeirra sem eftir sitja og verða að sætta sig við að nota gömlu erfiðu og illa förnu malarvegina. Þar kemur auðvitað margt til eins og mjög rækilega var rakið í fréttabréfi þeirra frá Þórshöfn sem ég las úr hér áðan, en staðreyndin er sú að jafnvel ferðamenn á sólbjörtum sumardögum veigra sér við í ágætasta veðri að fara út af hinu bundna slitlagi, ég tala nú ekki um í rigningartíð á hausti þegar vegirnir eru blautir og holóttir. Þess vegna er þetta ekki aðeins öryggismál fyrir byggðirnar heldur er þetta líka mál sem snýr að því að verið er að gera þetta að annars flokks byggðum sem ferðamenn sækja miklu síður til vegna hins hörmulega ástands veganna. Menn verða auðvitað, eins og fleiri hafa rakið hér á undan mér, að taka nokkurt tillit til þess að sjósamgöngur hafa snarlega minnkað á undanförnum árum en flutningar á landi hafa stóraukist. Og þá verður auðvitað að bæta vegina mjög verulega í kjölfar slíkrar stefnubreytingar.

En margir aðrir staðir á landinu standa illa að vígi í vegamálum, miklu fleiri en ég hef nú nefnt. Ég gæti t.d. minnt á veginn um Fróðárheiði, sem tengir Ólafsvík við suðurhluta Snæfellsness, og ég gæti nefnt vegamálin í Borgarfirði.

Hv. þm. Egill Jónsson, sem talaði áðan, talaði um slóðavegi, þetta væru slóðavegir, og átti kannski við það að þetta væru hálfgerðar slóðir. En mér finnst einhvern veginn að orðið gæti haft fleiri en eina merkingu. Mér finnst að þarna sé kannski hugsanlega verið að kenna vegina við þá slóða sem hafa látið vegamálin trassast þannig að vegirnir eru illfærir og varla nothæfir fyrir nútímasamgöngur.

Ég hef sagt það áður og segi enn að Íslendingar eru vanþróuð þjóð á sviði vegamála. Það er leitun að þeirri þjóð

í okkar heimsálfu sem er eins illa á vegi stödd og við Íslendingar hvað vegamál varðar. Það stafar einfaldlega af því að fjármagn til vegamála hefur verið langt frá því nægilega mikið á undanförnum árum. Það er illt til þess að vita að stórfelldar fjárhæðir hafa verið færðar frá Vegasjóði og yfir í ríkissjóð og staðreynd er að í árslok þessa árs mun ríkissjóður skulda Vegasjóði einhvers staðar milli 600 og 700 millj. kr. En samt er haldið áfram í þessari vegáætlun að færa fé úr Vegasjóði í ríkissjóð með ýmsum aðferðum. Það er að vísu verið að tala um að frá aldamótum verði allt fé markaðra tekjustofna lagt í Vegasjóð en okkur í stjórnarandstöðu finnst það nú ekki mjög hetjulega að verki staðið að skjóta því á frest yfir á næsta kjörtímabil að standa þannig að málum úr því að menn treysta sér ekki til að afgreiða vegáætlun á þann hátt að skuld ríkissjóðs við Vegasjóð sé nú gerð upp og ekki sé haldið áfram að greiða úr Vegasjóði í ríkissjóð. Þá hljóta menn að hafa frekar litla trú á því að að loknum næstu kosningum verði gerð bragarbót og menn fari þá að láta allt fé Vegasjóðs í vegina. Það er áróðursbragð að slíkum vinnubrögðum. Og það er stutt í næstu kosningar. Það er greinilegt hvað menn ætla sér. Menn ætla sér að veifa þessari vegáætlun framan í kjósendur en treysta sér samt sem áður ekki til þess að skila því í Vegasjóð sem Vegasjóði ber nú fyrir kosningar.

Herra forseti. Við fyrri umr. ræddum við alþýðubandalagsmenn ítarlega um vegamálin. Ég gerði þar ítarlega grein fyrir hvað væri helst til ráða og ég ætla bara að ítreka það að lokum að allt of litlu fé er varið til vegamála. Það er einungis varið 2,3% af útgjöldum ríkissjóðs til vegamála eða um 0,7% af vergri landsframleiðslu. Með því að láta ríkissjóð gera upp skuldir sínar við Vegasjóð nú þegar með því að kosta vegtengingu Hvalfjarðarganga af öðru fé en af vegáætlun, t.d. af því fé sem ríkissjóður fær í virðisaukasaktt af því veggjaldi sem þar verður innheimt, og með því að taka flóabátana út úr vegáætlun þar sem þeir eiga auðvitað ekkert heima og með því að nýta tekjustofna Vegasjóðs miklu betur en gert er í samræmi við heimildir vegalaga þá mætti skapa stóraukið svigrúm í vegáætlun til að gera margt af því sem gera þarf á næstu árum í vegamálum.

[17:21]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að ýmislegt er ógert í vegamálum. Ég er honum þakklátur fyrir að hafa vakið sérstaka athygli á tillögu þeirra alþýðubandalagsmanna um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum. Eins og fram kemur í greinargerð með þeirri tillögu er einungis gert ráð fyrir því að tengja Norður-Þingeyjarsýslu og Vopnafjörð við hringveginn, sleppa Vestfjörðum og öðrum afskekktum stöðum. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar litið er til norðausturhorns landsins, svæðisins frá Húsavík austur um og til Vopnafjarðar, og einnig svæða á Austfjörðum er ljóst að enn hægar miðar og gríðarlega mikið er ógert. Verkefnið er þó ekki stærra en svo að ætla má að verði ríflega veitt til þessara verkefna á vegáætlun og til viðbótar allt að 2.500 millj. kr. af fjárlögum á næstu þremur árum, þ.e. 800–900 millj. kr. hvert ár á árunum 1998–2000, megi ljúka þessu verkefni að mestu. Hér yrði um sérstakt framlag að ræða, samgöngu- eða byggðaframlag sem rynni til þess að jafna þann geysilega aðstöðumun sem felst í því að hluti þjóðarinnar býr enn við hinar frumstæðu malarvegasamgöngur."

Má raunar segja að athyglisvert sé að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli skrifa undir með þessum hætti þegar þáltill. ber yfirskriftina um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum.

[17:23]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað þakklátur hæstv. ráðherra fyrir að vekja athygli á þessari þáltill. okkar alþýðubandalagsmanna, sem hann hefur greinilega kynnt sér að einhverju marki, þó að hann hafi að vísu misskilið tillöguna með einhverjum einkennilegum hætti. Í tillögunni stendur og kemur það alveg skýrt fram að:

„Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2000 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi."

Hvernig hann getur þá fundið út úr því að þar með yrðu Vestfirðir örugglega undanþegnir fæ ég ekki skilið vegna þess að ég hélt að þéttbýlisstaðirnir á Vestfjörðum væru nú yfirleitt með fleiri en 100 íbúa. Ísafjörður, Patreksfjörður og Dýrafjörður og aðrir þeir staðir eru allir með fleiri en 100 íbúa og það er því eins ljóst eins og nokkuð getur verið að þeir mundu falla undir þessa skilgreiningu. Ég er ekki í neinum vafa um að Vestfirðingar yrðu ákaflega glaðir ef tillaga okkar alþýðubandalagsmanna yrði samþykkt.

Og það er verst að hæstv. ráðherra sem hefur skoðað þessar tillögur skyldi ekki líta á hana fyrr og líta hana réttum augum því að það vantaði aðeins upp á að hann liti hana réttum augum.

[17:25]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að í brtt. meiri hlutans liggur fyrir áætlun Vegagerðarinnar um það hversu mikið það kosti á öðru og þriðja áætlunartímabili að tengja Þórshöfn eða Norður-Þingeyjarsýslu og Vopnafjörð við hringveginn. Þar er það rétt um 2,5 milljarðar kr. sem upp á vantar þannig að það kemur fullkomlega saman við það sem ég sagði áðan og er þó gert ráð fyrir nokkru fé á árunum 2001 og 2002 til þessara verkefna beggja.

Það er því ljóst að hv. þm. hafa ekki hugsað sér að þessi fjárveiting ætti að taka til landsins alls enda væri þá fróðlegt að heyra hvernig hv. flm. og frsm. minni hlutans skýrir hversu vel þessar krónur eigi þá að endast til alls verksins. Því ef ekki vantar upp á nema 2,5 milljarða til að tengja alla þéttbýlisstaði hringveginum eftir tvö ár þá verð ég nú að segja að myndarlega er að framlögum staðið.

Hv. þm. sagði einnig áðan að á næstu átta árum ætti ekki að gera nokkurn skapaðan hlut í Norður-Þingeyjarsýslu á veginum frá Húsavík til Þórshafnar og las blaðagrein því til stuðnings um vont ástand vegarins yfir Tjörnes, sem er laukrétt, það er ekki gott og allra síst nú eftir mikla grjótflutninga um það svæði. Þó er það nú svo að á þessum átta árum á að verja 1.350 millj. kr. einmitt til þessarar vegagerðar af stórverkefnafé. Það er því síður en svo að engu fé sé til þess varið heldur miklu, miklu meira fé en nokkru sinni fyrr hefur verið varið á jafnskömmum tíma til vegagerðar í þessum landshluta.

[17:27]

**Ragnar Arnalds** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var misheyrn hjá hæstv. samgrh. að ég hefði sagt að engu fé yrði varið til uppbyggingar veganna frá Húsavík til Þórshafnar á næstu átta árum. Ég tók þannig

til orða að þessi leið frá Húsavík til Þórshafnar væri ein allra brýnasta vegaframkvæmdin sem við stöndum frammi fyrir og meginþungi þessarar framkvæmda lenti á seinasta áætlunartímabilinu, þ.e. eftir átta ár. Ég sagði meginþunginn, og ég var að hvetja til þess að þeirri framkvæmd yrði hraðað.

Ég vil sérstaklega vekja á því athygli að í tillögu okkar alþýðubandalagsmanna er gert ráð fyrir að varið verði 2,5 milljörðum kr. til þess að allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri verði tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi til viðbótar þeim fjármunum sem eru á vegáætlun, til viðbótar þeim. Ég er ansi hræddur um að reikningsdæmið liti þá töluvert öðruvísi út. Ég skal ekki segja hvort verkinu væri þá örugglega lokið með öllu en það er alveg ljóst að það yrði stórfelld framför og stórfellt átak sem næðist ef sú þáltill. yrði samþykkt. Mér fyndist satt best að segja að hæstv. ráðherra hefði átt að kynna sér efni þessarar þáltill. betur og taka meira mið af henni við undirbúning langtímaáætlunarinnar.

[17:29]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Hér eru komnar til síðari umr. till. til þál. um vegáætlun fyrir tímabilið 1998–2002, þ.e. hið almenna fjögurra ára áætlunartímabil að yfirstandandi ári meðtöldu, og síðan langtímaáætlun til tólf ára þar sem hin fyrri áætlun sem ég nefndi er fyrsta tímabilið af þremur sem um er fjallað.

Við fyrri umr. þessa máls ræddi ég um hinn almenna ramma sem ríkisstjórnarflokkarnir og hæstv. samgrh. leggja í sambandi við þetta mál og gagnrýndi margt sem varðar þessar áætlanir á heildina litið. Ég ætla ekki að endurtaka margt af því sem þar kom fram af minni hálfu og okkar alþýðubandalagsmanna en vil þó minna á það sem ég tel stóran ágalla á umfjöllun yfirvalda samgöngumála að því er snertir þann málaflokk almennt, að ekki er fjallað um hann í heildstæðu formi, þ.e. að á Alþingi skuli aldrei fara fram umræða á grundvelli samgönguáætlunar sem taki til allra þátta samgangna, vegagerðar og vegamála almennt, samgangna í lofti og samgangna á sjó.

Auðvitað má reyna að lesa saman þær áætlanir sem fyrir liggja hverju sinni, þar á meðal flugmálaáætlun sem verið hefur á dagskrá þessa fundar í dag, en það er hins vegar engan veginn fullnægjandi því að þessar áætlanir — og þá á ég fyrst og fremst við vegáætlun og flugmálaáætlun eru undirbúnar af ólíkum stofnunum sem því miður hafa mjög takmarkað samráð og samband sín á milli og mér sýnist að ráðuneyti samgöngumála haldi engan veginn á þessum málum samtengjandi eins og vert væri því þaðan ætti auðvitað að koma heildarsamgönguáætlun sem varðar samgöngur innan lands hjá okkur og samgöngur út á við líka, við útlönd, þannig að menn skoði þessi mál í heildarsamhengi.

Á þetta hefur skort mjög lengi. Á þetta hefur oft verið minnt af okkur alþýðubandalagsmönnum, á þetta hefur verið minnt af einstökum þingmönnum eða þingmannahópum, ef ég man rétt liggur fyrir þinginu tillaga í þessa átt á yfirstandandi þingi sem mun hafa fengið afgreiðslu og er það út af fyrir sig vel en breytir hins vegar ekki þeirri stöðu sem við tölum út frá núna þegar verið er að leggja línur fyrir svo mikilvæg mál fyrir flugmálin og vegamálin í útlínum til allt að tólf ára.

Liður í slíkri heildarsamgönguáætlunargerð þarf að vera svar við spurningunni um hvernig eigi að tryggja sem bestar samgöngur í landinu í heild og til einstakra landshluta og byggðarlaga þar sem litið er á alla þætti og jafnhliða hvernig ná megi árangri í því stóra verkefni að auka eða bæta stöðu samgöngumálanna að því er varðar umhverfisþáttinn sem er í rauninni ekkert til umræðu í þessari áætlunargerð að því er séð verður. Það stóra mál að við erum að undirgangast skuldbindingar á alþjóðavettvangi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þar sem samgöngurnar valda nálægt þriðjungi af þeirri losun sem um er að ræða hér innan lands eins og sakir standa og þar sem samgöngurnar verða auðvitað að koma inn í það mál, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstunni og til framtíðar litið, er sáralítið aðhafst þótt einhver nefnd sé að störfum til að líta á þessi efni.

Það horfir náttúrlega almennt séð þannig, ef litið er á stefnu ríkisstjórnarinnar í heild, að hún virðist ekkert ætla að gera með alþjóðasamninga í þessum efnum og er þegar farin að kynna það, hvort sem á að taka það sem stefnu eða hótun í alþjóðlegu samhengi, að standa utan við þá bókun sem gerð var í Kyoto við loftslagssamninginn frá 1992 og er þar ekkert smámál á ferðinni. En svo virðist, virðulegur forseti, sem ríkisstjórnin leggi ekki mikið upp úr því máli þegar við erum í þeirri stöðu að vera eitt af þremur ríkjum heims sem hefur tekið á sig skilgreindar skuldbindingar í þessum efnum sem ekki hefur sett fangamark sitt undir bókunina í Kyoto þar sem Íslandi var þó úthlutað meira en nokkru öðru ríku landi, svokölluðum Annex B-ríkjum í sambandi við losunarmörk. Ég fæ ekki séð að það sé nein hugsun uppi í sambandi við þessa áætlun sem taki á þessum málum í beinu samhengi við það stóra verkefni að minnka hlut samgangnanna á heildina litið í losun því allir verða að leggjast á eitt til að ná árangri af Íslands hálfu í samhengi alþjóðlegra skuldbindinga þar sem við þurfum að sjálfsögðu að taka myndarlega á eins og önnur ríki sem eru að fást við þann vanda sem mest er nú ræddur á því sviði.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að ræða það frekar en sé ástæðu til að draga þetta skýrt inn í umræðuna því þetta er stórmál og á því verður auðvitað ekki tekið nema mönnum auðnist að taka á samgöngumálunum heildstætt og reyna að ná þar árangri með því að tryggja í senn samgöngur með hagkvæmum hætti þar sem umhverfisþátturinn kemur einnig inn sem gildur liður í sambandi við meðferð mála.

Varðandi vegáætlunina sem við ræðum nú eins og hún liggur fyrir hefur þegar verið á það minnt af talsmanni Alþb., hv. þm. Ragnari Arnalds, hvernig stjórnarandstaðan hefur verið útilokuð frá öllum undirbúningi þessa máls og hvernig stjórnin hefur ein setið að því andstætt því sem reynt hefur verið á fyrri árum, þ.e. að laða menn saman, og er þar í rauninni verið að feta slóð sem fyrrverandi ríkisstjórn, að vísu með sama samgrh. innan borðs, hafði uppi í sambandi við einstakar vegaframkvæmdir, alveg sérstaklega ef gefa átti eitthvað í, þá var ekki einu sinni reynt að hafa samband við þingmannahópa viðkomandi kjördæma heldur voru þeir gróflega sniðgengnir.

Málum er nú komið þannig að einn af samgöngunefndarmönnum úr flokki sjálfs hæstv. samgrh. hefur slitið sig frá meiri hlutanum í þessu máli, hefur talað fyrr við umræðuna og hefur uppi gagnrýni á margan hátt hliðstæða því sem frá stjórnarandstöðunni hefur komið, sem hefur stutt tillögur þessa þingmanns, hv. þm. Egils Jónssonar í samgn. til að reyna að fá þar úrbætur á augljósum annmörkum þessarar áætlunar að því er snertir þann landshluta sem hv. þm. Egill Jónsson og sá sem hér talar horfa eðlilega til öðrum fremur. Stjórnarmeirihlutanum er sannarlega illa komið þegar ein

harðasta gagnrýnin á þau verk sem fram eru borin og ganga senn til atkvæða í þinginu kemur frá talsmanni úr stjórnarliðinu sem telst til stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar. Hvað þá um okkur í stjórnarandstöðu sem gagnrýnum þessi mál á heildina litið, út frá okkar forsendum þegar þannig er málum komið í stjórnarliðinu að algerlega er um að ræða skil milli eins fulltrúa Sjálfstfl. í hv. samgn. og meiri hlutans sem skilar hér áliti.

Varðandi fjögurra ára áætlunina blasir það við að á fyrsta skeiði áætlunarinnar, á þessu ári og hinu næsta, er þeirri skerðingu vegafjár haldið áfram sem uppi hefur verið með því að hirða stórar fúlgur af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar í ríkissjóð. Þar hefur núv. hæstv. samgrh. verið stórtækari en nokkur áður. Þess eru dæmi að áður hafi verið tekið fé af mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð en þau eru fá og afmörkuð, en hér hefur í rauninni verið um stefnu að ræða sem hefur verið rekin árum saman að þessu leyti og sjaldan verið meira tekið til hendinni en í sambandi við vegáætlun fyrri hluta fjögurra ára áætlunarinnar. Mig minnir að bráttóupphæðin í skerðingu sé á tólfta hundrað millj. kr. svo það er ekkert smáræði sem þar er á ferðinni og munar um minna í samhengi samgöngumálanna þegar litið er á takmarkað ráðstöfunarfé.

Boðað er að þessum skerðingum verði hætt frá árinu 2000 að telja og ætli sé ekki rétt að segja það sem oft er mælt, að guð láti gott á vita. En hitt hlýtur mönnum jafnframt að vera ljóst að hættan er sú að hér verði um lítið annað að ræða en töluð orð á þessari stundu. Samþykktir sem hér eru gerðar verði teknar upp til endurskoðunar eins og hefur verið regla undanfarin ár í sambandi við vegaframkvæmdir, teknar upp til endurskoðunar a.m.k. á tveggja ára fresti sem er reyndar lögboðið og þá til að skera niður og auk þess höfum við búið við að þurfa að taka vegáætlunina upp frá ári til árs, einnig til niðurskurðar. Það er því ekkert undarlegt þótt á það sé bent og það rækilega að hér eru menn að vísa út í óvissuna hvað þetta snertir þótt hitt skuli ekki lastað að góður hugur sé í þessum efnum en menn hljóta öðru fremur að dæma af verkunum, dæma af þeim hætti sem uppi hefur verið á undanförnum mörgum árum og á þeim næstu árum sem eru þó bundin í sambandi við fjárlagagerðina og þar tala verkin. Hitt eru í besta falli góðar hugsanir og fyrirætlanir sem því miður er ástæða til að hafa uppi varnaðarorð hvað það snertir að efndirnar geti orðið með allt öðru móti.

Í sambandi við ramma þessarar áætlunar og markmiðin og leyfi ég mér þá að tala um þessar áætlanir í samhengi enda eru þær samtengdar, fjögurra ára áætlunin og sú sem á að taka til átta ára í viðbót, þá er það út af fyrir sig góð hugsun að reyna að ljúka því að koma bundnu slitlagi á hringveginn og reyna að tengja byggðarlög með 200 íbúa og fleiri með varanlegu slitlagi við vegakerfi landsins. Það er auðvitað markmið sem auðvelt er að taka undir, en hinu er ekki á lofti haldið að með því að bera þessi mál fram og standa að tillögugerð er ekki nema takmörkuð saga sögð. Takmörkuð mynd er dregin upp af vegamálunum í heild sinni og það eru margir þættir sem standa þarna alveg út af og ekki er gert ráð fyrir fjármagni til annarra atriða sem munu berja að dyrum fyrr en varir og gera það að sjálfsögðu. Þar á ég við viðhaldsframkvæmdir í vegakerfinu, framkvæmdir sem ekki lúta þessu markmiði um 200 íbúana og tengingu við þéttbýlisstaði og stórverkefni bíða í vegakerfinu sem eru að útrýma einbreiðum brúm og reisa þær brýr sem þarf að endurbyggja og þær eru margar. Þar er um stórverkefni að ræða sem engin skil eru gerð í raun hér þótt einstakar brýr séu teknar inn á framkvæmdaáætlun og fyrr mætti nú vera ef svo væri ekki.

Hér er um að ræða fjárfrekt verkefni, hér er um að ræða öryggismál, mjög stórt öryggismál þar sem eru brúarframkvæmdirnar og öryggismálin mega ekki gleymast, jafn gífurlegur tollur og er tekinn í mannslífum í samgöngukerfi okkar, ekki síst á vegunum, sem minna á sig allt of oft, nánast í viku hverri sem við færum þar fórnir vegna slysfara, dauðaslysa svo ekki sé nú talað um minni slys.

Einnig verður að nefna, virðulegur forseti, það verkefni að endurbyggja vegi þar sem komið hefur verið á bundnu slitlagi, vegi sem eru algerlega ófullnægjandi og koma ekki til með að standa undir umferð öllu lengur. Þar er um að ræða talsvert stóran hluta af þeim vegum sem þó hefur verið komið á bundnu slitlagi. Ég gæti farið yfir slíka kafla í Austurlandskjördæmi og þeir eru margir þar sem þannig háttar til og ekki sést votta fyrir að leggja eigi fram fjármagn til endurbygginga.

Hér er um að ræða oft á tíðum frumstæða, mjóa og hættulega vegi. Hægt er að vísa á hvern kaflann á fætur öðrum á Austurlandi, t.d. á leiðinni með fjörðum milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Í Hamarsfirði, svo dæmi sé tekið, er afar frumstæður og hættulegur vegur sem hefur verið klæddur bundnu slitlagi. Auðvitað þótti mönnum það góð úrbót til bráðabirgða en þessir vegir standast ekki kröfur nútímans, hvað þá með vaxandi umferðarþunga og auknum þungaflutningum á þjóðvegum landsins eftir því sem árin líða.

Sú mynd sem við blasir er því ekki raunsæ eins og hún er lögð fyrir með þessari vegáætlun, hvorki hinni skemmri né hinni lengri. Af því hljótum við að draga þá ályktun, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin tekur ekki á þessum málum, hvorki heildstætt né á einstökum þáttum, svo sem vegagerðinni, á þann hátt sem óhjákvæmilegt verður að teljast, og það er ekki síst af ríkisstjórn sem hefur tekið upp og staðið fyrir þeirri stefnu í mjög auknum mæli, og núv. hæstv. samgrh. hefur innleitt þá stefnu, að leggja niður strandflutninga og færa þungflutninga í landinu af öllu afli má segja inn á þjóðvegakerfi landsins. Á síðasta kjörtímabili gerðist það að gert var út af við Skipaútgerð ríkisins og þungaflutningarnir hafa magnast með þeim hætti sem við þekkjum. Það er eins og enginn hafi fyrir því að reikna þetta dæmi fram í tímann hvað það þýðir í raun fyrir samgöngur okkar að ætla að innleiða hér Evrópustaðla í sambandi við möguleika til þungaflutninga á landi. Því það er í rauninni það sem menn hafa verið að undirgangast.

Ég held að menn standi í raun frammi fyrir slíkum verkefnum, ef fram er haldið þessari stefnu, að það fjármagn sem menn eru að gera ráð fyrir samkvæmt langtímaáætlun er ekki aðeins eitthvað dálítið of knappt. Það er ekki bara svo að það mundi duga að bæta þar við 50%. Það er afar langt frá því að ná utan um þá þörf sem við blasir að óbreyttri meginstefnu. Ég spái því, virðulegur forseti, að það verði þungt það dæmi sem menn og yfirvöld samgöngumála koma til með að standa frammi fyrir á Alþingi, að ætla að setja tölur á seinna tímabil langtímaáætlunar frá árinu 2002 að telja og fylla í raun út í áætlunina eins og aðstæðurnar verða þá. Þó eru menn að gera því skóna að eitthvað verði rýmra um vegna þess að þeir ætli ekki að innheimta eða taka markaða tekjustofna Vegagerðarinnar í ríkissjóð og munar ekki, þó að

sú hugsun sé góðra gjalda verð, engin ósköp um það miðað við þá gífurlegu þörf sem þarna blasir við.

Virðulegur forseti. Litið til Austurlandskjördæmis þá hefur það auðvitað lengi blasað við að þar eru menn afar langt frá því að ná endum saman eða standast samanburð við flest önnur kjördæmi. Menn hafa þurft að líta til Vestfjarða til þess að sjá vegakerfi sem almennt séð er í síst betra horfi, síst skárra horfi, kannski lakara horfi á heildina litið en þó eru viðfangsefnin með vissum hætti ólík. Vestfirðingar hafa þó fengið þá úrlausn sem Austfirðingar hafa ekki fengið á undanförnum árum að þar hefur verið ráðist í verðmætar jarðgangaframkvæmdir sem hafa gjörbreytt aðstæðum milli tiltekinna byggðarlaga, stefna sem mörkuð var af Alþb. á sínum tíma eða undir forustu þess og framfylgt af ríkisstjórn sem Alþb. var þátttakandi í 1988–91 og átti þar ráðherra samgöngumála sem beitti sér alveg sérstaklega fyrir því.

Við hljótum að rifja það upp nú, virðulegur forseti, einnig sá sem hér stendur — og hefur verið komið að því af öðrum ræðumönnum í umræðunni — að Austfirðingar hafa verið hraklega sviknir í sambandi við jarðgangaframkvæmdir. Það er einmitt á þessum tíma, á árinu 1998, sem það blasir við skýrar og nöturlegar en nokkurn tíma áður þegar komið er að þeim tíma þar sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun sem fyrir lá 1991, að ráðist yrði í upphafsframkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi.

Um þessi efni höfum við oft rætt, ég og hæstv. samgrh., sem hefur má segja komið kannski þokkalega hreint til dyranna að þessu leyti, því að áhugi hans á því að standa við gefnar yfirlýsingar varðandi jarðgöng á Austurlandi hefur aldrei verið til staðar. Áhuginn hefur enginn verið og öll viðleitnin beinst að því að ýta þeim loforðum til hliðar. Því miður hefur hæstv. samgrh. fengið liðsinni núverandi stjórnarflokka og meiri hluta á Alþingi við þær brigður sem hér eru uppi hafðar að því er varðar jarðgangaframkvæmir og framhald þeirra. Það sem við höfum hér fyrir framan okkur, þær áætlanir sem hér liggja fyrir, vegáætlun til tólf ára, fela það í sér að ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum við jarðgöng. 120 millj. kr. til rannsókna eiga að dreifast á þrjá landshluta. Engin sérstök mörkun er þar á eitthvað tiltekið og það á að treysta því, sem reynt hefur verið af núv. hæstv. samgrh., að nota hina gömlu aðferð, sem mig minnir að Rómverjar hafi verið þekktir fyrir eða hafi verið oft um þá sagt, aðferðina að deila og drottna, divide et impera, eins og við lærðum í skóla. Það er sú aðferð sem hæstv. samgrh. hefur haft uppi að því er varðar stjórnarliðið, sem er ábyrgt fyrir hæstv. ráðherra, og greinilega með góðum árangri út frá markmiðum ráðherrans hæstv.

Hér er ekki aðeins farið aftan að einum landshluta, sem er Austurland, heldur er jafnframt verið að framfylgja óskynsamlegri stefnu, að leggja af jarðgangagerð sem lið í samgönguframkvæmdum í landinu. Þar verða menn í raun að gera það upp við sig hvort þeir ætla að horfa til þess sem lausnar, svipað og gerist í löndum sem við berum okkur saman við, eða eru menn í rauninni að kistuleggja þessi áform?

Svarið sem við fáum í fyrirliggjandi áætlunum er kistulagning. Það er kistulagning, algjör.

Ég undrast það í rauninni að hæstv. samgrh. skuli hafa komist upp með þessi áform sín án meiri sýnilegs mótþróa í stuðningsliði hæstv. ríkisstjórnar á Alþingi. Ég undrast það, og að tekist hafi að lægja öldurnar í stuðningsliði stjórnarflokkanna, t.d. á Austurlandi að þessu leyti. Því að ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér finnst hæstv. ráðherra hafa komist óþarflega vel eða létt frá því máli að undirbúa þessa útför jarðgangaframkvæmda á Austurlandi.

Hér hefur margt verið sagt um samgöngumál á Austurlandi. Ég gæti auðvitað lengi rætt þau efni. Hv. þm. Egill Jónsson, sem er í stjórnarandstöðu að því er þennan málaflokk varðar — og það býsna harðri, hefur dregið sitthvað fram sem við hljótum að taka undir í þessum efnum og spurningin er hver tekur undir með hverjum í því máli. En fyrir liggur þó að minni hluti í samgn. þingsins lagðist á sveif með hv. þm. til að reyna að fá úrbætur á einu atriði sem sker mjög í auga í sambandi við samgöngumál eystra en það er vegurinn milli Breiðdalsvíkur og Héraðs um Breiðdalsheiði, hringleiðin eins og hún hefur verið skilgreind þar sem ekki er um nema óverulegar framkvæmdir að ræða á þessu tímabili sem fram undan er og ekki gert ráð fyrir að ljúka þeirri framkvæmd sem hefur verið einn af meginvegum milli byggða á Austurlandi.

Það hefur verið hafður uppi í sambandi við þessa áætlunargerð alveg ótrúlegur skollaleikur því vart er hægt að kalla það öðru nafni, virðulegur forseti, þá tilfærslu í orðum í sambandi við hvað eigi að teljast hringvegurinn á Austurlandi, sem hefur verið beitt með þeim hætti að ekki verður betur séð en verið sé að hafa í raun verulegt fjármagn af Austfirðingum út á slíkt orðalag sem lá fyrir í upphaflegri vegáætlun frá hæstv. ráðherra og fengum við þingmenn kjördæmisins útreikninga á því sem þar gat munað og það voru allverulegar upphæðir, og munar auðvitað um flest í stöðu samgöngumálanna í okkar kjördæmi.

Virðulegur forseti. Það blasir við að eftir þetta langa tímabil með bjartsýnum hugmyndum miðað við reynslu undanfarinna ára er stórverkefnum ólokið á Austurlandi miðað við það markmið að ljúka uppbyggingu vega milli byggðarlaga og klæða vegina bundnu slitlagi. Norðausturland er í þeim hópi og miðast ekki bara við eitt kjördæmi heldur tengist það einnig Norðurlandskjördæmi eystra, sem er vegurinn á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar eða milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og lengra norður, og svo alveg sérstaklega tenging Vopnafjarðar við vegakerfi landsins. Í því efni var illu heilli innleidd sú stefna sem hæstv. samgrh. getur alveg eignað sér með stuðningi þeirra sem hann hafa stutt í þinginu, þ.e. að ráðast í uppbyggingu vegar um Fjöllin, skilja Vopnafjörð eftir til hliðar við meginsamgöngukerfi landsins, kasta frá því ráði sem lagt var fram í tillöguformi á Alþingi að leggja jarðgöng til Vopnafjarðar og taka Vopnafjörð inn í meginsamgönguleið milli landshluta. Þessi tillaga sem ég flutti ásamt hv. þm. Steingrími Sigfússyni oftar en einu sinni var rædd á Alþingi. Auðvitað er þetta forhlaupið mál, svo maður sletti, þ.e. að hin stefnan hefur verið knúin fram, uppbygging vegar yfir Fjöllin, en sú stefna leiðir það ekki til lykta að því er Vopnafjörð snertir á þessum tólf ára tímabili því ekki er séð fyrir tengingu Vopnafjarðar út frá þessum fjallavegi um Fjöllin á áætlunartímabilinu.

Það var full ástæða til að minna á það hér eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði með því að vitna í nýlegar fréttir af ástandinu á vegum á Fjöllum og á leiðinni til Vopnafjarðar sem leiddi til öngþveitis í flutningi, sem er lífæð í sambandi við atvinnulífið á þessum stað eins og víðar í sjávarplássum. Og menn eiga eftir að heyra margar slíkar fréttir á komandi árum ef að líkum lætur.

Við erum því, virðulegur forseti, með áætlanir fyrir framan okkur sem engan veginn ganga upp. Svo einfalt er það.

Það er undirstrikað af stjórnarandstöðunni og þeim nál. sem hér liggja fyrir og ég tek undir, þar sem kemur réttilega fram hversu miklu er ábótavant í þeim málum sem við ræðum hér. Ég get vísað á hvert verkefnið á fætur öðru sem ekki fær rúm í þessum áætlunum næsta áratuginn. Það eru m.a. brúarframkvæmdir á Austurlandi, stórbrýr sem þarfnast endurbyggingar, eins og brúin yfir Lagarfljót, en talið er að með mikilli vöktun og viðhaldi megi kannski takast næstu tíu árin eða svo að nota, að brúka þá brú yfir Lagarfljót sem nú er farin. En það er ekki gert ráð fyrir neinni endurbyggingu eða endurgerð á þeirri brú. Sama gildir um þær óskir sem fyrir liggja og hugmyndir um að brúa að nýju Hornafjarðarfljót og breyta vegstæði þar og færa það nær þéttbýlinu á Höfn, stórverkefni sannarlega.

Við erum með aðstæður á Breiðamerkursandi sem minna á sig, og sá sem hér talar hefur ekki alls fyrir löngu lagt tillögur þar að lútandi fyrir þingið, þar sem við getur blasað fyrr en nokkurn varir í raun stórfellt verkefni til að tryggja samgöngur milli landshluta, fyrir utan framkvæmdir á Skeiðarársandi sem þakkarvert er að þar hefur verið tekið til hendi á jákvæðan hátt í sambandi við ákveðnar framkvæmdir, en eftir standa auðvitað brýr sem ekki eru traustar miðað við þær hamfarir sem þar er að vænta og lengsta brú landsins yfir Skeiðará er auðvitað í þeim hópi.

Virðulegur forseti. Ég hef farið nokkuð vítt yfir sviðið í þessu innleggi við síðari umr. um vegáætlanirnar. Ég hef ekkert rætt það sem liggur utan við og stenst varla mál í krónum talið miðað við þá þörf sem uppi er en það eru tengivegirnir. Það er vegarlagning til sveita og við staði sem ekki falla undir markmið áætlunarinnar að öðru leyti, en þar er fjármagnið á Austurlandi minna en 50 millj. kr. samtals á ári til þeirra vega, ef ég man rétt úr viðræðum í þingmannahópi okkar Austfirðinga vegna þessarar áætlunar. Og þar er af mörgu að taka. En ég ætla ekki að fara út í það í einstökum atriðum enda væri það að æra óstöðugan, virðulegur forseti.

Ég vil hins vegar nefna hér einn þátt sem lítið fer fyrir í þessari umræðu og er verkefni sem brýn þörf er á að sinna en það eru vegir við hæfi um ferðamannaslóðir. Þó svo að það heiti sé að finna hér, þá er það eins og dropi í hafið miðað við mikla þörf sem þar liggur fyrir. Síðan eru það vegir sem þjóna annarri umferð en hefðbundinna ökutæja, þ.e. fyrir hjólandi umferð og fyrir ríðandi umferð. Þarna þarf að taka til hendi, þarna þarf að marka stefnu því að þar er um að ræða ferðamáta sem ég vona að eigi eftir að sækja á og það er alveg ótvíræð þörf á því að búa þar sæmilega í haginn fyrir fólk. Þeir sem kjósa aðra og kannski hollari ferðamáta litið til ýmissa þátta, einnig til umhverfisþáttanna, fá ekki mikið í sinn hlut í þeim áætlunum sem hér liggja fyrir. Og væri nú gott, virðulegur forseti, að sá ljóðelski samgrh. sem nú situr rifjaði upp kveðskap Steins Steinarrs um akvegina og reiðvegina. Ef til vill mætti það verða hæstv. ráðherra til leiðbeiningar að einhverju leyti og get ég út af fyrir sig látið það verða mín lokaorð að hæstv. samgrh. megi eitthvað læra í þessum efnum, þó lengi hafi hann setið og fengist við þessi mál með afar misjöfnum árangri. Ég væni hæstv. ráðherra út af fyrir sig ekki um að hafa ekki góðan vilja að sinna verkefnum og embætti sínu en einhvern veginn hefur þetta ekki tekist til með þeim hætti sem býður upp á háar einkunnir. Það er ekki hægt að segja það. Ætla ég þó hæstv. samgrh. ekki alla sök í þeim efnum því að auðvitað koma fleiri að því máli í ríkisstjórn þegar kemur til glímunnar um fjármagnið, en þar hefur hæstv. ráðherra ekki verið þungur á reipinu á undanförnum árum.

[18:07]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. sem ég vildi koma að. Í fyrsta lagi er ég honum alveg sammála þar sem hann ræddi um nauðsyn samræmdrar samgönguáætlunar og get tekið undir allt sem hann sagði í því sambandi. Ég vil minna á að fyrr á þessu þingi var samþykkt tillaga sem ég flutti ásamt fleiri þingmönnum einmitt um þessi efni og ég vænti þess að undir lok þessa árs liggi fyrir álit sérstaks vinnuhóps sem á að fjalla um þessi atriði. Ég vil bara segja að ég tek undir allt sem þingmaðurinn sagði varðandi samræmda samgönguáætlun.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. um jarðgangagerð og mér fannst hann svona væna stjórnarliða um það að hafa gengið á svig við það sem lá fyrir varðandi jarðgangagerð og áform í þeim efnum fyrir nokkrum árum. En ég vil eingöngu segja að ég tel að hér liggi fyrir ákveðin stefnumótun varðandi röð jarðganga á Íslandi og ég fyrir mitt leyti hef margoft lýst því að ég styð þá stefnumótun sem gerð var fyrir nokkrum árum og þar er gert ráð fyrir því að næstu jarðgöng verði gerð á Austurlandi.

[18:08]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott að sammæli er með mér og hv. þm. sem vinnur að þessum málaflokki í þinginu og ég gleðst yfir því að hann hefur fengið blessun yfir þá tillögu sem hann mun hafa haft forgöngu um varðandi samþætta samgönguáætlun. Ég vona sannarlega að á málinu verði þá tekið þó að seint sé, betra er seint en aldrei í því efni.

Varðandi hinn þáttinn hlýt ég einnig að taka því jákvætt og vel að hv. þm. telur Austfirðinga eiga það inni hjá Alþingi Íslendinga og stjórnvöldum að jarðgangaframkvæmdir, þegar og ef, verði þar í fjórðungi. En því miður vega slík orð ekki þungt, ég segi því miður, þótt góð séu orðin þá vega þau ekki þungt þegar litið er til þess að þrjú kjörtímabil munu líða, ef mark á að taka á þessari vegáætlun, þar til hugsanlega yrði ráðist í jarðgangaframkvæmdir í landinu. Þannig er útlitið, því miður.

[18:09]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. talaði um það í ræðu sinni að Austfirðingar hefðu verið sviknir um jarðgöng og sagði að fram undan væri kistulagning áforma um jarðgöng á Austurlandi, fram undan væri því jarðarför en ekki jarðgöng.

Ég er miklu bjartsýnni en þetta og ég sé lífið fram undan en ekki dauðann eins og hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað hafa séð. Jarðgangagerð á Íslandi verður ekki stöðvuð, jarðgöng eru raunhæfur kostur og jafnvel eini raunhæfi kosturinn á samgönguvanda sumra byggða og héraða á Íslandi og ég er þess fullviss að áfram verður haldið bæði við rannsóknir og áform um jarðgöng á næstu árum. Það kom m.a. fram í svari hæstv. samgrh. þegar langtímaáætlunin var lögð fram í vetur. Þá var verið að ræða um vegtengingu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, og sagði hæstv. samgrh. að hann teldi það óðs manns æði að leggja veg yfir Lágheiði ef menn ætluðu síðar í jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og því væri verið að leggja fjármunina til hliðar, 680 milljónirnar sem talað var um og gert er ráð fyrir að fari í veg um Lágheiði en verði notaðar í jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar ef sá kostur er heppilegri.

Herra forseti. Ég hygg og veit að rannsóknir verða áfram gerðar og fé hefur þegar verið ákveðið til að gera rannsóknir á jarðgangakostum þeim sem brýnastir eru taldir. Kostina þarf að meta og þann brýnasta og hagkvæmasta þarf að velja fyrstan.

[18:12]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér komu nú ekki huggunarorðin til Austfirðinga eða stuðningurinn við óskir í þeim landshluta, því miður, og varðar það kannski ekki miklu hvað fram kemur af munni manna á hv. Alþingi, þeirra sem völdin hafa nú um stundir, þegar ekki glyttir í jarðgangaframkvæmdir samkvæmt fyrirliggjandi áætlun næstu þrjú kjörtímabil.

Og hér mælti prestlærður maður, virðulegur forseti, úr ræðustóli og sagðist sjá lífið fram undan en ekki dauðann. Mér sýnist alveg eða nánast einsýnt að það er einmitt lífið eftir dauðann sem hv. þm. bindur vonir við í sambandi við jarðgangamálin og hann verður auðvitað að halda við sína trú.

[18:13]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. þarf að átta sig á því að það er líka líf fyrir dauðann en ekki bara eftir dauðann. Og það er margt fram undan í framkvæmdum og ýmsum verkefnum í vegagerð og mun meiri en hingað til hefur verið.

Ég skil vel áhyggjur Austfirðinga og veit um samgönguvanda þeirra í mörgum byggðum þar. En ég hygg að hér eftir sem hingað til verði það forgangsröð þingmanna í kjördæmum sem komi til með að ráða allmiklu. Við þingmenn Norðurl. v. höfum verið samstilltir í því að tala um að nauðsynlegt sé að gera áætlanir, þ.e. gera rannsóknir á hagkvæmni þess að gera jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, og hins vegar að meta hvort nokkurn tíma verði hægt að halda opnum heilsársvegi um Lágheiði. Ég hygg að það sé ekki mögulegt en rannsóknir munu leiða það í ljós.

[18:14]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef viljað halda mig við að ræða mál a.m.k. á þingi út frá því eina lífi sem mönnum er nokkurn veginn tryggt og víst, eins og vikið er að í alþekktu ljóði, og byggja ekki um of á trúarlegum viðhorfum eða kenningum.

Að því er snertir vegaframkvæmdir um Lágheiði eða spurninguna um jarðgöng, þá geta menn auðvitað lengi skemmt sér við að hafa uppi útleggingar, ég leyfi mér að nota orðið útleggingar af þessum toga eins og hv. þm. er snillingur í, að leggja út af textum. Og ef það getur verið einhverjum til skemmtunar í heimasóknum, (**Gripið fram í:** Uppbyggingar.) og uppbyggingar hugsanlega, hugléttis, skulum við segja, þá ætla ég ekkert að hafa á móti því. En ég spái því að alla vega eigi eftir að renna allnokkurt vatn áður en til slíks kæmi að þær hugmyndir gangi upp. Allt er þetta heldur lítilfjörlegt miðað við þann veruleika sem markaður er, ef hann skal yfir okkur ganga eins og hann er markaður í þessum áætlunum, en auðvitað verðum við að vona að það takist að breyta þeim til muna á róttækan hátt frá því sem þær eru lagðar hér fyrir þingið.

[18:16]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kaus nú eins og áður að halda því fram að í þessari langtímaáætlun væri ekki gert ráð fyrir jarðgöngum. Þvert á móti er í áætluninni gert ráð fyrir að verulegu fé, 10 millj. kr. á ári, eigi að verja nú þegar til jarðgangarannsókna.

Það er á hinn bóginn rétt hjá hv. þm. að ekki er við því að búast að ráðist verði í ný jarðgöng á næsta ári eða því ári sem síðan kemur því að reikna má með að ekki skemmri tími en tvö til þrjú ár fari í rannsóknir og undirbúning áður en framkvæmdir geti hafist eftir að ákvörðun hefur verið tekin um jarðgöng. Það er því síður en svo að við séum nálægt því, eins og nú standa sakir, að geta greitt um það atkvæði að hefja jarðgangagerð á næsta eða þarnæsta ári.

Ég vil jafnframt segja, herra forseti, að mér þótti það sýna einurð hv. þm. að hann skyldi enn minna á að hann hafi verið andvígur því að leggja veg milli Norður- og Austurlands en hugsaði sér að láta slíka tengingu milli þeirra fjórðunga bíða þess að jarðgöng kæmu til Vopnafjarðar á sama tíma og verið var að byggja upp Hellisheiðina. Þannig að maður getur rétt ímyndað sér hvenær af slíku hefði getað orðið og átta ég mig ekki alveg á tímasetningu hv. þm. í þeim efnum.

En hitt er rétt sem hv. þm. sagði, og ég get tekið undir, að það er ýmislegt sem vantar upp á að við getum staðið okkur nægilega vel í því að byggja upp vegina. Hann ætlar sér með tillöguflutningi sínum að leggja bundið slitlag til allra þéttbýlisstaða á landinu með 100 íbúum eða fleiri með því að bæta 2,5 milljörðum við til ársins 2000. Þessi áætlun sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir nýjum verkefnum upp á rétt tæpa 20 milljarða á næstu tólf árum, og er þó mat hv. þm. þannig að hvergi nærri verði staðið við lágmarkskröfur.

Það má þess vegna velta því fyrir sér hvort framkvæmdamáttur krónunnar sé meiri eftir því hvor talar, ég eða hv. þm.

[18:19]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort ég má segja það vegna þess að hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur vikið úr sal, að hæstv. ráðherra fór þannig hér með útleggingar á tillögum okkar alþýðubandalagsmanna að það minnti á þá sem leyfa sér að lesa Faðirvorið aftur á bak. Og ekki þarf meira um það að segja.

Hvað varðar undirbúning jarðganga eru það auðvitað ekki ný sannindi sem hæstv. ráðherra sagði. Það er mjög snyrtilegt og vel að verki staðið hjá hæstv. ráðherra að koma hér og rifja upp fyrir mönnum að huga þurfi svolítið fyrir fram að framkvæmdum eins og jarðgöngum.

En hver bannaði hæstv. ráðherra að gera það á undanförnum ekki bara tveim, þrem, árum heldur á þeim tíma sem hæstv. ráðherra hefur gegnt ráðuneyti samgöngumála? Þar hefur sannarlega ekki verið að því unnið að undirbúa jarðgangaframkvæmdir, enda hugur ekki staðið til þess heldur til einhvers allt, allt annars.

Í sambandi við tillögur okkar alþýðubandalagsmanna, mín og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um að taka Vopnafjörðinn í landskerfi samgangnanna, landskerfi veganna, ætti það nú ekki að vefjast fyrir hæstv. ráðherra að skilja hvað þar var lagt til og hvaða gildi slík framkvæmd hefði haft. Hún var ekki að keppa við bráðabirgðaveg eða lagfæringu á vegi yfir Hellisheiði. Sú ákvörðun var tekin löngu fyrr í góðu samráði við heimamenn að fara út í þær endurbætur. Þar var um að ræða stefnumörkun til framtíðar, tillaga sem síðast var flutt 1994, ef ég man rétt, og sem hefði gjörbreytt aðstæðum ekki aðeins Vopnafjarðarbyggðar og nágrennis heldur landskerfisins í heild.

En hæstv. ráðherra notaði sitt afl til allt annars og við það verðum við að búa að því er sýnist.

[18:21]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sýnir mikið örlæti ef hann hugsar sér hvarvetna þar sem hann sér háa heiði að gera hvort tveggja í senn að leggja veg yfir heiðina og gat í gegnum hana.

Hv. þm. sagði áðan að ég hefði lesið tillögu þeirra alþýðubandalagsmann eins og ég færi öfugt með Faðirvorið. Ekki veit ég nema eitthvað geti nú verið til í því. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp tillögugreinina í heild sinni til að menn geti glöggvað sig á hvort ég fór rangt með:

„Alþingi ályktar að gera skuli sérstakt átak til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2000 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi."

Svo mörg voru þau orð. Ekki verður þetta skilið öðruvísi en svo að það sé mat hv. þm. að 2,5 milljarða vanti upp á að hægt sé að ná þeim markmiðum sem hér er lýst árið 2000. Ekki skal ég svo þreyta þingheim með að fara fleiri oðrum um þetta en ég hygg að merking tillögunnar sé ljós og sá skilningur sem hv. þm. hafa á framkvæmdamætti vegáætlunar.

[18:23]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð náttúrlega að taka undir þegar fram komnar þakkir til hæstv. samgrh. fyrir að vitna hér æ ofan æ til tillögu sem við fimm þingmenn Alþb. og óháðra höfum flutt á Alþingi sem hljóðar eins og hæstv. ráðherra nefndi. En með einhverjum hætti hefur þessi tillöguflutningur okkar ekki fallið í frjóa jörð hjá hæstv. ráðherra og ég vil ekki hafa uppi neinar getsakir hver skýringin er. E.t.v. er það sá samanburður sem er við þau mál sem hæstv. ráðherra leggur hér fyrir þingið í vegamálum og sárindi út af þeim samanburði sem um er að ræða.

Um það efni að ekki sé ráð að gera tvennt í einu þ.e. að leggja vegi yfir fjöll og fara í gegnum þau með jarðgöng, þá er ekki ýkja mikil speki sem í því birtist. Þegar lagfæringar voru gerðar á Hellisheiði — því það voru vegasamgöngur við Vopnafjörð sem hér voru til umræðu — þá var til þeirra varið á nokkurra ára bili samtals 200 millj. kr. og réttist betur úr með nýtingu á því fé en þeir svartsýnustu héldu. En samanburður við jarðgangagerð og á slíkum upphæðum er að sjálfsögðu út í hött, og það ætti náttúrlega ráðherra samgöngumála að vita manna best. Jarðgöng verða auk þess ekki lögð í vetfangi, það hefur ráðherrann einnig rifjað upp, það þekkjum við.

Og ber að skilja orð hæstv. ráðherra þannig að sé kominn vegur í einhverju formi yfir fjallveg, þá séu menn í rauninni búnir að útiloka, a.m.k. um allanga framtíð að til greina komi að fara í gegnum fjallið með jarðgöng? Ég er ansi hræddur um að þeim sem eru að horfa til vegarlagningar t.d. milli Eyjafjarðar og Siglufjarðar um Lágheiði, yfir eða undir, hugnist nú ekki mjög vel röksemdafærsla af þessu tagi.

[18:26]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)**:

Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka samgn. fyrir vel unnin störf og hversu vel hefur tekist og gengið að vinna að athugun á þeim vegáætlunum sem liggja fyrir. Ég vil jafnframt taka fram að ég tel það nauðsynlegt sem næsta skref að velta fyrir sér og glöggva sig á því hvernig hægt sé að samræma áætlanir í samgöngumálum einkum þó og sér í lagi með hliðsjón af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan, með hvaða hætti við getum dregið úr mengun og hvaða ráð séu til þess að draga úr slysum, sem margir þingmenn komu hér raunar að einnig.

Loks vil ég leggja áherslu á að þessi langtímaáætlun er þannig úr garði gerð að ekki er gert ráð fyrir neinum stökkum í framkvæmdum heldur að haldið verði áfram svipuðu framkvæmdastigi og verið hefur. Ég lít því svo á að hún sé raunsæ eins og hún liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Söfnunarkassar, 2. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 156. mál (brottfall laga). — Þskj. 156, nál. 1293.

## *og*

## *Happdrætti Háskóla Íslands, 2. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 174. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 174, nál. 1293.

[18:28]

**Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson)**:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa, og um frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskólans, nr. 13/1973, með síðari breytingum. Þetta eru hliðstæð mál og því eru þau tekin saman.

Allshn. fjallaði um þessi mál.

Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Íslenskum söfnunarkössum, Íþróttasambandi Íslands, Rauða krossi Íslands, Landsbjörg, landssambandi björgunarsveita, Geðlæknafélagi Íslands, Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Slysavarnafélagi Íslands, sýslumanninum í Bolungarvík, dómsmálaráðuneytinu, Neytendasamtökunum, ríkislögreglustjóra og Ragnari Gíslasyni. Einnig fór nefndin í heimsókn til Rauða kross Íslands í tengslum við umfjöllun um málin.

Nefndinni bárust upplýsingar frá dómsmálaráðuneytinu um að ákveðið hefði verið að taka happdrættismálefni í heild sinni til endurskoðunar og að skipuð hefði verið nefnd í því skyni sem í eiga sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Nefndin tekur undir nauðsyn þess að löggjöf um happdrættismálefni verði endurskoðuð. Í ljósi þess að nú er unnið að þeim málum á vegum ríkisstjórnarinnar leggur nefndin til að þessum málum báðum verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. rita allir hv. þm. fulltrúar í allshn.

[18:30]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu tvö frv. sem flutt voru fyrr á þessu þingi af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur ásamt þremur öðrum þingmönnum, þeim sem hér stendur, Gísla S. Einarssyni og Guðna Ágústssyni.

Annars vegar er um að ræða frv. til laga um söfnunarkassa og hins vegar frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Hér er á ferðinni stórmál og hefði ég að sjálfsögðu kosið að þau hefðu hlotið samþykki þingsins í stað þess að vera vísað til frekari úrvinnslu hjá ríkisstjórninni. Hins vegar felst í því viðurkenning á því að á þessum málum þurfi að taka.

Svo ég hafi aðeins fáein orð um þessi frv. Ég ætla ekki að hafa þau mjög mörg, ég gerði grein fyrir mínum sjónarmiðum þegar þau voru til umræðu við 1. umr. málsins.

Frv. til laga um söfnunarkassa gerir ráð fyrir því að lög frá árinu 1994 verði felld úr gildi. Þegar þau voru samþykkt árið 1994 voru þingmenn ekki á einu máli um ágæti slíkrar fjáröflunar. Íslenskir söfnunarkassr eru í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands. Gert er ráð fyrir því að tekjum af kössunum verði varið til starfsemi þessara samtaka. Það leikur ekki nokkur vafi á því að stuðningur við þessa lagasetningu árið 1994 byggðist á góðum málstað þeirra samtaka sem í hlut eiga.

Í lögunum er að finna ákvæði um að dómsmrh. setji í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa; eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga. Einnig er rætt um aldurstakmörk þeirra sem nota mega kassana og kveðið á um að hann skuli ekki vera lægri en 16 ár. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á með greiðslu kostnaðar við eftirlit og endurskoðun.

Skemmst er frá því að segja að engin reglugerð hefur verið sett um framkvæmd laganna, eftirlit er nánast ekkert og deginum ljósara að börn og unglingar eiga greiðan aðgang að þessum kössum. Þá er það staðreynd að fjöldi fólks hefur ánetjast spilafíkn vegna þessara kassa. Nú er svo komið að miklum fjármunum er varið til að veita meðferð vegna þeirrar ógæfu sem þessi starfsemi hefur kallað yfir fólk.

Frá miðju ári 1995 fram á mitt ár 1996 söfnuðust 992,8 millj. kr. með þessum hætti. Við erum að tala um tæpan milljarð kr. sem tekinn var úr vösum þeirra sem notfæra sér þessa kassa. Nú vitum við að fjöldi þeirra sem fer í kassana gerir það endrum og eins, hugsanlega mjög sjaldan. En hitt er ljóst, og það hafa rannsóknir og athuganir leitt í ljós, að fjöldi einstaklinga hefur ánetjast þessum kössum, haldinn spilafíkn og háður þeim.

Varðandi hitt frv., um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, er það að segja að árið 1972 fékk Rauði kross Íslands leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að hefja rekstur spilavéla í fjáröflunarskyni. Þær vélar gátu skilað mönnum allt að fimmföldum peningavinningi. Ýmis skilyrði um eftirlit fylgdu leyfisveitingunni og skyldu kassarnir merktir Rauða krossinum. Árið 1977 fékk Rauði krossinn leyfi fyrir innflutningi og uppsetningu nýrrar tegundar spilakassa með sömu skilyrðum og áður og enn voru veitt leyfi fyrir nýjum tegundum spilakassa árið 1986 og 1987. Árið 1981 fékk SÁA leyfi til að reka spilakassa sem merktir yrðu þeim samtökum.

Fleiri eygðu hér ábata og svokallað Lukkutríó var stofnað sem Slysavarnafélag Íslands, Landssamband Hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita máttu starfrækja. Vinningar voru að þessu sinni hlutir en ekki peningar. Rauði krossinn og eigendu Lukkutríósins rugluðu síðan saman reytum og gerðu með sér samning um rekstur spilakassa. Enn voru sett skilyrði um eftirlit lögreglu og fleira. Landssamböndin tvö sameinuðust og urðu að Landsbjörg. Spilakassafyrirtækið sem tók til starfa 1. jan. 1994 bar heitið Íslenskir söfnunarkassar.

Þegar hér var komið sögu fór Háskóli Íslands að hugsa sér til hreyfings. Með lögum frá árinu 1986 fékk hann heimild til að reka skyndihappdrætti með peningavinningum, svo og peningahappdrætti sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Háskólinn nýtti sér þessa heimild án frekari lagabreytingar og hóf rekstur happdrættisvéla árið 1993 samkvæmt reglugerð frá því sama ári.

Þegar dómsmrh. lagði fram frv. um Íslenska söfnunarkassa hefur eflaust þótt rétt að lögfesta einnig rétt Happdrættis Háskóla Íslands til reksturs spilakassanna sem þegar voru komnir í gagnið. Þá var einnig lagt fram frv. um þann rekstur og urðu bæði frumvörpin að lögum árið 1994. Sá munur er á rekstri þessara tveggja aðila að happdrættisfélag háskólans má samtengja einstakar vélar og á milli sölustaða. Sú samtenging felur í sér meiri uppsöfnun fjár í kössunum og þar af leiðandi aukna möguleika á háum vinningum. Víða um lönd er þetta bannað með lögum vegna þess að þarna er spilað á fíkn þeirra sem þessu eru háðir.

Auðvitað er þetta mjög ógeðfelldur máti til að afla peninga og algerlega óafsakanlegur, þó að þessir aðilar eigi í hlut þá er þetta algerlega óafsakanlegt. Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir alla þá sem starfa við Háskóla Íslands eða sækja menntun til þeirrar stofnunar, að 619 milljónir kr. skuli hafa aflast úr Gullnámunni svokölluðu á einu ári, upp úr þessum spilavélum. Þetta eru að sjálfsögðu ekkert annað en spilavíti sem hér eru rekin af virðulegum stofnunum í þjóðfélaginu. Það er fráleitt annað, fyrir alla þá sem þekkja til þessara mála og þekkja hve mikla ógæfu þessar vítisvélar hafa leitt yfir einstaklinga og heimili. Það algerlega óafsakanlegt að leggja ekki blátt við þessari starfsemi.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort rétt væri að færa þessa hluti nær ábyrgðarkenndinni hjá fólki og þeim sem njóta góðs af þessum ávöxtum. Það væri kannski ráð að merkja kassana einstökum deildum Háskólans þannig að guðfræðideildin gæti t.d. fengið Hlemm, Siðfræðistofnun gæti fengið kassa á einhverjum veitingastað og þar fram eftir götunum. Samtök á borð við SÁÁ, sem fá peninga upp úr þessum kössum, eru farin að verja fjármunum til námskeiðahalds tila að hjálpa fólki sem lent hefur í þessari ógæfu. Það ætti að vera þeim samtökum og öðrum sem ámóta er statt fyrir umhugsunarefni.

Það eru til tvenns konar fíklar sem tengjast þessu, það eru til tvenns konar fíklar. Það eru þeir sem spila og það eru þeir sem eru háðir þeim tekjum sem aflað er með þessum hætti.

[18:41]

**Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili því áliti með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þetta sé stórmál og alvarlegt. Það eru margar siðferðisspurningar sem þarf að svara í þeim. Því hafði

hæstv. dómsmrh. sett þau í þennan ákveðna farveg, að skipa nefnd með breiðri skírskotun og með sérfræðingum til þess að fara yfir málin og leggja væntanlega fyrir í haust.

Það eru mörg vandamál sem tengjast spilafíkn, eins og hv. þm. gat um, og þeim vafasömu áhrifum sem kassarnir hafa í þjóðfélaginu. Vafalaust hentar það nefndinni sem skipuð hefur verið til að fara yfir þessi mál að hafa til hliðsjónar í starfi sínu umfjöllun um þau á Alþingi Íslendinga. Ég er líka viss um að málið er síður en svo fullrætt hér á hinu háa Alþingi. Hitt er annað mál að erfitt getur reynst að hindra að fólk fari sér að voða í slíkum spilum. Mér er sagt að hægt sé að stunda fjárhættuspil gegnum internetið og vafalaust mætti margt annað ræða í þeim efnum.

Siðferðisspurningarnar hljóta alltaf að koma upp í þessu og það má líka velta fyrir sér þeirri siðferðisspurningu hvort ríkið eigi að selja áfengi en leggja síðan í mikinn kostnað til þess að minnka þá ógæfu sem það hefur í för með sér.

[18:43]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir hans orð. Ég er sammála honum um flest enda er ég viss um að við erum sammála um þetta alvarlega mál.

Hinu vil ég mótmæla, að hægt sé að leggja þetta að jöfnu við sölu ríkisins á áfengum drykkjum. Ég held að fáir, hvort sem er hér á Alþingi eða í þjóðfélaginu almennt, sem leggja vilja blátt bann við sölu á áfengi. Við þessu á hins vegar að leggja blátt bann. Við spilakössum af þessu tagi á að leggja blátt bann. Fyrsta skrefið í því efni er að samþykkja lög sem meina háskólanum og þessum virtu samtökum að afla peninga til sinnar starfsemi á spilafíkn fólks. Að sjálfsögðu þarf þá að koma til sögunnar eitthvað annað vegna þess að hér er um að ræða starfsemi sem er þjóðfélagslega mikilvæg og góðra gjalda verð. Á því þarf þá að sjálfsögðu að taka.

[18:44]

**Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn höldum við hv. þm. áfram að vera sammála um flest í þessu sambandi. Ég vil þó segja að ég legg ekki það að jöfnu það að ríkið selji áfengi og hins vegar að það heimili söfnunarkassana. Þó hafa margir ánægju af því að fá sér glas og kunna með að fara. Eins er það með spilakassana. Menn geta haft ánægju af því að spila í þeim stöku sinnum án þess að það hafi nokkuð alvarlegt í för með sér. Þar veldur hver á heldur. Kannski skiptir mestu máli að við innprentum og brýnum það fyrir þeim ungu að gæta sín á hvoru tveggja í þessum tilvikum.

[18:45]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér einungis til að segja að ég er ósammála því að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar, þar með er það dautt. Ég tel þetta vera þjóðþrifamál og tek heils hugar undir með málflutningi hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrr í umræðunni. Ég þekki í mínu næsta nágrenni ekki eitt heldur tvö mjög alvarleg dæmi um hvernig þessi spilavíti hafa leitt til fíknar hjá einstaklingum sem hafa að öðru leyti ekki látið ánetjast neinni annarri fíkn. Þetta hefur haft hrikalegar afleiðingar fyrir fjárhag þeirra, rústað fjölskyldum þeirra og í öðru tilvikinu leitt til glæpa vegna þess að menn grípa til hvaða örþrifaráða sem er til þess að fjármagna slíka fíkn.

Ég segi líka, herra forseti, að mér finnst það sárgrætilegt að jafnvirðuleg stofnun og Háskóli Íslands skuli eiga þátt í þessu. Ég vek athygli á því að hjá háskólanum eru í gangi rannsóknir á hvers kyns fíkn og hvernig megi binda endi á hana. Og auðvitað felst í því mjög undarleg þverstaða að háskólinn skuli annars vegar reyna að sinna rannsóknum til að finna hvernig hægt er að bjarga einstaklingum sem verða fíkn, m.a. af þessu tagi, að bráð og hins vegar skuli hann þiggja fjármagn með því að skapa þessa fíkn. Það er einungis ein lausn á því, herra forseti, og hún er sú að háskólinn og aðrar stofnanir, eins og t.d. SÁÁ sem hér var nefnd áðan, hætti þátttöku sinni í þessu. Ég tel að það væri jákvætt og að sómi þessara tveggja stofnana fælist í að þær gerðu það.

[18:47]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp fyrst og fremst til að taka undir hvert einasta orð sem mælt var af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Að sjálfsögðu tek ég undir það að þessi tvö frv. ættu að koma til afgreiðslu þingsins og samþykkja ætti þau hér. Í þessum efnum er enginn millivegur. Af tvennu illu tel ég að sjálfsögðu betra að málið fari í frekari úrvinnslu hjá ríkisstjórninni. Það eru uppi ákveðin fyrirheit og að sjálfsögðu verður fylgst rækilega með því hver framvindan verður, en á hitt legg ég áherslu að ég er innilega sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að auðvitað á að samþykkja þessi lög á þinginu, í þessum efnum er enginn millivegur.

[18:48]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. Ögmundur Jónasson væri lífsreyndari en svo að hægt sé að véla hann til að telja að þetta mál verði með einhverjum hætti afgreitt af hálfu ríkisstjórnarinnar þannig að það nálgaðist tilgang þeirra mála sem hér liggja fyrir. Ég tel að það sé með ólíkindum. En ef svo er þá er ég auðvitað reiðubúinn til að endurskoða mína afstöðu í þessu máli, sem að öðru leyti fælist í því að greiða atkvæði gegn þessari afgreiðslu. En það væri þá kannski í lagi að hv. þm. upplýsti okkur um hvaða fyrirheit þetta eru. Nú tek ég að vísu fram, herra forseti, að ég var ekki kominn í salinn þegar hv. þm. Hjálmar Jónsson flutti framsögu sína og má vel vera að þau hafi komið fram þar. Ef svo er óska ég eftir að hv. þm. upplýsi mig um þetta, en ef ekki þá vildi ég gjarnan vita hvaða fyrirheit það eru sem hafa komið fram, að því er virðist af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, sem réttlæta það að þetta mál sé, samkvæmt hefðinni, í rauninni lagt á banasængina með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

[18:49]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hafa engin fyrirheit verið gefin. Hins vegar segir í nál. allshn. að nefndinni hafi borist upplýsingar frá dómsmrn. um að ákveðið hefði verið að taka happdrættismálefni í heild sinni til endurskoðunar og að skipuð hafi verið nefnd í því skyni sem í eigi sæti fulltrúar dómsmrn., félmrn., fjmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn.

Nú vitum við að fjöldinn allur af umdeildum frv. sem ríkisstjórnir eða meiri hluti á Alþingi ætlar að svæfa eða vill ekkert með hafa sofnar í nefndum. Þau sofna í nefndum, fá ekki afgreiðslu þar. Í því að vísa þessu máli til úrvinnslu hjá ríkisstjórninni felst það fyrirheit að á málinu verði tekið á einhvern hátt. Ég er ekki í sjálfu sér að verja þá afgreiðslu,

alls ekki. Ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að nær væri að samþykkja þessi frv., ég er hjartanlega sammála honum um það. En ég vil ofar öllu að við höfum árangur af þessari tilraun okkar til þess að fá lagt bann við þessum spilavítum á Íslandi og þessari viðurstyggilegu aðferð til að afla fjár til annars ágætrar starfsemi, háskólamenntunar og allra þeirra samtaka sem ég gat um áðan, en ofar öllu öðru vil ég árangur og við munum fylgjast með því að við sjáum árangur af þessari viðleitni okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 2. umr.*

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819, nál. 1294.

[18:51]

**Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Allshn. hefur fjallað um málið og studdist við umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis.

Í frv. er lagt til að bætt verði í lögin heimild fyrir kirkjugarðsstjórn til að ákvarða sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og njóti slíkur reitur sömu friðhelgi og grafreitur.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður sem hljóði svo: Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og grafreitur.

2. gr. frv. er: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lengra er þetta frv. til laga ekki en það bætir úr þörf. Það bætir líka úr því að við komum til móts við þá sem um sárt eiga að binda. Það er erfitt að missa ástvin sinn, það þekkja allir sem reynt hafa og flestir þekkja það í einhverri mynd, en ef hægt er að létta þá erfiðu tíma fyrir fólk með því að hafa alltaf í einhverri mynd stað, kirkjugarð eða leiði, til að minnast þess sem látinn er þá er komið til móts í þessu tilliti.

Nefndin mælir með samþykkt frv. og undir nál. rita allir hv. þm., fulltrúar í allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, síðari umr.*

Þáltill. ÁRJ og ÖS, 173. mál. — Þskj. 173, nál. 1385.

[18:54]

**Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína.

Allshn. hefur fjallað um málið og bárust umsagnir um það frá Félagi ábyrgra feðra, umboðsmanni barna, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Rauðakrosshúsinu, Barnaverndarstofu, barnaverndarráði og Barnaheillum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd til að gera úttekt á íslenskum lögum og réttarframkvæmd sem varða réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Nefndinni bárust þær upplýsingar að dómsmálaráðherra hefði til athugunar breytingar á þessum málaflokki, m.a. hvort unnt væri að setja í lög frekari úrræði en nú eru í gildi til að koma á umgengni forsjárlauss foreldris við barn sitt. Leggur nefndin áherslu á að um mikilvægt málefni er að ræða sem brýnt er að tekið verði á sem fyrst.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir það rita allir nefndarmenn í hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16. og 25.–28. mál.

Fundi slitið kl. 18:56.

---

## 137. FUNDUR

fimmtudaginn 28. maí,
að loknum 136. fundi.

**Dagskrá:**

1. Dánarvottorð, stjfrv., 464. mál, þskj. 795, nál. 1241, brtt. 1242. — 2. umr.
2. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011, nál. 1290. — 2. umr.
3. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1340. — Síðari umr.
4. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374, nál. 1341. — Síðari umr.

### *Dánarvottorð, 2. umr.*

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 795, nál. 1241, brtt. 1242.

[18:57]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Fyrr í vetur var lagt fram frv. til laga um dánarvottorð. Það hefur komið til umfjöllunar í heilbr.- og trn. og ég mæli hér fyrir áliti þeirrar nefndar. Nefndin studdist við munnlegar og skriflegar umsagnir fjölda aðila sem tilgreindir eru í nál.

Í frv. er leitast er við að setja skýrar reglur um það hvernig eigi að bregðast við þegar andlát ber að. Lagt er til að löggjöf verði sameinuð um dánarvottorð annars vegar og hins vegar um mannskaðaskýrslur og einnig um rannsóknir á fundnum líkum. Þegar þessi endurskoðun var gerð var meðal annars horft til löggjafar sem er í gildi á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum. Rétt er að taka fram að þetta frv. tekur ekki til einstaklinga sem hafa horfið en um þá gilda lög um horfna menn, nr. 44/1981, eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson gat um fyrr í dag. Eðli málsins samkvæmt verða ekki gefin út dánarvottorð vegna horfinna manna og þess vegna tekur þetta frv. ekki til þeirra.

Nefndin telur rétt að fram komi nokkur atriði í tengslum við frv. að því er varðar túlkun þess. Nefndin telur í fyrsta lagi að setja þurfi skýrar reglur um það hver sé viðkomandi héraðslæknir sökum ákvæðis sem er að finna í 4. mgr. í 2. gr. frv. Þau tilvik geta nefnilega komið upp að um sé að ræða héraðslækni þar sem viðkomandi á lögheimili, t.d. ef andlát á sér stað í heimahúsi en í öðrum tilfellum getur verið um að ræða héraðslækni þess héraðs þar sem sjúkraflutningi lýkur. Nefna má í því sambandi að sú vinnuregla hefur skapast í Reykjavík til að mynda og á suðvesturhorninu að læknar í neyðarbílnum í Reykjavík kalla til héraðslækninn í Reykjavík til að staðfesta andlát takist ekki lífgunartilraunir jafnvel þó að um sé að ræða sjúkling úr öðrum læknishéruðum en Reykjavík.

Þá gerum við einnig, herra forseti, athugasemd við orðalag greinargerðar um samþykki nánustu venslamanna samkvæmt 2. mgr. í 5. gr. frv. Við viljum taka fram að þegar ekki reynist unnt að ná til venslamanns eða þeir reynast engir þá segir í greinargerðinni að nægilegt sé að afla samþykkis þeirra sem annast útför hins látna. Það er hins vegar skilningur nefndarinnar eftir að hafa fjallað um þetta mál að hér geti ekki verið um að ræða ríki eða sveitarfélög þegar þeir aðilar þurfa lögum samkvæmt eða af öðrum ástæðum að sjá um útför hins látna. Með orðalagi greinargerðarinnar samkvæmt þeim skilningi sem heilbr.- og trn. hefur komist að niðurstöðu um er átt við nána vini eða kunningja sem taka að sér að sjá um útförina án tillits til þess hvort viðkomandi kostar hana eða ekki.

Í þriðja lagi bendir nefndin á að með orðunum — og ég vitna í frv., með leyfi forseta: — „eða á öðrum áþekkum stað" sem er að finna í 3. gr. frv., raunar í 4. tölul., er átt við staði þar sem viðkomandi dvelst á grundvelli valdboðs stjórnvalda.

Í fjórða lagi telur nefndin rétt að taka fram að sá sem annast útför í skilningi 10. gr. er fyrst og fremst sá prestur sem jarðsyngur. En í þeim tilvikum sem prestur jarðsyngur ekki er átt við þann aðila sem stjórnar útförinni.

Að lokum vill nefndin líka taka fram sökum ábendinga prófessors Gunnlaugs Geirssonar réttarlæknis að við samningu reglugerðar af hálfu hæstv. heilbrrh. verði séð til þess að réttarkrufningum verði ekki fækkað hér á landi. Það er alfarið skilningur nefndarinnar að með þessu frv. sé ekki ætlunin að fækka réttarkrufningum á Íslandi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sér stöku þingskjali, en ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að reifa þessar breytingar í helstu aðalatriðum.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að við 1. mgr. 5. gr. verði bætt við tilvísun til laga um brottnám líffæra. Með því áréttar nefndin að ákvæði laga um dánarvottorð gilda ekki þegar um er að ræða líffæragjöf. Þá er sömuleiðis lagt til í tengslum við þetta að bætt verði við 5. gr. tveimur nýjum málsgreinum, í stað núv. 2. mgr. frv. sem eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1991, sem fjallar um brottnám líffæra og krufningar en samhliða þessu leggur nefndin til að brott verði numinn úr þeim lögum sá kafli sem fjallar um krufningar. Jafnframt leggur nefndin áherslu á það að ákvæði málsgreinanna verði túlkuð með sama hætti og verið hefur. Samhliða þessu er lagt til að ákvæði núverandi 2. mgr. falli brott. Nefndin telur að það ákvæði þjóni ekki lengur neinum tilgangi að þessum breytingum orðnum.

Í annan stað, herra forseti, leggur nefndin til breytingu á 6. gr. Þar er ekki um að ræða efnislega breytingu heldur breytta uppsetningu á ákvæðinu.

Í þriðja lagi leggur heilbr.- og trn. til að á 9. gr. verði gerð sú breyting að í stað orðsins „líkinu" komi „viðkomandi". Ástæðan er sú, eins og ég veit að þingheimur gerir sér grein fyrir, að ef ekki er unnt að staðfesta andlát er vart um lík að ræða. Sömuleiðis leggur nefndin til að 2. mgr. greinarinnar verði felld brott. Það var upplýst við meðferð málsins að oft drægist að gefa út dánarvottorð þrátt fyrir að læknir hefði staðfest dauðaskilmerki. Lík væru því jafnan lögð í kistu áður en dánarvottorð væri gefið út, meðal annars þegar þau væru flutt á milli staða. Nefndin telur nægjanlegt að staðfest séu dauðaskilmerki áður en lík er lagt í kistu og því þjóni 2. mgr. engum tilgangi.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 1999 til þess að meiri tími gefist til undirbúnings og kynningar. Þessi breyting, herra forseti, er lögð til að áeggjan Hagstofunnar sem taldi þetta nauðsynlegt.

Í fimmta lagi er lagt til að við 17. gr. frv. bætist nýr töluliður sem fjalli um breytingar á lögum um brottnám líffæra og krufningar, sem ég hef áður drepið á. Þar leggur nefndin til að II. kafli laganna, sá sem fjallar um krufningar, verði í heilu lagi felldur brott og heiti laganna verði þar af leiðandi í samræmi við það breytt í lög um brottnám líffæra. Þau lög fjalla einungis um brottnám líffæra ef breytingin nær fram að ganga.

Í sjötta lagi, herra forseti, er lagt til að nafni frv. verði breytt þannig að heiti laganna gefi til kynna að lögin taki til krufninga nái frv. fram að ganga.

Undir þetta, herra forseti, rita hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson, Guðmundur Hallvarðsson, Svavar Gestsson, Sólveig Pétursdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Læknalög, 2. umr.*

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011, nál. 1290.

[19:05]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Fyrr í vetur var lagt fram í þinginu frv. til laga um að breyta læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum. Heilbr.- og trn. fékk til umfjöllunar þetta mál Jón Snædal frá Læknafélagi Íslands og Ólaf Ólafsson landlækni. Þetta frv. felur í sér breytingu á læknalögum í þeim tilgangi að afmarka tilkynningarskyldu vegna óvæntra skaða en gera jafnframt um leið strangari kröfur til heilbrigðisstofnana um að rannsaka slík mál sjálfar.

Þetta markmið tekur nefndin undir og hún leggur því til að frv. verði samþykkt. Undir þetta, herra forseti, skrifa allir nefndarmenn en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerir það eigi að síður með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, síðari umr.***

Þáltill. JóhS o.fl., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 1340.

[19:07]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Að þessu sinni mæli ég fyrir nál. heilbr.- og trn. um tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ásamt einum fulltrúa úr öllum stjórnmálaflokkunum sem hér sitja fluttu um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna. Um þetta fjallaði heilbr.- og trn. mörgum sinnum og fékk marga aðila á sinn fund sem nefndir eru í álitinu. Jafnframt bárust fjölmargar skriflegar umsagnir.

Umsagnir um þessa tillögu eru að heita má nánast undantekningarlaust jákvæðar og þar er alls staðar mælt með samþykki tillögunnar. Þessi tillaga, eins og yfirskrift gefur til kynna, felur í sér að skipuð verði nefnd til að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Nefndin tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að brýnt sé að bæta þjónustu við langsjúk börn og koma málefnum þeirra í farsælan farveg.

Fram kom, herra forseti, í umsögn félmrn. að nú sé verið að vinna að nýrri löggjöf um félagsmál á vegum ráðuneytisins þar sem sérlög um málefni fatlaðra verða felld inn í og samþætt annarri þjónustu á vegum sveitarfélaga. Í ljósi þess og jafnframt með hliðsjón af því að þáltill. gerir ráð fyrir að kannað verði hvort málefni langsjúkra barna verði felld undir gildissvið laga um málefni fatlaðra, þá leggur nefndin til að sú nefnd sem verður skipuð á grundvelli tillögunnar hafi samráð við vinnuhóp félmrn. sem um þessar mundir hefur starfað við að móta samþætta löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga, en sá hópur mun ekki ljúka störfum fyrr en einhvern tíma á næsta ári þannig að nægur tíminn ætti að gefast til að vinna að málinu á þann hátt sem hér er lagt til.

[19:09]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem eingöngu upp til að lýsa áhuga yfir því að stefnumótun í málefnum langsjúkra barna verði sem fyrst tekin til gagngerrar athugunar. Samræmd stefna er ekki til. Foreldrar langsjúkra barna upplifa oft úrræðaleysi kerfisins, þess kerfis sem er þó sett þeim til verndar. Því fagna ég þessari framlagningu og vænti þess að fram undan og innan tíðar sé betri tími upp runninn fyrir langveik börn og foreldra þeirra að meira verði gert og allt verði gert til þess að auðvelda þeim lífið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, síðari umr.***

Þáltill. SF o.fl., 300. mál. — Þskj. 374, nál. 1341.

[19:11]

**Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Fyrr í vetur lagði hv. þm. Siv Fiðleifsdóttir ásamt nokkrum öðrum þingmönnum fram till. til þál. um að setja á stofn sérstaka blóðbankaþjónustu við þjóðarvá. Heilbr.- og trn. fjallaði um málið og í þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem á að hafa það verkefni með höndum að leggja fram tillögur um hvernig öryggi blóðbankaþjónustu skuli tryggt við stórslys og þjóðarvá.

Nefndin tekur undir efni tillögunnar og athugasemdirnar sem koma fram í greinargerðinni og leggur samhljóða til að hún verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:13.

## 138. FUNDUR

föstudaginn 29. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

***Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.***

[13:32]

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnuleysistryggingar, 654. mál, þskj. 1449.

Búnaðarlög, 368. mál, þskj. 1443.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 436. mál, þskj. 1444.

Félagsleg aðstoð, 722. mál, frv. MF, þskj. 1464.

Framleiðsla og sala á búvörum, 559. mál, þskj. 1442.

Launagreiðslur á vernduðum vinnustöðum, 714. mál, svar félmrh., þskj. 1458.

Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, 721. mál, þáltill. HG, þskj. 1457.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 544. mál, þskj. 1445.

Stjórn fiskveiða og Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 639. mál, þskj. 1447.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, 558. mál, þskj. 1446.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 655. mál, þskj. 1450.

Fundi slitið kl. 13:34.

# 139. FUNDUR

þriðjudaginn 2. júní,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 568. mál, þskj. 968, nál. 1268 og 1374. — Síðari umr.

2. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, stjtill., 614. mál, þskj. 1045, nál. 1304, brtt. 1380. — Síðari umr.

3. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, stjtill., 615. mál, þskj. 1046, nál. 1351. — Síðari umr.

4. Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, stjtill., 617. mál, þskj. 1048, nál. 1303. — Síðari umr.

5. Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, stjtill., 621. mál, þskj. 1066, nál. 1301. — Síðari umr.

6. Framlag til þróunarsamvinnu, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1302. — Síðari umr.

7. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 94. mál, þskj. 94, nál. 1311. — Síðari umr.

8. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927, nál. 1210, brtt. 1211. — 2. umr.

9. Bætt siðferði í opinberum rekstri, þáltill., 11. mál, þskj. 11, nál. 1306, brtt. 1307. — Síðari umr.

10. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16, nál. 1252. — Síðari umr.

11. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, þáltill., 206. mál, þskj. 215, nál. 1296. — Síðari umr.

12. Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, þáltill., 403. mál, þskj. 724, nál. 1333. — Síðari umr.

13. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 405. mál, þskj. 726, nál. 1334. — Síðari umr.

14. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782, nál. 1305. — Síðari umr.

15. Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, þáltill., 465. mál, þskj. 798, nál. 1269, 1343 og 1352. — Síðari umr.

16. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, þáltill., 592. mál, þskj. 1003, nál. 1377. — Síðari umr.

17. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 772, nál. 1225 og 1392, brtt. 1226 og 1393. — 2. umr.

18. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774, nál. 1213, brtt. 1264. — 2. umr.

19. Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, þáltill., 109. mál, þskj. 109, nál. 1361. — Síðari umr.

20. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381. — Frh. 3. umr.

21. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434. — 2. umr.

22. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, nál. 1331. — 2. umr.

23. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — 2. umr.

24. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715, nál. 1355. — 2. umr.

1 Alþt. 1997. B. (122. löggjafarþing).

**Fjarvistarleyfi:**
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

## *Tilkynning um dagskrá.*

[10:32]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Um kl. 10.30 árdegis fer fram umræða utan dagskrár um Schengen-samstarfið. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson. Utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftímaumræða.

Enn fremur er hér tilkynning um aðra utandagskrárumræðu:

Um kl. 3.30, eða að loknum atkvæðagreiðslum, fer fram umræða utan dagskrár um málefni LÍN. Málshefjandi er Svavar Gestsson. Menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftímaumræða.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Ummæli þingmanns um óundirbúnar fyrirspurnir.

[10:33]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú að ég tel það nokkuð alvarlegt þegar einstakir þingmenn segja ósatt um störf þingsins og gefa ranga mynd af þeim störfum sem hér fara fram.

Í morgunþætti Bylgjunnar í morgun sagði hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir að óundirbúnar fyrirspurnir í þinginu væru þess eðlis að ráðherrar hefðu tök á að undirbúa sig fyrir þær, ef þeir vildu það við hafa. Þingmaðurinn sagði þann háttinn hafðan á að þingmenn legðu fram beiðni um fyrirspurn til forseta þingsins að morgni dags og tækju þar fram um hvað þeir ætluðu að spyrja. Hún kvað ráðherra þannig hafa tök á að afla sér gagna og undirbúa sig fyrir svör en þeir hefðu ekki upplýsingar á hraðbergi þegar að þessum fyrirspurnum kæmi.

Þarna er þingmaðurinn í fyrsta lagi að segja ósatt. Í öðru lagi gefur hún algerlega ranga mynd af því hvernig staðið er að óundirbúnum fyrirspurnum. Ég tel það alvarlegt og ekki síst frá þingmanni sem hefur sett sig í dómarasæti um hvernig störf þingsins eiga að vera, hvenær menn fara með sannleikann og hvenær ekki. Þess vegna óska ég eftir því, hæstv. forseti, að forseti úrskurði í því hvort þingmaðurinn segi satt í umræddu útvarpsviðtali um undirbúning óundirbúinna fyrirspurna á Alþingi.

[10:35]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Í tilefni af orðum hæstv. ráðherra vill forseti taka fram að ráðherrum er ekki tilkynnt um efni óundirbúinna fyrirspurna fyrir fram. Það liggur í orðanna hljóðan að þær eru óundirbúnar. Þetta fer þannig fram að forseti fær fyrirspurnina í hendur. Það er þó fyrst og fremst vinnuskjal hans. Þetta mál kom upp á fundi forsn. í morgun, einmitt vegna þessarar

umræðu í fjölmiðlum. Hv. þm. Sturla Böðvarsson minntist á þetta mál og var forsn. sammála um að málið væri vaxið svo sem hér hefur nú verið úrskurðað.

[10:36]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnar í viðtal við mig frá því í morgun þar sem ég sagði frá því hvernig óundirbúnar fyrirspurnir færu fram á Alþingi. Ég sagði frá því að maður tilkynnti forseta þingsins að morgni, eða fyrir fyrirspurnatímann, um hvaða málefni ætlunin væri að spyrja. Það er hátturinn í þinginu. Aftur á móti taldi ég að hann væri að afla upplýsinga um hvað spurt yrði um til þess að hægt væri að láta ráðherra vita um hvað þingmenn ætluðu að spyrja. Ég veit ekki hver annar tilgangur væri í að leita eftir upplýsingum um það sem á að spyrja um í óundirbúnum fyrirspurnum, að kalla eftir þeim upplýsingum að morgni. Sé það rétt að ráðherra sé ekki látinn vita um það, þá veit ég nú að ráðherra fær ekki að vita þetta fyrir fram, en ég vissi ekki betur. Samkvæmt því var þetta óundirbúin fyrirspurn. Það breytir engu um það að hæstv. ráðherra fór með rangt mál í þinginu, fyrir tveimur árum síðan á morgun, þegar ég spurði um málefni Landsbankans og Lindar. Hann var með upplýsingar á borðinu hjá sér um að tapið vegna þessa eina fyrirtækis, útlánatapið hjá Landsbankanum væri a.m.k. 400 millj., samkvæmt skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem ráðherrann var með á borðinu hjá sér.

Hann var sömuleiðis með bréf frá bankaráðsformanninum, framkvæmdastjóra Sjálfstfl., þar sem sagði að þetta væri mun meira. Ég spurði þá hvort það væri rétt sem sagt væri í fjölmiðlum, að þetta væru 600–700 millj. Hann vissi það nákvæmlega, var með plögg um það á borðinu, en upplýsti ekki um það. Sömuleiðis sagði hann rangt frá í þinginu þegar hann sagðist aðeins hafa upplýsingarnar úr fjölmiðlum eins og þingmaðurinn, sem hér stendur, sem var að spyrja um málið. Það var líka rangt. Hafi ég verið með rangan skilning á störfum þingsins í morgunþætti Bylgjunnar, þá sagði ég bara frá því að það væri þannig að menn létu hæstv. forseta þingsins hafa upplýsingar um hvað maður ætlar að spyrja að morgni dags þegar óundirbúnar fyrirspurnir eru lagðar fram.

[10:39]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram og ítreka enn og aftur að það liggur fyrir að ráðherrum er ókunnugt um efni óundirbúinna fyrirspurna fyrir fram.

[10:39]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það kannski sitja einna síst á hæstv. viðskrh. að skamma fólk fyrir að segja ósatt. Það er eiginlega eins og að kasta grjóti úr glerhúsi. Þó að það sé út af fyrir sig alveg rétt sem hann og hæstv. forseti sögðu hér um þessar óundirbúnu fyrirspurnir, þá er ekki hægt að drepa hinu alvarlega máli á dreif með því. Veruleikinn er sá að 3. júní 1996 sagði ráðherrann ekki satt úr þessum stól. Það liggur fyrir. Öll þjóðin veit það og það sjá allir.

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurninni 3. júní 1996 hafði hann í sex vikur haft á borði sínu bréf frá formanni bankaráðs Landsbankans og jafnframt skýrslu frá Ríkisendurskoðun þar sem látið var að því liggja að lög hefðu verið brotin við meðferð þessara mála hjá fyrirtækinu Lind. Hæstv. ráðherra hafði haft á borðinu hjá sér og allir landsmenn, vikum saman, ítarlegar greinar í viðskiptablaði Morgunblaðsins eftir Kristin Briem þar sem flett var ofan af þessum málum lið fyrir lið. Allir sem um það vildu vita vissu hvernig staða þessara mála var.

Það að hæstv. viðskrh. skuli síðan koma hingað upp og setja ofan í þingmenn fyrir að segja ósatt, þá eru það frekar einhverjir aðrir sem eiga að skamma þingmenn tel ég, herra forseti. Hæstv. viðskrh. fer það illa.

Nú bætist svo við, herra forseti, að nýlega hefur verið upplýst í þessu máli að hæstv. forsrh. hafi skrifað Landsbankanum sérstakt bréf um þetta mál 19. febrúar, löngu áður en málið var rætt hér þannig að öll ríkisstjórnin var með það á hreinu hvað þarna var að gerast. Ráðherrann þóttist ekkert vita og af hverju var það? Af hverju reyndi ráðherra að plata þingið með því að fara í kringum hlutina eins og köttur í kringum heitan graut 3. júní 1996? Af hverju gerði hann það?

Það er auðvitað grafalvarlegt mál, herra forseti. Það er það sem forsetinn á að bregðast við, ef ráðherra segir þinginu ósatt.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill taka fram að hér eru rædd störf þingsins.)

[10:41]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg tilvalið að ræða það hver aðdragandi óundirbúinna fyrirspurna er, sérstaklega vegna þess að ég taldi mig muna að þegar það kerfi, að skrá um hvaða efni við þingmenn ætluðum að spyrja ráðherra, var tekið upp, þá hafi forseti orðað það svo að mjög óþægilegt væri fyrir ráðherrana að vita ekki einu sinni inn á hvaða svið þingmenn ætluðu að koma. Þegar ég átti orðastað við fjmrh. fyrir rúmri viku síðan kom það mér á óvart, þegar við spjölluðum saman á eftir, að hann skyldi ekki hafa vitað um efni fyrirspurnar minnar fyrir fram. Ég sagði við hann að ég hefði alltaf haldið að þessir miðar væru m.a. til þess að upplýsa ráðherrana aðeins. Það er því ágætt að það sé á hreinu að miðarnir eru fyrir forsetana, svo þeir viti um hvað við ætlum að spyrja ráðherrana.

Herra forseti. Ráðherra er í vörn. Hann kemur hér og ræðst á þingmann fyrir orð hans í morgunútvarpi. Nú skal hrekja málflutning og nú á forseti að skera úr um hvort þingmaður segi satt. Ef þetta er ekki orðið dæmalaust. Við þingmennirnir þurfum ekki að biðja forseta að úrskurða hver segi satt í máli ráðherrans. Hann hefur sjálfur lagt fram gögn sem dæma orð hans úr þessum ræðustól. Það eru gögnin hans sem upplýsa alla þjóðina um það sem hér hefur verið sagt.

Herra forseti. Það er sjálfsagt að ræða um það hvernig óundirbúnar fyrirspurnir ganga fyrir sig en það sem er að gerast hér á þessum morgni er dæmalaust.

[10:43]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það er vel við hæfi að menn ræði um það hverjir segi ósatt og hverjir satt þegar rætt er um störf þingsins. En það er líka ástæða til þess að ræða um það hvernig upplýsingum hefur verið leynt. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði ekki aðeins um upphæðir í sinni fyrirspurn. Hún spurði líka hvort ráðherranum þætti ekki ástæða til þess að láta fara fram rannsókn. Því var ekki svarað. Þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir, bæði um þær rannsóknir sem fram höfðu farið og þær aðrar sem til stóð að fara í, var leynt fyrir hv. Alþingi. Það var líka alvarlegt, herra forseti,

ámælisvert og spurning hvernig með það eigi að fara og hver eigi að úrskurða um slíkt.

[10:44]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur orðið uppvís að ósannsögli í fjölmiðlum varðandi algert grundvallaratriði þessa máls. Það er grundvallaratriði vegna þess að hún hefur rekið málið þannig að hæstv. ráðherra hafi átt að geta svarað henni nákvæmlega. Nú kemur það í ljós, og er staðfest af hæstv. forseta, að hæstv. ráðherra í þessu tilfelli, eins og í öðrum tilfellum um ráðherra, veit ekkert um hvað muni verða spurt. Þeir vita það ekki fyrr en viðkomandi hv. þm. fer í ræðustól og ber fram spurningu sína. Þess vegna er ekki hægt að gera kröfu um að þeir svari nákvæmlega. Þannig hefur það alltaf verið vitað, síðan við tókum þetta form upp á hv. Alþingi, að ekki væri hægt að ætlast til þess að hæstv. ráðherrar svöruðu nákvæmlega.

Hv. þm. hefði því verið í lófa lagið, ef hún var ekki ánægð með svör hæstv. ráðherra í þessu tilfelli, ef henni fundust þau ekki fullnægjandi, að leggja fram skriflega fyrirspurn á eftir. Það gerði hún hins vegar ekki fyrr en löngu síðar.

Þess vegna er þetta algert grundvallaratriði sem hér hefur komið fram og verið staðfest af forseta. Allt málið hefur verið rekið á eintómum misskilningi. Hv. þm. og jafnvel fleiri þingmenn hafa haldið því fram að ástæða sé til þess að koma fram með vantraust á ráðherra fyrir að svara ekki fullkomlega óundirbúinni fyrirspurn sem er ósanngjarnt og ekki í samræmi við þingsköp.

[10:46]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram að það sem deilt er um í morgunsárið er alveg skýrt. Þetta gerist eins og forseti hefur úrskurðað, og meira að segja liggur það fyrir að forseti fær fyrirspurnina fyrst í hendur þegar hann byrjar að stjórna fundi, þannig að þetta deilumál á að vera alveg skýrt.

[10:47]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er ótrúlegt hvernig stjórnarliðar reyna að drepa málinu á dreif með því að segja að ég hafi sagt ósatt í útvarpsþætti í morgun. Það hefur komið fram hjá einum af þingflokksformönnum í þinginu að upplýst hafi verið af forseta að ástæðan fyrir því að þingmenn eru látnir upplýsa um efni óundirbúinna fyrirspurna að morgni dags sé sú að ráðherrar verði þá ekki eins óundirbúnir og viti um hvaða málefni þingmenn ætla að spyrja. Ég var sannfærð um það að svo væri. Ég vissi ekki annað en að ég væri að upplýsa forseta um hvað ég ætlaði að spyrja um til þess að ráðherrann væri viðbúinn. Það getur vel verið að svo sé ekki. Þá eru þetta rangar upplýsingar.

(**Forseti** (GÁ)**:** Það er ekkert „getur vel verið", það er skýrt að svo er ekki.)

Já, það komu upplýsingar um það hjá þingflokksformanni í þinginu að rætt hafi verið um það þegar þessu var komið á að þetta væri til þess að ráðherrar gætu verið undirbúnir.

Aftur á móti virðist mér að verið sé að hylma yfir alvarlega hluti þegar ráðherra upplýsir ekki um það aðspurður fyrir tveimur árum hvort ekki eigi að fara fram rannsókn á málinu, þegar búin er að fara fram rannsókn og hann er með rannsóknarskýrsluna á borðinu hjá sér. Yfir hvað er verið að hylma og hvers vegna var ekki sagt frá því í þinginu? Það var það sem ég spurði hæstv. ráðherra um.

Ef ég var ekki ánægð með svörin fyrir tveimur árum hefði ég getað spurt skriflega. Ég fékk þau svör frá ráðherra að hann vissi ekkert um málið nema það sem hefði komið fram í fjölmiðlum eins og ég. Hann minntist ekkert á rannsókn sem ég spurði hann um. Átti ég að fara að spyrja skriflega út í hluti sem ráðherra upplýsir mig um í þinginu að hann viti ekki nokkurn skapaðan hlut um? (**Gripið fram í:** Óundirbúið.) Óundirbúið. Herra forseti. (Forseti hringir.) Ef hæstv. ráðherra hefði sagt mér að hann væri með einhverjar upplýsingar, en myndi ekki hvort um væri að ræða nákvæmar tölur eða ekki, þá hefði ég vissulega komið með skriflega fyrirspurn. En ég minni þingið á að þetta var á síðustu dögum þingsins. (Forseti hringir.) Þetta var 3. júní 1996.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmenn hvort þeir hafi heyrt úrskurð hans í morgun.)

[10:50]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það liggur fyrir með hvaða hætti staðið er að óundirbúnum fyrirspurnum í þinginu og hv. þm. fór með hrein ósannindi í þessum viðtalsþætti á Bylgjunni í morgun. Það er hins vegar svo, herra forseti, að allt þetta mál hefur nákvæmlega verið rekið á þessum grunni af hv. þm., með þessum málflutningi sem hv. þm. fór með í áður umræddum útvarpsþætti í morgun.

Nú hefur það verið staðfest að þannig hefur verið haldið á málum alla tíð af hálfu hv. þm. Það er mjög mikilvægt að fá það undirstrikað hér þannig að mönnum sé ljóst með hvaða hætti hv. þm. hefur rekið málið áfram. Ég gæti nefnt mörg önnur dæmi um hrein ósannindi sem höfð eru eftir hv. þm. í mörgum fréttaviðtölum og útvarpsviðtali í morgun.

Af því að hér er að verða til nýtt afl á Alþingi eins og fram kom í útvarpsfréttum í gærkvöldi, siðprúðar konur, þá býst ég við að þetta verði meginstefið í málflutningi siðprúðra kvenna sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur verið með í umræðunni í Bylgjunni í morgun.

[10:51]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki deilt um hver sé úrskurður forseta um aðdraganda óundirbúinna fyrirspurna á þessum morgni. Það eru viðbrögðin við málflutningi ráðherra sem ætlar að hvítþvo sjálfan sig með því að ráðast á þingmann sem er að tala um aðdraganda og hvernig þingmenn skila af sér blöðum með upplýsingum um hvað þeir ætla að spyrja um. Allt þetta vandræðalega mál ráðherrans snýst um hvernig hann sjálfur hefur höndlað fyrirspurn sem honum barst. Hann var með skýrslu Ríkisendurskoðunar á borði sínu á þessum tíma. Við höfum öll lesið hana og vitum hvaða upplýsingar voru í henni. Svar hans við beiðni formanns bankaráðs Landsbankans lá á borði hans sem hann svaraði nokkrum dögum síðar, svar við bréfi um beiðni um aðstoð hvernig ætti að leysa úr þessu alvarlega og stóra tapmáli Landsbankans. Að koma hér og reyna að hvítþvo sig með því að ráðast á þingmann og til viðbótar að taka upp úr fréttum einhver orð um siðprúðar konur og gera það væntanlega að afli okkar kvennanna á þingi, er svo fyrir neðan allar hellur að ég blygðast mín fyrir að verða vitni að því sem er að gerast hér.

***Um fundarstjórn.***

Svör viðskiptaráðherra um málefni Landsbankans og Lindar hf.

[10:53]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera neinar sérstakar athugasemdir við úrskurð forseta áðan í umræðum um störf þingsins heldur fyrst og síðast um að þetta mál er það stórt og mikilvægt að menn geta ekki lokið við það á þann hátt sem gerðist áðan. Ekki vegna þessara smámála, ekki vegna þessa upphlaups hæstv. ráðherra vegna fréttaviðtals í morgun um hvernig mál koma til þingsins. Um það hefur ekki verið deilt að hæstv. iðn.- og viðskrh. eins og aðrir ráðherrar fá ekki að vita það með neinum almennilegum fyrirvara um hvað spurt verður, og hv. þingmenn hafa undirgengist það þegar hæstv. ráðherrar koma í þennan ræðustól og segja sem svo: Ég hef ekki þessar upplýsingar við höndina en ég skal afla þeirra. Ég skal koma þeim til þingmannsins. Þetta hafa hv. þingmenn viðurkennt og undirgengist.

Þannig voru ekki svör hæstv. viðskrh. á sínum tíma. Þau voru allt öðruvísi. Og að formaður þingflokks Framsfl. komi inn í þessa umræðu með því móti sem hún gerði áðan, og telji þetta mál allt hreinan misskilning, er með slíkum eindæmum að engu tali tekur. Það er með ólíkindum að Framsfl. gangi fram fyrir skjöldu og reyni að verja þetta háttalag hæstv. viðskrh. Málið allt er auðvitað skjalfest og þarf ekkert vitnanna við en þeir koma hér fram hver af öðrum til varnar ráðherra sem er orðinn uppvís að ósannindum. Öðruvísi er ekki hægt að orða þetta mál. Í þeim óundirbúnu fyrirspurnum sagði hann ekki söguna alla. Það er ekki hægt með nokkru móti að segja að hann hafi ekki vitað betur.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti minnir á að þetta er um fundarstjórn forseta.)

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hafði öll tök á því að segja hv. þm. að hann mundi afla nánari talnalegra upplýsinga um það sem hann hafði á borði sínu og koma að þeim síðar um daginn.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt í þessu samhengi að hæstv. forseti úrskurði líka um það hvort ég lýsi þessari atburðarás ekki rétt, þ.e. þeirri venju að hafi hæstv. ráðherra ekki upplýsingar tiltækar við þeim spurningum sem fram koma er það venja og hefð að þeir reyni þá að afla þeirra síðar þann sama dag eða einhverjum dögum síðar. Er það ekki venja hér, hæstv. forseti?

[10:56]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti þekkir ekki þá hefð. Hins vegar er oft svo með þingmenn að þeir fylgja fyrirspurnum sínum eftir annaðhvort skriflega eða með utandagskrárumræðu eða einhverju slíku en forseti þekkir ekki þá hefð sem hv. þm. minntist á.

[10:56]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemd við fundarstjórn forseta vegna þess að ég var búin að margbiðja um orðið undir fyrri dagskrárlið en fékk ekki. Ég ætla hins vegar ekki að gera athugasemd við úrskurð forseta varðandi það mál sem er til umræðu þó að ég verði að segja að ég hafði nákvæmlega sama skilning og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir á því að ég taldi ráðherra fá þessar upplýsingar en ég geri ekki athugasemdir við þennan úrskurð því að ég vissi auðvitað ekki betur.

Aðalmálið er þó það, herra forseti, að hér hefur átt sér stað trúnaðarbrestur á milli hæstv. bankamálaráðherra og þingsins og úr þeim trúnaðarbresti verður að vinna. Þingið getur ekki látið sem ekkert hafi gerst. Þessi trúnaðarbrestur átti sér stað þann 3. júní 1996, eins og hér hefur margoft komið fram, og ég geri ráð fyrir því að þingið taki á þessu síðar í þessari viku og það er algerlega óviðkomandi því máli hvort hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fór hugsanlega með rangt mál í útvarpinu í morgun. Ég heyrði ekki þennan útvarpsþátt en ég verð að segja að þá var það einnig minn skilningur sem þar kom fram. En þessu máli er ekki lokið og það er með ólíkindum að ætla sér að saka þingmenn um að fara með rangt mál þegar þessi trúnaðarbrestur er á milli hæstv. ráðherra og þingsins.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill taka fram að hann reynir að skrá þingmenn í réttri röð. Því miður hefur það farið fram hjá forseta og einnig starfsmanni ef svo hefur verið. Það var ekki ætlunin.)

[10:59]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að ræða eðli óundirbúinna fyrirspurna í þinginu miðað við þann skilning sem virðist vera hjá stjórnarandstöðunni. Við ráðherrar reynum að svara í óundirbúnum fyrirspurnum eftir bestu getu en ef við höfum ekki ákveðnar upplýsingar og getum ekki staðfest ákveðnar tölur, erum við þá að segja ósatt? Er það að segja ósatt að geta ekki staðfest ákveðnar tölur vegna þess að menn hafi ekki upplýsingarnar? Liggur þá á okkur sú skylda að svara því síðar ef ekki er eftir því leitað? Er það kannski að segja ósatt? Ég held að mjög mikilvægt sé að það sé rætt á meðal þingmanna hvað það er að segja ósatt. Ég hef aldrei lært það í lífi mínu að það væri að segja ósatt ef maður gæti ekki staðfest ákveðna hluti og vissi ekki um hlutina. (**ÁRJ:** En ef maður veit um þá?) Ef maður veit um þá, já, þá er það að segja ósatt. (**ÁRJ:** En vissi hann ekki um þetta?) Hæstv. viðsk.- og iðnrh. hafði ekki þessar upplýsingar. (Gripið fram í.) Það má vel vera að þær hafi verið á skrifborðinu uppi í ráðuneyti. Það er okkur ekki nægilegt í óundirbúnum fyrirspurnum eða er þingmaðurinn svo vel gefin að hún læri allt sem hún les og viti það nákvæmlega, — hún þurfi bara að lesa það einu sinni og ef hún hefur einu sinni lesið það, þá sé öruggt að hún muni það, en þar með sé hún að segja ósatt ef hún gleymir því? (**ÁRJ:** Ég hélt að þetta væri ekkert smámál.) Smámál. Þetta er ekki spurningin um það, hv. þm. Það er alvarlegt að bera á aðra að segja ósatt. En ég hef aldrei heyrt þessa skilgreiningu á sannleikanum fyrr og hef ég þó gengið til spurninga.

[11:01]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. Ég held að það sé full ástæða til þess að við í þinginu ræðum eðli óundirbúinna fyrirspurna. Ég sagði áðan að aldrei hafi verið amast við því eitt andartak eða í nokkru tilfelli sem ég man eftir að hæstv. ráðherrar kæmu hér upp og segðust ekki hafa tiltækar upplýsingar við hendina. Allir hafa skilning á því. Það hafa líka allir skilning á því að hæstv. ráðherrar muni ekki allt og stundum allt of lítið en það er aukaatriði. Maður hefur hins vegar ekki skilning á því að hæstv. ráðherrar látist ekki vita. Hefði hæstv. viðskrh., í því tilfelli sem hér er um rætt, sagt sem svo: Þessar tölulegu upplýsingar hef ég ekki við höndina og ég man þær ekki en á borði mínu í ráðuneytinu liggur

fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar og önnur dokúmentasjón sem ég get grafist fyrir um og komið þeim upplýsingum til þingheims síðar. Það hefði verið mannsbragur að því og enginn gert við það athugasemdir. En það gerði hann ekki og það er kjarni þessa máls.

Mér finnst það vondur bragur ef við ætlum að viðurkenna það hér sem viðvarandi veruleika í þinginu að hæstv. ráðherrar í óundirbúnum fyrirspurnum geti skáskotið sér fram hjá vondum málum með því einu að segjast ekki muna eða vita vegna þess að pappírarnir séu uppi í ráðuneyti. Til hvers eru þá þessar óundirbúnu fyrirspurnir? Þær eru auðvitað til þess að afla upplýsinga og koma á framfæri sjónarmiðum. Það er auðvitað svo létt í vasa og engan veginn hægt að búa við að hæstv. ráðherrar geti komið sér fram hjá málum með því einu, með réttu skulum við segja, að segjast ekki muna viðkomandi upplýsingar. Það er því deginum ljósara, virðulegi forseti, að þetta form þinghaldsins þarf að ræða, sérstaklega vegna skilnings hæstv. ráðherra á því.

Ég sagði áðan og vitnaði m.a. til eigin reynslu í því sambandi, að ég minntist þess að sá sem hér stendur var spurður. Hann hafði ekki upplýsingarnar handbærar en hann reyndi að koma þeim til viðkomandi þingmanns síðar gegnum síma. Þetta er auðvitað spurning um vinnubrögð og háttalag. Út af fyrir sig ætla ég ekki að kveða upp dóma um ósannsögli eða heiðarleika, hver hafi gengið til prests eða ekki. Um það snýst ekki málið, heldur hitt hvaða form og fyrirkomulag við ætlum að hafa á þessari umræðu. Þess vegna, virðulegi forseti, tek ég undir með hæstv. utanrrh. í þeim efnum. Þetta þurfum við að ræða hispurslaust og komast til botns í málinu.

Hvað efni málsins varðar er ég honum algerlega ósammála í málefnum Lindar sem hér hafa mest verið efst á baugi.

[11:04]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill nú biðja hv. þm. að hægja á þessari umræðu. Forseti hefur í morgun úrskurðað í máli því sem deilt er um. Nú standa yfir umræður um fundarstjórn forseta sem í rauninni snúast ekki um fundarstjórn forseta.

[11:05]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil sérstaklega mótmæla fundarstjórn forseta. Þetta var enginn úrskurður sem hér var felldur. Úrskurður er niðurstaða forseta í ágreiningi um túlkun þingskapa, um einstök atriði í framkvæmd og túlkun þingskapa. Það sem forseti var með hér áðan var enginn úrskurður. Forseti er búinn að tönnlast á þessu 10–20 sinnum á stólnum. Það er óvenjulegt að forseti blandi sér í umræðurnar eins og núverandi forseti hefur gert aftur og aftur. Auðvitað verður að viðurkenna að hann hefur með tekið myndarlegan þátt í þessu framsóknarleikriti sem hófst í morgun með athugasemdum hæstv. iðnrh.- og viðskh., sem hæstv. utanrrh. hefur tekið þátt í og formaður þingflokks Framsfl. En að hér hafi verið um að ræða úrskurð er bara fjarstæða. Ég mótmæli því. Þetta var engin úrskurður. Þetta var tilraun til þess að lýsa vinnuferli í þessari stofnun og um það get ég margt sagt.

Veruleikinn í þessu stóra máli er fyrst og fremst sá, herra forseti, að menn telja að hæstv. viðskrh. hafi 3. júní 1996 vitað betur en hann gaf í skyn, mikið betur en hann gaf í skyn. Hann hafði bréf frá formanni bankaráðs Landsbankans. Hann hafði skýrslu Ríkisendurskoðunar og hlaut að hafa lesið blöðin. Allir vita að hæstv. viðskrh. þekkir sérstaklega vel til þeirra manna sem hér koma við sögu. Þess vegna telja menn að verulegar líkur benda til þess að hæstv. ráðherra hafi sagt ósatt og að það fari honum a.m.k. illa að setja ofan í við aðra þingmenn. Ég vil gagnrýna það, herra forseti, að forsetinn taki úr stólnum þátt í pólitísku leikriti eins og Framsfl. hefur verið að reyna að skrifa af litlum mætti í morgun. Það er heldur illa gert leikrit í öllum meginatriðum, herra forseti.

[11:07]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill mótmæla orðum hv. þm. Forseti gegnir hér störfum sem forseti þingsins þessa stundina og hefur ekkert tekið þátt í umræðum. Það er erfitt að vera forseti. Ef hann ekki svarar, þá er hann krafinn svara en þegar hann svarar, þá fær hann dylgjur sem nú gerðist hjá hv. 8. þm. Reykv. (**SvG:** Fullyrti það.)

Forseti hafði ekki hugmynd um þegar hann settist í þennan stól að þetta mál yrði til umræðu. Hins vegar, hvort sem það er úrskurður eða ekki, hefur forseti lýst hér vinnuferli sem tíðkað hefur verið á þessum vetri í óundirbúnum fyrirspurnum. Er þingmönnum það ljóst? Það fer fram með þeim hætti sem forseti hefur lýst (**SvG:** Ræðum það betur seinna.) þannig að forseti vísar öllum slíkum dylgjum sem hér komu fram hjá hv. 8. þm. Reykv. á bug. (**SvG:** Ekki dylgjur, það voru staðreyndir. Forseti er farinn að rífast við þingmenn af stólnum.)

Forseti stjórnar þessum fundi og hann getur gert fundarhlé ef hv. þm. ekki hægir á sér. (**SvG:** Það væri hugsanlegt að gera hlé meðan forseti jafnar sig.) (**ÁRJ:** Forseti hefur ekki stjórn á sjálfum sér.)

[11:08]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá efnislegu niðurstöðu sem forseti komst að hér áðan og kallar úrskurð. Það er í kannski aukaatriði en ég hef sjálf skilið eðli óundirbúinna fyrirspurna eins og hann hefur lýst hér og geri ekki athugasemdir við það. Ég tel það í raun vera algert aukaatriði í þeirri sennu sem hér á sér stað.

Ég verð að segja það að mér finnst þessi atlaga að hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur alveg fáránleg þrátt fyrir að hún hafi í einhverjum útvarpsþætti lýst misskilningi sínum á eðli óundirbúinna fyrirspurna í þinginu og hvernig þær eiga sér stað. Það er ekki aðalatriði málsins, herra forseti. Aðalatriði málsins er hvort minni hæstv. viðskrh. nái frá skrifborði hans í viðskrn. og hingað niður á þing eða ekki. Um það snýst þetta mál. Það er alvarlegt mál ef svo er ekki, herra forseti. Mér finnst að með þessari atlögu sé verið að kasta ryki í augu fólks. Það hvernig hv. þm. skildi munnlegar fyrirspurnir er í raun og veru algert aukaatriði í því stóra máli sem hér er til umfjöllunar.

[11:10]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Það er ágætt að það er komið á hreint eftir þessa umræðu hvernig að óundirbúnum fyrirspurnum er staðið. En ég heyri að sumir hv. þm. hafa því miður ekki fylgst með þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um þetta mál að undanförnu.

Staðreyndin er að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurði hvort ég gæti staðfest að tap Lindar eða tap Landsbankans vegna Lindar væri 600–700 millj. kr., hvort ég gæti staðfest að það væri rétt að tap Lindar væri 600–700 millj. kr. Ég treysti mér ekki til þess vegna þess að ég kannaðist ekki við þessar tölur úr þeim gögnum sem ég hafði verið með á

skrifborði mínu í ráðuneytinu. Þar kom fram að það væru um 400 millj. kr. í ábyrgðir.

Af því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að mikilvægt hefði verið að láta það koma fram að málið væri í skoðun, þá verð ég að biðja hv. þm., herra forseti, að lesa umræðuna. Ég segi við þessa umræður að ég viti að útlánatöp Landsbankans séu í sérstakri skoðun hjá bankaráðinu. Ég kom því á framfæri að þetta mál væri til sérstakrar skoðunar. Mér var hins vegar ekki heimilt að upplýsa Alþingi um efnisinnihald þeirrar skýrslu sem ég hafði í höndum vegna þess að hún var rannsóknargagn í því máli sem bankaráð Landsbankans var með til umfjöllunar á þessum tíma. (**ÁRJ:** Af hverju sagðirðu það ekki?)

Ef hv. þm. hefði viljað fylgja fyrirspurn sinni eftir þá hefði hann getað gert það. Hann hefði haft mörg önnur tæki til þess að fá upplýst hvert tap Lindar vegna Landsbankans var vegna þess að Ríkisendurskoðun heyrir beint undir Alþingi. Hv. þm. hefði getað snúið sér til Ríkisendurskoðunar og beðið Ríkisendurskoðun að rannsaka þetta mál sérstaklega. Það gerði hv. þm. ekki. Hv. þm. leitaði ekki og notaði ekki þau tækifæri sem hv. þm. hafði til þess að upplýsa þetta mál. Hann kaus að fara með, í þeirri umræðu sem núna hefur verið um þetta mál, ósannindi á ósannindi ofan. Þingmaðurinn hefur orðið uppvís að því við þessa umræðu í dag.

### *Umræður utan dagskrár.*

Schengen-samstarfið.

[11:13]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Herra forseti. Eiga Íslendingar að afsala sér rétti til vegabréfaskoðunar gagnvart fólki sem kemur frá ríkjum Evrópusambandsins en herða um leið vegabréfa- og landamæraeftirlit gagnvart öllum öðrum jarðarbúum? Hvers vegna eigum við að kosta miklu til, fjárhagslega og pólitískt, að gerast vörsluaðilar ytri landamæra Evrópusambandsins? Hvað er mikið í sölurnar leggjandi til að losna við að sýna vegabréf einu sinni þá farið er héðan til Vestur-Evrópu? Hvaða hagsmuni er verið er að tryggja með Schengen-aðild Íslands og hver er fórnarkostnaðurinn? Er okkur vandara um en t.d. Bretum sem kjósa að standa utan Schengen þótt þeir séu aðilar að Evrópusambandinu og leggi oft leið sína yfir Ermarsund? Hví skyldi eyríki í miðju Atlantshafi láta hengja sig sem kerru aftan í Evrópusambandið og ráða engu um hvert stefnt er?

Þessum og fleiri spurningum er varða þetta afar sérstæða Schengen-mál hefur í raun aldrei verið svarað hér á Alþingi með öðru en „af því bara" og vísað í Norræna vegabréfasambandið, sem farið er forgörðum hvort sem er í sínu gamla og góða formi. Danmörk, Svíþjóð og Finnland hafa þegar staðfest Amsterdam-sáttmálann eða eru í þann veginn að ganga frá staðfestingu hans þessa dagana. Schengen-samningurinn, með öllu sínu regluverki og fyrirmælum upp á ekki minna en 1.600 blaðsíður, er með öllu ósambærilegur við Norræna vegabréfasamstarfið.

Með gildistöku Amsterdam-sáttmálans verða meginreglur Schengen-samstarfsins hluti af réttarkerfi Evrópusambandsins. Slíkt fyrirkomulag stenst, að því er Ísland áhærir, ekki ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, ekki einu sinni að mati þeirra sem vilja túlka ákvæði hennar rúmt eins og gerðist með EES-samninginn. Þar með er botninn dottinn úr samstarfssamningi Íslands og Noregs við Schengen-ríkin eins og gengið var frá honum við undirritun 19. desember 1996.

Staða málsins eins og hún blasir við Alþingi og þeim sem hér talar er þessi: Samstarfssamningur Íslands við Schengen frá 1996 var ekki lagður fram í þinginu fyrr en 16. apríl sl. í kjölfar skriflegrar fyrirspurnar minnar, 588. máls yfirstandandi þings, og þá aðeins til kynningar. Ísland hefur þannig aldrei staðfest þennan samning en stjórnvöld hafa starfað líkt og þau væru aðili að honum, nú á annað ár eins og ekkert hafi í skorist. Schengen-samkomulagið og samningurinn í 142 greinum er um 100 blaðsíður, þ.e. samningurinn sjálfur. Það var fyrst fyrir sex vikum að hann var gerður aðgengilegur alþingismönnum í íslenskri þýðingu. Þingið hefur aldrei rætt málið með samninginn fyrirliggjandi í heild, hvað þá með hliðsjón af þeim fjölmörgu gerðum sem honum fylgja og við yrðum skuldbundin að.

Þessi geysiviðamiklu Schengen-málsskjöl, í tveimur þykkum möppum, voru send utanrmn. og allshn. þingsins sem trúnaðarmál um mánaðamótin janúar/febrúar í ár. Fróðlegt væri að vita hversu mikinn tíma nefndirnar hafa tekið sér til þess að ræða efni þeirra og fara yfir það. Þarna er m.a. um að ræða sameiginleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa, skrá yfir lönd sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, sameiginlega handbókin svokallaða, m.a. með ákvæðum er tengjast Schengen-upplýsingakerfinu SÍS, og SIRENE-handbókin svonefnda.

Formlegar samningaviðræður hafa ekki hafist, svo mér sé kunnugt, milli Evrópusambandsins og Íslands, og Noregs eftir atvikum, um áframhaldandi þátttöku í Schengen-samstarfinu eftir tilkomu Amsterdam-samningsins. Veruleg andstaða virðist vera til staðar af hálfu sumra ESB-ríkja við þær lausnir sem óformlega hafa verið til umræðu og m.a. eiga að losa Ísland undan því að lúta beint lögsögu Evrópudómstólsins svokallaða.

Hvað sem samningum líður mun Ísland ekki frekar en Noregur eiga hlutdeild í ákvörðunum um framkvæmd eða þróun Schengen-samstarfsins og verður að lúta niðurstöðu Evrópusambandsins eða hætta þátttöku í Schengen að öðrum kosti. Áætlanir um heildarkostnað Íslands vegna þátttöku í Schengen hafa ekki legið fyrir nema í brotum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn minni 16. apríl sl., á þskj. 1175. Enn er óljóst með kostnað vegna hlutdeildar í stækkun flugstöðvar í Keflavík, kostnað vegna stofnbúnaðar Schengen-upplýsingakerfisins, SIRENE-skrifstofu hérlendis og margra annarra þátta.

Framkvæmdir við fyrsta áfanga Flugstöðvarinnar í Keflavík eiga að hefjast í sumar og ljúka í ársbyrjun 2000. Áætlaður kostnaður er sagður um 1.100 millj. kr. Forsendur Schengen-þátttöku Íslands liggja enn ekki fyrir, en miklu hefur verð kostað til vegna hönnunarinnar einnar saman. Mörg atriði er varða afleiðingar af hugsanlegri Schengen-aðild Íslands eru óljós og óskýrð af hálfu stjórnvalda. Þar á meðal er hættan á auknum ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins.

Annað atriði sem ekki hefur verið upplýst er hvernig framkvæma eigi 3. gr. Schengen-samningsins að því er varðar sérstaka flokka skipasiglinga eins og skemmtisiglingar og strandveiðar en framkvæmdanefnd Schengen setur reglur þar að lútandi.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. verður ekki sakaður um áhugaleysi þegar kemur að því að binda Ísland við Schengen

og virðist ganga verulega fram úr Norðmönnum í því efni. Ég hef leyft mér af tilefni þessarar umræðu að bera fram við hæstv. utanrrh. spurningar varðandi málið í 12 tölusettum liðum og vænti þess að hann geti veitt svör við þeim hér þótt rammi þessarar umræðu sé vissulega allt of þröngur.

[11:19]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Það er e.t.v. nauðsynlegt að ræða form utandagskrárumræðunnar líka hér á Alþingi. Ég hef nýlega svarað skriflegri fyrirspurn frá hv. þm. Hann hefur síðan lagt á borð þingmanna fyrirspurn í 12 liðum sem hann ætlar mér að svara en hann hefur hins vegar notað tíma sinn í allt annað en þessar fyrirspurnir. En ég ætla samt að reyna að svara þeim í stuttu máli þó að það verði áreiðanlega ekki fullnægjandi, en ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst óeðlilega að þessu staðið. En það er vandsvarað á Alþingi því að ef maður segir ekki allt sem maður veit segir maður víst ósatt. Það er alla vega ekki hægt í þessu máli því eins og hv. þm. sagði, þá er þetta upp á fleiri hundruð blaðsíður. En það er skilgreining stjórnarandstöðunnar á Alþingi að ef ekki er allt sagt sem maður veit, þá er maður ósannindamaður.

Svar við 1. spurningunni: Ríkisstjórnin hefur ekki íhugað þann möguleika að Ísland hætti við fyrirætlanir um aðild að Schengen. Í Amsterdam-sáttmálanum er kveðið á um að Schengen-samstarfið skuli áfram byggjast á samstarfssamningnum frá 1996 og á þeim grunni er unnið.

2. Norræna vegabréfasambandið er einn af hornsteinum Norðurlandasamstarfsins og fyrirsjáanlegt er að það hefði lagst undir lok ef Ísland og Noregur hefðu staðið utan Schengen-samstarfsins. Auk þess eflir Schengen-samstarfið pólitísk tengsl Íslands við Norðurlöndin og önnur ESB-ríki.

3. Vonast er til að samkomulag innan ESB um grundvöll til samningaviðræðna við Ísland og Noreg um Schengen-samkomulagið komist á á næstu vikum.

4. Ríkisstjórnin mun ekki gerast aðili að samkomulagi sem brýtur gegn stjórnarskránni og ætti ekki að þurfa að segja það. Utanrrn. hefur látið vinna lögfræðilegt álit um Schengen-samstarfið og stjórnarskrána og við það verður stuðst í samningaviðræðunum.

5. Aðild að Schengen-samstarfinu felur í sér réttindi og skyldur eins og aðild að öllum milliríkjasamningum. Kostir og gallar aðildar voru metnir af ríkisstjórninni áður en farið var út í viðræður um aðild að Schengen og var það mat hennar að hag Íslands væri best borgið innan Schengen-samstarfsins.

6. Strandveiðar eru skilgreindar sem veiðar sem fram fara á skipi sem snýr hvern dag eða eftir nokkra daga til hafnar á Schengen-svæðinu án þess að koma til hafnar í þriðja ríki. Með þessum skipum þarf að öllu jöfnu ekki að hafa eftirlit á grunni Schengen. Þó skal það gert með svokölluðu skyndieftirliti ef landamæri þriðja ríkis eru nálægt en það á ekki við um Ísland.

7. Segja þarf upp samningum um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritunar við eftirtalin ríki ef Ísland gerist aðili að Schengen: Bahamaeyjar, Barbados, Botsvana, Dóminíka, Grenada, Jamaíka, Kíríbatí, Lesótó, Malaví, Salómonseyjar, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadín, Seychelleseyjar, Svasíland, Trínidad og Tóbagó og Túvalú.

8. Ríkisstjórnin hefur hvorki látið gera sérstaka úttekt á hættunni á misnotkun upplýsinga sem safnað verður um einstaklinga í Schengen-upplýsingakerfið né á vegum SIRENE-miðstöðvanna. Ástæðan er sú að mjög sterkar reglur eru um vernd persónuupplýsinga í Schengen-samningnum og mælir hann t.d. fyrir um lágmarksvernd samkvæmt Evrópusamningnum um vernd persónuupplýsinga.

9. Þar vil ég vísa í skriflegt svar dags. 16. apríl 1998, lið 7.

10. Vísa ég jafnframt í skriflegt svar dags. 16. apríl 1998, lið 10.

11. Við hönnun hefur þess verið gætt að þátttaka sé möguleg gerist Ísland aðili að Schengen-samstarfinu.

12. Íslenskir flugrekstraraðilar hafa verið jákvæðir í garð Schengen-aðildar í samtölum sínum við utanrrn. en hafa lagt áherslu á að Schengen-samstarfið muni hvorki leiða til aukins kostnaðar fyrir þá né tafa á flugumferð.

Herra forseti. Samningaviðræður um aðild okkar að Schengen eru ekki hafnar en ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að það skipti afar miklu máli fyrir Ísland að við verðum aðilar að þessu samstarfi á sama hátt og hin Norðurlöndin. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef það verður ekki, þá er Norræna vegabréfasambandið rofið með þeim afleiðingum sem það hefur á norrænt samstarf. Ég heyri það á hv. þm. að hann hefur engar áhyggjur af því. Á að skilja hann svo að flokkur hans allur og kannski hinn nýi sameinaði flokkur sé þeirrar skoðunar að við eigum ekki að gæta hagsmuna Íslands í þessu máli, eins og mér heyrist á hans málflutningi?

[11:24]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þær spurningar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fram og svör utanrrh. sýna glöggt hvað um stórt og margbrotið mál er að ræða sem er auðvitað ekki nokkur lifandis leið að ræða í hálftímaumræðu undir lok þingsins. Ég verð að harma það hversu þingið hefur gefið sér lítinn tíma til að fara ofan í þetta mál, þar með talin utanrmn. sem hefur fengið margvísleg gögn um málið. Við höfum ekki gefið okkur tíma til að fara ofan í álitsgerð tveggja lagaprófessora, sem við fengum í vetur, en þeir voru beðnir að vinna hana að ég held fyrir utanrrn. eða ríkisstjórnina. Ekki man ég glöggt hvernig það var.

Mjög margar spurningar vakna um þetta mál og í mínum huga er það einkum tvennt sem við þurfum að velta fyrir okkur. Það er annars vegar hvort norræna vegabréfasambandið vegi svo þungt að áframhaldandi aðild að því réttlæti þann kostnað sem Schengen-samkomulaginu mun fylgja. Þá vaknar sú spurning hver sá kostnaður verður og mér finnst mjög mikilvægt að fyrir liggi nokkuð nákvæmar áætlanir um það áður en menn ákveða endanlega að gerast aðilar að þessu samkomulagi, sem reyndar ýmis vandkvæði eru á eins og t.d. það hvort slíkt samkomulag mundi standast íslensku stjórnarskrána.

Þær spurningar hljóta líka að vakna miðað við reynslu okkar af því mikla aukna alþjóðasamstarfi sem við höfum gerst aðilar að, hvað þessi viðbót þýðir? Eru menn tilbúnir til að taka hana á sig í íslenska stjórnkerfinu? Ég fæ ekki betur séð en að stjórnkerfið eigi fullt í fangi með að fást við það sem við erum nú þegar með á okkar herðum. Þegar ég segi þetta er ég ekki síst að hugsa um það að ef við ætlum að taka að okkur að vera útverðir landamæra fyrir Evrópu, þá þurfum við heldur betur að taka okkur á hvað varðar eftirlit með innflutningi eiturlyfja. Það eru því mörg mjög stór mál sem þessu tengjast, hæstv. forseti, og ég hlýt að hvetja til

þess að utanrmn. og Alþingi yfir höfuð fari rækilega ofan í þessi mál áður en lengra verður haldið.

[11:27]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Það er ljóst að Schengen-samstarfinu fylgja gríðarlega umfangsmiklar og kostnaðarsamar skuldbindingar fyrir okkur Íslendinga ef af yrði. Það er ljóst að Íslendingar væru þarna að taka að sér landamæravörslu fyrir meginþorra ríkja Evrópusambandsins, væntanlega vel yfir 300 millj. manna sem búa á því svæði sem Schengen-samningurinn næði yfir og við þyrftum að leggja í gífurlega mikinn kostnað á Keflavíkurflugvelli við að byggja upp nýja farþegaaðstöðu sem er talin munu kosta milli 600–700 millj. kr. Þó að eitthvað af þeim kostnaði sé engu að síður óhjákvæmilegur er ljóst að meginhluti kostnaðarins er afleiðing af hugsanlegu Schengen-samstarfi. Vissulega verður tolleftirlit áfram gagnvart íbúum á Schengen-svæðinu en það er hins vegar ljóst af öllum staðreyndum málsins að hætta er á því að aðstaða til tolleftirlits muni verulega versna með þeim afleiðingum sem það gæti haft í för með sér.

Nú hefur Evrópusambandið yfirtekið Schengen-samninginn og ljóst er að upp er komið stjórnskipulegt klúður, að ekki sé meira sagt. Íslendingar eiga ekki aðild sem betur fer að Evrópusambandinu en Evrópusambandið ætlar að fara að stjórna framkvæmd þessa samnings og ég tel að nú sé því komið rétta tækifærið til þess fyrir okkur Íslendinga að snúa við af þeirri óheillabraut sem þarna hefur verið mörkuð og láta þetta Schengen-samstarf lönd og leið.

[11:29]

**Tómas Ingi Olrich:**

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að taka undir þau orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og hæstv. utanrrh. að svo skammur tími til umræðu um svo flókið mál er frekar óhentugt fyrirkomulag og vil ég hvetja til þess að þetta mál verði tekið til umræðu á annan hátt á þinginu en í hálftímaumræðu.

Ekki er hægt að neita því að tengsl okkar við Evrópusambandið eins og þau eru í dag og sú þróun sem hefur átt sér stað innan Norðurlandanna, að nokkur þeirra eru orðin aðilar að Evrópusambandinu á meðan Noregur og Ísland standa utan þess, gera samstarf Íslendinga á norrænum vettvangi erfiðari en verið hefur. Það er ekki síst með tilliti til þessa samstarfs sem Schengen-samstarfið er freistandi fyrir Íslendinga. Það er freistandi fyrir okkur að reyna á allan mögulegan hátt að efla tengsl okkar við Norðurlöndin og efla tengsl okkar við þau ekki síst sem málsvara ákveðinna hagsmuna innan Evrópusambandsins. Það hefur verið gert með því að breyta Norðurlandasamstarfinu mjög verulega en þetta tengist einnig umræðunni um samstarfssamninginn sem Ísland og Noregur hafa nú við Schengen-ríkin.

Mér finnst ástæða til að líta á þessi mál í utanrmn. Það liggja raunar mjög viðamikil gögn um þetta mál í nefndinni sem sérhverjum nefndarmanna er fært að skoða til að búa sig undir að þetta mál komi til kasta þingsins.

[11:31]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að mikilvægt sé að hún fari fram en auðvitað er hún í mjög knöppu formi þegar svona mikilvægt mál er annars vegar eins og ég vil meina að Schengen-samstarfið sé.

Við Íslendingar erum sjálfstæð þjóð á meðal þjóða og við þurfum að taka afstöðu til mála eins og þessa máls. Ég tel að við höfum þegar gert það. Ég tel að það hafi verið tekin sú ákvörðun að við tökum þátt í þessu samstarfi þó svo ekki hafi formlega verið hægt, því miður, að ganga frá því af hálfu Alþingis.

Við vitum að norræna vegabréfasambandið er staðreynd og það hefur heppnast ákaflega vel og það hefur verið okkur Íslendingum mjög mikilvægt. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir. Það getur verið auðvelt að koma hér upp eins hv. þm. Ragnar Arnalds gerði og segja bara sem svo að það eigi að láta þetta lönd og leið. Það er ósköp einfalt að segja það. En hverjar yrðu afleiðingarnar?

Í mínum huga er enginn vafi á því að afleiðingarnar yrðu mikil einangrun fyrir Ísland og allra alvarlegast að mínu mati er að það mundi þýða mikla einangrun frá hinum Norðurlöndunum sem liggur alveg fyrir í dag að munu verða með og munu taka þátt í þessu samstarfi. Þess vegna undrast ég að hv. þm. skuli geta komið hér upp og sagt bara si sona að við skulum láta þetta lönd og leið þegar svo stórt hagsmunamál sem varðar hagsmuni okkar Íslendinga á í hlut.

[11:33]

**Ragnar Arnalds:**

Herra forseti. Vegna orða seinasta hv. ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. e., sem undraðist það að ég skyldi taka þannig til orða í umræðunni áðan að við ættum að láta þetta Schengen-samstarf lönd og leið eftir þær upplýsingar sem nú liggja fyrir í málinu, þá vildi ég fyrst og fremst biðja hv. þm. og aðra þá sem eru að mæla með þessu samstarfi að koma hér í ræðustól og útskýra fyrir okkur þingmönnum hvaða stórkostlegu hagsmunir eru þarna í húfi að það sé tilvinnandi að fórna hundruð millj. kr. í stofnkostnað og síðan mjög verulegum upphæðum í rekstrarkostnað til þess að gæta landamæra fyrir óskyldan aðila, þ.e. Evrópusambandið, sem okkur ber engin skylda til að þjónusta eða sinna. Hvers vegna skyldum við fara að leggja á okkur kostnað upp á meira en hálfan milljarð hugsanlega og standa í umfangsmiklum samningum við Evrópusambandið um hvernig stjórn á þessu verði háttað þegar Evrópusambandið ætlar sjálft í reynd að stjórna þessu, samband sem við eigum enga aðild að?

Hér er talað um einangrun. Það er talað um að Íslendingar muni einangra sig. Á hvern hátt munu þeir einangra sig umfram það sem er í dag og hefur verið á undanförnum árum? Þó að ég þurfi að hafa passann með mér þegar ég fer til Danmerkur, er ég þá að einangra mig? Hvers konar orðanotkun er þetta? Ég fer aldrei til Norðurlandanna án þess að hafa passann með mér. Ég er viss um að það sama gildir um allan þorra Íslendinga vegna þess að við þurfum að nota passann þegar við erum að skipta gjaldeyri og til að sanna hver við erum, við tökum passann með okkur. Það er engin fyrirhöfn og engin einangrun sem felst í því að hafa passann með sér.

[11:36]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú er málið orðið allalvarlegt að mínu mati ef hv. þm. telur að þetta Schengen-samstarf gangi bara út á það hvort maður er með passann með sér eða ekki. Ég get fullvissað hann um það að ég fer alltaf með passann með mér. En þetta gengur ekki út á það. Þetta er miklu víðtækara samstarf en svo að hægt sé að setja málið fram á þennan hátt. Ef hv. þm. er ósammála mér um að norrænt samstarf skipti okkur miklu máli, þá er ég mjög hissa. Þetta gengur út á að viðhalda norrænu samstarfi og þetta gengur líka út á að auka samstarf við Evrópusambandið, sem ég er hlynnt. Þetta gengur ekki út á það að Evrópusambandið ætli að stjórna

þessu eitt. Það sem allar þessar viðræður ganga út á sem nú fara fram og eiga eftir að fara fram er hvernig Ísland og Noregur geti komið að málum þannig að þau lönd sem ekki eru í Evrópusambandinu komi að stjórnun sem varðar Schengen. Það tekur sinn tíma að finna lausn á því og þess vegna er málið því miður ekki komið lengra en raun ber vitni.

Ég vil bara ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel það þjóna hagsmunum Íslands að vera með en ég geri mér fulla grein fyrir því að það kostar ákveðna peninga og það er þannig með allt alþjóðasamstarf sem við tökum þátt í að það kostar einhverja peninga. Við Íslendingar höfum talið það skipta okkur það miklu máli sem lítið eyríki í Atlantshafi að fórna verði peningum, enda þegar allt kemur til alls, þá sé það okkur hagstætt og nauðsynlegt.

[11:38]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að svara fyrirspurnum mínum þó í knöppu formi sé. Ég hef fullan skilning á því sjónarmiði hæstv. ráðherra að óheppilegt sé að ræða svo viðamikið mál innan þess forms sem hér er gefið eins og margir þingmenn hafa bent á. Það er ekki mín sök. Ég hef auðvitað lagt áherslu á að fá miklu meiri tíma fyrir umræðu um þetta stóra mál.

Það kemur út af fyrir sig ekki mikið nýtt fram hjá hæstv. utanrrh. í svörum hans við fyrirspurnum mínum annað en það að stefna ríkisstjórnarinnar er óbreytt, samningaviðræður séu ekki hafnar og grundvöllurinn ekki fundinn. Upplýsingar um kostnað liggja ekki fyrir, hvorki stofnkostnað né rekstrarkostnað umfram það sem kom fram í skriflegu svari í apríl. Þetta virðist vera staðan.

Síðan koma þingmenn úr stjórnarliðinu eins og formaður þingflokks Framsfl. hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og leggja áherslu, eins og ráðherrann, á mikilvægi norræna vegabréfasambandsins. Þetta er ekki sambærilegt mál og norræna vegabréfasambandið. Það er hins vegar reynt að selja þetta stóra mál út á norræna vegabréfasambandið, og ég hvet hv. Alþingi hafi menn ekki kynnt sér þessi mál, þar á meðal undirgögnin sem liggja í utanrmn. og allshn. um 1.600 síður með fylgigögnum þessa samnings upp á 100 síður, að fara yfir málið. Hluti af þessu er hættan á misnotkun varðandi persónuvernd. Ég hef dreift á borð þingmanna, og hef fengið leyfi til þess, útdrætti eða úrklippu úr Bergens Tidende 30. maí þar sem rakið er hvernig brotin eru sjálf fyrirmæli samningsins varðandi persónuvernd og ekki fáist svar ár eftir ár við upplýsingum þessarar eftirlitsstofnunar sem hæstv. utanrrh. mælti svo mikið með eða taldi að væri svo tryggt.

Spurningin er nefnilega, virðulegur forseti, enn þá uppi í þessu máli sem Aftenposten varpaði fram um það leyti sem Íslendingar undirrituðu samstarfssamning við Schengen — pass union eller politistat? — vegabréfasamband eða lögregluríki? Það er spurningin um „virkið" Evrópu. Ætlum við að loka okkur þar af innan þessa ríkis með öllu því sem það kostar og þar er fórnað, einnig varðandi eftirlitsiðnaðinn sem þessu fylgir og tryggja á með margföldu tölvuskráningarkerfi.

[11:41]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég heyri að það er mjög mikilvægt að þingmenn kynni sér þetta mál miklu betur. Ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur kynnt sér þetta mál afar vel og er vel inni í því þó að ég sé ekki sammála hans skoðunum. En að því er varðar að við séum að taka að okkur eitthvert gífurlegt starf til að verja ytri landamæri Evrópusambandsins, þá tel ég það ekki vera rétt.

Það er hins vegar ljóst að þeir farþegar sem koma hér inn í landið eru þar með komnir inn á þetta svæði og þeir sem koma inn í önnur lönd hafa þá rétt til að koma til Íslands. Í þessu felast tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu að mínu mati og er það ekki einhvers virði fyrir Íslendinga að geta ferðast óhindrað til allra þessara landa? Er það ekki einhvers virði fyrir þá að þurfa ekki að kaupa sér dýr vegabréf svo að eitthvað sé nefnt. Já, menn hlæja að því, það þykir kannski allt í lagi fyrir fimm manna fjölskyldu sem er að fara til Spánar að borga yfir 20 þús. kr. fyrir vegabréfin. Það getur vel verið að til sé sú fjölskylda sem þykir það vera einhverjir peningar þó að einhverjum hv. þm. þyki það ekki. (**HG:** Það á að innleiða annars konar ...) En þannig er þetta nú. Jú, það verða önnur skilríki en það verða ekki jafndýr skilríki og verða skilríki sem menn nota eins og hver önnur skilríki. Allir þurfa að vera með einhver persónuskilríki þannig að í þessu felast miklir kostir. En auðvitað er aðalatriðið pólitísks eðlis. Viljum við halda áfram að starfa með Norðurlöndunum? Viljum við halda áfram að starfa með Evrópu? Það er stóra málið. Ég fullyrði að ef menn vilja það ekki, þá er það einangrunarstefna, og ég tek eftir því að enginn fulltrúi Alþfl. tekur þátt í þessari umræðu.

## *Tilhögun þingfundar.*

[11:44]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill lýsa tilhögun þingfunda í dag sem verður á eftirfarandi hátt:

Klukkan 13 verður gert hlé á þingfundi og stendur það til kl. 14 og gefst þá m.a. tími fyrir þingflokka að funda. Klukkan 14 verður fram haldið með dagskrárefni 139. fundar.

Klukkan 14.30 hefjast atkvæðagreiðslur um þau mál sem lokið hefur verið við á 139. fundi. Þá verður settur nýr þingfundur og á þeim fundi verða atkvæðagreiðslur samkvæmt boðaðri dagskrá.

Að loknum atkvæðagreiðslum um kl. 15.30 verður utandagskrárumræða um LÍN sem stendur í hálftíma. Málshefjandi er Svavar Gestsson og Björn Bjarnason menntmrh. verður til andsvara.

Klukkan 16.00 hefst utandagskrárumræða um heilbrigðismál sem stendur í klukkustund. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson og til andsvara verður Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

Að loknum utandagskrárumræðum um kl. 17 verður settur nýr þingfundur, sá þriðji sem fyrirhugaður er í dag, og verður þá haldið áfram með umræður um þau mál sem ólokið var á dagskrá fyrsta fundar.

Gert er ráð fyrir kvöldfundi.

***Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, síðari umr.***

Stjtill., 568. mál. — Þskj. 968, nál. 1268 og 1374.

[11:45]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1268 um till. til þál. um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands. Nál. þetta sem er stutt meiri hluta utanrmn. er undirritað af hv. þm. Geir H. Haarde, Tómasi Inga Olrich, Össuri Skarphéðinssyni, Siv Friðleifsdóttur, Árna R. Árnasyni, Gunnlaugi Sigmundssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Láru M. Ragnarsdóttur.

Herra forseti. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem haldinn var í júlí 1997 voru teknar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir um aðlögun bandalagsins að þeim nýju aðstæðum í öryggis- og varnarmálum Evrópu sem upp höfðu komið eftir hrun Sovétríkjanna, svo og um þróun bandalagsins í upphafi nýrrar aldar. Þessar ákvarðanir lúta að skipulagningu bandalagsins, innra skipulagi þess en auk þess var tekin ákvörðun um að bjóða þremur ríkjum, lýðveldunum Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Á ráðherrafundi bandalagsins sem haldinn var í Brussel 16. desember 1997 voru undirritaðir viðbótarsamningar um aðild ríkjanna þriggja. Stefnt er að því að fullgildingu samninganna verði lokið fyrir apríl 1999 þannig að aðild ríkjanna geti formlega tekið gildi á 50 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins en þess verður minnst á því ári.

Stækkun Atlantshafsbandalagsins styrkir varnarsamstarf lýðfrjálsra þjóða í Evrópu og verður til þess að fjölga þeim stoðum sem staðið hafa undir varnar- og öryggismálum álfunnar frá því að heimsstyrjöldinni síðari lauk. Með þessari útvíkkun bandalagsins ganga til liðs við NATO þrjár Evrópuþjóðir sem hafa sýnt það við aðdraganda málsins að þær eru reiðubúnar til að axla þá ábyrgð sem í þátttökunni felst. Það liggur fyrir að innganga þessara þjóða mun ekki draga úr trúverðugleika varnarbandalagsins. Þvert á móti mun hún styrkja bandalagið og auka vægi þess í evrópskum málefnum í framtíðinni.

Herra forseti. Það er einnig ljóst af viðræðum við þessar nýju bandalagsþjóðir að þeim hrýs ekki hugur við þeim útgjöldum sem aðild þeirra hefur í för með sér en þessi útgjöld eru nokkur. Þessar þjóðir líta svo á að þátttaka þeirra í Atlantshafsbandalaginu muni þegar til lengri tíma er litið draga stórlega úr kostnaði þeirra við varnarmál og þannig muni innganga þeirra í Atlantshafsbandalagið til lengri tíma litið verða til þess að styrkja efnahagslíf og bæta lífskjör í þessum nýju bandalagsríkjum sem öll gera sér grein fyrir því að þau þurfa á einhvern hátt að kosta miklu fé til öryggis- og varnarmála sinna.

Við skulum ekki gleyma því að allar hafa þessar þrjár þjóðir, Pólverjar, Ungverjar og Tékkar orðið að þola það í aldanna rás að vera milli steins og sleggju í átökum stórvelda um völd og áhrif í álfunni. Þessar þjóðir hafa allar sára og dýrkeypta reynslu af því hvað það þýðir að geta ekki tryggt varnir sínar. Margendurtekin skipting Póllands er táknræn fyrir örlög varnarlausra þjóða sem búa á krossgötum þar sem umlykja straumar hugmynda og hagsmuna. Munchensamningurinn stendur sem minnisvarði um örlög þjóða sem stórveldin nota sem skiptimynt til að kaupa sér stundarfrið.

Mörg nöfn hljóma kunnuglega í sögu stríðshrjáðrar Evrópu. Allt frá miðöldum til okkar daga hefur Mið-Evrópa verið á krossgötum valdabaráttu og átaka. Engan þarf því að undra að þessi þrjú ríki, Ungverjaland, Pólland og Tékkland sæki það mjög fast að finna varnar- og öryggismálum sínum farsælan farveg og traustari en verið hefur lengstum. En þó að stækkun Atlantshafsbandalagsins hafi mikið með hermál og varnarmál að gera, þá er þó umfram allt ljóst að útvíkkun NATO er stjórnmálalegur stórviðburður sem varpar skýru ljósi til beggja átta, annars vegar fram á veginn til þeirrar skipunar öryggismála sem mun einkenna 21. öldina en þessi stórviðburður varpar einnig ljósi aftur á bak til liðinna áratuga. Útvíkkun NATO er skýr og tvímælalaus vísbending um hvaða augum þær þjóðir sem í hálfa öld voru undir járnhæl kommúnismans líta þau samtök vestrænna þjóða sem við stuðningsmenn þessara samtaka kölluðum alla tíð varnarsamtök okkar en andstæðingar okkar á vinstri vængnum sáu sóma sinn í því að níða niður eftir því sem þeim var frekast fært og völdu til þess öll þau orðskrípi sem þeim var lagið.

Þegar þessar nýfrjálsu þjóðir hafa loksins heimild til þess að hafa skoðun á málinu og líta á Atlantshafsbandalagið sem varnarbandalag og tryggingu fyrir friði og öryggi og skipa sér í lið með lýðræðisþjóðunum velja þær inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Það er því skylda okkar að taka þessum þjóðum opnum örmum að því tilskildu að innganga þeirra í bandalagið verði því og þar með öllum bandalagsþjóðunum til styrktar og öryggismálum Evrópu til góðs. Um það hefur verið deilt hvort stækkun Atlantshafsbandalagsins geti leitt til þess að einangra þær þjóðir sem utan þess standa og þá einkum Rússa. Þess ber þá að geta að engin þjóð ræður meiru um einangrun Rússa en Rússar sjálfir. Það hefur ekki skort vilja hjá Atlantshafsbandalaginu til samstarfs við Rússa um öryggismál og hefur það samstarf þegar vakið verðskuldaða athygli og við það samstarf eru bundnar miklar vonir.

Þá ber ekki síður að skoða að öryggismál Evrópu hafa hvílt og hvíla á mörgum stoðum, ekki síst á þeim stoðum sem efnahagssamvinna Evrópuríkjanna myndar og þá fyrst Efnahagsbandalag Evrópu og síðar Evrópusambandið sem tók við af Efnahagsbandalaginu.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að þróun Evrópusambandsins hafi ekki síður og raunar enn fremur áhrif á það hvort Rússar einangrast en útvíkkun NATO. Þetta má marka af því að það bil sem nú er að skapast milli Rússlands og einnig Úkraínu og Hvíta-Rússlands er bil sem er fyrst og fremst efnahagslegs eðlis. Þetta bil verður ekki brúað nema með aukinni efnahagssamvinnu, auknum viðskiptum og bættum efnahag þessara þriggja ríkja. Það fer því mjög eftir innri þróun Evrópusambandsins hvort þessi efnahagssamvinna og auknu viðskipti verða meiri í framtíðinni eða hvort þau þróast minna en æskilegt er. Þess vegna hlýtur það að ráðast nokkuð af því hvaða áherslu Evrópusambandið leggur annars vegar á dýpkun síns samstarfs ellegar á útvíkkun Evrópusambandsins, hvort þær stoðir aðrar sem standa undir öryggissamvinnu Evrópu leiða til þess að Rússland einangrast í framtíðinni. Ég held að ekki sé ákjósanlegt að líta svo á að stækkun NATO sé gerð til höfuðs Rússum. Atlantshafsbandalagið hefur sýnt það og sannað með aðlögun sinni að nýjum aðstæðum og þá kannski ekki síst með friðarsamstarfinu og stofnun Evró-Atlantshafsfsamvinnuráðsins að það er til þess reiðubúið að efla tengslin við þær þjóðir sem standa utan bandalagsins og ekki má þá heldur gleyma því þegar þessi ríki eru nefnd, Úkraína og Rússland, að Atlantshafsbanda-

lagið hefur undirritað samstarfssamning við Úkraínu og auk þess var undirritaður samstarfssamningur um samstarfsráð Atlantshafsbandalagsins og Rússlands árið 1997. Það eru því öll verkfæri til til að efla samstarfið við þessar þjóðir og ekki vantar viljann til þess af hálfu Atlantshafsbandalagsins.

Herra forseti. Um leið og ég get þess að í nál. er fjallað ítarlega um með hvaða hætti utanrmn. hefur aflað sér upplýsinga um þetta mál, þá vil ég hvetja til þess að hér verði málefnalegar umræður um þetta mikilvæga skref sem nú er verið að stíga og við náum sem mestri samstöðu um það á þinginu að bjóða þessar þrjár þjóðir velkomnar í hóp þeirra ríkja sem mynda Atlantshafsbandalagið.

[11:57]

**Frsm. minni hluta utanrmn. (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það er orðinn nokkur tími síðan þessi tillaga var afgreidd frá utanrmn. en á þskj. 1374 hef ég sent frá mér nál. sem minni hluta utanrmn. en þar segir, með leyfi forseta:

Í framhaldi af miklu umróti og hræringum í Evrópu á níunda áratugnum, sem náðu hámarki í kringum 1990, ríkti veruleg bjartsýni um að kalda stríðinu væri lokið. Miklar væntingar voru um að við tækju bjartari tímar bæði í Evrópu og víðar um heim. Forsendur virtust hafa skapast til þess að sameina Evrópu og kasta fyrir róða skiptingu álfunnar í tvær meginblokkir. Margir töldu að í kjölfar þess að Varsjárbandalagið var lagt niður yrði ekki lengur þörf fyrir hernaðarbandalagið NATO, sem grundvallast á kjarnorkuvígbúnaði, heldur yrði þess í stað leitast við að þróa öryggiskerfi í Evrópu sem líklegt væri til að styrkja lýðræðisþróunina í Evrópu allri, ekki síst í ríkjum Austur-Evrópu.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á allri umræðu um öryggis- og friðarmál. Hugtakið öryggi hefur fengið víðari merkingu en áður og vísar nú ekki eingöngu til stjórnmálakerfis og hernaðarstyrks heldur, og ekki síður, til öryggis í umhverfismálum, félagslegs öryggis, efnahagslegs öryggis og fleiri þátta. Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á að skynsamlegt væri að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, yrði efld sem sameiginlegt friðar- og öryggisbandalag Evrópu þar sem allar þjóðir Evrópu ættu þátt í mótun og framkvæmd nýrrar stefnu í öryggis- og friðarmálum. Stefnu sem frá grunni byggðist á breyttu alþjóðlegu umhverfi og breyttum áherslum.

Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra telur brýnt að fjallað sé um stækkun Atlantshafsbandalagsins í víðu samhengi. Þær þjóðir sem lagt er til að fái inngöngu í NATO hafa vissulega sjálfar óskað eftir aðild og að sjálfsögðu ber að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Áhersla Austur-Evrópuþjóða á að efla tengsl sín við Vesturlönd er einnig skiljanleg í ljósi þeirra þrenginga sem þau hafa gengið í gegnum undanfarna áratugi. En val forsvarsmanna Atlantshafsbandalagsins á þeim þremur ríkjum sem lagt er til að fái inngöngu í NATO nú hlýtur þó að teljast umdeilanlegt. Mörg önnur ríki hefðu fremur, eða ekki síður, þurft á nánari tengslum við Vesturlönd að halda, m.a. Eystrasaltsríkin, en nú þegar heyrast þær raddir frá háttsettum talsmönnum NATO að þeim ríkjum liggi ekkert á.

Sú stækkun Atlantshafsbandalagsins sem nú er lögð til getur haft í för með sér vaxandi ófriðarhættu og skapað spennu, m.a. vegna afstöðu Rússa og nánustu grannríkja þeirra, og hætta er á nýrri skiptingu Evrópu í stað þess að stuðla að sameiningu Evrópu allrar með mótun nýrrar stefnu í þágu öryggis og friðar.

Þá blasir einnig við að hernaðarbandalagið NATO áskilur sér enn rétt til að beita að fyrra bragði kjarnorkuvopnum þrátt fyrir niðurstöðu dómstóla í Haag.

Því er ljóst að skipulag og starfsemi hernaðarbandalagsins byggist að hluta enn á forsendum og viðhorfum sem voru ríkjandi á tímum kalda stríðsins. Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra fellst ekki á að þessar forsendur eigi að ráða ferðinni við uppbyggingu öryggis- og friðarsamstarfs í sameinaðri Evrópu.

Virðulegi forseti. Með vísan til þessa mun ég, fulltrúi Alþb. og óháðra í utanrmn. sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

[12:01]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kýs að sitja hjá við afgreiðslu málsins og hefur lagt fram nál. sem er athyglisvert fyrir margra hluta sakir. Það fyrsta sem mig langar til að nefna í þessu nál. er að þingflokkur Alþb. og óháðra hefur lagt áherslu á að skynsamlegra væri að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, yrði efld sem sameiginlegt friðar- og öryggisbandalag Evrópu þar sem allar þjóðir Evrópu ættu þátt í mótun og framkvæmd nýrrar stefnu í öryggis- og friðarmálum.

Í raun er þetta á svipuðum nótum og rússnesk stjórnvöld hafa flutt mál sitt. Þau hafa verið því fylgjandi um alllangt skeið að ÖSE yrðu þau samtök þar sem fram færu umræður um öryggismál og varnarmál innan Evrópu. Þegar allt kemur til alls er ekkert því til fyrirstöðu að ÖSE verði eflt sem samstarfsvettvangur Evrópuþjóðanna. Það er mjög víður vettvangur. Þar koma mjög margar þjóðir að, miklu fleiri þjóðir en eiga aðild að NATO. ÖSE hefur reynst vera gagnlegur vettvangur fyrir samstarf Evrópuþjóðanna um öryggismál.

Það að efla ÖSE hefur mjög lítið með það að gera, hvort NATO verður eflt eða ekki. Það að efla NATO brýtur ekkert í bága við það að efla ÖSE. Þessar stofnanir eru allt annars eðlis. ÖSE hefur ekki með nein hermál að gera, getur ekki skorist í leikinn eins og NATO hefur gert, t.d. í Júgóslavíu, og hefur engin tök á því að taka á sig þær skuldbindingar sem NATO hefur tekið á sig. ÖSE hefur því ekki möguleika á því að byggja upp öryggis- og varnarmál eins og NATO hefur gert. Þarna er ekki andstaða á milli tveggja stofnana. Það verður bara að undirstrika það að þessar stofnanir eru ólíkar og ÖSE getur ekki komið í staðinn fyrir NATO.

Annað vil ég einnig nefna í sambandi við þetta nál. Það er ákveðin innri mótsögn í því. Hér er að vísu viðurkennt að virða beri sjálfsákvörðunarrétt þjóða, sem ég hélt að væri augljóst mál, en síðan er gagnrýnt val forsvarsmanna Atlantshafsbandalagsins á þeim þremur ríkjum sem lagt er til að fái inngöngu í NATO og það val talið umdeilanlegt. Bent er á að önnur ríki hefðu fremur og ekki síður þurft á nánari tengslum við Vesturlönd að halda, m.a. Eystrasaltsríkin. Með öðrum orðum er hér sagt að lýðræðisríki þurfi á þeim tengslum við Vesturlönd að halda sem fólgin eru í aðild að NATO og þar eru Eystrasaltsríkin nefnd sérstaklega, en í hinum fræðunum er sagt að stækkun Atlantshafsbandalagsins geti haft í för með sér vaxandi ófriðarhættu og skapað spennu. Menn verða að gera það upp við sig hvort þeir telja að lýðræðisríkjum Evrópu sé í raun og veru tryggt skjól með aðildinni að NATO eða hvort aðild að NATO leiði af sér vaxandi ófriðarhættu

og spennu. Svona misvísandi málflutningur er ekki til þess að auðvelda skilning á afstöðu þingmannsins.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram vegna þess að mér finnst að þetta kalla á skýringar.

[12:05]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir ýmislegt sem fram kemur í nál. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og þá ekki síst þar sem vikið er að því að margt í stefnu Atlantshafsbandalagsins á rætur að rekja til kalda stríðsins og m.a. hefur Atlantshafsbandalagið ekki verið reiðubúið til þess að falla frá þeirri stefnu sinni að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Ég hygg samt, hæstv. forseti, að hér þurfi að greina á milli, annars vegar þess hvort aðildarríkið Ísland fellst á að fleiri ríki gerist aðilar að NATO og svo hins hver stefnan innan bandalagsins er. Eins og fram kemur í nál. er þar auðvitað um sjálfsákvörðunarrétt þjóða að ræða, hvort þau vilja gerast aðilar að þessu bandalagi.

Það er alveg ljóst að flest ríki sem töldust til Austur-Evrópu eða austurblokkarinnar óska þess mjög eindregið nú, nema kannski Rússland, að gerast aðilar að NATO og Evrópusambandinu. Manni finnst stundum að þau álíti að þarna sé um einhvers konar frelsun að ræða.

Mig langar að koma hér á framfæri reynslu minni af því að fylgjast með því sem gerðist í Evrópuráðinu á síðasta kjörtímabili þegar Austur-Evrópuþjóðirnar voru að koma inn og við m.a. upplifðum það á fundi í Finnlandi vorið 1991 að Júgóslavía sprakk í sundur. Áhrif þess sýndu sig greinilega á þeim fundi. Þeir sem þar höfðu verið sem fulltrúar fyrir ríkið Júgóslavíu vissu allt í einu ekki hverjir þeir voru eða hvers fulltrúar þeir væru. Það var mjög fróðlegt á tímaskeiðinu sem á eftir fylgdi að ræða við fulltrúa Austur-Evrópuríkjanna, fyrst og fremst þingmennina sem voru að koma þarna inn, og sjá að þeir töldu það uppreisn æru fyrir þessar þjóðir að fá aðild að Evrópuráðinu. Það var athyglisvert að heyra hve mikil áhersla var lögð á áframhaldandi aðild, það að stíga fleiri skref og verða aðilar að ýmiss konar samstarfi Evrópuríkja til þess hreinlega að losna undan hálfrar aldar martröð og skynja sig á ný sem Evrópuþjóð en ekki hluta af einhverri blokk þar sem þær fengu engu ráðið. Því finnst mér að við eigum að virða óskir þessara þjóða og að það sé sjálfsagt mál, ef þær óska eftir aðild að NATO, að þau fái hana ef þau uppfylla þau skilyrði sem sett eru.

Eins og hér hefur komið fram þá er þetta auðvitað ekki vandalaust. Það stafar af afstöðu Rússa og þeim miklu vandræðum sem þeir eru í. Það tengist auðvitað því að sögulega telja þeir hluta af Austur-Evrópu vera sitt land, hvort sem þar eru nú sjálfstæð ríki eður ei. Þeir hafa auðvitað beitt sér alveg sérstaklega gegn aðild Eystrasaltsríkjanna. Ég tel það m.a. vegna þess að þeir eru ekki búnir að sætta sig við að Eystrasaltsríkin, sem öldum saman voru ýmist hluti af þeirra ríki eða reyndar öðrum en mjög lengi hluti af keisaradæminu Rússlandi, eiga erfitt með að sætta sig við að þeir hafi þennan sjálfstæða rétt.

Enn er ríkjandi ákveðin spenna gagnvart NATO sem ég held þó að dragi sífellt úr, samanber það mikla samstarf og vaxandi samstarf sem NATO á við Rússland. Mér segir því svo hugur um, ef ekki gerist eitthvað í Rússlandi sem gerir þeim erfiðara fyrir og ef þeir komast út úr sínum miklu efnahagserfiðleikum þá muni þeir sjálfir komast inn í þetta samstarf áður en langt um líður. Það er annað mál en sjálf hernaðarstefnan, hún er vissulega gagnrýniverð.

Ég heyrði það í fréttum núna um helgina að nú eigi að setjast yfir þessa hernaðarstefnu, enda er hún orðin algerlega úrelt miðað við þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað. Evrópumenn hljóta beina sjónum sínum meira að því sem er að gerast utan Evrópu heldur en innan. Eins og utanríkisráðherra Svía sem hér var í heimsókn fyrir nokkrum dögum sagði, þá sjá Svíar ekki neinar hernaðarlegar ógnir í kringum sig. Staðan er sú að hernaðarógn í Evrópu er engin, sem betur fer, ef litið er fram hjá þeim átökum sem eiga sér stað á Balkanskaga. Það eru hins vegar aðrar ógnir uppi, ekki síst ógnir sem steðja að umhverfinu og af þessu meira og minna ónýta kjarnorkudrasli sem m.a. liggur í höfnum í Rússlandi og á hafsbotni. Mannkyninu öllu stafar auðvitað stórkostleg hætta af því.

Ég var nýlega að lesa heilmikla úttekt í tímaritinu Time þar sem reynt er að gera grein fyrir því hvað sé fram undan í stjórnmálum heimsins. Eitt af því sem menn benda á að verði viðfangsefni næstu aldar eru andstæður milli alþjóðavæðingarinnar annars vegar og hins vegar vaxandi þjóðernishyggju. Hvort sem á að telja það þjóðernishyggju eða eitthvað annað þá er vaxandi gengi bókstafstrúarmanna ein af þeim hættum sem heimurinn allur þarf að beina sjónum að. Í þessum greinaflokki kom fram að núna eru yfir 60 hópar bókstafstrúaðra múslima sem grípa til ýmiss konar hernaðaraðgerða, beita sprengjum og alls konar aðferðum sem við höfum reyndar orðið vitni að á undanförnum árum og ástæða er til að beina sjónum að betur en menn hafa gert hingað til. Það tekur hins vegar langan tíma að breyta stofnunum eins og Atlantshafsbandalaginu og menn eru auðvitað fastir í fortíðinni en þarna hlýtur að þurfa breytingar.

Ég gekk margar göngurnar á árum áður til þess að mótmæla þessu bandalagi og eins og ég nefni hér er margt í stefnu þess sem ég get ekki fellt mig við. Ég tel þó að menn hljóti að þurfa að efla samvinnu og hvað sem öllu líður þurfum við að vera vakandi yfir öryggi okkar og okkar álfu, hvernig sem menn fara að því. Samvinnan er auðvitað besta leiðin til þess. Því lít ég þannig á, hæstv. forseti, að greina þurfi á milli hinnar innri stefnu og svo þess hvernig við lítum á óskir einstakra þjóða um að gerast aðilar að þessu samstarfi. Því fleiri þjóðir sem gerast aðilar, því minni er hætta á togstreitu innan Evrópu.

Ég er ekki sammála þeirri leið sem bent er á í nál. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um að efla eigi ÖSE. Ég verð að segja eins og er að af þeim kynnum sem ég hef haft af því starfi öllu og bandalagi, þá hef ég haft heldur lítið álit á því. Mér finnst óþarft að koma sífellt á fót nýjum stofnunum til þess að sinna sömu verkefnunum. Það er löngu orðið tímabært að þær stofnanir sem við erum aðilar að setjist við að skoða þá miklu skörun sem á sér stað í verkefnum. Þá fjármuni sem varið er til allra þessara stofnana væri hægt að nýta miklu betur ef menn reyndu að skera niður og vinna saman í stað þess að búa alltaf til nýjar stofnanir.

Að mínum dómi eigum við fyrst og fremst að beina sjónum að Sameinuðu þjóðunum, efla þær og gera þær færar um að tryggja öryggi íbúa alls heimsins.

Enn og aftur, hæstv. forseti, tek ég fram að öryggi jarðarbúa er fyrst og fremst ógnað af þeim hættum sem steðja að umhverfi okkar. Við skulum heldur ekki gleyma ýmsum öðrum þáttum eins og öfgahópum og þeim sem grípa til örþrifaráða. Við skulum heldur ekki gleyma því að upp geta komið pólitískar aðstæður, eins og núna eru milli Indlands og Pakistans, sem allt í einu geta hleypt vígbúnaðarkapphlaup-

inu af stað. Þá gerist það með nýjum formerkjum og á nýjum stöðum í heiminum. Hér er því margt að athuga, hæstv. forseti, en eins og fram hefur komið, styð ég að þessum þremur ríkjum verði veitt aðild að Atlantshafsbandalaginu.

[12:17]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og ég fagna þeim stuðningi sem komið hefur fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, þá vil ég gera aðeins stutta athugasemd við það sem kom fram í máli hv. þm.

Hv. þm. taldi að sá réttur sem NATO áskilur sér að beita að fyrra bragði í kjarnorkuvopnum sé hluti af fortíðinni, hluti af kalda stríðinu. Við þessu er ekkert annað að segja en það að Atlantshafsbandalagið verður að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að mikið kjarnorkuveldi er í austri þar sem stjórnmálaástandið er afar valt og viðkvæmt og lítið þarf út af að bregða til að þar rísi upp valdhafar sem hafa allt annað á könnunni en að vinna að auknum friði og styrktu öryggi í Evrópu. Einnig má geta þess að þær þjóðir Atlantshafsbandalagsins sem búa syðst í álfunni hafa vaxandi áhyggjur af „fundamentalisma" múhameðstrúarmanna. Eins og komið hefur í ljós á síðustu dögum er sá tæknilegi þröskuldur ekki lengur hjá mörgum þjóðum að eignast kjarnorkuvopn eins og áður var. Þess má geta að þegar þjóðir eins og Indland og Pakistan eru farin að framleiða kjarnorkuvopn, þá er einnig möguleiki á að þau selji slík vopn.

Í öðru lagi langar mig til að benda á að þessi geopólitíska staða, að Rússar telji Austur-Evrópu eða Mið-Evrópu vera sitt land og hafi seilst þess vegna til áhrifa í Evrópu er að sjálfsögðu alveg hárrétt hjá hv. þm. en það er í sjálfu sér ekki hægt að sætta sig við það að svo sé. Þess vegna hef ég alltaf lagt áherslu á að þjóðir Evrópusambandsins þurfi að leggja megináherslu á efnahagslegt samstarf við Rússa til að draga úr þessum geopólitísku hugleiðingum sem lengi hafa stjórnað utanríkisstefnu Rússa, raunar meira en eina öld, ef ekki lengur má telja.

[12:20]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þetta síðasta sem fram kom hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að Eystrasaltsríkin eru sjálfstæð ríki og hafa að sjálfsögðu sinn rétt. Rússar hafa ekkert neitunarvald gagnvart þeim. Það er hins vegar skynsamlegt pólitískt séð að fara hægt í sakirnar og stíga skrefin hægt og rólega. Því að eins og við höfum oft komið inn á eru þetta miklar breytingar og Rússar eiga afar erfitt bæði pólitískt, og mér liggur við að segja andlega og efnahagslega því að þeir eiga erfitt með að sætta sig við þá stöðu að vera í raun og veru orðnir ríki sem á í mjög miklum efnahagslegum erfiðleikum. Þetta eiga þeir erfitt með að sætta sig við, enda spretta upp ýmiss konar öfgahópar hjá þeim eins og öðrum.

Hvað varðar kjarnorkuvopnin, þá vil ég aðeins ítreka þá skoðun mína að það má aldrei beita kjarnorkuvopnum, aldrei. Það hefur einu sinni verið gert í sögunni með hörmulegum afleiðingum. Það vita allir hvílíkar gífurlegar hættur og hvílík gífurleg eyðing og eyðilegging, ekki til nokkurra ára heldur áratuga og jafnvel árhundruða og þúsunda getur fylgt beitingu kjarnorkuvopna. Sú stefna er því óásættanleg. Við höfum ekki tíma til að fara út í þá gömlu umræðu um fælingarmátt og fleira slíkt en að mínum dómi verða menn að fara aðrar leiðir, hvort sem við erum að ræða um Indland og Pakistan eða Rússa. Það má aldrei beita kjarnorkuvopnum.

[12:22]

**Hjörleifur Guttormsson:**

*Virðulegur forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við fyrri umr.* þess ef ég man rétt og lýsti viðhorfum mínum þá og ég skal ekki taka langan tíma til að fara yfir sviðið þótt af nógu sé að taka.

Hér liggja fyrir tvö álit frá hv. utanrmn. um málið og stendur formaður Alþb. að minnihlutaáliti en fulltrúar annarra þingflokka standa að áliti meiri hluta nefndarinnar að því er virðist án fyrirvara. Ég tel að það skref sem verið er að stíga með stækkun NATO sé mjög ófarsælt skref og liggja fyrir því mjög margar ástæður sem oft hafa verið ræddar á Alþingi m.a. af okkur þingmönnum Alþb. í sambandi við umræður um utanríkismál. Það sem er efst í huga mínum í þessum efnum er það sem í þeirri ákvörðun felst, þ.e. að færa yfirráðasvæði hernaðarbandalagsins NATO enn austar *í álfuna en verið hefur og þrengja enn frekar að þeim sem* eru austan við þá markalínu og hætta er á að þar komi upp endurreist járntjald í einu eða öðru formi. Þó að það verði vafalaust ekki með sömu formerkjum og hið gamla járntjald, þá kann það engu að síður að verða til þess að viðhalda og auka spennu í álfunni.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að fara allt aðra leið í sambandi við öryggismál álfunnar eftir að breytingin mikla varð á landakortum og stjórnmálasviði álfunnar í kringum 1990. Þá hefðu menn átt að nota tækifærið til að draga úr spennu með því að leggja af Atlantshafsbandalagið í þeirri mynd sem það þá var í stað þess að endurreisa það í rauninni og leitast við að efla það sem hernaðarbandalag og bjóða fleiri ríkjum þar til þátttöku. Það er auðvitað umræðunnar vert hvað ætti að taka við. *Menn þekkja viðleitni innan* Evrópusambandsins til að gera Vestur-Evrópusambandið að hernaðararmi þess og hugsanlega leiðir það til þess innan tíðar að Evrópusambandið verði sjálfstæðara í utanríkispólitík sinni eins og það raunar stefnir að og hefur verið að gera samþykktir um ítrekað á ríkjaráðstefnum 1992 og aftur í Amsterdam í fyrra þar sem greinilega er mikill áhugi á og stefnt að því að Vestur-Evrópusambandið verði hernaðararmur þessa væntanlega evrópska stóra sambandsríkis. Til hvers það leiðir í samskiptum við Atlantshafsbandalagið skal ósagt látið en það mun vafalítið draga úr áhuga ýmissa þeirra sem nú styðja NATO-aðildina. Afstaða Frakka hefur lengi verið þekkt í þessu sambandi þar sem þeir hafa ýmist verið með hangandi hendi aðilar í Atlantshafsbandalaginu eða dregið sig afgerandi út úr hernaðarþætti þess eins og menn þekkja.

Með þessari útvíkkun til austurs sem boðuð er sem aðeins fyrsta skref af frekari útfærslu Atlantshafsbandalagsins í austurátt er m.a. verið að koma í veg fyrir þann möguleika sem að mínu mati var afar mikilvægur ef hann hefði gengið fram, þ.e. að stía kjarnorkuveldunum sundur í Evrópu, stía sundur kjarnorkuveldinu Rússlandi og ríkjunum í Vestur-Evrópu sem búa yfir kjarnorkuvopnum með kjarnorkuvopnalausu belti, kjarnorkuvopnalausu svæði um álfuna þvera frá Norðurlöndum suður úr. Það er hörmulegt til þess að vita að sá möguleiki skuli ekki hafa komið meira inn í umræður um mál og orðið ofan á sem leið til að draga úr spennu í álfunni.

*Ég er alveg sammála þeim áherslum sem hér hafa komið* fram m.a. frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur varðandi

kjarnorkuvopnin og ég býst við að margir taki undir það að þeim eigi ekki að beita. Hitt er þó staðreynd að Atlantshafsbandalagið er kjarnorkuveldi sem áskilur sér rétt til beitingar kjarnorkuvopna að fyrra bragði og hefur ekkert dregið úr þeirri áherslu sinni þrátt fyrir gerbreytt viðhorf í sambandi við óvininn sem var á dögum kalda stríðsins. Þessi staðreynd er eitt af því sem segir mönnum á skýran hátt hvers eðlis Atlantshafsbandalagið er þrátt fyrir alla viðleitni til að telja mönnum trú um að það sé aðallega vörður friðar og frelsis eins og gjarnan er haft á orði. Þetta er kjarnorkuvopnabandalag sem byggir allar sínar meginhernaðaráætlanir á kjarnorkuvígbúnaði og áskilur sér réttinn til að beita honum að fyrra bragði. Svo einfalt er það. Það er undir þessa kjarnorkuregnhlíf sem verið er að bjóða þeim þremur ríkjum sem hér eru til umræðu, Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi og látið að því liggja að fleiri eigi eftir að fylgja.

Auðvitað vona allir hugsandi menn að ekki komi til kjarnorkustyrjaldar. En skemmst er að minnast atburða sem vekja menn til umhugsunar á ný um stöðu þessara mála og hv. formaður utanrmn. kom að í máli sínu, þær tilraunasprengingar og sú kjarnorkustigmögnun sem orðið hefur á Indlandsskaga, sem við köllum svo, milli Indlands og Pakistans, og sýnir okkur þá viðleitni sem kjarnorkuveldin höfðu uppi með tiltölulega lélegri siðferðilegri stöðu að segja öðrum að þau mættu ekki eignast þessi voðalegu vopn og hafa þau auðvitað reynt að þrýsta á það.

Við Íslendingar höfum tekið undir það að vegna ógnarinnar er það mjög mikið áhyggjuefni þegar þessi geigvænlegu vopn fara í fleiri hendur og færast yfir á svæði þar sem veruleg spenna og ófriðarhætta ríkir eins og á Indlandsskaga. Það er auðvitað stórfellt áhyggjuefni. Hér er engan veginn komið að neinum endapunkti á þessu. Það eru mörg ríki sem þegar ráða yfir kjarnorkuvopnum þótt þau hafi ekki stundað tilraunasprengingar svo vitað sé en búa yfir þeirri tækni og hafa að líkindum kjarnorkuvopn undir höndum. Vitað er um Ísrael svo dæmi sé tekið. Suður-Afríka er á leiðinni, ef ekki þegar orðið kjarnorkuveldi og svo mætti lengi telja. Um Suður-Afríku vil ég þó ekki fullyrða en örugglega var sú ríkisstjórn sem þar ríkti í skjóli hins hvíta minni hluta komin á leið að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Ég vil þá nefna, virðulegur forseti, að stuðningurinn við þessa útfærslu NATO til austurs er engan veginn sá sem látið er að liggja í hinni almennu umræðu og af þeim sem ræða málin sem stuðningsaðilar þeirrar útvíkkunar á Alþingi Íslendinga. Fyrir það fyrsta má nefna að þátttakan í atkvæðagreiðslum um þessa NATO-aðild var mjög takmörkuð í ríkjunum þremur, misjafnlega mikil en í rauninni stendur þar að baki í sumum þessara ríkja verulegur minni hluti atkvæðisbærra manna. Það var með miklum þrýstingi má ég fullyrða — þetta er nú eftir minni sagt, virðulegur forseti — að Ungverjar rétt mörðu það að ná meiri hluta, þ.e. þátttöku, 51% í atkvæðagreiðslunni og af þeim 51% voru $^{4}/_{5}$ sem greiddu jáatkvæði. Þetta bara sýnir það sem dæmi. Svipað var uppi varðandi Tékkóslóvakíu en um Pólland vil ég ekki fullyrða. Ég hef ekki farið yfir tölur þar en þetta ættum við að hafa hugfast um leið og við áttum okkur á því hvert aðalhreyfiafl þessara óska er af hálfu ríkisstjórna þessara landa, og vil ég þó ætla að það sé ekki allt saman hugsað af þeim sjálfum heldur hafi hugmyndinni og tilboðunum verið komið allrækilega á framfæri við þessa aðila. Ég þori að fullyrða og hef lesið það eftir málsmetandi mönnum sem fjalla um alþjóðamál að það hafi verið býsna langt frá því að þeir sem ruddu núverandi stjórnarháttum og lýðfrelsi braut í Póllandi og Tékkóslóvakíu, menn eins og Vaclav Havel í Tékkóslóvakíu og aðrir slíkir, voru ekki með það á dagskrá 1990–1991 að lönd þeirra yrðu aðilar að NATO. Það er í rauninni fyrst eftir að það skýrist að NATO ætlar sér öfluga framhaldstilveru sem þessi mál komu á dagskrá og þeir aðilar sem þjóðarleiðtogar gerast talsmenn þess að verða þar aðilar, bæði Lech Valesa og Vaclav Havel.

Síðan er þess að geta að það eru ekki eingöngu vinstri menn á Vesturlöndum sem vara við þessari þróun. Þess gætir víða hinum megin í hinu pólitíska litrófi og nægir þar að nefna harðar deilur á Bandaríkjaþingi í sambandi við málið. Ekki voru það vinstri sjónarmið sem þar var talað fyrir og þar réðu ferðinni og svipað má segja um viðhorf á þjóðþingum ýmissa landa í Vestur-Evrópu þar sem viðhorfin voru engan veginn einhlít, langt frá því, t.d. í Þýskalandi þar sem þekkt er hvernig Græningjaflokkurinn stóð að málum og ályktaði á flokksþingi sínu að því er Atlantshafsbandalagið varðaði. Var það ýmsum umræðuefni og talið hafa áhrif á möguleika þess sem sækir mest eftir kanslaraembættinu, Gerhards Schröders, til að geta stuðst við þennan flokk ef til ríkisstjórnarmyndunar kæmi af hans hálfu.

Þetta nefni ég, virðulegur forseti, vegna þess að því er ekki mikið til haga haldið að það er langt frá því að einhver samhljóma kór standi að þessu í NATO-ríkjunum og það sé eingöngu bundið við vinstri menn á þingum landanna.

Þá vil ég nefna, virðulegur forseti, kostnaðinn í sambandi við þetta. Það geri ég ekki vegna þess að ég hafi þar eitthvað sérstakt fram að færa, einhverjar nákvæmari tölur en uppi hafa verið. Það eru hreinar ágiskanir sem menn hafa verið með í þessum efnum, mig minnir að 1,5 milljarðar Bandaríkjadala eða 1.400 millj. Bandaríkjadala hafi verið nefndar sem lágmarkstala sem er hins vegar tífalt lægri en aðrar áætlanir sem fram voru reiddar í þessu máli báru með sér. En ég vil benda á að fjármunum sem varið er í þessu skyni til að hervæða væntanleg aðildarríki og gera þau stofuhæf í þessum klúbbi Atlantshafsbandalagsins verða ekki notaðir til annarrar uppbyggingar öryggismála eða í efnahagsskyni eða til úrbóta í umhverfismálum. Hér er verið að sóa fjármunum að mínu mati mjög óskynsamlega til hernaðaruppbyggingar á vegum NATO-ríkjanna og eiga Íslendingar m.a. að leggja í það púkk. Þessi meðferð fjármuna er því raunaleg og hefði þurft að beinast í allt, allt aðrar áttir.

Margt hefur verið sagt um þessi mál m.a. í íslenskum dagblöðum. Ég las af athygli grein sem birtist í Morgunblaðinu 3. apríl sl. undir fyrirsögninni Stækkun NATO í austurátt, eftir blaðamann sem heitir Ásgeir Sverrisson þar sem um þetta efni er fjallað og mér finnst margt athyglisvert í þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Þar er vakin athygli á því að þessi stækkun marki tímamót og hún geti haft verulegar afleiðingar og ekki allar í þá átt sem látið er í veðri vaka af þeim sem ræða málin hér á landi. Ég ætla ekki að vitna í langa kafla, þó að ástæða væri til, úr þessari grein en leyfi mér þó, með leyfi forseta, að grípa niður í henni. Þar segir m.a.:

„Stækkunin markar algjör vatnaskil í sögu NATO og mun hafa víðtækar afleiðingar í för með sér. Og ekki verða þær allar jákvæðar. Nú þegar sjást þess merki að Rússar hyggist láta andstöðu sína við þessa áætlun í ljós í verki. Hin góða samvinna Bandaríkjamanna og Rússa á vettvangi alþjóðamála, sem einkenndi fyrstu árin eftir lok kalda stríðsins, heyrir nú sögunni til. Þessa hafa sést merki í Mið-Austurlöndum

og nú síðast í Kosovo-deilunni þar sem Rússar hafa tekið málstað trúbræðra sinna í Serbíu. Rússar hyggjast alls ekki taka stækkun NATO þegjandi.

Þeim rökum var beitt að stækkunin til austurs væri réttlætanleg þar sem það væri yfirlýstur vilji þessara þriggja þjóða að ganga í bandalagið. Eðlilegt væri að sá þjóðarvilji yrði virtur auk þess sem aldrei mætti fela Rússum neitunarvald í málefnum NATO. Sú spurning vaknar hvort þessi sömu rök muni heyrast þegar Eystrasaltsríkin þrjú taka á ný að þrýsta á um aðild. Haldi menn að Rússar muni sætta sig við inngöngu þessara ríkja er það mikil og jafnvel hættuleg óskhyggja. Hættan er því sú að Eystrasaltsríkin þrjú verði enn á ný skilin eftir líkt og gerðist í Helsinki-sáttmálanum 1975 og skipting Evrópu verði aftur staðfest, heldur austar að þessu sinni. Erfitt mun reynast að verja þá afstöðu enda telja Eystrasaltsþjóðirnar að þær hafi verið sviknar í Helsinki.

Þrátt fyrir fullyrðingar um að stækkun NATO beinist ekki gegn Rússum" segir Ásgeir Sverrisson enn fremur í þessari grein „blasir við að vilji ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu til að ganga í bandalagið er til kominn sökum ótta við að Rússar muni á ný ógna öryggi þeirra. Söguleg og sálfræðileg rök virðast hafa vegið þyngst. Rússneski herinn, þetta mikla þjóðarstolt, hefur mátt þola algjöra niðurlægingu á undanförnum árum. Þessi hervél er nú ófær um að ógna alvarlega öryggi nágrannaríkjanna. Hygðust Rússar hrinda af stað stórsókn til vesturs tæki slíkur undirbúningur nú marga mánuði og Vesturlönd gætu auðveldlega brugðist við þess háttar ógnun. Engin herfræðileg rök mæla sérstaklega með stækkun NATO til austurs."

Hér segir síðan enn fremur:

„Sagan sýnir að stöðugleiki í Evrópu er best tryggður með þátttöku Rússa en ekki útskúfun þeirra. Rússland tilheyrir í raun tveimur heimum, er evró-asískt landveldi og hin dýpri pólitísku átök þar hafa jafnan snúist um hvort halla beri sér til vesturs eða austurs. Útvíkkun NATO kann því að hafa mikil og langvarandi pólitísk áhrif í Rússlandi og getur sú þróun þegar til lengdar lætur orðið vesturlandamönnum lítt að skapi."

Ég læt þessa tilvitnun nægja í hina athyglisverðu grein og tek undir mörg þeirra sjónarmiða sem þar koma fram.

Ég vek líka athygli, virðulegur forseti, á ummælum sem koma fram í frétt í Morgunblaðinu 28. mars sl. þar sem fréttastofa í Eistlandi, sem kallast Baltic Highlights á ensku, fjallar um Íslandsheimsókn utanríkisráðherra Eistlands hingað til lands og fyrirsögnin er: Takmark Eista um NATO-aðild aldrei fjarlægara.

Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Horfur Eistlands á að nálgast takmarkið um aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) hafa ekki batnað með nýafstaðinni Íslandsheimsókn utanríkisráðherra Eistlands, Toomasar Hendriks Ilves."

Síðar í greininni segir:

„Meðal almennings í Eistlandi og ekki síður stjórnmálamanna landsins eru tengdar sérstakar vonir við stuðning Íslands.

Jafnvel þótt aðild að ESB þyki eftirsóknarverð, einnig í öryggispólitísku tilliti, er NATO-aðild draumurinn. En hún er draumur, sem strax á fyrstu mánuðum þessa árs er farinn að taka á sig drætti svo óraunsæs draums, að hann líkist því sem kalla mætti „martröð við Eystrasalt".

Þessi þróun varð umheiminum fyrst ljós fyrir alvöru með undirritun öryggissáttmála Eystrasaltsríkjanna og Bandaríkjanna í janúar og með leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins. Vissulega er tekið fram í sáttmálanum að Bandaríkin styðji áfram aðild Eystrasaltslandanna að NATO. En í honum er enn fremur sérstaklega kveðið á um „lögmæta öryggishagsmuni Rússlands á Eystrasaltssvæðinu." — Þetta er í tilvitnun í sáttmálann að því er virðist „lögmæta öryggishagsmuni Rússlands á Eystrasaltssvæðinu". — „Margir álíta sáttmálann því greinilegra tilboð um öryggissamstarf við Rússa en Eystrasaltsþjóðirnar."

Virðulegur forseti. Þessi dæmi sem ég vitna til og þau sjónarmið sem þar koma fram falla í þá átt sem mér sýnist að þróunin stefni. Ég geri ráð fyrir að þessi útvíkkun NATO núna verði ekki léttilega endurtekin, og alveg sérstaklega að því er varðar viðhorf í NATO-ríkjunum sjálfum. Og ég geri ráð fyrir að það verði þrautin þyngri í raun að koma upp einhverju bærilegu öryggiskerfi í álfunni eftir þá ófarsælu ákvörðun að mínu mati að færa NATO til austurs með því tilboði sem hér er óskað eftir staðfestingu á á Alþingi Íslendinga. Ég óttast að menn séu að fórna möguleikum til að ná saman um allt aðrar og vænlegri lausnir í öryggismálum álfunnar og að menn séu í rauninni með flumbrugangi að fara út á braut sem ekki er hugsuð til enda og geti átt eftir að verða til mikilla vandræða og erfiðleika fyrir utan þau viðbrögð sem auðvitað er alveg ljóst að uppi eru innan Rússlands og geta átt eftir að hafa þar, bara þessi ákvörðun ein út af fyrir sig getur orðið lóð á pólitíska vogarskál þarlendis sem ekki er í þá átt sem æskilegt væri til styrkingar bærilegs lýðræðis og stöðugleika í því stóra ríki. Ég tel einnig af þeim sökum að þessi gjörningur sem verið er að leggja til að Alþingi staðfesti sé óvænleg ráðstöfun svo maður noti nú hversdagslegt orð um annars mjög stórt og heldur skuggalegt málefni.

[12:46]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ýmislegt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er athyglisvert og gæti kallað á frekari spurningar. Örfá atriði langar mig til að minnast á hér.

Hv. þm. sagði að það væri ófarsælt skref að færa yfirráðasvæði hernaðarbandalags til austurs. Við þetta er það að athuga að hér er þingmaðurinn að nota hugtök með þeim hætti að það minnir á liðna tíð. NATO hefur ekki yfirráðasvæði. Munurinn á NATO og Varsjárbandalaginu var á sínum tíma sá að Varsjárbandalagið hafði yfirráðasvæði þar sem þjóðirnar voru seldar undir ákvarðanir sem teknar voru í Moskvu. Þannig greip Varsjárbandalagið inn í innanríkismál hvað eftir annað meðal bandalagsríkja Varsjárbandalagsins.

NATO hefur ekki yfirráðasvæði. Það er sameiginlegt varnarsvæði með sameiginlegum skuldbindingum og það er allt annars eðlis.

Það er alveg rétt að á vettvangi rússneskra stjórnvalda hafa komið fram hótanir um viðbrögð en það er ekki nýtt af nálinni. Slíkum hótunum hefur oft verið beitt og það má segja að það sé mikil hefð fyrir slíkum hótunum af hálfu yfirvalda í Moskvu. Það hefur yfirleitt sýnt sig að það er ekki skynsamlegt að láta undan slíkum hótunum. Það er líka fullkomlega eðlilegt að menn spyrji sig og hv. þm. svari því: Hve langt ganga lögmætir öryggishagsmunir Rússa? Munu Rússar sætta sig við að þær þjóðir sem næst þeim byggja njóti þess réttar að reka sjálfstæða utanríkisstefnu? Eru það lögmætir öryggishagsmunir Rússa að neita þessum

þjóðum um þann sjálfsagða rétt að reka sjálfstæða utanríkismálastefnu? Við skulum minnast þess hvernig samskipti Finna og Rússa fóru fram áratugum saman þegar talað var um svokallaða Finnlandiseríngu Rússa á utanríkismálastefnu Finnlands. Um annað get ég ekki sagt. Spádómsgáfa Ásgeirs Sverrissonar er eflaust ágæt og ýmislegt um það að segja. Framlag til umræðunnar er gott þó að ég deili ekki skoðunum hans.

[12:48]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið sem lesa mátti út úr orðum formanns utanrmn. áðan, að menn ættu ekki að nota orðalag fyrri tíma eða kalda stríðsins. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Mér finnst að það sé þrátt fyrir allt það sem liggur allt of mikið að baki þeirri hugsun sem hér er verið að útfæra í reynd. Ég tel það hugsunarhátt frá þeim tíma. Menn hafi ekki megnað að rífa sig upp úr hjólförunum og huga að öryggismálum álfunnar út frá nýjum forsendum og leita annarra lausna en þeirra sem veruleg hætta er á að leiði til aukinnar spennu og marki skil á milli austurs og vesturs um Evrópu þvera. Hvar þau nákvæmlega liggi skal ég ekki fullyrða um en margt bendir til þess að vesturveldin treysti sér ekki til þess að bjóða þjóðum eins og Eystrasaltsríkjunum undir kjarnorkuregnhlífina og ætla ég ekki að eyða frekari orðum í það.

Um eðlismun Varsjárbandalagsins og Atlantshafsbandalagsins mætti margt segja. Ég vil benda á, virðulegur forseti, að hernaðarvél Atlantshafsbandalagsins gekk býsna langt í því að taka sér vald, að vísu með stuðningi mjög hliðhollra stjórnmálamanna. Ég læt nægja að vísa til þess sem gerðist hjá nágrönnum okkar á Grænlandi í kjarnorkumálum á sínum tíma. Hið alvarlega er auðvitað kjarnorkuvígbúnaðarkerfið sem er lykillinn að hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins nú sem fyrr og ekkert dregið í land með réttinn til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði.

[12:51]

**Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson að því hvaða afstöðu hann taki til þingmálsins. Ætlar hann að greiða atkvæði með, á móti eða sitja hjá?

[12:51]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér skilst að atkvæðagreiðsla um þetta mál verði síðar í vikunni og ég mun þá svara þeirri spurningu hér í atkvæðagreiðslu. En vegna þess að hv. þm. kom hér upp, þá vil ég aðeins víkja frekar að spurningu sem mér vannst ekki tími til að svara áðan. Hv. þm. bar fram spurninguna: Hversu langt ganga öryggishagsmunir Rússa? Eiga þeir að neita eða eiga þeir að ráða í þeim efnum? Þessari spurningu geri ég ráð fyrir að ég sé ekki fær um að svara frekar en hv. þm. Hér er auðvitað um að ræða samspil margra þátta þar sem Íslendingar koma ekki mikið við sögu við matið. Það er annarra að leggja á það mat.

Þó er dagljóst að þau skref sem tekin eru í nágrannaríki kalla óhjákvæmilega á viðbrögð hinum megin landamæra. Það er vel þekkt. Síðasta dæmið eru þeir hörmulegu atburðir sem við fáum fregnir af frá Indlandsskaga nú síðustu daga í sambandi við kjarnorkuvopnatilraunir. Auðvitað verða menn að skoða málin í slíku samhengi. Ég ætla bara að vona að menn þurfi ekki að standa í þeim sporum sem reynt var að setja menn í í almennri umræðu hér á landi, að þeir væru hallir undir hagsmuni þessa eða hins stórveldisins. Íslendingar eiga að meta sína stöðu út frá eigin hagsmunum og auðvitað varast það eins og heitan eldinn að ganga hagsmuna stórvelda, sumra langt í burtu.

[12:53]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta mál var rætt nokkuð ítarlega við fyrri umr. Þar lét ég sjónarmið mín í ljós. Engu að síður tel ég rétt að undirstrika þau enn frekar hér þó í stuttu máli sé.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir framsögu hans fyrir því meirihlutaáliti sem hér er til umræðu. Það er mikið fagnaðarefni að stækkun Atlantshafsbandalagsins í austurátt sé loks að hefjast. Árum saman hefur bandalagið stuðlað að auknum og bættum samskiptum við ríki Mið- og Austur-Evrópu, þar með talið Rússland og Úkraínu. Samstarf bandalagsins við þau ríki hefur þróast vonum framar.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað vil ég taka undir með hv. formanni utanrmn. er hann lýsir undrun á málflutningi og afstöðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur fyrir hönd Alþb. og óháðra. Það ber að undirstrika að þau þrjú ríki sem hér um ræðir, sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu sem frjáls ríki og hafa sótt það fast í mörg undanfarin ár. Varla getur það dulist fyrir hv. þm. hvers vegna þessi ríki leggja svo ríka áherslu á að fá þessar óskir sínar uppfylltar.

Ég vil líka undirstrika það að NATO er varnarbandalag og raunar friðarbandalag, svo mjög sem þeir hafa beitt sér fyrir auknum friði og stöðugleika í Evrópu. Atlantshafsbandalagið er vörður friðar og frelsis.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hélt nokkuð sérstaka ræðu og talaði um að stækkun NATO mundi hafa í för með sér m.a. endurreist járntjald. Hann taldi það viðhalda og jafnvel auka spennu í álfunni. Hann vildi fara allt aðra leið. Hann vildi bara leggja niður NATO og þá yrði stöðugleikinn væntanlega tryggður og öryggið aukið enn frekar. Þingmaðurinn hefur áður látið sínar skoðanir varðandi Atlantshafsbandalagið skýrt í ljós. Þar kemur ekkert á óvart en ég er auðvitað algerlega ósammála málflutningi hans og vil að það komi skýrt fram.

Virðulegi forseti. Alls sækjast nú 12 ríki eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þessi ríki telja aðild að bandalaginu öðru fremur geta tryggt öryggi sitt, stuðlað að stöðugleika í álfunni, stutt við bakið á þróun lýðræðis og eflingu mannréttinda. Bandalagið er eina stofnunin í evrópskum öryggismálum sem reynst hefur fær um að koma á og viðhalda friði í Bosníu-Hersegovínu, enda er Atlantshafsbandalagið helsti vettvangur náinnar samvinnu ríkja Evrópu og Norður-Ameríku í öryggis- og varnarmálum. Atlantshafsbandalagið bindur saman hagsmuni Evrópu og Norður-Ameríku og á vettvangi bandalagsins mynda stjórnvöld þessara ríkja náin tengsl sem leggja ber áherslu á að viðhalda og rækta.

Sem formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins langar mig til að geta þess að öll viðkomandi ríki hafa nú árum saman haft aukaaðild að þinginu. Hið sama má raunar segja um Rússland, Úkraínu og Hvíta-Rússland þótt fulltrúar þess síðastnefnda hafi ekki átt þess kost að taka þátt í störfum þingsins síðan lýðræðislega þjóðkjörið þjóðþing landsins var sent heim hér um árið. Ég tel að þessi tengsl hafi m.a. orðið til að efla gagnkvæmt traust, ekki síst hvað varðar Rússland og Úkraínu. Því kom það ekki á óvart að í þeim samstarfssamningum sem Atlantshafsbandalagið hefur

nýverið gert við Rússland og Úkraínu var þess sérstaklega farið á leit, við Norður-Atlantshafsþingið, að það stuðlaði áfram að nánum samskiptum við þjóðþing viðkomandi ríkja og jafnvel að það efldi þau enn frekar.

Eins og ég hef áður látið koma fram höfum við á vettvangi Norður-Atlantshafsþingsins ítrekað tekið þátt í að álykta með stækkun Atlantshafsbandalagsins í austurátt. Þar hafa sumir raunar viljað stíga stærri skref en aðrir en Íslandsdeildin hefur lagt áherslu á að fara varlega, að ekki mætti færast of mikið í fang í senn, heldur bæri að fara með gát að stækkun. Bandalagið þarf svigrúm til að laga sig að auknum fjölda aðildarríkja. Með því að fara varlega í sakirnar verður hægara um vik en ella að halda stækkun bandalagsins áfram.

Á leiðtogafundi bandalagsins í júlí sl. var skýrt tekið fram að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar lýðræðisríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Eystrasaltsríkin voru m.a. nefnd sérstaklega í yfirlýsingu fundarins. Þess má einnig geta að á nýafstöðnum vorfundi Norður-Atlantshafsþingsins voru stækkunarmálin rædd ítarlega og lögð áhersla á öflug samskipti við rússneska þingið. Rússar hafa raunar verið hafðir með í ráðum á ótal mörgum sviðum, m.a. hefur þeim verið tilkynnt fyrir fram um allar æfingar NATO og boðin þátttaka.

Á þessu vorþingi var raunar aðeins einn rússneskur þingmaður sem eitthvað heyrðist í, það var Zhírínovskí nokkur sem okkur Íslendingum er vel kunnugur. Þessi þingmaður talaði í hótunartóni en ég varð ekki vör við að nokkur tæki hann alvarlega. Hitt er svo aftur annað mál að stórkarlalegar yfirlýsingar kalla á athygli fjölmiðla.

Virðulegi forseti. Í Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi hefur á fáeinum árum tekist að þróa stöðugt lýðræði. Þar hafa gífurlegar umbætur átt sér stað. Það er eindregin ósk þessara ríkja að fá aðild að bandalaginu. Þau telja það tryggja öryggi sitt og stuðla að öryggi og stöðugleika í álfunni allri. Ég legg áherslu á að mikilvægi þess að aðildarsamningar Póllands, Tékklands og Ungverjalands að Atlantshafsbandalaginu verði samþykktir og fagna því að stækkun bandalagsins til austurs sé nú loks að verða að veruleika.

[Fundarhlé. — 13:00]

[14:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég tók þátt í fyrri umr. um þetta mál. Ég var þá fyrsti talsmaður Alþb. og óháðra í þeirri umræðu og gerði grein fyrir viðhorfum okkar í þessu máli. Ég hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við það að bæta. Síðan hafa hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Hjörleifur Guttormsson farið yfir málin í umræðunum í dag. Út af fyrir sig er því öllum efnisatriðum haldið til haga af okkar hálfu sem þingflokks í þessu máli. Eins og fram hefur komið kemur afstaða okkar til tillögunnar fram þegar atkvæði verða greidd.

Það sem ég hefði kannski viljað leggja áherslu á í þessu máli er að fjöldamargir aðilar m.a. þeir sem kallaðir eru lýðræðissinnar eða lýðræðisöfl í Austur-Evrópu óttast að stækkun NATO muni á ný ýta undir spennu í austurhluta Evrópu. Þeir segja ekki endilega að nýtt járntjald muni rísa en segja að spenna geti skapast á nýjan leik, vígbúnaðarkapphlaup hefjist aftur og hættan vaxi á því að þjóðirnar í Austur-Evrópu þurfi að eyða stórauknum fjármunum til hernaðaruppbyggingar, m.a. til þess að endurnýja vígbúnað sinn þar sem tækin þar eru léleg.

Aðrir halda því fram að þetta mundi jafnvel spara vegna þess að þessi floti yrði allur samhæfður og því yrðu í rauninni minni útgjöld þegar upp væri staðið. Menn geta svo sem sagt það líka en þar stendur fullyrðing gegn fullyrðingu. Alla vega held ég að menn hljóti að vera sammála um að sem minnstu ætti að þurfa að verja í vígbúnaðaruppbyggingu í Austur-Evrópu miðað við hið efnahagslega ástand og þau hræðilegu lífskjör sem þar eru.

Ég var svo heppinn að fá tækifæri til þess ásamt nokkrum öðrum þingmönnum að heimsækja vesturhluta Síberíu fyrir nokkrum vikum. Við komum á bakaleiðinni við í Moskvu, stoppuðum þar um stund. Það var alveg hræðileg upplifun að sjá betlarafylkingarnar á götunum í Moskvu. Það er meira en ég hef nokkru sinni áður séð og hef ég þó í huga t.d. borgir í Afríku sem ég hef heimsótt. Það gengur manni hjarta nær að sjá þau ósköp og vakti mig m.a. til umhugsunar það sem við höfum verið að tala um í sambandi við þetta mál við fyrri umræðu málsins.

Þeir sem ég lít á sem lýðræðissinna í Austur-Evrópu og eru annars ágætir menn, aðallega er það nú það sem kallað er intelligensía stundum og Guðmundur J. kallaði gáfumannafélagið, sem var ekki mjög gott heiti á því að vísu. Það er alls konar fólk sem hefur lagt fyrir sig greiningu á vanda Rússlands í fjölmiðlum og víðar, með greinaskrifum. Þetta fólk segist óttast að það að taka ákvörðun um stækkun NATO geti líka þrengt að lýðræðisþróuninni í Austur-Evrópu, þ.e. Rússlandi, og það finnst mér líka vera áhyggjuefni.

Að öllu þessu samanlögðu á ég satt að segja afar erfitt með að setja mig í þær stellingar að standa að þeirri niðurstöðu sem hér er gerð tillaga um. Ég hef tekið eftir því og ég met mikils það að þær þjóðir sem þarna er um að ræða, þó að það hafi verið knappur meiri hluti og léleg atkvæðagreiðsla, vilja gjarnan þetta samflot. Þar með er ég ekki í raun og veru að hneigja mig fyrir sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Ég hefði ekki viljað nota það orð heldur er ég að tala um að ég er að hneigja mig fyrir þeirra vilja. Ég met hann mikils og ég skil bakgrunn þess vilja mjög vel, m.a. vegna þess að ég var svo gæfusamur að gista þarna eystra um nokkurra mánaða skeið á árunum 1967–1968 fyrir nákvæmlega 30 árum.

Með reynsluheim minn í huga og þau kynni sem ég hef af þessum hlutum, eftir að hafa fylgst með þessum málum og lesið um þau, m.a. sem blaðamaður, þá mundi ég eiga erfitt með að slá á þann áhuga sem fram kemur hjá þessum þjóðum, á því að gerast aðilar að þessu bandalagi. Ég lýsi þó áhyggjunum engu síður og hef gert það hér. Ég gerði það við fyrri umr. Með því er ég ekki að segja að Rússar eigi að ráða þessu. Ég er ekki að tala um það. Ég vil ekki að þeir ráði þessu. Ég vil ekki að þeir ráði ferðinni. Ég vil að við ráðum henni sjálf og metum hlutina út frá aðstæðum hver í sínu landi, hver með sínum hætti, en mér finnst að það eigi að hlusta á Rússa. Þeir eiga virðingu skilið eins og aðrir sem tala á alþjóðlegum vettvangi.

Að lokum vil ég segja það að mér finnst það kostur við umræðuna í dag að hún er allt öðruvísi heldur en stundum hefur verið í umræðu um utanríkismál. Menn hafa aðeins lyft sér upp úr þessum gömlu skotgröfum. Mér finnst það fagnaðarefni, þó ég hafi raunar séð örla á þessari fortíð aðeins í framsöguræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich, að í grófum dráttum hefur mér fundist umræðan málefnaleg. Ég tel enga ástæðu til að bæta frekar við hana af minni hálfu en vildi halda því til haga að ég ber ugg í brjósti um leið og ég viðurkenni og skil aðstæður þeirra þjóða sem hér er verið að fjalla sérstaklega um.

[14:08]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er ekki einfalt og snertir marga þætti sem vissulega hefur verið komið inn á í umræðu um málið. Það fjallar nefnilega ekki einvörðungu um stækkun Atlantshafsbandalagsins sem slíka heldur er það ekki síður liður í sjálfstæðisbaráttu þeirra þjóða sem hér hafa sótt um aðild að bandalaginu.

Þessar þjóðir hafa allar lagt á það mikla áherslu að umsóknir þeirra í Atlantshafsbandalagið verði samþykktar. Segja má að sú afstaða eigi sér að nokkru leyti uppruna í sögu þessara þjóða og á hvern hátt þær hafa leitast við að bindast vestrænum ríkjum sem vissulega hefur verið liður í þeirra sjálfstæðisbaráttu.

Í mínum huga snýst þetta mál einmitt um sjálfsákvörðunarrétt þessara þjóða. Mér finnst það skipta miklu máli að þær hafa óskað eftir aðild að bandalaginu. Jafnvel þó að rökræða megi um þátttökuna í atkvæðagreiðslum í þessum löndum, þá skiptir mestu að niðurstaðan er sú að þessar þjóðir hafa eindregið óskað eftir því að komast inn í Atlantshafsbandalagið. Í hugum þess fólks sem þar býr skiptir niðurstaðan mjög miklu máli. Ég benti einnig á þetta í umræðum um utanríkismál fyrr í vetur og þar lýsti ég þessari skoðun minni að mér fyndist það vera mjög stór röksemd fyrir því að styðja þetta mál, að þarna er um að ræða lið í sjálfsákvörðun þjóðanna sjálfra.

Gífurlegar breytingar hafa átt sér stað í Evrópu á síðustu árum og þær hafa líka haft það í för með sér að innan NATO eða Atlantshafsbandalagsins hefur verið rætt um nýjar leiðir. Stefnumótun bandalagsins hefur verið tekin til ítarlegrar skoðunar og það hefur breytt ásýnd bandalagsins töluvert frá því sem hún var. Hvernig sem við lítum svo á þessar breytingar, hvernig sem við túlkum þær og hvað sem okkur kann að finnast um þær, þá eru rökin um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna hvað sterkust við afgreiðslu þessa máls. Vilji fólksins sem byggir þessi lönd hefur mjög mikla þýðingu í þessum efnum og vegur því mjög þungt við afgreiðslu málsins. Þess vegna tel ég rétt að styðja málið eins og það kemur fyrir þingið. Ég minni á það að við erum að taka afstöðu til þessarar þáltill. eins og hún kemur fyrir þingið og ég tel rétt að styðja hana eins og hún kemur fyrir, ekki síst og í raun og veru helst á þeim grundvelli að þarna er um að ræða vilja þeirra þjóða sem sótt hafa um. Ég tel mjög mikilvægt að taka mið af þeim vilja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:12]

**Útbýting þingskjals:**

Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, 465. mál, brtt. 2. minni hluta umhvn., þskj. 1465.

## *Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, síðari umr.*

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 1046, nál. 1351.

[14:14]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998. Hér er um að ræða samning sem leitað er heimildar Alþingis til staðfestingar á. Samningurinn var fyrst undirritaður í október 1997. Nefndin hefur farið yfir þennan samning og fengið á fund sinn utanrrh., ráðuneytisstjóra utanrrn., ráðuneytisstjóra sjútvrn. og Jóhann Sigurjónsson sendiherra ásamt fleiri embættismönnum.

Rétt er að geta þess að hv. sjútvn. Alþingis fékk málið til umfjöllunar og hefur hún mælt með samningnum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara nánar yfir þennan samning hér en mæli með því að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, síðari umr.*

Stjtill., 614. mál. — Þskj. 1045, nál. 1304, brtt. 1380.

[14:15]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Samkvæmt samningi þessum er færeyskum nótaskipum heimilt að veiða allt að 15 þúsund lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu janúar til apríl 1998. Aðilar munu semja fyrir 1. júlí 1998 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 1998 til apríl 1999. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða og þá er einnig gert ráð fyrir að landa afla til vinnslu á Íslandi en óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu 1. janúar til apríl 1998 um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Þá er einnig í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl, sem er um 300 lestum meira en árið 1997, og á 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Sjútvn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og mælir nefndin með samþykkt tillögunnar.

Herra forseti. Ég vil geta þess að í texta þáltill. hefur slæðst villa þar sem sagt er að staðfesta beri samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997 og flytur sá sem hér stendur brtt. við till. til þál. um staðfestingu samningsins milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998 eins og sér á þskj. 1380. Ég mæli með að þessi þáltill. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framlag til þróunarsamvinnu, síðari umr.*

Þáltill. SJS og MF, 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1302.

[14:19]

**Frsm. utanrmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um aukið framlag til þróunarsamvinnu. Í nál. segir:

Málið er endurflutt frá síðasta þingi og þá barst umsögn frá Þróunarsamvinnustofnun.

Á undanförnum árum hefur talsverð umræða orðið um aukin framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu. Þrátt fyrir að ekki hafi verið fylgt eftir sem skyldi þeim markmiðum sem sett voru í ályktun Alþingis frá árinu 1985 hefur þróunaraðstoð og samvinna aukist jafnt og þétt. Skemmst er að minnast þess að á þessu ári verður hafinn rekstur Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og 22. apríl sl. samþykkti Alþingi aðild Íslands að Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnuninni. Á síðasta ári, 16. apríl, skilaði Jónas H. Haralz skýrslu um þróunarsamvinnu Íslands. Skýrslan var unnin á vegum utanríkisráðuneytisins í samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Markmið hennar er að veita stjórnvöldum yfirsýn yfir stöðu, hlutverk og árangur íslenskrar þróunarsamvinnu í ljósi alþjóðlegrar reynslu og þar með auðvelda þeim að marka stefnu og haga framkvæmdum í þróunarmálum.

Stefnumörkun í þróunarmálum fer nú fram á vegum stjórnvalda og mun utanríkismálanefnd fjalla ítarlega um niðurstöður þeirrar vinnu þegar þær liggja fyrir. Í ljósi þess leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, síðari umr.*

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 1048, nál. 1303.

[14:21]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan lögsögu ríkjanna.

Samkvæmt samningnum er grænlenskum nótaskipum heimilt að veiða í efnahagslögsögu Íslands allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands á loðnuvertíð þeirri sem lýkur 30. apríl 1998.

Á móti verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu úr þeim kvóta, sem kemur í hlut Grænlands, á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1998. Þá verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af heildarkvóta Íslands í tilraunaskyni í fiskveiðilögsögu Grænlands sunnan 64°30'N, en samkvæmt loðnusamningnum eru loðnuveiðar íslenskra skipa óheimilar á því svæði.

Ákvæði um veiðar grænlenskra skipa í íslenskri lögsögu samkvæmt þessum samningi eru samhljóða ákvæðum í samningi aðila frá 20. febrúar 1997.

Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og leggur til að tillagan verði samþykkt. Rétt er að geta þess að sjútvn. hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, síðari umr.*

Stjtill., 621. mál. — Þskj. 1066, nál. 1301.

[14:23]

**Frsm. utanrmn. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fullgildingu samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Þáltill. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem undirritaður var í París 17. desember 1997."

Þetta mál hefur komið til umfjöllunar í utanrmn. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund hæstv. utanrrh. og einnig ráðuneytisstjóra utanrrn., Helga Ágústsson, og Hjálmar Hannesson skrifstofustjóra og Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmrn., ásamt Tómasi H. Heiðar, sem er starfsmaður utanrrn.

Í nefndarstarfinu kom fram að með fullgildingu þessa samnings skuldbindur Ísland sig til þess að setja í löggjöf sína ákvæði sem gera það refsivert að bjóða erlendum opinberum starfsmönnum mútur í þeim tilgangi að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Meðal annars þarf að útvíkka refsilögsögu ríkisins þannig að hún nái yfir þau brot sem samningurinn fjallar um því að skv. 2. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, verða íslenskir ríkisborgarar ekki framseldir til annarra ríkja og breytir fullgilding þessa samnings, sem hér er verið að fjalla um og vísa til, að sjálfsögðu engu þar um.

Utanrmn. taldi mikilvægt að gera nauðsynlegar lagabreytingar í kjölfar þess að Ísland gerðist aðili að þessum samningi og væntir nefndin þess að þær lagabreytingar verði gerðar hið allra fyrsta.

Málið hefur verið rætt í utanrmn. og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Íslenskt sendiráð í Japan, síðari umr.*

Þáltill. HG o.fl., 94. mál. — Þskj. 94, nál. 1311.

[14:26]

**Frsm. utanrmn. (Margrét Frímannsdóttir):**

Virðulegi forseti. Á þskj. 94 er till. til þál. um íslenskt sendiráð í Japan, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir flytja. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998."

Tillaga sama efnis var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Jóni Helgasyni og Kristínu Einarsdóttur þar sem gerð var grein fyrir, eins og reyndar í greinargerð með tillögunni núna, að nauðsynlegt væri fyrir Íslendinga að mati flutningsmanna að opna sendiráð í Japan. Þrátt fyrir að 1995 hafi verið opnað sendiráð í Kína eru veigamikil rök fyrir því í dag að hagsmunatengslum Íslendinga við Japan, sem sífellt eru að aukast, verði fylgt eftir með því að opna sendiráð í Japan.

Í greinargerðinni kemur m.a. fram að verðmæti útflutnings til Japans á árinu 1995 námu rúmlega 13 milljörðum kr. eða 11,3% af heildarútflutningi Íslendinga. Tillaga þessi er eitt af fyrstu málunum sem lögð var fyrir þetta þing og kom til utanrmn. sem skilaði eftirfarandi nál., með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um tillöguna.

Á síðasta ári skipaði utanríkisráðherra nefnd til að fjalla um málefni utanríkisþjónustunnar og áttu sæti í henni m.a. fjórir nefndarmenn í utanríkismálanefnd. Hlutverk hennar var að kanna hvernig utanríkisþjónustu Íslendinga yrði best hagað með tilliti til alþjóðavæðingar undanfarinna ára, í stjórnmálum, viðskiptum og menningarmálum. Nefndin skilað áliti í lok mars sl. og er í því fjallað ítarlega um hvernig Íslendingar geti tryggt hagsmuni sína í margþættara og að mörgu leyti erfiðara alþjóðaumhverfi. Nefnd utanríkisráðherra leggur meðal annars til að hagsmunagæsla erlendis verði styrkt með opnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada.

Þar sem efni tillögunnar er í samræmi við niðurstöðu nefndar ráðherra leggur utanríkismálanefnd til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál., sem dags. er 28. apríl, rita auk mín hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Siv Friðleifsdóttir, Árni R. Árnason, Gunnlaugur Sigmundsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Vilhjálmur Egilsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:30]

***Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 1998, frh. síðari umr.***

Stjtill., 614. mál. — Þskj. 1045, nál. 1304, brtt. 1380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Brtt. 1380 samþ. með 46 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, LB, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1469).

***Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998, frh. síðari umr.***

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 1046, nál. 1351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ*.

16 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, LB, ÓE, RG, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, JónK, LB, ÓE, RG, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1470).

***Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, frh. síðari umr.***

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 1048, nál. 1303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, LB, ÓE, RG, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1471).

***Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, frh. síðari umr.***

Stjtill., 621. mál. — Þskj. 1066, nál. 1301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, LB, ÓE, RG, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1472).

***Framlag til þróunarsamvinnu, frh. síðari umr.***

Þáltill. SJS og MF, 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Till. í nál. 1302 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

***Íslenskt sendiráð í Japan, frh. síðari umr.***

Þáltill. HG o.fl., 94. mál. — Þskj. 94, nál. 1311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. í nál. 1311 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 47 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 8.–24. mál.

Fundi slitið kl. 14:45.

---

## 140. FUNDUR

þriðjudaginn 2. júní,
að loknum 139. fundi.

**Dagskrá:**

1. Flugmálaáætlun 1998–2001, stjtill., 207. mál, þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
2. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 509. mál, þskj. 879. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Vegáætlun 1998–2002, stjtill., 378. mál, þskj. 676, nál. 1243 og 1454, brtt. 1244. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Langtímaáætlun í vegagerð, stjtill., 379. mál, þskj. 677, nál. 1245 og 1455, brtt. 1246. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 880, nál. 1239, brtt. 1240. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Skipulag ferðamála, stjfrv., 546. mál, þskj. 931, nál. 1321, brtt. 1322. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1005, nál. 1323. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Vegtenging milli lands og Eyja, þáltill., 448. mál, þskj. 775, nál. 1320. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Loftferðir, stjfrv., 201. mál, þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100 og 1433. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041, 1212 og 1253. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 311. mál, þskj. 391, nál. 1270, brtt. 1271. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Almenn hegningarlög, stjfrv., 521. mál, þskj. 892, nál. 1295, brtt. 1346. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Almenn hegningarlög, stjfrv., 522. mál, þskj. 893, nál. 1254, brtt. 1255. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Söfnunarkassar, frv., 156. mál, þskj. 156, nál. 1293. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 174. mál, þskj. 174, nál. 1293. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 483. mál, þskj. 819, nál. 1294. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, þáltill., 173. mál, þskj. 173, nál. 1385. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
19. Dánarvottorð, stjfrv., 464. mál, þskj. 795, nál. 1241, brtt. 1242. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
20. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011, nál. 1290. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
21. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, þáltill., 38. mál, þskj. 38, nál. 1340. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
22. Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, þáltill., 300. mál, þskj. 374, nál. 1341. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

***Flugmálaáætlun 1998–2001, frh. síðari umr.***

Stjtill., 207. mál. — Þskj. 217, nál. 1139, brtt. 1140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Brtt. 1140,1 (inngmgr. og liður 1.1 til og með „Flugstöð Leifs Eiríkssonar") samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, LB, ÓE, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:47]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Þessi flugmálaáætlun til næstu fjögurra ára er svipuðu marki brennd og nýlegar áætlanir af sama toga. Það er erfitt að taka of mikið mark á þeim og einnig færist í vöxt sú tilhneiging hæstv. samgrh. og ríkisstjórnar að færa fjármuni frá framkvæmdum á flugvöllum hringinn í kringum landið til rekstrar og einnig til afborgunar af skuldum vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hvað varðar hins vegar dreifingu fjármuna á einstaka flugvelli hefur orðið allgóð sátt í samgn. og ég hygg í þinginu öllu en vegna þessara alvarlegu annmarka sem á tillögunni eru get ég ekki stutt hana og mun því sitja hjá við afgreiðslu hennar og einstaka liði eftir efnum og ástæðum.

Brtt. 1140,1 (liður 1.1 „Reykjavík") samþ. með 38:5 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KB, KPál, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KH, ÖS.

7 þm. (BH, GE, GÁS, KÁ, LB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, LMR, ÓE, RG, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:49]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þennan lið í flugmálaáætlun tel ég grafalvarlegan fyrir flugöryggi innan lands. Reykjavíkurflugvöllur, stærsti innanlandsflugvöllurinn okkar, er í algerri niðurníðslu og ekkert hefur staðist í flugmálaáætlunum um fjármagn til þessa flugvallar og nú eru ætlaðar á þessu ári 29 millj. kr. til flugvallarins, flugvallar sem er í alvarlegu ástandi og stórhættulegur ef ekki lífshættulegur við ákveðnar aðstæður samkvæmt mati fagmanna. Það er ábyrgðarhluti að sætta sig við og samþykkja þennan lið á áætluninni. Ég segi nei.

[14:50]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Þessi upphæð til umbóta á Reykjavíkurflugvelli, 29 millj. kr., er auðvitað gersamlega út úr kú miðað við ástand flugvallarins en það er vitað og staðfest í þriggja ára gamalli skýrslu að ástand þessa flugvallar, sem er miðpunktur innanlandsflugsins, er með öllu óviðunandi. Menn hafa borið við töfum við undirbúninginn en honum er nú lokið. Ástand vallarins er löngu þekkt og vitað. Þess vegna á að fara í nauðsynlegar aðgerðir nú þegar og af fullum krafti. Ég get ekki greitt þessari tillögu atkvæði mitt og greiði atkvæði gegn henni.

[14:50]

**Árni Johnsen:**

Virðulegi forseti. Í flugmálaáætlun er gert ráð fyrir fjármagni til Reykjavíkurflugvallar á nokkurra ára bili. Það er ljóst að endurbygging Reykjavíkurflugvallar kostar um 1,5 milljarða kr. Menn vita væntanlega að áform eru uppi um að gera það í einum áfanga og byrja á því verki næsta ár. Það hefur tafið undirbúning málsins að borgaryfirvöld hafa dregið lappirnar í að ljúka skipulagningu gagnvart Reykjavíkurflugvelli og framtíðarstöðu hans og svör hafa ekki fengist til Flugmálastjórnar um það mál og á því stendur til þess að hægt sé að gera endanlega hönnun á enduruppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Svona stendur málið og lá síðast fyrir á flugráðsfundi í morgun. Ég segi já.

[14:52]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Vandi þessa máls hefur verið sá að samgrh. og ríkisstjórnin hafa dregið lappirnar í þessu máli. Þess vegna hefur ekki verið hægt að komast að eðlilegum ákvörðunum m.a. á grundvelli þessa aðalskipulags Reykjavíkur sem nú liggur fyrir. Ríkisstjórnin hefur verið þversum. Nú er hæstv. samgrh. loksins að rumska. Þó að það sé í litlu þá er það betra en ekki neitt að hafa þessar 29 millj. Vonandi verður það betra næst þegar á þessu máli verður tekið og það gæti kannski verið búið að skipta um samgrh. Hver veit.

[14:52]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Hér er um smánarlegt framlag að ræða til brýnnar framkvæmdar og það er með ólíkindum að sérfræðingur Sjálfstfl. í flugmálum skuli koma hér og reyni að skjóta sér undan ábyrgð í málinu og bera hana á borgaryfirvöld. Það er fjarri öllu lagi en sýnir hina veiku málefnalegu stöðu ríkisstjórnarmeirihlutans í þessu máli. Auðvitað hefði hæstv. ráðherra og hv. þingmeirihluta verið í lófa lagið að leggja til myndarlegt fjármagn þó ekki hefði tekist að koma því öllu í lóg á svipstundu til að sýna raunverulegan vilja sinn. Viljann vantar og ég lýsi yfir fullri ábyrgð á hendur hæstv. samgrh., á Sjálfstfl. og Framsfl. í framkomu sinni gagnvart Reykvíkingum og landsmönnum öllum í þessu máli.

[14:53]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég býst við að öllum þingmönnum sé kunnugt að skipulegri meðferð Reykjavíkurborgar á flugvellinum er ekki lokið. Þess er ekki að vænta að ný skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar, kjörin af nýrri borgarstjórn geti komið saman fyrr en í miðjum þessum mánuði. Það er auðvitað útilokað að bjóða út verk þegar ekki hefur verið gengið frá skipulagi yfir verkið. Þær ræður sem hér hafa verið haldnar eru því á misskilningi byggðar og mér er ljúft að leiðrétta þennan misskilning.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið að gefnu tilefni þótt hann gerði ekki athugasemd í þetta sinn en gerir það nú upp á framhaldið að gera að strangt til tekið eiga þingmenn að óska eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu í upphafi atkvæðagreiðslunnar en ekki eftir því sem umræðan gengur fram.)

Brtt. 1140,1 (liður 1.1 frá „Aðrir flugvellir ...") samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1140,1 (liðir 1.2–1.3) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1140,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1473).

## *Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 509. mál (gjald af flugvélabensíni). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, LB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:58]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Herra forseti. Það er rétt að rifja það upp við þessa atkvæðagreiðslu vegna hvers þetta mál kemur hér upp. Það er vegna réttmætra ábendinga Samkeppnisstofnunar sem hæstv. samgrh. varð eðlilega að undirgangast og mætti hann svo sem gera það oftar. Hér er auðvitað um fullkomið klúðursmál að ræða sem rétt er að stjórnarliðar beri ábyrgð á.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1474).

## *Vegáætlun 1998–2002, frh. síðari umr.*

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 676, nál. 1243 og 1454, brtt. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Brtt. 1244,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁRJ, BH, EgJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:00]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Við umræðu um þetta mál sem fór fram fyrir fáeinum dögum gerði ég grein fyrir afstöðu minni til vegáætlunar fyrir árin 1998–2002 svo og langtímaáætlunar í vegagerð þar sem ég gagnrýndi þessar áætlanir harðlega, báðar tvær. Þá gagnrýni undirstrika ég með því að sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu sem nú fer fram og sama gildir um næsta mál á dagskrá.

[15:01]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er margt gagnrýnivert í þessari vegáætlun en sérstaklega vil ég lýsa áhyggjum mínum yfir því að miðað við fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins verður ekki hægt að koma á nema broti af þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru á svæðinu og þetta mun bitna mjög á nauðsynlegum endurbótum á fjölförnum stöðum þar sem umferðartafir eru nú mjög verulegar. Ég bendi á Vesturlandsveginn um Mosfellsbæ og inn í Reykjavík. Ég hef áhyggjur af að þetta gæti orðið slysavaldur ef ekki verður tekið ákveðnar á þessum málum og vísa ábyrgð á þessari áætlun á hendur stjórnarliða og meiri hlutans í þinginu.

[15:02]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Í ljósi reynslunnar af efndum loforða sem finna má í vegáætlun á tímabili þessarar ríkisstjórnar er ekki ástæða til mikillar bjartsýni því þær hafa aldrei staðist. Einkum og sér í lagi hefur tíðkast í tíð núv. ríkisstjórnar að menn hafa tekið fé úr vegamálum og fært annað, fært í ríkissjóð. Að óbreyttu er engin ástæða til að ætla að breytingar verði á þessu verklagi ríkisstjórnarinnar og því er þarna um vonarpening að ræða hvað viðvíkur hinum mörkuðu tekjum, þ.e. fjáröflunarþætti áætlunarinnar og ég mun því ekki greiða atkvæði með henni.

Hvað varðar skiptingu útgjalda, þá hefur náðst allgóð sátt um það í einstaka kjördæmahópum og ekki ástæða til að gera við það sérstakar athugasemdir nema í undantekningartilfellum ef þau er að finna. Ég mun því skila auðu við fjáröflunarþáttinn en greiða þeim útgjaldaliðum sem til bóta horfa atkvæði mitt en við áætlunina í heild mun ég sitja hjá og vísa enn á ný ábyrgð á hendur ríkisstjórn. Ég hef ekki nokkra trú á að þessi áætlun verði haldin.

Brtt. 1244,2–3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** SJóh*.

18 þm. (ÁRJ, BH, EgJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, IP, JóhS, JónK, LMR, ÓE, RG, SAÞ, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[15:05]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir og Ingibjörg Pálmadóttir óska að geta þess að þeim láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætluðu að segja já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1475).

## *Langtímaáætlun í vegagerð, frh. síðari umr.*

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 677, nál. 1245 og 1455, brtt. 1246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Brtt. 1246,1 samþ. með 31:2 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** EgJ, ÖS.

18 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

**Arnbjörg Sveinsdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú er komin til atkvæðagreiðslu langtímaáætlun í vegagerð. Fagna ber breyttum vinnubrögðum við skiptingu vegafjár og var það orðin löngu tímabær breyting. Með langtímaáætlun eru sett metnaðarfull markmið sem ég tel vera af hinu góða.

Það er ljóst að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að ná þeim markmiðum á Austurlandi eru ekki nægilega miklir. Þetta er viðurkennt í nál. meiri hluta samgn. og þess er getið að 550 millj. kr. vanti. Það er álit meiri hluta samgn. að úr þessu verði bætt við endurskoðun langtímaáætlunar. Einnig hafa komið upp rökstuddar efasemdir um að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til vegtengingar við Vopnafjörð muni duga. Úr því verður að bæta við endurskoðun langtímaáætlunar. Ég vísa til vilja meiri hluta samgn. og í trausti þess að ég geti haft áhrif á þá endurskoðun mun ég greiða atkvæði með þessari tillögu og segi því já.

[15:09]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Áætlanir þessarar ríkisstjórnar hvað varðar fjáröflun til vegamála hafa ekki haldið innan ársins. Þær hafa alls ekki haldið í fjögurra ára áætlunum. Það er fjarri öllu lagi að þær muni halda næstu 12 árin. Ég hef ekki nokkra trú á því nema til komi ný ríkisstjórn sem muni gerbreyta þessu. (**Gripið fram í:** ... ráðherra ef kemur ný ríkisstjórn.) Þá verður bætt í, hv. þm., það veit hann. Ég mun ekki taka þátt í að bera ábyrgð á óskalista þessarar ríkisstjórnar hvað varðar ... (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Nú gengur klukkan og ég fæ ekki að halda áfram tali mínu vegna þess að hér eru uppivöðslusamir hv. þingmenn. Þeim líður illa á sál sinni, vita hér af ýmsu.

(**Forseti** (RA)**:** Hv. þm. hefur orðið og fær nokkrar sekúndur í viðbót.)

Það sem ég vildi sagt hafa er að ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum hvað varðar þessa áætlunargerð. Ég mun ekki greiða atkvæði hvað varðar fjáröflunarþáttinn. Ég mun hins vegar styðja einstaka liði með undantekningum þó. Það kemur í ljós á eftir.

[15:11]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það er vissulega framfaraspor þegar menn gera langtímaáætlanir og við erum að samþykkja vegáætlun til 12 ára í fyrsta skipti. En því miður hefur ríkisstjórnin ekki einu sinni virt fjögurra ára áætlanir hingað til þannig að ég hef enga ástæðu til að ætla að langtímaáætlun til 12 ára muni standast. Þetta er greinilega óskalisti, vinsældalisti fyrir ríkisstjórnina fyrir kosningar. Þegar fjögurra ára áætlun stenst ekki hvað þá 12 ára áætlun fyrir komandi ríkisstjórnir sem verða vissulega án efa með aðrar áherslur. Slíkar áætlanir eru ótrúverðugar auk þess sem allan sveigjanleika vantar í þessar áætlanir til 12 ára og ekki er gert ráð fyrir að menn geti notað aðrar leiðir en vegagerð til að komast leiðar sinnar.

Brtt. 1246,2 (liðir 2.1 til 2.3.1.2) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (BH, EgJ, GGuðbj, HG, KHG, LB, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, MF, ÓE, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1246,2 (liður 2.3.1.3) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (BH, EgJ, HG, JóhS, KHG, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:13]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég bað um sérstaka atkvæðagreiðslu við þennan lið til þess að vekja athygli á undirliðnum Reykjanesbraut, Hafnarfjörður-Keflavík því að ýmsir hafa haldið þeirri umræðu mjög á lofti að Reykjanesbrautin sunnan Hafnarfjarðar verði bara tvöfölduð alveg á næstu dögum. Þennan söng á eftir að syngja vafalaust næstu mánuði.

Ég vil vekja á því sérstaka athygli að ekki verður hreyft við þeim vegabótum fyrr en á síðasta stigi þessarar áætlunargerðar, þ.e. rétt fyrir árið 2010. Ég vildi halda því mjög alvarlega til haga, og það er ekki trúverðug áætlunargerð þegar ýmsir hv. stjórnarþingmenn hafa haldið öðru fram. Ég styð þetta, hefði viljað ganga lengra og vil nefna einnig til sögunnar að frá ýmsum lausum endum er ekki gengið hvað varðar Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Ég hefði viljað sjá þar fleiri valkosti nefnda, svo sem ofanbyggðaveg. Ég vil láta það koma fram og festa það í bækur við þessa atkvæðagreiðslu en mun engu að síður styðja þá viðleitni sem hér er að finna.

[15:14]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Í þessari atkvæðagreiðslu vegna stórframkvæmda vil ég láta þess getið sem kemur fram í nál. meiri hluta hv. samgn. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Óvissa er um val leiða og lausna á nokkrum stöðum sem fá fjárveitingar á seinni tímabilum áætlunarinnar. Á þetta meðal annars við um tengingu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en þar er veitt fé til Lágheiðar á öðru og þriðja tímabili. Unnið er að skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert. Miðað er við að þeirri skoðun verði lokið það snemma að taka megi ákvörðun um val lausna við næstu endurskoðun langtímaáætlunar." Á þessum forsendum segi ég já.

Brtt. 1246,2 (liðir 2.3.1.4 til 2.8) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (BH, EgJ, HG, KHG, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, MF, ÓE, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1246,2 (liður 2.9) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁRJ, BH, EgJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, GHH, GB, GÁ, JónK, MF, ÓE, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:17]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Mér þætti eðlilegra ef eingöngu yrðu greidd atkvæði um þennan lið en hann yrði ekki samþættur öðru því að þetta er sjálfstætt mál. Ég vildi sérstaklega geta þess að þessi liður er býsna hár, sérstaklega í ljósi annarra brýnna vegabóta sem eru látnar bíða. Ástæðan er auðvitað fyrst og síðast ein. Þar er um að ræða mjög dýra fjárfestingu á Eyjafirði, það er Hríseyjarferjan, gæluverkefni hæstv. samgrh. Mér finnast þær upphæðir sem þar eru á ferðinni algerlega úr fasa við önnur áformuð verkefni í þessari áætlun. Ég get ekki staðið að þeirri fjárfestingu og mun því ekki greiða atkvæði.

Brtt. 1246,3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GÞÞ, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (BH, EgJ, GGuðbj, HG, KHG, MF, RA, SJóh, SvG, VE, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, DO, GHH, GE, GB, GÁ, JóhS, JónK, KH, ÓE, RG, SF, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GE, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (BH, EgJ, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EOK, GHH, GÞÞ, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, SJS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, VE, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EOK, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

[15:19]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir óska að geta þess að þeim láðist að taka þátt í atkvæðagreiðslu, en ætluðu að segja já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1476).

***Póstþjónusta, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 510. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 880, nál. 1239, brtt. 1240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. 1240,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1240,2 (ný 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

***Leigubifreiðar, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 519. mál (vöru- og sendibílar). — Þskj. 890, nál. 1137, brtt. 1138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Brtt. 1138,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1138,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1138,3 (3. gr. falli brott) samþ. með 49 shlj. atkv.
4. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

***Skipulag ferðamála, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 931, nál. 1321, brtt. 1322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Brtt. 1322 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, DO, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

***Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1005, nál. 1323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1323 samþ. með 49 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

***Vegtenging milli lands og Eyja, frh. síðari umr.***

Þáltill. ÁJ o.fl., 448. mál. — Þskj. 775, nál. 1320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1481).

***Loftferðir, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1099, frhnál. 1182, brtt. 1100 og 1433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Brtt. 1100 samþ. með 31:3 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
**nei:** GE, JóhS, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:28]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þessi viðbót við 7. gr. er vissulega til bóta því óbreytt er hún nánast opin heimild til einkavæðingar. Þetta er þó óneitanlega harla undarlegur lagatexti, að fjárveitingar úr ríkissjóði skuli vera samkvæmt fjárlögum. Hitt er svo annað mál að sú tegund einkavæðingar sem ríkisstjórnin hefur sagt koma til greina, t.d. varðandi Reykjavíkurflugvöll, byggir á svokallaðri einkaframkvæmd. Hún felur í sér að fjárhagslegar skuldbindingar eru seldar til framtíðarinnar þannig að pólitísk ákvörðun um einkavæðingu þyrfti ekki að snerta fjárlög þegar ákvörðunin er tekin. Með þessum lagabreytingum er forræði Alþingis því ekki tryggt eins vel og æskilegt væri.

[15:29]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Þessi brtt. meiri hluta samgn. og hæstv. samgrh. er til bóta en engan veginn nægileg. Ég hygg að greinin eins og hún mun standa sé með fádæmum og raunar þekki ég engar hliðstæður varðandi framsal heimilda til hæstv. ráðherra. Hafi hv. þm. ekki áttað sig á því þá er hér um að ræða algilda heimild til hæstv. samgrh. um að gera nánast það sem honum dettur í hug með flugmál á Íslandi, Flugmálastjórn þar með talda. Þetta verklag er engan veginn hægt að una við og reynslan sýnir auðvitað að honum er ekki treystandi til að hafa viðlíka vald og þetta.

Brtt. 1 í nál. 1182 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GMS, HBl, JóhS, KF, KB, KPál, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, LMR, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1433 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HG, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, LMR, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:33]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem við greiðum atkvæði um er sett fram til þess að bregðast við ábendingum Íslenskrar málnefndar í bréfi til samgn. frá 12. maí sl. og lýtur að útgáfu reglna. Ég tel nauðsynlegt að hér komi fram að í fæstum tilvikum eigum við val um það hvort þýða beri þær reglur sem okkur er skylt að hrinda í framkvæmd. Landsréttur er á íslensku og það sem honum tilheyrir verður að birta á íslensku. Lagareglur ber að birta á íslensku með formbundnum hætti. Á sumum sviðum getur verið vafi á því hversu langt eigi að ganga í þýðingu og almennri birtingu á reglum. Flugöryggissamtök Evrópu hafa t.d. gefið fyrirmæli um að flugrekstrarhandbækur skuli vera á ensku í þeim tilgangi að gera eftirlit af hálfu þessara aðila mögulegt gagnvart flugrekendum sem fljúga milli aðildarríkja. Hér er ekki um að ræða réttarreglur sem ætlað er að binda ótiltekinn fjölda manna og þær varða fyrst og fremst nánari útfærslu á framkvæmd laga og reglna sem birt eru í Stjórnartíðindum.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram í tengslum við þessa brtt. sem ég hef hér flutt og er til þess að skýra málið sem Íslensk málnefnd hefur vakið athygli á.

Brtt. 2 í nál. 1182 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27:5 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, ÖS.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:34]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Það frv. sem við erum að afgreiða er að langstærstum hluta til verulegra bóta en með tveimur mjög alvarlegum undantekningum. Þar er um að ræða 6. gr. frv. þar sem í engu er reynt að skilja á milli framkvæmdarvalds annars vegar og eftirlitsvalds Flugmálastjórnar hins vegar og í engu hefur verið tekið réttmætum ábendingum í þá veru. Hins vegar er um að ræða því sem næst takmarkalaust valdaframsal sem Alþingi Íslendinga ætlar að færa í hendur hæstv. samgrh. Samvisku minnar vegna get ég ekki tekið þátt í slíku, hefði svo gjarnan viljað greiða þessu frv. atkvæði mitt en get það ekki vegna þessara alvarlegu meinbuga sem á því eru og greiði því atkvæði gegn því.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1482).

## *Lögmenn, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 1040, brtt. 1041, 1212 og 1253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1041,1–14 samþ. með 41 shlj. atkv.

3.–23. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1212 felld með 25:17 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, GHall, GMS, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, IP, JónK, MS, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í þessari brtt. er tekið upp ákvæði í frv. hæstv. viðskrh. um innheimtulög sem tryggir betur skuldara og felur í sér meiri neytendavernd en ákvæði í 24. gr. þessa frv. dómsmrh. sem við greiðum atkvæði um. Það er athyglisvert, herra forseti, að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera í salnum þegar við greiðum atkvæði um ákvæði sem er eins og í hans eigin frv. Ég segi já við þessari tillögu.

[15:38]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér eru greidd atkvæði um brtt. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Eins og fram kom í máli hennar lagði hæstv. viðskrh. fram frv. til innheimtulaga sem ekki náðist að afgreiða á þessum vetri en mun að öllum líkindum verða flutt aftur á næsta þingi. Það er skoðun nefndarinnar að þessum ákvæðum verði þá breytt í lögum um lögmenn ef þau verða að lögum.

Brtt. 1041,15 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, GHall, GMS, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, MS, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, SvG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:39]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Sú brtt. sem stjórnarandstöðuþingmenn í hv. allshn. stóðu að og hefur nú verið felld var efnislega samhljóða ákvæði í öðru frv. eins og hér hefur verið greint frá, þ.e. frv. til innheimtulaga. Þótt hv. allshn. hafi lagfært 24. gr. verulega frá því sem var upprunalega í frv. tel ég óásættanlegt að þingið samþykki aðra skipan í þessu frv. en gert er ráð fyrir í frv. til innheimtulaga. Því get ég ekki stutt þetta ákvæði og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

24. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GGuðbj, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁÞ, DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, JónK, KHG, MS, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1253 samþ. með 39 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, MS, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1041,16–22 samþ. með 36 shlj. atkv.

26.–33. gr. (verða 26.–31. gr.), svo breyttar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 1041,23 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

## *Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 391, nál. 1270, brtt. 1271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1271,1 samþ. með 38 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1271,2 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1271,3 samþ. með 41 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1271,4 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1271,5 (ný 8. gr., verður 10. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

9.–10. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

## *Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892, nál. 1295, brtt. 1346.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1346 felld með 31:16 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, IP, JónK, KHG, MF, ÓE, RG, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Í þessu ákvæði frv. er lagt til að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Í brtt. sem nú eru greidd atkvæði um er lagt til að sakarfyrningarfrestur teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið verður sjálfráða eða við 18 ára aldur. Þeir sem mæla með þessari brtt. eru m.a. umboðsmaður barna, Barnaheill, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Barnaverndarstofa. Ég segi já.

[15:48]

**Sólveig Pétursdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Helstu nýmæli sem felast í frv. eru einmitt tillaga þess efnis að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri.

Tilefni frv. má m.a. rekja til ábendinga umboðsmanns barna en breytingunni er ætlað að aðlaga fyrningarreglur hegningarlaga að þeim aðstæðum sem upp geta komið þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum. Þótti rétt að miða aldursmarkið við 14 ár en það þýðir að fresturinn byrjar aldrei að líða fyrr en við það aldursmark og getur fyrningarfrestur verið allt frá 5 til 15 ára. Þetta mál var rætt ítarlega í allshn. og meiri hluti allshn. telur að brtt. sé óþörf.

[15:49]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Þótt mál það sem hér eru greidd atkvæði um sé vissulega til bóta og sú tillaga sem meiri hluti allshn. gerir ráð fyrir, þ.e. að sakarfyrningafrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum teljist aldrei fyrr en frá 14 ára aldri, þá er það svo að tillaga minni hlutans, brtt. sem felst í því að hækka þetta aldursmark upp til sjálfræðisaldurs, byggir á ummælum og umsögnum fjölda aðila sem starfa með börn og hafa unnið með börnum í gegnum tíðina, þar á meðal umboðsmanni barna, Barnaheillum o.s.frv. Það er á þessum grundvelli sem minni hlutinn byggir sína brtt. Þess vegna segi ég já, herra forseti.

[15:50]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ég er einn flm. þessarar tillögu. Ég tel algerlega óviðunandi að fyrningarfrestur hefjist þegar barnið er 14 ára. Við leggjum til að hann hefjist þegar barnið er 18 ára. Það kemur í ljós að þetta þýðir að í sumum málum býr viðkomandi enn þá heima hjá sér. Í málum sem snerta kynferðislega áreitni rennur fyrningarfrestur út þegar barnið er um 18 til 19 ára. Við fórum í gegnum þetta ítarlega í nefndinni. Ég mun styðja efni frv. vegna þess að það er til bóta, en það eru mun æskilegri aldursmörk sem við leggjum til í þessari brtt.

2. gr., inngmgr. og a-liður, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁE, ÁÞ, DO, EgJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, MF, ÓE, RG, SighB, SF, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:52]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er greitt atkvæði um það að sakarfyrningafrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum teljist frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Þessi tillaga er til bóta og hún er skref í rétta átt frá því sem nú er varðandi fyrningarfrest vegna kynferðisbrota gegn börnum. Skemmra og miklu skemmra er þó gengið en minni hlutinn vildi og vísa ég þar til þeirrar brtt. sem var verið að fella. En þar sem tillagan er þó til bóta mun ég greiða henni atkvæði nú að felldri brtt. minni hlutans.

2. gr., b–d-liður, samþ. með 42 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

## *Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 522. mál (afnám varðhaldsrefsingar). — Þskj. 893, nál. 1254, brtt. 1255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

2.–150. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1255,1–6 (sex greinar falli brott) samþ. með 41 shlj. atkv.

151.–249. gr. (verða 151.–243. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1255,7 (þrjár nýjar greinar, verða 244.–246. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

250. gr. (verður 247. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

## *Söfnunarkassar, frh. 2. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 156. mál (brottfall laga). — Þskj. 156, nál. 1293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]

Till. í nál. 1293 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, DO, FI, GHH, GB, GÁ, IP, JónK, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:57]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Gert er ráð fyrir að vísa frv. um söfnunarkassa og reyndar einnig frv. um Happdrætti Háskóla Íslands til afgreiðslu hjá ríkisstjórninni. Ég hefði kosið að þessi frv., sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti ásamt fleirum, þar á meðal þeim sem hér stendur, hefðu verið afgreidd á þessu þingi og þannig komið í veg fyrir að fjöldi einstaklinga og fjölskyldna yrði lagður í rúst vegna spilafíknar. Það er nöturlegt til þess að vita að margar virtustu stofnanir þjóðfélagsins og samtök sem halda merkjum almannaheilla hátt á loft skuli fjármagna starfsemi sína með rekstri spilavíta. Söfnun úr spilakössum nemur um milljarði á ári og Gullnáma Háskóla Íslands skilar honum á milli 600 og 700 millj. kr. á ári. Þetta er illa fengið fé og ekki sæmandi siðuðu þjóðfélagi og ég vil segja það að fylgst verður með framgangi þessa máls hjá ríkisstjórninni.

[15:59]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég er algerlega sammála þeim frv. sem hér eru til afgreiðslu. Ég er á móti því að þeim verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess að ég hef enga trú á því að ríkisstjórnin geri neitt í þessu máli. Ég tel að þingið hefði átt að sjá sóma sinn í að samþykkja þau. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari tillögu nefndarinnar.

[15:59]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Ég greiði atkvæði með þessari málsmeðferð og það er m.a. vegna þess að hv. 1. flm. þessara tveggja mála, sem við greiðum atkvæði um, Guðrún Helgadóttir, lagði til í hv. allshn. að þessi málsmeðferð yrði viðhöfð.

### *Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.*

Frv. GHelg o.fl., 174. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 174, nál. 1293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]

Till. í nál. 1293 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GHH, GB, GÁ, HBl, IP, JónK, LMR, LB, MS, ÓE, RG, SighB, SF, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

### *Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 2. umr.*

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819, nál. 1294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

### *Réttarstaða barna til umgengni við báða foreldra sína, frh. síðari umr.*

Þáltill. ÁRJ og ÖS, 173. mál. — Þskj. 173, nál. 1385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Till. í nál. 1385 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HG, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GHH, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, JónK, LB, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:02]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Í dómsmrn. er nefnd að vinna að ýmsum endurbótum sem snúa að forsjármálum, skyldum og réttindum foreldra og barna, upplýsingaöflun um gang mála í dómskerfinu í þessum málum og ýmislegt annað. Verksvið nefndarinnar er mjög stórt. Hér er verið að vísa till. til þál., um að tryggja réttindi barna til umgengni við báða foreldra sína, til ríkisstjórnarinnar. Ég vil að það komi fram að það er mjög mikilvægt að þeim þætti í vinnu nefndarinnar verði hraðað. Það eru mörg börn og foreldrar sem líða fyrir það að réttindi þessara hópa eru ekki tryggð. Þess vegna þarf að hraða þessum hluta í vinnu nefndarinnar. Það er mjög áríðandi, í framhaldi af því að þessi tillaga fari til ríkisstjórnarinnar.

### *Dánarvottorð, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 795, nál. 1241, brtt. 1242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1242,1–5 samþ. með 47 shlj. atkv.

5.–17. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1242,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

### *Læknalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011, nál. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

### *Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, frh. síðari umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 38. mál. — Þskj. 38, nál. 1340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Brtt. í nál. 1340 samþ. með 45 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, FI, GHH, GB, GÁ, JónK, KHG, LB, ÓE, SF, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1487).

### *Blóðbankaþjónusta við þjóðarvá, frh. síðari umr.*

Þáltill. SF o.fl., 300. mál. — Þskj. 374, nál. 1341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GE, GÞÞ, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, FI, GHH, GB, GÁ, HBl, JónK, KHG, LB, ÓE, SF, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1488).

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1465. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

### *Umræður utan dagskrár.*

Málefni LÍN.

[16:11]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Fyrir nokkru var tekin um það ákvörðun í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna að svokallaður framfærslugrunnur námsmanna samkvæmt lögum um LÍN ætti að hækka um 2,5%. Meiri hluti stjórnarinnar tók þessa ákvörðun gegn atkvæðum minni hlutans, fulltrúa námsmanna, sem töldu að hér væri ekki um að ræða hækkun sem væri eðlileg miðað við þær breytingar sem höfðu gengið yfir í þjóðfélaginu að öðru leyti, hvorki í kjaramálum né verðlagsmálum.

Ef við skoðum þær breytingar sem orðið hafa á lágmarkskaupi Alþýðusambands Íslands frá því að lögin um LÍN voru sett árið 1983, þá hafa þau sjöfaldast að krónutölu. Þau hafa farið úr liðlega 10 þús. kr. í um það bil 70 þús. kr. Ef við skoðum meðalkaup Alþýðusambands Íslands samkvæmt niðurstöðu kjararannsóknarnefndar, þá hefur það kaup hækkað úr um það bil 20 þús. kr. á mánuði í um það bil 155 þús. kr. á mánuði eða 7,5-faldast eða svo. Ef við skoðum aftur á móti framfærslu Lánasjóðs ísl. námsmanna þá hefur hún á sama tíma breyst úr 12.653 kr. á mánuði í 56.900 kr. á mánuði eða um það bil 4,5-faldast.

Þetta var eins og ég sagði, herra forseti, miðað við árin 1983 og þá hækkun sem hefur orðið 1998. Ef við miðum við lágmarkslaun Alþýðusambands Íslands, þá vantar 27 þús. kr. á mánuði á framfærslugrunninn eins og hann er í dag. Ef við miðum við meðallaun Alþýðusambands Íslands, þá vantar 39 þús. kr. á mánuði ef þróunin hefði orðið sambærileg á framfærslugrunninum og á meðallaununum.

Ef við skoðum hins vegar mikið styttra tímabil sem margir kynnu að halda fram að væri eðlilegra, ef við skoðum t.d. árin 1994–1998, þá hefur grunnframfærsla á mánuði samkvæmt LÍN hækkað um 1,26%. Meðaltalslaun Alþýðusambands Íslands á sama tíma hafa hækkað um 25,2% og lágmarkslaun Alþýðusambands Íslands á sama tíma um 34,13%.

Frá því að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett er liðinn langur tími. Ég ætla að rifja það upp hér, herra forseti, að um það mál var rík sátt við námsmenn og Alþingi. Ég man ekki betur en lögin væru samþykkt samhljóða á sínum tíma. Þá var ákveðið að miða breytingar á námslánum í framtíðinni við framfærsluvísitölu og um það var enginn ágreiningur. Fulltrúi Sjálfstfl. í þeirri nefnd var t.d. Friðrik Sophusson, síðan hæstv. fjmrh.

Nokkrum árum eftir að þessi lög voru sett, í stjórnartíð Sverris Hermannssonar menntmrh. að ég hygg, var þessi viðmiðun afnumin og ákveðið að lánin breyttust ekki að krónutölu, þau yrðu áfram um nokkurra ára skeið í fastri krónutölu. Síðan var tekin um það ákvörðun að miða lánin við þróun ráðstöfunartekna. Svo var aftur tekinn upp framfærslugrunnur á árunum 1988–1991. Þá voru lánin lækkuð í tíð Ólafs G. Einarssonar um 16,7%.

Ég vek athygli á tvennu, herra forseti. Annars vegar er engin rök hægt að sjá fyrir því að hækka lánin eða lánsgrunninn aðeins um 2,5%. Það er úr takti við allar breytingar á öðrum þjóðfélagslegum stærðum í kjörum og verðlagi á sama tíma.

Í öðru lagi liggur þetta þannig, herra forseti, að námsmenn hafa orðið að una því að hafa aldrei getað treyst því stundinni lengur við hvað er miðað. Stundum er það framfærsluvísitala,

stundum eru það ráðstöfunartekjur, stundum er það almennur kaupmáttur, stundum er það þróunin í þjóðfélaginu að öðru leyti, stundum eitthvað allt annað.

Í þriðja lagi vek ég athygli á því, herra forseti, að þegar sú ákvörðun sem nú var tekin, um hækkun grunnsins um 2,5%, fylgdi því enginn menntapólitískur rökstuðningur. Á hvaða menntastefnu er byggt þegar þessi ákvörðun er tekin? Ég spyr hæstv. menntmrh. þess vegna: Hver eru rökin fyrir þessari hækkun eins og hún var knúin fram af meiri hluta stjórnar LÍN í fullri andstöðu við fulltrúa námsmanna?

[16:16]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess hvað varðar framhald fundarins að við það er miðað að að lokinni þessari utandagskrárumræðu og þeirri næstu, um heilbrigðismál sem mun verða klukkutími, er að því stefnt að blásið verði til nýs fundar og fram fari atkvæðagreiðslur, þ.e. eftir hálfan annan tíma. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir frekari atkvæðagreiðslum í kvöld eða nótt en hér um ræðir.

[16:16]

**Útbýting þingskjala:**

Búnaðarlög, 368. mál, brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1467.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 436. mál, brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1466.

[16:16]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í ár er í fyrsta sinn starfað samkvæmt lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og þeim var breytt á Alþingi vorið 1997. Breytingin varð námsmönnum til verulegra hagsbóta. Í samræmi við hana samþykkti Alþingi að hækka fjárveitingar til lánasjóðsins um 100 millj. kr. og er þar um varanlega hækkun að ræða.

Úthlutunarreglur LÍN eru endurskoðaðar á hverju ári. Er almennt góð samstaða um þessar reglur. Þegar kom að endurskoðun reglnanna að þessu sinni vildu fulltrúar námsmanna í stjórn LÍN nálgast starfið á svipaðan hátt og gert er í kjarasamningum, þ.e. þeir settu fram launakröfur. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga að sjóðurinn veitir fyrst og fremst framfærslulán sem taka mið af því að lántakendur afla sér einnig almennra launatekna. Lagt var mat á kröfur námsmanna af hálfu LÍN og talið að þær jafngiltu nokkur hundruð millj. kr. hækkun á útlánum sjóðsins.

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar gátu ekki fallist á þessar kröfur, enda hefði það gengið þvert á allt sem talið er skynsamlegt við stjórn ríkisfjármála um þessar mundir. Allir sem taka til máls um markmið árangursríkrar stjórnar á efnahagslífi íslensku þjóðarinnar um þessar mundir vara eindregið við þenslu í útgjöldum ríkissjóðs. Með henni yrði mest grafið undan nauðsynlegum stöðugleika.

Þegar ljóst var að ekki næðist samkomulag við námsmenn kom það í hlut meiri hluta stjórnar lánasjóðsins að taka ákvarðanir sínar. Er áætlað að þær leiði til þess að árleg útlán sjóðsins hækki um 100 millj. kr. og þar af hækki framlag úr ríkissjóði til LÍN um 55 millj. kr.

Höfuðatriði breytinga á útlánareglum eru þessar:

Viðmiðunartölur vegna framfærslu, tekna, skólagjalda og fleiri þátta hækka í samræmi við almenna verðlagsþróun, þ.e. um 2,5%. Í framhaldi af því að hlutfall endurgreiðslukröfu í laun lánþega að námi loknu var lækkað úr 5 og 7% í 4,75% með lagabreytingunni á síðasta ári hafa reglur um rétt til undanþágu frá endurgreiðslum nú verið samræmdar með vísan til ívilnandi túlkunar.

Með nýju reglunum er námsmönnum tryggður ótvíræður lánsréttur þegar þeir þurfa að endurtaka nám vegna reglna um fjöldatakmarkanir, t.d. í hjúkrunarfræði og læknisfræði. Er með þessu leyst úr ágreiningi sem kom upp á liðnum vetri.

Sérstaklega var litið á lánsrétt námsmanna í framhaldsháskólanámi. Var réttur þessara nemenda til láns vegna tungumálanáms rýmkaður. Sömu sögu er að segja um rétt þeirra sem stunda stutt starfstengt viðbótarháskólanám sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf.

Þá er stjórn LÍN veitt heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum um almenn lán vegna skólagjalda erlendis, ef námsmaður er verulega fatlaður, getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

Allar þessar breytingar miða að því að koma til móts við þá sem vilja afla sér menntunar og eru í samræmi við það meginmarkmið Lánasjóðs ísl. námsmanna að stuðla að jafnrétti til náms.

Hér hef ég lýst þeim sjónarmiðum sem lágu til grundvallar þegar teknar voru ákvarðanir um úthlutunarreglur LÍN á næsta skólaári. Í samræmi við þær má gera ráð fyrir að ráðstöfunarfé námsmanns í leiguhúsnæði verði nálægt 74 þús. kr. á mánuði. Sambærileg tala fyrir hjón með eitt barn sem bæði eru í námi og hvort um sig með meðaltekjur er með barnabótum um 186 þús. kr. á mánuði. Þessar tölur sýna glögglega að ekki er unnt að skoða hækkanir á námslánum með sama hætti og launahækkanir. Hjá lánasjóðnum er tekið tillit til stöðu hvers lántakanda og hún metin. Þeir sem skoða tölurnar geta ekki heldur af neinni sanngirni fullyrt að illa sé gert við námsmenn á Íslandi.

[16:21]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það var afar athyglisvert að heyra það sem fram kom í máli hæstv. menntmrh., hvernig ríkisstjórnin hefur orðið að bakka frá þeim miklu breytingum sem gerðar voru á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna árið 1992. Þá urðu mikil átök um málið og við bentum á það sem þá vorum í stjórnarandstöðu hvílíkt hrikalegt verk var verið að vinna á lögunum og hve mikið misrétti þau mundu hafa í för með sér. Það hefur auðvitað komið í ljós og menn hafa sem betur fer gert nokkrar breytingar þó að betur þurfi að gera.

Hæstv. menntmrh. vísar til efnhagslegra raka þegar hann er að rökstyðja það að námsmenn eigi ekki að fá viðlíka hækkanir og aðrir í þjóðfélaginu. Ég spyr nú bara: Um hvað var samið í kjarasamningum? Eru það einhver rök að vísa til hættu á þenslu? Auðvitað hafa allar ákvarðanir um kjarasamninga eða hvað sem er efnahagsleg áhrif hvort sem slíkar ákvarðanir heyra undir ríkissjóð eður ei.

Aðalmálið er það, hæstv. forseti, að námsmenn eiga auðvitað rétt á því að fá hækkun eins og aðrir. Þeirra framfærslukostnaður hækkar eins og annarra. Ég get ekki látið hjá líða að minna á að fyrir nokkrum dögum var verið að samþykkja ný lög um húsnæðismál, sem sumum fannst flytja með sér mikið sólskin, en þau lög munu hafa veruleg áhrif á framfærslugrunn námsmanna þegar þau fara að virka því að ef svo heldur fram sem horfir munu þau hafa veruleg áhrif á leigukostnað námsmanna og hann hækkar auðvitað líka og

mun kalla á réttlátar kröfur um hækkun á framfærslugrunninum. En ég tek undir það að námsmenn eiga auðvitað rétt á hækkunum eins og aðrir. Lánasjóður ísl. námsmanna er eitt af örfáum dæmum um það að tekið er tillit til þess kostnaðar sem fylgir því að eiga börn og það er hið besta mál. En kjör námsmanna verða auðvitað að fylgja því sem annars staðar er og við skulum ekki gleyma því að lánasjóðurinn er eitt mikilvægasta jöfnunartækið í okkar samfélagi.

[16:23]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil taka undir það með síðasta hv. ræðumanni að nú hefur ríkt meiri sátt um Lánasjóð ísl. námsmanna en verið hafði um nokkurra ára skeið og er það vel. En nú koma mál lánasjóðsins enn til umræðu á hv. Alþingi og að þessu sinni er umræðan um framfærslugrunninn.

Það er skilningur minn og sá skilningur held ég að hafi verið nokkuð lengi við lýði að alltaf hafi verið rætt um það að námsfólk fylgdi öðrum hópum hvað varðar framfærsluna. Hafi orðið breyting þar á er auðvitað ástæða til þess að skoða það mál. Ég hygg að ekki hafi verið tekin um það ákvörðun hér á hv. Alþingi að breyta þeirri stefnu né innan hæstv. ríkisstjórnar í samstarfi tveggja stjórnarflokka.

Séu útreikningar námsmanna réttir og engin ástæða er til þess að draga þá í efa er auðvitað full ástæða til þess að setjast yfir málið aftur og leiðrétta með rökum. Treysti ég því að hæstv. menntmrh. muni hlusta á þau rök og þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvert hlutverk lánasjóðsins er í fjárfestingu í menntun og framförum.

Ég vil, herra forseti, einnig nota þetta tækifæri og lýsa vonbrigðum mínum með örlög frv. sem hér var flutt á yfirstandandi þingi um styrktarsjóð námsmanna, sem að stóðu þingmenn úr öllum þingflokkum ef ég man rétt, þar sem verið var að gera tillögu um að feta nýjar leiðir með styrktarsjóði námsmanna til hliðar við lánasjóðinn, þ.e. að fá aukið fé til þess að styrkja efnilegt námsfólk með fjármunum frá hinu opinbera en ekki síst úr atvinnulífinu. Ég lýsi vonbrigðum mínum með örlög þess frv. sem ekki var afgreitt úr hv. menntmn. og lýsi því að það muni líta dagsins ljós á næsta þingi en ég ítreka afstöðu mína um það að ég tel eðlilegt að námsmenn fylgi öðrum hópum.

[16:26]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Það var athyglisvert að heyra fulltrúa Framsfl. vísa ábyrgð á málinu frá Framsfl. og algerlega yfir á Sjálfstfl., þ.e. ábyrgð á því að lán til námsmanna hækka miklu minna en launin í landinu og frítekjumarkið hækkar það lítið að námsmenn geta ekki einu sinni unnið á umsömdum lágmarkslaunum eða 70 þús. kr. á mánuði yfir sumarið án þess að lánin fari að skerðast. Þá þarf að vinna meira, lánin skerðast áfram sem því nemur og svo koll af kolli þannig að þeir sem einir þurfa að standa straum af kostnaði við nám sitt með lánum og vinnu lenda smám saman út úr kerfinu og fyrir hverja er það þá? Er það bara fyrir hópinn sem fær stuðning frá foreldrum og fær vaxtastyrkinn frá lánasjóðnum án þess að þurfa að bera vaxtakostnað?

Þeir sem fá lán úr sjóðnum greiða þau til baka að fullu en vaxtaniðurgreiðsla sjóðsins er hluti af námsaðstoðarkerfi okkar og reiknuð sem hluti af framlögum okkar til menntamála. Þar erum við neðarlega á lista miðað við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við og þessi ríkisstjórn ætlar ekki að nýta góðærið til að breyta því. Nei, hennar forgangshópar eru aðrir. Þeir eru kvótahafar, landeigendur og aðrir þeir sem hafa nokkuð fyrir.

Það er varað við þenslu ef lán námsmanna hækka en sá viðbótarkostnaður til aldamóta sem lánasjóðurinn yrði fyrir, væri gengið að öllum kröfum námsmanna, er þó ekki hærri en svo að 250 tonna þorskkvóti í varanlegri sölu miðað við gangverðið núna mundi nægja til aldamóta, herra forseti. Og hvað var ríkisstjórnin að færa kvótahöfum um daginn án þess að depla auga? 32 þúsund tonn. Brot af því mundi nægja, herra forseti. Námsmenn eða íslenska menntakerfið er ekki í forgangi hjá hæstv. ríkisstjórn, svo mikið er víst.

[16:28]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Stjórnarflokkarnir halda áfram að vísa ábyrgð hver á annan. Það er athyglisvert. Sú sem hér stendur vakti athygli á þessu máli í fyrirspurnatíma á Alþingi í fyrra mánuði og þá kom fram hjá hæstv. menntmrh. að hann vonaðist eftir að samningar næðust við námsmenn. Það kom einnig fram hjá honum að hann tók ekki sjálfur undir þær kröfur námsmanna að fá sömu kjarahækkanir og aðrir hópar þjóðfélagsins og að tekið yrði mið af lágmarkslaunum í landinu við ákvörðun frítekjumarks lánanna. Það kom því ekki beint á óvart að nú hefur verið ákveðið að námsmenn fái ekki þær kjarabætur sem aðrir hafa fengið þar sem lán þeirra hækka aðeins í takt við verðlagsbreytingar og skerðast eftir 185 þús. kr. sumartekjur en ekki 210 þús. eins og búast mætti við ef miðað væri við lágmarkslaun í landinu.

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að allir átti sig á að þó ég tali hér um kjarabætur, þá er ekki í raun svo því að námslán eru greidd til baka með vöxtum og verðbótum, þau eru neyslulán en ekki laun. Því skil ég ekki þau rök að námsmenn þurfi að lifa undir fátæktarmörkum. Það eru ekki rök að nemar geti unnið með námi því að það bitnar á náminu, bæði námsárangri og námshraða. Um það getur sú sem hér stendur vitnað, sem hefur margra ára reynslu af háskólakennslu. Því vil ég biðja hæstv. menntmrh. að rökstyðja betur hvers vegna kjör námsmanna fá ekki að fylgja kjörum annarra. Það er ekki nægilega góður rökstuðningur að mínu mati að vísa til þenslu. Að ætla námsmönnum 57.600 kr. á mánuði að hámarki, sem er lægra en atvinnuleysisbætur, er óviðunandi og ekki í samræmi við þann sess sem menntun ungs fólks á að hafa í þjóðfélaginu og vísa ég þar í rökstuðning í skýrslu OECD.

[16:30]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er engum blöðum um það að fletta að samkvæmt landslögum eiga námslán að duga námsmanni til framfærslu. Erfiðar hefur gengið að koma sér saman um hvað dygði til framfærslu. Hvernig skyldi framreiknuð sú upphæð sem menn voru einu sinni búnir að koma sér saman um?

Fyrst áttu lánin að fylgja vísitölu framfærslukostnaðar, síðan vísitölu framfærslutekna, þá var aftur horfið til framfærsluvísitölu, síðan voru allar hækkanir frystar og seinna á sama ári tengdar aftur við framfærsluvísitöluna. Loks var ákveðið að bæta skerðinguna sem orðið hafði við breytingarnar frá 1983 í tveimur áföngum, 1989 og 1990.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Ríkisstjórnin sem tók við völdum 1991 skerti námslánin um 16,7% og síðan hefur heldur sigið á ógæfuhliðina. Nú er svo komið að námslán fyrir einstakling er 57.600 kr. á mánuði þegar upphæð atvinnuleysistrygginga, sem nú er yfirlýst markmið sitjandi

ríkisstjórnar að sé haldið neðan við hungurmörk til að það freisti ekki fólks, eins og það er kallað, til að ganga atvinnulaust, er 59.600.

Hvernig má það þá vera að Sjálfstfl., sem hefur á sínum stóru landsfundum samþykkt háleitar yfirlýsingar um mikilvægi þess að hækka menntunarstig þjóðarinnar, og Framsfl., sem eins og alþjóð veit ætlaði að setja fólk í fyrirrúm og þá væntanlega líka landsmenn, hafa nú, þegar þjóðin er að sögn forsrh. að drukkna í peningum og horfir til stórvandræða í þeim efnum, sameinast um að herða sultarólina á íslenskum námsmönnum? Slíkt framferði er til skammar, hæstv. forseti, ekki síst þar sem um er að ræða lán til framfærslu sem greidd verða til baka með vöxtum og vísitölubótum.

[16:33]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að spyrja hvað veldur því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, með hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason innan borðs, nánast leggi íslenskt námsfólk í einelti. Á þessum áratug hefur verið þrengt mjög að námsfólki, fyrst með því að þyngja vaxtakjörin og síðan með því að færa endurgreiðsluhlutfall lána upp. Það liggur núna í 4,75% en var áður 3,75%. Eins prósentustigs hækkun á endurgreiðsluhlutfalli þýðir, fyrir hjón með 150 þús. kr. á mánuði hvort, auknar fjölskylduálögur sem nema tæpum 40 þús. kr. Þetta er ofan á þær miklu byrðar sem hvíldu á þessu fólki áður.

Nú er námsmönnum einnig meinuð lífsbjörgin meðan á námi stendur. Það er óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli vilja halda námsfólki undir nauðþurftarmörkum. Á vinnumarkaði eru lægstu laun færð upp í 70 þús. kr. en námsmönnum er ætlað að lifa af 57.600 kr. Ef námsmenn síðan reyna að afla sér tekna umfram frítekjumark, sem nú liggur í 185 þús. kr. á ári eða 61.700 kr. yfir sumarmánuðina, þá lækkar lánsrétturinn um 50% umfram frítekjumarkið.

Dæmi: Vinni námsmaður yfir sumarmánuðina fyrir 75 þús. kr. á mánuði og drýgi síðan tekjur samfara námi um 10–15 þús. kr. á mánuði yfir vetrarmánuðina, þá fær viðkomandi engin 57.600 kr. í lán á mánuði heldur 37.600 kr. Þá er viðkomandi kominn inn í vítahring sem verður sífellt erfiðari. Og þess vegna er spurt hvað það er sem vaki fyrir þessari ríkisstjórn að þröngva námsfólki undir hungurmörk, undir nauðþurftarmörk. Sannast sagna skildi ég þetta ekki fyrr en ég heyrði mál hæstv. ráðherra áðan. Hann býsnaðist yfir því að námsfólk væri farið að setja fram launakröfur. Námsfólk er að gera kröfur til að geta lifað. Það er krafan sem sett er fram og ætlast til þess að henni verði svarað. Fólk getur ekki leyft sér að bíða eftir næstu kosningum en guði sé lof, það styttist í þær.

[16:35]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég verð að harma það að í svari hæstv. menntmrh. komu ekki fram nein svör. Þar komu engin rök fyrir því af hverju þessi 2,5% eru valin. Það komu engin rök fram í þeim efnum.

Það merkilega við umræðuna var einnig að hv. talsmaður Framsfl. í þessari umræðu lýsti því yfir að hann væri á móti því að þessi 2,5% væru valin en ekki viðmiðun við veruleikann í þjóðfélaginu. Þar með er auðvitað bersýnilegt að þessi reglugerð, sem meiri hluti stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna tók ákvörðun um á dögunum, styðst ekki við þingmeirihluta. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvernig hann hyggist taka á þessu máli. Ætlar hann að afturkalla þessa reglugerð sem sett var á dögunum, þessa að samþykkt meiri hluta stjórnar lánasjóðsins? Það greinilega ekki þingmeirihluti á bak við þessa niðurstöðu.

Það er náttúrlega ekki hægt, herra forseti, að láta framsóknarmönnum líðast það aftur og aftur að segja sig frá ábyrgð á málum án þess að því sé fylgt eftir. Ég get lofað hv. þm., sessunauti mínum, Hjálmari Árnasyni, því að því verður fylgt eftir að Framsókn standi við stóru orðin í þessu máli en svíki þau ekki eins og venjulega.

Einu rökin sem hæstv. menntmrh. bar fram í þessu máli var þensla ríkissjóðs. Það voru einu rökin sem hann flutti, hinn ægilegi vandi þjóðarinnar um þessar mundir, sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir gerði að umtalsefni, þ.e. hve það mikið væri orðið af peningum í þjóðfélaginu.

Í máli hans kom ekkert fram sem benti til þess að hann hefði skoðað þessi mál í samhengi menntastefnunnar. Það er greinilegt að ef þessari ákvörðun verður fylgt eftir þá mun hún hrekja fólk úr námi í vaxandi mæli. Það væri alvarlegt fyrir lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni. Þess vegna segi ég, herra forseti: Það var gagnlegt að þessar umræður fóru fram en það er óhjákvæmilegt að þeim umræðum verði fylgt eftir síðar í umræðum um önnur mál, áður en þinginu lýkur, til þess að koma því á hreint hvort hæstv. menntmrh. sé virkilega að skerða kjör námsmanna með minni hluta þingsins á bak við sig.

[16:38]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Alþingi hefur aldrei komist að þeirri niðurstöðu að Lánasjóður ísl. námsmanna ætti að starfa með þeim formerkjum að um laun til námsmanna væri að ræða og taka ætti mið af því hver launaþróunin hafi verið. Það hefur aldrei verið niðurstaða Alþingis og aldrei verið samþykkt nokkuð um það í lögum frá Alþingi. (**ÖJ:** En að fólk geti lifað?) Það er því algerlega rangt hjá hv. þingmönnum að gera þetta veður út af þessu máli. Það hefur verið lögformlega rétt að þessu staðið og miðað við, eins og ég sagði, hækkun á framfærslugrunni sem miðast við almenna verðlagsþróun.

Við samningu úthlutunarreglnanna var að þessu sinni einnig komið til móts við hópa námsmanna sem ekki hafa áður haft tækifæri til að fá lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Í því felst að sjálfsögðu menntastefna og ákvörðun um það að auðvelda fleirum en áður að stunda nám. Það er alveg ljóst. Útúrsnúningur af því tagi sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni er líka dæmdur ómerkur í þessu máli og þessum umræðum. Hins vegar er nauðsynlegt að ræða áfram kröfur námsmanna. Það er ljóst.

Í þessum umræðum á undanförnum vikum hafa verið reifaðar ýmsar hugmyndir um úthlutunarreglurnar, um það hvernig eigi að taka á málum í framtíðinni við endurskoðun á þessum reglum. Til dæmis hefur verið rætt um að stofna sérstakan lánaflokk handa þeim sem búa við háan húsnæðiskostnað. Þá hefur því verið hreyft að skapa mætti svigrúm til að hækka grunnframfærslu nemenda með því að miða upphæð námsláns til hvers og eins aðeins við þá daga sem hann stundar nám í skóla sínum en ekki við 9 mánuði eins og nú er. Þannig kynni að skapast það svigrúm sem menn vilja til að taka á því viðfangsefni að hækka framfærslugrunninn án þess að stofna til þeirrar þenslu, sem allir sem um efnahagsmálin fjalla vara við þótt hv. stjórnarandstæðingar hafi ekki tekið eftir þeim viðvörunum.

Herra forseti. Það er staðið þannig að ákvörðunum um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna að hagsmunir nemenda

séu í fyrirrúmi. Að þessu sinni hefur verið tekið tillit til sérstakra hópa og komið til móts við þá við breytingu á úthlutunarreglunum.

***Umræður utan dagskrár.***

Heilbrigðismál.

[16:40]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill árétta enn og aftur það sem hann gat um fyrr að áformað er að fram fari atkvæðagreiðslur á nýjum fundi eftir rúman klukkutíma eða þegar klukkana vantar u.þ.b. 15 mínútur í 6.

Nú mun fara fram áður boðuð utandagskrárumræða um heilbrigðismál. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson og heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa og er samkomulag milli forseta og formanna þingflokka að umræðan standi í u.þ.b. eina klukkustund. Einnig er samkomulag um tímasetningu, tímaramma einstakra ræðumanna, að málshefjandi og ráðherra hafi 8 mínútur í upphafi og 4 mínútur í lokin en aðrir þingmenn og ráðherrar fái 4 mínútur.

[16:41]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur setið í ráðherrastól í þrjú ár af fjórum. Niðurstaðan er sú að nauðsynlegt er að leita svara við ýmsum spurningum um stefnu ráðherrans í nokkrum þáttum er varða heilbrigðismál. Þau boð sem frá hæstv. ráðherra hafa komið hafa verið svo ruglingsleg að það er erfitt að átta sig á því hvað snýr upp og hvað snýr niður í þeirri stefnumótun.

Í fyrsta lagi varðandi málefni sérfræðilækna. Fyrsta verk hæstv. ráðherra var að semja við sérfræðilækna um að hætta við svokallað tilvísanakerfi gegn því að í staðinn yrði tekið upp kerfi sem sagt var að ætti að vera til frambúðar og grundvallaðist á takmörkun á aðgengi lækna annars vegar og þaki á þjónustu með stighækkandi afslætti hins vegar. Samningsákvæðið um takmörkun á aðgengi var dæmt ólögmætt og afsláttarkerfinu hefur verið hafnað af læknum sjálfum. Þessi frambúðarlausn er þar með hrunin til grunna.

Næsta vers var að hæstv. ráðherra tilkynnti um nýja stefnumörkun, svonefnt valfrjálst stýrikerfi, sem m.a. var gert samkomulag um við heimilislækna. Frá því kerfi hefur ekkert heyrst. Hefur það gefið upp öndina?

Þriðja versið var samningur við sérfræðilækna síðla vetrar. Sá samningur felur í sér tímabundið afnám kvóta og opnun fyrir greiðslur úr opinberum sjóðum fyrir mun dýrari, flóknari og fleiri læknisverk á einkastofum utan sjúkrahúsanna en áður þekkist.

Í ljósi þessara atburða er eðlilegt að spurt sé hver stefna hæstv. ráðherra er nú. Er hún sú að ná betri stjórn á þessum málum, eins og hugmyndirnar um valfrjálsa stýrikerfið fólu í sér, eða er stefna ráðherrans að auka einkavæðingu heilbrigðiskerfisins, eins og samningar við sérfræðilækna fólu í sér?

Í öðru lagi hefur ráðherra boðað þá stefnu að skipta landinu upp í sjálfstæð heilbrigðisumdæmi með einni yfirstjórn í hverju umdæmi sem m.a. eigi að hafa það hlutverk að ákveða í hvaða tilvikum sjúklingum sé heimilað að gangast undir aðgerðir utan heimahéraðs. Ekkert hefur orðið úr þessum framkvæmdum og um þessar hugmyndir hefur ekkert heyrst upp á síðkastið. Er þess að vænta að hæstv. ráðherra sé horfinn frá þessari stefnu sinni? Ef svo er, hver er þá stefna hæstv. ráðherra nú í skipulagi heilbrigðisþjónustunnar?

Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðherra lýst áhuga sínum á því sem nefnt hefur verið forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Sérstök nefnd var sett á laggirnar að tilhlutan ráðherrans til að vinna slíkar tillögur en frá því að nefndin lauk störfum hefur ekkert meira um málið heyrst. Ég spyr: Hvernig hyggst ráðherra standa að framkvæmd þessa máls, forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu, og hvenær munum við sjá tillögur í þá átt?

Í fjórða lagi minni ég á að þegar hæstv. ráðherra tók við voru hafnar undirbúningsviðræður milli heilbrrn. og forráðamanna Sjúkrahúss Reykjavíkur um samningsstjórnun, þ.e. gerð samkomulags um að Sjúkrahús Reykjavíkur tæki að sér tiltekin læknisverk gegn tiltekinni greiðslu. Mér er ekki kunnugt um hvort haldið hefur verið áfram við það verk en ekki alls fyrir löngu ræddi ráðherrann hins vegar um að rétt væri að gera slíkan samning. Ég spyr: Er það vilji ráðherrans? Ef svo er, hvar er það verk þá á vegi statt?

Á sama tíma ræðir hæstv. ráðherra hins vegar um sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur við Ríkisspítala og raunar fjögur önnur sjúkrahús, ýmist sem fullkomna sameiningu í einni stofnun, um samvinnu stofnana undir einni sameiginlegri yfirstjórn eða nánara samstarf þeirra með samkomulagi um verkaskiptingu. Jafnframt hefur ráðherra lýst sig sammála tillögum Félags ísl. hjúkrunarfræðinga um tilhögun á samstarfi þessara stofnana. Þessar tillögur ganga að sjálfsögðu ekki allar saman. Það er ekki hægt að framkvæma þær allar í einu. Því spyr ég: Hver er stefna hæstv. ráðherra í þessu máli? Að hvers konar samstarfi eða sameiningu umræddra sjúkrahúsa er hæstv. ráðherra að vinna og hvenær munu tillögur hennar í málinu líta dagsins ljós?

Í sjötta lagi fordæmdi hæstv. ráðherra á sínni tíð þær aðgerðir fyrirrennara sinna að leggja takmörkuð þjónustugjöld á við komu á heilsugæslustöðar, fyrir ferliverk, vegna tannlæknaþjónustu o.fl. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar ekkert gert sl. þrjú ár til að afnema eða lækka þessi þjónustugjöld heldur þvert á móti. Því hlýt ég að spyrja: Hefur ráðherra skipt um skoðun eða má ætla að hæstv. ráðherra nýti fjórða og síðasta ár sitt á ráðherrastól til að afnema þau gjöld sem ráðherrann hafði áður lýst andstöðu sinni við?

Í sjöunda lagi minni ég á að hæstv. ráðherra beitti sér harkalega gegn því ákvæði nýrra lyfjalaga sem heimilaði frjálsa samkeppni í lyfjaverslun. Sú samkeppni hefur leitt til mikillar lækkunar á verði lyfja til almennings. Þrátt fyrir margítrekaðar hækkanir ráðherrans á kostnaðarþátttöku sjúklinga í lyfjaverði hefur samkeppnin valdið því að neysluvísitala lyfja, þ.e. kostnaður þeirra sem lyfin kaupa, hefur lækkað úr 100 árið 1996 í 74 nú. Engu að síður lýsti ráðherra því yfir í svari til hv. alþm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hún hefði ekki breytt skoðun sinni á frjálsri samkeppni í lyfjaverslun. Hún kvaðst enn þeirrar skoðunar að hún ætti ekki rétt á sér. Því spyr ég: Mun ráðherrann, í samræmi við þá skoðun sína, beita sér fyrir því að breyta lyfsölulögum í fyrra horf?

Að lokum, virðulegi forseti, hefur það komið fram í fréttum að nú skorti um 340 hjúkrunarfræðinga til starfa við stærstu sjúkrastofnanir landsins svo hægt sé að framkvæma svokallaða neyðaráætlun vegna fyrirsjáanlegra lokana sjúkrahúsa í sumar. Það skortir ekki 340 hjúkrunarfræðinga til að hægt sé að standa við starfsáætlun sjúkrahúsanna

heldur til að framkvæma neyðaráætlun vegna fyrirsjáanlegra lokana. Þessir hjúkrunarfræðingar eru ekki til staðar. Engu að síður heldur hæstv. ráðherra við svokallaða neyðaráætlun sína um starfsemi sjúkrahúsa í sumar, og ég spyr: Hvar ætlar hæstv. ráðherra að fá þessa 340 hjúkrunarfræðinga sem ekki eru til, svo að hægt sé að standa við neyðaráætlun ráðherrans?

Virðulegi forseti. Það er ekki langur tími sem við höfum í þessari utandagskrárumræðu en það er vissulega full ástæða til þess að spyrjast fyrir um meiningu hæstv. ráðherra í þeim málaflokkum sem hún hefur með höndum. Hvar er stefna hæstv. ráðherra? Hæstv. ráðherra hefur boðað eitt og framkvæmt annað. Hún hefur jafnvel í einni og sömu setningunni lýst yfir skoðunum sem ekki ganga saman, um framkvæmd einstakra þátta í heilbrigðiskerfinu. Ég auglýsi eftir því, virðulegi ráðherra, að hæstv. ráðherra komi fram með þá stefnu og segi vilja sinn þannig að menn viti hvar hæstv. ráðherra stendur. Hvað er það sem hæstv. ráðherra vill? Hvað er það sem hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að leggja fyrir Alþingi á síðasta starfsvetri sínum?

[16:49]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir að gefa mér tækifæri til að fara yfir stefnuna í heilbrigðismálum.

Hvernig höfum við nýtt okkur góðærið í þjóðfélaginu undanfarin tvö ár? Á sl. rúmum tveimur árum höfum við lagt 6 milljörðum meira til heilbrigðis- og tryggingamála að raungildi. Hvernig höfum við nýtt okkur þetta fjármagn? Við höfum nýtt okkur það þannig að við höfum ekki hækkað þjónustugjöld. Við höfum haldið þjónustugjöldum niðri og þjónustugjöld hafa ekki hækkað að raungildi nema síður væri. Þau hafa lækkað að raungildi. Við höfum hækkað umönnunarbætur til langsjúkra barna. Við höfum breytt fæðingarorlofi þannig að það er lengt hjá veikum mæðrum, vegna veikinda barna, vegna fjölbura og feðraorlofi hefur verið komið á. Við höfum hækkað almannatryggingabætur um 20%.

Tökum heilsugæsluna sem sérstaklega var til umfjöllunar og það tilvísunarkerfi sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ætlaði að koma á en tókst ekki. Hann ætti að skýra það fyrir þingheimi af hverju hann kom því ekki á og færði það andvana nýjum ráðherra.

Við höfum byggt upp heilsugæsluna úti á landi þar sem hún var ekki uppbyggð áður. Við höfum opnað nýja heilsugæslu í Laugarási, í Hrísey og í Grenivík erum við að opna nýja heilsugæslu. Við opnuðum nýja heilsugæslustöð í Mosfellsbæ fyrir hálfum mánuði síðan. Við höfum opnað nýja heilsugæslustöð í Garðabæ. Við munum opna nýja heilsugæslustöð í Hafnarfirði á þessu ári, í Kópavogi á þessu ári og í Keflavík á næsta ári. Fossvogurinn er í fullri uppbyggingu.

Þetta er allt nauðsynlegt ef við ætlum að koma á valfrjálsu stýrikerfi sem var nefnt áðan. En valfrjálst stýrikerfi verður aldrei sett á laggirnar nema almenn sátt verði um það meðal lækna. Þegar ég kynnti það í fyrsta skipti, sagði ég sérstaklega frá því að það er einmitt það sem þarf í þessu kerfi, það þarf sátt.

Hv. þm. minntist á héraðsstjórnir og taldi þær líka andvana fæddar. Hvað er að gerast í þeim málum? Meginmarkmiðið var að fækka stjórnum og gera kerfið skilvirkara. Á Vestfjörðum höfum við sameinað sex stofnanir undir eina stjórn. Á Austfjörðum erum við að gera það sama. Í Reykjavík erum við búin að sameina heilsugæslustöðvarnar undir eina stjórn. Núna munum við t.d. sameina, svo að eitthvað sé nefnt, stjórnina á Hellu og Hvolsvelli og þannig höldum við áfram. Þannig erum við búin að ná markmiðum héraðsstjórna.

Svo spyr hv. þm. hvort gerðir hafi verið þjónustusamningar um einstaka þjónustuliði á sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu. Við höfum náð verulegum árangri þar. Öldrunarþjónustan er komin undir einn hatt. Það var ákveðið sumarið 1996 og nú er Landakot orðin ein stofnun fyrir bæði sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu. Endurhæfingin hefur líka verið samræmd. Verið er að samræma tölvudeildir þessara sjúkrahúsa og rannsóknarsviðið er sérstaklega tekið út fyrir sviga og verið að vinna að samræmingu þar að lútandi.

Þá spyr hv. þm.: Hvað með sameiningu sjúkrahúsanna? Ég hef aldrei farið dult með að ég tel það vera framtíðina og ég tel að þau skref sem við erum að stíga og höfum verið að stíga séu í sameiningarátt.

Komum þá að forgangsröðun í heilbrigðismálum. Hv. þm. gerði lítið úr þeirri skýrslu sem er nú í prentun um forgangsröðun í heilbrigðismálum. Það er þverpólitísk nefnd sem hefur komið hér að verki og þverfagleg. Þetta er mjög mikilvæg vinna sem allar þjóðir í kringum okkur hafa unnið áður. Ég setti þessa nefnd á laggirnar þegar ég tók við 1995 og nefndin er núna að ljúka störfum eða hefur lokið störfum. Meginmarkmiðið í þessu öllu saman er að greitt er fyrir þá þjónustu sem er læknisfræðilega vísindalega sannað að hefur gildi. Það er meginmarkmiðið í forgangsröðunarskýrslunni. Ég hef að sjálfsögðu ekki tíma til að lesa meginmarkmið hennar hér en þetta er plagg sem kemur okkur að góðu gagni.

Hv. þm. gerði að umræðuefni kjaradeilur hjúkrunarfræðinga. Okkur er að sjálfsögðu vandi á höndum sem þjóð þegar búið er að gera kjarasamninga til langs tíma. Í þessu tilviki er búið að gera kjarasamninga til ársins 2000 en kjaradeilur eru enn uppi og þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki í annað skiptið og hv. þm. þekkir það vel úr fyrri störfum sínum. Það eru sérstakar úrskurðarnefndir og aðlögunarnefndir að vinna og það er von okkar að við náum lendingu þannig að við þurfum ekki á neyðaráætlun að halda en auðvitað verðum við að vinna það samtímis. Við höfum mánuð til stefnu að finna lausn á málinu en við verðum um leið og við leitum lausna líka að undirbúa ef allt fer á versta veg.

Hv. þm. spurði ekki um stefnuna í forvörnum en hann gerði lítið úr því í upphafi ferils míns að forvarnir skipti ekki eins miklu máli og ég hef alla tíð talið. Á síðustu tveim árum höfum við lagt 250 millj. til forvarnamála umfram það sem við höfum gert áður. Hér sjáum við loksins að við erum að ná árangri.

Bara varðandi tóbaksvarnirnar sjáum við samkvæmt nýjustu könnunum að tóbak er á undanhaldi á Íslandi í fyrsta skipti í mörg ár.

Mig langar að benda á margar nýjungar sem okkur hefur tekist að ná fram. Við hefjum framkvæmdir á nýjum barnaspítala nú í sumar. Við höfum breytt skurðstofunum á Landspítalanum og gjörgæsludeildinni þar, göngudeildum. Ný æðarannsóknarstofa hefur verið tekin í notkun, sem er bylting á Íslandi, og svo mætti lengi telja.

Hv. þm. Ég held að það sé ágætt að enda þessa ræðu með því að segja frá því að á síðasta þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar var um það getið að Ísland væri í 1.–3. sæti varðandi bestu heilbrigðisþjónustu í veröldinni.

[16:57]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Enn einu sinni tökum við fyrir til umræðu stefnuna í heilbrigðismálum þegar við blasa mjög alvarleg vandamál eins og það sem hér var nefnt af hv. málshefjanda, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, og ég vil þakka honum fyrir að taka þessi mál á dagskrá, en það er að hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum sínum. Það er óánægja með kjaramálin rétt eina ferðina enn innan heilbrigðisstéttanna sem segir okkur að þar höfum við staðið illa að málum á undanförnum árum þar sem upp koma nánast á hverju einasta ári ekki bara eitt heldur tvö eða þrjú alvarleg tilvik þegar heilu stéttirnar hafa sagt störfum sínum lausum og virkilega orðin þörf á því að kjaramál allra heilbrigðisstétta séu tekin til heildarendurskoðunar.

Þær fréttir sem við fáum samkvæmt fjölmiðlum, því að hæstv. ráðherra hefur ekki að fyrra bragði séð ástæðu til þess að upplýsa Alþingi um það alvarlega ástand sem við blasir sem auðvitað ætti að vera í verkahring hæstv. ráðherra, þ.e. að láta Alþingi vita af því þegar svona vandamál koma upp, en við megum hins vegar hlusta á það í fjölmiðlum að það vanti 340 hjúkrunarfræðinga eins og hér kom fram til þess að hægt sé að standa við svokallaða neyðaráætlun vegna sumarlokana. Það er mjög alvarlegt. Við lesum líka um það í fjölmiðlum að við megum búast við enn frekari sumarlokunum á sumum sjúkrahúsum en hafa verið undanfarin ár. Það er alvarlegt og það er enn alvarlegra þegar maður hugsar til þess að hæstv. ráðherrar hafa hver um annan þveran, ríkisstjórnin hæstv. endilöng, eins og ágætur maður orðaði það fyrir stuttu síðan, hefur keppst um það að segja okkur hvað við búum nú við mikið góðæri hér, þessi þjóð, hvað við höfum það fjári gott. En þetta góðæri hefur ekki skilað sér inn í heilbrigðiskerfið nema að sáralitlu leyti. Hæstv. ráðherra kom inn á það sem hún gerir svo gjarnan þegar rætt er um starfsemina, hvað allt sé nú á leið til betri vegar innan heilbrrn., þ.e. forvarnastarfið, að lagðar hafi verið að mér heyrðist hæstv. ráðherra segja 250 millj. kr. meira á undanförnum árum en áður hafi verið gert til forvarnastarfs. Mér finnst það satt að segja alltaf hlálegt þegar talað er um það í þessum tóni og það sé verið að gera þarna góða hluti. Forvarnastarfsemi er mjög takmörkuð. Forvarnastarfsemi sem hefur fengið meira fjármagn eru tóbaksvarnirnar. Höfum við séð sama árangur varðandi aðra fíkniefnaneyslu ungmenna? Hvað sagði skýrslan okkur sem sænskur lögregluþjónn og íslenskur, sem eru sérfræðingar á þessu sviði, voru að skila? Hvað sagði sú skýrsla? Að við hefðum náð þar árangri? Hvað sögðu foreldrarnir á ráðstefnu Vímulausrar æsku sem höfðu leitað til yfirvalda æ ofan í æ og hvergi er til meðferð fyrir börnin þeirra fársjúk? Hvergi nokkurs staðar. Ef við erum að tala þar um tiltölulega takmarkaðan hóp sem þarf á meðferð að halda vegna alvarlegra veikinda sem vímuefnaneyslan er, (**Gripið fram í:** Hvað þá?) er þá ekki komin ástæða til þess, úr því að við búum við þetta góðæri og hæstv. heilbrrh. talaði um milljarðana sem hafa farið í heilbrigðiskerfið, að beina þeim í þann farveg að þessu vandamáli, þessu alvarlegasta vandamáli þjóðarinnar í dag sé mætt?

Ég held að við megum skammast okkar fyrir það hvernig við höfum staðið að málum. Við stæðum ekki frammi fyrir þessum alvarlega vanda í dag ef við hefðum tekið á eins og okkur var bent á af erlendum sérfræðingum sem koma hingað til að segja okkur fleira en það að við búum við gott heilbrigðiskerfi. Þeir hafa komið hér líka til að segja: Þið standið illa að forvarnastarfsemi hvað varðar eiturlyfjaneyslu.

Virðulegi forseti. Ég vildi (Forseti hringir.) gjarnan taka heilsugæsluna og þær aðstæður sem hún býr við, en einn sterkasti þátturinn í allri forvarnastarfsemi er uppbygging heilsugæslunnar. Það er ekki nóg að byggja húsnæðið. Það verður líka (Forseti hringir.) að sjá til þess að peningar séu til fyrir rekstur.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Það varð að samkomulagi að skammta okkur svona lítinn tíma fyrir þennan málaflokk og því miður verður hæstv. forseti þess vegna að slá svona oft í bjölluna.

[17:02]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir að efna til þessarar umræðu. Það hefur verið óvenjuhljótt um heilbrigðismálin að undanförnu þrátt fyrir næg tilefni. Orsökin er auðvitað hversu mörg stór mál hafa verið til umfjöllunar í þinginu og í þjóðfélaginu að undanförnu. Heilbrigðismálin hafa því svolítið lent í útideyfu.

Ég minni á öll átökin sem eiga sér stað á Alþingi á hverju einasta ári, einkum nú síðustu árin í tengslum við fjárlög og fjáraukalög, þar sem stjórnendum og starfsfólki heilbrigðisþjónustu er æ ofan í æ stillt upp frammi fyrir hinu ómögulega, frammi fyrir því óvinnandi verkefni að draga úr kostnaði án þess að draga úr þjónustunni við fólkið sem þarf á henni að halda og er tryggt með lögum. Þetta fólk kannast ekki við hið stórbætta ástand sem hæstv. heilbrrh. taldi sig hafa efni á að lýsa áðan í ræðu sinni.

Ég segi óvinnandi verkefni vegna þess að það er í rauninni orðið svo. Vissulega kom í ljós þegar aðhaldsaðgerðir hófust að einhverju marki fyrir nokkrum árum að menn fundu ýmsar leiðir til sparnaðar og aðhalds og hafa lagt mjög hart að sér til að ná þeim fram. Árangurinn er í rauninni ótrúlegur á öllum sviðum en það er auðvitað ekki hægt að ná slíkum árangri endalaust. Það hlýtur að enda með ósköpum eins og tilraunin með hestinn sem átti að athuga hvað kæmist af með lítið fóður. Sú tilraun tókst formlega nokkuð vel þangað til aumingja hesturinn dó úr hor.

Þar með er ég ekki að segja að nú séu allar leiðir þrautreyndar til aðhalds og sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. Fyrst og fremst hlýtur þar að vera horft til stjórnunar og skipulagningar, skýrrar og afmarkaðrar verkaskiptingar og samstarfs, einkum í sjúkrahúsum landsins. Þar hefur náðst eins og ég hef sagt gríðarlega mikill árangur. Sjúklingar á hvern starfsmann eru mun fleiri en áður. Aðgerðum hefur fjölgað, legudögum hefur fækkað og þannig mætti áfram telja og líklega mundi einhver freistast til að tala um aukna framleiðni, sem mér finnst reyndar alveg ótækt orð í þessu samhengi. En það er mín skoðun að allt of langt sé gengið á þessari braut og að í raun og veru sé svo komið að álag á starfsfólk sé komið út á verulega hættulega braut. Það sé farið að segja hættulega mikið til sín í minnkandi starfsþreki og minnkandi starfsgleði, auknum álagssjúkdómum og atgervisflótti sé að komast á varhugavert stig í þessum geira.

Önnur hlið á málinu er svo vaxandi álag á heimilin í landinu. Sjúklingar eru orðnir veikari þegar þeir komast til meðferðar og þeir eru sendir veikari heim, og það er aldeilis óþolandi fyrir veikt og lasburða fólk og reyndar allt fólk því að flestir verða einhvern tíma veikir og þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda að búa við sífellda óvissu og öryggisleysi í þessu efni.

Herra forseti. Hér er lýst eftir stefnu og ég tek undir það. Hv. málshefjandi fór yfir nokkur atriði sem tæpt hefur verið á en lítið unnið úr eða leitt til lykta og allt er þetta heldur óljóst eftir svarræðu hæstv. ráðherra. En ég ætla að halda mig við kostnaðinn. Hæstv. ráðherra fór enn einu sinni yfir milljarðana sína sem gera þó ekki mikið meira en halda í við sannanlegan kostnaðarauka vegna mannfjölgunar og breyttrar tækni. Stefnumörkun í heilbrigðismálum er nauðsynleg. Stefnumörkun þar sem tekið er mið af þróuninni sem er og hefur verið í þekkingu og tækni en við megum aldrei missa sjónar á þeirri meginhugsun sem við flest okkar höfum talið að ætti að liggja til grundvallar góðu heilbrigðiskerfi, hugsun sem byggir á mannréttindum og samhjálp. Um þá hugsun þarf að standa vörð.

[17:06]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Enn koma heilbrigðismál til umræðu á hv. Alþingi sem umræða utan dagskrár. Enn fara fram umræður um heilbrigðismál undir neikvæðum formerkjum.

Það er, herra forseti, nokkuð athyglisvert að málshefjandi, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, gegndi starfi hæstv. heilbrrh. á síðasta kjörtímabili og gat sér nokkurt orð í því starfi. Sumir töluðu um að hart væri fram gengið af páv. hæstv. heilbrrh. en miklar umræður urðu um þá stefnumörkun sem þá var mótuð með innleiðingu þjónustugjalda.

Á þessu kjörtímabili hafa þjónustugjöldin, þessi sömu, verið nokkuð til umræðu, m.a. af hv. þm., fyrrv. hæstv. heilbrrh., Sighvati Björgvinssyni, þar sem ráðist er mjög harkalega á þjónustugjöld. Þar með er hv. þm. að ráðast að eigin stefnu, þeirri stefnu sem hann sjálfur innleiddi í ráðherratíð sinni. En sami hv. þm. hefur minna rætt um að þjónustugjöld að raungildi hafa lækkað sl. þrjú ár. Það hefur verið stritað við að vinda ofan af þeim háu þjónustugjöldum sem komið var á á síðasta kjörtímabili.

Svipuð er umræðan um heilbrigðismál þegar kemur að fjárveitingum og mikið og gjarnan er talað um niðurskurð. Niðurskurður er það orð sem gjarnan heyrist hjá hv. stjórnarandstöðu. (**MF:** Og fleirum.) Svo hátt að við liggur að almenningur sé farinn að trúa því. Þetta er ótrúverðug umræða, þetta er ósanngjörn umræða einfaldlega vegna þess að staðreyndir segja annað. (**Gripið fram í:** Af hverju er starfsfólkið ...) Hvað sem um er talað þá hafa fjárveitingar og framlög til heilbrigðismála á þessu kjörtímabili aukist um 4,5 milljarða eða 8,5%, og það eru rauntölur, umfram verðbólgu. Þess vegna er ótrúverðugt að ræða stöðugt um niðurskurð þegar tölulegar staðreyndir segja annað.

Hitt er annað mál að vandi heilbrigðiskerfisins og fjárþörf er meiri og mun sú fjárþörf ávallt verða til staðar og fara vaxandi, bæði vegna þess að sérfræðikunnáttu fleygir fram, vísindum fleygir fram með kostnaði, lyfjum fleygir fram og aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast. Það eru fleiri sem þurfa á aðstoð að halda og það munu vera færri sem undir því þurfa að standa. Þess vegna munum við um síðir standa frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun, hversu langt við viljum og getum gengið í þessum viðkvæma málaflokki.

Herra forseti. Hér er gjarnan hamast mjög á hinu neikvæða og mætti ætla að ekkert jákvætt hafi gerst í heilbrrn. en það er öðru nær. Hér kom fram skýr stefnumörkun hjá hæstv. heilbrrh. Komið hefur fram að almannatryggingar hafa aukist um hátt í 20% á þremur árum, samningar verið gerðir um heilsugæslu, heildarútgjöld aukist og þannig má áfram telja, en ég vil, herra forseti, sérstaklega fagna þeirri áherslu sem lögð hefur verið á forvarnir með auknum fjárframlögum sem m.a. hafa dugað til þess að heil bæjarfélög, ég nefni Reykjanesbæ, hafa vegna framlaga úr Forvarnasjóði getað virkjað grasrótina til eins öflugasta forvarnastarfs sem um getur. Það er m.a. vegna aukinnar áherslu á forvarnir.

[17:11]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég ætla að gera að umtalsefni þær blikur sem eru á lofti í heilbrigðisþjónustu hér á landi, sérstaklega í rekstri stóru sjúkrahúsanna vegna uppsagna hjúkrunarfræðinga sem allt bendir til að muni koma til framkvæmda 1. júlí nk., eftir tæpan mánuð, og það hefur ekkert svar komið fram frá hæstv. ráðherra um hvernig hún muni haga þeirri neyðaráætlun sem hún hefur rætt um.

Í stuttum ræðutíma mínum ætla ég að gera að umtalsefni Sjúkrahús Reykjavíkur sem er aðalslysasjúkrahús allra landsmanna. Þar eru 400 stöður hjúkrunarfræðinga nú. Neyðaráætlun sjúkrahússins, ef af verkfalli verður, gerir ráð fyrir a.m.k. 230 hjúkrunarfræðingastöðum. Þann 1. júlí nk., eftir tæpan mánuð, verða 89 hjúkrunarfræðingar starfandi. Og við vitum að það er alltaf nokkuð stór hópur sem ekki getur sagt upp vegna heimilisaðstæðna, heilsufars, fjárhagsaðstæðna og t.d. barnshafandi konur. Þær eru í þessum hópi 89 hjúkrunarfræðinga.

Það er ljóst að aðstæður á slysasjúkrahúsinu Sjúkrahúsi Reykjavíkur verða þannig að aðeins verður hægt að veita lágmarksþjónustu við mikið slasaða og bráðveika einstaklinga. Það er ógjörlegt að veita þjónustu eins og t.d. núna um hvítasunnuna, á þeirri miklu ferðahelgi og þeirri því miður miklu slysahelgi. Ég minni á að helgin eftir að hjúkrunarfræðingarnir hætta, helgin 4. júlí, er langmesta unglingaferðahelgi ársins og ekki verður hægt að veita nema brot af þeirri þjónustu sem veitt var um síðustu helgi á slysasjúkrahúsinu. Þá verður ástandið þannig á helsta slysasjúkrahúsi allra landsmanna að óstarfhæf verður m.a. neyðarmóttaka vegna nauðgana, símaráðgjöfin, Almannavarnir ríkisins, eitrunarupplýsingamiðstöðin, áfallahjálpin, skyndihjálpin við aðstandendur deyjandi og mikið slasaðra og bæði skurðstofa og gæsludeild slysa- og bráðamóttöku, og hér er fátt eitt talið. Og ég minni á að ástandið er ekki betra á öðrum sjúkrahúsum.

Á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur hafa allir hjúkrunarfræðingar nema einn í hálfri stöðu sagt upp. Ég minni á að fólk er lagt inn á geðdeildina í kjölfar alvarlegra sjálfsvígstilrauna, vegna ofbeldis og jafnvel í sturlunarástandi og þarna er einn hjúkrunarfræðingur starfandi í hálfu starfi. Mikið geðsjúka og mikið sjúkt fólk þarf að senda heim til aðstandenda sem eru misjafnlega í stakk búnir til að sinna þeim eða jafnvel yfirleitt að taka við þeim og margir geðsjúkir eiga ekki í nein hús að venda.

Á Landakoti, öldrunarsjúkrahúsinu, verður ástandið skelfilegt. Það þarf að senda heim 50–60 rúmliggjandi öldrunarsjúklinga, sjúklinga sem ekki hefur verið hægt að útskrifa vegna sumarlokana.

Herra forseti. Grafalvarlegt ástand blasir við ef ekki verður samið við hjúkrunarfræðinga fyrir 1. júlí og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hún bregðast við þessu alvarlega yfirvofandi ástandi?

[17:15]

**Katrín Fjeldsted:**

Herra forseti. Hér er til umræðu víðfeðmt mál og kom málshefjandi víða við. Ég ætla mér ekki þá dul á fjórum mínútum að koma inn á nema örfá atriði af því sem hann ræddi um en einbeita mér fyrst og fremst að heilsugæslunni og málefnum hennar.

Það er svipað með heilsugæsluna og sjúkrahúsin að það minnir á söguna um Davíð og Golíat en Davíð var seigur eins og menn muna og heilsugæslan hefur alla burði og vill hafa alla burði til að standa sig álíka vel.

Heilsugæslan er mjög lítill hluti af kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt tölum sem ég hef var hlutfall heilsugæslunnar um 1,5% af heildarútgjöldum fjárlaga árið 1991 meðan sjúkrastofnanir voru 13,9% og sjúkratryggingar 9,5. Þróunin frá 1991 hefur verið hæg. Ef við tökum 1991, þá sagði ég áðan 1,5%, fór niður í 1,4% 1996, síðan 1,5% og nú 1,6% árið 1998.

Rekstrarkostnaður heilsugæslunnar í heild er áætlaður upp á 2,3 milljarða kr. en það er svipað og kostnaður heimilanna í landinu er af tannlæknaþjónustu. Það sem almenningur heyrir af heilbrigðisþjónustunni er fyrst og fremst tvennt: Annað er kjaramál og hitt er árviss niðurskurðarumræða, sérstaklega við gerð fjárlaga eins og bent var á áðan. Samt er það svo að við eigum prýðilega menntaða lækna, erum með prýðilega menntaðar aðrar heilbrigðisstéttir og ágæta stjórnendur, a.m.k. ekki verri en í öðrum löndum.

Það er kominn tími til að sú neikvæða ímynd af heilbrigðisþjónustunni hverfi því að það er svo margt jákvætt sem gerist í þessum geira. Ég held að það sem trufli þetta núna séu skipulagsbreytingar og heilmiklar breytingar sem eru í gangi og eru í gerjun á vegum heilbrrn. og flestar prýðilegar en þetta kemur á sama tíma og heilbrigðisstéttir hafa verið í kjarabaráttu og menn misskilja svolítið í hverju vandamálið er fólgið.

Ef við lítum á kostnaðinn við heilbrigðisþjónustu, þá er vitað að langstærstur hluti er launakostnaður en tækjakaup hljóta að lúta nokkuð eðlilegum alþjóðlegum stöðlum og við þurfum ekki að uppgötva þyngdarlögmálið alltaf upp á nýtt. Það hlýtur að vera eðlilegt hvað þurfi að endurnýja af tækjabúnaði. Það sem hins vegar er viðbótarkostnaður og stór þáttur í kostnaði heilbrigðisþjónustu er hvernig lyf og rannsóknir eru nýttar. Þar byggir fyrst og fremst og eingöngu á ákvörðun lækna og þess vegna skiptir miklu máli að heilbrrn. vinni með þeim og ég trúi því að núv. hæstv. ráðherra vilji gera það en ég veit líka að fyrri ráðherrar hafa ætlað sér það.

Ég held því að miklu máli skipti að réttar ákvarðanir séu teknar í samstarfi við lækna. Ég held að annað atriði sem þurfi að skoða þarna alvarlega og miklu meira en gert hefur verið sé verkaskiptingin í heilbrigðisþjónustunni, þ.e. hvaða verk á að vinna í hvaða hluta kerfisins. Það er þar sem skórinn kreppir mjög alvarlega hjá okkur, þ.e. að fjöldinn allur af störfum sem heilsugæslan á að geta sinnt fer nú fram á sjúkrahúsum. Létta þarf þessari vinnu af sjúkrahúsunum og þar með þeim kostnaði því að hægt er að gera ýmis atriði mun hagkvæmar utan sjúkrahúsa. (Forseti hringir.) Valfrjálst stýrikerfi var hugsað sem leið til þess og ég hvet ráðherra heilbrigðismála til að koma á stofn nefnd nú í sumar til að fjalla um þetta mál.

[17:20]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma örstutt inn í þessa umræðu sem hér fer fram um heilbrigðismál. Hv. málshefjandi kallaði eftir stefnu og taldi hana ekki vera mikla eða alla vega taldi hann ástæðu til að kalla eftir henni hér.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur farið yfir stefnuna og ýmsar nýjungar sem hún hefur beitt sér fyrir í ráðherratíð sinni. Ég ætla ekki að endurtaka það allt en það má t.d. nefna byggingu barnaspítala, fjarlækningar, nýjar deildir og verulega endurnýjaðar sem unnið hefur verið við bæði á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og á Ríkisspítölum. Það má nefna barnadeild á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og margt, margt fleira mætti nefna svo sem legudeildir á Blönduósi og Akranesi o.s.frv., þannig að víða hefur verið tekið til hendinni.

Mig langar einnig að nefna til viðbótar geðheilbrigðismálin sem oft eru hér til umræðu. Samkvæmt skýrslu sem unnin er af norrænni tölfræðistofnun eru sjúkrarúm í geðlækningum hér á landi 118 á 100 þúsund íbúa. Einungis í Finnlandi eru fleiri rúm eða 130. Í Danmörku eru þau 81, Noregi 70, Svíþjóð 80 og Grænlandi 32. Þessar tölur sýna a.m.k. að á þessu sviði ætti ekki að vera skortur á úrræðum og eins má nefna að sumarlokanir eru minni á geðsviðum en á öðrum sviðum sjúkrahúsanna.

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma aðeins inn á heilsugæsluna þar sem hæstv. heilbrrh. hefur beitt sér alveg sérstaklega fyrir úrbótum og á þakkir skildar fyrir það. Það má eiginlega segja að þáttaskil hafi orðið í málefnum heilsugæslunnar í júlí 1996 þegar ráðherra lagði fram stefnumótun í 21 lið um uppbyggingu þjónustunnar.

Hún nefndi sjálf nokkur atriði sem unnið hefur verið að og þar sem byggðar hafa verið nýjar heilsugæslustöðvar, ég ætla ekki að endurtaka það, en það má nefna að heildarkostnaður til þess að ljúka þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi, er um 500 millj. kr. og rekstrarkostnaður sem bætist við vegna þeirra er um 50 millj. kr. á þessu og næsta ári, þannig að víða er tekið til hendinni.

Að síðustu, hæstv. forseti, vil ég nefna að gert hefur verið stórátak í forvörnum sem hefur skipt verulegu máli, en svo geta hv. þingmenn náttúrlega gert lítið úr því, en það eru hvorki meira né minna en 125 millj. á ári tvö síðustu ár.

Það er ósköp auðvelt að koma hér upp, eins og nokkrir þingmenn hafa raunar gert, og tala um neyðarástand í sambandi við uppsagnir hjúkrunarfræðinga og það þurfti ekki þessa umræðu til að hæstv. ráðherra átti sig á því að ekki er gott ástand þegar hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp í svo miklum mæli sem raun ber vitni. Einn hv. þm. talaði um grafalvarlegt ástand ef þessar uppsagnir kæmu til framkvæmda. Auðvitað er hæstv. ráðherra að vinna að lausn þessara mála en þau eru ekki einföld. Ég hef ekki orðið vör við það að nokkur hv. þm. sem hér hefur tekið til máls hafi nefnt neinar tillögur til úrbóta í þessum efnum eða hugmyndir um hvernig leysa skuli þessi mál, þannig að það er auðvelt að koma hér upp og básúna ástandið en leggja síðan ekki nokkurn skapaðan hlut til til úrbóta eins og hv. þm. stjórnarandstöðunnar gera gjarnan.

Að síðustu vil ég segja að þó að auðvitað megi finna að heilbrigðiskerfinu á Íslandi, þá er það í öllum aðalatriðum mjög til fyrirmyndar. Fram á þetta hefur verið sýnt í mörgum skýrslum sem gerðar hafa verið og erlendir sérfræðingar sem

hafa heimsótt landið og kynnt sér okkar kerfi hafa dáðst að því.

[17:24]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra nefndi í ræðu sinni barnaspítala og að framkvæmdir yrðu hafnar við hann í sumar. Heilbrrh. hefur notið stuðnings okkar jafnaðarmanna varðandi barnaspítala og það er ekki að undra vegna þess að Guðmundur Árni Stefánsson fór af stað með það mál þegar hann var heilbrrh. og náði samkomulagi um upphafsfjármögnun á barnaspítala. Það er búið að taka allt kjörtímabilið að komast af stað með þetta verkefni og búin að vera allt of löng töf í þessu máli hjá ríkisstjórninni. Byrjað verður að moka upp úr grunninum bærilega tímanlega fyrir kosningabaráttuna sem hefst í haust til að geta bent á að framkvæmdir séu komnar í gang í kosningabaráttunni. Ég mundi ekki hreykja mér af þessu máli í sporum heilbrrh., svo mikinn stuðning sem hún hefur fengið frá okkur í því og svo seint sem það mál hefur gengið, sérstaklega ekki þegar forsrh. hefur komið hér og boðað samdrátt ríkisútgjalda því við þekkjum hvar sá ríkisútgjaldaniðurskurður lendir.

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlusta á orð Katrínar Fjeldsted. Hún vill að ákveðið sé hvaða verk á að vinna hvar og hún vill nefnd í það mál. Það skil ég. Á sama tíma komu aðrir hér og töluðu um að fullkomin stefnumörkun sé í gangi og við bara ómerkileg að vera að ræða heilbrigðismál.

Ég ætla að nefna samtal sem ég átti fyrir viku síðan. Þá kom að máli við mig læknir sem búinn er að vera heimilis- og heilsugæslulæknir frá 1979 og er nú svokallaður forstöðulæknir. Það var svolítið annað hljóð í honum og er það þó ekki gunguháttur sem einkennir þann mann. Hann minnti á að heimilislæknar hefðu gengið út 1996 og það hefði verið mikið uppistand, eðlilega. Það sem þá gerðist var áhyggjuefni fyrir alla. En hann segir að núna sé það sama að gerast, bara hægt og hljótt og þreytulega. Þessi maður segir mér að sl. ár hafi verið að byggjast upp vaxandi gremja bæði hjá læknum og hjúkrunarfræðingum. Endurtekinn niðurskurður, endurtekinn sparnaður, ýmislegt tekið af sem fólki þykir ósanngjarnt að tekið sé af því, og hægt og sígandi verður til stórt svart vandamál innan heilbrigðiskerfisins. Það er ekki stjórnarandstaðan á Alþingi sem er að búa það til. Hann heldur því fram að einn góðan veðurdag bresti þessi stífla alvarlega. Á sama tíma er talað um að sett hafi verið fram stefna í 21 lið í málefnum heilsugæslunnar. Ég þekki þennan lækni afskaplega vel og veit hvaða hugsjónir hann ber fyrir brjósti um heilsugæsluna og verkefnin þar. Hann segir að ungt fólk sem er erlendis vilji ekki koma heim. Það er tortryggni og neikvæðni út í hið opinbera. Það er uppsafnaður vandi og upp úr sýður á ákveðnu augnabliki, ekki endilega á erfiðasta og versta augnablikinu heldur augnablikinu þar sem smellur.

Hann sagði mér að þrír sérfræðingar séu á svæðinu hjá sér, sem er utan Reykjavíkur. Enginn fáist til starfa og það sé undirmönnun. Reykjavík fái eitthvað af fólki en 32 læknar útskrifuðust í vor og 44 aðstoðarlækna vanti á stóru sjúkrahúsin. Stóru sjúkrahúsin fá eitthvað af þeim mannskap sem þau vantar en aðrar sjúkrastofnanir ekkert. Hann segir hreint og beint að það sé vandræðaástand, fólk sé pínt áfram og ef ekki takist að skapa eðlilegt andrúmsloft hrynji kerfið hægt og rólega. Þetta snýst um launamál, traust og virðingu, segir þessi ágæti maður.

[17:29]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Heilbrigðisumræða undir neikvæðum formerkjum. Það hefur ansi lítið tækifæri gefist til þess í vetur að ræða um heilbrigðismálin nema um þessi örfáu afmörkuðu frv. sem hér hafa legið fyrir og svo aftur gagnagrunninn sem hv. þm. Katrín Fjeldsted nefndi ekki áðan. Ég hefði kannski viljað heyra álit hennar á hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir heilbrigðiskerfið og hvernig hægt væri að skipuleggja það því það áttu að vera helstu rökin fyrir gagnagrunni að hægt væri að ná betur utan um heilbrigðiskerfið en áður.

Hér hefur verið nefnt að stjórnarandstaðan tali um niðurskurð, það geri ekki aðrir. Hvað með alla þá sem vinna innan þessa kerfis? Hvað með allar greinarnar, allar ályktanirnar frá öllum fundum þeirra starfsstétta sem vinna innan heilbrigðiskerfisins? Er ekkert að marka það? Hvernig í ósköpunum eiga heilbrigðisstofnanir að gera áætlanir fram í tímann? Aldrei nokkurn tímann getur neinn stjórnandi stofnunar innan heilbrigðiskerfis gert áætlun lengra en ár fram í tímann. Hingað til hefur það verið talinn aðall hvers fyrirtækis og hverrar stofnunar að geta gert áætlanir til lengri tíma litið. En í heilbrigðiskerfinu er ekki hægt að gera áætlanir nema hugsanlega til eins árs og varla það og þær þá brotnar niður jafnóðum og síðan er ábyrgðinni varpað yfir á stjórnendur heilbrigðisfyrirtækjanna eða stofnananna ef áætlanir ganga illa upp. Þetta er helsti og stærsti veikleikinn. Það segir sig sjálft að fyrsta og besta leiðin til að ná utan um heilbrigðiskerfið er að þessar stofnanir búi við fjárhagslegt öryggi um einhvern tíma.

Er það líka skrök, svo ég noti ekki ljótara orð en það, þegar við tölum um niðurskurð í byggðarlagi eins og því sem ég kem frá þar sem fólk bjó fyrir stuttu síðan við heilsugæslu sem var opin tvisvar í viku en núna einu sinni í viku í tvo tíma. Undirstaða heilbrigðiskerfisins, heilsugæslan, er opin í tvo tíma einu sinni í viku.

Auðvitað er hægt að hafa mjög hátt um þær tölur sem farið hafa til forvarnastarfsemi, í tóbaksvarnir, og hefur verið dreift til ýmissa félagasamtaka um land allt, sem er auðvitað alls góðs maklegt, til að mynda allir þeir samningar sem gerðir eru við öll sveitarfélög um forvarnastarfsemi varðandi fíkniefnin. En á meðan sú stofnun, heilsugæslan sem á að sjá um forvarnastarfsemina og við verðum að treysta á að sé í lagi fær ekki meira fjármagn en lýst var áðan af hv. þm. Katrínu Fjeldsted, sem þekkir þetta vel, er hún auðvitað bara að fara með bull úr því að hún segir að þetta sé ekki allt saman alveg hrein dýrð. Og að heilsugæslan öll í landinu fái það sama og heimilin bera af tannlæknakostnaði, einum þætti heilsugæslunnar, 2,3 milljarða og 2,3 til heilsugæslunnar allrar, til allrar forvarnastarfsemi því að hún er undirstaða allrar forvarnastarfsemi í landinu, þá lái mér hver sem vill, virðulegi forseti, þó að ég gefi lítið fyrir þá forvarnastarfsemi sem í gangi er ef það apparat sem á að skipuleggja hana og ég treysti miklu betur til að skipuleggja en heilbr.- og trmrn. því þar virðist mér ekki vera gott skipulag, fær ekki það fjármagn sem til þarf til að sinna lögboðnu hlutverki sínu, og lái mér hver sem vill að ég treysti því ekki að þarna sé nógu vel að verki staðið.

[17:34]

**Katrín Fjeldsted:**

Hæstv. forseti. Verkaskiptingin sem ég ræddi um fyrr á þessum fundi er mér mikið kappsmál og eins og ég sagði þá

legg ég til við hæstv. ráðherra að sett verði nefnd í að skoða þetta mál í sumar og henni verði falið að skila af sér áður en þing hefst í haust þannig að sjá megi hvernig hægt sé að taka á þessum vanda sem ég held að skipti mjög miklu að gera.

Þó að ég hafi verið að tala um prósentur þær sem fara í heilsugæsluna, þá var ég ekki að gera lítið úr því. Það hefur aukist og ég sagði það. Ég er hins vegar með þessum orðum aðeins að vekja athygli á því að ég held að heilsugæslan geti sinnt miklu meiru, hún geti tekið að sér miklu fleiri verkefni ef hún er virkilega efld og ég tel eðlilegt að sú ákvörðun sé tekin að hún verði miklu veigameiri þáttur í fjárlögum ríkisins en núna er. Það er í rauninni það sem ég er að meina.

Ég veit að heilbrrh. skilur þetta og hefur áhuga á að vinna að því og hefur gert það. Hæstv. ráðherra hefur sýnt það með því hvernig tekið hefur verið á í stefnumörkun í heilsugæslunni, sem við heimilislæknar reyndar unnum í með ráðuneytinu, og hvernig farið hefur verið með fjármagn til uppbyggingar, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu sem er alveg í samræmi við þá stefnu sem þá var sett fram og gott betur. Ég gef mikið fyrir þennan vilja ráðherrans.

Ég held að vilji heilbrrn. skipti sköpum t.d. varðandi læknana sem eru í útlöndum, hafa lokið námi og hafa ekki séð sér fært að koma heim til Íslands. Nú er nefnilega komið að krossgötum og læknirinn sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi áðan og er forstöðulæknir sagði að kerfið mundi hægt og hljótt og þreytulega lognast út af og það væri stórt svart vandamál sem blasti við. Ég held nefnilega að við séum komin að krossgötum. Heilsugæslan og við erum loksins að koma úr þessari lægð, andlega séð og félagslega líka. Víðast hvar á landinu er í starfsfólkið að verða bjartsýnna. Það eru hins vegar nokkrir staðir á landinu — þess vegna veit ég nákvæmlega hvaðan þessi læknir er, þar á meðal hans vinnustaður þar sem enn eru vandamál, en ég sé fram á að til betri tíðar horfi fyrir heilsugæsluna og ég trúi því að heilbrrh. muni halda áfram að vinna að því í góðu samstarfi við starfsfólk heilsugæslunnar.

[17:37]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Góðæri í heilbrigðisþjónustunni, sagði hæstv. ráðherra. Er það góðæri í heilbrigðisþjónustunni þegar verið er að lengja biðlista eftir hjartaaðgerðum um 10%? Er það góðæri í heilbrigðisþjónustunni þegar fólk er að fyrirfara sér í fangelsum vegna þess að það fær ekki geðlæknishjálp? Er það góðæri í heilbrigðisþjónustu þegar vantar 340 hjúkrunarfræðinga til starfa til að hægt sé að framfylgja neyðaráætlun um sumarlokanir?

Herra forseti. Ég lagði nokkrar spurningar um stefnumótun fyrir hæstv. ráðherra og þeim spurningum fékk ég ekki svarað. Ég vakti m.a. athygli á því að fyrir meira en ári síðan gerði hæstv. ráðherra samkomulag við heimilislækna um svokallað valfrjálst stýrikerfi sem er útgáfa af tilvísanakerfi. Það hefur ekkert gerst í því máli í heilt ár. Hæstv. ráðherra hefur í staðinn samið við sérfræðilækna um stóraukna tilfærslu til þeirra frá sjúkrahúsunum, stóraukna einkavæðingu. Þess vegna spurði ég: Hver er stefna hæstv. ráðherra í þessum málum? Ætlar hún sér ekkert að hafast að með valfrjálsa stýrikerfið? Er hún horfin frá því?

Ég spurði líka: Hvað um þessi sjálfstæðu heilbrigðisumdæmi? Tilgangur ráðherrans var aldrei sá að fækka stjórnum. Tilgangurinn var sá að setja upp eina samhæfða stjórn í hverju heilbrigðisumdæmi sem m.a. tæki ákvörðun um hvort sjúklingar úr slíku umdæmi gætu leitað sér læknishjálpar utan þess svæðis, og ég spurði: Hefur ráðherra efnt þessa stefnu? Og hvað um framkvæmdina? Ég spurði um forgangsröðunina í heilbrigðisþjónustunni. Mér var vitaskuld kunnugt um nefndina sem hæstv. ráðherra hefur skipað en ég spurði: Hvað hyggst ráðherra gera í framhaldi af þeirri nefndarskipun? Hvaða svar fékk ég? Jú, það hefur verið mörkuð sú nýja stefna að greiða skuli fyrir þá þjónustu sem hafi læknisfræðilegt gildi. Það var allt og sumt. Það var stóri sannleikurinn í málinu. Ég veit ekki betur en að þeim stóra sannleika hafi verið fylgt allar götur síðan ríkið hóf að greiða fyrir læknisþjónustu í landinu.

Ég spurði einnig hvað hæstv. ráðherra hugsar sér um samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík. Hún hefur lýst fylgi við allar skoðanir sem fram hafa komið um hvernig það skuli gert, allt frá því að það skuli vera í mynd góðs samstarfs á milli stofnananna upp í að þessi tvö sjúkrahús skuli ekki bara sameinuð undir eina stjórn heldur fjögur önnur sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu. Og ég leyfði mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað af þessu hún ætlaði að gera. Hver er stefna hennar í þessu máli? Hvaða leið ætlar hún að velja? Hvaða boðskap hefur hún að flytja okkur í þessum efnum? Ég fékk ekkert svar. Hver er stefna ráðherrans í þessu? Eftir hvaða tillögum ætlar hún að fara? Hvers konar samstarf eða sameiningu sér hæstv. ráðherra fyrir sér?

Ég spurði hæstv. ráðherra líka miðað við þá afstöðu hennar að vera á móti þeirri breytingu sem gerð var á lyfsölulögum, þar sem samkeppni var gefin frjáls á milli apóteka sem hefur valdið því að lyfjakostnaður sjúklinga hefur snarlækkað. Þegar hæstv. ráðherra upplýsti hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson um staðreyndir þessa máls, um lækkunina á lyfjakostnaði sjúklinga sem hefur hlotist af þessari frjálsu samkeppni, þá tók hún það sérstaklega fram í svari sínu að hún hefði nákvæmlega sömu skoðun á þessu máli eins og hún hafði í stjórnarandstöðu og fyrstu mánuði sína í heilbrrn. þegar hún beitti sér eins hart gegn þessu og hægt var. Og þá er eðlilegt að menn spyrji: Ætlar hæstv. ráðherra að standa við þá stefnu sína og beita sér fyrir því að breyta þessum lögum aftur til fyrra horfs? Ég fékk ekki heldur svar við því, virðulegi forseti.

Það er ekki langur tími eftir í þessari umræðu. Minn tími er búinn. En ég vona að hæstv. ráðherra geti svarað þessum spurningum jafnskýrt og þær eru fram lagðar.

[17:41]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið ágætisumræða og við höfum farið yfir stefnuna og ég skal fara yfir hana aftur. Það er enginn vandi að snúa út úr ef menn vilja svo við hafa en ég ætla að taka heilsugæsluna fyrst.

Ég lagði fram skýra stefnumótun í heilsugæslunni fyrir tveim árum í 21 lið. Við höfum unnið alla þessa punkta nema valfrjálst stýrikerfi. Allir þessir punktar eru komnir til framkvæmda á einn eða annan hátt. Við höfum fjölgað heilsugæslulæknum, við höfum byggt upp heilsugæsluna, við höfum tölvuvætt heilsugæsluna o.s.frv. Og við erum að vinna þessari stefnu framgang varðandi valfrjálst stýrikerfi. En það kom ekki fram í umræðunni áðan, einmitt vegna heilsugæslunnar úti á landi, að við bættum 22. punkti við þennan 21 punkt sem eru ný ökutæki fyrir heilsugæsluna úti á landi. Við erum að kaupa í kringum 40 bifreiðar fyrir heilsugæsluna úti á landi til að auka þar öryggi. (**Gripið fram í:** Það segir lítið ef ekki ...) Það er til þess að auðveldara sé

að fá lækna til starfa, hv. þm., einfaldlega. (**Gripið fram í:** Það var svona en þið afnámuð ...)

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á ýmsa þætti áðan og gerði mjög lítið úr því forvarnastarfi sem er í gangi. Ef við hefðum unnið forvarnastarf okkar eins og vera ber fyrir 3–5 árum stæðum við kannski ekki frammi fyrir þeim vanda sem við stöndum í dag og þess vegna er mikilvægt að halda áfram að vinna á þessum grunni.

Það má líka gera lítið úr því að gerður hafi verið samningur við sveitarfélög og frjáls félagasamtök. (**MF:** Það er enginn að gera lítið úr því.) eins og við höfum gert um allt land og unnið með SÁÁ, sem hefur mikla reynslu í sambandi við þessi mál. Varðandi meðferðarúrræði fyrir unga vímuefnaneytendur sem er stóra málið, þá eru SÁÁ, Barnaverndarstofa og geðdeild Landspítalans að vinna saman að því hvaða úrræði við eigum að taka næst í sameiningu. Við erum með nægilega mörg úrræði en þessi mál verða sífellt að vera í endurskoðun. (**MF:** Af hverju er þá verið að loka ...) Við erum alltaf að sjá erfiðari og erfiðari dæmi.

Það er stefna í forvörnum. Það er stefna í heilsugæslumálum. Það er stefna varðandi sjúkrahúsmálin og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan: Er hæstv. ráðherra sammála því sem uppi er varðandi t.d. parsjúkrahús? Það er að sjálfsögðu lykillinn að samhæfingu sjúkrahúsanna. Ég taldi upp áðan hvar við hefðum náð mestum árangri. Það er einmitt þar sem við höfum náð þessari samhæfingu, í öldrunarmálum, í endurhæfingunni og erum núna að vinna að öðrum þáttum. Stefnan er því skýr.

Við eigum núna stefnu varðandi forgangsröðun sem við höfum ekki átt áður. Við höfum náð samkomulagi við stjórnarandstöðuna um forgangsröðun og við erum að vinna eftir því.

Hv. þm. Við höfum átt hér nokkuð heita umræðu og kannski allt of stutta en það sem máli skiptir í dag er að vinna áfram að þeirri stefnu sem liggur á borðinu. Við stöndum frammi fyrir því að kjaradeilur eru í gangi varðandi hjúkrunarfræðinga, ekki fyrsta kjaradeilan sem við stöndum frammi fyrir (Forseti hringir.) og því miður ekki sú síðasta. Ég sagði áðan að úrskurðarnefndir eru að vinna að lausn þessara mála og við þurfum að sjálfsögðu að fá botn í þau mál og að því er unnið. Við höfum mánuð (Forseti hringir.) til þess að ljúka þeim málum.

### *Um fundarstjórn.*

Umræða um heilbrigðismál.

[17:47]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það var þá kominn tími til að fjallið tæki jóðsótt og mús fæddist eða litlar 60 mýs. Alþingi Íslendinga ræðir í dag um heildarstefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum. Það er glæsilega veitt eða að verki staðið. Heilar 60 mínútur sem Alþingi ver í vetur til heildarumræðna í þessum mikla og viðkvæma málaflokki.

Ég hef í tvígang ef ekki í þrígang í vetur farið fram á að hér færi fram heildarumræða um heilbrigðismál, stefnu og framkvæmd. Ég tel það hins vegar afskaplega tilgangslítið að taka örstutta stund, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan, til að vaða út og suður um þennan viðkvæma og flókna málaflokk. Slík umræða getur ekki endurspeglað stefnu né stefnuleysi, framkvæmdir né framkvæmdaleysi með heildarmynd fyrir augum. Það er útilokað. Ég vil því skora á stjórn þingsins að sjá til þess að heilbrigðismál verði rædd markvisst og gefinn nauðsynlegur tími til þess og það strax í haustbyrjun.

[17:48]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess vegna orða hv. þm. að það er út af fyrir sig ekki á valdi forseta að setja inn án beiðni einstakra þingmanna eða ráðherra tiltekin mál. Hér er eingöngu verið að ræða mál sem beiðni er um að rædd verði og samkomulag varð um það milli allra aðila án þess að athugasemd hafi verið við það gerð við upphaf umræðunnar að þetta yrði fyrirkomulag hennar.

[17:48]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur að ein klukkustund til að ræða heildarstefnumörkun í heilbrigðismálum er allt of stuttur tími og hefði verið betra að takmarka það við eitthvert einstakt atriði. Það er nánast ekki hægt að gera hv. þm. það að eiga að fara yfir allt sviðið á þessum stutta tíma sem ætlaður er, þ.e. fjórum mínútum.

Eftir því sem ég best veit hefur beiðni um þessa umræðu legið fyrir mjög lengi. Það er ansi langt síðan farið var fram á þessa umræðu utan dagskrár og er kannski dæmigert fyrir það að við látum þetta bíða fram á allra síðustu daga þingsins og tímaskorturinn kannski orðinn til þess vegna.

[17:49]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur en ég vek líka athygli á því að ekki hefur komið fram ósk á þessum vetri af hálfu stjórnarliða að taka öfluga umræðu um heilbrigðismál þó að það hafi nokkrum sinnum af hálfu stjórnarandstæðinga verið vakið máls á þeirri umræðu.

Hitt er svo hárrétt sem hér hefur komið fram að þingflokkur jafnaðarmanna hefur beðið um öfluga umræðu um heilbrigðismál og sú beiðni hefur legið fyrir hjá stjórn þingsins nokkuð lengi en ekki hefur verið hægt að koma því við að taka þá umræðu. Ég var mjög hörð á því að sú umræða sem hér færi fram yrði ekki undir tveimur tímum. Ég taldi það lágmark við umfjöllun um stöðu heilbrigðismála í lok þings. Það var hins vegar gengið mjög hart eftir því gagnvart þeirri sem hér stendur og öðrum sem komu að málinu að við féllumst á að umræðan yrði eingöngu ein klukkustund og það var orðið við þeirri ósk.

Ég ætla líka að láta það í ljós að mér finnst það afar erfið staða þegar við erum að taka umræðu utan dagskrár um þýðingarmikið mál þegar þremur slíkum umræðum er fyrir komið á einum og sama deginum. Það er frekar slæmt séð frá sjónarhóli þingsins og þingmanna.

Hitt er svo annað mál að þrátt fyrir að þessi umræða væri eingöngu ein klukkustund, sem ég tek undir að var heldur naumt og hef skýrt hvers vegna, þá komu þingmenn að þessu máli frá mjög ólíkum hliðum. Þess vegna náðist að drepa á marga ólíka þætti heilbrigðismála og vekja athygli á, sem var mjög mikilvægt, hve víða pottur er brotinn og taka þarf gífurlega á í þessum málaflokki. Það er áhyggjuefni hve þreyta og þungi er farið að einkenna bæði störf og viðhorf þeirra sem starfa í heilbrigðiskerfinu, vonbrigði, þreyta og þungi. Þess vegna, herra forseti, féllumst við á það að hafa þessa umræðu eina klukkustund því að mjög harkalega var eftir

því leitað. En ég tek undir það með hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur að það væri mjög gott að hefja umræðuna í haust um heilbrigðismálin með skýrslu heilbrrh. þannig að við getum farið faglega í þessi mál út frá sjónarhóli okkar allra.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að árétta að hér er verið að ræða fundarstjórn forseta en ekki störf þingsins. Það er gert í upphafi hvers fundar.)

[17:52]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni og að gefnum athugasemdum frá forsetastóli vil ég gjarnan að það komi fram að ég hef í tví- eða þrígang beðið í ræðum mínum í vetur um heildarumræðu um heilbrigðismál. Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem hafa setið í sal á þeim tíma sem ég hef talað.

Hins vegar hefur mér hugsanlega misfarist að ýta nægilega vel á það að slíkt yrði gert af hálfu þess ráðherra sem fer með þau mál og það er náttúrlega mér til vansa en ekki öðrum. En það breytir ekki því máli að við verðum að taka heilbrigðismálin markvisst til umræðu á þessu þingi og hér á Alþingi í framtíðinni. (**RG:** Sammála.)

Fundi slitið kl. 17:53.

---

## 141. FUNDUR

þriðjudaginn 2. júní,
að loknum 140. fundi.

**Dagskrá:**

1. Póstþjónusta, stjfrv., 510. mál, þskj. 1477. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Leigubifreiðar, stjfrv., 519. mál, þskj. 1478. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Skipulag ferðamála, stjfrv., 546. mál, þskj. 1479. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Eftirlit með skipum, stjfrv., 593. mál, þskj. 1480. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Lögmenn, stjfrv., 57. mál, þskj. 1483. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Íslenskur ríkisborgararéttur, stjfrv., 311. mál, þskj. 1484. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 521. mál, þskj. 892. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 483. mál, þskj. 819. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Dánarvottorð o.fl., stjfrv., 464. mál, þskj. 1486. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Læknalög, stjfrv., 598. mál, þskj. 1011. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 927, nál. 1210, brtt. 1211. — 2. umr.
12. Bætt siðferði í opinberum rekstri, þáltill., 11. mál, þskj. 11, nál. 1306, brtt. 1307. — Síðari umr.
13. Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., 16. mál, þskj. 16, nál. 1252. — Síðari umr.
14. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, þáltill., 206. mál, þskj. 215, nál. 1296. — Síðari umr.
15. Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, þáltill., 403. mál, þskj. 724, nál. 1333. — Síðari umr.
16. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 405. mál, þskj. 726, nál. 1334. — Síðari umr.
17. Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, þáltill., 453. mál, þskj. 782, nál. 1305. — Síðari umr.
18. Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, þáltill., 465. mál, þskj. 798, nál. 1269, 1343 og 1352, brtt. 1465. — Síðari umr.
19. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, þáltill., 592. mál, þskj. 1003, nál. 1377. — Síðari umr.
20. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 772, nál. 1225 og 1392, brtt. 1226 og 1393. — 2. umr.
21. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774, nál. 1213, brtt. 1264. — 2. umr.
22. Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, þáltill., 109. mál, þskj. 109, nál. 1361. — Síðari umr.
23. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381. — Frh. 3. umr.
24. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434. — 2. umr.
25. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, nál. 1331. — 2. umr.
26. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — 2. umr.
27. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715, nál. 1355. — 2. umr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

### *Póstþjónusta, 3. umr.*

Stjfrv., 510. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 1477.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Leigubifreiðar, 3. umr.*

Stjfrv., 519. mál (vöru- og sendibílar). — Þskj. 1478.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Skipulag ferðamála, 3. umr.***

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 1479.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Eftirlit með skipum, 3. umr.***

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1480.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Lögmenn, 3. umr.***

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 1483.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Íslenskur ríkisborgararéttur, 3. umr.***

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 1484.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Almenn hegningarlög, 3. umr.***

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 3. umr.***

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Dánarvottorð o.fl., 3. umr.***

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 1486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Læknalög, 3. umr.***

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Þjóðfáni Íslendinga, 2. umr.***

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 927, nál. 1210, brtt. 1211.

[18:00]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 1210 og 1211 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk fulltrúa frá forsrn. á sinn fund til viðræðna um það. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið auk þess sem stuðst var við umsagnir sem bárust um svipað mál á 121. löggjafarþingi.

Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga. Helstu breytingar frumvarpsins felast í því að gert er ráð fyrir að heimilað verði að nota fánann í vörumerki, á söluvarning og umbúðir og í auglýsingum á vörum eða þjónustu með sérstöku leyfi forsætisráðuneytisins, en jafnframt er kveðið á um þess skuli gætt að viðkomandi starfsemi sé slík að gæðum að fánanum verði ekki gerð óvirðing. Nánari reglur um hvaða kröfur verði gerðar í því skyni verða settar með reglugerð. Leggur nefndin áherslu á að þær verði skýrar og samráð verði haft við Einkaleyfastofu um hvaða viðmiðanir verða nýttar í því sambandi. Áfram verður hins vegar óheimilt að nota fánann í firmamerki. Aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér lúta m.a. að því að lagt er til að ákvæði um fána hafnsögumanns verði felld niður. Þá er lagt til að merki forseta Íslands sé talið upp með öðrum merkjum sem lögin heimila að notuð séu í þjóðfánanum. Einnig er lagt til að ákvæði samkeppnislaga sem bannar að selja vörur af erlendum uppruna ef á umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum verði fært í lög um þjóðfánann þar sem það þykir eiga betur heima.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv.:

Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði 3. mgr. 12. gr. laganna þess efnis að einstökum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að nota þjóðfána í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Þykir takmörkun í lögum af þessu tagi sem aðeins nær til stjórnmálaflokka óeðlileg. Í lögskýringargögnum er ekki að finna skýringar á því að hvaða markmiði var stefnt með bannákvæðinu, en hafi ákvæðinu verið stefnt gegn því að einhver stjórnmálaflokkur reyndi að helga sér þjóðfánann umfram aðra flokka eða gerði hann

að auðkenni sínu í auglýsingum virðist því markmiði þegar vera náð með banni 2. mgr. 12. gr. þar sem kveðið er á um að félögum sé óheimilt að nota þjóðfánann sem sitt einkaeða auðkennismerki.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við lögin nýju ákvæði þar sem kveðið er á um að skjaldarmerki Íslands sé auðkenni stjórnvalda ríkisins og að notkun þess sé þeim einum heimil. Lagt er til að ákvæði þessu verði bætt við lögin í stað þess að setja sérstök lög um skjaldarmerki Íslands þar sem slíkt er mun einfaldara og viðaminna í framkvæmd. Af þessari breytingu leiðir að gera verður til samræmingar breytingu á 2. mgr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. breytingartillögu nefndarinnar við 11. gr. frumvarpsins. Þá er í tengslum við þessa breytingu lagt til að heiti laganna verði lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.

Einnig er lögð til orðalagsbreyting á reglugerðarheimild í 13. gr. laganna.

Þá er lögð til breyting á 14. gr. laganna þess efnis að orðið varðhald verði fellt brott úr greininni til samræmis við frumvarp dómsmálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um afnám varðhaldsrefsingar.

Loks er lagt til að gerð verði breyting á ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, en þar eru tæmandi talin skilyrði þess að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá. Leggur nefndin til að ákvæði þess efnis að ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáni án heimildar forsætisráðuneytis skuli það afmáð úr vörumerkjaskrá að kröfu forsætisráðuneytis.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um notkun fánans og komu þau sjónarmið fram að æskilegt væri að almenningur notaði fánann meira en raun ber vitni. Í ljósi þessa leggur nefndin áherslu á að forsrn. beiti sér á ný fyrir útgáfu handbókar um meðferð og notkun fánans og geri reglur þar um aðgengilegar almenningi en slíkt rit var gefið út á árinu 1991 en er nú uppselt. Nefndin mælir því með samþykkt frv. með áðurnefndum breytingum og rita allir nefndarmenn undir álitið að undanskildum Hjálmari Jónssyni sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Póstþjónusta, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 510. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 1477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
31 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1490).

### *Leigubifreiðar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 519. mál (vöru- og sendibílar). — Þskj. 1478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1491).

### *Skipulag ferðamála, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 546. mál (ferðaskrifstofur). — Þskj. 1479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1492).

### *Eftirlit með skipum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 593. mál (farþegaflutningar). — Þskj. 1480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1493).

### *Lögmenn, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 1483.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1494).

### *Íslenskur ríkisborgararéttur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 311. mál (afgreiðsla umsókna o.fl.). — Þskj. 1484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1495).

### *Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 521. mál (fyrning sakar). — Þskj. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1496).

### *Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 3. umr.*

Frv. KHG o.fl., 483. mál. — Þskj. 819.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1497).

### *Dánarvottorð o.fl., frh. 3. umr.*

Stjfrv., 464. mál (heildarlög). — Þskj. 1486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1498).

### *Læknalög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 598. mál (óvæntur skaði og mistök). — Þskj. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HG, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1499).

### *Þjóðfáni Íslendinga, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 927, nál. 1210, brtt. 1211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1211 samþ. með 36 shlj. atkv.
3.–11. gr., svo breyttar og ný fyrirsögn, samþ. með 35 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

### *Bætt siðferði í opinberum rekstri, síðari umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11, nál. 1306, brtt. 1307.

[18:17]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um till. til þál. um bætt siðferði í opinberum rekstri. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsar umsagnir, og fengið Kristján Andra Stefánsson frá forsrn. á sinn fund.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar og á heiti hennar til samræmis við það. Lagt er til að tillagan kveði á um að skipuð verði nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Gert er ráð fyrir að nefndin semji skýrslu þar sem fjallað verði um almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins, stjórnkerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda, afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni og hvaða leiðir eru færar til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Allir nefndarmenn undirrita nál.

[18:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu vegna þess að um þá niðurstöðu sem formaður hefur mælt hér fyrir hefur tekist góð sátt í nefndinni. Að vísu er það svo að tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá því ég lagði hana fram í haust. Engu að síður eru markmiðin þau sömu, þ.e. að skýra betur siðferðisreglur sem gilda eigi í stjórnsýslunni og að auka ábyrgð í stjórnsýslunni, eins og fram kemur í þeim tillögum sem nefndin flytur.

Allir aðilar sem leitað var umsagna hjá mæltu með samþykkt þessarar tillögu eins og Siðfræðistofnun og Samband ísl. sveitarfélaga, ASÍ og Bandalag háskólamanna svo dæmi séu nefnd.

Í tillögunni sem lögð var fyrir þingið var lagt til að nefndin yrði skipuð þremur aðilum, að forsrh. skipaði nefndina og að aðili tilnefndur af forsrh. yrði formaður nefndarinnar, einn tilnefndur af Hæstarétti Íslands og einn tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Niðurstaðan var engu að síður sú að binda ekki í tillöguna hvernig nefndin yrði skipuð, sem ég tel að vísu miður, vegna þess að ég legg mikla áherslu á að aðili eins og t.d. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, sem hefur skoðað mjög þetta mál sem við fjöllum hér um, komi að því. En fulltrúi frá forsrn., sem mætti hjá nefndinni, taldi að efnistökin í nefndinni yrðu með þeim hætti að leitað yrði til margra aðila og fleiri aðila en getið var um í tillögugreininni sjálfri, og fram kom hjá honum að það væri sjálfsagt að nefndin leitaði til þeirra stofnana sem að framan getur um ákveðna þætti í starfi sínu og eðlilegt að þær komi með þeim hætti að starfi hennar.

Þannig að ég treysti því, herra forseti, að við meðferð þessarar tillögu hjá framkvæmdarvaldinu, sem á að skila niðurstöðum sínum til Alþingis fyrir frestun á vorþingi 1999, verði leitað til Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:20]

**Útbýting þingskjala:**

Leigubifreiðar, 519. mál, þskj. 1478.

Vörugjald, 347. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1468.

### *Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, síðari umr.*

Þáltill. HjálmJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16, nál. 1252.

[18:21]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um tillögu til þál. um eflingu atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni.

Í tillögunni er mælt fyrir um skipun nefndar til að móta tillögur um það hvernig efla megi atvinnu- og þjónustusvæði á landsbyggðinni í því skyni að jafna stöðu manna í dreifbýli og þéttbýli. Nú hefur verið lögð fram á Alþingi af forsætisráðherra tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 695. mál. Í því máli koma í meginatriðum fram markmið tillögu þessarar.

Í ljósi framangreinds mælir nefndin með því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allir nefndarmenn allshn. undirrita nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, síðari umr.*

Þáltill. EKG og TIO, 206. mál. — Þskj. 215, nál. 1296.

[18:22]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

Nefndin hefur fjallað um málið og var stuðst við umsagnir sem bárust á 121. löggjafarþingi frá fjöldamörgum aðilum.

Í tillögunni er mælt fyrir um að undirbúin skuli stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt.

Nú hefur verið lögð fram á Alþingi af forsætisráðherra tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 695. mál, þar sem fram koma í meginatriðum markmið tillögu þessarar.

Í ljósi framangreinds mælir nefndin með því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allir nefndarmenn í allshn. undirrita álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, síðari umr.*

Þáltill. GMS og SF, 403. mál. — Þskj. 724, nál. 1333.

[18:23]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um till. til þál. um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust.

Í tillögunni er skorað á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli með því að innleiða fjarvinnslu og fjarstörf í ríkisrekstri. Allsherjarnefnd tekur undir efni tillögunnar, en nú þegar er unnið að því að nýta nútímatækni á þennan hátt við vinnslu verkefna á vegum ríkisins.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allir nefndarmenn í allshn. skrifa undir álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Hámarkstími til að svara erindum, síðari umr.*

Þáltill. GMS, 405. mál. — Þskj. 726, nál. 1334.

[18:24]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um till. til þál. um hámarkstíma Stjórnarráðs Íslands og ríkisstofnana til að svara erindum.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist hún við umsagnir frá 121. löggjafarþingi frá Neytendasamtökunum og Samtökum iðnaðarins.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að setja starfsreglur um hámarkslengd þess tíma sem ráðuneyti og ríkisstofnanir mega hafa til að svara erindum sem berast. Nú þegar er að finna reglur í 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um málshraða, þar sem fram kemur að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er.

Leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allir nefndarmenn í allshn. undirrita álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, síðari umr.*

Þáltill. KÁ, 453. mál. — Þskj. 782, nál. 1305.

[18:25]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að láta rita sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18 og að stefnt skuli að því að ritið verði tilbúið til útgáfu á 100 ára afmæli heimastjórnarinnar árið 2004.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Allir nefndarmenn í allshn. undirrita nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, síðari umr.*

Þáltill. SF o.fl., 592. mál. — Þskj. 1003, nál. 1377.

[18:27]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum.

Öll nefndin skrifar undir þetta nál.

Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélagi Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.

Nefndin er sammála um að þetta sé þörf aðgerð og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Hæstv. forseti. Það var mikil eining um þessa tillögu í félmn. og það vill svo til að nú er innan við ár til alþingiskosninga og því er brýnt að tillagan verði samþykkt og þessu verkefni komið af stað þannig að þeim verkefnisstjóra og þeim sem munu annast þetta verkefni gefist tími til að hefja undirbúning og geti haft áhrif þegar stjórnmálaflokkarnir fara að undirbúa sín framboð. Ég vil taka það fram að ég tel þetta vera mjög gott mál og löngu tímabært.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, síðari umr.*

Þáltill. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 798, nál. 1269, 1343 og 1352, brtt. 1465.

[18:30]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Árni M. Mathiesen):**

Herra forseti. Hv. umhvn. hefur fjallað um 465. mál, sem er till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Nefndin sendi eins og vera ber málið út til umsagnar og bárust umsagnir frá ýmsum aðilum. Það voru: Bændasamtök Íslands, Skotveiðifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skipulagsstofnun, Landvernd, Lögmannafélag Íslands, félagsmálaráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, iðnaðarráðuneytið, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálaráð, Orkustofnun, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Náttúruverndarráð.

Í tillögunni er lagt til að kosin verði níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign. Nefndinni er ætlað að skilgreina þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Þá er nefndinni ætlað að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Orðin „neðan við 100 m dýpi“ í 1. málsl. 1. mgr. tillögugreinarinnar falli brott.

Meiri hluti nefndarinnar samanstendur af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Tómasi Inga Olrich, Láru Margréti Ragnarsdóttur, Kristjáni Pálssyni og Árna M. Mathiesen.

[18:32]

**Frsm. 1. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, sem 1. minni hluti umhvn. flytur. Nál. er á þskj. 1343 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

Þingkonur Kvennalistans hvetja eindregið til víðtækrar umræðu og umfjöllunar um auðlindir í sinni víðustu merkingu og hvernig með þær auðlindir skuli farið. Einn þáttur þeirrar umfjöllunar er hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum lands og sjávar og hvernig tryggja megi að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á sanngjarnan hátt til réttmætra eigenda og þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Auk þess að stefna að hámarksarðsemi þarf að leitast við að tryggja að nýting sameiginlegra auðlinda grundvallist á forsendum sjálfbærrar þróunar og byggist á öflugum rannsóknum.

Vegna vanþekkingar og skorts á heildarsýn hefur verið gengið of nærri mörgum af auðlindum þessa lands og er afar nauðsynlegt að bæta vinnubrögð í því efni. Sú nefnd sem hér er gerð tillaga um er þó ekki af þeirri gerð að hún sé líkleg til að skila gagnlegum niðurstöðum. Samkvæmt henni á Alþingi að kjósa níu manna nefnd til þessa verks og engin skilyrði eru að öðru leyti um skipan slíkrar nefndar. Hér er því augljóslega aðeins um pólitíska ákvörðunarnefnd að ræða sem mun byggjast á núverandi valdahlutföllum stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Nefndin fær heldur ekki skýrt skilgreindar forsendur í veganesti nema að því er varðar ráðstöfun auðlindagjalds sem samkvæmt tillögunni á að verja á ákveðinn hátt. Niðurstaðan í því efni er nánast gefin fyrir fram og því ólíklegt að fjallað verði um allar hliðar þess eins og nauðsynlegt er.

Mikilvægt er að sem víðtækust sátt náist meðal landsmanna um vernd, nýtingu og afrakstur auðlinda lands og sjávar. Þingkonur Kvennalistans hefðu talið æskilegt að efna til faglegrar vinnu um þessi efni og fela verkið fagmönnum á sviði hagvísinda, félagsvísinda og náttúruvísinda sem fjölluðu um það út frá efnahagslegum, líffræðilegum og siðferðilegum forsendum. Á grunni slíkrar vinnu væri unnt að móta heildstæða stefnu um nýtingu auðlinda. Þeim tilgangi verður ekki náð með framkvæmd þessarar tillögu og því mun 1. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu hennar.

Kristín Halldórsdóttir skrifar undir þetta nál.

Herra forseti. Við þetta er í rauninni litlu að bæta. Þetta álit lýsir nákvæmlega afstöðu okkar þingkvenna Kvennalistans til þessarar tillögu sem við teljum ekki þeirrar gerðar að hún færi okkur nær skynsamlegri niðurstöðu um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar.

Það liggur fyrir að þessi till. hv. þm. Alþb. verður samþykkt með góðfúslegum og að því er virðist nánast fagnandi stuðningi stjórnarflokkanna. Ég vil ítreka það sem kemur fram í nál. að hér verður fyrst og fremst um pólitíska nefnd að ræða en ekki faglega og ég er út af fyrir sig sammála þeirri niðurstöðu 2. minni hluta nefndarinnar að til pólitískrar umfjöllunar um þetta mál þurfi ekki óendanlegan tíma. Hann leggur sem sé til á sérstöku þingskjali að starfslok nefndarinnar verði fyrir árslok 1998. Við þingkonur Kvennalistans sjáum hins vegar ekki að það breyti neinu og munum sitja hjá við afgreiðslu þeirrar brtt. svo og við afgreiðslu tillögunnar í heild, eins og lýst er í nál. á þskj. 1343.

[18:37]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta umhvn. auk þess sem ég mæli fyrir brtt. frá sama minni hluta.

Virðulegi forseti. Tillagan sem hér er rædd felur í sér að tekin er afstaða með auðlindagjaldi. Með því að mæla með samþykkt hennar hafa þingflokkar Alþýðubandalags, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tekið jákvæða afstöðu til grunnhugmyndarinnar um auðlindagjald, lýst sig reiðubúna til þess að skoða hvernig með sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar skuli farið og „hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar," eins og segir orðrétt í nefndaráliti meiri hluta umhverfisnefndar, þar sem mælt er með samþykki tillögunnar. Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi, þótt seint séu á ferðinni, og eru til sannindamerkis um að baráttan fyrir samræmdu auðlindagjaldi fyrir afnot af takmörkuðum auðlindum í sameign þjóðarinnar, sem háð hefur verið á undanförnum árum á opinberum vettvangi af jafnaðarmönnum og kvennalistakonum, hefur ekki aðeins fundið sívaxandi hljómgrunn meðal áhrifamikilla fjölmiðla, félagasamtaka og almennings í landinu heldur einnig breytt viðhorfum stjórnmálaflokka sem allt fram að þessu hafa verið alfarið andvígir slíkum sjónarmiðum. Ekki er aðeins kominn brestur í andstöðuna gegn auðlindagjaldi, sem hófst með tillöguflutningi um veiðileyfagjald í sjávarútvegi, heldur hafa nú allir þingflokkar á Alþingi lýst yfir vilja sínum til þess að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar eins og tillagan ber með sér.

Þau stjórnmálasamtök, sem fulltrúa eiga á Alþingi og hafa sum hver fyrir margt löngu lýst fylgi við auðlindagjald, eru Alþýðuflokkur, Þjóðvaki og Kvennalisti. Eins og kemur fram í tillöguflutningi þingmanna þessara stjórnmálasamtaka á Alþingi hafa þau lokið athugun sinni á öllum framkvæmdaatriðum málsins. Auðlindir í sameign þjóðarinnar innan efnahagslögsögunnar — í hafinu og í og á sjávarbotni — eru nú þegar skilgreindar í lögum og auðlindir í jörðu og á eru skilgreindar í frumvarpi til laga um auðlindir í jörðu sem flutt er af þingmönnum jafnaðarmanna og Kvennalista. Þá hafa þessi sömu stjórnmálasamtök einnig fyrir löngu kannað hvernig staðið skuli að gjaldtökunni fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum og gert tillögur um framkvæmdina í þingmálum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi. Í tillögum um veiðileyfagjald í sjávarútvegi sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi er framkvæmd slíkrar gjaldtöku lýst og í frumvarpi til laga um auðlindir í jörðu og frumvarpi til laga um virkjunarrétt vatnsfalla eru settar fram skýrar tillögur um hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda í og á landi. Jafnaðarmenn og kvennalistakonur hafa því lokið heimavinnu sinni í málinu og kynnt stefnu um hvernig skilgreina skuli sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar til lands og sjávar og hvernig staðið skuli að samræmdri gjaldtöku fyrir nýtingu slíkra auðlinda.

Svo umfangsmikil og áberandi hefur umræðan verið á liðnum árum um auðlindamál og gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar að kjarni málsins, einnig hvað varðar skilgreiningar- og framkvæmdaratriði, getur ekki hafa farið fram hjá nokkrum þeim sem við stjórnmál fæst. Þeir stjórnmálaflokkar, sem fram að þessu hafa verið andvígir slíkri gjaldtöku eða ekki tekið afdráttarlausa afstöðu

til málsins en hafa nú léð máls á því hvernig standa skuli að gjaldtökunni, eiga því ekki í ljósi allrar þeirrar umræðu að þurfa yfirtaks langan tíma til þess að koma sér niður á afstöðu til einberra framkvæmdaratriða. Eðlilegast væri að sjálfsögðu að flokkarnir ynnu þá heimavinnu hver fyrir sig og kynntu síðan tillögur sínar fremur en með því að fara þá leið að kjósa á Alþingi þverpólitíska nefnd til verksins. Hæpið er að svo mikil samstaða geti orðið meðal stjórnmálaflokkanna um hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar að þverpólitísk, þingkjörin nefnd geti komist að niðurstöðu um eina, sameiginlega stefnu fyrir þá alla. A.m.k. munu jafnaðarmenn ekki hverfa frá stefnu sinni í málinu fyrir atbeina nefndar sem að líkindum verður skipuð fjórum fulltrúum Sjálfstæðisflokks, tveimur fulltrúum Framsóknarflokks og einum fulltrúa frá hverjum hinna flokkanna. Stefna stjórnmálaflokka í jafnstóru máli og hér um ræðir er ákveðin af þeim sjálfum, hverjum og einum, en ekki af þverpólitískri nefnd þar sem núverandi stjórnarflokkar fara með tvo þriðju hluta atkvæða.

Þá niðurstöðu meiri hluta umhverfisnefndar að fá þingkjörinni nefnd það verkefni að skilgreina auðlindir Íslands og kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar ber því fremur að skilja sem svo að fulltrúar þeirra þingflokka sem nú hafa snúist til fylgis við slíkar hugmyndir vilji njóta góðs af þekkingu og vinnu þeirra stjórnmálaafla sem þegar hafa lokið athugun málsins og kynnt tillögur sínar um framkvæmdaratriðin sem fjalla á um. Þannig má vissulega flýta fyrir því að þingflokkarnir allir fái lokið heimavinnu sinni þannig að einnig þeir sem nýlega hafa snúist til fylgis við auðlindagjald geti kynnt tillögur sínar þar um fyrir þjóðinni. Miðað við slíkt vinnulag og sé gengið út frá því að full alvara sé á ferðinni er eðlilegt að stefnt sé að því að nefndin fái lokið verki sínu fyrir næstu áramót þannig að flokkunum gefist kostur á að kynna kjósendum tillögur sínar fyrir kosningar í einhverju stærsta máli sem er og verður viðfangsefni stjórnmála á Íslandi í náinni framtíð. 2. minni hluti flytur í sérstöku þingskjali breytingartillögu þar að lútandi, sem má finna á þskj. 1465.

Fallist meiri hluti Alþingis ekki á þá tillögu, þannig að störfum nefndarinnar séu engin tímamörk sett, er það skoðun 2. minni hluta að tilgangurinn með samþykkt tillögunnar af hálfu stjórnarþingmanna sé sá einn að grafa málið um ókomin ár í nefnd í því skyni að geta komið sér hjá að taka afstöðu og í von um að hægt sé að friða fjölmarga fylgismenn málsins úr eigin kjósendahópi a.m.k. fram yfir næstu kosningar.

Þannig var krafan um þjóðareign á miðhálendinu utan landamerkja lögbýla og einkaeignar á landi grafin í nefnd í 14 ár þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Hæstaréttar um að lög yrðu sett um eign íslenska ríkisins á því landi og sérhagsmunirnir þannig varðir á kostnað almannahagsmuna í hálfan annan áratug. Verði þessi tillaga um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald samþykkt án tímamarka um lok nefndarstarfs er tilgangur þingmanna stjórnarflokkanna með því augljóslega hinn sami: að grafa málið í nefnd og þagga niður umræðuna eins lengi og framast er kostur.

Þingmenn jafnaðarmanna vilja ekki stuðla að því að væntanlegur nefndarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks geti þannig áfram varið sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna og munu því engan hlut eiga í afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig mæla hér fyrir brtt. sem er að finna á þskj. 1465 og er brtt. við till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald frá 2. minni hluta umhvn.

1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem starfi til ársloka 1998 og hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita.

Virðulegi forseti. Kjarni þeirrar tillögu sem ég hef mælt fyrir er sá að kveðið verði skýrt á um það hvenær nefndin skuli hafa lokið störfum, ella er hættan sú að það mál sem án efa verður eitthvert helsta umræðuefni í náinni framtíð verði grafið í nefnd. Ég vil þó jafnframt taka það fram að ef nást mætti sátt um aðra dagsetningu en þessa, þá held ég að 2. minni hluti umhvn. og þingflokkur jafnaðarmanna sé án efa tilbúinn að koma til móts við þær hugmyndir, telji menn að sá tími sem lagt er til að nefndarstörfunum verði lokið á sé ekki nægjanlegur.

[18:46]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka meiri hluta hv. umhvn. og hv. fulltrúum í umhvn. fyrir þá afgreiðslu sem hér er en verð jafnframt um leið að lýsa því að þessi niðurstaða skiptir kannski ekki eins miklu máli og hún hefði getað gert fyrir einhverjum vikum eða örfáum vikum síðan vegna þess að á þeim tíma sem liðinn er frá því að umhvn. hv. fjallaði um þessi mál er búið að afgreiða mjög stór mál sem snerta nákvæmlega þetta svið, þau svið sem kveðið er á um í tillögunni og greinargerðinni og við umræðu um tillöguna í þinginu. Eitthvert stærsta pólitíska mál þingsins sem heitir nú Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, hefur verið afgreitt frá þinginu.

Það sem hægt er að gera sér vonir um eftir samþykkt þessarar tillögu er fyrst og fremst það að vönduð vinna leiði til betri vinnubragða en hafa verið viðhöfð varðandi afgreiðslu og framsetningu þeirra mála sem hér hafa verið afgreidd með býsna miklum hraða og snerta eignarhald og nýtingu á auðlindum landsins.

Ég get á vissan hátt tekið undir þá brtt. sem var verið að mæla fyrir um það að setja nefndinni ákveðin tímamörk, þ.e. að hún ljúki störfum innan ákveðins tíma. Ef þau tímamörk yrðu sett á næstu áramót þyrfti að sjálfsögðu að skipa þessa nefnd áður en þingið færi heim. Ég treysti því vel hvort sem um er að ræða þingflokka í minni hluta eða meiri hluta að menn velji til setu í slíkri nefnd fagmenn á sviði hagvísinda, félagsvísinda og náttúruvísinda eins og kemur fram í nál. 1. minni hluta umhvn. að sé nauðsyn á, þ.e. að þessi nefnd verði ekki bara pólitískt skipuð heldur verði hún skipuð fagfólki. Og ég treysti því að þingflokkarnir, eigi þeir að skipa í nefndina, hafi það að leiðarljósi að okkar færustu vísindamenn fjalli um þessar viðkvæmu auðlindir sem við eigum.

Ég get samt ekki látið hjá líða að nefna það að viss tvískinnungur er á ferðinni í því að afgreiða þessa tillögu frá þinginu þegar búið er að afgreiða frv. til laga um eignarhald á nýtingu á auðlindum í jörðu, sem heitir að vísu öðru nafni í dag, og þau mál sem keyrð voru hér í gegn. Ég verð því að lýsa þeim vonum mínum að niðurstaða úr vinnu nefndarinnar liggi fyrir hið fyrsta sem gæti hugsanlega orðið um næstu áramót þó að það sé kannski fullmikið í lagt að setja tímamörk í svo skamman tíma því að mikla vinnu á

eftir að vinna. Þó að búið sé að afgreiða frv. til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þá virðist vera að þar hafi vinnunni verið afar ábótavant við undirbúning þess frv. Miðað við þær umsagnir sem við höfum séð frá þeirri nefnd sem fjallaði um frv. og miða við þá umræðu sem hér átti sér stað þá var undirbúningurinn ekki mjög vandaður, svo maður taki ekki sterkara til orða.

En ég vænti þess að sú nefnd, ef þetta nál. verður samþykkt, ljúki störfum sem allra fyrst og tek undir þá brtt. sem hér var á ferðinni, a.m.k. að menn reyni að ná sáttum um vinnulok, um dagsetningu og að sú vinna verði notuð til þess að laga það sem aflaga fór við afgreiðslu þeirra mála sem meiri hlutinn er nýlega búinn að gera að lögum hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Bætt siðferði í opinberum rekstri, frh. síðari umr.***

Þáltill. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11, nál. 1306, brtt. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:53]
Brtt. 1307,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1307,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, LB, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1502) með fyrirsögninni:
**Þál. um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni.**

***Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, frh. síðari umr.***

Þáltill. HjálmJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16, nál. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]
Till. í nál. 1252 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

***Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja, frh. síðari umr.***

Þáltill. EKG og TIO, 206. mál. — Þskj. 215, nál. 1296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Till. í nál. 1296 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 33 shlj. atkv.

***Fjarstörf og fjarvinnsla í ríkisrekstri, frh. síðari umr.***

Þáltill. GMS og SF, 403. mál. — Þskj. 724, nál. 1333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Till. í nál. 1333 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 33 shlj. atkv.

***Hámarkstími til að svara erindum, frh. síðari umr.***

Þáltill. GMS, 405. mál. — Þskj. 726, nál. 1334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]
Till. í nál. 1334 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

***Ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18, frh. síðari umr.***

Þáltill. KÁ, 453. mál. — Þskj. 782, nál. 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1503).

***Skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, frh. síðari umr.***

Þáltill. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 798, nál. 1269, 1343 og 1352, brtt. 1465.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]
Brtt. 1465 felld með 21:7 atkv. og sögðu
**já:** GE, GÁS, JóhS, LB, RG, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

7 þm. (GGuðbj, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:59]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Verið er að greiða atkvæði um tillögu 2. minni hluta þess efnis að nefndin sem kjósa á skuli ljúka störfum í árslok 1998. Það er mat þingflokks jafnaðarmanna að ef ekki er að finna í tillögunni ákvæði um hvenær nefndin skuli ljúka störfum sé hún um margt sýndarmennska þar sem ætlunin er að reyna að drepa þetta grundvallarmál, sem auðlindagjaldið er, í nefnd næstu árin. Við munum ekki standa að því og því leggjum við fram þessa tillögu en það má glöggt greina á töflunni á veggnum að tillagan hefur verið felld og að henni felldri munum við sitja hjá við afgreiðslu hennar á eftir.

Brtt. í nál. 1269 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, MF, PHB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, PHB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, KHG, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GÞÞ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KHG, KÁ, KB, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, PHB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1504).

### *Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, frh. síðari umr.*

Þáltill. SF o.fl., 592. mál. — Þskj. 1003, nál. 1377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁMM, BBj, EOK, GE, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HG, JónK, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1505).

### *Áfengislög, 2. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434.

[19:03]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 1327 og 1328 um frv. til áfengislaga. Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið gesti á fund sinn vegna þess auk þess sem nefndinni bárust margar umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um áfengi og er frumvarpið liður í umfangsmiklum breytingum sem lagðar hafa verið til í áfengis- og tóbaksmálum hér á landi. Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér felast í því að sett verði skýrari og heildstæðari ákvæði en nú gilda um leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis. Ríkislögreglustjóra er samkvæmt frumvarpinu í stað fjármálaráðherra ætlað að veita leyfi til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að lagt er til að ÁTVR þurfi leyfi til að starfrækja hverja áfengisútsölu. Lagt er til að sveitarstjórn, hver í sínu umdæmi, veiti leyfin og þurfa útsölustaðirnir að fullnægja ákveðnum lágmarksskilyrðum, en viðkomandi sveitarstjórn er síðan heimilt að binda leyfið frekari skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að afnumið verði það skilyrði núgildandi laga að fjöldi íbúa sveitarfélags skuli vera yfir 1.000 til að heimilt sé að starfrækja þar áfengisútsölu.

Í frumvarpinu eru einnig sett skýrari og ótvíræðari ákvæði um áfengisveitingaleyfi og skilyrði sem leyfishafar þurfa að fullnægja. Skilyrði þessi eiga að auðvelda eftirlitsaðilum að bregðast við brotum leyfishafa á löggjöfinni og skapa þar með öruggari umgjörð um mál þessi en verið hefur. Meðal þeirra skilyrða sem leyfishafar þurfa að uppfylla eru að þeir leggi fram tryggingar fyrir kröfum sem kunna að stofnast á hendur þeim vegna rekstursins og að þeir séu ekki í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði. Þá er heimilt að synja um leyfi hafi hlutaðeigandi á síðustu fimm árum verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á tilgreindum lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að sveitarstjórnir í stað lögreglustjóra gefi út leyfi til áfengisveitinga hver í sínu sveitarfélagi. Loks er lagt til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd um áfengismál, en hlutverk hennar verður að leysa úr ágreiningsmálum vegna ákvarðana sem frumvarpið gerir ráð fyrir að séu í höndum sveitarstjórna.

Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, en í því er lagt til að stofnuð verði sérstök deild innan embættis ríkislögreglustjóra sem fari með yfirstjórn og umsjón með eftirliti með meðferð áfengis.

Virðulegi forseti. Allshn. leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv.

1. Lögð er til breyting á 1. gr. þar sem fram kemur tilgangur laganna. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að tilgangurinn verði að vinna gegn misnotkun áfengis, en það markmið er meira í samræmi við upphafsákvæði núgildandi áfengislaga.

2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. varðandi áfengi í duftformi. Nefndinni bárust ábendingar um að vandamál kynnu að skapast ef skilgreining frumvarpsins á áfengi nær ekki til efna sem má leysa sundur í vökva og hafa þá þann áfengisstyrkleika sem er nefndur í frumvarpinu. Því er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á áfengi í 1. mgr. 2. gr. ákvæði þess efnis að þau efni, sem unnt er að leysa upp í vökva og hafa áfengisstyrkleika þann sem fram kemur í frumvarpinu, skuli fara með sem áfengan drykk.

3. Lagt er til að orðið „smásala" verði fellt brott úr 2. mgr. 3. gr. þar sem fjallað er um leyfisveitingar til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis. Skv. 10. gr. frumvarpsins hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkaleyfi til smásölu áfengis og því er óþarft að kveða á um smásölu í 3. gr.

4. Á 5. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar.

5. Á 5. mgr. 13. gr. er lögð til breyting þess efnis að tilkynning um nýjan stjórnanda áfengisveitingastaðar skuli berast til sveitarstjórnar auk lögreglustjóra. Þykir eðlilegt að sveitarstjórn, sem leyfisveitanda, sé einnig tilkynnt um slíka breytingu.

6. Tvær breytingar eru lagðar til á 14. gr. Annars vegar á 1. mgr. ákvæðisins þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn skuli, áður en hún veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað, afla umsagnar heilbrigðisnefndar og leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Lagt er til að viðkomandi lögreglustjóri verði jafnframt umsagnaraðili áður en sveitarstjórn veitir leyfið. Bárust nefndinni ábendingar um þetta atriði og tekur hún undir það sjónarmið að lögregluyfirvöld kunna að búa yfir mikilvægum upplýsingum um umsækjendur og að til lögreglunnar berast flestar athugasemdir vegna ónæðis frá veitingastöðum. Hin breytingin sem lögð er til á 14. gr. snýr að umsagnaraðilum um reglugerð um áfengisveitingar, en nefndinni bárust margar ábendingar varðandi ákvæðið. Eðlilegast þykir að við ákvörðun um lögbundna umsagnaraðila verði tekið mið af því hvaða aðilar það eru sem sæti eiga í úrskurðarnefnd um áfengismál, en einnig þykir eðlilegt að áfengis- og vímuvarnaráð veiti umsögn. Því er lagt til að lögbundnir umsagnaraðilar um reglugerðina verði áfengis- og vímuvarnaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóri.

7. Þá er lögð til sú breyting á 1. mgr. 19. gr. að í stað þess að bannað verði að afhenda og veita bersýnilega ölvuðum manni áfengi verði kveðið á um að heimilt sé að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

Á 2. mgr. 19. gr. er lögð til breyting þess efnis að í stað orðsins „félagsherbergi" komi „húsnæði félagasamtaka" en það þykir samrýmast betur nútímamálnotkun. Þá er einnig lagt til að ákvæði varðandi húsnæði félagasamtaka verði tekið inn í fyrri málslið 2. mgr., en síðari málsliður 2. mgr. felldur brott.

8. Lagðar eru til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins, en jafnframt er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða (III) þar sem kveðið verði á um að með nýjar umsóknir um áfengisveitingaleyfi skuli fara samkvæmt ákvæðum þessara laga strax frá birtingu þeirra, en gert var ráð fyrir að lögin tækju að öðru leyti gildi 1. júní. Þykir eðlilegt að umsóknir sem berast eftir birtingu laganna verði afgreiddar eftir nýjum reglum. Reyndar er það svo að þingið hefur nú staðið lengur en ætlað var þannig að væntanlega verður að koma með brtt. og gera tillögu um breytingu á gildistökuákvæðinu og seinka því.

9. Þá er lagt er til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða (II) þar sem kveðið er á um niðurlagningu starfs áfengisvarnaráðunautar, sbr. 26. gr. núgildandi áfengislaga, og um niðurlagningu skrifstofu áfengisvarnaráðs, sbr. 27. og 28. gr. sömu laga. Breyting þessi er lögð til þar sem að nú er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp heilbrigðisráðherra þar sem kveðið er á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Gert er ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð taki við verkefnum áfengisvarnaráðunautar og áfengisvarnaráðs ásamt fíkniefnavörnum.

10. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem kveðið er á um skipan nefndar sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Lagt er til að dómsmálaráðherra skipi nefndina og í henni eigi sæti sex menn. Einn fulltrúi verði tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einn af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einn af landlæknisembættinu, einn af landssamtökunum Heimili og skóli og einn af Félagi framhaldsskólanema, og er lagt til að dómsmálaráðherra skipi nefndinni formann án tilnefningar. Lagt er til að nefndin vinni í samráði við allsherjarnefnd og að niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skuli lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings. Meðal þátta sem nefndin á að kanna eru kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri, reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri, nauðsyn á eflingu forvarna- og eftirlitsstarfs til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi. Auk þess skal nefndin meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár, meta hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór og meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0 prómill. Gert er ráð fyrir að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin fjallaði nokkuð um ákvæði VI. kafla frumvarpsins um meðferð og neyslu áfengis en kaflinn er að mestu óbreyttur frá núgildandi lögum. M.a. var fjallað um ákvæði um áfengisauglýsingar, en í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á núgildandi reglum þar um. Nokkur misbrestur hefur verið á framkvæmd þessara reglna að undanförnu og deildar meiningar eru um hvort að unnt sé að framfylgja þeim. Bárust nefndinni upplýsingar um að nú væru í gangi í dómskerfinu þrjú mál þar sem ákært hefði verið fyrir brot

gegn þessum ákvæðum áfengislaga og væri ætlunin að fá endanlega úr því skorið hvort ákvæðin væru fullnægjandi. Telur nefndin rétt að bíða úrlausnar dómstóla í þessum málum áður en ákvarðanir verða teknar um breytingar á reglum um áfengisauglýsingar.

Einnig var rætt um ákvæði 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að ungmennum yngri en 18 ára sé óheimil dvöl á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum og komu fram þau sjónarmið í nefndinni að þörf væri á endurskoðun þess. Þykir réttara að bíða með breytingar á ákvæðinu þar til fyrir liggur niðurstaða nefndar þeirrar sem nefndin leggur til að skipuð verði, en hún á að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi.

Nokkuð var rætt í nefndinni um lagaskil núgildandi áfengislaga og þessara laga, bæði hvað varðar útgáfu leyfa til áfengisveitinga eftir samþykkt laganna og áður útgefin leyfi. Gerir nefndin breytingartillögu við gildistökuákvæðið og leggur til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða til að koma til móts við fyrrnefnd atriði. Hvað varðar þegar útgefin leyfi til áfengisveitinga er ljóst af ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu að þau halda gildi sínu, en öll leyfi eru tímabundin og munu þau lúta ákvæðum nýrra laga þegar kemur að endurútgáfu. Sum þessara leyfa gilda einungis varðandi veitingar á léttu víni, en í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á léttum og sterkum drykkjum, heldur er í öllum tilvikum fjallað um áfengi í heild. Slíka skilgreiningu er hins vegar að finna í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um gjald af áfengi, sbr. 2. gr. þess frv. og verður nauðsynlegt að notast við þá skilgreiningu þar til umrædd leyfi renna út.

Þá spunnust umræður í nefndinni um spíra, en með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á spíra verði fellt niður. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að spíri falli að hluta til undir áfengislög, þ.e. ef um er að ræða neysluhæfan vökva. Þannig verður innflutningur, sala og framleiðsla slíkra vökva leyfisskyld og er þar t.d. átt við svokallaðan læknaspíra. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðrir vökvar sem innihalda vínanda en eru óneysluhæfir verði ekki leyfisskyldir samkvæmt áfengislögum, heldur verði settar sérstakar reglur á viðkomandi sviði þar um.

Virðulegi forseti. Allshn. mælir með samþykkt frv. með ofangreindum breytingum sem ég hef gert grein fyrir og skrifa allir nefndarmenn undir álitið en Jóhanna Sigurðardóttir og Bryndís Hlöðversdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[19:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þær brtt. sem mælt hefur verið fyrir af hálfu formanns nefndarinnar styð ég allar og tel þær til bóta, en eins og fram kom í máli hennar skrifum við tveir nefndarmenn, ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, undir nál. með fyrirvara. Tilefni þess er m.a. brtt. sem við flytjum á þskj. 1434 sem ég vil gera grein fyrir.

Eins og fram kom í máli formanns eru í frv. sett skýrari og ótvíræðari ákvæði um áfengisveitingaleyfi og skilyrði sem leyfishafar þurfa að fullnægja. Meðal þeirra skilyrða sem leyfishafar þurfa að uppfylla er að þeir leggi fram tryggingar fyrir kröfum sem kunna að stofnast á hendur þeim vegna rekstursins og að þeir séu ekki í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði. Þá kem ég að fyrri brtt. vegna þess að við sem skipum minni hlutann teljum að þetta þurfi einnig að ná til launa, þ.e. ef umsækjandi skuldar starfsmönnum eða fyrrverandi starfsmönnum sínum laun. Við teljum það ekki síður mikilvægt en ef umsækjandi skuldar t.d. lífeyrissjóðsgreiðslur eða opinber gjöld. Við teljum þó ekki rétt að undir upphæðina sem þarna er getið, 500 þús. kr. í frv., falli einnig launin þannig að hér er um sjálfstætt ákvæði að ræða, þ.e. það orðast svo að á eftir orðunum „hærri fjárhæð en 500.000 kr." í 3. mgr. komi: ef umsækjandi skuldar starfsmönnum eða fyrrverandi starfsmönnum sínum laun. Við teljum rétt að í ákvæði sem sett eru um reglugerð í 14. gr. þar sem kveðið er á um að dómsmrh. setji í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa, væri hægt að fella þá upphæð sem þarna á að gilda eða eftir atvikum um reglugerð sem dómsmrh. ákveður um skilmálatryggingar. En við teljum mjög nauðsynlegt að undanskilja ekki launin.

Síðari brtt. er við 17. gr. frv. en þar er kveðið á um að heimilt sé, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni. Við teljum mjög nauðsynlegt að undirstrikað sé í þessari grein að leyfi samkvæmt þessari grein feli ekki í sér heimild til að stunda áfengisveitingar í atvinnuskyni og tekin séu öll tvímæli þar af með þessari brtt.

Ég vil líka fara aðeins inn á spírann sem hv. frsm. nefndi. Spurning var hvernig farið væri með dreifingu spírans eftir afnám einkaleyfis ÁTVR á dreifingu hans en samkvæmt núgildandi reglum geta viðskiptavinir heildsala verið ÁTVR, veitingahús og áfengisframleiðendur og spurningin snerist því um hverjir mega selja sjúkrahúsum eða rannsóknarstofum spíra, t.d. hvort dreifingin yrði í höndum Lyfjaverslunar ríkisins. Ég vil geta þess að ég gekk nokkuð fast eftir því að dómsmrn. hlutaðist til um að við fengjum upplýsingar um hvernig heilbrrn., sem kemur að hluta til að þessu máli, mundi standa að því og ég fékk eftirfarandi tölvupóst þar að lútandi frá Kolbeini Árnasyni, sem er fulltrúi í dómsmrn., sem ég vil lesa en þar segir svo:

„Ráðuneytið vísar til samtala við yður varðandi þá breytingu sem frumvarp til áfengislaga sem nú liggur fyrir Alþingi gerir ráð fyrir að verði á innflutningi og sölu á spíra, annars en þess sem telst áfengi samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu á frumvarpinu að einkaleyfi ÁTVR til innflutnings og sölu á spíra falli niður og ekki verði kveðið á um það í áfengislögum hvernig fara skuli með innflutning eða sölu hans.

Við samningu frumvarpsins var gert ráð fyrir að um þessi efni yrði fjallað á sama hátt og önnur efni sem notuð eru til svipaðra verka. Ráðuneytið taldi því eðlilegast að fjallað yrði um þessi mál í heilbrigðisráðuneytinu.

Dómsmálaráðuneytið hefur vakið athygli heilbrigðisráðuneytisins á þeim atriðum sem taka þarf á vegna breytinga þeirra sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til áfengislaga hvað þetta varðar og samkvæmt upplýsingum heilbrigðisráðuneytisins mun verða brugðist við þessu verði frumvarpið að lögum."

Við flytjum því ekki, herra forseti, brtt. við 3. gr. sem þetta félli þá undir heldur verðum við að treysta því að með dreifingu spírans verði farið með þeim hætti sem ég lýsti.

Ég vil geta þess varðandi 18. gr. frv. sem nokkuð mikið var rædd í frv., þ.e. um áfengiskaupaaldurinn, að ég hef lýst því yfir að ég telji að Alþingi eigi að taka afstöðu til

þess hvort lækka eigi áfengiskaupaaldurinn í 18 ár. Ýmsar umsagnir liggja fyrir um að eðlilegt sé að gera það, m.a. frá Landlæknisembættinu, lögreglunni og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar auk þess sem Samband veitinga- og gistihúsa hafa mjög eindregið tekið undir þetta. Það hefur komið fram hjá þeim og eftirlitsmönnum að mjög erfitt sé að fylgjast með því á áfengisveitingastöðum að þeir sem eru yngri en 20 ára neyti þar ekki áfengis eða þeim sé selt áfengi. Það er auðvitað fyrir utan önnur rök sem við sem viljum lækka áfengiskaupaaldurinn höfum teflt fram í þessu máli sem ég ætla ekki að tíunda núna. Ég gerði það við 1. umr. þessa máls og boðaði þá að ég mundi flytja brtt. um lækkun á áfengiskaupaaldrinum. Eins og formaður allshn. nefndi náðist breið samstaða um það í nefndinni að sett yrði milliþinganefnd í málið sem starfa mundi í sumar og skila af sér í upphafi næsta þings þar sem hún mundi kanna ýmsa þætti sem lúta að þessu máli, kosti og galla þess að breyta áfengiskaupaaldrinum hér á landi og liti þar til reynslu annarra þjóða sem hafa breytt áfengiskaupaaldrinum og meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár og hvaða forvarnaaðferðum þurfi að beita ef farið er í slíka breytingu. Einnig hvort rétt væri að skoða það að breyta samhliða aldrinum til ökuleyfa úr 17 í 18 ár. Ég tel það góðra gjalda vert þótt ég þurfi út af fyrir sig enga sannfæringu fyrir því að rétt sé að gera þetta. Ef það má verða til þess að um það náist breiðari samstaða á þinginu, er ég tilbúin að fallast á svo afdráttarlausa tillögu sem hér er sett fram um að tafarlaust verði farið í slíka vinnu og að þetta muni liggja fyrir í upphafi næsta þings þannig að næsta þing geti þá tekið afstöðu í því máli.

Í lokin vil ég nefna að það er aldeilis fráleitt ákvæði í 18. gr. frv., og er að vísu gamalt ákvæði en ekki nýtt, þar sem vikið er að því að á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Unglingar 16 til 18 ára mega þá ekki fara inn á þessa staði sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Það þarf ekki mörg orð um það, herra forseti, að svona ákvæði á ekki heima í nútímalegri löggjöf og heyrir fortíðinni til og ég verð auðvitað að vænta þess að samhliða því sem nefnd dómsmrh. skoðar þetta mál, þurrki hún þetta ákvæði út úr íslenskri áfengislöggjöf, því það tilheyrir gömlum tíma.

[19:25]

**Útbýting þingskjals:**
Tollalög, 619. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1501.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:25]

## *Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 2. umr.*

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 772, nál. 1225 og 1392, brtt. 1226 og 1393.

[20:33]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. um frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra frá meiri hluta menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til umfjöllunar um það. Einnig bárust nefndinni fjölmargar umsagnir sem komu að gagni við umfjöllun málsins í menntmn.

Við gerð frumvarpsins var tekið mið af því að frá hausti 1993 hefur verið hægt að stunda kennaranám við Háskólann á Akureyri. Þá var höfð hliðsjón af ákvæðum laga varðandi flutning grunnskóla til sveitarfélaga sem Alþingi samþykkti vorið 1996, svo og sérstökum samþykktum sem gerðar voru af sama tilefni.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á mikilvægi aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein skuli hafa forgang að kennslu í grein sinni í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður í. Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur fram að framhaldsskólakennari sem hefur aflað sér fagmenntunar verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir þurfi í stað 30 eininga að taka 15 einingar í kennslufræði. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg.

Þá er próf frá Kennaraskóla Íslands nú metið fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara en til þessa hefur það próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla.

Í 15. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sérgrein sína þótt viðkomandi hafi ekki öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þrátt fyrir þetta ákvæði megi setja skilyrði um íslenskukunnáttu viðkomandi umsækjenda þegar það á við.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að mikilvægt er að tekið sé sérstakt tillit til stjórnunarmenntunar við ráðningu stjórnenda, bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Meiri hluti mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ég vil sérstaklega benda á fáeinar þeirra og í fyrsta lagi vil ég nefna breytingar sem lagðar eru til á 9. gr. Þar er lögð til sú breyting á 1. tölul. 1. mgr. að í stað þess að ráða megi stundakennara ef um er að ræða minna en einn þriðja hluta starfs sé það heimilt ef um er að ræða minna en hálfa stöðu. Að öðrum kosti hefði verið um að ræða þrengingu á núverandi heimild til slíks því að skv. b-lið 2. mgr. 12. gr.

núgildandi laga um sama efni má ráða stundakennara ef um er að ræða minna en hálfa stöðu. Meiri hlutinn telur ekki fyrir hendi rök fyrir þeirri þrengingu enda er hún ekki í samræmi við samkomulagið sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

Sömuleiðis háttar einnig til um breytingu sem lögð er til á 2. tölul. 1. mgr., sem er þess efnis að að hægt er að ráða stundakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga án þess að sú heimild verði bundin við tvo mánuði. Nauðsynlegt getur verið að ráða stundakennara til lengri tíma en tveggja mánaða því að forföll geta auðveldlega varað lengur en þann tíma, samanber t.d. barnsburðarleyfi.

Einnig vil ég nefna að lögð til sú breyting á 3. mgr. 12. gr. að ráðherra verði falið að setja nánari reglur um framkvæmd þeirrar greinar.

Í þriðja lagi vil ég nefna að lögð er til sú breyting á 21. gr., sem fjallar um kennslustörf í listgreinum á framhaldsskólastigi, að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

Undir nál. skrifa Sigríður Anna Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen.

[20:40]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að það kemur ekkert fram um það í nál. meiri hlutans þá vil ég gjarnan fá túlkun, sem ég vona að hv. formaður nefndarinnar geti komið með, á 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., hvort hann megi skilja þannig að einstaklingur sem er með 30 einingar í svokallaðri aukagrein geti verið talinn fullgildur kennari í þeirri grein án þess að hafa nema 15 einingar í kennslufræði.

Miðað við það sem hér liggur fyrir virðist sem orðið sé til eitthvað sem heitir aukagrein og þar nægi að hafa 30 einingar og slíkir aðilar þurfi ekki að hafa nema 15 einingar í kennslufræði til kennsluréttinda. Er þetta réttur skilningur?

[20:41]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)** *(andsvar)*:

Í 2. tölul. 12. gr. segir:

„Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60–90 einingar vera í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda."

Það er alveg ljóst að hér er verið að setja niður ákvæði sem gerir þeim sem hafa þennan heildareiningafjölda, 120 námseiningar, kleift að öðlast kennsluréttindi með því að taka þá til viðbótar 15 einingar í kennslufræði. Og þau skilyrði sem hér eru sett til þess að fólk geti gert þetta eru að það skuli vera 60–90 einingar í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein, nákvæmlega eftir orðanna hljóðan í greininni.

[20:42]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít þá svo á að það sé staðfestur skilningur minn að einstaklingur með 30 einingar í grein en einungis 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda geti talist fullgildur kennari í viðkomandi grein.

[20:43]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta menntmn. um frv. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, en nál. er svohljóðandi:

„Í gildandi lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra er kveðið á um endurskoðun þeirra eftir fjögur ár. Frumvarp um endurskoðun laganna var fyrst lagt fram árið 1990 á 113. löggjafarþingi og síðan á 121. löggjafarþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Löngu er tímabært að endurskoða umrædd lög.

Eftir umræðu í þjóðfélaginu um nauðsyn bætts skólastarfs veldur miklum vonbrigðum að ríkisstjórnin skuli leggja fram jafnmetnaðarlaust lagafrumvarp um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og raun ber vitni hér.

Þrátt fyrir stór orð um mikilvægi þess að efla kennaramenntun í kjölfar TIMSS-rannsóknanna á árangri íslenskra grunn- og framhaldsskólanema í raungreinum í nýlegri heildarúttekt á kennaramenntun í landinu og þrátt fyrir kröfur um aukna fagmennsku framhaldsskólakennara í námsmati, mati á skólastarfi og skólanámskrárgerð í framhaldsskólalögunum ber lítið á metnaði í frumvarpinu og sums staðar er dregið úr menntunarkröfum frá því sem nú er. Mest er dregið úr kröfum um kennslufræðimenntun tveggja hópa framhaldsskólakennara, þ.e. tæknifræðinga og iðnmeistara annars vegar og þeirra sem hafa lokið 120 eininga námi eða meira á fagsviði framhaldsskóla hins vegar. Segja má að frumvarpið gengisfelli starfsréttindi framhaldsskólakennara. Þá er rýrt gildi kennararéttinda listgreinakennara í framhaldsskólum, sbr. 21. gr. frumvarpsins og breytingartillögu meiri hlutans við hana. Þetta er gert þvert á vilja samtaka kennara, þ.e. HÍK og KÍ, sem harma trúnaðarbrest sem varð milli samtakanna og menntamálaráðherra við samningu frumvarpsins, en því var breytt eftir að kennarasamtökin komu að málinu. Þetta gengur sömuleiðis þvert á vilja Félags íslenskra myndlistarkennara, en stjórn þess harmar að 30 eininga kennsluréttindanám, sem félagsmenn þeirra sækja til HÍ, er með þessu frumvarpi gert óþarft. Þetta er einnig gagnstætt vilja allra stofnana sem veita kennaramenntun, þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, sem mæla með að halda kröfum óbreyttum eða auka þær. Háskóli Íslands telur að skerðing á kennslufræðináminu sé í ósamræmi við tillögur matsnefndar um kennaramenntun sem mælir með að kennsluárið sé lengt, það er 40 vikur víða erlendis en 26 vikur hér, og segir að ekki megi skerða grunnmenntun kennara og að auk 30 eininga kennslufræðináms í HÍ eigi að bjóða kennslufræði greina innan BA- og BS-námsins í deildum HÍ og auka æfingakennslu. Þá hefur verið bent á margs konar fagleg og fjárhagsleg rök gegn þessari skerðingu. Þau hafa verið ítarlega kynnt nefndinni og menntamálaráðherra. Enn eitt dæmið um gengisfellingu réttinda er að með frumvarpinu eru felld úr lögunum öll ákvæði um starfsheiti og starfsréttindi sérkennara, bæði í almennum skólum og sérskólum."

Vegna misskilnings eða einhvers konar mistaka var Félag ísl. sérkennara ekki beðið um að veita umsögn um þetta frv.

sem snertir þeirra mál svo mikið en þeir sendu á síðasta stigi málsins eftir að það hafði verið afgreitt út úr menntmn. umsögn og í þeirri umsögn er svohljóðandi klausa:

„Í 4. gr. gildandi laga eru sett fram skilyrði um menntun sérkennara sem sinna sérþörfum nemenda í almennum skólum á grunnskólastigi. Þar kemur einnig fram hvaða menntunar er krafist af sérkennara sem sinnir börnum í sérdeildum og skólum fyrir börn með sérþarfir. Þessi grein gildandi laga (4. gr.) er í samræmi við 38. gr. laga um grunnskóla frá 1995 og núgildandi reglugerð um sérkennslu. Þessar greinar hafa miðað að því að í grunnskólum og sérskólum sé fagfólk sem hefur sérfræðilega þekkingu á námi og kennslu nemenda með sérþarfir.

Í frumvarpinu er ekkert minnst á menntunarkröfu til þeirra sem sinna sérkennslu nemenda sem tilheyra almennum bekkjardeildum en tekið fram að fellt sé niður ákvæði 4. gr. gildandi laga um skilyrði þess að vera skipaður eða ráðinn sérkennari við sérskóla eða sérdeildir grunnskóla. Það er rökstutt með því að þessar deildir og skólar séu hluti af almennum grunnskóla.

Stjórn Félags íslenskra sérkennara telur þennan rökstuðning ófullnægjandi og bendir á að þegar gildandi lög voru sett, sem kveða á um menntun sérkennara til að sinna sérkennslu, voru nemendur með sérþarfir einnig í almennum grunnskólum. Aðrar aðstæður eru einnig óbreyttar. Ekki hafa orðið slíkar breytingar á inntaki kennaranáms né lengd þess að ætla megi að almennir kennarar séu nú færari en áður til þess að glíma við vanda barna með sérþarfir án menntaðs sérkennara. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að nemendur með sérkennsluþarfir hafi minni þörf fyrir þekkingu sérkennarans á námi þeirra og kennslu í grunnskólum og sérskólum nú en þegar gildandi lög voru sett. Ekki verður betur séð en frumvarpið veiki stöðu barna með sérþarfir í skólakerfinu."

Niðurstaða okkar í nefndarálitinu var að auk þess að minnka gildi menntunar sérkennara muni þetta gera erfiðara að ráða sérkennara til framhaldsskóla, eins og bent er á í umsögn Skólameistarafélags Íslands. Þetta er gert án þess að sérkennarar hafi fengið tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið. Af þessum sökum mun minni hlutinn fara fram á að menntamálanefnd hitti fulltrúa sérkennara á milli 2. og 3. umr. Þá mun minni hlutinn flytja breytingartillögur þar að lútandi við 3. umr. ef ástæður þykja til.

Í nefndaráliti meiri hlutans er því haldið fram að í frumvarpinu sé lögð áhersla á mikilvægi aukinnar fagmenntunar kennara. Í því sambandi er bent á ákvæði 5. gr. um að kennari geti fengið forgang til að kenna faggrein sína í 8.–10. bekk grunnskóla. Spyrja má, hvers vegna eingöngu í þessum bekkjum? Meiri hlutinn bendir á að í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður til. Þetta orðalag takmarkar í raun ekki að landfræðingur sem ekki hefur mikla stærðfræðiþekkingu kenni stærðfræði. Einnig er bent á að í 11. gr. er gert ráð fyrir að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein þeirra eða sérsvið. Af frumvarpinu má skilja að nóg sé að hafa próf í aukagrein, þ.e. 30 einingar, til að kenna grein í framhaldsskóla. Það eru verulega minni kröfur en samkvæmt gildandi lögum þó að þetta svari þörfum smærri skóla fyrir kennara sem geta kennt fleiri en eina grein. Því verður alls ekki séð að hér séu gerðar meiri kröfur um þekkingu í faggrein en áður og ekki er farið að tilmælum KHÍ um kandídatsár eða að fjórða árinu sé bætt við B.Ed.-námið í KHÍ. Þá má benda á að ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur til skólastjóra eða skólameistara umfram kennara í þessu frumvarpi, þótt annað mætti ráða af nafni frumvarpsins.

Vandann við að ráða sérhæfða kennara í fámennum tæknigreinum eða öðrum greinum verður að leysa með skýrari ákvæðum í framannefndum greinum frumvarpsins, en ekki með því að skerða færni þeirra sem hafa mestu fagmenntununa til að miðla henni með því að draga úr menntun í kennslufræði.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögur við 12. og 21. gr. í sérstöku þingskjali og styður þær breytingartillögur meiri hlutans sem vissulega eru til bóta. en þær eru nokkrar.

Þær brtt. sem við leggjum til við 12. gr. er að 2. tölul. 1. mgr. falli brott og 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: „námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda."

Svo leggjum við til breytingu við 21. gr., um að greinin orðist svo:

„Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum."

Við samþykkjum ekki eins og meiri hlutinn leggur til að það verði einnig í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

[20:53]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hv. þm. sem lauk hér máli sínu, Sigríður Jóhannesdóttir, sagði í raun og veru flest af því sem þarf að segja að mínu mati um þetta mál. Við stöndum saman minni hlutinn í menntmn. að því nál. og ég ætla því ekki að vera langorð en vil aðeins ítreka nokkur af þeim atriðum sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir kom inn á.

Þetta frv. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra er að mörgu leyti tímabært frv. Það er langt síðan þessi lög voru endurskoðuð og frv. er búið að vera til meðferðar í þinginu í nokkuð langan tíma. Því miður hefur ekki náðst samstaða um það og á þessu þingi var það ekki einu sinni sent út þannig að þau mistök urðu m.a., eins og kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, að sérkennarar voru í raun ekki upplýstir um það sem var að gerast. Þess vegna mæli ég eindregið með því að boðaður verði fundur í menntmn. á milli 2. og 3. umr. og að formanni Félags sérkennara verði gefinn kostur á að segja álit sitt á málinu.

Meginmálið sem mér finnst mikið áhyggjuefni er að þó að hér sé að mörgu leyti þarft frv., þ.e. það er þörf á að endurskoða þessi lög, þá skín alls staðar í gegn þvílíkt metnaðarleysi að það er eiginlega með ólíkindum. Þetta gerist á sama tíma og það er verið að gera úttekt á kennaramenntuninni, skilað var einum þremur skýrslum um málið í vetur, og það eru TIMSS-skýrslur og alls konar námskrárvinna og annað í gangi sem ég hélt að hæstv. menntmrh. bæri einhvern metnað til. Á sama tíma er lagt fram frv. sem einkennist af þvílíku metnaðarleysi að það er varla hægt að tala um það og þar á ég einkum við tvær eða þrjár greinar frv., þ.e. 12. gr., 21. gr. og þessi ákvæði um sérkennara en eins og málið lítur út núna eru engar kröfur gerðar til sérkennara. Það er ekkert fjallað um hvaða fagkröfur eigi að gera til þeirra. Þetta tel ég vera mjög varhugavert við þær aðstæður sem núna eru í grunnskólunum þó að vissulega sé þörf á að taka á þeim málum og það höfum við gert m.a. í umræðum um þessi mál t.d. varðandi það að þroskaþjálfar þurfa svo sannarlega

að fá viðunandi starfsaðstöðu í grunnskólunum og þá sem sérfræðingar. En það er engin viðleitni til þess að taka á því máli hér né heldur hverjir geta kallað sig sérkennara og hvernig á að fara með kröfur til þeirra.

En langalvarlegasti annmarkinn á málinu fyrir utan þetta með sérkennarana er að mínu mati þessar tvær greinar, 12. gr. og 21. gr. Og ef ég byrja á 21. gr., þá vil ég geta þess að hún fjallar um að ákvæði þessara laga taki ekki til kennslustarfa í listgreinum á framhaldsskólastigi. Þannig var þetta upphaflega orðað í frv. Reyndar er meiri hluti nefndarinnar með brtt. þannig að þetta er orðað aðeins öðruvísi þar. Það er mjög athyglisvert að undanþiggja listgreinakennslu frá menntunarkröfum vegna þess að á undanförnum árum hafa sérstaklega myndlistarkennarar sótt mjög fast í háskólann og í Kennaraháskólann til þess að ná sér í kennsluréttindi. Núna á allt í einu með einu pennastriki að gera þeirra nám að engu, þeirra heilsársnám í uppeldis- og kennslufræðum. Þessu mótmæla myndlistarkennarar eðlilega mjög kröftuglega en rökin fyrir þessu virðast vera fyrst og fremst þau að í sérlistaskólum, t.d. í leiklistarskólanum, hafi ekki tíðkast að gera þessar kröfur til kennara. En ég vil gera mikinn greinarmun á sérskólunum, t.d. myndlistarskólanum og leiklistarskólanum annars vegar og hins vegar á myndlistarsviði framhaldsskólanna. Þar eru myndlistarkennarar eða listgreinakennarar jafnfætis öðrum kennurum og vilja vera það en með þessu frv. er verið að setja þá á annan stall. 21. gr. hljómar svo samkvæmt brtt. meiri hlutans:

„Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna."

Það á sem sagt að undanþiggja alla listgreinakennara frá menntunarkröfum hvort sem þeir eru í sérskólum eða í almennum framhaldsskólum og þessu erum við mótfallin, þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntmn., og mælum með að þessi grein orðist svo:

„Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum." Það er að segja við viljum viðurkenna þessa sérskóla sem að öllum líkindum eru hvort sem er eða a.m.k. fljótlega að flytjast upp á háskólastig, en það hefur ekki verið gerð krafa um kennsluréttindanám fyrir kennara á háskólastigi.

Ég kem þá næst að 12. gr. frv. Þar eru gerðar tvær breytingar, reyndar þrjár og ég vil byrja á að nefna þá þriðju sem við nefnum ekki sérstaklega í nál. okkar en athygli okkar hefur verið vakin á því atriði og það er einmitt það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi áðan og er enn eitt dæmið um metnaðarleysi þessa frv. Mér er vel kunnugt um að lögin sem nú eru í gildi hafa verið túlkuð þannig að ef fólk tekur 90 eininga BA-próf séu 60 einingar nauðsynlegar til þess að kenna í framhaldsskóla, fólk verður að hafa a.m.k. 60 eininga faggrein til þess að hafa réttindi inn í framhaldsskólann og 30 einingar ef það kennir í grunnskóla. Þetta hefur verið sú túlkun sem menn hafa lagt í þetta og þá hefur gjarnan verið sagt ef menn ætli að kenna í framhaldsskóla verði þeir í raun og veru að hafa tvær 60 eininga greinar eða eina 90 eininga grein, því 30 einingar gefi ekki réttindi inn í framhaldsskólann. En nú bregður svo við að í 12. tölul. þessa frv., sem fjallar eingöngu um framhaldsskólakennara en ekki um grunnskólakennara því það er alveg sérstök grein um þá, stendur:

„Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda."

Ég get ekki skilið það öðruvísi en að þarna séu 30 einingar nægjanlegar inn í framhaldsskólann. Þetta má svo túlka enn þá sterkar ef maður lítur á 2. tölul. þar sem verið er að minnka kennsluréttindaþáttinn úr 30 einingum í 15 fyrir þá sem hafa lokið meira en 90 einingum í fagnámi. Ég get því ekki skilið það öðruvísi en svo að þeir sem t.d. hafi 90 eininga próf og bæti svo við sig 30 í aukagrein, þurfi bara 15 eininga kennsluréttindanám. Það er því verið að opna á það að einstaklingar með 30 einingar í grein, jafnvel aðeins með 15 eininga kennsluréttindanámi, fái réttindi inn í framhaldsskólann. En alvarlegasta breytingin þarna í 2. tölul. er að mínu mati sú að verið er að hvetja þá sem eru með meira en 120 námseiningar, þá sem hugsanlega eru með meistarapróf eða doktorspróf, til að koma inn í framhaldsskólakennslu með því að heimila þeim að taka eingöngu 15 eininga kennsluréttindanám. Þetta er líklega vel meint ef markmiðið næðist, þ.e. að þetta fólk kæmi til kennslu, en það er gert á kostnað þess að það þurfi að kunna til verka, þ.e. að það kunni að miðla sinni grein. Við þetta hefur Háskóli Íslands gert mjög alvarlegar athugasemdir bæði vegna þess að gera má ráð fyrir að best menntaða fólkið, þ.e. fólk sem er með meistarapróf eða meira í faggrein og fer í framhaldsskólakennslu, verði leiðandi á sínu sviði, í þróunarstarfi og ýmsum frumkvöðulsverkefnum. Því er mjög vafasamt að gera minni kröfur til þess í kennslufræði eða öðru slíku og dæmir það í raun og veru úr leik til að stunda það þróunarstarf sem það annars gæti sinnt.

Undir þetta tekur bæði Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, kennarasamtökin og Kennaraháskóli Íslands. Það mótmæla því allir fagaðilar að þessar kröfur séu minnkaðar. Háskóli Íslands gekk svo langt í þessu máli að hafa samband bæði við menntmn. og við hæstv. ráðherra, og ég er hér með bréf sem nefndinni barst, þar sem það var útskýrt að jafnvel þó að þessi 30 eininga krafa yrði lækkuð niður í 15 einingar fyrir þá sem væru með meistarapróf eða meira, það væri út af fyrir sig eitt mál, en nú er þetta opnara. Þar sem allir sem eru með nám sem jafngildir 120 námseiningum, þar af 60–90 einingar í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein, þurfa bara 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda. Þetta þýðir að fólk gæti tekið 30 einingar í viðbót við sitt 90 eininga nám í hverju sem er, t.d. sagnfræðingar sem taka nokkrar einingar í félagsfræði eða í hjúkrunarfræði eða hverju sem er geta komið upp í háskóla og sagt: Nú þarf ég bara 15 eininga kennsluréttindanám. Þetta er talið vera ávísun á það að nú þurfi að koma upp tvenns konar námsbrautum, t.d. í háskólunum, einni 15 eininga og einni 30 eininga því námskeiðin þar hafa verið endurskipulögð á undanförnum árum einmitt til þess að auka þátt verklega námsins, t.d. kennsluæfingar sem áður voru 5 einingar eru núna 10 einingar og það er mjög erfitt að búa til 15 eininga kúrs sem væri eins samsettur og um heils árs eða 30 eininga nám væri að ræða. Þarna er því að mati Háskóla Íslands í fyrsta lagi verið að gera minni kröfur og þetta taka Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri og kennarasamtökin öll undir. Það er verið að gera minni kröfur til kennara í uppeldis- og kennslufræðum en jafnframt er verið að gera atlögu að þessu námi. Háskólinn

hefur bent á að þarna þurfi bæði að koma til verulega auknar fjárveitingar og mannafli ef hægt á að vera að sinna náminu áfram þannig að hægt verði að reka tvær námsbrautir, aðra 15 eininga og hina 30 eininga, í einu.

Svo ég ljúki við þetta þá leggjum við í minni hlutanum til að 2. tölul. 12. gr. verði felldur brott og að henni felldri er ekki ólíklegt að við komum með aðra brtt. sem gengur skemur en kemur þó í veg fyrir að þessi námsbraut í Háskóla Íslands verði verulega skemmd. En ég tel ekki tímabært að kynna þá tillögu nú, enda höfum við ekki lagt hana fram og verður hún væntanlega lögð fram ásamt fleiri brtt. á milli 2. og 3. umr., vonandi eftir viðræður nefndarinnar við fulltrúa Félags sérkennara.

Hitt atriðið sem er mjög alvarlegt í 12. gr. er að það er verið að minnka kröfur til annars hóps framhaldsskólakennara. Það eru þeir sem hafa lokið námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein. Þeir þurfa eingöngu 15 einingar í kennslufræði í staðinn fyrir 30 einingar. Þarna er einnig rætt um samningsbundið nám og starfsreynslu. Þetta ákvæði var mjög gagnrýnt af flestum umsagnaraðilum, bæði af Kennaraháskólanum og háskólanum og fleiri aðilum, og ég tel þetta mjög vafasamt ákvæði. Verkgreinar eru ekki síður vandmeðfarnar í kennslu og það er mjög mikilvægt, ekki síst hjá okkur sem þurfum að bæta okkur verulega í verknámi og í verkgreinakennslu, að ætla að fara að gera það með því að lækka menntunarkröfurnar að þessu leyti.

*Ég verð því að segja, herra forseti, að þetta frv. veldur* miklum vonbrigðum. Það er athyglisvert að kennarasamtökin eru mjög ósátt við að það er gefið til kynna í frv. að frv. hafi verið samið í samráði við kennarasamtökin en þau telja að það hafi átt sér stað trúnaðarbrestur þar sem ekki hafi verið rætt um að breyta þessum ákvæðum 12. gr. frv. Og það tel ég vera mjög vafasöm vinnubrögð ef heil stéttarfélög geta ekki treyst því sem um er talað í nefndarstarfi, þó að vissulega hafi ráðherra rétt á að leggja fram þau frv. sem honum sýnist. En það er vegna þessa orðalags í frv. sem mér finnst þetta mjög umhugsunarvert.

Herra forseti. Ég er með margar umsagnir og væri mjög fróðlegt að fara í þær. Ég held það sé óhætt að segja að nánast í hverri einustu umsögn, frá fagaðilum, frá kennaramenntastofnunum, er komið inn á þessar greinar og þeim mótmælt. Ég tel að það sé gott markmið að reyna að ná fólki með meiri menntun, þ.e. meistarapróf eða doktorspróf inn í framhaldsskólana, en því miður held ég að það sé allt of mikið sem tapast með þeirri aðferð sem hér er lögð til. Það mætti breyta orðalaginu, eins og fulltrúar háskólans hafa ítrekað bent á, þannig að það eina sem gerðist væri að þetta lækkaði niður í 15 einingar fyrir þá sem eru með MA eða doktorspróf en að ekki væri um leið gerð atlaga að náminu og að 30 einingar í hvaða námsgrein sem er geti virkað til frádráttar úr kennsluréttindanáminu.

Það var nokkuð góð sátt í nefndinni um aðrar greinar frv., en það var reyndar mjög athyglisvert hvað málefni sérkennaranna komu eiginlega ekki upp fyrr en alveg undir lokin, nema að það fékkst ekki nein umræða um 12. gr. og *það var bara sagt að það væri ekki til umræðu að breyta* henni. Ég hef heyrt vangaveltur í kringum þetta eins og: Við viljum heimila lögfræðingum og endurskoðendum og alls konar fólki að koma inn í framhaldsskólana og kenna án þess að þurfa að taka uppeldisfræði. Þetta er mjög sérkennilegur hugsunarháttur sem samræmist illa faglegum kröfum til þessa starfs og það er mjög umhugsunarvert á sama tíma og Kennaraháskólinn sjálfur er að óska eftir að fá að lengja B.Ed.-námið um eitt ár. Margir spá því jafnvel að framtíðin verði sú að það verði í auknum mæli meistarapróf sem verði *krafan til framhaldsskólakennslu eins og er víða í nágranna*löndunum, fimm ára háskólanám. Þá erum við hér uppi á Íslandi með lélegar TIMSS-skýrslur, a.m.k. þá fyrri, vera að setja í gegnum þingið frv. sem lækkar kröfur, gerir minni kröfur til kennaramenntunar og kennara. Þetta er að mínu mati algjör tímaskekkja og ég vildi gjarnan heyra rökstuðning hæstv. menntmrh. sjálfs fyrir því að minnka kröfurnar til þessara þriggja hópa, þ.e. kröfur í uppeldis- og kennslufræðum, í fyrsta lagi til þeirra sem hafa meira en 90 námseiningar í faggrein, í öðru lagi til þeirra sem eru með tækniskólapróf eða meistaranám og munu kenna í iðnskólum eða í verknámi og í þriðja lagi til listnámskennara.

Telur hæstv. ráðherra að það sé nóg að hafa fagþekkingu, þessir aðilar þurfi ekki að læra neitt í kennslufræði greinanna, þurfi ekki að læra neitt til að miðla sinni grein? Og hvers vegna þá þeir frekar en einhverjir aðrir? Það þekkja allir kennarana sem eru ofboðslega klárir og margir þekkja doktora í eðlisfræði eða stærðfræði sem eru mjög klárir í sinni grein en enginn skilur hvað þeir eru að tala um. Ég held það væri mjög vafasamur ávinningur að fá slíkt fólk inn í skólana, ef þeir kunna ekki að miðla því sem þeir þekkja í sinni grein og um leið séu þeir vanhæfari til að stunda þróunarstarf, eins og ég sagði áðan, til að semja námsefni, *til að verða sérfræðingar í námsmati* og allt það sem nú er verið að kenna í kennslufræðunum og sívaxandi kröfur eru um. Í áðurnefndum matsskýrslum um mat á kennaranámi eru gerðar auknar kröfur um nám í upplýsingafræðum og að slíkt verði tekið inn í kennaramenntunina. Það vita allir að það eru vaxandi kröfur í þá átt í menntakerfinu og á sama tíma á að fara að skera niður *einmitt* þær einingar þar sem hægt væri að koma þessu fyrir.

Ég verð því að segja, herra forseti, að ég er mjög ósátt við þetta frv. og það eru margir sem fylgjast með því og trúa því ekki að það verði keyrt í gegnum þingið að þessu sinni. Ég tel að það sé slys. Ég tel að það væri mjög æskilegt að þetta mál fengi að liggja í sumar og það yrði rætt nánar, bæði við fulltrúa kennaramenntastofnananna allra þriggja og við fulltrúa sérkennara til þess að ná lendingu um bætta kennaramenntun, um kennaramenntun með metnaði í stað þess að slaka á kröfum eins og hér er gert.

[21:19]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður en vil aðeins minnast á þrjú atriði. Í fyrsta lagi er ekki rétt að það sé trúnaðarbrestur milli menntmrn. og kennarasamtakanna um meginefni þessa frv. Það er hins vegar alveg ljóst að kennarasamtökin hafa ekki fallist á þær breytingar á 12. gr. frv. sem mest hafa verið ræddar hér. Það lá fyrir í fyrra og liggur fyrir núna og hefur legið fyrir frá því ég flutti þetta frv. að kennarasamtökin telja æskilegt að menn taki 30 eininga nám í kennslufræði til að öðlast þau réttindi sem hér er um að ræða. Ég tel hins vegar að það séu mjög *mörg og góð rök fyrir því að hafa þetta 15 einingar í þeim* tilvikum sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. ef menn hafa mikla og góða fagþekkingu í sinni grein og einnig ef þeir hafa mikla reynslu af störfum í því námi sem lýtur að tækninámi og starfsnámi. Það er í góðu samræmi við framhaldsskólalögin að þetta sé gert. Það er gerð krafa um aukna sérhæfingu samkvæmt þeim lögum og það er nauðsynlegt að auðvelda

skólunum að fá slíka menn til starfa innan skólanna. Þetta er því í fullu samræmi við þær ákvarðanir sem Alþingi hefur tekið í nýjum framhaldsskólalögum og þá stefnu sem mótuð hefur verið, að efla sérhæfingu á framhaldsskólastiginu og þá þarf að sjálfsögðu einnig kennara með mikla og góða sérmenntun. Það er útúrsnúningur sem hér hefur komið fram að túlka 12. gr. með þeim hætti sem gert hefur verið. Það verður sett reglugerð á grundvelli 12. gr. eins og stendur í lokamálsgrein hennar og þar verður að sjálfsgöðu leitast við að skilgreina þetta með því markmiði sem ég hef lýst, að ætlunin er að fá til starfa í skólunum menn með sérþekkingu án þess að þeir þurfi að taka 30 einingar í uppeldis- og kennslufræði. Þeir taki 15 einingar og fái þá full réttindi til starfa sem framhaldsskólakennarar.

Þetta er kjarni málsins og er að mínu mati ekki flókið að færa rök fyrir þessu þótt komið hafi fram athugasemdir frá ýmsum aðilum sem leggja meiri áherslu en ég í þessum tillögum á uppeldis- og kennslufræði, þá hafa einnig fjölmargir aðilar komið fram og lýst yfir stuðningi við þá stefnu sem mótuð er í frv. Það hafa einnig fjölmargir kennarar látið mig heyra að þetta sé skynsamleg stefna. Það er engin eining um þetta mál innan kennarasamtakanna, þótt forustusveit kennara hafi lýst þessari skoðun sinni. Ég hef rætt þetta á mörgum kennaraþingum og er óhræddur við að verja þennan málstað meðal kennara. Hann nýtur þar skilnings hjá mörgum, sérstaklega hjá nemendum líka sem meta það að unnt sé að kalla sérmenntaða menn til starfa í skólunum. Menn ættu að lesa þær umræður sem urðu t.d. í framhaldi af TIMSS-skýrslunum um þennan þátt í skólastarfinu þegar vísað er til þess að þetta sé í ósamræmi við niðurstöðurnar í TIMSS-könnuninni. Hafa menn gleymt þeim umræðum sem fóru fram um þetta mál sérstaklega þegar sú könnun birtist og vakin var athygli á því hve mörgum sérmenntuðum kennurum væri gert erfitt fyrir að komast inn í skólana, vegna ákvæðanna um uppeldis- og kennslufræðieiningarnar? Menn skulu því hafa það í huga þegar þetta mál er rætt að hér er alls ekki verið að slaka á kröfum, það er verið að gera öðruvísi kröfur en gerðar hafa verið. Það er ekki í neinu verið að slaka á kröfum um þá þekkingu sem kennarar eiga að hafa þegar þeir taka til starfa í skólunum.

Þetta var um efni 12. gr. og hinn svokallaða trúnaðarbrest. Hann lýsir sér ekki í t.d. afstöðu til sérkennaranna. Þar er ekki hægt að tala um neinn trúnaðarbrest milli menntmrn. og kennarasamtakanna. Þar hafa ráðuneytið og forustumenn kennarasamtakanna verið alveg sammála um það sem stendur í frv. og er skýrt í greinargerð með frv. þar sem segir um 5. gr.:

„Einnig eru felld út ákvæði í 4. gr. gildandi laga um skilyrði þess að vera skipaður eða ráðinn sérkennari við sérskóla eða sérdeildir grunnskóla þar sem þessar deildir og skólar eru hluti af almennum grunnskóla."

Þetta verða menn að hafa í huga. Það er búið að endurskipuleggja grunnskólann þannig að það er ekki lengur hægt að tala um sérskóla og hinn almenna grunnskóla og þess vegna er verið að tala um að allir eigi að hafa þessi almennu réttindi. Síðan er gerð krafa til þess, eða veitt heimild til þess að í 8. til 10. bekk grunnskólans geti menn notið sinna sérréttinda og sérþekkingar eins og vikið hefur verið að. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða um sjónarmið sérkennaranna og þeir verða líka að hafa það í huga að þegar unnið var að samningu frv., því það er 12. gr. sem menn greindi á um, ráðuneytið og kennarasamtökin, þá var ekki ágreiningur á milli ráðuneytisins og kennarasamtakanna um þetta enda töldum við og teljum að það sé í bestu samræmi við grunnskólalögin að hafa þetta eins og það er núna, að ekki sé verið að skilja á milli sérkennara annars vegar og annars konar kennara hins vegar, heldur sé verið að ræða um almenn kennararéttindi og það sé það sem okkur er falið að gera samkvæmt grunnskólalögunum. Það eru því full rök fyrir því að taka ekki hóp sérkennara sérstaklega út úr heldur ber að líta á það að menn tóku þessar ákvarðanir með grunnskólalögunum. Í 2. mgr. 38. gr. laga um grunnskóla er kveðið á um það að sérmenntaðir kennarar skuli annast kennslu í sérdeildum, sérskólum þar sem því verður við komið. Það er ekkert sem bannar það að sérkennarar komi inn í sérdeildir og sérskóla en það þýðir ekki að veita þurfi þeim einhver önnur réttindi en kennurum almennt. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða þetta og menn verða að miða við lagarammann sem skólanum hefur verið settur, bæði grunnskólanum og framhaldsskólanum þegar þeir ræða þetta frv. Þegar grunnskólalögin mæla fyrir um það að allir nemendur hafi sama rétt til að fara í sama skóla, þá er óeðlilegt að fara að flokka allt í einu kennarana sérstaklega. Það á líka að láta sama gilda um kennarana, hvaða kennslu sem þeir sinna, samkvæmt því meginmarkmiði sem menn settu sér með grunnskólalögunum. Og þegar framhaldsskólalögin gera ráð fyrir meiri sérhæfingu bæði í starfsnámi og bóknámi þá er líka eðlilegt að þegar sett eru lög um kennarastarfið taki menn mið af því eins og gert er í 12. gr. frv. að því er framhaldsskólakennarana varðar. Menn verða því að líta á þetta í samhengi og heild þegar þeir ræða þessi mál, en ekki að slíta það úr þeim starfsramma sem kennurum er settur og menntamálayfirvöldum er settur með lögunum um grunnskólann og framhaldsskólann.

Herra forseti. Ég tel að ég þurfi ekki að fara orðum um fleiri atriði í þessu frv. Það hefur raunar allt komið fram áður sem ég var að segja en þó er ástæða til að árétta þetta sérstaklega, minna menn á starfsrammann og minna menn á þær almennu reglur sem settar eru í lögunum um grunnskóla og framhaldsskóla og hafa þau í huga þegar þetta frv. er afgreitt.

[21:28]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins fyrst um sérkennara. Ef lögin eru svona skýr að mati hæstv. menntmrh. hljótum við að velta enn frekar vöngum yfir því af hverju orðið sérkennari kemur þá fyrir í einhverri af þeim reglugerðum sem fjalla um kennslu í sérskólum eða sérkennslu innan grunnskólans, því þannig er það. Og það þyrfti þá að endurskoðast og koma frekari útskýring á því.

Hins vegar vakti það athygli mína hve hæstv. ráðherra talaði af miklu öryggi um að 15 eininga námið nægði undir ákveðnum kringumstæðum. Ég vildi gjarnan að hann útskýrði fyrir okkur, því það hafa aðrir ekki getað gert, í hverju þetta 15 eininga nám ætti að vera falið. Menn tala um auknar kröfur til kennara í dag og faglegar kröfur til kennara eru ekki bara í grein heldur líka í því að kunna að miðla námsefninu. Það eru kröfur um námsmat, kröfur um mat á skólastarfi, kröfur um námsgagnagerð, kröfur um skólanámskrárgerð, kröfur um aukna þjálfun á vettvangi og kröfur um að kennari geti miðlað með nýrri tækni. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvað af þessu telur hann þá að sé mikilvægast að komist fyrir inni í 15 eininga náminu? Mér er það ekki ljóst eins og ég sagði. Ég hef reynt að spyrja þá sem hafa verið að kenna

og hafa verið að skipuleggja nám af þessu tagi, þeim er það ekki ljóst heldur vegna þess að ef ég hef skilið málið rétt er það varla að 30 einingar nægi í dag, miðað við þær síauknu kröfur sem gerðar eru til kennara.

[21:30]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunum þá var það svo og hefur verið að þeir sem hafa sinnt uppeldis- og kennslufræðum telja æskilegast að það séu 30 einingar. Hins vegar hefur það líka komið fram í gögnum til hv. nefndar og í skjölum sem ég hef einnig fengið frá þeim sem starfa í Háskóla Íslands að þeir telja að það sé unnt að skipuleggja 15 eininga nám í uppeldis- og kennslufræði. Það sem þeir hafa hins vegar gert athugasemdir við er það atriði hvort krafan um fagþekkinguna sé nægilega skýr í 12. gr. Hvort þar sé nægilega fast að orði kveðið um það að menn hafi raunverulega fagþekkingu eins og hv. þm. hafa einnig rætt hér í þessum umræðum.

Þeir hafa hins vegar sagt: Við getum leyst 15 eininga málið en við viljum fá skýrara skilgreint í frv. eða þá í reglugerð hvað það er sem menn þurfa að uppfylla til þess að geta sagt við okkur: Við eigum rétt á því að fá þessi réttindi eftir 15 einingar.

Það liggur því alveg fyrir hjá þessum aðilum að þeir hafa sagt að þeir geti boðið 15 eininga nám sem þeir telja fullnægjandi.

[21:31]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Það liggur fyrir, herra forseti, segir hæstv. ráðherra að þessir aðilar telja sig geta boðið 15 eininga nám enda sé þá ákveðnum faglegum kröfum fullnægt. En svo er ekki samkvæmt frv. Það er ekki gerð krafa um masters- eða doktorspróf. Það er eingöngu talað um 120 námseiningar, sem er allt annað. Mér finnast því þessi rök eða þessi skýring hæstv. ráðherra ekki frambærileg við þessa umræðu vegna þess að hann er að tala um allt annað en þeir aðilar sem ég veit að hafa sem nauðvörn í þessu máli bent á þessa niðurstöðu sem lausn sem hugsanlega væri hægt að vinna með. Það stendur hins vegar ekki til. Það stendur jú til að keyra áfram á þetta 15 eininga nám en það stendur ekki til að gera þær faglegu kröfur sem þarna er verið að gera á móti.

[21:32]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef sagt þá er heimild til reglugerðarútgáfu á grundvelli 12. gr. og til þessara þátta verður litið við gerð reglugerðarinnar.

En varðandi það að það ætti að vera mastersnám frekar heldur en það orðalag sem er þarna, sem við notum í greininni, þá vil ég spyrja hv. þm. — að vísu er tíma hennar í andsvörum því miður lokið — en þá vil ég segja: Það er ekki nein ein skilgreining til á mastersnámi. Það er ekki hægt að segja að mastersnám svari þessu með þeim hætti að fullnægjandi sé, því að það er engin ein skilgreining til á heitinu mastersnám eða hvað felst í því að hafa masterspróf. Þar stöndum við því frammi fyrir ákveðnum vanda. Þetta hefur allt verið þaulskoðað þannig að niðurstaðan varð sú eftir ítarlega athugun af hálfu meiri hluta nefndarinnar að hrófla ekki við þessu ákvæði.

*Hitt liggur ljóst fyrir að það hefur komið fram að hægt sé að veita 15 eininga nám í uppeldis- og kennslufræðum og það var það sem hv. þm. spurði mig um, hvort ég hefði nokkra hugmynd um það hvort nokkur hefði látið sér detta í hug að það væri. Svo er.*

En hinn þátturinn sem við þurfum að skilgreina og hér hefur komið fram að verður gert, það er inntakið í námi þeirra sem fara í þetta 15 eininga uppeldis- og kennslufræðinám.

[21:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra. Það eru nokkrar spurningar sem ég vil koma með. Í fyrsta lagi andmælti ráðherrann því að þarna væru gerðar minni kröfur. Ég velti fyrir mér, hvar kröfur eru efldar? Ég get ekki séð að það sé neins staðar gert.

Varðandi þennan þátt sem hæstv. ráðherrann ræddi síðast, um að það hefði ekki verið hægt að orða þetta þannig að miða við meistarapróf, þá ætla ég að leyfa honum að heyra orðalagið á tillögunni eins og við vorum búin að koma okkur saman um hana og munum hugsanlega flytja við 3. umr. Þar stendur:

„Æðri prófgráðu frá háskólum, þ.e. meistara- eða doktorspróf sem krefst a.m.k. 120 námseininga og veitir undirbúning til kennslu í fagrein eða fagsviði framhaldsskóla. Til viðbótar þessu námi komi 15 einingar."

Ég tel að þetta orðalag muni gera heilmikið í því að tryggja að það komi til aukin fagmenntun samfara því að kennslufræðinámið minnki. Það er því miður ekki tryggt núna því að fólk getur bætt við sig einingum úr nýrri grein þess vegna. Vissulega má taka á því með reglugerð en það væri mun æskilegra að hafa skýrara lagaákvæði og ég beini því til ráðherrans að hann taki það til skoðunar.

Þá vil ég aftur koma inn á annað atriði sem er mjög varhugavert. Það stendur í 15. gr. að við það skuli miðað að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður á. Fyrir þetta er meiri hlutinn að hrósa sér í nál. En á það hefur verið bent að þetta t.d. þýði þá að ef einhver hefur 60 og 30 einingar þá geti viðkomandi framhaldsskólakennari kennt með 30 eininga nám í grein. Þetta er bein viðurkenning á því og þess vegna lækkun á þeim kröfum sem verið hafa ef hann á að kenna þær greinar sem hann er menntaður til. Hins vegar má hann kenna á því sviði sem hann er menntaður til, ef hann er t.d. menntaður sem landfræðingur þá hefur hann réttindi samkvæmt þessu frv. til að kenna stærðfræði. Þetta er ekki til þess að efla faglegar kröfur í framhaldsskólanum.

Í þriðja lagi vil ég nefna sérkennara. Hvar hefur sérkennari nú tryggingu fyrir því að hans fagréttindi séu viðurkennd? Vissulega eru sérkennarar líka kennarar en það er ekki punkturinn. Punkturinn er að þeir eru búnir að mennta sig sem fagkennara, sem sérkennara, og núna er allt í einu ekkert um það í lögum, þannig að ég get ekki séð annað en að skólastjóri geti látið bara hvern sem er fá sérkennslukvóta. Eru það þær auknu kröfur sem hæstv. ráðherra er að boða?

[21:37]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé hugsanlegt að hann hafi fengið þær upplýsingar sem hann nefndi um 15 eininga kennaranám sem væri auðvelt að skipuleggja fyrir þennan hóp á andafundi?

Það vill nefnilega svo til að við höfum verið að hafa samband við þær deildir kennaranáms sem skipuleggja slíkt

nám og það liggur við að menn hafi reytt hár sitt, þeir hafa svo miklar áhuggjur af þessu, hvað sé eiginlega verið að meina. Hvað á að vera innifalið í þessu 15 eininga námi? Og hverju á að sleppa? Það hefur að mati þessa fólks hingað til reynst mjög erfitt að koma fyrir öllu sem þarf að kenna innan þessara 30 eininga og það hefur hvergi komið vísbending um hverju á að sleppa.

Ég vil segja að það er mjög æskilegt markmið að fá inn í starfsnámsdeildir framhaldsskólanna fólk sem hefur virkilega reynslu í starfi. En það er ekki hægt að ætlast til þess, jafnvel þó að það hafi sem meistarar verið með nemendur sem slíkir, að það hafi nokkra innsýn umfram hvern sem er við það að setja fram námsefni og skipuleggja nám í skólastofu. Það er alveg sérstakt fag.

Hins vegar vil ég taka undir það með hæstv. ráðherra að það er mjög æskilegt markmið að laða þetta fólk að kennslustörfum.

[21:39]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst hv. þm. um það að ég var ekki á andafundi þegar ég las þessi skjöl sem um er að ræða því að þau liggja hér fyrir og hljóta að liggja fyrir í möppu þingmannsins eins og í bréfasafni mínu. Og ég hef aldrei sagt að þetta væri auðvelt. Ég hef aldrei sagt að það væri auðvelt að veita þessa menntun í 15 einingum.

Hins vegar hef ég sagt að það hafi komið fram að það er hægt að gera það. Og þegar þeir aðilar sem segja að hægt sé að gera það komu og kynntu það fyrir mér þá sögðu þeir: En við verðum að gera ríkar og markvissar kröfur um það nám sem viðkomandi hefur fengið í sínu fagi til þess að unnt sé að veita þessa menntun með þessum hætti. Og um það snýst málið en ekki um hitt hvort það sé unnt að gera þetta eða ekki. Það liggur fyrir að það er hægt.

Hitt er álitaefnið, sem ég tek undir að þarf að hafa auga með, að menn fari ekki í kringum þær kröfur sem á að gera til fagþekkingarinnar. Ég tel að eins og þetta er orðað í frv. og eins og meiri hlutinn hefur gengið frá sínu máli þá sé það með skynsamlegum hætti til þess að það sé ekki verið að loka einhverjum dyrum fyrir fram gagnvart einstaklingum heldur geti menn skoðað þetta og látið þetta mál þróast eins og önnur og á grundvelli reglna sem settar eru með þessar faglegu meginkröfur að leiðarljósi.

[21:41]

**Frsm. minni hluta menntmn. (Sigríður Jóhannesdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það er nauðsynlegt að hafa faglegar meginkröfur að leiðarljósi og það er mjög áríðandi að við köllum það besta fólk sem völ er á til starfa í skólunum þegar við erum að kenna starfsgreinar.

En það sem hefur skort á hingað til er ekki að fólk sem hefur köllun til að sinna þessum kennslustörfum hafi ekki viljað fara í þetta nám. Það hefur sótt mjög fast að fara í þetta nám. Vandamálið er að það hefur ekki verið nægilegt framboð af slíku námi til að allir gætu komist í það sem hafa áhuga á. Ég verð að segja að nú verður sjálfsagt að reka þetta 30 eininga nám áfram því að ekki hafa margir — a.m.k. ekki allir — margra ára reynslu af því að hafa lærlinga sem vilja fara þarna til starfa, og þá verður að reka þetta 15 eininga nám samhliða. Og ekki einfaldar það málið eða gerir það ódýrara.

Mér finnst þarna verið að fara úr öskunni í eldinn, hæstv. forseti. Og ég hef áhyggjur af þessu, sérstaklega hvað viðkemur starfsmenntakennurunum sjálfum.

[21:43]

**Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)**:

Herra forseti. Það eru fáein atriði sem ég vildi gera að umtalsefni nú þegar dregur að lokum þessarar umræðu. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi áðan að málið hefði ekki verið sent til umsagnar. Ég vil gera athugasemd við það vegna þess að frv. kom fyrst fram og var lagt fram til kynningar á síðasta þingi og var þá sent til umsagnar. Og við studdumst við þær umsagnir sem þá bárust þegar við fjölluðum um málið þegar það kom síðan aftur fram í vetur. Það höfðu ekki verið gerðar þær efnisbreytingar á frv. að ástæða væri til þess að senda það aftur út til umsagnar og það voru ekki gerðar athugasemdir við þá málsmeðferð í þingnefndinni. Þetta vildi ég sérstaklega taka fram.

Ráðherra hefur síðan svarað hér ágætlega spurningum þingmanna varðandi sérkennarana. Hins vegar er alveg ljóst að ágreiningurinn við kennarasamtökin snýst fyrst og fremst um 12. gr. Um þá grein er ágreiningur. Kennarasamtökin komu að samningu — eða það var starfshópur sem þeir áttu sæti í sem kom að smíði frv. en um þetta efni, 12. gr. og 15 eininga kennslufræðinámið gerðu kennarasamtökin síðan ágreining. Þau voru einfaldlega ósammála því sem varð niðurstaða í menntmrn., að slaka til frá 30 eininga kennslufræði í 15 við sérstakar aðstæður. Það hefur verið fullyrt hér að verið væri að lækka kröfur til kennara. Ég er algjörlega ósammála því. Ég tel að það séu full rök fyrir því að fara þessa leið, fyrst og fremst þau að það er önnur og verðmætari þekking sem menn eru að sækjast eftir, þ.e. aukin fagþekking í grein og líka betri samskipti skóla og atvinnulífs.

Við þekkjum öll að það hefur verið gagnrýnt að fólk sem hefur mikla fagþekkingu, t.d. doktorspróf, þurfi að fara í heilsársnám í kennslufræði til að öðlast kennsluréttindi í framhaldsskóla. Margt af þessu fólki hefur þá í raun og veru ekki lagt fyrir sig kennslu í framhaldsskóla sem það annars kannski hefði viljað leggja fyrir sig ef það hefði getað öðlast kennsluréttindin, t.d. með 15 eininga námi eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg ljóst að það er mikil þörf á því að fá inn í framhaldsskólana fólk sem er með mikla fagþekkingu í kennslugreinum.

Ég tel að þau rök séu fullgild og ég vona að þetta frv., þegar það verður að lögum, verði til þess að því fólki fjölgi í framhaldsskólunum sem hefur langa og mikla fagmenntun að baki.

[21:47]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. formanni menntmn. að þessi vinnubrögð voru viðhöfð í nefndinni enda sagði ég ekkert annað en að málið hefði ekki verið sent út í vetur. Ég nefndi það vegna þess að það fólk sem sendi inn umsagnir í fyrra vissi af því en það virtist ekki átta sig alveg á því að núna væri allt í einu komið að því að afgreiða þetta frv. Það var fyrst og fremst það sem ég átti við með því að málið hefði ekki verið sent út í vetur. Það hefði verið ástæða til þess að gera það því þá hefðu kannski fleiri sett sig í stellingar til að ræða það á opinberum vettvangi.

[21:48]

**Svanfríður Jónasdóttir**:

Herra forseti. Aðeins til að víkja hér að atriði sem fram kom fyrr í umræðunni og mér fannst ekki gerð nægjanleg skil

í andsvari en lýtur að sérkennslu og því sem hæstv. ráðherra sagði um sérkennslu. Hann útskýrði fyrir okkur, þolinmóður eins og góður kennari, að það hefði verið ákveðið með grunnskólalögunum að sérkennsla færi fram í grunnskólanum. Þar afleiðandi væru engir sérstakir sérkennarar til lengur heldur bara kennarar og svo væru gerðar til þeirra mismunandi kröfur. Ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með það sem *ráðherrann* sagði.

Ég get sagt það, herra forseti, að þetta var líka minn skilningur. En þegar sérkennarar hnipptu í hv. menntmn. vegna þessa frv. þá fór ég og skoðaði þau gögn sem fyrir liggja og ég verð að segja að mér kom það nokkuð á óvart að í reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996, sett 26. júní það ár og sett með heimild í 37. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, kemur fram að sérkennsla skuli vera framkvæmd af sérkennurum, ef það má orða það svo. Þar kemur fram í 3. gr. um markmið og skilgreiningu á sérkennslu, með leyfi forseta:

„Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á."

En það er augljóst að hér er verið að gera verulegar kröfur umfram það sem unnt er að gera til umsjónarkennara eða bekkjarkennara hvað varðar þekkingu á sérþörfum nemenda. Og það er bætt við í a-lið 3. mgr. 3. gr., með leyfi forseta, að í sérkennslu felist m.a.:

„Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska."

Þegar síðan þessi reglugerð er skoðuð og komið að kaflanum um starfsfólk, en það er VI. kafli þessarar reglugerðar, sem ber yfirskriftina Starfsmenn, og 16. gr. er lesin, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Sérkennsla skal innt af hendi af sérkennara eftir því sem við verður komið, eða undir umsjón sérkennara ef betur þykir henta að nemandi fái sérkennslu hjá umsjónarkennara eða öðrum kennurum."

Þegar síðan reglugerðin er skoðuð frekar, og það var gert vegna þess að sérkennarar báru sig aumlega, þá kemur í ljós að hér er engin skilgreining á þeim kröfum sem til þeirra hlýtur að verða að gera, eftir að annars vegar er búið að lýsa því hvað sérkennsla er og hins vegar að segja, eins og segir í 16. gr., að sérkennslu skuli inna af hendi af sérkennara.

Ég vildi bara, herra forseti, vegna þess sem áður hafði komið fram um þetta mál hér, láta það koma fram að tillögur okkar og málflutningur hvað varðar sérkennarana byggir á þessari reglugerð sem augljóslega skilur það eftir að kröfur til sérkennara verði skilgreindar í öðrum lögum og þá væntanlega í þeim lögum sem frv., sem við erum nú að fjalla um, á að lúta að.

[21:52]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginstefnan er sú að sérkennslan sé hluti af almennu kennslustarfi og að sérkennarar séu þess vegna með sams konar réttindi og almennir kennarar. Telji menn síðan að þessi reglugerð um sérkennslu, sem hv. þm. vísaði til, sé gölluð að því leyti að hún geri of miklar kröfur og standist þess vegna ekki grunnskólalögin þá er sjálfsagt að taka það til endurskoðunar því ég ætla ekki að sitja undir því að sett hafi verið reglugerð sem ekki stenst grunnskólalögin og að það verði þá að skoða það frekar heldur en að fara að búa til hér einhverja nýja skiptingu í þessu frv. sem við erum nú að fjalla um. Það verður að skoða það alveg sérstaklega því ég tel að það sé samdóma álit allra sem hafa komið að þessu — sérkennarar reka að sjálfsögðu sitt mál — að lögin veiti þeim nægileg réttindi miðað við þær almennu kröfur sem sjálfsagt er að gera.

Ef hins vegar svo fer að þessi reglugerð er lögð út á þann veg sem hv. þm. gerði, að það þurfi að setja í sérstök lög um sérkennara, þá er það spurning í mínum huga hvort ég hafi hugsanlega gengið of langt með setningu reglugerðarinnar.

[21:54]

**Svanfríður Jónasdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hneigist nú til þess að skilja hæstv. ráðherra þannig að hann hafi hér verið með útúrsnúninga eða hreinlega að fara með gamanmál, vegna þess að mér finnst fráleitt að hann hafi skilið orð mín þannig að ég væri að væna hann um það að hann hefði farið út fyrir sitt eðlilega verksvið við setningu þessarar reglugerðar. Það lá engan veginn í mínum orðum. Ég var einungis að útskýra fyrir hæstv. ráðherra, vegna þeirra orða sem hann lét falla fyrr í umræðunni, af hverju minni hluta menntmn. hefði þótt eðlilegt að taka undir þær kröfur eða þau sjónarmið eins og fram kemur í áliti minni hlutans, þær kröfur eða sjónarmið sem fram koma hjá sérkennurum vegna þess að í þessari reglugerð er bæði skilgreining á því hvað sérkennsla er og einnig áskilnaður um það að sérkennsla skuli vera í höndum sérkennara. Ég var ekki að segja að ráðherrann hefði farið út fyrir eðlilegan ramma með því að setja þessa reglugerð á grundvelli 37. gr. laganna. Ég var einungis að ítreka það að fyrst þessar kröfur eru gerðar þá væri eðlilegt í framhaldi af því að gera kröfur til þeirra kennara sem um ræðir í samhengi við þær kröfur sem hér eru gerðar. Mér finnst hins vegar ástæðulaust að slá af þeim kröfum sem hér eru gerðar. Ég held að þær séu fullkomlega eðlilegar.

[21:56]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Ég ætla að nota tækifærið, herra forseti, og spyrja hæstv. ráðherra. Það kemur fram í umsögn Skólameistarafélagsins minnir mig að það sé mjög bagalegt að ekkert skuli vera sagt um sérkennara á framhaldsskólastigi, og það muni verða til þess að það verði erfiðara að ráða sérkennara þar inn. Yfirleitt eru sérkennarar ekki starfandi á framhaldsskólastigi. Nú eru gerðar auknar kröfur um það, bæði vegna náms fatlaðra í framhaldsskólum og einnig vegna þess að það er stefnt að því að sem flestir fari í framhaldsskóla og þá koma jafnvel ólæsir einstaklingar þangað inn. Þannig að vaxandi þörf á sérkennurum til kennslu í framhaldsskólunum er viðurkennd. Skólameistarafélagið kemur með þá ábendingu að þeim finnist bagalegt að ekkert skuli vera talað um sérkennara í framhaldsskólum í þessu frv. Þess vegna vil ég enn einu sinni spyrja, því mér finnst ekki hafa komið nægilega góð rök fyrir því hvers vegna, eins og í gömlu lögunum stendur skýrt, að til þess að vera kallaður sérkennari þurfi að hafa 30 einingar eða 60 einingar eftir því hvar kennt er. Mér finnst t.d. algjörlega óljóst nú hver skilgreiningin á sérkennara er. Hvort það sé nóg að hafa eitt ár, eins og sumir hafa, eða hvort verði að hafa tvö. Hvort það sé mismunandi eftir því hvort kennt er sérskólum eða í almennum grunnskólum og hvaða kröfur á að gera til þeirra sem hugsanlega verða ráðnir sem slíkir inn í framhaldsskólana. Þetta verður að vera skýrara

og þess vegna óska ég eindregið eftir því að mennmtn. komi saman á milli 2. og 3. umr. og það verði hugað að því hvernig hægt er að tryggja að sérkennarar fái sín réttindi viðurkennd og að það verði hægt að ráða þá til framhaldsskólana.

[21:58]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það vantar kafla um sérkennara á framhaldsskólastigi í þetta frv. enda á það sama við um sérkennara á framhaldsskólastigi og á grunnskólastiginu að það er búið að samþætta skólastarfið þannig að framhaldsskólakennarar sem kenna í framhaldsskóla eiga líka að vera sérkennarar ef svo ber undir, eins og menn eiga að kenna stærðfræði o.s.frv. Mér finnst því þetta svolítil hártogun, að það þurfi að skilgreina það sérstaklega í þessum lögum hvað felst í hugtakinu „sérkennari". Hvers vegna ekki þá að skilgreina um aðrar námsgreinar þegar því er að skipta?

Það liggur í hlutarins eðli að þeir menn sem ráðast til starfa til sérkennslu í skólunum hljóta að hafa þá menntun sem gerðar eru kröfur um til þess að menn geti sinnt sérkennslu. Það þarf ekkert að tíunda það og útlista í þessu frv. Heilbrigð skynsemi ætti að nægja til þess fyrir skólameistara og aðra til þess að átta sig á því, ef verið er að ráða fólk til að sinna sérkennslu, að kynna sér þá menntun þeirra sem um starfið sækja áður en þeir ráða það.

Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að sérkennsluþátturinn, ef þannig má að orði komast, í framhaldsskólanum er að aukast. Samkvæmt lögunum um framhaldsskóla ber framhaldsskólunum að veita þessa þjónustu. En ég sé ekki hvers vegna það er ekki ákvæði þá í framhaldsskólalögunum um sérnemendur ef það þarf að vera sérstakt ákvæði í lögunum um sérkennara. Mér finnst þetta hálfhártogunarkennt hjá hv. þingmönnum að vera með þetta atriði svona.

[22:00]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mismunur á því hvort það er grunnskólinn eða framhaldsskólinn vegna þess að það er hefð fyrir því að sérkennarar eru í grunnskólum og þeir eru þar nú þegar ráðnir. En það þarf eiginlega aukna lagastoð til þess að gera það kleift að ráða þá í framhaldsskólana. Og hvar er skilgreiningu að finna á því hvað er sérkennari? Hún hefur verið í þessu frv., í þessum lögum um lögverndun. Þar hefur verið skilgreint 30 einingar eða 60 einingar í sérkennslufræðum til þess að kallast sérkennari. Nú á að afnema þau lög, hvar er það þá skilgreint? Eftir hverju á t.d. Kennaraháskólinn að fara sem er að fara að mennta sérkennara? Núna er hvergi lögfest hvaða kröfur ber að gera til sérkennara og þess vegna er nauðsynlegt að mínu mati að hafa það inni í þessu frv., bæði fyrir grunnskóla og framhaldsskóla, en ekki síst fyrir framhaldsskólana af því að það þarf einhvers konar skilgreiningu og aukna lagastoð til þess að það hægt sé að ráða þá þar inn.

[22:01]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi inntak náms í Kennaraháskólanum þá er það Kennaraháskólinn sem skilgreinir það. Það er ekki menntmrn. sem setur Kennaraháskólanum námskrá eða háskólunum yfirleitt og það eru ekki heldur gerðar kröfur um neina sérmenntun eða kennslufræðikunnáttu hjá þeim sem kenna við þær stofnanir. Ég veit ekki hvort það á þá að ályktа af því að það fólk geti ekki kennt fólki til þess að verða sérkennarar. Mér finnst þetta þannig að það eru gerðar ákveðnar kröfur, það eru sett ákveðin markmið, og þetta fólk lærir til þess að sinna þessum störfum. Hvað sem þessi lög segja þá ráða menn auðvitað starfsfólk til að kenna eftir fögum og sérkennarar eru hópur af kennurum sem ráðast til starfa í framhaldsskólunum og í grunnskólunum. Þannig er það. Og það þarf ekki að tíunda það sérstaklega í þessum lögum að mínu mati. Um inntakið í náminu er hins vegar ákveðið af Kennaraháskóla Íslands. Hvað það er sem hann kallar sérkennaranám er hans ákvörðun, eins og við mælum ekki fyrir í þessum lögum hvert er inntakið í kennaramenntuninni, hvað það er sem er kennt, en við vitum það og geta menn dregið þá ályktun af því að menn sem hafa lært stærðfræði geti kennt stærðfræði o.s.frv. Þannig að mér finnst það nú hálfeinkennilegt fyrir mig að þurfa að standa hér og predika þetta yfir prófessor í uppeldis- og kennslufræðum.

[22:03]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ákaflega fróðleg umræða. Skil ég þá hæstv. ráðherra þannig að Kennaraháskólinn geti skipulagt tíu ára nám í sérkennslufræðum, hálfs árs nám og fimm ára nám og hvernig nám sem er og tilkynnt: Þetta er sérkennaranám, fimm ára og tíu ára og fimmtán ára og eins árs? Og kennarinn sem kæmi og spyrði hverjar væru lágmarkskröfur fengi þau svör að þær séu engar.

Þetta er alls ekki nógu skýrt. Alveg á sama hátt og Háskóli Íslands skipuleggur núna eins árs nám í uppeldis- og kennslufræðum, af því það er lögbundið, og nú verður væntanlega krafa um að taka upp aðra námsbraut upp á 15 einingar, þá þurfa einhvers staðar að vera leiðbeiningar um það hvað þetta er mikið nám. En þær er ekki að finna. Það er tekið út úr þessu frv. og þess vegna er þessi stétt, heil stétt í algjöru tómarúmi, bæði þeir sem búnir eru að mennta sig til eins árs og til tveggja ára í þessum fræðum.

Mér finnst t.d. mjög fróðlegt hvernig eigi að mennta sérkennara sem eru að fara inn í framhaldsskólann. Annars vegar erum við með nemendur sem eru mjög slakir, t.d. í stærðfræði og hinum ýmsu greinum, og hins vegar erum við með ólæsa nemendur eða lesblinda eða eitthvað slíkt. Hvers konar kröfur á að gera til þessara kennara? Þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að það sé til einhvers konar skilgreining á sérkennara í þessum lögum, og hvort gera þurfi kröfu til tveggja ára náms eða eins árs náms o.s.frv. Það er mjög miður, og það hefur alls ekki verið nægilega vel útskýrt, hvers vegna þeim er alfarið sleppt í þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Íþróttalög, 2. umr.*

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 774, nál. 1213, brtt. 1264.

[22:05]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til íþróttalaga frá menntmn.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi og er nú endurflutt með fáeinum breytingum.

Núgildandi íþróttalög eru að stofni til frá árinu 1956, með síðari breytingum, en löggjöfin 1956 var reist á grunni

hinna fyrstu almennu íþróttalaga sem sett voru árið 1940. Tilgangur þessa frumvarps er að laga almenna löggjöf um íþróttir að þeim breytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu á um 40 árum.

Hlutverk íþrótta í þjóðlífinu verður sífellt meira og fjöldi þeirra sem leggja stund á íþróttir í einhverri mynd hefur stóraukist. Íþróttahreyfingin hefur eflst að skipulagi og styrk og aðstaða til íþróttaiðkunar batnað mikið víða um land.

Við samningu frumvarpsins var lagt til grundvallar að íþróttaiðkun utan skólakerfisins fer fram innan vébanda eða á vegum frjálsra félaga að því leyti sem ekki er um einstaklingsbundin viðfangsefni að ræða. Gengið var út frá því að tilgangur lagasetningar um íþróttamál væri fyrst og fremst að mynda formlega umgjörð um atbeina hins opinbera til eflingar íþróttastarfi án íhlutunar um hvernig íþróttahreyfingin hagar störfum sínum. Íþróttakennsla í skólum fellur eðlilega undir skólalöggjöf eins og önnur skólastarfsemi.

Löggjöf samkvæmt þessu frumvarpi yrði nokkru umfangsminni og einfaldari í sniðum en gildandi íþróttalög.

Í tengslum við umfjöllun um frumvarpið fjallaði nefndin um skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs frá desember 1997 og skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna frá október 1997. Helstu niðurstöður í skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs eru þær að mikilvægt sé að stuðla enn frekar að samstarfi ríkis og annarra opinberra aðila við íþróttahreyfinguna svo hægt verði að efla íþróttastarfið í landinu og lögð er áhersla á forvarnagildi íþrótta fyrir holla lífshætti og heilsurækt almennings. Í skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna er að finna tillögur til úrbóta varðandi jafnrétti kynja til þátttöku í íþróttum. Þær tillögur miða að því að ríki og sveitarfélög gefi ákveðin skilaboð til íþróttahreyfingarinnar en þar er víða pottur brotinn í jafnréttismálum. Þannig er lagt til að allur stuðningur, fjármagn og aðstaða sem ríki og sveitarfélög veita til íþrótta skiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna. Þá verði komið á fót jafnréttisnefnd innan íþróttahreyfingarinnar sem leggi fyrir íþróttaþing áætlun um hvernig verði best staðið að því að ná jafnrétti innan hreyfingarinnar. Rannsóknir er tengjast íþróttum verði efldar með það fyrir augum að auka vísindalega þekkingu á íþróttum kvenna. Að lokum er lagt til að menntun sem tengist íþróttum nái til fleiri þátta en verið hefur, t.d. til stjórnunar og reksturs íþróttafélaga, fjármálastjórnunar, forvarna o.s.frv.

Menntamálanefnd tekur undir þau meginmarkmið og tillögur sem koma fram í báðum skýrslunum. Nefndin leggur þunga áherslu á að unnið verði markvisst að jöfnuði milli kynja til hvers konar þátttöku í íþróttum hjá öllum sem vinna að þeim málum, íþróttafélögum, sveitarfélögum og ríkinu. Nefndin telur afar áríðandi að sveitarfélögin fjalli um þessi mál og bregðist við til úrbóta. Þá telur nefndin mjög mikilvægt að í öllu starfi innan íþróttahreyfingarinnar verði lögð áhersla á samþættingu.

Menntmn. mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

[22:10]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég stíg hér í pontu er að ég skrifa undir nál. með fyrirvara og vil gera grein fyrir honum. Hann skýrist að mestu leyti með brtt. sem ég flyt ásamt öðrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar í mennmtn., þ.e. Svanfríði Jónasdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Ég vil taka undir það með formanni menntmn. að að mörgu leyti var umfjöllunin um þetta mál mjög fróðleg í nefndinni og ég fagna sérstaklega umræðunni sem átti sér stað um þrjár skýrslur sem tengjast íþróttum kvenna. Ég tel að þarna sé verið að vinna mjög gagnlegt og merkilegt starf. Ein skýrslan heitir „Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar", og er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, önnur heitir „Íþróttaefni í dagblöðum, könnun gerð fyrir nefnd um stefnumótum í íþróttum stúlkna og kvenna", unnin af Viðari Halldórssyni, og sú þriðja er „Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna".

Í þessum málum er greinilega víða pottur brotinn enn þá og mjög margt sem þarf að laga. En orð eru til alls fyrst og ég tel og hef enga ástæðu til að ætla annað en að það sé vilji hjá núverandi stjórnvöldum að taka á þessum málum. Mér fannst samt sem áður þegar við skoðuðum frv. ekkert vera í því sem í raun og veru tryggði eða bæri þess merki að það væri ætlunin að sinna þessum málum fyrir utan þau ágætu orð sem koma fram í nál.

Þess vegna flytjum við brtt. á þskj. 1264, annars vegar við 3. gr. og hins vegar við 8. gr. frv. og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að gera grein fyrir þessum efnisbreytingum. Í 3. gr. stendur núna:

„Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþrótta í landinu" — við viljum bæta þar við: stöðu jafnréttismála í íþróttum — og síðan kemur óbreytt: „og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála." Það er að segja við viljum að þarna komi inn í 3. gr. viðbótarorðin „stöðu jafnréttismála í íþróttum" og teljum að í raun og veru sé það bara til þess að undirstrika þann vilja sem ég tel að hafi komið fram hjá meiri hluta nefndarinnar og vona svo sannarlega að meiri hluti nefndarinnar geti samþykkt þessa tillögu.

Sama á við um brtt. við 8. gr. Þar er aðeins hnykkt á. Það er enginn aukakostnaður eða neitt slíkt en þar er þó verið að fjalla um fjármuni, en það kemur í ljós að það er verulegur munur á því hverju eytt í kvennaíþróttir miðað við karlaíþróttir og þess vegna leggjum við til að niðurlaginu á 8. gr. verði breytt. Nú stendur þar:

„Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað." — Þarna viljum við bæta við: m.a. með tilliti til stöðu kynja í íþróttum.

Þetta er í anda samþættingar, eins og hæstv. jafnréttisráðherra vill orða það og segir okkur að það sé stefna núv. ríkisstjórnar að reyna að samþætta jafnréttismálin inn í sem allra flest mál. Ég tel einmitt að þessar tillögur séu þannig tillögur. Þær kosta ekkert beint en eru til þess að minna á þessi mál og ég vona svo sannarlega að meiri hlutinn geti tekið undir þessar brtt. því að þær eru alveg í þeim anda sem um var rætt í tengslum við þær skýrslur. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að þarna væru betri tryggingar en þá hefði þurft annars konar frv. og við látum þetta því duga að sinni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara ítarlega í efni þessara skýrslna eða í þetta frv. Ég er í meginatriðum sammála því og tel að það sé til bóta og þess vegna ætla ég að láta þetta duga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, síðari umr.*

Þáltill. SvanJ o.fl., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 1361.

[22:16]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Í 1. mgr. tillögugreinarinnar er kveðið á um að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, þar sem upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf.

Nefndin ræddi sérstaklega nauðsyn þess að skoða kennaramenntun með tilliti til þessa.

Í 2. mgr. tillögugreinarinnar er lagt til að nefndin ljúki störfum fyrir vorið 1999 og að störfum hennar verði hagað þannig að tillit verði tekið til tillagna hennar við gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla en að endanlegar tillögur verði síðar hluti af námskrá grunnskólans.

Þar sem aðalnámskrárgerð fyrir næsta skólaár á að ljúka í sumar er það mat nefndarinnar að þessi málsgrein nái ekki tilgangi sínum og sé óþörf.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem gerð er grein fyrir í nál. Menntmn. er einróma í áliti sínu.

[22:18]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er um aðræða tillögu sem er flutt af Svanfríði Jónasdóttur. Hún er 1. flm. en ég flyt þessa tillögu einnig ásamt Siv Friðleifsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Arnbjörgu Sveinsdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Ég er mjög ánægð með að ákveðið hefur verið að samþykkja þessa tillögu og geri ekki athugasemdir við það að síðari mgr. skuli sleppt, þó svo að það væri ekkert verra að mínu mati að það væri tryggt að þessi sjónarmið kæmu með þessum hætti inn í námskrárnar. En ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju með breytinguna sem er gerð að tillögu menntmn. um að jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði þar sem það hefur verið háð eldhugum eða áhugamálum einstakra kennara í kennaramenntun hvort tekið er á þessu af festu eða ekki og ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju með þessa breytingu. Það urðu miklar umræður um þetta í nefndinni og ég vona svo sannarlega að með samþykkt þessarar tillögu verði breyting á kennaramenntuninni í landinu til hins betra að þessu leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Almannatryggingar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381.

[22:20]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að spyrjast fyrir um það hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. sé í húsinu.

**(Forseti** (StB)**:** Forseti mun kanna hvort hæstv. heilbrrh. er í húsinu.)

Ég tel, virðulegi forseti, að það sé erfitt að ræða þessa brtt. og það mál sem hér er á dagskrá án þess að hæstv. ráðherra sé á staðnum. Við 1. umr. komu fram mjög margar spurningar til hæstv. ráðherra sem ég teldi eðlilegt að við fengjum svör við við þá umræðu sem hér er að hefjast.

Fyrir rétt rúmu ári síðan, 17. apríl 1997, var ég hér með utandagskrárumræðu um setningu reglugerðar um tekjutryggingu almannatrygginga þar sem ég beindi nokkrum spurningum til hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvort reglugerð nr. 485/1995, sem sett er á grundvelli 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar, ætti sér í raun stoð í lögunum. Hæstv. ráðherra sagði þá að sú reglugerð sem ráðherra hafði nýlega sett ætti sér sömu stoð í lögum og hún hefði átt þá um margra ára skeið vegna þess að þarna hefði ekki verið um neinar breytingar að ræða, þetta er reglugerð nr. 485/1995.

Ég vitnaði þá m.a. í álit frá lögfræðingi, Arnmundi Backmann, þar sem hann dró í efa að til væri lagastoð fyrir setningu þessarar reglugerðar eða þessa ákvæðis þessarar reglugerðar og jafnvel að ákvæði reglugerðarinnar bryti í bága við 65. gr. stjórnarskrár. Þau svör sem þá komu frá hæstv. ráðherra voru öll í þá veru að þar sem ekki væri um neina breytingu að ræða þá væri náttúrlega sama lagastoð og hefði verið fyrir reglugerðinni.

Síðan þá hefur komið álit frá umboðsmanni Alþingis þar sem hann staðfestir í sjálfu sér ekki eða kveður ekkert skýrt á um það að reglugerðin eigi sér stoð í lögum heldur gerir því skóna að þar sem ekki hafi komið fram í umræðum við breytingar á almannatryggingalögum 1993 afgerandi það sjónarmið að fella ætti niður þessa tekjutengingu almannatrygginga, að þar með mætti gera ráð fyrir að vilji Alþingis hefði verið til þess að málið yrði óbreytt frá því sem verið hefði.

Flestar þær skerðingar sem gerðar eru á kjörum lífeyrisþega og þeir þurfa að þola eru framkvæmdar með setningu reglugerða og þær reglugerðir eiga flestar stoð í lögum um almannatryggingar eða öðrum lögum er varða kjör þessara hópa, og reglugerðarbreytingar hafa verið nokkuð tíðar á undanförnum árum. Í flestum tilvikum er þó um ótvíræða lagaheimild að ræða fyrir setningu reglugerðar enda verður það að vera þannig því að reglugerð getur þá aðeins tekið gildi að hún eigi sér styrka stoð í lögum. Það hefur verið dregið í efa í umræðu hér, bæði utan dagskrár og í heilbr.- og trn., að þessi margumrædda reglugerð eða þetta ákvæði hennar sem snertir skerðingu á tekjutryggingu öryrkja og ellilífeyrisþega vegna vinnu maka eða tekna maka eigi sér stoð í lögum.

Til okkar á fund í heilbr.- og trn. komu fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands þar sem var farið yfir nýjustu niðurstöðu, eða úrskurð réttara sagt, umboðsmanns Alþingis og heilbr.- og trn. Alþingis fékk bréf frá kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands þar sem gerðar voru verulegar athugasemdir við niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og afstöðu ráðuneytis og farið mjög rækilega yfir hvað áhrif þessi skerðing vegna tekna maka hefði á tekjutryggingu viðkomandi aðila.

Í framhaldi af þessum fundi og eftir að hafa farið yfir rök Öryrkjabandalagsins og reyndar fleiri aðila sem hafa haft samband við okkur fulltrúa í heilbr.- og trn. var ákveðið að flytja brtt. við afgreiðslu á því frv. sem hér er til umræðu um breytingar á lögum um almannatryggingar sem er vissulega

hið besta mál og er um leiðréttingar að ræða sem heilbr.- og trn. var öll sammála um að þyrfti að afgreiða. Það hefur aldrei verið dregið í efa.

Hins vegar vegna þess að mjög stuttur tími var til loka þings og sá frestur sem við höfðum til þess að leggja fram sérstakt þingmál var útrunninn, a.m.k. trygging fyrir því að það yrði tekið hér á dagskrá, þá var brugðið á það ráð að bera fram brtt. við lög um almannatryggingar, brtt. sem tengist því frv. sem hér er til umræðu. Það er gert m.a. með þeim rökum að í því tilviki sem það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram og hér er til afgreiðslu, og allir voru sammála um að væri hið besta mál, þar er um nauðsynlegar leiðréttingar að ræða. Og við teljum að brtt. sem flutt er á þskj. 1381 af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og þeirri sem hér stendur, að þá væri þar ekkert síður um nauðsynlegar leiðréttingar að ræða, leiðréttingar sem komu fram í umræðu fyrir rúmu ári síðan að nauðsynlegt væri að gera, að það þyrfti að taka af öll tvímæli hvað varðar rétt öryrkjans til þess að halda tekjutryggingu sinni burt séð frá tekjum maka. Það sé mannréttindamál og er þar vitnað í lög og reglugerðir sem lúta að réttindum einstaklinga í hjónabandi í mannréttindasáttmála um málefni fatlaðra sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt og við erum aðilar að. Þess vegna væri nauðsynlegt að taka af öll tvímæli. Það kom einnig fram í umræðum í nefndinni að mönnum fannst að flestir nefndarmenn væru á þeirri skoðun að þarna væri mál sem þyrfti að skoða sérstaklega.

Í því bréfi, dags. 20. apríl 1998, sem barst heilbr.- og trn. vegna þessa máls — en fulltrúar Öryrkjabandalagsins komu að eigin beiðni fyrir heilbr.- og trn. til að kynna viðhorf sín — ég tel rétt að lesa þetta upp því að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, sem hóf umræðuna, hafði ekki tíma til þess að fara yfir erindið frá kjaramálanefnd Öryrkjabandalagsins á þeim stutta tíma sem þá var eftir þar til þingflokksfundir hófust. Og þess vegna vildi ég, með leyfi forseta, lesa upp bréf þetta sem heilbr.- og trn. barst 20. apríl 1998, en þar segir:

„Í framhaldi af utandagskrárumræðu 17. apríl 1997, ítrekuðum tilmælum Öryrkjabandalags Íslands og nýrri álitsgerð umboðsmanns Alþingis, fer kjaramálanefnd Öryrkjabandalagsins þess á leit við Alþingi að það tryggi eins fljótt og frekast er kostur að tekjur maka öryrkja skerði ekki tekjutryggingu þeirra.

Eins og þingmönnum er kunnugt er hvergi í íslenskum lögum kveðið á um að öryrkjar megi ekki taka upp sambúð með heilbrigðum einstaklingum. Á hinn bóginn er búið svo um hnúta að geri þeir það missa þeir ekki aðeins uppbætur heldur fá þeir að auki litla eða enga tekjutryggingu. Í sambúð getur öryrki að hámarki fengið 43.722 kr., örorkubætur 15.123 kr. plús tekjutrygging 28.603 kr. Vegna þessara lágu tekna kemst makinn sjaldnast hjá því að leggja á sig viðbótarvinnu. Sá böggull fylgir hins vegar að tekutrygging öryrkjans byrjar að skerðast um leið og mánaðartekjur makans fara fram úr 38.677 kr. og þurrkast alveg út ef makinn nær að afla 165.802 kr. á mánuði. Nái hann því marki er öryrkinn sviptur allri tekjutryggingu og getur einungis lagt með sér í búið 15.123 kr. á mánuði.

Fyrirkomulag þetta gengur þvert á þær réttarhugmyndir sem gilda um atvinnuleysisbætur, lífeyrissjóðsgreiðslur og aðrar tryggingabætur og gerir í raun ráð fyrir því að öryrkjar taki ekki upp sambúð með öðrum en þeim sem möguleika hafa á að fæða þá og klæða, taka þá algjörlega á sitt framfæri.

Ekki þarf neina sérþekkingu á högum öryrkja til að sjá í hendi sér hvílík áhrif svona reglur hafa á hjónabönd fólks og möguleika til sambúðar. Ofan á þá byrði sem sjálf örorkan er kemur þetta eins og viðbótarhögg frá yfirvöldum, viðbótarrefsing fyrir það eitt að vera í hjónabandi eða sambúð. Gagnvart hjónabandi og sambúð er hér um mun alvarlegra og áþreifanlegra vandamál að ræða en önnur þau dæmi sem rakin hafa verið á opinberum vettvangi því að sú fátæktargildra sem öryrkjum er gert að sæta grefur svo undan samböndum þeirra, vígðum sem óvígðum, hvort sem þeim líkar betur eða verr enda þau gjarnan með raunverulegum skilnaði og upplausn fjölskyldna.

Það hefur um nokkurra ára skeið verið á vitorði embættismanna að skerðingarákvæði þetta stríðir gegn bókstaf gildandi laga enda hafa hvorki Tryggingastofnun né heilbrrn. treyst sér til að rökstyðja það með vísan til lagaákvæða. Í stað kostnaðarsamrar lögsóknar hefur formanni kjaramálanefndar Öryrkjabandalags Íslands þótt einfaldara að leita liðsinnis umboðsmanns Alþingis sem raunar hafði fjallað um þetta mál fyrir áratug þegar lög um almannatryggingar voru önnur en þau sem nú gilda. Í úrskurði sem umboðsmaður felldi 13. mars 1997, en kemur hvergi fram í greinargerð þeirri sem Alþingi hefur nú undir höndum, sagði orðrétt:

„Kveðið er á um rétt til örorku og tekjutryggingar í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Í 17. gr., sbr. 11. gr. þeirra laga, hefur löggjafinn tekið skýra afstöðu til þess hver skuli vera fjárhæð tekjutryggingar og hvernig sú fjárhæð skerðist vegna tekna lífeyrisþega og maka hans."

Þessi röksemdafærsla var ekki sú sama og hann hafði áður beitt í sams konar máli, enda heimildarákvæði sem þá var vísað til ekki lengur fyrir hendi í lögum. Með bréfi, dags. 4. apríl 1997, er þessi nýja röksemdafærsla umboðsmanns hrakin með svofelldum orðum:

„Þegar rætt er um tekjur einstaklings er átt við hann sjálfan nema annað sé tekið fram. Kemur þetta ekki aðeins fram í lagatextum á borð við sjálf almannatryggingalögin heldur hvarvetna sem einstaklingar þurfa að gera grein fyrir tekjum sínum. Í þessu sambandi gildir einu hvernig yfirvöld kjósa að skattleggja tekjur hjóna, enda þar um annað mál að ræða.

Í 17. gr. laga um almannatryggingar er einungis tekið fram að hafi bótategi tekjur umfram tiltekin mörk skuli skerða tekjutryggingu hans um ákveðna prósentu þess sem umfram er. Til að forðast endurtekningar er í lok greinarinnar tekið fram að um tekjutrygginguna gildi ákvæði 11. gr. eftir því sem við eigi, þ.e. um annað en það sem þegar hefur komið skýrt og greinilega fram.

En jafnvel þó að við féllumst á að ákvæði 11. gr. ættu líka að gilda um þau atriði sem á svo ljósan og umbúðalausan hátt er kveðið á um í sjálfri 17. gr., þá vill nú svo til að þar sem fjallað er um skerðingu vegna atvinnutekna í 11. gr. segir að lífeyri skuli skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig fari yfir tiltekið mark. Hér er með öðrum orðum alveg sérstaklega tekið fram að atvinnutekjur maka megi alls ekki skerða lífeyri bótaþegans. Skýrara getur það naumast verið. Geti einhver vafi leikið á um hvað átt er við í 17. gr. ætti þetta samsvarandi ákvæði 11. greinar að taka af öll tvímæli ef það á líka að gilda um það sem á svo ótvíræðan hátt er tekið fram í 17. gr."

Að fengnum þessum gagnrökum ákvað umboðsmaður að taka úrskurð sinn til endurskoðunar og ritaði nú heilbrrh.

bréf þar sem farið er fram á að ráðherra geri grein fyrir lagagrundvelli reglugerðar sinnar. Í bréfinu, sem dagsett er 6. maí 1997, segir:

„Til mín hefur leitað Garðar Óskar Sverrisson, Kaplaskjólsvegi 53 í Reykjavík. Beinist kvörtun hans að skerðingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega vegna tekna maka sem ekki njóti elli- eða örorkulífeyris, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu, samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Af ofangreindu tilefni er þess óskað, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að heilbr.- og trmrn. geri grein fyrir lagagrundvelli framangreinds ákvæðis reglugerðar nr. 485/1995 og skýri viðhorf sitt til kvörtunar Garðars Óskars."

Eftir hálfs árs bið, ófullnægjandi viðleitni ráðuneytis til svars og ítrekanir umboðsmanns birtist loks greinargerð frá embættismönnum ráðherra þar sem einkum er stiklað á stóru um sögu almannatrygginga, vísað í greinargerðir og ræður sem stjórnmálamenn fyrri tíðar höfðu látið frá sér fara við aðstæður sem voru á flestan hátt gerólíkar þeim sem við nú búum við, bæði í þjóðfélagslegu og lagalegu tilliti. Eftir talsverða umfjöllun um svokallaðan hjónalífeyri, sem er þó málinu óviðkomandi eins og skýrt má sjá í tilvitnuðu bréfi umboðsmanns, er reynt að leiða rök að því að Alþingi hafi gengið eitthvað annað til en fram kemur í bókstaf laganna. Meginrökin voru þessi:

„Ráðuneytið telur að fyrirliggjandi gögn vegna setningar laga nr. 117/1993 bendi til þess að ekki hafi verið ætlun löggjafans að fella á brott heimild til setningar reglugerðar á grundvelli 17. gr. laga."

Hér er með öðrum orðum tekið undir það að í gildandi lögum er hvergi að finna heimild til umræddrar skerðingar á tekjutryggingu þótt ráðuneytið víki sér því miður undan því að fjalla um það hve berlega reglugerð þess brýtur gegn þeim réttindum sem skýrt og greinilega er kveðið á um í 17. gr. laganna.

Í nýjasta áliti sínu, dags. 13. apríl sl., vefengir umboðsmaður Alþingis ekki þann skilning að í gildandi lög skorti heimild til setningar þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir. Í áliti hans kemur fram að slíka heimild sé ekki lengur að finna í almannatryggingalögum. Hins vegar álítur hann að þar sem áður hafi verið í lögum ákvæði, sem hafi heimilað umrædda reglugerð og afnám þess hafi verið samþykkt þegjandi og hljóðalaust, megi líta svo á að Alþingi hafi ekki ætlað sér að breyta neinu. Í þessu þriðja áliti umboðsmanns sættir hann sig með öðrum orðum við þá túlkun ráðuneytisins að einhvers konar mistök hafi ráðið því að lögin séu eins og þau eru, því í lögskýringargögnum sé ekkert „sem bendi til þess, að átt hafi að auka rétt lífeyrisþega að þessu leyti," en slík breyting hefði kallað á sérstaka greinargerð, „m.a. um áhrif hennar á útgjöld ríkissjóðs." Þetta segir í áliti umboðsmanns þótt skýrt og greinilega komi fram á öðrum stað í hans eigin áliti sú skoðun ráðuneytisins að óbreytt fyrirkomulag bitni einungis á innan við 150 öryrkjum og sé þegar á heildina er litið heppilegt fyrir mikinn meiri hluta lífeyrisþega.

Í stað þess að fallast á þá skoðun ráðuneytisins „að ekki hafi verið ætlun löggjafans" að samþykkja þau lög sem sett voru er nær að ætla að þingmönnum hafi einfaldlega þótt 17. gr. laganna nógu skýr og tæmandi til að þarflaust væri að hafa þar inni ákvæði sem heimilaði ráðherra að setja sérstaka reglugerð um framkvæmd hennar, reglugerð sem e.t.v. tæki til baka þau réttindi sem í lagagreininni er kveðið svo skýrt og greinilega á um. Enda má af samtölum við þingmenn miklu fremur ráða að þorra þeirra hafi verið alls ókunnugt um hvernig ráðherra beitti og beitir enn því heimildarákvæði sem áður var í lögunum en er þar ekki lengur að finna.

En þrátt fyrir þetta allra nýjasta álit sitt segir umboðsmaður að það sé á hinn bóginn skoðun sín „að lagaákvæði um þau réttindi sem hér er um að ræða séu hvorki nægjanlega aðgengileg né skýr, þar á meðal um það hvaða takmörkunum þau megi binda." Segir hann að umræddum lagaákvæðum sé að þessu leyti áfátt. Þá endurtekur hann það álit sitt frá 1988 að deila megi um hvort umrædd skerðingarákvæði geti talist réttlát eða heppileg. „Var það skoðun mín," segir hann, „að ástæða væri til að taka þessar reglur til athugunar og taka á ný afstöðu til þess hvort þær ættu að haldast óbreyttar. Þá taldi ég eðlilegt að í lögum væri afmarkað nánar en þá væri gert hvaða skilyrði mætti setja í reglugerð fyrir því að menn nytu umræddrar tekjutryggingar."

Ekki kemur á óvart að umboðsmaður telji að ekki aðeins séu lagaákvæðin óskýr heldur orki það þar að auki tvímælis að reglugerðin geti talist réttlát enda hefur verið á það bent að hún brjóti ekki aðeins gegn jafnræðisreglum stjórnsýslulaga heldur einnig gegn nýjustu ákvæðum sjálfrar stjórnarskrárinnar. Þá er óhjákvæmilegt að líta til þess að þegar reglugerð ráðuneytisins var upphaflega sett var ekki búið að setja lög um heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót einstaklingum til handa. Á þeim árum heyrði það að auki til undantekninga fremur en reglu að bæði hjón ynnu utan heimilis. Nú hefur gerbreyting orðið á þessu enda kveða gildandi hjúskaparlög skýrt á um að hjón skuli sameiginlega sjá fjölskyldum sínum farborða og skipta milli sín útgjöldum vegna heimilisrekstursins og framfærslu fjölskyldunnar. Með reglugerð sinni kemur heilbrrn. í veg fyrir að öryrkjar geti uppfyllt þessa lagaskyldu. Reglugerðin gerir þá að lögbrjótum gagnvart mökum sínum og börnum.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að síðasta prestastefna samþykkti að beina því til Alþingis að leiðrétta þetta ranglæti, ranglæti sem prestar fullyrða að stefni hjónaböndum öryrkja í voða.

Til viðbótar er rétt að minna á að síðan upphafleg lög um almannatryggingar voru sett höfum við skuldbundið okkur til að uppfylla tvo mannréttindasáttmála, mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópu. Að auki erum við nú aðilar að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sem nýlega voru kynntar á Alþingi en í þeim er alveg sérstakur bálkur þar sem segir að aðildarríkin skuli tryggja að öryrkjum sé ekki mismunað í möguleikum til hjónabands og fjölskyldulífs. Umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra, Bengt Lindqvist, sem á að hafa eftirlit með því að mannréttindi fatlaðra séu í heiðri höfð, sá ástæðu til að gagnrýna það opinberlega í desember sl. hvernig reglugerð íslenskra stjórnvalda takmarkar möguleika fatlaðra til hjónabands og fjölskyldulífs.

Kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands vonar að þingmenn sjái sér fært að taka sem fyrst á þessu alvarlega máli svo það böl sem stöðugt hlýst af núgildandi fyrirkomulagi megi einhvern endi taka. En vegna seinagangs hjá ráðuneyti og umboðsmanni hefur mál þetta nú þegar tafist um heilt ár. Áður en það verður tekið fyrir mundi kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands vilja fá að skýra fyrir heilbr.- og trn. málstað öryrkja í þessu máli.

Með virðingu og þökk, fyrir hönd kjaramálanefndar Öryrkjabandalags Íslands, Garðar Sverrisson og Helgi Seljan."

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég taldi rétt að lesa þetta upp frá orði til orðs er að það gerist ekki aftur að umboðsmaður Alþingis fái til sín mál þar sem hann leitar eftir, fer yfir umræðu á Alþingi, og telur að þingheimur hafi ekki viljað breyta vegna þess að ekki hafi verið haft orð á hvert ranglætið er. Ég er sammála því sem fram kemur í bréfi kjaramálanefndar Öryrkjabandalags Íslands að 17. gr. sé það skýr að það sé algjör óþarfi að bæta þar inn reglugerðarheimild til ráðherra nema ef hv. þm. hafa haft þá fyrirætlan að skerða tekjutrygginguna. En vegna þess að hv. þm. höfðu ekki þá ætlan að skerða tekjutrygginguna var ekki sett þarna inn heimild til handa ráðherra til setningar reglugerðar.

Ég hef rætt við þó nokkra lögfræðinga um túlkun hæstv. ráðherra eftir utandagskrárumræðuna sem átti sér stað 17. apríl 1997 — ég tel rétt, virðulegi forseti, að leyfa þeim hæstv. ráðherra og formanni heilbr.- og trn. að ljúka samtali sínu. Það er sjálfsagt að bíða. (**Heilbrrh.:** Viltu aðeins bíða.) Það er sjálfsagt að bíða og þegar þau hafa lokið samtali ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þm. og ráðherra að leyfa þingmanninum að ljúka máli sínu.)

Eitt af þeim atriðum sem umboðsmaður Alþingis tekur sérstaklega fyrir er að ekki hafi verið reiknaður út kostnaðarauki því samfara að þessir 150 eintaklingar sem þarna skerðast, sem hann telur að séu einungis innan við 150 öryrkjar, að ástæða þess að ekki hafi verið reiknaður út kostnaðarauki vegna þessa megi ætla að sé sú að annar kostnaður sparist verulega ef staðið væri við greiðslu á fullri tekjutryggingu.

Hæstv. ráðherra nefndi í umræðu í dag að umönnunarbætur vegna langveikra barna hefðu verið hækkaðar verulega. Í kostnaðaráætlun með því frv., eða a.m.k. umsögn sem barst frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., kom ekki fram að þetta hefði í för með sér neinn kostnaðarauka, einfaldlega vegna þess að það var verið að gera þær breytingar að það var skorið niður annars staðar á móti. Kostnaðaraukinn vegna þeirrar leiðréttingar sem þarna átti sér stað fyrir ákveðinn hluta foreldra langveikra barna var óverulegur þannig að ekki var talin nein sérstök ástæða til þess að taka það fyrir í umræðum á Alþingi. Og ég man ekki eftir því að þingmenn væru margorðir um að þetta ákvæði hefði haft í för með sér kostnaðarauka. Því má í raun og veru ætla að þetta hafi verið hugsað þannig að þessu væri mætt með sparnaði á öðrum sviðum, eins og reyndar hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir kom inn á þegar hún mælti fyrir tillögunni.

Hæstv. ráðherra hefur ítrekað, bæði við utandagskrárumræðuna fyrir ári, og reyndar síðar komið inn á það, að þarna sé um að ræða ákvæði sem hafi staðið óbreytt árum saman og þess vegna hafi bara verið sjálfsagt að láta það standa óbreytt því ekkert hafi breyst. Það er rangt. Við höfum á nokkrum undanförnum árum gerst aðilar að alþjóðlegum samningum, eins og kemur fram í þessu bréfi frá kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands. Ég vil gjarnan trúa því að þegar Alþingi undirgengst það að íslensk stjórnvöld undirriti alþjóðlega samninga þar sem við göngumst undir ákveðnar skuldbindingar þá meinum við eitthvað með því þó ég verði að viðurkenna að á ýmsum sviðum finnst mér þessir samningar hafa haft afskaplega takmarkað gildi. Ég vil þar nefna annan málaflokk sem skiptir verulegu máli en það eru umhverfismálin þar sem við höfum undirgengist og tekið þátt í þó nokkrum alþjóðlegum samningum sem virðast síðan ekki skipta neinu máli þegar er verið að afgreiða frumvörp frá Alþingi Íslendinga sem ganga í allt aðra átt heldur en þær skuldbindingar segja til um.

En gagnvart mannréttindasáttmálanum, gagnvart meginreglum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra þá vil ég gjarnan trúa því að það sé ekki bara undirritun sem ekkert eigi að fylgja, heldur eigi athafnir að fylgja orðum, að við ætlum okkur að standa við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Ég vil gjarnan trúa því líka að á tímum þar sem hæstv. ríkisstjórn og ráðherrarnir fara hér hver um annan þveran vítt og breitt um landið, í alla fjölmiðla landsins, talandi um þetta góðæri sem skilar miklum tekjum í ríkissjóð og hefur gert það á undanförnum árum, góðærið hefur skilað tekjum í ríkissjóð. Ég vil gjarnan trúa því að menn ætli sér að nýta þessar auknu tekjur fyrir þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu, ekki síst sá flokkur sem fór hér í kosningar fyrir rúmlega þremur árum síðan með kjörorðið Fólk í fyrirrúmi.

Hvaða fólk var þar í fyrirrúmi? Hvaða þjóðfélagshópar voru það? Það voru ekki bara ungu námsmennirnir sem allir ætluðu að verða lögfræðingar eða tannlæknar í auglýsingunum frá Framsfl. Við skulum vona að það hafi líka verið þeir þjóðfélagshópar sem mega sín minna og hafa haft mjög lélegar tekjur og framfærslu mörg undanfarin ár, að það hafi verið ætlun Framsfl. að þegar betur áraði þá væru það þessir hópar þjóðfélagsþegna sem fyrst nytu ágóðans. En svo er ekki. Og það er með ólíkindum, ef hér er aðeins um að ræða um 150 einstaklinga, að það skuli ekki hafa verið gert á þessu ári af hæstv. ráðherra sem aftur og aftur er búinn að senda út sögu almannatrygginga, því að svörin eru helst fólgin í því að farið er vítt og breitt yfir sögu almannatryggina, þegar spurt er um skerðingu á tekjutryggingu öryrkja, þá fær maður söguna. Það hefur bæði gerst hér í ræðustól á Alþingi og eins virðist það vera, miðað við það bréf sem ég fór yfir frá kjaramálanefnd Öryrkjabandalags Íslands, að það sé helsti háttur á að svara ekki spurningunni með öðru en því að rekja sögu almannatrygginga.

Það vill svo vel til að líklega þekkja þá sögu fáir betur en einmitt fulltrúar A-flokkanna, Alþb. og Alþfl., hv. þm. þessara tveggja flokka. (**ÖS:** Nýi flokkurinn.) Nýi flokkurinn, segir hv. formaður heilbr.- og trn. Má vera að nýi flokkurinn sem boðað hefur verið að verði stofnaður og ætlar að breyta kvótakerfinu ætli sér að láta öryrkjana og þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu sérstaklega njóta þeirra úrbóta sem þar verða á ferðinni. Það má vera. Batnandi fólki er best að lifa, en ég man nú ekki eftir því að þeir fulltrúar sem fara fyrir þeim flokki hafi barist neitt sérstaklega fyrir þessum hópi þjóðfélagsþegna á sínum tíma. En má vera.

En það stendur engu að síður upp á hæstv. heilbrrh. að leiðrétta þessa mismunun. Og það getur ekki talist okkur sæmandi, sérstaklega ekki á tímum margumræddsgóðæris, þá getur það varla talist okkur sæmandi að laga ekki óréttlætið sem þessir einstaklingar búa við. Í bréfi kjaramálanefndar Öryrkjabandalags Íslands kemur fram í upphafi að það sé í raun og veru verið að stuðla að því að öryrki geti ekki bundist í sambúð, vígðri eða óvígðri, heilbrigðum einstaklingum.

Ég held nú að því miður sé þarna um víðtækari áhrif að ræða vegna þess að öryrki, sem hefur eitthvað skerta starfsgetu en vinnur þó hlutastarf úti, sé í sjálfu sér ekki lengi að ná þeim tekjum sem til þarf til þess að skerðingin byrji. Það er 38.677 kr. á mánuði. Það er kominn tími til fyrir löngu síðan í þessu velferðarþjóðfélagi að við hættum að tala um þær greiðslur sem öryrkjar fá sem einhverjar sér-

stakar ölmusubætur. Það er löngu kominn tími til að þeirri umræðu ljúki. En henni lýkur ekki. Og sá hugsanagangur, sem liggur að baki þeirri ákvörðun að skerða tekjutryggingu öryrkja þegar tekjur maka hans ná 38.677 kr. á mánuði, er nú ekki til þess fallinn að draga úr þessu viðhorfi. Að þarna sé um ölmusugreiðslur að ræða sem viðkomandi einstaklingur skuli fá — nema hann fari að búa með einhverjum sem gæti náð í tekjur, þessar líka háu tekjur, 38.677 kr. á mánuði, að þá skuli mega skerða þær greiðslur sem þessi einstaklingur fær frá samfélaginu.

Við höfum viljað státa af samábyrgð, að þessi litla þjóð búi yfir sérstakri kennd sem er þessi samábyrgð, að við látum okkur varða um kjör hvers annars. Þessi hugsjón er fyrir bí miðað við störf og stefnu þessarar ríkisstjórnar. Á hátíðastundum og þar fyrir utan í ræðustól þegar hæstv. ráðherra kemur hér og segir okkur að hér komi hver sendinefndin á fætur annarri frá milljónaþjóðunum til þess að segja okkur hvað við búum við ofsalega gott kerfi, heilbrigðiskerfi og tryggingakerfi og allt sé þetta til fyrirmyndar, og allar þessar sendinefndir séu alveg óskaplega hrifnar af öllu því sem við höfum, þá veltir maður því oft fyrir sér ef þessar sendinefndir sem koma fengju þá spurningu frá hæstv. ráðherra: Gætuð þið nú kannski ekki bara búið til svona kerfi ef það væri gildandi eitt kerfi fyrir hvert úthverfi ykkar stórborga, þar sem búa kannski jafnmargir einstaklingar og á öllu Íslandi? — Er ekki bara auðveldara fyrir okkur við þær aðstæður sem við búum við að vera með góð kerfi sem við getum státað af hvar sem er og þessari samábyrgð sem við viljum að stjórni verkum okkar? Er það ekki bara tiltölulega auðveldara heldur en þar sem um er að ræða kerfi milljónaþjóðfélaga?

Það kemur reyndar fram í bréfi Öryrkjabandalagsins til heilbr.- og trn. að gerð hafi verið athugasemd af þeim fulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem á að fylgja því eftir að reglum Sameinuðu þjóðanna sé framfylgt. Hann hafi í desember sl. séð sérstaka ástæðu til þess að gera athugasemd við það hvernig við framfylgjum þessum reglum hér á landi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að í öllum sínum ræðum og alls staðar í fjölmiðlum tekur hún ævinlega upp þann vitnisburð að við séum hér með eitthvert besta heilbrigðiskerfi sem gerist í veröldinni: Hefur hæstv. ráðherra í hyggju að taka eins mikið mark á orðum þessa einstaklings, sem kemur hér til þess að athuga hvort við framfylgjum reglum sem settar eru varðandi allan aðbúnað öryrkja í landinu? Hefur hæstv. ráðherra hug á því að halda þeirri niðurstöðu, sem hann hefur kynnt, eins á lofti eins og því hrósi sem hæstv. ráðherra hefur fengið frá sendinefndum sem hafa skoðað sérstaklega heilbrigðiskerfið og hún hefur kynnt okkur svo rækilega?

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi fengið þær athugasemdir sem þessi umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra gerði. Einnig hvort hæstv. ráðherra hafi hug á því í ljósi þess að þessi mál voru sérstaklega tekin upp í utandagskrárumræðu 17. apríl á síðasta ári — þar sem hæstv. ráðherra var með þau rök helst að þar sem þetta hefði alltaf verið svona þá ætti þetta að vera svona áfram — hvort hæstv. ráðherra hafi hug á því eftir þá umræðu sem þar átti sér stað að kynna hv. þm. sérstaklega niðurstöðu þessa einstaklings, umboðsmanns Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra, ef ráðuneytið á þær athugasemdir til í skjalasafni sínu. Ég býst við að svo hljóti að vera og hæstv. ráðherra og starfsmenn ráðuneytis hafi kynnt sér þær sérstaklega um leið og þeir fóru yfir sögu almannatrygginga áður en umboðsmanni Alþingis var svarað eða Öryrkjabandalaginu eða farið var hér í ræðustól á Alþingi. Það væri kannski rétt að skoða þær athugasemdir sem hefðu verið gerðar í ljósi þeirra söguskýringa sem hér hafa verið hafðar uppi.

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er til umræðu og hefur verið tekið upp áður og búið er að leita eftir áliti umboðsmanns Alþingis og svarað var svona seint — og það er líka rétt að krefja ráðherrann hæstv. svara við því hvers vegna það var svona erfitt fyrir ráðuneytið og hvers vegna það dróst svona að ráðuneytið svaraði þeim spurningum sem umboðsmaður Alþingis hafði sent. Hvað er það sem veldur því að það vafðist fyrir ráðuneytinu mánuðum saman að senda umboðsmanni Alþingis svör við þeim spurningum sem ráðuneytið hafði fengið? Hvaða ástæður liggja þar að baki? Ég býst við að fyrir umræðuna 17. apríl í fyrra hafi verið farið yfir þessi mál öll í ráðuneytinu. Þær spurningar sem hæstv. ráðherra fékk þá beindust allar að framkvæmd 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar og hvort þetta bryti í bága við 65. gr. stjórnarskrár. Þannig að þær spurningar sem ráðuneytið fær í framhaldi af því frá umboðsmanni Alþingis eru í nákvæmlega sama dúr og hæstv. ráðherra svaraði hér fyrir ári síðan. Hvers vegna vafðist það þá svo fyrir ráðuneytinu að senda umboðsmanni Alþingis þau svör sem beðið var um? Það væri fróðlegt að heyra skýringar hæstv. ráðherra á því.

En við höfum fengið fleiri gögn frá Öryrkjabandalaginu sem ég tel, virðulegi forseti, í ljósi þess að umboðsmaður Alþingis taldi að við hefðum samþykkt eitthvað allt annað en við samþykktum, af því við hefðum ekki rætt málin út frá nýjum forsendum frá því sem áður hafði verið. Og mér finnst þetta satt að segja mjög merkileg niðurstaða. Það er mjög merkileg túlkun frá umboðsmanni Alþingis og heilbrrn. að við höfum hér á Alþingi verið að afgreiða lög en meint eitthvað allt annað en það sem stendur í lagagreinunum. Það er umhugsunarvert fyrir forsn. ef það er almenn túlkun að Alþingi geti verið að samþykkja eitthvað allt annað en það sem stendur skýrt í þeim greinum sem hér eru samþykktar. Ég fór að skoða hvernig atkvæðagreiðslan hafði verið varðandi þessa 17. gr. Mér sýnist að hún hafi verið samþykkt samhljóða, sem er þá bara einróma vilji þingsins að það sé staðið að verki eins og um getur án þess að veita hæstv. ráðherra nokkra heimild til að breyta því með reglugerð.

Þess vegna er sú túlkun umhugsunarverð fyrir þingið og fyrir hv. þm. alla að það hafi ekki verið ætlun löggjafans að fella á brott heimild til setningar reglugerðar á grundvelli 17. gr. laga. Það er niðurstaða ráðuneytis, sem er út af fyrir sig líka mjög merkileg, að ráðuneytið skuli túlka heimild sína til þess að setja reglugerð í þá veru að Alþingi hafi bara samþykkt eitthvað allt annað heldur en það ætlaði. Það hafi ætlað að veita hæstv. ráðherra þessa heimild en það hafi orðið út undan, bara rétt sisvona. Og af því að hæstv. ráðherra heldur að hv. þm. hafi bara gleymt þessu og þetta hafi orðið út undan þá er allt í lagi að setja reglugerðina.

Það er mjög skýrt, og það hefur komið fram hjá öllum þeim lögfræðingum sem ég hef haft samband við út af þessari reglugerð og 17. og 18. gr. almannatryggingalaga, að reglugerð er aðeins heimilt að setja að hún eigi sér styrka stoð í lögum. Um leið og hægt er að efast um gildi reglugerðarinnar vegna þess að hún eigi sér ekki þessa lagastoð þá hafi hún ekkert lagagildi. Þá hafi hún ekkert gildi og þá sé óheimilt að vinna eftir henni. Og þess vegna er þetta enn merkilegri skilningur umboðsmanns Alþingis og hæstv.

ráðherra og starfsmanna ráðuneytis, þessi lagatúlkun sem verður örugglega lengi í minnum höfð, að Alþingi hafi ætlað að samþykkja eitthvað allt annað heldur en það samþykkti samhljóða og stendur í lagagreininni. Það er ótrúlegt að sjá þessa niðurstöðu, það er hreint alveg með ólíkindum.

Maður veltir því fyrir sér í framhaldi af þessari túlkun, ef farið yrði með þetta mál fyrir dómstóla, hvort niðurstaða dómstóla yrði byggð á því líka að hugsanlega hefðu alþingismenn ætlað sér að samþykkja eitthvað allt annað en þeir gerðu og þess vegna sé hægt að dæma á allt annan hátt heldur en lög gera ráð fyrir. Þetta er umhugsunarvert og hættuleg þróun ef þetta er það sem koma skal í störfum ráðuneyta.

Reyndar hefur það gerst í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar að reglugerðarheimildir eru mjög víðtækar og í sumum tilvikum er um að ræða reglugerð í nánast hverju einasta ákvæði laga sem veita ráðherrum mjög mikið vald, allt of mikið vald miðað við það hvernig þeir hafa farið með það í þessari hæstv. ríkisstjórn því þeir hafa ekki kunnað að beita því fyrir þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

En til þess að taka af allan vafa um hver sé vilji þeirra sem flytja þessa brtt. og til þess að menn velti því nú ekki fyrir sér lengi hver hafi verið hinn raunverulegi vilji þá tel ég rétt að fara yfir þá punkta sem við höfum fengið frá fulltrúum Öryrkjabandalagsins, lesa þá upp hér frá orði til orðs. Það er líka gott fyrir okkur að hafa það í Alþingistíðindum þannig að sjónarmið Öryrkjabandalagsins og þeirra baráttumál, sem hefur tekið allt of langan tíma að fá úrlausn á og alveg merkilegt í ljósi þess — svo ég komi nú inn á það aftur — að umboðsmaður Alþingis telur að þetta séu 150 einstaklingar, það er alveg merkilegt hvað það hefur vafist fyrir hæstv. ráðherra og öllum þeim embættismannahópi sem er í heilbr.- og trmrn. að leysa þetta mál þannig að það standist þá alþjóðlegu samninga sem við höfum undirritað og að við sýnum öryrkjum þá virðingu sem þeim ber sem manneskjum, sem hluta af þessu þjóðfélagi sem við viljum gjarnan, a.m.k. þeir sem eru í stjórnarandstöðu, að einkennist af samkennd og umhyggju okkar hvert fyrir öðru.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að fara yfir nokkra aðra minnispunkta sem hafa komið frá Öryrkjabandalaginu til þess að vilji þeirra sé alveg skýr og aldrei skuli það gerast aftur að það komi fram álit, hvorki frá hæstv. ráðherra, ráðuneytinu, umboðsmanni Alþingis né neinum þeim sem á að fjalla um þetta mál að viljinn hafi ekki legið fyrir og vandamálið hafi ekki verið þingheimi ljóst. Það er líka rétt að fara yfir þetta vegna þess að ég treysti því að þeir þingmenn sem ekki eru viðstaddir umræðuna a.m.k. lesi og fari yfir þingtíðindin og kynni sér um hvað þetta mál snýst. Þetta er mannréttindamál, þetta snýst um virðingu okkar fyrir samborgurunum og það er mjög hart hvað hún er orðin lítil og hvað hægt er að vera hnarreistur þegar maður gengur á réttindum samborgaranna. Það er merkileg upplifun að sjá það æ ofan í æ hér úr þessum ræðustól.

En þess vegna ætla ég að fara yfir þetta frá orði til orðs, og það byrjar svona, með leyfi forseta:

„Vegna sífelldra tilvísana í fortíðina mætti minna núv. hæstv. heilbrrh. á að sú meginhugsun sem liggur að baki almannatryggingum kom skýrt fram hjá sjálfum höfundum laganna árið 1935 en í nefndarálitinu segja þeir:

„Alþýðutryggingar eru í því fólgnar, ef haldið er hreinu tryggingaformi, að gera ráðstafanir til þess að hver borgari þjóðfélagsins tryggi sig og þjóðfélagið gegn því að þurfa að leita á náðir þess af orsökum sem hann getur tryggt sig fyrir gegn árlegu gjaldi sem hverjum heilbrigðum vinnandi manni á að vera viðráðanlegt. Tryggingastofnun ríkisins, sem frv. gerir ráð fyrir að verði stofnuð, geri honum þetta kleift.“

Í þessari stuttu tilvitnun koma tvö grundvallaratriði fram. Annars vegar að í almannatryggingum felist hrein persónutrygging og hins vegar að um tryggingafélag sé að ræða. En eins og önnur tryggingafélög hafa þróast, þar á meðal Atvinnuleysistryggingasjóður, er fráleitt að líða almannatryggingum að firra sig ábyrgð ef hinn tryggði leyfir sér að ganga í hjónaband eða taka upp sambúð, firra sig ábyrgð og koma tryggingaskyldunni yfir á makann. Þetta er ekki einungis fráleitt heldur stríðir þetta gegn þeim mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða, að ekki sé nú talað um okkar eigin lög og stjórnarskrá.

Í inngangsorðum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu hinn 10. des. 1948, segir í 1. mgr.:

„Það ber að viðurkenna, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“

Og strax í 2. gr. sama sáttmála segir:

„Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Um jafnrétti til hjúskapar og fjölskyldustofnunar er fjallað í 16. gr. og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni en þar segir m.a.:

„Fjölskydan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins, og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.“

Í 25. gr. segir enn fremur:

„Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert.“

Í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1966 og undirritaður af Íslands hálfu þann 30. des. 1966, segir í 26. gr.:

„Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna og ætternis eða annarra aðstæðna.“

Í öðrum samningi, alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og undirritaður af Íslands hálfu 30. des. 1968, segir í 2. gr.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrjast að réttindum þeim sem greind eru í samningi þessum muni verða framfylgt án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna

eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Í 10. gr. sama samnings segir m.a.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna að mesta mögulega vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té, en hún er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins, sérstaklega við stofnun hennar og á meðan hún er ábyrg fyrir umönnun og menntun framfærsluskyldra barna.“

Í 11. gr. segir m.a.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis.““

Skyldi það vera þannig að þeir tekjumöguleikar sem öryrkinn hefur, sem byrja að skerðast þegar náðst hafa 38 þús. kr. mánaðartekjur makans, að þau eigi við þarna?

Í mannréttindasáttmála Evrópu, sáttmála sem kom við sögu í 14 hæstaréttardómum hérlendis á síðasta ári er í 12. gr. kveðið á um rétt karla og kvenna til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu. 14. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„Réttindi þau og frelsi sem lýst er í samningi þessum skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits svo sem vegna kynferðis, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“

Í meginreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, sem heita raunar „Grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fatlaðs fólks“, er í 8. reglu kveðið á um að aðildarríkin séu ábyrg fyrir og skuli tryggja hverjum fötluðum einstkalingi félagslegt öryggi og fullnægjandi tekjutryggingu. Í 6. lið sömu reglu segir enn fremur:

„Ekki skyldi dregið úr tekjutryggingu eða hún felld niður fyrr en hinn fatlaði er orðinn fær um að afla sér viðunandi og öruggra tekna.“

Ég endurtek: Ekki skyldi dregið úr tekjutryggingu eða hún felld niður fyrr en hinn fatlaði — hinn fatlaði, ekki maki hans heldur hinn fatlaði — er orðinn fær um að afla sér viðunandi og öruggra tekna.

Og enn fremur segir í inngangi 9. reglu, orðrétt:

„Aðildarríkin skyldu stuðla að því að fötluðum sé kleift að taka virkan þátt í fjölskyldulífi. Þau skyldu tryggja réttindi fatlaðra til mannlegrar reisnar og tryggja að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir.“

Virðulegi forseti. Lokaspurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Telur hæstv. ráðherra að reglugerð nr. 485/1995 standist þessar reglur? Telur hæstv. ráðherra að með reglugerðinni tryggi hún fötluðum þann rétt sem þessar reglur kveða á um?

[23:16]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Fyrst ein spurning: Hver kjör skyldu öryrkjum vera búin á Íslandi í dag? Öryrki sem býr einn getur í hæsta lagi fengið rúmar 63 þús. kr. á mánuði. Þetta eru ekki miklir peningar í þjóðfélagi sem er að færa lágmarkslaun upp í 70 þús. kr. og þykir flestum það vera allt of lágt. En þetta á við um öryrkja sem býr einn því í sambúð getur öryrki að hámarki fengið 43.722 kr., þ.e. örorkubætur að upphæð rúmlega 15 þús. kr. og tekjutryggingu sem nemur 28.600 kr.

Það segir sig sjálft að við slík kjör leitast makinn við að afla viðbótartekna en geri hann það skerðist tekjutryggingin. Hún byrjar að skerðast afli makinn 38.677 kr. á mánuði og þurrkast alveg út ef hann nær að afla 165.800 kr. á mánuði. Nái hann því marki er öryrkinn sviptur allri tekjutryggingu og getur einungis lagt með sér í búið rúmar 15 þús. kr. á mánuði.

Þetta eru ekki há viðmiðunarmörk, að tekjutrygging skuli byrja að skerðast við 38.600 kr. og þurrkast alveg út við 165.800 kr. á mánuði. Hafa menn hugsað út í það hver viðmiðunarmörkin eru sem skattyfirvöld og sú ríkisstjórn sem stýrir þessu landi okkar setur fólki sem hefur framfæri sitt af fjármagnsgróða, sem hefur tekjur af vöxtum af fjármagni? Hver skyldu skattleysismörkin þar vera? Hver skyldu þau vera? Þau eru 5,9 millj. — 5,9 millj. kr. geta hjónin aflað án þess að greiða eina einustu krónu til samfélagsins. Og ríkisstjórn sem setur skattleysismörk fjármagnsgróða hjá hjónum í 5,9 millj. refsar öryrkjanum sem vogar sér að ganga í hjónaband og færir tekjur hans niður úr rúmum 63 þús. kr. í 15 þús. kr. Þetta er að gerast á Íslandi í dag og ég hvet hv. alþingismenn til að fylgjast með réttindabaráttu Öryrkjabandalagsins til að hnekkja þessu ranglæti og við sem sitjum á Alþingi eigum að taka þar undir.

Ég ætla að vitna hér í örfáar setningar úr greinargerð kjaramálanefndar Öryrkjabandalagsins, sem Helgi Seljan og Garðar Sverrisson rita nöfn sín undir. Hér segir, með leyfi forseta:

„Fyrirkomulag þetta gengur þvert á þær réttarhugmyndir sem gilda um atvinnuleysisbætur, lífeyrissjóðsgreiðslur og aðrar tryggingabætur og gerir í raun ráð fyrir því að öryrkjar taki ekki upp sambúð með öðrum en þeim sem möguleika hafa á að fæða þá og klæða, taka þá algerlega á sitt framfæri. Ekki þarf neina sérþekkingu á högum öryrkja til að sjá í hendi sér hvílík áhrif svona reglur hafa á hjónabönd fólks og möguleika til sambúðar. Ofan á þá byrði sem sjálf örorkan er kemur þetta eins og viðbótarhögg frá yfirvöldum, viðbótarrefsing fyrir það eitt að vera í hjónabandi eða sambúð.“

Hæstv. forseti. Þetta stríðir gegn heilbrigðri skynsemi. Þetta stríðir gegn allri sanngirni. Þetta stríðir gegn mannréttindum og mannréttindabrot ber að afnema skilyrðislaust og undanbragðalaust og það ber að gera það þegar í stað.

[23:22]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Aðeins örstutt innlegg í umræðuna. Fyrir helgi held ég að ég hafi rökstutt við fyrri hluta þessarar umræðu með ærnum rökum að þessa skerðingarreglu tekjutryggingarinnar ætti að afnema. Ég sýndi fram á það hvernig mannréttindi öryrkja eru fótum troðin með þessari skerðingarreglu.

Hér í kvöld hafa komið enn frekari rök sem hníga að því að niðurstaða mín í ræðunni fyrir helgina hafi verið rétt. Bréfið frá kjaramálanefnd Öryrkjabandalagsins og málflutningur þeirra tveggja þingmanna sem hafa talað hér í kvöld sýna það svo ekki verður um villst að það er verið að brjóta mannréttindi á öryrkjum með þessari skerðingarreglu.

Ég fór vandlega yfir málið í ræðu minni þegar ég mælti fyrir brtt. okkar fulltrúanna í heilbr.- og trn. auk hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, og áður en hæstv. ráðherra kemur hér í stólinn til þess að svara þeim spurningum sem varpað hefur verið til hennar, vil ég ítreka þær spurningar sem ég lagði fram í ræðu minni:

Finnst hæstv. ráðherra boðlegt að láta þessa skerðingarreglu viðgangast áfram í ljósi þeirra raka sem komið hafa fram um hversu óréttlát og niðurlægjandi hún er?

Mun hæstv. ráðherra fara að óskum umboðsmanns Alþingis um skýrari lagasetningu um tekjutrygginguna, en 27 síðna álit umboðsmanns er í raun ákall, ákall til þingsins um skýrari lagasetningu.

Og síðast en ekki síst: Mun ráðherra tryggja rétt einstaklings til tekjutryggingar óháð tekjum maka svo mannréttindi verði ekki brotin á öryrkjum áfram?

Það er mjög áríðandi og mikilvægt, herra forseti, að það komi svör við þessum spurningum og öðrum spurningum sem þingmenn hafa varpað fram til ráðherrans í umræðu um þetta stóra réttlætismál.

[23:25]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Við höfum verið að ræða í kvöld og reyndar í síðustu viku einnig frv. til laga um verulegar réttarbætur fyrir mjög marga einstaklinga hér á landi og Íslendinga sem dveljast erlendis. Um þetta frv. sem verið hefur í heilbr.- og trn. hefur verið mikil samstaða og ég heyri að þingmenn eru tilbúnir að afgreiða málið hér á hinu háa Alþingi áður en þingstörfum lýkur í vor. Það tel ég afar mikilvægt.

Við þetta frv. sem ég lagði fram eftir áramót, og verður vonandi að lögum innan tíðar, sem verður mikil réttarbót fyrir hundruð Íslendinga, hefur komið fram mjög viðamikil brtt. frá nokkrum hv. þm. Brtt. hefur verið rædd hér og ýmis rök færð fyrir því að rétt sé að bæta henni við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef látið skoða þessa brtt. nokkuð ítarlega bæði í heilbrrn. og eins í Tryggingastofnuninni og ég verð að láta það koma hér fram að brtt. er ekki í samræmi við ábendingar og álit umboðsmanns Alþingis eins og hér hefur verið ýjað að varðandi tekjutrygginguna. Svo umfangsmikla breytingu sem hér er lögð til er ekki hægt að gera á þeim fáu dögum sem eftir lifir þings. Nýjasta úttekt sem Tryggingastofnun hefur látið gera fyrir heilbrrn. varðandi þessi mál er sú að brtt., ef hún er tekin alveg hrá, kostar 360–400 millj. kr. Það er 360–400 millj. kr. útgjaldaaukning fyrir heilbr.- og trmrn. og ekki í samræmi við fyrstu úttekt sem gerð var, þar sem Tryggingastofnun vildi meina að svo margir mundu missa lífeyrisgreiðslur við þetta að þetta mundi spara ríkinu 60 milljónir, sem mér fannst nú alltaf ótrúlegt og ekki í samræmi við það sem við vildum láta fram ganga.

En miðað við þá úttekt sem þegar hefur verið gerð, og ég er tilbúin að dreifa til fulltrúa heilbr.- og trn., þá er þetta útkoman. Ég tel það affarasælast fyrir okkur að vinna þetta mál í sumar og gera það þannig að það komi þeim til góða sem mest þurfa á að halda, í stað þess að samþykkja hér brtt. sem er mjög hrá og ekki fullkomlega unnin, heldur gefa okkur tíma til hausts til að vinna hana.

En ég vona að sú brtt. sem hér liggur fyrir verði ekki til þess að góðu máli sem liggur hér á borðum þingmanna verði frestað til hausts.

[23:29]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru allir sammála um að það eru réttarbætur í frv. sem er hér til umræðu og við erum öll sammála um að það þurfi að samþykkja það. En það eru líka miklar réttarbætur í þeirri brtt. sem liggur fyrir, réttarbætur fyrir fólk sem verið er að brjóta á mannréttindi. Réttarbætur fyrir fólk sem á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér.

Breytingartillagan er gerð í samráði við lögfræðinga sem eru sérfræðingar í almannatryggingum og hún er mjög skýr. Hún segir: Tekjur maka hafi ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Þetta getur ekki verið skýrara. Og þetta er í samræmi við alla þá mannréttindasáttmála, mannréttindayfirlýsingar, lagasetningu og annað sem við höfum undirgengist og sett í þinginu. Það að þetta kosti 360–400 millj. kr., ég er ekki þess umkomin að meta það, en það kostar að vera lýðræðisþjóð, það kostar að hafa í heiðri mannréttindi og skerðingarreglan eins og hún er er mannréttindabrot og við getum ekki látið þau viðgangast og því eigum við að breyta þessu. Við getum ekki brotið á lítilmagnanum í þjóðfélaginu bara af því það kostar að brjóta ekki mannréttindi. Okkur ber að leiðrétta þetta. Þessi regla á ekki að líðast og ég trúi ekki öðru en ráðherrann sjái það eftir öll þau rök sem hafa komið fram í málinu að það verður að taka á þessu og leiðrétta þetta óréttlæti og þetta misrétti. Ég vonast bara til að ráðherrann sjái ljósið eftir þessa umræðu.

[23:31]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fegin að heyra að hv. þm. ætlar ekki að tefja það mál sem hér liggur fyrir sem er mjög mikilvægt að ljúka fyrir þinglok, þ.e. þær réttarbætur sem hér eru á borðum þingmanna og við þurfum að ljúka. Hv. þm. hefur lagt fram brtt. og fært fyrir henni rök og segir að lögfræðingur hafi aðstoðað sig við að semja brtt. og að baki búi útreikningar, en við verðum samt að viðurkenna það, hv. þm., að það lágu engir útreikningar bak við tillögu hv. þm. Það er rétt sem hv. þm. segir að það kostar að vera lýðræðisþjóð en það er rétt að þær tillögur sem fram koma séu þess eðlis að búið sé að vinna þær til fullnustu og ég held að hv. þm. hljóti að viðurkenna að svo er ekki.

[23:32]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er erfitt að reikna þetta út vegna þess að við höfum ekki tölur um á hversu mörgum er brotið. Það er fjöldi fólks sem býr hvort í sínu lagi vegna þess að þessi regla viðgengst, og getur ekki verið í sambúð, fjölskyldur eru tvístraðar. Þessi regla hefur varanleg áhrif á samskipti fólks í fjölskyldum. Það er ekki hægt að reikna það nákvæmlega út hvað það kostar að leiðrétta þetta, hvorki fyrir hæstv. ráðherra né mig, það er alveg ljóst. Það kostar að hafa mannréttindi í heiðri. Það kostar peninga, vissulega, en við eigum ekki að láta þetta viðgangast. Ég ítreka að það eru réttarbætur í frv. en það eru ekki síður réttarbætur í brtt. og það á ekkert síður að taka hana til afgreiðslu hér og vera ekki að tefja hana. Við eigum auðvitað að afgreiða allar þessar réttarbætur sem liggja á borðum okkar, ekkert síður brtt. en aðrar réttarbætur. Ég minnist þess þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu frv. að þetta væru aðallega réttarbætur fyrir Íslendinga búsetta erlendis. Auðvitað þurfum við að auka réttarbæturnar fyrir þá og lögfesta þær, en ekkert síður fyrir Íslendinga sem búa hérlendis og búa við þessa skerðingarreglu. Við þurfum að breyta þeim lögum líka. Þetta eru allt réttarbætur sem þarf að leiðrétta og koma í lög, ekkert síður brtt. en þær breytingar sem eru í frv. hæstv. ráðherra.

[23:34]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið og ráðuneytið hefur byggt á ætla menn að 150 einstak-

lingar verði fyrir skerðingu af þessum sökum. Nú er ráðherra að upplýsa okkur um að breyting á þessu fyrirkomulagi mundi kosta 360 til 400 millj. kr. og þætti mér vænt um að fá skýringar ráðherrans á þessum tölum.

[23:35]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að dreifa þeim gögnum sem fyrir liggja en samkvæmt þeim útreikningum sem gerðir hafa verið varðandi hjón, vegna ellilífeyris, vegna ellilífeyris sjómanna, vegna örorkulífeyris, vegna endurhæfingarlífeyris og vegna slysa og örorku, sem allir koma inn í þetta, þá kemur þessi tala út. Ég held að menn verði að spyrja sig alvarlega að því: Á engin tekjutenging að vera varðandi lífeyrisbætur? (**ÁRJ:** Ekki gagnvart tekjum maka, út á það gengur breytingin.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hljóð.)

[23:36]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum að tala um fyrirkomulag sem færir tekjur einstaklings úr rúmum 63 þús. kr. niður í 15 þús. kr. á mánuði og gerir þennan einstakling algerlega upp á maka sinn kominn. Og þótt það kostaði 1.000 millj., þótt það kostaði 2.000 þús. millj. bæri að laga þetta. Við eigum ekki að una þessum mannréttindabrotum og það ber að laga þetta þegar í stað.

[23:37]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera að við eigum að færa til í þjóðfélaginu einhverja milljarða en við þurfum að vanda þá vinnu og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera einhver tekjutenging varðandi lífeyrisbætur. Ég held að við getum aldrei styrkt þá sem minnst hafa án þess að til komi einhver tekjutenging því að sem betur fer er til fólk í þjóðfélaginu sem hefur töluverðar tekjur og mér finnst engin ástæða til að almannatryggingar séu að bæta verulega þar við og það er það sem ég tel að við eigum að nota sumarið í að skoða mjög vel.

[23:38]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er til fólk í þessu þjóðfélagi sem hefur verulegar tekjur. Það er rétt. Það eru líka til hjón, fullfrísk, þar sem hvort um sig hefur verulegar tekjur og engum hefur dottið í hug að bjóða öðru þeirra upp á það að vinna fyrir lægri laun vegna þess að makinn hafi svo góðar tekjur, að það skuli skerða laun annars hjóna. Ef tekjur maka eru yfir ákveðnu marki, þá þurfi ekki að borga hinum svo há laun. Þá gætum við þingmenn t.d. verið á afar misjöfnum launum, vegna þess að tekjur maka okkar eru afar misjafnar. En engum hefur dottið í hug að skerða tekjur okkar þess vegna. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað neinu. Það hefur aldrei staðið til hjá okkur að stoppa frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram, aldrei, og þó þarf ekki að tyggja það upp aftur og aftur að mikið sé nú gott að við ætlum ekki að stoppa það, það hefur bara aldrei staðið til og er fráleitt að halda áfram að tuða á því hér í ræðustól að það hafi nú hugsanlega kannski staðið til hjá okkur. Það er eins og í áliti umboðsmanns Alþingis og ráðuneytisins, það er alltaf verið að ætla okkur eitthvað annað en það sem við erum að gera. Við erum að fara fram á leiðréttingu hér til viðbótar þeirri nauðsynlegu leiðréttingu sem hæstv. ráðherra er að gera. Ég spurði hæstv. ráðherra: Standast verk hæstv. ráðherra og ákvarðanir meginreglur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra? Standast þessi verk, þessar ákvarðanir? Tekjur maka eiga ekki að skerða tekjur öryrkjans. Hann er einstaklingur og við erum að tala um tekjur en ekki ölmusugreiðslur. Við erum ekki að tala um ölmusugreiðslur. Það eru ekki forréttindi þeirra sem hafa miklar tekjur að geta þess vegna búið með öryrkja. Þetta er ekki þannig að við séum að tala um eitthvert forréttindamál.

[23:40]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fór í ræðu minni yfir bréf í mörgum liðum frá Öryrkjabandalagi Íslands. Ég gæti þess vegna lesið það upp aftur frá orði til orðs. Ég beindi spurningum í framhaldi af því erindi sem þarna var sent til heilbr.- og trn. þar sem þess er krafist að við þingmenn svörum, og þess krafist að hæstv. ráðherra svari og ég á afar erfitt með að trúa því, virðulegi forseti, að einu svörin sem koma hér fram séu þau að þessi tillaga sem við höfum flutt hér, nokkrir hv. þm. kosti 360–400 millj., algjörlega órökstutt, bara eitthvað svona út í loftið. Ekki neinn rökstuðningur þar um. Það hefði verið eðlilegt í ljósi þess að þessi umræða er búin að vera á dagskrá nokkuð lengi að dreifa þá þessum gögnum. Hæstv. ráðherra sagði líka að það þyrfti að vinna þetta svo ofsalega vel í sumar þannig að þetta nýttist þeim sem mest þurfa á að halda. Hæstv. ráðherra sagði okkur ekki hverjir það eru sem mest þurfa á þessu að halda. Hverjir eru það nákvæmlega? Hvernig skiptir hæstv. ráðherra þessum einstaklingum, þessum hópi þjóðfélagsþegna niður í þrep? Hverjir eru það sem þurfa að mati hæstv. ráðherra á aðstoðinni að halda? Og þá vil ég ekki fá einhver þau svör að það séu bara þeir sem eru í lægstu tekjuhópunum. Hverjir eru það? Á hverjum bitnar þetta allra mest?

Hæstv. ráðherra og ráðuneytið hefur haft ansi langan tíma til að skoða málið og mjög langan tíma til að svara öllum þeim fyrirspurnum sem hefur verið beint til ráðuneytis og hæstv. ráðherra. Ég vil ekki trúa því að hæstv. ráðherra hafi ekki manndóm í sér til að koma og svara því: Brýtur þessi reglugerð, framkvæmd hennar, ákvörðun ráðherra, í bága við þær reglur sem við höfum undirgengist, meginreglur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra? Ég skal fara yfir þær aftur, virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að gera það þar sem hæstv. ráðherra svaraði ekki og ég hlýt að halda að það hafi verið vegna þess að það sem ég sagði hafi farið fram hjá henni en ekki vegna þess að hæstv. ráðherra ætli ekki að svara.

Meginreglur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, þ.e. grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fatlaðs fólks.

Í 8. reglu er kveðið á um að aðildarríkin séu ábyrg fyrir og skuli tryggja hverjum fötluðum einstaklingi félagslegt öryggi og fullnægjandi tekjutryggingu. Telur hæstv. ráðherra að þetta sé gert hér á landi?

Í 6. lið sömu reglu segir enn fremur að ekki skuli dregið úr tekjutryggingu eða hún felld niður fyrr en hinn fatlaði sé orðinn fær um að afla sér viðunandi og öruggra tekna.

Brýtur reglugerð nr. 485/1995 að mati ráðherra í bága við þennan 6. lið 8. reglu í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fatlaðs fólks?

Jafnframt, virðulegi forseti, segir í inngangi 9. reglu orðrétt:

„Aðildarríkin skulu stuðla að því að fötluðum sé kleift að taka virkan þátt í fjölskyldulífi. Þau skulu tryggja réttindi fatlaðra til mannlegrar reisnar og tryggja að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir."

Er reglugerð nr. 485/1995 í samræmi við þessa 9. grundvallarreglu Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fatlaðs fólks?

Ég hlýt að fara fram á það að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum og svari því hvernig hæstv. ríkisstjórn, hvernig ráðuneytið, hvernig hæstv. heilbrrh. ætlar að flokka fatlað fólk, hverjir skuli njóta fullrar tekjutryggingar og hverjir ekki en brjóta samt ekki í bága við þessar reglur og mannréttindasáttmála Evrópu þar sem segir í 14. gr. sáttmálans að réttindi þau og frelsi sem lýst er í samningi þessum skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits. Telur hæstv. ráðherra að reglugerð nr. 485/1995 standist mannréttindasáttmála Evrópu og aðrar þær reglur sem við höfum undirritað hjá Sameinuðu þjóðunum? Og telur hæstv. ráðherra að við getum með fullri reisn, staðið hér og sagt að við mismunum ekki aðilum á grundvelli sjónarmiða sem eru byggð á kynferði, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum eða á grundvelli 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Telur hæstv. ráðherra að við getum staðið hér og sagt: Íbúum þessa lands, þegnum þessa lands er ekki mismunað. Við stöndum ekki fyrir slíkri mismunun og reglugerð nr. 485/1995 mismunar ekki fólki og stuðlar ekki að þessari mismunun.

[23:47]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp í andsvari til að taka undir málflutning hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og einnig vegna þess að ég hef ekki tök á því að koma aftur inn í umræðuna þar sem ég hef nýtt ræðutíma minn en ég vil vekja athygli á því að allar réttarhugmyndir um tryggingabætur eru í þá veru að einstaklingurinn fær tryggingagreiðslurnar án tillits til tekna maka. Dæmi um það eru atvinnuleysistryggingarnar. Einstaklingurinn sem missir vinnuna fær atvinnuleysistryggingabæturnar sínar, án tillits til þess hvað maki hans er með í tekjur. Hvers vegna eiga ekki að gilda sömu reglur um lífeyristryggingarnar og um allar aðrar tryggingar? Af hverju eiga ekki að gilda sömu réttarhugmyndir um lífeyristryggingarnar eins og um atvinnuleysistryggingarnar, eins og um allar aðrar tryggingar? Hvers vegna eiga ekki að gilda sömu reglur um öryrkjabæturnar og tekjutrygginguna til þeirra? Hvað er öðruvísi við þann hóp? Hann er búinn að missa heilsuna. Sá sem hefur misst atvinnuna fær fullar greiðslur. Það eiga sem sagt að gilda aðrar reglur um þann sem hefur misst heilsuna og er mun verr settur en sá atvinnulausi í flestum tilvikum. Það verða að koma svör frá hæstv. ráðherra, herra forseti, við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram, bæði um réttarhugmyndirnar, aðrar hugmyndir en í venjulegum tryggingarrétti. Hvers vegna eiga þær ekki að gilda um almannatryggingarnar líka?

(**Forseti** (StB): Forseti vill minna hv. þm. á að fara varlega í að nýta sér andsvarsheimildirnar til áframhaldandi ræðuhalda.)

[23:50]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)**:

Virðulegi forseti. Brjóta þær reglur sem settar voru 1995 í bága við alþjóðasamþykktir? Brjóta þær í bága við mannréttindasáttmála? Það er spurningin sem hv. þm. lagði fram og hefur lagt fram áður. Reglugerðin hefði ekki verið sett ef það hefði verið sú tilfinning sem legið hefði til grundvallar þegar reglugerðin var sett og það er ekkert sem bendir til þess að við séum að brjóta alþjóðasamþykktir, enda var það ekki ætlunin. Ég held því að hv. þm. sem spurði hefði getað svarað sér sjálf varðandi þetta atriði. Varðandi það á hverju almannatryggingahugsjónin er byggð, þá er hún er byggð á sameiginlegri framfærsluskyldu hjóna. Hvort sem mönnum finnst það réttlátt eða óréttlátt þá er það grundvallarhugmyndin og öll uppbyggingin byggist á því. Og þegar þessi brtt. kemur fram þurfum við að skoða miklu fleiri þætti því þetta tengist hvað öðru, einmitt vegna þess að þetta er byggt upp á grundvallarhugmyndinni um gagnkvæma framfærsluskyldu. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ætla að gera þær grundvallarbreytingar sem hér eru lagðar fram og menn segja að heilbr.- og trmrn. hafi haft nægan tíma til að fara ofan í kjölinn á þessu máli. Við höfum ekki haft langan tíma og við höfum lagt okkur fram við að setja menn í vinnu við að skoða þetta frá grunni og við erum daglega að fá nýjar upplýsingar sem gerir það að verkum að það er erfitt að samþykkja þessa tillögu eins og ég sagði, eins og hún kemur af kúnni frá hv. þm., án þess að allt það sem býr að baki sé lagt til grundvallar.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fór mikinn áðan og sagði að ég hefði endurtekið í sífellu að ég gleddist þó yfir því að menn ætluðu að samþykkja frv. sem liggur fyrir frá ríkisstjórninni um verulegar réttarbætur, en ég segi það, hv. þm., að ég er farin að efast um að við getum glaðst yfir því, því mér sýnist að menn ætli að ræða aðra þætti, sem eru mikilvægir, ég viðurkenni fúslega að það eru mikilvæg málefni, en ef menn ætla að kaffæra sig án þess að ljúka því sem fyrir liggur, þá er ég orðin svartsýn á að menn ætli að ljúka þessum mikilvægu málum sem liggja á borðum þingmanna.

[23:53]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög merkileg, stutt ræða hjá hæstv. ráðherra um tillögu eins og hún kæmi af kúnni og að hér værum við, eftir að hafa staðið — ætli það sé ekki farið að nálgast að vera tveir tímar, til að ræða um réttindi öryrkja, værum bara hreint að kaffæra okkur í málinu. Þetta var mjög merkileg ræða og svaraði engu öðru en því að það væri tilfinning heilbrrn. að þetta bryti ekki í bága við alþjóðlegar samþykktir. Þá bara spyr ég enn einu sinni, þar sem segir í meginreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra: „Ekki skal dregið úr tekjutryggingu eða hún felld niður fyrr en hinn fatlaði er orðinn fær um að afla sér viðunandi og öruggra tekna." Brýtur það ekki í bága við þetta ákvæði, þó að ekki væru önnur tekin inn? Hæstv. ráðherra segir að þetta byggi á gagnkvæmri sameiginlegri framfærsluskyldu hjóna. Gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna. Ég get ekki séð annað en að reglugerð ráðherrans geri þetta allsendis ómerkt vegna þess að annar aðilinn er skertur. Það er byrjað að skerða tekjur annars aðilans um leið og tekjur hins ná rétt rúmum

38 þús. kr. á mánuði. Og með fullri virðingu fyrir hv. þm. þá efast ég um að það séu margir þingmenn hér inni sem teldu að þar væru komnar það háar tekjur að fara mætti að skerða þær án þess þó að skerða möguleikana til framfærslu. Þetta er gagnkvæm framfærsluskylda sem þýðir að hún er sett yfir á annan aðilann þegar um öryrkja er að ræða.

En hæstv. ráðherra hefur engu svarað, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki alltaf talið sig þurfa langan tíma til undirbúnings. Ég minni á viðamikið frv., stærsta pólitíska málið á þessu þingi sem hent var hingað inn, gagnagrunninn margfræga.

[23:56]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar um að reglugerðin hefði ekki verið sett ef þetta hefði verið brot á öllum þessum lögum og mannréttindasáttmálum sem við töldum til og spurðum út í. Reglugerðin var sett án þess að hafa stoð í lögum. Þannig eru nú vinnubrögðin á þeim bæ. Reglugerðin var sett árið 1995 án þess að hún hefði stoð í lögum eftir að lög höfðu verið sett 1993 um það að ráðherrann hefði ekki heimild til að setja þarna reglugerð.

Hæstv. ráðherra talar um gagnkvæma framfærsluskyldu. Það hefur margsinnis komið fram í málflutningi okkar þingmanna sem höfum rætt um þetta frv. og þessa brtt. að þessi skerðingarregla kemur í veg fyrir að öryrkjar geti uppfyllt ákvæði gildandi hjúskaparlaga um það að hjón sjái fjölskyldu sinni sameiginlega farborða. Það er alveg ljóst. Og ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu með því að tína þetta allt til aftur. Ég er búin að margsegja þetta og kom með þessi rök öllsömul í langri ræðu í síðustu viku. Það er alveg ljóst að það er verið að brjóta þarna á stórum hópi fólks og að reglugerðin var sett án þess að eiga nokkra stoð í lögum, tveimur árum eftir að lögin voru sett.

[23:57]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leiðrétta hv. þm. sem sagði að reglugerðin ætti sér ekki stoð í lögum. Það er ekki álit umboðsmanns Alþingis. Skýrt tekið fram segir umboðsmaður Alþingis alls ekki að hún eigi sér ekki stoð í lögum, heldur segir hann að það þurfi að skýra lögin og það er svolítið annað mál.

[23:58]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú farin að halda að hæstv. ráðherra hafi ekkert lesið þetta álit frá umboðsmanni Alþingis upp á 27 síður. Það er alveg rétt að umboðsmaður er með ákall til Alþingis um að það verði skýr lagasetning. Engu að síður kemur fram í þessu áliti að ekki sé stoð fyrir þessari reglugerð. Það er alveg morgunljóst fyrir þann sem hefur lesið álitið. Það er alveg ljóst.

[23:58]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem kom fram síðast hjá hv. þm. er algjör oftúlkun á því sem umboðsmaður Alþingis segir í áliti sínu. Og yfir það hafa fleiri lögfræðingar farið. Það sem hv. þm. er að tala um varðandi þær 27 síður sem komu frá umboðsmanni, þá er það ekki rétt að þetta eigi sér ekki stoð í lögum og það er rangt hjá þingmanninum að koma margsinnis upp og fullyrða slíkt því að það geta allir lesið í áliti umboðsmanns.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áfengislög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434.

[00:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér eru eftir á dagskrá kvöldsins fern lög, áfengislög, lögreglulög, lög um áfengis- og vímuvarnaráð og fyrirkomulag áfengisverslunar. Þessi frv. hafa fylgst að í gegnum umræðuna enda nátengd og reyndar fleiri lagabálkar og spyrja má hverju það sæti. Staðreyndin er sú að það er verið í þrepum skref fyrir skref að breyta verslun með áfengi og tóbak hér á landi og þetta er gert með breytingum á þessum lagabálkum og fleiri.

Um langan tíma hefur verið litið á verslun á þessu sviði sem hluta af áfengisstefnu þjóðarinnar. Menn hafa ekki viljað hleypa markaðsöflum að þessari verslun nema í mjög takmörkuðum mæli. Hvers vegna? Vegna þess að menn hafi vantrú á markaðnum og markaðsöflunum? Nei. E.t.v. vegna þess að hið gagnstæða er upp á teningnum að menn hafi á honum tröllatrú, þá trú að með því að beita markaðslögmálum verði unnt að koma meira magni af brennivíni ofan í þjóðina en með því fyrirkomulagi sem við búum nú við. En þjóðin hefur ekki viljað gera breytingar hér á. Það hefur hver skoðanakönnunin á fætur annarri sem gerð hefur verið sýnt að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er því fylgjandi að hér sé sýnd hófsemi og að þessi verslun sé rekin á vegum samfélagsins en gróðasjónarmiðum með sínu auglýsingaskrumi sé ekki hleypt hér að.

En þó þjóðin sé á þessu máli þá á hið sama ekki við um ríkisstjórnina og allt þetta kjörtímabil hefur hæstv. fjmrh. undir taktföstum trumbuslætti Verslunarráðsins unnið að því að markaðsvæða verslun með áfengi og tóbak. Fyrst var innflutningur á brennivíni og sala til veitingastaða tekin úr höndum ÁTVR, fyrsta skref. Þetta er gert vorið 1995. Þá voru reyndar gerðar fleiri breytingar á ÁTVR. Framleiðsludeildin var seld, lögð niður, deild sem hafði gefið ríkissjóði um 17 millj. í tekjur á ári, hún var seld fyrir nánast þá upphæð. Þetta var fyrsta skrefið að taka innflutninginn á brennivíni og sölu til veitingastaða úr höndum ÁTVR.

Síðan hefur verið þrengt enn meira að innflutningsverslun ÁTVR og er hún nú öll að komast í hendur heildsala. Þetta hefur verið gert að tilstuðlan stjórnar ÁTVR sem hefur túlkað lög sem gilda um Áfengisverslunina á þann veg að hún hafi heimild til slíks. Það hefur reyndar verið mjög umdeilt því að hér er stjórnin farin að móta stefnu sem að mínum dómi alla vega ætti að vera í höndum Alþingis. Þetta hefur verið umdeilt og hefur oft verið vakið máls á því á Alþingi og þetta gagnrýnt. En sem sagt, heildsöluverslunin er að fara út úr ÁTVR eins og hún leggur sig og þá er bara smásöluverslunin eftir.

Hér erum við að ræða frv. sem átti að reka smiðshöggið á þessa smíð. Með þessu frv. átti að afhenda skjólstæðingum

Verslunarráðsins smásölu áfengis. Og ef ekki væri í þessu frv. að finna eina litla setningu sem mun hafa verið sett inn á síðari stigum, þá væri þetta verk fullkomnað. Hér vísa ég til 10. gr. frv. þar sem segir:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis."

Allur lagatextinn að öðru leyti og öll hugsunin sem býr að baki frv. gengur í þá átt að einkavæða þessa starfsemi algerlega. Í 3. gr. segir t.d.:

„Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum."

Með öðrum orðum ÁTVR þarf hér eftir að sækja um sérstakt leyfi til dómsmrh. fyrir þeirri starfsemi sem hún rekur. Ástæðan var náttúrlega sú að væri þetta fært á hendur einkaaðila, þá var þetta að sönnu fullkomlega rökrétt, enda var sú hugsunin að baki þessu frv. Fyrir því reyndist ekki vera meiri hluti á frumstigum þessarar smíði þannig að inn í 10. gr. var sett ákvæðið sem ég vitnaði til.

Nú er spurningin þessi: Hafa þessar breytingar verið til góðs? Hér er ég að vísa með þessu frv. í safn lagabreytinga sem ganga allar í sömu átt. Hafa þær verið til góðs og á hvern hátt? Hefur þetta verið betra kerfi á einhvern hátt? Er þetta betra skipulag, er þetta markvissara á einhvern hátt? Auðveldar þetta fyrirkomulag eftirlit? Auðveldar þetta skattyfirvöldum eftirlit, lögregluyfirvöldum eftirlit því að það er vísað til slíks eftirlits í þessum lögum líka og öðrum lagabálki sem við tökum til umræðu á eftir? Er þetta ódýrara fyrirkomulag? Hverjir eru kostirnir sem menn sjá við þessar breytingar? Mér er spurn því að ég sé þá ekki.

Víkjum fyrst að skipulaginu og þá ekki síst eftirlitsþættinum. Í 4. gr. lagafrv. er skírskotað til eftirlitsins. Hér segir m.a. í 4. gr., með leyfi forseta:

„Lögregla, tollgæsla og skattayfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum."

Í umsögn um 4. gr. segir m.a.:

„Eftirlit lögreglustjóra mun m.a. beinast að því að haldið sé tilskilið birgðabókhald og að birgðum beri saman við bókhaldið, að yngra fólki en tvítugu sé ekki selt áfengi, að geymslustaðir áfengis séu nægilega tryggir og að leyfishafar selji einungis áfengi til þeirra sem heimild hafa til að kaupa áfengi. Þá munu lögreglustjórar annast eftirlit með áfengisauglýsingum, eftirlit með bruggi og landa á markaði og eftirlit með framboði á áfengi til ungmenna, m.a. í samráði við skólayfirvöld."

Fyrr í þessari skýrslugerð um 4. gr. segir: „Þá mun ríkislögreglustjóri halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Lögreglustjórar munu hafa eftirlit með birgðageymslum, áfengisútsölum og áfengisveitingahúsum, hver í sínu umdæmi."

Þetta segir m.a. um 4. gr. frv.

Hvernig var þessu háttað fyrr á tíð? Hvernig var þessu háttað fyrir þær breytingar sem ég gat um í upphafi máls míns? Þá var þetta þannig að allt áfengi sem fór til veitingahúsa, á löglegan hátt að sjálfsögðu, var merkt ÁTVR, með eins konar brennimerki, og eftirlitsmenn sem fóru í vínveitingahúsin, víneftirlitsmenn, gátu vitað að hefði flaska ekki merki ÁTVR, þá var um smygl að ræða. Er hægt að gera þetta núna? Nei. Það er útilokað fyrir þá sem eiga að fylgjast með áfengi á veitingastöðum að vita hvort um smygl er að ræða eða ekki. Það er útilokað. Það eru engar merkingar. Það kemur beint í gegnum heildsalann og fer til veitingahúsanna. Það er útilokað að fylgjast með þessu þannig að eftirlitið er orðið allt miklu þyngra í vöfum og erfiðara enda kom fram þegar ég óskaði eftir skriflegu svari frá hæstv. fjmrh. um eftirlit með áfengissölu að þar — og ég vitna í þetta skriflega svar hæstv. fjmrh. — væri talin þörf á að styrkja þann lagagrundvöll sem eftirlit byggist á og færa það undir lögregluyfirvöld. Eftirlitið væri í brotum og það yrði að styrkja þann lagagrundvöll sem það byggðist á. Það er verið að gera hér m.a., bæði með þessum lögum og síðan með öðrum lögum sem koma til umræðu á eftir, þ.e. lögreglulögum. Þá er gert ráð fyrir því að komið verði á fót áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis hjá lögreglunni.

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, fyrirkomulagi sem bauð upp á mjög auðvelt eftirlit, sem var ódýrt og bauð upp á auðvelt eftirlit, hefur verið breytt og nú á að búa til ný eftirlitsbákn, nýjar deildir hjá lögreglunni til að reyna að vega þar upp á móti. Með öðrum orðum er allt eftirlit að verða erfiðara.

En er þetta þá ódýrara fyrirkomulag sem við erum að koma á? Nei. Það er ekki heldur ódýrara fyrirkomulag. Nú er það t.d. að gerast að ÁTVR er að lækka álagningarprósentu á áfengi úr 11% í 10%. Á verðið að lækka til neytandans? Nei. Það á ekki að gera. Hvert á þessi ávinningur að ganga? Hann á að ganga til heildsalanna. Og hver er röksemdin á bak við það? Röksemdin er sú að fyrirkomulagið verður dýrara. Menn ætla að ríkissjóður verði af á milli 50 og 60 millj. kr. fyrir bragðið. Þessar 50–60 millj. eiga að ganga til brennivínsheildsalanna, frá skattborgaranum og fært yfir til brennivínssalanna.

Er álagning ÁTVR óvenjulega há? Nei, ekki miðað við Norðurlöndin. Hún hefur verið rúmlega 11% hér, í Noregi 11,9%, í Svíþjóð 12,2% en hér hefur hún verið rétt rúmlega 11% og er verið að færa hana núna niður í 10% til þess að vega upp á móti því óhagræði sem heildsalar verða fyrir. Við þær breytingar sem er verið að gera er verið að færa peninga frá skattborgurunum, taka þá upp úr vasa skattborgarans og setja til heildsalanna og það er stjórn ÁTVR sem er að gera þetta. Stjórn ÁTVR er að ráðast í þessar breytingar. Það fer ekki mikið fyrir þessu, þetta er ekkert rætt. En það þarf ekki að ræða þessa hluti vegna þess að við erum að tala um trúarkenningar og það hrína engin rök á mönnum. Við erum búin að ræða þessar breytingar margoft og menn eru búnir að færa rök fyrir sínu máli en það er ekki hlustað á þau. Það var sagt á sínum tíma að eftirlit með áfengi yrði erfiðara og það yrði erfiðara að koma í veg fyrir undanbrögð frá skatti með þessum breytingum. Menn hristu höfuðið og sögðu að það væri ekki svo. Síðan kemur í ljós að reyndin hefur orðið sú og það viðurkenna menn og það segja menn í þeim skriflegu svörum sem hafa borist um efnið en áfram er engu að síður haldið á þessari braut.

Með öðrum orðum er þetta óhagkvæmara. Það er erfiðara um vik að fylgjast með skattsvikum og smygli og þetta er dýrara fyrir skattborgarann. Er ég hér að tala einvörðungu um það frv. sem hér er til umræðu? Nei, ekki einvörðungu en ég er að segja að þetta frv. er liður í miklu stærra púsluspili sem miðar allt að því að einkavæða sölu á áfengi og tóbaki.

Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur höfum hins vegar flutt tillögur til breytinga á fyrir-

komulagi með áfengisverslun sem verður til umræðu seinna á þessum fundi og þá mun ég koma nánar að þessum málum. Hér hefur minni hlutinn eða fulltrúar hans gert grein fyrir ýmsum minni háttar lagfæringum á því frv. sem hér er til umræðu, en ég vildi fyrst og fremst, hæstv. forseti, vekja máls á þeirri grunnhugsun sem býr að baki þessu frv., því undarlega fyrirkomulagi sem hér má sjá merki um að ÁTVR þarf hér eftir að sækja um leyfi til dómsmrn. til að reka áfengisútsölur og að því er mér skilst einnig fyrir þeim verslunum sem þegar eru starfandi en allt á þetta á sér sínar skýringar sem ég hef gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Lögreglulög, 2. umr.*

Stjfrv., 520. mál (eftirlit með meðferð áfengis). — Þskj. 891, nál. 1331.

[00:19]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögreglulögum.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða umfjöllun um 478. mál, frumvarp til áfengislaga. Fékk nefndin til sín fjölda gesta og vísast um það til upptalningar í nefndaráliti í 478. máli. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögregluskóla ríkisins og ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpi til áfengislaga er lagt til að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulagningu áfengiseftirlits á landsvísu. Gert er ráð fyrir að innan embættisins verði sett upp sérstök deild til að hafa yfirumsjón með þessu hlutverki og veita sérhæft eftirlit auk þess sem ríkislögreglustjóri mun halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir handhafa leyfa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Um er að ræða viðbót við það hlutverk sem ríkislögreglustjóra er nú þegar falið í lögreglulögum og verður aukið fjármagn veitt til embættisins vegna þessara verkefna og eru vonir bundnar við að eftirlit með meðferð áfengis verði í kjölfar breytinganna virkara og öflugra en nú er.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Allir nefndarmenn undirrita nefndarálitið.

[00:21]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vona svo sannarlega að þær breytingar sem hér er verið að gera geti orðið til þess að gera eftirlit allt með dreifingu á áfengi virkara og betra en það nú er. Ekki veitir af, eins og fram kom í máli frsm. allshn., hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur.

Ég vil hins vegar ítreka það sem fram kom í máli mínu við umræðu um frv. til áfengislaga að hér er eins konar viðhengi við þær breytingar sem þar koma fram og eins og ég hef gert grein fyrir áður, þá verður eftirlitið með áfengissölu erfiðara og dýrara. Það verður dýrara og erfiðara og breytir engu um hvað menn setja í athugasemdir um þessar lagabreytingar eða hverju menn lýsa í ræðustól. Það er verið að gera kerfið allt þyngra í vöfum og erfiðara á allan hátt og kostnaðarsamara. Það er verið að taka peninga frá skattborgaranum og því miður kasta þeim peningum á glæ en svo sannarlega er mikil þörf á því að bæta eftirlit á þessu sviði. Ég hefði kosið að ríkisstjórnin hefði valið aðra leið en eftir að þetta hefur verið ákveðið þurfa menn að sjálfsögðu að taka höndum saman um að reyna að efla þetta eftirlit. En það verður torveldara vegna þessara frumvarpa ríkisstjórnarinnar. Því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Fyrirkomulag áfengisverslunar, 2. umr.*

Frv. SJS og ÖJ, 394. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 715, nál. 1355.

[00:23]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá ÁTVR Höskuld Jónsson forstjóra og Regínu Ásgrímsdóttur og Þorgrím Óskarsson, fulltrúa starfsmanna.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá áfengisvarnaráði, Ferðamálaráði, Kaupmannasamtökum Íslands, Vímulausri æsku og ÁTVR.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum sem varða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þ.e. breytingar á áfengislögum og lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Með hliðsjón af því að fyrir allsherjarnefnd liggur nú frumvarp til nýrra áfengislaga, 478. mál, þskj. 813, leggur nefndin til að 1.–3. gr. frumvarpsins falli brott. Þá leggur nefndin til að 4. gr. um breytingu á stjórn ÁTVR verði einnig felld brott auk ákvæðis til bráðabirgða. Loks er lögð til breyting á orðalagi 5. gr.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum:

1. 1.–4. gr. falli brott.

2. Við 5. gr. Efnismálsgrein orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

[00:25]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Steingrímur J. Sigfússon heyrist sagt hér utan úr sal og er þar vísað til 1. flm. þess frv. sem hér er til umr. 2. flm. er sá sem hér stendur.

Frá því er að segja að við fluttum á sínum tíma frv. með sex lagagreinum og nú hefur það fengið meðferð í efh.- og viðskn. og um það hefur orðið samkomulag, en það er búið að breyta öllum greinunum, fella fimm þeirra úr gildi og þeirri einu sem eftir stendur hefur verið breytt verulega þannig að ég veit ekki hvort ég á að kætast eða hryggjast en ég ætla alla vega að brosa pínulítið yfir þessu og í örfáum orðum að skýra fólki frá því hvað það er sem ríkisstjórnin getur ekki sætt sig við að gera.

Við vildum fyrir það fyrsta að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, að fengnu samþykki fjmrh., væri heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis. Staðarval skyldi að miðast við að vörudreifing væri sem sambærilegust um land allt að teknu tilliti til hagkvæmni í rekstri og aðstæðna á hverjum stað, m.a. fjarlægðar frá öðrum útsölustöðum. Hér vildum við, hæstv. forseti, koma í veg fyrir það sem hefur tíðkast núna í seinni tíð að fjmrn. og hæstv. fjmrh. kæmi í veg fyrir að ÁTVR opnaði útsölustaði á stöðum sem á annað borð höfðu samþykkt að fá slíkt í atkvæðagreiðslu íbúanna. Þá kom hæstv. fjmrh. í veg fyrir að útsölustaðir yrðu opnaðir. Það var alveg ljóst hvað fyrir hæstv. ráðherra vakti. Það var að reyna að skapa óvinsældir um þessa starfsemi og þrýsting í þá veru að ÁTVR yrði lagt niður og þetta yrði allt fært skjólstæðingum Verslunarráðsins og markaðsvætt. Með öðrum orðum vildum við að ÁTVR hefði sjálfdæmi um að opna útsölustaði og skyldi staðarval miðast við að vörudreifing væri sem sambærilegust um land allt, að fólk byggi við jafnræði. Þetta hlaut ekki náð hjá meiri hluta efh.- og viðskn. Alþingis.

Í öðru lagi vildum við að 13. gr. áfengislaga væri felld brott. Þar segir:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, *mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.*"

Þetta hefur verið túlkað þannig að ÁTVR hefur í útsölum sínum ekki treyst sér til að taka við greiðslum með krítarkortum þar sem slíkt sé lánssala. Veitingastaðir og fríhafnir stunda hins vegar slík viðskipti og möguleikar heildsala til lánsviðskipta eru ekki takmarkaðir að lögum. Við töldum eðlilegt er að ÁTVR gæti stundað við skipti á sambærilegum grunni og aðrir að þessu leyti og lögðum þess vegna til að 13. gr. yrði felld brott. Þetta hlaut ekki náð hjá meiri hluta í efh.- og viðskn. Alþingis.

Síðan lögðum við til að 1. mgr. 14. gr. laga yrði felld brott en þar er kveðið á um að áfengissölubúðir skuli vera lokaðar á ýmsum hátíðis- og helgidögum og í tengslum við kosningar, en einnig eftir hádegi á laugardögum.

Þessi ákvæði gera það að verkum að afgreiðslutími í verslunum ÁTVR getur í vissum tilvikum ekki verið í takt við það sem almennt tíðkast í verslunum, t.d. þar sem áfengisverslun er í verslunarmiðstöð.

Síðan eru fleiri breytingar þarna sem horfa í þá átt að rýmka um fyrir ÁTVR og koma til móts við breyttar venjur fólks. Þetta fékk ekki náð hjá meiri hluta viðskn. Alþingis. Þar eru þröngsýnu sjónarmiðin upp á teningnum. En við hinir framsýnu menn, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, vildum hins vegar að þessu yrði breytt.

Í fjórða lagi lögðum við til að stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skyldi skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afloknum alþingiskosn*ingum til fjögurra ára í senn. Stjórnin gæfi* umsögn til ráðherra um ráðningu forstjóra og hún skyldi einnig vera ráðherra, forstjóra og starfsfólki til ráðuneytis um rekstur fyrirtækisins og fylgjast með því að hann sé í samræmi við lög og reglur. Ráðherra skyldi síðan með reglugerð setja nánari ákvæði um verksvið og skipulag stjórnarinnar.

Hvers vegna lögðum við þetta til? Vegna þess að við það fyrirkomulag sem við búum nú ræður hæstv. fjmrh. einn og skipar í stjórn fyrirtækisins og okkur var sagt á sínum tíma þegar þessu var breytt vorið 1996, og þau fyrirheit komu frá hv. formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, að þetta væri gert til að styrkja faglega stjórn á fyrirtækinu og gera stjórn þess fjarlægari hinu pólitíska valdi. Þannig var það orðað.

Það þarf ekki að orðlengja það að sú stjórn sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson skipaði er rammpólitísk í öllum sínum gjörðum og hefur tekið mjög virkan þátt í því að einkavæða þessa starfsemi og reka áfengisstefnu sem ætti að vera mótuð í þessum sal. Það síðasta sem hún hefur unnið til afreka á því sviði kom ég inn á í máli mínu áðan í umræðu um frv. til áfengislaga en það er að stjórnin hefur núna beint því til þessarar stofnunar að hér eftir skuli ÁTVR ekki kaupa áfengi beint frá útlöndum heldur fara alltaf í gegnum heildsala. Alltaf. Undir öllum kringumstæðum.

Má ÁTVR leita eftir hagstæðustu tilboðum í Evrópu? Nei, það er bannað. Jafnvel þótt það sé betra fyrir neytendur og það sé ódýrara? Nei, það er bannað. Það verður að fara í gegnum heildsalana. Hvað kostar þetta ríkið? Sennilega um 55 millj. á ári fyrir skattborgarann. Það er verið að taka þessa peninga upp úr vösum skattborgaranna og setja þá yfir til heildsalanna vegna þess að það er talið að þeir verði fyrir svo miklu óhagræði af völdum þessara breytinga. Það er verið að færa þarna peninga til, taka þá frá skattborgurunum, taka þá frá almenningi og færa þessa peninga til heildsalanna. Þetta er stjórn ÁTVR að gera. Þetta er stjórnin sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson skipaði einn til að reka sína pólitísku stefnu og það gerir hún óspart. Hún hefur núna ákveðið að lækka álagningarprósentu ÁTVR úr rúmum 11% — hún hefur verið að meðaltali 11,1% — niður í 10%. Á áfengi frá ÁTVR að lækka fyrir braðið? Nei. Hvert eiga þessir peningar að fara? Til heildsalanna. Hefur þetta verið rætt? Nei, þetta hefur ekki verið rætt. Þetta er nokkuð sem gerist bak við luktar dyr í stjórnarherbergi stjórnar ÁTVR. Það sem við erum að leggja til með þessu frv. er að í stað þess að fjmrh. einn skipi stjórnina, verði stjórnin skipuð og kosin hlutfallskosningu á Alþingi. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er ekki fyrirtæki í eiginlegum skilningi. Þetta er stofnun sem á að fylgja stefnu sem kenna má við áfengisstefnu og hefur verið kennd við áfengisstefnu. (Gripið fram í.) Já. Það er pólitísk stefna. Þetta er ekki bara bisniss. Ástæðan fyrir því að við rekum áfengissöluna með þeim hætti sem við gerum er sú að það á ekki að reka þetta á markaðsgrunni. Hins vegar er það mjög undarlegt þegar menn keppast við að gera starfsemina eins óhagkvæma og erfiða og dýra og þunga í vöfum og hugsast getur. Og þá erum við aftur komin að þessu eldheita markmiði ríkisstjórnarinnar og fjmrh. og hv. formanns allshn., sem gleðst ákaflega yfir þessum breytingum öllum sem verið er að gera á ÁTVR, en aftur segi ég að þær breytingar sem við vildum gera hvað varðar stjórn stofnunarinnar fengu ekki náð hjá meiri hluta efh.- og viðskn. Alþingis.

Þá er komið að síðustu greininni sem við vildum breyta og hvað skyldi það nú vera sem heillaði meiri hluta efh.- og viðskn. Alþingis? Hér segir:

„Hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa þjónustufulltrúi. Hann skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð og jafnframt annast kynningu á starfsemi fyrirtækisins eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma."

Í greinargerð segjum við:

„Lagt er til að stofnað verði við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins embætti þjónustufulltrúa. Ljóst er að ÁTVR þarf í starfi sínu og tilvist að glíma við vissar mótsetning-

ar. Þær felast í því að vera annars vegar þjónustufyrirtæki við almenning og hins vegar mikilvægt tæki í höndum hins opinbera til að tryggja framgang aðhaldssamrar opinberrar stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og tóbaksvörnum.

Dæmi um verkefni sem gæti fallið undir verksvið slíks þjónustufulltrúa er að koma upplýsingum til viðskiptavina um vöruúrval og nýjar tegundir án þess að brjóta gegn skýlausu banni um auglýsingar."

Þetta var eina greinin sem menn voru tilbúnir að ræða en þurftu náttúrlega að breyta orðalaginu þótt efnisinnihaldið sé það sama og að sjálfsögðu þurfti einnig að breyta fyrirsögn frv.

Ég kom hér upp, hæstv. forseti, fyrst og fremst til að leggja áherslu á að þær breytingartillögur sem við erum að leggja til, tveir þingmenn úr stjórnarandstöðu, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur, ganga allar í frjálsræðisátt en þó innan þeirra marka sem við teljum að almenningur vilji hafa þessa starfsemi grundvallaða á. Öllu þessu er hafnað. Það er ein grein, það er innihald einnar greinar sem meiri hluti efh.- og viðskn. er tilbúinn að leggja blessun sína yfir. Allar hinar greinarnar eru felldar brott og nafninu á frv. að sjálfsögðu breytt og gott ef ekki gildistíma líka.

Þetta er lýsandi dæmi um þau viðhorf sem uppi eru hjá meiri hluta Alþingis Íslendinga á því herrans ári 1998 að menn hafna tillögum í frjálsræðisátt og til úrbóta en kjósa hins vegar að horfa til fortíðar og ganga eins langt og þeir mögulega geta í þá átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 26. mál.

Fundi slitið kl. 00:41.

---

## 142. FUNDUR

miðvikudaginn 3. júní,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 1033, brtt. 1259 og 1468. — 3. umr.
2. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 1233. — 3. umr.
3. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 815, nál. 1283. — 2. umr.
4. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 547. mál, þskj. 932, nál. 1310, brtt. 1420. — 2. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 553. mál, þskj. 942, nál. 1308, brtt. 1309, 1332 og 1342. — 2. umr.
6. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050, nál. 1353, brtt. 1354 og 1501. — 2. umr.
7. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051, nál. 1330, brtt. 1431. — 2. umr.
8. Yfirskattanefnd, stjfrv., 641. mál, þskj. 1104, nál. 1329. — 2. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398, brtt. 1425. — 2. umr.
10. Eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 560. mál, þskj. 951, nál. 1313, brtt. 1314. — 2. umr.
11. Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, stjfrv., 561. mál, þskj. 952, nál. 1315, brtt. 1316. — 2. umr.
12. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 987, nál. 1317, brtt. 1318 og 1419. — 2. umr.
13. Virðisaukaskattur, frv., 689. mál, þskj. 1196. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
14. Verðbréfaviðskipti, frv., 702. mál, þskj. 1282. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
15. Gjöld af bifreiðum, frv., 715. mál, þskj. 1395. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
16. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — 2. umr.
17. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 1444, brtt. 1466. — 3. umr.
18. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 1442. — 3. umr.
19. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1272. — Síðari umr.
20. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 195. mál, þskj. 199, nál. 1257. — Síðari umr.
21. Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, þáltill., 266. mál, þskj. 334, nál. 1286. — Síðari umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

### *Vörugjald, 3. umr.*

Stjfrv., 347. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 1033, brtt. 1259 og 1468.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Bindandi álit í skattamálum, 3. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 1233.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.*

Stjfrv., 547. mál (álagsstuðull á vexti). — Þskj. 932, nál. 1310, brtt. 1420.

[10:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. um breyting á lögum nr. 94/1964, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum Í 2. gr. þess frumvarps er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu ávöxtunarforma sem bundin eru til lengri tíma og þeirra sem vextir eru greiddir af árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Við bætist ný grein, er verði 2. gr., svohljóðandi:

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Ef tilgreint er á kvittun til rétthafa vaxtanna að um sé að ræða upplýsingar sem færa beri á skattframtal og heildarfjárhæð skattskyldra vaxta er undir 10.000 kr. þarf þó ekki að láta yfirlit þetta í té að tekjuári liðnu, nema rétthafi óski sérstaklega eftir því.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. nema Sólveig Pétursdóttir, sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 942, nál. 1308, brtt. 1309, 1332 og 1342.

[10:44]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á þskj. 1308. Þetta er 553. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum sem gilda um skattlagningu atvinnurekstrar o.fl. Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á skattlagningu á arðgreiðslum milli fyrirtækja og lækkun á skatthlutfalli þeirra, í öðru lagi að bætt verði inn í lögin ákvæði er banni fyrirtækjum beinlínis að gjaldfæra í rekstri sínum mútur eða sambærilegar greiðslur til opinberra aðila og í þriðja lagi að lagfærð verði ákvæði er snúa að framkvæmd og túlkun laganna.

Í nefndinni var rætt um ákvæði 4. gr. um arð af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að með orðunum „með sambærilegum hætti“ í greininni er átt við að fyrirtæki sem greiðir arðinn hafi verið skattlagt samkvæmt almennum reglum í því landi þar sem það starfar og breyti þá engu þótt almennt skatthlutfall þar kunni að vera lægra en hér á landi. Við þær aðstæður kemur því ekki til tvísköttunar á arði sem íslensk fyrirtæki kunna að fá af eignarhlut í erlendum félögum.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali, 1309. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. frumvarpsins er felur í sér breytingar á 17. gr. laganna um söluhagnað á eignarhlutum í félögum. Í 2. mgr. 17. gr. er kveðið á um að hagnaður af sölu hlutabréfa teljist mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Lagt er til að við ákvæðið bætist að kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, skuli þó ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Þá er lögð til sú breyting á 3. gr. að sömu reglur skuli gilda um skipti á hlutabréfum og sölu þegar lögaðilar óska frestunar á tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, annarra en eigin bréfa.

2. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 32. gr. laganna um fyrnanlegar eignir og þar verði keypt viðskiptavild talin upp með helstu flokkum slíkra eigna. Sérstaklega er tekið fram að kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 50. gr. A teljist ekki til keyptrar viðskiptavildar. Hins vegar er lagt til að bætt verði við 38. gr. laganna nýjum tölulið um fyrningarhlutföll.

Undir þetta nefndarálit skrifa átta menn úr nefndinni, þeir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ágúst Einarsson með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson með fyrirvara, Sighvatur Björgvinsson með fyrirvara og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara. Pétur H. Blöndal skrifar ekki undir nál. en brtt. liggja frammi á þskj. 1309.

[10:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég stend að nál. meiri hluta efh.- og viðskn. með fyrirvara eins og fram kom hjá hv. frsm. áðan og sá fyrirvari tengist einkum einu atriði frv., sem er tekjuskattsálagningin sjálf eða prósentan sem notuð er til að skattleggja hagnað fyrirtækja.

Varðandi það atriði flytjum við brtt. á þskj. 1342, ég og hv. þm. Ágúst Einarsson og Sighvatur Björgvinsson, og ég mun mæla fyrir þeirri tillögu.

Ég vil fyrst segja um málið almennt að frv. tekur á atriðum sem engin deila er um í efh.- og viðskn. að þarft er að lagfæra eða taka þarf á og á ég þar sérstaklega við vandamál sem geta komið upp í tengslum við arðgreiðslur og hagnað fyrirtækja vegna t.d. starfandi dótturfyrirtækja erlendis. Frv. eða breytingarnar sem í því felast eiga m.a. að koma í veg fyrir að um efnahagslega tvísköttun eða fælingaráhrif verði að ræða þannig að fyrirtæki geti til að mynda með eðlilegum hætti tekið heim inn í móðurfélög arð vegna hlutafélaga eða dótturfyrirtækja sem þau kunna að eiga erlendis og út af fyrir sig einnig innan lands.

Það var hins vegar umdeilanlegt, enda um margar leiðir að ræða, hvaða aðferð er best og ég ætla ekki að fara út í alla þá umræðu. Það var nokkuð rætt við 1. umr. málsins en ég kemst þó ekki hjá því að lýsa því fyrir mitt leyti að ég hef vissar áhyggjur af því að sú aðferð sem hér er valin komi

lakar út fyrir smærri fyrirtæki og fyrir einyrkja í atvinnurekstri en betur fyrir stærri félög og félagasamsteypur. Ég ekki viss um að menn hafi ratað þar alveg á rétta niðurstöðu og mér er auðvitað ljóst að engin ein aðferð í þessu er alveg gallalaus. Það sem ég óttast fyrst og fremst í þessu sambandi er að sú breyting að hverfa frá því að leyfa arðgreiðslur til frádráttar fyrir greiðslu tekjuskatts en heimila fyrirtækjum í staðinn að meðhöndla arð sem þau fá í innbyrðis viðskiptum á þann hátt komi fyrst og fremst þeim fyrirtækjum til góða sem eru hlutar af stærri samsteypum þar sem fyrirtækin eiga jafnvel hvert í öðru, fram og til baka, dótturfélög og dótturdótturfyrirtæki, og síðan færa þau arðinn á milli sín og þeim nýtist reglan í því sambandi þó að arður greiddur til hluthafa sé ekki frádráttarheimill, en algerlega sjálfstæð fyrirtæki og einyrkjar, ef svo má að orði komast í þeim skilningi í atvinnurekstri, geri upp alla veltuna innan eins og sama fyrirtækisins, hafa þar af leiðandi ekki arð vegna eigna í öðrum félögum sem máli skiptir í þessu sambandi en missa af þeim möguleika sem áður var til staðar að draga arðgreiðslur til hluthafa sinna frá. Ég held að þessi breyting verki fremur íþyngjandi fyrir þau en ívilnandi fyrir hin.

Ég er þeirrar skoðunar og reynslan hefur rækilega sannað það, hygg ég vera, að nýsköpun í atvinnulífi verður fyrst og fremst í minni fyrirtækjum og í nýjum fyrirtækjum sem seinna verða að vísu oft stór ef vel gengur og jafnvel hlutar af stærri samsteypum. En það eru þessir vaxtarsprotar í atvinnulífinu sem þarf að hlúa að og þess vegna þarf skattkerfið alveg sérstaklega að leggja sig eftir því að vera vinsamlegt nýsköpun, stofnun fyrirtækja og rekstri þeirra á fyrsta æviskeiði. Þetta, herra forseti, verð ég að segja um þá leið sem er valin í sambandi við breyttar reglur um skattalega meðferð arðgreiðslna í atvinnurekstri.

Hins vegar er það þannig, herra forseti, að frv. byggir á þeirri aðferðafræði að reynt er að meta í greinargerð frv. hversu mikið skattstofn fyrirtækja eða lögaðila hækki þegar heimild til að draga greiddan arð frá skattstofni er felld niður. Sú heimild hefur verið mun hærri upphæð heldur en móttekinn arður innan fyrirtækjanna til frádráttar verður. Þann mismun í formi hærri skattstofns er síðan ætlunin samkvæmt frv. að jafna með því að lækka álagningarprósentuna sjálfa. Þar hins vegar er alveg ljóst að höfundar frv. ætla að láta fyrirtækið njóta vafans og rúmlega það. Fyrirtækið byggir á því að lækka tekjuskattsprósentuna úr 33% niður í 30% og í því felst óumdeilanlega og samkvæmt fylgiskjölum frv. sjálfs raunlækkun á skattgreiðslum fyrirtækjanna. Um það þarf ekki að deila því að í fylgiskjalinu á bls. 7 og bls. 8 er farið yfir þessa hluti í tölum.

Við sem skipum minni hlutann í efh.- og viðskn. erum andvígir því og að því lýtur brtt. okkar á þskj. 1342. Við teljum að í raun og veru væri engin sérstök ástæða til að hrófla við prósentunni þó að þessi breyting á meðferð arðgreiðslna í atvinnulífi sé gerð. Vilji menn koma eitthvað til móts við fyrirtækin vegna þess að skattstofninn mun væntanlega stækka nokkuð eins og fram kemur í grg. frv. þá væri meira en nóg að sú lækkun væri eitt prósentustig. Tillaga okkar gengur því út á það að í stað hlutfallstölunnar 30% í frv., í 6. gr. frv. er lækkun úr 33% niður í 30% eins og áður sagði, leggjum við til að þar komi 32%. Lækkunin yrði sem sagt aðeins eitt prósentustig og það er okkar mat að út úr því kæmi u.þ.b. óbreytt eða a.m.k. verulega lítið hærri skattbyrði á fyrirtækjunum. Lækkun niður í 30% þýðir hins vegar umtalsverða raunlækkun á sköttum fyrirtækjanna og það er ekki í samræmi við það sem við teljum brýnast og þarfast að gera í íslenskum ríkisfjármálum, þ.e. að lækka sérstaklega nú í góðærinu enn frekar en þegar hefur verið gert tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja í ríkissjóð.

Það er rétt að hafa í huga, herra forseti, að tekjuskattur fyrirtækja hefur á fáeinum árum verið lækkaður verulega og ekki er langt síðan hann var á milli 40 og 50%. Auðvitað var þar að einhverju leyti á ferðinni arfur frá fyrri tíð þegar menn voru að baksa við að reyna að meta verðbólgu að einhverju leyti inni í álagningarhlutföll í skattgreiðslum í eftirágreiddum sköttum og það er að sjálfsögðu ekki fyrirkomulag sem neinn langar til að hverfa til á nýjan leik, þ.e. að fá verðbólguna, en hitt er ljóst að umtalsverð raunlækkun hefur orðið á þessum greiðslum undanfarin ár og á þremur til fjórum árum hefur þetta hlutfall lækkað fyrst úr 45% í 39%, síðan 36% og loks 33% eins og það hefur verið nú um árabil. Þetta þýðir að skatthlutfall fyrirtækja hér, þ.e. hlutfall greiddra skatta af hagnaði er eitt það lægsta sem þekkist innan OECD.

Síðan er rétt að minna á það að fyrirtækjum hefur verið ívilnað á undanförnum árum að ýmsu öðru leyti. Þannig voru t.d. aðstöðugjöld flutt á einu bretti frá fyrirtækjum yfir á launamenn eða yfir í launaskatta þegar aðstöðugjaldið var lagt niður og tekjuskattur og útsvar einstaklinga hækkað á móti fyrir nokkrum árum. Launatengdur kostnaður fyrirtækja hér er með minnsta móti, það er viðurkennt, þannig að þegar allt er dregið saman er alveg ljóst, herra forseti, að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi er nú þegar eitt það hagstæðasta sem þekkist, og efh.- og viðskn. hafði í höndum gögn, m.a. frá Efnahags- og þróunarstofnuninni OECD, sem sýna þetta á óhrekjandi hátt. Það er því engin ástæða til þess að mati okkar flutningsmanna brtt. að grípa til enn frekari lækkana nú. Við teljum að við þá raunlækkun á tekjusköttum fyrirtækja sem hér er lögð til í frv. ríkisstjórnarinnar, svo ekki sé talað um brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals og Einars Odds Kristjánssonar sem leggja til í brtt. sem vafalaust verður mælt fyrir á eftir, að þetta hlutfall lækki enn frekar, ef ég man rétt úr 30% niður í 28%, þá sé náttúrlega ljóst að um væri að ræða umtalsverða gjöf til fyrirtækjanna að þessu leyti.

Það er rétt, herra forseti, að hafa í huga að ein aðalrökin fyrir því að létta byrðum af fyrirtækjum á undanförnum árum, og þá alveg sérstaklega þegar aðstöðugjaldið var lagt niður, voru að það þyrfti að hjálpa fyrirtækjunum í gegnum erfiðleikatímana. Launamenn yrðu að taka á sig byrðar tímabundið, bæði með sérstökum kjarasamningum, þjóðarsáttum og öðru slíku en einnig yrðu þeir að taka á sínar herðar enn auknar skattbyrðar, því miður vegna þess að hlífa yrði atvinnulífinu, en að sjálfsögðu var reiknað með því og allir sóru og sárt við lögðu að þegar aftur batnaði í ári hjá fyrirtækjunum, þá mundu þau skila þessu til baka, þá mundu þau fara að leggja meira af mörkum í sameiginlega sjóði. Ég kalla það, herra forseti, ekkert annað á íslensku en svik, nú þegar afkoman í atvinnulífinu hefur sannanlega batnað umtalsvert og við erum að sjá framan í verulegt góðæri í mörgum greinum íslensks atvinnulífs ef þá á að sleppa fyrirtækjunum algerlega við það að leggja meira í sameiginlega sjóði vegna þess að prósenturnar verði þá lækkaðar sem því nemur. Það er m.a. það sem hér er á ferðinni, að útkoman úr því að afgreiða þetta svona yrði raunlækkun á hlutfallslegri skattbyrði og hlutfallslegu framlagi fyrirtækjanna í sameiginlega sjóði. Það þýðir ekki að einblína á það að tekjuskattur fyrirtækja kunni að skila u.þ.b. jafnmörgum krónum nú og í

fyrra eða hittiðfyrra vegna þess að í því var fólgin umtalsverð raunlækkun hlutfallslega þegar borin er saman batnandi afkoma í atvinnulífinu.

Ég tel, herra forseti, í ljósi þess að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi er þegar með því hagstæðasta sem þekkist, að engin sérstök rök séu fólgin í því að létta þurfi enn frekar af þeim sköttum. Það er ekki hægt að færa fram rök fyrir því að hætta sé á því að fyrirtæki fari úr landi vegna þess að skattalegt umhverfi þeirra á Íslandi sé óhagstæðara en erlendis, þvert á móti er það öfugt. Það er alveg ljóst að í mörgum nálægum löndum sem mönnum gæti dottið í hug að bera þetta saman við, þá er skattalegt umhverfi þar óhagstæðara. Ekki flýja fyrirtækin héðan til Þýskalands til að sleppa við mikinn launatengdan kostnað því þar er hann margfalt hærri en hér. Og svo mætti áfram telja.

Í ljósi þess einnig, herra forseti, að afkoma í atvinnulífinu er góð og batnandi í mörgum greinum, þá er engin ástæða til þess að ívilna fyrirtækjunum sérstaklega að þessu leyti. Það er sanngjarnt að þau skili auknum tekjum til sameiginlegra þarfa á komandi árum. Ég vil t.d. nefna alveg sérstaklega í þessu sambandi sjávarútvegsfyrirtækin. Það er enginn vafi á því að sjávarútvegsfyrirtækin mörg hver sem hafa verið að njóta góðs af góðæri til sjávarins og hagstæðum efnahagsskilyrðum eru unnvörpum búin að fullnýta eða u.þ.b. að verða búin að fullnýta uppsafnað tap frá erfiðleikaárunum þrátt fyrir að menn hafi af rausnarskap sínum hér verið að lengja þann tíma sem fyrirtækin mættu nota eldgömul töp. En samt sem áður er það þannig og ég hygg að þeir sem fylgst hafa með afkomutölum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna, t.d. gegnum milliuppgjör á undanförnum mánuðum þegar þau hafa verið að koma fram, hafi tekið eftir því að hreinn hagnaður sumra þeirra hefur verið að lækka, þ.e. eftir greidda skatta, af þeirri einföldu ástæðu að skattgreiðslur eru að koma til, oft og tíðum í fyrsta skipti um langt árabil hjá þessum fyrirtækjum. Það er gott. Að því var einmitt stefnt. Það var ætlunin með því að gera starfsskilyrði þeirra hagstæð. Og það er að koma aftan að hlutunum að mínu mati, herra forseti, að rjúka þá til og fara að lækka tekjuskattsprósentuna enn frekar en orðið er. Það eru ekki efndir á þeim sáttmála launamanna, atvinnulífs og stjórnvalda sem ég hélt að menn hefðu í raun og veru talið sig meira og minna vera að framfylgja og undirbyggja allt frá árinu 1990, bæði gegnum kjarasamninga og hvað varðar skattalegar ráðstafanir og fleira í þeim dúr. Ég er því mjög spenntur að heyra rök hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar fyrir því að fara nú af stað með alveg sérstaka tekjuskattslækkun á fyrirtækin, hvernig hv. þm. sér það í ljósi efnda, þjóðarsáttar og samskipta launamanna og atvinnulífs í landinu. (**EOK:** Þú færð að heyra þau.) Ég fæ að heyra þau, er kallað fram í úr salnum og það verður spennandi að hlýða á það.

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel mig hafa rökstutt það með fullnægjandi móti að tillögur ríkisstjórnarinnar þýða skattalækkun, raunlækkun á skattbyrði fyrirtækja hvað varðar tekjuskattshlutfall af endanlegum hagnaði. Við leggjum til að þessi hundraðstala fari úr 33% niður í 32%. Við teljum að það þýði u.þ.b. óbreytta, e.t.v. lítið eitt hærri skattbyrði á fyrirtækin sem þau eru í ágætri aðstöðu til að bera eins og nú háttar til.

[11:04]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór fjálgum orðum um að prósentan á fyrirtækin hefði verið lækkuð úr um 40–50% niður í 33% fyrir nokkrum árum. Það var reyndar úr 50% niður í 33%. En hann gleymdi að geta þess hvernig tekjur ríkissjóðs af þeim skatti hefðu þróast. Spurning mín til hv. þm. er hvernig tekjur ríkissjóðs hafa þróast við það að lækka skattprósentuna úr 50% niður í 33%.

Önnur spurning til hv. þm. er: Telur hv. þm. að hagnaður íslenskra fyrirtækja sé of mikill í alþjóðlegum samanburði?

[11:05]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir það að sú lækkun prósentunnar sem liggur fyrir var að hluta til og í byrjun tengd því að áður var prósentan hærri þegar reynt var að meta verðbólguna inn í álagninguna í eftirágreiddum sköttum enda var hún fljótlega eftir að verðbólgan fór niður fyrir eins stafs tölu þá var prósentan lækkuð úr 50% niður í 45%. Þannig stóð hún um skeið. Síðan fór hún í 39%, síðan í 36% og svo í 33%. Síðari skrefin í þessu ferli gerðust eftir að verðbólgan var í raun og veru komin niður í mjög viðráðanlegt horf þannig að þar var um hreina raunlækkun á hlutfallslegri skattbyrði fyrirtækjanna að ræða.

Hvernig þróuðust tekjur ríkissjóðs? Þær þróuðust m.a. þannig að tvö ár í röð, bæði 1996 og 1997, skiluðu fyrirtækin minna en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir í tekjuskatt, m.a. vegna þess að það kom í ljós að þau áttu enn svo mikið af uppsöfnuðu tapi og menn voru svo liðlegir við fyrirtækin hvað varðaði að rýmka reglurnar til að heimila frádrætti á tapinu þannig að það hefur afar lítið komið út úr því að ég held. Ef hv. þm. er að vísa til þess að hann hafi trú á því að meira af sköttum fari að skila sér sem menn hafa stungið undan áður þegar prósentan lækkar, þá er það auðvitað þekkt þræta í þessum málum öllum saman og ég veit að hv. þm. kann allra manna best kúrfuna góðu sem hann vitnar oft til í þessu sambandi. En spurningin er ósköp einfaldlega um hvort það er ósanngjarnt að fyrirtækin greiði af endanlegum nettóhagnaði sínum eftir að allir frádráttarmöguleikar, afskriftir og fjárfestingar hafa verið dregnar frá prósentu sem er miklu lægri en launamenn greiða svo til af hverri einustu krónu sinni. Það er alveg eins hægt að bera fram þá spurningu. Er það ósanngjarnt? Finnst hv. þm. ástæða til að vera að fýra þessari prósentu núna langt, langt niður fyrir það þannig að það dregur í sundur með þeim hundraðshluta sem launamenn greiða af launum sínum annars vegar og sem fyrirtækin greiða af endanlegum hagnaði sínum hins vegar? Ég held að í umræðum um skattamál sé ástæða til að menn hafi þá staðreynd betur í huga en oft er gert að ólíku er saman að jafna: Annars vegar brúttógreiðslum launamanna af öllum launum og hins vegar greiðslum fyrirtækjanna af nettóhagnaði.

[11:08]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var með ólíkindum. Meðalskattar einstaklinga eru um 20% af heildartekjum. Stór hluti af launþegum greiðir enga skatta. Tveir þriðju launþega greiða minna til ríkisins en þeir fá út úr ríkissjóði þannig að það er ekki nema einn þriðji launþega sem greiðir yfirleitt skatt. Meðalskattbyrðin er um 20%, töluvert miklu lægri en hjá fyrirtækjunum.

Hv. þm. hefur ekki enn svarað spurningunni hvort hann telji að hagnaður íslenskra fyrirtækja sé of mikill í alþjóðlegum samanburði.

[11:08]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að taka meðalskattprósentu einstaklinganna og meðhöndla hana í samanburði með þessum hætti því að þá verðum við að hafa í huga að fjölmargar jöfnunaraðgerðir innan skattkerfisins valda þeirri meðalprósentu eins og hún er, ekki bara persónufrádrátturinn heldur tekjutenging ýmissa liða. Allt spilar þetta saman. Hins vegar það sem launamaðurinn sjálfur horfir á að eftir að komið er upp fyrir skattleysismörkin þá er hann að borga tæp 40%, 40 kr. af hverjum 100 af þeim launum sem eru þar fyrir ofan. Fyrirtækin borga hins vegar ekki fyrr en þau eru búin að draga allt frá sem hugsast getur og þá er prósentan þessi.

Er hagnaður íslenskra fyrirtækja of mikill miðað við það sem er erlendis? Svarið er auðvitað nei enda snýst þetta mál ekkert um það að við séum á móti hagnaði fyrirtækjanna og hann megi ekki vera fyrir hendi. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um hvort ekki sé sanngjarnt að fyrirtækin borgi eðlilega af þeim hagnaði í sameiginlega sjóði. Auðvitað er alveg ljóst að sú prósenta má ekki fara upp úr öllu valdi því að þá verkar það letjandi fyrir fyrirtækin til þess að skila hagnaðinum, sýna hann og það getur hvatt til óhagkvæmari fjárfestingar og allt það. En það eru ekki rök fyrir því að fara með þessa prósentu niður í núll og ég vona að hv. þm. sé ekki að leggja það til. Einhvers staðar þurfa þessi sjónarmið að mætast í skynsamlegum og hóflegum mörkum og það sem við erum að segja hér er ósköp einfaldlega þetta: Við teljum að menn séu að fara niður fyrir þau sanngirnismörk sem eðlilegt megi telja að fyrirtækin leggi þarna af mörkum.

[11:10]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 1332 sem ég flyt ásamt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og felst í því að breyta hlutfallstölunni 30%, sem gert er ráð fyrir í frv., í 28%. Það merkir að skattar fyrirtækja verði 28% af hagnaði.

Herra forseti. Í þessu frv. er lögð til allveruleg breyting á skattlagningu arðs hjá fyrirtækjum. Í fjármagnstekjuskattanefndinni, sem ég tók þátt í fyrir nokkrum árum, var mikið rætt um skattlagningu arðs og það að gera áhættufé jafnstætt lánsfé hjá fyrirtækjum, þ.e. það ætti ekki að vera óhagstæðara fyrir fyrirtæki eða fyrir hluthafann að leggja fram áhættufé, þ.e. hlutafé, en leggja fram lánsfé. Það leiddi til þess að arður yrði frádráttarbær hjá fyrirtækinu nákvæmlega eins og vextir sem fyrirtækið greiddi. Það voru sett á þetta 7% mörk af hlutafé vegna þess að menn töldu að það væru eðlilegir vextir sem ætti að greiða af fyrirtækjum og ætti að vera skattfrjálst.

Í frv. er horfið frá þessari leið og þá aðallega með tilvísun í alþjóðlegar reglur, reglur sem gilda annars staðar. En það hefðu aðrar leiðir verið færar, t.d. að nota ígildisaðferð, þ.e. að frá þeim arði sem fenginn er inn í fyrirtækið, megi draga þann skatt sem þegar hefur verið greiddur af þeim arði frá þeim skatti sem á að greiða af arðinum hjá því fyrirtæki sem fær hann. Þetta er aðferð sem hefði mátt nota og hún var ekki farin. Þess vegna gat ég ekki staðið að áliti meiri hluta hv. efh.- og viðskn. þar sem ég taldi að sú leið, sem farin var, mismunaði áhættufé og lánsfé hjá fyrirtækjum. Það væri meiri hvati núna fyrir hluthafa að leggja fyrirtækinu til lánsfé en áhættufé og það væri neikvætt að mínu mati vegna þess að lánsfé er fé sem er óþolinmótt. Það bíður ekki eftir því að fyrirtækin skili hagnaði. Það þarf að borga vexti hvort sem hagurinn er góður eða slæmur og fyrirtækin verða miklu veikbyggðari, þola verr ágjöf þegar þau eru með mikið af lánsfé og lítið eigið fé. Þetta er þekkt. Ég tel að þetta sé afturför sem hér er lagt til, þ.e. að fara þá leið að skattleggja lánsfé hjá fyrirtækinu en ekki áhættufé.

Herra forseti. Starfsmenn ráðuneytisins hafa reiknað út að 33% skattur ásamt með skattfrelsi arðs upp að 7% af hlutafé gæfi nokkurn veginn það sama og 30% án skattfrelsisarðs og reyndar átti það að gefa pínulítið minna. Þetta var gert með ákveðnu úrtaki. Mér segir svo hugur að það úrtak hafi ekki verið rétt, að inni í því úrtaki hafi verið stærri hluti af stórum fyrirtækjum, fyrirtækjum sem hafi mjög lítið hlutafé en geysimikinn arð í hlutfalli við hlutaféð. Gömul og gróin fyrirtæki eins og Flugleiðir og sérstaklega Eimskip þar sem gengið er núna 7 munu fara miklu betur út úr þessari breytingu en fyrir vegna þess að 7% af hlutafé Eimskips er ákaflega lítil tala og ekki nema kannski 1% af gengi bréfanna á markaði. Eimskip mun því njóta þessarar skattalækkunar meira en mörg önnur fyrirtæki og hvaða fyrirtæki eru það sem munu þá verða að borga meira? Það eru litlu fyrirtækin, nýju fyrirtækin, fyrirtæki út um allt land sem ekki skila neinum ofsagróða. Það eru fyrirtækin sem skila huggulegum hagnaði, 7 eða 10% af hlutafé. Þau hafa hingað til ekki þurft að borga skatt af hagnaði eða lítinn skatt af hagnaði nákvæmlega eins og féð hefði verið fengið að láni. En þessi fyrirtæki munu þurfa að bera stóraukna skattbyrði, nefnilega úr engu upp í það að borga samkvæmt frv. 30% af hagnaðinum. Þetta er atlaga að nýsköpun, þetta er atlaga að fyrirtækjum út um allt land sem eru ekki höndluð á genginu 7 eða 8 heldur á genginu 1 eða 2 á markaði. Þetta er því mjög mikil mismunun og þó að meðaltalið sé eflaust gott og gilt er þessi breyting til þess að auka skattbyrði fyrirtækja sem hafa ekki mjög mikinn hagnað og sérstaklega nýrra fyrirtækja þar sem hlutaféð er umtalsverður hluti af eigin fé. Þessi tillaga er því andstæð nýsköpun og það tek ég undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þess vegna gat ég ekki staðið að nefndaráliti hv. efh.- og viðskn.

Herra forseti. Þegar skattar eru hækkaðir, og við skulum gefa okkur sem dæmi að skattur á hagnaði fyrirtækja væri 100%, þá er náttúrlega ljóst að fyrirtæki mundu reyna af öllu afli að hafa engan hagnað og það geta þau auðveldlega vegna þess að hagnaður fyrirtækja er mismunatala. Það er mismunur á milli tekna fyrirtækisins og gjalda fyrirtækisins. Stjórnendur fyrirtækis hafa nokkuð í hendi sér hver gjöldin verða. Það má t.d. byggja fallega skrifstofu, það má t.d. kaupa skemmtilegar tölvur með stórum skjáum, óþarfar en skemmtileg leikföng. Eftir því sem skattprósentan er hærri þeim mun meiri hvati er til þess að reka fyrirtækið illa. Þeim mun meiri hvati er til þess að fyrirtækin fari út í einhverjar fjárfestingar eða kostnað sem skilar ekki hluthöfunum arði enda er það ekkert markmið í sjálfu sér þar sem ríkið tæki stóran hlut af hagnaðinum og þá er ég að tala um ef þetta væri skattlagt mjög hátt eins og var hérna í eina tíð, 50%. Þá var það líka þannig um hver áramót að menn þyrptust niður til tölvusala 31. des. til að kaupa og kaupa. Kaupa tölvur sem mynda kostnað til að minnka hagnaðinn sem menn sáu fyrir sér að þeir þyrftu að borga skatta af. Það sama var með alls konar ferðir til útlanda og annað slíkt þar sem menn sáu kannski von um einhver viðskipti en þar sem ríkið greiddi stóran hluta af kostnaðinum voru menn ekki eins naumir á að standa undir honum.

Skattlagning á hagnað fyrirtækja er nefnilega ekkert annað en niðurgreiðsla á kostnaði hjá þeim fyrirtækjum sem hafa hagnað og eftir því sem sú niðurgreiðsla er meiri, þeim mun meiri er vilji stjórnenda fyrirtækja til að fara út í alls konar kostnað sem skilar ekki endilega hagnaði. Þess vegna er hagnaður fyrirtækja sérstaklega viðkvæmur fyrir breytingum á skattprósentu, mjög viðkvæmur og miklu viðkvæmari en t.d. tekjur einstaklinga sem menn hafa verið að draga inn í umræðuna. Einstaklingur hefur sínar tekjur og hann þarf að hafa þær og hann getur ekki dregið frá alls konar kostnað. Það er ekki leyft þannig að hann verður að borga skatta af tekjum sínum. En fyrirtæki geta breytt kostnaðinum, meira að segja á gamlársdag þannig að hagnaðurinn verði eins og þeim líkar. Þess vegna er hagnaðurinn mjög viðkvæmur fyrir skattlagningunni. Það er mat mitt og hv. meðflm. míns, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að 30% sé of hátt, 28% jafnvel of hátt en það er svipað og er núna verið að taka upp í öðrum norrænum löndum, 28% skatthlutfall á fyrirtæki.

Ljóst er að ekki má fara með þessa prósentu niður í 0% eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat áðan um. Það er að sjálfsögðu alveg út í hött. En ég hygg að 25% mundi gefa ríkissjóði meiri tekjur en 28% og ég veit ekki hvert markmið manna með skattlagningu er. Er það yfirleitt að ná tekjum til ríkissjóðs til þess að borga velferðarkerfið eða er markmiðið bara að leggja skatt á þennan óheyrilega gróða sem menn tala um? Mér finnst að hlutverk skattkerfis eigi fyrst og fremst að vera að afla tekna og það eigi að velja skattprósentuna þannig að hún gefi sem mestar tekjur til ríkissjóðs á öllum sviðum, ekki bara á þessum stofni einum sér heldur á þeim sviðum sem hann hefur áhrif á, t.d. laun í landinu.

Menn hafa alveg gleymt í umræðunni að fyrirtæki með hagnað borga yfirleitt miklu hærri laun en fyrirtæki með tap og það segir sig sjálft. Það er miklu meira gaman að vinna hjá fyrirtæki sem skilar hagnaði en fyrirtæki sem skilar endalausu tapi þar sem alltaf þarf að vera að skera niður. Þetta þekkja menn. Þess vegna eiga menn að hvetja fyrirtækin til hagnaðar. Það á að hvetja þau til hagnaðar sem gerir kröfu um betri stjórnun þannig að lág skattlagning á hagnað fyrirtækja er krafa um betri stjórnun og um leið hagnað sem skilar launþegunum hærri tekjum og ríkissjóði þar með hærri tekjusköttum hjá launþegunum þannig að þetta er ekki bara einstætt fyrirbæri í efnahagslífinu. Þetta er allt samtvinnað.

Svo vildi ég gjarnan að hv. þm. færu í gegnum það með mér: Hvað gerist með hagnað fyrirtækja, þ.e. það sem situr eftir eftir skatt? Hvert skyldi hann nú fara, hv. þm.? Hvert skyldi hagnaður fyrirtækjanna fara, þau 70% sem frv. gerir ráð fyrir að verði eftir í fyrirtækinu eða 72% sem ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerum ráð fyrir að sitji eftir í fyrirtækinu? Hvert skyldi sá hagnaður fara? Hann fer í fjárfestingar. Hann fer í nýsköpun. Hann fer í rannsóknir. Hann getur ekki farið út úr fyrirtækinu. Andstætt einstaklingum sem nota það sem eftir stendur þegar búið er að borga skattinn að sjálfsögðu til að lifa af en síðan til eyðslu. Þá geta fyrirtækin ekki eytt þessum hagnaði nema til fjárfestingar eða til nýsköpunar o.s.frv. því að ef þau borga hluthöfunum arð, þurfa þeir að borga 10% skatt af þeim arði til viðbótar þeim skatti sem fyrirtækið er búið að borga. Það er því mjög mikilvægt að menn hafi í huga að lág skattprósenta á hagnað fyrirtækja leiðir til margra þátta. Í fyrsta lagi er meiri vilji hjá fyrirtækinu til að skila hagnaði. Hluthafarnir sjá að þeir fá meira út úr hagnaðinum en áður og þeir munu krefjast þess af stjórnanda fyrirtækisins að hann skili meiri hagnaði, sýni betri stjórnun, og ef hann gerir það ekki þá er hann vonandi bara rekinn og fenginn annar maður sem skilar betri hagnaði.

Í öðru lagi borga fyrirtæki með hagnað, sem leiðir af minni skattlagningu, hærri laun. Þau geta borgað hærri laun vegna betri stjórnunar og vegna þess að þau þurfa ekki að borga einhverja skatta. Það er mjög gott fyrir þjóðfélagið. Ég tel nefnilega að laun á Íslandi séu allt of lág og það er kannski afleiðingin af þeirri ofurskattlagningu sem hefur verið á hagnaði fyrirtækja hingað til ásamt með öðrum þáttum.

Svo er síðasti þátturinn sem er sá að þegar hagnaðurinn er lítið skattaður, þ.e. ef hann fer ekki inn í ríkissjóð, þá streymir hann til fjárfestinga, nýsköpunar sem skapar fleiri atvinnutækifæri, fleiri möguleika, gefur ungu fólki möguleika á að fá vinnu, vonandi háborgaða vinnu, og kemur í veg fyrir atvinnuleysi og það er mjög jákvætt. Ég stend því alveg á því að 28% skattprósenta á hagnað fyrirtækja muni skila ríkissjóði meiri tekjum, það muni örva fjárfestingar, það muni hækka laun og það muni bæta stjórnun hjá íslenskum fyrirtækjum.

[11:24]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili voru gerðar ýmsar breytingar á skattamálum fyrirtækja. Þegar maður hlustar á þá tvo hv. þm. sem hér hafa talað, hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, mætti ætla að þær breytingar hafi verið að þeirra mati gerðar til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Svo var ekki. Ég átti nefnilega þátt í þeim breytingum sitjandi í ríkisstjórn þá og það var ekki tilgangurinn með þeim skattalagabreytingum að auka skatttekjur ríkissjóðs. (**PHB:** Gerði það samt.) Tilgangurinn var tvíþættur og, herra forseti, þarna veit ég meira um hlutina en báðir þeir þingmenn sem ég hef nefnt vegna þess að þeir voru ekki á Alþingi þá.

Tilgangurinn var tvíþættur: Annars vegar sá að einfalda skattumhverfi fyrirtækja og gera það líkara því sem er í Evrópu og öðrum löndum í kringum okkur en það hafði verið. Það var t.d. gert með afnámi aðstöðugjaldsins sem átti engan sinn líka í nálægum löndum, skattur sem lagður var á veltu en ekki hagnað.

Hinn megintilgangurinn var sá að í því erfiða árferði, sem menn horfðust þar í augu við, töldu menn rétt að lækka skatta á fyrirtækjum til að hvetja þau til athafna og til atvinnusköpunar þannig að menn voru meðvitað að lækka skatta á fyrirtækjum og flytja skattbyrðina yfir á fólkið í landinu með hækkun á tekjusköttum og útsvörum einstaklinga til þess að hjálpa fyrirtækjunum. Tilgangurinn var ekki sá að auka tekjur ríkissjóðs með þessu. (**PHB:** En það gerðist.) Tilgangurinn var sá að hjálpa atvinnufyrirtækjum, að létta af þeim sköttum og flytja skattana af fyrirtækjunum yfir á fólkið. Þessu mega menn ekki gleyma. Menn mega ekki snúa út úr þessu og leggja einhvern allt annan skilning eða tilgang í þessa athöfn en þá var. Það sem gerðist hins vegar blessunarlega var að þessi aðgerð tókst, þ.e. það að lækka skatta á fyrirtækjum gerði það að verkum að þau framkvæmdu meira en þau ella hefðu gert, þau fjárfestu meira en þau ella hefðu gert og þegar fram liðu stundir jukust að sjálfsögðu skatttekjur ríkisins en eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók fram gerðist það ekki fyrsta kastið því að tvö fyrstu árin eftir þessar breytingar urðu tekjur ríkisins af tekjusköttum fyrirtækja minni en áætlað hafði verið.

Virðulegi forseti. Það er ekki bara þessi aðgerð sem hefur áhrif á heildarskatttekjur ríkisins af hagnaði atvinnufyrirtækja. Við skulum ekki gleyma því að sá tími er nú að renna út sem fyrirtæki geta nýtt sér til niðurfærslu skattgreiðslna sinna tap frá fyrri árum. Sú regla hefur virkað þannig fram undir þetta að t.d. útgerðarfyrirtæki á Íslandi, fyrirtæki sem stunda undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar og voru fyrir örfáum dögum að fá í gjöf frá ríkisvaldinu 25 þús. millj. kr. með hækkun á kvótaúthlutunum í þorski, hafa öll saman ekki greitt í tekjuskatta til ríkisins nema um 230 millj. kr. þrátt fyrir það góðæri sem verið hefur undanfarin ár. Af hverju hafa þau ekki greitt hærri skatta til ríkisins? Hvernig skyldi standa á því að samanlögð útgerðarfyrirtæki á Íslandi hafa ekki greitt hærri tekjuskatta til ríkisins en t.d. starfsmenn Ríkisútvarpsins gera ef það væri lagt saman sem þeir greiða til ríkisins, hver er ástæðan fyrir því? Að þessi voldugi atvinnuvegur skuli ekki greiða nema svona lítið brot af sínum hagnaði í skatta til ríkisins, 236 millj. kr. á heilu ári? Ástæðan er sú að sjávarútvegsfyrirtækin njóta enn mikils uppsafnaðs taps frá fyrri árum en sjávarútvegurinn skuldaði um 200 milljarða kr. þegar skuldastaða sjávarútvegsins var tekin út á sínum tíma.

Hvernig skyldi standa á því að þessi fyrirtæki greiða ekki hærri gjöld til ríkisins? Það er vegna þess að þau hafa verið að nýta uppsafnað tap. Nú fer að koma að því að sú aðferð verður ekki lengur fær. Nú fer að koma að því að fyrirtækin þurfa að greiða fulla skatta af hagnaði sínum og geta ekki nýtt sér uppsafnað tap til frádráttar vegna þess að þær heimildir hafa þá verið að fullu nýttar. Þá fara þessi fyrirtæki fyrst að greiða skatta til hins opinbera. Þá fara skatttekjurnar að aukast allverulega. Það er ekki afleiðing af lækkun skatthlutfallstölunnar heldur afleiðing af því að það er ekki lengur hægt að draga uppsafnað tap frá hagnaði í jafnmiklum mæli og heimilt hefur verið á undanförnum árum. Það er án efa rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og Pétri Blöndal að á næstu árum má vænta þess að tekjur hins opinbera af tekjusköttum fyrirtækja fari vaxandi en það er ekki vegna þess að skattprósentan hafi verið lækkuð heldur vegna þess að heimildirnar til þess að nýta sér uppsafnað tap fyrri ára er að þrjóta og það er góðæri í landinu og fyrirtækin eru að hagnast og af sjálfu leiðir að skatttekjur ríkissjóðs af rekstri slíkra fyrirtækja hljóta að aukast.

Það er því fráleitt að gera fyrir fram ráð fyrir því að þessi fyrirsjáanlega þróun muni staðfesta að það hafi verið rétt ákvörðun sem þingmeirihlutinn tekur í dag að lækka skatthlutfallið á fyrirtæki vegna þess að sú aðgerð muni hafa það í för með sér að skatttekjur hækki. Það er bara ekki ástæðan. Ástæðan er sú að fyrirtækin eru að skila hagnaði. Ástæðan er sú að tap fyrri ára, heimildir til að draga það frá hagnaðinum eru að renna út og fyrirtækin þurfa þá að fara að greiða eðlilega hlutdeild af tekjum sínum eða hagnaði í ríkissjóð sem skatta, hvort heldur sem sú eðlilega hlutdeild telst vera 28%, 30% eða 33%.

En það er meira, virðulegi forseti, sem menn verða að skoða í þessu samhengi. Það er ekki nóg að horfa bara á skatthlutfallið sjálft heldur verða menn að líta á skattumhverfi fyrirtækjanna í heild. Það er auðvitað alþekkt að í mjög mörgum löndum í kringum okkur greiða atvinnufyrirtæki mjög há launatengd gjöld af öllu tagi, bæði launaskatta og hefðbundin launatengd gjöld sem við þekkjum reyndar úr okkar umhverfi líka. Þegar menn horfa á skattumhverfi fyrirtækja verða þeir að skoða þetta allt saman, þ.e. hvað það er sem fyrirtækin þurfa að bera af rekstrarhagnaði sínum. Ef menn skoða þann samanburð verður ekki annað sagt en að skattumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé að vera talsvert gott miðað við mörg nálæg lönd jafnvel þó svo finna megi einstaka land þar sem hlutfallið sjálft, tekjuskattshlutfallið af hagnaði er lægra en verið hefur hér. Þegar litið er á skattumhverfi fyrirtækjanna í heild, þá held ég að íslenskir forstjórar fyrirtækja geti ekki kvartað yfir því að þeir beri skarðan hlut frá borði miðað við önnur lönd.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að það hefði verið gripið til þess ráðs á erfiðleikaárunum á sínum tíma að létta sköttum af fyrirtækjum og flytja þá yfir á fólkið með þeim rökum að það væri skynsamleg aðgerð í erfiðu árferði að létta skattbyrði fyrirtækja til þess að örva hagvöxt og auka atvinnu. En nú bregður svo við að sömu rök eru notuð í góðæri, þ.e. það á líka að vera æskileg ráðstöfun þegar fyrirtækin, a.m.k. þau sem vel eru rekin hagnast mikið að grípa til þess að lækka skatta á fyrirtækjum. Með öðrum orðum menn eru að komast að þeirri niðurstöðu að það skipti ekki máli hvernig efnahagsumhverfið sé, hvort það sé hagstætt eða óhagstætt, það sé alltaf af því góða að lækka skatta á fyrirtækjum. En gildir þetta ekki líka um fólk? Væri þá ekki frekar ástæða til þess, virðulegi forseti, að þeir tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað um fyrirtækjaskattana legðu þá fram tillögu um að lækka skatta á almenning (**PHB:** Það hefur verið gert.) um þá fjárhæð sem tekin var á sínum tíma af fyrirtækjunum og flutt yfir á fólkið? (**PHB:** Það er búið.) Nei, það er ekki búið, virðulegi forseti. Það er ekki búið að lækka skatta á fólki um þá fjárhæð. Það er ekki búið og væri meira vit í því að hv. þm. beittu sér fyrir því að létta þeim byrðum af fólkinu í skattamálum sem lagðar voru á bök þess þegar við tókum þá ákvörðun í erfiðu árferði að lækka fyrirtækjaskattana og flytja þá yfir á fólkið í staðinn.

Það var gaman að heyra hv. þm. Pétur Blöndal lýsa því yfir að hann teldi að lækkun á skatthlutfalli fyrirtækja úr 33% niður í 25% væri svona hæfilegt við þær aðstæður sem nú eru. Hvað teldi hv. þm. þá hæfilegt að lækka skatta mikið ef fyrir okkur ætti að liggja að lenda aftur í kreppuárferði eins og við vorum í fyrir fjórum árum síðan? Þá þyrfti væntanlega að grípa til sömu úrræða og þá gáfu svo góða raun til þess að koma atvinnulífnu aftur í gang og hvað teldi hv. þm. þá að ætti að lækka skattana á fyrirtækjum mikið?

Herra forseti. Ég skil ósköp vel áhuga manna á því að borga ekki skatta. Það er enginn, hvorki forstjóri fyrirtækis eða einstaklingur sem ég þekki, sem er afskaplega hrifinn af því að borga skatta og Íslendingar eru einu sinni þannig að ef þeir gætu sloppið við að borga skatta mundu þeir gjarnan gera það, a.m.k. þangað til þeir rækju sig á að þá fengju þeir ekki þá fyrirgreiðslu frá ríkisvaldinu sem þeir ella fengju. Það er ósköp skiljanlegt að menn vilji losna við að borga skatta eða hafa þá sem allra, allra lægsta. Hins vegar eru það ekki rök. Ég held að Bandaríkjamenn hafi lært það af reynslunni að það eru ekki rök að leiðin til að auka tekjur ríkisins sé að lækka skatta. Þetta var sú þumalfingursregla sem Ronald Reagan á sínum tíma ætlaði sér að sanna, að leiðin til þess að lagfæra hallann á ríkissjóði Bandaríkjanna og auka tekjur ríkissjóðs Bandaríkjanna væri að lækka skatta en það gekk aldeilis ekki upp eins og hv. þm. Pétur Blöndal veit sjálfsagt manna best.

[11:37]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti áðan á mjög góðan hátt svokallaðri Leffer-kúrfu sem segir að þegar skattar eru hækkaðir þá lækka tekjur ríkissjóðs þegar komið er umfram ákveðið mark. Hann sagði að markmiðið hefði verið að hjálpa fyrirtækjum. Vissulega var það markmiðið að flytja skattbyrðina frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga. En það sem gerðist óvart, herra forseti, var að hagnaður fyrirtækja jókst og tekjur ríkissjóðs minnkuðu ekki eins og menn ætluðu. Þær hafa ekki gert það. Síðan hafa menn reyndar verið að lækka skattbyrði á einstaklinga umtalsvert, bæði fyrrv. ríkisstjórn og sérstaklega núv. ríkisstjórn, þannig að skattbyrði einstaklinga hefur verið lækkuð aftur.

Af hverju kemur þetta? Af hverju er hægt að gera þetta? Það er vegna þess sem hv. þm. kallaði góðæri og hélt að það hefði dottið ofan af himnum. Góðærið dettur víst alltaf ofan af himnum. En það skyldi nú ekki vera að minnkun skattlagningar á hagnað fyrirtækja valdi góðærinu, og það að lækka skattprósentuna úr 50% niður í 33% hafi aukið vilja manna til að reka fyrirtækin vel og mynda hagnað og það sé ástæðan fyrir góðærinu sem hv. þm. nefndi en ekki eitthvað annað? Góðæri kemur ekki bara allt í einu út úr bláum himni.

Hann gat þess líka að uppsafnað tap væri búið. Það er rétt en þá mun líka hagnaður fyrirtækjanna sem undanfarin ár hefur eingöngu eða alfarið farið í fjárfestingar renna í auknum mæli til ríkisins sem þýðir það að fyrirtækin geta ekki fjárfest eins mikið og þegar þau voru að ná niður tapinu, og það getur haft alvarlegar afleiðingar ef menn grípa ekki strax til ráðstafana og auka vilja fyrirtækjanna til að fjárfesta. Við þurfum að standa vörð um góðærið.

[11:40]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Góðærið stafar m.a. af meiri og auknum aflaheimildum, betri verðþróun á afurðum okkar á erlendum mörkuðum en verið hefur og að aðilar sem áður fyrr voru ekki reiðubúnir til að leggja í fjárfestingar í nýtingu á orku eru reiðubúnir til þess vegna bætts árferðis í heiminum. Það mætti halda að hv. þm. Pétur Blöndal héldi að þetta hefði allt saman gerst vegna þess að skatthlutfall fyrirtækja hefði verið lækkað, að aflinn í sjónum hafi aukist vegna þess, að menn hefðu farið að fjárfesta í áliðnaði vegna þess. Þetta á bara ekkert skylt hvað við annað. Góðærið skapaðist ekki af því að menn lækkuðu skatthlutfallið af skattgreiðslu íslenskra fyrirtækja. Það var ekki forsendan fyrir góðærinu. Svo einfalt er málið ekki, langt í frá.

Síðan segir hv. þm. að það hafi gerst óvart í framhaldi af þeirri ákvörðun að heildarskattteknjur ríkisins af fyrirtækjarekstri hafi aukist. Það á bara ekkert skylt við þessa ákvörðun. Heildarskatttekjur ríkisins af rekstri atvinnufyrirtækja hafa aukist vegna uppsveiflunnar í efnahagslífinu. Fyrirtækin hafa haft meiri hagnað en þau höfðu áður. Góðærið hefur ekki farið fram hjá fyrirtækjunum frekar en öðrum, þannig að sú kenning að góðærið hafi orðið til vegna þess að menn lækkuðu skatta á fyrirtækjum er út í hött og sú skýring að auknar skatttekjur hins opinbera af rekstri atvinnufyrirtækja megi alfarið rekja til lækkunar á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja er jafnmikið út í hött vegna þess að aukinn hagnaður og betri afkoma fyrirtækja á Íslandi, sem er orsökin fyrir auknum tekjum ríkisins af fyrirtækjasköttum, stafar ekki af þessari einu ástæðu. Þetta er fyrst og fremst afleiðing af góðærinu, virðulegi forseti.

[11:42]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég breyti að sjálfsögðu ekki trú manna. Menn trúa því sem þeir vilja. En ég færði rök fyrir því áðan að ákveðið samhengi væri á milli skattlagningar á hagnaði fyrirtækja og þess að þau skiluðu hagnaði yfirleitt. Það er hvati til betri stjórnunar. Það er aðhald í kostnaði sem er afleiðing af því að fyrirtækin borga ekki stóran hluta af hagnaðinum í skatt. Það er því mjög náið samhengi á milli skattprósentunnar á hagnað fyrirtækis og hagnaðinum sem fyrirtækin skila vegna þess að þau geta að miklu leyti ráðið honum sjálf þar sem hann er mismunartala á milli tekna og kostnaðar.

Ég stend við það að sú ákvörðun að lækka skatta á hagnað fyrirtækja jók hagnað fyrirtækjanna, jók vilja þeirra til að skila hagnaði, jók kröfur um betri stjórnun og hefur átt þátt í því ásamt fleiri þáttum að hér er komið góðæri og vonandi helst það, ef menn standa ekki illa að því að skattleggja fyrirtækin meira en gert hefur verið.

[11:43]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. að það hefur að sjálfsögðu áhrif á það hvernig stjórnendur fyrirtækja stjórna þeim, hvað skatthlutfallið er hátt. Það er auðvitað alveg ljóst að ef skatthlutfallið væri eins og það var áður, kringum 50%, þá freistuðust menn auðvitað til þess sem hv. þm. nefndi ef þeir sæju fram á umtalsverðan hagnað af fyrirtæki sínu á rekstrarárinu að fjárfesta þá í óþörfum hlutum undir lok þess til að draga úr skattgreiðsluþörfinni. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. í því.

En það er ekkert lögmál til um hvar menn ætla að mætast á miðri leið um hæfilega skattálagningu og óhæfilega. Það verður bara að vera matsatriði hvers og eins. Það er mitt mat að það sé gersamlega fráleitt að fara niður í 25%, eins og hv. þm. leggur til eða 28% — 25% talaði hann um í ræðu sinni áðan að væri raunverulega réttara og betra. Ég tel að eins og skattumhverfi fyrirtækja á Íslandi er í dag, þá sé það bara alveg þokkalegt. Þeir sem stjórna og reka fyrirtæki geta bara vel við það unað hvernig heildarskattumhverfi fyrirtækja er á Íslandi. Enda kemur það í ljós að skattamálin hafa ekki sett neitt sérstakt strik í reikning þeirra erlendu fjárfesta sem hafa hug á að festa fé sitt á Íslandi. (**PHB:** Þetta eru bara sérlög.) Það hefur ekki sett neitt sérstakt strik í reikninginn. Það er allt annað umhverfi núna í fyrirtækjaskattlagningu en var t.d. þegar Ísal var byggt, allt annað skattumhverfi og í flestum tilvikum sætta erlendir fjárfestar sig við að lúta íslenskum skattalögum. (Gripið fram í.) Í langflestum tilvikum sætta þeir sig við það.

Virðulegi forseti. En að halda því fram að lækkun á skatthlutfalli fyrirtækja hafi verið meginorsökin fyrir því að fyrirtæki hafa skilað meiri skatttekjum til ríkisins en var í einhverjum mestu þrengingum sem við Íslendingar höfum upplifað er rökleysa. Það er góðærið, það er uppgangurinn í þjóðfélaginu sem veldur því en ekki lækkun á sköttum fyrirtækjanna.

Umræðu frestað.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:48]

Dagskrármál 13, 14 og 15 voru of seint fram komin. — Samþ. með 33 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 942, nál. 1308, brtt. 1309, 1332 og 1342. [11:49]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er ég meðflm. hv. þm. Péturs H. Blöndal að brtt. um skattprósentu fyrirtækjanna, að hún verði færð niður í 28% þannig að það kemur skýrt fram að efnislega er mikill ágreiningur innan nefndarinnar. Nefndin leggur til að hún verði 30% eins og frv. gerir ráð fyrir. Þrír valinkunnir þingmenn flytja tillögu um að halda henni í 32%. Við flytjum tillögu um að færa hana niður í 28%.

Í greinargerð þeirra þremenninga, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, Ágústs Einarssonar og Sighvatar Björgvinssonar er efnislega allt ósannindi og hreinlega rangt farið með alla efnisþætti þessa máls og ótrúlegt að svo valinkunnir sæmdarmenn skuli láta hafa slíkt eftir sér á prenti. Ekki bætti ræða frsm., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um þegar farið var yfir efnisatriði málsins.

Í fyrsta lagi er rangt að skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja sé með því lægsta sem þekkist í OECD eins og stendur í greinargerð þeirra. Það er bara rangt. Um það liggja allar skýrslur fyrir og er hægt að sýna fram á það. Það sem við höfðum til viðmiðunar þegar við fluttum brtt. okkar um að fara niður í 28% er einmitt það að alls staðar á Norðurlöndum er nú miðað við 28%. Prósentan er 28% í Noregi, hún er 28% í Svíþjóð, hún er 28% í Finnlandi og danska þingið hefur nú til meðferðar tillögur ríkisstjórnarinnar um að færa skattprósentu danskra fyrirtækja niður í 28%. Spurningin er þá: Eru þá öll Norðurlöndin með skattprósentu á fyrirtæki sem er fyrir neðan öll sanngirnismörk eins og hv. þm. Steingrímur orðaði það í ræðu sinni? Auðvitað er það ekki enda er þetta ekki spurning um sanngirnismörk.

Í hverju landi er það starfsumhverfi fyrirtækjanna og samkeppnisumhverfi sem skiptir öllu máli um hvernig þeim vegnar. Við erum ekkert eyland í heimi viðskiptanna. Þetta er allt ein heild og örlög okkar og afkoma miðast við hvernig okkur tekst til í atvinnurekstri okkar.

Ég get alveg fallist á þau sjónarmið sem komu fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að það hefði þurft að lækka þetta enn þá meira til að koma til móts við þá breytingu sem skattfrádrátturinn hefur í för með sér. En ég féllst á að það væri líklega rétt að gera þetta svona því að við ættum og hefðum svo oft miðað löggjöf okkar eins mikið og við getum við hin Norðurlöndin, þá værum við með sömu prósentu og öll Norðurlöndin og rétt væri að halda sig við það. Hvort einhver prósenta er of há eða lág snýst um það hvort við berum gæfu og skynsemi til þess að haga því svo að grundvöllur fyrirtækjanna fái staðist.

Þegar menn tala um skattalega stöðu gleyma menn því oft að íslensk fyrirtæki og ekki síst sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að glíma við það núna í mörg ár að reyna að borga til baka gríðarlegan taprekstur upp á milljarða og aftur milljarða sem á sér stað sérstaklega á áttunda og níunda áratugnum. Hvað er taprekstur útflutningsframleiðslunnar? Er það eitthvað sem kemur af himnum ofan? Nei. Taprekstur útflutningsframleiðslunnar kom til af því að við vorum með eilífa efnahagsóstjórn allan áttunda og níunda áratuginn. Við fórum hvað eftir annað með raungengi upp úr öllu valdi þannig að engin útflutningsframleiðsla fékk staðist. Taprekstrinn er arfur frá þeim tíma og við verðum að koma okkur út úr því þannig að við höfum verið að borga þau syndagjöld sem sú óstjórn hafði í för með sér.

Það er staðreynd og liggur fyrir og menn geta séð það í öllum plöggum og þarf ekki um það að deila að arður af eigin fé í atvinnurekstri á Íslandi er mun lægri en í öllum samkeppnislöndum okkar og það að hann skuli vera svo lágur og oft og tíðum nánast enginn hefur skaðað íslenskt samfélag meira en nokkuð annað og komið í veg fyrir að við gætum bætt lífskjör eins og efni hefðu kannski staðið til. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir. Það að við ætlum að reyna af fremsta megni að snúa þessu við eins og við reyndum að gera í upphafi þessa áratugar var m.a. fólgið í því að búa til það starfsumhverfi á Íslandi að íslensk fyrirtæki gætu starfað á svipuðum grundvelli og fyrirtæki í nágrannalöndunum sem skiptir öllu máli til þess að fyrirtækin geti borgað laun. Þetta snýst allt um að geta borgað laun. Það að við höfum borið gæfu til þess að koma okkur út úr þeim hremmingum efnahagsóstjórnarinnar sem einkenndi öll mál í 20 ár þannig að þessi áratugur hefur verið áratugur jafnvægis er m.a. fólgið í því að reyna að búa til starfsumhverfi fyrir fyrirtækin þannig að þau geti borgað laun og greitt laun. Þannig hefur árangurinn náðst á Íslandi að við höfum verið að hækka kaupmátt á Íslandi á undanförnum árum meira en nokkur önnur þjóð í Evrópu þrátt fyrir að hagvöxtur er meiri í nokkrum löndum Evrópu en á Íslandi, t.d. í Noregi. Hagvöxtur er meiri í Noregi en á Íslandi. Þó hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist mun hraðar á Íslandi en í Noregi. Þetta er sá árangur sem menn eru að stefna að og þetta er sá árangur sem við höfum verið að ná vegna þess að okkur hefur tekist að halda okkur þannig á þessum mjóa stíg að fyrirtækin hafa verið fær um það að auka launagreiðslur, að auka kaup. Það sem við stöndum frammi fyrir núna er eðlilega og að sjálfsögðu að íslenskir launþegar munu gera kröfu til þess að áframhald verði á þeirri þróun að kaupmáttur aukist á Íslandi. Ekki er nóg að segja: Jú, ég vil endilega hækka kaupið. Það geta allir sagt og gert.

Í lok ársins 1999 eða á næsta ári kemur að því að við þurfum að standa að því að gera nýja kjarasamninga, vonandi til langs tíma og þá þurfa fyrirtækin að geta verið í stakk búin til þess að mæta þeim kröfum sem við vitum að muni verða lagðar fram. Til þess að gera það verðum við að byrja núna að undirbúa það þannig að tekjuskattur á íslensk fyrirtæki á og þarf að vera sá sami og á Norðurlöndunum. Þess vegna flytjum við tillögu um að hann skuli vera 28%, sá sami og á Norðurlöndum.

Ef við lítum á OECD-tölurnar um skatta fyrirtækja kennir þar ýmissa grasa. Þau fyrirtæki sem eru með lægsta skatta í Evrópu eru í ríkjunum sem nýkomin eru undan hernámi sósíalista, ríkjunum þar sem allt hefur grotnað niður í eymd, volæði og skelfingu síðustu 40–50 ár. Það eru fyrirtæki sem

eru að koma sér út úr þeirri neyð sem fylgdi sósíalismanum.

Lægst í þessum ríkjum er Ungverjaland sem er að láta fyrirtæki sín borga 18% tekjuskatt vegna þess að þar ríður meira á en annars staðar að reyna að ýta upp lífskjörunum eftir þær hörmungar sem yfir þá hafa dunið.

Það er líka athyglisvert hvaða ríki Evrópu það er sem hefur hæstan tekjuskatt af fyrirtækjum. Það er Ítalía með 52,2% en allir vita um þá ágætu þjóð Ítali að þar er allt í rusli sem getur verið í rusli og það er von að þessir ágætu flutningsmenn vilji þá kannski benda á að það sé til fyrirmyndar. Það sé Ítalía sem er með hæstan tekjuskatt.

Það er einnig mjög rangt sem kemur fram í greinargerð þeirra félaga um að átt hefði sér stað flutningur á sköttum frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga með afnámi aðstöðugjaldsins. Þetta er beinlínis mjög rangt. Eins og allir aðrir veltuskattar kemur aðstöðugjaldið beint fram í verðlagi. Það var mjög *hyggileg ráðstöfun hjá fyrrv. ríkisstjórn að afnema* aðstöðugjaldið vegna þess að það reið mjög mikið á á þessum árum að sanna það fyrir öllum að við gætum náð stöðugleika í verðlagi. Afnám aðstöðugjaldsins kom beint fram í verðlagi og um það liggja fyrir margar sannanir, bæði íslenskar og erlendar að allir slíkir skattar koma beint fram í verðlaginu. Hækki veltuskattar þá hækkar verðlagið, lækki þeir þá hjaðnar verðlagið að sama skapi. Hér er beinlínis farið rangt með. Það er alls ekki verið að auka álög á einstaklinga með þessu. Einstaklingarnir fengu það fullkomlega bætt í því vöruverði sem þeir náðu fram, fengu það fullkomlega bætt. Hér er því verið að fara með svo mikil ósannindi að það má furðu gegna að svo valinkunnir menn láti þetta fara frá sér á prenti.

Það er líka ljóst að ekki er um svik við verkalýðshreyfinguna að ræða að færa skattprósentu íslenskra fyrirtækja niður í sömu tölu og annars staðar á Norðurlöndum, að það sé svik við launþega Íslands að skattprósentan sé hin sama hér og annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er einmitt aðferðin til að geta borgað laun að vera með umhverfi fyrir fyrirtækin þannig að tekjur myndist og við getum borgað há laun.

Við þurfum að ná samningum eftir eitt og hálft ár við verkalýðshreyfinguna, við launþega í landinu. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er ekki seinna vænna að undirbúa það núna með því skattalega umhverfi sem fyrirtækin búi við, geri það núna með því að hafa þá prósentu þá sömu á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum. Ef það er fyrir neðan velsæmismörk, ef það eru svik við launþega, þá þætti mér gaman að heyra þessa góðu flutningsmenn skýra það út fyrir mér.

[12:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég kaus að fara ekki í andsvar við hv. þm. úr því að svo vel stóð á að ég var næstur á mælendaskrá og ætla að leyfa mér að svara hv. þm. með nokkrum orðum.

Ég verð að segja að mér fannst hv. þm. fara nokkuð hörðum orðum um þá greinargerð með brtt. sem við höfum lagt fram og ég er höfundur að og skal gangast við með mikilli ánægju. Ég bið hv. þm. að færa því stað að farið sé *með ósannindi* eða lygar *í þessari greinargerð*. Það eru að sjálfsögðu fullyrðingar í þessari greinargerð sem byggja á huglægu mati á hlutum, en að farið sé rangt með einhverjar tölulegar staðreyndir eða farið með lygar kannast ég ekki við. Og ég bið hv. þm. að venja sig á að rökstyðja slíka hluti áður en hann skellir slíku á mig. (**EOK:** Já, ég skal gera það.) Já, ég bið hv. þm. að gera það. Ég kann því heldur illa að vera kallaður lygari úr ræðustóli á Alþingi, hef ekki lagt það í vana minn að ljúga vísvitandi og ég bið hv. þm. ... (**EKJ:** Þú kallaðir mig svikara áðan.) Ég sagði að ég kallaði það svik að gera tiltekna aðgerð og hv. þm. verður svo að meta það fyrir sjálfan sig hvort hann telur sig vera í þeim hópi.

En við skulum fara aðeins yfir þessi mál sem hv. þm. ræðir af svo mikilli speki. Eitt af því sem hann taldi að við færum rangt með og væri rangt í þessari greinargerð væri það að halda því fram að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi væri hvað? Eins og segir hér í greinargerðinni — með því hagstæðasta sem þekkist. Það fullyrti hv. þm. að væri rangt, væru lygar, mikil ósannindi sagði hv. þm.

Herra forseti. Nú liggur það fyrir að ekki bara er tekjuskattsprósenta íslenskra fyrirtækja í lægri kantinum innan OECD og verður með því lægsta sem slík þegar búið verður að lækka hana eins og flutningsmenn frv., svo ég tali nú ekki um tillögumenn leggja til og þá eru einu dæmin um sambærilega eða lægri tölu þrjú hinna Norðurlandanna og svo fyrirmyndarríkin Ungverjaland og Tyrkland sem hv. þm. vill greinilega bera sig sérstaklega saman við. Þannig stendur það. Það er óhrekjandi. Öll OECD-ríkin eru hér á töflu sem var dreift á borð þingmanna og þessar tölur eru þannig.

Til viðbótar liggur það fyrir að launatengdur kostnaður íslenskra fyrirtækja er einnig með því lægsta sem þekkist. Það er vitað að mörg lönd sem eru með hærri tekjuskattsprósentu eru til viðbótar með miklu hærri launatengd gjöld. Þegar heildarskattalegt umhverfi fyrirtækjanna er skoðað sem greiða lítið til sveitarfélaga vegna þess að þegar aðstöðugjaldið var fellt niður á einu bretti var ekki valin sú leið *hér sem gert hefur verið sums staðar annars staðar* að leita eftir einhverjum afkomutengdum sköttum í staðinn. Menn hafa t.d. gjarnan skoðað þann möguleika að fyrirtækin færu að greiða meira vegna ýmiss konar umhverfiskostnaðar sem svo er kallaður og sveitarfélögin leggi á þau. Þetta er ekki til staðar hér. Ég hygg að þegar önnur gjöld eru skoðuð sem fyrirtæki hér greiða í einhverjum mæli eins og fasteignagjöld eða annað því um líkt, þá sé það allt saman á heldur hóflegum nótum, enda liggur það fyrir, herra forseti, að Norðurlöndin hafa búið fyrirtækjum sínum eitthvert hagstæðasta skattalega umhverfi sem þekkist, alla vega innan OECD. Það liggur alveg fyrir og um það er ekki deilt. Það var markvisst að því unnið t.d. í Svíþjóð og víðar vegna þess að Svíar sáu á eftir mörgum fyrirtækjum og voru í aðgerðum á síðasta áratug og fram á þennan til þess að snúa þeirri þróun við.

Ísland stendur í þeim samanburði innan Norðurlandanna mjög vel, vel í þeim skilningi að þar er þetta skattalega umhverfi mjög hagstætt. Ég fullyrði það, herra forseti, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson getur ekki rökstutt þau orð sem hann hafði um það að farið sé *rangt með í greinargerðinni* að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi sé með því hagstæðasta sem þekkist. (**EOK:** Það er rangt.) Það er ekki fullyrt annað. Ég bið þá hv. þm. að koma með þær tölur.

Það er kannski nauðsynlegt, herra forseti, að lesa þessar prósentur upp til að þeir sem á þetta hlýða eða þetta kunna að lesa átti sig á því hvað liggur fyrir framan menn þrátt fyrir fullyrðingar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Við skulum bara renna yfir ríkin. Hér er verið að taka saman á töflu sem efh.- og viðskn. fékk í gegnum fjmrn. að ég hygg en eru opinber gögn frá OECD og reyndar vel þekkt því að slíka töflu eða sambærilega hef ég oft skoðað í skýrslum þeirrar stofnunar. Teknir eru bæði tekjuskattar eða sambærilegir skattar við tekjuskatta sem renna til sveitarfélaga eins

og þekkist í nokkrum tilvikum og síðan hlutur ríkisins, þetta er tekið og lagt saman.

Þá eru þessar hundraðshlutatölur þannig, herra forseti, að í Austurríki er þetta samtals 34%, hærra en það er á Íslandi í dag. Í Ástralíu er þetta 36%, hærra en það er á Íslandi í dag. Í Bandaríkjunum er þetta 6,9% til sveitarfélaga og 35% til ríkis eða fylkis, 39,5%, verulega hærra en það er á Íslandi í dag. Í Belgíu er þetta 40,17%, verulega hærra en á Íslandi í dag. Í Bretlandi er þetta 33%, sama hlutfall og á Íslandi í dag. Í Danmörku er þetta 34%. Vera kann að sú tala breytist eins og hv. þm. var að vitna til að gæti gerst en þá það. Þetta er sú tala sem liggur fyrir í þessari skýrslu og fullyrðingin byggir auðvitað á því sem nú liggur fyrir í málinu. Síðan kemur Finnland að vísu með 28%, enda var sú prósenta lækkuð drastískt í Finnlandi fyrir nokkrum árum sem hluti af krísuaðgerðum þar. Í Frakklandi er hlutur ríkisins að svo miklu leyti sem það er sambærilegt 33%, sama og á Íslandi í dag, í Grikklandi 40% eða 35%, tveir flokkar, hærra í báðum tilvikum en á Íslandi í dag. Í Hollandi 35%, hærra en á Íslandi í dag. Á Írlandi 38%, talsvert hærra en á Íslandi í dag og hafa Írar þó haft á sér orð fyrir að hafa lagt sérstaklega mikið á sig til að reyna að stuðla að nýsköpun og örva hagvöxt í því landi og hefur margt tekist vel en þeir hafa greinilega ekki það sama álit á tekjuskattsprósentu af hagnaði fyrirtækja og hv. þm. Pétur Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson í því sambandi, því að þeir eru þarna með verulega hærra hlutfall en við. Svo kemur Ísland í töflunni með sín 33%. Svo kemur Ítalía með 52,2%, og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafði um það þau orð að á Ítalíu væri allt í kalda koli sem gæti verið í kalda koli. (**EOK:** Löngum.) Löngum já, dregur aðeins í land með það.

Staðreyndin er sú, og það er alveg rétt að efnahagsstjórn á Ítalíu hefur gengið upp og ofan eins og gengur og þar hafa þeir kannski ekki síður goldið pólitísks óstöðugleika heldur en efnahagslegs. Þeim tókst þó að klára EMU-kröfurnar og náðu að koma efnahagnum á Ítalíu inn fyrir þau mörk sem þar voru sett. Það var að vísu tæpt en það tókst þó. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé býsna útbreitt vanmat í gangi á efnahagslegum styrk Ítalíu. Það vita allir sem vilja vita að neðanjarðarhagkerfið á Ítalíu er stórt og kannski á það einhvern þátt í því að prósentan er svona há eða öfugt að það leitar niður fyrir vegna hárrar prósentu. Það er alveg hárrétt. (Gripið fram í.) En það er margt fleira sem þar kemur til sögunnar en tekjuskattsprósentan ein. Nei, ég hef ekkert mótmælt því að hún eigi sér einhver mörk. Ég sagði það í ræðu minni. Er ekki hægt að ræða hérna við menn með rökum án þess að snúa endalaust út úr fyrir mönnum? Ég viðurkenni það vissulega að því eru líka takmörk sett hversu hátt þessi prósenta má fara. Það gefur auga leið að ef hún væri orðin 90 eða 100% þannig að allur hagnaður fyrirtækja væri gerður upptækur eða svo til, þá mundu menn reyna að forðast að sýna hann. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er engin speki, hv. þm. Þetta vita allir. Menn þurfa ekki að hafa lært í Þýskalandi í mörg ár til að vita þetta, það liggur alveg fyrir og það sama á við um skatta launamanna þannig að svona þvættingsmálflutningur af hálfu þeirra hv. þm. Péturs Blöndals og Einars Odds Kristjánssonar er leiðigjarn vegna þess að þeir fást ekki til að ræða þessa hluti við mann með rökum. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn reiður?) Já, ég hef ástæðu til. Ég er að svara hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem hafði uppi mjög stór orð um málflutning okkar og þá greinargerð sem við höfum lagt fram til rökstuðnings brtt. af okkar hálfu. Ég er að fletta frá hv. þm. með því að fara með tölulegar staðreyndir sem ég veit að hv. þm. mun ekki geta hrakið af því að þeim hefur verið dreift á borð þingmanna og þær eru á ábyrgð OECD og það mun sýna að svigurmæli hans hér áðan eiga sér ekki stoð.

Ítalía með sín 52% og við getum þess vegna orðið sammála um að þar sé fulllangt gengið. Síðan kemur Japan með 37,5%, hærra en á Íslandi í dag. Ég minni á, herra forseti, að það er aðeins eitt af þeim tíu eða tólf löndum sem ég hef þegar lesið upp sem er með lægri prósentu en Ísland. Öll eru með sambærilega eða hærri prósentu. Síðan kemur Kanada samtals með 43%, verulega hærri en á Íslandi í dag. Svo kemur að vísu Kórea. Þar er hlutfallið 31,15. Það er þó hærra en hv. þm. leggja til og mun hærra en tvíeykið leggur til í sinni brtt. með 28%. Næst kemur Lúxemborg og þykir þó ganga alveg þokkalega í efnahags- og atvinnumálunum þar, Lúxemborg eitt ríkasta land í heiminum og með firnasterkan efnahag þótt smáríki sé, þar láta menn sig ekki muna um að ætla fyrirtækjunum að borga 39% og frekar rúmlega en hitt, mun hærri en á Íslandi í dag. Þá kemur Mexíkó með 34%, svo kemur Noregur, annað þriggja Norðurlanda sem er með hin frægu 28% en þar kemur á móti að ýmiss annar kostnaður fyrirtækja í norsku atvinnulífi er mjög hár. Það vita menn. Þeir hafa að vísu styttra sumarfrí en t.d. hin Norðurlöndin en á móti kemur ýmiss annar launatengdur kostnaður sem er hár í Noregi, miklar greiðslur í lífeyrissjóði o.s.frv.

Nýja-Sjáland með 33%, Portúgal með 39,6%, Pólland með 38%, mun hærra en á Íslandi í dag. Spánn 35%, Sviss 39,8%, tæp 40% og hafa Svisslendingar ekki þótt neinir hálfvitar í efnahagsmálum. Þá kemur þriðja Norðurlandið sem þarna er með lægri tölu, 28%, Tékkland með 39% og svo fyrirmyndarríkin sem hv. þm. vilja líkjast, Tyrkland og Ungverjaland. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var að mæra ástandið í Ungverjalandi í þessum efnum og hvað þetta væri gáfulegt hjá þeim að hafa þessa lágu prósentu og úthúða Ítölum. Svo kemur Þýskaland með mun hærri prósentu, 45% í hærri flokki og 30% í þeim lægri. Og er þó t.d. vitað og frægt að launatengdur kostnaður í þýsku atvinnulífi er gífurlega hár. Ætli hann nálgist ekki 20%. Einhvern tíma sá ég fyrir fáeinum árum töluna 18% yfir beinan launatengdan kostnað fyrirtækjanna. (**EOK:** Hann er núll í Danmörku.)

Þessar tölur, herra forseti, liggja fyrir. Samt heldur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson því fram að það sé rangt sem hér er sagt, að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi sé með því hagstæðasta sem þekkist. Það er ekki hægt að undirbyggja slíka fullyrðingu hjá hv. þm. Þetta er rétt. Skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi er með því hagstæðasta sem þekkist. Það liggur ekki bara fyrir í þessum tölulega samanburði. Það hefur líka legið fyrir t.d. þegar erlend fyrirtæki hafa verið að skoða skattkerfið hér. Þau hafa yfirleitt verið bærilega sátt við það að greiða í aðalatriðum skatta eftir íslenskum skattareglum. Þegar samið var um ég hygg stækkunina í Straumsvík frekar en eitthvert batterí uppi á Grundartanga, þá vildi hinn erlendi aðili fá val um að fara inn á íslenska skattkerfið frekar en greiða áfram samkvæmt þeim sérsamningum sem hann var með. Svo nálægt var íslenska skattkerfið því að vera hagstæðara fyrir fyrirtækin. (**Gripið fram í:** Hagstæð hverjum?) Hagstæðara heldur en þeir samningar sem þarna voru gerðir, og fyrirtækið kvartaði ekki undan því. Af einhverjum ástæðum samdi það og kom hingað með starfsemi sína. (**EOK:** Með sérlögum.) Kom hingað

með sína starfsemi. Þetta þekki ég einnig, herra forseti, af ýmsum öðrum dæmum. Ég kannast ekki við að erlendir aðilar sem á annað borð hafa verið að kíkja á möguleikana á að koma með atvinnustarfsemi hingað, að skattbyrðin hafi sérstaklega fælt þá frá. Og fráleitt að það hafi gerst núna hin síðustu ár eftir að búið er að lækka þetta svona mikið.

Herra forseti. Ég tel að sú fullyrðing hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sé hrunin, a.m.k. að þetta atriði í greinargerð með tillögu okkar sé rangt. Reyndar held ég að öll stóryrðin sem hv. þm. hafði um tillögu okkar og málflutning okkar falli meira og minna dauð og ómerk niður og hv. þm. ætti að varast að skjóta ekki sjálfan sig í lappirnar í málflutningi sínum eins og stundum vill henda hann.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um afnám aðstöðugjaldsins þá er deilan ekkert um það að aðstöðugjaldið var vondur skattstofn enda studdu allir að það væri lagt af. Það sem ýmsir sögðu og þar á meðal ég og hafði þess vegna fyrirvara á í því máli var það að mér þótti kannski mega á milli vera að flytja skattbyrði sem var auðvitað tekin af fyrirtækjunum. Þau voru greiðendurnir hvernig sem útgjöldin dreifast síðan og fara út í verðlag. Það er það sem hér er verið að vísa til. Fyrirtækin í landinu voru greiðendur að skattstofni sem að núgildi er sjálfsagt í nágrenni við 5 milljarða kr. og hann var færður yfir í beina launamannaskatta. Þetta eru staðreyndir. Ég sagði þá og ég segi það enn, fyrr má nú gagn gera. Að mínu mati hefði ekki verið óeðlilegt að skoða að þetta færðist a.m.k. að einhverjum hluta yfir í einhverja afkomutengda skatta hjá fyrirtækjunum sjálfum. Þar hefði t.d. mátt skoða umhverfiskostnað eða leita annarra leiða til þess að fyrirtækin greiddu t.d. eitthvað til sveitarfélaga sinna þar sem þau eru staðsett í formi einhvers konar afkomutengdra gjalda. Ég held því, herra forseti, að ég þurfi ekkert að draga til baka í sambandi við ummæli mín um aðstöðugjaldið, ekki neitt. Ég vísa því til föðurhúsanna að í því sem ég sagði um það mál hafi falist einhver málflutningur sem ég get ekki staðið við.

Varðandi það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði um arðgreiðslurnar gerist sá merkilegi hlutur, sem gerist reyndar af og til, að við hv. þm. erum þar sammála. Hv. þm. var með mjög sambærilegar efasemdir um þá aðferð sem hér er valin og ég kom fram með í ræðu minni og ég get bara vísað til þess og endurtekið það sem ég sagði um þær áhyggjur mínar að þessi aðferð þýði óhagstæðari útkomu fyrir smærri fyrirtæki og fyrir fyrirtæki sem eru tiltölulega ný af nálinni, hún sé ekki nýsköpunarvæn ef við getum komist svo að orði í sambandi við atvinnulífið en muni fyrst og fremst nýtast stærri fyrirtækjunum og samsteypunum sem fái þarna rýmri stöðu.

Að lokum, herra forseti, nokkur orð í viðbót um hið fræga hlutfall og hvar það eigi að liggja. Ég vísa aftur á nýjan leik í fylgiskjalið sem ég fór yfir áðan varðandi það hvar við stöndum í þessum efnum í samanburði við önnur lönd en það er ekki nema eitt af mörgu sem er eðlilegt að skoða í þessum efnum því að a.m.k. enn þá eru skattareglur að einhverju leyti mismunandi á milli landa þó að mikil viðleitni sé uppi í Evrópusambandinu að samræma þær á öllu því svæði. Ætli það mundi þá ekki fljótt verða sá söngur uppi hér að við yrðum að gera það einnig og alveg ljóst að með tilkomu efnahags- og myntbandalagsins, evrunnar, og nýja evrópska seðlabankans verður mikill þrýstingur á þau ríki sem þar eru með og þau sem eru aðilar að sambandinu, ríkin fjögur sem standa þó ekki að EMU en eru engu að síður aðilar að Evrópusambandinu, að samræma til fulls skattapólitík sína, ríkisfjármál og fleira. En enn er það svo að menn geta að einhverju leyti ráðið þessu sjálfir og þá þarf að hyggja að mörgu fleira en bara prósentunni einni. Það þarf líka að hyggja að því hvernig skattareglur fyrirtækjanna eru að öðru leyti, hversu rýmilegar reglur eru um afskriftir, hvaða aðrar frádráttarheimildir hafa fyrirtækin o.s.frv. Það verður því líka að skoða það í samhengi. Og hversu rýmilegir menn eru við fyrirtækin um að þau megi nota gömul töp, kaupa á milli sín töp þannig að fyrirtæki í góðum rekstri og með hagnaði geti keypt fyrirtæki í sömu grein sem hafa lent í erfiðleikum og sloppið við að borga skatta árum saman vegna þess að þau kaupa það tap o.s.frv.

Hvað varðar fælingaráhrif hárrar tekjuskattsprósentu, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði mikið að umtalsefni og lagði aðallega út af, fannst mér í raun og veru hv. þm. ganga ansi langt í því að fullyrða að fyrirtækin mundu gera allt annað en borga tekjuskatt, menn mundu jafnvel bara gera tóma vitleysu frekar en borga tekjuskatt. Er það þá mat hv. þm. á forustumönnum íslensku atvinnulífi að þeir muni kaupa um hver áramót ónýtan eða gagnslausan tölvubúnað í stórum stíl eða eitthvað sem þau hafa meira og minna enga þörf fyrir bara til þess að losna við að borga tekjuskatt? Mér finnst hv. þm. verða aðeins að hafa í huga að almennt eru stjórnendur íslenskra fyrirtækja skynsamir menn og taka skynsamlegar ákvarðanir. Ein af þeim skynsamlegu ákvörðunum hlýtur að vera sú að reka fyrirtækið með góðum hagnaði og sýna þann hagnað þannig að fyrirtækið sé bæði sýnilegt og efnislegt og í reynd að fyrirtækinu vegni vel. Höfum t.d. í huga öll þau fjölmörgu fyrirtæki sem eru nú komin á hlutabréfamarkað, ýmist á verðbréfaþing eða á tilboðsmarkað eða eru a.m.k. hlutafélög þar sem eignarhald er farið að dreifast í einhverjum mæli. Að sjálfsögðu skiptir það þá máli fyrir stjórnendur og eigendur þeirra fyrirtækja að þau séu gerð upp með hagnaði og að sá hagnaður sé sýnilegur. Hvað ætli verði um gengi hlutabréfa í fyrirtæki sem rekið er með því hugarfari sem hv. þm. var að gefa í skyn að rjúki til og eyði hverri einustu krónu um hver einustu áramót þess vegna næstum að segja í óþarfa og vitleysu frekar en að borga sanngjarnt hlutfall í tekjuskatt? Auðvitað er þetta ekki svona.

Það má frekar segja að í einkafyrirtækjum eða lokuðum fyrirtækjum þar sem menn eru ekki að horfa í gengi á bréfum og annað í þeim dúr, sé ekki sama aðhald að þessu leyti, ég viðurkenni það alveg, en þar ætti á hinn bóginn að vera meira aðhald hvað það varðar að sýna ráðdeild í rekstrinum og eyða ekki fé fyrirtækjanna í einhvern óþarfa. Vissulega er nærmt samband á milli þrýstings í fyrirtækjunum á fjárfestingar og svo aftur skattgreiðslur eða arðgreiðslur út úr fyrirtækjunum. Það er alveg vitað. En ég vísa til þess að þarna verða menn að finna sér einhver hófleg mörk og í þeim efnum eru sjálfsagt engin sérstök vísindi til en það er væntanlega ekki verra en hvað annað að líta til þess hvernig skattalegt umhverfi fyrirtækjanna í heild sinni er hér á landi og stendur í samanburði við önnur lönd og það er það sem við höfum gert í málflutningi okkar og tillaga okkar er grundvölluð á. Ég bakka ekki með eitt einasta orð sem ég hef sagt um þau efni né dreg neitt til baka af því sem stendur um það efni í greinargerðinni.

Að lokum, herra forseti, er þetta ekki eingöngu reikningsdæmi. Þetta er ekki bara fræðileg spurning að finna út hvar er best að vera nákvæmlega á kúrfunni og svo geta menn látið það eitt ráða. Er það ekki líka þannig, herra forseti, að við erum með ákveðna þörf fyrir tekjur til að

standa straum af sameiginlegum útgjöldum? Við erum að reyna að finna einhverja sæmilega réttláta niðurstöðu hvað það varðar að dreifa þeim byrðum, reyna að láta þá borga sem eru borgunarmenn fyrir hlutunum. Þess vegna er verið með ákveðnar reglur um tekjuskatta á einstaklinga. Menn eru með persónufrádrátt, tiltekin skatthlutföll, álag á hæstu tekjur og þar fram eftir götunum. Ég er ósköp einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé sanngjarnt að atvinnulífið leggi sitt af mörkum í þessum efnum og fyrirtækjum sem hefur verið búið hagstætt umhverfi og hagnast vel greiði talsvert hlutfall af þeim hagnaði til sameiginlegra þarfa og eigi svo afganginn til að byggja upp og styrkja stöðu sína enn frekar. Þannig á þetta að vera og um þetta held ég að menn séu ekkert ósammála þegar þeir komast niður á jörðina og hætta að ræða þetta í einhverjum upphlaupsstíl. Spurningin er þá bara um rök og gagnrök fyrir því að þetta eigi frekar að vera hérna en þarna. Það er það sem við erum að ræða og það er ekki eins og menn séu að takast á um að það sé himinn og haf á milli manna. Ég vek athygli á því að það sem við erum að leggja til er lækkun um 1%, í 32%, það sem þrír aðrir nefndarmenn leggja til, þ.e. þeir sem styðja frv. óbreytt, er 30% og svo er tillaga tvímenninganna, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og Péturs H. Blöndal, 28%. Þarna er svo sem ekkert himinn og haf á milli og einhverjum kann að þykja það undarlegt í ljósi þess hita sem hlaupið hefur í umræðuna að í reynd ber ekki meira en þetta á milli.

Ég verð að játa það, herra forseti, að mér finnst stundum að þegar hægri menn eru að ræða um skattamál og það snýr bæði að sköttum fyrirtækja og sköttum einstaklinga, komi þeir kannski ekki alveg hreint til dyranna þegar þeir eru að rökstyðja skattalækkanirnar eingöngu út frá því að það sé svo góð pólitík og muni skila sér í hærri og meiri sköttum síðar o.s.frv. En skyldi það ekki líka blunda á bak við hjá einstöku hægri manni að með því er líka verið að minnka tekjurnar sem eru til þess að standa undir samneyslunni í landinu og draga þar með saman samneysluna. Það er auðvitað hin hliðin á málinu. Ætli það sé ekki í hjarta sumra íhaldsmanna einmitt það jákvæða sem þessu fylgi og þar kemur að hinum pólitíska grundvallarágreiningi. Þar erum við algerlega ósammála, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég vil afla tekna í ríkissjóð til þess að hægt sé að standa undir góðu velferðarkerfi á Íslandi, til þess að hægt sé að búa vel að öldruðum, sjúkum o.s.frv. Þessa tekjuöflun vil ég reyna að byggja upp með þeim hætti að það sé sanngjarnt og menn borgi eftir því sem efnahagur þeirra leyfir. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vera þannig að miðað við skattbyrðina eins og hún er t.d. á launamönnum á Íslandi og almenningi sem borgar mjög háa tekjuskattsprósentu þrátt fyrir þá lækkun sem þar hefur orðið vegna þess hve skattfrelsismörkin eru lág og sem bera einhvern hæsta neysluskatt sem þekkist í heiminum og því getur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tæplega mótmælt þó hann reyni ýmislegt hér að virðisaukaskatturinn á Íslandi er sá annar eða þriðji hæsti í heiminum sem a.m.k. ég þekki og ég bið hv. þm. að hjálpa mér ef hann þekkir fleiri dæmi nema þá Danmörku og Svíþjóð þar sem þetta hlutfall er svipað eða hærra. Þegar við lítum til þess hvað þarna er í raun og veru tekið, fyrst beint og síðan óbeint, til samneyslunnar af öllum þeim fjármunum sem einstaklingarnir hafa á milli handanna, verður þá ekki svolítið holt undir umræðunni hér um að það sé sérstök nauðsyn nú í góðærinu og með verulega batnandi afkomu fyrirtækja að lækka sérstaklega prósentuna á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækjanna, á endanlegum hagnaði fyrirtækjanna, þegar þau hafa gert upp, nýtt alla frádráttarmöguleika sína, dregið frá gömul töp eins og þau áttu o.s.frv., á sama tíma og launamennirnir eru að borga þessa háu tekjuskatta af svo til hverri krónu sem þeir fá brúttó í laun og fara svo með afganginn út í búð og kaupa þar vörur og borga af þeim einhvern hæsta virðisaukaskatt í heimi?

[12:29]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að leggja fyrir hv. þm. eina spurningu og hún er eiginlega íslenskulegs eðlis en ekki hagfræðilegs. Hvað felst í orðunum „eitt lægsta hlutfall af hagnaði"? Hér stendur í greinargerð hv. þm.:

„Tekjuskattur fyrirtækja hefur á fáeinum undangengnum árum verið lækkaður verulega og er nú þegar eitt lægsta hlutfall af hagnaði sem þekkist innan OECD."

Nú er það svo að 5 lönd af 29 eru með tekjuskattshlutfall 28% eða lægra og getur maður sagt að Ísland hafi þegar eitt lægsta hlutfall þar sem það er 33%? Svo eru fjögur lönd til viðbótar sem eru með 30–33% tekjuskatt, þ.e. það eru 9 lönd í OECD af 29, þ.e. þriðjungur, sem eru með lægri eða sama tekjuskatt á fyrirtæki og Ísland og þá er það íslenskuspurningin til hv. þm.: Er rétt að segja að Ísland hafi nú þegar eitt lægsta hlutfall af hagnaði sem þekkist innan OECD? Eða er það kannski misskilningur hjá mér að 28% séu lægri en 33%? Það er kannski misskilningur. Kannski eru 33% lægri en 28%.

Varðandi það að afla tekna til ríkissjóðs, til velferðarkerfisins, er það bjargföst skoðun mín að lækkun tekjuskatts á hagnað fyrirtækja muni gefa ríkissjóði meiri tekjur í krónum talið. Það muni gagnast velferðarkerfinu betur en sú háa prósenta sem er í gildi í dag og að er stefnt, 30%. Ég er að sjálfsögðu fylgjandi því að fyrirtæki og einstaklingar hafi meira um eigin peninga að segja en ríkissjóður. Þá tala ég af reynslu. Ég tel að einstaklingar og fyrirtæki fari miklu betur með peninga sína en við hv. þingmenn.

[12:32]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessi þræta um prósentur og æfingar í málfræði ekki mjög áhugaverð. Ég tel að það sé alveg óumdeilanlegt og það hafi verið sýnt fram á það með fullnægjandi rökum að þetta skattalega umhverfi fyrirtækjanna á Íslandi er þegar mjög hagstætt (**PHB:** En þessi setning?) og það stendur alveg undir þeirri fullyrðingu sem er aftast í greinargerðinni að það sé með því hagstæðasta sem þekkist.

Varðandi setninguna um tekjuskatt fyrirtækja að hann sé þegar eitt lægsta hlutfall af hagnaði sem þekkist innan OECD er auðvitað túlkunaratriði hvort rétt sé að taka svona til orða. Þarna eru þrjú Norðurlandanna með lægri prósentur, sömu prósentuna, 28% og síðan eru tvö lönd með lægri prósentu, þ.e. Ungverjaland og Tyrkland, og þá erum við komin upp í fimm. Samt er það þannig að fimm af 29 hlýtur að teljast vera í hagstæðari endanum á þessari töflu, með því lægsta sem þarna þekkist. Síðan er eitt land fyrir neðan Ísland, það er Kórea og síðan er Ísland og eitt annað land með 33%. Öll hin eru hærri þannig að Ísland er þarna vel neðan við þorrann af þessum OECD-ríkjum. Það er þannig. Við getum síðan endalaust rætt um hvernig sé best að taka til orða í þessum efnum en ég tel að þarna sé ekkert sagt sem ekki stenst þegar þetta er skoðað.

[12:33]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð þeirri sem fylgdi brtt. þeirra þremenninganna eru tvær fullyrðingar. Önnur er sú að með breytingunni á sköttum fyrirtækja hafi orðið milljarðatilflutningar frá fyrirtækjum yfir til einstaklinga með aðstöðugjaldinu. Ég fullyrði að það liggur fyrir að þessi skattalagabreyting kom ekki sem ein einasta króna niður á íslenskum launþegum eða íslenskum almenningi. Það liggur fyrir nákvæm rannsókn á því þannig að ég fullyrði að það sé ósatt að hér hafi farið milljarðar yfir á almenning.

Hin fullyrðingin sem er að finna í greinargerðinni er sú að við séum með því hagstæðara sem til er í skattalegu umhverfi fyrirtækja. Fyrir tveimur mánuðum var lögð fyrir Alþingi mjög vönduð skýrsla um samkeppnishæfni Íslands þar sem öll þessi atriði voru dregin saman mjög nákvæmlega, betri skýrsla og fullkomnari en við höfðum séð áður. Þar kom fram að staða íslenskra fyrirtækja og samkeppnishæfni þeirra hefur batnað mikið á undanförnum árum frá því að vera mjög lök í það að vera í dag u.þ.b. í miðjunni á ríkjum OECD þegar allt er tiltekið. Þjónustugjöld hafa því miður verið að hækka á íslenskum fyrirtækjum á undanförnum árum. Eftirlitsiðnaðurinn hefur kostað mjög miklar álögur á íslensk fyrirtæki og því miður hafa launatengd gjöld á íslensk fyrirtæki líka verið hækkuð. En þegar allt er tekið saman í þessari vönduðu skýrslu var Ísland talið hafa batnað mikið á undanförnum árum en sé beint í miðjunni. Því er það ósatt sem stendur í skýrslunni að hér sé einhver skattaparadís.

[12:36]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega sama þrætan áfram hjá hv. þm. Hann lemur bara höfðinu við steininn. Það sem ég sagði um aðstöðugjaldið og er rétt er það að aðstöðugjaldið var greitt af fyrirtækjunum. Fyrirtækin voru greiðendur að þeim skatti og álagningarstofninn var á sínum tíma þegar þetta var flutt yfir þannig að það hefði skilað a.m.k. rúmlega 4 milljörðum kr. á verðlagi upp úr 1990 eða hvenær þetta nú var. Skattarnir voru fluttir yfir í tekjuskatt og útsvar og það hækkaði prósentuna hjá einstaklingunum um líklega eitthvað nálægt 3% ef ég man rétt. Það er því ósköp einfaldlega ekkert sagt annað í greinargerðinni hvað þetta snertir en það sem er rétt, það hvernig aðstöðugjaldið dreifðist síðan út í verðlag og það að halda því fram þegar upp er staðið að lokum, þá hafi þetta allt verið borgað af launamönnunum. Auðvitað má segja um allan kostnað fyrirtækja og alla skatta og alla hluti að þeir endi alltaf þar með sömu rökum. En er ekki hægt að hugsa sér að a.m.k. eitthvað af þessum kostnaði hafi komið fram í minni arði eigenda fyrirtækjanna og í öðrum hlutum? Dreifingin getur því verið með fleiri hætti en þeim einum að þetta hafi allt farið yfir á launamenn og beint út í verðlagið sem þeir hafi síðan goldið fyrir.

Að skattalegt umhverfi hér sé hagstætt í skilningnum skattar til ríkis og sveitarfélaga, þá stendur það. Skattgreiðslur íslenskra fyrirtækja til ríkis og sveitarfélaga, það sem við köllum skatta í venjulegum skilningi þess orðs eru mjög lágir. Það þýðir ekki að blanda einhverjum öðrum hlutum inn í það sem hefur vissulega áhrif á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs eins og framleiðni í íslenskum fyrirtækjum, það að hér er smár heimamarkaður eða eftirlitskostnaður eða annað því um líkt. Við erum að tala um skatt til ríkis og sveitarfélaga í þessu máli. Þetta er frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ég hélt að hv. þm. væri búinn að átta sig á því hvaða mál þetta væri þó hann væri eitthvað ruglaður á því í morgun.

[12:38]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að það hafi tekist á umliðnum árum að búa til þannig umhverfi fyrir fyrirtæki að þau hafi verið fær um að bæta lífskjör meira á þessum áratug en áður og bæta lífskjör betur en öll nágrannalönd okkar. Það er mjög þýðingarmikið að við höldum áfram á þeirri braut. Það er mjög þýðingarmikið að geta mætt kröfum um aukinn kaupmátt og betri afkomu þjóðfélagsins. Til þess þurfum við að sjá til þess að fyrirtæki á Íslandi hafi starfsumhverfi þannig að þau geti borgað laun, þannig að lækka nú tekjuskatt á íslensk fyrirtæki úr 28% niður í það sama og á Norðurlöndunum er það nauðsynlegasta sem við getum gert til þess að tryggja áframhaldandi vöxt á kaupmætti. Það er því alrangt sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að með því að lækka svo tekjuskattinn væru menn að svíkja launþega. Það er alveg öfugt. Það er verið að byggja það upp sem þarf að gera, það er verið að leggja grunninn að því að við getum haldið áfram því starfi sem svo farsællega hefur gengið fram.

[12:39]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin deila um að það er mikilvægt að íslensk fyrirtæki gangi vel og íslenskt atvinnulíf gangi vel og sé sterkt. Deilan er ekki um það. Það er algerlega út í loftið að vera með röksemdafærslu á þeim nótum að um það sé einhver deila. Deilan snýst um það hins vegar hvort ekki sé eðlilegt og sanngjarnt að þegar atvinnulífið gengur vel og þau fyrirtæki sem hafa góðan hagnað og skila honum þrátt fyrir fjárfestingarafskriftir og annað leggi af mörkum í sameiginlega sjóði. Það sem hv. þm. eru að reyna að segja mönnum er að til viðbótar við allt sem gert hefur verið á undanförnum árum og komið hefur fram í umræðunni sé ástæða til að lækka sérstaklega tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna. Þessu er ég ósammála.

Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki verið í hópi skattheimtumanna, t.d. hef ég verið andstæðingur þess að fara að skattleggja íslenskan sjávarútveg sérstaklega umfram aðrar atvinnugreinar í landinu. En ég hef allan tímann sagt í þeirri umræðu að fyrirtækin eigi hins vegar að borga skatta sína. Þau eiga að sjálfsögðu að borga myndarlega í sameiginlega sjóði af hagnaði sínum og það á jafnt að eiga við sjávarútvegsfyrirtæki sem önnur fyrirtæki. Það er til þess sem ég er m.a. að vísa, herra forseti, og það er óumdeilt að farið var í aðgerðir til þess að gera starfskilyrði fyrirtækjanna hagstæðari á sama tíma og launamenn þurftu að herða sultarólina, á sama tíma og launamenn í landinu tóku á sig kjaraskerðingu og var alltaf sagt að þeim yrði bætt það þegar kostur yrði og þá væntanlega einnig með því að fyrirtækin legðu sitt af mörkum til að standa undir samneyslunni í landinu.

[12:42]

**Guðlaugur Þór Þórðarson:**

Hæstv. forseti. Það hefur verið mjög athyglisvert að hlusta á þá umræðu sem hefur farið fram og þó sýnu athyglisverðast þótti mér að heyra í hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem talaði um að góðærið hafi ekki skapast vegna lækkunar skatta

á fyrirtækjum. Það er kannski sérstaklega athyglisvert fyrir mig sökum þess að ég var stuðningsmaður síðustu ríkisstjórnar sem samanstóð af Sjálfstfl. og Alþfl. eins og við þekkjum. Ef ég man rétt keyrðum við í kosningabaráttunni á þeim málflutningi sem ég trúði að ríkisstjórnin hefði farið út í ákveðnar aðgerðir til þess að skapa heilbrigðara rekstrarumhverfi og styrkja samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Þar var talað um minnkandi ríkisafskipti eins og að minnka sjóði og millifærslu á vegum hins opinbera og lækka skatta. Niðurstaðan er klárlega sú að íslensk fyrirtæki eru í mun betri samkeppnisstöðu en þau voru. Kannski er skýrasta dæmið um það eins og oft hefur komið fram í umræðunni að erlend fyrirtæki sem koma hingað inn þurfa ekki að semja sérstaklega um sérstök skattalög eins og áður gerðist. Það er stór breyting. Ef þetta var ekki grunnurinn að því að nú er góðæri í þjóðfélaginu þá erum við einstaklega heppin.

Einhvern veginn er það athyglisvert miðað við þau dæmi sem tekin voru í umræðunni að það virðist vera að þau lönd sem eru að reyna að vinna sig upp úr kreppu, eru að reyna að skapa góðæri, skapa sterkara rekstrarumhverfi, virðast fara þessa leið. Nýverið fengu þingmenn skýrslu sem heitir Framsæknustu fyrirtæki og frumkvöðlar Íslands og Evrópu. Hvað kemur þar fram? Þar kemur fram að fyrirtæki frá Íslandi á lista Europe's 500 eru hlutfallslega mörg. Það kemur líka fram að fjölgun starfa á Íslandi er með því mesta sem gerist í Evrópu. Það er bara í einu landi sem er meiri heildarfjölgun starfa í prósentum á tímabilinu 1991 – 1996 og hvaða land skyldi það vera? Það var títtnefnt Finnland sem er með 28% skatthlutfall. Þó að það sé ekki eina ástæðan þá hlýtur það a.m.k. að vera umhugsunarefni að hvort sem við lítum til Finnlands eða hvort menn líta til Svíþjóðar virðast þessi lönd fara þá leið til þess að styrkja samkeppnisstöðu sína, til þess að fjölga störfum, til þess að ýta styrkari stoðum undir velferðina títtnefndu, þau fara þá leið að lækka skatta á fyrirtæki. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. bæði Steingríms J. Sigfússonar og Sighvats Björgvinssonar þegar þeir tala um það og mikill hluti deilunnar hér snýst um það sem mér finnst ekki vera aðalatriðið, þ.e. hvort hér séu íslensk fyrirtæki með skattumhverfi sem sé það hagstæðasta sem gerist. Hvað væri að því og hvað er svo skelfilegt við það ef Ísland væri bara með hagstæðasta skattumhverfið?

Nú liggur alveg fyrir og ég held að það sé mjög hæpið að halda öðru fram, en það sé vegna þess að við séum búin að breyta úr óhagstæðu skattalegu umhverfi í tiltölulega hagstætt, það hafi skilað sér í góðæri, það hafi skilað sér í fjölgun starfa, það hafi skilað sér í betra atvinnuástandi, það hafi skilað sér í hærri tekjum. Við erum að koma styrkari stoðum undir velferðina í landinu. Hvað er að því að við værum fremstir á þessu sviði? Hvað er að því í þessari samkeppni sem íslenskt þjóðfélag er að erlend fyrirtæki mundu vilja líta hér inn og koma hingað vegna þess að við værum fremstir í skattalegu tilliti og vonandi í fleiru?

Ég vek athygli á því vegna þess að það er bara staðreynd að við erum í samkeppni við fyrirtækin og í þessri ágætu skýrslu sem Samtök iðnaðarins gáfu út eru sem betur fer sex íslensk fyrirtæki á Europe's 500 og a.m.k. tvö af þeim gætu hæglega verið hvar sem er annars staðar í heiminum. Það er ekkert sérstakt sem heldur í þau á Íslandi. Það er auðvitað það umhverfi sem við erum að fara út í og við Íslendingar höfum kannski ákveðin sóknarfæri sökum þess að við erum ekki jafnvirkir þátttakendur í samrunaþróun Evrópu og þær þjóðir sem eru í Evrópusambandinu að geta nýtt sóknarfæri eins og að vera með mjög hagstætt skattalegt umhverfi fyrir fyrirtæki Íslendinga. Ég held að það væri mjög vel ef hv. þm. mundu tileinka sér þann hugsanagang því að klárlega er orsakasamhengi á milli velferðarþjóðfélaga og þess hvernig þeir búa að fyrirtækjum sínum og einstaklingum í skattalegu tilliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:47]

## *Tollalög, 2. umr.*

Stjfrv., 619. mál (vörur á sviði upplýsingatækni o.fl.). — Þskj. 1050, nál. 1353, brtt. 1354 og 1501.

[13:30]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði sem viðauki við tollalög listi sem tilgreinir tilteknar vörur á sviði upplýsingatækni sem tollur falli niður af og óheimilt verði að leggja tolla á. Þá eru meðal annars lagðar til breytingar sem kveða á um solidariska ábyrgð flutningsmiðlana og farmflytjenda á greiðslu aðflutningsgjalda ásamt innflytjendum, breytingar sem snerta geymsluskyldu gagna og breytingar á ákvæðum um skipun tollvarða.

Einnig er lítil brtt. um breytingu á 18. gr. um að tollskrárnúmerið 8507.8010 í viðauka I breytist.

Þetta er tækniatriði, um er að ræða að fella niður tolla af svokölluðum umhverfisvænum rafhlöðum en það er rétt að taka það fram að rafhlöður eru ekki með tolli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 2. umr.*

Stjfrv., 620. mál. — Þskj. 1051, nál. 1330, brtt. 1431.

[13:32]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Nefndin ræddi sérstaklega þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að skipan kærumála. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ákvæði í núgildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda og lögum um opinber innkaup skuli standa óbreytt að sinni, en nauðsynlegt er að skoða þau mál nánar. Hins vegar telur nefndin brýnt að ná fram ýmsum öðrum breytingum á lögunum þannig að þau samræmist betur skuldbindingum þeim sem Ísland tók á sig á sviði opinberra innkaupa með EES-samningnum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem koma fram í nál.

Einnig er brtt. frá Vilhjálmi Egilssyni sem er um seinkun á gildistöku þessara laga að í stað orðanna „gildi 1. júní 1998" komi: þegar gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Yfirskattanefnd, 2. umr.*

Stjfrv., 641. mál. — Þskj. 1104, nál. 1329.

[13:34]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir heimild til ríkisskattstjóra til að gera skattaðila skatt að nýju á grundvelli 3. mgr. 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt komi fram ný gögn eða upplýsingar sem ekki lágu fyrir við hina kærðu skattákvörðun. Með þessu er stefnt að því að ýmis smærri mál geti hlotið fljótvirkari afgreiðslu en ella. Í 24. gr. stjórnsýslulaga er að finna almenna heimild fyrir stjórnvöld til að taka mál til meðferðar á ný. Endurupptaka er þó ekki heimil hafi mál verið kært til æðra stjórnvalds. Með hliðsjón af þessu er sú sérregla sem lögð er til í ákvæði 5. gr. talin nauðsynleg. Þá telur nefndin rétt að fram komi sá skilningur hennar að ákvæði frumvarpsins gildi um öll mál sem þegar eru til meðferðar hjá yfirskattanefnd og hafa ekki hlotið afgreiðslu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Við 4. gr. Orðið „verulegan" í 2. efnismálsgrein falli brott.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.*

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 951, nál. 1313, brtt. 1314.

[13:37]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, til að annast þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitð hafa nú með höndum og skal hin nýja stofnun hafi áþekkar starfsheimildir og úrræði og núverandi eftirlitsstofnanir. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir viðskiptaráðherra og með yfirstjórn stofnunarinnar fari þriggja manna stjórn en með daglega stjórn fari forstjóri. Fjármálaeftirlitið skal hafa náin samskipti við Seðlabanka Íslands og önnur eftirlitsstjórnvöld en öllum eftirlitsskyldum aðilum er ætlað að greiða kostnað við eftirlitið. Þá er gert ráð fyrir sérstakri kærunefnd í frumvarpinu sem skjóta má ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til.

Nefndin ræddi sérstaklega að ákvæðum frumvarpsins um samskipti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands væri ætlað að tryggja að ekki komi til tvíverknaðar við eftirlit og upplýsingaöflun, t.d. með stofnun sérstakrar eftirlitsdeildar í Seðlabankanum. Nefndin telur það vera skyldu beggja stofnana að búa svo um hnútana að þetta verði tryggt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 10. tölul. 1. mgr. 2. gr. að eftirlit samkvæmt lögunum taki til aðila sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum í stað þess að telja þar upp fjárfestingarfélög. Er hér fyrst og fremst átt við innlánsdeildir samvinnufélaga og póstgíró. Fjárfestingarfélög samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, eru ekki starfandi og því óþarft að tilgreina þau sérstaklega, enda mundu þau falla undir 2. mgr. greinarinnar ef til þeirra væri stofnað. Með breytingunni mun hin nýja stofnun því hafa eftirlit með allri innlánsstarfsemi sem heimiluð er samkvæmt lögum.

2. Lögð er til sú breyting á 3. gr. að fellt verði brott það ákvæði greinarinnar sem kveður á um að viðskiptaráðherra muni ekki hafa afskipti af einstökum málum sem eru til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Sérstök stjórn verður yfir Fjármálaeftirlitinu, sbr. 4. gr., og ekki verður um að ræða beint kærusamband á milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. um kærunefnd. Ekki er því ástæða til þess að geta þess sérstaklega að ráðherra hafi ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar kunna að verða hjá Fjármálaeftirlitinu.

3. Lögð er til breyting á 5. gr. sem tekur til forstjóra og starfsmanna hinnar nýju stofnunar, Fjármálaeftirlitsins. Fellt er niður ákvæði 2. mgr. sem segir að forstjóra stofnunarinnar sé heimilt að ákveða að starfsmenn njóti kjara samkvæmt samningum bankamanna. Þess í stað er bætt við ákvæði í 2. mgr. 20. gr. þar sem segir að starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laga þessara skuli eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu, og kveðið á um að starfsmenn skuli að auki halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.

4. Lögð er til breyting á 6. mgr. 6. gr. þar sem segir að ráðherra setji reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Skal þar meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.

5. Lögð er til breyting á 7. gr. þar sem fjallað er um sérstaka ráðgjafarnefnd. Til þess að leggja áherslu á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins er lagt til að heiti nefndarinnar verði samráðsnefnd en ekki ráðgjafarnefnd. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin veiti Fjármálaeftirlitinu ráðgjöf í starfi stofnunarinnar heldur skal hún vera vettvangur þar sem hinir eftirlitsskyldu aðilar geta komið á framfæri ábendingum sínum um þau mál sem lúta að samskiptum þeirra og eftirlitsaðilans.

6. Lögð er til sú breyting á 15. gr. að í stað þess að Fjármálaeftirlitið skuli ársfjórðungslega gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína skuli slíkt gert á hálfs árs fresti sem að mati nefndarinnar ætti að vera nægilegt.

7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 16. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að nánar verði skilgreind aðkoma samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, í öðru lagi að taka skuli af allan vafa um það að allir sem lúta

eftirliti, hvort sem þeir eru taldir upp í 2. gr. eða ekki, skuli greiða fyrir eftirlitið og í þriðja lagi að skýra betur að aðeins skuli greiða sérstaklega fyrir óreglubundnar og sértækar kannanir eða eftirlit með þeim eftirlitsskyldu aðilum sem jafnframt greiða eftirlitsgjald samkvæmt öðrum ákvæðum greinarinnar.

[13:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. í þessu máli með fyrirvara og ég vil gera stuttlega grein fyrir honum. Reyndar skrifa einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Ágúst Einarsson undir með fyrirvara en það er ekki endilega víst að fyrirvari okkar sé að öllu leyti vegna sömu atriða frv. og ég tek það fram að ég tala ekki fyrir þeirra hönd.

Það sem ég hef staldrað sérstaklega við í þessu sambandi, herra forseti, og hefði talið ástæðu til að hugleiða kannski nánar, skoða betur ef tóm hefði gefist til þess án þess að ég sé með því að lýsa mig andvígan því að þetta mál fái afgreiðslu á þessu vori, er að hér er um að ræða mjög stórt og mikilvægt mál og kannski eitt af mikilvægari málum á sviði efnahags- og viðskiptamála á þessu þingi. Það er ný heildarlöggjöf um allt opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eins og það heitir hér sem þýðir í reynd að verið er að sameina undir einum hatti og í eina stofnun allt eftirlit sem hefur áður fallið undir Vátryggingaeftirlit og bankaeftirlit.

Það er að mörgu leyti álitleg hugmynd, herra forseti, og álitlegt fyrirkomulag enda víða gert að sameina þessa starfsemi en auðvitað er það ekki svo að ekki vakni ýmsar spurningar við slíka breytingu. Það er kannski ekki að öllu leyti alveg eins einfalt og í fljótu bragði mætti ætla að sameina þessa hluti. Þá er líka spurningin hvað gerist t.d. hjá þeim aðilum sem fara með önnur hlutverk á þessu sviði og þá er ég alveg sérstaklega að hugsa um Seðlabankann og bankaviðskiptin og þá stöðu sem hann hefur í því sambandi.

Herra forseti. Fyrra atriðið sem ég vil lýsa ákveðnum fyrirvörum við er stjórnskipuleg staða þessa Fjármálaeftirlits sem þarna verður til. Hér er sem sagt sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið, ríkisstofnun sem lúta skal sérstakri stjórn. Í frv. er valið, og kemur svo sem ekki á óvart, að stofnunin skuli heyra undir viðskrh. Bankaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert það og tryggingaeftirlitið að ég hygg einnig, a.m.k. um hríð.

Það er ekki þar með sagt að þegar þessi nýskipan mála er tekin upp og þetta er sameinað að það sé sjálfgefið að vista stofnunina eða starfsemina undir viðskrn. Fyrir það fyrsta er alveg ljóst að þessi stofnun þarf að vera mjög sjálfstæð og það hefði að mínu mati alveg getað komið til greina að hún hefði meira stöðu óháðrar eftirlits- eða stjórnsýslustofnunar í þeim skilningi að hún starfaði í skjóli t.d. Alþingis eða hugsanlega í skjóli forsrh. eða fjmrh. ekkert síður en að heyra undir hæstv. viðskrh.

Gallinn við það fyrirkomulag er sá að mínu mati að óheyrilega margir þræðir sameinast í þessu eina ráðuneyti sem iðn.- og viðskrn. er. Viðskrh. er ekki bara hver sem er í þessu sambandi þegar kemur að því að hafa eftirlit með fjármálastarfsemi. Viðskrh. er auðvitað yfirmaður banka- og viðskiptamála, fer með framkvæmd löggjafar á því sviði en viðskrh. er líka eins og háttar til á Íslandi eigandi tveggja stærstu banka í landinu eða stærsta bankans og annars banka til. Nú man ég ekki alveg hvernig hlutföllin eru milli Búnaðarbanka og Íslandsbanka en það skiptir ekki öllu máli.

Það er sem sagt ljóst, herra forseti, að hér er verið að velja að láta hina óháðu eftirlitsstofnun, sem á að hafa eftirlit með fjármálastarfseminni og þar með talið og ekki síst bankastarfsemi og verðbréfaviðskiptum og öðru slíku, heyra undir sama ráðherra, fagráðherra og annast framkvæmd löggjafar á þessu sviði og sem jafnframt er eigandi eða handhafi fyrir hönd ríkisvaldsins að tveimur af þremur stærstu bönkum í landinu. (**PHB:** Þá er bara að selja þá.) Þá kemur sú brilljant hugmynd úr salnum að þá sé bara að selja þá. Það skiptir kannski ekki máli hvað fengist fyrir þá, eins og fyrrv. fjmrh. sagði á dögunum að það væri svo göfugt markmið að selja bankana, að þó að þeir yrðu jafnvel að fara á hálfvirði mundi samt borga sig að drífa þá bara út. (Gripið fram í.) En þeir eru þarna í dag, hv. þm., í eigu ríkisins og ég held að menn eigi að velta því fyrir sér og taka það sem alvörumál að það er ekki endilega sjálfgefið að vel fari á því að einn og sami maðurinn, einn og sami hæstv. ráðherrann fari með alla þessa hluti. Það er bara alls ekki víst að það sé mjög heppilegt fyrirkomulag. Ég sé ekki, herra forseti, að það sé nein þörf á því af því að margir aðrir möguleikar koma vel til greina og jafnvel að mínu mati betri og álitlegri en þeir að láta viðskrh. fara með þetta vald.

Auðvitað kæmi til greina að velja þá leið að láta eignarhaldið á bönkunum, vista það annars staðar og það hefur oft verið rætt t.d. að e.t.v. væri heppilegra að samræma meðferð ríkisins á eignum t.d. með því að stofna eignarhaldsstofnun eða fyrirtæki undir fjmrn. sem þess vegna væri hægt að kjósa sérstaka þingkjörna stjórn yfir. (**PHB:** Eins og Þjóðverjar.) Akkúrat, eins og Þjóðverjar gerðu t.d. þegar þeir voru að breyta fyrirtækjunum í Austur-Þýskalandi sáluga og stofnuðu eignarhaldsfélag, Treuhand, og seldu svo út úr því félagi eða ráku eftir atvikum og stjórnuðu undir einni samræmdri stjórn. Lögðu reyndar því fyrirtæki til peninga til að geta gefið þeim fyrirtækjum myndarlegan heimanmund. Slíku er ekki til að dreifa hér. Við þurfum ekki á því að halda sem betur fer. En eftir stendur að það mætti t.d. draga úr hættunni á, ég veit ekki hvort ég á að kalla það hagsmunaárekstrum en við skulum segja hættu á því að viðskrh. komist í óþægilega aðstöðu með því að vera yfirmaður þessara mála, yfirmaður eftirlitsstofnunarinnar og „eigandi" að bönkunum. Það væri þá a.m.k. að einu leytinu til dregið úr slíkri hættu ef eignarhaldsstofnun undir fjmrn. eða Alþingi eða einhvers annars færi með eignarhald ríkisins á þessum hlutum.

Satt best að segja, herra forseti, finnst mér furðulítil umræða hafa fengist í gang um það sem hefur verið að gerast í gegnum breytingu á allmörgum ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Það sem gerist er fyrst og fremst að í rauninni verður mikil valdasamþjöppun. Það er lagður af sá háttur að kjósa þingkjörnar stjórnir eða skipa stjórnir samkvæmt tilnefningum af einhverjum toga og yfirleitt er alltaf niðurstaðan sú sama að einn einstakur ráðherra fær allt vald í þessum efnum og skipar einn fríhendis allar stjórnir, eins og viðskrh. gerir í dag. Viðskrh. fer ekki bara með eignarhaldið á bönkunum heldur var valin sú leið að hann skipar bankaráðið einn, á eigin hendi og fríhendis. (Gripið fram í.) Að vísu ber svo síðan sá hæstv. viðskrh. enga ábyrgð á skandölum sem upp kunna að koma í þessum fyrirtækjum eins og dæmin sanna, a.m.k. ekki að eigin mati, er algerlega laus við alla ábyrgð og allir aðrir bera ábyrgð en hæstv. viðskrh. en svona er nú fyrirkomulagið í dag.

Ég held, herra forseti, að það sé engin lausn, eins og menn eru að kalla hér fram í, að selja þá. Ef farið yrði út

í það á næstunni að selja hluti í bönkunum held ég að það sé mál sem þyrfti að vanda til, nema menn vilji gefa þetta eins og hefur dálítið loðað við að menn vilji, einkavinavæða bankana. Það er að sjálfsögðu auðvelt mál. Það er enginn vandi að halda útsölu á bönkunum og láta þá fara fyrir slikk ef tilgangurinn helgar algerlega meðalið. En ef ætlunin er sú að reyna að gera hvort tveggja í senn að fá fullt verð fyrir verðmæti ríkisins í þessu fyrirtæki eða fyrirtækjum og gera breytingarnar þannig að þær valdi ekki röskun og upplausn í íslenskum fjármálaheimi, þá verður að vanda til þessara verka. Og ég sé ekki að það verði auðvelt að gera þetta á þann veg að það gerist mjög snöggt eða þannig að stór eignarhlutur sé settur í sölu á hverjum tíma. Það væri mjög vitlaust, svo ég tali ekki um þegar hugmyndir eru uppi um að fara út í heilmikla einkavæðingu og jafnvel eignarsölu á öðrum sviðum samtímis. Þá er staðan ósköp einfaldlega sú að það eru ekki margir aðilar í landinu sem hafa til þess fjármagn að kaupa stóra eignarhluti í ríkisbönkunum, Landsvirkjun, Landssímanum eða hvað það nú er á svipuðum tíma. Og er það tóm vitleysa. En þetta væri vissulega möguleiki og það er ekkert óeðlilegt að hann sé ræddur í tengslum við að draga úr hættunni á því að viðskrh. lendi þarna í árekstrum og óþægilegri stöðu vegna allra þeirra þráða sem safnast saman í höndum hans í þeim málum með því að færa eignarhald bankanna annað.

En að því slepptu, herra forseti, held ég að besti kosturinn væri sá að Fjármálaeftirlitið væri vistað annars staðar en undir viðskrh. Ég hallast að því að eðlilegast hefði verið að Fjármálaeftirlitið starfaði í skjóli Alþingis með þeim sömu rökum og færð voru fram fyrir því á sínum tíma að Ríkisendurskoðun var flutt frá því að starfa í skjóli framkvæmdarvaldsins og gerð að óháðri stofnun sem starfar í skjóli Alþingis. Ég vil ekki taka þannig til orða að Alþingi sé yfir Ríkisendurskoðun eða Ríkisendurskoðun heyri undir Alþingi með sambærilegum hætti og mál heyra undir ráðherra á þeirra sviði. Staða Ríkisendurskoðunar er önnur eins og hún er í tengslum við Alþingi og mér finnst nær að tala um að þær stofnanir eins og umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun starfi í skjóli Alþingis. Af þeirri einföldu ástæðu að það er hepplegasti og eðlilegasti aðilinn til að veita þeim það skjól.

Mörg sömu rök ættu við um Fjármálaeftirlitið, sérstaklega vegna þess hvernig aðstæður eru á hinum litla íslenska peningamarkaði og fjármálamarkaði. Það er í raun og veru enn óþægilegri tilfinning að sjá hversu miklu hefur verið safnað saman undir iðn.- og viðskrh. þegar maður hefur í huga hversu lítið íslenskt efnahagslíf er og má segja íslenskt samfélag og hversu stórir aðilar hver á sínu sviði þar eru á ferðinni. Ég minni á að það er ekki bara þannig að viðskrh. fari með eignarhaldið á bönkunum heldur fer hann með stóran eignarhlut eða algeran eignarhlut íslenska ríkisins í nokkrum stórum iðnfyrirtækjum þannig að hættan á árekstrum eða að upp komi óeðlilegar aðstæður að þessu leyti í ráðuneytinu er fyrir hendi. Það er alveg borin von að neita því.

Bara það að viðskrh. skipar þriggja manna stjórn yfir Fjármálaeftirlitið og þar af aðeins einn samkvæmt tilnefningu frá Seðlabanka Íslands og að ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður meira og minna starfsreglur stjórnarinnar getur sett hæstv. ráðherra í óþægilega stöðu. Og það má alveg velta því fyrir sér hvort sá hinn sami ráðherra sem fer með málefni bankanna og fer með eignarhlut ríkisins í bönkunum sé að öllu leyti hæfur til að skipa jafnframt stjórnarmennina í eftirlitsstofnunina. Er hann þá ekki í raun og veru farinn að ráða því hverjir hafa eftirlit með honum sjálfum og stofnunum sem heyra beint undir hann og mönnum sem sami hæstv. ráðherra hefur skipað til trúnaðarstarfa á öðrum vettvangi í geiranum?

Þetta er annað aðalatriðið, herra forseti, sem ég hef fyrirvara á um varðandi frv. Mér finnst ekki hafa farið fram nægjanlega mikil skoðun á stjórnsýslulegri eða stjórnskipulegri stöðu þessa eftirlitsfyrirtækis á fjármálasviðinu.

Hið síðara, herra forseti, varðar samskipti hins nýja Fjármálaeftirlits við Seðlabanka Íslands þegar til kemur eða ef, á maður kannski að segja því að auðvitað er það Alþingi sem ræður því að lokum hvort þetta verður að lögum. Það er alveg ljóst og við því gat maður búist að Seðlabankinn væri ekkert hrifinn af því að bankaeftirlitið yrði tekið frá honum. Það mætti kannski orða það þannig að sú skrautfjöður væri dregin úr hatti Seðlabankans. Maður var þar af leiðandi alveg við því búinn að lesa það með gagnrýnu hugarfari hvernig afstaða fulltrúa Seðlabankans bæði í nefnd hæstv. ráðherra og eins í umsögn um frv. til þingnefndar birtist þar. Sú staða sem þarna er hvað Seðlabankann varðar breytir hins vegar ekki því að að fara ber yfir þau álit og þau rök sem þar eru færð fram. Ég tel að Seðlabankinn hafi fært talsvert sterk rök fyrir því að menn þurfi að ganga mjög vandlega frá hlutunum hvað varðar annars vegar samskipti Seðlabankans við hið nýja Fjármálaeftirlit og hins vegar að átta sig á því að hver miklu leyti Seðlabankinn verður eftir sem áður að hafa tiltekna starfsemi á sínum snærum sem lýtur að því að afla upplýsinga og gera bankanum kleift að rækja skyldur sínar sem sá ábyrgðaraðili á bankastarfsemi í landinu sem Seðlabankinn er og á að vera og verða áfram samkvæmt þeim lögum sem ætlunin er að gildi um Seðlabankann.

Hættan er sem sagt sú, herra forseti, svo maður reyni að tala mannamál og það skiljist, að Seðlabankinn byggi upp á nýjan leik í staðinn fyrir bankaeftirlitið sem sameinað verður Vátryggingaeftirlitinu, annað batterí sem fljótlega fari að slaga upp í það sem fyrir var. Hvað er þá að gerast, herra forseti? Þá er ósköp einfaldlega verið að búa til tvíverknað með því að sameina fyrst Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlitið. Þar mun sjálfsagt vaxa upp hin myndarlegasta stofnun þegar fram líða stundir. Ég hef ekki nokkrar einustu áhyggjur af öðru en þetta verði myndarleg stofnun og a.m.k. rúmlega það sem þarna verður lagt saman og við því er svo sem ekkert að segja. Það er eðlilegt að á þessari starfsemi sé þó nokkurt umfang og jafnvel vaxandi með vaxandi umfangi og veltu í viðskiptalífinu. En þá kemur að þessu, herra forseti, að Seðlabanki Íslands telur sig eftir sem áður þurfa á ákveðinni sérþekkingu og ákveðnum möguleikum að halda til þess að afla upplýsinga á sjálfstæðan hátt og fylgjast með hlutum þrátt fyrir að allt gangi upp í samskiptum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og þeir reglulegu fundir og sú reglulega upplýsingagjöf sem kveðið er á um, t.d. í 14. gr. frv. gangi að öllu leyti eftir, þá breytir það ekki hinu að Seðlabankanum sé ekki unnt að rækja sitt hlutverk að öllu leyti nema hann geti haft ákveðið eftirlit á eigin vegum.

Þetta var það sem lá til grundvallar afstöðu fulltrúa Seðlabankans í nefnd ráðherra að vera ekki samþykkur sameiningunni væntanlega vegna þess að fulltrúi bankans taldi ekki nægilega vel fyrir því séð og frá því gengið hvernig þessari upplýsingasöfnun Seðlabankans ætti þá að verða fyrir komið. Sömu tóna hafa menn að sjálfsögðu heyrt t.d. í

ræðu formanns stjórnar Seðlabankans á aðalfundi bankans í vetur og í umsögnum Seðlabankans má lesa þessa hluti, að vísu kannski að nokkru leyti á milli línanna, sem og teljum við nefndarmenn í efh.- og viðskn. okkur vita vel um hug bankastjórnarinnar í þessum efnum þó svo menn hafi þar ekki lagst beint gegn frv. og á því hafi reyndar verið gerðar nokkrar breytingar í átt til þeirra sjónarmiða sem Seðlabankinn hafði lýst áður í nefndarstarfinu miðað við þau drög sem þá voru til umfjöllunar.

Ég vil, herra forseti, í þessu sambandi leyfa mér að vitna til athugasemdar fulltrúa Seðlabankans, sem er á bls. 21 í frv. en þar segir m.a. eftirfarandi, og það er fulltrúi Seðlabankans í nefnd um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum sem talar:

„Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, segir í 3. gr. f-lið um hlutverk bankans: „að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa og peningaviðskiptum"."

Síðan segir: „Ljóst er, að Seðlabanki Íslands getur ekki uppfyllt ofangreind ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, ef núverandi bankaeftirlit er frá honum tekið, nema með því að koma upp á eigin vegum öðru eftirliti með verðbréfa- og peningaviðskiptum.

Ef ákveðið yrði að fella brott úr lögum um Seðlabanka Íslands ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, má jafnframt ljóst vera, að honum yrði gert erfitt að vera „banki innlánsstofnana og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum".

Með öðrum orðum er Seðlabankinn settur í þá erfiðu stöðu að hann á í einu orðinu að rækja það hlutverk að vera banki innlánsstofnana og hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum án þess að hafa eftirlitið með höndum. Ef hlutverkið er fellt á brott er í raun og veru búið að lama Seðlabankann og hann hefur ekki lengur þá stöðu í bankakerfinu né það lögbundna hlutverk sem hann þarf til þess að hlutirnir gangi eðlilega fyrir sig. Þarna eru menn því í nokkrum vanda, satt best að segja, herra forseti. Síðan segir reyndar fulltrúi Seðlabankans og þótt það sé kannski ekki aðalatriðið í þessu er auðvitað skylt að skoða það líka:

„Einnig vil ég leggja áherslu á, að ég dreg í efa, að um nokkurn sparnað verði að ræða með sameiningu bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits. Hin sameinaða stofnun hlýtur að starfa í tveimur mjög sjálfstæðum deildum, því eftirlitsverkefnin eru að flestu leyti ólík, eins og fram kemur í skýrslunni. Bankaeftirlitið nýtur hins vegar verulegs hagræðis af ýmiss konar annarri starfsemi Seðlabanka Íslands. Auk þess hlýst af því viðbótarkostnaður, að Seðlabankanum mun verða nauðsynlegt að koma á fót einhvers konar beinu eftirliti með verðbréfa- og peningastofnunum, eins og fyrr segir."

Því er svo í viðbót haldið fram, herra forseti, af aðila sem ástæða er til að taka mark á og þekkir til hlutanna að það sé mikið álitamál að af þessu verði nokkur sparnaður eða í þessu felist í raun og veru nokkur hagræðing, annars vegar vegna þess að bankaeftirlitið hafi verið starfrækt með mjög hagkvæmum hætti í skjóli Seðlabankans og hins vegar vegna þess að Seðlabankinn neyðist til þess að koma á fót starfsemi og leggja eftir sem áður út í talsverðan kostnað til að geta rækt sitt hlutverk. Gangi þetta eftir, herra forseti, og þó ekki sé nema að einhverju leyti, þá eru menn í raun og veru ekki að ná þeim árangri í þessu máli sem að var stefnt. Ég hef aðeins staldrað við þetta og spyr hvort menn séu búnir að hnýta hnútana nógu vel í sambandi við þennan þátt málsins. Er t.d. 14. gr. frv. um samskipti Fjármálaeftirlitsins við Seðlabankann nægilega vel úr garði gerð?

Það mun hafa verið einhver málamiðlun í þessu sambandi að Seðlabankinn tilnefnir einn af þremur mönnum í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Það má líka spyrja hvort það sé heppilegt. Var það heppileg lausn í því máli að búa til tengingu á nýjan leik milli Seðlabankans og bankaeftirlitsins eða þess hluta Fjármálaeftirlitsins í gegnum fulltrúa í stjórn? Gætu þá ekki aðilar á tryggingasviðinu gert sömu kröfur og þá væri Fjármálaeftirlitið allt í einu orðið undir áhrifum af aðilum úr greininni sem það á að hafa eftirlit með. Að mörgu leyti er það ekki í þeim anda að gera stöðu eftirlitsins sterka, sjálfstæða og óháða. Í því sambandi vísa ég einnig til þess sem ég sagði áðan um vistunina og hvort ekki hefði verið heppilegra að láta eftirlitið starfa í skjóli Alþingis.

Að öðru leyti, herra forseti, geri ég ekki efnislegar athugasemdir við þetta frv. Ég held að það sé að öðru leyti ágætlega unnið og eigi að geta dugað sem fullnægjandi lagarammi utan um þessa eftirlitsstarfsemi. Það er ekkert ýkjanákvæmt, enda gert ráð fyrir því að það setji sér síðan reglur og til verði og mótist að svo miklu leyti sem ekki eru þar þegar starfsreglur og ráðherra setji reglugerð sem starfað verði eftir. Ég tel í sjálfu sér enga ástæðu til að lagaramminn sem slíkur sé nákvæmari en hér er. Það væru þá, ef eitthvað væri ákvæðin um gjaldtökuna og eftirlitið sem þó eru allítarleg, en það er eins og kunnugt er ekki góð latína að framselja mikið vald í þeim efnum og þarf að ganga nokkuð vandlega frá því.

Ég vil segja, herra forseti, að lokum að ég held að þær brtt. sem efh.- og viðskn. flytur séu til bóta og sérstaklega held ég að nauðsynlegt hafi verið að laga ákvæði 7. gr. um ráðgjafarnefndina. Efh.- og viðskn. valdi þá leið að endursemja þá grein og flytur um það brtt. ásamt með nýrri fyrirsögn á greinina og að þetta verði kallað samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í staðinn fyrir ráðgjafarnefnd. Sömuleiðis brtt. við 3. gr. frv. þar sem tekið var fram í frv. að ráðherra ætti ekki að hafa afskipti af einstökum málum. Það var óheppilegt orðalag og í raun og veru ankannalegt að taka svo til orða þegar ljóst er að hugsunin er sú að Fjármálaeftirlitið starfi á mjög sjálfstæðan hátt, þó að það heyri undir ráðherrann, þá ætti ekki að vera ástæða til að taka það fram með pósitífum hætti af þessu tagi að ráðherrann ætti ekki að kássast í einstökum málum sem til meðferðar eru hjá stofnuninni. Það er nánast niðurlæging við ráðherra að hafa slíkt ákvæði þarna inni. Að sjálfsögðu er hugsunin ekki sú með brtt. að þetta eigi að vera ráðherra heimilt heldur þvert á móti. Við viljum með þessu undirstrika að það er í rauninni svo fjarstæðukennt að ætla að ráðherra sé að kássast í einstökum málum að ekki er ástæða til að hafa það bannað sérstaklega í lögum.

Herra forseti. Þetta eru mínir fyrirvarar og ég mun því eftir atvikum sitja hjá við þær efnisgreinar í þessu frv. Fyrst og fremst eru þær tvær sem tengjast þeim. Það eru ákvæði í II. kafla um stjórnsýsluna og ákvæði í IV. kafla um samskipti Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 2. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 952, nál. 1315, brtt. 1316.

[14:11]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál. Þetta frumvarp er í eðli sínu bandormur. Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á hugtakanotkun í samræmi við þá nýju skipan að stofnað verði sérstakt Fjármálaeftirlit í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Hins vegar er lagt til að ákvæði um neytendamáladeild í lögum um vátryggingastarfsemi verði fellt úr gildi þar sem ekki er talið eðlilegt að við Fjármálaeftirlitið starfi neytendamáladeild sem aðeins fjalli um vátryggingamál. Í stað þess verður unnt að kveða á um starfsemi slíkrar deildar í reglugerð um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali, þ.e. 1316.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott en þar er gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Þau lög verða úr gildi fallin 1. janúar 1999 þegar Fjármálaeftirlitið tekur til starfa og breytingin því óþörf.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 17. gr. vegna nýsamþykktra breytinga á umferðarlögum og lagðar til breytingar á nýsamþykktum lögum um Kvótaþing, nr. 11/1998, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, í samræmi við aðrar breytingar á hugtakanotkun. Þá eru lagðar til breytingar á 6., 8., 14. og 21. gr. til leiðréttingar.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn efh.- og viðskn., Steingrímur J. Sigfússon þó með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Seðlabanki Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 987, nál. 1317, brtt. 1318 og 1419.

[14:14]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og frumvarpi til laga um breytingu á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit, 560. og 561. máli. Samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi verður 1. janúar 1999 komið á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, sem mun annast þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum. Því eru hér felld brott ákvæði úr lögum um Seðlabanka Íslands sem lúta að starfsemi bankaeftirlitsins. Þá eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar breytingar sem miða að því að færa lögin betur í takt við aðstæður á fjármagnsmarkaði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við 7. gr. bætist nýr málsliður sem kveður á um að þess skuli gætt sem frekast er kostur að samnýta upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjámálastarfsemi, sbr. 38. gr. laganna. Með þessu er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir tvíverknað hjá Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum í öflun upplýsinga hjá fjármálafyrirtækjum.

2. Lögð er til breyting á 8. gr. með hliðsjón af nýsamþykktum lögum um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu gjaldmiðilsins evrunnar.

3. Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæði 11. gr. þannig að í stað þess að kveða á um að arðsjóður skuli ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum skuli hann ávaxtaður í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum.

4. Loks er lögð til breyting á ákvæði 13. gr. um gildistöku, meðal annars með hliðsjón af breytingu á 8. gr., sbr. 2. lið hér að framan.

Einnig fylgir brtt. lögð fram af Vilhjálmi Egilssyni um smá efnisatriði, þ.e. að í 10. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Orðin „og 2. mgr. 9. gr." í niðurlagi fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

Undir nál. þetta skrifa allir nefndarmenn efh.- og viðskn., þó með fyrirvara þeir Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson og Steingrímur J. Sigfússon.

[14:17]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og sá fyrirvari var annar af tveimur fyrirvörum mínum við frv. sem var til umræðu næstsíðast um eftirlit með fjármálastarfsemi þannig að ég get að miklu leyti vitnað í það sem ég sagði um það mál í þessu sambandi.

Fyrirvarinn lýtur að þeirri stöðu sem Seðlabankinn verður í hvað varðar upplýsingasöfnun og að rækja sitt hlutverk skv. 3. gr. laganna um Seðlabanka Íslands eins og er verið að ganga frá þessum hlutum með breytingum á löggjöf. Þar vil ég sérstaklega vekja athygli á því að samkvæmt frv., og um það er ekki gerð brtt. af efh.- og viðskn., er gert ráð fyrir því að f-liður 3. gr. standi óbreyttur að öðru leyti en því að út verða felld orðin „hafa eftirlit með bankastarfsemi". Það þýðir að Seðlabankinn á eftir sem áður að hafa það hlutverk að vera banki innlánsstofnana og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum. Breytingin felst eingöngu í því að felld eru niður orðin „hafa eftirlit með bankastarfsemi". Það hefði að sjálfsögðu ekki samrýmst fyrirhugaðri tilkomu Fjármálaeftirlitsins sem stofnunar og þess að leggja niður bankaeftirlitið og flytja það yfir að þessi orð stæðu þarna eftir óbreytt en í raun og veru stendur hins vegar eftir það víðtæka hlutverk sem Seðlabankinn á að rækja á þessu sviði og talið er upp í einum 7–8 stafliðum í 3. gr. laganna um Seðlabanka Íslands en það er sem sagt í fyrsta lagi að annast seðlaútgáfuna og allt það, slá og gefa út mynt. Það er að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóðinn, það er að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, það er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál, annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera banki innlánsstofnana og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum auk þess sem bankinn á að annast ýmiss konar skýrsluútgáfu

og önnur verkefni sem eru samrýmanleg tilgangi bankans sem seðlabanka.

Frv. sem er til umræðu gerir ráð fyrir því að brott falli á einu bretti 13.–17. gr. núgildandi laga um Seðlabanka Íslands þar sem fjallað er um bankaeftirlitið. Í staðinn komi nýr kafli undir fyrirsögninni „Öflun upplýsinga“ með tveimur nýjum greinum sem verða 13. og 14. gr. laganna. Þá er komið að því sem kom m.a. fram í áliti fulltrúa Seðlabankans og ég gerði að umtalsefni í málinu um Fjármálaeftirlitið að Seðlabankinn telur sér nauðsynlegt og á það er í raun fallist með frv. hér að Seðlabankinn sjálfur geti milliliðalaust aflað upplýsinga frá innlánsstofnunum, öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru í viðskiptum við bankann sbr. 7. gr. auk fyrirtækja í greiðslumiðlun til þess að auðvelda honum, þ.e. Seðlabankanum, að sinna hlutverki sínu skv. 3. gr. Í raun og veru er þá málið komið í hring að því leyti til að ég sé ekki annað en Seðlabankinn sé þarna að fá mjög ríkar heimildir til þess að reka sjálfstætt eftirlit. Það má ekki kalla það eftirlit af því að það er fellt niður en hann má kalla það upplýsingasöfnun og hann fær sterka stöðu til að heimta þessar upplýsingar því að ný 14. gr. hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Nú er kröfum Seðlabankans um upplýsingar skv. 13. gr. ekki sinnt og getur bankinn þá gripið til viðurlaga gagnvart hlutaðeigandi aðila, sbr. ákvæði 41. gr.“ Það eru refsiákvæðaheimildirnar sem bankinn hefur og eru í gildandi lögum.

Herra forseti. Mér sýnist því miður öll ástæða til þess að vera á varðbergi og hafa fyrirvara á um það að hér sé ekki verið beinlínis vísvitandi að stuðla að því að umtalsverður tvíverknaður verði í gangi og ég verð að segja alveg eins og er að þó að það sé að mörgu leyti freistandi hugmynd að fara út í þessa sameiningu á Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirlitinu finnst mér verulega vanta upp á að menn hafi hnýtt lausu endana fasta. Ég hlýt því, herra forseti, að hafa fyrirvara á um málið einnig að þessu leyti eða fyrirvara á um þennan þátt málsins sem er að vísu ekki auðvelt að koma við í raun og veru í formi atkvæðagreiðslu. Það er því væntanlega eðlilegast með vísan til þess að sitja hjá um þær greinar sem þarna eiga að koma í staðinn fyrir eldri ákvæði um bankaeftirlitið þó að það sé ekki svo að ég sé á móti því að Seðlabankinn geti aflað þessara upplýsinga eða hafi stöðu til að gera það. Það er miklu frekar hitt sem ég vil ekki standa að, að menn gangi vísvitandi þannig frá löggjöf að innan fárra ára sitji menn nánast uppi með algerlega tvöfalt eftirlitsbatterí hvað varðar bankastarfsemina í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Virðisaukaskattur, 1. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 689. mál (aðgangur að vegamannvirkjum). — Þskj. 1196.

[14:24]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, er flutt af efh.- og viðskn. þingsins. Það er mjög stutt, aðeins tvær greinar. 1. gr. orðast svo:

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Aðgangur að vegamannvirkjum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í frumvarpi þessu er lagt til að skatthlutfall vegna gjaldtöku fyrir aðgang að vegamannvirkjum verði 14%, en samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfallið 24,5%. Verði frumvarp þetta að lögum mun ákvæðið taka til sölu á aðgangi að vegamannvirkjum án tillits til hverrar tegundar vegamannvirkið er að því tilskildu að seldur sé aðgangur að því. Frumvarp þetta er í samræmi við þingsályktunartillögu sem samþykkt var árið 1994, á 117. löggjafarþingi, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Með lögum nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, var kveðið á um heimild til gjaldtöku af umferð um vegamannvirki sem reist yrði í því skyni að koma á vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Í áðurnefndri þingsályktunartillögu var staðfestur samningur við hlutafélagið Spöl hf. um einkarétt til að annast undirbúning, fjármögnun, framkvæmdir og rekstur vegamannvirkis á viðskiptagrundvelli með gjaldtöku af umferð í tiltekinn tíma. Í áðurnefndum samningi er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af umferðartekjum vegna reksturs Hvalfjarðarganganna verði ekki hærri en 14%.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, til samræmis við þær skyldur sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur gagnvart Speli hf. Þar sem farið er að líða að því að lokið verði við þetta mannvirki er nauðsynlegt að Alþingi taki ákvörðun um þá breytingu á lögum um virðisaukaskatt að skatthlutfallið verði 14%.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verðbréfaviðskipti, 1. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 702. mál. — Þskj. 1282.

[14:27]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Frv. þetta til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og lögum nr. 38/1998 er flutt af efh.- og viðskn. Ástæðan er sú að á haustþinginu 1997 var lagt fram frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulag tilboðsmarkaða. Því frv. fylgir frv. til breytinga á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Frumvörpin urðu að lögum í byrjun apríl sl.

Með framangreindum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti var 2. mgr. 1. tölul. 3. gr. laganna felld brott en ákvæðið kvað á um að heimilt væri að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 19. gr. laganna um einkahlutafélög. Það var alls ekki ætlunin að fella þennan málslið brott er frv. þetta var lagt fram og er því þetta frv. núna lagt fram til leiðréttingar á þeim mistökum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gjöld af bifreiðum, 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395. [14:29]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):**

Herra forseti. Þetta frv. til laga um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingar á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum er flutt af meiri hluta efh.- og viðskn., þeim Vilhjálmi Egilssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Pétri H. Blöndal, Árna Ragnari Árnasyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, voru sett á 118. löggjafarþingi en gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1996. Lögin kveða á um vörugjald af gas- og dísilolíu sem endurgreitt skal ef olían nýtt til annarra nota en aksturs skráningarskyldra ökutækja. Með lögum nr. 120/1995, er breyttu lögum nr. 34/1995 á 120. löggjafarþingi, var gildistöku laganna frestað til 1. janúar 1998. Á síðastliðnu vorþingi, 1997, lagði síðan fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögunum þar sem gert var ráð fyrir að í stað upptöku olíugjalds með endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu yrði tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu úr efnahags- og viðskiptanefnd. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frumvarp er kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað til 1. janúar 1999. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi sama vor, sbr. lög nr. 90/1997.

Í frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi nú á 122. löggjafarþingi um breytingar á lögum um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, með síðari breytingum, 358. máli, þskj. 569, var lagt til að felld yrðu brott ákvæði laganna um endurgreiðslu olíugjalds til aðila sem ekki ættu að bera það en þess í stað yrðu settar reglur um litun á olíu sem seld yrði sömu aðilum án gjalds. Jafnframt yrði kveðið á um álagningu sérstaks olíugjalds á þá sem yrðu uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki.

Þá var í frumvarpinu lagt til að auk olíugjalds yrði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Gjaldið yrði ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra. Um yrði að ræða gjaldtöku sambærilega þeirri sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur gjaldsins hefðu þó orðið helmingi færri en greiðendur í núverandi þungaskattskerfi, gjaldið hefði orðið mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil færri en í þungaskatti.

Samkvæmt frumvarpinu var gert ráð fyrir að olíufélögin lituðu þá olíu sem seld yrði til gjaldfrjálsra nota þannig að sérstöku litarefni, ásamt merkiefni, yrði blandað í olíuna áður en hún yrði afhent. Upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu fylgir óhjákvæmilega verulegur kostnaður, m.a. hefðu olíufélögin þurft að kaupa búnað til litunar, og lituninni sjálfri fylgir nokkur kostnaður, auk kostnaðar vegna óhagræðis við dreifingu, aukinnar umsýslu o.fl.

Nefnd, sem skipuð var fulltrúum olíufélaganna, fjármálaráðuneytis og ríkisskattstjóra, kannaði líklegan kostnað við upptöku olíugjalds. Í því skyni mátu olíufélögin líklegan stofnkostnað miðað við þann búnað sem félögin áttu fyrir og þær aðferðir sem félögin töldu hagkvæmastar til litunar og dreifingar gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu. Stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði var samkvæmt þessu mati talinn nema um 330 millj. kr., m.a. vegna byggingar birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.fl. Kostnaður af fjölgun olíugeyma fyrir verktaka í blönduðum rekstri og bændur var metinn á um 84 millj. kr. Olíufélögin töldu að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra af upptöku olíugjalds yrði samtals um 143 millj. kr. Þar af næmi beinn rekstrarkostnaður um 70 millj. kr. en fjármagns- og afskriftakostnaður hins vegar um 73 millj. kr. Við mat á árlegum fjármagns- og afskriftakostnaði miðuðu félögin við að þau bæru kostnað af kaupum á geymum fyrir verktaka og bændur.

Líklegt var talið að upptaka litunarkerfis og sá kostnaður sem því fylgdi leiddi til einhverrar hækkunar á verði olíu. Ekki var auðvelt að segja fyrir um hversu mikil sú hækkun yrði eða hvort hún yrði eingöngu á gas- og dísilolíu.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald yrði í höndum ríkisskattstjóra en að hann gæti þó falið Vegagerðinni eða skattstjórum að fara með einstaka þætti framkvæmdarinnar. Ákvæði frumvarpsins að þessu leyti eru samsvarandi ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Sú ráðstöfun að færa álagningu og eftirlit þungaskatts til ríkisskattstjóra þykir hafa gefið afar góða raun. Þar sem framkvæmd olíugjalds með litun var talin mjög einföld og þar sem verkefni er lúta að kílómetragjaldi yrðu umfangsminni en verkefni í núverandi þungaskattskerfi var ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði frá því sem verið hefur í þungaskattinum.

Loks var gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Vegagerðin hefði eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlit með því að ekki yrði notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota skyldi einkum felast í því að athuguð yrðu sýni úr olíugeymi ökutækja. Kæmi í ljós að olían væri lituð eða eftirlitsmönnum þætti af öðrum ástæðum tilefni til frekari skoðunar yrði sýnið sent á rannsóknarstofu þar sem kannað yrði magn sérstaks merkiefnis sem sett yrði í alla litaða olíu.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir framangreindu frumvarpi tók hann fram að Alþingi yrði auk þess að taka afstöðu til frumvarpsins að taka afstöðu til málsins í heild sinni, þ.e. hvort taka ætti upp olíugjald með litun eða hvort endanlega ætti að falla frá hugmyndinni um olíugjald, og fól efnahags- og viðskiptanefnd útfærslu málsins.

Nefndin hefur á síðastliðnum mánuðum fjallað ítarlega um málið og fengið á fund sinn mikinn fjölda einstaklinga, svo og marga ráðuneytismenn. Þá hefur nefndinni einnig borist mikill fjöldi umsagna frá flestum þeim aðilum sem annast flutningamál á Íslandi og eru hagsmunatengdir þeim flutningum.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er sú að falla skuli frá því að taka upp olíugjald þar sem ávinningur af því að viðhalda tvöföldu kerfi, þ.e. annars vegar olíugjaldi og hins vegar kílómetragjaldi, er ekki talinn svara þeim kostnaði sem af því hlýst. Slíkt tvöfalt kerfi hefði í för með sér verulega aukinn kostnað frá því sem nú er vegna litunarbúnaðar og aukins dreifingarkostnaðar. Þá hefur framkvæmd þungaskattskerfisins verið stórbætt frá því að lögin um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, voru samþykkt. Því leggur meiri hlutinn til að lögin um vörugjald af olíu verði felld brott og gerðar verði endurbætur á núverandi þungaskattskerfi, sbr. lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Þá verði vörugjald lækkað í áföngum, sbr. lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og gerðar breytingar á

lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, sem miða að hækkun bifreiðagjalds til að mæta lækkun vörugjalds.

[14:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta frv. á sér langa forsögu eins og hv. frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. rakti ágætlega áðan og er reyndar rakið í greinargerð með frv. en þar er farið yfir hvernig lögum hefur ítrekað verið breytt og gildistöku þeirra síðan frestað, í þessu sambandi allt frá árinu 1995. Reyndar eiga umræður um upptöku vörugjalds á olíu í stað þungaskatts sér miklu lengri sögu og ég hygg að þetta hafi meira og minna verið til skoðunar og umræðu í ráðuneytum samgöngu- og fjármála og ítrekað til umræðu á Alþingi síðustu 15–20 ár.

Ég ætla ekki tímans vegna að fara að rekja það allt saman, herra forseti, og ég get látið mér nægja að vitna til ræðu sem ég flutti við 1. umr. þess máls sem efh.- og viðskn. fékk til umfjöllunar um vörugjald af olíu, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sem var lagt fyrir þingið af hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hluta efh.- og viðskn., Einar Oddur Kristjánsson, fór ítarlega yfir. Það er sem sagt niðurstaða meiri hlutans að leggja til að þau lög falli úr gildi og í staðinn komi þau ákvæði um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, um breytingu á lögum um vörugjald á ökutæki og breytingu á lögum um bifreiðagjöld sem hér var mælt fyrir.

Herra forseti. Niðurstaðan er auðvitað talsverð tíðindi í þessu sambandi því með því er í raun og veru skipt algerlega um stefnu frá því sem rætt hefur verið um og markvisst verið unnið að, það er víst því miður of djúpt í árinni tekið að það hafi verið markvisst unnið að því en það hefur þó verið unnið að því um alllangt árabil að stefna að upptöku vörugjalds á olíu í staðinn fyrir núverandi þungaskattskerfi. Menn hafa ítrekað valið þann kost á undanförnum árum þegar komið hefur á daginn að undirbúningur þeirrar upptöku var ekki nægjanlega góður eða honum ekki lokið að fresta gildistökunni frekar en breyta um stefnu eins og hér er lagt til.

Ég hygg að það sé alveg ljóst að verði það frv., sem meiri hlutinn flytur, að veruleika og gert að lögum er búið að breyta algerlega um stefnu, taka upp nýjar áherslur í þessum efnum. Það er ólíklegt að það komist á dagskrá aftur á allra næstu árum að hverfa frá þungaskattsinnheimtunni og yfir í slík vörugjöld sem áður hafði verið stefnt að.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þetta eru mér nokkur vonbrigði. Reyndar má segja það um alla málsmeðferðina á undanförnum árum að hún hefur verið meira og minna ein samfelld saga vonbrigða. Það hefur verið mikill vandræðagangur svo ekki sé fastar að orði kveðið í kringum allt þetta mál, ítrekaðar frestanir og hringl og mér finnst að mönnum hafi ekki auðnast að halda nógu vel aðgreindum aðalþáttum þessa máls sem er annars vegar skattlagningin sem slík, gjaldtakan sem slík og aðferðafræðin í sambandi við hana, og hins vegar hvernig það kemur út gagnvart einstökum þolendum og þeim sem eru með rekstur á þessu sviði og þá á ég sérstaklega við dreifingaraðilana eða söluaðilana á olíunni. Það getur ekki orðið svo að afstaða þeirra bindi hendur eða ráði því í raun og veru hvaða fyrirkomulag eða kerfi Alþingi ákveður að hafa á innheimtu skatta á þessu sviði. Verði það niðurstaðan með einhverjum hætti að taka tekjur ríkisins af olíunotkun í umferðinni með gjaldtöku á sambærilegum grunni og nú á sér stað um bensín, þ.e. í formi einhvers konar gjalds á eldsneytisnotkunina, verður Alþingi auðvitað að hafa svigrúm til að gera það. Ef menn telja að þeim breytingum fylgi kostnaður sem sé svo mikill og íþyngjandi að ekki sé hægt að ætlast til þess að sölu- eða dreifingaraðilar á olíuvörum beri hann eða viðskiptavinir þeirra sem mundu að sjálfsögðu borga reikninginn að lokum væri ekkert því til fyrirstöðu að leggja að einhverju leyti fram fjármagn í tengslum við þær breytingar ef það væri aðalþröskuldurinn.

Herra forseti. Ég hef verið aðalstuðningsmaður þess og er það í sjálfu sér enn að æskilegast væri að taka upp einfalt olíugjaldskerfi og leggja alveg af mælagjald í þungaskatti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alls ekki fullreynt að slíkar breytingar gætu gengið fram. Slíkt kerfi hefði mjög marga kosti. Það væri einfalt, það ætti að tryggja nokkuð góð skattskil og menn losnuðu við mælakerfið og allt sem því fylgir, bæði meint undanskot og eftirlit með því og þá björgun á samkeppnisaðstöðu sem það kerfi hefur lengi legið undir grun um að valda.

Síðast en ekki síst, herra forseti, væri slík upptaka eldsneytisgjalds eða olíugjalds tvímælalaust jákvæð frá sjónarhóli umhverfismála. Það er alveg ljóst að það er sú leið sem menn hafa mjög víða valið til þess að draga úr orkunotkun og hvetja til sparnaðar og draga úr mengun í leiðinni að skattleggja eldsneytisnotkunina eða kolefnisnotkunina sérstaklega. Auðvitað er engin ein aðferð beittari til þess að reyna að hvetja til sparnaðar eða eftir atvikum stýra mönnum yfir í aðra orkugjafa en einmitt það að skattleggja sjálfa eldsneytisnotkunina. Með ákveðnu fastagjaldi eða þrepaskiptu fastagjaldi mætti svo að mínu mati tryggja að dreifing skattbyrðinnar á notendur með að einhverju leyti hliðsjón af því álagi sem umferðin veldur á vegina væri sæmilega tryggð.

Næstskásti kosturinn held ég að hefði verið, herra forseti, sá sem út af fyrir sig er valinn hér, þ.e. að reyna að endurbæta núverandi þungaskattskerfi en það hefði auðvitað verið hægt að gera án þess að ákveða það til lengri tíma að ekki yrði einhvern tíma í framtíðinni tekið upp olíugjald.

Þá kemur að því, herra forseti, sem verið er að leggja til í formi breytinga á lögunum um þungaskatt eða lögunum um fjáröflun til vegagerðar. Þar verð ég að segja alveg eins og er að ég held að menn hafi flýtt sér dálítið mikið þegar búinn var til sá skali sem hér var settur upp en frv. gengur út á það að tekið er upp ákveðið fastagjald á bifreiðar yfir vissum heildarþunga og kílómetragjaldið sjálft er síðan lækkað á móti. Þetta veldur hins vegar því að útkoma einstakra aðila í hópnum sem eru greiðendur eða þolendur verður mjög misjöfn. Þannig er ljóst að þetta mun valda mjög íþyngjandi breytingum frá því sem verið hefur með hliðsjón af afsláttarkerfinu í þungaskattsinnheimtunni eins og það er í dag hjá þeim sem eru með stóra bíla og aka mjög langar vegalengdir jafnvel svo nemur fleiri hundruð þúsunda km í formi íþyngjandi skattlagningar. Það þarf ekkert að fletta blöðum um það, herra forseti, hverjir verða fyrst og fremst fórnarlömb slíkrar íþyngingar ef hún verður til staðar. Það eru notendur þeirrar þjónustu sem þarna á í hlut, fyrst og fremst neytendur á landsbyggðinni í afskekktustu landshlutunum, á Vestfjörðum, norðaustanverðu landinu og Austfjörðum eða norðan- og austanverðu landinu. Sem sagt þeir hlutar landsins sem fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu og sem eru háðastir flutningum á landi um alla aðdrætti sína.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að sá sem hér talar treystir sér ekki til þess að standa að breytingum sem valda slíkri hækkun vöruverðs á landbyggðinni og þar með versnandi

lífskjörum á viðkomandi svæðum. Það verður að mínu mati að leita annarra leiða en þeirra að til þess að mæta þá þeirri gagnrýni sem þungaskattskerfið hefur sætt, m.a. í áliti frá Samkeppnisstofnun en hér er lagt til.

Nú kann að vera að menn muni setjast yfir það að skoða betur þá skattaskrá sem er verið að semja hér með annars vegar ákvörðun um fastagjald og hins vegar kílómetragjald. Sjálfsagt er hægt að finna þar útfærslur m.a. í formi fleiri þrepa sem tryggja að dreifing skattbyrðarinnar á notendurna verður líkari því en hún er í núgildandi kerfi án þess að ég sé að segja að menn hafi endilega ratað á hárrétta niðurstöðu í því. Það er þó alveg ljóst að það hefur verið sú stefna sem fylgt hefur verið að hlífa þeim sem aka lengstu vegalengdirnar, t.d. flutningabílum sem aka á annað hundrað þúsund km á ári á lengstu akstursleiðunum innan lands við því að bera skattinn að fullu eins og þeir mundu gera ef kílómetragjald án endurgreiðslu eða afsláttar væri við lýði og þar eru á ferðinni stórar fjárhæðir, herra forseti, sem ég held að menn verði að líta til.

Ein möguleg aðferð sem ég hef heyrt nefnda gæti verið sú að menn gætu valið um greiðslu fastrar upphæðar sem væri þá það há að það samsvaraði a.m.k. 80–100 þús. km akstri. Það væri sambærilegt fyrirkomulag og fastagjaldið á minni dísilbíla er í dag, þ.e. sem kemur þannig út í grófum dráttum að þeir sem eiga dísilbifreiðar til einkanota og aka meira en 18–20 þús. km á ári fara að hagnast á því að greiða fastagjaldið í staðinn fyrir kílómetragjald. Auðvitað væri einnig hægt að hugsa sér slíkt fyrirkomulag fyrir stærri bíla. Ég get ekki mælt með þessu frv. og er enginn stuðningsmaður þess eða aðdáandi fyrr en ég hef þá séð útfærslur af því tagi sem kannski líta dagsins ljós milli 1. og 2. umr. Þó verð ég að vísu að lýsa vissum efasemdum um að efh.- og viðskn., þó dugleg sé, nái að aðhafast mikið í þessum efnum er ætlunin er að þingið fari heim á föstudaginn. Þá má spyrja sig að því hvort ekki sé nánast til málamynda að vísa málum milli nefnda milli umræðna. Þetta frv. er ekki flutt af heilli þingnefnd þannig að í raun og veru hlýtur það að þurfa að ganga til nefndar samkvæmt þingsköpum og þá gefst í öllu falli kostur á að skoða málið.

Það sem gerði endanlega útslagið, herra forseti, varðandi það að ég treysti mér ekki til að standa með meiri hlutanum að flutningi þessa máls, þó að ég finni vissulega til ábyrgðar í því sambandi eins og væntanlega allir aðrir hv. þingmenn að einhvern veginn í ósköpunum þarf að fara að koma botn í þessi mál og þó fyrr hefði verið, er sú niðurstaða meiri hlutans og nánasarskapur sem ég vil eiginlega leyfa mér að kalla það, að leggja til hækkun á bifreiðagjöldunum til að vega á móti breytingunum á vörugjöldum til lækkunar. Ég hefði talið að hefðu bifreiðagjöldin verið látin standa óhreyfð og lækkun vörugjaldanna verið hugsuð sem ívilnandi aðferð til þess að gera þessi atvinnutæki ódýrari í innkaupi þá hefði verið auðveldara fyrir menn að réttlæta að um einhverja íþyngingu yrði þarna að ræða án þess að það hefði sætt mig við þann skala sem frv. felur í sér með þeim annmörkum hans sem ég hef þegar gert grein fyrir. En það er ekki, því miður, herra forseti, því að í 8. gr. frv. er lögð til breyting á ákvæðum um bifreiðagjöld, hækkun á bifreiðagjöldum sem miðar að því að vinna upp það tekjutap eins og segir í umsögn um greinina sem fyrirsjáanlegt er vegna lækkunar vörugjalds samkvæmt ákvæðum III. kafla frv. Ég held, herra forseti, að það hefði verið bitamunur en ekki fjár fyrir ríkissjóð að sleppa þessu svo maður segi bara eins og var sagt einhvern tíma áður að það munar ekki svo mikið um einn kepp í sláturtíðinni. Ég held að ríkissjóður sé að braggast það vel um þessar mundir, m.a. vegna stóraukins bílainnflutnings og stóraukinna tekna sem ríkissjóður fær af því að mönnum hefði alveg verið óhætt að sleppa því að vera með þennan nánasarskap í sambandi við bifreiðagjöldin. Hækkunin fer eðlilega mjög í taugarnar á mönnum sem þar er vegna þess að bifreiðagjöldin eru í formi fastra gjalda á hvert kíló, eru bráttóskattar sem eru umdeilanleg aðferð við skattlagningu, minna helst á gamla aðstöðugjaldið ef eitthvað er og má færa talsverð rök fyrir því að m.a. þeim sem vegna aðstæðna eru neyddir til þess að reka stærri og öflugri bifreiðar, t.d. þeir sem búa í strjálbýlinu og við vonda vegi, sé refsað með sérstakri viðbótarskattlagningu af þessu tagi. Það sé ekki nóg að þeir líði fyrir hinar skertu samgöngur heldur sé þeim svo refsað sérstaklega þegar þeir kaupa sér bíla sem svo þola vegina sem þeir neyðast til að aka eftir. En það er í raun og veru þannig sem þetta verkar að nokkru leyti, herra forseti.

Ég mun ekki geta stutt þetta frv., herra forseti, ef það á að ganga fram óbreytt en áskil mér rétt til þess að skoða ef vilji er fyrir hendi að gera á því einhverjar lagfæringar því að eins og ég segi að allra síðustu, það verður auðvitað að koma botn í þetta mál. Það er mjög slæmt að því sé endurtekið frestað. Þó er það þannig að af tvennu illu hefði að mínu mati verið skárra að fresta þessu til haustsins og vinna þá að málinu í sumar en fara að samþykkja einhverja vitleysu, fara úr öskunni í eldinn. Ég geri í sjálfu sér ekki mikið með það þó að það hefði dregist til haustsins að bregðast við áliti Samkeppnisstofnunar hvað varðar afslættina í þungaskattinum. Það getur ekki verið neinn sérstakur munur á því hvort menn eru með það álit á herðunum 2–3 mánuðunum lengur eða skemur. Það liggur fyrir og er staðreynd og er búin að vera nokkurn tíma að það orkar mjög tvímælis að það fyrirkomulag verði varið en það hefði ekki breytt miklu að mínu mati þó það hefði verið látið standa til haustsins og menn t.d. lagst betur yfir reikningsdæmin sem hér eru á ferðinni áður en menn færu að ganga frá og lögfesta gjaldskrá sem færir þarna til miklar upphæðir í formi skattbyrði milli aðila þannig að nemur jafnvel fleiri hundruð þúsundum. Það eru náttúrlega mjög groddalegar aðferðir, herra forseti, við svona hagsmunamál af þessu tagi að skella sér bara til sunds á grundvelli einhvers eins eða tveggja reikningsdæma sem menn hafa fengið og lögfesta skattstigann með þeim hætti.

Þessar athugasemdir, herra forseti, vildi ég láta koma fram en ég vísa að öðru leyti til mun ítarlegri ræðu sem ég flutti við 1. umr. frv. um breytingar á lögum um vörugjald á olíu.

[14:57]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skal sannarlega viðurkennt að sú gjaldskrá sem sett er upp í 2. gr. frv. er tilraun til þess að koma í veg fyrir að hækkun verði á þeim töxtum langferðabíla sem flytja vörur hvað lengstar leiðir. Það skal viðurkennt að það er aðeins tilraun og við trúum því að með þessari skipan hækki kostnaður ekki á hinum lengstu leiðum. Það kann að vera að við þurfum að endurskoða þetta. Þá þurfum við að gera það. Ég vil taka fram að það er einlægur vilji allra flutningsmanna að koma í veg fyrir að kostnaður á lengstu leiðum, þ.e. vöruverð, hækki í mestu fjarlægð frá Reykjavík, þ.e. á Austfjörðum, Norðurlandi eystra og Vestfjörðum.

Ég minni líka á það og vil bæta því við rökin sem komu fram áðan gegn olíugjaldinu að það var alveg ljóst að ef við tækjum upp olíugjaldið værum við að mismuna mönnum óskaplega mikið vegna þess að það vill svo til á Íslandi að vegakerfið víða er mjög frumstætt. Það vill líka svo til að einmitt þar sem það er hvað frumstæðast er kannski um mesta hálendið að ræða, þar er kannski um mestu vetrarhörkurnar að ræða, þar eru menn að keyra bíla í frosti, í krapi, í snjó á vondum moldarvegum. Það er gríðarlegur munur á þeim olíukostnaði eða að keyra bíla á sléttu landi á malbikuðum vegum þannig að það var alveg víst að ef við tækjum upp olíugjaldið þá værum við að mismuna landsbyggðinni mjög í óhag.

Við sem erum flutningsmenn þessa frv. töldum að við ættum ekki annarra kosta völ, búið væri að fresta þessu það oft að ekki yrði hjá því komist að taka af skarið og við vonum að með þessu frv. hafi það tekist. Hins vegar skal viðurkennt að menn þurfa að vera á varðbergi með gjaldskrána sjálfa. Það má vel vera að við þurfum að endurskoða hana.

[14:59]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta andsvar og hreinskilnina sem í því fólst. Það er alveg ljóst að menn eru nánast að gera tilraun hvað varðar skattlagninguna og það er náttúrlega svona og svona að standa frammi fyrir því og þurfa að viðurkenna það. Ég tel að vísu mikilvægt að fyrir liggi eindregin yfirlýsing um það og tek undir hana að menn vilji sem sagt finna þá útfærslu á þessum gjöldum sem tryggir að ekki verði um íþyngingu að ræða, um aukna skattbyrði að ræða fyrir flutningsaðila á lengstu leiðum. Það er mjög mikilvægt. En mér sýnist dæmið því miður blasa nokkurn veginn við eins og það lítur út í frv. þannig að það er það sem er á ferðinni þegar um akstur yfir 80–100 þús. km er að ræða.

Varðandi olíugjaldið er alveg ljóst að það er heldur ekki gallalaust ef svo má að orði komast. Það skattleggur menn vissulega eftir notkuninni og eldsneytisnotkunin er háð mörgum þáttum. Hún er þá háð ástandi veganna, það hversu fjöllótt er og jafnvel veðráttu að viðbættri vegalengd. Það er ljóst. Það er léttara fyrir flutningabíla að rúlla af stað suður og austur um land eftir láglendinu þar en berjast upp yfir fjöll og heiðar á leiðinni norður eða vestur, ég tala ekki um þegar vegirnir versna, ófærð kemur til o.s.frv. Samt sem áður var það þannig að flestir starfandi menn í þessari grein voru sáttir við upptöku olíugjaldsins svo fremi að um væri að ræða hreint olíugjald og hóflega gjaldtöku í því og þeir losnuðu við allt hitt óhagræðið og leiðindin sem þungaskattsfyrirkomulaginu hefur verið samfara. Það hafi að sjálfsögðu þýtt íþyngingu fyrir einhverja umfram það sem þungaskattskerfið með afsláttunum var. En það er rétt að hafa í huga að menn í greininni voru almennt stuðningsmenn þeirrar breytingar.

[15:02]

**Útbýting þingskjals:**

Póstþjónusta, 510. mál, þskj. 1477.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 16.–21. mál.

Fundi slitið kl. 15:03.

---

# 143. FUNDUR

miðvikudaginn 3. júní,
kl. 8.30 síðdegis.

**Dagskrá:**

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

[20:30]

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlit með skipum, 593. mál, þskj. 1480.

Gjald af áfengi, 480. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1507.

Íslenskur ríkisborgararéttur, 311. mál, þskj. 1484.

Skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf, 723. mál, þáltill. SighB o.fl., þskj. 1489.

Þjóðfáni Íslendinga, 542. mál, þskj. 1500.

***Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).***

[20:31]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða 20 mínútur sem skiptast þannig að í fyrstu umferð hefur hver þingflokkur 8 mínútur til umráða og 6 mínútur í tveimur síðari umferðunum. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., utan flokka, hefur 8 mínútur til umráða í lok fyrstu umferðar. Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Alþb. og óháðir, Sjálfstfl., þingflokkur jafnaðarmanna, Framsfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn Alþb. og óháðra verða Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv., í fyrstu umferð, Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn., í annarri umferð og Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða Geir H. Haarde fjmrh., í fyrstu umferð, Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn., í annarri umferð og Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl., í þriðju umferð.

Ræðumenn þingflokks jafnaðarmanna verða Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., í fyrstu umferð, Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn., í annarri umferð og Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Framsfl. verða Páll Pétursson félmrh., í fyrstu umferð, Finnur Ingólfsson viðskrh., í annarri umferð og Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Samtök um kvennalista verða Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í fyrstu umferð, Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í annarri umferð og Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í þriðju umferð.

[20:33]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Í kvöld leggja stjórnarandstöðuflokkarnir fram á Alþingi óvenjulega tillögu. Það er tillaga um rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni til að

fjalla um Lindar- og Landsbankamálin. Ástæðan fyrir þessari sameiginlegu tillögu stjórnarandstöðuflokkanna liggur í augum uppi. Það er nú eins ljóst og tvisvar tveir eru fjórir að viðskrh. sagði Alþingi ekki alla söguna þegar hann var spurður um tap Landsbankans vegna Lindar hf. vorið 1996. Hann vissi betur af sex vikna gömlu bréfi formanns bankaráðs Landsbankans, jafngamalli skýrslu Ríkisendurskoðunar og fjölda blaðagreina. Slíka framkomu ráðherra getur Alþingi ekki liðið. Þess vegna flytur stjórnarandstaðan tillögu sína og þótt þinginu verði frestað nú á föstudaginn hefur það ekki lokið umfjöllun sinni um Lindar- og Landsbankamál, því fer víðs fjarri.

Það kemur í ljós þegar Lindarmálið sjálft er athugað að pólitísk vensl eru milli allra þeirra sem fara með málið. Það kemur að heita má enginn að þessu máli nema hann hafi flokksskírteini í einum og sama stjórnmálaflokknum. Hvað var það annað en pólitísk vensl sem réðu því að sami maðurinn sem stýrði Lind á lokasprettinum var ráðinn til sérstakra verkefna í utanrrn. strax og Framsfl. kom þar til húsbóndastarfa? Og í hvaða verk? Jú, samkvæmt samtímaheimild Morgunblaðsins voru þau verkefni tengd fjárhagsvanda flugstöðvarinnar og yfirleitt öllum fjármálasamskiptum við herliðið í Keflavík. Allt krefst þetta, herra forseti, rannsóknar og það er þess vegna sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa í kvöld lagt fram þessa tillögu. En það koma fleiri við þessa sögu en viðskrh. og utanrrh. og einn þeirra er sjálfur forsrh. landsins. Ekki með aðgerðum, heldur með aðgerðaleysi. Samkvæmt grein eftir Sverri Hermannsson vissi hæstv. forsrh. Davíð Oddsson gjörla um Lindarmálið þegar í febrúar 1996. Þá hefði forsrh. átt að leggja málið fyrir þingið eða ríkisstjórnina. Hann lagði það ekki fyrir þingið og að því er best er vitað heldur ekki fyrir ríkisstjórnina. Hann vanrækti þannig, herra forseti, augljóslega skylduverk sín.

Lindarmálið og Landsbankamálið eru talandi dæmi um aðalvanda íslenska stjórnkerfisins. Það er ófagleg stjórn, það er sukk og það er pólitískur klíkuskapur. Við höfum sett reglur um að ráðherrar verði að uppfylla tiltekin hæfiskilyrði til að skipa menn í embætti en Alþingi hefur því miður ekki fallist á tillögu um að opna skipun í embætti þannig að þeir sem tilnefndir eru í æðstu embætti þjóðarinnar þurfi að fara í gegnum yfirheyrslur í þingnefndum til að fá embættin. Þá skipan þurfum við að innleiða hér. Það ætti nú öllum að verða ljóst þegar svo er komið að þrír ráðherrar eru undir smásjá saksóknara ríkisins fyrir afskipti sín eða afskiptaleysi af Lindarmálinu.

Góðir tilheyrendur. Pólitísk umræða hefur að undanförnu vissulega snúist um grundvallaratriði. Í sveitarstjórnarkosningunum voru hörð pólitísk átök. Tímamótasigur Reykjavíkurlistans kom formanni Sjálfstfl. svo úr jafnvægi að lengi verður í minnum haft. Hann kenndi fréttastjóra sjónvarpsins um niðurlægingu Sjálfstfl. af því fréttastjórinn er giftur einum af starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Að öllu gamni slepptu, herra forseti, er atlaga forsrh. að Ríkisútvarpinu reyndar hættulegt merki um ritskoðunarárattu þessa mesta valdamanns Íslands og háskalegast er það kannski þegar yfirmaður Ríkisútvarpsins, pólitískt skipaður af sama Davíð Oddssyni snýst gegn sínu eigin starfsfólki í þágu flokksbróður síns sem skipaði hann. Hver var að tala um ritskoðunarríki? Er frelsi einstaklinganna á Íslandi í hættu fyrir ofríki eins einstaklings?

Hér á Alþingi ber hins vegar hæst nú að undanförnu, fyrir utan Lindar- og Landsbankamál, tvö stórmál, auðlindamálið og húsnæðisfrumvarpið. Stærsta mál vetrarins, herra forseti, er frv. til laga um að landeigendur skuli eignast allar auðlindir í jörðu hverjar sem auðlindirnar eru og hversu langt ofan í jörðina sem sótt er. Þetta frv. er nú orðið að lögum án nokkurra takmarkana á eignarréttinum inn í jörðina. Þegar frv. var afgreitt lýstum við þingmenn Alþb. og óháðra því yfir að við mundum strax við fyrsta tækifæri beita okkur fyrir breytingum á þessum nýsettu lögum. Við munum leggja til að þjóðin eignist auðlindirnar aftur.

Annað stærsta mál þingsins, herra forseti, var tillaga ríkisstjórnarinnar um að afnema félagslega íbúðalánakerfið. Sú tillaga varð því miður að lögum og þar með er verið að bera út húsnæðisvonir fátæks fólks, láglaunafólks, öryrkja, einstæðra mæðra og námsmanna. Þetta fólk hefur getað gert sér vonir um skjól í félagslega íbúðakerfinu. Vonir þess eru nú bornar út á hjarnkaldan jökul markaðshyggjunnar á Íslandi. Þar með er Ísland eina landið í Norður-Evrópu þar sem ekki er til félagslegt íbúðalánakerfi. Þegar ríkisstjórnin náði því marki að koma afnámi félagslega húsnæðiskerfisins í gegnum þingið lýsti þingflokkur okkar því yfir að við hlytum að beita okkur fyrir því að til yrði á ný félagslegt íbúðakerfi og það munum við gera í samstarfi við aðra flokka og í samstarfi við samtök launafólks.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Fram undan eru alþingiskosningar eftir aðeins 10 mánuði eða svo. Í þeim kosningum verður tekist á um málefni. Það verður tekist á um grundvallaratriði eins og á Alþingi að undanförnu, það verður tekist á um eignarrétt á auðlindum í jörðu, það verður tekist á um nýtt félagslegt húsnæðiskerfi, það verður tekist á um að afnema gjaldtöku í heilbrigðis- og menntakerfinu, það verður tekist á um umhverfisstefnu þar sem Ísland fylgir skilyrðislaust alþjóðlegum samþykktum í umhverfismálum. Í þeim kosningum verður líka, herra forseti, tekist á um utanríkismál, t.d. um það hvort íslensk stjórnvöld vilja áfram fylgja stefnu nýrrar hernaðaruppbyggingar stækkandi Atlantshafsbandalags eða ekki, og það verður tekist á um það hvort Ísland verður áfram rekið nauðugt fremur en viljugt í flasið á Evrópusambandinu. Kosningarnar árið 1999 munu snúast um þessi grundvallaratriði, en að lokum líka um stjórnkerfi sem er heiðarlegt og opið, stjórnkerfi sem er gagnsætt eins og fjallalind en ekki ógagnsætt eins og forarpollur hagsmunagæslu, flokksvensla og spillingar.

Góðir hlustendur. Þessu þingi er senn að ljúka. Það er mánuði á eftir starfsáætlun Alþingis. Því miður hefur enn einu sinni mistekist að laga þingið að venjulegu vinnuskipulagi fólks. Þar kennum við stjórnarliðinu um, þeir okkur, en hvort sem er rétt í þessu sambandi er hitt víst að þingið sjálft geldur þeirra vinnubragða sem hér tíðkast og þar með þjóðin því hér eru teknar ákvarðanir sem sannarlega snerta alla landsmenn. Ég óska hlustendum öllum og áhorfendum gleðilegs sumars við bjartar og tærar lindir íslenskra fjallasala og ég óska þess einnig að sem flestir þingmenn megi spegla góða samvisku sína í björtum sumarlindum Íslands. — Lifið heil.

[20:41]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Á þessu fagra vori geta landsmenn horft bjartsýnir fram á veg. Gæfan hefur verið okkur Íslendingum hliðholl og vel árar til lands og sjávar. Lykilatriðið er þó það að vel hefur tekist til um stjórn þeirra mála sem við höfum sjálf á valdi okkar og sem stjórnvöld hafa atbeina að. Dæmin úr sögunni eru mörg um hitt að

Íslendingar hafi ekki kunnað fótum sínum forráð í góðæri og ætlað sér um of með afdrifaríkum afleiðingum.

Það er óumdeilt að ríkisstjórninni hefur í öllum meginatriðum tekist að ná efnahagsmarkmiðum sínum. Gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum á þessu ári eftir samfelldan halla frá miðjum síðasta áratug. Hagvöxtur er meiri hér en í flestum nálægum ríkjum, atvinna hefur aukist og atvinnuleysi að sama skapi minnkað og er nú minna en í nær öllum aðildarríkjum OECD. Verðbólga hefur einnig verið með minnsta móti, eða á bilinu 1,5 til 2,5% á síðustu fimm árum. Kaupmáttur heimilanna hefur jafnframt aukist verulega eða um nálægt 20% frá árinu 1995 og gætir þar m.a. áhrifa lækkunar tekjuskatts og skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Þá hafa vextir farið lækkandi.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum í því skyni að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnulífsins, bæði með lækkun og niðurfellingu skatta og öðrum aðgerðum til að treysta stöðugleikann í efnahagslífinu eiga hér ekki síst hlut að máli. Til frekara marks um þennan árangur má nefna að traust erlendra aðila á efnahagsstefnu stjórnvalda hefur farið vaxandi. Þannig hafa þau erlendu fyrirtæki sem leggja mat á lánshæfi ríkja tvívegis hækkað mat Íslands undanfarin ár. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld fengið afar jákvæða umfjöllun í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bæði vegna þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn og ýmissa skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á mörgum sviðum efnahagslífsins, á fjármálamarkaði, í opinberum rekstri, með aukinni áherslu á hagræðingu og markaðsvæðingu, í lífeyrismálum og víðar. Íslendingar eru nú komnir þangað sem þeir eiga heima meðal þjóðanna, þ.e. í fremstu röð.

En við skulum átta okkur á því að þessi velgengni getur verið brothætt og ekki þarf mikið út af að bregða. Vissulega sjáum við sums staðar hættuboða sem minna okkur á að þenslan getur verið skammt undan og þar með sá gamli óvinur almennings, verðbólgan sem á skömmum tíma getur farið sem logi um akur og grafið undan fjárhag fjölskyldna og fyrirtækja. Besta leiðin til að vinna bug á þessari hættu er að styrkja fjárhag ríkisins, búa á þann veg um hnútana að afgangur sé á ríkisbúskapnum og beita ríkisfjármálunum skipulega til að sporna gegn þenslu með því að greiða niður opinberar skuldir fyrri ára. Það er mikilvægasta viðfangsefnið á sviði efnahagsmála á næstunni og verður að mörgu leyti prófsteinn á það hvort við Íslendingar höfum nógu sterk bein til að þola góða daga.

Mikilvægur hluti af þeim stöðugleika sem náðst hefur að byggja upp er sú staðreynd að á síðasta ári tókust kjarasamningar til lengri tíma en áður hefur þekkst. Í gildi eru nú samningar við flesta starfshópa í landinu, ýmist fram eftir næsta ári eða langt fram á árið 2000. Það er því friðarskylda á vinnumarkaði og mikilvægt að einstakir hópar eða starfsstéttir nái ekki að grafa undan því ástandi með óhefðbundnum eða jafnvel ólöglegum aðgerðum. Ef látið er undan slíku er skammt í óðaverðbólgu og upplausn, og hver vill bera ábyrgð á því?

Þing hefur staðið óvenjulengi þessa björtu vor- og sumardaga. Nú er verið að leggja síðustu hönd á afgreiðslu fjölmargra framfara- og umbótamála, m.a. frumvarpa til að bæta réttarstöðu skattgreiðenda. Breytingar á lögum um yfirskattanefnd munu tryggja skilvirkari málsmeðferð og að unnt verður að standa við lögákveðna málsmeðferðarfresti. Ný lög um bindandi álit í skattamálum munu einnig auka réttaröryggi skattgreiðenda. Bindandi álit skattstjóra mun jafnframt án efa leiða til færri ágreiningsmála og þannig draga úr álagi á yfirskattanefnd og dómstóla. Von er á frekari réttarumbótum á þessu sviði á næsta þingi.

Samhliða stjórnsýslulegum umbótum í skattkerfinu leggur ríkisstjórnin áherslu á að einfalda þær reglur og þau fyrirmæli sem skattgreiðendum og skattyfirvöldum er ætlað að vinna eftir. Á yfirstandandi þingi er tekið skref í þessa átt hvað varðar fyrirtæki og aðra rekstraraðila. Tekjuskattsstofninn er breikkaður, skatthlutfallið almennt lækkað úr 33% í 30% og jafnframt komið í veg fyrir tvísköttun hagnaðar og útborgaðs arðs. Í undirbúningi eru síðan enn frekari breytingar svo sem hvað varðar verðbreytingafærslur, útgáfu jöfnunarbréfa og samsköttun móður- og dótturfyrirtækja. Allar þessar breytingar hafa það að markmiði að einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara en áður.

Breytingar á þessu og síðasta þingi er snerta skattlagningu einstaklinga hafa hins vegar fremur haft það að markmiði að draga úr heildarskattheimtu og auka kaupmátt heimilanna. Lækkun tekjuskattshlutfallsins úr 42% í um 38% frá og með næstu áramótum er af þeim toga. Í þessu sambandi má einnig nefna breytingar sem væntanlega taka gildi um næstu áramót, þ.e. annars vegar aukinn rétt einstaklinga til að draga lífeyrissparnað frá skattskyldum tekjum og hins vegar húsnæðiskaupenda til fyrirframgreiðslu vaxtabóta í tengslum við ný lög um húsnæðismál. Þessum breytingum þarf að fylgja eftir með það að leiðarljósi að þær skattareglur sem einstaklingum er ætlað að vinna eftir verði gerðar einfaldari og aðgengilegri en nú er.

Ég nefndi ný lög um húsnæðismál. Í þessum nýju lögum felast mikilvæg framfaraskref í þeim málaflokki. Hið ósveigjanlega og að mörgu leyti úr sér gengna félagslega íbúðakerfi er leyst af hólmi með nýrri útfærslu húsbréfakerfisins. Um leið og hagur hinna tekjulægri í þjóðfélaginu er áfram vel tryggður stóraukast möguleikar þeirra til eignamyndunar í eigin íbúðum og valfrelsi til búsetu verður sambærilegt við hinn almenna markað. Íbúðalánasjóður tekur við hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins sem lögð er niður og um leið er fjárhag byggingarsjóðanna borgið með afnámi vaxtaniðurgreiðslu en lántakendur njóta vaxtabóta þar á móti. Tekið er með raunhæfum aðgerðum myndarlega á vanda þeirra sveitarfélaga sem sitja uppi með óseljanlegar félagslegar íbúðir. Þessar breytingar efla sjálfseignarstefnuna sem Íslendingar hafa öðrum þjóðum fremur tileinkað sér í húsnæðismálum almennings og tilkoma húsbréfakerfisins, þ.e. félagslegra íbúðalána eflir hinn almenna fasteignamarkað. Og það er vissulega athyglisvert að síðasti ræðumaður varði drjúgum hluta tíma síns til að fordæma þetta kerfi sem hér er búið að taka í lög og er það mjög í samræmi við stefnu Alþb. í gegnum árin.

Herra forseti. Úrslit nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga sýndu mikinn stuðning við Sjálfstfl. og forustumenn hans um land allt. Framsfl. má líka vel við una enda hafa þessir flokkar víða myndað meiri hluta í stórum bæjarfélögum. Þannig voru úrslit kosninganna í síðasta mánuði sigur fyrir stjórnarflokkanna og til marks um það mikla traust sem þeir njóta meðal kjósenda. Samstarfið í ríkisstjórninni er líka gott og þar ríkir gagnkvæmt traust milli flokka sem upphlaup einstakra aðila innan þings og utan munu ekki hafa áhrif á.

Staða Alþfl. hlýtur hins vegar að vera mörgum velunnurum hans áhyggjuefni því flokkurinn er að hverfa í björgin hjá Alþb. Hann beið afhroð í höfuðvígi sínu í Hafnarfirði,

á nú hvorki fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur né fjölda bæjarstjórna, t.d. ekki á Siglufirði sem er gamalt vígi þessa flokks. Þar sem fulltrúar Alþfl. hafa komist að þá er það í skjóli Alþb. Tilburðir þingmanna jafnaðarmanna á Alþingi undanfarnar vikur hafa ekki orðið til þess að efla tiltrú á þessum stjórnmálasamtökum.

Góðir tilheyrendur. Vorinu fylgir bjartsýni og gleði. Flestir skólar hafa nú lokið vetrarstarfinu og æska landsins tekst á við sumarverkefni sín. Á sunnudaginn höldum við sjómannadaginn hátíðlegan í 60. sinn og fögnum með íslenskum sjómönnum sem nú sem fyrr eru burðarás í okkar atvinnulífi. Fram undan er síðan sumarið sem vonandi verður bæði gott og gjöfult. Ég óska þess að landsmenn fái notið sumarsins og endurnýi kraftana í orlofi sínu um leið og ég býð góðar stundir.

[20:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þetta þing og atburðir vetrarins munu hafa sögulega skírskotun í framtíðinni. Þessir atburðir snerta framtíð og lífskjör íslensku þjóðarinnar. Þeir snúast um samtryggingu stjórnarflokkanna í eignatilfærslu frá þjóðinni til landeigenda, kvótahafa og eignarmanna. Þeir snúast um hvernig þessir samtryggingarflokkar hafa læst saman klónum til að verja siðleysi og siðblindu í þjóðfélaginu. Þeir snúast um hvernig þeir hafa sent út í hafsauga félagslega aðstoð í húsnæðismálum. Þeir snúast um hvernig hofmóðugir valdhafar henda í ruslakörfuna ósk um frestun á miðhálendis- og húsnæðisfrv. frá 40 almannasamtökum sem telja yfir 100 þús. Íslendinga.

Atburðir þessa árs gætu líka orðið upphafið að sögulegum sáttum jafnaðarmanna og klofningi Sjálfstfl. en margir liðsmenn hans greina hann ekki lengur frá Framsfl. þar sem sérhagsmunir og samtrygging er í fyrirrúmi en ekki fólkið. Á þessum vetri var staðfest á Alþingi að ekki aðeins í tíð samsteypustjórnar Framsóknar og Sjálfstfl. 1983 voru tugir milljarða færðir með gjafakvóta til fárra kvótakónga heldur á nú að færa auðlindir sem finnast í jörðu til landeigenda sem kosta mun þjóðina og skattgreiðendur milljarða í næstu framtíð. Miðhálendið þar sem helstu náttúruperlur landsins finnast var líka fært á forræði fárra.

Á sama tíma ræðst Framsfl. grimmilega að fátæku fólki og úthýsir því úr húsnæðiskerfi þjóðarinnar með þeim afleiðingum að einstæðir foreldrar, fatlaðir, námsmenn og fátækar barnafjölskyldur verða á hverju ári hundruðum saman án húsaskjóls. Þegar ríkisstjórn jafnaðarmanna kemst til valda verður auðlindum þjóðarinnar skilað aftur til eigendanna, þjóðarinnar allrar og á nýjan leik verður reist flagg félagslegrar aðstoðar fyrir þá sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu.

Í góðærinu sl. þrjú ár hafa skuldir heimilanna vaxið um 70 milljarða kr. og nú hótar forsrh. vaxtahækkun á skuldug heimili þegar aflaheimildir kvótakónganna aukast um 25 milljarða kr. Valdhafar hafa ekkert — ekkert umboð til að útdeila arði og verðmætum þjóðarinnar eins og ránsfeng til fárra útvalinna. Það er fólkið, þjóðin sjálf sem unnið hefur hörðum höndum til að byggja upp þennan arð. Það er hún sem á að njóta ávaxtanna af þessum verðmætum, ekki fjölskyldurnar fjórtán sem í skjóli helmingaskiptastjórnar íhalds og Framsóknar hafa rakað til sín milljarðaauði, ekki örfáir sægreifar sem kvótakerfið hefur gert að milljarðamæringum, ekki fjármagnseigendurnir sem greiða nú aðeins 10% skatt af arði í stað 40% áður. Þessi gífurlega eignatilfærsla breikkar bilið milli ríkra og fátækra og gerir þjóðina og þjóðfélagið í heild fátækara. Að þessu standa saman helmingaskiptaflokkarnir tveir, íhaldið og Framsókn, flokkarnir sem eftir þennan vetur standa líka berstrípaðir eftir að hafa með samtryggingu, sjónarspili og blekkingum varið forréttindi og spillingu. Ríkið og löggjafarþingið það er ég, má segja um forsrh. eftir þennan vetur. Hann sem gat ekki hamið reiði sína eftir sigur Reykjavíkurlistans og sýnt hefur dramb sitt og hroka gagnvart fjölmiðlum og þingræðinu sem lengi verður í minnum haft.

Undir forustu hans var ákveðið að verja bankaráð Landsbankans og viðskrh. en láta bara bankastjórana fjúka. Í Lindarmálinu á aftur að slá skjaldborg um bankaráðið og viðskrh. sem í öðrum löndum hefði fyrir löngu verið látinn taka pokann sinn. Spjótin eiga að beinast að stráknum sem týndi 900 millj., eins og forsrh. orðaði það. Þeir átta sig ekki enn á því úr sínum fílabeinsturni að þjóðin sér í gegnum þessa samtryggingu.

Á rúmum tíu árum hafa verið afskrifaðir rúmir 67 milljarðar kr. í bönkum og sjóðum. Í Landsbankanum einum um 14 milljarðar á sl. fimm árum og enginn ber ábyrgð — enginn ber ábyrgð og skattgreiðendur borga brúsann af óráðsíunni.

Herra forseti. Opinber rannsókn óháðra aðila á þessum útlánatöpum verður að fara fram, útlánatöpum sem samsvara nettótekjuskatti einstaklinga í fimm ár. Rannsaka þarf til hlítar öll mál tengd Landsbankanum eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til. Líka hvort bankastjórar Landsbankans hafa verið beittir þrýstingi af hálfu Eimskips til að knýja samkeppnisaðilann, Samskip, til uppgjafar.

Stjórnmálaflokkar verða líka að opna bókhald sitt og fjárreiður til að eyða öllum getgátum um samtryggingu við valdablokkir eða sterk fyrirtæki í þjóðfélaginu en því hefur Sjálfstfl. harðneitað. Þjóðin er líka farin að átta sig á kjarna þessa máls og líta á það í stærra samhengi. Í samfélagi þar sem einn pólitískur flokkur hefur áratugum saman haft yfirburðastöðu, flokkur sem helstu valdhafar og valdablokkir íslensks efnahags- og atvinnulífs tilheyra, flokkur þar sem safnast saman helstu fjármagnseigendur landsins, þar er farvegur fyrir spillingu, sérhagsmunagæslu og forréttindi á kostnað heildarinnar. Þannig búum við enn við lénsveldi. Nútímaþrælahald í formi misskiptingar lífsgæða og þess vegna er til allt of mikil fátækt á Íslandi. Þjóðin segir líka: Við eigum líka landið, gögn þess og gæði, ekki bara forréttindastéttirnar sem hirða arðinn af vinnu okkar og skammta okkur síðan molana af borði sínu. Það er þetta misrétti, þetta brot á jafnræði í íslensku samfélagi sem verður að stöðva og endurreisa á nýjan leik, samfélag jöfnuðar, réttlætis og siðgæðis sem íslenska þjóðin er stolt af að tilheyra.

Spillingin og samtryggingin hjá valdaflokkunum í þjóðfélaginu, dekur við atvinnulífið sem býr við skattaparadís en skilar einna minnstri framleiðni og greiðir lægstu launin innan OECD-landanna, gífurleg eignatilfærsla í formi gjafakvóta og afhending á auðlindum í jörðu til landeigenda er ein helsta ástæða þess að það er til allt of mikil fátækt á allt of mörgum heimilum í landinu. Þess vegna þarf fjórði hver öryrki og ellilífeyrisþegi að framfleyta sér af tekjum sem eru undir lágmarkslaunum. Þess vegna þarf að skera niður í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna þarf stór hluti þjóðarinnar að lifa á hungurtöxtum. Og þjóðin spyr kröftugar en nokkru sinni fyrr: Gilda hér tvenn lög í landinu? Ein fyrir forréttindahópa og önnur fyrir skulduga einstaklinga og hin venjulegu heimili þessa lands?

Heimilin greiða fyrir útlánatöpin hjá sofandi gæslumönnum almannahagsmuna, fyrir veisluborð ráðamanna, laxinn, dagpeningana, lúxusreisurnar og gjafakvótann hjá toppunum sem spóka sig í fríðindaklúbbnum á fyrsta farrými meðan almenningur dregur vagninn og líður fyrir með verri kjörum fyrir sig og börnin sín.

Góðir áheyrendur. Þjóðin hefur á þessum vetri séð inn í lítið horn af spillingu og sóun, græðgi bankastjóra og ráðamanna þar sem misfarið hefur verið með almannafé í eiginhagsmunaskyni sem sumir kalla þjófnað. Kröftug mótmæli fólksins gegn þessu mun skila árangri. Þjóðin er að krefjast réttlætis og ábyrgðar valdhafanna. Það mun sigra að lokum.

[20:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Löngu og stundum nokkuð ströngu þingi er að ljúka. Þetta þing hefur verið starfsamt og mjög mörg veigamikil mál hafa hlotið afgreiðslu þrátt fyrir að lengd umræðna hafi stunum keyrt úr hófi. Það er eðli þingræðisins að meiri hlutinn ráði niðurstöðu að lokum. Andmælaréttur stjórnarandstöðu er mjög mikilvægur en vandmeðfarinn og sumt sem hefur gerst hér undanfarnar vikur er ekki til að auka veg Alþingis.

Hlustendur hafa í kvöld nú þegar orðið vitni að geðprýði og hófstillingu tveggja stjórnarandstæðinga og sjálfsagt koma þeir fleiri í ræðustólinn áður en þessum fundi lýkur.

Stjórnarflokkarnir mega að flestu leyti una vel við ástand mála í þjóðfélaginu. Hér ríkir á flestum sviðum velsæld og uppgangur þó nokkrar blikur séu á lofti. Á grundvelli nýrrar vinnulöggjafar voru gerðir heillavænlegri kjarasamningar en áður hafa tíðkast. Þeir eru til lengri tíma en áður hefur þekkst og vinnufriður stuðlar að stöðugleika. Það er vissulega áhyggjuefni að þrátt fyrir nýja kjarasamninga beita einstöku hópar mjög vafasömum uppsögnum til að knýja á um meiri launahækkanir en um var samið. Lægstu launataxtar hækkuðu mjög mikið. Næstsíðast þegar heildarkjarasamningar voru gerðir var lægsti taxti 43 þús. á mánuði. Nú er lægsti taxti 70 þús. á mánuði og kaupmáttur hefur aukist stórkostlega eða um 20% frá 1995. Þetta hefur orðið án þess að verðbólga fari úr böndunum. Atvinnuleysið er á stöðugu undanhaldi og vinnuaflsskortur er orðinn víða um land þannig að við verðum að flytja inn vinnuafl í stórum stíl. Lánstraust Íslands erlendis eykst stöðugt og ber það vitni farsælli stjórn efnahags- og viðskiptamála. Ríkisstjórnin hefur fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og ríkisbúskapurinn er rekinn hallalaus og í fyrsta sinn í mörg ár er saxað á skuldir ríkisins. Ef ríkisstjórnarflokkarnir hefðu ekki haft siðferðisþrek til þess að tryggja hallalausan ríkisbúskap, þá hefði góðærið ekki nýst þjóðarbúinu og stöðugleikinn hefði glatast.

Meðal þeirra mála sem mest átök hafa orðið um á þinginu er ný húsnæðislöggjöf. Ég hika ekki við að fullyrða að þessi nýja húsnæðislöggjöf er mjög stórt framfaraspor, sérstaklega verður hún til heilla hinum tekjulægri í þjóðfélaginu. Húsnæðisstofnun verður lögð niður um næstu áramót. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verða sameinaðir í Íbúðalánasjóð sem tekur við flestum verkefnum sem Húsnæðisstofnun sinnir nú. Húsbréfakerfið verður óbreytt en afgreiðsla húsbréfa, greiðslumat og veðmat sennilega fært til bankanna. Íbúar í félagslega húsnæðiskerfinu halda öllum réttindum sínum en um næstu áramót verður tekið upp nýtt félagslegt íbúðalánakerfi. Þá fá þeir sem eiga rétt á félagslegri aðstoð í húsnæðismálum lánsloforð fyrir húsbréfum til 40 ára fyrir 65% eða 70% kaupverðs, ef um fyrstu íbúð er að ræða, og loforð fyrir viðbótarpeningaláni 20% eða 25% en verða að leggja sjálfir 10% til kaupanna. Síðan fara þeir og velja sjálfir íbúð við hæfi sem þeir geta síðan selt þegar þeim hentar.

Niðurgreiðslu vaxta verður hætt en í þess stað teknar upp samtímagreiddar vaxtabætur. Það er miklu hagstæðara fyrirkomulag fyrir tekjulága einstaklinga en núverandi kerfi og einstætt foreldri á atvinnuleysisbótum á að geta keypt sér litla íbúð enda geti það lagt fram 10% kaupverðsins. Greiðslubyrðin í nýja kerfinu verður miklu léttari framan af lánstímanum en í eldra kerfi.

Leigumarkaðurinn verður efldur og vinna er að hefjast við að meta leiguíbúðaþörfina og fjármagnsþörf til leiguíbúða svo og við endurskoðun húsaleigulaganna. Húsaleigubætur á allt leiguhúsnæði eru orðnar skylduverk allra sveitarfélaga.

Hluti stjórnarandstöðunnar lagðist mjög hart gegn þessum breytingum og telur að núverandi félagslegt húsnæðiskerfi sé fullkomið og hótar að breyta aftur til fyrra horfs, komist þeir til áhrifa. Verði þeim að góðu. Tíminn mun leiða í ljós að þetta nýja skipulag verður miklu hagfelldara, sérstaklega fyrir tekjulága og sveitarfélögin í landinu.

Mjög mikil og stundum villandi umræða hefur í vetur spunnist um þrjú samtengd stjórnarfrumvörp sem hafa nú öll hlotið samþykki Alþingis. Sú umræða hefur tekið miklu lengri tíma en umræðan um inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið. Þessi frv. hafa verið kölluð manna á milli hálendisfrumvörpin og þar á ég við lögin um þjóðlendur, rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og ný sveitarstjórnarlög. Það er rétt að fara nokkrum orðum um hvað þessi lög fela í sér og hverju þau breyta.

Allt land sem einstaklingar eða sveitarfélög geta ekki sannað eignarrétt sinn á fyrir dómi, svo og auðlindir í jörðu á því svæði sem verður lýst eign ríkisins, verður lýst eign ríkisins og mun verða undir yfirstjórn forsrh. Með hliðsjón af skoðunum hæstaréttardómaranna verður að telja líklegt að mestur hluti af hálendi Íslands verði lýst eign ríkisins enda þótt sveitarfélög og einstaklingar hafi talið að um eignarlönd sín væri að ræða.

Sveitarfélögin halda stjórnsýslu á afréttum eins og þau hafa haft. En stjórnsýslumörk sveitarfélaganna verða færð upp á jöklana þannig að landið allt lúti stjórnsýslu og sé á ábyrgð einhvers sveitarfélags. Þar með öðlast lögreglustjórar löggæsluvald á landinu öllu en lögreglustjóraumdæmin eru sem kunnugt er bundin við stjórnsýslumörk sveitarfélaga.

Áhyggjur hafa komið fram út af skipulagsmálum en það verður leyst með breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Nefnd sem hefur látið vinna tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins verður gerð varanleg og fjölgað verður í henni og bætt við fulltrúum af höfuðborgarsvæðinu og frá Vestfjörðum. Þessi nefnd á að láta endurskoða svæðisskipulagið á fjögurra ára fresti, yfirfara aðalskipulagstillögur sveitarfélaganna og gæta þess að þær séu í samræmi við svæðisskipulagið og séu samræmdar innbyrðis milli einstakra sveitarfélaga. Almannaréttur og frjáls för ferðamanna eru tryggð í náttúruverndarlögum og breytist ekkert við þessa nýju lagasetningu og þá er í engu spillt möguleikanum á að koma upp þjóðgörðum á hálendinu enda eru þjóðgarðar að sjálfsögðu í sveitarfélögum.

Með þessari lagasetningu vinnst það að eytt er réttaróvissu um eignarréttindi, skipulag verður samræmt og stjórnsýsla, löggæsla og heilbrigðiseftirlit nær til landsins alls. Forsrh. fer með vald eiganda og í þjóðlendum má ekki reisa mannvirki sem standa eiga til árs eða lengur nema með leyfi hans.

Hálendi Íslands er allri þjóðinni mjög dýrmætt. Aðgengi hennar til að njóta þess er tryggt og varðveisla og siðsamleg umgengni við landið allt er komin á ábyrgð sveitarfélaga og hömlur settar á heimildarlausa fjáraflastarfsemi einstaklinga og félaga í þjóðlendum.

Framsóknarmenn geta nú á vordögum litið stoltir yfir farinn veg. Okkur hefur tekist í góðu samstarfi við sjálfstæðismenn að koma flestum stefnumálum okkar í framkvæmd og bæta þetta þjóðfélag og skapa grunn að hagsæld þjóðarinnar í framtíðinni. Stórfelld uppbygging er í gangi á mörgum sviðum og henni verður haldið áfram. Fiskstofnarnir eru í vexti og munu skapa þjóðarbúinu aukinn arð og sannast þá að fiskveiðistefna okkar hefur verið skynsamleg.

Meginverkefni stjórnvalda það sem eftir lifir kjörtímabilsins hlýtur að verða að leiðrétta óæskilega byggðaþróun, rétta hlut landbúnaðarins, sem hefur á undanförnum áratug gengið í gegnum miklar þrengingar, og svo að útrýma staðbundnu atvinnuleysi. Takist okkur það verkefni þarf íslenska þjóðin ekki að kvíða framtíðinni. — Góðar stundir.

[21:07]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þrátt fyrir gott árferði eru flestir sammála um að óvenjulega mikill titringur sé í þjóðfélaginu. Nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar, Landsbanka- og Lindarmálið, staða fíkniefnamála, gjafakvótinn og hálendismálin valda þar mestu að ógleymdri framgöngu fyrrverandi bankastjóra nokkurs, einstakra ráðherra ríkisstjórnarinnar og stöðu hennar um leið.

Fyrir okkur kvennalistakonur eru jafnréttismálin og staða kvenna forgangsmál og fróðlegt að skoða þau í samhengi við þau mál sem nú eru efst á baugi í þjóðmálaumræðunni yfirleitt.

Mál málanna á þessu þingi hafa verið hálendismálin. Hingað til hafa flestir Íslendingar litið á hálendið sem einskismannsland, land víðáttu og víðerna sem nærir mannssálina og ber að varðveita. Að auki eru á hálendinu auðlindir í jörðu og virkjunarkostir sem eru mikils virði. Réttaróvissa hefur ríkt um það hver eigi þessar auðlindir. Langflestir landsmanna eru þeirrar skoðunar, samkvæmt skoðanakönnunum, að hálendið eigi að vera sameign íslensku þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin ákvað því miður að fara svipaða leið og með fiskimiðin, segja í orði að hálendið eða þjóðlendur séu eign þjóðarinnar en veita síðan 40 sveitarfélögum skipulagsréttinn á misstórum ræmum sem ná allt til jökla og jöklarnir meðtaldir. Þá er landeigendum heimilað að nýta auðlindir allt inn að jarðarmiðju þó að slíkt sé ekki nauðsynlegt vegna eignarréttarákvæðis stjórnarskrár. Allur vafi er túlkaður landeigendum eða einstökum sveitarfélögum í hag gegn hagsmunum heildarinnar. Hér er ríkisstjórn sérhagsmuna að verki, ríkisstjórn sem virðir að vettugi þau kröftugu mótmæli og þær sterku tilfinningar sem þjóðin hefur sýnt.

Við kvennalistakonur viljum að hálendið verði ein stjórnsýsluleg heild og að nýting auðlinda sé í þágu almannahagsmuna. Átökin um hálendið fara eftir skýrum pólitískum línum og þjóðin mun fá tækifæri í næstu kosningum til að láta álit sitt í ljós.

Hroki ríkisstjórnarinnar kom skýrt fram í hálendismálunum. Veigamikil rök komu fram um að fresta afgreiðslu þeirra eins og fulltrúar fjölmargra almannasamtaka báðu um. Nei, Davíð Oddsson bað um frestun á afgreiðslu málanna sem frambjóðandi í Reykjavík en hafnaði henni sem hæstv. forsrh. Já, það var sannkallaður ráð-herra að verki, herra sem ræður, en ekki þjónn sem þiggur vald sitt af þjóðinni. Það er því af lýðræðisástæðum fullt tilefni til að breyta um orð fyrir ráðherra, samanber þáltill. okkar um að taka upp nýtt orð fyrir ráðherra sem bæði kynin geta borið. Konur geta verið menn en þær geta ekki verið herrar frekar en að karlar geti verið frúr. Því er það ekki boðlegt í jafnréttismálum að eyrnamerkja æðstu embætti ríkisstjórnarinnar valbjóðandi körlum.

Ekki verður séð að nokkuð verði af raunhæfum jafnréttisaðgerðum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Enn bólar lítið á umbótum vegna kynhlutlauss starfsmats og ekkert bendir til að launamunur kynjanna sé að minnka. Eitt af þeim málum sem þingið afgreiddi nýlega var ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára. Þar er ýmsar nýjungar að finna sem benda til að málflutningur okkar kvennalistakvenna sé að skila sér. Þar á ég t.d. við nauðsyn fræðslu um jafnréttismál fyrir æðstu ráðamenn, aðgerða gegn kynferðislegri áreitni, lengt fæðingarorlof fyrir báða foreldra, að stjórnarfrv. séu greind með tilliti til áhrifa þeirra á stöðu kynjanna og að nota beri samþættingaraðferðina í jafnréttismálum.

Gott ef satt væri að ríkisstjórnin meinaði eitthvað með þessum fallegu fyrirheitum. En því miður sýnir áætlunin aðeins að við eigum vel upplýsta embættismenn á sviði jafnréttismála. Áþreifanlegasta sönnun þess er að kostnaður vegna áætlunarinnar er aðeins áætlaður um 7–10 milljónir fyrir fjögur ár. Jafnréttisáætlanir undanfarinna ára hafa ekki komist í framkvæmd og engin ástæða er til að ætla að svo verði á meðan stjórnarflokkarnir eru við völd. Til þess þarf pólitíska vilja og tilheyrandi fjármagn, pólitíska vilja til að jafnréttismálin verði meginmál sem snerti alla málaflokka, meginmál með styrka stöðu innan stjórnsýslunnar og sterka jafnréttisstofnun í stað bitlauss Jafnréttisráðs og valdalausrar kærunefndar. Í stað þess að geyma jafnréttismálin í skúffu í félmrn. þarf að tengja þau betur inn í öll ráðuneyti undir yfirumsjón og á ábyrgð jafnréttisráðherra.

Herra forseti. Sveitarstjórnarkosningarnar mörkuðu tímamót í íslenskum stjórnmálum. Þar ber hæst sigur Reykjavíkurlistans í höfuðborginni og samstöðu félagshyggjufólks í framboðum um allt land. Ég lít á sigurinn í Reykjavík sem persónulegan sigur Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sigur kvenna, sigur Kvennalistans, sigur heiðarlegrar kosningabaráttu og sigur allra þeirra sem starfa saman í anda kvenfrelsis, jafnaðar og félagshyggju.

Meginstraumar í íslenskum stjórnmálum eru að breytast. Þriggja blokka kerfi er í mótun. Þetta er veruleg ógnun við Sjálfstfl. enda hefur hæstv. forsrh. ekki getað hamið viðbrögð sín í fjölmiðlum sem birtast hvað skýrast í ómaklegum árásum hans á fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Það mál sem nú veldur hvað mestum titringi er Landsbanka- og Lindarmálið. Það byrjaði með laxi, risnu og uppsögnum bankastjóra. Nú snýst málið annars vegar um ábyrgðina á gjaldþroti Lindar og hvort það var pólitísk spilling sem varð til þess að hundruð milljóna af almannafé glötuðust. Hins vegar snýst málið um þá alvarlegu stöðu sem kom upp við það að hæstv. viðskrh. hélt upplýsingum frá þinginu í júní 1996. Vantraust vofir yfir hæstv. viðskrh.

fyrr eða síðar. Til að slík tillaga komist á dagskrá eftir 1. apríl þarf meiri hluti þingsins að samþykkja afbrigði. Það er óviðunandi í ljósi stjórnarskrárinnar að tæknileg atriði þingskapa komi í veg fyrir að hægt sé að bera upp vantraust umsvifalaust. Það á eftir að koma í ljós hvort Davíð Oddsson er tilbúinn að taka pólitísku ábyrgðina eða hvort ábyrgðin lendir á viðskrh. og Framsfl. með tilheyrandi afleiðingum fyrir stjórnarsamstarfið. Mikilvægt er að ítarleg rannsókn fari fram á málinu þannig að allar hliðar þess verði upplýstar og réttir aðilar sæti ábyrgð og verði sakfelldir. Meginmálið fyrir Alþingi nú er að horfast í augu við þann trúnaðarbrest sem er orðinn milli þess og viðskrh. og það er mikið umhugsunarefni að samkvæmt hefð komast ráðherrar hér upp með moðreyk sem annars staðar varðar embættismissi.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er sérkennilegt andrúmsloft í þjóðfélaginu þessa fallegu júnídaga og það styttist í næstu alþingiskosningar. Við kvennalistakonur höfum fullan hug á að fylgja eftir hugmyndafræði okkar inn í stjórnmál næstu aldar. Það hefur verið styrkur kvennalistakvenna að láta ekki viðjar vanans og gamalla hefða hefta sig. Við höfum ætíð farið ótroðnar slóðir með kvenfrelsið að leiðarljósi. Kvennalistinn hefur nú verið á kvenfrelsisvaktinni í 15 ár og áorkað miklu. Enn á ný skoðum við hvaða leiðir séu vænlegastar til árangurs og fetum hiklaust nýjar slóðir.

Við tökum nú þátt í viðræðum stjórnarandstöðuflokkanna um sameiginlega málefnaskrá fyrir næstu alþingiskosningar. Viðræðurnar ganga vel þó að of snemmt sé að segja til um hver útkoman verður því margt á enn eftir að skýrast. Ef við berum gæfu til að læra af reynslu Reykjavíkurlistans og skapa nýtt og framsækið afl munum við ekki aðeins njóta fyrstu borgarstjórnar allra borgarbúa, bæði kvenna og karla, heldur gæti orðið til fyrsta ríkisstjórnin sem þjónaði í raun öllum þegnum þessa lands, bæði konum, börnum og körlum. — Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[21:17]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Bandaríska fréttatímaritið Time birti fyrir skömmu úttekt á þeim hundrað einstaklingum sem blaðið telur hafa verið mesta áhrifavalda á þessari öld í röðum leiðtoga og byltingarmanna. Þar er að finna mannréttindafrömuði og frelsishetjur, einræðisherra, byltingarmenn og baráttukonur, herforingja og hugsjónamenn, afturhaldsmenn og umbótasinna. Í hópnum eru aðeins tólf konur sem er álíka og hlutur kvenna í ríkisstjórnum og þingum heimsins.

Sú öld sem er nú að renna sitt skeið á enda er öld mikilla þjóðfélagsbreytinga og tækniframfara en hún er jafnframt blóðugasta öld mannkynssögunnar. Hugmyndakerfi hafa risið og hnigið, þjóðfélögum hefur verið haldið í heljargreipum og sumum verið bylt. Þjóðir hafa öðlast sjálfstæði og styrjaldir verið háðar, stundum til þess að kveða niður ógnvalda, stundum til að árétta rétt hins sterka. Aldrei hefur verið gengið jafnhart að móður jörð og á þessari öld með eyðingu auðlinda, uppblæstri, mengun og sóun.

Þegar greinarhöfundar Time líta yfir farinn veg sýnist þeim að ef gefa megi þessari öld eitthvert samheiti sé það e.t.v. öld frelsis, eða öllu heldur frelsisbaráttu. Frelsis þjóða, frelsis undirokaðra, frelsis kvenna, frelsis hugmynda. Þar með má segja að loksins hafi eitt af kjörorðum frönsku stjórnarbyltingarinnar 1789, frelsið, komist í öndvegi. Hin tvö, jafnréttið og bræðralagið í besta skilningi þess orðs, eiga enn langt í land.

Fáar þjóðir á norðurhveli jarðar hafa gengið í gegnum jafnmiklar þjóðfélagsbreytingar á þessari öld og við Íslendingar. Í upphafi þessarar aldar var húsakostur, heilbrigði og atvinnulíf svo frumstætt og fátæklegt að helst verður jafnað við það sem við sjáum nú í fátækustu ríkjum heims. En Íslendingar bjuggu í nágrenni við einhver gjöfulustu fiskimið veraldar. Breytingar úti í heimi leiddu til aukinnar eftirspurnar eftir fiski, nýir markaðir opnuðust og vélvæðing jók aflann svo um munaði. Íslendingum opnaðist leið til lífskjarabyltingar sem staðið hefur alla þessa öld jafnframt því sem við tókum stjórn mála okkar í eigin hendur. Þessu 270 þúsund manna samfélagi á norðurslóðum verður varla jafnað við annað en kraftaverk.

Enn opinberast okkur hvílíkt forréttindafólk við erum þegar við hugsum til þeirrar spár að innan tíðar verði vatn einhver mikilvægasta auðlind jarðarinnar og að átök framtíðarinnar kunni að snúast um aðgang að vatni. Ég hygg að engin þjóð í heimi eigi aðra eins möguleika á að skapa samfélag jöfnuðar, réttlætis, virðingar við náttúruna og raunverulegs lýðræðis og við Íslendingar.

En það eru ljón á veginum, hæstv. forseti. Eitt þeirra hefur minnt rækilega á sig undanfarnar vikur. Ljónið, sem áratugum saman hefur varið dyr forréttinda og spillingar hefur vikið af verðinum og okkur opnast sýn enn einu sinni inn í eldhúsið þar sem kraumar í kjötkötlum valdsins. Þeim einum er boðið til borðs sem tilheyra þeim stjórnmálaflokkum sem hafa setið við völd lengst af þessari öld og þar er ekkert til sparað til að gera veisluna sem veglegasta enda hefur hún staðið lengi.

Framsóknarforinginn Jónas frá Hriflu bauð Einari Olgeirssyni til sætis í Síldareinkasölu ríkissins 1928 meðan hann var honum að skapi. Og Jóni Baldvinssyni, formanni Alþýðuflokksins, veitti hann bankastjórastól Útvegsbankans 1930 auk allra sinna flokksgæðinga sem hann kom fyrir í ýmsum hornum. Sjálfstfl. hefur um áratuga skeið átt sín sæti við borðið og má nú glíma við fyrrum samherja sem hraktist úr veislunni en stendur fyrir óspektum utan dyra. Þess er skemmst að minnast hvernig Alþfl. raðaði til borðs á síðasta kjörtímabili og dugði ekkert minna en stólar bankastjóra, sendiherra og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er löngu orðið tímabært að velta um stólum í þessari veislu. Hleypa út vindlareyknum, hreinsa af borðum og raða upp á nýtt þannig að reynsla, menntun og hæfileikar ráði ríkjum í íslenska stjórnkerfinu og í þeim stofnunum sem undir það heyra. Það er kominn tími til að íslenskir sjtórnamálamenn taki á sig rögg, kveðið niður þessa drauga fortíðarinnar, taki upp lýðræðislega stjórnarhætti og snúi sér að því sem skiptir okkur mestu máli, framtíðinni.

Hæstv. forseti. Að mínum dómi hafa íslensk stjórnmál villst af leið í kjölfar þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á heimsmálum á undanförnum tíu árum. Hrun hugmyndakerfa og heimsveldisins í austri kipptu grunninum undan þeirri pólitík sem hér var rekin um árabil. Ekki verður sagt að andríkinu sé fyrir að fara í stefnu ríkisstjórnarflokkanna, allt er þar með hefðbundnum hætti. Hvað þá að finna megi hugmyndaauðgi meðal svokallaðra vinstri flokka sem einkum ræða og deila um það hvort betra sé að vera sameinaðir eða sundraðir. Sú barátta sem ég hef varið drjúgum hluta ævi minnar til að sinna, íslensk kvennabarátta, sem um skeið blés nýju lífi í íslensk stjórnmál, er í lægð en hún mun eflaust taka á sig nýjar myndir á næstu árum eins og hún hefur gert aftur og aftur undanfarin 100 ár.

Það er kominn tími til nýsköpunar í íslenskum stjórnmálaum, hæstv. forseti, tími endurnýjunar sem tekur mið af nýrri öld sem brátt rennur upp. Til þess að breyting eigi sér stað þarf að móta stefnu, endurskoða hugmyndir og breyta formum, hleypa nýjum straumum að, ekki síst hugmyndum um kvenfrelsi, skapa upp á nýtt en ekki að bræða saman gömul valdakerfi sem eru að daga uppi.

Á meðan íslensk stjórnmál hjakka að mestu í sama farinu og sýna helst lífsmark í auknu eftirliti með framkvæmdarvaldinu, sem er auðvitað af hinu góða, breytist veröldin hratt. Þeir eru margir sem velta því fyrir sér úti í hinum stóra heimi hvað framtíðin beri í skauti og hvað stjórnmál næstu aldar muni snúast um. Greinarhöfundar tímaritsins Time, sem var áður vitnað til, spá því að umhverfismál verði meðal þeirra mála sem beri hæst og eru þeir ekki einir um þá skoðun. Þeir nefna einnig alþjóðavæðingu og áhrif hennar andspænis vaxandi þjóðernishyggju og sívaxandi áhyggjur af ýmiss konar bókstafstrú sem oftar en ekki brýst út í ofsóknum ef ekki hryðjuverkum.

Evrópusambandið hefur að undanförnu spáð í framtíðina út frá hinni félagslegu hlið og bent þar á þjóðfélagsbreytingar og vanda sem verði að bregðast við. Þar eiga þeir einkum við langvarandi atvinnuleysi, sívaxandi eiturlyfjaneyslu og glæpi henni samfara og síðast en ekki síst miklar breytingar sem eru að verða á fjölskylduháttum um alla Evrópu. Þeim heimilum fjölgar stöðugt þar sem aðeins býr einn fullorðinn einstaklingur með eða án barna. Menn óttast að hin gömlu og góðu fjölskyldugildi, sem löngum hafa haldið samfélögunum saman, séu á undanhaldi. Því fylgir vaxandi upplausn og aukinn fjöldi þeirra sem geta ekki séð sér farborða eða lenda utan garðs af einhverjum orsökum. Bilið milli ríkra og fátækra er að breikka.

Þá á sér stað mikil umræða í velferðarríkjum vestursins um afleiðingar þess hve margir ná nú háum aldri og hvernig skuldsett þjóðfélög Vesturlanda eigi að fara að því að ala önn fyrir sínu gamla fólki án þess að skattbyrði hinna yngri verði óbærileg. Spurt er hvernig velferðarkerfi framtíðarinnar eigi að líta út, hverjir eigi að njóta aðstoðar og hvernig eigi að kosta hana. Svarið felst m.a. í því að halda fólki lengur á vinnumarkaði enda heilsan miklu betri en áður var, gefa fólki kost á endurmenntun og símenntun þannig að sem flestir geti séð fyrir sér jafnframt því að stokka upp kerfið og breyta áherslum. Enn einu sinni beinast sjónir að menntakerfinu og því lykilhlutverki sem það mun gegna í framtíðinni, ekki aðeins fyrir unga fólkið heldur fyrir alla starfsævina.

Hæstv. forseti. Stjórnmál og stjórnmálastefnur geta ekki þrifist öðruvísi en að þau byggist á hugmyndum og hugsjónum og horfist í augu við veruleikann. Þau eiga að fást við áleitnar spurningar. Þegar stjórnmál fara fyrst og fremst að snúast um leiðtoga og ímyndir eða það eitt að halda völdum er eitthvað mikið að. Þær hugsjónir sem tóku að þróast á 17. öldinni um réttinn til frelsis, hugsjónir réttlætis, jöfnuðar og jafnréttis allra manna, karla jafnt sem kvenna, auk virðingarinnar við móður náttúru hljóta að verða það leiðarljós sem stjórnmál framtíðarinnar munu byggjast á. Eigum við ekki að taka höndum saman um að koma þeim hugsjónum til vegs og virðingar að nýju og gera næstu öld að öld jafnréttis, bræðra- og systralags? En, hæstv. forseti, það verður örugglega ekki gert undir forustu Sverris Hermannssonar. — Góðar stundir.

[21:26]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Ég átti á dögunum erindi við Tryggingastofnun ríkisins. Slíkt væri ekki í frásögur færandi hefðu ekki verið á undan mér öldruð hjón þeirra erinda að spyrjast fyrir um hverju það sætti að ellilífeyrir þeirra hefði lækkað. Alúðleg afgreiðslukona gerði sitt ýtrasta til að skýra fyrir þeim að þar eð þau hefðu farið hvorki meira né minna en 262 krónur yfir lægstu viðmiðunarmörk í tekjum árið á undan skertist heimilisuppbót þeirra um helming.

Gömlu hjónunum gekk að vonum illa að skilja jafnt sök sína sem og refsingu. Svo hefði trúi ég, fleirum farið. En hafi ég ekki þá skilið til fulls hver rök lágu til þessarar harðýðgi skildi ég þau út í hörgul er ég hlustaði á hæstv. forsrh. ræða fjármálaástandið í sjónvarpsþætti í fyrri viku. Rökin eru sáraeinföld: Það er svo mikið til af peningum í landinu. Það eru ódæmabýsn og von á meiru. Einkaneysla fer vaxandi. Nýjum jeppum fjölgar sem aldrei fyrr. Sólarlandaferðir seljast upp. Það dregur úr sparnaði. Þess vegna þarf að standa á bremsunni. Og hæstv. ríkisstjórn lumar augljóslega á ráðum sem duga. Kjör ellilífeyrisþega, sjúklinga, þiggjenda örorkubóta, atvinnulausra, í stuttu máli kjör allra þeirra sem þurfandi eru hafa æ ofan í æ verið skert. Þeir búa nú við versnandi kjör. Þar er bremsan sem staðið er á. Þeir sem bíða eftir aðgerðum á biðlistum sjúkrahúsanna, þeir sem sendir eru heim vegna sumarlokana vita nú ástæðuna fyrir þrengingum sínum. Það er svo mikið til af peningum í landinu.

Það var um það leyti sem uppsafnaður sparnaður fortíðar var kominn í þóknanlega vasa að gróðapungarnir sneru sér að eignum framtíðarinnar og tóku í blygðunarlausri græðgi að skipta milli sín óveiddum fiski í sjónum. Ég fullyrði að aldrei í sögu þjóðarinnar hafi sambærilega eignaupptaka átt sér stað. Mér er raunar stórlega til efs að nokkurs staðar á byggðu bóli þekkist þess dæmi að aðalatvinnuvegur einnar þjóðar hafi með viðlíka hætti verið gefinn fáum útvöldum.

Við höfum ekki lengur efni á að greiða niður vexti í félagslega húsnæðiskerfinu svo skjólstæðingum þess er vísað að guð og gaddinn eða í besta falli á leigumarkað sem er ekki til. Við erum nefnilega ekki bara óguðlega rík heldur hefur nú sú harðsnúna klíka peningavaldsins í landinu, sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er höllust undir, ekki bara það áhugamál eitt að skerða áunnin réttindi almennra launamanna heldur stendur það þessum hópi ekki síður fyrir svefni að ágóði þjóðarbúsins skili sér e.t.v. ekki í þá vasa sem hún hefur mesta velþóknun á.

Þessa daga áskotnast þjóðarbúinu u.þ.b. 25 milljarðar vegna bætts ástands veiðistofna. Þessir milljarðar eru því að sjálfsögðu umsvifalaust afhentir kvótaeigendum til fullrar eignar.

Ekki hefur farið fram hjá neinum að hæstv. menntmrh. hefur undanfarið gert víðreist og barið bumbur til að kynna hugmyndir sínar um betri skóla. Að sjálfsögðu hefur hann fengið góðar undirtekir því að það er nefnilega einmitt þess konar skóli sem velflestir vilja. Einstöku gleðispillir hefur að vísu undrast þá háttsemi að þá fyrst er grunnskólinn er kominn á framfæri sveitarfélaganna dregur menntmrh. upp úr pússi sínu uppskrift að betri skóla. Hann hefur hins vegar svarað því til að stefna hans, er hann nefnir „enn betri skóli" kosti svo sem ekki neitt. Þótt slíkt sé að sönnu mikill kostur í þjóðfélagi sem á allt of mikla peninga er það samt svo að við slíkar yfirlýsingar hrökkva gamlir púlsklárar úr kennarastétt hvumpnir við því þeir vita að gegnum tíðina hafa

bæði foreldrar og kennarar kvartað yfir skorti á fjármagni til skóla, skorti á kennslugögnum, skorti á skólahúsnæði og skilningsskorti ráðamanna. Þeir hafa kvartað yfir lágum launum, of fjölmennum bekkjum, versnandi vinnuskilyrðum og of mikilli kennsluskyldu.

Þeir sem hafa fengist við kennslu vita að þessar kvartanir eru á rökum reistar. Og þeir vita það líka að þær hafa flestar meira með hag nemenda að gera en kennara. Á þessum hlutum hefur því miður lítil bót fengist því að umbætur kosta fé. Hitt er sjaldgæfara að heyra kvartað yfir skorti á nýjum stefnum í menntamálum. Hvað þær snertir hefur framboð í gegnum tíðina verið snöggtum meira en eftirspurnin.

Falleg orð eru létt í vasa og það er rétt hjá menntmrh. hæstv. að þau kosta lítið. Þrátt fyrir að til séu í landinu þessi býsn af peningum sem forsrh. talaði um í áðurnefndum sjónvarpsþætti og þrátt fyrir þau sannindi að margur verði af aurum api neita ég að trúa því að á Íslandi sé einhvers konar þjóðarsátt um þá misskiptingu lífsgæða sem vex nú með hverju ári. Ég neita að trúa því að það sé vilji þjóðarinnar að kjör þeirra sem standa höllustum fæti séu skert, að launum sé haldið neðan við allt velsæmi. Eignir þjóðfélagsins séu gefnar einkavinum og ávinningur góðærisins lendi á markaðstorgi samviskulítilla braskara.

Stuðningur við stefnu núverandi ríkisstjórnar er þjóðarböl, hæstv. forseti. — Ég þakka áheyrnina.

[21:33]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í ljóði sínu Háfjöllin yrkir Steingrímur Thorsteinsson á eftirfarandi hátt um hálendið:

Þú bláfjallageimur með heiðjöklahring
um hásumar flý ég þér að hjarta.
Ó, tak mig í faðm, minn söknuð burt ég syng
um sumarkvöld við álftavatnið bjarta.

Ættjarðarskáldin hafa sveipað land okkar dýrðarljóma og hljómar kveðskapur þeirra sífellt í eyrum okkar fagur og tær. Í heimi síbreytileikans og vaxandi kröfugerðar í auðæfi náttúrunnar annars vegar og verndun hennar hins vegar er reglulegt uppgjör á þeim vettvangi því nauðsynlegt.

Eins og alkunna er kom Sigríður Tómasdóttir í Brattholti í veg fyrir virkjunarframkvæmdir við Gullfoss. Án efa hefur ást hennar á landinu og ómur ættjarðarskáldanna hvatt hana til dáða til að berjast fyrir verndun Gullfoss og fullyrði ég að í dag vildu allir þá Lilju kveðið hafa.

Með hugsjónir þessara náttúruunnenda í huga hafa ýmsir mætir menn í þjóðfélaginu lagst gegn lögum um sveitarstjórnir, nýtingu auðlinda í jörðu og þjóðlendna. Með sömu hugsjónir í huga hafa sjálfstæðismenn á Alþingi stutt þessi lög. Í þessu felst þversögn sem ég tel nauðsynlegt að skýra. Ef við skyggnumst aðeins í þessa lagabálka er þar þrennt sem stendur upp úr: Í fyrsta lagi er tryggður ótvíræður eignarréttur ríkisins, þ.e. þjóðarinnar, yfir öllu landi sem enginn annar getur sannað eignarrétt sinn yfir. Ekki er ljóst hve þjóðlendur og jarðir í eigu ríkisins verða stór hluti landsins en grófar hugmyndir eru um að allt að 60% landsins alls verði eign ríkisins. Í öðru lagi eignast ríkið allan rétt á nýtingu og rannsóknum á auðlindum í jörðu á þjóðlendum, auk réttinda til heitavatnsnotkunar í einkalöndum. Í þriðja lagi er fulltrúum fólksins falin stjórnsýsla og skipulag á þjóðlendum í samráði við umboðsmann þjóðarinnar, forsrh. Með þessu móti hafa yfirráð og nýting á náttúruperlum miðhálendisins verið sett í fastar skorður og almannahagur settur ofar einkahagsmunum. Allt tal um að 4% þjóðarinnar séu að eignast miðhálendið er því fjarstæða og áróðursbragð í anda veiðimennsku þingflokks jafnaðarmanna sem fiskar nú um stundir helst í gruggugu vatni tortryggni og hálfsannleika.

Náðst hefur samkomulag innan stjórnarflokkanna um breytingar á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga sem afdráttarlaust tekur á því að miðhálendið verði allt skipulagt sem ein heild. Skipulagsvaldið samkvæmt lögunum verður í höndum svæðisskipulagsnefndar, forsrh., umhvrh., Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna. Af hálfu þessara aðila hefur nú þegar farið fram mikil skipulagsvinna sem vakið hefur athygli fyrir mikinn áhuga á verndunarsjónarmiðum. Af þessum ástæðum tel ég þessi frv. til bóta fyrir land og þjóð.

Herra forseti. Í þjóðfélagsumræðunni síðustu daga hafa ýmsir aðilar jafnað saman lögunum um miðhálendið og kvótakerfinu með þeim rökum að miðhálendið sé afhent fáum á sama hátt og kvótinn. Þarna er, herra forseti, öllu ólíku saman að jafna. Miðhálendið er sett undir ríkið og eignaryfirráðin eru ríkisins eins og komið hefur fram en kvótinn er afhentur útgerðarmönnum til veðsetningar, til sölu, leigu og veiða allt eftir geðþótta hvers og eins útgerðarmanns.

Fiskveiðistjórnarkerfið hefur af þessum ástæðum verið mörgum þyrnir í augum og er það tilfinning þjóðarinnar að útgerðinni hafi verið gefin þjóðareignin með lögunum um stjórn fiskveiða frá árinu 1990. Þetta er afleit tilfinning, herra forseti. Fyrir rúmu ári barðist ég ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. hart gegn því að lögfest yrði heimild til að veðsetja kvóta með skipi. Ástæða þeirrar baráttu var fyrst og fremst það álit okkar að þá festist kvótinn enn frekar í sessi. Grundvallarbreytingar á kerfinu gætu einnig orðið erfiðari eftir það og bakað þjóðinni skaðabótaábyrgð.

Það var ekki síst fyrir mikinn þrýsting ríkisbankanna að okkur tókst ekki að stöðva þetta mál. Okkur sem nú sitjum á þingi er því mikill vandi á höndum. Allar aðgerðir til að leggja kvótann af í einu vetfangi eru of áhættusamar, enda enginn sem vill setja langmikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar í hættu. Slíkt er algjört ábyrgðarleysi.

Ýmsir vonast til þess að lausnin fáist með þál. um skipun þverpólitískrar nefndar sem kanni gjaldtöku í einu eða öðru formi fyrir afnot af þjóðareigninni. Með því móti vonast ég til að sátt geti náðst um auðlindastýringuna. Niðurstaða þessarar nefndar verður að líta dagsins ljós fyrir næstu áramót.

Herra forseti. Langtímaáætlun í vegagerð var fyrir nokkrum dögum samþykkt í þinginu og nær áætlunartímabilið til ársins 2010. Þar er tekið á öllum mikilvægustu vegamálum landsins, m.a. lagningu bundins slitlags til allra þéttbýlisstaða landsins, tvöföldun Reykjanesbrautar og mörgu fleira.

Ég vil leyfa mér að fagna sérstaklega þeim vinnubrögðum sem hér eru innleidd af hæstv. samgrh. um langtímaáætlun í brýnustu samgöngumálum landsins. Slík vinnubrögð leiða til betra skipulags í samgöngumálum sem gagnast jafnt þéttbýlisstöðum sem dreifbýlinu. Stærsta einstaka framkvæmd þessa tímabils er Reykjanesbrautin frá Reykjavík til Reykjanesbæjar og eru áætlaðir til þeirrar framkvæmdar um 6,7 milljarðar kr. Þessari framkvæmd sem öðrum fagna ég sérstaklega.

Herra forseti. Um næstu helgi halda landsmenn sjómannadaginn hátíðlegan. Í tilefni þess óska ég öllum sjómönnum til hamingju með daginn. Jafnframt óska ég þeim blessunar

um ókomna tíð og Íslendingum öllum. — Góðar stundir.

[21:39]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Eldhúsdagur er í eðli sínu uppgjör. Að þessu sinni er það óvenjuharkalegt. Liðinn vetur á Alþingi hefur reynst tími valds og hroka. Röng eða engin svör við fyrirspurnum jafnaðarmanna á Alþingi hafa kallað fram hörð viðbrögð með þjóðinni. Atburðarás liðinna vikna hefur afhjúpað ábyrgðarleysi æðstu ráðamanna, ráðherrar geta ekki borið af sér ávirðingar, víkjast undan ábyrgð og benda á aðra en það er Alþingi sem bíður álitshnekki.

Þegar ráðherra jafnaðarmanna sagði af sér ráðherradómi á síðasta kjörtímabili sagðist hann vilja skapa fordæmi um ráðherraábyrgð. Nú reynir á það fordæmi.

Stjórnmál snúast um stefnu, völd og traust. Framsfl. og Sjálfstfl. nota vald sitt til að færa auðlindir okkar á fárra hendur. Það gerist í hvert sinn sem þessir tveir flokkar eru saman í ríkisstjórn. Þeir eru nokkurs konar gjafatvenna sem hefur með sér valdakaup. Á sínum tíma settu þessir flokkar lög um stjórn fiskveiða sem hafa fært auðlind okkar í hafinu á fárra hendur. Fáir útvaldir selja aðgang að fiskimiðunum og gjald fyrir aðgang að auðlindinni rennur í þeirra eigin vasa.

Í síðustu viku voru veiðiheimildir auknar og þeim úthlutað áfram ókeypis til þeirra sem höfðu veiðiréttinn fyrir. Þetta voru 32 þús. tonn af þorski. Viðbótarúthlutun sem meta má til 25 milljarða kr. miðað við gangverð eignarkvóta en það samsvarar 90 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Boðskapur forsrh. er að vextir muni hækka og að draga þurfi úr ríkisútgjöldum vegna þessarar aflaaukningar. Með öðrum orðum á að draga úr velferðarþjónustu á sama tíma og fáir útvaldir hagnast um milljarða króna. Stjórnarflokkarnir mega ekki heyra á veiðileyfagjald minnst en vita þó að eignarkvóti úr hinni nýju úthlutun mun ganga kaupum og sölum fyrir 800 kr. kílóið. Þeir hafa nú sett lög um að allar auðlindir í jörðu munu tilheyra landeigendum. Auðlindir sem finnast eða munu finnast á eða í landareign verða eign landeigenda hvort sem um er að ræða efni, málma, háhita eða jafnvel olíu.

Engin mál hafa kveikt viðlíka elda og klofið þjóðina í fylkingar eins og kvótinn og nú skulu allar auðlindir okkar í sama farveg, afhentar fáum til eignar og umráða. Helmingaskipti Framsóknar og Sjálfstfl. hafa alltaf alvarlegar afleiðingar fyrir fólkið í landinu.

Þrátt fyrir harða baráttu á Alþingi tókst okkur ekki að afstýra því að sett voru lög um sveitarfélagamörk á miðhálendinu. Því var skipt upp í tertusneiðar eins og frægt er orðið. Þessi nýju lög eru mesta aðför að almannarétti frá landnámsöld, lénsskipulag nútímans. Það er með ólíkindum og brot á allri lýðræðishugsun að þjösna máli sem ekkert kallar á að lögfesta gegnum Alþingi þegar fyrir liggur að yfir 70% þjóðarinnar eru slíkri löggjöf gjörsamlega andvíg. Ég hygg að fleiri en ég hneykslist á ríkisstjórn sem hlustar ekki á þjóðina sína þegar hún talar, þegar mörg þúsund Íslendingar mótmæla því að ríkisstjórnin færi fáum sveitarfélögum öll völd á almenningum landsins. Í yfirlýsingu um 90 fræðimanna var borin fram sú fróma ósk að fresta ákvörðun um uppskiptingu hálendisins til haustsins. Þann hóp skipuðu m.a. virtir skólamenn, prófessorar, lektorar, vísindamenn, menningarfrömuðir og tveir fyrrverandi umhverfisráðherrar. Fjöldi félaga og félagasamtaka skoruðu á Davíð Oddsson forsrh. að fresta málinu. Í þessum samtökum eru tugþúsundir félaga. Skoðanakannanir sýndu að sjö af hverjum tíu Íslendingum eru andvígir því að stjórnsýslan á miðhálendinu, þar með talið skipulags- og byggingarvald, verði falið aðliggjandi sveitarfélögum. Fólkinu í landinu, öllu, sem þykir vænt um öræfin og nýtir þau í æ ríkari mæli til útivistar og lífsfyllingar, finnst það varða sig hvernig og hvort þar verður framkvæmt.

Allir landsmenn verða að geta treyst því að almannaréttur, t.d. réttur almennings um landið ráði ferðinni en ekki hagsmunir einstakra sveitarfélaga eða fámennra hópa. Þó sett verði niður samvinnunefnd sem svæðisskipuleggur miðhálendið getur hún ekki tryggt samræmt skipulag á þessu svæði gegn vilja sveitarfélaganna. Allt slíkt tal er blekking ein. Við jafnaðarmenn lögðum fram tillögu um að miðhálendi Íslands verði sjálfstæð stjórnsýsluein sem lyti sérstakri landskjörinni stjórn. Þetta er skynsamleg tillaga sem byggir á því að svæðið verði skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allrar þjóðarinnar komi að því skipulagi.

Herra forseti. Stefna jafnaðarmanna er skýr. Við viljum efla sveitarfélög, gera þau vel í stakk búin að taka við auknum verkefnum og tryggja þeim sjálfræði um málefni sín. Stefna jafnaðarmanna er líka skýr varðandi sameiginlegar auðlindir. Við viljum að þjóðinni sé greitt fyrir veiðiheimildir í stað þess að þeir fjármunir renni í vasa útvalinna sem fengið hafa kvótann ókeypis. Stefna okkar er skýr hvað varðar auðlindir í jörðu, þær eru eign okkar allra. Óbyggðir Íslands eru einhver mestu auðæfi okkar Íslendinga. Landsmenn munu ekki una valdníðslunni á Alþingi nú á vordögum. Andstaðan sem blossaði upp vegna áforma ríkisstjórnarinnar um miðhálendið var vegna þess að þetta er eitt af hjartans málum þjóðarinnar. Þess vegna bregst þjóðin við. Hún spyr: Hvar eru auðlindir mínar? Og svarið er: Þær hafa verið afhentar öðrum.

[21:47]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á síðustu þremur árum hafa lífskjör á Íslandi batnað helmingi meira að meðaltali en í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við. Þar kemur tvennt til. Annars vegar tiltölulega hagstæð ytri skilyrði og svo hins vegar þær aðgerðir sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir. Lífskjarabatinn birtist í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um 20% frá árinu 1995. Þannig hefur nú fjögurra manna fjölskylda 750 þús. kr. meira í tekjur en hún hafði. Skuldasöfnun ríkisins hefur verið stöðvuð, erlendar skuldir af landsframleiðslu hafa lækkað um 50 milljarða króna. Tekjuskattur einstaklinga lækkar á árinu 1997 til ársins 1999 úr tæpum 42% í 38% sem þýðir að ráðstöfunartekjur hjóna munu aukast um 140 þús. kr. á mánuði. Lagður hefur verið grunnur að lækkun orkuverðs í landinu upp úr aldamótum um 20–30% á tíu árum þar á eftir. Tólf þúsund störfin sem við framsóknarmenn töluðum um að skapa þyrfti skilyrði fyrir að yrðu til til aldamóta verða ekki tólf þúsund heldur þrettán þúsund. Af þessum árangri erum við sem gengum til alþingiskosninga 1995 undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi" stolt. Þetta hefur stjórnarandstaðan á Alþingi ekki áhuga á að ræða. Lífskjör fólksins í landinu skipta hana litlu sem engu máli. Hún er upptekin af eigin málum og við það að koma höggi á saklausa einstaklinga og þá fyrst færist skörin upp í bekkinn þegar hv. þm. Svavar Gestsson ætlar að setjast í dómarasæti. Maðurinn sem þekkir kannski fjármálaleg samskipti Þjóðviljans og Landsbankans

betur en nokkur annar. Þetta er sá maður sem hefur hér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. flutt tillögu á Alþingi um að skipa þurfi sérstaka rannsóknarnefnd í Lindar- og Landsbankamálum. Málum sem nú eru í höndum ríkissaksóknara. Ætli þjóðin haldi að hv. þm. Svavar Gestsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans, sé betur í stakk búinn til að rannsaka þau mál en sjálfur ríkissaksóknari?

Ríkisstjórnin, sem stjórnarandstaðan í upphafi kjörtímabilsins kallaði ríkisstjórn stöðnunar og afturhalds, hefur sannað sig sem ríkisstjórn athafna og framfara. Í áratug töluðu fyrrv. viðskiptaráðherrar um að breyta þyrfti rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna. Ekkert gerðist. Þessu hefur nú verið lokið með það að markmiði að auka samkeppni, lækka vexti og bæta þjónustuna. Í 15 ár töluðu fyrrv. viðskiptaráðherrar um að stokka þyrfti upp sjóðakerfi atvinnulífsins en þeir bara töluðu og það gerðist ekkert. Þetta erum við nú búin að gera með það að markmiði að hagræða og spara, veita atvinnulífinu aðgang að ódýrara lánsfé. Í tvo áratugi töluðu fyrrv. iðnaðarráðherrar um að auka þyrfti erlenda fjárfestingu í orkufrekum iðnaði, en ekkert gerðist. Á síðustu þremur árum höfum við gengið frá þremur nýjum stóriðjusamningum og lagt þannig grunninn að auknum útflutningstekjum upp á 16 milljarða króna og 50 milljarða króna fjárfestingu og skapað þannig 2.350 ný störf á framkvæmdatímanum. Í aldarfjórðung töluðu fyrrv. iðnaðarráðherrar um að nauðsynlegt væri að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja með því að setja á fót nýsköpunarsjóð fyrir atvinnulífið en það gerðist ekkert. Nú hefur verið stofnaður nýsköpunarsjóður fyrir atvinnulífið sem mun styrkja samskeppnisstöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Um þetta vill stjórnarandstaðan ekki tala heldur hefur hún lagst gegn flestum þeim málum sem hér hafa verið lögð fram sem horft hafa til atvinnusköpunar og bættra lífskjara fyrir fólkið í landinu. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. mun halda áfram á braut athafna og framfara. Hún mun ekki láta hjáróma raddir og úrtöluraddir stjórnarandstöðunnar villa sér sýn. Við munum halda áfram að fjölga atvinnutækifærum og betur launuðum störfum. Við munum halda áfram að auka fjölbreytnina í atvinnulífinu, skapa ungu og vel menntuðu fólki metnaðarfull og krefjandi störf við sitt hæfi. Við munum halda áfram að styrkja stoðir velferðarþjónustunnar. Við munum halda áfram umbótum á fjármagnsmarkaði með það að markmiði að auka öryggi í fjármálaþjónustunni, lækka vexti og bæta þjónustuna.

Herra forseti. Athafnir og framfarir, nýjungar og nýsköpun hafa einkennt störf ríkisstjórnarinnar. Í verkum sínum hefur hún haft fólkið í fyrirrúmi og mun hafa það áfram. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:53]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það er ekki auðvelt að koma í þennan ræðustól á eftir þeim kraftaverkamanni sem hér talaði en það verður fróðlegt að sjá hvernig orð hans standast kastljós framtíðarinnar. Við kveðjum nú senn þing hinna löngu ræðna og hinna hörðu átaka þar sem meiri hluti Alþingis fékk að kenna á harðri stjórnarandstöðu með dyggum stuðningi fjölmennra hópa utan þings. Ég þarf ekki að tíunda þessi átakamál, þau hafa verið aðalefni umræðunnar í kvöld og öll hafa þau svo sannarlega verið meira en einnar messu virði. Það sem efst stendur í huga mínum er þó reiptogið um stjórnskipan á miðhálendinu. Ekki átökin hér í þinginu, heldur miklu fremur umræðan utan veggja þessa húss. Það er hún sem skiptir máli. Ég minnist ekki jafnvíðtækra viðbragða og umræðna um mál af þessu tagi sem getur þó ekki beinlínis kallast dægurmál. Það var almenningur sem gaf frv. um sveitarstjórnarlög nafnið hálendisfrv. vegna ákvæðanna um skiptingu miðhálendisins milli 42 aðliggjandi sveitarfélaga. Nafngiftin er til marks um vægi þess í hugum þorra fólks sem hefur ríkar tilfinningar til þessa svæðis sem á ekki sinn líka þótt víða væri leitað. Formfastir alþingismenn hristu höfuðið yfir þekkingarleysi almúgans sem talaði um hálendisfrv., hélt fundi, skrifaði greinar og æsti sig yfir meðferðinni á sameign þjóðarinnar, skoraði á Alþingi í blaðaauglýsingum og tölvupósti. Misskilningur, misskilningur, sögðu þessir þingmenn og sökuðu andófsmenn á Alþingi um að afvegaleiða þjóðina og ástunda lýðskrum. Svo býsnuðust þeir í fjölmiðlum, kölluðu harða baráttu stjórnarandstæðinga einu nafni málþóf og sögðu virðingu Alþingis misboðið og forsrh. hótaði breytingum á þingsköpum til að stinga upp í málglaða þingmenn.

En góðir áheyrendur. Hverjir sýna Alþingi Íslendinga og öllum almenningi þessa lands meiri óvirðingu, þeir sem berjast fyrir málstað sem þeir trúa á með þeim ráðum sem þeir hafa lögum samkvæmt eða hinir sem sýna sætin sín auð í þingsalnum, neita að hlusta og rökræða, loka augum og eyrum gagnvart viðhorfum þúsunda manna sem báðu þó ekki um annað en að málinu yrði frestað, báðu um frest til frekari umræðu og kynningar, auðvitað í þeirri von að meiri hluti Alþingis sæi að sér og féllist á þá meginkröfu að miðhálendi landsins væri sérstakt svæði sem bæri að meðhöndla sem eina heild sem lyti einni stjórn? Og úr því að þm. Sjálfstfl. Kristján Pálsson kallaði til vitnis þá merku konu Sigríði í Brattholti þá er ég næsta viss um hverra málstað hún mundi styðja væri hún enn á meðal okkar.

Þetta fólk sem hefur mótmælt kröftuglega að undanförnu veit nákvæmlega um hvað það er að tala. Það er að tala um landið sitt, tjá tilfinningar sínar til óbyggðra víðerna hálendisins sem það vill varðveita sem órofa heild um ókomin ár. Þetta svæði sem Steinn Steinarr kallaði „vængjaða auðn með sín víðernin blá". En meiri hluti Alþingis reigir sig og afgreiðir grundvallaratriði út í móa. Meiri hluti Alþingis ræður, segja þeir sem valdið hafa og varðar ekki um vilja meiri hluta þjóðarinnar. Sá vilji fær ekki að koma fram nema í skoðanakönnunum, á fundum, í áskorunum og greinaskrifum. Almenningur fær ekki að greiða atkvæði um einstök mál vegna þess að við höfum ekki lög og reglur um þjóðaratkvæði sem eðlilegt væri að beita í málum sem þessu. Það er brýnt að bæta úr þeirri vanrækslu en almenningur fær þó áður en langt um líður tækifæri sitt til að sýna hug sinn til þeirra sem hunsa vilja hans og réttmætar kröfur.

Herra forseti. Meiri hluti Alþingis er stór. Hann er í rauninni hættulega stór vegna þess að ríkisstjórnin telur sig komast upp með nánast hvað sem er. Í skjóli þessa meiri hluta er allt of algengt að ráðherrar hendi illa undirbúnum málum inn í þingið og ætlist til skjótrar afgreiðslu, jafnvel stórmála sem koma fram á síðustu stundu. Það er meginástæðan fyrir árvissu öngþveiti á síðustu vikum þings. Þessir menn virðast telja að Alþingi sé afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Þeir þurfa að átta sig á að það er framkvæmdarvaldið sem er í vinnu hjá Alþingi og Alþingi er í vinnu hjá þjóðinni.

Löggjafarvaldið hefur á undanförnum árum verið að efla og treysta eftirlitshlutverk sitt og ýmissa stofnana sem ætlað er að tryggja réttláta framkvæmd laga og reglna. Það hefur sett gagnmerk lög um stofnanir sem heyra beint undir

það og eiga að tryggja eftirlit og aðhald með framkvæmdarvaldinu. Almenningur hefur tekið embætti umboðsmanns Alþingis tveim höndum og Ríkisendurskoðun hefur reynst alþingismönnum ómetanleg stoð í störfum sínum. Framkvæmdarvaldið hefur hins vegar ekki tekið beint fagnandi öllum ábendingum um betri stjórnarhætti. Ráðuneytin hafa reynst ótrúlega ósamvinnuþýð þessum embættum og svarað fyrirspurnum seint eða ekki. Ráðherrar sýna umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun hroka og bregðast við af offorsi ef þeim hugnast ekki niðurstöður þeirra.

Á liðnum vetri hefur hvert málið rekið annað þar sem ráðherrar og hinar ýmsu stofnanir framkvæmdarvaldsins hafa mátt sæta athugasemdum. Í stað þess að reifa þær á málefnalegan hátt er almenna reglan sú að ráðherrar fara í harða vörn, saka eftirlitsstofnanir um að grafa undan starfsemi ráðuneyta, tala um misskilning og panta nýja úrskurði frá einhverjum öðrum. Þessu skyld eru svo viðbrögð formanna stjórnarflokkanna þegar stjórnarandstaðan kom á fullkomlega löglegan hátt í veg fyrir flýtimeðferð frv. um bann við sjómannaverkfalli. Forsrh. brást við ævareiður og sakaði fulltrúa minni hlutans um óeðlileg vinnubrögð. Utanrrh. lét að því liggja að þeir atburðir gætu orðið til þess að ríkisstjórn freistaðist fremur til að setja bráðabirgðalög en eiga á hættu tafir af völdum stjórnarandstöðu.

Herra forseti. Atburðir liðins vetrar vekja okkur til umhugsunar um lýðræði og þingræði. Hvers vegna hlustar meiri hluti Alþingis ekki á fólkið í landinu? Hvers vegna reiðast ráðherrarnir löglegum vinnubrögðum á Alþingi? Hvers vegna sætta þeir sig ekki við athugasemdir og ábendingar óhlutdrægra eftirlitsstofnana? Hvers vegna þessi læti? Svarið er einfalt. Þetta eru valdsmenn sem þola ekki að valdi þeirra séu skorður settar. Þeirra skal vera mátturinn, lýðræði og þingræði komi í öðru sæti.

Góðir áheyrendur. Lýðræðislega sinnað fólk þarf að draga lærdóm af þessum atburðum og veita þeim ráðningu sem þannig haga sér.

[22:00]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það líður að lokum kjörtímabilsins en í síðasta lagi næsta vor ganga landsmenn til alþingiskosninga. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur á þeim þremur árum sem liðin eru frá síðustu kosningum komið mörgum óskamálum sínum í gegn þótt sum séu í mýflugumynd og þótt enn vanti nokkuð á að loforðin sem flugu fyrir kosningar séu efnd. Það er rétt sem hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði áðan að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur á þessu kjörtímabili komið á gífurlegum þjóðfélagsbreytingum sem munu hafa mikil áhrif á stöðu landsmanna þegar fram í sækir. Þessar breytingar hafa einkum beinst að því að tryggja hagsmuni ákveðinna hópa í þjóðfélaginu á kostnað annarra. Þeir sem eiga eitthvað undir sér munu eignast enn meira en þeir sem lítið eiga munu eiga enn minna.

Þau mál sem hvað mestum hrolli hafa valdið hjá landsmönnum eru hin svokölluðu hálendismál. Skipting hálendisins á milli fjölmargra sveitarfélaga án þess að tryggt sé að heildarskipulag á svæðinu og afhending sameiginlegra auðæfa þjóðarinnar til einstakra landeigenda með auðlindafrumvarpinu munu styrkja séreignastefnuna í sessi, stefnu sem ríkisstjórnin hefur svo sannarlega unnið ötullega fyrir á þessu kjörtímabili.

Afrakstur auðlinda í jörðu á samkvæmt nýjum lögum þar um að ganga til einstakra landeigenda rétt eins og kvótanum var úthlutað til einstakra útgerðarmanna án endurgjalds á sínum tíma. Nýlega var bætt við þorskkvótann 32 þús. tonna en söluverðmæti þessarar aukningar á markaði í dag eru hvorki meira né minna en 25 milljarðar króna, ágætu áheyrendur, svo maður leiki sér svolítið að tölum. Þetta er bara dregið upp úr hattinum niðri á Hafrannsóknastofnun á góðum eftirmiðdegi og þykir sennilega einhverjum tilefni til að gera sér dagamun.

Leiguverðmæti þessarar aukningar eru tæpir 3 milljarðar á ári þannig að útgerðarmenn fá nú svolítið í aðra hönd hvernig sem á málið er litið. Um leið og þetta er gert er lagt fram frv. á þingi þar sem enn eru lækkaðir skattar á fyrirtæki en launafólk fær að axla sínar byrðar að fullu.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ráðist í það verk að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Það eru flestir sammála um að það hafi þurft lagfæringa við en að leggja það niður án þess að nokkur örugg úrræði séu í hendi fyrir tekjulægstu hópana til öflunar húsnæðis er algerlega óviðunandi.

Fjöldi fólks býr nú við óöryggi um framtíð sína í kjölfar breytinganna því tekjulægstu hópunum hefur ekki verið tryggð nein lending í húsnæðismálum. Leigumarkaður, eins og hann er á Íslandi í dag, er ekki notalegur verustaður og þarf að taka miklum breytingum áður en hægt er að vísa fólki þangað með góðri samvisku.

Námsmenn hafa bent á að þeir búa við kerfi sem með sanni er hægt að kalla hálfgerða öfugmælavísu. Framfærslan er nú tæpar 57 þús. kr. fyrir einstakling í leiguhúsnæði sem er lægra en atvinnuleysisbætur og tæpum 13 þús. kr. lægra en lágmarkslaun sem þykja þó engin ofrausn. Námslánin byrja hins vegar að skerðast við 185 þús. kr. sumartekjur þannig að námsmaður sem vinnur á lágmarkslaunum í þrjá mánuði býr við skert námslán af þeim sökum. Af tilsvörum hæstv. menntmrh. um þessi mál má helst skilja að það sé menntastefna ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að námsmenn vinni sem mest með námi.

Það sér hver heilvita maður að þetta eru ekki sanngjarnar reglur og langt í frá til þess að hvetja fólk til að leggja stund á nám og efla þannig mannauð íslensku þjóðarinnar. En ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vill ekki nota efnahagsbatann í þetta. Það eru önnur verkefni í forgangi. Afleiðingarnar verða þær að þeir sem eru algjörlega háðir námslánum eiga á hættu að hrekjast frá námi á meðan hinir sem eiga sterkan bakhjarl geta auðveldlega sótt sér menntun.

Það er rétt í tilefni umræðna um ráðherraábyrgð á umliðnum vikum að minna á orð sem féllu í ræðu á síðasta kjörtímabili. Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., hafði þetta um ráðherraábyrgð að segja þá, með leyfi forseta:

„Mér finnst að hæstv. ráðherrar geti farið frjálslega með sannleikann í fjölmiðlum, á blaðamannafundum hér heima eða erlendis eða hvort tveggja, og á áróðursfundum. Ég tel að þetta [þ.e. ráðherraábyrgðin] eigi einungis að gilda um upplýsingar sem ráðherra gefur Alþingi, þjóðþinginu, með formlegum hætti."

Vonandi eru þessi ummæli hæstv. félmrh. ekki til marks um siðferðisstig hæstv. ríkisstjórnar en því miður virðist sem skilningur hæstv. ráðherra á því hvað ráðherraábyrgð þýðir gefi ekki tilefni til bjartsýni.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar notar ekki þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru til þess að styrkja stoðir fjölskyldunnar með fjölskyldupólitík sem skiptir máli. Fögur fyrirheit án fjármögnunar er allt sem ríkisstjórnin hefur að færa fjölskyldufólki. Barnabætur eru

tekjutengdar svo öruggt sé að barnafólk nái ekki til sínum of miklum skerfi af samneyslunni þrátt fyrir að þessi sami hópur skili miklu til hennar. Jaðarskattaáhrif eru enn mikil og þeirra gætir ekki síst hjá öldruðum og hefur ríkisstjórnin ekki tekið á þeim vanda þrátt fyrir loforð þar um. Millitekjuhópar launafólks eru að sligast undan samneyslunni á meðan stór hluti landsmanna borgar enga skatta. Er það svona samfélag sem við viljum?

Nei, góðir áheyrendur, og það eru til aðrir kostir. Það sýndi sig í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum að vinstri menn eiga möguleika á að skapa afl sem dugir til að breyta því landslagi sem við búum við í stjórnmálum í dag og vonir standa til að slíkur valkostur bjóðist líka í næstu þingkosningum því dæmin sanna að þörfin fyrir samstöðu félagshyggjufólks er aldrei meiri en nú. — Góðar stundir.

[22:06]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Ágætu tilheyrendur. Á þessu þingi hafa stjórnarflokkarnir haldið áfram umbótastarfi sínu á grundvelli stjórnarsáttmálans með setningu nýrra laga í þeim tilgangi að bæta samfélagið og búa í haginn fyrir íbúa landsins til framtíðar. Þar má nefna löggjöf um sveitarstjórnir, um húsaleigabætur, viðamikla löggjöf um húsnæðismál, löggjöf um lífeyrisréttindi, lög um háskóla, þjóðlendur og samþykkt nýrrar vegáætlunar sem markar tímamót. Auk þess hefur á grundvelli laga um grunnskóla og framhaldsskóla verið unnið að mótun nýrrar skólastefnu, „Enn betri skóli", sem markar vissulega tímamót undir öflugri forustu hæstv. menntmrh.

Einnig vil ég nefna verulegar breytingar á löggjöf um stjórn fiskveiða er varðar endurnýjunarreglur fiskiskipa, takmörkun á fyrningarreglum veiðiheimilda, takmörkun á færslu aflaheimilda milli skipa, hámarksaflahlutdeild einstakra útgerða og breytingar á veiðiheimildum krókabáta. Þá er ástæða til þess að nefna löggjöf um Kvótaþing og Verðlagsstofu skiptaverðs, sem var liður í lausn sjómannadeilunnar og um leið mikilvæg breyting á kvótakerfinu.

Á þessu kjörtímabili hafa því orðið umtalsverðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Auðvitað þarf áfram að vinna að endurbótum á þeirri löggjöf svo tryggja megi hagkvæma nýtingu auðlinda sjávar og stuðla að sátt um auðlindir þjóðarinnar. Þar mega ákvarðanir ekki mótast af upphlaupsákvörðunum.

Við umræðuna í kvöld hefur stjórnarandstaðan haldið uppteknum hætti og kveðið öfugmælavísur um stöðu mála hér í þinginu og gefið villandi mynd af þeim mikilvægu málum sem við höfum unnið að á Alþingi. Það var athyglisvert að fylgjast með ræðum þeirra hv. þm. Alþfl. og Alþb., fyrrverandi félagsmálaráðherrum, þegar þeir ræddu um húsnæðismál og það er auðséð að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er hlaupin á flótta í því máli því hún nefndi það varla, svo rækilega sem hún hefur þó talað um þau mál. Það er athyglisvert, ekki síst vegna þess að sveitarfélögin í landinu sem bera ábyrgð á rekstri hinna félagslegu íbúða hafa fagnað þessari löggjöf um húsnæðismál. Þau hafa fagnað henni og það ber að vekja sérstaka athygli á því. Reykjavíkurborg hefur t.d. selt félagslegar íbúðir sínar inn í sérstakt fyrirtæki og þess hefur ekki orðið vart að höfuborgin fremur en önnur sveitarfélög og samtök sveitarfélaganna hafi lagst gegn þeirri löggjöf sem er tímamótalöggjöf, mikil endurbótalöggjöf á húsnæðiskerfi sem var komið að fótum fram.

Þá er ástæða til þess að vekja athygli á þeirri umræðu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hóf um afskriftir bankakerfisins. Vissulega er það stórt vandamál þar sem eru afskriftir bankakerfisins en hv. þm. gleymdi því eins og fleiri stjórnarandstæðingar að þeir hafa tekið þátt í stjórn þessa lands. Árum saman var hv. þm. í ráðherrastöðu og ýmsir hv. þm. Alþýðuflokksins hafa verið í sæti viðskrh. og borið ábyrgð á bankakerfinu þegar miklir erfiðleikar gengu yfir landið og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, í samstarfi við okkur sjálfstæðismenn, þurfti að taka á miklum og erfiðum fortíðarvanda sem beindist m.a. að afskriftum skulda, bæði opinberra sjóða og í bankakerfinu.

En hvert sem litið er er hins vegar gróska og vaxandi bjartsýni í landinu. Okkur hefur tekist að stjórna ríkisfjármálum þannig að efnahagslífið hefur verið endurreist og nú verðum við að nýta góðærið. Þetta vil ég nefna sérstaklega sem verkefni samfélagsins:

Í fyrsta lagi vil ég benda á það mikilverða mál að verja ungmenni gagnvart þeim mönnum sem stunda sölu fíkniefna og leita eftir skjótfengnum gróða með því að láta ungmenni ánetjast fíkniefnum með öllum þeim hörmungum sem þeim fylgir. Ekkert má til þess spara að vinna gegn þeim óvinaher sem þar fer fram gegn samfélaginu öllu. Til þess þarf lögreglan stuðning og þær stofnanir sem vinna við að styðja einstaklinga sem fallið hafa fyrir fíkniefnum. Mikilvægt er að skapa unga fólkinu skilyrði til þess að finna sér hlutverk og viðfangsefni í samfélaginu og tryggja því menntun og starf. Allt bendir til þess að árangurs megi vænta í forvörnum með auknum stuðningi við jafningjafræðslu og stuðningi við ungmenna- og íþróttasamtök sem skynja hættuna og bregðast við til varnar.

Í öðru lagi vil ég nefna það risavaxna verkefni sem er að stöðva byggðaflóttann og snúa vörn landsbyggðar í sókn því nú er lag. Það viðfangsefni er öllum landsmönnum til hagsbóta. Fyrir þinginu liggur till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir næstu fjögur ár sem forsrh. hefur lagt fram. Því miður verður sú tillaga ekki afgreidd á þinginu vegna málþófs stjórnarandstöðunnar. Tillagan um sérstaka áætlun í byggðamálum fjallar um leiðir og þrauthugsuð verkefni svo efla megi byggðina og nýta eignir og auðlindir. Til þess að ná árangri í byggðamálum verða aðgerðir stjórnvalda að beinast að skýrt skilgreindum markmiðum. Það eru breyttir tímar með nýjum áherslum. Stjórnarflokkarnir verða að ná árangri og koma í veg fyrir frekari byggðaröskun.

Með nýrri markvissri byggðaáætlun viljum við að fyrirtækjum verði auðvelduð nýsköpun með stuðningi Byggðastofnunar. Við eigum að leggja áherslu á menntun og eflingu menningarstofnana. Við viljum jöfnun lífskjara í landinu með lækkun orkukostnaðar, nýtingu jarðvarma og bættum samgöngum. Þær aðgerðir varða alla. Þær bæta samkeppnisstöðu byggðanna og auka verðgildi eigna þegar vaxtarsvæðin eflast. Með nýrri og vandaðri byggðaáætlun viljum við bætta umgengni við landið er tryggi auðlindanýtingu og möguleika okkar til þess að búa í sátt við landið.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er komið að þinglokum og sumarið er fram undan. Við stjórnmálamenn höfum stöðugt verk að vinna í viðleitni okkar við að treysta öryggi og jöfnuð og réttlæti í okkar fámenna samfélagi. Okkur sjálfstæðismönnum er ljóst af skoðanakönnunum og ekki síður úr úrslitum sveitarstjórnarkosninga að Sjálfstfl. er sem fyrr hin pólitíska kjölfesta í landinu sem treyst er á. — Góðar stundir.

[22:13]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Sameinaðir bandamenn okkar sem skipum stjórnarandstöðuna á Alþingi, sameiginlegu framboðin um land allt voru sigurvegarar byggðakosninga um næstsíðustu helgi. Forustufólk Alþb., Kvennalista og jafnaðarmanna hefur bæði skilning á aðstæðum og þeim möguleikum sem eru í stöðunni. Það talaði líka eins og sigurvegarar.

Sama verður ekki sagt um formann Sjálfstfl. Þar fór hreint enginn sigurvegari með blik í auga og trú á framtíðina, heldur geðstirður tapari sem virtist enn í vafa um hvert rétt væri að beina gremjunni. En landsföðurhamurinn er fallinn. Hann og aðrir forustumenn í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vissu líka það sama og forustumennirnir okkar sigurreifu, að hinn stóri sigur nýs framboðs jafnaðarmanna felst í því að nánast alls staðar hefur tekist gott samstarf helstu forustumanna í héraði og fólkið finnur þann kraft sem í samstöðunni felst.

Kosningaúrslitin sýna líka að nýtt og öflugt stjórnmálaafl er orðið til, afl sem fékk 37% í fyrstu kosningunum rétt eins og skoðanakannanir hafa sýnt að gæti orðið raunin í alþingiskosningum. Hið nýja afl er orðið stærst eða næststærst í miklum meiri hluta kaupstaðanna í landinu. Enn eigum við eftir að nýta þann skapandi kraft sem í samvinnunni felst og samhæfing á landsvísu mun einnig skila okkur stuðningi og fylgi. Það vissu líka forusta og vinir ríkisstjórnarinnar sem birtust okkur sem taparar á kosninganótt. Ekki veit ég hvort það var tilraun til að stilla geð forsrh. að reynt var að halda því fram að flokkur hans væri sérstakur sigurvegari. Það dugði a.m.k. ekki, því auðvitað vissi hann og veit enn að fylgið hefur staðið í stað frá síðustu kosningum og er til muna lakara en það var í kosningunum þar á undan. Hann óttast líka þann sprengikraft sem felst í því að hreyfing jafnaðarmanna á Íslandi verði aftur sameinuð eftir margra áratuga sundrungu þar sem Sjálfstfl. hefur setið á hinum fræga fjósbita og fitnað langt umfram burði.

Herra forseti. Við staðhæfum líka að sameinað afl jafnaðarmanna og félagshyggjufólks, sem gæti tekið við forustu í landsmálum að loknum næstu kosningum, muni verða til þess að fólkið í landinu hafni ríkisstjórn sérhagsmuna. Fólkið í landinu mun hafna ríkisstjórn sem án hiks afhendir viðbótarkvóta upp á milljarða án endurgjalds og mest til þeirra sem mest höfðu fyrir. Ríkisstjórn sem afhendir landeigendum öll verðmæti sem kunna hugsanlega að finnast í jörðu og setur þannig sérhagsmuni alltaf framar almannahag. Ríkisstjórn sem með einni löggjöf lofar fólki þjóðareign á miðhálendinu en býr þannig um hnúta með þeirri næstu að skipulag og nýting verður á höndum fárra rétt eins og þegar fiskimiðin eiga í hlut. Auðvitað mun fólkið hafna slíkri ríkisstjórn þegar valkostur okkar verður til, sem setur almannahag í forgrunn en lætur sérhagsmuni víkja. Það mun hafna ríkisstjórn helmingaskiptanna þar sem samtryggingin er fyrsta boðorðið og Lindarmál eru leyndarmál.

Herra forseti. Framkomu manna, líka forsrh., hljóta að vera einhver takmörk sett, jafnvel þótt þeir séu hræddir og hafi til þess ríkar ástæður. Satt að segja var ótrúlegt að fylgjast með því hvernig Davíð Oddsson valdi sér ríkissjónvarpið sem sérstakan andstæðing og setti í gang galdraofsóknir gagnvart fréttamönnum þess. Fyrir utan það hversu ósmekklegar örökstuddar fullyrðingar hans voru, var óttalegt að kynnast þeim hugarheimi sem að baki býr. Hugarheimi sem gengur út frá því að fólk séu fjarstýrðar vélar í þágu valds og þannig eigi að umgangast það.

Herra forseti. Við erum öll orðin þreytt á hroka og yfirgangi, samtryggingu og sérhagsmunadekri. Samfylking jafnaðarmanna þar sem almannahagur skipar öndvegi er svarið og brýnna nú en nokkru sinni fyrr.

[22:19]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Vorið gekk í garð með blíðu og sannarlega lofar byrjun sumars góðu. Veðursældin og hækkandi sól hleypir bjartsýni og gleði í hjörtu fólksins. Sumarið er komið og full ástæða til að gleðjast. Því er heldur dapurlegt til þess að vita að sumarkoman skuli hafa farið fram hjá tilteknum þm. hv. stjórnarandstöðu. Bölmóður þeirra og síbylja skáldlegra upphrópana lýsa engu öðru en örvæntingu og svartnætti. Þeir virðast hafa farið á mis við sumarkomuna en standa hér sólarhringum saman og velta sér upp úr vetrardvala sínum.

Engum blöðum er um það að fletta að bjart er yfir í efnahags- og atvinnulífi okkar. Vofa atvinnuleysis, kyrrstöðu og skuldasöfnunar grúfði yfir fyrir aðeins þremur árum. Þeir vágestir hafa nú vikið fyrir mestu kaupmáttaraukningu í áratugi, bjartsýni og nýsköpun í atvinnulífi, lækkandi sköttum í fyrsta sinn um langt skeið og festu í fjármálum. Þetta má með sanni kalla sumar í efnahagslífi okkar og kemur ekki síst fram með bjartsýnni þjóð og framsækinni. Þessu eiga nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðu erfitt með að kyngja og í stað þess að gleðjast með þjóð sinni láta þeir staðreyndir sem vind um eyru þjóta og grípa til örþrifaráða. Blóði skal úthellt í nafni siðbótar og réttlætis, einstaklingar skulu dregnir á blóðvöllinn í nafni siðbótar og meðulin eru ekki vandaðri en svo að reglan um sakleysi þar til sekt hefur verið sönnuð, er létt vegin og harðir sleggjudómar upp kveðnir. Blóði skal úthellt með róginn að vopni.

Ef ætlarðu að svívirða saklausan mann,
þá segðu aldrei ákveðnar skammir um hann,
en láttu það svona í veðrinu vaka,
þú vitir, að hann hafi unnið til saka.

Rógsherferð með illgirni að leiðarljósi er beitendum sínum til vansa og þótt krossförin sé farin í nafni siðbótar kann hún að vera í eðli sínu meira lýðskrum og spilling en nokkur önnur mannanna verk. Sumarið hefur svo sannarlega sniðgengið slíkt fólk.

Herra forseti. Íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir betri söknarfærum á flestum sviðum en nokkru sinni ef rétt er á haldið. Ég vil gera umhverfis- og orkumál að sérstöku umræðuefni í því sambandi. Þjóðir heimsins eru að vakna upp við vondan draum þar sem útblástur er að verða vandamál á heimsvísu. Í kjölfarið kappkosta nú helstu iðnfyrirtæki að bregðast við kalli tímans og verja milljörðum króna til rannsókna á nýjum og mengunarlausum orkugjöfum. Talsmenn stærstu bílaframleiðenda hafa þannig lýst því opinberlega yfir að vetni verði orkugjafi 21. aldar og þar skýtur nafni Íslands upp.

Herra forseti. Kostir lands og þjóðar eru svo ótvíræðir og einstakir og fela í sér möguleika okkar á að auka enn forskot Íslendinga hvað varðar vistvænt efnahagslíf. Söknarfærin eru til staðar og það er undir okkur sjálfum komið að nýta þau. Vissulega heyrast úrtöluraddir og svo var einnig í árdaga hitaveituvæðingar, en með kjark og bjarta sýn til framtíðar tókst okkur að hverfa frá kolum og olíu til hins hreina og heita vatns. Hagsmunir þjóðarinnar og þekking á

þessu sviði eru óumdeilanleg í dag. Í stað þess að verja 10 milljörðum kr. árlega af gjaldeyri okkar til kaupa á olíum og bensíni gætum við haldið þessu fé innan efnahagskerfis okkar og aukið á þekkingu okkar og reynslu. Möguleikar til útflutnings á þessum orkugjafa, sem og hugviti tengdu honum eru vissulega til staðar. Enginn dregur í efa gildi þess fyrir efnahag og umhverfi þjóðarinnar.

Herra forseti. Við stöndum frammi fyrir því að geta orðið fyrsta ríki veraldar sem byggir efnahagslíf sitt að mestu leyti á vistvænum orkugjöfum. Umhverfisáhrifin eru ómetanleg, þá ekki síður hin efnahagslegu. En til þess þarf skýra stefnumörkun og ótvíræðan vilja. Fyrstu rafbílarnir aka þegar um götur landsins og fleiri eru á leiðinni. Almenningur er meðvitaður um gildi þessara mikilvægu skrefa fyrir þjóðina. Þetta er skýrt dæmi um raunhæfa framtíðarsýn sem byggir á rannsóknum og hugviti í bland við skilning á þeim miklu verðmætum sem land okkar felur í sér. Þessa þætti ber okkur því að rækta af kappi og halda trúnað við þessa sýn. Þannig, herra forseti, tel ég að við getum horft björtum augum til 21. aldar. — Ég þakka áheyrnina.

[22:25]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Margt merkilegt hefur verið sagt í þessari umræðu og eins og nærri má geta er sjálfshólið rauður þráður í ræðum stjórnarsinna á milli þess sem þeir kvarta sáran undan harðri en málefnalegri gagnrýni stjórnarandstæðinga. Ég má til með að leiðrétta hv. þm. Sjálfstfl., Sturlu Böðvarsson, sem talaði áðan og varð nú heldur fótaskortur þegar hann kenndi málþófi stjórnarandstöðunnar um að tímamótatillaga forsrh. um byggðamál hefði ekki fengist afgreidd. Það fær illa staðist vegna þess að sú tillaga kom ekki fram fyrr en í lok apríl, nokkrum dögum áður en þingi átti að ljúka skv. starfsáætlun þingsins og stjórnarliðar geta því sjálfum sér um kennt.

Það vekur athygli að allir ræðumenn stjórnarflokkanna í kvöld eru karlmenn. Það er sjálfsagt ekki stórmál að þeirra áliti enda er það yfirlýst stefna stærsta stjórnmálaflokks landsins að það sé hæfnin sem ráði í stóru sem smáu en ekki kynferði og undir það gangast konurnar í þeim flokki og trúa því þá væntanlega um leið að ástæðan fyrir ósýnileika þeirra í starfi flokksins sé skortur á hæfni. Því trúi ég ekki, herra forseti, og því skyldi enginn trúa. Staðan er einfaldlega sú að við erum ekki enn þá komin nær jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna en svo að við getum leyft okkur andvaraleysi af þessum toga. Það þarf að sýna viljann í verki. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram hér og nú að langflestir Íslendingar séu svo réttsýnir að telja að jöfn staða kynjanna sé sjálfsagt mál eða a.m.k. æskileg. Þó skal ekki svarið fyrir að allnokkrir hugsi eins og karlinn sem sagði: „Jafnrétti er svo sem allt í lagi, bara að það gangi ekki of langt.“ Kannski hefur sú hugsun ráðið einhverju um val ræðumanna stjórnarflokkanna í kvöld. Mér finnst þeir ættu að hugsa sitt ráð.

Einhvern veginn er það nú svo að hvert einasta skref í átt til jafnrar stöðu og jafnra réttinda kynjanna hefur kostað baráttu, stundum alveg ótrúlega harða baráttu. Sú barátta hefur verið nánast öll á aðra hlið. Það eru konur sem hafa unnið með öllum ráðum og gerðum að jöfnuði kynjanna og hvers vegna skyldi það vera? Jú, auðvitað er það vegna þess að hallað hefur á konur og það hallar enn þá á konur. Á lagalega sviðinu stöndum við bærilega í samanburði við aðrar þjóðir. Kveðið er á um jafnan rétt kynjanna í stjórnarskrá og í 22 ár höfum við haft sérstök lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Meinið er auðvitað að lög og reglur eru eitt og framkvæmd þeirra er allt annað mál. Fyrst og fremst skortir eftirfylgni við þessi lög og þær yfirlýsingar og fyrirheit sem gefin hafa verið. Það er t.d. athyglisvert að bera saman tvær stofnanir í íslensku þjóðfélagi sem eiga að sjá um eftirlit og fylgja eftir framkvæmd laga. Þar á ég við skrifstofu jafnréttismála annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar. Til að sinna verkefnum Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála starfar sérstök skrifstofa sem heyrir undir ráðherra jafnréttismála, félmrh., sem hér ræddi áðan um velsæld og uppgang í þjóðfélaginu og þakkaði sér og hinum herrunum í ríkisstjórninni. Á skrifstofu jafnréttismála hafa undanfarin ár verið fimm og hálft stöðugildi og skrifstofan hefur um 27 millj. kr. til rekstursins í ár. Með þessu fjármagni og fámennu starfsliði verða auðvitað engin stórvirki unnin, hversu mikill sem viljinn er þar innan veggja. Til samanburðar höfum við Samkeppnisstofnun sem heyrir undir viðskrh., kraftaverkamanninn og handhafa sannleikans sem talaði hér fyrr og hefur það hlutverk að framfylgja samkeppnislögum. Þar starfa yfir 20 manns og fjárveiting til stofnunarinnar nemur rétt tæpum 89 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Þessi mikil aðstöðumunur segir auðvitað sitt um áherslur og raunverulegan vilja stjórnvalda. Hann segir okkur t.d. að tillaga Kvennalistans um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn þjóðarinnar þarf að komast til framkvæmda hið fyrsta. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir stöðunni og sýna raunverulegan vilja til úrbóta. Jöfn staða kynjanna er ekki einhver hégómi sem ráðamenn geta afgreitt fyrir aftan bak.

Góðir áheyrendur. Ég vakti athygli á því að allir ræðumenn stjórnarflokkanna í kvöld eru karlmenn. Menn hafa væntanlega einnig tekið eftir því að af níu ræðumönnum stjórnarandstöðunnar eru átta konur. Um það var ekkert samráð og menn geta lesið úr þessum staðreyndum það sem þeir vilja en þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem stjórnarandstaðan bjargar heiðri Alþingis.

Ég vil aðeins segja þetta að lokum: Konur eiga rétt á að vera metnar á eigin forsendum. Þær hafa mikið til málanna að leggja, ekki síður en karlar. Landsmenn eiga rétt á að heyra hvað þær hafa að segja. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Gleðilegt sumar.

[22:30]

**Útbýting þingskjals:**

Dánarvottorð o.fl., 464. mál, þskj. 1486.

Fundi slitið kl. 22:31.

---

## 144. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júní,
kl. 9.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 568. mál, þskj. 968, nál. 1268 og 1374. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 772, nál. 1225 og 1392, brtt. 1226 og 1393. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774, nál. 1213, brtt. 1264. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, þáltill., 109. mál, þskj. 109, nál. 1361. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Almannatryggingar, stjfrv., 348. mál, þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, nál. 1331. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Fyrirkomulag áfengisverslunar, frv., 394. mál, þskj. 715, nál. 1355. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Vörugjald, stjfrv., 347. mál, þskj. 1033, brtt. 1259 og 1468. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Bindandi álit í skattamálum, stjfrv., 552. mál, þskj. 1233. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

11. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 547. mál, þskj. 932, nál. 1310, brtt. 1420. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 553. mál, þskj. 942, nál. 1308, brtt. 1309, 1332 og 1342. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1050, nál. 1353, brtt. 1354 og 1501. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1051, nál. 1330, brtt. 1431. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Yfirskattanefnd, stjfrv., 641. mál, þskj. 1104, nál. 1329. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 560. mál, þskj. 951, nál. 1313, brtt. 1314. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, stjfrv., 561. mál, þskj. 952, nál. 1315, brtt. 1316. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 987, nál. 1317, brtt. 1318 og 1419. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Virðisaukaskattur, frv., 689. mál, þskj. 1196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

20. Verðbréfaviðskipti, frv., 702. mál, þskj. 1282. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

21. Gjöld af bifreiðum, frv., 715. mál, þskj. 1395. — Frh. 1. umr.

22. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 815, nál. 1283, brtt. 1507. — 2. umr.

23. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 542. mál, þskj. 1500. — 3. umr.

24. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — 2. umr.

25. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 900, nál. 1319 og 1398, brtt. 1425. — 2. umr.

26. Búnaðarlög, stjfrv., 368. mál, þskj. 1443, brtt. 1467. — Frh. 3. umr.

27. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, stjfrv., 436. mál, þskj. 1444, brtt. 1466. — 3. umr.

28. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 559. mál, þskj. 1442. — 3. umr.

29. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1272. — Síðari umr.

30. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 195. mál, þskj. 199, nál. 1257. — Síðari umr.

31. Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, þáltill., 266. mál, þskj. 334, nál. 1286. — Síðari umr.

32. Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, þáltill., 707. mál, þskj. 1364. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

## *Gjöld af bifreiðum, frh. 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395. [09:32]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem flutt er af meiri hluta efh.- og viðskn. um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill vekja athygli á að það var búið að mæla fyrir málinu.)

Hæstv. forseti. Þá er umræðunni lokið. (**Gripið fram í:** Nei, nei, Össur er næstur.) Er Össur næstur á mælendaskrá?

(**Forseti** (StB)**:** Samkvæmt skrá forseta er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson á mælendaskrá en forseti hafði gert ráð fyrir því að formaður efh.- og viðskn. kæmi hans í stað.)

Hæstv. forseti. Það er einhver misskilningur í málinu.

[09:34]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér þykir miður ef ég hef orðið til þess að hrekja hinn ágæta hv. þm. Vilhjálm Egilsson, form. efh.- og viðskn., úr stólnum og mín vegna hefði hann mátt mala lengi dags um þetta mál. Ástæðan er sú að ég tel að þetta sé ekki gott mál og allt í lagi þó að hv. formaður nefndarinnar ræddi það talsvert ítarlegar ef það kynni að verða til þess að hann féllist á þá skoðun sem komið hefur fram, m.a. í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og reyndar í minnihlutaáliti frá þingmanni jafnaðarmanna einnig.

Í þessu frv. er ýmislegt sem ég hef nokkuð við að athuga. Ég er þeirrar skoðunar, eins og kemur fram í álitum hv. þm. Ágústs Einarssonar og Sighvats Björgvinssonar að betra væri að fara þá leið að setja olíugjald á afmörkuðu sviði fremur en þungaskatt, það *væri ágætt milliskref. En ég vil* líka taka það fram, herra forseti, að ég tek algjörlega undir þá röksemdafærslu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti í umræðunni áður en henni var frestað. Þó að ég sé sammála þeim niðurstöðum sem koma fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni og Sighvati Björgvinssyni um að það eigi að fresta þessu frv., sem er raunar sama niðurstaða og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kemst að, tel ég að rök hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar falli frekar að þeim skoðunum sem ég hef í þessu máli. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nálgast þetta mál með tvennum hætti. Annars vegar veltir

hann því fyrir sér sem þingmaður dreifbýliskjördæmis sem er fjarri höfuðborginni og þeim miðstöðvum sem þar er að finna hvort sú aðferð sem lögð er til með frv. leiði ekki til þess að aukinn kostnaður vegna þungaskatts á vöruflutningabifreiðar muni veltast út í verðlagið og þar af leiðandi hafa í för með sér óhagræði og aukinn og vaxandi kostnað fyrir þá sem búa víðs fjarri þeim miðstöðvum sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er auðvitað góðra gjalda vert.

Miklu meira þykir mér þó um þau rök sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti og var í rauninni það sem leiddi hann að niðurstöðu en það eru umhverfisrökin. Hv. þm. flutti góða ræðu til stuðnings því að taka bæri upp olíugjald í stað núgildandi þungaskatts til tekjuöflunar í Vegasjóð frá notendum dísilbíla á móti bensíngjöldum. Ég tel að þessi rök vegi þyngst. Ég held að það sé fyrst og fremst út frá þeim sem við eigum að taka ákvörðun.

Það kemur fram í áliti hv. þm. jafnaðarmanna, sem eru 1. minni hluti og birta álit sem prentað er með þessu frv., að þeir taka undir þessi rök að öllu leyti en þeir fara ákveðna millileið. Ég er þeirrar skoðunar að með tilliti til þeirra skuldbindinga sem við höfum tekist á herðar nú þegar og verðum að gera sem væntanlegir aðilar að Kyoto-samþykktinni sé olíugjald sú leið sem eigi að fara vegna þess að það er alveg ljóst að hún er besta leiðin til þess að draga úr útblæstri bifreiða og ef ég man rétt fellur u.þ.b. þriðjungur af útblæstri svokallaðra gróðurhúsalofttegunda einmitt frá bílaflotanum. Þetta tel ég að sé besta leiðin og þetta er sú leið ef ég man rétt — af því ég hef ekki verið þátttakandi í þeim umræðum sem leiddu til þessa frv. — sem sérfræðingar fjmrn. töldu rétt að fara í þessu máli.

Þetta mál, herra forseti, ber að með talsvert öðrum hætti en flest þau mál sem við höfum verið að ræða. Upphaf málsins er að þegar hæstv. fjmrh. mælti á sínum tíma fyrir frv. á Alþingi þá gat hann þess sérstaklega að hægt væri að fara nokkrar leiðir í útfærslu á málinu og hann lét þess getið að hann sjálfur hefði ekki fullmótaðar skoðanir á hinum tæknilegu útfærslum. Hann lét það með öðrum orðum í hendur þingsins, í hendur fagnefndinni, efh.- og viðskn. Ég tel í sjálfu sér að það sé ágæt málsmeðferð af hálfu hæstv. ráðherra og held að það gæti verið fordæmi í mörgum málum þar sem menn ætla að ná tilteknu takmarki. Í þessu tilviki var takmark fjmrh. fyrst og fremst að tekjur ríkisins héldust óbreyttar og helst meiri en leiðirnar voru nokkrar og hann lagði það í hendur þingsins að velja þær. Það er ágætt, herra forseti, að fara þá leið og menn ættu í ríkari mæli að gera það í framtíðinni. Ég tel að það fari vel á því að þingið verði sá aðili sem velji miklu oftar um þá kosti sem liggja fyrir hendi.

Hæstv. ráðherra fól þess vegna efh.- og viðskn. úrvinnslu málsins. Eins og ég sagði er það óvanalegt en nefndin fjallaði um málið, að því er mér skilst eftir að hafa lesið það sem fylgir frv., og niðurstaðan varð sú að leggja fyrir þetta frv. En það sem er auðvitað merkilegt við málið, miðað við hvar við erum stödd á þingtímanum, er að nefndin klofnaði. Þó að þetta sé frv. sem flutt er af meiri hluta efh.- og viðskn. hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að fyrst ekki er samstaða um málið verður málið að fara aftur til nefndar. Þá velti ég því fyrir mér, herra forseti, hvort menn ætli núna á síðasta degi þingsins að fara að knýja þetta umdeilda mál í gegn. Ég held að það væri viðurhlutamikið og í besta falli væri hægt að orða það svo að menn eru þá að þjösnast á lýðræðinu, menn eru þá að þjösnast á þingræðinu. Ég held þess vegna að langeðlilegast væri, herra forseti, að farið yrði að þeim tillögum sem koma fram bæði frá þingmönnum jafnaðarmanna og þingmanni Alþb. um að fresta málinu til haustsins og reyna frekar að ná lendingu þá.

Það kom fram í máli hv. þm. Einar Odds Kristjánssonar, sem mælti fyrir frv. í gær, að hann var ekki algjörlega sannfærður um það hvort útfærsla frv. næði þeim tilgangi sem stefnt var að. Mér finnst það ekki vera góð latína í þessum sölum, herra forseti, að menn séu að leggja í einhvers konar tilraunastarfsemi og að frsm. málsins segi: Ef í ljós kemur á næsta ári að málið nær ekki tilgangi sínum breytum við því aftur. Svona, herra forseti, á ekki að vinna. Mér finnst það ekki. Það á ekki að vinna með þessum hætti. Það á að leggja málið þannig fyrir að menn séu sannfærðir um að það gangi upp.

Í frv. er meiri hlutinn að leggja til að hér verði tekið upp olíugjald þannig að olía, sem sérstakt gjald verður ekki tekið af, verði lituð. Það er áætlað að hér séu notaðar u.þ.b. 400 millj. lítra á ári af gas- og dísilolíu. Olían sem gjaldið verður tekið af í frv. er hins vegar talin vera um 70 millj. lítra. Þar af leiðir að það er augljóst að verulega stór hluti af þeirri gas- og dísilolíu sem notuð er hér á landi verður utan gjaldtökunnar. Það má t.d. nefna að öll olían sem notuð er á fiskiskipaflotanum verður utan þess.

Við þingmenn jafnaðarmanna teljum að það hefði verið miklu skynsamlegra að innleiða almennt olíugjald. Í því áliti sem þeir tveir hv. þm. sem fjallað hafa um málið af okkar hálfu er reifuð sú leið að hægt hefði verið að nota þá aðferð að leggja tiltölulega lágt gjald á alla olíu hérlendis og undanskilja þá enga olíu. Þetta, herra forseti, hefði verið leið sem væri skref í átt að almennum mengunarskatti og hefði að öllum líkindum leitt til þess að menn hefðu frekar en ella farið yfir í sparneytnari og hagkvæmari vélar, hvort sem um væri að ræða í fiskiskipaflotanum eða í ökutækjum.

Í frv. er hins vegar lagt til að það verði haldið áfram með hluta af þungaskattskerfinu og rökin sem meiri hlutinn flutti fyrir því í gær voru að annars vegar væri með þessu nýja kerfi stefnt að því að ná inn ákveðnum tekjum og jafnframt var talið ekki óeðlilegt að af þyngstu bílunum verði greitt til viðbótar við olíugjald vegna þess að þeir orsaka meira slit á þjóðvegum en aðrir.

Ég held hins vegar, og tek undir þau rök sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var með í gær, að eðlilegt væri að stefna sem hraðast að því að taka upp olíugjald að öllu leyti. Hv. þm. lagði til í gær að slíkt einfalt olíugjaldskerfi yrði tekið upp og menn legðu algjörlega af mælagjald þungaskattsins. Rök hans voru þau að það mundi draga úr eldsneytisnotkun sem væri auðvitað mjög jákvætt með tilliti til umhverfisverndar. Slíkt hlýtur að verka hvetjandi til orkusparnaðar og það mundi auðvelda okkur að mæta þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem er óhjákvæmilegt fyrir okkur í framtíðinni.

Olíugjaldið hefði væntanlega þann kost að dísilbifreiðar yrðu algengari en þær eru í dag. Í þessum efnum eru Íslendingar nokkuð á eftir þeim löndum sem liggja í nágrenni okkar. Dísilknúnar bifreiðar hafa þann kost að þær eru sparneytnari og valda minni kolsýringsmengun en aðrar bifreiðar og það fellur vel að þeirri umhverfisstefnu sem við erum smám saman að fikra okkur inn á, ekki bara við jafnaðarmenn heldur þjóðfélagið almennt.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að langmestu máli skipti að velta fyrir sér umhverfisþættinum þegar menn taka afstöðu

til þessa. Engin spurning er um það í mínum augum að á næstu árum munu umhverfisskattar og mengunarskattar skipta miklu meira máli í ríkisfjármálunum og verða mjög burðugt stjórntæki, bæði í fjármálunum og líka varðandi umhverfisverndina. Olíugjald tel ég að yrði hentugt til þess að draga úr óhagkvæmri notkun á eldsneyti og þar með til að draga úr kolsýringsmengun.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að skammt er liðið frá því að íslenska ríkisstjórnin sendi fulltrúa sína til ráðstefnunnar í Kyoto. Það er alveg ljóst að niðurstöður hennar voru þess eðlis að Íslendingar munu óhjákvæmilega þurfa að draga verulega úr losun koltvísýrings á næstu árum. Ég nota þetta tækifæri, herra forseti, til að vekja athygli á því að í dag eru Íslendingar eina þjóðin sem hefur ekki staðfest samninginn frá Kyoto af öllum þeim þjóðum sem er að finna innan OECD. Ég held, herra forseti, að tillit til Kyoto-bókunarinnar þurfi að vera miklu ríkara í umhverfisstefnu stjórnvalda og þess vegna held ég að við höfum tækifæri til að taka talsvert stórt skref. Það skref er ekki stigið með frv. meiri hlutans. Það liggur líka fyrir að meiri hlutinn sjálfur er ekki alveg viss um að frv. nái því markmiði sem hann stefnir að. Þess vegna held ég að farsælast væri að fresta málinu fram á haustið og reyna að velta því fyrir sér, m.a. með tilliti til ýmissa ræðna sem hv. þm. Friðrik Sophusson flutti meðan hann var fjmrh., þar sem hann reifaði það beinlínis að í fjmrn. væri í gangi vinna sem miðaði að því að flytja skattáhersluna í ríkari mæli yfir á umhverfisskattana. Hér er tækifæri til þess að taka stórt skref í þeim efnum og ég held þess vegna að við ættum að notfæra okkur það.

Herra forseti. Þetta er það sem ég vildi segja um málið og leggja áherslu á að ég tel að þegar menn taka afstöðu til máls eins og þessa eigi þeir að gera það fyrst og fremst út frá umhverfissjónarmiðum. Þess vegna er ég algjörlega sammála þeim rökum sem koma fram í tveimur álitum frá minni hlutanum og í ágætri ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í gær að olíugjaldið er besta leiðin sem er fær í þessu. Hún leiðir óhjákvæmilega til minni útblásturs og það er það sem skiptir verulega miklu máli og mun hafa mikil áhrif á næstu árum í efnahagsstjórnun okkar.

[09:48]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar óheppilegt ef ætti að fresta þessu máli. Olíugjaldið var fyrst samþykkt á síðasta kjörtímabili fyrir þinginu 1994–1995 og síðan er búið að fresta þessu aftur. Það er mjög viðurhlutamikið að taka upp svona gjald, m.a. vegna þess að það kallar á miklar fjárfestingar og ekki er hægt að láta þetta dankast svona áfram, það verður að taka um þetta ákvörðun af eða á núna. Nefndin fjallaði lengi og mjög ítarlega um málið og í störfum nefndarinnar komu fram ágætis sjónarmið frá stjórnarandstöðuþingmönnum sem og stjórnarmönnum og niðurstaða meiri hlutans varð að afgreiða málið svona þannig að ekki væri endalaust verið að velta því á undan sér.

Hugmyndin um olíugjaldið sem yrði þá almennt á alla olíunotkun er ekkert fráleit. Málið er hins vegar þannig vaxið að erfitt er að leggja skatt á olíu til fiskiskipa vegna þess að þau geta keypt þessa olíu miklu víðar en á Íslandi. Þannig geta olíuviðskipti átt sér stað á hafi úti á vegum allt annarra aðila en íslensku olíufélaganna. Skip kaupa líka gjarnan olíu í erlendum höfnum þegar þau eru þar og þess vegna er þetta ekki eins einfalt mál og það gæti virst við fyrstu sýn.

[09:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalegt svar. Hann tekur undir það að olíugjald kæmi alveg til álita en hann bendir á ýmis rök sem mæla gegn því að hans dómi. Ein eru þau rök að erfitt væri að leggja slíkt olíugjald á fiskiskipaflotann vegna þess, eins og hv. þm. bendir á, getur flotinn keypt olíu á hafi úti eða í öðrum löndum. Rétt er það.

Hitt er líka staðreynd að í þeim löndum sem liggja í kringum okkur í allri Vestur-Evrópu er þróunin sú að menn munu á næstu árum fara þessa leið. Ég hygg að innan skamms yrði erfitt fyrir menn að komast hjá því. En jafnvel þó þeir kæmust hjá því að einhverju leyti, er það þá bara ekki allt í lagi? Er sem sagt meginhugsun þeirra sem leggja fram frv. sú að hala inn tiltekna upphæð í ríkissjóð?

Þar greinir mig á við hv. þm. Ég reyndi að koma því til skila í ræðu minni áðan að ég tel að önnur sjónarmið eigi að vega þyngra í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að umhverfissjónarmiðin eigi að skipta mestu.

Hv. þm. sagði að það væri viðurhlutamikið að stöðva frv. núna. Ég spyr hann þá sem verkstjóra nefndarinnar: Hvernig stendur á því að málið kemur ekki fyrr inn til þings? Ég varð ekki var við þetta mál fyrr en í gær og jafnvel þó það hafi legið hér í einhverja daga eða vikur finnst mér það með ólíkindum eins og málin hafa þróast hér að menn skuli þá ekki hafa komið því fyrr til þingsins til umræðu ef svona mikið liggur á því.

Það er líka viðurhlutamikið, herra forseti, að samþykkja frv. bara til þess að taka ákvörðun í málinu þegar það liggur fyrir að innan meiri hlutans eru menn ekki fyllilega sannfærðir um það að frv. nái þeim tilgangi sem flutningsmenn vilja.

[09:52]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál fékk algjörlega eðlilega meðferð í efh.- og viðskn. og var fjallað óvenjulega mikið um það. Það var afgreitt á eðlilegum tíma miðað við þann tíma sem ætlaður er til nefndarstarfa.

Ég hygg að fjallað hafi verið um þetta í þingflokkum — a.m.k. þingflokkum stjórnarflokkanna nokkrum sinnum — ég skal ekki svara fyrir um það hvort fjallað var um það í þingflokki jafnaðarmanna. En það kemur mér verulega á óvart að þingmaðurinn skuli ekki hafa vitað af þessu máli, jafnmikill áhugamaður um það og hann virðist vera.

[09:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú brást hv. þm. því trausti sem honum tókst að byggja upp með fyrri ræðu sinni. Hann missti sig sem sagt út í skæting um mál sem menn eru að reyna að ræða málefnalega. Ég hef lagt rök mín mjög málefnalega fyrir og greint alveg frá því að umhyggja hv. þm. fyrir hæstv. fjmrh. og ríkissjóði vegur minna í augum mínum en umhverfissjónarmiðið.

En ég ætla svo sem ekki að láta hv. þm. tosa mig niður á þetta plan. Skoðun mín í málinu liggur fyrir. Ég er nákvæmlega sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. En mig langar að spyrja herra forseta að eftirfarandi:

Það liggur fyrir að nefndin flytur þetta mál en það er ágreiningur í nefndinni. Er þá ekki alveg ljóst að málið þarf að fara aftur til nefndar áður en það getur gengið til seinni umræðu?

[09:54]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta nokkrum orðum við umræðuna um stöðu málsins sem við ræddum reyndar lítillega í gær en hefur orðið tilefni frekari orðaskipta milli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og Össurar Skarphéðinssonar. Ég er sama sinnis og ég var í gær — enda tekur iðulega lengri tíma fyrir mig en sólarhring að skipta um skoðun — að það er ekki æskilegur kostur að þurfa að fresta málinu. Og það þarf að reyna að fá botn í þetta með einhverjum ráðum.

En af tvennu illu getur þó verið skárra að fresta máli en að gera einhver mistök eða fara út í hálfgerðar fljótræðisbreytingar á þungaskattinum vegna þess að menn ákveði að hverfa frá fyrri áformum um upptöku olíugjalda. Kannski er ekki mjög mikill munur á því ef menn vita að hverju er stefnt og að hverju er verið að vinna í sumar, hvort þessi skipan mála er lögfest núna í júní eða hvort menn t.d. settu þetta mál í frekari vinnu í sumar og sammæltust um að ljúka afgreiðslu þess fyrir lok október eða þar um bil. Það eina sem mundi gerast er að núverandi þungaskattskerfi yrði notað nokkra mánuði í viðbót án breytinga. Það getur varla verið eðlismunur á því gagnvart gagnrýni eða áliti samkeppnisráðs sem þar skiptir fyrst og fremst máli, hvort það ástand sem þegar hefur varað mánuðum saman, eftir að sá úrskurður lá fyrir, varir nokkrum mánuðum lengur. Þá væru eftir sem áður tveir mánuðir til stefnu áður en núgildandi ákvæði um upptöku olíugjalds ættu að koma til framkvæmda, þ.e. um næstu áramót.

Ég held að í þessu sambandi mundi skipta miklu máli í hvaða samhengi málinu væri frestað eða í hvaða farveg það yrði sett í sumar. Ef það væri beinlínis gert í yfirlýstum tilgangi tel ég að hann ætti þá að vera tvíþættur. Annars vegar að vinna að betri útfærslu á þeim breytingum á þungaskattskerfinu sem þetta frv. felur í sér og allir viðurkenna að eru ekki mjög rækilega rannsakaðar. Það er t.d. engan veginn búið að fara nógu vel yfir það hvernig einstakir aðilar í þessum hópi sem þarna eru þolendur eða greiðendur koma út úr því. Þó að fyrir liggi eitt dæmi um það væri að mínu mati æskilegt að geta farið í mun betri skoðun á því hvernig væri rétt að byggja upp gjaldskrána eða skattstigann sem þetta er í raun og veru, til þess að leita að betri dreifingu á skattbyrðinni þannig að hún nálgaðist meir það sem er í dag. Það er yfirlýstur vilji manna að gera það og kom fram hjá frsm. meiri hlutans í gær, Einar Oddi Kristjánssyni, að það væri alls ekki ætlunin að þetta mundi valda íþyngjandi áhrifum t.d. fyrir þá sem væru að aka á lengstu flutningaleiðunum innan lands.

Það gæti því verið annar megintilgangur slíkrar frestunar til haustsins að vinna reikningsvinnuna betur og láta skoða fleiri möguleg dæmi og blöndur af fastagjöldum og kílómetragjaldsálagningu. Sú hugmynd hefur komið fram, m.a. frá samtökum flutningsaðilanna að ætli menn að fara þessa leið á annað borð ætti að bjóða upp á greiðslu fastagjalds sem gæti verið valkostur fyrir þá sem aka allra lengstu leiðirnar að greiða fast gjald sem væri sambærilegt og kostnaður við 80–100 þús. km akstur gæfi af sér, miðað við núgildandi gjaldskrá þannig að menn ættu þann kost að greiða þetta fastagjald og ná þá fram hagstæðari útkomu, sérstaklega fyrir þá sem aka allra lengst. Auðvitað þarf að skoða líka hvort þessi útfærsla stenst ekki ákvæði samkeppnislaga.

Hitt sem menn gætu þá gefið sér betri tíma til að fara yfir er spurningin um hvort menn ætla að slá af til frambúðar allar hugmyndir um upptöku olíugjalda. Er það þá orðin niðurstaðan að menn ætli að gera það? Ég held að það þýði ekkert að láta þetta mál hanga í loftinu og velkjast fyrir hunda og manna fótum eins og það hefur í raun og veru gert hér undanfarin mörg ár. Ég er ósáttur við að þurfa að gefa þá hugmynd með öllu upp á bátinn. Ég held að það væri best að þetta væri kerfi sem væri sem líkast því sem gildir um skattlagningu á bensínbifreiðum. Mér finnst miður ef þetta verður niðurstaðan sem mun m.a. leiða til þess að ekki er líklegt að notkun dísilbifreiða aukist á næstu árum, eins og hún hefði auðvitað þurft að gera og væri tvímælalaust jákvæð þróun.

Herra forseti. Að síðustu um upptöku á umhverfisgjöldum eða mengunarsköttum almennt má til sanns vegar færa að ef menn eru að tala um upptöku á hreinum mengunarsköttum, t.d. á kolefniseldsneyti, eigi að halda því aðgreindu frá þeirri skattlagningu á umferðina sem hér er í raun og veru á ferðinni, til að standa straum af uppbyggingu umferðarmannvirkjanna því við erum fyrst og fremst að tala um tekjur Vegasjóðs.

Þá er að sjálfsögðu eðlilegt að skoða alla eldsneytisnotkun án tillits til þess hver notandinn er og hvort hann fer yfir sjó eða land. Þá værum við að tala um einhverja gjaldtöku sem væri auðvitað af allt annarri stærðargráðu, væntanlega í formi einhverra mjög lágra upphæða á hvern eldsneytislítra og flotinn og vinnuvélar og aðrir slíkir aðilar kæmu væntanlega þar einnig inn í.

Auðvitað eru líka annmarkar á því eins og hér var bent á af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Menn geta vissulega keypt sér eldsneyti á skipin annars staðar og þetta er vandamál sem er vel þekkt í umræðum um þessi mál í nágrannalöndunum þegar annars vegar er rætt um mengunarskatta og hins vegar t.d. sameiginlegan orkumarkað þar sem reynt yrði að ívilna notkun á umhverfisvænni orku en skattleggja notkun á orkugjöfum sem byggja á brennslu lífræns eldsneytis. Þá er mjög gjarnan bent á að slíkt sé í raun og veru illgerlegt, t.d. á meginlandi Evrópu eða á Norðurlöndunum þar sem orkumarkaðurinn er orðinn sameiginlegur ef menn eiga þann kost að flytja sig til og færa sig frá þeim löndum sem væru að reyna að framfylgja svona stefnu til hinna þar sem engir kolefnisskattar væru við lýði og ekki gerður greinarmunur á því hver væri uppruni orkunnar sem menn væru að nýta. Að því leyti má segja að íslenski flotinn sé sambærilegur við t.d. orkumarkaðinn á Norðurlöndunum og auðvitað væri æskilegast að víðtækt samkomulag þjóða væri um að taka upp slíka umhverfisvæna stefnu.

Þetta mál snýr líka að hverju landi fyrir sig. Skuldbindingarnar samkvæmt Kyoto-bókuninni snúa að hverju landi fyrir sig og ljóst er að eins og málin standa í dag munu löndin grípa til ýmiss konar ráðstafana til að draga úr notkun kolefniseldsneytis og þó að því fylgi einhverjir annmarkar af þessu tagi þá verður bara að hafa það. Við eigum eftir að sjá hvað menn gera hér í nágrannalöndunum og það gæti einmitt orðið þróun af þessu tagi sem við sæjum koma þar að lagðir yrðu skattar á kolefniseldsneytið en öðrum orkugjöfum ívilnað. Þá ætti ekki að vera nein ástæða að óttast það þó að við værum að huga að slíkum breytingum að lentum í því að vera með endilega hærra eldsneytisverð en aðrir.

Staðreyndin er sú að umræðan hér á Íslandi er langt á eftir því sem er í Evrópu þar sem mjög víða er verið að ræða um hækkanir og alveg upp í stórfelldar hækkanir á orku, sérstaklega kolefnisorkugjöfunum. Ég minni t.d. á umræðu í tengslum við þýsku kosningarnar og norsku kosningarnar í þessu sambandi þar sem hugmyndir frá svona einhverjum hækkunum, sem nánast allir tóku undir eða voru með og upp í stórfelldar hækkanir.

Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að blanda mér aðeins í þá umræðu sem hófst um þennan þátt málsins en út af fyrir sig verður meiri hlutinn að ráða því ef hann vill og treystir sér til að ganga frá málinu eins og hér er lagt til. Mér sýnist að nokkuð ljóst að menn eru þá að loka málinu þannig að það stenst ekki þau yfirlýstu pólitísku markmið sem menn hafa þó sjálfir sett sér, sem sagt þau að þetta valdi t.d. ekki íþyngingu á skattheimtunni á lengstu akstursleiðunum og þar með ekki þeirri hættu að hleypa enn upp vöruverði og gera lífskjör lakari í þeim byggðarlögum sem háð eru flutningum á landi um öll aðföng sín. Því miður er ekki komin á sú útfærsla í þessu máli að þetta markmið sé uppfyllt.

[10:04]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Það er afskaplega stórt mál sem hér er tekið til umræðu — reyndar byrjaði umræðan í gær — og frekar dapurt að við séum komin að lokum þingsins og eins þýðingarmikið mál og það sem hér er til umræðu er óútkljáð. Ég tek heils hugar undir ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan og geri það þó að hann hafi líka hamast við að segja að hann tæki undir ræðu Steingríms J. Sigfússonar. Það sýnir bara að viðhorf okkar í stjórnarandstöðunni í þessu máli er allt annað en stjórnarliðanna.

Hv. 9. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, nefndi að það væri jákvætt að fjmrh. hefði sett það í hendur þingsins að velja á milli kosta. Ég get tekið undir það. Auðvitað er það jákvætt þegar menn sjá fyrir sér nokkrar ólíkar leiðir að sama marki að setja það í hendur þingsins að komast að niðurstöðu. En fyrst og fremst er það jákvætt ef fyrir liggur að það eigi að reyna að ná breiðri samstöðu um framkvæmd málsins.

Fjmrh. var ekki að setja þetta mál í hendur þingsins, að velja á milli kosta, til þess að tryggja samstöðu um málið og að menn næðu sameiginlegri niðurstöðu, sem væri best frá mörgum sjónarhornum. Þá er ég að tala um frá sjónarhorni neytandans, frá mengunarsjónarhorni og þá væntanlega líka hvernig það mál yrði leyst frá sjónarhóli ríkisins og ríkiskassans.

Það er ekki svo. Málið er sett inn í efh.- og viðskn. og þar gerist það að meiri hlutinn fer sína leið. Meiri hlutinn fer sína leið nákvæmlega á sama hátt og þegar stjórnarmeirihlutinn er að setja inn mál sem hann kærir sig ekkert um að hafa samráð um og ætlar að keyra í gegn á eigin forsendum. Þess vegna finnst mér sú góða hugmynd að láta þingið velja á milli ólíkra kosta og komast að niðurstöðu verða að engu. Hún verður að engu þegar framkvæmdin er slík sem hér liggur fyrir.

Ég tek undir að mér finnst það mjög alvarlegt að það eigi að knýja svona umdeilt mál í gegnum þingið. Um þetta hefur verið spurt aftur og aftur alveg frá því að málið kom fyrst inn í þingið og fór í sína fyrstu frestun í efh.- og viðskn. Fólk hefur trúað því að þrátt fyrir þessa fresti sé það vilji Alþingis að gera þær breytingar að taka upp gjald á olíuna. Það hefur ráðið því hvernig fólk hefur farið með dísilbíla sína og stutt síðan ég heyrði hörkugagnrýni á þingið fyrir það ef það eigi svo núna að falla frá áformum sem fólk hefur verið sannfært um að Alþingi ætli að taka ákvörðun um þó svo að það hafi dregist. Fyrir utan annað er þetta veruleg vanvirða við þá einstaklinga sem hafa m.a. af mengunarsjónarmiðum valið að kaupa sér bíla með dísilvélum og verið að líta til framtíðar eins og að sjálfsögðu á að gera af hálfu allra þeirra sem eru með mengunarmál í farteskinu og vilja breyta til batnaðar í mengunarmálum hér á landi. Þess vegna legg ég, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem talaði hér af hálfu jafnaðarmanna, mikla áherslu á umhverfissjónarmiðið í þessu máli.

En ég ætla líka að nefna annað af því að hér hefur verið spurt: Á að knýja þetta umdeilda mál í gegn á næstsíðasta degi þingsins? Hverjir eru það sem fyrst og fremst hafa lagst gegn þessu máli? Af öllum umsagnaraðilum, sem voru samkvæmt nál. mjög jákvæðir, eru það fyrst og fremst olíufélögin sem leggjast gegn því að þessi breyting sé gerð og Vinnuveitendasamband Íslands.

Aftur og aftur komum við að því hverra hagsmuna ríkisstjórnin gætir. Þá gildir einu hvort frv. hefur verið sent inn í þingið eða valkostir hafa verið afhentir efh.- og viðskn. þegar það er ljóst að ríkjandi meiri hluti gætir hagsmuna þessara útvöldu aftur og aftur, sömu aðilarnir sem ráða hér.

Áðan var líka spurt hvort þetta mál, úr því að það væri ágreiningur í nefndinni, þyrfti ekki að fara aftur til nefndar. Ég spyr að því, ég tek undir þá spurningu, þegar efh.- og viðskn. flytur þetta frv. og dengir því í hausinn á þingmönnum sem hafa haldið að ákvörðunin væri tekin um olíugjaldið og það eru í raun og veru þrjú nál. í þessu frv., afstaða tveggja minni hluta fyrir utan meiri hlutann, þá hlýtur það að vera að eftir umræðu í þinginu þurfi málið að fara til nefndar. Það er mér a.m.k. mikið umhugsunarefni vegna þess að síðla kvölds í gærkvöld tók ég þátt í því með forsetum þingsins og þingflokksformönnum að ræða tillögu sem kemur á dagskrá á morgun. Ég vissi ekki betur en að það þætti mjög óviðunandi að sú tillaga yrði fullafgreidd af því að hún þyrfti að fara til umfjöllunar nefndar og þó erum við bara þar að tala um afgreiðslu á máli með atkvæðagreiðslu sem meiri hlutinn að sjálfsögðu, eins og aftur og aftur hefur komið hér fram, hefur vald á. Ég legg áherslu á það við forseta, ég tel að þetta mál hljóti að þurfa að fara aftur til efh.- og viðskn. fyrir utan að ég gagnrýni harðlega að málið skuli koma svo seint frá nefnd.

Formaður nefndarinnar taldi hins vegar að efh.- og viðskn. væri búin að fjalla svo mikið um þetta mál að algjör óþarfi væri að fresta því, menn væru bara tilbúnir að taka ákvörðun sína. Allt of lítill tími hefur hins vegar gefist til að skoða afleiðingar af breytingum eins og þeim, sem meiri hlutinn leggur nú til, fyrir einstaka aðila.

Þetta er dálítið mikilvægt, herra forseti, og umhugsunarefni fyrir formann nefndarinnar. Vel má vera að nefndin sé búin að hafa það lengi á borðum sínum, a.m.k. hefur hún frestað því ár eftir ár að það frv. sem kom hingað inn í þingið væri afgreitt og gert að lögum. En ef það er afstaða svo öflugs þingmanns eins og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem er mjög samviskusamur og eins og ég þekki mjög vel til tekur hann öflugan þátt í nefndarstarfi, að segi hann að lítill tími hafi gefist til að skoða afleiðingarnar af þeim breytingum sem tillaga meiri hlutans er um þá trúi ég því. Það er þetta sem hefur gerst aftur og aftur á Alþingi Íslendinga varðandi

skattbreytingar almennt. Komið er inn með skattbreytingar á viðkvæmum tíma, mjög oft í desember, í tengslum við fjárlagafrv., í tengslum við þunga umræðu um fjárlög og ríkisfjárlög, og afleiðingar skattbreytinga hafa oft reynst allt aðrar en þau dæmi hafa sýnt sem lögð hafa verið fram með viðkomandi frv. Þegar bent er á að það skorti á að skoða afleiðingar af breytingunum þá legg ég það til, herra forseti, að þær afleiðingar verði skoðaðar nánar áður en það frv. verður afgreitt sem meiri hluti efh.- og viðskn. flytur.

Ég sat hér og hlustaði á til að átta mig á um hvað þetta mál og ágreiningurinn um það snerist fyrst og fremst og hlustaði á formann nefndarinnar til að skilja hvað það hefði verið sem fékk meiri hlutann til að víkja frá ákvörðun um olíugjald og hann lagði mikla áherslu á flotann. Ég óska eftir því, herra forseti, að formaður nefndarinnar komi upp — af því að þetta mál hlýtur að vera svo mikið unnið og faglega unnið — og upplýsi okkur, sem eigum ekki sæti í efh.- og viðskn., um það hvernig þau lönd sem hafa tekið ákvörðun um olíugjald hafa leyst það gagnvart flotanum. Það er mjög mikilvægt fyrst þetta er notað sem rök gegn upptöku olíugjaldsins að þá séum við upplýst um hvernig nágrannalönd okkar sem farið þessa leið fyrir löngu hafa leyst það mál gagnvart flotanum. Við eigum heimtingu á að fá þær upplýsingar.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi eru umhverfissjónarmið auðvitað stærstu rökin með breytingunni þótt margt fleira sé nefnt í afstöðu beggja minni hlutanna. Langstærsta málið er umhverfismál og það þýðir lítið fyrir ríkisstjórnina að koma og bjóða upp á afslætti á orkugjöfum hjá öðrum tegundum bifreiða eins og rafmagnsbifreiða meðan þær eru varla fyrir hendi með umhverfissjónarmið að leiðarljósi, meðan það liggur svo fyrir að enginn vilji er til að taka á stærsta málinu sem eru bensínbílarnir því að þessi afgreiðsla verður ekki til þess að fólk fari í ríkum mæli að flytja sig frá bensínbílum og yfir á dísilbíla, það er alveg ljóst. Því tek ég undir að umhverfissjónarmiðið er langmikilvægasti þátturinn. Mér finnst líka slæmt að við skulum taka þátt í alþjóðasamningum, undirgangast alþjóðasamninga, a.m.k. stefnir allt í það, eins og samninginn í Kyoto og svo gerist það þegar heim er komið og á að fara að framkvæma og setja lög, að ekkert samhengi er í hlutunum. Ekki er nóg að sýna góðan vilja því að þegar svo kemur til framkvæmda og hægt er að taka verulega á þá er það ekki gert.

Herra forseti. Ég hvet til þess að formaður nefndarinnar skýri fyrir okkur sem erum að taka þátt í umræðunni hvernig þetta hefur leyst með flotann í nágrannalöndum okkar sem hafa gert þá breytingu sem upphaflega frv. kvað á um.

[10:17]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þá spurningu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir bar fram vil ég segja að mér er ókunnugt um hvernig almennt olíugjald eða svokallaður CO -skattur er framkvæmdur gagnvart flotanum í nágrannalöndum okkar eða þeim löndum sem hafa tekið upp slíkan skatt. Það sem um var að ræða í olíugjaldinu sjálfu var að sjálfsögðu að lita olíuna fyrir þá sem voru gjaldfrjálsir og til stóð að flotinn greiddi ekki olíugjaldið sem meiningin var að leggja á bifreiðar. Olíugjald á bifreiðar er fyrst og fremst skattur til að greiða fyrir umferð og umferðarmannvirki og þær fjárfestingar og kostnað sem fylgir umferðinni. En það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ágúst Einarsson voru að velta fyrir sér var að taka upp almennt gjald á olíu sem yrði þá á alla notkun og enginn yrði undanþeginn en það er allt annað mál og í sjálfu sér eins og ég gat um áðan í andsvari ekkert fráleit hugmynd. Hins vegar kemur þetta vandamál upp með flotann og það er dálítið sérstakt vandamál fyrir okkur því að olíunotkun flotans er það stór hluti af heildarnotkuninni í landinu, miklu stærri hluti en er erlendis og ég sé bara í hendi mér og við höfum rætt að það er ekki heppilegt að leggja á skatt þar sem mjög einfalt mál er fyrir þá sem greiða mikinn skatt að víkja sér löglega undan honum og þá er verr af stað farið en heima setið.

[10:19]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að heyra að vandi formanns efh.- og viðskn. hafi þá ekki verið flotinn varðandi þá tillögu sem var uppi þegar frv. fór til efh.- og viðskn. um að lita olíuna. Ég ætla einmitt að nefna að ég veit ekki betur en að í Noregi sé sú leið farin og fáir eru með stærri flota en einmitt Norðmenn. En þingmaðurinn hefur upplýst að hann hefur verið að ræða um vandann gagnvart tillögum minni hlutans. Það breytir engu um að það er til mikils vansa þegar efh.- og viðskn. er með tillögu um að taka upp olíugjald og meiri hlutinn hleypur frá henni eins og hér hefur verið gert.

[10:20]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Eitt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þegar hann reifaði frv. í gær var að hann var alls ekki viss um til fullnustu hvaða áhrif þær breytingar, sem lagðar eru til í frv., hefðu á þá sem stunda atvinnuakstur á löngum leiðum. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé mjög erfitt að samþykkja málið þegar svo er í pottinn búið. Ég held að þessar breytingar séu sérstaklega íþyngjandi gagnvart þeim sem stunda flutninga til fjarlægustu landshlutanna frá Reykjavík. Ef þær eru íþyngjandi, herra forseti, þá þýðir það að þetta muni auka kostnað þeirra. Hver á að bera þann kostnað? Getur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson svarað því hver á að bera kostnaðinn? Ég get sagt honum hver mun bera kostnaðinn. Að sjálfsögðu mun kostnaðurinn fara út í vöruverðið og þetta mun leiða til þess að vöruverð mun hækka á þessum stöðum á landinu. Þess vegna er dálítið sárt að sjá í hópi þeirra sem flytja þetta frv. menn sem hafa einmitt gert út á það, lagt sig fram um að reyna að draga úr þeim mun sem er á aðstöðu þeirra sem búa fjærst Reykjavík og hins vegar þeirra sem búa í Reykjavík. Ég held að hægt sé að færa talsvert sterk rök fyrir því að frv., ef að lögum verður, muni leiða til þess að vöruverð í þessum fjarlægu hlutum landsins kunni að hækka. Ég orða það svona, herra forseti, það kunni að hækka. Þetta er auðvitað eitt af því sem þarf að kanna og rannsaka áður en menn leggjast í svona ferðalag.

Þegar við ræðum þetta frv. eru uppi tvenns konar rök. Eiga menn að taka fullt tillit til umhverfissjónarmiða og taka upp olíugjaldið eða eiga menn að fara þá fjallabaksleið sem hv. þm. meiri hlutans í nefndinni leggja til? Hvað segir hæstv. fjmrh. í málinu? Hver er skoðun hans? Ég spyr vegna þess að innan fjmrn. er að verki nefnd sem er að kanna möguleika til að færa skattlagningu í ríkari mæli út í umhverfisskattlagningu. Raunar má segja að fjmrn. hafi svarað fyrir sig vegna þess að hugmyndir sem komu þaðan voru þær að það

ætti að fara olíugjaldsleiðina en nefndin hverfur frá því. Þar má segja að framkvæmdarvaldið sé talsvert framar þinginu í þessu mikilvæga efni. Mér finnst það miður, herra forseti, og ég vil ekki hrósa fjmrn. neitt sérstaklega fyrir að hafa lagt sig fram um að fylgjast með því sem er að gerast varðandi umhverfisskatta í nágrannalöndunum en það er alveg ljóst að nefndin hefur ekki fylgst með þessu máli í jafnríkum mæli og framkvæmdarvaldið.

Ég réð það af máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að hann teldi að það væri svo að í okkar næstu löndum væru menn ekki að fara þessar leiðir. Ég veit hins vegar að úti í Evrópu eru menn að herða reglur um útblástur, um hávaðamengun, um notkun eldsneytis af jarðefnistoga og það var mat Samtaka iðnaðarins að ákjósanlegt væri að taka upp olíugjald til að hefja aðlögun íslenska atvinnubifreiðaflotans að þessum breytingum. Ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fylgist vel með því sem gerist á vettvangi Evrópusambandsins og þar liggja fyrir tillögur um þetta. Með öðrum orðum hefði verið mjög heppilegt að nota þetta tækifæri til að laga íslenska markaðinn að þessum breytingum.

Hv. þm. hefur fært rök fyrir því, m.a. í því áliti sem liggur fyrir í frv., að ekki hafi svarað kostnaði að taka upp það tvöfalda kerfi sem sumir, m.a. Landssamband flutningabifreiðastjóra, hafa lagt til, þ.e. að hafa annars vegar olíugjald og hins vegar kílómetragjald. Ef það er dómur hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og félaga hans í meiri hlutanum að svo sé, velti ég því fyrir mér hvernig þeir komust að þessari niðurstöðu. Þeir hljóta náttúrlega að hafa farið og talað við þá sem málið varðar, talað við bílstjórana og þá sem halda úti þessum flota. En hver er niðurstaða þeirra? Þeir töldu að það væri heppilegt að fara þá leið sem hann, hv. þm. taldi að væri ekki. Hann taldi að það væri ekki kostnaðarins virði en þeir töldu það hins vegar. Þeir voru reiðubúnir að taka á sig þann kostnað til að nota tækifærið að taka upp þetta kerfi. Hv. þm. rekur upp tiltölulega lágværan hlátur en þó heyrist hláturskjöltið alla leið hingað upp í ræðustól og þess vegna langar mig bara til þess að reka ekki hláturinn en a.m.k. andmæli hans ofan í hv. þm. með því að lesa úr blaði sem Samtök iðnaðarins gefa út. Þar segir:

„Ákvörðun nefndarinnar er sérstök fyrir þær sakir að hagsmunafélag þeirra sem greiða þungaskatt og hefðu átt að greiða olíugjald vegna atvinnurekstrar voru fylgjandi upptöku olíugjalds" — og nú bið ég hv. þm. að hlusta — „*og reiðubúin að láta yfir sig ganga óhagræði vegna tvöfalds* kerfis." En í þessu blaði kemur líka fram hvaða hagsmuni er verið að verja. Það er sagt bókstaflega í þessu blaði Samtaka iðnaðarins að þeir sem hafi mestan hag af því að hafa kerfið svona eru olíufélögin. Ávinningur þeirra felst í því að selja sem mesta olíu og þess vegna voru þau eðlilega á móti upptöku olíugjalds sem að dómi Samtaka iðnaðarins hefði leitt til olíusparnaðar. Þá velti ég auðvitað fyrir mér, herra forseti, á hvaða rökum byggir meiri hlutinn niðurstöðu sína? Það liggur fyrir að það er gert í andstöðu við vilja sérfræðinga fjmrn. og það liggur fyrir að það er gert í andstöðu við vilja greinarinnar. Það liggur fyrir í þriðja lagi að það er gert í andstöðu við Samtök iðnaðarins. Þá spyr ég: Í hvaða veröld lifir þessi hv. þm.? Býr hann bara svona til í huga sínum? Eða eins og hann sagði í ræðu sinni áðan það þurfti að ná ákvörðun, það þurfti að ná einhverri niðurstöðu og þá kastar hann bara einhverju á borðið og það sem út úr því kemur er það sem lagt er fyrir þingið þótt alveg ljóst sé að hv. þm. veit ekki um niðurstöðuþunga mjög mikilvægra hluta í þessu frv. Hann veit ekkert hvaða áhrif þetta hefur t.d. á vöruverð í því kjördæmi sem hann er enn fulltrúi fyrir.

[10:27]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það að með olíugjaldinu og þeirri leið sem frv. sem lagt var fram boðaði hefði kostnaður þeirra sem aka á löngum flutningaleiðum aukist mjög verulega frá því kerfi sem er í dag og hækkað vöruverð úti á landsbyggðinni miklum mun meira en menn geta þó kannski hugsanlega reiknað með í kjölfarið á því frv. sem nú liggur fyrir. Ástæðan er einfaldlega sú að með olíugjaldinu eins og það var lagt fram hefði sá kostnaður komið að sjálfsögðu af fullum þunga á þá sem nota olíuna og keyra á þessum lengri leiðum.

Hitt sjónarmiðið er að sjálfsögðu það að huga þarf að því hver kostnaður þjóðfélagsins er við að innheimta skatta og vegna þess að með olíugjaldinu plús kílómetragjaldi var í rauninni ekki verið að spara neinn kostnað heldur einungis að bæta við 150 millj. í árlegum kostnaði við að innheimta þessa skattpeninga. Ég tel að það vegi mjög þungt, alveg óháð því hvort olíufélög selja olíu eða eitthvað annað að þjóðfélagið í heild, greiðendur skatta, eiga að sjálfsögðu ekki að þurfa að taka á sig gífurlegan kostnað til að greiða skattana. Ég tel að til að innheimta yfir 3 milljarða sé ekki gott að þjóðfélagið greiði 150 millj. aukalega til að ná í slíka peninga ef það þarf ekki á því að halda.

[10:29]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þetta er umhyggja af því tagi sem menn kæra sig um. Hv. þm. segir að af umhyggju fyrir þeim sem stunda þennan atvinnurekstur hafi hann lagt fram frv. eða fylgt þeirri niðurstöðu sem í því er að finna til að vernda þá sem stunda þennan rekstur en það kemur í ljós eins og ég las upp áðan og hef rakið áður, er reyndar rakið í álitum sem fylgja þessu frv., að viðkomandi greinar vilja ekki þessa vörn hv. þm. Þær telja sig ekki þurfa á henni að halda. Þær eru reiðubúnar til að taka á sig þann kostnað sem fylgir þessu tvöfalda kerfi, það liggur alveg ljóst fyrir, vegna þess að þær telja það þetta sé heppilegri leið inn í framtíðina. Það liggur fyrir að á næstunni, á næstu árum, næstu missirum munu kröfurnar herðast. Nú þegar er alveg ljóst að því er varðar reglur um útblástur bifreiða hér á landi að Ísland er talsvert aftar en önnur lönd í nágrenni við okkur eru nú þegar. Það liggur líka fyrir að kröfurnar sem þar eru í gildi munu stríkka allverulega á næstu tveimur árum. Þetta vita þeir sem stunda atvinnurekstur innan þessara greina og þeir vita að það kemur að því að þeir þurfa að laga sig að þessu og þeir hafa valið heppilegustu leiðina. En hv. þm., af einhverri ótrúlegri forsjárhyggju, tekur vitið af þeim, tekur ákvörðun fyrir þá og niðurstaðan er leið sem þeir sem eru innan greinarinnar hafa ekki áhuga á að fara.

[10:31]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom oft fram í viðtölum við hagsmunaaðila sem áttu að greiða olíugjaldið að þeir reiknuðu kannski ekki með því að kostnaðurinn af því að taka upp gjaldið félli eingöngu á þá heldur líka á þá aðila sem áttu ekki að greiða olíugjaldið, þ.e. að kostnaðurinn mundi dreifast með einhverjum hætti á alla kaupendur olíu. Þess vegna má

kannski segja að þeir hafi ekki verið reiðubúnir til að taka á sig allan kostnaðinn sem þessu fylgir, þessar 150 milljónir.

Varðandi þá þróun sem er að verða í Evrópu og um allan heim að herða reglur um útblástur og gera strangari kröfur varðandi mengun er það einmitt mál sem efh.- og viðskn. hefur látið sig miklu varða. Það var þannig fyrir u.þ.b. tveimur árum að mikil vörugjöld voru á atvinnubifreiðar. En nefndin hefur á undanförnum missirum verið að feta sig í að fella niður vörugjöld á fjárfestingunni, á atvinnubifreiðar, til þess að stuðla að því að atvinnulífið fjárfesti í nýrri tækjum sem væru þá vonandi með minni mengunarvandamál en þau tæki sem fyrir eru. Þetta hefur verið mjög ákveðin leið sem hefur verið samstaða um í efh.- og viðskn. að fara.

[10:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með frekari ræðum af minni hálfu um þetta mál. En það kom fram í máli hans að hann gerir sér grein fyrir því að á næstunni munu kröfur á þessu sviði verða harðari. Það gerir greinin líka ráð fyrir. Því hefði auðvitað verið heppilegast að fara þá leið að taka upp olíugjald og það hefði leitt til þess að menn hefðu reynt að draga úr eldsneytisnotkun. Það hefði leitt til þess að menn hefðu farið yfir í sparneytnari og hagkvæmari bifreiðar. Það hefði líka leitt til þess að lokum að dregið hefði úr losun þeirra lofttegunda sem við þurfum að takmarka. Það er alveg ljóst að atvinnulífið þarf á allra næstu árum að fara í verulega harðar aðgerðir til að við getum staðist þær skuldbindingar sem við munum óhjákvæmilega og okkur ber siðferðileg skylda til að takast á herðar.

Þetta hefði verið besta leiðin til þess. Um það eru margir þingmenn sammála en það sem skiptir mestu máli er að þeir sem vinna í greininni eru sammála um það. Svo kemur þessi hv. þm. með nokkra ágæta félaga sína í halarófu á eftir sér og ákveður að hann hafi miklu meira vit á þessu en þeir sem stunda reksturinn innan greinarinnar. Ég veit ekki hvort hægt er að hafa vit fyrir svona fólki.

[10:34]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að vekja athygli á því í þessu sambandi að nú er mikið rætt um hvernig hægt sé að haga skattheimtu á flutninga á landi með þeim hætti að það sé í samræmi við þann kostnað sem er af flutningunum, slit vega og annað því líkt. Af þeim sökum er nú mjög í athugun í nálægum löndum hvernig hægt sé að fylgjast með veruflutningabílum á leið sinni milli landa og innan landa og um leið haft í huga að leggja olíugjaldið niður vegna þess að það er ekki réttlátur skattur og er ekki lagt á í samræmi við það slit sem farartækin valda á vegum.

[10:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa eitt einasta augnablik að hæstv. samgrh. er sérfræðingur í þessu máli eins og öllu því sem varðar verðskrár og gjaldlagningu símans. Mig langar bara, út af því sem hæstv. ráðherra sagði þar sem hann heldur því fram að verið sé að hverfa frá þessu í nágrannalöndunum, að lesa hérna upp úr litlu blaði sem Samtök iðnaðarins gefa út. Þar segir undir fyrirsögninni Glatað tækifæri?, með leyfi forseta:

„Með upptöku olíugjalds sáu Samtök iðnaðarins kjörið tækifæri til að færa skattlagningu bifreiða nær því sem tíðkast í samkeppnislöndum okkar."

Nú er ég alveg viss um það að hæstv. samgrh. og þeir sem hafa skrifað þetta fyrir hönd Samtaka iðnaðarins hafa verið að ferðast í sömu löndum og kynnt sér þetta í sömu löndum en það er bersýnilegt að þar eru skilningarvitin eitthvað verulega frábrugðin.

[10:36]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig minnir að það sé nokkuð langt síðan ritstjórinn hefur skrifað leiðara um símann, eins og hann sé loksins farinn að átta sig á því að þar var rétt staðið að málum, og lét þó Dagblaðið illa í því máli — hinn pólitíski ritstjóri Dagblaðsins sem á m.a. þátt í því að þetta blað hefur misst traust sem óháð og ópólitískt blað.

En út af því sem hv. þm. sagði um þessi mál vil ég aðeins taka fram að þau sjónarmið sem ég gerði áðan grein fyrir voru ítarlega rædd á fundi samgrh. nú fyrir skemmstu þannig að þessi skoðun er uppi og m.a. vegna þess að það fyrirkomulag sem er nú með því að skattleggja umferðina með litun olíu kemur mjög misjafnt niður á löndum og er þess vegna óþolandi fyrirkomulag sem verður að leiðrétta. Eins og ég sagði er sú skoðun uppi meira en áður að hinar ýmsu flutningagreinar eigi að greiða opinber gjöld í samræmi við þann kostnað sem er á flutningunum.

[10:38]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel getur verið að í huga hæstv. samgrh. sé flakk flutningabifreiða á milli landa að verða að stórfelldu vandamáli hér á landi. Ég veit satt að segja ekki í hvaða veröld þessi hæstv. ráðherra lifir.

Hæstv. ráðherra talaði um að menn hefðu misst traust vegna þess að þeir störfuðu á ákveðnu dagblaði. (**Samgrh.**: Ég sagði að Dagblaðið hefði misst traust.) Já. Hæstv. ráðherra gat þess að hann saknaði þess að sá ritstjóri og þingmaður sem hérna stendur skuli ekki um nokkurt skeið hafa skrifað ritstjórnargreinar um símamálin. Það er svo sem eftir öðru varðandi minni þessa hæstv. ráðherra. Hann getur farið í alla leiðara þess dagblaðs sem hann nefndi áðan og hann mun ekki finna einn einasta leiðara sem þessi þingmaður hefur skrifað um símamálin en auðvitað er kominn tími til þess að það gerist sem fyrst.

[10:39]

**Útbýting þingskjala:**

Embættisveitingar, 638. mál, svar dómsmrh., þskj. 1412.
Skipulag ferðamála, 546. mál, þskj. 1479.

[10:39]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde)**:

Ég byrja á því að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir þá miklu vinnu sem þar hefur verið lögð í þetta mál sem er vissulega snúið og margflókið eins og komið hefur fram í umræðunum í dag.

Þetta mál á sér reyndar langan aðdraganda á Alþingi. En það frv. sem er tilefni umræðna í dag og upphaf þessa máls á þessu þingi var lagt fram fyrir jólin, að mig minnir 16. desember, og vísað til nefndar í upphafi febrúarmánaðar. Allan tímann síðan hefur efh.- og viðskn. unnið að þessu máli, ég vil segja baki brotnu. Þess vegna er ekki sanngjarnt að gagnrýna nefndina fyrir að hafa verið sein á ferð með þetta mál, hafa ekki unnið í málinu. Það er alls ekki hægt að halda því fram, eins og gert var áðan, að nefndin hafi „dengt þessu máli í hausinn á þingheimi" nú nýverið. Málið var

lagt fram af hálfu nefndarinnar þann 12. maí en hefur ekki komist á dagskrá fyrr en núna af ástæðum sem ég held að öllum séu kunnar. Málið hefur því legið hér frá því 12. maí fram í byrjun júní.

Þetta mál stendur þannig af sér að ef ekki verða gerðar neinar breytingar þá koma til framkvæmda lög um áramót sem gera eins og kunnugt er ráð fyrir olíugjaldi með endurgreiðslukerfi, lög nr. 34/1995, sem síðan hefur verið frestað gildistöku á.

Vissulega er það svo með þetta mál að á því eru margar hliðar og hugsanlega margar lausnir. Ég held hins vegar að efh.- og viðskn. hafi núna eftir sína löngu yfirlegu komist að niðurstöðu sem unnt er að sætta sig við og sem við eigum að taka góða og gilda eins og staðan er í dag. Hins vegar er ekki þar með sagt að það geti ekki komið til greina að gera breytingar í þessum efnum síðar meir þó svo að ég sjái það ekki fyrir mér að slíkar breytingar gerist alveg næstu missirin vegna þess að ekki er heppilegt að vera að hringla með fyrirkomulag þessara mála fram og til baka eins og við höfum þó því miður gert með því að setja áðurnefnd lög um olíugjald með endurgreiðslukerfi fyrir nokkrum árum sem meiningin er núna að fella úr gildi þó svo að þau hafi aldrei komið til framkvæmda.

Ég held því að það verði að segja eins og satt er að nefndin hefur að mínum dómi unnið mjög þarft og gott starf í þessu, kallað til alla þá sem hagsmuna hafa að gæta í landflutningum og skyldri starfsemi. Þó svo að hún hafi ekki öll orðið endanlega sammála um þessa niðurstöðu veit ég að ekki hefur á það skort að nefndarmenn hafi allir lagt sig fram og að reynt hefur verið að ná samkomulagi. Hins vegar er ekki hægt að gera þá kröfu í vinnu af þessu tagi að hún endi ævinlega með allsherjarsamkomulagi eins og mér heyrðist einn hv. þm. nefna í umræðunni áðan. Auðvitað var gerð til þess tilraun en hún gekk ekki upp. Meiri hluti nefndarinnar hefur komist að ákveðinni niðurstöðu sem ég tel eðlilegt að þingheimur uni enda tel ég að hún sé fullkomlega ásættanleg miðað við allar aðstæður.

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

### *Heimsókn finnska forsætisráðherrans.*

[10:43]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill vekja athygli hv. alþm. á því að forsætisráðherra Finnlands, Paavo Lipponen, er staddur á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsætisráðherra Finnlands er í heimsókn í Alþingishúsinu í tengslum við opinbera heimsókn hingað til lands í boði forsrh. Davíðs Oddssonar.

Forseti vill fyrir hönd Alþingis bjóða forsætisráðherra Finnlands, Paavo Lipponen, velkominn í Alþingishúsið og væntir þess að heimsókn hans til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli landa okkar. Alþingi vottar forsætisráðherra Finnlands og finnsku þjóðinni vináttu og virðingu. Ég vil biðja hv. þm. um að staðfesta það með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Gjöld af bifreiðum, frh. 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395. [10:44]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde)** (frh.):

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem fram er komið. Ég tel að hér sé komin ásættanleg lausn. Út af fyrir sig er miður að ekki tókst allsherjarsamkomulag í efh.- og viðskn. Það ber að virða að allir hafa lagt sitt af mörkum í því að leysa þetta mál og eins ég segi tel ég að hér sé ekki búið að finna hina endanlegu lausn mála í þessu efni og við eigum að hafa vakandi auga fyrir nýjum hugmyndum á þessu sviði á næstu missirum en þetta mál tel ég að við verðum að klára vegna þess að óvissunni um þetta efni verður að linna og ég tel ekki að það sé góður kostur að fresta málinu til hausts eins og stungið hefur verið upp á. Ég tel að það sé ekki góður kostur, allra hluta vegna, og þess vegna eigum við að ljúka málinu á þessu vori og ég beini þeim eindregnu tilmælum til þingheims að svo megi verða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gjald af áfengi, 2. umr.*

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 815, nál. 1283, brtt. 1507. [10:46]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. og breytingartillögu um gjald af áfengi. Nefndin fjallaði um þetta mál og sendi nokkrum aðilum til umsagnar.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um gjald af áfengi að áfengi verði flokkað í þrjá meginflokka við ákvörðun áfengisgjalds, þ.e. í fyrsta lagi öl, í öðru lagi vín og í þriðja lagi annað áfengi. Það var nokkur umræða í nefndinni um svokallað áfengisgos og hvernig með það ætti að fara. Breytingartillögur nefndarinnar hafa gengið út á að flokka það frá þannig að skattlagning á áfengisgosi væri í samræmi við skattlagningu á áfenginu sjálfu.

Það eru tvær breytingartillögur sem ég mæli fyrir. Það er í fyrsta lagi að í nefndarálitinu á þskj. 1283 er gerð svohljóðandi breytingartillaga við 2. gr., hæstv. forseti:

„Í stað orðanna „og öðrum gerjuðum drykkjarvörum sem flokkast undir vöruliði 2204, 2205 og 2206 og eru“ í 2. tölul. 1. efnismgr. komi: sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205 og er.“

Þetta á við þennan flokk 2206, það er verið að flytja hann til en síðan kom í ljós að í þessum flokki, 2206, eru auk áfengisgossins svokallaðir síderar sem falla eðli málsins samkvæmt undir sams konar tegund og vín almennt. Þetta eru eplavín og peruvín og algjörlega brugguð og gerjuð en ekki blönduð með neinu gosi og því er lögð fram breytingartillaga við þessa breytingartillögu sem var áður komin fram á þskj. 1283.

Enn fremur eru tvær breytingartillögur til viðbótar á þskj. 1507. Þar er smávægileg snyrting í lögunum sjálfum og hins vegar er gildistökuákvæði, breytingartillaga út af því.

[10:49]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég skrifa undir nefndarálit efh.- og viðskn. í þessu máli með fyrirvara og vil gera aðeins grein fyrir honum. Hann lýtur að öllum þeim frv. sem hér eru til meðferðar og flutt af hæstv. ráðherrum eða hæstv. ríkisstjórn og koma með einum eða öðrum hætti inn á stefnumótun eða fyrirkomulag í sölu, dreifingu áfengis og áfengis- og vímuvörnum.

Þannig er að hæstv. ríkisstjórn hafði í gangi mikið nefndarstarf sem laut að endurskoðun mála á þessu sviði og afrakstur þess sér stað í einum fjórum frv. sem dreifast því miður á verksvið ólíkra þingnefnda. Ég tel að hvort tveggja, undirbúningi þessara mála af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hafi verið stórlega ábótavant og sömuleiðis tel ég, herra forseti, að Alþingi hafi langt frá því skipulagt vinnuna og umfjöllun um þessi mál með þeim hætti sem æskilegast hefði verið. Það er mikið umhugsunarefni þegar málaflokki af þessu tagi sem eðli málsins samkvæmt þarf að reyna að byggja á einhverri heildstæðri sýn og heildstæðri nálgun er skipt niður á verksvið ráðuneyta og þar með líka þingnefnda í Alþingi að þrjár eða fjórar þingnefndir og þrjú eða fjögur ráðuneyti eru að kássast í þessu og útkoman verður sú að í raun og veru er engin heildaryfirsýn í málaflokknum. Ég hafði farið fram á að þær þingnefndir sem fengu þessi frv. til meðferðar ynnu að skoðun þeirra sameiginlega, a.m.k. að einhverju leyti en það tókst ekki, herra forseti, að fá því framgengt og það var svo sem ekki eingöngu viljaleysi að ég hygg, heldur hitt að þessi mál komu seint fram og mikið annríki var þá í nefndastörfum og gekk illa að koma mönnum saman.

Við þetta litla frv., herra forseti, geri ég í sjálfu sér ekki stórar efnislegar athugasemdir og sérstaklega ekki eftir að þær breytingar hafa verið undirbúnar sem hér eru. Ég gerði athugasemdir við það við 1. umr. að þarna væri ekki gengið nægjanlega tryggilega frá hlutum, sérstaklega hvað varðaði áfenga gosdrykki. Nú er lögð til lagfæring á því sem mér sýnist að sé fullnægjandi og ég fagna því og ég endurtek og vísa til þess sem ég sagði við 1. umr. að ég held að þar sé ástæða til að vera sérstaklega vel á varðbergi. Reynsla annarra þjóða sem hafa ekki tekið fast á málum með tilkomu þessara drykkja, t.d. þeirra þjóða þar sem þessir drykkir hafa lent í almennar matvöruverslanir eða búðir, er mjög slæm. Staðreyndin er sú að markaðssetningu þessara drykkja, áfengra gosdrykkja, er beint gagngert að unglingum svo ekki sé sagt börnum. Útkoman er að langstærsti notendahópurinn eru unglingar í yngstu árgöngum sem neyta áfengis og þetta hefur átt þátt í að færa þann aldur niður þegar drykkja hefst. Um það þarf auðvitað ekki að fjölyrða hvaða afstöðu sem menn hafa annars til mála á þessu sviði að enginn getur mælt slíku bót. Því held ég að það sé afar mikilvægt að þessar vörur séu í fyrsta lagi tvímælalaust flokkaðar sem áfengi og í öðru lagi skattlagðar sem slíkar og að öllu leyti höfð mikil varúð á hvað varðar sölu þeirra.

Varðandi frv. að öðru leyti og framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum sem fyrirvari minn beinist að er það í fyrsta lagi þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur þvert ofan í a.m.k. yfirlýsta afstöðu annars stjórnarflokksins í orði, hvað sem má segja um það á borði eða í verki, verið að framkvæma og framkalla leynt og ljóst breytingu á áfengisstefnunni í gegnum fyrst og fremst það að reyta verkefni af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og í rauninni þynna út einkarétt ríkisins til að versla með þessa vöru. Þetta hefur verið gert í lævíslegum áföngum eins og menn þekkja og að miklu leyti gert með reglugerðarútgáfu eða ákvörðunum í ráðuneytinu sem á köflum að mínu mati, herra forseti, eru mjög í andstöðu við yfirlýstan anda og tilgang laga, svo ekki sé minnst á opinbera áfengisstefnu. Þetta hefur gerst, herra forseti, í gegnum það að fyrst var einkaréttur ríkisins til heildsölu eða innflutnings afnuminn og dreifing til vínveitingahúsa var opnuð fyrir innflutningsaðila og síðan tók hæstv. fyrrv. fjmrh. ákvörðun um það í vetur að banna ÁTVR innflutning á áfengi alfarið. Einnig hefur stjórn sem sett var yfir þetta fyrirtæki á grundvelli heimildar, sem laumað var inn í lög fyrir einum tveimur, þremur árum, leynt og ljóst starfað að því verkefni og með það að markmiði að leggja niður það fyrirtæki sem hún var skipuð til að veita forstöðu fyrir. Hlýtur það að teljast, herra forseti, harla óvenjulegt fyrirkomulag fyrir t.d. starfsmenn fyrirtækisins að sitja uppi með stjórn sem er gagngert þeim til höfuðs eða fyrirtækinu. Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram frekar en yfirleitt núorðið, herra forseti, að við stjórnarandstöðuna hafa menn kosið að hafa ekkert samráð í þessum efnum. Ekki hvað varðaði undirbúning og málsmeðferð og hefði þó kannski einhverjum dottið í hug að ekki veitti af því að þjóðin reyndi að sameinast eitthvað um áherslur í þessum efnum. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég á æ erfiðara með að þola tvískinnunginn og í raun og veru blaðrið sem veður uppi í þessum málum þar sem annars vegar stendur upp úr hverjum manni þegar vandamálin eru til umræðu að hér séu á ferðinni einhver stærstu heilbrigðisvandamál þjóðarinnar og menn setja sér háleit markmið um að útrýma fíkniefnum og draga úr áfengis- og vímuefnanotkun og þetta sé skelfilegt ástand með unglingana og það verði að gera eitthvað í sambandi við ástandið í miðbænum um helgar. Það vantar ekki að um þetta er talað fjálglega en hvað er verið að gera í reynd? Ekki er lagt meira fé til forvarna á þessu sviði og síðan er í reynd verið að gera skipulagsbreytingar í þessum efnum sem ganga algerlega í öfuga átt. Þarna er því á ferðinni geysilega mikill tvískinnungur og í raun og veru eru menn að segja eitt en gera annað. Allt sem heitir markviss áfengisstefna sem framfylgt væri af heilbrigðisyfirvöldum eða yfirvöldum uppeldis- og menntamála í þessu landi er gufað upp. Hæstv. heilbrrh. sést aldrei til umræðna um þessi mál, svo maður tali ekki um hæstv. menntmrh. sem virðist ekki hafa mikinn áhuga á hlutverki sínu í þessu efni, en einhvern tímann hefði þó kannski þótt ástæða til að sá sem hefur yfirumsjón með fræðslumálum í landinu hefði líka skoðun á þessu. Framsfl. hefur í orði kveðnu reynt að andæfa eitthvað gegn frjálshyggju- og einkavæðingarárátthaldsins í þessu máli en það hefur því miður að mestu leyti verið í orði kveðnu, a.m.k. er það niðurstaðan að ráðherrar Sjálfstfl. fara sínu fram, þeir gera það sem þeim sýnist meira og minna í þessum efnum. Þarna er á ferðinni þróun sem menn verða einhvers staðar að reisa rönd við.

Enda er það svo, herra forseti, að afleiðingin af þessu er sú að menn bera æ minni virðingu fyrir þeim lögum og reglum sem er þó að nafninu til verið að reyna að halda uppi í þessu efni. Það er staðreynd. Til dæmis hafa menn leynt og ljóst brotið skýlaust bann í lögum sem bannar auglýsingar á áfengi undanfarin missiri þannig að það er til stórskammar fyrir yfirvöld löggæslu og dómsmála í landinu hvernig það hefur verið látið viðgangast. Mér er að vísu sagt að lögreglan í Reykjavík hafi nú loksins mannað sig upp í að kæra einn aðila a.m.k. sem hefur leynt og ljóst auglýst áfenga drykki

áberandi í þjóðfélaginu á undanförnum missirum. Þar verður sjálfsagt að einhverju leyti um prófmál að ræða en það er auðvitað neðan við allar hellur, herra forseti, hvernig að því er staðið. Ég get sem dæmi nefnt að ef menn hafa farið í kvikmyndahús nýlega, þá eru hreinar og klárar áfengisauglýsingar sýndar þar á spjöldum í hléi milli kvikmyndasýninga o.s.frv. Á ekki ómerkari stað en á veggjum meðfram skautasvellinu í Reykjavík hafa bjórframleiðendur geð í sér til að auglýsa vöru sína í raun með því að vera með vörumerki sín þar sem í hlut eiga aðilar sem eingöngu dreifa áfengum bjór í landinu og hafa enga gosdrykkjaframleiðslu eða dreifingu með höndum o.s.frv. Auðvitað er þar því á ferðinni skýlaust brot á þessum lögum. Sama á við um áfengisauglýsingar bjórfyrirtækis hér í borg á flettiskiltum o.s.frv. Þetta er til marks um það kæruleysi í þessum efnum sem veður auðvitað uppi og framganga yfirvalda ýtir undir alveg leynt og ljóst. Það er þannig í staðinn fyrir að hér væri í gangi einhver alvöru viðleitni til að taka á þessum málum. Tölurnar tala sínu máli, við sitjum uppi með stórvaxandi hlutfall unglinga í viðmiðunaraldurshópum sem hefur hafið áfengisneyslu, og aldurinn er enn á niðurleið, því miður. Þannig að það er, herra forseti, því miður er fullkomlega ástæða til að staldra við í þessum efnum og spyrja sig að því hvert menn eru að fara. Það er hæstv. ríkisstjórn ekki að gera heldur hið gagnstæða eins og ég hef verið að koma inn á.

Herra forseti. Þó svo að í þessu frv. séu ekki efnisatriði sem ég sé sérstaklega andvígur, vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða vissar skipulagsbreytingar á tilhögun gjaldtökunnar og flokkun áfengra drykkja hvað gjaldtökunni viðkemur, þá get ég ekki annað en haft þennan fyrirvara á um afstöðu mína til framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum almennt.

[11:01]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál lengi og sennilega fellur ræða mín ekki mjög undir hin efnislegu skilyrði sem verður að gera til slíkrar ræðu. En ég kem til þess að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni það sem hann talaði um áfengisauglýsingar. Ég er þeirrar skoðunar að þingið eigi að vinda sér í að skoða þau mál og stórherða allar reglur sem um þau gilda. Því hefur verið haldið fram m.a. af lögreglustjóraembættinu að ekki sé hægt að ákæra menn sem eru sannanlega að auglýsa áfengi úti um allar þorpagrundir vegna þess að lögin séu of slök. Ég hygg að hægt sé að fara að því fordæmi sem liggur fyrir í lögum sem heilbr.- og trn. sendi frá sér þegar við tókum frv. frá hæstv. heilbrrh. um tóbaksvarnir og stórhertum það með þeim afleiðingum að það er algerlega bannað að auglýsa tóbaksvörur og jafnvel að nota ýmis vörumerki sem tengjast þekktum tóbakstegundum. Ég held að þetta sé nauðsynlegt. Ég var ekki þessarar skoðunar en ég er kominn á þá skoðun að nauðsynlegt sé að stórherða þetta. Það er ekki hægt að verja það ástand sem núna er.

Hv. þm. gat þess að áfengisneysla hjá unglingum væri stöðugt að færast neðar í aldurshópana. Við hlustuðum á hæstv. heilbrrh. halda því fram í umræðu um heilbrigðismál fyrir tvemur dögum eða svo að forvarnastarf á vegum ráðuneytisins hefði borið mikinn árangur. En staðreyndirnar tala allt öðru máli. Nýlega kom t.d. út skýrsla sem Þórólfur Þórlindsson prófessor gerði og hún sýnir að við erum í alveg hrikalegri stöðu og að hvers konar neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er stöðugt að færast neðar í aldurshópana. Það kemur fram í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lagði fyrir þingið fyrr í vetur að könnun sem gerð var meðal 14 og 15 ára unglinga sýndi að upp í 44,6% drengja höfðu drukkið áfengi a.m.k. einu sinni síðustu 30 dagana áður en könnunin var gerð og upp í tæplega 50% stúlknanna. Þetta hlutfall lækkar svolítið þegar þegar prófessorinn spurði hversu margir unglinganna hefðu drukkið áfengi oftar en einu sinni mánuðinn á undan. En þróunin er alveg ljós og eitt af því sem hvatar henni er sú staðreynd að við sætum stöðugri hríð auglýsinga, m.a. í gegnum erlenda miðla sem við ráðum ekki við. Við ráðum hins vegar við þá miðla sem eru starfræktir hér á landi og við ráðum líka við auglýsingar vegna þess að Alþingi getur sett lög um það. Eins og hv. þm. vafalaust hafa tekið eftir þegar þeir aka inn og út úr bænum þá blasir við augum í Ártúnsbrekkunni risastórt skilti þar sem menn eru bókstaflega að auglýsa styrkleika tiltekinnar bjórtegundar með það fyrir augum að sýna mönnum og væntanlega þeim sem eru í yngri kantinum fram á að það eru bestu kaupin í þessari tilteknu áfengistegund eða bjórtegund vegna þess að hún er sterkust.

Ég held að þetta sé okkur ekki sæmandi og við eigum að taka okkur tak, Alþingi á að taka sér tak og stórherða þau lög sem um þetta gilda.

[11:05]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir þau orð sem féllu áðan hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um mjög aukna unglingadrykkju á Íslandi en bæta því við að eftir þeim upplýsingum sem ég hef og sjálfsagt margir fleiri þingmenn er stór hluti af þeirri drykkju sem unglingar ástunda drykkja á áfengi sem er ekki keypt af Áfengisverslun ríkisins heldur framleitt af öðrum aðilum sem ekki hafa til þess leyfi ellegar smyglað til landsins. Ég vildi því gjarnan spyrja hæstv. ráðherra — og sakna þess nú að hæstv. dómsmrh. er ekki hér því að það heyrir frekar undir hann — hvort ráðherra hafi einhverja vitneskju um eða eitthvert mat á því hvort um sé að ræða umtalsverða aukningu á málum er tengjast ólöglegri framleiðslu áfengis í landinu, þ.e. bruggi, og ef ekki hvort hæstv. ráðherra væri ekki reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að það yrði kannað, m.a. með viðtölum við unglinga, að hve miklu leyti þessi stóraukna neysla unglinga á áfengum drykkjum er þannig til komin. Að það séu aðilar sem geri sér það bókstaflega að atvinnu að selja unglingum undir lögaldri ólöglega framleitt áfengi og hvort það sé þá ekki full ástæða til þess að taka harðar á þeim málum en gert hefur verið.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að ég hef þær fregnir eins og sjálfsagt margir aðrir að þetta hafi farið mjög í vöxt á síðustu árum.

[11:07]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir þær áhyggjur sem hv. síðasti ræðumaður lýsti hér að því er varðar notkun og að því er virðist vaxandi notkun ólöglegra drykkja, þ.e. bruggs og smyglaðra drykkja. Ég held að þær upplýsingar sem hann fór með séu því miður áreiðanlega á rökum reistar og ég held að allir eigi að taka höndum saman um að reyna að sporna gegn þessu og ég mun gera það að því marki sem ég hef aðstöðu til í gegnum tollyfirvöld.

Hitt er svo annað mál að við þurfum líka að gæta að því að það er ákveðið samhengi í hlutunum, annars vegar að því er varðar verðlagningu á áfengi og hins vegar notkun þessara drykkja. Því miður er það þannig að þeim mun hærra og óaðgengilegra sem verð á áfengi er þeim mun meiri líkur eru á því að fólk seilist til þess að búa til sitt eigið áfengi eða reyna að fá það eftir ólöglegum leiðum hingað inn í landið. Við þurfum þess vegna að horfa á þetta í samhengi og ég held að þetta litla frv. sem hér hefur verið gert að umtalsefni og virðist ekki vera efnislegur ágreiningur um sé skynsamlegt að því leyti til. Ég held að svo sé og sé þess vegna gott innlegg í málið. Ég ætla hins vegar ekki að blanda mér í umræður um áfengisauglýsingar, það eru önnur lög sem um þær gilda en þetta mál, en ég vil láta koma fram að ég get tekið undir margt af því sem fram kom hér áðan um það efni. En meginsjónarmið hv. síðasta ræðumanns, sem ég er í andsvari við, tel ég að eigi við rök að styðjast og mun gera mitt til þess að sporna gegn þessari þróun.

[11:09]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar góðu undirtektir við ósk minni um það að látin verði fara fram könnun á því hvort framleiðsla og sala ólögmætra áfengra drykkja á Íslandi hafi vaxið til samræmis við vaxandi unglingadrykkju. Full ástæða er til þess að það sé athugað vegna þess að þær upplýsingar t.d. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti um aukningu á drykkju unglinga stemma ekki saman við sölutölur frá Áfengisverslun ríkisins. Skýringin hlýtur því að liggja í því að þessi mikla unglingadrykkja sé öðruvísi til komin en sölutölur Áfengisverslunar ríkisins gætu gefið til kynna einar og sér.

Ég vil því þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar undirtektir og ítreka ósk mína við hann að hann beiti sér nú fyrir því að eiga um þetta samstarf við dómsmrh. því að ég held að þrátt fyrir verðhækkun á áfengi sem orðið hefur undanfarin ár sé áfengi miðað við unna vinnustund eða réttara sagt kaup fyrir unna vinnustund ekki miklu dýrara í dag en það var á árum áður. Þá var lítið sem ekkert bruggað hér á landi, a.m.k. ekki meira en nokkurn veginn til eigin þarfa viðkomandi og allra nánustu. Nú held ég að því miður sé þetta orðinn allstór iðnaður, og menn séu farnir að stunda þetta bókstaflega í atvinnu- og gróðaskyni og það er nýtt ef svo er í miklum mæli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Þjóðfáni Íslendinga, 3. umr.*

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 1500.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 900, nál. 1319 og 1398, brtt. 1425.

[11:11]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta fjallar um breytingu á ákvæðum c-liðar 69. gr. þessara laga sem fjallar um vaxtabætur.

Með frumvarpinu er lagt til að vaxtabætur til þeirra sem kaupa fasteignir eftir að lögin taka gildi verði greiddar fyrir fram í stað þess að greiðast eftir á líkt og verið hefur. Með þessari breytingu munu vaxtabætur koma til greiðslu á kaupári en ekki ári síðar líkt og nú er. Þá er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að skuldajafna vaxtabótum, sé um vanskil að ræða, til greiðslu á afborgunum og vöxtum af húsnæðislánum. Jafnframt er lagt til að skerðingarhlutfall vaxtabóta, sem er 6% af tekjuskattsstofni, lækki um hálft prósentustig fyrir hvert ár sem bótaþegi á rétt á vaxtabótum vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi bótaþegi fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár fellur frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns niður.

Meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

[11:13]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Sighvatur Björgvinsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1398 en undir það minnihlutaálit skrifa hv. alþm. Ágúst Einarsson og Steingrímur J. Sigfússon auk mín, en hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk minnihlutaálitinu.

Í þessu minnihlutaáliti kemur m.a. fram að frumvarpið fjallar um breytingar á ákvæðum skattalaga um vaxtabætur og er því hluti af húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frumvarpi en þó fyrst og fremst í frumvarpi til laga um húsnæðismál, 507. máli á Alþingi, sem fengið hefur nú þegar mikla umræðu.

Frumvarpið um vaxtabætur tengist þessu máli og felur í sér þá meginbreytingu að vaxtabætur verði greiddar fyrir fram hjá þeim sem taka lán eftir að lögin taka gildi. Þetta er gert vegna þess að vextir af lánum til félagslegs húsnæðis verða nú hækkaðir úr 2,4% í 5,1% um leið og hið félagslega húsnæðiskerfi sem búið er að vera stolt íslenskrar verkalýðshreyfingar í áratugi og hefur nýst láglaunafólki einstaklega vel er afnumið með einu pennastriki.

Stefna ríkisstjórnarinnar er sú að leggja þetta húsnæðiskerfi niður. Útgjaldaauki ríkisins vegna frumvarpsins á næstu sex árum er er frá 290 millj. kr. upp í 1.200 millj. kr. en jafnframt fellur niður framlag til Byggingarsjóðs verkamanna sem nú er 275 millj. kr. Gert er ráð fyrir að um 1.000 einstaklingar fái nú rétt til vaxtabóta en þeir fengu áður lán úr félagslega kerfinu.

Stefna ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í þessum tveimur frv., því frv. sem hér er til umræðu og húsnæðisfrv. svokallaða, er í fullkominni andstöðu við sjónarmið stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar. Í áliti minni hluta félagsmálanefndar um frv. til laga um húsnæðismál segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Nú bregður svo við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gjörbylta húsnæðiskerfinu, ekki síst félagslega hlutanum, með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot, það hafi valdið sveitarfélögum miklum vanda, of margir reisi sér hurðarás um öxl, húsnæði standi autt o.s.frv. Þegar betur er skoðað standast þessi rök ekki."

Síðar í áliti minni hluta félagsmálanefndar segir svo, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem verið er að boða á félagslega húsnæðiskerfinu og mótmælir harðlega þeirri atlögu sem gerð er að kjörum láglaunafólks með þessu frumvarpi. Nái frumvarpið fram að ganga mun það fyrst og fremst bitna á tekjulitlu fólki, einstæðum mæðrum, barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Verði frumvarpið að lögum er verið að vísa því fólki sem áður átti kost á 100% lánum út á leigumarkað sem er afar vanþróaður enda mikill skortur á leiguhúsnæði um land allt. Þá getur nýtt greiðslumat haft þær afleiðingar að allstór hópur sem áður féll undir reglur félagslega kerfisins falli utan eða milli kerfa, en engar áætlanir liggja fyrir um það."

Þetta er meginkjarninn í þeirri gagnrýni sem stjórnarandstaðan og verkalýðshreyfingin hafa staðið saman að að flytja á þessar tillögur hæstv. ríkisstjórnar um að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Ekki er nokkur vafi á því að með því er verið að vísa láglaunafólki hundruðum saman út á götuna því að ég held að enginn Íslendingur, sem til þekkir, geti haldið því fram með neinum rökum að líkur séu á því að séð verði fyrir hentugu leiguhúsnæði fyrir allt þetta fólk.

Félagslega íbúðarhúsastefnan á Íslandi hefur verið stolt okkar Íslendinga. Það kerfi hefur gert það að verkum að fjöldinn af láglaunafólki hefur getað eignast sína eigin íbúð og var mikið framfaraspor. Á grunni þess kerfis hafa risið upp heilu borgarhverfin í Reykjavík þar sem fólk hefur fengið inni sem ella hefði ekki getað fengið húsnæði hvorki til eignar né til leigu. Þeir tímar eru nú liðnir að fátækt fólk í Reykjavík búi í saggafullum kjöllurum eða liggi uppi á vinum og vandamönnum vegna fjárskorts. Þeir tímar eru liðnir fyrst og fremst fyrir tilkomu félagslega húsnæðiskerfisins sem hæstv. ríkisstjórn er nú að afnema með einu pennastriki og varpa því fólki sem hvergi á annars staðar skjól út á guð og gaddinn.

Í umræðum um húsnæðismálin hafa ýmsar upplýsingar komið fram, m.a. útreikningar sem Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður gerði. Þessir útreikningar voru lagðir fram í efh.- og viðskn. og leitað eftir því hvort starfsmenn fjmrn. gætu gert einhverjar athugasemdir við þá, sem þeir gátu ekki, heldur þvert á móti staðfestu þeir útreikninga hv. þm. og töldu þá rétta.

Þar kemur m.a. fram að greiðslubyrði einstaklinga með 800 þús. kr. til 1,5 millj. kr. í árstekjur þyngist um 23–57 þús. kr. ef miðað er við íbúð sem kostar 6,3 millj. kr. Ef einstaklingur með þessar tekjur reynir að kaupa íbúð sem er dýrari en 5,5 millj. kr. er greiðslubyrði hans þyngri eftir þessar breytingar en áður var.

Ef einstætt foreldri með 800 þús. kr. til 1,9 millj. kr. í árstekjur kaupir íbúð á 7,3 millj. kr., sem er algengt verð á þriggja herbergja íbúð, þyngist greiðslubyrðin um 3–63 þús. kr. á ári. Sé í þessu dæmi keypt íbúð sem kostar meira en 6,5 millj. kr. virkar nýja kerfið íþyngjandi. Hafa ber í huga að þetta er eðlilegt íbúðaverð á markaðnum.

Ef hjón kaupa íbúð að verðmæti 8 millj. kr. og hafa 1,6–2,1 millj. kr. í árstekjur er greiðslubyrðin hins vegar ívið léttari í nýja kerfinu.

Allar þessar upplýsingar svo og aðrar upplýsingar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram í umræðum á Alþingi hafa sem sé verið staðfestar. Enginn hefur getað hrakið þær, þær eru réttar og þær sýna ljóslega afleiðinguna af þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstjórn fylgir í húsnæðismálunum, afleiðinguna af þeirri stefnu að leggja félagslega íbúðakerfið niður, á hverjum það bitnar og til hvers það leiðir fyrir tekjulága einstaklinga.

Fyrir mjög marga þýðir þetta nýja kerfi aukna greiðslubyrði. Þannig er það rangt sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur haldið fram að nýja kerfið muni leiða til bættrar stöðu fyrir almennt launafólk. Þvert á móti er óöryggi aukið og greiðslubyrðin þyngd. Niðurgreiddir vextir í félagslega húsnæðiskerfinu eru mun tryggari aðstoð fyrir láglaunafólk en vaxtabótakerfið sé horft til reynslu síðastliðinna ára. Ekki hefur verið ágreiningur um það að fyrir þá sem eru tekjulægstir hafa lán með ívilnandi vöxtum komið sér mjög vel.

Það er umhugsunarvert, herra forseti, að á sama tíma, á sama degi og tilgangurinn er að samþykkja þetta frv. og þar með leggja niður hið félagslega íbúðalánakerfi er á vegum Listahátíðar í Reykjavík arkitekt nokkur að fara með fólk til þess að sýna því svokallað Breiðholtshverfi í Reykjavík. Það hverfi varð til vegna félagslega íbúðalánakerfisins. Það kerfi varð til vegna tímamótasamnings sem var gerður á milli páv. ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar um byggingu tólf hundruð félagslegra íbúða í nýju hverfi í Reykjavík. Í þessu hverfi búa nú yfir 20 þús. einstaklingar.

Kjarninn í þessari nýju byggð var tímamótamarkandi samningur páv. ríkisstjórnar við verkalýðshreyfinguna, kjarninn í þeirri byggð var félagslegu íbúðirnar sem byggðar voru í Breiðholti samkvæmt þeim samningi. Félagslega kerfið skapaði sem sé hvorki meira né minna en 20 þús. manna hverfi á einum fegursta stað í Reykjavík vegna þess að í kjölfar þeirra miklu byggingarframkvæmda sem fóru fram í Breiðholti á vegum framkvæmdanefndar byggingaáætlunar fylgdu aðrir, einstaklingar og fyrirtæki, sem tóku til við að byggja þetta nýja hverfi upp.

Það er umhugsunarvert að á sama degi og einn af arkitektum þessara miklu breytinga og framkvæmda í Breiðholtinu, Geirharður Þorsteinsson, er að ganga um á vegum Listahátíðar til þess að kynna Reykvíkingum þetta glæsilega hverfi, hvernig það var byggt upp og hversu miklu hlutverki hið félagslega íbúðalánakerfi gegndi við þá uppbyggingu, að þá er ríkisstjórnin að ákveða það með atfylgi meiri hluta á Alþingi Íslendinga að leggja þetta kerfi fyrir róða sem skapaði þessa 20 þús. manna byggð.

Í fjölmörgum umsögnum um frumvarpið hafa eðlilega komið fram áhyggjur vegna þessa máls. Þannig óskaði Landssambandið þak yfir höfuðið að húsnæðismálinu í heild verði frestað og sýndi einnig með dæmum fram á að greiðslur muni aukast í hinu nýja kerfi. Í mjög ítarlegum athugasemdum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kemur fram sú skoðun að fyrirframgreiðslur vaxtabóta eigi að renna til allra sem eiga rétt á vaxtabótum en ekki einungis til þeirra sem kaupa húsnæði eftir að lögin taka gildi. Þessi stærstu heildarsamtök launafólks telja að félagslega húsnæðiskerfið hafi tryggt fjölda fólks gott, öruggt og viðunandi íbúðarhúsnæði. Það hafi skapað láglaunafjölskyldum möguleika til eignamyndunar í eigin íbúðarhúsnæði

sem ekki hefði verið hægt í leiguhúsnæði. Þessi meginstefna verkalýðshreyfingarinnar er samhljóða stefnu stjórnarandstöðunnar.

Þetta frumvarp, sem er liður í húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar, er því alls ekki til bóta og ekki fullrætt. Þannig eykst greiðslubyrði hjá ýmsum hópum mun meira en ætlað var. Þótt vissulega sé hægt að finna galla á húsnæðiskerfinu sem ber að bæta úr er það fráleit niðurstaða með öllu að afnema hið félagslega húsnæðiskerfi þess vegna.

Minni hlutinn lagði til að húsnæðismálafrumvörpunum báðum yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og eins og ég tók fram að þá sat Kristín Halldórsdóttir fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og var samþykk þeirri niðurstöðu þeirra þriggja þingmanna sem mynda minni hluta efh.- og viðskn.

[11:25]

**Útbýting þingskjala:**

Kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará, 548. mál, svar viðskrh., þskj. 1508.

Tilraunaveiðar á ref og mink, 95. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1506.

Vaxtatekjur Ferðamálasjóðs, 718. mál, svar samgrh., þskj. 1509.

[11:26]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég stend að nál. minni hluta efh.- og viðskn. í þessu máli, sem áðan var mælt fyrir og tek undir það sem þar var sagt og þann rökstuðning sem í nál. er. Ég vil aðeins bæta hér við fáeinum orðum af minni hálfu um húsnæðismálin sem þetta frv. er hluti af.

Því miður bar hæstv. ríkisstjórn ekki gæfu til þess að verða við þeim vítæku áskorunum og því ákalli sem barst víða að úr þjóðfélaginu um að fresta afgreiðslu þessara mála og frv. til laga um húsnæðismál sem hér var lagt fyrir er nú orðið að lögum. Það ber því að hafa í huga þegar nál. okkar í þessu máli er skoðað að það var samið á þeim tíma sem það var afstaða okkar stjórnarandstæðinga og fjölmargra aðila annarra í þjóðfélaginu að það bæri að fresta afgreiðslu allra þessara mála. Við áskiljum okkur því rétt til að endurskoða þá tillögu okkar sem er aftast í nál. að þessum málum hefði átt að vísa öllum til ríkisstjórnar eða fresta afgreiðslu þeirra því að sjálfsögðu er betra en ekkert að reglum um vaxtabætur verði breytt í ljósi þeirrar niðurstöðu sem orðin er hvað varðar lög um húsnæðismál.

Eftir stendur það, herra forseti, að við erum mjög ósátt og andvíg þeim breytingum sem hæstv. ríkisstjórn er að gera í þessum efnum. Þær eru í hnotskurn þær, eins og mönnum ætti að vera kunnugt, að verið er að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið á Íslandi en í staðinn eru gerðar nokkrar breytingar á reglum um vaxtabætur. Þar er ólíku saman að jafna og sá málflutningur sem hæstv. félmrh. hefur reynt að skjóta sér á bak við í þessum efnum, að hið félagslega sé flutt yfir í reglur um vaxtabætur, stenst auðvitað ekki þegar betur er að gáð.

Staðreyndin er sú að með því að félagslega húsnæðiskerfið er lagt niður missa stjórnvöld að mestu leyti úr höndum sér þau tæki sem voru áður fyrir hendi til þess að beita sér beint hvað varðar úrlausn á húsnæðisvanda lágtekjufólks í landinu og eftir standa eingöngu möguleikar til vissra skattalegra aðgerða sem geta aldrei komið nema að hluta til í staðinn fyrir það að starfrækja félagslegt húsnæðiskerfi og tryggja fullnægjandi framboð á íbúðum á viðunandi verði fyrir tekjulægstu hópana í landinu.

Það tekur svo steininn úr, herra forseti, þegar í ljós kemur að strax í upphafi kerfisins er um skerðingu að ræða. Jafnvel fyrir þá sem kunna að komast inn undir hið nýja lánafyrirkomulag verða frá byrjun ákveðnir hópar fyrir verulegri íþyngingu. Reiknað hefur verið út að fólk á ákveðnu tekjubili, t.d. einstæðir foreldrar á ákveðnu tekjubili, verði fyrir verulegri skerðingu borið saman við það að fá inni með þeim hætti sem áður var mögulegt í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég vísa þar til þeirra útreikninga sem gerð var grein fyrir áðan í framsöguræðu.

Skerðingarákvæðin eða tekjutengingarákvæðin eru of þröng og það er dálítið merkilegt að hæstv. ríkisstjórn skuli vera svo ósvífin að leggja af stað með kerfið þannig úr garði gert. Til dæmis að þökin sem hin tekjutengda skerðing bótanna miðast við eru það lág að þau fela óumdeilanlega í sér skerðingu fyrir ákveðna aðila. Það sem reynslan sýnir líka í þessum efnum, herra forseti, er náttúrlega það, og það vita allir, að ráðstafanir af þessu tagi sem eru háðar fjárframlögum og afgreiðslu fjárlaga á hverju einasta ári er auðvelt að taka burtu, er auðvelt að skerða og það er gjarnan svo að þetta eru liðir af því tagi sem ríkisstjórnir grípa til í þrengingum sínum við afgreiðslu fjárlaga þegar harðnar á dalnum og þarf það jafnvel ekki til. Það eru liðir eins og þeir að fikta aðeins í skerðingarmörkum vegna tekjutengdra liða í skattkerfinu, barnabóta, vaxtabóta og annarra slíkra þátta. Reynslan frá undanförnum sex, átta árum er ólygnust í þessum efnum. Ár eftir ár greip ríkisstjórnin á síðasta kjörtímabili til þess að fikta við þessi mörk, færa meira af barnabótunum yfir í tekjutengda hlutann, skerða vaxtabæturnar, breyta hlutföllum, þökum og öðru slíku. Þetta eru hlutir sem liggja þannig pólitískt að menn sjá sér oft leik á borði að læða slíkum skerðingum inn í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, oftar en ekki á síðkvöldum eða nóttum þegar nálgast jól og lítil athygli fæst á þær breytingar sem verið er að gera. Það er meginókosturinn við þetta ef maður sleppir því nú hvernig reglurnar sem slíkar koma út í augnablikinu að hér er verið að ofurselja allt sem eftir stendur sem stuðningur við lágtekjufólk hvað varðar húsnæðisöflun duttlungum meiri hluta eða ríkisstjórn á hverjum tíma og opna þann möguleika að í þessu verði fiktað og þetta skert með geðþóttaákvörðunum í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári. Dæmin sanna að það er oftar en ekki sem menn grípa til þess möguleika.

Afgreiðslan á þessu máli að öðru leyti, herra forseti, var með miklum endemum. Hæstv. félmrh. viðurkenndi að ýmsar lykilstærðir og ákvarðanir sem varða það hvernig menn muni koma út úr þessu nýja fyrirkomulagi eru óafgreiddar hjá hæstv. ríkisstjórn, t.d. reglurnar um greiðslumatið sjálft sem skipta náttúrlega algerlega sköpum um hverjir komast yfir höfuð inn undir þessar reglur því að kerfið er þannig að aðrir munu þar enga úrlausn fá. Þeim er vísað á leigumarkaðinn, dæmdir inn á leiguharkið, jafnvel um aldur og ævi, og eiga þess ekki kost að komast inn undir þær reglur sem þetta svokallaða nýja, félagslega lánakerfi, sem er auðvitað algert öfugmæli, býður upp á.

Nærtækasta sönnun þess eru auðvitað hinar frægu ræður hæstv. félmrh. um lágtekjufólkið og einstæðu foreldrana sem eiga hálfa milljón inni á bankabók til að kaupa fyrstu íbúðina. En hæstv. ráðherra afhjúpaði í raun og veru algerlega þetta mál með því að koma í ræðustólinn og tala um að þetta væri víst harla gott kerfi því að það væri t.d. þannig

að einstætt foreldri í lágtekjuhópum sem ætti hálfa milljón inni á bók gæti keypt sér ódýra íbúð og komist inn í kerfið. Með því var hæstv. ráðherra að segja að forsenda þess að tekjulágu hóparnir, sem komast þó í gegnum greiðslumatið, geti klárað dæmið sé að þeir eigi hálfa milljón undir koddanum og bíði með hana klára til að kaupa fyrstu íbúð sína. Við skulum aðeins bera saman stöðu lágtekjufólks í félagslega húsnæðiskerfinu eins og það hefur verið undanfarið sem hefur unnvörpum þurft að fá lánað fyrir 10% hlutnum til að leggja hann fram og þeirra sem eru dæmdir inn í þessar aðstæður. Ég spurði hæstv. félmrh. að því hversu margar lágtekjufjölskyldur hæstv. ráðherra þekkti í borginni, þar sem um einstæða foreldra væri að ræða, sem ættu hálfa milljón á bankabók og biðu bara með hana klára til að leysa húsnæðismál sín, og það komu engin svör. En það væri fróðlegt að vita hvernig það er í kunningjahópi hæstv. fjmrh., hversu margar einstæðar mæður eða einstæða foreldra í lágtekjuhópum, kannski með tekjur á bilinu 80, 90 þó það sé upp í 120 þús. kr. á mán., hæstv. fjmrh. þekkir sem bíða með hálfa milljón klára á bók eftir að kaupa fyrstu íbúð sína.

Þetta skiptir máli, herra forseti, því að við erum að tala um atriði sem ráða úrslitum um það hvort fólk eygir yfir höfuð einhverja úrlausn mála sinna í gegnum þetta kerfi. Það er þannig. Þarna var algerlega ólíku saman að jafna í því félagslega húsnæðiskerfi sem á nú að leggja niður því að þar var sá möguleiki fyrir hendi að aðstoða verst setta fólkið við útborgunina og heimild til lána á mjög hagstæðum kjörum vegna útborgunarinnar sjálfrar sem síðan var endurgreitt á nokkuð styttri tíma en íbúðalánin sjálf.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þegar húsnæðiskostnaðurinn, sem menn munu hafa af þessu kerfi, er skoðaður og það er auðvitað það sem skiptir miklu máli þegar komið er inn í kerfið á annað borð, fyrir þá sem þangað komast, þá verður hann til muna hærri í þessu nýja kerfi, nema þá að menn eigi kost á ævintýralega ódýrum íbúðum á hinum almenna markaði sem ég vil leyfa mér mjög að draga í efa að verði því að ein afleiðing af þessum breytingum, spái ég, verður hækkandi leiguverð og hækkandi fasteignaverð og minna framboð á leiguhúsnæði vegna þess að hið opinbera er að hverfa frá því að hafa íhlutun í þau mál. Eitt af því sem skiptir auðvitað sköpum í sambandi við ástandið á fasteignamarkaði og í húsnæðismálum í landinu var það framboð af nýju húsnæði sem félagslega húsnæðiskerfið tryggði á hverju ári að kom til sögunnar. Það hefur ekki áhrif bara í gegnum það að það fólk fær þá úrlausn sinna mála sem kemst þangað inn. Það hefur áhrif í gegnum það að ástandið á fasteignamarkaðnum er allt öðruvísi úti á almenna markaðnum en verður þegar þetta kemur til sögunnar. Auðvitað getur vel verið að í einstöku sveitarfélögum þar sem menn beita þá þeim úrræðum sem eftir standa til að reyna að tryggja áframhaldandi framboð á nýju húsnæði fyrir tekjulágt fólk verði þetta í lagi. Ég óttast þó mjög að útkoman verði sú að það dragi úr nýju húsnæði og það er reyndar beinlínis teiknað til þess í öllum rökstuðningi fyrir þessu máli, samanber hinar frægu athugasemdir í grg. með húsnæðisfrv. sem nú er orðið að lögum þar sem því er haldið fram að í raun og veru sé nóg framboð á húsnæði í landinu og ekki sé nein ástæða til að þar þurfi neitt að bætast við.

Herra forseti. Ég vísa sem sagt aftur til þess sem ég sagði áðan um stöðu málsins að í kjölfar þess að húsnæðisfrv. hefur verið gert að lögum áskiljum við í minni hlutanum okkur rétt til að endurskoða þá tillögu okkar að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar því að sjálfsögðu er ljóst að gera þarf breytingar á vaxtabótakerfinu ef eitthvað á að verða úr efndum að því leyti til en þar teljum við reyndar að gera þurfi breytingar á reglunum, lágmarksbreytingar til að tryggja þó ekkert sé annað en það að hópar á einstökum tekjubilum séu jafnsettir fyrir og eftir þessar breytingar og við áskiljum okkur þá rétt til að flytja breytingartillögu við málið við 3. umr. hvað það snertir að lyfta þökum o.s.frv. eins og ég hef gert grein fyrir.

[11:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er tekið til 2. umr. frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem er raunverulega hin hliðin á frv. félmrh. sem fól í sér að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Sú mikilvæga breyting sem þar kom fram og við höfum gagnrýnt mjög er að stefnt er að því með því frv. sem nú er orðið að lögum að hætta niðurgreiðslu á vöxtum í gegnum byggingarsjóðina en þess í stað á niðurgreiðslan að koma í gegnum vaxtabótakerfið. Í þeim umræðum sem fram fóru um frv. félmrh. var nokkrum sinnum kallað eftir hæstv. fjmrh. til þeirrar umræðu, ekki síst þar sem svo mikilvæg hlið á þessu máli snýr að fjmrn. og vaxtabótum og raunar leiguíbúðum líka og hve mikið fjármagn fer til þeirra en hæstv. fjmrh. var ekki við þá umræðu þannig að ég hlýt að taka aðeins tíma þegar tækifæri gefst og fjmrh. er við umræðuna að ræða þetta mál í nokkuð víðu samhengi þótt ég ætli mér ekki að taka langan tíma til þess.

Ég vil fyrst segja varðandi þetta frv. að það á að taka á upp samtímagreiðslur í vaxtabótum sem er auðvitað gott út af fyrir sig en frv. er þess eðlis að þessar samtímagreiðslur vaxtabóta ná ekki til eldri lána heldur til þeirra lána sem eru tekin eftir að ný húsnæðislöggjöf tekur gildi um næstu áramót. Ég held það sé afar óheppilegt og raunverulega spyr maður að því hvort það standist jafnræðisregluna að hafa mál skipuð með þeim hætti varðandi vaxtabætur að einn hópurinn fær vaxtabætur greiddar eftir á, allt upp í einu og hálfu ári síðar, þ.e. þeir sem hafa tekið húsbréfalán fyrir næstu áramót, en þeir sem taka húsbréfalán eftir næstu áramót fá samtímagreiðslur í vaxtabótum. Þetta tel ég afar óheppilegt fyrirkomulag og óeðlilegt að hafa svona.

En ég vil þá spyrja ráðherrann varðandi þennan þátt málsins hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þegar þeir sem eru í íbúðarhugleiðingum og ætla að festa kaup á íbúð á næstu mánuðum og það sem eftir lifir fram til áramóta uppgötva að ef þeir gera kaup sín á þessu ári fái þeir vaxtabætur með gamla laginu, þ.e. greiddar allt upp í einu og hálfu ári á eftir, en ef þeir bíða með kaup sín til áramóta þegar ný löggjöf tekur gildi fá þeir vaxtabæturnar raunverulega samtímis. Ég spyr ráðherrann hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að fólk fari að fresta íbúðakaupum þegar fólk uppgötvar þetta því það er mikið hagræði í því, mikill sparnaður fyrir fólk ef það fær vaxtabæturnar greiddar samtímis og ef fólk fer í miklum mæli að fresta sínum íbúðakaupum til áramóta, og hvort ráðherrann hafi þá ekki áhyggjur af því að það muni verða mikil útgáfa á húsbréfum eftir næstu áramót sem geti þá leitt til aukinna affalla á húsbréfum. Það er þessi þáttur auk þess sem það er að koma inn nýr kaupendahópur sem hefur fengið aðstoð sína í gegnum félagslega kerfið og er nú vísað á húsbréfamarkaðinn þannig að þar er að bætast við nýr kaupendahópur sem þýðir aukna útgáfu á húsbréfum.

Því til viðbótar er þessi hætta fyrir hendi sem ég nefndi að þetta kalli á mikla útgáfu á húsbréfum eftir áramótin.

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt vegna þess að verulegur sparnaður er fólginn í því fyrir fólk að fá vaxtabæturnar samtímis.

Síðan vil ég spyrja ráðherrann að því, af því að húsaleigubætur fara að skipta miklu máli fyrir það fólk sem vísað er á leigumarkaðinn, hvort hann telji ekki óréttlátt að þeir sem fá húsaleigubætur þurfa að borga skatt af þeim en þeir sem fá fyrirgreiðslu og aðstoð í húsnæðismálum í gegnum vaxtabótakerfið borga ekki skatt af vaxtabótum. Að því er húsaleigubæturnar varðar erum við að ræða um þann hóp sem verst er settur í þjóðfélaginu. Hann á að borga skattinn af húsaleigubótunum en hinir sem eru betur settir og eru í húsbréfakerfinu þurfa ekki að borga skatt af vaxtabótunum. Ég tala ekki um ef svo fer að leiga hjá sveitarfélögunum verði hækkuð upp í kostnaðarleigu og fólk þurfi þá að bera niðurgreiðsluna gegnum húsaleigubætur sem það hefur áður fengið í gegnum niðurgreidda húsaleigu hjá sveitarfélögunum. Ég held að þetta æpi enn meira á fólk þegar nýja kerfið kemst í gagnið að húsaleigubætur að því er varðar skattlagningu séu með öðrum hætti en vaxtabætur. Auðvitað er mikið óréttlæti í því fólgið að það skuli vera verst setti hópurinn sem lendir í skattlagningu að því er varðar niðurgreiðslu á húsnæðisaðstoð.

Því vil ég spyrja um afstöðu nýs fjmrh. til þessa. Hæstv. fyrrv. fjmrh. taldi rétt að skattleggja húsaleigubætur. Ég hef þó aldrei fengið nein skynsamleg rök fyrir því eða eðlileg rök sem hann hefur getað teflt fram í því máli og því er auðvitað nauðsynlegt í þessari umræðu að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra um stimpilgjöld. Nú er það svo að í nýrri húsnæðislöggjöf eru stimpilgjöld felld niður af viðbótarláni en ekki af húsbréfalánum sem þýðir að greidd eru stimpilgjöld af þessum húsbréfalánum sem þýðir kannski aukinn kostnað af meðalláni u.þ.b. 60 þús. kr. sem fólk sem hefur ekki þurft að greiða stimpilgjöld í félagslega kerfinu fer nú að taka á sig. Ég spyr vegna þess að hæstv. félmrh. hélt því margsinnis fram við umræðuna að það væri samkomulag milli fjmrh. og félmrh. að fólk mundi ekki taka á sig aukinn kostnað við það að komast inn í þetta nýja kerfi. En það er að taka á sig aukinn kostnað, nema séð verði fyrir því með öðrum hætti, ef það á að fara að greiða núna stimpilgjald af húsbréfum. Ég spyr um þetta samkomulag sem hæstv. félmrh. hélt fram að hefði verið gert milli hans og fjmrh. um að fólk yrði jafnsett eftir sem áður að því er varðar kostnað við að komast inn í kerfið.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra, af því það skiptir verulegu máli í öllu þessu samhengi þegar verið er að flytja niðurgreiðsluna inn í vaxtabótakerfið sem hér er til umræðu, að við ræddum það mjög mikið, þegar frv. félmrh. var til umræðu, hvað yrði um þann stóra hóp sem fær nú fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu en mun ekki fá inni í nýju húsnæðislánakerfi. Við höfum sýnt fram á að það eru þegar 1.000–1.500 manns eða fjölskyldur réttara sagt um allt land, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík, á biðlista eftir leiguíbúðum. Nú bætist í þann hóp mikill fjöldi sem hefur fengið aðstoð í gegnum félagslega kerfið en það eru um 1.000 fjölskyldur á hverju ári sem hafa fengið fyrirgreiðslu í gegnum félagslega íbúðakerfið. Ég hef haldið því fram að miðað við að sama greiðslumat væri notað í húsbréfakerfinu gagnvart þessum nýja hópi sem þar kemur inn í kerfið og þeim sem fyrir er, þ.e. 18%, að þá væru um 600 manns sem fengju ekki fyrirgreiðslu í þessu nýja kerfi og þá er ekkert eftir fyrir það fólk annað en leigumarkaðurinn.

Það hefur verið kjarnaspurning í gegnum alla þá umræðu sem fram fór um húsnæðisfrv. félmrh. hvað eigi að gera fyrir þetta fólk. Þar veltur mjög mikið á hæstv. fjmrh. hvað gert verður í því máli, þ.e. hvort veitt verði nægjanlegt fjármagn á fjárlögum til að hægt sé að byggja eða kaupa allar þær leiguíbúðir sem þarf að kaupa fyrir fólkið sem fær ekki inni í nýja Íbúðalánasjóðnum.

Í frv. félmrh. kom fram það álit fjmrn. að á næstu tveimur árum væri gert ráð fyrir því að byggðar yrðu 50 íbúðir, þ.e. 25 hvort árið um sig. Mig minnir, herra forseti, og reyndar kemur það hér fram og ég er með það hérna við hliðina á mér, að gert hafi verið ráð fyrir því að núvirtar vaxtaniðurgreiðslur miðað við þann fjölda íbúða og meðallán 5,7 millj. gætu numið allt að 75 millj. kr. á ári.

Nú hefur það ákvæði sem snýr að leiguíbúðunum breyst í meðförum félmn., þ.e. að nú er talað um að fjöldi og upphæð lána skuli taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði, þ.e. fjöldi leiguíbúða á þessum tveimur árum sem gert er ráð fyrir að lánin verði með óbreyttum lánskjörum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Breytir þetta nýja ákvæði sem kemur inn í meðförum félmn. einhverju um það álit eða umsögn sem fjmrn. gaf um frv. til laga um húsnæðismál sem snýr að leiguíbúðum þar sem talað er um að veitt yrði lán til allt að 50 leiguíbúða á niðurgreiddum vöxtum á næstu tveim árum?

Mjög var kallað eftir því þegar þessi brtt. kom fram frá meiri hlutanum, hvort þetta breytti einhverju um umsögn ráðuneytisins. Ég held að mikilvægt sé að fá það fram vegna þess að hæstv. fjmrh., nýr fjmrh., hefur sagt að mikilvægt sé að skera niður útgjöldin á fjárlögum. Hæstv. forsrh. hefur talað um að það þurfi að hækka vexti, og ég vil því spyrja hvort vænta megi að þessi breyting sem gerð var í meðförum félmn. breyti einhverju um umsögn fjmrn. að því er þennan mikilvæga þátt varðar sem snýr að því fólki sem býr nú við mikið óöryggi í húsnæðismálum eftir að þessi frv. hafa verið lögfest.

Ég minni á í því sambandi, herra forseti, að við í minni hlutanum fluttum brtt. þess efnis að sú könnun sem á að fara fram á þörf fyrir leiguíbúðir, og félmrh. ætlar að setja í gang, á ekki að vera tilbúin fyrr en árið 2000. Þá á að liggja fyrir eitthvert samkomulag við verkalýðshreyfinguna um uppbyggingu leiguíbúða. En auðvitað sjá allir í hendi sér að ekki gengur að láta það fólk, sem er á biðlista núna fyrir þessa breytingu og mun fjölga mun stórlega eftir breytinguna, bíða í óvissu með húsnæðismál sín þangað til árið 2000. Brtt. okkar gekk því út á það, herra forseti, að þessi könnun lægi fyrir í haust og að í fjárlögum yrði tekið mið af þeirri könnun, þ.e. því framlagi sem yrði á fjárlögum fyrir næsta ár að því er varðar uppbyggingu leiguíbúða.

Því hef ég nú beint þeirri spurningu til ráðherra hvers megi vænta í þessu efni. Er ráðherra reiðubúinn til þess að koma fram með svör úr þessum ræðustól sem munu róa eitthvað þann fjölda fólks sem verður nú ofurseldur leigumarkaðnum? Eða ætlar hann bara, eins og hæstv. félmrh., að vísa til þess að menn verði bara að bíða og sjá til hvað verði á fjárlögum? Eða ætlar hann að halda sér fast við það, eins og kom fram í umsögn fjmrn., að hér verði einungis um 50 leiguíbúðir að ræða? Ég held að afar mikilvægt sé að fá þetta fram.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hlýðir á mál mitt, en mér er nokkuð mikið niðri fyrir loksins þegar ég hef hæstv. fjmrh. mér við hlið til þess að spyrja hann ýmissa brýnna spurninga sem brunnu á mér við umræður um frv. félmrh. og snúa beint að fjmrh.

Eitt þeirra atriða sem ég vildi gjarnan fá svar við frá hæstv. fjmrh. snertir heimili sem eru í vanskilum með skuldir sínar og ríkisstjórnin taldi sig vera að koma með úrræði fyrir, að mig minnir á síðasta ári, sem átti að koma í staðinn fyrir frv. um greiðsluaðlögun sem framsóknarmenn höfðu haldið mjög á lofti í síðustu kosningabaráttu. Eitt þeirra frv. sem varð að lögum og átti að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun snýr einmitt að hæstv. fjmrh.

Það frv., herra forseti, lýtur að breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt, og átti að auðvelda þeim einstaklingum róðurinn sem voru í miklum skuldum vegna vangoldinna opinberra gjalda. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurðist fyrir um það á þessu þingi hverju þetta nýja úrræði hefði skilað, sem er þess efnis að telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslukröfur sem ella mundu tapast með samningum um greiðslu skal hann gefa fjmrh. skýrslu um málavöxtu og fjmrh. er heimilt að samþykkja slíkan samning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Það sem kom í ljós í svari hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur var það að ekki einn einasti einstaklingur sem leitað hafði eftir þessari aðstoð, ekki einn hafði fengið fyrirgreiðslu samkvæmt þessu nýja úrræði um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Því er spurning mín til hæstv. fjmrh. sú: Er hann, í ljósi þess að ekki einn einasti aðili hefur fengið fyrirgreiðslu samkvæmt þessum lögum sem áttu að hjálpa skuldugum heimilum, reiðubúinn að endurskoða þau lög þannig að þau verði raunverulegt úrræði fyrir þá sem eru í vanskilum?

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvað hefur breyst frá því að hæstv. ráðherra var þingmaður í stjórnarandstöðu fyrir nokkrum árum þegar hann beitti sér mjög hart fyrir því að komið yrði á 100% láni fyrir þá sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda. Hæstv. ráðherra var forgöngumaður um það þegar hann var þingmaður, nú beitir hann sér fyrir því að þetta verði lagt af þegar hann fer að halda utan um ríkiskassann.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar í viðbót áður en ég kem að vaxtabótunum sjálfum, sem verður lokakafli minn í þessari ræðu, og hún snýr líka að húsaleigubótakerfinu. Gerður var samningur við Samband sveitarfélaga eða sveitarfélögin, að mig minnir fyrir síðustu áramót. Hann laut að því að húsaleigubætur færu nú til sveitarfélaganna og uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga varð með þeim hætti að ríkið greiddi til sveitarfélaganna 280 millj. kr. Í skýrslu sem fylgdi þessari niðurstöðu kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Þá er ítrekað að allar tillögur um breytingar á húsaleigubótakerfinu frá og með áramótum 1998, sem fela muni í sér aukin útgjöld til húsaleigubóta, eru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld sveitarfélaga.“

Þegar hæstv. félmrh. var spurður um það í umræðunni, þar sem fyrir liggur að veruleg aukning verður á húsaleigubótum og framlagi vegna þeirra hjá sveitarfélögunum við þessa breytingu, hvort hægt væri að taka upp þetta samkomulag þannig að ríkið greiddi meira framlag til sveitarfélaganna í húsaleigubótakerfið þá svaraði hæstv. félmrh. því svo til efnislega að það væri að sjálfsögðu hægt ef það kæmi í ljós að veruleg aukning yrði á húsaleigubótum frá því sem ráð var fyrir gert þegar gengið var frá samkomulaginu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherrann að því, herra forseti, hvort hann sé þeirrar skoðunar, eins og fram kom í skýrslunni, að öll aukin útgjöld til húsaleigubóta væru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld sveitarfélaga eða hvort hann taki undir með hæstv. félmrh. að hægt sé að taka þetta samkomulag upp ef í ljós kemur að húsaleigubótaþörfin verði miklu meiri en þá var gert ráð fyrir sem er alveg bersýnilegt að verður þegar hundruð fjölskyldna þurfa nú að fara á leigumarkaðinn.

Því næst vil ég spyrja hæstv. ráðherra um þá fjárhæð sem verja á til vaxtabóta og fram kemur í þessu frv. Margir hafa óttast og það kannski með réttu að þegar ríkisstjórnina vantar aura og hún sparar muni það koma niður á vaxtabótunum þannig að hæstv. fjmrh. muni þá skera niður vaxtabæturnar.

Nú telur hæstv. félmrh. sig hafa samkomulag sem lýst er í frv. félmrh. um húsnæðismál að ekki verði hróflað við þeim fjárhæðum sem fara í vaxtabótakerfið nema þá í fullkomnu samráði við hæstv. félmrh. Nú er það svo að ég hef gert samkomulag við fyrrv. hæstv. fjmrh. sem laut að húsnæðismálum og framlagi í Byggingarsjóð verkamanna. Það var skriflegt samkomulag sem gengið var frá m.a. af aðstoðarmanni þáv. fjmrh. um ákveðna upphæð í húsnæðismálin sem var skriflegt. Það samkomulag stóð ekki. Enda stöndum við frammi fyrir því í dag að framlag í byggingarsjóðina, Byggingarsjóð verkamanna, sem þá var samkomulag milli mín sem félmrh. og þáv. fjmrh. að ætti að vera 1.075 millj. er nú komið niður í 275 millj. kr. Það er því spurning, herra forseti, hvers virði það samkomulag er sem snýr að fjárhæð sem fer árlega til vaxtabóta þegar þetta samkomulag hélt ekki.

Þá er ég komin, herra forseti, að síðasta kafla ræðu minnar sem lýtur að þakinu á vaxtabótum og þeirri fullyrðingu hæstv. félmrh. að svo sé frá málum gengið að þegar breytt verður um niðurgreiðsluform, þ.e. að hætt verði niðurgreiðslu gegnum niðurgreidda vexti og fólk fari að borga fulla vexti og fái þetta endurgreitt í gegnum vaxtabótakerfið að þá verði allir jafnsettir á eftir. Þessu hefur hæstv. félmrh. haldið fram.

Þá erum við kannski komin að kjarnaatriði í því frv. sem við ræðum hér. Ég hef sýnt fram á og það hefur ekki verið hrakið — meira að segja staðfest af fjmrn. eftir því sem fram kemur í nál. minni hlutans — að þessi breyting á niðurgreiðslu muni koma illa við einstaklinga og einstæða foreldra. Útreikningarnir sýna fram á það að ef við tökum einstakling getur þetta munað, sem hann er lakar settur í vaxtabótakerfinu, frá 23 þús. til 57 þús., sem þarf þá að bæta kaupendum á ári ef þeir eiga að vera eins settir eftir breytinguna og það orsakast af þakinu.

Hér er ég með einstakling. Hámarksþak á vaxtabótum að því er varðar einstakling er að mig minnir 144 þús. kr. ef ég man þá upphæð rétt. Það þarf þá að breyta því þaki ef hann á að vera jafnsettur á eftir, þ.e. að geta keypt sér íbúð sem er svipuð að gæðum og hann hefði keypt í núverandi kerfi.

Ef við tökum dæmi sem hefur verið staðfest af starfsmanni fjmrn. þyngist greiðslubyrði einstaklings með 800 þús. kr. til 1,5 millj. kr. í árstekjur, um 23–57 þús. kr. ef miðað er við íbúð sem kostar 6,3 millj. kr. Ef einstaklingur með þessar tekjur kaupir íbúð sem er dýrari en 5,5 millj. kr. er greiðslubyrði hans þyngri eftir þessa breytingu en fyrir. Við þurfum því að lyfta þakinu að því er varðar einstaklingana um allt að 57 þús. kr.

Ef við tökum eintætt foreldri með 800 þús. kr. til 1,9 millj. kr. í árstekjur, kaupir íbúð á 7,3 millj. kr., sem ég fullyrði að sé ekkert of stór íbúð, herra forseti, ef við erum að tala um einstætt foreldri með tvö eða þrjú börn, þá þyngist greiðslubyrðin um 3–63 þús. kr. á ári, og sé í þessu dæmi keypt íbúð sem kostar meira en 6,5 millj. virkar nýja kerfið íþyngjandi. Það þarf sem sagt að hækka þakið í vaxtabótunum um allt að 63 þús. kr. hjá einstæðu foreldri til þess að það sé jafnsett á eftir. Ef það verður ekki gert þarf einstætt foreldri að taka á sig allt að 63 þús. kr. sjálft sem það hefur áður fengið gegnum niðurgreiðslu á vöxtum. Það slagar upp í að vera hátt í ein mánaðarlaun, herra forseti, þannig að nauðsynlegt er að fá svar við þessu hér í umræðunni. Ekki síst vegna þess að hæstv. félmrh. hefur haldið því fram að fólk muni fá stimpilgjöldin, sem ég ræddi hér áðan, sem fólk þarf nú að taka á sig af húsbréfalánum — sem það gerði ekki áður — kannski upp á 60 þús. kr., að það geti fengið þau bætt í vaxtabótakerfinu. Það gefur auðvitað auga leið að ef fólk er búið að fullnýta vaxtabæturnar og komið upp í þakið — og m.a.s. stendur eitthvað út af, eins og ég lýsti hér áðan — allt að 63 þús. kr. sem fólk þarf að borga sjálft úr eigin vasa þá er ekki svigrúm til þess að fella útgjöld vegna stimpilgjalda inn í vaxtabæturnar og fólkið fái það endurgreitt. Því er allt sem styður það, herra forseti, að það þurfi — ef það stendur sem hæstv. ráðherra er að segja að fólk verði jafnsett á eftir — að hækka þakið á vaxtabótum. Annars stendur fólk uppi með miklu meiri útgjöld sem það þarf að taka á sig sjálft, fólk sem hefur fengið fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu, eftir sem áður.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því að hækka þakið á vaxtabótunum að því er varðar einstaklinga og einstæða foreldra? Það nægir mér ekki, herra forseti, ef hæstv. fjmrh. bendir á að einstaklingar og einstæðir foreldrar eigi bara að kaupa sér ódýrari íbúðir og það eigi t.d. að duga fyrir einstæða móður með þrjú börn að kaupa sér 5 millj. kr. íbúð. Útreikningar ráðherrans gera ekki ráð fyrir því að einstætt foreldri kaupi sér dýrari íbúð en 5 millj. kr. Það er alveg rétt, herra forseti, ef einstætt foreldri kaupir sér ekki dýrari íbúð en 5 millj. kr. þá er það e.t.v. jafnsett á eftir.

En ég hef látið skoða hvað þær íbúðir kosti sem einstæðir foreldrar og einstaklingar, sem helst hafa fengið fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu sem hefur nú verið lagt af, sennilega eru það um 60% þeirra sem hafa fengið fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu.

Þá kemur í ljós að samkvæmt upplýsingum húsnæðisnefndar Reykjavíkur voru umsækjendur um félagslegar íbúðir á sl. ári samtals 999. 671 fékk úthlutað, þar af 313 einstæðir foreldrum og 121 einstaklingur. Af 313 einstæðum foreldrum fengu 196 þeirra úthlutað íbúð yfir 6 millj. kr. Þegar þessir einstæðu foreldrar eru farnir að kaupa íbúðir sem kosta 5 eða 6 millj. kr. þurfa þeir að greiða meira sjálfir úr eigin vasa eftir þessa breytingu. Þarna erum við að tala um að 196 af 313 einstæðum foreldrum hafi fengið úthlutað íbúð á sl. ári — yfir 6 millj. Nema hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að það sé bara allt í lagi, það þurfi ekkert að aðstoða einstæða foreldra kannski með 2–3 börn fyrir meira en 5 millj. kr. íbúð.

Síðan kemur hér fram að af 121 einstaklingi sem fékk úthlutað íbúð hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur fengu 69 úthlutað íbúð sem kostar yfir 5,5 millj. kr. Og á það er bent að tveggja herbergja 70 fermetra ný íbúð í Grafarvogi kosti um 6,5 millj. Hvar finnur hæstv. ráðherra þessar íbúðir á 5 millj. kr. sem hann vill greinilega fara að setja alla einstæða foreldra í og einstaklinga? Vegna þess að það liggur fyrir að þessir hópar þurfa að taka á sig aukinn kostnað og meiri greiðslubyrði ef þeir fara í sambærilegar íbúðir og þeir höfðu í félagslega kerfinu. Ég held að mjög mikilvægt sé að minni hlutinn í efh.- og viðskn. skoði það ef svör ráðherrans við þessa umræðu verða með þeim hætti að hann telji bara algjöran óþarfa að hækka þetta þak á vaxtabótum, hann hafi ekki af því neinar áhyggjur, þá þarf auðvitað minni hlutinn að skoða það við 3. umr. hvort ekki sé ástæða til að flytja brtt. við 3. umr. og hækka þetta þak á vaxtabótum hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum.

Það er rétt sem fram kom hjá talsmönnum minni hlutans áðan að nú eftir að frv. hæstv. félmrh. hefur orðið að lögum þarf að endurskoða tillögu minni hlutans um að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég hef lagt fjölmargar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég geri ráð fyrir, herra forseti, að hann hafi tekið samviskusamlega niður, sem ég tel nauðsynlegt að fá svör við við umræðuna og læt lokið máli mínu í bili.

[12:15]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Hér voru lagðar fram ýmsar spurningar sem ég skal reyna að svara eftir bestu vitund. Það er rétt, ég gat ekki verið við umræðurnar um húsnæðisfrv. sjálft enda var erfitt að henda reiður á því í þeim löngu umræðum hvenær einstökum ræðumönnum hentaði að beina máli sínu til fjmrh. En það er rétt að þetta frv. er náskylt og raunar hluti af þeim pakka um húsnæðismál sem ríkisstjórnin hefur flutt á þessu vori og auðvitað óhjákvæmilegt annað en að afreiða þetta mál eftir að húsnæðisfrv. er orðið að lögum. Það er því rétt ályktun hjá síðasta ræðumanni og talsmanni minni hluta fyrr í morgun að tillaga um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar á þessu stigi málsins er út í loftið, hún gengur ekki upp og ég vona að hún verði dregin til baka og að ríkisstjórnarmeirihlutinn þurfi ekki að fella slíka tillögu því að þá væri staða þeirra einstaklinga og aðila sem hér eiga hlut að máli auðvitað mun verri en efni standa til.

Ég ætla ekki að hefja neina almenna umræðu um húsnæðismál við hv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur. Við ræddum þau mál mikið á sínum tíma, áttum raunar ágætt samstarf um þau um tíma, en ég hygg þó að viss grundvallarágreiningur hafi verið um þau efni sem við leiddum aldrei til lykta. En núv. ríkisstjórn hefur markað nýja stefnu í þessu máli og að sjálfsögðu styð ég þá stefnu.

Nú skal ég snúa mér að þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín og reyna að taka þær fyrir í sömu röð og þær voru fram bornar. Í fyrsta lagi var spurt um skörun á vaxtabótafyrirkomulaginu miðað við næstu áramót, þ.e. annars vegar það að fólk sem kaupir íbúðir á þessu ári fær vaxtabætur sínar á grundvelli gildandi laga en þeir sem kaupa íbúir eftir áramót munu ganga inn í hið nýja kerfi sem tekur þá gildi, og spurt var: Hefur ráðherrann ekki áhyggjur af því að fólk kunni að fresta íbúðarkaupum yfir áramót og það muni hafa áhrif á aukna útgáfu húsbréfa og hugsanlega þar með aukin afföll í húsbréfum?

Ég held að ekki sé hægt að svara þessu afgerandi. Hugsanlega má gera ráð fyrir því að einhver slík áhrif finnist á markaðnum, að einhverjir telji sér hentara að fara inn í nýja kerfið og fá samtímavaxtabótagreiðslur. Það er rétt sem

þingmaðurinn gat um að vissulega er það mikið hagræði fyrir alla íbúðakaupendur að fá slíkar greiðslur strax eða samtímis því að þessi viðskipti eiga sér stað eða fljótlega þar á eftir, og ég fagna því að það er viðurkennt í máli þingmannsins að vissulega er hagræði í því fólgið.

Á móti kemur þá að sjálfsögðu að ef margir flytja kaup sín fram yfir áramót minnkar eftirspurnin á markaðnum fyrir áramót. Og hvort áramótin sem slík muni hafa þau áhrif á útgáfu húsbréfanna að það jafnist ekki út ef maður tekur t.d. síðari hluta þessa árs og fyrri hluta næsta árs, get ég ekki sagt um en mér er til efs að þau verði svo mikil og þar af leiðandi ekki sérstök ástæða til þess að hafa áhyggjur af afföllum í kerfinu. Afföll voru mjög mikil framan af í húsbréfakerfinu, þau hafa minnkað og um tíma voru bréfin á yfirverði þannig að afföllin í húsbréfakerfinu hafa ekki verið vandamál upp á síðkastið sem þar að auki hefur nú yfirleitt verið mætt með hærra verði á þeirri fasteign sem hefur verið andlag þeirra viðskipta sem um er að ræða hverju sinni.

Að því er varðar aðra spurninguna um það hvort óréttlátt sé að þeir sem fái húsaleigubætur greiði skatta en þeir sem fái vaxtabætur ekki þá er því til að svara að allar bætur utan skattkerfisins eru skattskyldar. Bæturnar innan skattkerfisins, eðli málsins samkvæmt og samkvæmt orðanna hljóðan, eru hluti af skattkerfinu og það væri þess vegna undarlegt að skattleggja slíka ívilnun í skattkerfinu sjálfu. Húsaleigubæturnar eru að sjálfsögðu, eins og fram kom í máli þingmannsins, hjá sveitarfélögunum og að því er ég best veit var þannig gengið frá þeim málum á sínum tíma að bæturnar voru hækkaðar vegna þess að það var vitað og gert ráð fyrir því að þær mundu koma til skatts.

Þriðja spurning hv. þm. sneri að stimpilgjöldum, að þau verði felld niður af viðbótarlánum en ekki af húsbréfalánum og spurningin um aukinn kostnað í því sambandi hjá íbúðarkaupendum. Svarið við því er að lántökukostnaðurinn mun mynda stofn til vaxtabóta, þ.e. hann mun eins og annar kostnaður við íbúðarviðskiptin verða tekinn til greina sem stofn til vaxtabóta. Hvort það nægir fullkomlega til þess að jafna út metin get ég ekki svarað en þetta er svarið við spurningunni.

Að því er varðar leiguíbúðirnar og spurninguna um byggingu á þeim hefur það legið fyrir í þessu máli að gert hefur verið ráð fyrir því að byggðar verði 50 íbúðir hvort ár, 1999 og 2000, og mér er ekki kunnugt um að nein breyting orðið hafi orðið á því. (**JóhS:** Hvort ár?) Hvort ár fyrir sig. (**JóhS:** Það eru 50 á tveimur árum í umsögn ráðuneytisins.) Ég skal kanna þær upplýsingar betur en þetta eru þær upplýsingar sem ég hef bestar.

Þá var spurt um lög til að greiða fyrir þeim sem lent hafa í vanskilum vegna skulda heimilanna, hvort ástæða væri til þess að athuga það mál betur vegna þess að ekki hafi margir hagnýtt sér þau ákvæði og mér finnst sjálfsagt að líta á það. Ég hef það ekki við höndina en ég vil ekkert taka neikvætt í það að svo komnu máli.

Síðan kom upp spurning sem snerti gamalt deilumál okkar hv. þm., sennilega frá árinu 1989 eða þar um bil, spurningin um 100% lánsfyrirgreiðslu í félagslega kerfinu. Það er rétt að ég flutti brtt. á þeim tíma sem gekk út á það að það mætti veita sérstakt viðbótarlán þannig að fólk gæti fengið allt að 100% lánsfyrirgreiðslu í gamla kerfinu. Nú er mér reyndar sagt að reynslan af þeim lánum sé því miður sú að mjög margir hafi lent í vanskilum og kannski var fulllangt gengið að lána fólki 100% ef það átti í slíkum fjárhagserfiðleikum að það gat ekki lagt fram 10% af upphafsupphæðinni. Páv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, barðist gegn þessari brtt. í þessum þingsal með kjafti og klóm en hafði ekki sigur vegna þess að stjórnarliðið á þeim tíma gliðnaði í afstöðu sinni til þessarar brtt. sem ég flutti þá hér sem óbreyttur stjórnarandstöðuþingmaður. Ég hef ekki hugsað um þetta lengi en þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar hv. þm. nefndi þetta. Þannig gekk þetta mál fyrir sig og síðan hefur reynslan talað sínu máli. Mér er sagt að hún sé því miður ekki allt of góð af þessu og af þeirri ástæðu einni væri kannski ástæða til þess að líta sérstaklega á þetta atriði og endurskoða það. Hitt er svo annað að við erum að breyta hér um kerfi í grundvallaratriðum þannig að ekkert er um það að ræða að tala um þetta á sömu forsendum og áður.

Sjöunda spurning þingmannsins laut að yfirfærslu fjármagns til sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta og spurningunni um það hvort öll útgjöld umfram það mundu falla á sveitarfélögin, ef ég skildi spurninguna rétt, eða hvort þetta væri hlutur sem mætti ræða nánar milli ríkis og sveitarfélaga. Ég hef skilið þetta mál þannig að þarna sé um að ræða endanlega upphæð. Hins vegar eru ríki og sveitarfélög sí og æ að semja sín í milli um alls kyns fjárhagsmálefni og ekki ólíklegt að því verki verði haldið áfram. Ætli slík krafa, ef hún kemur fram frá sveitarfélögunum um auknar fjárhæðir í þessu sambandi, yrði þá ekki tekin til skoðunar í tengslum við aðrar kröfur sem ríkið væri hugsanlega með á sveitarfélögin vegna annarra þátta. Auðvitað er aldrei hægt að segja að hægt sé að slá striki í eitt skipti fyrir öll undir þessi samskipti eða undir þessi mál á meðan ríki og sveitarfélög eru sí og æ að véla um fjárhagsleg samskipti sín og með kröfur hvert á annað.

Ég er ekki inni í því samkomulagi sem fyrrv. ráðherra og hv. þm. vitnaði til um þessar upphæðir og um að ekki hefði verið staðið við eitthvert samkomulag sem gert hafi verið, ég er ekki til frásagnar um það. Auðvitað er það jafnan svo að ráðherrar hafa svigrúm til þess að flytja á milli málaflokka innan ráðuneyta sinna og ég er ekki grunlaus um að í þessu tilfelli hafi það verið gert og ráðherrann þáverandi hafi flutt aura úr þessum málaflokki í aðra þætti innan ráðuneytis síns. Vil þó ekki fullyrða um það.

Síðan kemur lokaspurningin og sú sem kemst kannski næst kjarna þessa frv., þ.e. frv. um vaxtabætur, og það er spurningin um hvort fólk fari verr út úr þessu með nýja kerfinu almennt talað eða ekki. Í frv. sjálfu, í greinargerð þess, er tafla með margvíslegum upplýsingum um greiðslubyrði þar sem borið er saman gamla kerfið og nýja kerfið, annars vegar kerfið með niðurgreiðslu lána og hins vegar þær nettógreiðslur sem gera má ráð fyrir að kæmu út úr hinu nýja vaxtabótakerfi. Annars vegar niðurgreiðsla lána og eftirágreiddar vaxtabætur og hins vegar samtímagreiðslurnar.

Hv. þm. hefur lagt fram upplýsingar í þessu efni sem voru grundvöllur að áliti minni hluta efh.- og viðskn. um þetta. Ég ætla ekki út af fyrir sig að gera ágreining um þær tölur. Ég hef að vísu ekki sannreynt þær sjálfur en vel má vera að í þeim leynist eitthvert sannleikskorn vegna þess að allt byggir þetta á þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar og í þessu tilfelli t.d. á því hvaða upphæðir eru notaðar til viðmiðunar þegar verið er að reikna út greiðslubyrðina, þ.e. kaupverð fasteigna.

Ég nefni sem dæmi að í útreikningum hv. þm. að því er varðar einstaklinga er miðað við 6,3 millj. kr. íbúð og að þá þyngist greiðslubyrðin í hinu nýja kerfi. Í útreikningum

fjmrn. og í grg. frv. er miðað við heldur ódýrari íbúð, að andvirði 5–5,5 millj., og í því tilfelli lækkar greiðsluupphæðin og verður verulega lægri á fyrstu 25 árunum. Einhvers staðar á bilinu þarna á milli væntanlega er þá kerfið jafnsett, á bilinu 5,5–6,3 millj. Þetta er reyndar mjög algengt íbúðarverð, 5–6 millj. fyrir einstaklinga og litlar fjölskyldur, hvort sem þær eru fjölskyldur einstæðra foreldra eða hjóna.

Að því er varðar einstætt foreldri miðar þingmaðurinn við 7,3 millj. en í útreikningum ráðuneytisins er miðað við 5,5–6 og í því tilfelli lækkar greiðslubyrðin og verður eins og í hinu dæminu verulega lægri fyrstu 25 árin.

Mér sýnist að því er varðar hjón að sé ekki neinn ágreiningur um það að greiðslubyrðin sé léttari á íbúðum sem kosti á bilinu 7–8 millj. Það gildir sama um það í útreikningum ráðuneytisins að þar lækkar byrðin og verður verulega lægri fyrstu 25 árin en hv. þm. var með dæmi upp á 7,3 millj. og staðfesti það að greiðslubyrðin léttist.

Þingmaðurinn spurði hvort ég vildi þá halda því fram að fólk ætti bara að kaupa sér ódýrari íbúðir. Ég ætla ekkert að halda neinu slíku fram. Fólk verður að gera þetta dæmi upp við sig í heild sinni á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga sem það hefur í höndunum. Auðvitað miðast þetta líka við það að vextirnir í þessu kerfi séu 5,1%, Það er það sem útreikningarnir byggja á. En auðvitað er stefnan sú að þeir lækki og markvisst hefur verið reynt að stuðla að því. Þar með breytast þessar forsendur líka og greiðslubyrði hjá þessu fólki í öllum dæmunum. Það er auðvitað stórt atriði í þessu máli öllu.

Aðalatriðið er náttúrlega það, eins og kemur fram í töflunni í grg. frv. að það má gera ráð fyrir því að hjá langstærstum hópum fólks muni þetta kerfi koma betur út þó að eflaust sé hægt að finna og verði hægt að finna dæmi um hitt. Ástæðulaust er að gefa í skyn fyrir fram að ekki sé hægt að finna slík dæmi og það virðist vera sem þingmaðurinn hafi þegar fundið tvö dæmi um það. En það breytir ekki því að ég tel að kerfisbreytingin í heild sinni sé í rétta átt. Það sé miklu heilbrigðara að veita fólki aðstoð í húsnæðismálum með þessum hætti í staðinn fyrir að gera það í gegnum hina niðurgreiddu vexti í Húsnæðisstofnun ríkisins og gefa fólki jafnframt svigrúm til þess að nota þá fyrirgreiðslu sem það fær til þess að velja sér íbúð hvar sem er á viðkomandi húsnæðismarkaði og þess vegna sé þetta kerfi allt til bóta og til þess að auka sveigjanleika og bæta þjónustuna við það fólk sem við berum hér fyrir brjósti. Ekki er hægt að halda því fram að allt þetta mál í heild sinni sé einhver svívirðileg árás á láglaunafólkið í landinu eða almenning í landinu eins og hér hefur verið gert. Slíkur málflutningur er ekki sæmandi.

En sem sé, virðulegi forseti, þetta frv. verður núna að fá afgreiðslu. Það verður að fá afgreiðslu þó ekki væri nema vegna þess að það er búið að samþykkja húsnæðisfrv., þetta er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess. Búið er að útskýra innihald þess mjög rækilega í framsögu og í nefndarvinnunni og í umræðum. Ég tel því ekki eftir neinu að bíða með að ljúka þeirri afgreiðslu.

En ég vona að hv. þm. telji sig hafa fengið viðunandi svör við spurningum sínum til mín. Spurningar hennar voru málefnalegar og eðlilegar að öllu leyti og sjálfsagt að reyna að svara þeim eftir bestu getu. Ef hún telur að upp á vanti einhverjar upplýsingar þá skal ég reyna að afla þeirra fyrir næstu umræðu um málið.

[12:33]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör og mér finnst þau fyrstu samskipti sem ég á við hann úr ræðustól og hann sem fjmrh. hæstv. lofi góðu vegna þess að hæstv. ráðherra gerði meira en maður hefur oft vanist hjá öðrum ráðherrum sem láta sér nægja að svara í stuttu andsvari mörgum og ítarlegum fyrirspurnum frá stjórnarandstöðunni þannig að ekki nást fram málefnalegar, ítarlegar og rökstuddar umræður fyrir því sem menn deila um. Þarna var vissulega brugðið út af venjunni hjá nýjum hæstv. fjmrh. og ég fagna því. Hæstv. ráðherra svaraði ítarlega öllum spurningum sem ég beindi til hans og rökstuddi afstöðu sína í þeim svörum. Þó ég sé ekki sátt við það sem fram kom oft á tíðum við þessum spurningum í máli ráðherrans gerði hann þó meira en margir aðrir ráðherrar. Hann svaraði heiðarlega þeim spurningum sem til hans var beint. Var ekkert að koma sér undan því að svara spurningum heldur gerði það með þeim hætti að ég sé ástæðu til þess að þakka fyrir.

En það eru nokkur atriði sem ég vil þó fara inn á sem ég taldi ekki vera hægt í stuttu andsvari. Ráðherrann hefur ekki ýkja miklar áhyggjur af því að fólk fresti íbúðarkaupum sínum fram til næstu áramóta, þ.e. til þess að fá samtíma vaxtabótagreiðslur. Okkur greinir á um það. Ráðherranum hæstv. var það til efs en ég tel að þessi hætta sé vissulega fyrir hendi og beri að vera á verði gagnvart því að þetta geti orsakað tímabundna þenslu og aukningu á húsbréfum sem geti komið fram í afföllum, sérstaklega þegar við bætist nýr kaupendahópur. En út af fyrir sig er það rétt hjá hæstv. ráðherra að það er kannski ekki hægt um það að segja á þessari stundu þó að hættan sé fyrir hendi.

Varðandi húsaleigubæturnar sagði hæstv. ráðherra að þar sem þetta væru bætur utan skattkerfisins, þ.e. húsaleigubætur, væri eðlilegt að þær væru skattlagðar og það voru rök hans fyrir því en vaxtabæturnar væru innan skattkerfisins og því væri eðlilegt að þær væru ekki skattlagðar. Gott og vel, herra forseti, þetta eru rök út af fyrir sig. En við skulum þá ekki gleyma því að í báðum tilvikum, hvort sem það eru leiguíbúðir og húsaleigubætur eða eignaríbúðir og vaxtabætur, er um að ræða aðstoð af hálfu hins opinbera vegna húsnæðismála. Það er aðstoð frá ríkisvaldinu og sveitarfélögum til þess að fólk geti komið sér upp þaki yfir höfuðið. Af því að svo vill til að þeir sem eru verr staddir eru á leigumarkaðnum og geta ekki komið sér upp þaki yfir höfuðið fá þeir ekki skattfrelsi á húsaleigubótum en það tel ég ekki eðlilegt. Ég tel ekki vera jafnræði með hópum sem fá aðstoð vegna ákveðins hlutar, mikilvægs hlutar í framfærslunni. Okkur greinir á um þetta en út af fyrir sig kom hæstv. ráðherrann með sín rök en ég tel þetta ósanngjarnt, óeðlilegt að þetta skuli vera svona.

Hæstv. ráðherrann nefndi það líka — það fannst mér bara heiðarlegt svar hjá honum sem ég virði — að þegar ég tala um það hvort sveitarfélögin geti búist við því að fá aukið framlag úr ríkissjóði vegna húsaleigubóta ef verulega aukin þörf kemur fram fyrir húsaleigubætur, sem mun gerast, þá geta sveitarfélögin ekki sótt sjálfkrafa inn í ríkissjóð. Hæstv. ráðherra segir að ef það kemur upp og það komi ósk um að þetta verði tekið upp í samskiptum ríkis og sveitarfélaga muni væntanlega í tengslum við það koma aðrar kröfur frá ríkinu á hendur sveitarfélögum.

Þetta er svar, herra forseti, sem þýðir auðvitað, ef við setjum það alveg yfir á mælt mál þannig að það skýrist vel,

að það stendur sem var í þessari skýrslu sem ég las margsinnis fyrir hæstv. ráðherra að aukin útgjöld til húsaleigubóta eru sjálfkrafa tillögur um aukin útgjöld á sveitarfélögin. En ég man eftir því að talsmaður Sambands ísl. sveitarfélaga hélt því fram á Egilsstöðum á fulltrúaráðsfundi þegar hann var að sannfæra sveitarstjórnarmenn um ágæti þessa frv. að vitaskuld yrði þetta bætt af hálfu ríkisins ef fram kæmi miklu meiri húsaleigubótaþörf. Hæstv. ráðherra neitar ekki að það geti verið tekið upp en það mun þá koma krafa á móti frá ríkisvaldinu á hendur sveitarfélögum. Það þýðir að það kemur ekki meira framlag vegna húsaleigubóta nema sveitarfélögin sjálf taki kannski eitthvað annað á sig á móti, kannski aukin verkefni o.s.frv. Það er gott að þetta liggur fyrir. Þá vitum við að hverju við göngum í þessu efni en þurfum ekki að velkjast í vafa um það hvað hæstv. félmrh. er að fara þegar hann lætur að því liggja að það sé bara hægt að ganga í ríkissjóð af hálfu sveitarfélaganna ef um aukna húsaleigubótaþörf sé að ræða.

Ég vil líka nefna það sem hæstv. ráðherra kom inn á, þ.e. þær margumtöluðu 50 leiguíbúðir, sem eru 50 leiguíbúðir á tveimur árum samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Hæstv. ráðherra sagði að þó að félmn. hefði breytt greininni sem ég nefndi í meðferð mála sinna, þ.e. að framlögin yrði samkvæmt fjárlögum á hverju ári, þá sagði hæstv. ráðherra að það fæli ekki í sér neina breytingu og talaði um þessar 50 íbúðir. Þá höfum við það, herra forseti, að það sem ýmsir héldu að mundi nú þýða verulega aukningu á leiguíbúðum á næstu fjárlögum, er ekki fyrir hendi. Hæstv. fjmrh. hefur staðfest það. Þetta hefur engu breytt um umsögn fjmrn., þetta verða 50 leiguíbúðir á niðurgreiddum vöxtum á næstu tveim árum. Þetta er sagt úr munni hæstv. fjmrh. og eru auðvitað ný tíðindi inn í þessa umræðu sem gæti út af fyrir sig kallað á langa umræðu.

En ég ætla ekki að hafa langa umræðu um þetta mál. Ég hef fengið svarið frá ráðherra, sem ég lýsi miklum vonbrigðum með, miklum vonbrigðum sem þýðir í framkvæmd að láglaunafólkið, sem kemst ekki inn í nýja kerfið, mun fram til ársins 2000 búa við óöryggi í húsnæðismálum. Inn í hvaða íbúðir ættu þeir að fara? Þær eru ekki til núna, það er 1.000–1.500 manns þegar á biðlista eftir leiguíbúðum og við bætist stór hópur núna sem nýtt kerfi tekur ekki við. Það eru 50 íbúðir sem ráðherrann staðfestir að verði veitt fjármagn í af hálfu ríkisins á næstu tveimur árum. Þá hefur láglaunafólk það, þetta eru skilaboðin. Það liggur nú fyrir.

Ég vona svo sannarlega, herra forseti, að þetta breytist við fjárlagagerðina en eins og staðan er núna, eins og hæstv. ráðherra upplýsir okkur þá verða þetta 50 íbúðir á næstu tveimur árum. Þá vita sveitarfélögin það.

Það var ein spurning sem ég átti eftir að spyrja hæstv. ráðherra um. Í áliti fjárlagaskrifstofu er talað að um sé að ræða niðurgreidda vexti til leiguíbúða á árunum 1999 til ársins 2000. Þýðir það að eftir árið 2000 verði hætt að niðurgreiða vexti til leiguíbúða? Þýðir þessi setning það? Það er einföld lokaspurning mín til hæstv. ráðherra.

Síðan vil ég segja það varðandi 100% lánin að ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra hefur mikið kynnt sér það hvort þessi 100% lán hafi ekki gefist vel. Það liggur fyrir að vanskil á þessum lánum eru einungis 17% þannig að þetta hefur nýst stórum hluta af þeim 600 sem fengið hafa þessi 100% lán. Ástæðan fyrir því að ég taldi ekki rétt að hafa þau á sínum tíma árið 1989 er einföld og hæstv. ráðherra veit hana. Það var verið að koma á nýjum valkosti inn í félagslega kerfið sem voru kaupleiguíbúðir og þar heimilt að lána 100%, þ.e. sveitarfélögin lánuðu þau 10% sem upp á vantaði. Það var ástæðan til þess að menn töldu þá óþarfa að hafa þetta lán inni.

Varðandi stimpilgjaldið sem ráðherrann nefndi er mér auðvitað kunnugt um að lántökukostnaður myndar stofn til vaxtabóta en það er bara ekki svigrúm fyrir það í því þaki sem er á vaxtabótum og þar liggur hundurinn grafinn.

Okkur greinir á um þakið. Ég held að það liggi alveg fyrir að ef þetta þak stendur og verður ekki breytt þá mun ekki rúmast innan þess sá aukni kostnaður sem verður vegna stimpilgjalda og fólk verður að kaupa sér miklu ódýrari íbúðir en það hefur gert til þess að vera jafnsett á eftir.

Síðan vil ég segja það í lokin að ég fagna því að hæstv. ráðherra er reiðubúinn að endurskoða lögin um tekjuskatt og eignarskatt, þau lög sem áttu m.a. að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun þar sem nú hefur komið í ljós að þau virka ekki. Þau voru gagnlaus þó þau hefðu átt að koma í staðinn fyrir kosningaloforð framsóknarmanna um greiðsluaðlögun. Ég fagna því að það er niðurstaðan.

Þá stendur bara eftir sú spurning sem ég beindi til hæstv. ráðherra og ein lokaspurning til viðbótar: Liggur fyrir eitthvert samkomulag sem hæstv. félmrh. nefndi í máli sínu um daginn — ég held að það hafi verið eina spurningin sem ráðherrann svaraði ekki áðan — samkomulag milli félmrh. og fjmrh. um að fólk yrði jafnsett á eftir að því er varðar kostnað við að komast inn í nýja kerfið, fyrir því yrði séð. Liggur fyrir slíkt samkomulag? Það blasir við okkur núna að fólk þarf að taka á sig aukinn kostnað vegna stimpilgjalda upp á 70 þús. kr. Það þarf líka að borga sölulaun til fasteignasala.

En til þess var vísað að samkomulag væri milli félags- og fjármálaráðherra um það að fyrir því yrði séð að kostnaðurinn yrði ekki meiri en í núverandi kerfi. Því er það lokaspurning mín: Liggur fyrir slíkt samkomulag og, herra forseti, hvað er þá í því samkomulagi?

[12:45]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er mörgu að bæta við fyrri ræðu mína en þó þessi tvö atriði sem hv. þm. nefndi hér. Spurningin um niðurgreiðslu vaxta til byggingar leiguíbúða er til ákvörðunar, þ.e. engin sérstök ákvörðun er komin í því efni svo mér sé kunnugt um. En þar verður að taka afstöðu til spurningarinnar um stöðu hins nýja Íbúðalánasjóðs og hvaða svigrúm hann hefur. Þetta er því óafgreitt mál. Hins vegar eru þeir vextir náttúrlega mjög lágir í dag og að mínum dómi óeðlilega lágir, svo að það komi nú fram.

Spurningin um samkomulag milli félmrh. og fjmrh. um að fólk verði jafnsett í þessum kerfum, það er ekkert formlegt samkomulag um það, það liggur bara í eðli málsins að flestir fara jafn vel eða betur út úr þessu, eins og ég gat um áðan, þó að hv. þm. hafi nefnt tvö dæmi um hugsanlega hið gagnstæða. Það sýna allir útreikningarnir sem ég hef vitnað til í dag að verður meginreglan í þessu máli. En auðvitað er ekki hægt að tryggja það fyrir hvern einasta einstakling í þessu stóra kerfi að allir fari örugglega jafn vel eða betur út úr því miðað við gamla kerfið enda er jafnan erfitt um vik að reikna slíkt út nákvæmlega. En á þeim forsendum sem hafa verið lagðar til grundvallar er ljóst að þetta kerfi kemur ekki verr út heldur betur fyrir flest fólk.

[12:47]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að ekki sé búið að slá neinu föstu um það hvort vextir til leiguíbúða verði niðurgreiddir eða ekki eftir árið 2000. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig það fer saman ef þeir verða áfram niðurgreiddir við það markmið sjóðsins að hann á að vera sjálfbær og standa undir sér sjálfur með tekjum, vöxtum og gjöldum. Maður veltir því fyrir sér ef það er málið að hann eigi að gera það, hvort það fari þá saman við það að vextirnir verðir áfram niðurgreiddir. Auðvitað vona ég að slíkt samkomulag náist að vextir til leiguíbúða verði áfram niðurgreiddir vegna þess að ef það á að breyta því eitthvað munu sveitarfélögin ekki byggja mikið af leiguíbúðum.

Í annan stað þegar ég er að ræða um að fólk verði eins sett á eftir að því er varðar kostnað er ég ekki að tala um vaxtabæturnar sjálfar eða þetta þak heldur er ég að tala um ýmsan kostnað eins og stimpilgjöldin sem fólk þarf að greiða til þess að komast inn í kerfið og reyndar annan kostnað eins og kostnað í húsnæðisnefndum o.s.frv. Það var sá kostnaður sem hæstv. félmrh. sagði að væri samkomulag um milli félmrh. og fjmrh. að fólk yrði jafnsett á eftir.

Nú hefur hæstv. ráðherra upplýst að ekkert slíkt samkomulag liggi fyrir. Ég velti fyrir mér, ég hef tekið tvö dæmi um húsaleigubætur og sveitarfélögin varðandi stimpilgjöldin og nú þetta varðandi kostnaðinn og fjölda leiguíbúða, þar sem félmrh. hefur haldið fram því gagnstæða miðað við það sem hæstv. ráðherra segir nú, hvort hæstv. félmrh. hafi í hverju málinu á fætur öðru, sem við höfum verið að ræða við hæstv. ráðherrann, verið að skrökva að þinginu. Ég spyr enn og aftur: Er þá ekkert samkomulag til varðandi þennan kostnað við að komast inn í kerfið? Ég er ekki að tala um vaxtabæturnar sjálfar.

[12:50]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að líta á alla þætti þessa máls í heild sinni og í samhengi en ekki að taka út úr eitthvert tiltölulega léttvægt atriði sem hv. þm. kallar „ýmsan kostnað" við upphaf viðskipta heldur líka hvernig þetta mál lítur út þegar vaxtabreytingarnar hafa verið reiknaðar með.

En ég er búinn að svara þessu og ég tel að þetta kerfi sé til hagsbóta fyrir flesta þá sem það á að þjóna.

Síðan var spurt aftur um Íbúðalánasjóðinn nýja og niðurgreiðslu vaxta til byggingar leiguíbúða. Það mál er út af fyrir sig ekki afgreitt eins og ég sagði áðan. Þó er gert ráð fyrir því að ný lán eftir árið 2000 verði óniðurgreidd, má vera að þingmaðurinn hafi sagt það hér sjálfur. En spurningin um að gera þennan sjóð sjálfbæran, það er alveg rétt að hann á auðvitað að vera það. Hann hefur hins vegar myndarlegan heimanmund frá Byggingarsjóði ríkisins sem fer þó að hluta til í að jafna út Byggingarsjóð verkamanna. En það er útreikningsdæmi hvað hann þarf til að standa undir sér í vöxtum og öðrum tekjum. Eins og ég sagði áðan þá þarf náttúrlega að skoða þá stöðu gaumgæfilega þegar ákvarðanir eru teknar um vexti í þessum sjóði. En það er skoðun mín að þeir 1% vextir sem eru rukkaðir í dag séu of lágir.

[12:51]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil segja það í lokin að ég tel ástæðu til, miðað við þau svör sem ég hef fengið frá hæstv. ráðherranum í þessum umræðum, að ætla að mörg þeirra staðfesti ótta okkar stjórnarandstæðinga um að verið sé að setja fjölda manns út á guð og gaddinn, eins og við höfum sagt, og stefnt sé að því og verði með þeim hætti að fólk sem kemst ekki inn í þetta nýja markaðsvædda kerfi Framsfl. og Sjálfstfl. muni taka á sig aukinn kostnað.

Hæstv. ráðherra sagði að þegar ég var félmrh. hefði verið grundvallarágreiningur milli okkar sem var ekki leiddur til lykta. Það er alveg rétt að ég vil ekki koma á markaðsvæddu húsnæðiskerfi fyrir láglaunafólk vegna þess að það gengur ekki. Það gengur ekki að bjóða láglaunafólki upp á það. En kannski er ástæða til að óska hæstv. ráðherra til hamingju með það að hann kom því máli í gegn þegar hann hafði Framsfl. við hlið sér sem hefur tekið upp stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum en því miður er ekki hægt fyrir láglaunafólk að fagna þeirri niðurstöðu sem hér er orðin.

En við munum væntanlega taka þetta mál upp aftur og ræða ítarlega í haust þegar fyrir liggja fjárlög ráðherrans að því er varðar þennan þátt mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Búnaðarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 368. mál (heildarlög). — Þskj. 1443, brtt. 1467.

[12:53]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir lítilli brtt. sem var boðuð við 2. umr. frá meiri hluta landbn., svohljóðandi:

Við ákvæði til bráðabirgða. Við 2. mgr. bætist: og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[12:54]

**Sigríður Jóhannesdóttir**:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir frv. til búnaðarlaga með fyrirvara, einkum vegna ákvæðis til bráðabirgða, vegna þess að í úrskurði umboðsmanns Alþingis frá 1995 kemur alveg skýrt fram að bændur eigi fullan og óskoraðan rétt til bóta samkvæmt jarðalögum sem þeir hafa framkvæmt og að öllu hafi verið farið eftir lögum.

Það liggur fyrir að þó að þetta ákvæði eða þessi brtt. sem hv. þm. Guðni Ágústsson, form. landbn., var að bera hér fram um að við bætist 35 millj. hvort ár, árið 2001 og 2002, sé vissulega til bóta og ég mun styðja hana, situr eftir að þrátt fyrir þessa brtt. er aðeins verið að koma til móts við helminginn af þeim jarðabótaframlögum sem bændur áttu fullan og óskoraðan rétt til. Ég mun því ekki geta greitt frv. atkvæði mitt og mun sitja hjá.

[12:56]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson)**:

Hæstv. forseti. Ég tek fram vegna orða hv. þm., 8. þm. Reykn., að ég hef verið þeirrar skoðunar og er enn að það er hörmulegt hvernig sá dráttur hefur orðið á jarðabótaframlögum í gegnum tíðina, allt frá 1991 og hefur landbn. einhuga staðið að baki mér við að reyna að berja það í gegnum fjárlög að það næðist fram að þetta yrði gert upp. Ég vil þó taka fram að það kom skýrt fram í áliti umboðsmanns að samkvæmt lögum eiga bændur þessar greiðslur en hitt liggur fyrir að það þarf að gera ráð fyrir því á fjárlögum og það hefur ekki verið gert.

Hins vegar var það svo, til að koma nýjum búnaðarlögum áfram og nýjum tíma í gang gerðu hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. ákveðið samkomulag á haustdögum við samtök bænda, stjórn Bændasamtakanna og við formann sauðfjárbænda þar sem sú tillaga yrði gerð að þetta yrði gert upp með þessum hætti, 50%. Sú viðbót gerir það að verkum að það stendur áfram og þetta var niðurstaða þeirra. Auðvitað ráða bændur hvort þeir ganga að þessum skilyrðum eða ekki, hver fyrir sig. En þetta var niðurstaða og ég segi fyrir mig að svo mikið hefur verið barist í þessu máli, það hefur ekki náðst fram í gegnum þingið í svo mörg ár, að mér fannst ekki réttlætanlegt að berja hausnum við steininn með það heldur að reyna að ljúka þessu máli og koma nýjum tíma í gang eins og þetta frv. um búnaðarlög mun gera.

[12:58]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð til viðbótar. Stór hluti af þeim framlögum sem bændur eiga rétt á samkvæmt lögum, fullan og óskoraðan rétt, er vegna breytinga sem voru gerðar á lögum og margir hverjir urðu að fara í úrbætur til að standast t.d. stjórnvaldsákvarðanir um hreinlæti við mjólkurframleiðslu þannig að þeir gátu ekki skorast undan því að fara í þessar framkvæmdir. Samkvæmt lögum áttu þeir að fá þær bættar og eins og ég sagði áðan finnst mér það vera til bóta að þarna komi tillaga um 70 millj. til viðbótar. En þarna er verið að knýja bændur, mér liggur við að segja neyða þá, til að skrifa undir samkomulag um að þeir taki við helmingnum af því sem þeir eiga fullan og óskoraðan rétt á eða fái að öðrum kosti ekki neitt. Ég get ekki sætt mig við þessi vinnubrögð gagnvart bændastéttinni sem hefur verið í mikilli vörn undanfarin ár og þarna er vissulega þörf á að setja inn fjármagn til úrbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 1442.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Aðlögun að lífrænum landbúnaði, síðari umr.*

Þáltill. ÞBack o.fl., 195. mál. — Þskj. 199, nál. 1257.

[13:01]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um tillögu til þál. um aðlögun að lífrænum landbúnaði frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir frá 121. þingi um samhljóða tillögu frá Vori, félagi framleiðenda í lífrænum búskap, Neytendasamtökunum, Náttúruverndarráði, ÁFORM, Bændasamtökunum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fagráði í lífrænni framleiðslu og Landgræðslu ríkisins.

Í tillögugreininni er skorað á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög og reglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir hv. þingmenn í landbn. skrifa undir þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, síðari umr.*

Þáltill. EOK og StG, 266. mál. — Þskj. 334, nál. 1286.

[13:02]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Byggðastofnun, landbúnaðarráðuneyti, Bændasamtökum Íslands og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig efla megi sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

Víða í jaðarbyggðum eru gjöful beitilönd sem ekki eru fullnýtt, margar jarðir eru vel upp byggðar með vannýtta aðstöðu, bæði hvað varðar útihús og ræktað land. Hins vegar eru önnur svæði þar sem um ofbeit er að ræða eða sauðfjárrækt er stunduð á svæðum þar sem fjölbreytni atvinnulífs er mun meiri en í jaðarbyggðum. Í vinnu þeirrar nefndar sem landbúnaðarráðherra mun skipa verður að taka afstöðu til þess hvaða landsvæði falla undir skilgreiningu tillögunnar. Jafnframt er eðlilegt að skilgreind séu þau svæði þar sem um ofbeit er að ræða, með það að markmiði að draga úr henni, og að tekin verði afstaða til þess hvort draga beri úr sauðfjárbúskap á þeim svæðum sem ekki teljast til jaðarbyggða og byggja ekki afkomu sína að verulegu leyti á búgreininni. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að nefndin kanni hvaða áhrif efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt hafi á innanlandsmarkað með sauðfjárafurðir og eins hvort slíkt átak geti leitt til aukins útflutnings þeirra afurða.

Nefndin leggur til að landbúnaðarráðherra verði falið að skipa framangreinda nefnd. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig efla megi sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

Undir þetta skrifa allir hv. alþingismenn í landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 3. umr.*

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 1444, brtt. 1466.

[13:04]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Farið var fram á það að landbn. kæmi saman á milli 2. og 3. umr. og hélt hún fund um þær athugasemdir sem höfðu komið fram og ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr frá meiri hluta landbn.

Við 11. gr.

a. 10. tölul. 1. mgr. orðist svo: Austurlandsumdæmi nyrðra: Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.

b. 11. tölul. 1. mgr. orðist svo: Austurlandsumdæmi syðra: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.

c. Í stað orðanna „Vestfjarðaumdæmi og Þingeyjarumdæmi, en í hvort“ í 2. mgr. komi: Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert.

Þetta merkir að heimilt er að skipa tvo héraðsdýralækna í Austurlandsumdæmi nyrða eins og Vestfjarðaumdæmi og Þingeyjarumdæmi.

2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu skal landbúnaðarráðherra setja reglur um greiðslu hluta ferðakostnaðar dýralæknis í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

Þetta var gert í samræmi við þá gagnrýni sem hér kom fram að ekki væri nógu ljóst í frv. hvað ferðakostnað varðar þegar komið væri upp í mjög miklar vegalengdir en hér er sem sé lögð til sú breyting að þetta verði gert í samráði við Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

Fleira hef ég ekki að segja, hæstv. forseti, og hef lokið máli mínu.

[13:07]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég gerði mjög breiðan fyrirvara við þetta frv. inni í hv. landbn. Nú hefur það gerst milli 2. og 3. umr. að verulega hefur verið komið til móts við þær athugasemdir sem ég gerði helstar, bæði við 11. gr., þ.e. skipting umdæmanna á Austurlandi, og við 13. gr. þar sem ég hafði lýst miklum áhyggjum vegna þess að það leit út fyrir að skilið yrði við frv. þannig í uppnámi að á sama tíma og verið var að stórstækka vaktsvæði mjög mikið væri mjög óljóst hvort nokkuð yrði tekið þátt í auknum kostnaði af ferðum dýralækna.

Við þetta hvort tveggja hefur verið komið til móts með þessum brtt. við 3. umr. og ég þakka það sérstaklega og ætla að greiða atkvæði með frv. En ég vil þó vekja athygli á að eftir stendur fyrirvari sá sem ég gerði við 15. gr. frv. en ég tel að sú grein sé í mótsögn við gildandi lagaákvæði um tilraunastöðina á Keldum og stefni að því að rýra hlutverk þeirrar stofnunar í sjúkdómsgreiningu dýra og verði ekki til að bæta þjónustu í sambandi við sjúkdómsgreiningar og grunnrannsóknir á dýrasjúkdómum.

Fram hafa komið yfirlýsingar um að þessi afstaða sé byggð á misskilningi hjá mér og það tekur þá líka til starfsfólks á Keldum sem hefur líka miklar áhyggjur af þessu ákvæði. En ég spyr þá á móti: Hvers vegna er lögð svona mikil áhersla á að fá þetta ákvæði inn í lögin um að yfirlæknir eigi að hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma? Ég held að þetta ákvæði sé óþarft og hefði átt að falla niður úr lögunum og hefðu þau verið mun ásættanlegri án þess. En ég mun samt ekki gera frekari ágreining við þetta frv. að svo stöddu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:09]

### *Tilhögun þingfundar.*

[13:47]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti lætur þess getið að eftir að atkvæðagreiðslum lýkur verður hafin umræða um 29. dagskrármálið. Síðan verður gert hlé kl. 16.30–17.00 fyrir þingflokksfundi og ný atkvæðagreiðsla verður klukkan 17.00. Að henni lokinni hefjast umræður um 24. dagskrármálið.

### *Staðfesting viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn, frh. síðari umr.*

Stjtill., 568. mál. — Þskj. 968, nál. 1268 og 1374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Tillgr. samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** KHG.

8 þm. (HG, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, ÓE, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:49]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Herra forseti. Sú útfærsla hernaðarbandalagsins NATO sem fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir er afar óæskilegt skref í öryggismálum Evrópu. Ég hef í umræðum um þessa tillögu gert ítarlega grein fyrir afstöðu minni til málsins. Í stað þess að færa út hernaðarbandalagið NATO hefði átt að leita nýrra leiða í öryggismálum álfunnar í heild, m.a. með því að koma á kjarnorkuvopnalausu svæði um álfuna þvera frá norðri til suðurs með þátttöku Norðurlanda og m.a. þeirra ríkja sem á nú að taka undir kjarnorkuhlíf Atlantshafsbandalagsins. Ég óttast afleiðingar þess sem hér er að gerast og lýsi andstöðu minni við það með því að greiða tillögunni ekki atkvæði mitt.

[13:50]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég er því fylgjandi að virða beri sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Að því tilskildu að þær gangi ekki á hlut eða rétt annarra er það sjálfsagt og eftirsóknarvert að

virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða, að þjóðum sé ekki þröngvað til að gera það sem stríðir gegn skynsemi, sanngirni og sannfæringu meiri hlutans. Þess vegna vildi ég að við Íslendingar stilltum okkur upp með fátækum ríkjum sem alþjóðafjármagnið setur afarkosti: „Einkavæðið og veitið auðhringum eignarhald á orkuverum ykkar og almannaþjónustu, annars engin lán frá Alþjóðabankanum og engin fyrirgreiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“ Því miður taka Íslendingar afstöðu með alþjóðafjármagninu gegn sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Það gerir ríkisstjórn Íslands. Á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stillum við fátækum ríkjum upp við vegg og þrengjum að sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Hins vegar þegar menn ætla að hervæðast og einhvers staðar finnst meiri hluti fyrir því að stækka NATO, þá þykir henta að tala um sjálfsákvörðunarrétt og þá megi menn vita að þeir eigi stuðning Íslendinga vísan.

En hér er, hæstv. forseti, á tvennt að líta. Íslendingar eiga ekki að fara með lyklavöld að hernaðarbandalaginu NATO. Við eigum að beina kröftum (Forseti hringir.) okkar að því að styrkja alþjóðlegt og lýðræðislegt öryggiskerfi og tryggja að það þjóni heiminum öllum en ekki sérhagsmunum tiltekinna hernaðarstórvelda.

Og hitt, hæstv. forseti, sem ég vil benda þeim mönnum á sem skírskota til vinsælda NATO í austanverðri Evrópu nú um stundir, það á við (Forseti hringir.) jafnt þar og nú á Indlandi og í Pakistan að þótt yfirgnæfandi meiri hluti fagni kjarnorkusprengingum og vopnavæðingu þá ber okkur að hugsa á alþjóðavísu fyrir friði gegn hernaðaruppbyggingu. Við eigum ekki að ljá vígbúnaðarútþenslu fylgi okkar (Forseti hringir.) með því að greiða atkvæði með stækkun og styrkingu hernaðarbandalagsins NATO.

[13:52]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að stækkun gamaldags hernaðarbandalags sem byggir á hótun um beitingu gereyðingarvopna sé mistök. Ég tel að Evrópa sé að missa af sögulegu tækifæri til að sameinast öll um heildstæðar lausnir í öryggismálum sem byggja á afvopnun, hlutlausu og friðlýstu belti frá Norðurlöndum og niður eftir Evrópu og stuðningi við uppbyggingu og lýðræðisþróun í austanverðri Evrópu en ekki stækkun gamaldags hernaðarbandalags. Það er ærin ástæða til að óttast að stækkun NATO muni leiða til nýrrar skiptingar og spennumyndunar í Evrópu, muni leiða til vígbúnaðaruppbyggingar í hinum nýju aðildarlöndum og grannríkjum þeirra sem hafa þó ríka þörf fyrir að nota fjármuni í flest annað en vopn um þessar mundir.

Ég er andvígur aðild Íslands að þessu hernaðarbandalagi. Sú stefna NATO að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði er algerlega andstæð lífsskoðunum mínum. Ég get því með engu móti stutt stækkun á hernaðarbandalagi sem ég tel að ætti að leggja niður. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:53]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Með skírskotun til álits minni hluta utanrmn., hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og þeirra orða sem félagar mínir hafa flutt í þessum atkvæðaskýringum greiði ég ekki atkvæði um þá tillögu sem hér er á dagskrá.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, KPál, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** KHG.

8 þm. (HG, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, ÓE, SF, SP, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1511).

## *Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 772, nál. 1225 og 1392, brtt. 1226 og 1393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, ÓE, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:55]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er samkvæmt lögum að þetta frv. er núna endurskoðað og veldur vissulega vonbrigðum að þrátt fyrir TIMSS-skýrslur sem hafa gefið vísbendingu um að ástæða væri til að leita úrbóta og þrátt fyrir umræðu um árangur í íslenskum skólum sem hefur gengið mjög í sömu átt þá er engin tilraun gerð í þessu frv. til að reisa flaggið hærra hvað varðar menntunarkröfur til kennara heldur eru kröfur í vissum atriðum þar sem síst skyldi minnkaðar til þeirra sem eiga að gegna kennslustörfum. Við í minni hluta menntmn. greiðum þessu frv. atkvæði og flestum þeim brtt. sem fyrir liggja en flytjum sjálfar brtt. við 12. gr. og við 21. gr.

Brtt. 1226,1 samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KHG, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6.–8. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1226,2 samþ. með 43 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1226,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1393,1.a felld með 28:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.
19 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KHG, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:00]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Við 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. þessa frv. er verið að gefa afslátt frá þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda kennslu í framhaldsskóla. Hér er ekki aðeins verið að gefa afslátt frá því að kennari við framhaldsskóla hafi 31 eininga nám í kennslufræði til viðbótar 90 eininga faggreinanámi sínu heldur er einnig verið að gefa stórkostlegan afslátt hvað varðar faglegar kröfur. Miðað við texta greinarinnar og þann skilning sem staðfestur var í umræðum um málið getur sá orðið fullgildur kennari í grein innan framhaldsskóla sem hefur einungis 30 eininga nám að baki í faggrein og 15 einingar í kennslufræði. Hér er því ekki aðeins verið að ganga gegn því sem allar stofnanir sem mennta kennara telja rétt eða kennarasamtökin. Hér er augljóslega verið að ganga gegn því sem er þó yfirlýst markmið þessarar lagasetningar að auka kröfur um fagmennsku í skólunum. Minni hlutinn leggur því til að 2. tölul. verði felldur út úr frv. og ég segi já.

Brtt. 1393,1.b felld með 26:16 atkv. og sögðu
**já:** GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:02]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Þarna er verið að leggja drög að því að þeir sem hafa lokið prófi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein þurfi ekki að ljúka nema 15 einingum í námi til kennslufræði og kennsluréttinda til að öðlast full réttindi til kennslu. Þetta er afturför frá því sem nú er og engin ástæða til að ætla að jafnvel þó menn hafi verið iðnmeistarar og með lærlinga sem slíkir gefi það þeim neina yfirburði yfir aðra til að skipuleggja bóklegt nám í kennslustofu og þaðan af síður til að skipuleggja námsmat. Við mótmælum þessu harðlega og höfum þess vegna lagt til þessa brtt.

Brtt. 1226,4 samþ. með 39 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.
15 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:04]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Herra forseti. Vegna þeirrar niðurstöðu sem hefur orðið hér í atkvæðagreiðslunni vil ég boða það að minni hluti menntmn. mun við 3. umr. um þetta mál kynna brtt. við 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. og freista þess þannig að ná samkomulagi í þinginu um að faglegra sjónarmiða verði betur gætt við þessa löggjöf og í samræmi við yfirlýst markmið lagasetningarinnar.

13.–14. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.
16 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁÞ, BH, DO, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

16.–18. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ.
3 þm. (HG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1226,5 samþ. með 41 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1226,6 samþ. með 42 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1393,2 felld með 26:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.
22 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:08]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Hér er lagt til að heimild til undanþágu frá ákvæðum þessara laga eigi eingöngu við þá sem kenna í

sérskólum í listum en ekki við þá sem kenna í listabrautum framhaldsskóla. Myndlistarkennarar hafa mótmælt greininni eins og hún er í frv. og í brtt. meiri hlutans en þeir hafa verið að afla sér kennsluréttinda mörg undanfarin ár og finnst verið að gjaldfella með undanþáguheimildinni. Með þessari brtt. er opnað á það að listamenn kenni í sérskólum í listum, enda er skammt í það að þeir flytjist á háskólastig án þess að kennsla í listum í almennum framhaldsskólum sé sett á lægri stall en önnur kennsla.

Brtt. 1226,7 (ný 21. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ.

20 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, DO, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Við í minni hluta menntmn. höfðum lagt fram brtt. sem við töldum að væri til mikilla bóta en hefur verið felld í atkvæðagreiðslu í þinginu. Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu er þó til bóta miðað við eins og þetta stendur í sjálfu frv. þannig að við munum greiða þessu atkvæði.

22. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

### *Íþróttalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 774, nál. 1213, brtt. 1264.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
[14:11]

**Guðný Guðbjörnsdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í tengslum við þetta frv. átti sér stað mjög góð umræða í menntmn. um þrjár skýrslur er snerta stöðu kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar eins og fram kemur í nefndarálitinu og voru allir sammála um að átaks væri þörf í þeim efnum. Hér gafst því stórkostlegt tækifæri til að koma jafnréttissjónarmiðum að í þessu annars ágæta frv. en það tækifæri var því miður ekki notað. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. erum því með brtt. við 3. og 8. gr. frv. sem miða að því að gera jafnréttisstarf í íþróttahreyfingunni öflugra og við skorum á þingheim að samþykkja þær.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1264,1 felld með 22:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁRJ, GE, GÞÞ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, StB, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

22 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
4.–7. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1264,2 felld með 25:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9.–16. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

### *Aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, frh. síðari umr.*

Þáltill. SvanJ o.fl., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 1361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Brtt. í nál. 1361 samþ. með 43 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, BBj, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ.

27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GE, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, RG, SighB, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1513).

*Almannatryggingar, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 348. mál (lögheimilisskilyrði, slysatrygging sjómanna o.fl.). — Þskj. 1234, brtt. 1261 og 1381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1381 kölluð aftur.

[14:18]

**Ásta R. Jóhannesdóttir** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Frv. það sem er að koma til atkvæða um almannatryggingar er allt til bóta. Í því felast miklar réttarbætur fyrir fjölda fólks, m.a. Íslendinga erlendis.

Á þskj. 1381 er brtt. frá þeirri sem hér stendur ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur. Í henni felast miklar bráðnauðsynlegar réttarbætur fyrir fjölda öryrkja sem búa við þá óréttlátu skerðingarreglu tekjutryggingar að tekjur maka skerði greiðslur til þeirra frá Tryggingastofnun og þau geta ekki vegna hennar haldið eða stofnað fjölskyldu af fjárhagsástæðum. Þessi brtt. er kölluð aftur í trausti þess að hæstv. ráðherra gaumgæfi þau rök sem fram komu í umræðunni um brtt. og að hæstv. ráðherra breyti þá lögum í haust svo ekki verði brotið á lífeyrisþegum á þennan ómannúðlega hátt og lögin gerð þannig skýr eins og umboðsmaður Alþingis hefur kallað eftir í áliti um málið.

Einnig hefur komið fram að þessi skerðingarregla er samkvæmt reglugerð sem á sér ekki stoð í lögum. Þessi brtt. er því kölluð aftur að sinni.

[14:21]

**Ögmundur Jónasson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er almennt til bóta en ég vil vekja athygli á því að skattleysismörk vaxtagróða hjá hjónum eru 5,9 millj. kr. Hjón mega hafa 5,9 millj. kr. í árstekjur af vöxtum án þess að greiða eina einustu krónu í skatt. Gangi öryrki í hjónaband fer hann úr 63 þús. kr. á mánuði niður í 43 þús. og fari tekjur maka hans yfir 165 þús. kr. á mánuði þá hrapar öryrkinn niður í 15 þús. kr. á mánuði. Þetta stríðir gegn sanngirni, þetta stríðir gegn skynsemi og þetta er mannréttindabrot.

Hér hefur komið fram að tillaga þess efnis að leiðrétta þetta hefur verið dregin til baka. Ég vona að þar með sé verið að stíga skref sem tryggi að þetta verði lagað þegar í stað þegar þingið kemur saman í haust.

Brtt. 1261 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE.

24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GE, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1514).

*Áfengislög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 813, nál. 1327, brtt. 1328 og 1434.

[14:24]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hér er að koma til afgreiðslu frv. og reyndar spyrða frumvarpa sem tengjast öll ÁTVR og tilraunum til að einkavæða þá starfsemi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og undirritaður hafa komið með tillögur sem hafa flestar verið keyrðar á kaf en lúta að því að færa verslun með áfengi og tóbak í nútímalegra horf án þess þó að hverfa frá aðhaldssamri og ábyrgri stefnu á þessu sviði.

Þá höfum við viljað gera stjórnkerfi ÁTVR lýðræðislegra og færa ákvarðanatöku um stefnumótun á þessu sviði frá ráðherrum einum og pólitískum aðila sem þeir setja yfir stjórn fyrirtækisins og hefur ítrekað orðið uppvís að því að ganga erinda þeirra sem vilja leggja ÁTVR niður. Síðan ákvað stjórn ÁTVR að lækka álögur á áfengi úr 11% í 10%. Þetta minnkar tekjur ríkissjóðs úr 55 millj. kr. án þess að færa verðið niður.

Hvert fara þessir milljónatugir? Þeir fara til brennivínsheildsala til að fjármagna óhagræðið sem verið er að skapa þeim með öllum þessum lagabreytingum. Allt gengur þetta meira og minna gegn hagræðingu og skynsamlegri ráðstöfun fjármuna. Sífellt verður eftirlitið erfiðara og þyngra. Afleiðingarnar eru aukið skrifræði og nýjar deildir innan lögreglunnar til að reyna að koma einhverju skipulagi á þá hringavitleysu sem þessi ríkisstjórn er að skapa á sviði áfengismála.

Við styðjum að sjálfsögðu það sem horfir til bóta í þessum frv. en annað ekki. Það liggur í augum uppi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Brtt. 1328,1 samþ. með 42 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1328,2 samþ. með 37 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1328,3 samþ. með 40 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, IP, KF, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

15 þm. (GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Uppsetning þessa frv. vekur sérstaka athygli en þannig er að ákvæði 3., 4. og 5. gr. og segja má einnig ákvæði 8. og 9. gr. eru í reynd öll miðuð við að áfengissala og áfengisdreifing í landinu sé almennt í höndum einkaaðila. Aðeins á einum stað í frv. er haldið til haga því ákvæði að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skuli hafa einkaleyfi til smásölu á áfengi.

Þessi framsetning málsins vekur tortryggni og að mörgu leyti er gengið þannig frá málunum að það verður nánast handarverk eitt fyrir þá sem síðar vildu einkavæða að fullu

áfengisverslun í landinu. Brtt. frá allshn. hefur verið samþykkt við 3. gr. og er vissulega til bóta þó að í litlu sé að fella niður úr 2. mgr. greinarinnar orðið „smásölu" þannig að það dregur úr þeirri áherslu sem ella má segja að framsetning frv. hafi falið í sér og vísar eins og áður sagði öll í þá átt að einkavæða skyldi þessa starfsemi að fullu.

Ég tortryggi engu að síður þennan umbúnað málsins, herra forseti og mun sitja hjá við þessar greinar, 3., 4. og 5. og síðan 8. og 9. gr. frv.

[14:29]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Markmið þessara laga er allt að vinna gegn misnotkun á áfengi. Íslendingar hafa staðið sig illa í áfengisvörnum og farið kringum vandann eins og hvolpar kringum heitt soð. Allmörg nýmæli eru í þessum lögum og ég vona að þau dugi til síns brúks. Það hlýtur að gerast með því að betur verði eftir lögunum farið hér eftir en hingað til.

Reglur um framkvæmd umferðarlaga hafa nýverið verið hertar. Gott væri ef hið sama gerðist í framkvæmd áfengislaga því að þá verða þessi lög til mikilla bóta, annars stöndum við í besta falli í sömu sporum.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, KF, KH, KB, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÖS.

14 þm. (GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, SighB, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1328,4 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÖJ.

6 þm. (HG, RA, RG, SJóh, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, SighB, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, KF, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

14 þm. (GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SighB, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

6.–7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE.

5 þm. (MF, RA, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SighB, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE.

9 þm. (HG, KHG, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10.–12. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1328,5 samþ. með 44 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1434,1 felld með 23:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁMM, EKG*, GE, GÞÞ*, GÁS, HG, JóhS, KHG, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EOK, FI, GHH, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, RG, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 1328,6 samþ. með 43 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

15.–16. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1434,2 felld með 26:16 atkv. og sögðu

**já:** GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ.

7 þm. (GE, GÁS, JóhS, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1328,7 samþ. með 42 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

20.–31. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1328,8 samþ. með 43 shlj. atkv.

32. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1328,9.a (nýtt ákvæði til brb., verður ákvæði til brb. II) samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG*, SighB, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE.

**nei:** ÖS.

9 þm. (GÁS, HG, KHG, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1328,9.b (nýtt ákvæði til brb., verður ákvæði til brb. III) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1328,9.c (nýtt ákvæði til brb., verður ákvæði til brb. IV) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE.

12 þm. (GÁS, HG, KHG, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það má út af fyrir sig segja að ekki sé ástæða til að setja sig gegn nefndarskipan sem á að fá það verkefni að kanna, eins og svo fallega segir í inngangsorðum textans, með hlutlausum hætti hvort ástæða sé til þess að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. En þegar betur er að gáð og lesnir eru síðari töluliðir brtt. þá er í raun eingöngu nefndur sá möguleiki að lækka áfengiskaupaaldurinn. Það er nefnt í 4. og 5. tölul. hvort ekki sé sérstök ástæða til að skoða að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár eða hvort gera eigi tilraun með að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár.

Tónninn í þessari brtt., herra forseti, gerir það að verkum að ég treysti mér ekki til að styðja hana. Ég er eindregið andvígur því að lækka áfengiskaupaaldur. Það liggja í raun og veru fyrir allar kannanir sem þarf, held ég, til þess að sýna fram á að reynslan af því að lækka áfengiskaupaaldur þar sem það hefur verið gert er slæm og mörg ríki sem það hafa gert hafa horfið frá því ráði og hækkað hann á nýjan leik og jafnvel hækkað hann upp í hærri aldur en hann var áður. Ég treysti mér ekki til að styðja tillögu sem meira og minna gefur þann tón að tilefni skoðunarinnar eigi að vera hvort ekki eigi að lækka áfengiskaupaaldurinn.

[14:42]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er ekki tekin nein afstaða til þess hvort lækka skuli áfengiskaupaaldur eða ekki. En eftir þær umræður sem fram höfðu farið í nefndinni um þetta mál, og það hefur ekki farið fram hjá neinum að það fer fram umræða í þjóðfélaginu um að lækka áfengiskaupaaldur, þá taldi nefndin eðlilegt að þetta mál yrði skoðað af hlutlausum aðilum. Þannig hefðu hv. þm. einhver gögn þegar þetta mál kemur næst til umfjöllunar og því er þessi tillaga lögð fram af nefndinni.

[14:43]

**Hjörleifur Guttormsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Öðru hvoru er forseti að minna á að þegar menn gera grein fyrir atkvæði þá eru menn að taka þátt í atkvæðagreiðslu en ekki að taka þátt í umræðu. Ég hef minnt á þetta nokkrum sinnum og ég tek eftir því að forsetar eru að reyna að halda utan um þetta sjálfsagða ákvæði. En hér gerist það nú síðast að formaður þingflokks Framsfl. bregst við greinargerð frá einum hv. þm. eða skýringu við atkvæði og er að svara því í atkvæðagreiðslu. Mér finnst að það verði að grípa til einhverra róttækra ráða til að þetta ákvæði þingskapanna haldi og það sitji síst á forustumönnum í þingflokkum að ganga gegn þingsköpum að þessu leyti.

[14:44]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill láta þess getið sem hann hefur oft áður sagt að meginreglan er sú að hv. þm. eiga að óska eftir því að gera grein fyrir atkvæði sínu um leið og atkvæðagreiðslan hefst. En vegna þess að oft er dálítið erfitt að átta sig á því hverjir hafa raunverulega óskað eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu hafa forsetar verið frekar frjálslyndir hvað þetta varðar. Það er alltaf hægt að láta sér sjást yfir þegar menn óska eftir að taka til máls en ég held að það sé hins vegar alveg á sínum stað að minna á að sú á að vera reglan að allir kveðji sér hljóðs samtímis í upphafi þannig að atkvæðagreiðsla komi ekki þannig út að einn sé að svara öðrum heldur séu menn eingöngu að gera grein fyrir eigin skoðunum.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Lögreglulög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 520. mál (eftirlit með meðferð áfengis). — Þskj. 891, nál. 1331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

### *Fyrirkomulag áfengisverslunar, frh. 2. umr.*

Frv. SJS og ÖJ, 394. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 715, nál. 1355.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]

Brtt. 1 í nál. 1355 (1.–4. gr. falli brott) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KÁ, KH, KPál, ÓE, SF, SP, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það verður að játa að með þessari brtt., sem fellir niður 1.–4. gr. frv. sem ekki var nema sex greinar í byrjun, verður heldur lítið eftir af hugverkinu. Við flutningsmenn höfum þó ákveðið að styðja þessa brtt. og afgreiðslu málsins eins og virðuleg efh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að leggja til. Eftir stendur að eitt efnisatriði frv. hlýtur náð fyrir nefndinni og vonandi fyrir meiri hlutanum á hinu háa Alþingi, þ.e. að þjónusta Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skuli vera vönduð sem og upplýsingagjöf til viðskiptavina um það sem þar er á boðstólunum. Þetta er lítið skref í þá átt að gera þjónustu þessarar stofnunar nútímalegri þannig að betri sátt megi ríkja um tilvist hennar og það hlutverk sem hún hefur.

Markmiðið með flutningi þessa frv. er að vinna gegn þeim andróðri sem viðhafður er til að reyna að gera þetta fyrirtæki óvinsælt og undirbúa að auðveldara verði að hrópa það af. Það sem eftir stendur af frv. er svo gott, herra forseti, að við ákvæðum að styðja þessa brtt.

Brtt. 2 í nál. 1355 (ný efnismgr. 5. gr., verður 1. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

6. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 3 í nál. 1355 (ákvæði til brb. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 4 í nál. 1355 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Vörugjald, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 347. mál (álagning, eftirlit o.fl.). — Þskj. 1033, brtt. 1259 og 1468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Brtt. 1468,1 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1259 samþ. með 29:11 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HG, IP, KF, KHG, KB, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS.

**nei:** GE, GGuðbj, HjálmJ, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, PHB, RA, SJóh.

3 þm. (MS, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GÁS, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Þessi brtt. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. felur í sér niðurfellingu á 25% vörugjaldi á skotvopnum og skotfærum og gerir þessi vopn þar með 20% ódýrari. Ég er alfarið á móti þessari tillögu. Mér þætti nærtækara að lækka vörugjöld á þvottavélum og öðrum heimilistækjum sem bera 20% vörugjald.

Það er ástæðulaust að létta aðgengi að skotvopnum en *byssueign er þegar orðin of almenn að mínu mati, en* 18 þúsund skotvopnaleyfi hafa verið veitt til Íslendinga. Það eru 18 þúsund manns sem hafa skotvopn.

Ég hef ekki orðið fyrir jafnmiklum og skipulögðum lobbísma áður eins og í sambandi við þetta mál. Yfir mig hafa dunið símbréf, sendibréf, ályktanir og símtöl í tugatali en heimilin í landinu hafa ekki haft samband við mig um að lækka vörugjald á heimilistækjum. (**Gripið fram í:** Eru þessi menn ekki með heimili?) Ég gef lítið fyrir þau rök að aðrar íþróttavörur beri ekki vörugjöld. Jeppaíþróttamenn syngja annan söng enda þurfa þeir að greiða 40–65% vörugjöld á íþróttavörur sínar, þ.e. jeppana.

Herra forseti. Ég segi nei.

[14:54]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Ég vil að vörugjald sé fellt niður af nytsamlegri hlutum en haglabyssum og skotfærum. Ég tel að hér sé gefið slæmt fordæmi og jafnvel hættulegt og segi nei.

Brtt. 1468,2–3 samþ. með 43 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1517).

### *Bindandi álit í skattamálum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 552. mál. — Þskj. 1233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, PHB, RG, SF, SP, SvG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1518).

### *Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 547. mál (álagsstuðull á vexti). — Þskj. 932, nál. 1310, brtt. 1420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]

Brtt. 1420 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1310 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 942, nál. 1308, brtt. 1309, 1332 og 1342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]

1. gr. samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

**nei:** PHB.

1 þm. (GÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:58]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Hér er lögð til mikil breyting á nýsettum lögum um fjármagnstekjur, þ.e. að 7% arður fyrirtækja verði ekki til frádráttar af tekjum fyrirtækjanna eins og verið hefur. Þar með er lögð af sú stefna að lánsfé til fyrirtækja sé jafnsett áhættufé. Þetta mun koma illa niður á nýjum fyrirtækjum og litlum og fyrirtækjum sem ekki hafa mikinn hagnað, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Sú breyting sem hér er lögð til, þ.e. að lækka skattprósentu á fyrirtækin, mun koma stórum fyrirtækjum með mjög hátt gengi til góða en illa við ný fyrirtæki og nýsköpun. Ég segi nei.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1309,1 (ný 3. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (GE, GÁ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, SF, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:00]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða sú grein sem í raun og veru breytir skattlagningu á arðgreiðslur fyrirtækja. Ég hef lýst í umræðum um þetta mál mjög svipuðum efasemdum og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði í atkvæðaskýringu áðan. Ég er ekki sannfærður um að hér sé verið að velja rétta leið til að gera annars þarfar lagfæringar á meðferð skömmtunar arðgreiðslna milli fyrirtækja. Ég óttast að þessi tilhögun verði andstæð nýsköpun og fyrst og fremst mótdræg nýjum fyrirtækjum og einyrkjum, fyrirtækjum sem starfa algerlega sjálfstætt, eiga ekki eignarhlut í öðrum fyrirtækjum eða fá arðgreiðslur frá öðrum fyrirtækjum.

Greinin mun hins vegar ívilna stórum samsteypum þar sem mikið er um arðtilflutning milli fyrirtækja. Ég tel þá breytingu ekki til góðs né að hér sé valin heppileg leið til þess að gera breytingar á þessu sviði. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1309,2 (tvær nýjar greinar, verða 5.–6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, IP, KF, KB, LMR, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, MF, ÓE, SF, SP, TIO) fjarstaddur.

5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1342 felld með 28:18 atkv. og sögðu

**já:** GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:02]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Efh.- og viðskn. þríklofnaði í afstöðu sinni til þessarar greinar. Við þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar leggjum til, með brtt. þeirri sem nú kemur til atkvæða, að tekjuskattsprósentan af hagnaði fyrirtækja verði 32% í kjölfar þeirra breytinga á skattlagningu arðgreiðslna sem áður hafa komið til atkvæða. Hv. þm. Pétur H. Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson leggja til að þetta hlutfall fari niður í 28% en afgangurinn af efh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Það að samþykkja frv. óbreytt þýðir óumdeilanlega nettólækkun á raunsköttum fyrirtækjanna mitt í góðærinu.

Við sjáum enga ástæðu til þess, herra forseti, að létta sköttum af gróðafyrirtækjum landsins við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum okkar og leggjum til að þetta hlutfall lækki í mesta lagi niður í 32%, sé ástæða til að breyta því yfir höfuð.

[15:03]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta að því hvort hér sé ekki rangt að farið í atkvæðagreiðslunni. Á ekki fyrst að bera upp þá tillögu sem lengra gengur? Ef svo vildi til að þessi tillaga yrði samþykkt, þá væri ekki hægt að bera upp tillöguna á þskj. 1332.

Áður en ég tek efnislega til máls um þessa atkvæðagreiðslu, ef þurfa þykir, þá vil ég spyrja forseta hvort það sé ekki rétt að hætta þessari atkvæðagreiðslu og taka fyrri brtt. fyrst. (**VE:** Gengur þessi ekki lengra í skattheimtu?) Hin tillagan gengur lengra, virðulegi forseti, í fráviki frá þeirri aðaltillögu sem fyrir liggur. Þá tillögu sem lengst gengur í fráviki eða til breytinga á að sjálfsögðu að bera upp fyrst.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vekur athygli á því að báðar brtt. sem hér er um að ræða, önnur flutt af Pétri H. Blöndal o.fl. en hin flutt af Steingrími J. Sigfússyni o.fl., víkja frá frv. En þegar að því kemur að úrskurða hvor gangi lengra þá vandast málið. Þær víkja báðar frá frv. sem nemur 2%. Það er nú svo að aðra hvora verður að taka fyrst og hér hefur verið ákveðið að greiða fyrst atkvæði um þessa tillögu og er það endanleg ákvörðun.)

Herra forseti. Ég bendi bara virðulegum forseta á að ef þessi tillaga sem nú er til atkvæðagreiðslu yrði samþykkt, þá er ekki hægt að bera upp tillögu Péturs H. Blöndals o.fl. Ég vil aðeins, ef ég má, virðulegi forseti, ítreka það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan. Verði þessi tillaga felld, þá óska ég eftir að a-liðurinn við 6. gr. verði sérstaklega borinn upp og mun greiða atkvæði gegn þeirri ákvörðun að lækka við þessar aðstæður í miðju góðæri skatta á fyrirtæki.

(**Forseti** (RA)**:** Vegna þessarar athugaemdar hv. þm. vekur forseti athygli á því að það er löngum svo að samþykkt einnar tillögu útilokar samþykkt á annarri tillögu. Þetta gerist hér á hverjum degi hjá okkur og verður einnig í þessu tilviki.)

Brtt. 1332 felld með 40:4 atkv. og sögðu

**já:** EKG, EOK, GÞÞ, PHB.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GE, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:06]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Norðurlöndin, Finnland, Svíþjóð og Noregur hafa ákveðið að taka upp 28% skatt á hagnað fyrirtækja. Danmörk er hefur jafnframt lagt fram stjfrv. um það að taka upp sömu skattprósentu. Við sitjum því enn uppi með verri aðstöðu og verra umhverfi fyrirtækja en hin Norðurlöndin. Við stöndum frammi fyrir því að íslensk fyrirtæki standa í samkeppni við erlend fyrirtæki um fjármagn, fólk og verkefni. Það er mjög mikilvægt að fyrirtæki okkar séu ekki verr sett en önnur fyrirtæki sem við keppum við alþjóðlega. Þess vegna leggjum við til að upp verði tekin sama prósenta og stefnir í á hinum Norðurlöndunum.

Þetta er auk þess spurningin um að það sé hvati til fyrirtækja að ná hagnaði og hvati til þess að bæta stjórnun. Hvort tveggja er mjög lélegt á Íslandi og fyrirtæki með hagnaði geta borgað hærri laun, það er vel þekkt. Íslensk fyrirtæki hafa því miður borgað allt of lág laun. Ég segi já.

[15:08]

**Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):**

Herra forseti. Vissulega má færa margvísleg rök fyrir því að rétt væri að lækka umrætt álagningarhlutfall úr 30% í 28 eins og hv. síðasti ræðumaður lagði til. Ég tel hins vegar ekki tímabært að stíga þetta skref. Í frv. öllu eru teknir mikilvægir áfangar í að aðlaga skattkerfi okkar því sem gerist í nágrannalöndum. Við breytum ýmsu og röskum ákvæðum á einn veg og annan. Við skulum ekki ganga lengra að sinni.

Hins vegar er ljóst að það þarf að endurskoða þessi lög í áframhaldinu, m.a. með tilliti til breytinga á verðbreytingafærslu fyrirtækja og fleiri atriða. Að mínum dómi kæmi vel til greina að stíga þetta skref til fulls, eins og lagt er til með tillögunni. Af þessum ástæðum mælist ég til þess að í það minnsta stjórnarmeirihlutinn á Alþingi fallist á að hafna þessari tillögu, þ.e. aðrir en flutningsmenn sem sitja í efh.- og viðskn. þingsins. Ég segi nei.

[15:09]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á málflutningi hv. þm. vegna þess að flm. þessarar tillögu, þar sem lagt er til að skattar á fyrirtæki verði lækkaðir úr 33% í 28%, rökstyðja hana þannig að með því móti muni tekjur ríkissjóðs af skattheimtu fyrirtækja aukast. Aðferðin til þess að auka tekjur ríkissjóðs af sköttum er sem sagt að lækka skatta.

Ég vek líka athygli á því að hv. 1. flm. tillögunnar telur að þetta sé ekki nægilega stórt skref heldur eigi að fara niður í 25%. Ég hvet þessa hv. þm., virðulegi forseti, til þess að sýna sama skilning á málefnum einstaklinga. Á það skortir.

6. gr. (verður 8. gr.), a–b-liðir, samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

**nei:** GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GMS, HjÁ, JónK, KPál, MF, ÓE, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:12]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Verði þessi lækkun á álagningarprósentu tekjuskatts á hagnað fyrirtækja samþykkt þá þýðir það, samkvæmt fskj. með frv., 200 millj. kr. raunlækkun á hlutfallslegum skattgreiðslum fyrirtækja og tekjum ríkissjóðs. Hér er því á ferðinni sérstök gjöf frá ríkisstjórninni til gróðafyrirtækjanna í landinu upp á a.m.k. 200 millj. kr. Reyndar er ástæða til að ætla að þessi gjöf geti orðið meiri í ljósi þess að afkoma fyrirtækja hefur batnað og mörg fyrirtæki í heilum atvinnugreinum hafa nýtt upp öll gömul töp. Því er ljóst að það stefnir í auknar skattgreiðslur fyrirtækja á komandi árum.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að í stað þess að fyrirtæki, með batnandi afkomu, leggi meira af mörkum í sameiginlega sjóði landsmanna skuli þeim færð sérstök gjöf, nú mitt í góðærinu, væntanlega til þess að afla sambærilegra tekna og gjöfinni nemur með áframhaldandi aukinni skattlagningu á launamenn. Þessum áherslum í skattamálum

mótmæli ég og hvet menn til þess að fella þessa tillögu og halda skattahlutföllunum frekar óbreyttum en lækka þau. Skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi er þegar mjög hagstætt.

[15:13]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er í mínum huga ákaflega mikilvægt að stjórnvöld skapi atvinnulífinu þann starfsramma að það geti þróast eðlilega hátt og staðist samanburð við önnur lönd sem við berum okkur saman við. Eins og málum er háttað hér á landi í dag eru skattar sem atvinnulífið greiðir í sameiginlega sjóði með því lægsta sem þekkist þegar tekið er tillit til alls. Ég nefni þar lága launaskatta og svonefnda verðbreytingafærslu í því sambandi.

Með því að lækka skattprósentuna í 30%, eins og lagt er til í þessu frv., er fyrst og fremst verið að taka tillit til og rétta af þær breytingar sem frv. að öðru leyti hefur í för með sér, verði það samþykkt.

[15:14]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Við búum við gjafmilda ríkisstjórn. Fyrir aðeins tveimur sólarhringum færði hún nokkrum fyrirtækjum og einstaklingum á Íslandi gjöf sem þeir sjálfir meta á 25 þús. millj. kr. eða rúm 90 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn. Samherji fékk 1 milljarð, 225 jeppa af dýrustu gerð.

Nú kemur hæstv. ríkisstjórn og færir fyrirtækjunum aðra gjöf, 3% lækkun tekjuskatta. Það er því auðséð, virðulegi forseti, hvar samúðin liggur hjá ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., hverjum hún metur að sérstaklega þurfi að gefa í þessu góðæri.

6. gr. (verður 8. gr.), c–d-liðir, samþ. með 39 shlj. atkv.
7.–8. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Tollalög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 619. mál (vörur á sviði upplýsingatækni o.fl.). — Þskj. 1050, nál. 1353, brtt. 1354 og 1501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1354,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1354,2 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1354,3 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1354,4 samþ. með 37 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
10.–18. gr. (verða 11.–19. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1501 (ný grein, verður 20. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
19.–20. gr. (verða 21.–22. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

### *Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 620. mál. — Þskj. 1051, nál. 1330, brtt. 1431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 1330 (4. gr. falli brott) samþ. með 39 shlj. atkv.
5.–7. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1330 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 3 í nál. 1330 (tvær nýjar greinar, verða 8.–9. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 4 í nál. 1330 (10. gr. falli brott) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 5 í nál. 1330 (ný 11. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 6 í nál. 1330 samþ. með 39 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
13.–14. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1431 samþ. með 39 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

### *Yfirskattanefnd, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 641. mál. — Þskj. 1104, nál. 1329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1329 samþ. með 39 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

### *Eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 951, nál. 1313, brtt. 1314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1314,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 1314,2 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GÞÞ, HBl, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (GE, GÁS, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LB, ÓE, SF, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hef fyrirvara á um tvo veigamikla efnisþætti í þessu frv. Sá fyrri lýtur að stjórnsýslulegri stöðu hins nýja Fjármálaeftirlits og sá síðari að samskiptum Fjármálaeftirlitsins við Seðlabankann. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að hyggilegt sé að búa svo um hnúta sem 3. og 4. gr. II. kafla frv. um stjórnsýslu gera ráð fyrir, að þessi stofnun sé færð undir viðskrh. og í raun og veru einræði hans. Mér blöskrar það gífurlega vald sem verið er að þjappa saman undir einn ráðherra í viðskiptaheiminum þessi missirin. Ég bendi á að hæstv. viðskrh. á að vera allt í senn: yfirmaður bankamála, fara með eignarhald í ríkisbönkunum og vera yfir eftirliti með bankastarfseminni sjálfri. Menn geta velt því fyrir sér hvort það mikla vald sem verið er að færa undir viðskrh. af hálfu Alþingis sé sérstök verðlaun fyrir frammistöðu hans almennt á undanförnum vikum og mánuðum.

Ég hef miklar efasemdir um þennan frágang málsins, herra forseti, og teldi að fjmrn. ætti allt eins að skipa undir Alþingi eða láta það starfa í skjóli Alþingis eða forsrn. Ég mun því sitja hjá við ákvæði 3. og 4. gr. frv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, HBl, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1314,3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, HBl, HjálmJ, HG, KF, KÁ, KH, KB, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GÁS, GGuðbj, JóhS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1314,4 samþ. með 40 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1314,5 (ný 7. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

8.–11. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

12.–13. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GE, GÞÞ, HBl, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GÁS, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, LB, ÓE, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vona að ég reyni ekki um of í þolrifin í hæstv. forseta þó ég geri stuttlega grein fyrir afstöðu minni til atkvæðagreiðslu um 14. gr. frv. Það er þannig að í þessari grein er gengið frá samskiptum Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands. Fyrir liggur að Seðlabankinn telur sig ekki geta rækt hlutverk sitt sem miðbanki í landinu og eiga að hafa eftirlit með bankastarfsemi og góðum viðskiptaháttum í banka- og verðbréfaviðskiptum nema hafa á eigin vegum sjálfstæða möguleika til að afla upplýsinga milliliðalaust frá bönkum og verðbréfafyrirtækjum. Seðlabankinn hefur með öðrum orðum lýst því yfir að hann sjái sér ekki annað fært en byggja upp í staðinn ákveðið eftirlitsbatterí á eigin vegum þegar bankaeftirlitið verður fært út úr bankanum og sameinað Vátryggingaeftirlitinu í hinu nýja Fjármálaeftirliti.

Þetta finnst mér ekki góður frágangur á málum, herra forseti, að loka málinu á Alþingi með það fyrirsjáanlega fram undan að um verulegan tvíverknað og aukinn kostnað verði að ræða á þessu sviði. Ég hefði því kosið að vandað væri betur til vinnunnar hér hvað varðar 14. gr. og treysti mér ekki til að styðja ákvæði hennar eins og allt er í pottinn búið.

Brtt. 1314,6 samþ. með 40 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1314,7 samþ. með 38 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

17.–19. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1314,8 samþ. með 38 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

## *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 952, nál. 1315, brtt. 1316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Brtt. 1316,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv.

2.–5. gr. (verða 1.–4. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1316,2 samþ. með 38 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1316,3 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
9.–13. gr. (verða 8.–12. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1316,4 (ný efnismgr. 14. gr., verður 13. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
15.–16. gr. (verða 14.–15. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1316,5 (ný efnismgr. 17. gr., verður 16. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
18.–20. gr. (verða 17.–19. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1316,6 samþ. með 38 shlj. atkv.
21. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1316,7 (tvær nýjar greinar, verða 21.–22. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 987, nál. 1317, brtt. 1318 og 1419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1318,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1318,2 samþ. með 35 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GÞÞ, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, ÓE, SF, SP, StB, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vísa til atkvæðaskýringa með frv. til laga um fjármálaeftirlit. Hér koma til atkvæða þau ákvæði sem koma inn í seðlabankalögin í staðinn fyrir kaflann um bankaeftirlitið sem þar hefur áður staðið og lúta að heimildum Seðlabankans til sjálfstæðrar upplýsingaöflunar, með öðrum orðum til að starfrækja sjálfstætt eftirlit í stað þeirrar eftirlitsstarfsemi sem Seðlabankinn hafði áður með höndum og féll undir lagaákvæðin um bankaeftirlitið. Hér er með öðrum orðum verið að veita Seðlabankanum án nokkurs vafa nauðsynlegar lagaheimildir til þess að byggja upp eigið eftirlitsbatterí á eigin vegum eða innan bankans í stað bankaeftirlitsins.

Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um það að ég tel að frágangurinn á þessu máli sé ekki nægjanlega vandaður. Veruleg ástæða er til þess að óttast tvíverknað og aukakostnað vegna þess hvernig frá málinu er gengið. Ég kýs því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um ákvæði 7. gr. við hina nýju 13. og 14. gr. seðlabankalaganna.

Brtt. 1318,3 (ný 8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1419 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1318,4 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1318,5 (ný grein, verður 14. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1318,6 samþ. með 38 shlj. atkv.
13. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

### *Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 689. mál (aðgangur að vegamannvirkjum). — Þskj. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 702. mál. — Þskj. 1282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Gjöld af bifreiðum, frh. 1. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

### *Gjald af áfengi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 815, nál. 1283, brtt. 1507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1507,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1283, svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1507,2 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1507,3 samþ. með 33 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Þjóðfáni Íslendinga, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 542. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 1500.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1528).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 900, nál. 1319 og 1398, brtt. 1425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Till. í nál. 1398 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kölluð aftur.

[15:57]
**Steingrímur J. Sigfússon** *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Þegar minni hluti efh.- og viðskn. gekk frá nefndaráliti sínu í þessu máli voru enn til umfjöllunar á Alþingi svonefnd húsnæðisfrumvörp hæstv. ríkisstjórnar en eins og kunnugt er voru viðtækar kröfur uppi bæði innan þings og utan um að afgreiðslu þeirra frumvarpa yrði frestað. Við lögðum því til í nál. okkar á þskj. 1398 að frv. þessu um vaxtabætur yrði vísað til ríkisstjórnarinnar í tengslum við að húsnæðismálunum yrði að öðru leyti frestað.
Því miður bar hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi ekki gæfu til að verða við þeim vel rökstuddu og sanngjörnu kröfum að fresta afgreiðslu þessara mála og búið er að gera húsnæðisfrv. sjálft að lögum. Í ljósi þeirra breyttu aðstæðna kalla ég aftur tillögu í nefndaráliti okkar um að vísa málinu til ríkisstjórnar. Við munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu um málið en áskiljum okkur rétt til að leggja fram brtt. við frv. við 3. umr.

Brtt. 1425 samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KÁ, KB, MS, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, MS, ÓI, PP, PHB, SAÞ, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (GE, GÁS, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, RG, SF, SP, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, ÓE, SF, SP, StB, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

### *Búnaðarlög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 368. mál (heildarlög). — Þskj. 1443, brtt. 1467.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Brtt. 1467 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, ÓE, SF, SP, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er ugglaust hið ágætasta frv. að langmestu leyti sem hér er að koma til lokaafgreiðslu. Ekki mæli ég á móti því að þörf sé á að endurskoða lagabálkinn sem hér er verið að búa til og kalla búnaðarlög.

Í þessu frv. er þó eitt ákvæði sem ég get ómögulega sætt mig við. Það eru þeir afarkostir sem bændum, sem áttu inni ógreidd jarðræktarframlög, eru settir með þessu frv. og þeir ógeðfelldu stjórnsýsluhættir sem í því birtast. Bændum er stillt upp við vegg og þeim gert að afsala sér annaðhvort helmingi af réttmætum kröfum sínum á ríkissjóð eða hafa verra af. Auðvitað munu menn í flestum tilvikum frekar taka þessi 50% af kröfunum en að standa í málaferlum og láta reyna á stöðu sína þannig. Ég kann því afar illa þegar ríkisvaldinu er beitt svona og get ekki sætt mig við þessar málalyktir. Ég greiði því frv. ekki atkvæði.

[16:02]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég hafði skrifað upp á þetta frv. til búnaðarlaga með fyrirvara vegna ákvæðis til bráðabirgða þar sem gert var ráð fyrir að bændur fengju takmarkaðan hluta af þeim jarðræktarframlögum sem þeir áttu fullan og óskoraðan rétt til og ekkert annars.

Hér liggur fyrir brtt. frá meiri hluta landbn. um að við bætist það sem áður hafði verið ætlað að greiða bændum, 35 millj. á hvoru ári, 2001 og 2002. Ég mun styðja þá brtt. því að hún er til bóta en sitja hjá við afgreiðslu frv. að öðru leyti.

[16:03]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Þrátt fyrir að hagsmunaaðilar í bændastétt og ríkisstjórnin hafi gert samkomulag, þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka framlag vegna jarðræktarframlaganna margnefndu. Þar er bætt við umfram þann samning sem gerður var á haustdögum. Því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1530).

### *Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 436. mál (heildarlög). — Þskj. 1444, brtt. 1466.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

Brtt. 1466,1 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1466,2 samþ. með 37 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, JóhS, KF, KHG, KÁ, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (GE, GGuðbj, HG, KH, SJS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, SighB, SF, SP, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:05]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Í hv. landbn. gerði ég fyrirvara til þessa frv. Hann tók til 11., 13. og 15. gr. frv. Mjög hefur verið komið til móts við þær athugasemdir sem ég gerði við 11. og 13. gr. en ég vil vekja athygli á að fyrirvari minn við 15. gr. stendur enn. Í því ákvæði tel ég felast aðför að Tilraunastöðinni á Keldum. Vegna þess hve gengið hefur verið til móts við athugasemdir mínar við þetta frv., þá vil ég greiða því atkvæði að öðru leyti.

[16:06]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegi forseti. Frv. sem við greiðum atkvæði um í lokaafgreiðslu, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, var meingallað mál þegar það var lagt fyrir þingið. Á því hafa vissulega verið gerðar endurbætur við 2. og 3. umr. málsins. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og vafalaust fleiri hafa lagt fram mikla vinnu og góða í því sambandi. Eftir sem áður eru margir ágallar á þessari lagasmíð og af þeim sökum sit ég hjá við lokaafgreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1531).

### *Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 559. mál (mjólkurframleiðsla). — Þskj. 1442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, HG, IP, JóhS, JónK, KPál, ÓE, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:07]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða samning sem Bændasamtökin og ríkisstjórnin gerðu um framleiðslu á mjólkurvörum. Þessi samningur, eins og hann lá fyrir í frv., var lagður í atkvæðagreiðslu og samþykktur af 90% þeirra sem tóku þátt í henni.

Síðan gerist það að samningnum er breytt í veigamiklu atriði, í 14. gr. þar sem er tekið út ákvæði um að viðskipti með greiðslumark eigi að fara á einn markað. Ég tel að samningurinn sé ekki sá sami eftir að þessi breyting hefur verið gerð. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og greiði þess vegna ekki atkvæði um samninginn.

[16:08]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Vegna þess að löggjafarvaldið tók sig til og lagfærði samninginn í veigamiklum atriðum er varða tilboðsmarkað í mjólk, þá greiði ég honum að sjálfsögðu atkvæði mitt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1532).

### *Aðlögun að lífrænum landbúnaði, frh. síðari umr.*

Þáltill. ÞBack o.fl., 195. mál. — Þskj. 199, nál. 1257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1533).

### *Efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum, frh. síðari umr.*

Þáltill. EOK og StG, 266. mál. — Þskj. 334, nál. 1286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]

Brtt. í nál. 1286 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁMM, EKG, FI, GHH, GE, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, GB, GHall, GMS, HjÁ, IP, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, SighB, SF, SP, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1534).

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]

32. mál var of seint fram komið. — Samþ. með 40 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

### *Tilraunaveiðar á ref og mink, síðari umr.*

Þáltill. EKG o.fl., 95. mál. — Þskj. 95, nál. 1272 og 1506.

[16:13]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta umhvn., um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Nefndin fékk til fundar við sig Pál Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Jónas Helgason í Æðey. Nefndinni bárust einnig margvíslegar umsagnir sem hún nýtti sér við niðurstöður sínar. Nefndin leggur til að að tillgr. hljóði svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar og takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji reglur um og hafi eftirlit með veiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður um áhrif veiðanna. Tryggt verði að veiðarnar spilli ekki árangri þeirra rannsókna sem fram undan eru á refum á svæðinu."

Undir þetta ritar meiri hluti nefndarinnar, sá þingmaður sem hér stendur auk hv. þm. Kristjáns Pálssonar, Sighvats Björgvinssonar, Árna M. Mathiesens, Tómasar Inga Olrich og Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

Aðalatriðin sem koma fram í þeim breytingum sem ég hef nú lesið eru að nefndin mælir ekki með tilraunaveiðum á ref og mink heldur að fram fari veiðar á ref og mink og enn fremur að settar verði reglur og eftirlit um veiðarnar og að Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji þær reglur og hafi það eftirlit. Með þessu er ekki verið að stefna að tilraunaveiðum sem eigi að ganga eftir ákveðnu hefðbundnu tilraunaferli innan vísindalegra marka heldur er það atriði tekið í burtu og nefndin ályktar um veiðar sem slíkar en gerir ráð fyrir að þær verði tímabundnar og takmarkaðar. Enn fremur kemur háskólinn og Náttúrustofa Vestfjarða til sögunnar með reglum og eftirliti. Eins og fram kemur leggur nefndin mikla áherslu á það að ekki verði spillt þeim árangri sem menn vilja ná með rannsóknum. Með þessu teljum við að full tök séu á veiðum þessum og þær séu gerðar undir eftirliti ábyrgra aðila og rannsóknir séu tryggðar.

Það er óumdeilt að ref hefur fjölgað í friðlandinu á Hornströndum. Margir telja reyndar að ref og mink hafi fjölgað áður en til veiðibannsins kom fyrir nokkrum árum eins og víða hefur orðið á landinu en óumdeilt er að fjölgun hefur orðið, ekki síst eftir að veiðunum var aflétt. Um þetta má sjá í umsögnum frá veiðistjóra, frá Páli Hersteinssyni prófessor og Náttúruverndarráði svo vitnað sé í nokkrar umsagnir.

Þá vil ég einnig geta þess að heimaaðilar og þeir sem búsettir eru á svæðinu, bændur og aðrir sem hafa að staðaldri góða yfirsýn yfir náttúrufar á svæðinu fullyrða að ref hafi fjölgað, enda segir það sig sjálft að þegar veiðar hætta, ef þær hafa nokkru skilað, hlýtur dýrunum að fjölga.

Segja má að umsagnir um þetta mál skiptist í tvö horn. Annars vegar eru stofnanir og sérfræðingar sem telja að ekki eigi að aflétta banninu eða hefja veiðar, tilraunaveiðar að vísu eins og getið er um í upphaflegri tillögu frá hv. flutningsmönnum. Þeir leggjast gegn slíku. Fyrst og fremst eru röksemdir þær að upplýsingar og rannsóknir skorti. Eins og ég gat um áðan mæla þeir ekki á móti því að ref og mink hafi fjölgað, það er aðeins það að rannsóknir skorti. Margir úr þessum hópi benda á að hefja þurfi rannsóknir og gera þær ítarlegar og undir það getur sá sem hér stendur tekið.

Á hinn bóginn eru þeir aðilar sem vilja að veiðar séu hafnar og þessir aðilar eru heimamenn, bændur og annað það fólk sem hefur glögga yfirsýn með dvöl sinni og þekkingu á staðháttum og náttúrunni og telja að því lífríki sem þarna hefur verið í ákveðnu jafnvægi eins og náttúran heimilar og leyfir að talað sé um jafnvægi, sé hætta búin. Þessir aðilar mæla með veiðunum. Hverjir eru þessir aðilar? Þetta eru þeir sem mæla með veiðunum. Það eru: Kaldrananeshreppur, Bændasamtök Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Búnaðarsamband Strandamanna, Æðarræktarfélag Íslands, Grunnvíkingafélagið á Ísafirði, Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík, Búnaðarsamband Vestfjarða. Síðan má nefna nokkra einstaklinga: Indriða Aðalsteinsson, bónda á Skjaldfönn. Ég vil líka benda á að Eysteinn Gíslason í ráðgjafarnefnd um villt dýr ásamt Jónasi Helgasyni skiluðu séráliti í klofinni nefnd, ráðgjafarnefnd um villt dýr, þar sem þeir mæla með að veiðar séu hafnar. Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur ekki afstöðu.

Hinn hópurinn, sérfræðingar og stofnanir, eru: Náttúrufræðistofnun, meiri hluti ráðgjafarnefndar um villt dýr en sú nefnd er klofin eins og ég gat um áðan, umhvrn., Ísafjarðarbær, Náttúruverndarráð, veiðistjóraembættið og Páll Hersteinsson prófessor. Síðan eru nokkrir hlutlausir aðilar sem koma til sögunnar, leggja ekki mat á þetta og þar er Veiðimálastofnun í Vesturlandsdeild, sýslumaðurinn á Ísafirði skilar ekki sérstöku áliti, tekur ekki afstöðu en veitir ákveðnar upplýsingar og eins gerir líka Guðjón Ó. Magnússon landvörður.

Við stöndum þannig frammi fyrir því að taka afstöðu annars vegar að við styðjumst við og dæmum eftir því fólki sem með eigin augum og langri reynslu allt frá blautu barnsbeini horfir til náttúrunnar og hins vegar hinna sem fyrst og fremst vegna sérfræðiafstöðu sinnar, vil ég kalla, og ég ber fulla virðingu fyrir, telja að ekki séu nægar upplýsingar.

Þegar ég horfi á þetta tvennt á ég auðvelt með að taka afstöðu um þetta málefni. Ég treysti því fólki sem talar af þeirri reynslu og tilfinningu sem heimamenn og aðrir sem ég hef nefnt gera. Það er auðvelt að tína út úr þeim hópi einhverja eins og Æðarræktarfélagið eða aðra sem kunna að hafa þar hagsmuni en það ber líka að gæta að slíkum hagsmunum.

Þannig erum við að tala um tvö efnisatriði. Við erum annars vegar að tala um lífríkið og jafnvægi þess og hins vegar erum við að tala um hagsmuni. Það jafnvægi sem var í lífríkinu og refur og minkur hafði áhrif á hefur breyst með því að veiðunum hefur verið hætt. Ég tel að það megi að sjálfsögðu deila um það frá fagurfræðilegu eða tilfinningalegu sjónarmiði hvort slíkt eigi að gera eða ekki. Ég tel að refur og minkur séu slík dýr að þau nái að halda velli enda þótt veiðar séu stundaðar takmarkað þannig að ég er ekki að mæla með útrýmingu þessara dýra, a.m.k. ekki refsins þó að ég sé reyndar í þeim hópi að hafa litla samúð með minknum. Við getum þannig talað um viðhorf, sjónarmið og tekið okkur tilfinningaorð í munn þegar við ræðum þessi mál.

Þá komum við að hinu atriðinu sem eru hagsmunasjónarmiðin. Það er óumdeilt að minkur og refur hafa áhrif á búskap á Hornströndum. Æðarbændur verða fyrir verulegum búsifjum af völdum refa og minka og hafa komið fram margvíslegar ábendingar, m.a. talningar á æðarungum og eggjum, brotnum og hálfétnum eða étnum, og fleira mætti telja. Slíkar upplýsingar er fullar sannanir og enginn efast um að þær eru rétt fram bornar og óvefengjanlegt að bændur verða þar fyrir búsifjum. Þá er ekki fyrir að synja að refur hafi komist í fé og valdið þar skaða og meiðslum og dauða á búfénaði. Veiðiár eru fáar á þessu svæði og litlar rannsóknir á veiði þar en það vita allir sem til íslenskrar náttúru þekkja hvers konar spjöll refur og minkur og þó sérstaklega minkur getur valdið í veiðiám og er ég þá sérstaklega að tala um silungsveiðiárnar en silungur á einna helst lífvænt í stuttum ám Hornstranda.

Þá ber einnig að gæta að þeim hagsmunum sem þessir bændur hafa vegna vinnu sem þeir þurfa að leggja fram við gæslu í búskaparlöndum sínum. Mikið þarf að vaka yfir æðarvarpi og stugga frá þessum vargi og í það fer ómældur tími og erfiði hjá þessum aðilum. Við hljótum að virða réttindi þessara manna til reksturs í atvinnuvegi sínum og með þeim sérkennum og hefðum sem honum fylgja á Hornstrandasvæðinu.

Ég vil geta um enn eitt atriði sem snertir ekki endilega Hornstrandir heldur má segja að sé almennt atriði þegar við horfum til friðlanda og þjóðgarða. Vissulega er mjög eftirsóknarvert að við nýtum okkur þær leiðir sem friðlönd og þjóðgarðar gefa okkur til þess að vernda landið, hafa á því þá stjórn sem við teljum æskilega og vænti ég þess að þegar árin líða muni enn frekar verða nýttir þeir möguleikar sem þessi friðun leyfir.

Við hljótum þá að koma að hinni almennu spurningu: Ætlum við að láta friðun alltaf eða í langflestum tilfellum ganga á þann veg að allt land, dýraríki og lífríki skuli friðað í því horfi sem það er þegar friðunin er sett á eða ætlum við að hafa þann rétt að koma með einhverjum hætti til íhlutunar í náttúruna í friðlandi eða þjóðgörðum? Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að afsala okkur þeim rétti. Við eigum ekki endilega að friða landið í því ástandi sem það er. Land getur verið svo misjafnlega á sig komið. Það getur verið í hreinum tötrum hvað jarðveg og gróður snertir og eins líka hvað dýralíf snertir að eins og mörgu landi hefur verið spillt hljótum við að ætla okkur það að geta haft áhrif til bóta.

(**Forseti** (GÁS)**:** Nú vill forseti spyrja hv. þm. hvort langt sé liðið á ræðu hans því ef svo er ekki hefur forseti í hyggju að biðja hann um að fresta henni þar til áðurgreindu þinghléi lýkur, þannig að bón mín er sú hvort hv. þm. sé tilbúinn að gera hlé á ræðu sinni.)

Ég er tilbúinn að ljúka henni á tveimur mínútum.

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi atriði sem ég hef nefnt nægi til þess að benda þingheimi á að nauðsynlegt er að hefja takmarkaðar og tímabundnar veiðar undir því eftirliti fagaðila sem getið er um. Ég vænti þess að þingheimur fagni framkomu tillögunnar og samþykki hana á þessu þingi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:29]

Út af dagskrá voru tekin 24. og 32. mál.

Fundi slitið kl. 17:33.

# 145. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júní,
að loknum 144. fundi.

**Dagskrá:**

1. Íþróttalög, stjfrv., 447. mál, þskj. 774. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 1515, brtt. 1535. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Lögreglulög, stjfrv., 520. mál, þskj. 891, brtt. 1536. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 394. mál, þskj. 1516. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 547. mál, þskj. 1519. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 553. mál, þskj. 1520. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Tollalög, stjfrv., 619. mál, þskj. 1521. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 620. mál, þskj. 1522. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Yfirskattanefnd, stjfrv., 641. mál, þskj. 1523. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 560. mál, þskj. 1524. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, stjfrv., 561. mál, þskj. 1525. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 1526. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Virðisaukaskattur, frv., 689. mál, þskj. 1196. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

14. Verðbréfaviðskipti, frv., 702. mál, þskj. 1282. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

15. Gjald af áfengi, stjfrv., 480. mál, þskj. 1527. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Almenn hegningarlög, stjfrv., 522. mál, þskj. 1485, brtt. 1537. — 3. umr.

17. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 445. mál, þskj. 1512, brtt. 1538. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 1529. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Gjöld af bifreiðum, frv., 715. mál, þskj. 1395. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

20. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — 2. umr.

21. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1272 og 1506. — Frh. síðari umr.

22. Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, þáltill., 707. mál, þskj. 1364. — Fyrri umr.

[17:37]

**Útbýting þingskjala:**

Almenn hegningarlög, 522. mál, þskj. 1485; brtt. allshn., þskj. 1537.

Áfengislög, 478. mál, brtt. allshn., þskj. 1535.

Lögmenn, 57. mál, þskj. 1483.

Lögreglulög, 520. mál, brtt. allshn., þskj. 1536.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 445. mál, brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1538.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]

Of skammt var liðið frá umr. 1.–15. og 17.–19. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1535–1538. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

## *Íþróttalög, 3. umr.*

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 774.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1540).

## *Lögreglulög, 3. umr.*

Stjfrv., 520. mál (eftirlit með meðferð áfengis). — Þskj. 891, brtt. 1536.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]

Brtt. 1536 samþ. með 37 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1541).

### *Verslun með áfengi og tóbak, 3. umr.*

Frv. SJS og ÖJ, 394. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1516.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:45]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1542).

### *Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.*

Stjfrv., 547. mál (álagsstuðull á vexti). — Þskj. 1519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, JónK, KPál, ÓE, RA, RG, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1543).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 553. mál (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.). — Þskj. 1520.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (GE, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, JónK, KPál, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:48]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Í samræmi við þá afstöðu sem fulltrúar okkar í efh.- og viðskn. höfðu í þessu máli og fram kom í atkvæðagreiðslu og umræðum við 2. umr. málsins greiðum við ekki atkvæði um þetta mál eins og það liggur fyrir. Í því eru fjöldamargir þættir sem lúta að skattamálum en við höfum eins og kunnugt er lýst okkur andvíg þeirri sérstöku lækkun á sköttum fyrirtækja sem frv. gerir ráð fyrir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1544).

### *Tollalög, 3. umr.*

Stjfrv., 619. mál (vörur á sviði upplýsingatækni o.fl.). — Þskj. 1521.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:49]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1545).

### *Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 3. umr.*

Stjfrv., 620. mál. — Þskj. 1522.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:50]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1546).

### *Yfirskattanefnd, 3. umr.*

Stjfrv., 641. mál. — Þskj. 1523.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1547).

### *Seðlabanki Íslands, 3. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1526.

[17:51]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Með hliðsjón af því að þetta frv. er fylgifrv. með frv. sem var á dagskrá næst á undan hefði ég talið eðlilegt að það yrði hinkrað líka með afgreiðslu á þessu máli ef hægt er.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður við þessari beiðni og frestar 12. dagskrármálinu.)

Umræðu frestað.

### *Virðisaukaskattur, 2. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 689. mál (aðgangur að vegamannvirkjum). — Þskj. 1196.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

### *Verðbréfaviðskipti, 2. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 702. mál. — Þskj. 1282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

### *Gjald af áfengi, 3. umr.*

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 1527.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, KF, KÁ, KH, KB, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (GE, HG, JóhS, KHG, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1548).

### *Almenn hegningarlög, 3. umr.*

Stjfrv., 522. mál (afnám varðhaldsrefsingar). — Þskj. 1485, brtt. 1537.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
Brtt. 1537 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, KF, KHG, KÁ, KB, LB, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (GE, JóhS, MF, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1549).

***Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 3. umr.***

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 1512, brtt. 1538.
[18:01]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Menntmn. kom saman milli 2. og 3. umr. út af þessu máli og fékk fulltrúa frá Félagi sérkennara á sinn fund. Ástæða fundarins var sú að láðst hafði að boða fulltrúana á fund nefndarinnar. Þeir höfðu ekki verið upplýstir um þær breytingar sem eru að eiga sér stað.

Niðurstaða okkar í minni hluta menntmn. var sú að þörf væri á því að athuga betur en tækifæri gefst til í dag hvernig breyta eigi þessu frv. þannig að staða sérkennara verði betur tryggð en nú er. Við ákváðum því að koma ekki með brtt. varðandi stöðu sérkennara að sinni en munum skoða málið betur í sumar og hugsanlega flytja tillögu til breytinga í haust ef ástæða þykir til.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, við atkvæðaskýringu vegna 2. tölul. 12. gr. við 2. umr., þá boðaði hún að við í minni hluta menntmn. mundum koma með brtt. við þessa grein, þennan tölul. ef okkar brtt. yrði ekki samþykkt við 2. umr. Ákvæðið sem hér um ræðir fjallar um að þeir sem hafi meira en 90 einingar, þ.e. lágmarksmenntun, BA-próf í faggrein, þ.e. þeir sem hafa 30 einingar í viðbót, a.m.k. 120 einingar, þurfi einungis að taka 15 einingar í kennslufræðum í stað 30. Brtt. okkar við 2. umr. gekk út á að þetta félli brott þannig að allir þyrftu að taka 30 einingar í kennslufræðum.

Nú hefur sú tillaga verið felld. Þá erum við komin með aðra brtt. og mig langar að skýra hana, herra forseti, og mæla fyrir henni. Yfirlýst markmið þessara breytinga 2. tölul. 12. gr. er að hvetja þá sem eru með meira en BA-próf til þess að taka að sér kennslu í framhaldsskólum. Okkar tillaga gengur út á að þeir sem hafi 120 námseiningar eða meira, en þó sem skilgreint próf í sömu grein, geti einir fengið þennan afslátt á kennslufræði. Þetta leggjum við til fyrst og fremst vegna þess að eins og frv. stendur núna er mögulegt að verða viðurkenndur framhaldsskólakennari í grein ef viðkomandi hefur eingöngu 30 einingar í faggrein og 15 einingar í kennslufræði. Þarna er slakað verulega á kröfum og mjög til skaða miðað við hið göfuga markmið, að reyna að fá meira menntaða kennara inn í framhaldsskólana. Þess vegna leggjum við til orðalagsbreytingu á 2. tölul. sem gengur út á að þessar 30 einingar verði að vera viðbótarnám og þeir séu með meistarapróf eða doktorspróf sem sé a.m.k. 120 námseiningar. Þessi brtt. er á þskj. 1538. Þar er lagt til að:

„2. tölul. 1. mgr. 12. gr. orðist svo: æðri prófgráðu frá háskólum, þ.e. meistara- eða doktorsprófi sem krefst a.m.k. 120 námseininga og veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda."

(**ÖS:** Hvar verður maður með doktor með 120 einingum?) A.m.k. 120 námseiningar. Það er til meistarapróf með 120 námseiningum. Þetta er okkar tillaga, að þetta markmið náist án þess að slaka á kröfum til faggreinaþekkingar sem frv. mun leiða til eins og það stendur núna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]

Brtt. 1538 felld með 24:12 atkv. og sögðu

**já:** GE, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KHG, KB, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, RA, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GE, GÞÞ, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KB, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE.

12 þm. (GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, RA, RG, SighB, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1550).

***Áfengis- og vímuvarnaráð, 2. umr.***

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814, nál. 1260 og 1456.
[18:13]

**Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð frá meiri hluta heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ágæta gesti til að ræða málið. Einnig bárust nefndinni margar gagnlegar umsagnir.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt áfengis- og vímuvarnaráð í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Guðni Ágústsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Sólveig Pétursdóttir.
[18:14]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):**

Herra forseti. Ég verð að segja að þetta var kjarkmikil framsaga sem hér var flutt fyrir meirihlutaáliti. Ég get þess líka að þó að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hafi talið upp eða getið þess að fjöldi gesta hafi komið til fundar við nefndina og jafnframt hafi borist margar umsagnir, þá gat hún þess í engu að margir þeirra gesta sem komu til fundar við nefndina voru í ýmsum veigamiklum atriðum á móti einum burðarás þessa frv., þ.e. hvernig ráðið er skipað.

Þetta frv., herra forseti, er í beinu framhaldi af því dapurlega starfi sem ríkisstjórnin hefur unnið í vímuefna- og áfengisvörnum. Ég hef komist að þeirri dapurlegu niðurstöðu, eftir að hafa lesið þetta frv., tekið þátt í að skrifa um það minnihlutaálit, tekið þátt í fjölda funda þar sem það var

tekið fyrir í hv. heilbr.- og trn., að þetta frv. sé hvorki fugl né fiskur. Það er hins vegar mikilvægt fyrir hæstv. ríkisstjórn að fá það samþykkt vegna þess að það er eiginlega burðarásinn í stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún hefur lagt hana fram um varnir gegn vímuefnum, þ.e. að þetta frv. verði samþykkt.

Frv. gengur aðallega út á að heilbrrh. fái leyfi til að skipa átta kontórista í ráð sem á að samræma, þ.e. maður getur svona lesið það út úr frv., það sem hin ýmsu ráðuneyti eru að gera í áfengis- og vímuvörnum. Hvað eru svo þessi einstöku ráðuneyti að gera, herra forseti? Það getur maður lesið í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lagði fyrir 122. löggjafarþing. Þar var sagt frá því sem ráðuneytin hefðu gert á árinu 1997, greint frá því hvað þau ætluðu að gera á komandi missirum og jafnframt reifuð stefna hæstv. ríkisstjórnar. Það er furðulegt, þegar maður les þetta plagg, að í hverjum einasta ráðuneytiskafla stendur það upp úr að það sem viðkomandi ráðuneyti vill gera er að samþykkja frv.

Með öðrum orðum, herra forseti, er niðurstaða mín sú að ríkisstjórnin sé á hrapallegum villigötum að því er varðar áfengis- og vímuvarnir. Dæmin tala auðvitað sínu máli. Þó hæstv. heilbrrh. hafi fyrir örfáum dögum barið sér hreystilega á brjóst og haldið því fram að hún hefði náð árangri í forvörnum, þá tala tölurnar og staðreyndirnar allt öðru og miklu dapurlegra máli. Staðreyndin er nefnilega sú, eins og hefur komið fram í skýrslum á skýrslur ofan, að við sjáum þar herfilega þróun. Við sjáum að neysla á hvers konar vímuefnum, hvort heldur er áfengi, ólögleg vímuefni eða það fíkniefni sem heitir nikótín, er að færast neðar og neðar í aldursflokkana. Í þessu ágæta landi sem við búum í og margt er í góðu lagi með, þá sjáum við þó þegar vísbendingar um það að mesta samfélagsmein næstu aldar verða fíkniefni.

Það er alveg ljóst að til að ná einhvers konar viðspyrnu í baráttunni gegn útbreiðslu, sölu og neyslu fíkniefna hér á landi þarf mikið átak. Það þarf þjóðarátak. Það þarf átak þar sem Alþingi samþykkir að verja miklu fjármagni í þessa herferð. Það þarf auðvitað líka frjóa og skapandi hugsun af hálfu þeirra sem véla um þessi mál af hálfu stjórnvalda. Ég verð því miður að segja, herra forseti, að það er eiginlega sama hvar menn ber niður. Annaðhvort eru markmiðin óraunhæf, eins og fíkniefnalaust Ísland árið 2002, eða menn hafa ekki neinar sérstakar áætlanir um það hvernig ráðuneytin ætla að bregðast við. Menn hafa ekki sérstök tæki til þess og það sem skiptir auðvitað mestu máli er að ríkisstjórnin, þrátt fyrir öll þau fögru orð sem hún lætur falla af ýmsum misjöfnum tilefnum þegar fíkniefnavarnir eru annars vegar, lætur fjármagnið aldrei fylgja. Hvernig á maður að dæma, herra forseti, hvort hugur fylgir máli? Maður dæmir það ekki af orðum heldur af dáðum og í þessu máli. Óhætt er að segja að af orðum er komið nóg en dáðirnar liggja eftir.

Ég gat þess áðan að þegar maður les skýrslu hæstv. dómsmrh., sem hann gaf Alþingi um aðgerðir á vegum hæstv. ríkisstjórnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, kemur í ljós að það sem helst hefur verið gert innan ráðuneytanna er að áætlanir hafa verið gerðar. Það sem stendur upp úr þessum áætlunum er að samþykkt verði frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Það er sem sagt lausnin. Það á sem sagt að vera viðspyrna hæstv. ríkisstjórnar í baráttunni gegn þessum skuggabaldri sem ógnar æsku landsins og komandi kynslóðum. Þessi vá gæti í raun leitt til þess að sjálft samfélagsmynstrið, sjálf samfélagsgerðin, ekki bara trosni heldur fari úr böndunum þegar líður fram á næstu öld. Það er þess vegna, andspænis þessari skuggalegu framtíð sem við sjáum að er farin að hrjá þjóðfélögin í kringum okkur og hefur illu heilli skotið allt of djúpum og traustum rótum hér á landi, sem ég hlýt að komast að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin sé ráðalaus, viti ekki hvað til bragðs eigi taka. Hún leggur allt sitt traust á þetta frv. sem fyrir liggur til laga um áfengis- og vímuvarnaráð.

Þetta frv. væri í sjálfu sér hægt að samþykkja ef maður teldi að það leiddi til einhvers. Ég kemst ekki að þeirri niðurstöðu eftir að hafa lesið frv., eftir að hafa lesið greinargerðir sem því fylgja og enn síður get ég sagt að huga mínum hafi orðið rórra þegar ég og við nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. hlýddum yfir starfsmönnum ráðuneytisins um það hverju þetta frv. ætti eiginlega að ná fram.

Frv. hefur ekki einungis illa grunduð markmið heldur er það orðað þannig, herra forseti, að á köflum er erfitt að skilja hvað fyrir frumvarpshöfundum og frumvarpsflytjendum vakir. Í þessu stutta frv. sem er einungis sjö greinar er annar meginkaflinn, 3. gr., þar sem fjallað er um verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, svo óljós og svo víðfeðm og á köflum svo teygjanleg að fyrir fólk sem vill af alvöru og ábyrgð glöggva sig á verkefnum þessa ráðs, þá lenda menn út og suður. Það er ekki hægt að fóta sig á því hvað felst í þessum greinum. Og hvað gera menn undir slíkum kringumstæðum, herra forseti? Þeir róa á mið þeirra sem skrifuðu frv. Þeir róa á mið þeirra sem starfa hjá ráðuneytinu. Auðvitað er eðlilegt að þeir sem taka á þessum málum af festu og ábyrgð reyni að grafast fyrir um hvað það var sem vakti fyrir starfsmönnunum og þeim sem gerðu frv. Frá því er skemmst að segja að við urðum litlu nær, herra forseti, eftir að hafa setið á fundum með starfsmönnum heilbr.- og trmrn.

Til að sýna samkomulagsvilja í málinu og til að reyna að ná til botns í því, fórum við þess kurteislega á leit við starfsmenn ráðuneytisins að þeir svöruðu tilteknum spurningum skriflega og létu okkur fá þær. Það ætluðum við síðan að nota við síðari yfirferðir á málinu í heilbr.- og trn. Eins og greint er frá í nál. minni hlutans heilbr.- og trn. þá er skemmst frá því að segja, herra forseti, að ekki var orðið við þessum tilmælum okkar um skriflegar skýringar. Í nefndinni komum við með rökstudda gagnrýni og mótuðum spurningar um það hvað fælist í í verkefnum hins nýja ráðs og hvernig þau sköruðust við aðrar stofnanir, aðrar nefndir og aðra hópa sem væru að vinna að þessu. Við fengum engin svör. Ég vek til að mynda athygli á því, herra forseti, hvernig 1. tölul. 3. gr. er orðaður. Þar er verið að tala þarna um verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs sem eru m.a.:

„Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé fram fylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma."

Herra forseti. Það er kannski erfitt að fylgjast með að stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli sé fylgt eftir, hún er nánast ekki til, því miður. Hvernig á vímuvarnaráð að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt? Höfum við ekki framkvæmdarvald í þessu landi? Höfum við ekki heilt ráðuneyti sem hefur lögreglusveitir víðs vegar um landið á sinni könnu sem á auðvitað að fylgja þessu eftir? Höfum við ekki heilt fjmrn. sem hefur tollembætti undir sínum væng? Það á að fylgjast með því að ekki sé ólöglegur innflutningur? Svona gæti ég haldið áfram að telja. Á þetta áfengis- og vímuvarnaráð að taka þessi verkefni yfir? Menn spyrja að gefnu tilefni.

Menn vilja vita hvers konar stofnun er verið að setja á fót. Svörin eru engin. Þau finnast ekki í greinargerðinni.

Þau finnast ekki í munnlegum svörum af hálfu starfsmanna ráðuneytisins. Þau komu ekki í þessari skriflegu greinargerð sem við óskuðum eftir með tilteknum spurningum þar sem sérstaklega var tekið til að mynda á þessum tölul. 3. gr. vegna þess að hið skriflega svar barst ekki. Þegar minni hlutinn er ekki virtur svars þegar hann af fyllstu kurteisi fer fram á að fá skriflegar skýringar á máli sem skiptir miklu og miklar efasemdir, studdar föstum rökum, eru um, kemst maður auðvitað að komast að þeirri niðurstöðu að erfitt sé að fallast á að fylgja slíku máli.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að við í minni hlutanum höfum ekki lagt fram miklar breytingartillögur við þetta frv. Ástæðan er sú að við teljum að skrifa þurfi frv. upp á nýtt og þörf á að hnitmiða og skýra miklu betur hvað áfengis- og vímuvarnaráð á að gera. Ég bendi einnig á, herra forseti, að þetta frv. varð til upp úr tillögum sem fram komu innan ráðuneyta og ríkisstjórnarinnar um að setja upp sérstakt afbrota- og vímuvarnaráð. Það var skynsamlegur heimanmundur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ekki síst á þessum vetri höfum við fengið órækar sannanir fyrir því að það eru gríðarleg tengsl milli afbrota hjá ungu fólki og neyslu þess á ólöglegum fíkniefnum. Við höfum líka fengið heimildir og gögn sem sýna fram á það hversu gríðarmiklir harmleikir fylgja því að ánetjast þessu. Við og einnig þeir sem komu á okkar fund, jafnvel þeir sem áttu hlut að samningu þessa frv., höfum talið að vitlegra hefði verið að tengja einhvern veginn afbrot ungs fólks, sem hægt er sannanlega að rekja til fíkniefnaneyslu, þessu ráði.

Ég spyr, af því hér er enginn í salnum sem tengist þessu nema hæstv. heilbrrh.: Hvað olli því að slitið var þarna á milli? Hvað olli því að í skýrslu hæstv. dómsmrh. er þess getið að innan dóms- og kirkjumrn., þess ráðuneytis sem fer með þau mál sem tengjast afbrotum, er gerð tillaga um að stofna sérstakt afbrota- og vímuvarnaráð. Í skýrslu hæstv. dómsmrh. segir einungis, um vinnuna að baki því frv. sem hér er nú til umræðu, með leyfi forseta:

„Í þeirri vinnu tókst þó ekki að taka afbrotaþáttinn með inn í starfsemi ráðsins."

Bíðum nú við, herra forseti. Hvað felst í þessum hógværu orðum? Hæstv. dómsmrh. orðar það þannig að ekki hafi tekist að taka afbrotaþáttinn með inn í starfsemi ráðsins. Kann að vera að það hafi verið vegna þess að það hafi verið fyrirstaða? Hvar var sú fyrirstaða, herra forseti? Kom sú fyrirstaða frá heilbrrn.? Hvað olli því að þær hugmyndir sem þeir sérfræðingar á vegum ríkisstjórnarinnar sem véla um afbrotamál unglinga komu með í upphafi þessa máls, náðu ekki fram að ganga? Í umræðuþáttum sérfræðinga í fjölmiðlum og af hálfu gesta hjá hv. heilbr.- og trn. hefur komið fram, og reyndar einnig í skýrslu sem hér hefur verið dreift í fylgigögnum með málum sem komið hafa frá hæstv. ríkisstjórn, að það sé mjög nauðsynlegt að tengja þetta tvennt saman. Og hvað veldur því þá, herra forseti, að þetta er slitið í sundur? Skoðun margra okkar, sem höfum kynnt okkur þessi mál og höfum leitað til sérfræðinga sem þekkja til auðvitað miklu betur en við, er sú að þarna sé um verulega stór mistök að ræða. Af þeirri ástæðu einni þyrfti auðvitað að skrifa þetta frv. upp á nýtt og taka afbrotaþáttinn inn í líka. Þar með mundi frv. eins og það liggur fyrir gjörbreytast. Það felur í sér meginbreytingu ef slíkt yrði tekið inn. Sé þetta ekki gert, herra forseti, þá kemst ég ekki að annarri niðurstöðu en að þetta sé sýndarmennska. Þetta plagg hér er einungis sýndarmennska sem er lagt fram til þess að hæstv. ríkisstjórn geti að loknu þessu ári sagt að hún sé þó að gera eitthvað. En verkin tala, staðreyndirnar tala og ef dæma á ríkisstjórnina af því hvernig þróunin er þá er hún ekki að gera neitt.

Nú er það auðvitað fulldjúpt í árinni tekið að halda því fram að hæstv. ríkisstjórn sé ekki að gera neitt. Á ýmsum stöðum er verið að taka á tilteknum þáttum sem þetta mál varða. En þegar farið er yfir þær framkvæmdir sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir á síðasta ári þá stendur það upp úr að þær hugmyndir sem á kreiki eru í heilbrrn. og í félmrn. lúta fyrst og fremst að meðferðarúrræðum. Nú skal ég alls ekki gera lítið úr þeim þó að ég gæti haft langt mál um það, um þá miklu þörf sem ég tel vera á meðferðarúrræðum fyrir unglinga á tilteknum aldri sem hafa lent í alvarlegri klemmu en ég ætla ekki að fara út í það, a.m.k. ekki í þessum hluta ræðu minnar.

Hérna, í framkvæmdaáætlunum sem hafa verið gerðar innan ráðuneytanna, er helst talað um það hvernig hjálpa eigi þeim sem hafa lent í þessum vanda. Það er auðvitað mjög þarft. Við getum svo sem deilt um það, eins og ég drap á hér rétt áðan, hvort þar séu farnar réttar leiðir og ekki skal ég dæma um það núna. Ég tel að vísu að svo sé ekki.

En það sem vantar auðvitað er að reisa múra gegn innrás fíkniefnanna, sem stöðugt sækja neðar og neðar í þá æsku sem á að erfa þetta land. Þá æsku sem er sennilega það dýrmætasta sem við eigum öll. Ég hygg að ég tali fyrir munn allra tilvonandi foreldra unglinga, að maður hugsar með hryllingi til framtíðarinnar þegar maður sér í kringum sig dæmin um það hvernig ungt fólk, allt niður að því sem maður mundi kalla barnsaldur, verður þessum eiturlyfjum að bráð. Hvar eru fyrirmyndirnar, hvar eru forvarnirnar?

Vegna þess að forvarnir eru eitt af því sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt gríðarlega áherslu á þá er það auðvitað sláandi, þegar maður les framkvæmdaáætlun heilbrrn. í þessum áfengis- og vímuvarnamálum, að áhersla hæstv. heilbrrh. á forvarnir í öðrum þáttum heilbrigðismála er varla sýnilegur. Það er nánast engin áhersla á hann. Hvar eru fjármunirnir sem eiga að fara í forvarnirnar?

Herra forseti? Hvernig stendur á því að þetta áfengis- og vímuvarnaráð sem hæstv. ríkisstjórn vill leggja upp með, tekur ekki á tóbaksvörnum? Hvernig stendur á því að tóbaksvarnaráð er ekki undir þetta lagt? Aðrar þjóðir hafa skilgreint nikótín sem vanabindandi fíkniefni. Auðvitað dylst engum að svo er. Auðvitað ættum við líka að gera það. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hefði verið æskilegt, ef menn fara þessa leið, að taka það líka inn undir þetta. Hvers vegna?

Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi bendi ég á að á þessum vetri hafa komið fram óyggjandi gögn frá rannsóknarmönnum við háskólann sem sýna fram á að það er gríðarsterk fylgni á milli tóbaksreykinga hjá ungu fólki og neyslu þess á fíkniefnum síðar á lífsleiðinni. Eftir því sem neysla á tóbaki færist neðar í aldursflokkana þá færist neysla á sterkari efnum neðar í þessum sömu aldurshópum. Með öðrum orðum, ef okkur tekst að koma í veg fyrir að tiltekið hlutfall unglinga taki ekki upp tóbaksneyslu þá erum við um leið að ná árangri í forvörnum gagnvart sterkari fíkniefnum. Ef okkur tekst að lækka hlutfall þeirra sem byrja að reykja á ungum aldri þá erum við um leið að lækka hlutfall þeirra sem verða fórnarlömb sterkari fíkniefna þegar fram í sækir.

Hæstv. heilbrrh. leyfði sér að koma hér í umræðu fyrir tveimur dögum og hrósa sér af því að hún hefði náð árangri í tóbaksvörnum. Það er alveg rétt. Hæstv. heilbrrh. hefur náð árangri í tóbaksvörnum. Ég held að ef á heildina er litið þá

hafi þær minnkað, þá hefur heildarneyslan minnkað. Mitt í orðaflaumnum hjá hæstv. heilbrrh., þegar hún var að telja upp afrek sín eins og ráðherrum Framsfl. er nú svo tamt þessa dagana — og við heyrðum það hjá hæstv. iðn.- og viðskrh. í gær — þá gat hún auðvitað ekki þess sem mestu skipti. Ég ætla ekki að hafa sterkari orð um það en hæstv. ráðherra gat þess ekki að á borði hennar liggja skýrslur sem sýna að á sl. missirum hafa reykingar unglinga og barna aukist. Það skiptir máli vegna þess að þær rannsóknir sem ríkisstjórnin hefur látið fylgja gögnum sem hér hefur verið dreift á þinginu í vetur, sýna að það er bein fylgni á milli þess *hve ungt fólk er þegar það byrjar að reykja og tíðninnar í* sömu aldurshópum gagnvart sterkari fíkniefnum. Með öðrum orðum: Hæstv. ráðherra stendur andspænis þeirri staðreynd að það sem mestu skiptir, að ná böndum á þessum vágesti hjá yngsta hluta þjóðarinnar, hefur ekki tekist. Það þýðir að innan fárra ára munum við að sjá að þessi sami hópur, samkvæmt reynslunni, mun hefja neyslu sterkari fíkniefna yngri en þeir sem á undan voru.

Með öðrum orðum, stefnan sem ríkisstjórnin hefur fylgt í þessum efnum hefur ekki borið árangur. Ég ætla ekki að segja að hún hafi burgðist hrapallega. Það er hins vegar alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir því allar líkur eru á því að neysla sterkari fíkniefna hjá ungu fólki muni aukast á næstunni. Þetta finnst mér vera ein dekksta blikan sem blasir við á sjónarrönd á himni okkar í dag.

Ég gat þess áðan að mér þætti slæmt að tóbaksvarnir væru ekki undir þessu. Á grunni þessara rannsókna sem ég var að reifa þykir mér einsýnt að barátta gegn tóbaksneyslu sé um leið barátta gegn því að ungt fólk taki upp neyslu sterkari fíkniefna. Ég tel því ekki að það sé ekki hægt að slíta þetta tvennt í sundur. Ég vek líka athygli á því að í sögu tóbaksvarnanefndar eru talsvert glæstir kaflar. Fyrir nokkrum árum tókst að ná upp gríðarlegri stemmingu hjá ungu fólki, hjá yngstu kynslóðunum alveg niður í leikskóla, sem leiddi til þess að meðal kynslóða sem nú eru upp vaxnar var gríðarlegur andróður gegn reykingum. Þessi andróður birtist ekki aðeins í því að þetta unga fólk tæki ekki upp neyslu tóbaks eins og þær kynslóðir sem á undan gengu, heldur leiddu þær líka til þess að foreldrar þessara barna drógu úr reykingum. Ástæðan fyrir því að heildarneyslan á tóbaki hefur minnkað eru þessir árgangar sem eru nú að vaxa upp og jafnframt áhrif þeirra á foreldrana.

Þróunin sem við erum að sjá hjá yngstu aldursflokkunum bendir til þess að á næstu árum muni þetta, sem hæstv. heilbrrh. var að hrósa sér af, snúast við. Staðan sem við höfum frammi fyrir okkur í þeim gögnum sem ríkisstjórnin hefur dreift, felur það í sér að innan skamms tíma muni tóbaksneyslan aukast aftur.

Í sögu tóbaksvarnanefndar voru glæstir kaflar. Þar hafa menn á köflum náð mjög góðum árangri. Þar hafa menn beitt aðferðum sem einhverra hluta vegna er ekki beitt lengur. Ég bendi á það þegar menn fóru þá leið að skapa fyrirmyndir, fá fólk sem börn og unglingar litu upp til til þess að taka frumkvæði. Það ber ekki á slíku í dag þó ég vilji síst lasta það ágæta ráð sem ... (Gripið fram í.) Ekki í sama mæli og áður fyrr.

Það getur vel verið að hæstv. heilbrrh. finnist þetta vera tilefni til þess að hlæja. Ég er hins vegar að rekja hér tölur sem ættu að vera hæstv. ríkisstjórn til skammar. Þær sýna fram á að reykingar eru að aukast í yngstu hópunum. Þær sýna það líka að innan nokkurra ára þá mun fíkniefnaneyslan aukast líka hjá þeim. Það er bara staðreynd sem liggur á borði ráðherrans. Ég var, þegar hæstv. heilbrrh. sá sérstaka ástæðu til þess reka upp hlátur, að dást að því að fyrir nokkrum árum fóru menn með miklu meiri árangri í þessa baráttu gegn tóbaksreykingum en núna undir stjórn hæstv. heilbrrh. Ég ætla í sjálfu sér ekkert að lasta hana fyrir það, en hins vegar segi ég það hér alveg fullum fetum að ég tel að hér á árum áður hafi verið notaðar miklu harðari og árangursríkari aðferðir í baráttunni en núna.

Ef hæstv. heilbrrh. telur að þetta sé einhver vitleysa hjá mér þá er svo sem hægt að lesa nokkrar tölur úr gögnum ríkisstjórnarinnar. Alla vega, herra forseti, vil ég leyfa mér að fara með nokkrar uggvænlegar staðreyndir, sem birtast í þessari skýrslu hæstv. dómsmrh. Þær sýna t.d., herra forseti, að meðal unglinga í 9. og 10. bekk, þegar kannað er hversu margir þeirra hafa notað amfetamín, þá kemur í ljós að allt upp í 5,6% piltanna og upp í 5,1% stúlkna 14–15 ára, hafa prófað amfetamín. Herra forseti. Við sem erum nú komin á virðulegan aldur höfum ekki einu sinni séð þessa hluti. Ég hef aldrei á ævi minni rekið augun í svona og hef þó marga fjöruna sopið, herra forseti.

*Hér liggur það fyrir að það sem maður kallar bara börn,* þokkalegur hópur þeirra, einn tuttugasti, ríflega upp í það, hefur neytt amfetamíns. Þetta er algjörlega með ólíkindum, herra forseti. Í sama aldurshópi hafa fast meira en 17% pilta hér í Reykjavík notað hass, 17% er einn af hverjum 6 þeirra sem eru 14 og 15 ára, þeir hafa einhvern tíma reykt hass. Þetta er auðvitað ómöguleg staða.

Ef maður tengir þetta t.d. við það, herra forseti, að hér var fyrir skömmu sænskur lögreglumaður, sem að vísu hefur fengið margar eyrnafíkjur frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, síðustu daga. Það var samt sem áður með ólíkindum að heyra lögreglumanninn segja það fullum fetum — komandi úr stórborg í Evrópu — að á skemmtistöðum hér í Reykjavík að því er mig minnir, hafi hann, séð ívið meiri merki um eiturlyfjasölu og um eiturlyfjaneyslu en í Stokkhólmi.

Þetta er auðvitað með ólíkindum og sviptir frá þeim potemkíntjöldum sem maður hefur e.t.v. haft uppi gagnvart sinni eigin veröld. Ég vissi ekki að ég lifði í þessari veröld, herra forseti. Ég vissi ekki að ég byggi í samfélagi þar sem einn tuttugasti af 14 og 15 ára börnum hefur prófað amfetamín og sjötti hver drengur í Reykjavík 14–15 ára hefur reykt hass. Ég er ekki að segja að þessi veröld sé ekki til. Þessar staðreyndir byggja á upplýsingum sem ríkisstjórnin hefur aflað í gegnum rannsóknir þar til bærra manna. En þetta var veröld sem ég hélt að væri ekki í kringum mig, herra forseti.

Ég get þess vegna ekki dregið aðra ályktun af þessu en þá að sú stefna sem uppi hefur verið hafi brugðist. Með hvaða hætti ætlar hæstv. ríkisstjórn þá að takast á við þennan vanda? Þá kemur þessi moðsuða, ekki bara þetta frv. hér til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, sem engu máli skiptir í þessari baráttu, heldur kemur líka þessi skýrsla sem ég hef hér drepið á af og til. Hún er fróðleg fyrir þær sakir að í henni er að finna framkvæmdaáætlanir ráðuneytanna um það hvernig þau ætla sér að taka á þessum málum. Fyrir utan drjúgmikinn part af þeirri áætlun og þeirri lýsingu sem kemur fram undir kafla dómsmrn., þá eru þetta ekkert annað en orð. Það er ekkert í þessu sem ég, sem foreldri, get fest minn krók í og sagt: Ég er þakklátur fyrir þetta vegna þess

að þetta er líklegt til þess að draga úr því að mín börn verði eiturlyfjum að bráð. — Nánast ekki neitt.

Hvert einasta foreldri sem mundi lesa þann orðavaðal sem þessar framkvæmdaáætlanir eru hlýtur að taka undir þetta. Það sem hérna er að finna — og ég hef þegar sagt að ber ekki að lasta — eru meðferðarúrræði og það er líka tekið með nokkrum hætti á því, bæði undir hluta af þeim kafla sem fjallar um fjmrn. og eins um dómsmrn., með meira afli en áður, hvernig á að koma í veg fyrir að þessum efnum sé smyglað til landsins. Það er ágætt. Verjumst innflutningi og setjum endilega fjármuni í að hjálpa þeim sem hafa lent í þessari miklu ógæfu en við skulum líka setja fjármuni í að reyna að koma í veg fyrir að fórnarlömbin verði fleiri. Og það er það sem vantar. Í fyrsta lagi vantar stefnuna og ég er ekki að segja að ég hafi þessa stefnu. Ég er ekki að segja það en setjum líka fjármuni í þetta. Fjármunirnir eru ekki til staðar. Ef hæstv. heilbrrh. er sammála mér um að þetta sé líklega það sem kann að verða mesta mein næstu áratuga hlýtur hann líka að vera því sammála að það verður með einhverjum hætti að setja fjármagn í þessar forvarnir. Ekki er nóg að setja fram stefnur sem eru óljósar og loðnar, menn verða með einhverjum hætti að taka raunhæft á málunum og það er það sem ég auglýsi eftir, herra forseti. Ákall mitt um þá stefnu nær engum grunni í þeim framkvæmdaáætlunum sem liggja fyrir. Hún nær engum grunni í þeirri innantómu og hégómlegu stefnu sem ég er að lesa að sé samþykkt ríkisstjórnarinnar í skýrslunni og enn síður, herra forseti, eykur það trúnaðartraust mitt á framtíðinni að lesa það frv. sem við erum að fjalla um vegna þess að í því felst ekki neitt. Það felst ekkert í því nema að setja upp eitthvert átta manna ráð kontórista úr ráðuneytum sem reynslan sýnir nú þegar að hafi í engu dugað. Það er bara staðreyndin, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið miklu betra að láta þetta mál liggja og reyna að vinna það með einhverjum öðrum hætti. Þetta mál kom fyrir þingið í fyrra og það lá þá, ekki bara vegna þess að einhver óvilji væri af hálfu stjórnarandstöðunnar heldur vegna þess að það var beinlínis vantrú á þetta frv. meðal þeirra þingmanna sem má líka telja til stjórnarliðsins vegna þess að þetta gengur svo ótrúlega skammt, herra forseti.

Ég hef í þessu máli farið nokkuð yfir það sem mér finnst vera mestu gallarnir við frv. Ég rifja það upp, herra forseti, að það er stór galli að ekki skuli vera tekið á afbrotaþættinum í þessu. Ég rifja það líka upp að það er stór galli að tóbaksvarnirnar skuli ekki vera undir þessu líka því að ég tel að það sé óslítandi þráður milli raunhæfra tóbaksvarna og raunhæfra varna gegn öðrum sterkari fíkniefnum. Ég held líka að það sé einfaldlega ekki góð latína að fara þá leið að láta heilbrrh. skipa átta menn í þetta ráð, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn síðan frá einhverjum sjö ráðuneytum sem talin eru upp. Síðan eru verkefni þessa ráðs þannig að erfitt er að festa hönd á hvað það er sem á raunverulega að koma út úr þessu. Gott og vel. Það kann vel að vera að þörf sé á að samhæfa og skipuleggja störf hinna mismunandi ráðuneyta en það kemur líka fram að ekki er lengur samræmingarnefnd. Dugar hún ekki, herra forseti? Er nauðsynlegt að samþykkja þetta og koma þar með að þessu samþykktu í veg fyrir að við getum með meiri vinnu tekið betri ákvarðanir sem mundu leiða til miklu betri úrræða, þ.e. ráðs eða stofnunar sem hefði miklu hnitmiðaðra verksvið og væri skipað öðruvísi og hefði breiðara verksvið en að samþykkja þetta? Það er skoðun mín að þetta sé fyrst og fremst gert til að skapa ríkisstjórninni eins konar alibí, herra forseti, til að geta bent á að þeir hafi gert eitthvað vegna þess að ég rek mig á það þegar ég les framkvæmdaáætlanirnar, nánast hverja einustu þeirra, og þremur sinnum áður en að þeim kemur, að allar leggja þær til að samþykkja þetta frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem var meira að segja laskað stórlega einhvers staðar á vegferð sinni og gert að hálfónýtum aumingja vegna þess að það var einhver sem greip í taumana og kom í veg fyrir eins og segir í kaflanum um dómsmrn. að það tækist að taka á afbrotaþættinum líka.

Herra forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa stefnu ríkisstjórnarinnar sem er frekari útfærsla á stefnumörkun hennar frá desember 1996 og er að finna í formála skýrslunnar, með leyfi forseta. Ég geri það bara til að sýna a.m.k. hvað mér finnst hún vera lítið annað en innantóm orð:

„1. Að áfengis- og vímuvarnaráð taki til starfa 1. janúar 1999 enda verði frumvarp til laga um ráðið samþykkt nú á vorþingi.

2. Að fela ráðuneytum sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna að tengja þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni Ísland án eiturlyfja.

3. Að skipaður verði vinnuhópur sem í eiga sæti yfirmenn tollamála og lögreglumála og fulltrúi utanríkisráðherra. Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipi hópnum formann. Verkefni vinnuhópsins verði að skoða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að loka fyrir ólöglegan innflutning fíkniefna. Hópurinn skili tillögum til ráðherra dómsmála og fjármála á árinu 1998.

4. Að 2 millj. kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á árinu 1998 verði varið til rannsókna á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna samkvæmt nánari ákvörðun nefndar ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum."

Drottinn minn dýri. Heilar 2 millj. kr. til rannsókna á þessum alvarlega þætti. Og vegna áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja:

„1. Að óskað verði eftir því að árlegt framlag ríkisins úr Forvarnasjóði til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hækki í 4,5 millj. kr. enda hækki framlag Reykjavíkurborgar samsvarandi.

2. Að Samband íslenskra sveitarfélaga gerist aðili að áætluninni Ísland án eiturlyfja og tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar.

3. Að verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hafi reglulega samráð við þá aðila sem starfa að vímuvörnum.

4. Að öll verkefni sem Forvarnasjóður styrkir verði tengd áætluninni Ísland án eiturlyfja eftir því sem kostur er og að stjórn sjóðsins hafi samráð við verkefnisstjórn áætlunarinnar við árlega úthlutun."

Herra forseti. Þetta eru allt saman fögur orð en hvar er stefnan? Hvar liggur það fyrir einhvers staðar af ríkisstjórnarinnar hálfu hvernig við ætlum að einhenda okkur í það verk að forða æsku Íslands frá því að verða mestu meinsemd nútíðarinnar að bráð? Það kemur hvergi fram. Maður les skýrslu eftir skýrslu og það koma alltaf fram orð og þau eru alltaf brennd sama marki og skýrslan vegna þess að hana vantar einn alvarlegan hlut. Hér er nefnilega rakið ítarlega hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn gerði á árinu 1997 og það er umræðukafli um það og maður les þann umræðukafla og þar stendur upp úr að það er eitt sem vantar. Hvergi er lagt mat á árangurinn. Ég vil ekki segja, herra forseti, og ekki geta

mér þess til að það sé vegna þess að tölurnar sýni auðvitað að árangurinn er ansi lítill. Hægt væri að segja á grundvelli hinna grjóthörðu talna sem liggja fyrir að hann væri enginn vegna þess að ástandið hefur versnað. Það getur auðvitað verið, herra forseti, að ef þetta sem hefur þó verið gert hefði ekki verið framkvæmt væri ástandið verra. Ég veit það ekki. Það væri e.t.v. hægt að segja það. En það liggur kristaltært fyrir að það sem við, íbúar í þessu landi og foreldrar í þessu landi viljum, því er ekki mætt. Og hvað viljum við? Við viljum sjá aðgerðir sem bera árangur. Við erum að eyða milljörðum á milljarða ofan í alls konar hluti sem við teljum sjálfsagða. Vegi og brýr og flugvelli, menntakerfið o.s.frv. *og allt er það gott og blessað og allt á það fullan rétt á sér.*

Menn hafa talað um góðæri í landinu, herra forseti, og góðærið er vissulega til staðar og það mun ekki daprast miðað við þær spár sem eru um árferði til lands og sjávar á næstu árum. Er þá ekki komin tíð til þess að menn taki höndum saman um að verja alvöruupphæð til að berjast gegn þessum vágesti, að menn séu ekki með sýndarmennsku eins og mér þykir þetta frv. vera, að menn séu ekki að vesenast í einhverjum smáatriðum eins og mér finnst svo oft að menn séu að gera? Menn leggi raunverulega vinnu í þessi mál. Ef hæstv. heilbrrh. fæli heilbr.- og trn. að leggja fram slíka stefnu er ég viss um að það væri hægt. Ég hef ekki þessa stefnu núna en það sem mér þykir miklu verra er að þeir sem eiga að hafa hana hafa hana ekki heldur.

Herra forseti. Ég hafði ætlað mér í þessari ræðu að fara yfir framkvæmdaáætlanir þessara ráðuneyta m.a. til að sýna fram á það sem ég tel vera alvarlegan ágalla hjá heilbrrn. að í þeim kafla sem fjallar um heilbrrn. verða menn fyrir verulegum vonbrigðum þegar þeir eru búnir að lesa hann. Ég get ekki annað en sagt að þegar ég les þennan kafla um heilbrigðis- og tryggingamálin, hvað þar hefur verið gert og hvað menn ætla að gera, þá verð ég bara hissa. Það er svo einfalt mál, herra forseti. Herra forseti. Ég tek það fram að e.t.v. nýti ég mér möguleika minn á seinni ræðu til að fara betur í þær áætlanir sem liggja fyrir um einstök ráðuneyti en ég tel, herra forseti, að það sé illa af stað farið með þetta áfengis- og vímuvarnaráð eins og það er lagt upp af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég held að þá séu menn að loka möguleikunum til að búa til raunverulega oddhvassa stofnun og oddhvasst batterí sem gæti tekið á breiðari þáttum, haft breiðara svið undir, tekið á öðrum skyldum þáttum sem ég tel að ég hafi fært rök fyrir að sé nauðsynlegt að hafa undir í þessari umræðu líka. Ég tel eins og ég hef margsinnis sagt að verkefnin séu illa skilgreind, illa útfærð, ég tel að skipanin sé röng og ég tel að það vanti verkefni þarna undir. Ég tel, herra forseti, án þess að ég ætli að leggja í meiri háttar víking í þessu máli, að það hefði átt að skrifa þetta frv. með allt öðrum hætti og það hefði átt að liggja fyrir í allt annarri gerð.

Hæstv. ríkisstjórn verður að eiga það við sig hvernig hún vill taka á þessari framtíð sem ég hef verið að draga upp en mér sýnist að sé það þetta sem liggur fyrir og þau verkefni sem liggja fyrir í greinargerð muni þau hvergi nærri duga og þá mun sú öfugþróun sem við sjáum núna liggja fyrir í skýrslum, og ég hef drepið á, halda áfram og við sem höfum talið okkur vera eyland fjarri vettvangi viðskipta og neyslu þessara efna, munum finna það eða a.m.k. börnin okkar verða ekkert öðruvísi en börnin úti í Evrópu. Þau munu verða í jafnmikilli hættu á að verða fórnarlömb eins og þau og þó hafði maður staðið í þeirri trú alveg fram á þessa síðustu mánuði að sú veröld sem hefur verið búin til hér og ég hélt ég byggi í er bara allt önnur en ég hélt. Það er talsvert nöturlegt að horfa fram á það og talsvert nöturlegt að sjá fram á þessa framtíð. Verst er, herra forseti, að horfa fram á að hæstv. ríkisstjórn sem á að vera tæki okkar í þessari baráttu er því miður á villigötum.

[18:57]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða var afar athyglisverð. Hér var tætt niður frv. um áfengis- og vímuefnavarnaráð en hverjar voru tillögurnar? Þær voru engar og það kom fram oft í ræðu hv. þm. að hann hafði engar tillögur.

Ég er sammála hv. þm. þegar hann segir að tóbaksvarnir séu varnir númer eitt því að það er fyrsta fíknin sem menn ánetjast. Það er þess vegna sem við höfum lagt höfuðáherslu á tóbaksvarnir og margfaldað fjármagn í tíð þessarar ríkisstjórnar til tóbaksvarna. Við erum núna að sjá árangur af því.

Af hverju eru tóbaksvarnirnar ekki inni í þessu frv.? Það er vegna þess að við erum að vinna með Krabbameinsfélaginu varðandi tóbaksvarnirnar og þetta er í fyrsta skipti sem við erum að leggja fram námsefni fyrir sjötta, sjöunda og áttunda bekk í öllum grunnskólum landsins varðandi kennsluefni í tóbaksvörnum.

Hv. þm. sagði að ekki væri lagt fram meira fjármagn til forvarna en áður. Það er einfaldlega rangt. Þegar stefna ríkisstjórnarinnar í forvörnum var kynnt sumarið 1996 fylgdu 125 millj. það árið, 125 millj. þetta ár og það síðasta þannig að við erum að leggja miklu meira til forvarna en nokkru sinni fyrr. Þetta frv. er gert til að samhæfa störf þeirra sem vinna að forvörnum. Löggæslu, tollgæslu, heilbrrn., félmrn. o.s.frv. Ég skal hlusta í kvöld á þær tillögur sem fram koma um forvarnir því ég held að þetta hljóti að vera sameiginlegt mál okkar þingmanna. En mér finnst það lítils virði að tæta niður frumvarp og koma með enga tillögu í staðinn.

[19:00]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er til marks um málefnalegt rökþrot ríkisstjórnarinnar í þessu máli að hæstv. heilbrrh. hefur kosið að leggja mér orð í munn. Ég sagði ekki að fjármagn til forvarna hefði ekki aukist. Ég sagði hins vegar að það væri hvergi nærri nóg. Hæstv. ráðherra kvartar yfir skorti á tillögum. Þó sýnist mér að hún taki í raun undir þá tillögu sem ég var með hérna. Ég taldi það alfarið nauðsynlegt, ef þetta ætti að verða barn í brók, að tóbaksvarnir yrðu teknar hérna undir. Ef hæstv. ráðherra skilur ekki tengslin á milli tóbaksvarna og annarra fíkniefnavarna, í ljósi þeirra gagna sem er að finna í upplýsingum sem dreift hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, þá held ég að ríkisstjórnin sé illa stödd. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, í þessum gögnum, að besta leiðin til þess að ná raunhæfum árangri í baráttunni gegn hörðum fíkniefnum er sennilega að koma því svo fyrir að börn okkar byrji ekki að reykja. Það er eitt af því sem ætti að liggja í augum uppi, herra forseti. Það liggur hins vegar ekki í augum uppi hjá hæstv. ráðherra.

Ég hef fært rök fyrir því, herra forseti, að það frv. sem hérna liggur fyrir sé ómarkvisst, m.a. vegna þess að verkefni ráðsins liggja ekki fyrir. Það tókst ekki heldur að fá þau skýrð út af starfsmönnum ráðuneytisins, hvorki munnlega né skriflega. Með öðrum orðum, herra forseti: Hæstv. heilbrrh.

leggur til að stofnað verði ráð, ráðsins vegna. Það er eina niðurstaðan sem ég get komist að. Ég fæ ekki skilið hvað það er nákvæmlega sem þetta ráð á að gera. Á það að taka yfir eftirlit með því hvernig menn eru að brjóta lög sem tengjast vímuvörnum inni á veitingahúsum, inni í skólum, eða hvað? Hvað þýðir 1. töluliðurinn, herra forseti? Svona mætti lengi halda áfram.

Ég hefði gaman af því, herra forseti, að sjá hvernig þessum 125 millj. var varið. Og málflutningur hæstv. ráðherra var í samræmi við skýrsluna sem ég vísaði til hérna áðan: Ja, það er löggæsla, það er tollgæsla. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að reyna að bregðast við vandanum hjá unga fólkinu sjálfu? Grafast fyrir um rætur hans. Með því að dreifa námsefni í 6., 7. og 8. bekk? Það er lausnin.

[19:03]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef eitt ráð mundi duga, þá væri það notað. Ég veit að hv. þm. veit það eins vel og ég að það er ekkert eitt ráð sem dugar, það eru mörg ráð. Allir þeir sem koma að uppeldi barna þurfa að koma að þessu borði. Það eru heimilin, það er skólinn, það er íþróttahreyfingin. Þá kem ég að því sem hv. þm. kom hér inn á í ræðu sinni áðan, að það vantaði fyrirmyndir.

Hv. þm. hefur ekki fylgst með samstarfi okkar við íþróttahreyfinguna. Þar höfum við unnið með svokallað landslið í vímuefnavörnum. Þar eru fyrirmyndirnar heilbrigt íþróttafólk sem ekki neytir áfengis eða annarra vímuefna. Við höfum meira að segja gengið svo langt að fegurðarsamkeppnirnar á Íslandi eru tóbakslausar. Við fylgjumst með flokkum íþróttamanna og veitum þeim viðurkenningar sem ekki neyta fíkniefna.

Ég verð að segja það að ef ég hef einhvern tíma heyrt málefnafátækt, þá var það hjá hv. formanni heilbr.- og trn. hér áðan. Því hann er á sama tíma að segja að það sé ekki rétt að samhæfa þessi störf sem svo nauðsynlegt er að samhæfa. Það er ekkert eitt ráð sem gildir. Ég held að hv. þm. hljóti að vera sammála mér um það.

[19:05]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það segir kannski sína sögu um skilning hv. þm. á þessu frv. að hæstv. heilbrrh. þarf að vera að verja þetta mál vegna þess að enginn stjórnarliða treystir sér til þess að taka þá vörn að sér. Hér er ekki staddur einn einasti af stjórnarliðunum í hv. heilbr.- og trn. Getur verið að það tengist einhvern veginn skoðun þeirra á innihaldi þessa frv.? Ég tel mig hafa full rök til þess að telja að svo sé.

Herra forseti. Ég ætla að öðru leyti ekki að elta ólar við þennan málflutning hjá hæstv. heilbrrh. Hún sagði áðan að ég hlyti að skilja að það væri ekkert eitt ráð sem dygði í þessari baráttu. Ég er sammála því en því miður er hæstv. ráðherra ósammála sjálfri sér. Það eina sem hún hefur gert og vill ná fram er þetta áfengis- og vímuvarnaráð.

Hæstv. ráðherra sagði að ég væri að leggjast gegn samhæfingu. Ég veit ekki með hvaða eyra hæstv. ráðherra hefur hlustað en það er alveg ljóst að það sem ég var m.a. að færa rök að í máli mínu áðan var eftirfarandi: Það vantar samhæfingu milli afar mikilvægra þátta í þessari varnarbaráttu. Á meðan sú samhæfing er ekki fyrir hendi þá er þráðurinn slitinn og styrkurinn í kaðlinum miklu minni en hann þyrfti að vera.

[19:06]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefði nú kannski verið eðlilegra að ég hefði komið í andsvar við talsmann meiri hluta nefndarinnar. Það er ekki sérstakur ágreiningur af minni hálfu við hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem flutti hér mikla ræðu áðan um þetta efni. Það er þó einn þáttur sem ég vildi orða við þingmanninn hv. og þingið, sem snertir málið og varðar tillögu sem liggur fyrir þinginu og er í allshn. um úttekt á áhrifum Schengen-aðildar Íslands á innflutning fíkniefna.

Ég held að það sé alveg rétt sem fram hefur komið í þessari umræðu, bæði frá hæstv. ráðherra og frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að það þarf að leita allra ráða til þess að bægja þessum vágesti frá. Það er gífurlega stórt mál. Á sama tíma og þessi voði blasir við mönnum þá er ónógt fjármagn veitt til tollgæslunnar á Íslandi svo hægt sé að glíma við þetta. Menn ættu bara að tala við þá sem þar eru að störfum um það efni. Á sama tíma er verið að undirbúa, og væri komið á ef áætlanir stjórnvalda hefðu gengið eftir, að afnema vegabréfaeftirlit með öllu, gera það óheimilt gagnvart farþegum sem koma til Íslands frá allri Vestur-Evrópu, í krafti svonefndrar Schengen-aðildar.

Þetta veikir, þó að við höldum formlegum rétti til tollgæslu eftir sem áður, augljóslega möguleika íslenskrar tollgæslu til eftirlits á farangri farþega, handfarangri sem öðru. Þar með veikir þetta eftirlit með ólöglegum innflutningi fíkniefna. Þetta er alveg hörmulegt og mér þætti gott að heyra álit hv. þm. á því sem þarna er á ferðinni.

[19:09]

**Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson)** *(andsvar)*:

Ef ég skildi hv. þm. rétt þá var hann að inna mig eftir afstöðu minni til tillögu sem hann hefur lagt fram um úttekt á áhrifum Schengen-aðildarinnar á innflutning fíkniefna hingað til lands. Ég er ekki kunnugur þessari tillögu í smáatriðum en mér finnst ekkert að því að slík úttekt sé gerð.

Nú hefur hv. þm. margoft lýst skoðun sinni á Schengensamkomulaginu og mér finnst að honum beri a.m.k. réttur til þess að fá könnun á afleiðingum þessarar aðildar. Þetta er einn mögulegur þáttur. Ég tel að það sé sjálfsagt að menn verði við því. Ég er því miður ekki í allshn., annars mundi ég hjálpa honum til þess að fá málið samþykkt að því leyti.

Hv. þm. gat þess hins vegar að við höldum enn okkar rétti til tollgæslu. Ég hygg að hann hafi verið að draga það fram að ef af þessu yrði, sem hv. þm. er mótfallinn, þá yrði a.m.k. að bregðast við með því að auka fjármagnið sem veitt er til tollgæslu. Það er auðvitað eitt af því sem menn þurfa að gera. Reyndar tel ég, án tillits til þess hvort við erum í Schengen eða ekki — hv. þm. er þeirrar skoðunar og það er sennilega rétt hjá honum — að eftirlitið þurfi að efla snöggt um meira ef af aðild verður.

Hæstv. heilbrrh. greindi frá því í ræðu sinni áðan að verið væri að stórefla tollgæsluna. Ég á von á því að hæstv. ráðherra muni skýra það fyrir hv. þm. á eftir hvernig því sé háttað. Ég get ekki greint honum frá því.

[19:10]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega ekki mikið samræmi í því, ef menn telja sig vera að efla tollgæslu að einhverju leyti — ég skal ekki leggja dóm á það, ég þekki það ekki í einstökum atriðum — að á sama tíma séu menn að forminu

til að veikja stórkostlega möguleika tollgæslunnar til eftirlits með farþegum. Þegar ekkert samspil er lengur til staðar milli vegabréfaskoðunar og engar upplýsingar liggja fyrir um hvaða farþegar eru að koma til landsins frá Schengen-svæðinu, frá meginlandi Vestur-Evrópu til Íslands, þá er alveg augljóst að möguleikar tollgæslunnar til þess að hafa eftirlit, og það segja þeir menn sem vinna að þessum málum, eru veiktir stórkostlega. Þar fyrir utan er dagljóst að það verður mikill þrýstingur á Ísland, eins og Noreg, ef af Schengen-aðild verður, að hætta með öllu eftirliti með farangri frá Schengen-svæðinu vegna þess að sú regla er ekki almenn á svæðinu. Það verður reynt að hafa áhrif á íslensk stjórnvöld og þrýst á að ekki verði hreyft við slíku eftirliti.

Hér er að mínu mati stórt mál á ferðinni, og þó að það sé aðeins eitt af mörgu sem mælir gegn Schengen-aðild þá er það eitt út af fyrir sig nóg til þess að við höfnum slíkri aðild. Það er satt að segja aldeilis furðulegt mál sem menn eru að leggja út í þarna. Fyrir það eitt að þurfa ekki að sýna vegabréf einu sinni í ferðum inn á Schengen-svæðið frá Íslandi ætla menn í staðinn að hækka hér landamæragirðingar gagnvart öllum öðrum hlutum heimsins, greiða stórfé fyrir og síðan það sem við ræðum hér, í samhengi við fíkniefnin, munu möguleikarnir á að nýta þá kosti sem fylgja því að búa á eylandi úti í Atlantshafi til þess að verjast þessum vágesti stórlega veiktir.

[19:12]

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál, brtt. SJS, þskj. 1539.

Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi, 700. mál, svar umhvrh., þskj. 1510.

[19:13]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem lagt er fram öðru sinni. Það hefur verið rætt allnokkuð í heilbr.- og trn. án þess þó að hægt sé að segja að mikið hafi komið út úr þeirri umræðu. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., nefndi hér áðan, þrátt fyrir þá umræðu sem þar átti sér stað og beiðni sem lögð var fram um svör við ákveðnum spurningum sem sérstaklega minni hlutinn í heilbr.- og trn. lagði fyrir starfsfólk heilbrrn., þá bárust þau svör ekki. Fyrst núna, þ.e. eftir að málið hafði verið afgreitt út úr nefnd, barst bréf dags. 29. apríl þar sem heilbr.- og trn. fer örstutt í þær skýringar sem farið var fram á. Þetta er svona eins konar yfirklór og engin skýr svör eru gefin við öllum þeim spurningum sem fram komu varðandi verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Ráðuneytið byrjar bréf sitt á að bregðast við spurningu sem varðaði sérstaklega ákvæði 3. gr. frv., þar sem talað er um hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs, og beðið er um skýr svör um hver þessi verkefni séu. Í raun og veru segir ein setning í bréfinu frá heilbr.- og trn. allt sem segja þarf um svarið. Sú setning er svona, með leyfi forseta:

„Af þessu tilefni telur ráðuneytið rétt að benda á nokkur atriði sem fallið geta undir umrætt ákvæði verði frv. lögfest", þ.e. ákvæðin þar sem fjallað er verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Af þessu tilefni telur ráðuneytið rétt að benda á nokkur atriði sem fallið geta undir umrætt ákvæði. Það er því ekki af hálfu ráðuneytis búið að ganga endanlega frá því hver þessi verkefni eru og ég vildi byrja á að beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. að hún fari yfir með okkur á eftir nákvæmlega hver verða verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Það segir sig sjálft að ráðuneytið hlýtur að hafa útfært þau nákvæmlega og ekkert hér um bil eða kannski geta fallið undir ákvæðið eða hugsanlega verður það þetta eða hitt og það segi ég vegna þess að í gildistökuákvæði frv. segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998" og því mætti ætla að lokaundirbúningi þessa frv. væri lokið í ráðuneytinu þar sem ráðuneytið hefur gert ráð fyrir því og hæstv. ráðherra að frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð hefði í raun og veru átt að ganga í gildi 1. júní í ár. Það getur því ekki staðist neitt hér um bil eða kannski. Samt gerist það að mánuði fyrir gildistökuákvæðið, sem samkvæmt frv. er 1. júní, mánuði áður, þann 29. apríl kemur bréf frá ráðuneytinu til heilbr.- og trn. þar sem beðið er um skýr svör um verkefni ráðsins þar sem segir að ráðuneytinu þyki rétt að benda á nokkur atriði sem fallið geta undir umrætt ákvæði en sé alls ekkert víst. Við ætlum að hugsa það aðeins betur í ráðuneytinu. Það er, virðulegi forseti, eins og hefur verið með þau mál sem við höfum verið að ræða frá heilbr.- og trmrn. að undanförnu, óskaplega mikið um óljós svör, óskýr svör við þeim spurningum sem hafa verið settar fram. Það er sérstaklega ámælisvert þegar við erum að tala um væntanlegt áfengis- og vímuvarnaráð því að meiri hluti Alþingis virðist hafa ákveðið að keyra frv. í gegn án nokkurra breytinga vegna þess að það er ekkert lítið sem hæstv. ráðherra ætlar sér með þessu áfengis- og vímuvarnaráði. Þetta er samkvæmt skýrslu dómsmrh. sem birtist í mars 1998 til Alþingis um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á árinu 1997. Þar segir í kaflanum frá heilbr.- og trmrn., og ég býst við að reikna megi með að hann sé saminn í því ráðuneyti, að áfengis- og vímuvarnaráðið sé fyrsta skrefið í uppbyggingu heilsuverndarstöðvar á landsvísu. Það er stofnun þessa áfengis- og vímuvarnaráðs. Það er fyrsta skrefið í uppbyggingu heilsuverndarstöðvar á landsvísu. Það er ekkert lítið.

Maður skyldi því ætla að þegar þetta mikilvæga skref er stigið um uppbyggingu heilsuverndarstöðvar á landsvísu væru markmiðin alveg klár en það eru þau ekki og það segir í skýrslunni sem er unnin töluvert eftir að frv. er lagt fram því að það er lagt fram nánast óbreytt frá fyrra þingi, með leyfi forseta:

„Markmiðið með starfsemi ráðsins er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðinu er ætlað að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuefnavörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka."

Það er ekkert í þessari skýrslu frekar en í frv. sjálfu um það hvernig eigi að standa að þessu verkefni. Markmiðið er þess heldur óraunhæft. Það er mjög sterkt og mjög gott og grípandi að lesa frv. til laga þar sem gert er ráð fyrir að uppræta fíkniefnaneyslu. Nú veit hæstv. ráðherra, sem er hjúkrunarfræðingur að mennt, að það eru ansi mörg lyf sem geta verið ávanabindandi og getur myndast fíkn í en hér er ekkert minna markmið á ferðinni en að uppræta fíkniefnaneyslu en draga stórlega úr áfengisneyslu og síðan kemur það að ráðið skuli stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum. En ég er viss um, virðulegi forseti, að samstaða hefði náðst um stofnun þessa áfengis- og vímuvarnaráðs innan heilbr.- og trn. hefðu markmiðin verið ljós hefði 3. gr., verkefni

áfengis- og vímuvarnaráðs, verið betur útfærð, betur skýrð en gert er greininni sjálfri eða í greinargerð með frv. eða af afar ráðvilltum starfsmönnum heilbrrn. Það er bara vægt tekið til orða vegna þess að samkvæmt þeim dagbókum sem ég held á fundum í heilbr.- og trn. voru svörin engin við útfærslu á þessari 3. gr. Það virtist því vera þannig að þeir starfsmenn ráðuneytisins sem voru sendir á fund heilbr.- og trn. til að fylgja frv. eftir og vera meiri hlutanum til halds og trausts sem er orðinn alveg fastur liður, að meiri hluti hverrar nefndar hafi einn til tvo og jafnvel fleiri starfsmenn viðkomandi fagráðuneytis sér til halds og trausts til að svara spurningum minni hlutans því að það fer ekki svo sem mikið fyrir því að meiri hlutinn spyrji spurninga — og ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar formanns heilbr.- og trn. sem hann lýsti að hann taldi að færa mætti rök fyrir því að meiri hlutinn hefði á sínum tíma fyrir ári ekki verið svo mjög spenntur fyrir því að þetta frv. færi í gegn og þess vegna hefði það legið og það er kannski þess vegna sem meiri hluti heilbr.- og trn. er ekki á staðnum.

En ef unnið hefði verið eðlilega að þessum málum hæstv. ráðherra eða starfsmenn hennar hefðu verið tilbúnir til að fara í nánari útfærslu á 3. gr. og að breyta skipan þessa ráðs frá því sem kveðið er á um 2. gr. frv. þar sem segir:

„Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir."

Það er svo sem ekki nein skilgreining á því hvernig þetta val á að fara fram en síðan eru það forsrh., dómsmrh., félmrh., fjmrh., heilbrrh., menntmrh., og utanrrh. sem eiga að tilefna sjö af þessum átta og svo fær Samband íslenskra sveitarfélaga einn. Einn fulltrúa.

Nú er vitað að hlutverk sveitarfélaga í vímuefnavörnum, og einnig að fást við vímuefnavanda ungmenna sem kemur upp hverju sinni, er að verða æ mikilvægara í þessum þætti. Hæstv. ráðherra, sem komst svo skemmtilega að orði fyrir rúmu ári þegar hún lagði þetta frv. fram, sagði eitthvað á þá leið að það væri nauðsynlegt að búa til áfengis- og vímuvarnaráð sem í ætti sæti einn fulltrúi frá öllum þeim ráðuneytum sem eitthvað snerta þessi mál því það væri svo nauðsynlegt að samræma stefnu og viðhorf ríkisstjórnarinnar.

Ég hafði haldið að ríkisstjórnin eyddi tveimur morgnum í viku í það verk að samræma stefnu sína á hinum ýmsu sviðum en það virðist ekki vera svo heldur er farin sú leið að búa til áfengis- og vímuvarnaráð sem Alþingi á ekkert að koma nálægt að skipa í og stjórnarandstaðan auðvitað þaðan af síður. Þá á að nota þetta ráð sem á síðan að fjármagna úr forvarnasjóði sem er til í dag og er auðvitað hluti af þeim 125 millj. sem eru að verða, og það segi ég án þess að vera að gera lítið úr þeim fjárveitingum sem fara til forvarna, eins og biluð plata þar sem nálin hefur fest á sama stað: 125 millj. í ár, 125 millj. til forvarna á síðasta ári. Það er alveg rétt og því hefur margverið hrósað en það er löngu kominn tími til að hæstv. ráðherra komi sér upp úr þessu fari og komi með heildstæða stefnumörkun varðandi vímuefnavarnir, ekki bara það sem lýtur að samningum við íþróttafélög og einstaka sveitarfélög heldur heildstæða stefnu í áfengis- og vímuvörnum og meðferðarúrræðum. Þótt það sé gott og gilt að fá íþróttakappa, ungt, fjörmikið, hresst fólk til að fara í auglýsingaherferð sem æskilegar fyrirmyndir ungs fólks, þá verð ég að segja alveg eins og er að ég er sannfærð um það eftir mörg viðtöl við foreldra fíkniefnaneytenda, við kennara sem hafa verið með börn í bekkjum sínum sem hafa ánetjast fíkniefnum og reyndar eftir viðtöl við börnin sjálf, að í áhættuhópunum eru ekki fyrst og fremst þau börn sem eru spennt fyrir íþróttum og eru keppnismanneskjur að eðlisfari. Vissulega er það gott og má sjálfsagt bjarga einhverjum en ég er alveg sannfærð um að þetta er ekki helsti áhættuhópurinn. Áhættuhópurinn er kannski fyrst og fremst þau börn og ungmenni sem hafa orðið fyrir einelti í skólum, gengið illa að læra, sem hafa sökum fátæktar ekki getað fylgt tískunni og lent þess vegna úti á kanti innan skólans. Þau koma oft og tíðum frá brotnum heimilum, þau koma frá fátækum heimilum en það er nokkuð sem ég vil að hæstv. ráðherra heyri, þegar hún hefur lokið símtali sínu, því að það er nauðsynlegt fyrir flokk og ráðherra sem setur fólk í fyrirrúm að hlusta þegar verið er að tala um fátæktina sem ríkir enn á Íslandi hjá stórum hópi fólks og menn mega ekki gleyma sér í æstum fagnaðardansi yfir því hvað góðærið hafi skilað sér og allir hafi það gott eins og einn ágætur þingmaður sagði einhvern tímann þegar búið var að sýna fram á hve stór hópur fólks væri á lægstu tekjunum, þá kom ákveðinn hv. þm. æ ofan í æ upp í stólinn og sagði: Það getur vel verið en að meðaltali höfum við það gott, og að meðaltali erum við mjög hamingjusöm. Ég er voðalega hrædd um að það sé þetta meðaltalsviðhorf hæstv. ráðherra sem verður til þess að ekki er tekið á fíkniefnavandanum. Þegar ég segi að ekki sé tekið á honum fullyrði ég það vegna þess að það er mjög stór hópur fíkniefnaneytenda, ungs fólks sem á ekki í nein hús að venda í dag sem fellur ekki undir forvarnaprógram hæstv. ráðherra varðandi reykingar og ég get tekið undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að reykingar barna og ungmenna hafa því miður aukist í skólum eftir því sem starfsmenn skólanna margra hverra hafa sagt okkur á undanförnum mánuðum og lýst áhyggjum sínum yfir. Vissulega er gott að hæstv. ráðherra hefur sérstakan hug á að taka á því vandamáli en það verður að horfa á allt heila dæmið ef maður getur orðað það svo. Það verður að horfa á þá hópa sem eru í hvað mestri áhættu og þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Heldur hæstv. ráðherra að sprækur, fallegur íþróttamaður eða reyklaus fegurðardrottning sé sú fyrirmynd sem það barn hefur sem hefur orðið fyrir einelti vegna fátæktar, vegna þess að það getur ekki fylgt tískunni, hefur orðið á eftir í lærdómi eða kemur frá brotnu heimili? Heldur hæstv. ráðherra að þetta séu þær fyrirmyndir sem höfði helst til þessara brotnu einstaklinga og nái helst til þeirra? Heldur hæstv. ráðherra ekki að það hefði verið nær að búa svo um hnúta að þessir litlu brotnu einstaklingar hefðu átt möguleika á frírri sálfræðiþjónustu eða félagsráðgjöf til að fást við sín vandamál? Heldur hæstv. ráðherra að eitthvað af þeim millj., sem góðærið hefur skilað hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnin gleðst svo yfir þessa daga, hefði verið vel varið í þá forvarnastarfsemi að byggja um sálfræði- og félagsráðgjöf fyrir börn og ungmenni þeim að kostnaðarlausu?

Veit hæstv. ráðherra hversu margar fjölskyldur barna sem hafa ánetjast fíkniefnum, hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, orðið fyrir einelti í skólum eða koma frá heimilum í upplausn, hversu mörg þau börn eru sem neitað er um þessa þjónustu í dag vegna þess að þau hafa ekki efni á henni? Veit hæstv. ráðherra að þrátt fyrir þá samninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um að sinna þessari þjónustu er þar ekki um nægan tíma að ræða, þann tíma sem til þarf? Tíu tímar hjá sálfræðingi hjálpa barni sem hefur orðið fyrir einelti eða kynferðislegu ofbeldi aðeins örlítið af stað. Það

barn sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þarf a.m.k. árs, tveggja eða þriggja ára meðferð, það veit ég. Þessum börnum er hættast við að ánetjast fíkniefnum, þeim er hættast við að byrja að reykja, þeim er hættast við að byrja að drekka og hættan á því að þau ánetjist fíkniefnum, löglegum sem ólöglegum, er mikil. Ef hæstv. ráðherra hefur hlustað á þá sálfræðinga og félagsráðgjafa sem helst eiga að hafa með þessi börn að gera, þá veit hæstv. ráðherra að ég fer með rétt mál. Ef hæstv. ráðherra hefur mætt á fund stuðningshóps foreldra sem eiga börn sem hafa orðið fyrir einelti í skóla, þá veit hæstv. ráðherra að ég fer með rétt mál. Hæstv. ráðherra veit að þessi brotnu börn eru ekki að horfa á glansmyndirnar af fegurðardrottningunum. Þau horfa ekki heldur á spræku íþróttamennina, því miður. Þau eru bara ósköp einfaldlega það brotin að tilvera þeirra snýst um annað.

Ég tók saman að gamni mínu fyrir þessa umræðu hversu stór hluti þeirra viðtala sem ég hef veitt á síðasta ári er vegna barna sem orðið hafa fyrir einelti, orðið fyrir kynferðisofbeldi innan eða utan heimila, koma frá brotnum heimilum, hafa ánetjast fíkniefnum hvers konar og hversu stór hluti þeirra sem til mín hafa leitað hafa ekki haft ráð á því að leita með börnin sín til sálfræðings eða félagsráðgjafa. Það eru yfir 70% allra viðtala og ég hef verið með yfir 800 viðtalstíma. Ég hef verið með yfir 800 viðtalstíma á rúmu ári og í suma viðtalstímana mæta hópar foreldra til að ræða þessi vandamál sem lúta að vímuefnaneyslu barna. Því miður verð ég að segja að áfengis- og vímuvarnaráð mun ekki leysa þennan vanda. Það mun leysa einn vanda. Það mun leysa einn vanda. Þann vanda að samhæfa störf ríkisstjórnarinnar, ráðuneytanna og er löngu kominn tími til.

Maður hefði nú einhvern veginn ætlað að eftir þriggja ára setu hefði hæstv. ríkisstjórn tekist að samhæfa verk sín á þessu sviði. Maður hefði getað ætlað að á þremur árum, miðað við þá umræðu sem hefur átt sér stað hér á undanförnum þremur árum, sem oftast er tekin upp af hv. stjórnarandstöðu, hefði maður getað ætlað að hæstv. ráðherrar hefðu getað samhæft störf ráðuneyta á þessu sviði. Það virðist því miður ekki vera og til að samhæfa störf ráðuneyta þarf að setja fram frv. til laga til að taka af öll tvímæli um það að ráðuneytin skuli starfa saman með samhæfða stefnu.

Jú, það á að hleypa einum fulltrúa sveitarfélaganna í landinu inn. Vissulega hefur sveitarfélögunum fækkað en ekki svo mikið að einn fulltrúi nái að dekka þau öll. Sjónarmið sveitarfélaga, þau viðhorf og vandamál sem þau eiga við að stríða eru afar misjöfn. Það fer eftir stærð, gerð og legu þeirra sveitarfélaga. Því miður fer það líka oft og tíðum eftir viðhorfum þeirra sveitarstjórnarmanna sem sæti eiga í sveitarstjórn. Mér hefur orðið tíðrætt um að ekki sé boðið upp á fría sálfræði- eða félagsráðgjöf fyrir börn.

Ég má þó til með að nefna að eitt sveitarfélaganna gerir það og hefur gert um töluvert langan tíma. Það er Sauðárkrókur. Þegar nærliggjandi sveitir fóru að starfa saman að barnaverndarmálum þá töldu fulltrúar dreifbýlishreppanna í kring að það væru engin barnaverndarvandamál hjá þeim. Það væri ekki þannig, þyrfti ekkert endilega að ráða svona félagsráðgjafa eða sálfræðinga og hafa þá í fullu starfi, vandamálin væru ekki til staðar. Reynslan sýndi hins vegar allt annað. Reynslan varð allt önnur. Börn úr þessum dreifbýlissveitarfélögum þurftu ekkert síður á þessari þjónustu að halda og hún er þannig að barn eða ungmenni getur gengið inn á skrifstofu þessa sveitarfélags og beðið um aðstoð án þess að þurfa fyrst að ræða það við mömmu og pabba, kennarann eða ganga í gegnum eitthvert ferli áður. Þau bara leita eftir aðstoðinni og það hafa þau svo sannarlega gert.

Virðulegi forseti. Hér eru miklar hvíslingar í gangi og ég spyr: Á að fresta fundi eitthvað í matarhléi. Ég á töluvert eftir af minni ræðu og vildi gjarnan vita það ef ætlunin er að taka hlé, áður en haldið er áfram inn í nóttina.

(**Forseti** (StB): Forseti hafði nú gert ráð fyrir að gefa eitthvert matarhlé og vill þá spyrja hv. þm. hvort þingmaðurinn gæti lokið ræðu sinni á næstu 20 mínútum eða svo, eða 15?)

Virðulegi forseti. Ég á eftir töluvert meira efni en í 20 mínútur eða 15 og margt sem ég vildi koma á framfæri við þessa umræðu. Ég hafði áður ætlað mér að biðja um utandagskrárumræðu einmitt um vímuefnavandann og sú komst ekki á vegna þess að ég gat fallist á þau sjónarmið að þar sem þingmál væru hér til umræðu sem snertu þennan málaflokk beint, þá væri jafneðlilegt að taka þetta inn í þá umræðu. Þetta snýst allt um stefnumörkun og verk.

(**Forseti** (StB): Þá mundi nú forseti vilja fara fram á það við þingmanninn að gera hlé á ræðu sinni eftir svo sem eins og 5 mínútur. )

Það er sjálfsagt að verða við þeim óskum.

En 2. gr. sem ég var að fjalla um, þ.e. um það hverjir eigi að skipa í áfengis- og vímuvarnaráð. Minni hluti heilbr.- og trn. leitaði ítrekað eftir skýringum, við starfsmenn ráðuneytis og þá sem komu á fund nefndarinnar, á því hvers vegna sú leið væri farin að skipan áfengis- og vímuvarnaráðs sem er eins og stendur í skýrslunni hér, fyrsta skrefið í uppbyggingu heilsuverndarstöðvar á landsvísu. Við leituðum eftir skýringum á því hvers vegna þessi leið var farin, að þessi sjö ráðuneyti skipuðu hvert sinn fulltrúa í áfengis- og vímuvarnaráð og sveitarfélögin aðeins einn. Eins og með aðrar spurningar þá komu svörin ekki, svörin voru ekki til, önnur en þau að það þyrfti að samhæfa verk ríkisstjórnarinnar. Það eru ekki svör, virðulegi forseti, sem mér finnst ásættanleg í þessum efnum. Það er einfaldlega vegna þess að þó mikilvægt sé að samhæfa verk ríkisstjórnarinnar þá hefði ég haldið að það væri nú ekkert ofverk einnar ríkisstjórnar, að setjast niður og samhæfa verk sín og skipa í áfengis- og vímuvarnaráð þannig að þar kæmi að fjölþætt þekking og reynsla og að Alþingi skipaði í áfengis- og vímuvarnaráð þar sem bæði stjórn og stjórnarandstaða, sveitarfélögin, ýmis félagasamtök sem hafa komið að þessum málum ættu fulltrúa. Mörg félagasamtök virðast hafa meiri þekkingu á ástandinu en er í ýmsum ráðuneytum í dag ef tekið er mið af þeim skýrslum sem við höfum undir höndum.

Þess vegna vildi ég nú beina til hæstv. ráðherra spurningunni: Hvers vegna var þessi leið farin? Ég ætlaði að athuga hvort hæstv. ráðherra hefur skýrari svör en fulltrúar ráðuneytis sem mættu fyrir nefndina. Af hálfu nokkurra þeirra sem sendu inn umsagnir er einmitt gerð athugasemd við það hvernig staðið er að skipan í ráðið. Eins eru gerðar athugasemdir við að eitt af hlutverkum áfengis- og vímuvarnaráðs eigi að vera að gera tillögur um hvernig úthluta skuli úr forvarnasjóði en engu að síður á að reka áfengis- og vímuvarnaráðið með fjármagni úr forvarnasjóði.

Í skýrslunni sem hæstv. dómsmrh. skilaði til þingsins í mars sl. og í umsögn, um frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, frá fjmrn. fjárlagaskrifstofu sýnist mér talað um sömu fjárhæðir sem eigi að fara til ýmiss konar átaks í forvarnastarfsemi og til að efla fíkniefnalögregluna Það er út af fyrir sig dálítið merkilegt þegar maður skoðar hvernig standa á að verki. Í skýrslu dómsmrh. segir:

„Til fjölgunar stöðugilda 18 millj. kr. Stöðugildum sérstakra fíkniefnalögreglumanna var fjölgað um sjö, þannig að þrjú komu í hlut fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík og fjögur til embætta utan Reykjavíkur, eitt hjá sýslumanninum á Ísafirði, eitt hjá sýslumanninum á Sauðárkróki, eitt hjá sýslumanninum á Akureyri og eitt hjá sýslumanninum á Eskifirði.

Til bættrar starfsaðstöðu fíkniefnadeildar 5 millj. kr. Starfsaðstaða fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík var ófullkomin og þurfti að bæta. Af sérstakri fjárveitingu til fíkniefnamála var 5 millj. kr. varið til bættrar starfsaðstöðu fíkniefnadeildar, m.a. við að koma upp yfirheyrsluherbergjum.

Til fíkniefnastofu 2 millj. kr. en við gildistöku lögreglulaga var sérstök fíkniefnastofa sett á laggirnar við embætti ríkislögreglustjóra. Stofan hefur það hlutverk að safna upplýsingum um fíkniefnamál og vera miðlægur upplýsingaaðili um þessi efni, bæði gagnvart stjórnvöldum og í alþjóðasamskiptum."

Ég verð að segja, hæstv. ráðherra, að þegar maður les skýrsluna sem dómsmrh. skilar Alþingi í mars með hliðsjón af greinargerð með frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, þá hættir maður að botna í því hvað hafi áunnist í þessari samhæfingu verkefna. Þarna er fjárveiting sem ætluð er sérstaklega til svokallaðrar fíkniefnastofu sem að hluta á að sinna sömu verkefnum og áfengis- og vímuvarnaráð. Þarna hefur því eitthvað misfarist á leiðinni, upplýsingar á milli ráðuneyta eða þá markmið hæstv. heilbrrh. Ég er sannfærð um að hæstv. heilbrrh. vill gjarnan samræma verkefni þessara ráðuneyta, en það virðist þó ekki hafa gengið betur en svo að í skýrslunni má, ekki bara á þessu sviði heldur ýmsum öðrum, reka sig á að hlutverk ýmissa þeirra stofnana sem heyra undir önnur ráðuneyti sem og áfengis- og vímuvarnaráðs sem hæstv. ráðherra er að setja á laggirnar og á að kosta töluvert stangast á. Það á að kosta tæpar 30 millj. Tekjur Forvarnasjóðs eru áætlaðar 55 millj. á þessu ári. Þá á að gera ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráðið verði rekið af þessum peningum skilst mér, og allt í allt er kostnaðurinn um 27 millj. kr. Á móti kemur að verið er að leggja niður áfengisvarnaráð en þar var kostnaðurinn áætlaður um 9,1 millj. kr.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill nú kanna hvort hv. þm. getur sætt sig við að gera hlé á ræðu sinni.)

Alveg sjálfsagt.

(**Forseti** (StB)**:** Þingmaðurinn gerir þá hlé á ræðu sinni og við hefjum fund hér að nýju kl. hálfníu.)

[19:45]

**Útbýting þingskjals:**

Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 561. mál, brtt. VE, þskj. 1551.

[Fundarhlé. — 19:46]

[20:30]

**Margrét Frímannsdóttir** (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var í ræðu minni þar sem ég var að tala um að svo virðist vera samkvæmt þeirri skýrslu sem hæstv. dómsmrh. skilaði til þingsins að um sé að ræða að þar hafi verið sett á stofn á vegum dómsmrn. fíkniefnastofa sem áætlað er að fái á þessu ári um 2 millj. kr. og þessi fíkniefnastofa svokallaða er við embætti ríkislögreglustjóra og stofu þessari er ætlað ákveðið hlutverk og það er að safna upplýsingum um fíkniefnamál og vera miðlægur upplýsingamiðill um þessi efni bæði gagnvart stjórnvöldum og í alþjóðasamskiptum. Síðan er sagt að sérstakri fjárveitingu, 2 millj. kr., hafi verið varið til að leggja grunn að tölvu- og hugbúnaðargerð fyrir fíkniefnastofuna sem á m.a. að sjá um alþjóðleg samskipti, safna upplýsingum og vera miðlægur upplýsingamiðill. En samkvæmt verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs er þetta eitt af því sem kveðið er á um í 3. gr. að séu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Ég nefndi að reyndar er á fleiri stöðum þar sem mér sýnist að um sömu verkefni og hafa verið ákveðin í öðrum ráðuneytum og jafnvel settar fjárveitingar í sé að ræða og þau sem eru áætluð í 3. gr. þessa frv. um áfengis- og vímuvarnaráð.

Í störfum heilbr.- og trn. báðum við um frekari skýringar á þessum verkefnum sem ekki höfðu borist og eftir því sem ég best veit hafði formaður nefndarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, óskað eftir því að bókaðar væru sérstaklega í nefndinni þær spurningar sem beðið var um skrifleg svör við sem eins og fram kemur í áliti því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson mælti fyrir áðan að þá höfðu þau svör ekki borist en þó var gerð tilraun til þess í bréfi sem er dagsett 29. apríl fyrir rúmum mánuði. Þar er gerð tilraun til að svara spurningum um 1. tölul. 3. gr. frv. varðandi eftirlitshlutverk ráðsins og fór ég yfir það fyrir stuttu.

Í grg. með frv. um áfengis- og vímuvarnaráð kemur heldur ekki fram neitt nákvæmlega, hvorki um það hvers vegna skipan ráðsins er eins og um getur í 2. gr. og ekki heldur um verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Ég hef áður skýrt frá því að ég tel að í hv. heilbr.- og trn. hefði mátt ná samstöðu um þetta mál ef það hefði á einhvern hátt verið tekið tillit til þeirra óska sem komu frá stjórnarandstöðunni. Þær óskir voru þess efnis að það yrði samstarf, samráð milli minni hluta og meiri hluta um skipan í ráðið. Þar væri um tvær leiðir að ræða. Vegna þess að hæstv. ráðherra hefur talað um að stjórnarandstaðan komi ekki með neinar tillögur, eins og kom fram í máli hennar áðan, var það þannig að minni hlutinn í heilbr.- og trn. taldi að þar væri um tvær leiðir að ræða. Annars vegar að kjósa áfengis- og vímuvarnaráð á Alþingi þar sem skiptist jafnt milli flokka, svipað og gert hefur verið með áfengisvarnaráð, og hin leiðin væri sú að þarna væri vægi sveitarfélaganna aukið til muna á kostnað ráðuneytanna. Heilbrrn. væri það ráðuneyti og hugsanlega dómsmrn. sem ættu að dekka allan þátt ríkisstjórnarinnar, þ.e. hlutverk ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Í hæsta lagi yrðu þau ráðuneyti þrjú, þ.e. dómsmrn., heilbrrn. og félmrn. Önnur ráðuneyti væru látin víkja og sveitarfélögin fengju þarna aukið vægi sem og fulltrúi frá félagasamtökum sem hefðu unnið að þessu og voru nefnd þar sem dæmi samtökin Vímulaus æska, foreldrasamtökin, sem ég veit að hæstv. ráðherra þekkir vel til. Það var því um ákveðnar tillögur að ræða í þessum efnum.

Hvað varðar verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs vildum við aðeins fá nánari útfærslu á þessum verkefnum og það yrði þá farið í þá vinnu, miðað við þá skýrslu sem barst hingað í mars frá hæstv. dómsmrh. að skoða þau verkefni sem væri þegar búið að setja niður hjá öðrum ráðuneytum og útfæra síðan í þessari grein þau verkefni sem væru eftir og þau verkefni sem nú þegar hefðu verið sett niður hjá öðrum ráðuneytum en við teldum að ættu að heyra undir áfengis- og vímuvarnaráð. Þá vildum við bæta inn í afbrotaþættinum, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á í framsögu sinni fyrir nál. vegna þess að á sínum tíma hefði verið um-

ræða um að taka hann inn í þetta ráð, og reyndar upphaflegu tillögurnar um að það ætti að vera afbrotaráð líka, þ.e. að taka sérstaklega á afbrotaþættinum. Þá vorum við með tillögur um það að tóbaksvarnanefndin, tóbaksvarnirnar féllu undir áfengis- og vímuvarnaráð.

Við settum því fram ákveðnar tillögur en hins vegar var enginn vilji til þess að ræða neitt af þeim tillögum eða hugmyndum sem við höfðum. Það mátti engu breyta. Jafnvel þó svo að það fælist í máli einstakra nefndarmanna að þeir gætu hugsað sér að skipun ráðsins væri með öðrum hætti væri það þannig að frv. ætti að fara í gegn óbreytt. Þar með var í raun búið að segja minni hlutanum í hv. heilbr.- og trn. að starf okkar væri í sjálfu sér ekki annað en það að við gætum kallað einhverja fyrir nefndina ef við vildum, við gætum varpað fram spurningum en í sjálfu sér ætti ekkert við þær að gera. Engin þessara tillagna fékk nokkurn minnsta hljómgrunn hjá nefndarmönnum og ég býst við því að samráð hafi verið haft við hæstv. ráðherra. Tillögur okkar lágu því fyrir í þessum efnum.

Þá vildum við að byrjunarverkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eða afbrota- og vímuvarnaráðs, eftir því sem það héti ef tillit væri tekið til brtt., væri skýrt alveg frá upphafi að fyrsta hlutverk þess væri að taka saman allar þær upplýsingar sem fyrirliggjandi eru um eiturlyfjaneyslu, afleiðingar eiturlyfjaneyslu, áhættuhópa og fleira í þeim dúr sem liggja hvergi fyrir. Þessar upplýsingar liggja nefnilega hvergi fyrir á einum stað. Til er skýrsla sem heitir Vímuefnaneysla ungs fólks, umhverfi og aðstæður, sem er frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson unnu. Í þeirri ítarlegu skýrslu er reynt að fara yfir hvaða þættir það eru sem hafa helst áhrif á það eða eru orsakavaldar þess að unglingar eða börn ánetjast eða fara út í fíkniefnaneyslu. Það eru auðvitað uggvænlegar tölur sem hægt er að lesa út úr þessari skýrslu um gífurlega neyslu ungs fólks á vímuefnum. Samt sem áður kemur fram í skýrslunni að reikna megi með að það sé kannski heldur meira en fram kemur í skýrslunni vegna þess að þarna hafði aðeins náðst til þeirra barna sem eru í skólunum, ekki þeirra sem þegar hafa ánetjast fíkniefnum og hafa flosnað upp úr skóla eða mæta lítið eða illa. Við vitum auðvitað dæmi þess að skólarnir hafa hreinlega gefist upp á einstaklingum, eins og kom fram á ráðstefnu sem foreldrasamtök Vímulausrar æsku héldu fyrir nokkru að þá eru dæmi þess að ungum börnum hafi hreinlega verið vísað úr grunnskóla vegna erfiðleika eftir vímuefnaneyslu.

En frv. sem er til umræðu á að vera sett fram í beinu framhaldi af stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem var birt 3. des. eða varð til 3. des. 1996. Þar eru sett fram sömu markmið og eru í þessari tillögu eða í þessu frv. og reyndar er þar tekið sérstaklega á því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom inn á, tollgæslu, og talað um það í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar að fjárveitingar til löggæslu og tollgæslu verði hækkaðar. Þær hafa verið hækkaðar, en eins og ég nefndi áðan er sú hækkun sem kemur t.d. til fíkniefnalögreglunnar um fjölgun stöðugilda, 18 millj. kr., þar sem um er að ræða sjö stöðugildi og aðeins þrjú komu í hlut fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík og fjögur til embætta utan Reykjavíkur. En eins og ég rakti áðan hefur það ítrekað komið fram í umræðu á undanförnum árum að fíkniefnalögreglan hefur verið sárlega undirmönnuð og enda þótt þessi þrjú stöðugildi bæti vissulega úr þá gera þau það ekki að fullu.

Þess er skemmst að minnast að fyrir stuttu var hér sænskur lögregluþjónn sem skilaði því sem kallað hefur verið í fjölmiðlum „skýrslu" sem ég vil frekar kalla „greinargerð" því það er töluverður munur þar á. En það er mat hans, eftir að hafa dvalið hér og starfað með íslenskum lögregluþjónum í þrjá mánuði, að það ríki mjög alvarlegt eiturlyfjavandamál í Reykjavík. Í fréttaskýringu sem birtist í Degi 30. maí segir, með leyfi forseta:

„Það ríkir alvarlegt eiturlyfjavandamál í Reykjavík. Það má auðveldlega líkja því við ástandið í Stokkhólmi. Þetta er dómur tveggja sérfræðinga íslensku og sænsku lögreglunnar, sem stóðu fyrir mánaðarlangri úttekt á vímuefnanotkun í borginni. Niðurstöðurnar eru í einu orði sagt hrikalegar og má segja að það hafi þurft spámann frá útlöndum til að opna augu landans. Sænskan sérfræðing sem hefur sérhæft sig í að lesa út úr augum og háttum einstaklinga hvort þeir eru undir áhrifum ólöglegra vímugjafa. Neyslan er mikil og fer fram fyrir að heita má opnum tjöldum. Og lögreglan er nánast bjargarlaus; viðurlög eru takmörkuð og stjórnvöld úrræðalaus."

Og þessi sænski sérfræðingur bendir á að „í Svíþjóð sé það ólöglegt að vera í vímu og hægt að taka fólk í þvag- og blóðprufur en ekki hér á landi. Í Svíþjóð er ungt fólk 18 ára og yngra sent til meðferðar og ráðgjafar ef það mælist undir áhrifum og sektum er beitt. Hér á landi, ekki síst í Reykjavík, fer neyslan hins vegar fram fyrir opnum tjöldum og er lítið gert við því. Notkun ólöglegra fíkniefna er mjög útbreidd í næturlífinu á sama tíma og fólk í vímu þorir varla út fyrir heimili sín í Svíþjóð. Hér óttast neytendurnir ekkert og hreykja sér frammi fyrir lögregluþjónum. Sá sænski nefnir", segir í blaðinu, „að hann hafi rekist á tvo 16 ára drengi á Laugaveginum um miðjan dag þar sem þeir reyktu marijúana óttalausir með öllu. Augljóslega mundi slíkt ekki gerast ef lögreglan væri sýnilegri og hefði yfir einhverjum úrræðum að ráða.

Ef ekkert er gert mun ástandið fara versnandi að mati skýrsluhöfunda." Segir í þessari grein í Degi: „Meðal þess sem þeir leggja til að gert verði er að banna með lögum að menn megi vera undir áhrifum fíkniefna. Að tveir íslenskir lögregluþjónar verði sérhæfðir í að greina fólk í vímu. Að fjölga lögregluþjónum í fíkniefnadeildinni" — og þá er talað um frá því sem nú er þegar búið er að taka inn þá fjölgun sem átti sér það — „og láta þá fara í eftirlitsferðir dag og nótt, gangandi en ekki hangandi inni í bílum sínum. Að haldnir verði reglulegir fundir lögreglumanna, veitingahúsaeigenda og dyravarða. Að óeinkennisklæddir lögregluþjónar verði virkir inni á veitingastöðunum. Að lögreglan taki upp nána samvinnu við skólayfirvöld og félagsmiðstöðvar, einnig við Íþrótta- og tómstundaráð og félagsmálastofnanir. Bæta verður aðstöðu unglingaathvarfsins. Lögreglan á einnig að taka upp samvinnu við fjölmiðla með vikulegum upplýsingafundum."

En síðan segir hér í niðurlagi það sem er lokaniðurstaða þessarar skýrslu þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægast af öllu er að þjóðfélagið allt skilji hversu grafalvarlegt ástandið er og vinni saman í stríðinu gegn fíkniefnunum. Þetta er ekki bara vandamál lögreglunnar, segir í lokaniðurstöðunum."

Áfram segir í þessari grein, þar sem er viðtal við Þórarin Tyrfingsson, lækni hjá SÁÁ, sem hefur verið að vinna með heilbrrn., með leyfi forseta:

„Skýrsluhöfundar fengu ýmsar tölulegar upplýsingar hjá SÁÁ og segir Þórarinn Tyrfingsson læknir á Vogi að boðskapur skýrsluhöfunda komi honum alls ekki á óvart.

„Við erum búin að segja margoft frá þeirri sprengingu sem varð í neyslu vímuefna frá 1994. Frá þeim tíma hefur t.d. neysla á kannabisefnum þrefaldast. Einhvers staðar hljóta menn að vera að reykja þetta en möguleiki lögreglunnar til að bregðast við þessu er óviðunandi. Það er einfaldlega ullað á lögguna. Það eru engin viðurlög við því að vera í vímu eða vera með efni í vasanum og satt að segja er ósköp skiljanlegt að lögreglan kjósi frekar að taka menn fyrir umferðarlagabrot þar sem þeir geta haldið reisn sinni. Fimmtugir ökuníðingar í Ártúnsbrekkunni mega skjálfa á beinunum meðan fólk undir áhrifum ólöglegra vímuefna ullar á lögguna," segir Þórarinn.

Þórarinn veltir því fyrir sér hvort yfirvöld ætli að horfa aðgerðalítil á meðan Reykjavík er að verða að fíkniefnabæli. „Þetta lýtur auðvitað fyrst og fremst að stjórnvöldum því að lögreglan býr við óviðunandi vinnuaðstæður og neysla á veitingahúsum virðist viðgangast án þess að nokkur hætta sé á því að húsin missi leyfi. Það eru því miður stórar gloppur í þessu hjá okkur þótt skynsamlega sé tekið á sumum hlutum. Ef satt skal segja þá sjáum við ekki fyrir endann á þeirri aukningu sem orðið hefur eftir mitt ár 1995 ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða. Að óbreyttu er óraunhæft að ætla að lögreglan geti á nokkurn hátt spornað við þessu. Lögregluþjónar standa einfaldlega frammi fyrir því að missa sjálfsvirðinguna. Er ekki betra að gefa hraðakstursseksektir með reisn en að láta ungt fólk í vímu rífa kjaft og ulla á sig?" spyr Þórarinn."

Virðulegi forseti. Er nema von að hér sé tekinn tími í að ræða þennan mikla vanda sem við blasir? Er nema von að stjórnarandstöðunni finnist — við litla hrifningu hæstv. ráðherra eða stjórnarliða yfirleitt — lítið að gert með því að búa til áfengis- og vímuvarnaráð þar sem eiga sæti sjö fulltrúar einstakra ráðuneyta og einn frá sveitarfélögunum? Er nema von?

Er nema von að okkur finnist það jafnvel þó við gætum nú treyst því að þeir sem gerst þekkja hjá lögreglunni hvernig ástandið er að sjónarmið þeirra væru virt, að þá verður það líklega aðeins einn hæstv. ráðherra sem mun skipa lögregluþjón sem þekkir til þess sem er að gerast á götum Reykjavíkurborgar og á götunum vítt og breitt um landið? Því að samkvæmt skýrslum sem við höfum séð þá er ekki orðinn til einn einasti þéttbýliskjarni á landinu þar sem hafa ekki komið upp einhver vandamál tengd vímuefnum. Er nema von að okkur finnist ekki nóg að gert þegar við sjáum fram á það að kannski verður þarna aðeins einn fulltrúi lögreglunnar?

Sú skýrsla eða sú greinargerð sem þessi sænski lögreglumaður vann í samstarfi við íslenskan er mjög ljót. Á síðustu dögum hafa ýmsir lagt sig fram um að draga hana í efa, þetta byggi meira á tilfinningu en vísindalegum rannsóknum. En ég býst við því að ef þau börn og þau ungmenni sem talað er við sem eru í neyslu væru spurð að því hvort þetta væri rétt mat hjá þessum sænska lögregluþjóni þá mundu þau nær undanbragðalaust svara: Já, það er það.

Enda segja tölurnar okkur, sem eru í skýrslu frá Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, sem unnin er vísindalega, að sá hópur sem neytir harðra eiturlyfja og er í mikilli neyslu er mjög stór. Nú hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson farið yfir nokkrar tölur um þessa neyslu og hvernig hún er meðal 8., 9. og 10. bekkinga í grunnskólum landsins og í fyrstu bekkjum framhaldsskóla og alveg sérstaklega stingur í augu þegar spurt er um aðgengi nemenda í 10. bekk. Þeir eru spurðir að því hvernig sé að nálgast eiturlyf. Er það auðvelt? Er það mjög auðvelt? Og gerður samanburður við sams konar spurningu sem vísindamenn settu fram hjá öðrum þjóðum. Spurt er um hass og marijúana annars vegar og amfetamín hins vegar.

Það er þannig að í Noregi segja 25% þessa aldurshóps, 15 ára börn, að það sé mjög auðvelt að ná sér í hass og marijúana, 11% segja að auðvelt sé að ná í amfetamín. Í Svíþjóð eru 25%, eins og í Noregi, sem segja að það sé mjög auðvelt að nálgast hass, 14% að það sé auðvelt að nálgast amfetamín. Finnland, þar segja 14% að það sé auðvelt að nálgast hass og 6% amfetamín.

En Ísland? Þar eru 27% þessara nemenda í 10. bekk, þ.e. meira en fjórði hver nemandi sem getur fullyrt að það sé mjög auðvelt að nálgast hass og 14% segja að það sé mjög auðvelt að nálgast amfetamín. Og þessi könnun er gerð 1995.

Hvað sagði Þórarinn Tyrfingsson í viðtalinu í Degi og ég vitnaði hér í áðan? Hann sagði að það hefði orðið sprenging og neyslan hefði vaxið verulega síðan 1995. Það má því leiða að því líkur að aðgengið, hafi það verið auðvelt á þessu ári þá sé það enn auðveldara í dag vegna þess að neyslan hefur farið vaxandi. Þetta er mjög alvarlegt mál og þetta er eitthvert alvarlegasta vandamál sem við stöndum frammi fyrir.

Margt hefur verið gert á sviði forvarna, ég ítreka það til að fyrirbyggja misskilning hjá hæstv. ráðherra að mjög margt hefur verið gert t.d. á sviði tóbaksvarna, sem ég tel mjög gott, þó að það þurfi að grípa til enn frekari aðgerða því að reykingar hafa aukist innan grunnskólanna eftir því sem ég best veit.

En þegar átt er við það að þarna hafi verið, t.d. í tóbaksvarnaauglýsingum, notaðar fyrirmyndir úr íþróttum dreg ég það persónulega í efa. Og ég byggi það á viðtölum við unga fíkla, við foreldra þeirra, við sálfræðinga, kennara og félagsráðgjafa sem hafa verið að vinna með þessi vandamál, þegar ég dreg það stórlega í efa að þarna sé um áhættuhóp að ræða. Bara til að fyrirbyggja allan misskilning að þá dreg ég það í efa að sá hópur sem er hættast við að ánetjast fíkniefnum, fara út í fíkniefnaneyslu, sé sá sem leitar sér fyrirmynda í íþróttahreyfingunni. Því að barni eða ungmenni sem hefur í sér keppnisskap og vilja til íþrótta, íþróttaiðkunar, er ekki eins hætt við eins og hinum sem eru brotin af ýmsum ástæðum, eins og ég hef farið yfir aftur og aftur.

Þess vegna þarf að huga sérstaklega að þeim einstaklingum. Það er best gert með öflugri ráðgjöf innan skólans, með því að efla sálfræði- og félagsráðgjöf, sjá þessum börnum fyrir þessari þjónustu og fjölskyldum þeirra, ekki bara börnunum heldur allri fjölskyldunni. Það hefur margoft komið fram að það er ekki aðeins ungi neytandinn sem þarf á aðstoð að halda heldur öll fjölskylda hans. Ég hefði viljað sjá hæstv. ráðherra taka á þeim málum, eitthvað raunhæft að gerast og taka á því sérstaklega.

Hvað varðar umönnunarlaun til foreldra sem eiga börn sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða, en foreldrar búa við mjög erfiðar heimilisaðstæður um leið og barnið ánetjast fíkniefnum alvarlega því þá er það orðið mjög veikt, þá er um fárveikan einstakling að ræða sem þarf á allri þeirri umönnun að halda sem hægt er að veita. Þar sem við búum nú ekki við góða meðferð eða fjölbreytt meðferðarúrræði, ekki nógu fjölbreytt meðferðarúrræði fyrir ungt fólk, lendir

það oft á foreldrunum að hugsa um barn sem er í neyslu áður en til meðferðar kemur. Það er óskað eftir því og er æskilegt að foreldrar taki þátt í meðferðinni þannig að þau þurfa að gera það meira og minna á meðan á meðferð stendur. Síðan er ekki boðið upp á að meðferðin standi það lengi sem til þarf því að það þarf að bjóða upp á mjög mismunandi úrræði og þá reynir aftur á foreldrana að taka við og halda áfram að leiða þennan unga einstakling inn á rétta braut og ekki er hægt að sleppa hendinni af þeim nærri strax. Þetta þekkja allir þeir foreldrar sem hafa átt unga einstaklinga, börn sem hafa ánetjast fíkniefnum.

Önnur tillaga sem við, stjórnarandstaðan í heilbr.- og trn., tók alveg sérstaklega fyrir, því að við vorum með mjög margar tillögur í umræðunni — það er ekki þannig að við séum að gera endalausar kröfur á hæstv. ráðherra án þess að koma með nokkuð úr að moða handa hæstv. ráðherra, það er bara ekki þannig. Við höfum lagt fram margar ítarlegar tillögur. Ein þeirra var að tekið yrði sérstaklega á afbrotum ungra fíkla. Í greinargerðinni með frv. er einmitt aðeins tæpt á þessu þó að ekki sé tekið á því í frv. sjálfu sem fskj. með frv. er stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna- áfengis- og tóbaksvörnum. Þar segir m.a. á bls. 7 í frv. að auka þurfi að öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.

Maður veltir því fyrir sér og ég er búin að velta því fyrir mér aftur og aftur hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að framfylgja þessu fyrirheiti. Á bls. 9 er aðeins farið inn á þetta aftur í greinargerðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hefta skal aðgengi barna og ungmenna að þessum efnum" — þá er átt við við fíkniefni — „og fækka fíkniefnatengdum brotum til að auka öryggi almennings. Efla á meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem vilja hverfa af braut neyslu, ekki síst meðferðarúrræði fyrir aldurshópinn 16–18 ára."

Ég hef leitað bæði í greinargerð með þessu frv. sem og í stefnu ríkisstjórnarinnar, í skýrslunni sem gefin var út í mars 1998 um það hvernig eigi að taka sérstaklega á þessum málum. Þar finn ég ekkert annað en það að hér hefur verið kallaður til einhver erlendur sérfræðingur til þess að skoða meðferðarúrræðin sérstaklega og það er ekkert getið um það hver var niðurstaða hans, ekki í þessu. Einnig er talað um það að það þurfi að taka sérstaklega á þeim sem hafi verið í neyslu og brotið af sér og það er þá gert með þeim hætti sem gert er í dag, engin breyting þar á, þ.e. boðið er upp á meðferð við lok afplánunar dóms. Það á sem sagt að halda áfram þeirri stefnu að henda inn í fangelsi landsins ungum fíkniefnaneytendum, 16 ára og eldri, til geymslu og setja þá jafnvel í einangrun á meðan þeir eru í harðri neyslu og fárveikir.

Það vill svo til að ég er með hér líka í höndum umsögn frá unglingaráðgjafa hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, sem heitir Davíð Bergmann Davíðsson, sem hann sendir vegna annars máls sem snertir unga vímuefnaneytendur og snertir þennan málaflokk mjög mikið en ekki er getið um í verkefnaskrá þessa ágæta áfengis- og vímuvarnaráðs, það er ekkert getið um það. Ég ætla, með leyfi forseta, að fara yfir bréfið sem liggur líklega hjá allshn. því að af einhverjum ástæðum var tillögu um aukin meðferðarúrræði fyrir ungt fólk, vísað til allshn. og ég býst við því að þar liggi þessi umsögn sem var send til mín þar sem ég er einn af flutningsmönnum tillögunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undirritaður vill byrja á því að fagna tilkomu þessarar þingsályktunar og vonar jafnframt að núna fylgi framkvæmd í verki og þeir sem eiga að sinna þessum málaflokki axli þá ábyrgð.

Þegar mér barst þetta bréf frá allsherjarnefnd Alþingis hugsaði ég að í raun væri hægt að skrifa langa ritgerð um það hvernig best væri að standa að meðferð fyrir unga fíkniefnaneytendur og unga afbrotamenn. Í flestum tilfellum fer þetta tvennt saman.

Það er ekki til ein einföld meðferð fyrir alla heldur verður hún að vera einstaklingsbundin og hugsuð ýmist sem langtíma- og skammtímameðferð.

Undirritaður er þeirrar skoðunar að Tindar hefðu vel getað sinnt stórum hluta af þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag. Einnig telur undirritaður að það hafi verið stór mistök að leggja þá niður vegna þess eins að nýtingin hafi ekki verið nógu góð að 50 millj. kr. kostnaður hafi verið of mikið. Maður veit ekki hvort maður á að gráta eða hlæja þegar maður hugsar til þess sukks og svínarís sem hefur viðgengist í ríkisbönkunum þar sem laxveiðikostnaður einn og sér gæti greitt þessa meðferð. Þessi aðgerð kemur undirrituðum þannig fyrir sjónir eins og ef það hefði verið minna um bruna á síðasta ári væri full ástæða til að loka slökkviliðsstöðinni í Reykjavík þetta árið. Telur undirritaður næsta víst ef til stæðu svipaðar aðgerðir gagnvart slökkviliðinu eins og gagnvart Tindum stæði íslenska þjóðin á öndinni af hneykslan, jafnt Jón sem séra Jón. En það er bara svo undarlegt að þegar er um börn eða unglinga í vanda að ræða er forgangsröðin önnur eins og dæmin sanna.

Undirritaður er enn fremur þeirrar skoðunar að það sé framkvæmdarvaldinu um að kenna hvernig er komið fyrir þessum málaflokki og eru mýmörg dæmi þess hvernig komið er fyrir mörgum bara vegna afskiptaleysis stjórnvalda. Biðlistar á Barnaverndarstofu lengjast og voru langir fyrir með tilkomu hækkunar sjálfræðisaldursins. Ekki er einungis verið að tala um tvöföldun heldur þreföldun að mati forstjóra Barnaverndarstofu. Það er nokkuð sem getur ekki viðgengist vegna þess að þróunin hjá fíklum er svo hröð að bara biðtími eftir meðferð getur margfaldað vanda þeirra og allt farið illa. Hjá félagsmálastofnun höfum við horft upp á mýmörg dæmi þess hvernig efnileg ung manneskja getur misst algjörlega tökin á lífi sínu á mjög skömmum tíma og ekki eiga allir afturkvæmt úr því ferðalagi því að það er mjög auðvelt að eyðileggja barn á því viðkvæma mótunarskeiði sem unglingsárin eru.

Það er sorglegt að horfa upp á vandræðaganginn í íslensku þjóðfélagi þegar kemur að ungum afbrotamönnum. Eina úrræðið sem er til staðar fyrir fólk á aldrinum 16–17 ára er rammgert fangelsi. Þetta er notað hvort heldur sem um að ræða afplánun eða síbrotagæslu. Þetta er brot á barnaverndarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Undirritaður fullyrðir það að hér er eingöngu framkvæmdarvaldinu um að kenna.

Á undanförnum árum má segja að flestir fjölmiðlar og ráðamenn hafi migið utan í þennan málaflokk. Annað slagið kemur upp umræða um úrræðaleysi í málefnum ungra afbrotamanna og fíkniefnaneytenda og er það ýmist fagfólk eða foreldrar að grátbiðja um hjálp. Fjölmiðlafólk auglýsir það ömurlega ástand sem réttilega ríkir og svo skapast fjölmiðlafár í kringum umræðuna og ráðamenn gefa fögur loforð en sofna flestir von bráðar sínum þyrnirósarsvefni ásamt flestum frétta- og fjölmiðlamönnum landsins og einhvern veginn fer lítið fyrir efndum í draumalandi nema kannski rétt fyrir kosningar eða hvað?

Lítum á sögu ungs fíkniefnaneytanda sem býr ekki í draumalandi. Hann hefur verið að safna upp afbrotum án þess að það hafi verið hægt að grípa inn í hjá honum. Er það sökum algjörs úrræðaleysis. Hann var rekinn úr einu meðferðinni sem honum stóð til boða og er brottreksturinn sagður vegna þess að hann væri of erfiður í meðferð með öðrum og truflaði hina og að sú þjónusta sem hann þurfti á að halda væri ekki til staðar á þeim tíma. Núna er þessi sami einstaklingur bak við lás og slá í fangelsinu á Skólavörðustíg í síbrotagæslu sem þýðir í raun að hinn almenni borgari er verndaður fyrir honum." Samkvæmt því hlýtur hæstv. ráðherra að telja að sé verið að framfylgja þeirri ætlan ríkisstjórnarinnar að vernda hinn almenna borgara fyrir afbrotum fíkniefnaneytenda. En áfram með greinargerðina, með leyfi forseta:

„Verið er að taka saman öll hans mál sem á síðan að leggja fyrir héraðsdóm. ... Þegar hann var rekinn úr meðferð þann 27. febrúar 1997 var hann með fimm mál á málaskrá, tæpum þremur mánuðum síðar, 13. maí 1997 var hann með 14 mál og þegar hann fór í fangelsi 10. maí 1998 voru 57 mál á ferilskrá hans hjá lögreglunni. Til þess að trappa viðkomandi niður af eiturlyfjaneyslu sem hann var í var hann settur á svokallaðan R-skammt í fangelsinu. Þegar undirritaður spurði hvað það þýddi var honum sagt að það væri rónaskammtur. Það er sorglegt að ekki hefur verið unnt að sinna neyðarkalli þessa unga manns. Þetta brot á barnasáttmálanum verður að teljast harla ólíklegt til þess að hjálpa þessum unga manni til að finna fótfestu í lífinu. Eða hvað er líklegt að hann læri í fangelsi þar sem hann afplánar dóm með eldri föngum sem ugglaust hafa frá ýmsum miður fögrum frægðarsögum að segja þessum unga manni.

Undirritaður fór fyrir viku til að heimsækja þennan sama dreng í fangelsi á Skólavörðustíg og átti við hann spjall í eina klukkustund. Þegar viðtalinu lauk og undirritaður var kominn út úr fangelsinu fékk hann þá tilfinningu að þetta yrði varla síðasta heimsókn hans í fangelsi til að hitta fyrir þennan sama unga mann. Af hverju? Jú, honum fannst hann nú orðið tilheyra heimi afbrotamanna og eins og hann orðaði það sjálfur þá hefur hann að engu öðru að snúa sér en því líferni sem hann hefur lifað og tilheyrir heimi afbrotmanna. Það skal tekið fram að saga þessa drengs er ekki einsdæmi. Á málaskrá viðkomandi er eftirfarandi: þrjú innbrot, einn minni háttar bruni, 21 þjófnaður, sjö líkamsárásir, eitt umferðaróhapp, eignatjón, fimm eignaspjöll, minni háttar skemmdarverk, ein tilkynning um hávaða innan dyra, tvö rán, eftirlýstur tvisvar sinnum, ölvun á almannafæri þrisvar sinnum, eitt fíkniefnabrot, ein fíkniefnadreifing og sala, fíkniefni, varsla og neysla fjórum sinnum, ólæti og slagsmál einu sinni, nytjastuldur vélknúinna farartækja tvisvar, tvisvar ofbeldi gagnvart lögreglumönnum."

Þessi eini einstaklingur var í neyslu sem kostaði hann á bilinu 4.500–10.000 kr. á dag. Það sér hver maður að dæmi hans getur ekki gengið upp án mikillar aðstoðar. Hann þarf á meðferð að halda. Og Davíð Bergmann segir í þessu bréfi sínu um það, með leyfi forseta:

„Meðferðarheimilið þarf að vera hugsað með það í huga að þarna sé bæði langtímavistun og skammtímameðferð. Skammtímavistun væri notuð sem greiningarmeðferð og í framhaldi af því metið hvort langtímameðferðar sé þörf. Það þarf að stofna vinnuhópa bæði með foreldrum og fagfólki um það hvernig sú meðferð eigi að vera í framkvæmd. Það sem virðist svo oft gleymast er að flestir ungir afbrotamenn eru helsjúkir fíkniefnaneytendur en ekki óþekkir strákar að brjóta rúður. Þess vegna er ekki bara nóg að taka í hnakkadrambið á þeim og senda þá á sjóinn eða í sveitina svo þeir geti orðið að manni.

Fyrir þennan dreng sem nefndur var hér að framan þarf langtímameðferð sem hugsuð er til tveggja eða þriggja ára. Hafa þarf í huga að þessi ungmenni hafa ekki aðeins misst úr skóla heldur oft talsverðan félagslegan þroska. Það þarf líka að skoða í hvaða formi stuðningurinn eigi að vera þegar út er komið og er nauðsynlegt að hann sé virkur bæði til aðstandenda og fíklana sjálfra. Það verður að hafa foreldrana virka í meðferðinni og aðgangur þeirra á að vera greiðfær og ekki um langan veg að sækja.

Hugmynd að meðferð fyrir þann sem kominn er styttra á veg í heimi afbrota og fíkniefna. Hafa verður í huga félagslegan þroska og hvernig staðan er í skólamálum og aðstæður heima fyrir. Fyrir þann sem þarf eingöngu að nýta sér þriggja mánaða meðferð er mjög mikilvægt að þeim sama einstaklingi og forráðamönnum verði veittur góður stuðningur og eftirlit eftir að meðferð er lokið. Það væri hægt að sjá allar mögulegar útfærslur á slíkri eftirmeðferð. Við getum tekið til fyrirmyndar þá eftirmeðferð sem Tindar voru með, göngudeildarþjónustu SÁÁ og svo væri örugglega hægt að taka sér erlendar fyrirmyndir í þessu samhengi. Varðandi félagslegan þroska er hægt að taka til fyrirmyndar það starf sem rekið er fyrir ungt fólk í SÁÁ o.fl. þar sem vettvangur er fyrir krakkana að skemmta sér saman í góðu umhverfi og er það að sjálfsögðu liður í félagslegum þroska og við eigum að sjálfsögðu að styrkja og hafa eftirlit með því."

Þessi greinargerð er send í maí 1998 og undir hana ritar Davíð Bergmann Davíðsson, unglingaráðgjafi hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, einstaklingur sem vinnur með fársjúka fíkniefnaneytendur alla daga.

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega þetta sem er að þegar þekking og reynsla þeirra einsatklinga sem eru að vinna við vandamálið frá degi til dags hefur ekki verið nýtt sem skyldi. Því miður mun langur tími fara í að samhæfa verkefni ráðuneyta með fulltrúum ráðuneyta en ekki að taka á því vandamáli sem við blasir. Við höfum í tvö ár tekið þetta upp af og til utan dagskrár á þingi og rætt um fíkniefnavandann og hvað sé til úrræða og það eina sem við höfum í raun og veru fengið er frv. sem hér er lagt fram um áfengis- og vímuvarnaráð.

Framlög til forvarnastarfsemi hafa aukist, gjald af áfengi hefur skilað miklu meira en það gerði áður og var hækkað, það er alveg rétt. Og það ber að þakka allt sem vel er gert. Hins vegar er vandamálið stórt, viðamikið, það er þekkt að hluta, og æ ofan í æ hafa foreldrar komið til okkar og leitað eftir varanlegum úrræðum og að á vandanum sé tekið. Fyrir fjórum árum kom lögreglustjóri frá Texas sem hélt hér nokkra fyrirlestra, fór hér um og skoðaði og kynnti sér ástandið í fíkniefnamálum á Íslandi, það eru rúm fjögur ár síðan eða meira.

Hann kom hingað á vegum dómsmrh. og lögregluembættisins í Reykjavík og núverandi ríkislögreglustjóra. Þá strax fór hann yfir alla þá þætti sem þyrfti að taka á. Hann benti okkur á það að vegna legu landsins ættum við að hafa möguleika til að taka á þessum málum langt umfram margar aðrar þjóðir sem eiga við þennan vanda að etja á sama stigi og við þar sem vandinn er á sama stigi og hann er hér hjá okkur.

Það var ekki hlustað. Alla vega komu engin úrræði í framhaldi af því. Skýrsla lögreglustjórans og þessa sérfræðings var ekki birt hér og hún hefur ekkert farið mjög hátt um álit hans á ástandinu hér á landi.

Við höfum viljað taka þátt í því að leysa vandann. Við höfum viljað að um hann væri mynduð þverpólitísk samstaða. Við höfum lagt fram ítarlegar tillögur í heilbr.- og trn. Við höfum lagt fram á þingi tillögur til úrbóta, stjórnarandstaðan hefur gert það, lagt fram þáltill. og lagt fram tillögur og brtt. við þau mál sem hafa verið til umfjöllunar í nefndinni. Það er í hæsta máta óréttlátt að segja að stjórnarandstaðan hafi ekki lagt fram tillögur. Það er ekki þannig. Það veit hæstv. ráðherra og það vita stjórnarliðar allir og allir hv. þm.

Ég tel að það hefði verið hægt að ná um þetta mál víðtækri samstöðu. Við höfum lagt til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess að við viljum enn láta á það reyna hvort ekki megi standa að stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs með öðrum hætti en hér er lagt til. Við höfum enn boðið fram aðstoð okkar við að breyta ýmsum greinum þessa frv., færa það til betri vegar þannig að það sé að taka meira afgerandi á þeim vandamálum sem þekkt eru. Verkefnin verði þekkt, skipan ráðsins verði þekkt.

Virðulegi forseti. Ég vil svo aðeins benda á það að gildistökuákvæðið í frv. er miðað við 1. júní sem er nú þegar liðinn.

[21:13]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá skýringar á því nákvæmlega hvað það var sem lá í tillögum minni hluta heilbr.- og trn. Það kom ekki fram fyrr en núna í restina og ég heyri það að í grundvallaratriðum er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sammála því að setja á laggirnar áfengis- og vímuefnaráð en telur að ráðið sé ekki rétt skipað, að þangað ættu að koma fleiri fulltrúar sveitarfélaganna og hún taldi jafnframt að inn í þennan hóp ætti að koma félagi úr frjálsum samtökum og að tóbaksvarnanefnd ætti að koma inn í áfengis- og vímuefnaráð.

Varðandi tóbaksvarnanefndina kom áðan fram í máli mínu að þeir eru í náinni samvinnu við Krabbameinsfélagið. Það sem Krabbameinsfélagið og tóbaksvarnanefnd eru að gera núna eru afar góðir hlutir sem ég tel að undir þessum kringumstæðum sé ekki rétt að hreyfa við. En ég tel vel koma til greina í framtíðinni að steypa þessu inn í áfengis- og vímuvarnaráð þegar reynsla er komin af því.

Varðandi fleiri fulltrúa frá sveitarfélögunum er þetta í fyrsta skipti sem sveitarfélögin koma jafnsterkt inn í þetta eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst því ekki mjög mikið bera á milli mín og hv. þm. þannig að ég sé ekki annað en að í stórum dráttum sé hv. þm. sammála rammalöggjöfinni. Áfengisvarnaráð, eins og það er í dag, er kosið af Alþingi. Það var eitt af því sem hv. þm. taldi jafnvel rétt. En þá eigum við ekki eins auðvelt með að stýra þessari samhæfingu eins og við getum með þeim hætti sem hér er lagt fram.

[21:15]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst leitt að heyra ef hæstv. ráðherra hefur fengið að heyra tillögur minni hlutans fyrst núna. Ég taldi það alveg klárt að þar sem það voru fulltrúar frá ráðuneytinu, frá heilbr.- og trn. á flestum fundum heilbr.- og trn. að þá hefði verið leitað eftir því við hæstv. ráðherra hvort hægt væri að ná samkomulagi um niðurstöðu þannig að allir gætu staðið að þessu.

Það er rétt að sveitarfélögin eru nú í fyrsta sinn að koma að þessu máli. Nú er í fyrsta skipti verið að skipa svona áfengis- og vímuvarnaráð. Ég er sammála því að þetta eigi að verða til. Sú skýring sem hæstv. ráðherra kom með, hið góða samstarf Krabbameinsfélagsins og tóbaksvarnaráðs sem ég veit að er til staðar, og að hún telji ekki réttan tíma til að tóbaksvarnanefnd komi inn í þetta ráð núna, þá skoðun er vel hægt að virða og fara betur yfir þau rök hæstv. ráðherra í því.

Sveitarfélögin koma ekki sterkt að þessu. Þau eiga aðeins einn fulltrúa. Þau koma ekki sterkt inn í þetta sem þó þyrfti í samræmi við hlutverk þeirra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, eftir hækkun á sjálfræðisaldri. Þau koma ekki inn eins og þyrfti. Ég tel að frjálsu félagasamtökin ættu að koma þarna inn líka og að heilbrrn. og dómsmrn. ættu að fara með þessi mál. Ég gæti í hæsta lagi fallist á að ráðuneytin væru þrjú, þ.e. félagsmála-, dómsmála- og heilbrrn., og að þau ættu fulltrúa í þessu ráði en ekki önnur. Að þarna inn kæmu fleiri fulltrúar sveitarfélaganna og félagasamtaka.

[21:17]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi sveitarfélögin þá vil ég aðeins minna á að við erum búin að gera samning við átta sveitarfélög um vímuefnavarnir og ætlum að gera samninga við fleiri sveitarfélög. Við höfum unnið mjög vel með Reykjavíkurborg og m.a. opnað hér miðstöð í Reykjavík fyrir þá aðila sem á þurfa að halda. Við vinnum því mjög náið með sveitarfélögunum.

Mig langar aðeins að koma inn á annað sem hv. þm. kom hér inn á áðan, varðandi áhættuhópinn. Mér fannst það miður að hv. þm. sneri nokkuð út úr orðum mínum þegar ég talaði hér áðan um fyrirmyndir. Eins og ég sagði hér á undan er ekkert eitt ráð sem gildir. Þau eru mörg. Eitt af því sem okkar sérfræðingar meta mjög mikils er að hafa sterkar fyrirmyndir af ungu fólki sem laust er við fíkniefni. Það kemur ekki í veg fyrir það að ýmis börn og unglingar séu í meiri áhættu en aðrir. Við höfum sérstaklega tekið á þeim þætti.

Ég er ekki að segja, hér og nú, að við höfum náð utan um þann þátt en ýmis verkefni sem við erum t.d. að vinna núna með heilsugæslustöðvunum hér á Reykjavíkursvæðinu, varða sálfræðiþjónustuna. Hún er þar bundin heilsugæslustöðinni og gerir það að verkum að það er opnari leið fyrir unga fólkið að fá ódýrari sálfræðimeðferð en áður hefur verið.

[21:19]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þessa áhættuhópa þá veit ég að á því hefur verið tekið að hluta með samningum við sveitarfélög. Hins vegar er alveg jafnljóst og hefur komið fram ítrekað frá félagsráðgjöfum og frá sálfræðingum að þarna er tekið á eins og til þyrfti.

Árið 1995, þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna, þá var hlutverki skólaskrifstofu eða sálfræðinga starfandi á skólaskrifstofu breytt. Þeir áttu aðeins að greina vandann og vísa vandamálinu annað frá sér. Það eru ekki starfandi sálfræðingar vítt og breitt um landið sem geta tekið þau börn sem þurfa til meðferðar ef þau eru í áhættuhópum, hafa orðið fyrir einhvers konar áföllum og eru þess vegna í

mikilli áhættu með það að fara að neyta fíkniefna. Það eru mjög stór svæði á landinu þar sem þessi þjónusta er ekki til staðar.

Ofan á það að þurfa að borga þrjú til fjögur þúsund krónur fyrir hvern tíma hjá sálfræðingi eða félagsráðgjafa fyrir barn sem þarf á aðstoð að halda þá þarf oft á tíðum að greiða mjög háar upphæðir líka fyrir það að fara á milli staða. Bara t.d. flug frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Þetta er verulegt vandamál, þetta er þekkt vandamál sem við höfum því miður ekki borið gæfu til þess að taka á.

Ég tel að þó að það sé gott og nauðsynlegt að hafa sterkar fyrirmyndir, íþróttamenn, fegurðardrottningar eða eitthvað slíkt fyrir börn og ungmenni þá teldi ég að áherslan ætti fyrst og fremst að vera á þessa áhættuhópa. Og miðstöðin sem opnuð hefur verið hér í Reykjavík, hefur ekki skilað hlutverki sínu nægjanlega vel að því leytinu til miðað við það sem foreldrar hjá Vímulausri æsku segja. Þeir eru með opinn símann allan sólarhringinn til þess að taka við þeim vandamálum sem upp kunna að koma hjá foreldrum ungra fíkla. Þau hafa sótt eftir styrk sem þau telja sig ekki hafa fengið til þess að leysa þessi vandamál.

[21:22]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það hefur verið ákaflega athyglisvert að hlusta á þessa umræðu. Ég verð að segja að fulltrúar minni hlutans, eða stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafa bæði tvö fært fyrir því mjög sterk rök að þetta frv., sem er í eðli sínu afskaplega mikilvægt, sé of veikt, því sé ábótavant.

Herra forseti. Mér finnst það afskaplega dapurt að hlusta á að stjórnarmeirihlutinn í heilbr.- og trn. hafi ekki viljað þiggja samvinnu stjórnarandstöðu um betrumbætur á þessu frv. og að frv. af þessum toga skuli koma afgreitt úr heilbr.- og trn. þannig að minni hlutinn í nefndinni finni sig knúinn til að leggja það til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst að þetta hljóti að vera ráðherranum mikið umhugsunarefni. Ég efast ekkert um vilja ráðherrans til þess að láta gott af sér leiða í þessu máli og ég efast heldur ekki um góðan vilja ráðherrans til þess að beita sér í forvarnastarfi. En ef forvarnastarf á að bera árangur þá þarf það bæði að vera afskaplega markvisst og það þarf að setja talsvert mikið fjármagn í forvarnastarf. Það þarf ekki aðeins að setja fjármagn í forvarnastarf heldur þarf einnig að gera sér grein fyrir skiptingu þess.

Áður en ég kem að þessu máli sem slíku, herra forseti, þá langar mig að koma inn á umræðuna hér á Alþingi, um vímuefnavarnir og fíkniefnavandann. Það ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni núna, þegar verið er að ræða þetta frv. til laga um Áfengis- og vímuvarnaráð, hve lítið við höfum rætt fíkniefnavandann á Alþingi, hversu sjaldan við höfum rætt um vímuefnavarnir eða fíkniefnavandann á síðustu missirum. Áður fyrr vorum við með margar tillögur um aðgerðir á hverjum einasta vetri um aðgerðir. Nú síðustu missirin hefur varla verið um þetta rætt.

Ég kann á því skýringu. Ég tel að hér á Alþingi sé búið að vana umræðuna um þetta mál. Það er búið að drepa hana niður, ekki af illum hug eða vondum vilja, aldeilis ekki, ég ætla engum það. Ríkisstjórnin hefur tekið svo stórt upp í sig. Hér var fluttur boðskapur ríkisstjórnar sem hafði fundið ljósið, boðaði vímuefnalaust Ísland árið 2002. Boðað var að ríkisstjórnin hefði gripið til aðgerða, væri búin að setja hinar ýmsu áætlanir af stað og málið væri leyst. Nóg væri að vinna að því eins og ríkisstjórnin hafði sett sér fram til 2002 og þar með væri vandinn leystur.

Ég tel að þetta sé hættuleg umræða og hafi verið slæmt fyrir þá vöku sem við alþingismenn eigum að hafa í þessu stóra máli. Ég held að þetta hafi verið slæmt fyrir okkar þátt í umræðu um vandann og aðkomu að lausn á honum. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að tiltölulega lítið hefur farið fyrir tillögum stjórnarandstöðunnar á þessum vetri. Það er eins og hennar sé ekki þörf og sé ekki ætlað að koma að þessu máli. Þegar það er nú ljóst að þrátt fyrir góðan vilja stjórnarandstöðu í heilbr.- og trn. þá var enginn áhugi á því af hálfu stjórnarmeirihlutans að hlusta á sjónarmið eða taka tillögur stjórnarandstöðu til umhugsunar eða skoða hvernig mætti nýta sér þekkingu þeirra sem um margra ára skeið hafa tekið þátt í þessari umræðu og flutt tillögur um lausnir.

Mér finnst, herra forseti, frekar slæmt að hafa misst heilbrrh. úr salnum. Hún hefur hér kallað eftir tillögum stjórnarandstöðu. Hún hefur gefið það til kynna í andsvörum sínum — hún hefur ekki haldið ræðu sjálf hér um málið með ítarlegri umfjöllun um hvað hún telji að vinnist með lögfestingu þessa frv. — en hún hefur orðað það svo að þeir sem hér hafa talað tæti niður frumvarpið hennar og komi ekki með tillögur. Hún spyr: Hverjar eru tillögur stjórnarandstöðu? Ég mundi gjarnan vilja koma að því og rifja það upp fyrir ráðherrann hverjar tillögur stjórnarandstöðunnar eru og hafa verið.

Það sem mér finnst mikilvægast í umræðunni um stjórn og stjórnarandstöðu er ósk þeirrar sem hér stendur um að stjórn og stjórnarandstaða sameinist í vinnu að þessu mikla og alvarlega fjölskylduböli sem fíkniefnavandinn er.

Af því að það hefur verið gefið til kynna að stjórnarandstaðan vilji bara tæta niður það sem stjórnarmeirihlutinn er að byggja upp þá vil ég minna á að í desember, fyrir einu og hálfu ári, höfðum við utandagskrárumræðu, langa utandagskrárumræðu um fíkniefnamál. Þar var hvatt til þess af hálfu okkar í stjórnarandstöðu að þessi mál yrðu rædd þannig að það yrði ekki á þann veg að stjórnarandstaðan væri að ráðast á stjórnarliðana.

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. hefur gengið í salinn og tala til ráðherrans núna. Ég ætla að tala til hæstv. ráðherra vegna orða hennar um það að stjórnarandstaðan tæti niður frv. sem ráðherrann flytur en komi ekki með tillögur. Ég rifja það upp að í desember fyrir einu og hálfu þá stóð sú er hér stendur fyrir utandagskrárumræðu hér á Alþingi um fíkniefnamál. Þar hvatti ég til þess að þetta yrði ekki hefðbundin utandagskrárumræða, þar sem stjórnarandstaðan ræðst á stjórnameirihlutann, krefst svara um hvað eigi að gera, heldur mundum við haga okkur eins og hópur, vinna saman og leita saman leiða til að taka á miklum vanda. Ég tel að þetta mál, fíkniefnavandinn, sé of stórt til þess að við leyfum okkur að vinna að lausn þess í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Þessi utandagskrárumræða var á þann veg ólík annarri umræðu að í henni tóku þátt tveir eða jafnvel þrír ráðherrar. Við skiptum með okkur tímanum og ákváðum að ræða vandann eins og einn hópur, ekki eins og andstæðir hópar, heldur eins og einn hópur og kalla eftir samvinnu.

Hverjir voru það sem kölluðu eftir samvinnu? Ekki var stjórnarmeirihlutinn að kalla eftir samvinnu við stjórnarandstöðuna. Nei, það var stjórnarandstaðan sem kallaði eftir samvinnu við stjórnarmeirihlutann.

Þegar stjórnarmeirihlutinn vildi kynna tillögur sínar og áform um vímuefnavarnir reyndi ég þessa samvinnu aftur. Ég lagði það til að nefndir þingsins, félmn., heilbr.- og trn. og jafnvel allshn. mundu eiga saman stóran, opinn fund. Á þann fund mundu þeir aðilar mæta sem ríkisstjórnin var að kalla til verka um þær mundir, hvort heldur væri forustufólk sem átti að stýra vímuefnanefndinni stóru sem átti að skipuleggja framtíðina í þessum vímuefnavörnum eða deildarstjórar í mikilvægum ráðuneytum eða forustumenn og formenn stofnana eða formenn félaga úti í bæ. Nú skyldum við bara hittast á stórum, rúmum stað og þarna fengju nefndir þingsins tækifæri til að taka þátt í umfjöllun, spyrja hvernig ætti að fara í málin, bjóða fram hjálp sína og fara í þetta saman.

Þetta var borið upp í félmn., þetta var borið upp í heilbr.- og trn. Sú sem hér stendur ritaði til að mynda bréf til beggja nefndanna. Hverjir voru það sem sýndu þessu ekki áhuga? Ekki stjórnarandstaðan. Nei, herra forseti, það voru stjórnarliðar. Mér finnst frekar dapurt að ráðherra heilbrigðismála skuli ekki gefa orðum mínum gaum vegna þess að enn þá er möguleiki á því að taka upp slíka samvinnu. Ég veit ekki hvort ráðherrann tók eftir því en það var skrifað bréf til félmn. Það var skrifað bréf til heilbr.- og trn. Það var hvatt til þess að slíkur stór fundur yrði haldinn og formaður félmn. var búinn að setjast niður og skrifa langan lista yfir þá sem yrðu kallaðir til á slíkan samráðsfund þar sem stjórn og stjórnarandstaða mundu sýna að þau ætluðu að fylgjast með framvindu mála saman. Við í stjórnarandstöðu yrðum svo vel upplýst að við teldum að við þekktum jafn vel og stjórnarliðarnir áformin sem voru fyrirhuguð í að taka nú einu sinni vel á.

Herra forseti. Það var slegið á þessa útréttu hönd. Ekki af neinni hörku, bara í fullkomnu áhugaleysi. Vissulega væri enn þá möguleiki á því að þessar nefndir mundu sameinast um stóran fund og kalla til þennan hóp og byrja að fylgjast með núna. Þess vegna segi ég þetta, það er ekki hægt að koma hér og segja: Hvað eruð þið að tæta niður? Þið komið ekki með nokkrar tillögur og finnst ekkert nógu gott sem ég er að gera.

Það er nefnilega þannig að af hálfu stjórnarandstöðu hér á Alþingi hafa verið fluttar gífurlega margar og mikilvægar tillögur á liðnum árum þar til ríkisstjórnin fann hina einu sönnu lausn og tilkynnti þjóðinni að hér yrði fíkniefnalaust Ísland árið 2002. Nú þurfti bara enginn að koma frekar með tillögur.

Vissulega höfum við komið með fyrirspurnir og kallað eftir ýmsu síðan og notað tækifærið og rætt um fíkniefnamál oftar en einu sinni. En ég held því fram að með þessum vinnubrögðum hafi umræðan á Alþingi verið meira eða minna drepin niður og það er ekki gott.

Ég ætla líka að nefna það áður en ég kem að frv. og almennri umfjöllun um þetta mál að það er ein tillaga sem ég hef flutt mörgum sinnum á hv. Alþingi. Hún er um að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um ólögleg fíkniefni vegna þess að fullgilding þess samnings kallaði á miklar lagabreytingar á Íslandi. Þegar búið væri að gera þær lagabreytingar þá værum við komin með tæki í hendurnar í lögreglumálum, í tollamálum, í eftirlitsmálum og í sektarmálum, m.a. með lög þar sem var heimild til þess að dæma eða sekta út af ólöglegum ávinningi, ef það er hægt að nota þau orð sem hefur ekki verið til í lögum hér.

Í hvert einasta sinn var því svarað að það væri góður vilji, það væri verið að skoða þetta mál, það væri verið að skoða lögin í ráðuneytinu, það væri verið að undirbúa að hægt væri að fullgilda samninginn. Ég gæti sýnt heilan stafla bæði af tillögum, umræðum við ráðherrann, svörum við fyrirspurnum, alltaf jákvæð svör. En aldrei kom fullgildingin.

Hvenær kom svo loksins frv. hingað inn í þingið um að fullgilda samninginn? Það var þegar við ákváðum að gerast aðilar að Schengen. Af því að þá komu kröfur erlendis frá samkvæmt samningi sem við vorum að undirgangast sem sagði: Þá verðið þið að hafa fullgilt samninginn. Þá gekk það á örskotsstund. Ég held að það hafi verið um þetta leyti í fyrra sem við vorum að fullgilda þennan samning og ég er ... [Jarðskjálftakippur.] (**Gripið fram í:** Ekki getur þetta verið Suðurlandsskjálftinn?).

Herra forseti. Þó að ég tæki stórt upp í mig og væri jafnvel að tala um Schengen og alþjóðasamninga þá ætla ég nú ekki að fá húsið til að skjálfa og ég ætla heldur ekki að víkja úr ræðustóli að svo stöddu, þó að mér finnist að þetta hafi verið allharður kippur.

Herra forseti. Ég nefndi fullgildingu á samningi Sameinuðu þjóðanna og hvaða lagasetningu og breytingar á lögum hann kallaði á. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því að samningurinn var fullgiltur hér þó að ég geti að sjálfsögðu ekki orða bundist með að mér finnist það harkalegt að það þurfi að vera þannig að það sé Schengen-samningur sem gerir það að lokum að verkum að við framkvæmum svo mikilvæga fíkniefnavörn og felst í fullgildingu samningsins. Reyndar höfum við kynnst því annars staðar frá líka að við þurfum hreinlega að fá tilskipanir Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn til þess að ýmislegt á velferðarsviði sé fest í lög hjá okkur. En það er önnur saga og önnur umræða.

Ég hef þegar nefnt það að við höfum flutt margar tillögur og ég hef líka nefnt að það væri mikil ástæða til og þá fyrst færu að verða góð vinnubrögð hér ef stjórnarandstaðan yrði dregin inn í aðgerðir og unnið væri saman að málum af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu og kallað eftir stuðningi við það að sest sé saman yfir það af hálfu viðkomandi nefnda þingsins og allra fulltrúanna sem ráðherrarnir hafa sett til starfa og eru núna að fást við fíkniefnavandann, vonandi með góðum árangri þó að við séum gagnrýnin á tækin sem ráðherrann ætlar m.a. að nota samkvæmt þessu frv.

Þá ætla ég, herra forseti, að víkja örstutt að frv. sem slíku. Ég mun ekki fara ítarlega í frv. vegna þess að talsmaður jafnaðarmanna, hv. 9. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, gerði það mjög vel fyrir kvöldverðarhlé. Hann fór mjög ítarlega í gegnum frv. Hins vegar verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst afskaplega dapurt að það skuli vera niðurstaða stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn. að vilja vísa frv. til ríkisstjórnarinnar af því að ekkert samráð náðist um úrbætur á því og af því að ég tel að lög um áfengis- og vímuvarnaráð eigi að vera svo beitt og gott tæki að þeir sem hér eru trúi því að það sé gott tæki í baráttunni. Þess vegna finnst mér afar dapurt hvað þetta frv. er máttlaust. Það breytir því hins vegar ekki að þó að frv. sé máttlaust, það er einar sex greinar, gæti það alveg virkað. Það er alveg hægt að bera þá von í brjósti að slíkt ráð verði svo öflugt að það framkvæmi í raun og veru langt umfram það sem hrakspár eru um og gæti þar af leiðandi náð árangri. Það er það sem ég ætla að vona að gerist.

Ég ætla þá að víkja aðeins að umfjöllun um frv. og á hverju er tekið í greinargerðinni með því. Og herra forseti,

þó að það sé ekki þingskjal sem er beinlínis til umræðu hér þá hef ég líka lesið skýrslu dómsmrh. til Alþingis um aðgerðir á árinu 1997 og þar er stuttlega greint frá áformunum vegna 1998. En þegar ég les hvað búið er að gera frá árinu 1997 og þegar ég les hvað valið er að taka fyrir í greinargerð með þessu frv. finnst mér að við séum alltaf stödd á sama staðnum.

Upphaf greinargerðarinnar eru hinar ýmsu rannsóknir. Þegar ég lít til baka erum við búin að vera að taka utandagskrárumræður og hinar ýmsu umræður út af skýrslum um rannsóknir, skýrslum landlæknis, skoðanakönnun og rannsókna í grunnskólum, sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur gert og þær rannsóknir sem vísað er til hér. Alltaf höfum við verið að taka ýmist utandagskrárumræðu eða umræðu um skýrslu til að tala um hvað niðurstöður þessara rannsókna og kannanirnar segja okkur skelfilega hluti. En það gengur alveg ótrúlega hægt að setja hlutina í þann gang að maður hafi á tilfinningunni að eitthvað fari að gerast. Það er það sem mér finnst of ríkjandi í þessu frv. og mér finnst sérstaklega greinargerðin draga upp þá sömu mynd.

Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv., talaði t.d. um eftirmeðferðina. Í hvert einasta skipti sem við höfum rætt fíkniefnamál og aðgerðir á Alþingi er alltaf staldrað við það: Við erum duglegust í eftirmeðferðinni. Þangað fara peningarnir og eftirmeðferðin kallar á gífurlegt fjármagn. Þess vegna styð ég þá hugsun heilbrrh. að setja peninga í forvarnir og ég tel að þau áform séu hárrétt. En mér fannst að heilbrrh. áttaði sig ekki nægilega vel á gagnrýninni sem er á frv., að frv. eins og það er og áfengisvarnaráðið verði ekki það tæki að öflugar forvarnir geti komið til.

Skýrslan frá 1997 er eiginlega öll — og ég ætla að koma aðeins að því á eftir — um inngang að aðgerðum, um inngang eða upphaf að aðgerðum. Mér finnst t.d. að það hefði átt að birta með þessu frv. framkvæmdaáætlunina sem áformuð er fyrir 1998 þó að ekki hafi verið nema kafli úr þessu þannig að fólk gæti reynt að gera sér grein fyrir því hvert eigi að beina kröftunum og fengi á tilfinninguna að þetta væru aðgerðir sem von væri til að bæru einhvern árangur. Ráðherrann sjálf gerði talsvert mál úr því að það væri nýtt að heilsugæslustöðvarnar kæmu að forvörnunum og sérstaklega kannski áherslu á forvörnum fyrir áhættuhópa, stendur á bls. 9 í frv., að það eigi að auka þátt heilsugæslu í forvörnum og meðferð með sérstakri áherslu á forvarnir áhættuhópa.

Jafnaðarmenn fluttu þá tillögu fyrir ári að sett væri sérstök fjárveiting til fíkniefnavarna og sú fjárveiting færi til heilsugæslustöðvanna af því að það sé mat allra þeirra sem hafi verið að reyna að fást við þessi mál á erlendum vettvangi að vænlegast sé að takast á við þessi mál heima í héraði, að ríkisvaldið eigi að vera mótandi en fjárveitingarnar ættu að fara á heimaslóð af því þar væri hægt að sinna verkefnunum. Þá erum við að tala um forvarnirnar. Auðvitað er það á vettvangi ríkisins þegar er komið að meðferð, sálfræðiþjónustu og öllum þeim úrræðum sem þarf að sýna skemmdum einstaklingum.

Sú tillaga var felld og þrátt fyrir að ég hafi verið að lesa í gegnum skýrslu dómsmrh. og ég hafi lesið í gegnum greinargerðina með þessu frv. get ég ekki beinlínis séð að það eigi að veita sérstaklega eyrnamerkt fjármagn á heilsugæslustöðvarnar í landinu til forvarna. Mér finnst að það sé of ódýrt í dag að segja að sveitarfélögin eða heilsugæslustöðvarnar eigi að gera þetta á sama tíma og við höfum verið bara tveimur, þremur dögum áður með utandagskrárumræðu um stöðuna í heilbrigðismálum og þar hafi komið fram að það er þungur fjárhagslegur róður hjá heilsugæslustöðvunum. Ég óska eftir því að heilbrrh. upplýsi hvernig hún veitir fjármagn út á heilsugæslustöðvarnar beinlínis eyrnamerkt í þessa fræðslu og forvarnir vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægur þáttur.

Sagt er að það eigi að auka fræðslu og forvarnir í skólum og áherslu á forvarnir áhættuhópa og stuðning við tómstundastarf barna og ungmenna. Það er gott. Það hefur verið flutt stjórnarfrv. hér þar sem átti að lögfesta fræðslu um vímuefnavarnir í skólum. Það frv. náði til of margra ráðuneyta, það fékk ekki að fara í gegn þó að það væri stjórnarfrv. Ár eftir ár höfum við flutt fyrirspurnir um það hvort menntmrn. muni taka upp og lögbinda fræðslu um vímuefni í grunnskólum af því að það er fyrst og fremst Lions-hreyfingin sem á heiðurinn af því að það hafi farið fram fræðsla í skólum og vissulega hefur menntmrn. veitt einhverja fjárveitingu eða stuðning til þess að þetta verkefni væri tekið fyrir í yngstu bekkjum grunnskóla. Sum sveitarfélög hafa verið mjög öflug og sett fjárveitingu í slíkt.

Ég minnist þess þegar Hafnarfjörður gekk á undan með gott fordæmi og kostaði að einhverju leyti að verkefni Lions Quest væri kennt í yngstu bekkjum grunnskóla og einhver sveitarfélög tóku það upp. En það verður að segjast eins og er að þeir sem hefðu átt að hafa forgöngu um þetta, menntmrn. og ríkisvaldið, hristu verkefnið af sér. Því miður hefur það gjarnan verið þannig. Það hefur verið þannig varðandi vímuefnavarnirnar, það hefur verið þannig varðandi tillögu sem hefur verið samþykkt af Alþingi um kennslu í fjármálaumsýslu í skólum og að gera það að lögbundinni grein í grunnskólanum. Ríkisvaldið hefur því reynt að koma sér undan því að taka á sig of miklar skyldur. E.t.v. er það tilbúið til þess núna þegar grunnskólinn er kominn til sveitarfélaganna og nú er góður vilji til að gera grunnskólann eins vel úr garði og unnt er og þá er hægt að setja fram bæði stefnumörkun og skilaboð um hvað eigi að vera í grunnskólanum á kostnað sveitarfélaganna. Þetta er líka punktur númer tvö sem ég óska eftir að heilbrrh. svari af því að þetta er inni í frv. um áfengis- og vímuvarnaráð. Með hvaða hætti er búið að ganga frá því að fræðsla verði um þessi mál í skólunum? Ef þetta er eins og hingað til þá geri ég ekkert með það. Það verður að fara með einhverjum lögbundnum hætti inn í gegnum menntmrn., annars verður ekkert af þessu. Það er búið að gera þetta árum saman, í sumum skólum, í sumum bekkjum, að frumkvæði annarra en ríkisvaldsins, ráðherranna og menntmrn.

Mig langar líka að nefna sjötta liðinn í greinargerðinni, á bls. 6. Það eru sex liðir, framkvæmdaáætlun þar sem stefnan yrði útfærð og hvenær þær áttu að vera tilbúnar. Sjötti liðurinn er um forvarnastarf hjá lögreglu, að tryggja að löggæsla og tollgæsla hafi ávallt á að skipa þann mannafla og búnað sem gerir þessum aðilum kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu áfengis og fíkniefna.

Þá ætla ég að nefna annað sem hefur líka komið mörgum sinnum fram í þessari umræðu og það er að fíkniefnalögreglan hefur aldrei verið sett ærlega í forgang innan lögreglunnar. Menn hafa ekki kunnað við eða haft nennu til að ákveða að t.d. yfirvinnutími eða eitthvað slíkt yrði að vera meiri hjá fíkniefnalögreglu en öðrum deildum. Þess vegna er alveg ljóst að oft þegar fíkniefnalögreglan hafði upplýsingar um að vímuefni væru á leið til landsins og höfðu jafnvel hug-

myndir um eftir hvaða leiðum efnið væri að koma og hvar það mundi hugsanlega bera niður og voru búnir að vera á vaktinni jafnvel í viku til þess að reyna að grípa viðkomandi þegar hann væri kominn með efnið, þegar vikan var liðin, þá var kannski sagt: Ja, nú eru peningarnir búnir, nú er ekki hægt að vera meira á aukavöktum þennan mánuðinn og þið verðið að hætta þessari vakt. Stundum fóru menn út í það að vera á vaktinni í frítíma sínum af því þeir voru búnir að kosta svo miklu til en í önnur skipti var bara staldrað við og þetta eftirlit sem þarna var lagt niður. Daginn eftir var efnið komið á götuna. Þess vegna er afskaplega fallegt að segja að stemma eigi stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu. Það verður að vera þannig að hugur fylgi máli.

Þriðja spurning mín til ráðherrans er sú hvort búið sé að tryggja það gagnvart dómsmrh. að fíkniefnalögreglan hafi þann stuðning sem þarf til þess að ef hún er á vaktinni út af efni sem vísbendingar eru um að sé að koma til landsins og á markað að hægt sé að fylgja því eftir þar til efnið er afhent. Að það sé ekki þannig að daginn áður eða eftir einhverja daga sé sagt: Nú eruð þið búnir að vera á of mörgum vöktum að passa þetta.

Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt því að það er búið að gera þessu máli mjög vel skil. Ein spurning til ráðherrans í viðbót:

Á bls. 7 í skýrslu dómsmrh. til Alþingis — ég held að það sé fjórða spurning mín til ráðherrans — verið er að gera grein fyrir þeim 35 millj. sem var fjárveiting til fíkniefnamála hjá lögreglunni, þ.e. aukin fjárveiting um 35 milljónir. Þar er sagt hvernig þetta skiptist og það er til tækjakaupa í þágu ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar 10 milljónir og stöðugildi og starfsaðstaða, fíkniefnastofa o.fl. með afganginn.

Það eru þessar 10 milljónir. Það segir hér:

„Lögreglustjóri lagði fram áætlun um tækjakaup snemma árs 1997. Í byrjun þessa árs óskaði dómsmálaráðuneytið upplýsinga um það hvernig fjármunum til tækjakaupa hefði verið varið. Samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra hafði 5,7 millj. kr. verið varið til tækjakaupa, svo sem fjarskipta- og símtækja, myndavéla, segulbanda og sjónauka en stærsti liðurinn tengdist kaupum á tölvubúnaði og ljósritunarvélum."

Því hefur verið fleygt, herra forseti, að þær 10 millj., sem áttu að vera til að efla aðstöðuna, hafi farið í hefðbundinn búnað við flutning lögreglunnar. Mjög gott væri ef heilbrrh. þekkir til þessara mála að hún gæti frætt okkur um hvort þessi tölvukaup og ljósritunarvélar hafi verið hefðbundinn skrifstofubúnaður sem hefði að sjálfsögðu átt að koma til Lögreglunnar í Reykjavík og vera liður í því sem þurfti að koma inn á skrifstofurnar þegar verið var að breyta kerfinu og samræma rannsóknarlögregluna Lögreglunni í Reykjavík, eða hvort þarna voru einhverjar sérstakar tölvur og einhver sérstök ljósritunarvél og eitthvað sem kallaði sérstaklega á að væri keypt af því að það átti að efla vímuvarnir. Þetta finnst mér mjög mikilvægt, herra forseti.

Að lokum þetta með toll- og löggæsluna. Það segir að starfshópur frá toll- og löggæslu eigi að hrinda aðgerðum í framkvæmd. Það væri dálítið gott að vita hvað hefur gerst í því vegna þess að toll- og löggæslan er lykilþátturinn í að afstýra í fyrsta skrefinu sem er efni inn í landið og efni á götuna. Þetta er fyrsta skrefið. Við höfum oft talið að við ættum meiri möguleika en aðrir að afstýra þessu og stemma stigu við því vegna þess að við erum eyland og eigum að geta fylgst mjög vel með svo fremi sem við kostum einhverjum fjármunum til og gerum kleift að þeir sem eiga að sinna þessum málum fái til þess bæði fjármuni, tæki og þess vegna hunda.

Herra forseti. Vissulega liggur mér mikið á hjarta varðandi fíkniefnamál og vímuefnavarnir en ég læt mér nægja að bera þessar spurningar fram til ráðherrans. Að lokum þetta: Það er alvarlegt þegar nefnd eins og heilbr.- og trn. klofnar um mál eins og þetta. Það er alvarlegt þegar stjórnarmeirihlutinn er svo sannfærður um að það sem hann vill gera einn og sér sé örugglega það eina rétta og ekki sé hlustandi á þau úrræði sem stjórnarandstaðan og minni hlutinn bendir á. Við erum vön þessu úr stóru málunum sem við höfum verið að takast á um að undanförnu og höfum kynnst miklum valdhroka í þeim efnum. En það kemur mér á óvart að slegið sé á samvinnuhönd í þessu máli af því að það ættum við að vera að leysa saman og ætti að vera komið langt út fyrir öll viðhorf stjórnar og stjórnarandstöðu þegar kemur að þessu máli.

[21:58]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samvinna um áfengis- og fíkniefnavarnir hefur aldrei verið meiri en nú, samvinna félagasamtaka, sveitarfélaga, skóla, heilsugæslustöðva, íþróttafélaga og foreldra. Við höfum kallað þessa aðila til okkar æ ofan í æ og fengið hjá þeim bæði reynslu og faglega þekkingu.

Um það að ekki næst samstaða á hinu háa Alþingi um hvernig skipað er í áfengis- og vímuvarnaráð er ekki stór ágreiningur. Mér finnst mjög mikilvægt að nefndin sé ekki allt of fjölmenn. Alltaf er hægt að fjölga í henni en það er erfiðara að fækka í henni þannig að ég held að það sé vel farið af stað. Í kvöld hefur komið í ljós að ágreiningur er um hvernig er skipað í nefndina og hann er sem betur fer ekki stór.

Varðandi það fræðslustarf sem er í skólum spurði hv. þm. að því hvort um væri að ræða aukið fjármagn. Á yfirstandandi ári held ég að ég muni rétt töluna að það hafi farið 14 milljónir í fræðslustarf beint til tóbaksvarna sem tengjast auðvitað öðrum fíkniefnavörnum, fyrir utan aðra minni hluti, sem sagt beint til fræðsluefnis og námskeiðahalds.

Hvað varðar fyrirspurnir frá dómsmrn. kann ég þetta ekki út í hörgul og hv. þm. verður að spyrja dómsmrh. en þær 35 millj. sem fóru sérstaklega til að styrkja lögregluna í vímuefnaleit vænti ég og treysti að hafi nýst á réttum stað.

[22:00]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef orð ráðherrans fyrir því að það hafi verið gott samstarf við alla og meira samstarf en nokkru sinni áður við félagasamtök og aðra þá sem eru að vinna að þessum málum. Við því á ég engin svör, vegna þess að um það á ég engar upplýsingar nema bara orð ráðherrans, ég bara vona að það sé rétt. Hins vegar kom það fram eftir að fulltrúi stjórnarflokkanna hafði mælt fyrir nál. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór í ræðustól og hafði sérstaklega orð á því að honum hefði fundist það kjarkmikil ræða sem fór fram miðað við þá miklu gagnrýni sem hefði komið fram í umsögnum og af hálfu þeirra sem komu á fund nefndarinnar varðandi þetta frv. Það er afskaplega erfitt að ræða svona mál þegar fyrir liggur mikil gagnrýni á frv. Því þykir ábótavant og ósjálfrátt verður umræðan ómálefnaleg þegar sagt er að það sé bara stjórnarandstaðan sem sé óbilgjörn. Ég verð að

segja að mér hugnast það nú ekki að því sé haldið fram að stjórnarandstaðan vilji vísa málinu til ríkisstjórnarinnar af því það sé ekki fjölgað í nefndinni. Það er miklu meira en það enda hefur það komið fram í umræðunni í dag og kvöld. Það kom líka fram að sérstaklega hefði verið veitt 14 millj. í fræðslustarf og þá spyr ég: Er það til félagasamtaka sem hafa verið af miklum krafti en oft fjárhagslegum vanmætti að reyna að standa fyrir fræðslu- og upplýsingastarfi? Það er ágætt en ég spyr um fræðslugeirann sjálfan, um menntmrn. og grunnskólann sem á að vera með þetta eins og hvert annað verkefni innan vébanda sinna. Varðandi lögregluna geri ég eiginlega þá kröfu á hæstv. heilbrrh. að hún ætlist til þess að fjármagn sem sérstaklega er veitt til aðgerða í fíkniefnavörnum sé ekki notað í kaup á ljósritunarvélum eða tölvum sem hvort sem er þarf að kaupa einhvern tímann út af öllum verkum sem eru hjá viðkomandi embætti.

[22:03]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það fjármagn sem hefur farið til fræðslustarfa þá er ég ekki að tala um frjálsu félagasamtökin heldur er ég að tala um það sem Krabbameinsfélagið og tóbaksvarnanefnd hefur lagt beint til skólanna. Menntmrn. hefur lagt nokkuð til jafningjafræðslunnar og það höfum við líka gert en til frjálsra félagasamtaka hafa trúlega farið svona í kringum 25 millj. beint í forvarnir.

Varðandi aðra þætti sem hv. þm. kom inn á, sérstaklega um dómsmrn., og krafðist svara af minni hálfu hvernig dómsmrn. hafi nýtt það fjármagn sem til þess fór, svaraði ég því áðan að ég treysti því að það sé til að styrkja löggæsluna eins og til var ætlast. Í sambandi við einstök atriði, tækjakaup, sem hv. þm. vék að verð ég að viðurkenna að það þekki ég ekki en hún getur þá spurt hæstv. dómsmrh. að því. En mig langar að segja af því þetta er síðasta andsvarið við hv. þm. um þetta mál sem hér liggur fyrir að það er ekki grundvallarágreiningur því að menn hafa verið sammála því að áfengisvarnaráð sem slíkt hafi runnið sitt skeið og það þurfi að takast á við þennan þátt með nýjum hætti. Þó að menn nái ekki nákvæmri samstöðu um það heyrist mér að ekki sé mikill mismunur á skoðunum. Við erum a.m.k. öll að róa á sömu mið.

[22:05]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að kalla eftir frekari svörum en ég vek athygli á því svari sem ég var að fá, að Krabbameinsfélagið og tóbaksvarnanefnd hefðu veitt þetta fjármagn til skólanna og það er umhugsunarefni að það skuli þurfa að koma fjármagn frá félagasamtökum eða félagi eins og Krabbameinsfélaginu og frá tóbaksvarnanefnd til skólanna í landinu til að sinna þessu brýna fræðslustarfi. Auðvitað ætti fjármagn frá þessum aðilum að renna annað og skólinn og menntmrn. að hafa lagt peninga í þetta. En nú er skólinn kominn til sveitarfélaganna og þá er mikilvægt að það sé stuðningur við það en það er fremur hlálegt að það skuli þurfa að koma úr þessum geira.

Herra forseti. Ég þarf ekki að vera að spyrja dómsmrn. neitt út í þetta enda ekki tími til þess, ég á ekki von á að fá tækifæri til að vera með fyrirspurn til dómsmrh. áður en þingi lýkur í vor en ég bendi bara ráðherranum á það sem stendur á bls. 7 og ef ég væri að stýra þessum málaflokki mundi ég vilja vita hvernig milljónirnar væru notaðar sem ég hefði væntanlega barist fyrir. En það er alveg ljóst, við erum ekki bara að róa á sömu mið í þessu, við berum í brjósti löngun til þess að vinna bug á þessu hrikalega vandamáli og ekkert sem hefur verið gert hingað til hefur stemmt stigu við vandanum. Ekkert. Og hvergi hefur verið tekið ærlega á. Ég veit að það er löng þróun frá því hafist er handa með forvarnastarf og þar til það fer að bera árangur. Ég bara vona að það gerist og hef áður sagt að ég styðji hæstv. ráðherrann til allra góðra verka varðandi forvarnir og aðgerðir í fíkniefnamálum en ég ætlast þá líka til að hlustað sé á stjórnarandstöðuna og reynt að hafa samvinnu við hana í því sem skiptir máli.

[22:07]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Eins og við vitum lifir nú stutt eftir þings og þar af leiðandi er sú umræða sem á sér stað okkar síðasta tækifæri til að ræða þessi mál á þessu vori og ég get tekið undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að einhverra hluta vegna hefur umræðan um fíkniefnavandann ekki átt sér stað inni á Alþingi nú í vetur er þó ærin ástæða til. Því vil ég nota tækifærið til að leggja nokkur orð í belg. Það verður ekki langt.

Ég kom inn á það í ræðu minni í gærkvöldi á eldhúsdeginum að víða um heim hafa menn gríðarlegar áhyggjur af vaxandi fíkniefnavanda og þar er ýmislegt að gerast sem veldur því að áhyggjur fara vaxandi. Það virðist svo sem þeir sem framleiða fíkniefni finni stöðugt nýjar og nýjar leiðir til að koma fíkniefnum á markað. Í fyrra kom hingað lögreglumaður frá Interpol sem kom m.a. á fund félmn. og hann var að skýra okkur frá þeirra vitneskju um eiturlyfjaheiminn. Það var afar fróðlegt að heyra það sem hann hafði að segja. Þetta var sænskur lögreglumaður sem vinnur hjá Interpol. Eitt af því athyglisverðasta sem hann sagði var að nú væru þeir byrjaðir í Suður-Ameríku að framleiða heróín. Þeir hafa hingað til fyrst og fremst verið í kókaíni og það þýddi að heróín færi að streyma inn á markaði, m.a. í Evrópu og til Bandaríkjanna, eftir nýjum leiðum. Eitt af erindum hans til Íslands var einmitt að benda á að Ísland væri viðkomustaður, menn yrðu að vera mjög vel á verði gagnvart því að eiturlyf yrðu ekki flutt frá Suður-Ameríku í gegnum Bandaríkin og síðan í gegnum Ísland til Evrópu og það leiðir okkur að þeirri meginspurningu: Hvernig stendur á því að jafnmikið magn er af eiturlyfjum hér á markaði og raun virðist bera vitni? Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að hvað varðar löggæslu og tolleftirlit er greinilega pottur brotinn. Ég hef reyndar lesið frá ýmsum löndum að menn telja að það magn sem tollverðir og lögregla nær sé aðeins brot af því sem flutt er inn. Það eru svo mikil klókindi í þessari grein og menn finna alltaf nýjar og nýjar leiðir þannig að það virðist vera afar erfitt að draga þarna úr. Það er önnur hliðin á vandanum hvernig eiturlyf streyma sífellt inn á markaðinn. Hin hliðin er sú stóra spurning: Hvers vegna er eftirspurnin til staðar? Hvers vegna eru það jafnmargir sem reyna, prófa eiturlyf og ánetjast eiturlyfjum og raun ber vitni? Ég hef oftsinnis komið inn á það í umræðum að læknar og heilbrigðisyfirvöld hafa smátt og smátt verið að átta sig á því að tóbak, nikótín, er miklu sterkara eitur en menn hafa viljað vera láta og ég hef oft sagt frá því dæmi sem ég heyrði úti í Bandaríkjunum að tilraunir sýndu að rottur gerðu engan mun á heróíni og nikótíni. Þær ánetjuðust þessum tveimur efnum í jafnríkum mæli þannig að þær upplýsingar sem fram hafa komið sem

benda til að tóbaksneysla geti oft verið byrjunin á öðru eru auðvitað afar athyglisverðar.

Ég hygg þó að það sé svo miklu meiri og stærri vandi sem þarna býr að baki. Ég minnist þess ekki að hafa séð neina ítarlega eða alvarlega rannsókn á því hér: Í fyrsta lagi hvaða fólk ánetjast eiturlyfjum, hver er bakgrunnur þess, hver er aldursdreifingin og hvernig hefur fólk náð í eitrið? Það eru ýmsar upplýsingar til en ég held að það sé svo mikilvægt ef takast á að ná einhverjum tökum á þessum vanda að reyna að átta sig á því hvað það er sem býr að baki. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á það í ræðu sinni að oft er um ungmenni að ræða sem eiga í erfiðleikum í lífi sínu. Þau koma oft frá brotnum heimilum. Það getur verið ofbeldi, jafnvel kynferðislegt ofbeldi sem þau hafa verið beitt, þau geta hafa lent í einelti í skóla eða gengur illa í námi. Síðan er einn þáttur í viðbót sem mér finnst alls ekki hafa verið gefinn nægjanlegur gaumur og það eru geðræn vandamál barna og unglinga sem menn hafa ekki áttað sig á og eins og við vitum er alls ekki nægilega vel sinnt í samfélagi okkar en slík veikindi leiða oft til lyfjanotkunar og eiturlyfjaneyslu. Þær tölur eru hræðilegar sem við höfum verið að sjá frá SÁÁ á undanförnum árum um fíkniefnaneytendur sem þangað koma og það hvað fíkniefnaneyslan virðist stöðugt vera að færast niður aldursstigann og ég vil beina spurningu til hæstv. heilbrrh.: Hvaða upplýsingar liggja fyrir varðandi bakgrunn og ástæður þess að ungt fólk fer út í eiturlyfjaneyslu? Hefur verið gerð einhver raunveruleg könnun á því hvað býr þarna að baki? Ég held, eins og ég nefndi, að það sé afar brýnt að átta sig á því ef okkur á að takast að ná tökum á þessum vanda. Hvað er það sem skapar eftirspurnina og hvaða ráðum getum við beitt til að draga úr henni?

Ég er sjálf af þeirri kynslóð, eins og reyndar hæstv. heilbrrh., sem upplifði það á sínum unglingsárum að eiturlyf tóku að streyma inn í landið. Maður áleit þau kannski þá ekki jafnhættuleg og ýmislegt annað. Þó var þar ýmislegt mjög hættulegt eins og LSD. Þá var sú hugmyndabylgja í gangi að sjálfsagt væri að prófa allt og býsna stórir hópar, t.d. í menntaskólum á þeim tíma, prófuðu að reykja hass og sumir reyndu ýmislegt annað og hafa aldrei beðið þess bætur.

Þó ýmislegt hafi verið til áður þá fylgdi þessi bylgja uppreisn ungdómsins kringum 1968. Ég held að því miður hafi þessu ekki linnt en það eru kannski ýmsar aðrar ástæður sem koma til núna vegna þess að það er — nú ætla ég að fullyrða það, okkur vantar félagslegar kannanir hér á landi til að átta okkur á þjóðfélagsbreytingum — í raun og veru hlutfallslega stærri hópur barna og unglinga sem á í félagslegum vandræðum núna en áður, við skulum segja fyrir 20 árum.

Ég fæ ekki betur séð, af þekkingu minni á samfélaginu, en að þetta sé vaxandi hópur. Þegar ég segi þetta er ég m.a. að vísa til þess sem konur sem vinna í þessum geira hafa sagt mér, á barnageðdeild Landspítalans og á meðferðarheimilum sem ég hef heimsótt. Þær eru gríðarlega áhyggjufullar yfir þessum vaxandi vanda sem kannski á að einhverju leyti rætur að rekja til mikillar vinnu foreldra og hreinlega vanrækslu á börnum. Þeim hefur fundist að þarna væri alls ekki nóg að gert. Það voru miklar áhyggjur af því í þessum hópi þegar krakkarnir gengu út, 16 ára. Nú hefur þó orðið sú breyting að það er hægt að halda þeim heima og hjálpa til 18 ára aldurs og vonandi bjargar það einhverju.

Nú kemur að næstu spurningu minni til hæstv. heilbrrh. Mér er sagt, og þar hef ég fyrir mér hóp foreldra barna sem hafa átt við fíkniefnavanda að stríða, að það vanti mjög sárlega úrræði. Mér skilst að meðferðarúrræði fyrir unglinga vanti. Foreldrarnir segja: SÁÁ er ekki rétti staðurinn. Það er ekki nógu gott að unglingar séu innan um fullorðið fólk. Þótt SÁÁ sæki fram í fíkniefnavörnum er starf þeirra auðvitað fyrst og fremst byggt upp í kringum áfengisvandann sem er nógu stór. Það er a.m.k. skoðun þessara foreldra að sárlega vanti meðferðarúrræði fyrir unglinga. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Er eitthvað að gerast á því sviði? Er fram undan að opna einhver ný heimili sem sérstaklega taka á meðferð unglinga sem eiga við fíkniefnavanda að stríða?

Ég get tekið undir það sem kom fram fyrr í dag hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þegar hann ræddi um Schengen. Ég held að ef við gerumst aðilar að Schengen þá þurfum við heldur betur að taka okkur á hvað varðar tollaeftirlit og annað eftirlit ef við eigum að bera ábyrgð á því gagnvart Evrópu hvað hér fer í gegn. Við berum hana nú þegar en þetta verður vitanlega miklu meiri ábyrgð.

Ég vil eins og fleiri segja að ég harma mjög að ekki skuli hafa náðst samstaða um þetta frv. og að ekki skyldi finnast einhver leið til að ná samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu. Hér er um svo alvarlegt og mikilvægt mál að ræða að ekki er hægt annað en að harma að nefndin skuli hafa klofnað. Eins og ég skil umræðuna sem átt hefur sér stað í dag er það fyrst og fremst tvennt sem ágreiningur er um, annars vegar um skipan ráðsins og hins vegar um verkefnin, skilgreiningar á því hvað ráðið eigi að gera.

Ég tek undir það með hæstv. heilbrrh. að ég held það hafi verið fullkomlega tímabært að leggja niður áfengisvarnaráð. Ég verð að segja að mér hefur lengi fundist það vera mjög úr takti við tímann. Ég held það sé vissulega af hinu góða að tengja saman þá aðila sem eru að vinna að þessum málum, einhver vettvangur sé þar sem menn koma saman og miðla upplýsingum. Hins vegar hefði ég talið að til að slíkt ráð, sem á að sinna ansi víðtækum verkefnum, nái árangri hefði verið til bóta að í það minnsta fulltrúar meðferðaraðila væru þarna með, að þeir sem hafa sérfræðiþekkingu á þessum málum væru þarna með. Að vísu gæti heilbrrn. auðvitað skipað einhvern slíkan fulltrúa. Í 2. gr. stendur reyndar að til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skuli að jafnaði velja einstaklinga sem séu sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Þá spyr maður sig: Er slíka sérfræðinga að finna innan ráðuneytanna eða utan ráðuneytanna? Hvers konar tengsl verða við ráðuneytin ef þessir fulltrúar eru ekki í ráðuneytunum? Ég átta mig ekki alveg á því hver hugsunin er í þessu. Hvert ráðuneyti fyrir sig tilnefnir fulltrúa, síðan Samband íslenskra sveitarfélaga og þá varamenn með sama hætti. Auðvitað geta ráðuneytin samkvæmt þessu kallað til einhverja sérfræðinga utan frá. En þá spyr maður, hvað verður þá um þetta samráð, tengslin inn í ráðuneytið, til þeirra sem bera hina raunverulegu ábyrgð?

Það kemur fram í fskj. 1 eins og við vitum að ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Töluvert samstarf hefur verið skipulagt, m.a. við Reykjavíkurborg og reynt er að virkja ýmis félagasamtök. Á bls. 7 getur að líta helstu meginmarkmið þessarar stefnu. Þau eru auðvitað öll af hinu góða en maður spyr sig auðvitað, hvað er verið að gera og hvað skilar árangri? Hefur heilbrrn., sem er yfir þessum málum, kynnt sér að einhverju marki hvað skilað hefur árangri erlendis?

Hér var um daginn gestur frá Ítalíu, ef ég man rétt, sem var að fræða fólk um það hvað þar hefur verið gert og

sjálfsagt víðar þar sem hann þekkir til. Ég missti því miður af fundinum með honum, held ég hafi verið erlendis þegar hann kom. Fræðslan er auðvitað mjög af hinu góða og ég held það þyrfti að gera meira af því að fræða. Ég var á ráðstefnu í vor í Stokkhólmi á vegum Norðurlandaráðs þar sem fjallað var um velferðarkerfi Norðurlanda. Þar var komið inn á það, í sambandi við unga fólkið og aðgerðir í sambandi við atvinnuleysi ungs fólks, að ýmislegt sé gert til að reyna að draga úr hinni mjög svo óæskilegu notkun á fíkniefnum. Það er auðvitað stóra spurningin: Hvað er verið að gera til að fylgja þessari stefnu eftir?

Áðan var rætt um fjárveitingar til lögreglunnar og fleira í þeim dúr. Þá get ég auðvitað ekki látið hjá líða að rifja upp að í vetur hafa staðið yfir miklar umræður um stöðuna hjá lögreglunni, ekki síst lögreglunni í Reykjavík. Þar hefur fíkniefnalögregluna borið hæst. Öll sú umræða hefur vakið mikla athygli og gerir mann áhyggjufullan yfir stöðunni sem þar er. Þau mál hafa opnað okkur sýn inn í þennan heim sem ég þekki sem betur fer afar lítið.

Ég vil láta það koma fram að þótt ég sé af kynslóðinni sem ég tilgreindi áðan, hæstv. forseti, þá hef ég aldrei prófað nein fíkniefni önnur en að ég reyndi að byrja að reykja þegar ég var átta ára. Sem betur fer tókst það ekki en einstaka sinnum smakka ég áfengi, og ætti sjálfsagt að hætta því ef ég væri almennileg. Við sjáum nú til með það.

Ég var komin að því hvernig lögreglan er í stakk búin til að taka á þessum vanda og sú umræða sem hefur átt sér stað í vetur gerir mann mjög áhyggjufullan um það hvernig hún stendur að vígi. Vonandi mun þessi umræða og sú rannsókn sem gerð hefur verið á málefnum lögreglunnar leiða til þess að menn taki sér tak en ég reikna með og er viss um að efla þarf fíkniefnalögregluna og sjá til þess að hún hafi bæði nægilegan mannafla og nauðsynleg tæki til að sinna sínu verki.

Ég óttast mjög að þótt menn setji sér þau markmið að Ísland verði án fíkniefna árið 2002, eða að menn móti stefnu fram til ársins 2000 sem er nú mjög að styttast í, þá sé vandinn miklu stærri en svo. Því vil ég nú gera það að mínum lokaorðum að brýna hæstv. heilbrrh. til þess að láta vinna rækilega könnun á þessum vanda. Ég veit ekki til að raunveruleg könnun á þessum vanda hafi verið gerð svo að við getum áttað okkur á því sem þarna býr að baki. Hvað er það sem leiðir ungt fólk út í fíkniefnaneyslu í jafnríku samfélagi og Ísland er? Hér ríkir auðvitað misrétti og kjör fjölskyldna eru afar mismunandi en hvað veldur? Þar vil ég sérstaklega nefna, sem kemur reyndar fram í stefnu ríkisstjórnarinnar, möguleika foreldra til að sinna börnum sínum og jafnframt afstöðu Íslendinga til barna. Er eitthvað þar sem skýrir vandann? Erum við enn þá svo föst í því að láta börn ganga meira og minna sjálfala?

Við búum á eyju úti í Atlantshafi og ættum í raun og veru að hafa mikla möguleika til að fylgjast með öllu sem berst til landsins hvort sem það kemur gegnum hafnir eða flug. Því held ég það hljóti að vera hægt að stemma stigu við þessum innflutningi í ríkari mæli en við gerum. Við þurfum líka að átta okkur miklu betur á því hvað það er sem leiðir ungt fólk út í þennan vanda. Hvaða aðgerðir duga? Þær hljóta að vera á mörgum sviðum eins og auðvitað þessi stefna gerir ráð fyrir, það eru forvarnir og fræðsla og það er ýmislegt sem snýr að lífskjörum fólks og afstöðunni til barna og ungmenna. Síðast en ekki síst þurfa meðferðarúrræði að vera til þegar skaðinn er skeður. Sem betur fer þá eru þess mörg dæmi að hægt sé að hjálpa ungu fólki.

Þegar fulltrúar foreldra komu á minn fund fyrir nokkrum vikum þá sagði einmitt ein móðirin frá því hvernig hennar dóttur hefði verið bjargað. Þess vegna var hún að leggja öðrum lið til þess að það mætti bjarga fleirum. Ég held að við hljótum að vera sammála um að hér sé um svo stórt og alvarlegt mál að ræða að það þurfi verulega að taka á. Við hljótum að hlusta á umræðuna úti í heimi og þann ótta sem þar er vegna stöðugt aukinnar upplausnar hjá fjölskyldum.

Annað sem ég rakti í ræðu minni í gær var hvað fjölskyldumynstur eru að breytast um allan hinn vestræna heim. Það breytir auðvitað stöðu barna, það gefur auga leið. Endurteknir hjónaskilnaðir og ný og ný sambönd, þetta er mikið álag á börn. Mér finnst að fólk hugsi kannski ekki nægilega vel út í það. Ég vil gera það að mínum lokaorðum að ég held að við þurfum að stórefla ábyrgðarkennd foreldra. Þetta er ekki bara vandi barnanna, þetta er líka vandi og ábyrgð foreldra.

[22:32]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort gerðar hafi verið kannanir um hvaða hópar eru í mestri áhættu varðandi vímuefni. Prófessor Þórólfur Þórlindsson hefur gert margar mjög merkar kannanir á þessu sviði og þar kemur margt í ljós. Það kemur í ljós að það unga fólk sem gengur vel í skóla, á trausta fjölskyldu, hefur áhuga á íþróttum er síður í áhættu. En það kemur líka í ljós að þau börn geta líka lent í þessum vanda þannig að engin bólusetning er til.

Það er nú fyrst og fremst vandinn í dag að framboðið hefur aukist gífurlega varðandi þessi efni og sölumennirnir verða æ grimmari. Við höfum mjög mörg og góð meðferðarúrræði og sagt er að það sé opnari aðgangur að meðferð á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Móðir 16 ára gamallar stúlku sagði mér frá því að dóttir hennar var búin að fá öll þau meðferðarúrræði sem hægt var að fá án árangurs hér og var á lokaðri deild ekki alls fyrir löngu. Samt sem áður kom hún að dóttur sinni þar sem hún var að hífa upp eiturlyf í gegnum glugga. Þeir gerast æðigrimmir sem selja börnunum þetta eitur og eins og hefur svo oft komið fram í umræðunni eru margir samverkandi þættir sem verða að spila saman og þá er ég að tala í þessu sambandi um löggæsluna og tollgæsluna.

Hvað aðrar þjóðir eru að gera — ég sé að tíma mínum er að ljúka, en ég get þá komið í síðara andsvarinu að því.

[22:35]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef að sjálfsögðu heyrt og kynnt mér ýmsar af rannsóknum prófessorsins uppi í háskóla og þar hefur margt komið fram, kannski fyrst og fremst varðandi það hvað er líklegast til að koma í veg fyrir að börn og unglingar leiðist út í fíkniefnaneyslu. En það sem ég var meira að spyrja um og í raun og veru að leggja til er að gerð verði góð og rækileg könnun á þessum þekkta hóp. Hver er hann og hvaðan kemur hann? Hvað býr þarna að baki? Hversu stór hluti á t.d. rætur að rekja til geðrænna vandamála, ofbeldis o.s.frv.? Hvað er hrein og klár vanræksla? Við þurfum reynum að átta okkur á því hvað þetta er.

Það hefur komið fram að svo virðist sem framboð á fíkniefnum hafi aukist og sé jafnvel fjölbreyttara og þá spyr

maður: Hvernig stendur á því? Hvaða leiðir hafa menn fundið? Ég hef oft velt því fyrir mér og langar að vita það hverjir þessir sölumenn eru. Hverjir eru þeir, hvaðan koma þeir? Eru þeir fíkniefnaneytendur sjálfir og hver fjármagnar þetta? Ljóst er að gífurlegt fjármagn liggur í þessum viðskiptum. Það getur vel verið að lögreglan viti ýmislegt um þetta og umræða í vetur leiddi það kannski í ljós. En ég veit afar lítið um þetta og það væri fróðlegt að fá að vita hvaða könnun hefur verið gerð á því, hverjir eru það sem stjórna þessum heimi. (Forseti hringir.) Ég ætla að koma síðar að þessu með meðferðarúrræðin.

[22:37]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi meðferðarúrræðin höfum við auðvitað fylgst með því sem aðrar þjóðir eru að gera og reynt að læra af þeim. Erlendir aðilar hafa líka komið hingað og lært af okkur. Hv. þm. sagði áðan að hún teldi að þau úrræði sem SÁÁ væri með væru ekki fyrir ungt fólk, ekki það allra yngsta. SÁÁ, Barnaverndarstofa og geðdeild Landspítalans eru að vinna sameiginlega að því að finna þau bestu úrræði sem hægt er að hafa miðað við þá fagþekkingu sem við höfum.

*Hverjir eru sölumennirnir og hvaðan koma þeir?* Ef við hefðum það í hendi þá værum við búin að leysa stóra gátu.

[22:38]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hæstv. heilbrrh. tala eins og hér sé nóg af meðferðarúrræðum. Þá rifja ég aftur upp heimsókn mæðranna úr foreldrahópnum sem töldu að það vantaði sárlega meðferðarúrræði og ef ég man rétt voru þær að tala um heimili þar sem væri hægt að halda krökkunum meira í einangrun, fyrir utan, þannig að það væri hægt að taka þau út úr þessum fíkniefnaheimi. Ég spyr aftur: Eru einhver áform um slík heimili?

Hvað varðar fíkniefnasalana gefur náttúrlega auga leið að það eru sjálfsagt alltaf nýir og nýir aðilar sem þar koma að verki og alltaf er verið að finna ný og ný burðardýr. Einmitt þannig gengur þetta, það eru einhverjir nýir aðilar. En samt sem áður — hverjir eru þeir sem sitja núna á Litla-Hrauni? Hvaða hópur er það sem tengist þessum heimi? Eru þeir í öðrum afbrotum eða er þetta sérfyrirbæri? Ég er einfaldlega að leita eftir því að ég held að það sé svo mikilvægt að hafa skilning á eðli þessa heims til þess að menn hafi hreinlega möguleika á því að finna ráð.

Ég hef horft á töluvert af kvikmyndum um baráttu lögreglunnar, m.a. hafa verið sýndar hér þáttaraðir í ríkissjónvarpinu um breska tollverði, gríðarlega spennandi, þar sem þeir hafa einmitt verið að fást við þennan mikla og stóra fíkniefnaheim. Ég hygg að það sé nokkuð góð lýsing á þessu. Það eru einhverjir sem fjármagna þetta. Það eru einhverjir sem skipuleggja og síðan eru það burðardýrin og svo eru aðrir sem taka við og dreifa þegar komið er á sölustað. En ég held að það sé afar brýnt að við reynum að afla okkur góðrar þekkingar á þessu til þess að ná árangri í baráttunni gegn fíkniefnavandanum.

[22:40]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að lengja mikið þessa umræðu þó ég biðji um orðið. En erindi mitt er sérstaklega það að fá viðbrögð frá hæstv. heilbrrh. við því sem ég veit að hæstv. ráðherra lagði hlustir við fyrr í umræðunni að því er varðar hættuna á auknum ólöglegum innflutningi fíkniefna ef Ísland gerist aðili að Schengen-svæðinu að því er varðar afnám vegabréfaeftirlits. Ég hef, eins og ég nefndi fyrr í umræðunni, lagt fram till. til þál. sem vísað var til allshn. þingsins um sérstaka úttekt á Schengen-aðildinni með tilliti til innflutnings fíkniefna. Sú tillaga er á þskj. 1010, 597. mál þingsins. Hér er í rauninni um mjög stórt mál að ræða að mínu mati í því samhengi sem við erum að ræða fíkniefnavandann á þessu kvöldi og mér finnst nauðsynlegt að fá viðbrögð frá hæstv. heilbrrh. sem fer öðrum ráðherrum fremur beinlínis með fíkniefnavandamálin þó að það efni sem ég er að víkja að, Schengen-aðildin og tollgæsla og vegabréfaeftirlit heyri undir önnur ráðuneyti.

En eins og hæstv. ráðherra hefur komið að og felst í þeirri tillögu sem er tilefni umræðunnar hér, frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, þá er hugsunin þar á bak við að stilla saman í sambandi við baráttuna um fíkniefni og að að því máli komi mörg ráðuneyti þar sem gert er ráð fyrir að heilbrrh. skipi átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara og þarna komi tilnefningar í ráðið á sérfróðum einstaklingum frá mörgum ráðuneytum.

Rétt aðeins, til þess að mönnum sé ljóst hvað um er að ræða í sambandi við Schengen-aðildina þar sem Íslandi er ætlað samkvæmt samstarfssamningi frá 19. des. 1996 að gerast óbeinn aðili að Schengen-svæðinu en beinir aðilar geta aðeins verið aðildarríki Evrópusambandsins, þá lýtur Schengen að því sem meginmarkmiði að afnema vegabréfaeftirlit innan svæðisins, þ.e. á öllu Evrópusambandssvæðinu og með óbeinni aðild Noregs og Íslands að Schengen er gert ráð fyrir að sama skipan gildi að því er varðar afnám vegabréfaskoðunar á landmærum til Noregs og Íslands. Ekki aðeins að það sé tekið af dagskrá sem aðalúrlausn að skoða vegabréf farþega heldur er beinlínis óheimilt að skoða vegabréf einstaklinga á landamærum. Að þessu leyti er t.d. gengið lengra en var í norræna vegabréfasamstarfinu sem er enn þá í gildi að nafninu til og verið er að nota svona til þess að ýta okkur inn í þetta Schengen-samstarf að það þurfi að viðhalda því.

Ég hef rætt það sérstaklega og ætla ekki að gera það að umræðuefni hér. Ég ræddi það í utandagskrárumræðu við hæstv. utanrrh. fyrir tveimur dögum, þ.e. fórnarkostnaðinn af því að gerast aðili að Schengen. Eitt af því sem ég nefndi þar er einmitt þetta sem snertir innflutning fíkniefna, hættuna á því. Nú er það vissulega svo að Ísland er ekki í tollabandalagi, ekki í Evrópusambandinu sem tollabandalagi, og heldur að formi til réttinum til tollskoðunar.

Hitt er jafnljóst að þó að tollskoðun yrði haldið uppi og reynt yrði að styrkja hana, þá verður hún ekki svipur hjá sjón eða réttara sagt möguleikar þeirra sem eiga að annast eftirlit með farangri farþega verður langtum minni vegna þess að engin tengsl eru við vegabréfaskoðun. Menn vita ekki hverjir eru á ferðinni, hafa engar upplýsingar um það hverjir koma frá Schengen-svæðinu inn til Íslands. Þetta afvopnar augljóslega tolleftirlitið, tekur frá því þann möguleika að hafa í höndum upplýsingar um það hverjir séu á ferðinni. Samspilið á milli vegabréfaeftirlitsins, sem t.d. í Keflavík hefur farið fram á aðalhæð flugstöðvarinnar, er rofið en þar er beint samband á milli, upplýsingarstreymi á milli vegabréfaeftirlits og tolleftirlits.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Á sama tíma og rætt er um að beita öllum tiltækum ráðum til þess að bægja

fíkniefnavanda frá Íslandi er ljóst að þessi efni koma inn í landið með ólöglegum innflutningi þar sem farþegar, fíkniefnaneytendur, ekki síst svokölluð burðardýr, eru notuð til þess að smygla þessu inn í landið.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera Schengen-aðildina að umræðuefni en staðhæfi að fórnarkostnaðurinn við þessa aðild er langtum meiri en sá ávinningur sem ætlunin er að veifa og nýta sem pólitískan aðgöngumiða að þessu samstarfi. Hægt er að nefna eða rökstyðja það með þeim einföldu sannindum að það sem menn verða leystir undan með Schengen-aðild er það að sýna einu sinni vegabréf á ferð til meginlands Vestur-Evrópu. Eftir að menn eru komnir í gegnum slíkt eftirlit þá er svæðið opið og ekki um að ræða neina vegabréfaskoðun milli landa innan Schengen-svæðisins. Auk þess liggur fyrir að Íslendingar, sem aðilar að EES-samningnum, hafa tryggt sér að ekki verði um að ræða nema almenna skoðun en ekki tafsama skoðun vegabréfa.

Á móti kemur að það á að hækka girðingarnar og stórauka allt vegabréfaeftirlit, einnig að því er Íslendinga varðar, á leið til Bandaríkja Norður-Ameríku inn og út. Ég tala nú ekki um útlendinga utan svæðisins.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að inna eftir því, inna hæstv. heilbrrh. eftir því hvaða augum heilbrrn. líti þetta mál. Hvort heilbrrn. vilji taka undir með þeim sem hér talar um nauðsynina á rækilegri úttekt þessara mála hið allra fyrsta, áður en frekari ákvarðanir verða teknar um þetta Schengen-samstarf Íslands. Ég vísa til þess sem fram kemur í því þingmáli sem ég flutti um þetta efni þar sem m.a. eru leiddir til vitnis tollverðir, sem hafa haft samband við undirritaðan eftir að þessi tillaga kom fram og reyndar áður, því ég hef oft rætt þessi mál hér á Alþingi. Þeir hafa staðhæft að öll aðstaða til tollskoðunar verði til muna erfiðari ef á þetta ráð verður brugðið. Ég leyfi mér að vitna hér í grein eftir Kristján Pétursson, fyrrv. deildarstjóra, sem hann skrifaði í Morgunblaðið 18. jan. 1997 um þessi efni, með leyfi forseta, þar sem hann segir það eindregna skoðun þeirra löggæslumanna sem vinni við eftirlit og rannsóknir fíkniefnamála að Schengen-samningurinn geri þeim illmögulegt að viðhalda því eftirliti sem verið hefur, hvað þá að efla það. Og orðrétt segir í greininni:

„Í langflestum tilvikum þegar fíkniefni finnast hjá farþegum við komu til landsins liggur að baki mikil og oft flókin upplýsingaöflun tollgæslu og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Svo hægt sé að hafa hendur í hári grunsamlegra komufarþega, innlendra sem erlendra, verður að skoða skilríki þeirra, þar sem oftast er um að ræða ókunna aðila (burðardýr). Eftir að vegabréfaskoðun Schengen-farþega verður lögð af, er ekki lengur fyrir hendi nein aðstaða til slíks eftirlits í flugstöðinni."

Ég vænti þess og treysti að hæstv. heilbrrh. taki þessi mál alvarlega og hvetji til þess, af hálfu ríkisstjórnarinnar, að á þessum málum verði tekið og rækileg úttekt verði gerð á þessu áður en menn ganga lengra í áformum sínum um að tengja Ísland við Schengen-fyrirkomulagið.

Virðulegur forseti. Ég læt þetta nægja hér því að ætlun mín með því að biðja hér um orðið var fyrst og fremst að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og leita eftir viðbrögðum hæstv. ráðherra.

[22:51]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur áður komið með slík viðvörunarorð sem hann var með hér áðan og þau eru ekki ástæðulaus. Ég hef látið gera á því nokkra úttekt hvaða áhættu við erum að taka í þessum efnum. Út úr því kemur það að við erum ekki að veikja tollgæslu og fíkniefnalögreglu með Schengen-samkomulaginu, enda væri það dýrkeypt.

Ég er ekki sammála hv. þm. um að hið eina sem við fáum út úr þessu samkomulagi sé að þurfa ekki að sýna vegabréf þegar við komum í erlenda höfn, því að ég tel að þjónusta við íslenska farþega í flughöfnum verði betri eftir að við gerumst aðilar.

Viðvörunarorð hans hafa verið tekin alvarlega og það hefur verið gerð á þessu athugun. Ég veit að það eru skiptar skoðanir meðal manna en niðurstaðan er sú að við erum ekki að veikja eftirlitið, hvorki tollgæslu né fíkniefnalögreglu nema síður sé. Það er mikið samstarf milli þessara aðila á Schengen-svæðinu.

[22:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra viðbrögðin þá verð ég að segja að ég tek afar lítið mark á staðhæfingum af þeim toga sem fram komu í máli hæstv. ráðherra, á meðan ekki er lagðar fram skriflegar greinargerðir um þessar úttektir sem hæstv. ráðherra vísar í. Þar þyrftu að koma við sögu óháðir aðilar sem líta á þessi mál hlutlægt og ekki með gleraugum þeirra sem eru að þrýsta Íslandi inn í Schengen-fyrirkomulagið. Það er skylda stjórnvalda að koma fram með slíkar upplýsingar hér á Alþingi fyrr en seinna og sýna fram á að eitthvað sé á bak við yfirlýsingar af þessu tagi.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að sitthvað af því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra hér, um kosti hins svonefnda Schengen-fyrirkomulags, um bætta þjónustu við farþega í flughöfnum, er svo innantómt og yfirborðslegt að mér finnst það bera vott um að hæstv. ráðherra hafi ekki sett sig inn í það hvað þarna er á ferðinni.

Ég er alveg sannfærður um það að ef þingheimur og ráðherrar hefðu fyrir því að setja sig inn í það sem raunverulega býr að baki og hvaða hættur eru á ferðinni í sambandi við þessa Schengen-aðild þá mundu menn ekki vinna að því að koma Íslendingum inn í þetta fyrirkomulag.

Þetta Schengen-fyrirkomulag varðar eingöngu Vestur-Evrópu, að hækka girðingarnar út á við. Auðvitað reyna menn þar að hindra smygl inn á svæðið. En þegar inn á svæðið er komið þá er um opið flæði að ræða, lítið eftirlit og möguleikarnir langtum minni en á meðan landamæraeftirliti var haldið uppi. Önnur ríki geta haft ástæðu til þess, af ýmsum ástæðum, að reyna að liðka þarna til. Fyrir Ísland sem eyríki í Atlantshafi er það, að afnema hér vegabréfaskoðun fyrir svo sem ekki neitt gegn þeim mikla fórnarkostnaði sem um er að ræða, mikið óráð, virðulegur forseti.

[22:55]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir fáeinum dögum var utandagskrárumræða um þetta mál. Ég tel að þá hafi hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fengið mjög skýr svör við þeim fyrirspurnum sem hann hefur lagt fram. Ég ætla að vona að

hann dæmi ekki þá umræðu dauða og ómerka því að ég fylgdist með þeirri umræðu og ég heyrði ekki betur en að hv. þm. fengi skýr svör.

[22:56]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra vísar hér til utandagskrárumræðu innan háltíma rammans, þar sem sá sem hér talar hafði fimm mínútur í inngang og tvær mínútur til að fylgja eftir. Ráðherra hafði álíka mikinn tíma. Ráðherra upplýsti svo sem ekkert nýtt vegna þess að málið er enn þá strand — sem betur fer segi ég. Eins og menn verða daglega varir við þá er það fast sótt af íslenskum stjórnvöldum, ekki síst hæstv. utanrrh., að koma okkur inn í þetta kerfi, inn í þetta Schengen-fyrirkomulag. Ef hæstv. ráðherra telur sig hafa fengið einhvern stóra sannleika út úr þeirri utandagskrárumræðu, þá hefur það verið einhver allt önnur umræða en ég var þátttakandi í.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að miðað við upplýsingar um t.d. hvernig brugðist hefur verið við eftirliti sérstakrar stofnunar innan Schengen til þess að fylgjast með og bæta úr því kerfi sem þar er uppi, m.a. að því er varðar persónuskráningar og eftirlit með fólki, þá er nú ekki á mikið að treysta í sambandi við það kerfi. Þetta mál er að sjálfsögðu það viðamikið og flókið að það verður ekki leyst hér í ræðustól á einni kvöldstund. Það krefst þess að hæstv. ráðherrar sem og hv. þm. hafi fyrir því að setja sig inn í þennan samning upp á 142 greinar á 100 blaðsíðum og þeim 1.600 síðum af reglugerðum sem fylgja samningnum til þess að átta sig á því sem þarna er á ferðinni., sértæka úttekt óvilhallra manna, óháðra aðila, m.a. á þeim vanda sem hér er ræddur á þessu kvöldi, þ.e. ólöglegur innflutningur og aukin dreifing fíkniefna í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, fyrri umr.*

Þáltill. umhvn., 707. mál. — Þskj. 1364.

[23:02]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. frá umhvn. þar sem fram koma mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega aukinni losun og auknum umsvifum kjarnorkuendurvinnslustöðva í Dounreay og Sellafield sem ógnað geta hreinleika hafsins og nýtingu sjávarauðlinda umhverfis Ísland og ganga gegn alþjóðasamningum, m.a. OSPAR-samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins.

Alþingi ítrekar jafnframt fyrri mótmæli sín með vísan til þingsályktunar frá 8. febrúar 1988, um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum, og þingsályktunar frá 17. desember 1993, um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield."

Eins og fram kemur, hæstv. forseti, í þessum mótmælum þá telur umhvn. og væntanlega þingheimur allur að hér sé um svo alvarlega þróun að ræða að óhjákvæmilegt sé að Íslendingar beiti öllum þeim þyngstu og sterkustu mótmælum sem tiltæk eru, til þess að gera þessum nágrönnum okkar ljósa alvöru málsins. Við vitum að ríkisstjórnin hefur þegar beitt sér í þessu máli gegn breskum stjórnvöldum og komið mótmælum á framfæri þar. Við vitum einnig að hæstv. umhvrh. hefur átt fundi með starfsbróður sínum í Bretlandi. Enn fremur hefur hæstv. utanrrh. tekið þetta mál til alvarlegrar umfjöllunar í samskiptum sínum við breska ráðamenn.

Þá er einnig rétt að benda á að þetta mál hefur verið tekið upp á vettvangi Norðurlanda. Þar höfum við átt samleið með frændþjóðum okkar sem eiga mikilla hagsmuna að gæta ekki síður en við.

Virðulegi forseti. Í greinargerð sem fylgir þáltill. er gerð grein fyrir þeim efnisatriðum og aðalatriðum sem búa að baki tillögunni. Ég geri það ekki að ítarlegu umræðuefni hér að þessu sinni.

Ég tel afar brýnt að þingið fari ekki svo heim en að þetta mál fái fyllstu athygli og þessum skilaboðum verði komið með fullri festu til þeirra sem fá einhverju ráðið um losun þessa úrgangs sem vekur með okkur ugg.

Ég vil ekki grípa hér til fregna sem ekki hafa fulla staðfestu. Ég kemst þó ekki hjá því að minna á að nú að undanförnu hafa verið umræður í Bretlandi um önnur atriði sem benda til þess að losung sé á starfsemi þessara endurvinnslustöðva. Ekki dregur það úr áhyggjum okkar.

[23:07]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Þegar við tökum þetta þýðingarmikla mál til umræðu þá væri auðvitað æskilegt, svo ekki sé meira sagt, að starfandi umhvrh. hæstv. væri hér viðstaddur og auðvitað væri æskilegt að hæstv. utanrrh. væri hér einnig þegar við ræðum þetta lífshagsmunamál okkar Íslendinga. Ég hef þegar nefnt það við hæstv. forseta og veit að hæstv. forseti er að athuga að fá hæstv. ráðherra eða starfandi hæstv. umhvrh. til að koma hingað í þingsal. Ég verð, virðulegur forseti, að lýsa yfir undrun yfir því að viðkomandi hæstv. ráðherrar séu ekki hér viðstaddir þegar Alþingi ræðir málið sem hér er á dagskrá. Ég geri ekki athugasemdir sérstaklega við það að hæstv. ráðherrar gegni skyldustörfum heima eða erlendis, það hefur auðvitað sinn gang. Ég hef grun um að ekki sé allt sem skyldi í þessum efnum. Á meðan hæstv. ráðherrar ekki eru hér viðstaddir þá hljótum við að óska eindregið eftir að úr því verði bætt.

Sú tillaga, virðulegur forseti, — því að ég ætla hér að halda áfram máli mínu í von um að hæstv. starfandi umhvrh. komi hingað í þingsal — sem við ræðum hér er flutt af hv. umhvn. og formaður nefndarinnar hefur mælt fyrir tillögunni. Upphaf þessara afskipta umhvn. að málinu var í byrjun þinghalds á vorþingi. 27. jan. sl. tók ég upp, í óundirbúinni fsp. til hæstv. umhvrh. fregnir sem þá höfðu borist nýlega af mjög aukinni mengun af teknesíum við Noregsstrendur frá Sellafield í Bretlandi. Ég ræddi það sérstaklega í tengslum við málið að ekki aðeins stjórnvöld og ríkisstjórnin tækju á málinu heldur léti hv. umhvn. þingsins sig það einnig varða og kæmi á framfæri við þingið niðurstöðu af sinni athugun. Þetta mál var síðan til umfjöllunar í hv. umhvn. nokkrum sinnum og rétt undir lokin á starfstíma nefndarinnar í vor tókst samstaða um það í nefndinni að flytja þá till. til þál. sem hér liggur fyrir.

Ég fagna því að samstaða tókst í nefndinni um að bregðast við með þeim hætti sem raun ber vitni. En það er nauðsynlegt að knýja ákveðið á um það af hálfu íslenskra stjórnvalda að tekið verði fastar og ákveðnar á þessu máli en gert hefur verið, vegna þess hversu stórt, brýnt og þýðingarmikið málið er og varðar lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar. Sú mengun af geislavirkum efnum sem berst norðaustur í höf og síðan með hafstraumum inn á íslenska hafsvæðið, frá Bretlandseyjum alveg sérstaklega, er þess eðlis að við Íslendingar verðum að gera þessum nágrönnum okkar ljóst að við þolum ekki framferði af þessum toga. Við verðum að nota alþjóðleg sambönd okkar hvarvetna til þess að knýja á um að hætt verði við þá óverjandi losun geislavirkra efna í hafið sem þarna er um að ræða.

Þetta er vissulega ekki nýtt mál. Það er rétt sem hv. formaður umhvn. sagði hér í sinni framsögu. Það hefur margt verið að gerast einmitt á allra síðustu mánuðum sem færir okkur enn og aftur heim sanninn um að á ekkert sé treystandi í sambandi við þennan iðnað á Bretlandseyjum. Þar hafa gerst slíkir hlutir að það er nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga, í tilefni af þessari tillögu, ræði um þau efni og taki upp þráðinn við hæstv. ríkisstjórn um málið. Hæstv. ríkisstjórn og ábyrgir ráðherrar mega ekki láta við mótmælin ein sitja. Það virðist alveg ljóst að bresk stjórnvöld skella skollaeyrum við aðvörunarorðum okkar, frómum óskum og ályktunum um úrbætur.

Menn spyrja: Hvað er þá til ráða? Ég sagði hér fyrir fáum árum, þegar rætt var um hliðstæð mál að mínu frumkvæði hér á Alþingi, að við yrðum að grípa til óvenjulegra aðgerða ef ekki verður við brugðist. Hvaða gjörðir væru mögulegar af Íslands hálfu í þessu sambandi, óvenjulegar aðgerðir, óhefðbundnar aðferðir?

Ég nefndi þá þann möguleika að við kölluðum heim sendiherra okkar í Bretlandi í mótmælaskyni til að undirstrika alvöru málsins. Ég set þá hugmynd hér fram á nýjan leik í ljósi þess sem hefur verið að gerast í þessum málum að undanförnu og í ljósi þeirra viðbragða sem liggja skjalfest fyrir frá umhverfisráðherra Bretlands, Michael Meacher, sem í sérstöku bréfi hefur vísað á bug erindi norrænna umhverfisráðherra, sem íslenski umhvrh. átti góðan hlut að í febrúarmánuði ef ég man rétt. Frá umhverfisráðherra Bretlands kemur ekkert nema frávísun í raun að þarna sé um nokkra þá hættu að ræða sem menn þurfi að hafa áhyggjur af.

Ég hef hér fyrir framan mig ljósrit úr fréttabréfi ágætra samtaka sem lengi hafa staðið vaktina í þessum málum og hafa miðstöð sína í Leirvík á Hjaltlandi, NENIC-samtakanna, þar sem vitnað er í þetta erindi frá Meacher umhverfisráðherra. Hér segir m.a., þýtt á staðnum, að losun á teknesíum 99 frá Sellafield hafi ekki þýðingu í geislavirku samhengi, hvorki fyrir menn né heldur fyrir aðrar tegundir. Þetta eru nú viðbrögðin, virðulegur forseti. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að ganga hér yfir tímamörk. Ég hafði satt að segja ekki í huga að við værum að ræða hér þáltill. sem fylgdi þessum mörkum. Ég hef margt að segja um þetta mál, umfram það sem fram er komið, og kem því e.t.v. betur á framfæri í von um að þá verði hæstv. starfandi umhvrh. kominn á vettvang.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill vegna þessara orð upplýsa að það er verið að leita að starfandi umhvrh.) (**ÖS:** Er hann týndur?) Það er ekki gott að segja.)

[23:16]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þá skörulegu tölu sem hann flutti og áherslur og eins líka fyrir að hafa frumkvæði í umhvn. að því að þetta mál var tekið upp og samþykkt þó raunar hefði mátt gera það fyrr. En hingað er það komið og fær þennan tíma og ég tek undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að við eigum að beita áhrifum okkar á öllum sviðum alþjóðasamstarfs sem við eigum aðild að. Ég veit að þeir þingmenn sem hér eru inni hafa gert það og sá sem hér stendur gerði það síðast á ráðstefnu þingmanna sem tengist norðurheimskautssamstarfi hinna átta þjóða. Þó að það sé e.t.v. ekki sterkur vettvangur tel ég engu að síður að þetta eigi að koma fram þar. Við eigum sömuleiðis að tala um þetta á öðrum sviðum sem einstakir þingmenn eða þingið á.

Ég vil líka taka þátt í umræðu sem hv. þm. hóf um það hvaða leiðir við getum farið umfram hinar hefðbundnu sem hafa greinilega ekki skilað þeim árangri sem hefði mátt vænta. Það eru ekki aðeins umhverfismál sem við erum með í háska, það er líka lífsafkoma og markaðsstaða íslenskra afurða sem er beinlínis sett í hættu og engin nágrannaþjóð getur leyft sér að koma þannig fram við aðra.

[23:18]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka viðbrögð formanns umhvn., hv. þm. Ólafs Haraldssonar. Það er gott að hann skuli taka undir með svo ákvarðandi hætti um þörfina á því að beita öllum tiltækum ráðum til þess að við megum ná fram rétti okkar. Ég segi rétti, því þó að hann sé kannski ekki enn þá sýnilegur í alþjóðlegu samningsbundnu samhengi eins og vera þyrfti, þá er það réttur samt þegar um þjóðarhagsmuni er að ræða.

Í þessu samhengi vil ég benda alveg sérstaklega á það, og það var m.a erindi mitt við hæstv. ráðherra í kvöld að fram undan er mjög þýðingarmikil og ákvarðandi alþjóðleg ráðstefna, ráðherraráðstefna suður í Lissabon síðari hluta júlímánaðar þar sem á að reka smiðshöggið á OSPAR-samninginn, eins og hann var frágenginn fyrr á þessu ári. Því að menn hafa verið lengi að takast á um þetta innan viðkomandi samþykkta, Óslóar- og Parísarsamþykktanna sem hafa skarast með vissum hætti og varða mengun frá landstöðvum á norðaustanverðu Atlantshafi. Einmitt núna er lokahnykkur í þessu máli þar sem þessi mál kjarnorkuendurvinnslustöðvanna á Bretlandseyjum og í Frakkalandi eru alveg sérstaklega í brennipunkti og þar sem reynir alveg sérstaklega á hið pólitíska afl ríkisstjórna.

Mér finnst sárt til þess að vita að hæstv. umhvrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna eða staðgengill hans vegna þess að við höfum þörf fyrir það að geta rætt við hæstv. ráðherra um hvernig staðið er að undirbúningi þessa mikilvæga fundar.

[23:21]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég fagna því frumkvæði sem hv. umhvn. hefur sýnt með því að leggja fram tillögu sem fordæmir harðlega þá auknu losun á geislavirkum efnum sem verður nú vart frá endurvinnslustöðvum í Bretlandi. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti þeirri skoðun sinni að Íslendingar ættu að grípa til annarra og sterkari ráða en þeir hefðu áður gert og hann varpaði fram þeirri hugmynd, sem hann hefur

líka reifað á fyrri stigum málsins, að Íslendingar ættu að íhuga að kalla heim sendiherra sinn.

Ég er hv. þm. sammála. Ég held að það sé ekkert sem hreyfi við Bretum í þessu máli nema harkalegar aðgerðir. Ég tala hér sem maður með reynslu og fortíð á þessu sviði. Ég var umhvrh. þegar þingið samþykkti tillögu hér, að mig minnir 1994, um þessi mál þegar málefni Dounreay voru líka ofarlega á baugi sem og Sellafield. Ég fór þá til fundar við John Gummer sem var umhverfisráðherra Breta og ræddi þessi mál við hann. Það var eins og að tala við steininn. Og að tala við hann og sérfræðinga hans, sem voru sumir gamlir samstarfsmenn mínir frá námsárum í Bretlandi, þá var það alveg ljóst að þeir töldu enga hættu á ferðum og þeir voru ekki til viðtals um þetta.

Hv. þm. nefnir líka núverandi umhverfisráðherra Verkamannaflokksins, Michael Meacher, sem hefur í rauninni vísað umleitunum Norðurlandanna í þessum efnum á bug. Það er alveg rétt sem mátti ráða af máli hv. þm. að það skiptir litlu hvort spjallað er um þessi mál við forustumenn Íhaldsflokksins eða Verkamannaflokksins. Ég átti sjálfur, þegar ég fór til spjalls við John Gummer um þessi mál, tal við þáverandi forustumenn Verkamannaflokksins sem ég hitti að máli, m.a. þann mann sem fór þá með skuggaráðuneyti Verkamannaflokksins í umhverfismálum og ræddi þetta við hann. Hann gaf að sjálfsögðu loforð um það að ef til kæmi, ef þeir ynnu kosningar, þá mundi verða allt annar bragarháttur á þessu máli. Það kemur í ljós að Íslendingum er svarað með heldur meira þjósti af hálfu Verkamannaflokksins en Íhaldsflokksins.

Það er líka athyglisvert sem hv. þm. las í snöggri þýðingu augnabliksins upp úr bréfi Meachers að fram kemur að umhverfisráðherra Bretlands veit greinilega ekki hætis hót um hvað hann er að tala. Hann heldur því til að mynda fram að losun á teknesíum 99, sem nú hefur orðið vart, hafi engin áhrif, hvorki á menn né dýr.

Teknesíum 99 er þeirrar gerðar að það er allt öðruvísi en t.d. það sem við höfum áður helst fett fingur út í, þ.e. losun á sesín 131 frá Sellafield stöðinni. Sesín er þó náttúrulegt efni sem finnst í náttúrunni og hefur helmingunartíma upp á ekki nema 30 ár þannig að það í rauninni er að eyðast og hverfa. En teknesíum er hins vegar þeirrar náttúru að það er algerlega manngert efni, það finnst ekki í náttúrunni og þar af leiðandi er ekki hægt, það liggja engar rannsóknir fyrir um það hvaða áhrif teknesíum hefur þegar það byggist upp í líkömum lifandi vera. Enginn veit hvaða áhrif það kann að hafa til langframa á mannslíkamann. Það sem skiptir e.t.v. mestu máli er að teknesíum mun verða með okkur til eilífðar vegna þess að helmingunartími þess er gríðarlega langur, 213 þúsund ár, sem þýðir að það tekur 213 þúsund ár fyrir hvert kíló að eyðast í það að verða hálft kíló og það skynjum við sem eilífð. Það þýðir að það verður um aldur og ævi. Á meðan samfélag á Íslandi er til verður þetta hér. Það safnast upp í höfunum fyrir norðan og m.a. í íslenskum fiski. Það kann vel að fara svo þegar fram líða stundir að menn komist að raun um það að teknesíum hafi óheillavænleg áhrif sem við þekkjum ekki í dag. Hvaða áhrif hefur það þá á markaðsstöðu sjávarafurða okkar?

Þannig að það að taka til við losun á teknesíum út í hafið er enn meiri villimennska, enn meiri umhverfisglæpamennska af hálfu Breta en það sem þeir hafa áður stundað frá þessum stöðvum og rétt er að fordæma það harðlega.

Það kemur t.d. í ljós varðandi þetta efni að það ferðast með öðrum hætti upp fæðukeðjuna. Það er tekið upp með öðrum hætti. Það virðist ferðast fljótar. Það tók til að mynda líklega helmingi skemmri tíma fyrir þetta efni að komast í fæðukeðjuna með þeim hætti í Noregi að menn yrðu þess varir en með sesín. Hér er því glögglega á ferðinni efni sem er hættulegt.

Auðvitað er hægt að segja það með ákveðnum rökum sem vísindin hafa til þessa tekið gild að þetta sé undir einhverjum hættumörkum. En í tilviki teknesíum gildir allt annað en með sesín vegna þess að það er manngert, engar tilraunir hafa verið gerðar á því og þar af leiðandi vitum við ekkert um hver hættumörkin á því eru. Ég gef því lítið fyrir það sem menn kalla hættumörk og byggja á einhverjum gervivísindum í þessum efnum.

Ég tel líka, herra forseti, að það sé harðlega ámælisvert af Bretum að gera þetta vegna þess að það liggur fyrir að tækni við að farga þessum efnum fleygir fram. Talið er að á næstu áratugum muni menn geta komið þessum efnum fyrir öðruvísi en núna. Hvers vegna er þá verið að farga þessum efnum og endurvinna þau og losa síðan út í hafið? Það er vegna þess að mennirnir og þeir sem eiga þetta og bera á því ábyrgð og þurfa að kosta varðveislu þess vilja ekki gera það. Bresk stjórnvöld leyfa sem sagt einhverjum mönnum sem reka fyrirtæki sem þurfa að bera kostnað af því að hafa þessi efni í geymslu sinni að endurvinna þau og farga úrganginum út í hafið til þess að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir fjárhagslegum útlátum.

Hverjir eru það sem síðan borga brúsann? Það eru þeir sem hvergi koma nærri þessu máli, þjóðir eins og Íslendingar, vegna þess að þetta efni fer norður úr Írlandshafi og norður með Noregsströndum og sveigir síðan til vesturs og aftur suður að Íslandi og síðan með straumum fyrir Norðurlandi. Þetta er tekið upp af fiski og það kemur til að mynda í ljós í rannsóknum Norðmanna að þetta er tekið alveg sérstaklega upp af humri, þ.e. þeirri tegund humars sem við leggjum okkur til munns og höfum nokkrar tekjur af því að selja.

Ég held, herra forseti, að með engu móti sé hægt að fallast á þetta. Bretar þykjast a.m.k. í orði kveðnu ganga framar mörgum öðrum þjóðum hvað umhverfismál varðar. Ég rifja það sérstaklega upp að núverandi ríkisstjórn í Bretlandi hefur sagt að hún vilji hafa umhverfisvernd sem næst hjarta sínu. Íslendingar sjá hvernig þeir efna þessi orð. Það er sem sagt ekkert að marka þetta. Ég held þess vegna, herra forseti, að nauðsynlegt sé að Íslendingar sýni það með eins sterkum hætti og mögulega er unnt að við getum ekki fallist á þetta. Við höfum áður látið á það reyna hvaða afleiðingar, hvaða áhrif það hefur að senda bréf, fara til fundar við þessa herra og samþykkja ályktanir. Við erum að samþykkja eina núna í kvöld eða á morgun. Við vitum það auðvitað og höfum þegar séð niðurstöðuna í bréfi Michels Meachers, hún er nákvæmlega engin. Þess vegna tek ég undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að við hljótum að íhuga það alvarlega að grípa til sterkari ráða eins og þeirra að kalla heim sendiherra okkar. Ég heyri á máli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar að hann er ekki giska fjarri þessum hugleiðingum.

Vitaskuld væri æskilegt að ekki bara hæstv. umhvrh. heldur líka utanrrh. væru til skrafs við þingið um þetta mál vegna þess að sameiginlega þurfum við að geta mótað stefnu um það hvernig við eigum að bregðast við, herra forseti.

[23:29]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna undirtektum sem koma mér sannarlega ekki á óvart frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í þessu máli. Ég held að sú umræða sé mjög þýðingarmikil sem fer hér fram sem sýnir mjög breiða samstöðu manna í þinginu og undirtektir við það að gripið verði til aðgerða svo eftir verði tekið gagnvart breskum stjórnvöldum. Hv. þm. nefndi að það áraði ekki betur í ranni hjá verkamannastjórninni bresku en hjá íhaldsstjórninni sem hún leysti af hólmi og það er áreiðanlega rétt mat. Hins vegar vil ég geta þess að látið var skína í annað fyrir tæpu ári eða skömmu eftir stjórnarskiptin sem vakti vonir um betri tíð í þessum efnum. En því miður virðist sem efndirnar séu algerlega í öfugu hlutfalli og er það alveg sérstakt áhyggjuefni.

Vissulega hefur verið reynt að knýja á um að Bretar gerist aðilar að skuldbindandi yfirlýsingum OSPAR-samningsins. Innan hornklofa standa núna hugmyndir að orðalagi í lokasamþykkt ráðstefnunnar í Lissabon um þessi efni, um þennan texta sem varðar hversu skuldbindandi þær yfirlýsingar verða sem þar verða gefnar. Á meðan við hv. þm. eigum þessi orðaskipti hér hafa þau tíðindi gerst að starfandi hæstv. umhvrh. er kominn í salinn og vænti ég að forseti leyfi mér að nota rétt minn á eftir til þess að eiga orðastað við hann. En ég vildi koma sem sagt þessum undirtektum, þökkum, á framfæri við hv. þm. og staðfesta það samkvæmt upplýsingum mínum sem hann hélt fram um lítið bætt veðurlag, ef nokkuð, í ranni breskra stjórnvalda.

[23:32]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að mikilvægt er að breið samstaða er um þetta í þinginu. Það er tæpast nokkur þingmaður sem andmælir tillögunni sem hér er lögð fram. En hv. þm. bendir líka á að við höfum e.t.v. fetað þessa slóð á enda. Þetta er í þriðja skipti sem við förum þessa leið og hún leiðir okkur ekki á neinn þann áfangastað sem máli skiptir. Við höfum sent bréf, farið til fundar og ályktað hér í þinginu. Ríkisstjórnin, núverandi og fyrrverandi, hafa mótmælt harkalega.

Ekkert gerist. Og þá hljótum við, eins og hv. þm. reifaði hérna áðan, að íhuga hvort ekki eigi að grípa til sterkari ráða. Hv. þm. vísaði til þess sem ég benti hérna á, að það virtist því miður litlu skipta hvort Íhaldsflokkurinn eða Verkamannaflokkurinn væru við stjórn. Fyrir mig eru þetta auðvitað þeim mun sárari vonbrigði. Ég hafði áður rætt við þann skuggaráðherra Verkamannaflokksins sem þá var, Chris Smith, sem ég held að sé núna menningarmálaráðherra í ríkisstjórninni. Hann tjáði mér ekki aðeins að þeir hefðu allt aðra afstöðu í hans flokki en í ríkisstjórninni, heldur sýndi hann mér bókstaflega skjalfærða stefnu sem flokkurinn hafði.

Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan þá virtist sem á bernskudögum núv. ríkisstjórnar Verkamannaflokksins þá viðraði öðruvísi heldur en vindar leika núna. Því miður hefur eitthvað það gerst sem leitt hefur til þess að afstaða þeirra hefur breyst. Það sem auðvitað er miklu verra er að þeir hafa ekki aðeins haldið uppteknum hætti heldur byrjað að losa þetta manngerða geislavirka efni, sem enginn veit hvernig artar sig þegar fram í sækir.

[23:34]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af ágætum orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar vil ég undirstrika það sem kemur fram í greinargerð með þáltill. Það er ekki aðeins að Bretar séu að farga geislavirkum úrgangi úr eigin ranni heldur hafa þeir sýnt þá ósvífni, ég vil taka svo sterkt til orða, að flytja inn til endurvinnslu úrgang frá Austur-Evrópu, en þar er af gnægð að taka. Þetta er annaðhvort í viðskiptalegum eða pólitískum skiptum eða af ástæðum sem ég ekki kann að meta. Mér þykir þetta sýna að þessi stöð er rekin ekki einungis til þess að glíma við þá erfiðleika sem Bretlandseyjar sjálfar og nágrannaríkin hafa við að glíma heldur er horft til þess að nýta endurvinnslustöðvarnar í öðrum og stærri tilgangi. Á Bretum er engan bilbug að finna.

Ég vil hvetja til þess að við höldum áfram að leita eftir samstarfi við Norðurlöndin og látum þau skynja þá alvöru sem við viljum beita í þessu máli. Ég vil líka að við skoðum hið hefðbundna samstarf sem við eigum við Breta á ýmsum sviðum, á sviðum umhverfismála og öðrum sviðum. Þannig getum við sýnt alvöru málsins, að við látum þá finna að við viljum jafnvel endurskoða samstarf á þessum sviðum.

Þá vil ég einnig benda á það sem fram kemur í greinargerðinni að Evrópuráðsþingið í Strassborg samþykkti í apríl sl. að hvert ríki skyldi farga þeim efnum sem það þyrfti sjálft að losna við. Ég minni á að hæstv. utanrrh. verður formaður og við förum með formennsku í Evrópuráðinu á næsta kjörtímabili. Það eigum við að nýta okkur.

[23:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir hvert orð hjá hv. formanni umhvn. Það fagna því auðvitað allir óskaplega þegar kalda stríðinu lýkur. En drottinn minn dýri! Þó ég vilji gjarnan sjá á bak öllum þeim kjarnorkuvopnum sem því fylgdu þá vil ég síður að leifar þeirra endi í fiski sem veiðist við Ísland.

Hv. þm. nefndi það til sögunnar að Evrópuráðið hefur látið málið til sín taka. Það eykur þann hlaða sönnunargagna sem við höfum fyrir því að þær aðferðir sem við höfum beitt skili ekki árangri. Þess vegna verðum við að hugsa þessi mál upp á nýtt. Hér liggur fyrir hugmynd sem hefur verið reifuð í kvöld.

Ég fagna því að hæstv. umhvrh. starfandi og félmrh. er kominn í salinn vegna þess að það skiptir máli að framkvæmdarvaldið og löggjafarsamkoman reyni að skiptast á ráðum í þessu máli. Það skiptir verulega miklu ef Alþingi og framkvæmdarvaldið gætu t.d. komið sér saman um það eftir umræðu hérna að grípa til þeirra drastísku ráða sem hér hafa verið nefnd, þ.e. kalla heim sendiherra. Mér finnst það meira en einnar messu virði að íhuga það til hlítar. Ég veit ekki hvort hægt væri að fá vini okkar á Norðurlöndunum til þess að renna þá slóð með okkur. Satt að segja er mér alveg sama um það. Ég tel að það mundi vekja verulega athygli á þessari ósvinnu Breta sem því miður fer allt of hljótt.

Hvar gerist það á byggðu bóli að menn leyfi sér að losa geislavirk efni beint út í umhverfið, ekki bara hágeislavirkt efni eins og sesín, sem er þó til í náttúrunni, heldur líka algjörlega nýtt, tilbúið efni sem verður til við þessa endurvinnslu og enginn hefur nokkra hugmynd um hvernig muni haga sér í fæðukeðjunni í lífríkinu? En við vitum þó að u.þ.b. 213 þúsund árum eftir að við erum öll, þá verður það enn að verki.

[23:39]

**Kristín Ástgeirsdóttir**:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir taka undir efni þessarar tillögu og fagna því að umhvn. skuli hafa átt frumkvæði að henni. Ég verð að segja að þetta er eitt af þeim málum sem

valda mér hvað mestum áhyggjum um þessar mundir og hefur reyndar lengi gert. Það er auðvitað alveg ótrúlegt að horfa upp á þessa hegðun Breta og vert að velta því mjög alvarlega fyrir sér hvað hægt er að gera til að koma fyrir þá vitinu. Þetta er náttúrlega ábyrgðarleysi gagnvart öllum þeirra næstu nágrönnum og þjóðum sem búa við Atlantshafið. Eins og fram hefur komið í rannsóknum þá dreifast þessi geislavirku efni og hafa þegar fundist við strendur Noregs. Auðvitað er þetta gríðarlegt áhyggjuefni og maður spyr sig: Hvernig stendur á því að bresk stjórnvöld haga sér svona og hafa þessa stefnu? Hér kom fram, eins og við vitum, að mikill kostnaður fylgir því að endurvinna þessi efni eða koma þeim varanlega fyrir. Það er bara nokkuð sem þeir sem framleiða raforku með kjarnorku, eða smíða kjarnorkuvopn verða að gjöra svo vel að taka á sig. Það er algjört ábyrgðarleysi að haga sér eins og þeir gera.

Ég hafði nú kannski ekki jafnmikla trú á stjórn Verkamannaflokksins og ýmsir þeir sem hér hafa talað í kvöld, en það eru samt sem áður mikil vonbrigði að stjórnarskiptin skuli ekki hafa leitt til stefnubreytingar í þessu máli. Og mér þætti fróðlegt að heyra það frá þeim sem hér eru staddir í þingsalnum, t.d. varðandi afstöðu Íra sem eru þarna í næsta nágrenni, mér finnst heyrast ótrúlega lítið frá þeim. Eru þeir að einhverju leyti þátttakendur í þessu eða er þetta andvaraleysi af þeirra hálfu? Það væri fróðlegt að heyra hvort menn hafa lesið eitthvað um þetta.

Ég vil taka undir þá hugmynd að gera eitthvað mjög róttækt í þessum málum. Í fyrsta lagi þá held ég að við þingmenn ættum að nota hvert tækifæri sem okkur gefst til þess að ræða við breska þingmenn. Auðvitað er fjöldi íslenskra þingmanna í ýmiss konar alþjóðastarfi þar sem breskir þingmenn eru einnig. Ég held að þessar sendinefndir Íslands ættu að ganga í það að leita eftir formlegum fundum, fá hreinlega fund með breskum þingmönnum, hvort sem það er nú í NATO eða VES eða Evrópuráðinu eða hvar sem er, og ræða þessi mál við þá. Ég átta mig ekki á því að hve miklu leyti breskir þingmenn gera sér grein fyrir þeim miklu áhyggjum sem við hér á norðurslóðum höfum vegna þessara endurvinnslustöðva þeirra.

Í öðru lagi dettur mér líka í hug að full ástæða væri til þess að reyna að virkja íbúa Íslands og íbúa Norðurlandanna til þess að herja á stjórnvöld í Bretlandi með skeytasendingum og bréfaskriftum og hverju því sem hægt er að láta sér detta í hug svo þeir átti sig á því að andstaðan og óttinn eru mikil. Við skulum þó ekki gleyma því að ýmsir fleiri koma nálægt kjarnorku, eins og t.d. Svíar. Það hafa lengi staðið miklar deilur, m.a. milli Dana og Svía út af kjarnorkuverinu í Barsebäck, sem mér skilst að standi til að loka.

Í þriðja lagi er auðvitað það sem snýr beint að stjórnvöldum. Nýlega voru sendiherrar Bretlands og Frakkalands kallaði í utanrrn. til að taka þar við mótmælum íslenskra stjórnvalda út af flutningi á geislavirkum úrgangi frá Austur-Evrópu, Rússlandi held ég að það hafi verið. Út af fyrir sig er það gott og þær samþykktir sem ráðherrar Norðurlandanna hafa gert í sameiningu. Hins vegar er eins og ekkert hríni á Bretum. Þeir hlusta einfaldlega ekki. Það vekur þá spurningu hvort hægt væri að fá alþjóðasamfélagið inn í þessa vinnu og að Íslendingar beri fram tillögur í þeim alþjóðastofnunum þar sem fjallað er um umhverfismál. Víða er fjallað um umhverfismál hjá þessum stofnunum. Væri mögulegt að koma með beinar tillögur um að sett verði bann á þessar endurvinnslustöðvar Breta?

Nú verð ég að viðurkenna það að ég er ekki nógu fróð um endurvinnslustöðvar annars staðar í Evrópu. Við vitum það auðvitað að öll þessi mál eru í hörmulegu ásigkomulagi í Rússlandi og eru Norðmenn og fleiri að gera samninga um fjárframlög og tæknilega aðstoð til þess að reyna að taka á þeim stórhættulegu aðstæðum sem þar eru og talsvert nálægt okkur. Ég vil taka undir það, hæstv. forseti, að við þurfum að grípa til allra þeirra ráða sem við teljum geta skilað árangri, beita okkur alls staðar þar sem við getum, því að þetta er auðvitað óskaplegt áhyggjuefni.

Um leið og fjölmiðlar úti um heim færu að fjalla um geislavirk efni hér í hafinu í kringum Ísland þá mættum við biðja guð að hjálpa okkur. Ef það kæmist í hámæli að fiskur héðan væri syndandi um á svæðum þar sem geislavirk efni er að finna þá mættum við svo sannarlega biðja guð að hjálpa okkur. Þá væri nú illa komið fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar.

Hér er því afar brýnt að taka fast á. Ég ítreka það að lokum, hæstv. forseti, að ég fagna mjög þessu frumkvæði umhvn. og vona að Alþingi fylgi því formlega eftir að koma þessari ályktun til breskra stjórnvalda. Það er auðvitað ekki nóg að við ályktum heldur verður að koma þessari ályktun til þeirra aðila sem um þessi mál fjalla.

Spurningin er hvort við ættum ekki hreinlega að bjóða breska umhvrh. hingað og fá hann hingað til umræðna. Hann fengi þá að kynnast því hversu alvarlegum augum við lítum þetta mál.

[23:47]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka orð hv. þm. og ábendingar og nýjar hugmyndir um viðbrögð. Varðandi fyrirspurn hennar eða íhugun um stöðu Íra og írskra þingmanna í sambandi við endurvinnslustöðvar á Stóra-Bretlandi get ég upplýst að Írar hafa haft miklar áhyggjur af þessum málum og þessi mál hafa verið þar til umræðu um langt skeið og er það ekki undrunarefni þar sem losunin frá Sellafield kemur í írska hafið og veldur þar tilfinnanlegri mengun og af margvíslegu tagi. Þetta mál hefur verið á dagskrá síðan snemma á sjötta áratugnum þegar þessi starfsemi fór mjög vaxandi og mjög alvarleg slys urðu m.a. í endurvinnslustöð 1957 sem var auðvitað haldið leyndu eins og öðru í kringum þennan kjarnorkuiðnað og endurvinnsluiðnað.

Við á Alþingi erum mörg þátttakendur í Globe-samtökunum og alveg sérstaklega þingmenn í umhvn. þingsins hafa verið þátttakendur þar og notið stuðnings Alþingis til að sækja fundi og ráðstefnur á vegum Globe-samtakanna sem eru samtök Evrópuþingmanna sem hafa áhuga á að leggja sig fram í þágu umhverfismála. Þar hafa verið sambönd við írska þingmenn og það var haldin sérstök ráðstefna fyrir einu og hálfu ári, ef ég man rétt, sem spratt einmitt upp úr Globe-samstarfinu. Á þá ráðstefnu komu einhverjir írskir þingmenn, ætluðu að koma fleiri en af sérstökum ástæðum var þátttaka þeirra ekki með þeim hætti sem vænst hafði verið en áhuginn er til staðar og samstarfið er til staðar. Við höfum verið að reyna að nota vettvang Globe-samtakanna ásamt öðrum vettvangi til að koma áhyggjum okkar Íslendinga í þessu sambandi á framfæri.

[23:49]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og vænta mátti kemur maður ekki að tómum kofanum hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Ég þakka honum kærlega fyrir þessar upplýsingar. Auðvitað

getur maður sagt sér að Írar hljóti að hafa miklar áhyggjur af þessu og þá velti ég því fyrir mér hvort við getum ekki einmitt átt meira samstarf við þá um þessi mál, leitað víðtækari samstöðu en hefur verið gert. Það hefur verið samstarf milli Norðurlandanna og þau reynt að beita sér og spurningin er hvort ekki væri hægt að efla samstarfið við Íra.

Eins og hefur reyndar komið fram fyrr í kvöld voru fréttir af því að það voru umræður í breska þinginu, líklega í fyrradag, um það hvað hefði orðið af geislavirkum efnum frá þessum stöðvum og mér fannst svör forsætisráðherrans, Tonys Blair, og hvernig hann tók á þeirri umræðu alveg ótrúlega hrokafull. Það hve bresk stjórnvöld gera lítið úr því sem er að gerast þarna, hlýtur það auðvitað vekja margar spurningar. Eru þessir stjórnmálamenn svona fáfróðir um geislavirkni og umhverfismál eða er þeim alveg sama? Hugsa þeir eins og menn hafa gert: Það gerist ekki fyrr en ég er dauður. Hvað er þarna eiginlega á ferðinni? Það vaknar enn ein hugmyndin hvort við eigum ekki bara hreinlega að senda formlega sendinefnd frá íslenska þinginu til að ræða við þessa menn þannig að við getum kannski áttað okkur á því hvaða hugarfar það er sem býr þarna að baki. Hvað skapar þetta ábyrgðarleysi hjá þessum stjórnmálamönnum?

[23:52]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa fallið mörg alvöruþrungin orð og það er ekki að nauðsynjalausu né ástæðulausu. Ég tel að umræðan og sú alvara sem henni hefur fylgt kalli á einhver sterk viðbrögð nú þegar frá hæstv. ráðherrum okkar. Ég vil þess vegna beina þeirri tillögu minni til hæstv. utanrrh. að hann kanni hvort þau viðbrögð væru eðlileg í framhaldi af umræðum okkar þingmanna að hann kalli á breska sendiherrann á Íslandi og geri honum grein fyrir þeirri umræðu sem hefur orðið á hinu háa Alþingi, þeirri tillögu sem verður væntanlega samþykkt. Það verði hið fyrsta alvarlega skref sem stigið verði. Það sýnir strax að við ætlum ekki að sitja við orðin tóm. Síðan ígrundi menn hvað megi duga því að eins og fram hefur komið í máli manna hafa þau meðul ekki skilað árangri sem við höfum reynt fram að þessu.

(**Forseti** (StB): Hv. 14. þm. Reykv. svarar og tekur við skilaboðum.)

[23:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki orðin utanrrh. enn þá, hvað sem síðar verður, en ég vil taka undir hugmynd hv. þm. og benda á að eins og tillögugreinin er þá er hún fyrst og fremst almenn ályktun Alþingis. Ef maður hugsar bara um ályktunina eina og sér vaknar sú spurning hvernig henni verði fylgt eftir. Það hlýtur bæði að vera hlutverk Alþingis að gera það og jafnframt stjórnvalda. Ég teldi mjög eðlilegt að utanrrh. kynnti þessa tillögu þingsins en það hlýtur einnig að vera hlutverk þingsins sjálfs að fylgja henni eftir. Ég ítreka þá hugmynd mína og beini því til hæstv. forseta að þingið íhugi hreinlega að senda nefnd til Bretlands út af þessu alvarlega máli. Ég held að það væri vissulega tímabært og mjög nauðsynlegt.

[23:54]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það er sérstaklega í tilefni þess að við höfum hér eyru hæstv. starfandi umhvrh. að ég kem öðru sinni til að bæta í málið. Ég vildi alveg sérstaklega nefna þá stöðu sem er nú í sambandi við frágang á alþjóðasamningnum eða samþykktinni sem gengur undir nafninu OSPAR og hefur verið í undirbúningi að endurskoða hana og gera hana tryggari og nákvæmari en tekist hefur til þessa. Óslóar- og Parísarsamþykktin, sem við höfum byggt mikið á í sambandi við losun frá landstöðvum í Norður-Atlantshaf, hefur ekki verið viðurkennd nema að mjög takmörkuðu leyti af breskum og frönskum stjórnvöldum sem standa fyrir rekstri endurvinnslustöðva eða á sinni grundu, í La Hague og endurvinnslustöðvarnar tvær á Bretlandseyjum, í Sellafield og Dounreay.

Endurvinnslustöðvarnar í þessum löndum valda gróft áætlað um 90% af heildarlosun geislavirkra efna í hafið í norðaustanvert Atlantshaf þannig að lunginn af þessum efnum kemur frá þessum stöðvum. Haldnir hafa verið undirbúningsfundir undir væntanlegan ráðherrafund umhverfisráðherra sem tengdir eru OSPAR-samþykktinni og þessu ferli í Lissabon milli 20. og 30. júlí nk. Búið er að ganga frá eða ná samkomulagi um bættan texta í talsverðum mæli á undanförnum mánuðum. Mig minnir að það væri í mars sem var eiginlega gengið frá því síðasta en nokkuð stendur eftir, innan sviga eða hornklofa eins og gengur og bíður ákvarðana ráðherrafundarins í Lissabon. Það er í rauninni hinn þýðingarmikli vettvangur sem við eigum að beina sjónum okkar að fyrir utan að koma mótmælum okkar sem skýrast og ákveðnast á framfæri við bresk stjórnvöld sem við þurfum alveg sérstaklega að tala við í þessum efnum.

Vegna þess sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., allt saman vel meint og gott hugmyndasafn um viðbrögð af hálfu Alþingis, tel ég að þingið fyrir utan stjórnvöld þurfi að beina sjónum sínum einmitt að frágangi á OSPAR-samkomulaginu sem er fram undan. Vissulega væri ekki úr vegi að í hópi þeirra sem héðan fara, sækja fundinn í Lissabon, verði einhverjir af hálfu Alþingis til að fylgjast með á þeim vettvangi til að setja sig betur inn í samhengi þeirra mála en menn gera heima fyrir með takmörkuðum möguleikum.

Ég vildi inna hæstv. starfandi umhvrh. eftir því, þó að kannski sé ósanngjarnt að spyrja nákvæmlega, biðja um nákvæmar upplýsingar, þó ég vantreysti hæstv. félmrh. ekki að gera sitt besta sem staðgengill hæstv. umhvrh., að spyrjast fyrir um þennan undirbúning. Ég kem jafnframt þeirri hugmynd á framfæri að þingið hafi einhvern aðgang að þessum mikilvæga vettvangi, ráðherrafundinum í Lissabon, seinna hluta júlímánaðar.

Ég vil nefna það inn í þetta samhengi, sem hefur komið ítrekað fram í umræðunni, að það virðist lítið að treysta á þær yfirlýsingar sem komu fram af hálfu nýrrar ríkisstjórnar í Bretlandi á síðasta sumri, og reyndar af hálfu franskra stjórnvalda einnig, ríkisstjórnar Jospins hins franska, sem báðir telja sig vera eitthvað í ætt við sósíaldemókratíið í þessum löndum og sem vakti vonir. En þegar farið er ofan í saumana á því sem hefur verið að gerast í Bretlandi, sem við fylgjumst alveg sérstaklega með að þá vekur það miklar áhyggjur. Staðan er þannig varðandi teknesíum 99 að ekki er von á að það dragi úr losun á næstunni. Þar liggur fyrir mikið magn sem safnað hefur verið upp á undanförnum árum og þeir telja sig þurfa að endurvinna og losa. Ég hef undir höndum margháttuð gögn, sum þeirra komin frá vinum okkar í áhugasamtökum náttúruverndarsamtökum eins og Greenpeace — sem ég leyfi mér að nefna hér með fullri virðingu vegna þess mikla starfs sem er unnið innan þeirra samtaka ásamt mörgum fleiri — til þess að veita aðhald og

dreifa upplýsingum varðandi hættulega mengun að því er snertir hafið.

Vegna þess að ég hef hér eyru hæstv. ráðherra, og virðulegur forseti, leyfi ég mér að nefna það að ég hef ítrekað varað íslensk stjórnvöld við því að lýsa hálfgerðu stríði á hendur umhverfissamtaka af ýmsu tagi, oft ónafngreint og án nánari útfærslu. Þetta virðist nánast vera stefna núv. ríkisstjórnar, sem ég tel vera afar óskynsamlega, þó að okkur geti greint á í einstökum greinum, einstökum þáttum, við samtök eins og Greenpeace og engin ástæða til þess að fela ágreining ef uppi er. En við hljótum og eigum að viðurkenna þátt slíkra samtaka á sviðum þar sem þau eru að vinna alþjóðlegt gagn í þágu umhverfismála og þar á meðal í sambandi við brýn umhverfismál sem varða lífshagsmuni Íslendinga eins og mengun hafsins.

Hér hef ég sem sagt gögn undir höndum sem eru mjög upplýsandi um áform breskra stjórnvalda, úttektir breskra umhverfisyfirvalda þar sem greint er frá því að það hafi tímabundið verið dregið úr losuninni á teknesíum en þau áskilji sér rétt til þess að endurskoða þá stefnu og auka hana, taka ákvarðanir þar að lútandi fyrir árið 2000. Fjölmargt í sambandi við kjarnorkuiðnaðinn, sem hefur verið að koma í ljós á undanförnum mánuðum og vikum, hefur orðið til þess að hann er meira og minna í uppnámi. Það er sóknarfæri af hálfu okkar Íslendinga einmitt um þessar mundir gagnvart þeirri óverjandi, óábyrgu mengun sem kemur frá endurvinnslustöðvum vegna þess að þær hafa orðið berar að brotum á eigin yfirlýsingum og almennum samþykktum með mjög grófum hætti. Í umsögnunum má lesa mjög sterk orð sem hafa fallið um það framferði sem þar hefur sannarlega orðið.

[00:03]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa tillögu og lýsa stuðningi mínum við hana. Ég tel að tæplega sé hægt að kveða of fast að orði um þetta málefni. Alþingi ályktaði um þetta mál fyrir tíu árum og ítrekað hefur þetta komið til umræðu og enginn bilbugur er á afstöðu okkar Íslendinga. Ég tel að það sé fátt í veröldinni sem okkur stendur meiri ógn af en þessari starfsemi og það er bókstaflega verið að stofna tilveru okkar sem þjóðar, lífsafkomu okkar í hættu. Ég veit reyndar ekki hvers vegna menn eru að festa trú sína á Tony Blair í umræðunni en fyrst og fremst er þetta grafalvarlegt mál.

Ég heiti því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að stoppa þennan djöfulskap, gjörsamlega allt sem í okkar valdi stendur. Þetta er ekki frambærileg framkoma við nágranna sína eða vinaþjóð, síður en svo.

Nú veit ég ekki hvort ég verð starfandi umhvrh. þegar OSPAR-ráðstefnan verður haldin en ég mundi ekki telja eftir mér, ef svo færi, að sækja þá ráðstefnu og ég tel að Alþingi eigi að eiga hlut að því. Við eigum að standa sameinuð í þessu máli og þetta er ekki bara mál ríkisstjórnarinnar, ekki bara mál stjórnarflokkanna, þetta er mál Íslendinga allra.

[00:06]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt orð, ágætar undirtektir og þungar í undirtektum sínum við þá tillögu sem umhvn. flytur. Ég er fullviss um að hæstv. ráðherra mun flytja umhvrh., flokksbróður sínum, þau ummæli og orð sem hér hafa fallið og fylgja eigin orðum eftir innan íslensku ríkisstjórnarinnar. Ég tel að ekkert hafi verið ofmælt í þessari umræðu og það sé geysilega þýðingarmikið að Alþingi Íslendinga og íslenska ríkisstjórnin haldi vöku sinni í þessum málum og noti öll þau færi sem hægt er til að bægja frá þeirri hættu sem við höfum verið að ræða í kvöldi og grípa þar til allra aðgerða sem fært er.

Afar mikilvægt er að treysta alþjóðasamþykktir í þessum efnum og þar er viðburður fram undan þar sem reynir verulega á og ég tek undir það sjónarmið að auðvitað hlýtur umhvrh. Íslands að vera í hópi þeirra sem fylgja málum eftir í Lissabon enda er það ráðherravettvangur sem þar er um að ræða. Ég tek undir það og þakka þær undirtektir raunar við það sjónarmið að Alþingi Íslendinga ætti líka að eiga þar fulltrúa til að fylgjast með því sem þar fer fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tilraunaveiðar á ref og mink, frh. síðari umr.*

Þáltill. EKG o.fl., 95. mál. — Þskj. 95, nál. 1272 og 1506.

[00:09]

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Af sérstökum ástæðum, vegna þess að umræðunni var frestað skyndilega fyrr í dag og síðan boðað til annars fundar, verður nú vikið frá venjunni og leyft að hefja umræðu með andsvari, en hv. 4. þm. Austurl. hafði óskað eftir að taka til máls og veita andsvar við ræðu hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Arnar Haraldssonar, og tekur hv. 4. þm. Austurl. til máls og veitir andsvar við ræðu hv. 11. þm. Reykv.

Forseti vill taka það fram að um einstakt undantekningartilvik er að ræða sem ekki á að skapa nein fordæmi.

[00:09]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þann inngang sem hér kom fram og þá heimild sem hæstv. forseti veitti. Hið óvenjulega í málinu tel ég hafi verið það sem gerðist rétt um klukkan líklega hálffimm í dag, að ekki varð til lykta leitt það andsvar sem beið á þeim tíma. Að mínu mati hefði vel verið hægt að koma því fyrir þó að þingflokksfundir væru að hefjast og ég geri mér fyllilega ljóst hvað felst í orðum hæstv. forseta að er ekki ástæða til að innleiða þá hefð að rjúfa orðaskipti með þessum hætti og mun ekki sjálfur knýja á um slíkt.

Ég vildi síðan aðeins efnislega segja það í sambandi við það sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hluta umhvn. um þessa tillögu og álit meiri hluta umhvn. að mér eru mikil vonbrigði hvernig á þessu máli hefur verið haldið af hálfu meiri hluta í nefndinni. Ég tel að umhvn. að meiri hluta til sé að setja sig í slæmt ljós með afgreiðslu málsins eins og það liggur fyrir í áliti og tillögum meiri hlutans. Ég ætla ekki að hafa nein stór orð uppi um hina upphaflegu tillögu. Hér koma margar tillögur inn í þingið og er vísað til nefndar og auðvitað reynir á þingnefndirnar í sambandi við afgreiðslu.

Hér liggja fyrir og hefur verið komið á framfæri við þingið þeim umsögnum sem bárust um tillöguna. Ef menn leggja á sig að fara yfir þær umsagnir held ég að menn hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að afar veikur grunnur sé undir

þá tillögu sem fyrir liggur af hálfu meiri hlutans. Mér er það bæði undrunarefni og nokkurt harmsefni að svona skuli haldið á málum vegna þess að hætt er við því að ýmsir kunni að álykta að nefndin sé ekki mjög metnaðarfull í störfum sínum ef þetta á að vera sýnishornið.

[00:12]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í framsögu þess sem hér stendur voru raktar þær umsagnir sem borist hafa um málið og greina þær frá þeirri stöðu sem augljós er því fólki sem næst stendur vettvangi og ég treysti fyllilega til þess að draga þær ályktanir sem standa síðan sem grunnur undir þáltill. sem hér er flutt.

Vel má álykta sem svo að veiðum á ref og mink hefði aldrei átt að hætta í friðlandinu alveg eins og að vekja þá spurningu hvort eigi að hefja veiðarnar aftur eða banna. Áður en veiðarnar voru bannaðar var lífríkið í ákveðnu jafnvægi sem mótaðist af lífsskilyrðum og veiðum. Því jafnvægi hefur nú verið raskað og í framsögu minni gat ég um þau rök sem liggja að baki þess að ég tel nauðsynlegt og ráðlegt að veiðar séu hafnar að nýju enda sé það gert með þeirri varúð og eftirliti sem um er getið í þáltill.

[00:13]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er ekki meining nokkurs manns trúi ég að vera að kasta rýrð á sjónarmið fólks sem býr nærri vettvangi. Það er skylt og rétt að hlusta á þau sjónarmið og ég tel að þau liggi í rauninni alveg hlutlæg fyrir til skoðunar fyrir umhvn., þeirra sem hafa komið sjónarmiðum á framfæri og gafst til þess tækifæri.

En ég hlýt að vekja athygli á, sem framsögumaður minni hluta nefndarinnar mun vafalaust gera hér á eftir, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem er frsm. okkar nál. í málinu að það er ekkert venjuleg staða sem við blasir í þessu þingmáli. Það kemur m.a fram frá ráðuneyti umhverfismála, ég læt fyrstu umsögnina nægja sem sýnishorn af því, með leyfi forseta:

„Að vandlega skoðuðu máli telur ráðuneytið ekki tímabært að Alþingi samþykki ályktun um að fela umhvrh. að heimila tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu Hornströndum."

Sama kemur fram hjá prófessor Páli Hersteinssyni sem þekkir manna best til og er að fara að hefja þær rannsóknir sem fé hefur verið veitt til, rannsóknir á ref og mink, og sérstaklega á ref á Hornströndum og hefur uppi þung en samt hógvær alvöruorð um þetta mál og stöðu þess. En á það er ekki hlustað af hálfu meiri hluta nefndarinnar.

Ég vek jafnframt athygli á því að ekki liggur fyrir tillaga að breyta heiti á upphaflegri þáltill. sem fjallar um tilraunaveiðar. En þó að því hafi verið breytt í tillögutextanum í veiðar, almennar veiðar, þá stendur nafngiftin óhögguð og þar er nokkuð sérkennilegt eins og fleira í þessu máli, virðulegur forseti.

[00:16]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þáltill. kemur fram að ekki er gert ráð fyrir því að takmarka eða trufla þær rannsóknir sem fyrirhugaðar eru. Hverjar eru þessar rannsóknir? Þær rannsóknir sem fyrirhugaðar eru eru að merkja fimm til sjö dýr með sendi. Það er tilraunaaðferð til þess að fylgjast með dreifingu þeirra. Aðrar rannsóknir eru ekki fyrirhugaðar, vegna þess að ekki hefur fengist fé til þeirra. Komið hefur til greina að merkja grenin með GPS-staðarákvörðunum og gera einhverja talningu í grenjunum.

Menn sjá af þessu, bæði hversu takmarkaðar og staðbundnar þessar rannsóknir eru. Menn sjá kannski miklu frekar hversu fjarlægt það er að halda að tími og fé fáist til þess að ljúka þeim rannsóknum sem vissulega væru tímabærar. Á meðan heldur fjölgun refa áfram eins og fyrirsjáanlegt er af þeirri augljósu ástæðu að þeim mun fjölga sem svarar því að veiðinni er hætt. Þar með raskast það jafnvægi sem verið hefur í friðlandinu.

Þess vegna er það einföld og eðlileg aðgerð, til að halda því í því horfi sem verið hefur, að halda veiðum áfram en að gera það undir eftirliti. Vegna orða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar vil ég undirstrika að ekki má raska þeim rannsóknum sem fyrirhugaðar eru. Ég ber til þeirra fyllsta traust en bendi um leið á að rannsóknir eru tímafrekar og kosta mikið fé.

[00:18]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir):**

Herra forseti. Ekki átti ég von á því að runninn yrði upp 5. júní þegar ég kæmist hér að til þess að mæla fyrir þessu nál., enda hófst umræðan klukkan rúmlega fjögur í gær. Það má kannski segja að sannist hér hið fornkveðna, að enginn ræður sínum næturstað. Heldur er nú verra hversu fáir eru enn í þinghúsinu til þess að fylgjast með þessari umræðu. Hér er til síðari umræðu eitt af stórmálum þessa þings, sem væntanlega ættu að geta orðið miklar og gagnmerkar umræður um. Ástæðan er sú að þessi tillaga varðar tilverurétt ákveðinna dýrategunda sem kalla gjarnan á miklar geðshræringu þegar til umræðu kemur hér á hv. Alþingi.

Ég mæli fyrir nál. minni hluta umhvn. um till. til þál. um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, sem finna má á þskj. 1506. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillagan er vanhugsuð og byggð á órökstuddum og beinlínis röngum forsendum svo sem staðfest er í umsögnum sérfróðra aðila hjá umhverfisráðuneyti, embætti veiðistjóra, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, ráðgjafarnefnd um villt dýr og Náttúruverndarráði, svo og í umsögn Páls Hersteinssonar, prófessors og fyrrum veiðistjóra, sem manna mest hefur unnið að rannsóknum á refum hér á landi. Enn má vitna til greinar í Morgunblaðinu 23. maí sl. eftir Áka Ármann Jónsson, líffræðing og settan veiðistjóra, sem tekur í sama streng.

Ranghermt er í greinargerð með tillögunni að veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum hafi legið niðri síðan 1985. Veiðar voru þvert á móti stundaðar þar allt til ársins 1995 og voru þær hvað mestar síðustu fjögur árin þegar veiddir voru að meðaltali 143 refir og 20 minkar ár hvert. Þessi mikla veiði virtist lítil sem engin áhrif hafa á fjölda dýra í friðlandinu. Þó er talið líklegt að ref og mink hafi fjölgað eitthvað í friðlandinu eins og víðast annars staðar á landinu undanfarna tvo áratugi. Því miður fóru engar vistfræðilegar rannsóknir fram í friðlandinu á Hornströndum, hvorki fyrir né eftir stofnun þess, og glataðist þannig gullið tækifæri til að staðreyna áhrif friðunar á stofnstærð refa og minka á svæðinu. Þaðan af síður er hægt að fullyrða um breytingar á fuglalífi þar, hvorki um stofnstærð né söng mófuglanna sem ekki hefur verið mældur þar fyrr né síðar. Það er því varlegt

að fullyrða eins og gert er í greinargerð með tillögunni: „Skynsamleg veiði á þessum tegundum myndi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.“ Fullyrðingar í greinargerð um að hjarðir refa og minka streymi suður Strandir og inn í Djúp styðjast ekki heldur við neinar rannsóknir né gild rök þótt bændur á svæðinu telji að þeirra verði meira vart en áður.

Þannig er allt á eina bókina lært með forsendur og rök fyrir þessari tillögu. Ljóst er hins vegar að rannsóknir þarf að efla á svæðinu, og væri Alþingi sæmra að stuðla að slíku en að samþykkja svo illa grundaða tillögu sem meiri hlutinn vill styðja þvert á öll vísindaleg og skynsamleg rök. Minni hlutinn hafnar svo ófaglegum vinnubrögðum og leggst gegn samþykkt tillögunnar.“

Undir álitið skrifa sú sem hér stendur og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Herra forseti. Ég tel mig einlægan talsmann hagsýni, sparnaðar og umhverfisverndar. Þess vegna finnst mér miður að hafa neyðst til þess að láta ljósrita allar umsagnirnar sem hv. umhvn. bárust um þetta mál. Ég hlýt að lýsa þeirri ábyrgð á meiri hlutann sem afgreiddi þetta mál frá nefndinni. Hann sniðgekk gjörsamlega öll gild rök sem fram koma í meðfylgjandi umsögnum. Í nál. hv. meiri hluta er ekki að finna nein rök með þeirri afgreiðslu sem meiri hlutinn stendur að. Sú afgreiðsla er satt að segja með ólíkindum miðað við umsagnir og umræður í nefndinni. Þess vegna töldum við sem skipum minni hlutann í þessu máli óhjákvæmilegt að dreifa þessum umsögnum til allra þingmanna svo þeir gætu kynnt sér efni þeirra, þær upplýsingar og rök sem þar koma fram. Ekki síst vegna þess að á nál. meiri hlutans er nákvæmlega ekkert að græða í þessu efni.

Nál. og fylgiskjölin með því eru vissulega seint fram komin, var dreift hér skömmu fyrir klukkan ellefu í gærmorgun, og því ekki endilega víst að hv. þm. hafi kynnt sér þessi skjöl. Ég tel því nauðsynlegt að styðja nál., sem ég hef þegar lesið, með nokkrum tilvísunum í þessar umsagnir, sem eru flestar mjög ítarlegar og vandaðar. Það er líka ástæða til að fara vel yfir málið vegna þess að ég hef orðið þess vör að ýmsir hv. þm. hafa alls ekki áttað sig á því og afgreitt það sem dæmigert kjördæmismál, algjört smámál sem sé þeim útlátalaust að styðja.

Ég minnist þess líka að þegar þetta mál var til fyrri umr., sem fram fór 11. nóv. 1997, þá var áliðið dags og sárafáir þingmenn viðstaddir, enda þreki þeirra takmörk sett eins og allir vita. Hér var innan við tug þingmanna viðstaddur og sú sem hér stendur var ein um það að taka til máls, fyrir utan hv. 1. flm. tillögunnar, hv. 1. þm. Vestf. Eins og menn muna og sjá þá er þessi tillaga flutt af miklum þungavigtarhópi, þ.e. öllum þingmönnum Vestfjarðakjördæmis sem telja nú brýnt að efna til veiðiskapar í friðlandinu á Hornströndum.

Því miður fyrir þá hv. þm. hefur greinargerð þeirra með till. vakið undrun, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, meðal sérfróðra aðila um þessi efni, svo sem fram kemur í umsögnum þeirra. Þeir mæla margir hverjir mjög eindregið gegn samþykkt hennar.

Í þessum fylgiskjölum er fyrst að finna umsögn umhvrn. Afstaða þess kemur fram strax í 2. mgr. Þar segir að að vandlega skoðuðu máli þá telji ráðuneytið ekki tímabært að Alþingi samþykki ályktun um að fela umhvrh. að heimila tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Undarlegt er talið að meiri hluti hv. umhvn. skuli ganga svo þvert gegn áliti umhvrh. og umhvrn. að ætlast til þess að Alþingi samþykki þessa tillögu þvert á niðurstöðu ráðuneytisins. Og umhvrn. minnir á það sem er auðvitað aðalatriði þessa máls, að tilgangur friðlýsingarinnar er, auk þess að takmarka mannvirkjagerð á svæðinu, að vernda gróður og dýralíf og stuðla að þróun þess eftir eigin lögmálum. Það minnir á að þrátt fyrir að friðlandið hafi verið stofnað árið 1985, þá hafi veiðum verið haldið áfram í friðlandinu allt fram yfir grenjatíma árið 1994. Þess vegna eru aðeins þrjú ár frá því að grenjavinnslu og minkaveiðum var hætt í friðlandinu og því óvarlegt að segja að stofnun friðlandsins og bann við veiðum hafi valdið gríðarlegri fjölgun á ref og mink á svæðinu.

Ráðuneytið bendir á að haldbær rök séu ekki færð fyrir meintu tjóni og streymi refa og minka frá friðlandinu yfir sveitirnar í kring og engar vísbendingar séu um samdrátt í silungs- og laxveiði á svæðinu sunnan friðlandsins. Þetta er niðurstaða ráðuneytisins. Og það bendir á að samanburður við landsmeðaltal veiddra minka og refa gefi ekki til kynna að óeðlileg aukning hafi orðið á fjölda veiddra refa og minka á svæðinu. Í umsögn sinni birtir það athyglisverðar upplýsingar um sveiflur í veiði refa og minka í Ísfjarðarsýslu, Strandasýslu og ýmsum hreppum þar í samanburði við landsmeðaltal.

Í lok umsagnarinnar kemur fram að umhvrn. hefur úthlutað styrk úr Veiðikortasjóði til prófessors Páls Hersteinssonar til þess að hefja þriggja ára rannsóknir á refum í Hornstrandafriðlandi, m.a. á fjölskyldumynstri refa, flakki þeirra og brottflutningi af grenjum. Þetta eru þær rannsóknir sem mér heyrðist hv. form. umhvn. vilja gera harla lítið úr. (**ÓÖH:** Það er ekki rétt.) Mér fannst það á orðum hans hér áðan, sé það ekki rétt þá hefur hann rétt á að koma upp og leiðrétta það.

En ráðuneytið fullyrðir að tilraunaveiðar á ref og mink á svæðinu muni valda slíkri truflun á þeim rannsóknum að líklegt sé að rannsóknin muni ekki skila marktækum niðurstöðum um hegðun refa. Loks segir að þær rannsóknir sem Páll Hersteinsson sé að hefja á ref í friðlandinu muni að mati ráðuneytisins skila betri og ítarlegri upplýsingum um refastofninn og hegðun refa en við höfum áður haft. Þess vegna er að mati ráðuneytisins skynsamlegast að bíða niðurstaðna úr rannsóknum Páls Hersteinssonar og meta síðan þörfina á aðgerðum. Þetta er niðurstaða umhvrn. og með þessu birtast svo reyndar skýringamyndir og súlurit sem er fróðlegt að skoða.

Afstaða veiðistjóraembættisins er afdráttarlaus. Hún kemur fram í upphafi umsagnar og veiðistjóri leggst gegn því að þáltill. verði samþykkt. Helstu ástæðurnar sem veiðistjóri færir fram eru í fyrsta lagi að ekki sé ljóst hvað umrædd tilraun eigi að leiða í ljós. Í öðru lagi að ekki sé ljóst hver nauðsyn sé á þessum veiðum og í þriðja lagi er sagt að tillagan sé fljótfærnislega unnin og rökstuðningur byggður á tilfinningalegum forsendum eingöngu. Ég legg áherslu á þetta orð „eingöngu“ vegna þess að sjálfsagt er að hlusta á og taka tillit til tilfinningalegra forsendna ekki síður en skynsamlegra en þær geta aldrei verið einar og sér ástæða fyrir því að ráðast í aðgerðir sem þessar sem hér eru lagðar til.

Birtar eru tölur yfir veidda refi og minka í friðlandinu á árunum 1989–94 og veiðistjóri segir að það sé ekki eina tilvikið þar sem misskilnings gæti í greinargerðinni og að svo virðist sem flutningsmenn hafi ekki lagt mikla vinnu í að afla sér réttra upplýsinga áður en tillagan var flutt. T.d.

hafi aldrei verið leitað eftir upplýsingum af nokkru tagi hjá embætti veiðistjóra.

Í niðurlagi segir svo veiðistjóri, með leyfi forseta:

„Þegar ákveðið var á sínum tíma að friðlýsa Hornstrandir var einnig ákveðið að banna þar refa- og minkaveiðar. Það hefði út af fyrir sig ekki þurft að vera svo. Í mörgum þeim tilvikum þegar svæði hafa verið friðlýst hafa þær veiðar verið undanskildar, væntanlega vegna þess að þau séu nálægt byggðum bólum og refir og minkar sem þar haldi til geti valdið fólki í nágrenninu búsifjum. Sú hætta er ekki fyrir hendi í Hornstrandafriðlandinu.

Það er skoðun undirritaðs að það opinbera fé sem varið er til aðgerða til að draga úr tjóni af völdum refa og minka komi að meira gagni á flestum öðrum stöðum en í Hornstrandafriðlandi."

Flutningsmenn vitna í hlunnindabændur um að mikil fjölgun refa og minka hafi leitt af sér stórtjón, m.a. í laxveiðiám. Þess vegna hefur umhvrn. leitað eftir upplýsingum og yfirliti um lax- og silungsveiði á Vestfjörðum og fengið upplýsingar frá Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar, sem menn geta kynnt sér, en í niðurlaginu segir þar, með leyfi forseta:

„Af hálfu Veiðimálastofnunar hafa engar þær rannsóknir verið framkvæmdar sem unnt er að nota til að aðgreina áhrif afráns refa og minka frá öðrum þeim þáttum sem áhrif hafa á stofnstærð hverju sinni."

Síðan koma ýmsir listar yfir laxveiði í ám á Vestfjörðum sem menn kunna að hafa eitthvert gagn af að kynna sér. Hér er umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga og segir þar að í meginatriðum taki stjórnin undir tillöguna en að umræður hafi orðið um hver gagnsemi þess verður að skjóta ref og mink í friðlandinu á Hornströndum og hvort ekki sé réttara að rannsaka dýrin lifandi. Síðan vekur Fjórðungssambandið athygli á því að ríkið þurfi að styðja við eyðingu refa og minka í sveitarfélögum sem liggja að friðlýstum svæðum og stórum útbreiðslusvæðum refs og minks og e.t.v. væri réttara og eðlilegra fyrir hv. flutningsmenn að snúa sér fremur að þeim þætti málsins en að bera fram tillögu eins og hér hefur komið fram.

Ráðgjafarnefnd um villt dýr skiptist í afstöðu sinni. Meiri hluti nefndarinnar, þ.e. fimm af sjö nefndarmönnum, mæla ekki með því að þáltill. verði samþykkt. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kanna samspil refa, minka og fugla á Hornströndum áður en gripið sé til sérstakra aðgerða til að fækka þessum dýrum í friðlandinu. En minni hlutinn, þ.e. tveir nefndarmenn, lýsa sig efnislega samþykka tillögu þeirri sem hér er til umræðu en segir þar m.a. í nokkuð athyglisverðri umsögn:

„Ástæðulaust er að vanmeta reynsluþekkingu þjóðarinnar varðandi refinn og afleiðingar af fjölgun hans fyrir fuglalíf og landbúnað," og tek ég fyllilega undir það. En síðar segir:

„Að sjálfsögðu skulu rannsóknir fræðimanna ekki vanmetnar heldur en þær mega þó varla vera markmið í sjálfu sér."

Síðan segir hér, sem er mjög athyglisverð setning í niðurlagi þessarar umsagnar:

„Hvort sú viðleitni hefst aftur á Hornströndum strax eða að loknum rannsóknum sem nú standa fyrir dyrum, kann að vera aukaatriði, en vænlegast hlýtur að vera að hún dragist ekki mjög á langinn."

Náttúruverndarráð leggst gegn því að Alþingi Íslendinga samþykki þáltill. en styður að gerðar verði rannsóknir á stofnstærðum villtra dýra í Hornstrandafriðlandinu, hvaða áhrif friðun tófu og minks hefur á stofnstærðir og viðkomu þessara tegunda og annarra tegunda sem þær lifa á.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn því að Alþingi samþykki þessa þáltill. og lætur í ljósi það álit að hún sé byggð á misskilningi og órökstuddum fullyrðingum að verulegu leyti. Í umsögninni er farið mjög ítarlega yfir öll þau atriði sem færð eru fram í greinargerðinni sem rökstuðningur fyrir tillögunni og er þar allt mjög í samræmi við það sem áður er komið fram. Ég vil aðeins grípa niður í þann punkt þar sem fjallað er um fjölgun refa og minka þar sem Náttúrufræðistofnun minnir á að refum og minkum hefur fjölgað á landinu í heild síðustu ár svo það sé ekkert óeðlilegt að álykta að þeim hafi einnig fjölgað eitthvað á Hornströndum. En þar segir að „hafi aukning orðið sé ekki sjálfgefið að hún stafi af minni veiðum en áður." Það sé raunar líklegara að um sé að ræða önnur og víðtækari vistfræðileg áhrif sem eru ekkert bundin við Vestfirði. En áreiðanleg gögn séu ekki til um breytingar á stofnum refa og minka í Hornstrandafriðlandi og þeir segja að hafa þurfi í huga að veiddum refum og minkum gæti t.d. hafa fjölgað einungis vegna aukins veiðiálags. „Rétt þykir einnig að benda á að ekki er sjálfgefið að stofn stækki við friðun og ekki er sjálfgefið að stofn sem veitt er úr minnki stöðugt."

Það er fjallað nokkuð um fækkun mófugla og sagt að fullyrðingar í greinargerðinni þess efnis að mófuglar sjáist tæpast í friðlandinu séu úr lausu lofti gripnar. Staðhæfingar af þessu tagi heyrist oft og séu lífseigar þótt rök skorti. En staðhæfingar um að mófuglar hafi orðið refum og minkum að bráð eru ótímabærar og ekki studdar neinum rökum. Þessi dýr, þ.e. refir og minkar, hafa aðeins verið friðuð á Hornströndum í þrjú ár og það sé fullkomlega útilokað að þau hafi getað rústað mófuglalífi svæðisins í þeim mæli sem af er látið. Þar með sé ekki útilokað að refir og minkar hafi einhver áhrif á mófuglastofna en líklegra þyki að refir og minkar hafi áhrif á útbreiðslu mófugla á svæðinu en á fjölda þeirra. Hafi breytingar orðið á mófuglastofnum í friðlandinu kunni þær að vera aðeins svæðis- eða tímabundnar og af öðrum ástæðum en þeim að refum og minkum hafi fjölgað.

Það er einnig athyglisvert sem Náttúrufræðistofnun fjallar hér um hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða en í niðurlagsorðum ítrekar Náttúrufræðistofnun að hún leggist gegn því að tilraunaveiðar verði hafnar fyrirvaralaust á refum og minkum í Hornstrandafriðlandi og telur að áður þurfi að kanna sannleiksgildi þeirra fullyrðinga sem hafi verið settar fram um tjón af völdum refa og minka á svæðinu og reyna að meta stofna þessara dýra. Og að ráðast þurfi í ýmis verkefni áður en afstaða sé tekin til hugmynda af þessu tagi, þar er nefnd til söfnun heimilda með því að tala við bæði staðkunnuga og stofnanir um breytingar á fuglalífi í friðlandinu, útbreiðslu refa og minka og tíðni þeirra innan og sunnan friðlandsins, breytingar á stærð æðarvarpa í Djúpi og á Norður-Ströndum síðustu ár. Afföll búfénaðar vegna refa og minka, breytingar á veiði í ám og vinna að rannsóknum sem beinist að því að staðsetja og skrá refagreni, merkja yrðlinga til að kanna ferðir þeirra og meta þéttleika verpandi mófugla svo og stærð og staðsetningu sjófuglavarpa annarra en þeirra sem eru í fuglabjörgunum.

Ég fer aðeins á miklu hundavaði yfir þetta (**Félmrh.:** Það er nú gott.) þar sem ég hef fulla samúð með hæstv. starfandi umhvrh. sem er orðinn eitthvað þreyttur í sæti sínu.

Náttúruvernd ríkisins fer ítarlega yfir málið og bendir á margar athyglisverðar staðreyndir. Ástæða er til þess að benda á lið þar sem þeir ræða um það að á þeim árum sem minkur var veiddur á Hornströndum veiddust ákaflega fá dýr hvert ár. Þær veiðar munu ekki hafa haft afgerandi áhrif á stofnstærð innan friðlandsins að mati Náttúruverndar ríkisins og að friðun minks síðustu þrjú ár muni ekki hafa haft úrslitaáhrif á fjölda minks utan friðlandsins eða kostnað við eyðingu hans í nágrannasveitarfélögunum.

Þeir benda einnig á að þær takmörkuðu upplýsingar sem fyrir liggja um sambýli refs og minks bendi til þess að refurinn sé ráðandi og ef eitthvað er þá haldi refurinn minknum niðri. Þetta er mjög athyglisverður punktur.

Ég held að við séum öll sammála um að það er fyrst og fremst minkurinn sem er hinn mikli skaðvaldur í íslenskri náttúru. Það kynni að milda eitthvað hug manna til refsins ef þeir gera sér grein fyrir því að refurinn kunni að halda minknum niðri. Ástæða væri til að fara nánar í þetta atriði, kanna það og styðja með rannsóknum.

Einnig er bent á að samkvæmt upplýsingum frá Páli Hersteinssyni prófessor veiði refur ekki fisk og geti þar af leiðandi ekki orsakað stórtjón í laxveiðiám eins og fullyrt er í greinargerð þáltill. Það þarf því ekki að vekja neina undrun að Náttúruvernd ríkisins leggst gegn því að Alþingi samþykki þessa tillögu. Þeir telja hana órökstudda og að í greinargerðinni séu settar fram ýmsar fullyrðingar sem ekki eigi við rök að styðjast. Náttúruvernd ríkisins telur hins vegar mikilvægt að sem fyrst verði veitt fé í rannsóknir á fjölda, staðsetningu, lífsháttum og áhrifum refs og minks innan Hornstrandafriðlands og út frá vísindalegum gögnum verði tekin afstaða um stýringu á friðlandinu. Þessi niðurstaða gengur vitaskuld eins og rauður þráður gegnum allar þær umsagnir sem koma frá þeim stofnunum sem hafa eitthvað með náttúru Íslands að gera.

Í bréfi veiðistjóra, — þetta er nú aðeins hluti af því, það hefur eitthvað farið úrskeiðis með samsetningu þessara ljósrita — sem er í gögnum frá Náttúruverndinni segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Það er nokkuð ljóst að fjárhagslegt tjón af völdum refa er óverulegt eins og er, og síst meira en það var fyrir 20 árum þegar stofninn var ekki nema þriðjungur þess sem hann er nú."

Þessa setningu les ég vegna þess að þetta er mjög athyglisverð niðurstaða.

Það er athyglisvert bréf sem birt er hér frá landverði í Hornstrandafriðlandi, Guðjóni Ó. Magnússyni, en hann segir frá því að það séu liðlega 20 ár síðan hann kom fyrst inn á svæðið sem kallað er Hornstrandir. Hann kveðst hafa starfað þar sem landvörður á sumrin frá árinu 1986. Hann segist aðeins einu sinni á þessum 20 árum hafa orðið var við mink. Það var sumarið 1986. Hann vitnar meira að segja til orða landeigenda sem dvelja þar oft og telja jafnvel að minkur hafi horfið af svæðinu síðustu árin. Sé sú skoðun rétt, sem er náttúrlega ekki sannreynt hér, getur það varla talist hagkvæmt að gera út dýrar minkaveiðar á Hornströndum. Refir eru auðvitað algengir á svæðinu, hann staðfestir það, en segir samt að tilfinning sín sé sú að refir séu ekki fleiri núna en fyrir 20 árum. Hann telur sig hafa séð svipaðan fjölda refa á hverju ári. Hann segist nú ekki geta dæmt um ástand eða stofnstærð mófugla á Hornströndum og spyr hvort nokkur talning hafi farið þar fram. Samkvæmt orðum hans hefur umræða um fækkun mófugla á svæðinu verið í gangi í nokkur ár og því hafi hann reynt að meta ástandið. Niðurstaða hans er sú að þeir sjáist í friðlandinu og talsvert oft og hafi fjöldi þeirra ekki minnkað, miðað við mjög óformlega athugun. Hann bendir á það sem allir vita að sumarið á Hornströndum sé mjög stutt og það snjói jafnvel oft um hásumar. Hann spyr hvort það geti ekki verið að veðurfar hafi talsverð áhrif á stofnstærð.

Guðjón telur refinn hafa nóg að éta á sumrin því bjargfugl sé fjölmennur og refir eiga sennilega auðveldara með að ná dauðum fuglum í fjörunni en fljúgandi mófuglum. Hann bendir hins vegar á að skógarþrestir séu nokkuð algengir á Hornströndum. Refir ættu að eiga jafnauðvelt með að ná skógarþröstum og mófuglum en þeir hafi nú ekki komið í veg fyrir að skógarþrestir verpi í friðlandinu. Hann telur að vetrarfæðan muni hafa meiri áhrif á stofnstærð refa en það hvort mófuglar verpa í friðlandinu á sumrin eða ekki, enda séu mófuglarnir ekki á Hornströndum á veturna.

Guðjón telur sig ekki geta dæmt um fjölda refa utan friðlandsins og hvort þeir streyma suður Strandir og inn í Djúp, eins og sagt er í greinargerð með tillögunni, en hann segist ekki hafa vitað til þess hingað til að refir væru hjarðdýr. Hann kveðst a.m.k. aldrei hafa séð hjörð af refum á Hornströndum. Í öllum tilfellum nema einu hefur hann séð þá eina á ferð. Eina tilfellið sem hann hafi séð fleiri en einn ref saman var þegar hann sá fjóra yrðlinga saman að leik.

Í niðurlagi umsagnar landvarðar í Hornstrandafriðlandi er komist að þeirri niðurstöðu að dýrt sé að gera út refa- og minkaveiðar og Hornstrandir hljóti að vera eitt dýrasta svæðið á landinu að gera út slíkar veiðar, enda eru engir vegir á Hornströndum og verða allir að fara um fótgangandi eða á bátum. Það hlýtur því að vera ódýrara að liggja fyrir „hjörðunum" sem streyma til byggða og skjóta dýrin þar, enda segir í lögunum að slíkt sé leyfilegt. Von hans er sú að refurinn fái að vera í friði í friðlandinu á Hornströndum enda sé refurinn eitt af því sem geri svæðið eitt hið sérstæðasta á landinu.

Bændasamtök Íslands sendu inn umsögn. Þeir hafa kynnt sér viðhorf bænda og búnaðarsamtaka á Vestfjörðum og segja samdóma álit þessara aðila að ref og mink hafi fjölgað á Hornströndum og í sveitunum fyrir sunnan friðlandið. Þeir segja að það sé einnig ljóst að þessi fjölgun hafi aukið ásókn rándýra í fugl og fisk og mörg dæmi séu um verulegt tjón af þessum sökum. Það er því eindregin afstaða Bændasamtaka Íslands að hvergi skuli alfriða mink né ref.

Í bréfi Sigurgeirs Þorgeirssonar kemur hins vegar fram að engin vísindaleg úttekt eða mat sé til á því tjóni sem um sé spurt í bréfi ráðuneytisins, þ.e. umhvrn. sem hefur óskað eftir upplýsingum frá honum. Þar með er ekki talið unnt að gefa tölulegt yfirlit yfir það tjón sem bændur verða fyrir af völdum refs og minks á umræddu svæði. Sigurgeir segir ástæðulaust með öllu að draga í efa að hlunnindabændur verði fyrir tjóni af vaxandi fjölda refa og minka á umræddu svæði. Hann nefnir til atvik frá árinu 1997, þegar 619 æðarungar voru dregnir út úr einu minkagreni í Ófeigsfirði á Ströndum. Þetta dæmi er nefnt, að því er ég held, í flestum þessara umsagnanna frá heimamönnum, búnaðarsamböndum og fleirum og bændum á svæðinu. Það skal svo sannarlega ekki dregið í efa að það er ekki falleg sjón en við skulum ekki gleyma því að í þessu sambandi er alltaf verið að tala einmitt um minkinn.

Hér er umsögn frá Búnaðarsambandi Strandamanna sem nefnir einmitt þetta dæmi og verður tíðrætt um skaðsemi minksins. Það er bréf frá Matthíasi Lýðssyni sem kallað

er „Lítilræði um loðvarg". Hér eru umsagnir frá tveimur átthagafélögum sem lýsa því að þeir telji að dregið hafi úr fuglalífi á þessum slóðum og telji nauðsynlegt að gera eitthvað í málinu. Indriði Aðalsteinsson fagnar þessari tillögu sem vænta mátti og skorar á umhvn. að leggjast þegar á sveif með lífríki og fólki vestra eins og hann orðar það.

Búnaðarsamband Vestfjarða er hér einnig með umsögn. Það þakkar framkomna tillögu og lýsir fullum stuðningi við hana, telur þetta brýnt hagsmunamál vestfirskra bænda og náttúruunnenda. Þeir minna á að refir hafi verið merktir fyrir nokkrum árum í friðlandinu og samkvæmt þeirra heimildum hafi þessir refir veiðst utan Vestfjarðakjálkans. Það er raunar alrangt, það er staðfest í umsögn Páls Hersteinssonar að yrðlingar sem merktir voru í friðlandinu hafi engir fundist utan friðlandsins. Ástæða væri til að vitna ítarlega í hans ágætu umsögn en það ætla ég nú ekki að gera, tímans vegna. Páll segir frá því að hann hafi fengið styrk úr Veiðikortasjóði, eins og reyndar kom fram í umsögn umhvrn., og lýsir því með nokkrum orðum hvernig ætlunin sé að stunda þær rannsóknir, hvernig þær eigi að fara fram og hver tilgangurinn sé með þeim. Í lokaorðum sínum segir hann að tillagan sem hér er fram borin sé illa ígrunduð og rökin fyrir henni séu fremur veik. Hann segir sína skoðun þá að á þessu stigi væri þeim fjármunum sem ætlað er að verja til tilraunaveiða á ref og mink betur varið til þeirra rannsóknarverkefna sem gerð er grein fyrir hér að ofan.

Umsögn Æðarræktarfélags Íslands kemur ekki á óvart. Æðarbændur þekkja auðvitað manna best það tjón sem refur og minkur geta valdið í æðarvarpi. Þeir eru vitaskuld að tala um tjón af loðvargi, svo notað sé það orðalag, í æðarvarpi utan friðlandsins. Þar eru að sjálfsögðu stundaðar refa- og minkaveiðar.

Frá bæjarstjórn Ísafjarðar er athyglisverð umsögn. Þeir telja ekki tímabært að hefja tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum en hvetja til aukinna rannsókna á náttúru svæðisins, m.a. með tilliti til refs og minks. Þeir telja eðlilegt að þeirri rannsókn verði stjórnað af Náttúrustofu Vestfjarða.

Rökin sem þeir færa fyrir niðurstöðu sinni eru þau að tjón af völdum refa og minka sé umdeilt. Í öðru lagi að refur og minkur auki aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðafólk og aðra sem um það fara. Í þriðja lagi segja þeir að stofnstærðir refs og minks á svæðinu eða breytingar á þeim séu ekki þekktar. Í fjórða lagi er tekið fram að áhrif refa og minka á aðrar tegundir séu ekki þekkt. Í fimmta lagi að dreifing refs og minks út fyrir svæðið sé ekki þekkt.

Í umsögn hreppsnefndar Kaldrananesshrepps koma aðallega fram áhyggjur þeirra af kostnaði við veiðar á ref og mink og minnkandi þátttöku ríkisins í herkostnaði sveitarfélaga, eins og þeir orða það. Það eru alveg fullgildar áhyggjur en þeir hafa vitaskuld áhyggjur af sínum svæðum fyrst og fremst.

Loks er svo grein eftir Áka Ármann Jónsson, líffræðing og settan veiðistjóra til 1. júní, en sú umsögn eða sú grein er mjög á sömu leið og hér hefur komið fram. Í niðurlagi greinarinnar segir að málflutningur þeirra sem berjist fyrir veiðum í friðlandinu einkennist af upphrópunum og gífuryrðum. Honum þyki verst að þingmenn á hinu háa Alþingi skuli ekki hafa leitað sér betri upplýsinga áður en þeir rykju til og legðu fram jafnilla ígrundaða tillögu og telur hann vinnubrögð af þessu tagi til álitshnekkis fyrir Alþingi.

Hann hvetur að sjálfsögðu til þess að rannsóknir á áhrifum friðunar refa og minka á annað dýralíf verði stórefldar því að einungis þannig sé unnt að komast að því hvernig meint fjölgun þessara dýrategunda er orðin að vandamáli í sveitum vestra.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir nál. minni hlutans og niðurstöðum okkar og farið svona á hundavaði yfir þær umsagnir sem hv. umhvn. bárust um þetta mál. Einhverjum kann að þykja hér um að ræða mikil gögn og mikið mál um lítið efni en svo er þó ekki. Ég vil hvetja hv. þm. til að kynna sér vel rökstuðning okkar í minni hlutanum og þau fylgiskjöl sem við höfum lagt fram. Í rauninni má þó draga allt heila málið saman í þá einu fullyrðingu að tilgangurinn með friðun, með stofnun friðlands á Hornströndum, er auðvitað fyrst og fremst sá að leyfa náttúrunni að þróast á eigin forsendum án afskipta mannsins. Ef menn trúa því í raun og veru, sem stendur í greinargerð með tillögunni, að hjarðir refa og minka streymi suður Strandir og inn í Djúp eru þeir að sjálfsögðu í fullum rétti að sitja fyrir þeim hjörðum og reyna að granda þeim og hindra skaða af völdum þessara dýra þar sem það á við.

[01:03]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil strax leiðrétta þau orð hv. þm., sem hér talaði á undan mér, að ég er ekki að gera lítið úr rannsóknum Páls Hersteinssonar prófessors, fjarri því. Ég var aðeins að benda á einfaldar staðreyndir. Staðreyndirnar eru þær að vegna fjárskorts og af öðrum ástæðum, m.a. rannsóknaraðferðum, nær rannsóknin til takmarkaðs svæðis og takmarkaðra dýra, fimm til sjö dýra og ekki annars. Það segir líka í þáltill. að ekki sé ætlunin að trufla þessar rannsóknir. Og Háskóli Íslands, þar sem prófessorinn er lykilmaður á þessu sviði, er einmitt sá aðili sem á að vera með í að tryggja að veiðarnar muni ekki trufla rannsóknina. Hér eru því hæg heimatökin.

Meginatriði í umsögnunum eru þau sem ég dró fram í framsögu minni. Við höfum tvenns konar umsagnir. Annars vegar eru umsagnir sérfræðinga sem minni hlutinn í nefndinni er að gera að umtalsefni og talar um vísindaleg rök. En þessi vísindalegu rök eru því miður mjög fátækleg. Upp á hvað hljóða þau? Þau hljóða upp á nákvæmlega þetta: Ekki eru til upplýsingar. Það er nákvæmlega það sem þar segir. Ég er ekki að gera lítið úr vísindamönnum eða sérfræðingum en það er einmitt bara það sem þeir segja. Þeir eru að kalla á rannsóknir. Þær rannsóknir eru ekki fyrirhugaðar. Það er ekki til fé eða tími.

Á meðan við værum að bíða eftir slíku færu þessar dýrategundir, refur og minkur, hamförum á svæðinu og mundu spilla því jafnvægi sem ég tel æskilegt þarna.

Á hinn bóginn, hverjir vitna í umsögnum sínum á hinn bóginn? Það eru heimamenn, það er fólkið sem er þarna og hefur glöggt auga og ég ber fyllsta traust til þess fólks sem hefur þessa yfirsýn og glöggt auga á náttúrunni. Og þegar þetta fólk talar jafnafgerandi og gert er í fjöldamörgum umsögnum þá tek ég meira mark á því en þegar vísindamenn segja að þeir hafi ekki gögn til þess að dæma um málið og krefjast rannsókna sem eru ekki fyrirhugaðar.

[01:05]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt það sem menn hafa lagt mikla áherslu á í umsögnum sínum frá öllum þessum vís-

indastofnunum að rannsóknir skorti. Hv. þm. segir að það sé ekki fé til þess að vinna þær rannsóknir en hvar ætlar hv. þm. að finna fé til þess að stunda þær veiðar sem hér er ætlað að efna til? Væri ekki nær, eins og hér hefur hvað eftir annað komið fram, að leggja meira fé til rannsókna til þess að undirbyggja einhverjar aðgerðir ef menn telja í raun og veru að þeirra aðgerða sé þörf?

Ég hlýt að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi hugmynd um hvað það muni kosta að framkvæma þá tillögu sem meiri hlutinn hefur lagt til og hvar hann ætlar að finna fé til þess.

[01:07]

**Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af tímaskorti gat ég ekki hér í andsvari áðan nefnt önnur atriði sem ég ætla að gera nú. Það liggur ljóst fyrir að ref hefur fjölgað, það liggur ljóst fyrir að refnum mun fjölga og mink sem nemur því sem veiðin segir til um sem hefur nú verið bönnuð. Það liggur í augum uppi.

Mér fannst hv. þm. Kristín Halldórsdóttir ekki leggja nógu mikla áherslu á þann skaða sem bændur, æðarbændur og sauðfjárbændur og aðrir á svæðinu verða fyrir, bæði vegna skaða vegna þess að refur og minkur grandar þeim dýrum sem bændur hafa lífsviðurværi sitt af, en líka vegna þess tíma sem þeir þurfa að eyða til þess að vaka yfir löndum sínum. Hann má ekki vanmeta því að þar fer mikill tími forgörðum hjá fáliðuðu starfsliði sem vinnur að þessu.

En ég ætla að koma örstutt að einu atriði. Landvörðurinn Guðjón Ó. Magnússon skrifar bréf. Hann segist hafa verið þarna á síðasta sumri 1997 og aðeins séð einn ref. Ég vil upplýsa hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um að ég hef gengið um Hornstrandir síðustu tvö sumur. Einmitt á síðasta sumri, þessu sama sumri, 1997, var ég á göngu um Hornstrandir og hverjar voru niðurstöður mínar án þess að ég stæði þar í einhverjum vísindalegum rannsóknum? Fólk sem ég dvaldist hjá, sem er fætt þarna og dvelur þarna sumarlangt, segir mér að það horfi á það út um gluggann hjá sér að fuglalífið, mófuglalífið, sem var lifandi og gróskuríkt er horfið. Það hefur horft á refinn granda þessu lífi. Ég trúi þessu fólki.

Í öðru lagi, ég sá í Hornvík tvö greni og níu dýr, þar sem þessi landvörður sá á heilu sumri aðeins eitt dýr. Í Hlöðuvík sá ég eitt dýr, í Fljótavík sá ég þrjú dýr. Var ég þó ekkert sérstaklega á höttum eftir þessu, að vísu var hundur með í feðrinni sem kannski hefur komið meiri hreyfingu á refinn en hjá öðrum ferðamönnum en ég trúi mínum eigin augum og ég trúi því fólki sem ber heiðarlega fram þær óskir sem ég varð var við og hef grundað á reynsluheimi þessa fólks.

[01:09]

**Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekkert lítið úr reynsluheimi þessa fólks, ég hélt að það hefði komið fram í máli mínu áðan. Auðvitað skil ég áhyggjur þess yfir því að refur og minkur kunni að valda usla og valdi usla, t.d. í æðarvarpi þeirra og víðar. En þetta er einu sinni gangur náttúrunnar og sá skaði sem hv. þm. er að vísa til verður utan friðlandsins og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að menn stundi minka- og refaveiðar utan friðlandsins. Þegar hv. þm. vísar til þess tíma sem bændur þurfi að vaka yfir löndum sínum er þá hv. þm. að gefa í skyn að það sé hægt að fara út í slíkar og þvílíkar refa- og minkaveiðar að þeir muni alveg hætta að þurfa að vaka yfir löndum sínum? Hvers lags eiginlega málflutningur er þetta?

En hv. þm. kom sér vitaskuld hjá því að svara þeirri spurningu sem ég bar áðan fram í andsvari mínu hér, eða svari við andsvari, um það hvort hann viti hvað þær veiðar muni kosta sem hann vill leggja til að hér verði stundaðar og hvar eigi að fá þá peninga. Hann svaraði ekki þeirri spurningu enda er ég sannfærð um að hann hefur ekki svar við þeirri spurningu.

[01:11]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi segja að það er mjög ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið fram að nýju í þinginu, búið að fá meðferð og umfjöllun í hv. umhvn. Alþingis. Eins og kom áðan fram í máli þingmanna er þetta eitt af þeim fyrstu málum sem lögð voru fyrir þingið. Mælt var fyrir því 11. nóv. sl. Nál. hv. meiri hluta umhvn. var lagt fram 27. apríl sl. þannig að það er augljóst að þetta mál hefur verið þó nokkurn tíma í Alþingi og menn hafa haft fullkomnar aðstæður og fullkominn tíma til þess að fara mjög rækilega yfir það.

Ég tel það líka ánægjulegt að Alþingi sjálft hefur mögu-leika á því að taka afstöðu til þessa máls. Það er alveg augljóst og það vita allir að um það hefur verið deilt. Þessi tillaga hefur kallað á gríðarlega mikil viðbrögð og ef ég tek bara sem dæmi þær úrklippur sem ég aflaði mér úr vestfirsku blöðunum þá er þetta allur bunkinn. Það hefur með öðrum orðum farið fram gífurlega mikil umræða um þetta mál og þar hafa tekið þátt bæði vísindamenn og ekki síður leikmenn, bændur, refaskyttur og aðrir þeir sem mjög vel þekkja til mála. Það hefur því farið fram eðlileg lifandi umræða um það sem ástæða er til þess að fagna.

Þess vegna tel ég að það hafi verið mjög skynsamlegt af meiri hluta hv. umhvn. að afgreiða málið frá sér þannig að þingið sjálft gæti tekið það til frekari umræðu og metið það á grundvelli þeirra upplýsinga sem hefur nú verið dreift af minni hluta nefndarinnar, fylgiskjölum sem hér liggja fyrir, þar sem við sjáum og heyrum þau sjónarmið sem uppi eru bæði með og á móti efni tillögunnar.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram og það vekur dálitla athygli að eftir því sem fjær dregur Vestfjörðum er andstaðan við tillöguna meiri. Það er líka augljóst mál að meðal vísindamanna eru mjög margir sem hafa efasemdir um tillögu af þessu tagi og þá tökum við auðvitað afstöðu til þess. Ég held hins vegar að meiri hluti umhvn. hafi brugðist við þeirri gagnrýni, sem hefur m.a. komið fram hjá vís-indamönnunum, með því að breyta efnisatriðum tillögunnar og það eru auðvitað mjög eðlileg vinnubrögð. Síðan er það Alþingi sjálft, málstofan hér, sem kemst að hinni endanlegu efnislegu niðurstöðu og þannig er þetta auðvitað og þannig á þetta að vera.

Ég verð hins vegar að segja það, virðulegi forseti, að mér hefur fundist það mjög slæmt hvernig hefur verið staðið að umræðunni í dag að því leytinu að hún hófst um miðj-an daginn og henni lauk mjög skyndilega, meira að segja þannig að ekki var gefið tóm til þess að ljúka andsvörum, sem þó taka fáeinar mínútur heldur var umræðan einfaldlega rofin. Og þó að sumarnóttin sé falleg, líka í Reykjavík, ekki bara norður á Hornströndum eða Vestfjörðum, þá hefði ég vissulega kosið það, virðulegi forseti, að við hefðum getað lokið þessari umræðu fyrr í dag og haldið síðan áfram með þau önnur mál sem á eftir áttu að koma og voru á eftir þessu

máli í dagskránni eins og hún var lögð fyrir þingið í dag. En það þýðir auðvitað ekki að sýta það sem gert er, þannig liggur þetta fyrir, og því miður er þessi umræða að verða miklu endasleppari fyrir vikið.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, með fullri virðingu fyrir þeim miklu vísindamönnum og virðulegu stofnunum sem hafa tjáð sig um efni þessarar tillögu að þrátt fyrir að þeir séu hér að kveða upp dóma um að tillagan sé illa ígrunduð, illa unnin og órökstudd, þá verð ég að játa að mér finnst nákvæmlega þess sama gæta í umsögnum sumra þessara aðila. Sem dæmi gæti ég tekið hið háa umhvrn. sem fullyrðir og hv. 12. þm. Reykn. rakti það í ræðu sinni áðan, að engin haldbær rök séu fyrir fullyrðingum um aukið streymi refa og minka út úr friðlandinu. Þetta er það sem lesið var upp úr áliti umhvrn.

Veiðistjóri sjálfur segir að tillagan byggist eingöngu á tilfinningalegum rökum og engu öðru, tilfinningarökum og engu öðru. Hvað er verið að segja? Einfaldlega að sjónarmið bænda og þeirra sem gleggst þekkja til aðstæðna á vettvangi beri að hafa að engu. Að reynslusannindi þessa fólks séu tilfinningaleg vella, tilfinningaleg rök og engin haldbær rök flutt fyrir fullyrðingum um aukið streymi refa og minka út úr friðlandinu. Samt sem áður kemur annað fram í þessum umsögnum hvað eftir annað, hjá mönnum sem búa við þennan vágest, ref og mink. Þeir leggja þær upplýsingar fyrir Alþingi en umhvrn. og veiðistjóri leyfa sér að afgreiða þessi mál þannig að hér sé bara um að ræða tilfinningaleg rök, eða engin haldbær rök. Það sem þetta fólk er að halda fram á einfaldlega að afgreiða með þessum hætti.

Ég verð að játa, virðulegi forseti, þótt ýmislegt megi e.t.v. finna að málflutningi okkar sem stóðum að þessari upprunalegu tillögu, ég geri ekki lítið úr því, að þessi röksemdafærsla finnst mér nú ekki mjög burðug.

Ég verð hins vegar að segja að ég átti ekki von á svona miklum viðbrögðum við þessari tillögu. Ég er alveg sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að hér er um að ræða býsna mikið mál. Við sjáum það m.a. af sjónarmiðum þeirra bænda sem hér láta í sér heyra, búnaðarsamtaka Vestfjarða ýmissa og sveitarstjórna er að hér er um að ræða gríðarlega mikið mál. Ég átti samt sem áður ekki von á svona miklum viðbrögðum. Ég hafði gert mér það í hugarlund fyrir fram að viðbrögðin yrðu fremur á þá lund að í þessari tillögu okkar til þingsályktunar væri gengið fram af full mikilli varfærni. Ég stóð í þeirri trú að reynsla undanfarinna ára og reynslan sem menn hefðu verið að fá sýndi það óumdeilanlega að það væri þörf á veiðum. Menn þyrftu ekki að láta fara fram neinar tilraunaveiðar undir vísindalegu eftirliti.

Ég gaf mér fyrir fram að þau viðbrögð kæmu. Þess vegna verð ég að játa að þetta hefur komið mér dálítið á óvart, en þannig er nú einu sinni lífið. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að mig hefur nokkuð undrað að sjá þá mótstöðu sem ég hef rakið.

Í nál. hv. minni hluta umhvn., þar sem segir: „Fullyrðingar í greinargerð um að hjarðir refa og minka streymi suður Strandir og inn í Djúp styðjast ekki heldur við neinar rannsóknir né gild rök" finnst mér felast ákveðið gildismat, samanber þar sem segir: „þótt bændur á svæðinu telji að þeirra verði meira vart en áður."

Það er náttúrlega augljóst mál, ef við lesum yfir álit þessara bænda, að það er ekki spurning um að þeir telji svo, þeir sjá það einfaldlega. Þeir geta sér ekki til um það, þeir sjá það sem staðreynd að streymi refa og minka sé meira en áður hefur verið og þetta sé meira vandamál en áður. Nú segja menn: Það þarf að rannsaka þetta allt saman. Það var rakið einmitt í einni af umsögnunum að þessar rannsóknir þyrftu að fara þannig fram. Það þyrfti nánast að rannsaka alla skapaða hluti. Ég verð nú að játa að ekki finnst mér þetta mjög trúverðugt.

Menn töldu óhætt að hefja hér friðun alveg án þess að það væri fyrir fram rannsakað. Menn töldu einfaldlega að friðunin ætti að hefjast og síðan ættu menn að hefja rannsóknir. Ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé ekki svo og ég tel einfaldlega að það sé vel samrýmanlegt að hefja takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu til að koma til móts við þau sjónarmið sem ég hef talað fyrir, sjónarmið bænda og annarra sem þekkja þessi mál af sínum vettvangi, og hins vegar að virða þær vísindalegu forsendur sem vísindamennirnir hafa gefið sér og menn þekkja.

Virðulegi forseti. Ég tek mjög mikið mark á mörgum þeim sem tjá sig um þessi mál. Ég tel t.d. að sjónarmið manna eins og Eysteins Gíslasonar í Skáleyjum sé fullgilt sjónarmið í umræðunni. Menn geti ekki talað þannig að ekki eigi að hlýða á raddir manna sem hafa fylgst með náttúrunni frá því þeir fæddust og þekkja þessi mál afar vel. Mér finnst því mjög athyglisvert þar sem segir í umsögn Eysteins Gíslasonar, með leyfi virðulegs forseta:

„Tilgangur þeirra sem á sínum tíma vildu banna veiðar á ref og mink í Hornstrandafriðlandi og víðar mun hafa verið sá að meta áhrif þess á náttúru og dýralíf. Frá fornu fari höfðu menn reynt að halda refastofninum í skefjum og minkurinn er innflutt plága og stórvirkur skaðvaldur í fuglalífi sem barist hefur verið við frá upphafi.

Engum blöðum er um það að fletta að friðun hlýtur að leiða til fjölgunar og fjölgun á einu svæði leiðir til dreifingar þaðan, enda fullyrða þeir sem kunnugastir eru í nágrenni friðlandsins að óræk merki sjáist nú þegar um það. Þetta höfðu margir óttast og varað við enda sýnist það vafasöm aðferð í náttúruvernd að stofna friðlönd til að fjölga þar skaðvöldum hömlulaust."

Ef við skoðum jafnframt tölur um veiðar í Hornstrandafriðlandinu sjáum við að þar var um að ræða talsvert mikla veiði sem út af fyrir sig undirstrikar stærð stofnsins. Refir veiddir á árunum 1991 til 1994 voru að meðaltali 143 dýr á ári og minkar 21 dýr að meðaltali á ári. Skoðum síðan umsögn Páls Hersteinssonar, sem ég tek mjög undir. Ég hef haft kynni af honum og tel að ástæða sé til að hlusta mjög glöggt eftir hvað hann segir. Páll Hersteinsson segir í umsögn sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þetta er því að bæta að undanfarin ár virðist hlutfall geldlæðna hafa aukist mjög meðal refa sem veiðast í grennd við friðlandið, sem bendir til að refum hafi fjölgað og að e.t.v. sé svæðið að mettast, þ.e. að fjölgun innan friðlandsins verði ekki miklu meiri úr þessu. Þetta þyrfti þó að rannsaka".

Það sem Páll Hersteinsson er að segja er einfaldlega að þetta svæði sé að fyllast. Það hefur auðvitað þau áhrif sem allir þekkja, að við það streyma dýrin burt og helga sér ný óðul eins og til að mynda refurinn. Þekktar refaskyttur hafa einmitt verið að benda á að það segir ekki alla sögu því dýrin helga sér ný og ný svæði og streyma síðan þaðan og stækka þau svæði. Allt þetta verðum við auðvitað að skoða og það er augljóst mál að það veldur röskun í lífríki ef einn stofn er friðaður með þessum hætti og það hefur þá að sjálfsögðu áhrif út í frá líka.

Hér hefur töluvert verið rætt um það hvort núverandi ástand veldur tjóni og mér hefur virst að menn hafi reynt að gera þetta allt saman tortryggilegt vegna þess að menn hafi ekki enn þá komist í að telja fiskana í vötnunum og ánum upp á stykki á Vestfjörðum, né heldur fugla himinsins. Þetta að mínu mati er hreinn útúrsnúningur og þær viðurhlutamiklu rannsóknir sem menn telja að þurfi að fara fram á öllum sköpuðum hlutum eru alls engin forsenda fyrir því að hefja þessar takmörkuðu vísindalegu veiðar. Þvert á móti höfum við miklar upplýsingar um það hvaða áhrif núverandi ástand hefur haft á umhverfið í næsta nágrenni við Hornstrendur. Það kemur m.a. fram í bréfi Sigurgeirs Þorgeirssonar, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, sem byggir á þeim upplýsingum sem umbjóðendur hans hafa sent honum. Þetta kemur einnig vel fram í afar athyglisverðri umsögn Búnaðarsambands Strandamanna þar sem ég ætla að leyfa mér að vekja athygli á eftirfarandi dæmum. Í umsögninni segir:

„1. Á sl. hausti var skotinn dýrbítur í túninu á Melum í Hrútafirði. Hafði hann þá drepið eina kind og leikið aðra svo að henni varð að lóga. Tveimur öðrum kindum í Hrútafirði varð að lóga eftir að þær höfðu verið bitnar af tófu.

2. Í minkabæli sem unnið var við Hrútafjarðará [þeirri frægu á] fannst mikill fjöldi gönguseiða úr nýlegri sleppingu við ána.

3. Teistuvarp í landi er að mestu horfið á Ströndum. Það kenna menn hörðum atgangi minksins.

4. Tófa komst í æðarvarpið á Kirkjubóli í Tungusveit fyrir 2 árum. Það er óverulegt síðan.

5. Fyrir fáum árum voru sett 100 gönguseiði í sleppitjörn í Miðdalsá í Steingrímsfirði. Þegar næst var gætt að þeim voru þau öll horfin en meiri hluti þeirra fannst í minkaholu sem var þar skammt frá.

6. Æðarvarpið í Húsavík í Steingrímsfirði hefur orðið fyrir mikilli ásókn tófu en þar sem vakað er yfir því á nóttunni yfir varptímann hefur tekist að verja það og þar hafa verið skotnar 5 tófur síðustu árin."

Hvað segir bóndinn í Húsavík í Steingrímsfirði, Matthías Lýðsson? Hann segir í sinni umsögn, með leyfi virðulegs forseta:

„Hvað varðar blessaða tófuna er því miður aðra sögu að segja. Fram undir 1990 varð nánast ekki vart við tófur í og við varpið né heldur varð vart við tjón af þeirra völdum. Frá þeim tíma hefur tófan valdið meira eða minna tjóni í varpinu á hverju vori, þrátt fyrir að varpið sé meira og minna vaktað allar nætur. Nefna má að í maí 1995 skaut undirritaður 3 tófur á 2 sólarhringum í og við varpið. Það tjón sem tófan veldur er bæði fólgið í því að hún tekur mikið af eggjum og ekki síður að hún veldur mikilli skelfingu, fælir fugla af hreiðrum svo flugvargur á greiðan aðgang að þeim.

Í samtali við Braga Guðbrandsson grenjaskyttu í Heydalsá tjáði hann undirrituðum að fleiri tófugreni hefðu verið í Kirkubólshreppi 1997 en nokkurt ár sl. hálfa öld. Af þessu dregur undirritaður þær ályktanir að tófu hafi fjölgað á svæðinu á undanförnum árum og ekki sé lát á þeirri fjölgun.

Ekki er auðvelt að leggja mat á það tjón sem af þessu hlýst fyrir undirritaðan og því er aðeins bent á þá vinnu sem leggja verður á sig við að vaka yfir varpi á mesta álagstímanum á sauðfjárbúi. Vinna kostar nefnilega peninga" segir Matthías Lýðsson.

Enn vitna ég í umsögn Búnaðarsambands Strandamanna, með leyfi virðulegs forseta:

„Sl. vor komst tófa í varpeyjar sem fjarar í á Ásmundarnesi á Bjarnarfirði og gerði þar mikinn usla en var síðan skotin þar. Árið 1989 unnu veiðimenn minkalæðu í Hrútey á Ófeigsfirði en hún er aðalvarpeyja þar. Þar við bælið töldu þeir 619 dauða æðarunga undir tveimur steinum auk þess sem fannst fjöldi dauðra unga dreifður um eyjuna og töldu þeir að þessi eina læða hefði grandað fast að þúsund æðarungum."

Við sjáum, virðulegi forseti, á þessu að þetta er auðvitað gríðarlegur vágestur. Því er það augljóst mál að við þurfum að reyna að stemma stigu við þessu með öllum tiltækum ráðum, líka með því að hyggja að því hvort hægt sé að hafa áhrif á minka- og refastofninn með því að ráðast að honum í því griðlandi sem honum hefur nú verið veitt norður á Hornströndum. Það er alveg rétt að það er ekki mjög langur tími sem liðinn er frá því alfriðunin hófst, en það kemur líka fram í einhverjum af þessum umsögnum, mig minnir að það sé í umsögn Páls Hersteinssonar, að ekki hafi verið mikill þungi í minkaveiðunum á árunum þarna á undan, enda kemur það fram að það eru ekki nema 20–30 minkar sem drepnir eru á Hornströndunum þrátt að allir séu sammála um að menn verði varir við stóraukinn fjölda minka í næsta nágrenni.

Því tel ég, virðulegi forseti, að það sé alveg augljóst að vaxandi ásóknar af ref og mink gæti mjög. Hún er farin að valda verulegu tjóni og auðvitað er óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka fullt mark á þessu. Reynt að draga í efa að svo sé. Þá er rétt að vekja hér athygli á umsögn Búnaðarsambands Strandamanna, sem skrifað er bak jólum sl. Þar segir að árið 1990 hafi í Strandasýslu, frá Árneshreppi nyrst og suður í Bæjarhrepp syðst, hafi verið veiddir 75 refir, 1990, og 86 minkar. Á sl. ári hafi verið veiddir 120 refir og 244 minkar.

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir auðvitað allt sem segja þarf um þetta mál og staðfestir orð þeirra bænda sem ég hef hér verið að vitna til. Síðan geta menn farið í alls konar rannsóknir á öllum sköpuðum hlutum. Ég tel hins vegar að það sé alls engin forsenda fyrir því að hægt sé að hefja hér takmarkaðar veiðar. Þvert á móti, vil ég segja, erum við að tala um afar hógværa tillögu þar sem reynt er að feta þann gullna meðalveg sem tekur tillit til sjónarmiða bænda, sem ég hef ítarlega rakið, og sjónarmiða vísindamannanna sem ég hef vikið að og voru rækileg nefnd í áliti minni hluta hv. umhvn. Ég tel að með því að samþykkja þessa ágætu tillögu, sem hlotið hefur svo mikla umfjöllun fjölda fólks, þá séum við að reyna að koma til móts við þessi mismunandi sjónarmið, tryggja vísindalegt umhverfi en um leið að reyna að koma í veg fyrir það tjón sem íbúarnir í nágrenni Hornstranda hafa sannanlega orðið fyrir og hafa kvarta mjög undan. Það er alveg ástæðulaust að gera lítið úr áhyggjum þeirra og þeim röksemdum sem þeir hafa flutt.

[01:32]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekkert nýtt fyrirbæri og takmarkast ekki við Alþingi Íslendinga eða Ísland að býsna harðar deilur séu um áhrif rándýra á aðra dýrastofna og meint tjón o.s.frv. Þetta er umræða sem fer víða fram. Menn skyldu bara fara til Noregs þar sem birnir blandast m.a. í málið því ég hef nú fylgst með þessu nokkuð á þeim vettvangi líka. Þetta gengur aftur.

Ég held að veikleikinn í þessari tillögugerð og einnig í áliti meiri hluta umhvn. sé sá að menn virðast ekki hafa raunverulegan áhuga á því að fá upplýsingar um stöðu mála, þ.e. það sem gerist með rannsóknum. Menn telja að þetta liggi

fyrir, þess vegna á að ráðast á þennan loðvarg eða hvað þetta er nú kallað á Hornströndum því að þar er uppsprettan o.s.frv. Svo leiða menn fram rök sem geta alveg staðist ein út af fyrir sig, eins og umsögn Búnaðarsambands Strandamanna, þar sem er verið að lýsa dýrbítum sem hafi verið skotin í túninu á Melum í Hrútafirði og minkabæli við Hrútafjarðará o.s.frv. Ég er ekkert að vefengja þessar upplýsingar. En bakgrunnurinn sem er haldið fram er að öll þessi ósköp, allur þessi vargur, komi frá friðlandinu á Hornströndum þar sem veiðar á ref og mink hafa lagst af fyrir þremur árum. Engar sannarnir liggja fyrir um þetta atriði og hv. þm. Vestfjarða, sem ég skil vel að hlusti á raddir fólks á svæðinu og reyni að gera sér mynd af ástandi og komi með tillögur, ættu að leggja áherslu á það og meiri hluti umhvn. að bætt verði úr þeim fjárskorti sem hefur verið varðandi rannsóknir á svæðinu, reyna að vinna þar skipulega á sem skemmstum tíma, viðráðanlegum tíma, og móta stefnu í ljósi þess á vitrænum forsendum en ekki tala eins og hér er gert. Mér óar satt að segja, virðulegur forseti, margt í þeim málflutningi sem hér kemur fram.

[01:34]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. 4. þm. Austurl. að það er ákaflega mikilvægt að efla þær rannsóknir sem fara fram norður á Hornströndum. Þess vegna beitti ég mér fyrir því ásamt reyndar fleirum að bæta stöðu Náttúrustofu Vestfjarða, sérstaklega til þess að hún gæti tekist það á hendur að auka rannsóknir á Hornströndum og það mun verða gert á þessu ári.

Það sem okkur hv. þm. greinir væntanlega á um er hvort unnt sé að slíkar rannsóknir fari fram samhliða því að það eigi sér stað takmarkaðar veiðar undir vísindalegu eftirliti á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Það er einfaldlega þannig að ég tel að það sé svo áleitin krafa frá bændum sem þekkja mjög vel til, fólki sem hefur þekkt gríðarlega vel til á Hornströndum, um að reyna að stemma stigu við því sem menn eru sannfærðir um og byggja á þekkingu sinni, sannfærðir um að veldur vaxandi ásókn refa og minka suður Strandir og inn Djúp sem þessir menn telja alveg einsýnt að eigi upptök sín m.a. norður á Hornströndum.

Auðvitað er alveg ljóst mál að upptök refa- og minkastofnsins í veröldinni og landinu eru ekki eingöngu norðan af Hornströndum. En hitt er það auðvitað að þar er búið að skapa þessum dýrum griðland og það blasir við, m.a. í áliti Páls Hersteinssonar, að nú sé svæðið orðið mettað, þá er augljóst mál að það hefur áhrif á streymi dýranna. Refurinn helgar sér ný óðul. Þetta hafa t.d. refaskyttur bent mér á, þeir helga sér ný óðul og þar með helga þeir sér stöðugt stærra og stærra landsvæði. Þannig virkar þetta einfaldlega.

Þess vegna er mikilvægt að mínu mati og er skoðun þessara manna sem ég hef hvað mest leitað til að skynsamlegt sé að hefja takmarkaðar veiðar í friðlandinu á Hornströndum til að reyna að stemma stigu við því sem menn líta á sem vágest.

[01:37]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við reynum að gera okkur grein fyrir samhengi hlutanna hér á þingi sem annars staðar. Umsagnaraðilar um þessa tillögu eru að reyna það einnig og allt er það virðingarvert. En mér finnst samt að menn séu að gefa sér hér forsendur sem séu ekki mjög vitrænar í sambandi við hvernig við nálgumst lausn mála þannig að sæmilegur friður geti skapast um á grundvelli þekkingar.

Hv. 1. flm. tillögunnar, sem ég held að ég muni rétt að er formaður eða forseti Fiskifélags Íslands (**Gripið fram í:** Er það ekki lengur.) eða var það, hafði mikinn áhuga á sjávarútvegsmálum og framsókn á því sviði, hlýtur að átta sig á því að þar er við býsna flókið samhengi að fást. Hið sama gildir varðandi dýrastofna á landi og ekki í minna mæli. Fyrir marga, þar á meðal líffræðinga sem eru ekki sérfræðingar á sviði viðkomandi stofna, eru satt að segja margir óvæntir þættir sem koma upp við rannsóknir, m.a. hvernig þessir stofnar bregðast við veiðum.

Hv. þm. kom svona upplýsandi að því hvernig refurinn helgaði sér ný og ný óðul. Myndin sem virðist vera í huga hv. þm. er sú að það eru heil ósköp af ref á Hornströndum en utan Hornstranda væntanlega ónumið land eða ekki nógu þéttsetið og þangað streyma hjarðirnar og helga sér ný og ný óðul.

Ég vil ekkert fullyrða fyrir fram um þessi efni. Ég tek hins vegar eindregið undir það, sem hlýtur að vera ósk manna, að það verði leitt í ljós, m.a. far refa, dreifing, viðbrögð við veiðum og annað þess háttar, hversu mikið tjónið er. En svo verða menn auk þess að hafa í huga að við verðum auðvitað að virða sjálfsbjargarviðleitni dýra sem eru rándýr og þau eru ekkert vond út af fyrir sig. Hvað ætlum við að segja um okkur mennina ef við ætlum að fara að leggja á það mælikvarða?

Hitt er sjónarmið sem menn hefðu átt að læra nokkuð af, að hleypa ekki nýjum tegundum inn í landið, jafnt í dýra- og plönturíkinu, án þess að átta sig á því fyrir fram hver áhrifin gætu orðið. Þar höfum við ekki lært sem skyldi af reynslunni, m.a. af minknum.

[01:40]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð eingöngu að endurtaka hluta af því sem ég sagði áðan. Ég er alveg sammála því að auðvitað eigum við að reyna að nálgast þetta viðfangsefni þannig að við öflum allra þeirra upplýsinga sem tiltækar eru. Við eigum að reyna að byggja það á rannsóknum en líka að byggja það á þeirri þekkingu sem almenningur í landinu hefur aflað sér, oft mjög skipulega, og ekki síst þessir menn, bændur, refaskyttur og aðrir slíkir sem verða einfaldlega vegna nauðsynjarinnar að afla sér þessarar þekkingar mjög skipulega.

Hins vegar geri ég athugasemdir við það sem mér hefur fundist aðeins örla á hjá hv. 4. þm. Austurl. að áður en hægt sé að hefja einhvers konar mjög takmarkaðar veiðar á ref á mink á Hornströndum þurfi að fara fram nánast óendanlegar rannsóknir á nánast öllum sköpuðum hlutum. Ég tek sem dæmi umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem segir að áður en hægt sé að fara í þetta þurfi að safna heimildum með því að tala við staðkunnuga og stofnanir um breytingar á fuglalífi í friðlandi, útbreiðslu refa og minka og tíðni þeirra innan og sunnan friðlandsins, breytingar á stærð æðarvarps í Djúpi og Norður-Ströndum síðustu ár. Afföll búfénaðar vegna refa og minka, breytingar í veiði og ám, nauðsynlegar rannsóknir til þess að staðsetja og skrá refagreni, merkja yrðlinga til að kanna ferðir þeirra, meta þéttleika verpandi mófugla svo og stærð og staðsetningu sjófuglavarpa annarra en þeirra sem eru í fuglabjörgunum.

Þetta er auðvitað alls ekki rétt. Þetta er auðvitað ekki forsendan, að fram fari slíkar viðurhlutamiklar rannsóknir

sem allir sjá að taka ár og áratugi. Það getur ekki verið forsendan fyrir því að hefja, eins og hér er verið að leggja til, takmarkaðar veiðar undir vísindalegu eftirliti.

[01:42]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti hefur heyrt af óljósu samkomulagi sem hafi verið gert um að umræðunni yrði frestað en hér hefur starfandi hæstv. umhvrh. beðið um að fá að segja nokkur orð og vill forseti verða við því og gefur nú hæstv. starfandi umhvrh., Páli Péturssyni, orðið.

[01:42]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vona að ég sé ekki að spilla góðu samkomulagi í þinginu og síst af öllu vildi ég verða til þess að hleypa því upp. En ég hef haft ánægju af því að sitja undir umræðunni og mig langar til að leggja nokkur orð í belg.

Það er nefnilega svo að einu sinni hafði ég afar gaman af tófunni. Mér fannst þetta þjóðlegt kvikindi og duglegt og mér fannst að hún gerði náttúruna og umhverfið fjölbreyttara. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég hef alltaf haft skömm á minknum enda er það andstyggilegt kvikindi. Svo gerðist það í minni sveit að það lánuðust ekki refaveiðar þrjú ár í röð. Það varð afdrifaríkt að því leyti að maður áttaði sig á því að eitthvað hefði breyst í náttúrunni. Nú höfðu verið þarna tófur á ferli öll árin en þeim fjölgaði töluvert þessi þrjú ár af sérstökum ástæðum og kannski væri rétt að segja að raddir vorsins hafi þagnað. Það var áberandi minna af fugli og síðan var farið að bíta fé.

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hafa séð dýrbitin lömb en ég get lýst þeim fyrir þeim. Tófan bítur nefnilega á snoppuna og það er frekar ógeðslegt að finna lömb eða fé sem er dýrbitið. Nasabeinið er mulið og þá er andað út um götin og svo sest í þetta ígerð og svo slangrar þetta undan brekkunni og ég hef þurft að lóga nokkrum slíkum skepnum.

Nú veit ég að allir þurfa að nærast og það veit það enginn betur en ég á þessari kvöldstund. En ég hef áhyggjur af breytingum á þessari þjóðlegu tófu okkar. Málið er það að refir hafa sloppið út úr refaræktinni, útlendir refir og blandast íslensku tófunni og búratófurnar eru töluvert stærri en hin þjóðlega íslenska tófa. Þær eru miklu frjósamari, í staðinn fyrir að íslenska tófan á kannski þrjá, fjóra yrðlinga eru þeir kannski átta eða tíu eða jafnvel tólf þegar best lætur hjá hinni ræktuðu búratófu og hún er allt annars eðlis. Hún er ekki eins góð í fuglaveiðum, hún er þyngri á sér, ekki jafnsnjall veiðiköttur og íslenska tófan og miklu hættulegri með að leggjast á skepnur. Nú veit ég ekki hvort svoleiðis dýr eru í friðlandinu á Hornströndum en ég hef heyrt að sloppið hafi út tófur í Selárdal eða einhvers staðar þarna fyrir vestan, ég kann það ekki svo nákvæmlega en þar sem refarækt hefur verið stunduð hefur það sums staðar komið fyrir, meira að segja norður í Húnvatnssýslu og Skagafirði að dýr hafi sloppið og þau eru farin að marka hinn þjóðlega refastofn. Sumt af þessum kvikindum er með öfugsnoð og ekki með hið rétta hárafar refsins og allt þetta er mér töluvert áhyggjuefni.

Nú kann ég ekki að dæma um hvernig fjölgun er í friðlandinu á Hornströndum en á hvítasunnudag keyrði ég svolítið um Vestfjarðakjördæmi og Vesturlandskjördæmi og á leið minni var ég tvisvar nærri búinn að keyra yfir tófu af því þarna var svo mikið af þeim að þær voru bara á veginum og maður varð að fara varlega til að dúndra ekki á þær. Bráðum verða þær komnar suður á Akranes. Þær sem ég hitti voru að vísu í Dalasýslu og Strandasýslu en ég spái því að innan skamms verði þær komnar suður á Akranes.

Ég hef lesið þær umsagnir sem hér hefur verið vitnað til og þakka mjög fyrir að þær skuli vera ljósritaðar og á borðunum okkar en þær segja mér allt annað en hv. 12. þm. Reykjaness. Þær segja mér að samþykkja beri tillöguna. Ég hef leitað með logandi ljósi að vitsmunalegum rökum og þau sem ég fann segja mér að við eigum að samþykkja tillöguna. Hér er um heimild að ræða til umhvrh. að leyfa tímabundnar og takmarkaðar veiðar. Nú veit ég ekkert hvort ég verð lengi starfandi umhvrh. en ef það kæmi til minna kasta myndi ég hiklaust heimila þessar veiðar sem starfandi umhvrh.

[01:51]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var áhugavert að hlýða á hæstv. ráðherra segja frá sjónarmiðum sínum, reynslu og þekkingu varðandi refinn. Ekki einvörðungu fjallrefinn íslenska heldur þá kynblöndun eða þann bastarð sem hefur orðið til vegna blöndunar við búrarefi, innflutta refi úr ræktun. Þar er verið að vekja athygli á vandamáli sem liggur fyrir og einhver þekking er á en vafalaust ekki fullnægjandi en þar er einmitt komið inn á svið sem er eitt af þeim stóru vandamálum sem á rót sína að rekja til umsvifa okkar mannanna. Það er að við erum að færa til dýrastofna milli landa og heimshluta og breyta náttúrufari sem leiðir oft til verulegs ófarnaðar. Það er að verða almenn reynsla, komin inn í alþjóðasamþykktir að mönnum beri að fara mjög varlega í sakirnar í þeim efnum, svo ekki sé talað um það sem lýtur að erfðabreytingum og öðru þess háttar þar sem menn eru komnir inn á mjög tvísýna slóð.

Mér fannst heldur slá í bakseglin þegar hæstv. ráðherra fór að draga ályktanir af þeim umsögnum sem fyrir liggja. En það er auðvitað hinn góði réttur ráðherrans að lýsa stuðningi við tillöguna sem ég er ekki sammála og það sem ég tel vera kjarna málsins að það væri mikið fljótræði að ætla að fara að heimila nú veiðar. Menn brugðu á það ráð að hætta þeim fyrir þremur árum og eru nú að búa sig til rannsókna og það er auðvitað alveg dagljóst að veiðar, þótt heiti tilraunaveiðar undir vísindalegu eftirliti, fallegt skraut á tertunni, munu auðvitað raska grunni þeirra rannsókna hins góða vísindamanns prófessors Páls Hersteinssonar sem er að fara af stað, sem þurfa meira fé. Eigum við ekki að einbeita okkur að því að hlúa að þeim rannsóknum og draga síðan ályktanir af útkomunni?

[01:51]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lesið ágæta bók Páls Hersteinssonar sem kom út, ég held núna fyrir jólin, mér til mikillar skemmtunar og ánægju en ég held að það verðugasta viðfangsefni, rannsóknarefni sem hann gæti fundið væri að kanna hver áhrif kynblöndunin með hinni útlendu búratófu hefur á íslenska refinn og ég hef sannarlega áhyggjur af íslenska refnum. Ég held við séum að fá upp nýja dýrategund sem passar ekki í hina íslensku náttúru og við eigum að vera á verði gagnvart því og halda ekki neinum sérstökum hlífiskildi a.m.k. yfir því dýri. Ég held hins vegar og get ekki annað en endurtekið það sem ég sagði að eftir því sem ég las þessar umsagnir og ég sýndi þinginu þá virðingu og samþingmönnum þá kurteisi að gera það ekki upphátt heldur í hljóði þá get ég ekki dregið aðrar ályktanir en þær að það sé skynsamlegt að samþykkja tillöguna.

[01:53]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki þótti mér þetta alveg nógu gott að vilja drepa rannsóknum Páls Hersteinssonar á Hornströndum á dreif með því að senda hann í búratófuna sem svo er nefnd, (**Félmrh.**: Kynblendingstófuna.) kynblendingstófuna, en vafalaust er hægt að fá krafta hans og lærisveina hans til þess einnig að vinna það verk og það er sannarlega þess virði að það sé gert. Þetta er hin mætasta umræða sem hér fer fram og nokkuð vel liðið á nótt, með þátttöku gildra bænda og þingmanna úr Vestfjarðakjördæmi, bænda í ráðherrastöðu og undir forsæti bónda af Suðurlandi sem hefur flutt hér mál sem snertir aðra mæta dýrategund, sem er íslenski hundurinn, svoleiðis að hér eru menn að leggja saman reynslu sína þótt liðið sé nokkuð á nóttina. Við skulum vona að upp úr þessari umræðu spretti nokkuð og menn leggist á árar að auka þekkingu okkar á náttúrunni og leggja sem fyrst grunn að vitrænum aðgerðum.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður að leiðrétta hv. þm. Hann er því miður ekki bóndi.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2., 10.–11. og 18.–19. mál.

Fundi slitið kl. 01:56.

---

## 146. FUNDUR

föstudaginn 5. júní,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 47. gr. samstarfssamnings Norðurlanda, sbr. ályktun Alþingis frá 17. nóv. 1983. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

2. Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. stofnskrár fyrir ráðið frá 13. maí 1997. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

3. Kosning níu manna í auðlindanefnd skv. ályktun Alþingis frá 2. júní 1998 um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

4. Kosning þriggja manna og jafnmargra til vara í flugráð skv. 8. gr. nýsamþykktra laga um loftferðir, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Kosningin gildir til fjögurra ára frá gildistöku laganna.

5. Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, þáltill., 707. mál, þskj. 1364. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, nál. 1260 og 1456. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf., þáltill., 723. mál, þskj. 1489. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

8. Áfengislög, stjfrv., 478. mál, þskj. 1515, brtt. 1535. — 3. umr.

9. Eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 560. mál, þskj. 1524, brtt. 1539. — 3. umr.

10. Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, stjfrv., 561. mál, þskj. 1525, brtt. 1551. — 3. umr.

11. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 581. mál, þskj. 1526. — Frh. 3. umr.

12. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 524. mál, þskj. 1529. — 3. umr.

13. Virðisaukaskattur, frv., 689. mál, þskj. 1196. — 3. umr.

14. Verðbréfaviðskipti, frv., 702. mál, þskj. 1282. — 3. umr.

15. Gjöld af bifreiðum, frv., 715. mál, þskj. 1395. — 2. umr.

16. Tilraunaveiðar á ref og mink, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1272 og 1506. — Frh. síðari umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

### *Skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf., fyrri umr.*

Þáltill. SighB o.fl., 723. mál. — Þskj. 1489.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:05]

Þáltill. var of seint fram komin. — Samþ. með 42 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar.

[10:06]

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Áður en umræðan hefst vill forseti taka fram að samkomulag hefur náðst um það milli þingflokka, sbr. 2. mgr. 72. gr. þingskapa, hvernig umræðan skuli fara fram. Hún verður í fjórum umferðum. Ræðutími verður þessi:

Í fyrstu umferð verður ræðutími þannig að 1. flm. málsins hefur 10 mínútur en viðkomandi hæstv. ráðherra hefur 15 mínútur. Talsmenn annarra þingflokka en 1. flm. og hæstv. ráðherra hafa 10 mínútur.

Í annarri umferð verður einn ræðumaður frá hverjum þingflokki og hefur hver þeirra 5 mínútur. Auk þess hefur þingmaður utan flokka, Kristín Ástgeirsdóttir, jafnlangan tíma.

Í þriðju umferð geta þingmenn kvatt sér hljóðs og talað í 3 mínútur hver fyrir sig.

Í fjórðu umferð hefur ráðherra 5 mínútna ræðutíma en 1. eða 2. flm. tillögunnar hefur 2 mínútur við lok umræðunnar. Umræðan mun standa í um það bil 2 klukkustundir.

[10:07]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Á þskj. 1489 flytjum við, nokkrir forustumenn stjórnarandstöðunnar fyrir hennar hönd, till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að fjalla um málefni Landsbanka Íslands og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis. Tillagan gerir ráð fyrir því að kosin verði nefnd fimm alþingismanna er fari yfir málefni Landsbanka Íslands og tengdra fyrirtækja og fjalli einkum um:

1. Mál þau er leiddu til afsagnar þriggja bankastjóra Landsbankans í apríl sl.

2. Málefni Lindar hf., einkanlega orsakir þess að ekki var orðið við ábendingum Ríkisendurskoðunar um opinbera rannsókn á málefnum sem vörðuðu fyrirtækið.

3. Samskipti viðskiptaráðherra við Alþingi þar sem ráðherrann ýmist flutti þinginu rangar upplýsingar eða leyndi það upplýsingum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að nefndinni verði fenginn réttur samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrár til að heimta skýrslur af opinberum aðilum sem og einstaklingum. Þar segir að nefndin skuli skila Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. október 1998, þ.e. fyrir fyrsta reglulegan samkomudag Alþingis á hausti komanda.

Herra forseti. Þann 15. apríl sl. var dreift á Alþingi skýrslu Ríkisendurskoðunar um risnu- og laxveiðimál Landsbanka Íslands. Skýrslunni var dreift í framhaldi af fyrirspurnum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér á Alþingi um málið. Í skýrslunni voru alvarlegar athugasemdir gerðar bæði um að endursskoðunaraðilar hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum og misnotkun bankastjóra á fríðindum og risnu. Skýrslan leiddi til afsagnar allrar bankastjórnarinnar og sérstakrar athugunar bankaráðs á stöðu bankastjóra. Enn skortir þó viðhlítandi skýringar á ýmsum atriðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar svo sem um skattaleg álitaefni vegna risnu á vegum bankans og á óútskýrðum risnukostnaði sem nemur háum fjárhæðum.

Frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út og var kynnt og rædd á Alþingi hafa komið fram ýmsar nýjar og alvarlegar upplýsingar er tengjast Landsbankamálinu. Þar eru á meðal alvarlegar ásakanir sem ekki er hægt að leiða hjá sér. Ásakanir um samantekin ráð um að hrekja bankastjóra úr starfi. Ásakanir um að Landsbanki Íslands hafi verið beittur þrýstingi af hálfu forvígismanna voldugra einkafyrirtækja um að knýja samkeppnisaðila til uppgjafar. Ásakanir um óeðlileg afskipti hæstv. viðskrh. af málefnum Landsbanka Íslands og dótturfyrirtækja hans og ásakanir um óeðlilega fyrirgreiðslu til samtaka og félaga.

Þær alvarlegu upplýsingar sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar á sínum tíma komu fyrir almenningssjónir fyrir atbeina alþingismanna og fyrir milligöngu Alþingis. Alþingi ber því ábyrgð í málinu og getur ekki látið hin alvarlegu tíðindi, sem gerst hafa í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar, sér í léttu rúmi liggja. Alþingi hefur skyldur í þessu máli, ber að axla þær og tryggja frekari rannsókn málsins. Einasta úrræði Alþingis í þeim efnum er skipan rannsóknarnefndar eins og þeirrar sem þáltill. okkar gerir ráð fyrir.

Alvarlegasti þátturinn í eftirmálaskýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Landsbankans er án efa þær upplýsingar sem fram hafa komið um dótturfélag Landsbanka Íslands, Lind hf., en þær upplýsingar bárust ekki til Alþingis fyrr en nú fyrir nokkrum dögum, að tilhlutan hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur.

Nú er ljóst að rekstur Lindar hf. hefur um árabil verið í hæsta máta ámælisverður svo ekki sé meira sagt. Tapast hafa yfir 700 millj. kr. af lánveitingum sem að verulegu leyti má skrifa á ábyrgð stjórnenda fyrirtækisins. Ábendingum Ríkisendurskoðunar um opinbera rannsókn var ekki sinnt. Þá er einnig ljóst orðið að hæstv. viðskrh. greindi Alþingi ekki rétt frá stöðu mála í fyrirspurn um málefni fyrirtækisins á Alþingi fyrir tveimur árum. Þær upplýsingar voru a.m.k. ekki réttar miðað við þær upplýsingar sem hann hafði undir höndum á þeim tíma.

700 millj. kr. tapað fé, m.a. með lánum til kaupa á hurðum og lyftum, þ.e. óveðhæfum verðmætum vegna brotalama á innheimtu og kolrangra og ámælisverðra stjórnarhátta. Hvernig má slíkt gerast um árabil með allt það eftirlitskerfi sem vera átti til staðar? Alþingi sem ber ábyrgð á allri lagasetningu um starfsemi lánastofnana og eftirlit með lánastofnunum verður sjálft að skoða málið.

Hvað veldur því að svona skuli hafa getað gerst án þess að eftirlitsaðilar gripu í taumana? Fengu viðskiptaráðherrar, ekki bara sá sem nú situr heldur einnig fyrirrennarar hans, m.a. sá sem hér stendur, aldrei vitneskju um málið áður en allt þetta fé var tapað? Hvernig var háttað upplýsingagjöf viðskrh. til Alþingis sem einnig hefur eftirlitsskyldu?

Sagt hefur verið að þarflaust sé að rannsaka þessa þætti þar sem opinber rannsókn sé hafin á málefnum Lindar. Opinberri rannsókn ætti að leiða í ljós hvort um saknæmt athæfi sé að ræða en þarna kemur miklu fleira til álita en hvort einhver eða einhverjir hafi brotið lög með refsiverðri háttsemi. Hér þarf líka að skoða hvaða ágallar eru á eftirlitskerfi, sem byggt er á lögum frá Alþingi sjálfu, hvernig samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds er háttað og hvernig eftirlitsaðilar rækja upplýsingaskyldu sína gagnvart þeim einu handhöfum framkvæmdarvaldsins, ráðherrunum, sem Alþingi getur snúið sér til.

Það er mesti misskilningur að þeirri rannsókn sé sérstaklega stefnt til höfuðs hæstv. viðskrh. Finni Ingólfssyni í persónulegri ófrægingarherferð á hendur honum. Sá sem hér stendur var viðskrh. næstur á undan Finni Ingólfssyni. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um málefni Lindar frá minni tíð og fengið þær að hluta til, þá aðeins í brotum og pörtum. Mér finnst ég eiga kröfu til þess að fá upplýsingar, ekki um það hvort saknæmt athæfi hafi verið framið, sem hin opinbera rannsókn mun leiða í ljós, heldur hvernig málsatvik voru í minni tíð, hvaða úrræðum var beitt af hálfu eftirlitsaðila, hversu virkt var eftirlitið og hvers vegna viðskrh., æðsti yfirmaður opinberrar lánastarfsemi í landinu fékk ekki aðrar og meiri upplýsingar en fyrir hann voru lagðar. Aðeins rannsókn eins og sú sem hér er gerð tillaga um getur leitt slíkt í ljós.

Herra forseti. Málsvarar ríkisstjórnarinnar hafa haft uppi heitingar við okkur stjórnarandstæðinga og spurt af hverju við höfum ekki nú á stundinni borið upp tillögu um vantraust á viðskrh. Stjórnarandstaðan þorir ekki, segja þeir, — þorir ekki. Hvað ættum við að óttast við slíkan tillöguflutning? Vantrauststillaga beinist ekki að okkur. Tillaga um vantraust er sjálfstætt mál óháð þeirri tillögu sem hér er flutt. Tillaga um vantraust á tiltekinn ráðherra er sterkasta vopn stjórnarandstöðu. Slík tillaga lokar líka málinu. Að fenginni afgreiðslu á slíkri tillögu getur löggjafarsamkoma lítið aðhafst. Við viljum hins vegar ekki loka málinu þó stjórnarsinnar kunni helst að óska þess. Við viljum fyrst og fremst opna málið betur og upplýsa frekar.

Fyrstu upplýsingar um þau alvarlegu mál sem hér hafa verið gerð að umtalsefni komu fyrir almenningssjónir fyrir tilhlutan Alþingis og alþm. Alþingi ber því ábyrgð á framhaldi málsins og eftirleiknum í kjölfar nýrra og alvarlegra tíðinda. Ábyrgð Alþingis felst í því að upplýsa betur og varpa skýrara ljósi á það sem gert hefur verið með almannafé. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

Herra forseti. Málið er ljóst og skýrt og hefur legið fyrir lengi. Ég tel því enga ástæðu til þess að gera tillögu um að vísa málinu til einhverrar sérstakrar þingnefndar vegna þess að alþm. er öllum fært að gera upp hug sinn til málsins hér og nú. Ég legg því ekki til að málinu verði vísað til nefndar heldur, þvert á móti, að málinu verði ekki vísað til nefndar og til 2. umr. þannig að unnt sé að ljúka afgreiðslu málsins í dag, ef meiri hluti Alþingis er reiðubúinn til þess.

[10:17]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Að undanförnu hefur mikið verið rætt um hlutverk mitt og ábyrgð sem viðskrh. Því ber að fagna þá rætt er um verk ráðherra og það er skylda Alþingis að veita ráðherrum aðhald í störfum þeirra. Jafnframt verður að gera þá skýlausu kröfu til þingmanna að þeir sinni þessu hlutverki sínu af einlægni, sanngirni og heiðarleika.

Því miður hefur umræðan undanfarna daga verið á nokkuð öðrum nótum. Það hef ég fengið að reyna. Ég tel þær ásakanir sem á mig hafa verið bornar mjög alvarlegar. Það er mikið alvörumál fyrir ráðherra þegar hann er sakaður um ósannindi og trúnaðarbrest gagnvart Alþingi. Alvarlegast er þó þegar ásakanir þingmanna eru ekki á rökum reistar og þeir fara offari í þeirri von að koma pólitísku höggi á andstæðinga sína.

Það hefur glöggt komið fram á Alþingi að málatilbúnaður stjórnarandstöðunnar er í meginatriðum byggður á misskilningi. Það er alvarlegt þegar bornar eru sakir á ráðherra vegna svars við fyrirspurn á Alþingi og þeir þingmenn sem sakirnar bera fram misskilja í grundvallaratriðum eðli fyrirspurnarinnar og aðstöðu ráðherra þegar hann svarar henni. Þetta mál, sem í raun tengist allt ríkisviðskiptabankanum Landsbanka Íslands, birtist nú þingheimi á ný í formi till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar.

Með flutningi tillögunnar kemur enn fram misskilningur flutningsmanna á stöðu Alþingis, framkvæmdarvaldsins og þeim tækjum sem þingmenn geta beitt í aðhaldi sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Umræða um tillöguna hefur hins vegar verið leyfð með afbrigðum að tilhlutan stjórnarmeirihlutans á Alþingi þannig að tóm gefist til að fjalla yfirvegað um þetta mál í þingsölum og því ber að fagna.

Eins og þáltill. liggur fyrir má skipta umfjöllunarefni hennar í tvo meginþætti. Annars vegar málefni bankastjóra Landsbankans og fyrirtækisins Lindar hf. og hins vegar samskipti mín við Alþingi vegna þessa máls.

Ég vil fyrst víkja að málefni fyrirtækisins Lindar hf. Ferill þess er raki í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur á þskj. 1422. Sá ferill endaði með samruna Lindar hf. við Landsbanka Íslands í nóvember 1994. Sú ákvörðun var tekin af forvera mínum í starfi. Hana gagnrýni ég ekki. Eftir það var eignarleigufyrirtækið ekki til og málefni þess alfarið hluti af málefnum Landsbanka Íslands. Allar ákvarðanir sem teknar voru í málefnum Lindar hf. og höfðu meginþýðingu fyrir afdrif fyrirtækisins voru teknar fyrir tíð mína sem viðskrh.

Í þáltill. sem hér liggur fyrir er sjónum beint að orsökum þess að ekki var orðið við ábendingum Ríkisendurskoðunar um opinbera rannsókn á málefnum sem vörðuðu fyrirtækið. Um þessa hlið málsins hefur rækilega verið fjallað á Alþingi og í fjölmiðlum. Meginatriði málsins er að það hefur verið falið réttum aðilum. Ríkissaksóknari hefur fengið málið til umfjöllunar og hann hefur ákveðið að verða við beiðni um opinbera rannsókn. Rannsóknin mun fara fram á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Nauðsynlegra gagna verður aflað og á grundvelli þeirra verður ákveðið hvort einhvern skuli sækja til saka vegna málsins. Sannfæring mín er sú að okkur stjórnmálamönnum beri skylda til þess að leyfa þessari málsmeðferð að hafa eðlilegan framgang. Það er engum til góðs og engum til sóma að reyna að hafa áhrif á það ferli sem málið er nú komið í.

Hart hefur verið deilt á mig fyrir að ég skuli ekki hafa hlutast til um opinbera rannsókn á sínum tíma, þegar mér var kunnugt um að ábyrgð stjórnenda fyrirtækisins væri til skoðunar hjá bankaráði. Afstaða mín til málsins var skýr á þeim tíma og hún hefur ekki breyst. Afstaðan er byggð á yfirvegaðri túlkun á ákvæðum viðskiptabankalaga, um hlutverk mitt og bankaráðs við yfirstjórn ríkisviðskiptabanka.

Rétt var af mér, sem viðskrh., að eftirláta bankaráði ákvörðun um aðgerðir vegna málefna Lindar hf. Þessi túlkun mín hefur nú verið staðfest með greinargerð bankaeftirlitsins um stöðu viðskrh. við yfirstjórn ríkisviðskiptabanka. Í þessari viku hef ég og leitað álits tveggja lögmanna á þessu atriði. Niðurstaða þeirra er sú hin sama.

Auk þessa alls gerir þáltill. ráð fyrir að tekin verði til skoðunar mál þau sem leiddu til afsagnar þriggja bankastjóra Landsbankans í apríl sl. Sú atburðarás er öllum kunn og um hana hefur rækilega verið fjallað hér á Alþingi. Því er ekki ástæða til þess að gera grein fyrir henni hér. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar hjá Ríkisendurskoðun og það voru athuganir Ríkisendurskoðunar sem leiddu til þess að bankastjórarnir létu af störfum og nýr bankastjóri tók til starfa.

Óþarfi ætti að vera að minna þingheim á að Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og heyrir því beint undir það. Ríkisendurskoðun er helsta tæki Alþingis til aðhalds í rekstri ríkisstofnana. Það er því alvarlegt mál ef Alþingi hefur misst trú á þessu tæki sínu og telur nauðsynlegt að taka málið til endurskoðunar í sérstakri rannsóknarnefnd.

Rétt er að ítreka það sem ég hef áður sagt hér á Alþingi og víðar, að bankinn er nú rekinn sem hlutafélag á samkeppnismarkaði en rekstrarform ríkisviðskiptabankanna gömlu var gengið sér til húðar. Nýjar og skýrar reglur hafa verið settar um risnu og ferðakostnað. Kjör bankastjóra hafa verið afmörkuð. Þetta var gert í tengslum við breytingar á rekstrarformi bankanna — atriði sem ég lagði áherslu á. Með hliðsjón af þessu er vandséð hvaða tilgangi skoðun sérstakrar rannsóknarnefndar þjónar.

Nú vík ég að þeim þætti þáltill. sem varðar samskipti mín við Alþingi. Því er haldið fram að ég hafi flutt þinginu rangar upplýsingar eða leynt það upplýsingum. Á síðustu þremur löggjafarþingum hef ég sem viðskrh. svarað um það bil 50 fyrirspurnum. Af þeim voru 30 fyrirspurnir um bankana, þar á meðal Landsbanka Íslands. Öllum fyrirspurnum sem til mín er beint hef ég svarað af vandvirkni. Þegar um skriflegar fyrirspurnir er að ræða er leitað upplýsinga hjá viðkomandi stofnunum, enda býr ráðuneytið að jafnaði ekki yfir öllum upplýsingum til þess að svara fyrirspurnum þingmanna.

Alþingi er síðan svarað á grundvelli þessara upplýsinga. Ráðherra þarf því að reiða sig á þær upplýsingar sem hann fær í hendur frá viðkomandi stofnunum.

Við undirbúning munnlegra fyrirspurna er jafnan aflað upplýsinga úr viðkomandi stofnun. Þegar hins vegar er um óundirbúna fyrirspurn að ræða er ekki tóm til þess að leita upplýsinga. Þó ásakanir einstakra þingmanna um ósannindi af minni hálfu og trúnaðarbrest við Alþingi eigi ekki við rök að styðjast hef ég tekið þær mjög alvarlega. Þess vegna óskaði ég eftir því við tvo hæstaréttarlögmenn að þeir létu í ljós álit sitt á atriðum er tengjast málefnum eignarleigufyrirtækisins Lindar hf. og afskiptum mínum sem viðskrh. af málinu. Hæstaréttarlögmennirnir Andri Árnason og Gunnar Jónsson hafa nú skilað áliti sínu. Ég hef sent forseta Alþingis ályktunina og hefur henni verið dreift til þingmanna.

Álitsgerðin skiptist í þrjá þætti:

1. Hvort ég hafi veitt Alþingi rangar upplýsingar.

2. Hvort mér hafi borið skylda til að upplýsa Alþingi um tilvist skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Lindar, dags. 29. mars 1996.

3. Hvort mér hafi borið að hlutast til um rannsókn á málefnum Lindar hf. eftir að hafa fengið bréf bankaráðs Landsbanka Íslands 19. apríl 1996.

Rétt er að rekja þessi atriði stuttlega með hliðsjón af efni álitsgerðarinnar og niðurstöðum. Eins og áður sagði er fyrst tekið fyrir hvort ég hafi veitt Alþingi rangar upplýsingar.

Í álitsgerðinni eru rakin ummæli mín þegar ég svaraði fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur hinn 3. júní 1996. Þá er vikið að þeim upplýsingum sem mér voru kunnar og lágu fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar og bréfi bankaráðs til mín. Þar kemur fram að ábyrgðaryfirlýsingar Landsbankans vegna Lindar nemi 400 millj. kr. en jafnframt að ljóst sé að um enn hærri fjárhæðir sé að ræða. Þá segir í álitsgerðinni, með leyfi forseta:

„Hér ber að ítreka að um var að ræða óundirbúið svar ráðherra um tap banka af rekstri tiltekins fyrirtækis. Telja verður óábyrgt að fjallað sé um slík málefni opinberlega meðan ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar en að framan greinir. Þó má benda á að í svari ráðherra kom fram, að honum var kunnugt um fjölmiðlaumræðu um meint tap Landsbankans vegna Lindar hf., en hann treysti sér ekki til þess að fullyrða að upplýsingar sem þar komu fram væru réttar. Með vísan til framanritaðs teljum við að svar ráðherra við fyrirspurn um tap Landsbankans vegna Lindar hf. hafi ekki verið rangt."

Rétt er að taka fram að þingmaðurinn átti þann kost að beina til mín skriflegri fyrirspurn um málið og þannig leita eftir því að ég aflaði gleggri upplýsinga. Þá hafði þingmaðurinn kost á að hlutast til um að forsetar Alþingis krefðu ríkisendurskoðanda um skýrslu um málið. Fyrirspyrjandinn valdi hins vegar þann kost að bera fram óundirbúna fyrirspurn og láta þar við sitja þar til tæpum tveimur árum síðar.

Við þetta er því að bæta að í þeirri umræðu sem fram hafði farið á árunum 1995–1996 um málefni Lindar voru tölur um tap Lindar hf. mjög á reiki. Nefndar voru tölur frá 400 millj. allt upp í 1 milljarð kr. Það hefði verið óábyrgt af mér sem ráðherra að staðfesta tölur við þessar aðstæður.

Önnur spurning, sem álitsgerðin fjallar um, er hvort mér hafi borið skylda til að upplýsa Alþingi um tilvist skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Lindar hf. sem ég hafði undir höndum. Lögmennirnir rekja í álitsgerð sinni meginefni og ályktanir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess sem að framan greinir liggur fyrir að skýrsla ríkisendurskoðanda fól í sér hugleiðingar um mögulega ábyrgð ýmissa einstaklinga vegna stjórnunar Lindar hf., en hins vegar var ekki tekin afstaða til þess hvernig með máli skyldi farið. Skýrslan var liður í rannsókn bankaráðsins á því hvort höfða skyldi mál á hendur tilgreindum einstaklingum eða krefjast opinberrar rannsóknar á málefnum Lindar hf., eins og m.a. kemur fram í bréfi bankaráðsins til ráðherra frá 19. apríl 1996. Þar sem um var að ræða ábendingar um hugsanleg refsiverð brot tiltekinna einstaklinga verður að telja að ráðherra hafi verið óheimilt að fjalla um skýrsluna á Alþingi, áður en ákvörðun um framhald málsins hafði verið tekin af þar til bærum aðilum."

Að síðustu fjallaði álitsgerðin um það hvort mér hefði borið að hlutast til um rannsókn á málefnum Lindar hf. eftir að hafa fengið bréf bankaráðs Landsbanka Íslands 19. apríl 1996. Í álitsgerðinni eru rakin ummæli í bréfi bankaráðs til mín og í svari mínu, dags. 14. júní 1996. Þá segir í álitsgerðinni, með leyfi forseta:

„Hlutverk viðskiptaráðherra í yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er fyrst og fremst almenn stjórnarfarsleg ábyrgð, sem þó takmarkast af því að þingkjörið bankaráð fer með yfirumsjón ríkisviðskiptabanka. Samkvæmt því var viðskiptaráðherra rétt að eftirláta bankaráði Landsbankans ákvörðun um aðgerðir vegna málefna Lindar hf. Því verður ekki séð, að ráðherra hafi borið skylda til þess að taka frumkvæðið af bankaráðinu, eða hlutast sjálfur til um opinbera rannsókn."

Niðurstöður álitsgerðarinnar eru ótvíræðar samkvæmt framansögðu. Í fyrsta lagi þær að ég hafi ekki farið með ósannindi við Alþingi þegar ég svaraði umræddri fyrirspurn. Í öðru lagi að mér hefði verið óheimilt að upplýsa Alþingi um tilvist skýrslu Ríkisendurskoðunar á þeim tíma sem fyrirspurnin var flutt. Í þriðja lagi að mér hafi verið rétt að eftirláta bankaráði Landsbankans ákvörðun um aðgerðir vegna málefna Lindar hf.

Hér að framan hef ég farið yfir þau mál sem flutningsmenn þáltill. telja að fjalla þurfi um með skipan rannsóknarnefndar. Meginniðurstaðan er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hefur málefnum Lindar hf. verið beint í tiltekinn farveg þar sem bankaráð Landsbankans hefur beint málinu til ríkissaksóknara.

Í öðru lagi liggur ljóst fyrir að Ríkisendurskoðun hefur haft málefni þau sem leiddu til afsagnar bankastjóranna þriggja í apríl sl. til skoðunar.

Í þriðja lagi hef ég skýrt mál mitt og kynnt sameiginlegt álit tveggja hæstaréttarlögmanna þar sem komist er að niðurstöðu um að samskipti mín við Alþingi hafi verið eðlileg og lögum samkvæmt.

Stjórnvöld hafa þegar dregið lærdóm af rekstrarsögu Landsbankans og Lindar. Þau hafa dregið þá ályktun að breytinga væri þörf. Sameining fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankanna gera það að verkum að hinum nýju fyrirtækjum er gert að standa sig á samkeppnismarkaði og fylgja í hvívetna viðskiptalegum sjónarmiðum í rekstri.

Herra forseti. Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að málatilbúnaður flutningsmanna á sér ekki efnisleg rök og skipun rannsóknarnefndar er óeðlileg með öllu. Því get ég ekki fallist á þessa tillögu.

[10:33]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Tillögu til þingsályktunar um skipan rannsóknarnefndar, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, til að fjalla um málefni Landsbanka Íslands hf. og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis er ekki hægt að afgreiða sem einhvern misskilning eða að flutningur tillögunnar sé í hæsta máta óeðlilegur eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra gerði í ræðu sinni hér áðan og í viðtali við dagblaðið Dag í gær. Þaðan af síður er hægt að afgreiða tillöguflutninginn sem yfirklór stjórnarandstæðinga sem sjálfsagt sé að leyfa eina umræðu um til þægðar stjórnarandstöðunni, eins og hv. þm., formaður þingflokks Framsóknarflokksins, orðaði það í sama dagblaði. Það er reyndar umhugsunarvert fyrir hv. þm. og þjóðina hversu mikil lítilsvirðing á Alþingi felst í svörum þessara tveggja hv. þm.

Heimild til að setja á laggirnar þingkjörna rannsóknarnefnd byggir á 39. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál sem varða almenning.

Það á að heyrir til undantekninga að þessi heimild sé notuð og þá aðeins þegar um er að ræða bæði sérstök og alvarleg mál. Mál sem snúast um grundvallaratriði eins og traust, trúnað og virðingu æðstu stofnana þjóðfélagsins, Alþingis og Stjórnarráðs. Því er ábyrgðarlaust að meðhöndla slíkan tillöguflutning eins og hæstv. viðskrh. og hv. þingflokksformaður Framsfl. hafa gert í fjölmiðlum.

Á undanförnum vikum hafa verið bornar fram mjög alvarlegar ásakanir sem varða starfsemi Alþingis og stofnun sem heyrir undir Alþingi, alvarlegar ásakanir á nokkra hv. þm., hæstv. ráðherra og á starfsemi og stjórnendur einnar stærstu og fram til þessa virtustu fjármálastofnunar landsins. Það er því í hæsta máta eðlilegt að tillaga þessi sé fram komin. Virðing Alþingis er í húfi og útilokað að ljúka þingstörfum án þess að koma rannsókn þessara mála í ákveðinn farveg ef við ætlum okkur að vinna aftur tiltrú þjóðarinnar á störfum Alþingis og stofnana þess. Sú tiltrú hefur nú þegar beðið verulegan skaða.

Hæstv. viðskrh. hefur sagt það alvarlegt af stjórnarandstöðunni að leggja fram tillögu um þingkjörna rannsóknarnefnd þar sem okkur eigi að vera það fullljóst að svo kallað Lindarmál sé þegar í rannsókn hjá opinberum aðilum og hv. formaður þingflokks Framsfl. hefur tekið í sama streng.

Vissulega ber að fagna því að loks skuli farið að rannsaka þetta sérstaka mál, tveimur árum eftir að Ríkisendurskoðun benti á að um sakhæft athæfi gæti hafa verið að ræða. Betra er seint en aldrei. Þó eru aðrir þættir í Lindarmálinu sem ekki falla undir rannsókn þá sem hæstv. ráðherra vísar til. Það eru samskipti ríkisstjórnar og Alþingis og hugsanleg pólitísk hagsmunatengsl. Það er nauðsynlegt að fá á hreint hvort ríkisstjórnin hæstv. hafi viljandi leynt Alþingi upplýsingum um gífurlegt tap Lindar þegar spurt var um málið í sölum Alþingis fyrir tveimur árum. Það er margt sem bendir til að hæstv. ráðherra hafi kosið að veita ekki fullnægjandi svör við þeim spurningum sem þá var beint til hans.

Vissulega er rétt að um var að ræða óundirbúna fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Þrátt fyrir það er erfitt að trúa því, sem við hefur verið borið, að hæstv. viðskrh. hafi ekki á þessum tíma munað eftir staðreyndum sem fram komu í svartri skýrslu Ríkisendurskoðunar tæpum tveimur mánuðum eftir að hann fékk hana í hendur. Innihald skýrslunnar er þess efnis að enginn les hana kæruleysislega og hendir frá sér eins og lélegum reyfara sem ekkert skilur eftir. Hver var þá raunveruleg ástæða þess að ráðherra greindi ekki skýrt frá málefnum Lindar, tapi sem átti sér þó nokkurn aðdraganda og endurskoðendur höfðu bent á hvert stefndi?

Á blaðamannafundi sem haldinn var á dögunum var ekki annað hægt að skilja á máli Kjartans Gunnarssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbankans, en að allir yfirmenn bankamála hafi þekkt málið vel. Kjartan gat þess að haldnir hefðu verið samráðsfundir með formanni bankaráðsins, formanni bankaeftirlitsins og ráðuneytisstjóra viðskrn., sem í dag er reyndar bankastjóri Landsbankans. Ef ráðherra hefur ekki verið upplýstur um hvert stefndi á þessum tíma þá hlýt ég að draga í efa að formaður bankaeftirlitsins sé starfinu vaxinn.

Hins vegar er það spurning hversu miklar upplýsingar hæstv. viðskrh. hefur talið sig geta veitt Alþingi í svari við óundirbúinni fyrirspurn. Hafi hæstv. ráðherra ekki talið sig geta veitt Alþingi fullnægjandi upplýsingar við fyrirspurninni, þá hlýtur lágmarkskrafan að vera að hann gerði grein fyrir því og gæfi Alþingi fullnægjandi skýringar, t.d. með því að afhenda skýrslu um málið. Það gerði hann hins vegar ekki. Við hljótum því að álykta að það hafi beinlínis verið ákvörðun hæstv. ráðherra, og þá í samráði við ríkisstjórnina hæstv. eða hæstv. forsrh., að halda þessum upplýsingum frá Alþingi.

Við hljótum að fara fram á að hið sanna komi í ljós og fá að vita hvort, eins og gefið hefur verið í skyn, pólitísk tengsl eða pólitískir hagsmunir hafi ráðið því að Alþingi fékk ekki umbeðnar upplýsingar á sínum tíma og ekki skyldi ráðist í rannsókn á málefnum Lindar fyrr en nú. Samskipti framkvæmdarvaldsins og Alþingis og meint hagsmunatengsl eru ekki léttvæg mál en þau lenda þó varla á borðum ríkissaksóknara til rannsóknar. Nefndin sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að verði skipuð, getur hins vegar skoðað þessa þætti Lindarmálsins sem og aðra því tengda sem nauðsynlegt er að upplýsa, í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað að undanförnu innan þings og utan.

15. apríl sl. var á Alþingi rætt um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landsbanka Íslands. Skýrslan sem unnin var að beiðni Landsbankans leiddi í ljós að upplýsingar sem hæstv. viðskrh. hafði fengið og látið Alþingi í té, um kostnað vegna veiðiferða yfirmanna bankans og gesta þeirra, voru rangar. Skýrslan leiddi einnig í ljós að annar risnukostnaður bankans var óheyrilega hár. Í kjölfar þess að þessar upplýsingar birtust sögðu allir þrír yfirmenn bankans af sér.

Í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar er að finna mjög alvarlegar athugasemdir um ýmsa þætti í rekstri Landsbankans, sérstaklega hvað varðar kjör bankastjóranna og meðferð bókhalds. Einn fyrrv. bankastjóri Landsbankans, sem jafnframt er fyrrv. alþingismaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins, hefur ásakað nokkra hv. alþingismenn og hæstv. ráðherra um alvarleg misferli í starfi. Hann hefur og sett fram mjög alvarlegar ásakanir er varða starfsemi Ríkisendurskoðunar, vefengt niðurstöður úr skýrslum hennar og dregið í efa hæfni starfsmanna stofnunarinnar.

Það er fráleitt að Alþingi geti látið þessar ásakanir sem vind um eyru þjóta. Starfsheiður Alþingis og Ríkisendurskoðunar er í húfi. Við hljótum því að gera kröfu til þess að rannsóknarnefndin sem skipuð verður, ef tillaga okkar verður samþykkt, fari rækilega ofan í alla þætti þessa máls og standi fyrir ítarlegri skoðun á rekstri Landsbankans sem

nái yfir lengri tíma og fleiri þætti en þegar hafa verið skoðaðir, m.a. fullyrðingar um óeðlilega afgreiðslu mála innan bankans vegna pólitískra tengsla og hagsmuna. Þar verður hver að axla þá ábyrgð sem honum ber. Farið verði ofan í þær ásakanir sem bornar hafa verið á Ríkisendurskoðun og þá sérstaklega á yfirmann stofnunarinnar, Sigurð Þórðarson, sem hefur mátt þola ótrúlegar árásir á mannorð sitt og starfsheiður á undanförnum vikum, án þess að Alþingi aðhefðist neitt í málinu, a.m.k. ekki opinberlega.

Það verður æ ljósara að nauðsynlegt er að koma reglu á meðhöndlun Alþingis á skýrslum Ríkisendurskoðunar. Umræðan um skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Landsbankans er skýrt dæmi um það hvernig á ekki á að standa að málum. Umræðan hófst tveimur til þremur klukkustundum eftir að skýrslan barst okkur í hendur. Hv. þm. höfðu varla haft tíma til að kynna sér innihald hennar, hvað þá að nálgast svör við þeim spurningum sem vöknuðu við lesturinn. Öll umræðan bar þess merki.

Eftir umræðuna var skýrslan lögð til hliðar og þeim ásökunum sem beinst hafa að Ríkisendurskoðun varðandi innihald hennar hefur enn ekki verið svarað af okkar hálfu. Slík vinnubrögð eru Alþingi ekki sæmandi.

Virðulegi forseti. Hér gefst ekki tími til að fara yfir alla þá þætti sem ég tel rétt að rannsóknarnefnd skipuð fimm alþingismönnum, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, fari yfir. Tillagan gerir ráð fyrir að tekið verði á þremur meginþáttum eins og fram kemur í texta hennar.

Ég tel að við höfum sýnt fram á það með rökum að Alþingi geti ekki, sóma síns vegna, lokið störfum án þess að setja öll þessi mál í skýran farveg þar sem unnið verði að skoðun þeirra nú í sumar og þau tekin til umræðu þegar Alþingi kemur saman í haust. Ríkisendurskoðun mun í sumar skila skýrslum um Seðlabankann og Búnaðarbankann. Niðurstaða þeirra liggur þá einnig fyrir meðan nefndin er að störfum.

Ég vænti þess að þingsályktunartillaga okkar verði samþykkt af Alþingi í dag og nefndin skipuð áður en við höldum heim. Ef það gerist ekki mun traust og virðing Alþingis bíða hnekki. Því megum við undir engum kringumstæðum samþykkja tillögu til rökstuddrar dagskrár sem hér hefur verið flutt af hv. þingmönnum, formönnum þingflokks Framsfl. og þingflokks Sjálfstfl.

[10:42]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Stjórnarflokkarnir kusu að stuðla að því að stjórnarandstaðan hefði fullt forræði um það, á síðustu dögum þingsins, með hvaða hætti Landsbankamálið og mál sem því hafa tengst, yrðu rædd í þingsölum. Þeir hafa nú í morgun stuðlað að því að sú aðferð sem stjórnarandstaðan kaus til umræðunnar næði fram að ganga. Mér þykir það val þó nokkuð sérstakt en því verður stjórnarandstaðan auðvitað að ráða.

Hér er tekinn sá póll í hæð að leggja fram till. til þál. um að skipa rannsóknarnefnd, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, til að fjalla um málefni Landsbankans. Þess háttar nefnd hefur ekki verið skipuð af þinginu síðan 1955 þegar slík nefnd var skipuð vegna okurmálsins á þeim tíma. Það er ekki vegna þess að ekki hafi komið upp hugmyndir, kröfur og sjónarmið um að slíkar nefndir yrðu skipaðar að sú leið hefur ekki verið farin síðan. Slíkar hugmyndir hafa vissulega komið fram en menn hafa ekki talið rétt að fara þá leið.

Hvers konar ákvæði er þetta í stjórnarskránni, þessi 39. gr., og hvers vegna er því svo lítið beitt sem dæmin sanna? Þetta ákvæði er gamalt og á rót í sams konar ákvæði í stjórnarskránni frá 1874. Á þeim tíma var það hugsað sem vörn þingsins gagnvart stjórnvöldum í Kaupmannahöfn og ekkert óeðlilegt að þingið hugsi sér einhvern slíkan atbeina meðan valdið er að öðru leyti erlendis.

Síðan er þessu ákvæði haldið inni og það er ekki vafi á því í mínum huga að hugsunin var sú að þingið gæti þar haft leið til þess að rannsaka sjálfstætt og í sameiningu, ekki ágreiningi, mál sem sneru að framkvæmdarvaldinu með einum eða öðrum hætti. Hver er þá skýringin á því að þetta hefur ekki verið notað utan þess sem ég áðan nefndi? Á því eru sjálfsagt margar skýringar.

Ein er sú að öll aðstaða í þjóðfélaginu hefur breyst. Aðkoma þingsins að þáttum framkvæmdarvaldsins hefur breyst. Nú starfar sjálfstæð stofnun ríkisendurskoðanda undir fyrirmælum og stjórnun þingsins. Á fyrri tíð var ríkissaksóknari starfsmaður dómsmrh. og laut fyrirmælum hans um saksókn. Nú er saksóknari algerlega sjálfstæð stofnun sem lýtur ekki og má ekki lúta ákvörðunum framkvæmdarvaldsins.

Í þriðja lagi hefur það gerst að fjórða valdið svokallaða, fjölmiðlarnir, er nú mjög virkt við að upplýsa mál. Þessir þættir hafa leitt til þess að að formi til er tilgangur þessarar greinar stjórnarskrárinnar ekki auðsær í dag þó kannski hafi verið rök fyrir henni fyrr á tímum. Ég er ekki að segja að þessi grein hafi fallið niður sakir notkunarleysis, að sjálfsögðu ekki. En notkunarleysið er hins vegar mjög áberandi.

En það eru líka efnislegar ástæður fyrir því að þessi aðferð hefur ekki verið valin. Efnisástæðan er sú að þegar menn rannsaka mál er það meginforsendan að þeir sem komi að rannsókninni komi að rannsókninni með opnum huga fordómalaust. Það er meginhugsunin gagnvart rannsóknum allra mála, meginhugsunin gagnvart saksóknara og dómstólum landsins. Dómari sem hefði upplýst einhvers staðar að hann hefði fyrir fram ákveðna skoðun á máli sem hann ætti að dæma yrði auðvitað að víkja úr sæti sínu. Við þekkjum það öll þar sem kviðdómar starfa er þeim kviðdómendum rutt ef það kemur minnsta vísbending um að viðkomandi aðili sem á að fara að fjalla um málið og síðar að dæma það hafi myndað sér fyrir fram skoðun á því.

Hvernig skyldi vera með kviðdómendurna í þessum sal gagnvart þessu máli sem þeir ætla að fara að rannsaka? Margir þeirra sem kjósa nú að rannsaka málið hafa þegar kveðið upp dóm, mjög þunga dóma, stóryrta, þunga dóma og svo vilja þeir fara að snúa plötunni við og hefja núna rannsóknina eftir að þeir hafa kveðið upp þunga og harðorða dóma. Það er ekki sannfærandi. Það vekur ekki tiltrú á Alþingi.

Til að mynda hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kveðið upp dóma með slíku orðalagi að ef hv. þm. væri beðinn um að lýsa helstu þjóðarmorðum sögunnar ætti hún engan annan kost en að nota sömu orðin. Það eru engin eftir. Sömu orðin og hún hefur notað um þetta mál sem hún nú vill taka þátt í með stjórnarandstöðunni að rannsaka eftir að dómur hefur verið upp kveðinn. Það mun almenningi ekki þykja trúverðug afstaða að dómendurnir sem hafa þegar kveðið upp dóminn vilja nú setjast í sæti hins hlutlausa rannsóknaraðila. Það vekur ekki tiltrú.

Það eru sérstaklega þrír málsliðir tilnefndir í rökstuðningi við þessa till. til þál. og um það sem rannsaka skuli. Fyrst eru það mál þau er leiddu til afsagnar þriggja bankastjóra Landsbankans í apríl. Þetta liggur allt saman fyrir. Þetta hefur Ríkisendurskoðun skoðað og þetta hafa þingmenn þegar

rætt og kveðið upp dóma sína þannig að það er afskaplega skrýtið að fara að athuga þennan lið alveg sérstaklega.

Málefni Lindar eru komin í hlutlausan farveg sem menn verða að treysta.

Þá kemur það þriðja, samskipti viðskrh. við Alþingi eins og segir „þar sem ráðherrann ýmist flutti þinginu rangar upplýsingar eða leyndi það upplýsingum." Hér er líka búið að kveða upp dóm. Það þarf ekkert mikið að rannsaka það. Hæstv. viðskrh. flutti bara rangar upplýsingar. Svo ætla þeir sennilega að rannsaka hvort hann hafi gert það, eða hvað, eftir að hafa kveðið upp dóm af þessu tagi.

Hæstv. viðskrh. svaraði óundirbúinni fyrirspurn. Menn geta verið sammála um að það svar hafi verið ófullnægjandi eins og gerist oft og iðulega í óundirbúnum fyrirspurnum. Ég gæti nefnt mjög mörg dæmi þess að svör í óundirbúnum fyrirspurnum hafi verið ófullnægjandi vegna þess að að því mátti leiða líkur að það yrði það í óundirbúinni fyrirspurn. En ég hygg að í flestum þeim dæmum sem ég mundi nefna ef ekki öllum hefði það gerst að þar sem svarið var ófullnægjandi eins og það hlaut að vera, þá fylgdi viðkomandi þingmaður eða félagi hans svarinu eftir með formlegri fyrirspurn til að fylgja því fram að þingið mætti fá fullnægjandi svar. Þetta svar ráðherrans var ekki talið þannig að vöxtum að til þess væri nokkur ástæða af hálfu fyrirspyrjenda eða annarra í þessum sal.

Síðan er sérstaklega tekið fram í greinargerð, reyndar ekki punktunum, með leyfi forseta:

„Athuga þarf sérstaklega þátt forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar þar sem upplýst hefur verið af forsrh. að hann vissi um málið löngu áður en það kom fyrst til umræðu á Alþingi."

Þennan dularfulla þátt þarf náttúrlega að rannsaka sérstaklega. Það kom reyndar fram í fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að hún vissi líka um málið áður en það var rætt á þinginu. Þess vegna spurði hún. Þarf ekki að rannsaka þann dularfulla þátt sérstaklega? Að sjálfsögðu ekki. Hins vegar þyrfti að mínu mati að rannsaka alla þá þingmenn sem höfðu ekki heyrt um málið því það hafði verið í fjölmiðlum. Bankastjóri Landsbankans hafði til að mynda upplýst að stórkostlegt tap, eins og það var orðað, væri af fyrirtækinu Lind, stórkostlegt tap fyrir Landsbankann og samt er gerð krafa til þess að ég viti ekkert um málið, hafi ekkert um það heyrt. Væntanlega vilja menn hafa ólæsan forsrh. Mér sýnist að stjórnarandstaðan að öðru leyti en Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafi ekki kynnst málinu þá geti þeir valið úr hópi félaga sinna ólæst forsætisráðherraefni. Auðvitað hafði maður heyrt um málið. Auðvitað höfðu allir heyrt um málið. Örfáum mánuðum eftir að þessi óundirbúna fyrirspurn kemur fram, sem hefði átt að minna hv. þm. á málið, kemur ítarleg fréttaskýring í Morgunblaðinu um málefni Lindar og augljóst var að Morgunblaðið hafði góðar heimildir í málunum og þarf það svo sem ekki að koma mjög á óvart eftir þessa síðustu daga. Það dugði ekki til þess að vekja þessa hneyksluðu þingmenn stjórnarandstöðunnar til að koma með fyrirspurn en þeir sváfu sem fastast. Þetta er rannsóknarefni út af fyrir sig hvers vegna í ósköpunum þeir sváfu sem fastast, allir þessir hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Í öðru máli sem hér var á sveimi, reyndar af hálfu stjórnarandstöðunnar, var talað um þátt sem þyrfti að rannsaka í hugmyndum þingmanna Alþfl. og þar var um það rætt í neðsta lið að rannsaka þyrfti sérstaklega hvort einhverjir stjórnmálaflokkar hefðu notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í Landsbankanum.

Þarna er nýr punktur. Ég tel að við ættum að sameinast um þennan punkt sérstaklega og óska eftir því við Ríkisendurskoðun vegna þingsins okkar hér og stjórnmálanna, hlutleysi þess, að sérstaklega verði athugað 10 ár aftur í tímann hvort stjórnmálaflokkar hafi notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í Landsbankanum, hvort þeir hafi fengið lán án þess að setja veð eða þess háttar sem er reyndar ótrúlegt en ef það er, þá er rétt að vita hvers konar stjórnmálaflokkar það voru. Þetta er nefnt sérstaklega og um þetta ættum við að sameinast.

[10:53]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Titringurinn í þjóðfélaginu hefur verið mikill undanfarna daga, reyndar sumpart af náttúrulegum orsökum, en það mál sem er á dagskrá er líklega áhrifamest í því sambandi. Þrátt fyrir nýlega beiðni bankaráðs Landsbankans um sakamálarannsókn á hendur stjórnar fyrirtækisins Lindar þá hefur Landsbanka- og Lindarmálið vakið svo margar spurningar að Alþingi hlýtur að taka það markvisst til rannsóknar.

Skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málefni Landsbanka Íslands og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis er því mjög eðlileg viðbrögð í þessu máli og því valda viðbrögð hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnarinnar mér miklum vonbrigðum, þ.e. að leggjast gegn samþykki þessarar tillögu.

Efnislega hefur komið fram um hvað tillagan fjallar, þ.e. að skipa rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar sem fjalli m.a. um þessar þrjár spurningar: Hvað leiddi til afsagnar þriggja bankastjóra Landsbankans? Í öðru lagi um málefni Lindar og í þriðja lagi að athuga samskipti viðskrh. við Alþingi út af þessu tiltekna máli.

Ef litið er til tveggja fyrri ofannefndra þátta vil ég taka það fram að það er ekki ætlun mín á þessum stutta tíma að fara efnislega í smáatriðum ofan í málið. Staðreyndin er hins vegar sú að allir bankastjórar Landsbankans sögðu af sér vegna þess að bankinn gaf rangar upplýsingar um risnu og laxveiðikostnað. Fyrirliggjandi staðreynd er sú að Landsbankinn hefur tapað yfir 700 millj. kr. á eignarleigufyrirtækinu Lind. Segja má að bankastjórar Landsbankans hafi tekið á sig ábyrgðina vegna fyrra málsins en það alvarlega við Lindarmálið er að þar vísar hver á annan. Morgunblaðið gerir því máli ágæt skil í dag í grein eftir Jakob F. Ásgeirsson þar sem fjölmargir aðilar eru taldir fram, aðilar sem vísa allir hver á annan og allir segja: Ekki benda á mig, eins og Sigmund tjáir reyndar líka ágætlega í Morgunblaðinu í dag.

Mér finnst mjög fróðlegt að upplifa hvernig það vefst fyrir ríkisstjórninni að ákveða hvar ábyrgðin liggur og mér sýnist ljóst að í nágrannalöndunum væri viðskrh. löngu búinn að segja af sér undir þessum kringumstæðum eða það væri búið að láta hann víkja. Hér viðgengst að hver vísar á annan og endanlegt skjól ráðherrans er hjá ríkisstjórninni og eigin flokki.

Skelfilegast er að horfast í augu við það hvernig ráðherra vísar frá sér ábyrgðinni í svarbréfi til Kjartans Gunnarssonar þann 14. júní 1996. Það bréf er skrifað eftir umrædda fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um Lindarmálið á Alþingi en bréf Kjartans er frá 19. apríl 1996, 5–6 vikum áður en umrædd fyrirspurn var flutt á þingi. Nú á ekki að samþykkja þessa tillögu um skipan rannsóknarnefndar að

mati hæstv. ráðherra vegna þess að saksóknari hefur tekið að sér að kanna hvort eitthvað ólögmætt hafi átt sér stað við stjórn Lindar. Rökstuðningur hæstv. ráðherra í dag og pantaðar pólítískar álitsgerðir eru ekki nægilega trúverðugar að mínu mati. Það er því fyrirsláttur að þessu máli megi vísa frá með þessum hætti og það liggur við að mér finnist að okkur alþingismönnum sé misboðið með þessari umræðu. Mér er misboðið að heyra það að hæstv. viðskrh. og Framsfl. ætli að koma í veg fyrir að þessi rannsóknarnefnd verði skipuð með tilvísun í rannsókn saksóknara. Hér býr pólitísk spilling að baki og það á að fela hana í skjóli hinnar frægu pólitísku samtryggingar og það er algerlega óþolandi að þjóðin, þrátt fyrir verulegar lagalegar umbætur eins og t.d. í gegnum upplýsingalögin og Alþingi, þrátt fyrir verulegar umbætur í eftirlitsmálum, samanber embætti Ríkisendurskoðunar, standi ráðalaus gegn þessu valdi. Það sem skortir er sjálfsagt aðhald almennings og kjósenda. Fólk verður að gera þær kröfur að ráðherrar axli ábyrgð sína því að þeir eru í vinnu hjá Alþingi og Alþingi starfar í umboði þjóðarinnar. Að mínu mati hefði hæstv. viðskrh. átt að segja af sér í kjölfar Landsbankamálsins hins fyrra. Hann er ábyrgur fyrir bankamálum, hann er ábyrgur fyrir bankastjórunum auk þess sem hann flutti Alþingi rangar upplýsingar, að vísu óafvitandi, en hann er þó formlega ábyrgur.

Lindarmálið er enn skýrara í þessum efnum, þ.e. ráðherra er ábyrgur. Hann vísar ábyrgð sinni yfir á bankaráðið í júní 1996 og af einhverjum undarlegum orsökum er ekki farið að ábendingu Ríkisendurskoðunar um að rannsaka málið.

Þriðja ástæða þess að ráðherra ætti að fara frá að mínu mati er að hann hélt upplýsingum frá þinginu 2. júní 1996, í svari sínu við áðurnefndri fyrirspurn á Alþingi. Þarna átti sér stað að mínu mati trúnaðarbrestur og því alveg á mörkum að hægt sé að eiga orðastað við hæstv. ráðherra. Það er undarlegt ef bréf Kjartans Gunnarssonar sem sent var 5–6 vikum fyrir umræddda fyrirspurn og skýrsla Ríkisendurskoðunar hafði algerlega gleymst og ef svo var hlýtur það að hafa verið markviss gleymska því upplýsingarnar voru of óþægilegar fyrir ráðherra Framsfl. og fyrir Framsfl. í heild vegna pólitískra tengsla við þetta framsóknarfyrirtæki sem Lind var og þess vegna betra að það kæmist ekki í hámæli. Nei, það var betra að láta banka allra landsmanna, sem var þó illa staddur fyrir, taka á sig tapið á bak við tjöldin þannig að lítið bæri á.

Þetta eru að mínu mati nægilegar ástæður vantrausts. En til að kóróna máttleysi þingsins getur stjórnarandstaðan með minni hluta á Alþingi ekki komið vantrauststillögu á dagskrá eftir 1. apríl ár hvert, þ.e. við erum háð því að stjórnarflokkarnir samþykki slíka tillögu. Ég taldi ekki mögulegt að koma tillögu um afbrigði á dagskrá miðað við forsögu málsins. Að mínu atriði er óþolandi að tæknileg atriði í þingsköpum standi í vegi fyrir að hægt sé að koma slíkri tillögu viðstöðulaust á dagskrá.

Ég get einnig tekið undir það, herra forseti, að æskilegt hefði verið að upplýsa málið betur með þeirri rannsókn sem hér er lögð til áður en vantrauststillaga er flutt.

Herra forseti. Eðlilegast væri að sjálfsögðu að ríkisstjórnin léti ráðherrann að víkja, a.m.k. meðan á rannsókn málsins stendur. Það virðist ekki standa til vegna pólitískrar samtryggingar og því er ríkisstjórnin í heild samábyrg og ekki verðug trausts. Sú tillaga til rökstuddrar dagskrár sem hér liggur fyrir staðfestir þá skoðun mína.

[11:04]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Sú fullyrðing hæstv. viðskrh. er fráleit að skipun rannsóknarnefndar eins og lögð er til sé óþörf. Það eitt sýnir að hæstv. ráðherra ber lítið skynbragð á þær alvarlegu ávirðingar, spillingu og jafnvel saknæm athæfi sem tengjast Landsbankamálinu. Það sýnir líka að hæstv. ráðherra gefur ekki mikið fyrir eftirlitshlutverk Alþingis, sem er alvarlegt, herra forseti.

Jafnvel þó einn þeirra þátta sem rannsóknarnefndin á að hafa með höndum, Lindarmálið, sé hjá ríkissaksóknara þá er málið þannig vaxið að það er eðlilegt og rétt að það sé einnig sérstök rannsóknarnefnd á vegum þingsins sem kanni það til hlítar. Athugun ríkissaksóknara mun væntanlega fyrst og fremst beinast að því hvort um saknæm athæfi hafi verið að ræða sem brjóti í bága við refsilöggjöfina. Hún beinist ekki að því hvort hæstv. ráðherra hafi gefið Alþingi rangar upplýsingar eða leynt það upplýsingum í Lindarmálinu. Jafnvel þó bankaráðið hafi ekki gerst brotlegt við lög sem gefi tilefni til ákæru, þá kynni athugun rannsóknarnefndar að leiða til þeirrar niðurstöðu að bankaráðið hafi ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni fullnægjandi. Jafnvel þó ríkissaksóknari komist að því að ekki sé tilefni til ákæru á hæstv. ráðherra þó hann hafi ákveðið að Lindarmálið kæmi sér ekki við árið 1996 þegar bankaráðið óskaði samstarfs við hæstv. ráðherra um það álit Ríkisendurskoðunar að tilefni gæti verið til opinberrar rannsóknar gæti rannsóknarnefnd gert alvarlegar athugasemdir við sinnuleysi ráðherrans þó að það varði ekki við hegningarlög. Spyrja má líka: Er þjóðinni bjóðandi að sitja uppi með ráðherra sem fer með yfirstjórn bankamála ásamt bankaráði en neiti samráði við bankaráðið um hvort efnt skuli til opinberrar rannsóknar þegar bankinn hafði tapað 700 millj. á fyrirtækinu? Ráðherrann segir síðan að eftir það hafi hann eða ráðuneytið ekkert fylgst með málinu.

Ég segi, herra forseti, að slíkt kæruleysi eitt og sér er mjög ámælisvert og sýnir skilningsleysi ráðherrans á hlutverki sínu sem yfirmanns bankamála. Það er því fyrirsláttur hjá hæstv. ráðherra að segja rannsóknarnefndina óþarfa. Hæstv. ráðherra þorir einfaldlega ekki að leggja gerðir sínar undir rannsóknarnefnd þingsins en leitar nú skjóls undir verndarvæng hæstv. forsrh. sem hefur ásamt samráðherrum sínum ákveðið að bera sameiginlega ábyrgð á gerðum hæstv. viðskrh.

Rannsóknarnefnd á líka að fjalla um önnur Landsbankamál sem ríkissaksóknari gerir ekki. Það stendur t.d. upp á Alþingi að láta fara fram sjálfstæða rannsókn á samskiptum ráðherrans við þingið þar sem ráðherrann hefur flutt þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynt það upplýsingum. Svör ráðherrans af hverju hann gerði það standa á brauðfótum. Allar skýringar vantar líka á því hver ber ábyrgð á því að haldið var leyndum upplýsingum um raunverulegan kostnað við laxveiðar Landsbankans. Ráðherrann hefur komið sér hjá að svara því, aðeins gefið skýringu á því hvað var vantalið. Það er ófullnægjandi, herra forseti, og ég fer fram á að það verði rannsakað frekar.

Ábyrgð og eftirlitsskyldu bankaráðs og annarra eftirlitsaðila bankans á þeirri spillingu og óráðsíu sem komið hefur upp í bankanum þarf rannsóknarnefnd líka að kanna. Enn er óútskýrður risnukostnaður einstakra bankastjóra og skattaleg álitaefni því tengt. Rannsaka þarf líka hvort bankastjórarnir hafi verið beittir þrýstingi af hálfu Eimskips til að knýja Samskip í gjaldþrot. Einnig hvort stjórnmálaflokkar eða samtök

hafa notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í bankanum, í hverju það var fólgið og hverjir stóðu að þeirri ákvörðun.

Ég spyr líka ráðherrann og óska svara við því hvort hann er tilbúinn til þess að láta óháða aðila rannsaka 14 milljarða útlánatöp Landsbankans, eða þarf Alþingi að beita sér fyrir því að það verði gert? Það er nauðsynlegt að fram fari rannsókn óháðra aðila á útlánatöpum bankanna, ekki síst Landsbankans, og ég spyr: Er ráðherrann tilbúinn að beita sér fyrir því eða þarf til þess atbeina þingsins?

Tillögu um rannsóknarnefnd þarf að bera undir atkvæði og verði hún felld er ærið tilefni til vantrausts á alla ríkisstjórnina. Frávísunartillaga sú sem nú var lögð á borð þingmanna sýnir að ríkisstjórnin og formenn þingflokka stjórnarliðsins þora ekki að láta þingmenn sína taka efnislega afstöðu til rannsóknarnefndar. Því hljóta þingmenn stjórnarflokkanna að mótmæla að mega ekki taka efnislega afstöðu til málsins og verða þar með hluti af þeirri samtryggingu sem á sér stað í þessu máli.

[11:09]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Mikið gerningaveður hefur verið í þjóðfélaginu að undanförnu út af þessu alvarlega máli sem tengist Landsbankanum. Ýmsir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa borið mjög alvarlegar ásakanir á viðskrh. sem ég tel að sé nánast rógburður og þessar ásakanir halda áfram.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í umræðunni að viðskrh. greindi ekki rétt frá. Að vísu kom annar stjórnarandstæðingur, hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, og sagði að hæstv. ráðherra hefði sagt Alþingi rangt frá en óafvitandi. En allt ber það að sama brunni. Hæstv. ráðherra er rógborinn með þessum hætti.

Ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég hlustaði í upphafi á hv. þm. Sighvat Björgvinsson þá minntist ég þess tíma þegar hann stóð í ræðustól 1976, ég held þann 2. febrúar, og fór með mjög alvarlegar ásakanir fyrir hönd Alþfl. á þáv. dómsmrh., Ólaf Jóhannesson. Hann sagði skipti eftir skipti í þeirri ræðu að hann hefði þurft að hafa meiri tíma til þess að rannsaka þetta mál og ég held að þingmaðurinn hefði átt að gefa sér betri tíma til að rannsaka málið áður en hann fór áðan í ræðustól og ég er feginn því að hann hefur hafið að fylgjast með umræðunni en hann hefur verið fjarverandi, kannski til að afla sér nýrra upplýsinga í málinu. Það var alvarlegt þegar Alþfl. stóð fyrir því en hann virðist lítið hafa lært.

Þetta er hins vegar ekki í fyrsta skipti og ekki í síðasta skipti sem mun koma upp alvarlegt mál í samfélagi okkar sem tengist fjármálum. Við minnumst þess að það komu upp mál sem tengdust Útvegsbankanum og Hafskip á sínum tíma. Það komu upp mál sem tengdust óreiðu á tímum Alþfl. í heilbrrn. Ekki datt okkur í hug þá sem sátum á Alþingi að setja upp sérstakan rannsóknarrétt í þeim málum. Við töldum rétt að nota þær stofnanir þjóðfélagsins sem við höfum verið að byggja upp. Við höfum verið að byggja upp óháð dómsvald og styrkja óháð dómsvald. Við höfum verið að byggja upp sjálfstæði rannsóknaraðila og verið að styrkja þær stofnanir. Við höfum komið upp Ríkisendurskoðun sem er óháð framkvæmdarvaldinu og rannsóknarvaldið er óháð. Nú vilja hv. stjórnarandstæðingar grafa undan þessum stofnunum og setja upp sérstakan rannsóknarrétt, pólitíska rannsóknarnefnd að hætti Maós, Stalíns og annarra slíkra. Þetta er framtíðarsýnin sem þessir flokkar hafa um afskipti Alþingis af alvarlegum málum í stað þess að styrkja þær stofnanir sem eiga um þetta að fjalla. (**ÖJ:** Er pólitíkin óhrein?) Ég tel að hún sé ekki óhrein en það er mikilvægt að dómsvaldið sé óháð og rannsóknarvaldið sé óháð en það sé ekki hv. þm. Ögmundur Jónasson sem fer með það. Það vil ég leggja áherslu á og það er það sem skiptir máli. (**ÖJ:** Er verið að meina mér um málfrelsi?) Þetta mál er í mjög skýrum farvegi. Nú vill hv. stjórnarandstaða koma því í óskýran farveg, í pólitískan farveg. (**Gripið fram í:** Upplýsa málið.) Treystir hv. þm., löglærður maðurinn, ekki réttum stofnunum landsins til þess að framkvæma slík mál? Treystir hann ekki Ríkisendurskoðun? Treystir hann ekki ríkissaksóknara? Hvers konar rugl er þetta að verða? Vita menn ekki á hverju lýðræðið byggir? (**RG:** Af hverju er ráðherrann svona æstur?) (**ÖJ:** Hvernig er þetta gert í þjóðþingum erlendis?) Ráðherrann sér fulla ástæðu til þess að vera reiður þegar ráðherra í ríkisstjórn er borinn slíkum rógi, ekki síst undir forustu Alþfl. sem kemur ekki á óvart.

[11:14]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta framlag því að það sýnir að hann skiptir skapi í málinu. Hann telur þetta alvarlegt mál sem er verið að ræða og þó að ég sé ósammála honum, þá tel ég að það sé mikilvægt að hann bregðist þannig við en líti ekki á málið eins og brandara eins og hæstv. forsrh. gerði áðan. Satt að segja var framkoma hans og ræða áðan alveg með ólíkindum, fullkominn dónaskapur og lítilsvirðing við Alþingi að mínu mati. Ég viðurkenni hins vegar eftir þá ræðu eins og hlýt að láta koma fram að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, er Íslandsmeistari í útúrsnúningum og þann titil má hann eiga fyrir mér og hann varði hann snilldarlega áðan. Í rauninni reyndi hann að setja þetta mál þannig upp að það væri í besta falli í rauninni skemmtiatriði, snerist um það hvort stjórnarandstaðan væri ólæs eða ekki. Hún þyrfti bara að leita að ólæsum forsrh. þegar hún færi að ráða. Það væri sjálfsagt nóg af ólæsu fólki í þeirra hópi og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefði betur sauðast til, með leyfi forseta, að bera fyrirspurnina aftur fram úr því að henni var ekki svarað rétt og þá er það henni að kenna en ekki þeim sem svaraði hver niðurstaðan var. (Gripið fram í.) Þessi dæmalausi útúrsnúningur hæstv. forsrh. landsins, æðsta manns þjóðarinnar, er alveg með ólíkindum í þessu máli en segir það sem segja þarf. Sem er það, herra forseti, og það er alvarlegt íhugunarefni, að stjórnarflokkarnir vilja sópa málinu undir teppi. Þeir vilja ekki að málið sé skoðað. Þess vegna er tillagan frá formönnum þingflokka stjórnarflokkanna, tillaga til rökstuddrar dagskrár um að þingið og þjóðin þegi, tillaga til rökstuddrar dagskrár um að þingið og þjóðin þegi í þessu máli og ekki megi skoða það. Það er veruleikinn og það er slæmt, herra forseti.

Málið er ekki slæmt vegna þess að einhver hér hafi áhuga á því að koma höggi á annan. Það sem fyrir mér vakir í þessu máli er fyrst og fremst að við ræðum í þaula hvernig við getum bætt allar eftirlitsstofnanir þjóðfélagsins. Við hljótum að viðurkenna að þær hafa ekki staðið sig sem skyldi. Hvernig stendur á því að bankastjórarnir höguðu sínum málum eins og menn þekkja? Hvernig stendur á því að bankaráðið stóð sig ekki betur en raun ber vitni? Hvernig stendur á því að bankaeftirlit Seðlabankans er þannig að einn daginn úrskurðar það að Kjartan Gunnarsson megi ekki vera í stjórn VÍS? Þremur dögum seinna snýr það blaðinu við. Hvernig stendur á því?

Af hverju er ekki tekið mark á ábendingum Ríkisendurskoðunar sem eru þó allar þannig að þeir sem sáu skjalið hefðu átt að bregðast við? Af hverju brást hæstv. forsrh. ekki við? Af hverju brást hæstv. viðskrh. ekki við? Af hverju brást bankaráðið ekki við með eindregnari hætti? Af hverju brugðust menn ekki betur við? Þar var sagt að um lögbrot væri að ræða. Hér var um það að ræða að menn hafi í raun og veru verið lánað fjármuni sem þeir áttu jafnvel ekki.

Af hverju brást þetta kerfi ekki við? Hvar eru viðvörunarbjöllurnar sem eiga að vera hjá þessum stofnunum? Við eigum að ræða um það, herra forseti. Út á það gengur þessi tillaga. Hún gengur ekki út á það að þessi nefnd eigi að kveða upp dóm. Hún gengur ekki út á það. Hún felur í sér að nefnd eigi að gefa skýrslu og að við eigum á grundvelli hennar að flytja tillögur um að bæta þær stofnanir þjóðfélagsins sem ekki hafa dugað í þessum málum.

Vandinn er sá, herra forseti, að alltaf þegar kemur að málum af þessu tagi, þá bregðast menn við eins og hæstv. ráðherrar, forustumenn stjórnarflokkanna, hafa gert hér í dag. Menn hlaupa alltaf í vörn fyrir kerfið sitt, fyrir sína félaga og samstarfsmenn í ríkisstjórn og í stjórnarflokkum. Það eru út af fyrir sig mannleg viðbrögð en það verður til þess að málið lokast og það er það sem er hættulegt. Það verður að fara betur ofan í þetta mál. Það er ekki eðlilegt stjórnkerfi sem bregst ekki við þegar það sér að ríkisbanki, eign landsmanna allra, tapar 700 millj. kr. Það er ekki eðlilegt stjórnkerfi.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að í þessu máli tel ég það grafalvarlegt ef stjórnarflokkarnir ætla að segja þjóðinni og þinginu að þegja. Þeir munu gera það hér á eftir með því að samþykkja frávísunartillöguna, það er mjög alvarlegt mál. Ég segi jafnframt við þá, líka hinn mikla meistara útúrsnúninganna: Honum mun ekki takast að láta okkur þegja, hvorki þingið né þjóðina.

[11:19]

**Útbýting þingskjals:**

Skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf., 723. mál, rökst. dagskrá SAÞ og VS, þskj. 1552.

[11:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Virk og ábyrg stjórnarandstaða gegnir mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Hún er ekki síður mikilvæg en valdhafar hverju sinni vegna þess að hlutverk hennar er að veita valdhöfunum aðhald í stóru sem smáu og samfélagið á mikið undir því að stjórnarandstaðan sinni hlutverki sínu vel og samviskusamlega.

Hér á landi er stjórnarandstöðunni vandi á höndum. Hér skorti heföir fyrir því að tekið sé skörulega á misfellum í athöfnum valdhafa og hér skortir hefð fyrir því að valdhafar axli ábyrgð á gjörðum undirmanna sinna. Þetta er ljóður á okkar ráði. Hér hefjast umsvifalaust ásakanir um persónulegar hvatir og annarlegar ástæður að baki harðri gagnrýni og ábyrgð er vísað út og suður.

Víðast annars staðar í heiminum er brugðist við með öðru móti. Í sumum þjóðfélögum er gagnrýni reyndar bæld niður með vopnavaldi. Í siðmenntuðum þjóðfélögum axla menn ábyrgð á allt annan hátt og þurfum við ekki að leita langt eftir fyrirmyndum í því efni. Þar segja ráðherrar af sér embætti ef starfshættir og embættisfærslur undirmanna þeirra reynast ámælisverðar eða saknæmar, jafnvel í tilvikum þar sem þeir höfðu tæpast möguleika á að fylgjast með athöfnum undirmanna sinna, jafnvel þó sannað þyki að þeir hafi ekki vitað af þeim og treyst viðkomandi í grandaleysi. Samt axla þeir þá ábyrgð sem þeim hafði verið falin og segja af sér. Stundum víkja þeir tímabundið meðan mál eru rannsökuð.

En ekki hér. Hér er ábyrgð vísað út og suður. Ekki ég, ekki benda á mig, segja ráðherrar og vísa á undirmenn sem vísa á aðra undirmenn og svo koll af kolli þar til ræstingakonan fer að velta því fyrir sér hvort hún hafi brugðist.

Hér stökkva menn niður í skotgrafir eða bíta í skjaldarrendur að víkingasið og höggva mann og annan. Hér tíðkast útúrsnúningurinn að svo megi böl bæta að benda á annað verra. Þannig hafa málin gengið til undanfarna mánuði. Hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa hvað eftir annað orðið að bregðast við harðri gagnrýni á störf sín og undirmanna sinna. Tilefnin eru mörg og margvísleg og misjafnlega skiljanleg almenningi sem veit varla sitt rjúkandi ráð í öllum þessum gerningaveðrum. Hvar sem lyft er loki blasir við iðandi maðkaveita.

Viðbrögð hæstv. ráðherra eru hins vegar heföbundin. Þeir reigja sig og telja sig yfir gagnrýni hafna. Það virðist ekki hvarfla að hæstv. viðskrh. að segja af sér þótt mál honum tengd séu í rannsókn hjá ríkissaksóknara.

Herra forseti. Íslenskt þjóðfélag verður ekki samt eftir þennan vetur. Valdhafar þurfa að stíga niður úr sínum fílabeinsturni og átta sig á að kröfur um siðferði í stóru sem smáu eru æ háværari í íslensku samfélagi. Hæstv. viðskrh. sæmir ekki að afgreiða málefnalega tillögu stjórnarandstöðunnar með því að hún byggist á misskilningi, en það eru venjubundin viðbrögð hæstv. ráðherra. Þessi tillaga er fullkomlega eðlileg og ábyrg tillaga um að beita ákvæði stjórnarskrárinnar um heimild Alþingis til að skipa sérstaka nefnd alþingismanna til að fjalla ítarlega um þau alvarlegu álitaefni sem hér eru uppi um málefni Landsbankans og tengdra fyrirtækja og ekki síst um samskipti hæstv. viðskrh. við Alþingi.

Hæstv. forsh. segir það ónauðsynlegt vegna þess að við séum búin að kveða upp dóma. Mér heyrast nú ekki hæstv. ráðherrar alls kostar sáttir við þá dóma. Þeir ættu því að fagna sameiginlegri athugun. Við erum að leggja til að farið verði í vandaðri og ítarlegri umfjöllun en unnt er að koma við í umræðum sem þessari. Þessi umræða er vissulega blandin misjafnlega rökstuddum fullyrðingum á báða bóga. Það væri Alþingi til sóma að brjóta nú í blað og taka á málinu eins og hér er lagt til, að það fái vandaða umfjöllun í sérstakri nefnd og skýrsla um öll efnisatriði málsins komi fram.

Mig undrar afstaða hæstv. ráðherra og að hv. formenn þingflokka Sjálfstfl. og Framsfl. skuli vilja vísa þessari tillögu frá. Hæstv. viðskrh. telur sig ekki hafa neitt að óttast. Hann ætti að fagna vandaðri umfjöllun af því tagi sem hér er lögð til.

Herra forseti. Mönnum er mikið niðri fyrir í þessu máli. Jörðin skelfur undir fótum okkar bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Hún skalf nánast undir ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan og við ættum kannski að spyrja eins og forðum: Hverju reiddust goðin?

Herra forseti. Goðin í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ættu að hefja hvern dag í Stjórnarráðinu með orðunum „Yfir litlu varstu trúr". Niðurlagið þekkja menn.

[11:25]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þrír bankastjórar stærsta banka landsins sögðu af sér fyrir nokkrum vikum vegna þess að þeir gáfu ráðherra rangar upplýsingar sem hann síðan færði Alþingi.

Jafnframt hefur komið í ljós ótrúlegur fjáraustur bankastjóranna, m.a. í ferðakostnað, risnu og laxveiði. Þar að auki hefur verið sýnt fram á beinan hagsmunaárekstur hjá einum bankastjóranna.

Í umræðum um þau mál vakti hæstv. forsrh. athygli okkar á málefnum Lindar og spurði hvers vegna alþingismenn hefðu ekki farið betur ofan í þau mál. Við upprifjun á því máli kom í ljós að fyrir lágu tveggja ára gamlar skýrslur þar sem m.a. Ríkisendurskoðun benti á að hugsanlega hefði verið framið saknæmt athæfi í þessu fyrirtæki Landsbankans. Er að furða að við spyrjum hver beri ábyrgðina? Hvernig stendur á því að bankastjórn, bankaráð, bankaeftirlit, Alþingi og ráðherrar gerðu ekkert í málinu? Af hverju var málinu ekki fylgt eftir?

Ég vil ekki undanskilja okkur sem hér erum. Við, eins og hæstv. forsrh., lásum um þessi mál á sínum tíma og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði um það. Við fygldum málinu hins vegar ekki eftir.

Nóg um það en þeir sem eru yfir þessum málum bera ábyrgðina. Því er sú tillaga sem hér liggur fyrir komin fram. Við erum að ræða um tap upp á mörg hundruð milljónir, sem er reyndar aðeins örlítill hluti af gífurlegum útlánatöpum bankanna. Vissulega væri vert að fara rækilega ofan í fleira í því sambandi. Við erum aftur á móti að tala um samskipti Alþingis og ráðherra og þetta þarf allt að kanna mjög rækilega.

Ég vil því harma að meiri hlutinn skuli ætla að vísa þessari tillögu frá. Rétt er að það er afar sjaldgæft að 39. gr. stjórnarskrárinnar sé beitt en það hefði áreiðanlega oft verið ástæða til. Nú er tími til kominn að Alþingi beiti sér meira í slíkum málum og efli eftirlitshlutverk sitt. Í þessu tilviki sérstaklega, hæstv. forseti, vill svo til að sú ágæta stofnun, Ríkisendurskoðun, sem við höfum borið fullt traust til, hefur dregist inn í þetta mál. Þar af leiðandi lít ég svo á að enginn sé færari og engum beri meiri skylda til að kanna þessi mál rækilega en Alþingi. Alþingi hefur það hlutverk í stjórnkerfi okkar að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ábyrgðin á því er Alþingis og henni eigum við ekki að vísa frá okkur. Hér er um það að ræða að farið verði skipulega yfir öll þessi mál.

Ætlunin er ekki að fella dóm. Það er ekki hlutverk rannsóknarnefndar að fella dóm, heldur fyrst og fremst að draga staðreyndir málsins fram í dagsljósið. Ég held að við hljótum að geta treyst alþingismönnum til þess. Ég vísa því á bug að ekki sé hægt að treysta alþingismönnum til slíkra starfa þó að menn hafi sínar skoðanir. Ég þekki fjölmörg dæmi þess úr störfum nefnda að þó menn hafi ýmsar skoðanir á málum í upphafi þá setjast menn yfir rannsókn málsins og kalla fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skila menn áliti sínu þegar sú skoðun hefur farið fram.

Auðvitað eru alþingismenn færir um slíka skoðun. Ef þeir eru það ekki þá er eitthvað mjög mikið að í þessari stofnun. Ég vísa þessu á bug, hæstv. forseti. Hlutverk Alþingis er og verður að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Ég skora á meiri hlutann að draga frávísunartillögu sína til baka þannig að við notum tækifærið til að brjóta í blað í sögu þingsins og fáum góða athugun á þessu máli. Ég tel að við þurfum að leita eftir öllum þeim upplýsingum sem við þurfum að fá. Ég held að það verði okkur til mikils vansa ef svo fer ekki.

Fari svo að frávísunartillagan verði samþykkt þá eigum við alþingismenn ekki annarra kosta völ en að halda vöku okkar í sumar og taka málin aftur upp í haust. En enn og aftur skora ég á meiri hlutann að draga þessa tillögu til baka.

[11:30]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta mál snýst m.a um samskipti ráðherra við Alþingi. Ein af meginskyldum alþingismanna er eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Til þess að geta rækt þá skyldu verða þingmenn að geta aflað upplýsinga frá handhöfum framkvæmdarvaldsins, ráðherrunum. Það er nauðsynlegt að geta treyst því að svör og upplýsingar sem ráðherrar gefa séu réttar og þeir veiti þær upplýsingar sem tiltækar eru ef kallað er eftir þeim.

Fyrir tveimur árum, þegar ég spurði um málefni Lindar, vék hæstv. ráðherra sér undan að svara, var með undanbrögð og kvaðst einungis hafa upplýsingar úr fjölmiðlum. Á sama tíma var sami ráðherra með upplýsingar, ítarlega og alvarlega skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Lindar og bréf formanns bankaráðsins um stöðu fyrirtækisins á skrifborðinu sínu.

Kannski var skýrsla Ríkisendurkoðunar vinnu- eða trúnaðarplagg á þeim tíma, eins og ráðherra segir nú. Ráðherra bar þá að segja frá því, segja að fyrir lægi skýrsla um málið en hún væri trúnaðarmál og þess vegna gæti hann ekki upplýst frekar um hana. Hann átti að gera sér grein fyrir upplýsingaskyldu sinni gagnvart Alþingi. Til þess voru næg tilefni.

Hæstv. ráðherra lét aftur á móti eins og engin skýrsla væri til og hann vissi jafnlítið um málið og fyrirspyrjandi.

Miðað við nýjustu upplýsingar virðist hér vera um samantekin ráð hjá ráðherra, bankaráðinu og bankastjórunum og jafnvel fleirum, að svæfa málefni Lindar. Það kallast yfirhylming.

Kjartan Gunnarsson, páv. formaður bankaráðs Landsbankans, hefur nú viðurkennt, með því að vísa málinu til saksóknara, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða að það varði hugsanlega við lög landsins. Það hlýtur hann einnig að hafa vitað fyrir tveimur árum og án efa ýmsir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni sem sannanlega höfðu ekki aðeins vitneskju heldur upplýsingar um málið.

Það er nauðsynlegt að fara yfir þessi mál. Mér finnst reyndar liggja ljóst fyrir að ráðherra brást skyldu sinni og leyndi upplýsingum í fyrirspurnatímanum 3. júní fyrir tveimur árum. Alþingi getur ekki farið heim án þess að ákveðið verði að skoða þessi samskipti bankamálaráðherra við Alþingi eða að tekið verði á framkomu hæstv. ráðherra við þingið þegar kallað var eftir upplýsingum um málefni Lindar fyrir tveimur árum. Þess vegna verður að samþykkja tillöguna sem hér er til umræðu en ekki vísa henni frá eins og stjórnarflokkarnir leggja til. Það að þeir vilji vísa henni frá gefur til kynna að hér sé einhverju að leyna, hér sé eitthvað sem ekki þoli dagsins ljós.

[11:33]

**Sigríður A. Þórðardóttir:**

Herra forseti. Hér er borin fram tillaga um rannsóknarnefnd til að fjalla um málefni Landsbanka Íslands hf. og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis. Öllum er ljóst að tilefni tillögunnar er títtnefnt Lindarmál, sem á síðustu vikum hefur ítrekað verið til umfjöllunar hér á Alþingi.

Ég er andvíg skipun rannsóknarnefndar af því tagi sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Málefni Lindar hf. eru nú til rannsóknar hjá ríkissaksóknara, sem Alþingi ber fullt traust

til. Ég tel það farsælli lausn til að upplýsa málið en að alþingismenn rannsaki störf hver annars. Það er einfaldlega ekki trúverðugt og raunar mjög hæpin vinnubrögð, enda sjaldan reynt á ákvæði stjórnarskrár í þessu efni.

Það er með öllu óviðeigandi, í sömu andrá og ríkissaksóknari fær Lindarmálið til rannsóknar, að Alþingi setji rannsóknarnefnd ofan í rannsókn hans. Slík vinnubrögð væru fullkomið vantraust á störf ríkissaksóknara og í engu fallin til að leiða til ásættanlegrar niðurstöðu í málinu.

Það er stundum talað um að við ættum ekki að nota ameríska aðferðir í stjórnarfari. Að þessu leyti get ég tekið undir þá skoðun. Ég hef ekki trú á að sérstök rannsóknarnefnd alþingismanna geti komist að trúverðugri niðurstöðu í málinu eftir það sem á undan er gengið. (**ÖJ:** Þið viljið bara rússneskar aðferðir.)

Ástæða er til að velta fyrir sér því, í þessu samhengi, hvort óundirbúnar fyrirspurnir skili okkur því sem við ætlumst til og eðlilegt er að krefjast. Varla verður ætlast til þess að sá einstaklingur sem gegnir ráðherradómi hafi fyrirvaralaust á hraðbergi allar þær upplýsingar sem um er beðið. Þá er hvorki málefnalegt né sanngjarnt að setja yfir hann pólitískan rannsóknardómstól vegna þess að hann hafi ekki haft á takteinum nákvæmustu upplýsingar um það efni sem um var spurt.

Það mál sem hér er reifað í þinginu er vissulega mikið alvörumál. Það hvarflar ekki að nokkrum manni, hvorki utan þings né innan, að gera lítið úr mikilvægi þess að koma í veg fyrir að sambærileg mál og Lindarmálið komi upp.

Herra forseti. Þessi þáltill. er fráleit. Málatilbúnaður stjórnarandstöðu í því sem að hæstv. viðskrh. snýr er byggður á röngum forsendum. Málið er þegar komið í þann farveg sem fullnægjandi er. Þess vegna ber að vísa tillögunni frá.

Okkur alþingismönnum hefur verið trúað fyrir ábyrgðarmiklum störfum. Við eigum að hjálpast að við þau störf sem eru þjóðinni til hagsbóta. Við megum aldrei falla í þá gryfju, í pólitískri orrahríð, að sóa kröftunum í að grafa undan starfi Alþingis.

[11:37]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Í mínum huga eru aðalatriði þessa mál eftirfarandi:

Komið hefur fram óstjórn og eyðslusemi í yfirstjórn stærsta banka landsins sem leiddi til þess að allir bankastjórarnir sáu sig knúna til að segja af sér. Hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson ber stjórnskipulega ábyrgð á því, samkvæmt lögum um ráðherra og lögum um þingsköp, að hafa veitt Alþingi rangar upplýsingar, þó að þær upplýsingar kæmu að vísu frá Landsbanka Íslands. Sami hæstv. ráðherra verður síðar ber að því að veita Alþingi algjörlega ófullnægjandi svör við fyrirspurn 29. mars 1996 og að leyna upplýsingum. Það er af og frá að greinargerð sú, sem viðskrh. hefur pantað frá tveimur lögfræðingum, fríi hæstv. ráðherra. Réttur Alþingis til upplýsinga er mjög sterkur og lögfræðingunum láist að skoða málið í því ljósi.

Ábyrgð Framsfl. í þessu máli er mikil. Framkvæmdastjóri Lindar sem ber ábyrgð á tapi verulegra fjármuna er yfirlýstur framsóknarmaður og handgenginn forustu flokksins. Hann var engu að síður ráðinn af hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni til sérstakra starfa í utanrrn. nokkrum vikum eftir að hæstv. ráðherra fékk það húsbóndavald eða um svipað leyti og rausnarlegur starfslokasamningur fyrri vinnuveitanda rann út. Það er von að hæstv. utanrrh. sé órór.

Ábyrgð Sjálfstfl. í þessu máli er mikil. Formaður bankaráðs Landsbankans, þann tíma sem þessi mál voru aðallega uppi og fulltrúi í bankaráðinu enn, er Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl. Komið hefur í ljós að Davíð Oddsson hæstv. forsrh. hlutaðist til um uppsögn Sverris Hermannssonar. Það vekur spurningu um hvort það sé í verkahring forsrh. og hvernig verkaskipting sé í þessari ríkisstjórn.

Fleira mætti telja, herra forseti, en ég læt þetta duga. Þetta mál þarf og á að rannsaka og upplýsa til fulls ábyrgð einstakra aðila, ráðherra, bankaráðs og hlutverk stofnana eins og Ríkisendurskoðunar og bankaeftirlits. Alþingi eða *stjórnarandstaðan á Alþingi, fjölmiðlar og almenningur í* landinu mega ekki bregðast skyldu sinni. Tillaga um almenna rannsókn á vegum Alþingis er eðlileg og sjálfsögð. Tilburðir hæstv. ráðherra til að skjóta sér á bak við opinbera rannsókn á afmörkuðum þáttum málsins eru barnalegir.

Alls staðar í þjóðþingum í kringum okkur eru slíkar rannsóknarnefndir skipaðar til að rannsaka hina pólitísku hluta máls. Það er nánast reglan en ekki undantekning. Þar er ekki verið að hlutast til um hlutverk dómstóla. Þar eru rannsakaðir þeir þættir málsins sem hin opinbera rannsókn tekur ekki til. Eru menn þá svona vanþróaðir í Danmörku, í Svíþjóð, í Bandaríkjunum, á Bretlandi, í Ástralíu, á Nýja-Sjálandi, í Frakklandi, þar sem svona opinberar, sérstakar rannsóknarnefndir eru alsiða, reglan en ekki undantekningin?

Nei, andstaða hæstv. ráðherra við rannsókn er ekkert annað en tilraun til yfirhylmingar. Sú yfirhylming mun ekki takast.

[11:40]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Nú þegar komið er undir lok þessarar umræðu er satt að segja nokkuð erfitt að átta sig á aðalatriðum málsins eftir að hafa hlustað hér á hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Ég tek undir það að það er alvarlegt mál þegar miklir fjármunir tapast eins og í tilfelli Lindar. Það er enginn að réttlæta að þessi fjármunir hafa tapast. Það gerum við stjórnarsinnar ekki.

Við erum hins vegar þeirrar skoðunar að í þessu landi höfum við sjálfstæða stofnun sem heitir Ríkisendurskoðun sem hafi það hlutverk að rannsaka mál eins og þetta. Hún hefur rannsakað málefni Landsbankans sem varð til þess að bankastjórarnir sögðu af sér.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði í ræðu sinni að það hefðu verið viðhafðar ótrúlegar árásir á Ríkisendurskoðun í þjóðfélaginu. Samt sem áður treystir hún ekki þessari stofnun til þess að rannsaka þetta mál og leggur því fram sérstaka þáltill. um að þetta skuli gert af hálfu alþingismanna. Það finnst mér alvarlegt mál.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði að sér væri misboðið með þessari umræðu. Ég get sagt það líka að að mörgu leyti er mér misboðið með þessari umræðu. Allt málið er í farvegi. Það á að rannsaka það og það verður rannsakað. Því erum við hlynnt sem skipum þingflokka stjórnarflokkanna.

En hver hefur framgangur stjórnarandstöðunnar verið í þessu máli? Hún byrjar á að tala um að leggja fram vantraust. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði að ekki væri mögulegt að koma vantrausti á dagskrá. Þetta er ekki rétt. Ég hef alltaf haldið því fram að ef stjórnarandstaðan legði fram vantraust þá mundum við að sjálfsögðu heimila afbrigði, þannig að það mætti koma á dagskrá. Við hræðumst ekki þá umræðu.

Síðan gerist það að þingmenn Alþfl. leggja fram frv., frv. til laga um nefnd til að rannsaka málefni tengd Landsbanka Íslands. Þetta er flutt af þingmönnum jafnaðarmanna en sjálfsagt hefur ekki náðst samstaða um það í stjórnarandstöðunni að þetta mál mætti koma á dagskrá. Því er flutt annað mál á grundvelli stjórnarskrárinnar. Mér er það mjög minnisstætt að hv. þm. Svavar Gestsson taldi, fyrst þegar þessi hugmynd kom fram af hans hálfu, að leggja bæri fram mál sem þetta til þess að fara yfir greinar Sverris Hermannssonar í Morgunblaðinu og athuga sannleiksgildi þeirra greina. (Gripið fram í.)

Mér fannst ekki hæfa Alþingi að skipa nefnd á grundvelli stjórnarskrárinnar til þess að fara yfir greinar Sverris Hermannssonar í Morgunblaðinu. Ég er enn þeirrar skoðunar að þessi rannsóknarnefnd sé algjörlega óþörf.

[11:44]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að upplýsa að þessi tillaga er lögð fram í því skyni að ekki sé verið að fella órökstudda dóma. Markmiðið með þessari tillögu er að upplýsa um málið svo ekki séu felldir órökstuddir dómar. Það er tilgangurinn með þessu.

Það hefur verið með ólíkindum að hlýða á marga stjórnarsinna ræða þetta mál á þingi sem einhvern veginn ekki átta sig á því að grunnhugsunin á bak við þrískiptingu ríkisvalds er sú að Alþingi hafi eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Um hvað erum við að tala? Við erum að tala um að Alþingi ber skylda til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Ég ætla reyndar, virðulegi forseti, ekki að ræða mikið um ræðu hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. Þær dæma sig sjálfar. En það er óhætt að rifja það upp að ákvæði það sem vitnað er til í umræddri þáltill. var sett í lögin og breytt 1991 en ekki 1874. Þetta er þá a.m.k. á hreinu í þessari umræðu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég segja að það er aðeins lítill hluti þessa máls til skoðunar hjá ríkissaksóknara. Hann mun ekki skoða það hvort hæstv. viðskrh. hafi sagt þinginu rangt til eða leynt það upplýsingum. Hann mun ekki skoða það. Hann mun heldur ekki skoða hvaða atriði leiddu til afsagnar þriggja bankastjóra. Hann mun ekki skoða það.

Hvað mun hann skoða? Hann mun aðallega skoða þátt framkvæmdastjóra Lindar. Hann mun skoða þann þátt sem varðar þann aðila sem á að fórna í málinu. Það er það sem hann mun skoða, ekkert annað. Það er kjarni málsins. En að bera það síðan fyrir sig að málið sé hjá ríkissaksóknara er algjörlega fráleit röksemdafærsla. Hvað þá að koma með niðurstöðu dómara í nánast eigin sök, pantaða niðurstöðu, álitsgerð lögmanna. Það er enn fráleitara.

Virðulegi forseti. Ég held það sé algerlega nauðsynlegt að lesa niðurlag skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna þess að það hefur ekki verið gert, þar sem Ríkisendurskoðun telur m.a. — og þá vil ég bara taka út framkvæmdastjórann því Ríkisendurskoðun bendir á meira — hún bendir á að misbrestir hafi orðið í útlánaferli og eftirfylgni félagsins um nokkurt skeið og ábyrgðina megi að mestu rekja til ákvarðana fyrrum framkvæmdastjóra. Meðal annars er á það bent að háttalag hans geti varðað við almenn hegningarlög.

Og síðan segir hér í niðurlaginu í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Þegar litið er annars vegar til fjölmargra skýrslna endurskoðanda og bankaeftirlits um málið og hins vegar til hins mikla taps m.a. með hliðsjón af sífellt strangari útlánareglum félagsins og slöku innra eftirliti, verður að telja fyllstu ástæðu fyrir bankaráð Landsbankans að láta með einum eða öðrum hætti kanna starfshætti fyrrum framkvæmdastjóra Lindar hf. og grípa síðan til viðeigandi ráðstafana á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá liggja fyrir."

Þetta er lagt fyrir hæstv. viðskrh. Þetta er lagt fyrir hæstv. viðskrh. af bankaráðinu sem óskar eftir því að fá leiðbeiningu úr viðskrn. Hvað gerir hæstv. viðskrh. í þessari stöðu? Nákvæmlega ekki neitt. Það er það sem þarf m.a. að skoða í þessu máli og það er til vansa að menn skuli bera fyrir sig ríkissaksóknara í málinu því að hann er aðeins að rannsaka lítinn hluta málsins, virðulegi forseti.

[11:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta mál er grafalvarlegt og sú umræða sem fram fer er að mínum dómi orðin grafalvarleg. Ummæli hæstv. ráðherra, forsrh. og utanrrh., eru til þess fallin að grafa undan lýðræðinu. Hæstv. forsrh. gerir lítið úr málinu og reynir að gera það að gamanmáli. Hæstv. utanrrh. gerir lítið úr Alþingi Íslendinga og alþingismönnum því að svo er á honum að skilja að ef þeir komi nálægt athugun á þessu máli þá hljóti eitthvað gruggugt að vera á ferðinni: Pólitíkin er skítug, lýðræðið er vafasamt.

Síðan er vitnað í gamlar ræður og reynt að finna snögga bletti á pólitískum andstæðingum. Rannsökum Þjóðviljann, sagði hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) Já, rannsökum Þjóðviljann. Eða hlustaði hæstv. forsrh., sem vanvirðir þessa umræðu með því að víkja núna úr salnum, ekki áðan á formann Alþb. sem var einmitt að hvetja til þess að allir þættir yrðu rannsakaðir, þar á meðal Þjóðviljinn? Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði: „Í því máli verður hver að axla þá ábyrgð sem honum ber."

Við óttumst ekki rannsókn á neinum málum. En það gerir hins vegar ríkisstjórnin. Ég vil rifja upp hvers vegna þetta mál er komið upp. Það er komið upp vegna þess að vakin var athygli á því á Alþingi Íslendinga á að leiða þetta mál til lykta. Ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi telur hins vegar að það eigi einvörðungu að fjalla um þetta sem sakamál. Á því séu engar pólitískar eða siðferðilegar hliðar. Ef ekki sannast að við erum glæpamenn þá erum við sloppnir. Þetta er niðurstaða íslensku ríkisstjórnarinnar.

Við vekjum hins vegar athygli á því að til umræðu hefur komið, og það vita allir, að koma með vantrauststillögu á hæstv. viðskrh. Sú umræða er enn í gangi. Við vildum hins vegar að áður færi fram athugun og könnun og rannsókn á málinu þar sem allar staðreyndir yrðu leiddar fram. Það er þetta sem ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis er að neita okkur um. Þau eru að neita okkur um þetta. Þetta er alvarlegt mál enda horfir margt sakbitið andlitið á mig.

[11:51]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ekki er ég viss um að málflutningur stjórnarandstöðunnar við þessa umræðu hafi fengið nokkurn mann til að sannfærast um að nauðsynlegt sé að skipa rannsóknarnefnd í þetta mál.

Ég tók eftir því í máli hv. tveggja þingmanna, þeirra Svavars Gestssonar og Kristínar Halldórsdóttur, að hv. þm. eru í raun og veru að tala um allt önnur mál en verið er að tala um í efnislegri tillögu till. til þál. sem liggur fyrir. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði: „Tillagan snýst ekki um það að rannsaka þurfi hluti eins og Landsbankamálið, (**SvG:** Að dæma sagði ég, dæma.) heldur snýst hún um það að það þurfi að rannsaka einstakar eftirlitsstofnanir ríkisins á þessu

sviði.“ (**SvG:** Líka.) Það er ekkert um það í tillögugreininni sem slíkri. Það hefði þá þurft að vera þar undir.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir segir að þó að ráðherrann hafi ekki brotið neitt af sér verði hann að bera ábyrgð á undirmönnum sínum og þurfi þess vegna að segja af sér. Til þess að ráðherra geti axlað þá ábyrgð verður hann að geta borið ábyrgð á undirmönnum sínum. Sú ábyrgð hlýtur fyrst og fremst að vera til staðar ef það er ráðningarsamband milli ráðherrans og viðkomandi starfsmanns vegna þess að bankastjórar Landsbankans eru ekki ráðnir af viðskrh. Það er mjög mikilvægt þegar menn fara með slíkar fullyrðingar ... (Gripið fram í.) Það er mjög mikilvægt ... (Gripið fram í.) Nei, hv. þm., það eru mjög margir starfsmenn, bæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, og þeir allir og þeirra stofnana sem undir þessi ráðuneyti heyra sem eru annaðhvort ráðnir eða skipaðir af ráðherra. En þannig á við að bankastjórar ríkisviðskiptabankans Landsbanka Íslands hafa ekki síðan 1991, ef ég man rétt, verið ráðnir af viðskrh. eða skipaðir.

Ég er sannfærður um að þessi umræða hefur ekki styrkt það að skynsamlegt sé að skipa rannsóknarnefnd sem þessa í málinu. Heldur þvert á móti hefur hún staðfest að það væri algjörlega óeðlilegt. Eftir stendur að stjórnarandstaðan þarf að svara nokkrum grundvallarspurningum.

Í fyrsta lagi þarf stjórnarandstaðan að svara því hvort hún treysti Ríkisendurskoðun. (**SvG:** Hvaða útúrsnúningur er þetta?) Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi, vegna þess að það er verið með þessari tillögu að taka þau verkefni af Ríkisendurskoðun (**LB:** Það er í samræmi við stjórnarskrána.) sem henni eru falin með lögum.

Stjórnarandstaðan þarf líka að svara því hvort hún treystir ríkissaksóknara til að fara með Lindarmálið eða ekki. (Gripið fram í.) Ríkissaksóknara hefur verið fengið málið og það er algjörlega óeðlilegt að þingið fari að hafa afskipti af máli sem ríkissaksóknari hefur tekið að sér að rannsaka.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði með óvirðingu til kollega sinna í lögmannastétt. Þau orð dæma ekki þá menn sem tóku þetta verk að sér heldur miklu frekar lögmanninn hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. (Gripið fram í.) Ég veit það að þessir lögmenn starfa ekki þannig að þeir láti panta hjá sér álit. (Gripið fram í.) En það segir miklu meira um hv. þm. ef hann starfar þannig sem lögmaður að hann geti látið panta hjá sér álit. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er auðvitað framtíðin sem skiptir mestu máli og með hvaða hætti íslenskur fjármagnsmarkaður muni starfa í framtíðnni. Þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir umtalsverðum breytingum og mestu breytingum sem orðið hafa í langa tíð á íslenskum fjármagnsmarkaði. Með það að meginmarkmiði að tryggja öryggi, að tryggja það að mál eins og þetta, Landsbankamálið og Lindarmálið, geti ekki komið upp aftur. Það hef ég haft sem meginverkefni mitt sem viðskrh. í þau þrjú ár sem ég hef starfað að breyta lögum með góðu samþykki Alþingis á fjármagnsmarkaðnum til að tryggja það að þessi mál geti ekki komið fyrir aftur.

Hér í dag er nú komið til 3. umr. mál af þessum toga, mál sem snýr að því að sameina bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið í sterkt fjármálaeftirlit sem getur mætt síbreytilegum kröfum og síbreytilegum fjármagnsmarkaði. Allt í þeim tilgangi að tryggja öryggið, öryggi þeirra sem þurfa að eiga viðskipti við þessi fyrirtæki sem starfa á markaðnum.

[11:56]

**Flm. (Sighvatur Björgvinsson):**

Herra forseti. Þetta er allt of stórt og mikið mál til þess að menn geti leyft sér það að ræða það af slíkri vanstillingu sem hæstv. utanrrh. leyfði sér í dag. Þetta er líka allt of stórt og mikið mál til þess að menn geti leyft sér að ræða það af þeirri hótfyndni sem hæstv. forsrh. gerði í dag. Framkoma hæstv. ráðherra sýnir bara eitt. Þeir vilja drepa málinu á dreif.

Hæstv. forsrh. sagði að kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar væri ekki rétt aðferð. Það, herra forseti, er eina aðferðin sem Alþingi á til. Sú aðferð var staðfest árið 1991, þannig að þetta er ekki einhverra gamalla tíma gerð. Þetta er eina aðferðin sem Alþingi Íslendinga á til þess að bregðast við upplýsingum sem voru kallaðar fram að tilhlutan Alþingis sjálfs og hefur leitt til þess eftirleiks sem allir þekkja, þar sem upplýst hefur verið til viðbótar um mörg hundruð milljón króna tap á fé almennings. Þar sem upplýst hefur verið að ábendingar Ríkisendurskoðunar um opinbera rannsókn voru ekki virtar. Þar sem upplýst hefur verið að þær stofnanir sem settar hafa verið á fót með lögum frá Alþingi til eftirlits með bönkum og lánastofnunum hafa brugðist hlutverki sínu. Þetta er það eina, virðulegi forseti, sem Alþingi getur gert, engar aðrar tillögur hafa komið fram en þær að kefla þetta þjóðþing. Tillaga sú sem formenn þingflokka stjórnarflokkanna hafa lagt fram um að vísa umræðunni frá Alþingi er tillaga um að kefla þjóðþingið í málinu, banna þjóðþinginu frekari athafnir.

Hvers vegna flytja formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar slíkt mál? Það er ekki bara til þess að kefla þingið, koma í veg fyrir að þingið geti brugðist við. Það er líka til þess að koma í veg fyrir að þingmenn stjórnarflokkanna fái að taka efnislega afstöðu til þeirrar tillögu sem liggur fyrir. Þeir eru að koma í veg fyrir það að þingmenn stjórnarflokkanna þurfi að greiða atkvæði með eða móti tillögu um rannsóknarnefnd. Þeir eru að flytja tillögu um að þeim verði bannað að gera það. Það eru viðbrögð forustumanna Sjálfstfl. og Framsfl. í málinu.

Virðulegi forseti. Þjóðþingið verður ekki keflað. Almenningsálitið verður ekki deytt. Fréttir verða ekki stöðvaðar. Þetta alvarlega mál á sér framtíð, það verður tekið aftur upp á Alþingi Íslendinga og ég er sannfærður um að ekki eru öll kurl komin til grafar enn. Það er ýmislegt sem mun koma fram sem gerir það að verkum að þingmenn stjórnarflokkanna munu sjá eftir atkvæði sínu í þeirri atkvæðagreiðslu sem fer fram á eftir.

[12:00]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Ég óska eftir því, herra forseti, að gefið verði hlé í fimm mínútur eða svo á meðan þingmenn fá að vita að fram fari atkvæðagreiðsla um þessa tillögu. Ég hygg að mjög margir hafi gert ráð fyrir því að hún yrði meðhöndluð svo sem vant er, þ.e. að hún kæmi til atkvæða á næsta fundi. Ef það er hins vegar orðið fullskipað þá þarf ekki að gefa þennan frest mín vegna en ég teldi rétt að ganga úr skugga um það áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að það eru yfir 50 þingmenn í húsi. Er það ósk hv. þm. að gert verði hlé?)

Ég legg það í vald forseta hvað hann telur sanngjarnt í þessu máli.

(**Forseti** (GÁ): Ég heyri að hv. þm. vill hlé. Forseti vill af sanngirni gefa fimm mínútna hlé. Atkvæðagreiðslan hefst kl. 12.10.)

[Fundarhlé. — 12:02]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:36]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1552 samþ. með 34:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KF, GHH, GÞÞ, GHall, GMS, KB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÓI, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÓE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GÁ.

**nei:** GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁRJ, ÁÞ.

8 þm. (GB, JónK, SF, SP, TIO, ÁE, BH, EgJ) fjarstaddir.

19 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:15]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel að tillaga um að vísa þáltill. stjórnarandstöðunnar frá sé nánast valdníðsla. Ég tel að fólkið í landinu eigi heimtingu á að slík rannsókn sem gert er ráð fyrir að fari fram samkvæmt tillögunni verði gerð.

Herra forseti. Ég segi nei.

[12:16]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Ég hefði talið hæstv. viðskrh. meiri mann ef hann hefði gert allt í sínu valdi til að greiða götu þeirrar tillögu sem hér er lagt til að vísað verði frá. Það eru uppi alvarlegar sakir um yfirhylmingu og fleira í þessu máli. Það er ekki gott að bæta gráu ofan á svart með því að reyna að loka málið niðri í skúffum. Ég hef enga dóma kveðið upp í þessari umræðu. Ég hefði talið eðlilegast fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að öll kurl kæmust til grafar. Hér er reynt að fara þveröfuga leið. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það og segi auðvitað nei.

[12:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þetta er dapurleg tillaga sem kemur í veg fyrir að tekið verði markvisst á þessu ótrúlega máli. Ríkisstjórnarflokkarnir leggjast lágt með þessari málsmeðferð. Þeim mun þó ekki takast að kefla þingið lengi í þessu máli. Ég segi nei.

[12:17]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Öll rök hníga að því að nauðsynlegt sé að fram fari rannsókn í svonefndu Lindarmáli. Um það er ekki ágreiningur. Ágreiningurinn snýst um það hver eigi að framkvæma þá rannsókn. Eiga það að vera hlutlausir, fordómalausir aðilar, þeir aðilar sem Alþingi hefur veitt það hlutverk, ríkissaksóknari, Ríkisendurskoðun og fleiri slíkir, eða eiga það að vera pólitískir aðilar sem með umræðunni hér hafa staðfest að þeir hafi þegar kveðið upp dóminn og vilja blanda þessu í pólitískan hráskinnaleik?

Ég er mótfallinn því að hrifsa málið úr höndum hlutlausra aðila. Ég mun ekki styðja þá tillögu stjórnarandstæðinganna og segi því já við frávísunartillögunni.

[12:18]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Stjórnmálaumræðan, um meintar ávirðingar, hefur undanfarnar vikur verið á afar lágu plani og fyrir neðan virðingu hv. Alþingis. Málið hefur verið sett í ákveðinn farveg og það mun hafa sinn gang hjá þar til bærum aðilum. Ég tel óþarft að láta sleggjudóma og fordóma hafa áhrif á þann gang eins og hér var gerð tillaga um. Ég segi já við frávísunartillögunni.

[12:19]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram hlýtur að brenna á vörum landsmanna spurningin: Hvers vegna má sú rannsókn sem tillaga stjórnarandstöðunnar gerir ráð fyrir ekki fara fram, þrátt fyrir það að athugun fari fram á vegum saksóknara? Ég tel að það sé mjög ótrúverðugt fyrir stjórnarmeirihlutann á Alþingi og ríkisstjórnina að vísa málinu frá eins og hér á að gera. Ég segi því nei.

[12:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ríkisstjórnin og formenn þingflokka stjórnarflokkanna þora ekki að láta þingmenn stjórnarliðsins taka efnislega afstöðu til málsins og taka því frá þeim þann lýðræðislega rétt. Þar með eru þingmenn stjórnarliðsins, nauðugir viljugir, hluti af þeirri samtryggingu sem hér á sér stað í málinu og ráðherrarnir bera ábyrgð á.

Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa sýnt að þeir hafa engan skilning á eðli þingræðisins og eftirlitsskyldu Alþingis. Þeir hafa greinilega enga hugmynd um að rannsóknarnefndir eru til. Þær eru virkar í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þingræðið bíður hnekki verði þessi frávísunartillaga samþykkt. Ég segi nei.

[12:21]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það er hlutverk Alþingis að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið starfar á ábyrgð Alþingis. Með þessari tillögu er meiri hluti Alþingis að víkja sér undan þeirri ábyrgð. Þetta er sorglegt svo ekki sé sterkar að orði kveðið, hæstv. forseti. Ég segi nei.

[12:21]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. telur sig ekki hafa neitt að óttast í sambandi við þau mál sem hér hafa verið til umræðu. Hann ætti að fagna vandaðri umfjöllun af því tagi sem stjórnarandstaðan hefur lagt til. Meiri hlutinn ræður, segja valdsmenn.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði í atkvæðaskýringu áðan að umræðan hefði verið fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég tel að það væri virðingu Alþingis fremur samboðið að taka jákvætt á tillögu stjórnarandstöðunnar og segi að sjálfsögðu nei við þessari frávísunartillögu.

[12:22]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil segja það í þessari umræðu að ég treysti ríkissaksóknara betur en flestum mönnum til þess að rannsaka þá þætti sem hann á að rannsaka. Ég treysti Ríkisendurskoðun einnig fyllilega til þess að rannsaka þá þætti sem þeir hafa rannsakað.

Við í minni hlutanum hér á Alþingi höfum hins vegar lagt fram tillögu um að rannsókn fari fram, í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er alveg ljóst að meiri hlutinn

á hinu háa Alþingi treystir ekki því sem út úr þeirri rannsókn kynni að koma og hefur því lagt fram þessa tillögu á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Við frávísunartillögunni er ekki hægt að segja annað en nei.

[12:23]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er sérstakt, svo ekki sé meira sagt, að upplifa það að hér á að vísa frá tillögu þess efnis að þingið sjálft standi fyrir rannsókn á því hvað hæft er í mjög alvarlegum ásökunum sem bornar hafa verið á einstaka hv. þm., hæstv. ráðherra, á Ríkisendurskoðun, starfsfólk Ríkisendurskoðunar, ríkisendurskoðanda og síðast en ekki síst á Alþingi sjálft. Hv. þm. vita að þetta eru ásakanir sem hvorki ríkissaksóknari né Ríkisendurskoðun geta tekið til athugunar. Það er þinginu til vansa að vísa þessari tillögu frá. Ég harma þau málalok, ef það ætlar að verða endir þessa. Ég segi nei.

[12:24]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Alþingi er löggjafarstofnun og vettvangur pólitískra skoðanaskipta, ekki lögreglustöð eða endurskoðunarskrifstofa.

Þáltill. stjórnarandstöðunnar er vanhugsuð því málið er í réttum stjórnskipulegum farvegi. Ég segi já við þessari tillögu að rökstuddri dagskrá.

[12:25]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Herra forseti. Það hvernig stjórnarmeirihlutinn beitir valdi sínu á Alþingi er alvarlegt mál. Nú á að vísa því frá að Alþingi fjalli um málefni Landsbanka Íslands og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það eru útúrsnúningar að það sé hið sama og sú opinbera rannsókn sem fram fer á næstunni í málum viðskrh.

Alþingi hefur beðið álitshnekki í samskiptum við viðskrh. og ber ekki gæfu til að bregðast við. Útúrsnúningar forsrh. og bræði utanrrh. vekja athygli allra sem á hlýða. Boðskapur þeirra er að stjórnarandstaðan sé vond og fjölmiðlar enn verri. Auðvitað. Þjóðin er nefnilega mjög vel læs og staða viðskrh. er öllum ljós.

Þessu máli er ekki lokið, herra forseti. Það mun koma aftur til kasta Alþingis. Ég segi nei.

[12:26]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Hér hefur verið sagt að sú umræða sem farið hafi fram á Alþingi upp á síðkastið um þessi mál sé fyrir neðan virðingu þess. Hér hefur verið sagt að óeðlilegt sé að pólitískir aðilar fjalli um þau. Þarna greina menn kjarna málsins. Hann er sá að ekkert af þessum málum hefði komið fyrir almenningssjónir ef ekki hefði komið til íhlutun alþingismanna. Ekkert hefði verið upplýst, hvorki um Landsbankann né Lind ef ekki hefði komið til atbeini alþingismanna. Þá væri engin opinber rannsókn á málefnum Lindar. Þá sætu bankastjórarnir enn, virðulegi forseti.

Þessa aðstöðu þingmanna á nú að reyna að stöðva. Það á að reyna að koma í veg fyrir að Alþingi geti áfram beitt því valdi sem það hefur beitt með þeim árangri sem ég lýsti áðan. Forustumenn þingflokka stjórnarliða eru jafnframt að reyna að koma í veg fyrir að þingmenn stjórnarinnar þurfi að taka efnislega afstöðu til þess að kosin verði rannsóknarnefnd á Alþingi sem stjórnarflokkarnir hafi sjálfir meiri hluta í. Þeir treysta sér ekki einu sinni til að una því að fela nefnd rannsóknarvald, sem stjórnarflokkarnir sjálfir hefðu meiri hluta í. Ég segi nei.

[12:28]

**Sigríður Jóhannesdóttir:**

Hæstv. forseti. Alþingi hefur samkvæmt lögum eftirlitsskyldu með framkvæmdarvaldinu. Með samþykkt frávísunartillögu þeirrar sem hér liggur fyrir verður komið í veg fyrir að Alþingi geti gegnt þessari skyldu sinni. Hvað er það sem knýr hæstv. ríkisstjórn til að hindra þá rannsókn sem hér er lögð til? *Tíminn mun leiða það í ljós, herra forseti.* Ég segi nei.

[12:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það voru umræður og fyrirspurnir á Alþingi sem komu þessu máli af stað. Væri ekki fyrir rétt Alþingis til þess að krefja upplýsinga, þá hefði valdakerfinu í landinu væntanlega tekist að leyna þessu máli.

Alls staðar á þjóðþingum í kringum okkur og í stjórnmálum í kringum okkur er það alsiða, frekar reglan en undantekningin, að vandasöm og stór mál af þessu tagi séu sett í hendur á sérstökum rannsóknarnefndum, ýmist þingkjörnum rannsóknarnefndum eða nefndum sem skipaðar eru óháðum, valinkunnum og óumdeildum sérfræðingum í slíkum vandasömum verkum.

Hér á að koma í veg fyrir að Alþingi geti fylgt þessu máli eftir. Hæstv. forsrh. hefur haft í hótunum um að takmarka málfrelsi stjórnarandstöðunnar. Þá, herra forseti, er ekkert eftir annað en taka af Alþingi réttinn til þess að leggja fram fyrirspurnir. Er það kannski í vændum hér? Er verið að leggja drög að því með framkomu meiri hlutans hér á Alþingi? Ég segi nei við þessari gerræðislegu og óskynsamlegu frávísunartillögu sem er verst fyrir hæstv. viðskrh. sjálfan.

[12:31]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að fleiri en ég séu hugsi yfir stöðu Alþingis á þessu augnabliki. Verið er að taka ákvörðun um að hindra að það megi fara yfir stöðu og vinnubrögð t.d. bankaeftirlitsins í þessu máli til að styrkja bankaeftirlitið. Verið er að tala um að fara yfir stöðu stofnana eins og Ríkisendurskoðunar til að styrkja Ríkisendurskoðun. Verið er að tala um það í þessu sambandi að fara yfir vinnubrögð og stöðu ráðuneytanna, bæði forsrn. og viðskrn., til að styrkja þessar stofnanir sem lýðræðislegar aðalstofnanir. Það er það sem verið er að gera tillögu um af stjórnarandstöðunni, herra forseti.

Í þessu máli hafa verið bornar fram mjög alvarlegar ásakanir á einstaklinga eins og Steingrím Hermannsson, bankastjóra Seðlabankans, í blaðaskrifum að undanförnu. Enda þótt menn láti sér þessi blaðaskrif í léttu rúmi liggja þá held ég að það hefði verið skynsamlegt fyrir þingið, fyrir Seðlabankann og alla aðila, að þessi mál hefðu verið skoðuð í þaula. Það er verið að hindra það. Ég harma, herra forseti, að meiri hlutinn á Alþingi skuli vera svo lítilla sanda og lítilla sæva að hann þoli ekki og þori ekki að fallast á jafnsanngjarna tillögu og þá sem liggur fyrir frá stjórnarandstöðunni. Ég segi þess vegna nei við þessari gerræðislegu og ómerkilegu frávísun, ólýðræðislegu frávísunartillögu stjórnarflokkanna.

[12:32]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Sú tillaga til rökstuddrar dagskrár sem er flutt af formönnum þingflokka stjórnarflokkanna eru viðbrögð við því sem hv. 1. flm. þáltill. lagði til í lok máls síns að málinu yrði vísað til síðari umræðu. Það var samkomulag milli þingflokkanna um að tillagan yrði tekin til einnar umræðu en ekki meir.

Þeir efnisþættir sem koma fram í tillgr. eru allir til meðferðar í þjóðfélaginu, eru allir í ákveðnum farvegi. Þess vegna er tillagan óþörf og ég segi já við frávísun.

[12:33]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Virðulegi forseti. Að mínu mati er þessi till. til þál. fyrst og fremst tilraun til að halda áfram því pólitíska moldviðri sem hefur verið þyrlað upp á undanförnum dögum. Sem betur fer hefur orðið sú þróun á íslenskum fjármagnsmarkaði að fyrirtækin þar hafa orðið sterkari, sjálfstæðari og óháðari hinu pólitíska valdi. Þess vegna hafa menn nokkurn veginn getað haldið áfram störfum sínum í friði þrátt fyrir það umtal og þá umræðu sem hefur verið haldið gangandi. Ég tel að rétt sé að gefa stjórnarandstöðunni tækifæri til þess að byggja upp traust á sjálfri sér og þess vegna segi ég já við þessari frávísunartillögu.

***Um fundarstjórn.***

Orð formanns þingflokks Framsóknarflokksins.

[12:36]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Hér er ekki kostur á að biðja um orðið undir öðrum lið en ég verð að mótmæla því sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan sem röngu. Að sjálfsögðu var ekkert samkomulag við stjórnarandstöðuna um það að sú tillaga sem var vísað frá áðan kæmi aðeins til einnar umræðu. Það var samkomulag á milli stjórnarflokkanna en það gildir ekki um stjórnarandstöðuflokkana, þingmanninum til upplýsingar.

[Fundarhlé. — 12:37]

***Áfengislög, 3. umr.***

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 1515, brtt. 1535.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.***

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 1524, brtt. 1539.

[13:36]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð fyrst að segja að þegar brtt. koma fram við mál, frá nefndum eða formönnum nefnda eða jafnvel þó frá einstökum þingmönnum sé, milli 2. og 3. umr. þá kann ég því heldur illa að ekki sé mælt fyrir þeim tillögum og grein gerð fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á afgreiðslu mála milli umræðna. Ég tel að menn séu farnir að flýta sér fullmikið ef það gerist trekk í trekk að umræðum sé slitið og þar með lokað fyrir frekari efnislega umfjöllun um málin áður en að lokaafgreiðslu þeirra kemur á þingi.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill taka fram, vegna ummæla hv. þm., að hann marghringdi fundinn inn, tók málið síðan fyrir og gaf tóm til þess að hér yrði tekið til máls. Forseti hafði ekki hugmynd um það sem þingmaðurinn er að lýsa.)

Ég tel eðlilegt, herra forseti, en ég tek það fram að ég er ekkert að ásaka forseta sérstaklega í þessu tilviki, að það væri góð venja að kanna hvort flutningsmenn brtt. vilji mæla fyrir þeim eða hvort þeir hyggist sleppa því, áður en málin eru tekin fyrir til 3. og síðustu umr. Þeirri umræðu yrði síðan slitið ef enginn væri tiltækur í salnum til þess að mæla fyrir brtt. Þegar mikill hraði er á afgreiðslu mála, þá veitir ekki af því að reynt sé að skýra það eins og kostur er, m.a. með jafnsjálfsögðum hlut og þeim að gera a.m.k. stuttlega grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til milli umræðna. En ekki fleiri orð um þetta, herra forseti.

Ég ætla að mæla fyrir þeirri brtt. sem ég legg til við frv. til laga um eftirlit með fjármálastarfsemi. Ég boðaði hana reyndar að nokkru leyti í ræðu minni við 2. umr. málsins. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort komið sé stöðuskjal, eftir 2. umr. málsins, um málið sem nú er á dagskrá. Er búið að prenta það? Það var gerð breyting í gær á þeirri grein sem ég er að leggja til breytingu við, á nýjan leik, þ.e. 3. gr. frv.

Þannig er, herra forseti, að ég hafði tvíþættan fyrirvara á um þetta mál. Ég lýsti honum í gær. Hann laut annars vegar að stjórnsýslu hins nýja fjármálaeftirlits, stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar og hins vegar að samskiptum Fjármálaeftirlitsins við Seðlabankann. Ég er mjög ósáttur, herra forseti, við þann frágang á stjórnsýslulegri stöðu þessarar stofnunar sem nú á að afgreiða í stjfrv. Ég held að menn búi hér til aðstæður sem ekki eigi að gera með því að setja undir einn og sama hæstv. ráðherra jafnfjölþætt, í raun og veru andstæð, hlutverk og hér stendur til.

Sá ráðherra sem hér er átt við er hæstv. viðskrh. Hvaða hlutverk fer hæstv. viðskrh. með í þessu sambandi? Hæstv. viðskrh. er yfirmaður viðskipta- og bankamála. Hæstv. viðskrh. ber ábyrgð á framkvæmd löggjafar á þessu sviði og gegnir mjög viðtæku hlutverki að því leyti til. Þar er þó ekki allt upp talið, herra forseti. Þannig háttar til að á Íslandi er hæstv. viðskrh. einnig yfirmaður Seðlabankans. Það er alls ekki tilfellið í mörgum nálægum ríkjum. Það er m.a. til þess að undirstrika sjálfstæða stöðu seðlabankanna. Þeim skipað annars staðar en í því ráðuneyti sem fer með bankamál og viðskiptamál. Á þessu er að vísu allur gangur en þetta er þó víða þannig.

Í þriðja lagi er hæstv. viðskrh. í raun og veru „eigandi" ríkisbankanna, tveggja stærstu viðskiptabanka í landinu. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að selja þá?) Hann fer með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins og tilnefnir, án íhlutunarréttar annarra, stjórnir eða öllu heldur bankaráð þessara banka. Hér er hins vegar, í viðbót við allt þetta, herra forseti, lagt til að Fjármálaeftirlitið, sem áður var innan Seðlabankans að hluta til í formi bankaeftirlits og hafði þó þá vörn sem því var í sjálfstæðri stöðu Seðlabankans og þingkjörnu bankaráði Seðlabankans, færist beint undir viðskrh. og hann skipi stjórn þess. Hvað er þá að gerast, herra forseti, í stjórn-

sýslulegu samhengi þessa máls? Þar með eru undirmenn hæstv. viðskrh., jafnsettir undirmenn annars vegar í bankakerfinu, í ráðuneytinu eða í Fjármálaeftirlitinu farnir að hafa eftirlit hver með öðrum, menn sem hæstv. ráðherra sjálfur velur án tilnefninga. Það sem auðvitað er alvarlegast er að þær aðstæður geta iðulega komið upp að Fjármálaeftirlitið ætti, starfa sinna vegna, að hafa eftirlit með ráðherra sjálfum vegna þess að ráðherrann er stjórnskipulega ábyrgur fyrir framkvæmd bankamálalöggjafarinnar.

Þess vegna held ég, herra forseti, að það sé í öllu falli algerlega ótækt að ganga frá ákvæðum um stjórn hins nýja Fjármálaeftirlits eins og hér á að gera í frv. Ég margtók þetta mál upp í efh.- og viðskn. og reyndi að fá á því einhvern skilning og einhverja skoðun. Mér virtist nauðsynlegt að fara rækilega yfir það hvort ekki væri hægt að skipa þessum málum öðruvísi. Hér er að skapast hætta á hagsmunaárekstrum, á annarlegri stöðu trúnaðarmanna á þessu sviði og verið að setja viðskrh. í aðstæður sem koma til með að verða vandamál.

Við skulum taka dæmi af þeim hlutum sem hafa verið að gerast í bankaheiminum alveg nýlega. Halda menn t.d. að það hefði verið gott ef Ríkisendurskoðun hefði heyrt undir viðskrh.? Nóg er nú samt. Í raun og veru er verið að búa til aðstæður sem eru sambærilegar við það að viðskrh. hefði skipað stjórn Ríkisendurskoðunar og sett henni starfsreglur. Ríkisendurskoðandi hefði heyrt undir viðskrh. Halda menn að það hefði verið heppilegt? Af hverju eru menn að skapa þessar aðstæður?

Herra forseti. Úr því að það hefur ekki fengið neinar undirtektir, frekar en yfirleitt flest annað sem er lagt til í þessum efnum af hálfu ríkisstjórnarflokkanna sem velja þá leið að keyra mál sín í gegn án þess að hlusta á önnur sjónarmið, hvort sem er á þingi eða úti í þjóðfélaginu, þá mun ég flytja brtt. Ég ætla þá að leyfa meiri hlutanum að hafa heiðurinn af því að fella þær ef þeim þóknast, t.d. hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, sem ég veit að mun ekki verða flökurt af því miðað við ýmislegt sem hann hefur látið sig hafa um dagana.

Ég ætla þá líka að hafa það á hreinu, og það skal vera inni í þingtíðindunum, að ef þær aðstæður koma upp á næstu missirum, sem vel getur gerst, samanber margt sem hefur verið að koma upp úr pokanum á undanförnum mánuðum í fjármálaheiminum, að hið nýja Fjármálaeftirlit þyrfti að setja í gang rannsókn þar sem fjallað yrði um ábyrgð, annaðhvort undirmanna hæstv. viðskrh. í bankakerfinu eða ábyrgð hæstv. ráðherra sjálfs, þá skulu menn ekki segja að ekki hafi verið varað við þeim aðstæðum.

Það er, herra forseti, eins og menn hafi lítið lært. Það er eins og að þrátt fyrir allt hafi íslenska stjórnsýslan þroskast mjög lítið þegar til kastanna kemur, þrátt fyrir þær tilraunir sem uppi hafa verið í þá átt á undanförnum árum. Þessar tilraunir hafa falist m.a. í því að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi og gefa henni sjálfstæðari stöðu, í setningu stjórnsýslulaganna, setningu upplýsingalaganna og fleiri hluta sem vissulega eru af hinu góða. Þegar til kastanna kemur og þegar virkilega reynir á, þá hafa menn ekki þroskast mikið. Það sáum við því miður, herra forseti, í atkvæðagreiðslunni áðan þegar möguleikar Alþingis til þess að fylgja eftir málum, sem Alþingi hefur sjálft upplýst og komið af stað, voru takmarkaðir af meiri hlutanum. Hæstv. forsrh. gerði grín að Landsbankamálinu og Lindarmálinu og tilraunum stjórnarandstöðunnar til þess að upplýsa þau mál.

Hæstv. utanrrh. hafði það eitt til málanna að leggja að flytja mikinn reiðilestur sem enginn fékk neinn botn í hverju átti að standa fyrir. Og þegar meiri hlutinn síðan, með atkvæðum sínum hér, felldi tillögu um áframhaldandi rannsókn þessa máls veltir maður því auðvitað fyrir sér, herra forseti, hvort menn hafi lært mikið. Ég velti því fyrir mér í sambandi við þetta mál, herra forseti, hversu mikið menn hafi í raun og veru þroskast þegar til kastanna kemur. Verið er að búa til fyrirkomulag í stjórnsýslunni sem er svo bersýnilega óheppilegt, svo ég segi ekki óheilbrigt, að ekki þarf frekari rökstuðnings við.

Herra forseti. Sem lágmarksbreytingar að þessu leyti legg ég því til á þskj. 1539 að breyting verði gerð á 3. gr. Eins og hún er nú úr garði gerð, er kveðið eftirfarandi á um þetta:

„Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið."

Svo kemur í framhaldinu samkvæmt breytingu sem var afgreidd hér í gær:

„Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskrh."

Hér er Fjármálaeftirlitið sett undir viðskrh. með algjörlega venjulegum hætti án þess að nokkur sérstök skilgreining sé á því í frumvarpstextanum að hvaða leyti Fjármálaeftirlitið skuli þá hafa sjálfstæða stöðu. Þvert á móti er það ekki gert. Í raun og veru er ekki hægt að lesa þennan texta öðruvísi en þannig að Fjármálaeftirlitið eigi að vera venjuleg ríkisstofnun undir viðskrh. að öllu leyti. Það þýðir þá að ráðherrann er að sjálfsögðu stjórnsýslulega ábyrgur fyrir öllu sem þar gerist en á hina hliðina hefur þá ráðherrann í raun og veru boðvald yfir stofnuninni. Ég legg til, herra forseti, að 2. málsl. 3. gr. orðist þannig:

„Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun á málasviði viðskiptaráðherra en lýtur sérstakri stjórn."

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Þetta þýðir að *Fjármálaeftirlitið er ekki venjuleg ríkisstofnun sem heyrir beint undir* viðskrh. heldur er hún með sérstöku orðalagi færð undir málasvið ráðherrans en ítrekað er að hún lúti sérstakri stjórn og að *stofnunin sé sjálfstæð*. Sem þýðir að sjálfsögðu að ráðherrann á ekki að hafa boðvald eða geta hlutast til um einstaka hluti þar innan stofnunarinnar þó að hún starfi á viðkomandi *málasviði, starfi í skjóli viðskrn. ef svo má að* orði komast.

Í fyrri mgr. 4. gr., eins og hún er nú samkvæmt frv., herra forseti, er fjallað þannig um þetta:

„Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna."

Þetta er allt innan fjölskyldunnar. (**Gripið fram í:** Eða flokksins.) Eða flokksins. Ráðherrann skal skipa tvo af þremur án tilnefningar, tvo af þremur varamönnum án tilnefningar með hefðbundnum hætti eins og um venjulega ríkisstofnun, sem undir hann heyri, sé að ræða. Seðlabankinn fær að vísu náðarsamlegast að tilnefna einn mann og annan til vara en hvað er Seðlabankinn í þessu samhengi? Jú, hann heyrir undir viðskrh. Allir vita að þetta var dúsa sem var stungið í munn Seðlabankans sem pínulítilli sárabót fyrir að bankaeftirlitið var tekið af honum. Það veit það allur bærinn.

Herra forseti. Þannig er þetta, þetta er innan fjölskyldunnar ef ekki flokksins.

Ég legg til sem lágmarksbreytingu að Alþingi kjósi stjórnina. Og að fyrri mgr. 4. gr. orðist svo:

„Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn og jafnmargir til vara sem Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum."

Með þessu væri komið í veg fyrir að undirmenn viðskrh., sem hann skipar án tilnefninga í stjórn, réðu forstöðumann Fjármálaeftirlitsins. Þannig er frv. úr garði gert. Að trúnaðarmenn ráðherrans eiga að ráða æðsta starfsmann eftirlitsins. Það liggur þar af leiðandi í hlutarins eðli að sá starfsmaður er þegar af þeim ástæðum þannig venslaður ráðherranum sem ég tel ekki við hæfi í þessu sambandi. Það að Alþingi kjósi stjórnina, að stjórnin skipti sjálf með sér verkum þannig að ráðaherrann sé ekki að ákveða hver sé þar formaður, og að í 3. gr. sé tekið fram að um sjálfstæða ríkisstofnun sé að ræða sem heyri ekki undir ráðherrann með venjubundnum hætti heldur starfi í skjóli ráðuneytisins í krafti sjálfstæðrar stöðu er að mínu mati til muna skárri frágangur á málinu.

Hins vegar má vissulega deila um það og halda því fram að með því væri of skammt gengið. Ég tel koma fyllilega til greina að þessi starfsemi, eins og Ríkisendurskoðun, eins og umboðsmaður Alþingis, væri frekar færð til Alþingis og starfaði í skjóli þess. Fyrst og fremst á þetta eftirlit og verður að vera sjálfstætt. Það verður að tryggja að aldrei geti annarleg tengsl eða hagsmunir komið í veg fyrir að mikilvæg eftirlitsstarfsemi af þessu tagi fari fram og sé á sjálfstæðum, faglegum grunni.

Þrátt fyrir að ýmislegt megi vissulega segja um framgöngu Ríkisendurskoðunar á undanförnum árum er enginn vafi á því að sú aðgerð að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi styrkti þá stofnun og hefur gert henni betur kleift að stunda óháða og sjálfstæða starfsemi á sínu sviði. Ég minni t.d. á í því sambandi greinargerðir Ríkisendurskoðunar frá umliðnum missirum þar sem fjmrn. hefur verið gagnrýnt. Þar sem fjmrn. hefur og t.d. á köflum, eins og í ÞÞÞ-málinu, verið harkalega gagnrýnt. Muna menn eftir slíkri gagnrýni frá Ríkisendurskoðun frá þeim tíma að hún var deild í fjmrn.? Man einhver eftir því hér inni? Getur hæstv. fjmrh. kannski upplýst okkur um hvort það hafi farið mikið fyrir því að Ríkisendurskoðun brúkaði kjaft varðandi stjórnsýslu fjmrn. meðan hún var deild þar, skúffa í því ráðuneyti? Nei, ætli það?

Ætli það sé ekki þannig að einmitt hin sjálfstæða og sterka staða Ríkisendurskoðunar, sem búin var til með því að færa hana undir Alþingi, sé forsenda þess að Ríkisendurskoðun hefur í vaxandi mæli á umliðnum árum farið að sinna eftirlitshlutverki sínu líka með ráðuneytunum og leyft sér að hafa álit á stjórnsýslu þeirra?

Ég óttast að staða hins nýja Fjármálaeftirlits verði mjög veik þegar kemur að því að fjalla um undirmenn hæstv. viðskrh. eða hann sjálfan en það á að vera samkvæmt hlutverki þessarar stofnunar eitt af aðalviðfangsefnum Fjármálaeftirlitsins á komandi árum. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli að það verður eitt af aðalhlutverkum Fjármálaeftirlitsins, sem tekur við öllu bankaeftirliti í landinu, að sinna skyldum sínum á því sviði.

Herra forseti. Í raun og veru hefur ekki heyrst múkk í umræðum um þennan þátt málsins, hvorki frá hæstv. viðskrh., hv. formanni efh.- og viðskn. Vilhjálmi Egilssyni (**VE:** Það stendur til bóta.) — það stendur kannski til bóta — né heldur t.d. frá hæstv. fjmrh. Ég sakna þess að menn skuli ekki hafa fengist til að ræða þennan þátt málsins því að hér er stórt mál og mikið alvörumál á ferð. Það kæmi mér á óvart ef menn væru a.m.k. ekki pínulítið haltir í því að rökstyðja það af miklum þrótti að þetta væri góður frágangur á málinu. Að vísu verður fróðlegt að heyra í hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, sem eins og kunnugt er hefur ekki verið í vandræðum með að rökstyðja það stundum að menn séu í margvíslegum hlutverkum í einum og sama manninum. Minnir hann mann stundum á: Löngum var ég læknir minn, lögfræðingur, prestur — og allt þar til viðbótar. Nú, það getur vel verið að á máli hv. þm. sé hagræðing að hafa þetta allt í einni skúffu, hafa þetta bara allt undir einum og sama manninum og láta viðskrh. ráða þessu öllu einan. Örugglega gæti það fallið ágætlega saman við hugmyndir hæstv. forsrh., sem eru eins og kunnugt er, fyrst og fremst þær um þessar mundir að hann eigi að ráða. Aldrei hefur það gerst eins oft á einu vori svo ég muni að einn og sami maðurinn hafi jafnoft opinberað þann hugsunarhátt sinn að allt annað en hann einn ráði sé óhæfa. Þannig hefur það komið fram ítrekað og trekk í trekk hjá hæstv. forsrh. að hann eigi að ráða yfir Alþingi, hann eigi að ráða yfir ríkisstjórninni og hann á auðvitað að ráða úrslitum í kosningum, því að það fer ákaflega í taugarnar á hæstv. forsrh. ef hann ræður ekki úrslitum í kosningum, t.d. í sínum hreppi. Öll þjóðin varð vitni að því hversu dásamlega trompaður hæstv. forsrh. varð þegar úrslitin í Reykjavíkurhreppi urðu ekki eins og honum þótti við hæfi.

Herra forseti. Það er að vonum að maður spyrji sig að því stundum hversu mikið hafi þrátt fyrir allt breyst í hinu íslenska stjórnkerfi og í hinni íslensku stjórnsýslu þegar valdboðshugsunarhátturinn ríður húsum með þeim hætti sem hér gerist ítrekað og endurtekið og trekk í trekk. Það er eiginlega dapurlegt, herra forseti, að ekki skuli fást t.d. á Alþingi í umræðum um stórmál af þessu tagi upp meiri grundvallarumræða eða öllu heldur umræða um grundvallaratriði mála af þessu tagi, eins og þetta hér, hvernig eðlilegt sé að koma fyrir í stjórnskipulegu tilliti starfsemi af þessu tagi og hvar færi best á því að hún yrði vistuð.

Ég ætla með tilliti til aðstæðna, herra forseti, og í ljósi þess að hér er upp runninn væntanlega síðasti sólarhringur þinghaldsins nema ef vera skyldi næstsíðasti, ekki hafa orð mín fleiri og vona að mér hafi tekist að rökstyðja sæmilega að þörf er á því að gera þær breytingar sem ég er að leggja til.

[13:58]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hugmyndir hv. þm. voru ræddar allítarlega í efh.- og viðskn. og fyrir þeim var ekki stuðningur. Ástæðan er einfaldlega sú að það má nánast segja að hv. þm. sé að setja á hvolf allar venjulegar leiðir í uppbyggingu á íslensku stjórnkerfi. Það hefur verið eitt af grundvallaratriðum í stjórnkerfi okkar að einstök ráðuneyti bæru ábyrgð á eftirlitsstofnunum á sínu sviði og þau heyrðu undir það. Vandamálið sem hv. þm. kemur inn á er að að hluta til getur viðkomandi fagráðherra verið bæði fjárgæslumaður ríkissjóðs varðandi einstök fyrirtæki sem undir hann heyra líka og á sama tíma með reglugerðarsetningarvald og yfirmaður eftirlitsstofnunar á sviði hans. Þetta vandamál er að sumu leyti að verða minna eftir því sem einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum fleygir fram og það hefði í rauninni verið rökréttari tillaga frá hv. þm. að fjárgæsluhlutverkið færðist frá fagráðuneytinu yfir á fjmrn. eða eitthvað slíkt, þ.e. að fjmrn. færi með öll hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækjum, sama hvaða fyrirtæki það væru.

Hins vegar vil ég rifja upp að hv. þm. var eitt sinn hæstv. samgrh. og var hann þá í því hlutverki með Póst og síma að vera ekki einungis fjárgæslumaður ríkissjóðs varðandi þann fyrirtækjarekstur heldur stundaði Póstur og sími líka ákveðið stjórnsýsluhlutverk og var eftirlitsstofnun í leiðinni, allt þrennt í einu. Hv. þm. vann í hlutverki samgrh. með mér og öðrum að því að færa fjarskiptaeftirlitið út úr Pósti og síma, sem var mjög gott, en það heyrði engu að síður áfram undir hann sem samgrh. Hann skynjaði það vandamál þá en gekk hins vegar ekki alla leið að færa fjarskiptaeftirlitið undir einhvern annan ráðherra en sjálfan sig. Ég held að þessi mál þau fari í einhvern eðlilegan farveg sem verður þá fyrst og fremst í þá átt að fjárgæsluhlutverkið fari úr fagráðuneytunum, annaðhvort með einkavæðingu eða þá með því að hlutabréf færist undir fjmrh.

[14:00]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki lesið brtt. nógu vel því hv. þm. talar um að færa hlutina undir annað ráðuneyti. Ég er ekki að leggja það til. Það sem brtt. fela í sér, sem lágmarksbreytingu af minni hálfu, er að skapa Fjármálaeftirlitinu sjálfstæðari stöðu þó að það starfi áfram í skjóli viðskrn. Það ætti að hafa þingkjörna stjórn og væri tekið fram í lögunum að það hefði mjög sjálfstæða stöðu. Það á ekki að heyra beint undir ráðherrann eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er auðvitað verulegur munur á því hvort málin eru sett þannig upp að um venjubundna ríkisstofnun, sem heyri undir ráðherrann án nokkurrar frekari skilgreiningar, sé að ræða eða hvort um er að ræða sjálfstæði af þeim toga sem ég er hér að reyna að leggja til, með sjálfstæðri þingkjörinni stjórn sem ræður starfsmennina en ekki stjórn sem hæstv. ráðherra skipar.

Ég þakka hv. þm. fyrir að rifja það upp að einmitt í minni tíð var unnið að margvíslegum stjórnsýsluumbótum af þessu tagi, hjá Pósti og síma, og í Flugmálastjórn, það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Enda var mér þá ljóst og er jafnvel enn betur ljóst núna, að margt í stjórnsýslu okkar, sem við höfum erft frá fyrri árum og áratugum, við sem komið höfum að þessum málum á síðustu árum, er mjög frumstætt að þessu leyti. Það er löngu tímabært að gera þarna miklar úrbætur.

Þeim mun dapurlegra er að sjá góða drengi eins og hv. þm. Vilhjálm Egilsson koma upp og rembast við að verja forneskju af því tagi sem hér á að festa í sessi með stjórnskipulegri stöðu nýrrar stofnunar, nýrrar og mjög mikilvægrar stofnunar sem á að hafa eftirlit og víðtækt vald í málefnum allrar bankastarfsemi, verðbréfaviðskipta og trygginga í landinu, þar sem m.a. er höndlað með sparifé landsmanna. Að bera þetta saman við litlar, faglegar eftirlitsstofnanir á fagsviði einstakra ráðuneyta er barnalegt, hv. þm. Hér er auðvitað um miklu stærri, afdrifaríkari og sérhæfðari mál að ræða en svo að það sé sæmandi málflutningur.

Að lokum tek ég fram að ég er ekki sammála því að leysa þetta mál með því að gefa bankana, eins og ég veit að stjórnarþingmenn blóðlangar til að gera. Ég vil reka hér a.m.k. einn öflugan íslenskan þjóðbanka.

[14:03]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verður að velja orðum mínum þau lýsingarorð sem honum finnst við eiga. Í sjálfu sér er ekkert við því að segja annað en að þau lýsa að málflutningi hans jafnt og mínum.

Varðandi það að setja stjórn Fjármálaeftirlitsins undir Alþingi þá tel ég að það sé á skjön við þá þróun sem verið hefur hér á undanförnum árum, að það er að það eigi að vera hlutverk fagráðuneytanna að reka þessar eftirlitsstofnanir með markaðnum á því sviði sem við á hverju sinni. Eins er það hlutverk ráðuneytanna að sjálfsögðu að annast alla þá stjórnsýslu sem sinna þarf á viðkomandi mörkuðum.

Ég viðurkenni alveg að ég held að það væri affarasælla fyrir þau fyrirtæki sem starfa á fjármagnsmarkaðnum að þau yrðu einkavædd og störfuðu eftir sömu leikreglum og viðmiðunum og önnur fyrirtæki í landinu. Þess vegna tel ég að framtíðin muni leysa þetta mál af sjálfu sér, að ráðherrann á þessu sviði verði ekki bæði fjárgæslumaður ríkissjóðs og eins í hlutverki eftirlitsstjórnvalds eða reglugerðasetningaraðila. Ég tel að það væri æskileg þróun.

Ég tel að það væri afturför og á skjön við uppbyggingu stjórnsýslunnar hjá okkur að Alþingi kysi sérstaklega stjórn Fjármálaeftirlitsins. Þetta er eðlilegt hlutverk viðskrn., að reka þessa stofnun, og þess vegna tel ég tvímælalaust að það fyrirkomulag eigi að hafa.

[14:05]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú ætla ég að vera voðalega prúður og prófa að orða þetta þannig: Mér finnst málsvörn hv. þm. veikluleg. Ég tek eftir því að hv. þm. kýs að ræða ekki eitt aðalatriði í þessu máli öðruvísi en með þeim frasa að best væri að einkavæða bankana.

Það sem ég tel gera útslagið í þessu máli er sú staðreynd, sem hv. þm. kallar á fínu máli að hæstv. ráðherra sé fjárgæslumaður hagsmuna ríkissjóðs, en á mannamáli og í praxís virkar kerfið þannig að Finnur Ingólfsson á bankana. Í praxís á Finnur Ingólfsson, hæstv. viðskrh., Landsbankann og Búnaðarbankann. Samt á hann að stjórna bankaeftirlitinu eða Fjármálaeftirlitinu í þessu nýja fyrirkomulagi.

Það má vel vera einhvers staðar í áformum stjórnarflokkanna að einkavæða bankana, láta þá fara fyrir lítið, svo sem eins og hálfvirði eins og fyrrv. fjmrh. hafði hugmyndir um fyrir nokkrum árum. Hann taldi svo mikilvægt að losna við bankana að það yrði að hafa það, jafnvel þó að það yrði að láta þá fara á hálfvirði, það væri samt til þess vinnandi. Þannig voru hugmyndirnar þá. Þó það kunni að verða einhvern tíma í framtíðinni að bankarnir komist úr meirihlutaeigu ríkisins, þá eru þeir það í dag. Það sem meira er, sú afturför í lýðræðislegu eða þingræðislegu tilliti hefur orðið að í staðinn fyrir að Alþingi kjósi bankaráðin þá skipar viðskrh. bankaráðin eigin hendi. Hann fer með bankana eins og hann eigi þá algjörlega einn, þetta sé hans prívateign. Stjórnsýslan er þannig, menn verða að fara að horfast í augu við það. Það kýs hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að ræða ekki nema á dulmáli. Fjárgæslumaður hagsmuna ríkissjóðs heitir það. Óheppilegt kannski og þarf að komast út úr því.

Þetta er mjög veikluleg málsvörn, herra forseti. Ég endurtek að hér er ekki um að ræða eftirlit á faglegum sviðum í einstökum ráðuneytum. Hér er um miklu stærri mál að ræða en svo.

[14:08]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. viðskrh. er í húsinu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að svo er.)

Þá óska ég eftir því að hann verði kallaður í salinn.

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ég spyr, herra forseti, lykilspurningar í þessu máli: Hefði þessi stofnun komið í veg fyrir að það gerðist, sem menn þekkja að gerðist í fyrirtækinu Lind hf.? Hefði þessi stofnun komið í veg fyrir það? Hvað í þessum lögum er þannig að Alþingi getur nú, einmitt á þessum degi, sagt við sjálft sig: Já, hér afgreiðum við góða fjármálaeftirlitsstofnun sem hefði komið í veg fyrir að það gerðist sem menn kannast við úr Lindarmálinu? Ég vil líka spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson, baráttumann fyrir málinu, hvað er það, nákvæmlega í þessu frv., sem hefði hindrað það.

Þá ætla ég aðeins að fara yfir þetta mál. Í fyrsta lagi, herra forseti. Hefði þessi stofnun getað komið í veg fyrir það að banki eða bankastjóri hefði veitt fyrirtæki eins og Lind 200 millj. kr. ábyrgð tvisvar sinnum af bankastjóranum einum, án þess að bera það undir bankaráð? (**Gripið fram í:** Þeir voru þrír.) Ég var nú ekki að tala um það. Ég var að tala um bankastjórana, hvort sem þeir eru einn eða þrír. Hefði það getað gerst að bankastjóri í banka sem er eign þjóðarinnar, hefði getað afhent þessu eina fyrirtæki tvisvar sinnum 200 milljónir af eign þjóðarinnar í ábyrgð fyrir þetta fyrirtæki, sem var að margra mati þá þegar fallítt? Hvað í þessu frv. hefði stoppað svoleiðis vinnubrögð? Það er alveg óhjákvæmilegt að fá það upplýst. Að hvaða leyti er þetta til að bæta það? Að hvaða leyti hefði þetta komið í veg fyrir þessa sóun á fjármunum þjóðarinnar?

Í öðru lagi, herra forseti, hvað í þessu frv. hefði tryggt að bankaeftirlitið hefði getað sett bankanum skorður fyrr heldur en gert var? Hvað í þessu frv. skapar möguleika á að setja bankanum lagalegar skorður fyrr heldur en gerðist, áður en í óefni var komið upp á 707 millj. kr.? Hvað nákvæmlega í frv. er þannig?

Það er alveg óhjákvæmilegt að fá upplýst, herra forseti, frá hæstv. viðskrh.: Treystir hann sér til þess að lýsa því yfir að frv. af þessu tagi, verði það að lögum, geti komið í veg fyrir það sem þarna gerðist eða hefði getað stöðvað málin fyrr en raunin var?

Þessi spurning til hæstv. viðskrh. er sérstaklega mikilvæg nú. Í dag reiddi hann fram lögfræðiálit þar sem reynt er að taka frá honum alla ábyrgð í málinu, lögfræðiálit sem er svoleiðis með ólíkindum. Annað eins hefur ekki sést hér í þessum sal. Þar er reynt að taka alla ábyrgð frá ráðherranum þó að hann hafi séð skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem látið er liggja að því að um sé að ræða stórkostlega vítaverða vanrækslu sem varði jafnvel við lög, jafnvel hegningarlög. Þó að þau mál liggi þannig þá virðist ráðherrann ekki hafa þurft að bregðast við. Þurfti bankaeftirlitið ekki að bregðast við? Þurfti Ríkisendurskoðun ekki að bregðast við? Þurftu bankastjórarnir ekki að bregðast við? Þurfti bankaráðið ekki að bregðast við? Þurfti enginn að bregðast við?

Hvað, hér í þessu skjali, er þannig að tryggt sé að brugðist verði við? Það er aðalatriðið. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að þingið hafi það á tilfinningunni a.m.k. að það sé að samþykkja lög sem hafi það í för með sér að viðvörunarbjöllur klingi í tæka tíð, áður en allt er um seinan í málum. Ég get ekki lesið það út úr þessum texta hér, ég segi það alveg eins og er.

Þegar það bætist svo við, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að rekja hér áðan, að þessi stofnun heyrir undir ráðherrann sem á líka að hafa með ríkisbankana að gera, svo lengi sem þeir eru til, þá sé ég ekki neitt nýtt í þessu frv. umfram það sem þegar er í lögum um bankaeftirlitið. Ímyndum okkur svo, herra forseti, að það ólíklega gerðist að hæstv. viðskrh. réði framsóknarmann sem forstjóra stofnunarinnar. Það er til margt verra en þeir. Sá þyrfti jafnframt að hafa eftirlit með öllum hinum framsóknarmönnunum í kerfinu. Þá væri auðvitað komin mikil hætta á að pólitísk vensl og pólitískir múrar loki af það sem almenningur á að sjá en menn vilja ekki að hann sjái.

Ég tel, herra forseti, að það sé bíræfni, að vera með þetta mál til 3. umr. á þessum degi, miðað við aðstæður. Af því að það er ekkert í þessu máli sem lagar þann vanda sem við vorum að ræða í morgun. Hæstv. forsrh., viðskrh. og fleiri voru að tala um að málið væri í réttum farvegi, þetta Lindarmál, hjá ríkissaksóknara og þess vegna mætti ekki samþykkja tillögu stjórnarandstöðunnar. Veruleikinn er auðvitað sá að Lindarmálið er í farvegi þar en það eru mörg önnur mál, m.a. tengsl, þar á meðal pólitísk tengsl, sem þarf að rekja í tengslum við þessi mál.

Það er óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. svari því og hæstv. forsrh. gjarnan líka: Hvað í þessu frv. hefði komið í veg fyrir Lindarmálið, í nýju fjármálaeftirlitsstofnuninni sem á að setja á stofn? Hvað er það nákvæmlega? Það á að sameina bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið? Hvað hefði komið í veg fyrir að það sem gerðist? Eru hér viðvörunarbjöllur? Ef einhver getur sýnt mér fram á að svo sé, þá skal ég glaður samþykkja þetta frv. með lófataki ef það væri heimilt samkvæmt þingsköpum. Það er hins vegar ekkert í þessu, því miður. Ég sé það a.m.k. ekki enn þá.

Auðvitað stöndum við á þessum degi, herra forseti, frammi fyrir þessum umræðum öllum í forundran. Hæstv. forsrh. gerir í fyrsta lagi lítið úr því að hann hafi vitað eitthvað um þetta mál með löngum fyrirvara, telur að hver sem var læs hefði átt að geta vitað um málið. En átti hann ekki að leggja málið fyrir ríkisstjórnina? Þó að ríkisstjórnin sé ekki fjölskipað stjórnvald þá hefur hann pólitíska forustu stjórnarinnar. Af hverju var það ekki gert? Af hverju láta menn sér nægja að skrifa bankastjórum Landsbankans bréf til þess að leysa málin? Af hverju var ekki tekið mark á viðvörunum bankaeftirlitsins? Hvað er það í þessu frv. sem gerir Fjármálaeftirlitið sterkara en bankaeftirlitið? Ég spyr.

Það kom fram að bankaeftirlitið taldi að formaður bankaráðs Landsbankans, sem var hér fyrir fáeinum missirum, mætti ekki vera í stjórn VÍS. Segjum að það hafi gerst á mánudegi. Á föstudegi hafði bankaeftirlitið snúið við blaðinu, skipt um skoðun. Hvað í þessu frv. er þannig að því megi treysta að bankaeftirliti framtíðarinnar verði ekki snúið eins og vindhana eftir pöntunum? Hvað er hér sem kemur í veg fyrir það, herra forseti? Hvað í þessu máli kemur í veg fyrir að menn noti sér pólitísk tengsl til þess að loka inni mál með þeim hætti sem við höfum rætt í tengslum við Lindarmálið? Það er ekki neitt. Þess vegna er alveg lífsnauðsynlegt að tillaga eins og sú sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur verði samþykkt. Það sem í henni stendur er í rauninni saklaust, það er ekki verið að flytja stofnunina frá ráðherranum. Hér er lagt til að við 3. gr. bætist orðin: „Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun á málasviði viðskiptaráðherra en lýtur sérstakri stjórn.“ Það er í rauninni lágmarkssanngirni að menn komi til móts við stjórnarandstöðuna með því að samþykkja þetta. Til viðbótar leggur svo hv. þm. til eftirfarandi: „Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn og jafnmargir til vara sem Alþingi kýs til fjögurra ára

í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Viðskrh. skal ákveða þóknun stjórnarmanna."

Með þessu væri stigið lítið skref til að gera stofnunina sjálfstæðari gagnvart viðskrh. en nú er. Reyndar hefur hæstv. viðskrh. ekki tjáð sig um þessa tillögu. Kannski samþykkir hann hana vegna þess að í rauninni væri það skynsamlegt miðað við allar aðstæður og miðað við þá stöðu sem er uppi í málinu í dag og kannski er það þannig að stjórnarflokkarnir hafi þegar gert upp við sig að samþykkja tillöguna. Mér heyrðist það reyndar ekki á hv. 5. þm. Norðurl. v. En kannski gæti hæstv. viðskrh. hugsað sér að koma til móts við þann anda sem er í tillögunni. Ég vil inna hann eftir því hvort hann er tilbúinn að samþykkja tillöguna eða einhverja svipaða tillögu vegna þess að hann hlýtur að sjá það að ef Alþingi fer að samþykkja þetta mál óbreytt í dag án þessara breytinga vekur það tortryggni. Það er ekki gott fyrir nýja stofnun að leggja af stað með slíkt á bakinu.

Herra forseti. Ég held að alveg nauðsynlegt sé að þetta verði skoðað vegna þess líka að móttökur þær sem stjórnarandstaðan fær þegar hún gerir tillögu um rannsókn á málum eru ekki góðar. Þá er það þannig að sá ágæti maður hæstv. utanrrh. hrópar að a.m.k. Maó og Stalín ætli sér að taka málin í sínar hendur þegar lagt er til að þingmenn stjórnarflokkanna fái meiri hluta í nefnd til að rannsaka og finnst mér það út af fyrir sig merkileg uppgötvun ef hæstv. utanrrh. lítur þannig á að Maó og Stalín séu í þingliði stjórnarflokkanna. (**Menntmrh.:** Stjórnarflokkanna?) Hæstv. menntmrh. tók allt í einu við sér. Hann var hissa á því að hafa þessa félaga sína Maó og Stalín í meiri hlutanum og það er von að hann kipptist við miðað við fortíð hans í stjórnmálaumræðum. Það er von að hæstv. ráðherra kippist við og sé undrandi. (**Menntmrh.:** Ég hélt að þeir væru í flokki með hv. þm.) Það er nefnilega það. Hæstv. menntmrh. hefur haldið því fram en hæstv. utanrrh. telur að þeir séu í liði stjórnarflokkanna.

Af hverju fór hæstv. utanrrh. að nefna þessa menn? Það var vegna þess að gerð var tillaga um rannsóknarnefnd. Hverjir ætli hafi gert fyrst og síðast tillögu um rannsóknarnefnd á Alþingi Íslendinga? Síðasta tillagan var frá Páli Péturssyni, hæstv. félmrh. Um hvað var hún? Um ráðningu Hrafns Gunnlaugssonar sem framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins. Hverjir fluttu þá gerræðislegu tillögu? Hverjir voru Maó og Stalín í þeirri grúppu? Það var náttúrlega í fyrsta lagi Páll Pétursson, hæstv. félmrh. Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, það var hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, situr nú á Bessastöðum. Menn kannast við hann, gæti ég ímyndað mér. Einn og einn maður hefur heyrt hann nefndan. Og það var hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þetta voru þau Maó og Stalín sem lögðu til að ráðning á framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins yrði skoðuð á sínum tíma.

En þegar jafnsjálfsagðri tillögu eins og þeirri sem við lögðum fram í morgun er vísað frá með hrópyrðum af því tagi sem hæstv. utanrrh. gerði, veltir maður því náttúrlega fyrir sér hvað stjórnarandstaðan á eiginlega til bragðs að taka í þessari stofnun. Auðvitað verð ég að endurtaka það sem ég sagði í morgun í umræðum um þessa rannsóknarnefndartillögu, mér fannst næstum vænt um að hæstv. utanrrh. skyldi skipta skapi í þessu máli vegna þess að það benti til þess að honum væri ekki alveg sama um málið og hann tæki í rauninni nærri sér þá umræðu sem væri í gangi og mér finnst það manneskjuleg viðbrögð. Mér þótti næstum að segja vænt um að hæstv. ráðherra skyldi bregaðst við með þeim hætti frekar en í þessum meistarafimleikum útúrsnúninganna sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson iðkaði í morgun.

Herra forseti. Ég held þess vegna í ljósi þess hvernig tilraunum okkar til að taka á málum hefur verið tekið og í ljósi aðstæðna sé alveg óhjákvæmilegt að tillaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar komi til atkvæða og verði samþykkt vegna þess að þar er um að ræða algera lágmarkstilraun til þess að þetta Fjármálaeftirlit verði alvörustofnun en ekki bara plat, bitlingur fyrir flokksgæðinga. „Forstjóri Fjármálaeftirlitsins er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra. Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar."

Hverjir eru í stjórninni? Þriggja manna stjórn. Viðskrh. skipar til fjögurra ára í senn: Einn stjórnarmaður eftir tilnefningu frá Seðlabankanum, varamenn skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna. Hann skipar tvo og formann. Hvað gerir stjórnin svo? Hún ræður forstjórann í þessari mikilvægu eftirlitsstofnun sem á að fylgjast með öllu vátryggingar- og bankakerfinu í landinu. Er nokkuð óeðlilegt við það að þingmenn láti sér detta í hug að búa betur um stjórnina en þarna er um að ræða? Þess vegna skora ég á hæstv. viðskrh. að sýna þá sanngirni, yfirsýn og réttsýni að samþykkja þessa tillögu. Þetta er fín tillaga.

[14:24]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvaða trygging væri í frv. fyrir því að aldrei gerðist neitt slíkt eins og hér hefur verið að gerast á fjármagnsmarkaðinum að undanförnu. Auðvitað geta menn aldrei gefið óyggjandi tryggingar í þessu sambandi og það ætla ég ekki að reyna að gera. En þetta frv. gengur út á það að styrkja allt eftirlit með fjármagnsmarkaðnum í landinu. Það lýsir sér best t.d. í 2. gr. frv. þar sem allur fjármagnsmarkaðurinn er nú tekinn undir eina samræmda stjórn og eitt samræmt eftirlit. Það er grundvallaratriði.

Varðandi þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur þá gengur hún akkúrat þvert á það sem menn hafa í raun og veru verið að reyna að gera á undanförnum árum.

Vandamálið í Landsbanka- og Lindarmálinu er að Alþingi kaus m.a. bankaráð Landsbankans. Viðskrh. hafði ekki beint boðvald þar yfir. Ábyrgðarsambandið var ekki beint á milli viðskrh. og bankaráðsins. Það er það sem er vandamálið í að koma ábyrgðinni á réttan stað og það er það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að boða með tillögu sinni hér. Þess vegna er sú stjórnsýsla sem sett er upp með þessu frv. eins og ég sá að hv. þm. Svavar Gestsson var að lesa um í fyrsta skipti í ræðustólnum vegna þess að við fyrri umræður sagði hann að viðskrh. mundi ráða einhvern framsóknarmann í starfið. Það er nefnilega alls ekki viðskrh., eins og hv. þm. kom síðar inn á, sem skipar í starfið heldur er það stjórn eftirlitsins sem ræður viðkomandi forstöðumann. (**Gripið fram í:** Hver skipar hana?) Það er viðskrh. sem skipar hana og ef hv. þm. er vanur því að þeir menn sem skipaðir eru í stjórn af ráðherrum séu viljalaus verkfæri í höndum ráðherranna þá er það bara alls ekki svo. En hv. þm. kannast kannski betur við þá hluti en sá sem hér stendur.

[14:26]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera neinar tillögur um það hver hæstv. ráðherra mun stuðla að því að verði skipaður sem forstjóri þessarar fjármálastofnunar, eftirlitsstofnunar, þó að manni detti ýmislegt í hug í ljósi reynslunnar og ég sjái ekki betur en einn og einn traustur framsóknarmaður sé á lausu. Ég ætla ekki að nefna nokkur einustu nöfn í því sambandi. Ég er alveg viss um að hæstv. viðskrh. getur það hjálparlaust. Það er margt í því sem hann sagði sem ég er ósammála.

Ég ætla bara að mótmæla einu. Auðvitað bar hann ábyrgð á starfsemi ríkisbankanna þó að bankaráðið hafi verið kosið af Alþingi. Það er algerlega klárt og það liggja fyrir ótalmargir lögfræðilegar greinargerðir um það að hæstv. ráðherra getur engan veginn skotið sér undan því að viðskrh. bar þarna tvímælalausa stjórnskipulega ábyrgð. Það er engin spurning um það, líka þegar Alþingi kaus bankaráðið.

Núna segir hæstv. ráðherra aftur á móti: Nú er ábyrgðarsambandið hins vegar orðið beint, og ég skal algerlega fallast á að það er beint núna. Það var algerlega skýrt áður en það er fullkomlega beint núna. Ráðherra ber í dag á þessu alla ábyrgð. Þar með ber hann ábyrgð á bankaráðunum og því sem bankaráðin gera og gera ekki og líka því t.d. að bregðast ekki við með kæru þegar þeim berast í hendur upplýsingar um vítaverða framgöngu aðila sem heyra undir bankann eða eru tengdir bankanum. Þess vegna ber ráðherrann alveg tvímælalaust ábyrgð á þessum málum og getur ekki skotið sér undan því og það er gott að hann viðurkenni það.

[14:28]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki við þessa umræðu að togast á um það við hv. þm. Svavar Gestsson hvernig valdi og ábyrgð er deilt í lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði. Annars vegar liggur fyrir í þinginu, sem lagt var fram í morgun, lögfræðilegt álit um það deilumál og ég treysti þeim lögmönnum mun betur en hv. þm. Svavari Geststsyni til að leggja mat á þá hluti fyrir utan að það liggur líka fyrir mat bankaeftirlits Seðlabankans að því hvernig þessari ábyrgð er skipt. Það sem hv. þm. sagði um þá ábyrgðarskiptingu milli viðskrh. annars vegar og bankaráðsins hins vegar er einfaldlega rangt og er röng skýring.

[14:29]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú gæti ég komið upp og sagt: Nei, víst hef ég rétt fyrir mér af því að ég er betri lögfræðingur en forstjóri bankaeftirlits Seðlabankans þó að ég sé ekki lögfræðingur. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, ég gef ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir þetta álit forstjóra bankaeftirlitsins. Það skal vera alveg á hreinu vegna þess líka að það liggja fyrir tugir lögfræðilegra greinargerða um það hverjir bera ábyrgð og hverjir ekki varðandi bankaráð, bankastjórnir og viðskrn. Það er algerlega á hreinu að ráðherrann getur ekki skotið sér undan málinu með þeim hætti sem hann gerði áðan.

Svo vil ég að lokum segja það, herra forseti, í andsvari mínu að greinargerðin frá Gunnari Jónssyni og Andra Árnasyni er ótrúlegt plagg. Af því að viðskrh. vitnaði í hana áðan þá verð ég að tala um hana hér. Þar er m.a. reynt að segja að honum hafi verið bannað að segja frá því að hann hafi haft skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lind undir höndum. (**Gripið fram í:** Hver bannaði það?) Það stendur hér. Þar er um að ræða ábendingar um hugsanleg refsiverð brot tiltekinna einstaklinga. „Verður að telja að ráðherra hafi verið óheimilt að fjalla um skýrsluna á Alþingi áður en ákvörðun um framhald málsins hafi verið tekin af þar til bærum aðilum." Þetta er auðvitað þvílíkt, með leyfi forseta, kjaftæði að maður hefur aldrei séð annað eins auk þess sem þetta er órökstutt og plaggið að öðru leyti er slakt sem lögfræðileg álitsgerð. Ég tel að það sé þannig að því er varðar Alþingi að Alþingi verði sjálft að láta fara fram úttekt á þessum ummælum úr því að ráðherrar þekkja ekki betur ráðherraábyrgð en hæstv. viðskrh. virðist gera.

[14:31]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að upplýsa hv. þm. Svavar Gestsson um að það var mjög breiður og almennur stuðningur við megintilgang frv., þ.e. að sameina bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið í eina stofnun, einfaldlega vegna þess að starfsemi tryggingafélaga og fjármálafyrirtækja er að renna saman á mörgum sviðum. Það var því almennt álitið og ég hef trú á því, að sameiningin væri mjög til bóta varðandi virkni eftirlitsins og alla meðferð þessara mála.

Enn fremur eru í III. kafla frv. ákvæði um starfshætti eftirlitsins. Ég hygg að þau ákvæði séu nægilega traust til þess að eftirlitið veki traust á markaðnum og ekki viðgangist óeðlilegar starfsaðferðir eða viðskiptahættir sem taka þurfi á.

Eitt vakti hins vegar athygli mína og væri áhugavert heyra meira um það frá hv. þm. Það var eins og hann væri að gera athugasemd við að tapið af Lind hefði lent á Landsbankanum. (**SvG:** Hvað segir þú?) — að tapið af Lind hefði lent á Landsbankanum Hefði hv. þm. getað ímyndað sér að Landsbankinn léti dótturfyrirtæki sitt fara í gjaldþrot þannig að tapið af gjaldþrotinu hefði lent á kröfuhöfunum á Lind, sem voru erlendir bankar eða aðrir þeir sem höfðu lánað Lind peninga? Hefði hann hefði talið það í þágu Landsbankans, sem fyrirtækis, frá viðskiptalegu sjónarmiði, að það hefði gerst?

[14:34]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður veltir því fyrir sér hvort allir hlutir hér séu algerlega óumbreytanlegir. Þessi salur hefur staðið hér lengi, myndin af Jóni Sigurðssyni hefur lengi verið hér, forsetastóllinn lengi þarna, svalirnar lengi hér í kring, ráðherrastólarnir þarna um skeið. Eins er það að verða með hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Hann er að verða eins og partur, með leyfi að segja, herra forseti, af mublunum hérna. Maður veit veit alltaf fyrir fram hvað hann kemur til með að segja. Hann segir alltaf nákvæmlega það sem maður veit að hann mun segja til þess að rökstyðja afstöðu sína til hvaða máls sem hann kemur upp með. Honum dettur eiginlega aldrei neitt nýtt í hug.

Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort þessu fylgi ekki mikil vanlíðan, að vera í raun og veru í þeirri stöðu að geta aldrei komið til móts við nokkurn þingmann með sanngirni, án þess að gefa honum a.m.k. selbita í leiðinni.

Ég ætla að svara hv. þm. Í fyrsta lagi varðandi sameiningu bankaeftirlitsins og Vátryggingaeftirlitsins. Ég hef alltaf talið að það orkaði tvímælis. Ég get út af fyrir sig alveg fallist

á að það verði gert, enda verði faglega vel um það búið. Ég segi, að því er varðar bankaeftirlitið, að ég tel það að mörgu leyti kost að bankaeftirlitið var undir Seðlabankanum en ekki beinlínis undir ráðherranum, eins og verður hér. Ég tel það mikinn galla á þessu máli og hefði viljað finna aðra leið, þó ég viðurkenni að það er flókið og hefði kannski þurft að byrja á því að flytja eignarhaldsforræðið yfir í annað ráðuneyti. Ég hefði alveg getað tekið undir slíkt með hv. þm.

Með öðrum orðum tel ég að það mætti fara þessa leið ef það væri faglega vel um hana búið. Ég sé ekkert í málinu sem tryggir þau öryggisatriði sem ég nefndi fyrr í máli mínu.

Varðandi það hvort ég hefði viljað að þessar tvisvar sinnum 200 milljónir hefðu lent á viðskiptavinum frekar en Landsbankanum, svona spurning er nú eiginlega varla svaraverð. Veruleikinn er sá að Landsbankinn hlaut að gera þetta. En þurfti bankinn að veita þessar ábyrgðir? Var það rétt af bankastjóranum að veita þessar ábyrgðir án þess að bera það undir bankaráðið? Nei, sagði Ríkisendurskoðun.

[14:36]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég túlka orð hv. þm. Svavars Gestssonar þannig að hann telji það hafa verið eðlileg viðskiptalega ákvörðun sem slíka, að tapið af Lind lenti á Landsbankanum. Það eina sem hv. þm. virtist finna að var framkvæmd þess máls innan bankans. Hvort sem framkvæmdin á því er á einn veg eða annan þá tel ég að það hljóti að þurfa eðlilegar verklagsreglur sem bankaráð setur bankastjórum og um það hvernig stjórnir fyrirtækja vinna almennt saman með framkvæmdastjórum þeirra.

Ég fagna því að hv. þm. virðist skilja það að af hálfu Landsbankans sem fyrirtækis kom ekki til greina annað en að taka á sig þetta tap. Að öðrum kosti hefði Landsbankinn rýrt stórkostlega á sér traust sem banki. Kjör þau sem hann nýtur í lánsviðskiptum við erlenda banka hefðu orðið miklu verri heldur en þau eru nú. Málið snýst hins vegar um að þarna varð mikið tap. Hverju sem þar er um að kenna þá var ekki um annað ræða en að bankinn tæki það á sig.

[14:38]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað kom ekki annað til greina úr því sem komið var. Veruleikinn er auðvitað sá að úr því sem komið var var ekkert annað að gera. Hins vegar set ég stórkostlegt spurningarmerki við að það hafi verið rétt af Landsbankanum, það ferli sem leiddi til þessarar niðurstöðu. Ég set spurningarmerki við hvort það hafi verið rétt af Landsbankanum að setja þann bankastjóra sem settur var sem stjórnarformann Lindar t.d. Ég tel mikið álitaefni hvort þar hafi verið rétt að hlutunum staðið.

Ég tel það mikið umhugsunarefni, í þessu samhengi, út af því máli sem við erum að ræða, að þegar til stóð að ganga endanlega frá því að Landsbankinn eignaðist allt fyrirtækið Lind hf. þá spurði hæstv. viðskrh., Sighvatur Björgvinsson, um það uppi í bankaeftirliti hvort það væri í lagi. Og hver var niðurstaðan? Hjá bankaeftirlitinu var hún sú að það væri í lagi. Þar var bankaeftirlitið í raun og veru eingöngu að fjalla um BIS-reglurnar, um eiginfjárhlutfallsreglurnar og ekkert annað.

Ég tel að þessi staða sýni betur en margt annað hve staða viðskrh. getur verið erfið í málum af þessu tagi. Þess vegna auglýsti ég eftir lagfæringum í þessu frv. En það má auðvitað ekki af því að „vi alene ved", við ráðum, hinn sterki og stóri meiri hluti hér í þessari stofnun, og því aldrei hlustað á tillögur frá stjórnarandstöðunni, sérstaklega ekki ef þær eru af viti.

[14:39]

**Útbýting þingskjala:**

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 724. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1555.

Frestun á fundum Alþingis, 725. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1556.

Tekjuskattur og eignarskattur, 524. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1553.

[14:39]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í efnislegri umræðu um þetta mál. Ég get þó ekki orða bundist þegar þessi makalausa pantaða syndakvittun ráðherra, sem heitir álitsgerð frá tveimur lögfræðingum, kom hér til umræðu og var nefnd áðan í ræðu.

Það er alveg ótrúlegt hvað okkur er boðið upp á hér á þingi. Það er ótrúlegt hvað þessir „virðingarverðu" lögfræðingar, Andri Árnason og Gunnar Jónsson, láta frá sér fara um fyrirspurn mína fyrir tveimur árum. Ég verð nú að segja að þetta er ákaflega ótrúverðugt. Það eina sem þeir nefna að ég hafi spurt um fyrir tveimur árum er spurning mín um það hvort tap Landsbankans vegna Lindar hafi verið milli 600 og 700 millj. kr. Þeir minnast ekki á það að ég spurði fleiri spurninga í þessari óundirbúnu fyrirspurn. Ég spurði hvort ráðherra teldi ástæðu til þess að láta fara fram rannsókn óháðra aðila vegna þess hversu stórt tap þetta virtist vera. Ég spurði hvort ráðherrann teldi ekki ástæðu til þess að fram færi rannsókn á þessu máli.

Hæstv. ráðherra kaus að svara þessu ekki í þessari fyrirspurn. Hann lét því ósvarað hvort fara ætti fram rannsókn á málinu, þegar hann er með skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem látið hefur fara fram rannsókn á málinu, á skrifborðinu hjá sér. Hann nefnir það ekki hér í þinginu þegar er kallað eftir því hvort ekki sé ástæða til þess að láta óháða aðila rannsaka málið.

Þetta kjósa þessir tveir lögfræðingar að nefna ekki í álitsgerð sinni. Ég verð nú að segja, herra forseti, að þetta er ákaflega ótrúverðugt plagg þegar vinnubrögðin, hjá þessum „virðingarverðu" lögfræðingum eins og þeir voru kallaðir hér í morgun, eru eins og hér kemur í ljós. Að nefna það ekki að ég hafi spurt um fleira sem ráðherrann kaus að svara ekki. Ég minni á að þetta var í óundirbúnum fyrirspurnatíma fyrir tveimur árum og tveimur dögum, óundirbúnum fyrirspurnatíma, 3. júní 1996 og þinglok voru 5. júní 1996. Þetta var einum og hálfum degi fyrir þinglok. Lái nú hver sem vill þingmönnum að hafa ekki komið með skriflega fsp. í framhaldi af þessu ótrúlega svari ráðherrans.

Ég minni á að fyrir þinginu liggja nú a.m.k. þrjár skriflegar fyrirspurnir frá mér. Ein þeirra er nálega tveggja mánaða gömul og tvær eru næstum mánaðargamlar, báðum er ósvarað. Voru miklar líkur á því að skriflegri fyrirspurn frá þingmanni væri svarað einum og hálfum degi fyrir þinglok þegar fyrirspurnum sem ráðherrum hafa borist jafnvel mánuði og tveimur mánuðum fyrir þinglok er ekki svarað? Er nokkur furða þó maður spyrji að þessu?

En ég gat ekki látið það vera að vekja athygli á því að þessir lögfræðingar kjósa í álitsgerð sinni að minnast ekki á eina af þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir í þessum

fyrirspurnatíma til hæstv. viðskrh. þegar ég spurðist fyrir um málefni Lindar og Landsbankans, spurningu sem ráðherra kaus að svara ekki og leyndi þar með Alþingi alvarlegum upplýsingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 3. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 1525, brtt. 1551.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1526.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Virðisaukaskattur, 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 689. mál (aðgangur að vegamannvirkjum). — Þskj. 1196.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Verðbréfaviðskipti, 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 702. mál. — Þskj. 1282.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1553. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

### *Gjöld af bifreiðum, 2. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395, brtt. 1557.

[14:50]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Nefndin hefur hittist í gær og í dag. Á ferðinni er brtt. frá meiri hluta nefndarinnar við málið og vegna þess hvernig á stendur þá hygg ég rétt að ljúka 2. umr., láta málið fara til 3. umr. og ræða þá brtt. milli 2. og 3. umr.

[14:50]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég skal ekki leggjast gegn því að 2. umr. um þetta mál ljúki og efh.- og viðskn. geti hist og skoðað þær brtt. sem meiri hlutinn boðar nú að hann hyggist leggja fram. Ég verð þó að leyfa mér að láta í ljós það álit mitt að þetta sé heldur dapurlegt dæmi um það hvernig hlutirnir eigi ekki að ganga fyrir sig á Alþingi á síðustu dögum. Það sem hér er undir varðar heilmikla hagsmuni í þjóðfélaginu. Það hefur allt of skammur tími gefist til þess að skoða ofan í kjölinn áhrifin af þeim breytingum sem frv. meiri hluta efh.- og viðskn. hefur í för með sér fyrir greiðendur þungaskatts, þá einkum og sér í lagi flutningaaðilana á lengri leiðum.

Þær hugmyndir um breytingar sem sýndar hafa verið í efh.- og viðskn. á síðustu sólarhringum eru því miður því marki brenndar að leysa vandamálin ekki nema að mjög litlu leyti og gera jafnvel illt verra. Dreifing greiðslubyrðar verður mjög misjöfn milli einstakra aðila og útkoman úr því dæmi jafnframt. Það er því ekki af hinu góða í sjálfu sér, herra forseti, að Alþingi komi til með að standa frammi fyrir brtt., misgóðri e.t.v., þegar komið er að 3. umr. á síðasta sólarhring þingstarfanna hér.

Ég leyfi mér að lýsa, herra forseti, vonbrigðum og óánægju með það hvernig þessi mál hafa þróast. Ég mun að öðru leyti ekki leggjast gegn því að 2. umr. ljúki, en hlýt auðvitað að áskilja mér rétt til þess að láta álit mitt í ljósi við 3. umr., eins þótt það kunni að kosta það að þingfrestun tefjist um tíu eða fimmtán mínútur af þeim sökum. Eins og kunnugt er þá er það ekki mjög þægileg aðstaða sem menn eru settir í þegar búið er að ákveða þingfrestun á einhverjum tilteknum tíma sólarhringsins, að undir lokin sé málfrelsið í raun og veru nánast tekið af mönnum. Þá er slæmt að vita að mál af þessu tagi séu að koma til lokaafgreiðslu.

[14:53]

**Útbýting þingskjala:**

Gjöld af bifreiðum, 715. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1557.

Tíðni og eðli barnaslysa 1990–96, 429. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1557. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[14:55]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Á þskj. 1557 er brtt. sú er áður var um getið, við frv. um gjöld af bifreiðum, brtt. frá efh.- og viðskn. Forseti vill draga til baka fyrri áform um að vísa henni til afgreiðslu við

3. umr. og vill freista þess nú þegar að leita afbrigða um að hún komist á dagskrá við 2. umr. málsins.

[14:56]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Hæstv. forseti. Það er þá rétt að mæla fyrir brtt. fyrst hún er komin á dagskrá.

(**Forseti:** (GÁS): Það er kliður í salnum.)

Hæstv. forseti, kliður hefur aldrei háð þeim þingmanni sem hér stendur þegar hann er að mæla fyrir málum.

Varðandi tillöguna vil ég segja það að brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. flytur við þetta mál er í fimm liðum. Í fyrsta lið eru brtt. við 2. gr. frv. þar sem fjallað er um uppbyggingu þungaskattskerfisins. Í frv. nefndarinnar var gert ráð fyrir að svokallað fastagjald í þungaskatti yrði 80 þús. en tillagan er um að það gjald hækki í 100 þúsund kr.

Í frv. nefndarinnar var gert ráð fyrir því að kílómetragjald á bíla yfir 14 tonnum lækkaði um 25%. Í brtt. er nú gert ráð fyrir því að kílómetragjaldið lækki um 30%.

Megintilgangur þessarar brtt. er fyrst og fremst sá að koma til móts við þá sem keyra á löngum leiðum og aka mikið. Það afsláttarkerfi sem verið hefur á þungaskatti hefur einmitt verið til þess að létta greiðslubyrði á þessum aðilum.

Við umfjöllun málsins hefur komið í ljós að það er ekki hægt að ná því að allir sitji nákvæmlega við sama borð og áður þegar breytt er um þungaskattskerfi. Þess vegna hefur í frv. verið ákveðið að stíga frekari skref í að lækka vörugjald af bifreiðum. Vörugjald af vöruflutningabifreiðum er nú lækkað úr 15% niður í 7,5% samkvæmt frv. og síðan fellt niður, þ.e. lækkað í núll frá og með 1. jan. árið 2000. Þetta er að sjálfsögðu inni í frv. og eru ekki gerðar tillögur um breytingar á því.

Þá vil ég geta þess að fyrir nokkru var vörugjald af vöruflutningabifreiðum lækkað úr 30% niður í 15%. Lækkunin sem núna er fyrirhuguð, þ.e. fyrst úr 15 niður í 7,5 og síðan niðurfelling frá 1. jan. árið 2000, kemur að sjálfsögðu líka til með að létta á rekstrarkostnaði af vöruflutningabifreiðum og þá lækkar jafnframt rekstrarkostnaður við landflutninga. Á móti hækka bifreiðagjöld en þegar þessar tölur eru allar lagðar saman þá er ótvírætt að fyrir vöruflutningabifreiðar hafa álögur minnkað verulega á þessum tíma.

Hvernig þetta kemur nákvæmlega út þegar upp er staðið fyrir einstaka aðila er ekki gott að segja. Þess vegna er í tillögum nefndarinnar gert ráð fyrir því, í 5. lið, að fjmrh. skuli fyrir 1. des. 1998 skila skýrslu þar sem m.a. verði úttekt á áhrifum breytingarinnar á þungaskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi samkvæmt lögunum, á rekstrarstöðu landflutninga í samráði við hagsmunaaðila og gerðar tillögur um úrbætur ef ástæða þykir.

Í 2. lið brtt. er gert ráð fyrir því að í tilraunaskyni verði þungaskattur á bifreiðum sem nota innlendan orkugjafa felldur niður. Sú niðurfelling er tímabundin, til 31. des. árið 2000. Þá verður málið væntanlega endurmetið og ákveðið hvernig framhaldið verður.

Í 3. lið brtt. er lagt til að frekari lækkanir verði heimilaðar vegna hópferðabifreiða og sérleyfisbifreiða, 10–17 manna, þannig að gjald af þessum bifreiðum lækki úr 20% niður í 10% við gildistöku laganna en síðan lækki það í 5% frá 1. jan. árið 2000.

Í 4. lið brtt. eru breytingar á gildistökuákvæðum sem eru í takt við það sem að framan greinir en í 5. lið brtt. eru auk þeirra ákvæða, sem ég gat áður um úttekt á áhrifum breytinga á þungaskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi samkvæmt lögum þessum á rekstrarstöðu landflutninga í samráði við hagsmunaaðila, þá eru ákvæði um að fjmrh. skuli skila fyrir 1. des. 1998 skýrslu þar sem auk þess verði fjallað um möguleika á því að gera fólksbíla sem nota dísilolíu að samkeppnishæfari kosti og í síðasta lagi að kannaðar verði leiðir til þess að einfalda reglur um framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu bifreiða.

Ég legg mikla áherslu á að vel takist til að einfalda þessar reglur um framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu bifreiða vegna þess að verið er að taka upp það hátt fast gjald sem verður nú ekki 80 þús. kr. heldur 100 þús. kr. og þetta gjald kemur illa við þá sem keyra mjög lítið en eru kannski með bílana skráða allt árið. Hins vegar er ákveðin leið til þess að taka bílana af skrá og greiða þá ekki gjaldið. En þær reglur og sú framkvæmd sem er á þessum málum núna er ekki það þjál að þægilegt sé að taka bílana af skrá og setja þá á skrá aftur. Þess vegna þarf að finna leið sem gerir mögulegt að setja bílana með tiltölulega mjög einföldum hætti á skrá og taka þá af skrá án þess að því fylgi allt of mikil fyrirhöfn eða kostnaður fyrir viðkomandi aðila.

Í þessu þarf að vinna núna á næstu mánuðum í framhaldi af þessum lögum og koma ekki seinna en í haust með leiðir eða úrbætur á því hvernig þetta kerfi virkar núna hjá okkur.

Hæstv. forseti. Það er um þetta mál að segja að það er ekki einfalt viðureignar. Ástæðan fyrir því að meiri hluti efh.- og viðskn. hefur lagt til breytingu á þungaskattskerfinu er sú að Samkeppnisstofnun gaf út ákveðið álit á því afsláttarkerfi sem hefur verið í gildi á kerfinu. Ekki hefur verið einfalt mál að finna einhverja nýja uppbyggingu á þungaskattskerfinu þannig að það virkaði sanngjarnt og eðlilega. Þessi niðurstaða er í sjálfu sér engin óskaniðurstaða eins né neins en tilraun til þess að finna eins skynsamlega lendingu í þessu máli og nefndin telur sig geta.

[15:04]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er langt frá því að ég geti lýst mikilli gleði með þessa brtt. meiri hlutans frekar en ég get með niðurstöðuna í málinu yfirleitt. Satt best að segja er ákaflega dapurlegt hvernig þetta er að klúðrast saman á endasprettinum og fyrir liggur að yfirlýstur vilji þingmanna nær ekki fram að ganga um að þessar breytingar skuli ekki leiða til íþyngingar fyrir þá aðila sem lengstar hafa akstursleiðirnar og ekki leiða til aukins flutningskostnaðar á vörum út um landið til hinna afskekktari landshluta. Þrátt fyrir viljann og þrátt fyrir enn eina tilraunina sem lítur nú dagsins ljós í brtt. á þskj. 1557 sýna útreikningar að þessi markmið nást því miður ekki. Verulega mikið vantar upp á að breytingarnar komi út á jöfnu fyrir þá flutningsaðila eða akstursaðila sem keyra meira en 70–80 þús. km á ári.

Að vísu kemur á móti að skattbyrðin léttist hlutfallslega miðað við það sem áður var áformað á þeim sem aka minna eða á bilinu kannski frá 20 og upp í þessi 70 þúsund en mér sýnist alveg ljóst að um verulega hækkun frá núgildandi afsláttarkerfi í þungaskatti er að ræða fyrir þá sem aka á lengstu leiðunum. Það er niðurstaðan sem blasir við í reikningsdæminu.

Það er harla dapurlegt, herra forseti, og ekki fáum við háa einkunn fyrir það ef við tökum mark á því að það sé yfirlýstur pólitískur vilji að standa þannig að þessum breytingum að þarna verði ekki um íþyngjandi áhrif að ræða, en menn koma

því samt ekki fram. Ég veit ekki hvort það á að kalla það þá tæknilega erfiðleika eða bara skort á hugmyndaflugi til að útfæra þetta öðruvísi eða hvað það er annað. Sennilega má bera við tímaskorti en í öllu falli er ljóst að niðurstaðan er ekki sú sem menn ætluðu sér að stefna að samkvæmt yfirlýsingum.

Ég vil svo líka segja varðandi það að til að auðvelda þeim sem verða fyrir þungum álögum á bíla sem eru lítið notaðir að þann vanda eigi þá að leysa með því að auðvelda mönnum að hlaupa fram og til baka með númerin og skrá og afskrá bílana, að það er nú ekki góð niðurstaða heldur. Staðreyndin er sú að víða háttar þannig til að einmitt þessir aðilar eru að reyta inn einhverjar tekjur vegna tilfallandi verkefna sem dreifast yfir allt árið þannig að ekki er auðvelt að velja neinn einstakan tíma ársins þar sem hægt er að afskrá tækin um langan tíma heldur þurfa þau kannski nánast alltaf að vera tiltæk til þess að unnt sé að grípa tilfallandi verkefni af þeim toga. Þá er ekki gott að þurfa að vera hlaupandi fram og til baka með númerin öllum stundum. Að því leyti til er niðurstaðan ekki heldur góð.

Mér sýnist, herra forseti, sú breyting sem er nú lögð til frá frv. eins og það var lagt fram, þ.e. að hækka fastagjaldið í 100 þús. kr. og auka síðan lækkun á kílómetragjaldinu úr 25% niður í 30% á því bili sem hún tekur til, lini aðeins þrautirnar ef svo má að orði komast. Það dragi úr þeirri miklu hækkun sem hefði ella orðið á lengstu akstursleiðunum en engu að síður er þar um talsverðar tölur að ræða þannig að t.d. aðili sem ekur á milli 130 og 140 þús. km á ári á svona myndarlegri samstæðu getur verið að taka á sig hækkun í kostnaði sem nemur um hálfri milljón kr. Hvert halda menn svo sem að sú hálfa milljón fari annað en beint út í flutningskostnaðinn á viðkomandi leið og út í vöruverðið og lífskjörin í þeim byggðarlögum sem búa við þær aðstæður að vera algjörlega háðar landflutningum um öll aðföng sín?

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég til þess sem ég hef sagt í fyrri umræðum um þetta mál, bæði við 1. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um olíugjald og í 1. umr. um þetta frv. í gær. Ég lýsi vonbrigðum mínum með niðurstöðu málsins og harma að Alþingi skuli ekki hafa tekist betur til í þessum efnum.

[15:09]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég taka það fram að það var í sjálfu sér ekki efh.- og viðskn. sem af einskærum áhuga sínum tók það upp að eigin frumkvæði að vilja breyta fyrirkomulagi þungaskattsins, heldur stendur nefndin frammi fyrir áliti Samkeppnisstofnunar þess efnis að það fyrirkomulag sem er við lýði í dag stríði gegn anda samkeppnislaga. Efh.- og viðskn. er þarna nokkur vandi á höndum vegna þess að samkeppnislögin eru á ábyrgð efh.- og viðskn. og ef sú nefnd ætlar sér að hunsa álit Samkeppnisstofnunar eða ekkert að gera í þeim efnum að þá veit ég ekki hver í þinginu ætti að sinna þeim álitum eða standa fyrir breytingum á samkeppnislögunum þannig að nefndin komst ekki hjá því að taka á því.

Þetta varð niðurstaðan og samkvæmt þeim útreikningum sem við fengum frá fjmrn., ef tekinn er flutningabíll sem ekið er mjög mikið, þ.e. 120 þús. km þá er hækkunin á slíkum bíl um 200–250 þús. kr. En á móti því þarf að hafa í huga að verið er að fella niður í tveimur áföngum vörugjald af fjárfestingunni. Ef við miðum við 8 millj. kr. fjárfestingu er verið að fella þarna niður 15%, um 1.200 þús., sem eru yfir afskriftartíma bíls mjög verulegar upphæðir, 240 þús. kr. á ári ef bíllinn er afskrifaður á fimm árum sem kemur þá á móti þessari hækkun.

Ég tel nauðsynlegt að fara yfir áhrifin af þessu, hvernig þetta kemur út fyrir landflutningana og þá ekki síst flutninga á lengri leiðum. Það liggur fyrir, held ég, og ég vona að ef menn gefa sér tíma til þess að setjast yfir þetta í samráði við hagsmunaaðila muni menn finna leiðir til þess að ná þeim markmiðum, sem ég held að allir nefndarmenn hafi í sjálfu sér verið sammála í upphafi og ég held að við höfum farið býsna langt með að ná.

[15:11]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er ekkert óskaplega stoltur af því frekar en nokkur okkar er sem hefur átt aðild að málinu og unnið að því á undanförnum árum að þetta skuli ekki vera í vandaðri búningi hjá okkur á lokastigi. En fyrir því eru ýmsar ástæður sem ég þekki vissulega og eru sumpart gildar. Það hefur verið hinn mesti vandræðagangur í öllum þessum málum um nokkuð langt árabil og kannski gat ekki orðið við öðru að búast en að endirinn yrði í samræmi við það.

En engu að síður tel ég mikilvægt og vil láta það koma fram að það er þó vilji til að endurskoða útkomu aðila í þessu sambandi og ég vísa þar í 5. tölul. brtt.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að auðvitað gat efh.- og viðskn. ekki látið sem ekkert væri þegar Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráð hafði látið það álit sitt í ljósi að núverandi afsláttarkerfi í þungaskatti stæðist ekki. Gallinn þar er sá að það er auðvitað afar óheppilegt að það skuli vera beinlínis sett fram sem afsláttarkerfi, sem endurgreiðslu- eða afsláttarkerfi. Út úr því urðu menn með einhverjum hætti að komast, búa þá til í staðinn einhvers konar álagningarskala sem var bundinn og fastur og ekki á því formi að það væri um reiknaða afslætti frá tiltekinni gjaldskrá að ræða. Þegar maður hugsar málið gat það ákveði samkeppnislaga aldrei staðist þannig að þar þurftu menn að leita annarra leiða.

Varðandi lækkun vörugjalds á móti hækkun þungaskatts er vissulega rétt að það getur komið þeim aðilum til góða sem endurnýja bíla sína. En þeir sem veikastir standa í þessu eru einmitt þeir sem hafa kannski litla möguleika á því og eru að berjast við að reka gömul tæki og reyna að halda því áfram og dugar varla til. Þeir munu því einskis njóta í því hagræði en fá hins vegar á sig hækkunina sem hér er lögð til grundvallar. Það mun einnig koma mjög mismunandi út fyrir hópinn hverjir njóta þess og hverjir gjalda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1529, brtt. 1553.

[15:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. og lokaafgreiðslu frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um vaxtabætur. Ekki þarf að hafa mörg orð um það, herra forseti,

að það er sérstaklega mikilvægt að mjög vel sé gengið frá þessari löggjöf. Við erum að fara út í mikil umskipti að því er varðar félagslega aðstoð við láglaunafólk með því að loka félagslega húsnæðiskerfinu og breyta þeirri niðurgreiðslu sem hefur verið á aðstoð við þetta fólk. Breytingarnar felast í því að hætt verður niðurgreiðslu á vöxtum en við taka vaxtabætur sem aðstoð til þess að létta greiðslubyrði fólks.

Við 2. umr. þessa máls flutti minni hluti efh.- og viðskn. þá tillögu að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þegar það nál. var samið lá ekki fyrir hvort ríkisstjórnin og félmrh. yrðu við eindregnum óskum 40 almannasamtaka um að fresta frv. félmrh. Nú liggur fyrir að svo verður ekki. Það frv. er orðið að lögum og þá leiðir af sjálfu að þetta mál þarf að afgreiða einhvern veginn.

Ég sagði í upphafi máls míns að ákaflega mikilvægt væri að ganga vel frá þessari löggjöf. Sérstaklega þarf að sjá til þess að þeir sem hafa verið inni í félagslega íbúðakerfinu, og fá á annað borð inni í hinum nýja Íbúðalánasjóði, verði ekki verr settir en áður að því er varðar aðstoð í formi niðurgreiðsu. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þeir útreikningar sem fylgja þessu frv. um tekjuskatt og eignarskatt, að því er varðar vaxtabætur til þessara hópa, eru ákaflega fátæklegir. Hér eru t.d. varðandi einstætt foreldri og einstaklinga aðeins tekin tvö dæmi um hvorn hóp fyrir sig. Síðan er alhæft út frá því af hálfu meiri hlutans að greiðslubyrði hjá fólki verði ekki þyngd með þessu breytta formi á niðurgreiðslum.

Við í minni hlutanum höfum sýnt fram á það með dæmum að greiðslubyrðin hjá þessu fólki þyngist að óbreyttum vaxtabótum, þ.e. ef þakinu á vaxtabótunum verður ekki breytt. Við höfum lagt fram útreikninga því til staðfestingar. Þeir voru staðfestir í efh.- og viðskn. af hálfu starfsmanna fjmrn. Þeir sýna að greiðslubyrði einstaklinga, með 800 þús. til 1,5 millj. í árstekjur, geti þyngst um 23–57 þús. ef miðað er við að þessir einstaklingar kaupi íbúð sem kostar rúmar 6 millj. kr. en það var mjög algengt í því félagslega kerfi sem lagt hefur verið af.

Varðandi einstætt foreldri, með tekjur á bilinu 800 þús. til 1,9 millj., sem kaupir sér íbúð á rúmlega 7 millj., sem er algengt verð á þriggja herbergja íbúð, þá þyngist greiðslubyrðin um 3–63 þús. kr. Það er því alveg ljóst að það hefðu þurft að liggja fyrir miklu ítarlegri og nákvæmari útreikningar en við höfum fyrir framan okkur í dag.

Það er ekki síst nauðsynlegt, herra forseti, í ljósi þeirra yfirlýsinga hæstv. félmrh. að þeir einstaklingar sem hafi fengið aðstoð í félagslega húsnæðiskerfinu og fari yfir í nýjan Íbúðalánasjóð, sem er kannski ekki mjög stór hópur af þeim sem hafa fengið félagslega aðstoð í félagslega kerfinu, verði jafnsettir ef ekki betur settir með greiðslubyrði af lánum, að teknu tilliti til vaxtabóta.

Í 2. umr. um þetta mál sýndi ég fram á, og studdist þá við útreikninga og upplýsingar frá húsnæðisnefnd Reykjavíkur vegna umsókna um félagslegar íbúðir á árinu 1997 sem voru samtals 999 umsóknir, að af þeim 671 sem fengu úthlutað hafi 313 verið einstæðir foreldrar og 121 einstaklingur. Af 313 einstæðum foreldrum fengu 196 þeirra úthlutað íbúð yfir 6 millj. kr. en af 121 einstaklingi fengu 69 úthlutað íbúð sem kostuðu yfir 5,5 millj. kr. Því er stór hópur þeirra, sem fengið hafa aðstoð í félagslega kerfinu, einstaklingar og einstæðir foreldrar sem á hafa þurft að halda, íbúðum sem kosta miklu meira heldur en þeir útreikningar sem meiri hlutinn leggur til grundvallar þegar því er haldið fram að greiðslubyrði hjá þessum hópum muni ekki aukast.

Það er auðvitað útilokað að ganga þannig frá þessum málum, herra forseti, að ekki verði gerð tilraun til þess af hálfu minni hlutans, nú þegar stefnir í að þetta mál verði tekið til atkvæðagreiðslu og væntanlega samþykkt, að koma fram með breytingartillögu sem tryggir, betur en gert er í þessu frv., að þeir hópar sem fengið hafa aðstoð í kerfinu sem nú hefur verið lokað, verði ekki verr settir í nýju kerfi með niðurgreiðslu í formi vaxtabóta en þeir voru áður.

Mér finnst umræðan af hálfu félmrh. hafa verið mjög villandi og ótrúverðug þegar hann í fyrsta lagi heldur því fram að greiðslubyrðin verði ekki meiri. Síðan heldur hann því oft fram að hún verði léttari. Þegar við erum að tala um aukinn kostnað við að komast inn í kerfið, í formi stimpilgjalda og lántökugjalda, þá fullyrðir hæstv. ráðherra án þess að blikna að aukinn kostnaður, þ.e. stimpilgjald sem þessi hópur þarf nú að fara að borga af húsbréfum, verði bættur í vaxtabótum. Við höfum sýnt fram á að þetta er fjarstæða vegna þess að fólkið rekur sig upp í þetta þak á vaxtabótum og út af getur staðið hluti af vöxtum sem það áður hefur getað fengið niðurgreitt í félagslega kerfinu. Auk þess rúmast ekki stimpilgjöldin, sem eru svona 60 þús. kr. á meðalíbúð, innan þessa þaks. Það er því alveg ljóst að það þarf að hækka þetta þak verulega hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum ef þeir eiga að vera jafnsettir á eftir.

Meiri hlutinn hefur ekki viljað fallast á að hækka þakið þó að við höfum ítrekað bent á að það sé nauðsynlegt ef stjórnarflokkarnir á annað borð meina eitthvað með því að þessir hópar eigi að vera jafnsettir á eftir. Því viljum við í minni hlutanum freista þess að flytja brtt. Ég flyt hana ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Ákvæði B-liðar 69. gr. laganna um vaxtabætur verði endurskoðað fyrir 1. október 1998 með það að markmiði að tryggja að þeir sem fara úr félagslega húsnæðiskerfinu og notið hafa niðurgreiddra vaxta verði ekki verr settir í nýju kerfi með niðurgreiðslu í formi vaxtabóta en þeir voru áður. Nauðsynlegar breytingar á ákvæðinu til að ná framangreindu markmiði skulu taka gildi eigi síðar en 1. janúar 1999."

Þessi dagsetning er miðuð við gildistöku laganna sem við hér ræðum, þ.e. um næstu áramót. Við teljum að fjmrn. gefist þá svigrúm til þess að skoða útreikninga sem mundu staðfesta að þessir hópar, tekjuhópar sem ég hef nefnt, verði jafnsettir á eftir. Við höfum hins vegar sýnt fram á að svo verður ekki.

Ég segi, herra forseti: Það hlýtur að vera svo að fyrst félmrh. hefur lýst því yfir að þessir hópar verði a.m.k. jafnsettir á eftir ef ekki betur settir, þá ætti að vera útgjaldalaust af hálfu meiri hlutans að samþykkja þessa tillögu. Verði henni hins vegar hafnað, herra forseti, þá er ekki hægt að líta á málið öðruvísi en að ummæli félmrh. séu marklaus. Ef hann getur staðið fast á því að þeir verði a.m.k. ekki verr settir, þá er algerlega útgjaldalaust fyrir hæstv. ráðherra að samþykkja þessa tillögu. Við viljum því nota þá mánuði og það svigrúm sem gefst þar til að lög þessi taki gildi um næstu áramót til að fjmrn. skoði þetta og þá verði í upphafi næsta þings, eða 1. október, á nýjan leik lagt fram frv. til laga um vaxtabætur sem tryggi að þessir hópar verði jafnsettir á eftir, ef í ljós kemur við þá útreikninga sem yrðu gerðir af fjmrn. að svo væri ekki. Þetta er því algerlega útgjaldalaus tillaga

sem minni hlutinn flytur og ég vona að meiri hlutinn muni styðja hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Um fundarstjórn.***

Umræða um tilraunaveiðar á ref og mink.

[15:27]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil fyrst spyrja forseta að því hvort ekki standi til að taka fyrir 16. mál á dagskrá þessa fundar og ræða það til lykta. Hvað segir forseti við því?

(**Forseti** (GÁS): Forseti getur svarað því héðan úr sæti sínu að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur fengið í hendur, þá eru ekki uppi áform um að ræða þau mál til lykta, heldur er áformað að taka þau af dagskrá.)

Ég vil benda hæstv. forseta á að það er ekki gert í samkomulagi við flutningsmenn málsins, að það verði ekki rætt hér og afgreiðslu þess lokið. Ég vil benda forseta á að samkvæmt því sem fyrir liggur má ætla að yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis styðji þetta mál. Mér þykir nú taka í hnjúkana ef forseti Alþingis ætlar að beita sér fyrir því að koma í veg fyrir að vilji Alþingis nái fram að ganga.

Ég bendi einnig á að nú hefur þinghald staðið fjórum vikum lengur en til stóð með þeim rökum forseta að rétt væri að þingmenn fengju að ræða þau mál sem þeir vildu og þyrftu lengri tíma en áætlað var því ekki mætti koma í veg fyrir að vilji þings réði í hverju máli. Ég spyr því: Hvers vegna bregður svo við að í þessu máli ætlar forseti að bregða út frá starfsreglu sinni síðustu fjórar vikurnar?

Ég geri athugasemd við þessa fundarstjórn, herra forseti, og fer fram á að fram verði haldið umræðu um þetta mál sem hófst hér í gær og að forseti stjórni fundi á þannig að leitað verði afstöðu Alþingis í málinu. Nál. liggja fyrir, fyrir þeim hefur verið mælt og samkvæmt þeim má ætla að yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis sé fylgjandi málinu. Ég undrast að forseti skuli leggja það á sig að koma í veg fyrir að þessi ætlaði meiri hluti komi fram. Hvaða ástæður liggja fyrir þessu, herra foreti, að forseti áformar að afgreiða ekki þetta mál? Hvaða málefnalegar ástæður liggja fyrir þessari boðaðri ákvörðun forseta?

[15:29]

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill vegna þessarar fyrirspurnar hv. þm. geta þess að hann stóð í þeirri trú að samkomulag hefði verið um þetta við flutningsmenn málsins. Forseti heyrir að svo virðist ekki hafa verið, a.m.k. ekki við alla flutningsmenn málsins, en vekur á því athygli að á eftir, þegar gert verður 20 mínútna hlé, mun gefast tóm til þess að flutningsmenn ræði við forseta og þingflokksformenn um þetta tiltekna mál. Þá gefst kostur á því, eftir efnum og ástæðum, að setja þetta á dagskrá nýs fundar sem boðað verður til eftir 20 mínútur, verði niðurstaðan sú.

[15:30]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að umræða hófst korter yfir fjögur í gærdag og var frestað kl. hálffimm og var ekki tekinn upp þráðurinn að nýju fyrr en undir miðnætti í gærkvöld. Af einhverjum ástæðum brast forseta mjög þrek við að halda fram þingfundi eftir að hafin var umræða um þetta mál seint í gærkvöld og lauk fundi án þess að umræðu lyki. Síðan setur hann þetta mál aftast á dagskrá þessa fundar.

Ég spyr hæstv. forseta enn um ástæður fyrir þessu háttarlagi og spyr hvort það tengist einhverjum ætluðum áformum fáeinna þingmanna um að koma í veg fyrir framgang málsins með hótunum um málþóf. Er það rétt, herra forseti, að þær hótanir hafi verið bornar fram við forseta og séu ástæða þess að hann hyggist ekki halda áfram umræðunni? Ef svo er, þá er vissulega illt í efni ef fáeinir þingmenn geta komið í veg fyrir að meiri hluti þings hafi sitt fram.

(**Forseti** (GÁS): Forseti áréttar það sem hann sagði áðan um þessi mál.)

***Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, frh. fyrri umr.***

Þáltill. umhvn., 707. mál. — Þskj. 1364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.

***Áfengis- og vímuvarnaráð, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814, nál. 1260 og 1456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Till. í nál. 1456 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS.

**nei:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, KF, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (ÁÞ, HG, JóhS, KHG, SJóh, SJS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

## *Áfengislög, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 1515, brtt. 1535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Brtt. 1535 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁÞ, GÁS, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁÞ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við þessa atkvæðagreiðslu að þó að ég styðji flestar greinar þessa frv. mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Ástæða þess er sú að eftir 2. umr. komu upp ákveðin álitamál sem snerta 3., 4. og 5. gr. sem ég taldi ástæðu til þess að ræða í hv. allshn. milli 2. og 3. umr. Ég kom ósk þar að lútandi á framfæri við starfandi formann nefndarinnar sem varð ekki við þeirri ósk. Ég mótmæli þeim vinnubrögðum með því að sitja hjá við þetta frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1558).

## *Eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 560. mál. — Þskj. 1524, brtt. 1539.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Brtt. 1539,1 felld með 26:15 atkv. og sögðu
**já:** ÁÞ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖS.
**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Fyrri tölul. brtt. lýtur að því að skýra betur og gera sjálfstæðari stöðu Fjármálaeftirlitsins og að það starfi í skjóli viðskrn. en heyri ekki beint undir viðskrh. eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta er viðleitni af minni hálfu til þess að reyna að búa þannig um stöðu þessarar mikilvægu fjármálastofnunar eða eftirlitsstofnunar á fjármálasviðinu að það sé ekki jafnaugljóst og það verður ella að stofnunin á að hafa eftirlit með viðskrh. þannig að viðskrh. er þarna að skipa stjórn fyrir stofnun sem á að hafa eftirlit með honum sjálfum.

Brtt. 1539,2 felld með 25:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖS.
**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, LMR, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1559).

## *Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 561. mál. — Þskj. 1525, brtt. 1551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Brtt. 1551,1 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1551,2 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1560).

### *Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 581. mál (bankaeftirlit, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1526.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:43]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands er tengt því frv. um Fjármálaeftirlit sem var afgreitt áðan. Ég er þeirrar skoðunar að ekki hafi verið vandað nægilega vel til þessarar lagasetningar í heild sinni og ekki sé búið nógu vel um, hvorki stjórnskipulega stöðu þessarar nýju eftirlitsstofnunar né heldur samskipti Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins nýja.

Fyrir liggur að Seðlabankinn hyggst koma á fót á eigin vegum ígildi þess bankaeftirlits sem þar var áður rekið til þess að Seðlabankinn geti eins og menn telja þar á bæ fullnægt skyldum sínum að sínu leyti. Þetta held ég að sé ekki góð niðurstaða. Hér er í vændum tvíverknaður og sóun á fé sem hefði átt að mega komast hjá auk þess sem ég tel að stjórnskipulegur umbúnaður þessara mála sé ekki nægilega vandaður.

Það er fyrst og fremst 11. gr. í þessu frv. sem ég tel að sé ekki nægjanlega góð en vegna þess að ég er ósáttur við frágang þessara mála í heild sinni kýs ég að sitja hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1561).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 524. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1529, brtt. 1553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Brtt. 1553 felld með 25:16 atkv. og sögðu
**já:** ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖS.
**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GÁ, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1562).

### *Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 689. mál (aðgangur að vegamannvirkjum). — Þskj. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1563).

### *Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 702. mál. — Þskj. 1282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1564).

### *Gjöld af bifreiðum, frh. 2. umr.*

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1395, brtt. 1557.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1557,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1557,2 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1557,3 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

7.–8. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1557,4 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1557,5 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, RA, SF, SP, StB, SvG, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KH, KB, LMR, LB, MS, ÓI, ÓE, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRJ, GGuðbj, HG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁE, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KPál, ÓÖH, PP, RA, SF, SP, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 15:52.

---

# 147. FUNDUR

föstudaginn 5. júní,
kl. 4.15 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 47. gr. samstarfssamnings Norðurlanda, sbr. ályktun Alþingis frá 17. nóv. 1983. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

2. Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. stofnskrár fyrir ráðið frá 13. maí 1997. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

3. Kosning níu manna í auðlindanefnd skv. ályktun Alþingis frá 2. júní 1998 um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

4. Kosning þriggja manna og jafnmargra til vara í flugráð skv. 8. gr. nýsamþykktra laga um loftferðir, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Kosningin gildir til fjögurra ára frá gildistöku laganna.

5. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 725. mál, þskj. 1556. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

6. Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, þáltill., 707. mál, þskj. 1364. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

7. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 479. mál, þskj. 814, brtt. 1566. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Gjöld af bifreiðum, frv., 715. mál, þskj. 1395 (með áorðn. breyt. á þskj. 1557). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[Fundarhlé. — 16:15]

[16:17]

**Útbýting þingskjals:**

Áfengis- og vímuvarnaráð, 479. mál, brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1566.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Dagskrá fundarins.

[16:32]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvers vegna 95. mál þingsins á þskj. 95 er ekki á dagskrá þessa fundar.

[16:32]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ástæðan fyrir því að það mál er ekki á dagskrá er að það var mat forseta að um það mál yrðu langar umræður og þess vegna tók forseti þessa ákvörðun. Það er að vísu svo að á mælendaskrá eru aðeins þrír þingmenn en forseta er kunnugt um eftir að hafa kannað málið við ýmsa aðila, þar á meðal haldið fund með formönnum þingflokka, að fleiri mundu bætast á mælendaskrá og umræður yrðu langar. Þess vegna var það ákvörðun forseta að taka málið ekki á dagskrá.

[16:33]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þó að ég virði að sjálfsögðu niðurstöðu hæstv. forseta verð ég samt sem áður að láta í ljósi mikil vonbrigði með að þetta mál skuli ekki fást útrætt á þinginu. Ég vek athygli á því að mælt var fyrir þessu máli 11. nóv. í haust. Þetta var eitt af fyrstu málunum sem var lagt fyrir. Þetta mál hlaut mikla umfjöllun í umhvn., fékk margar umsagnir. Hafin var ágætis umræða um málið snemma dags í gær. Því miður var klippt á umræðu í miðjum klíðum en ég held að þetta sé mál sem verðskuldi að þingið taki sjálft afstöðu til þess. Það lágu fyrir umsagnir frá fjölmörgum aðilum. Þetta er mál þess eðlis sem þingið sjálft verður að taka afstöðu og verður ekki gert með neinum öðrum hætti. Það var komið inn í þingið frá nefndinni og ég vek athygli á því að á nál. voru fulltrúar allra flokka nema Alþb. og Kvennalista þannig að ætla hefði mátt að um þetta mál hefði getað tekist allvíðtæk samstaða. Því verð ég að harma þessa niðurstöðu.

[16:34]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir að ég harma að fá ekki að ræða þetta mál því að það er hneisa. Þessi tillaga er hrein og klár hneisa. Ég hef aldrei lesið umsagnir um mál þar sem staðreyndir og upplýsingar eru reknar jafnskýrt ofan í tillöguhöfunda. Ég bendi á að umhvrn. segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Að vandlega skoðuðu máli telur ráðuneytið ekki tímabært að Alþingi samþykki ályktun um að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum."

Ráðuneytið leggst gegn þessu, ýmsir náttúruverndaraðilar sem tilheyra stjórnkerfinu og fjölmargir aðrir leggjast

gegn þessu en það eru reyndar þeir aðilar sem búa nær sem mæla með tillögunni. Sannarlega hefði verið mikil þörf á því að ræða þetta vegna þess hvernig þetta mál er tilkomið og þennan furðulega málatilbúnað sem þingmenn hafa hér frammi. En því miður gefst ekki tími til þess.

[16:36]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Hæstv. forseti. Ég lýsi vonbrigðum mínum með að nokkrir hv. þm. vilja ekki leyfa málinu að koma eðlilega til umræðu og atkvæðagreiðslu. Mér hefur sýnst á þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir okkur þingmenn að í mörgum þeirra komi fram alveg ótrúlegt skilningsleysi á högum, lífi og starfi íbúa við hið nyrsta haf og þeim vandamálum sem þetta fólk á við að glíma. Þess vegna verð ég að lýsa miklum vonbrigðum yfir því að fá ekki að greiða atkvæði með tillögunni og að hún skuli vera tekin af dagskrá þrátt fyrir að hafa fengið þinglega meðferð og verið afgreidd úr nefnd. Ég lýsi enn og aftur miklum vonbrigðum með það að tillagan skyldi ekki fá afgreiðslu hér.

[16:37]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Herra forseti. Ég vil mótmæla afstöðu forseta. Ég tel að forseti hafi ekki unnið að málinu eins og vera skyldi. Málið var afgreitt frá nefnd 27. apríl eða fyrir sex vikum. Því hafa verið öll tök á að ljúka umræðu málsins. Henni var í tvígang frestað í gær án þess að nokkurt tilefni væri fyrir því að fresta umræðunni eins og gert var þannig að ég vísa allri ábyrgð á forseta á því að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi og tel að það sé dapurleg niðurstaða af störfum forseta á þessu þingi að hann skuli standa svona að verki nú undir lokin. Eftir allt það sem á undan er gengið á undanförnum vikum sem hefur verið að áliti hans til þess að tryggja að minni hluti þingmanna gæti ekki komið í veg fyrir að vilji meiri hluta þingmanna fái að ráða.

Nú virðist forseti hins vegar standa þannig að málum að hótanir örfárra þingmanna um málþóf verði til þess að koma í veg fyrir að mál sem nýtur að öllum líkindum stuðnings meginþorra þingmanna nái fram að ganga og ég vil sérstaklega mótmæla þessum vinnubrögðum, herra forseti, og tel þau þinginu til hneisu.

[16:38]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta er alveg ókunnugt um hvorum megin meiri hluti eða minni hluti liggur í þessu máli og forseti skilur vel vonbrigði þingmanna að ekki skuli hafa tekist að ljúka afgreiðslu málsins en svo er um fleiri mál og ákvörðun forseta stendur.

***Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 47. gr. samstarfssamnings Norðurlanda, sbr. ályktun Alþingis frá 17. nóv. 1983. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.***

Fram komu fjórir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðgreiðslu:

*Aðalmenn:*
Sigríður A. Þórðardóttir,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sturla Böðvarsson,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Siv Friðleifsdóttir.

*Varamenn:*
Árni Johnsen
Guðni Ágústsson,
Árni M. Mathiesen,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Sigríður Jóhannesdóttir,
Guðjón Guðmundsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason.

***Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. stofnskrár fyrir ráðið frá 13. maí 1997. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.***

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðgreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ólafur G. Einarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Árni Johnsen,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Svavar Gestsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

*Varamenn:*
Guðmundur Hallvarðsson,
Svanfríður Jónasdóttir,
Einar Oddur Kristjánsson,
Stefán Guðmundsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Kristín Ástgeirsdóttir.

***Kosning níu manna í auðlindanefnd skv. ályktun Alþingis frá 2. júní 1998 um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.***

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðgreiðslu:

Jóhannes Nordal,
Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður,
Ari Edwald,
Lúðvík Bergvinsson alþingismaður,
Margrét Frímannsdóttir alþingismaður,
Guðjón Hjörleifsson,
Ragnar Árnason hagfræðingur,

Svanfríður Jónasdóttir alþingismaður,
Styrmir Gunnarsson ritstjóri.

### *Kosning þriggja manna og jafnmargra til vara í flugráð skv. 8. gr. nýsamþykktra laga um loftferðir, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Kosningin gildir til fjögurra ára frá gildistöku laganna.*

Fram komu fjórir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðgreiðslu:

*Aðalmenn:*
Árni Johnsen,
Gunnar Hilmarsson,
Karvel Pálmason.

*Varamenn:*
Guðmundur Hallvarðsson,
Ólafur Örn Haraldsson,
Jóna V. Kristjánsdóttir.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:44]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 6.–8. dagskrármáls og útbýtingu 5. dagskrármáls og þskj. 1566. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

### *Frestun á fundum Alþingis, ein umr.*

Stjtill., 725. mál. — Þskj. 1556.

[16:44]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 5. júní 1998 til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, síðari umr.*

Þáltill. umhvn., 707. mál. — Þskj. 1364.

[16:45]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Síðla í gærkvöldi fór hér fram ágæt umræða um þessa þáltill. Ég hefði ekki rætt þetta mál frekar ef ekki hefðu komið til alveg sérstök tíðindi sem bárust okkur í morgunsárið. Í umræðunni í gærkvöldi kom starfandi hæstv. umhvrh. Páll Pétursson mjög jákvætt inn í umræðuna og tók undir mál margra þingmanna um nauðsyn þess að Íslendingar gripu til aðgerða sem eftir væri tekið gegn þeirri lífshættulegu starfsemi, fyrir okkar þjóðhagsmuni, sem fram fer í endurvinnslustöðvum í kjarnorkuiðnaði í Bretlandi.

Við ræddum um þann mikilvæga fund sem fram fer í Lissabon síðla í júlímánuði til þess að ganga frá væntanlega styrktum samningi kenndum við OSPAR eða Ósló/París sem verið hefur í undirbúningi. Þar ætla ráðherrar umhverfismála að stíga skref sem væntanlega herða á þessum málum og þrengja að þeim endurvinnslustöðum sem losa í hafið. Það var gott að heyra frá hæstv. ráðherra tala um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að taka fast á því máli og hafa Alþingi einnig í huga í sambandi við þann mikilvæga fund.

Í morgun bárust síðan þau tíðindi að ákvörðunar væri að vænta frá breskum stjórnvöldum um að hætta rekstri Dounreay-stöðvarinnar á Katanesi í Skotlandi innan fimm ára eða svo. Segja má að svo virðist sem umræðan sem hér fór fram í gærkvöldi hafi orðið að áhrínsorðum þó að ekki vilji ég segja að við höfum orkað það með okkar orðum hér. Þarna virðast vera að gerast mjög stórir atburðir sem snerta þau mál sem við erum hér að álykta um. Þó við blasi að þarna verði áfram rekin starfsemi, ef það stenst að þetta verði niðurstaða að starfsemin verði lögð af eftir fáein ár, þá skiptir þessi atburður gífurlega miklu máli.

Það hafa verið ævintýraleg átök innan bresku ríkisstjórnarinnar og í Bretlandi á undanförnum vikum í sambandi við þetta mál eins og menn hafa fylgst með í fréttum. Stöðin hefur reynt að afla sér viðskiptasambanda víða í Ástralíu. Tekin var ákvörðun á fundi Clintons og Blairs um að senda geislavirk efni til endurvinnslu frá Georgíu. Reyna var að afla viðskiptasambanda frá fleiri ríkjum Austur-Evrópu o.s.frv. þannig að allt bendir til mikillar aukningar. Ef ákvörðunin sem við vorum að frétta af gengur eftir, þá er þetta mjög þýðingarmikill atburður. Auðvitað kann að vera að þarna liggi fiskur undir steini, þ.e. að endurvinnslustöðin í Sellafield, sem heldur áfram á fullu, taki við verkefnum sem nú eru rekin í Dounreay en Alþingi Íslendinga andmælti stækkun þeirrar stöðvar samhljóða í desember 1993.

Nú eru liðin rétt rúm 10 ár frá því að Alþingi samþykkti samhljóða ályktun, það var þann 8. febr. 1988, þar sem stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay var mótmælt, svo rifjað sé aðeins upp þar sem Alþingi hefur komið við sögu fyrir utan atbeina íslenskra stjórnvalda. Þau hafa ítrekað mótmælt þessum fyrirætlunum og það alveg nýlega þannig að hér standa menn sameinaðir til að verja hagsmuni okkar í þessum efnum.

Það þarf auðvitað að standa vaktina áfram. Reksturinn í Sellafield er í fullum gangi og kann að aukast. Við þurfum að fá nánari fregnir að því er varðar Dounreay. En ég vildi nefna þetta hér í samhengi þessarar umræðu og ályktunar sem heldur auðvitað gildi sínu hér af hálfu Alþingis. Við þurfum að halda vöku okkar sameinuð í þessu máli áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Áfengis- og vímuvarnaráð, 3. umr.***

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814, brtt. 1566.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Gjöld af bifreiðum, 3. umr.***

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 715. mál. — Þskj. 1565.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1567).

***Frestun á fundum Alþingis, frh. einnar umr.***

Stjtill., 725. mál. — Þskj. 1556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1568).

***Mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum, frh. síðari umr.***

Þáltill. umhvn., 707. mál. — Þskj. 1364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1569).

***Áfengis- og vímuvarnaráð, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 479. mál. — Þskj. 814, brtt. 1566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]
Brtt. 1566 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KÁ, KH, KB, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
3 þm. (HG, SJóh, SJS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GÞÞ, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, KF, KB, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓE, PP, PHB, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BH, EgJ, GE, GB, GHall, HBl, HjÁ, JónK, KHG, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1570).

***Þingfrestun.***

[16:56]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa tölulegt yfirlit um störf 122. löggjafarþings.

Þingið stóð frá 1. október 1997 til 5. júní 1998. Á þingtímanum urðu fundardagar alls 113. Þingfundir hafa verið 147 og stóðu þeir samtals í 668 klukkustundir. Verða nú lesin úrslit þingmála.

**Lagafrumvörp** voru samtals 248. Stjórnarfrumvörp voru 135 og þingmannafrumvörp voru 113.

111 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 22. Tvö stjórnarfrumvörp voru kölluð aftur.

Átta þingmannafrumvörp urðu að lögum. Þremur var vísað til ríkisstjórnarinnar, tvö kölluð aftur en 100 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 248 frumvörpum urðu alls 119 að lögum.

**Þingsályktunartillögur** voru alls 121. Stjórnartillögur voru 17 og þingmannatillögur 104.

33 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis. Ein var kölluð aftur, 12 var vísað til ríkisstjórnarinnar. Einni var vísað frá með rökstuddri dagskrá og 74 óútræddar.

**Skýrslur** voru samtals 39. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru 9 og bárust 8 skriflegar skýrslur. Aðrar skýrslur, sem lagðar voru fram, voru 31.

**Fyrirspurnir** voru 316. Allar voru þessar fyrirspurnir afgreiddar nema átta. Munnlegar fyrirspurnir voru 137 og af þeim var svarað 133. Beðið var um skrifleg svör við 179 fyrirspurnum og bárust 174 svör. Ein fyrirspurn var kölluð aftur.

Alls voru til meðferðar í þinginu 725 mál. Þar af voru 489 afgreidd og tala prentaðra þingskjala varð 1570.

Ég vil einnig gefa nokkrar tölulegar upplýsingar um nefndastarfið, enda fer mikilvægi þess vaxandi í starfsemi Alþingis. Sérstakar nefndavikur, eins og tíðkast hafa á þessu og síðasta þingi, eru skýrt dæmi um þá þróun. Á þessu þingi voru þannig 26 starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan fasta morgunfundi nefnda á þingfundadögum. Á yfirstandandi þingi hafa verið haldnir alls 406 nefndafundir. Það þýðir að hver af 12 fastanefndum þingsins hélt að meðaltali um 34 fundi. Ríflega 800 klukkustundir fóru í nefndafundi og má því segja að hver nefnd hafi setið að meðaltali í um tvær klukkustundir á hverjum fundi. Lengsti nefndafundur vetrarins var ríflega 17 klukkustunda langur.

Fastanefndir afgreiddu frá sér 170 mál. Samtals voru 215 þingmál send til umsagnar utan þings og bárust nefndum þingsins 3.011 erindi vegna þeirra. Auk þessa hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og nokkrar nefndir hafa farið í vettvangsferðir á þessu þingi.

Eins og heyra má af þessu yfirliti um störf 122. löggjafarþings hefur þingið verið mjög athafnasamt. Í reynd er það svo að aldrei hafa fleiri þingmál og þingskjöl verið lögð fram á Alþingi.

Á síðustu vikum hafa mörg og stór mál verið afgreidd á Alþingi. Þeirra á meðal eru nokkur mál sem valdið hafa miklum deilum innan og utan þings. Þessar deilur hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að standa við áætlun um störf Alþingis sem gerð var sl. haust og því lýkur þingi mánuði síðar en ætlað var. Sá ágreiningur, sem varð um þinghaldið í vor, er ekki síst bagalegur í ljósi þess að vinnulag hefur breyst til hins betra á þinginu á þessu kjörtímabili. Við höfum náð að feta okkur áleiðis með breytingar á starfsháttum Alþingis og frekari umbætur hafa verið í undirbúningi með endurskoðun þingskapa Alþingis sem staðið hefur yfir undanfarin missiri. Ég hlýt því að harma það bakslag sem orðið hefur í bættum vinnubrögðum þingsins og tel mikilvægt að við drögum lærdóm af þeim löngu umræðum sem hér urðu í apríl og maí og því hve seint mikilvægt stjfrv. komu fram. Ég mun beita mér fyrir því að fulltrúar flokkanna hittist í sumar til að ræða þessi mál í tengslum við endurskoðun þingskapa.

Þingmenn hafa orðið vitni að því á undanförnum dögum að atkvæðagreiðslur geta tekið æðilangan tíma. Það er mín skoðun að tímabært sé því að gera atkvæðagreiðslur markvissari með því að rýmka heimildir forseta til að láta yfirlýsingu koma í stað atkvæðagreiðslu ef hann hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli eða að úrslit máls séu ljós fyrirfram. Atkvæðagreiðslur yrðu því fyrst og fremst um þau atriði sem ágreiningur er um. Ég mun leggja á það áherslu að þetta mál verði tekið til umfjöllunar við endurskoðun þingskapanna.

Nú við lok þinghaldsins vil ég þakka þingmönnum fyrir samstarfið á þessu þingi. Sérstaklega vil ég þakka formönnum þingflokka og ráðherrum þeirra þátt í þeirri lausn sem náðist um lok þinghaldsins. Varaforsetum þakka ég einkar ánægjulegt samstarf. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[17:02]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Við erum komin að lokum óvenjuerfiðs og langs þinghalds. Við höfum afgreitt og gert að lögum 119 frv. eins og fram kom hjá hæstv. forseta. 316 fyrirspurnum hefur verið svarað.

Um þessi mál mörg hver hafa orðið miklar deilur eins og kunnugt er. Meðal annars af þeim ástæðum hefur það farið svo að þingstörf hafa farið út fyrir þær áætlanir sem gerðar voru þegar við hófum störf sl. haust. Staðan er núna þannig að þegar við lítum yfir síðustu vikur er ljóst að þinglokin hafa verið óvenjuerfið. Við erum komin mánuð fram yfir þann tíma sem við ætluðum okkur til þinghalds er við byrjuðum í haust. Því miður hafa átökin á síðustu vikum og mánuðum leitt til þess að það hefur stöðvast a.m.k. um sinn vinna við endurbætur og endurskoðun þingskapa og ég segi fyrir mitt leyti að ég óttast að sá mikli hraði sem við höfðum á afgreiðslu mála síðustu sólarhringa gæti hafa haft það í för með sér að afgreiðsla einstakra mála hafi ekki verið eins góð og við öll vildum. Þetta er veruleiki sem við stöndum frammi fyrir og ég tek undir það í þessum lokaorðum með hæstv. forseta að af þessu þurfum við að læra og bæta vinnubrögð Alþingis.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir stjórn hans á þinginu í vetur og samstarf við hann. Ég þakka einnig varaforsetum þingsins, skrifstofustjóra og starfsliði öllu fyrir framúrskarandi vinnu á undanförnum mánuðum, ekki síst undanförnum vikum við erfiðar aðstæður. Ég vil einnig flytja formönnum þingflokka öðrum þakkir fyrir það samstarf sem við höfum átt í vetur og ég vil að síðustu óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans góðs og gleðilegs sumars og vona að við hittum hann heilan og hressan eftir sumarleyfi, í haust þegar þingið kemur saman. Ég bið hv. þm. um að rísa á fætur og taka þannig undir óskir mínar til hæstv. forseta. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[17:05]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[17:05]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, frá 5. júní 1998 til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 5. júní 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 17:06.

---

Tekjuskattur og eignarskattur (553. mál, skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.) 7885, 7899, 8023, 8043.
Tilhögun þingfundar 7742, 8008.
Tilkynning um dagskrá 7726.
Tilraunaveiðar á ref og mink (95. mál) 8038, 8110.
Tollalög (619. mál, vörur á sviði upplýsingatækni o.fl.) 7912, 8027, 8044.
Um fundarstjórn:
Svör viðskiptaráðherra um málefni Landsbankans og Lindar hf. 7731.
Orð formanns þingflokks Framsóknarflokksins 8163.
Umræða um heilbrigðismál 7807.
Umræða um tilraunaveiðar á ref og mink 8187.
Um fundarstjórn — sjá:
Skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf. 8158.
Umræður utan dagskrár:
Schengen-samstarfið 7735.
Málefni LÍN 7786.
Heilbrigðismál 7793.
Vegáætlun 1998–2002 (378. mál) 7769.
Vegtenging milli lands og Eyja (448. mál) 7776.
Verðbréfaviðskipti (702. mál) 7924, 8032, 8045, 8179, 8192.
Verslun með áfengi og tóbak (394. mál, breyting ýmissa laga) 7880, 8020, 8043.
Virðisaukaskattur (689. mál, aðgangur að vegamannvirkjum) 7923, 8032, 8045, 8179, 8192.
Vörugjald (347. mál, álagning, eftirlit o.fl.) 7884, 8021.
Yfirskattanefnd (641. mál) 7913, 8028, 8045.
Þingfrestun 8202.
Þjóðfáni Íslendinga (542. mál, notkun fánans o.fl.) 7812, 7816, 7983, 8033.

**Leiðrétting í 18. hefti.**

Dálkur 5879, neðst. Í stað ræðu forseta, Sturlu Böðvarssonar, komi eftirfarandi ræða:

[01:55]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill upplýsa að hv. 2. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, var í forsetastól og hafði þá fengið þau skilaboð sem hér hafa verið flutt. Hann er sjálfsagt í þeirri vinnu núna að ræða um framhald fundarins og bindur forseti vonir við það að samkomulag náist um það atriði.